Alþingi 1989

SAMEINAÐ ÞING

1. fundur, 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1989, þriðjudaginn 10. okt., var hundraðasta og tólfta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og annað aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og sjöunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv.
6. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
7. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
8. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
9. Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.
10. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
12. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
13. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
14. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
15. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
16. Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv.
17. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
18. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
19. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
20. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
21. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
22. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
23. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
24. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
25. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
26. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.
27. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
28. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
29. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
30. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
31. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
32. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
33. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
34. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
35. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
36. Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn.
37. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
38. Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl.
39. Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
43. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
44. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
45. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
46. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
47. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
48. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
49. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
50. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
51. Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn.
52. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
53. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
54. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
55. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
56. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
57. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
58. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
59. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
63. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 21. september 1989 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1989.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1989."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Minning Benedikts Bogasonar.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomin til starfa með þeirri ósk að það þinghald sem nú er að hefjast verði land og þjóð til heilla og að störf þess í vetur verði til þess að auka réttlæti og minnka aðstöðumun í okkar þjóðfélagi.

Í dag minnumst við og söknum Benedikts Bogasonar, verkfræðings og alþingismanns, sem kvaddi okkur hér í vor eftir skamma setu á Alþingi, og andaðist 30. júní, hálfsextugur að aldri.

Benedikt Bogason var fæddur 17. september 1933 að Laugardælum í Hraungerðishreppi í Árnessýslu. Foreldrar hans voru hjónin Bogi bóndi þar, síðar verkstjóri í Reykjavík, Eggertsson bónda og alþingismanns í Laugardælum Benediktssonar og Hólmfríður Guðmundsdóttir bónda á Læk í Hraungerðishreppi Snorrasonar.

Benedikt lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1953, stundaði síðan verkfræðinám einn vetur í Háskóla Íslands, en fór síðan til náms í Finnlandi og lauk prófi í byggingarverkfræði frá Tækniháskólanum í Helsingfors árið 1961. Að námi loknu var hann framkvæmdastjóri Flóaáveitunnar og Ræktunarsambands Flóa- og Skeiðaveitna 1961–1964. Jafnframt var hann ráðgjafi Ölfusveitunnar og stundaði almenn verkfræðistörf á Selfossi. Á árinu 1964 fluttist hann til Reykjavíkur og var verkfræðingur við gatna- og holræsadeild borgarverkfræðings 1964–1971, en rak síðan eigin verkfræðistofu í Reykjavík. Árið 1980 varð hann verkfræðilegur ráðunautur Framkvæmdastofnunar ríkisins, þar til hún var lögð niður, og fulltrúi forstjóra Byggðastofnunar var hann frá 1985.

Benedikt Bogason sinnti ýmsum félagsmálum og vann aukastörf jafnframt aðalstarfi. Hann var einn stofnenda og fyrsti formaður Félags íslenskra stúdenta í Finnlandi, og hann var formaður Sambands íslenskra stúdenta erlendis 1962–1963. Gjaldkeri í stjórn Suomi-félagsins í Reykjavík var hann 1969–1980. Hann var stundakennari við Miðskóla Selfoss, Iðnskóla Selfoss og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi á árunum 1961–1963 og kennari við Tækniskóla Íslands 1970–1973. Hann var í hreppsnefnd og byggingarnefnd Selfoss 1962–1964 og í byggingarnefnd Ríkisútvarpsins frá 1981. Formaður Framfarafélags Selás- og Árbæjarhverfis var hann frá 1983. Hann tók þátt í stofnun Borgaraflokksins vorið 1987 og var þá kosinn varaþingmaður flokksins í Reykjavík. Hann sat á Alþingi rúmar tvær vikur í nóvember og desember 1987. Við þingmennskuafsal Alberts Guðmundssonar í byrjun aprílmánaðar í vor tók Benedikt Bogason fast sæti á Alþingi.

Benedikt Bogason hlaut góða menntun til undirbúnings störfum sínum síðar á ævinni. Verkfræðikunnáttu hans og forsjár og ráðgjafar í verklegum efnum sér víða stað, en þó mest sunnan lands. Þar neytti hann fyrst hæfileika sinna og menntunar við fjölbreytt verkefni. Síðar náði starfssvið hans vítt um landið. Á vegum Framkvæmdastofnunar og Byggðastofnunar kom í hans hlut að hafa afskipti af athafnalífi landsmanna til sjávar og sveita. Hann leiðbeindi sveitarstjórnum, gegndi nefndastörfum og sat í stjórnum félaga af hálfu stofnananna og fékkst við torleyst mál sem komu til þeirra kasta.

Að dómi þeirra, sem störfuðu með Benedikt Bogasyni og þekktu hann best, var hann gæddur miklum skipulagshæfileikum, var hollráður, afkastamikill og ósérhlífinn. Hann átti slíkan starfsferil að baki að binda mátti miklar vonir við störf hans á Alþingi. En þegar hingað kom voru honum búin þau örlög að sitja hér aðeins nokkrar vikur.

Ég vil biðja þingheim að minnast Benedikts Bogasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Vegna fráfalls Benedikts Bogasonar, 16. þm. Reykv., tekur Ásgeir Hannes Eiríksson nú sæti á Alþingi.

Þingmennskuafsal Kjartans Jóhannssonar.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 1. ágúst 1989:

„Með bréfi þessu segi ég af mér þingmennsku.

Virðingarfyllst,
Kjartan Jóhannsson,
4. þm. Reykn.

Til forseta sameinaðs Alþingis,
Guðrúnar Helgadóttur."

Rannveig Guðmundsdóttir, 1. varamaður Alþfl. í Reykn., tekur samkvæmt þessu bréfi sæti á Alþingi sem 9. þm. Reykn., en Karl Steinar Guðnason verður hins vegar 4. þm. Reykn.

Þingmennskuafsal Kristínar Halldórsdóttur.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Forseta hefur enn fremur borist eftirfarandi bréf, dags. 11. ágúst 1989:

„Hér með afsala ég mér þingmennsku í hendur 1. varaþingkonu Kvennalistans í Reykjaneskjördæmi, Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Um leið vil ég þakka þingmönnum og starfsfólki Alþingis fyrir samstarfið og óska þeim farsældar í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Kristín Halldórsdóttir,
10. þm. Reykn.

Til forseta sameinaðs Alþingis,
Guðrúnar Helgadóttur."

Samkvæmt bréfi þessu um afsal þingmennsku tekur Anna Ólafsdóttir Björnsson nú sæti á Alþingi sem 10. þm. Reykn.

Þessir þrír nýju alþingismenn, Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn., og Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn., hafa tekið sæti á Alþingi sem varamenn á þessu kjörtímabili og kjörbréf þeirra verið samþykkt. Ég býð þau velkomin til þingstarfa.

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Borist hafa þrjú bréf um forföll aðalmanna nú við þingbyrjun. Hið fyrsta er dags. 7. okt. 1989 og er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson útgerðarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
4. þm. Vestf.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Einar Kr. Guðfinnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi sem varamaður og býð ég hann velkominn til starfa.

Annað bréfið er dags. 9. okt. 1989 og hljóðar á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Valgerðar Sverrisdóttur, 5. þm. Norðurl. e., sem vegna barnsburðar getur ekki sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jóhannes Geir Sigurgeirsson bóndi, Öngulsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Páll Pétursson,
1. þm. Norðurl. v.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem varamaður og býð ég hann velkominn til starfa.

Þriðja bréfið er dags. 9. okt. 1989 og er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni Halldórs Ásgrímssonar sjútvrh., sem verður fjarverandi í opinberum erindum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri á Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Páll Pétursson,
1. þm. Norðurl. v.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem varamaður og býð ég hann velkominn til starfa.

Nú verður þessum fundi frestað til morguns. Fundurinn hefst kl. 2 síðdegis.

Fundi frestað.

SAMEINAÐ ÞING

frh. 1. fundar, miðvikudaginn 11. okt.,
kl. 2 miðdegis.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Málmfríði Sigurðardóttur, 7. þm. Norðurl. e., og Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Guðrún Helgadóttir,** 13. þm. Reykv., með 42 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. v., hlaut 1

atkv., Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., hlaut 1 atkv., en 15 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Guðrún Helgadóttir er rétt kjörin forseti sameinaðs Alþingis. Ég bið hana að koma hér og taka við fundarstjórn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég þakka það traust sem þorri hv. þm. hefur sýnt mér með því að fela mér forsetaembættið að nýju. Ég mun reyna að vera þess trausts verðug og vona að mér auðnist að eiga góð og drengileg samskipti við þingheim allan, stjórnarsinna sem stjórnarandstöðu.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., með 45 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., með 45 atkv. — Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv., hlaut 2 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru JE og AÓB. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:
Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., og
Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn.

EFRI DEILD

1. fundur, miðvikudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.
3. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
5. Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv.
6. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
7. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
9. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
10. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
11. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
12. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
13. Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn.
14. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
15. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
16. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
17. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
18. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
19. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
20. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
21. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Aldursforseti (Skúli Alexandersson):
Nú við upphaf þings verða breytingar á störfum okkar alþingismanna. Ég vona að störf þingmanna frá þinglokum í vor hafi verið heilladrjúg og þau verði metin. Ég býð hv. deildarmenn velkomna til þings.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Egil Jónsson, 4. þm. Austurl., og Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., með 19 atkv., en Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., hlaut 1 atkv.

Aldursforseti (Skúli Alexandersson):
Jón Helgason er rétt kjörinn forseti efri deildar. Ég óska honum farsældar í starfi.

Forseti (Jón Helgason):
Ég vil þakka hv. aldursforseta góðar óskir í minn garð og hv. deildarmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta hv. efri deildar og vonast ég til þess að samstarf okkar megi verða jafngott á komandi þingi eins og á hinu síðasta.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., með 20 atkv.

Annar varaforseti var kosinn
Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn., með 18 atkv. — Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru VS, EgJ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:
Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., og
Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

1. sæti hlaut Karl Steinar Guðnason,
2. sæti hlaut Guðmundur H. Garðarsson,
3. sæti hlaut Guðrún Agnarsdóttir,
4. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson,
5. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
6. sæti hlaut Skúli Alexandersson,
7. sæti hlaut Guðmundur Ágústsson,
8. sæti hlaut Danfríður Skarphéðinsdóttir,
9. sæti hlaut Eiður Guðnason,
10. sæti hlaut Karvel Pálmason,
11. sæti hlaut Salome Þorkelsdóttir,
12. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
13. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
14. sæti hlaut Halldór Blöndal,
15. sæti hlaut Jóhann Einvarðsson.

NEÐRI DEILD

1. fundur, miðvikudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv.
6. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
8. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
9. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
10. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
11. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
12. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
13. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
14. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
15. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
16. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
17. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.
18. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
21. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
22. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
23. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
24. Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl.
25. Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv.
26. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
27. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
28. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
29. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
30. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
31. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
32. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
33. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
34. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
35. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
36. Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn.
37. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
38. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
39. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
40. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
41. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
42. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Hreggvið Jónsson, 11. þm. Reykn., og Jón Sæmund Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e., með 33 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Árni Gunnarsson hefur hlotið kosningu sem forseti neðri deildar Alþingis. Ég bið hann að koma hér og taka við fundarstjórn.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka það traust sem mér hefur nú verið sýnt og vænti þess fastlega að í þessari virðulegu þingdeild takist gott samstarf og samvinna um störf hennar svo megi verða Alþingi til sóma. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að eiga góða samvinnu við hv. þm. og skiptir mig þá einu hvort þeir eru úr hópi stjórnarliða eða stjórnarandstæðinga. Af þessu tilefni og ýmsum öðrum gefnum á undanförnum missirum get ég ekki stillt mig um að segja nokkur orð í byrjun starfsferils míns sem forseti Nd.

Á síðustu árum hefur Alþingi, þessi mikilvægasta stofnun þjóðarinnar, mátt þola umtalsvert aðkast. Á mælistiku skoðanakönnuða er traust þjóðarinnar á Alþingi býsna takmarkað. Þeir sem lesið hafa bók Páls Eggerts Ólasonar um Jón Sigurðsson, „Líf og landssaga", skynja fljótlega rauða þráðinn í baráttu foringjans mikla sem m.a. snerist um það að auka veg og virðingu Alþingis og sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Í umræðum um Alþingi og störf þess að undanförnu hefur ýmsum orðið það á að sjást ekki fyrir í gagnrýni sinni og að gleyma þrískiptingu valdsins. Þannig hefur gagnrýni á stjórnvöld á hverjum tíma og á framgöngu ýmissa þingmanna runnið í einn farveg ómældrar gagnrýni á Alþingi sem stofnun.

Þeir sem fjalla um stjórnmál og stjórnmálastörf þurfa að mínu mati að átta sig á hlutverki Alþingis sem löggjafa og löggjafarvalds. Alþingi er og verður grundvöllur þess þjóðskipulags sem við Íslendingar búum við og viljum búa við. Á Alþingi er vagga þingræðis og lýðræðis og svo mun verða um ókomna tíð. Stofnunin Alþingi stendur og mun standa óháð umbrotum í stjórnmálalífi og óháð því hvaða stjórnmálamenn koma og fara. Hlutverk Alþingis mun þess vegna ekki breytast.

Menn takast á í sölum Alþingis um stefnur og leiðir, en það er að mínu mati illt verk að gera því skóna að Alþingi sem stofnun gegni ekki hlutverki sínu. Að mínu mati er mjög tímabært að alþingismenn taki upp harðari vörn fyrir Alþingi og geri allt sem í þeirra valdi stendur til að styrkja stöðu þess í huga þjóðarinnar. Önnur vinnubrögð eru vart sómasamleg.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., með 35 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Geir H. Haarde hefur verið kjörinn fyrri varaforseti Nd. og býð ég hann velkominn til starfa.

Annar varaforseti var kosinn

Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., með 33 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., hlaut 2 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hjörleifur Guttormsson er rétt kjörinn annar varaforseti deildarinnar og býð ég hann velkominn til starfa.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru RG og HJ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn., og
Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

16. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
17. sæti hlaut Ásgeir Hannes Eiríksson,
18. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
19. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
20. sæti hlaut Geir Gunnarsson,
21. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
22. sæti hlaut Matthías Á. Mathiesen,
23. sæti hlaut Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
24. sæti hlaut Guðmundur G. Þórarinsson,
25. sæti hlaut Ólafur G. Einarsson,
26. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
27. sæti hlaut Stefán Valgeirsson,
28. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
29. sæti hlaut Þorsteinn Pálsson,
30. sæti hlaut Eggert Haukdal,
31. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson,
32. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
33. sæti hlaut Jón Sæmundur Sigurjónsson,
34. sæti hlaut Friðjón Þórðarson,
35. sæti hlaut Páll Pétursson,
36. sæti hlaut Kristinn Pétursson,
37. sæti hlaut Ragnhildur Helgadóttir,
38. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
39. sæti hlaut Friðrik Sophusson,
40. sæti hlaut Málmfríður Sigurðardóttir,
41. sæti hlaut Birgir Ísl. Gunnarsson,
42. sæti hlaut Geir H. Haarde,
43. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
44. sæti hlaut Alexander Stefánsson,
45. sæti hlaut Þórhildur Þorleifsdóttir.

SAMEINAÐ ÞING

2. fundur, fimmtudaginn 12. okt., kl. 10 árdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Alexander Stefánsson (A),
Egill Jónsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Ásgeir Hannes Eiríksson (A),
Pálmi Jónsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),

Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Varamenn:
Jón Kristjánsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

3. Atvinnumálanefnd.
Jón Kristjánsson (A),
Geir H. Haarde (B),
Árni Gunnarsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Geir Gunnarsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Hreggviður Jónsson (B).

4. Allsherjarnefnd.
Guðni Ágústsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Kristinn Pétursson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Jón Kristjánsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B).

5. Félagsmálanefnd.
Guðni Ágústsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Kristinn Pétursson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Alexander Stefánsson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

EFRI DEILD

2. fundur, fimmtudaginn 12. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Guðmundur Ágústsson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.
Jón Helgason (A),
Egill Jónsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Egill Jónsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Jón Helgason (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Jóhann Einvarðsson (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Jón Helgason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

6. Félagsmálanefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Halldór Blöndal (B),

Eiður Guðnason (A),
Skúli Alexandersson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

9. Allsherjarnefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Jón Helgason (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Guðmundur Ágústsson (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

Forseti (Jón Helgason):
Ég vildi beina því til hv. deildarmanna að þeir reyni að ljúka því að skipta með sér verkum í nefndum ekki síðar en á þriðjudag eða miðvikudag í næstu viku þannig að hægt sé að ganga frá útgáfu nefndaskipunar og athuga það þá í sambandi við deildafundi þá daga.

NEÐRI DEILD

2. fundur, fimmtudaginn 12. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Ragnar Arnalds (A),
Páll Pétursson (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Guðni Ágústsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Guðni Ágústsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Pálmi Jónsson (B),
Ragnar Arnalds (A),
Alexander Stefánsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Kristinn Pétursson (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Geir Gunnarsson (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Guðni Ágústsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Friðrik Sophusson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Páll Pétursson (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

6. Félagsmálanefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Geir H. Haarde (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B),
Jón Kristjánsson (A).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Geir H. Haarde (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Geir Gunnarsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson.

8. Menntamálanefnd.
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Ragnar Arnalds (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Jón Kristjánsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (A),
Ingi Björn Albertsson (B).

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég vildi áður en fundi lýkur vekja athygli hv. þm. á 15. gr. þingskapa Alþingis þar sem segir m.a.:

„Fastanefndir þingsins skulu leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda í sameinuðu þingi og þingdeildum megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann." Síðan bendi ég á 17. gr.: „Sá kveður þingnefnd saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn, og lætur kjósa formann, varaformann og skrifara nefndarinnar."

SAMEINAÐ ÞING

3. fundur, mánudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 16. okt. 1989:

„Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Lára V. Júlíusdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hennar verið rannsakað. Ég vil bjóða hana velkomna til þingstarfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að að loknu 4. dagskrármáli fer fram umræða utan dagskrár að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, um meðferð ríkisfjármála án heimilda Alþingis. Sú umræða fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapa og verður án tímamarka. Það er þó ætlan forseta að þessari utandagskrárumræðu ljúki fyrir venjubundin fundarlok á mánudegi, þ.e. fyrir kl. 5 er þingflokksfundir hefjast, en takist það ekki, þá verður að ljúka þessari umræðu á kvöldfundi. Gert er ráð fyrir að byrja þá að nýju kl. 6 og sjá svo til hvernig gengur með fundarstörfin.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa borist tvö bréf. Hið fyrra er dags. 13. okt. 1989 og er svohljóðandi:

„Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum á þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á þingi taki 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðrún Tryggvadóttir meinatæknir, Egilsstöðum, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður tilkynnt hér með, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Hið síðara bréf er dags. 13. okt. 1989 og hljóðar svo:

„Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu þrjár vikur leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Unnar Þór Böðvarsson skólastjóri, Reykholti, Biskupstungum, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður tilkynnt hér með, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Með þessu bréfi fylgir skeyti Ragnars Óskarssonar, kennara í Vestmannaeyjum, 1. varaþm. Alþb. í Suðurlandskjördæmi, þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi vegna annríkis á næstunni.

Samkvæmt þessum bréfum og skv. 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Guðrúnar Tryggvadóttur, meinatæknis á Egilsstöðum, 2. varamanns Framsfl. í Austurlandskjördæmi, og Unnars Þórs Böðvarssonar, skólastjóra í Biskupstungum, 2. varamanns Alþb. í Suðurlandskjördæmi. Það verður því gert hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Þar sem kjörbréfanefnd hefur ekki alveg lokið störfum, þá mun því máli aðeins verða frestað en tekið fyrir á meðan 2. dagskrármálið.

Kosning eins manns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar þingkosningar í stað Rannveigar Guðmundsdóttur alþingismanns.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi var kosinn án atkvæðagreiðslu:

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur.

Kosning tveggja alþingismanna í nefnd er taki til sérstakrar athugunar stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, í stað Kjartans Jóhannssonar sendiherra og Júlíusar Sólnes ráðherra.

Fram kom einn listi með tveimur nöfnum. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi voru kosnir án atkvæðagreiðslu:

Eiður Guðnason,

Ásgeir Hannes Eiríksson.

Varnir gegn mengun frá fiskeldi, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um varnir gegn mengun frá fiskeldi, en það er 3. mál þessa þings á þskj. 3. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn mengun frá fiskeldi, að meðtalinni erfðamengun, og leggja það fyrir næsta reglulegt þing. Jafnframt verði mótaðar samræmdar reglur um kröfur varðandi starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim."

Tillaga sama efnis var lögð fram síðla á síðasta þingi en komst þá ekki til umræðu. Því er málið flutt hér öðru sinni.

Sem kunnugt er hefur fiskeldi aukist mikið hérlendis að undanförnu. Því fylgir veruleg hætta á mengun í sjó og ferskvatni sem bitnað getur bæði á fiskeldinu sjálfu svo og á umhverfinu. Erfðamengun frá eldislaxi er af mörgum talin ógna tilvist villtra laxastofna og mikil þörf er á að bregðast við þeirri þróun. Hætta er á því að þörungablómi geti valdið tjóni í fiskeldi hér sem annars staðar, en næringarefnaútfall frá fiskeldi ýtir undir þann vágest. Lítið er fylgst með notkun lyfja og rotvarnarefna við fiskeldi og áhrifum þeirra á umhverfið. Eftirlit með mengun frá fiskeldisstöðvum, sem hlotið hafa starfsleyfi, er í lágmarki, en mikil vinna hefur verið lögð í afgreiðslu slíkra leyfa, m.a. á vegum Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs. Rannsóknum vegna mengunarhættu frá fiskeldi hefur hins vegar sáralítið verið sinnt vegna fjárskorts.

Það eru þrjú ráðuneyti, heilbrrn., landbrn. og samgrn., sem lögum samkvæmt fara með málefni sem varða fiskeldi auk Náttúruverndarráðs sem heyrir undir menntmrn. og ýmissa fleiri aðila sem koma við sögu vegna starfsleyfa fyrir fiskeldisstöðvar. Með útgáfu reglugerða að undanförnu á vegum nefndra ráðuneyta hefur verið leitast við að bæta stöðuna í fiskeldismálum, einnig varðandi mengun.

Á síðasta þingi beindi ég fyrirspurnum til ráðherra heilbrigðis-, landbúnaðar- og samgöngumála um mengun frá fiskeldi og hvernig staðið væri að eftirliti og rannsóknum. Skrifleg svör við þessum fyrirspurnum eru birt sem fylgiskjöl með þessari tillögu og þar kemur fram að sumpart vantar lagafyrirmæli um þessi efni og reglur eru gloppóttar. Stjórnkerfið hefur þannig engan veginn verið undir það búið að sinna þeim mikla og skjóta vexti sem orðið hefur í fiskeldi og það vantar mikið á að nægilegu fjármagni hafi verið varið til eftirlits og rannsókna á mengunarhættu.

Í svörum sem fylgja tillögunni kemur þetta skýrt fram, t.d. í svari hæstv. heilbr.- og trmrh. þar sem m.a. er nefnt að það sé misbrestur á því að settur sé upp hreinsibúnaður í seiðaeldisstöðvum og það kemur glöggt fram að mikið vantar á að Hollustuvernd ríkisins og aðrir sem þyrftu að sinna eftirliti ræki það og þar er einkum fjárskorti borið við. Þar segir orðrétt, með leyfi virðulegs forseta, í svari heilbrrh. m.a.:

„Eftirlit stofnunarinnar", þ.e. Hollustuverndar ríkisins, „með einstökum fiskeldisstöðvum er í lágmarki í dag." Og þar er rakið hvernig mengun hefur vaxið og slegið tölum á það. Þó að mengun sé ekki tilfinnanleg á heildina litið enn þá frá fiskeldisstöðvum, þá er vöxturinn mjög verulegur. Þannig liggur það fyrir að árið 1985 var næringarefnaauðgun vegna fiskeldisstöðva áætluð 6 tonn af köfnunarefni og 1,5 tonn af fosfór, en á síðasta ári er næringarefnaauðgun áætluð 165 tonn af köfnunarefni og 27 tonn af fosfór og síðan gert ráð fyrir örum vexti á yfirstandandi ári þannig að hér er um verulega aukningu að ræða.

Ég vísa einnig til þess sem hér er sagt varðandi þörungablóma því að þó að hann hafi ekki gert vart við sig í stórfelldum mæli hérlendis eru þess samt dæmi að þörungablómi hefur valdið staðbundnu tjóni og það má alveg gera ráð fyrir því að þessi vágestur komi hér upp og geti valdið verulegu tjóni ef menn gæta ekki að sér og mengun frá fiskeldinu sjálfu, svo og auðvitað önnur mengun sama eðlis, getur ýtt mjög undir þennan vágest.

Það er líka ljóst af svörum ráðherranna að það fara engar kerfisbundnar rannsóknir fram á áhrifum mengunar og það er auðvitað ljóst að hér eru miklir efnahagslegir hagsmunir í húfi. Þess vegna þarf Alþingi að láta þessi mál til sín taka, tryggja það að

löggjöf sé þannig að það auðveldi meðferð mála, létti undir með þeim sem í þennan atvinnurekstur leita og tryggi nauðsynlegt eftirlit. Þetta er allra hagur, ekki síður þeirra sem við atvinnureksturinn starfa heldur en annarra sem kynnu að verða fyrir barðinu á mengun frá fiskeldinu.

Erfðamengunin frá fiskeldinu hefur verið nokkuð umrædd og þar er um flókið mál og viðamikið að ræða. Því máli hefur verið sinnt nokkuð af landbrn. og fleiri aðilum, en þarna er nauðsynlegt að setja skýrar reglur og ekki síður að stunda rannsóknir með merkingum og að fylgjast með endurheimtum og hvað er á ferðinni, svo og að setja reglur varðandi innflutning. Ég vek líka athygli á því að fisksjúkdómahættan tengist menguninni verulega þannig að mengun getur ýtt undir fisksjúkdóma og það í eldisfiski þannig að það er nauðsynlegt að rannsóknir fari einnig fram á þeim þáttum.

Virðulegur forseti. Ég vísa til þeirra margháttuðu upplýsinga sem liggja fyrir og aflað var á síðasta þingi. Ég treysti því að á þessu máli verði tekið því að hér er brýnt mál á ferðinni. Ég vil þó engan veginn gera lítið úr því sem gert hefur verið af núv. ríkisstjórn og einstökum ráðuneytum varðandi fiskeldismálin og að taka á þeim þáttum sem tillagan fjallar um, en það er greint frá því einmitt í þessum svörum sem komu fram á síðasta þingi að það þarf að líta á þessi mál í heild sinni og það þarf ekki síst að tryggja aukið fjármagn til þeirra þátta sem hér um ræðir.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. félmn.

Umræðu frestað.

Rannsókn kjörbréfa.

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það gekk fremur stirðlega að ná kjörbréfanefnd saman en hafðist þó að lokum að fá fjóra nefndarmenn á fund og þeir tóku fyrir tvö kjörbréf sem hér hafa borist. Það er í fyrsta lagi kjörbréf Unnars Þórs Böðvarssonar, skólastjóra í Reykholti, sem er 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi og kjörbréf Guðrúnar Tryggvadóttur meinatæknis sem er 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Fyrir lá tilkynning um það að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi gæti ekki mætt en 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi hefur áður tekið sæti hér á Alþingi.

Kjörbréfanefnd er sammála um það að mæla með því að kjörbréf beggja þessara þm. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðrúnar Tryggvadóttur samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Guðrún Tryggvadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og þegar unnið drengskaparheit. Ég býð hana velkomna til þingstarfa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Unnars Þórs Böðvarssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Unnar Þór Böðvarsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Honum ber því nú skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Unnar Þór Böðvarsson, 4. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Unnar Þór Böðvarsson, 4. þm. Suðurl., hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Varnir gegn mengun frá fiskeldi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 3. mál. — Þskj. 3.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Forseti. Ég þakka hv. flm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir það mál sem hann hefur hér flutt. Hann flytur gott mál sem vissulega er tímabært að ræða á Alþingi.

Það er enginn vafi á því að mengun getur orðið talsverð frá fiskeldi. Við sjáum það hjá öðrum þjóðum sem lengur hafa þróað þessa atvinnugrein heldur en við. Eigi að síður þarf jafnframt að gæta þess að ganga ekki of langt í kröfum við þessa nýju grein og mín skoðun er sú að þrátt fyrir að nauðsynlegt sé að vinna að einmitt þessum málum sem hér er lögð áhersla á með þessari þáltill., þá er það nú ekki brýnasta málið sem liggur fyrir í fiskeldinu í dag.

Mér virðist að flutningur þessarar þáltill. og sú umræða sem hún kemur af stað gefi tilefni til þess að fara fáeinum orðum um stöðu þessarar greinar eins og hún er nú. En sannleikurinn er sá að fiskeldi á Íslandi býr við afar erfiða stöðu. Af hverju? munu menn spyrja. Það er auðvelt að rekja það aftur til vorsins eða sumarsins 1988 þegar seiðaútflutningur stöðvaðist frá íslenskum fiskeldisstöðvum. Það kann að vera að menn geti gagnrýnt að svo mikil framleiðsla hafi verið á seiðum í landinu þá og þar hafi ekki verið byggt á nægri forsjálni.

Að mínu viti er nú erfitt að dæma um það. Margir

höfðu þá þegar gert samninga erlendis, jafnvel undirritaða, um útflutning á þessum seiðum. Markaðurinn lokaðist snögglega og Norðmenn sjálfir sem unnu að gerð slíkra samninga fyrir Íslendinga vissu ekki hvert stefndi.

Það er liðin tíð. En í þeirri stöðu fóru fram miklar umræður um það í íslensku þjóðfélagi hvernig bregðast skyldi við. Í landinu var mikið magn af laxaseiðum og menn urðu sammála um það, hygg ég flestir, að farga ekki þeim miklu verðmætum sem þar voru heldur reyna að ala seiðin áfram, gera úr þeim útflutningsverðmæti og stíga eitt skref fram á við, kannski með örari þróun og uppbyggingu þessarar atvinnugreinar en menn höfðu í reynd ætlað sér áður. Því var það að stjórnvöld gáfu fyrirheit um að lánaðar yrðu um 800 millj. kr. til uppbyggingar matfiskastöðvanna svo að unnt væri að ala þessi seiði áfram og gera úr þeim matfisk eða sláturfisk. Því fylgdi auðvitað það að skapa yrði þessum fyrirtækjum rekstrargrundvöll þannig að unnt yrði að ala seiðin í þetta eina og hálfa ár áfram til slátrunar. Menn lögðu því af stað vorið og sumarið 1988 með þau fyrirheit að lánað yrði til fjárfestingar til að byggja það rými sem nauðsynlegt yrði til að ala seiðin áfram og jafnframt að afurðalánakerfi yrði komið upp þannig að þessi útflutningur sem þá var áætlaður upp á 5000 millj. kr. á árinu 1990 gæti orðið að veruleika. En 5000 millj. voru hvorki meira né minna en 10% af heildarvöruútflutningi Íslendinga, lagðar á herðar nýrri grein sem var alveg í fyrstu byrjunarskrefunum og menn vita að það tekur þrjú ár frá því að hrogninu er klakið þar til hægt er að slátra fiskinum.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að aðeins fékkst lánað til fjárfestinga um helmingur af þessu fé. Af hverju það er skal ég ekki segja, en þrátt fyrir að fiskeldisstöðvarnar legðu til nægilegt eigið fé, fullnægðu þeim kröfum sem gerðar voru um þriðjungs eigið fé, þá fékkst ekki þetta lánsfé. Það þýddi auðvitað að fyrirtækin voru sett í bóndabeygju vegna þess að fiskurinn vex, hann þarf ákveðið rými til þess að geta náð sláturstærðinni. Það rými tókst ekki að byggja vegna þess að fjárfestingarlán hafa ekki fengist af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér. Jafnframt því sem stjórnvöld heimiluðu þessa lántöku sem ekki var unnt að draga til að bjarga þessum verðmætum lögðu stjórnvöld sérstakan skatt á fiskeldisstöðvarnar eða erlendar lántökur sem nam um 6% og varð að greiða jafnóðum og lánin voru tekin. Hér var mikil blóðtaka þar sem vinstri höndin virtist ekki vita hvað sú hægri gerði.

Enda þótt Alþingi ákvæði um síðustu áramót að fella þennan sérstaka fjárfestingarskatt niður af fiskeldinu tókst fjmrn. ekki fyrr en seinni part ársins að útbúa reglur um hvernig það skyldi fara fram þannig að skatturinn var greiddur áfram um það bil hálft ár þrátt fyrir að ákveðið hefði verið á þingi að fella hann niður. Alþingi ákvað að setja upp sérstakan sjóð, Tryggingasjóð fiskeldislána, til þess að auðvelda uppbyggingu afurðalánakerfisins vegna deilna eða mismunandi mats á veði í lifandi fiski. Sú saga er öll ein hörmungarsaga og afurðalánakerfið er ekki komið í gang enn þrátt fyrir að nær 10 mánuðir séu liðnir frá því að sá sjóður var stofnaður með lögum.

En ekki bara það. Sjóðurinn hefur það eðli að hann tekur 14% ofan á þær ábyrgðir sem hann veitir, 14% gjald til sín sem ábyrgðargjald. Afurðalánakerfi fiskeldisins er því þannig að greiða þarf þessum sjóði 14%, 12% vexti og síðan þarf að tryggja fiskinn til þess að hann geti orðið veð fyrir um 6%. Þetta gerir 32% gjald ofan á þann dollara sem tekinn er að láni fyrir utan lántökugjöld, stimpilgjöld og fyrir utan það að greiddir eru mánaðarlega vextir í þessi þrjú ár sem tekur að ala fiskinn þar til hann hefur orðið að sláturvöru. Þetta gekk þó ekki upp og inn í málið var skotið Framkvæmdasjóði sem kemur þarna inn sem milliliður og tekur sérstakt gjald líka. (Forseti hringir.)

Ég heyri á hæstv. forseta að tíma mínum er lokið og hefði ég þó þurft að segja miklu meira um þessi mál. En ég taldi nauðsynlegt, þegar hér er rætt að vísu um gott og þarft mál, um auknar kröfur til fiskeldisins vegna umhverfissjónarmiða og mengunar, að vekja athygli á því að þar eru önnur mál sem væri ástæða til að ræða hér af mikilli alvöru í þessum sal svo að greinin verði ekki beinlínis með öllu kyrkt í byrjun.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir undirtektir við þetta mál. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hér hljóðs öðru sinni er að drepa aðeins á það mat sem fram kom í máli hv. þm. um hvað væri brýnast hverju sinni. Ég heyrði það á máli hv. þm. að hann teldi að það væri margt brýnna hvað varðar fiskeldi í landinu heldur en að huga að umhverfisþáttum sem að því snúa, mengunarvörnum. Ég er ekki með þessum tillöguflutningi að gera lítið úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem fiskeldi í landinu á við að búa. Síður en svo. En ég vil vara svolítið við þessu mati sem fram kom í orðum hv. þm., að umhverfisþættir sem lúta að þessum atvinnurekstri séu ekki brýnt mál. Ég held að það sé eitt af undirstöðuatriðunum varðandi fiskeldi sem atvinnurekstur að vel sé staðið að mengunarvörnum og það ekki vegna annarra hagsmuna þó að þeir séu margir, heldur ekki síst vegna fiskeldisins sjálfs eins og rökstutt er í þessari tillögu.

Ég held að hv. þm. hætti stundum til þess, ég ætla reyndar ekki að fara að gera þá skoðun að almannaeign hér, en það kom aðeins fram í máli hv. 10. þm. Reykv., að drepa þætti umhverfismálanna svolítið á dreif. Þess hefur gætt hér á Alþingi um langa hríð að umhverfismál eru ekki hátt skrifuð. Við sjáum það bæði þegar við lítum til þess hvernig á þeim málum er haldið í stjórnkerfinu, við sjáum það þegar litið er til fjárveitinga til þeirra mála og við sjáum það í undirtektum oft og tíðum við þau mál sem eru flutt hér þar sem menn segja: Þetta er góðra gjalda vert en þetta er nú kannski ekki það brýnasta. — Ég bið menn um að íhuga þessi orð mín.

Núna stendur yfir alþjóðleg ráðstefna, sem Norð-

urlandaráð stendur fyrir, um mengun í sjó. Ráðstefnan hófst í morgun úti í Kaupmannahöfn. Ætli sú ráðstefna sé tilkomin nema af því að safnast þegar saman kemur. Sjórinn er hættur að taka við án þess að slá til baka, þ.e. vistkerfi hans. Þess vegna er þessi ráðstefna haldin. Þess vegna eru margar aðrar ráðstefnur haldnar.

Ég held að það hefði verið ástæða til þess áður en lagt var upp með fjárfestingar í fiskeldi í jafnríkum mæli og orðið hefur síðustu sex árin eða svo, að menn legðu sæmilega traustar undirstöður hér á Alþingi með löggjöf, með stefnumörkun um uppbyggingu þessarar greinar. Um það flutti ég ásamt þrem öðrum þingmönnum allvíðtæka till. til þál. á haustþinginu 1983. Hún varðaði bæði fjárhagslega aðstöðu fyrir þennan atvinnurekstur, en ekki síður rannsóknir og umhverfisskilyrði. Þessari tillögu var þá vísað til ríkisstjórnar en nánast ekkert með hana gert frekar og síðan hafa menn verið að fjárfesta í fiskeldi án þess að skorið væri úr um undirstöðuþætti, m.a. undir hvaða ráðuneyti stjórnsýslunnar þessi málaflokkur ætti að heyra í heild sinni. Menn hafa togast á um það, meira að segja flokksbræður í ráðherrastólum togast á um það árum saman undir hvaða ráðuneyti fiskeldið ætti að heyra með tilheyrandi drætti á ákvörðunum sem fylgir slíkri togstreitu.

Það er ástæða til þess einmitt þegar lagt er upp með stórmál eins og fiskeldið er, sem við bindum öll vonir við að geti orðið gildur þáttur í íslenskum þjóðarbúskap, gildari en það er orðið í dag, það er ástæða til þess fyrir Alþingi að gæta þess að á þinginu hvílir sú skylda að skapa almenn skilyrði fyrir slíkan rekstur og það helst áður en farið er út í víðtækar fjárfestingar sem af ýmsum ástæðum hafa ekki skilað því enn sem komið er sem vænst var af greininni. Og því eiga margir í erfiðleikum sem eru að fást við fiskeldi víða um land og bíða víða eftir svörum frá stjórnvöldum um marga þætti mála.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Forseti. Ég held satt að segja að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi vísvitandi verið að reyna að snúa út úr því sem ég sagði. Það hefur ella farið mikið fram hjá honum að ég hóf mál mitt með því að þakka honum fyrir flutning tillögunnar, lagði áherslu á að hér væri merkt mál og þarft á ferð. Þegar ég sagði að þetta væri kannski ekki það brýnasta í augnablikinu, þá átti ég við það að ef fiskeldisfyrirtækin hætta nú öll starfsemi vegna þess hvernig fjármálastaðan er, þá minnkar mengunin. Og ég hygg að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson viti það mikið um mengun að hann geri sér grein fyrir því að mengunin hverfur ef fyrirtækin stöðvast og hætta starfsemi. Það var kannski það sem ég fyrst og fremst átti við.

Menn mega heldur ekki gera of mikið úr stöðu mála eins og ekkert hafi verið gert á þessu sviði. Hvert einasta fiskeldisfyrirtæki sem starfar þarf sérstakt starfsleyfi. Starfsleyfið fer fyrir heilbrigðisnefnd í viðkomandi héraði og um þetta gilda strangar reglur og er talsvert eftirlit líka. Ég held því að þingmaðurinn hafi farið of mörgum orðum um einhverja skoðun sem hann gerði mér upp í þessu sambandi og hafi ekki viljað skilja það sem ég sagði hér í upphafi.

Ég vil aðeins segja það að lokum vegna þess hve tíminn er takmarkaður að við horfum fram til þess nú að þorskveiðar við Ísland verða að minnka úr kannski 330–340 þús. tonnum í 250–300 þús. tonn, að þorskveiðar við Kanada verða að minnka úr 700–800 þús. tonnum í 200–300 þús. tonn, að þorskveiðar í Barentshafi minnka úr milljón tonnum í kannski 300–400 þús. tonn, að ýsuveiðar í Norðursjó minnka úr 185 þús. tonnum í 80 þús. tonn svo að vitnað sé nú í bréf hv. þm. Halldórs Blöndals. Það bendir okkur enn á það að fiskeldi hlýtur að verða framtíðargrein. Og þó að tímabundnir erfiðleikar séu í laxeldi vegna lækkunar á markaðsverði, þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að heildarneyslan á laxi er um 900 þús. til milljón tonn á ári. Þar af eru 700 þús. tonn veiðar á Kyrrahafslaxi og veiðarnar sveiflast til og frá þannig að líklegt er og Norðmenn spá því að þessi grein muni aftur eiga sinn gullaldartíma eftir 1–2 ár. Ég held þess vegna að það sé afar mikilvægt — við höfum horft á verðfall á blokk og rækju og ýmsu öðru slíku — að menn geri sér grein fyrir því að slíkt er tímabundið og það þarf að taka á þeim erfiðleikum sem nú liggja fyrir. Það er alveg ljóst að þeir menn, sem lögðu af stað með það að gera verðmæti úr þessum seiðum, sem hér voru vorið 1988 gerð að umræðuefni, þeir eru flestir komnir í mikla úlfakreppu vegna þess að ekki hefur gengið eftir það sem menn gerðu ráð fyrir.

Ég vil svo að lokum enn á ný ítreka það að mengun getur orðið talsverð frá fiskeldi. Hún er auðvitað mjög mismunandi eftir því hvort um er að ræða eldi inni í landi við vatnasvæði sem viðkvæm eru eða hvort um er að ræða eldi fyrir opnu Atlantshafi þar sem uppblöndun er gríðarlega mikil. Það hefði líka verið ástæða til að rekja kannski frekar það sem flm. kallar erfðamengun og margt mætti um segja og sumt hefur verið talað um kannski meira af tilfinningahita heldur en af staðreyndum þó að aðgæslu sé þörf á öllum þessum sviðum.

Ég lýsi yfir stuðningi við þessa þáltill. Ég held að þetta sé þarft mál. Ég held að við eigum að vinna að framgangi þess. En það er óþarfi fyrir flm. að vera með slíka viðkvæmni þó að önnur málefni greinarinnar séu rædd í leiðinni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tek hér til máls einungis til að taka undir hvert orð af því sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hér hefur sagt. Auðvitað er einhver mengun í sambandi við fiskeldi eins og raunar allan búskap. Það er hægt að skapa mengun hvar sem er. Einhver góður læknir sagði einu sinni í mín eyru: Ef það á að útrýma mengun algjörlega, þá verður að byrja á að útrýma mannkyninu.

Auðvitað erum við öll á verði gagnvart mengun af fiskirækt rétt eins og öðrum landbúnaði. Við vitum

það að t.d. of mikil gjöf af útlendum áburði eins og það var kallað hér í gamla daga getur auðvitað mengað jarðveg og vatnsföll o.s.frv. Þetta þarf allt að gera með mikilli gætni. Ég held að enginn fiskiræktarmaður sé til, ekki alvörufiskiræktarmaður, sem ekki gerir sér einmitt grein fyrir því hve nauðsynlegt það er fiskeldisins sjálfs vegna að öll gætni sé viðhöfð í þessu efni. Við þurfum ekkert um það að deila og ég er ekki að álasa flm. tillögunnar, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, fyrir að flytja hana. Þvert á móti held ég að það sé mjög gott. Hitt held ég að sé alrangt hjá honum að það sé lítið af því gert að fylgjast með starfrækslu stöðvanna. Eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns þarf rekstrarleyfi og það er mikið gert til þess að hafa áhrif á hvar þessar stöðvar eru reistar, hvernig rekstri þeirra er hagað o.s.frv. og mér er ekki kunnugt um að neitt alvarlegt mengunarslys hafi hingað til orðið.

Hitt er svo aftur rétt sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði að fiskeldi hefur átt miklu örðugra um vik en menn vonuðu að yrði og ber þar tvennt til. Annars vegar það mikla verðfall sem orðið hefur á laxi, sem er nú aðalframleiðsluvaran í fiskeldinu, en er tímabundið alveg áreiðanlega, sem hefur valdið því að menn hafa ekki getað selt fyrir sömu verð og áður. Meðalverð núna hefur farið niður undir 6 dollara, sem var áður kannski 10, 11 og 12, þannig að menn sjá hve mikið áfall það eitt er.

Hitt er svo líka rétt sem kom fram í ræðu þingmannsins að allt of margir fóru út í seiðaeldi af því að það var von á mjög góðum markaði í Noregi, en fyrir hann var lokað í einu vetfangi og það var auðvitað gífurlegt áfall fyrir þá sem sérstaklega einbeittu sér að seiðaeldi. Þeir sem aftur á móti fóru í fiskeldi til slátrunar sluppu betur og komast sæmilega vel af.

En aðalatriðið er það að stjórnvöld hafa í einu og öllu svikið öll þau loforð sem fiskiræktarmönnum voru gefin fyrir mörgum, mörgum árum og þeir hafa sífellt verið dregnir á asnaeyrunum. Ég hef sagt úr þessum ræðustól og mörgum ræðustólum öðrum: Fiskeldi á aldrei að styrkja. Þá fer það á hausinn. En fiskeldi á að fá að búa við eitthvað í líkingu við það sama og aðrir atvinnuvegir njóta, t.d. í afurðalánum þar sem þau eru yfirleitt 75% í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Það hefur aldrei gerst neitt í þá áttina í fiskirækt. Það hefur verið talað og talað, gefin út fyrirmæli og tilmæli. Ég veit að hæstv. ráðherrarnir margir hverjir, forsrh. sjálfur t.d. hefur verið að berjast við að koma einhverju af því fram sem bæði hann og aðrir hafa lofað þeim sem fóru út í þennan rekstur en ekki bara komist upp með það. Ég veit ekki hvers vegna, en staðreyndin er nákvæmlega sú sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson lýsti. Það hefur allt verið svikið í bak og fyrir. Annars vegar er þessi rekstur kominn það vel á legg að hann gæti jafnvel þolað 6 dollara verð. Og það eru raunar fyrirtæki sem þola þau verð, alla vega tímabundið, af því að þau voru komin vel á legg. En þetta er svo ung atvinnugrein að þeir sem kannski byrjuðu fyrir 10 árum lifa það af en þeir sem byrjuðu fyrir 4–5 árum hafa náttúrlega nánast engar tekjur fengið og ekki heldur þau lán sem þeim var lofað.

Ég endurtek: Fiskirækt á ekki að styrkja. Aldrei. Þá verður hún byrði á þjóðinni. En hún hefur alla burði til þess að geta styrkt þjóðfélagið undir eðlilegum kringumstæðum, bara ef hún fær að njóta jafnréttis við aðrar atvinnugreinar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki orða bundist eftir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um þessa þáltill. en eins og allir vita hefur núv. ríkisstjórn ákveðið að það skuli stofna umhverfismálaráðuneyti. Þess vegna kemur manni á óvart að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli leggja hér fram tillögu um varnir gegn mengun í fiskeldi sem hlýtur að segja það að það er engin samstaða og ekkert samráð í þessari ríkisstjórn. Og það væri fróðlegt að fá að vita hvað hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. hafa hugsað sér að gera í þessu og þá sérstaklega hæstv. hagstofuráðherra sem sagt er muni verða hæstv. umhverfismálaráðherra þegar ríkisstjórnin hefur komið sér saman um lög um umhverfismál. Það er því mjög furðulegt að sjá þetta plagg um þessi mál sem hlýtur að hafa verið rætt í hæstv. ríkisstjórn og það væri gaman að fá að vita hér og nú hvort hæstv. ráðherrar hafa ekkert rætt um þetta eða hvort það er algert sambandsleysi í þessari hæstv. ríkisstjórn.

Ég verð að segja að miðað við núverandi málefnasamning þessarar ríkisstjórnar, þá vekur þetta mál furðu. Ég verð einnig að segja það eins og er að ég teldi rétt að hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra tjái sig um málið því það væri gaman að fá að vita að þessi málaflokkur sem varðar fiskeldi á kannski ekki heima í hinu nýja umhverfismálaráðuneyti. Og svo er hitt að það má vel vera að þeir telji að erfðamengun, sem sumir kalla kynblöndun eða kynbætur í öðrum bæjum, eigi ekki heima í þeim málaflokki. En það væri gaman að heyra í hæstv. ráðherrum hvort þetta verður ekki tekið undir tilvonandi ráðuneyti þegar fyrir liggja tillögur um umhverfismálaráðuneyti, eins og við höldum að muni verða lagt fram hér á þessu þingi, en það er kannski svo að það verður ekkert af því.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd vegna þeirra orða sem féllu hér, kannski fyrst af öllu það sem varðar hv. 10. þm. Reykv. Ég hef enga ástæðu til að gagnrýna það að hann viki hér að öðrum þáttum og erfiðleikum í fiskeldi. Ég þakka honum þann stuðning sem fram kom í hans máli við þennan tillöguflutning, svo og hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Ég vænti þess að till. verði til þess að það verði tekið með samræmdum hætti á þeim vanda sem hér er við að fást í sambandi við mengunarmál fiskeldis þó að sitthvað hafi verið að gert nú þegar.

En það var mál síðasta ræðumanns, hv. þm. Hreggviðs Jónssonar, sem var ástæðan fyrir því að ég bað hér um að fá að gera athugasemd. Það er mjög

sérkennilegt ef hv. þm. heldur að stofnun umhverfisráðuneytis leysi ein út af fyrir sig allan vandann og það þurfi ekki að setja löggjöf varðandi einstaka þætti sem slíkt ráðuneyti á að fjalla um. Ég held að hv. þm. hljóti að vita betur. Ég veit ekki hvort á að rekja þessar áhyggjur hv. þm. til erfðamengunar eða stökkbreytinga og skiptinga sem orðið hafa hér á Alþingi. Það svona liggur við. En hv. þm. vék einmitt að erfðamengun í sínu máli. Nei, við þurfum sannarlega að sinna umhverfismálum hér á Alþingi varðandi löggjöf og fleira óháð því hvað gerist hjá framkvæmdarvaldinu, þó svo að vonandi sé að þar verði gerð alvara úr því sem fyrirheit er um og verið er að vinna að, að setja á fót umhverfisráðuneyti frá byrjun næsta árs að telja.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Reykv. lét í ljós áhyggjur yfir því hér áðan í sínu máli að fiskeldisfyrirtæki nytu ekki eðlilegrar fyrirgreiðslu, hvorki varðandi fjárfestingarlán né heldur varðandi rekstrarlán. Ég minnist þess frá því fyrstu dagana eftir áramótin síðustu að fyrir þingið var lagt frv. um Tryggingasjóð fiskeldislána og það lá svo mikið á á þeim tíma að þingmenn máttu helst ekki skoða það frv. nema brot úr degi áður en það yrði lögfest af því að ríkisstjórnin lofaði því þá að koma öllum hlutum í lag undir eins. Það mátti ekki bíða fram í febrúarmánuð að skoða frumvarpið. Að vísu var ekki reglugerð samin vegna þessara laga fyrr en undir febrúarlok, það er nú annað mál, og mér sýnist að það hafi gengið illa að starfa eftir henni.

Ég sakna þess nú mjög að hæstv. ríkisstjórn, einhver þeirra, hæstv. forsrh. eða einhver annar af þessum ráðherrum sem eru svo málglaðir í sjónvarpinu og útvarpinu — eyðilögðu nú fyrir okkur hádegisfréttirnar sl. sunnudag. Menn voru hressir eftir ellefumessu og máttu svo þola það að hlusta á hvern ráðherrann á fætur öðrum og guðsorðið fauk út í veður og vind eftir þessar nýju predikanir. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort einhver ráðherranna vildi kannski taka til máls í þinginu og svara þeim elskulegu og kurteislegu fyrirspurnum sem hér hafa komið fram og geri þingheimi grein fyrir því hver sé staða þessarar viðkvæmu atvinnugreinar sem við vitum að stendur nú mjög höllum fæti.

Er það rétt hjá hv. 10. þm. Reykv. að fiskeldisfyrirtæki fái ekki eðlilega fyrirgreiðslu varðandi stofnlán þó svo að nægilegar eignir standi á móti? Og er það líka rétt sem hv. 10. þm. Reykv. hefur haldið fram að rekstrarlán til fiskeldis séu svo dýr að það geti engin atvinnugrein undir þeim staðið?

Ég vil vona, hæstv. forseti, að ráðherrar fái svigrúm til að svara þessum einföldu spurningum. Ég tel satt að segja óeðlilegt, eins málglaðir og þeir eru í fjölmiðlunum, að þeir noti nú ekki tækifærið og tali hér í þingsalnum úr því að þeir eru spurðir. Annars höfum við orðið vör við það að þeim þykir miklu betra að hlaupa hér í afkima eða niður í Kringlu eða hliðarherbergi og tala þar svona prívat við fréttamennina en standa fyrir sínu máli í þingsölum sem þeim ber þó þingleg skylda til að gera.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Umræða utan dagskrár.

Meðferð ríkisfjármála án heimildar Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefst umræða utan dagskrár að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, um meðferð ríkisfjármála án heimildar Alþingis. Umræðan fer fram samkvæmt síðari mgr. 32. gr. þingskapa og verður án tímamarka.

Forseti vill endurtaka það sem sagt var í upphafi þessa fundar að það er ætlan að þessari utandagskrárumræðu geti lokið fyrir venjubundin fundarlok, þ.e. fyrir kl. 5 en þá hefjast þingflokksfundir. En takist það ekki þá mun fundur hefjast að nýju kl. 6 og síðan verður þá séð til hvernig framhaldið verður en gæti orðið kvöldfundur.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir umræðu utan dagskrár hér í dag til þess að ræða í nokkrum atriðum ráðstöfun hæstv. ríkisstjórnar á opinberu fé án heimilda Alþingis.

Frá því Alþingi var slitið sl. vor hafa smám saman verið að koma í ljós ný og ný dæmi þess að fé er ráðstafað úr ríkissjóði eða teknar ákvarðanir af ríkisstjórninni sem hafa í för með sér útgjöld án þess að baki liggi lagaheimildir frá Alþingi. Er stundum engu líkara en hæstv. ríkisstjórn telji sig hafa sjálfdæmi í þessum efnum og þurfi ekki að hirða um að fylgja ákvæðum fjárlaga eða jafnvel laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands. Þau einstöku atriði sem ég mun víkja að hér síðar í ræðu minni eru sum þess efnis og þau liggja nokkuð í augum uppi. Önnur eru þess efnis að þau þarf að upplýsa og til þess verður að krefjast svara frá einstökum ráðherrum, oftast frá hæstv. fjmrh.

Ég vil strax taka það fram að við þessa umræðu mun ég ekki hafa frumkvæði að því að ræða ríkisfjármálin almennt. Það er eðlilegt að bíði 1. umr. um fjárlagafrv. Ég mun heldur ekki að þessu sinni taka til ítarlegrar umræðu svokallaðar aukafjárveitingar. Ég vil þó lýsa því sem raunar hefur áður komið fram á opinberum vettvangi að það er skoðun okkar sem sæti eigum í fjvn., a.m.k. þeirra sem sátu í nefndinni á síðasta þingi, að það verklag sem viðgengist hefur í þessum efnum geti ekki staðið áfram.

Eftir að útgjöld ríkissjóðs höfðu á árinu 1988 farið yfir 8 milljarða fram úr því sem kveðið var á um í fjárlögum fyrir það ár var fjvn. nóg boðið. Á vegum

nefndarinnar hefur því starfað undirnefnd í sumar að því verkefni að móta nýjar reglur um framkvæmd fjárlaga. Í þeirri undirnefnd hafa menn ekki skipst í fylkingar eftir pólitískum flokkum né eftir því hverjir eru stuðningsmenn eða andstæðingar núv. ríkisstjórnar. Nefndarmenn hafa vikið slíkum pólitískum flokkadráttum til hliðar og starfað saman undir forustu formanns, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Þær reglur sem unnið er að því að móta eiga að hafa það markmið að standa vörð um ákvarðanir Alþingis en girða fyrir geðþóttaákvarðanir framkvæmdarvaldsins, svo sem í þeim málum sem ég ræði hér á eftir. Vinnu nefndarinnar að þessu verkefni er ekki lokið og meðan svo er verða vinnugögn ekki rædd hér af minni hálfu. En við gleymum að sjálfsögðu ekki ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo sem kunnugt er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Nú er því spáð að á þessu ári fari útgjöld ríkissjóðs enn 8 milljarða fram úr því sem fjárlög kveða á um. Það er því enn ljósara en áður hvílíkt nauðsynjaverk fjvn. er að vinna og hve brýnt það er að koma í veg fyrir að valdið verði með þessum hætti dregið úr höndum Alþingis til framkvæmdarvaldsins, hæstv. ríkisstjórnar.

Þó að ég ræði ekki svokallaðar aukafjárveitingar hér öllu meira, þá er þó einn þáttur þess máls sem ég kemst ekki hjá að gera að umtalsefni. Þann 13. júlí sl. afhenti hæstv. fjmrh. fjvn. lista yfir aukafjárveitingar, sem til þess tíma höfðu verið samþykktar á þessu ári, að upphæð liðlega 800 millj. kr. Við þennan lista var í rauninni fátt sérkennilegt miðað við fyrri reynslu utan eitt. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því að með hann væri farið sem trúnaðarmál. Hæstv. fjmrh. telur það sem sagt viðeigandi og eðlilegt að útgjöld úr ríkissjóði, sem hann sjálfur hefur ákveðið ellegar ríkisstjórnin í heild og eru umfram heimildir fjárlaga, séu trúnaðarmál. Spyrja má hvort þetta sé sá hugsunarháttur sem ríki á stjórnarheimilinu að þegar fé er greitt úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög heimila, þá sé það nánast einkamál hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar sem eigi að halda leyndu þangað til og ef stjórnarherrunum þóknast að segja frá því.

Auðvitað eru hér forkastanleg viðhorf á ferðinni, viðhorf sem ekki standast. Auðvitað eru allar greiðslur úr ríkissjóði opinbert mál og þegar þær hafa verið ákveðnar er engin leið að fara fram á það að þeim sé haldið leyndum. Allir eiga rétt á að vita hvað gert er við opinbera fjármuni, enda á ráðstöfun opinberra fjármuna að þola dagsins ljós. Ég sé því ástæðu til þess að tilkynna hæstv. fjmrh. það að ég mun ekki hér eftir taka við lista yfir aukafjárveitingar eða aðrar greiðslur úr ríkissjóði sem trúnaðarmáli.

Í kjölfar kjarasamninga sl. vor ákvað hæstv. ríkisstjórn ýmsar breytingar er varða ríkisfjármál, meðal þeirra voru skattabreytingar. Þá gaf hæstv. ríkisstjórn fyrirheit um lækkun skatta um 500 millj. kr. og því var komið fram með lagabreytingum fyrir þinglok. Þar var um að ræða lækkun vörugjalds, lántökukostnaðar og skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. En samtímis voru aðrir skattar hækkaðir. Hækkun á jöfnunargjaldi var lögfest en það á að gefa aukalega 300 millj. kr. Breyting varð á uppgjörsreglum bensíngjalds og var sú breyting ákveðin með reglugerð en það á að gefa 250 millj. kr. og ákveðið var að breyta uppgjörstímabili launaskatts sem einnig átti að gefa 250 millj. kr. Það hefur þó tæplega komið til framkvæmda enn þá því til þess þarf lagabreytingu. En það sem er athyglisverðast við þessar skattabreytingar er það að samtímis því sem skattar eru lækkaðir um 500 millj. kr. til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör á vinnumarkaði, þá eru aðrir skattar hækkaðir um 800 millj. kr. og á þann snilldarlega hátt staðið við loforð við verkalýðshreyfinguna og samtök launamanna.

Á miðju sumri var frá því sagt að hæstv. ríkisstjórn hefði ákveðið að lækka ríkisútgjöld um 800 millj. kr. og er að þessu vikið í athugasemdum með fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Í fjárlögum eða öðrum lögum er eftir því sem ég best veit engin heimild fyrir hæstv. ríkisstjórn til að skera niður fjárveitingar til fjármagnstilfærslna eða framkvæmda sem Alþingi hefur ákveðið með fjárlögum eða á vegáætlun. Til þess að gera þetta mögulegt þarf þess vegna lög sem ekki hafa verið afgreidd frá Alþingi. Það er þess vegna í heimildarleysi sem hæstv. ríkisstjórn tilkynnir ákvarðanir sínar um þessi efni. Og það er harla óviðfelldið að á sama tíma sem hæstv. ríkisstjórn er að auka útgjöld ríkissjóðs um marga milljarða með eigin ákvörðunum án atbeina Alþingis þá skuli hún einnig í heimildarleysi tilkynna niðurskurð á útgjöldum til þeirra verklegu framkvæmda og fjármagnstilfærslna sem Alþingi hefur samþykkt. Mér er tjáð að af þessum 800 millj. kr. hafi 500 millj. verið teknar af hinu almenna húsnæðiskerfi. Annað liggur ekki fyrir þótt kvisast hafi að hæstv. samgrh. sé með einhverja tilburði í þá átt að breyta því sem Alþingi hefur ákveðið með afgreiðslu vegáætlunar.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. fjmrh.:

Hvaða verklegar framkvæmdir og hvaða fjármagnstilfærslur á að skerða um 800 millj. kr. samkvæmt þessum svokölluðu ákvörðunum ríkisstjórnarinnar?

Í öðru lagi: Telur hæstv. ríkisstjórn að hún geti ráðið þessu upp á sitt eindæmi eða ætlar hún eftir á að leitast við að fá samþykkta lagaheimild?

Sl. sumar hóf hæstv. fjmrh. allmikla herferð til innheimtu á söluskatti og var síst vanþörf á. Á hinn bóginn leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh.:

Hvaðan koma honum lagaheimildir til þess að mismuna einstökum gjaldendum við greiðslu opinberra gjalda, þannig að sumum fyrirtækjum var hótað lokun eða lokað þegar söluskattur var ekki greiddur á tilsettum tíma en engar innheimtuaðgerðir voru hafnar gegn öðrum sem þó voru í sambærilegum vanskilum en höfðu kannski fjárhag sinn til athugunar hjá opinberum sjóðum?

Þó kastar tólfunum þegar svo virðist sem einu fyrirtæki hafi verið leyft að greiða söluskattsskuld

sína með húseignum. Sé það rétt er í fyrsta lagi um að ræða brot á lagaákvæðum um innheimtu söluskatts, í öðru lagi hafði ríkissjóður enga heimild til þess að taka við þessum húsum eða eignast þau því til þess þarf lög og í þriðja lagi virðist sem ríkissjóður hafi ekkert með þessar húseignir að gera því í fjárlagafrv. er leitað heimildar til þess að selja þessar húseignir sem engin heimild hafði áður verið fengið fyrir að kaupa eða taka við upp í söluskatt.

Eitt sinn voru vaðmál, tólg ellegar fiskur meðal gjaldmiðla okkar Íslendinga. E.t.v. geta þeir sem nú eiga vaðmálsstranga eða tólgarskjöld fengið að greiða skatta sína til ríkisins með slíkum varningi eða á annan sambærilegan hátt.

Seint í sumar var frá því skýrt að hæstv. ríkisstjórn hefði ákveðið að setja á fót nýja stofnun, svokallað meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur, stofnun sem ekki er finnanleg á fjárlögum. Jafnframt var skýrt frá ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um að verja á þessu ári álitlegri fjárhæð til rekstrar slíkrar stofnunar eða 20–30 millj. kr. Enn fremur fór ekki fram hjá neinum að á fullri ferð var undirbúningur að kaupum á húsnæði fyrir þessa stofnun. Allt gerist þetta á sama tíma sem félagasamtök á vegum einkaaðila eru að vinna að undirbúningi að sams konar verkefni og hafa lagt stórfé í kostnað við að undirbúa það mál, en við þá aðila mun lítt eða ekki hafa verið talað. Nú spyr ég hæstv. ráðherra sem hér eru staddir:

Telur ríkisstjórnin að hún geti tekið ákvörðun af þessu tagi án þess að heimildir séu í fjárlögum og án þess að leita heimilda Alþingis?

Allt þetta mál er þannig vaxið að fulltrúar minni hl. í fjvn. hafa að frumkvæði hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur komið því á framfæri við formann nefndarinnar að við óskum eftir skýrslu um þetta mál í heild.

Húsakaup virðast mér vera á óskalista núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. um aðeins eitt af þessum húsum: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera við svokallað Hekluhús á Akureyri? Og er það rétt að frá kaupsamningi hafi verið gengið og hvert var þá kaupverðið?

Fyrir fáum dögum kom út svokölluð starfsmannaskrá ríkisins sem á að sýna fjölda þeirra starfsmanna sem fengu greidd föst mánaðarlaun hjá launaskrifstofu ríkisins í marsmánuði sl. Starfsmannaskráin dregur athyglina að frjálslegri meðferð hæstv. ráðherra á starfsmannaráðningum en samkvæmt starfsmannaskránni starfar fjöldi manna án heimilda hjá ríkiskerfinu eða samtals 382. Athygli vekur t.d. í starfsmannaskránni að þann 1. mars báru átta starfsmenn á heimaskrifstofum utanrrn. starfsheitið sendiherra auk ráðuneytisstjórans og verður þó ekki séð annað en að þeir skipi heimilaðar stöður. Síðan 1. mars hafa menn utan utanríkisþjónustunnar verið ráðnir til sendiherrastarfa. Því leyfi ég mér nú að spyrja hæstv. utanrrh. eða staðgengil hans:

Hversu margir starfsmenn utanrrn. á heimaskrifstofum þess bera nú starfsheitið sendiherra?

Ég leyfi mér einnig að spyrja sama ráðherra eða staðgengil hans:

Hvaða tilefni er til þess að ráða nú til utanrrn. sérstakan sérfræðing í afvopnunarmálum á sama tíma sem ríkissjóður stendur straum af kostnaði við Öryggismálanefnd sem á að sinna þessu hlutverki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar?

Ég hlýt að spyrja: Á hvaða kjörum á þessi sérfræðingur að starfa? Er hann ráðinn á kjörum aðstoðarmanns ráðherra? Er kannski um dulbúinn aðstoðarmann ráðherra að ræða?

Á síðustu árum hefur gætt vaxandi tilhneigingar til þess hjá einstökum ráðherrum að sniðganga reglugerð um Stjórnarráð Íslands og ráða fleiri pólitíska aðstoðarmenn til starfa en reglugerðin heimilar. Í 14. gr. reglugerðar við lög um Stjórnarráð Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytisins sem starfi þar sem deildarstjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra."

Ég fullyrði að þessi ákvæði reglugerðarinnar eru nú sniðgengin af einstökum ráðherrum. Hæstv. forsrh. hefur sinn aðstoðarmann svo sem hann hefur fulla heimild til. Hann hefur einnig nýlega ráðið blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar í stað Magnúsar Torfa Ólafssonar sem að vísu ber starfsheitið „skrifstofustjóri" og eru þá tveir skrifstofustjórar í forsrn. Þá hefur hann einnig ráðið efnahagsráðgjafa sem álitið hefur verið að væri efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar en er nú titlaður efnahagsráðgjafi forsætisráðherra.

Á sama tíma hefur hæstv. fjmrh. ekki einungis ráðið sér varaformann Alþb. sem aðstoðarráðherra heldur hefur hann einnig ráðið sérstakan pólitískan efnahagsráðgjafa og sérstakan pólitískan blaðafulltrúa. Hér er vitaskuld um ótvírætt brot að ræða á því ákvæði reglugerðar við lög um Stjórnarráð Íslands sem ég vitnaði til áðan og spyrja má hvort það sé stefna hæstv. ríkisstjórnar að hvert ráðuneyti fyrir sig hafi sérstakan efnahagsráðgjafa og hvert ráðuneyti fyrir sig hafi líka sérstakan blaðafulltrúa og að þessir starfsmenn komi til viðbótar hinum pólitísku aðstoðarmönnum ráðherra.

Enn fremur réði hæstv. fjmrh. nú í sumar sérstakan útsölustjóra ríkisskuldabréfa og ég leyfi mér að spyrja: Er hann á kjörum aðstoðarmanns ráðherra eða er hann á einhverjum öðrum kjörum? Eru þau þá betri eða lakari en launakjör aðstoðarmanns ráðherra? Hæstv. menntmrh. hefur sinn aðstoðarmann en einnig annan starfsmann sem titlaður er skólafulltrúi ráðherra. Og ég leyfi mér enn að spyrja: Er sá starfsmaður á ráðningarkjörum aðstoðarmanns ráðherra eða hefur hann önnur kjör? Þar er auðvitað um pólitískan aðstoðarmann að ræða.

Ég vil taka það fram að ég tel óhjákvæmilegt að krefjast þess að þeim starfsmönnum ráðuneytanna, sem ráðnir hafa verið án heimildar af núverandi hæstv. ráðherrum og með þeim hætti að sjálf reglugerðin um Stjórnarráð Íslands er sniðgengin, verði þegar í stað sagt upp. Því má svo bæta við að annar hinna nýju ráðherra Borgaraflokksins í þessari hæstv. ríkisstjórn hefur fengið lánaðan starfsmann úr ríkiskerfinu sem

sérstakan aðstoðarmann sinn til þess að fást við málefni Hagstofu Íslands.

Það sem tekur þó öllu þessu fram er að í forsrn. er skráður deildarstjóri á launum sem ekki starfar innan veggja ráðuneytisins heldur úti í bæ sem aðstoðarmaður hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning hef ég ekkert út á þennan einstakling að setja. Ég geri ráð fyrir því að Trausti Þorlaksson ræki þau störf vel sem honum eru falin og honum er greitt fyrir.

Til þess að fyrirbyggja misskilning verð ég líka að taka fram að ég hef ekkert við það að athuga að hv. þm. Stefán Valgeirsson sitji í stjórn eins margra sjóða og hann er kosinn til. En það þarf vitaskuld mikla hugmyndaauðgi til þess að láta sér detta í hug að úr því að þessi hv. þm. varð ekki ráðherra skyldi hann þó fá aðstoðarráðherra.

Niðurlæging hæstv. forsrh. er á hinn bóginn algjör í þessu máli. Hann samþykkir þessa ráðningu og ber á henni fulla ábyrgð, væntanlega í þeim tilgangi að tryggja fylgi hv. þm. Stefáns Valgeirssonar við þá ríkisstjórn sem hann veitti og veitir forstöðu. Óskammfeilni hæstv. fjmrh. er einnig ótrúleg. Hann telur það sjálfsagt mál í nafni lýðræðisins að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi aðstoðarmann á launum hjá forsrn. og hann undrast það að hv. þm. Stefán Valgeirsson skuli láta sér nægja að hafa aðeins einn aðstoðarmann. *Hæstv. fjmrh. ætti að beita sér fyrir* því í samræmi við þessi orð sín að hv. þm. Stefán Valgeirsson fái einnig sérstakan efnahagsráðgjafa og enn fremur sérstakan blaðafulltrúa.

Í raun og veru er enginn eðlismunur á ráðningu þessa deildarstjóra hjá forsrn. og því ef ritstjóri á dagblaði ellegar fréttastjóri á ljósvakamiðlunum eða hjá Ríkisútvarpinu væri gerður að skrifstofustjóra í forsrn. og þægi laun sem slíkur í þeim tilgangi að hæstv. ríkisstjórn hefði ævinlega gott veður á þeim fjölmiðli. Hér er vitaskuld um að ræða bæði lögbrot og hneyksli. Ef hv. þm. Stefán Valgeirsson þarf á aðstoðarmanni að halda er engin ástæða til að amast við því. En hv. þm. á auðvitað að greiða laun hans sjálfur ellegar þau samtök sem studdu hann til setu á Alþingi að svo miklu leyti sem styrkur Alþingis hrekkur ekki til.

Ég tel ekki ástæðu til að rifja upp nýlegar fregnir um meðferð risnu og fríðinda hjá einstökum hæstv. ráðherrum. Ég vil þó taka fram að í slíkum málum má hvorki Alþingi né almenningur í landinu sýna of mikla smámunasemi. Ráðherraembættum verður að fylgja risna og ráðherra verður að geta sýnt tiltekna reisn í móttöku gesta og við önnur slík tækifæri þegar það er við hæfi. Á hinn bóginn verða menn í æðstu stöðum að gæta þess að fara ekki út yfir þau mörk sem meiða siðgæðisvitund fólks. Því miður kemur það stundum fyrir að þeir sem ætla að moka flórinn detta sjálfir í haughúsið.

Virðulegi forseti. Það sem að framan greinir má draga saman í eftirfarandi atriði:

1. Spurt er hvort aukafjárveitingar eigi að vera trúnaðarmál.

2. Loforð ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta í kjölfar kjarasamninga voru efnd þannig að skattar voru lækkaðir um 500 millj. kr. en aðrir skattar hækkaðir samtímis um 800 millj.

3. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um 800 millj. kr. niðurskurð ríkisútgjalda eru markleysa því að til þess skortir heimildir í lögum.

4. Spurt er hvort fjmrh. hafi lagaheimildir til þess að mismuna fyrirtækjum við innheimtu opinberra gjalda.

5. Eftir að söluskattur hefur verið greiddur með húseignum, er þá mögulegt að greiða opinber gjöld með öðrum varningi?

6. Ríkissjóður tekur við eða kaupir húseignir í heimildarleysi sem óvíst er til hvers á að nota.

7. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt um að komið verði á fót nýrri stofnun á þessu ári sem engin heimild er fyrir í fjárlögum.

8. Einstakir ráðherrar raða pólitískum gæðingum sínum á skrifstofur ráðuneytanna þótt með því sé sniðgengin eða brotin reglugerð um Stjórnarráðið.

9. Ráðning deildarstjóra í forsrn. án starfsskyldu þar en með pólitískan starfsvettvang úti í bæ er í senn lögbrot og hneyksli.

10. Öll þau atriði sem að framan eru talin snerta á einn eða annan hátt fjármál ríkisins, einkum útgjöld. Þar er ýmist farið á tæpu vaði af hálfu ríkisstjórnarinnar ellegar án allra heimilda í lögum frá Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég hef hér að framan spurt hæstv. ráðherra nokkurra spurninga sem ég óska svara við. Ég hef jafnframt rætt nokkur þau atriði er varða fjármál ríkisins og ekki er farið með í samræmi við lagaheimildir frá Alþingi. Það er grundvallaratriði lýðræðisskipulagsins að framkvæmdarvaldið starfi í samræmi við heimildir sem löggjafarvaldið hefur veitt. Þetta á ekki hvað síst við um mál er tengjast meðferð opinberra fjármuna. Hæstv. ríkisstjórn verður að sætta sig við það að lúta vilja Alþingis í slíkum málum. Þegar svo frjálslega er gengið á svig við þessi grundvallarsjónarmið eins og ég hef lýst með nokkrum dæmum hér að framan er það skylda okkar alþingismanna að vekja á því athygli, gagnrýna og krefjast úrbóta. Hvaðanæva berast fregnir af því að fólkið í landinu hefur fengið meira en nóg af þessari hæstv. ríkisstjórn. Það hefur orðið vitni að því að hæpin mál gægjast fram úr hverju horni í hýbýlum hennar. Samtímis hefur henni mistekist það verkefni sitt að fara með stjórn landsins. Geri hæstv. ríkisstjórn ekki hreint fyrir sínum dyrum í þeim málum sem ég hef hér gert að umtalsefni hefur Alþingi fengið nýtt tilefni til þess að krefjast þess að hún fari frá. Til þess þarf atbeina bæði stjórnarandstöðunnar og einnig þeirra sem enn kallast stjórnarsinnar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson kvaðst ekki hafa kvatt sér hljóðs hér utan dagskrár til þess að ræða ríkisfjármál almennt né til þess að ræða aukafjárveitingar, heldur ætti slíkt að bíða 1. umr. um

fjárlög. Engu að síður kom hv. þm. nokkuð oft í sínu máli að ríkisfjármálum á yfirstandandi ári og aukafjárveitingum þannig að ég tel óhjákvæmilegt hér í upphafi þegar ég svara hans spurningum að víkja að því nokkrum orðum.

Það hefur komið fram, m.a. í greinargerð fyrir því fjárlagafrv. sem ég hef nú þegar lagt fram á Alþingi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og einnig í opinberri umræðu og á sameiginlegum fundum sem ég hef átt með fjvn., að fyrir mitt þetta ár tók ég ákvörðun um það að beita mér fyrir gagngerum breytingum á meðferð ríkisfjármála til þess að draga úr og jafnvel afnema með öllu þær aukafjárveitingar sem tíðkast hafa árum saman. Í þessu skyni er t.d. gerð ákveðin breyting á fjárlögum í því fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram og í samræmi við þessa stefnu hefur á þessu ári verið dregið svo úr aukafjárveitingum að árið 1989 sker sig algjörlega úr fyrri árum hvað það snertir. Þar að auki, sem er höfuðatriði þessa máls, hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um það að leggja fyrir hv. Alþingi frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár.

Mér fannst satt að segja nokkuð sérkennilegt, í ljósi þeirra stóru orða sem hv. þm. Pálmi Jónsson hafði hér í sinni ræðu og vegna þess að ég hef yfirleitt reynt hann að vönduðum málflutningi, að hann skyldi ekki í ræðu sinni víkja einu orði að þeirri tímamótaákvörðun núv. hæstv. ríkisstjórnar að leggja fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Það hefur ekki fyrr verið gert og endurspeglar stefnu og vilja núv. ríkisstjórnar til þess að taka upp gerbreytt vinnubrögð frá þeim ríkisstjórnum sem Sjálfstfl. veitti forstöðu og þar sem Sjálfstfl. fór með fjármálaráðherraembættið í og þegar hv. þm. Pálmi Jónsson var formaður fjvn. og flutti þá aldrei slíkar aðfinnsluræður um meðferð ríkisfjármála eða aukafjárveitinga eins og hann gerði nú. Ég ætla ekki að gera það að miklu umræðuefni hér, en það væri fróðlegt að fá svör við því hvernig á því stendur að þáv. formaður fjvn. Pálmi Jónsson skyldi ekki gera, í þau fjögur ár sem hann gegndi því embætti á árunum 1983–1987, athugasemdir, sambærilegar við þær sem hann gerði nú, við þær fjölmörgu aukafjárveitingar sem þá voru veittar.

Ég vil í þessu sambandi til samanburðar lýsa því hér hverjar aukafjárveitingar hafa verið að fjölda til og í upphæðum frá árinu 1985 til ársins í ár fyrir tímabilið frá 1. janúar og til 1. september. Fyrir árið 1985, þegar Sjálfstfl. fór með embætti fjármálaráðherra og hv. þm. Pálmi Jónsson var formaður fjvn., voru veittar 155 formlegar aukafjárveitingar, að núvirði samtals 1 milljarður 110 millj. kr. Árið 1986, þegar Sjálfstfl. fór einnig með fjmrn. og hv. þm. Pálmi Jónsson var einnig formaður fjvn., voru veittar fyrstu átta mánuði ársins 140 aukafjárveitingar, samtals að upphæð tæpir tveir milljarðar eða 1 milljarður 930 millj. kr. Árið 1987, sem skiptist að vísu milli fjármálaráðherra Sjálfstfl. og síðan ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem tók við upp úr miðju því ári, en þorra þess tímabils var hv. þm. Pálmi Jónsson formaður fjvn., voru samþykktar 137 aukafjárveitingar, að upphæð samtals 890 millj. kr. Árið 1988, áður en núv. ríkisstjórn tók við, fyrir tímabilið frá janúar til byrjunar septembermánaðar, voru veittar 93 aukafjárveitingar, samtals að upphæð 1 milljarður 280 millj. kr., og á þessu ári, árið 1989, á sama tímabili, hafa verið veittar 65 aukafjárveitingar, samtals að upphæð 833 millj. kr., eða þær aukafjárveitingar sem hafa verið veittar á þessu ári, fyrsta heila ári núv. ríkisstjórnar, eru þriðjungur af því sem veitt var árið 1985 og tæplega helmingur af því sem veitt var á árunum 1986–1987. Það er ekkert ár á sl. hálfa áratug þar sem hefur verið jafnlítið um aukafjárveitingar og á því ári sem nú er að líða.

Það er þess vegna alveg ljóst að það hafa orðið hér ákveðin þáttaskil hvað snertir meðferð ríkisfjármála í samanburði við meðferð þeirra þegar Sjálfstfl. bæði stýrði fjmrn. og fór með formennsku í fjvn., og þessi þáttaskil markast af því að það hefur stórkostlega dregið úr aukafjárveitingum í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar samanborið við valdatíma Sjálfstfl.

Þar að auki hefur núv. ríkisstjórn markað þau tímamót í meðferð ríkisfjármála, eins og ég gat um áðan, að hafa ákveðið og nú þegar tilkynnt Alþingi það í greinargerð fjárlagafrv. að leggja fyrir yfirstandandi ár frv. til breytinga á fjárlögum yfirstandandi árs í samræmi við þær stefnuákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur tekið. Ég tek sem dæmi að ríkisstjórnin hefur ákveðið fyrr á þessu ári að auka fjármagn til niðurgreiðslna. Ríkisstjórnin mun hins vegar ekki fara fram úr þeirri upphæð sem í fjárlagafrv. er vegna þess að það er enn þá allríflega ætlað fyrir þeim lið, en í frv. til fjáraukalaga verður óskað heimildar til þess að bæta við þeirri upphæð sem stefnuákvörðun hefur verið tekin um. Það er líka nokkuð ljóst að það verður meiri þörf fyrir útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir en ætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs, en það verður ekki farið fram úr þeim greiðslum fyrr en hæstv. Alþingi hefur samþykkt frv. til fjáraukalaga. Þannig gæti ég nefnt fjölmörg önnur dæmi því til stuðnings að þau nýju vinnubrögð sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að framkvæma fela það í sér að á þessu ári verður, í fyrsta sinn, að ég held, í sögu lýðveldisins, beinlínis leitað heimilda á yfirstandandi ári til þess að breyta fjárlagatölum með formlegri lagasetningu frá Alþingi.

Ég hef átt ágæta samvinnu við hv. þm. Pálma Jónsson síðan ég tók við embætti fjármálaráðherra og hann hefur setið í fjvn. á þessum tíma. Ég veit að við höfum verið sammála um það að breyta þyrfti og bæta vinnubrögð í þessum efnum frá þeirri lausung sem hér hefur ríkt á árum áður og tölurnar sem ég nefndi frá fjármálaráðherratíð Sjálfstfl. og forustutíð Sjálfstfl. í fjvn. bera rækilega vitni um.

Þess vegna kom mér satt að segja dálítið á óvart sá tónn og sú túlkun sem var í ræðu hv. þm. hér áðan, sérstaklega að hann skyldi hér greina frá því að ég hefði sett fram þá skoðun að sá listi um aukafjárveitingar sem ég taldi skyldu mína að kynna fjvn. væri sérstakt trúnaðarmál sem ekki mætti birtast. Það er

ekki rétt frásögn af því sem ég greindi frá á fundi fjvn. Það sem þar fór fram var hins vegar á þá leið að ég kom með vinnuskjal úr fjmrn. um aukafjárveitingar inn á fund nefndarinnar og hefði að sjálfsögðu búið það skjal ítarlegar að lýsingu á einstökum efnisliðum ef það hefði umsvifalaust átt að vera efni í fréttatilkynningu eða vera afhent fulltrúum fjölmiðla. Sú skoðun sem ég lét í ljós við fjvn. var ekki á þann veg. Því fer víðs fjarri að hér hafi verið um eitthvert sérstakt trúnaðarmál eða einhverja sérstaka bannvöru að ræða, heldur einfaldlega það að ef og þegar slíkt væri birt fjölmiðlum væri nauðsynlegt að hafa skjalið ítarlegra og hafa það með öðrum hætti en þegar farið er með vinnuskjölin beint inn á samráðsfundi fjmrh. með fjvn. Þar að auki bætti ég því við að þá væri eðlilegri háttur að fjmrh. og fjmrn. kynnti sjálft fjölmiðlum þetta efni en að einstakir fjárveitinganefndarmenn gerðu það. Ég lét jafnframt í ljósi þá ósk að ef einstakir fjárveitinganefndarmenn óskuðu eftir því að birta þennan lista áður en þing kæmi saman væri sjálfsagt að skoða það en hann yrði að sjálfsögðu lagður fram í formlegri meðferð fjárlagafrv. á Alþingi.

Ég hef leitast við að hafa gott samstarf við hv. fjvn. og ég hef ekki fyrr beinlínis staðið einstaka fjárveitinganefndarmenn að slíkum rangfærslum eins og mér fannst koma fram í túlkun hv. þm. Pálma Jónssonar á þessari skrá. Að sjálfsögðu er hún ekki trúnaðarmál. Að sjálfsögðu. Ef það er hins vegar ósk fjárveitinganefndarmanna að öll skjöl sem fjmrn. leggur fram í fjvn. séu samdægurs og á sömu klukkustund í því formi að einstakir fjárveitinganefndarmenn geti umsvifalaust birt þau almenningi þá þegar og á þeim degi. Sé það vinnuósk fjvn. að skjölin séu í þeim búningi munum við að sjálfsögðu taka tillit til þess og klæða skjölin þá í þann búning að þau séu í senn upplýsingaskjöl fyrir fjárveitinganefndarmenn og formlegar fréttatilkynningar fyrir fjölmiðla. Mér hefur hins vegar skilist á öllum fjárveitinganefndarmönnum til þessa að þeir óskuðu eftir því að geta átt eðlilegt vinnusamstarf við fjmrn. um þau mikilvægu málefni sem við þurfum að fjalla um í sameiningu.

Það gætti einnig þó nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Pálma Jónssyni þegar hann fjallaði annars vegar um þau loforð sem gefin voru í kjarasamningum sem tókust milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og ríkisstjórnin átti nokkurn hlut að áður en þingi lauk og svo hins vegar þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin tók á miðju sumri í júlímánuði um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir um þróun ríkisfjármála á árinu. Þess vegna er ekki rétt að vera að blanda saman annars vegar þeim loforðum sem gefin voru hér í byrjun aprílmánaðar og voru efnd áður en þingi lauk og svo hins vegar ákvörðunum sem teknar voru um mitt árið og hafa ekki allar enn komið til framkvæmda og verður leitað eftir lagaheimildum Alþingis til að framkvæma. Þess vegna er ekki hægt að setja saman í einn dálk skattabreytingar sem gerðar voru í tengslum við kjarasamningana og síðan breytingar á tekjum ríkisins sem ákveðnar voru í júlí og ágústmánuði og að hluta til verða lagðar fyrir þingið í formi lagafrumvarpa, t.d. hvað snertir breytta innheimtu á launaskatti.

Hvað snertir breytingar á útgjöldum ríkisins er sama um það að segja. Þar gætir einnig nokkurs misskilnings hjá hv. þm. og hann er fólginn í því að að sjálfsögðu mun ríkisstjórnin í því frv. til fjáraukalaga sem hún leggur fyrir þingið innan tíðar leita eftir breytingum á þeim útgjaldaliðum sem hún telur nauðsynlegt að beri minni upphæðir en í fjárlagafrv. sjálfu. Sú ákvörðun sem ríkisstjórnin tók í sumar var stefnumótandi ákvörðun. Ráðuneytin hafa miðað sína starfsemi við það að fresta framkvæmd ýmissa þeirra þátta sem snúa að framkvæmdum, bæði í samgöngum, í skólamálum og í heilbrigðismálum, þar til lægi fyrir hvort Alþingi samþykkir þetta frv. þingsins, frv. sem lagt verður fyrir þingið núna eftir eina til tvær vikur, og þess vegna ríkisstjórnin ekki á neinn hátt að taka sér vald til framkvæmda sem hún ekki hefur.

Ég get kannski skilið það að það taki smátíma, þó hélt ég kannski að jafnfjárveitinganefndavanur maður og hv. þm. Pálmi Jónsson mundi átta sig á eðli þeirrar breytingar að þegar fjáraukalög verða hér flutt í fyrsta sinn getur auðvitað ríkisstjórnin tekið stefnumótandi ákvarðanir sem hún tilkynnir en leitar síðan staðfestingar á þeim ákvörðunum með sérstökum frumvarpsflutningi hér á Alþingi.

Ég vænti að þessar upplýsingar skýri nokkuð vel sumar af þeim spurningum sem hv. þm. lagði hér fram og svörin við þeim en ég vil einnig víkja fáeinum orðum að nokkrum öðrum þáttum sem hann spurði um.

Í fyrsta lagi, varðandi framkvæmd á innheimtu söluskatts, fagna ég því að fulltrúi Sjálfstfl. er orðinn hógværari í málflutningi um þá breyttu stefnu en þingflokkur Sjálfstfl. var hér á miðju sumri vegna þess að þingflokkur Sjálfstfl. kom þá saman hér sérstaklega og samþykkti kröfu um það að þessum innheimtuaðgerðum yrði hætt og fjármálaráðherrann sem beitt hefði sér fyrir bættri innheimtu söluskatts yrði látinn víkja. Nú var ekki að heyra neinar slíkar kröfur á hv. þm. Pálma Jónssyni. Þvert á móti virtist mér að í orðum hans lægi bein og óbein viðurkenning á því að þarna hefði verið um mikilvæga stefnubreytingu að ræða sem nauðsynleg hefði verið.

Ég tek hins vegar alveg undir það með honum að slíkar innheimtuaðgerðir beri að framkvæma með þeim hætti að fyrirtækjum eða öðrum sé ekki mismunað og það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af því að hér komi upp kerfi þar sem bændur geta komið með slátrið til sýslumannanna og greitt vangoldin opinber gjöld í formi afurða landbúnaðarins eins og hann reyndi að leiða líkur að á þeirri forsendu að menn hefðu getað greitt söluskatt með húsum. Sjálfsagt á hv. þm. við það að ríkissjóður, í samvinnu við Kópavogsbæ, ákvað eftir þó nokkrar

athuganir og umræður sem farið hafa fram um langa hríð til að tryggja húsnæði fyrir bæjarfógetaembættið í Kópavogi og aðrar opinberar stofnanir sem aðsetur eiga að hafa í miðbæ Kópavogs að kaupa af fyrirtækinu Þor sf. húsnæðið Fannborg 4 og 6. Kaupverðið var rúmar 100 millj. kr., 102,5 millj. kr., og er reiknað með að Kópavogur eignist u.þ.b. þriðjung af þessu húsnæði þannig að aðeins ⅓ hlutar kostnaðarins verða greiddir af ríkinu. Nú þegar hafa aðeins verið greiddar 54 millj. af þessari upphæð og þeir aðilar sem áttu húsið áður eiga að skila því í ákveðnum búningi á fyrri hluta næsta árs. Hér er því ekki um það að ræða að fyrirtækinu Hagvirki hafi verið gert kleift að greiða alla sína söluskattsskuld með því að láta hús í staðinn. Þvert á móti greiddi Hagvirki sína söluskattsskuld, 108 millj. kr., til ríkissjóðs og gerði full skil í þeim efnum. Hagvirki mun að vísu vera einn af eignaraðilum fyrirtækisins Þor sf. Mér er ekki alveg ljóst nákvæmlega hvað Hagvirki á stóran hlut í því fyrirtæki, en mig minnir að það hafi verið eitthvað í kringum helmingur af því svo að ef menn vilja tengja saman í upphæðum þessi kaup og söluskattsskuld Hagvirkis er það alveg ljóst að hlutur Hagvirkis í þessari eignasölu er aðeins lítið brot af þeirri söluskattsskuld sem ákveðið var af réttbærum aðilum að fyrirtækið ætti að greiða.

Eins og kom fram er ætlunin að nýta þetta húsnæði fyrir embætti bæjarfógetans í Kópavogi og aðrar opinberar stofnanir eins og t.d. Fangelsismálastofnun og jafnvel fleiri stofnanir og teljum við að það hafi fyllilega verið heimildir fyrir því að kaupa húsnæði, bæði fyrir Fangelsismálastofnunina og þær aðrar stofnanir sem þarna eiga hlut að máli.

Varðandi meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur, þá er því til að svara að ekki hefur enn þá verið gengið frá kaupum á húsnæði í því skyni. Ég vænti þess hins vegar að allir hv. alþm. hafi á því mikinn skilning að þetta er eitt af erfiðustu og sorglegustu vandamálum í okkar þjóðfélagi og mjög brýnt að því sé sinnt hvernig eigi að reyna að lækna þau ungmenni sem hafa orðið eiturlyfjum að bráð í okkar þjóðfélagi. Það hafa verið starfandi fulltrúar heilbrigðisstétta og hlutaðeigandi ráðuneyta um nokkurt skeið til þess að gera tillögur um það með hvaða hætti væri best að reyna að tryggja meðferð og lækningu þeirra ungmenna sem verst hafa farið af eiturlyfjaneyslu hér hjá okkur Íslendingum.

Í tillögugerð þessarar nefndar kom fram að það húsnæði sem er í Krýsuvík væri allt of dýrt fyrir þessa starfsemi og óhentugt og það væri möguleiki á að leita ódýrari lausna bæði með ódýrara húsnæði og minni rekstrarkostnaði. Og nú er unnið að því að finna slíkar lausnir, skoða nokkra staði sem nefndir hafa verið í þessum efnum, en það hefur engin ákvörðun verið tekin um það að kaupa slíkt húsnæði enn sem komið er og þetta mál verður væntanlega einnig í því fjáraukalagafrv. sem lagt verður fyrir hv. Alþingi.

Varðandi kaupin á svonefndu Hekluhúsi á Akureyri var mér ekki kunnugt um að hv. þm. ætlaði að spyrja nákvæmlega um kaupverð þess húss og ég er ekki með það hér við hendina, en ég held ég muni það rétt að kaupverðið hafi verið á bilinu 50–60 millj. kr.

Hv. þm. spurði síðan til hvers ætti að nota þetta hús. Það er einkum tvíþætt notkun sem höfð hefur verið í huga á þessu húsi. Sú fyrri snýr að því að eins og hv. alþm. er kunnugt hefur verið stofnuð sjávarútvegsbraut við Háskólann á Akureyri og það er alveg ljóst að sú verklega kennsla sem þar þarf að fara fram, meðferð tækja og ýmislegt annað í verklegum þáttum þeirrar menntunarbrautar, þarf á húsnæði að halda. Skemmur, hvort sem þær eru nýjar eða eldri, eða verksmiðjuhús geta hentað mjög vel til þess að nota í þessu skyni.

Ég veit að innan Sjálfstfl. hefur verið mikill áhugi á að efla Háskólann á Akureyri og ég nefni þá sérstaklega nafn hv. þm. Halldórs Blöndals. Og ástæðan fyrir því að ráðist var í það að kaupa þetta hús með þessum hætti var að það eru fá hús á Akureyri sem geta boðið upp á það að með skömmum fyrirvara sé hægt að taka upp verklega kennslu í þessum fræðum í bænum. Aðrar lausnir hefðu haft það í för með sér að það yrði að byggja ný hús og það tæki mun lengri tíma.

Í öðru lagi var ætlunin að skoða þann möguleika að í þessu húsi gætu að hluta til orðið eins konar iðngarðar fyrir nýjungar í atvinnulífi þar sem athafnamönnum, litlum samvinnufyrirtækjum eða áhugahópum yrðu skapaðir möguleikar á því að geta sett á stofn ný og lítil iðnfyrirtæki og prófað í nokkurn tíma, eitt til tvö ár, hvaða rekstrargrundvöll þessi fyrirtæki hafa án þess að þurfa að leggja í mjög dýran húsnæðiskostnað um leið og fyrirtækinu er ýtt úr vör.

Ég veit að ég þarf ekki að útskýra það fyrir hv. þm. að það er mjög brýnt í landinu öllu, og sérstaklega í landshlutunum fyrir norðan, vestan og austan, að efla iðnþróun með því að auðvelda stofnun smárra iðnfyrirtækja og breikka þannig grundvöllinn fyrir atvinnulífið í þessum byggðarlögum, en ef áhugamenn og stofnendur slíkra fyrirtækja þurfa jafnframt að leggja í dýran húsnæðiskostnað frá upphafi er ljóst að erfiðleikarnir við að hefja slíkan rekstur eru mun meiri en ella. Þess vegna hefur oft verið rætt um það að opinberir aðilar, bæði ríki og bæjarfélög, reistu slíka iðngarða sem ekki yrðu varanleg heimkynni fyrirtækja af þessu tagi, heldur væru heimkynni fyrir tilraunir með ný fyrirtæki. Ef þær gengju vel mundu fyrirtækin flytja út eftir fáein ár og eignast sitt eigið húsnæði. Ég vænti þess að ekki verði ágreiningur um það hér á hv. Alþingi að skynsamlegt sé að stuðla að slíkum möguleikum í sem flestum landshlutum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vék svo að lokum að mannaráðningum í ráðuneytunum og hafði um það efni nokkuð stór orð. Áður en ég svara þeim spurningum sem hann beindi til mín, þá vil ég rifja upp að í öllum þróuðum lýðræðisríkjum hefur sú breyting verið að gerast á síðustu 10–20 árum að talið hefur verið nauðsynlegt að efla og treysta starfsaðstöðu stjórnmálasamtaka, þingflokka og annarra sem í lýðræðissamfélaginu eiga að bera ábyrgð á opinberri

stefnumótun til þess að koma í veg fyrir að embættismannakerfið, sérfræðingafjöldinn, taki í reynd hið lýðræðislega vald í hendur sér.

Í Bandaríkjunum þar sem þessi þróun er einna lengst á veg komin eru um 20 þúsund starfsmenn sem tengjast þjóðþinginu einu í þessu skyni. Hver einstakur þingmaður þar hefur marga tugi starfsmanna á launum hjá hinu opinbera, öldungadeildarþingmenn jafnvel á annað hundrað hver fyrir sig og einstaka nefndir þingsins hafa svo líka mikinn fjölda starfsmanna. Í bandaríska stjórnkerfinu er síðan talið sjálfsagt og eðlilegt við sérhver skipti á forsetum eða ríkisstjórum í einstökum ríkjum sem eru handhafar framkvæmdarvaldsins að mjög stór hluti starfsmanna stjórnarráðanna víki með nýjum valdhöfum til þess að viðkomandi ráðherrar eða forsetinn geti haft sér við hlið í embættislegum verkum einstaklinga sem tengjast þeirri pólitísku stefnu sem viðkomandi ríkisstjórn ætlar sér að fylgja.

Ég veit að hv. þm. er þetta kunnugt. En ég held að lýðræðisleg stefnumótun á Íslandi hafi liðið nokkuð fyrir það að bæði á Alþingi og í Stjórnarráðinu hafa menn ekki skapað nægilegt svigrúm til þess að þingflokkar og ný ríkisstjórn, ráðherrar og þeir flokkar sem að ríkisstjórn standa hafi möguleika á sem mestu sjálfstæðu mati í stefnumótuninni í stað þess að hvíla nánast alfarið á ráðgjöf embættismanna. Þetta vandamál var viðurkennt hér á Íslandi fyrir allnokkrum árum síðan þegar tekin var upp sú skipan að veita fjármagni til þess að þingflokkar gætu ráðið sér starfsmenn og með því að ákveða að í ráðuneytunum gætu komið sérstakir aðstoðarmenn ráðherra sem hyrfu síðan með þeim úr ráðuneytunum þegar viðkomandi ráðherrar færu.

Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir sögufróðum alþm. að þegar þessari breytingu var komið á hér á landi, þá var það ákveðið í þingskapalögum að þingflokkur skyldi það aðeins teljast ef um tvo þm. væri að ræða. Slík skilgreining var að nokkru leyti sprottin af pólitískri hagsmunagæslu stærri flokkanna í landinu sem vildu koma í veg fyrir það að einn þm. gæti rifið sig út úr stórum þingflokki og gerst sjálfstæður þingflokkur, það skyldi þurfa tvo til. Lýðræðislega er það hins vegar óeðlilegt að ef um er að ræða einn þm. sem er kjörinn sem slíkur inn á þingið og hefur á bak við sig fjöldasamtök skipulögð utan þings, þá gæti hann ekki talist þingflokkur í lýðræðislegum og stjórnkerfislegum skilningi. Ég vænti þess að við séum öll sammála um það að fjöldasamtök utan þings sem bjóða fram og fá kjörinn mann á þingið eigi að hafa sinn rétt líkt og önnur samtök þótt þm. sé bara einn. Sérstaklega er það nauðsynlegt ef þróun okkar lýðræðis verður með þeim hætti að æ fleiri smærri flokkar eru kosnir inn á þingið. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvort það sé æskilegt. En það gerist ekki nema það sé lýðræðislegur vilji fólksins í landinu að svo eigi það að vera og þá eigum við að beygja okkur undir það.

Ég held einnig að það sé galli á íslenskri stjórnskipun að hún gerir ekki ráð fyrir því formlega séð að flokkur geti verið aðili að ríkisstjórn án þess að eiga þar ráðherra. Þó eru ærin rök fyrir því, bæði lýðræðisleg og stjórnkerfisleg, að slíkt geti verið fullkomlega eðlilegt að einn flokkur eða fleiri geti átt formlega aðild að ríkisstjórninni, þ.e. stefnumótun hennar og störfum öllum, án þess að eiga sérstaka fulltrúa inni í ríkisstjórninni. Slík skipan væri einnig sjálfsögð ef um það væri að ræða að okkar lýðræði þróaðist með þeim hætti að æ fleiri og smærri flokkar sætu á Alþingi.

Ég vek athygli á þessu tvennu hér vegna þess að ég tel það vera galla á núverandi þingskapalögum að ekki geti það talist þingflokkur þó um einn mann sé að ræða sem hefur á bak við sig skipulögð fjöldasamtök utan þings, einkum og sérstaklega ef hann er beinlínis kosinn sem slíkur inn á þingið þó það geti gegnt nokkuð öðru máli um þm. sem kosinn hefur verið fyrir annan flokk en kýs svo að ganga úr honum á kjörtímabilinu. Og það er í þeim anda sem ég hef lýst þeirri skoðun minni, og hv. þm. Pálmi Jónsson vék hér að, að það væri fullkomlega eðlilegt að samtök sem eiga sinn fulltrúa hér á Alþingi, eru skipulögð utan þings og eiga formlega aðild að ríkisstjórn, hafi aðgang að starfsmönnum til þess að sinna stefnumótun á sama hátt og hinir stærri flokkar og þeir flokkar sem eiga ráðherra í ríkisstjórninni hafa slíkan aðgang. Ég tel þess vegna að það eigi að breyta þingsköpum Alþingis á þann veg að sé einn maður kjörinn inn á þing sem fulltrúi fjöldasamtaka utan þings, þá skuli hann teljast þingflokkur með nákvæmlega sömu réttindum og aðrir þingflokkar og það eigi líka að breyta lögum og reglum um stjórnskipun Íslands á þann veg að flokkur sem aðild á að ríkisstjórn þótt hann kjósi að eiga þar ekki ráðherra eigi að geta haft embættislega starfsmenn sér til stuðnings og hjálpar líkt og þeir ráðherrar sem formlega eiga fulltrúa í ríkisstjórninni og fá þá umsvifalaust mikinn fjölda embættismanna og annarra aðstoðarmanna til þess að sinna sínum verkum. Þess vegna tel ég að núv. ríkisstjórn hafi borið skylda til þess að tryggja það að Samtök um jafnrétti og félagshyggju hefðu möguleika til þess, þó lítill væri, að geta tekið þátt í því að sinna og reka stefnumótun ríkisstjórnarinnar fyrir sitt leyti eins og aðrir flokkar. Og það sé á engan hátt misnotkun á opinberu fé að greiða fyrir slík verk, enda er hægt að finna fjölmörg dæmi um slíkt með einum eða öðrum hætti.

Vilji menn treysta lýðræðið í sessi á Íslandi, þá tel ég að til frambúðar eigi að breyta þingsköpum og lögum um stjórnarráð á þann veg sem ég hef hér lýst því réttur hinna smáu eininga á ekkert að vera minni en hinna stærri í þessum efnum. Nú er það líka þannig að það eru ýmis dæmi um það að jafnvel hinir stærstu flokkar hafa kosið að sækja sér ráðgjöf út fyrir Stjórnarráðið. Það er ekkert nýtt að menn sæki sér ráðgjöf út fyrir Stjórnarráðið og greiði fyrir það. Ég vil nefna hér aðeins tvö dæmi til að sýna fram á að slíkt hefur tíðkast með slíkum hætti. Þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson kaus að sækja sér ráðgjöf út fyrir Stjórnarráðið og greiða fyrir að hann gæti notið slíkrar ráðgjafar án þess að um embættismenn væri að

ræða. Í einu tilvikinu var um að ræða þm. Sjálfstfl. sem tók að sér verkefni fyrir forsrn. og forsrn. greiddi kostnaðinn af þessum verkefnum og mér er ekki kunnugt um það að leitað hafi verið einhverrar sérstakrar heimildar til þess að alþm. væri þannig ráðinn til þess að vinna verk fyrir forsrn. og fá greiddan ferða- og dvalarkostnað í því skyni og ég er ekkert að gagnrýna það. Ég vil bara nefna það hér sem dæmi að hv. þm. Geir H. Haarde sem alþm. Sjálfstfl. tók að sér að vera starfsmaður og ráðgjafi forsrh. Þorsteins Pálssonar þegar hann, sem þáv. forsrh., ferðaðist til Bandaríkjanna þannig að þm. fór í undirbúningsferðir sem og sinnti ýmsum öðrum störfum sem að öllum jafnaði embættismenn vinna og fyrir þetta var greitt bæði hvað snertir ferðakostnað og annað.

Hv. þm. nú, þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson kaus einnig að sækja sér ráðgjöf þegar hann fór á leiðtogafund NATO og fékk framkvæmdastjóra Sjálfstfl., Kjartan Gunnarsson, til þess að vera sérstakan ráðgjafa forsrh. í þeirri ferð og aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins, Björn Bjarnason. Ég tek það skýrt fram að ég er ekkert að gagnrýna þetta. Ég tel eðlilegt að þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson hafi getað leitað sér ráðgjafar og aðstoðar út fyrir forsrn. hvort sem það var til Geirs H. Haarde, framkvæmdastjóra Sjálfstfl. eða aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins, því að það er nú einu sinni þannig í okkar litla þjóðfélagi að menn þurfa stundum á því að halda að geta sótt ráðgjöf út fyrir hið formlega embættiskerfi sem í landinu er. Og sjálfsagt hefur hæstv. forsrh. þáv., Þorsteinn Pálsson talið ærna ástæðu fyrir því að forsrn. ætti að greiða ferða- og dvalarkostnað þessara þriggja einstaklinga þótt enginn þeirra væri starfsmaður í forsrn. né sérstaklega skipaður til þessara verka.

Varðandi að lokum þrjú atriði sem snúa að fjmrn. sérstaklega, þá skal ég fyrst fjalla hér um sölustjóra eða framkvæmdastjóra söluskrifstofu ríkisskuldabréfa. Eins og hv. Alþingi er kunnugt þá sögðu viðskiptabankarnir upp samningi við ríkissjóð um sölu á spariskírteinum ríkissjóðs upp úr síðustu áramótum og þá var alveg ljóst að það var óhjákvæmilegt fyrir ríkissjóð að halda út á hinn opna og frjálsa markað verðbréfanna til þess að reyna að tryggja þá innlendu fjármögnun sem boðuð var í fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. var lögð sú skylda á fjmrn. að afla innlends lánsfjár í allmiklu magni og mig minnir að sumir hafi jafnvel dregið í efa að það væri hægt miðað við núverandi aðstæður. Þegar viðskiptabankarnir sögðu upp samningnum við fjmrn. og kusu að fara þá leið að ríkissjóður ætti einn að annast þessa sölu, þá lá það í hlutarins eðli að það yrði að ráða einhvern starfsmann til að sinna þessu verkefni. Og þess vegna var ákveðið í samvinnu Seðlabankans og fjmrn. að setja upp slíka sameiginlega skrifstofu Seðlabankans og fjmrn. sem annaðist þessa skipulögðu sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og sölu ríkisvíxla. Til þess var síðan ráðinn maður sem hafði verið einn af framkvæmdastjórum Fjárfestingarfélagsins. Ég tel að hann hafi skilað mjög góðu starfi og hann eigi stóran hlut í þeim mikla árangri sem náðst hefur á þessu ári í sölu spariskírteina ríkissjóðs og ríkisvíxla. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að koma þessum málum fyrir með skipulegum hætti til frambúðar vegna þess að ég reikna með að viðskiptabankarnir hafi ekki áhuga á því að endurnýja samning sinn eða taka að nýju upp samning við fjmrh. um þetta efni þótt að mörgu leyti mætti færa fyrir því rök að eðlilegt væri að viðskiptabankarnir önnuðust þessa starfsemi. Þess vegna hefur það verið rætt milli Seðlabankans og fjmrn. að slíkri söluskrifstofu verði komið fyrir í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð og þá starfsemi sem tengist Seðlabankanum og verði salan rekin þaðan. Hún verði ekki hluti af hinu eiginlega fjmrn., enda passar kannski slík markaðsstarfsemi illa í hin daglegu embættisverk sem þar eru unnin, en verði byggð upp í samvinnu við Seðlabankann og í tengslum við þá fjármögnunarstarfsemi ríkisins sem þar fer fram.

Það er svo rétt sem fram hefur komið að ég kaus eftir nokkurt hlé að ráða að nýju upplýsingafulltrúa til starfa í fjmrn. Það hafði verið starfandi upplýsingafulltrúi í fjmrn. frá miðju ári 1987 og fram að ársbyrjun 1989. Ég tjáði þeim manni sem var í því starfi þegar ég kom í ráðuneytið að ég vildi fá tíma til þess að átta mig á því hvort slíkt starf væri nauðsynlegt og sagði honum þess vegna upp. En ég komst að raun um það eftir að hafa starfað í fjmrn. í tæpt ár að það er svo mikil ásókn af hálfu fjölmargra aðila, einstaklinga, samtaka og fjölmiðla í margvíslegar upplýsingar í ráðuneytinu og mikill tími embættismanna fer í að sinna þeim verkum og svo var einnig ljóst að vegna upptöku á virðisaukaskatti og fjölmörgum öðrum verkefnum væri mjög brýnt að sérstakur maður sinnti þessum verkefnum. Ég kaus þess vegna að ráða mann til þeirra verka, ekki sem fastan embættismann í ráðuneytinu, heldur mundi starfstími hans helgast af þeim verkefnum sem þar væru og ráðningarskilmálarnir með þeim hætti að ef sá sem á eftir mér kemur við ráðuneytið vill ráða sér annan mann til þeirra verka eða hafa engan eins og ég kaus að gera í byrjun, þá séu engar hindranir í því að viðkomandi maður láti af störfum samstundis.

Ég tel þess vegna að sú eina viðbót sem hafi orðið í fjmrn. í minni tíð sé að ráðinn hefur verið sérstakur efnahagsráðgjafi. Ég sannfærðist um það mjög fljótlega að fjmrn. á Íslandi er svo veigamikill þáttur í allri efnahagsstjórninni og samskipti fjmrn. við Seðlabankann, við hagsmunasamtök, við viðskiptabanka og fjölmarga aðra aðila eru með þeim hætti að það væri alveg nauðsynlegt að fjmrh. hefði sérstakan efnahagsráðgjafa.

Fyrirrennari minn í fjmrn. stofnaði þar sérstaka hagdeild. Ég veit að það var umdeild ákvörðun á sínum tíma. Ég sannfærðist um það að það var hárrétt ákvörðun hjá þáv. fjmrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Ég á satt að segja bágt með að skilja hvernig þeir sem gegndu fjármálaráðherraembættum áður hafi getað búið við það að slík vinna væri utan fjmrn. í öðrum stofnunum sem heyrðu ekki einu sinni undir ráðuneytið. Það væri óhjákvæmilegt að fjmrn. gæti

framkvæmt sjálfstætt mat á tekjuþróun, á efnahagslegri þróun og gæti þess vegna brugðist við með þeim hætti sem fjmrn. þarf að gera. Og ég vek athygli á því að vilji menn kynna sér hvernig fjmrn. starfa í nágrannalöndum okkar þótt ekki sé farið lengra en til Norðurlandanna, hvað þá heldur til hinna stærri landa, þá eru þær deildir í ráðuneytunum sem fjalla um hina efnahagslegu ráðgjöf og mótun efnahagsstefnunnar með þeim stærri og öflugri því það er ekki bara hlutverk fjmrn. að stýra útgjöldum og tekjuöflun ríkisins, heldur gegnir það veigamiklu efnahagslegu hlutverki. Og ég er persónulega mjög ánægður með það að sá einstaklingur sem ég valdi til þessa verks og áður gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum í Seðlabankanum hefur alls staðar getið sér frábærlega gott orð fyrir það verk sem hann hefur unnið á þessu sviði.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur svarað ítarlega spurningum og því sem fram kom í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar. Skal ég ekki lengja umræðuna með því að endurtaka það. Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. að það er afar nauðsynlegt að setja fastari reglur um veitingu aukafjárveitinga og vona að frá þeirri undirnefnd fjvn. sem að því vinnur komi slíkar reglur. Eins og kom greinilega fram í þeim upplýsingum sem hæstv. fjmrh. lagði fram þá hafa aukafjárveitingar verið mjög tíðar og miklar og hann hefði getað farið lengra aftur í tímann, til þess tíma t.d. þegar hv. þm. og sá sem hér stendur voru saman í ríkisstjórn. Þá voru aukafjárveitingar afar miklar enda hygg ég að í öllum tilfellum hafi verið afar nauðsynlegt að leysa vandmeðfarin mál. En um þetta þurfa, ég tek undir það, að vera ákveðnari reglur og við skulum vona að þær verði þannig að við þær verði búandi, bæði fyrir fjárveitingavaldið og framkvæmdarvaldið.

En ég vil sérstaklega koma að því sem hv. þm. sagði um ráðningu sérstaks manns til að sinna samskiptum ríkisstjórnarinnar og hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Ég kannast ekki við að það sé lögbrot að ráða mann til sérstakra verkefna tímabundið enda eru dæmin um það svo fjölmörg að ekki mundi kvöldið duga til að telja þau öll upp. Hér er um það að ræða að maður sem var starfandi í ríkisstofnun var tímabundið ráðinn, á þeim sömu kjörum og hann var þar, til að sinna mjög mikilvægu sambandi við stuðningsmann ríkisstjórnarinnar, fara yfir þau mál og frv. sem ríkisstjórnin er með í undirbúningi og er ekki ætlast til þess að einn þm. geti í raun sinnt. Og ég tek undir hvert orð sem hæstv. fjmrh. sagði um þá undarlegu reglu Alþingis að einn maður í þingflokki fær ekki sérfræðiaðstoð og vil reyndar upplýsa að ég hef ákveðið að beita mér fyrir breytingu á því.

Hér var ráðinn maður tímabundið, fyrst til sex mánaða og síðan til þriggja mánaða. Núv. ríkisstjórn hefur samþykkt að beita sér fyrir því að hv. þm. Stefán Valgeirsson geti áfram notið þeirrar nauðsynlegu sérfræðiaðstoðar þó ekki sé búið að ganga frá því nú hvernig það verður gert. Ég kannast ekki við að það sé á einhvern máta ólöglegt að slíkur maður, sem ráðinn er tímabundið til sérstaks verkefnis, hafi starfsaðstöðu utan Stjórnarráðsins. Um það eru einnig fjölmörg dæmi eins og t.d. hæstv. fjmrh. lýsti. Og svo er í þessu tilfelli. Þannig að ég vísa því algjörlega á bug að um einhverja — eins og hv. þm. orðaði það — niðurlægingu forsrh. sé að ræða þegar um það er að ræða að skapa stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar aðstöðu til að sinna þeim verkefnum sem hann tekur að sér með þeim samningum sem gerðir voru. Ég hefði talið hitt hina mestu skömm að sjá ekki viðkomandi þm. fyrir þeirri aðstöðu sem nauðsynleg er svo ég vísa því algjörlega á bug.

Um þessi mál öll mætti fara miklu fleiri orðum en ég vísa aftur til þess sem hæstv. fjmrh. hefur sagt, ég tel afar mikilvægt að nú hefur verið ákveðið að leggja fram fjáraukalög og í þeim fjáraukalögum verður einnig gert ráð fyrir fjármagni til þess að kosta þá sérfræðiaðstoð sem ég hef hér gert sérstaklega að umræðuefni.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu ætti nú að vera orðið ljóst öllum þingheimi. Ég mun kjósa að tala um það á nokkuð öðrum nótum en þeir sem talað hafa á undan mér hafa gert.

Þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi samkvæmt ákvörðunum fjmrh. eða ríkisstjórnarinnar allrar án heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum eru tilefni þessarar umræðu. Þetta er alvarlegra mál en svo að hjá því verði komist að ræða það. Nú er að vísu fjarri því að þetta sé í fyrsta sinn sem slíkt skeður en það réttlætir þó ekki gerðir núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það er ekki hægt að réttlæta neitt með því að segja: Ég er kannski slæmur en þú varst verri.

Árum saman hefur viðgengist að ráðherrar og ríkisstjórnir hafi ráðstafað sameiginlegum fjármunum okkar allra umfram heimildir í lögum og oft, að mati hins almenna borgara, jafnvel eftir geðþóttaákvörðunum og Alþingi síðan gert að samþykkja orðinn hlut. Í seinni tíð hefur sú umræða orðið sífellt almennari og háværari að svo búið megi ekki lengur standa, setja verði skorður við þessum gegndarlausu og sívaxandi umframgreiðslum sem ráðherrar og ríkisstjórnir ástundi. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar stendur skýrum stöfum, með leyfi hæstv. forseta: „Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Vald fjmrh. til fjárveitinga umfram heimildir hefur verið talið helgast af þessum ákvæðum um fjáraukalög. Í framkvæmd hefur þetta vald ráðherra síðan verið túlkað svo rúmt að við liggur að ráðherrar hafi leyft sér að veita fé að vild úr ríkissjóði án þess að Alþingi komi þar við sögu. Og nær það nokkurri átt að þarna sé einum manni, þótt ráðherra sé, falið slíkt vald? Vald sem gengur þvert á það grundvallaratriði í stjórnskipan ríkisins að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Menn spyrja að vonum hverjar séu orsakir að því að útgjöldin fara sífelldlega svo langt fram úr því

sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir og heimila. Auðvitað er það eins á ríkisheimilinu og á hverju öðru heimili að aðstæður skapast sem kalla á brýn og fyrirvaralaus útgjöld sem bregðast verður við. En þarf þá ekki að áætla fyrir því og eiga varasjóði að grípa til? Þar hefur sú fyrirhyggja víst sjaldnast svifið yfir vötnunum og ekki hefur verið ráðstöfunarfé innan ráðuneyta nema í smáum stíl til að mæta ófyrirséðum útgjöldum.

Aukafjárveitingar eiga sér mjög mismunandi orsakir og hversu fegin sem við vildum er afar erfitt að komast algjörlega hjá þeim nema með því að áætla nokkuð ríflega fyrir því ófyrirséða á útgjaldahliðinni í fjárlögum. Ástæðan liggur fyrst og fremst í undirbúningi fjárlaganna og fjárlagagerðinni sjálfri. Það vantar ekki að um allt ríkiskerfið eru gerðar áætlanir um rekstur og framkvæmdir, sums staðar svo nákvæmar að varla skakkar krónu. Margir áætlanasmiðir leggja metnað sinn í að áætla allt sem best og hugsa jafnt um hag sinnar stofnunar og ríkisins. En smám saman lærist þeim að öll þessi vinna og alúð fer fyrir lítið þegar fjárlagasmiðir koma höndum yfir þessar áætlanir, því þeir sníða af þeim — oft harla tilviljanakennt — til þess að koma þeim fyrir innan þess ramma sem þeim hefur verið settur. Iðulega fer þá lítið fyrir samræmi milli þeirra verkefna sem stofnuninni eru falin og þess fjármagns sem henni er ætlað til þeirra. Útkoman verður því oftlega sú að ekki tekst að halda útgjöldum innan ramma fjárlaga og þá er sótt á um aukafjárveitingu. Gegn slíku er oft erfitt að standa þegar þörfin er augljós og bersýnilega hefur verið vanáætlað frá byrjun. Þannig eru margar aukafjárveitingar til komnar en það sem verra er: Þessi vinnubrögð grafa undan kerfinu.

Menn fara í fyrsta lagi að áætla umfram þörf til að reyna að færa niðurstöðuna eilítið nær raunveruleikanum og í öðru lagi fara menn svo að treysta á aukafjárveitingar þegar eytt hefur verið umfram heimildir. Og í raun og veru eru það þeir frekustu og eyðslusömustu sem uppskera mest að lokum og þannig grafa þessi vinnubrögð við fjárlagagerðina undan siðferði í ríkisrekstri og það er býsna alvarlegt mál.

Við kvennalistakonur höfum margsinnis bent á nauðsyn þess að bæta vinnubrögð við fjárlagagerð og gera miklu meira en verið hefur að því að endurskoða og endurmeta verkefni og stofnanir á vegum ríkisins og reyna með því móti að nálgast raunveruleikann í fjárveitingum til hinna ýmsu liða í dæminu stóra. Margir þessara liða eru býsna fjarlægir þeim sem taka ákvarðanir um fjárþörfina. Aðrir sem nær eru njóta meiri skilnings, eins og t.d. skrifstofur ráðuneytanna. Vissulega eru verkefni þar mörg og stór og sennilega telja starfsmenn þar ekki í of mikið lagt miðað við verkefnin en staðreyndin er sú að skrifstofur ráðuneytanna fá alltaf bestu fyrirgreiðsluna hjá þeim sem ráða. Þar er hlutfallsleg hækkun á fjárlögum ævinlega mest því hver er sjálfum sér næstur og skilningur mestur á eigin þörf vegna þess hvernig vinnubrögðin eru. Það versta við þessi vinnubrögð er að í skjóli þeirra taka ráðherrar sér síðan vald til fjárveitinga til eins og annars sem er óforsvaranlegt með öllu.

Þegar hækkun gjalda ríkissjóðs frá því sem fjárlög segja til um er komin á áttunda milljarð á haustdögum þá er von að fólk velti fyrir sér hvernig fjárlagagerðinni yfirleitt sé háttað. Á heimilunum í landinu reyna menn yfirleitt að gera skynsamlegar áætlanir um tekjur og gjöld næsta árs og miða síðan lífsmáta sinn við það. En það virðist svo sem stjórnvöldum hérlendis sé þetta yfirleitt ofraun. Áætlanir þeirra sem birtast í fjárlagafrv. og fjárlögum sýnast oft markast fremur af óskhyggju en raunveruleika.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga bentum við kvennalistakonur ítrekað á að ýmsar þær forsendur sem þau byggðust á myndu tæplega standast. Við bentum á að ekki væri áætlað fyrir nema broti af þeim launahækkunum sem óumflýjanlega hlytu að verða. Við bentum á það að niðurgreiðslur hlytu óhjákvæmilega að verða hærri en áætlað var, sem er komið á daginn. Við bentum á að hæpin rök væru fyrir því að áætla verðbólgustigið aðeins 12% á árinu og nú bendir allt til þess að það verði um eða yfir 20% á ársgrundvelli. Við bentum á að fé vantaði stórlega til vegamála og við bentum á að ríkisstjórnin væri óþarflega bjartsýn þegar hún hugðist spara 1100 millj. kr. í launum, risnu og sérfræðikostnaði. Ýmsar fyrri ríkisstjórnir hafa áður haft þetta á dagskrá án þess að það kæmist til framkvæmda, enda skortir a.m.k. 400 millj. á að þetta markmið hafi náðst. Ríkisstjórnin kaus að hafa þessar ábendingar að engu og þegar sýnilegt var að allt færi úr böndum var gripið til ýmissa ráðstafana sem eru umdeilanlegar svo vægt sé til orða tekið. Staðið var að vísu við loforð um skattalækkanir um 500 millj. en á móti kom að aðrir skattar voru hækkaðir um 800 millj. og ríkisstjórnin þarf ekki að ímynda sér neitt um það að fólk taki ekki eftir svona ráðstöfunum eða gleymi þeim.

Í gærkvöldi var brugðið upp á sjónvarpsskjáinn nokkrum upplýsingum um eyðslu sendiráðanna umfram það sem þeim var skammtað á fjárlögum. Þær upphæðir voru á bilinu frá þremur að rúmum níu millj. kr. Og þá er óhjákvæmilega spurt: Eru áætlanagerðir um fjárþörf þessara stofnana svona gersamlega út í hött eða er þetta eingöngu bruðl og óráðsía?

Undanfarin ár hefur ríkisstjórnum verið svo mikið í mun að leggja fram fjárlagafrv. sem væru hallalaus á pappírnum að segja má að niðurstöðurnar hafi verið ómarktæk plögg eins og þau umframútgjöld sýna sem árlega hefur reynst nauðsyn að samþykkja. Tekjur hafa verið ofáætlaðar, gjöld vanáætluð, forsendur teygðar og togaðar eftir vild. Er þá skemmst að minnast lokaafgreiðslu núgildandi fjárlaga þegar áætlaðar tekjur B-hluta stofnana voru hækkaðar eftir hentugleikum og þar sem það dugði ekki til var bilið brúað með því að gera ráð fyrir breyttri sjóðsstöðu. Allt var þetta gert til að fá út jöfnuð á pappírnum sem síðan stenst ekki í veruleikanum. Og þetta er vísvitandi gert og vísvitandi hafa verið ár eftir ár samþykkt fjárlög sem ekki standast með atbeina stuðningsflokka ríkisstjórna. En þetta kallar auðvitað á þann

eftirleik sem menn eiga erfitt með að sætta sig við og er bein óvirðing við Alþingi.

Fjvn. hefur nú um skeið unnið að því, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. nefndi, að móta reglur sem setji skorður við sívaxandi eyðslu utan fjárlaganna og án heimilda og má búast við að þær verði kynntar þingheimi innan tíðar. Og eins og komið hefur fram í máli mínu og hans er setning slíkra reglna fyllilega tímabær fyrst samviska og sómatilfinning þeirra sem hlut eiga að máli dugar ekki til að vísa þeim leiðina.

Ég hef ekki gert hér að umræðuefni einstakar greiðslur eða ráðstöfun fjár, aðeins reynt að vekja athygli á því hve ómarktæk fjárlög hafa reynst á undanförnum árum þrátt fyrir atbeina allra þeirra „fræðinga" sem gerð þeirra hafa með höndum. Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á að það verður að vinna að því í fyllstu alvöru að fjárlagagerðin sé vönduð og forsendur trúverðugar. Ég segi þetta hér og nú vegna þess að það frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 sem við nú höfum í höndum er sama marki brennt og frv. í fyrra og þarnæst áður þó aldrei nema það sé lagt fram með halla. Það eru engar líkur til þess að forsendur þess um laun, verðlag og gengi standist fremur en fyrirrennara þess. Og því hlýtur að verða kallað eftir aukagreiðslum þegar er líður á næsta ár og sami leikurinn hefst þá enn á ný. Sú hugsun verður því töluvert áleitin hvort þeim mönnum sem fjárlagagerðinni ráða sé gersamlega fyrirmunað að læra af reynslunni.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég átti nú ekki von á þessari taugaveiklun hér í þinginu í dag og var því miður búinn að binda mig á milli fimm og sjö og þess vegna mun ég aðeins tala nokkur orð.

Við hv. þm. Pálmi Jónsson höfum verið jafnlengi á þingi. Ég er minnugur og ég er undrandi á hans ræðu og þeim stóru orðum sem hann lét falla. Ég hefði trúað því á marga aðra frekar að hafa slík orð í frammi. Hann var sem sagt hneykslaður yfir því og alveg undrandi að það skyldi orðið við þeirri ósk að ég fengi aðstoðarmann þar sem annaðhvort hefði ég orðið í þessum sporum að taka ráðuneyti, eins og á stóð, eða fá mann og það var vegna þess að ég þurfti að hafa einhverja til þess að sinna því að undirbúa mál. Ég fæ að hafa mann í hverri nefnd, eða svo til, sem ég get til þess að undirbúa frv. sem er verið að leggja fyrir Alþingi og ég þarf að fylgjast með gangi þessara mála. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta en það kann að vera að við annað tækifæri, hv. 2. þm. Norðurl. v., rifji ég upp þann tíma sem hann var ráðherra og hann var formaður fjvn., en þá voru að vísu aðrir í stjórn. Það er nefnilega ekki sama hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu sem tala öðruvísi. Það á auðvitað við fleiri heldur en hv. þm. Pálma Jónsson en það er ekki betra fyrir það.

En sem sagt, ég lofaði því að hafa þetta stutt en þau orð sem hann viðhafði hér áðan verða geymd en ekki gleymd.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Málshefjandi, hv. 2. þm. Norðurl. v., beindi tveimur spurningum til utanrrh. sem ég mun leitast við að svara fyrir hans hönd.

Í fyrsta lagi spurði málshefjandi um fjölda þeirra starfsmanna í heimaskrifstofu utanrrn. sem bæru sendiherranafnbót. Mér fannst eins og hann léti að því liggja að ekki væri alveg víst um stöðuheimildir þessara manna. Því er til að svara, eins og málshefjanda, hv. 2. þm. Norðurl. v., er vafalaust vel kunnugt, að sendiherrar halda starfsheiti sínu þegar þeir eru kvaddir heim til starfa. Starfsmenn með sendiherrastöðu í heimaskrifstofu utanrrn. eru nú jafnmargir og þeir voru í mars en það var það sem málshefjandi spurði um. Ég fullyrði að stöður þeirra rúmist innan stöðuheimilda utanrrn. Ég held það þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, þetta skýrir sig sjálft.

Í öðru lagi spurði málshefjandi um ráðningu sérfræðings í afvopnunarmálum. Ég vil taka það fram að þessi sérfræðingur er ráðinn samkvæmt sérstakri heimild frá fjmrn. tímabundinni ráðningu að sérstökum verkefnum. Þetta er alls ekki óvenjulegt. Þessum starfsmanni er einkum ætlað að vinna að tillögum um afvopnun á höfunum í samræmi við yfirlýsingar Íslendinga um það mál á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og víðar. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum að þetta er ákaflega mikilvægt mál sem varðar hagsmuni Íslendinga miklu. Ég tel þess vegna mikilvægt að utanrrh. hafi daglega sérfræðing sér til halds og trausts í þessu stóra máli þann tíma sem málið er á döfinni eins og nú er. Þótt starf Öryggismálanefndar sé vissulega mikilvægt í þessu samhengi, þá er verkefni hennar miklu almennara. Ég vil líka vekja athygli á því að sá sérfræðingur sem hér um ræðir hefur góð kynni af störfum Öryggismálanefndar. Ég tel ekki ástæðu til að segja meira um starfssvið þessa sérfræðings en hann hefur starfskjör sem deildarstjóri í launaflokki 151 eins og t.d. forstöðumenn ýmissa skrifstofa í utanrrn., t.d. upplýsingaskrifstofu og reyndar margir sendiráðunautar sem svo heita samkvæmt nafngiftum utanrrn. Hann hefur ekki — ég endurtek, ekki — starfskjör aðstoðarmanns ráðherra. Hann er ekki dulbúinn aðstoðarmaður ráðherra eins og hv. málshefjandi vildi orða það — og ég verð nú að segja að ég botna ekkert í að hann skuli nota slík orð — því fer fjarri að hér sé um brot á reglunum um Stjórnarráðið að ræða eins og mér fannst gæta í máli þingmannsins og hann hafði um nokkuð stór orð.

Málshefjandi og fjmrh. viku báðir í sínu máli að starfi undirnefndar fjvn. sem unnið hefur að gerð reglna um greiðslur úr ríkissjóði, þar með um aukafjárveitingar. Þetta er hið þarfasta verk og ég veit að málshefjandi hefur starfað vel að því og það má taka undir ýmislegt sem fram kom í máli hans og fjmrh. um þetta verkefni. Ég vil benda á það að fjmrh. sem nú starfar hefur verið röggsamur að undirbúa umbætur á þessu sviði að sínu leyti og hefði mátt ætla að málshefjandi hefði getið þess að nokkru í sínu máli.

En ég tók eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. v. varaði mjög í sinni ræðu við vandlæturum. Þeirra biðu stundum lítt öfundsverð örlög. Ég vona satt að segja að málshefjandi, hv. 2. þm. Norðurl. v., breyti framvegis í samræmi við þennan boðskap sinn.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Við Íslendingar erum í hópi þeirra gæfusömu þjóða sem byggja á grundvelli laga og réttar. Við búum við stjórnarfar sem byggir á lagagrunni og við hér í þessari stofnun höfum það verkefni að setja þjóðinni lög. Það er þess vegna ákaflega dapurlegt þegar æðstu valdamenn þjóðarinnar gera sig seka um að brjóta lög sem hér eru sett og enn þá dapurlegra þegar þeir neita að horfast í augu við slíkar staðreyndir og halda hér uppi vörnum á Alþingi fyrir slíkt athæfi.

Mætti ég vitna máli mínu til stuðnings, virðulegi forseti, til tveggja tiltekinna lagagreina sem snerta eitt atriði, aðeins eitt atriði, í því sem fram kom í máli málshefjanda og það varðar starfsmann hv. þm. Stefáns Valgeirssonar.

Í lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana segir svo í 1. gr., með leyfi forseta:

„Óheimilt er að fjölga föstum starfsmönnum í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana nema að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins, sbr. 6. gr. Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þær stöður sem stofnaðar eru með lögum."

2. gr.: „Óheimilt er að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi. Þeir aðilar, sem sjá um launagreiðslur, geta fengið staðfestingu Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á því hvort slíkar heimildir séu fyrir hendi."

Ég tel alveg ótvírætt, a.m.k. hefur ekki annað komið fram, að sá starfsmaður sem titlaður er deildarstjóri í forsrn. með starfsvettvang á skrifstofu Stefáns Valgeirssonar í Þórshamri starfi þar utan þeirra heimilda sem hér hafa verið lesnar, þessara lagagreina.

En ekki nóg með það, virðulegi forseti. Til eru sérstök lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka sem hvorki forsrh. né hæstv. fjmrh. sáu sérstaka ástæðu til að geta um og hafa eflaust ekki kynnt sér í þessu sambandi. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Greiða skal þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks."

Síðan segir hér í 3. gr., með leyfi forseta:

„Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks er hefur komið á fót landssamtökum."

Það er alveg ljóst að með því að taka upp greiðslur til þingflokksígildis sem inniheldur aðeins einn þingmann er verið að fara gjörsamlega á svig við þessi ákvæði í lögum um sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Það er bara algjörlega ljóst, það er morgunljóst eins og hæstv. landbrh. mundi orða það. (Gripið fram í.) Já, það er verið að brjóta þau hreint og klárt. Og það skiptir engu máli í því sambandi hvort menn hafi þá skoðun að þessi lög eigi að vera öðruvísi.

Ég tel að það sé gagnleg yfirlýsing sem kom frá hæstv. forsrh. að hann hyggist beita sér fyrir breytingum á þessu. Það er auðvitað rétta leiðin ef menn vilja hafa þetta öðruvísi, þ.e. að breyta þessum lögum. Það má hlýða á ýmis rök og færa ýmis rök fram fyrir því að þetta eigi að vera öðruvísi. Sumt af því sem hæstv. fjmrh. lét sér um munn fara af þessu tilefni er vissulega þess eðlis að undir það er hægt að taka. Þó finnst mér nú fulllangsótt að vísu að halda því fram að þar sem þingmenn í Bandaríkjunum hafi 30–100 starfsmenn á sínum snærum, þá eigi Stefán Valgeirsson að hafa eitthvað álíka, skilst manni.

Hér segir reyndar líka eins og ég sagði áðan, með leyfi forseta: „Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks." Það hlýtur að eiga að skilja þessa grein svo að þeir þingmenn sem starfa einir og sér utan þingflokka, hvort sem þeir hafa verið kosnir þangað sem slíkir eða hafa sagt skilið við sína þingflokka, fái þessa upphæð. Með öðrum orðum: Það verður ekki annað lesið út úr þessum lögum en að sá þingmaður, sem hér hefur verið til umræðu vegna þessa máls, fái einmitt greiddar fjárupphæðir til að standa straum af þessari þjónustu, þessari sérfræðilegu aðstoð.

Ég vil ekkert fullyrða um það hvort það er þannig. Ég hygg að hv. þm. muni ekki eiga í miklum vanda með að upplýsa það, en þá er þetta mál nú kannski farið að taka annan svip ef ekki bara er greitt fyrir þetta samkvæmt þessari grein heldur er líka ráðinn sérstakur deildarstjóri í forsrn. til að þiggja laun fyrir þessi störf. Auðvitað er þetta allt hið ósmekklegasta og auðvitað er þetta hneyksli eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér í upphafi máls. Og það er dapurlegt að menn skuli halda uppi vörnum á þeim grundvelli sem hér hefur verið gert í stað þess einfaldlega að viðurkenna sín mistök og beita sér fyrir lagabreytingu þannig að hægt sé að koma til móts við þennan þingmann ef meiri hluti Alþingis telur ástæðu til þess. Það hefði auðvitað átt að gera þetta strax í upphafi í stað þess að lauma þessum tiltekna starfsmanni á launaskrá, í forsrn. af öllum stöðum, án nokkurrar einustu lagaheimildar.

Ég skal ekki lengja þetta mál, virðulegi forseti, þar sem nú er liðinn sá tími sem upphaflega var ætlaður til þessarar umræðu, en ég verð að segja það að mér finnst það ákaflega lítilfjörlegt þegar fjármálaráðherra landsins við umræðu um málefni sem þetta, þar sem verið er að tala um hrein lagabrot, skuli sjá sóma sinn í því og lúta svo lágt að líkja lagabroti af þessu tagi við það þegar forsætisráðherra landsins leitar til einstakra þingmanna eða annarra trúnaðarmanna um ráðgjöf á tilteknum sviðum, eins og hann gerði hér áðan, til að mynda í tengslum við aðild mína að för þáverandi forsætisráðherra á fund Bandaríkjafor-

seta. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að halda uppi sérstökum vörnum fyrir það. Ég er satt að segja frekar hreykinn af því að hafa fengið aðstöðu til þess að taka þátt í því og ég sé ekkert eftir þeim vikum af mínum vinnutíma sem fóru í þann undirbúning. Ástæðulaust er að geta þess að fyrir það var auðvitað engin þóknun greidd þó svo að fjmrh. hafi gefið annað í skyn. Það var auðvitað greiddur sá útlagður kostnaður sem af þessu hlaust og eðlilegt hlýtur að teljast. En það er ekki til þess að hækka planið á umræðum af þessum tagi hér á Alþingi að grípa til samanburðar af þessum toga. Það verð ég að segja og þykist vita að fleiri séu mér sammála um. — [Fundarhlé.]

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Hv. alþm. Ég sakna mjög að sjá ekki Pálma Jónsson málshefjanda hér í salnum. (**Gripið fram í:** Hann situr að tafli.) Hann situr að tafli með pálmann í höndunum er sagt, en ég vildi mjög gjarnan að hann væri hér með okkur í salnum þegar við höldum áfram að ræða þessi mál undir þeim dagskrárlið sem vel mætti kalla „Snaran í húsi hengda mannsins", Pálmi.

Þannig vildi nú til í morgun að við hv. alþm. Pálmi Jónsson vorum að ræða um hunda. Þá kom í ljós sú undarlega staðreynd að það er enginn fjárhundur á Akri þessa dagana. Mér þótti þetta ákaflega merkilegt og ég er í rauninni búinn að vera að velta þessu fyrir mér meira og minna í allan dag hvernig Pálmi vinur minn fari að fjárhundslaus á Akri. Ég er ekki að segja að það sé ekki í einhver hús að venda. Mér datt í hug t.d. smalahundurinn á Seljavöllum, jafnvel tíkin á Höllustöðum. Þess vegna átti ég eiginlega ekki von á því að það væri hundur í Pálma í dag eins og því miður hefur komið í ljós hér í umræðunum. Ég átti hins vegar von á því að hann mundi halda áfram með hundalógik, en ekki að það væri hundur í þessum ágæta og geðgóða manni og félaga mínum og samherja í tíu ár í öðrum flokki. Það minnir mig dálítið á kvæðið eftir Stein Steinarr um hundinn sem var húsbóndalaus að flækjast í borginni. Ég veit ekki hvort það er verra að vera húsbóndalaus hundur að flækjast í borginni eða hundslaus húsbóndi að flækjast í sveitinni, en hvort tveggja er nokkuð bagalegt. Þetta er svona eins og að vera ráðherra án ráðuneytis.

En að gefnu tilefni er ég þakklátur Pálma Jónssyni húsbóndalausum eða hundslausum að hafa opnað hér umræðu um hús, opnað hér umræðu um kaup og nýtingu á húsum. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og óska eftir greinargóðum svörum frá honum, eins og hans er von og vísa, um þrjú hús:

Það er í fyrsta lagi Víðishúsið við Laugaveg sem keypt var á sínum tíma. Mig langar að spyrja að hve miklu leyti er það í notkun, hversu vel nýtist það og hefur nýst og hversu lengi hefur það verið í notkun? Eins langar mig að spyrja um verðið á húsinu, framreiknað að sjálfsögðu, hvað það kosti í dag. Þá á ég við kaupverðið og þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessu annars ágæta húsi.

Í annan stað vil ég spyrja um húseign Mjólkursamsölunnar þar rétt hjá sem ríkið keypti á sínum tíma. Ég vil spyrja um nýtingu á því húsi í dag og ég vil spyrja um verðið á því húsi, hvað það hefur kostað.

Og ekki get ég talað um hús hér í þessu húsi án þess að minnast á Flugstöðina, þetta matthýsi okkar allra sem er eins konar viðhafnarskrifstofa, kosningastofa fyrir einn ágætan ónefndan stjórnmálaflokk með þetta 25% kjörfylgi.

Ég vil leyfa mér líka að spyrja í leiðinni um samhengi milli þess húss og fjárlaga, um byggingarsögu hússins og hvenær og hvar hún nálgaðist eða féll saman við fjárlögin.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra í bili. Ég þakka þingheimi gott hljóð.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp á hinu háa Alþingi, enda vissulega rík ástæða til. Hann flutti mál sitt mjög vel og kom víða við, til að mynda varðandi bruðl ráðherra með starfs- og stöðuveitingar. Hann kom inn á lánaðan aðstoðarmann til hagstofuráðherra í að því er mér skilst heimildarleysi. Honum láðist kannski að geta um þá nýju stefnu sem sá ákveðni ráðherra tók þegar hann leitaði út fyrir landsteinana eftir glöggu gestsauga til að hjálpa sér við atvinnuuppbyggingu Íslendinga. Sá maður er að mér er sagt danskur kaupsýslumaður, persónulegur vinur ráðherrans, og er sjálfsagt verið að verðlauna þann vinskap með því. Það má eins spyrja hvort heimildir séu fyrir því að leita út fyrir landsteinana og kaupa sér ráðgjöf af slíku tagi og hvort þetta verði stefnan í framtíðinni. Mér hefur fram að þessu verið það ljóst að við erum lausir undan Dönum en mér virðist sem svo að hagstofuráðherra sé ekki með það alveg á hreinu.

Varðandi þverbrotnar heimildir til stöðuveitinga nægir að benda á þessa ágætu stóru bláu bók yfir starfsmannahald ríkisins. Þar kemur glögglega í ljós að öll ráðuneytin, hygg ég, alla vega allflest hafa þverbrotið þær heimildir sem þau hafa til stöðuveitinga, þverbrotið þær.

Það er af mörgu að taka í þessum málaflokki og líkt og málshefjandi ætla ég ekki að taka upp málaflokkinn risnu og áfengismál, en það er sjálfsagt efni í heilan fund. Þar er nánast hver ráðherrann á fætur öðrum með allt niðri um sig, með hreint út sagt allt niðri um sig.

Hæstv. fjmrh. kom hér upp og státaði sig af því að hann ætlaði að fara að leggja fram fjáraukalög sem vissulega er gott mál. En ástæðan fyrir því að hann leggur þau fram er fyrst og fremst sú að þau fjárlög sem hann lagði fram hér í fyrra voru vitamarklaust plagg, handónýtt plagg eins og stjórnarandstaðan þá benti hæstv. fjmrh. á. Þetta er einnig staðfesting á tvennu, að ráðherrann hefur bæði misst tökin á fjármálastjórn ríkisins og einnig kjarkinn sem hann þó státar sig hvað mest af.

Hæstv. ráðherra fór hér með tölur um aukafjárveitingar. Ég leyfi mér að efast um þær forsendur sem

hann gefur sér þar og hvort þær séu þær sömu fyrir öll árin sem hann gefur sér. Ég get líka leikið mér að tölum og ef ég tek þessar tölur sem ráðherrann fór með og hlutfalla þær út per aukafjárveitingu kemur ráðherrann út í þriðja sæti. Þá kæmi 1985 út per aukafjárveitingu með 7,1 millj. Þá kemur 1987 út með 6,5 millj. per aukafjárveitingu en ráðherrann fram að þeim tíma sem hann gefur tölurnar, og hann gaf nú ekki upp hvaða tími það var, er með 12,8. (Gripið fram í.) Ja, þá hef ég misst af því. Hann getur því enn þá slegið metið sem eru 14,3 millj. Hann hefur þannig verið allörlátur sjálfur.

Hann kom líka inn á söluskattsinnheimtuna sem hann stóð fyrir fyrr á árinu eins og öllum er kunnugt sem hér eru inni og með hvílíku offorsi hann fór þar. Að sjálfstöðu styð ég það að gengið sé hart að þeim sem eru vanskilamenn á söluskatti, en það gildir annað um þá sem vafi leikur á um hvort skulda söluskatt eða ekki, hvort þeirra mál er í dómskerfinu eða einhvers staðar annars staðar í rannsókn.

Hitt er svo annað mál varðandi söluskatt að að mínu viti á ekki að greiða söluskatt fyrr en vara er greidd. Það á ekki að duga að það hafi verið skrifaður reikningur sem liggur svo ógreiddur einhvers staðar og einhvers staðar og ríkið komi og heimti fjármuni af fyrirtækinu sem ríkið á ekkert tilkall til fyrr en varan hefur verið greidd eða þjónustan. Þetta nákvæmlega sama á við um virðisaukaskattskerfið.

Ráðherrann talaði hér um það kerfi sem er í Bandaríkjunum og ég skil vel áhuga hans á því. Hann vill skipta út heila embættismannakerfinu til að fá sína rauðliða inn. Þetta skil ég vel, enda hefur hann verið að þessu smátt og smátt. Það er að færast rauð slikja yfir allt embættismannakerfið.

Hann talaði hér til varnar hv. þm. Stefáni Valgeirssyni varðandi aðstoðarmann hans og sagði að í rauninni ætti Stefán Valgeirsson að fá miklu, miklu fleiri aðstoðarmenn. Hann sagði líka að það væri ekki misnotkun á opinberu fé að Stefán fengi þennan aðstoðarmann sem hann hefur. Hvað er þá í veginum fyrir ráðherrann að skaffa alla þessa aðstoðarmenn sem hann telur að hv. þm. þurfi á að halda? Hvað er í veginum? Ég sé ekki hvað er í veginum. Hæstv. ráðherra getur væntanlega bent okkur á það á eftir.

Hæstv. ráðherra vill auka styrk til þingflokkanna. Það gleður mig, sérstaklega með tilkomu þess að litlu flokkunum fjölgar. Það gleður mig líka vegna þess að ég tel ástæðu ráðherrans vera þá að það er að koma einn smáflokkur í viðbót, það er flokkur ráðherrans. Það styttist verulega í það að hann teljist til smáflokka. Og ég vænti þess að við eigum þá stuðning hans vísan. Það liggur núna mál inni í ráðuneyti ráðherrans á hendur Borgaraflokknum frá Frjálslynda hægri flokknum vegna blaða- og útgáfustyrks sem var greiddur út rétt áður en ég og hv. þm. Hreggviður Jónsson gengum út úr þeim flokki. Þar eigum við tæpa 1½ millj. hjá þeim flokki, þeim flokki mannúðar og mildi sem kemur nú greinilega í ljós þar. Þessa fjárhæð neitar Borgaraflokkurinn að greiða. Nú ákalla ég ráðherrann og vísa til hans málflutnings hér fyrr. Hjálpaðu okkur nú í þessu. Ef rök hæstv. ráðherra eru góð og gild hljótum við líka að þurfa að fá aðstoðarmenn. Við erum ekki hálfdrættingar á við Stefán Valgeirsson í því fjármagni sem hann fær hér út úr þinginu, ekki hálfdrættingar, en við erum þó helmingi stærri.

Ólafur Ragnar lagðist svo lágt að benda á hv. þm. Geir H. Haarde þegar hann var aðstoðarmaður hæstv. þáv. forsrh. í ferð til útlanda. (**Fjmrh.:** Hann var ekki aðstoðarmaður hans.) Honum til aðstoðar skulum við þá orða það ef það hljómar betur í eyrum hæstv. fjmrh. Hann nefndi einnig til Kjartan Gunnarsson og aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins. Hann minnist ekkert á ákveðna Mexíkóferð þar sem verulegur vafi leikur á hvort ekki hafi verið farið frjálslega með fjármuni. Hann minnist ekki á það að hæstv. landbrh. er eða hefur nýverið verið niðri í að ég hygg Egyptalandi með tíu manna föruneyti. Það er algjört aukaatriði. (**EG:** Er ekki hv. þm. nýkominn heim frá Róm.) Hv. þingflokksformaður Alþfl., ég skal þagna augnablik ef þú vilt biðja um orðið, gjörðu svo vel. En það er einfaldara að gapa úti í sal en að koma upp í stól.

Hæstv. forsrh. sjálfur kom hér upp og eins og alltaf er hann sammála öllu, vill gera allt. Þetta er bara liðin tíð, hæstv. forsrh. Þjóðin gleypir þetta ekki lengur. (**Forsrh.:** Þú ert liðin tíð.) Hún gleypir þetta ekki lengur. Fallandi stjarnan, við skulum bara líta á skoðanakannanirnar. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að fara að skipta um taktík. Það er kominn tími til.

Hæstv. ráðherra kom inn á það að Trausti, aðstoðarmaður Stefáns Valgeirssonar, væri lánaður frá Brunamálastofnun, lánaður upp á 200 þús. kr. á mánuði. Hann hefur verið vel launaður hjá Brunamálastofnun ef hann fær sömu kjör eins og ráðherrann sagði. En hvað sagði Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh. í Alþýðublaðinu þegar hann var spurður um Trausta og þessa ráðningu? Þar segir, með leyfi forseta: „„Já, það er rétt, ég held að hann sé það enn þá, en við höfum verið í vandræðum með það," sagði Steingrímur Hermannsson forsrh. þegar Alþýðublaðið innti hann álits á því að Trausti Þorlákssson, aðstoðarmaður Stefáns Valgeirssonar alþm., væri titlaður deildarstjóri í forsrn." Hvaða vandræði voru þetta, hæstv. ráðherra? Ég bið um svör. Hvaða vandræði voruð þið með?

Enn fremur segir hæstv. forsrh. í DV þann 20. september um þetta sama mál, með leyfi forseta, og er þá verið að ræða um aðstoðarmann ráðherra:

„Hann sé heldur ekki þingflokkur og fái því ekki styrk sem slíkur frá Alþingi til að afla sér sérfræðiaðstoðar", þ.e. Stefán Valgeirsson. Ég spyr hæstv. ráðherra: Fær Stefán Valgeirsson ekki þennan styrk? Ég þykist hafa þær upplýsingar undir höndum að hann fái hann og vel það.

Stefán Valgeirsson kom hér upp og hafði lítið að segja. Hann þurfti að flýta sér í burt. Það er nú taktík sem ég hef alla vega orðið var við hjá þeim manni áður. Það eina sem hann skildi eftir hér úr ræðustól voru hótanir í garð málshefjanda og megi hann þá verða maður að meiri fyrir það.

Geir H. Haarde vitnaði og sýndi fram á að það hefði verið framið lögbrot með ráðningu þessa aðstoðarmanns sem deildarstjóra eða aðstoðarráðherra eða hvað á að kalla hann. Það er orðin viðtekin venja hjá stjórnvöldum að brjóta lög fyrst og síðan að breyta þeim.

Sá sem kom hér upp á undan mér, hv. 16. þm. Reykv., Ásgeir Hannes Eiríksson, gerði lítið annað en að gelta að hv. málshefjanda.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að færa málshefjanda þakkir fyrir að hefja umræðu um það efni sem við höfum varið drýgstum hluta dagsins í að fjalla hér um, en það lýtur að óheimilum ráðstöfunum ríkissjóðs og ríkisstjórnar á fjármunum ríkisins. Gagnrýni hv. málshefjanda var hér skýr og ljós.

Tveir hæstv. ráðherrar hafa flutt hér varnarræður. Það kom glögglega í ljós í varnarræðu hæstv. forsrh. að hann er í vandræðum með þetta mál svo sem hann áður hefur upplýst í blöðum.

Varnarræða hæstv. fjmrh. bar flest einkenni hans málflutnings. Í fyrsta lagi einkenndist hún af beinum rangfærslum, ósönnum fullyrðingum. Í öðru lagi fjallaði ræðan að stærstum hluta til um allt aðra hluti en hv. málshefjandi var hér að hefja máls á og umræðan snýst um. Þetta er auðvitað gert í þeim tilgangi að drepa umræðuefninu á dreif og freista þess að fá fjölmiðlamenn til þess að fjalla um annað en það sem hv. málshefjandi vakti hér máls á og er til umræðu, en drýgstur hluti ræðu hæstv. fjmrh. fór einmitt í umfjöllun um það sem ekki er hér til umræðu. Og í þriðja lagi einkenndist ræða hæstv. fjmrh. af villandi samanburði sem hvergi kemur nálægt þessari umræðu, allt gert í þeim tilgangi að hlaupast undan umræðunni, hlaupast undan í varnarræðu sinni við að svara þeirri gagnrýni sem hér kom fram af hálfu hv. 2. þm. Norðurl. v.

Ég ætla fyrst að víkja að einu atriði sem heyrir undir eitt af höfuðeinkennum þessarar ræðu og reyndar málflutnings hæstv. fjmrh. almennt, en það eru rangfærslurnar. Hann hélt því hér fram, hæstv. ráðherra, í umræðunni að þingflokkur Sjálfstfl. hefði gert um það sérstaka samþykkt í sumar að hæstv. fjmrh. hætti innheimtuaðgerðum vegna söluskatts. Þessi fullyrðing er sett hér fram þó að hún komi umræðuefninu ekki við og í öðru lagi er hún röng. Það er verið að vitna til sérstakrar samþykktar sem þingflokkurinn gerði vegna sérstakra innheimtuaðgerða sem hæstv. fjmrh. gekkst fyrir.

Nú er það svo að það er lagaleg skylda, stjórnskipuleg skylda hæstv. fjmrh. að sjá svo um að innheimtumenn ríkisins ræki sitt starf af trúmennsku og gangi eftir því lögum samkvæmt og þannig að allir sitji við sama borð að innheimta álögð gjöld og skatta til ríkisins og á undanförnum árum hefur þetta verið gert og innheimtumenn ríkisins staðið sig með ágætum í sínum störfum, enda hefur innheimtan á undanförnum árum, til að mynda á söluskatti, verið 94–97%.

Það sem fram kom í þeirri ályktun þingflokks sjálfstæðismanna sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi verið að vitna til var þetta: Að það hefði verið staðið þannig að þessum sérstöku innheimtuaðgerðum, sem ráðherrann sjálfur beitti sér fyrir, að mismunað hefði verið í framkvæmd, þ.e. þeir sem greiða eiga söluskatt sitji ekki allir við sama borð. Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Ekki er ágreiningur um að sýna beri ákveðni og festu við innheimtu söluskatts hjá fyrirtækjum sem þegar hafa innheimt skattinn hjá almenningi. Fjmrh. hefur nú vegna þungrar mótmælaöldu orðið að láta undan í einum þætti málsins sem er lokunaraðgerðir gegn fyrirtækjum sem eiga óútkljáðan ágreining fyrir ríkisskattanefnd. Þrátt fyrir þetta stendur það óhaggað að atvinnufyrirtæki sitja ekki við sama borð."

Það er deginum ljósara að í ákvörðun hæstv. fjmrh. um þessar sérstöku innheimtuaðgerðir var sérstaklega tekið fram að þau fyrirtæki sem voru til sérstakrar meðferðar, eins og það var orðað, held ég, á vegum ríkisstjórnarinnar ættu að vera undanþegin. Þegar af þessari ástæðu var í upphafi komin fram mismunun sem ástæða var til þess að mótmæla. Í annan stað kom fram mismunun vegna þess að aðstaða fyrirtækja var einfaldlega ekki sú sama. Sum fyrirtæki áttu óútkljáð deilumál og ráðherrann lét undan í því efni þegar mótmælaaldan var orðin nægjanlega hörð. En að þessu vík ég hér vegna þess að ráðherrann dró þetta inn í umræðuna með rangri fullyrðingu sem er eitt af höfuðeinkennum í málflutningi hans, að geta helst ekki sagt satt orð.

Í annan stað kaus hæstv. ráðherra að verja drýgstum tíma sínum í að ræða efni sem ekki komu þeirri gagnrýni við sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hóf hér máls á, þ.e. almenna umræðu um aukafjárveitingar. Aukafjárveitingar eru ekki óheimilar. Aukafjárveiting er í sjálfu sér ekki óheimil ráðstöfun á opinberu fé. Í reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands sem birt er í lagasafni kemur fram að Fjárlaga- og hagsýslustofnun á að fara með greiðslur utan fjárlagaheimilda. Með öðrum orðum, þar er gert ráð fyrir því að aukafjárveitingar séu óhjákvæmilegur þáttur í framkvæmd ríkisfjármálanna. Hv. 2. þm. Norðurl. v. var hér hins vegar að ræða um óheimilar ráðstafanir á opinberum fjármunum. Hitt er svo annað mál að það þarf að gæta mikils aðhalds varðandi aukafjárveitingar þó að ekki verði sagt að þær fari í bága við lög og beinlínis sé tekið fram í stjórnarráðsreglugerðinni að Fjárlaga- og hagsýslustofnun fari með þau málefni. Ég tek undir þær tillögur af ýmsu tagi sem fluttar voru hér á síðasta þingi og miða að því að takmarka möguleika til útgáfu aukafjárveitinga. Tölulegur samanburður í þessu efni getur verið mjög villandi. Það er til að mynda nauðsynlegt að greina á milli í því efni hvort um er að ræða aukafjárveitingar vegna óhjákvæmilegra verðlagsbreytinga sem orðið hafa eða aukafjárveitingar til nýrra verkefna sem Alþingi hefur ekki áður ákveðið og ég hygg að ef menn hafa áhuga á því að ræða aukafjárveitingar með sögulegum skírskotunum, þá sé nauðsynlegt að gera lista þar

sem tölur eru settar fram í þessu formi. En hæstv. fjmrh. gumar nú mjög af því að hann hafi tekið upp ný vinnubrögð. Einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni að hann líti á sjálfan sig sem slíkan tímamótamann að ekkert gerist í hans ráðuneyti öðruvísi en þar sé um að ræða tímamót í Íslandssögunni a.m.k. frá því að lýðveldið var stofnað.

Það er fróðlegt í því sambandi að rifja hér upp hvernig hæstv. ríkisstjórn stendur að þessum málum. Fjmrh. hæstv. gumar af því að hann ætli nú að taka upp ný vinnubrögð, það séu ekki greiddar úr ríkissjóði aukaheimildir til fjárútláta fyrr en Alþingi hafi samþykkt þær. Fyrir ekki mörgum vikum áttu sér stað talsverðar deilur hér í þjóðfélaginu um aukin útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hæstv. menntmrh. gekk þá berserksgang gegn stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna vegna þess að hún hafði í hyggju að fara eftir fjárlögum og hafði gefið það út opinberlega að hún ætlaði að fara eftir fjárlögum og greiða út námslán í byrjun septembermánaðar í samræmi við fjárlög. Þá upphófust einhverjar mestu pólitísku ofsóknir ráðherra á hendur undirnefnd ráðuneytisins vegna þessa máls og ráðherrann hæstv. sagði: Nei, hér á sko aldeilis að greiða langt umfram það sem fjárlögin heimila og niðurstaðan varð auðvitað sú að ráðherrann réði. Það voru greidd út námslán í samræmi við ákvörðun hæstv. menntmrh. umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. En svo kemur hæstv. fjmrh. og ber sér hér á brjóst og segir: Nú eru nýir tímar. Nú á ekkert að greiða aukalega úr ríkissjóði fyrr en búið er að samþykkja það á Alþingi. Þegar hæstv. menntmrh. er bara í þessu eina máli, svo ekki séu tekin fleiri dæmi, uppvís að vinnubrögðum af þessu tagi. En hæstv. fjmrh. stingur höfðinu í sandinn eins og tiltekin fuglstegund og þykist marka hér tímamót í sögu lýðveldisins ef ekki í sögu landsins.

Það er svo rétt að víkja hér nokkrum orðum að því sem ég vil kalla villandi samanburð hæstv. fjmrh. Honum þótti, með svo smekklegum hætti sem það nú var, ástæða til þess að draga inn í þessa umræðu nöfn nokkurra manna sem kvaddir voru til sérstakra starfa meðan ég gegndi starfi forsrh. Í annan stað var þar um að ræða trúnaðarmenn sem tóku þátt í undirbúningi og voru þátttakendur á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. fjmrh. nefndi nöfn aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins og framkvæmdastjóra Sjálfstfl. Hann gleymdi auðvitað, og ég hygg að það hafi verið af gleymsku og athugunarleysi, að geta þess að þessir tveir menn eru fulltrúar Sjálfstfl. í Öryggismálanefnd sem heyrir undir forsrn. Þeir eru trúnaðarmenn Sjálfstfl. í Öryggismálanefnd sem heyrir undir forsrn. og ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh. hefur hér af gáleysi gleymt því að geta þessa en auðvitað var það ástæða fyrir því að þeir voru kvaddir til þessara sérstöku starfa. Í annan stað var hv. þm. Geir H. Haarde fenginn til þess að taka þátt í undirbúningi og vera til aðstoðar í opinberri heimsókn forsrh. til Bandaríkjanna, sérstaklega vegna þeirra viðræðna sem þar fóru fram um skoðun á viðskiptum Íslands og Bandaríkjanna. En hví er nú villandi að taka dæmi sem þessi? Það er ekkert feimnismál að þessir aðilar voru kvaddir til ráðuneytis, það var birt og kom fram opinberlega á sínum tíma. En hví er þessi samanburður villandi? Hann er fyrst og fremst villandi vegna þess að hér er verið að draga inn í umræðuna dæmi um menn sem kallaðir eru til sérstakra starfa sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti, til þess að vinna að málefnum sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti samkvæmt stjórnskipunarlögum Íslands. Þar að auki er það rangt sem hæstv. ráðherra gaf til kynna en þorði auðvitað ekki að fullyrða að þessir menn hafi fengið sérstakar greiðslur fyrir þessi störf. Einu greiðslurnar sem til þeirra komu voru vegna kostnaðar, ferðakostnaðar, sem þessum störfum fylgdi. En hæstv. ráðherra, þó hann vissi betur, reyndi að gefa annað í skyn. En samanburðurinn er villandi af þessum sökum og á auðvitað ekkert heima í þessari umræðu af því að hér er um að ræða störf sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti enda alkunnugt og nauðsynlegt að kveðja til menn til slíkra starfa.

Það var svo athyglivert hvernig hæstv. ráðherra reyndi að koma sér undan hinni eiginlegu gagnrýni. Og hvernig gerði hæstv. ráðherra það? Jú, hann sagði: Ég tel að þingskapalögin og lögin um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka séu gölluð. Ég tel að þau séu gölluð, sagði hæstv. ráðherra. Og hann sagði meira: Ég tel að það sé galli á stjórnskipun Íslands að aðilar geti ekki verið þátttakendur í ríkisstjórnarsamstarfi án þess að sitja í ríkisstjórn.

Og þegar hæstv. fjmrh. hefur komist að þeirri niðurstöðu að hann telji að tiltekin lög séu gölluð og ekki í samræmi við hans skoðanir og hans vilja og sjálf stjórnskipun Íslands sé meingölluð og ekki í samræmi við hans skoðanir og hans vilja — hvað gerir hæstv. ráðherra þá? Kemur hann inn á Alþingi með frv. til að breyta þessum lögum? Leitar hann eftir meirihlutastuðningi á Alþingi til að breyta þessum lögum? Leitar hann eftir þeirri lýðræðislegu leið að óska eftir því að meiri hlutinn á Alþingi taki ákvarðanir? Nei, það gerir ekki hæstv. ráðherra. Þegar hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að tiltekin lög og stjórnarskrá Íslands séu honum ekki að skapi þá bara framkvæmir hann málin eins og honum hentar og honum þykir best fara á, burtséð frá því hver lögin eru. Burtséð frá því hvað kveðið er á um í stjórnskipun Íslands.

Það er sem sagt nægjanleg afsökun af hálfu hæstv. fjmrh. að honum þyki lögin ekki að sínu skapi og stjórnskipunin gölluð og þá eru bara hlutir framkvæmdir með þessum hætti. Þetta voru nánast einu rökin sem hæstv. fjmrh. reyndi að bera hér fram til málsvarnar sjálfum sér í þessu máli.

Það var eftirtektarvert að hæstv. forsrh. leyfði sér ekki málflutning af þessu tagi. Hefði nú verið meiri sómi að því að hann tæki hæstv. fjmrh. svolítið í gegn því auðvitað er það alvarlegt þegar ráðherra í ríkisstjórn Íslands, lýðræðisríki, stendur hér upp í Alþingi og lýsir með þessum hætti hver er virðing hans á lögum landsins og stjórnskipun Íslands. Eng-

in. Og hæstv. forsrh. hefur ekki manndóm í sér til þess að taka hann í gegn þegar slík ræða hefur verið flutt. En það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að hann ætlaði að beita sér fyrir breytingu á lögum svo að unnt væri að gera það sem þeir hafa gert á löglegan hátt og auðvitað kemur fram í því, þeirri setningu, að hér hafa verið teknar ákvarðanir sem ganga á svig við lög og eru ekki í samræmi við lög. Auðvitað viðurkennir hæstv. forsrh. með þessari yfirlýsingu að það hefur verið gengið á svig við lögin og það er það sem liggur hér fyrir eftir að þessir tveir hæstv. ráðherrar hafa tekið til máls. En það kemur líka fram í ræðum þessara tveggja hæstv. ráðherra að þeir gera afar lítinn eða engan mun á framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu. Framkvæmdarvaldinu eru ákveðin, samkvæmt stjórnarskrá, sérstök verkefni: Framkvæmd þeirrar löggjafar sem Alþingi setur. Löggjafarvaldið er í höndum Alþingis. En þessir tveir hæstv. ráðherrar hafa í ræðum sínum hér orðið uppvísir að því að hér á gera þeir engan greinarmun. Auðvitað er ekki hægt, eins og þeir gera hér, að rugla saman í einum farvegi greiðslum til sérstaks aðstoðarmanns hv. þm. Stefáns Valgeirssonar annars vegar fyrir það að vera hér þingflokkur og hins vegar fyrir það að vera aðili að ríkisstjórn Íslands. Menn sem þetta gera kunna ekki skil á aðgreiningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og bera ekkert skynbragð á hver þeirra ábyrgð er samkvæmt stjórnarráðslögum og almennum reglum um stjórnarfar í landinu. Og það er þetta sem er kjarni málsins. Það er skilningsleysi þessara manna á grundvallaratriðum stjórnskipunar og íslenskrar löggjafar. Skilningsleysi á þeirri ábyrgð sem á þeirra herðum hvílir. Það er grundvallarmunur á því hver er vinna þingflokka og þingmanna að löggjafarstörfum og hinu hvað stjórnardeildir í Stjórnarráði Íslands hafa með höndum og það er ekki hægt að bæta þar við. Það er ekki hægt að bæta við svona ráðuneytisígildum af því að menn þurfa að kaupa sér með einum eða öðrum hætti atkvæði á Alþingi. Það er með skýrum hætti kveðið á um það hver séu ráðuneytin í Stjórnarráði Íslands og hvaða verkefni þau fara með og það er ekki unnt að taka handahófskenndar ákvarðanir án lagastoðar um eitthvað annað. Ef menn eru þeirrar skoðunar þá eiga þeir að koma fram með frv. til breytinga á lögum og stjórnarskrá lýðveldisins en ekki gera það með þessum hætti.

Þessi atriði vildi ég að kæmu hér fram, frú forseti, í þessari umræðu vegna þess að þau sýna á hvaða braut þessi hæstv. ríkisstjórn er.

Það kom líka hér inn í umræðurnar hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að því að ráða sér sérstaka aðstoðarmenn umfram það sem heimilt er í stjórnarráðslögum. Í þeirri umræðu fór hæstv. fjmrh. á sama sprettinn í röksemdafærslu sinni. Hann taldi það sem sagt vera nauðsynlegt að ráða tvo eða þrjá aðstoðarmenn utan heimilda samkvæmt lögum og þá var það einfaldlega gert. Staðreyndin er auðvitað sú í því máli að því er lýtur að upplýsingafulltrúa fjmrn. að innan dyra í Alþb. áttu sér stað heiftúðleg átök. Einn af upplýsingafulltrúum formanns Alþb., þá ritstjóri Þjóðviljans, var látinn víkja úr því sæti vegna deilna innan Alþb. og um leið og það hefur gerst innan Alþb. þá er viðkomandi maður bara settur á launaskrá í fjmrn. Halda menn að það sé tilviljun að allt þetta beri upp á einn og sama tíma? Um leið og skipt er um ritstjóra á Þjóðviljanum vegna innanflokksátaka þá eru þeir sem verða undir settir á launaskrá í fjmrn. En rökin voru jafnléleg og í hinum fyrri tilvikum. Þessum athugasemdum ætlaði ég að koma hér á framfæri, frú forseti.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Þrír hæstv. ráðherrar hafa hér flutt varnarræður gegn gagnrýni minni og ádeilum um heimildalausa meðferð á fjármunum ríkisins. Ég verð að játa það að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þessar ræður. Einn þessara hæstv. ráðherra gerði þó tilraun til þess að svara efnislega. Það var hæstv. viðskrh., staðgengill utanrrh. Hann svaraði nokkurn veginn efnislega því sem um var spurt. Hann lét þó falla athugasemdir sem sýndu að hann hafði ekki tekið nægilega eftir minni ræðu. Ég lét aldrei liggja að því að heimasendiherrar utanrrn. væru án heimilda. Það kom glöggt fram í minni ræðu. Ég hirði ekki um að svara þeim útúrsnúningum sem hann reyndi að draga út úr minni ræðu, en ég tek það fram að ég er ráðherranum ósammála um nauðsyn þess að ráða nú til utanrrn. sérstakan sérfræðing í afvopnunarmálum með tilliti til þess að ríkisstjórnin hefur ríkisrekna nefnd og ríkisrekna starfsmenn á sínum snærum til að sinna þessu verkefni. Og hæstv. fjmrh. ætti að vera best kunnugt um það, þótt í smáu sé, að mannaráðningar hafa í för með sér útgjöld ríkissjóðs sem ekki verða til þess að létta það dæmi sem hann þarf að fást við, það verkefni sem hann hefur gefist upp við en það er að ná tökum á fjármálum ríkisins.

Ræður þeirra tveggja hæstv. ráðherra, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., ollu mér hins vegar miklum vonbrigðum. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur hér gert að umtalsefni aðalatriðin úr þessum ræðum og ég get þess vegna stytt mitt mál um þau atriði. Það sem blasti við og er meginatriði þessa máls er að þessir tveir hæstv. ráðherrar virðast ekki gera sér grein fyrir því, ellegar neita að staðfesta það, að þeim ber að fylgja lögum og reglum. Þeim ber að hlíta þeim heimildum og lagaákvæðum sem Alþingi setur. Ræður þeirra voru á þann máta að annaðhvort er þetta þeim óljóst, þeir halda að þeir geti farið fram með sínar ákvarðanir og sínar gerðir að eigin geðþótta án tillits til laga, án tillits til reglna, ellegar að þeirra skoðanir, eins og hjá hæstv. fjmrh. á því hvernig beri að reka íslenskt stjórnkerfi, séu æðri íslenskum lögum og reglugerðum. Þetta er hið alvarlega við svör þessara tveggja hæstv. ráðherra og þetta kom glöggt fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. En það er sannarlega alvarleg staða fyrir Alþingi og fyrir íslenska þjóð þegar forystumenn í ráðherrastólum halda fram slíkum skoðunum hér á Alþingi.

Ég tel, þrátt fyrir það að þetta séu meginatriðin

sem við blasa eftir þessa umræðu, ástæðu til þess að fara yfir örfá atriði af því sem fram kom í máli þessara tveggja hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi var það engin gleymska hjá mér, hæstv. fjmrh., að ráðherra hefur lýst því yfir að hann muni flytja frv. til fjáraukalaga. Þær yfirlýsingar hefur hann gefið eftir fundi með fjvn. þar sem fjvn. hefur lagt á þetta mikla áherslu. Og ég get talað alveg hreint út um það að í því er fólgin viss framför. En við eigum eftir að sjá þetta frv.

Það leysir hann hins vegar ekki undan þeirri skyldu að fara að lögum og heimildum sem Alþingi hefur veitt honum sem eiga að gilda þangað til hann hefur aflað nýrra heimilda. Samanburður hans um aukafjárveitingar var allt í senn villandi og kom ekki þessu máli við, enda tók ég fram í minni frumræðu að ég gerði þær ekki að sérstöku umtalsefni. Aukafjárveitingar hafa tíðkast um langa tíð og á þær hefur verið litið með þeim hætti að þær helgist af venjubundnum rétti þrátt fyrir afdráttarlaus ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er hins vegar svo að þær tillögur sem við erum að vinna upp í undirnefnd fjvn. byggjast á ákvæðum stjórnarskrárinnar og að taka fyrir þá frjálslegu meðferð fjármuna ríkisins sem hafa verið fólgnar í svokölluðum aukafjárveitingum.

Hæstv. ráðherra leyfði sér það í viðurvist margra fjárveitinganefndarmanna að mótmæla því að með þann lista, sem hann afhenti fjvn. 13. júlí, ætti að fara að hans ósk sem trúnaðarmál. Hann leyfði sér að mótmæla því í viðurvist okkar margra úr fjvn. Og hann sagði sem svo að ef hann hefði óskað að láta þetta koma fyrir fjölmiðla þá hefði hann þurft að búa það út með öðrum hætti, setja upp lengri greinargerðir o.s.frv. Þessi listi er hérna. Hann er nákvæmlega eins og slíkir listar hafa verið í áraraðir, nákvæmlega eins að formi til. Skýringarnar eru hérna og hæstv. ráðherra þarf ekkert að bæta úr því sem hér er á blaði. Í orðum hæstv. ráðherra var því hvort tveggja útúrsnúningur og ósannindi.

Það kemur ekkert þessu máli við að ýmis vinnugögn, gögn sem eru til meðferðar í fjmrn. og í fjvn. eða annars staðar í stjórnkerfinu eru stundum lögð fram og rædd á fundum með fjvn. og er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fara með slík gögn sem trúnaðarmál. Það er alveg gerólíkt. Það eru mál sem eru á vinnslustigi, mál sem leitað er til fjvn. um álit á og eðlilegt að ræða öll slík mál sem trúnaðarmál. Ef rætt væri við fjvn. um það hvort rétt væri að veita aukafjárveitingu í þetta mál eða hitt, hvort það ætti að veita þessa fjárhæð eða hina í eitthvert málefni og það væri ekki ákveðið, það væri ekki frágengið, þá væri eðlilegt að það væri trúnaðarmál. En þegar ákvörðun er tekin og greiðsla fer fram, þá er það ekki lengur trúnaðarmál, þá er það opinbert mál. Og á þessu held ég að hæstv. fjmrh. ætti að geta gert greinarmun og ætti að geta skilið.

Það sem hæstv. ráðherra sagði hér um húsakaup og þau svör hans við spurningum mínum um það atriði voru mjög ófullkomin. Það sem ég hef hér fyrir framan mig er örstutt greinargerð frá fjmrn. Stofninn úr þeirri greinargerð birtist síðan í athugasemdum með fjárlagafrv. En þessi greinargerð kemur inn á borð fjvn. að minni ósk vegna þess að fjvn. var beðin um álit á kaupum á einu húsi, húseign til starfsemi Listdansskóla Þjóðleikhússins. En í fjárlögum þessa árs er heimild — og takið nú eftir — þar er heimild til þess að kaupa eða leigja hús fyrir starfsemi Listdansskóla Þjóðleikhússins, þannig að í því felst ekki á nokkurn máta að það sé út fyrir heimildir Alþingis.

Þegar ósk kom fram um það að fjvn. liti á þetta mál, þá óskaði ég eftir því að fá greinargerð um aðrar fyrirætlanir hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórnar í húsakaupum og ég fékk þetta blað. Og skýringar starfsmanns ellegar starfsmanna ráðuneytisins voru í rauninni þær að tvær af þessum húseignum hefðu verið teknar upp í söluskattsskuld. Það var ekki Fannborg 4, Kópavogi, það er Fannborg 6. Og það er Norðurvangur 32 í Hafnarfirði. Hvort sem á þessar eignir hefur verið slegið einhverju verðmætamati og það látið mætast í greiðslum, þá er hér í hæsta máta farið á tæpu vaði og auðvitað hrein lögbrot ef um það er að ræða að þessar húseignir séu teknar sem góð og gild greiðsla á opinberum gjöldum. Og það sannast þegar í stað með þessu plaggi og það sannast í athugasemdum með fjárlagafrv. að ríkið hefur ekkert með þessar eignir að gera og það kemur ekki þar fram að það sé neitt í tengslum við bæjarfógetaembættið í Kópavogi vegna þess að í þessu plaggi og í fjárlagafrv. er strax farið fram á heimild til að selja þessar eignir sem sannar það að hæstv. fjmrh. telur að ríkið hafi ekkert með þetta að gera. Eignir sem hann hafði enga heimild til þess að kaupa eða taka við upp í opinber gjöld. Enga heimild.

Ég held að það þurfi tæplega að fara mörgum fleiri orðum um vörn hæstv. ráðherra varðandi mannaráðningar. Það er ljóst að starfsmenn eru ráðnir án heimilda. Það er ljóst. Og það er líka ljóst að hæstv. fjmrh. ræður sér pólitíska aðstoðarmenn í sitt ráðuneyti með þeim hætti að gengur alveg á svig við ákvæði reglugerðar um Stjórnarráð Íslands. Við getum deilt um það hvort nota á orðið að gengið sé á svig við eða að reglugerðin sé brotin og það er hreinlega óhætt að segja það. Það er þannig. Það er þetta sem ég sætti mig ekki við, bæði þetta og annað í svörum hæstv. ráðherra, að vegna þess að það sé mikilvægt fyrir fjmrn. að hafa efnahagslegan ráðunaut og það sé mikilvægt fyrir fjmrn. að hafa upplýsingafulltrúa eða blaðafulltrúa, þá sé bara sjálfsagt að brjóta reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Það sé bara sjálfsagt, enda hafi þetta verið gert af fyrirrennara hans og það er raunar satt. Þar sagði hæstv. ráðherra satt því hæstv. fyrrv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, braut einnig þessi sömu ákvæði í þessari reglugerð. Og hann gerði raunar enn þá meira vegna þess að hann setti á fót nýja deild, hagdeild innan ráðuneytisins án allra heimilda.

Hæstv. ráðherra sagði: Hagdeildin er nauðsyn. Hæstv. ráðherra sagði: Efnahagsráðgjafi er eina viðbótin í minni tíð. En hvort tveggja hefur verið gert án heimilda Alþingis og án heimilda í reglugerð um

Stjórnarráð Íslands. Og hvort tveggja er því þess efnis að Alþingi á að krefjast þess að því fólki sem þar starfar sé sagt upp ellegar að þessari reglugerð sé breytt. En að því var ekki ýjað einu einasta orði í máli hæstv. fjmrh. Hann virðist telja það sjálfsagt og raunar guma af því að geta farið sínu fram um mannaráðningar, um ákvarðanir er kosta útgjöld ríkissjóðs á þann hátt að það þjóni því sem hann telur vera skynsamlegt eða gott fyrir ráðuneytið eða gott fyrir sig, jafnvel gott fyrir íslenska þjóð, þó að það sé andstætt og í bága við reglugerð og heimildir frá Alþingi. Ég segi fyrir mig að það er ekki við því að búast að Alþingi líði vel undir þeim kringumstæðum að þetta sjónarmið sé ríkjandi hjá æðstu ráðamönnum þjóðarinnar. Þess vegna hlýtur að koma að því að þegar æðstu ráðamenn þjóðarinnar hugsa á þennan máta þá hljóta það að verða fleiri en stjórnarandstæðingar sem kjósa það að knýja þessa ríkisstjórn frá hið allra fyrsta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða fleiri orðum að ræðu hæstv. fjmrh. Megineinkenni hennar hafa komið fram og þau valda vonbrigðum. Þau valda sannarlega áhyggjum.

Hæstv. forsrh. sagði í sínu svari eitthvað á þá lund að hann teldi að það væri rangt hjá mér sem málshefjanda að um lögbrot væri að ræða að ráða starfsmann sem deildarstjóra í forsrn. með starfssviði utan ráðuneytis. Og hann var býsna hróðugur yfir því að hæstv. ríkisstjórn hefði samþykkt að sú skipan skyldi halda áfram, og enn að það hefði á hinn bóginn verið mesta skömm fyrir ríkisstjórnina og líklega Alþingi ef þessum ágæta hv. þm. Stefáni Valgeirssyni hefði ekki verið útveguð sómasamleg aðstaða, væntanlega þá til þess að geta stutt ríkisstjórnina. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum með þessa afstöðu hæstv. forsrh. sem lýsir í raun sambærilegum viðhorfum þó í hófsamari orðum væri fram sett heldur en hjá fjmrh. Ég held að það séu engin tvímæli að hér er um að ræða brot á reglum og lögum um Stjórnarráðið, lögum um ráðningu opinberra starfsmanna eins og fram kom raunar og þarf ekki að ítreka hjá hv. þm. Geir H. Haarde. Ég vitnaði til þess að þetta er í eðli sínu sambærilegt við það að ráða skrifstofustjóra í forsrn. sem væri ritstjóri t.d. á DV, óháðu dagblaði, ellegar fréttastjóri á óháðum ríkisfjölmiðli í þeim tilgangi að þessir fjölmiðlar væru nú vinsamlegir ríkisstjórninni. Þetta er sambærilegt. Það hlýtur að hryggja mig að skynja siðferðisvitund hæstv. forsrh. á þessu stigi. Það hlýtur að hryggja mig.

Síðan tala menn hér alltaf um það, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sem ekki er þingflokkur, að hann njóti einskis stuðnings frá Alþingi eða á fjárlögum í tengslum við þá aðstoð sem veitt er til þingflokka. Þetta er rangt. Hann nýtur þar einnig stuðnings, fjárhagslegs stuðnings. Og eftir þeim gögnum sem ég hef séð, þá fær þessi hv. þm. á þessu ári talsverða fjárhæð, um 685 þús. kr. Eðlilegt er að sú fjárhæð væri notuð, og er til þess ætlast að sú fjárhæð sé notuð til þess að standa straum af kostnaði við aðstoð. En hæstv. forsrh. er mjög ánægður yfir því að hafa til viðbótar lagt manninum sem annast þessa aðstoð til deildarstjóralaun í forsrn.

Ég held að það sé ekki tilefni til þess fyrir mig að svara ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Hans ræða var nú stutt. Hann var undrandi á ræðu minni og mest undrandi á því að ég skyldi ekki skilja það að annaðhvort varð hann að taka ráðuneyti, eins og hann orðaði það, eða aðstoðarmann. Hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem því miður er ekki hér viðstaddur, var allra mest hissa á því að ég skyldi ekki skilja að hann varð að gera annað hvort. Það hefði verið mér til mikillar ánægju að sjá hv. þm. Stefán Valgeirsson í ráðherrasæti í stað einhvers hinna sem þar eru nú. En úr því að hann gerði það ekki, úr því að hann varð ekki ráðherra, þá er hann þingmaður eins og ég og við hin og hefur engan rétt til þess að hæstv. forsrh. leggi honum til sérstakan deildarstjóra uppi í forsrn. honum til aðstoðar. Hæstv. forsrh. getur þá alveg eins sett á laggir stöðu og gert að deildarstjóra mann sem væri mér til aðstoðar. Alveg eins. Ég á sama rétt og þessi þingmaður, nákvæmlega sama rétt. Kannski verður það niðurstaðan því að hæstv. forsrh. ýjaði að því að hann hefði í hyggju að breyta ákvæðum um þessi efni. (**Fjmrh.:** Þú gerðir það sama 1980.) Þess er ekki nokkur von að ég yrði keyptur til að styðja núv. ríkisstjórn, enda er ég sem óbreyttur þingmaður í sama rétti með opinbera aðstoð eins og óbreyttur þingmaður í liði hæstv. ríkisstjórnar, nákvæmlega sama rétti. Og það er ekki einasta lögbrot heldur eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hneyksli, það er siðleysi að mismuna alþingismönnum á þennan hátt með því að borga stórfé í aðstoð fyrir það að þeir eru stuðningsmenn tiltekinnar ríkisstjórnar. Það er siðleysi af hæstu gráðu. (**Forsrh.:** Ég fæ nú ekki séð að Stefáni Valgeirssyni sé greitt stórfé.) Aðstoðarmanni hans.

Ég verð að segja það að ég hef því miður áður heyrt hjá einum fjarstöddum hæstv. ráðherra í þessari ríkisstjórn sambærileg viðhorf og hér hafa komið fram hjá þessum tveimur ráðherrum um virðingu þeirra fyrir lögum og rétti.

Á fjölmennum fundi norður í Miðfirði sl. vor sagði einn hæstv. ráðherra úr flokki hæstv. fjmrh. þegar rætt var um það hvort tiltekin ákvörðun í einu ráðuneyti, hvort tiltekin reglugerð stæðist lög eða ekki, þá var meginsvar hans þetta: Það er tittlingaskítur hvort hún stenst lög eða ekki. Vandamálin eru af öðrum toga. Ef þetta er almennt sjónarmið ráðherra í hæstv. ríkisstjórn þá er ekki von að hún hafi fylgi meðal þjóðarinnar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Forsta Sjálfstfl. mun hafa ákveðið að biðja um þessa utandagskrárumræðu á fyrsta degi þingsins. Mér hefur fundist í þeim tveimur ræðum sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti hér að þar hafi góður drengur verið að ganga erinda sem aðrir hafa ákveðið. Sem handritið að leiksýningunni sé skrifað af öðrum mönnum og er á engan hátt í samræmi við starfsferil, sjónarmið og aðgerðir hv. þm. Pálma Jónssonar, hvorki þegar hann sat í

ríkisstjórn né þegar hann hefur verið formaður fjvn. eða setið hér sem þm. Ég tek sem dæmi það (Gripið fram í.) já, það er alveg rétt. (**PJ:** Hæstv. fjmrh., ég hef nú hingað til skrifað mínar ræður sjálfur.) Já, það er alveg rétt, ég dreg ekkert í efa að þm. hafi skrifað ræðuna sjálfur. Ég var eingöngu að vekja athygli á því að þessi utandagskrárumræða var fyrsta ósk forustu Sjálfstfl. um hvað yrði hér tekið fyrir og mér fundust mótsagnirnar milli þeirra orða sem féllu nú hjá hv. þm. Pálma Jónssyni og hans verka áður vera slíkar að það gat ekki verið að hann sæi ekki sjálfur ósamkvæmnina þar á milli.

Hér hefur t.d. verið mikið gert úr því að það komu til starfa pólitískir aðstoðarmenn í ráðuneytum án þess að slíkt hafi verið ákveðið fyrir fram með lögum. Ef ég man rétt, hv. þm. Pálmi Jónsson, þá varð staða efnahagsráðunautar ríkisstjórnar til í þeirri ríkisstjórn þar sem hv. þm. Pálmi Jónsson var ráðherra, ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, og var ákveðin af forsrh. og sett upp án þess að nokkuð hefði verið um það mál eða þá breytingu fjallað á Alþingi. Og ég heyrði ekki að við það væru gerðar neinar sérstakar athugasemdir, hvorki af hv. ráðherra Pálma Jónssyni sem þá sat í þeirri ríkisstjórn né hv. þingheimi eða öðrum. Það var talið sjálfsagt mál að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens gæti sett upp þennan starfsvettvang inni í forsrn. án þess að uppfylla þau skilyrði sem nú eru allt í einu talin slík að ef það er ekki gert þá sé það siðleysi og lögbrot.

Ég vil líka vekja athygli hv. þm. á því að fjárveitingar til þeirra starfsmanna t.d. í mínu ráðuneyti, sem hann hefur hér gert að umtalsefni, hafa verið samþykktar á hv. Alþingi í fjárlögum sem gilda fyrir þetta ár. Ég hef ekki tekið neinn mann inn í fjmrn. án þess að fjárveitingar hafi áður legið fyrir í fjárlögum fyrir gildandi ár. Ég tek sem dæmi að upplýsingafulltrúinn starfaði nánast frá 1987 og fram á fyrstu mánuði þessa árs. Það var þess vegna í fjárlagafrv. fyrir þetta ár ætlað fyrir þeim starfskrafti eins og áður. Og auðvitað er það þannig eins og þeir þekkja að í fjárlögum fyrir hvert ár eru ákveðnar fjárveitingar til fjölmargra starfssviða innan ráðuneyta og í ríkisstofnunum. Þess vegna hefur Alþingi með samþykkt fjárlaga staðfest þessa ráðstöfun fjármuna og ávísað á áframhaldandi ráðstöfun fjármuna með þessum hætti.

Ég vil líka vekja athygli á því, af því að hér hefur mikið verið rætt um svokölluð lögbrot, að í 1. gr. laga um eftirlit með ráðningu starfsmanna ríkisins stendur: „Óheimilt er að fjölga föstum starfsmönnum í þjónustu ríkisins". Enginn af þeim mönnum sem hér hefur verið fjallað um sérstaklega af hálfu þm. Sjálfstfl. eru fastir starfsmenn ríkisins, ekki nokkur þeirra. Þeir eru allir ráðnir með tímabundnum hætti og einkum og sér í lagi sá sem hér hefur nú oftast verið nefndur og er sérstakur aðstoðarmaður þingflokksins Samtaka jafnréttis og félagshyggju. (**HBl:** Það er ekki þingflokkur.) Nei, ég hef þegar gert það að umtalsefni að hann er ekki lögformlega þingflokkur, það er alveg rétt, hv. þm. Halldór Blöndal. En eins og hér hefur komið fram og kemur fram í ráðningarsamningi viðkomandi manns er þar um tímabundna ráðningu að ræða og sá er munurinn á þeim upplýsingafulltrúa sem ég hef ráðið og þeim sem störfuðu þarna áður að það var ekki um tímabundna ráðningu að ræða. Það hefur þess vegna ekki verið framið neitt brot á þessum lögum þar sem kveðið er á um að um fastráðna starfsmenn sé að ræða og það breytir engu, (**Gripið fram í:** Hvað stendur í 2. gr.) já, já, það er alveg ljóst hvað stendur í 2. gr. vegna þess að 2. gr. á auðvitað við það sem verið er að tala um í 1. gr. eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson veit ósköp vel og það breytir þess vegna engu hve oft þm. Sjálfstfl. kjósa að endurtaka það hér í ræðustólnum að um eitthvert sérstakt lögbrot sé að ræða, um það er ekki að ræða. Ef aftur á móti hefði þarna verið ráðið fólk til fastra starfa inni í ráðuneytunum þá væri hægt að leggja umræðuna fyrir á þessum grundvelli sem hér hefur verið gert.

Ég tel þess vegna að það séu fjölmörg fordæmi innan Stjórnarráðs Íslands fyrir því sem hér er verið að hneykslast sérstaklega á, alveg á sama hátt og fordæmin fyrir aukafjárveitingunum eru áratuga hefð í Stjórnarráði Íslands. Ég fagna því hins vegar að hv. þm. Pálmi Jónsson er mér sammála um að þeirri hefð þurfi að breyta.

Ég vil þess vegna sérstaklega ítreka það að hér er ekki um fastbundnar stöður að ræða, hér er um tímabundnar ráðningar að ræða og þess vegna hafa engin lög verið brotin í þessu efni.

Og eins og hér hefur komið fram, og kýs ég nú að hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hv. þm. Geir Haarde geti hlýtt á mál mitt, þá hefur það komið fyrir að menn kjósa að fjármagna flokkspólitíska ráðgjöf af opinberu fé. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson upplýsti það hér að hann hefði ráðið Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstfl., og Björn Bjarnason, aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins, til þess að vera ráðgjafar sínir á leiðtogafundi NATO vegna þess að þeir væru fulltrúar Sjálfstfl. í Öryggismálanefnd. Öryggismálanefnd barst ekkert bréf um þetta verkefni. Það var ekki leitað til Öryggismálanefndar sem stofnunar um að veita ráðgjöf við þennan NATO-fund. Það var ekki óskað eftir því að framkvæmdastjóri Öryggismálanefndar sem er þó greinilega sérfróðasti maðurinn um þessi efni veitti þáverandi forsrh. ráðgjöf. Það var ekki óskað eftir því að formaður nefndarinnar veitti forsrh. þessa ráðgjöf. Í staðinn eru valdir flokkspólitískir fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni og ákveðið að þeir skuli ferðast á ríkisins kostnað til þess að veita forsrh. flokkspólitíska ráðgjöf. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en ég hlýddi á ræðu Þorsteins Pálssonar hér áðan að þessir tveir einstaklingar hefðu verið valdir út frá þessum flokkspólitísku hagsmunum. Ég hélt satt að segja að þeir hefðu kannski verið valdir vegna þess að þeir í sjálfu sér væru kunnáttumenn og nánir samstarfsmenn ráðherrans að öðru leyti en ekki vegna þess að þeir væru formlega flokkspólitískir fulltrúar í tiltekinni nefnd. Og það má auðvitað hafa mörg orð um það hvort það sé réttlætanlegt fyrir einstaka ráðherra að taka

flokkspólitíska fulltrúa hingað og þangað úr stjórnkerfinu og greiða síðan af ríkisfé ferðakostnað þeirra og önnur gjöld þó að þeim séu ekki greidd laun fyrir.

Á sama hátt má segja að hægt sé að gera við það margvíslegar athugasemdir að forsrh. kýs að fara út fyrir embættismannakerfið til þess að fá fulltrúa á löggjafarþinginu til þess að undirbúa embættislega ferð sína til Bandaríkjanna. Og af því að hv. þm. Þorsteinn Pálsson fór svona heilögum orðum um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þá er það væntanlega ekki í samræmi við slíkan aðskilnað að kjörnir fulltrúar á Alþingi séu valdir til þess að sinna embættislegum verkum í ráðuneytunum þó að ekki komi beinar launagreiðslur fyrir. Ég tók það hins vegar skýrt fram í minni ræðu að ég væri ekki að gagnrýna þetta. En ég tók hins vegar sem dæmi um það að í Stjórnarráði Íslands, m.a. í forsætisráðherratíð Sjálfstfl. og hef ég þó ekki framkvæmt neina sérstaka rannsókn á þessu embætti, það voru bara tvö dæmi sem ég mundi eftir sjálfur, það getur vel verið að þau hafi verið fleiri, ég hef ekki hugmynd um það, þá hafi það tíðkast að velja menn eftir flokkspólitískum hagsmunum og greiða síðan kostnaðinn vegna starfa þeirra úr sjóði ríkisins.

Ég ætla nú ekki að gera hér að umræðuefni á nýjan leik það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði um þennan aukafjárveitingalista sem ég lagði fram í fjvn. Ég er jafnundrandi eins og áður á því hvernig hann kýs að fara með það mál. Það er svona álíka eins og blaðagrein sem hv. þm. skrifaði hér í Morgunblaðið sl. vetur og hann veit að var ekki sannleikanum samkvæm um ákveðnar upplýsingar og annað í samskiptum fjmrh. og fjvn. Ég hef lýst yfir þeim vilja mínum að hafa mjög góð samskipti við fjvn. og leggja á hennar borð ýmis gögn nánast jafnóðum og þau hafa verið tilbúin. Og ég veit að hv. þm. viðurkennir það, vegna þess að það hefur oft komið fram af hans hálfu á þessum fundum, að það stendur ekki á mér eða fjmrn. undir minni stjórn að veita fjvn. upplýsingar. Það er svo allt annar handleggur hvort menn vilja láta á nákvæmlega sama degi það skjal sem lagt er fram á fundi fjvn. ganga beint til fjölmiðla eða hvort menn kjósa að hafa þar ítarlegri upplýsingar heldur en að öllu jöfnu eru taldar nægja þm. Og það er alrangt að það hafi verið mín afstaða að þessar ákvarðanir um aukafjárveitingar væru eitthvert sérstakt trúnaðarmál samkvæmt venjulegum skilningi þess orðs. Það sem ég sagði einfaldlega var að ef það væri vilji til þess að birta þær nú strax, þá teldi ég réttara að búa og ganga um þær með öðrum hætti.

Það er svo alveg ljóst í þessari umræðu að formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, og hv. þm. Pálmi Jónsson kveinka sér auðvitað mjög undan umræðunni um aukafjárveitingaferil Sjálfstfl. vegna þess að sá ferill varpar náttúrlega mjög skýru ljósi á það hvernig þessir herramenn hafa umgengist ríkisfjármálin á undanförnum árum. Ég mun hér leggja fram á Alþingi innan tíðar skýrslu um þróun ríkisfjármála, sérstaklega ríkisútgjalda, frá árinu 1983. Það verður skýrsla sem lýsir mjög vel hvernig ríkisútgjöldin fóru úr böndunum í ráðsmennskutíð Sjálfstfl. En við skulum geyma okkur þá umræðu þangað til að því kemur.

Hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson beindi hér til mín 2–3 spurningum. Það er mjög skiljanlegt að það hvarfli að nýjum þm. hér í salnum þegar þeir heyra þessar heilagleikaræður hv. þm. Pálma Jónssonar og Þorsteins Pálssonar að spyrja: Fyrir hvaða heimildir var Víðishúsið keypt? Fyrir hvaða heimildir var Mjólkursamsalan keypt? Hvað gerði þáv. formaður fjvn. þegar þessi kaup áttu sér stað? Fór hann upp utan dagskrár á Alþingi á fyrsta almennum umræðudegi þings til þess að spyrja um heimildir? Hvað gerði þáv. fjmrh. þegar það var gert? Það er ósköp eðlilegt að nýir þm. spyrji að því. Og hvað gerðu menn þegar framkvæmdirnar við flugstöðina voru í fullum gangi? Var þá leitað heimilda? Var þá farið til fjvn.? Var þá farið til Alþingis þegar þurfti að ljúka öllu vegna kosningahagsmuna Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi og landinu öllu? Og hvar voru fjárveitingaheimildirnar fyrir kosningaveislu Sjálfstfl. í flugstöðinni fyrir þingkosningarnar 1987? Hvar voru heimildirnar til að fara ekki bara tugi milljóna heldur hundruð milljóna fram úr heimildum sem Alþingi hafði veitt? Svo koma þessir menn hér og þykjast vera einhverjir sérstakir talsmenn nýrra siða í meðferð ríkisfjármála. Það væri fróðlegt að hv. þm. Pálmi Jónsson svaraði hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, hver var afstaða formanns fjvn. til kaupanna á Víðishúsinu? (**PJ:** Ég var á móti því.) En voru þau lögleg? (**PJ:** Það var samþykkt í fjvn.) Það var samþykkt í fjvn. (**PJ:** Ég var á móti því.) Á eftir eða áður? (**PJ:** Áður.) En formaður fjvn. á móti því? (**PJ:** Ég var ekki formaður fjvn.) En hafði fjvn. lagagildi í málinu? Var einhver heimildargrein í fjárlögum um að það ætti að samþykkja þetta jafnvel þó að fjvn. samþykkti? Nei, auðvitað ekki. (**PJ:** Það var almenn heimild.) Það var almenn heimild, já, akkúrat, svona almenn heimild takk. Það er mjög þægilegt að hafa svona almennar heimildir til að kaupa svona hin og þessi stórhýsi.

En auðvitað er það þannig að ferill Sjálfstfl. í þessum málum er með eindæmum og það er fyrst í tíð þessarar ríkisstjórnar sem er reynt með markvissum hætti að koma þeim siðum í framkvæmd að það dragi úr og verði að lokum útrýmt þeim siðvenjum sem hér hafa tíðkast í þessum efnum í gegnum árin. (**EKJ:** Var Jón Baldvin alveg ómögulegur?) Nei, hann var það ekki og eins og þær tölur sýna sem ég rakti hér áðan, þá hófust þær aðgerðir sem drógu verulega úr aukafjárveitingum í fjármálaráðherratíð hæstv. núv. utanrrh. (**EKJ:** Það misskildi núv. ríkisstjórn.) Já, það er efnislega rétt að það var fyrst í tíð núv. ríkisstjórnar sem var ákveðið að leggja fram fjáraukalög m.a. vegna þess að ég reikna með því að gamla kerfið sem Sjálfstfl. hefur stýrt hér í áratugi hafi haft svo sterka hagsmunagæslumenn innan þeirrar ríkisstjórnar að Sjálfstfl. hafði í raun og veru engan áhuga á nýjum siðum í þessum efnum. Hann vildi fá að hafa gamla lagið á þessu, enda er það ekki fyrr en Sjálfstfl. kemur í stjórnarandstöðu sem allt í einu vakna upp

þessir siðapostular Sjálfstfl. Meðan þeir höfðu völdin til að gera það, þá heyrðist ekki í þeim og munurinn á þeim og okkur er sá að við breytum þessu þegar við höfum völdin, en Sjálfstfl. talar bara um það þegar ekkert reynir á það hvort hann ætlar að framkvæma það.

Ég mun hins vegar leitast við að veita síðar nákvæm svör við þeim spurningum sem hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson bar hér fram um eðli kaupa Víðishússins á sínum tíma, um eðli kaupa Mjólkursamsölunnar á sínum tíma og um hvernig flugstöðvarbyggingin var rekin og reist umfram heimildir. Ég hef þær tölur ekki hér við hendina, en tel sjálfsagt að veita hv. þm. síðar þær upplýsingar.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson fór hér í ákveðinn reikning og vildi fá út úr því að þær aukafjárveitingar sem ákveðnar hafa verið á þessu ári hefðu verið meiri að magni heldur en aðrar á fyrri árum að meðaltali. Ég vil í þessu sambandi upplýsa það, og ég hafði ekki ástæðu til þess áðan, að af þeim rúmlega 800 millj. sem þarna um ræðir sem af er liðið þessu ári, þá eru tæplega 400 millj. vegna þriggja liða. Það er í fyrsta lagi endurgreiðsla söluskatts til útflutningsatvinnuveganna, það eru í öðru lagi niðurgreiðslur á orkuverði og það eru í þriðja lagi auknar greiðslur vegna ríkisábyrgða á launum sem fallið hafa vegna tíðra gjaldþrota. Þessir þrír liðir eru tæplega helmingur af öllum þeim fjármunum sem aukafjárveitingar þær sem af er þessa árs taka til.

Varðandi það sem stendur í 6. gr. fjárlagafrv. fyrir næsta ár og hv. þm. Pálmi Jónsson vék hér að varðandi sölu hluta húsnæðisins í Fannborg sem keypt var, þá stafar það af því, eins og ég vænti að ég hafi greint hér frá áðan en skal endurtaka, að ákveðið var í samskiptum ríkis og Kópavogsbæjar að ríkið keypti alla eignina en seldi síðan þann hlut sem Kópavogur ætlaði að kaupa handa Kópavogsbæ á árinu 1990. Þess vegna er leitað eftir formlegri heimild til þess að selja þennan hluta til Kópavogs sem ákveðið var í upphafi þegar frá samningunum var gengið að Kópavogur ætti að fá í sinn hlut.

Þessi umræða, virðulegi forseti, hefur á margan hátt verið fróðleg. Ég fagna því að Sjálfstfl. virðist í þessum ræðum hér ætla að ganga í lið með okkur siðabótamönnum í þessum efnum og vænti þess þá að ef og þegar að því kemur einhvern tíma eftir langa framtíð að Sjálfstfl. fari með forræði mála í Stjórnarráði Íslands, þá fylgi hann eftir þeirri siðabót sem við verðum búnir að koma á í sameiningu og brjóti hana ekki niður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er aðeins einn á mælendaskrá svo að forseti stendur frammi fyrir því að ákveða hvort eigi að freista þess að ljúka þessum fundi innan tíðar eða hvort fleiri kveðja sér hljóðs og við verðum þá að halda áfram í kvöld, þannig að ef einhverjir aðrir biðja um orðið nú á þessari stundu, þá held ég að forseti freisti þess að gefa þessum eina ræðumanni orðið og þrátt fyrir það þó við verðum hér eitthvað fram undir kl. 8 og gerum þá ráð fyrir að fundinum ljúki með því. — Það koma engar athugasemdir fram við þetta og tekur þá hv. 2. þm. Norðurl. e. til máls.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Þær skýringar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið eru að mörgu leyti ófullnægjandi og í einstökum atriðum rangar. Ég sé ástæðu til þess að leiðrétta eitt atriði. Hann gaf þá skýringu á því að svokallað Hekluhús á Akureyri hefði verið keypt að það hefði verið hugsað fyrir Háskólann á Akureyri. Nú er mér ekki alveg ljóst hvernig það hangir saman. Mér er hins vegar kunnugt um að það stendur ekki til að þetta hús verði tekið í notkun fyrir Háskólann á Akureyri, enda er það að heita ónýtt og það er fullkomlega rangt hjá hæstv. fjmrh. að önnur hús hafi ekki verið tiltæk á Akureyri sem standi auð og hefðu getað komið að notum fyrir Háskólann a.m.k. jafn vel og jafnfljótt og það hús sem hér um ræðir, Hekluhúsið á Akureyri. Sannleikurinn í málinu er sá að það var liður í ráðstöfunum ríkisvaldsins til þess að koma til hjálpar fyrirtækinu Álafoss að kaupa þessar eignir til þess að létta greiðsluerfiðleika þess fyrirtækis. Hekluhúsið er með öðrum orðum keypt til þess að létta undir með fyrirtækinu Álafossi. Það stendur í engu samhengi við Háskólann á Akureyri. Það fór fram athugun á því eftir að ríkissjóður hafði keypt húsið hvort það gæti hentað fyrir Háskólann. Þá kom í ljós að húsið var svo til ónýtt. Annar hluti þess er mjög hallandi eins og núv. ríkisstjórn öll. Ég veit að hæstv. fjmrh. skilur þessa líkingu vel.

Það væri á hinn bóginn fróðlegt að fá skýrslu um það líka hjá hæstv. fjmrh. hvernig er háttað kaupunum á þessu húsi, ef hann vill vera svo elskulegur að gefa mér sambærilegar upplýsingar og hann hyggst gefa hv. 16. þm. Reykv. sem hér kom með fyrirspurnir. Ég væri þakklátur fyrir það.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að víkja mjög að þessu. Upphrópanir hæstv. fjmrh. um flugstöðina eru gamalkunnar og ástæðulaust að svara þeim nú né öðru því sem fram hefur komið. Ég vil aðeins leiðrétta það sem rangt var með farið og láta í ljós þá skoðun að einstakir ráðherrar eigi að gefa Alþingi rétta skýringu á því ef um kaup á fasteignum er að ræða en ekki ranga.

NEÐRI DEILD

3. fundur, þriðjudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Þjóðhagsstofnun, 1. umr.

Frv. HG, 2. mál (upplýsingar eftir kjördæmum). — Þskj. 2.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir þingmáli sem tekið hefur verið á dagskrá, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

Það er lagt til í frv., sem er aðeins í tveimur greinum, að gildandi lögum um Þjóðhagsstofnun verði breytt þannig að á eftir 3. tölul. 2. gr. laganna, sem fjallar um verkefni Þjóðhagsstofnunar, komi nýr liður sem orðist þannig, þ.e. á eftir inngangínum „Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunar eru þessi":

„Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana."

Þetta er efnisgrein frv. og það er flutt hér öðru sinni. Frv. þetta var flutt á næstsíðasta þingi, 110. löggjafarþingi, og var þá vísað til fjh.- og viðskn. sem aflaði umsagna um frv. og til glöggvunar þingheimi eru þær umsagnir birtar sem fylgiskjal með frv. þar sem tvö þing eru síðan málið kom hér fyrir.

Þegar mál þetta var rætt hér í hv. Nd., en þá stóð að flutningi þess auk mín hæstv. núv. landbrh. Steingrímur J. Sigfússon, fékk málið góðar undirtektir hér í þingdeildinni. M.a. tók hv. 1. þm. Suðurl., þá hæstv. forsrh. ef ég man rétt eftir, jákvætt undir þetta mál og fleiri sem tjáðu sig um efni frv. En þar sem málið varð ekki útrætt hefur það nú verið flutt öðru sinni í von um að þingið taki á málinu og taki afstöðu til þess. Eins og fram kemur í frv. er ætlunin með því að fela Þjóðhagsstofnun að afla upplýsinga um ýmsar þýðingarmiklar þjóðhagsstærðir svæðisbundið, þ.e. eftir kjördæmum landsins og birta þær reglulega einu sinni á ári.

Áður en mál þetta var undirbúið á sínum tíma voru nokkrir hæstv. ráðherrar spurðir um nokkrar þjóðhagsstærðir, þar á meðal um skiptingu aflaverðmætis og útflutningsverðmætis sjávarafurða og gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum, svo og um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum. Svör sem þá voru fram reidd skriflega af hæstv. ráðherrum eru birt hér með frv. til glöggvunar. Það kom fram í þeim að ýmsu þyrfti að breyta til þess að unnt væri með skilmerkilegum hætti að reiða fram þær upplýsingar sem um var beðið. Þó liggja fyrir allljósar upplýsingar varðandi skiptingu aflaverðmætis eða verðmæti þess afla sem landað er svæðisbundið, en varðandi ýmsa aðra þætti er ekki staðið þannig að upplýsingaöflun að það sé að óbreyttu auðvelt að reiða þær fram, en svo yrði að sjálfsögðu að gera ef frv. yrði lögfest.

Í umsögnum um frv. kemur það fram, auk ýmissa jákvæðra umsagna sem bárust, m.a. frá landshlutasamtökum sveitarfélaga víða um landið, í umsögnum frá Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun, að breyta þurfi ýmsu varðandi upplýsingaöflun til þess að koma þeirri skráningu og færslu við sem frv. gerir ráð fyrir. Þessar stofnanir taka út af fyrir sig jákvætt undir það að gagnlegt væri að afla slíkra upplýsinga, þó að þær efist um nauðsyn þess að setja lög þar að lútandi og Þjóðhagsstofnun ræðir um það að það mætti gera tilraun til þess að afla þessara upplýsinga í eitt skipti. Mér er ekki kunnugt um að Þjóðhagsstofnun hafi unnið mikið að því efni síðan, en sjálfsagt er að afla vitneskju um það hvað gerst hefur á hennar vegum á þeim tíma sem liðinn er frá því að frv. fyrst var flutt. Það eru ekki andmæli neinna út af fyrir sig við að þetta verði lögleitt, að slíkra upplýsinga verði aflað, þó að nefndar stofnanir dragi í efa að það sé með því brýnasta í sambandi við skýrslugerð.

Það kemur einnig fram hjá Seðlabanka Íslands að hann telji vafasamt að fela Þjóðhagsstofnun það verkefni sem henni er ætlað hér varðandi gjaldeyrisöflun og út- og innlán innlánsstofnana. Vissulega skiptir það flm. þessa máls ekki máli hvort það er Þjóðhagsstofnun eða Seðlabankinn sem fengi það hlutverk. Ég hef hins vegar ekki séð ástæðu til þess að breyta tillgr., heldur tel eðlilegt að þingnefnd, hv. fjh.- og viðskn., fari ofan í þetta efni og leggi mat á það hvort eðlilegra sé að slík upplýsingaöflun varðandi þessa þætti færi fram hjá Seðlabankanum og yfirlit um hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu færi fram á vegum Þjóðhagsstofnunar. Það er fyrirkomulagsatriði sem ég hef ekki út af fyrir sig lagt neinn endanlegan dóm á þó að málið sé flutt hér í óbreyttu formi.

Ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að upplýsinga sé aflað um þessa þætti svæðisbundið, og þá miðað við kjördæmi landins, er sú að umræða um marga þætti mála, um þróun einstakra svæða, um skipulag og uppbyggingu atvinnulífs og annrra þátta, fer fram innan kjördæma landsins á vettvangi almannasamtaka sem þar starfa og það er að mínu mati þýðingarmikið að þessar upplýsingar liggi fyrir ekki síður en fyrir landið allt.

Þetta mál tengist einnig þeirri umræðu sem fram hefur farið um árabil varðandi héraðsstjórnir í landinu, hugsanlega skiptingu landsins í fylki, þar sem gert væri ráð fyrir verulegri sjálfsstjórn um innri málefni, þar á meðal ráðstöfun fjár, og til þess að það sé hægt með eðlilegum hætti þurfa upplýsingar að liggja fyrir varðandi þá þætti sem hér er gert ráð fyrir að aflað verði.

Umræðan um héraðastjórnir hefur enn ekki leitt til neinnar niðurstöðu en hún er rædd á vettvangi almannasamtaka og einnig á vettvangi stjórnmálaflokka og það hefur komið fram hjá stjórnmálaflokkunum að þeir hafi ekki lokið umræðu um þau efni. Ég lít svo til að málið sé enn þá til meðferðar í samfélaginu og ég hef mælt með því hér á Alþingi að slík héraðastjórn verði upp tekin og tel reyndar mjög þýðingarmikið að svo verði.

Hvað sem hins vegar verður um það efni hefur það gildi að þær upplýsingar sem hér er gert ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun afli liggi fyrir, m.a. í sambandi við margháttaða áætlunargerð, byggðaáætlanir og annað sem lýtur að þróun einstakra svæða.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að orðlengja þetta mál frekar. Þetta hefur komið hér fyrir þingið áður,

en ég vænti þess fastlega að jákvætt verði á málinu tekið og hv. fjh.- og viðskn. sem ég legg til að fái málið til meðferðar skili því aftur að athuguðu máli hér inn í hv. þingdeild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 7. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 7.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum. Flm. með mér eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Frv. er endurflutt, var flutt á síðasta þingi. Það var flutt við nokkuð sérkennilegar aðstæður, að næturlagi, og voru þrír eða fjórir þingmenn viðstaddir í deildinni. Ég sé ekki ástæðu til að breyta neinu í því sem ég sagði þá til skýringar á frv. og þeir fáu þingmenn sem voru þá viðstaddir og kunna að vera viðstaddir nú hafa ekkert illt af að heyra það aftur og hinir sem ekki voru viðstaddir hafa bara gott af að heyra það.

Við Íslendingar teljum okkar búa í velferðarþjóðfélagi og státum okkur af löggjöf sem tryggir hag þeirra sem minna mega sín, sjúkra, aldraðra og öryrkja. Og víst er það að reginmunur er á aðstöðu þeirra frá því sem var áður en almannatryggingum var komið á fót. Það má hins vegar lengi gera betur en vel, og sífellt eru að koma í ljós göt í þessu kerfi og jafnvel mismunun.

Þingkonur Kvennalistans hafa á undanförnum árum lagt fram fjölmörg mál til endurbóta á tryggingalöggjöfinni og í þeim umræðum hefur þessum málum yfirleitt verið tekið vel og þá vísað til þess að nú starfi nefnd að endurskoðun á almannatryggingalögum og að þessum málum sé best fyrir komið innan þeirrar endurskoðunar. Þessi títtnefnda endurskoðun hefur hins vegar staðið yfir á annan áratug að mér er sagt og það gerast ýmsir langeygir eftir verkalokum þessarar nefndar, ekki síst þeir sem hafa bundið vonir við að fá leiðréttingar eða úrbætur á kjörum sínum í kjölfar þessa starfs.

Lög um almannatryggingar sem nú eru í gildi kveða svo á að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur, allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við höfum kosið að binda þetta í lög.

Nú er það svo að fleiri en makar kunna að hafa tekið að sér umönnun elli- eða örorkulífeyrisþega, t.d. börn, tengdabörn, skyldmenni eða jafnvel vandalausir sem eru á sama heimili og sá sem umönnunarinnar nýtur. Við kvennalistakonur teljum eðlilegt að sá sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur ekki af þeim sökum stundað vinnu sér til framfæris hljóti einhverjar bætur vegna þess eða aðstoð og við kjósum að nefna þetta umönnunarbætur.

Sú stefna hefur að undanförnu rutt sér til rúms að rétt sé að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti aðhlynningar í heimahúsum svo lengi sem fært er og svo lengi sem þeir óska. Flestir una sér best og líður best á eigin heimili og í því umhverfi sem þeir hafa vanist.

Örorka fólks er af mismunandi orsökum og aðstaða þeirra sem annast þá er mjög breytileg. Nefna má dæmi um móður sem er bundin við gæslu á þrítugum geðsjúkum syni sínum. Hann er ekki „nógu veikur" til að fá inni á stofnun en þarf þó stöðuga gæslu. Hann hefur fullar örorkubætur og á þeim verða þau bæði að lifa því hún getur ekki stundað vinnu og er algerlega bundin við að gæta hans. Flestir ættu að geta skilið hvílík kjör þessu fólki eru búin og alls staðar er komið að luktum dyrum hjá því opinbera ef leitað er eftir stuðningi. Kerfið nær ekki til fólks sem lifir við slíkar aðstæður og það má nefna fleiri dæmi um það.

Það er kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð að vista einstakling á elliheimili eða sjúkrastofnun. Daggjald fyrir einstakling á elliheimili var 1. jan. 1989 1593 kr. og daggjald á hjúkrunarstofnun allt frá 2799 kr. þar sem það var lægst og 6353 kr. þar sem það var hæst. 1. jan. sl. voru 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu 22.030 kr. á mánuði eða um 735 kr. á dag. Af þessum tölum má sjá að þó að almannatryggingar greiddu aðstandendum slíka upphæð, þessi 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu, vegna umsjár einstaklings sem annars yrði að vera á stofnun, þá sparaðist ríkinu samt sem áður mikið fé. Oft og tíðum leggur fólk hart að sér við að hafa ellihruma eða farlama ættingja í heimahúsum. Við teljum sanngirnismál að hið opinbera komi til móts við þá og því höfum við lagt fram hér á hinu háa Alþingi frv. um að 13. gr. almannatryggingalaganna orðist svo:

„Maki eða annar heimilisfastur einstaklingur, sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað vinnu utan heimilis, á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu.

Sá sem annast hefur elli- eða örorkulífeyrisþega í a.m.k. fimm ár samfleytt getur við lát hans eða lok umönnunar öðlast rétt til lífeyris hliðstæðs ekkjulífeyri njóti hann ekki greiðslna frá lífeyrissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins og sé af einhverjum ástæðum ekki fær um að stunda vinnu utan heimilis.

Hafi einstaklingur ekki getað stundað vinnu vegna umönnunar elli- eða örorkulífeyrisþega samfleytt undanfarin fimm ár á hann rétt á styrk til starfs- eða endurmenntunar samkvæmt mati tryggingaráðs, í því skyni að fá atvinnu á ný til að framfleyta sér þegar umönnunarstarfi lýkur."

„Foreldraekkjur" nefna Norðmenn uppkomið fólk sem hefur búið heima og hugsað um sjúka eða fatlaða foreldra eða foreldri sem ekki getur komist af án

hjálpar. Yfirleitt eru þetta konur. Við lát foreldris eða umönnunarlok af öðrum ástæðum, svo sem vistunar á sjúkrastofnun, er þetta fólk tíðum mjög illa sett í lífsbaráttunni. Algengt er til sveita að þessar „foreldraekkjur" sitji á jörð sem hefur lítinn sem engan fullvirðisrétt og er því verðlítil eða verðlaus eign og jafnvel komin í niðurníðslu. Yfirleitt eru þetta fullorðnar konur og ógiftar og ekki færar um að reka búskap án aðstoðar. Þær hafa oftar en ekki einangrast inni á heimilinu við einhæf störf og treysta sér ekki út á almennan vinnumarkað vegna ókunnugleika á launuðum störfum en eru ekki komnar á ellilífeyrisaldur og heilsu þeirra kannski ekki heldur þannig háttað að þær hafi örorkustyrk. En þær lenda milli stafs og hurðar í kerfinu þrátt fyrir að þær með umönnunarstörfum sínum hafi án efa sparað ríkinu stórfé. Þessu frumvarpi er ætlað að rétta hlut þessara einstaklinga og veita störfum þeirra viðurkenningu.

Ákvæði um styrki til starfs- eða endurmenntunar til handa þeim sem langtímum saman hafa verið bundnir innan heimilis við umönnun sjúkra, aldraðra eða öryrkja eru til að auðvelda þeim að framfleyta sér af eigin rammleik. Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við norsk tryggingalög og tekið mið af því hvernig þar er staðið að bótum til þeirra sem frumvarpinu er ætlað að ná til.

Ég hef þessi orð ekki fleiri að sinni en að lokinni umræðu, herra forseti, vil ég mælast til að þessu frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Mál það sem hér er hreyft hefur verið til umræðu að undanförnu í þeirri nefnd sem nú vinnur að endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni. Fyrir nokkrum árum síðan var lögum um almannatryggingar breytt þannig að greiða mætti maka elli- og örorkulífeyrisþega bætur sem næmu allt að 80% grunnlífeyris og tekjutryggingar, þ.e. upphæð sú sem greidd var var hækkuð verulega, hafði, ef ég man rétt, fyrir þá breytingu verið aðeins 20% en var hækkuð í 80%, en var eftir sem áður bundin við maka. Hér er lagt til að fleiri aðilar sem annast elli- og örorkulífeyrisþega geti einnig fengið hliðstæðar greiðslur eins og tryggingalöggjöfin gerir nú ráð fyrir til maka. Ég vil láta það koma hér fram að í þeim tillögum, sem nú liggja fyrir varðandi þessa endurskoðun, sem ég nefndi áðan og hef reyndar stundum áður nefnt héðan úr þessum ræðustóli, hefur verið rætt um það að víkka þessa heimild þannig að hún nái til annarra einstaklinga einnig sem á heimilinu hafa tekið að sér það hlutverk að annast elli- eða örorkulífeyrisþega eins og hér er kveðið á um.

Ég geri mér von um að frv. að nýjum lögum um almannatryggingar líti dagsins ljós mjög fljótlega og áður en langt um líður verði hægt að leggja það fyrir Alþingi svo það komi til umfjöllunar hér í vetur. Ég tel reyndar að þá muni það samrýmast mjög vel að skoða þetta frv. í tengslum við þá endurskoðun. Ég hef auðvitað stundum fengið að heyra það áður frá hv. þm. að þeir efuðust um það að við næðum því að koma þessari endurskoðun svo langt. Það hefur stundum áður verið lagt í það verk að endurskoða almannatryggingalöggjöfina án þess að það næði alla leið inn á þing, en okkur virðist sem það sé svo langt komið að líkur séu á að það muni takast á næstu vikum.

Hvað varðar svo aftur önnur atriði í 1. gr. þessa frv. sem hér er til umræðu, þá vil ég segja það um ákvæði í 3. mgr. sem fjalla um styrk til starfs- eða endurmenntunar að mér finnst vera nokkur spurning hvort það eigi heima í tryggingalöggjöfinni. Ég skil auðvitað og get tekið undir rök hv. 1. flm. um nauðsyn þess að veita fólki stuðning til þess að endurhæfa sig eða endurmennta eftir það að hafa fengist við ákveðin störf og þurfa síðan að skipta um starf, en þetta á auðvitað við í fleiri tilfellum en þessu og verður þá að skoðast frekar almennt heldur en að það eigi erindi inn í löggjöf um almannatryggingar. Ég lýsi sem sagt efasemdum mínum um að það sé rétt þó ég sé ekki þar með að gera lítið úr nauðsyn þess að fólk eigi einhverja möguleika á að fá stuðning við endurmenntun.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, þannig að mönnum væri ljóst að þetta atriði, sem er kannski aðalmál greinarinnar eða a.m.k. það sem skiptir máli og á virkilega heima inni í almannatryggingalöggjöfinni og kemur fram í 1. mgr. 1. gr., er til umræðu nú þegar í þeirri nefnd sem fjallar um endurskoðun á tryggingalöggjöfinni og jafnframt það að ég vonast til þess að frv. um ný almannatryggingalög komi hér fram á þinginu von bráðar.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. er nú flutt hér öðru sinni eins og fram kom í máli 1. flm. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir að ég styð heils hugar þessa breytingu á 13. gr. laganna og hefði gjarnan viljað að þetta frv. hefði verið afgreitt á síðasta þingi.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. boðar hér flutning á frv. um endurskoðun almannatryggingalaga og mér skildist á honum að honum hafi nú fundist sú endurskoðun hafa gengið okkuð seint, en það eru kannski fleiri ekkert mjög langt frá honum sem hafa líka orðið fyrir vonbrigðum með seinaganginn á heildarendurskoðun almannatryggingalaga. Alþingi og báðar þingdeildir hafa sýnt það í fleiri en eitt skipti á þessum tíma að deildirnar hafa ekki viljað bíða eftir heildarendurskoðun tryggingalaganna og hafa því afgreitt einstök mál um breytingar á lögum um almannatryggingar. Í öllum tilfellum held ég að mér sé óhætt að fullyrða að þær breytingar hafi verið mjög þarfar því að engin löggjöf er svo fullkomin að það megi ekki endurskoða hana eða einstök ákvæði hennar að fenginni reynslu og það hefur Alþingi gert í þessum tilfellum.

Ég tel því að það þurfi ekki að bíða eftir heildarendurskoðun og sjá til hvað einhverjir vísir menn leggja til. Mér finnst að flm. þessa frv. hafi allt til síns máls að gera þessar breytingar á almannatrygginga-

löggjöfinni. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra varðandi síðustu mgr. 1. gr. að auðvitað má um það deila hvort viðkomandi einstaklingur eigi að hafa rétt á styrk til starfs eða endurmenntunar, en það er sett undir mat tryggingaráðs.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt hjá flm. þessa frv. að þetta sé gert með þessum hætti og ég er ekki sannfærður um það að samþykkt þessa frv. auki útgjöld ríkissjóðs eða almannatryggingakerfisins. Hún flytur til aftur í þessu kerfi. Það getur verið og það er alveg vafalaust búið þannig að fólki sem annast umönnun þessara sjúklinga að það fær nú engar bætur. Mér finnst að það eigi ekki að níðast á því fólki sem vill hafa vandamenn sína heima og fórnar miklu. En með samþykkt þessa frv. getur það orðið hvati fyrir aðra að annast þessa sjúklinga, fólk sem nú af fjárhagslegum ástæðum getur það ekki og þá er það mikill sparnaður fyrir almannatryggingakerfið og ríkissjóð ef hægt er að minnka ásókn á hinar ýmsu stofnanir þar sem þessi kostnaður er margfalt meiri eins og fram kemur í greinargerð með frv.

Herra forseti. Ég vildi aðeins með þessum orðum lýsa yfir stuðningi mínum við frv. og ég vona að hv. nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar auðnist að afgreiða það en liggi ekki á því eins og gert var á síðasta þingi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessa frv. fyrir það að flytja það aftur hér inn á Alþingi því að hér er hreyft við máli sem hefur mikla þýðingu og það að því er fleiri varðar heldur en þann hóp sem hér er sérstaklega um getið. Hér erum við að tala um hið mikilvæga fórnarstarf sem oft á tíðum er innt af hendi á heimilum til þess að annast sjúka og aldraða og hið mikla þjóðhagslega hlutverk sem þeir sem slíku sinna gegna. Ég er því mjög sammála um að svo beri að standa að þóknun til þessa umönnunarfólks sem hér er stungið upp á í fyrri grein þessa frv. að þar stofnist réttur til bóta undir vissum kringumstæðum þegar hinn heimavinnandi afstýrir því með vinnu sinni að til komi þörf á stofnanavist sem annars hefði orðið nauðsynleg, er enda oft á tíðum mjög illfáanleg. Það segir sig sjálft hve mikilvægt það er að á margan hátt, bæði vegna hins aldraða sjálfs eins og sér og svo þjóðfélagsins í heild, að þessi heimavinna verði til þess að aldraður einstaklingur geti sem lengst verið í sínu eigin gamla umhverfi.

Að þessu atriði er vikið að því er varðar ýmsa hópa í málefnatillögum Sjálfstfl. Ég vil gjarnan minna á að í umfjöllun Sjálfstfl. um landbúnaðarmál nú á dögunum á landsfundi sem nýlega var haldinn, þar gerum við einmitt ráð fyrir því að sérstakur lífeyrir geri fólki sem landbúnaðarstörf stundar kleift að vera sem lengst í sínu eigin umhverfi þó að það geti ekki lengur stundað þau erfiðu störf. Þess vegna var það að mér þótti sú hugsun falla saman við það sem hv. 1. flm. minntist á þegar hún benti á að það væru oftast nær konur sem sinntu umönnun aldraðra og sjúkra úti um landið og oft á tíðum á jörðum sem lítinn landbúnað bæru. Það getur vissulega verið skynsamlegt að veita sérstakan lífeyri til þess að það fólk geti verið áfram í sínum gömlu heimkynnum í stað þess að flytjast burt um langan veg frá heimili sínu til þess að dveljast á stofnunum annars staðar.

Ég vil taka það fram að ég er sammála hæstv. ráðherra um 3. mgr. fyrri greinar frv. Ég tel það ekki einsýnt að tryggingarnar ættu að greiða endurmenntunarkostnað fullfrískra einstaklinga. Ég tel það vera verkefni sem er sinnt annars staðar í þjóðfélaginu. Hins vegar snertir þetta mál miklu víðara svið. Þetta snertir þá aðstöðu fólks, sem hefur um langan aldur stundað heimilisstörf og umönnunarstörf á heimilum, þá aðstöðu sem það fólk hefur til þess að hasla sér völl úti á hinum almenna vinnumarkaði. Og það er svo að enn þá er sú mikla reynsla, sem slíkt fólk hefur — þaulreyndar húsmæður og margþjálfaðir umönnunarmenn eða konur, þeir sem hafa mikla þjálfun í að hjúkra sjúkum og annast á heimilum þá sem ekki geta bjargað sér sjálfir — þessi mikla reynsla er lítils metin þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Og við höfum oftsinnis samþykkt um það tillögur hér á Alþingi að fela ríkisstjórninni í samráði við aðila vinnumarkaðarins að koma því svo fyrir að þessi störf verði metin til launaflokkahækkunar úti á vinnumarkaðinum, þessi mikilvæga reynsla sem hér er um að ræða. Ég tel að þetta sé atriði sem þurfi ekki síður að hafa í huga en endurmenntun til annars konar starfa. Þarna er þekking og reynsla fyrir hendi sem er mjög mikils virði. Það sem máli skiptir er að hún verði metin til fulls þegar út á annan starfsvettvang kemur. Á þessu vildi ég nú sérstaklega vekja athygli og ég hygg að við gætum e.t.v. tekið það sérstaklega fyrir í nefndinni hvort komið gætu til skjalanna fleiri aðilar þarna en þeir sem hv. flm. stinga upp á.

Meginefni frv. er ég hins vegar innilega samþykk og tel það vera hið mesta þjóðþrifamál, og ég vonast til þess að það verði inni í hinu nýja frv. sem hæstv. ráðherra hefur hér minnst á og verði einn af þeim jákvæðu hlutum sem þar verða inni. Það skaðar ekki þó að ég fái að nefna það í leiðinni að ég vonast til þess að hæstv. ráðherra hafi fallið frá þeim furðulegu hugmyndum sínum að fara að hafa svokallaða tekjuviðmiðun í öllum lífeyri almannatrygginga. Það er ekki langt síðan það kom fram í fjölmiðlum af hálfu fleiri en eins ráðherra. M.a. sagði hæstv. fjmrh. það í fjölmiðlum að það væri ekki einungis rangt heldur ósiðlegt að greiða grunnlífeyri úr almannatryggingum til þeirra sem hefðu góðar tekjur og tiltekin tekjumörk voru raunar nefnd.

Ef hæstv. ríkisstjórn er enn þá þessarar skoðunar vonast ég til að hún skipti um skoðun áður en þetta frv. verður lagt fram því að ella stendur þessi hæstv. ríkisstjórn, sem stundum kallar sig ríkisstjórn félagshyggju, uppi sem sú ríkisstjórn sem afnam eitthvert stærsta framfaraspor í félagslegu öryggi sem stigið hefur verið á okkar landi, en það var einmitt þegar almannatryggingar fóru fyrst að standa undir nafni á þann hátt að það var ekki lengur nein ölmusa að fá greiðslu úr almannatryggingum, heldur réttur sem

menn höfðu keypt sér fyrir hluta af andvirði síns eigin vinnuframlags. Og það er þetta sem er ósiðlegt í þessu máli, ef mönnum dettur í hug að afnema þennan rétt. Það er spor aftur til fortíðarinnar og það er ekki verið að taka upp neitt sem setur fagran svip á fortíðina eða söguna. Þar er verið að hverfa aftur til þeirrar forneskju sem gerði fólk að bónbjargamönnum. Almannatryggingarnar eiga að koma í veg fyrir það og almannatryggingarnar eiga að standa undir greiðslum við viss atvik í lífi manna sem eru þannig að allir sem keypt hafa sér þann rétt til að fá greiðslur þegar viss atvik ber að höndum fái þær án þess að verið sé að setja þann hinn sama á vogarskálar stjórnvalda.

Ég gat ekki stillt mig um, herra forseti, að minnast á þetta atriði líka því að það hefur ekki lítil áhrif á framkvæmd þeirrar hugmyndar sem nefnd er í þessu frv. Sá sem er sjúkur og örvasa getur alveg eins verið sá sem haft hefur og jafnvel hefur góðar tekjur, eignatekjur eða lífeyristekjur, en hann er allt að einu mikillar hjálpar þurfi. Hér getur því sannarlega átt í hlut sá hópur sem frv. fjallar um.

Ég vonast þess vegna til að í því frv. sem hæstv. ráðherra hefur hér minnst á verði einungis stigin framfaraspor, en þar verði ekkert spor stigið sem getur rifið niður það velferðarþjóðfélag sem við höfum verið að byggja upp og sett stolt okkar í.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa mælt stuðningsorð við þetta frv. og þessa hugmynd. Það gladdi mig að heyra í máli hæstv. ráðherra að við megum nú vænta þess að fara að sjá þessa endursköpuðu tryggingalöggjöf og þá vonandi betri og bættari frá því sem áður var.

Það er eitt og annað sem mig langar aðeins að minnast á í sambandi við það sem hefur komið fram í máli þeirra sem hafa talað. Það er t.d. í sambandi við það fólk sem fer út á vinnumarkað eftir að hafa verið lengi inni á heimili. Það er sums staðar tekið tillit til starfsreynslu þessa fólks, en þó að kona hafi verið húsmóðir í 30 ár er hennar vinnuframlag hvergi metið til hærri starfsreynslu en sex ára og sums staðar ekki svo hátt og þá eru eingöngu metnir verklegir þættir hennar starfa. Atriði eins og frumkvæði, sjálfstæði í ákvörðunum, ábyrgð á fjármálum, þessir þættir sem úti á vinnumarkaðinum eru yfirleitt metnir hæst til starfsreynslu eru ekki metnir hjá húsmæðrum. Þó að þær hafi í rauninni stjórnað fyrirtæki um árabil, því að hvað er heimili annað en fyrirtæki í rekstri, þá er hvergi tekið tillit til þess.

Hæstv. ráðherra minntist aldrei á 2. gr. frv., eða ég tók a.m.k. ekki eftir því, sem fjallar um að fólk geti áunnið sér lífeyrisrétt með umönnunarstörfum. Ég vildi mega vita hvers má vænta í því og hvort ekki verður tekið á því í þessari endurskoðun því mér finnst töluvert mikið atriði að það geti orðið. Og við skulum ekki gleyma í sambandi við þetta fólk sem tekur að sér að annast sjúka eða ellihruma inni á heimili að oft og tíðum á það ekkert val í þessum efnum vegna þess að stofnanir eru ofsetnar og það er ekki hægt að koma þessu lasburða fólki inn á þær þó jafnvel bæði það og aðstandendur vildu það en svo er þó raunar ekki alltaf. Venjulega kýs fólk heldur að vera heima á meðan það getur og aðstandendur leggja oft mjög hart að sér til að verða við þeim óskum, hrekja það ekki burt af heimili sem það hefur kannski átt heima á áratugum saman. Þetta er hreint mannúðarsjónarmið.

Ég hef ekki trú á að þetta verði mikill kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, bæði vegna þess að þetta fólk hefur sparað stofnanagjöld og í öðru lagi að ef þetta fólk fær einhvern styrk eða hjálp til að leita sér menntunar verður það sjálft ekki styrkþegar þegar fram í sækir. Það er rétt að taka mið af því líka.

Ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hafa talað hér og ég vænti þess að kannski verði hægt að koma fram frekari breytingum í þessa veru í nýrri löggjöf. En ég vildi þó í lokin aðeins minnast á það þegar talað er um að starfs- eða endurmenntunarstyrkur eigi ekki heima í tryggingalöggjöf að Norðmenn telja slíka styrki vissulega eiga heima þar og ég sé ekki að mannfólkið í Noregi og á Íslandi sé svo mjög ólíkt að það eigi ekki heima undir sams konar stofnunum hvernig sem því er komið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Hafi það ekki komið nægilega skýrt fram í máli mínu í upphafi að ég er út af fyrir sig fylgjandi þessari 1. mgr. hér í fyrri gr. frv. og efnisatriðum hennar skal það áréttað, og ég ítreka það að mér er kunnugt um að hliðstæð ákvæði eru nú þegar inni í hugmyndum margumræddrar endurskoðunarnefndar almannatryggingalöggjafarinnar. Og ég get þá út af fyrir sig líka tekið undir það með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að það er auðvitað ástæðulaust, ef menn eru almennt sammála um efni þessarar málsgreinar, að afgreiðslu hennar sé frestað til lengri tíma ef við værum ekki að vonast til þess, ákveðið, að þessi endurskoðun geti farið fram í vetur og það er það sem ég vil undirstrika. Ég held að ég hafi ekki gefið yfirlýsingar um það á síðasta þingi að líklegt væri að við næðum þessari endurskoðun inn á þing þá þó svo að ég hafi ítrekað sagt frá því að þessi vinna væri í gangi og ég vonaðist til þess að við sæjum fyrr en seinna fyrir endann á því. Ég tel mig hins vegar geta sagt það með nokkurri vissu nú að þessari endurskoðun sé að ljúka og við megum eiga von á frv. til nýrrar almannatryggingalöggjafar hér inn á þetta þing sem er nýtekið til starfa. Þess vegna finnst mér eðlilegt að þetta mál í heild sinni komi til skoðunar þegar það frv. kemur hér fyrir þing og fyrir nefnd.

Varðandi 2. mgr. er það rétt hjá hv. 1. flm. að ég nefndi hana ekki sérstaklega áðan og mér finnst að þetta sé mál sem verði bara að koma til skoðunar í nefndinni og þegar málið er allt til athugunar. Ég vil ekki tjá mig sérstaklega um það á þessu stigi öðruvísi en hafa gefið mér betri tíma til þess að kanna hvað þar liggur að baki og auðvitað má kannski benda á

það líka, þó að mér sé ekki alveg ljóst hversu nákvæmlega það tengist hugmyndinni sem þarna er hreyft, að því betur eru það nú færri og færri einstaklingar sem ekki eiga rétt á greiðslum úr lífeyrissjóði þegar að því kemur, en það er ekki víst að það eigi alveg samleið með þessari hugmynd sem hér er sett fram.

Aðeins örfá orð varðandi tekjutengingu grunnlífeyris án þess að ég ætli þó að taka það inn í umræðuna hér nú. Það verður ábyggilega tími til þess að ræða það síðar. En þar sem það var nefnt hér í ræðustóli áðan vil ég segja það við hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur að mér finnst það út af fyrir sig ekkert tilefni til að tala um ölmusu þótt menn velti fyrir sér hvort ástæða sé til að greiða þeim sem hefur verulegar tekjur úti í þjóðfélaginu, annaðhvort launatekjur, þó aldraður sé orðinn, eða tekjur af eignum, hinn almenna 10 þús. kr. grunnlífeyri. Ég virði auðvitað þá stefnu og þá hugsun í almannatryggingalöggjöfinni á sínum tíma að veita mönnum lífeyri til elliáranna. Það var auðvitað meginmarkmiðið. Nú hefur hins vegar margt breyst á þeim tíma sem liðinn er síðan það var ákveðið og við vitum um aldraða einstaklinga sem hafa verulegar tekjur. Þá er ég að tala um það án þess að vilja þó skilgreina nánar hvað „verulegar tekjur" eru, það er nú kannski alltaf teygjanlegt, en þá erum við samt að tala um háar upphæðir. Ég fullyrði að ég er þá ekki að tala um 50, 60, 70 þús. kr. laun. Ég er að tala um hærri laun en það og að tryggingalöggjöfin eigi fyrst og fremst að vernda þá sem þurfa virkilega á aðstoð samfélagsins að halda en ekki að vera kerfi til þess að menn geti keypt sér slíkan rétt til elliáranna hvernig svo sem aðstæður þeirra kunna þá að verða. Í því sambandi höfum við komið upp öðru formi sem eru lífeyrissjóðirnir og mér finnst að við eigum ekki að blanda því saman. Auðvitað ætti að endurskoða lífeyrissjóðamálin öll í heild sinni og það væri kannski verðugt að reyna að tengja það endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni því að auðvitað eru vissir þættir þessarar löggjafar og lífeyrissjóðamálanna skyldir og ættu þess vegna að koma hér til skoðunar í þingi samhliða. Það er hins vegar flókið mál og heyrir reyndar ekki undir heilbr.- og trmrh. að fylgja því eftir sérstaklega, heldur tilheyrir það fjmrn. og væri þá í verkahring fjmrh. að taka upp þá umfjöllun hér í þingi sem er án efa fyllilega tímabær.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það var um þetta síðasta atriði, um tekjutengingu grunnlífeyris. Menn geta auðvitað haft þau sjónarmið að sá sem hefur verulegar tekjur eigi ekki til viðbótar að fá úr opinberum sjóðum upphæð sem svarar grunnlífeyri almannatrygginga. Þeir hinir sömu hljóta þá að verða að gera sér ljóst að með því er verið að segja að það sé eðlilegt að leggja þyngri skatt á þann hóp borgaranna sem er 67 ára og eldri vegna aldursins eins. Þetta þýðir í raun og veru það. Þetta þýðir í raun og veru það að áætlanir sem menn hafa getað gert um framtíð sína standast ekki að þessu leyti vegna þess að það sem áður var lögum samkvæmt hluti af tekjum þeirra yrði það ekki lengur. Með öðrum orðum, það verkar eins og um viðbótarskattlagningu væri að ræða. Ég skil ekki þá velferðarhugsun sem felst í því að menn telji að aldraðir séu einhver sérstök auðsuppspretta fyrir ríkissjóð umfram aðra borgara þjóðfélagsins. Þetta er hugsun sem ég tel afar varhugaverða, en ef við setjum hlutina upp frá þessu sjónarhorni og með þessum formerkjum, að við séum að skoða tekjur þjóðfélagsborgaranna og hinna ýmsu aldursflokka í heild, og ef við hugsum okkur að afnema það sem hefur verið lögbundinn hluti af tekjum sem menn vissulega hafa keypt sér rétt til, ef það sem hefur verið lögbundinn hluti af tekjum viss aldurshóps er afnumið, þá er það sama sem skattlagning. Það er sama sem skattlagning. Og það er þetta sem mér þykir siðferðilega rangt í þessari hugsun.

Röksemdir mínar hefði verið auðveldara að setja fram hér á árum áður þegar tryggingaiðgjaldið, iðgjaldið til almannatrygginga, var afmarkað frá öðrum gjöldum til hins opinbera. Þá settu menn ósjálfrátt í beinna samhengi það gjald og svo aftur á móti þau framlög sem menn eignuðust rétt til úr tryggingakerfinu. Þegar það var svo ákveðið með lögum að afnema hið sérstaka tryggingaiðgjald, þ.e. að hætta að innheimta það sérstaklega, heldur að það væri sameinað öðrum gjöldum til hins opinbera, þá var ekki þar með sagt að það ætti að hætta að líta svo á að menn keyptu sér þennan rétt, heldur var einungis sagt: Þetta er aðeins til að einfalda innheimtu, til að gera skriffinnskuna minni og auðvitað verður réttarstaða manna svipuð og þróast með svipuðum hætti og ella hefði orðið.

Ég hef smátt og smátt komist á þá skoðun að þetta hafi verið rangt. Ég held að það líði að því að við þurfum að taka upp hið sérgreinda tryggingaiðgjald á nýjan leik þó svo að það iðgjald hafi ekki staðið undir útgjöldum tryggingana að fullu, heldur vissu menn hve mikill hluti útgjaldanna var greiddur með tryggingaiðgjöldunum. Þess vegna held ég að vitund manna um það hvað verið er að kaupa verði í raun og veru sterkari, menn geri sér betur grein fyrir samhenginu þarna á milli, að menn eru ekki að þiggja eitthvað af ríkissjóði þegar þeir fá tryggingabætur heldur eru menn að sækja rétt sinn sem þeir eignast þegar tiltekin atvik ber að höndum eða aldur færist yfir.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það sem gefur mér tilefni til að fara í ræðustólinn eru orð hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi almannatryggingalögin sem eru utan við verksvið þessa frv. sem hér er til umræðu. Ég vil í tilefni af því segja það að ég tel alrangt og það sé ráðist á grundvallarkenningu almannatryggingalaga með því að afnema með lagaboði elligrunnlífeyrinn sem menn hafa verið að vinna sér inn á langri ævi. Þegar þessi ákvæði voru tekin upp þá var það gert í því augnamiði að hér væri fyrst og fremst verið að breyta yfir í algjört

tryggingakerfi þar sem menn væru jafnir til að fá þennan grunnlífeyri án tillits til tekna þeirra á hverjum tíma.

Ef ég man rétt þá voru iðgjöldin til almannatrygginga ákveðin ⅓ af heildartekjum þeirra. Sveitarfélögin greiddu annað eins og ríkið greiddi helming á móti. Með öðrum orðum var látið í veðri vaka og því alveg skýrt og skorinort haldið fram að hér væri um iðgjaldagreiðslur að ræða sem menn ættu að njóta þegar þeir væru komnir á tiltekinn aldur eða þeir yrðu fyrir varanlegri örorku. Við þessa grundvallarstefnu á að standa að mínum dómi. Og að tala um það að afnema grunnlífeyrinn á ákveðna einstaklinga ef þeir hafa einhverjar tekjur sem stjórnvöld ætla að meta er alrangt. Það er komið aftan að fólki í þeim efnum.

Og nú spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Ef hann ætlar að beita sér fyrir slíku afnámi á grunnellilífeyrinum á þá ekki að gera neinar breytingar á öllum sjúkragreiðslum þeirra sem eru yngri en 67 ára? Mega menn þar hafa ótakmarkaðar tekjur? Ef þeir fara inn á sjúkrahús eða þurfa að njóta bóta almannatryggingakerfisins, þá eiga þeir að hafa sitt á þurru, en ef þeir eru orðnir 67 ára eða eldri, þá á að skerða rétt þeirra. Og nú spyr ég enn hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er þetta réttlætið sem félagshyggjuríkisstjórnin ætlar að framkvæma? Nú fer mér ekki að lítast á blikuna. Nú held ég að þessir herrar séu að fara inn á ákaflega hæpna braut.

Á sínum tíma átti ríkissjóður í erfiðleikum, og Alþingi, að koma saman fjárlögum. Þá datt mér í hug sú ósvífni sem heilbr.- og trmrh. að þeir sem legðust inn á sjúkrahús greiddu svona rúmlega fæðiskostnað í 10 daga. Þá var það kallaður sjúklingaskattur af mörgum þeirra sem nú eiga sæti í ríkisstjórninni og það var fallið frá þessum óréttmæta sjúklingaskatti. Væri nú ekki réttlátara ef ég þyrfti að fara inn á sjúkrahús að ég borgaði svona vel fæði mitt, ef ég fæ jafnframt full laun sem þingmaður þennan tíma og lengur, heldur en það eigi að svipta menn þessum réttindum þegar þeir eru komnir á ákveðinn aldur? Ég held að það sé enginn vafi á því að hitt er mannlegra og miklu betra að verja það, bæði fyrir sjálfum sér og öðrum.

Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn hafi reitt hátt til höggs gagnvart fólki ef það er komið á ákveðinn aldur. Af hverju gerir hún þetta? Ekki á þessu eina sviði heldur einnig á öðrum sviðum. Þá á ég við eignarskattinn. Ég á líka við mismun þegar lagst er til langframa inn á ellistofnanir. Af hverju er reitt þarna hærra til höggs heldur en á öðrum sviðum og það af mönnum sem kenna sig við félagshyggju?

Ég vil í fullri vinsemd vara hæstv. heilbr.- og trmrh. við að bera fram frv. í þessa veru. Ég er viss um það að við sem erum í stjórnarandstöðu skiljum líka mætavel að það þarf einhvers staðar að draga úr. En þá verðum við að finna hvar á að draga úr og hvar sanngjarnt er að draga úr kostnaði þannig að það komi sem réttlátast niður. Ef tala á við okkur í stjórnarandstöðunni á þeim nótum þá erum við opnir fyrir því að ræða þær hugmyndir því ég trúi því ekki að það sé nokkur maður sem vilji ræða þessar hugmyndir á þessum grundvelli.

Þar að auki vil ég líka nefna hér að grunnlífeyrir ellitrygginga hefur ekki hækkað sem skyldi vegna þess að ríkisstjórn eftir ríkisstjórn hefur tekið meira tillit til þeirra sem engar eða litlar aðrar tekjur hafa haft og hafa því hækkað tekjutrygginguna mun meira heldur en grunnlífeyri ellitrygginga. Ef það er á einhvern hátt rangt að það hafi verið gert, þá á ég mína sök líka á því því að það var ekki minnst á þeim árum sem ég var heilbr.- og trmrh. sem þetta bil jókst. En því er síður ástæða til að ganga nú lengra í þessum efnum þar sem grunnlífeyri var haldið töluvert niðri. Að vísu má segja að hann var beint hækkaður eftir hækkun á almennu verkamannakaupi eins og menn vita. Þetta allt vil ég vegna orða hæstv. heilbr.- og trmrh. hér áðan að komi fram. Þetta eru varnaðarorð áður en frv. er *fullfrágengið* og ég vænti þess að hann taki þessi mál til nánari athugunar út frá þessum forsendum sem ég hef nú nefnt.

Iðgjöld einstaklinga til almannatrygginga voru greidd um langan tíma en voru felld niður að mig minnir á árinu 1972 og þá gerðist það ekki með þeim hætti að það væri verið að lækka á þeim sem höfðu hæstar tekjurnar. Þess meira var tekið í gegnum tekjuskattinn þannig að þeir greiddu eftir það enn meira en áður. Einmitt sú breyting réttlætir ekki að framkvæma þetta með þeim hætti sem hér hefur verið tæpt á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið en það var beint til mín spurningu og erum við þó farin að ræða dálítið langt út frá efni þessa frv. sem hér er á dagskrá. Þess vegna skal ég ekki taka langan *tíma í* það núna vegna þess að við eigum ábyggilega eftir að fá tækifæri og tíma til þess að ræða það síðar.

En það voru einmitt síðustu orð hv. 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar um það að ríkisstjórn eftir ríkisstjórn hefur í raun verið að auka vægi tekjutryggingar og þar með draga úr vægi grunnlífeyrisins sem ég vildi undirstrika og er það sem við höfum verið að tala um í ríkisstjórninni. Það er kannski forsendan eða grunnurinn fyrir því að við ræðum um að afnema á einhverju tekjubili grunnlífeyrinn. Um þetta hefur enn þá ekki verið tekin endanleg ákvörðun, ég ítreka það. Umræðan verður að sjálfsögðu tekin upp hér aftur síðar. En það að auka vægi tekjutryggingarinnar og draga úr hlutverki grunnlífeyrisins er raunverulega bara það sama og við höfum verið að ræða um núna þó að menn geti alltaf greint á um það hvort það eigi þá að halda eftir einhverjum grunnlífeyri sem þá er kannski nánast að verða nafnið eitt, sem 10 þús. kr. grunnlífeyrir e.t.v. er ef menn eru að tala um framfærslu fjölskyldu eða nauðsyn þess að einstaklingum séu tryggðar tekjur til lífsviðurværis. Menn eru auðvitað að viðurkenna það að þetta er mjög lítill hluti orðinn af því og þá sem hafa „verulegar tekjur“,

án þess að skilgreina það á þessu stigi nánar, munar a.m.k. marga hverja ekki mikið um þennan grunnlífeyri.

Það er svo líka mál sem á vafalaust eftir að ræða hér í vetur áfram ef við höldum okkur við þessar hugmyndir, að afnema grunnlífeyrinn alveg á einhverju ákveðnu tekjubili með því að tekjutengja hann hliðstætt tekjutryggingunni, hvaða rétt menn eiga til hans út á iðgjaldagreiðslu fyrri ára. Ég skal ekki um það deila á þessu stigi. Við höfum þó látið skoða það, og a.m.k. þau lögfræðiálit sem ég hef fengið eru samhljóða um að það sé ekkert sem kemur í veg fyrir slíka breytingu. Og auðvitað eru menn að breyta lögum látlaust þó svo að einhverjar aðrar forsendur hafi verið fyrir ákvæðum þeirra við setningu fyrir árum eða jafnvel áratugum síðan.

Og að því er varðar sjúkratryggingamálin, þ.e. hvort einstaklingar eldri eða yngri eiga að taka meiri þátt í kostnaði við þá þjónustu sem sjúkratryggingar veita þeim, t.d. legu á sjúkrahúsum, sérfræðiþjónustu og lyf, þá hefur þetta allt saman verið í umræðu að undanförnu. Ég vil segja hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og öðrum það. Samkvæmt nýframlögðu fjárlagafrv. er ætlunin að spara verulega í sjúkratryggingunum og þar þarf að skoða ýmsar leiðir og ýmsar hugmyndir. Ég vildi þó reyna, og vona að það takist, að gera það með því að hagræða og spara innan kerfisins án þess að þurfa að draga úr þeirri þjónustu sem það veitir og án þess að þurfa að stórauka þátttöku einstaklingsins sem þarf á þessari þjónustu að halda. Að öðru leyti ætla ég að láta þetta duga, en veit að meiri umræða á eftir að verða um það síðar í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 21.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, lögum nr. 36 1978. Flm. þessa frv. eru auk mín þingmennirnir Alexander Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Frv. hljóðar svo með leyfi forseta:

„1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða ½% af fjárhæð bréfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, 396. mál, en varð ekki útrætt og er því endurflutt hér á þessu þingi. Það er samdóma álit þeirra sem að þessu frv. standa að eitt af því sem mikilvægast er í atvinnulífi Íslendinga í dag sé að auðvelda fyrirtækjum að auka eigið fé sitt. Mér segir svo hugur um að það frv. sem hér er flutt nú sé einungis hið fyrsta af fjölmörgum sem kunna að koma fram á þessu þingi til þess að vinna því máli framgang. Annar þáttur sem er mjög mikilvægur í því tilefni er auðvitað að hvetja almenning til þátttöku í atvinnulífinu.

Það er alveg ljóst að á undanförnum árum hefur gengið mjög á eigið fé fyrirtækja í fjölmörgum greinum, ekki síst í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Lánsfé er dýrt og vextir háir vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé. Það ber því allt að sama brunni að það er ákaflega æskilegt og raunar nauðsynlegt fyrir atvinnulífið að fyrirtækin auki eigið fé sitt. Það er hins vegar annars vegar kostnaðarsamt að gera slíkt og hins vegar ekki, eins og aðstæður eru, nægilega eftirsóknarvert eða hefur ekki nægilegt aðdráttarafl fyrir aðila að auka eigið fé í fyrirtækjum. Til þess ber margt. Það er ákaflega mikill munur á arði þess fjár sem menn leggja fram með kaupum á hlutafé og hins vegar þess fjár sem menn lána fyrirtækjum með kaupum á skuldabréfum. Þar veldur margt, ekki síst skattamál og það er enginn vafi á því að það er mjög mikilvægt að breyta skattalögum þannig að hækkaðar séu þær fjárhæðir sem unnt er að draga frá á skattframtölum vegna kaupa á hlutafé, breytt sé reglum um skattlagningu arðs til að mynda þannig að útgreiðsla arðs sé ekki skattskyld hjá fyrirtækjunum og rýmkuð ákvæði um skatt á arði hjá einstaklingum. Fleiri slík atriði er auðvitað hægt að nefna. Til að mynda er mjög mikilvægt að tap á hlutafé verði frádráttarbært á sama hátt og tap á öðrum eignum hjá fyrirtækjum. Það er og mjög mikilvægt að hvetja og örva viðskipti á hlutabréfamarkaði.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum almennt um þessi mál. Mér segir svo hugur um að síðar á þessu þingi verði ítarlegri umræður um stöðu hlutabréfa og hlutafjár almennt með tilliti til skattalaga og annarra ákvæða. Það er hins vegar alveg ljóst að stimpilgjöld eru gríðarlega há. Fyrirtæki eru mjög hvött til að auka sitt eigið fé, en ef fyrirtæki eykur hlutafé sitt um 50 millj. kr. eins og staðan er í dag, þá ber því að greiða eina millj. kr. í ríkissjóð vegna stimpilgjalda. Þetta er verulegur kostnaður og þrándur í götu þess að gefa út hlutabréf og jafnvel dregur úr fyrirtækjum að láta stimpla bréfin. Ég tel að ekki síst við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu og hafa reyndar ríkt núna í nokkur missiri sé gríðarlega mikilvægt að taka á þessu máli og einn þáttur í því er flutningur þessa frv. þar sem lagt er til að stimpilgjald lækki úr 2% í ½%.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er hreyft gagnmerku máli í annað sinn, en eins og fram kom í ræðu hv. 1. flm. var þetta frv. líka flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt eins og segir í greinargerð með frv. Frv. felur í

sér að lækka gjaldtöku fyrir stimplun hlutabréfa úr 2% í ½%. Ég er í engum vafa um að þessi aðgerð getur stuðlað að því að örva viðskipti með hlutabréf, ýta undir heilbrigð hlutabréfaviðskipti og ásamt með öðrum mikilvægum ráðstöfunum stuðlað að því að auka eiginfjármyndun í íslensku atvinnulífi. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að hér sé um eðlilega og skynsamlega breytingu að ræða.

Það vekur auðvitað athygli að flm. frv. eru þrír áhrifamenn í Framsfl., flokki sem að formi til a.m.k. veitir núv. ríkisstjórn forustu. Ég hygg að allir þessir menn sitji í sérstakri efnahagsnefnd þingflokks Framsfl. og 1. flm., hv. 10. þm. Reykv., skrifaði mjög merka blaðagrein í sumar þar sem hann krafðist nýrrar efnahagsstefnu og setti með þeirri grein fram harðari gagnrýni á efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar en jafnvel beinskeyttustu stjórnarandstæðingar hafa gert og var sú grein fagnaðarefni. Ég lít svo á að þetta litla mál hér sem aðeins tekur til lítils hluta alls þess sem gera þarf þegar ný efnahagsstefna væri tekin upp sé hluti af þeirri kröfugerð og í samræmi við þann málflutning.

Frv. er endurflutt. Ég hygg að á síðasta þingi hafi verið skýr meiri hluti fyrir þessu frv. að því tilskildu að vísu að Framsfl. hefði staðið á bak við flm. málsins. Sjálfstfl. styður það. Annar þingmanna frjálslyndra hægri manna hefur sagt mér að þeir styðji það einnig þannig að þegar á síðasta þingi hefur verið meiri hluti fyrir þessu frv. ef Framsfl. hefði staðið að baki flm. Og nú er það spurning mín til hæstv. forsrh. við þessa umræðu hvort ekki megi treysta því að Framsfl. standi heill og óskiptur á bak við flm., ekki síst með tilliti til þess að þeir eru allir í efnahagsnefnd þingflokks Framsfl. og hafa af þeim sökum verið kjörnir til hins mesta trúnaðar til þess að móta efnahagsstefnu Framsfl. Og ég vildi gjarnan áður en þessari umræðu lýkur fá svar hæstv. forsrh. og formanns Framsfl. við þessari spurningu því að það hlýtur að auðvelda nefndarstarfið ef sú afstaða liggur fyrir.

Í annan stað vildi ég beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um afstöðu hans til málsins. Ég fæ ekki ráðið af fjárlagafrv. að þar sé gert ráð fyrir lækkun tekna af stimpilgjöldum. Á hinn bóginn segir þar að flutt verði frv. um endurskoðun á stimpilgjöldum og það frv. eigi að tengjast afgreiðslu fjárlaga. Nú vildi ég gjarnan fá svör hæstv. fjmrh. við því hvort það frv. sem þingmenn úr efnahagsnefnd forustuflokks ríkisstjórnarinnar hafa hér flutt er uppfylling á því sem segir í fjárlagafrv. um flutning þingmáls af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um endurskoðun á stimpilgjöldum eða hvort hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn ætlar að koma með annað frv. Ef svo er er mikilvægt að það fáist upplýst þegar við þessa umræðu og áður en nefnd tekur það til afgreiðslu í hverju hugsanlegur munur er fólginn.

Ég vildi, herra forseti, koma þessum fyrirspurnum á framfæri og vænti þess að umræðunni ljúki ekki fyrr en hæstv. ráðherrum hefur verið gefinn kostur á að gegna þeim þingskyldum sínum að svara þessum fyrirspurnum, en að öðru leyti vil ég lýsa yfir stuðningi mínum við efni frv.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég geta þess að samkvæmt skjátöflu þeirri sem fyrir framan mig er er ljóst að hvorki er í húsi hæstv. forsrh. né hæstv. fjmrh., en ég mun gera ráðstafanir til þess að þeir svari á fundi hv. deildar á morgun þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram og verður þar með ekki lokið umræðu þessa máls á þessum fundi.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Suðurl. ágætar undirtektir og stuðning við það frv. sem hér hefur verið lagt fram og mælt fyrir. Orð hans gefa samt tilefni til fáeinna skýringa af minni hálfu.

Það er rétt að þetta mál kom fram á síðasta þingi. Ég hygg að það sé líka rétt að það naut víðtæks stuðnings. Það kom hins vegar fram mjög seint. Því var vísað til fjh.- og viðskn. Þar var á endanum talið nauðsynlegt að senda málið til umsagnar og að það fengi sem vandaðasta málsmeðferð. Of seint var að koma málinu fram ef það yrði sent út til umsagnar. Það sem fyrst og fremst olli því að menn vildu senda málið til umsagnar voru nú kannski orð eða skýringar í skýrslu sem Seðlabankinn lét á sínum tíma vinna varðandi viðskipti með hlutabréf og örvun viðskipta á hlutabréfamarkaði þar sem ákveðnar efasemdir komu fram um það hvort, ef stimpilgjald af hlutabréfum væri lækkað í ½%, væri þá yfir höfuð tilefni til að innheimta stimpilgjaldið, hvort í mörgum eða flestum tilvikum væri upphæðin ekki orðin það lág að það tæki því kannski varla að vera þá með innheimtu á bréfunum.

Ég var nú ekki sammála því, en eigi að síður voru þær raddir uppi að þess vegna þyrfti málið að fara í umsögn og það skoðað. Ég get vel skilið það að sumir hafi þá skoðun uppi. Þetta var meginástæða þess að málið fór ekki beint í gegn, þetta vafðist fyrir mönnum. Nú höfum við hins vegar lengri tíma til stefnu og getum kannað þetta mál. Ég hef sjálfur velt því fyrir mér og er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að lækka þetta í ½%.

Varðandi afstöðu hæstv. forsrh. í þessu máli er rétt að það komi fram að frv. þetta var sýnt í þingflokki framsóknarmanna áður en það var lagt fram á síðasta þingi. Þar voru menn sammála um að frv. skyldi lagt fram. Ég skal ekki draga úr því að hv. 1. þm. Suðurl. spyrji forsrh., en í ljósi þessara upplýsinga finnst mér óþarfi út af fyrir sig að tefja umræðurnar vegna þessa máls.

Varðandi spurninguna til hæstv. fjmrh. um að ekki sé gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að tekjur af stimpilgjöldum lækki, þá held ég að það sé rétt að fram komi að í rauninni eru tekjur ríkisins af stimplun hlutabréfa mjög litlar. Stimpilgjöldin eru líklega að meginstofni tekjur af stimplun annarra skjala, svo sem skuldabréfa, þannig að þarna er ekki um að ræða mikinn tekjustofn fyrir ríkið þó að miklu muni fyrir fyrirtæk-

in hverju sinni því að eins og menn vita greiðir fyrirtækið eða hlutafélagið kostnaðinn við stimplun bréfanna en ekki eigendur þeirra og í því felst mikilvægi málsins upp á það að hvetja menn til að auka eigið fé.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna orða hv. 1. þm. Suðurl. en ég vil enn á ný þakka honum fyrir stuðning við frv.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Ferðamál, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 42.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 42 flyt ég ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni, Agli Jónssyni, Guðmundi Ágústssyni og Jónasi Hallgrímssyni frv. til laga um breytingu á lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. lög nr. 59/1988.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið á um að inn í lögin um skipulag ferðamála komi ný grein sem verði 8. gr. laganna. Í þessari grein er ákvæði um að sveitarstjórn, eða sveitarstjórnum sameiginlega, sé heimilt að skipa ferðamálanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm til sjö menn og auk fulltrúa frá sveitarstjórn séu nefndarmenn úr hópi þeirra er starfa að ferðaþjónustu á svæðinu. Til þess að tryggja sem best samstarf og til að nýta krafta allra sem að ferðamálum vinna, þá skuli þeim sem ekki eiga fast sæti í nefndinni vera boðið til setu á nefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Hlutverk ferðamálanefndar er að skipuleggja ferðamál í umdæmi hennar og önnur þau verkefni sem Ferðamálaráði eru falin í 7. gr. laganna, eftir því sem við getur átt hjá hverri nefnd á þeim stað þar sem hún starfar. Enn fremur getur sveitarstjórn falið nefndinni önnur þau verkefni eða rekstur sem hún telur æskilegt.

Þá er ferðamálanefnd heimilað að ráða kunnuga heimamenn til leiðsögu í umdæmi sínu þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laganna um leiðsögumenn.

Ferðamálanefnd er heimilt að taka sanngjarnt gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir og einnig að innheimta framlög frá þeim sem vinna að þjónustu á svæðinu og að sjálfsögðu er þá reiknað með að þetta fjármagn renni til sameiginlegrar þjónustu eða framkvæmda til hagsbóta fyrir alla sem að þeim málum vinna.

Ýmis ferðamálasamtök og ferðamálanefndir eru starfandi víðs vegar um landið, skipaðar fulltrúum sveitarstjórna og áhugaaðila. Hafa þessi samtök unnið að skipulagningu ferðamála þó ekki sé gert ráð fyrir starfi þeirra í núgildandi lögum. Með þessu frv. er hins vegar ætlað að setja lagaramma um starfsemi ferðamálanefnda sem sveitarstjórnum er veitt heimild til að skipa innan sinna umdæma og starfsvettvangur þessara nefnda mundi fyrst og fremst miðast við þau verkefni sem tengjast þeim málaflokkum sem Ferðamálaráði eru falin í 7. gr. laganna. Með því er verið að leggja áherslu á að þessum málum verður að sinna heima í hverju héraði. Þeim verður ekki stjórnað öllum frá einum stað.

Markmiðið með þessu frv. er ekki að taka verkefni af Ferðamálaráði heldur miklu fremur að gera það kleift að markmiðin með starfi Ferðamálaráðs náist, sem útilokað er að gera með fjarstýrðri stefnu. Það er að Ferðamálaráð fái aðstoð við það að ná þessum markmiðum.

Allir þeir sem að ferðamálum vinna á hverjum stað þurfa að taka höndum saman til að gera sér grein fyrir því hvaða kostum hver staður er búinn til þess að ferðamenn vilji koma þangað og dvelja þar og jafnframt að sjálfsögðu að bæta þau skilyrði eftir því sem kostur er. Á slíkri úttekt og möguleikum er síðan unnt að gera áætlun um uppbyggingu mannvirkja og annarrar aðstöðu. Það er áreiðanlega mikilvægt til þess að auka aðsókn að hverju svæði að kunnugir heimamenn taki á móti gestum og greiði götu þeirra. Hinar ört vaxandi vinsældir ferðaþjónustu bænda á síðustu árum eiga áreiðanlega mikið rót sína að rekja til þess að slíkt er fyrir hendi þar. Þess vegna er sett ákvæði inn í greinina sem heimilar mönnum að sinna slíku í sínu nágrenni þrátt fyrir ákvæðin um lögverndaðan rétt leiðsögumanna. Þeir munu að sjálfsögðu halda áfram að gegna sínu starfi þó að þarna sé gerð þessi undanþága.

Það er mikið talað um möguleika okkar til að fjölga komu erlendra ferðamanna hingað til landsins og áreiðanlega er það rétt. En hinu má ekki gleyma að samkvæmt nýbirtum tölum frá Þjóðhagsstofnun rennur aðeins ¼ hluti ferðalagaútgjalda vísitölufjölskyldunnar til ferðalaga innan lands. Um ¾ eru vegna ferða til útlanda. Og heildarferða- og dvalarkostnaður Íslendinga í útlöndum er rúmlega helmingi meiri heldur en ferða- og dvalarkostnaður erlendra ferðamanna á Íslandi. Það skiptir því ekki litlu máli fyrir okkar þjóðarbúskap að einhver hluti þeirra sem síðustu árin hafa kosið utanlandsferðir telji æskilegra að ferðast fremur um sitt eigið land. Áreiðanlega væri hægt að ná þar nokkrum árangri ef útbúin væri nokkurra daga dvalardagskrá á ákjósanlegum stöðum og það síðan auglýst eitthvað í líkingu við sólarlandaferðir nú.

En að bættu skipulagi ferðamála heima í héraði þarf ekki aðeins að vinna til að fá þangað fleiri ferðamenn heldur líka til að gæta þess að ekki verði

of mikill átroðningur af vaxandi umferð á viðkvæmum stöðum. Það hefur gjarnan verið talað um það að sauðkindin gangi of nálægt landinu. En nú er farið að ræða um að átroðningur ferðamanna á viðkvæmum stöðum valdi meiri spjöllum á gróðri. Því er nauðsynlegt að ferðamálanefndir fylgist vel með þessum málum og hafi tök á að skipuleggja og takmarka umferð ef nauðsyn krefur og vinni þar að sjálfsögðu í samvinnu við Náttúruverndarráð eins og kveðið er á um í greininni um Ferðamálaráð.

Það væri hægt að ræða mikið um ferðaþjónustuna og möguleika hennar. Fyrr í sumar kom ég í lítið þorp í Austurríki sem byggst hefur upp á 30–40 árum sem ferðamannastaður, fyrst og fremst skíðastaður. Einnig er tekið þar á móti ferðamönnum að sumri til þó áreiðanlega sé það margfalt meira sem flestir staðir hér á landi hafa upp á að bjóða hvað umhverfi varðar en þessi staður í Austurríki. Þarna hafa samt sem áður verið byggð um 40 gistihús á undanförnum áratugum og virðast dafna vel.

Ég vil taka undir að slíka möguleika höfum við hér á landi en það gerist ekki af sjálfu sér. Menn verða að taka höndum saman og vinna skipulega að því að koma þessum málum fyrir eins og best verður á kosið, bæði með tilliti til þess að þeir sem hingað leggja leið sína verði ekki fyrir vonbrigðum og að landið og umhverfið hljóti ekki skaða af.

Við heyrðum það í fréttum nýlega að á ráðstefnu um ferðamál úti í Sviss var rætt um ýmsar hættur sem af of mikilli ásókn ferðamanna geti stafað. Forseti Íslands benti hins vegar á að það sé komið undir þeim sem á móti taka og skipuleggja málin hvernig þróunin verður, og undir það vil ég taka. Mér finnst t.d. alveg sjálfsagt að við Íslendingar leggjum áherslu á okkar íslenska mat sem framleiddur er í ómenguðu umhverfi og teljum stolt okkar að bjóða hann gestum okkar í eins ríkum mæli og kostur er. Á það atriði þurfum við að leggja meiri áherslu en við höfum gert hingað til.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja það til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka ágætis ræðu um ferðamál og tek undir það með 1. flm. að ferðaþjónusta bænda hefur unnið kraftaverk og á vafalaust eftir að gera mjög stóra hluti á komandi árum. Það er alveg til fyrirmyndar hvernig þar hefur verið staðið að málum yfirleitt.

Hvað það frv. snertir er hér liggur fyrir vil ég segja að ég velti því fyrir mér hvers vegna það er flutt. Það segir hér í upphafi 1. gr. að sveitarstjórnum sé sameiginlega heimilt að skipa ferðamálanefnd. Ég veit ekki til annars en að þetta sé heimilt, þetta sé gert víða um land. Ég veit að á Suðurnesjum er það svo og sú nefnd er auðvitað skipuð fólki sem hefur sérstakan áhuga á þessum málum og hefur gert ágæta hluti hvað varðar ferðamál. Líka segir hér síðar í 1. gr. að ferðamálanefnd sé heimilt að taka sanngjarnt gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir. Ég veit ekki til annars en að þetta sé heimilt líka og það sé tekið gjald þar sem mönnum sýnist svo og reynt að stilla því í hóf til þess að ofbjóða ekki neytendum.

Ég er mjög fylgjandi því að hvatt sé til þess að sem best verði búið að ferðamannaiðnaðinum eða þeim sem neyta þessarar þjónustu og jafnframt sé gætt fyllstu varkárni hvað varðar umhverfi og annað. Ég hef hins vegar efasemdir um að rétt sé að lögbinda alla hluti. Ég tel að það sé alveg óþarfi í þessu tilviki. Ég sé ekki að það geri neitt gott og í öðru lagi tel ég að þetta sé sérstakt sveitarstjórnarmál og Ferðamálaráð eigi í samráði við sveitarstjórnirnar að reyna að styrkja svona starfsemi eins og til er og ástæðulaust er að lögbinda. Ég sé heldur ekki að þetta breyti neinu vegna þess að þessar nefndir fá ekkert vald, fá ekki aðild að einu eða neinu. Það væri æskilegt, ef þetta verður til samkvæmt lagaboði eða heimildarákvæðum í lögum, að þá hafi þessar nefndir aðild að Ferðamálaráði eða einhver fulltrúi frá þeim eða það sé kveðið þá á um samstarf þar á milli, eða þá að ríkisvaldið veiti einhvern tilstyrk til þessara nefnda í formi fjármuna eða aðstöðu. En ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að lögbinda alla hluti. Það drepur annað í dróma síðar meir.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég stend hér fyrst og fremst upp til þess að lýsa stuðningi við þetta mál. Það hefði vissulega verið gott að hafa hæstv. samgrh. við umræðu um þetta mál. (Gripið fram í.) Nei, ég sá ekki betur en að hæstv. ráðherra væri hér áðan.

Hér er lagt til að heimilt verði að gera slíka hluti, sveitarstjórnum falið það. Og ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að færa þetta heim til héraðanna, heim til byggðarlaganna, þannig að þau séu virk í þessu starfi. Það hefur lengi verið talað um það að ferðamannaiðnaður, eins og menn eru farnir að orða það núna, gæti verið ein af stoðum þess í atvinnulífinu sem við þyrftum að byggja upp. Ég er andvígur miðstýringu í þeim efnum sem og öðrum og tel það því æskilegt að þarna komi til fólk sem þekkir svæðin, þekkir heimabyggðina, þekkir þau svæði sem á að beina ferðamönnum inn á. Hins vegar, ef þetta er til í lögum — nú verð ég að viðurkenna að ég er ekki mjög lögfróður maður — er þetta kannski óþarfi. En ég trúi því nú vart að hv. þm. Jón Helgason, 1. flm. þessa, sem fyrrv. hæstv. dómsmrh., ef ég man rétt, flytji mál sem þegar eru inni í lögum, þannig að ég dreg það í efa. Ekki vil ég þó fullyrða neitt og vil ekki vefengja neitt það sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði. Ég tel hins vegar að þetta sé mjög þarft mál að kalla fram heimafólk til starfa í þessum efnum, það heimafólk sem hefur áhuga, sem þekkir best til og getur skipulagt. Þess vegna lýsi ég eindregnum stuðningi við frv.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og þingskjalið ber vott um er ég einn af flm. frv. og þarf þess vegna ekki að taka það fram að ég er því að sjálfsögðu samþykkur. Ég

get þess vegna vísað til framsöguræðu þeirrar sem 1. flm. flutti hér um efnisatriði málsins.

Ég legg hins vegar á það áherslu að hér er lagt til að gera heimaaðilum kleift að vera virkari í skipulagi ferðamála með ferðamálanefndum og ég tek sérstaklega undir það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan að það er mikilvægt að efla frumkvæði í héraði í þessum málum sem öðrum. Það liggur reyndar þegar fyrir góð reynsla af því eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn. því að ferðamálanefndir eru víða starfandi, m.a. þar sem ég þekki til á Austurlandi. Það breytir ekki því að það er styrkur fyrir ferðamálanefndirnar og fyrir þessa starfsemi að réttindi þeirra og skyldur, þó að takmörkuðu leyti sé nú greint í frv., séu fest í lögum. Og ég held að það sé mjög af hinu góða, og vil reyndar sérstaklega undirstrika það, að valdið sé flutt heim í þessum efnum frekar en að það sé staðsett í allt of ríkum mæli hér á einum stað, hjá Ferðamálaráði eins og nú er.

Ég get ekki séð annað en að áhrif frv. séu jákvæð þó að þau séu e.t.v. ekki mjög víðtæk og legg þess vegna áherslu á að það fái hér jákvæða afgreiðslu í þessari hv. deild.

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi mínum við það mál sem hér er lagt fram og hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, hefur mælt fyrir, enda einn af flm. þess.

Það er nú svo með framkvæmd og skipulag ferðamála í landinu að ýmsum þykir þar í nokkru ábótavant og margt mætti þar eflaust betur fara þó að ekki verði farið nánar út í þá sálma hér og nú.

Á undanförnum árum hafa menn gert sér æ ljósara mikilvægi atvinnuuppbyggingar ferðaþjónustu í landinu, enda er þessari ungu atvinnugrein almennt ætlað mikið hlutverk í framtíðinni þótt enn sjáist þess ekki greinileg merki, alla vega ekki þegar rætt er um hvaðan peningarnir eigi að koma svo að renna megi styrkari stoðum undir t.d. nauðsynlegt landkynningarstarf eða bætta þjónustu við ferðafólk á almennum ferðamannastöðum í landinu.

Það er hins vegar ekki sú hlið málsins sem er til umræðu í dag, heldur hvernig komið verði betra skipulagi á málefni ferðaþjónustu út um hinar dreifðu byggðir þannig að heimamenn í bæ og sveit verði betur virkjaðir til starfa á þessum vettvangi. Er hér einkum átt við fulltrúa sveitarstjórna og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu ásamt öðrum þeim sem málið er skylt eða áhuga hafa á. Þessa breytingu á lögunum, ef af verður, tel ég hiklaust í jákvæða átt og til bóta.

Vissulega finnast þess dæmi að slíkar nefndir séu þegar að störfum, en það er óvíða og þá að meira eða minna leyti án heildarskipulags. Raunar er það eindregin skoðun mín og ég trúi flestra annarra sem að þessum málum hafa komið að lítils árangurs sé að vænta fyrr en ráðamenn eða stjórnvöld gera sér ljósa nauðsyn þess að atvinnugreinin, þ.e. ferðaþjónustan í landinu, þurfi miklum mun meiri fjármuni til að byggja sig upp en hingað til hefur fengist úthlutað. Í þessu sambandi tel ég að margt mundi breytast og það á skömmum tíma ef möguleikar væru á ráðningu starfsmanna á vegum ferðamálasamtaka, t.d. einum í hverjum landsfjórðungi til að byrja með, svonefndum ferðamálafulltrúum, svo sem þegar er þekkt með iðnfulltrúana sem starfað hafa um nokkurt skeið úti á landsbyggðinni og iðnrn. hefur greitt fastan kostnað af en heimamenn önnur útgjöld. Ég tel að þetta mál sem hér er lagt fram sé hiklaust í rétta átt og góður áfangi að betra skipulagi ef um það næst samstaða.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum benda á að tveir af hv. þm. sem hér hafa talað nefna orðið „ferðamannaiðnaður". Við sem höfum starfað að ferðamannaþjónustu erum ekki lengur með þetta orð inni á okkar gafli og viljum kalla þetta ferðaþjónustu almennt. Iðnaður er eitthvað sem við teljum að eigi ekki heima í ferðamennskunni almennt.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hingað hafa komið þakka flm. fyrir að leggja þetta mál hér fram. Ég er sannfærður um að þetta er hið besta mál. Menn hafa aðeins velt vöngum yfir því hvort nauðsyn væri á að binda hér svo rækilega um eins og lagt er til. Ég held að svo sé. Ég held að það þurfi að leggja aukna áherslu á og reyna að tryggja betur en nú er að staðið sé sem best að þessum málum í heild sinni. Það er engin spurning í mínum huga að mjög miklir möguleikar leynast enn í ferðamannaþjónustunni. Það er engin spurning um það. Enda kemur það hér fram í grg., eins og hv. 1. flm. gat um, að ferðamannaþjónustan er ung atvinnugrein og á örugglega eftir að vaxa hér mjög úr grasi.

Það er hins vegar líka rétt, eins og kemur fram í grg., að það þarf að skipuleggja þetta allt saman og horfa á málið allt, ekki bara koma upp náttstöðum og hótelum. Það þarf einnig að huga að því hvernig við viljum að þessir aðilar fari um landið og gangi um landið sjálft. Ég held nefnilega að þar leynist kannski mestir möguleikar okkar til þess að draga erlenda aðila hingað til landsins. Það muni byggjast á ósnortinni náttúru sem við Íslendingar eigum.

Ég hef tilfinningu fyrir því að útlendingar muni í auknum mæli mjög sækjast eftir því að komast í þessa ósnortnu náttúru okkar, fá að kynnast veðraham vetursins ef svo mætti segja. Við höldum það, og erum mjög niðurlútir þegar við mætum þessu fólki í rigningu og roki, að það sé ömurlegt að landið okkar skuli mæta þessu fólki svo. En staðreyndin er sú að margt af þessu fólki er búið til þess og vill gjarnan komast í eitthvað slíkt. En eins og ég segi held ég að þarna leynist kannski mestir möguleikar okkar, þ.e. að búa svo um að þetta fólk geti notið ósnortinnar náttúru. Víða er nú unnið að þessu og fólk kemur orðið hér í hópum að vetrarlagi til þess að ferðast um og njóta vetrarins, veiðiskapar og annars. Við höfum séð það þegar auðjöfrar erlendra ríkja koma á sínum einkaþotum og lenda hér á stórflugvöllunum og láta flugvélarnar bíða sólarhringum saman meðan þeir draga fisk á stöng í fallegri veiðiá. Við höfum kannski

ekki gælt eins mikið við þá hugmynd að þessir menn hafa sömu löngun til þess að ferðast um með byssu og skjóta fugl. Það er engin spurning að það er mikil löngun til þess hjá slíkum aðilum og ég held að við ættum líka að sinna því betur.

Það er einnig rétt að það komi fram að ég held að fátt hafi betur tekist í því að skapa ný atvinnutækifæri í sveitum heldur en í ferðamannaiðnaðinum og ég tek undir það mjög rækilega sem hér hefur verið sagt í sambandi við ferðaþjónustu bænda. Ég hef rætt við marga sem hafa ferðast um og gist á þessum heimilum og þeir hafa látið nánast frábærlega vel af slíkri dvöl. En nóg orð um þetta frv. að sinni.

Ég endurtek það að ég fagna því að frv. skuli vera hér lagt fram. Það vekur hér umræðu í þingi og það fær ítarlega skoðun í nefnd þingsins og ég er sannfærður um það að meginmál flm. er það að frv. fái jákvæða meðferð og ég heyri það á þingmönnum að svo muni verða.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Það er í raun og veru búið að koma hér fram það sem ég ætlaði að segja um þetta frv. en ég vildi fyrst og fremst koma hér til þess að taka undir ágæti þessa máls og lýsa stuðningi við það. Ég hef ætíð verið talsmaður þess að færa sem flest verkefni heim í héruð og hér er eitt slíkt mál á döfinni og þess vegna vil ég eindregið lýsa stuðningi við slíkar hugmyndir að gera sveitarfélögin sem mest sjálfstæð í ferðamálum heima í héraði.

Hér var minnst á ferðaþjónustu bænda og það var nú einmitt eitt af því sem ég ætlaði að koma inn á og lýsa ánægju með. Ég hef heyrt frá mörgum sem hafa notað þessa þjónustu að þeir eru mjög ánægðir með hana. Í raun og veru má segja að þetta sé ný atvinnugrein hjá okkur, ferðaþjónusta yfirleitt. Hún hefur verið að þróast á undanförnum árum og breytast í ýmsa þætti sem virðast koma þegar kallað er eftir þeim eins og ferðaþjónusta bænda. Ég held einmitt, eins og hér hefur reyndar komið fram hjá öðrum, að þetta sé mjög vinsælt, ekki síst hjá útlendingum, eitthvað nýtt sem e.t.v. er ekki svo algengt annars staðar.

Hv. 2. þm. Suðurl., 1. flm. frv., minntist á að hann hefði komið í lítinn bæ í Austurríki sem ekki virtist hafa upp á jafnmarga möguleika að bjóða í ferðaþjónustu eins og jafnvel við höfum hér. Ég held einmitt að þetta sé rétt, við höfum ekki alltaf komið auga á hvað það er sem útlendingar vilja sækja hingað til okkar. Og eins og kom hér fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v., þá er það kannski ekki síst að í stað þess að við Íslendingar kaupum sólarlandaferðir getum við selt jafnvel rokið og rigninguna. Það er ekki víst að þeir séu að sækjast eftir sólinni sem eru í henni allan ársins hring, heldur vilja gjarnan fá tilbreytingu varðandi veðurfarið. Við höfum verið að selja hér svokallaðar safariferðir sem eru mjög vinsælar, þ.e. ferðir inn í óbyggðir. Mér er líka kunnugt um að margir leita hingað í fuglaskoðunarleiðangra því að hér er mikil fjölbreytni á því sviði á ýmsum stöðum eins og við þekkjum. Og svo má minnast á Bláa lónið eða heilsulindirnar. Ég hef þá trú að í framtíðinni eigi eftir að rísa þar upp mjög vinsæl ferðamannaþjónusta sem er heilsulindin í Bláa lóninu og raunar víðar á landinu. En ég vildi sem sagt lýsa stuðningi mínum við þær hugmyndir sem þetta frv. fjallar um.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál þó að margt hafi þegar verið um það sagt. Það kann að vera að ekki sé þörf að binda það í lögum sem hér er lagt til. Hins vegar held ég að málið sé af hinu góða, ekki síst vegna þess að það vekur umræðu og efni þess hvetur heimamenn til meiri þátttöku og jafnframt til meiri ábyrgðar á ferðaþjónustu, en enginn vafi leikur á því að það er ein af framtíðaratvinnugreinum bæði í dreifbýli og þéttbýli. Þá á ég við hvar þjónustan er veitt og hvar hún er skipulögð.

Það er enginn vafi á því að ferðaþjónusta bænda, sem hér hefur verið minnst á, er nýbreytni sem nýtur vaxandi vinsælda. Sjálf hef ég reynt hana ítrekað og ber henni afar gott orð. Ég er viss um að útlendingar kunna mjög vel að meta slíka gistingu og telji sig á þann hátt komast í nánari snertingu við fólkið í landinu og lífshætti þess. Þannig má t.d. stofna til vináttukynna sem eru þeim jafnvel meira virði heldur en hefðbundin ferðalög sem fela í sér gistingu á hótelum. Á ferðum mínum og annarra kvennalistakvenna um landið í sumar, bæði í vor og svo aftur í haust, þá var það ítrekað æ ofan í æ í hverju byggðarlaginu á fætur öðru hversu fábreytni atvinnuhátta úti á landi er knýjandi vandi, vandi sem vex og hvetur til þess að fólk streymir hingað á suðvesturhornið. Það gildir nefnilega það sama úti á landi og hér í Reykjavík. Það þarf tvo til að framfleyta fjölskyldunni. Mig langar til að minna hv. þm. á það að fábreytni atvinnuhátta úti á landi bitnar ekki síst á konum og ef konurnar hafa ekki tök á því að vinna fyrir heimilinu eins og mennirnir, þá eru miklu ríkari ástæður til þess og líklegra að fjölskyldan flytjist í burtu. Ferðaþjónusta í víðum skilningi skapar fjölbreytt störf, ekki síst fyrir konur. Þess vegna tel ég að hún geti stuðlað að því að byggð haldist sem víðast um landið því það hlýtur að vera markmið okkar allra að vilja halda sem stærstum hluta landsins í hagkvæmri byggð, þ.e. byggð sem er hagkvæm fyrir fólkið í landinu. Ég held því að erindi þessa frv. sé af hinu góða og geti vakið upp hvetjandi umræður og aukna virkni, ekki síst heima í héraði. Það er auðvitað líka af hinu góða að málið sé rætt hér og ef það verður til þess að styrkja stöðu ferðaþjónustunnar úti á landi að binda þetta í lög, þá tel ég að betur sé af stað farið en heima setið og ég vil lýsa stuðningi við erindi þessa frv.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. og þær undirtektir sem það hefur fengið. Mér finnst ákaflega eðlilegar spurningarnar sem hv. 4. þm. Reykn. varpaði hér

fram, hvers vegna frv. er flutt, þar sem ekki er gengið lengra í upphafi 1. gr. en að tala um heimild. Það getur vel verið að það sé rétt að skoða það í nefnd hvort þarna eigi að kveða fastar að orði og segja: Skylt skal sveitarstjórn að gera þetta, því að ég held að flestir eða má segja allir staðir á landinu eigi sína möguleika í sambandi við ferðaþjónustu. Okkar land er svo misjafnt og margbreytilegt að það má segja að hver staður hafi upp á eitthvað sérstakt að bjóða og því ætti að stefna að því að svona starfsemi sé sem virkust alls staðar á landinu.

En þó þarna sé aðeins um heimildarákvæði að ræða, þá er síðar í greininni þó reynt að fela þessum nefndum ákveðið lögbundið hlutverk, m.a. það að fjalla um allt það sem 7. gr. laga um skipulag ferðamála segir að Ferðamálaráð eigi að fjalla um eftir því sem við getur átt á hverjum stað. Og það er ekki lítið hlutverk sem nefndunum verður þá ætlað með lögum eftir þá lögbindingu. Ég þekki það mætavel að svona starfsemi er fyrir hendi. Ég þekki það í minni heimabyggð. Þar hefur verið starfandi ferðamálanefnd í allnokkur ár. Og kannski vegna þess að ég hef séð að góður árangur hefur náðst af því starfi, þá vildi ég leggja það til að skapaður yrði lagarammi fyrir þetta starf um leið og ég hvetti til þess að aðrir fetuðu í fótsporin.

Það vill þannig til að nú í sumar fékk ég svolitla reynslu af þessu sjálfur. Þessi ferðamálanefnd vann að því með ferðaskrifstofu að efna til hópferða á þetta svæði, nokkurra daga dvöl með ferðalagi um svæðið. Og þrátt fyrir ákvæði laganna um leiðsögumenn, þá voru heimamenn fengnir til þess að vera með ferðinni. Að lokinni ferðinni var svo óskað eftir að þátttakendur fylltu út spurningalista sem skilinn var eftir á herbergjum þeirra. Og ég verð að segja að það kom mér mjög á óvart hversu ánægjan var mikil meðal þátttakenda því að mér virtust ytri aðstæður ekkert vera svo sérstakar miðað við önnur ferðalög. Veður var misjafnt og annað eftir því. En það sem var ólíkt var að þarna voru heimamenn virkir í að taka á móti fólkinu og það var held ég það sem skipti sköpum.

En að sjálfsögðu er það rétt sem hv. 3. þm. Vestf. og fleiri hafa undirstrikað hér að einn megintilgangurinn með þessu er að dreifa valdi og ábyrgð og örva framtak heima fyrir, því að framtíð byggðanna blómstrar ekki og tilvera þeirra raunverulega byggist á framtaki heima fyrir. Hún getur ekki byggst á öðru en því númer eitt. Síðan aftur skyldu þjóðfélagsins að skapa þessum aðilum jöfn skilyrði hvar sem þeir eru búsettir á landinu til þess að neyta síns framtaks.

Ég vil endurtaka þakklæti mitt fyrir undirtektirnar og þær ábendingar sem hér hafa komið fram og tel alveg sjálfsagt að þær verði allar athugaðar vel í þeirri nefnd sem fjallar um málið.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það að frv. sem slíkt breytir litlu frá því sem er og dreifir ekki heldur valdi. Þessum ferðamálanefndum er ekkert vald veitt samkvæmt þessu og ætlum við að dreifa valdi þá verður það að gerast í þeirri mynd að þessar nefndir fái einhver völd, einhver áhrif. Eins og ég var að benda á þyrftu þær að hafa bein tengsl við Ferðamálaráð og ég vænti þess að það verði skilgreint þá í nefnd hvernig með það yrði farið.

Ég er fyllilega sammála þeirri hugsun sem kemur fram hjá flestum hérna um að það beri að auka ferðamannaþjónustu. Það beri að sinna þessum málum heima fyrir. Þar eigi frumkvæðið að vera sem allra mest. En ég vil líka að það verði þá þannig búið um hnútana að það séu sett lög ef það er rétt að setja lög sem ég er ekki viss um. Það verði búið þannig um hnútana að einhver árangur verði af því. Ég tel þetta sérstakt sveitarstjórnarmál sem sveitarstjórnir víða um land hafa sinnt og það er spurning hvort ekki ætti að skilgreina frekar valdsvið Ferðamálaráðs, hvernig með það skuli fara, hvernig dreifa skuli ábyrgðinni. En það sem ég sagði í fyrri ræðu minni er það að frv. eins og það er fram sett breytir engu að mínu mati, en hugsunin í því á vel heima við hvaða markmið sem menn segjast ætla að ná og menn vilja gjarnan ná og vænti ég þess að það verði skoðað í nefnd.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en mig langar að gera hérna að umræðuefni kannski tvennt. Það er í fyrsta lagi að ég get alveg fallist á það sem hv. þm. Jónas Hallgrímsson sagði um orðið, að breyta því í þjónustu en ekki iðnað. Það hefur nú eigi að síður verið talað um þetta sem ferðamannaiðnað allt til þessa, en ekki skal ég reyna að halda því neitt til streitu. Hitt er jafngott og kannski betra.

En það sem aðallega varð nú til þess að ég stóð hér upp aftur var ræða hæstv. forseta, hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur. Ég er út af fyrir sig mjög ánægður með það ef kvennalistakonur eru núna komnar á þá skoðun eftir yfirreið um landið í sumar hvernig atvinnuháttum landsbyggðarinnar er háttað. Að þessu frv. standa fjórir dreifbýlisþingmenn. (**GHG:** Strjálbýlis.) Eða strjálbýlisþingmenn, menn geta haft það orð ef þeir vilja, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Ég dreg ekki í efa að þeir viti hvernig atvinnuháttum í strjálbýlinu, við skulum orða það svo, er háttað. Ég tel mig einn til viðbótar þessum, hv. þm. Stefán Guðmundsson þar til viðbótar, hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson enn til viðbótar og ég hef heyrt að hv. þm. Karl Steinar Guðnason telji sig búa utan bæjarins þannig að ég hygg nú að það þurfi ekki að áminna okkur eða vekja athygli okkar á því hvernig atvinnuháttum landsbyggðarinnar er háttað. (**EgJ:** Það er gott að ríkisstjórnarliðið muni eftir því.) Ég hygg að það hafi ekki skort neitt þar á. En kannski á hv. þm. Egill Jónsson við fyrrv. ríkisstjórnarliðið sem mundi ekki eftir því á sínum tíma. En það er gott og blessað þegar það hvarflar að, hvort sem það er þingmönnum, ráðherrum eða þeim sem fara með forustu í þjóðmálum, þegar það hvarflar að þeim hvernig búið er að atvinnuháttum víðs vegar út

um land. Og það þyrfti kannski að vekja athygli á þessu oftar, en ég ítreka, ég fagna því að kvennalistakonur hafa nú komið auga á þetta og vekja athygli á því eftir yfirreið sína á sl. sumri um landið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held ég megi nú til með, þó ég hafi ekki ætlað mér að koma hingað aftur, að svara hv. 3. þm. Vestf. örlítið. Hann veit það fullvel að augu kvennalistakvenna opnuðust ekki í sumar eftir yfirreið um landið. Ef hann hefði bara hrist svolítið upp í minni sínu, þá hefði hann kannski rámað í það að við höfum talað fyrir þessu máli hér í nærri sex ár á þinginu að auka þyrfti fjölbreytni atvinnuhátta á landsbyggðinni, og þá í strjálbýli eða dreifbýli eða hvað menn kjósa að kalla það. Einmitt vegna þess að við trúum því að það sé nauðsynlegt að byggð haldist sem víðast í landinu. En hún gerir það ekki ef þeir sem fara með fjárveitingavaldið sýna landsbyggðinni ekki skilning — og nú bið ég hv. 3. þm. Vestf. að leggja vel við hlustirnar (**KP:** Ég geri það yfirleitt.) því að ef ég man rétt, þá hefur hann komið þar að í alllangan tíma í sínum störfum hér á þingi og ég held að það sé ekki vanþörf á því að minna jafnt dreifbýlisþingmenn og þéttbýlisþingmenn á það að standa betur að þessum málum. Þau væru ekki í þeim lamasessi sem þau eru í núna ef þeir hefðu unnið betur að þeim. Þess vegna er þörf að minna á og ítreka og ef hv. þm. hefði hlustað vel á mig áðan, þá hefði hann heyrt mig segja: ítreka, ég notaði orðið ítreka. Það ítrekaðist og rifjaðist upp og minnti verulega illa á sig sú staðreynd sem blasir við þeim sem búa úti á landi. (Gripið fram í.) Já. Það er ekki vanþörf að minna stjórnmálamenn á það hvernig málum er komið þar og ég mun koma aftur upp og gera það og ef það kostar mig að þurfa að svara hv. 3. þm. Vestf., þá mun ég líka gera það.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það spáir nú góðu að það skuli koma upp í þessari umræðu ofurlítill titringur í sambandi við atvinnumál landsbyggðarinnar og ég hlýt að fagna því alveg sérstaklega hvern áhuga Kvennalistinn sýnir í þessum efnum. En af því að hv. síðasti ræðumaður var að rifja upp fyrri skoðanir þeirra kvennalistakvenna í þessum efnum, þá get ég nú ekki komist hjá því að minna á þau úrræði sem einmitt þessi hv. alþm. hafði eftir för sína um landið í sumar og fram komu í viðtali við hana í Ríkisútvarpinu þar sem hún sagði að ástandið væri þannig að menn þyrftu að setjast niður — þetta er svona hér um bil alveg orðrétt haft eftir alþm. — setjast niður og koma sér saman um það hvaða byggðarlög ættu að lifa af og hver ættu að hverfa. Ég hef víða orðið var við þessi ummæli Kvennalistans og þessa afstöðu Kvennalistans á ferðum mínum og þess vegna er það að sjálfsögðu ánægjuefni að finna nú fyrir þessum áhuga hér í umræðunni og mikil framför og sinnaskipti frá því sem kom fram í útvarpinu hér á dögunum og ég hef tilgreint hér eftir síðasta hv. ræðumanni.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það sem hv. 4. þm. Austurl. hafði eftir mér úr útvarpsviðtali var ekki nema hluti af því sem ég sagði í svari við spurningu fréttamannsins, en það er kannski full ástæða til þess að minna á að það er ekki síst vegna ákvarðana stjórnmálamanna hvernig komið er málum víða á landsbyggðinni. Það er ekki síst vegna þeirrar kjördæmaskipunar sem nú ríkir að sum byggðarlög hanga á horriminni og það er varla lifandi í þeim fyrir fólk vegna þess að fjárveitingavaldið sem slíkt hefur ekki staðið sómasamlega að uppbyggingu. Víða er svo málum komið að aðstaða fyrir börn og unglinga í skólamálum og öðrum málum sem eru nauðsynleg til þess að þessir einstaklingar geti orðið samkeppnisfærir í þjóðfélaginu er svo bágborin að það er ekki við það unandi. Á sama tíma er peningum veitt til annarra framkvæmda vegna þess að stjórnmálamenn ákveða svo. Það verður til þess að sum byggðarlög, einkum jaðarbyggðir, deyja smám saman út. En línurnar eru ekki hreinar vegna þess að ákvarðanatakan er ekki hrein. Hún er einnig of tilviljanakennd. Og það er ekki hægt að bjóða fólki upp á þetta. Það sem ég var að segja í þessu viðtali er ekkert annað en sannleikurinn. Það hefur vantað pólitískt hugrekki til þess að taka á þessum málum hér á landi og það er kominn tími til að það verði gert vegna þess að þessi þróun verður nú þegar af sjálfu sér. Hún er þegar sýnileg fyrir augum ykkar allra, ekki síst dreifbýlismannanna. En það þarf pólitískt hugrekki til að taka skynsamlega á byggðaþróun, af framsýni, og það þarf samráð við þá sem búa í byggðarlögunum til þess að taka þessar ákvarðanir. (Gripið fram í.) Nei, einmitt ekki til þess að láta þau deyja út af sjálfu sér með þeim harmkvælum sem það kostar og með þeim mannlegu fórnum sem það kostar, því að það kostar mannlegar fórnir. Og fólkinu er ekki bjóðandi upp á slíkt ráðaleysi. Ég á ekki við það að miðstýring eða einhver stjórnvaldsaðili ætti að leggja af byggðarlög. Þau eru þó mörg að leggjast af vegna skorts á stuðningi og það er skylda og ábyrgð lýðræðislega kjörinna fulltrúa að taka á málunum en ekki í skammsýnum jafnvel eiginhagsmunatilgangi. Þetta er stórt og þetta er mikið mál.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég hafði það ekki eftir hv. síðasta ræðumanni að það ætti að taka stjórnvaldaákvarðanir um það hvaða byggðarlög ættu að lifa og hver ættu að deyja. Ég sagði hins vegar að í máli síðasta ræðumanns hefði komið fram að menn þyrftu að setjast niður og ræða málin og taka ákvarðanir um það hverjir ættu að lifa og hverjir ættu að deyja, þannig að ég var ekki að draga það hér fram og hafa það eftir henni að hér væri um stjórnvaldsákvarðanir að ræða. En stefna hennar og stefna Kvennalistans mótaðist í þessum orðum og það var það sem ég var að vekja athygli á.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ekki voru mín orð neitt ætluð á þann veg, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, að það væri verið að skammast að einu eða öðru leyti. Ég vakti bara athygli á því að þetta var í því samhengi eftir ferð Kvennalistans í sumar í góðu veðri, þá höfðu þær þessa skoðun. Og ég fagna því að það fjölgar í þeim hópi þingmanna sem telja nauðsyn á því að breyta til hins betra frá því sem hefur verið að því er varðar landsbyggðina af hálfu stjórnvalda.

Auðvitað þarf pólitískt hugrekki og það þarf líka pólitískt hugrekki til þess að takast á við vandann. Það pólitíska hugrekki hefur Kvennalistann skort allt frá fyrstu tíð. Þar hefur ekki verið pólitískt hugrekki til þess að taka á þeim vanda sem við er að glíma að því er varðar atvinnumálin, að því er varðar efnahagsmálin, að því er varðar þjóðmálin sem heild. Ég tel að stjórnmálaflokkar, stjórnmálaöfl, sem gefa kost á sér til þess að þjónusta almenning hljóti líka að taka að sér skyldur til þess að reyna að hafa áhrif á mál, á framkvæmdarvaldið, á stjórnvöld og taka að sér verkefni til framkvæmda. Í mínum huga hafa kvennalistakonur skotið sér undan þessu verkefni, en ég heyri að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson tekur mjög upp hanskann fyrir þær konur og eðlilega kannski. (**StG:** Það er mjög eðlilegt.) Já, það er mjög eðlilegt, ég tek undir það, Stefán Guðmundsson, það er mjög eðlilegt. En ég er þeirrar skoðunar að kvennalistakonur hafi skotið sér undan þeirri ábyrgð sem þær eiga að bera í stjórnmálum, ekki bara einu sinni heldur margoft. Þar vantar hið pólitíska hugrekki eins og í hinu líka þannig að í því tilviki fer þetta saman.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Það er nú komið svo að þessi umræða um einfalda breytingu á lögum um Ferðamálaráð er að snúast upp í eldhúsdag hér í efri deild. (**Gripið fram í:** Það er ekkert annað að gera.) Það er ekkert annað að gera, það er alveg rétt, og ég ætla að leyfa mér að blanda mér aðeins inn í þessa umræðu.

Ég get tekið undir margt sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði hér áðan um stöðuna í dreifbýlinu. Hins vegar fannst mér gæta nokkurs misskilnings hjá henni. Við sem búum úti á landi þekkjum það að ríkisvaldið hefur á undanförnum árum staðið ágætlega í stykkinu í mjög veigamiklum þáttum. Ég nefni menntamálin, mikla uppbyggingu á sviði skólamála. Ég nefni heilbrigðismálin þar sem menn eru nánast að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva og ég nefni samgöngumálin þar sem hafa verið gerðar stórkostlegar umbætur á síðustu 10 árum.

Hitt sem kannski hefur brugðist er það að stjórnvöld á hverjum tíma hafa ekki staðið í stykkinu við það að skipta atvinnutekjunum og kannski mest varðandi stjórnun gengismála og almennra peningamála. Þarna er það sem hefur brugðist mest og ég held að við getum verið sammála um hér, flestir landsbyggðarþingmenn sem hér erum.

Hvaða byggðarlög lifa og hvaða byggðarlög deyja? Því ræður enginn mannlegur utanaðkomandi máttur. Löggjafinn, stjórnvöld geta skapað skilyrði, mismunandi lífvænleg, en það sem endanlega ræður því hvort byggð þróast og dafnar eða líður undir lok eins og hefur verið að gerast í okkar þjóðfélagi um langt árabil eru ákvarðanir íbúanna á viðkomandi stöðum. Það er enginn utanaðkomandi mannlegur máttur sem þar getur haft úrslitaáhrif á.

Ég fagna líka orðum hv. þm. Egils Jónssonar um þessi mál og ég treysti því að hann taki nú til hendinni á sínum heimavígstöðvum þar sem mér hefur fundist tónninn í háværum öflum innan Sjálfstfl., og síðast tekið undir það af Morgunblaðinu núna á þessu ári, ekkert hafa verið mjög vinsamlegur út í landsbyggðina og allra síst okkur hv. þm. Egil Jónsson og aðra þá sem enn þá stunda landbúnað í þessu landi (**EgJ:** Þú skalt lesa Tímann líka.) þannig að ég treysti því að Egill taki til höndunum á sínum heimavígstöðvum. Þetta er nú kannski það sem ég vildi leggja inn í þessa umræðu.

Það er eitt enn þá sem ég ætlaði að bæta við út af því sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði hér varðandi afskipti ríkisvaldsins af uppbyggingu á landsbyggðinni. Það er kannski á öðrum stað sem Alþingi hefur brugðist. Það er varðandi það að Alþingi hefur á undangengnum áratugum gefið Reykjavíkurborg allt of lausan tauminn varðandi tekjustofna og á þann hátt gefið henni ægisvald yfir aðrar byggðir varðandi framkvæmdir og þannig ýtt undir þann vítahring sem byggðastefnan vissulega er í. Og ég ítreka það, þetta gerist allt saman á þeim tíma þegar landsbyggðarþingmenn hafa töglin og hagldirnar á Alþingi og var í lófa lagið að láta þessi mál þróast öðruvísi.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er dálítið merkilegt hvernig þessi umræða hefur þróast, við erum allt í einu komin í umræður um byggðamál, allt í einu og nánast af tilviljun farin að ræða hér um byggðamál. Ég fagna því vissulega að það hafi gerst, en ég hefði hins vegar miklu fremur kosið að við hefðum getað tekið hér nokkra daga í almennilega umræðu um byggðamál en ekki undir þessum dagskrárlið. (**Salþ:** Það gefst tími í það.) Núna? Það ber bara ekki rétt að.

Ég get sagt margt um byggðamál og hef eðlilega hugsað mikið um byggðamál þar sem ég á heima úti á landsbyggðinni og hef starfað þar mikið og þekki þau þess vegna nokkuð vel. Ég held að við gerum engum greiða með því að halda og segja, telja jafnvel okkar nánustu trú um það að það sé allt saman vonlaust hjá okkur, allt sé að fara norður og niður. Margt hefur áunnist og margt hefur verið vel gert. Og það var tekið fram áðan af hv. síðasta ræðumanni. Hann nefndi t.d. skólamál. Hvers virði halda menn að það sé að nú á örfáum árum og er kannski rétt verið að ljúka því núna er verið að byggja upp fjölbrauta- og menntaskóla í öllum dreifbýliskjördæmum landsins. Við sem búum á þessum stöðum þar sem þetta hefur gerst lifðum þá tíð að á ákveðnum degi á haustin

fækkaði skyndilega fólki í plássunum hjá okkur. Það fór stór hópur af ákveðinni kynslóð. Núna bregður hins vegar svo við að hann er ekki aðeins kyrr heldur fyllist bærinn af fjörmiklu, ungu fólki. Þetta skyldi þó ekki vera ástæða þess að nú er Háskólinn að springa, það skyldi þó ekki vera að þetta væri ástæðan fyrir því, að allt í einu opnuðust dyr fyrir þetta fólk til að sækja svo djarft fram til mennta eins og nú er. Ég er sannfærður um það að þetta er ein meginástæðan fyrir því að núna eru líklega, ja, ég væri ekki hissa þó að það væru 5–6 þúsund manns innritaðir í Háskóla Íslands. Þetta er stórt byggðamál og því ber að fagna.

Ég nefni einnig eins og hv. síðasti ræðumaður heilsugæslustöðvarnar, uppbyggingu heilsugæslustöðvanna. Þar er um gífurlega mikil þjónustustörf að ræða. Ég nefni líka samgöngumálin, það sem áunnist hefur í samgöngumálum. Margt er vissulega eftir þar. Og ég nefni fjölmiðlun.

Það má enginn taka orð mín svo að það sé ekki margt eftir að gera. Margt, margt er enn óunnið, því miður allt of margt. En við þyrftum, þingmenn, að reyna að ná sáttum um það hvernig við viljum standa að byggðamálum. Ég er ekki búinn að sjá það að Alþingi í dag takist að ná sáttum um þau mál, því miður.

Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því þegar við tölum um þessi byggðamál af hverju þessi vandi stafar. Áttaði Kvennalistinn sig ekki á því fyrr en hann ferðaðist um landið í góðviðrinu í sumar og sá hvernig ástandið var? Átta menn sig ekki á því að við sem búum úti á landi og byggjum þessi framleiðslubyggðarlög okkar megum búa við framleiðslustjórnun í nánast öllum atvinnugreinum okkar, en hér á þessu svæði er allt frjálst. Það er munurinn. (Gripið fram í.) Það er ekki um kvóta að ræða, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Við búum hins vegar við framleiðslustjórnun, og ef þú ert að meina það, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að við séum eitthvað að ræða hér kvótamál, þá er það ekki. Það hefur fallið í hlut Framsfl. að takast á við þau mál, Guðmundur H. Garðarsson, að skipuleggja fiskveiðar og skipuleggja landbúnaðarframleiðslu í landinu sem var gert með búvörulögunum 1985. Menn þorðu ekki að gera það fyrr. En það eru þessar skipulagsbreytingar sem orðið hafa á háttum bæði í landbúnaði og sjávarútvegi sem vega hér hvað þyngst. Og það er nauðsynlegt fyrir fólk að átta sig á því. Og stærsta byggðamálið í dag, og það skulu vera mín síðustu orð, og á því þurfa þingmenn að átta sig, stærsta byggðamálið í dag er það að komið verði rekstrargrundvelli undir aðalatvinnuveg landsmanna. Við þurfum ekkert að vera hér og ræða um byggðamál á meðan sjávarútveginum eru ekki búin eðlileg rekstrarskilyrði. Þá getum við hætt að tala um byggðamál. Það er aðalmálið í dag að við komum rekstrargrundvelli undir sjávarútveginn, hann fái eðlileg starfsskilyrði. Þá er ég ekki svo mjög hræddur í byggðamálunum. Það er mál nr. eitt, tvö og þrjú.

Unnar Þór Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að segja það að ég lýsi undrun minni á því hvernig lítið mál getur orðið að stórmáli og dreift úr sér eins og þessi tillaga sem lá hérna fyrir hefur orðið. Ég er eins og fleiri hér að vissu marki ánægður yfir því að það skuli nást umræða um vanda dreifbýlisins og held að ekki sé vanþörf á, þykir nú ánægjulegt að heyra það að flestir hér inni lýsa því yfir hver í kapp við annan hversu miklir stuðningsmenn dreifbýlisins þeir séu, jafnt þröngbýlismenn sem dreifbýlismenn.

Svo að ég snúi mér að tillögunni, þá vil ég vekja athygli á því að ég kem úr samfélagi þar sem ferðamál eru kannski snarari þáttur í atvinnulífi sumarsins heldur en í mörgum öðrum byggðarlögum á landinu. Það eru Biskupstungur þar sem við höfum náttúrufyrirbæri sem laða ferðamenn að mikið frekar heldur en annars staðar. Ég vona að ég sé ekki að fara út fyrir efnið og raunar eru hv. þm. búnir að fara út fyrir efnið það mikið að ég leyfi mér að fara aðeins út fyrir það og vil minna á það að við erum með þessa staði, Gullfoss og Geysi, þessar náttúruminjar í Biskupstungum sem eru þjóðinni til vansæmdar eins og að þeim er búið í dag þannig að það er mál sem þarf að taka til rækilegrar athugunar og verður að gerast mjög fljótlega og er þegar í undirbúningi að færa það mál hérna inn í þingið.

Það er rétt sem kom hérna fram að það þarf að skapa fleiri störf fyrir konur í dreifbýli. Það er mjög mikið atriði. Ef ég man rétt úr stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar, þá held ég að það hafi verið minnst á það í honum að ríkisstjórnin ætlar sérstaklega að beita sér fyrir þessu og Kvennalistinn er illu heilli ekki aðili að þessu stjórnarsamstarfi þannig að þeir sem eru þá í þessu stjórnarliði ásamt mér og fleirum hérna, við skulum þá bara reyna að standa við fyrirheit þessa stjórnarsáttmála.

Síðan ætla ég að vara við því að horfa á ferðamál sem einhverja allsherjarlausn. Við höfum þurft að horfa upp á alls konar ævintýri sem einhverja allsherjarlausn í vandamálum dreifbýlisins, vandamálum landbúnaðarins og við höfum séð þessar skýjaborgir hrynja oft og tíðum áður en þær komu til framkvæmda.

Ferðaþjónusta í dreifbýli er ágæt til að fylla upp í skörðin. Hún er ekki það sem getur komið í stað þess sem fyrir er. Við erum þar með atvinnuvegi sem verða að njóta stuðnings og þeir verða að hafa rekstrarskilyrði. Það þarf enginn að halda það að fólkið sem nú býr á landsbyggðinni uni við það betlistarf sem ferðaþjónustan á margan hátt er sem einhvern aðalatvinnuveg.

Að síðustu vil ég bara benda hv. þm. á það að umræða um þessi mál er þrep í sókn fyrir bættu atvinnulífi á landsbyggðinni sem og annars staðar í landinu, en það eru verkin sem skipta máli.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Það kvað vissulega við ánægjulegan tón og nýjan í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. hér áðan

þegar hann viðurkenndi þá staðreynd sem hefur blasað við flestum öðrum en dyggustu aðdáendum í aðdáendaklúbbi núverandi ríkisstjórnar að mál atvinnulífsins í landinu hafa ekki verið leyst. Á því hefur nefnilega borið upp á síðkastið að svo mikil sé sjálfsánægjan í klúbbnum að menn hafa gefið sér það, og síðast kom það fram í sjónvarpinu í gær, að þessi ríkisstjórn hafi unnið slíkt kraftaverk að nú séu helstu vandamál atvinnulífsins í höfn og leiðin fram undan björt og breið. Það var þess vegna ákaflega mikils virði og í raun og veru kannski ekki við öðru að búast frá svo nákunnugum manni í sjávarútvegi en hann áttaði sig á því að þessu er auðvitað öðruvísi farið. Hinn rósrauði bjarmi sem stundum leikur yfir málflutningi fulltrúa aðdáendaklúbbsins á ekki mjög mikið skylt við raunveruleikann. Kjarni þessa máls sem verið er að ræða hér og lýtur að aðbúnaði og lífsháttamöguleikum fólks í strjálbýli er nefnilega sá að það er ekki við því að búast að hægt sé að efla atvinnulíf eða mannlíf í strjálbýlinu ef atvinnulífið býr við svona bág kjör eins og það hefur gert upp á síðkastið.

Mér fannst örlítið örla á misskilningi í máli hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur hér áðan að vandi strjálbýlisins væri í því fólginn að ekki hefði tekist að draga með töngum nægilegt fjármagn frá fjárveitingavaldinu og út í hinar dreifðu byggðir. Einhvern veginn blasir þetta alveg þveröfugt við frá mínum sjónarhóli. Frá mínum sjónarhóli blasir það þannig við að fé hefur verið tekið mér liggur við að segja ófrjálsri hendi út úr atvinnulífinu, flutt annað og þess vegna hefur fólkið á landsbyggðinni ekki fundið þann grundvöll til þess að búa á sem það ella hefði gert. Þetta held ég að sé meginskýring þess að við eigum m.a. við vandamál að stríða í heilbrigðisþjónustu og menntakerfi strjálbýlisins. Ekki að það hafi verið svo mikill skortur á ákveðinni uppbyggingu í húsakosti í þessum þáttum, heldur miklu frekar hitt að fólkið hefur flúið þessi svæði vegna þess að það hefur ekki fundið að lífsgrundvöllur atvinnulífsins á svæðinu væri fyrir hendi. Þess vegna hygg ég að meginvandamál til að mynda skólastarfs á strjálbýlinu sé ekki skortur á skólahúsnæði eða búnaði. Mjög víða hefur verið mjög myndarlega að því verki staðið. Miklu erfiðara vandamál sem við er að glíma, vandamál sem fólkið í strjálbýlinu ræður ekki við er þessi sífelldi skortur á kennurum og sífelld umskipti á kennurum sem gerir það að verkum að alla festu skortir í skólastarfið.

Nú er það svo að hæstv. menntmrh., á hverjum bæ, fór fram með miklum bumbuslætti og ákvað að setja niður nefnd til þess að vinna að vandamálum skólahalds í strjálbýli. Síðan hefur ekkert gerst. Mér er kunnugt um að nefndin hefur unnið vel. Þar hefur verið staðið vel að verki, en ekkert bólar á úrlausnum ráðuneytisins. Sami ráðherra fór um landið og kynnti ýmsar úrbætur sem hann hygðist beita sér fyrir en sendi um leið og komið var suður harðort bréf í skólana og sagði þeim að skera niður alla þjónustu.

Ég er í rauninni ekkert hissa á því að umræðan um ferðamál skuli hafa þróast upp í almenna umræðu um byggðamál í ljósi þess að núverandi ríkisstjórn og ríkisstjórnin á undan sem líka var ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, þessar tvær ríkisstjórnir fóru af stað með ákaflega mikil og digur loforð, loforð sem ég hygg að margir hafi treyst á. Færra hefur orðið um efndirnar. Og þess vegna er svo komið að fólk vítt og breitt um landið er farið að spyrja: Hvernig á nú að efna þessi stóru loforð? Það vottar ekki fyrir þeim efndum í því fjárlagafrv. sem hefur verið lagt fram. Óljósar yfirlýsingar sem menn geta gefið á hverjum brauðsdögum ríkisstjórna duga ekki lengur og góðar viljayfirlýsingar eins og koma fram í því frv. sem hér er til umræðu munu ekkiheldur gera neina stoð nema verkin fylgi eftir og því miður er fátt sem bendir til þess, eigi núverandi ríkisstjórn að hafa forustu um þær efndir, að það gerist mikið í því máli frekar en öðrum.

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Það sannast hér enn einu sinni að oft verður lítil þúfa til að velta stóru hlassi. Ég átti síst von á því að þessi tillaga um breytingu á ferðamálum yrði til þess að verða einhvers konar eldhúsdagsumræða eins og hér er komið fram áður, en ég sé mig tilneyddan til þess að taka þátt í umræðunni áfram og reyna að halda mig við ferðamálefnin eins og hægt er.

Þetta með ferðaþjónustuorðið, það var sagt í skilgreiningarskyni fyrst og fremst og var vinsamlega mælt og meint. Ég get ekki látið hjá líða að þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á ummælum hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, og þakka henni jafnframt hreinskilnina í útvarpinu hafi hún mælt þessi orð sem hún hefur ekki mótmælt hér. Það eru nefnilega ekki allir sem þora að segja þetta og hún á þakkir skildar fyrir að koma hugsun sinni jafn skýrri fram þó ég vilji taka það skýrt fram að ég er ekki sammála henni.

Aðrir orðuðu þetta á þann hátt á fínu máli að kalla það þéttingu byggðar að eyða heilum eða hálfum byggðarlögum. Það heitir á fínni íslensku að þétta byggðina. Ég tek undir orð þau sem hér hafa komið fram áður að þetta verður ekki gert á meðan við sem eftir lifum, þessir fáu úti á landi, viljum eiga þar heima. Það er nefnilega einfaldur hlutur að það þurfa ekki allir hlutir og eiga heldur ekki allir hlutir að ráðast hér og það er líka morgunljóst að landsbyggðarþingmenn hafa hér á löggjafarsamkundunni sem betur fer enn þá þau tögl og hagldir ef þeir kunna og geta staðið saman að koma í veg fyrir þetta sem ég nefndi áðan, það sem menn kalla þéttingu byggðar. Við eigum nefnilega rétt á því að eiga heima þar sem okkur langar til á Íslandi og ég hygg að það séu fleiri með þeim hugsunarhætti fæddir og gerðir heldur en bara ég, sem betur fer kannski.

Ég ætla að reyna að halda mig við ferðamálefnin. Mér hefur fundist umræðan leiðast inn á grundvöll fiskveiða og afkomu frystihúsa eða allt að því og ég vil gjarnan koma því hér skýrt að, það er ekki fyrir það

að það eigi ekki fullan rétt á sér, sú umræða hér í þessari hv. þingdeild, heldur hitt fyrst og fremst að þarna er um tvo ólíka þætti að ræða, annars vegar ferðamálefni og hins vegar afkomu frystihúsa og fiskiðnaðarfyrirtækja úti á landsbyggðinni. Ég vek athygli á því að erlendis frá koma í dag beint inn á landsbyggðina 5–7% erlendra ferðamanna eða gerðu það á sl. ári. Á þessum stað sem er mín heimabyggð hefur mestallt verið gert fyrir tilstuðlan heimamanna og oft og tíðum fyrir eigið fé. Ríkisvaldið hefur að sáralitlu leyti komið inn í það mál og þetta er byggðamálefni og þetta er ferðamálefni.

Ég vek athygli á því að fyrir dyrum stendur nú að gera Egilsstaðaflugvöll að millilandaflugvelli. Það er alveg gífurlega stórt og mikið mál í hugum okkar sem þessi ferðamálefni hafa stundað. Það verða ekki 5 eða 7% ferðamanna sem koma beint inn á landsbyggðina þegar þetta verður, ekki ef það verður heldur þegar það verður, það verða ekki 5 eða 7% heldur vonandi 20–30% af erlendum ferðamönnum sem koma beint inn á landsbyggðina til þess að njóta landsins okkar. Það skiptir nefnilega engu máli hvar ferðamennirnir koma til landsins, hvort þeir koma beint inn til Norðurlandsins, Austurlandsins eða hér inn á Reykjanesskagann. Þetta er afar mikið mál í huga þeirra sem úti á landinu búa því að það er staðreynd að þeir sem búa hér á þessu svæði hafa mun meiri möguleika til þess að stýra og stjórna fólki, hvar það fer og hvar það eyðir sínum fjármunum eins og málum er háttað í dag. Þess vegna er það gífurlega mikið málefni og ekki síst sú áætlun sem gerð hefur verið nú um jarðgöng, bæði á Vestfjörðum og væntanlega á Austurlandi. Þarna er einnig alveg gífurlegur vaxtarbroddur í framtíðinni sem mun áreiðanlega auka okkar möguleika bæði fyrir vestan og austan, að bjóða ferðafólki upp á allt annað heldur en gert hefur verið í dag. Þetta vil ég að komi hér fram skýrt og skilmerkilega. Ekki það að ég sé á móti því að menn ræði hér skólamálefni eða menntamálefni eða heilbrigðismálefni. Þau eru svo bara lítill hluti af því sem hér var til umræðu þó að þau vissulega snerti hana þegar verið er að tala um landsbyggðarmálefni.

Ég get ekki skilist svo við þetta málefni að ég taki ekki almennt undir það að málefnum ferðaþjónustu í landinu almennt sé sinnt betur en gert hefur verið hér af fjárveitingavaldinu og bendi á að ítrekað hafa menn komið á fund fjvn. sem því miður hefur hingað til eftir því sem mér skilst daufheyrst við sjálfsögðum og eðlilegum bónum þeirra sem með þau mál fara. Þetta vildi ég að kæmi fram hér í lokin út af þeirri umræðu sem fram hefur farið.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri ræðu sem hv. þm. Jónas Hallgrímsson flutti hér rétt áðan. Hún gefur mér tilefni til þess að fjalla um þetta í þrengri umræðu en ég hafði gert ráð fyrir miðað við það sem hér hefur áður farið fram. Það hefur raunverulega þróast upp í umræður um byggðastefnu.

Hv. þm. Jónas Hallgrímsson kom inn á það atriði sem við, ég og hv. þm. Egill Jónsson, lögðum áherslu á á síðasta þingi þegar við lögðum fram till. til þál. um það að Egilsstaðaflugvöllur yrði gerður að millilandaflugvelli eða alþjóðaflugvelli. Við lögðum þessa tillögu fram, ef ég man rétt, nákvæmlega 18. eða 19. okt. 1988 og tillagan fól það einmitt í sér að Egilsstaðaflugvöllur yrði þannig útbúinn að hann gæti tekið við millilandaflugvélum með þeim hætti sem hér hefur verið lýst að muni hafa alveg gífurlega mikla þýðingu fyrir alla byggð og atvinnustarfsemi á Austurlandi. (Gripið fram í.) Þetta er flugvöllurinn á Egilsstöðum, já. Ég vil þess vegna segja það sem mína skoðun að ég fagna því að hv. þm. Jónas Hallgrímsson skuli hafa undirstrikað einmitt þetta atriði og þá stefnu sem fram kom í okkar þáltill. og varð tilefni til mikillar umræðu hér á hv. þingi á sl. vetri. Sú umræða gerði það m.a. að verkum að hæstv. samgrh. sá sér ekki annað kleift en að lýsa því yfir á því þingi að í hans ráðuneyti yrði unnið og staðið þannig að málum að þessi flugvöllur yrði millilandaflugvöllur.

Varðandi eitt atriði í ræðu hv. þm. Jónasar Hallgrímssonar vil ég segja það að ég er ekki alveg sammála honum um það þegar hann sagði að ferðaþjónusta annars vegar og fiskvinnsla eða sjávarútvegur hins vegar væru ólíkir þættir eins og hv. þm. orðaði það. Það er staðreynd að það er margt sameiginlegt með þessum atvinnugreinum ef ég mætti orða það þannig. Staðreyndin er sú, eins og kom fram í ræðu hv. þm., að með bættum samgöngum, betri flugvöllum, sem m.a. geta þjónað alþjóðaflugi, mun erlendur ferðamannastraumur aukast til Íslands og einmitt sú tegund ferðamanna sem við Íslendingar hljótum að sækjast eftir sem er það fólk sem greiðir fyrir sína dvöl hér á Íslandi. Það hefur gífurlega mikla þýðingu fyrir alla ferðaþjónustu, fyrir hótelin úti á landi og vegna þess fólks sem stendur að þessari atvinnugrein.

Ég vil í sambandi við þessa umræðu einnig mótmæla því og harma það að það skuli hafa komið fram í ræðu eins hv. þm., Unnars Þórs Böðvarssonar, hann sagði eitthvað á þá leið að ferðaþjónusta væri eiginlega hálfgert betlistarf. Ég vil mótmæla því að sú hugsun komi fram hér á hv. Alþingi að hv. þm. leyfi sér að líkja ferðaþjónustunni við betlistarf. Ég skil ekki alveg hvað í þessu felst og hefði óskað eftir því að hv. þm. væri hér viðstaddur þannig að hann gæti skilgreint nánar og skýrt betur fyrir okkur hv. þm. hvað hann átti við með því að ferðaþjónusta væri betlistarf. Ég mótmæli því að þetta skuli hafa verið sagt á hinu háa Alþingi fyrir hönd þeirra sem við þessi störf fást og vegna þess fólks sem stendur í þessari uppbyggingu. Hér er að vísu einn af forustumönnunum á þessu sviði, hv. þm. Jónas Hallgrímsson, þannig að hann hefði nú kannski getað spurt hv. þm. að þessu einnig eins og ég og tekið þátt í mínum mótmælum sem ég efast ekki um að hann geri. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. tók ekki eftir þessu.

En varðandi önnur atriði í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram vil ég, virðulegi forseti, leyfa mér að koma inn á það sem lýtur að byggðastefnu og starfs-

grundvelli helstu atvinnuvega þjóðarinnar. Hér hafa aðrir hv. þm. talað um stöðu atvinnuveganna og það var mjög athyglisverð yfirlýsing sem kom frá einum aðalstuðningsmanni núv. ríkisstjórnar, hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. (**Gripið fram í:** Er hann í hópnum?) Það er mjög athyglisvert fyrir okkur þingmenn að heyra þennan aðalstuðningsmann hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar lýsa því yfir að hann óttist það að ekki takist að tryggja stöðu framleiðslugreinanna sem skyldi. Þetta er náttúrlega mjög mikil yfirlýsing af hálfu þessa hv. þm. þar sem hann er nú einn aðalstuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar. Hann lýsir því yfir sem sagt við upphaf þings að núv. hæstv. ríkisstjórn muni ekki geta sinnt því grundvallar- og meginhlutverki og sinni meginskyldu að koma rekstrargrundvelli sjávarútvegs og fiskvinnslu og útflutningsatvinnuveganna í það gott horf að íslenska þjóðin geti vænst þess að þessi ríkisstjórn geti stjórnað landinu. Þetta er mjög mikil yfirlýsing vegna þess að hún eykur á óvissu fólks um afkomu þess og atvinnumöguleika í nánustu framtíð. Nóg er nú komið þó það bætist ekki við að í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar skuli það koma fram hjá stuðningsmönnum hennar að hún muni ekki geta valdið sínu verkefni. Þetta eykur gífurlega á óvissuna í stjórnmálunum og einnig um það að ríkisstjórninni takist að stjórna sem skyldi auk þess sem þetta mun hafa bein áhrif á afkomu fólksins í landinu, ekki aðeins þeirra sem búa í strjálbýlinu, heldur einnig þeirra sem búa hér í þéttbýlinu. Ég vil þess vegna óska eftir því að hv. þm. geri betur grein fyrir máli sínu þannig að þjóðin verði betur upplýst um það hvers vegna hv. þm. óttast það að þetta takist ekki.

Mér er það ljóst, og okkur stjórnarandstæðingum er það ljóst, að þessi ríkisstjórn getur ekki stjórnað landinu sem skyldi þannig að vel takist til. Ríkisstjórn sem stofnuð er með þeim hætti sem við þekkjum til á sl. hausti getur ekki stjórnað landinu svo vel sé og ætla ég ekki að rekja það nánar.

Það var eitt í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar sem ég vil víkja nokkuð að. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið þegar hann var hér að flytja sína ræðu að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi tekið upp hanskann fyrir Kvennalistann. Ég var ekki farinn að segja eitt einasta orð í þessari umræðu þannig að ég skil ekki alveg hvað hv. þm. átti við. Alla vega skildi ég ekki (Gripið fram í.) Ég sagði ekki eitt einasta orð um það. Ég spurði bara hv. þm. þegar hann talaði, þegar hann var að ásaka kvennalistakonur fyrir að þær hefðu ekki haft kjark, hvort hann ætti við það að þær hefðu ekki viljað vera í núv. ríkisstjórn og því svaraði hv. þm. ekki. Ég var ekkert að taka upp hanskann þá fyrir kvennalistakonur, enda er þess ekki þörf, þær gera það sjálfar og þarf ekki að fara langt til þess að undirstrika það að þær hafa staðið fyrir sínu, alla vega betur en flokkur hv. þm. Karvels Pálmasonar, Alþfl. Þær hafa þó haldið sæmilega fylgi sínu í skoðanakönnunum á sama tíma sem Alþfl. virðist vera að hverfa út af borðinu. Ég var sem sagt ekki búinn að segja eitt einasta orð um það hvað snýr að kvennalistakonum út af fyrir sig og alls ekki í þessari umræðu og alls ekki varðandi það sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hafði hér fjallað um.

Ég vil þó leyfa mér að segja, vegna þess sem hv. þm. sagði, að kvennalistakonur hafa þó haft og ekki skort kjark til þess að taka afstöðu til þess sem lýtur að efnahags- og atvinnumálum. Þær gerðu það raunverulega þegar þær tóku afstöðu til núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þær höfðu ekki trú á því að sú stefna í atvinnu- og efnahagsmálum sem þessi hæstv. ríkisstjórn bauð upp á á sl. sumri, þegar var verið að stokka upp í ríkisstjórninni, mundi færa íslensku þjóðinni þá lífshamingju að þær sæju ástæðu til að styðja þá atvinnustefnu. Og ég verð nú að segja það að þá er hv. þm. illa lesinn í pólitískum fræðum ef hann hefur ekki fylgst með því að þær hafa sína stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum alveg eins og við hinir hv. þm. Ég held því að við verðum að láta hlutina vera eins og þeir blasa við manni í raunveruleikanum en ekki vera hér með fullyrðingar sem standast ekki. Ég vil samt segja það kvennalistakonum til hróss að þær höfðu kjark til þess sem mestu máli skiptir í þessum málum og það er það að þær létu samviskuna ráða. Þær vildu ekki taka þátt í að styðja núv. ríkisstjórn og það er töluvert mikið atriði, líka í stjórnmálum. Þær vildu ekki, eins og Sjálfstfl., svíkjast aftan að fólkinu bara vegna valdanna. Þær vildu ekki vera með loforð sem ekki var hægt að standa við. Og þær vildu heldur ekki taka þátt í því, sem hefur komið skýrt fram á haustmánuðum, að hækka skatta á einstæðu fólki, m.a. ekkjum. (**KP:** Vildu þær ekki eins og Sjálfstfl.?) Nei, ég sagði: Sjálfstfl. er á móti því, ég sagði það. Þær voru á móti því með sama hætti og sjálfstæðismenn, þannig að ég vil leiðrétta það sem hv. þm. sagði. (**KP:** Það stendur allt.) En kannski er hv. þm. að búa okkur undir það þegar hann fer að greiða atkvæði með þessum ósköpum. Kannski er hann að undirbúa okkur undir það að hann eigi dálítið erfitt með að standa með hæstv. ríkisstjórn í þeim, ég vil segja verkum sem hún greinilega boðar en eru ekki fullnægjandi gagnvart því sem mestu máli skiptir sem er að styrkja stöðu atvinnuveganna og tryggja afkomu fólksins. Það hefur komið fram í ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur ekki minnst á afkomu fólksins. Hann hefur ekki minnst á afkomu sjávarútvegsins. Hann hefur ekki minnst á það hver væri hans stefna og afstaða til þess að styrkja stöðu sjávarútvegs og fiskiðnaðar í landinu. Hann hefur ekki minnst einu orði á það hver afstaða hans er til fiskveiðistjórnunar og þeirra tillagna sem hv. Alþingi mun fá til umfjöllunar hér á þessum vetri.

Ég vil, virðulegi forseti, vegna þess að þessi umræða hefur farið út í aðra sálma en það að tala um ferðaþjónustu, koma þessum atriðum að sem ég hef hér látið koma fram í minni ræðu. Ég vil einnig undirstrika það sem er meginstefna Sjálfstfl. og hefur komið fram í ræðum þingmanna hans hér áðan, hjá hv. þm. Agli Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur, að Sjálfstfl. styður öll góð mál sem efla íslenskt atvinnu-

líf, hvort sem það er sjávarútvegur, fiskiðnaður, verslun eða ferðaþjónusta. Þess vegna hefur flokkurinn, eða réttara sagt þingmenn flokksins, tekið þátt í að styðja það frv. sem hér er til umræðu.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Það er nú svona þegar menn heyra ekki nema það sem þeir vilja heyra eins og hv. síðasti ræðumaður. Ég sagði það hér í mínu máli að grundvallaratriði byggðastefnu í þessu landi væri það að okkur tækist að treysta rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna í landinu. Ef það tækist ekki þá þyrftum við ekkert að vera að ómaka okkur að ræða um byggðamál. Það er grundvallaratriðið. Ég trúi því hins vegar, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að þessari ríkisstjórn takist undir forustu Steingríms Hermannssonar að koma grundvelli undir sjávarútveginn, og staðreyndin er þessi að það hefur snúist mjög til hins betri vegar frá því sem var þegar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var síðast stuðningsmaður ríkisstjórnar. Þessari ríkisstjórn hefur tekist að snúa verulega við þó við höfum ekki fullkomlega náð landi í þessum efnum. Það skal viðurkennt. En ég veit og ég treysti því að þessi ríkisstjórn muni vinna áfram að því að treysta grundvöll undirstöðuatvinnuveganna, auka hagvöxt í þessu landi. Þá fyrst skapast möguleikar til þess að hægt sé að bæta launakjör í landinu og auka ráðstöfunartekjur heimilanna. Þetta eru mín orð, Guðmundur H. Garðarsson.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það mun koma fram hér í upptökutækjum hvernig hv. þm. Stefán Guðmundsson tók til máls hér í ræðu sinni áðan. (**Gripið fram í:** Sem betur fer.) Ég skrifaði eftir hv. þm. m.a. þetta, í sambandi við framleiðslumál og framleiðsluatvinnugreinarnar í strjálbýlinu og hvernig mundi til takast í sambandi við það að styrkja stöðu þessara meginatvinnugreina sem hann greindi frá. Þá sagði hv. þm. orðrétt, en það kemur þá fram á segulböndum ef það er ekki rétt eftir honum haft, að hann óttaðist að það tækist ekki. Orðrétt sagði hv. þm. þetta.

Vegna orða hv. þm. um það að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar takist svona miklu betur en ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að styrkja stöðu atvinnuveganna vil ég hins vegar segja þetta: Hv. þm. Stefán Guðmundsson og þingmenn Framsfl. tóku þátt í því í ársbyrjun 1986 að gera sátt við íslenska verkalýðshreyfingu og helstu samtök vinnuveitenda um það að reyna að tryggja kaupmátt launa. Sáttin byggðist á því að reyna að tryggja, eins og um var samið í febrúarsamningunum 1986 við verkalýðshreyfinguna, að sá kaupmáttur héldist sem mest og best, m.a. með stöðugu gengi. Þetta var yfirlýst og undirrituð stefna þessara aðila. Um það getur hv. þm. Karvel Pálmason fjallað hér með sama hætti og ég.

Það er svo annað mál að ytri aðstæður gerðu það ókleift upp úr miðju ári 1987, vegna markaðsaðstæðna erlendis, að standa við þá stefnu. Það var e.t.v. of seint að ákveða að breyta um stefnu sem hefði þýtt það sem núv. ríkisstjórn er að kalla yfir þjóðina með miklu harkalegri hætti en þurft hefði að vera. Ef það er árangur sem hv. þm. Stefán Guðmundsson og Framsfl. vill státa af, að hafa fellt gengið trekk í trekk með þar af leiðandi kjaraskerðingu fyrir fólkið, ef það er stefna að hækka skatta og auka ríkisútgjöld, ef það er stefna ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem fólk er að upplifa nú, að auka á atvinnuleysi, þá segi ég: Þetta er vond ríkisstjórn, þetta er vond stefna fyrir íslenska þjóð. Þess vegna held ég að hv. þm. ætti ekki að tala með þeim hætti sem hann gerði hér áðan, að ráðast að fráfarandi ríkisstjórn, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, með þeim hætti sem hann gerði, vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við sín loforð, hún hefur ekki getað tryggt undirstöðuatvinnugreinarnar, eins og hv. þm. sagði sjálfur, og það sem verra er, hún mun ekki geta það í nánustu framtíð, þannig að þeir erfiðleikar sem við horfum upp á í dag munu versna til muna, því miður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

4. fundur, miðvikudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Þjóðhagsstofnun, frh. 1. umr.

Frv. HG, 2. mál (upplýsingar eftir kjördæmum). — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 7. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 21.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson óskar að vita afstöðu Framsfl. til þess máls sem hér liggur fyrir. Framsfl. hefur það á stefnuskrá sinni að auka aðild almennings að hlutafélögum, að gera almenningi auðveldara að gerast þátttakendur í hlutafélögum og vill leita til þess allra leiða. Þessi mál eru nú til athugunar hjá ríkisstjórninni og geri ég ráð fyrir að þaðan komi mjög fljótlega niðurstaða í því. Það er einkum rætt um að nota skattalegar leiðir í þessu skyni. Þetta er eitt slíkt mál sem hér liggur fyrir. Þetta mál var lagt fyrir þingflokk framsóknarmanna á síðasta þingi og var þá samþykkt að það yrði lagt fram og það samþykki liggur enn fyrir, svo málið liggur hér fyrir með fullu samþykki þingflokks framsóknarmanna og er liður í þeirri viðleitni, bæði Framsfl. og ríkisstjórnarinnar að gera almenningi auðveldara að gerast þátttakendur í hlutafélögum og auka þannig eigið fé í íslenskum atvinnurekstri.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr svör af hans hálfu um afstöðu Framsfl. Það má ráða af þessu svari að í raun og veru hefði verið hægt að afgreiða þetta mál þegar á síðasta þingi því fyrir því er greinilega meiri hluti hér í þinginu. En í frv. hæstv. ríkisstjórnar til fjárlaga segir á einum stað að flutt verði frumvörp eða frumvarp sem feli í sér endurmat á stimpilgjöldum. Það verður hins vegar ekki ráðið af fjárlagafrv. sjálfu hvort þar er gert ráð fyrir minni tekjum af stimpilgjöldum en verið hefur. Það er rétt sem fram kom hjá hv. flm. að stimpilgjöld af hlutabréfum eru óverulegur eða a.m.k. tiltölulega lítill hluti af þeim tveimur milljörðum sem ríkið gerir ráð fyrir að hafa í heildartekjur af stimpilgjöldum, en ég hygg að það sé til frekari fyrirgreiðslu um framgang málsins í nefnd að það liggi ljóst fyrir hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að standa að málflutningi og tillöguflutningi á þessu sviði. Það er boðað að hæstv. ríkisstjórn flytji frv. í tengslum við fjárlagafrv. Það hefur ekki enn verið gerð grein fyrir því með hvaða hætti, það hefur ekki enn verið gerð grein fyrir því hvort það frv. felur í sér að dregið verði úr heildarskattheimtu með stimpilgjöldum. Hins vegar kemur hér fram frv. frá einum stjórnarflokkanna. Það er því enn spurning sem stendur til hæstv. fjmrh. hvernig hann ætlar að standa að verkstjórn þessa máls, hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að flytja annað mál og hvort það á að ná til og taka yfir það frv. sem þrír hv. þm. Framsfl. hafa flutt eða hvort stjórnarflokkarnir flytji hver fyrir sig frv. á þessum sviðum.

Ég held að það væri mjög til glöggvunar og skýringar fyrir þingmenn sem fá nú þessi mál til meðferðar að vita hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að standa að flutningi mála í framhaldi af þeim yfirlýsingum sem hér liggja fyrir frá hæstv. forsrh. og þeim yfirlýsingum sem fylgja í athugasemdum með fjárlagafrv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Stjórn umhverfismála, 1. umr.

Frv. MÁM o.fl., 4. mál (heildarlög). — Þskj. 4.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Á þskj. 4 hef ég leyft mér ásamt sex hv. þm. Sjálfstfl. að endurflytja frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála.

Eins og kunnugt er þá eru umhverfismálin og umhverfisvernd málefni sem mjög brennur á víða og hafa verið m.a. til umræðu hér á Alþingi, þ.e. því síðasta sem fram fór. Nú stendur yfir ráðstefna á vegum Norðurlandanna um umhverfismál og með hvaða hætti hægt sé að vinna bót á þeim málum og á vegum Sameinuðu þjóðanna er fyrirhuguð ráðstefna varðandi þessi málefni þannig að allt stefnir í þá átt að unnið verði að alþjóðlegum samningi í þessum efnum.

Markmið umhverfisverndar er að tryggja íbúum jarðar þau gæði láðs og lagar sem gefa þeim möguleika á sem bestum lífsskilyrðum. Er þá átt við ástand mála eins og þau eru á hverjum tíma og ekki síður þegar til framtíðarinnar er litið. Er hér um að ræða alla þætti lífríkisins.

Umhverfismálalöggjöf er forsenda allrar stjórnar á þessu sviði. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að skipa fyrir um hvernig taka beri tillit til eiginleika umhverfisins með hliðsjón af lífríkinu. Þótt umhverfisvandamál séu fyrst og fremst leyst á tæknilegan hátt er umhverfismálaréttur löngu viðurkenndur innan fræðikerfis lögfræðinnar. Rétt er t.d. að benda á að umhverfismálaréttur viðurkennir því aðeins mengun og aðra röskun að fjárhagslegir hagsmunir liggi að baki, þ.e. að efnahagslegur ábati vegi þyngra en sú röskun sem starfseminni fylgir.

Rétturinn til heilbrigði í tengslum við óspillt umhverfi er viðurkenndur sem grundvallarréttur og telst því til sjálfsagðra mannréttinda og er meginmarkmið umhverfismálalöggjafar.

Fræðilega er hugtakið umhverfi skýrt mjög rúmt og tekur þannig yfir öll líffræðileg, efnafræðileg og félagsleg atriði sem geta haft áhrif á heilsu manna, bæði beint og óbeint. Skiptir þar ekki máli hvort áreiti beinist gegn einstaklingum eða hópum.

Til að ná fram þeim þáttum sem áður eru nefndir hefur reynst nauðsynlegt að setja reglur á sviði umhverfismála. Er það ekki síst vegna þess að hinar ýmsu atvinnugreinar hafa ekki reynst færar um eftirlitið vegna eigin hagsmuna, en slík er ótvíræð

reynsla allra þjóða og má þá sérstaklega skírskota til reynslu landa Evrópubandalagsins. Þessar reglur verða að taka tillit til langtímanota af gæðum umhverfisins, þ.e. að gæðin þrjóti aldrei, og kveða á um verndun lofts, láðs og lagar. Því er nauðsynlegt að ná fram réttarreglum um hráefnisöflun, vinnslu hráefnisins, um varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, og ekki síst reglum sem stuðla að því að bæta ríkjandi ástand. Rannsóknir á gæðum og þoli umhverfisins og náttúrunnar eru nauðsynleg forsenda þessa alls. Þessir þættir hafa leitt til alþjóðlegrar samvinnu, alþjóðlegrar áætlanagerðar og alþjóðaverndarstarfs.

Hér á landi hefur það ekki náðst enn fram að fá samþykkta samræmda stjórn umhverfismála. Hefur þó verið unnið að þessum málum í meira en hálfan annan áratug og allar ríkisstjórnir frá árinu 1974 hafa fjallað um þessi mál, haft þau á sinni stefnuskrá, án þess að enn hafi tekist að ná fram því markmiði sem reynt er að gera með því frv. sem ég hér tala fyrir.

Það var 4. mars 1975 að þáv. ríkisstjórn undir forsæti Geirs Hallgrímssonar skipaði níu manna nefnd til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála undir formennsku dr. Gunnars G. Schram prófessors. Það frv. sem þá var samið var flutt og lagt fram á Alþingi vorið 1978.

Í aprílmánuði sama vor var ákveðið að félmrh. skyldi sinna málefnum umhverfis, umhverfismálum, án þess þó að þess væri sérstaklega getið í stjórnlögum að öðru leyti en því sem málefnin heyrðu undir félmrh.

Það var næst í ráðherratíð Svavars Gestssonar 1980–1983 að samin voru frv. en þau voru hins vegar ekki lögð fyrir Alþingi.

Það var síðan í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1983 að áfram var unnið að þessum málum af þáv. félmrh. undir formennsku Hermanns Sveinbjörnssonar. Enn fremur voru þá á þingi alþingismenn sem unnu að þessum frv. og komu fram með frv. er stefndu í svipaða átt.

Svo er það að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar ákveður að halda þessu starfi áfram og skipaði nefnd undir forustu Sigurðar Magnússonar, forstöðumanns Geislavarna ríkisins. Sú nefnd skilaði þáv. ríkisstjórn frv. sem þetta frv. byggir á. Að vísu voru gerðar á því frv. ýmsar breytingar, að vísu ekki stórvægilegar, þó í þá veru að varðandi þá gagnrýni sem fram kom var reynt að ná fram samkomulagi þannig að vikið var til hliðar sem flestum ágreiningsefnum í þessum málum. Þetta frv. var síðan flutt á síðasta þingi af þingmönnum Sjálfstfl., eins og ég gat um hér áðan, sem þingmál 230 en enn fremur var flutt af þáv. ríkisstjórn frv. um umhverfisráðuneyti sem var 417. mál þess þings og gerði ráð fyrir stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Mun ég koma að því síðar.

Núverandi skipan umhverfismála er með þeim hætti að þar fara mörg ráðuneyti með stjórnun. Heilbr.- og trmrn. fer með hollustuhætti og mengunarvarnir, menntmrn. með náttúruvernd, landbrn. með gróðurvernd, samgrn. með mengunarvarnir á sjó, vegamál, ferðamál, flugmál, þ.e. skipulag þessara mála, félmrn. fer með skipulagsmál að öðru leyti, sjútvrn. fer með friðun fiskimiða, iðnrn. með ýmis sérlög um verksmiðjur og svo síðan utanrrn. sem fer með öll umhverfismál á umráðasvæði varnarliðsins.

Það eru fjölmargar stofnanir sem sinna þessum málum, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Siglingamálastofnun, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Geislavarnir ríkisins, eiturefnanefnd og fleira mætti telja.

Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð var í stefnuskrá hennar að fjalla sérstaklega um umhverfismálin og stefna að því að sett yrðu almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. Ég gat þess áðan að þáv. forsrh. skipaði nefnd og þeirri nefnd veitti forstöðu forstöðumaður Geislavarna ríkisins, Sigurður Magnússon. Auk þess áttu sæti í nefndinni Alda Möller matvælafræðingur og Hermann Sveinbjörnsson, þá aðstoðarmaður sjútvrh. Ritari þessarar nefndar var Ingimar Sigurðsson lögfræðingur. Þessari nefnd var sérstaklega falið að hafa samráð við þau ráðuneyti og samtök sem fara með verkefni á sviði umhverfismála og ég vék að hér áðan.

Þetta frv. er ávöxtur þessa starfs með þeim breytingum sem ég vék að. Grundvöllur þess er að ná samræmingu um samræmda stjórn umhverfismála án þess að myndað verði nýtt ráðuneyti. Niðurstaða þeirrar nefndar sem vann að þessu var sú að þar sem svo stórir málaflokkar væru stjórnlögum samkvæmt í samgrn., sbr. mengunarvarnir á sjó, sýndist ekki óeðlilegt að það ráðuneyti tæki að sér til viðbótar þau atriði sem nauðsynlegt væri. Þar væri um að ræða yfirstjórn þessara mála og það ráðuneyti sem færi með þessi mál yrði samgöngu- og umhverfisráðuneyti og sá ráðherra bæri ábyrgð á þessum málaflokki út á við, þ.e. færi með umhverfismál á erlendum vettvangi. En málefni einstakra ráðuneyta sem um hefur verið getið yrðu í þeim ráðuneytum með samræmingu hjá samgöngu- og umhverfisráðuneyti og samkvæmt því skipulagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í grg. frv. er vikið að helstu nýmælum þessa lagafrv. og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að víkja að þeim.

1. Í 1. gr. er hugtakið umhverfismál skilgreint og er þar átt við ytra umhverfi. Umhverfismál eru samkvæmt lögunum mengunarmál, náttúruvernd, þar með talin friðun lands og dýra, landvernd og verndun náttúrulegra skóga, svo og skipulagsmál.

2. Í 3. gr. kemur fram skýr tilgangur laganna sem er að samræma stjórn umhverfismála í landinu öllu og lögsögu þess með skipulegu samstarfi þeirra aðila sem starfa að þessum málum. Lögunum er ætlað að efla varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að vernd náttúrugæða landsins.

3. Lagt er til að umhverfismál, þ.e. mengunarmál, náttúruvernd og skipulagsmál, falli hér eftir undir þrjú ráðuneyti, þ.e. félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og samgöngu-

ráðuneyti. Enn fremur er það nýmæli að lagt er til að eitt ákveðið ráðuneyti fari með ábyrgð á samræmingu umhverfismála er undir lögin falla og kemur það í hlut samgönguráðuneytisins að breytast í samgöngu- og umhverfisráðuneyti.

4. Lagt er til að umhverfismálaskrifstofa verði starfrækt innan samgöngu- og umhverfisráðuneytis sem hafi það hlutverk að samræma nefnda yfirstjórn umhverfismála og að skipaður verði sérstakur skrifstofustjóri til að veita henni forstöðu.

5. Í 6. gr. er lagt til að stofnuð verði sérstök stjórnarnefnd umhverfismála þar sem í eiga sæti fulltrúar ráðherranna þriggja, sem getið var áður, auk tilnefndra fulltrúa landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra og auk þess Sambands íslenskra sveitarfélaga og náttúruverndarþings.

6. Lagt er til að stjórnarnefnd umhverfismála fjalli m.a. um ágreiningsmál og úrskurði í slíkum málum. Enn fremur er lagt til að vísa megi þeim úrskurði til samgöngu- og umhverfisráðherra sem fari með endanlegt úrskurðarvald í stjórnkerfinu.

7. Lagt er til að stjórnarnefnd umhverfismála fylgist með framkvæmd einstakra þátta umhverfismála og fjalli m.a. um öll lagafrumvörp og reglugerðardrög á sviði umhverfismála og veiti umsögn um starfsleyfi fyrir stórframkvæmdir og starfsemi sem getur valdið verulegri mengun.

8. Í stað Náttúruverndarráðs er lagt til að skipað verði umhverfismálaráð, er hafi það hlutverk að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili, bæði fyrir ríkisstjórn og stjórnarnefnd umhverfismála. Yrði umhverfismálaráð skipað sjö mönnum og er gerð krafa um sérþekkingu þeirra allra.

9. Í 10. gr. frumvarpsins er tekið á eftirlitsþáttum þeirra umhverfismála er undir frumvarpið falla. Er skýrt tekið fram hvað skuli vera í höndum heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna, samgöngu- og umhverfisráðuneytis, Siglingamálastofnunar og Skipulagsstjórnar ríkisins. Enn fremur er það nýmæli lagt til að annað eftirlit, sem fellur undir lögin og ekki er tiltekið, falli undir samræmingarráðuneytið, þ.e. samgöngu- og umhverfisráðuneyti.

10. Í 10. gr. er veitt heimild til þess að fela heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna að annast aðra þætti eftirlitsins en þeim er beinlínis falið samkvæmt sérlögum, verði aðilar ásáttir um nauðsyn slíks eftirlits. Samgöngu- og umhverfisráðherra setur reglur um þetta eftirlit, að fengnum tillögum stjórnarnefndar og að höfðu samráði við sveitarfélögin.

11. Í 11. gr. er lagt til að samgöngu- og umhverfisráðuneyti geti veitt heimild til þess að setja gjaldskrá fyrir notkun á ýmiss konar einnota umbúðum, vélum og tækjum, pappír o.s.frv. í þeim tilgangi að stuðla að viðurkenndri förgun þeirra og endurvinnslu í eins ríkum mæli og við verður komið. Heimilt er að setja í slíka gjaldskrá ákvæði um svonefnt skilagjald einnota umbúða undir matvörur, eiturefni og hættuleg efni o.fl.

12. Í 12. gr. er lagt til að stofnaður verði svonefndur umhverfisverndarsjóður og að stjórnarnefnd umhverfismála fari með stjórn sjóðsins. Tekjur sjóðsins verða gjöld sem innheimt verða skv. 11. gr. af ýmiss konar einnota umbúðum o.s.frv. Hlutverk sjóðsins er að styrkja þau sveitarfélög og þá aðila sem þurfa á sérstöku átaki að halda til að leysa umhverfisvandamál og að standa fyrir rannsóknum á skaðlegum þáttum umhverfisins. Enn fremur er lagt til að verja skuli allt að einum tíunda hluta sjóðsins til fræðslu- og upplýsingastarfa á sviði umhverfismála.

13. Í 13. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að við förgun úrgangs skuli ávallt gætt að umhverfinu. Enn fremur er gengið út frá því að urðun úrgangs sé neyðarúrræði. Lögð er sú skylda á hlutaðeigandi aðila að þeir standi sjálfir undir kostnaði. Enn fremur skal unnið að því að finna ráð til þess að farga úrgangi á viðunandi hátt.

Í ákvæðum til bráðabirgða, 6. tölul., er lagt til að fyrir 1. júní á næsta ári skuli ríkisstjórnin í samvinnu við sveitarfélög gera áætlun um frágang skolp- og frárennslislagna í þeim tilgangi að draga eins og mögulegt er úr mengun láðs og lagar af þeim sökum. Þar skal koma fram á hvern hátt stjórnvöld hyggjast leysa þessi mál á næstu tíu árum og hvernig kostnaði skuli skipt. Einnig skulu koma fram tillögur um á hvern hátt sveitarfélögum verði gert kleift að standa undir kostnaði.

Í ákvæðum til bráðabirgða, 7. tölul., er lagt til að notkun svokallaðs blýbensíns verði óheimil eftir 1995 og að bifreiðar, vélar og tæki, sem flutt verða til landsins eftir 1991, skuli geta nýtt blýlaust eldsneyti. Enn fremur er lagt til í 8. tölul. að dregið verði úr notkun efnasambanda sem valdið geta eyðingu á ósonlaginu þannig að hún minnki um a.m.k. 25% fyrir 1991 miðað við notkunina 1986 og um a.m.k. 50% fyrir 1994.

Þá er lagt til að stöðuheimildir Náttúruverndarráðs skuli flytjast yfir í umhverfismálaskrifstofu samgöngu- og umhverfisráðuneytis frá og með gildistöku laganna.

Herra forseti. Ég hef vikið að meginþáttum þessa frv. sem ég hér mæli fyrir. Ég hef gert grein fyrir helstu nýmælum frv. og vakið athygli á því hvernig staðið hefur verið að þessum málum, hvernig í hálfan annan áratug ekkert hefur gerst og ekki hefur tekist að ná fram heildstæðu frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála.

Ef við lítum til okkar næstu nágranna þá er ljóst að þar hafa verið stofnsett umhverfisráðuneyti og þeim sem fylgst hafa með þykir nóg um hvernig þær stofnanir hafa þanist út.

Það kom skýrt fram á síðasta þingi að páv. hæstv. ríkisstjórn hugðist ná fram frv. um stofnun umhverfisráðuneytis. Það frv. náði ekki fram að ganga enda þannig lagasmíð að ég held að það hafi verið eingöngu út frá því sjónarmiði best að frv. dagaði uppi, auk þess sem mikil gagnrýni kom einnig fram frá fjölmörgum þeim aðilum sem við slíka löggjöf eiga að búa. Það er ljóst að núv. ríkisstjórn hyggst með einum eða öðrum hætti flytja hér á Alþingi frv. til löggjafar

þar sem gert verður ráð fyrir nýju umhverfisráðuneyti. Stjórnarmyndun núv. ríkisstjórnar var með þeim hætti að það mátti öllum vera ljóst hvernig unnið var þar að málum. Ég tala nú ekki um að einn ráðherranna sem ætlað er að taka við slíku ráðuneyti, ef stofnað verður, hefur þegar tilkynnt um það að hann væri tekinn við umhverfismálum og frá því hefur verið greint í því tímariti sem gefið er út á vegum Norðurlandaráðs að „miljöminister" eins og þar segir og „nordisk samarbejdsminister" sé Júlíus Sólnes.

Vissulega geta ráðherrar, getur ríkisstjórn, getur forsrh. haft hugmyndir um hvernig hann hyggst breyta lögunum um Stjórnarráð Íslands en mér sýnist að eins og að þessum málum hér er staðið þá sé ekkert of sagt að hér sé verið að ganga svo fram að ríkisstjórnin virðir ekki þau stjórnlög sem Alþingi hefur sett og hefur þau að engu.

Ef vikið er síðan aftur að þeim praktísku hlutum þá eru flm. þessa frv. og þeir aðilar sem stóðu fyrir samningu þess þeirrar skoðunar að hér sé verið að reyna að koma í veg fyrir að útþensla eigi sér stað umfram það sem nauðsynlegt er og það megi ná fram samræmingu og samstarfi þeirra aðila sem fjallað hafa um þessa hluti einmitt á þeim grundvelli sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég er sannfærður um það að þetta mál er svo viðkvæmt að þar er skynsamlegast að fara þá leið sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ná fram samstarfi, ná fram samræmingu. Það liggur svo í augum uppi að reynslan kemur til með að sýna og segja hvernig skynsamlegast væri að breyta hlutum þegar fram í sækir, en það að ætla sér að setja á stofn eitt ráðuneyti, kannski til þess að fullnægja því sem þurfti til þess að ná saman einni ríkisstjórn, kannski til þess aðeins að það hafi verið hægt, sýnist mér ekki að séu hlutir sem Alþingi geti látið bjóða sér.

Verði þetta frv. að lögum, þá kallar það að sjálfsögðu á breytingu á stjórnlögum þar sem í lögunum um Stjórnarráð Íslands er gert ráð fyrir samgönguráðuneyti og að sjálfsögðu yrði þá að flytja á þeim lögum breytingu til samræmis við það frv. ef að lögum verður, sem hér hefur verið mælt fyrir og að sjálfsögðu breytingar á þingsköpum með tilliti til þeirra vinnubragða sem á Alþingi eru.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggingarlög, 1. umr.

Frv. BÍG, 22. mál (úrskurðarvald ráðherra). — Þskj. 22.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. um breyt. á byggingarlögum nr. 54/1978. Þetta frv. er ekki stórt í sniðum en ég tel þó að efni þess sé allmikilvægt.

Þegar Alþingi samþykkti ný sveitarstjórnarlög árið 1986, lög nr. 8/1986, þá var í 1. gr. þeirra laga gerð veruleg breyting á eldri lögum í þá átt að tryggja sjálfstæði sveitarfélaga og losa sveitarfélögin undan yfirstjórn ríkisstjórnar og ráðuneyta. Í 1. gr. eldri sveitarstjórnarlaganna frá 1961 segir, með leyfi forseta:

„Ríkið skiptist í sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins) samkvæmt því sem lög ákveða."

Þessu var breytt mjög rækilega í 1. gr. núgildandi laga þar sem segir:

„Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð."

Þarna var mörkuð mjög skýr stefna um sjálfstæði sveitarfélaganna og ábyrgð þeirra á sínum eigin gerðum og stjórnenda þeirra og mörkuð sú stefna að sveitarfélög væru ekki lengur undir yfirstjórn ríkisstjórnar eða einstakra ráðuneyta. Engu að síður hefur oft verið tilhneiging til þess í löggjöf eftir að þessi lög voru sett að setja ríkisvaldið yfir sveitarfélögin í ýmsum málaflokkum og ríkisstjórnir látnar ráðskast með málefni þeirra. Í sumum tilfellum er líka um eldri lög að ræða, þar sem vera kann að hreinlega hafi gleymst að breyta þeim til samræmis við þessa nýju stefnu sem mörkuð var hér á Alþingi 1986. Einn af þeim málaflokkum eru byggingarmálefni og sérstök byggingarlög fjalla um þau, en þau eru frá árinu 1978. Það er fáa málaflokka hægt að hugsa sér þar sem staðarþekking og nálægð við verkefnin nýtur sín betur en einmitt í þeim málum sem flokkast undir byggingarmál og byggingarnefndir og sveitarstjórnir fara með. En þrátt fyrir það er sveitarfélögunum ekki treyst fyrir meðferð þessara mála að öllu leyti í núgildandi byggingarlögum. Í þeim lögum eru félmrn. falin yfirráð yfir sveitarstjórnum sem kemur m.a. fram í því að félmrn. á að úrskurða ef ágreiningur rís milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar og að félmrn. á að úrskurða ef einhver telur rétti sínum hallað og getur þá fellt úr gildi ákvarðanir sveitarstjórnar og byggingarnefndar.

Ég tel að ákvæði af þessu tagi stangist alveg á við nútímahugmyndir um vald, ábyrgð og sjálfstæði sveitarfélaganna og þau stangast á við þá mikilvægu breytingu sem ég gat um áðan og var gerð á sveitarstjórnarlögunum hér á Alþingi 1986. Þetta frv. er því flutt til að afnema þessi ákvæði og til að treysta sjálfstæði sveitarfélaganna í byggingarmálum.

Í 1. gr. þessa frv. er gerð tillaga um breytingu á 1. gr. laganna. Þar er fellt niður ákvæði þess efnis að byggingarnefnd starfi undir yfirstjórn sveitarfélags og ráðuneytis en sveitarstjórnin ein sett í staðinn.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að tvær málsgreinar falli úr 8. gr. byggingarlaga, þ.e. 7. og 8. mgr. þeirra laga, en í 7. mgr. segir að rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls

skeri félmrh. úr, en leita skuli áður umsagnar skipulagsstjórnar. Óeðlilegt er að ráðherra skeri úr slíkum ágreiningi í þessum málaflokki sérstaklega. Sveitarstjórn á að hafa ákvörðunarvald um einstakar afgreiðslur byggingarnefndar eins og um afgreiðslu allra einstakra nefnda sem starfa á vegum sveitarstjórna. Byggingarmál eru engan veginn það sérstök eða skera sig svo úr að ágreiningur milli nefndar og sveitarstjórnar í þessum eina málaflokki eigi sérstaklega að koma til úrskurðar félmrn. Það er eðlilegt að sveitarstjórnin sjálf beri þarna fulla ábyrgð á.

Í 8. mgr. segir að telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar sé honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar félmrh. og er síðan í þeirri mgr. fjallað nánar um málsmeðferð. Það er vissulega hægt að færa rök fyrir því að í ákvörðun byggingarnefnda og sveitarstjórna felist að einhver einstaklingur eða aðrir telji rétti sínum hallað og þess vegna sé eðlilegt að hægt sé að skjóta slíkum ákvörðunum til æðra stjórnvalds. Ég tel hins vegar mun eðlilegra að með slík mál sé leitað til dómstóla frekar en til pólitísks ráðherra og því er lagt til að málskotsréttur til félmrh. þegar þannig stendur á sé felldur niður.

Það má enn fremur benda á að eftir að bæði sveitarstjórnarlögin og byggingarlögin voru sett, þá hefur aðhald að opinberri stjórnsýslu verið aukið verulega með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og til hans er hægt að skjóta málum. Hann hefur að vísu ekki úrskurðarrétt, en auðvitað hefur niðurstaða hans afar mikið að segja þegar um slík mál er að ræða.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að skýra nánar hvað í þessu frv. felst, en ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til félmn. og 2. umr.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér að fella úr gildi ákvæði sem tryggja fólki þann rétt að skjóta til úrskurðar í félmrn. ágreiningi sem rísa kann milli einstakra sveitarfélaga og íbúa þess í byggingarmálum og einnig ef ágreiningur rís milli byggingarnefnda og sveitarstjórna. Í rökstuðningi fyrir þessu í frv. er beitt kröfum um sjálfstæði sveitarfélaganna. Ég hygg að ágreiningur sé ekki um það milli mín og hv. flm. þessa frv. að sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga sé eðlilegt og að því beri að stuðla. Eftir því hef ég einnig unnið í starfi mínu sem félmrh.

En málið snýst ekki um það í þessu tilfelli, heldur snýst það um eðlilegan og sjálfsagðan rétt einstaklinga í þessu þjóðfélagi sem ég taldi nú að væri eitt af boðorðum Sjálfstfl. Málið snýst um það grundvallaratriði að réttur fólksins í landinu til málskots sé tryggður þegar það telur á sig hallað í byggingarmálum í sínu sveitarfélagi. Það hefur ekkert með sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga að gera, heldur snýst málið miklu fremur um lýðræðisleg vinnubrögð í þessu þjóðfélagi.

Þetta frv. snýst einnig um það að taka þann rétt af að hægt sé að skjóta ágreiningi milli byggingarnefnda og sveitarstjórna til þess aðila sem fer með yfirstjórn í sveitarstjórnarmálum. Ég vil einnig nefna að mörg dæmi eru um það í sveitarstjórnarmálum, og þá ekki aðeins í byggingar- og skipulagsmálum, að ýmsum ágreiningsmálum sem koma upp milli minni og meiri hluta í sveitarstjórnarmálum er skotið til úrskurðar í ráðuneytinu. Í greinargerð með frv. er í raun verið að segja að óeðlilegt sé að úrskurður um ágreining í byggingarmálum sé falinn pólitískum ráðherra, eins og það er orðað, og þarna er í raun verið að fella þann dóm að þeir misnoti vald sitt í slíkum úrskurðum sem ég tel auðvitað fráleitt að ætla. Má ekki með sama hætti segja að það bjóði heim hættu á misnotkun ef fela á pólitískum meiri hluta, ég tala nú ekki um ef einn flokkur fer með völd í sveitarstjórn, í raun úrskurðarvald í byggingarmálum og túlkun og beitingu ákvæða byggingar- og skipulagslaga. Verkefni félmrh. og ráðuneytis í deilu- og úrskurðarmálum sem upp koma í byggingarmálum er aðeins eitt og það er að kveða upp úrskurð um það hvort farið hafi verið að settum lögum og reglum sem því miður er of algengt að misbrestur hafi orðið á.

Samkvæmt frv. hv. þm. er fellt út úr 7. gr. byggingarlaga að byggingarnefnd fari með byggingarmál sveitarfélagsins undir yfirstjórn ráðuneytisins, orðin „undir yfirstjórn ráðuneytisins" eru felld út. En þó að það sé fellt brott, þá stendur eftir að yfirstjórn byggingarmála er í höndum félmrn. skv. 3. gr. laganna og því er það marklaust að fella ákvæðið einungis úr 7. gr. laganna eins og hv. þm. leggur til.

Hv. flm. frv. bendir fólkinu í landinu á að í stað þess að það geti leitað réttar síns skv. byggingarlögum til þess aðila sem fer með yfirstjórn þessa málaflokks, þá geti það bara leitað til dómstólanna. Þessa torfæru, seinvirku og oft kostnaðarsömu leið vill hv. þm. benda fólkinu á að fara. Þannig vill hv. þm. tryggja rétt einstaklinganna í þjóðfélaginu gagnvart hugsanlegum brotum sveitarstjórna á byggingarlögum og rétt einstaklinganna til málskots í stað þeirrar málskotsleiðar sem nú er tryggð einstaklingnum og er mun auðfarnari og skilar niðurstöðum á tiltölulega stuttum tíma. Frá því að kæra berst ráðuneytinu frá einstaklingum á að liggja fyrir úrskurður innan þriggja mánaða en sá tími er m.a. notaður til að leita umsagnar skipulagsstjórnar ríkisins og viðkomandi byggingarnefndar. Ef farin er leið hv. þm., dómstólaleiðin, getur aftur á móti tekið eitt, tvö eða jafnvel þrjú ár að fá niðurstöðu. Og hvað hugsar hv. þm. sér að gerist í málinu á þeim tíma þegar mál hefur verið höfðað fyrir dómstólunum vegna hugsanlegra brota sveitarstjórna á byggingarlögum? Á að leggja lögbann á viðkomandi framkvæmd meðan dómstólar taka sinn tíma, kannski einhver ár til þess að fjalla um málið. Hvað ef kæran er tekin gild af dómstólum og byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að viðkomandi hús eða bygging hefur verið tekin í notkun? Ég tel að frv. hv. þm. kalli á ýmsar spurningar sem þarf að svara eins og ég hef hér nefnt.

Ég veit raunar ekki hvað býr að baki þessu frv. Alla vega er það ódýr málflutningur og haldlítil rök að fella út málskotsrétt sem fólkinu er tryggður í byggingarmálum í nafni sjálfsforræðis sveitarfélaga. Það er líka fróðlegt að líta yfir hvað oft á umliðnum árum fólk hefur talið ástæðu til þess að kæra í byggingar- og skipulagsmálum. Á sl. 10 árum eru kærur varðandi afgreiðslu byggingarnefndar Reykjavíkur um 60 talsins. Á þessu 10 ára tímabili hefur ráðuneytið alls 11 sinnum fellt úr gildi byggingarleyfi, þar af 9 sinnum í Reykjavík og tvisvar úti á landi. Utan Reykjavíkur hef ég yfirlit yfir 3 ár, þ.e. 1985, 1986 og 1987, en á þessu þriggja ára tímabili hafa borist 25 kærur utan Reykjavíkur. Ég vil líka leyfa mér að fullyrða að á þeim rúmum tveimur árum sem ég hef gegnt embætti félmrh. og ég dreg ekki í efa að það hafi einnig verið í tíð forvera minna í starfi, þá hefur verið lögð gífurleg vinna í að yfirfara kærur og fá fram mat færustu lögfræðinga innan og utan ráðuneytisins áður en úrskurður er felldur sem beinst hefur eingöngu að því hlutverki ráðuneytisins í þessu máli að athuga hvort ekki hafi verið farið að settum lögum og reglum í þessum efni. Leiki minnsti vafi á um hvort um brot á reglugerð eða lögum er að ræða hefur verið úrskurðað viðkomandi sveitarstjórn í hag einmitt vegna þeirra áherslna sem lagðar er á sjálfsforræði sveitarfélaga.

Ég vil nefna í þessu sambandi af því að hv. þm. tekur aðeins einn þátt byggingarlaganna út að þau hafa verið lengi í endurskoðun, bæði byggingar- og skipulagslög og frumvörp reyndar um það tilbúin fyrir um ári síðan, en niðurstaðan af því, eftir samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, var að nefnd var sett á laggirnar á vegum ráðuneytisins til að endurskoða lög um skipulags- og byggingarmál og það er unnið að því að steypa saman þessum tveimur lagabálkum eins og gert er reyndar í okkar grannlöndum. Og í því starfi er einmitt stefnt að því að styrkja stjórn sveitarfélaganna og setja skýr ákvæði um samráðsrétt almennings að því er varðar mótun byggðar í landinu og væntanlega mun frv. um það efni sjá dagsins ljós á þessu þingi.

Ég vil einnig í lokin, herra forseti, nefna það af því að hv. þm. nefndi umboðsmann Alþingis, að það væri nægilegt að fólk gæti leitað til hans í slíkum málum og síðan til dómstólanna, að það er álit umboðsmanns að valdsvið ráðherra í þessum málum, sveitarstjórnarmálum, þar með talið byggingar- og skipulagsmálum, sé mun víðtækara til úrskurðar en ráðuneytið hefur talið sjálft. Og þessi túlkun umboðsmanns Alþingis gengur auðvitað gegn þeirri skoðun Birgis Ísl. Gunnarssonar að þessi ákvæði byggingarlaganna sem hér eru til umræðu séu andsnúin ákvæðum sveitarstjórnarlaganna, þ.e. afskipti ráðuneytisins af úrskurðum í byggingarmálum.

Ég vil nefna sem dæmi að einstaklingur kærði álagningu gatnagerðargjalda til ráðuneytisins. Ráðuneytið vísaði málinu frá þar sem ekki væri málskotsheimild í lögum um gatnagerðargjöld. Ályktun umboðsmanns var sú, eftir að þetta lá fyrir, að þó að málskotsheimild sé ekki í lögum telji hann engu að síður að ráðuneytinu sé falið vald skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga til að úrskurða um lögmæti ákvarðana sveitarstjórna í málefnum sem teljast til sveitarstjórnarmálefna, þar á meðal skipulags- og byggingarlög. Ef þessi niðurstaða umboðsmannsins gildir þýðir það raunverulega það að þó að frv. Birgis Ísl. Gunnarssonar yrði að lögum hefði ráðuneytið samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga rétt til að úrskurða að því er varðar sveitarstjórnarmálefni og þar á meðal líka að því er varðar byggingarlögin.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að láta þetta koma fram núna við 1. umr. málsins og líka það að endurskoðun á byggingar- og skipulagslögum stendur nú yfir og væntanlega verður frv. um það lagt fram hér á hv. Alþingi í vetur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á byggingarlögum nr. 54/1978. Sú breyting sem hér er verið að leggja til er að málskotsréttur fólksins í sveitarfélögum til ráðherra verði burtu numinn og í staðinn leiti það réttar síns til dómstólanna.

Ég vil taka undir það sem hæstv. félmrh. hefur sagt um þetta og álít að það væri ekki til bóta að taka þann rétt af fólkinu í landinu að geta skotið máli sínu til ráðherra því að málaferli eru bæði flókin og erfið fyrir venjulegt fólk og það þarf að vera möguleiki á að það geti skotið máli sínu með sem fljótvirkustum og sem ódýrustum hætti til stjórnvalda um ágreining sem slíkan því að það er alveg ljóst að ef ætti að fara að leggja mörg af þeim málum sem hefur verið skotið til félagsmálaráðherra í gegnum árin undir dómstólana mundi það kosta bæði stórfé og hins vegar það að einstaklingar gætu ekki tekið þá áhættu að fara að leggja slíkt mál fyrir dómstólana því ef þeir þyrftu að leggja fram tryggingar t.d. fyrir því að greiða skaðabætur sem hugsanlegar væru á tug af byggingum sem slík málaferli gætu orsakað, þá er alveg ljóst að einstaklingar stæðu aldrei undir því. Þess vegna er þetta frumréttur einstaklings og mjög mikilvægt að einstaklingarnir í landinu hafi greiðan aðgang til að fá úrskurðað í málum og þetta er ein af þeim leiðum sem gerir það einfaldara fyrir einstaklinginn að ná rétti sínum ef hann telur að hallað sé á hann, með þeirri leið að skjóta því til ráðherra. Hins vegar á hann alltaf síðar möguleika á því að skjóta því til dómstóla og halda því máli áfram ef hann er ekki ánægður með úrskurð ráðherra. Það er því mjög mikilvægt að þessi grein sé inni, en ég þykist vita að frv. sé tilkomið vegna mikilla deilna hér áður eins og um ráðhúsið hér sem sýnir auðvitað að það getur verið mjög erfitt að eiga við slík mál. Það er náttúrlega ljóst að þegar mál valda pólitískum óróa og það eru deildar meiningar um hluti er auðvitað erfitt að eiga von á því að ráðherra úrskurði um það út af fyrir sig, en ég held að þessi leið sé svo mikilvæg fyrir almenning í landinu að henni eigi að halda og tel því að málflutningur hæstv. ráðherra sé einmitt í þeim anda sem fólkið þarf á að halda.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til að segja örfá orð um þetta frv. og taka undir málflutning hæstv. félmrh. og hvetja þingið til þess að skoða þetta mál rækilega. Ég tek undir það hjá hæstv. ráðherra að mikilvægt sé að réttur fólksins í landinu sé tryggður fyrir málskot. Ég held að litli maðurinn sem stundum finnst að hann sé beittur órétti gangi ekki greitt á vald lögfræðinganna með peningaveskið þykka þegar honum finnst á sig hallað. Ég tel líka að sú regla sem hér hefur gilt um langt skeið sé góð hvað þetta varðar. Þegar litla manninum og sveitarfélaginu hefur lent saman hefur oft reynst heppilegt að leita til þriðja aðilans sem í þessu máli hefur verið ráðuneytið, ég hygg að það sé svo með mörg þung og stór deilumál, sem hafa komið upp á milli einstaklinga og sveitarfélaga í landinu, að þau hafa verið leyst með friði vegna þessa ákvæðis. Þess vegna furðar mig á því að hv. flm., sem hefur stýrt heilli borg, skuli hvetja til þess með frumvarpsflutningi að það verði dómstólarnir sem taki við öllum deilumálum í þessu efni í landinu.

Það er stundum fróðlegt að sjá hversu menn nota orðið „frelsi". Hér er sótt fram í nafni frelsisins og talað um frelsi sveitarfélagsins, frelsi byggingarnefndanna o.s.frv. Ef þetta gerðist, þá yrði þetta á kostnað frelsis litla mannsins í samfélaginu og því er ég andvígur. Þess vegna hef ég hér lagt á það áherslu að menn átti sig á þeirri heilsteyptu ræðu sem ráðherrann flutti við þessa umræðu, hvað svo sem kann að gerast í nefndum, hvað svo sem menn falla fyrir þessu sígilda orði frelsi, að menn hafi það í huga sem hér hefur komið fram við þessa umræðu þegar nefndin skoðar málið í heild sinni.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að vísa því á bug sem að hefur verið látið liggja, að þessi frumvarpsflutningur eigi rætur að rekja til einhverra sérstakra deilna eða sérstakra mála sem upp hafi komið milli ákveðinna sveitarfélaga og félmrn. Í mínum huga er hér um talsvert meginmál að ræða sem er alveg óháð því hvernig samskipti einstakra sveitarfélaga við hæstv. félmrh. hafa verið.

Ég tel líka að það sé ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði, að í þessu máli mínu sé felldur dómur um það að félmrh. misnoti vald sitt eins og hún orðaði það í sinni ræðu. Ég segi í grg. að mér finnist óeðlilegt að deilumál af þessu tagi séu lögð undir pólitískan ráðherra og hef þess vegna talið eðlilegt að málskotsréttur til ráðherra falli niður.

Ég er gamall sveitarstjórnarmaður og held að ég geti mælt það af heilum hug að sveitarstjórnir, hvar sem er í landinu, fara auðvitað með málefni eins og byggingarmál og önnur mál af fullri og stakri samviskusemi. Og sveitarfélögin í landinu hafa á undanförnum árum vandað einmitt æ betur meðferð byggingarmála. Ætli það séu ekki nú aðeins örfá sveitarfélög í landinu sem hafa ekki annaðhvort sérstakan starfsmann eða aðgang að sérfróðum mönnum einmitt til þess að leiðbeina sér varðandi meðferð byggingarmála? Það eru svonefndir byggingarfulltrúar sem starfa í sveitarfélögunum eða þegar um smærri sveitarfélög er að ræða hafa mörg sveitarfélög oft komið sér saman um að ráða slíka menn.

Menn tala um rétt einstaklingsins og að það sé nauðsynlegt að tryggja rétt einstaklingsins og þess vegna eigi hann að geta skotið máli sínu til pólitísks ráðherra. Hvernig stendur á því að í þessum eina málaflokki sem sveitarfélög fara með sé brýn nauðsyn á því að pólitískur ráðherra fari með ágreiningsefni sem upp kunna að koma annaðhvort milli borgaranna og sveitarstjórnanna eða á milli þeirrar nefndar sem fjallar um málið og sveitarstjórnarinnar? Hvað með allan annan þann aragrúa mála sem snerta mikilvæg réttindi borgaranna sem sveitarstjórnir hafa með að gera? Hvað með dagvistir barna, hvað með skólamál, hvað með hafnamál og þar fram eftir götunum? Hvernig stendur á því að í þessum eina málaflokki eigi félmrh. að hafa vald sem sé svona miklu æðra valdi sveitarfélaganna.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þetta sé bara ein af þessum gömlu reglum sem hefur dagað uppi í okkar stjórnkerfi. Það var ósköp eðlilegt, þegar sveitarfélögin voru veik og höfðu lítinn mannafla og þeirra starf var byggt á mjög veikum grunni, að menn litu á félmrn. sem eins konar stóru mömmu fyrir öll sveitarfélögin í landinu og þess vegna ætti stóra mamma að passa upp á sveitarfélögin í hinum ýmsu málaflokkum. Ég tel því að þetta ákvæði, sérstaklega varðandi byggingarmálin, sé raunverulega leifar gamals hugsunarháttar þegar menn í raun virtu ekki sjálfstæði sveitarfélaganna, þegar sjálfstæði sveitarfélaganna var til á pappírnum en var ekki í raun, vegna þess að það þurfti einhvern til þess að halda í hendina á þeim og passa upp á að þau færu sér ekki að voða og tækju ekki rangar ákvarðanir.

Nú er þetta allt breytt eins og ég gat um áðan, meira að segja í sveitarstjórnarlögunum sjálfum. Eins og fram kemur í grg. með frv. er búið að taka út ákvæði um það að sveitarstjórnir starfi undir yfirstjórn ríkisstjórnar eða félmrn. Alþingi er sjálft búið að taka upp þetta meginstefnumið þó að leifar af gamla hugsunarhættinum séu enn við lýði í hinum ýmsu lögum sem stafa frá eldri tíma.

Ég skal vissulega viðurkenna að upp kunna að koma dæmi um það að hinn almenni borgari telji sér nauðsynlegt að geta leitað réttar síns þar sem hann telur rétt á sér brotinn, annaðhvort af öðrum einstaklingi eða sveitarfélagi. Og hvert eiga menn möguleika á að leita í öllum öðrum tilvikum sem sveitarfélögin fjalla um eða í öllum öðrum tilvikum þar sem upp rís ágreiningur á milli einstaklinga í þessu þjóðfélagi? Það er til þessara voðalegu dómstóla sem allir eru að tala um, þessara hræðilegu stofnana þar sem lögfræðingarnir með þykku peningaveskin, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson orðaði það, ráða ríkjum. Þannig tala menn hér eins og dómstólarnir séu einhvers konar skrímsli, einhvers konar ófreskja í okkar þjóðfélagi. Dómstólarnir eru vörn litla mannsins, dómstólarnir eru vörn fólksins í landinu og því fer fjarri —

ég hef sjálfur verið starfaði lögfræðingur og rekið ótal mál fyrir dómstólum — að venjuleg mál, eins og við getum sagt, tiltölulega einföld mál sem flest byggingarmál eru, séu svo voðaleg að menn eigi umfram allt að forðast þá. Ég vara við þessum áróðri sem menn halda uppi gegn dómstólakerfinu í landinu. Dómstólakerfið á að tryggja grundvallarréttindi borgaranna og þess vegna er það af og frá að halda uppi jafnneikvæðum áróðri eins og raun ber vitni. Ég fullyrði t.d. að dómstólar úti um land — það kann að vera að það taki nokkuð lengri tíma hér í Reykjavík, þó hefur sá tími vafalaust styst mjög — ég er sannfærður um að dómstólar afgreiða mál af þessu tagi bæði fljótt og vel.

Það kemur auðvitað til greina líka, þó ekki sé um það fjallað sérstaklega í frv., að taka upp betri vörn fyrir borgarana en felst í dómstólunum, ef menn eru óánægðir með þá, eða felst í starfi umboðsmanns Alþingis og setja upp sérstakan stjórnlagadómstól, dómstól sem almenningur eigi kost á að leita til ef hann telji sig verða fyrir barðinu á stjórnvöldum, kerfinu, eins og það er oft kallað. Þess vegna finnst mér mjög rétt að hugleiða það rækilega, ekki endilega í sambandi við þetta mál, þó kemur það til greina, heldur í sambandi við ýmis önnur mál sem við fjöllum um hér, að settur verði upp hér á landi sérstakur stjórnlagadómstóll þar sem menn geti á styttri tíma og kannski með einfaldari hætti leitað úrskurðar í málefnum sem snerta borgarana og stjórnvöldin.

Ég held að versti kosturinn af öllum sé sá sem nú ríkir að pólitískur ráðherra fari með þetta mál. Menn mega ekki misskilja mig að ég sé sérstaklega að tala um hæstv. félmrh. sem nú situr, í þessu sambandi. Ég býst við að embættismenn ráðuneytis sem um þessi mál fjalla vinni sín störf af stakri samviskusemi. Við megum ekki gleyma því að úrskurðir félagsmálaráðherra í gegnum tíðina í málum af þessu tagi hafa oft verið mjög umdeildir og umdeilanlegir einmitt vegna þess að ráðherra þarf að taka afstöðu í málum sem snerta t.d. pólitíska samherja í sveitarstjórn, hverjir sem það eru á hverjum tíma, eða pólitíska andstæðinga í sveitarstjórn. Þess vegna held ég að langversti kosturinn sé valinn af þeim sem við eigum úr að velja varðandi byggingarmálin og það er einmitt af þeim sökum sem ég hef lagt þetta frv. fram. Ég skal að vísu viðurkenna að ég hef ekki farið út í svo rækilega lögfræðilega skoðun, hvorki á sveitarstjórnarlögum né skipulagslögum, að það skipti ekki máli, hvort þessi breyting verður gerð eða ekki, að félmrn. hafi engu að síður þennan rétt samkvæmt öðrum greinum laga, en þá er bara að skoða það í nefnd og þá lagfæra önnur lög sem þetta snertir ef menn féllust á þessi sjónarmið.

Ég er hins vegar eindregið þeirrar skoðunar og vil beina því til þeirrar hv. nefndar sem um þetta mál fjallar að fá sem víðtækastar umsagnir frá sveitarstjórnum um málið, bæði frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, frá landshlutasamtökum sveitarfélaganna og frá öllum stærri eða öllum þéttbýlissveitarfélögum, við getum sagt öllum kaupstöðum landsins, þannig að við fáum í gegnum þær umsagnir nokkuð glöggt yfirlit yfir sjónarmið sveitarstjórnarmannanna sjálfra um þetta mál. Það eru þeir sem fjalla um þessi mál frá degi til dags og því æskilegt að fá umsagnir þeirra um málið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þar sem hv. flm. virtist misskilja mín orð og taldi að ég hefði verið með áróður gegn dómstólum, þá er það nú ekki rétt. Ég álít mjög mikilvægt að dómstólar gegni skyldu sinni. Ég álít líka mjög mikilvægt að fyrir dómstólunum verði ekki að þvælast hin smæstu mál samfélagsins sem hægt er að ná friði um með auðveldum hætti.

Ég talaði um lögfræðingana með þykku veskin og ég veit að það er dýrt fyrir litla manninn að fara í málaferli. Ég kynntist því á dögunum að ágætur vinur minn hafði til að ná rétti sínum farið fyrir dómstólana með mjög einfalt mál sem hann tapaði þar. Það snerist um litlar tíu þúsund krónur. Þegar hann hafði hins vegar lokið margra mánaða baráttu og tapað málinu stóð hann frammi fyrir því að þetta kostaði hann 150 þús. kr. Þessi kostnaður hafði fallið á málið.

Ég minnist þess að flokksbróðir flutningsmannsins, sem er starfandi sýslumaður, var að segja frá því í fjölmiðlum hversu mikla áherslu hann legði á í starfi sínu að forða fólki frá því að þurfa að þvælast með öll hin smæstu mál fyrir dómstólana og hann sagði sögu af því að eitt sinn sá hann fyrir sér að það yrði dómstólamál að sauðkind fór inn í garð nágrannans. Hann lagði það mikið á sig til að ná sáttum í málinu og það þyrfti ekki fyrir dómstóla að hann komst að samkomulagi um það við sauðfjáreigandann og hinn sem fyrir tjóninu varð að kindinni yrði slátrað um haustið og skipt milli tjónþola og eigandans. Þetta var sýslumaður og þannig þekki ég störf sýslumannanna um allt land að þeir hafa leyst hin ólíklegustu mál með sátt og friði. Og það er auðvitað oft gott að borða óvin sinn og það er hin gamla regla sem oft hefur viðgengist eða viðgekkst hér áður fyrr.

En hér hefur flm. lagt mjög mikið upp úr hættunni af hinum pólitíska ráðherra. Víst er það að allir þeir menn sem veljast til að verða ráðherrar koma frá stjórnmálaflokkum, en þegar vandamálin ber að hygg ég að við höfum, Íslendingar, verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fyrir þá menn sem hafa valist í þau störf að verða ráðherrar og fást við að skera úr málum gagnvart litla manninum í samfélaginu skiptir pólitík engu máli. Þá eru þeir Þorgeir Ljósvetningagoði sem skoða lögin, sem leggjast undir feld, sem finna lausn sem menn jafnan sætta sig við. Þess vegna legg ég áherslu á það sem ég gat um hér áðan, að menn rífi þetta eina atriði ekki út úr heildarlögunum, heldur bíði þá þess að þau verði skoðuð í heild sinni.

Ég ítreka það hins vegar, ég ber fulla virðingu fyrir dómstólum, legg áherslu á að þeir séu vel virkir en séu ekki yfirhlaðnir af hinum smæstu málum sem má leysa í friði manna á milli því að það er rétt sem ráðherrann sagði hér áðan, að það yrði oft að bíða

lengi eftir að dómstólar felldu dóma, kannski þrjú, fjögur ár.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

4. fundur, fimmtudaginn 19. okt., kl. 10 árdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að kl. 11.30 eða um það leyti fer fram umræða utan dagskrár að beiðni hv. 4. þm. Austurl., Egils Jónssonar, um greiðslur afurðaverðs til sauðfjárbænda. Sú umræða fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa, þ.e. svokölluð hálftímaumræða.

Húshitunarkostnaður, ein umr.

Fsp. HG, 8. mál. — Þskj. 8.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 8 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. um húshitunarkostnað. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Hversu mikill munur er á húshitunarkostnaði sambærilegs íbúðarhúsnæðis hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða annars vegar og Hitaveitu Reykjavíkur hins vegar?

2. Hversu mikið yfirtók ríkissjóður í sumar af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og hve mikið lækkaði raforkuverð vegna þessara aðgerða?

3. Til hvaða annarra aðgerða ætlar ríkisstjórnin að grípa á næstunni til að jafna húshitunarkostnað?"

Sem kunnugt er hefur mismunandi húshitunarkostnaður í landinu um langt skeið verið eitt tilfinnanlegasta atriðið í mismunun gagnvart þegnunum í landinu. Í málefnasamningi þeirrar ríkisstjórnar er nú situr er tekið á þessum þætti með svofelldum orðum undir kaflanum um byggðamál:

„Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu."

Þarna er heitið aðgerðum og mér er kunnugt um það af fréttum frá sl. sumri að ríkisstjórnin tók á miklu vandamáli sem var upphleðsla skulda og tilheyrandi rekstrarerfiðleikar hjá þeim raforkufyrirtækjum sem sjá dreifbýli fyrir raforku, þar á meðal til húshitunar, og í þessari fsp. leyfi ég mér að óska eftir upplýsingum frá hæstv. ráðherra um þá aðgerð og það sem henni tengdist varðandi gjaldskrár, en einnig um núverandi stöðu þessara mála því að eftir því er mikið spurt hvað gert hefur verið, hvað stendur til í þessum efnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur beint til mín fsp. í þremur liðum. Í fyrsta lið fsp. var spurt: „Hversu mikill munur er á húshitunarkostnaði sambærilegs íbúðarhúsnæðis hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða annars vegar og Hitaveitu Reykjavíkur hins vegar?"

Það er erfitt að gefa við slíkri spurningu einhlítt svar. Mat á kostnaði við hitun húsnæðis er margslungið mál eins og ég veit að hv. fyrirspyrjandi þekkir vel. Meðal þeirra atriða sem hafa og eiga að sjálfsögðu að hafa áhrif á hitunarkostnaðinn er grunnverðið á orkunni. Þar sem orkuverðið er hátt, þá nýtir notandinn væntanlega betur orkuna, t.d. með betri einangrun. Annað atriði sem torveldar slíkan samanburð er að oft er hér um mismunandi orkuform að ræða, annars vegar rafmagn þar sem orkunotkun er mæld beint og hins vegar heitt vatn þar sem verður að áætla hversu mikil orka fæst úr vatninu.

Með slíkum fyrirvörum mun ég miða mitt svar við það að verið sé að hita upp 490 rúmmetra einbýlishús, að verðmunurinn hafi ekki áhrif á orkunotkunina, sem auðvitað er í óhag svæðunum úti um land, og góða nýtingu á heita vatninu. Þegar ég gef mér þessar forsendur þá má áætla að upphitunarkostnaður hjá notendum Rafmagnsveitna ríkisins sé nú um 2,5 sinnum sá sem er hjá Hitaveitu Reykjavíkur, en hjá Orkubúi Vestfjarða um það bil 2,3 sinnum kostnaðurinn í Reykjavík. Það er ekki auðvelt að lýsa þessu máli með einni tölu, eins og ég nefndi, en þetta ætti að gera hugmynd um afstöðurnar.

Annar liður fsp. hljóðaði svo: „Hversu mikið yfirtók ríkissjóður í sumar af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og hve mikið lækkaði raforkuverð vegna þeirra aðgerða?"

Ég vil taka það fram að þann 13. júlí sl. skrifaði ég ásamt fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs undir samninga við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku ríkissjóðs á langtímalánum fyrirtækjanna og ýmsar ráðstafanir sem voru því tengdar. Þessir samningar sem heimilaðir voru í 6. gr. fjárlaga fyrir þetta ár fólu í sér að ríkissjóður yfirtók 1415,6 millj. kr. af langtímaskuldum Rarik og um 588,2 millj. af langtímaskuld Orkubús Vestfjarða. Þetta er hvort tveggja miðað við eftirstöðvar lánanna 31. des. 1988 og er á verðlagi þess dags, þannig að miðað við daginn í dag væru þetta verulega hærri fjárhæðir. Þannig yfirtók ríkissjóður því rúmlega 2 milljarða kr. af skuldum þessara fyrirtækja.

Samningurinn við Rarik fól líka í sér að veiturnar fengu afhent að nýju skuldabréf til eignar að fjárhæð 1023 millj. kr. vegna sölu raforkumannvirkja á Suð-

urnesjum. Þetta skuldabréf mun gefa Rarik um 50 millj. kr. viðbótartekjur á ári nokkur næstu ár. Í þessum samningi var það líka áskilið að heimilis- og iðnaðartaxtar í gjaldskrám Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins skyldu lækka um 5% frá 1. ágúst sl. Það varð líka raunin. Hins vegar vil ég benda á það að hefði ekki komið til þeirrar miklu skuldayfirtöku sem ég hef lýst hefði þurft að hækka allar gjaldskrár fyrirtækjanna verulega og má meta það svo að þær hefðu þurft að hækka, þ.e. öll gjöld í skrám fyrirtækjanna, um 12–15% ef þetta hefði ekki komið til. Þetta er að sjálfsögðu mjög umfangsmikil aðgerð. Í þessum samningum lýstu aðilarnir því yfir að með þessum ráðstöfunum hefði að fullu verið staðið við álit verðjöfnunargjaldsnefndar um að mæta tekjutapi þessara fyrirtækja vegna niðurfellingar verðjöfnunargjalds samkvæmt lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Ég tel að með þessum aðgerðum hafi verið stigið mikilvægt skref til að jafna orkukostnað í landinu og um leið var verið að efna meira en þriggja ára gamalt fyrirheit sem fyrri ríkisstjórnir höfðu ekki efnt.

Í þriðja og síðasta lið fsp. er spurt: „Til hvaða annarra aðgerða ætlar ríkisstjórnin að grípa á næstunni til að jafna húshitunarkostnað?"

Ég vil í þessu sambandi minna á það að á þessum áratug hefur í raun og veru mikið áunnist í jöfnun húshitunarkostnaðar. Ég bendi á að í upphafi áratugarins, t.d. á árunum 1980–1983, var hitunarkostnaður hjá þeim sem notuðu rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins eða Orkubúi Vestfjarða um fimm sinnum sá sem var hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Þannig hefur þetta nú verið lækkað um helming eða komið niður í 2,5 eins og ég lýsti áðan. Ég hef látið fara fram athugun á vegum Hagfræðistofnunar Háskólans á sköttum af orku og niðurgreiðslum og áhrifum ýmissa aðgerða stjórnvalda á þessum áratug. Ég vænti þess að geta á grundvelli þeirrar athugunar gert tillögur um það hvað sé heppilegast að gera til að jafna hitunarkostnaðinn. Ég bendi á að á þessum áratug sem ég nefndi áðan hefur verið yfirtekið geysimikið af skuldum raforkukerfisins og lagt á almenna skattborgara. Ég geri ráð fyrir því að gjaldskrár þeirra fyrirtækja sem njóta þessarar léttingar á skuldum þyrftu að vera 50–100% hærri hefði þessum skuldum ekki verið af þeim létt. Ég tek það fram að hér er ekki um nákvæmar tölur að ræða, en stærðarhlutföllin virðast vera slík. Ég bíð eftir endanlegum skýrslum Hagfræðistofnunar Háskólans.

Ég vil þó ekki skilja við þetta mál án þess að nefna það að nú fara líka fram viðræður á vegum iðnrn. og Landsvirkjunar um fjölgun sölupunkta í stofnlínukerfinu þannig að rafveitur landsins kaupi rafmagn í heildsölu eftir sömu gjaldskrá. Ég stefni að því að þetta geti orðið í áföngum á nokkrum næstu árum.

Ég vona, hæstv. forseti, að með þessu hafi ég svarað, eftir því sem föng eru á, þeim þremur spurningum sem til mín var beint.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. þær upplýsingar sem fram komu í hans svari. Eins og hann greindi frá, þá er enn stórfelldur munur á húshitunarkostnaði landsmanna eftir svæðum og það er svo langt frá því að þar sé einhverju því marki náð sem viðunandi geti talist, enda vildi ég ekki lesa það út af fyrir sig út úr máli hæstv. ráðherra. 2,5-faldur munur á húshitunarkostnaði miðað við staðalaðstæður er auðvitað slíkur baggi á það fólk sem býr á hinum svokölluðu köldu svæðum í landinu að ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju getur ekki látið staðar numið við þær aðstæður. Þess vegna m.a. er þessi fsp. fram borin og einnig hitt að mér finnst að aðgerðir eftir að yfirteknar voru skuldir hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og það mjög þýðingarmikla skref stigið út af fyrir sig — sem auðvitað varð að stíga þó að fyrrv. ríkisstjórnir með aðild Sjálfstfl. gerðu þar ekkert í málum, en þær báru ábyrgð á þeim samningum sem gerðir voru 1986 um niðurfellingu verðjöfnunargjalds — í júlí í sumar hækkar gjaldskrá vegna húshitunarkostnaðar um nærri 15% eða mjög verulega umfram almenna hækkun verðlags og umfram það sem gerðist í öðrum gjaldskrám.

Ástæðan fyrir því að þessi hækkun varð svona mikil 1. okt. sl. er sú að niðurgreiðslur voru ekki auknar, hlutfall niðurgreiðslna. Og þegar við flettum fjárlagafrv. fyrir árið 1990, þá stendur nærri sama tala í krónutölu varðandi niðurgreiðslur á rafhitun eins og er í fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta mun auðvitað leiða til stórfelldrar hækkunar ef gjaldskrárnar hreyfast frá því sem nú er og ekki er bætt við fjármagni til niðurgreiðslna. Þess vegna vildi ég fá upplýsingar um það hjá hæstv. iðnrh. til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggst grípa að þessu leyti og auk þess að tryggja jöfnun umfram þann mikla mun sem nú ríkir.

Varðandi samanburð til fyrri ára, þá held ég að hæstv. ráðherra hafi ekki reitt hér fram rétta viðmiðun, en ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér sérstaklega.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. benti réttilega á að húshitunarrafmagn hefði hækkað meira í verði en annað rafmagn á þessu ári. Þetta er rétt og ástæðan var sú sem hann greindi, að niðurgreiðsla á rafmagni til hitunar á íbúðarhúsnæði hækkaði ekki um leið og gjaldskrárnar hækkuðu. Þetta er náttúrlega einfaldlega af því að meira fé er ekki á fjárlögum ársins til þess að standa straum af kostnaði af niðurgreiðslunum. Reyndar hefur verið bætt á þennan lið á árinu veitum sem áður nutu ekki slíkra greiðslna. Þetta er viðfangsefni sem ég vænti að þingið muni taka á þegar það fjallar um fjárlagafrv. næsta árs.

Hins vegar vildi ég benda á að þrátt fyrir þetta hefur raforka til hitunar á íbúðarhúsnæði ekki hækkað á þessu ári meira en gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur sem er samanburðargrundvöllurinn þótt ég efist nú reyndar um að hægt sé að kalla þær aðstæður

staðalaðstæður eins og hv. 2. þm. Austurl. gerði, það er hvernig sem á málið er litið ákaflega lágur húshitunarkostnaður í Reykjavík og naumast hægt að kalla það staðal fyrir samanburðinn. Hins vegar hefur raforka til hitunar á húsnæði hækkað um 17% að meðaltali á þessu ári, milli áranna 1988 og 1989, samanborið við aðra gjaldskrá rafveitnanna um 12%. Hitaveita Reykjavíkur hefur hækkað um 18% en gasolían sem oft er nú vitnað til, hún hefur hækkað um þriðjung, 33%. Og það er heldur ekki rétt sem kom fram hjá hv. þm. að húshitunarrafmagnið hefði hækkað meira en almennt verðlag því það hefur það ekki gert, framfærsluvísitalan hækkar að meðaltali um 21% á árinu 1989 á meðan húshitunarrafmagnið hækkar um 17 eins og ég nefndi. En það er ekki með þessum orðum verið að gera lítið úr þeim mikla vanda sem okkur er á höndum að jafna þennan kostnað með skynsamlegum hætti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að ég gengst nú fyrir athugun á öllum þáttum afskipta hins opinbera af orkuverði og vonast til að geta á þeim grundvelli gert um þetta málefni skynsamlegar tillögur og vænti góðs samstarfs við þingið í því viðfangsefni.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þegar ég vitna til þess að húshitunarrafmagn hafi hækkað meira en almennt verðlag þá er ég að ræða um hækkanir sem urðu núna 1. okt. á húshitunarrafmagni. Þá var gjaldskrárhækkunin á almennum töxtum rafmagns 10% en á húshitun 14,8%. Þetta er auðvitað ekki þróun í rétta átt, eftir að lækkað hafði verið í ágústmánuði sem var ágætt skref út af fyrir sig.

Vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði um fjölgun á afhendingarstöðum raforku í heildsölu frá Landsvirkjun, þá vil ég benda á það að slík fjölgun afhendingarstaða breytir engu í raun um þann vanda sem við er að fást á landsmælikvarða í þessum efnum, það þyngir þá aðeins rekstrardæmið hjá þeim sem ekki njóta slíkra bættra kjara vegna fjölgunar á afhendingarstöðum þannig að það er léttvægur liður inn í þá heild sem hér er um að ræða.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til þess að hugleiða það, úr því það er tækifæri til þess, í sambandi við orkumál hvers vegna orkan er svona dýr. Hvers vegna er orka til húshitunar svona dýr jafnt sem annað? Það er auðvitað vegna þess að það hefur verið offjárfest undanfarin ár eða jafnvel áratugi í orkuverum án þess að orkan hafi verið seld. Menn skyldu ekki láta sér detta til hugar að það þyrfti ekki að borga brúsann. Það hefur verið fjárfest og fjárfest og fjárfest og ekkert verið hugsað um að selja það. Þess vegna er nú kerfið í þeirri kastþröng að neyðast til þess að hækka orkuverð á landsmenn, svo geðslegt sem það nú er. En svona er nú uppskera sósíalismans. Svona er hún akkúrat.

Ég verð nú að segja það að ég vona þó svo sannarlega að hæstv. núv. iðnrh. takist að selja þessa orku. Það er kjarni málsins. Ég ætla ekki að ræða um það hér nú hvað er búið að fjárfesta mikið en það eru gígantískar upphæðir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Smá athugasemd við athugasemd síðasta ræðumanns. Ekki ætla ég að bera á móti því að að vissu leyti hefur verið offjárfest í orkuverum við vissar aðstæður og breytilegar aðstæður. Hæstv. iðnrh. upplýsti nú að orkukostnaðurinn hefði þó á síðustu árum lækkað úr því að vera fimmfaldur í það að vera 2,5-faldur. Þær voru þyngri syndirnar sem við bárum á herðunum vegna stjórnar íhaldsins á orkuuppbyggingunni á árunum hér á undan þegar við vorum að borga fimmfaldan hita og orku vegna samninga við Ísal og annað eftir því. Þetta væri nú rétt fyrir hv. þm. að hugleiða þegar hann hefur hér uppi stór orð um framkvæmd sósíalismans.

PCB-mengun, ein umr.

Fsp. HG, 9. mál. — Þskj. 9.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 9 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um PCB-mengun. Þar er spurt:

„1. Hversu víða hefur orðið vart við PCB-mengun hérlendis og í hvaða mæli?

2. Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir meiri mengun af völdum PCB-efna?

3. Hvaða rannsóknir fara fram eða eru fyrirhugaðar til að fylgjast með PCB-mengun?"

Það er nú rétt tæpt ár liðið frá því að hæstv. ráðherra svaraði fsp. sama efnis sem ég bar fram í byrjun síðasta þings. Ástæðan fyrir því að hér er spurt aftur er það sem gerst hefur síðan. Á þessum tíma var aðeins vitað um PCB-mengun á örfáum stöðum á landinu, tveimur stöðum á Austfjörðum og var það út af fyrir sig nógu alvarlegt, en síðan hafa komið fram upplýsingar um mjög verulega mengun þessara hættulegu efna víðar á landinu, þá sérstaklega hér í Reykjavík.

Mér er fyllilega kunnugt um góð viðbrögð hæstv. heilbrrh. varðandi þessi mál fyrir ári þegar hann gaf út reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB-efna og er það allt góðra gjalda vert. En málið hefur vaxið að umfangi síðan þessi reglugerð var sett og nauðsynin á að geta rækt viðunandi eftirlit og rannsóknir er meira knýjandi en nokkru sinni áður af þessum sökum og Alþingi þarf auðvitað að tryggja að fjármagn fáist til nauðsynlegra rannsókna og eftirlits. Það er m.a. með þetta í huga að ég hér í byrjun þings leyfi mér öðru sinni á einu ári að inna eftir stöðu þessa máls.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Á þskj. 9 hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beint til mín fsp. sem hann hefur nú gert grein fyrir og jafnframt rakið það að við höfum rætt þessi mál fyrr á þessu ári, á fyrra þingi, og auðvitað eru þær upplýsingar sem nú liggja fyrir að nokkru leyti í samræmi við það sem þá var en eins og fram kom í máli hans hafa líka nýjar upplýsingar komið fram.

Fyrsti liður fsp. var: Hversu víða hefur orðið vart við PCB-mengun hérlendis og í hvaða mæli?

Vart hefur orðið PCB-mengunar á tveimur stöðum á Austurlandi, á Fáskrúðsfirði og í Neskaupstað. Enn fremur hefur orðið vart PCB-mengunar í jarðvegi og í spennaolíu á svæði fyrirtækisins Hringrásar við Sundahöfn í Reykjavík. Ekki reyndist þar vera um að ræða óleyfilegt magn PCB-efna samkvæmt reglugerð nr. 489 frá 1988 um innflutning, notkun og förgun PCB-efna. Samkvæmt þeirri reglugerð má styrkur PCB-efna í efnablöndum, varningi og tækjum vera allt að 2000 ppm, þ.e. milligrömm í kílói og reyndist PCB-mengun í olíu vera allt að 1660 ppm. Jarðvegur reyndist innihalda allt að 43,8 ppm. Grunur leikur á að förgun hafi átt sér stað víðar á sorphaugum hér á árum áður ef tekið er mið af því hvernig farið hefur verið með þétta sem innihalda PCB-efni. Er unnið að könnun á því máli á vegum Hollustuverndar ríkisins.

Annar liður fsp. var: Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til þess að koma í veg fyrir meiri mengun af völdum PCB-efna?

Förgun PCB-efna á ófullnægjandi hátt hefur ekki átt sér stað undanfarin tvö ár eða eftir að Hollustuvernd ríkisins var falið að kanna málið sérstaklega og eftir að sú stofnun tók að sér milligöngu um að flytja efnið til Skotlands til brennslu. Til að reyna að fyrirbyggja frekari mengun af völdum PCB-efna setti ráðuneytið reglugerð á síðasta ári, reglugerð nr. 498 1988 sem ég vitnaði til áðan um innflutning, notkun og förgun PCB-efna. Samkvæmt reglugerðinni er innflutningur og notkun PCB-efna bannaður með ákveðnum undantekningum þó. Undantekningarnar eru þær að Vinnueftirlit ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd veitt undanþágu frá banninu í þeim tilvikum þar sem önnur efni koma ekki í staðinn. Skal við veitingu undanþága taka fram til hverra nota efnin eru ætluð eða varningurinn eða tækin sem hafa þau að geyma. Varðandi förgunina segir að þar til sett hafi verið ákvæði í reglugerð skv. 22. gr. laganna nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, um förgun eiturefna og hættulegra efna, megi eingöngu farga PCB-efnum að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins sem hefur um förgunina samráð við Vinnueftirlit ríkisins, eiturefnanefnd og Náttúruverndarráð. Ráðuneytið telur að með þessum reglum eigi að vera tryggt að ekki séu flutt inn PCB-efni nema í undantekningartilvikum og að meðferðin sé þá í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að rétt sé að förgun efnanna staðið, en eins og áður kemur fram hefur hún eftir gildistöku reglugerðarinnar eingöngu farið fram erlendis.

Þriðji liður fsp. var síðan: Hvaða rannsóknir fara fram eða eru fyrirhugaðar til að fylgjast með PCB-menguninni?

Til viðbótar þeim rannsóknum og athugunum sem fram fóru á Austurlandi í fyrra og gerð var grein fyrir hér á Alþingi fyrir ári síðan hefur Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins fylgst með mengun á Fáskrúðsfirði og í Neskaupstað. Enn fremur hafa rannsóknir farið fram í Sundahöfn eins og áður er greint. Frekari rannsóknir fara fram þessa dagana á jarðvegi í Sundahöfn og hljóta niðurstöður þeirra að ákvarða um framgang málsins. Ekkert bendir hins vegar til þess að mengun sé þar yfir þeim mörkum sem kveðið er á um í áðurnefndri reglugerð. Hins vegar kann að vera að nauðsynlegt sé að breyta gildandi reglum um hámark PCB-efna sem farga má á völdum stöðum án sérstakra ráðstafana. Í þessu tilviki er rétt að benda á að þær reglur sem settar voru hér í fyrra taka mið af töluvert hærri gildum en t.d. í Danmörku, Bandaríkjunum, Kanada og Hollandi en í þessum löndum er hámark nokkru lægra, reyndar í sumum tilfellum mikið lægra en hér á landi. Enn fremur kemur til greina að setja sérstakar reglur um hámark PCB-efna í jarðvegi en engar slíkar reglur hafa verið settar enn sem komið er. Ráðuneytið hefur farið þess á leit við Hollustuvernd ríkisins að stofnunin kanni ofangreinda þætti sérstaklega með hliðsjón af því hvort hertar reglur hafi í för með sér veigamiklar og kostnaðarsamar aðgerðir til upprætingar PCB-efna sem kunna að leynast hér í jarðvegi.

Rétt er að geta þess að mengunarvarnadeild Hollustuverndarinnar hefur nú þegar sett fram tillögur um hertari reglur. Þær eru hins vegar ekki fullunnar og eru nú í nánari vinnslu og athugun hjá Hollustuvernd ríkisins og stjórn hennar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svör hans varðandi fsp. og ég tel að þau hafi leitt í ljós nokkra athyglisverða þætti og mér heyrðist að hæstv. ráðherra dragi skynsamlegar ályktanir varðandi stöðu mála m.a. varðandi þörfina á að endurskoða þá reglugerð sem sett var fyrir ári síðan í ljósi þess sem síðan hefur fram komið um mengun hér við Sundahöfn í Reykjavík.

Ég skal ekki leggja neitt mat á það hér hvert eigi að vera hámark í sambandi við þessi efni varðandi vatn og jarðveg en það vekur athygli sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hámarkið í gildandi reglugerð liggur yfir því sem er í öðrum löndum sem hann nefndi dæmi um. Því er aðeins hægt að taka undir það að yfir þessi mál verði farið og reglugerð breytt eftir því sem réttast er talið.

Það sem ég kannski saknaði úr máli hæstv. ráðherra var að fá upplýsingar um það hvort hann teldi að nægilega væri séð fyrir aðstöðu og fjármagni til eftirlits og rannsókna á mengun af völdum PCB-efna sérstaklega, þær rannsóknir sem þarna þurfa að fara

fram og þær hafa farið fram erlendis, að mér er best kunnugt, mælingarnar, vegna þess að hér hefur ekki verið búnaður til þess að sinna þeim nema að takmörkuðu leyti. Þetta eru kostnaðarsamar rannsóknir. Það er ekki nóg að staðfesta aðeins að mengun sé fyrir hendi heldur er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fylgjast með því hver er þróun mála á hverjum tíma til þess að geta brugðist við með réttum hætti. Hér geta verið verulegir hagsmunir í húfi í sambandi við t.d. fiskeldi í fjörðum, í sambandi við fleiri aðgerðir, auk þeirrar beinu hættu sem stafar af þessum efnum, en PCB-efnin eru alveg sérstakleg skaðvænleg að því leyti að þau safnast upp í lífkeðjunni á löngum tíma og brotna ekki niður.

Við lentum í því, Íslendingar, á þessu sviði eins og fleirum, að vera hér eftirbátar annarra þjóða, fylgjast ekki með þessari mengun eða þessari mengunarhættu og vorum hér í 10 ár með heimildir til innflutnings á þéttum og ýmsum búnaði í raforkukerfum og víðar, á meðan búið var að taka fyrir slíka notkun í grannlöndunum og af því súpum við nú með nokkrum hætti seyðið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt út af þeirri áréttingu eða þeirri fsp. sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda Hjörleifi Guttormssyni um aðstöðu Hollustuverndarinnar. Það er alveg ljóst að staða Hollustuverndar til starfa sinna hefur á undanförnum árum alls ekki verið nægjanlega góð. Hins vegar eru nú að verða breytingar þar á. Hollustuverndin er að fá nýtt húsnæði og er þar m.a. verið að vinna við uppbyggingu rannsóknastofu á vegum Hollustuverndarinnar svo að ég vænti þess að þar verði betri aðstaða til að fylgjast með þessu svo og öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin og allir vita að eru mjög mikilvæg og mikilvægt að vel sé fylgst með okkar umhverfismálum. Þar gegnir Hollustuverndin veigamiklu hlutverki.

Svo er rétt að árétta það aftur að þessa reglugerð, sem er þó ekki nema u.þ.b. ársgömul, þarf að endurskoða í ljósi nýrra upplýsinga og fenginnar reynslu og þeirrar staðreyndar líka að aðrar þjóðir, m.a. nágrannaþjóðir okkar sumar, hafa sett miklu strangari reglur en þær sem við settum í þessari reglugerð fyrir u.þ.b. einu ári síðan en vísinda- og eftirlitsmenn okkar telja nú ástæðu til að endurskoða. Við verðum líka að hafa það í huga að það getur haft í för með sér verulega kostnaðarsamar aðgerðir ef uppræta á PCB-efni úr jarðvegi þar sem það kann að leynast en auðvitað verðum við að hafa það í huga líka, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að þetta er hættulegt efni og við verðum að reyna að forða því úr umhverfi okkar eftir því sem nokkur tök verða á.

SAMEINAÐ ÞING

5. fundur, fimmtudaginn 19. okt., að loknum 4. fundi.

Kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum, en till. þessi er á þskj. 12, 12. mál þessa þings. Flm. að tillögunni ásamt mér eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því að kveðja hið fyrsta saman alþjóðlega ráðstefnu til að ræða um afvopnun á höfunum og undirbúa samningaviðræður með sérstöku tilliti til kjarnorkuafvopnunar á norðurhöfum. Jafnframt verði leitað eftir því við ríki sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip í norðurhöfum að þau takmarki umferð þeirra í grennd við Ísland og að aðrar tiltækar ráðstafanir verði gerðar til að bægja frá hættu af geislamengun vegna slysa og óhappa."

Þetta er efni þessarar þáltill. Hún var flutt seint á síðasta þingi í framhaldi af því að tíðindi bárust um veruleg óhöpp í norðurhöfum til viðbótar við það sem áður hafði fram komið í kjarnorkukafbátum, þar sem sovéskur kjarnorkukafbátur fórst í Norður-Íshafi suðvestur af Bjarnarey þann 7. apríl og með honum 40 sjóliðar. Þetta kjarnorkuslys minnti á þá stórfelldu hættu sem auðvitað hefur fyrir löngu verið ljós Íslendingum og öðrum þjóðum við norðanvert Atlantshaf og alveg sérstaklega þeim sem byggja efnahag sinn á sjávarauðlindum er búin af umferð kjarnorkuknúinna skipa, kafbáta þar með talinna og skipa með kjarnorkuvopn innanborðs.

Þetta mál var tekið hér upp á Alþingi í svipuðu formi fyrir einum 2–3 árum þegar hv. þm., nú hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson flutti þáltill. um það að ríkisstjórn væri falið að efna til alþjóðaráðstefnu þar sem tekið yrði á undirbúningi að því að hrinda af stað afvopnunarviðræðum varðandi kjarnorkubúnað í norðurhöfum. Frá því að það mál var upp tekið á sínum tíma hefur enn frekar komið í ljós hversu knýjandi það er fyrir okkur Íslendinga að taka frumkvæði í þessum málum og beita okkur með öllu afli hvarvetna á alþjóðavettvangi þar sem við getum ýtt á eftir kjarnorkuafvopnun, stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar auðvitað og afvopnun með skipulegum hætti. Um þetta fjallar tillagan. Með henni er ríkisstjórninni falið frumkvæði í þessum málum.

Nú er sjálfsagt að halda því til haga sem getið er um í greinargerð með þessari tillögu að bæði forsrh. og utanrrh. Íslands hafa á undanförnum árum lagt á það áherslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sérstaklega

að afvopnun á höfunum sé sérstakt áhugamál Íslendinga og hafa lýst áhyggjum yfir þróun í gagnstæða átt.

Núv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur tekið afvopnun á höfunum upp á alþjóðavettvangi auk þess að minna á málið rækilega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur tekið á því m.a. innan Atlantshafsbandalagsins en ekki fengið þær undirtektir við óskum íslenskra stjórnvalda um þetta efni sem æskilegt væri og nauðsyn krefur.

Ég þarf hér ekki, virðulegur forseti, að fjölyrða um eðli þeirrar hættu sem við búum við að þessu leyti. Ég ætla ekki að taka tíma í að ræða það sérstaklega svo augljós sem hún hlýtur að vera öllum Íslendingum. Hitt vildi ég ræða nokkru nánar hver staðan er í þessum efnum, hvar hindranir og fyrirstaða virðast vera gegn því að tekið sé á afvopnun á höfunum varðandi kjarnorkubúnað í afvopnunarviðræðum milli stórvelda, en þess sér lítinn stað nema í sambandi við stýriflaugar og slíkan búnað í kafbátum sem eru ekki útilokaðar sem viðfangsefni í sambandi við START-viðræðurnar svokölluðu. Það hefur hins vegar komið fram mjög ótvírætt á undanförnum árum að það eru Bandaríkin öðrum fremur sem forusturíki í NATO sem hafa ekki viljað taka afvopnun á höfunum með inn í afvopnunarviðræður risaveldanna. Þetta er ekkert umdeilt atriði. Þetta liggur fyrir og hefur verið staðfest margoft á sama tíma og hitt risaveldið, Sovétríkin, hafa ítrekað lýst áhuga sínum og vilja til þess að kjarnorkuafvopnun á höfunum verði felld inn í afvopnunarferli milli risaveldanna. Ég gæti minnt á marga staði þar sem þetta hefur komið fram með ótvíræðum hætti, t.d. í þeirri yfirlitsmynd sem sjónvarpið sýndi á sl. vetri varðandi vígbúnaðarmál, en Albert Jónsson, starfsmaður Öryggismálanefndar, hafði hönd í bagga um gerð hennar. Þar kom þetta fram með skýrum og ótvíræðum hætti, m.a. af hálfu yfirmanna Atlantshafsbandalagsins.

Það hefur líka komið fram nú nýlega á vettvangi þingmannasamtaka sem Íslendingar eru aðilar að, þ.e. Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins, að áhuginn á kjarnorkuafvopnun hjá risaveldinu í austri er áframhaldandi og verulegur en ekki undir það tekið eins og þyrfti að vera af hálfu Bandaríkjanna. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson greinir þannig frá því í viðtali við Morgunblaðið 11. okt. sl. að hann hafi beint fsp. á vettvangi Þingmannasamtaka NATO til sovésks hershöfðingja um þessi efni og frásögn Morgunblaðsins sem ég leyfi mér að vitna hér til er með þessum hætti:

Eftir ræðuhöldin, (þ.e. á þessum vettvangi þingmanna Atlantshafsbandalagsins) lagði Guðmundur fram fyrirspurn til Lobovs hershöfðingja. „Hann sagði í ræðu sinni að Sovétríkin væru mjög ákveðin í því (þetta er tilvitnun í mál Guðmundar) að hrinda í framkvæmd afvopnun, sérstaklega í sambandi við hefðbundin vopn. Einnig sagði hann að það væri mjög þýðingarmikið að til þess að umbótastefnan mætti takast þyrfti slík afvopnun að eiga sér stað. Ég spurði hann því um stefnu hans í uppbyggingu flotans og bætti því við að svo virtist sem Sovétríkin væru sífellt að byggja fleiri kjarnorkukafbáta með miklum tilkostnaði og að sovéski flotinn yrði sífellt athafnasamari á Norður-Atlantshafi", sagði Guðmundur. „Ég spurði hvernig þetta samræmdist stefnu hans í afvopnun og hinni nýju umbótastefnu. Lobov (þetta er frásögn Morgunblaðsins) svaraði því til að hann væri reiðubúinn að skýra flotastefnu Sovétríkjanna í löngu máli. Síðan sagði hann að Sovétríkin væru langt á eftir Bandaríkjunum, sérstaklega hvað varðaði kafbáta og flugmóðurskip. Hann sagði að Bandaríkin ættu þrisvar sinnum fleiri kafbáta auk flugmóðurskipa, en Sovétríkin ekkert. Og hann sagði jafnframt að engin stefnubreyting hefði orðið hjá Sovétmönnum um eflingu sovéska flotans, en þeir væru ávallt reiðubúnir til hugsanlegra viðræðna um afvopnun á höfunum.

Galvin hershöfðingi taldi þetta mál of yfirgripsmikið til að ræða um það á stuttum fundi en vildi vekja athygli á að ekki væri hægt að leggja málið fyrir eins og Lobov hefði gert. (Galvin hershöfðingi er sá bandaríski.) Menn yrðu að hafa í huga að Vestur-Evrópa og Bandaríkin væru háð Atlantshafinu og ef eitthvað kæmi upp á yrðu þau að hafa sitt öryggi og sitt vald á þessu svæði með sambærilegum hætti og Sovétríkin hefðu í Asíu og Austur-Evrópu.

Varðandi viðræður um afvopnun á höfunum væri ekki hægt að taka Norður-Atlantshafssvæðið út úr, heldur yrði að fjalla um mörg svæði þegar rætt væri um afvopnun."

Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í þessa frásögn Morgunblaðsins, en hv. þm. er hér viðstaddur og getur kannski varpað frekara ljósi á það sem þarna kom fram.

Ég vísa einnig til upplýsinga sem fram hafa komið, það mat vestrænna afla að um aukningu sé að ræða í sambandi við kafbátaflota Sovétríkjanna. M.a. verði fjölgað kafbátum sem þeir hleypi af stokkunum á þessu ári og vitnað til árásarkafbáta og gagneldflaugakafbáta í því sambandi. Þetta er auðvitað mikil öfugþróun og mjög slæm þróun og þeim mun brýnna er það að sjálfsögðu að knúið verði á um að þessir þættir verði teknir inn í afvopnunarviðræður. Og þegar fyrir liggja yfirlýsingar um það, ítrekaðar af hálfu Sovétmanna sem standa fyrir þessum aukna vígbúnaði á höfunum. Hvers vegna í ósköpunum tekur Atlantshafsbandalagið ekki undir í þessum efnum og fellst á það loksins að taka þennan þátt mála inn í afvopnunarferli milli risaveldanna? Það er ekki lengur frambærilegt að vera að vitna sí og æ í stöðuna hjá gagnaðilanum, að ekki megi raska jafnvægi o.s.frv. Menn hafa sem betur fer fyrir sér afvopnunarferlið, þá hreyfingu sem orðið hefur í sambandi við samskipti risaveldanna á undanförnum árum, en þarna liggja höfin eftir. Þetta er sérstakt áhyggjuefni okkar Íslendinga og hlýtur að vera áhyggjuefni okkar allra. Þess vegna er þessi tillaga hér flutt.

Ég minni jafnframt, virðulegur forseti, á það sjónarmið sem kom fram hjá fyrrv. yfirmanni herliðsins á

Keflavíkurflugvelli, McWadons aðmíráls sl. vor, þegar hann kvaddi Ísland og hætti störfum hér, að eftir því sem hermönnum fækkaði á meginlandi Evrópu, eftir því sem miðaði í afvopnun í hefðbundnum herafla á meginlandi Evrópu, þeim mun mikilvægari væri aðstaða Atlantshafsbandalagsins hér á Íslandi. Það var að heyra á þessum yfirmanni Atlantshafsbandalagsins hér og bandaríska hersins sérstaklega að eftir því sem friðvænlegra yrði og fækkað yrði í herliði á meginlandinu, þeim mun styrkari stöðu teldu Bandaríkin sig þurfa hér á landi. Hér er það bandarískt flotinn sem hefur með höndum yfirstjórn herstöðvanna og það er hann sem stendur fyrir því gagnkafbátaeftirliti og vígbúnaði sem tengist þessu hér á landi. Og það eru auðvitað ekki litlar upplýsingar þegar slíkt mat kemur fram eins og þarna liggur fyrir, að afvopnun í Evrópu þýði að mati Bandaríkjanna sem hafa hér samning við Ísland um þessi efni að auka þurfi hernaðarumsvif og vígbúnað í herstöðvum hér á Íslandi.

Við sem flytjum þessa tillögu gerum þá kröfu til ríkisstjórnarinnar, og það verða væntanlega margir sem undir það taka, að hún hafi frumkvæði í þessum efnum að kveðja hér til alþjóðlegrar ráðstefnu til að taka á þessum málum og leiti eftir því að ríki sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip á Norðurlöndum takmarki umferð þeirra í grennd við Ísland og aðrar ráðstafanir verði gerðar til að bægja frá þeirri geigvænlegu hættu sem vofir yfir okkur hvern dag að óbreyttu ástandi.

Ég geri tillögu um það, virðulegi forseti, að að lokinni umræðu um tillögu þessa verði henni vísað til hv. utanrmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þarf nú ekki að taka það fram að ég styð þessa tillögu þar sem ég er einn af flm. hennar og kem hér upp til að leggja áherslu á eitt atriði sem tekið er fram í tillögunni en það er umferð kjarnorkuknúinna kafbáta og kjarnorkuknúinna skipa í og á höfunum. Það þarf ekkert að draga úr því að kjarnorkuafvopnun er mjög mikilvæg, en allt of lítil áhersla hefur verið lögð á umferð þessara báta sem bæði geta að sjálfsögðu borið kjarnorkuvopn, en þau eru ekkert síður hættuleg og kannski enn hættulegri, vegna þess að þau eru knúin kjarnorkuvélum.

Eldsneyti í kjarnorkukafbátum er venjulega úraníum 235 sem hefur mjög langan helmingunartíma. Það er í sjálfu sér ekki mjög hættulegt ef hægt er að tala um mismun á því hversu hættuleg geislavirk efni eru. Það er alla vega ekki eins hættulegt og mörg önnur geislavirk efni eins og t.d. plútoníum sem er líka notað sem brennsluefni í ofnum. En við brennsluna á úraníum myndast efni, svo sem baríum, strontíum, cesíum, joð og fleiri, en þessi efni eru mjög hættuleg lífverum. Úraníumið sjálft er, eins og ég sagði áðan, ekkert sérlega hættulegt en þessi dótturefni sem koma fram við brennsluna eru mjög hættuleg ef þau berast inn í lífverur. Þau eru geislavirk og ganga inn í lífkeðjuna og eru t.d. tekin upp í staðinn fyrir kalk inn í beinin og inn í aðra lífeðlisfræðilega ferla í lífverunum. Það er því mikil ástæða til að óttast ef þessi efni berist út í sjóinn frá þessum bátum.

Ástæður þess að bátar og kjarnorkukafbátar eru kjarnorkuknúin eru fyrst og fremst tvær. Það er vegna þess að þeir geta verið miklu lengur undir yfirborði sjávar þar sem miklu minna fer fyrir bræðsluefninu og þar af leiðandi þurfa þeir ekki að koma upp til að sækja efni auk þess sem þeir þurfa miklu sjaldnar að koma upp til að sækja súrefni. Hin ástæðan fyrir því að þeir, risaveldin sérstaklega, sem fara um höfin vilja nota kjarnorkuknúnar vélar er sú að þessar vélar eru mjög hljóðlátar. Það heyrist varla í þeim og þess vegna vilja þeir sem fara um höfin með kjarnorkukafbáta og kjarnorkuskip fara með þess konar vélar til þess að ekki heyrist í þeim. Þetta hefur verið að sjálfsögðu eitt af þeim vandamálum sem talað hefur verið um þegar verið er að leita að kjarnorkukafbátum. Og þess vegna tel ég mikla ástæðu til að óttast fjölgun þessara skipa.

Þann 7. apríl sl. varð kjarnorkuslys við Bjarnarey eins og menn muna. Mikil óvissa var í tengslum við það mál, ekki kannski síst vegna þess að ekki var vitað hvaða brennsluefni var í vélunum. Það var að vísu einnig áhyggjuefni hvort þetta skip bæri kjarnorkuvopn, en aðaláhyggjuefnið var þó brennsluofninn sjálfur. Þess vegna er spurningin: Hvað er þá til ráða? Það eina raunhæfa sem ég held að sé í þessu máli, ef koma á í veg fyrir slys af þessu tagi, er að banna alla umferð kjarnorkuknúinna kafbáta og skipa hér við land, og auðvitað alls staðar, og beita áhrifum okkar á alþjóðavettvangi, eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu. Að við höfum frumkvæðið að því að það verði algjör kjarnorkuafvopnun og jafnframt hætt að nota kjarnorku til að knýja kafbáta og skip.

Ég tel fyllilega tímabært að við tökum á okkur rögg og vinnum að því að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum og allri umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Okkur ber skylda til að taka þetta mál föstum tökum og hafa um það frumkvæði á alþjóðavettvangi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu allmerkileg tillaga sem því miður fékkst ekki rædd á síðasta þingi. En ég vil, áður en ég vík að efni tillögunnar, segja nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, 2. þm. Austurl.

Hann vék nokkuð að því sem ég hafði sagt og gert á fundi Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins í Róm fyrir skömmu, þar sem þessi mál voru m.a. til umræðu. Að mínu frumkvæði var í nefnd sem fjallaði um öryggis- og varnarmál fjallað nokkuð um flotavæðingu í Norður-Atlantshafi, sérstaklega með tilliti til þess hvernig hún hefur þróast hjá Sovétríkjunum. En á þessum fundi í Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsins voru m.a. mættir að ósk Þingmannasambandsins einn af yfirhershöfðingjum Varsjárbandalagsins og annar frá Atlantshafsbandalag-

inu þar sem fjallað var sérstaklega um þessi mál. Ég mun víkja nokkuð að því með hvaða hætti fjallað var um þau á þingmannasambandsfundinum, en áður en ég geri það vil ég leiðrétta hér einn ákveðinn mjög alvarlegan misskilning sem kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar varðandi stöðu og hlutverk Íslands innan Atlantshafsbandalagsins.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að hernaðarumsvif hefðu aukist á Íslandi. Ég kannast ekki við það að hernaðarumsvif hafi aukist á Íslandi vegna þess að frá því að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu árið 1949 hafa ekki verið byggð upp hernaðarmannvirki þeirrar tegundar sem hv. þm. á við. Hér á Íslandi hafa ekki verið herstöðvar í eiginlegri merkingu þess orðs, þ.e. hér hafa ekki verið til staðar árásarvopn, kjarnorkuvopn né nein þau vopn eða útbúnaður sem gerir það að verkum að hægt sé að segja það að á Íslandi sé herstöð. Staða Íslands og hlutverk Íslands í varnarbandalaginu NATO byggist fyrst og fremst á því að á Íslandi er varnar- og eftirlitsstöð, þ.e. að Ísland er fyrst og fremst í varnarbandalagi og hlutverk okkar er fyrst og fremst að gegna því hlutverki að vera hér eftirlitsstöð. En það er alveg reginmunur á því þegar fjallað er um þessi mál og sérstaklega í því samhengi sem hv. þm. talaði um þau, með tilliti til þess að hann óskar eftir því að hér eigi sér stað afvopnun í Norður-Atlantshafi sem og annars staðar, að fjalla um málið með þessum hætti vegna þess að Ísland kemur til með að vera mjög þýðingarmikið land í Norður-Atlantshafi í því eftirlitshlutverki sem fylgir því ef afvopnun á að takast. Þá eru öll þau tæki og allur sá aðbúnaður fyrir hendi í landinu sem þörf er fyrir við slíkar aðstæður. Þetta vita allir sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál þannig að mér finnst að hv. þm. ætti að breyta um taktík þegar hann fjallar um þessi mál af því að við stefnum allir að sama marki, þ.e. að reyna að efla friðinn í heiminum, og hætta að tala um það að Ísland sé herstöð í þeirri merkingu sem hann gerði hér áðan.

Varðandi þáltill. þá tók ég fram hér áðan að hún væri að mörgu leyti ágæt og ég get verið sammála um að það sé æskilegt markmið að efna til viðræðna um afvopnun á höfunum. Ég er einnig sammála um að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að draga úr umferð kjarnorkuknúinna kafbáta við Íslandsstrendur. Þegar litið er til baka svona 10–15 ár, þá er augljóst að umferð sovéskra kafbáta í Norður-Atlantshafi hefur stóraukist. Þótt það komi fram í skýrslum nú að ferðum þeirra hafi eitthvað fækkað sl. tvö ár, þá er það ekki marktækt og segir ekki alla söguna því staðreyndin er sú að á sl. 10 árum hefur umferð og umsvif sovéskra kafbáta í Norður-Atlantshafi stóraukist og það viðurkenna Sovétmenn sjálfir.

Á fundi Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins í Róm fyrir skömmu kom m.a. fram að kjarnorkuknúnir kafbátar, sem eru í notkun stórveldanna, þ.e. Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, væru um 200 hjá hvorum aðila um sig, rúmlega 200 talsins. Bandaríkjamenn hafa hætt smíðum á slíkum kafbátum, þ.e. kjarnorkuknúnum kafbátum, en Sovétríkin munu nú framleiða einn kjarnorkuknúinn kafbát á mánuði, sem kostar nokkra milljarða kr. Þetta munu vera hinir fullkomnustu kafbátar sem til eru í heiminum þannig að bandarískir kafbátar sem eru smíðaðir fyrr og eru eldri standast ekki samanburð. Þetta er réttilega óhugguleg þróun eins og fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

En hugsanlega blasa nú við betri tímar í þessum efnum með auknum samskiptum þessara þjóða sem leiða til enn frekari slökunar, spennan minnkar milli austurs og vesturs þannig að friðarhorfur ættu að batna og það eykur að sjálfsögðu líkur á afvopnun á höfunum eins og hér er til umræðu.

Ég vil í því sambandi vekja athygli á því að af hálfu Þingmannasambands NATO hefur á sl. tveim árum að frumkvæði þess verið efnt til viðræðna við forráðamenn í Varsjárbandalaginu, m.a. þingmenn og hershöfðingja. Stjórnarmenn Þingmannasambandsins og einstakar starfsnefndir hafa farið til Varsjár, Prag, Moskvu og Búdapest og rætt við forustumenn þessara ríkja. Í þeim viðræðum hefur m.a. verið fjallað um aukin samskipti þessara þjóða, afvopnunarmál, umhverfis- og mengunarmál og hina nýju stefnu Sovétríkjanna, perestrojkuna. Þá hefur einnig verið fjallað um hugsanlega efnahagsaðstoð og hvernig hægt væri að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Vil ég í því sambandi sérstaklega minna á að það eru allar horfur á því að Vestur-Þjóðverjar muni veita efnahagsaðstoð til Austur-Evrópuríkjanna er nemi rúmlega einum milljarði vestur-þýskra marka sem er verulegt fé. Til þess að undirstrika enn frekar þessa áherslu af okkar hálfu, þ.e. Þingmannasambandsins, þá var einum æðsta hershöfðingja Varsjárbandalagsins og þingmanni á hinu nýja þingi Sovetríkjanna, Vladimir Lobov, boðið að sitja fund í öryggis- og varnarmálanefnd þingsins þar sem yfirhershöfðingi NATO-herjanna sem hefur aðsetur í Brussel, John Galvin, var einnig mættur. Þar ræddu þessir menn m.a. afvopnunarmál.

Niðurstaðan af þessum umræðum á þessu þingi Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins var í stórum dráttum sú að það væri árangursríkara að fyrstu viðræður, þegar þær fara fram, gætu átt sér stað á milli NATO-ríkjanna annars vegar og Varsjárbandalagsríkjanna hins vegar. En ég vil taka það skýrt fram að málið komst ekki á það stig að rætt væri um það að slíkar viðræður færu fram. Hins vegar kom það skýrt fram í máli yfirhershöfðingja NATO að hann teldi að allar afvopnunarviðræður ættu að fara fram í heild, þ.e. það ætti að taka svokallað suðursvæði, miðsvæði og Norður-Atlantshafið saman í einum og sömu viðræðunum. Hins vegar kom það fram í máli Lobovs, hershöfðingja Sovétríkjanna, að þeir væru reiðubúnir að ræða þetta hvort sem væri í heild eða taka upp sérstakar viðræður um Norður-Atlantshafið. Hins vegar vil ég nú taka það fram af fyrri reynslu þegar menn sem eiga að tala fyrir hönd Sovétríkjanna og Austur-Evrópu taka til máls — ég

þekki nokkuð til þess úr verkalýðshreyfingunni — þá geta þeir verið nokkuð frjálsir í tali sínu um það sem þeir halda að falli í góðan jarðveg, en ég vil nú samt ekki draga úr því að þarna hafi verið um jákvæðan og einlægan vilja að ræða af hálfu þessa sovéska hershöfðingja. En hvað sem því líður, þá lýsti hann því yfir af þeirra hálfu að þeir væru reiðubúnir til þess að skoða það að fara í slíkar sérviðræður en bandarískri hershöfðinginn lagði áherslu á það, með sérstöku tilliti til mikilvægis Atlantshafsbandalagsins fyrir Vestur-Evrópu, Bandaríkin og Kanada, að þá væri ekki svona einfalt mál að fara í viðræðurnar einhliða bara um Atlantshafsbandalagið.

Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu viljum við sjálfstæðismenn ræða allt sem horfir til friðar í heiminum. Við leggjum áherslu á það að í þeim viðræðum gæti menn þess að halda stöðu sinni og styrkleika. Það gerum við m.a. með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu sem er nú orðið viðurkennt af þingmönnum úr flestöllum flokkum innan Atlantshafsbandalagsins og m.a. kommúnistaflokkunum á Ítalíu og í Frakklandi.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu. Hún kemur heim og saman við þær hugmyndir sem hæstv. utanrrh. hefur reifað innan NATO-ráðsins um afvopnun á norðurhöfum, en þar er auðvitað sá vettvangur sem við höfum hvað bestan til þess að hreyfa tillögu af þessu tagi. Ég er sannfærður um að það hvarflar ekki að nokkrum manni á hinu háa Alþingi að deila um nauðsyn kjarnorkuafvopnunar. Menn greinir nokkuð á um hvaða leiðir skuli fara til þess að knýja á stórveldin um að hraða viðræðum um kjarnorkuafvopnun á höfunum. Það er nú einu sinni svo að þrátt fyrir þá alþjóðlegu samninga sem gerðir hafa verið um varnir gegn mengun hafanna, og minni ég þá á Oslóarsamkomulag og Parísarsamkomulag og gæti minnt á fleiri samninga, þá ná þeir ekki til herja stórveldanna. Það er auðvitað megingallinn á þessum samningum öllum að þau stórveldi sem eiga kjarnorkuknúin skip geta raunverulega farið öllu sínu fram á heimshöfunum þrátt fyrir samninga um varnir gegn mengun sjávar. Í því felst mesta hættan og m.a. sú að þeim ber engin skylda til þess að veita upplýsingar um mengunarslys af hvaða toga sem þau eru spunnin. Við höfum orðið vitni að því á undanförnum missirum og árum að stórveldin hafa verið knúin til þess að greina frá slysum af þessu tagi eingöngu vegna þess að fjölmiðlar hafa getað skýrt frá þeim. Minni ég þá sérstaklega á tvö slys sem orðið hafa undan Noregsströndum um borð í sovéskum kafbátum.

Ég er búinn að ræða þessi mál í nokkur ár hér á þingi og hvetja til þess að Íslendingar haldi vöku sinni gagnvart þeim dýrmætu höfum sem þeir ráða yfir þar sem eru m.a. hrygningarstöðvar okkar helstu nytjafiska. Ég hef reynt að draga upp þá mynd hvað gerðist í þessu landi okkar ef alvarlegt slys yrði um borð í kjarnorkuknúnu skipi, hvort sem það er ofansjávarskip eða kafbátur, þannig að m.a. geislavirkt kælivatn læki út. Það er alveg augljóst að þessi þjóð þyrfti ekki að binda um efnahagssárin sín ef slíkt slys yrði af alvarlegum toga. Þetta hef ég oft nefnt hér og hvatt hv. þm. eindregið til þess að taka undir allar tillögur sem beinast að því að þrýsta á stórveldin um að hraða viðræðum sínum um kjarnorkuafvopnun á höfunum.

Ég vil minna á nokkrar tölur í sambandi við kjarnorkuknúin skip. Það er augljóst að um 70% af öllum kjarnaofnum sem framleiddir hafa verið í heiminum eru um borð í skipum sem sigla um heimshöfin. Þetta er ótrúlegur fjöldi og ég leyfi mér að fullyrða að aðgæsla varðandi þá kjarnaofna sem t.d. eru um borð í sovéskum kafbátum og bandarískum ugglaust líka kann að vera takmörkuð og þessi slys algengari en okkur er kunnugt um. Það eru til skýrslur um slys, sem ekki hefur verið greint frá, þar sem kjarnorkukafbátar hafa sokkið með langdrægar eldflaugar um borð, með kjarnorkuhleðslum og plútoníum sem liggja núna undir miklum þrýstingi á miklu dýpi og tíminn einn mun skera úr um hvenær bresta og gefa sig þar sem þeir liggja á hafsbotni. Hvaða afleiðingar það kann að hafa veit raunar enginn á þessari stundu.

Ég held að okkur beri öllum að styðja tillögur af þessu tagi, styðja það að stórveldunum verði gerð grein fyrir því að við höfum áhyggjur af þessum málum og að við sem þjóð erum tilbúin að gera allt það sem í okkar valdi stendur til þess að þeim viðræðum sem eiga sér vissulega stað um kjarnorkuafvopnun verði hraðað eftir mætti. Það er í raun og veru óþolandi og ögrun við sjálfstæða þjóð, sem byggir afkomu sína að a.m.k. 70% á sjávarfangi, að sigla þessum skipum um höfin, um fiskimiðin, á slóðum sem við vitum raunar aldrei með nokkurri vissu hvar eru, hversu nálægt landi þessi skip eru og hvar þau fara. Þetta er ögrun við lífsafkomu þjóðarinnar og er raunverulega óþolandi dónaskapur ef út í það er farið.

Ég vil þess vegna styðja eindregið þessa tillögu. Ég styð viðleitni hvers þess manns sem reynir að knýja á um að þessum viðræðum verði hraðað. Ég styð sérstaklega tilraunir hæstv. utanrrh. innan NATO-ráðsins að knýja á um að hans tillaga verði tekin til alvarlegrar umræðu í NATO-ráðinu, sem því miður hefur ekki verið gert enn þá. Og ég hvet alla til þess að knýja á um að menn ræði þessi mál í tíma og ótíma.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Tillaga sú sem hér liggur fyrir hefur komið fyrir áður og er vissulega athyglisverð. Hér er lagt til að haldin verði alþjóðleg ráðstefna um afvopnun á höfunum. Ég tel að slík ráðstefna gæti orðið að gagni svo framarlega sem við fengjum þá aðila sem eiga þessi kjarnorkuvopn til að mæta á slíka ráðstefnu. Það er við þá sem við þurfum að

tala. En takist það ekki þá verður lítið gagn að svona ráðstefnu. Ég tel ástæðu til að tillagan verði rædd ítarlega í nefnd og kannað hvernig hægt er að koma þessum málum fyrir.

Ég tel að það sé mikil nauðsyn að við Íslendingar höldum þeim málflutningi til streitu að afvopnun eigi sér stað, þar sem næst okkur eru höfin, en þetta vandamál er vissulega víðar. Kjarnorkan er ógnun við lífsafkomu ekki aðeins Íslendinga heldur allrar heimsbyggðarinnar og það þarf að stefna að því að afvopnun geti orðið sem mest. En ég legg á það áherslu að slík afvopnun verður að vera gagnkvæm. Það er óráð að ætla sér að Atlantshafsbandalagið standi að einhliða afvopnun. Þeir aðilar sem helst deila í þessum efnum, þeir aðilar sem eiga þessi vopn undir höndum, þeir verða að koma sér saman um það. Sagan segir okkur það að einhliða afvopnun er barnaskapur sem ástæðulaust er að leggja lið.

Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi fylgt þessu máli mjög vel eftir með tillögugerð í Atlantshafsráðinu, með viðræðum við hina ýmsu aðila innan Atlantshafsbandalagsins og utanríkisþjónustan hefur verið mjög árvökul í þessum efnum.

Þingmannasamband Atlantshafsbandalagsins hefur komið nokkuð til umræðu hér og ég fullyrði að það er mjög dýrmætur vettvangur til þess að koma þessum málum á framfæri enda hefur það verið gert. Í öllum nefndum þingmannaráðsins höfum við Íslendingar tekið þessi mál upp, kynnt þau, krafist þess að þau yrðu tekin til umræðu og þar hafa þau verið rædd. Þingmenn á þessum fundum hafa öðlast sífellt meiri skilning á þessi efni og trúi ég því að á næstunni verði þetta eitt af þeim málum sem muni brenna mjög á mönnum í Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsins.

Þingmannasambandið er að mínu mati mjög mikilvægur vettvangur, ekki aðeins í þessu máli heldur mörgum öðrum málum, til skoðanaskipta, hvar við Íslendingar getum komið okkar málefnum á framfæri og ég tel reyndar að í áranna rás hafi þau sambönd sem þar hafa myndast verið okkur Íslendingum til mikils gagns.

Þingmannasambandið er samband sem öll Atlantshafsbandalagslöndin eiga sína fulltrúa í og það er svo ánægjulegt að franskir og ítalskir kommúnistar taka fullan þátt í störfum þinganna, eru mjög trúir varnarhagsmunum sinna þjóða og eru mjög andvígir því að einangra sig frá þeirri umræðu sem á sér stað um hagsmuni sinna þjóða í varnarmálum. Þeir eru síst verri viðmælendur en aðrir. Þeir hafa skilning á því að Atlantshafsbandalagið er friðarbandalag, Atlantshafsbandalagið er bandalag sem hefur tryggt friðinn frá síðustu heimsstyrjöld í Evrópu og mun væntanlega gera það áfram.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það vekur athygli mína að hæstv. starfandi utanrrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu. Ýmsir munu þó hyggja sem svo að ástæða væri til þess að hann fylgdist með umræðu af þessu tagi og gerði e.t.v. Alþingi grein fyrir stefnu og störfum ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Ég hef það á tilfinningunni að í ýmsu efni hafi þar verið sögð fleiri orð en hægt sé að tengja við raunverulegar athafnir. En ekki síst af þeim sökum hefði verið ástæða til þess að hafa hæstv. starfandi utanrrh. viðstaddan þessa umræðu.

Við höfum á undanförnum árum upplifað gífurlega breytingu í afvopnunarmálum. Árangur í þeim efnum má fyrst og fremst rekja til stefnu Atlantshafsbandalagsins sem hefur að sönnu verið virkasta friðarbandalag á undanförnum áratugum. Grundvallarstefna þess um staðfestu í varnarmálum samhliða viðræðum um afvopnun hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að menn eru nú að taka stærri skref í afvopnun en flesta hefði dreymt um fyrir fáeinum árum. Þá fór talsvert mikið fyrir friðarhreyfingum af ýmsu tagi sem reyndu að knýja á um breytta stefnu og undanhald frá grundvallarstefnu Atlantshafsbandalagsins um staðfestu samhliða viðræðum um afvopnun. Þessar hreyfingar náðu hingað og jafnvel hingað inn á Alþingi þar sem krafist var einhliða afvopnunar og frystingar kjarnorkuvopna.

Allir sjá nú hversu það hefði verið mikil skammsýni að hlaupa á eftir þeim hugmyndum því að stefna Atlantshafsbandalagsins hefur knúið menn til aðgerða á þessu sviði og því fagna menn mjög hvarvetna í heiminum. Og við Íslendingar hljótum að freista þess að leggja okkar af mörkum í þeirri umræðu sem hér á sér stað. Það skiptir okkur auðvitað miklu máli hvernig ástatt er um vígbúnað í höfunum kringum Ísland, bæði út frá okkar eigin öryggissjónarmiðum og eins vegna umhverfismála.

Ég hygg að það hafi verið Geir Hallgrímsson, þáv. utanrrh., sem fyrstur íslenskra stjórnmálamanna hóf á alþjóðavettvangi að vekja athygli á þeim brýnu hagsmunum Íslendinga að stórveldin færu að huga að afvopnun í höfunum einmitt með tilliti til þeirrar umhverfisáhættu sem kjarnorkubúnaður í kafbátum getur haft í för með sér og þá ekki síst fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga. Frá því að Geir Hallgrímsson hóf þessa umræðu á alþjóðavettvangi af okkar hálfu hefur henni verið fylgt eftir af öðrum sem til þess hafa haft aðstöðu og ég tel mjög mikilvægt og brýnt að svo verði gert. En að hinu leytinu hlýtur Ísland hér eftir sem hingað til að taka fullan þátt í störfum Atlantshafsbandalagsins og standa við skuldbindingar sínar í þeim efnum. Við höfum fyrir augunum árangurinn af þeirri staðfestu sem Atlantshafsbandalagið hefur sýnt og getum fyrst og fremst treyst því ef þeirri stefnu verður framfylgt að þá náum við raunhæfum árangri í afvopnun með gagnkvæmum samningum þeirra aðila sem í hlut eiga.

Dæmin sanna og reynslan sýnir að krafan um einhliða aðgerðir af þessu tagi fær ekki staðist og með þeim hætti ná menn ekki árangri. Þetta eru menn víðast hvar að viðurkenna á erlendum vettvangi, jafnvel öflugir stjórnmálaflokkar víða í Evrópu sem höfðu einhliða afvopnun á dagskrá og á stefnuskrám sínum, eru nú að hverfa frá þessum sjónarmiðum, þó að þeirra gæti enn innan Alþb. á Íslandi sem er

einhver afturhaldssamasti stjórnmálaflokkur í Evrópu, bæði í utanríkismálum, í afstöðu sinni til alþjóðasamvinnu og stjórnunar efnahagsmála.

Það er ljóst að Sovétmenn hafa mjög verið að auka vígbúnað sinn í höfunum og kjarnorkuflota sinn í höfunum hér norður af Íslandi. Þess vegna skiptir varnarhlutverk og eftirlitshlutverk Atlantshafsbandalagsins og varnarliðsins hér miklu máli. Það gegnir mikilvægu hlutverki í því að spyrna við fótum. Og því virkara sem eftirlitshlutverk varnarliðsins er því fremur megum við ætla að við náum árangri í þeirri viðleitni að draga úr kjarnorkuvígbúnaði í höfunum í kringum landið. Einmitt þess vegna þurfum við að leggja áherslu á þá grundvallarþætti sem fram til þessa hafa ráðið utanríkis- og varnarstefnu Íslands. Eitt atriði kemur til álita og skoðunar í þessu efni og það eru þær hugmyndir sem hafa verið uppi um varaflugvöll í þeim tilgangi að styrkja eftirlitshlutverkið sem einmitt miðar að því þá að stemma stigu við vaxandi kjarnorkuvígbúnaði Sovétmanna hér í norðurhöfum. Ég hygg að þar sé um mikilvægan þátt að ræða í þeirri viðleitni sem menn almennt eru sammála um að nauðsynleg sé af Íslands hálfu.

Þjóðviljinn lýsti því yfir sl. vor að Alþb. hefði *kveðið niður allar hugmyndir um það að heimila* forkönnun og forathugun á þessum varaflugvelli og hugmyndir utanrrh. þar að lútandi hefðu verið brotnar á bak aftur. Utanrrh. lýsti því þá yfir hér í ræðustól á Alþingi ef ég man rétt, eitthvað á þá leið að reynslan mundi skera úr um hvort Alþb. hefði tekist þetta. Nú bendir flest til þess að Þjóðviljinn hafi haft rétt fyrir sér og hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., hafi í þessu efni sem ýmsum öðrum látið undan stefnu og kröfum Alþb. í núv. hæstv. ríkisstjórn, enda hefur formaður Alþfl. lýst því yfir að hann hafi það á tilfinningunni þegar hann heyri Ólaf Ragnar Grímsson tala, hæstv. fjmrh., að þá sé hann að tala við sjálfan sig. Og ýmislegt bendir til þess að einmitt þetta ástand ríki þegar umræður fara fram innan hæstv. ríkisstjórnar um varaflugvöll.

En nú vil ég inna eftir því hvort það sé í raun og veru svo að hæstv. utanrrh. hafi vegna kröfu frá Alþb. fallið frá þessum hugmyndum. Ég vil inna hv. formann utanrmn. eftir því hvort af hálfu hans og Framsfl. hafi ekki verið gengið eftir því að hæstv. utanrrh. taki ákvarðanir í þessu efni. Ég tel nauðsynlegt að upplýsingar af þessu tagi komi fram við þessa umræðu og áður en lengra verður haldið.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Greiðslur afurðaverðs til sauðfjárbænda.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Við ákvörðun á verðlagi sauðfjárafurða sem átti að fara fram 1. sept. var tekin ákvörðun um að fresta greiðslum til bænda með því að brjóta búvörulögin. Framleiðsluréttur til sauðfjárbænda, sem bundinn var með samningum og í reglugerð, var lækkaður með því að breyta reglugerð sem hafði gildi til ársins 1992. Fjárlög hafa verið lögð fram. Þau staðfesta að í nálega öllum þeim atriðum sem gert var samkomulag um á sl. vetri, t.d. varðandi greiðslur samkvæmt jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum, hefur verið ákveðið af ríkisstjórninni að brjóta það samkomulag.

Það stendur einhvers staðar: Allt er þá þrennt er. En svo reynist þó ekki vera í þessu tilviki því að nú síðustu daga hafa þær fréttir borist að stórlega eigi að skerða frumgreiðslur afurðaverðs til sauðfjárbænda á þessu hausti og þessum vetri.

Í 1. tölul. 29. gr. búvörulaganna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. okt. til þeirra sem slátra fyrir þann dag. Þeir, sem slátra síðar, hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðslurnar."

Þær reglur sem í gildi hafa verið eru þess eðlis að sláturleyfishöfum beri að greiða 75% af haustgrundvallarverði samkvæmt þeim dagsetningum sem lögin ákveða. Nú er gerð sú breyting á að í stað 75% hlutdeildar á einungis að greiða 45%. Það er sannarlega von að spurt sé: Hvenær á að linna þeim aðförum að bændastéttinni og þá sérstaklega sauðfjárbændum sem var hafin í septembermánuði sl. og ég hef hér lýst og enn heldur áfram?

Ég vil beina því mjög ákveðið til landbrh. að hann taki nú til hendinni og sjái til þess að þessum áformum verði breytt þannig að sauðfjárbændur fái afurðaverð sem þeim ber greitt eins og verið hefur allt frá árinu 1985. Ég endurtek áskorun mína til hæstv. landbrh. og treysti því að hann sýni það nú einu sinni að það sé landbrh. við störf á Íslandi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Ég hafði fregnir af því í morgunsárið að hv. málshefjandi óskaði eftir því að ræða hér utan dagskrár tilhögun greiðslna til bænda fyrir haustinnlegg sauðfjárafurða og undirbjó mig undir að svara slíkum spurningum og mun halda mig við það hér þó að málshefjandi eyddi nú að mestu leyti tíma sínum í aðra sálma. En hvað um það.

Þessu hefur verið þannig háttað á grundvelli búvörulaga frá 1985, laga nr. 46 frá því ári, með síðari breytingum, að Framleiðsluráð, sbr. þá lagagrein *sem málshefjandi vitnaði hér í*, 29. gr. *nefndra laga*, skal á hverju hausti setja reglur um greiðslutilhögun, en lögin sjálf kveða eingöngu á um það að frumgreiðsla fari fram 15. okt. til þeirra sem slátrað hafa fyrir þann dag og eigi síðar en 10 dögum eftir innlegg til annarra, og í öðru lagi að fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs skuli fara fram eigi síðar en 15. des. Innan þessa ramma ber Framleiðsluráði að marka reglur um greiðslutilhögun.

Framkvæmdin hefur verið sú að samþykkt Framleiðsluráðs frá árinu 1985 um 75% frumgreiðsluhlut-

fall hefur staðið óbreytt síðan þangað til í gær að Framleiðsluráð ákvað á fundi sínum 18. okt. að frumgreiðsluhlutfall nú skyldi vera a.m.k. 45% af haustgrundvallarverði en hækka síðan eftir því sem fjármögnun til sláturleyfishafa leyfði upp í 75% og skulu þær viðbótargreiðslur vaxta reiknaðar frá 15. okt. að telja.

Þetta bréf fékk ég í morgun rétt fyrir kl. 10, rúmum tveim klukkustundum eftir að hv. málshefjandi hafði tjáð mér að hann hygðist taka málið upp utan dagskrár. Síðan eru tæpar tvær klukkustundir og ég hef því ekki haft ýkja langan tíma til að fara yfir efni þess, en skal þó reyna að svara því fyrir mitt leyti eins og ég get á þessu stigi.

Þrátt fyrir það að reglur Framleiðsluráðs hafi verið óbreyttar frá haustinu 1985 hefur reyndin orðið sú, og það hygg ég að hv. alþm. sé kunnugt, að fæstir sláturleyfishafar hafa getað á réttum degi greitt það hlutfall inn á reikninga bænda. Þeir munu hafa reikningsfært það hlutfall í flestum tilvikum, en þó hafa verið frá því frávik og samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Framleiðsluráði og Landssambandi sláturleyfishafa mun láta nærri til að mynda að á síðasta hausti hafi þetta hlutfall verið á bilinu 50–60%. Það má því segja að Framleiðsluráð hafi kosið að hafa þessar reglur óbreyttar þrátt fyrir að í reynd hafi ekki verið unnt að uppfylla þær hin síðustu ár og í raun og veru ekki frá upphafi.

Það sem nú kemur til er m.a. það að staða ýmissa sláturleyfishafa er mjög slæm og það er kannski það alvarlegasta sem fyrir liggur í þessu máli að staða kaupfélaganna og afurðastöðvanna er mjög slæm um þessar mundir. Þar hefur verið taprekstur ár frá ári og þess vegna þyngst fyrir fæti að skila afurðaverðinu til bænda svo fljótt sem æskilegt væri. Ætla mætti að minni birgðir kindakjöts á þessu hausti sem nema 500–600 tonnum frá því sem var á síðasta hausti og minni framleiðsla sem ætla má að verði enn fremur 500–600 tonnum minni en var á síðasta hausti ætti að létta fjárbindingu hjá viðskiptabönkum í þessu tilviki, en niðurstaðan er engu að síður sú að viðskiptabankarnir treysta sér ekki í upphafi sláturtíðar að hafa lán út á 1. flokk dilkakjöts hærra en 230 kr. á kg af þeim 520 kr. sem óniðurgreitt heildsöluverð er á þessu hausti. Fullt lánaverð frá bönkunum ætti að vera 368 kr. en þetta lánshlutfall í upphafi sláturtíðar er svipað og var sl. haust. Þá hófu viðskiptabankarnir afurðalánafyrirgreiðsluna með 178 kr. á kg sem nú hefur hækkað í 230 og að því leyti til er staðan óbreytt frá fyrra hausti. Það verður unnið að því á næstu dögum að ná fram samkomulagi um að hækka þessar greiðslur þannig að sláturleyfishafar geti sem fyrst hækkað þetta hlutfall inn á reikninga bænda og ég mun hafa um það samráð við viðskrh. og fjmrh. sem eðli málsins samkvæmt hljóta að koma að þessu máli.

Tímans vegna get ég ekki haft þetta svar ítarlegra en nýti mér e.t.v. síðari hluta ræðutíma míns í þessari utandagskrárumræðu á eftir.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka upphafsmanni þessarar umræðu fyrir að taka jafnbrýnt mál og þetta er upp. Þegar búvörulögin voru sett og búvörusamningurinn voru þau sett sem tvíhliða samningur milli stjórnvalda og framleiðenda, bænda, en það virðist því miður vera svo að hér sé um einhliða samning að ræða sem aðeins öðrum aðilanum er gert að uppfylla, þ.e. bændum. Þeir hafa staðið við þennan samning og dregið saman framleiðslu en það er skortur á því að hinn aðilinn, mótaðilinn, standi við sinn hlut. Það hlutfall sem nú á að skerða úr 75% niður í 45% hefur verið skert ár frá ári, í hvert einasta skipti, á hverju einasta ári, þannig að hér er aðeins verið að endurtaka fyrri hluti þó það sé farið fullgróft í sakirnar.

Auðvitað er verið að gera bændur að vanskilamönnum með þessari aðgerð. Auðvitað hafa þeir gert sínar fjárhagsáætlanir með tilliti til þess að þessar greiðslur skiluðu sér til þeirra. Það má benda á það að jafnvel þessa dagana eru að berast greiðslur til bænda fyrir innlegg á síðasta hausti, svo illa standa stjórnvöld við sinn part af þessum samningi.

Það er hlálegt að heyra bæði landbrh. og Gísla Karlsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs, afsaka þessa aðgerð með því að bændur skuli fá greidda vexti á þá fjármuni sem koma seinna til skila. Þetta er svona álíka og að það mætti spyrja ráðherran eða þingmenn hér hvort þeir sætti sig við það að fá greidd hálf launin og hitt einhvern tíma seinna en með vöxtum. Ég er ansi hræddur um að menn mundu ekki sætta sig við slíka hluti hér inni. Stjórnvöld verða náttúrlega að fara að læra að standa við lög og samninga. Það skeður sí og æ að stjórnvöld þverbrjóta bæði lög og samninga. Fólk verður að geta treyst stjórnvöldum og treyst þeim samningum og þeim lögum sem hér eru sett eða samningum sem stjórnvöld gera. Þessu verður að breyta og það sem allra fyrst.

Ég skora á hæstv. landbrh. að láta þetta ekki ganga yfir bændur. Ef ég man rétt stóð hann í svipuðum umræðum hér fyrir einu til tveimur árum og skildi þá vel málstað bænda og ég æski þess og vona að hann hafi sömu skoðun og stefnu og þá.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir að hefja þessa umræðu hér sem full þörf var á. Þær kveðjur sem bændastéttin hefur verið að fá frá stjórnvöldum nú síðustu vikurnar eru m.a. þessar:

1. Frestun á hluta hækkunar þess haustgrundvallarverðs, m.a. launaliðar til bónda, sem mun þó ætlunin að greiða í janúar eða apríl á næsta ári ef það verður þá ekki svikið.

2. Skerðing fullvirðisréttar með svokölluðum samningum um breytingar á reglugerð sem landbrn. ber fulla ábyrgð á.

3. Lækkun á frumgreiðslu fyrir haustinnlegg úr 75% í 45% eins og hér hefur verið gert að umtalsefni.

4. Samkomulag um greiðslu skulda ríkisins vegna

jarðræktar- og búfjárræktarlaga sem gert var við afgreiðslu á nýjum lögum á síðasta þingi hefur verið brotið og samkvæmt fjárlagafrv. lítur út fyrir að það samkomulag eigi líka að svíkja á næsta ári.

Þessi fjögur atriði blasa við nú á örfáum dögum í garð bændastéttarinnar og það er ekki að undra þó að hér komi fram áskoranir á hæstv. landbrh. að bæta úr. Hæstv. landbrh. ber ábyrgð á þessu öllu saman og það væri nú kominn tími til fyrir þennan hæstv. landbrh. að sinna þeim störfum sem hann hefur tekið að sér í stað þess að leggjast í ferðalög og vera einhvers staðar þar sem hvergi næst til hans eins og almannarómur segir í þessu landi. Þess vegna skora ég á hann að láta nú linna þeirri aðför að bændastéttinni sem hér hefur verið lýst og bæta ráð sitt og sinna þeim störfum sem hann hefur tekið að sér.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki leggja mat á það sem fram kom hér hjá hv. síðasta ræðumanni, aðdróttanir hans í garð hæstv. landbrh., en ég hygg að hv. þm. Pálmi Jónsson ætti að líta í eigin barm í sambandi við sinn feril sem ráðherra og ég held að menn ættu ekki að vera að metast um ferðalögin þó að margt mætti um þau segja.

Það er hins vegar sannarlega af hinu góða að þingmenn hér á Alþingi taki upp mál sem varða bændastéttina í landinu og ekki síst sauðfjárbændur því að það hefur um langt skeið þrengt að þeim, jafnvel umfram það sem gerist hjá öðrum þjóðfélagsþegnum í þessu landi. Það hefur þurft á mörgum undanförnum árum, og þar koma margar ríkisstjórnir við sögu, að minna á það hér á Alþingi um hvað samið var í sambandi við búvörulög 1985, og ég hef staðið í þeim sporum að minna á þær reglur sem þar hafa gilt, m.a. við lokauppgjör í desembermánuði. Ég hygg að þörf sé á því fyrir þingmenn úr öllum flokkum sem horfa til sveitanna í landinu að standa að baki framkvæmdarvaldinu og þeim sem þar eru velviljaðir og fara með þessi mál. Ég er viss um að enginn efast um hug hæstv. landbrh. í þessu máli og viðleitni til þess að standa þar sem best á verðinum.

Við tökum eftir því, og það hafa væntanlega hv. þm. Sjálfstfl. orðið varir við, að það er víða knúið á um það að þrengja markaðsstöðu íslenskra landbúnaðarafurða og að opna fyrir innflutning á landbúnaðarafurðum. Ætli hafi ekki heyrst einhverjar raddir um það á vettvangi Sjálfstfl. nýlega? Ég held að þetta sé umhugsunarefni fyrir okkur hér á Alþingi og við þurfum sannarlega að fylgjast með því sem er að gerast í dreifðum byggðum landsins þar sem hallar á meira en annars staðar í okkar landi á mörgum sviðum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm., hv. 4. þm. Austurl., fyrir þá umræðu sem hann hóf hér um þessi mál. Ég vil minna á það að 10. des. 1987 var ég með fyrirspurnir um þetta efni og kom þá fram hjá þáv. hæstv. landbrh. Jóni Helgasyni að ekki hafði verið staðið við þann búvörusamning eða þann samning sem var gerður með lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara. Það er því ekki nýtt að ekki sé staðið við þetta, en það hefur nú keyrt um þverbak og það hlýtur að vera áhyggjuefni að stjórnvöld eru að gera samninga um þetta og fleira og standa svo ekki við það. Þeir semja lög um að þessu eða öðru skuli skipa með tilteknum hætti og núna stöndum við frammi fyrir því að það á ekkert að standa. Það er því mjög mikið áhyggjuefni að svo skuli vera og þegar maður lítur á það að frumgreiðsla sauðfjárinnleggs skuli lækka úr 75% í 45% til bænda, þá er það mjög mikið áhyggjuefni. Ég held að þessi ríkisstjórn verði að taka sig á í þessum málum. Það er alveg ljóst að hún getur ekki staðið með þessum hætti að þeim lögum sem hún er búin að samþykkja og að þeim hlutum sem í þeim samningi eru sem eru mjög greinilegir og skýrir, með hvaða hætti á að fara með innlegg bænda og hvernig á að greiða þau.

Ég minni enn fremur á að það er stutt til 15. des. þegar staðgreiðslulán eiga að falla og það er því ástæða til að spyrja hæstv. landbrh. hvort staðið verði við þann hluta, um staðgreiðslulánin sem verða 15. des., en það er auðvitað ekki útlit fyrir að betur verði staðið að því en með þessum greiðslum sem áttu að fara fram núna. Ég tel mikilvægt að ríkisstjórnin svari því hvort staðið verði við staðgreiðslulán 15. des. og það verði ekki látið líða langt frá því að bændur eiga að fá það sem þeir eiga inni.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að biðja um þessa umræðu sem núna fer fram því að mínu mati eru staða og hagir bændastéttarinnar allt of sjaldan til umræðu hér á þessum vettvangi. Það er staðfest í opinberum gögnum að 40% búa í hefðbundnum landbúnaði bera aðeins eitt ársverk. Þeim sem þurfa að framfleyta fjölskyldu af þessu eina ársverki er því þröngur stakkur skorinn. Bændur hafa miðað sínar greiðsluáætlanir við þær greiðsludagsetningar sem eru 15. okt. og 15. des. og nú dynur það yfir bændur að þeir fá ekki greiðslur samkvæmt því sem lögboðið er samkvæmt þeirri dagsetningu. Það stendur hér í blaði í gær að fyrir bændur gæti þetta þýtt ákveðna greiðsluerfiðleika sem öllum er náttúrlega ljóst að hljóta að verða þegar verið er að bíða eftir greiðslum. Það er jafnframt haft þar eftir Gísla Karlssyni að þetta eigi ekki að hafa í för með sér neitt fjárhagslegt tap fyrir þá þar sem reiknaðir verði vextir á greiðslurnar. Ja, það er nú ágætt að fullyrða svona því að þetta getur náttúrlega þýtt að bændur verði að leita eftir lánum til að standa í skilum, lánum sem þá verða væntanlega á hærri vöxtum en greiddir verða af því sem frestað er að greiða þeim. Það væri dálítið fróðlegt að vita hver útkoman yrði úr því dæmi.

Hæstv. landbrh. upplýsti áðan að undanfarin haust hefði ekki verið staðið við hlutfallið í greiðslum til bænda og staðan væri í raun óbreytt frá síðasta hausti. Það var nú skrýtin réttlæting á því sem verið er að gera núna. Honum láðist hins vegar að minnast á þá

erfiðleika sem bændur lentu í í sambandi við þessa greiðsludrætti á sl. hausti sem voru verulegir.

Ég vil líka minnast aðeins á það sem liggur fyrir í fjárlagafrv. núna. Á síðasta þingi voru samþykkt ný jarðræktarlög og búfjárræktarlög og þar er réttur bænda til greiðslna ákveðinn. Samkvæmt fjárlagafrv. á alls ekki að standa við þennan rétt bænda. Það á að draga greiðslur til þeirra og það er kominn langur skuldahali þarna sem þeir fá alls ekki bættan. Það er talað um að dreifa þessu á einhver ár og það sér enginn fyrir með hverjum hætti þær greiðslur verða. Ég vil að endingu taka undir með hv. málshefjanda: Hvenær á að linna þeirri niðurlægingu sem bændur verða að sæta í allri umræðu og nú af hálfu stjórnvalda?

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég tek hér undir orð þingmanna um það að það ber að harma að ekki stendur til að standa við lög og reglur. Ég hygg að skaði bænda sé mikill þegar slíkt gerist. Þeir hafa sjálfir gert ráð fyrir að þurfa að borga ýmsa hluti þegar þessir peningar bærust sem þeir töldu sig eiga vísa samkvæmt samningum, lögum og reglum. Ég treysti hæstv. landbrh. og ríkisstjórninni fullkomlega til að eiga við bankavaldið í þessu efni sem þarna hefur brugðist.

Því verður ekki leynt að Egill bóndi mæðist hér í mörgu, að mínu viti, en mér finnst nú búsorgir hans víðar vera og nú skyldi hann að mínu viti berjast fastast heima á sínum eigin bæ því að það hafa nú borist kaldastar kveðjur til bændastéttarinnar. Aldamótaplagg Sjálfstfl. boðar þann boðskap að nú skuli glufa opnuð og innflutningur hafinn. Ég hef séð nýkjörinn varaformann þeirra í fjölmiðlum þjóðarinnar þar sem hann sagði: Það verður ekki lengur hjá því komist að opna glufu og hefja hér innflutning á landbúnaðarafurðum og leggja niður kotungsbúskap. Þar með yrðu nú líklega 70–80% af sauðfjárbændum skornir við trog því að að mati höfðingjans munu þeir nú flestir vera kotungsbændur.

Þarna eru nú þær köldustu kveðjur sem bændastéttin hefur fengið á síðustu vikum og við höfum auðvitað séð það að maðurinn sem stýrði vinnu aldamótanefndarinnar var verðlaunaður með því að gera hann að varaformanni flokksins. Við höfum séð að þessi maður stendur jafnan við orð sín. Þrátt fyrir allt byggir hann ráðhús í Tjörninni, hann byggir á tönkunum hvað sem allir segja. Að mínu viti þá er alvarlegasta glíman fram undan við Sjálfstfl. gagnvart landbúnaðarmálunum, þaðan hafa köldustu kveðjurnar komið en ég treysti núv. ríkisstjórn fullkomlega til að ganga í þetta erfiða mál sem hér er rætt og vinna það til sigurs bændunum til hagsbóta.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer nú fram um landbúnaðarmál. Ég vil byrja á því að vekja á því athygli við hv. 4. þm. Austurl. að það hefur ekkert komið fram enn þá sem bendir til annars en að allir aðilar málsins muni vinna að því að standa við ákvæði laganna um greiðslur fyrir sauðfjárafurðir á þessu hausti.

Ég treysti því að forusta Stéttarsambands bænda sem á undanförnum árum hefur sýnt mikla ábyrgð og valið þann kostinn, miklu frekar en að fara fram með hávaða, að taka upp samstarf við stjórnvöld um lausn mjög erfiðra mála, ég treysti því að forusta Stéttarsambandsins í samvinnu við afurðastöðvarnar og stjórnvöld finni flöt á að leysa þetta mál farsællega nú í haust og ég veit að að því er verið að vinna.

Ég ætla að minna á einn hlut í þessu. Það kom fram áðan að hér væri um að ræða tvíhliða samninga milli bænda og ríkisins. Þetta er rétt. Hins vegar hefur þriðji aðili málsins varðandi lagasetningu og oft í framkvæmdinni gleymst, það eru afurðastöðvarnar sem verða að hafa grundvöll til rekstrar til þess að hægt sé að standa við þennan samning. Um afurðastöðvar er oft talað sem eitthvað af hinu illa, eitthvað sem komi bændum ekkert við en ég vil vekja athygli á því að afurðastöðvar þessa lands eru nánast alfarið í eigu bænda og þeir bera ábyrgð á þeim. Ég veit það að afurðastöðvarnar hafa í tilfellum eins og þessu komið til móts við bændur og reynt að lina þá greiðsluerfiðleika sem af drætti greiðslna hlýst.

Ég ætla síðan að lokum að taka undir orð hv. 5. þm. Suðurl. sem hann beindi til frummælanda, hv. 4. þm. Austurl., um að honum væri nær að taka til í sínum eigin garði því að ég get sagt honum það að ekki hefur farið fram hjá fólkinu í dreifbýlinu á undanförnum mánuðum sú stefnubreyting sem hefur orðið hjá Sjálfstfl., sú stefnubreyting sem varð hjá málgagni Sjálfstfl. þó að hv. 1. þm. Suðurl. kannist ekkert við að Morgunblaðið komi Sjálfstfl. við, sú stefnubreyting sem hefur orðið hjá Morgunblaðinu á síðustu mánuðum. Þetta hefur ekkert farið fram hjá fólkinu í dreifbýlinu, það hefur ekkert farið fram hjá því fólki að sterk öfl í Sjálfstfl. í dag ganga erinda verslunarauðvaldsins í Reykjavík sem vantar það fjármagn sárlega núna sem rennur út til byggðanna til þess að standa undir offjárfestingu í verslunarhöllum hér á Reykjavíkursvæðinu. Og ég treysti því að hv. málshefjandi, taki þar til höndunum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég skildi ummæli síðasta hv. ræðumanns svo að verslunarauðvaldið í Reykjavík hefði leikið bændur við Eyjafjörð verr en kaupfélagsauðvaldið við Eyjafjörð. Ætli það sé svo, hv. þm., að bændur megi treysta því að þeir fái sín innlegg greidd sem þeir hafa lagt inn hjá samvinnufélögunum á undanförnum árum? Ætli það sé svo að bændur geti haldið jörðum sínum við Eyjafjörð vegna þeirra skuldbindinga sem þeir hafa tekið á sig vegna samvinnuhreyfingarinnar? Ætlar samvinnuhreyfingin að bjarga bændum við Eyjafjörð, þeim sem eru í miklu ábyrgðum hennar vegna? Hv. þm. er í miklum trúnaði fyrir samvinnuhreyfinguna og áður en hann fer að varpa boltum að öðrum, að tala um að aðrir menn eigi að hreinsa til í sínum eigin garði hygg ég að hann ætti að athuga hvort það sé ekki orðið fullmikið

drep í hans garði til þess að hægt sé að kalla hann blómagarð upp frá þessu.

Ég tók eftir því hjá hæstv. landbrh. að hann hafði skömmu eftir að hv. 4. þm. Austurl. Egill Jónsson hringdi í hann í morgun rankað við sér að það væru einhver vandræði með það að bændur fengju afurðaverðið greitt eins og áður. Hann talaði um að hann hefði ekki fengið bréf frá Framleiðsluráðinu fyrr en klukkan tíu í morgun og talaði mikið um tímaskort þegar hann var að undirbúa sig undir þessa umræðu. Nú liggur dæmið þannig fyrir að hinn 15. okt. áttu bændur að fá sínar greiðslur. Framreiðsluráðið kom ekki saman til fundar fyrr en 17. okt. til þess að ákveða að skera greiðslurnar niður og landbrh. virðist ekki hafa frétt af þessu fyrr en 19. okt. og virðist ekki einu sinni hafa rankað við sér í gær þegar Morgunblaðið kom út og er þó baksíðan lögð undir þetta mál. Maður skyldi ætla að landbrh. hefði þá gert ráðstafanir til þess að fá samþykkt Framleiðsluráðsins, en svo virðist ekki hafa verið eftir ummælum hans áðan og er það vissulega dapurlegt að hann skuli ekki sýna þessum málefnum meiri áhuga en ummæli hans hér áðan sýndu nema hæstv. ráðherra hafi verið að afsaka sig og þá skil ég ekki í hverju sú afsökun hafi verið fólgin.

Ég vil vekja athygli á því að í Morgunblaðinu eru höfð ummæli eftir Gísla Karlssyni, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs. Þar tekur hann skýrt fram að ástæðan fyrir því að nú er lagt til að lækka greiðsluhlutfallið er sú að ríkissjóður hefur ekki staðið í skilum með 400–500 millj. kr. í útflutningsbætur vegna framleiðslu síðasta árs. Hér hafa staðið upp bóndi eftir bónda úr liði Framsfl. og þeir láta sig þetta engu skipta, þeir láta eins og þetta komi þeim ekki við og hæstv. fjmrh. sem veit að umræðan muni snúast um þetta vegna fréttarinnar í Morgunblaðinu og vegna þess hvernig málið er vaxið, hann kýs að vera fjarverandi hér í deildinni eins og vant er, hér í hinu sameinaða þingi. Lýsir þetta með öðru því virðingarleysi sem hæstv. ráðherrar bera fyrir Alþingi og bera fyrir bændastétt þessa lands.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að sú umræða sem hér fer fram geti dregið nokkurn dilk á eftir sér. Ég hygg að það blasi við að hæstv. landbrh. hafi um þann einn kost að velja að taka nú á, vilji hann sanna að hann sé hæfur til að gegna því starfi sem hann sinnir, og gjarnan má hann segja sínum samþingsmönnum í Alþb. að honum sýnist misskiptur stuðningur flokksins við ráðherra sína miðað við þá nýútkomnu bók sem heitir frv. til fjárlaga en þar virðist sem menntmrh. hafi fengið stórum betri meðferð en hæstv. landbrh.

Ég hygg að það sé ærið umhugsunarefni að menn geri sér grein fyrir því að þegar farið er jafnlangt niður með útborgaðar greiðslur vegna sauðfjárafurða þá dugar útborgunin ekki fyrir rekstrarþættinum, þ.e. það kemur ekki króna upp í launagreiðslur fyrir liðið ár. Þetta er alvara þess máls sem við blasir. Ef þannig væri ástatt með sauðfjárbændur að þeir þyrftu ekki að taka lán til að halda velli í þeirri stöðu sem nú er gæti það staðist hjá Gísla Karlssyni að þeir sköðuðust ekki á því þar sem þetta væri vaxtareiknað. En það kemur mér mjög á óvart ef sú breyting hefur orðið að inn- og útlánsvextir eru orðnir þeir sömu í landinu og hefur þá mikið gerst á stuttum tíma.

Ég vil aftur á móti taka undir það að þó að Sjálfstfl. sé búinn að afneita Morgunblaðinu þá verður ekki hægt að leggja þá kvöð á ráðherra að það sé skyldulesning hans að lesa Morgunblaðið og hætt við að önnur störf biðu þá skaða af. Og ég efa að það yrði til mikilla bóta gagnvart andlegu ástandi hæstv. ráðherra þó að slík lesning yrði gerð að skyldu. En ég vil taka undir það að víða er að bændum vegið vegna erfiðleikanna og það eru ekki bara erfiðleikar í Eyjafirði, þeir eru einnig á Hvammstanga vegna gjaldþrota sem átt hafa sér stað. Menn ættu því ekki að tala um slíkt í flimtingum. Hins vegar vil ég undirstrika alvöru þessa máls og vænti þess að hæstv. landbrh. geri sér grein fyrir því að landsbyggðin þolir ekki þá meðferð sem felst í þessari afgreiðslu.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti, hv. þm. Þó að ég sé kannski einn af fáum þingmönnum Reykjavíkur sem búa það vel að eiga föður sem á fullvirðisrétt á Reykjanesi, þá er ég hræddur um að í þessari umræðu verði ég að svíkja lit sem hálfgildings bóndasonur og velta þessu máli fyrir mér frá sjónarhóli Reykvíkinga.

Mér finnst þessi umræða undirstrika þörfina á því að það sé tekið af alvöru á landbúnaðarmálum og sé reynt að leysa þessi mál úr þeirri sjálfheldu sem þau virðast vera komin í, að það sé tekið á þessu eins og atvinnugrein. Það blasa líka ákveðnir erfiðleikar við fólki í Reykjavík. Það eru veitingahús að loka hér, næstum því í hverjum mánuði. Það eru eigendaskipti í hverri viku, sem fólk tekur ekki eftir þegar einn maður gefst upp og annar tekur við. Söluturnar eru að loka um alla borgina. Það eru verslanir, það eru iðnfyrirtæki og við getum haldið áfram í aðrar iðngreinar úti á landi. Við skulum taka skipasmíðar, málmiðnað. Það er ekki hlaupið upp til handa og fóta þó að heilu atvinnugreinarnar séu komnar á vonarvöl og séu að leggjast niður, fólk sé að verða gjaldþrota. Nú er ég ekki að mæla því bót að það séu brotin lög á bændum nema síður væri. En þessi umræða verður vonandi til þess að við endurskoðum landbúnaðinn og auðveldum honum í rauninni að komast inn í atvinnulífið á Íslandi eins og hver önnur atvinnugrein þannig að hér þurfi ekki menn að koma upp og segja: Af hverju eru greiðslur ekki komnar á þessum degi, af hverju fáum við ekki neinar greiðslur? Að í framtíðinni fái bændur sínar greiðslur um leið og þeir eiga sín viðskipti beint við landsmenn.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til þess að koma inn á þau vandamál sem atvinnurekstur á Íslandi á við að etja þessa stundina. Þetta er aðeins

einn angi af því stóra máli að atvinnulífinu á Íslandi er ætlað að standa undir þeirri vaxtakröfu sem peningahyggjumenn, sem hafa tröllriðið hér þjóðfélaginu undanfarin ár, ætlast til af því.

Atvinnulíf á Íslandi hlýtur eðlis síns vegna að eiga erfitt uppdráttar. Við búum við þannig skilyrði að við getum ekki vænst þess að atvinnurekstur á Íslandi geti þolað það vaxtastig sem atvinnurekstur í hinum stærri iðnaðarþjóðfélögum í nágrenninu við okkur, þar sem t.d. skilyrði til landbúnaðar eru miklu hagstæðari en hér gerist, kannski þolir. Ég held þess vegna að það væri aðeins vert að koma inn á þátt viðskiptabankanna í þessari umræðu. Þeir eiga nefnilega hlut að máli vegna þess að það er raunverulega ákvörðun viðskiptabankanna, sem fara með afurðalán til bænda, að greiða aðeins út hluta af þeim greiðslum sem bændum eru ætlaðar nú eins og venja er á hverju hausti. Það rifjast nefnilega upp fyrir mér að fyrir allmörgum árum fóru öll afurðalán til bænda í gegnum Seðlabanka Íslands. Menn voru ekki ánægðir með þá meðferð mála en þó var hún viðunandi að mati flestra. Það voru fyrst og fremst þm. Sjálfstfl. sem börðust fyrir því á þingi að afurðalánin yrðu tekin frá Seðlabanka Íslands og færð til viðskiptabankanna. Töldu þeir það vera í anda þeirrar nýfrjálshyggju sem hefur einkennt málflutning Sjálfstfl. undanfarin ár, að bændur ættu frekar að eiga og ráða sínum viðskiptum við sjálfstæða viðskiptabanka. Það voru þó margir úr röðum Sjálfstfl. sem vöruðu eindregið við þessari breytingu á sínum tíma og töldu að hún gæti komið bændum í koll. Nú sýnist mér það vera að sannast, nákvæmlega það sem menn vöruðu við á þeim árum, að bændur væru verr settir með það fyrirkomulag að þurfa að treysta á náð viðskiptabankanna um afurðalánin eins og nú er að gerast. Það er því miður að verða þannig að viðskiptabankar vilja helst ekki lána atvinnulífinu af því að viðskiptabankarnir hafa orðið ótrú á íslensku atvinnulífi. Því aðeins að viðkomandi geti lagt fram örugg og trygg fasteignaveð hér í höfuðborginni er von til þess að viðskiptabankarnir vilji eitthvað við hann tala.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið athyglisvert í þessari umræðu að nokkrir þm. Framsfl. hafa hlaupið til varnar fyrir hæstv. landbrh. með því að vitna í landsfund Sjálfstfl. Þess vegna er ástæða til þess að menn átti sig á því nákvæmlega hvað þar gerðist. Landsfundur Sjálfstfl. samþykkti mjög ítarlega ályktun um landbúnaðarmál þar sem mörkuð var stefna í þeim málaflokki og þar var sérstaklega tekið fram að það væri ekki efni til að hefja innflutning á landbúnaðarvörum. Hins vegar komu fram í skýrslu, sem svokölluð aldamótanefnd samdi, hugleiðingar um að það kæmi til greina, undir aldamótin, að opna glufu til innflutnings á landbúnaðarvörum. En það vekur auðvitað athygli að þessir þingmenn Framsfl. skuli verja hæstv. landbrh. með þessum hætti. Þeir skuli taka upp hanskann fyrir hann þegar hann er að brjóta bæði búvörusamning og búvörulög með framgöngu sinni í þessu máli. Það er líka athyglisvert að þeir minnast ekkert á Alþfl. sem hefur þá sérstöku stefnu í landbúnaðarmálum að hefja innflutning á landbúnaðarvörum nú þegar. Alþfl. hefur birt þá stefnu en framsóknarmenn telja sig sennilega ekkert eiga vantalað við Alþfl. vegna þess að þeir sitja með hann í fanginu og þaðan getur Alþfl. sig ekki hreyft.

Mér þótti nauðsynlegt að þessi athugasemd kæmi hér fram vegna þessarar sérstöku varnarræðu sem nokkrir þm. Framsfl. hafa hér flutt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom í upphafi þessarar umræðu er hún bundin við hálftíma. Nú hefur umræðan staðið nærri 15 mínútur fram yfir þennan tilskilda hálftíma, samkvæmt þingsköpum, og ég geri ráð fyrir að málshefjandi og hæstv. ráðherra eigi eftir að taka til máls. Aðrir þingmenn sem eru á mælendaskrá hafa allir talað einu sinni að undanskildum einum sem hefur óskað eftir að taka aftur til máls. Nú stendur forseti frammi fyrir því að takmarka umræðuna vegna þess sem ég nefndi áðan, að hún á ekki að standa nema í hálftíma. Því verð ég að biðja hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hefur beðið um orðið og er næstur á mælendaskrá að gera aðeins örstutta athugasemd, ekki síst með það í huga að hann fór talsvert fram úr tíma í sinni fyrri ræðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég mun verða við tilmælum forseta og gera hér aðeins örstuttar athugasemdir.

Í fyrsta lagi varðandi ummæli hv. 2. þm. Reykv. um að við höfum vitnað hér framsóknarþingmenn í landsfund Sjálfstfl. Við nefndum hann ekki á nafn. Það sem við vitnuðum í eru störf og skrif málgagns Sjálfstfl. og það er vinna sjálftæðismanna innan sinna hagsmunasamtaka hvar sem þeir koma því við sem beinist öll að því að brjóta niður innlenda landbúnaðarframleiðslu. (**Gripið fram í:** . . . Þetta er rangt.)

Í öðru lagi það sem hv. 2. þm. Norðurl. sagði hér áðan varðandi það að ég hefði trúnað innan samvinnuhreyfingarinnar og það segi ég, þau fyrirtæki sem ég hef fyrri trúnaðarstörf við, hafa staðið við allar skuldbindingar varðandi greiðslur til bænda og ég minni hann líka á það að gjaldþrot afurðasölufyrirtækja er háalvarlegt mál og þau eru ekkert bundin við fyrirtæki samvinnumanna.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi þingforseti. Það er mjög broslegt að heyra þá þm. Sjálfstfl. verja eða vandræðast með stefnu sína í landbúnaðarmálum. Hún þarfnast náttúrlega útskýringa líkt og stefnan í sjávarútvegsmálum, það er allt á huldu, stefnan er á reiki.

Alþfl. hefur haft miklar áhyggjur af því hversu landbúnaðurinn er óhagkvæmt rekinn og hvað ríkisvaldið þarf að greiða mikið til þess að bændur geti haft viðunandi kjör. Við höfum bent á að það þurfi breytinga við. Við þurfum að stökkva inn í nútímann frá fortíðinni til framtíðar í þessum efnum og við erum alveg óhræddir við að halda því fram.

Við höfum m.a. bent á það sumir hverjir að það sé ástæða til þess að opna glufu, eins og stendur í aldamótaplaggi sjálfstæðismanna, fyrir innflutning á landbúnaðarvörum fáist verðið ekki niður.

Sú umræða sem hér fer fram fjallar um að það sé verið að brjóta lög á bændum Það má vera, en ætli það sé ekki vegna þess að meiri peningar eru ekki til. Eru þá sjálfstæðismenn að biðja um nýjan skatt, nýja tekjuöflun? Það má vera að svo sé. Nýjan landbúnaðarskatt og er það mjög athyglisvert hvernig það er sett fram.

Ég vil vekja athygli á því um leið og við ræðum þessi mál að enginn hefur áhyggjur af því þó sjómenn þurfi að bera minna úr býtum vegna minnkandi fiskveiða, minni kvóta. Enginn hefur áhyggjur af því þó fiskverkafólk sé hundruðum saman atvinnulaust hér á suðvesturhorninu. Ég vil aðeins árétta það að við erum óhræddir við að benda á það að landbúnaðurinn þarf að fara frá fortíðinni yfir í framtíðina og við viljum leita allra leiða til þess. Verð á landbúnaðarvörum er of hátt og það verður að gera alla mögulega hluti til þess að lækka það.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég kannast ekki við það málgagn Sjálfstfl. sem hv. þm. Framsfl. talaði um hér áðan, 5. þm. Norðurl. e., en hann má þar vel úr húsi tala um málgögn flokka því að hann er í blaðstjórn Dags á Akureyri sem nú hefur farið fram á það að Byggðasjóður leysi málgagnið undan skuldbindingum sínum sem það tók á sig með því að reisa það prentsmiðjuhús sem þetta ágæta blað á ásamt Kaupfélagi Eyfirðinga niðri við Strandgötu.

Ég vil í öðru lagi taka undir að það er auðvitað alvarlegt mál þegar afurðasölufyrirtæki verða gjaldþrota og ég vil í því sambandi vekja athygli á að ég hef varpað þeirri spurningu fram í þeirri nefnd sem fjallar um virðisaukaskatt hver sé ábyrgur fyrir virðisaukaskattinum þegar afurðasölufyrirtæki fer á höfuðið, bóndinn eða sláturleyfishafinn. Ég get ekki betur heyrt á starfsmönnum fjmrn. en þeir vilji gera bóndann ábyrgan fyrir virðisaukaskatti sem hann hafi aldrei fengið greiddan þannig að mér er auðvitað fullkomlega ljós alvara þessa máls, enda þingmaður Eyfirðinga.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Kjarni þessa máls er að það er ekki staðið við lög og í stað þess að viðurkenna það og reyna að bæta úr, þá fer stjórnarliðið aðrar leiðir. Það er vakin upp umræða um vonda sjálfstæðismenn sem vilji fara að flytja inn búvörur. Það er reynt að dreifa umræðunni og fara út í allt aðra sálma. Sjálfstfl. hefur ekki samþykkt að flytja inn búvörur. Menn úr öllum flokkum hafa komið fram og talað um slíka hluti, en Sjálfstfl. hefur ekki, og ég held enginn flokkur, ákveðið að flytja þær inn og verður vonandi ekki langt í það. Engin tillaga liggur fyrir um slíkt.

En meginmálið hjá stjórnarliðum í þessu máli er að drepa málinu á dreif í stað þess að ganga til verks og standa við búvörulög. Og það er ekki málið að koma því eingöngu á bankana. Það er ríkisstjórn á landinu, landbrh. og það á að ganga til þess að standa við lögin svo að bændurnir fái það greitt sem þeim ber. Það er kjarni málsins.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Tveir þm. Framsfl. voru að brýna mig á einhverjum svokölluðum tiltektum á heimili okkar sjálfstæðismanna. Málið skýrðist nú betur hér í síðari ræðu annars þeirra, hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, þar sem hann sagði að ásakanir í minn og okkar garð út af umræðu um innflutning á landbúnaðarvörum hefði ekki byggst á afstöðu landsfundar Sjálfstfl. Hann sagði meira að segja að þeir hefðu ekki minnst á hana einu orði. Hvað kemur til?

Auðvitað er skýringin sú að þar eru tekin af öll tvímæli í þessum efnum eins og hér hefur verið tekið fram af öðrum hv. þm. Reykv. En það er auðvitað eins með málflutning þessa hv. þm. og félaga hans, hv. þm. Guðna Ágústssonar, að það passar í veikri stöðu að viðhafa vinnubrögð Gróu á Leiti.

Hv. þm. hafði enn fremur orð á því að afurðastöðvarnar væru illa settar og þær yrðu að gæta sín á viðskiptunum við bændur. Viðskiptin við bændur geta ekki undir nokkrum kringumstæðum hafa leitt til gjaldþrota hjá afurðastöðvunum vegna þess að þær fá jafnmikið greitt að raungildi á þessu hausti og þær fengu meðan sauðfjárframleiðslan var 20% eða jafnvel 25% meiri en hún er í dag. Raunkostnaður við slátrun og heildsölu hefur hækkað um svipað eða jafnvel meira en nemur samdrættinum í sauðfjárframleiðslunni. Ef meinið er eitthvert, þá liggur það á öðrum fleti.

Ég fagna þessari umræðu og þakka góðan stuðning margra hv. alþm. við það mál sem ég hef hér hafið umræðu um og ég átti fyllilega von á þeirri afstöðu hér á hv. Alþingi. Ég vek svo að lokum sérstaka athygli á því, virðulegi forseti, að það hefur nú verið upplýst af hæstv. landbrh. að ákvörðun Framleiðsluráðs um lækkun á útborgunarverði var ekki tekin fyrr en eftir þau tímamörk sem lögin ákveða, tveimur til þremur dögum eftir að lögin ákveða að bændur eigi að fá fyrstu greiðslurnar.

Ég vek líka sérstaka athygli á þeim orðum hæstv. landbrh. að hann hafi ekki fengið vitneskju um þetta fyrr en núna í morgunsárið að ég var að aðvara hann um þessa umræðu hér í dag og að honum hefði ekki borist bréf frá Framleiðsluráði fyrr en um tíuleytið. Ja, er það nú furða, virðulegi forseti, þótt niðurstaðan verði með þeim hætti sem hér liggur fyrir þegar sambandið á milli landbrh. og Framleiðsluráðs er með þeim hætti sem hann hefur hér sjálfur lýst að hann er fyrst núna að fá vitneskju og tilkynningu um það hvernig verið er að breyta í þessum efnum til óhagræðis fyrir íslenska bændur. Og ég undirstrika það sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði hér áðan að þessar upplýsingar eru með þeim hætti að það er

útilokað að hægt sé að una þeim eða líða á nokkurn hátt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það er nú bagi að ekki skuli gefast aðeins meiri tími til að ræða þetta mál efnislega. Ég á þó ekki við að halda áfram þeim eldhúsdegi sem hér er upphafinn af ýmissa hálfu heldur reyna að greina kjarna þessa máls því það er greinilegt að hér gætir talsverðs misskilnings. Hér ganga margir hv. alþm. í pontu og tala um lögbrot og brot á samningum. Hvort tveggja er rangt. Það er alveg ljóst að ákvæði búvörulaganna eru skýr hvað þetta snertir. Þar segir einungis í 29. gr., 1. tölul. að Framleiðsluráð skuli setja nánari reglur um greiðslurnar, að frumgreiðsla skuli fara fram 15. okt. og fullnaðaruppgjör 15. des. Það er ekki stafkrókur í búvörusamningi um það með hvaða hætti afurðaverð skuli greiðast á hverju hausti. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að greitt sé fullt verð í samræmi við ákvæði laganna en þau hlutföll sem hér er um að ræða og þær dagsetningar eru eins og ég hef gert grein fyrir. Þar af leiðandi hafa ekki átt sér stað lögbrot, þar af leiðandi hefur hér ekki verið rofinn búvörusamningur. Það sem hefur gerst er það að Framleiðsluráð hefur með ákvörðun sinni breytt þeim reglum sem áður voru í gildi. Til þess hefur Framleiðsluráð rétt, það ber Framleiðsluráði að gera lögum samkvæmt. Hér hefur þar af leiðandi verið farið að lögum í einu og öllu. Hitt er rétt að reglunum hefur verið breytt til óhagræðis, má segja, fyrir bændur. En á það ber að líta og það kom ég inn á í fyrri ræðu minni að það hefur ekki tekist að framfylgja þeim reglum undanfarin haust sem Framleiðsluráð hefur sett. Það má segja að Framleiðsluráð hafi undanfarin haust lokað augunum fyrir því að það voru ekki forsendur til þess fyrir sláturleyfishafa afurðastöðva að standa við ákvæði sem Framleiðsluráð setti. Það hefur hins vegar Framleiðsluráð ekki gert nú, heldur opnað augun fyrir því að sláturleyfishöfunum er ekki kleift á grundvelli fjárhagsstöðu sinnar og þeirra afurðalána sem bankarnir hafa ákveðið að veita þeim í upphafi sláturtíðar, þeim er ekki kleift að greiða 75% hlutfall. Það er það sem Framleiðsluráð hefur með ákvörðun sinni viðurkennt. Það er auðvitað slæmt að það skuli ekki hafa tekist með samvinnu stjórnvalda og bankakerfisins að tryggja hærri fjármögnun strax í upphafi sláturtíðar, en það er staðreynd og Framleiðsluráð hefur með ákvörðun sinni viðurkennt þá staðreynd í verki. Menn verða að horfa framan í veruleikann eins og hann er, það þýðir ekki annað. Og stóryrði hv. þm. hér um frammistöðu mína breyta ekki veruleikanum, hann er eins og hann er því miður, hv. þm. Sjálfstfl.

Ég læt mér svo í léttu rúmi liggja, virðulegi forseti, aðrar smekklegar aðdróttanir sem hér komu fram, til að mynda frá hv. þm. Pálma Jónssyni. Það breytir ekki alvöru þessa máls. Menn geta haft sínar skoðanir á frammistöðu minni og verkum mínum og ég verð að segja alveg eins og er að ég læt mér það í mjög léttu rúmi liggja þegar þær eru ekki rökstuddari en raun ber vitni hjá hv. þm. Það alvarlega í þessu máli er hins vegar það að staða þeirra aðila sem hér um ræðir, kaupfélaganna, afurðastöðvanna, sláturleyfishafanna, er mjög erfið og fjármögnun viðskiptabankanna, sem er að þeirra sögn eins mikil og þeir treysta sér til að framkvæma á þessu stigi málsins, leyfir ekki hærra útborgunarhlutfall en þetta í upphafi sláturtíðar. Vonandi tekst að breyta því á næstu vikum og fá það hækkað og ég vil gefa þá yfirlýsingu hér að að sjálfsögðu verður staðið við ákvæði laganna um fullnaðaruppgjör fyrir 15. des. Það verður gert.

Kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er fram haldið umræðu um till. til ál. um kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum. Eftir að ég mælti fyrir tillögunni hafa nokkrir hv. þm. tekið hér til máls. Ég hef skilið málflutning þeirra, flestra a.m.k., þannig að þeir taki undir efni tillögunnar og nauðsyn þess að á málum sé tekið í þá veru sem þar er gerð tillaga um. Sérstaklega þakka ég eindreginn stuðning sem fram kom hér frá hv. 3. þm. Norðurl. e. við þetta mál, en hann er þm. Alþfl., sama þingflokks og hæstv. utanrrh. er úr, og skiptir vissulega máli að fá stuðning úr þeim röðum við þessum tillöguflutningi og það sama tel ég að hafi raunar komið fram hjá hv. 9. þm. Reykn., Karli Steinari Guðnasyni. Þetta vekur vissulega vonir um það að tillagan fái þann framgang sem við flm. gerum okkur vonir um og að á málinu verði tekið í þá veru sem tillagan gerir ráð fyrir.

Hv. 12. þm. Reykv. vakti hér athygli á hinum alvarlega mengunarþætti sem fylgir umferð kjarnorkuknúinna skipa og hversu háskalegt það er að slík umferð haldi áfram, en hv. þm. Kristín Einarsdóttir er ein af tillögumönnum og kom stuðningur hennar ekki á óvart við þetta mál.

Það kom sitthvað fram í máli hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar sem ástæða væri til að fjalla nokkuð um og svipaðar áherslur komu fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. varðandi hlut Atlantshafsbandalagsins í þeirri ánægjulegu þróun varðandi afvopnun sem hefur verið að gerast síðustu árin. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við þessa hv. þm. um eðli þeirrar þróunar. Aðalatriðið er að sjálfsögðu það að hún hefur átt sér stað á mörgum sviðum afvopnunarmála, en því miður ekki að því er snertir hernaðarumsvif í höfunum. Það er áhyggjuefni. Ef við færum að líta til sögunnar, þá gætu menn t.d. staldrað við þegar fulltrúar risaveldanna funduðu hér í Reykjavík 1986 um haustið og mat manna á þeirri stöðu sem upp kom á þeim fundi, þær hindranir sem voru í vegi fyrir því að tekið væri á afvopnunarmálunum. Ég held að það

sé mjög vafasamt að setja málin fram með þeim hætti sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa tilhneigingu til, að ætla að þakka Atlantshafsbandalaginu það ferli sem orðið hefur á undanförnum árum í sambandi við afvopnunarmál, ekki aðeins vafasamt heldur beinlínis rangt, því að í mörgum greinum hefur Atlantshafsbandalagið því miður tregðast við að taka undir tillögur gagnaðilans í afvopnunarmálum og þetta á alveg sérstaklega við varðandi vígbúnað á höfunum. Um ástæðurnar fyrir því að Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið hafa ekki tekið undir hugmyndir þar að lútandi kann menn að greina á og ég ætla ekki að fara að fjalla um það hér þó að umræðuefnið gæti verið þarft.

Ég vil hins vegar alveg sérstaklega andmæla því sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni í mati hans á herstöðvunum hér á Íslandi. Það getur vel verið að mönnum henti það að reyna að halda því fram að herstöðvarnar á Íslandi sem við höfum búið við síðan 1951 séu ekki herstöðvar. Það var í rauninni það sem hv. þm. var að segja. Þetta hafi verið meinlausar eftirlitsstöðvar sem ekki verðskulda nafnið herstöðvar. Hér hafi ekki verið neinn sá búnaður, sagði hv. þm., sem réttlæti það að tala um herstöðvar, hér séu ekki kjarnorkuvopn o.s.frv.

Ástæðan fyrir því að hv. þm. tekur svo til orða nú, á árinu 1989, og svipaðar áherslur komu fram í máli formanns Sjálfstfl. hér áðan, er auðvitað sú hugsun hjá þessum hv. þingmönnum að hér eigi engu að breyta í sambandi við herbúnað í landinu og stöðu þessara herstöðva. Það er það sem maður les út úr þessu máli þeirra. Það er hið alvarlega við þennan málflutning. Öllum sem eitthvað fylgjast með þessum málum er auðvitað ljóst að eðli herstöðvanna hér á Íslandi hefur tekið breytingum í tímans rás. Þær hafa orðið þýðingarmeiri hlekkur í hernaðarkerfi Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins á síðasta áratug, svo að aðeins sé litið til þess tíma, m.a. eftir að forusta Bandaríkjanna, Lehman, hermálaráðherra Bandaríkjanna, beitti sér fyrir nýrri stefnu varðandi flotaumsvif Bandaríkjanna, svokallaðri „norðurstefnu". Í tengslum við hana hefur farið fram sú stórfellda uppbygging herstöðva hérlendis, endurnýjun á búnaði og nýr búnaður upp settur sem hernaðarratsjárstöðvarnar eru þáttur í og allt stjórnkerfið sem þeim tengist. Þetta er liður í þessari nýju stefnu sem er viðurkennd af öllum aðilum sem um þetta ræða og Lehman ráðherra fór ekkert dult með þegar hann var yfirheyrður í hermálanefnd Bandaríkjaþings á sínum tíma varðandi þessi efni. Það hefur því miður ekkert breyst í þessum efnum þrátt fyrir slökun núna undanfarin ár, og aðmírállinn í Keflavík hafði það mat uppi sl. vor að slökun í Evrópu, fækkun í herliði í Evrópu, kallaði aðeins á aukin umsvif og aukinn vígbúnað á Íslandi.

Við erum hér á stórfelldu hættusvæði vegna þessara hernaðarumsvifa, bæði vistfræðilega og einnig hernaðarlega. Þess vegna er það satt að segja afar leitt að heyra málflutning í þá veru sem uppi er hafður hér í mati á þessum efnum og kemur fram í dagblöðum, eins og t.d. í Morgunblaðinu, sem vitnað er til í gær í Alþýðublaðinu þann 18. okt., þar sem Björn Bjarnason ritstjóri eða aðstoðarritstjóri setur fram það álit að ekki sé tímabært að ræða um afvopnun í og á höfunum með þessum orðum, með leyfi virðulegs forseta, þar sem Björn Bjarnason segir: „Mér finnst að það eigi fyrst að ná árangri á þeim sviðum sem nú er verið að ræða saman um, að leysa þau mál fyrst. Síðan má fara í önnur mál á eftir og sjá til hvernig þróunin verður."

Þetta er slæmur málflutningur og það hlýtur að hryggja okkur að heyra slíkt haft uppi af aðilum sem vilja láta taka sig alvarlega og hafa veruleg áhrif, bæði í fjölmiðlum og í stjórnmálalífi í landinu.

En allt um þetta. Þrátt fyrir þessi sjónarmið liggur það þó fyrir að málflutningur okkar sem erum að krefjast aðgerða og frumkvæðis af Íslands hálfu í þessum efnum, einnig varðandi hernaðinn á höfunum og nauðsyn afvopnunar þar, hefur þegar haft áhrif og hann á væntanlega eftir að hafa aukin áhrif. Ég tel það góðra gjalda vert að íslenskir þingmenn, hvar sem er, á hvaða vettvangi sem er,ýti á eftir um þessi efni. Það er ekki ágreiningsatriði af minni hálfu hvar slíkt fer fram. Það á að gera hvarvetna þar sem við fáum því við komið. En varðandi framhaldið, varðandi stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og í þessu samhengi sem við ræðum það hér á markmiðið að vera að losna við erlendar herstöðvar á íslenskri grund, losa okkur út úr hernaðarnetinu. Og við skulum í því sambandi hafa það í huga að Bandaríkin hafa ætlað sér, og reka það í raun sem sína opinberu stefnu, að halda Íslandi inni í sínu hernaðarneti, sem hluta af því hernaðarkerfi sem þau kalla varnarkerfi meginlands Norður-Ameríku og Bandaríkjanna sérstaklega. Fjárveitingar til hernaðaruppbyggingar á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum eru færðar undir heitinu CONUS, Continental US, í fjárlagagerð Bandaríkjaþings. Það með öðru sýnir inni í hvaða samhengi þar er verið að vinna. Þetta skulum við alþingismenn hér íhuga. Ég trúi því ekki að það séu margir sem í raun vilja sjá það sem örlög Íslands að verða varanlegur hlekkur í hernaðarneti Bandaríkjanna og að þeir í raun setji sína víglínu út frá sínum sjónarmiðum á Ísland, Grænland og Færeyjar, dragi hana um Norður-Atlantshafið og þar breyti engu um þótt slökun verði annars staðar í heiminum. Þetta atriði tel ég ástæðu til að við hugleiðum sérstaklega.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, þakka ég góðar undirtektir hér við tillögu þá sem hér er rædd og ég treysti því að hún leiði til aðgerða, til frumkvæðis af hálfu íslenskra stjórnvalda, og einnig að tekið verði á þeirri vá sem við blasir hvern dag á meðan umferð kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta á sér stað í grennd við land okkar.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þessa tillögu sem ég tel góðra gjalda verða og um stórmál að ræða. Mig, eins og aðra, hryllir við þeim afleiðingum sem slys á Norður-Atlantshafinu geta haft fyrir okkur

Íslendinga þegar kjarnorkuknúin skip eiga í hlut eða einhvers konar farkostir með kjarnorku innan borðs. Hv. flm. kom hér inn á það að við ættum að tala þessu máli hvar og hvenær sem væri, hvar sem væri í heiminum, og ég vil þá benda honum á það að sem meðlimur í Þingmannasamtökum NATO þar sem ég á sæti sem varamaður flutti ég ræðu í því sem má kannski kalla sameinað þing þeirrar samkomu, á lokadegi þess, þar sem ég kom einmitt inn á þetta mál. Var það reyndar rauði þráðurinn í minni ræðu. Þar reyndi ég að lýsa áhyggjum okkar Íslendinga af afleiðingum kjarnorkuslyss á Norður-Atlantshafi og þeim slysum sem hafa reyndar orðið þar og fór fram á það að stórveldin tækju upp viðræður um þessi mál, um afvopnun í höfunum, en lagði þó alveg sérstaka áherslu á Norður-Atlantshafið.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég tek eindregið undir þá hugsun sem flm. er hér að leggja fram. Ég ætla hins vegar ekki að ræða þetta mál út frá þeim grunni sem það hefur nú fært inn á, en tel það algjört skilyrði að við umræðu sem slíka sé hæstv. utanrrh. hér. Ég tel einnig skilyrði að fá að heyra sjónarmið formanns utanrmn. og rökstyð það reyndar með því að inn í þetta mál spinnst náttúrlega málefni varaflugvallarins og stefna ríkisstjórnarinnar í því efni. Vil ég því fara fram á það við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. utanrrh. hefur tök á því að taka þátt í henni.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Þó að hæstv. forseti hafi kynnt mig hér sem formann utanrmn. í framhaldi af þeirri beiðni hv. þm. Inga Björns Albertssonar að fá umræðu frestað þangað til hæstv. utanrrh. væri til staðar vænti ég þess að vera mín hér í þessum ræðustól fullnægi ekki óskum hv. þm. Ég get svo sem tekið undir það að við slíka almenna umræðu um afvopnun og hernaðarmál á breiðum vettvangi væri auðvitað mjög æskilegt að utanrrh. eða staðgengill hans væri hér til staðar.

Ég ætla aðeins að leggja nokkur orð í belg bæði vegna áhuga míns á þessum málum og þess starfs sem ég hef þurft að taka þátt í bæði innan lands og erlendis varðandi slík mál.

Ég vil byrja á því að taka það skýrt fram að í meginatriðum er ég sammála þessari þáltill. eins og hún er lögð fram. Ég fæ að vísu tækifæri til þess að ræða hana betur í utanrmn. þegar hún kemur þangað til umræðu. En ég tel að slíkt frumkvæði okkar Íslendinga, innan lands sem erlendis, sé auðvitað mjög brýnt af þeim ástæðum sem þegar hafa verið raktar hér af mörgum fyrri ræðumönnum, ekki síst vegna þeirrar hættu sem við teljum vera — ekki teljum vera, sem er — vegna þeirra slysa sem hafa orðið og geta orðið og hafa veruleg áhrif á möguleika okkar til að lifa tryggu og góðu lífi á þessu eylandi okkar og vegna áhrifa á efnahagslíf okkar.

Ég er, eins og fleiri sem hér hafa talað fyrr í morgun, aðili að Þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsríkjanna og ég vil taka það skýrt fram að á þeim árum sem ég hef starfað þar hefur orðið veruleg breyting á umræðunni á þeim vettvangi, ekki síst með tilliti til traustvekjandi aðgerða og afvopnunar á höfunum. Við höfum reynt það öll sem þar höfum setið að þrýsta á þau mál og fá málefni hafsins, vistfræðinnar og kjarnorkuslysahættunnar tekin upp í þá umræðu. Við höfum reynt að fylgja þar eftir þeirri stefnumörkun sem gerð hefur verið af okkar utanríkisráðherrum, allt frá því að Geir Hallgrímsson minntist á þetta fyrst á Stokkhólmsráðstefnunni þegar hann tók þetta mál upp og ég held að allir utanríkisráðherrar okkar síðan hafi reynt að fylgja þessu máli nokkuð eftir.

Fyrir tveimur árum, þegar ég tók aftur sæti í þessum þingmannasamtökum, tók ég sæti í svokallaðri stjórnmálanefnd þeirra samtaka og byrjaði þá þegar að vekja máls á þessum atriðum og ég verð að segja að á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur orðið veruleg viðhorfsbreyting hjá meðlimum þeirrar hv. nefndar.

Á þingi samtakanna í Hamborg fyrir liðlega ári var ákveðið að skipa sérstaka undirnefnd stjórnmálanefndarinnar sem tæki sérstaklega til meðferðar traustvekjandi aðgerðir og afvopnun í höfunum. Það er auðvitað mikilsvert að við reynum að ná samkomulagi innan þeirra samtaka sem við tökum þátt í, þ.e. Atlantshafsbandalagsins, áður en viðræður hefjast opinberlega við Varsjárbandalagið og fulltrúa þeirra ríkja. Á þeim fundum sem haldnir hafa verið í Vínarborg hefur verið mikið rætt um þessi mál en ég held að almenn skoðun á þeim vettvangi sé sú að það beri að ljúka fyrst þeim viðræðum sem þegar eru hafnar um afvopnun á grundvelli hefðbundinna vopna og lang- og skammdrægra eldflauga, bæði með og án kjarnorkuodda.

Við erum held ég orðin sammála um það, a.m.k. í þessari undirnefnd sem ég starfa í, og reyndar í stjórnmálanefndinni allri, enda voru tillögur undirnefndarinnar samþykktar samhljóða á þinginu núna í haust í Rómaborg, að til þess að við séum reiðubúin að taka fullan og traustan þátt í þeim viðræðum við Varsjárbandalagið og milli stórveldanna þegar Vínarviðræðurnar eru lengra komnar og jafnvel lokið sé nauðsynlegt að við séum þegar búin að hefja viðræður innan okkar hóps og ná samkomulagi þar. Í þeim tillögum sem samþykktar voru núna á þinginu er m.a. ákveðið að undirnefndin óski eftir áliti hverrar þjóðar innan Atlantshafsbandalagsins, þeirra 16 ríkja, með því að skrifa til fyrirliða eða foringja sendinefnda hvers ríkis sem situr Vínarráðstefnuna og fá það sem við höfum kallað „national paper" eða þjóðarálit eða sendinefndarálit þeirra á traustvekjandi aðgerðum og afvopnun í höfunum. Það vill nú svo til að ég er skrifari þessarar nefndar og sé þar af leiðandi um þessar bréfaskriftir. Þetta bréf er u.þ.b. að fara núna til þessara aðila og það hefur komið líka til tals í okkar hópi að óska jafnframt eftir áliti hlutlausra ríkja og stærstu ríkja Varsjárbandalagsins á þessum vettvangi.

Ég tel að þetta sé mjög brýnt og það er stefnt að því

í nefndinni hjá okkur að reyna að ljúka störfum, helst fyrir næsta vorfund eða alla vega fyrir haustfundinn að ári. Ég vona að þetta takist því að þetta mál er náttúrlega mjög brýnt, ekki síst fyrir okkur Íslendinga, og ég vil taka það fram hér að ég hef haft mjög náið og gott samstarf við þingmenn frá Danmörku og Noregi þegar við höfum verið að semja þessar tillögur.

Vegna þess að það kom fram hér áðan að ekki væri einhugur og sérstaklega að Bandaríkjamenn höfðu lagst gegn ýmsum hugmyndum á þessum vettvangi, þá er rétt að það komi hér fram að bandarískir þingmenn sem tóku þátt í starfi þessarar undirnefndar — það er bandarískur þingmaður, Larry Smith, frá Florida sem er formaður þeirrar undirnefndar, og reyndar fleiri sem tóku ítarlegan þátt í þessu — þeir og reyndar allir bandarísku þingmennirnir samþykktu þessar tillögur stjórnmálanefndarinnar þegar þær lágu fyrir sameinuðu þingi þeirra samtaka í Rómaborg, eins og fyrri ræðumaður kallaði það, í byrjun þessa mánaðar.

Það er mjög brýnt að Íslendingar noti alla aðstöðu, bæði innan lands og erlendis, til þess að hafa frumkvæði og vekja máls á þeim geigvænlegu hlutum sem gætu gerst. Ég held að við höfum lagt okkar þar af mörkum og ég vona að það beri tilætlaðan árangur þegar fram í sækir. Ég er sannfærður um það að mikilvægi eftirlits- og varnarstöðvarinnar hér á Keflavíkurflugvelli á eftir að aukast mjög mikið þegar komið verður að því að það verður gert samkomulag um traustvekjandi aðgerðir og afvopnun í höfunum. Enda bendir allt til þess sem þegar hefur verið gert, eins og t.d. það samkomulag sem gert hefur verið á milli Varsjárbandalagsríkjanna og NATO-ríkjanna, um að senda eftirlitsaðila til þess að fylgjast með heræfingum hjá hinum, sem ég held að hafi valdið því að dregið hafi mjög verulega úr, ef ég má nota orðið, misskilningi eða slysum við slíkar æfingar.

Ég vil svo ítreka það að ég fæ tækifæri til að ræða um orðalag þessarar till., ég tel að hún sé að meginefni góð og mun styðja framgang hennar. Það er mikið verk að undirbúa slíka alþjóðlega ráðstefnu, hana þarf að undirbúa mjög vel og ef við ætlum að stefna að því að geta gert það t.d. á næsta ári, þá verður örugglega að veita nokkru fjármagni til þess við gerð fjárlaga næsta árs. Því að slík ráðstefna er ekki bara hrist fram úr erminni eins og maður sér á þeim tölum sem maður hefur heyrt t.d. af kostnaði við leiðtogafundinn sem hér var haldinn 1986 og reyndar líka við heimsókn páfa. Bara slíkir fundir kosta stórfé. En ég styð að við reynum að stefna að slíkri ráðstefnu.

Til mín var beint fyrirspurn um viðhorf mitt til varaflugvallarins og ég get svarað því í mjög stuttu og ég vona skýru máli. Ég tel að af tvennum ástæðum sé varaflugvöllur mjög brýnn hér á landi. Hann er í fyrsta lagi mjög brýnn vegna þess flugs sem við stundum sjálf, vegna farþega- og vöruflutninga milli landa og mér er sagt af fróðum mönnum að eftir að sú ákvörðun var tekin af Flugleiðum að kaupa þessar nýju flugvélar sem eiga að fljúga yfir Atlantshafið þá sé varaflugvöllur hér á landi brýn nauðsyn. Reyndir flugstjórar hjá Flugleiðum hafa sagt mér það að við misjöfn veðurskilyrði með fulla flugvél af farþegum og fragt, þá verði þeir að taka nánast ákvörðun strax þegar þeir fara frá New York hvort þeir ætla að lenda hér á Keflavíkurflugvelli eða reyna það eða fara beint til Evrópu.

Í öðru lagi er það náttúrlega mjög brýnt á meðan varnarstöðin er rekin hér frá Keflavíkurflugvelli og það eftirlit er framkvæmt þaðan eins og gert er í dag að þá sé varaflugvöllur staðsettur við önnur veðurskilyrði en eru á Keflavíkurflugvelli og þar í nágrenni. Ég tel að það sé verkefni utanrrh. að heimila það hvort hér fari fram sú forkönnun á varaflugvelli eða ekki. Það er hans verkefni og ég held að forustumenn míns flokks hafi líka lýst því yfir og það sé því bara um það að ræða að hann taki ákvörðun um heimild eða ekki heimild til þess. Það er ekki verkefni ríkisstjórnarinnar, það er verkefni utanrrh. að taka slíka ákvörðun.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég get stytt mál mitt með því að taka undir ósk þeirra hv. þm. Þorsteins Pálssonar og Inga Björns Albertssonar um það að umræðu verði frestað og afgreiðslu þessarar till. einnig, þ.e. að hún verði ekki afgreidd til nefndar fyrr en utanrrh. hefur mætt hér til þess að taka þátt í framhaldsumræðum um þessa þáltill. Það er alveg rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar að varaflugvallarmálið svonefnda, og það kom einnig fram í ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar, kemur mjög við sögu þessa máls og er afar mikilvægt atriði í sambandi við það eftirlitsstarf sem hlýtur að vera óhjákvæmilegt ef það tekst að koma á fundum um afvopnunarmál í samræmi við þessa þáltill. Það er raunverulega ekki hægt að afgreiða þessa þáltill. fyrr en fyrir liggur hvernig þessi mál standa og til þess þarf auðvitað hæstv. utanrrh. að mæta hér og skýra okkur frá því áður en við afgreiðum þetta til nefndar og tökum afstöðu til málsins í heild.

Ég minni á það að við sjálfstæðismenn vöktum athygli á því þegar haustið 1988 hvað það væri mikilvægt fyrir bæði millilandaflug Íslendinga sjálfra sem og í sambandi við það eftirlitshlutverk sem hér um ræðir. Við höfum komið með þáltill. um að það verði nú þegar gerðar ráðstafanir til þess að byggja hér varaflugvöll. Sú hugmynd mætti mjög mikilli andstöðu, svo ekki sé meira sagt, hér í þingi og af hálfu t.d. alþýðubandalagsmanna var allt gert til þess að reyna að gera það mál sem tortryggilegast og jafnvel sumir framsóknarmenn töluðu gegn því. Nú hefur það sem betur fer snúist við en það er mjög þýðingarmikið fyrir okkur að vita samt nú þegar hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að byggja umræddan varaflugvöll til þess að þingheimur viti hvernig það stendur.

Ég vil, virðulegi forseti, undirstrika það einnig sem

kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni, formanni utanrmn., og undirstrika mikilvægi þess að við nýtum sem best þá möguleika sem við höfum í þeim samtökum sem Ísland er nú þegar virkur aðili að í sambandi við allar viðræður og umræður um afvopnunar- og friðarmál. Þess vegna vil ég í sambandi við þáltill. taka það skýrt fram að þó að ég fyrir mitt leyti geti verið efnislega sammála meginefni tillögunnar sem stefnir að því að viðræður um afvopnunarmál eigi sér stað, þá er ég ekki sammála því að það sé gert með þeim hætti að kveðja saman hið fyrsta alþjóðlega ráðstefnu. Ég tel að í þessu felist ákveðið yfirlæti eða óraunsæi um það að við getum náð þeim árangri sem við stefnum að. Ég legg hins vegar áherslu á það að þessar viðræður eigi sér stað milli ríkja Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins hins vegar til þess að raunhæf niðurstaða fáist í þetta mál. Þannig að ég get ekki samþykkt tillöguna eins og hún liggur fyrir um alþjóðlega ráðstefnu. Ég tel að með því að slíkar viðræður ættu sér stað, sem auðvitað byggðust á því að áður væri búið að ræða þetta mál innan viðkomandi bandalaga til þess að það sé samræmd afstaða ríkjanna til þessa máls, þá náist meiri, betri og jákvæðari árangur bæði fyrir ríkin sjálf sem og Ísland sérstaklega.

Þá vil ég einnig undirstrika það að það er óhjákvæmilegt að fram fari alhliða viðræður um afvopnun í Vestur-Evrópu þó að við leggjum auðvitað megináherslu á það sem snýr og lýtur að Norður-Atlantshafi. Þetta er ekki hægt að fjalla um nema í samhengi. Það er óhjákvæmilegt ef árangur á að nást og samstaða milli þeirra ríkja sem hér um ræðir.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég undirstrika fyrri skoðun mína á því að á Íslandi sé varnar- og eftirlitsstöð en ekki hernaðarstöð í þeirri merkingu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði í það orð hér áðan. Ég vil einnig að lokum segja það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, þrátt fyrir allt friðartal, þrátt fyrir þessa tillögu um afvopnun, þá fellur hann alltaf í sömu gröfina. Hann getur aldrei stillt sig um það að ráðast að öðru stórveldanna, Bandaríkjunum, sérstaklega og tala um vígbúnaðarkapphlaup eins og það sé einhliða ákveðið af Bandaríkjamönnum. Það er eins og hv. þm. annaðhvort viljandi eða óviljandi gleymi því jafnan að Sovétríkin ástunda mikinn vígbúnað og þau hafa ekki enn sem komið er lýst sig reiðubúin til þess einhliða að draga úr vígbúnaði. Það kom skýrt fram í ræðu Vladimirs Lobovs hershöfðingja Varsjárbandalagsins á á þingmannasambandsfundi NATO í Róm um daginn að Rússar eru ekki reiðubúnir til þess að gefa einhliða yfirlýsingu um það að þeir muni draga úr sínum vígbúnaði eða sinni hergagnaframleiðslu. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Ég vil því biðja hv. þm. að hverfa nú frá kaldastríðsumræðunni og flytja sig yfir í þá umræðu sem við erum nú komin á, allflest, sem er það að við trúum því að viðræður geti átt sér stað um afvopnun milli þeirra ríkja sem hafa vigt og vald til að framkvæma það. Við leggjum fyrst og fremst áherslu á raunverulegan frið í heiminum, en ekki almennt tal um frið eða samanburð á vígbúnaði stórveldanna.

Umræðu frestað.

Verndun vatnsbóla, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 20 um skipulag til verndunar vatnsbóla. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Páll Pétursson, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Guðmundur Ágústsson og Salome Þorkelsdóttir.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að umhverfi allra byggðakjarna á landinu verði rannsakað og skipulagt með tilliti til nýtingar og verndunar grunnvatns.

Á skipulagsuppdráttum þéttbýlisstaða verði sýnd fyrirhuguð þróun byggðar, friðlýst svæði og önnur landnotkun.

Jafnframt verði gerð kort af jarðfræði og grunnvatnskerfum á viðkomandi svæðum með tilliti til vatnsbóla."

Almennt hefur verið talið að gnægð sé af góðu vatni hvarvetna á landinu og hafa Íslendingar löngum hælt sér af því að eiga besta vatn í heimi. Sagt er að hér sé hægt að drekka vatn úti í náttúrunni úr lækjum og vötnum og að vatnið í vatnskrönum heimahúsa sé alls staðar drykkjarhæft. Þótt þetta sé sannmæli um marga staði á það því miður ekki við um alla. Sú skoðun hefur verið ríkjandi að hér sé svo mikið af vatni að ekki þurfi neinnar sérstakrar vatnsverndar við. „Minni háttar" mengun sé ekkert vandamál, hún hreinsist af sjálfu sér eða það megi þá taka vatn annars staðar. En það er að sjálfsögðu engin lausn að sækja bara neysluvatn í næsta brunn en taka ekki á vandamálinu.

Nýlegt dæmi um mengunarmál sem kom upp á yfirborðið var mengun vatnsbóla á Suðurnesjum. Það er að vísu nokkuð síðan Suðurnesjamenn gerðu sér grein fyrir að hætta á mengun vatnsbóla væri fyrir hendi vegna starfsemi herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Árið 1975 var gerð skýrsla þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að vegna mengunarhættu frá Keflavíkurflugvelli sé ástæða til að óttast mengun vatnsbólanna og því beri að leita nýrra. Nú hafa Suðurnesjamenn fengið nýja vatnsveitu og telja þeir sig um alla framtíð, eins og þeir orða það, vera öruggir um að ferskvatn þeirra sé hið besta sem völ er á. Vonandi verður sú raunin en það má ekki gleymast að hætta á mengun grunnvatns er alltaf fyrir hendi.

Efni berast með vatni frá yfirborði niður í grunnvatn og geta flust með því langar leiðir eftir sprungum og glufum í berginu. Efni sem komist hafa í jarðveg geta eftir fjölda ára borist í vatnsból þéttbýlisstaða. Kalt grunnvatn hér á landi er talið vera nokkurra ára gamalt upp í nokkurra áratuga gamalt. Þannig getur t.d. olía sem hellst hefur niður í jarðveg komist í

grunnvatn eftir tugi ára. Eitt mengunarslys getur haft alvarlegar afleiðingar um ókomna framtíð fyrir ferskvatnsöflunina.

En það er ekki bara á Suðurnesjum sem neysluvatn er í hættu eða er mengað. Sums staðar er neysluvatn jafnvel svo mengað að talið hefur verið varhugavert að nota það óhreinsað. Nær alls staðar á landinu nota atvinnufyrirtæki, t.d. í fiskiðnaði, vatn frá almenningsveitum. Þar er um viðkvæman og mikilvægan matvælaiðnað að ræða sem vart má við hugsanlegum skakkaföllum vegna mengunar. Það er því ástæða til að fara mjög varlega í þessum efnum.

Meðal þess, sem veldur mengun, má telja ýmiss konar atvinnurekstur, mannvirkjagerð, efnistöku, ruslahauga og urðun sorps. Umferð vélknúinna farartækja, útivist og sumarbústaðir geta einnig valdið mengun, einkum þar sem ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu og eyðingu úrgangs og annarra mengandi efna.

Frágangi vatnsbóla er víða ábótavant þótt breyting hafi orðið til hins betra á því sviði hin seinni ár, einkum hjá nýlegum vatnsveitum. Einkum eru brögð að því að ekki sé nógu vel komið í veg fyrir írennsli yfirborðsvatns og að skepnum sé ekki haldið nógu langt frá með girðingum.

Eitt af vandamálunum, sem fylgja þéttri byggð, er losun sorps og eyðing þess. Eiturefnum og ýmsum hættulegum efnum hefur verið fleygt út í náttúruna án þess að hugsað væri um afleiðingarnar. Þar er ekki síst mikilvægt að taka tillit til þeirra staða sem kunna að verða nýttir til vatnsöflunar síðar.

Nú sjá heilbrigðisfulltrúar á hverjum stað um að fylgjast með gæðum neysluvatns. Oftast er þar eingöngu um mælingu á gerlamagni í vatninu að ræða. Minna er um reglulegar mælingar á annarri mengun af völdum ólífrænna eða lífrænna efna. Mengun af völdum slíkra efna getur haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir menn og skepnur ekki síður en gerlamengun. Nauðsynlegt er því að setja staðla um mengandi efni í neysluvatni og gera á því reglulegar mælingar. Til þess þarf að gera úttekt á vatnstökusvæðum og aðrennslissvæðum þeirra. Jafnframt þarf að endurskoða löggjöf um vatnsréttindi, vatnstöku og vatnsvernd og samræma hana kröfum tímans.

Tillaga þessi var flutt á 111. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fékk allsherjarnefnd tillöguna til meðferðar og leitaði umsagnar allmargra aðila. M.a. var leitað umsagnar skipulagsstjórnar ríkisins og tók hún einmitt á þessu síðasta sem ég nefndi sem var að það þyrfti að endurskoða löggjöf um vatnsréttindi og vatnstöku og samræma hana kröfum tímans. Í umsögn skipulagsstjórnar ríkisins segir m.a., með leyfi forseta:

„Samvinnunefnd um skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu lagði til að vatnalögin sem eru frá 1923 yrðu tekin til endurskoðunar og skipaði ráðherra þá Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra og Hallgrím Dalberg til að endurskoða lögin að því er snertir vatnsréttindi, vatnstöku og vatnsvernd. Skiluðu þeir frv. sínu til félmrh. en þar strandaði það. Skipulagsstjórn ríkisins vill benda á að full ástæða er til að endurskoða vatnalögin.

Varðandi könnun vatnsbóla víða um land hefur skipulag ríkisins í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir fengið jarðfræðing til ráðuneytis um hvar helst sé ráðlegt að bora eftir neysluvatni.“ — Þetta er orðrétt upp úr umsögn skipulagsstjórnar ríkisins.

Síðar segja þeir: „Skipulagsstjórn leggur áherslu á að við gerð þeirra svæðisskipulaga sem fram undan eru verði vatnsverndarmálum gerð ítarleg skil. Skipulagsstjórn telur eðlilegt að gert verði allsherjarátak í samráði við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Orkustofnun og hlutaðeigandi sveitarfélög á þessu sviði.“

Þarna tekur skipulagsstjórn ríkisins undir það sem þessi till. fjallar um og mælir þar af leiðandi með samþykkt till. og bendir á það sem er örugglega mjög brýnt og reyndar er tekið fram í grg. með þessari till., að endurskoða þurfi vatnalögin frá 1923.

Náttúruverndarráð fékk einnig þessa till. til umfjöllunar og tók undir till. en taldi reyndar að það þyrfti að ganga miklu lengra, það ætti að taka enn fleiri þætti inn í en gert er ráð fyrir í till., eins og t.d. laus jarðefni og efnisnámur. Ég tek undir það og þó að þessi till. fjalli eingöngu um vatnsból og ég telji rétt að halda mig við það á þessu stigi málsins þá þarf sjálfsagt að kanna þetta að því er varðar fleiri þætti.

Í umsögn Náttúruverndarráðs stendur, með leyfi forseta: „Það skal áréttað að á síðustu árum hafa áhrif ýmiss konar starfsemi á umhverfi okkar hér á landi aukist mjög, eins og t.d. frárennsli frá iðnaði og fiskeldi. Ljóst er að skipuleggja þarf þessa starfsemi þannig að landið nýtist sem best og náttúrulegum auðlindum þess sé ekki spillt að óþörfu. Þess vegna þurfa sveitarfélög, bæði í þéttbýli og dreifbýli, að gera sér grein fyrir því hvernig þau hyggjast nýta sér lönd sín til frambúðar. Slíkt er best gert með svæðisskipulagi í kjölfar þeirrar undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er.“

Í lok umsagnarinnar segir síðan Náttúruverndarráð: „Loks vill Náttúruverndarráð benda á að enginn sérstakur aðili fer með eftirlit með því að grunnvatn sé ekki mengað.“

Þeir benda því á að fyllsta ástæða sé til að taka á þessu máli. Samband ísl. sveitarfélaga mælir einnig með samþykkt tillögunnar. Orkustofnun fékk þessa till. einnig til meðferðar og benti á í sinni umsögn að vatnsöflunin sé verkefni sveitarfélaganna, ekki ríkisins. Það er vissulega rétt og hefur ekki verið ætlunin með þessari till. að breyta þeirri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem hefur verið gildandi, bæði fyrir og eftir frv. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem tekur gildi nú um áramótin þar sem vatnsöflun hefur verið á verksviði sveitarfélaganna, að vísu með möguleikum á styrk frá ríkissjóði. Því verður breytt nú frá og með áramótum en hins vegar er gert ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti komið til aðstoðar sveitarfélögum við vatnsöflun. En það kemur ekki þessari tillögu við þar sem hún gerir ráð fyrir því að þarna verði um samvinnu að

ræða milli ákveðinna aðila með frumkvæði ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir því að þarna verði komið á samvinnu en ekki að nein breyting verði gerð á þeirri verkaskiptingu sem nú er og hefur verið um vatnsöflun á landinu. En það má líka benda á að vatnsöflun er ekki eingöngu í höndum sveitarfélaga, það eru margir einstaklingar og einstakir aðilar sem einnig sjá um vatnsöflun fyrir sín fyrirtæki.

En til þess að gera skipulagsuppdrætti af því tagi sem hér er gert ráð fyrir þarf að kortleggja jarðlög undir yfirborði ekki síður en landið ofan jarðar. Gerð jarðlaga, halli, sprungur, gangar og fleira skipta verulegu máli þegar meta á landssvæði með tilliti til nýtingar.

Till. þessi felur í sér að skipulega verði aflað þekkingar á náttúruauðlindum ferskvatns og mótuð stefna um nýtingu hennar og vernd. Markmiðið er að tryggja verndun grunnvatnskerfa fyrir mengun svo þau geti gefið af sér gott neysluvatn fyrir vaxandi byggð. Jafnframt þarf að leiða í ljós hvert ástand vatnsbóla er um allt land og ráða bót á því þar sem þess er talin þörf.

Verkefni eins og það sem hér um ræðir fellur eðlilega undir starfssvið umhverfisráðuneytis þegar loks kemur að því að slíkt ráðuneyti verður sett á fót.

Að lokinni umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég er einn af flm. þessa máls sem hér hefur verið mælt fyrir og þarf ekki að lýsa með öðrum hætti yfir stuðningi við tillöguna. Það sem ég vildi segja hér, nú þegar till. er flutt öðru sinni, er að ég vænti þess að mál þetta fái skjóta og góða meðhöndlun af þeirri þingnefnd sem fær það til meðferðar. Ég tel að þetta sé mjög þarft mál sem er hér á ferðinni og æskilegt að það dragist ekki lengi að það fari til framkvæmdarvaldsins til athugunar og tekið verði á málum með þeim hætti sem till. gerir ráð fyrir. Þar reynir auðvitað á þá aðila sem eiga að taka við málinu í sambandi við meðferð skipulags. Þetta á ekki að vera kostnaðarsamt, a.m.k. ekki í upphafi. Þó að gert sé ráð fyrir rannsóknum af ýmsu tagi, þá geta þær komið á seinni stigum þær sem kostnaðarsamari eru en aðalatriðið er að það sé hafist handa við undirbúning í þá átt sem till. gerir ráð fyrir.

Ég er viss um það að formaður allshn. sem er viðstaddur þessa umræðu muni taka á þessu máli sem þegar hefur fengið umsögn aðila og ég vænti þess að við fáum það aftur inn í þingið frá nefndinni fyrir lok þessa árs þannig að það verði ekki langur dráttur á því að við getum tekið afstöðu til málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 23. mál. — Þskj. 23.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. forseti. Ég fylgi úr hlaði till. til þál. um að Alþingi álykti að fela utanrrh. að kanna hvort varnarlið Bandaríkjanna á Íslandi og Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins séu reiðubúin til að taka þátt í gerð þjóðvega hér á landi. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. nóv. 1990.

Það er skemmst frá því að segja að þegar ein þjóð tekur að sér að vernda aðra þá má vernd hennar ekki ljúka við moldina sjálfa. Verndin hlýtur að þurfa að taka til fólksins í landinu, ekki síður en til landsins sjálfs. Hluti af þeim vörnum sem ég sé fyrir mér eru vegir. Vegir fyrir varnarliðið til þess að komast ferða sinna um landið, til þess að komast á milli stöðva sinna og þeirra svæða sem það hefur sínar varnarbækistöðvar á. Varnarlið þarf líka að geta komist á milli landshluta ef það slær í brýnu og við skyldum eiga yfir höfði okkar að fá innrásarlið í landið og vegir eru líka fyrir fólkið til þess að komast frá hættusvæðum ef vá er fyrir dyrum. Þannig eru vegir órjúfanlegur hluti af vörnum.

Í till. þessari er gert ráð fyrir að rætt sé við Mannvirkjasjóðinn og varnarliðið um að þegar verði hafist handa við að leggja veg hringinn í kringum landið, tvöfaldar akreinar, og jafnframt verði alltaf valin stysta leið á milli byggða þannig að gerð verði göng í gegnum fjöll og múla eða undir langa firði þar sem því verður auðveldlega komið við. Göngin má síðan vel nota sem byrgi ef í harðbakkann slær, það má fela Almannavörnum að hafa þar viðbúnað fyrir fólkið í viðkomandi byggðarlögum, að leita skjóls ef til tíðinda dregur og svo hörmulega mundi vilja til að hér færu fram átök á styrjaldartímum.

Á sínum tíma bauð bandarískt herinn að leggja tvöfalda akbraut frá Keflavíkurflugvelli og upp að olíustöðinni í Hvalfirði sem þá var hluti af þeirra hernaðarvígbúnaði hér á landi. Bandarískt herinn bauð líka að leggja tvöfalda akbraut frá Reykjavík til Akureyrar sem hluta af æfingarverkefni fyrir verkfræðingasveitirnar, að leggja vegi við svokallaðar heimskautaaðstæður.

Bandarískt herinn hefur boðið ýmislegt fleira. Hann bauð að gera myndarlega höfn í Njarðvíkum, hann bauð á sínum tíma að kosta alla nýju flugstöðina, en öllum þessum atriðum höfnuðu Íslendingar. Þetta eru allt liðir sem lutu að vörnum landsins þar sem varnarliðið var tilbúið til þess að efla varnirnar, styrkja þær og auka þær í þágu þjóðarinnar sem það hefur tekið að sér að verja. Á sama tíma og þessu er hafnað þáðu Íslendingar hins vegar ýmsa aðra styrki, gjafir og ölmusu sem Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið buðu upp á. Við erum sennilega eina þjóðin í Evrópu sem ekki varð hart úti í hernaðarátökum sem þáði Marshall-aðstoð sem var boðin til þess að reisa Evrópu úr þeim rústum sem hún var í,

brunnir akrar, sviðin tún, borgirnar hrundar, fólkið ýmist fallið eða flúið. Marshall-aðstoðin laut að því að endurreisa Evrópu og Íslendingar þáðu í leiðinni sinn skerf af þessari aðstoð þó að landið væri ekki í sárum eftir stríð. Við þáðum orkuverin við Laxárvirkjun og Sogsvirkjun og við þáðum Áburðarverksmiðjuna að stórum hluta og við þáðum fleira frá þeim í Marshall-aðstoðinni. Og meira að segja gekk það svo langt að við létum þá líka borga aðflutningsgjöldin af þessum tækjum og áhöldum sem þeir gáfu hingað. Þannig að ekki bara fengum við gjafirnar heldur urðu gjafirnar okkur líka stofn til þess að láta þá gefa okkur tollana. Síðan þáðum við aðstoð frá þeim sem var kölluð PL-480, Public Law 480, og var í því fólgin að í mörg ár fengum við gefins alla sekkjavöru frá Bandaríkjunum. Við fengum kornmat, við fengum tóbaksvörur. Andvirði þessara gjafa var síðan lagt í sjóð sem seinna varð Framkvæmdasjóður og starfar enn. Sá framkvæmdasjóður er því í raun og veru sprottinn af svita, blóði og tárum negranna á plantekrunum í Bandaríkjunum. Okkur þótti sæmandi að þiggja þessa aðstoð og þessar gjafir frá Bandaríkjunum þó þær ættu ekkert skylt við varnir landsins. Okkur þótti sæmandi að þiggja það en þegar Bandaríkin buðu að styrkja og efla varnirnar, þá var því umsvifalaust hafnað.

Noregur er annað land í Atlantshafsbandalaginu og þar hafa verið reistir vegir fyrir milljarða og aftur milljarða sem Mannvirkjasjóður NATO, Bandaríkin og Kanada hafa kostað að verulegu leyti fyrir Norðmenn. Þetta sterka og mikla samgöngukerfi Norðmanna þjónar að sjálfsögðu íbúunum í dag, ekki síður en þeim herjum sem eru í landinu. Og ég hef aldrei heyrt nokkurn mann tala um að Norðmenn hafi selt sálu sína í þessu sambandi, að Norðmenn hafi selt landið. Norðmenn viðurkenna þetta af biturri reynslu því þeir tóku þátt í síðustu heimsstyrjöld. Þar brunnu eldarnir heitt, Norðmenn þurftu að berjast. Þeir skilja best þörfina fyrir greiðar samgöngur og þeir viðurkenna þetta sem hluta af þeim hernaðarviðbúnaði sem hægt er að búast við af einni þjóð sem tekur að sér að verja aðra.

Sömu sögu er að segja um Portúgali, Tyrki, Grikki, jafnvel Spánverja. Þessar þjóðir hafa ekki látið sér nægja að fá peninga í vegaframkvæmdir heldur hefur Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin borgað þessum þjóðum stórfé fyrir að hafa herstöðvar í viðkomandi löndum. Nú heyri ég ekki talað um þessar þjóðir, hvorki í öðrum löndum eða veit ég til þess dæmi að það sé í umræðunni í þeim löndum sjálfum að þar sé verið að selja sálina, selja landið eða fjallkonuna eða þau tákn sem þeim eru helgust.

Stundum hefur hugur kjósenda, fólksins, verið kannaður með skoðanakönnunum og nokkrum sinnum hefur verið spurt spurninga sem lúta að því sem þessi till. hér fjallar um. Þannig áttum við sem tókum þátt í prófkjöri Sjálfstfl. 1978 þess kost að svara spurningu sem hljóðaði svo: Eruð þér hlynntur því að varnarliðið taki þátt í þjóðvegagerð hér á landi?

Það er skemmst frá því að segja að 7254 kjósendur Sjálfstfl. í Reykjavík svöruðu þessari spurningu játandi en aðeins 1510 voru á móti.

Ég nefni þetta hér vegna þess að þessi till. er mín afmælisgjöf á 60 ára afmæli Sjálfstfl. til þess að Sjálfstfl. fái í dag málefni sem hann getur óhikað sameinast um með traustan meiri hluta a.m.k. hér í Reykjavík og minni má gjöfin ekki vera frá gömlum Heimdellingi á afmælisári.

Árið 1984 kannaði Öryggismálanefnd hug landsmanna til varnarliðsins, til Atlantshafsbandalagsins og til utanríkisstefnu okkar. Þar var ein spurning sem hljóðaði svo: Eruð þér hlynntur því að taka gjald fyrir herstöðina á Keflavíkurflugvelli? Þessi skoðanakönnun var unnin af nemendum Háskólans og Ólafur Þ. Harðarson stjórnaði henni. 69% kjósenda Alþfl. voru hlynntir því að taka beint gjald fyrir veru varnarliðsins, 67% kjósenda Framsfl. og 45% kjósenda Alþb. — og er nú Hjörleifur minn illa fjarri góðu gamni — þannig að það er 60% meiri hluti hjá stuðningsmönnum þessara þriggja stjórnarflokka fyrir því að taka beint gjald fyrir herstöðina, og er ég þá ekki að tala um að Mannvirkjasjóðurinn eða varnarliðið taki þátt í að leggja varnarmannvirki á borð við þjóðvegi, heldur er ég að tala um beint og hreint gjald.

Og ekki má gleyma Sjálfstfl. í þessu sambandi því 67% kjósenda hans voru á sömu skoðun. Það er sem sagt margfaldur meiri hluti hjá þjóðinni fyrir því að taka beint gjald af Bandaríkjamönnum.

Ekki hefur verið spurt um hvort menn séu sama sinnis um að Bandaríkjamenn og Mannvirkjasjóðurinn taki þátt í þjóðvegagerð en það kæmi mér ekki á óvart þó að hlutfallið væri ívið hærra. Vonandi fáum við fljótlega að sjá skoðanakönnun um það efni og ætti þetta að vera nokkur vísbending til þeirra örfáu hv. þm. sem hlýða á mál mitt um það hvert hugur kjósendanna stendur.

Frú forseti. Það þarf víst ekki að taka það fram að það er slæmt ástand í atvinnumálum þjóðarinnar í dag. Við þurfum verkefni. Okkur stendur til boða álver ef við höldum rétt á spilunum. Okkur stendur til boða varaflugvöllur ef við höldum rétt á spilunum. Og sjálfsagt er að kanna með vegi, með stórkostlegar vegaframkvæmdir ef við höldum rétt á spilunum. Það mundi þá væntanlega draga úr því atvinnuleysi sem hér er, það mundi væntanleg fækka gjaldþrotum og það mundi væntanlega draga úr þeirri óhamingju og þeim kvíða sem einkennir því miður allt of mörg heimili þar sem vinnufúsar hendur komast ekki til vinnu vegna þess atvinnuleysis sem við sjáum því miður alls ekki fyrir endann á.

Að svo mæltu mæli ég með að vísa þessari till. til 2. umr. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (7. mál, umönnunarbætur) 77, 116.
Byggingarlög (22. mál, úrskurðarvald ráðherra) 123.
Drengskaparheit unnið 22.
Ferðamál (42. mál, ferðamálanefndir) 93.
Forseti Íslands setur þingið 2.
Húshitunarkostnaður (8. mál) 133.
Kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum (12. mál) 142, 168.
Kosning forseta og skrifara 6, 8, 10.
Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa 12, 13, 15.
Kosning í nefnd um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu 19.
Kosning í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 19.
Minning Benedikts Bogasonar 3.
PCB-mengun (9. mál) 138.
Rannsókn kjörbréfa 18, 21.
Stimpilgjald (21. mál, hlutabréf) 89, 117.
Stjórn umhverfismála (4. mál, heildarlög) 118.
Sætaskipun 9, 11.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 17, 133.
Umræður utan dagskrár 30 (meðferð ríkisfjármála án heimildar Alþingis); 153 (greiðslur afurðaverðs til sauðfjárbænda).
Varamenn taka þingsæti 5, 17.
Varnir gegn mengun frá fiskeldi (3. mál) 19, 22.
Verndun vatnsbóla (20. mál) 176.
Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega (23. mál) 180.
Þingmennskuafsal Kjartans Jóhannssonar 4.
Þingmennskuafsal Kristínar Halldórsdóttur 5.
Þingsetning 1.
Þjóðhagsstofnun (2. mál, upplýsingar eftir kjördæmum) 74, 116.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 2.
Aldursforseti Sþ. Stefán Valgeirsson 3, 4, 5, 7.
Aldursforseti Ed. Skúli Alexandersson 8.
Aldursforseti Nd. Stefán Valgeirsson 10.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 7.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 17, 18, 22, 30, 73, 133, 164.
Forseti Ed. Jón Helgason 8, 15.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 10, 11, 17, 92.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 47, 117.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 125.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 36, 68.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 162.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 79, 84, 88, 139, 141.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 154, 167.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 52, 134, 136.
Árni Gunnarsson 149.
Ásgeir Hannes Eiríksson 55, 162, 180.
Birgir Ísl. Gunnarsson 124, 129, 163.
Eggert Haukdal 165.
Egill Jónsson 96, 103, 104, 153, 166.
Einar Kr. Guðfinnsson 108.
Eyjólfur Konráð Jónsson 26.
Geir H. Haarde 53.
Guðmundur H. Garðarsson 111, 115, 146, 174.
Guðmundur G. Þórarinsson 22, 25, 89, 92.
Guðni Ágústsson 129, 132, 159.
Guðrún Agnarsdóttir 100, 103, 104.
Halldór Blöndal 29, 74, 160, 165.
Hjörleifur Guttormsson 19, 24, 28, 75, 133, 136, 137, 138, 140, 142, 157, 168, 179.
Hreggviður Jónsson 28, 128, 157.
Ingi Björn Albertsson 56, 156, 170.
Jóhann Einvarðsson 171.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 105, 159, 164.
Jón Helgason 93, 100.
Jónas Hallgrímsson 97, 110.
Karl Steinar Guðnason 95, 101, 150, 164.
Karvel Pálmason 96, 102, 105.
Kristinn Pétursson 137.
Kristín Einarsdóttir 145, 176.
Matthías Bjarnason 21, 80, 86.
Matthías Á. Mathiesen 118.
Málmfríður Sigurðardóttir 48, 77, 83, 158.
Ólafur Þ. Þórðarson 161.
Pálmi Jónsson 30, 64, 156.
Ragnhildur Helgadóttir 81, 85.
Salome Þorkelsdóttir 99.
Skúli Alexandersson 138.
Stefán Guðmundsson 98, 106, 115.
Stefán Valgeirsson 51.
Unnar Þór Böðvarsson 108.
Þorsteinn Pálsson 59, 90, 117, 151.

SAMEINAÐ ÞING

6. fundur, mánudaginn 23. okt., kl. 8.30 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræða).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. allt að hálfri klukkustund til umráða og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., fær 15 mínútna ræðutíma og talar síðastur í fyrri umferð.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl., Samtök um kvennalista, Alþb., Frjálslyndir hægri menn og Borgfl.

Ræðumenn verða: Fyrir Framsfl. talar auk forsrh. Steingríms Hermannssonar Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. tala Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða Jón Sigurðsson viðskrh. og Karl Steinar Guðnason, 4. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., í þeirri síðari. Fyrir Samtök um kvennalista tala í fyrri umferð Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv. og Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn., en í þeirri síðari Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv. Af hálfu Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. og Unnar Þór Böðvarsson, 4. þm. Suðurl., í fyrri umferð, en Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., í þeirri síðari. Fyrir Frjálslynda hægri menn talar Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., í báðum umferðum. Ræðumenn Borgfl. verða í fyrri umferð Júlíus Sólnes, ráðherra Hagstofu Íslands, Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., og Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., en Óli Þ. Guðbjartsson dómsmrh. í síðari umferð.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti, góðir Íslendingar. Þegar ríkisstjórn Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtaka jafnréttis og félagshyggju tók við stjórn landsins 28. sept. fyrir rúmu ári var spáð miklum erfiðleikum í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Þá hafði á vegum fyrri ríkisstjórnar starfað efnahagsnefnd, skipuð fyrst og fremst fulltrúum atvinnuveganna. Hún kvað útflutnings- og samkeppnisgreinarnar að þrotum komnar og lagði til róttækar efnahagsaðgerðir sem fólust í niðurfærslu verðlags og launa. Samtök fiskvinnslunnar lýstu því yfir að fyrirtækin væru að stöðvast og fullyrtu að 15% gengisfelling a.m.k. og án tafar væri nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir slíkt. Verslunarráð spáði a.m.k. 5000 manns atvinnulausum upp úr áramótum og Félag ísl. iðnrekenda taldi að atvinnuleysi yrði enn meira. Allir þekkja stöðugar hrakspár stjórnarandstöðunnar og háværar kröfur um miklar gengisfellingar. Ríkisstjórnin hafnaði nýrri óðaverðbólgu og nýrri kollsteypu. Ríkisstjórnin ákvað að freista þess að vinna þjóðarbúið í áföngum en markvisst út úr erfiðleikunum með fjölþættum aðgerðum á ýmsum sviðum útflutnings- og samkeppnisatvinnuveganna.

Með stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina var ráðist í þá viðtækustu skuldbreytingu sem gerð hefur verið. Hefur nú 5,4 milljörðum kr. verið skuldbreytt eða lánað til hagræðingar. Þannig hafa lán verið lengd, vanskilum komið í skil og vextir lækkaðir verulega. Hlutabréfasjóði Byggðastofnunar hefur tekist að tryggja að u.þ.b. 600 millj. kr. verði breytt úr skuldum í hlutafé hjá þeim útflutningsfyrirtækjum sem verst voru stödd.

Rétt er að taka fram að Byggðastofnun, ríkissjóður og af bönkunum ekki síst Landsbanki Íslands hafa tekið mikinn þátt í þessari fjárhagslegu endurskipulagningu.

Úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins hefur verið greidd sérstök aðstoð til frystingar og er gert ráð fyrir að svo verði út þetta ár.

Auk slíkra aðgerða hefur ríkisstjórnin markvisst leiðrétt raungengi hinnar íslensku krónu sem var orðið of hátt. Á mælikvarða verðlags hækkaði raungengið um 5,2% árið 1988 en mun á þessu ári lækka um a.m.k. 5,9% og verður þá orðið heldur lægra en á árinu 1987. Á mælikvarða launa hefur raungengi lækkað um 13,4% og er það rúmum 5% lægra en var 1987.

Mjög mikill fjármagnskostnaður hefur síðustu árin verið eitt erfiðasta vandamál íslenskra atvinnuvega. Á árinu 1988 voru meðalvextir útlána í bönkum og sparisjóðum 10% umfram verðtryggingu og höfðu því meira en tvöfaldast frá árinu 1986. Heildarútlán voru í árslok 1988 um 360 milljarðar kr. Innlendur hluti þessara útlána nam um 220 milljörðum kr. Að teknu tilliti til lægri vaxta á einstökum lánaflokkum, t.d. húsnæðislánum, var arðtaka þessara útlána u.þ.b. 20 milljarðar kr. umfram verðtryggingu. Þess ber þó að gæta að á fastgengistímanum 1987–1988 fengu útflutnings- og samkeppnisgreinarnar ekki verðtrygginguna bætta nema að hluta og báru því í raun enn hærri vexti af innlendum lánum. Ríkisstjórnin taldi afar nauðsynlegt að lækka þessa háu raunvexti. Í því skyni voru vextir af spariskírteinum ríkissjóðs lækkaðir í 6% og Seðlabankanum var falið að koma raunvöxtum í bönkum og sparisjóðum í 7% af útlánum. Þetta hefur ekki að öllu leyti tekist enn. Raunvextir hafa þó lækkað að mati Seðlabanka Íslands úr 10% í u.þ.b. 8% sem þýðir að sjálfsögðu umtalsverða lækkun fjármagnskostnaðar. Í byrjun ársins var grunnur lánskjaravísitölunnar jafnframt lagfærður til nánara samræmis við breytingar á verðlagi og launum. Hefur það leitt til lækkunar á fjármagnskostnaði sem á heilu ári svarar til allt að 4%

raunvaxtalækkunar við núverandi aðstæður. Raunvextir óverðtryggðra lána hafa hins vegar sveiflast mjög og á undanförnum mánuðum iðulega verið óhóflega háir.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í landsframleiðslu hafa ofangreindar aðgerðir borið mikinn og jákvæðan árangur. Engar þær hrakspár sem ég rakti í upphafi míns máls hafa ræst. Þótt atvinnuleysi hafi aukist nokkuð hefur það ekki orðið nema brot af því sem spáð var. Mjög fá fiskvinnslufyrirtæki hafa stöðvast enda hefur afkoman batnað verulega fyrir aðgerðir stjórnvalda. Vöruskipti eru talin munu verða jákvæð á þessu ári um nálægt 5 milljarða kr. eftir tvö hallaár og þrátt fyrir mikla hækkun á vaxtagreiðslum samfara hækkun erlendra skulda, sem er m.a. afleiðing af mikilli lækkun á gengi krónunnar, hefur dregið verulega úr viðskiptahalla. Hann var 3,7% á sl. ári en er talinn á þessu ári verða 2,9% eða jafnvel lægri. Á þessu ári vega þó flugvélakaup Flugleiða þungt. Þetta er mikilsverður árangur, ekki síst í ljósi þess að hann næst á samdráttartímum í þjóðarbúskapnum sem er nánast einsdæmi.

Þrátt fyrir mikla lækkun gengis hefur tekist að halda verðhækkunum í skefjum. Mun verðbólga á þessu ári verða nánast sú sama og á sl. ári. Er það einnig ólíkt fyrri samdráttarskeiðum því oftast hefur sigið á ógæfuhliðina að því er varðar verðbólgu og sömuleiðis viðskiptahalla við slíkar aðstæður. Þessi árangur í átt til jafnvægis við hin erfiðu ytri skilyrði mun skapa forsendur fyrir miklum og verulegum árangri í baráttunni við verðbólguna á næsta ári.

Úr tekjuhalla ríkissjóðs hefur dregið. Hann mun á þessu ári verða um 1,8% vergrar landsframleiðslu í stað 2,8% á sl. ári.

Jafnvægi á milli inn- og útlána í peningakerfinu hefur batnað. Innlán hafa aukist umfram hækkun lánskjaravísitölu en raunhækkun útlána hins vegar orðið engin þrátt fyrir nokkra lækkun vaxta.

Þrátt fyrir erfiða varnarbaráttu hefur tekist ekki aðeins að verja velferðarkerfið heldur bæta og auka það á ýmsum sviðum. Sem dæmi vil ég nefna hlutfallslega bætta aðstöðu aldraðra og þroskaheftra og að raunvirði aukin framlög til menningarmála.

Á þessu ári er talið að landsframleiðsla verði um 3% minni en á sl. ári. Lækkun þjóðartekna og erfiðri stöðu atvinnuveganna fylgir að kaupmáttur atvinnutekna mun lækka á árinu um 6–7%. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja athygli á því að á árinu 1988 var hlutur launa orðinn u.þ.b. 72% af þáttatekjum þjóðartekna og hafði hækkað úr 65% árið 1986 sem er talið hóflegt. Í ár er talið að hlutur launa lækki í u.þ.b. 70%.

Verðmæti fiskaflans á föstu verðlagi mun lækka á þessu ári um 3,5%. Þetta veldur að sjálfsögðu erfiðleikum í sjávarútvegi sem hefur verið mætt með ýmsum aðgerðum sem ég hef rakið. Í verslun og þjónustu gætir samdráttarins mjög og fjármagnskostnaður er afar mikill, m.a. vegna mikilla fjárfestinga á undanförnum árum. Erfiðleikar í loðdýrarækt og fiskeldi eru og mikið áfall fyrir þjóðarbúið. En þótt tekist hafi við þessar erfiðu aðstæður að afstýra því hruni sem spáð var eru erfiðleikarnir ekki um garð gengnir. Hafrannsóknastofnun leggur enn áherslu á að dregið verði úr þorskveiðum. Í þjóðhagsáætlun er á því byggt að samdráttur í aflaverðmæti á næsta ári verði um 6–7% og um 1,5% í landsframleiðslu. Þetta verður þá orðið lengsta samdráttarskeið í sögu þjóðarinnar frá árunum 1949–1952. Aðgæsla og aðhald ásamt ýmsum aðgerðum sem treysta stöðu atvinnuveganna og atvinnulífsins almennt eru því áfram nauðsynlegar.

Samstarfsflokkar að fyrri ríkisstjórn töldu því rétt að leita leiða til að styrkja ríkisstjórnina. Ákveðið var að ræða við Borgfl. um stjórnarþátttöku. Þær viðræður stóðu í sumar með nokkrum hléum og leiddu að lokum til þess að mynduð var 10. sept. sl. ríkisstjórn Framsfl., Alþfl., Alþb. og Borgfl. með stuðningi Samtaka jafnréttis og félagshyggju.

Hin nýja ríkisstjórn byggir í grundvallaratriðum á málefnasáttmála fyrri ríkisstjórnar en með sérstakri áherslu á að snúa samdrætti í vöxt, lækka framfærslukostnað, draga úr fjármagnskostnaði og bæta umhverfið. Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á batnandi afkomu atvinnuveganna og stuðla þannig að því að atvinnuástand í landinu verði viðunandi. Gengi íslensku krónunnar mun því verða skráð með tilliti til rekstrarafkomu útflutnings- og samkeppnisgreina og með hliðsjón af viðskiptajöfnuði við útlönd. Ef sú fiskverðshækkun sem varð 1. okt. sl. og þær launahækkanir sem eru fram undan og lok greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði fást ekki bættar með hækkun á verði sjávarafurða erlendis er líklegt að enn þurfi að lækka nokkuð raungengi íslensku krónunnar. Um leið er þó óhjákvæmilegt að gera kröfu til atvinnulífsins sjálfs um endurskipulagningu og aukna hagkvæmni. Í því felst að atvinnuvegirnir verða að búa sig undir að geta starfað með arðbærum hætti við þau almennu skilyrði sem nú eru í sjónmáli.

Skuldbreytingu í gegnum Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og eiginfjáraukningu fyrir tilstuðlan Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar mun verða lokið um næstu áramót enda er þeim tilgangi náð sem til var stofnað. Hins vegar mun ríkisstjórnin beita sér fyrir öðrum almennum aðgerðum til þess að bæta afkomu atvinnulífsins.

Á sviði sjávarútvegs vil ég nefna að fljótlega mun verða lagt fram frv. á Alþingi um úreldingarsjóð fiskiskipa. Með því er ætlað að fækka fiskiskipum en auka aflaheimildir og bæta rekstrargrundvöll þeirra skipa sem eftir verða í flotanum.

Á þessu þingi mun einnig verða lagt fram frv. sem ætlað er að draga úr útflutningi á óunnum fiski. Með því er að því stefnt að bæta afkomu fiskvinnslunnar og auka atvinnu innan lands.

Lagt verður fram frv. til laga um sérstaka þróunardeild við Fiskveiðasjóð sem veitir styrki og lán til ýmissa nýjunga og markaðssetningar sjávarafurða. Af hálfu Ríkismats sjávarafurða er gert ráð fyrir að hrinda í framkvæmd sérstöku gæðaátaki í sjávarút-

vegi. Þá er gert ráð fyrir að setja uppboðsmörkuðum varanlegan lagagrundvöll.

Að endurskoðun fiskveiðistefnunnar er ötullega unnið. Að því mikilvæga verki koma bæði fulltrúar hagsmunaaðila og stjórnmálaflokkanna. Áhersla er lögð á að tryggja öllum byggðum landsins aðgang að auðlindum hafsins en jafnframt nauðsynlega stjórnun og vernd fiskistofnanna. Auðlindaskattur er ekki á stefnu þessarar ríkisstjórnar.

Á grundvelli búvörulaga frá 1985 og búvörusamnings hefur þegar náðst jafnvægi í framleiðslu mjólkurafurða. Svo er hins vegar ekki í kjötframleiðslunni. Því eru hafnar viðræður við fulltrúa bænda um breytingar á búvörusamningi sem tryggir betur en verið hefur að þolanlegu jafnvægi verði náð, einnig í kjötframleiðslunni, þegar búvörusamningurinn fellur úr gildi 1992. Er hér um mikið hagsmunamál að ræða, bæði fyrir bændur og þjóðarbúið almennt.

Samkeppnisiðnaðurinn hefur notið góðs af lækkun raungengis. Því verður þó ekki neitað að samkeppni við háþróaða erlenda fjöldaframleiðslu hefur á mörgum sviðum reynst erfið. Á þessum opna alþjóðlega markaði sem íslenskur iðnaður starfar nú er afar nauðsynlegt að fylgjast með því að ekki sé erlendis beitt beinum eða óbeinum stuðningsaðgerðum sem hlýtur þá að krefjast mótaðgerða okkar Íslendinga. Sömuleiðis er nauðsynlegt að standa á verði gegn undirboðum og hvers konar öðrum óeðlilegum viðskiptaháttum.

Ullariðnaðurinn hefur verið endurskipulagður með verulegum opinberum stuðningi og er þess vænst að hann reynist nú samkeppnisfær á erlendum mörkuðum.

Á vegum iðnrn. og Iðntæknistofnunar er unnið að vöruþróunarverkefnum, ekki síst á sviðum þar sem Ísland hefur sérstöðu t.d. í tengslum við sjávarútveg.

Gert er ráð fyrir að fljótlega ljúki viðræðum við erlenda aðila um stækkun álversins í Straumsvík. Ef viðunandi samningar nást, m.a. um orkuverð, getur sú framkvæmd og þær virkjanir sem munu fylgja skipt miklu í því erfiða atvinnuástandi sem gera má ráð fyrir, ekki síst hér suðvestanlands. Áætla má að bygging álvers með 120 þús. tonna framleiðslugetu á ári yki hagvöxtinn um 1% á ári að meðaltali á tímabilinu 1990–1994 og yki atvinnu um 0,5%. Í því ástandi þjóðarbúsins sem nú er er nauðsynlegt að skoða þennan kost vandlega.

Á sviði verslunar og þjónustu má gera ráð fyrir umtalsverðum erfiðleikum á árinu 1990. Sá samdráttur sem orðið hefur í sjávarútvegi, minnkandi kaupmáttur og óarðbær fjárfesting á undanförnum þensluárum fellur nú með fullum þunga á þessar greinar. Við því er lítið unnt að gera af opinberri hálfu. Hins vegar er jákvæð sú viðleitni fjölmargra atvinnurekenda á þessum sviðum að ná aukinni hagkvæmni með samruna fyrirtækja og hagræðingu. Það er skoðun margra sem þessi mál þekkja vel að upp úr þessum erfiðleikum muni rísa heilbrigðari og sterkari verslunar- og þjónustustarfsemi.

Vegna þess mikla samdráttar sem orðinn verður eftir þrjú slík ár í röð er líklegt að atvinnuástand muni versna á næsta ári. Telur Þjóðhagsstofnun að atvinnuleysi geti aukist úr u.þ.b. 1,6% atvinnubærra manna á þessu ári í 2,3% að meðaltali á næsta ári. Ef svo reynist mun ríkisstjórnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins skoða allar skynsamlegar og viðráðanlegar leiðir til þess að draga úr atvinnuleysi. Í því skyni er þegar starfandi samstarfsnefnd þessara aðila og stjórnvalda.

Miðað við minnkandi þjóðartekjur verður ekki hjá því komist að kaupmáttur launa falli enn. Auk þess, eins og fyrr segir, eru heildarlaunagreiðslur í þjóðfélaginu hærra hlutfall þjóðartekna en atvinnulífið fær borið. Ríkisstjórnin mun með lækkun framfærslukostnaðar leitast við að mæta erfiðleikum þeim sem þetta skapar heimilum í landinu. Því hefur verið ákveðið að virðisaukaskattur sá, sem kemur til framkvæmda um nk. áramót, verði 13% af nauðsynlegustu innlendum matvælum, mjólk, kjöti, grænmeti og fiski, eða hálfu lægri en af öðru sem skattskylt verður. Jafnframt er í athugun hvort koma megi við samsvarandi raunlækkun skattsins á gróf brauð. Einnig mun *ríkisstjórnin athuga hvort unnt er að greiða húsaleigubætur* til þeirra sem lægri hafa launin og búa í leiguhúsnæði. Þótt fjármagnskostnaður hafi lækkað nokkuð á þessu ári er hann enn afar erfiður atvinnulífinu og ýmsum einstaklingum.

Þegar því er haldið fram að raunvextir hér á landi séu svipaðir og erlendis er nauðsynlegt að hafa í huga að atvinnuvegirnir hér eru almennt langtum skuldsettari en gerist víðast hvar annars staðar. Fjármagnskostnaðurinn verður því að sjálfsögðu því meiri. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands er vaxtamunur hér 7–8% sem mun vera tvöfalt eða þrefalt meiri vaxtamunur en tíðkast erlendis. Innlánsvextir eru sömuleiðis að meðaltali hærri en almennt þekkist. Af þessum ástæðum hefur reynst erfitt að þrýsta útlánsvöxtunum niður.

Til þess að gera viðskiptabönkum kleift að lækka vexti umtalsvert er nauðsynlegt að leggja áherslu á hagræðing.. í bankakerfinu. Að því er stefnt með sameiningu banka og ítarlegri athugun einstakra banka á eigin rekstri. Þá kröfu verður jafnframt að gera til Seðlabanka Íslands að hann gegni því forustuhlutverki sem honum er ætlað á peningamarkaðnum og stuðli að hagkvæmari rekstri og lækkun raunvaxta.

Eins og fyrr segir reið ríkissjóður á vaðið sl. vor og lækkaði vexti á spariskírteinum í 6%. Frekari lækkun vaxta á vegum ríkissjóðs er í athugun, enda lækki almennir vextir bankakerfisins í kjölfarið.

Á næstu árum mun hið íslenska peningakerfi í vaxandi mæli tengjast peningakerfum Evrópulandanna. Til þess að það geti gerst er nauðsynlegt að það þróist til samræmis við það sem þar tíðkast. Vaxtamunur og hagkvæmni verður t.d. að vera sambærilegt. Ísland er eina landið sem býr við verðtryggingu fjármagns. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að afnema þá verðtryggingu og sjálfvirkar viðmiðanir hvers konar. Verður það gert þegar verðbólga á sex mánaða

mælikvarða er orðin um eða undir 10%. Er þess vænst að svo geti orðið á seinni hluta ársins 1990.

Þegar til lengri tíma er litið mun hreint og ómengað umhverfi reynast einhver mesti fjársjóður þessarar þjóðar. Á það vill ríkisstjórnin leggja áherslu með því að leggja fram á Alþingi á ný frv. til laga um sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Er gert ráð fyrir að slíku umhverfisráðuneyti verði komið á fót strax í upphafi næsta árs.

Jafnframt er í athugun á hvern máta megi hagræða í Stjórnarráðinu sjálfu. Í því skyni eru stjórnarflokkarnir sammála um að flytja verkefni á milli ráðuneyta og fella saman þannig að hámarkshagræðingar sé gætt. Gert er ráð fyrir að þetta geti leitt til fækkunar ráðuneyta úr 13 í 11.

Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1990 hefur verið gerð ítarleg úttekt á ríkisrekstrinum. Komið hefur m.a. í ljós að á undanförnum árum hafa útgjöld vaxið langtum hraðar en tekjur og má segja að innbyggður halli sé orðinn á ríkissjóði. Ríkisstjórnin telur að jöfnuði í ríkisrekstrinum verði ekki náð nema á tveimur til þremur árum. Það fjárlagafrv. sem nú er lagt fram gerir því ráð fyrir u.þ.b. þriggja milljarða kr. halla. Það telur ríkisstjórnin verjanlegt á því samdráttarskeiði sem nú er. Við gerð fjárlagafrv. hafa verið gerðar ýmsar róttækar breytingar og lagfæringar bæði á tekju- og útgjaldahlið.

Hlutfalli skatta af þjóðartekjum verður haldið óbreyttu, um 26,5–27% af landsframleiðslu. Að sjálfsögðu þýðir þetta minni tekjur fyrir ríkissjóð vegna lækkunar á landsframleiðslu. Hins vegar er gert ráð fyrir ýmsum lagfæringum og tilfærslum í skattakerfinu sem m.a. munu stuðla að lækkun á verði matvæla og um leið á framfærslukostnaði heimilanna. Tekjuskattskerfið allt mun verða tekið til athugunar með meiri jöfnuð að markmiði þótt vafasamt sé að það geti komið til framkvæmda á næsta ári.

Á útgjaldahlið er gert ráð fyrir verulegum sparnaði á ýmsum sviðum hins opinbera reksturs. Ekki mun með því vera dregið úr velferðarkerfi því sem okkur Íslendingum hefur tekist að byggja upp heldur er um að ræða margvíslega hagræðingu og sparnað. Umbætur í félagsmálum, heilbrigðis- og tryggingamálum og menntamálum eru í stöðugri athugun. Markmiðið er að bæta og auka hagkvæmni og skilvirkni um leið og dregið er úr kostnaði.

Á þessu haustþingi mun verða lagt fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 og er þar um góða nýbreytni að ræða. Jafnframt er gert ráð fyrir að leggja fram áætlun um þróun ríkisfjármála næstu þrjú árin. Með því er ætlunin að skapa meiri framsýni og festu í þjóðarbúskapnum sem er að sjálfsögðu einnig afar mikilvægt.

Við Íslendingar nálgumst nú botninn á þessu samdráttarskeiði. Þá mun vörn verða snúið í sókn. Þá mun vöxtur þjóðarbúsins hefjast á ný. Ekki er síður mikilvægt að vel sé að því staðið en að vörninni á samdráttartíma. Satt að segja hefur okkur oft gengið erfiðlega að stjórna okkar málum á vaxtartímum.

Þótt athuganir Hafrannsóknastofnunar bendi ekki til þess að fram undan séu sterkir árgangar nytjafiska má ætla að þessu samdráttarskeiði í sjávarútvegi ljúki á næsta ári og þá geti hafist hægfara aukning afla. Samkvæmt þeim spám er árleg aflaaukning þó lítil og því sá hagvöxtur sem af henni leiðir töluvert minni en t.d. er spáð að meðaltali í löndum Vestur-Evrópu.

Af þessum ástæðum er afar nauðsynlegt að leitað verði einnig annarra leiða til að auka hagvöxtinn. Það verkefni hefur ríkisstjórnin þegar hafið.

Í landinu býr mikil þekking t.d. á sviði sjávarútvegs og alls þess sem sjávarútveginum tengist, svo sem skipasmíðar, gerð veiðarfæra og vélbúnaðar hvers konar. Íslensk fyrirtæki hafa þróað hátæknibúnað sem gjörbreytt hefur vinnslu sjávarafurða. Með samstilltu átaki og réttri markaðssetningu getur þetta orðið grundvöllur mikils útflutnings.

Fiskeldið sem við hafa verið bundnar miklar vonir hefur átt í óvæntum erfiðleikum. Þeir stafa að hluta af lækkun verðs erlendis, en einnig og ekki síður af gífurlegum fjármagnskostnaði. Enginn dregur þó í efa að við þá ágætu aðstöðu sem hér er, með heitu vatni og hreinu, verði fiskeldið fyrr eða síðar mjög mikilvæg atvinnugrein. Ríkisstjórnin hefur gert fjölmargt til þess að stuðla að vexti og viðgangi fiskeldis og mun halda því áfram.

Orka sú sem í fallvötnunum býr mun með hverju ári verða okkur Íslendingum dýrmætari því orkuverð mun fara hækkandi erlendis. Hún getur því í vaxandi mæli orðið grundvöllur að mikilvægri framleiðslu. Könnunum á því sviði mun verða haldið áfram.

Ég hef áður sagt að hreint umhverfi geti orðið mesti fjársjóður þessarar þjóðar. Á því sviði er að vísu ýmsu ábótavant en úr því má enn þá bæta. Hreint umhverfi, hreint loft og vatn og góð ómenguð fæða mun draga að vaxandi fjölda ferðamanna. Þeim fer reyndar ört fjölgandi, ekki síst íbúum stórborganna, sem leita hollustu, bæði andlegrar og líkamlegrar. Það getum við boðið. Slíkum ferðamönnum fer fjölgandi sem koma hingað til lands. Athyglisverð er mikil fjölgun þeirra sem árlega gista íslensk bændaheimili. Sú ferðaþjónusta er mjög rómuð og hefur vaxið hröðum skrefum. Sama er að segja, til að nefna dæmi, um þann mikla fjölda ferðamanna sem árlega sækir í hestaferðir um hálendi landsins og býður birginn veðri og vindum, svo eitthvað sé nefnt.

Erlendir sérfræðingar halda því fram að auðvelt sé að margfalda þann fjölda ferðamanna sem hingað sækir ár hvert eftir kyrrð, útivist og heilsubót. Í því sambandi er tvennt mikilvægast. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að þróa slíka þjónustu skipulega og markvisst og án óðagots og offjárfestingar. Í öðru lagi er nauðsynlegt að kynna þá ímynd landsins að það sé hreint og ómengað og þjóðin heilbrigð. Reyndar mun, ef tekst að festa slíka ímynd í huga erlendra manna, það reynast hvað mikilvægast fyrir sölu afurða okkar á erlendum mörkuðum. Í vaxandi mæli er áhersla lögð á gæði og ómenguð matvæli. Fyrst og fremst eigum við Íslendingar þó að læra að nota þennan fjársjóð sem við eigum og nýta hann sjálf til betra lífs. Fleira er auður en það sem í krónum er

talið.

Enginn þarf að efast um að framtíðarkostir þessarar þjóðar eru stórkostlegir. Hitt er staðreynd, eins og fyrr segir, að okkur Íslendingum hefur sjaldan eða aldrei tekist að ráða okkar eigin málum vel á uppgangstímum. Því eru nokkur undirstöðuatriði nauðsynleg þegar vörn er lokið og sókn til bættra lífskjara hefst.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að atvinnuvegirnir hafi viðunandi hagnað. Þá geta þeir lækkað sínar skuldir og tryggt atvinnu, en jafnframt fjárfest í hófi og treyst þannig bæði hagvöxtinn og atvinnuöryggið.

Í öðru lagi má verðbólga alls ekki vaxa á ný. Við Íslendingar verðum í vonlausri stöðu í hinu opna samstarfi þjóðanna, jafnvel þótt verðbólga hér væri aðeins lítillega meiri en hjá samkeppnis- og samstarfsþjóðum okkar. Ég leyfi mér að taka svo djúpt í árinni að allt mun reynast unnið fyrir gýg ef ekki tekst að hemja verðbólguna.

Í þriðja lagi vil ég leggja áherslu á að fjármagnskostnaður verður að lækka enn. Því verða bæði vextir og skuldir fyrirtækjanna að lækka og erlendar skuldir þjóðarinnar. Þær munu aukast á þessu ári, ekki síst vegna mikillar lækkunar á gengi íslensku krónunnar, en þær munu lækka ört á næstu árum ef jafnvægi skapast, verðbólga er lítil og við eyðum ekki umfram efni.

Slík atriði sem ég hef nú rakið mun ríkisstjórnin hafa að leiðarljósi. Hún mun í því sambandi treysta á samstarf við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og vinnuveitendur. Sameinuð getur íslenska þjóðin gert hvað sem nauðsynlegt er.

Óðum dregur að því að lönd Fríverslunarbandalagsins og lönd Evrópubandalagsins setjist niður og ákveði hvernig þeirra tengsl skuli verða. Enginn efast lengur um það að í Vestur-Evrópu er að myndast afar voldug og mikilvæg ríkjasamsteypa. Engin þjóð á þessu svæði getur einangrað sig frá þeirri þróun. Það getum við Íslendingar ekki, til þess erum við allt of háðir Vestur-Evrópulöndunum, m.a. markaðslega.

Þeir stjórnmálaflokkar sem að núv. ríkisstjórn standa telja fulla aðild að Evrópubandalaginu ekki koma til greina fyrir okkur Íslendinga. Samkvæmt grundvallarsáttmála bandalagsins fylgir fullri aðild afsal yfirráða yfir náttúruauðlindum til lands og sjávar. Það þolir íslenskt sjálfstæði ekki. Í raun er ég sannfærður um að full aðild muni reynast óþörf. Ég tel að við getum náð fram þeim kostum sem við kjósum helsta án fullrar aðildar. Viðræður við fjölmarga forustumenn Evrópubandalagsins gefa eindregið til kynna mikinn skilning á sérstöðu okkar. Sú sérstaða felst m.a. í fábrotnum atvinnuvegum, fámenni þjóðarinnar og fjarlægð landsins frá höfuðstöðvum hinnar nýju ríkjasamsteypu.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að eftir leiðtogafundinn í Osló hefur þeirri skoðun mjög vaxið fylgi að stefna beri að svonefndri tveggja stoða lausn þar sem stoðirnar tvær í Vestur-Evrópu verði EB-ríkin annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar, sem bindist samningum um náið samstarf á fjölmörgum sviðum en án samruna. Þá er mikilvægast fyrir okkur Íslendinga að frjáls verslun verði með fisk og yfirþjóðlegar stofnanir verði engar innan EFTA.

Óþarft er að hraðast það sem fram undan er. Við getum gengið hiklaust til viðræðna og samninga um frambúðartengsl Íslands og Evrópubandalagsins, með samræmingu á ýmsum sviðum og samstarf á öðrum sviðum að markmiði. Mikilvægast er að við stöndum saman. Á það mun ríkisstjórnin leggja höfuðáherslu, m.a. með því að stofna til ítarlegrar umræðu hér á Alþingi um þessi mál 23. nóv. nk.

Góðir Íslendingar. Hér á landi hefur ekki verið áður samstarf fimm stjórnmálaflokka og samtaka um ríkisstjórn. Þeir flokkar sem að ríkisstjórninni standa hafa vissulega ólíkar skoðanir á mörgum mikilvægum málaflokkum. Þeir eru hins vegar allir félagshyggjuflokkar. Þeir leggja áherslu á jafnræði með landsmönnum og vilja standa vörð um velferðarkerfið. Þeir hafa sameinast um að vinna þjóðina út úr þeim erfiðleikum sem samdrátturinn veldur og eru ákveðnir í að ýta úr vör á nýja framfarabraut.

Stjórnarandstaðan finnur að vísu þessari ríkisstjórn allt til foráttu. Stjórnarflokkarnir láta sér það í léttu rúmi liggja. Þeir leggja höfuðáherslu á að ná samstöðu með þjóðinni um þau erfiðu mál en mikilvægu sem fram undan eru. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Lokaorðin í ræðu hæstv. forsrh. lýsa því vel hversu hann og ríkisstjórnin eru með öllu slitin úr tengslum við fólkið í landinu. Forsrh. kvartar undan því að stjórnarandstaðan finni þessari ríkisstjórn allt til foráttu, en bætir síðan við að stjórnarflokkarnir ætli að láta sér það í léttu rúmi liggja. En hver er nú þessi stjórnarandstaða sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla að virða að engu? Það eru tveir þriðju hlutar kjósenda í landinu. Með hrossakaupum, og stundum lögmætum en stundum ólögmætum, hefur hæstv. forsrh. vissulega tryggt sér öruggan meiri hluta á Alþingi. En verk hans og málflutningur eru svo fráhrindandi að minna en þriðjungur kjósenda játar stuðningi við þessa ríkisstjórn.

Þungamiðjan í málflutningi Steingríms Hermannssonar hæstv. forsrh. hefur jafnan verið fólginn í setningum af þessu tagi: „Ólyginn maður sagði mér" eða „hvíslað er í bænum". Smám saman hafa menn þó gert sér grein fyrir því hversu málflutningur af þessu tagi er fráleitur grundvöllur mikilvægra ákvarðana. Jafnframt hefur komið æ betur í ljós að almenningi finnst slík stjórnmálaumræða veikja siðferðilegar stoðir stjórnvalda og grafa undan trúnaði og trausti. Sennilega er það vegna hinnar þungu gagnrýni á lágkúru ríkisstjórnarinnar að í ræðu forsrh. eru nú ekkert af orðaleppum af þessu tagi. En hvað sem því líður fólst engin stefnumótun, fólst enginn boðskapur í þessari svokölluðu stefnuræðu. Ræðan var aðeins nokkur orð utan um hagtölur úr þjóðhagsáætlun og fjárlagafrv. sem efnahagsráðgjafinn hefur sjálfsagt tekið saman. Forsrh. hæstv. átti greinilega ekkert erindi við þjóð sína.

Ég ætla ekki hér að rekja þau mál sem helst hafa brunnið á ríkisstjórninni vegna virðingarleysis hennar fyrir lögum, almennum stjórnsýsluvenjum, trúverðugleika og sannsögli. En það vekur óneitanlega athygli að hæstv. forsrh. fjallar ekki með einu aukateknu orði um þessi mál og hann gerir enga tilraun til þess að lyfta hæstv. ríkisstjórn upp úr þeim farvegi sem hún er komin ofan í að þessu leyti. Ef ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar væri hans einkamál og þeirra félaga væri ekkert athugavert hér við. En við erum að fjalla um ríkisstjórn Íslands og það er þess vegna sem Alþingi gerir kröfur og það er þess vegna sem almenningur í landinu gerir kröfur til ríkisstjórnarinnar.

Engum dylst að það er Alþb. sem málefnalega ræður ferðinni í þessari ríkisstjórn. Fyrir ári síðan var forsrh. látinn lýsa markmiðum hennar með því að segja að höfuðatriðið væri að hverfa frá almennt viðurkenndum vestrænum aðferðum við stjórn efnahagsmála, og nú talar reynslan. Margt horfir þó til betri vegar en áður varðandi svonefnd ytri skilyrði í þjóðarbúskapnum. Þannig berast nú fréttir af hækkandi fiskverði á erlendum mörkuðum og staða bandaríkjadals er stöðugt að styrkjast. Samt sem áður þarf forsrh. að lesa upp þann boðskap sem afleiðing stjórnarstefnunnar að þjóðartekjur muni halda áfram að minnka, að erlendar skuldir muni halda áfram að aukast, að atvinnuleysi muni vaxa og kaupmáttur launafólks muni minnka til muna. Þetta er sú eina framtíðarsýn sem birtist í þessari svonefndu stefnuræðu og fullyrðingar um að þjóðin sé að vinna sig út úr erfiðleikunum undir forustu þessarar ríkisstjórnar verða harla broslegar þegar þetta er haft í huga.

Í stóriðjumálum getur hæstv. forsrh. ekki kveðið fastar að orði en svo að segja að þá kosti eigi að skoða. Við vitum að það liggja nú fyrir hugmyndir um orkuverð. Forsrh. getur engu svarað um það í stefnuræðunni hvort stjórnarflokkarnir eða fulltrúar stjórnarflokkanna í stjórn Landsvirkjunar ætla að taka ábyrgð á því verði sem þessar hugmyndir mæla fyrir um. Þar lætur hæstv. forsrh. þögnina eina tala.

Að vonum hefur það reynst erfitt að móta fiskveiðistefnu sem almenn samstaða gæti tekist um í landinu. Sjálfstfl. hefur ekki farið varhluta af því fremur en aðrir flokkar. En hann hefur brugðist við með því að efna til almennrar umræðu innan flokksins sem hefur lyktað með skýrri stefnumótun í bráð og til lengri tíma. Engin slík stefnumótun hefur fengist innan núv. hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. getur ekki einu sinni lýst yfir stuðningi við fiskveiðistefnu sjútvrh., enda hefur honum oft og tíðum þótt henta að lýsa andstöðu við hana, því að hann veit að innan ríkisstjórnarflokkanna og milli þeirra er engin samstaða um þessi mál. Og af sömu ástæðu hefur hann það eitt að segja um stefnuna í landbúnaðarmálum að ræða eigi við fulltrúa bænda.

Og svo um skattana. Eftir 7 milljarða kr. skattahækkun á síðasta ári hefur hæstv. fjmrh. tilkynnt að hækka eigi virðisaukaskattinn upp í 26%. Ofan á það á síðan að hækka almenna tekjuskattshlutfallið. Ofan á það á síðan að setja nýtt skattþrep í tekjuskattinum. Og ofan á það á svo að koma skattlagning á sparnað fólksins í landinu. Fátt lýsir betur vinstri stefnunni en þessi áform vinstri flokkanna í skattamálum. Og Alþfl. — og það er eftirtektarvert — fylgir eftir kröfum Alþb. um að brjóta niður þá einföldun og lækkun tekjuskatta sem ákveðin var með staðgreiðslukerfinu á vordögum 1987.

Á fundi á Selfossi fyrir nokkrumn dögum var ég inntur eftir því hvort Sjálfstfl. væri reiðubúinn að afnema þessa vinstristjórnarskatta ef hann fengi til þess umboð og traust. Ég vil gjarnan svara þeirri spurningu hér á Alþingi og frammi fyrir þjóðinni.

Í fyrsta lagi verður eignarskattshækkunin, ekknaskatturinn svonefndi, tafarlaust afnuminn, ef Sjálfstfl. fær umboð og traust kjósenda til þess. Í öðru lagi verður tekjuskattinum strax komið í sama horf og við upphaf staðgreiðslu vorið 1987. Í því felst að tekjuskatturinn verður ekki notaður til að letja menn til sparnaðar, framtakssemi og dugnaðar eins og núv. hæstv. ríkisstjórn stefnir að. Í þriðja lagi verður unnið að því í áföngum að lækka virðisaukaskattinn aftur þannig að hann verði sambærilegur við núverandi söluskattshlutfall. Vinstristjórnarskattheimtan verður því afnumin. Þetta eru skýr fyrirheit, en raunsæ.

Hvað varðar virðisaukaskattinn, þá byggjast þau á því að árangur náist í aðhaldi í opinberum rekstri og að dregið verði úr hvers kyns millifærslum, uppbótum og niðurgreiðslum til atvinnuvega, sem svo mjög hafa færst í vöxt í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ríkisfjármálavandinn verður ærinn á næstu árum sem best sést á því að hæstv. fjmrh. færir nú hvert viðfangsefnið á fætur öðru til gjalda hjá næsta fjmrh. Og við heyrum nú daglega í fréttum hvernig fremstu menn þjóðarinnar í kennslu og vísindum við Háskóla Íslands tala til ríkisstjórnarinnar. Þar þarf ekki frekari vitna við. Verkin tala og lýsa neikvæðum viðhorfum ríkisstjórnarinnar til vísinda, mennta og menningar. Og ekki var hæstv. forsrh. að hafa fyrir því að gefa þessum undirstöðum íslensks þjóðfélags mikið rúm í stefnuræðu sinni. En það er ein höfuðskylda okkar að rækta menningu, efla íslenska tungu og styðja frjálsa vísinda- og menntastarfsemi í landinu. Á sama hátt verða Íslendingar jafnan að gæta að hagsmunum sínum í samfélagi þjóðanna og tryggja öryggi sitt. Ég hélt að forsrh. Íslands gæti ekki flutt stefnuræðu öðruvísi en að gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum en það hefur nú gerst í fyrsta sinn.

Það er því ljóst eftir þessa svonefnda stefnuræðu að vinstri stjórnin hefur engin hærri áform um sjálfa sig en að hjakka áfram í sama farinu. Hún er í eðli sínu bandalag stjórnmálaflokka sem ekki þora að horfast í augu við dóm kjósenda.

Andspænis þessu stendur Sjálfstfl. og byggir stefnu sína á rótgrónum frjálslyndum viðhorfum. Hann er ekki boðberi hinna einföldu lausna. Sjálfstæðismenn trúa því ekki eins og vinstri menn að ríkisvaldið skapi fyrirmyndarþjóðfélagið. Það gera einstaklingarnir

sjálfir á heimilunum, í félögum sínum og í atvinnufyrirtækjunum. Hlutverk ríkisins er hins vegar að gera þeim þetta kleift. Í þessu ljósi hafa þingflokkur sjálfstæðismanna og nýafstaðinn landsfundur mótað skýran valkost við vinstri stjórnina. Þar kveður um margt við nýjan tón. Með svipuðum hætti og verslunin var leyst úr fjötrum með afnámi haftanna á sinni tíð viljum við nú gefa útflutningsframleiðslunni sömu tækifæri. Þetta gerist með því að þeir sem skapa útflutningsverðmætin fái í frjálsum viðskiptum að hafa meiri áhrif á verðmyndun gjaldeyris. Fallið verður frá millifærslum, opinberri verðábyrgð og skömmtunarstjórn. Pólitískum tökum á bankakerfinu verður sleppt með því að breyta ríkisbönkum í hlutafélög, selja síðan hluti ríkisins smám saman til almennings og atvinnufyrirtækja í landinu. Og þegar vinstri stjórnin talar um að auka pólitíska stjórn á Seðlabankanum viljum við fara í þveröfuga átt, auka sjálfstæði hans en afmarka verksvið hans miklu fremur, þrengja það og ætlast til þess að Seðlabankinn með stjórn á peningamálum, fyrst og fremst, sinni því að ná niður verðbólgu.

Jafnframt á að breyta gjaldeyris- og viðskiptalöggjöfinni á næstu þremur árum til samræmis við það sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa ákveðið, m.a. í þeim tilgangi að geta tengst innri markaði Evrópubandalagsins. Aðeins með þessum frjálslynda hætti getum við eflt íslenskt atvinnulíf, aukið fjölbreytni þess og stuðlað að alhliða vexti byggða í öllum fjórðungum landsins. Aðeins með alþjóðlegu samstarfi getum við tekist á við verkefni á sviði umhverfisverndar þar sem varðveisla ómengaðra hafsvæða er í bráð og lengd langstærsta lífshagsmunamál Íslendinga. Og aðeins með auknu alþjóðlegu samstarfi getum við tryggt að íslenskir vísinda- og lærdómsmenn verði virkir þátttakendur í rannsóknar- og vísindastörfum sem eiga hér eftir sem hingað til að efla alla dáð.

Stjórnmálabaráttan er ekki að okkar mati það mikilvægasta í lífi hvers og eins. Ábyrgð fjölskyldunnar, vinnan, námið, skyldurnar við landið, trúrækni, listirnar og dægradvölin eru alla jafna ofar stjórnmálabaráttunni í huga fólksins í landinu. En stjórnmálin koma þar við sögu að frjálslynda stefnan vill að það sé hlutverk ríkisins að gefa einstaklingunum jöfn tækifæri til að takast sjálfir á við þessi viðfangsefni. Vinstri menn trúa því á hinn bóginn að þeir geti best leyst þau fyrir fólkið.

Sjálfstfl. er fjöldahreyfing fólks með ólíka hagsmuni úr öllum stéttum og með mismunandi tilfinningar. En þetta fólk á sér sameiginlega grundvallarhugsjón sem á rætur í miðri íslenskri þjóðfélagsgerð. Það eru skoðanir þessa breiða fjölda, þessara einstaklinga sem rækja störf sín hávaðalaust, af dugnaði og trúmennsku, sem hæstv. forsrh. finnur svo léttvægar að ekkert tillit á að taka til þeirra. Þessi ríkisstjórn valdhrokans sem getur ekki haldið uppi eigin virðingu vanvirðir þannig dagleg störf einstaklinga og fjölskyldna í þessu landi og hún á af þeim sökum að fara frá. — Góðar stundir.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Þau voru sérkennileg lokaorðin í stefnuræðu forsætisráðherrans. Hann sá ástæðu til að lýsa því sérstaklega yfir að hann og aðstandendur ríkisstjórnarinnar mundu ekki taka mark á gagnrýni og tillögum stjórnarandstöðunnar. Og síðan bætti hann við að stjórnarflokkarnir ætluðu að ná samstöðu með þjóðinni um framtíðarverkefni hennar.

Þessi lokaorð eru sérkennileg í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin var mynduð á sínum tíma. Og þau eru ekki síður athyglisverð þegar það er haft í huga að forsrh. og fjmrh. í bókstaflegri merkingu keyptu sér stuðning eins þingmanns til að ná lágmarksmeirihluta á Alþingi. Þegar þessi óprúttnu hrossakaup komust upp fyrir skömmu viðurkenndi forsrh. að þetta væri vandræðamál. Fjmrh. taldi hins vegar þessa ráðstöfun eðlilega og lýðræðislega. Sýnir það best hugmyndir fjmrh. um leikreglur lýðræðisins.

Með þessa forsögu í huga hlýtur það að vera umhugsunaratriði fyrir okkur öll þegar forsrh. þjóðarinnar sér sérstaka ástæðu til að segjast ekki taka mark á gagnrýni og ábendingum stjórnarandstöðunnar.

Forsrh. sagðist í stefnuræðunni leggja áherslu á samstöðu með þjóðinni. Um hvaða þjóð er hann að tala? Ef hann er að tala um íslensku þjóðina ætti hann að vita betur en flestir aðrir að þorri þjóðarinnar vill að stjórnin fari frá sem allra fyrst. Forsrh. veit mætavel að ríkisstjórnin hefur ekki tiltrú fólksins í landinu og hefur glatað því trausti sem er nauðsynlegt til að takast á við þau viðfangsefni sem blasa hvarvetna við.

Ef forsrh. meinar eitthvað með orðum sínum á honum því að vera ljóst að það er fyrsta, stærsta og mikilvægasta skrefið að ríkisstjórnin segi af sér og að efnt verði til kosninga sem allra fyrst. Ríkisstjórn, sem situr í óþökk þorra þjóðarinnar, getur ekki náð samstöðu með henni um þau mikilvægu verkefni sem fram undan eru. Það er því augljóst að það er ekki samstöðuvilji við þjóðina, sem knýr stjórnarflokkana til áframhaldandi setu í stjórn landsins. Þvert á móti er það ótti þeirra við þjóðina, óttinn við kosningar, sem heldur stjórninni saman.

Á síðasta kjörtímabili, þegar Steingrímur Hermannsson var í stjórn með Sjálfstfl., stóð hann að ýmsum frjálslyndum umbótum í atvinnu- og efnahagsmálum. Nú, þegar hann er í stjórn með Alþb., hefur hann snúið við blaðinu. Nú eru handaflið og miðstýringin aðalstjórntækin. Til að leggja áherslu á þessi sjónarmið sagði forsrh. fyrir ári síðan að vestrænar leikaðferðir ættu ekki við í efnahagsmálum hér á landi.

Þetta er auðvitað málflutningur að skapi núverandi fjmrh. og Alþb. Í síðustu kosningum höfnuðu kjósendur Alþb. Þáverandi formaður flokksins, Svavar Gestsson, viðurkenndi eftir kosningar að kjósendur ætluðust ekki til þess að Alþb. tæki þátt í stjórn landsins. Nýi formaðurinn, Ólafur Ragnar Grímsson, smeygði sér hins vegar inn um bakdyrnar

og situr í aftursætinu hjá Steingrími og ræður því hvert leiðin liggur í stjórnarsamstarfinu. Hann veit nefnilega, eins og margir aðrir, að Steingrími Hermannssyni er nákvæmlega sama hvert ferðinni er heitið, svo fremi hann fær sjálfur að sitja við stýrið.

Og í kvöld erum við að ræða stefnuræðu forsrh. Það sem einkum er eftirtektarvert við stefnuræðuna er að í henni er engin stefna boðuð. Í henni er ekkert nýtt. Og það sem er athyglisverðast er það sem ekki er sagt.

Minnist þið þess að forsrh. hafi gert skattahækkunum ríkisstjórnarinnar skil í ræðunni? Sagðist hann ætla að afnema ósanngjarna eignarskattinn sem leggst fyrst og fremst á ekkjur og ekkla? Tókuð þið eftir að ráðherrann segði frá fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um að leggja sérstaka skatta á ráðdeildarfólkið eins og fjmrh. hefur boðað?

Nei. Það eina sem fram kom í máli ráðherrans var að tekjuskattskerfið yrði tekið til athugunar á næsta ári.

Nefndi hann hve oft ríkisstjórnin hefur fellt gengið á þessu ári? Nei. Hann kaus að þegja yfir fimm gengisfellingum sem samt hafa ekki dugað til að útflutningsgreinarnar séu reknar án halla.

Gerði ráðherrann grein fyrir skuldaaukningu þjóðarinnar erlendis á þessu ári?

Nei. Hann sá ekki ástæðu til að geta þess að á hverjum einasta degi allt þetta ár aukast skuldir þjóðarbúsins erlendis um 30–40 milljónir króna vegna viðskiptahallans.

Heyrðuð þið forsrh. taka af skarið í stóriðjumálum? Lýsti hann yfir stuðningi við starf iðnrh. sem fylgt hefur fram stefnu forvera sinna gegn afturhaldssjónarmiðum Hjörleifs Guttormssonar?

Nei. Hann sagði aðeins að þann kost ætti að skoða, ef viðunandi samningar næst.

Fannst ykkur ráðherrann vekja vonir og bjartsýni um framtíðina í ræðu sinni, þegar hann spáði auknu atvinnuleysi á næsta ári?

Það getur varla verið. Það breytir ekki miklu, þótt hann sjái það ljós í myrkrinu að í framtíðinni muni þeim erlendu ferðamönnum fjölga sem tilbúnir eru að fara í útreiðartúr um hálendi landsins og bjóða veðri og vindum birginn, eins og hann orðaði það í sinni ræðu.

Það þarf ekki að fara fleiri orðum um stefnuræðu forsrh. Hún ber þess merki að stjórnin ætlar að sitja í trássi við þjóðarhag hvað sem tautar og raular. Sú þráseta verður þjóðinni dýr.

Fyrr í þessum mánuði hélt Sjálfstfl. landsfund. Skilaboð landsfundarins eru skýr. Sjálfstfl. ætlar sér að draga úr ríkisafskiptum og auka frjálsræðið í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Sjálfstæðismenn hafa nú sem fyrr skilning á því að einstaklings- og athafnafrelsið, og sú ábyrgð á eigin gjörðum sem því verður að fylgja, sé í senn tæki og takmark. Frjálsir viðskiptahættir bæta lífskjörin og auka velferðina. Og frelsi á sem flestum sviðum færir okkur meiri farsæld og lífshamingju.

Góðir áheyrendur. Ríkisstjórnin nýtur ekki þess trausts sem þarf til að sameina þjóðina. Aðgerðir stjórnarinnar hafa leitt til þess að hér á landi ríkir svartsýni og uppgjafarandi svífur yfir vötnum atvinnulífsins. Ríkisstjórnin situr í óþökk mikils meiri hluta þjóðarinnar. Mikilvægasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir og forsenda þess að hægt sé að takast á við viðfangsefni framtíðarinnar er því að losna við þessa óvinsælu ríkisstjórn. Þá fyrst er von til þess að efla megi með þjóðinni þá bjartsýni og þann framtaksþrótt sem með henni býr.

Við sjálfstæðismenn mætum nú til leiks með endurnýjaða stefnu og meiri styrk en áður. Á grundvelli þeirrar frjálsræðisstefnu erum við tilbúnir til að hefja það endurreisnarstarf sem fram undan er. Á miklu veltur að það geti gerst sem fyrst. — Góðar stundir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Síðustu missiri hefur landsstjórnin fyrst og fremst verið varnarbaráttu gegn versnandi árferði. Og hvernig hefur þessi varnarbarátta tekist? Það hefur tekist að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi sem margir óttuðust í fyrrahaust. Og þrátt fyrir afturkipp í þjóðarframleiðslu og tekjum hefur dregið úr viðskiptahalla og verðbólgu hefur verið haldið í skefjum. Í þessu felst árangur sem ber að meta að verðleikum. En nú þarf að snúa vörn í sókn. Nú er nauðsynlegt að horfa fram á við, hugsa stórt, hyggja að því hvernig við gerum Ísland að enn betra landi til að búa í á næstu árum og áratugum. Fyrsta skrefið er að ljúka þeim tímabundnu stuðningsaðgerðum við útflutningsgreinarnar sem nauðsynlegar hafa verið og búa nú atvinnulífinu viðunandi almenn rekstrarskilyrði. Þetta er í sjónmáli. Við þurfum nú að ráðast af stórhug í uppbyggingu útflutningsatvinnuvega við hlið sjávarútvegsins sem þó verður auðvitað um langa framtíð meginstoð okkar atvinnulífs. En auðlindir sjávar eru ekki ótæmandi. Nú þurfum við að gera að því gangskör að breyta orku fallvatna og jarðvarma í atvinnu og tekjur. Við þurfum að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í nýtingu orkulinda til atvinnuuppbyggingar. Nærtækasti kosturinn er aukin álframleiðsla.

Eins og fram hefur komið í máli forsrh. hér fyrr hefur iðnrn. að undanförnu undirbúið stækkun álversins í Straumsvík í samvinnu við nokkur erlend álfyrirtæki, svonefndan Atlantal-hóp. Þetta kom fram í ræðu forsrh. þótt hv. 1. þm. Reykv. virðist hvorki hafa heyrt þetta né séð.

Ég tel nú líkur á því að viðunandi samningar frá sjónarmiði Íslendinga geti náðst við þennan hóp. Eitt tonn af áli frá álbræðslu hér á landi skilar okkur álíka miklu í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Þegar málið er skoðað á þennan einfalda hátt sjá menn glöggt hversu mikilvæg viðbót við atvinnulífið stækkun álversins í Straumsvík getur orðið. Við þurfum þessa viðbót nú þegar draga þarf úr þorskafla til þess að vernda þennan mikilvægasta nytjastofn á Íslandsmiðum.

Ég vil tengja áformin um aukna álframleiðslu í Straumsvík við framtíðaruppbyggingu orkufreks iðn-

aðar og raforkukerfisins alls. Það er því nauðsynlegt að hefja þegar undirbúning nýs álvers annars staðar á landinu. Ef vel til tekst og samstaða næst í þessu mikilvæga máli verður unnt að hefjast handa þegar á næsta vori við nauðsynlegar virkjunarframkvæmdir. En verði ekki ráðist í slíka iðnaðaruppbyggingu verður heldur ekki þörf fyrir neina nýja stórvirkjun á Íslandi fyrr en eftir aldamót. Uppbygging orkufreks iðnaðar, eins og ég hef lýst, gæti ein sér aukið hagvöxt og atvinnu um einn af hundraði á ári hverju allan næsta áratug. Höfum við efni á að sleppa slíku tækifæri? Nei, við höfum það ekki. Það finnst hvorki Verkamannasambandinu né fjölmörgum öðrum almenningssamtökum sem hafa lýst stuðningi við þessi áform. Við verðum að vera menn til þess að koma þessu máli í höfn. Fyrr var þörf en nú er nauðsyn.

Ég mun á næstunni leggja fyrir Alþingi till. til þál. þar sem fjallað verður um þetta mál í stærra samhengi.

Annað mikilvægt framfaramál fyrir íslenskt atvinnulíf eru skipulagsumbætur á fjármagnsmarkaði. Með bættu jafnvægi í peningamálum hafa raunvextir lækkað að jafnaði um nálægt tvo af hundraði frá því þeir fóru hæst um mitt ár í fyrra. Því miður finnst engin einföld leið til þess að lækka vextina. Sem fyrr er aðhaldssöm fjármálastjórn, hjöðnun verðbólgu og umbætur á fjármagnsmarkaði mikilvægustu forsendur vaxtalækkunar. Og það hefur náðst mikilvægur árangur á undanförnum mánuðum í endurskipulagningu íslenska bankakerfisins sem menn hafa talað um í 20 ár að breyta en ekki gert neitt í málinu fyrr en nú.

Í byrjun þessa árs voru viðskiptabankarnir sjö en í upphafi næsta árs verða þeir að öllum líkindum ekki fleiri en þrír. Fækkun og stækkun bankanna gefur færi á hagræðingu í rekstri þeirra og þar með á varanlegri lækkun á vaxtamun og þjónustugjöldum. Út úr bankasameiningunni koma sterkari bankar sem standa betur að vígi í samkeppni við aðrar fjármálastofnanir, jafnt innlendar sem erlendar. Skipulagsumbótunum verður haldið áfram, m.a. með fækkun fjárfestingarlánasjóða. Þær eru reyndar nauðsynlegur aðdragandi að opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins gagnvart útlöndum sem nú er stefnt að. En fjárhagsvandræði í íslensku atvinnulífi stafa ekki nema að nokkru leyti af háum vöxtum. Þar kemur ekki síður við sögu mikil skuldsetning fyrirtækjanna og léleg eiginfjárstaða. Opinber afskipti hafa því miður hingað til fremur latt sparifjáreigendur en hvatt til þess að leggja fé sitt í atvinnurekstur. Þessu þarf að breyta og nú er áformað að gera fjárfestingu í hlutabréfum hagkvæmari en fjárfestingu í skuldabréfum með skattaívilnun til þess einmitt að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja í vaxandi samkeppni með breyttum viðskiptaháttum á alþjóðavettvangi.

Góðir áheyrendur. Á þessu hausti er hálf öld liðin frá upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Á þeim tímamótum eru einmitt að verða gagngerar breytingar á efnahagslegri og stjórnmálalegri skipan Evrópu. Sárin eftir hildarleikinn mikla eru nú loks að gróa. Annars vegar er að myndast sameiginlegur innri markaður Evrópubandalagsríkjanna fyrir lok ársins 1992 og hins vegar sjáum við stórkostlegar breytingar í stjórnarfari í átt til lýðræðis og frjálsræðis í Austur-Evrópu, ekki síst í Ungverjalandi og Póllandi en einnig í sjálfum Sovétríkjunum. Allt hnígur þetta að því að Evrópa öll verði í framtíðinni eitt viðskiptasvæði, ein viðskiptaheild. Íslendingar eiga mikilla hagsmuna að gæta þar sem langstærsti hluti utanríkisviðskipta okkar er við þær þjóðir sem eru nú þátttakendur í þessari þróun. Á undanförnum mánuðum hafa Íslendingar haft forustu fyrir EFTA-ríkjunum í óformlegum viðræðum við Evrópubandalagið um framtíðarskipan í viðskiptum og efnahagssamvinnu í Evrópu. Aðild Íslands að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá að svo stöddu. Við höfnum því að aðgang að markaði þurfi að kaupa með því að veita aðgang að auðlindum. Markmið okkar í viðræðunum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins er að tryggja sem best íslenska hagsmuni í bráð og lengd.

Í fyrsta lagi þurfum við að tryggja og víkka út þau fríverslunarréttindi í vöruviðskiptum sem við höfum fengið með gagnkvæmum samningum við Evrópubandalagið. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að tryggja tollfrjálsan aðgang fyrir unnar fiskafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsríkja.

Í öðru lagi þurfum við að ná samkomulagi um viðskipti með þjónustu sem sífellt verður mikilvægari þáttur í þjóðarbúskapnum. Þessu fylgir einnig nauðsyn á auknu frjálsræði í viðskiptum með fjármagn milli Íslands og annarra landa sem ætti að veita íslenskum fyrirtækjum aðgang að fjármagni á heimsmarkaðskjörum og jafnframt bæta ávöxtunarmöguleika innlendra sparifjáreigenda.

Í þriðja lagi þurfum við að tryggja Íslendingum rétt til náms og starfa í öllum ríkjum Evrópu. Þetta er árangursríkasta leiðin til þess að flytja hingað nýja þekkingu, auðga þjóðlífið með ferskum menningarstraumum. Sagan sýnir að íslenskt þjóðlíf og menning blómstrar best í náinni snertingu við meginstrauma evrópskrar menningar.

Í fjórða lagi þurfum við að gerast virkir þátttakendur í þeirri víðtæku samvinnu á sviði vísinda og tækni og umhverfisverndar sem að er stefnt í Evrópu framtíðarinnar. Höfum við efni á því að sitja hjá í þessari þróun og sleppa þeim tækifærum sem hún býður? Hafa íslenskir sjómenn og fiskvinnslufólk efni á því eða íslensk fyrirtæki sem þurfa á fjármagni að halda? Hvað með íslenskt námsfólk? Hefur íslensk menning efni á því að einangrast frá Evrópu? Svarið liggur í augum uppi: Við megum ekki einangrast.

Við stöndum nú frammi fyrir því stóra verkefni að búa íslenskt samfélag undir framtíðina. Við þurfum að halda okkar hlut í hinu opna samfélagi þjóðanna. Til þess þurfum við að treysta okkar efnahag til að geta boðið lífskjör sem jafnast á við það sem best gerist með öðrum þjóðum. Til þess þurfum við að efla hér innan lands opið, réttlátt samfélag lýðræðis, menningar og skynsemi, þar sem sérhver einstaklingur hefur tækifæri til þroska í samræmi við sína

hæfileika en er jafnframt búið öryggi um afkomu sína. En það er öflugt atvinnulíf sem er grundvöllurinn sem allt hvílir á, undirstaða velferðar í landinu. Hér eru stóru verkefnin fram undan.

Karl Steinar Guðnason:

Forseti. Góðir Íslendingar. Ég hef undanfarna viku verið að velta því fyrir mér hvernig Jóni heitnum Sigurðssyni, sem í daglegu tali var kallaður forseti, yrði við ef hann fengi að koma til okkar í svo sem einn dag. Hvernig kæmi Ísland, íslenska þjóðin, honum fyrir sjónir?

Umræðan í þjóðfélaginu hefur að undanförnu verið svo neikvæð, á svo lágu plani, að leitun er á öðru eins. Helstu fjölmiðlar þjóðarinnar ráðast á Alþingi og að störfum þess af þvílíkri fyrirlitningu að ótrúlegt má teljast. Það er gefið í skyn að þingmenn, hvað þá heldur ráðherrar, séu verstu menn, illvirkjar og dugleysingjar sem taki sér það helst verkefni fyrir hendur að skattpína þegnana, kvelja og skelfa. Ekki vegna þess að verja eigi skattpeningunum til þarflegra hluta, heldur eingöngu af ótugtarskap og illum hvötum.

Ekki má kenna fjölmiðlunum einum um þótt telja megi að hörð samkeppni þeirra hafi leitt þá út í þessa neikvæðni, heldur heyrast einnig þessar umræður hér á hinu háa Alþingi. Svartnætti bölsýninnar hefur heltekið umræðuna í þjóðfélaginu. Það er sama hvað er gert, því er fundið allt til foráttu.

Samkeppni um fréttir er svo hamslaus að allt er gert til að draga athyglina að sér og sínum fjölmiðli. Ég er hræddur um að Jóni heitnum Sigurðssyni þætti undarleg sú árátta að feykja öllum góðum málum burt, efnahagsmálum, velferðarmálum, spurningunni um afkomu heimilanna, þegar fjölmiðlar eða hvatvísir einstaklingar komast á snoðir um ómerkilegt slúður eða sögusagnir. Hæst ber leikinn þegar hugsanlegt er að hengja einhvern ráðherranna. Það er sama hversu ómerkilegt það er, leikurinn, þorstinn eftir hefnd, eða illu umtali er svo gegndarlaus að öllu skal fórnað og þá mannorðinu fyrst. Við erum öll breysk. Okkur verður öllum eitthvað á einhvern tíma. Það er sjálfsagt að gagnrýna misgjörðir og við eigum að læra af mistökunum. En ég hygg að þeir sem börðust hvað harðast fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar hafi hugsað sér að á seinni hluta 20. aldar snerist umræðan um málefni og hugsjónir fyrir betra mannlífi fremur en að nærast á illkvittni á lágu plani.

Verst hefur atlagan verið að utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Hann er reyndar enginn engill; það er líka lítið um engla á meðal okkar, og ekki voru þeir fleiri í síðustu ríkisstjórn.

Morgunblaðið hefur tamið sér heiðarlegan fréttaflutning þótt það fari oft út á ystu nöf í pólitíkinni. Það vakti sérstaka athygli mína að á föstudaginn er greint frá mikilli ánægju ráðherra á Norðurlöndum með undirbúning af Íslands hálfu að viðræðum EFTA og Efnahagsbandalagsins. Sænski forsætisráðherrann tók þar dýpst í árinni en Svíum voru eignaðar efasemdir fyrr.

Utanrrh. sem erlendis hefur vakið sérstaka athygli fyrir skeleggan málflutning til sóknar og varnar íslenskum hagsmunum hefur stýrt þessum viðræðum. Öðrum fjölmiðlum hefur ekki þótt ástæða til að upplýsa þjóðina um þessa hlið málsins. Því jákvæða er yfirleitt sleppt.

Ókunnugum kæmi spánskt fyrir sjónir sú heimsendapólitík sem stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar heldur uppi hér á Alþingi. Hér fullyrða þeir að allt sé kolsvart. Þjóðin og þjóðarbúið að sökkva, öll fyrirtæki á hausnum og þrátt fyrir að við Íslendingar greiðum lægri skatta en flestar Evrópuþjóðir er hinu gagnstæða haldið fram. Þessi umræða er að mínu mati fyrir neðan virðingu þjóðarinnar, þjóðar sem barist hefur frá fátækt og allsleysi, þjóðarheildar sem náð hefur því marki að hafa einhver bestu lífskjör sem getur í þjóðafjölskyldunni.

Þegar spurt er um úrræði stærsta stjórnmálaflokksins í efnahagsmálum berst alltaf eitt svar: Við þurfum stóra gengisfellingu.

Það er rétt að þrátt fyrir allmargar gengisfellingar hefur ríkisstjórnin verið nísk í þeim efnum. Stórfelldar gengisfellingar hafa líka gefist illa. Þeim hefur fylgt kollsteypa verðlagshækkana og verðbólgu, þeir ríku hafa orðið ríkari og þeir fátæku fátækari. Og fyrirtækin, sem þessi gamaldags efnahagsaðgerð á væntanlega að bjarga, hafa eftir að kollsteypan hefur riðið yfir verið verr stödd en þau voru þegar þeim átti að bjarga.

Þegar spurt er um úrræði í sjávarútvegsmálum eða landbúnaðarmálum kemur hins vegar ekkert svar. Þar eru skoðanir margar, sín í hvora áttina, svo að þögnin, tómleikinn, situr eftir. Þetta úrræðaleysi, þessi djöfuldómur svartsýninnar, hefur átt sinn þátt í því að umræðan hefur færst á fyrrgreint plan.

Ég vék að því hér áðan að við Íslendingar erum með einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi. En það er líka rétt að undanfarin tvö ár hafa þjóðartekjur minnkað og er allt útlit fyrir að enn minnki þær á næsta ári. Slíkur samdráttur hefur aldrei orðið fyrr. Engin ríkisstjórn hefði ráðið við það, og þegar Sjálfstfl. hljóp frá ábyrgð fyrir aðeins þrettán mánuðum síðan átti hann ekkert úrræði annað en gengisfellinguna sína.

Þegar erfiðleikar steðja að reynir á menn og stjórnmálaflokka. Þá dugir illa að sökkva sér niður í drunga svartnættisins. Þá þurfa menn að ganga til verka af ráðni og bjartsýni. Það er staðreynd að ótrúlega margt hefur færst fram á veg nú síðustu árin og svo verður áfram ef að líkum lætur.

Tökum nokkur dæmi: Á síðustu tveimur árum hafa verið byggðar 1237 félagslegar íbúðir en fjögur ár þar á undan voru þær aðeins 1100. Nú hefur um 500 félagslegum kaupleiguíbúðum verið úthlutað og verður stórfelld aukning á næsta ári.

Fyrir nokkrum árum var ekkert sambýli fyrir fatlaða til hér á landi. Nú eru þau 40 og áfram verður haldið. Fyrir nokkrum árum voru verndaðir vinnustaðir fatlaðra vart til. Nú eru þeir 16 og áfram verður haldið.

Það er verið að gjörbylta húsnæðislánakerfinu. Húsbréfakerfið fer af stað í næsta mánuði. Það mun gjörbreyta til batnaðar, minnka biðraðir, létta erfiðleika húsnæðislausra.

Í fyrra spáði Verslunarráðið og stjórnarandstaðan því að atvinnuleysi yrði gífurlegt, 5.000–10.000 manns. Það hefur tekist að koma í veg fyrir þá hrollvekju. Það er atvinnuleysi á suðvesturhorninu en það vantar fólk víða annars staðar. Að mínu mati er hver einn atvinnulaus einum of mikið. En gleymum því ekki að betur hefur til tekist en spáð var.

Nú er unnið að því að tryggja hverjum vinnufúsum manni atvinnu. Atvinnuleysi er óþolandi böl sem verður að uppræta. Tekist hefur með sérstökum aðgerðum ríkisstjórnarinnar að halda atvinnulífinu gangandi og víða sjást merki uppbyggingar. Íslenska þjóðin stendur styrkum fótum þrátt fyrir allt. Framtíðin verður björt náist breið samstaða um þá varnar- og sóknarbaráttu sem fram undan er. Næstu verkefni til að styrkja atvinnustigið eru að virkja fallvötnin og selja orkuna til nýrrar stóriðju. Í þeim efnum hefur síðustu 15 árin ríkt stöðnun og postular afturhaldsins hafa komið í veg fyrir þróttmikla sókn á sviði orku- og stóriðjumála. Núv. iðnrh. er að takast að leysa hnút stöðnunarinnar. Þar munu þúsundir nýrra atvinnutækifæra verða til. Þá munu þjóðartekjur vaxa á ný.

Á þingi Verkamannasambandsins nú um daginn var samþykkt að krefjast nýrra leiða. Þar var bent á nauðsyn iðnaðar- og orkuuppbyggingar og nýrrar stefnu í sjávarútvegsmálum hvar fordæmd var sú hugsjón útvegsmanna að byggja upp fiskiðnað og fiskvinnslu í Bretlandi, þess krafist að atvinnan yrði færð inn í landið, Íslendingar hefðu sama rétt til að kaupa fiskinn og útlendingar.

Á þingi Verkamannasambandsins var ekki tónn myrkursins, heldur tónn bjartsýni á möguleika okkar þjóðar. Þar var líka bent á nauðsyn þess að jafna kjörin, það væri brýnasta verkefnið að auka kaupmátt þeira verst settu, jafnvel á kostnað þeirra betur settu. Það var skoðun fólksins á þinginu að nógir peningar væru til, þeir væru bara ekki á réttum stöðum.

Þegar vandamálin eru mikil er þjóðinni nauðsynlegt að njóta krafta Alþfl. Það sýndi sig best þegar efnahagsáfallið stóra varð á viðreisnartímabilinu. Nú að sjö mánuðum liðnum verða sveitarstjórnarkosningar. Alþfl. náði í síðustu kosningum að verða næststærsti flokkur þjóðarinnar hvað varðar heildarfylgi í sveitarstjórnum. Hvarvetna þar sem Alþfl. er í meirihlutaaðstöðu eða með meiri hluta hefur vel til tekist. Kratabæirnir geta státað af glæstum framförum, byltingu á sviði framkvæmda og styrkri fjármálastjórn. Nú þarf að hefja baráttuna fyrir enn stærri sigrum, fylkja liði til sigurs jafnaðarstefnunnar. Góður árangur er gott veganesti.

Ég minntist á Jón Sigurðsson í upphafi ræðu minnar. Ég er sannfærður um að honum hefðu ofboðið þær ofsóknir sem einstaklingar eru beittir í stjórnmálunum. Ég er sannfærður um að umgengni fjölmiðla og óprúttinna stjórnmálamanna gagnvart Alþingi og stjórnkerfinu öllu hefði honum þótt af því illa og fyrir neðan virðingu þjóðarinnar. Minnumst þess að slíkur verknaður brýtur niður lýðræðishefð okkar Íslendinga, færir okkur nær hugsunarhætti miðaldanna þar sem tilgangurinn helgaði meðalið.

Góðir Íslendingar. Við búum í landi tækifæranna þar sem framtíðin blasir við okkur þrátt fyrir augnablikserfiðleika. Tökum höndum saman við að verja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og trú á framtíðina. Berjumst gegn fulltrúum svartnættisins og niðurrifs. Látum málefni en ekki meinfýsni ráða ferðinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Hvernig má það vera að í ríku samfélagi eins og okkar sem telur um 250 þúsund sálir sé lífskjörum jafnmisskipt og við blasir? Er það náttúrulögmál að konur séu hornrekur í þjóðfélaginu, að störf sem þær vinna séu sett neðst í launastigana? Er það réttlætanlegt að börnin okkar séu hundruðum eða þúsundum saman á eins konar vergangi drjúgan hluta úr deginum vegna skorts á góðum barnaheimilum og skólum sem taka mið af þörfum barna? Er það við hæfi að umhverfi okkar drabbist niður vegna mengunar, ofnýtingar á landgæðum og fjársveltis til náttúruverndarmála?

Kvennalistinn er orðinn til m.a. vegna þess að stjórnmálaflokkarnir í landinu hafa ekki tekið á þessum málum, þrátt fyrir fagurgala við hátíðleg tækifæri.

Fannst ykkur, hlustendur góðir, að forsrh. veitti svör við þessum brennandi spurningum? Ég tók ekki eftir því. Samt er hann og aðrir ráðherrar að finna að því að stjórnarandstaðan skuli ekki hrósa þeim fyrir frammistöðuna. En þeir hafa fundið ráð við því. Þeir hæla sér sjálfir og eru ósparir á gullhamra um eigin verk og ágæti.

Forsrh. er ekki af baki dottinn, enda með fimm til reiðar. Hann var hér áðan að hugga launafólk sem horfir á hrapandi kaupmátt dag frá degi og upplýsti að ríkisstjórnin hefði til sérstakrar athugunar hvort ekki megi koma við lækkun virðisaukaskatts á gróf brauð. Ja, þvílík rausn!

Annars var ég að reyna að finna þráð í ræðu ráðherrans hér áðan innan um grófa brauðið og mylsnuna. Ekki var sá þráður í byggðamálunum. Ráðherrann minntist ekki einu orði á þau í ræðu sinni. Ef grannt var hlustað má segja að rauði þráðurinn í máli hans hafi verið hár fjármagnskostnaður blandaður háum vöxtum. Eftir árlanga setu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar eru ráðherrarnir að uppgötva að mikill fjármagnskostnaður hefur síðustu árin verið eitt erfiðasta vandamál íslenskra atvinnuvega. En hver ber ábyrgðina? Forsrh. vísaði í ýmsar áttir, einkum til Seðlabanka Íslands sem eigi að tryggja hagkvæman rekstur bankakerfisins og lækkun raunvaxta.

Hann treystir því augsýnilega að landsmenn séu ekki langminnugir því að staðreyndin er að árið 1985 stóð ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. að því í bróðerni að innleiða vaxtafrelsið á Íslandi. Þannig hefur

Framsfl. hjálpað dyggilega við að spinna þann þráð okurvaxta sem nú er talinn ein helsta ástæðan fyrir bágu ástandi efnahagsmála.

En það er fleira en vextirnir sem ráðherrarnir hafa áhyggjur af. Það er ekki síst kaupgjaldið í landinu, hlutur launafólks, kvenna í fiskvinnslu og iðnfyrirtækjum og annarra sem skapa þjóðarauðinn. Ekki af því að kaupið sé of lágt, heldur þvert á móti. Þið heyrðuð hvað forsrh. sagði hér áðan: „Ekki verður hjá því komist að kaupmáttur launa falli enn." Því miður eru líkur á að ríkisstjórnin nái árangri á þessu sviði. Hún hefur góðum og þjálfuðum liðsmönnum á að skipa í barátttu sinni við launafólkið og atvinnurekendur munu taka liðveislu ríkisstjórnarinnar fegins hendi. Einn stærsti atvinnurekandinn er raunar ríkið og fjmrh. er sérstakur snillingur í að berja á viðsemjendum sínum.

Eftir síðustu kosningar höfnuðu allir gömlu flokkarnir kröfu Kvennalistans um lögfestingu lágmarkslauna. Þá mátti ekki beita lögum. Stjórn Þorsteins Pálssonar, sem mynduð var sumarið 1987, hikaði hins vegar ekki við að taka samningsréttinn af launafólki. Þegar sú stjórn gafst upp eftir rúmlega eins árs hraklega siglingu og Alþb. hljóp í skarðið fyrir Sjálfstfl. mátti alls ekki afhenda samningsréttinn til baka. Hinn nýendurreisti forsrh. orðaði það af sinni alkunnu hógværð í stefnuræðu í fyrra að óhjákvæmilegt hefði reynst að víkja til hliðar mikilvægum mannréttindum. Síðan hefur kaupmáttur launa fallið stöðugt og nú er svo komið að þorri launafólks hefur varla í sig og á þrátt fyrir sífellt lengri vinnudag.

Forsrh. boðar aukið atvinnuleysi á næsta ári, en segir jafnframt að ríkisstjórnin sé að leita leiða til að auka hagvöxt. Úrræðin eru einkar frumleg. Bygging álvers í Straumsvík sem fullbúið mun ekki veita nema um 250 manns atvinnu. Ekki dregur það svo teljandi sé úr atvinnuleysi, síst af öllu hjá konum. Konur eru meiri hluti þeirra sem nú eru á atvinnuleysisskrá og varla leita þær í ríkum mæli eftir atvinnu við að reisa stóriðjuver og virkjanir.

Það er í meira lagi sérkennilegt að heyra verkalýðsfélög krefjast framkvæmda af þessu tagi sem kosta munu um 50 þús. millj. ísl. kr. en veita aðeins nokkur hundruð manns atvinnu. Fjárfesting á bak við hvert starf verður um 200 millj. kr. Hér eins og víðar eru það skammtímasjónarmið sem ráða ferðinni.

En hvað um orku fallvatnanna, segja menn? Á ekki að selja hana? Forsrh. upplýsti í stefnuræðu sinni að orkuverð muni fara ört hækkandi erlendis með hverju ári sem líður. Á sama tíma er verið að semja um raforkuverð við útlendinga sem er langt undir framleiðslukostnaði. Hér á enn einu sinni að velta kostnaðinum yfir á íslensk fyrirtæki sem borga nú þegar margfalt verð fyrir orkuna, að ekki sé talað um almenning í landinu. Fyrir stóriðjuna á að fórna hagkvæmum virkjunum sem myndu henta vel fyrir vöxt almenns raforkumarkaðar á komandi árum. Það eru skrýtin fræði að reikna aukinn hagvöxt sem uppskeru af slíkri útsölustefnu þegar í henni felst að Íslendingar framtíðarinnar þurfa að greiða hærra raforkuverð.

Þessi ríkisstjórn þóttist ætla að gera átak í atvinnumálum kvenna í dreifbýli og Alþingi tók undir það með sérstakri ályktun sl. vor. En hvert var svo næsta skref ríkisstjórnar jafnréttis og félagshyggju? Jú, hún skipaði tvær nefndir til að fjalla um atvinnumál. Í þeim sitja samtals 17 einstaklingar. Ætli það sé bara tilviljun að þeir eru allir karlkyns?

Ríkisstjórnin gumar af því að vera að byggja upp þekkingu í landinu sem eigi að leggja grunn að auknum þjóðartekjum. En hvað eru ráðherrarnir að gera þessi missirin? Niðurskurður á rekstrarkostnaði grunnskóla er um 4% á þessu ári. Mikill niðurskurður verður á skólabyggingum á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. Æðsta menntastofnun þjóðarinnar, Háskólinn, fær nú þær kveðjur að hann eigi að láta drjúgan hluta af sjálfsaflafé sínu í Þjóðarbókhlöðu. Vanrækslan gagnvart þeirri byggingu er orðin þjóðarhneyksli. Bókhlaðan átti að vera gjöf landsmanna í minningu 11 alda búsetu í landinu. Ríkisstjórnin setti í málefnasamning sinn að bókhlöðunni skyldi lokið innan fjögurra ára. Nú á að reyna að efna það loforð á þann sérkennilega hátt að ráðast að undirstöðum Háskólans. Það er reyndar fjmrh. Alþb. sem stendur að þeirri aðför. Menntmrh. sama flokks telur sig vera að vinna að margs konar nýmælum og þeysist um landið til að kynna frumvörp og reglugerðir. Innistæðan á bak við skrúðmælgi ráðherra menntamála er hins vegar minni en engin þar sem árangurinn birtist með öfugum formerkjum í fjárlagafrv. nú annað árið í röð.

Það verður þó að telja ríkisstjórninni það til tekna að nú skuli loks eiga að setja á stofn umhverfisráðuneyti. Ef rétt verður á því máli haldið getur það orðið lyftistöng fyrir umhverfisvernd sem hefur verið vanrækt hér um langt skeið. Það féllu mörg orð um bætt umhverfi í stefnuræðu forsrh. Vonandi gerir ríkisstjórn hans sér ljóst að ekki er nóg að stofna ráðuneyti heldur þurfa að koma til vitræn vinnubrögð og fjármagn til aðgerða. Það er ekki sérlega traustvekjandi ef fela á Borgfl. forustu í þessum málaflokki.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að úti í Evrópu hafa 12 ríki ákveðið að afnema landamæri sín á milli fyrir lok ársins 1992. Þar með afsala þau sér endanlega stjórn sinna mála til yfirstjórnar sem situr í Brussel. Sagt er að öll stjórnmálasamtök sem eiga fulltrúa á Alþingi hafi lýst því yfir að aðild Íslands að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá þessa stundina. Það er þó ljóst að ekki býr mikil sannfæring að baki slíkra orða á sumum bæjum. Á landsfundi Sjálfstfl. nýverið var greinilegt að fulltrúum þar þótti vel koma til greina að Ísland sameinaðist þessu stórríki í Evrópu og fer þá að verða tími til kominn fyrir Sjálfstfl. að leita sér að nýju nafni.

Hingað til höfum við haft góð samskipti við Evrópubandalagið. Við höfum getað selt okkar fisk að

miklum hluta tollfrjálst á þeirra markaði. Við höfum samvinnu við bandalagið á sviði vísinda, tækni, menntamála og umhverfismála, svo eitthvað sé nefnt. Engin ástæða er til að ætla annað en að svo geti orðið áfram og að við getum náð fram endurbótum í *tvíhliða samningum. En ríkisstjórnin með utanrrh. í* broddi fylkingar virðist á öðru máli því að nú er stefnt að samruna Íslands við Evrópubandalagið bakdyramegin. Það er kallað evrópskt efnahagssvæði í fyrstu lotu.

Því er haldið fram að ekki komi til greina að útlendingar fái aðild að fiskimiðum okkar. En hvað er að gerast? Stærri og stærri hluti af fiski af Íslandsmiðum fer til vinnslu erlendis. Það mun enn aukast ef haldið verður áfram á þeirri braut sem ríkisstjórnin nú fetar gagnvart Evrópubandalaginu.

Svokallað frelsi í fjármagnsflutningum er annað atriði sem unnið er að á vegum ríkisstjórnarinnar gagnvart Evrópubandalaginu. Og hvað þýðir það fyrir þjóð í útjaðri væntanlegs efnahagssvæðis? Reynsla Danmerkur og Írlands segir okkur nokkuð um það hvers vænta megi. Frá þessum löndum sem bæði eru hluti af Evrópubandalaginu hefur fjármagnið streymt burt, þveröfugt við spádóma frjálshyggjupostula.

Opnun fyrir fjármagnsflutninga og erlenda banka á Íslandi mun hafa í för með sér að útlendingar ná smám saman tökum á íslenskum auðlindum. Er það það sem við viljum stefna að?

Framtíðarsýn þeirra sem sitja við stjórnvölinn þessi árin er ekki glæsileg. Ef þeirra stefna verður að veruleika munu Íslendingar aðallega stunda frumvinnslu í landinu í fyrirtækjum sem útlendingar ráða yfir. Erlendum stóriðjufyrirtækjum á að fjölga og fiskurinn verður fluttur út óunninn. Framlög til menntunar og menningarstarfsemi eru skorin niður fyrst af öllu og bækur á að skattleggja með 26% gjaldi í ríkissjóð.

Forseti. Góðir hlustendur. Það er hægt að breyta þeim veruleika sem við okkur blasir vegna rangrar stjórnarstefnu og úrræðaleysis valdhafanna. Við Íslendingar höfum allar forsendur til að lifa við góð lífskjör og búa börnum okkar örugga framtíð. Náttúruauðlindir okkar, fiskimið, gróðurmold og orkulindir, eru traustur grunnur á að byggja ef við umgöngumst þær af framsýni og fyrirhyggju. Glötum *þeim því ekki í hendur útlendinga.*

Stjórnmál eiga að snúast um forgangsröð. Þar hafa konur margt til mála að leggja. Kvennalistinn mun hér eftir sem hingað til leggja áherslu á að gildismat kvenna fái sinn sess alls staðar þar sem ráðum er ráðið. Þannig byggjum við upp farsælla og réttlátara þjóðfélag. — Góðar stundir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Í mín eyru hljómaði flest í stefnuræðu forsrh. kunnuglega. Svo gat virst í fljótu bragði að verið væri að fjalla um stórmál þjóðarinnar. En þótt drepið hafi verið lauslega á margt stórt erum við í raun litlu nær. Nauðsynlegra hefði verið fyrir þing og þjóð að fá að heyra hver er í raun og veru stefna stjórnar sem fyrir ári síðan tók að sér að bjarga landinu frá efnahagslegu hruni.

Víðtækasta skuldbreyting Íslandssögunnar hefur átt sér stað. Stærstu upphæðirnar renna að vonum til stórra fyrirtækja í miklum vanda. Að hluta til hlýtur þar að vera um að ræða vanda vegna rangra ákvarðana í fortíðinni. Atvinnulíf er enn í lægð og spáð er vaxandi atvinnuleysi. Ráðstöfunartekjur munu minnka og vandi atvinnufyrirtækja er svo sem ekki leystur þrátt fyrir skuldbreytingar. Við einhæfu atvinnulífi og vanda sjávarútvegsins þykjast menn sjá *einhver svör en allt of fá.*

Eins og svo oft áður er litið vonaraugum til stóriðju. Hvenær ætla menn að fara að leggja rækt við hið smáa þar sem sérhvert atriði er mönnum nærtækt og snertir hvern og einn beint? Því miður gætti þessa lítið í stefnuræðu forsrh. Hvers vegna er ekki litið til annarra lausna en þeirra sem skapa tugum eða hundruðum atvinnu? Hefur samlagningin gleymst, að margt smátt gerir eitt stórt? Má hvert atvinnutækifæri kosta hvað sem er ef það er aðeins eitt af nógu mörgum í kippu.

Erlend lán eru dýr. Jafnvel bjartsýnustu menn ætla sér ekki þá dul að virkja til stóriðju án þess að taka erlend lán fyrir um 80% kostnaðar. Hvenær ætlum við að læra af reynslunni? Og hér er þó ekki litið á umhverfismengun, óyndislegar vinnuaðstæður og þá einföldu staðreynd að álver minnkar ekki atvinnuleysi kvenna.

Á undanförnum árum hefur oft verið lánað stórt og stundum gengið vel en allt of oft miður. Gjaldþrot stórfyrirtækja valda miklum sveiflum á vinnumarkaðnum. Ríkið þarf að borga talsverðar summur ef fyrirtæki fer á hausinn og skuldar laun. Á sl. ári námu greiðslur vegna ríkisábyrgða launa um 80 millj. kr., meira en þrefaldri þeirri upphæð sem búist var við. Það er því ábyrgðarhluti hjá ríkinu sem öðrum að lána stórar fúlgur, einkum þegar fjármagnskostnaður er svo hár sem raun ber vitni. Fjármagni er samt sem áður ausið til áhættusamra fjárfestinga upp á milljónir.

En ung bóndakona í Borgarfirði fær þau svör hjá einni lánastofnun atvinnuveganna að það þýði ekkert að biðja um lán til að kaupa 30 eða 40 þús. kr. steinasög. Fjárfestingin sé ekki nógu stór. Hvers konar verðmætamat er þetta eiginlega? Hún var með frumkvæði, hugmynd, en mátti aðeins steypa sér í stórar skuldir, ekki smáar. Því miður er svipuð dæmi að heyra úr öðrum atvinnugreinum. Það er þeim mun ánægjulegra að heyra af öðrum þankagangi.

Í Bændaskólanum á Hvanneyri er t.d. farið að hyggja á góðum hugmyndum og bjóða upp á sífellt *fjölbreyttara valnám, m.a. í ullarvinnslu. Ekki endi*lega með það fyrir augum að gera menn færari til að framleiða 100 þúsund trefla, heldur er þar kennt að vinna ull í fat með hefðbundnum hætti. Ekki þarf að fjárfesta í dýrum og sérhæfðum tækjakosti til að búa til minjagripi með þessum hætti, heldur skiptir hugvit, hönnun og alúðleg vinnubrögð hér meginmáli.

Konur í sveitum vantar vinnu. Þetta ásamt öðru gæti skapað hana. Ef við ætlum að standa undir nafni í ferðaþjónustu verðum við að geta boðið upp á þjóðlega og vel gerða minjagripi.

Í ferðaþjónustu sannast enn að hin mörgu smáu úrræði geta verið góð. Meðan nýleg stórhótel riða blómstrar ferðaþjónusta bænda. Og innlend framleiðsla er atvinnuskapandi, hún sparar gjaldeyri og í því tilviki sem ég nefndi hér áðan er hún einnig vel fallin til að afla gjaldeyris.

Konur leita oft nýrra leiða í atvinnu til að skapa sér eigið sjálfstæði. Ætli það sé tilviljun að í Bandaríkjunum, þar sem allt á nú að vera stærst og mest, eru menn farnir að fjárfesta skipulega í hugviti kvenna. Þar er nýsköpunin og jafnvel innan stærstu fyrirtækjanna hefur mönnum lærst að brjóta starfsemi upp í smærri einingar og ná þannig hagkvæmni hugvits og heildarsýnar í stað vélvits og vinnuþrælkunar.

Við skulum ekki gleyma þeirri tæknibyltingu sem orðið hefur með tölvu- og upplýsingaöld. Nú þarf ekki lengur að smala öllum á sama stað til að vinna að ákveðnum verkefnum. Þetta sáu kvennalistakonur mætavel er þær fluttu þáltill. um að færa verkefni ríkisstofnana út á land og skapa þar nýja atvinnumöguleika. Hvert eitt starf skiptir máli.

Kona í Vopnafirði hefur nú tekið að sér bókhald og framtöl bænda þar í sveit. Það er bara starf fyrir einn á þeim tíma árs sem minnst er að gera í búskapnum en hvert eitt starf skiptir máli. Á Suðurnesjum er mikilvæg hefð fyrir fiskvinnslu og fáir vita betur en konurnar hvaða möguleika hráefnið gefur okkur. Samvinna fagfólks og frumherja þarf ekki endilega að kalla á risafjárfestingar. Gefum gaum að frumkvæði kvenna, þar gæti leynst fjársjóður. Að þessu frumkvæði þarf að hlúa og skapa svigrúm til að byggja upp, ekki bara á einu sviði heldur fjölmörgum.

Vera kann að einhverjum þyki ekki í verkahring Alþingis að hugsa um mál sem virðast smá. Lítil gosdrykkjardós er kannski ekki mikil mengun í umhverfi okkar. En væri öllum landsins gosdrykkjardósum fleygt á víðavang gegndi öðru máli. Það kom til kasta Alþingis að móta þá heillavænlegu stefnu að sporna við slíkri umhverfismengun er það samþykkti í fyrravor þáltill. sem flutt var að frumkvæði Kvennalistans um einnota umbúðir. Þarna var hugað að einu hinna mörgu smáatriða sem varða okkur öll en tengjast svo mörgu, virðingu okkar fyrir umhverfinu, vilja okkar til að endurnýta auðlindir jarðar, ábyrgð okkar á því að halda sameiginlegum útgjöldum í lágmarki, því það kostar sitt að sóa auðlindum og urða fyrirferðarmikil verðmæti.

Á sama hátt og fjallað var um einnota umbúðirnar vildi ég sjá Alþingi takast á við önnur hin smæstu atriði sem varða þó svo marga, t.d. yfirlætislausar lagfæringar á lögum um málefni fatlaðra eða í almannatryggingakerfinu, hyggja að því hvaða kjör stjórnvöld búa þeim er annast fötluð eða veik börn sín eða foreldra í heimahúsum. Það þýðir ekki alltaf að bíða eftir að stóru línurnar verði lagðar og vísa einatt á heildarendurskoðun einhvern tímann í framtíðinni. Endurbætur sem ekki þola bið verða ekkert verri þótt þær séu samþykktar áður en næstu stóru línur eru lagðar, línur sem áreiðanlega þarf að endurskoða.

Og svo eru það börnin ung og smá. Er ekki komið að okkur að vakna upp við vondan draum og gera okkur grein fyrir þeim aðstæðum sem við búum þeim? Það er varla tilviljun að fólk finnur sig knúið til að stofna samtök til að gæta hagsmuna íslenskra barna einmitt núna þessa dagana. Í nýlegri könnun Félagsvísindastofnunar um dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra kemur fram að meiri hluti foreldra forskólabarna er óánægður með þjónustu stjórnvalda. Þessi niðurstaða sýnir að foreldrar firra stjórnvöld engri ábyrgð og eiga ekki að gera það. Í sömu könnun kemur einnig fram að þungar fjárhagsáhyggjur hvíla á allt of stórum hópi foreldra forskólabarna. Oftast er það vegna kaupa á húsnæði. Vandi fjölskyldnanna í landinu er ekki síður mikill en vandi fyrirtækjanna þegar fjármagnskostnaður er hár. Kannski meiri. Alþingi getur ekki firrt sig ábyrgð á lífi neins sinna minnstu barna.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þeir komu hingað tveir, nýkomnir af landsfundi Sjálfstfl., formaðurinn núverandi og varaformaðurinn fráfarandi sem fórnað var af landsfundinum öllum, til að dylja mistökin hjá formanninum og óánægjuna með flokksstjórnina. Þeir komu hingað tveir af landsfundinum saman til að sýna þjóðinni að þrátt fyrir allt stæðu þeir nú hér sem einn maður. En halda þeir virkilega að Íslendingar séu búnir að gleyma fimm ára ferli Sjálfstfl.? Sjálfstfl. fékk fimm ár til að sýna sín ráð. Hann fékk fimm ár til að sýna Íslendingum í verki hvað stefna Sjálfstfl. þýddi. Árin 1983–1988. Það er ekki liðinn langur tími síðan og þessi fimm ára ferill Sjálfstfl., við skulum draga hann hér upp fáeinum dráttum.

Hvað blasti hér við fyrir ári síðan? Jú, eftir fimm ára feril voru atvinnuvegir Íslendinga að stöðvast. Allir forystumenn atvinnulífsins í landinu voru sammála um það að stöðvun atvinnulífsins blasti við. Kunnáttumenn á öllum sviðum voru sammála um það að 5.000–15.000 manna atvinnuleysi yrði orðinn veruleiki eftir fáeina mánuði. Eftir fimm ára valdaferil Sjálfstfl. var dansaður trylltur vaxtadans á peningamarkaðinum þar sem vextirnir á gráa markaðinum, raunvextirnir, sem voru ekki 6 og 7, heldur 12, 16 og 18%, möluðu skattfrjálsan gróða í hendur stóreignamanna í okkar landi. Eftir fimm ára valdaferil Sjálfstfl. höfðu erlendar skuldir Íslendinga á góðæristímanum sjálfum vaxið meira en dæmi voru til um áður. Og hvernig var fimm ára valdaferill Sjálfstfl. í fjmrn.? Þegar Ragnar Arnalds gekk þar út á fyrstu mánuðum ársins 1983 hafði ríkt jafnvægi í ríkisfjármálum Íslendinga um árabil en þegar Sjálfstfl. kom þangað inn fóru málin að fara úr skorðum. Ár eftir ár eftir ár á þessum fimm ára ferli fóru ríkisútgjöldin upp og upp og upp. Hallinn varð svo mikill í fjármála-

ráðherratíð Þorsteins Pálssonar að eitt víðlesnasta dagblað landsins hefur reiknað hann á núvirði sem 12 milljarða kr. halla. En juku þeir tekjurnar? Nei. Þeir meira að segja sögðu við þjóðina: Við ætlum að lækka skattana. En þeir juku ríkisútgjöldin þannig að bilið ár eftir ár á þessum fimm ára ferli var svo mikið að nú blasir við 10–15 milljarða kr. gat sem þarf að brúa á næstu árum eftir þennan valdaferil Sjálfstfl. Og svo koma þessir menn hér og halda að þeir geti boðið *íslenskri þjóð öruggari og betri fjármálastjórn.* Og hver var staðan í málefnum landsbyggðarinnar eftir fimm ára valdaferil Sjálfstfl.? Hrun og flótti og á höfuðborgarsvæðinu sjálfu þensluæði á öllum sviðum. Þetta er myndin eftir fimm ára reynslu Íslendinga af stjórn Sjálfstfl., stjórn sem byggðist á kenningum Hannesar Hólmsteins, Hayeks og Friedmans.

Og gerðist eitthvað nýtt á landsfundi Sjálfstfl. annað en það að Friðrik Sophusson var látinn segja af sér og Davíð Oddsson tók við? Nei, auðvitað gerðist ekkert annað því að sömu gömlu stefnumálin voru endurnýjuð. Flokkurinn kom aftur til þjóðarinnar í trausti þess að þjóðin hefði gleymt og bauð upp á sömu stefnuna. Það eru 13 mánuðir síðan Alþb. kom að þessu stórslysi sem Sjálfstfl. hafði skilið eftir á þjóðvegi Íslendinga. Sárin voru vissulega mun dýpri en nokkurn mann hafði grunað. Blæðingarnar hættulegri og grófturinn út um allt. Á 13 mánuðum hefur tekist við mjög erfið skilyrði, minnkandi afla og lækkandi verð á erlendum mörkuðum að snúa þessari þróun við. *Sárið hefur verið saumað saman. Blæðingarnar* hafa verið stöðvaðar. Grófturinn hefur verið hreinsaður út og nú blasa við, aðeins rétt rúmu ári eftir að Alþb. kom að þessu verki, staðreyndirnar um trausta efnahagsstjórn. En það var athyglisvert að núverandi formaður Sjálfstfl. og varaformaðurinn sem fórnað var, þeir treystu sér ekki til að ræða þessar staðreyndir hér. En hverjar eru þær? Við skulum fara yfir tíu höfuðþætti í efnahagsstjórninni í dag sem allar bera það einkenni að vera á hverjum tíma taldar traustasti vitnisburður um góða efnahagsstjórn, efnahagsstjórn sem er á réttri leið.

Í fyrsta lagi: Staða atvinnugreinanna í útflutningnum hefur styrkst svo mjög að nú heyrum við ekki lengur raddirnar um að þær séu að stöðvast. Þvert á móti eru forystumenn atvinnulífsins sammála um það að staðan í dag sé gjörbreytt frá því sem hún var áður.

Í öðru lagi: Hinu stórfellda atvinnuleysi hefur verið forðað. Það hefur dregið þannig úr þenslunni að atvinnan í útflutningsgreinunum er núna traust og *það er fyrst og fremst í eyðslugreinunum sem* umskipti eru að verða.

Í þriðja lagi: Vöruskiptahallinn. Mælikvarðinn á óstjórnina sem var geigvænlegur á síðustu valdaárum Sjálfstfl. jafnvel í góðærinu sjálfu. Hverjar eru staðreyndirnar í dag? Vöruskiptajöfnuður Íslendinga verður á þessu ári jákvæður, jákvæður um fimm milljarða króna. Við flytjum meira út en við flytjum inn. Þetta hefur ekki gerst síðan 1986. Og viðskiptahallinn í heild, hann hefur verið að minnka þrátt fyrir erfiðar aðstæður í þjóðarbúskap okkar Íslendinga.

Fimmta atriðið endurspeglast svo í gjörbreyttri stöðu gengismálanna. Hér hefur tekist að breyta raungenginu svo, útflutningsgreinunum í hag, að það er núna orðið hagstæðara útflutningsgreinunum heldur en meðaltal gengismálanna frá árunum 1979 til 1989. Slík raungengisbreyting hefur aldrei áður verið gerð án efnahagslegrar kollsteypu og án verðbólguöldu. Það er hið stóra í árangri þessarar ríkisstjórnar að hafa breytt þannig gengisþróuninni útflutningsgreinunum í hag án þess að efnahagslífið hafi farið úr skorðum.

Í sjötta lagi hefur verðbólgan verið hamin. Það hefur aldrei fyrr gerst í efnahagssögu okkar Íslendinga að á árum þar sem landsframleiðslan minnkar, þar sem samdráttur á sér stað, hafi tekist að halda verðbólgunni í skefjum og það sem meira er: Draga úr henni.

Ætíð áður á samdráttartímum, líka þegar Sjálfstfl. hefur verið í forsæti fyrir ríkisstjórnum og borið ábyrgð á fjármálunum, hefur verðbólgan rokið upp.

Í sjöunda lagi er jafnvægið í peningamálunum. Það jafnvægi endurspeglast í því að lausafjárstaða bankanna er nú jákvæð um nær 10 milljarða króna í lok síðasta mánaðar og það hefur tekist þrátt fyrir hrakspár Þorsteins Pálssonar og Friðriks Sophussonar hér á Alþingi fyrr á þessu ári að fjármagna ríkissjóð með sölu spariskírteina innan lands og sölu ríkisvíxla hér innan lands þannig að í stað þess að safna erlendum skuldum erum við farin að spara, þjóðin sjálf, *til þess að standa undir okkar útgjöldum.*

Í áttunda lagi er þenslan úr sögunni. Þenslan sem var orsök óstjórnarinnar hér áður fyrr og gerði ógerlegt að ná raunverulegum tökum á efnahagsstjórninni.

Í níunda lagi eru vaxtamálin. Vaxtadansinn á gráa markaðinum hefur verið stöðvaður. Þær eru nánast horfnar úr sjónvarpinu glæsiauglýsingarnar sem áður fyrr á blómatíma Sjálfstfl. komu kvöld eftir kvöld með gylliboðin frá gráa markaðinum, bjóðandi 10, 11, 12, 16 og 18% raunvexti. Þær eru farnar heilsíðuauglýsingarnar úr blöðunum sem dag eftir dag buðu þessi gylliboð á gráa markaðinum og hvað er komið í staðinn? Jú, í staðinn er kominn sparnaður ríkissjóðs Íslendinga sjálfra með raunverulegum árangri þar sem u.þ.b. sex milljarðar eru komnir hér inn í sparnað landsmanna sjálfra á lægri vöxtum en dæmi eru til um áður. Í stað þess að grái markaðurinn fylli fjölmiðlana er það sameiginlegur sjóður okkar Íslendinga sem nú er orðinn söfnunartæki landsmanna sjálfra. Í þessu birtist vel árangurinn og þátttaka fólksins í þessum breytingum því þetta er frjáls þátttaka fólksins í þessum sparnaði. Það er frjáls vilji fjöldans sem hefur komið til liðs við ríkisstjórnina með þessum hætti og vikið til hliðar hinum erlendu lántökum Sjálfstfl. eða tryllta dansinum á gráa markaðinum og byggir í staðinn upp sparnað okkar Íslendinga sjálfra í formi spariskírteina ríkissjóðs.

Og að lokum þá er auðvitað sá mikli árangur sem felst í því að halli ríkissjóðs fer mjög minnkandi.

Þeir hafa reynt, þessir herramenn, og Þorsteinn

Pálsson situr nú í sæti sínu og hlær, maðurinn með 12 milljarða kr. hallann á bakinu. En hverjar eru staðreyndirnar, Þorsteinn Pálsson? Þorir formaður Sjálfstfl. ekki að hlýða á staðreyndirnar heldur hlær bara eins og lítill strákur úti í bæ. Staðreyndirnar eru nefnilega þær að þrátt fyrir erfiðleikana, þrátt fyrir samdráttinn, þá verður halli ríkissjóðs á þessu ári helmingi minni heldur en hann var á síðasta ári, 1,5% af landsframleiðslu í staðinn fyrir 2,8% í fyrra. Og hver var hann í góðærinu hjá þér, í góðærinu hjá þér þegar allt var glæst í ytri skilyrðum og hefði verið hægt að reka ríkissjóð með stórfelldum afgangi ef hér hefði ekki ríkt þessi ga-ga efnahagsstjórn frjálshyggjunnar og Sjálfstfl.? Í góðærinu sjálfu rakst þú ríkissjóð með 1,3% halla, 1,3% halla. Eða í ár verður ríkissjóðshallinn álíka og hann var í góðærinu hjá Sjálfstfl., þegar ytri skilyrðin voru þannig að það hefði verið hægt að dansa leikandi með stórfelldan afgang á ríkissjóði.

Þetta er munurinn í nokkrum helstu höfuðeinkennum efnahagsstjórnarinnar sem sýnir það að eftir að núverandi flokkar tóku saman höndum í ríkisstjórn og Borgfl. gekk til liðs við okkur síðan, þá hefur verið lagður hér grundvöllurinn að heilbrigðu hagkerfi. Það hagkerfi ber öll höfuðeinkenni heilbrigðs vestræns hagkerfis og það er einmitt merkilegt að það skuli vera þátttaka Alþb. í ríkisstjórninni sem snýr öfugþróun síðustu ára yfir á þennan heilbrigða grundvöll, grundvöll sem einkenndist af því að við getum í upphafi nýs árs lokað millifærslukerfinu, lagt þá sjóði til hliðar, komið þeim fyrir inni í bankakerfinu og látið þetta jafnvægisástand, sem okkur hefur nú tekist að skapa stig af stigi, taka við. Jafnvægisástand þar sem raungengið er orðið eðlilegt, vextirnir komnir niður, vöruskiptajöfnuðurinn orðinn hagstæður, viðskiptahallinn að hverfa og ríkissjóður rekinn fyrir innlent fé landsmanna sjálfra. Þetta eru hin stóru þáttaskil. Þetta er munurinn á því stórslysi sem Sjálfstfl. skildi eftir á þjóðvegi Íslendinga fyrir ári síðan og því sem blasir við í dag. Og það eru nánast kraftaverk hjá þessari ríkisstjórn við þau erfiðu ytri skilyrði sem hafa ekki hent íslenska þjóð í 40 ár, að þrjú samdráttarár komi í afla og landsframleiðslu, að geta náð þessum efnahagslega árangri og geta einnig til viðbótar sýnt fram á í verki stórfelldar jöfnunaraðgerðir á fjölmörgum sviðum, jöfnunaraðgerðir sem birtast í fyrsta lagi í því að hagur landsbyggðarinnar í dag gagnvart höfuðborgarsvæðinu er með allt öðrum hætti, birtist í öðru lagi í því að þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp verður hér lækkuð skattlagning á matvælum stórfelldlega en Sjálfstfl. sjálfur ætlaði sér hins vegar að hafa fulla skattlagningu á matvælum þegar hann samþykkti frv. um virðisaukaskatt hér í forsætisráðherratíð Þorsteins Pálssonar. Í þriðja lagi: Stórfelldar umbætur í félagslegum húsnæðismálum, umbætur í þágu láglaunafólks þar sem kaupleiguíbúðir, búsetaíbúðir og verkamannabústaðir hafa forgang. Lækkun verðs á matvælum um næstu áramót þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp og úrbæturnar í húsnæðismálum eru auðvitað tvíþættar stórfelldar jöfnunaraðgerðir í þágu láglaunafólks í þessu landi. En það er ekki búið. Það hefur einnig verið ákveðið að afnema þau forréttindi fjármagnsteknanna og gróðaaflanna á peningamarkaðinum sem Sjálfstfl. vill viðhalda og láta hinn stórfellda fjármagnsgróða sitja við sama borð eins og launavinnuna. Og kaupmátturinn. Kaupmáttur láglaunafólksins hefur ekki bara haldist, hann hefur vaxið, enda er það athyglisvert að forystumenn Sjálfstfl. hér í umræðunum treystu sér ekki til að nefna einu orði að ekki hefði verið staðið við fyrirheitin úr kjarasamningunum varðandi kaupmátt láglaunafólks og verðlag á landbúnaðarvörum vegna þess að staðreyndin er sú að á sama tíma og kaup u.þ.b. fjórðungs eða þriðjungs félagsmanna BSRB hefur hækkað um 14–18%, þá hefur verðlagið á landbúnaðarvörum hækkað um 13%, á öllum innlendum matvælum um 10%. Kaupmáttaraukningin á erfiðleikatímum hefur því verið með þeim hætti að hinir sem lægst hafa launin hafa ekki bara haldið sínum hlut heldur hefur hann styrkst. Það sýnir hinn raunverulega mun á Sjálfstfl. annars vegar og okkur hins vegar að þegar hart er í ári þá viljum við ekki bara hlífa þeim sem verst hafa kjörin, við viljum styrkja stöðu þeirra.

Þessari ríkisstjórn hefur þess vegna á aðeins 13 mánuðum tekist að snúa þessari þróun við og það er auðvitað skýringin á því hvers vegna Sjálfstfl. hefur ekki, þótt tvær vikur séu liðnar af þingi, þorað að hefja hér umræður um efnahagsmál, heldur viljað tala um eitthvað allt annað. Vegna þess að Sjálfstfl. forðast eins og heitan eldinn að bera saman annars vegar þennan fimm ára feril sinn frá árunum 1983–1987 og hinn raunverulega árangur sem þessi ríkisstjórn er nú þegar að ná á öllum þessum sviðum. Árangur sem mun gera okkur kleift með nýju ári að leggja hér nýjan grundvöll að varanlegri umsköpun í íslensku efnahagslífi. Nýjan grundvöll í sjávarútvegsmálum. Nýjan grundvöll í landbúnaðarmálum. Nýjan grundvöll í byggðamálum. Nýjan grundvöll í ríkisfjármálum. Nýjan grundvöll í velferðarkerfinu og tekjukerfi ríkisins. Nýjan grundvöll í samskiptum Íslands við umheiminn þar sem raunverulegt sjálfstæði þjóðarinnar og traust og náin samskipti við nágrannaþjóðir okkar verða hornsteinninn í þeirri utanríkisstefnu sem Íslendingar munu reka í framtíðinni. Verkefnin eru því ærin. Árangurinn sem þessir 13 mánuðir sýna er slíkur að það er í raun og veru mjög einfalt að bera saman feril Sjálfstfl. annars vegar og verk þessarar ríkisstjórnar hins vegar. Þess vegna var það skiljanlegt að Sjálfstfl. léti varaformanninn víkja, vegna þess að varaformaðurinn hafði drýgt þá dauðasynd að segja satt. Hann hafði á þingi ungra sjálfstæðismanna sagt þann sannleik að það væru ekki verðleikar Sjálfstfl. sem gerðu það að verkum að hann hefði tímabundið fylgi í skoðanakönnun, það væri ekki stefna Sjálfstfl. sem væri grundvöllurinn að þeim breytingum, þvert á móti. Varaformaðurinn hafði sagt satt. Hann hafði eins og barnið í ævintýrinu bent á keisarann í formannsstóln-

um og sagt þjóðinni frá því, hann er ber, hann er ekki í neinum fötum. Hann er ber. Og íslenska þjóðin ætlar ekki að láta þessa menn taka að nýju við stjórn landsins. Það verður ekki, hvorki í ár eða næsta ár, hvorki að loknu þessu kjörtímabili né hinu næsta. — Góða nótt.

Unnar Þór Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hv. áheyrendur.

Fyrir u.þ.b. einu ári síðan tók núv. ríkisstjórn við af ríkisstjórn þriggja flokka sem við lítinn orðstír hafði setið í rúmt ár. Þrír flokkar mynduðu þessa ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. Ríkisstjórn þessara flokka var lítt starfhæf vegna innbyrðis átaka og Sjálfstfl. var leystur frá störfum í Stjórnarráðinu af því að hann réði ekki við það verkefni sem hann hafði tekist á hendur, þ.e. að halda saman starfhæfri ríkisstjórn.

Þeir flokkar sem nú fara með völd hafa átt gott samstarf á því ári sem ríkisstjórnin hefur starfað og fram undan er tími sem verulega hlýtur að reyna á samstarfsvilja þeirra. Fram undan er það að skapa atvinnuvegunum varanleg rekstrarskilyrði. Með auknum þingstyrk stjórnarinnar ætti hún að móta og festa í sessi félagslegar áherslur í stjórnvaldsaðgerðum þegar tekið er á vandamálum samfélagsins.

Í mörgu hefur verið farið vel af stað og gefur það okkur vonir um að ríkisstjórninni ætli að takast að vinna þjóðarbúið út úr þeim margþættu erfiðleikum sem að steðja. Nú þegar þarf að marka ákveðna stefnu í atvinnumálum sem taki mið af því hve byggðin í landinu er dreifð. Landbúnaðinn verður að treysta með bættu skipulagi þar sem tekið er mið af landgæðum og félagslegri stöðu þeirra sem þennan atvinnuveg stunda. Standa verður fast á móti öllum hugmyndum um innflutning á landbúnaðarafurðum. Í samgöngumálum verða framkvæmdir fyrst og fremst að miðast við þarfir þeirra sem á viðkomandi svæðum búa. Stefna ber að úrvinnslu sjávarafurða í mun meiri mæli en nú er gert og við stjórnun á útflutningi á ferskum fiski verður að huga að atvinnuástandi í sjávarplássunum vítt og breitt um landið. Tryggja ber aukna stjórnun heimamanna á eigin málefnum með því að flytja umsýslu- og stjórnunarstörf út í kjördæmin.

Í menntmrn. eru í gangi mörg mál sem marka munu spor í íslensku þjóðlífi. Í því sambandi vil ég nefna umfjöllun um málefni leikskóla.

Stofnun umhverfismálaráðuneytis hefur lengi verið baráttumál Alþb. Nú er það mál í höfn og má vænta þess að umhverfismál og umhverfisvernd fái aukið vægi í stjórnmálaumræðu framtíðarinnar.

Friðarumræðan í heiminum undanfarin ár hefur gert að verkum að stór hluti mannkyns hefur orðið meðvitaður um það þvílík ógn öllu mannkyni vígbúnaðarkapphlaupið er. Viðhorfsbreyting til hernaðaruppbyggingar hjá almenningi og ráðamönnum margra ríkja er staðreynd og tíminn vinnur með okkur í þessum efnum. Þess verður ekki langt að bíða að hernaðarbandalög í þeirri mynd sem við þekkjum þau heyri sögunni til. Í kjölfar þess eru forsendur fyrir hersetu Bandaríkjahers á Íslandi brostnar.

Í launamálum er vandinn hvað mestur í íslenskum stjórnmálum í dag. Við stöndum frammi fyrir gífurlegu launamisrétti þó tekist hafi að verja kaupmátt lægstu launa. Stór hópur fólks hefur vart til hnífs og skeiðar og á í mestu erfiðleikum með að láta enda ná saman. Í ræðu hæstv. forsrh. kom fram að ríkisstjórnin er með áform uppi um að lækka framfærslukostnað heimilanna, og kemur það að sjálfsögðu þeim mest og best til góða sem mesta ómegðina hafa. Það eitt að lækka framfærslukostnað dugar bara einfaldlega ekki til að leysa vanda þeirra sem við lökust kjörin búa. Hjá þeim tekjulægstu verður að koma til veruleg kauphækkun samfara þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin er með í undirbúningi.

Til þess að þessi lagfæring á stöðu þeirra sem við lökust kjörin búa verði að veruleika en ekki innantóm loforð verður að koma til hugarfarsbreyting í þjóðfélaginu hvað varðar kjaramál. Í fyrsta lagi verður með stjórnvaldsaðgerðum að sækja peninga þangað sem þeir eru til að standa straum af kostnaði við launajöfnun. Í öðru lagi verður neyslukapphlaupinu að linna. Það er ekki líðandi að áróðursmeistarar viðskiptalífsins með auglýsingatækni sinni séu búnir að hirða framfærslueyri fjölskyldunnar áður en launin koma til útborgunar. Í þriðja lagi verður fólk að neita því sem sjálfgefnu að launamunur sem hleypur á nokkrum hundruðum prósentustiga sé réttmætur. Öll samtök launafólks í landinu verða að gera með sér kjarasáttmála sem tryggir jafnrétti í launum. Það verður að tryggja það með lagasetningu, ef ekki vill betur, að lagfæring á launum þeirra sem minnst bera úr býtum fari ekki með margfeldiáhrifum upp allan launastigann eins og svo oft hefur gerst. — Góðar stundir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þingmenn Frjálslynda hægri flokksins hefja galvaskir störf á þessum vetri með það í huga að þeir eru starfsmenn fólksins, kjósenda. Myrkvun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar grúfir nú yfir þjóðinni. Róm er brunnin. Trú fólksins á Alþingi Íslendinga er fokin út í veður og vind. Ríkisstjórnin er án trausts og án flokka með fylgi. Ráðherrarnir hafast það að sem þeir vilja en þjóðin vill ekki. Ráðherrarnir sitja límdir við stólana og þora ekki að hreyfa sig því þá dytti botninn úr ráðherrabrókunum og ríkisstjórn sem hnappar sig saman af ótta við kosningar.

Það vita allir að í þjóðfélagi þar sem farið er með áfengi á æðstu stöðum eins og gosdrykki er eitthvað meira en lítið að. Það vita allir að í þjóðfélagi þar sem framkvæmdarvaldið fer með milljarða króna eins og eitt hundrað króna seðla er eitthvað meira en lítið að. Það vita það allir að í þjóðfélagi þar sem æðsta stjórn ríkisins fer með ákvæði laga og stjórnarskrár landsins eins og um danslagakeppni væri að ræða er eitthvað meira en lítið að. Og hæstv. forsrh. segir um þetta í heilopnuviðtali í Tímanum á laugardaginn, með leyfi

forseta: „Tek ekki þátt í þessum leik." Tek ekki þátt í þessum leik. Forsrh. telur sig yfir það hafinn að ræða um grundvallarspurningu í huga almennings, hvernig við stjórnmálamennirnir förum með það vald og fjármuni sem okkur er trúað fyrir.

Í öllum löndum Vestur-Evrópu þætti framganga í mörgum þeim málum sem mest hefur verið fjallað um að undanförnu varða brottvísun úr ríkisstjórn enda sök sönnuð. Og fólkið í landinu skilur ekki að æðstu menn þjóðarinnar þurfi skriflegar reglur til að greina á milli þess hvað sé eðli máls samkvæmt innan marka velsæmis. Þeir menn sem eiga að taka ákvarðanir um mikilvægustu mál þjóðarinnar eiga að vita hvað hófsemi er. Nei, fólkið í landinu, sem verður að þola skattaáþján núv. ríkisstjórnar til að standa straum af því sem kalla má yfirstéttarlíf æðstu manna þjóðarinnar, lætur ekki segja sér slíka firru.

Stefna þessarar ríkisstjórnar í skattamálum er sú versta sem um getur síðan vinstri stjórn Hermanns Jónassonar sat við völd fyrir rúmum þrjátíu árum.

Frjálslyndi hægri flokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi sem barist hefur af einurð gegn öllum þessum skattahækkunum. Ég endurtek: eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi. Frjálslyndi hægri flokkurinn mun á þessu þingi endurflytja frv. sitt um að afnema eignarskatt af eigin íbúðarhúsnæði. Ég vil endurtaka áskorun mína til sjáfstæðismanna um að vera með á frv.

Hér á eftir vil ég, með leyfi forseta, vitna til bréfs sem Ólafur Thors skrifar á páskadag 1957 til Thors Thors. Bréfið er birt að hluta í ævisögu Ólafs Thors sem Matthías Johannessen ritaði og gæti sem best verið skrifað í þessari viku. Ólafur Thors segir í bréfinu:

„Þessi svokölluðu stóru frumvörp eru nú að koma fram. Það er eignarán sem kallað er stóreignaskattur. Er hyggilegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að taka því ósköp rólega, segja sem svo: Þetta er fyrst og fremst mál sem verður að athuga frá því sjónarmiði að atvinnulífið þrengist ekki þannig að hagur hins almenna verkamanns eða launþega versni. Þetta er alveg rétt sjónarmið. Ég hygg nú að sannleikurinn sé sá að afleiðing af þessu sé að sparifé minnkar, verður tekið úr umferð, og að atvinnurekstur færist saman og atvinnuleysi fer vaxandi. Ég hygg þetta. En jafnvel þó þessu væri ekki til að dreifa þá er það náttúrlega andstyggilegt ef á að fara á hverjum áratug í þessu fátæka landi að segja við skattþegninn: Ef þú vegna hygginda og dugnaðar hefur eitthvað eignast, þá komdu og skilaðu því. Það er andstyggilegt og það endar á því að menn nenna ekki að vera að reyna að eignast eitthvað. Þeir reyna hins vegar að eyða og hafa það gott og lifa sællífi. Þetta gerir ekkert til fyrir okkur sem einu sinni vorum efnamenn og erum nú skuldum vafðir eins og skrattinn skömmunum. Það eru fleiri en ég sem slíkir eru. Það eru útgerðarmenn allir og það eru margir aðrir. En ég hefi jafnan andstyggð á því að innleiða þann hugsunarhátt, eyddu og eyddu, sparaðu ekki, láttu þér líða vel þessa stundina, hugsaðu ekkert um framtíðina. Það er þetta sem þessir angurgapar eru að gera og nú eingöngu til að hefna sín á þeim sem eitthvað kunna að eiga og til að sýnast. Ég held ekki að þessir menn séu svo skyni skroppnir að þeir gangi þess duldir að þetta dregur dilk á eftir sér. En það hæfir nú sem veisluréttur eins og sakir standa og það sjónarmið er látið ráða. Ég veit að það er enn á ýmsu illu von. Þessi stóru mál þeirra eru sýndarmál og leiktjöld."

Þetta voru orð Ólafs Thors. Þau eru jafnlifandi nú og þau voru þá. Ég gæti ekki orðað þetta betur.

Hæstv. forseti. Frjálslyndir hægri menn munu berjast hart gegn eignarskattinum á eigin íbúðarhúsnæði, eignarskattinum sem leggst þyngst á einstaklinga og er nær eingöngu lagður á íbúa Reykjaness að Reykvíkingum meðtöldum, eignarskatti sem fólki er ætlað að greiða af sömu launum og því er ætlað að lifa af í viðbót við há fasteignagjöld sem eru hvergi eins há og á þessu sama svæði.

Utanbæjarþingmenn þessarar ríkisstjórnar laumuðu inn stórfelldri hækkun á fasteignagjöldum á fólk úti á landi þegar lög um verkaskiptingu sveitarfélaga voru samþykkt sl. vetur sem ég einn allra þingmanna benti á í ræðu og varaði við. Og ég vara við því enn þá. Eins og ég var eini þingmaðurinn sem mótmælti álagningu og hækkun eignarskatta við afgreiðslu fjárlaga. Aðrir þingmenn en í þingflokki Frjálslynda hægri flokksins vöknuðu ekki af draumi fyrr en seinna. Ég hef andstyggð á því, eins og Ólafur Thors, að innleiða þann hugsunarhátt, eyddu og eyddu og sparaðu ekki. Láttu þér líða vel þessa stundina, hugsaðu ekkert um framtíðina. Það er andstyggilegt að þeim sem hafa verið sparsamir, fyrirhyggjusamir og lagt á sig ómælt erfiði við að eignast eigið íbúðarhúsnæði skuli nú vera refsað af félagshyggjulýðnum sem fylgir þessari ríkisstjórn. Ég skora á alla kjósendur að fylkja sér um merki Frjálslynda hægri flokksins gegn eignarskattinum, gegn allri skattaáþján félagshyggjulýðsins, sjálfstæðismenn líka.

Ég hef líka andstyggð á því fláræði sem þessi ríkisstjórn er mynduð með, fyrst með hvaða hætti slitin á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar bar að, síðan á aðdraganda og myndun þessarar ríkisstjórnar. Þessi ríkisstjórn er á brauðfótum. Það er vissara fyrir hana að vaða ekki út í Tjörnina hans Davíðs, því ekkert þykir öndunum betra en brauð, jafnvel félagshyggjubrauð.

Það kom ekki á óvart þegar félmrh. lýsti því yfir fyrir síðustu helgi að stjórn Húsnæðisstofnunar hefði átt að svíkja húsbyggjendur í landinu. Það kom heldur ekki á óvart að ríkisstjórnin skyldi styðja svik við húsbyggjendur um fjóra milljarða. Þetta er nýfélagshyggjan í framkvæmd. Frjálslyndir hægri menn vara við nýfélagshyggjunni. Nú á að vega sjálfseignaríbúðakerfið og koma á laggirnar þurfamannabúðum þar sem gæðakonan góða slettir úr félagshyggjupottinum sínum.

Nú er húsnæðiskerfið orðið þannig að gæðakonan góða stendur og tínir þá úr sem hljóta náð fyrir augum hennar. Og nú er úthlutað eftir reglum sem mismuna

meir en nokkru sinni fyrr. Til að mynda er réttur einstaklinga sáralítill í þessu kerfi. Þeir eiga aðeins að borga eignarskatta, hærri tekjuskatt og full gjöld í lífeyrissjóðina, en það er búið að svipta þá stórum hluta þeirra réttinda sem þeir höfðu til að fá lán þegar hv. 1. þm. Vesturl. var félmrh.

Góðir áheyrendur. Nýfélagshyggjuflokkarnir hafa undanfarið lagt milljarða á almenning til að geta haldið uppi fölskum atvinnurekstri með gjafafé úr opinberum sjóðum. Þetta er eitt versta innanmein í efnahagslífi þjóðarinnar. Hagstæður rekstur án afskipta stjórnvalda er eini atvinnureksturinn sem skilar þjóðinni arði og betri lífskjörum. Það verður að láta illa rekin fyrirtæki fara á hausinn. Það verður að hætta að dæla milljörðum í fyrirtæki sem aldrei munu bera sig. Það verður að hætta að fá sömu mönnum í hendur milljarða í sömu vonlausu fyrirtækin sem kalla á aukna skatta á almenning, lægri laun og gengislækkun mörgum sinnum á ári. Það er búið að eyða milljörðum í grátsjóði vegna misskilnings, milljörðum í vonlaus fyrirtæki og ævintýri. Þetta er þjóðin að borga með erlendum lánum og þjóðfélagslega verri afkomu.

Góðir Íslendingar. Við stöndum á þröskuldi nýrra tíma. Hraðfara breytingar í Evrópu eiga sér nú stað. Evrópubandalagið hefur sett markið á árið 1992. Nú þegar hafa átt sér stað miklar breytingar og unnið er hörðum höndum við að hafa allt tilbúið árið 1992. Austur-Evrópa titrar og kommar viðurkenna mistök sín í nánast öllum málaflokkum. En hér á landi hefur nýfélagshyggjan gengið á vit sömu aðferða og kommúnistar eru búnir að gefast upp við. Miðstýrðir ölmusujóðir undir stjórnmálalegri forsjá og barnaleg trú á forræði ríkisins munu koma okkur í koll í framtíðinni. Fjöldi fólks hefur þegar gert sér grein fyrir þessu.

Hæstv. forseti. Í alþjóðamálum eru þeir atburðir að gerast sem erfitt er að segja um hvert leiða. Kommúnisminn er hruninn. Evrópubandalagið er að rísa. Ríkisstjórn Íslands er hikandi og án stefnu. Utanrrh. flöktir á milli landa án þess að vita hvað hann eða ríkisstjórnin vill. Við stöndum frammi fyrir breyttum tímum.

Nú í haust átti ég þess kost að eiga viðræður við sendinefndir frá Póllandi, Ungverjalandi, Júgóslavíu og Sovétríkjunum. Þær viðræður eru mér minnisstæðar og nú eftir nokkra daga mun forseti Frakklands koma til landsins til að eiga viðræður við ríkisstjórn Íslands. Hann mun ræða um það við ríkisstjórn Íslands að Póllandi, Ungverjalandi, Júgóslavíu og Sovétríkjunum verði boðin aðild að EFTA. Hann mun einnig ræða mögulega inngöngu Íslands í Evrópubandalagið. En í dag gætu, eins og sakir standa, Noregur og Ísland gerst aðilar að Evrópubandalaginu, einar þjóða EFTA, vegna afstöðu sinnar til varnarmála. Fyrir liggur að tilvera Austur-Þýskalands er úr sögunni, aðeins kommúnisminn kemur í veg fyrir að Þýskaland verði sameinað í eitt ríki eða ríkjasamband. Öll þessi atriði benda til þess að við eigum strax að sækja um aðild að Evrópubandalaginu með okkar skilyrðum. Sannleikurinn er nefnilega sá að aðeins með því að ræða við ráðamenn Evrópubandalagsins getum við gert okkur grein fyrir því hvort aðild okkar kæmi til greina.

Góðir áheyrendur. Ég vil fyrir hönd Frjálslynda hægri flokksins þakka ykkur fyrir þessa kvöldstund. Lifið heil.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Á síðustu vikum og mánuðum hefur kveðið við einkennilegan tón í stjórnmálaumræðunni á Íslandi. Í stað þess að ræða opinskátt um vandamál þessa fámenna þjóðfélags á norðurhjara veraldar, framtíð þess, menningu og afstöðu til umhverfis síns hafa ýmsir foringjar stjórnarandstöðunnar reynt að draga umræðuna niður í svaðið. Kveður svo rammt að því að allt virðist snúast um það að færa sönnur á að forustumenn stjórnarflokkanna séu siðspilltir, valdagírugir eiginhagsmunaseggir sem leggja nótt við dag til að finna nýjar aðferðir til að pína landslýð. Á næsta leiti eru hins vegar riddarar stjórnarandstöðunnar á hvítum fákum reiðubúnir til að bjarga þjóðinni úr þessum álögum. Illu heilli búa flestir þessir riddarar stjórnarandstöðunnar í glerhúsi og kasta þaðan grjóti sínu. Mikið held ég að glerbrotunum rigni nú yfir sjálfstæðismenn.

Þetta er ljótur leikur því það vita allir sem vilja hugleiða þessi mál af sanngirni að þeir sem gefa sig að stjórnmálum á Íslandi eru hver á sinn hátt að reyna að láta gott af sér leiða. Flestir ef ekki allir þm. vinna langan vinnudag og vilja landi og þjóð allt hið besta. Því er þessi umræða afar hvimleið. Ég hef engan áhuga á því að taka þátt í henni. Þótt sjálfstæðismenn kjósi að eyða tíma sínum og kröftum í að finna einhverja ímyndaða siðferðisbresti í fari forustumanna stjórnarflokkanna mun ég eftir sem áður leitast við að hafa umræðuna málefnalega. Við í Borgfl. höfum meiri áhuga á því að velta fyrir okkur framtíðinni og hvernig við getum byggt upp manneskjulegt þjóðfélag á Íslandi þar sem atvinnulífið og menning okkar blómstrar hlið við hlið.

Eins og öllum er kunnugt ákvað þingflokkur og aðalstjórn Borgfl. að ganga til liðs við fráfarandi stjórnarflokka um myndun nýrrar ríkisstjórnar í byrjun september eftir viðræður sem höfðu staðið yfir með hléum frá því í janúar á þessu ári. Valkostir Borgfl. voru greinilega tveir. Í fyrsta lagi gátum við hafnað með öllu að ganga til samstarfs við ríkisstjórnina og þannig knúið fram kosningar nú í haust. Þeim möguleika var vissulega velt fyrir sér í stjórn Borgfl. í sumar sem leið. Við vorum ekkert hræddir við kosningar, enda með mjög góða málefnalega stöðu.

Í öðru lagi var um að ræða að ganga til þessa stjórnarsamstarfs og reyna að hafa sem jákvæðust áhrif atvinnulífinu og fólkinu í landinu til heilla. Í raun voru það sjálfstæðismenn sem auðvelduðu okkur að taka lokaákvörðun. Málflutningur þeirra einkenndist m.a. af miklu skítkasti í garð Borgfl. og sú afstaða Sjálfstfl. til þjóðfélagsins í heild sem hefur

birst landsmönnum nú í sumar og í haust er ógnvekjandi. Hörðu markaðshyggjukerfi er greinilega ætlað að leggja framleiðsluatvinnuvegi landsmanna í rúst. Þeir eru ekki taldir nógu arðbærir. Menn eiga að lifa á því að flytja inn vörur frá útlöndum og selja hver öðrum verðbréf, flytja innistæður milli banka í takt við hækkun vaxta. Frumframleiðslan má eiga sig og á helst að leggjast af því að hún borgar sig ekki með því vaxtastigi sem frjálshyggjupostularnir telja að eigi að vera á Íslandi.

Tilraun í þessa átt var gerð undir forustu Sjálfstfl. í ríkisstjórninni sem var mynduð eftir kosningarnar 1987. Öllum ættu að vera í fersku minni afleiðingarnar fyrir atvinnulífið sem nánast var að þrotum komið haustið 1988 þegar sú stjórn hrökklaðist frá völdum við lítinn orðstír. Stjórn Borgfl. taldi það því ekki vænlegan kost að stuðla að því nú í haust að afhenda Sjálfstfl. öll völd í landinu, eyðileggja þar með þær björgunaraðgerðir í þágu útflutningsfyrirtækjanna sem nú eru langt komnar með að skila þvílíkum árangri að staða þeirra er aftur orðin viðunandi. Þrátt fyrir mikinn aflasamdrátt og minnkandi þjóðartekjur er gott jafnvægi í peningamálum og verðbólga á niðurleið. Það hefðu einhvern tíma þótt góð tíðindi. Því ríður á að sá þingmeirihluti sem hefur skapast með þátttöku Borgfl. í ríkisstjórn beri gæfu til að halda saman út kjörtímabilið og framfylgja þeirri stefnu sem dugar við þessar erfiðu aðstæður til að koma okkur í gegnum þetta samdráttarskeið sem áfallaminnst. Að eiga þátt í að mynda og treysta þennan þingmeirihluta er hið sögulega hlutverk Borgfl. sem hann er staðráðinn í að rækja af festu og eindrægni.

Það er samstaða um það hjá stjórnarflokkunum að brátt verði hægt að setja endapunkt fyrir aftan skuldbreytingu og millifærslu til útflutningsgreinanna. Skuldbreytingasjóðunum verði komið fyrir hjá bankakerfinu og ríkisvaldið hætti að hafa bein afskipti af atvinnulífinu. Skylda stjórnvalda er hins vegar sú að tryggja atvinnurekstri landsmanna sem hagstæðust ytri skilyrði en standa jafnframt vörð um það velferðarkerfi sem þjóðin er sammála um. Að öðru leyti eiga stjórnvöld að láta atvinnuvegina í friði nema þau hafi eitthvað jákvætt fram að færa varðandi þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Fastgengisstefnan í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er dæmi um neikvæð afskipti af atvinnulífinu. Hún miðar af því að halda uppi fölskum kaupmætti í landinu á kostnað útflutningsframleiðslunnar. Það heitir á alþýðumáli að pissa í skóinn sinn. Því lagði Borgfl. áherslu á það í hinum nýja stjórnarsáttmála að gengisskráning íslensku krónunnar skuli taka mið af afkomu útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði og því markmiði að viðhalda jákvæðum viðskiptajöfnuði. Það verður að verða sú hugarfarsbreyting meðal þjóðarinnar að útflutningsframleiðslan hafi algeran forgang. Við lifum ekki af innflutningi og í einhverjum hávaxtaleik. Við getum ekki haldið við fölskum kaupmætti á erlendum lánum. Þess vegna viljum við afnema óþarfa höft og hömlur sem setja útflutningsversluninni og gjaldeyrisviðskiptunum þröngar skorður. Við viljum skapa hagstæðara rekstrarumhverfi fyrir útflutnings- og framleiðslufyrirtækin og búa þau þannig undir hina vægðarlausu samkeppni sem hinn stóri markaður Evrópulandanna mun hafa í för með sér eftir 1992. Hins vegar verðum við að gera þá kröfu til útflutnings- og framleiðslufyrirtækjanna að þau séu rekin af ýtrustu hagsýni og aðhaldssemi. Við viljum ekki verðlauna skussana.

Því er ekki að leyna að sá samdráttur sem hefur orðið í íslensku efnahagslífi hefur farið mjög illa með launþega, einkum þó lágtekjufólkið. Því hefur Borgfl. barist fyrir því að lækka verð á matvælum og öðrum nauðsynjum heimilanna. Áfangasigur næst í þeirri baráttu um áramót, en þá lækkar verð á helstu innlendum matvælum um 10%. Um það blandast engum hugur að verðlag í landinu er of hátt. Því verður að leita leiða til að draga úr skattlagningunni, en það verður ekki gert í einu vetfangi.

Við sitjum uppi með allt of viðamikið velferðar- og menntakerfi sem þessi fámenna þjóð ræður ekkert við. Á næstu árum verður að leita allra leiða til að einfalda þetta kerfi og draga úr því á allan hátt án þess þó að skerða um of þá þjónustu sem við viljum búa við. Öðruvísi verður ekki hægt að lækka beina eða óbeina skatta. Allir geta verið sammála um að 26% virðisaukaskattur er nánast óðs manns æði. Það er því umhugsunarvert að þrátt fyrir einhvern mesta niðurskurð á útgjöldum ríkisins sem hefur sést um áraraðir og þennan háa neysluskatt er gert ráð fyrir miklum halla á fjárlögum. Hefðu menn viljað halda virðisaukaskattinum í 22% eins og var fyrirhugað og öðrum sköttum óbreyttum var ekki um annað að ræða en loka fjölmörgum skólum, bæði grunnskólum og æðri skólum, t.d. Háskólanum á Akureyri, svo og mörgum heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum vítt um land, loka ýmsum öðrum ríkisstofnunum og hætta við framkvæmdir í vega- og hafnagerð. Það tekur sinn tíma að ná samstöðu um slíkar aðgerðir. En þær verða e.t.v. ekki umflúnar. Það verður að vinna að því á næstu árum að lækka óbeina skatta til samræmis við það sem gerist í næstu nágrannalöndum okkar svo samkeppnisstaða okkar verði ekki með öllu vonlaus.

Borgfl. hefur fengið mörg mikilvæg verkefni í hinni nýju ríkisstjórn, m.a. það verkefni að undirbúa nýja stefnumótun í atvinnumálum. Sú vinna er hafin af fullum krafti og verður ekkert dregið undan. Það er ljóst að við verðum að fara að gera það upp við okkur hvað við ætlum að fást við á næstu árum og áratugum. Við eigum mikla ónotaða möguleika í að fullnýta sjávarafurðir og framleiða tilbúna rétti sem við getum komið á markað erlendis með því jafnvel að kaupa hlut í hinum stóru matvælafyrirtækjum nágrannalandanna. Við eigum mikla hagleiks- og uppfinningamenn sem hafa þróað ýmiss konar hátæknibúnað fyrir sjávarútveg. Upp hafa risið nokkur hérlend iðnfyrirtæki til framleiðslu á slíkum búnaði sem hafa vakið heimsathygli. Þekking okkar á hátæknifiskveiðum og vinnslu sjávarafla er verðmætari en okkur

grunar. Mörg erlend ríki, t.d. Arabalöndin, leita nú eftir samstarfi og viðskiptum við Íslendinga á þessu sviði. Ýmsir horfa vonaraugum til stóriðju og orkuiðnaðar. Góðar líkur eru nú á því að það náist samkomulag um stækkun álversins í Straumsvík og auknar virkjunarframkvæmdir í tengslum við hana. Borgfl. styður heils hugar alla viðleitni til þess að ná þessum samningum. Með þeim miklu framkvæmdum sem þeir leiða af sér má skapa atvinnu fyrir um þúsund manns, en nokkur varnaðarorð eru þó við hæfi. Við megum ekki láta stóriðjudraumana trufla hina nauðsynlegu atvinnuuppbyggingu um land allt og leit að nýsköpun í atvinnulífinu. Stóriðjusamningur er lottóvinningur. Sá sem vinnur í lottóinu hættir hins vegar ekki að vinna sín venjulegu störf og fer að treysta algerlega á lottóið. Þá megum við ekki fara að karpa um staðsetningu stóriðjufyrirtækja. Við getum ekki pantað lottóvinninginn á einhvern ákveðinn stað. Náum við stóriðjusamningi græðir öll íslenska þjóðin.

Undirbúningur að stofnun nýs umhverfisráðuneytis svo og yfirumsjón umhverfismála fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar til ráðuneytið er lögformlega orðið að veruleika er meðal annarra stórra verkefna sem Borgfl. hefur tekið að sér í ríkisstjórn. Umhverfismál eru mál framtíðarinnar. Gífurleg vakning á sér nú stað um allan heim þar sem krafan um betra umhverfi og óspillta náttúru víkur til hliðar lífsgæðakapphlaupinu og neytendaþjóðfélaginu. Áður voru það ýmsir utangarðshópar svo sem lopapeysuklæddir hippar og grænfriðungar og aðrir slíkir sem einir ræddu umhverfismál. Nú eru þau hins vegar efst á baugi þegar æðstu valdamenn heimsins hittast og ræða saman.

Við Íslendingar eigum hlutverki að gegna í því alþjóðlega samstarfi sem nú fer í hönd á sviði umhverfisverndar. En fyrst verðum við að sjálfsögðu að taka til í eigin bakgarði. Við verðum að stöðva gróðureyðinguna og koma í veg fyrir alla ónauðsynlega mengun lofts, láðs og lagar. Því er það mikilvægt að við byggingu stóriðjufyrirtækja svo og auðvitað allra annarra fyrirtækja á Íslandi verði gætt ýtrustu varúðar og mengunarvarnir eins fullkomnar og nokkur kostur er á. Íslendingar eiga að hasla sér völl á sviði mengunarvarna. Við fáum kjörið tækifæri til þess þegar stækkun álversins í Straumsvík hefst. Við eigum að láta íslenska tæknimenn og íslensk fyrirtæki hafa þar eins mikið frumkvæði og framast er unnt. Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið tekin ákvörðun um að stofna sérstakan umhverfisverndarfjárfestingarsjóð. Er honum aðallega ætlað að fjármagna mengunarvarnir í Austur-Evrópulöndunum en iðnfyrirtæki þeirra spúa nú eldi og eimyrju yfir Norðurlöndin. Norræn fyrirtæki á þessu sviði geta nú boðið fram samstarf og fjármagn til að leysa mengunarvandamál Pólverja og Austur-Þjóðverja svo að dæmi séu tekin. Íslendingar eiga hiklaust að fara í þetta samstarf og láta ekki hin Norðurlöndin stinga þessum sjóði í vasann.

Góðir landsmenn. Við eigum góða og bjarta framtíð fyrir höndum í þessu góða og gjöfula landi þótt tímabundið syrti í álinn. Látið ekki ómerkilegt karp í líkingu við það sem ég fjallaði um í upphafi máls míns villa ykkur sýn. Við erum ekki nema 250 þúsund manns sem byggjum Ísland. Við erum eins og lítil fjölskylda í mannhafi heimsins. Við skulum því snúa bökum saman og vinna sem einn maður að því að skapa betra þjóðfélag þar sem allir hafa nóg að bíta og brenna. Það verður hins vegar ekki gert með því að eyða öllum tíma og kröftum í það að níða niður náungann. — Ég þakka áheyrnina.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Ég flyt ykkur kveðju úr Austurstræti. Um daginn var ég þar á göngu og hitti ungan dreng. Við fórum að spjalla saman og ég spurði hann hvernig faðir hans hefði það. Hann drúpti höfði og sagði: „Hann pabbi minn er dáinn. Hann þoldi það aldrei þegar fyrirtækið varð gjaldþrota svo hann svipti sig lífi", þar sem hann labbaði út strætið dapur í bragði. Ég flyt ykkur kveðju þessa drengs.

Það urðu um 1000 fyrirtæki og einstaklingar gjaldþrota á síðasta ári. Í ár verður talan yfir 2000. Guð einn veit hvað það verða mörg gjaldþrot á næsta ári. En hverju gjaldþroti tengist hópur af fólki, bæði fullorðið fólk, ung börn, fólk missir kjarkinn og heimilin leysast upp. Gjaldþrot er vergangur nútímans, vergangur í velferðarþjóðfélagi.

Nú verður aldrei með öllu komið í veg fyrir öll gjaldþrot. En það má draga úr fjölda þeirra. Hér taki sá sneið sem á, en við breytum ekki gangi sögunnar. Við búum við okurvexti, við búum við matarskatt og við búum við ranga skráningu á gengi krónunnar. Þetta ástand er fyrst og fremst arfur frá síðustu ríkisstjórn Sjálfstfl., sömu ríkisstjórn og nú hímir álengdar og fitnar eins og púkinn á fjósbitanum og falast eftir trausti kjósenda í skjóli skoðanakannana. Þetta er kjarni málsins og honum megum við ekki gleyma. Það var Sjálfstfl. sem lagði vextina í hendur okurkörlum. Það var Sjálfstfl. sem lagði matvælin í hendur skattheimtumönnum. Og það var Sjálfstfl. sem lagði útflutninginn í rúst með föstu gengi.

Góðir Íslendingar. Við verðum að lækka vextina strax í dag. Við verðum að leggja matarskattinn niður strax í dag, við þurfum að skrá gengi krónunnar á réttu verði strax í dag og við þurfum að útvega útflutningsgreinunum ódýra peninga frá öðrum löndum strax í dag. Þá mun atvinnulífið spjara sig, þá munu heimilin spjara sig og þá mun ríkiskassinn spjara sig.

Góðir landsmenn. Ég flyt ykkur kveðju úr Austurstræti og býð góða nótt.

Guðmundur Ágústsson:

Góðir áheyrendur. Við höfum hlýtt á boðskap forsrh. og heyrt á hverju við megum eiga von næstu missirin. Því miður er staðan ekki glæsileg og útlitið fram undan gefur ekki tilefni til bjartsýni. Þriðja árið í röð stefnir í samdrátt þjóðartekna með tilheyrandi áhrifum á íslenskt efnahagslíf. Þegar svo er ástatt í

þjóðarbúinu er rýrnun kaupmáttar óumflýjanleg. Höfuðmarkmið þessarar ríkisstjórnar verður að vera að koma í veg fyrir að fyrirsjáanleg skerðing kaupmáttar komi niður á þeim sem lakast eru settir og koma í veg fyrir að samdrátturinn leiði til stórfellds atvinnuleysis.

Það var okkur borgaraflokksmönnum ljóst í viðræðunum í sumar að hverju stefndi. Lagði flokkurinn því höfuðáherslu á lækkun matarverðs með tveimur þrepum í virðisaukaskatti, þar sem lægra þrepið yrði á matvælum og öðrum lífsnauðsynjum heimilanna. Þó krafan hafi ekki náðst til fulls, þá verður um næstu áramót stigið áfangaskref til lækkunar verðs á helstu matvælum. Atvinnuleysi hefur gert vart við sig í kjölfar þessa samdráttar og dregið hefur úr eftirvinnu hjá mörgum. Er þetta eitt af þeim málum sem ríkisstjórnin verður að taka á á næstu mánuðum eigi hún að standa undir þeim væntingum sem við borgaraflokksmenn gerum til hennar. Við verðum að marka okkur nýja atvinnustefnu og nýta af skynsemi þær auðlindir sem við eigum. Við verðum að komast úr því fari að benda á möguleikana með fögrum orðum. Þess í stað þurfum við að hefjast handa af alvöru og nýta þá miklu fjárfestingu sem við höfum sett í menntun fólks. Það er einkennilegur hugsunarháttur sem ríkt hefur að styðja við bakið á öllum þeim sem leita vilja sér menntunar og eyða til þess óhemjufé en gefa þessu fólki síðan ekki tækifæri á að nýta menntunina til hagsbóta fyrir þjóðfélagið.

Örlög margra hugsandi manna sem lagt hafa sig í óhemjuvinnu við að leita að þekkingu hafa verið starf hjá ríkinu þar sem framtak og háleitar hugmyndir hafa fengið snöggan endi. Að hasla sér völl á hinum almenna vinnumarkaði þar sem aðstæður eru þannig að lánafyrirgreiðsla er engin og skilningur opinberra aðila er lítill er vísasta leiðin til glötunar. Þar er einnig við hagsmunaaðila að etja sem vilja engar breytingar og ríkisvaldið lætur sitt ekki eftir liggja með skattheimtu. Við getum talað um möguleikana sem bíða unga fólksins en við skulum ekki fara mörgum orðum um þá sem reyndu og mistókst. Framtíðarsýn eins og nú horfir er ekki björt en vonandi tekst þessari ríkisstjórn að marka þannig atvinnustefnu að draumur hugsjónamannsins verði að veruleika.

Góðir áheyrendur. Á síðustu mánuðum hefur farið fram ein lágkúrulegasta stjórnmálabarátta sem sögur fara af á Íslandi. Í stað spurningarinnar um markmið og leiðir í stjórnmálum er blásið úr gjallarhorninu í Valhöll til upprætingar spillingar. Að sjálfsögðu styðjum við borgaraflokksmenn aðgerðir til að uppræta spillingu innan ríkiskerfisins en þegar spjótin beinast að einstökum mönnum í mynd ofsókna og skaða störf Alþingis þá er komið út fyrir þau mörk sem við borgaraflokksmenn getum sætt okkur við. Sú baráttuaðferð að höfða til lægsta stigs mannlegra tilfinninga á ekki að eiga heima í stjórnmálum og skömm sé þeim sem taka upp slík vinnubrögð.

Borgfl. kom ekki inn í íslensk stjórnmál til að gerast böðull spillingarinnar heldur færa það sem aflaga hefur farið til betri vegar. Undir yfirstjórn ráðherra Hagstofu Íslands fer nú fram tillögugerð um endurskipulagningu á Stjórnarráði Íslands og gerð frv. um starfsemi, uppbyggingu og skipulag ráðuneytanna. Það er ekki vanþörf á að slíkt verk verði unnið. Ekki það að starfsmenn sinni ekki skyldum sínum og leysi ekki verk sín af hendi heldur er uppbygging ráðuneytanna með þeim hætti að erfitt er að gera sér grein fyrir samskiptum undir- og yfirmanna og hverjir eru undirmenn og hverjir eru yfirmenn. Í þeim 13 ráðuneytum sem eru nú við lýði eru fyrir utan ráðherra, aðstoðarráðherra og ráðuneytisstjóra 34 skrifstofustjórar og 97 deildarstjórar yfir 40 deildum sem að vísu sum ráðuneytin hafa kosið að kalla svið. Sumir þessara deildarstjóra hafa engin mannaforráð og aðrir hafa óljós verkefni.

Æviráðning embættismanna hefur gengið sér til húðar og sú þörf sem var er ekki lengur fyrir hendi. Ríkisvaldið verður að laga sig að þörfum tímans og haga sér í samræmi við þær reglur sem almennt gilda í þjóðfélaginu. Sá hugsunarháttur að sá sem ræðst í þjónustu ríkisins skuli þar með æviráðinn, hvernig sem hann stendur sig í starfi, verður að hverfa.

Endurskipulagning Stjórnarráðsins lýtur ekki aðeins að starfsmönnum heldur einnig þeim verkefnum og málaflokkum sem skipa á undir hvert ráðuneyti. Frá því stjórnarráðslögin voru sett árið 1969 hafa orðið miklar þjóðfélagslegar breytingar og verða ráðuneytin eins og aðrar stofnanir að laga sig að þörfum fólksins. Skilgreina verður því hvert ráðuneyti upp á nýtt og hliðra til verkefnum á milli ráðuneyta, fella sum niður og sameina önnur.

Nýtt umhverfisráðuneyti er nú um það bil að líta dagsins ljós, en sá málaflokkur er orðinn einn fyrirferðarmestur á alþjóðavettvangi enda blasa við þjóðum heims ógnvænleg vandamál í umhverfismálum.

Við Íslendingar teljum sjálfum okkur trú um að við búum hér í hreinu landi og við tært andrúmsloft og að við höfum ekki sömu vandamál og aðrar þjóðir. Það er því miður misskilningur. Umhverfið varðar alla jarðarbúa og mengun eins lands er vandamál alls heimsins. Trú mín er sú að athygli manna á næstu árum og áratugum beinist öðrum málum frekar að umhverfismálum enda er um ógn að ræða sem er hættulegri en tilvist kjarnorkuvopna.

Góðir áheyrendur. Borgfl. gekk inn í núv. ríkisstjórn til þess að hafa áhrif á mótun þjóðmála og til að byggja upp hér gott mannlíf. Við vonum að störf okkar megi verða landi og þjóð til hagsældar. — Lifum heil.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það var 16. sept. sl. sem rógsherferðin gegn þeim sem hér stendur byrjaði og hún hefur staðið allar götur síðan eins og tilheyrendur mínir heyrðu áðan í ræðu Friðriks Sophussonar, 1. þm. Reykv. Það var Alþýðublaðið sem hóf þessa rógsherferð. Það var Dagblaðið sem tók undir hana og síðan Morgunblaðið. Og formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson 1. þm. Suðurl., lét sig hafa það að lepja upp ruglið úr Dagblaðinu og

Alþýðublaðinu. En lengst gekk Björn Bjarnason, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins. Hann ritaði grein í Morgunblaðið sem var um hæstaréttardómarann og hann hóf þá grein á formála þar sem hann lýsti hvernig farið hefði fyrir Papos-flokknum í Grikklandi og var að líkja því saman við það sem var að gerast hér og fyrst og fremst í kringum mig. Og síðan segir hann í grein sinni orðrétt, með leyfi forseta:

„Við sjáum hér hvernig ráðherrar og ríkisstjórn standa vörð um Stefán Valgeirsson alþingismann og allt sem fyrir hann hefur verið gert á kostnað almennings til tryggingar stuðningi hans við ríkisstjórnina. Þar eru gífurlega miklir opinberir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og stjórnmálamennirnir fara sínu fram og stjórnkerfið snýst í kringum þá."

Ég ritaði ritstjórum Morgunblaðsins opið bréf og lagði fyrir þá nokkrar spurningar út af þessum skrifum. Ég hef sjaldan eða aldrei heyrt vesældarlegri svör en þeir komu með. Ég vil hér koma með eina af þessum spurningum sem var þannig, með leyfi forseta:

„Hvaða gífurlegum opinberum fjárhagslegum hagsmunum almennings hefur verið fórnað til þess að tryggja stuðning minn við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar?"

Svarið var: „Millifærslu- og sjóðakerfið sem núv. ríkisstjórn stendur að með stuðningi Stefáns Valgeirssonar veitir gífurlegum fjárhæðum og er þar í húfi fé almennings. Það eru orð Stefáns sjálfs að fjárhagslegum hagsmunum almennings muni hafa verið fórnað til þess að tryggja stuðning hans við ríkisstjórnina."

Þessi tilvitnuðu orð munu hafa verið höfð eftir mér þegar fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð og það var í sambandi við það hvernig var búið að leika landsbyggðina. Það var búið að fórna gífurlegum fjármunum. Það var búið að sjúga atvinnuvegi og einstaklinga með okurvöxtum. Og svo leyfa þessir herrar, formaður Sjálfstfl. og fyrrverandi varaformaður Sjálfstfl., sér að tala eins og þeir gerðu hér áðan, mennirnir sem stóðu upp frá öllu í strandi og flúðu skipið. Nú tala þeir digurbarkalega og nú segja þessir menn að það sé þessari ríkisstjórn að kenna hvernig komið er. Ég hef orðið vitni að því að menn hafa kvartað yfir 22% vöxtum á gráa markaðnum sem Þorsteinn Pálsson vildi vernda og fékkst ekki, þegar hann var fjmrh., til þess að gera ráðstafanir til að koma böndum á þennan markað. Og nú tala þessir menn um frelsi. Um frelsi alls. Frjálsa vexti, áfram verðtryggingu, frjálsan fjármagnsmarkað og jafnvel vinnuafl frá öðrum löndum. En hvað er að gerast í okkar þjóðlífi? Var ekki sagt frá því hér fyrir nokkru að útlendingar væru að kaupa í fyrirtæki á Vesturlandi, í fiskvinnslufyrirtæki? Og vita menn ekki dæmi þess að ýmsir þeir, sem hafa verið að kaupa báta erlendis frá, hafa fengið fyrirgreiðslu erlendis til að tryggja sér afla? Hvað halda menn að gerist ef frelsi, fjármagnsfrelsi útlendinga verður ótakmarkað hér? Hafa menn hugsað þá hugsun til enda?

Í sambandi við þessa rógsherferð gagnvart mér, hvað er nú á bak við það að ég hafi verið studdur í þessa sjóði af núv. ríkisstjórn? Ég var kosinn í bankaráð Búnaðarbankans og Stofnlánadeildina í ársbyrjun 1985. Var þessi ríkisstjórn þá? Ég var kosinn í Byggðastofnun af Alþb., Kvennalista og Borgfl. eftir síðustu kosningar. Voru það verk þessarar ríkisstjórnar? Þetta vissu þeir vel, Þorsteinn Pálsson og Friðrik Sophusson. Og það eina sem ég hef heyrt að þeir hafi áhuga fyrir í sambandi við fjárlagafrv. er það að aðstoðarmaður minn, sem samið var um að ég fengi, *falli af launaskrá*. Það er það *eina* sem ég hef heyrt þá a.m.k. leggja áherslu á. Þannig er nú vanþekkingin.

En getur það verið að þau öfl sem standa á bak við þessa rógsherferð gegn sjötugum manni sem er, eins og þið sjáið, orðinn hvíthærður, sé eingöngu gerð til þess að ærumeiða hann og sverta í augum alþjóðar? Ætli það sé ekki frekar vegna þess að ég hef reynt, og mín samtök, að verja landsbyggðina fyrir áframhaldandi áföllum? Ætli það geti verið vegna þess að við höfum lagt áherslu á að við það verði miðað að dregið sé úr launa- og aðstöðumun í þjóðfélaginu og gerðar verði allar tiltækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi? Ætli það geti verið vegna þess — eða maður gæti ætlað það af þeim málflutningi sem hér *hefur heyrst að undanförnu — að ég studdi* þessa ríkisstjórn fyrst og fremst til þess að það yrðu ekki stöðvuð atvinnufyrirtækin úti á landsbyggðinni? Getur það verið fyrir það? Eða ætli það sé fyrir það að við viljum gera ráðstafanir til þess að bæklaðir og sjónskertir þurfi ekki að bíða jafnvel svo árum skiptir eftir aðgerð eins og nú er? Eða sömuleiðis að foreldrar lamaðra og þroskaheftra barna eigi þess kost að vistun fyrir börn þeirra verði nálægt heimabyggð án þess að kostnaður verði þeim ofviða? Eða ætli það geti verið vegna þess að við höfum viljað fá fjármuni til þess að auka fjölskylduvernd og forvarnir? Því margt bendir til þess að uppeldisskilyrðum barna víða um land sé ábótavant og réttur þeirra fyrir borð borinn. Ætli það sé *ekki fyrir eitthvað af þessum málflutningi frekar en* persónan Stefán Valgeirsson?

Þið hafið sjálfsagt tekið eftir því að í gærkvöldi voru talsmenn útgerðar á Suðurnesjum að tala um það hvaða ástæður lægju til þess að það hefði verið seldur mikill kvóti frá Suðurnesjum. Þeir tóku það fram að það væri fyrst og fremst vegna þess hvernig rekstrarskilyrði hefðu verið fyrir sjávarútveginn á árinu 1988. Hvað segir þetta okkur? Það var í fréttum í kvöld að tvö kaupfélög voru gjaldþrota. Ég hef bent á það alla tíð, til hvers það mundi leiða ef þetta fjármagnsokur mundi halda áfram. Í mars 1988 sendi ég opið bréf til þings og þjóðar vegna þess ástands sem hefði skapast með vaxtaokrinu, og hluti af því bréfi var á þessa leið:

> Flokkarnir gáfu fyrirheit
> um félagslegt jafnrétti í raun,
> bæta aðstöðu í bæjum og sveit,
> borga lífvænleg laun,
> lækka verðbólgu og lánakjör,
> loforðin mörg og góð.
> Íhaldsstjórn var svo ýtt úr vör
> eftir stóð þjóðin hljóð.

Fjármagnið sýgur framleiðsluna
og fátækan almenning,
skattinn fræga á matinn muna
margir sem kjósa á þing.

Dagblaðið sagði frá því í maímánuði sl. að Ríkisendurskoðun hefði verið með harða ádrepu á Jón Helgason vegna búvörulaganna og talið að það væri um einn milljarður sem hefði verið greiddur sem ekkert leyfi var fyrir. Nú eru tveir lögfræðingar búnir að láta álit sitt í ljósi um þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar. Og ég veit um fleiri lögspekinga sem hafa athugað þessa skýrslu og komist að sömu niðurstöðu. Er ekki kominn tími til fyrir þessa virðulegu stofnun, Alþingi Íslendinga, að láta skoða þessi vinnubrögð og það sem ég vil kalla dómsvald sem þeir hafa tekið sér í hendur miðað við þá niðurstöðu sem er í þessari umræddu skýrslu?

Það var haft eftir Davíð Oddssyni borgarstjóra þegar hann ákvað framboð sitt til varaformanns Sjálfstfl. nú á dögunum að hann hefði gert þetta fyrir Friðrik Sophusson að bjóða sig fram. Í helgarviðtali sem kom í DV við Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., sagði hann: „Ég er frjáls." Maður sem hefur verið frjáls kemst ekki þannig að orði. Það eru ekki nema þeir sem finna fyrir því að þeir eru í raun og veru ekki frjálsir og maður hefur ástæðu til að ætla að það séu fleiri sjálfstæðismenn sem finni þannig til miðað við þeirra ræður hér á Alþingi og það sem maður hefur heyrt í fjölmiðlum.

Góðir Íslendingar. Við þurfum ekki að horfa með kvíða til framtíðarinnar ef við á annað borð kunnum að stjórna okkur, kunnum að lifa í þessu landi og gera ráðstafanir til þess að reyna að jafna lífskjörin. Það er krafa okkar samtaka að lífskjörin verði jöfnuð og gerðar ráðstafanir til þess að það sem við lifum á, þ.e. framleiðslan, hafi rekstrarmöguleika þannig að hún þurfi ekki að bæfa þannig til að svo líti út að það séu styrkveitingar sem hún lifir á vegna þess að framleiðslan er það sem er auðsuppsprettan fyrir okkur. Það er bara verið að skila svolitlum hluta af því aftur til baka með þessum styrkveitingum. — Góða nótt.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þegar gagnrýni sjálfstæðismanna á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er metin þurfa menn að hafa í huga hvers vegna og við hvaða aðstæður þessi ríkisstjórn var mynduð. Það er ekki nema ár síðan ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá völdum og skildi eftir byggðarlög og atvinnulíf í rúst. Sjálfstfl. var í raun ekki einn í ríkisstjórn, en sem forustuafl í þeirri ríkisstjórn bar hann meginábyrgð. Undir forustu Sjálfstfl. var gengi íslensku krónunnar haldið föstu í mikilli verðbólgu sem í raun varð til þess að verðstöðvun var sett á helstu undirstöðuatvinnugreinar Íslendinga við mjög erfiðar aðstæður. Undir forustu Sjálfstfl. var eigið fé undirstöðuatvinnugreinanna brennt upp, langt niður fyrir hættumörk, notað til þess að borga niður verðbólgu og halda uppi lífskjörum. Á þeim tíma lét ég í ljós þá skoðun mína við marga fjölmiðla að fastgengisstefnan við þær aðstæður væri hættulegasta efnahagsstefna sem ég hefði séð í framkvæmd á Íslandi. Undir forustu sjálfstæðismanna urðu gífurlegar eignatilfærslur í þessu landi milli landshluta, milli byggðarlaga og milli atvinnugreina. Undir forustu sjálfstæðismanna — og takið eftir, það er ekki nema rúmt ár síðan — lá við að allur sjávarútvegur á Íslandi stöðvaðist og það blasti við fjöldaatvinnuleysi.

Á síðasta aðalfundi Vinnuveitendasambandsins risu upp ýmsir stuðningsmenn Sjálfstfl. og þeir töluðu um slysaárið 1987. Þeir töluðu um árið 1987 sem ár hinna mörgu mistaka. Einn kunnasti endurskoðandi landsins flutti þar talnarunu og gerði grein fyrir því að eignatilfærslurnar innan lands væru slíkar að úr því yrði ekki bætt, það yrði ekki leiðrétt. Er það hugsanlegt að menn séu búnir að gleyma því að það er ekki nema rúmt ár síðan ýmis helstu fjöldasamtök þessarar þjóðar spáðu því að sjávarútvegurinn væri allur að stöðvast og fjöldaatvinnuleysi blasti við? Er það hugsanlegt að Sjálfstfl., í málflutningi sínum núna, treysti því að íslenska þjóðin sé eins og tölva með tveggja mánaða minni og þeir geti þess vegna talað í vestur þó að aðgerðir þeirra séu allar í austur? Það er ekki nema ár síðan Sjálfstfl. gat engri samstöðu náð um efnahagsaðgerðir þrátt fyrir endalausar umræður og tillögur um efnahagsaðgerðir. Og hvað vilja þessir menn nú upp á dekk? Það var við þessar aðstæður sem núverandi ríkisstjórn var mynduð. Og hvernig hefur svo gengið?

Ég er einn þeirra sem gjarnan hefðu kosið að úrbætur hefðu gengið hraðar, en aðstæður voru óvenjuerfiðar í byrjun og við það bættist mikill samdráttur í efnahagslífi Íslendinga. Samdrátturinn í landsframleiðslu á árunum 1988–1990 er áætlaður 5%. Það er hvorki meira né minna en 15–16 þús. millj. kr. Það samsvarar tekjurýrnun hjá fjögurra manna fjölskyldu upp á 230–250 þús. kr. og það munar um minna.

Ég er alveg sannfærður um að fljótvirkasta leiðin til að fá hjólin til að snúast aftur var einmitt að stofna Atvinnutryggingarsjóð og skuldbreyta skammtímaskuldum fyrirtækjanna, stofna hlutabréfasjóð og auka eigið fé þeirra fyrirtækja sem í þrot voru komin og voru burðarás sinna byggðarlaga. Í því sambandi gef ég ekkert fyrir gagnrýni þeirra manna sem halda að lausn vandans liggi í því að látast ekki sjá erfiðleikana, fyrir gagnrýni þeirra manna sem auðvelda spurningarnar með það eitt að markmiði að geta sjálfir gefið svör sem þeir eru ánægðir með. Á þessu eina ári hefur talsverður árangur náðst. Milliuppgjör sýna það að grundvöllur er að nást fyrir sjávarútveginum og við erum að snúa dæminu við. Og ekki bara það. Ef samdráttarskeið fyrri tíma í efnahagslífi Íslendinga eru athuguð kemur í ljós að einmitt á samdráttarskeiðunum hafa Íslendingar misst verðbólguna upp og misst tök á viðskiptajöfnuðinum við útlönd. Núna, í þeim samdrætti sem við höfum búið við, hefur okkur ekki bara tekist að bæta rekstrargrundvöll útflutningsgreinanna, þó að skuldahalinn

sé enn þá gríðarlega erfiður frá forustutíð Sjálfstfl., heldur hefur líka, einmitt í þessum samdrætti, tekist að halda verðbólgunni niðri og viðskiptahallinn hefur minnkað, vöruskiptajöfnuðurinn hefur í reynd verið jákvæður. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa minnkað og atvinnustig er erfitt. Það er alveg rétt. En þar eigum við við að glíma gríðarlega erfiðar ytri aðstæður, mikinn samdrátt í landsframleiðslu eins og ég þegar hef lýst.

Því hefur að undanförnu oft verið varpað fram að þessi ríkisstjórn, sem nú situr, fimm flokka ríkisstjórn, hljóti að vera sjálfri sér sundurþykk vegna þess hve margir flokkar eru í henni. En það er nú einu sinni eðli lýðræðisins að verða að taka tillit til margra sjónarmiða ef lýðræðið á að vera virkt. Það er eðli lýðræðisins að leita málamiðlana. Ég styð þessa ríkisstjórn vegna þess að hún er einfaldlega sú besta sem kostur er á. Ég verð sjálfsagt ekki ánægður með allar hennar gjörðir nema hún færi þá í einu og öllu eftir stefnu Framsfl. sem ég reyndar á ekki von á.

En hvað með stóra flokkinn, Sjálfstfl.? Það er nú ekki auðvelt að stjórna með honum. Sjálfstfl. er í reynd fjölmargir flokkar. Hafa menn ekki tekið eftir því að hluti Sjálfstfl. er algjörlega á móti allri byggðastefnu? Hinn hlutinn telur sig í raun vera máttarstólpa byggðastefnunnar í landinu. Hluti Sjálfstfl. berst fyrir auðlindaskatti og veiðileyfasölu. Hinn hlutinn heldur sig algjörlega fast við kvótann. Hluti Sjálfstfl. berst fyrir frjálsum innflutningi landbúnaðarvara. Hinn hlutinn berst fyrir að halda þeirri landbúnaðarstefnu sem nú er við lýði. Hluti Sjálfstfl. berst fyrir óheftri frjálshyggju, en hinn hlutinn er sannir íhaldsmenn sem helst vilja engar breytingar. Þessi sundurleitu regnhlífasamtök ólíkustu sjónarmiða sem um getur í íslensku þjóðlífi virðast síðan halda saman eftir einhverju lögmáli sem helst mætti líkja við hagkvæmni stærðarinnar.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er nú að vinna sig út úr erfiðleikunum. Það eru vissulega erfiðleikar fram undan og veturinn verður erfiður. En þar fyrir framan birtir. Stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, ef samningar nást, mun auka þjóðartekjur um 4% og þó að klak þorsksins hafi misfarist nú um nokkur ár sé ég fyrir mér þá framtíð þegar seiðastöðvar strandlengjanna verða notaðar til að framleiða milljónir seiða, hjálpa klaki náttúrunnar, sleppa þessum seiðum og örva á ný þorskveiðarnar.

Við þurfum að auka ráðstöfunartekjur heimilanna. Við þurfum að stórlækka verð á matvælum. Við þurfum að koma á húsaleigubótum og við þurfum að lækka eignarskatt. Halli á ríkissjóði í samdrætti er miklu minna mál en í þenslu. Ríkissjóð og stofnanir ríkisins verður að skera upp. Ríkissjóður getur ekki sótt aukna skattheimtu til heimilanna eða fyrirtækjanna í samdrætti. Við þurfum að leggja niður og sameina stofnanir hjá ríkinu. Við þurfum að auka ábyrgð stjórnenda og auka sjálfstæði stofnana. Og við þurfum að bjóða út rekstur þar sem hann er hagkvæmur.

Góðir áheyrendur. Við erum á réttri leið. Við erum að snúa dæminu við. Við þá sem finnst of seint ganga vil ég að lokum segja þetta: Rifjið upp stöðuna þegar forustu Sjálfstfl. í þjóðmálum linnti. Sú staða var gríðarlega alvarleg.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Síðasti ræðumaður sagði að við værum á réttri leið, en síðla sumars gerði hann kröfu um það að ný efnahagsstefna yrði tekin upp. Hann hefur horfið frá þeirri kröfu sinni og er nú ánægður með sitt eftir að þing kemur saman. Sjaldan hef ég heyrt ósmekklegra upphaf að ræðu en var hjá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni hér áðan.

Það er mikið ósamræmi í málflutningi stjórnarsinna. Að bera saman stefnuræðu forsrh. og ræðu fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar, það þolir ekki samanburð. Forsrh. heldur sér þó við jörðina og flestir af stuðningsliði stjórnarinnar, en fjmrh. snýr öllu við. Ég held að fjmrh. ætti nú að skilja að hann hafi fengið heldur betur löðrung frá samflokksmanni sínum sem tók við eftir að hann fór hér úr ræðustóli og lýsti ástandinu með nokkuð öðrum augum en fjmrh. gerði. Ég vil minna fjmrh. á það að hann gat ekki varið eigin ríkisstjórn samkvæmt línuriti með fjárlagafrv. Þá byrjaði hallinn á ríkissjóði í tíð fjmrh. Ragnars Arnalds. Hann var minnstur það tímabil sem Þorsteinn Pálsson var fjmrh. en fór aftur vaxandi þegar Jón Baldvin Hannibalsson tók við og Ólafur Ragnar Grímsson. Hann talar síðan um að hallinn á ríkissjóði fari minnkandi. Þrátt fyrir það að fjárlög voru afgreidd með greiðsluhagnaði er nú lagt fram fjárlagafrv. með þriggja milljarða halla. Allt stangast á í málflutningi stjórnarliða. Ástand og horfur í þessu landi eru hörmulegar og þegar fjmrh. talaði um slysið á þjóðveginum sagði hann að það væri pumpað í sjúklinginn blóði. Það sem gert er þegar slys verða, hvort sem er á þjóðvegum eða annars staðar, er að það er reynt að stöðva blóðrásina, hæstv. fjmrh., en ekki byrjað að pumpa í sjúklinginn blóði.

Forsrh. sagði í ræðu sinni að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins hafi verið greidd sérstök aðstoð til frystingar og gert ráð fyrir að svo verði út þetta ár. Nauðsynlegt er að skýra að þessi aðstoð er með þeim hætti að frystideild Verðjöfnunarsjóðsins, sem á engar eignir, er látin taka lán upp á 1200 millj. sem nú er komið með fjármagnskostnaði í um 1500 millj. a.m.k. Það er því verið að gera þessar aðgerðir frá því að ríkisstjórnin tók við til nk. áramóta með lánsfé gegnum Seðlabanka sem í reynd þýðir að erlent lánsfé hækkar að sama skapi um þessa upphæð og sem ríkið kemur til með að þurfa að greiða þegar þar að kemur. Forsrh. segir að mjög fá fiskvinnslufyrirtæki hafi stöðvast, enda hafi afkoman batnað verulega fyrir aðgerðir stjórnvalda. Ja, mikið má forsrh. vera glaður með allar sínar aðgerðir til að treysta grundvöll atvinnulífsins í landinu.

Það er búið að taka lán til að dæla í sjávarútveginn og reka hann með stórkostlegum halla frá því að ríkisstjórnin tók við og enn hefur ekki tekist að

komast úr þeim mikla vanda. Enn þá eru óleyst mörg verkefni vítt og breitt um landið hjá sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru grundvöllur atvinnulífsins á þessum stöðum. Ekki er ástandið betra í öðrum atvinnugreinum og þó sérstaklega í landbúnaði. Eitt af þeim loforðum sem ríkisstjórnin gaf er hún tók við völdum var að efla Byggðastofnun. Það var gert með þeim hætti að framlag til hennar var óbreytt að krónutölu í tvö ár í röð. En nú loksins á að hækka það nokkuð í næstu fjárlögum. Á sama tíma hafa hrannast upp verkefni hjá Byggðastofnun þannig að hún hefur ekki ráðið við að leysa nauðsynlegan vanda atvinnulífsins nema með því að taka rándýr erlend lán, enda eru ástand og horfur í málefnum strjálbýlisins með þeim hætti að fólkið heldur áfram að yfirgefa þessa staði og leita hingað á suðvesturhornið. Forsrh. sagði að þrátt fyrir erfiða varnarbaráttu hafi tekist ekki aðeins að verja velferðarkerfið, heldur bæta og auka það á ýmsum sviðum. Þetta er mikil kokhreysti að láta út úr sér hér á sjálfu Alþingi.

Hverjar eru staðreyndir þessa máls? Hefur tekist að verja velferðarþjóðfélagið? Því miður hefur það ekki tekist. Það er alltaf verið að ganga meira og meira á þetta velferðarkerfi og það sem meira er um vert, stjórnvöld hafa nú í hótunum um að ganga enn frekar á þetta velferðarkerfi og fara marga áratugi aftur í tímann. Það eru áform uppi um að afnema grunnellilífeyri til þeirra sem hafa bærilegar tekjur. Það á að raska grundvellinum að almannatryggingakerfinu af þessum flokkum sem kenna sig við félagshyggju. Fólki var sagt fyrir mörgum áratugum að almannatryggingakerfið væri réttur sem hver og einn væri að kaupa sér til efri ára. Einstaklingar greiddu iðgjöld til almannatrygginganna burt séð frá tekjum. Því var svo breytt árið 1972 á þann veg að þá var tekið meira af þeim sem höfðu hærri tekjur og greiddu þar af leiðandi meira til almannatryggingakerfisins. Þeir sem minnst mega sín fengju tekjutryggingu. Á að hverfa frá því sem hefur verið í gildi, svíkja á þann veg þann rétt sem menn hafa öðlast í gegnum árin? Hvers vegna á að ganga lengra í skattlagningu á fólk eftir að það hefur náð ákveðnum aldri? Eða er ætlunin að ganga enn lengra og hætta að greiða úr hinu sameiginlegu almannatryggingakerfi til þeirra sem hafa góðar tekjur á þann veg að svipta þá áunnum réttindum?

Þegar almannatryggingalögin voru sett var horfið frá fátækraframfærslu og tekið upp heilbrigt tryggingakerfi. Aldrei hefur komið til mála þegar Sjálfstfl. hefur verið í ríkisstjórn að traðka á grundvallarréttindum fólks sem hefur áunnið sér rétt til bóta úr almannatryggingakerfinu.

Það hefur gerst á öðrum sviðum, það er alltaf verið að hækka hlutdeild einstaklings með öllum tegundum þessara bóta. Þannig er það einnig í öðrum málum sem velferðarþjóðfélagið hefur státað af á undanförnum árum. En eitt á þessi ríkisstjórn. Ráðherrar hennar opna varla munninn án þess að þeir tali um að almenningur í landinu spari, dragi saman seglin, atvinnurekendur beiti aukinni hagræðingu í atvinnurekstrinum. Vitaskuld er sjálfsagt að allir fari vel með fé og hagræðingu sé beitt í atvinnurekstri. En þegar menn heyra þetta sífellda tal ráðamanna og þjóðfélagsins spyrja menn gjarnan: Hvernig er það hjá ykkur, herrar mínir, sparið þið? Farið þið vel með þá fjármuni sem ykkur er trúað fyrir og þjóðfélagsþegnarnir færa ykkur upp í hendurnar? Nei, það er öðru nær. Síðasta dæmið er það að þið fjölguðuð í ríkisstjórn um tvo ráðherra. Þið fóruð á hrossamarkað og keyptuð tvo ráðherra. Ég held að þeir verði ekki taldir miklir veðhlaupahestar sem voru keyptir á kostnað þjóðarinnar fyrir ekki minna en 20–30 millj. kr. Hafa ráðherrar verið að spara pólitíska aðstoðarmenn sína eða aðra trúnaðarmenn? Þeir eru víst komnir upp í 16 eða 17 en út yfir hefur þó tekið þegar hagstofuráðherrann er kominn með sérstakan aðstoðarmann.

Annað dæmi er vegáætlun sem Alþingi samþykkti 20. maí í vor. Örfáum mánuðum síðar er farið að skera vegáætlunina niður án heimildar Alþingis og nú er ætlunin að skera vegáætlunina enn þá meira niður þannig að niðurskurður verður upp á 1015 millj. á næsta ári. Nú kemur til kasta þm. Ætla þeir að láta bjóða Alþingi slíka ósvinnu með þessum hætti?

Alþfl. átti einu sinni stórt baráttumál sem var afnám tekjuskatts og sérstaklega á almennar launatekjur. En nú á að hækka tekjuskattinn, það á að hækka virðisaukaskattinn, það á að hækka alla skatta á launþega í landinu. Eignarskattar hafa verið hækkaðir á fólki sem hefur lagt til hliðar. Ef stjórnarherrarnir ætlast til að fólkið í landinu spari, þá ætlast almenningur í landinu til þess að stjórnarherrarnir sýni með fögru fordæmi að þeir ætla að sýna öðrum leiðina til þess að spara. Það verður ekki gert með því að vera í sífelldum utanlandsferðum, eyða og sóa í þær, í veislur, aðstoðarmenn og alls konar óþarfa. Ég neita því ekki að það er nauðsynlegt að sækja ýmsar ráðstefnur, fundi og þekkingu til erlendra þjóða, en hér er of langt gengið. Við teljum að þeim fjármunum sé betur varið sem eytt er til annarra og nefni ég þar bæði öryrkja, þroskahefta og aðra sem eiga við sjúkdóma og böl að stríða. Við þurfum að taka upp manneskjulegra samstarf og hugarfar en nú er. Við þurfum að leggja okkur fram um það að bæta úr því sem hefur farið aflaga í þjóðfélaginu, en ekki sýna hroka og stærilæti eins og er háttur sumra þeirra sem nú standa við stjórnvölinn.

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Þjóðin treystir ekki núv. ríkisstjórn. Því á hún að segja af sér og láta kosningar fara fram sem allra fyrst. — Góða nótt.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Það er afar vinsælt um þessar mundir að gera skoðanakannanir og þá er spurt: Finnst þér ríkisstjórnin góð, finnst þér ríkisstjórnin vond? Flestir svara svo að núv. ríkisstjórn sé vond og ekki á vetur setjandi. Það kemur raunar ekki á óvart á erfiðleikatímum þegar gera þarf ráðstafanir sem lítt eru til vinsældar fallnar.

Næsta ár verður þriðja samdráttarárið í röð í íslenskum þjóðarbúskap og þetta ár, 1989, er fimmta árið í röð sem ríkissjóður Íslands er rekinn með halla. Hallinn var líka fyrir hendi þegar hér var góðæri. Það er bara eins og sumir séu búnir að gleyma því núna. Það er staðreynd að við höfum lifað um efni fram um árabil, eytt meiru en við höfum aflað, nöturleg staðreynd sem við fáum ekki umflúið.

Haustið 1988 var hér allt að komast í óefni. Hrun blasti við í atvinnurekstri, fyrirtækin voru að stöðvast og stórfellt atvinnuleysi var á næsta leiti. Þá var vissulega úr vöndu að ráða. Þá sátu þrír flokkar í stjórn. Forustan var í höndum stóra flokksins, Sjálfstfl., en í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg var kjarkurinn ekki fyrir hendi. Þar ríkti ráðleysi og þar var úrræðaleysið í algleymingi á haustdögum 1988. Sjálfstfl. var ekki tilbúinn til að takast á við vandann, skorti hugrekki til að bera ábyrgð á erfiðum ákvörðunum.

Alþfl., Framsfl. og Alþb. mynduðu nýja stjórn með nauman meiri hluta. Engu að síður tókst stjórninni, vissulega með umdeildum ráðstöfunum, að koma í veg fyrir hrun í höfuðatvinnugrein og lífsundirstöðu okkar með sértækum aðgerðum sem voru mikið gagnrýndar, en sem báru árangur. Það var ekki atvinnuleysi, það var ekki stöðvun og hrun í útgerð og fiskvinnslu og verðbólgan hefur ekki vaðið áfram, þótt vissulega sé hún meiri en við vildum. Skv. skoðanakönnunum nýtur Sjálfstfl. nú meiri vinsælda en nokkru sinni fyrr og fitnar á fjósbitanum eins og fyrirbærið í þjóðsögunni forðum. Flokkurinn sem hafði engin úrræði og fórnaði höndum við landsstjórnina og gafst upp. En í ljósi hinna miklu vinsælda er rétt að spyrja og ég veit að þið spyrjið líka sem enn kunnið að vaka og hlusta á þessa umræðu: Hver eru úrræði sjálfstæðismanna? Ég get ekki svarað því. Þeir hafa ekki svarað því á Alþingi. Þeir svöruðu því ekki á landsfundinum á dögunum og þeir hafa svo sannarlega ekki svarað því hér í kvöld.

Hamingjuhjólið snýst mönnum og flokkum á ýmsan veg og það er ekkert hætt að snúast. En það er gott ef forustu Sjálfstfl. líður vel núna þegar hún baðar sig í vinsældasljósi skoðanakannana. En hér eins og ævinlega skal spyrja að leikslokum en ekki vopnaviðskiptum.

Ríkisstjórnin kemur nú til þings með styrkari meiri hluta en í fyrra. Það mun gera henni auðveldara að koma sínum málum fram. Nú er hjalli að baki. Nú skiptir mestu að skapa atvinnuvegunum almenn rekstrarskilyrði. Tími hinna sértæku ráðstafana er liðinn. Við þurfum að losa okkur úr því millifærslukerfi sem nauðsynlegt var að taka upp um tíma. Við höfum náð fram vaxtalækkunum, verulegum vaxtalækkunum. Við höfum verið í vörn en nú getur farið í hönd tími sóknar.

Tvennt er það sem skiptir okkur Íslendinga höfuðmáli um þessar mundir. Undir forustu ráðherra Alþfl. er nú unnið að þeim málum sem koma til með að skipta okkur mestu á komandi árum, sem koma beinlínis til með að ráða örlögum okkar, afkomu og lífskjörum. Undir handleiðslu Jóns Sigurðssonar iðnrh. er unnið að undirbúningi nýrrar stóriðju, nýrra virkjana. Nú er lag í þeim efnum. Það hefur ekki verið lengi. Við eigum að sæta lagi. Þúsund kíló af áli sem héðan fara færa okkur jafnmikið í aðra hönd og þúsund kíló af þorski upp úr sjó. Þess vegna varðar þetta lífskjör okkar allra og þeirra sem á eftir koma. Hér hefur verið farið með gát og farið með skynsemd og ég þykist skynja að að baki því sem nú er verið að gera sé þjóðarvilji og mikil samstaða. Í þessum efnum er þó þess að gæta að sá akkur sem við höfum af nýframkvæmdum á þessu sviði dreifist sem jafnast til allra þegna landsins og sveitarfélaga án tillits til þess hvar stóriðjan er staðsett.

Evrópa er í deiglu. Árið 1992 á að komast á í Evrópu sameiginlegur innri markaður, frelsi til flutninga fólks, fjármagns, framleiðslu og þjónustu. Múrar hinna gömlu landamæra munu smám saman hverfa en það er ekki verið að stofna Bandaríki Evrópu. Evrópuríkin eru staðráðin í að halda í tungu sína og menningu, menningarlega margbreytni og þjóðleg sérkenni. Vafalaust segja margir norður hér: En hvað kemur þetta okkur við? Það kemur okkur við. Um 70% af öllum okkar útflutningi fara til Evrópubandalagsins og EFTA-landa. Það an koma 60% af öllu því sem við flytjum inn. Hvernig við tengjumst þessum mikla markaði skiptir sköpum um afkomu okkar og lífskjör á næstu árum. Samtöl eiga sér nú stað. Samningar eru fram undan. Þar höldum við hópinn með hinum EFTA-ríkjunum og það er skynsamleg leið á þessu stigi. Þessum samtölum stýrir nú utanrrh. Íslendinga, Jón Baldvin Hannibalsson. Fiskimiðin eru ekki föl í þessum samskiptum. Það er á hreinu. Afrakstur þeirra dugar okkur ekki og þess vegna getur hann ekki verið til skiptanna fyrir aðra. Vaxandi skilningur er nú meðal Evrópuþjóða á þessari sérstöðu okkar. Vegna hvers? Vegna þess að íslenskir ráðherrar og embættismenn hafa verið ódeigir að tala okkar máli og því verður að halda áfram. Hvernig til tekst í þessu efni er mesta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar í dag.

Ef dæma skal eftir skoðanakönnunum er ekki hátt metið pundið í stjórnmálamönnum um þessar mundir. Hvað segir fólk: Þeir lofa og þeir svíkja. Það er sami rassinn undir þeim öllum. En lítum ögn nánar á. Hverju lofaði Alþfl. þegar hann hóf stjórnarþátttöku 1987, fyrir rétt röskum tveimur árum? Einföldun skattkerfis, staðgreiðsla skatta. Staðgreiðsla er komin í framkvæmd, skattkerfið hefur verið einfaldað með margvíslegum ívilnunum til handa hinum tekjulægstu. Virðisaukaskatti verður komið á. Hann kemur til framkvæmda um áramót. Endurskipulagning og hagræðing í bankakerfinu. Fjórir bankar hafa sameinast í einn öflugan hlutafélagabanka. Frekari bankasameining er á döfinni. Umbætur í ónýtu húsnæðiskerfi þar sem biðtíminn var að verða jafnmörg ár og hann var mánuðir fyrir nokkrum árum. Kaupleigukerfi hefur verið komið á, 500 kaupleiguíbúðum úthlutað á tæpum tveimur árum og húsbréfakerfið tekur gildi um miðjan næsta mánuð. Aðgreining

dómsvalds og framkvæmdarvalds er á döfinni. Frv. þar um var samþykkt á síðasta þingi. Aukið sjálfstæði sveitarfélaga. Löggjöf um nýja verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var samþykkt á síðasta þingi. Þessi mál voru búin að þvælast í kerfinu í tvo áratugi. Þau komast í framkvæmd um næstu áramót. Sett hafa verið lög um verðbréfaviðskipti og eignarleigu, bankalögum breytt og ný hlutafélagalög samþykkt, allt til að laga okkur að breyttum tímum og breyttum aðstæðum. Á sviði umhverfisverndar hafa verið sett lög um endurvinnslu einnota umbúða, öldósir og plastflöskur liggja ekki lengur eins og hráviði um allt. Fram kemur frv. um endurvinnslu brotamálma. Þá hverfa vonandi bílhræin sem nú blasa við um víðan völl. Þetta, góðir tilheyrendur, voru ekki bara loforð. Þetta voru orð sem Alþfl. hefur staðið við en kjörtímabilið er rétt rúmlega hálfnað og enn er margt ógert.

Við náum vissulega ekki fram öllu því sem við kysum. Að því er varðar breytingar á landbúnaðarstefnu, þá er við gamalt og gikkfast kerfi að eiga. Þar þokast í áttina þó hægt fari. Byggðastefnu þarf að endurskoða m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem eiga sér stað í landbúnaði. Undirstaða skynsamlegrar byggðastefnu eru umbætur í samgöngumálum. Í því sambandi er rétt að minna á að nú starfar nefnd að athugun á hagkvæmni þess að gera göng undir minni Hvalfjarðar. Það er örugglega arðbærasta framkvæmd sem við getum ráðist í á sviði samgöngumála og flest bendir til að það verk sé unnt að vinna utan vegáætlunar. Komi engin óvænt vandamál í ljós á hiklaut að ráðast í þá framkvæmd.

Íslendingar eru fremur lítil fjölskylda en þjóð, sagði Halldór Laxness einhverju sinni. Það er mikið rétt og þessi fjölskylda hefur það gott, betra en næstum allar aðrar í þessari veröld og þá er vissulega mikið sagt en satt er það engu að síður. Samt opnum við ekki svo blað, útvarp eða sjónvarp að við heyrum ekki kvartanir og kveinstafi, neikvæði og niðurrif. Endalausar kröfur eru gerðar til hins opinbera, meiri styrki, meiri lán, hærri fjárveitingar, en hins vegar er svo talað um skattpíningu, ofstjórn og miðstýringu. Ríkið á að gera allt, en fjármagnið verður hvergi tekið annars staðar en hjá okkur sjálfum. Svo einfalt er það. Alþfl. hefur ekki skorast undan ábyrgð. Hann hefur átt aðild að ríkisstjórn í rúm tvö ár, á tímum samdráttar og erfiðleika. Það er ekki til stundarvinsælda fallið. Það er okkur sannarlega ljóst, en við alþýðuflokksmenn munum halda áfram að gera gott þjóðfélag betra og hafa þar að leiðarljósi markmið jafnaðarstefnunnar. — Góðar stundir.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er í gangi málræktarátak. Tungan er í hættu, segja menn, átaks er þörf. Eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. forsrh. er ég sannfærð um nauðsyn málræktarátaks. Tungan er í stórhættu, ekki vegna þess að málfræði eða beygingarvillur hafi verið áberandi, heldur hins hvernig hann notar tungumálið, hvaða veruleika hann er að tjá og hvaða orð hann notar til þess.

Þetta steingerða og staðlaða stofnanamál sem ekki bara hann heldur stjórnmála- og embættismenn og sérfræðingar af ýmsu tagi nota er óskiljanlegt öllum þorra landsmanna og dugir ekki til að lýsa veruleika fólks, lífinu. Í besta falli er það nýtanlegt til að lýsa efnahagslífinu og þá með þeim hætti að enginn skilur nema kannski nokkrir efnahagssérfræðingar og athafnamenn. Þó hvarflar það að manni að þeir skilji ekki heldur og það sé ein orsökin fyrir óstjórninni og öngþveitinu í efnahagslífinu. Kreppuvaldurinn! Stjórn efnahagsmála er marklaus og beinlínis hættuleg ef ekki er tekið mið af þörfum fólks, líðan þess og lífi alveg eins og tungumál er marklaust og skiptir engu máli í sjálfu sér, það er hvað sagt er og hvað verið er að tjá sem gefur tungunni gildi.

Þegar menn halda dauðahaldi í orðaforða hagfræðinnar, nota efnaleg rök ein, eru svo villtir í myrkviði vaxta, peninga, hundraðshluta, markaðar og hagvaxtar og virðast halda að efnahagslífið lifi einhverju sjálfstæðu lífi utan og ofan við mannlífið er ekki að furða þó þeim förlist sýn og skilningur.

Það þarf því engan að undra að í ræðu forsrh. var ekki orð að finna um líf og líðan fólksins í landinu, enda dugir efnahagstungumálið ekki til að lýsa því, greina það. Það er ekki hægt að tala um vergar barnsfæðingar, frelsi í vaxtarskilyrðum barna og unglinga, raunvexti menningar, hlutfall stigvaxandi ofbeldis, hagvöxt ólaunaðrar vinnu á heimilum og hagkvæmni vinnuþrælkunar, svo að dæmi séu tekin. Nei, orðaforðinn spannar ekki raunveruleikann. Tungumál og tungutak endurspeglar hugsanir og skynjanir og því takmarkaðra og sérhæfðara sem tungumálið er, þeim mun takmarkaðri og þrengri er hugsunin, skynjunin. Ekki veit ég hvort menn gera það meðvitað að temja sér þetta afskræmda efnahagstungumál til að villa um fyrir fólki eða hvort skynjun þeirra er í raun orðin svona þröng. En hitt veit ég að orðaforði hæstv. forsrh. er mjög takmarkaður og sérhæfður og þá hugsanlega skynjun hans og skilningur einnig. Þess vegna tæpir hann ekki á þeim málum sem brenna á íbúum þessa lands. Þar er fyrst til að taka að hann minnist ekki einu orði á fjölskyldur og heimili landsins. Vinnuþrælkun sem er að sliga allan almenning er honum ekki áhyggjuefni né hörmulegar afleiðingar hennar. Ekki boðar hann neinar aðgerðir til að létta fólki lífsbaráttuna aðrar en þá að lækka verð á innlendum matvælum, þ.e. það á ekki að skattleggja brýnustu nauðþurftir fólks meira en 13%. En jafnframt er tilkynnt að ekki verði hjá því komist að kaupmáttur launa falli enn. Orðrétt segir: „Heildarlaunagreiðslur í þjóðfélaginu eru hærri en atvinnulífið fær borið." Ég fullyrði aftur á móti að heildarlaunagreiðslur í þjóðfélaginu séu lægri en heimilin fái borið. Hvernig er hægt að bera það á borð fyrir þær þúsundir kvenna á Íslandi sem hafa um og innan við 50 þús. kr. mánaðarlaun að það verði að skerða kaupmátt þeirra? Um það bil fjórðungur allra barna á Íslandi er á framfæri kvenna sem eru einar um að afla heimilinu tekna. Hvar eiga þær að skera niður? Eiga þær kannski að spara sér greiðslu fyrir gæslu barna sinna? Þar er

ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Og ekki verður sparnaðurinn minni ef fyrirvinnurnar eru tvær. Heils dags gæsla fyrir barn kostar rúmar 20 þús. kr. á mánuði. Hjón eða sambýlisfólk með tvö börn undir skólaaldri borga því um 500 þús. kr. á ári — hálfa milljón á ári — fyrir barnagæslu. Ekki er þessi kostnaður foreldra ungra barna við að sækja atvinnu frádráttarbær á skattaframtali. Það telst ekki jafnmerkilegur kostnaður eins og rekstur á bíl eða að fara út að borða til að ræða viðskipti. Þá er hægt að framvísa reikningi og fá skattafrádrátt.

Þegar þessar tölur um kostnað vegna barnagæslu eru hafðar í huga þarf engan að undra upplýsingar sem fram koma í heilbrigðisskýrslu landlæknis sem ber heitið Mannvernd í velferðarþjóðfélagi. Þar segir að um það bil fjórðungur barna 7 ára og yngri gangi sjálfala allan daginn og 64% barna á aldrinum 7–12 ára. Er þetta ekki, hæstv. forsrh., áhyggjuefni? Hvernig heldur hann að þessum börnum líði, eða mæðrum þeirra? Heldur hann að þær velji þennan kost, að láta börnin ein og afskiptalaus allan daginn, með glöðu geði? Nei, þær annaðhvort fá ekki gæslu eða hafa ekki efni á henni. Hvar eiga þær að skera niður næst? Sér hæstv. forsrh. ekkert samhengi milli sívaxandi vandamála og erfiðleika barna, unglinga og fjölskyldna og efnahagsstefnunnar?

En það er ekki bara kaupmátturinn sem á að minnka heldur er líka spáð vaxandi atvinnuleysi. Á hverjum bitnar það fyrst og fremst? Á láglaunafólki og meir á konum en körlum. Það dregur auðvitað ekkert úr vandamálum atvinnulausra karla að atvinnulausar konur séu fleiri. En það eru þó uppi einhverjir tilburðir í þá átt að leysa atvinnumál karla. Fljúgandi hugmyndaflugi er beitt og lausnin fundin, stóriðja, dýrustu atvinnutækifæri sem völ er á. Mengun, byggðaröskun, erlendar skuldir og dýrt rafmagn til landsmanna eru helstu kostirnir. Í stóriðjuverið eiga svo atvinnulausir karlar úr öllum landshornum að flykkjast, hvernig sem það nú kemur heim og saman við jafnvægi í byggðum landsins. Og hvað með konurnar? Það er ekki orð um þeirra atvinnumál í stefnuræðunni. Þær búa þó við fábreyttari atvinnu, lægri laun og meira atvinnuleysi en karlar. Er líklegt að karlasamstarfsnefndinni sem á að skoða allar skynsamlegar og viðráðanlegar leiðir til að draga úr atvinnuleysi detti einhver úrræði í hug konum til handa? Detti konur yfirleitt í hug?

Nú ríður á fyrir konur að halda vöku sinni og standa saman um að verjast þeim árásum sem eru í undirbúningi. Það verður enn harðar sótt að þeim en fyrr og þykir þó mörgum nóg um. Enn einu sinni verður þeim sagt að bíða þangað til „svigrúm myndast". Enn eiga þær að gjalda fyrir óráðsíu og bruðl, offjárfestingar og vitleysur annarra. Enn eiga þær að vinna á smánarlaunum allan þann fisk sem útgerðarmönnunum þóknast að landa, þræla við aðstæður sem eru ekki mönnum bjóðandi, í ærandi hávaða, kulda og bleytu. Enn eiga þær að halda áfram að þjóna, hjúkra, fræða og annast innan veggja heimilisins, launa- og réttindalausar, utan þeirra á „viðurkennda vinnumarkaðnum" launalitlar og vanmetnar. Þær telja ekki eftir sér þessi störf og þær skorast ekki undan að vinna þau, en þær vilja hvorki né geta lagt allan sólarhringinn undir. Það vinna margir langan vinnudag á Íslandi en konur sýnu lengstan. Það hafa margir lág laun en konur lægst og eru stærsti láglaunahópurinn. Konur á Íslandi búa við vinnuþrælkun. Staða þeirra og kjör eru slík að það hlýtur að ofbjóða réttlætiskennd allra hugsandi manna. En ekki hæstv. forsrh. Hann hefur ekkert um þetta að segja, ekki eitt orð. Konur komast ekki einu sinni á blað í stefnuræðu hans, nema sem einhvers konar pakki, innifalinn í of háum heildarlaunagreiðslum þar sem þær eru þó varla hálfdrættingar.

Nei, það er margt sem ekki komst á blað. Þó rötuðu aldraðir og fatlaðir þangað sem dæmi um hlutfallslega bætta aðstöðu. Er það vegna þessarar „hlutfallslega bættu aðstöðu" sem fatlaðir héldu nýlega fund fyrir framan Alþingishúsið til að vekja athygli á neyðarástandi í húsnæðismálum fatlaðra? Eru síendurteknar peningasafnanir þeirra með aðstoð fjölmiðla og stuðningshópa merki um hið sama? Birtist „hlutfallslega bætt aðstaða" aldraðra í því að biðlistar fyrir alls konar þjónustu á heimilum og stofnunum lengjast sífellt? Eða birtist hún kannski í frelsi aldraðra til að kaupa svo rándýrar þjónustuíbúðir að andvirði einbýlishúss nægir varla fyrir smáíbúð? Og hvað um félags-, heilbrigðis-, tryggingа- og menntunarmál? Jú, það segir í stefnuræðunni að þau séu „í stöðugri athugun". Markmiðið er að bæta og auka hagkvæmni og skilvirkni. Ágætt svo langt sem það nær, en varla fullnægjandi. Hvernig skilvirkni? Hvers konar hagkvæmni er verið að tala um? Er aukin hagkvæmni í félags- og tryggingamálum e.t.v. að hirða ellilífeyrinn af öldruðum? Eða lækka greiðslur til þeirra sem annast fatlaða eða sjúka í heimahúsum? Er skilvirkni í menntunarmálum fólgin í því að festa í sessi stuttan sundurslitinn skóladag, í ónógum kennslutækjum og bókakosti, í því að senda lítil börn í skóla fjarri heimilum sínum? Það er sjálfsagt hagkvæmni að forsmá allar lista- og verkmenntagreinar innan skólakerfisins, skilvirkni að ala upp menningarsnautt fólk úr tengslum við land sitt, verkmennt þjóðarinnar og menningu.

Það hriktir í stoðum íslenskrar menningar. Enda segir í margnefndri stefnuræðu að framlög til menningarmála hafi aukist að raungildi. Er það Þjóðleikhúsið sem verið er að tala um? Þjóðleikhús Íslendinga sem er að hruni komið og hefur búið við fjársvelti árum saman? Önnur dæmi þekki ég ekki um aukið fé að raungildi. Viðgerð Þjóðleikhússins á að kosta með þjóðarbókhlöðuskattinum og bæta það svo upp með því að fjármagna byggingu Þjóðarbókhlöðunnar, þessarar síðbúnu afmælisgjafar, með fé frá Happdrætti Háskóla Íslands.

Umhverfismál ræddi hæstv. forsrh. að vísu um, en því miður með þeim hætti að helst mátti skilja það

svo að við þyrftum að vernda land, loft og lög til að það gengi betur út, yrði girnilegri söluvara. Ekki vegna þess sjálfs, ekki vegna komandi kynslóða, nei, fyrir ferðamenn.

Ekki var orð að finna um herinn í landinu. Hann á greinilega að vera áfram. Engar áhyggjur af þeirri mengun sem honum fylgir, hvorki hugarfars- eða menningarlegri. Ekki einu sinni efnahagslegri! Ekki orð um að brjótast úr herfjötrum og hernaðarbandalagi, ekki orð um kjarnorkuvopnalaus höf, afvopnun eða frið. Ekki einu sinni sívaxandi ofbeldi innan lands er áhyggjuefni. Ekki orð um að börn séu barin og konum nauðgað, hvað þá um einhver úrræði. Nei, allt þetta og miklu fleira er utan gáttar í stefnuræðu hæstv. forsrh. Og það verður svo trúi ég þar til konur hefja sitt eigið málræktarátak og kenna ráðamönnum þessa lands nýtt tungutak.

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. komst svo að orði: „Sameinuð getur íslenska þjóðin gert hvað sem er.“ En ég segi: Sameinuð getur íslenska þjóðin ekki verið þegar tungutakið er eins ólíkt og raun ber vitni, auðæfum svo misskipt, misréttið svo himinhrópandi. En ég hef þá trú að konur geti sameinast og að sameinaðar geti þær gert nánast hvað sem er. Ég skora því á konur og alla aðra sem vilja ljá þeim lið að sameinast um nýtt málræktarátak, málræktarátak sem hefur til vegs og virðingar tungumál sem endurspeglar mannlíf og menningu þessarar þjóðar — áður en það er orðið um seinan.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ekki var laust við að það hlakkaði í Þorsteini Pálssyni hér áðan þegar hann ræddi um þau miklu vandamál sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir. Það er rétt að vandinn er gífurlegur. Gjaldþrot eru í hámarki, atvinnuleysi talsvert, sjávarútvegur og landbúnaður eru í þrengingum og launafólk kvartar réttilega yfir lágum launum. Auk þess er mikill halli á ríkissjóði. Það loga eldar í íslensku atvinnulífi, það er rétt, þar er enn mikil kreppa. Og satt best að segja varð enginn hissa þegar Þorsteinn Pálsson og félagar hans forðuðu sér úr stjórnarstólum og hlupu burt frá þessum vanda. Hitt kemur á óvart að Þorsteinn skuli hlakka yfir erfiðleikunum af slíkri kokhreysti. Því að hvenær varð þessi vandi til og hvernig? Þessi vandi varð einmitt til þegar vextir voru gefnir frjálsir og raunvextir þrefölduðust á skömmum tíma, þegar falskt gengi var látið standa um langt skeið og þegar halli ríkissjóðs jókst stórlega, allt undir stjórn Þorsteins Pálssonar þáv. fjmrh. Þorsteinn hljóp út úr brennandi húsi fyrir einu ári. Núv. stjórn er að vinna það vanþakkláta verk að slökkva þá elda sem kviknuðu áður en hún kom til valda. En sá sem í kveikti stendur glottandi fyrir utan og æpir að þeim sem í eldinum standa.

Í Morgunblaðinu sl. laugardag reynir hann að telja fólki trú um, með fölsuðum teikningum, að hallarekstur ríkissjóðs sé arfur frá því ég var fjmrh. fyrr á þessum áratug. Matthías Bjarnason át reyndar þetta eftir honum hér rétt áðan. Það er heldur leiðigjarnt að elta ólar við blekkingar. Það getur hver og einn kynnt sér það að 1980, 1981 og 1982 var, öll árin, talsverður afgangur í rekstri ríkissjóðs. Hallarekstur-inn hófst undir stjórn Sjálfstfl. sem ekki hafði kjark til að leggja á skatta í samræmi við þarfir og heldur ekki getu til að skera niður útgjöldin. Síðan hafa tveir ráðherrar glímt við það vanþakkláta verkefni að rétta þennan halla af, sem ekki er auðvelt, enda þarf að greiða háa vexti af óreiðuskuldinni sem Þorsteinn Pálsson skildi eftir sig.

Björgunaraðgerðir núv. stjórnar hafa ekki verið vinsælar, en þær hafa skilað árangri. Við erum á leið út úr kreppunni. T.d. fer staða ríkissjóðs ört batnandi. Raunvextir hafa lækkað nokkuð en þyrftu að lækka meira. Staða sjávarútvegs hefur gjörbreyst til batnaðar. Fjárhagur sveitarfélaga er talsvert betri. Nú verður skattur á nokkrum helstu tegundum matvæla lækkaður en það hefur einmitt verið krafa Alþb. alla tíð að veltuskattar á matvæli og menningarstarfsemi séu í lágmarki.

Ríki Evrópu stefna nú að stóraukinni samvinnu. Þetta er tvímælalaust jákvæð þróun sem mun draga úr árekstrum og eyða tortryggni milli þjóðanna. Hinu verður ekki neitað að þessi þróun setur okkur Íslendinga í mikinn vanda. Þetta er mál sem yfirgnæfir nú öll önnur í íslenskum stjórnmálum. Fyrsta hættan er sú að þegar ríki Evrópubandalagsins auka innbyrðis samstarf, byggi þau um leið um sig múr með hækkuðum tollum. Í framhaldi af þessari hættu hefur umræðan snúist upp í það hvort ekki sé þá eins gott að afnema allar hindranir á flæði vöru, vinnuafls og fjármagns á milli EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins. Þetta þykir mörgum heillaráð og víða virðist að þessu stefnt. Ekki vil ég draga í efa að slík þróun geti hentað mörgum þjóðum Evrópu vel, en misvel, sumum miklu síður.

Flestir hljóta að gera sér grein fyrir að enn meiri hætta væri á ferðum fyrir íslenskt samfélag ef engar hömlur mætti setja á innflutning vöru eða vinnuafls frá þessum löndum og erlend stórfyrirtæki gætu keypt hér upp fyrirtæki, fasteignir og náttúruauðlindir að eigin vild. Óheftir flutningar fjármagns gætu leitt til þess að risafyrirtæki í Evrópu eignuðust íslenskar útvarps- og sjónvarpsstöðvar, íslensk dagblöð, flugfélög eða skipafélög. Þau gætu keypt upp frystihús og skip, jafnvel eignast heilu sjávarþorpin. Auðvitað gætu íslenskir fjármálamenn flutt sitt fé þar á móti til meginlandsins í stórum stíl og séð sér hag í því, en fyrir þjóðarheildina væri það mjög óhagstætt. Að sjálfsögðu á ekki að útiloka þátttöku útlendinga í íslensku atvinnulífi, hún getur átt fullan rétt á sér í sérstökum tilvikum og í hæfilegum skömmtum og þá fyrst og fremst í sérhæfðum iðnaði og nýjum atvinnugreinum, enda sé þess gætt að Íslendingar séu þátttakendur í rekstrinum og hafi þar nokkurt forræði. Í íslenskan sjávarútveg eiga útlendingar ekkert erindi. Nú eru 30–40 milljónir manna án atvinnu í Vestur-Evrópu. Ef ekki þarf lengur atvinnuleyfi til að fá hér

vinnu er ekki unnt að útiloka stóraukið atvinnuleysi í kjölfarið.

Hversu langt hugsa menn sér að ganga í þessa áttina? Stjórnmálamenn og flokkar verða að svara þeirri spurningu fordómalaust og af fullri hreinskilni áður en lengra er haldið. Alþingi hefur enga stefnu mótað í þessu máli. Varla verður farið út í formlegar viðræður um svo örlagarík mál án þess menn viti nákvæmlega að hverju er stefnt. Er endilega víst að hagsmunamál Íslendinga séu þau sömu og hinna EFTA-þjóðanna? Allar eru þær að vísu smáar á mælikvarða stórþjóða en sú næstminnsta er þó tuttugu sinnum fjölmennari en Íslendingar. Fámennið, smæð fyrirtækjanna og lítil fjármagnseign skapar okkur algera sérstöðu meðal Evrópuþjóða. Í þessum orðum felst engin minnimáttarkennd, aðeins viðurkenning á staðreyndum. Á erlendum mörkuðum er íslensk framleiðsla ágætlega samkeppnisfær ótolluð. Við eigum að geta skapað hér einhver bestu lífskjör á jörðu.

Það er alsiða á Íslandi að ræða þannig um efnahagsmál að hvergi á byggðu bóli sé önnur eins óstjórn. Menn bölva öllu og öllum, jafnt stjórnmálamönnum sem embættismönnum og sérfræðingum. Í örvæntingu sinni velta menn jafnvel fyrir sér í alvöru hvort ekki væri skást að binda gengi krónunnar við erlenda mynt, eða tengjast Efnahagsbandalaginu. En hefur þá Íslendingum vegnað illa miðað við aðrar þjóðir? Vissulega er verðbólgan löngum mikil og skuldirnar erlendis eru háar, en við höfum líka byggt upp atvinnulíf með meiri hraða en flestar aðrar þjóðir.

Nýlega voru birtar töflur um hagvöxt í 24 iðnríkjum á 17 ára tímabili fram til 1987. Í þessum hópi eru öll ríki EFTA og Evrópubandalagsins, ásamt Bandaríkjunum, Japan, Kanada og öðrum auðugustu ríkjum heims. Þar kemur ljóslega fram að á þessu 17 ára tímabili er hagvöxtur langmestur hér á landi. Í Evrópu er það aðeins Noregur sem eitthvað nálgast vaxtarhraða íslenska hagkerfisins. Í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi var vaxtarhraðinn helmingi hægari en á Íslandi. Þetta eru fróðlegar fréttir fyrir þá sem ímynda sér að stórar einingar gefi alltaf meiri hagvöxt og því hljóti okkur að vegna betur í evrópsku stórríki. Enn fróðlegra væri þó að rannsaka vísindalega hvernig jaðarbyggðum í stórríkjum hefur vegnað síðustu áratugi. Reynslan er yfirleitt sú í hverri ríkisheild að byggðir í útjöðrum ríkja þróast hægar en sterkustu efnahagssvæðin. Staða Íslands í of nánum tengslum við evrópskt stórríki yrði líklega ekki ósvipuð stöðu landsbyggðar hér á landi gagnvart þéttbýlinu við Faxaflóa. Eða hvernig halda menn að lífskjör væru hér ef Ísland hefði frá stríðslokum verið hluti af Stóra-Bretlandi þar sem efnahagsþróun hefur yfirleitt verið helmingi hægari en hér og þó enn hægari í jaðarhéruðum? Ekki er minnsti vafi á að þau væru miklu lakari. Hvernig stendur svo á því að smáþjóð með þröngan heimamarkað og hlutfallslega dýra yfirbyggingu vegnar þrátt fyrir allt betur en ríkustu þjóðum heims? Skýringin er engin önnur en sú að sjálfstæð efnahagsheild, þótt lítil sé, lagar sig ört að eigin þörfum með löggjöf, gengisskráningu og öðrum efnahagsaðgerðum þegar nauðsyn ber til. Þannig vinnur hún upp ókosti fámennisins og gott betur. Í stórríkinu er hins vegar margt þunglamalegt. Þar þarf t.d. sjávarútvegshérað að búa stöðugt við gengisskráningu og aðrar ákvarðanir sem ekki eru teknar út frá þörfum þess svæðis heldur með allt aðra hagsmuni í huga.

Góðir áheyrendur. Það tók þjóðina öld að öðlast sjálfstæði. Hún gæti gloprað því niður með einum vanhugsuðum leik á taflborði alþjóðastjórnmála. Sjálfstæði Íslands er ekki einungis metnaðarmál þjóðar sem vill varðveita tungu sína og menningu. Sjálfstæði okkar er umfram allt lykill að áframhaldandi efnalegri og menningarlegri velmegun. Þeim lykli skulum við ekki glata.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Frjálslyndi hægri flokkurinn hefur þegar á þeim stutta tíma sem hann hefur starfað sýnt fram á tilverurétt sinn. Íslendingar þurfa nú þá forustu í þjóðmálum sem er óhrædd við þá strauma sem berast hingað frá Evrópu. Frjálslyndir hægri menn geta veitt þessa forustu. Stefna núv. vinstri stjórnar Steingríms Hermannssonar er tímaskekkja eins og reyndar tilvera stjórnmálaflokks eins og Alþb. Atburðirnir í Austur-Evrópu sanna þetta. Stöðugleiki hægri manna í Vestur-Evrópu frá stríðslokum hefur nú sannað réttmæti sitt. Við sem stóðum að Varið land og vorum kallaðir landráðamenn af vinstri mönnum höfum nú sannað að við höfðum rétt fyrir okkur. Traustar varnir NATO og samheldni þeirra ríkja hefur á endanum sannað réttmæti sitt. Kommúnistaríkin hafa viðurkennt að einmitt þessi styrkur hefur orðið til þess að þau hafa beygt sig og halda nú á vit réttlætisins í vestri. Sögufalsanir kommúnista eru nú hver af annarri afhjúpaðar af þeim sjálfum og það sem við talsmenn vestrænnar menningar höfum ávallt haldið fram staðfest.

Páttur kristinnar trúar verður seint ofmetinn í því sem nú er að gerast í Austur-Evrópu. Kosning Jóhannesar Páls pápa II. hefur haft gífurleg áhrif í Austur-Evrópu, sérstaklega í Póllandi. Þá er ekki úr vegi að minna á frétt á forsíðu Morgunblaðsins nýlega þar sem skýrt var frá merkum atburði. Það hafði verið messað innan múra Kremlar í fyrsta sinn frá því að byltingin varð. Og ekki nóg með það. Í sumar skýrði Mikhail Gorbatsjov frá því að hann hefði verið borinn til skírnar sem barn. Þessi fregn hefur víst farið fram hjá þorra fólks. Hún skýrir hins vegar meira en nokkuð annað framgöngu sovétleiðtogans. Hún sýnir enn einu sinni að kristin trú er sterkari en jarðneskar kenningar eins og kommúnisminn.

Góðir áhorfendur. Frjálslyndir hægri menn munu á þessu þingi bera fram mál til framfara fyrir fólkið í landinu. Unga fólkið er orðið leitt á kjaftasnakki vinstri manna. Það vill stjórnmálastefnu sem tekur

mið af framtíðarmöguleikum þess, ekki stefnu sem ætlað er að halda því einangruðu með eins konar Berlínarmúr sem takmarkar möguleika þess til samskipta við aðrar þjóðir. Landflótti yngra fólks verður í framtíðinni, ef ekki verður snúið við frá þessari óbyggðastefnu sem núv. ríkisstjórn stendur fyrir. Þegar sjást merki þess að svo sé. Afleiðing meiri menntunar er sókn þessa fólks í störf við sitt hæfi. Það er ekki hægt að stöðva framrás unga fólksins. Það er betur menntað en nokkru sinni fyrr og vill takast á við verkefni sem hæfa undirbúningi þess fyrir lífið. Lífið er ekki lengur saltfiskur. Þessu verða menn að gera sér grein fyrir og gefa unga fólkinu ný atvinnutækifæri. Það er því óskhyggja að ætla sér að ríghalda í liðna tíð. Við lifum á tækniöld þar sem möguleikar eru ótæmandi fyrir þjóð sem er tilbúin að tileinka sér nútímann. Við skulum því líta fram veginn. Landið býr yfir orkubrunnum sem eru einstakir í Evrópu því virkjun þeirra er án mengunar eða hættu á kjarnorkuslysi. Verðgildi þeirra verður því æ meira og æ eftirsóknarverðara verður að nýta slíka orku. Þess fyrr sem þessir orkubrunnar verða beislaðir og notaðir fyrir fólkið í landinu, fólkið í Evrópu, þess betra. Það er skylda okkar að nýta þessa orku sem fyrst.

Alþb. hefur komið í veg fyrir þetta um árabil til skaða fyrir land og þjóð. Við eigum að semja um stóriðju. Það er dýrt að láta orkuna falla óbeislaða til sjávar eða niða í iðrum jarðar engum til gagns. Á sama tíma er verið að menga jörðina með orkunotkun úr lífshættulegum efnum. Við skulum beisla orkuna strax. Íslands framtíð er bundin framkvæmdum, athöfnum, ekki orðaflaumi. Nýfélagshyggjugreifarnir í fimmfætlustjórn Steingríms Hermannssonar eiga að segja af sér. Við viljum nýja ríkisstjórn, frjálslynda hægri ríkisstjórn.

Góðir áheyrendur. Guð gefi ykkur góðar vetrarnætur. Þingmenn frjálslynda hægri flokksins bjóða ykkur góða nótt. Hafið þökk fyrir áheyrnina.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Alkunna er að miklar sveiflur einkenna íslenskan þjóðarbúskap. Eftir uppsveifluárin 1984–1987 dróst landsframleiðslan skyndilega saman á árunum 1988 um 1% og um 3% í ár. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem tók við völdum haustið 1988 fékk það erfiða verkefni að verja þjóðfélagið áföllum við þessar þröngu aðstæður. Hrun atvinnulífsins blasti við nær hvarvetna um alla landsbyggðina, spáð var fjöldaatvinnuleysi, óðaverðbólgu og gífurlegum viðskiptahalla. Skuldbreyting, endurskipulagning, lenging lána og hlutafjáraukning voru lausnarorðin í öllu því starfi sem í hönd fór. Afstaða Borgfl. á síðasta þingi réði úrslitum um þessa endurreisn þannig að hún varð að veruleika. Sums staðar er henni lokið. Annars staðar er verkið í miðjum klíðum.

Eins og fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. hefur á sjötta milljarð króna þegar verið millifært í þessari endurskipulagningu atvinnulífsins svo að áhrifanna gætir víða. En það sem mestu skiptir fyrir þjóðina er að hrakspárnar rættust ekki. Enda þótt atvinnuleysi hafi aukist sums staðar tímabundið varð það miklu minna en spáð var. Verðbólgan verður svipuð í ár og á síðastliðnu ári. En e.t.v. kemur flestum á óvart að vöruskiptajöfnuðurinn verður hagstæður um fimm milljarða króna sem er nánast einsdæmi á samdráttarskeiði. Nú er hins vegar ljóst að samdráttarskeiðinu er ekki lokið. Sjaldan skiptir því jafnmiklu og við slíkar aðstæður að menn beri gæfu til að mynda traustan þingmeirihluta um þau meginmál sem úrslitum ráða um efnalega velferð þjóðarinnar í næstu framtíð. Stjórnarþátttaka Borgfl. er fyrst og fremst í þeim tilgangi og raunar rökrétt framhald af afstöðu flokksins á seinasta þingi.

Svigurmæli ýmissa sjálfstæðismanna um að einungis eins flokks eða í mesta lagi tveggja flokka stjórn geti lánast eru vægast sagt hæpin. Þegar einn flokkur er orðinn mjög sterkur eða hefur náð meiri hluta harðnar baráttan innan hans og hjaðningavígin á milli manna byrja eins og dæmin sanna. Það er hins vegar samstarfsviljinn sem úrslitum ræður en ekki flokkafjöldinn.

Nú háttar hins vegar svo til að verkefnin blasa nær hvarvetna við. Meginverkefnið verður eftir sem áður að bæta afkomu atvinnuveganna. Jafnframt því verður að vinna áfram að endurskipulagningu, nýsköpun og sífellt aukinni hagkvæmni á öllum sviðum atvinnulífsins og leggja með þeim hætti grunn að auknum hagvexti og bættum lífskjörum um leið og sér fyrir endann á samdráttarskeiðinu væntanlega síðla næsta árs.

Þriðja meginverkefnið er að ná nýjum áfanga í baráttunni við verðbólguna. Markmið ríkisstjórnarinnar er að afnema vísitöluviðmiðanir í lánasamningum þegar árshraði verðbólgunnar verður innan við 10% á sex mánaða skeiði, en fjórða meginverkefnið er að stuðla að réttlátari tekjuskiptingu og lækkun framfærslukostnaðar.

Fulltrúar Sjálfstfl. segjast vilja hóflega skatta. Matarskatturinn er með þeim óvinsælli. En þegar hann var á lagður lögðu sjálfstæðismenn þó til flest atkvæðin til þess að koma honum á. Nú þegar Sjálfstfl. er utan stjórnar er hins vegar fyrsta skrefið stigið til þess að lækka þennan alræmda skatt. Við höfum heyrt það hér í kvöld að nú hafa þeir ágætu menn ráð undir rifi hverju. En þegar þau eru vegin og metin er rétt að hafa í huga það sem hv. 1. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, sagði í blaðaviðtali fyrir skömmu, með leyfi hæstv. forseta: „Við megum ekki gleyma því að stutt er síðan Sjálfstfl. sat í ríkisstjórn, og það er ekki traustvekjandi ef flokkur sem er nýfarinn úr ríkisstjórn segist hafa lausnir á hverjum fingri.“ Ég held að þessi orð séu mælt af heilindum og e.t.v. nokkuð biturri reynslu. Ég held að þau séu mælt af meiri heilindum en þau köpuryrði sem hv. 1. þm. Vestf. lét sig henda að viðhafa hér fyrr í þessum umræðum.

Vitaskuld er það svo að öll framvinda í löggjöf verður að lúta heildarsjónarmiðum sem í eðli sínu ná langt út fyrir þröng flokkssjónarmið. Á því byggist öll okkar lýðræðishefð góðu heilli.

Hæstv. forseti. Megineinkenni stjórnmálaátaka hér á landi undanfarna mánuði, og vísast þá næstu einnig, eru bundin þeirri staðreynd að syrt hefur í álinn í efnahagslífi þjóðarinnar um skeið. Við sjáum fyrir endann á þeim vanda þó að enn sé nokkuð í land. En þegar okkur hefur tekist að sigrast á þeirri þraut mun birta upp með betri tíð og blóm í haga. Og gleymum því ekki að öll sú barátta og sigurinn að lokum byggist á skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu á þeim ógrynnum auðs sem felast í gæðum lands og sjávar, heilbrigðu mannlífi öllu til heilla. Megi sú verða gæfa íslenskrar þjóðar í bráð og lengd.

Ég þakka þeim sem hlýddu og býð hlustendum öllum góða nótt.

EFRI DEILD

4. fundur, þriðjudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 51.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Frv. það um skráningarmálefni sem hér er lagt fram á þskj. 51, frv. til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, var lagt fram á síðasta þingi undir árslok 1988, en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju nánast óbreytt.

Skv. 31. gr. laga nr. 39/1985, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, bar dómsmrh. að láta endurskoða þau lög og leggja fram á Alþingi haustið 1988 nýtt frv. um efni laganna. Þar sem ekki tókst að ljúka afgreiðslu frv. fyrir þingslit sl. vor er frv. nú lagt fram að nýju. Núgildandi lög um skráningarmálefni falla úr gildi 31. des. nk. og er því brýnt að takist að setja ný lög fyrir árslok svo að ekki verði laga vant um þetta málefni.

Svo sem áður var sagt er frv. þetta nær óbreytt eins og það er hér lagt fram. Þær breytingar sem á því eru gerðar eru þó unnar af höfundum frv., þeim Þorgeiri Örlygssyni prófessor og Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi, að mestu á grundvelli umsagna þeirra sem hv. allshn. Nd. höfðu borist við meðferð frv. á síðasta þingi. Þær breytingar skulu ekki raktar nánar hér, en vísað til fskj. með frv. þar sem höfundarnir gera grein fyrir brtt. sínum.

Löggjöf um skráningarmálefni hefur nú verið í gildi hér á landi í tæp átta ár. Fyrstu lögin sem sett voru hér á landi um þetta efni voru lög nr. 63/1981 og giltu þau í fjögur ár. Voru þau endurnýjuð að mestu óbreytt árið 1985 og tóku gildi 1. jan. 1986 og höfðu þau einnig fjögurra ára gildistíma eins og fyrstu lögin.

Frá því að fyrsta löggjöfin um skráningarmálefni var sett hér á landi hafa menn öðlast aukna reynslu á þessu löggjafarsviði sem áður var mönnum ópekkt. Miðar frv. þetta að því að bæta úr þeim vanköntum gildandi löggjafar sem í ljós hafa komið. Þá hefur og við samningu frv. verið horft til réttarþróunar í grannríkjum okkar en rétt er að leggja á það áherslu að hér er um að ræða lagasetningu á mjög alþjóðlegu sviði og því nauðsynlegt að þróun íslenskra réttarreglna um þetta efni sé samstiga þróun í grannríkjum okkar.

Eins og áður segir hefur löggjöf um skráningarmálefni það að meginmarkmiði að vernda einstaklingana gegn því að misfarið sé með persónuupplýsingar sem skráðar hafa verið um þá með kerfisbundnum hætti. Í slíkri löggjöf, og þar með frv. þessu, er reynt að ná þessu markmiði með eftirfarandi úrræðum:

1. Settar eru reglur um það hvenær og í hvaða tilgangi heimilt er að skrá persónuupplýsingar. Er um það efni aðallega fjallað í II. kafla frv.

2. Strangar reglur gilda skv. III. kafla frv. um aðgang annarra en hins skráða að skráðum upplýsingum.

3. Hinum skráða er tryggður aðgangur að upplýsingum er hann sjálfan varða og er um það efni fjallað í IV. kafla frv. Er það gert í því skyni að veita einstaklingunum sjálfum færi á því að hafa að vissu marki sjálfir eftirlit með því að ekki séu skráðar um þá upplýsingar sem óheimilt er að skrá.

4. Þar sem upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust manna eru þeim viðkvæmar eru settar sérstakar reglur um skráningu og meðferð slíkra upplýsinga í V. kafla frv. Eru þær reglur til muna ítarlegri í frv. þessu en í gildandi lögum.

5. Gert er ráð fyrir áframhaldandi skipan opinberrar eftirlitsnefndar, svokallaðrar tölvunefndar, sem hefur eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og með upplýsingar farið svo sem í lögunum segir. Er það jafnframt hlutverk nefndarinnar að veita borgurunum liðsinni við að ná fram leiðréttingu sinna mála ef þeir telja rétt sinn brotinn.

Auk þessa hefur frv. að geyma ákvæði um notkun nafnaskráa til útsendinga á auglýsinga- og dreifiefni, svo og ákvæði um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana um atriði er snerta gildissvið frv. Þá er og í frv. að finna ákvæði um starfsemi þeirra er annast tölvuþjónustu fyrir aðra og ákvæði um söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Í III. kafla almennra athugasemda frv. eru raktar helstu breytingar á gildandi löggjöf sem frv. þetta gerir ráð fyrir og verða þær ekki raktar hér nánar. Þó er rétt að leggja á það áherslu að þótt breytingar frv. séu allmargar raska þær þó ekki í neinum verulegum atriðum þeirri umgjörð sem þegar hefur verið sett um þessa einkalífsvernd. Ein veigamesta breytingin sem frv. gerir þó ráð fyrir kemur fram í 2. mgr. 30. gr. þar sem lagt er til að tölvunefnd og starfslið hennar hafi vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða eru til vinnslu án þess að þurfa að afla til þess sérstaks dómsúrskurðar hverju sinni.

Skv. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður húsleit eigi

framkvæmd nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Nútímatækni gerir það kleift að eyða upplýsingum í tölvum á mjög skömmum tíma og án þess að slíks sjáist nokkur merki. Með hliðsjón af þessu og þeim hagsmunum sem lögum þessum er ætlað að vernda þykir rétt að leggja til að tölvunefnd hafi ótvíræða lagaheimild til þess að gera vettvangskönnun án sérstaks dómsúrskurðar. Er það reynsla frændþjóða okkar að slík heimild sé nauðsynleg til þess að gera eftirlitsstarfið virkara.

Rétt er að leggja á það áherslu að með frv. er eins og í fyrri löggjöf reynt að sníða eftirlitsstarfsemina að þjóðfélagsaðstæðum hér á landi og forðast að skapa umfangsmikið skrifstofubákn í kringum löggjöfina. Þess vegna er áfram gert ráð fyrir því að eftirlitsstarfið verði í höndum tölvunefndar og þótt gert sé ráð fyrir breyttum reglum um skipan nefndarinnar á slíkt ekki að hafa aukinn kostnað í för með sér eins og rækilega er tíundað í athugasemdum með 30. gr. frv.

Fyrri löggjöf á þessu sviði hafði fyrir fram afmarkaðan gildistíma eins og áður hefur komið fram. Var það gert til þess að tryggja að nauðsynleg endurskoðun löggjafarinnar færi fram með hæfilegu millibili. Verður að telja að sú reynsla hafi nú fengist á þessu löggjafarsviði að ekki sé þörf á því að hafa löggjöfina tímabundna. Er því ekki gert ráð fyrir því í frv. að það hafi, ef að lögum verður, afmarkaðan gildistíma.

Að lokum er rétt að leggja á það áherslu að við setningu löggjafar um skráningarmálefni verður að þræða ákveðinn meðalveg. Annars vegar þarf að tryggja einstaklingum nauðsynlega persónuvernd og hins vegar þarf að gæta þess að búa ekki svo um hnútana að staðið sé í vegi fyrir eðlilegri þróun. Er í frv. þessu reynt að hafa bæði sjónarmiðin í huga svo sem gert var við fyrstu lagasetningu á þessu sviði hér á landi. Má í því sambandi benda á að þrátt fyrir ýmsar strangar reglur frv. varðandi skráningarstarfsemina er gert ráð fyrir því að tölvunefnd geti veitt undanþágur frá slíkum reglum ef hún telur slíkt nauðsynlegt með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. til allshn. með 11 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 53.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 53. Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn 13 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu árin.

Þá liggja fyrir í ráðuneytinu nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt sem ekki uppfylla öll skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar og verða þær síðar sendar viðkomandi nefnd.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

5. fundur, þriðjudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Stjórn umhverfismála, frh. 1. umr.

Frv. MÁM o.fl., 4. mál (heildarlög). — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Stjfrv., 56. mál (tvísköttunarsamningar). — Þskj. 56.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984.

Fulltrúar Norðurlandaþjóðanna hafa nýlega undirritað samning til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár. Fyrir hönd Íslands hefur annast þessa samningsgerð Ragnar Hall borgarfógeti.

Til þess að hægt sé að ganga með formlegum hætti frá þessum samningi milli Norðurlandaþjóðanna til að komast hjá tvísköttun arfs þarf að gera þá breytingu á lögum um erfðafjárskatt sem hér er lögð til.

Í núgildandi lögum um erfðafjárskatt er ekki sérstök lagaheimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda slíka samninga svo sem er í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í frv. er lagt til að ríkisstjórnin fái almenna heimild til að gera slíka samninga við önnur ríki.

Hin breytingin sem lögð er til er sú að skattur samkvæmt lögum um erfðafjárskatt verði greiddur hérlendis vegna eigendaskipta fasteigna á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs. Í núgildandi lögum er ákvæði um að skattur sé greiddur af

fasteignum sem eigendaskipti verða að ef hann er ekki innheimtur erlendis vegna búskipta þar. Þetta er óvanalegt ákvæði sem sett var inn vegna tvísköttunartilvika. Breytingin sem lögð er til er í samræmi við það sem tíðkast innan OECD-landa.

Framkvæmdin nú á þessu ákvæði er þannig að ef eigandi fasteignar á Íslandi er búsettur erlendis og búskipti verða þar á ríkissjóður ekki tilkall til erfðafjárskatts af eigninni. Breytingin sem nú er gerð felst í því að skattlagningarrétturinn verði hjá því ríki þar sem fasteignin er staðsett óháð því hvar búskipti fara fram. Stefnt er að því að aðildarríki Norðurlandasamningsins fullgildi tvísköttunarsamninginn um erfðafjárskatt þannig að honum verði beitt um dánarbú þeirra sem falla frá 1. jan. 1990 og síðar.

Þessi norræni samningur öðlast gildi 30 dögum eftir að öll ríki hafa tilkynnt um að hann hafi verið staðfestur. Það er því mikilvægt að nauðsynleg formskilyrði liggi fyrir sem allra fyrst þannig að gildistaka geti átt sér stað 1. jan. nk. eins og að er stefnt. Ég fer því þess á leit við hv. Alþingi að það greiði götu þess að frv. geti orðið að lögum sem allra fyrst um leið og ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og, eins og venjan hefur verið með breytingar á lögum um erfðafjárskatt, að því verði vísað til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. RH o.fl., 27. mál (skólaskylda, starfstími og einkaskólar). — Þskj. 27.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hér er á nýjan leik flutt frv. sem við þrír þm. Sjálfstfl. fluttum á seinasta þingi. Það er í meginatriðum hið sama. Einn þáttur þess er þó áréttaður frekar.

Tilgangur frv. er að bæta réttarstöðu barna, að bæta aðstöðu þeirra til að njóta fræðslu og aðstöðu foreldra þeirra til þess að fullnægja uppeldisskyldum sínum. Í þessu sambandi er þó ekki lítið gert úr uppeldishlutverki skólanna, en það er fyrst og fremst fjallað um fræðsluskyldu hins opinbera, þ.e. um skyldu hins opinbera til þess að sjá um að börn fái fræðslu. Skylda til uppeldisins hvílir hins vegar fyrst og fremst á foreldrunum, en skólinn er mikilvægur þátttakandi í framkvæmd foreldranna á þessu hlutverki sínu. Þess vegna er það að miðað við aðstæður í nútímaþjóðfélagi hafa menn hneigst til þess æ meira að gera kröfur um að skólanum séu búin skilyrði til þess að taka þátt í þessu uppeldishlutverki.

Við gerum ráð fyrir því í 1. gr. frv. að skólaskyldan sé lengd á þann veg að hinu opinbera sé skylt að sjá um að haldinn sé skóli fyrir börn strax frá sex ára aldri. Orðalagið á 1. gr. er örlítið breytt í þessu frv. þar sem lögin um grunnskóla, eins og þau eru nú, gera ráð fyrir að ríki eða sveitarfélagið sjálft haldi skóla, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að skyldan miðist við að ríki og sveitarfélög sjái til þess að haldinn sé skóli fyrir öll börn og unglinga á þessum aldri eins og nánar segir í lögunum.

Ástæðan til þessa er sú að það getur hentað ríki, sveitarfélagi eða öðrum aðilum, foreldrum eða öðrum þeim sem ábyrgð bera á börnum, að koma skólahaldinu fyrir með öðrum hætti og við teljum rétt að sú heimild sé áréttuð í lögum. Þetta þýðir þó að í engu er slakað á kröfum sem gerðar eru til hins opinbera um að sjá um að fræðsluskyldunni sé fullnægt, enda er það svo að við teljum, flm. þessa frv., sem og aðrir sjálfstæðismenn, að á ríkinu hvíli sú skylda að tryggja að allir eigi kost á menntun við sitt hæfi og hafi jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar. Fræðsluskylda ríkisins sé hins vegar framkvæmd með þeim hætti að skólar hins opinbera eða einkaskólar geti starfað hlið við hlið.

Í ályktun um skóla- og fræðslumál sem samþykkt var á síðasta landsfundi Sjálfstfl., sem hefur tíðum verið umræðuefni í þessum sölum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið menntakerfisins er öðru fremur að uppfylla fjölbreytilegar óskir nemenda eða foreldra barna um fræðslu þeim til handa. Samræma ber vinnutíma foreldra og barna með því að koma á samfelldum skóladegi og einsetnum skóla. Lengja verður daglegan skólatíma yngra og miðstigs grunnskólans til þess að skólinn geti betur sinnt fræðslu- og uppeldishlutverki sínu í samstarfi við heimilin sem bera höfuðábyrgð á uppeldi barnanna.

Tryggja þarf að til kennslustarfa veljist ávallt vel hæft fólk. Áhersla er lögð á að kennarar skili öllum starfstíma sínum í skólanum og að símenntun verði hluti af starfsskyldu kennara. Skapa þarf menntakerfinu þau skilyrði að skólarnir eigi sem auðveldast með að ná markmiðum sínum. Það verður best gert með því að stjórnendur og starfsfólk menntastofnana fái að nýta sínar eigin hugmyndir og starfskrafta eins og best á við hverju sinni.

Stjórnendur skóla hafa í flestum tilvikum besta þekkingu á því hvaða leiðir ber að fara. Æskilegt er því að miðstýring menntakerfisins sé mun minni en nú er hvað varðar rekstur, fjármagn, stjórnun, hugmyndir og kennsluaðferðir. Yfirstjórn menntamála ber hins vegar að sjá til þess að mat sé lagt á árangur starfs í hverjum skóla og að niðurstöður þess mats séu gerðar almenningi aðgengilegar í samræmi við upplýsingaskyldu stjórnvalda."

Hér lýkur þessari tilvitnun, herra forseti, en af henni má sjá að frv. sem við flytjum hér er mjög í samræmi við þær hugmyndir sem fram koma í þessari stefnumörkun sem má segja að hafi það höfuðeinkenni auk þess að leggja áherslu á hið ólíka eðli einstaklinganna að efla samstarfið milli heimila og skóla og að virða höfuðábyrgð heimilisins og fjöl-

skyldunnar á uppeldi barnanna. Þetta inntak er í mörgum fleiri málefnaályktunum Sjálfstfl., bæði að því er varðar almennar stjórnmálaályktanir, félagsmál, fjölskyldumál, jafnréttismál og fleira. Ástæðan til þessa er einfaldlega sú að við teljum að við séum hér að fjalla um hluti sem eru svo ríkir þættir í eðli einstaklinganna og svo mikilvægir. Þeir séu lykilatriði í mörgum starfsþáttum þjóðfélagsins. Við séum að fjalla um aðgang að því að geta notið náms í lífsins skóla og að geta staðið sig í lífsbaráttunni. Þess vegna er það að við leggjum á það höfuðáherslu að Íslendingar megi undir engum kringumstæðum og síst nú á dögum dragast aftur úr um fræðslu og uppeldisaðstöðu sinnar yngstu kynslóðar og þess vegna gerum við okkur grein fyrir því að þær breytingar sem þarf að gera, sú bætta aðstaða sem skólarnir þurfa að fá, hlýtur að verða eitt af höfuðviðfangsefnum stjórnmálanna og í útgjöldum hins opinbera á næstu árum. Við gerum okkur grein fyrir því að hér er um að ræða málefni sem við getum því miður ekki náð í einu skrefi, en í grg. frv. eru ítarlegar áætlanir um það hvernig unnt sé að ná þessum markmiðum í nokkrum áföngum.

Við gerum grein fyrir því að frv. er að mestu byggt á áliti nefndar um fjölskyldumálefni sem sett var af þáverandi forsrh., hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteini Pálssyni, sem reyndar hafði látið það koma fram í ýmsum málefnum sinnar ríkisstjórnar að höfuðáhersla væri lögð á bætta aðstöðu fjölskyldna og barna. Þessi nefnd byggði m.a. álit sitt á starfi annarra nefnda sem starfað höfðu í menntmrn. og höfðu gert kannanir meðal kennara og foreldra um það sem brýnast væri talið til að bæta samstarf heimila og skóla til að bæta aðstöðu barna.

Það þarf ekki að hafa um það langt mál hvaða áhrif þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa haft á líf og leik lítilla barna í okkar þjóðfélagi. Þetta eru þó þeir þjóðfélagsborgarar sem við öll, á hvaða aldri sem við erum, berum mikla umhyggju fyrir og við teljum það raunar höfuðatriði sé að vel sé búið að þessum hópi þjóðfélagsborgaranna.

En hver er staðreyndin? Við skulum líta á skýrslu sem nokkuð hefur verið talað um og liggur hér fyrir sem fylgirit við heilbrigðisskýrslur, þ.e. skýrsla sem landlæknisembættið lét gera og heitir Mannvernd í velferðarþjóðfélagi. Þessi skýrsla vitnar í ýmsar tölfræðilegar staðreyndir, m.a. úr skólaskýrslum í Reykjavík, og þar er sýnt fram á að um langt árabil hefur verið ótrúlegur fjöldi lítilla barna á aldrinum 7–12 ára sem eru meira eða minna ein heima á daginn. Og af hverju er þetta? Í sumum tilvikum er þetta vissulega matsatriði foreldranna. Í öðrum tilvikum er þetta óhjákvæmilegt. Og hvað viljum við gera til að auka öryggi þessara barna? Við þurfum ekkert að ræða það hvaða áhrif þessi aðstaða getur haft á þetta unga fólk. Ýmsar niðurstöður kannana sem birtar eru í þessari sömu skýrslu gefa líka til kynna að það er ljóst að til þessarar aðstöðu má rekja ýmiss konar heilsubrest þessara sömu einstaklinga síðar á ævinni, ýmiss konar örðugleika, bæði við að stunda nám í öðrum skólum eða störf. Sumir komast sem betur fer klakklaust í gegnum þetta en einstaklingarnir eru misjafnir og það verður að sjálfsögðu að sinna þeim í ljósi þeirrar staðreyndar. Þess vegna leggjum við til að daglegur skólatími barna sé lengdur. Við leggjum raunar líka til að árlegur skólatími barna sé lengdur. Og við leggjum líka til að einu ári sé bætt við skólaskylduna.

Ég hygg nú að þeim fari fækkandi sem undrast það að menn vilji veita börnum aðstöðu til þess að dveljast lengur í skóla heldur en nú er. Sumum leiðist í skóla eins og gengur en það er ekki annað heldur en víða er í þjóðfélaginu. Sumum leiðist á sínum vinnustað. Engum þeim sem hér eru inni neitt að ráði kannski, því að þeir eru svo áhugasamir um þetta málefni. En það kemur fyrir á öllum vinnustöðum hvort sem það er skóli eða ekki, að heldur vildu menn sitja og spila á spil við vini sína eða gera sér eitthvað annað til dundurs. Börn eru líka mismunandi heppin með aðstöðuna í sínum skóla og í skólanum er misjöfn aðstaða til að sinna hverjum einstaklingi fyrir sig. (**MB:** Hún er að skamma okkur sem inni erum.) Ég var einmitt að hrósa þeim sem inni eru hvað þeir sýndu mikinn áhuga á þessu mikilvæga málefni og því fagna ég mjög. Og ég tel sérstaka ástæðu til þess að segja það sérstaklega við hv. 1. þm. Vestf. að við erum að fjalla um málefni yngstu borgaranna og það eru einmitt málefni sem snerta hug og hjarta þingmanna og annarra Íslendinga á öllum aldri. Við erum ekki að fjalla um eitthvert sérmál kvenna eins og stundum mætti ætla þegar talað er um skólamál hér á hv. Alþingi. Og sú framför hefur orðið að ég sé ekki betur en að hér séu hlutföllin á þessum fundi nokkuð góð milli karla og kvenna. Stundum hefur það verið svo í þessum sal, þegar slík málefni hafa verið rædd, að aðallega hafa það verið konur sem þeim hafa sinnt. En hvað sem því líður — að miklu leyti get ég vitnað til þeirra röksemda sem fram koma í ítarlegu nál. frá þeirri nefnd sem ég gat um áðan, fjölskyldumálefnanefnd hv. þm. Þorsteins Pálssonar og páv. forsrh. Þar kemur fram að við gerum ráð fyrir því að frv. komi ekki til framkvæmda fyrr en ári eftir að það fær afgreiðslu á Alþingi. Í fyrsta áfanga verði lengdur skóladagur fyrir sjö og átta ára börn og í næsta áfanga verði sex ára bekkurinn látinn fá betri aðstöðu eins og sjö og átta ára hóparnir og kennsla sex ára barna verði með sama hætti og í öðrum hópum grunnskólans að það verði bekkjakerfi en ekki eins og nú er, það fari eftir fjölda í sex ára bekk. En við gerum ráð fyrir því að á hvern nemanda verði í fyrsta bekk sex ára barna 1200 mínútur á viku. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta er framtíðarmarkmið en við stefnum að því að með þessu verði dvöl barns í skólanum allt að sex klukkustundir, þ.e. að það séu kennslustundirnar sjálfar sem eru 40 mínútur hver, stundahlé á milli og matarhlé og þess vegna verði þetta samtals í skólanum um sex stundir.

Við gerum ráð fyrir því líka að það verði aðstaða til þess að börnin geti dvalist í skólanum utan kennslustunda. Að það sé gert ráð fyrir skólaathvörfum við

hvern grunnskóla og við gerum ráð fyrir því, þar sem hér er um kostnaðarsamt atriði að ræða, að heimilt sé að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og upphæð gjaldsins skuli ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra. Þessi hugmynd kom fram í áliti sem forskólanefnd hafði skilað á árinu 1981, þá þegar, og lagði sú nefnd mikla áherslu á að bæta aðstöðu þessa hóps.

Við gerum ráð fyrir því að lengri kennslutími fyrir eldri bekki komi svo síðar til framkvæmda. Í þriðja áfanga verði lengingin fyrir alla bekkina komin þannig að fyrsti, annar og þriðji bekkur fái 28 kennslustundir á viku hver, fimmti bekkur fái 33, sjötti 35 stundir, sjöundi, áttundi og níundi 36 kennslustundir á viku hver og síðan aukist þetta á árunum 1992 og 1993 þannig að fyrsti, annar og þriðji bekkur fái 30 kennslustundir á viku, fjórði 32, fimmti 34, sjötti 35, sjöundi, áttundi og níundi 36–37 kennslustundir á viku. Við gerum ítarlega grein fyrir því hvað þessar aðgerðir muni kosta hverju sinni en eins og menn sjá þá erum við með tölur sem eru miðaðar við verðlag á árinu 1988 og þær þurfa að sjálfsögðu að taka breytingum. Ég geri reyndar ráð fyrir að eftir verðlagsútreikningum hæstv. fjmrh. séu þessar upphæðir kannski lægri heldur en það sem við teljum að þurfi að vera, því við teljum nú að verðbólgan sé meiri heldur en hæstv. fjmrh. sagði a.m.k. hér í gær. En ef hans kenningar um það gilda þá verður þetta nú ekki eins há krónutala sem við erum hér að leggja til í auknum kostnaði. En við skulum líta á hina hlið málsins. Þó að við fjöllum hér um mikla fjármuni þá erum við líka að skapa tryggingu. Við erum að tryggja meira öryggi, við erum að afstýra slysum, við erum að afstýra lakari geðheilsu, við erum að stuðla að betri aðbúnaði, ekki aðeins barnanna, heldur líka fjölskyldnanna. Við erum að draga úr streitu foreldra og hver er tilbúinn til þess að slá á það mati hvaða fjármunir sparast með því að sporna gegn þessum hlutum sem ég hef hér nefnt, slysum, vanheilsu, streitu og losi í fjölskyldum? Ég held að til lengri tíma litið þá sé hér um einhverja öruggustu fjárfestingu að ræða sem við gætum valið. Og ekki einungis það heldur séum við að fullnægja skyldum, siðferðislegum skyldum sem hvíla á fullorðnu fólki í þessu landi, á öllum þeim sem eru komnir til vits og ára og þeim sem eru á þeim aldri að þeir beri yfir höfuð ábyrgð á uppeldi ungs fólks og lítilla barna.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki fleiri orð sérstaklega um það sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Í greinargerð er það skýrt og líka sú breyting sem varð á frv. frá því í fyrra. Gerð hefur verið grein fyrir henni. Þar er áréttuð heimildin fyrir hið opinbera til þess að fela öðrum aðilum en sjálfu sér að halda skólana, að sjá um skólastarfið. Hið opinbera getur falið eða samið við einstaklinga eða aðra að halda skóla. Hins vegar njóti slíkir skólar fjárhagslegs stuðnings hins opinbera, en rammi yrði settur um nánara fyrirkomulag þessa stuðnings í reglugerð og veitt yrði leyfi fræðsluyfirvalda sem fyrst og fremst mundi miða við að faglegum kröfum væri fullnægt. Það er líka meginatriði að hinum faglegu kröfum sé fullnægt.

Ég veit, herra forseti, að hæstv. menntmrh. mun hafa látið smíða frv. til grunnskólalaga. Frá því var sagt í fjölmiðlum nú fyrir allnokkru síðan, þó nokkrum tíma. Í síðustu viku var skýrt frá því í fjölmiðlum. Það frv. hefur ekki verið lagt hér á borð þingmanna svo ég veit nú ekki hvort það er réttnefni að kalla þær hugmyndir frv. enn þá. En hann mun þó hafa kynnt þessi drög að frv. fyrir stjórnarflokkunum. Lýðræðishugsunin er nú ekki meiri en svo í hæstv. ríkisstjórn að stjórnarflokkunum er kynnt frv. um jafnmikilvægt efni, það kynnt í fjölmiðlum, án þess að stærsta þingflokknum sé svo mikið sem sýnt þetta mál. Hvað sem um það er þá vonast ég auðvitað til að sem flestar af þeim hugmyndum sem hér eru inni í þessu frv. séu inni í stjfrv. Ég veit að það eru góðir fagmenn sem hafa farið höndum um það mál, ég efa það ekki. Og ég vek athygli á því að sjálfstæðismenn hér á hv. Alþingi hafa flutt fleiri mál sem þetta varðar og þær hugmyndir sem fjölskyldumálefnanefndin lagði til. Þar vil ég nefna mál sem hv. 6. þm. Reykn. flutti í Ed. og hefur flutt þing eftir þing og fjallar um skólaráð sem á að festa í lögum nánara samstarf foreldra og skóla. Svo og vek ég athygli á þeirri þál. sem vísað var til ríkisstjórnarinnar í fyrra. 1. flm. hennar var hv. 2. þm. Reykv. Ég hef ástæðu til að ætla, þar sem ekki var annars getið í þessum útvarpsfréttum sem ég heyrði og voru um hugmyndir hæstv. menntmrh., að þessar hugmyndir séu inni í hans frv. og vil a.m.k. trúa því þangað til annað reynist réttara.

En til þess að árétta þessa stefnu okkar flyt ég þetta frv. og hv. Alþingi á þá kost á því að samþykkja það ef hæstv. ráðherra skyldi nú ekki leggja fram frv. um sama efni.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Það vill nú svo til að hv. 3. þm. Reykv. var hér að fjalla um mál sem alltaf hefur verið mitt hjartans mál, grunnskólann. Að almennilega og vel sé að honum staðið. Ég tel það hafa mikla þýðingu fyrir hvern nemanda að í grunnskólanum sé vel að honum búið og að hann fái alla þá fræðslu sem möguleg er. Því miður held ég að þessu hafi verið mjög ábótavant víða. Ég held að sá nemandi, og hef reyndar fylgst með því og hef kynni af því að sá nemandi sem t.d. er á eftir hann fær alls ekki þá leiðsögn sem hann þarf, það er langt frá því.

Nú lifum við í þjóðfélagi þar sem alltaf er verið að tala um tækni og alls konar framfarir, tæknivísindi og alls konar framfarir, en þetta höfum við vanrækt skammarlega.

Ég fylgdist fyrir nokkrum árum síðan með dreng sem fór ekki einungis í gegnum grunnskóla heldur líka í gegnum unglingadeild, alltaf á núlli. Ég þekkti þennan dreng, hann var ekkert vangefinn, hann fékk bara ekki neina hjálp. Hugsið þið ykkur hvernig framtíðin blasir við svona ungmenni. Ég hef heyrt núna síðustu árin til tveggja Íslendinga sem eru nú

alþjóð kunnir, annars vegar Bubba Mortens hins vegar Bjarna Dags. Þeir sögðu báðir frá því þessir menn að þeir flæmdust úr skóla af því að þeir voru haldnir einhverri lesblindu. Þeir voru bara sagðir latir, ódælir og ómögulegir, enginn veitti þeim hjálp.

Nú hef ég alveg síðustu árin fylgst með dreng sem á við svipuð vandkvæði að stríða. Hann fær enga hjálp. Ég veit það að foreldrar hans hafa verið mjög vakandi yfir þessu og hafa reynt verulega mikið til að fá hjálp, þau fá hana ekki. Svo sé ég að hér stendur í grunnskólalögunum, 38. gr.: „Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra." Nú langar mig til að fá svar við því ef einhver veit. Hefur þessu verið framfylgt? Er þessi umsjónarkennari til í öllum skólum? Og ef svo er hvernig uppfyllir hann þá sínar skyldur? Það hlýtur þá að vera skylda hans að fylgjast með í svona tilfellum.

Í síðustu málsgr. um þessa umsjónarkennara segir: „Nefndin telur nauðsynlegt að staða umsjónarkennara við 7.–9. bekk verði styrkt. Þeim tilmælum er því beint til menntmrh. að mál þetta verði tekið til sérstakrar umfjöllunar í samstarfi foreldra, kennara og fræðsluyfirvalda." Þetta er alveg eins og talað út úr mínu hjarta. Og ég legg þá ríka áherslu á það að verði orðið við þessum óskum, þá sé sá ágæti maður sem tekur þetta að sér svo ábyrgur að hann sjái um að enginn týnist úr í bekknum.

Ég vil taka það fram að ég hef ekki lesið þetta frv. með grunnskólalögunum og er bara ekki nógu kunnug því, en þó að það yrði ekki til annars en að betur yrði staðið að þessum málum er það allrar athygli vert.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem í meginatriðum felur í sér lengingu skóladags barna á grunnskólaaldri er nú lagt fram hér í Nd. aftur. Jafnframt var í fyrra lagt fram í Ed. frv. sem hneig mjög í sömu átt og var flutt af kvennalistakonum. Verður það einnig lagt fram í Ed. innan tíðar.

Það er í rauninni dapurlegt til þess að vita að það skuli þurfa að flytja þessi frv. ár eftir ár og þau skuli ekki vera komin til framkvæmda, slíkt nauðsynjamál sem þetta er orðið að skóli og skólastarf bregðist við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Það sem einu sinni dugði til gerir það ekki lengur og það er allt sem vitnar um það, félagsleg aðstaða barna og foreldra, mjög breyttar þjóðfélagsaðstæður, auknar menntunarkröfur og svo mætti lengi telja. Við þekkjum öll þessar aðstæður og þurfum svo sem ekkert að tíunda þær mikið, en það má eiginlega furðu sæta að þetta skuli ekki vera slíkt forgangsmál stjórnvalda að það séu orðnar stórfelldar úrbætur. En það er nú eins og vant er að þegar kemur að börnum eða unglingum — eða konum, þá fara þau mál mjög aftarlega á listann og þá er kostnaður slíkur þyrnir í augum stjórnvalda að honum er sífellt borið við. Það liggur við að það sé ósæmilegt að ræða kostnað þegar við erum að ræða um svo brýn mál eins og skólahald. Í rauninni má segja að það sé aldrei nógu til kostað og megi ekkert til spara til þess að þar sé sem best að verki staðið. Með þessu er ég ekki að segja að það eigi að taka upp einhverja óráðsíu og bruðl og það að gæta þess ekki í hvað peningarnir eru notaðir. Ég á ekki við það heldur hitt að sá kostnaður sem er nauðsynlegur til þess að þessi mál séu ekki bara í sæmilegu lagi heldur góðu lagi ætti ekki að vera það sem stæði málinu fyrir þrifum.

Þetta frv. og frv. sem kvennalistakonur fluttu í Ed. í fyrra eru mjög áþekk eins og ég sagði áðan. Það eru þó nokkur atriði sem skilja að og er þá fyrst til að taka atriði sem er í frv. sem flutt er hér í Nd. af hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur þar sem lagt er til að heimilt sé sveitarfélögum að setja á stofn grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir fimm ára börn. Nú er þetta út af fyrir sig athyglisvert, og er sjálfsagt, finnst mér, að hafa slíkt inni í þessum lögum, en ég vil í því sambandi minna á að nú er starfandi á vegum menntmrn. nefnd sem er að smíða tillögur um fyrirkomulag forskólastigsins, þ.e. fyrir börn alllt frá fæðingu og upp að skólaaldri, og árangur af því starfi verður væntanlega tillögur um allt ytra og innra starf forskóla. Það á ekki að koma í veg fyrir að aðrir möguleikar séu til í skólakerfinu og gæslu, en þá þarf að gæta að því að það rekist ekki hvað á annars horn. Ég held að það sé í mörgum tilfellum afskaplega æskileg tilbreyting fyrir börn sem hafa dvalið á leikskólum eða öðrum dagvistarstofnunum í nokkur ár að stíga svo sem eins og öðrum fæti inn í skólakerfið á þessum aldri. Ég þekki það af eigin raun, þegar ég var með lítil börn á dagheimili og átti þess kost að setja þau einmitt í fimm ára bekk í Ísaksskóla, hálfan daginn, hvað þeim var það kærkomin tilbreyting og varð þeim greinilega til þroska og ánægju. Ég held því að þetta væri þarft skref að stíga svo framarlega sem það samræmist öðrum aðgerðum.

Annað vil ég nefna sem mér finnst vanta í frv. og það eru ákvæði um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Í frv. kvennalistakvenna er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda í 1. og 2. bekk, þ.e. sex og sjö ára barna í grunnskóla, fari ekki yfir 14 og að meðaltal nemenda í 3.–10. bekk fari ekki yfir 18. Ég held að það sé mjög brýnt að koma á fastri skipan hvað varðar nemendafjölda vegna þess að það segir sig sjálft að eins og nú háttar til þegar ekki er lengur skipað í bekki eftir svokallaðri námsgetu, þá er starf kennarans örðugra. Það útheimtir persónulegri kennslu, þ.e. persónulegri athygli við hvern nemanda, auk þess sem kennarinn á þá miklu auðveldara með að standa undir þeim tilfinnanlegu kröfum sem gerðar eru til kennara í dag. Þeir þurfa að svo mörgu leyti að koma í staðinn fyrir heimilin mikinn tíma dagsins og því mjög mikilvægt að kennarar nái að mynda persónuleg tilfinningaleg tengsl við nemendur sína því að á því þarf hvert barn að halda ef

því á að líða vel og ef það á að ná árangri og það gefur augaleið að því fleiri sem nemendurnir eru, því erfiðara á kennarinn með að standa undir þessum kröfum.

Í fyrra fengum við að sjá hér á Alþingi námsskrá fyrir grunnskóla. Það var hið glæsilegasta plagg og ekkert nema gott um það að segja og var talsvert ítarlega rætt hér í fyrra. Í umræðum um þessa námsskrá gerði ég einmitt að umræðuefni þær gífurlegu kröfur sem væru þar gerðar til kennara. Það var varla til sá eiginleiki, persónulegur eða faglegur, sem hann átti ekki að hafa til að bera, auk alls þess námsefnis og fræðslu sem hann átti að koma til skila. Hann gerir það auðvitað ekki innan þess kerfis sem við búum við í dag. Það er borin von. Það stendur ekki í mannlegu valdi að gera það. En við megum ekki gleyma því að það er og verður í rauninni merkasti og sterkasti þáttur í starfi hvers kennara að geta einbeitt sér að hverjum nemanda þannig að hæfileikar hans og eiginleikar fái sem best að njóta sín.

Í báðum frumvörpunum er gert ráð fyrir athvarfi í skólanum utan lögboðins skólatíma. Þó er sá blæbrigðamunur, eða það er að vísu miklu meira en blæbrigðamunur, það er náttúrlega skoðanamunur, að í frv. sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir að heimilt sé að taka greiðslu fyrir dvöl í skólaathvörfum. Ég held að það sé einmitt grundvallaratriði, til að skólaathvörf nýtist sem best fyrir þá nemendur sem þurfa mest á þeim að halda, að það sé ekki gegn gjaldi, og þetta sé jafnsjálfsagður liður í kostnaði skóla og skólahaldið sjálft.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vitnaði hér í merka skýrslu, Mannvernd í velferðarþjóðfélagi. Þessa skýrslu hefur áður borið hér á góma í máli mínu og margra annarra. Hún er í rauninni svo merkt plagg að þar ættu stjórnvöld að finna sér forgangsröð um framkvæmdir til félagslegra úrbóta. Í þeirri skýrslu er svo margt sem bendir til vanrækslu og margt sagt þar sem styður hve hörmulegar afleiðingar slík vanræksla getur haft. Aðallega er það auðvitað þetta að börn ganga sjálfala, eða eru ein án gæslu stóran hluta dagsins. Því ráða eflaust margir þættir. Eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir benti á getur verið um val foreldra að ræða, að þeir telji einfaldlega ekki þörf á gæslu, en þó hygg ég að slíkt sé í fæstum tilfellum. Oftast er það, eins og ég reyndar gerði hér að umtalsefni í gær, að foreldrar eiga ekki kost á gæslu eða, sem ekki er ólíklegra, að þeir hreinlega hafa ekki efni á henni. Og það gefur augaleið að það eru þeir sem verst eru staddir, þeir sem lægst hafa launin, sem þurfa að vinna lengstan vinnudaginn, sem þurfa mest á þessu athvarfi að halda fyrir börnin sín. Eða réttara sagt, börnin þeirra þurfa mest á þessu athvarfi að halda, en hætt er við að þau börn gætu ekki notið þessarar gæslu ef gjald kæmi fyrir. Þá er kannski betur heima setið en af stað farið ef sú yrði raunin að það væru einmitt þeir sem mest væru þurfandi sem yrðu að vera án aðstöðunnar.

Það er auðvitað ótalmargt fleira sem hangir þarna á spýtunni, heilbrigðismál ýmiss konar og slysahætta og alls konar andleg og líkamleg velferð barna. Þetta var tíundað vel hér í umræðum í fyrra og á eflaust eftir að bera á góma aftur en er auðvitað sterk röksemd fyrir lengingu skóladags og tilvist athvarfa.

Annað það sem við kvennalistakonur lögðum áherslu á í okkar frv. í fyrra var að það væri aðstaða í öllum skólum til þess að hafa þar skólamáltíðir á boðstólum. Þetta er slíkt grundvallaratriði í rekstri skóla í dag að undan þessu verður ekki vikist. Það háttar nú svo til og ættu hv. þm. að þekkja það því að þeir búa m.a. við þá aðstöðu að eiga aðgang að góðum mat hér í hverju hádegi sem þeir greiða ekki einu sinni fullu verði og svo háttar til um fjölmarga aðra fullorðna í þjóðfélaginu að þeir eiga að eiga aðgang að þessari þjónustu í hádegi. Börn og unglingar eru hins vegar einu þegnar þjóðfélagsins sem ekki eiga kost á þessu. Afleiðingarnar eru sjálfsagt margvíslegar, þær eru heilsufarslegar. Þær lýsa sér í meiri tannskemmdum og ætli það komi ekki líka fram í stórauknum viðskiptum í sjoppum og söluturnum því að það er margt sem bendir til þess að þaðan komi því miður oft fæði barna sem eru eftirlitslaus. Þau kaupa sér það sem hendi er næst og aðgengilegast er hverju sinni og þá verður svokallað sjoppufæði oft fyrir valinu.

Ég gerði hér að umræðuefni í fyrra tannskemmdir barna og unglinga sem eru meiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum t.d. og er eflaust eitthvert samband á milli neysluvenja og tannskemmdanna. Þó að sums staðar hátti þannig til að börn komist vel heim í hádegi er sjaldnast nokkur þar til staðar til að útbúa handa þeim mat eða sjá til þess að þau borði vel og borði næringarríka fæðu sem er þó aldrei nauðsynlegra en einmitt á þessum árum.

Það er annað sem mig langar að minnast á í þessu frv. sjálfstæðismanna og það eru tillögur þeirra um lengingu skólaárs. Nú finnst mér það e.t.v. orka nokkuð tvímælis hvort eigi að svo stöddu að fara út í að lengja skólaárið. Ég held að við ættum fyrst að snúa okkur að lengingu skóladagsins og fá einhverja reynslu af því áður en við færum út í lengingu skólaársins. Hitt er svo annað mál að vel mætti haga því svo til að að lögbundnu skólaári loknu væri nemendum sköpuð aðstaða til áframhaldandi starfs í skólanum. Það er margs konar tómstundastarf og íþróttastarf sem væri hægt að hafa í gangi fram eftir sumri og e.t.v. mætti byrja aftur fyrr á haustin og reyna þannig að koma til móts við börn, þarfir barnanna og foreldranna. Það hafa verið gerðar undanfarin ár nokkuð merkilegar tilraunir með skólabúðir og það mætti vel hugsa sér að það tengdist t.d. þessu starfi að skólaárinu loknu og fjöldamargt annað mætti telja. Vil ég í því sambandi minna á tillögu sem var reyndar samþykkt hér á Alþingi í fyrra og var um athugun á því að samhæfa og samræma kennslu í tónmennt í grunnskólum og tónlistarskóla og átti þetta að vera liður í því að tengja skólana meira ýmiss konar menntun og tómstundastarfi sem nemendur sækja sér nú utan skóla. Það mætti svo

sannarlega íhuga þetta einmitt í sambandi við viðveru barna í skólahúsnæðinu lengur en sem nemur skólaárinu.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á ákveðið atriði af því að mönnum verður svo tíðrætt um það núna varðandi aðild Íslendinga að EFTA og hugsanlegt samstarf við EB hvað það sé nauðsynlegt að dragast ekki aftur úr, einangrast ekki, verða ekki á eftir. Ég er ekki viss um að viðskiptasamningar séu úrslitaatriði í því. Það hlýtur að vera menntun og menningarstig hverrar þjóðar sem ræður þar úrslitum, hvort hún dregst aftur úr eða hvort hún stendur í broddi fylkingar. Það er líka sterkasta vopn hverrar þjóðar og ég tala nú ekki um fámennrar þjóðar, bæði til verndunar og styrktar eigin sjálfstæði og til að gera sig gildandi í samfélagi þjóðanna. Lenging skóladags og bætt aðstaða fyrir börn og unglinga í skólum er því svo sannarlega eitt það áhrifaríkasta og mest áríðandi ef við viljum halda okkar stöðu og dragast ekki aftur úr.

Ég vona svo sannarlega að þetta frv. fái góða og hraða umfjöllun í nefnd og að við sjáum það aftur hér innan tíðar ásamt fleiri frv. sem fram eiga eftir að koma um sama mál. Það besta valið úr báðum, fellt saman í eina heild svo að allir megi vel við una.

Lára V. Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að koma inn í umræðuna þar sem hér er verið að fjalla um mál sem fjölskyldunefnd vann að á sínum tíma. Það vildi svo til að ég átti sæti í þessari ágætu nefnd. Nefndin átti að fjalla um ýmislegt til viðbótar því sem hún fjallaði um. Hún skilaði áfangaskýrslu sinni í lok fyrsta starfsárs og sú áfangaskýrsla fjallaði um dagvistarmál og skólamál. En mikilsverðir flokkar urðu út undan, flokkar eins og lífeyrismál og tryggingamál sem nefndinni var falið að fjalla um í skipunarbréfi. Því miður var fjölskyldunefnd ekki vakin til lífsins á ný eftir að stjórn Steingríms Hermannssonar tók við haustið 1988.

Ég er afskaplega ánægð með að sjá nokkrar af hugmyndum fjölskyldunefndar komnar hér á blað í frumvarpsform. Eins og nefndin fjallaði um málið og skilaði af sér, þá lagði hún mesta áherslu á lengingu skóla yngstu barnanna. Það var lagt út með það sjónarmið að grunnskólanemar ættu a.m.k. kost á sex klukkustunda dvöl í skóla á dag. Og eins og fyrri ræðumenn hafa rakið hér þá er þetta ekki síst mikilvægt fyrir fjölskylduna í heild sinni vegna þeirrar staðreyndar að konur hafa verulega aukið þátttöku sína á vinnumarkaði. Svo var komið árið 1986 að 84% giftra kvenna voru með atvinnutekjur. Þetta þýðir að það umhverfi sem skólabörn alast upp við er þannig að mæðurnar eru ekki heima á heimilunum, þær eru útivinnandi. Þess vegna eru þau markmið sem sett eru fram í áliti fjölskyldunefndar um lengingu skólavistar og samfelldan skóladag og skólaathvörf afar brýn og í rauninni má furðu sæta að þessum málum hafi ekki verið skipað með lögum og þau færð til betri vegar fyrr en þá umræðan er komin á þetta stig nú.

Það sem var rætt um í nefndinni var ekki bara lenging skóladagsins, heldur líka lenging skólaársins. Það sem vakti athygli okkar þegar við fórum að rýna í upplýsingar, tölur sem við fengum víða að af landinu, að aðeins 75% barna í landinu búa við níu mánaða skólaár. Þegar við vorum að tala um lengingu skólaársins vorum við fyrst og fremst að tala um samræmingu á skólaárinu yfir landið, þ.e. að tryggja að þau 25% barna sem búa ekki við níu mánaða skólaár fái notið lengds skólaárs.

Það var annað sem við höfðum verulegar áhyggjur af og kemur alltaf upp í umræðunni þegar konur ræða um skólann og vandamál tengd skóla. Það eru frídagar sem gefin eru í skólanum, skólafríin sem eiga sér stað á vinnudögum, á virkum dögum. Þetta er sérstaklega slæmt varðandi yngstu börnin, sex, sjö, átta og níu ára börnin. Það er verið að gefa frí vegna páska, vegna jóla, vegna öskudags og slíks. Þessi frí eiga sér langa hefð í íslenskum skólum eins og við vitum öll. En þá daga sem þessi frí eru gefin þurfa vinnandi foreldrar að gera ráðstafanir vegna barna sinna. Þetta er kannski í lagi einn og einn dag en ég taldi þessa daga saman eitt vorið hjá mér, þar sem ég var með tvö ung börn í skóla. Þeir dagar sem börnin mín voru í fríi frá janúar fram til 23. maí, en ég í vinnu þennan tíma, voru sautján talsins þetta vorið og það er ekki lítill tími. Það er ekki lítið mál að þurfa að koma börnunum sínum fyrir annars staðar sautján daga eitt vor.

Ég sé að hér eru 4. og 5. gr. sem fjalla um heimild til að reka einkaskóla og heimild menntmrn. til að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla. Ég kannast ekki við þessar greinar eða þessa umræðu úr fjölskyldunefnd og vil gjarnan fá nánari skýringar á þessu hjá hv. flm. en ég lýsi yfir ánægju minni með að sjá þessum málum hreyft hér og hlakka vissulega til að sjá frv. ráðherrans þegar það kemur síðan fram.

Það má nefna það hér að þau mál sem fjölskyldunefnd hefur hreyft við koma e.t.v. til með að verða að lögum á næstunni vegna þess að menntmrh. hefur bæði lofað frv. um lengingu grunnskólans og eins er verið að vinna í leikskólamálum og þar fer væntanlega eitthvað að skýrast á næstu vikum skulum við vona. En það sem maður vildi gjarnan sjá eru meiri tengsl leikskólans og grunnskólans, þ.e. meiri samfella í menntun barna frá því að þau fara að ganga menntaveginn.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta frv. og stutt meginsjónarmið þess. Óneitanlega vekur athygli hin áberandi fjarvist hæstv. menntmrh. Maður skyldi ætla að hér væri um mál að ræða sem hann teldi ekki miklu varða. Það vekur reyndar líka athygli að ekki einn einasti þm. úr flokki hæstv. menntmrh. er viðstaddur. Nú birtist samt hv. þm. úr flokki hæstv. menntmrh. og rennur blóðið til skyldunnar þar sem hann er einn af þremur þm. sem hér eru í salnum sem eru fyrrv. menntmrh. En hæstv. núv. menntmrh. birtist hér í dyrum áðan og hraðaði sér á brott. Ekki veit ég hverju það sætti, e.t.v. er hann að sækja frv. þetta sem hefur verið leyniskjal gagnvart stærsta þingflokknum a.m.k., e.t.v. er hann

að sækja frv. sem hann er búinn að lýsa í fjölmiðlum að sé svo ágætt, hafi að geyma hin merkustu ákvæði en enginn þeirra þm. sem ég hef talað við hefur séð frv. Þeir segja hins vegar að það muni hafa verið kynnt þm. stjórnarflokkanna. Það væri nú ágætt að fá að vita frá einhverjum hv. þm. úr stuðningsflokki ríkisstjórnarinnar hvort svo er. Hvort honum sé kunnugt um þetta frv., hvort það hafi verið lagt fram í stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar eða hvort það hafi einfaldlega stöðvast á borðum ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Það er e.t.v. eitt af þessum málum hæstv. ríkisstjórnar sem hún ómögulega getur komið sér saman um og það er kannski ekki að undra í öllu því flokkakraðaki sem á aðild að þessari hæstv. ríkisstjórn. En mikla fyrirlitningu sýnir þessi hæstv. ráðherra Alþingi og þessu málefni. Mikla fyrirlitningu sýnir hann því.

Ég mun hins vegar ekki lýsa eftir því að hæstv. ráðherra sé kvaddur hér á fund eða biðja um að umræðunni sé frestað. Það er stundum gert. Ég geri ráð fyrir að það breyti engu um áhuga hæstv. ráðherra, hann veit mætavel væntanlega hvað hér er til umræðu og ég treysti sannast sagna hv. menntmn. þingsins miklu betur til þess að afgreiða þetta mál með viðhlítandi og skaplegum hætti heldur en hæstv. ráðherra, miðað við þá framkomu sem hann sýnir nú.

Það er líka hrópandi þögn í öðru máli. Hv. þm. Lára Júlíusdóttir vakti í raun athygli á því hér í sinni ræðu að nefnd forsrn. um fjölskyldumálefni var lögð niður við stjórnarskiptin í fyrra. Hæstv. núv. forsrh. sýnir ekki þessum málefnum þann áhuga sem var í ríkisstjórn hv. þm. Þorsteins Pálssonar, alls ekki, því fer svo fjarri og það kemur því miður ekki einungis fram í því að þessi nefnd starfi ekki því að það sem máli skiptir er ekki einungis starf nefnda, heldur það hvað raunverulega gert er. Það sem hins vegar hefur komið fram í fyrirætlunum hæstv. ríkisstjórnar er m.a. það að nú hafa verið kynntar í fjölmiðlum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hugmyndir um að rétt sé að fara að miða barnabætur alfarið við tekjur fjölskyldna. Hvað þá um foreldra þeirra ungu barna sem leggja næstum nótt við dag við tekjuöflun vegna þess að þeir leggja hart að sér til þess að standa undir skuldagreiðslum og afla fjár til framfæris og húsnæðis og hafa þess vegna háar tekjur og greiða mikla skatta almennt í þjóðfélaginu? Þá á líka að skerða barnabætur til þessa fólks.

Í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar voru talin gild rök fyrir því að barnafjölskyldur almennt nytu tiltekins stuðnings í þjóðfélaginu og það vill Sjálfstfl. að gert sé. Við sem erum þm. Sjálfstfl. munum svo sannarlega reyna að beita okkur fyrir því.

Herra forseti. Ég má ekki gleyma mér og fara út í almennar stjórnmálaumræður en óneitanlega erum við hér að fjalla um þvílík grundvallarmál sem varða svo miklu um aðbúnað fjölskyldna, þetta atriði í þessu frv. sem miðar að samræmingu vinnutíma allra í fjölskyldunni. Það skiptir miklu meira máli heldur en ætla mætti eftir þeim fáorðu greinum sem í frv. eru. Það skiptir því máli sem m.a. segir hér í skýrslu landlæknis sem við fleiri þm. höfum vikið að. Í skýrslunni segir á bls. 16 í tölul. 5 sem heitir Brottfall úr skóla, með leyfi hæstv. forseta:

„Á tímum vaxandi samkeppni er mikilvægt að hljóta sæmilega menntun. Þeir unglingar sem ekki ljúka grunnskólaprófi eða samræmdum prófum eru lítið betur á vegi staddir um framtíðarstörf en þau börn sem ekki læra að lesa. Á ári hverju hverfur úr unglingaskóla töluverður hópur barna. Undanfari þess að barn hverfur úr skóla er oft margvísleg vandræði. Í skólaskýrslum Reykjavíkur 1975 kom í ljós að meðal þeirra barna er skrópuðu einna mest komu 65–70% frá brotnum heimilum. 30–35% bjuggu við áfengisvandamál foreldra. Skólinn er þessum börnum oft eina skjólið enda leggja margir skólamenn og skólahjúkrunarfræðingar mikla vinnu í að halda þessum börnum í skóla þar til skyldunni lýkur."

Ég vil víkja að örfáum einstökum atriðum sem fram komu í ræðum hv. þm. Hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir fjallaði um það atriði í grg. frv. sem raunar var úr nál. fjölskyldumálefnanefndarinnar sem hv. þm. Lára Júlíusdóttir átti m.a. sæti í. Hún fjallaði um það atriði þar sem gerð var tillaga um betri aðstöðu og möguleika til viðvistar umsjónarkennara í skólunum. Ástæðan til þessa var ekki síst sú að þar sem við gerum ráð fyrir miklu nánara samstarfi foreldra og kennara þá verðum við líka að gera ráð fyrir því að kennarinn þurfi meiri tíma til þess að sinna því samstarfi og það er m.a. og ekki síst þess vegna sem nefndin gerði ráð fyrir þessu eins og hv. þm. Láru Júlíusdóttur rekur sjálfsagt minni til. Þetta er ábending sem oft og tíðum hefur komið fram hjá kennurum að þetta samstarf tekur tíma og er liður í vinnu kennaranna. Af hálfu foreldranna er hins vegar það sjónarmið uppi að þeir vilja geta haft miklu meiri áhrif á skólastarfið heldur en einungis það að aðstoða við öflun fjár, laga skólalóð eða baka kökur á basar, svo ég nefni hugsanleg dæmi. Ég er ekki að segja að það sé svo en oft og tíðum er það svo að foreldrum finnst sem þeir ættu að geta haft meiri áhrif á sjálft innihald skólastarfsins, á sjálft fræðslustarfið og geta komið við meiri áhrifum á það sem þeirra eigið barn er raunverulega frætt um. Því er það að gera þarf ráð fyrir betri aðstöðu umsjónarkennarans í þessu sambandi.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir fjallaði örlítið um það ákvæði frv. þar sem gert er ráð fyrir að með leyfi fræðslustjóra sé einkaaðilum unnt að stofna til skólavistar fyrir 5 ára börn, þ.e. börn innan við skólaskyldualdur. Þar eru það 5 ára börnin sem við erum með í huga og einmitt eins og hv. þm. sagði sjálf réttilega er það æskilegt fyrir börn á þessum aldri að geta átt kost á slíku í skólakerfinu, hvort sem það er hinn opinberi aðili eða einkaaðili sem hið opinbera semur við. Það kom hins vegar fram í máli hennar að um þessi mál væri verið að fjalla í nefnd á vegum menntmrh. Það leysir hins vegar ekki þetta mál. Í menntmrn. liggur aftur á móti álit forskólanefndar frá 1981 og þar er að finna ýmsar skynsamlegar

tillögur sem þarf að framkvæma. Um þau atriði fjallar m.a. þetta frv. og þess vegna er það að ég hygg að a.m.k. tillögur um það efni ættu ekki að vera langt undan.

Ég þakka hv. þm. fyrir þeirra undirtektir við þetta frv. og ég leyfi mér að vænta þess og þykist þess raunverulega fullviss að menntmn. hv. deildar muni veita því efnislegan stuðning sinn. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er vissulega verið að ræða stórmál sem við þyrftum að gefa okkur langan tíma til að athuga. Ég ætti nú ekki að fara að taka þátt í þessari umræðu þegar hún er komin að lokum áður en málinu er vísað til nefndar. En okkur er sannarlega mikill vandi á höndum. Hvernig eigum við að ala upp börn okkar í framtíðinni? Það er að vísu ágætt að koma þeim sem allra fyrst í skóla og hafa þau sem lengst í skóla. En ég hygg að stærsti vandinn sem við þurfum að horfast í augu við nú á tímum sé sá að börn koma allt of oft að luktum dyrum á sínu eigin heimili.

Við sem þekkjum það að hafa alist upp á góðum heimilum vitum hvers virði þau eru. Og allt fram á okkar daga hefur okkur þó held ég tekist að koma málum þannig fyrir að a.m.k. annað foreldrið hefur verið heima svona nokkurn veginn oftast nær. Ég hef stundum sagt við mína kunningja að ég telji það einn mesta sorgarmars á síðari tímum þetta lag sem ég man nú aðeins brot úr: Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á kvöldin, mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er, o.s.frv. sem þið sjálfsagt kunnið öll og kannist við. Ég held þess vegna að jafnframt því sem við þurfum að sjálfsögðu að sjá um að bæta skóla okkar og þetta frv. sé væntanlega merkilegt framlag í alla þá umræðu, þá þurfum við líka að leggja okkar af mörkum til að styðja við fjölskylduna sem ég tel að þurfi hér eftir sem hingað til að vera undirstöðueining í okkar þjóðfélagi. Ég skal ekki eyða tímanum lengur að sinni í að spjalla um þetta mál þó um það mætti margt fleira segja. En að lokum vil ég leggja til að sú nefnd sem hér hefur verið talað um og hefur eitthvað hugað að fjölskyldumálefnum verði endurvakin.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að leiðrétta aðeins orð hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, þar sem hún vitnaði í mín orð. Þegar ég var að ræða um forskóla fyrir 5 ára börn þá var ég reyndar að ræða um 3. gr. frv. hv. þm., en var ekki að gera að sérstöku umtalsefni einkaskóla á sama stigi þó ég vissulega tæki dæmi af mínum börnum sem ég hafði sent í svokallaðan einkaskóla. Sá er þó ekki því marki brenndur að taka háar upphæðir fyrir dvöl barna þar og þar af leiðandi á flestra færi, ef pláss leyfir, að nýta þann góða skóla. Þar með er ég ekki að segja að það séu ekki til fleiri form á skólahaldi heldur en rúmast innan ramma grunnskólalaganna eins og þau eru núna. Meiri sveigjanleiki í menntakerfinu væri eflaust til bóta, fjölbreyttari möguleikar. Ég held að það sé alveg hægt að samræma endanlegar kröfur í einhvers konar getuprófun þó að allur námsferillinn sé ekki nákvæmlega eins hvað varðar efni og efnistök, aðstöðu ýmsa og áherslur. Og ég held að það sé í rauninni talsvert mein í okkar grunnskólalögum hversu njörvuð þau eru. Mér sýnist stefnt sífellt lengra í þá átt að það sé einungis til ein leið að settu marki.

Ég ætlaði að gera hér aðeins að umræðuefni orð hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar og hefði nú kosið að hann væri staddur hér í salnum, en mun þá taka aðeins vægara á málum en ég hefði annars kosið að gera. Mér er fyrirmunað að skilja hvernig menn geta í öðru orðinu talað um nauðsyn þess að búa vel að börnum og unglingum, nauðsyn góðs skóla, nauðsyn þessa og hins, nauðsyn góðs uppeldis — án nokkurs samhengis við raunveruleikann. Það geta sjálfsagt allir á hans aldri og talsvert yngra fólk staðið og talað um sín góðu heimili. Ég trúi að það séu líka margir sem gætu talað um sín vondu heimili, líkt og í dag. Það er misbrestur á ýmsum heimilum, heimilin eru misjöfn, fyrir utan að það er ekki til forskrift að því hvað eru góð heimili og hvað eru vond heimili. En í orðum hv. þm. liggur ekkert annað en það að konur hafi svikist undan merkjum.

„Ég segi oft við kunningja mína“, sagði hv. þm., mig minnir að hann kallaði það „sorgarmars“, að allir hefðu núna gengið út af heimilunum, skilst mér. Þarna er sneitt að konum. Það er enginn að vega að karlmönnum fyrir það að dvelja ekki inni á heimilum allan daginn, það hefur aldrei verið ætlast til þess og mun ekki verða ætlast til þess. Þetta er hrein óskhyggja, þetta er hrein óskhyggja að halda að við getum snúið við í eitthvert „fyrirmyndarástand“ sem ríkti einhvern tíma og einhvern tíma í æsku fullorðinna manna. Þó að svo færi einhvern tíma að laun venjulegs fólks nægðu — þ.e. ein laun nægðu til framfærslu fjölskyldu þá breytir það ekki því að konum verður ekki snúið við og þær sendar inn á heimilin aftur. Þær hafa líka menntað sig. Þær hafa líka ýmsar langanir og þrár, rétt eins og karlmenn. Þó þær að vísu hafi oftast meiri og þyngri ábyrgðartilfinningu og sinni þess vegna betur því að axla ábyrgð á báðum stöðum, þ.e. utan heimilis og innan, þá verður því ekki breytt að konur hafa aðeins þefað af því hvað það er að geta fullnægt fleiri þrám og löngunum heldur en í móðurhlutverkinu einu felast. Við þessu og ýmsum öðrum breyttum aðstæðum verðum við að bregðast en ekki standa hér eins og geirfuglar og tala um liðna tíma sem koma ekki aftur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

EFRI DEILD

5. fundur, miðvikudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Stofnun og slit hjúskapar, 1. umr.

Stjfrv., 52. mál (sáttatilraunir). — Þskj. 52.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, sem liggur hér fyrir á þskj. 52. Skv. 44. gr. 1. málsgr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar verður hvorki skilnaður að borði og sæng né lögskilnaður veittur nema leitað hafi verið um sættir með hjónum, og á sáttatilraun að hafa átt sér stað á síðustu sex mánuðum. Gegnir hér einu hvort skilnaðar er leitað hjá valdsmanni eða dómsmrn. eða dómstólum. Skv. þessu ákvæði leitar sáttanefnd um sættir, „ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi". Endranær leitar prestur eða forstöðumaður trúfélags um sættir með þeim.

Með lögum nr. 28/1981 voru sáttanefndir lagðar niður. Eftir það hafa hjón leitað til presta í þessu efni. Dómsmrn. telur þetta fyrirkomulag óviðunandi og rétt sé og skylt að tveggja kosta sé völ, sátta hjá presti eða forstöðumanni trúfélags og svo hjá borgaralegu yfirvaldi.

Sifjalaganefnd vinnur að heildarendurskoðun laga nr. 60 frá 1972. En þar sem nokkurn tíma mun taka að ljúka því verki telur dómsmrn. nauðsyn bera til þess að breyta 44. gr. 1. mgr. laga nr. 60/1972, sem yrði þó aðeins til bráðabirgða.

Hér er lagt til að valdsmaður leiti um sættir í stað sáttanefndar, þ.e. bæjarfógetar og sýslumenn, yfirborgardómari og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, en auk þess eftir venju og lögum héraðsdómarar, þar sem þeir starfa, og löglærðir fulltrúar þeirra embættismanna sem nefndir voru. Dómsmrn. fer ekki með störf valdsmanna í þessu sambandi. Að því er varðar heimild hjóna til að leita atbeina valdsmanns, þá er sú breyting fólgin í frumvarpstextanum að þess er getið sérstaklega að þetta eigi við ef hjón standa utan trúfélaga. Er þar lagt til að fræðileg skýring á ákvæði 44. gr. 1. mgr. sé lögfest.

Þar sem hér er aðeins stofnað til breytinga á 44. gr. laga nr. 60/1972 til bráðabirgða er frv. einskorðað við óhjákvæmilega breytingu á 1. mgr. greinarinnar. Bíður heildarendurskoðun greinarinnar eftir frv. sem sifjalaganefnd vinnur að, svo sem áður greinir.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

Unnar Þór Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn. Mig langaði að gera örstutta athugasemd við þessa breytingu á frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar. Það er talað um í þessari brtt. að áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða beiðst er leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að áframhaldandi sambúð. Prestar leita um sættir með hjónum eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga og eða hvort heyrir sínu trúfélaginu og má þá yfirvald leita um sættir.

Það er við þetta orðalag sem mig langar til að gera athugasemd. Það er þegar hjón sem hafa valið þann kost í upphafi sambúðar að hafna því að prestur vígði þau eða sem sagt ef þau hafa verið gefin saman af borgaralegu yfirvaldi. Þá held ég í mörgum tilvikum að þau vildu frekar að borgaralegt yfirvald sneri sér að þessum þætti. Til þess að fullnægja þeirri viðleitni að gera þessi lög réttlátari og einfaldari held ég að þarna mætti bæta við til þess að koma til móts við þetta fólk að fólk hefði völ um það hvort það leitaði til presta eða borgaralegs yfirvalds, þó svo það væri í sama trúfélagi, þó svo það væri innan þjóðkirkjunnar. Ég vona að það komi skýrt fram sem ég er að tala um.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði aðeins að gera hér örstutta athugasemd og snertir hún raunar sama efni og hv. 4. þm. Suðurl. minntist á hér áðan.

Það er nú svo að hjónaskilnuðum hefur farið mjög fjölgandi í okkar þjóðfélagi á síðustu árum og það má vera að oft séu sættir um leið ráðgjöf þeirra sem sátta leita milli hjóna. Þar er fjallað bæði um félagsleg, efnahagsleg og tilfinningaleg málefni. Á seinni árum hafa margir prestar farið til framhaldsnáms í fjölskyldu- og hjónabandsráðgjöf. Spurning mín til hæstv. dómsmrh. er varðandi það yfirvald sem hann ætlar þessar sættir skv. því frv. sem hér liggur fyrir, hvort hann telji þessi tilteknu yfirvöld hafa þær aðstæður og þá faglegu þekkingu einmitt á þessum málum, þ.e. sem snerta félagslega og tilfinningalega þáttinn, til að standa í sáttaumleitunum. Það hvarflaði að mér þegar ég sá þetta hvort þetta væri ekki verkefni t.d. fyrir félagsráðgjafa.

En ég vildi einnig koma að því atriði sem hv. 4. þm. Suðurl. nefndi hér áðan. Hvað með fólk sem er í trúfélögum? Getur það ekki valið hvort það leitar til borgaralegs yfirvalds? Vil ég í því sambandi benda á að á seinni árum hafa mjög margir látið gefa sig saman hjá borgaralegu yfirvaldi þó þeir séu í sama trúfélagi, hvort sem það er þjóðkirkjan eða önnur trúfélög. Eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. þá er þetta gert til bráðabirgða vegna endurskoðunar á sifjalögum sem nú fer fram. Ég vildi því spyrja hann að lokum: Hvenær er ætlunin að sú nefnd skili tillögum að frumvarpi til laga um endurskoðuð sifjalög?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur þegar orðið um þetta tiltölulega stutta frv.

En eins og ég gat um í upphafi þá er hér einungis um að ræða mjög litla breytingu á 44. gr. laganna nr. 60 1972, um stofnun og slit hjúskapar. Ef ég sný mér fyrst að því að reyna að svara því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Suðurl., og raunar einnig í máli hv. 6. þm. Vesturl., um efnisatriðin í þessari breytingu, þá er það rétt að breytingin er í rauninni eins lítil og frekast er kostur án þess að endurskoða alla greinina í heild. Eins og þessi mál eru nú í lögum hljóðar 44. gr. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða umsókn er afhent um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Sáttanefnd leitar um sættir ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi." Það er aðeins þessi seinasti liður sem ég las, um hlutverk sáttanefndar, sem lagafrv. hljóðar um að breyta. Síðan segir í greininni eins og hún er nú í lögum: „Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfélags." Brtt. við lögin hljóðar sem sagt ekki um að breyta þessu atriði. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 4. þm. Suðurl. að þetta mætti gjarnan vera rýmra. Og vitaskuld getur sú breyting einnig komið fram hugsanlega í nefndarstarfi hér í þessari hv. deild og síðar í þinginu. En eins og kom fram í máli mínu áður þá er sifjalaganefnd að vinna að heildarendurskoðun þessara laga og eftir því sem ég veit best þá er gert ráð fyrir að því starfi verði lokið á þessum vetri. En ég get að vísu ekki nánar fullyrt um hvort það tekst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

7. fundur, fimmtudaginn 26. okt., kl. 10 árdegis.

Jöfnun raforkuverðs, ein umr.

Fsp. AS, 31. mál. — Þskj. 31.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 31 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. um jöfnun raforkuverðs. Fsp. hljóðar svo:

„Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til jöfnunar raforkuverðs í landinu:

a. að raforkuverð verði það sama til allra dreifiveitna í landinu;

b. að smásöluverð á raforku verði hið sama til notenda hvort sem um er að ræða til húsahitunar eða almennra nota.

Það þarf í raun og veru ekki að lýsa því hér að þetta mál, jöfnun á raforkuverði, hefur verið mjög mikið baráttumál á undanförnum árum til þess að jafna aðstöðuna í okkar þjóðfélagi, og það þarf heldur ekki að lýsa því hversu mikill aðstöðumunur er í landinu að því er varðar þennan tiltekna málaflokk, en það er alveg ljóst að jöfnun raforkuverðs er eitt hið þýðingarmesta byggðamál í okkar landi og er búið að vera baráttumál hér á Alþingi svo árum skiptir. Ríkisstjórn eftir ríkisstjórn hefur sett það á sína stefnuskrá að vinna að því að leysa þetta mál svo að viðunandi sé. Það hefur að sjálfsögðu orðið talsverður árangur að þessu leyti til en hann er alls ekki nægur. Enn í dag búum við við það að raforkuverð, sérstaklega raforkuverð til húshitunar, nálgast að vera þrisvar sinnum hærra en t.d. upphitunarverð hér á hitaveitusvæði Reykjavíkur. Og enn er svo að þeir sem búa á orkusvæði Rarik verða að greiða 60–70% hærra raforkuverð til almennra nota en þeir sem búa á þeim svæðum þar sem raforkuverðið er miklu lægra.

Ég þarf ekki að lýsa þessu öllu nánar, en hér er um svo brýnt mál að ræða að við sem erum fulltrúar fólksins utan ódýru svæðanna getum ekki lengur við það unað að það verði ekki gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að bæta hér um. Og ég vil lýsa því hér yfir í upphafi míns máls að ég tel að það sé alveg óhugsandi í dag að þola það að ný stórvirkjunaráform, og þar af leiðandi um stóriðju sem ég er alls ekki að mæla gegn, verði sett af stað nema því aðeins að áður sé búið að gera ráðstafanir sem eru fullnægjandi að þessu leyti sem stefnuskrá núv. ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórnar hafa raunar mælt fyrir um, að aðgerðir séu raunhæfar þannig að fólkið í landinu sem býr við þetta háa orkuverð þreifi á því þegar það borgar sína reikninga að hér hafi verið staðið við það sem allir hafa lýst yfir að sé hin mesta nauðsyn. Þess vegna legg ég þessar fyrirspurnir fyrir hæstv. iðnrh. og vænti svara vegna þess að ég veit að þetta er áform núv. ríkisstjórnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í fyrirspurnatíma í Sþ. síðasta fimmtudag urðu umræður um þetta efni eða efni náskylt þessu. Þar kom m.a. fram að á síðasta áratug hefur náðst verulegur árangur í því að jafna húshitunarkostnaðinn í landinu. Ég minni sérstaklega á yfirtöku skulda orkufyrirtækja á undanförnum árum í því sambandi. Nú síðast í sumar var létt af Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins tveggja milljarða skuldum auk þess sem Rafmagnsveiturnar fengu afhent til eignar að nýju skuldabréf upp á 1 milljarð kr. sem stofnað var til þegar Hitaveita Suðurnesja keypti dreifikerfið á Suðurnesjum. Þessar aðgerðir höfðu þá þegar verulega mikil áhrif til þess að jafna raforkuverðið í landinu.

Ég vék hins vegar líka að því, í svari við spurningu hv. 2. þm. Austurl. í þeim sama fyrirspurnatíma, að iðnrn. á nú í viðræðum við Landsvirkjun um fjölgun á afhendingarstöðum, sölupunktum raforku í stofnlínukerfinu. Tilefni þessara viðræðna eru kvartanir

frá dreifiveitum sem nú kaupa raforku frá Rafmagnsveitunum og greiða um 13% hærra heildsöluverð fyrir orkuna, miðað við sömu spennu, en þær veitur sem eiga kost á beinum viðskiptum við Landsvirkjun. Álagning Rafmagnsveitnanna á gjaldskrá Landsvirkjunar er að sjálfsögðu til að mæta kostnaði við flutning orkunnar og telja veiturnar að álagningin hrökkvi þar rétt til.

Ég hef gengist fyrir þessum viðræðum í því skyni að jafna þennan mun á heildsölugjaldskránni. Ég tel að milliliðalaus viðskipti Landsvirkjunar við allar rafveitur í landinu séu í samræmi við lögin um Landsvirkjun og ég hef lagt á það áherslu í þessum viðræðum að samkomulag gæti tekist um slíka jöfnun. En auðvitað er rétt að benda á að veiturnar sem hér eiga hlut að máli standa mjög misjafnlega að vígi og það væri í raun og veru nauðsynlegt, til þess að sanngirni og hagkvæmni sé gætt, að jafna um leið kjörin innan héraða, að bæta skipulag raforkukerfisins, bæði frá sjónarmiði hagkvæmni og sanngirni heima í héraði. Ég vona að sá aðlögunartími sem ég hef ætlað til þessara breytinga verði notaður til þessa og það mun auðvitað flýta fyrir því að hægt sé að afhenda raforkuna á sama verði í öllum landshlutum.

Ég geri ráð fyrir að það samkomulag, sem ég vona að takist um þetta mál milli ráðuneytisins, Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna, feli í sér að allar rafveitur muni eiga kost á að kaupa rafmagn í heildsölu samkvæmt sömu gjaldskrá eftir nokkurra ára aðlögunartíma. Á aðlögunartímanum verði sá munur sem nú er á þessum heildsölugjaldskrám lækkaður í áföngum. Ég vona að þetta svari þeirri spurningu sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín undir fyrri lið sinnar tvíþættu fsp.

Ég vík þá að síðari liðnum en þar spurði hv. 1. þm. Vesturl. hvaða áform ríkisstjórnin hefði uppi til þess að smásöluverð á raforku verði hið sama til notenda hvort sem um er að ræða til húsahitunar eða almennra nota.

Ég leyfi mér að skilja þessa spurningu svo að hann eigi annars vegar við að verð á raforku til húsahitunar og hins vegar verð á raforku til almennra nota verði hið sama til allra notenda í landinu. Vegna þess eðlismunar sem er á þessum tvennum viðskiptum með orkuna tel ég varla líklegt að það verði nokkurn tíma alveg sama verð á orku til hitunar og ljósa eða annarra almennra nota. En eins og kom fram í svari mínu við fsp. hv. 2. þm. Austurl. sl. fimmtudag hef ég falið Hagfræðistofnun Hagstofu Íslands að gera athugun á orkuverði, orkusköttum og niðurgreiðslum og reyndar að meta áhrif allra afskipta stjórnvalda af orkuverði á þessum áratug og um þessar mundir sem til hefur verið gripið til þess að jafna orkuverðið. Ég ítreka það sem ég sagði þá, að ég mun móta tillögur um endurskoðun stefnunnar hvað varðar skattlagningu og niðurgreiðslu á orku, m.a. með orkujöfnun fyrir augum, en líka hagkvæman orkubúskap, þegar Hagfræðistofnunin hefur lokið því verkefni sem henni hefur verið falið.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans. Það kemur að sjálfsögðu fram að hér er um viðamikið mál að ræða. Ég er ekkert að efast um það. Ég ætla ekki heldur að tefja umræður í sambandi við yfirtökuna á Rarik og Orkubúi Vestfjarða. Það verður að segjast eins og er að margir urðu fyrir vonbrigðum með það hvað raforkuverðið hjá Rafmagnsveitum ríkisins lækkaði lítið í sambandi við þessa miklu yfirtöku skulda Rarik sem ríkið yfirtók samkvæmt fyrri samningi.

Það sem ég hins vegar legg áherslu á er það að þessi fyrri liður, í sambandi við að raforkuverð verði það sama til allra dreifiveitna í landinu, er náttúrlega fyrsta skrefið sem er raunverulegt, og ég trúi því vart að það sé ekki hægt að flýta þeim ráðstöfunum þannig að það þurfi ekki að taka mörg ár því að þetta væri að mínu mati hægt að gera á miklu skemmri tíma en kom fram hjá hæstv. ráðherra. Hér er um mikinn verðmun að ræða á orkusvæði Rarik til dreifiveitna. Heildsöluverð hefur til skamms tíma verið um 26% sem sýnir hvað þetta mál er mikilvægt að því er varðar að allar dreifiveitur í landinu búi við sama verð. Ég legg áherslu á það, hæstv. ráðherra, að fundin verði leið til þess að hraða þessu sérstaka máli meira en kom fram í svörum hæstv. ráðherra. Ég vil aðeins benda á að út frá lið B er það auðvitað til hliðstæðra nota. Þó að spurningin sé svona sett fram ætlast ég ekki til að sama verð sé til upphitunar og ljósa og annarrar notkunar, heldur til hliðstæðra nota. Ég þakka ráðherra svörin.

Atvinnumálanefndir, ein umr.

Fsp. HG, 10. mál. — Þskj. 10.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 10 leyft mér að bera fram til hæstv. forsrh. fsp. um atvinnumálanefndir. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Hverjir eiga sæti í atvinnumálanefndum sem skipaðar hafa verið á þessu ári af forsrh. og hagstrh.?

2. Hvert er verksvið þessara nefnda hvorrar um sig og hvenær er þeim ætlað að ljúka störfum?"

Fyrirspurnin er fram borin til þess að fá það hér fram á Alþingi hvernig verkaskiptingu er hagað milli þeirra nefnda sem skipaðar hafa verið í þennan málaflokk af hæstv. ríkisstjórn, svo og hverjir skipa nefndirnar. Hér er um að ræða málefnasvið sem margir hafa áhyggjur af, bæði litið til skamms tíma og lengri tíma, þ.e. atvinnuþróun í landinu og það vaxandi atvinnuleysi sem gert hefur vart við sig nú að undanförnu. Það kemur fram í yfirliti um atvinnuástand frá vinnumálaskrifstofu félmrn. að í septembermánuði voru 33 þús. atvinnuleysisdagar á landinu öllu. Þeir skiptust þannig að hjá konum voru skráðir 18.400 atvinnuleysisdagar en hjá körlum 14.400, sem

sagt verulega meiri hjá konum og gildir það um flest svæði á landinu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Spurt er um tvær atvinnumálanefndir sem nýlega hafa verið skipaðar. Aðra nefndina skipaði ég og er það samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins sem gert var 30. apríl sl. og var liður í samkomulagi um kaup og kjör sem gert var við ríkisstjórnina í tengslum við hina almennu kjarasamninga. Þar var farið fram á að skipuð yrði svonefnd atvinnumálanefnd tilnefnd af þessum aðilum, þ.e. Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, þrír samtals frá þeim og þrír frá Alþýðusambandi Íslands, einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fimm fulltrúar tilnefndir af ríkisstjórninni.

Þessari nefnd er ætlað allvíðtækt verkefni og reyndar heimilt að skoða alla uppbyggingu atvinnumála sem hún kýs. En meginverkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í atvinnumálum og gera tillögur um atvinnuuppbyggingu til lengri tíma og jafnframt að fjalla um ástand og horfur á næstu missirum og gera, ef þörf krefur, tillögur til úrbóta. Kemur þá að því sem hv. fyrirspyrjandi sérstaklega nefndi að við höfum áhyggjur af hugsanlega vaxandi atvinnuleysi á næstu mánuðum og teljum því afar mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins, bæði fulltrúar vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, komi að þeim málum.

Í stærri nefndinni eiga sæti Árni Benediktsson, formaður Vinnumálasambands samvinnufélaga, Birgir Árnason, aðstoðarmaður viðskrh., Birgir Gunnarsson, varaformaður Vinnuveitendasambands Íslands, Gunnar Hilmarsson, framkvæmdastjóri Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Hilmar Karlsson vélstjóri, Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, Már Guðmundsson, efnahagsráðunautur fjmrh., Sigurður J. Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, Snær Karlsson, framkvæmdastjóri Verkalýðsfélags Húsavíkur, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, Örn Friðriksson, varaforseti Alþýðusambands Íslands og Þorsteinn Ólafsson, ráðgjafi forsrh. í efnahags- og atvinnumálum, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur hafið sitt starf.

Eins og þingheimi er kunnugt þá var ráðherra Hagstofu Íslands falið að undirbúa stefnu í atvinnumálum með tilvísun til þess samkomulags í stjórnarsáttmála að leggja áherslu á aukinn hagvöxt á næstu mánuðum og missirum og snúa við þeirri þróun sem nú hefur verið. Hæstv. ráðherra Hagstofu hefur skipað sér til ráðuneytis starfshóp sem í eiga sæti Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa, Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri, Grímur Valdimarsson forstjóri, Kristján Ingvarsson verkfræðingur, Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri, Jörgen Hólm kaupsýslumaður.

Spurt er um hvaða tíma nefndir þessar hafa til starfa. Það er ekki nákvæmlega skilgreint en þó segir um þá fyrri nefnd sem ég nefndi áðan og ég hef skipað, sem ég vil taka fram að starfar einnig í nánu samráði við ráðherra Hagstofu Íslands og eins og hann kýs þá menn sem hann hefur kallað sér til ráðuneytis, um þá nefnd segir: „Nefndin skal skila áfangaskýrslu til ríkisstjórnarinnar eftir því sem hún telur æskilegt. Endanlegar tillögur hennar skulu liggja fyrir fyrir mitt árið 1990."

Ég vona að ég hafi svarað þessum fyrirspurnum en hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands getur að sjálfsögðu bætt við upplýsingum um þá nefnd sem hann hefur skipað sérstaklega.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég má til með að gera athugasemd við þessa upptalningu sem hér kom fram hjá hæstv. forsrh. Það hefur reyndar komið fram áður í blöðum og annars staðar og gildir um báðar þessar nefndir að það er ekki ein einasta kona sem situr í þeim. Þarna var talinn upp fríður flokkur karla og ég efast ekki um að þeir séu hæfir á sínu sviði, en mér finnst alveg með ólíkindum að það skuli vera hægt að skipa eftir því sem mér skilst tvær nefndir með samtals 17 einstaklingum og allt skuli vera karlar.

Það væri fróðlegt að vita hvort þessir ágætu menn, þessir ágætu ráðherrar hér, hæstv. hagstrh. og hæstv. forsrh. hvort þeir telji að konur séu óhæfar eða hafi ekki vit eða hafi ekki hugmyndir á þessum sviðum. Það kom hér fram að konur eru í meiri hluta þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá og ég fullyrði og veit að konur bæði hafa vit, hugmyndir og eru tilbúnar til að leggja sitt fram á þessu sviði. Það er spurning hvenær kemur að því að konur verði virtar að verðleikum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að bera fram þessa fsp. Ég tel hana vera mjög þarfa. Kvennalistakonur vöktu raunar athygli á þessu þegar fjallað var um stefnuræðu forsrh. hér fyrr í vikunni. Þar kom fram hneykslun þeirra og réttlát reiði og það var náttúrlega ekki bara þeirra persónulega reiði heldur höfum við kvennalistakonur ferðast mikið um landið í sumar og við finnum hvað atvinnumálin brenna á konum hvar sem við komum. Það undrar okkur að ríkisstjórn sem vill kenna sig við jafnrétti skuli treysta sér yfirleitt til þess að útiloka rúman helming þjóðarinnar frá þessum mikilvægu nefndum. Það kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, Kristínar Einarsdóttur, að konur hafa margt til mála að leggja á þessum sviðum. Við kvennalistakonur höfum haldið ráðstefnur um atvinnumál þar sem komið hefur fram að konur hafa ýmsar hugmyndir. Þær eru tilbúnar til þess að taka frumkvæði en eins og allar konur þá eru þær fremur auralausar og eiga kannski ekki mjög greiðan aðgang að lánastofnunum atvinnuveganna eins og reyndar líka kom fram í ræðu hv. 10. þm. Reykn. stefnuræðukvöldið. Ég vil sérstaklega benda á varðandi atvinnumál kvenna í dreifbýli að þar er vandamálið þegar orðið

mjög mikið, þar er dulið atvinnuleysi, konur þar eru svo sannarlega tilbúnar til að taka til hendinni. Ég vil að lokum benda á að varðandi dreifbýlið er þetta auðvitað fyrst og fremst byggðamál. Það er undirstaða þess að treysta byggð úti í hinum dreifðu byggðum að konurnar finni þar líka eitthvað við sitt hæfi. Þess vegna vil ég að lokum, virðulegur forseti, lýsa enn og aftur réttlátri reiði okkar og hneykslun á þessari skipan mála.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Þessi athugasemd kvennalistaþingkvenna er að nokkru leyti réttmæt og ég get að mörgu leyti tekið undir með því sem hér kom fram hjá hv. þm. Kvennalistans að það er óeðlilegt að konur hafi ekki sín áhrif í mótun atvinnustefnu landsmanna. Það er alveg hárrétt sem kom fram að konur hafa margar góðar hugmyndir og það er mjög mikilvægt að þeirra hugmyndir komi fram í vinnu sem þessari. Mér er mikil ánægja að skýra frá því hér að Erna Hauksdóttir sem er framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa hefur góðfúslega fallist á að hefja störf með okkur í nefnd þeirri sem ég hef skipað mér til ráðuneytis til þess að fjalla um atvinnumál og vænti ég mér mikils af samstarfi við hana í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. veittar upplýsingar um þessar nefndir. Það var vissulega ánægjulegt að heyra að það hefur orðið breyting á varðandi samsetningu er snertir kynskiptingu í nefnd eða starfshópi hæstv. hagstofuráðherra frá því að nefndin upphaflega var skipuð. En auðvitað vakti það athygli að settur skyldi niður svo stór hópur til þess að athuga um atvinnumál, án þess að konur kæmu þar við sögu og er það vissulega einn þáttur þessa máls.

Eins og ég gat um þá eru konur í verulegum meiri hluta þeirra sem eru atvinnulausir og hætt er við því að halli á þær eða fari í það far enn frekar á komandi mánuðum. Sérstaklega er þetta áberandi víða út um landið þar sem atvinnuframboð til kvenna hefur í senn verið fábreyttara og konur orðið meira fyrir barðinu á atvinnuleysi.

En hér er slíkt stórmál á ferðinni að það verður að vænta þess að þeir hópar sem hafa verið kvaddir þarna til starfa komi með tillögur varðandi skammtímaþróun þessara mála. Hitt skiptir svo ekki síður máli að leitast verði við að tryggja atvinnuástand til lengri tíma. Þar hef ég vissulega nokkrar efasemdir um hugmyndir sem fyrir liggja um úrlausnir í þeim efnum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þar sem aðallega virðist horft til stóriðju og stóriðjuframkvæmda, sem eru ekki mjög atvinnuskapandi eins og menn þekkja, síst af öllu til lengri tíma litið.

Hæstv. félmrh. hefur fengið þál. frá síðasta vori um athugun á eflingu atvinnutækifæra fyrir konur í dreifbýli. Hæstv. ráðherra er ekki hér viðlátinn en við verðum að vænta þess að einnig á hans verksviði sé að þessum málum unnið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja þessa fyrirspurn fram. Það var vissulega þörf á því að fá fram upplýsingar um skipan þessara nefnda hér og ég vil taka undir með hv. 6. þm. Vesturl. og hv. 12. þm. Reykv. sem gerðu athugasemdir við skipan þessara nefnda og það ekki að ástæðulausu.

Það kom hér fram hjá hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands að hann hefur aðeins séð að sér og hefur hugsað sem svo, æ-jú, ætli það sé ekki gott að bæta við eins og einni konu, við skulum fá hana til að starfa með okkur, og nú er komin ein kona til liðs við þennan fríða flokk og við eigum náttúrlega að vera þakklátar fyrir það. Ég vil taka undir það að þar er vissulega mæt kona á ferðinni og ég efast ekki um að hún muni leggja gott af mörkum í störfum þessarar nefndar. En það er ekki hægt annað en gera athugasemdir og furða sig á skipan slíkrar nefndar þar sem hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands hefur talið þörf á að sækja í þessa hugarflugsnefnd einn aðila erlendis frá. Og óneitanlega olli það *dálítilli undrun margra Íslendinga. Ég efast ekki um* að hér sé um ágætan mann að ræða sem getur komið með góðar hugmyndir, en þetta er nýtt af nálinni og væri fróðlegt að vita með hvaða hætti að kostnaði af störfum slíkrar nefndar verður staðið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skil vel þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar við skipun nefndarinnar, þeirrar stærri. En vek athygli á því að hún er skipuð skv. tilnefningum fyrst og fremst. Hins vegar vil ég upplýsa að ég hef óskað eftir því við formann nefndarinnar að á fundi hjá nefndinni sjálfri verði athugað hvort hún telur rétt að bæta fulltrúum í nefndina. Það mun verða skoðað en engin ákvörðun tekin um það á þessari stundu. Þar sem nefndin er skipuð með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, tilnefnd af þeim, ákveðinn fjöldi m.a., þá taldi ég rétt að breyta ekki út frá því nema samkomulag væri um það í nefndinni og það verður athugað.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir ágæta fyrirspurn, en ég undrast þær umræður sem orðið hafa á eftir sem snúast að mínu mati um aukaatriði. Það er vissulega á sínum stað að gæta þess að kynskipting í nefndum sé rétt. En fólkið sem er atvinnulaust spyr ekki að því. Það spyr að því hvort einhver úrræði koma. Hvort það geti fengið atvinnu. Það er það sem er aðalatriði þessa máls.

Ég sat á tali í gærkvöldi við skipstjóra suður í Keflavík sem var tilkynnt fyrir nokkrum dögum síðan að það væri búið að selja atvinnuna frá honum og hans skipshöfn, harðduglegum sjómönnum. Og ég hef horft upp á það að tugir manna eru atvinnulausir á þessu svæði, ekki tugir, núna á föstudaginn þarf að greiða um 150 manns atvinnuleysisbætur og svo hefur það verið viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Þetta fólk spyr um úrræði, hvort það geti fengið atvinnu,

lífsbjörg, hafi fulla reisn, en ekki það hverjir eru í atvinnumálanefndum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð. Ég missti því miður af fyrri hluta þessarar umræðu en hef fylgst með síðari hlutanum. Hv. 4. þm. Reykn. talaði um að efni umræðunnar hefði snúist um aukaatriði vegna þess að fólkið spyrði ekki að því hverjir sætu í nefndinni heldur spyrði það um úrræði. Þá vil ég benda hv. þm. á það sem ég hygg að hann viti, að þegar athugaðar eru tölur um atvinnuleysi þá hefur það ævinlega verið svo að meiri hluti þeirra sem eru atvinnulausir eru einmitt konur. Konur hafa verið sveiflujafnararnir, eins og það hefur verið kallað, í atvinnulífinu. Þær hafa verið sendar heim og mátt víkja þegar atvinnu hefur vantað. Og auðvitað spyrja konur um það hver úrræðin eru. Og hverjir mundu nú vera líklegastir til að finna heppileg úrræði fyrir konur? Skyldu það ekki einmitt vera konur sem búa yfir hugmyndum sem henta konum? Ég skil ekkert í hv. þingmanni að hafa þennan málflutning uppi.

Hins vegar átti ég annað erindi í stólinn og það var að minna á þá jafnréttisáætlun sem hæstv. félmrh. hefur gert, sem er einmitt samflokksmaður hv. 4. þm. Reykn., og hefur sent stofnunum á vegum ríkisins. Það hafa farið fram heitar umræður í hverri stofnuninni á fætur annarri þegar þessari jafnréttisáætlun hefur verið komið á og hún hefur verið samþykkt. Hún felur það m.a. í sér að beita sér fyrir því að konur verði valdar til ábyrgðarstarfa ekki síður en karlar og jafnvel af ásetningi. Og vegna þess að hæstv. félmrh. er í þessari ríkisstjórn sem segja má að sé eins konar stofnun á vegum ríkisins þó að innviðir hennar séu talsvert hreyfanlegir. Má ég spyrja hæstv. forsrh. hvort þessi ríkisstjórn hefur í raun jafnréttisáætlun sem hún vinnur eftir þegar hún setur niður nefndir, þegar hún viðhefur sín vinnubrögð? Fer hún þá eftir einhverri ákveðinni jafnréttisáætlun sem hún tekur tillit til?

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Reykn. sá ástæðu til þess að fara að gera tortryggilega skipun nefndarmanna í starfshóp um atvinnustefnumál sem ég hef skipað mér til ráðuneytis. Vekur það nokkra furðu mína því ég tek undir með hv. 4. þm. Reykn. að það hlýtur að vera málefni þeirra sem eru atvinnulausir og þeirra úti á landsbyggðinni sem eru að leita sér að nýjum atvinnutækifærum að leysa þau mál en ekki að reyna að gera það tortryggilegt hverjir eru fengnir til þess að hjálpa til við að leita uppi nýjar lausnir í þeim efnum. Varðandi Ernu Hauksdóttur sem hefur fallist á að starfa með nefndinni þá er það ofur einfalt mál. Þegar við hittumst á fyrsta fundi nefndarinnar kom okkur saman um að okkur vantaði liðsauka til þess að fjalla um ferðamálaþáttinn sem er mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Ferðamál hafa skilað okkur miklum og góðum tekjum undanfarin ár og það eru allar líkur á því að það geti orðið mjög blómlegur iðnaður á Íslandi að sinna ferðamönnum og þjónusta þá. Þess vegna þótti okkur ráðlegt að fá einn góðan starfskraft eða liðsmann í lið með okkur til þess að fjalla um þann þátt mála. Þar varð Erna Hauksdóttir fyrir valinu og ég held að þar hafi tekist vel til.

Hitt er öllu sérkennilegra að gera athugasemd við það þó leitað sé aðstoðar sérfræðinga um markaðsmál og alþjóðleg peningaviðskipti sem hlýtur á næstu árum að verða geysilega þýðingarmikill þáttur í allri atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Ef við ætlum að reyna að fara út í að framleiða hér eitthvað sem við ætlum að reyna að koma á markað erlendis þá er það fyrst og fremst markaðssetning og markaðsleit sem ræður þar úrslitum. Og það er ekki síst hinn stóri markaður Evrópubandalagsins sem blasir við okkur. Það er þar sem við þurfum að þreifa fyrir okkur á næstunni. Og hverjir eru það meðal nágranna okkar sem eru þar innan dyra? Það eru einmitt Danir. Það er engin önnur Norðurlandaþjóð sem hefur eins góða yfirsýn yfir þann stóra markað og getur veitt okkur eins mikla aðstoð og hjálp við það að leita og þreifa fyrir okkur með markaðssetningu á okkar afurðum inn á þann stóra markað. Þess vegna þykir mér það alveg með ólíkindum að vera að fetta fingur út í það að leitað sé til sérfræðinga einmitt á þessu sviði sem geta veitt okkur ómetanlega aðstoð í þessum efnum. Þetta hefur gífurleg áhrif á hugsanlega atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Ég lýsi því vonbrigðum með svona málflutning. (**Gripið fram í:** Hvað kostar hún, ráðherra?) Fyrirgefið, ég gleymdi að geta þess. Þess skal getið að þessi ágæti maður, sem hefur fallist á að starfa með þessari nefnd, hann gerir það okkur að kostnaðarlausu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil svara örstutt því sem hér kom fram frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Ríkisstjórninni er að sjálfsögðu mjög vel kunnugt um þessa áætlun. Hún hefur verið send öllum stofnunum, ekki bara þeim sem heyra undir félmrn. og ég leyfi mér að fullyrða að þetta sé mjög haft að leiðarljósi þegar ráðið er í stöður. Hins vegar er í mörgum tilfellum svo að konur fást ekki í ákveðnar stöður eða talið er að einhver karlmaður sé færari í ákveðið verkefni og vitanlega verður það þá að ráðast. Ég held að hv. þm. sé ljóst að fjölmargar prýðiskonur hafa verið ráðnar í ýmsar stöður á vegum þessarar ríkisstjórnar án þess að ég fari að telja það upp, t.d. aðstoðarmenn ráðherra o.fl. Í þessu tilfelli vill því miður svo til að þeir menn sem taldir voru hafa þá þekkingu sem þyrfti að koma inn í þessa nefnd eru ekki konur, eins og t.d. formaður Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra, svo ég nefni þarna nokkra. Því miður, segi ég. Ekki vegna þess að konur séu ekki færar á þessum sviðum en í þessi ákveðnu störf höfðu konur því miður ekki valist.

Mér er ekki kunnugt um það hvort farið er eftir þessum tillögum eða reglum hjá Vinnuveitendasam-

bandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Alþýðusambandi Íslands, en vitanlega er mjög eðlilegt að koma þeim þar einnig á framfæri.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ánægjulegt að heyra það að hv. 4. þm. Reykn. er annt um líðan fólks sem er atvinnulaust eða býr við erfið atvinnuskilyrði. Þeim mun undarlegra er að heyra hann tala um að það sé aukaatriði hvort konur eða karlar eru í nefndum sem fjalla um þessi mál. Ég ætla bara að koma því að hvort maðurinn hefur gert sér grein fyrir því að það eru fjölmörg börn á framfæri einstæðra foreldra. Neyðin sem hann var að lýsa gæti ekki síður átt við atvinnulausa fiskvinnslukonu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að reyna að taka hæstv. forsrh. á orðinu. Hann sagði hér áðan í sinni ræðu að hann vildi endurskoða aðild að þessum nefndum með það sérstaklega í huga að konur fengju þar aukna aðild. Ég sé að ráðherra samþykkir það. Þess vegna *vildi ég beina því til hæstv. ráðherra að hann láti nú* ekki aðila vinnumarkaðarins eina um það að skipa í nefndir. Ég þekki það af fenginni reynslu frá fyrri tíð að sú skipan manna í nefndir gerist með öðrum hætti en það sé gert eftir því hvort það eru konur eða karlar. Þess vegna vildi ég vekja athygli ráðherra á því að atvinnuleysi er mjög mikið meðal kvenna í verslunarstétt þannig að það væri ekki óeðlilegt að konur úr þeirri grein fengju aðild að þessum nefndum með sérstöku tilliti til þess að styrkja stöðu þeirra. Þetta er láglaunafólk, þetta er fólk sem á í miklum erfiðleikum með að fá störf annars staðar. Ég vildi því beina því sérstaklega til ráðherra, og einnig með tilliti til þess að nú er nýbúið að kjósa konu til forustu í Landssambandi ísl. verslunarmanna, hvort ekki kæmi til greina að ráðherra mundi standa við það sem hann sagði, að endurskoða skipan nefndanna og tilnefna þar fleiri konur.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir það mjög leitt að þurfa að koma hér inn í þessa umræðu undir forminu um þingsköp en ég tel það algjörlega óhjákvæmilegt vegna úrskurðar forseta þess efnis að mér gefist ekki kostur á því sem fyrirspyrjanda að gera hér örstutta athugasemd þó svo að ég hafi nýtt rétt minn til þess að tala hér samkvæmt þingsköpum varðandi fsp.

Ég vil inna hæstv. forseta eftir því í ljósi hvaða ákvæða hæstv. hagstrh. er heimilað að koma inn í þessa umræðu og tala hér tvívegis undir heimildinni um örstutta athugasemd.

Ég les það í 31. gr. þingskapa að öðrum þingmönnum en fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra sem svarar fsp. er heimilt að gera stutta athugasemd. Það hefur til þessa ekki verið túlkað þannig að viðkomandi geti komið tvívegis inn í umræðu. Ég þekki það einnig eftir að þessi þingsköp voru samþykkt 1985 að það var af fyrrv. forsetum sameinaðs þings farið með þingsköpin þannig að fyrirspyrjanda gafst ætíð kostur á því ef hann óskaði eftir að gera örstutta athugasemd eftir að hann hafði nýtt rétt sinn til þess að koma inn í umræðu.

Ég ætlaði hér að nota þennan rétt sem ég taldi að væri helgaður að venju samkvæmt þingsköpum til þess að gera athugasemdir við það sem fram kom hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og reyndar hjá fleirum að því er snerti samsetningu nefnda. En ég ætla ekki að fjalla um það hér. Ég er að ræða hér þingsköp og ég harma það að forseti skuli fara þannig með vald sitt að brjóta gegn þingsköpum varðandi það að hleypa mönnum hér tvívegis inn í umræðuna, og það ráðherrum sem ekki er beint fyrirspurnum til, en neita fyrirspyrjanda um það að gera örstutta athugasemd.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. skal hér lesið úr 31. gr. þingskapalaga en þar segir svo:

„Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd."

Það fer því ekki á milli mála að það er rangt hjá hv. fyrirspyrjanda að hann eigi minnsta rétt á að tala oftar en tvisvar.

Varðandi síðari þátt gagnrýni hans á því að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands hefur fengið leyfi forseta til að fara tvisvar í ræðustól, þá er ástæðan fyrir því einfaldlega sú að mál það er hér er á dagskrá varðar einnig hans ráðuneyti svo forseta þótti rétt að hann fengi að svara fyrir það. Og í raun og veru hefði hv. fyrirspyrjandi átt að beina fsp. sinni til beggja ráðherranna, hæstv. forsrh. og hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að forsetar Alþingis og forsetar sameinaðs þings, einnig varaforsetar, taki mál þetta til athugunar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er ekkert sjálfsagðara en að þegar á forsetafundi nú í dag, sem hefst klukkan tólf, verði þetta mikilvæga mál tekið fyrir og úrskurður í því felldur.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að ræða mikið þetta mál en eins og fram hefur komið er þessi nefnd skipuð með tilnefningu, þ.e. allir þeir sem tilnefndu hafa tilnefnt á þennan veg sem hér kemur fram og það er sök bæði mín og annarra sem gerðu það. En málið er ekki svona einfalt. Það sem ég vil segja er að *það ætti að reyna að fá einhverjar tillögur frá þeim*

stöðum þar sem atvinnuleysið er mest, þær tillögur þyrftu að berast til þessarar nefndar. Og einmitt þeir að mynda líka hópa til þess að gera tillögur um að bæta ástandið þannig að það kæmu hugmyndir fram til þessarar nefndar sem er að vinna í þessum málum og marka þessa stefnu til næstu ára. Ég vonast til þess að þar sem konur eru í meiri hluta í þessum byggðum þá verði þær í meiri hluta í þessum nefndum.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Glöggt er gests augað, segir einhvers staðar í málshætti. Þess vegna finnst mér, ef við eigum kost á því að fá gesti að utan til þess að meta okkar stöðu með okkur Íslendingum, engin ástæða til annars en að þiggja það enda sé það okkur að kostnaðarlausu. Og ég er eiginlega hissa á því að það skuli ekki vera starfandi hér nefnd sem er eingöngu skipuð útlendingum til þess að skoða okkar þjóðfélag eða fá jafnvel ráðgjafa til þess að taka það út, meta ýmis verk sem við erum að leggja út í, eins og t.d. Bifreiðaskoðun Íslands, nýja stálbræðslu, eða það sem við höfum þegar byrjað á, eins og loðdýraræktina og fiskeldið. Hefðum við fengið betri og gleggri upplýsingar þá er ekki víst að við hefðum lagt út í ýmis þau verkefni sem núna eru að verða okkur vandamál og þær upplýsingar fáum við aðeins frá rödd reynslunnar, að utan. Jafnframt þurfum við að láta menn héðan leita nýrra leiða erlendis, kynna okkur hvernig aðrar smáþjóðir afla sér tekna, ekki einblína á stórveldin sem búa við allt aðrar stærðir en við, heldur skoða dvergríkin.

Greiðslur samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögum, ein umr.

Fsp. AS, 30. mál. — Þskj. 30.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 30 að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um greiðslur til bænda samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögum.

„1. Hver er staða lögboðinna greiðslna til bænda samkvæmt jarðræktarlögum: a) fyrir árið 1987 og eldra, b) fyrir árið 1988?

2. Hver er staða lögboðinna greiðslna til bænda samkvæmt búfjárræktarlögum: a) fyrir árið 1987 og eldra, b) fyrir árið 1988?

3. Hver er staða lögboðinna greiðslna til búnaðarsambanda: a) fyrir árið 1987 og eldra, b) fyrir árið 1988?“

Tilefni þess að þessi fsp. er borin fram er sú að við umræður um fjárlög fyrir árið 1989, um lánsfjárlög fyrir árið 1989 og við setningu nýrra jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga var þetta mál upplýst þannig að það var ljóst að bændur landsins eiga samkvæmt lögum inni allmiklar fjárhæðir hjá ríkissjóði og rætt um það hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til þess að staðið yrði við lög að þessu leyti til.

Við þessar umræður komu fram yfirlýsingar frá hæstv. landbrh. í sambandi við þessi mál sem gerði ráð fyrir ákveðinni lausn á þessu vandamáli og í lánsfjárlögum fyrir 1989, sbr. 28. og 29. gr., er gefin heimild til að leysa þetta vandamál, sbr. 28. gr. lánsfjárlaga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.“

Og sama gildir um 29. gr., um búfjárræktarlögin.

Þetta er að vísu samningsheimild en hins vegar er ljóst að eins og staðan er í dag, að því er ég hef upplýsingar um, eru þessar greiðslur ekki komnar til bænda nema að hluta til fyrir árið 1987 og þar af leiðandi er ástæða til, með tilliti til þess sem stendur í fjárlögum fyrir árið 1990, að óska eftir upplýsingum á þessu stigi máls. Þess vegna eru þessar fsp. hér lagðar fram.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Svör við fsp. hv. fyrirspyrjanda eru samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hjá Búnaðarfélagi Íslands eftirfarandi:

1. Staða lögboðinna greiðslna bænda samkvæmt jarðræktarlögum: a) greiðslur fyrir árið 1987 hafa að fullu verið inntar af hendi; b) fyrir árið 1988 er staðan þannig að heildarskuldbindingar til bænda voru 159 millj. 136 þús. Greitt hefur verið vegna framræslu 24 millj. 463 þús. og til loðdýrabænda 11 millj. 886 þús. þannig að ógreiddar eru 122 millj. 787 þús. kr.

2. Til lögboðinna greiðslna til bænda samkvæmt búfjárræktarlögum: a) fyrir árið 1987 eru ógreiddar 15 millj. 835 þús. kr.; b) fyrir árið 1988 25 millj. 969 þús. kr.

3. Staða lögboðinna greiðslna til búnaðarsambanda: a) fyrir árið 1987 samkvæmt jarðræktarlögum 2,5% af framkvæmdafjárhæð, 5 millj. 453 þús. kr. og samkvæmt búfjárræktarlögum 9 millj. 822 þús. kr. eða samtals 15 millj. 275 þús. kr.; b) fyrir árið 1988 samkvæmt jarðræktarlögum 7 millj. 39 þús. kr. og samkvæmt búfjárræktarlögum 23 millj. 994 þús. kr. eða samtals 31 millj. 33 þús. kr.

Ofangreindar fjárhæðir eru á verðlagi hvers framkvæmdaárs.

Því er svo við að bæta að nú bíður og hefur beðið um hríð afgreiðslu í fjmrn. áætlun um uppgjör þeirra skulda sem hér hefur verið gerð grein fyrir og fjallað var um, sbr. mál fyrirspyrjanda á sl. vori við afgreiðslu frv. um breytingu á jarðræktar- og búfjárræktarlögum. Sú áætlun verður væntanlega afgreidd innan skamms og mun efni hennar að hluta til líta dagsins ljós við afgreiðslu fjáraukalaga en að öðru

leyti verður efni þess skuldauppgjörs hluti af fjárlögum næsta árs og næstu ára.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það vekur nokkra eftirtekt að forustumaður Framsfl. í fjvn. leggur hér fram fsp. um greiðslur eða uppgjör á greiðslum til bænda vegna jarðræktar- og búfjárræktarlaga. Reyndar veit ég mætavel um áhuga hans í þeim efnum og það er fjarri því að ég telji að hér sé um einhverja yfirborðsmennsku að ræða af hans hendi.

Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli á því sem hér hefur ekki komið fram að við afgreiðslu lánsfjárlaga voru gefnar mjög skýrar yfirlýsingar, og eins við afgreiðslu búfjár- og jarðræktarlaga á sl. vetri, um þessi uppgjör. Skýrast var mál þessara tveggja hv. þm., hæstv. landbrh. og hv. 1. þm. Vesturl., um þessi efni sem var að því leyti algerlega afdráttarlaust að þegar búið væri að breyta jarðræktar- og búfjárræktarlögum, þá yrði gert upp við bændur landsins þannig að það sem síðar hefur komið fram og hæstv. landbrh. *áréttaði hér sérstaklega áðan, að það ætti að* dreifa þessum greiðslum á 2–3 ár, eru hrein brigð ef málið verður látið ganga þannig fram.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er þannig í landbúnaði nú síðustu árin að menn fara ekki þar í framkvæmdir nema ástandið sé þannig að þeir séu neyddir til þess. Og þegar þeir gera sínar áætlanir, þá gera þeir ráð fyrir því að fá lögboðin framlög á réttum tíma. Þess vegna er það mjög bagalegt að það skuli dragast að inna þessar greiðslur af hendi lögum samkvæmt, menn hljóta að treysta á það. Og eins og ástandið er í þjóðfélaginu, þá eru ýmsir í miklum vandræðum út af þessu máli. Þess vegna vil ég beina máli mínu til hæstv. ráðherra að hann geri það sem í hans valdi stendur til þess að þessum greiðslum sé hraðað. Að vísu hef ég komið athugasemd minni til fjmrh. í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Ég taldi nauðsynlegt einmitt á þessu augnabliki að fá upplýsingar um þessi mál beint frá hæstv. ráðherra þar sem ég veit að hann á í samningum við hæstv. fjmrh. um að standa við það sem stendur í lánsfjárlögum, möguleikum á því að gera þessi mál upp og eins það sem hefur komið fram áður í þeim yfirlýsingum sem ég greindi hér frá áðan, bæði að því er varðar setningu þessara nýju laga og einnig í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1989.

Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða ef ekki verður hægt að koma góðri skipan á þessi mál, greiðslu lögbundinna framlaga, eftir að búið er að setja ný jarðræktarlög og ný búfjárræktarlög sem gera beinlínis ráð fyrir því að það verði hægt að ganga til hreinni aðgerða í sambandi við þessi mál en fyrri lög gerðu ráð fyrir. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að skoða þessi mál nú í ljósi þeirrar reynslu sem fyrir liggur í dag og ég treysti því eins og ég hef áður lýst yfir, að hæstv. landbrh. gangi þannig fram í þessu máli að það verði staðið við þau fyrirheit og þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í sambandi við þessar lagabreytingar sem ég nefndi hér fyrr og bændur treysta á að þeir hafi nú fast land undir fæti hvort sem um beinar greiðslur er að ræða eða hreina samninga um væntanlegar greiðslur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég vil í fyrsta lagi upplýsa það að það hafa þegar verið greiddar á þessu ári verulegar upphæðir umfram það sem fjárlög heimila, sem fjárlagatalan leyfir þannig að það er þegar hafið uppgjör í þeim skilningi að það er búið að greiða út úr ríkissjóði talsverðar upphæðir umfram það sem fjárlagatalan stendur fyrir. Þetta hefur farið í að ljúka uppgjöri framkvæmda vegna ársins 1987, greiða framræslukostnað á árinu 1988 og greiða loðdýrabændum, sérstaklega, þeirra styrki vegna hins erfiða og sérstaklega afbrigðilega ástands sem þar er við að glíma. Þetta vil ég að komi hér fram þannig að hv. þm. sé ljóst að það er þegar búið að gera talsvert í þessu efni umfram það sem fjárveitingin á fjárlögum leyfir.

Í öðru lagi er rétt að vekja á því athygli hér, úr því að það kom ekki fram í máli neins þeirra sem hér töluðu, að hér er verið að reyna að bæta fyrir vanrækslusyndir tveggja fyrri ríkisstjórna, skerðingu á þessum framlögum sem tvær fyrri ríkisstjórnir stóðu að. Það er rétt fyrir hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. að hafa þessa staðreynd í huga þegar þeir brýna núv. landbrh. til dáða.

Það verður gert upp við bændur, það verður staðið við það fyrirheit. Þessi ríkisstjórn mun skila aftur til bænda þeim skerðingum sem tvær fyrri ríkisstjórnir létu yfir þá ganga, en það er ekki hægt að gera hvort tveggja í einu, gera allar þær syndir upp og koma á staðgreiðslu þessara framlaga. Það er ekki hægt að gera það á einu og sama árinu. Þess vegna er það ljóst og það var allan tímann skýrt í mínu máli að það yrði ekki hægt að ljúka þessu uppgjöri innan þessa árs. Og það er rangt hjá hv. 4. þm. Austurl. að ég hafi gefið það í skyn að allar þessar syndir tveggja fyrri ríkisstjórna og þar með talið ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar yrðu gerðar upp á þessu ári. Það sagði ég aldrei. Ég lofaði því hins vegar að það yrði hafið uppgjör þessara skulda á þessu ári og síðan reynt að ljúka því eins fljótt og hægt væri, samtímis því að tekin yrði upp staðgreiðsla eða greiðsla innan framkvæmdaársins vegna framkvæmda á árinu 1990, fyrsta ári sem framkvæmt yrði í raun skv. núgildandi lögum.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi alveg skýrt fram og vonandi er þá enginn misskilningur ríkjandi um það hvernig þetta mál stendur. Ég mun gera það sem ég get til þess að þessar greiðslur berist bændum eins hratt og kostur er og viðráðanlegt verður, en það gefur auga leið að umtalsverða skerðingu í tvennum fjárlögum er erfitt að borga upp á einu

og sama árinu, samtímis því að taka staðgreiðslu þessara framkvæmda á hinu næsta.

Ég vil líka leggja á það áherslu að það gæti skipt bændur máli í hvaða formi uppgjörið við þá verður og hugsanlega og vonandi verður hægt að hafa það þannig að það verði nýtanlegt fé sem bændur fá í hendur þó að greiðslur fari ekki fram fyrr en til að mynda á tveim til þrem næstu árum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. landbrh. sagðist hafa staðið við þau fyrirheit sem hann hefur gefið loðdýrabændum. Það væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það atriði, hann hefur tækifæri til þess síðar á þessum fundi.

Ég vil líka, hæstv. forseti, vekja athygli á því að skv. fjárlögum á ekki að standa við þau fyrirheit í sambandi við virðisaukaskatt sem ríkisstjórn hefur gefið og hæstv. forsrh. í sinni stefnuræðu, þannig að það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra að eitthvað standi eftir af því sem fyrirheit hefur verið gefið um til bænda.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það var eingöngu til að leiðrétta hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann ætti að halda sig hérna inni í þingsalnum þannig að hann heyrði rétt það sem hér er rætt um en misskildi það ekki eða misheyrði. Ég sagði að það hefði verið staðið við þau fyrirheit sem bændum voru gefin vegna uppgjörs jarðræktarframlaga. Ég sagði ekki eitt orð um það sérstaklega að staðið hefði verið við fyrirheit til loðdýrabænda. Ég rakti það hins vegar að loðdýrabændur hefðu vegna þeirra sérstöku erfiðleika sem þeir eiga í verið teknir fram fyrir aðra bændur vegna framkvæmda á árinu 1988 og uppgjöri við þá lokið. Í því felst sérstök afgreiðsla til loðdýrabænda en það sem ég sagði um að staðið hefði verið við fyrirheit átti almennt við fyrirheit varðandi uppgjör jarðræktar- og búfjárræktarframlaga.

Samgöngur yfir Hvalfjörð, ein umr.

Fsp. AS, 32. mál. — Þskj. 32.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 32 hef ég leyft mér að gera fsp. til hæstv. samgrh. um úttekt og álit starfshóps um samgöngur undir eða yfir utanverðan Hvalfjörð sem hljóðar þannig:

„Hver er niðurstaða starfshóps sem samgönguráðherra skipaði 1. ágúst sl. til að fjalla um hugmyndir um samgöngur undir eða yfir utanverðan Hvalfjörð og ætlað var að skila áliti eigi síðar en 10. okt. 1989 er Alþingi kæmi saman?"

Það þarf ekki að hafa langt mál um þetta mál. Það hefur verið gert opinbert að stjórnendur Sementsverksmiðju ríkisins og Íslenska járnblendifélagsins tóku visst frumkvæði í þessu máli með bréfi til samgrh. dags. 8. febr. 1989, þar sem fyrirtækin ásamt verktakafyrirtæki bjóðast til að taka á sig kostnað og áhættuna af því að gera undirbúningsrannsóknir sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um hvort jarðgangagerðin sé tæknilega möguleg og fjárhagslega fýsileg. Enn fremur var í samningsdrögum gert ráð fyrir stofnun sérstaks hlutafélags sem fengi einkarétt til byggingar og reksturs slíks mannvirkis um tiltekið árabil og jafnframt að göngin yrðu síðar eign ríkisins án endurgjalds að þeim tíma liðnum.

Þingmenn Vesturl. áttu fund með hæstv. samgrh. 25. júlí sl. þar sem þessi mál voru rædd og viðhorf ráðherra og ríkisstjórnar og lögð áhersla á það að svar við þessu erindi yrði gefið.

Eins og hér kom fram skipaði hæstv. ráðherra nefnd 1. ágúst sl. sem gert var ráð fyrir að skilaði áliti 10. okt. sl. Þar sem mikill áhugi er fyrir þessu máli, þá taldi fyrirspyrjandi rétt að inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig þetta mál stæði í dag og fá um það upplýsingar í sambandi við framhald málsins.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi sóar ekki tímanum til einskis því að það var einungis fáum dögum eftir þá dagsetningu sem starfshópur sá sem ég skipaði hafði fengið tilmæli um að skila áliti ef kostur væri, að þessi fsp. var lögð fram. Málið stóð þá þannig að ég hafði þegar og á réttum degi fengið bráðabirgðaniðurstöðu, bráðabirgðagreinargerð frá starfshópnum. Ég hafði reyndar hugsað mér, daginn eftir að ég varð þess var að fsp. kom fram, að senda hv. alþm. með bréfi þessa bráðabirgðagreinargerð þannig að þeim mætti öllum þá þegar verða ljóst hver staða málsins var. En samkvæmt góðri venju féll ég frá því ráði þegar fsp. var komin fram og held mig við það grundvallaratriði þingskapanna sem ég hef lært, að svara fyrirspurnum sem einu sinni eru komnar fram á Alþingi hér en ekki í fjölmiðlum né heldur leggja fram upplýsingar um þær fyrr en þær eru reiddar fram á hinu háa Alþingi þannig að mönnum gefist kostur á að ræða þær um leið og þær eru birtar.

Þessi bráðabirgðagreinargerð starfshópsins, sem er bráðabirgðagreinargerð vegna þess að það er niðurstaða hópsins að það sé ókleift að skila endanlegu áliti með svo stuttum fyrirvara, felur í sér að hópurinn hefur komist að samkomulagi um vinnutilhögun um það hvað leggja beri áherslu á í vinnunni næstu vikur og reyna að skila endanlegri niðurstöðu fyrir næstu áramót, svo það sé nú rakið í örfáum atriðum hvað í þessu felst.

Hér er á ferðinni mjög stórt mál, mikið hagsmunamál, en jafnframt að mörgu leyti tímamótamál í okkar samgöngumálum. Fyrir það fyrsta er mannvirkið þess eðlis að verði í það ráðist verður það tímamótaverk, nýbreytni í íslenskri mannvirkjagerð sem auðvitað hlýtur að kalla á verulega vandaða undirbúningsvinnu. Mannvirkjagerð á hafsbotni eða jarðgöng undir hafsbotn hafa aldrei áður verið unnin

á Íslandi og jafnvel þó að menn hafi góða reynslu af slíkum framkvæmdum erlendis, þarf að kanna hvernig það leggst út við íslenskar aðstæður. Hér er líka stórt verk í peningum talið á ferðinni. Talið er að kostnaður hljóti a.m.k. að verða þrír milljarðar hvort sem valin er sú leið að gera jarðgöng undir hafsbotninn eða leggja stokk eftir botninum. Brúargerð yrði væntanlega enn dýrari yrði í hana ráðist.

Í þriðja lagi er hér á ferðinni mál sem kemur inn á ýmsar lagalegar og skipulagslegar forsendur, bæði vegalög og skipulag opinberra framkvæmda sem hingað til hefur verið viðhaft.

Í fjórða en ekki síðasta lagi, það er ekki síst mikilvægt eigi þetta mál að hafa farsælan framgang, verður að skapa breiða pólitíska samstöðu. Það hefur frá upphafi vega verið mín viðleitni að vinna þannig að þessu máli að um það mætti takast góð samstaða á hvorn veginn sem í raun og veru fer. Og til þess að það sé hægt þarf að vanda undirbúninginn og það þarf að vinna málið þannig að menn hafi efnislega traustar forsendur til að taka ákvörðun á. Ég vil segja við hv. fyrirspyrjanda að mér hefur á köflum ekki þótt alls kostar sanngjörn sú umfjöllun sem hefur verið um þetta mál og beinst hefur að mér sem samgrh. vegna þess að ég hef kosið að halda þeim vandkvæðum hjá mér sem í málsmeðferðinni hafa komið upp til þess að málið gyldi þess ekki, yrði ekki fyrir skakkaföllum af þeim sökum því það eru deildar meiningar, ýmsum finnst umhugsunarefni hvort þessi framkvæmd eigi að vera efst á okkar forgangslista. Ég vil til að mynda segja við hv. fyrirspyrjanda að ég hef fengið mjög skýra fyrirvara frá forystumönnum í hans flokki varðandi þetta mál og að hér þurfi að vanda mjög allan undirbúning og ekki megi taka ákvarðanir í þessu máli fyrr en á mjög traustum efnislegum forsendum. Því er ég líka sammála og mín reynsla og menntun býður mér að vanda undirbúninginn þegar svo stórt og mikilvægt verkefni á í hlut.

Þetta vil ég leyfa mér að taka fram en að lokum undirstrika það, og ég vona að menn taki mark á því og líka hv. fyrirspyrjandi, að ég hef frá upphafi verið jákvæður gagnvart því að þetta verkefni væri skoðað, það yrði kannað til þrautar að mati færustu sérfræðinga hvort hér væri um arðbæra framkvæmd að ræða af því tagi að hún gæti staðið undir sér sjálf og þjóðhagslega hagkvæma fjárfestingu í því tilliti. Þá tel ég einboðið að leita leiða til að ráðast í þessa framkvæmd, en stærðar hennar og eðlis vegna má ekki rasa um ráð fram í undirbúningnum að því verki. Við höfum allt of mörg og allt of stór dæmi um það að það er hættulegt og gæti orðið mönnum dýrt að stytta sér leið í undirbúningi að flókinni mannvirkjagerð.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við þessari fsp. og ég vil leyfa mér að taka algerlega undir með hæstv. ráðherra sambandi við efnislega meðferð þessa máls og vanda þá meðferð í alla staði því að það er eitt af þeim frumskilyrðum sem þarf að breyta hér á landi í sambandi við mannvirkjagerð jafnvel þó að sé í miklu minna sniði heldur en hér er um að ræða og þess vegna tel ég að það sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra í sambandi við samstöðu um alla efnisþætti og meðferð þeirra sé hið þýðingarmesta mál. Og um þetta mál er ekki neinn ágreiningur að þessu leyti til, hæstv. ráðherra, og þessi fsp. er ekki sett fram vegna þess að það sé um að ræða neina gagnrýni á hans afstöðu í þessu máli, alls ekki, heldur hitt að við sem höfum áhuga fyrir þessu máli fyrir hönd þeirra ekki aðeins byggðarlaga á Vesturlandi heldur fyrir alla umferð á Íslandi, við viljum einmitt að það sé tryggt að það sé verið að vinna skynsamlega að undirbúningi þessa máls. Það er málið.

Ég tek sérstaklega undir það og legg áherslu á það að það þarf að skapa breiða samstöðu um meðferð þessa máls.

Ég ætla ekki að fara inn í umræður um það hvernig afstaða einstakra flokka er í þessu máli. Það á sjálfsagt eftir að koma í ljós. Aðalatriðið er hins vegar það að við sem höfum umboð fyrir þetta kjördæmi sérstaklega viljum tryggja það að málið hafi vissan framgang og þau fyrirheit sem eru í skipan þessarar nefndar komi öll skýrt fram. Við erum ekki á einn eða neinn hátt að gagnrýna það, heldur viljum við fá alla efnisþætti málsins á borðið svo að hægt sé að taka ákvörðun um framhaldið.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að það kom mér dálítið á óvart þegar þessi fsp. kom fram vegna þess að ég hygg að öllum þingmönnum Vesturl. hafi verið ágætlega vel kunnugt um stöðu málsins. Svar hæstv. samgrh. var skýrt og greinargott. Þar kemur fram að þessi vinna er í gangi og ég tek undir það sem fram kom í hans ræðu, að auðvitað ber að vanda þetta vel og ígrunda alla þætti málsins. Kannski var það óraunhæft í upphafi að nefna dagsetninguna 10. okt. Því held ég að allir geri sér grein fyrir eftir á. Ég ber fullt traust til þess sérfræðingahóps sem er að vinna að málinu og mér finnst ekkert óeðlilegt við það þó þeirra álit verði ekki tilbúið fyrr en undir áramót því auðvitað skiptir mestu máli að þessi vinna sé vel af hendi leyst og að byggt sé á traustum grunni, hvað sem gert verður, og um það sé breið samstaða. Og ég endurtek að það kom mér á óvart að spurt skyldi um það sem ég taldi að allir þingmenn Vesturl. vissu mætavel.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að bæta því við, sem kom kannski ekki nægilega skýrt fram í mínu máli áðan, að að sjálfsögðu verður sú greinargerð sem ég vitnaði í nú send þingmönnum, þ.e. þegar í dag, og mun vonandi verða í pósthólfum þeirra strax eftir hádegið.

Ég hef jafnframt ákveðið að senda út fréttatilkynningu sem miðlar upplýsingum um stöðu málsins vegna þess, eins og ég tók fram, að mér hefur þótt gæta óþarfa misskilnings um það hvers eðlis þetta mál

væri, hversu stórt það væri og hvar það væri á vegi statt. Og ég vil gjarnan koma öllum efnislegum og tæknilegum upplýsingum á framfæri. Ég mun hins vegar ekki elta ólar við til að mynda nafnlaus níðskrif sem um þetta mál hafa gengið með ásökunum, m.a. á mig í dagblöðum, læt mér það í léttu rúmi liggja. Aðalatriðið er að vanda alla vinnu að þessu máli, eins og hér hefur komið fram og hv. þm. hafa tekið undir, og málinu til framdráttar vona ég að það verði miðlað þeim upplýsingum sem ég hef gert grein fyrir. Þá munu hv. þm., ítarlegar en ég hef hér í stuttu svari getað gert grein fyrir, geta glöggvað sig á stöðu málsins.

Varaflugvöllur fyrir alþjóðaflug, ein umr.

Fsp. GHG, 36. mál. — Þskj. 36.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 36 leyfi ég mér að bera fram fsp. til samgrh. um varaflugvöll fyrir alþjóðaflug. Spurningin hljóðar sem hér segir:

„Hvað líður undirbúningi að byggingu varaflugvallar sem fullnægir kröfum alþjóðaflugs og flugöryggis Íslendinga hvað millilandaflug áhrærir?"

Ástæður þessarar fsp. eru m.a. eftirfarandi:

1. Breytingar á millilandaflugvélum Íslendinga úr þriggja og fjögurra hreyfla þotum í tveggja hreyfla vélar gera það nauðsynlegt að hið minnsta séu tveir flugvellir á Íslandi sem fullnægja öllum kröfum til öryggis vegna þessara breytinga.

2. Nauðsynlegt er að slíkur varaflugvöllur sé staðsettur annars staðar en á Suðvesturlandi með tilliti til veðurfars þannig að sé t.d. Keflavíkurflugvöllur lokaður sé unnt að nota umræddan varaflugvöll sem væri þá staðsettur annars staðar á landinu.

Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að á síðasta þingi lagði ég ásamt hv. þm. Agli Jónssyni fram till. til þál. um byggingu varaflugvallar á Egilsstöðum. Um þessa þáltill. urðu miklar umræður. Voru ýmsir stjórnarstuðningsmenn mjög tortryggnir á það mál og lögðust jafnvel gegn því að þáltill. fengi þinglega afgreiðslu. En hvað sem því líður ýtti tillagan og umræður rækilega undir hæstv. samgrh. sem sagði m.a. í þeim umræðum að hann mundi gera ráðstafanir til að reyna að mæta þeirri kröfu sem fólst í umræddri þáltill. með byggingu nauðsynlegs varaflugvallar.

Enn hefur ekki neitt komið fram um það hjá hæstv. ráðherra að hann hafi tryggt framgang þessa mikilvæga öryggismáls og þess vegna er umrædd fsp. lögð fram.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það var eitt af mínum fyrstu verkum í samgrn. í lok septembermánaðar fyrir rúmu ári síðan að setja í gang athugun á möguleikum okkar Íslendinga til að leysa hið svonefnda varaflugvallarmál á okkar forsendum og í okkar þágu og alþjóðlegs farþegaflugs og alls borgaralegs flugs sem leið á um hina íslensku lofthelgi. Í framhaldi af því vann Flugmálastjórn álit sem var lagt til grundvallar tillögu um stefnumörkun að þessu leyti sem ég kynnti og lagði fram í ríkisstjórninni í janúarmánuði sl. og hlaut þar afgreiðslu. Í þeirri tillögu fólst í meginatriðum þrennt:

Í fyrsta lagi að gerðar voru ráðstafanir til að auka viðbúnað á Akureyrarflugvelli, þannig að hann gæti betur en áður þjónað varaflugvallarhlutverki sem hann hefur reyndar gert um langt árabil fyrir Evrópuflugflota íslensku flugfélaganna. Þessar ráðstafanir fólu m.a. í sér eflingu tækjabúnaðar og hafa nú þegar komið á Akureyrarflugvöll endurnýjuð og öflug tæki, snjóruðningstæki, öflugur slökkvibíll. Í ár var lokið framkvæmdum við öryggissvæði meðfram flugvellinum. Settur var upp seint á síðasta ári og prófaður á þessu ári endurnýjaður og endurbyggður aðflugsradar og fleira mætti telja. Sumt var þetta inni á hinni samþykktu flugmálaáætlun. Annað hefur komið til sem viðbótarráðstafanir á Akureyrarflugvelli til að hann gæti betur sinnt sínu hlutverki. Þetta hefur reyndar þegar komið sér vel, eins og ég hygg að landsmenn kannist við, því að Akureyrarflugvöllur tók t.d. ítrekað við stórum hluta flugflota Íslendinga í sumar þegar flugvellirnir hér suðvestanlands lokuðust vegna þoku.

Í öðru lagi fól þessi stefnumörkun og samþykkt í sér að við allar framkvæmdir og undirbúning frekari framkvæmda á Egilsstaðaflugvelli skuli við það miðað að sá flugvöllur geti þjónað öllu almennu flugi og verið varaflugvöllur fyrir nánast allt flug, hvers kyns sem það er, þ.e. brautin þar verði lengd í allt að 2700 metra. Hún verður samkvæmt ákvæðum flugmálaáætlunar að öllu leyti búin, brautin og allt sem henni tilheyrir, samkvæmt alþjóðlegum kröfum eins og reyndar öll okkar flugmálaáætlun gerir ráð fyrir. Þar er hver flugvöllur samkvæmt alþjóðlegum stöðlum í sínum stærðarflokki. Að þessu hefur þegar verið unnið á árinu, þ.e. allar framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Egilsstaðaflugvelli taka mið af því að völlurinn geti í framtíðinni þjónað þessu hlutverki og undirbúnar hafa verið frekari framkvæmdir í framhaldi af þeim sem nú standa yfir. Rætt hefur verið við landeigendur um land undir stækkun flugvallarins, kannaðar hafa verið þar jarðvegsaðstæður og fleira mætti telja.

Í þriðja lagi fól svo þessi afgreiðsla í sér að við þá endurskoðun flugmálaáætlunar sem mun fara fram á þessum vetri samkvæmt henni verða áherslur endurmetnar einnig í þessu ljósi, til að mynda hvort reikna eigi með því á næstu árum að fleiri mikilvægustu héraðs- og/eða landshlutaflugvellir færist upp í svonefndan 1. flokk og komist þar með í raun í hóp þeirra flugvalla sem sinnt geta varaflugvallarhlutverki.

Í fjórða lagi vil ég vekja athygli hv. fyrirspyrjanda á því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir sérstakri upphæð,

að vísu lágri, en það þarf ekki meira til sem stendur, til að halda áfram þessum undirbúningi að framkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli, en stefnumörkunin fól það í sér að þær framkvæmdir, þ.e. lenging Egilsstaðaflugvallar, yrðu fjármagnaðar sérstaklega af fjárlögum en kæmu ekki af tekjustofnum flugmálaáætlunar, þannig að sú framkvæmd, viðbót á Egilsstaðaflugvelli, á ekki að hafa áhrif á framkvæmdahraða samkvæmt hinni almennu flugmálaáætlun.

Þetta held ég og vona að svari hv. fyrirspyrjanda nokkuð vel. Það er alveg ljóst að það er enginn kostur sem er jafnhagstæður og getur jafnfljótt komið til framkvæmda, að mínu mati og að mati allra þeirra sérfræðinga sem á vegum Flugmálastjórnar og samgrn. hafa unnið að þessu máli, og sá að bæta við í beinu framhaldi af yfirstandandi framkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli þeirri lengingu sem til þarf þannig að sá völlur geti að fullu þjónað öllu almennu flugi sem varaflugvöllur. Reyndar verður hann þar með fullnægjandi veður- og neyðarvaraflugvöllur fyrir hvaða flug sem er því að ég hygg að þær flugvélategundir fyrirfinnist tæpast á byggðu bóli, nema þá ef vera skyldi geimskutlan, sem ekki geti lent á 2700 metra flugbraut sem fullnægir öllum alþjóðlegum kröfum.

Ef ég má svo bæta við einni setningu varðandi það sem hv. þm. nefndi réttilega: Nú er að verða veruleg breyting á samsetningu íslenska millilandaflugflotans og reyndar líka stórs hluta þess flugflota sem fer um okkar svæði. Þar eru þriggja og fjögurra hreyfla flugvélar að hverfa og í staðinn koma tveggja hreyfla flugvélar. Þetta er einmitt mjög jákvæð þróun vegna þess að þessar flugvélagerðir hafa það undantekningarlaust með sér að þær þurfa styttri flugbrautir, hvort sem heldur er til að lenda eða taka sig af og þess vegna liggur það í hlutarins eðli að fleiri af okkar flugvöllum, til að mynda flugvellir eins og Akureyrarflugvöllur og Sauðárkróksflugvölllur, geta í framtíðinni sinnt varaflugvallarhlutverki ef svo ber undir.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli og samgrh. fyrir greið og góð svör. Það er afar þýðingarmikið að þessar skýringar skuli liggja hér fyrir. Hann tók fram eins og reyndar vitað var að flugmálaáætlunin var vel undirbúin og allar alþjóðlegar kröfur miðað við stærð flugvalla voru þar lagðar til grundvallar. Það er líka mikið ánægjuefni að heyra yfirlýsingu ráðherrans um framtíð Egilsstaðaflugvallar og að það skuli nú liggja fyrir að sú áformaða framkvæmd sem sérstaklega hefur verið merkt núna inn á fjárlög sé talin ein sú hagkvæmasta til þess að styrkja flugsamgöngur um landið.

Þetta þykja mér góð tíðindi, ekki síst vegna þess að það liggur þegar orðið fyrir að mikill áhugi er á beinu flugi frá Evrópu til Austurlands þegar Egilsstaðaflugvöllur verður til þess bær. Erlendar ferðaskrifstofur eru þegar farnar að kanna leiðir til þess að geta hafið slíkt flug, þannig að með uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar skapast algjörlega ný viðhorf, t.d. í ferðamálum á Austurlandi. Þess vegna er það ánægjuefni að hér skuli liggja fyrir að sérstaklega verði tekið til við það að bæta flugskilyrði þar eystra og þannig að sjálfsögðu stuðlað að því að þar geti orðið góð flughöfn í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir greið og góð svör. Það er vissulega gott þegar ráðherra starfar með þeim hætti sem hæstv. samgrh. hefur gert í sinni stjórnartíð og þótt ég sé ekki stjórnarstuðningsmaður virði ég góð verk. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi brugðist vel við því embætti sem hann tók að sér sl. haust og gert þær ráðstafanir, eins og kom fram í hans ræðu, sem fullnægja því markmiði sem kom fram þáltill. okkar Egils Jónssonar sl. haust.

Hann viðurkenndi það réttilega að sú umræða og okkar þátttaka í þessu máli hafi stuðlað að því að hann sem ráðherra hafi staðið betur að vígi til að tryggja framgang þessa merka máls, en það kom fram í ræðu hans sem mér finnst vera stórtíðindi að á þessu ári hefur það gerst að Egilsstaðaflugvöllur er að verða alþjóðlegur flugvöllur í þeim skilningi sem ráðherra gat um með lengingu brautarinnar í 2700 metra og þeim útbúnaði sem þar er verið að setja upp, þannig að flugvöllurinn mun fullnægja alþjóðlegum kröfum. Við þessa gjörð eina mun verða bylting, ekki aðeins í samgöngumálum þjóðarinnar út á við, heldur einnig í atvinnuháttum eins og kom fram í ræðu hv. þm. Egils Jónssonar. Ég fagna því og tel að þar hafi verið vel að staðið, bæði af hálfu hæstv. ráðherra sem og okkar sem börðumst fyrir framgangi þessa máls.

Erfiðleikar í loðdýrarækt, ein umr.

Fsp. HBl og EgJ, 47. mál. — Þskj. 47.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Loðdýrabændur hafa átt við mikla erfiðleika að stríða, eins og öllum er kunnugt, vegna þess hversu markaður fyrir loðdýraskinn erlendis hefur hrunið. Hæstv. landbrh. hefur haldið ýmsa fundi um þau mál, m.a. nú á miðju sumri, en eins og óbeint kom fram í svari hans við fsp. fyrr á fundinum hefur hann ekki staðið við þau fyrirheit sem loðdýrabændum hafa verið gefin á þessu ári og var gott að fá staðfestingu hans á því.

Nú er það svo að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið fyrir loðdýrabændur miðast við það haust sem nú er að líða, en engin stefnumörkun liggur fyrir hjá ríkisstjórninni um það hvernig haldið verði á málefnum loðdýrabænda á næsta ári. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, þessum gráa málefnasamningi sem hér hefur verið útbýtt og liggur frammi í þinginu, er ekki eitt einasta orð um loðdýraræktina. Hefði

maður þó getað haldið að ástæða væri til að skýra línur í þeim efnum.

Mín skoðun er sú að sú leið sem farin hefur verið sé röng og skynsamlegra sé að stofna sérstakan verðjöfnunarsjóð fyrir loðdýrarækt þannig að endurgreiðslur komi þegar markaðsverð er gott og að reikningar verði fyrir hvert fyrirtæki fyrir sig, þannig að loðdýrabændur sem hafa lagt inn fái að njóta þess í hinum vondu árum. Það er miklu eðlilegri og heilbrigðari regla en þetta undarlega styrkjafargan sem nú er uppi, einkum með hliðsjón af því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við fyrirheitin. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við það fyrirheit að kaupa jarðir af loðdýrabændum sem illa eru farnir og ríkisstjórnin hefur heldur ekki staðið við það fyrirheit að keypt séu mannvirki af ríkisjörðum til þess að létta á skuldaklafa loðdýrabænda, enda er staðreyndin sú að á mörgum þessum heimilum er nú meiri almenn neyð en hjá öðrum stéttum þjóðfélagsins og ég held að ég taki ekki of djúpt í árinni þegar ég segi að sú nagandi óvissa sem þetta fólk hefur búið við hefur gengið mjög nærri því. Ég held að ég taki ekki of djúpt í árinni þó að ég fullyrði það.

Það er fyllilega ástæða til þess, hæstv. forseti, að leggja fram þessa fsp.:

„Hversu hyggst ríkisstjórnin bregðast við rekstrarvanda loðdýrabænda?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að erfiðleikar loðdýrabænda eru miklir og hafa verið nánast viðvarandi viðfangsefni núna um eins og hálfs til tveggja ára skeið. Þessi ríkisstjórn hefur ítrekað gripið til ráðstafana til að reyna að styðja við bakið á loðdýraræktinni í hennar miklu erfiðleikum. Þannig var í byrjun þessa árs ákveðin umtalsverð niðurgreiðsla eða verðjöfnun á fóðri til loðdýrabænda og teknar ákvarðanir um að hraða endurgreiðslu söluskatts til greinarinnar. Síðar á árinu var ákveðið að taka loðdýrabændur sérstaklega fram úr og gera upp við þá jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 1988, eina bænda. Snemma sumars var enn ákveðið að auka við fóðurniðurgreiðsluna þar sem sýnt þótti að eftir sem áður mundu menn naumast ná að klára framleiðsluferli þessa árs með viðráðanlegum hætti og er nú svo komið að á hvert kg fóðurs eru greiddar 5,50 kr. og mun kostnaður af þessum aðgerðum á þessu ári einu nema 70–80 millj. kr., ef ég man þessar tölur rétt. Og enn var ákveðið um mitt sumar í framhaldi af nefndarstarfi og umtalsverðri vinnu að skipa þriggja manna nefnd til að undirbúa endanlegar tillögur um ráðstafanir, og nánast lyktir á þessu máli í vissum skilningi þess orðs, sem lagðar yrðu fyrir á haustinu í tæka tíð áður en pelsunartími hæfist þannig að mönnum mætti þá verða ljóst hvað í boði væri og hvað fram undan væri, hvað ráðstafanir stjórnvalda og lánastofnana snerti varðandi loðdýraræktina. Ef með þarf verða þær tillögur, eins og opinberlega hefur verið gerð grein fyrir, lagðar fyrir Alþingi og ætlunin var að þær lægju fyrir nú sem allra fyrst á starfstíma þingsins. Þessa nefnd skipa fulltrúar frá Byggðastofnun, Þjóðhagsstofnun og landbrn. Hún hefur starfað mikið að undanförnu og ég átti síðast í fyrradag með henni langan fund þar sem farið var yfir hennar mál og þá stöðu og ég geri mér vonir um að því nefndarstarfi megi ljúka núna innan tiltölulega fárra daga og þær tillögur sem í framhaldi af því verða lagðar fram líti þá dagsins ljós ef svo æxlast hér inni á Alþingi í formi þáltill. og/eða lagafrv. um ráðstafanir gagnvart loðdýrarækt og verður þá hv. þm. ljóst þar með til hvaða ráðstafana verður gripið.

Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að það er afar brýnt að fá sem allra fyrst niðurstöðu í þetta mál en vandinn er mikill og erfiður og auðvitað eru þrengingar þess fólks sem þarna hefur orðið fyrir ýmsum áföllum miklar, það er okkur öllum ljóst. Það hefur verið gripið til ákveðinna ráðstafana til að skapa svigrúm fyrir þá vinnu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. M.a. hafa bankar og lánastofnanir samþykkt að ganga ekki að loðdýrabændum á meðan hún færi fram og halda að sér höndum varðandi innheimtu á skuldum. En augljóst má vera að það verður að fást í þetta niðurstaða nú á næstu vikum þannig að áður en pelsunartími hefst eða a.m.k. áður en honum lýkur þá liggi fyrir endanleg afgreiðsla málsins. Það verður sem sagt unnið að því með öllum tiltækum ráðum á næstunni.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli hafa verið tekið hér til umræðu í fyrirspurnatíma. Ég tek undir orð hæstv. landbrh. að því leyti að hér er um erfitt mál að ræða eins og það er nú komið.

Það er augljóst mál að ríkisstjórnin hefur ekki náð samkomulagi um aðgerðir í þessum efnum. Reyndar liggur það nú fyrir úr hinni pólitísku og þjóðfélagslegu umræðu á þessu sumri og eins og þá var síðast frá sagt þegar sú umræða féll niður að málið yrði tekið hér upp á Alþingi eftir að það kæmi saman. Nú hefur hæstv. landbrh. staðfest það og það er að sjálfsögðu mikilvægt að málið skuli berast hingað inn á Alþingi þar sem mönnum gefst þá kostur á að ræða það í samhengi.

Ég vil hins vegar láta það koma hér fram, án þess að ég ætli að átelja hæstv. landbrh. fyrir það, að þau loforð, sem gefin voru út sl. sumar um að loðdýrabændur fengju gálgafrest varðandi kröfur af hendi sinna lánardrottna, bankanna í landinu, hafa alls ekki staðist. Það hafa verið birtar uppboðstilkynningar í Lögbirtingablaðinu og menn hafa fengið stefnuvotta heim til sín til að krefja og tilkynna um vanskil og sérstakar aðgerðir af hendi bankanna. Þetta eru að sjálfsögðu algjörlega óforsvaranleg vinnubrögð og með öllu ólíðandi.

Mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi fram í þessari umræðu því að það þóttu út af fyrir sig góðar fréttir að þetta fólk fengi að vera í friði í sumar, það fengi að vera í friði þar til niðurstaða fengist í málið. Við það hefur ekki verið staðið af hendi bankanna þó

að þeir hafi gefið um það loforð og það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni að svo skuli hafa farið.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svar svo langt sem það náði, en það náði að vísu ekki langt. Það kom sem sagt skýrt fram að það liggur ekki fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggist bregðast við vanda loðdýrabænda. Um það hafði hæstv. ráðherra ekkert að segja.

Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan um að það er rangt hjá ráðherra að ekki hafi verið gengið að bændum. Það er meira að segja svo að ríkissjóður hefur gengið að bændum nú í sumar og á þessu hausti og tekið framleiðslutæki af loðdýrabændum þannig að það er ekki einu sinni svo að hæstv. ríkisstjórn hafi sýnt sama langlundargeð og hún ætlast til af öðrum sem í hlut eiga, opinberum sjóðum og bönkum og er auðvitað óhjákvæmilegt annað en skilja orð hæstv. ráðherra svo að hann muni kippa því í liðinn þar sem svo stendur á og sjá um að ríkissjóður sýni sama langlundargeðið í sambandi við skuldamál loðdýrabænda og aðrir aðilar og er nauðsynlegt að það komi skýrt fram.

Ég sé svo, hæstv. forseti, ekki ástæðu til þess að lengja þetta. Ég legg áherslu á að það er nauðsynlegt að fá málið inn í þingið undir eins, ekki eftir nokkrar vikur eða mánuði heldur undir eins. Þetta fólk hefur beðið mjög lengi og það er miklu betra fyrir þetta fólk að fá strax úrskurð um að það verði að hætta þessum rekstri, og þá lýsa yfir gjaldþroti eftir atvikum, heldur en hanga svona á horriminni og verða svo að gefast upp eftir nokkra mánuði. Það er miklu, miklu betra að þessu stríði linni og fólkið viti hvar það stendur.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað nauðsynlegt að þetta mál komist hér inn á þing sem allra fyrst og það liggi nokkuð ljóst fyrir hvernig staða málsins mundi verða hér á Alþingi. Ég verð að taka það svo að t.d. fyrirspyrjandi og hv. 4. þm. Austurl. muni verða fúsir til þess að styðja ráðherrann í þeirri lausn sem hann er að reyna að berjast fyrir að koma í gegnum Alþingi.

En ég vil bara segja eitt í þessu sambandi. Það eru auðvitað margar ástæður fyrir því hvernig komið er. Það er verðhrun en það er ekki síst fjármagnskostnaður.

Í sambandi við það sem hefur komið fram að bankarnir hafi ekki staðið við það í einhverjum tilvikum að geyma þessi mál fram á haustið, þá er það að vísu rétt að sumir hafa t.d. sent auglýsingu, en ég veit ekki til annars en það hafi verið stoppað í hvert einasta sinn og það eru þá ýmsar aðrar ástæður sem liggja þá fyrir því heldur en mér er kunnugt um að ráðherra hefur gengið frá þessum málum að þetta átti að standa. Og ég vona að það hafi staðið í flestum tilvikum og ég veit ekki, það getur vel verið, en ég veit ekki til þess t.d. að ríkisstofnanir eða sjóðir hafi gengið að þessum mönnum nema þar sem var orðið gjaldþrot áður. (**HBl:** Ég er að tala um ríkissjóð.) Ég veit ekki til þess.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. ráðherra um það að þetta mál sé á því stigi að senn megi búast við því að hér komi úrlausnartillögur inn á hv. Alþingi. Ég tel að það sé meginmálið eins og málið er komið í dag í meðferð þessa máls.

Og ég vil segja það að ég tel að það sé ein af meginskyldum Alþingis í sambandi við þetta mál að það verði hægt að finna úrræði til þess að koma til móts við þá loðdýrabændur sem þegar hafa neyðst til þess að hrökklast af búum sínum með þeim hörmulegu afleiðingum að fjölskyldur hafa sundrast og allir skilja hvað það þýðir. Því miður eru þessa dæmi og þau eru hörmuleg og ég tel það skyldu Alþingis í stöðu málsins að skoða þetta þegar málið kemur í heild hér inn á Alþingi enn á ný.

En ég fagna sem sagt þeirri yfirlýsingu ráðherra að senn líður að því að þetta mál komi inn á Alþingi. Þá reynir á hv. þm., hvernig þeir ætla að bregðast við.

SAMEINAÐ ÞING

8. fundur, fimmtudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Verndun vatnsbóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 25:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKG, AS, ÁrnG, ÁHE, BÍG, EH, EG, EKJ, FÞ, GHH, GHG, GuðnÁ, HJ, JE, JHelg, GT, JSS, KSG, KrP, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SighB, JGS.

nei: HBl.

ÞP, AÓB, DS, GeirG, GA, HG, KE, UÞB, MálmS, SJS, GHelg greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÞP, AðB, EgJ, FrS, GuðmÁ, GB, GGÞ, HÁ, IBA, JóhS, LVJ, JónS, JúlS, KP, MB, MÁM, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RH, SkA, StG, SV, StH, SvG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason:
Virðulegi forseti. Eðlilegt er að þetta mál fái þinglega meðferð og þess vegna segi ég já, en í því felst engin efnisafstaða til málsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson:
Hæstv. forseti. Enda þótt ég sé andvígur málinu og vilji gjarnan að það komi hér strax fram tek ég undir með síðasta ræðumanni, að það er eðlilegt að málið fái þinglega afgreiðslu og segi því já.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Virðulegur forseti. Af þingræðislegum ástæðum vil ég ekki greiða atkvæði gegn því að þetta mál fái þinglega meðferð þó að mér sé það að sjálfsögðu skapi næst og að fylgja í því efni fordæmi hv. 2. þm. Norðurl. e. Samvisku minni er hins vegar svo háttað í þessu máli að ég get með engu móti greitt því atkvæði. Ég tel reyndar flutning þingmálsins hneisu og áfall fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Mér er því ekki kleift samvisku minnar vegna að greiða því atkvæði að þetta mál fái frekari vegferð hér í þinginu og sit því hjá, greiði ekki atkvæði.

Till. vísað til utanrmn. með 32:2 atkv.

Fjárlög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjárlaga sem lagt hefur verið fram á þskj. 1. Í kjölfar fjárlagafrv. verða lögð fram önnur frv. sem ætlað er að hafa áhrif á bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs og veita heimildir fyrir lántöku.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1990 tekur mið af því að nýr grundvöllur sé að skapast í íslensku efnahagslífi. Sá grundvöllur byggir á því að millifærslum, skuldbreytingum og raungengisaðlögunum sé senn að ljúka en að við taki tímabil þar sem atvinnuvegirnir og aðilar vinnumarkaðarins bera ábyrgð innan þess almenna efnahagslega ramma sem markaður er, m.a. með fjárlögum á hverjum tíma. Hinn nýi grundvöllur byggir á stöðugleika í gengismálum, jafnvægi í peningamálum, minnkandi verðbólgu og minnkandi viðskiptahalla.

Höfuðeinkenni þess fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir felast í fyrsta lagi í aðhaldi, í öðru lagi í jöfnunaraðgerðum og í þriðja lagi í kerfisbreytingum.

Með þessu fjárlagafrv. er leitast við að snúa af braut síaukinna ríkisútgjalda, stöðugs hallarekstrar og erlendrar skuldasöfnunar sem þjóðarbúið hefur verið á síðustu fimm ár. Í því sambandi eru eftirfarandi aðhaldsaðgerðir mikilvægastar:

1. Ríkisútgjöld lækka að raungildi frá árinu 1989 um 4% eða um nálægt fjóra milljarða kr. Gangi það eftir verður það í fyrsta skipti á þessum áratug sem ríkisútgjöld lækka að raungildi.

2. Tekjur ríkisins lækka að raungildi frá árinu 1989 um 1,3 milljarða kr. Skattar haldast því óbreyttir sem hlutfall af landsframleiðslu en verða minni að raungildi í krónum talið.

3. Gert er ráð fyrir tæplega 3 milljarða kr. halla og að hann megi fjármagna með lánum innan lands þannig að erlend skuldabyrði Íslendinga eykst ekki og án þess að hann valdi hækkun vaxta.

4. Lækkun ríkisútgjalda á sér fyrst og fremst stað í minni fjármunum til fjárfestinga og framlaga. Lögð er áhersla á að aðhald í rekstri verði framkvæmt án þess að skert sé mikilvæg og nauðsynleg þjónustustarfsemi.

Í frv. er lögð áhersla á að nýta þau færi sem gefast til að auka jafnrétti og eyða óeðlilegum aðstöðumun í samfélaginu. Jöfnunaraðgerðum er beitt á mörgum sviðum og sér þeirra stað bæði í tekjuhlið frv. og gjaldahlið. Ætla ég að nefna hér nokkur meginatriði þeirra jöfnunaraðgerða sem setja svip sinn á þetta fjárlagafrv.

Í fyrsta lagi. Við upptöku virðisaukaskatts um áramót verða skattar lækkaðir verulega á mikilvægustu innlendum matvælum og er sú lækkun sérstaklega til hagsbóta fyrir lágtekjufólk og barnmörg heimili.

Í öðru lagi. Í húsnæðismálum er lögð áhersla á að félagslegar íbúðarbyggingar hafi forgang. Þessari stefnu er ætlað að leysa úr brýnum vanda ýmissa þeirra sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Um leið er hér um virka byggðastefnu að ræða.

Í þriðja lagi. Framlag til Byggðastofnunar er aukið um 60% að krónutölu í því skyni að styrkja undirstöður stofnunarinnar og gera henni betur kleift að sinna því hlutverki sínu að jafna aðstöðumun milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og hleypa nýju lífi í atvinnu- og efnahagslíf í héruðunum.

Í fjórða lagi er það einkenni að þrátt fyrir að framlög ríkisins til flestra fjárfestingarsjóða hafi verið skorin verulega niður, halda Framkvæmdasjóður fatlaðra og Framkvæmdasjóður aldraðra sínum hlut í krónutölu.

Í fimmta lagi er með samræmdum tekjuskatti á allar fjármagnstekjur stefnt að því að eyða því óréttlæti sem viðgengist hefur í skattamálum milli atvinnutekna og tekna af fjármagnseign. Um leið er afnumið misræmi milli sköttunar á ýmis form fjármagnseignar, t.d. milli arðs af hlutabréfum í atvinnufyrirtækjum og vaxtatekna af skuldabréfum.

Í sjötta lagi hefur ríkisstjórnin ákveðið að hefja á næstu mánuðum endurskoðun laganna um tekjuskatt til þess að efla jöfnunarhlutverk tekjuskattsins. Markmið endurskoðunarinnar verður að létta skattbyrði á lágtekjufólki og fólki með miðlungstekjur og verða m.a. í því skyni skoðaðir valkostir sem fela í sér tekjutengingu barnabóta, tekjutengdar húsaleigubætur og sérstakt skattþrep á mjög háar tekjur.

Markmið þessarar endurskoðunar er ekki að auka tekjur ríkissjóðs heldur fyrst og fremst að gera tekjuskattinn innbyrðis að meira jöfnunartæki.

Þá ber og að nefna þá mikilvægu jöfnunaraðgerð að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tekur á næsta ári við nýju hlutverki og starfar þá fyrst og fremst í þágu smárra og meðalstórra sveitarfélaga í öllum landshlutum.

Þriðja höfuðatriðið, eins og ég nefndi hér í upphafi, sem setur svip sinn á þetta fjárlagafrv. eru víðtækar kerfisbreytingar. Þessar umbætur snúa að skattheimtunni, útgjöldunum og fjárlagavinnunni sjálfri.

Virðisaukaskattur leysir gamla söluskattinn af hólmi um áramót. Skatturinn bætir samkeppnisaðstöðu íslenskra útflutningsgreina og jafnar aðstöðu fyrirtækjanna innan lands, hann treystir innheimtu og bætir skil. Hin nýja skipan hefur það m.a. í för með sér að niður fellur endurgreiðslukerfi í kringum uppsafnaðan söluskatt.

Þá ber þess að geta að nýjar reglur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga setja nú mark sitt á fjárlög í fyrsta skipti. Ýmis verkefni færast að öllu leyti til ríkisins, t.d. rekstur heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga, en önnur verða algjörlega á vegum sveitarfélaga, svo sem bygging grunnskóla, leikskóla og íþróttamannvirkja.

Breyttum verkaskiptum er ætlað að einfalda og auðvelda fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og þess er vænst að með þeim fari saman frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð í þjónustu og rekstri. Þá tekur fjármálakafli framhaldsskólalaganna gildi um áramót og tekur ríkið þá að fullu við rekstri þeirra.

Nauðsynlegt er að treysta vinnubrögð við undirbúning og umfjöllun fjárlaga, m.a. til að draga úr hvata til sjálfvirkni og þenslu í ríkisútgjöldum. Meðal þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið í þessum efnum í tengslum við fjárlagafrv. er að á þessu þingi verður lögð fram þriggja ára fjárlagaáætlun sem sérstakt þingskjal og reiknað með því að þingið afgreiði hana með formlegri samþykkt sinni.

Á næstu vikum verða lögð fram fjáraukalög og stefnt að því að draga verulega úr þörf á aukafjárveitingum á næsta ári, m.a. með rýmri fjárhag ráðuneytanna til óvæntra útgjalda og með því að stefna að því að leggja reglulega fyrir þingið fjáraukalög yfirstandandi árs.

Í undirbúningi er að útgjaldarammar verði meginaðferð við fjárlagagerðina og var vísi að slíkri aðferð beitt við fjárlagagerðina nú.

Þá er einnig stefnt að því að fimmtungur ríkiskerfisins verði veginn og metinn árlega með svokölluðum núllgrunnsáætlunum. Allt ríkiskerfið verði þannig athugað frá grunni tvisvar á hverjum áratug. Í þessu skyni verður á næstu vikum ákveðið hvaða ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki það verða sem á næsta ári verða sérstaklega tekin til meðferðar í samræmi við hina svokölluðu núllgrunnsáætlun.

Virðulegi forseti. Þá mun ég víkja nokkrum orðum að efnahagslegum aðstæðum og árangri ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á yfirstandandi ári. Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum árangri því hann er mikilvæg forsenda þess fjárlagafrv. sem hér er lagt fram.

Fjárlagafrv. nú, fyrir árið 1990, er lagt fram við töluvert aðrar aðstæður en ríktu hér fyrir réttu ári. Í fyrra var að ljúka miklu ofþensluskeiði. Við var að glíma verulegan tekju- og skuldaskilavanda í útflutningsatvinnuvegunum. Hann átti m.a. rætur að rekja til mikillar hækkunar á raungengi krónunnar. Einnig ríkti mikil óvissa um það hvað mundi taka við þegar launa- og verðstöðvun lyki snemma á árinu 1990.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 tók mið af þessum aðstæðum enda var í því lögð höfuðáhersla á að ná niður þenslunni og skapa þannig forsendur fyrir því að nauðsynleg lækkun raungengis gæti átt sér stað án verðbólgu. Um leið voru hafnar greiðslur verðuppbóta á freðfisk í gegnum Verðjöfnunarsjóð og Atvinnutryggingarsjóður var stofnaður til skuldbreytingar í útflutningsgreinum. Þessar aðgerðir voru skynsamlegar við þessar aðstæður þar sem ekki lá fyrir hversu varanleg viðskiptakjararýrnunin yrði og ekki heldur hve varanleg aflaminnkunin mundi verða. Þessar aðgerðir sköpuðu forsendur fyrir að aðlögunin að breyttum aðstæðum varð ekki eins hastarleg og óhjákvæmilegt hefði verið ella.

Það sem einkennir aðstæður nú er að efnahagsaðgerðunum sem hófust sl. haust er að ljúka. Gert er ráð fyrir að skuldbreytingum á vegum Atvinnutryggingarsjóðs muni ljúka á næstunni þannig að hann hætti að taka á móti lánsumsóknum um næstu áramót. Greiðslum verðbóta á freðfisk á vegum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins mun einnig ljúka um áramótin. Töluverður árangur hefur þegar náðst af aðgerðum ríkisstjórnarinnar og mun ég nú nefna það helsta í því sambandi.

Í fyrsta lagi. Jákvæður vöruskiptajöfnuður. Tekist hefur að aðlaga þjóðarútgjöld að minnkandi þjóðartekjum. Viðskiptahallinn minnkar í ár þrátt fyrir samdrátt í þjóðarbúskapnum en það hefur ekki gerst í marga áratugi hér á Íslandi að viðskiptahalli minnki á samdráttartímum í þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Því er spáð að viðskiptahallinn verði um 8,5 milljarðar kr. en þar af eru flugvélakaup Flugleiða nær 3 milljarðar kr. Þessi halli samsvarar tæplega 3% af landsframleiðslu samanborið við 3,7% í fyrra. Vöruskiptajöfnuðurinn verður hins vegar jákvæður um 4,8 milljarða kr. í ár og það er í fyrsta skipti síðan 1986 að hann er jákvæður, en munurinn er sá að á árinu 1986 jókst fiskafli og viðskiptakjör bötnuðu verulega en nú minnkar bæði aflinn og viðskiptakjörin hafa versnað. Það er því mjög sérstakt og ánægjulegur árangur af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar að hafa náð á svo skömmum tíma verulega jákvæðum vöruskiptajöfnuði þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður.

Í öðru lagi birtist árangur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar í þróun raungengisins og bættri stöðu atvinnuveganna. Raungengi krónunnar hefur lækkað verulega án þess — og ég legg ríka áherslu á það —

án þess að til hafi komið kollsteypa í gengismálum eða að verðbólgan hafi farið úr böndunum. Um þessar mundir er raungengið á mælikvarða launakostnaðar nær 20% lægra en það var á fyrsta ársfjórðungi ársins 1988 og raungengið í ár verður á sama mælikvarða um 12,5% lægra en í fyrra. Raungengið er um þessar mundir rúmlega 2% lægra en það var að meðaltali á árunum 1979–1989, enda sýna nýjustu áætlanir Þjóðhagsstofnunar að fiskvinnslan er nú í heild rekin fyrir ofan núllið og um 2% hagnaður er af frystingunni. Þessar tölur sýna glöggt þau umskipti sem hafa orðið hér í höfuðatvinnugrein okkar Íslendinga á einu ári vegna þess að þegar við fjölluðum um fjárlagafrv. fyrir rúmu ári síðan þá var yfirvofandi allsherjarstöðvun í þessum mikla útflutningsatvinnuvegi okkar Íslendinga.

Þriðji þátturinn í árangri ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum felst í því að hemja verðbólguna á tímum samdráttar í efnahagslífinu. Það hefur tekist að koma í veg fyrir það að verðbólgan færi úr böndunum eins og jafnan hefur hins vegar gerst hér á Íslandi á samdráttartímum. Það er því í fyrsta sinn einnig nú að það tekst að hemja verðbólguna á samdráttartímum. Ætíð áður hefur hún rokið upp úr öllu valdi þegar ytri skilyrði og minnkandi afli hafa valdið samdrætti í hagkerfi okkar. Þetta er einnig verulegur árangur þegar horft er til þess hve mikil breyting hefur orðið á þessum tíma á raungengi krónunnar. Í fyrra hækkaði framfærsluvísitalan um 25,5% á milli ára en spáð er um 21% hækkun í ár.

Fjórði þátturinn í árangri ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum felst í því að tekist hefur að fjármagna vanda ríkissjóðs á innlendum lánamarkaði. Nú er útlit fyrir að það takist að minnka halla ríkissjóðs um helming frá því í fyrra og það takist að fjámagna stóran hluta hans á innlendum lánsfjármarkaði. Halli ríkissjóðs verður því að líkindum 1,6% af landsframleiðslu á árinu 1989 samanborið við 2,8% í fyrra, en hallinn var hins vegar 1,2% á góðærisárinu 1986 og 1,3% á góðærisárinu 1987. Og fátt sýnir kannski betur hve vel hefur tekist í aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar að halli ríkissjóðs á þessu mikla samdráttarári í þjóðarbúskap okkar Íslendinga, en í u.þ.b. 20 ár hafa ekki komið tvö samdráttarár í röð, skuli vera af svipaðri stærðargráðu og hann var á góðærisárunum miklu 1986 og 1987.

Í lok september höfðu spariskírteini ríkissjóðs verið seld fyrir 3,2 milljarða kr. En auk þess hafði almenningur skráð sig í áskrift fyrir u.þ.b. 200 millj. kr. í viðbót fram til áramóta. Það er satt að segja mjög ánægjuleg breyting að nú skuli mörg þúsund Íslendingar af fúsum og frjálsum vilja hafa skráð sig inn í sparnaðarkerfi spariskírteina ríkissjóðs og gerst þannig virkir þátttakendur í því verkefni að fjármagna þessa þætti hér innan lands í stað þess að taka erlend lán. Sá sparnaður er ekki þvingaður fram með neinum hætti, hann er ákvörðun fólksins sjálfs í landinu og sýnir um leið traust þess á þeim aðgerðum sem hér er verið að grípa til, ella mundi ekki jafnmikill fjöldi af fúsum og frjálsum vilja ganga inn í áskriftarform spariskírteinanna miðað við þau vaxtakjör sem þar eru boðin. Þeir sem trúa á markaðinn sem mælikvarða árangurs ættu að horfa á þessar markaðstölur og draga ályktanir af þeim.

Í lok september höfðu verið seldir ríkisvíxlar fyrir um 4,1 milljarð kr. umfram innlausn frá áramótum. Innlausn spariskírteina frá áramótum til loka september nam um 1,3 milljörðum kr. Samtals höfðu því verið seld spariskírteini og ríkisvíxlar umfram innlausn fyrir um 6 milljarða kr. En nú stefnir að því að sala þeirra umfram innlausn á árinu öllu verði rúmir 6 milljarðar eða nákvæmlega 6,3 milljarðar kr. Það er mikil breyting frá þeirri erlendu lántökustefnu sem hér ríkti á undanförnum árum.

Í fimmta lagi lýsir árangur efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar sér í því jafnvægi sem nú hefur í fyrsta sinn í langan tíma skapast á peningamarkaðnum og í þeirri vaxtalækkun sem þar hefur átt sér stað stig af stigi. Jafnvægi á peningamarkaðnum hér á Íslandi hefur ekki verið betra í lengri tíma. Lausafjárstaða bankanna var jákvæð um nær 10 milljarða kr. í lok september og tekist hefur að fjármagna árstíðabundinn halla ríkissjóðs utan við Seðlabankann, m.a. með þeirri miklu sölu ríkisvíxla sem ég gat um hér áðan.

Nokkur árangur hefur náðst við lækkun raunvaxta. Vextir spariskírteina ríkissjóðs voru í sumar lækkaðir í 5,5% og 6% en voru um 7–8% þegar ríkisstjórnin tók við. Algengustu útlánavextir bankanna á verðtryggðum lánum hafa lækkað úr rúmum 9% í haust í um 7,5% nú. Vaxtalækkunin á gráa markaðnum hefur verið mun meiri en þetta. Frá áramótum til ágústmánaðar lækkaði raunávöxtun hlutdeildarbréfa verðbréfasjóðanna um 3,5% á átta mánuðum. Það eru ekki dæmi um svo mikla raunvaxtalækkun á frjálsum verðbréfamarkaði á jafnskömmum tíma áður.

Nokkuð vantar hins vegar á að vextir bankanna hafi aðlagast annars vegar lægri verðbólgu og hins vegar vaxtalækkuninni á spariskírteinum og verður að tryggja að sú aðlögun eigi sér stað á næstunni og er nauðsynlegt að forsvarsmenn bankakerfisins átti sig á því að nú þegar eru fullkomlega efnahagslegar ástæður til þess að viðskiptabankarnir lækki sína vexti. Ef tekið er síðan tillit til breytingarinnar á lánskjaravísitölunni mundi raunvaxtalækkunin teljast enn meiri en hér kemur fram.

Virðulegi forseti. Þessi veigamiklu atriði, sem ég hef hér nefnt, jákvæður vöruskiptajöfnuður, gífurleg breyting á raungengi, bætt staða atvinnuveganna, verðbólgan sé hamin á samdráttartímum, ríkissjóður fjármagnaður af innlendum lánsfjármarkaði, jafnvægi á peningamarkaði og vaxtalækkun, allt þetta eru höfuðatriði í vestrænni hagstjórn sem verðskuldar að vera kölluð því nafni og sýnir að ríkisstjórnin hefur beitt aðferðum sem í fyrsta skipti í langan tíma eru nú að skapa jafnvægisástand í íslenska hagkerfinu. Mælikvarðinn á árangur felst í niðurstöðunum í veruleikanum. Og þær tölur sem ég hef hér rakið varðandi þessa höfuðþætti efnahagslífsins á Íslandi staðfesta að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa borið

árangur, að við búum hér nú við jákvæðari grundvallarþætti í okkar vestræna hagkerfi en menn hafa gert í langan tíma. Það hefur þess vegna verið hlutverk þessarar ríkisstjórnar að færa íslenska hagkerfið frá hinni afbökuðu mynd sem Sjálfstfl. skildi eftir sig yfir í jákvæða mynd vestrænna hagkerfa þar sem jafnvægi á peningamarkaði, eðlilegt raungengi, lánsfjáröflun innan lands, jákvæður vöruskiptajöfnuður og stöðugleiki í verðlagsmálum eru höfuðatriðin. Ég mun svo síðar í ræðu minni víkja nokkuð að því að Sjálfstfl. á hinn bóginn hefur viljað fylgja hér aðferðum sem að mínum dómi og annarra eru í raun og veru í andstöðu við þá höfuðþætti í vestrænni hagstjórn sem fylgt hefur verið á undanförnum áratugum.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1990 byggist af þessum sökum á því að nú hefur tekist að skapa nýjan grundvöll í efnahagsmálum okkar Íslendinga. Þessi nýi grundvöllur felst í því að millifærslunum, skuldbreytingunum og raungengisaðlöguninni er senn lokið. Nú tekur við það tímabil þar sem atvinnureksturinn sjálfur og aðilar vinnumarkaðarins bera ábyrgð innan þess almenna ramma sem ekki síst er markaður með fjárlögunum á hverjum tíma. Þetta eru hin miklu þáttaskil sem meðferð fjárlagafrv. á næstu vikum mun móta og sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á sl. 12 mánuðum hafa knúið fram. Ég skil hins vegar að forustumenn Sjálfstfl. og Morgunblaðið, sbr. leiðara þess fyrir nokkrum dögum síðan, veigri sér við að ræða þessar staðreyndir því að þær endurspegla þá höfuðdrætti í árangursríkri vestrænni hagstjórn sem fræðimenn og hagfræðingar líta fyrst og fremst á þegar þeir eru að skoða það hvort efnahagsstefnan hefur skilað árangri.

Virðulegi forseti. Markmið fjárlaga mótast af þeim aðstæðum sem nú eru uppi í þjóðarbúskapnum. Mun ég nú fara nokkrum orðum um þessar aðstæður. Sá samdráttur sem ég hef nokkuð vikið að á fyrst og fremst rætur að rekja til tekjubrests, þ.e. minnkandi afla og verri viðskiptakjara svo og verulegrar skipulagskreppu í atvinnulífinu sem er fyrst og fremst afleiðing rangrar efnahagsstefnu á árunum 1983–1988. Offjárfestingar og rangrar stefnu í vaxta- og peningamálum. Sjálfstfl. ætti þess vegna ekki að hafa hátt um umhyggju sína fyrir atvinnulífinu í landinu vegna þess að það er fyrst og fremst atvinnustefna hans á árunum 1983–1988 sem er meginþátturinn og orsökin í þeirri skipulagskreppu sem íslenskir atvinnuvegir hafa lent í.

Hins vegar ríkti mikil umframeftirspurn í hagkerfinu þegar tekjubresturinn átti sér stað. Umframeftirspurn sem m.a. var búin til með rangri stefnu í ríkisfjármálum á góðæristímanum þegar ríkissjóður var rekinn með verulegum halla á miklum góðærisárum í stað þess að reka hann þá með tekjuafgangi. Við þessar aðstæður er enginn annar kostur en að aðlaga þjóðarútgjöldin að minni þjóðartekjum. Skynsamlegt getur þó verið að aðlaga ekki þjóðarútgjöldin að fullu að minni tekjum ef talið er með nokkurri vissu að tekjubresturinn sé ekki varanlegur. Mikið hefur dregið úr þeirri þenslu sem ríkti hér á árinu 1987 og fyrri hluta ársins 1988. En það var forsenda árangurs í efnahagsmálum að dregið yrði úr þessari þenslu. Þess vegna er ekki eins brýnt nú og áður að ríkissjóður sé, við þessar aðstæður, rekinn hallalaus. Eftir sem áður verður hallinn minni en í ár þannig að ríkisbúskapurinn stuðlar ekki að þenslu á næsta ári.

Ljóst er orðið eftir hina nýlegu skýrslu Hafrannsóknastofnunar að ástand fiskistofnanna krefst samdráttar í afla. Ég hef stundum sagt að í raun og veru ætti skýrsla Hafrannsóknastofnunar að vera sérstakt fylgiskjal með þessu fjárlagafrv. Árið 1990 verður því þriðja samdráttarárið í röð en samfelldur samdráttur hefur ekki staðið svo lengi hjá okkur Íslendingum síðan á árunum í kringum 1950. Núverandi samdráttarskeið er það þriðja mesta frá stríðslokum á mælikvarða þjóðartekna. Ég vek sérstaka athygli hv. alþm. á þessari staðreynd vegna þess að mér hefur fundist nokkuð skorta á að menn gerðu sér raunverulega grein fyrir þessu mikla sögulega samhengi. Að samdráttarskeiðið nú, sem fyrst og fremst á sér rætur í minnkandi afla og verðlagi á erlendum mörkuðum, er hið þriðja mesta frá því síðari heimsstyrjöldinni lauk hér á Íslandi.

Þjóðartekjurnar dragast saman um 7,2% á árunum 1988–1990 samanborið við 14,3% samdrátt á árunum 1945–1952 og 11,3% samdrátt á árunum 1967–1968. Það er þess vegna eðlilegt að þegar þjóðin fer í gegnum sitt þriðja mesta samdráttarskeið frá stríðslokum þurfi að grípa til margvíslegra aðgerða sem lítt eru til vinsælda fallnar og munu hafa áhrif á lífskjör og möguleika fjölmargra til þess að bæta stöðu sína.

Umskiptin í þjóðarbúskapnum sjást glöggt ef tekjuauki þjóðarbúsins á árunum 1986–1987, á góðærisárunum, er borinn saman við tekjurýrnunina á samdráttarárunum 1988–1990. Aukning þjóðarteknanna á fyrra tímabilinu þegar Sjálfstfl. rak ríkissjóð með halla samsvarar hvorki meira né minna en 52 milljörðum kr. á verðlagi þessa árs. Viðbótin sem kom inn í íslenska hagkerfið á árunum 1986–1987 nam hvorki meira né minna en 52 milljörðum kr. á núgildandi verðlagi. En tekjurýrnunin á árunum 1988–1990 samsvarar nærri því 22 milljörðum kr. á sama verðlagi. Þetta eru mjög stórar tölur sem lýsa vel í hnotskurn þeim umskiptum sem hér hafa átt sér stað.

Við þessa erfiðleika bættist svo það viðvarandi ójafnvægi sem tók að myndast frá og með árinu 1983 í ríkisfjármálunum þegar Sjálfstfl. tók við forustunni í fjmrn. Sú þróun á annars vegar rætur að rekja til útgjaldaþenslu ríkisins og er merkilegt að heyra þann flokk tala síðan um það sýknt og heilagt að hann sé einhver sérstakur talsmaður minnkandi ríkisútgjalda og hins vegar til skattalækkana sem framkvæmdar voru á sama tíma og ríkisútgjöldin voru látin aukast stig af stigi, fyrst á árunum 1983 og 1984 og síðan skattalækkana í upphafi góðærisins 1986 þegar ríkisútgjöldin voru látin æða áfram upp úr öllu valdi. Sem dæmi um útgjaldaþensluna má nefna að útgjöld ríkissjóðs jukust um rúmlega 5,5% á ári á árunum

1984–1988. Á sama tíma jókst landsframleiðslan um 4,5% á ári, þ.e. Sjálfstfl. jók ríkisútgjöldin um 1% að raungildi á ári umfram aukninguna í landsframleiðslunni. Svo eru þessir menn að þykjast vera einhverjir sérstakir fulltrúar fyrir ábyrga fjármálastjórn.

Tekjur ríkissjóðs minnkuðu að raungildi um nær 12% 1983 og stóðu síðan nánast í stað 1984. Skatttekjur ríkisins jukust að vísu umtalsvert á góðæristímanum, að sjálfsögðu, bæði á árunum 1986 og 1987 eða 9,6% og 12% hvort árið. Afleiðing alls þessa hefur verið samfelldur hallarekstur á ríkissjóði frá árinu 1985 og góðærisárin tvö 1986 og 1987 með Sjálfstfl. í forustu fyrir ríkisfjármálunum voru ekki nýtt til þess að reka ríkissjóð með myndarlegum afgangi eins og þó hefði verið nauðsynlegt samkvæmt grundvallarkenningu vestrænnar hagstjórnar til að vinna gegn þenslunni og auka svigrúmið til að mæta framtíðaráföllum. En Sjálfstfl. þverbraut grundvallarlögmál vestrænnar hagstjórnar með því að magna þá upp hallann í góðærisárunum til þess að þenslan yrði enn meiri, skekkjan í hagkerfinu enn erfiðari og rekstur atvinnulífsins færi úr böndunum. Það er þessi stjórn á ríkisfjármálunum, þessi efnahagsstefna Sjálfstfl. sem ég hef leyft mér að kalla ga-ga-hagstjórn því það er ekkert annað heiti sem hæfir þessari ríkisfjármálastjórn Sjálfstfl. og efnahagsstefnu þessara ára heldur en hið skiljanlega og algenga orð almennings í landinu ga-ga. (**Gripið fram í:** Hvar er þetta í hinni prentuðu ræðu?) Bls. 11 efst. Það er nauðsynlegt að í framsögu með fjárlagafrv. séu hlutirnir orðaðir á réttan hátt. (**Gripið fram í:** Það er neðst á 7.) Menn eru e.t.v. með annað blaðsíðutal en ég er með hér í handritinu en hitt er víst að þetta er í hinum skrifaða texta ræðunnar.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðarbúskapnum er ekki talið að ríkissjóður geti aukið hlutdeild sína í landsframleiðslunni. Því er við það miðað í þessu fjárlagafrv. að skatttekjurnar verði óbreytt hlutfall af landsframleiðslunni. Áhrif samdráttarins á tekjur og gjöld ríkissjóðs valda þannig halla á ríkissjóði, en hann er þó að sinni talinn geta samrýmst þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin hefur mótað þá grundvallarafstöðu að eyða halla ríkissjóðs á næstu tveimur til þremur árum.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem ég hef nú gert að umtalsefni þykir eðlilegt að meginmarkmið fjárlaganna fyrir árið 1990 séu að ríkisbúskapurinn stuðli að því að viðskiptahalli aukist ekki og að verðbólgan minnki þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna; að skattar verði óbreyttir sem hlutfall af landsframleiðslu, það felur í sér tæplega 1,5% lækkun tekna ríkissjóðs að raungildi eða um 1,3 milljarða kr.; að halli ríkissjóðs verði innan þeirra marka að hægt sé að fjármagna hann án þess að auka erlendar skuldir eða hækka vexti á innlendum lánsfjármarkaði.

Virðulegur forseti. Ég mun nú víkja að tekjuhlið fjárlagafrv. fyrir árið 1990. Tekjuhliðin endurspeglar það markmið ríkisstjórnarinnar að skattbyrðin sé óbreytt frá árinu 1989 sem hlutfall af landsframleiðslu. Talsverðar breytingar verða hins vegar á tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári. Ýmsir skattar lækka eða falla alveg niður. En á móti koma auknar tekjur af öðrum stofnum. Þessar kerfisbreytingar auka því ekki, og ég legg ríka áherslu á það, skatttekjur ríkissjóðs þegar á heildina er litið. Þvert á móti munu skatttekjur ríkissjóðs minnka að raungildi á næsta ári.

Veigamesta kerfisbreytingin felst í gildistöku virðisaukaskatts um næstu áramót. Gert er ráð fyrir einu skatthlutfalli á smásölustigi sem verði 26%. Til þess að ná fram verðlækkun á brýnustu matvörum verður skatturinn að hluta endurgreiddur á framleiðslustigi þannig að á nokkrar helstu tegundir innlendra matvæla leggst ígildi 13% skatts. Þessi breyting mun hafa í för með sér a.m.k. 10% verðlækkun á þessum matvælum.

Í öðru lagi munu eftirtaldir skattar lækka eða falla alveg niður. Vörugjald lækkar, erlent lántökugjald fellur niður, jöfnunargjald lækkar og bensíngjald lækkar að raungildi. Við þetta tapar ríkissjóður um 2 milljörðum kr.

Í þriðja lagi vegur á móti á tekjuhlið að framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verður framvegis fært á gjaldahlið en ekki sem frádráttarliður á tekjuhlið. Ýmis leyfis- og afgreiðslugjöld verða hækkuð til þess að þau standi undir auknum kostnaði viðkomandi stofnana. Enn fremur hækkar bifreiðagjald sérstaklega þó skattar á umferðina lækki í heild. Ég vek einnig sérstaka athygli á því að á árinu 1990 munu skattar á umferðina í landinu lækka í heild sinni að raungildi. Þetta þrennt vegur að mestu upp fyrrnefnt tekjutap upp á 2 milljarða.

Í fjórða lagi eru svo ýmis önnur atriði til skoðunar á tekjuhlið. Hér má nefna samræmda skattlagningu fjármagnstekna sem er í undirbúningi. Skattlagning fyrirtækja og sjóða verður einnig endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr mismun milli aðila og auka samræmingu. Hér má m.a. nefna skattlagningu orkufyrirtækja, fækkun frádráttarliða, sérstaka sveiflujöfnunarsjóði og breytingar sem stuðla að aukinni eiginfjármyndun í atvinnulífinu. Þessar breytingar munu hafa það í för með sér að færa skattlagningu atvinnulífs á Íslandi nær þeim skattakerfum sem tíðkast í helstu viðskiptalöndum okkar. Jafnframt verður unnið að því að endurskoða launatengd gjöld með það fyrir augum að samræma álagningu þeirra. Þá verður tekjuskattlagning einstaklinga, eins og ég gat um áður, tekin til sérstakrar skoðunar á næstu mánuðum í því skyni að ná fram meiri jöfnuði innan núverandi tekjuskattskerfis án þess að auka tekjur ríkissjóðs, létta skattbyrði af lágtekjufólki en þyngja hana á fólki með mjög háar tekjur. Unnið verður að þessari athugun á næstu mánuðum en vafasamt er að þær komi til framkvæmda fyrr en á árinu 1991.

Hvað gjaldahlið frv. snertir, þá lækka ríkisútgjöldin skv. frv. að raungildi frá því í ár og vek ég athygli á því að það yrði í fyrsta sinn á þessum áratug sem slíkt mundi gerast. Lækkunin er áætluð nema um 4 milljörðum kr. eða um 4% að raungildi. Er þá miðað við hækkun almenns verðlags á milli áranna 1989 og

1990, sem er áætluð 15–16%. En jafnvel þótt miðað sé við spá um hækkun verðvísitölu samneyslu á næsta ári, en hún hækkar minna en almennt verðlag, mælist lækkun ríkisútgjaldanna um 2,5% að raungildi. Ríkisútgjöldin á árinu 1990 verða skv. frv. 27,8% af landsframleiðslu eða lækka úr 28,7% frá áætlun fyrir árið 1989.

Miklar breytingar verða á samsetningu útgjalda í frv. og eru þær einmitt eitt helsta einkenni þess.

1. Breytingar vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þær fela í sér að útgjöld ríkisins hækka vegna heilbrigðismála, sjúkratrygginga, framhaldsskóla og vegna framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Við breytingarnar lækka hins vegar útgjöld ríkisins vegna grunnskóla og dagvistarstofnana.

2. Breytingar á útgjöldum vegna breytinga á tekjuöflunarkerfinu eru fyrst og fremst vegna tilkomu virðisaukaskattsins, en þá falla niður endurgreiðslur á uppsöfnuðum sköttum til atvinnuveganna, sérstaklega sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar.

3. Lækkun ríkisútgjalda næst fram með tveimur meginaðferðum, annars vegar með aðhaldi í rekstri án þess að gera ráð fyrir skertri þjónustu, hins vegar með því að ýmis framlög og fjárveitingar til fjárfestinga eru lækkuð verulega.

4. Rekstur ríkisstofnana er að mestu miðaður við óbreytta starfsemi. Áætlað er fyrir leiðréttingum á liðum sem áður voru áætlaðir á óraunhæfan hátt. Einnig verður nokkur aukning í heilbrigðismálum, sérstaklega í stofnunum fatlaðra og síðan í nokkrum stofnunum skattkerfisins til að tryggja öruggara og traustara skattkerfi.

5. Kostnaður við heilbrigðisþjónustuna er lækkaður um 500 millj. kr. með lækkun lyfjakostnaðar og kostnaðar við sérfræðilækningar auk þess sem stefnt er að frekari árangri í sparnaði með samruna og samrekstri sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu.

6. Framkvæmt verður sérstakt sparnaðarátak í skólakerfinu og fleiri stofnunum mennta- og menningarmála sem á að leiða til um 200 millj. kr. lækkunar á kostnaði með hagræðingu.

7. Niðurgreiðslur búvöru verða óbreyttar að krónutölu en útflutningsbætur og framlag í Framleiðnisjóð lækka í 9% af framleiðsluverðmæti búvöru.

8. Framlög til fjárfestinga verða lækkuð að krónutölu um 700 millj. kr. sem jafngildir um það bil 20% raunlækkun.

9. Framlög til Vegagerðar ríkisins eru miðuð við að tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti verði um 500 millj. kr. lægri en þær yrðu ef fullnýtt yrði heimild til hækkunar á þessum gjöldum. Er þá einnig miðað við að sú tvískipting bensíngjaldsins sem fólst í sérstakri lækkun sl. sumar á gjaldi á blýlausu bensíni haldist á næsta ári.

10. Framlag til Byggðastofnunar er með þeim hætti að það vex en framlög til byggingarsjóðanna lækka þótt gert sé ráð fyrir að lánveitingar að meðtöldum hluta húsbréfakerfisins aukist nokkuð að raungildi vegna aukinna lána til félagslegra bygginga og kaupleiguíbúða.

11. Framlag til Rannsóknasjóðs heldur raungildi sínu en hlutverk hans er að örva nýsköpun og frumkvæði í atvinnulífinu.

12. Stefnt er að því að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins beri sjálfur stærri hluta verðtryggingar en verið hefur, en slíkt er unnt án þess að skert verði réttindi sjóðsfélaga sem eru óháð stöðu sjóðsins. Gert er ráð fyrir um 500 millj. kr. lækkun ríkisframlags af þessum sökum. Greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna verðtryggingar hafa að undanförnu verið mun meiri en þarf til að standa við skuldbindingar sjóðsins á hverju ári og hefur mismuninum verið varið til að efla eiginfjárstöðu sjóðsins, fyrst og fremst með kaupum á ríkisskuldabréfum.

Virðulegur forseti. Ef litið er á afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1990, þá eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 90 milljarðar 352 millj. kr. og gjöldin 93 milljarðar 207 millj. kr. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir tekjuhalla sem nemur 2 milljörðum 855 millj. kr. á næsta ári. Þessi halli svarar til 3% af heildarútgjöldum ríkissjóðs og 0,8% af landsframleiðslu. Þennan halla má að mestu rekja til áhrifa samdráttarins í þjóðarbúskapnum á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Á þessu ári, árinu 1989, er áætlað að halli ríkissjóðs verði um 4,7 milljarðar kr. eða 1,6% af landsframleiðslu. Þannig er stefnt að því að hallinn verði helmingi minni á næsta ári en á þessu þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt í þjóðarbúskapnum, en hallinn í ár verði hins vegar tæplega helmingi minni en hann var í fyrra þegar hann nam 2,8% af landsframleiðslu.

Eins og ég hef vikið að áður er rétt í þessu sambandi að hafa í huga tölurnar frá góðærisárunum 1986 og 1987 er Sjálfstfl. fór með forustu í ríkisfjármálunum þegar átt hefði að reka ríkissjóð með myndarlegum afgangi skv. viðurkenndum vestrænum hagstjórnaraðferðum. Þá hins vegar braut Sjálfstfl. þetta grundvallarlögmál viðurkenndrar vestrænnar efnahagsstjórnar og rak ríkissjóð með halla bæði góðærisárin, 1,2% af landsframleiðslu fyrra árið og 1,3% seinna árið. Það er þessi halli í góðærinu sem er höfuðeinkennið á þeirri ga-ga-efnahagsstjórn Sjálfstfl. sem ég hef svo kallað og er líka meginástæða þeirra erfiðleika sem nú setja svip sinn á efnahagsmál Íslendinga. Kreppan í efnahagsmálunum hefði orðið mun minni og auðveld viðureignar ef Sjálfstfl. hefði fylgt viðurkenndum vestrænum hagstjórnaraðferðum á árunum 1986 og 1987. En vegna þess að Sjálfstfl. braut þessar grundvallarreglur vestrænna hagstjórnaraðferða urðu erfiðleikar íslensku þjóðarinnar, kjararýrnun almennings í landinu og erfiðleikar atvinnuveganna mun meiri en þeir hefðu þurft að verða ella.

Virðulegur forseti. Áður hefur komið fram að halli á ríkissjóði er áætlaður 2 milljarðar 855 millj. kr. á árinu 1990. Til viðbótar nema lánveitingar ríkissjóðs á næsta ári 1 milljarði 510 millj. kr., en þar af renna 1

milljarður 480 millj. til Lánasjóðs ísl. námsmanna og 30 millj. kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hluta- og stofnfjárframlög eru áætluð 160 millj. kr. og útstreymi á viðskiptareikningnum er áætlað 600 millj. kr. Á móti koma inn í ríkissjóð innheimtar afborganir af veittum lánum samtals 3 milljarðar 480 millj. kr. Að teknu tilliti til alls þessa verður hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1990, þ.e. lántökuþörf ríkissjóðs umfram það sem hann greiðir í afborganir af áður teknum lánum, 1 milljarður 645 millj. kr. sem er, og ég vek athygli á því, 1,2 milljörðum kr. lægri fjárhæð en áætlaður fjárlagahalli. Sé litið til fimm síðustu ára, þá fór lánsfjárþörf ríkissjóðs vaxandi fram til ársins 1988 þegar hún svaraði til 3,2% af vergri landsframleiðslu. Með öðrum orðum, enn á ný eitt af einkennum efnahagsstjórnar Sjálfstfl. að lánsfjárþörf ríkissjóðs fór vaxandi ár frá ári, líka á góðærisárunum. En í ár hefur þetta hlutfall þegar lækkað í 1,6% og á næsta ári er miðað við að það lækki enn, eða í 0,5% af landsframleiðslu. Breytingin er því úr 3,2% af vergri landsframleiðslu þegar Sjálfstfl. réði hér öllu og hafði góðærið til að hjálpa sér ef hann hefði haft vit til að bregðast rétt við og niður í 0,5% af landsframleiðslu.

Eins og nú er ástatt í þjóðarbúskapnum er ekki talið ráðlegt að ríkissjóður greiði niður erlendar skuldir sínar, en jafnframt eru engin áform um að auka þær. Ríkissjóður mun því eingöngu taka ný erlend lán á árinu 1990 fyrir því sem nemur afborgunum af eldri lánum, en þær eru áætlaðar 1 milljarður 370 millj. kr. Lánsfjárþörf ríkissjóðs verður því alfarið brúuð með innlendri lántöku í formi sölu á spariskírteinum ríkissjóðs að fjárhæð 6 millj. kr. Ég reikna með að fulltrúar Sjálfstfl. hér í þessum umræðum muni segja að þetta muni ekki takast. Ég vek athygli á að þeir sögðu nákvæmlega hið sama fyrir ári síðan um þau áform sem þá voru í fjárlögum fyrir árið 1989 hvað snertir innlenda lánsfjáröflun. Staðreyndin er hins vegar sú eins og ég hef nú þegar rakið í ræðu minni að við erum komin langt fram úr því sem áætlað var í fjárlögum og ég mun á næstu dögum þurfa að leggja fram hér á Alþingi frv. til að afla viðbótarheimildar fyrir aukinni innlendri lánsfjármögnun á þessu ári af því að allt bendir til þess að farið verði fram úr því sem björtustu áætlanir fyrir árið í fyrra stóðu til.

Innlendar afborganir ríkissjóðs af teknum lánum eru áætlaðar á árinu 1990 3 milljarðar 330 millj. kr. Innlend lántaka umfram afborganir nemur því 2 milljörðum 670 millj. kr. Þar sem lánsfjárþörfin er hins vegar einungis 1 milljarður 645 millj. kr. verður 1 milljarður greiddur inn í Seðlabankann á næsta ári til að bæta stöðu ríkissjóðs þar, þannig að fjárlagafrv. er miðað við það að greiða inn í Seðlbankann á næsta ári um 1 milljarð. Ef menn hafa einhverjar efasemdir um að það takist að ná þeim markmiðum í innlendri lánsfjármögnun sem gert er ráð fyrir í frv. er þó varasjóður upp á að hlaupa sem nemur þessum 1 milljarði sem reiknað er með í frv. að borga inn í Seðlabankann.

Hin trausta efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar miðast þess vegna við það að fara að borga til baka og inn í Seðlabankann hluta af óreiðu fyrri ára sem gaga-efnahagsstjórn Sjálfstfl. skildi eftir sig á góðærisárunum.

Virðulegi forseti. Ég mun nú víkja nokkuð að framlögum og fjárfestingum í B-hluta. Framlög úr ríkissjóði til fyrirtækja og sjóða í B-hluta hækka um 675 millj. kr., tæplega 13% frá fjárlögum þessa árs og verða alls 5 milljarðar 925 millj. kr. Hér er því um nokkurn raunsamdrátt framlaga til fyrirtækja og sjóða í B-hluta að ræða, þar sem verðlagsbreytingar eru áætlaðar 15–16%. Stærsta einstaka framlagið er sem fyrr til Lánasjóðs ísl. námsmanna eða 2 milljarðar 215 millj. kr. Í fjárlögum fyrir 1989 er framlag ríkissjóðs til Lánasjóðsins 1 milljarður 617 millj. kr. að viðbættum 75 millj. kr. óráðstöfuðu framlagi frá árinu 1988. Fjárveitingin er að raungildi jöfn þessari samtölu að viðbættri aukinni greiðslubyrði sjóðsins af teknum lánum. Útlán sjóðsins eru áætluð 2 milljarðar 872 millj. kr. og aukast um 44% frá fjárlögum 1989. Sú fjárhæð miðast við það að við ákvörðun úthlutunarreglna fyrir skólaárið 1990–1991 verði heildarútlán sjóðsins miðuð við útlán í forsendum fjárlaga 1989 að teknu tilliti til breytinga á verðlagi, gengi og fjölda lánþega. Að því leyti sem útlán sjóðsins á fyrri hluta árs 1990 verða umfram áðurnefndar forsendur verður að mæta þeim með lántöku.

Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs nemur um 1 milljarði 250 millj. kr. og hækkar um tæpan milljarð frá fjárlögum ársins 1989. Aftur á móti lækkar framlag til byggingarsjóðanna um 1 milljarð. Engu að síður munu útlán byggingarsjóðanna á árinu 1990 að teknu tilliti til kaupa lífeyrissjóðanna á húsbréfum verða a.m.k. 500 millj. hærri að raungildi en útlán í fjárlögum 1989. Stafar þetta af því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er talið munu aukast um 18,5% að raungildi frá árinu 1989. Sú aukning skýrist einkum af því að lokaáfangi í breikkun iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna kemur til framkvæmda á næsta ári og að stækkun eignastofns sjóðanna leiðir til mjög vaxandi vaxtatekna og innheimtra afborgana. Um 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna fer skv. samningi til húsnæðiskerfisins í formi lánveitinga til byggingarsjóðanna eða með kaupum á húsbréfum. Þá nemur framlag til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina 350 millj. kr. og eru það eftirstöðvar framlags ríkissjóðs en samkvæmt lögum um sjóðinn átti það að vera 1 milljarður kr.

Skil tekjuöflunarfyrirtækja í ríkissjóð og til annarra eru áætluð 7 milljarðar 137 millj. kr. sem er svipuð fjárhæð og er í fjárlögum fyrir árið 1989. Þar vega langþyngst skil Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en þau eru áætluð um 6 milljarðar 150 millj. kr. sem er um 100 millj. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1989.

Fjárfestingar B-hluta fyrirtækja eru áætlaðar 2,2 milljarðar og hækka um 32% frá fjárlögum 1989. Veigamestu fjárfestingarnar eru sem fyrr á vegum Póst- og símamálastofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Fjárfesting Póst- og símamálastofnunar er áætluð um 800 millj. kr. og hækkar um 223 millj. frá

fjárlögum ársins 1989. Fjárfesting Rafmagnsveitna ríkisins er áætluð 335 millj. kr. og hækkar um 159 millj. kr. Þessi hækkun er möguleg vegna yfirtöku ríkissjóðs á skuldum veitnanna á þessu ári en þar er enn á ný um að ræða framkvæmd ríkisstjórnarinnar á verki sem Sjálfstfl. gafst upp við að sinna þótt tveir iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. hefðu gefið fyrirheit um að koma þessu í framkvæmd. Það er þess vegna ánægjulegt að það hefur orðið hlutskipti þessarar ríkisstjórnar að efna loforð sem iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. stóðu ekki við.

Þá ráðgera Síldarverksmiðjur ríkisins að endurnýja tækjakost verksmiðju sinnar á Seyðisfirði fyrir um 380 millj. kr. en áformað er af hálfu Síldarverksmiðjanna að hefja framleiðslu á svokölluðu gæðamjöli.

Virðulegi forseti. Ég mun nú víkja nokkrum orðum að lánsfjáráætlun. Heildarfjárfesting hér á landi er áætluð 62,1 milljarður kr. á árinu 1990 sem er um 1% samdráttur að magni til frá í ár. Hlutfall heildarfjárfestingar er áætlað 18,5% af landsframleiðslu og er það svipað hlutfall og verið hefur undanfarin tvö ár.

Á árinu 1990 er talið að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 4,4%. Að undanskildum flugvélakaupum Flugleiða nemur samdrátturinn 22%. Þau flugavélakaup nema um 7,7 milljörðum kr. eða rúmlega 12% af heildarfjárfestingunni. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús nemi 13,5 milljörðum kr. og verði svipaðar að magni til og í ár. Fjárfesting hins opinbera mun hins vegar aukast að raungildi um 3,7% á næsta ári eftir samdrátt í ár, en þá ber að hafa það rækilega í huga að aukningin á einungis rætur að rekja til aukinna raforkuframkvæmda, sérstaklega við Blönduvirkjun, en önnur opinber fjárfesting dregst saman.

Áætlað er að heildarlántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og atvinnufyrirtækja verði 39,7 milljarðar kr. Í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum 1989 voru heildarlántökur þessara aðila áætlaðar 36,8 milljarðar en endurskoðuð áætlun bendir til þess að lántökurnar verði í reynd um 48 milljarðar kr. Heildarlántökur á árinu 1990 eru því áætlaðar um 8 milljörðum kr. lægri en í ár og borið saman á meðalverðlagi ársins 1989, sem er í reynd raunhæfari samanburður, nemur lækkunin um 13 milljörðum kr. Mestu munar að lántökur ríkissjóðs eru taldar lækka um rúma 9 milljarða kr., annars vegar vegna minni halla í rekstri ríkissjóðs, en hins vegar vegna minni innlausnar spariskírteina, auk þess sem ríkissjóður tók á árinu 1989 5 milljarða kr. erlent lán til að fjármagna greiðsluhalla ársins 1988.

Áætlað er að innlendar lántökur opinberra aðila og lánastofnana nemi um 18,3 milljörðum kr. samanborið við 22,7 milljarða í ár. Innlendar afborganir þessara aðila eru áætlaðar um 8,8 milljarðar kr. Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs og opinberra lánastofnana er því áætluð um 9,5 milljarðar kr. á árinu 1990 sem er um 4 milljörðum lægri fjárhæð en hrein lánsfjáröflun þessara aðila í ár. Að raungildi er lækkunin enn meiri og vek ég sérstaka athygli á því, virðulegi forseti, þar sem gert er ráð fyrir um 15–16% hækkun verðlags milli áranna. Þess má geta að hrein lánveiting lífeyrissjóðanna til byggingarsjóðanna er áætluð 9,8 milljarðar á árinu 1990. Þá ber að hafa í huga að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna umfram það sem umsamið er til húsnæðiskerfisins er áætlað tæpir 11 milljarðar kr. Með þetta í huga, virðulegi forseti, verða að teljast góðar líkur á því að innlendri lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða verði fullnægt á árinu 1990 án vaxtahækkunar. Tölulegar forsendur þeirrar áætlunar liggja skýrt fyrir í því sem ég hef nú rakið hér að framan. Þessi áætlun er að mínum dómi jafnraunhæf og sú áætlun sem ég setti fram fyrir ári síðan þar sem ég greindi frá því að á árinu 1989 stefndi ríkisstjórnin að því að afla innlends lánsfjár með aukinni sölu spariskírteina og lækka vextina á spariskírteinunum, en þá fullyrtu snillingarnir í Sjálfstfl. nýútskrifaðir úr fimm ára ga-ga-tímabilinu í efnahagsstjórninni að það væri ekki hægt. Niðurstaðan liggur nú hins vegar fyrir. Vextirnir voru lækkaðir og sala spariskírteina hefur verið mun meiri heldur en áætlað var. Það hvarflar stundum að manni hvaðan þessar hugmyndir Sjálfstfl. um vestrænar hagstjórnaraðferðir séu eiginlega komnar vegna þess að bæði í málflutningi sínum og í aðferðum sínum ganga þeir þvert á grundvallarhugmyndir vestrænnar hagstjórnar. Það er e.t.v. of mikið af lögfræðingum í forustusveitinni.

Eins og áður var nefnt er áformað að afla ríkissjóði lánsfjár alfarið með sölu spariskírteina eða fyrir alls 6 milljarða kr. Verulega mun draga úr innlausn spariskírteina á næsta ári. Áætlað er að innlausn á árinu 1990 verði um 2 milljarðar kr. en áætluð innlausn á árinu 1989 er 3,8 milljarðar kr. Hrein lánsfjáröflun í formi spariskírteina á næsta ári er því áætluð um 4 milljarðar kr. samanborið við 2,2 milljarða kr. á árinu 1989. Ásókn hins opinbera í langtímalán mun því aukast nokkuð þótt dragi úr lánsfjárþörfinni þegar á heildina er litið.

Í þjóðhagsáætlun 1990 er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 10,1 milljarður kr. eða um 3% af áætlaðri landsframleiðslu 1990 sem er svipað því sem reiknað er með í ár. Það verður að teljast, eins og ég hef áður sagt, einstakur árangur og er það vissulega sögulega séð ef litið er á efnahagsstjórn Íslendinga á undanförnum áratugum að viðskiptahallinn aukist ekki þrátt fyrir þriðja samdráttarárið í röð og umtalsverðan samdrátt útflutningstekna. Ef það er eitthvað eitt sem endurspeglar árangur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, þá er það þetta. Þessar tölur liggja á borðinu skýrar og augljósar. Þessi árangur er auðvitað enn meiri sé það haft í huga að inni í þessari tölu eru flugvélakaup Flugleiða sem munu nema tæpum 8 milljörðum kr. á næsta ári og er fullkomlega óeðlilegt að reikna þau inn í samanburð milli ára vegna þess að þau gerast ekki nema á margra ára fresti.

Erlendar lántökur til lengri tíma eru áætlaðar 21,4 milljarðar kr. Greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar 24,4 milljarðar kr. á

árinu 1990, þar af eru afborganir 10,4 milljarðar og vextir 14 milljarðar. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því um 11 milljörðum kr. eða um 900 millj. kr. umfram áætlaðan viðskiptahalla.

Virðulegi forseti. Fjárlagavandi undanfarinna ára felst ekki hvað síst í því að útgjöld ríkisins hafa vaxið umfram ríkistekjur og landsframleiðslu á undanförnum áratug. Rétt er að vekja athygli á því að rekstur ríkisstofnana, þar á meðal skóla og heilbrigðisstofnana og fjárfesting ríkisins er samtals innan við helmingur af útgjöldum ríkisins. Það er stundum rætt um ríkisfjármálin eins og þessir liðir, heilbrigðiskerfi, skólakerfi, fjárfestingarnar, séu allur ríkisreksturinn, *en í reynd er kostnaðurinn við þetta um það bil* helmingur, innan við helmingur af útgjöldum ríkisins. Tryggingabætur, framlög og ýmiss konar útgreiðslur beinna fjármuna úr ríkissjóði til einstaklinga og annarra í okkar þjóðfélagi og vaxtagjöld nema hins vegar ríflega helmingi útgjaldanna. Og það er einnig staðreynd að rekstrargjöld ríkisins eru að miklu leyti bundin af þeim lögum sem um viðkomandi málaflokk gilda og Alþingi hefur sett. Þess vegna endurspeglar fjárlagafrv. á hverjum tíma þau lög sem hv. Alþingi hefur sett á undanförnum árum. Og þessum rekstrargjöldum verður ekki breytt nema með ákvörðun Alþingis um að þeirri þjónustu sem lögin kveða á um verði fundinn annar farvegur. Sjálfvirkur vöxtur þjónustustarfsemi er síðan aukinn með því að ákveðnar tekjur eru markaðar fjárfestingu sem leiðir síðan til aukins rekstrarkostnaðar en ekki er hugað nægilega að honum samhliða fjárfestingunni. Þetta birtist m.a. í því að ýmsir framkvæmdasjóðir og aðrir slíkir tekjustofnar eru beint tengdir húsbyggingum og annarri steinsteypufjárfestingu án þess að nægilega sé séð fyrir fjármunum til þess að stuðla að eðlilegum rekstri og þjónustu innan þessara bygginga. Ég tel þess vegna brýnt að rjúfa þá einhliða steinsteyputengingu sem einkennir marga af þessum tekjustofnum og breikka grundvöll hennar og láta tekjustofnana einnig ná til þeirra brýnu verkefna að bæta rekstur og þjónustu á viðkomandi sviði.

Þau vinnubrögð sem beitt hefur verið við gerð fjárlaga hafa á margan hátt stuðlað að þeim fjárlagavanda sem við hefur verið að glíma á undanförnum árum. Þessi vinnubrögð hafa um of verið útgjaldahvetjandi og mikið hefur skort á að Alþingi taki á ríkisfjármálum á grundvelli heildaryfirsýnar eða langtímastefnumótunar. Mestur tími Alþingis, eins og hv. alþm. vita, fer í einstök atriði, stundum smáatriði, á útgjaldahliðinni. Auk þess má færa sterk rök að því að tími þingsins til að fjalla um fjárlagafrv. er einfaldlega of naumur ef fjárlagafrv. á að verða raunhæf mynd af vilja þingsins um það hvernig ríkisfjármálunum verði stýrt á næsta ári. Af ofangreindum orsökum taldi ég nauðsynlegt að láta í ljósi þá skoðun að vandi ríkisfjármála á Íslandi felst ekki eingöngu í tekjuhlið annars vegar og gjaldahlið hins vegar heldur felst hann einnig í vinnubrögðunum og aðferðunum sem beitt er á þessu sviði. Af þeim ástæðum setti ég fram í sumar tillögu til umræðu í ríkisstjórn og í þingflokkum stjórnarflokkanna um breytt vinnubrögð á þessu sviði og flyt þær tillögur nú hv. Alþingi við 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1990.

Í fyrsta lagi var sú tillaga að fjárlagaárinu verði breytt og verði það frá 1. júní til 31. maí ár hvert. Í framtíðinni verði fjárlög lögð fyrir haustþingið og þingið hafi þó nokkra mánuði til þess að fjalla um fjárlagafrv. og bundið verði í lög að frv. verði afgreitt fyrir lok apríl. Þá gefst einn mánuður til þess að undirbúa framkvæmd fjárlaganna en það hefur mjög á það skort um langa hríð að nægilegur tími gæfist frá því að fjárlagafrv. er samþykkt til að undirbúa framkvæmd þess.

Í fjölmörgum löndum er fjárlagaárið annað en almanaksárið. Þessi tillaga hefur það að markmiði að gefa þinginu lengri tíma til að fjalla um fjárlagafrv. og, eins og ég sagði áðan, að ná því markmiði að hægt sé að undirbúa framkvæmd fjárlaganna í a.m.k. einn mánuð frá samþykkt frv. og þar til fjárlögin taka gildi. Með þeim hætti er hægt að tryggja að greiðsluáætlanir fyrir einstakar stofnanir og ráðuneyti liggi fyrir þegar í upphafi fjárlagaársins og þannig sé virkt útgjaldaaðhald tryggt strax frá upphafi. Ég veit að ýmsir hv. alþm. telja hæpið að breyta fjárlagaárinu með þessum hætti. Ég segi hins vegar: Það getur ekki gengið til lengdar að þingið hafi eingöngu tæpa tvo mánuði til þess að fjalla um þennan veigamesta þátt í þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Þá er eingöngu um tvær leiðir að ræða ef menn vilja treysta vinnubrögðin og gera þau raunhæfari og árangursríkari. Annaðhvort verður að breyta fjárlagaárinu frá því sem nú er eða hv. Alþingi verður að taka ákvörðun um það að koma saman til þingstarfa í ágústlok eða byrjun septembermánaðar þannig að það gefist tími í a.m.k. fjóra mánuði til þess að fjalla um fjárlagafrv. Ég er sannfærður um að það getur ekki gengið áfram eins og hingað til að þingið setji sér aðeins tæpa tvo mánuði til að fjalla um fjárlagafrv. Annað hvort verður að gerast, að þingstörfin hefjist í lok ágúst eða byrjun september og þingstörfunum verði í heild sinni breytt í samræmi við það, eða að fjárlagaárið verði fært yfir á annan tíma en almanaksárið.

Í öðru lagi er sú tillaga að í framtíðinni verði lögð fram fjárlagaáætlun til þriggja ára samhliða fjárlagafrv. hverju sinni sem sérstakt þingskjal og þessi fjárlagaáætlun hljóti sérstaka meðferð og um hana verði greidd atkvæði og hún samþykkt á svipaðan hátt og vegáætlun nú. Síðan taki fjárlagagerð næstu ára mið af þeim grundvelli sem slík langtímafjárlagaáætlun hefur markað.

Í þriðja lagi er sú tillaga að útgjaldarammar verði meginaðferð við ákvörðun útgjaldahliðar fjárlaga í framtíðinni. Þannig verði unnið að fjárlagagerðinni að einstök ráðuneyti fái ákveðna heildarupphæð sem þau skipta síðan sjálf niður á verkefnaflokka og stofnanir áður en fjárlagafrv. er lagt fram, í stað þess að fram fari vikum saman reiptog milli fjmrn. annars vegar og einstakra fagráðuneyta hins vegar um fjölmarga liði, stóra og smáa, í útgjaldahliðum viðkom-

andi ráðuneyta. Það er mun skynsamlegra að ákveða heildarramma og láta síðan viðkomandi ráðuneyti ákveða sín útgjöld eða tillögur um þau innan þess ramma, sérstaklega þegar fjárhagseftirlit og fjármálastefna innan ráðuneytanna hefur verið styrkt.

Í fjórða lagi er sú tillaga að gerðar verði núllgrunnsáætlanir fyrir einstök ráðuneyti og stofnanir á fimm ára fresti. Með þeim hætti verði um fimmtungur ríkiskerfisins endurskoðaður frá grunni á hverju ári og öll starfsemi ríkisins tvisvar á hverjum áratug. Eins og ég gat um áðan verður innan tíðar greint frá því hvaða ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki verða á árinu 1990 tekin til meðferðar samkvæmt þessari núllgrunnsáætlun þar sem heildarrekstur þeirra verður skoðaður frá toppi til táar og nauðsynlegt verður að réttlæta hvern einstakan útgjaldaþátt en ekki eins og verið hefur áður að fyrst og fremst er rætt um þau viðbótarútgjöld sem eiga að koma á nýju ári.

Í fimmta lagi er sú tillaga að fjáraukalög verða að jafnaði lögð fram ef nauðsynlegt reynist að bæta við útgjöldum og aukafjárveitingar verði einungis veittar í samræmi við löglegar skuldbindingar. Fjáraukalög verði lögð fram á haustþingi ef nauðsyn er talin verða á þeim vegna lögbundinna skuldbindinga ríkissjóðs eða breytinga á forsendum fjárlaga. Hvert ráðuneyti fái í fjárlögum ákveðna upphæð til úthlutunar sem „Annað" eða „Óviss útgjöld" vegna þess að ljóst er að það geta alltaf komið upp ný útgjaldatilefni á árinu og þótt hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða er skynsamlegast að ætla fyrir slíku ráðstöfunarfé hjá hverju ráðuneyti og hjá ríkisstjórninni í heild eins og gert er í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Teknar verði einnig inn í fjárlög heimildir til að breyta útgjöldum beinna rekstrarliða og lögbundinna útgjalda til samræmis við verðlagsbreytingar umfram forsendur fjárlaga, en að jafnaði verði gerð grein fyrir notkun þessara heimilda við framlagningu fjáraukalaga.

Virðulegur forseti. Ég set þessar tillögur hér fram við 1. umr. frv. vegna þess að ég tel að þær snerti ekki aðeins þingflokka núverandi ríkisstjórnar, heldur séu þær í reynd erindi til þingsins alls því að það er ekki bara hagsmunamál núverandi ríkisstjórnar að tryggja betri og bætt vinnubrögð á þessu sviði, heldur brýnt hagsmunamál þingsins alls og þjóðarinnar. Ég teldi því mjög mikilvægt ef innan þingflokka allra flokka hér á Alþingi og í fjvn. og einnig í fjárhags- og viðskiptanefndum færu fram umræður um þessar hugmyndir og aðrar hugmyndir sem fram kunna að verða settar svo að við getum á yfirstandandi þingi náð breiðri samstöðu um bætt vinnubrögð og nýjar starfsaðferðir á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Ég hef nokkrum sinnum í ræðu minni vikið að vestrænum hagstjórnaraðferðum. Ég hef gert það vegna þess að talsmenn Sjálfstfl. hafa kosið oftar en einu sinni að ásaka núv. ríkisstjórn fyrir það að hún fylgi ekki vestrænum hagstjórnaraðferðum. (**Gripið fram í:** Það var forsrh. sem sagði þetta.) Ég tel hins vegar að ferill þessarar ríkisstjórnar og þeirrar sem hóf feril sinn fyrir rúmu ári síðan sýni ótvírætt að núv. ríkisstjórn hefur með árangursríkum hætti beitt traustustu aðferðum vestrænnar hagstjórnar til þess að forða íslenska hagkerfinu frá því stórslysi sem Sjálfstfl. skildi eftir sig eftir fimm ára valdaferil á þjóðbraut okkar Íslendinga.

Það er rétt að vekja athygli á því að þar sem vestrænar hagstjórnaraðferðir eru í fullu gildi og hafa raunverulega merkingu en eru ekki bara slagorð eins og hjá Sjálfstfl. eru fjárlögin hornsteinninn í efnahagsstefnu stjórnvalda og ríkisins hverju sinni. Hér á landi hefur hins vegar gætt þeirrar tilhneigingar að líta á fjárlögin sem eitthvað sem sé hagstjórn og efnahagsaðgerðum, eins og stundum er kallað, nánast óviðkomandi. Og Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum verið brautryðjandi þeirrar hugmyndar að fjárlögin séu nánast þingskjal og í kjölfar þeirra þurfi síðan að koma efnahagsaðgerðirnar. Jafnvel þessir menn sem tala hæst um vestrænar hagstjórnaraðferðir eru í raun fylgjandi þessu séríslenska framlagi Sjálfstfl. til íslenskrar hagsögu sem kalla má því nafni „groddahagstjórn" stórra gengisfellinga og kollsteypna sem fyrst og fremst eru mótaðar af þessu viðhorfi. Sumir talsmenn Sjálfstfl. hafa þess vegna hvað eftir annað lagt mikla áherslu á að núverandi ríkisstjórn fylgi ekki hefðbundnum vestrænum hagstjórnaraðferðum. Þeir láta eins og slíkar hefðbundnar rekstrar- og hagstjórnaraðferðir séu annaðhvort þessi groddahagstjórn stórra gengisfellinga sem Sjálfstfl. er fylgjandi eða þá hin hreinræktaða ómengaða frjálshyggja þar sem hinn tryllti peningamarkaður með vextina æðandi upp úr öllu valdi sé hreyfiafl hagkerfisins.

Hins vegar er ekkert fjær lagi. Ef eitthvað er, þá er sú hagstjórn sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir nær hefðbundnum vestrænum hagstjórnaraðferðum en grundvallarhugmyndir Sjálfstfl. á undanförnum árum. Hún tekur mið af hugmyndafræði hins blandaða hagkerfis og hagstjórnar þar sem beitt er samræmdum aðgerðum á sviði ríkisfjármála og peningamála, ýmsum aðgerðum á sviði tekjumyndunar og inngripum inn í óhefta starfsemi markaðarins á vissum sviðum. Þessi stefna er sú sem hefur verið ráðandi á Vesturlöndum allt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Og það er í samræmi við anda þessarar stefnu sem tímabundnar millifærsluaðgerðir eru taldar skynsamlegri leið til þess að koma hagkerfinu á réttan grundvöll en groddahagstjórn stórra gengisfellinga sem leiðir til kollsteypna í hagkerfinu. Bæði þessi groddahagstjórn, sem Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum og gerir enn kröfu til samkvæmt samþykkt þingflokks Sjálfstfl. í sumar, og hin hreinræktaða frjálshyggja eru í raun undantekningarnar. Það eru þær sem eru undantekningarnar frá þeim meginreglum í hagstjórn á Vesturlöndum sem fylgt hefur verið.

Ég tel það sérstaklega mikilvægt að vekja athygli á þessu hér vegna þess að það er tími til kominn að þessar hugmyndir um hagstjórnaraðferðir verði dæmdar á rykfallna bekki sögunnar en þeim sé ekki haldið hér fram hvað eftir annað, jafnvel þótt tals-

menn Sjálfstfl. eigi í hlut. Það er mál til komið að því rótgróna viðhorfi að fjárlögin séu nánast utan við hagstjórnina verði vikið til hliðar. Það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er og verður hornsteinninn í hagstjórninni á næsta ári. Hér er ramminn sem allir aðilar þjóðfélagsins verða að taka mið af, hvort sem það er ríkið sjálft, atvinnurekstur eða launafólk. Með þessu og síðasta fjárlagafrv. hefur verið leitast við að hverfa af braut þeirrar stefnu, sem ég hef nefnt ga-ga-stjórn á ríkisfjármálum, sem einkenndi yfirstjórn Sjálfstfl. á þeim málum frá árunum 1983–1987 og forustu Sjálfstfl. fyrir ríkisstjórninni 1987–1988.

Vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum verður ekki að sinni hægt að ná hallalausum fjárlögum. Hins vegar er með höfuðeinkennum þessa frv. lagður grunnur að jafnvægi í ríkisfjármálum til lengri tíma og á þessum grundvelli á að vera hægt að reka ríkissjóð með myndarlegum afgangi þegar uppsveiflan í hagkerfinu hefst og er þá brýnt að forðast hin örlagaríku mistök Sjálfstfl., að búa til stórfelldan halla á ríkissjóð á góðærisárunum 1986 og 1987. Takist að forða þjóðinni frá því að mistök Sjálfstfl. verði endurtekin þegar góðærið gengur á ný í garð erum við nú að halda inn á örugga braut í íslenskri hagstjórn með jafnvægi í efnahagslífinu og traustan grundvöll fyrir bættum hag atvinnulífsins og jafnari lífskjörum alls almennings í landinu.

Virðulegi forseti. Ég legg að svo mæltu til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1990. Í ræðu hans skorti hvorki falleg orð né hástemmdar yfirlýsingar, en í þeim var þó holur hljómur. Í ræðu ráðherrans skorti heldur ekki pólitískt orðagjálfur og ekki árásir á Sjálfstfl., árásir sem við sjálfstæðismenn munum taka okkur tíma til þess að svara hér á hinu háa Alþingi. Hæstv. ráðherra þarf ekki að frýja okkur þess að við hirðum ekki um að ræða atvinnumál eða efnahagsmál við hann hér á þessu háa Alþingi. Það mun verða tekið til athugunar bæði í þessari umræðu og eins þótt síðar verði.

Hæstv. ráðherra hefur sagt að frv. marki ákveðin tímamót. Það sé áfangi að nýjum grundvelli í efnahagsstjórn á Íslandi og það sé traustur rammi um efnahagslífið sem allir aðrir aðilar í þjóðfélaginu verða að laga sig að. Látið er að því liggja að frv. sé svo fullkomið að þar þurfi helst engu að breyta. Sennilega er það nánast formsatriði að leggja það fyrir Alþingi og allir aðilar í þjóðfélaginu eiga að taka því með fögnuði og aðdáun.

Eitthvað rámar mig í það, þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir sínu fyrsta fjárlagafrv. fyrir tæpu ári síðan, að yfirlýsingar hans hafi verið með sambærilegum hætti. Einnig þá markaði fjárlagafrv. þáttaskil. Það var talið reist á traustum grunni og framtíðarheill þjóðarinnar átti að ráðast af því hvort Alþingi féllist á að afgreiða frv. að mestu óbreytt. Þjóðin hlýtur hins vegar að spyrja hvort þær glansmyndir sem hæstv. fjmrh. hefur dregið upp í kringum þessi fjárlagafrumvörp bæði séu eitthvað í samræmi við raunveruleikann. Því miður er það svo að þegar farið er að skyggnast í málin hverfur glansinn og dökku hliðarnar blasa við. Orðagjálfur hæstv. ráðherra breytir þar engu um.

Fyrir tæpu ári síðan gagnrýndi ég harkalega fjárlagafrv. sem þá var til meðferðar og síðar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989. Ég benti m.a. á að fjárlagaafgreiðslan væri byggð á stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum. Ég benti á að forsendur fjárlaganna væru gjörsamlega í lausu lofti og þar með niðurstaða á rekstraryfirliti. Ég benti á að þrátt fyrir að fjárlögin væru afgreidd með tekjuafgangi sem byggðist á hrikalegri nýrri skattheimtu en áður hefðu verið dæmi um í okkar landi vantaði inn í fjárlagadæmið vanáætluð útgjöld sem næmu a.m.k. rúmum 1 milljarði kr. Ég benti á að niðurskurður útgjalda hitti fyrst og fremst atvinnuvegina og strjálbýlið, ekki síst bændur landsins og vegamál. Og ég benti á að þrátt fyrir slíkan niðurskurð fælist í fjárlögunum mikil þensla í rekstri og umfangi ríkiskerfisins.

Skemmst er frá því að segja að allt sem ég sagði um þessi efni var sannleikanum samkvæmt og hefur komið fram. Þegar hæstv. ríkisstjórn var loks knúin til nokkurra aðgerða í efnahags-, atvinnu- og launamálum kostaði það ríkissjóð milljarða í nýjum útgjöldum umfram fjárlög. Forsendur fjárlaganna í verðlags-, launa- og gengismálum entust ekki nema 2–3 fyrstu mánuði ársins. Þá voru þær sprungnar. Þau dæmi sem ég hafði rakið um vanáætlun útgjalda í einstökum málaflokkum voru viðurkennd í raun af hæstv. ríkisstjórn eftir að Alþingi hafði verið slitið. Niðurstaðan varð sú sem allir hv. alþm. þekkja, að fjárlagafrv. sem lagt var fram með nærri 1200 millj. kr. rekstrarafgangi var afgreitt sem fjárlög frá Alþingi með 600–700 millj. kr. rekstrarafgangi, en hæstv. ríkisstjórn þurfti ekki nema örfáar vikur eftir að Alþingi var slitið til þess að breyta þessari stöðu yfir í 4–5 milljarða halla. Og samkvæmt spá sem um þessar mundir er gerð af fjmrn. er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á þessu ári verði 8 milljörðum hærri heldur en fjárlög kveða á um, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári fari 2,7 milljarða fram úr áætlun fjárlaga og að hallinn á fjárlagadæminu verði um 5 milljarðar. Þannig var nú hinn trausti rammi fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. í fyrra. Þannig er nú raunveruleikinn eftir því sem best er vitað um þessar mundir samkvæmt spá um útkomu ársins. Þetta er sú reynsla sem þjóðin hefur fengið af fjármálastjórn þessa hæstv. fjmrh.

Áður en ég tek að ræða það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir og markar tímamót í efnahagssögu okkar Íslendinga að mati hæstv. fjmrh. þykir mér rétt að víkja örfáum orðum að efnahags- og atvinnumálum, ekki síst eftir þá dæmalausu ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti hér á Alþingi í útvarps- og sjónvarpsumræðum fyrir fáum dögum. Þar var nú ekki sparað að lýsa ástandinu fagurlega og það var heldur ekki sparað hér í dag. Hvert sem litið var sást að allt stóð í blóma

og bar vitni um trausta efnahagsstjórn. Ég segi það fyrir mig að ég hef sjaldan undrast eins eina ræðu og ég hef aldrei orðið vitni að því að fjármálaráðherra sem mælir fyrir fjárlagafrv., eins og hann gerði hér í dag, hafi blandað ræðu sína slíkum pólitískum árásum og slíku pólitísku orðagjálfri sem þessi hæstv. ráðherra gerði hér í ræðu sinni áðan. Það er einsdæmi. Og einsdæmi þessa hæstv. ráðherra eru vafalaust mörg fleiri eins og alþjóð er kunnugt. Greinilegt var á ræðu hæstv. ráðherra hér fyrir fáum dögum og raunar í ræðu hans hér áðan að skrum hans og sjálfsánægja blindar honum sýn. Raunveruleikinn er honum hulinn og staða fólksins í landinu er honum ókunn.

Það var kaldhæðnislegt fyrir hæstv. fjmrh. að sama kvöldið sem hann flutti þessa ræðu flutti einnig flokksbróðir hans ræðu, hv. þm. Ragnar Arnalds. Hann sagði m.a.:

„Það loga eldar í íslensku efnahagslífi sem birtast í gjaldþrotum, atvinnuleysi, lágum launum, halla á ríkissjóði og því að landsbyggðinni blæðir."

Skyldi nú ekki þetta vera sannari lýsing á ástandinu? Hverjum skyldi nú fólkið í landinu trúa betur, hv. þm. Ragnari Arnalds ellegar hæstv. fjmrh.? Ég veit að allir kunna skil á hvert svarið er. Af þessu tilefni þykir mér rétt að víkja að nokkrum atriðum þessara mála í grófum dráttum.

Hæstv. fjmrh. sagði að þau ytri skilyrði hefðu ekki hent íslenska þjóð í 40 ár að þrjú samdráttarár komi í afla og framleiðslu í röð. En hver eru þá þessi erfiðu skilyrði? Hver eru þessi ytri áföll sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir? Það er vissulega rétt að það hefur orðið samdráttur í efnahagskerfinu frá veltiárunum 1987 og 1988. En það er þó rétt að taka eftir því, og það ætti hæstv. ráðherra að gera, að aðeins tvisvar sinnum á þessum áratug hafa komið hagstæðari ár fyrir íslenska þjóðarbúið en árið 1989. Þetta á bæði við um viðskiptakjör þjóðarinnar út á við og um þjóðartekjur. Aðeins tvisvar sinnum hafa viðskiptakjörin verið hagstæðari og aðeins tvisvar sinnum hafa þjóðartekjurnar verið meiri á mann á þessum áratug en í ár. Áföllin eru þá ekki meiri en þetta. Og svo kemur hæstv. fjmrh. hér í dag og fyrir fáum kvöldum hér á hinu háa Alþingi og talar um verstu áföll þjóðarbúsins í 40 ár.

Hæstv. fjmrh. var ákaflega ánægður með stöðu atvinnuveganna og sagði að nú heyrðust ekki lengur raddir um að þeir væru að stöðvast. Það var einnig kaldhæðnislegt að sama kvöldið og þessi orð voru töluð af hæstv. fjmrh., fyrir fáum kvöldum, voru í ríkisfjölmiðlunum fregnir af því að tvö kaupfélög höfðu orðið gjaldþrota og að eitt fiskiðjuver stæði frammi fyrir gjaldþroti. Þetta voru í sjálfu sér engin nýmæli í fréttum nú síðustu vikurnar og mánuðina. Staðreyndin er hins vegar sú að hallarekstur atvinnuveganna hefur haldið áfram allan þann tíma sem núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur setið.

Í þjóðhagsáætlun sem dreift var hér á hv. Alþingi 11. okt. sl. er sagt að þegar á heildina sé litið virðist stefna í 1–2% halla sjávarútvegsins í heild. Í fréttabréfi Þjóðhagsstofnunar frá því í gær er svo gert ráð fyrir að úr þessum halla hafi dregið, þannig að hann sé um þessar mundir ½% að meðaltali í veiðum og vinnslu.

Þrátt fyrir það að úr hallarekstrinum hafi dregið hefur hallinn haldið áfram í rekstri atvinnuveganna og þegar hann hefur staðið svo lengi sem raun ber vitni eru fyrirtækin í sífellu, hvert af öðru, að komast í þrot. Og þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki tekið eftir því er gert ráð fyrir að fjöldi gjaldþrota verði á þessu ári meiri en nokkru sinni fyrr. Aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar hafa í flestu verið kákráðstafanir. Sumpart hafa þær komið of seint eða verið of litlar til þess að taka fyrir rætur vandans þannig að hallarekstrinn hefur í sífellu haldið áfram. Á hinn bóginn hefur millifærslusjóðum ríkisstjórnarinnar verið beitt til þess að framlengja lán og fresta greiðslum af lánum sem að loknu næsta ári koma til gjalda hjá atvinnufyrirtækjunum með fullum þunga. Þá verður væntanlega þessi hæstv. ríkisstjórn farin frá og það kemur í hlut annarra að leysa vandann.

Þá sagði hæstv. fjmrh. að atvinnuleysi hefði verið forðað, eins og hann orðaði það. Hann lét þess ekki getið að atvinnuleysi fyrstu átta mánuði þessa árs hefur verið þrisvar sinnum meira en á sama tíma árið á undan og spáð er að atvinnuleysi fari enn vaxandi á næstunni. Hæstv. fjmrh. sagði að veruskiptajöfnuður væri orðinn hagstæður og viðskiptahallinn að hverfa. Hann lét eins og hann hefði ekki heyrt þess getið að því er spáð að viðskiptahalli við útlönd verði á næsta ári 9,9 milljarðar kr. Í munni hæstv. fjmrh. er viðskiptahallinn að hverfa þó hann sé 10 milljarðar á ári.

Hæstv. ráðherra gumaði af gengisbreytingum og sagði: „Verðbólgan hefur verið hamin." Þetta er vitaskuld eins og annað í þessari ræðu hæstv. ráðherra. Verðbólgan er þvert á móti því sem ráðherrann segir meiri á þessu ári heldur en hún var í fyrra.

Þá talar hæstv. ráðherra um jafnvægi í peningamálum og að lausafjárstaða bankanna sé nú jákvæð. Það er rétt að það er talið að lausafjárstaða bankanna hafi á þessu ári batnað um 6,2 milljarða. En hæstv. ráðherra gleymdi að geta um það að á sama tíma hafa erlend skammtímalán viðskiptabankanna vaxið um 5,7 milljarða og heildar erlend lán bankakerfisins vaxið á sama tíma um 9 milljarða kr. þannig að a.m.k. að hluta er þessi bætta staða bankakerfisins fólgin í auknum erlendum lántökum.

Þá sagði hæstv. ráðherra að vaxtadansinn hefði verið stöðvaður. Þetta gefur mér tilefni til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Er hann ánægður með vaxtastigið eins og það er í dag? Er hæstv. ríkisstjórn ánægð með þá stöðu sem nú er í vaxtamálum þjóðarinnar og blasir við almenningi? Mér finnst eðlilegt að fá svör við þessu og það auðvitað breytir ekki þeirri stöðu þó að talið sé að raunvextir hafi á þessu ári lækkað um sem svarar 2% að meðaltali. Það er nú öll dýrðin sem við fólkinu blasir í vaxtamálum. Það er ekki að furða þótt hæstv. ráðherra sé ánægður. En ég er ekki viss um að þeir sem eru að sligast

undan vaxtabyrði af þungum lánum úti í þjóðfélaginu sé jafnánægðir og hæstv. ráðherra.

Hæstv. fjmrh. var nú aldeilis ánægður yfir því hvernig ríkisstjórninni hefði tekist að verja kaupmáttinn. Samkvæmt þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að kaupmáttur atvinnutekna verði á þessu ári 7,5% lægri að meðaltali heldur en var í fyrra og kaupmáttur almannatrygginga rýrni um 4–9% eftir einstökum tegundum trygginga. Það má svo benda á að hæstv. forsrh. sagði hér fyrir fáum kvöldum í svokallaðri stefnuræðu sinni að kaupmátturinn mundi enn lækka á næsta ári. Er að furða þótt hæstv. fjmrh. sé ánægður með það hvernig honum hafi tekist að verja kaupmáttinn. Ég hugsa að fólkið í landinu, launþegarnir í þessu landi, séu einnig ákaflega ánægðir eins og ráðherrann.

Þá sagði hæstv. ráðherra að halli ríkissjóðs færi mjög minnkandi og jafnvægisástandi hefði verið náð á flestum eða öllum stigum efnahagslífsins. Ekkert af þessu er í samræmi við raunveruleikann. Alvarlegasta meinsemdin í efnahagsmálum okkar Íslendinga er að sjálfsögðu hrikaleg staða grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar sem stafar af langvarandi hallarekstri. Þótt nokkuð hafi dregið úr reikningslegum halla dugar það ekki til. Ef koma á í veg fyrir að fyrirtækin fari hvert af öðru fram af brúninni svo sem þau hafa verið að undanförnu, þá verða þau þó að hagnast til að vinna upp það mikla tap sem þau hafa mátt þola á síðustu missirum.

Ég endurtek það vegna sífelldra frýjuorða hæstv. fjmrh. að við sjálfstæðismenn óttumst ekki og munum ekki hliðra okkur hjá því að taka hér upp umræðu við hæstv. fjmrh. um aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum né stöðuna í þeim þáttum þjóðlífsins. Ég vil því leggja það til við hæstv. forseta að tekinn verði frá heill dagur nú alveg á næstunni hér á hinu háa Alþingi til að ræða þessi mál ítarlega. En það mun þó ekki forða hæstv. ráðherra frá því að hér í þessari umræðu munum við sjálfstæðismenn taka okkur tíma til þess að svara frýjuorðum hæstv. ráðherra og rangfærslum hans á marga lund.

Halli á viðskiptum okkar við útlönd og skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis ásamt hallarekstri ríkissjóðs bera heldur ekki vitni þess að neinu jafnvægi hafi verið náð. Hæstv. fjmrh. sagði að nú væri þetta jafnvægisástand komið í svo gott lag að í upphafi nýs árs gætum við lokað millifærslukerfinu og lagt millifærslusjóði til hliðar og komið þeim fyrir í bankakerfinu. Þetta þóttu mér nú góðar fréttir. Því spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvernig stendur þá á því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina fái í framlög frá ríkissjóði á fjárlögum næsta árs 350 millj. kr. og lán, bæði innlend og erlend, samtals 750 millj. kr.? Enn fremur að útlán sjóðsins og styrkir verði á næsta ári 1295 millj. kr.? Úr því að það á að leggja þennan sjóð til hliðar og loka millifærslukerfinu í upphafi nýs árs eins og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni, eru þetta þá bara misprentanir í fjárlagafrv. sem fjvn. verður þá væntanlega falið að leiðrétta? Eða er það svo að allt það sem hæstv. fjmrh. sagði í þessari ræðu sinni sé bara markleysa og ekkert annað? Ekkert nema markleysa. Við bíðum eftir því að sjá hvort réttara er.

Þó ég hafi hér gert að umtalsefni ræðu hæstv. ráðherra frá umræðum um svokallaða stefnuræðu forsrh. fyrir fáum kvöldum, þá vék hæstv. ráðherra enn fremur að þessum atriðum flestum eða öllum í ræðu sinni hér áðan og blandaði inn pólitísku orðagjálfri og árásum á Sjálfstfl. þó að í sumum greinum og sumum atriðum dragi hann nokkuð úr orðavali sínu frá því sem var í ræðu hans hér fyrir fáum kvöldum.

Það fjárlagafrv. sem hér er til 1. umr. og hæstv. ráðherra hefur sagt að marki tímamót í íslenskri efnahagsstjórn felur í sér nokkur meginatriði.

1. Frv. er lagt fram með nálega þriggja milljarða halla og sýnir að hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp við að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins.

2. Í frv. felst villandi samanburður því víðast hvar eru tekna- og gjaldaliðir bornir saman við spá um líklega útkomu sambærilegra liða á þessu ári. Áður hefur slíkur samanburður yfirleitt verið á milli frv. og síðustu fjárlaga.

3. Forsendur frv. eru óljósar og settar upp með svo flóknum hætti að jafna má við feluleik. Engar líkur eru til að þær fái staðist.

4. Gerbreyting er áformuð á tekjuöflunarkerfi ríkisins með upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts. Ýmis framkvæmdaatriði skattsins eru í algerri óvissu og áætlanir um tekjuhlið frv. því óvenjulega óáreiðanlegar þótt ljóst sé að frv. gerir ráð fyrir mikilli hækkun á óbeinum sköttum og launasköttum.

5. Frv. boðar verulega útþenslu ríkiskerfisins á næsta ári með á þriðja hundrað nýjum starfsmönnum að frátöldu skólakerfinu og útþenslu rekstrarútgjalda ríkisins um 1,8% að raungildi.

6. Framlög til fjárfestingar, viðhalds og ýmissa tilfærslna eru skorin harkalega niður í frv. svo að hafa mun áhrif á atvinnumöguleika fólks á næsta ári auk þess sem brotnar verða ýmsar ákvarðanir síðasta þings t.d. í vegamálum, landbúnaðarmálum og öðrum málefnum strjálbýlisins.

7. Frv. er götótt. Á gjaldahlið frv. vantar verulegar fjárhæðir sem ekki verður séð að komist verði hjá að greiða út á næsta ári.

8. Frv. felur í sér hvatningu til hækkunar vaxta með fyrirætlunum um skattlagningu vaxtatekna.

9. Yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um 4% raunlækkun ríkisútgjalda eru markleysa. Í fyrsta lagi er þetta hlutfall fengið með röngum samanburði, í öðru lagi með hæpnum reikniforsendum og í þriðja lagi á Alþingi eftir að stoppa upp í eitthvað af þeim götum sem á frv. eru.

10. Frv. er ekki traustara en það fjárlagafrv. sem lagt var fyrir Alþingi fyrir tæpu ári síðan, jafnvel síður en svo. Að þessu leyti markar frv. engin tímamót.

Virðulegi forseti. Við þessa umræðu mun ég ekki ræða ítarlega einstaka liði frv. enda eðlilegt að það bíði 2. umr. Ég kemst þó ekki hjá því að fara nokkrum orðum um ýmsa af þeim liðum sem ég hef

hér að framan talið í 10 töluliðum sem megineinkenni á þessu frv. Nokkur atriði í greinargerð frv. eru nú ógreinilegri og óskýrari en oftast hefur áður verið. Þetta á einkum við um tvennt:

1. Frv. er borið saman við spádóma um hver kunni að verða niðurstaða í tekjum og gjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Þessi samanburður er ákaflega villandi og í raun verið að bera saman ósambærilega hluti sem skýrist auðveldlega af því hversu mikill munur er á frv. sem lagt var fram í fyrra og fjárlögum sem afgreidd voru í byrjun þessa árs og líklegri útkomu á tekjum og gjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Þessi samanburður sem einkum er á frv. í heild og ýmsum yfirlitstöflum er ákaflega villandi og torveldar það mjög að draga réttar ályktanir af frv. Skylt er þó að geta þess að samanburður á gjaldaliðum einstakra ráðuneyta og einstakra stofnana er yfirleitt svo sem verið hefur miðað við fjárlög fyrir þetta ár en ekki einhverja spádóma.

2. Forsendur frv. eru settar upp með ákaflega óskýrum hætti svo að kalla má feluleik eða sjónarspil. Fullyrða má að forsendur frv. séu svo veikar að ekki séu líkur til að þær geti staðist. Með sjónarspili af þessu tagi má reikna með því að útgjöld sem nema stórum fjárhæðum séu dulin í frv. svo sem var í fjárlögum fyrir þetta ár. Enn fremur byggir frv. á þeim grunni að sá 4% niðurskurður sem ákveðinn var með fjárlögum fyrir þetta ár á launagjöldum og öðrum rekstrargjöldum hafi orðið raunhæfur. Engar upplýsingar liggja þó fyrir frá fjmrn. um það hvort þessi niðurskurður hafi tekist eða muni takast í raun. Einungis hefur verið frá því sagt að frá honum hafi verið horfið að hluta í heilbrigðiskerfinu. Að svo miklu leyti sem þessi niðurskurður eða sparnaður hefur ekki komist í framkvæmd er fjárlagafrv. óraunhæft sem því nemur. Þykir mér ekki ólíklegt að það geti numið nokkrum hundruðum millj. kr. A.m.k. gengur furðu treglega að fá upplýsingar um þennan sparnað.

Augljóst er að þetta frv. er þenslufrv. hvað varðar ríkisbáknið. Frv. boðar enga stöðnun í vexti og umfangi ríkiskerfisins, heldur þvert á móti. Þetta skýrist best með því að meðan gert er ráð fyrir að verðlagsbreytingar milli ára verði 16%, þá hækka rekstrargjöld frv. um 24,7% og launagjöld um 25,2%. Samkvæmt þessu vaxa rekstrarútgjöld ríkisins um 1,8% að raungildi svo sem áður sagði og er það drjúgum meira en gert var ráð fyrir í afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta yfirstandandi ár.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun fjölgar stöðugildum í þessu frv. um 217 sem sýnir verulega útþenslu á starfsmannahaldi ríkisins og er það skýringin á hinum auknu launaútgjöldum sem í frv. eru. Eru þá ekki teknir með þeir starfsmenn sem kunna að bætast við í skólakerfinu. Til viðbótar við þetta er óljóst hversu margir starfsmenn eru ráðnir til tímabundinna verkefna. Meðal þeirra eru pólitískir aðstoðarmenn einstakra ráðherra sem ráðnir hafa verið umfram heimildir laga og reglugerða um Stjórnarráð Íslands.

Það kemur sjálfsagt fáum á óvart að útþensla í rekstri er mest hjá fjmrn. eða hækkun um 51% frá síðasta ári meðan gert er ráð fyrir að verðlagsbreytingar á milli ára séu 16%. Þar af hækkar aðalskrifstofa fjmrn. um 35% frá fjárlögum þessa árs. Við þetta eru gefnar þær skýringar að síðustu ár hafi fjárveitingar til ráðuneytisins að jafnaði verið nokkru lægri en raunkostnaðartölur hafi gefið tilefni til. Með öðrum orðum er verið að segja að sjálfsagt þyki að verðlauna þá sem fara verulega fram úr fjárlagatölum. Og verðlaunin eru langsamlega mest í skrifstofu og ráðuneyti hæstv. fjmrh. sjálfs. Það er eftir öðru í þeirri fjármálastjórn sem við búum nú við.

Í fjölmiðlum hafa birst fregnir af því hvernig ýmsar stofnanir menntmrn. hafa verið meðhöndlaðar af hæstv. ríkisstjórn í þessu fjárlagafrv., svo sem Háskóli Íslands, Þjóðarbókhlaðan og Lánasjóður ísl. námsmanna. En í fjárlagafrv. eru ýmsir fleiri athyglisverðir póstar er varða það ráðuneyti. Þar segir m.a. í skýringum er varða grunnskóla, að lagt sé til að hækka framlög til endurmenntunar sálfræðinga um 151%, framlag til sérstakra fræðsluverkefna um 103% og fjárveitingu til yngri barna í grunnskólum um 174%, sem væntanlega er forskólanám. Þar segir einnig að hækka eigi fjármagn til þróunarstarfa í grunnskólum um 115% og stofna nýtt viðfangsefni sem beri heitið Starfsleikninám. Að loknum þessum lestri er frá því greint að menntmrn. muni efna til sérstaks sparnaðarátaks á næsta ári. Ég tel það að sjálfsögðu eðlilegt að menntmrn. og fjmrn. geri grein fyrir því hvar það sparnaðarátak eigi að koma niður meðan verið er að setja stóraukið fé í ný viðfangsefni og stórhækka önnur svo sem hér hefur verið rakið að framan.

Í frv. er það nýmæli að í hverju ráðuneyti er nýr liður sem kallast Ráðstöfunarfé. Er þessi liður yfirleitt 3–15 millj. kr. eftir einstökum ráðuneytum, þó ekki í ráðuneyti hæstv. hagstofuráðherra. Svo virðist sem þetta fjármagn eigi að vera til frjálsrar ráðstöfunar hvers ráðherra fyrir sig, enda segir í undirfyrirsögn að það eigi að ganga til einstaklinga, heimila eða samtaka. Í sjálfu sér er það til bóta að hafa slíkan lið í hverju ráðuneyti sem ætti þá að koma í veg fyrir eða draga úr þörf fyrir aukafjárveitingar á árinu. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að slíkum lið verði settar fastari skorður en frv. gerir ráð fyrir þannig að með þessu fé verði hægt að mæta vanáætlun á einstökum liðum, jafnvel breytingum á forsendum eða til þess að ljúka verkefnum sem fé er veitt til á fjárlögum. En það er jafnframt óhjákvæmilegt að reisa skorður við því að þetta fé verði notað að geðþótta ráðherra til ýmissa verkefna sem Alþingi hefur til að mynda hafnað ellegar til þess að veita fé til styrktar Pétri eða Páli úti í bæ sem býður upp á pólitíska misnotkun. Þau nauðsynlegu takmörk sem setja verður þessum fjárlagalið munu að sjálfsögðu tengjast þeim tillögum sem fjvn. vinnur að og ég greindi að nokkru frá í umræðum utan dagskrár hér fyrr á þessu þingi, en þær tillögur eiga að hafa það að markmiði að girða fyrir þá meðferð á fjármunum ríkisins sem tíðkast

hefur að undanförnu með svokölluðum aukafjárveitingum.

Í fjárlögum fyrir þetta ár var harkalega dregið úr fjárframlögum ríkisins til fjárfestingar í landinu svo sem öllum er kunnugt. Í því frv. til fjárlaga fyrir næsta ár sem hér er til umræðu er enn lengra gengið á þessari braut og fé til fjárfestinga beinlínis lækkað í krónutölu um nær 500 millj. kr. frá fjárlögum fyrir þetta ár og um 700 millj. kr. ef miðað er við áætlaða útkomu ársins eða um 20% að raungildi. Þessi niðurskurður á framkvæmdafé er svo mikill að hætt er við því að það hafi veruleg áhrif á atvinnustig landsmanna þrátt fyrir það að spáð sé vaxandi atvinnuleysi þótt þetta kæmi ekki til. Niðurskurðurinn hittir flestar greinar opinberra framkvæmda, svo sem hafnir, skólabyggingar og heilbrigðisstofnanir. Enn fremur framlög til mikilvægra sjóða. Og þið tókuð eftir því, hv. alþm., að hæstv. ráðherra gumaði af því að fé til Framkvæmdasjóðs aldraðra og Framkvæmdasjóðs fatlaðra væri þó óskert að krónutölu í þessu frv. En niðurskurðurinn er þó allra hrikalegastur til framkvæmda og viðhalds hjá Vegagerð ríkisins. Sl. vor afgreiddi Alþingi nýja vegáætlun með miklum niðurskurði vegaframkvæmda á þessu ári. Þá skorti hins vegar ekki heitstrengingar hæstv. samgrh. og annarra stjórnarliða um að niðurskurðurinn væri aðeins fyrir þetta ár, enda var vegáætlun afgreidd í samræmi við þessar yfirlýsingar. Aðeins fimm mánuðum seinna er þetta fjárlagafrv. lagt fyrir Alþingi og nú er gert ráð fyrir að skera niður fé til Vegagerðar ríkisins um 1 milljarð og 15 millj. kr. miðað við það sem vegáætlun kveður á um. Þetta á m.a. að gera með því að hækka ekki sérmerkta tekjustofna Vegagerðarinnar en hækka þess í stað svokallað kílóagjald á bifreiðar um þúsundir króna á hvern bíl, enda rennur sá skattur ekki til Vegagerðar ríkisins heldur beint í ríkissjóð.

Hvar eru nú hin stóru orð hæstv. samgrh. og annarra stjórnarliða frá því á síðasta þingi um vegamálin? Hafa þeir nú samþykkt að leika vegamálin með þessum hætti? Mér er sannarlega spurn. Rétt er að hafa það í huga að öllu þessu fé hefur verið ráðstafað af Alþingi og þau verk sem átti að vinna fyrir þetta fé eru mörg hver hafin eða búið að bjóða þau út. Stærst af þeim er vitaskuld þær miklu stórframkvæmdir sem nú er unnið að í Ólafsfjarðarmúla. Þessi mál, eins og önnur í fjárlagafrv., á auðvitað eftir að ræða vandlega í fjvn. og hér á hinu háa Alþingi. En ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hv. þm. stjórnarliðsins láti það ganga yfir sig að fara með þessum hætti með vegamálin. Enn hafa engar upplýsingar borist um það hvernig það fé sem vantaði í vegamálin á þessu ári verður útvegað. Ef ég man rétt vantaði til framkvæmda í Ólafsfjarðarmúla 90 millj. kr. og til snjómoksturs og vetrarviðhalds um 140 millj. kr. Það væri fróðlegt að fá hér í þessum umræðum upplýsingar frá hæstv. samgrh. ellegar hæstv. fjmrh. um það hvernig þetta fé verður útvegað.

Sú ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem mynduð var fyrir rúmu ári síðan lýsti yfir því að hún ætlaði sér að treysta stöðu landsbyggðarinnar. Það lítur þó út fyrir að meðal eftirlætisstefnuatriða hennar sé að skera niður það fé sem mesta þýðingu hefur fyrir fólkið á landsbyggðinni. Svo er t.d. um vegamálin sem þó eru auðvitað mál landsmanna allra og ekkert síður hér á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar vegna þess að einmitt hér á þessu svæði þarf að leggja í fjárfrek verkefni til þess að greiða úr þeim mikla vanda sem hér er við að fást í umferðarmálum. En hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einungis sinnt því uppáhaldsverki sínu að skera niður fé til vegamála. Hún hefur eins og allir vita vanrækt að skapa viðunandi rekstrarskilyrði fyrir undirstöðuatvinnugreinar landsmanna og meðferðin á bændastéttinni í þessu fjárlagafrv. væri verðug sérstakrar umræðu.

Í tengslum við setningu nýrra búfjárræktar- og jarðræktarlaga á síðasta þingi var því lýst hátíðlega yfir að á þessu ári yrði gerður upp skuldahali búfjárræktar- og jarðræktarframlaga sem myndast hafði og mun vera yfir 200 millj. kr. Ekkert hefur heyrst frá hæstv. ríkisstjórn sem bendir til þess að þau fyrirheit verði efnd. Í fjárlagafrv. er ætlað til þessara framlaga á næsta ári 110 millj. kr. Skv. upplýsingum landbrn. verða á næsta ári gjaldfallin framlög vegna þessara framkvæmda sem nema um 450 millj. kr. Þessu virðast hæstv. landbrh., hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin ætla að mæta með því að borga 110 millj. kr. Þetta heitir víst að treysta stöðu landsbyggðarinnar og standa við þau hátíðlegu loforð sem gefin hafa verið.

Gert er ráð fyrir því skv. þessu fjárlagafrv. að niðurgreiðslur á vöruverði verði óbreyttar að krónutölu á næsta ári. Jafnframt er því haldið á lofti að vöruverð á matvælum muni lækka með upptöku virðisaukaskatts. Eins og nú standa sakir eru þessi mál nokkuð óljós, vegna þess að enginn veit hvernig framkvæmd virðisaukaskattsins verður hagað en þar er eftir að leysa flest ágreiningsmál innan stjórnarliðsins þótt aðeins séu tveir mánuðir þangað til þessi mikla skattkerfisbreyting á að taka gildi. Ljóst er þó miðað við það fé sem ætlað er til niðurgreiðslna að tæplega getur orðið um verðlækkun að ræða. Rétt er þó að taka fram að ef hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að taka hluta af fé Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til niðurgreiðslna þá styðst það hvorki við lög né reglugerðir.

Ég sagði áðan að frumvarpið væri götótt. Stærstu misfellurnar koma væntanlega fram í tæpum forsendum frumvarpsins. Ég ætla ekki hér að áætla hversu það nemur miklum fjárhæðum. En benda má á að vitlausar forsendur í síðustu fjárlögum, þ.e. fjárlögum fyrir þetta ár, hafa kostað ríkissjóð drjúgan hluta af þeim 8 milljörðum sem útgjöldin virðast fara fram úr fjárlögum á þessu ári.

Séu önnur stærstu atriðin í þessu götótta frv. dregin saman eru þar vitaskuld veigamest vegamálin, um 1000 millj. kr., framlög vegna landbúnaðarins um 300 millj. kr., sem er varlega áætlað, launagjöld og rekstur vegna þess að grunnur frv. er byggður á röngum forsendum, þ.e. á sparnaði sem ekki hefur náðst á þessu ári og er varlega metinn á 400 millj. kr. Óhætt er að telja niðurskurð á framlagi til Lífeyris-

sjóðs starfsmanna ríkisins óraunhæfan en hann er 500 millj. kr. Og eitthvað verður að ætla fyrir svigrúmi Alþingis til að stoppa í hin smærri götin og er varlega áætlað í það verkefni 400–600 millj. kr. Sá 2,8 milljarða halli, sem birtist í frv. segir því ekki nema hálfa sögu.

Nú segir hæstv. ráðherra að hallinn á næsta ári eigi að verða helmingi minni en verður á árinu í ár, árinu sem hæstv. ráðherra býr við fjárlög sem afgreidd voru frá hv. Alþingi með rekstrarafgangi upp á 635 millj. kr. Trúi nú hver sem vill að á næsta ári taki fjármálastjórn þessa hæstv. ráðherra slíkum stakkaskiptum að nú takist að halda halla fjárlaga, útgjöldum fjárlaga í nákvæmlega því horfi sem afgreitt verður hér á hinu háa Alþingi. Trúi því hver sem vill miðað við þá reynslu sem þjóðin hefur fengið af þessum hæstv. ráðherra.

Þó að hæstv. fjmrh. reyni að láta líta svo út sem þetta frv. sé fullkomið og marki einhver tímamót í efnahagssögu okkar Íslendinga þá er það þó sýnu götóttara en það frv. sem þessi hæstv. ráðherra lagði fyrir Alþingi fyrir ári síðan. Fjvn. hefur því mikið verk að vinna. Það verk verður ekki auðveldara fyrir það að svo virðist sem forustumönnum stjórnarflokkanna í fjvn. komi ýmsir þættir frv. á óvart og þeir verða jafnvel að biðja starfsmenn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um að ganga eftir túlkun eða útskýringum fjmrh. á einstökum þáttum frv. Fróðlegt verður síðan að sjá hvort hæstv. fjmrh. ætlar að kenna Alþingi um þær lagfæringar sem óhjákvæmilegt verður að gera á þessu frv. þegar tekið verður til við það verkefni að stoppa í götin.

Þetta götótta frv. sem lagt er fram með 2,8 milljarða halla felur í sér, eins og áður sagði, hrikalegan niðurskurð á fé til verklegra framkvæmda, til atvinnuvega og þýðingarmikilla sjóða, en jafnframt stórkostlega útþenslu á rekstri ríkiskerfisins. Allt sannar þetta svo ekki verður um villst að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki náð þeim tökum sem nauðsynleg eru á fjármálum ríkisins.

Þessi niðurstaða haggast ekki við hástemmdar yfirlýsingar og margs konar málskrúð og orðagjálfur hæstv. fjmrh. Til þess að mögulegt sé að ná tökum á þessu verkefni verður að stöðva útþenslu ríkiskerfisins og síðan að draga rekstrarumfangið saman.

Til þess að sýna fram á það hvernig þetta hefur þróast á þessum áratug er rétt að vekja athygli á því að frá 1980 til 1990, og er þá miðað við spá fyrir það ár, hefur þjóðarframleiðsla aukist um 4% og þjóðartekjurnar um 8%. En samneyslan hefur aukist um 37%. Á sama tíma minnkar fjárfestingin um 8%. Allir sjá að þetta framhald getur ekki gengið, það felur í sér kollsteypu fyrr eða síðar. Það er því skoðun mín að engum raunverulegum árangri verði náð í ríkisfjármálum nema þessi þróun verði stöðvuð og henni snúið við. Því er það að mínum dómi nauðsynlegt að stöðva útþenslu ríkiskerfisins og draga það að einhverju leyti saman þrátt fyrir að það þýði það að einhver af hinum góðu málum verði að þoka um sinn. En til þess að þetta sé mögulegt verða þeir sem með völdin fara að skilja að þetta er óframkvæmanlegt nema byrjað sé á æðstu stöðum. Þar er Alþingi ekkert undanskilið. En ráðherrarnir verða fyrst og fremst að byrja heima hjá sér, í eigin skrifstofum ráðuneytanna. Þar verður að byrja á því að sýna aðhald og sparnað sem veitir þá um leið ráðherrunum burði til þess að beita þær stofnanir ríkisins sem fjær liggja sömu tökum.

Núverandi hæstv. ríkisstjórn fer öfugt að. Útþenslan er mest í skrifstofum ráðherranna sjálfra og þó allra mest í skrifstofu fjmrh. Þetta birtist m.a. í því, eins og ég rakti í umræðum utan dagskrár hér á Alþingi nýlega, að einstakir ráðherrar raða pólitískum vildarmönnum sínum á jötuna og það jafnvel á þann hátt að brjóta um leið lög og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Fjölgun ráðherra og þarflaus fjölgun ráðuneyta, svo sem fyrirhugað er í þessu frv., er og þáttur í þessu. Endurskoðun Stjórnarráðsins getur verið góðra gjalda verð. En formbreytingar og tilfærslur á verkefnum á milli ráðuneyta gera enga stoð ef þær fela ekki í sér sparnað, en slíkar breytingar fela oftar en ekki í sér stóraukin útgjöld miðað við fyrri reynslu. Þess vegna eru breytingar á skipan Stjórnarráðsins því aðeins til bóta að um leið og menn telja að í þeim felist einhver hagræðing sé einnig í þeim fólginn sparnaður í beinhörðum peningum.

Hæstv. ráðherra rakti undir lok ræðu sinnar hugmyndir sínar ellegar tillögur um breytingar á undirbúningi fjárlagagerðar. Mér þykir rétt að fara örfáum orðum um þá þætti sem hann greindi frá í þeim tillögum sínum.

Í fyrsta lagi leggur hann til að breyta fjárlagaárinu þannig að það verði frá 1. júní til 31. maí ár hvert. Meginforsenda hæstv. ráðherra fyrir þessari breytingu var sú að með því gæfist Alþingi betri tími til þess að fást við fjárlagavinnuna og athugun á fjárlagafrv. áður en fjárlög væru afgreidd. Ég hef ekki mikla trú á því að ríkisstjórn, hver sem hún nú í rauninni er, verði tilbúin með fjárlagafrv. og þau nauðsynlegu mál önnur sem fylgja fjárlagafrv. hverju sinni miklu fyrr miðað við lokadag heldur en eftir núverandi skipulagi. Reynslan er sú að ákvarðanir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eru ekki teknar fyrr en rekur að tímaþröng þannig að ég hef ekki mikla trú á því að þetta mundi breyta neinu verulegu í þeim starfstíma sem Alþingi hefði til þess að fást við fjárlagafrv. Hitt er enn þá vitlausara að stefna að því að afgreiðslu fjárlagafrv. á Alþingi beri saman við lokahrinu afgreiðslu mála á Alþingi, þ.e. fyrir aprílok. Það hljóta allir hv. alþm. að sjá sem hér hafa einhverja reynslu að með því væri stefnt í hreina ófæru og miklu meiri erfiðleika en fylgja núverandi skipan.

Hitt er svo annað mál að þessari tilfærslu á fjárlagaárinu fylgja margháttaðir erfiðleikar aðrir. Ef það yrði reglan, þá þýddi það að allar stofnanir ríkisins og sjóðir yrðu að gera upp sína reikninga tvisvar á ári, í fyrsta lagi miðað við almanaksár, í öðru lagi miðað við fjárlagaár. Og það er vandséð hvort ekki væri nauðsynlegt að breyta einnig skattaárinu þannig að skattaárið yrði ekki lengur almanaksár heldur hið

sama og fjárlagaárið. Þessu mundi fylgja stóraukinn kostnaður, fyrirhöfn og vandamál sem ekki er hér tóm til þess að telja upp.

Hitt er svo rétt sem hæstv. ráðherra sagði að sumar þjóðir Vestur-Evrópu hafa annað fjárlagaár heldur en almanaksár. Svíþjóð hygg ég að sé eitt Norðurlandanna sem er með annað fjárlagaár heldur en almanaksár. Fjölmargar þjóðir hafa á síðari árum breytt sínu fjárlagaári frá því sem það áður var yfir í almanaksár en ekki er vitað til þess að nokkur þjóð hafi farið öfugt að svo sem fjmrh. er hér að leggja til. Ég hef því fyrir mína parta hafnað þessum hugmyndum og þó svo ég sé kannski einn af þeim sem eru því hvað best kunnugir hér á hinu háa Alþingi hversu mikil vinna fylgir því að afgreiða fjárlagafrv. fyrir jól, þá er ég eigi að síður sannfærður um að það verk má vinna hér eftir sem hingað til, og betur þó, með því að gera fjvn. að heils árs nefnd sem geti hafið hluta af sínu starfi fyrr á árinu en nú er, því að raunverulega er hún ekki til fyrr en eftir að hún hefur verið kosin á hverju haustþingi.

Það er svo enn þáttur í þessu máli að nauðsynlegt er að þeir sem með völdin fara í fjvn., þ.e. meiri hl. fjvn. og forustumenn hennar, séu í nánum tengslum við fjmrh. hverju sinni um frumvarpsgerðina og undirbúning fjárlagagerðarinnar í heild. Mér er ekki grunlaust um að eitthvað skorti á það samstarf að þessu sinni.

Um aðra þætti í þessum tillögum hæstv. ráðherra segir að í framtíðinni verði lögð fram fjárlagaáætlun til þriggja ára samhliða fjárlagafrv. hverju sinni og hljóti slík áætlun meðferð hér á Alþingi. Þetta er ekki ný hugmynd og a.m.k. tvisvar sinnum var birt með athugasemdum fjárlagafrv. áætlun um þróun tekna og útgjalda ríkissjóðs 2–3 ár fram í tímann. Frá þessu var horfið að ég ætla vegna þess að forsendur fyrir fjárlagadæminu eru í sífellu að breytast og þessar áætlanir stóðust ekki dóm reynslunnar nægilega vel til þess að ástæða þætti til þess að halda þeim áfram. Það má breytast sitthvað í okkar þjóðfélagi ef slíkar áætlanir 2–3, jafnvel 4 ár fram í tímann eiga að hafa raunverulegt gildi. Það er þó ekki fyrir að synja að í þeim felist nokkur leiðbeining miðað við þær forsendur sem eru til staðar þegar þessar áætlanir eru samdar, um það hvernig horfir í fjármálum ríkisins. Þannig tel ég að það sé ástæða til að leggja verk í það að sýna hvernig þær áætlanir líta út miðað við þær forsendur sem til staðar eru þegar þær eru samdar, þ.e. í hverju fjárlagafrv. Hitt tel ég hafa vafasamt gildi að fara að leggja þær fyrir Alþingi til samþykktar svo mikil óvissa sem um þær hlýtur að vera.

Þá segir hér í þriðju tillögu að útgjaldarammar verði meginaðferð við ákvörðun útgjaldahliðar fjárlaga í framtíðinni. Þannig fái einstök ráðuneyti ákveðna upphæð sem þau skipta síðan sjálf niður á verkefnaflokka og stofnanir áður en fjárlagafrv. er lagt fram. Að sjálfsögðu má um það deila hvort þetta sé rétt aðferð eða ekki. Ég hygg þó að ef þetta ætti að ganga í þann farveg að verulegur hluti af útgjaldafé hvers ráðuneytis væri óskipt og væri til ráðstöfunar að sjálfdæmi ráðherranna ellegar ráðuneytanna sjálfra væri það ekki aðferð sem Alþingi vildi fallast á og ég gæti ekki samþykkt. Væri úthlutun fjármagns af hálfu ráðuneytanna ráðstafað í fjárlagafrv. gæti það orðið allt eins góður grunnur og sú aðferð sem nú er viðhöfð, að endanleg meðferð þeirra mála sé í höndum fjmrh. Ég hygg þó að hvor aðferðin sem notuð er leysi ekki hæstv. fjmrh. og hæstv. fagráðherra undan því að hafa samstarf um að koma þessum málum fyrir þannig að sæmileg skipan sé á. E.t.v. er þessi hæstv. fjmrh. að leggja þetta fram til þess að fría sig undan því að leggja vinnu í það ásamt fagráðherrum og starfsmönnum ráðuneytanna að skipta þessu niður í fjárlagafrv. Ég skal ekki um það segja.

Tillaga um núllgrunnsáætlanir hefur áður verið til meðferðar á Alþingi og er allrar athygli verð. Ég vil þó einnig taka það fram að ég tel að það sé til bóta að leggja fram sérstakt frv. til fjáraukalaga, þegar það á við eða nauðsynlegt er, og mun koma heim við tillögur sem í vinnslu eru af hálfu fjvn. sem ég hef hér drepið á en ég ræði ekki frekar vegna þess að þær eru á vinnslustigi.

Það er þó skilyrði um frv. til fjáraukalaga sem leggja á fyrir Alþingi á haustþingi að það sé lagt fram í tæka tíð. Ég tel að nú sé liðinn sá tími sem eðlilegt er að slíkt frv. komi fram og ef hæstv. fjmrh. ætlar sér að leggja fram slíkt frv. nú er sannarlega tímabært að það sé gert á allra næstu dögum því það er þegar farið að torvelda vinnu fjvn. að slíkt frv. er ekki komið fram svo sem boðað hefur verið.

Eðlileg framrás verka í fjvn. er sú að það sé byrjað á því að fara yfir slíkt fjáraukalagafrv. og taka það til afgreiðslu og leggja niðurstöðu þess til grundvallar fyrir afgreiðslu á fjárlagafrv. sjálfu fyrir næsta ár. Þess vegna beini ég þessum orðum til hæstv. fjmrh. að hugsi hann sér að standa við þær yfirlýsingar að leggja slíkt frv. fyrir á þessu þingi er meira en tímabært að það sé gert. Það er þegar orðið of seint.

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. fjmrh. lagði fram fjárlagafrv. fyrir ári var það með tekjuafgangi og fjárlögin voru afgreidd í samræmi við það. Þá varð hæstv. fjmrh. tíðrætt um það að áræði og kraft þyrfti til að takast á við erfið verkefni og hrinda þeim í framkvæmd. Það þyrfti áræði til þess að leggja fram fjárlagafrv. með tekjuafgangi og það þyrfti kraft til þess að fylgja því máli eftir á þann hátt að það yrði jafnvægi á rekstri ríkisins á fjárlagaárinu. Og það vantaði sannarlega ekki að af hæstv. ráðherra geislaði bæði áræði og kraftur meðan hann var í ræðustólnum. En svo fór að krafturinn bilaði þegar leið á árið og nú lítur út fyrir, eins og áður hefur verið sagt, að ríkissjóður verði með 5 milljarða halla á þessu ári.

Þegar hæstv. fjmrh. talaði hér áðan og mælti fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 talaði hann hvorki um áræði eða kraft. Hvort tveggja var horfið. Á hinn bóginn talaði hann um að fjárlögin þyrftu að vera hornsteinn efnahagsstefnu. Reynslan af fjármálastjórn þessa hæstv. ráðherra sýnir að í hans höndum verður hornsteininn kollóttur og veltur óheftur undan brekkunni.

Hæstv. ráðherra talaði einnig um þáttaskil og nýjan grundvöll að jafnvægi í efnahagsmálum. Betur að svo væri. En því miður er það aðeins í orði en ekki á borði.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við fyrstu umræðu um fjárlagafrv. fyrir næsta ár hljóta menn að hugleiða hvaða áhrif það hafi á líf fólksins í landinu. Hvað boðar þetta plagg fjölskyldum og heimilum? Þessar spurningar vakna óhjákvæmilega í hvert sinn er rekstrar- og framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir komandi ár lítur dagsins ljós.

Þetta frv. boðar landsmönnum stórfelldan niðurskurð á opinberum framkvæmdum. Það boðar samdrátt í þjóðartekjum og atvinnuskort. Það boðar samdrátt í þjónustu en þenslu í ríkiskerfinu og það boðar stórfelldar kerfisbreytingar sem menn bera ugg í brjósti um hvaða afleiðingar hafi fyrir einstaklinga, fyrir fyrirtæki og fyrir sveitarfélög.

Það má einnig segja um þetta frv. í stuttu máli að framsetning þess er á þann veg að oft er erfitt að átta sig á merkingu ýmissa atriða auk þess sem málfarið er oft þannig að það er torvelt fyrir venjulegt fólk að skilja hvert verið er að fara. Málræktarátakið blessað þyrfti greinilega að ná til þeirra sem semja textann.

Margt í frv. er misvísandi, óljóst og óútfært. Erfitt er um samanburð til fyrri ára, bæði vegna þess hvernig það er uppsett og eins vegna kerfisbreytinganna sem orðnar eru. Fjölmargar lagabreytingar verður að framkvæma áður en hægt er að afgreiða fjárlög endanlega og er nú kominn tími til að leggja þau mál fram ef afgreiðsla á að nást í tæka tíð.

Það er nú að verða árlegur viðburður að fjármálaráðherrar geysist fram á völlinn með frv. til fjárlaga í faðminum og telji það boða tímamót og brjóta blað í efnahagssögunni. Þetta gerðist haustið 1987 og aftur fyrir tæpu ári og nú enn í ár. Og nú áttu landsmenn að lifa þessi tímamót, þessi gleðilegu umskipti á þessu ári, að fastur rammi fjárlaga væri um efnahagsmálin og allt innan hans væri sem best væri á kosið. Skemmst er af því að segja að ekkert af þessu hefur gengið eftir — ekkert blað hefur verið brotið við fjárlagagerð, hvorki 1987–1988 né heldur nú. Tekjuöflunarkerfi ríkisins hefur að vísu tekið gagngerum breytingum á þessum árum, skattheimta aukist — gjöld ríkisins farið sívaxandi — en grundvallarbreytingar hafa engar orðið á gerð fjárlaga, hvorki fyrr né nú. Fæstar af forsendum fjárlaganna hafa staðist og gjöld farið úr öllum böndum og ég undrast sannarlega kokhreysti hæstv. ráðherra, að koma hér fram á ný undir sömu formerkjum og áður og ætlast til þess að fólk trúi honum þegar veruleikinn blasir við. Forsendur fjárlaga þessa árs urðu markleysa, og hví skyldu menn trúa þessum betur?

Forsendur frv. byggjast sem endranær á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og áætlun Þjóðhagsstofnunar um horfur um efnahag á næstu árum og spyrja má hversu tryggur sá grunnur sé í ljósi þess sem ég sagði áðan, að verðlagsforsendur fjárlaga á undangengnum árum hafa sjaldan staðist. Minna má á að í fjárlögum þessa árs var verðbólga áætluð 12% en stefnir nú í að vera 25% og gengisbreytingar hafa einnig orðið meiri á árinu en gert var ráð fyrir.

Í frv. er gert ráð fyrir að verðbólga verði 16% og gengi haldist óbreytt á næsta ári. Þegar litið er til þess hvernig slíkar spár hafa staðist yfirleitt undanfarin ár er ástæða til að setja spurningarmerki við þessar niðurstöður. Í ljósi þess að ekki mun ætlað að ganga mikið lengra í fyrirgreiðslu við útflutningsatvinnuvegina liggur fyrir að gengið mun verða fellt á næstu vikum og óhjákvæmilegt er að búast við gengissigi eða jafnvel gengisfellingu fljótlega eftir áramót.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir verulegri kaupmáttarrýrnun á næsta ári og kjarasamningar eru lausir um áramót. Því spyr ég: Er líklegt að launafólk sætti sig við þennan boðskap? Er líklegt að þessi kaupmáttarrýrnun verði staðfest við gerð nýrra kjarasamninga við launafólk? Þarna er enn eitt atriðið sem vekur efasemdir um forsendur frv. og ég vil lýsa fyllstu vantrú á að forsendur þess um laun, verðlag og gengi standist fremur nú en undanfarið.

Virðisaukaskattur tekur gildi um næstu áramót og ég vil minna á að þrátt fyrir allt það hagræði sem af honum á að hljótast er beinn kostnaður við að koma honum á 105 millj. fyrir utan ótal stöðugildi sem koma til vegna hans. Skatthlutfall virðisaukaskattsins er nú miðað við 26% og þá er ástæða til að minna á að í allri umræðu um upptöku hans á undanförnum árum hefur verið talað um og nánast lofað að prósentan yrði lægri en í söluskattinum illræmda, a.m.k. alls ekki hærri. Nú hafa þessi fyrirheit verið svikin og skattprósentan hækkuð. Það væri fróðlegt að vita hverju þessi hækkun skilar í ríkissjóð umfram það sem söluskatturinn hefði gert.

Fólk er að vísu friðað með því að skattprósenta á helstu nauðsynjavörur heimilanna verði 13%, en þessum nauðsynjavörum heimilanna fækkar nú stöðugt í umræðunni. Nú eru þær ekki orðnar aðrar en kjöt og mjólk. Þar á ofan lækka niðurgreiðslur þannig að búast má við að lækkun á matvörum verði í raun lítil sem engin. Virðisaukaskatturinn tekur til miklu fleiri þátta í sölu og þjónustu en söluskatturinn gerði og veldur víðtækum verðlagsbreytingum. Það er einnig augljóst að gjaldskrár ýmissa þjónustustofnana muni hækka og það er líka skattlagning. Í ljósi þessara staðreynda vil ég ítreka þá skoðun að verðlag muni hækka meira en ráð er fyrir gert.

Undanfarin ár hafa orðið mjög gagngerar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og um áramót tekur virðisaukaskatturinn gildi. Eins og ég sagði áðan: enn ein breytingin.

Í skjóli fyrri breytinga hafa orðið gífurlegar skattahækkanir á almenning og enn er haldið áfram á sömu braut. Hæstv. ríkisstjórn ætti að fara að gæta sín. Þessi skattpíningarstefna bætir að vísu hag ríkissjóðs í bráð, en hún hlýtur að valda samdrætti í sölu og þjónustu og rýra með því gjaldstofninn. Skattpíningarstefnan magnar kreppuna og þegar fram í sækir lamar hún hagkerfið.

Fullyrt er að vextir muni ekki hækka á næsta ári. Þó er ljóst að innlend lánsfjárþörf ríkissjóðs er a.m.k. 6 milljarðar og trúi því nú hver sem trúa vill að samkeppni ríkisins á lánsfjármarkaðnum valdi ekki vaxtahækkunum. Hæstv. fjmrh. talar um að lánsfjárþörfin verði leyst með sölu spariskírteina en treystir hann því virkilega að á þessum samdráttartímum eigi landsmenn 6 milljarða undir koddanum?

Á undanförnum árum hafa einmitt lántökur ríkisins verið ein af stærstu orsökum fyrir hve vextir hafa verið háir. Engan veginn er tryggt að þær greiðslur til ríkissjóðs á lánum og afborgunum sem ætlað er að draga úr lánsfjárþörfinni gangi eftir. Það væri þá í fyrsta sinn í sögunni ef slíkt yrði. Því vil ég enn ítreka að verðlags-, gengis-, launa- og lánaforsendur frv. eru ekki til þess fallnar að vekja tiltrú eða traust.

Nýr liður, Ráðstöfunarfé, er nú hjá hverju ráðuneyti og í skýringum með frv. er sagt að það sé ætlað til einstaklinga, heimila og félagasamtaka. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort þarna sé verið að gefa ráðherrum ávísanahefti sem þeir síðan geta ráðstafað eftir vild. Auðvitað er nauðsynlegt að hafa fé til að bæta upp augljósar vanáætlanir og til óvæntra og óhjákvæmilegra útgjalda sem alltaf geta komið upp. En notkun þessa fjár verður að setja strangar skorður eigi það ekki að bjóða upp á pólitíska misnotkun.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um forsendur frv. en drepa á nokkra einstaka þætti þess, þá sem hljóta að ofbjóða fólki gersamlega.

Sl. mánudag flutti hæstv. forsrh. stefnuræðu sína, þ.e. langa tölu sem hann kallaði stefnuræðu. Í þessum langhundi var hvergi minnst á menningarmál nema í setningarbroti, alls sjö orð sem sögðu ákaflega lítið og voru augljós vottur um áhugaleysi og tómlæti. Það er nú svo að menning er ekkert sem sprettur af sjálfu sér. Að menningarmálum þarf að hlúa og sýna þeim ræktarsemi og umhyggju eigi menning þjóðarinnar að dafna og blómgast.

Viðhorf stjórnvalda til menningarmála birtust í stefnuræðu hæstv. forsrh. með þeim hætti sem ég gat um, en þau birtast einnig á ýmsan hátt í fjárlagafrv. Þar vil ég nefna nokkur dæmi og tek þá fyrst Háskóla Íslands. Í lögunum um Happdrætti Háskóla Íslands er Háskólanum veitt einkaleyfi til rekstrar happdrættis með tilteknum skilyrðum. Meðal skilyrðanna er að ágóða skuli varið „til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands".

Tekjur Háskólans af happdrætti hafa dregist verulega saman. Þrátt fyrir það er Háskólanum gert að láta 60 millj. af því fé renna til byggingar Þjóðarbókhlöðu og sú ráðstöfun réttlætt með því að Þjóðarbókhlaðan sé að hluta háskólastofnun þó að hingað til hafi byggingin aldrei verið talin „á vegum Háskólans". Ef til vill væri hægt að fóðra þetta hefði samkomulags verið leitað við forráðamenn Háskólans. Það hefur ekki verið gert og þessi ráðstöfun kemur þeim í opna skjöldu, enda mótmæla þeir hástöfum og skyldi engan undra þar sem þessi ráðstöfun hlýtur að raska öllum áætlunum stofnunarinnar auk þess sem tekjuskerðing vegna minnkandi hagnaðar af happdrættinu kemur hart niður á starfsemi og framkvæmdum. Með þessum aðgerðum er verið að raska grundvallarsjónarmiðum við uppbyggingu og starfsemi skólans.

Ég tel rétt í þessu sambandi að rekja nokkuð sögu Þjóðarbókhlöðunnar og minna á hvernig þeim tekjustofnum sem stofnuninni voru ætlaðir hefur verið ráðstafað á liðnum árum.

Í ársbyrjun 1978 var tekin fyrsta skóflustunga að Þjóðarbókhlöðu, en þá voru liðin 21 ár frá því að Alþingi ákvað að reisa Þjóðarbókhlöðu sem rúmaði Landsbóka- og Háskólabókasafn undir einu þaki. Síðan hefur byggingarframkvæmdum stöðugt verið haldið áfram, hægt og bítandi, ótal áætlanir verið gerðar um kostnað og verklok sem engar hafa staðist og ekki sér enn fyrir endann á framkvæmdum.

Að fenginni reynslu eru menn sannast sagna trúdaufir á að sú áætlun um verklok sem gerð var fyrir tæpu ári standist fremur en aðrar. Kostnaður við bygginguna hefur aukist stöðugt í áranna rás og fram yfir öll þau mörk sem ætlað var í byrjun. Því var það að árið 1986 var gripið til þess ráðs að sækja aukið fé til framkvæmdanna beint í vasa skattgreiðenda. Á Alþingi vorið 1986 voru samþykkt lög um sérstakan eignarskatt er renna skyldi beint til byggingar Þjóðarbókhlöðu næstu þrjú ár. Samstaða var um álagningu þessa skatts og var þá talið að málið væri í höfn. En sú hefur ekki orðið raunin og er rétt að nota tækifærið til að upplýsa hvernig framkvæmdarvaldið hefur leyft sér að ráðstafa þessum lögboðna tekjustofni Þjóðarbókhlöðunnar.

Árið 1987 var tekjuskattsaukinn 177,1 millj. Það ár var 74 millj. varið til Þjóðarbókhlöðu, 103 millj. hélt ríkið eftir. Árið 1988 var skattaukinn 230,2 millj. 50 millj. runnu þá til Þjóðarbókhlöðunnar, hitt fór til annarra verkefna. Árið 1989 var skattaukinn 284,5 millj. 110 millj. af því fékk Þjóðarbókhlaða en 174,5 millj. fóru til annarra hluta. Af 692 millj. sem þessi skattur varð á þremur árum runnu aðeins 234,5 millj. til þess sem lögin um eignarskattsaukann ákváðu, en 457,5 millj. fóru beint í ríkissjóð.

Þessar ráðstafanir eru lögbrot þó að ríkisstjórnir þessara ára hafi knúið fram samþykki um að heimila þær í lánsfjárlögum í krafti meiri hluta á Alþingi. Landsmenn eru blekktir, látnir halda að þeir séu að greiða fé til að halda uppi menningarlegri reisn þjóðarinnar. Þeim fjármunum sem þeir hafa greitt í þeirri trú að þeir rynnu til byggingar hússins sem átti að hýsa menningararfinn sjálfan var síðan að meiri hluta varið til annarra hluta. Landsmenn eru ekki aðeins blekktir í þessu máli, þeir eru líka sviknir, sviknir um að sjá framlög sín nýtt til þess átaks sem ætlað var.

Á síðastliðnu vori voru síðan samþykkt ný lög um sérstakan eignarskatt undir yfirskriftinni „til byggingar menningarstofnana". Ég vil í ljósi þessara staðreynda sem ég hef lýst um meðferð þess tekjustofns sem Þjóðarbókhlöðunni var markaður lýsa alvarlegum efasemdum um að þeir fjármunir sem

þessi skattur á að skila verði friðhelgir í framtíðinni fyrir ásælni þeirra sem ríkissjóði ráða fremur en verið hefur.

Enn sér ekki fyrir endann á byggingarsögu Þjóðarbókhlöðunnar, og er þá ekki úr vegi að minna á annað lögbrot sem framið var við upphaf þeirrar sögu. Til eru lög um skipan opinberra framkvæmda og segir í 2. gr. þeirra laga, með leyfi hæstv. forseta, að í áætlanagerð um framkvæmdir skuli einnig vera áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þar með talinn *lánsfjárkostnað, og tekjur ef við á. Slík áætlun um* árlegan rekstur Þjóðarbókhlöðu hefur aldrei verið gerð. Er nú ekki kominn tími til að fara að skoða endinn, skoða hvað tekur við þegar byggingu er lokið, úr því að það var ekki gert í upphafi svo sem lög mæla fyrir um, hugsa fyrir því hvað þarf til þess að starfsemi Þjóðarbókhlöðu geti orðið með þeirri reisn sem hæfir afmælisgjöf þjóðarinnar þó síðbúin sé og byggingarsaga hennar sé stjórnvöldum lítt til sóma?

Þá er ekki úr vegi að velta fyrir sér í framhaldi af þessu hvernig staðið er að byggingum á vegum þess opinbera. Ríkissjóður hefur lengst af verið stærsti byggingaraðili í landinu og tugþúsundir rúmmetra af húsnæði eru árlega byggðar fyrir starfsemi á vegum ríkisins. Vegna mismunandi félagslegra og pólitískra þarfa og jafnvel í nafni byggðastefnu hefur þessum framkvæmdum verið dreift vítt um landið sem verður til þess að svo margar byggingar eru árlega í gangi að framlag til hverrar um sig verður lægra en skynsamlegt má telja frá framkvæmdasjónarmiði séð. Byggingartími verður of langur, fé nýtist illa og liggur árum saman ávöxtunarlaust í hálfkláruðum byggingum sem stundum eru komnar á viðgerðarstig áður en byggingu er lokið. Þetta er dýrt fyrir ríkissjóð, dýrt fyrir skattgreiðendur og þessari stefnu verður að breyta. Það kann þó að verða erfitt að snúa af þessari braut þó að vilji væri til. Og þó að vilji væri til að gera mat á þörfum, setja forgangsröð á framkvæmdir, þá er á það að líta að framkvæmdir sem ráðist er í og lokið á 1–2 árum og síðan settur punktur við kunna að valda óæskilegum sveiflum í atvinnulífi innan byggðarlaga og við því verður á hinn bóginn að reisa skorður.

En hvað sem því líður er fullkomin ástæða að taka á og breyta þeim handahófskenndu aðferðum sem hafðar eru í frammi við opinberar byggingarframkvæmdir, setja upp skynsamlegar áætlanir um framkvæmdaþörf og forgangsröð og halda sig síðan við hana. Það trúi ég að gæti orðið ríkissjóði drjúgur sparnaður.

Norður í landi er ný stofnun að stíga sín fyrstu skref, Háskólinn á Akureyri. Miklar vonir eru bundnar við að þessi nýi háskóli verði landsbyggðinni lyftistöng, og mætti ætla, ef honum yrðu búin viðhlítandi vaxtar- og starfsskilyrði, að þá gæti hann valdið verulegum áhrifum um að snúa til betri vegar þeirri öfugþróun í byggðamálum sem hefur verið að undanförnu.

Reynsla Norðmanna, Svía og Finna bendir til þess að áhrifaríkasta aðgerð þeirra í byggðamálum hafi verið sú að færa framhaldsmenntun, einkum háskólamenntun út um landið. Þetta hefur leitt til þess að fólk sest að í sinni heimabyggð, menntunin nýtist þar og leiðir til uppbyggingar og fjölbreytni í atvinnulífinu og menningarlífið blómgast. Þessa reynslu frændþjóða okkar hafa Norðlendingar haft að leiðarljósi með stofnun Háskólans.

Háskóla á Akureyri var aldrei og er ekki ætlað að vera smækkuð mynd eða eftirlíking af Háskóla Íslands. Þar eiga að vera námsbrautir sem ekki eru kenndar við Háskóla Íslands og ber þar hæst kennslu í sjávarútvegsfræðum sem þegar hefur verið undirbúin. Og vitanlega er löngu tímabært að hefja kennslu í sjávarútvegsfræðum á Íslandi, hjá þjóð sem byggir afkomu sína í svo miklum mæli sem raun ber vitni á sjósókn og fiskvinnslu.

Hingað til hafa þeir Íslendingar sem aflað hafa sér menntunar í þessum fræðum orðið að gera það utan lands. Eftirspurn eftir þessari námsbraut er slík að *ekki þarf að óttast nemendaskort. Fleiri hafa sótt um* en hægt er að sinna. Störf þess fólks sem lyki þessu námi yrðu ómetanleg fyrir okkar undirstöðuatvinnugrein. Því skýtur það nokkuð skökku við þegar fjárframlög til þessarar stofnunar, sem nú er að byggja sig upp, eru svo skorin við nögl að fyrirsjáanlegt er að sjávarútvegsbrautin getur alls ekki farið af stað. Þvert á öll loforð og þvert á þá yfirlýsingu í stjórnarsáttmálanum að unnið skuli markvisst að byggðaþróun. Hver verður eiginlega framtíð þessarar stofnunar ef strax í byrjun er kippt stoðunum undan því sem ætlað var að yrði hennar mikilvægasta ætlunarverk á næstu árum?

Umhverfisvernd og umhverfismál eru mikið til umræðu nú sem ekki er að undra þegar augu manna eru loks að opnast fyrir því hvernig þessum málum er komið um heim allan og einnig hér á okkar landi. En sér þess stað í fjárlagafrv. að taka eigi þau mál föstum tökum? Það verður nú varla komið auga á það þó að að vísu eigi að stofna umhverfismálaráðuneyti því þar er enn allt í lausu lofti. En í framlögum til stofnana sem sinna umhverfismálum kemur viðhorf stjórnvalda fram. Náttúruverndarráði er ekki ætlaður nema helmingur þess sem það telur sig þurfa til nauðsynlegustu starfsemi. Ferðamálaráð má sæta því að lögboðnum tekjustofni þess er ekki skilað nema að hluta. Á þessu ári eru það rétt um 20% af honum sem það fær sem þýðir það að þau verkefni sem þessi stofnun á að sinna viðvíkjandi verndun þeirra staða sem ágangur ferðamanna spillir í auknum mæli ár frá ári hljóta að verða út undan með ófyrirsjáanlegum og e.t.v. óbætanlegum afleiðingum. Sama er að segja um Ferðamálasjóð. Þar er ekki gert ráð fyrir aukinni starfsemi og framlög til hótela standa í stað sem þýðir lækkun. Þetta gerist á þeim tíma sem ferðamannaþjónusta er sú eina atvinnugrein sem einhver vaxtarbroddur er í og skilar umtalsverðum hagnaði auk þess að vera gjaldeyrisskapandi.

Hæstv. forsrh. fór fjálgum orðum um það í stefnuræðu hversu mikilvægt væri að eiga óspjallað land og hreint loft að selja útlendum ferðamönnum. En

hversu lengi verður landið söluhæft á þessum nótum ef ekki fæst fé til að kosta eftirlit með umgengni sem víða er í algeru öngþveiti og hefur þegar valdið stórkostlegum landspjöllum? Þetta sem annað stangast á við markmiðin í stjórnarsáttmálanum. Það er ekki nóg að moka erlendum ferðamönnum inn í landið. Við verðum að skipuleggja hvað við viljum sýna þeim, kynna þeim menningu þjóðarinnar og sjá til þess með góðri umgengni og eftirliti að menn beri virðingu fyrir landinu og náttúru þess. Ef við gerum það ekki sjálf getum við ekki krafist þess af öðrum. Þessi starfsemi kostar vitanlega fé — það verða menn að gera sér ljóst — en það skilar sér aftur. Verði hins vegar ekkert að gert eigum við innan tíðar ekkert til að selja á þessu sviði sem aðrir ekki eiga.

Ég vil aðeins drepa á málefni Þróunarsamvinnustofnunarinnar. Þegar hún var sett á stofn var ætlast til að framlag til hennar væri 0,1% af þjóðarframleiðslu. Þessu marki hefur aldrei verið náð. Þróunarsamvinnustofnun hefur unnið gott verk með sínum takmörkuðu fjármunum, en framlagið til hennar lækkar stöðugt. Við hljótum að bera kinnroða fyrir því á alþjóðavettvangi hvernig stjórnvöld standa að þessu máli, hvernig stöðugt er klipið af framlögunum þar til nú er svo komið að stofnuninni er ekki gert fært að standa við gerðar skuldbindingar.

Niðurskurðurinn í opinberum framkvæmdum sem ég gat um í upphafi kemur vitaskuld mjög víða fram, en þegar á allt er litið má telja að landsbyggðin verði harðast úti. Vegagerð ríkisins fær á sig lækkun um milljarð og eru þó sennilega ekki öll kurl til grafar komin. Þar á ofan eru framlög til hafnamála skorin verulega niður og hafa þó ekki verið í neinu samræmi við þarfir undanfarin ár. Þannig mætti áfram telja. Og þannig er staðið að uppbyggingu á landsbyggðinni.

Í þeirri stöðu sem nú er í efnahagsmálum þar sem við blasir samdráttur í þjóðartekjum er e.t.v. ekki svo auðvelt að leggja til að auknu fé sé varið til einstakra málaflokka, en það má breyta forgangsröð. Við kvennalistakonur teljum hvorki eðlilegt né réttlætanlegt að yfirstjórnir ráðuneyta þenjist sífellt út á þeim tíma sem fjmrh. boðar í fjárlagafrv., og yfir höfuð hvar sem hann kemur, samdrátt á öllum sviðum og sparnað, í kennslu, í heilbrigðiskerfi, í félagslegri þjónustu og opinberum framkvæmdum.

Í þessu frv. hækkar kostnaður við yfirstjórn ráðuneyta umtalsvert umfram verðlag, við öll ráðuneytin. Kostnaður við yfirstjórn forsrn. hækkar um rúmar 13 millj. umfram verðlag. Við hefðum viljað sjá þessu fé varið til átaks í atvinnumálum kvenna í dreifbýli sem lofað var í stjórnarsáttmála en hvergi sést framlag til úr því að byggðamálin heyra nú einu sinni undir forsrn. Framlag til yfirstjórnar menntmrn. hækkar um 34,2 millj. Væri dregið úr þessari hækkun þyrfti ekki að skerða svo sem orðið er sérkennsluna fyrir þá sem standa höllum fæti innan skólakerfisins og e.t.v. mætti bæta fleiri þætti þjónustunnar. Og ráðstöfunarféð er ríflegt og það mætti þá hugsa til Háskólans á Akureyri í leiðinni þegar farið væri að deila því út. Þó að hækkun á yfirstjórn utanrrn. sé kannski ekki eins rífleg og hjá öðrum telja kvennalistakonur að bæta mætti hag Þróunarsamvinnustofnunar ef hún fengi hluta af þeim 22 milljónum sem aukið er við umfangið.

Framlag til yfirstjórnar sjútvrn. hækkar um 15,1 millj. Kvennalistakonur telja að hluta þess framlags væri betur varið til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins þar sem þyrfti að stórauka rannsóknir og tilraunir með nýjar fiskafurðir í ljósi stórfelldra breytinga sem fram undan eru í markaðsmálum erlendis.

Yfirstjórn dóms- og kirkjumála hækkar um 10 millj. og í því sambandi viljum við benda á að þó framlag til almennrar löggæslu hafi hækkað umtalsvert á þessu ári var það að vonum því framlag þessa árs var til skammar. Við viljum hins vegar benda á að löggæsla og umferðareftirlit á vegum landsins, einkum á hálendinu er alls ófullnægjandi. Þar hafa orðið hörmuleg slys og óhöpp og væri full þörf á auknum framlögum til gæslu og eftirlits sem mætti þá taka af hækkun til yfirstjórnar.

Yfirstjórnarþáttur félmrn. hækkar um 10,5 millj. Kvennalistakonur benda á að framlag til Kvennaathvarfs eykst ekki í neinu samræmi við vaxandi þörf starfseminnar. Ofbeldi gegn konum og börnum í þjóðfélagi okkar fer sívaxandi, bæði leynt og ljóst. Þeim fjölgar stöðugt sem leita á náðir Kvennaathvarfsins og nú er svo komið að þær konur sem þar vinna geta ekki sinnt nema hluta þess fjölda sem á aðstoð þarf að halda. Hluti þessarar hækkunar gæti komið þar að góðum notum.

Yfirstjórn heilbr.- og tryggingamála hækkar um 15,5 millj. Það er upphæð sem við teljum að gæti bætt úr ýmsu sem aflaga fer. Vil ég þar fyrst telja kostnað vegna laga nr. 25/1975 sem eru lög um ráðgjöf um kynfræðslu, barneignir og fóstureyðingar. Þessi fræðsla hefur verið stórlega vanrækt og full þörf á átaki í þeim málum. Ég vil í leiðinni benda á að nú eru uppi hugmyndir um að breyta skipulagi á Framkvæmdasjóði aldraða á þann veg að fé hans, sem lögum samkvæmt á að vera einungis til framkvæmda, eigi einnig að verja til rekstrar. Þetta stangast algerlega á við það sem sjóðnum var upphaflega ætlað og eins gott að hafa það í huga þegar frumvarp kemur í þá veru.

Yfirstjórn fjmrn. hækkar gífurlega og er trúlega af ásettu ráði öllum þeim málum hrært saman svo að erfitt er að sundurgreina hækkanir. En við kvennalistakonur leggjum til að á lið 999 Ýmislegt verði í framtíðinni í framhaldi af greiðslum til lífeyrissjóða sjómanna og lífeyrissjóðs bænda liðurinn: Lífeyrissjóður heimavinnandi fólks. Það fólk býr nú við það að vera utan kerfis og án réttinda.

Yfirstjórn samgrn. fær nokkra hækkun. Minni ég á það sem ég áður sagði um Ferðamálaráð og bæti við í leiðinni að ferðamálasamtök landshlutanna ættu vissulega skilið að fá framlag þó ekki væri nema til viðurkenningar fyrir sín störf.

Ég fer ekki lengra í þessari úttekt á ráðuneytunum sem var aðeins ábending frá kvennalistakonum um

skynsamlega forgangsröð því þegar ráðherrar predika aðhald og ráðdeild er best að hver byrji heima hjá sér, í sínu ráðuneyti. Þessar ábendingar teljum við, að þeirri síðustu meðtalinni, að séu allar jákvæðar og veitir ekki af því í því svartnætti sem frv. boðar.

Eitt get ég þó ekki látið hjá líða að minnast á sem má enn einu sinni tala um því slíkt á ekki að gleymast þó að menn kannski kysu það helst. Flugstöð Leifs Eiríkssonar stendur ekki undir rekstri. Þrátt fyrir stóraukna umferð og aukin gjöld til Flugstöðvarinnar frá því sem áætlað var í fyrstu, þrátt fyrir að fyrirtæki í húsinu verði að borga leigugjöld sem þau eru að kikna undan, þrátt fyrir meiri tekjur en nokkurn tíma var ráð fyrir gert, vantar a.m.k. 88 millj. upp á að reksturinn beri sig. Byggingarsaga þessa fyrirtækis var og er eitt samfellt hneyksli og niðurstaðan af rekstrinum sannar okkur einu sinni enn hve flottræfilsháttur inn er okkur dýr fjárhagslega svo að ekki sé minnst á að þetta steinsteypu- og glerbrotahrúgald er og verður okkur til ævarandi hneisu.

Ég vil að lokum segja þetta. Þetta plagg sem við ræðum hér ber öll merki þess að við erum að gjalda fyrir gamlar syndir. Ofveiði, sóun á fjármunum, fyrirhyggjuleysi, offjárfestingar á uppgangstímum, fastgengisstefnu og okurvexti. E.t.v. væri ekki svona komið ef kvenleg varfærni og gát hefði verið með í stjórnun efnahagsmála og við bíðum þess nú að sjá hvernig tekst að spila úr þeim spilum sem á hendi eru.

Ég hef aðeins drepið á fátt eitt af því sem vert væri að ræða, en það gefast tækifæri til þess þótt seinna verði og engar líkur eru til annars en þetta frumvarp taki miklum breytingum í meðferð þingsins. Það getur enginn sætt sig við þetta plagg óbreytt sem málalok.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu fjárlög íslenska ríkisins sem hafa meiri áhrif á afkomu almennings en nokkuð annað frv. sem hér er lagt fram. Hér er til umræðu hvað heimilin eiga að hafa til skiptanna, hvað almenningur í landinu á að hafa á milli handanna, hvernig á að halda á fjármálum íslenska ríkisins.

Þeir mættu hér til leiks tveir, þingmaður Alþb. og varamaður hans úr Reykjanesi. Þeir mættu til leiks og varamaðurinn er nú hæstv. fjmrh. Þeir mættu hér til leiks og það verður þjóðinni dýrt því að hér eru lögð fram fjárlög sem eru með þeim hætti að það er eiginlega sama hvort maður snýr þeim upp eða niður, þau geta þess vegna alveg eins staðið á hvolfi. Hér er verið að færa í búning fjárlög íslenska ríkisins með breyttum hætti og þau eru sett fram með þeim hætti að ekki er hægt að lesa úr mörgum þeim atriðum sem hér eru og eiga að vera skýr fyrir almenning án þess að hafa marga sérfræðinga við höndina til þess að skoða nákvæmlega hvað er verið að fela og hvernig haldið er á þessum málum.

Í frv. er haldið fram að það sé sparnaður. En er það sparnaður sem á sér stað í íslensku fjármálunum hjá ríkinu? Menn geta trúað því, en þegar maður sér að aðeins fjmrn. hækkar um 51% á milli fjárlaga gerir maður sér grein fyrir því að vissulega er hér ekki um sparnað að ræða. Hér er auðvitað verið að auka útgjöld ríkisins. Og það hafa verið gerðar nokkrar úttektir á þessum fjárlögum núna sem sýna að það er aukning í magni á rekstri.

Það er líka meginatriði við þessi fjárlög að það er talað um að vöruskiptajöfnuður sé jákvæður. En stóru og veigamiklu atriði er gleymt og það er hinn svokallaði fjármagnsjöfnuður. Við getum litið á það að erlendar skuldir hafa aukist verulega á þessu ári í hlutfalli við landsframleiðslu. Og við sjáum það að frá árinu 1988 voru löng erlend lán 41,3% af landsframleiðslu, en núna er útlit fyrir að þetta hlutfall verði rúmlega 50%. Og þá geta menn talið fólki trú um að það sé allt í lagi með þetta frv. sem hér liggur fyrir. Menn geta haldið því fram en það liggur ljóst fyrir að svo er ekki. Það liggur líka ljóst fyrir að það vantar töluverðar upphæðir inn í þetta frv. til þess að það sé sambærilegt við frv. sem var afgreitt hér síðast með þeim lögbundnu greiðslum sem eiga að fara fram.

Hæstv. fjmrh. heldur því fram að ríkisútgjöld lækki að raungildi. En þetta er ekki rétt. Magn fjárlaganna hefur aukist og þrátt fyrir gífurlegar skattahækkanir nást endar ekki saman á þessu ári og það er talið að það verði um 8 milljarða gat á þessu fjárlagaári. Það er farið með lög íslenska ríkisins með þeim hætti að það er spurning hvort ekki er hægt að draga menn fyrir landsdóm.

Ég minni á það að hér samþykkjum við lög og þau eru síðan brotin af ríkisstjórninni. Til hvers er þá verið að samþykkja lögin? Það má velta þessu fyrir sér. Og ég vil koma inn á það sem hv. þm. Kvennalistans, 7. þm. Norðurl. e., kom hér inn á varðandi þjóðarbókhlöðuskattinn. Það eru samþykkt sérstök lög um þjóðarbókhlöðuskattinn. Þau hafa algjöra sérstöðu við lagasetningu vegna þess að í þeim lögum er kveðið skýrt á um það að allt sem komi inn í þessum skatti skuli renna til Þjóðarbókhlöðunnar og skatturinn er eingöngu lagður á til þess að hann renni til hennar. Þessi eignarskattsauki er með þeim hætti að honum verður ekki jafnað við neinn annan skatt að þessu leyti. En honum hefur að langmestu leyti verið skotið undan. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra gaf skatturinn um 817 millj. kr. á verðlagi ársins í ár. Og samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldinu hafa aðeins 278 millj. kr. skilað sér til byggingarinnar eða 34% af þessum svokallaða þjóðarbókhlöðuskatti. Nú fullyrði ég hér að skattgreiðendur eigi endurkröfurétt á ríkið á þeim skatti sem var ekki notaður í Þjóðarbókhlöðuna vegna þess að þessi þjóðarbókhlöðuskattur er eingöngu ætlaður til Þjóðarbókhlöðunnar og ekki heimilt að nota hann í neitt annað. Ef það væri ekki, þá hefði þetta verið sett upp sem almenn lög en þetta eru ekki almenn lög. Þau fjalla eingöngu um það að þessi tiltekni skattur skuli renna óskiptur til þessa verkefnis. Því verður fljótlega að láta reyna á það hvort hér er ekki um lagabrot

að ræða og ég tel að ríkissjóður eigi að endurgreiða skattgreiðendum þennan hluta af sköttum sem þeir hafa greitt. Í rauninni er spurning um það hvort hér er ekki um brot á stjórnarskránni að ræða því að þessi skattur, eins og ég sagði áðan, hefur algjöra sérstöðu í skattlagningu.

En ég vil líka ræða um það þegar hæstv. fjmrh. segir að það megi gera ráð fyrir að þriggja milljarða kr. halla megi fjármagna með lánum innan lands án þess að valda hækkun vaxta. Þetta er náttúrlega algjör fölsun. Raunávöxtun á ríkisskuldabréfum eru ekki aðeins vextirnir sem eru reiknaðir heldur líka eignarskatturinn og það má reikna með að núverandi raunávöxtun sé um 10% auk verðbóta. Þetta þýðir það að lán sem ríkið er að taka og notar til að fjármagna eyðsluna er þess valdandi að vextir í landinu eru a.m.k. 2% hærri en þeir ættu að vera og hafa spennt upp fjármagnsmarkaðinn með þeim hætti að það er óviðunandi. Það er óviðunandi að verið sé að fjármagna halla ríkissjóðs með þessum hætti.

Já, það er gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs verði um 3 milljarðar kr. En ef réttilega væri reiknað með skattatekjum af virðisaukaskattinum, þá væri það líka ljóst að þessi fjárlög væru á núlli því að reiknað er með að virðisaukinn gefi 3 milljörðum kr. meira en er í fjárlögum. Þetta er eitt af því sem er rangt farið með í þessum fjárlögum. Ég gæti hér tekið fjölmörg dæmi úr þessu frv. því til staðfestingar að það hefur verið haldið illa á fjármunum ríkisins. Ég tel að í staðinn fyrir að rembast hérna eins og rjúpan við staurinn og berja sér á brjóst um hvað fjármálastjórn ríkisins sé góð núna, þá væri fjmrh. hollt að fara í læri til Reykjavíkurborgar því þar er góð fjármálastjórn. Hann gæti líka lært þar hvernig á að stjórna fjármálum með fáum og góðum mönnum. Hann gæti líka lært það hvernig á að byggja stórhýsi í einum áfanga með sem minnstum tilkostnaði en ekki vera um árabil að henda í þetta smáupphæðum. Og hann gæti líka lært það hvernig á að halda starfsmannahaldi innan þeirra marka sem fjárhagur ríkisins leyfir.

Þó að þessi ríkisstjórn tali um hag láglaunafólksins þá er raunin allt önnur. Ég minni á hækkun á þungaskatti á bifreiðum sem kemur auðvitað niður á þeim lægst launuðu og ég minni á það að þessi ríkisstjórn er enn þá ekki búin að koma sér saman um neitt er varðar virðisaukaskattinn nema bara um grófu brauðin góðu. Það er það eina sem hún er sammála um, grófu brauðin góðu. Það er það eina sem hún er alveg viss um að hún ætlar ekki að hafa mjög háa skatta á. Það væri því betra að ríkisstjórnin vissi hvað hún vildi. Hún veit það ekki. Og hún hefur lækkað framlög til húsnæðismála og það er gert ráð fyrir því núna að þeir sem eiga óafgreiddar lánsumsóknir hjá Húsnæðisstofnun fái ekki þau lán sem þeir eiga rétt á.

Það er einnig svo að sá feluleikur sem hér er í fjárlögunum á ekkert skylt við vestræna fjármálastjórn. Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að þetta eigi eitthvað skylt við vestræna fjármálastjórn. Sú skattastefna sem núv. fjmrh. boðar á ekkert skylt við það. Hún er sú stefna sem austantjaldsríkin höfðu á sinni tíð meðan þau voru að koma áþján yfir þá sem áttu eitthvað. Í þessu frv. er líka ráðist á íþróttahreyfinguna og nánast ekkert ætlað til hennar. Og ef ekki kæmu til bæjarfélög sem hefðu skilning á þessu, þá stæði íþróttahreyfingin illa, en sérsambönd innan íþróttahreyfingarinnar eru nú í fjárþröng og framlagið til þeirrar starfsemi hefur ekki hækkað nú í nokkur ár.

Ég minni á það að fjárlög ríkisins eiga að vera skýr, einföld og réttlát en þau eru það ekki. Þau eru flókin og óréttlát. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að við fáum mann sem hefur vit á fjármunum í fjmrn., við fáum mann sem veit að tvisvar tveir eru fjórir en heldur ekki að það séu fimm. Það ber brýna nauðsyn til að við höfum þannig fjármálastjórn að almenningur og fólkið í landinu geti treyst því að fjárlögin 1989 verði með sama hætti og árið 1990, að hægt sé að bera þau saman, að þau séu ekki gerð þannig úr garði að það þurfi sérfræðinga til að finna út hvort raunverulég hækkun hefur átt sér stað, hvort raunveruleg breyting hefur átt sér stað og hvað hefur breyst. Það að gera fjárlögin eins og hér eru er óvirðing við Alþingi, óvirðing við kjósendur í landinu. Og sú stefna sem það boðar eru verri laun og minni, verri afkoma hjá almenningi og stórkostleg eyðsla og óhóf í ríkisrekstrinum.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi leyfa mér að óska Geir Gunnarssyni, hv. 5. þm. Reykn., til hamingju með það að í dag munu vera 30 ár frá því að hann tók sæti á Alþingi.

Ég kvaddi mér hljóðs hér í dag upphaflega til þess að spjalla um það hvað mér þykir Sjálfstfl. lélegur í stjórnarandstöðu og í rauninni enn þá lélegri heldur en í stjórn. En áður en lengra er haldið þá langar mig, með leyfi forseta, að fara nokkrum orðum um fréttir sem ég hef séð og heyrt í dag um kauphækkun til alþingismanna.

Við erum núna að takast á við fjárlög, erfið fjárlög sem eru barn síns tíma. Þessi fjárlög bera merki þess að það er samdráttur í þjóðfélaginu, það er verið að spara, það er verið að skera niður og fjárlögin sleppa í ár úr mörgum þáttum sem áður hafa verið, framlögum til ýmissa mála, til hinna ýmsu félaga og nauðsynjaverka í þjóðfélaginu. Ég vil nefna að skorin er niður um þriðjung afmælisgjöf til SÁÁ sem var pakkað inn á sínum tíma á afmælisfundi félagsins. Nú er búið að opna þann pakka og taka þriðjung af framlaginu í ár. Svipaða sögu er að segja um blinda, Iðnskólann og fleiri skóla að það er skorið niður. Í rauninni er ástæðan sú að við búum við þrengri kjör í dag en við höfum lengi gert, að það er talið nauðsynlegt að skera niður og mun ég ekki leggja mat á það á þessari stundu. En á sama tíma og fram koma fréttir um kauphækkanir til alþingismanna fjölgar gjaldþrotum í landinu þannig að það má búast við því að núna á þriggja ára tímabili séu um 5000 gjaldþrot og

ekki óvarlegt að ætla að það sé rúm vísitölufjölskylda á bak við hvert gjaldþrot þannig að þetta tengist um 25 þúsund manns eða 10% af þjóðinni. Þess vegna hlýtur það að vera fyrsta skylda Alþingis að leita að nýjum tekjum, nýjum umsvifum í þjóðfélaginu til þess að stækka þá köku sem við höfum til skiptanna þannig að sparnaður og niðurskurður séu í lágmarki.

Við höfum fengið til umfjöllunar álver og við höfum fengið til umfjöllunar varaflugvelli. Og við höfum fengið til umfjöllunar þann möguleika að varnarliðið taki þátt í því að greiða hér kostnað við að leggja þjóðvegi. Ýmsir hv. þm. hafa að sjálfsögðu sett sig upp á móti þessu. Þeir hafa talað gegn þeim umsvifum sem koma í kjölfarið á nýju álveri, þeim umsvifum sem leiða af varaflugvelli og þeim umsvifum sem leiða af því ef varnarliðið tekur þátt í að greiða kostnað við þjóðvegi. Þessum umsvifum fylgja nýir peningastraumar inn í æðar þjóðfélagsins á þeim tíma sem þeirra gerist mest þörf. Á móti þessu hafa menn talað hér og menn hafa sýnt andstöðu sína á einn eða annan hátt, núna síðast í dag. En þessir sömu menn sitja þegjandi þegar verið er að hækka þeirra eigin laun. Þeir sitja með hendur í skauti sér á sama tíma og það er skorið niður til líknarverka, það er skorið niður til iðnfræðslu og það er skorið niður út um allt. Það hefur enginn á móti því að hækka sín eigin laun.

Í dag hefst iðnþing í Reykjavík. Iðnaðurinn var við mótun þessarar ríkisstjórnar talinn vera sá vaxtarbroddur sem hugsanlega gæti tekið við því fólki sem aukið atvinnuleysi plagar. Iðnaðurinn átti að koma okkur til bjargar á erfiðum tímum. Málmiðnaðurinn á sérstaklega undir högg að sækja, en hvert skipið á fætur öðru er smíðað í öðrum löndum og hvert skipið á fætur öðru er sent í önnur lönd til viðgerða. Síðan er erlendum skipum sem eru að fiskveiðum við landið ekki heimilt að koma til hafnar til að leita viðgerða á Íslandi. Þetta er þó vaxtarbroddurinn. Það er talið að það séu um 5000 ársverk sem fara í erlendar skipasmíðastöðvar frá Íslandi. Það er sama tala og var spáð að atvinnuleysið yrði hér á næsta ári, sama tala. Það er hvergi í þjóðfélaginu í einkageiranum svigrúm fyrir launahækkanir. Menn eru alls staðar að herða sultarólina. Við skulum bara ganga hér út í gamla miðbæinn í kringum okkur þar sem fyrirtæki eru að loka eða flytja, leggja upp laupana. Og við getum farið vítt og breitt um landið. Það er alls staðar sama sagan. Það er ekkert svigrúm. Það er enginn afgangur til þess að borga hærri laun. Það eru ekki einu sinni peningar til þess að borga þau laun sem eru ákveðin í dag. Ef það ætti að vera eitthvert samræmi í þjóðfélaginu þá ætti að lækka launin í dag. Það er engin spurning. Ef fyrirtækin eiga að geta lifað af þessar þrengingar þá er það eitt af því sem verður að gera, að lækka launin. Á sama tíma situr þingheimur þegjandi og tekur við hækkuðum launum eins og þetta komi okkur ekkert við.

Hvernig í ósköpunum eigum við að gera þessi fjárlög sannfærandi þegar skorið er niður og sparað á báða bóga nema okkar eigin laun? Þess vegna legg ég til að þingmenn þiggi ekki þessar launahækkanir sem nú eru til umræðu, sem nú eru að koma til framkvæmda. Sé of seint að afþakka þær frá kerfinu, að gefa þær þá til þeirra líknarmála sem verið er að skera niður. Ég fyrir mína parta óska ekki eftir þessari launahækkun. Ekki fyrr en þingheimur hefur aflað nýrra tekna fyrir þjóðfélagið á þessari erfiðu stundu, leitað að nýjum tekjum að utan, kallað heim verkefni sem við sendum úr landi, tekið á móti álveri, varaflugvelli. Þá og þá fyrst skulum við ræða um launahækkun og þá skulum við tvöfalda launin eða þrefalda þau því þá höfum við unnið fyrir þeim.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég ákvað að koma hér aðeins inn á fjárlagaumræðuna við 1. umr. þó ég hins vegar muni leggja aðalvinnu í það að ræða fjárlög við 2. umr. eins og venja er. Ég segi það hér að ég get tekið undir með hæstv. fjmrh. það sem hann segir um meginmarkmið sem eigi að stefna að við þessa fjárlagagerð, þ.e. að ríkisbúskapurinn stuðli að því að viðskiptahalli aukist ekki og verðbólgan minnki þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna, að skattar verði óbreyttir sem hlutfall af landsframleiðslu og að halli ríkissjóðs verði innan þeirra marka sem hægt sé að fjármagna án þess að auka erlendar skuldir. Að sjálfsögðu er þetta markmið sem allir geta skrifað undir og ég vil líka taka undir með hæstv. ráðherra með það að það á að vera meginmarkmið að treysta grundvöll fjárlaga hverju sinni og draga úr þeirri sjálfvirkni sem við vitum öll að hefur vaðið í gegnum ríkisfjármálin á undanförnum áraröðum, hver svo sem hefur verið við stjórn á hverjum tíma.

Ég tel einnig ástæðu til að fara viðurkenningarorðum um fjármálastjórn hæstv. fjmrh., sem ekki hefur nú fengið of glæsilega dóma hér frá stjórnarandstöðunni í dag, að því leyti til að ég hygg að hann eigi heiður skilið fyrir hvað hann hefur tekið myndarlega á innheimtuaðgerðum ríkisins í sambandi við það að innheimta skatta og ekki síst þá skatta sem ýmsir aðilar hafa innheimt af almenningi og ekki skilað þeim á eðlilegum tíma inn í ríkissjóð. Þarna hafa orðið straumhvörf sem er ástæðulaust annað en að viðurkenna þegar rætt er um frv. til fjárlaga á hverju ári fyrir sig.

Þess vegna er það nýjung núna við þessa fjárlagagerð að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. hafa tekið það til greina sem við sem höfum starfað lengi við fjárlagagerðina höfum bent á, þ.e. að leggja fram fjáraukalög, bæði fyrir liðið ár og eins fyrir það yfirstandandi ár sem ný fjárlög eru kynnt. Þetta er nýjung og framför og ég þarf ekki að ræða það hér umfram það sem gert hefur verið áður að þetta mun mjög auka aðhald og festu í meðferð fjárlaga þegar þetta er orðið að venju sem nauðsynlegt er að innleiða hér með ákveðnum hætti. Þessu vil ég fagna sérstaklega þó að ég geri mér grein fyrir því að það verða önnur vinnubrögð við fjárlagagerðina sjálfa og það náttúrlega kemur til með að styrkja þau rök sem margir hafa haldið fram, m.a. sá sem hér stendur, að það

þurfi að breyta þingsköpum að því leyti til að fjvn. starfi allt árið sem bæði eftirlitsaðili Alþingis og einnig til þess að taka þátt í fjárlagagerð fyrir hvert ár fyrir sig. Ég tel að þarna sé um stefnubreytingu að ræða sem þurfi að gera að veruleika.

Einnig get ég tekið undir það að sú ákvörðun sem hæstv. fjmrh. kynnti í sambandi við fjárlagagerðina að leggja fram fjárlög, rammafjárlög, til lengri tíma, þ.e. til þriggja ára, það er spor í rétta átt og mun áreiðanlega gera meðferð fjármála miklu traustari og auðveldari viðureignar heldur en til þessa hefur verið.

Í sambandi við fjárlög fyrir árið 1990 er alveg ljóst að þar eru miklar breytingar í uppsetningu sem hlýtur að kalla á miklu meiri vinnu en áður hefur tíðkast við fjárlagagerðina sjálfa. Það er svo við þetta fjárlagafrv., eins og það kemur fyrir mín augu og við þá vinnu sem fjvn. er þegar búin að leggja í þetta frv., að það er mörgum spurningum ósvarað. Ég vil nefna hér fyrst það sem er ofarlega í mínum huga miðað við þá áraraða vinnu sem ég hef tekið þátt í, þ.e. í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem er ákaflega þýðingarmikið mál og ein mesta breyting sem hefur verið gerð á síðari árum í sambandi við stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga. Hér er um að ræða lög og ákvörðun sem má ekki undir neinum kringumstæðum fara úrskeiðis eða verða þannig að sveitarstjórnarmenn eða fólkið í landinu geti ekki treyst því að hér verði rétt að staðið og það öryggi sem þessi lagabreyting gerir fyllilega ráð fyrir nái fram að ganga.

Hér er um að ræða þýðingarmikla þætti og það sem mér finnst vera mikil óvissa um í sambandi við þetta fjárlagafrv. varðar uppgjörsþátt þessara mála. Auðvitað er það ljóst, og það hefur komið fram bæði í ræðu hæstv. fjmrh. og víðar, að vissir þættir sem komu í ljós eftir að þessi lög voru samþykkt í þessum samskiptamálum hafa verið á annan veg en reiknað var með. Þar er ég sérstaklega að tala um heilbrigðisþjónustuna, hvernig yfirtakan á heilsugæslustöðvum kemur allt öðruvísi út en reiknað var með. Þarna hafa mannleg mistök að sjálfsögðu komið til. En ég legg áherslu á það að þrátt fyrir þessar upplýsingar má það ekki verða til þess að breyta grundvelli þeirra hugmynda og þeirra laga sem í gildi eru um þessa verkaskiptingu. Það er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir til að breyta þessu á þann veg að ríkið t.d. þurfi ekki að greiða eins hratt þær upphæðir sem fara í uppgjörsþáttinn, þ.e. af því sem sveitarfélög eiga inni hjá ríkinu miðað við fyrri lög. Ég tel að það væri út af fyrir sig ekki frágangssök fyrir sveitarfélögin að semja um lengri tíma eða fleiri ár sem þau fá uppgjör á sínum innstæðum, en grundvellinum má ekki breyta. Það er mín skoðun. Ég tel að fjvn. verði að leggja mikla vinnu af mörkum í sambandi við að aðstoða ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. til að fá skynsamlega niðurstöðu í þessi mál.

Ég ætla aðeins að nefna landbúnaðarmálin. Ég treysti því að nýsett lög á Alþingi, þ.e. jarðræktarlög og búfjárræktarlög, geri það auðveldara að reyna að hreinsa til í þessum málum þannig að við þurfum ekki ár eftir ár að vera að glíma við eftirstöðvar frá fyrri árum sem bændur landsins eiga ekki að gjalda fyrir að hefur ekki verið hægt að standa við. Þó ég verði fyrir vissum vonbrigðum með lestur þessa fjárlagafrv. þá geri ég ráð fyrir því að við hljótum að fá á borðin ákveðnar línur frá ríkisstjórninni um það hvernig hún ætlar að standa við þessi lagafyrirmæli eða það sem hefur komið fram í sambandi við setningu þessara laga og allar þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið, og raunar voru upplýsingar veittar um það í dag frá hæstv. landbrh. að það er verið að vinna að þessum málum hjá hæstv. fjmrh. og við eigum von á því að heyra um það næstu daga og alla vega hlýtur fjvn. að fá á borðið hvernig þetta mál er hugsað.

Þá vil ég aðeins víkja að einum þætti sem er e.t.v. stærstur í fjárlagafrv., þ.e. breytingunni úr söluskattinum yfir í virðisaukaskatt. Hér er um stórmál að ræða og ég verð að segja það alveg eins og er að ég harma það mjög hvað milliþinganefnd þingflokkanna hefur starfað slælega að þessu máli. Ég leyfi mér að nota það orðalag. Þegar lögin voru samþykkt hér á hv. Alþingi voru nokkrir tugir atriða teknir út af borðinu sem ekki vannst tími þá til að ræða í botn hvernig með skyldi fara og sumt af því þannig að tæknilega þurfti meiri tíma til þess, en þessi milliþinganefnd var skipuð til að það yrði fljótlega ljóst hvernig með framkvæmd þessarar mikilvægu og umfangsmiklu breytingar yrði farið.

Ég hafði þá sérstöðu sem stjórnarþingmaður þá við afgreiðslu þessa máls að ég gerði grein fyrir mínu atkvæði og ég tel ástæðu til að lesa það hér af því að ég minntist á þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er fylgjandi því að taka upp virðisaukaskatt í stað núgildandi söluskatts. Það er ljóst að virðisaukaskattskerfið verður því aðeins skilvirkt að undanþágur séu sem fæstar. Með því er hægt að hafa skattprósentu lægri, lægra gjald á matvörur. Jafnframt þurfa að vera skýr ákvæði um endurgreiðslur sem hlýtur að fylgja slíku skattkerfi. Í meðferð Alþingis kom í ljós að ótal mikilvæg atriði í frv. eru ekki frágengin. Jafnframt er búið að setja í frv. fjölmargar undanþágur á aðila sem síst skyldi sem vinnur augljóslega gegn skattinum. Ég tel að skynsamlegast sé að fresta afgreiðslu málsins til næsta þings, skipa milliþinganefnd til að kanna betur hin fjölmörgu vafa- og ágreiningsefni. Að samþykkja frv. með öllum þeim vafaatriðum ófrágengnum tel ég rangt. Ég get því ekki samþykkt þessa málsmeðferð og greiði ekki atkvæði."

Síðan þetta var hefur, eins og ég sagði áðan, því miður allt of lítil vinna og allt of langur tími farið í ekki neitt til þess að upplýsa þessi atriði og ná um þau samkomulagi. Ég verð að segja það alveg eins og er að núna þegar við erum komin í fjárlagaafgreiðsluna sem byggir að meginhluta til á þessari skattbreytingu þá óttast ég að það verði erfitt að samræma ýmis sérsjónarmið sem þarna hljóta að koma til greina þó að það eigi að sjálfsögðu eftir að koma í ljós. En ég get ekki stillt mig um að nefna þetta hér vegna þess að

það má ekki verða til þess að tefja fjárlagagerðina, en þessi vinna hefur ekki verið unnin á réttum grunni. Það er ljóst.

Í sambandi við annað atriði sem er fyrirferðarmikið í fjárlagafrv. get ég ekki stillt mig um að nefna hér Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég verð að segja það að ég varð dálítið undrandi þegar ég las í grg. frv. um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Með leyfi forseta langar mig til að lesa hér aðeins lítinn kafla úr þessari grg. og fara um þetta nokkrum orðum. Það stendur hér:

„Árið 1988 skipaði félmrh. nefnd sem hafði það hlutverk að semja lagafrv. um breytta skipan hins almenna húsnæðislánakerfis. Í lögum nr. 76/1989, sem taka gildi 15. nóv. 1989, var lögum um Húsnæðisstofnun breytt í þá veru að inn komu ákvæði um húsbréfaviðskipti. Tekið er upp kerfi skuldabréfaskipta — húsbréfamiðlunar — í stað beinna lána til íbúðakaupa sem ætlað er að í fyllingu tímans taki yfir hið almenna húsnæðislánakerfi. Jafnframt var lífeyrissjóðunum heimilað að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Lánveitingar byggingarsjóðanna verða í framtíðinni nær eingöngu til kaupa á félagslegum íbúðum og kaupleiguíbúðum og skref í þá átt tekið á árinu 1990."

Þarna er um að ræða stefnubreytingu sem ég hef ekki heyrt áður setta fram vegna þeirrar einföldu ástæðu að það var reiknað með því að húsbréfakerfið yrði við hliðina á almenna kerfinu. Og ef þetta á að vera stefnubreyting í fjárlögum 1990 þá er hér verið að fara aftan að hlutunum. Það sem kom mér til að taka þetta til athugunar hér er það að gert er ráð fyrir því, sem ég hef ekki séð áður, að fella niður úr fjárlögum og úr lánsfjárlögum 1990 þá fjárhæð sem lífeyrissjóðirnir láta í húsbréfakerfið. Samkvæmt gildandi lögum eiga lífeyrissjóðir að greiða 55% af ráðstöfunarfé sínu til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sú fjárhæð er samkvæmt áætlun fyrir árið 1990 24 milljarðar kr. sem er sjálfsagt í lægri kantinum. Þess vegna ætti í frv. og í lánsfjárlögum að standa til húsnæðismála rúmlega 13 milljarðar kr. Það er tekið þannig út að hér er um það að ræða að aðeins 45% eru tekin upp í frv., sem eru 10,8 milljarðar kr., en 10% eru ekki með og það er það sem er að mínu mati rangt vegna þeirrar einföldu ástæðu að ríkisábyrgð er á allri fjárhæðinni, 55% ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna. Það er ríkisábyrgð á þessum fjárhæðum og það á að fara í gegnum Byggingarsjóð ríkisins. Það er meira að segja í nýsettum lögum gert ráð fyrir því að á þessu sé full stýring á árinu 1990 frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það mætti að sjálfsögðu flytja langt mál um þetta. Ég ætla þó ekki að gera það við þetta tækifæri, en ég tel að þarna sé rangt að staðið og ég vil fá lögfræðilega skýringu á því, og hef óskað eftir því, hvernig stendur á því að þessar fjárhæðir sem ríkið ábyrgist eru ekki í lánsfjárlögum og ekki í fjárlagafrv.

Fyrir utan það, sem er framhjáhlaup, að það er náttúrlega furðuleg staðreynd í dag að verða að standa frammi fyrir því að við samþykkt þessara laga var gert ráð fyrir því að milliþinganefnd stjórnmálaflokkanna færi ofan í málið og skilaði áliti inn á Alþingi í byrjun þings um það hvort hún teldi að þyrfti að breyta þessum lögum, fresta gildistöku þeirra eða annað sem þessu tilheyrir. Ekkert slíkt hefur komið fram og hefði verið ástæða til að það hefði komið fram jafnhliða fjárlagafrv. þegar það var lagt fram. Þetta vil ég ítelja um leið og ég minni á það að ákvæðin í húsbréfakerfinu eru þannig að einstaklingur, hvort hann er lítt stæður, vel stæður eða stórríkur, getur fengið upp í 7,5 millj. í lán gegnum þetta kerfi og núna heyri ég að það sé búið að festa í reglugerðarhugmyndir að þessi lán eigi að bera 6% vexti og vera til 25 ára. Og það getur hver lesið úr því sem vill, en ég mun gera ráðstafanir til þess að við fáum á borð fjvn. upplýsingar um þetta af því að þær koma ekki hingað inn í Alþingi og jafnframt um fjárstreymi í Húsnæðisstofnun á þessu ári þar sem ekki er búið að greiða út nema um helming þess fjár sem átti að greiða til lántakenda á þessu ári.

Annað sem ég tel ástæðu til að nefna hér, hæstv. forseti, er það sem vantar inn í fjárlagafrv., það eru frekari upplýsingar um það hvernig ríkisstjórnin hyggst vinna að því markmiði sem ég tel mjög aðkallandi að því er varðar jöfnun raforkuverðs í landinu. Af þessu má ljóst vera að ég tel að fjvn. verði að taka mörg atriði hér til skoðunar og ég treysti því að það verði góð samvinna um það í fjvn. að vinna skynsamlega að því að fara höndum um þetta frv. þannig að það verði ekki í því nein stórslys. Og ég treysti á góða samvinnu við fjmrh. og hans stofnanir um það að það verði hægt að fara vel og vandlega ofan í ýmis mál sem ég tel af langri reynslu að séu ekki fullfrágengin í þessu frv. Ég get vel tekið undir það sem hæstv. fjmrh. setti hér fram um breytt vinnubrögð. Ég hef löngum haldið því fram í mínum ræðum hér að við umfjöllun um fjárlög að það væri allt of mikil sjálfvirkni þar á ferðinni og það skipulag sem við höfum haft við fjárlagagerðina væri gengið sér til húðar. Ég er tilbúinn að taka þátt í þeirri vinnu að breyta hér ýmsum vinnubrögðum sem færa okkur nær því sem væri eðlilegt miðað við þá bæði tækni við ýmsa vinnu sem nú er fyrir hendi og eins við þá upplýsingaöflun sem ætti að vera í öðru formi heldur en hún er jafnvel hér í dag.

Ég vil svo að lokum endurtaka það sem ég sagði hér áðan. Ég tel að markmiðið með þessu fjárlagafrv. og það sem fjmrh. hefur sagt hér í sínum ræðum, margt af því er rökrétt og eðlilegt að reyna að ná því og fylgja fram og ég treysti því að það verði góð samvinna um að það sem eftir er tímans sem við höfum til þess að koma þessu fjárlagafrv. í lög verði notað til þess að leiðrétta ýmislegt og ná betri tökum á því sem ég tel miður farið í þessu frv.

Egill Jónsson:

Virðulegur forseti. Ég hefði nú raunar kosið að við þessa umræðu meðan ég verð hér í ræðupontu væri hæstv. landbrh. viðstaddur og það hefði líka verið æskilegt að hæstv. ráðherra Hagstofunnar væri hér við höndina.

Það voru þung aðvörunarorð sem komu fram í máli síðasta hv. ræðumanns, og ég tel sérstaka ástæðu til þess að leggja á þau áherslu hér, þar sem hann óskaði eftir því að menn mundu nú leggja sig fram við störf í fjvn. og þar gæti tekist góð samvinna svo að ekki hlytust af stórslys við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Það er mikill þungi í þessum orðum og það er líka mikill sannleikur í þeim því að þetta fjárlagafrv. er með þeim hætti að þar eru vissulega margir slysavaldar.

Hæstv. fjmrh. talaði hér nokkuð um efnahagsmál og í því sambandi hafði hann mörg orð um fyrri ákvarðanir Sjálfstfl. og talaði um groddavinnubrögð í þeim efnum. Þetta skýrði hæstv. fjmrh. þannig m.a. að sú hagstjórn, groddahagstjórn Sjálfstfl., hefði byggst á stórum gengisfellingum. Nú er það svo að gengið hefur verið býsna stöðugt þann tíma sem við sjálfstæðismenn höfum setið í ríkisstjórn á þessum áratug. Á sl. ári var gengið fellt í febrúarmánuði um 4% og í maímánuði um 10%, eða um 14% meðan við áttum aðild að ríkisstjórn. Það var hins vegar svo tillaga Sjálfstfl. í fyrrahaust að breyta genginu enn þá um 6–10%. Þetta er nú það sem fyrir liggur um þessi efni. En á þessu ári er núv. ríkisstjórn búin að breyta genginu um 20–25%. Ég fékk þessar upplýsingar hér áðan hjá hæstv. viðskrh. Það gerir hins vegar gæfumuninn í þessum efnum á okkar ákvörðunum og ríkisstjórnarinnar að við lögðum til að genginu yrði breytt í fyrrahaust þannig að framleiðsluvörur okkar sem aflað var í fyrravetur gætu notið þeirra verðlagsbreytinga. En stærsti hluturinn í þessum efnum af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar varð ekki fyrr en vertíð var lokið þannig að að því leyti hefði verið hægt að ná sama eða betri árangri með þeirri aðferð og með þeim tillögum sem Sjálfstfl. lagði fram í fyrrahaust heldur en þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið síðan.

Hæstv. fjmrh. talaði líka um trausta fjármálastjórn og þá sérstaklega að sjálfsögðu frá því að hann tók við lyklinum að ríkissjóði. Þessi sami hæstv. ráðherra hefur lagt á skatta sem koma til innheimtu á þessu ári upp á 7,2 milljarða kr. Og hann skilar ríkissjóði með halla upp á 5 milljarða kr. Þetta er það sem hæstv. fjmrh. talar um sem trausta fjármálastjórn. Hæstv. fjmrh. talaði enn fremur um það hvað ríkisútgjöld hefðu hækkað mikið á sl. árum og taldi þar fyrst og fremst sök liggja hjá Sjálfstfl. Það er út af fyrir sig hárrétt að ríkisútgjöld hafa hækkað á sl. árum og það mjög verulega. Við höfum verið að breyta þjóðfélagsmyndinni hér á Íslandi, það er hárrétt. Við höfum lagt á það vaxandi áherslu að auka menntun og færa hana út um landið. Við höfum lagt á það áherslu að öldruðum væri búið betra lífsviðurværi á ævikvöldinu. Og við höfum lagt á það áherslu að heilbrigðisþjónusta færi batnandi í landinu.

Það liggur fyrir að til þjónustustarfa, m.a. þeirra sem ég hef talið hér upp, voru á sex ára tímabili kallaðir til verka rúmlega 8000 manns fram yfir það sem áður hafði verið. Nú liggur fyrir að kostnaður við hvert ársverk er í kringum 1,7 millj. kr. þannig að breytingar í þjónustu á sl. árum, sem Sjálfstfl. á að sjálfsögðu mikinn þátt í, kosta einar út af fyrir sig í vinnulaunum og nauðsynlegum aðbúnaði á ársgrundvelli í kringum 13 milljarða kr. Það út af fyrir sig er rétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að ef ríkisútgjöldin hefðu ekki hækkað, m.a. af þessum ástæðum, þá væri auðveldara að fást við rekstur á ríkissjóði en nú er. En það er vissulega stefna Sjálfstfl. að Íslendingar geti búið við líkar aðstæður að þessu leyti og gerist hér í nálægum löndum sem eru skyldust okkur og eiga mesta samleið með okkur, bæði í efnahagslegu og félagslegu tilliti. En þetta er það sem hæstv. fjmrh. átelur og kallar hér þessu smekklega orði, groddahagstjórn.

Nú er það vissulega svo, eins og þegar hefur komið fram í þessari umræðu, að fjvn. hefur ekki enn þá farið yfir hina einstöku þætti fjárlagafrv. og þar af leiðandi standa ekki efni til þess að ræða þá í einstökum atriðum. Það er hins vegar vert að minna í nokkru efni á stjórnmálin sem í þeim felast og þá sérstaklega því sem Alþb. ber ábyrgð á, pólitíkinni í fjárlagafrv., og þá ætla ég einungis að hafa þar auga á byggðamálunum. Það er Alþb. sem stjórnar þeim málaflokkum núna og það var Alþb. sem boðaði það að það ætti að sækja valdið suður og fá það í hendur alþýðubandalagsmönnum sem hefðu góðan skilning á högum landsbyggðarinnar og kjörum fólksins sem þar býr.

Þetta frv. gengur út frá lægri fjárveitingum til framkvæmda en áður eru dæmi um í fjárlagafrv. Það á sér að vísu þá skýringu að hluti af framkvæmdum sem ríkisvaldið annaðist áður fellur nú í hlut sveitarfélaganna, en það nægir þó engan veginn. Og það er mikið áhyggjuefni hvað framkvæmdir ganga mikið niður á grundvelli fjárlagafrv. og nema nú einungis um 8% af því sem í ríkissjóð kann að renna á næsta ári. Og langsamlega stærsti hluti þessa fjármagns er til vegagerðar þannig að þegar búið er að taka þær fjárveitingar út úr, þá er heldur lítið eftir til skiptanna.

Það er líka vert að undirstrika það alveg sérstaklega, eins og kom hér raunar fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar, að þrátt fyrir allar stóru yfirlýsingar samgrh. og fleiri heiðursmanna úr þeim hópi á sl. vetri, um að vegáætlun ætti að standa, þá liggur nú fyrir að hana á að skerða um liðlega 1 milljarð á næsta ári. En allt eru þetta smámunir hjá því sem snýr að landbúnaðinum og bændum landsins.

Ég hygg að þetta frv. eigi engan sinn líka í þeim efnum hverjar eru aðfarirnar að fólkinu sem byggir hinar dreifðu íslensku sveitabyggðir. Það er meira að segja svo að þegar fyrrv. fjmrh. og formaður Alþfl. lagði fram sitt fjárlagafrv. árið 1987, þá var það mun betra en hjá núv. hæstv. fjmrh. Það hefði verið alveg hátíð fyrir bændur landsins að búa við það fjárlagafrv. miðað við það sem boðið er upp á núna. Þetta er þeim mun athyglisverðara sem það liggur fyrir hver afstaða Alþb. hefur verið á undanförnum árum til landbúnaðar og fólksins í sveitum landsins og ég hef nú farið á síðustu dögum yfir þá umræðu. Það eru margar tilvitnanir um þau efni skráðar í þingtíðindunum. En hér ætla ég rétt sem dæmi um þetta að fara

yfir ofurlitla klausu eftir hæstv. núv. landbrh. sem hann viðhafði hér þann 18. febr. árið 1986 í umræðu utan dagskrár um landbúnaðarmál. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta: (**Gripið fram í:** Áður en hann kom til vits og ára.)

„Næg eru nú vandræði íslenskra bænda fyrir þó ekki bætist þessi vinnubrögð hæstv. landbrh. við. Argvítug stefna þessarar ríkisstjórnar, m.a. í vaxtamálum, verðlags- og kaupgjaldsmálum, bitnar sennilega á fáum þyngra í landinu en íslenskum bændum." Síðan bætist þetta við: „Það er alveg augljóst að hæstv. ráðherra er vægast sagt illa ríðandi í þessari smölun, eins og sagt er um smalamenn sem lítið gengur undan. Mér er nær að halda að hann sé einnig hundlaus, jafnvel gangandi og þá sennilega berfættur í skónum."

Maður gæti nú haldið að þegar Alþb. heldur í báða enda á spottunum gengi nú eitthvað undan, það væri ekki eins og þar væri berfættur smalamaður á ferð. Og önnur stóryrði ámóta hafa menn látið falla í þessum efnum.

Það er nærtækt að minna á það hér við þessa umræðu að á sl. vetri fór fram mikil umræða og vönduð vinnubrögð hér í þinginu um endurskoðun á jarðræktar- og búfjárræktarlögum og henni lyktaði með því að allir alþm. sem greiddu atkvæði studdu þá niðurstöðu sem þá varð. Þetta var gert að undangenginni mikilli umræðu hér í þinginu og það er ástæða til í þessum efnum að vitna til yfirlýsingar sem formaður fjvn. gaf við 3. umr. í nafni ríkisstjórnarinnar um það hvernig með þessi mál skyldi farið.

Það er líka mikilvægt að fara yfir það hvað fyrirsvarsmaður Framsfl. í fjvn., hv. þm. Alexander Stefánsson, hafði um þessi mál að segja, m.a. við afgreiðslu lánsfjárlaga. Þar undirstrikaði hann alveg sérstaklega að með uppgjörsmál ætti að fara eins og yfirlýsingin hafði verið gefin við gerð fjárlaga. Hér ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það sem málsvari Framsfl. í þessari umræðu hafði um þessi mál að segja:

„Ég legg þann skilning í þessa brtt. og yfirlýsingu hæstv. landbrh. að staðið verði við fullnaðargreiðslu til bænda 1988 í samræmi við gildandi lög." Þarna er tiltekið ártalið „1988 í samræmi við gildandi lög".

Meira er að sjálfsögðu skráð hér í þingtíðindunum eftir þessum hv. þm. sem allt er á þann veg að uppgjör við bændur á grundvelli búfjárræktar- og jarðræktarlaganna verði innt af hendi á þessu ári. Og það er hvergi að finna eina einustu setningu, ekki af hendi formanns fjvn., ekki af hendi varaformanns fjvn., ekki af hendi landbrh. og allra síst af hendi fjmrh. sem sýnir eða segir annað en að þetta uppgjör eigi að vera með þeim hætti sem ég hef nú vitnað til.

Þær eru líka býsna athyglisverðar yfirlýsingar hæstv. landbrh. sem hann gaf í umræðum um jarðræktar- og búfjárræktarlögin. Hér segir hann m.a. þann 10. maí sl. í umræðunni um jarðræktarlögin:

„Það er einlæg von mín og ég vil að sá skilningur komi fram að með þeim hætti takist að tryggja betur en tekist hefur að undanförnu að fjárveitingar á hverju ári verði nægilegar til að standa straum af framkvæmdum að fullu skv. ákvæðum gildandi laga. Það held ég að sé sameiginlegt áhugamál þeirra sem að þessum verkefnum koma að svo verði í framtíðinni."

Og hann viðhafði reyndar margar aðrar áherslur sem allar hnigu í þessa átt. En hvað er svo það sem gerist? Hvað er það svo sem gerist, þegar ríkisstjórnin, þegar fjmrh. fer að framkvæma þau lög sem ríkisstjórnin setur á sl. vetri? Það er einföld frásögn þar um að allt það sem máli skiptir er svikið. Það liggur nú fyrir að vangoldnar greiðslur vegna þessara tvennra laga nema 211 millj. kr. Landbrh. lét orð að því liggja að einhver hluti þessa yrði greiddur við afgreiðslu aukafjárlaga ef af verður. Vera má að svo sé. En hér liggja nú hins vegar fyrir býsna skilmerkar ákvarðanir. Þar sem fjallað er um skerðingu á framlögum til sjóða og fyrirtækja er frá því greint í fjárlagafrv. að eigi skuli greiðslur til jarðræktar- og búfjárræktarlaga nema nema 110 millj. kr. Og nú mega menn ekki gleyma því að það var sérstakt áhugamál landbrh., ég held hér um bil það eina sem hann beitti sér fyrir við þessa lagagerð á sl. vetri, að greiða jarðræktarframkvæmdir sama ár og þær væru unnar á. Þess vegna þarf á fjárlögum að vera bæði greiðsla fyrir því sem var unnið í ár og líka því sem samþykkt verður að vinna á næsta ári. Í skýringum í fjárlagafrv. er þess getið að þessar 110 millj. eigi að nægja til greiðslu á skuldum, þær eigi að nægja fyrir þeim framkvæmdum sem voru unnar á þessu ári og þær eigi að nægja fyrir því sem heimilað verður að vinna fyrir á næsta ári. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að mér finnst það nærri því óskiljanlegt hvað fjárlagafrv. hefur inni að halda í þessum efnum.

En það er víðar sem tölum skakkar í fjárlagafrv. Það var t.d. ákaflega eftirtektarvert við þá umræðu sem fram fór hér á dögunum um stefnuræðu hæstv. forsrh. að nálega allir þeir sem tóku þar til máls af hendi ríkisstjórnarliðsins höfðu um það mörg orð að við skattkerfisbreytinguna ættu matvörur að lækka í verði. Og fjmrh. gerði sér lítið fyrir í ræðu sinni hér áðan að endurtaka þetta. Það segir líka í athugasemdum við fjárlagafrv. að svona skuli þetta nú vera. En það segir ýmislegt fleira þar og m.a. hvað eigi að verja miklu fjármagni til að ná þessum árangri.

Eins og menn vita gerir fjárlagafrv. ráð fyrir því að niðurgreiðslur séu óbreyttar í krónutölu frá því sem var á þessu ári eða rétt aðeins rúmir 4 milljarðar. Það er líka greint frá því að það eigi að endurgreiða söluskatt á þessi matvæli að upphæð 1 milljarð kr. Ráðstöfunarfé til þessara greiðslna verður þannig rétt um það bil 5 milljarðar kr. og hækkar um ca. 20% á milli ára. Nú liggur hins vegar fyrir og um það þarf ekkert að deila að verðlag á þessum vörum hefur hækkað um 25% á milli ára þannig að bara með því að halda niðurgreiðslustiginu óbreyttu þyrfti verulega mikið meira fé en hér er til ráðstöfunar. Það sér hver heilvita maður í hendi sinni að á sama tíma og þessir mikilvægu vöruflokkar hækka um 25% er ekki hægt að ná 10% verðlækkun með því að hækka

niðurgreiðslurnar um lægri tölu heldur en upphæðinni nemur. Það hefur verið slegið á það, t.d. varðandi kindakjöt með því að það liggur hér fyrir í fjárlagafrv. hvernig þessum niðurgreiðslum verði skipt, miðað við svipaða verðlagsþróun og hefur verið að undanförnu, þá muni verð á dilkakjöti hækka á næsta ári um allt að 10%. Það er því furðulegt, stórfurðulegt að það skuli vera talað um það hér í frv. að það eigi að verða verðlækkun um 10%. Það er eins og hæstv. fjmrh. gefi því ekki neinn gaum hvaða munur er á plús og mínus í þessum efnum. Og það er kátbroslegt til þess að hugsa miðað við allar áherslurnar hjá Borgaraflokknum í umræðunni hér á dögunum og með tilliti til þess að hann skýrir aðild sína að þessari ríkisstjórn með þeim hætti að það eigi að ná vöruverðinu niður, verðinu á matvælunum, þá skuli framsetningin vera með þeim hætti að í staðinn fyrir 10% verðlækkun sé miklu líklegra að það verði 10% verðhækkun á þessum vörutegundum frá því sem verið hefur.

Mér finnst að lokum sérstök ástæða til að draga hér fram í þessa umræðu tillögur hæstv. fjmrh. um það hvernig skuli ráðstafa fjármagni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á næsta ári. Það var gert sérstakt samkomulag, ef samkomulag skyldi kalla, við Stéttarsamband bænda um verðskerðingu á launalið bænda við verðákvörðun á þessu hausti. Þessi verðskerðing til sauðfjárbænda nemur 62 millj. kr. á árinu en auk þess er skertur framleiðsluréttur þeirra um 60 millj. á næsta ári eða sem því svarar og aðra um álíka upphæð á þarnæsta ári og allt var þetta bundið í reglugerðum og samningum. Þessar breytingar voru gerðar þrátt fyrir að ekki stæðu til þess nein lög. Búvörulögin heimiluðu ekki þessar breytingar og menn gripu til þess ráðs að brjóta lögin til þess að ná þeim fram. En á móti á að koma, eins og segir í fjárlagafrv., að ríkið skuldbindur sig til þess að minnka dilkakjötsbirgðir í landinu um 600 tonn á árinu. Og hvernig skyldi nú það takmark eiga að nást? Það á að nást með því að halda áfram að brjóta lög. Það á að nást með því að taka 200 millj. kr. úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins til þess að greiða þetta magn af kjöti sérstaklega niður.

Nú hefur því verið haldið fram að þetta væri heimilt og þær skýringar fengum við m.a. þegar um þetta var fjallað í fjvn. og þar voru tilgreind ákvæði 37. gr. búvörulaganna þar sem segir til hvaða aðalverkefna eigi að deila fjármagni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Hins vegar vill nú svo til að það liggur fyrir algjörlega ótvíræð vitneskja um það að þar sem fjallað er um markaðsöflun í 37. gr. búvörulaganna er átt við markaðsöflun á erlendum markaði. Mér er nú býsna vel kunnugt um þetta því ég átti hlutdeild í því að semja þessi lög og sérstaklega VIII. kafla þessara laga. Það er hins vegar mikilvægt að í grg. fyrir frv. eru tekin af öll tvímæli í þessum efnum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er einnig gert ráð fyrir að fjármagninu verði að hluta varið til markaðsöflunar fyrir búvöru erlendis og að gert verði sérstakt átak í þeim efnum á umræddu tímabili." — Til markaðsöflunar fyrir búvörur erlendis og að gert verði sérstakt átak í þeim efnum á þessu tímabili.

Ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh. átti sig á því hvað hér er verið að aðhafast og ég trúi því ekki að hann leggi bændur landsins í það einelti að meira að segja verði þetta þróunarfé tekið til þess að létta niðurgreiðslur á ríkissjóði. Það standa allir samningar til þess og eru ótvíræðir að ríkissjóður sjái fyrir þessari framleiðslu til ársins 1992 og ég legg á það áherslu að birgðir af þessari framleiðslu, kindakjötsframleiðslu, eru með mjög svipuðum hætti, jafnvel heldur minni en var gert ráð fyrir í forsendum búvörusamningsins. Það er satt að segja alveg með eindæmum hvernig landbúnaðurinn er lagður í einelti í þessu fjárlagafrv. og hef ég þó ekki tekið annað en pólitíkina í því. Það eru, fyrir utan það sem ég hef sagt hér, ýmsir þýðingarmiklir framkvæmdaliðir skertir eins og t.d. til landgræðslu og gróðurverndarmála en um það eiga menn eftir að fjalla og það gefst þá tími til að ræða um þau mál frekar. Það er líka alveg augljóst mál að hér er um hreinan ásetning að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar í aðgerðum gagnvart bændum landsins og það þarf enginn að halda það að Framsfl. beri ekki að sínu leyti ábyrgð á því að hverju er stefnt í þessum efnum. Ég held að næst þegar þeir heiðursmenn halda fegurðarsamkeppni í sjónvarpinu þá ættu þeir að tala með skýrari hætti um afstöðu ríkisstjórnarinnar og þá Framsfl. líka þegar fjallað er um málefni landbúnaðarins. Ég átti satt að segja ekki von á því að skilningsleysið á högum í sveitum landsins, þar sem dregið hefur verið stórlega úr framleiðslu, skuli vera svo algert eins og þetta fjárlagafrv. sýnir. Og mér er satt að segja alveg óskiljanlegt hvaða lympuháttur er í hæstv. landbrh. í þessum efnum. Það verður ekki skýrt á annan hátt heldur en að undirstrika þetta sem stefnu Alþb. og ríkisstjórnarinnar. Það vill líka svo til að þó það beri ekki mikið á því þá er fyrir hendi mikilvæg umsögn um stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum og ég ætla að ljúka máli mínu með því að vitna til orða formanns þingflokks Alþfl., Eiðs Guðnasonar, sem hann viðhafði hér á dögunum þegar fram fór umræða um stefnu hæstv. forsrh. Þar segir:

„Að því er varðar breytingar í landbúnaðarstefnu, þá er við gamalt og gikkfast kerfi að eiga en þar þokast þó í áttina þó að hægt fari."

Það er augljóst að Alþfl. líst bærilega á hlut hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. og ég hygg nú að formaður þingflokksins, hv. þm. Eiður Guðnason, hafi bara ekki gert sér nægilega glögga grein fyrir því hvað hratt miðar í þessum efnum, niður á við fyrir bændur landsins og fyrir fólkið sem byggir dreifðar sveitabyggðir vítt um land. Það er vissulega kaldhæðni örlaganna að því nær átthögum hæstv. landbrh. sem þetta fólk á heimili því er hlutur þess gerður verri. Það verður svo að sjálfsögðu tækifæri til þess að fjalla nánar um þessi mál.

Ég hef hér, virðulegi forseti, gert sérstaklega að umtalsefni stefnuna í byggðamálunum, stefnu ríkis-

stjórnarinnar sem fjmrh. ber að sjálfsögðu mikla ábyrgð á en ríkisstjórnin öll verður að sjálfsögðu kölluð þar til að standa fyrir máli sínu þegar málið kemur hér frekar til umræðu.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að hafa mörg orð um þetta fjárlagafrv. almennt. Hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði mjög ítarlega grein fyrir sínum skoðunum, þær fara saman, skoðanir hans og okkar sjálfstæðismanna á hinum almennu atriðum þessa fjárlagafrv. og hv. 4. þm. Austurl. hefur nú gert grein fyrir þeim þáttum í þessu frv. sem snúa að byggðamálum og landbúnaðarmálum.

Ég vil þó aðeins vekja athygli á því að allur málatilbúnaður hæstv. fjmrh. og allur hans málflutningur miðast við umbúðir. Við fáum hér pakka vafinn skrautpappír, það eru margir vafningar og það eru silkislaufur af ýmsum gerðum sem eru utan um þennan pakka. Það er einkenni hæstv. fjmrh., innihaldið skiptir hann oft minna máli, hann dregur upp ýkjumyndir oft óháðar öllum staðreyndum og það reynist svo gjarnan að það er lítið innihald í skrautbögglunum þegar búið er að taka umbúðirnar utan af.

Við minnumst vel stóru orðanna frá því í fyrra þegar við fengum skrautböggulinn inn á borð til okkar hér á hv. Alþingi. Þá var verið að brjóta blað eins og nú. Þá var í fyrsta sinn verið að leggja fram hallalaus fjárlög og öllu þessu fylgdi mikill orðaflaumur um öll þau nýmæli sem hæstv. fjmrh. taldi sig bera á borð fyrir þing og þjóð.

Stjórnarandstaðan sá auðvitað fyrir að þetta stóðst ekki og sagði hæstv. fjmrh. það umbúðalaust. Hann lét ekki segjast, hann vildi halda áfram að blekkja fólk í lengstu lög en loks kom að því að spilaborgin hrundi. Hæstv. fjmrh. missti öll tök á ríkisfjármálunum og hallinn óð áfram og allir þekkjum við hvaða tölur er nú verið að tala um í halla ríkissjóðs á þessu ári og eru vafalaust ekki öll kurl komin til grafar.

Nú er hæstv. fjmrh. byrjaður að byggja nýja spilaborg. Nú er aftur verið að brjóta blað eins og hann segir. Í fyrsta skipti á þessum áratug, jafnvel í sögu lýðveldisins, er verið að gera þetta og hitt í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessi spilaborg sem hann er að hrúga hér upp fyrir framan okkur á eftir að hrynja alveg á sama hátt og sú fyrri. Þetta frv. er umbúðir með silkislaufum en þegar betur er að gáð hvílir það á veikum grunni. Beitt er blekkingum í allt of ríkum mæli. Fé er millifært úr einum vasa í annan til að dylja hvað raunverulega er verið að gera og ekki hikað við að fremja lögbrot til þess að reyna að skreyta pakkann enn betur og dylja innihaldið fyrir þingi og þjóð.

Ég ætla að nota þennan tíma minn hér til þess að ræða fyrst og fremst mál sem snerta Háskóla Íslands. Það er auðvitað nauðsynlegt að ræða við 2. umr. ítarlega einstök atriði í þessu fjárlagafrv. en mér finnst nauðsynlegt strax við þessa 1. umr. að taka til meðferðar hér mál sem snerta Háskólann og ég ætla að byrja á Lánasjóði ísl. námsmanna.

Á bls. 344 í fjárlagafrv. er gerð grein fyrir fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna og á hvaða grunni hún er byggð. Ráðstöfunarfé verður tæpir 3,7 milljarðar á árinu 1990 og hækkar um 40,6% frá árinu 1989. Fjárveiting úr ríkissjóði er 2,2 milljarðar og lántaka tæpir 1,5 milljarðar. Um þessa fjárveitingu segir í grg. að fjárveitingin í frv. 1990 sé að raungildi jöfn fjárveitingu 1989 að viðbættri aukinni greiðslubyrði sjóðsins af teknum lánum. Gert er ráð fyrir að útlán sjóðsins verði 2 milljarðar 871 millj. og 500 þús. og aukist um 44% frá fjárlögum 1989. Orðrétt segir svo í grg.:

„Sú fjárhæð miðast við það að við ákvörðun úthlutunarreglna fyrir skólaárið 1990–1991 verði heildarútlán sjóðsins miðuð við útlán í forsendum fjárlaga 1989 að teknu tilliti til breytinga á verðlagi, gengi og fjölda lánþega. Að því leyti sem útlán sjóðsins á fyrri hluta árs 1990 verða umfram áðurnefndar forsendur verður að mæta þeim með lántöku. Hækkanir á framfærslugrunni námslána umfram breytingu á verðlagi rúmast ekki innan þess fjárhagsramma sem er gengið út frá."

En hvað þýðir þetta í raun? Áður en ég svara þeirri spurningu er rétt að vekja nokkra athygli á ferli þeirra alþýðubandalagsmanna undanfarin ár varðandi málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Sá ferill er orðinn mjög skrautlegur.

Fyrir síðustu alþingiskosningar voru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna mjög á dagskrá, ekki síst vegna þess að námslán höfðu nokkuð verið skert á árinu 1986. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem þá sat að völdum varð sammála um að takmarka fjárveitingar til sjóðsins og það kom í hlut Sverris Hermannssonar þáverandi hæstv. menntmrh. að útfæra þá stefnu og var það gert með því að taka vísitölubindingu lána úr sambandi um nokkurt skeið. Alþb. hóf mikla baráttu gegn þessari aðgerð. Sú barátta kom fram í ýmsum myndum. Á vorþingi 1987 fluttu þm. Alþb. þáltill. um málið. Flm. voru eftirfarandi hv. þm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson, núv. hæstv. menntmrh. Þáltill. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. janúar og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði sem áður giltu um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna taki gildi að nýju.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með aukafjárveitingum og lántökum til að tryggja eðlilega framkvæmd laganna nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, út árið sem er að líða."

Í grg. með þessari þáltill. kom fram að flm. vildu öllu til fórna að þessi stefna kæmist í framkvæmd. Þeir voru reiðubúnir að ræða sérstaka skattheimtu, svo sem á bankastarfsemi, stóreignamenn og fjármagnstekjur til fjáröflunar í þessu skyni eins og fram kom í grg.

Veturinn 1987 komu þessi mál oft til umræðu og m.a. á fundi sem samtök námsmanna héldu með talsmönnum stjórnmálaflokkanna í Háskólabíói. Það var mjög fjölmennur fundur og ekki skorti á loforðin hjá núv. hæstv. menntmrh. en hann var ræðumaður

Alþb. á þessum fundi. Svavar Gestsson, hæstv. menntmrh., sagði að upphæð námslánanna mundi vera 20% hærri nú ef farið væri eftir lögum um námslán frá 1982. Hann sagði að Alþb. gerði það að skilyrði fyrir stjórnarsamstarfi að í stjórnarsáttmála kæmi fram að lögunum um námslán yrði framfylgt. Hér dugði ekkert minna en að fullyrða og lofa því að Alþb. mundi gera það að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku að þessi skerðing yrði afnumin.

Alþb. fór inn í núv. ríkisstjórn, stjórnarsáttmáli var gerður og í honum var ekkert einasta orð um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það tók því núv. hæstv. menntmrh., formælanda Alþb. í málefnum Lánasjóðsins, ekki langan tíma að gleyma þeim loforðum sem hann hafði gefið á fjölmennum fundi námsmanna í Háskólabíói.

Eitthvað vöfðust nú þessi stóru orð fyrir hæstv. menntmrh. enda var hann oft minntur á þau eftir að núv. ríkisstjórn var mynduð, m.a. hér á Alþingi á sl. vetri. Í byrjun þessa árs gerði hæstv. menntmrh. samkomulag við samtök námsmanna sem gerði ráð fyrir að námslán hækkuðu um 20,8% í þremur áföngum, þ.e. 1. mars og 1. sept. á þessu ári og að lokum 1. jan. á næsta ári. Hækkunin 1. mars kom til framkvæmda orðalaust en nokkuð stóð í mönnum hvað gera skyldi þegar leið að 1. sept. Hæstv. fjmrh. sagði t.d. í fjölmiðlum að frekari útgjöld yrðu ekki leyfð umfram fjárlög nema Alþingi samþykkti. Hann vildi vísa ábyrgðinni til Alþingis og það væri því þingmanna að taka ákvörðun um það hvort þessi hækkun á Lánasjóðnum ætti að koma til framkvæmda. Engu að síður var þessi hækkun látin koma til framkvæmda 1. sept. en áður hafði stjórn Lánasjóðsins vakið athygli á því að fjárvöntun í sjóðinn umfram fjárlög yrði um 280 millj. kr. Nú er það dæmi óleyst. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. fjmrh. hafi heimilað aukafjárveitingu í þessu skyni og alþingismenn hafa ekki séð þau aukafjárlög fyrir árið 1989 sem boðuð hafa verið og því er allt í fullkominni óvissu um fjárhag Lánasjóðsins að þessu leyti.

Þriðja hækkunin átti svo að koma til framkvæmda 1. jan. á næsta ári. Nú er ljóst samkvæmt þessu fjárlagafrv. að ekki er gert ráð fyrir því að sú hækkun komi til framkvæmda. Það sem meira er um vert er það að það er heldur ekki gert ráð fyrir að þær hækkanir á framfærslugrunni námslána sem samið var um og komu til framkvæmda 1. mars og 1. sept. eigi að ganga út allt árið 1990. Það er alveg ljóst að það er hugmynd Alþb. samkvæmt þessu fjárlagafrv. að skerða námslánin verulega frá því sem nú er. Það er þetta sem átt er við með því orðalagi sem ég vitnaði til áðan úr greinargerð með fjárlagafrv.

Námsmenn eru að vonum óhressir og telja hér um svik að ræða, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að í samkomulaginu frá því í janúar færðu námsmenn sínar fórnir sem þegar hafa komið til framkvæmda, þ.e. fólk má nú hafa minni tekjur en áður þar til kemur að skerðingu lána vegna tekna. Hæstv. menntmrh. reynir að breiða yfir þetta í viðtölum við fjölmiðla og segir að hækkunin muni koma til framkvæmda þótt síðar verði. Hann hefur hins vegar enga grein gert fyrir því hvernig það megi verða en til að breiða yfir svik sín í þessu máli hefur hann gripið til þess ráðs að rita öllum stjórnmálaflokkum bréf, reyna að gera þá samábyrga í málinu og ritaði m.a. þingflokki sjálfstæðismanna bréf þar sem var farið fram á að þingflokkurinn skipaði fulltrúa í nefnd til að fjalla um málefni Lánasjóðsins og þá m.a. hvernig hægt væri að breyta úthlutunarreglum til samræmis við þær tölur sem í fjárlagafrv. stæðu.

Þingflokkur Sjálfstfl. hefur samþykkt að skipa ekki mann í þessa nefnd og hefur ritað hæstv. menntmrh. af því tilefni bréf sem ég sé ekki ástæðu til að lesa upp hér. Þar er hafnað þátttöku í þessari nefnd. Við viljum ekki vera meðábyrgir í því sem hæstv. ríkisstjórn er að gera í þessum efnum og teljum auðvitað að hún verði að leysa sjálf úr þeim vanda sem hún er búin að koma sér í.

Annað mál sem ég vil ræða varðandi Háskóla Íslands er framkvæmdafé Háskólans og hvernig farið er með Háskólann í því efni í þessu fjárlagafrv. Um langt árabil hefur Háskóli Íslands rekið happdrætti sem kallað er Happdrætti Háskóla Íslands og allir þekkja. Alþingi hefur sett um þetta happdrætti sérstök lög, og nú gilda um það lög nr. 13/1973. Í 1. gr. þeirra laga segir að ágóðanum skuli varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar á viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsynlegt að eignast. Tekjurnar af Happdrætti Háskóla Íslands eru einu tekjurnar sem Háskólinn hefur haft til uppbyggingar. Það tíðkaðist reyndar hér áður fyrr að ríkissjóður legði Háskólanum til fé í fjárlögum samhliða tekjum happdrættisins, en það hefur ekki verið gert um langt árabil. Þessar tekjur eru sveiflukenndar. Þær sveiflast upp og niður og nú eru þær á niðurleið. Þær hafa gefið vel sl. tvö ár vegna skafmiðanna, en nú eru þessar tekjur á niðurleið.

Í fjárlögum 1989 varð vart tilhneigingar hjá hæstv. fjmrh. til að næla í hluta af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands og setja þær í verkefni sem ríkissjóður hefur áður fjármagnað. Þá varð sú breyting gerð að stofnkostnaður, viðhald og tækjakaup Raunvísindastofnunar Háskólans, Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum og Stofnunar Árna Magnússonar var fjármagnað af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands. Hér var farið inn á nýja braut, ég vil segja vafasama braut, og a.m.k. farið á ystu nöf í lagatúlkun eins og háskólaráð hefur bent á varðandi þessar stofnanir sérstaklega.

En þetta reyndist aðeins fyrirboði stærri og alvarlegri tíðinda. Í þessu frv. til fjárlaga er áfram haldið á sömu braut varðandi ofangreindar þrjár stofnanir. En höfuðið er bitið af skömminni og nú á að taka 60 millj. kr. af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands og setja í Þjóðarbókhlöðu með þeim rökum í grg. að

Þjóðarbókhlaðan sé að hluta til háskólastofnun sem taka muni við starfsemi Háskólabókasafns og stórbæta aðstöðu þess.

Háskólaráð hefur ályktað sérstaklega um þetta mál og sent frá sér langa ályktun. Ég vil ekki tefja tímann í umræðunni með því að lesa hana alla upp. En um þetta atriði segir í ályktun Háskólans að í lögum frá 1969 um Landsbókasafn Íslands sé gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands varðveiti Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar er ný Þjóðarbókhlaða skapi skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörslu. Síðan segir orðrétt í þessari ályktun háskólaráðs:

„Er af þessu ljóst að Þjóðarbókhlöðubyggingin er ekki reist á vegum Háskólans í þeim skilningi sem gert er ráð fyrir í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. Háskólaráð telur því að um ótvírætt lögbrot sé að ræða eins og málið er sett fram í fjárlagafrv."

Þessi ráðstöfun er auðvitað enn óbilgjarnari fyrir þær sakir að þjóðin er sérstaklega skattlögð til þess að byggja Þjóðarbókhlöðu. Eignarskattsauki hefur verið innheimtur 1987, 1988 og nú árið 1989. Það er nú reyndar svo að hluta hans hefur ávallt verið stungið í ríkissjóð og það var mikið ágreiningsefni milli mín og þáv. hæstv. fjmrh. þegar ég átti sæti í ríkisstjórn, eins og glögglega kom þá fram á Alþingi og ég skal ekki rifja upp hér. Síðan voru samþykkt ný lög á síðasta þingi til að framlengja þennan skatt og þar kemur glöggt fram að Þjóðarbókhlaðan eigi að hafa forgang. Nú er gert ráð fyrir að þessi skattur, sem að Þjóðarbókhlöðu slepptri á samkvæmt nýju lögunum að fara til endurbóta á menningarstofnunum, muni samkvæmt þessu fjárlagafrv. gefa 270 millj. kr. í tekjur. Þar af fær Þjóðleikhúsið 125 millj. kr., Þjóðarbókhlaðan 60, á móti 60 millj. sem Happdrætti Háskólans á að láta, Þjóðskjalasafn 10, Þjóðminjasafn 13 og óráðstafað 7 og síðan til almennrar eyðslu í ríkissjóð 55 millj. kr. Það er auðvitað alveg augljóst að það er verið að fara krókaleið til að hrifsa tekjur Happdrættis Háskóla Íslands í ríkissjóð og ef einu sinni er byrjað á því líst mér nú ekki á það og hætt er við að áður en langt um líður verði ríkissjóður farinn að hirða allar tekjur Happdrættis Háskóla Íslands.

Happdrætti Háskólans hefur notið mikillar velvildar almennings. Fólk vill styðja Háskólann. Því þykir vænt um hann og kaupir því happdrættismiða, meira að segja í hinu gamla happdrætti, burtséð frá skafmiðunum. Þó að það sé að sumu leyti úrelt happdrætti kaupir fólk það og það hefur vakið undrun hversu vel það happdrætti hefur staðið sig. Það er auðvitað hætt við því eins og Háskólinn hefur sjálfur reyndar bent á að happdrættið missi tiltrú og vinsældir hjá almenningi þegar farið er að taka tekjur í ríkissjóð. Hver ætli mundi vilja kaupa t.d. miða í Happdrætti Ólafs Ragnars Grímssonar? Ég hygg að það séu ekki margir sem það munu vilja gera þegar upp er staðið þegar farið er að hrifsa happdrættisféð á þennan hátt. (**Fjmrh.:** Bærilega hefur sala spariskírteinanna gengið.)

Hæstv. ráðherra hefur tjáð sig um þetta opinberlega, ræddi við Þjóðviljann á dögunum. Þetta er fróðlegt viðtal og ber reyndar vott um þann hroka sem einkennir málflutning ráðherrans. Hann segir í þessu viðtali, em það er á forsíðu Þjóðviljans þann 24. okt., með leyfi forseta.:

„Ég þarf ekki að láta neina innan Háskólans segja mér hver eru brýnustu verkefnin í húsnæðismálum Háskólans. Þau þekki ég vel af eigin raun eftir 20 ára starf við Háskóla Íslands." Og síðar segir: „Í samtali við Þjóðviljann sagði Ólafur Ragnar að vinir hans í Háskólanum segðust vilja ákveða í hvað peningarnir færu. Það hefði verið ánægjulegt ef háskólaráð hefði haft frumkvæði og víðsýni til að skilja og ákveða að hagsmunum Háskólans væri best þjónað með því að Þjóðarbókhlaðan kæmi sem fyrst til starfa."

Hér talar sólkonungurinn sjálfur. „Vi alene vider," var haft eftir dönskum einvaldskonungi og þetta er að sjálfsögðu nákvæmlega sami hugsunarhátturinn sem þarna er á ferðinni. Hæstv. fjmrh. nýtur þess að láta kenna á valdi sínu við möguleg og ómöguleg tækifæri. En það virðist vera að hann hafi sérstaka unun af því að kúga sína fyrrum samstarfsmenn í Háskóla Íslands, taka af þeim ákvörðunarvald sem þeir lögum samkvæmt eiga að hafa samkvæmt eðli máls og taka ákvörðun af þessu tagi. Þetta er hin mesta ósvinna. Þetta er lögbrot. Þetta er siðleysi og þetta er auðvitað eitt af þeim málum sem Alþingi verður að taka rækilega til athugunar og hér verður að taka í taumana.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að fara í almenna umræðu um fjárlögin. Mér þótti nauðsynlegt, strax við 1. umr., að gera þessi alvarlegu mál sem snerta Háskólann að umtalsefni. Ég vil að lokum segja við hæstv. fjmrh.: Honum varð tíðrætt um eitthvað sem hann kallar ga-ga-stefnu. (**Fjmrh.:** Sjálfstæðisflokksins.) Ég hef verið að velta því fyrir mér hverju hefur lostið saman í huga hæstv. fjmrh. þegar hann var að hugsa upp þessa nafngift. Sú spurning vaknar hvort þetta eigi rætur að rekja í alkunnri kímnigáfu hæstv. fjmrh. Það kann vel að vera. Ég hef þó verið að leika mér að annarri kenningu. Ga-ga er skylt sögninni að gagga, en það er sagnorð sem manni dettur ósjálfrátt í hug þegar hinn marklausi orðaflaumur stendur út úr hæstv. ráðherra.

Svo má líka rifja það upp að hallarekstur ríkissjóðs, sem hann vill gjarnan kenna þessa stefnu við, hófst í tíð hv. þm. Ragnars Arnalds þegar hann var fjmrh. og allir þeir sem þekkja Ragnar Arnalds vel, vinir og skólabræður, vissu að hann var kallaður Gaggi þegar hann var í skóla. Og það er ekkert ólíklegt að ráðherrann vilji kenna þessa stefnu við hann, a.m.k. kemur manni það ekkert á óvart þegar maður hefur í huga þá ádrepu sem hv. þm. Ragnar Arnalds gaf hæstv. fjmrh. í útvarpsumræðunni hér á mánudaginn var, því að lýsing hans á hinu fagra ástandi sem hæstv. fjmrh. dró upp var allt önnur en fjmrh. vildi vera láta eins og hv. þm. Pálmi Jónsson gat um hér áðan.

Hæstv. fjmrh. leggur ofurkapp á að afsanna þau orð hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, að nú

ætti að hverfa frá vestrænum hagstjórnaraðferðum, og ég vek sérstaklega athygli á því vegna endurtekinna ummæla hæstv. fjmrh. að þetta eru orð forsrh. Þetta eru ekki orð Sjálfstfl. Við höfum að vísu vitnað til forsrh. í okkar umræðum, en hann er upphafsmaður þessara orða og höfundur þeirra. En hæstv. fjmrh. leggur ofurkapp á að reyna að ómerkja þessi orð forsrh. Auðvitað tekst hæstv. fjmrh. það ekki. Þetta fjárlagafrv. og reyndar öll efnahagsstefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar einkennist af miðstýringu og geðþóttaákvörðunum. Það vantar alla heildstæða stefnu eins og margoft hefur komið fram í umræðum og orðagjálfur hæstv. fjmrh. breytir auðvitað engu þar um.

Virðulegi forseti. Ég læt nú lokið máli mínu. Það er alveg augljóst af þessu fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, að hv. fjvn. á mikið verk óunnið í því sambandi. Í þessu fjárlagafrv. eru ótrúleg göt sem þarf auðvitað að stoppa upp í og margt mjög óljóst og óskýrt og þess vegna veitir fjvn. ekki af að láta hendur standa fram úr ermum nú næstu vikur ef takast á að afgreiða þetta fjárlagafrv. fyrir jól.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Nú er til umræðu frv. til fjárlaga fyrir komandi ár, 1990. Það er jafnan eitt viðamesta mál þingsins og á miklu veltur að fjárlagagerð sé vel undirbúin af ríkisstjórn og ráðamönnum hennar. Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1990 var lögð fram af forsrh. á öðrum degi þingsins. Það er ljóst að erfið skilyrði þjóðarbúsins setja mark sitt á hvort tveggja í senn, fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun. Miklar sveiflur einkenna íslenskan þjóðarbúskap og hefur svo verið frá öndverðu. Þeir sem gerst reyna að rýna inn í framtíðina af lærdómi og reynslu telja að þunglega horfi um margt á næsta ári. Í þeim horfum felst að næsta ár verði þriðja samdráttarárið í röð í íslenskum þjóðarbúskap svo sem oftlega er komist að orði. Sé því hér um að ræða lengsta skeið undanhalla í þessum efnum allt frá árinu 1950.

Á þessu ári er landsframleiðsla talin verða um 3% minni en á síðasta ári og þjóðartekjur lægri sem nemur 4,5%, en þjóðarútgjöld eru talin dragast saman um 5,5%. Samkvæmt þessari spá verður viðskiptahallinn 8,6 milljarðar kr. á þessu ári en nam 3,7% á landsframleiðslu í fyrra. Verðbólga frá upphafi til loka þessa árs stefnir í 25% eins og á síðasta ári.

Í inngangi að athugasemdum við fjárlagafrv. segir m.a. að við þessar aðstæður sé enginn annar kostur en að laga þjóðarútgjöld að minni þjóðartekjum. Markmið fjárlaga verði að skoða í ljósi þess ástands sem ríki í þjóðarbúskapnum.

Er meta skal kosti og galla þessa frv. er sjálfsagt á margt að líta því að slík frv. eru undin saman úr mörgum þáttum. Fyrst má nefna það að gert er ráð fyrir að hallinn á fjárlögum næsta árs, þ.e. mismunur tekna og gjalda, verði hátt í 3 milljarða kr. Það er ekki áhyggjuefni út af fyrir sig þó að þetta frv. sé lagt fram með tekjuhalla ef aðeins væri um þetta eina ár að ræða eða svo. En nú er bent á að samfelldur hallarekstur hafi verið á ríkissjóði frá árinu 1985. Verði því með engu móti unnt að koma honum fyrir kattarnef að þessu sinni. Á hinn bóginn hafi ríkisstjórnin sett sér það markmið að eyða halla ríkissjóðs á næstu 2–3 árum.

Við þessu væri lítið að segja ef ætla mætti að þetta markmið næðist og hallinn væri rétt metinn. En sé hann vanáætlaður eða málum blandið með öðru móti kann vandinn að vaxa til muna. Hafa má hliðsjón af því sem gerst hefur á undanförnum árum. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 var lagt fram með rúmum milljarði kr. í tekjuafgang. Fjárlög fyrir árið 1989 voru afgreidd með tekjuafgangi er nam tæpum 636 millj. kr. En nú þegar dregur að lokum fjárlagaársins 1989 stefnir hallinn í um það bil 5 milljarða kr.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1988 var lagt fram með 27 millj. kr. tekjuafgangi. Fjárlög þess árs voru afgreidd með 26 millj. kr. tekjuafgangi, að mig minnir. Lokaniðurstaða þess árs varð tekjuhalli er nam 7,5 milljörðum kr. Sé tekið mið af þessum tölum, þ.e. niðurstöðutölum áranna tveggja, 1988 og 1989, gæti lokahalli ársins 1990 hæglega mælst í milljörðum kr. í tveggja stafa tölu. Með hliðsjón af þessu er varla ofmælt að útlitið sé allískyggilegt, veður öll válynd og brugðið geti til beggja vona með úrslit mála og árangur á næsta ári.

Í inngangi að þjóðhagsáætlun fyrir komandi ár segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Þungamiðja þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin mun fylgja á næsta ári er að stuðla að bættri stöðu atvinnulífsins, bæði með aðgerðum á vegum stjórnvalda og á vegum atvinnuveganna sjálfra og treysta þar með atvinnuöryggi og lífskjör í landinu. Þetta verður fyrst og fremst gert með því að lagfæra rekstrarskilyrði með almennum aðgerðum jafnframt því sem ríkisstjórnin mun stuðla að skipulagsbreytingum og hagræðingu. Forsendur árangurs í þessum efnum eru að það takist að draga enn verulega úr verðbólgu og viðhalda því samræmi sem komist hefur á milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna á þessu ári."

Um þessi markmið er ekki nema allt gott að segja, en þeim þarf að framfylgja með því að sýna viljann í verki því að gera verður ráð fyrir að sá vilji sé fyrir hendi í ríkum mæli.

Að dómi forsrh., sem fram kom í stefnuræðu hans hér á Alþingi, nálgumst við Íslendingar nú botninn á þessu samdráttarskeiði. Þá mun vörn verða snúið í sókn. Þá mun vöxtur þjóðarbúsins hefjast á ný og þar fram eftir götunum.

Það er dálítið erfitt að segja hvaða atriði séu helst einkennandi fyrir þetta frv. til fjárlaga. Það er margslungið og samanfléttað, heldur illt yfirferðar og gróðurvana með köflum, en öðrum þræði eru þessar leiðir kunnar með sömu krókum og kennileitum ár frá ári og óneitanlega kennir þar margra grasa ef vel er að gáð. Sé frv. flett og fjárveitingatölur skoðaðar og bornar saman við árið sem er að líða vekur athygli að fjárveitingar eru auknar allmjög til ráðuneyta en víða smátt skammtað til almennings og almanna-

þarfa. Útgjöld til fjmrn. hækka þannig um 35% milli ára. Þau nema 192 millj. kr. á fjárlögum 1989 en 259 í frv. til fjárlaga 1990. Með sömu viðmiðun hækka framlög til ríkisstjórnar um 43%. Til sendiráða og fastanefnda á vegum utanríkisráðuneytis hækka fjárframlög um 40% milli ára og um 69% til þróunarmála og alþjóðastofnana þó að þessi hækkun sé ekki talin eftir. *Það er annað mál.*

Á hinn bóginn hækkar heildarframlag til Landhelgisgæslu Íslands aðeins um 22%, svo að dæmi sé tekið, og til löggæslu um 24%. Sama heildarhækkun, þ.e. 24%, kemur í hlut allra embætta sýslumanna og bæjarfógeta landsins að meðaltali.

Nú er það alkunna að þessi embætti eru útverðir ráðuneytanna allt um kring í byggðum landsins. Þar eru innheimtar tekjur á vegum hins opinbera í stórum stíl og sendar í ríkiskassann. Þar er varðstaða allan sólarhringinn hjá löggæslumönnum til sjós og lands sem verða að bregða við til hjálpar og aðstoðar hvenær sem kallið kemur og hvernig sem á stendur. Þeir geta ekki sagt sem svo: Ja, nú eru allar fjárveitingar því miður búnar sem okkur var ætlað að vinna fyrir á þessu ári, allir peningar búnir, svo að við getum ekki sinnt þessu kalli.

Ég er ansi hræddur um að slík svör þættu þunnar trakteringar af vörum löggæslumanna sem alltaf eiga að vera viðbúnir og viðbragðsfljótir á hverju sem gengur. Nú er svo komið að fé það sem ætlað var til löggæslu á þessu ári er víða þrotið eða að þrotum komið við embættin, enda ekki að furða þegar áætlanir sýslumanna um löggæslukostnað eru skornar niður um 40% eða meira af ráðamönnum hagsýslu- og ríkisfjármála eins og mér var tjáð í gær af einum sýslumanni sem veit fullvel hvað hann þarf mikið fé til að sinna þessum málum og gerir umbeðnar áætlanir eftir bestu samvisku. Við þessi umræddu embætti bæjarfógeta og sýslumanna eru eins og allir vita unnin fjölmörg störf í þágu almennings sem hinn almenni þegn þjóðfélagsins getur ekki án verið hvar sem hann býr á landinu og ríkisstjórn, hver svo sem hún er, fær ekki með nokkru móti verið án þó að ekki sé nema vegna þess að landsstjórnin lifir ekki stundinni lengur nema mikið fé streymi stöðugt inn í ríkiskassann. Það ætti því að vera mikið keppikefli hæstv. ríkisstjórnar að hlynna vel að þeim embættum og stofnunum sem ég hef nú minnst á, ekki síður en eigin ráðuneytum.

Það er að sjálfsögðu ekki vinnandi vegur að minnast á nema örfá atriði sem snerta fjárlagafrv. og undirbúning þess hér við 1. umr., enda eiga margir aðilar eftir að koma þar við sögu og fjalla um það, ekki síst fjvn. og alþingismenn. Þar koma sjálfsagt mörg álitaefnin til umræðu og meðferðar. Nokkra þætti er þó rétt að minnast á til viðbótar með örfáum orðum því að af mörgu er að taka.

Það er ekkert nýtt að eindregnar óskir séu settar fram um verulegar fjárveitingar til brýnna hagsmunamála og hugðarefna landsmanna. Engum ætti heldur að koma á óvart þó að ekki takist að uppfylla allar óskir og vonir sem vakna í þessum efnum. Þjóðin verður að fara sparlega með fé sitt og krefjast þess af ráðamönnum sínum að þeir noti hvert tækifæri sem gefst til þess að grynnka á erlendum skuldum. En séu valdhafar að predika um sparnað og berja sér í bak og fyrir þurfa þeir helst að sýna það sjálfir á einhvern hátt í verki og haga líferni sínu samkvæmt því. Og þeir sem reyna að spara og standa sig vel og fara eftir ráðleggingum hins opinbera þurfa að sjá það og finna að það sé einhvers metið.

Það er mikið áhyggjuefni hvað framlög til opinberra framkvæmda hafa lækkað á liðnum árum og lækka enn og hvað ríkið stendur víða í óbættum sökum og hefur ekki staðið skil á sínum fjárhlut í skólabyggingum og öðrum mannvirkjum víðs vegar um land. Nefna má og í þessu sambandi sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu sem oft gengur hægar en skyldi þar sem um er að ræða eitt helsta öryggisathvarf í byggðum landsins. Með sama hætti mætti gera fjárveitingar til samgöngumála, vega, hafna og flugvalla, að sérstöku umræðuefni þó að svo verði ekki gert við þessa umræðu.

Nú hefur verið lagt fram frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990. Ber að fagna því að svo miklu leyti sem það fyllir út í myndina af heildarfjárlagadæminu, en þar kveður við sama tón eða svipaðan og verið hefur, sbr. II. kafla þessa frv. Þar segir m.a., og það könnumst við raunar við: Þrátt fyrir ákvæði laga um Bjargráðasjóð skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1990. Þrátt fyrir ákvæði hafnalaga skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 millj. kr. á árinu 1990. Þrátt fyrir ákvæði laga skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður. Þrátt fyrir ákvæði laga fellur niður framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs og þrátt fyrir ákvæði laga um skipulag ferðamála skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 36 millj. kr. á árinu 1990.

Það er ástæða til þess að vekja sérstaka athygli á þeirri afgreiðslu sem ferðamálin fá í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár þegar haft er í huga að í þeim málaflokki má þó greina helsta vaxtarbrodd nýrra búgreina í landinu.

Þá er eftir að vita hvernig sveitarfélög landsins koma út úr verkaskiptum við ríkið samkvæmt lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi. Sennilega ríða þau ekki öll akfeitum hesti frá þeim skiptum og mun full þörf á því að bæta úr sums staðar og endurskoða það sem gert hefur verið.

Svo má og minna á Jöfnunarsjóð þeirra sem oft hefur verið grátt leikinn og skertur meira en góðu hófi gegnir á liðnum árum. Mun þarft og skylt að halda merki þessa sjóðs á loft nú þó að hann starfi við breytt skilyrði að lögum frá því sem verið hefur. En ekki sakar að lokum að vona að vel takist til í lengstu lög áður en allt er um seinan þó að skuggalega horfi um þessar mundir.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Klukkan er orðin hálfátta og mér þykir tími til kominn að taka matarhlé. Það veit enginn hversu lengi þessar umræður dragast.

Ég var þeirrar skoðunar að eðlilegt hefði verið að hefja fjárlagaumræðu kl. 10 í morgun þegar sá háttur var tekinn upp að flýta fundum í Sþ. á fimmtudögum þannig að þeir hæfust kl. 10. Þá var gert ráð fyrir að þingfundum gæti lokið fyrr. Ég man ekki eftir því meðan sá háttur var hafður á að fjárlagaumræða hæfist kl. 2 um leið og fundur hæfist hér áður fyrr að fyrirspurnir og annað því líkt væri tekið á undan fjárlagaumræðunni. Þar misstum við fjóra tíma og sennilegt að unnist hefði tími til þess að ljúka umræðunni fyrir kvöldmat ef byrjað hefði verið á henni í upphafi fundar.

Ég geri ráð fyrir því, hæstv. forseti, að sú regla verði virt í vetur að þingmenn fái matarhlé og vil mælast til þess að fundi verði nú frestað þannig að þingmönnum gefist svigrúm til þess að ganga til snæðings.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að einungis þrír ræðumenn eru á mælendaskrá. Tveir þeirra hafa tilkynnt forseta að þeir muni halda stutta ræðu. Það varð því niðurstaða okkar að reyna að ljúka þessum fundi fyrir matarhlé. Ég vildi nú fara fram á það við hv. 2. þm. Norðurl. e. að hv. 5. þm. Austurl. fái að halda ræðu sína, en að sjálfsögðu mun forseti bera sig saman við samforseta og starfsmenn þingsins um frekara framhald fundarins.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað svo að það er á valdi forseta að haga störfum með þeim hætti að einstakir þingmenn viti aldrei hvernig að fundarhöldum verður staðið. Það hefur verið sú venja og hún hefur verið föst hér í gegnum árin að réttur þingmanna til kvöldmatar hefur verið virtur. Á hinn bóginn hefur komið los á þetta upp á síðkastið sem er óþolandi. Ég vek athygli hæstv. forseta á því að t.d. hæstv. forsrh. er fjarverandi við þessa umræðu sem er auðvitað eðlilegt að hann sitji, að hlusta á það sem fram fer. Ég er ekki að óska eftir því að í hann verði náð. En það ber líka að bera virðingu fyrir tíma þingmanna og hæstv. forseti getur ekki gengið út frá því sem gefnu að einstakir þingmenn hafi ekki bundið sig á þeim venjulega tíma sem vani er að ekki standi yfir fundarhöld.

Ég hygg að fundur hafi staðið nú frá kl. 10 í morgun og ýmsir eru á mælendaskrá. Ég minnist þess ekki við aðstæður eins og þessar að þingmenn hafi ekki getað treyst því að þeir geti ráðstafað sér kvöldmatartíma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. til upplýsingar skal þess getið að hér hófst þingfundur að vanda kl. 10 í morgun og fyrirspurnum var svarað og eins og hv. þingmanni er fullkunnugt um leggja hv. þm. mikla áherslu á að fyrirspurnum sé svarað á réttum tíma. Þeim fundi lauk skömmu fyrir kl. 12. Síðan hófst fundur að vanda kl. 2. Sami háttur var hafður á á síðasta ári og bárust engar kvartanir vegna þess.

Ég hygg að þess séu fjölmörg dæmi að þegar ekki fleiri hafa kveðið sér hljóðs en nú er um að ræða hafi forsetar freistað þess að ljúka fundinum fremur en að boða þingmenn aftur til fundar að loknum kvöldverði. Forseti vill því mjög gjarnan reyna að ljúka þessum fundi nú án kvöldverðarhlés. Verði því hins vegar harkalega mótmælt mun forseti að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni, ef hún er mjög eindregin, að gert verði fundarhlé. (Gripið fram í.) Hv. 2. þm. Norðurl. e. segir að það sé mjög eindreginn vilji sinn að nú verði fundi frestað og forseti vill ekki hafna þeirri beiðni. — [Fundarhlé.]

Kristinn Pétursson:

Frú forseti. Hér liggur fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1990. Ég vil segja það fyrst að mér finnst vera margt í því sem líkist þeirri efnahagsstefnu sem rekin hefur verið af þessari hæstv. ríkisstjórn. Í máli hæstv. fjmrh. hér í dag kom fram að ríkisútgjöld mundu lækka að raungildi frá 1989 um 4%. Ég verð að segja að það er mjög eðlilegt og lítið til að hæla sér af að vera þess meðvitaður að það er samdráttur í þjóðfélaginu. Þetta er annað árið í röð sem þorskafli er minnkaður um 10%. Það er auðvitað eðlilegt að ríkissjóður dragi saman þegar þjóðartekjur minnka, fullkomlega eðlilegt. Betur að svo væri ekki, auðvitað.

Það kom því eins og gusa í fyrra þegar enginn skilningur var á þessu. Þegar ákveðið var að skerða kvótann í fyrra um 10% voru skattar jafnframt hækkaðir á öllum sviðum, í þveröfuga átt, og virðist nú eitthvað hafa rofað til í skilningi hvað þetta snertir.

Í annan stað kom hér fram að greiðslum til verðuppbótar á freðfiski á vegum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins mundi ljúka um áramótin. Ég verð að segja að mér finnst það skrýtið bókhald — og ég sagði það hér í þinginu í fyrra — hjá ríkissjóði að fiskvinnslan geti fært þetta sem tekjur og ríkissjóður sem eign. Ég verð að spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann ætli að gera í því að færa þetta bókhald til síðaðra manna horfs. Það er gjörsamlega útilokað að tveir aðilar geti átt þessa 1,5 milljarða sem þetta er orðið með fjármagnskostnaði. Ríkissjóður getur ekki verið eigandi að þessu og búið að tekjufæra það allt hjá fiskvinnslunni. Hæstv. fjmrh. Svona bókhald gengur ekki upp og þar sem fjmrh. er æðsti yfirmaður skattamála í landinu getur hann ekki látið það spyrjast á sig að bókhald ríkissjóðs sé fært með þessum hætti. Þetta verður að koma annaðhvort inn á fjárlög ársins 1990 eða inn á fjáraukalög ársins í ár. Þetta er 1½ milljarður, hæstv. fjmrh., sem ríkisútgjöldin eru hærri en sagt er til með því að kalla það lán og láta það heita eign hjá Verðjöfnunarsjóði, þetta sé eitthvað sem ríkið á sem sé ekki neitt neitt. Svona bókhald gengur bara ekki og svona meðferð á peningum og

svona umgengni við fjármál er fyrir neðan allar hellur. Þetta var erlend lántaka og prentaðir fyrir það íslenskir seðlar, það versta sem hægt var að gera fyrir atvinnuveginn, sjávarútveginn. Auðvitað koma svo gengisfellingarnar á eftir þegar búið er að prenta það.

Það kom líka fram í dag að það stefndi í að jafnvægi á peningamarkaði hefði ekki verið betra í þetta langan tíma. Mér fannst þessi setning hjá hæstv. fjmrh., jafnvægi á peningamarkaði, vera svona ofurlítill skilningsvottur um það sem hann og fleiri hafa hamast við að andmæla undanfarið, það er svokölluð frjálshyggja því að frjálsræði á fjármagnsmörkuðum er til þess að stjórnmálamaður eins og hæstv. fjmrh. geti séð hvenær eftirspurn eftir fjármagni er allt of mikil og þetta tiltekna jafnvægi sé ekki. Þannig að það rofar fyrir skilningi hjá hæstv. fjmrh. í átt til frjálshyggju þegar farið er að tala um jafnvægi á peningamarkaði. Það er vonandi að það haldi áfram að rofa til í átt til frjálsræðis.

En varðandi hugmyndir um að fjárlagaár verði frá 1. júní til 31. maí ár hvert. Ég hélt nú að ég hefði heyrt vitleysu þegar ég heyrði þetta í sumar í útvarpinu. Það rignir nú fréttatilkynningum frá hæstv. fjmrh. og nógur pappír til og peningar, ekki svoleiðis. En ég hrökk nú í kút. Ég hélt að hæstv. fjmrh. sem prófessor í stjórnmálafræði væri kunnugt um það hvernig stjórnarskrá landsins er. Það verður að breyta stjórnarskránni ef þetta á að vera hægt og það hefur hann ekki minnst á. Það er ekki hægt að breyta þessu bara í einu heljarstökki án þess að breyta þá stjórnarskránni. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hérna aðeins úr 42. gr. stjórnarskrárinnar:

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer," sem er næsta fjárhagsár, sem getur auðvitað ekki verið frá hálfu ári til hálfs árs þannig að hæstv. fjmrh. þarf enn að taka sig til og lesa betur í stjórnarskránni. Það er mjög þýðingarmikið fyrir hann.

Varðandi hugmyndir um að í framtíðinni verði lögð fram fjárlagaáætlun til þriggja ára samhliða fjárlagafrv. þá vil ég geta þess að í IV. kafla Ólafslaga segir — með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hérna úr IV. kafla Ólafslaga sem kennd eru við Ólaf Jóhannesson en ekki núv. fjmrh.:

„14. gr. Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi *fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og* skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi." Síðan kemur: „Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til." Hæstv. fjmrh. er bara að gera skyldu sína. Hann þarf ekkert að vera að grobba af því þó að hann sé að fara að lögum. Er hann þá að segja það að hann hafi ekki gert þetta rétt í fyrra?

Enn frekar úr þessari sömu grein: „Markmið áætlananna er að tryggja, að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum." Þetta er skýrt orðað. Og það er sannarlega tímabært fyrir hæstv. ráðherra að fara að lögum hvað þetta varðar.

Síðan kom fjmrh. í ræðu sinni inn á hugmyndir um fjáraukalög. Ég verð að segja það að í fyrra þegar ég tók sæti á Alþingi í fyrsta sinn var það mitt fyrsta verk að kynna mér hvernig afgreiðsla fjáraukalaga hefði farið fram undanfarin ár og það var nú hálfgerð *hrollvekja* að komast að því hvernig það var. (**HBl:** Hverjir voru þá fjármálaráðherrar?) Það er allt frá tíð fjmrh. Alþb. í upphafi þessa áratugar.

Eftir að ég hafði gert fsp. inni í Ríkisendurskoðun og á fleiri stöðum um hvernig stæði á því að þetta hefði ekki verið gert, þá náttúrlega fór þetta af stað og fjmrh. gerði skyldu sína að hluta til að koma með þetta aftur á bak frá 1979, undanskilið 1980, og 1981, 1982, 1983, 1984, 1985, 1986, 1987. En hvað gerði hæstv. fjmrh.? Hann klikkaði á mikilvægasta atriðinu, fjáraukalagafrv. fyrir árið 1988. Það var það sem máli skipti þá. Við getum ekki spilað til baka í fortíðinni en það var hægt að gera það þá, leggja fram fjáraukalög og ég margítrekaði það á síðasta þingi af hverju þau hefðu ekki verið lögð fram. Þau eru ekki farin að sjá dagsins ljós enn þann dag í dag. En hér er ég með ríkisreikning fyrir árið 1988. Skv. tali hæstv. fjmrh. sjálfs um mikilvægi fjáraukalaga, af hverju hafa fjáraukalög ekki verið lögð fram fyrir árið 1988? Hvað er það sem dvelur það? Hér er kominn ríkisreikningur inn í hv. Alþingi fyrir 1988 en á gömlu verðlagi. Hefur Alþingi sem löggjafarsamkoma þjóðarinnar, löggjafarvald þjóðarinnar ekki enn þá veitt heimild fyrir 8 milljörðum og það er fyrir neðan allar hellur að haga sér svona. Ég skil ekki hvað dvelur. Það er til nóg blek og prent þegar þarf að gefa út fréttatilkynningar. Er ekki til blek og pappír í að gefa út fjáraukalög?

Við skulum aðeins minna á bráðabirgðalögin frá því í fyrrahaust. Bráðabirgðalög þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem hæstv. fjmrh. kallaði ga-ga-stjórn sjálfstæðismanna allt aftur í tímann eins og enginn hafi stjórnað landinu nema þeir. Því miður höfðu þeir ekki hreinan meiri hluta, því miður, þeir réðu þessu ekki öllu saman. En eiga bráðabirgðalögin frá því í fyrra ekki eftir að koma inn á fjáraukalög, eitthvað af þeim? Þetta var afgreitt allt saman fyrir utan lánsfjárlög, fjáraukalög. Þetta var afgreitt með bráðabirgðalögum hálfum mánuði áður en Alþingi kom saman, ráðstafanir upp á marga milljarða. Ekki svo að skilja að það hafi ekki þurft að hjálpa til hjá illa stöddum fyrirtækjum en með því að gera það með þessum hætti er *náttúrlega alveg á grófasta hátt verið að sniðganga* stjórnarskrána.

Fjáraukalög eru ekki bara mikilvæg sem stjórnarskrármál. Þetta er eitt af mikilvægustu atriðum við stjórn efnahagsmála að framkvæmdarvaldið leiti sér heimilda fyrir fram um greiðslur úr ríkissjóði og hvernig tekna verði aflað fyrir þeim. Og nú dregst *og dregst og fjmrh. auglýsir sjálfan sig sem einhvern* allsherjar reddara, að hann sé að bjarga hér fjáraukalögum. Af hverju koma þau ekki? Eiga þau að koma á síðustu dögum ársins? Þá eru þau alveg gagnslaus. Það er ekkert heimilt fyrir fram þegar búið er að eyða peningunum, hæstv. fjmrh.

Bráðabirgðalögin sem voru utan við fjárlög og

lánsfjárlög leiddu af sér gífurlega seðlaprentun og útþynningu á gjaldmiðli landsins sem var það alversta sem þeir gátu gert fyrir illa stödd sjávarútvegsfyrirtæki sem skulda mikið í erlendum gjaldeyri. Það versta sem hægt er að gera er að taka lán og prenta seðla þannig að sá litli höfuðstóll sem eftir er detti við gengisfellingu, því að gengisfelling er óhjákvæmileg afleiðing af seðlaprentun. En þar sem hæstv. fjmrh. hundsaði að leggja fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988, þá ákvað ég í vor að skrifa honum bréf strax eftir þingslit, eftir að það gekk ekkert að koma þessu í gegnum þingið í fyrra. Ég fór í því bréfi fram á það við ráðherrann að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 yrði lagt fram í upphafi þings. Ég ætla að lesa þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta. Það var skrifað 23. maí 1989:

„Undirritaður 5. þm. Austurlands fer þess á leit við fjármálaráðherra í ríkisstjórn Íslands að frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1989 verði lagt fram strax og þingið kemur saman n.k. haust, þar sem ljóst er að útgjöld ríkisins verða meiri en fjárlög ársins gera ráð fyrir, svo og vegna þess að slíkt er skylt, sbr. 41. og 42. gr. stjórnarskrá lýðveldisins.

Enn fremur gerir undirritaður hér með athugasemd með formlegum hætti vegna þess að frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1988 var ekki lagt fram á því þingi sem var að ljúka. Það skal áréttað að gengið mun verða eftir því að ofangreind grundvallaratriði í stjórnarskrá lýðveldisins um að framkvæmdarvaldið leiti sér heimilda fyrir fram hjá löggjafarvaldinu um greiðslur úr ríkissjóði verði virt frá og með upphafi næsta þings. Fjármálaráðherra er beðinn að svara erindi þessu skriflega innan 30 daga frá dagsetningu bréfs þessa."

Þessu bréfi sá hæstv. fjmrh. ekki neina ástæðu til þess að svara og hundsaði þetta erindi. Hann hefur hins vegar komið í fjölmiðla og talað digurbarkalega um það að hann hafi brotið blað í sögunni með því að ætla að leggja fram fjáraukalagafrv.

Ég verð að segja það að mér finnst það nú bara embættismannahroki af grófu tagi og virðingarleysi fyrir Alþingi sem löggjafarvaldi að svara ekki bréfi sem þingmaður skrifar ráðherra um jafnmikilvægt mál og fjármálaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins. Það er ekkert annað en hroki, en auðvitað nota menn sinn hroka og ruddaskap eftir smekk. Ég legg mikla áherslu á þetta, að framkvæmdarvaldið leiti sér heimilda fyrir fram um greiðslur úr ríkissjóði. (**Fjmrh.:** Af hverju gerði Sjálfstfl. þetta aldrei?) Það var m.a. þess vegna sem ég skrifaði forseta þingsins bréf í fyrra og óskaði eftir að það yrði gerð úttekt á allri starfsemi Alþingis. Það lagðist nú ekki vel í alla. Ég held að virðing þjóðarinnar fyrir starfsemi Alþingis sé því miður ekki mikil um þessar mundir, en það er mjög alvarlegt mál. Og ég held að til þess að ráða bót á því máli verði nú að byrja á því að ræða þetta allt saman á heiðarlegan og hreinskiptinn hátt. Það er ekkert feimnismál að það þarf að endurskoða samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds hér á Íslandi. (**Fjmrh.:** En af hverju er það feimnismál að Sjálfstfl. lagði aldrei fram fjáraukalög?) Af hverju er það feimnismál, segir hæstv. fjmrh. Alþingi sem löggjafarsamkoma hefur ekki gert athugasemdir við þetta fyrr en ég fór að vinna í því í fyrrahaust (**Fjmrh.:** Er það svoleiðis?) og það hefur gengið þokkalega og ég er tiltölulega ánægður með það að geta leiðbeint prófessor í stjórnmálafræði í sambandi við stjórnarskrána, ég er tiltölulega ánægður með það. Ég held, eins og ég sagði áðan, að það þurfi að endurskoða samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds frá grunni og þetta er ekkert feimnismál. Það er ekkert meira feimnismál að ráðgjafarfyrirtæki taki fyrir starfsemi Alþingis fremur en að Flugleiðir fái ráðgjafarfyrirtæki utan úr heiminum til að taka upp sína starfsemi, það er ekkert feimnismál. Ég held að aukið sjálfstæði löggjafarvaldsins sé forsenda þess að löggjafarvaldið geti í reynd talist sjálfstætt og valdið í landinu þrískipt. Valdið í landinu á að vera þrískipt, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Ég held að aukin fagvinna þurfi að fara fram á vegum nefnda Alþingis, en ég er ekkert að tala um það að það eigi að fara að auka ríkisútgjöld. Það má fækka í ráðuneytum á móti.

Í framhaldi af því sem ég sagði hér um fjáraukalög má ég til með að minna hæstv. fjmrh. á lög um ráðherraábyrgð. Það eru til lög um söluskatt. Fjmrh. gerði rassíu í því í sumar að innheimta söluskatt og það er að sjálfsögðu ágætismál en ég tel að hann hefði ekki þurft að fara svona ruddalega að því samt eins og hann gerði. En ég ætla að lesa hérna úr 2. gr. laga um ráðherraábyrgð, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra má krefja til ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins." Og í 8. gr. sömu laga stendur enn fremur:

„Í samræmi við ákvæðin hér á undan varðar það ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er skv. stjórnarskránni." Og c-liður: „Ef hann ... lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, sem fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins."

Ég tel rétt að minna á það að þessi lög eru til og það ber að fara eftir stjórnarskrá lýðveldisins, ekki bara að fara eftir bókstafnum, heldur fyrir það að þetta er það sem er að fara með öll fyrirtæki í gröfina og skerða lífskjör hér á Íslandi, hvernig ríkisvaldið hefur hagað sér í meðferð fjármuna undanfarin ár. Og það er auðvitað alveg fráleitt að koma með einhverja skýringu um það að það sé einhver hefð fyrir þessu eins og sumir hafa nú látið sér um munn fara. Það er ekkert hægt að öðlast hefð til þess að brjóta stjórnarskrána. Ætla menn að fara að halda því fram að það sé hægt að öðlast hefð til þess að skerða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og megi fara að fangelsa fólk án þess að það sé tekið fyrir dómstóla? Það er fráleitt.

Það eru alltaf þessa dagana að koma fram upplýs-

ingar og hæstv. fjmrh. hælir sér af því að viðskiptajöfnuðurinn sé hagstæður, þ.e. lítill innflutningur. Ég túlka þetta ekki sem jákvætt heldur sem vísbendingu um það að lömunarveiki sósíalismans sé að halda innreið sína hér á landi, því ofsköttun og ofstjórn leiðir af sér minnkandi veltu í þjóðfélaginu og hnignun, skert lífskjör. Það er reynslan alls staðar fyrir austan tjald. Það hægir á allri starfsemi í þjóðfélaginu. Og það er nú alla vega vitað fyrir austan járntjald að skert lífskjör eru uppskera sósíalismans en það er eins og sumum hér á landi gangi ákaflega illa að skilja það.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er mjög erfitt að átta sig á því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að þau tekjuöflunarfrv. sem boðað hefur verið að lögð verði fram hafa ekki séð dagsins ljós og þær fáu vísbendingar sem gefnar eru í grg. fjárlagafrv. gefa satt að segja litlar upplýsingar um það hvers megi vænta. Það er þó augljóst þegar litið er á tekjuhlið þessa fjárlagafrv. að á næsta ári má búast við að tekjur verði í það minnsta einum til einum og hálfum milljarði minni en þar er gert ráð fyrir vegna þess að hinn almenni samdráttur í landinu á næsta ári verður meiri heldur en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þetta er auðvitað bein afleiðing af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og ég geri ráð fyrir því að þegar frekari upplýsingar liggja fyrir og frv. fær ítarlegri meðferð í fjvn. muni þetta koma glöggar í ljós sem auðvitað þýðir að fjárlagahallinn er að þessu skapi meiri heldur en segir í fjárlagafrv.

Það er annað atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á og það er að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að jöfnunargjald nemi á næsta ári 500 millj. kr. Það er í fjárlögum þessa árs 551 millj. kr. Ekki er hægt að sjá í þeirri tekjuáætlun fyrir yfirstandandi ár sem fylgir fjárlagafrv. hversu tekist hefur um innheimtu jöfnunargjalds. Eðli þessa gjalds er að það er lagt á allan innflutning til að mæta uppsöfnun söluskatts hjá innlendum samkeppnisgreinum, framleiðslugreinum og það leiðir af eðli virðisaukaskatts og þeim fríverslunarsamningum sem við höfum gert við önnur ríki að jöfnunargjaldið fellur niður um leið og virðisaukaskattur er lögfestur.

Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. í þessu sambandi hvort það sé rétt að athugasemdir hafi þegar borist til utanrrh. vegna þeirra áætlana sem uppi eru um innheimtu skattsins á næsta ári þar sem skatturinn brjóti í bága við fríverslunarsamninga. Ég sé að hæstv. fjmrh. hristir höfuðið. Hann hefur þá fengið aðrar upplýsingar en ég og er nauðsynlegt að ganga úr skugga um það þegar hæstv. utanrrh. kemur til landsins en það mun auðvitað bíða þess tíma.

En ástæða er til að spyrja hæstv. ráðherra hvort samdráttur hafi orðið verulegur í innheimtu þessa skatts um leið og ég finn mjög að því hversu illa er gengið frá skýringum um tekjuáætlun í fjárlagafrv. Ég get nefnt eitt lítið dæmi. Í sambandi við tekjuskatt á einstaklingum er einungis nettótalan, einungis það sem eftir verður í ríkissjóði, en eðlilegt hefði verið eins og áður hefur verið gert, ég held fram á þetta ár, að sundurliða tekjuskattinn þannig að þm. geti séð hver er brúttóáætlun tekjuskattsins á næsta ári og hver nettó. Vil ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. gefi þær upplýsingar nú við þessa umræðu hver sé brúttótalan á tekjuskatt einstaklinga, hversu mikið af þeim skatti renni til sveitarfélaga, hversu mikið fari í barnabætur, hversu mikið í húsnæðisbætur og þar fram eftir götum eða hvernig þessi mál eru hugsuð.

Það er skammt síðan hæstv. forsrh. flutti stefnuræðu sína hér á Alþingi en í þeirri ræðu vék hann nokkuð að virðisaukaskatti og ég tók ekki betur eftir en hann hefði þar notað sama orðalag og er í samkomulagi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar um stjórnarsamstarf frá 10. sept. 1989 þar sem segir:

„Virðisaukaskattur taki gildi um næstu áramót eins og lög gera ráð fyrir. Hann verður í tveimur þrepum. Á smásölustigi verður þó aðeins eitt skatthlutfall til að tryggja öruggari skattskil. Í lægra skattþrepi verður mjólk, kjöt, fiskur og innlent grænmeti og önnur mikilvæg matvæli sem tæknilega er unnt að lækka með fyrirhugaðri framkvæmd enda leyfi svigrúm fjárlaga það. Með þessu móti er að því stefnt að lækka verð á nauðsynlegustu innlendum matvælum og verður niðurgreiðslum hagað í samræmi við það."

Í fjárlagafrv. er annar texti. Þar stendur um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Á hinn bóginn hafa stjórnvöld ákveðið að lækka verð á helstu nauðsynjavörum heimilanna í tengslum við kerfisbreytinguna með því að endurgreiða hluta virðisaukaskattsins á framleiðslustigi. Verð á mjólk, dilkakjöti, innlendu grænmeti og fiski mun þannig lækka um tæp 10% í byrjun næsta árs þar sem á þessar vörur verður aðeins lagt ígildi 13% skatts. Þessi aðgerð er talin kosta ríkissjóð um 1 milljarð króna á heilu ári."

Í þessum texta er búið að takmarka þessa niðurgreiðslu virðisaukaskattsins við mjólk, dilkakjöt, innlent grænmeti og fisk. Ég skil það svo að ostur t.d. sé ekki niðurgreiddur og kom það raunar fram í plaggi sem hæstv. fjmrh. sendi til þingflokka í gær að stjórnarflokkarnir verði að taka afstöðu til þess hvernig þeir standi að þessari niðurgreiðslu. Hitt vil ég óska eftir að hæstv. fjmrh. upplýsi hið háa Alþingi um hvort hann muni standa við það að verð á þessum framleiðsluvörum sem ég hef hér talið upp lækki um 10% á næsta ári. Hæstv. fjmrh. hefur gripið fram í hér töluvert á þessum kvöldfundi. Það mundi nægja ef hæstv. fjmrh. segði nú já eða nei. Hyggst hæstv. fjmrh. standa þannig að álagningu virðisaukaskatts að útsöluverð þessarar vöru lækki um 10%?

Í þeirri nefnd sem ég á sæti í fyrir hönd Sjálfstfl. og hefur fjallað um virðisaukaskattinn með hæstv. fjmrh. og fulltrúum þingflokka og ýmsum öðrum embættismönnum spurði ég sérstaklega um þetta atriði og þá var það fullyrt við mig að það stæði til að standa við það að matvaran lækkaði um 10%.

Ég skil þögn hæstv. fjmrh. svo að bókstafurinn blífi. Úr því hann vill ekki svara þá þýðir það væntanlega að hann telji augljóst hvað orðin merkja

og það muni þá þýða það að þessi matvæli muni lækka um 10% á næsta ári. Það eru út af fyrir sig ágætar upplýsingar. Ef þetta er misskilningur minn þá leiðréttir hann það væntanlega hér á eftir.

Ég vil við þessa umræðu í sambandi við virðisaukaskatt leggja áherslu á að ég tel nauðsynlegt að tímarit njóti þeirra skattahlunninda sem þau njóta nú. Það er svo í raun að söluskattur er ekki lagður á söluverð tímarita. Þetta hefur orðið til þess að hér á landi hefur vaxið mikill markaður fyrir tímarit af margvíslegu tagi. Mörg þessara tímarita eru mjög vönduð og hafa staðið sig vel í samkeppni við erlend tímarit og við þau vinna mörg hundruð manns. Ég skal ekki fullyrða hvort það eru þrjú, fjögur eða fimm hundruð ársverk sem liggja að baki öllum þessum tímaritum. Á skrá í Landsbókasafni eru 300 tímarit. Auðvitað koma þau stopult út og sum eru unnin í sjálfboðavinnu. Þar fyrir utan er allur sá fjöldi sem hefur atvinnu af því að prenta þessi tímarit og með margvíslegum öðrum hætti tengist óbeint þessari útgáfu. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. treysti sér til að lýsa því yfir núna að hann sé reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að tímaritaútgáfan haldi sinni stöðu. Það er auðvitað mikið menningarmál fyrir okkur Íslendinga að erlendu tímaritin ryðji ekki þeim innlendu burt vegna þess að við þorum ekki að standa á bak við útgáfuna. Það yrði auðvitað mjög dapurlegt ef lögfesting virðisaukaskatts mundi valda því að ein atvinnugrein hér á landi biði mikinn hnekki. Það væri í fullkominni andstöðu við tilgang og eðli virðisaukaskattsins en tilgangur hans er auðvitað sá að styrkja innlenda starfsemi, innlenda framleiðslu í samkeppninni við erlenda. Eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði glögga grein fyrir hér í dag ber þetta fjárlagafrv. þess merki að ríkisstjórnin er menningarfjandsamleg og það er auðvitað mjög sorglegt ef enn einn steininn sem kastað er í íslenska menningu yrði sá að leggjast gegn íslenskri tímaritaútgáfu. Það yrðu satt að segja ekki fögur eftirmæli um þessa ríkisstjórn.

Ég vil í þriðja lagi leggja áherslu á að ég tel nauðsynlegt að hlunnindi bænda haldi þeirri stöðu sem þau hafa nú innan skattkerfisins. Ég man ekki hvort það er þriðja eða fjórða hver jörð hér á landi t.d. sem hefur veiðihlunnindi og þær tekjur sem bændur fá með þeim hætti ráða oft og einatt úrslitum um það að sveitir eru í byggð.

Á fundi hér í morgun var hæstv. landbrh. til andsvara og það var satt að segja hálf dapurlegt að heyra til hans og finna að hann hefur ekki þann bakstuðning innan ríkisstjórnarinnar sem nauðsynlegur er til þess að hann geti staðið sig sómasamlega. Það væri t.d. fróðlegt þó ekki væri meira að fá það upplýst hvort hæstv. fjmrh. hafi staðið loðdýrabændum skil á uppsöfnuðum söluskatti frá síðasta ári. Er búið að koma þeim peningum til skila? Það væri fróðlegt að fá það upplýst hér við umræðuna. Auðvitað ber ríkissjóði að skila þessum peningum. Síðast þegar ég spurði um þetta þá hafði það ekki verið gert. Nú má vera að það hafi verið gert nú á haustdögum og þá er það gott en þetta hefur eitt með öðru verið dæmi um það í hvaða úlfakreppu hæstv. landbrh. er og sýnir kannski hver afstaða Alþb. er til íslensks landbúnaðar þegar á reynir.

Ég legg áherslu á það að 26% virðisaukaskattur er auðvitað allt of hár en við sjálfstæðismenn getum ekki annað en reynt að standa þar á móti eins og við verðum að reyna að standa á móti ýmsu öðru af því sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og er að gera.

Ég minnist þess, hæstv. forseti, frá vorþinginu að miklar umræður urðu um þá kjarasamninga sem hæstv. fjmrh. gerði við opinbera starfsmenn og hefur nú beðist afsökunar á með því að lýsa því yfir að það eigi að vera aðilar vinnumarkaðarins en ekki ríkissjóður sem móti launastefnuna og hefur hann með þeim ummælum sínum viðurkennt að hann hljóp á sig á sl. vori. Eins og margsinnis hefur komið fram hefur hann hvergi nærri staðið við þær yfirlýsingar og þau fyrirheit sem hann gaf opinberum starfsmönnum í þeim samningum. Upp úr því voru gerðir samningar á hinum almenna vinnumarkaði og í tengslum við þá samninga skrifaði hæstv. forsrh. Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna bréf sem er dagsett 30. apríl 1989 og hefst með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar hefur ríkisstjórnin eftir viðræður við fulltrúa sambandanna ákveðið eftirfarandi:

1. Samkeppnisstaða útflutningsgreina. Greiðslur verðbóta á freðfisk úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verða lækkaðar á næstu mánuðum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Ríkisstjórnin mun grípa til ráðstafana sem bæti frystiiðnaðinum niðurfellingu verðbótanna með einum eða öðrum hætti verði ekki breytingar til batnaðar á ytri skilyrðum greinarinnar á næstunni. Sama gildir um niðurfellingu sérstakrar endurgreiðslu söluskatts. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum."

Við þetta hefur ríkisstjórnin ekki staðið og liggur það nú fyrir að mjög hæpið er að þessi ríkisstjórn geri tilraun til þess á þeim skamma tíma sem eftir er og skal ég ekki tala um það frekar í þessu sambandi en minna hins vegar á sjöunda liðinn sem heitir Skattlagning fyrirtækja. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun. Ríkisstjórnin mun við heildarendurskoðun eignaskattlagningar taka til athugunar álagningu eignarskatta á atvinnufyrirtæki."

Ég rifja upp að við umræður um þessi mál hér í sameinuðu þingi hinn 2. maí 1989 sagði hæstv. forsrh. um skattlagningu fyrirtækja: „Þetta er að sumu leyti hafið. T.d. hefur iðnrh. hafið athugun á samkeppnis-

stöðu íslenskra fyrirtækja og þar koma skattamálin inn í og er fulltrúi fjmrh. þátttakandi í því."

Hæstv. iðnrh. segir um þetta efni þegar ráðstafanir um kjarasamninga voru ræddar í Ed. 6. maí 1989, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vek sérstaka athygli á því að í því bréfi sem forsrh. hefur skrifað samstarfsaðilum, þá segir hann að ríkisstjórnin muni taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum eins og hv. þm. vitnaði til. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem eru að verða innan Evrópubandalagsins. En þetta atriði ásamt öðrum er einmitt verkefni sérstakrar nefndar hvað varðar iðnaðinn sem nú starfar með þátttöku fulltrúa ríkisstjórnarinnar og samtaka atvinnugreinarinnar og fólks sem vinnur við iðnað. Ég vænti þess að þær tillögur muni koma að liði við þessa endurskoðun." Ég vona að hæstv. fjmrh. heyri það sem ég segi.

Mig langar í fyrsta lagi til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta sé rétt, að nefnd af þessu tagi hafi verið skipuð sem starfi í samvinnu við samtök atvinnurekenda til að vinna að þessari endurskoðun. Ég óska eftir því að hann láti þingmönnum í té þær upplýsingar sem sú nefnd sem hæstv. iðnrh. vitnaði til hefur safnað og vildi auðvitað gjarnan biðja hæstv. forseta að vera liðlegan í því sambandi ef þingið gæti með einhverjum hætti greitt fyrir því að þessar upplýsingar bærust til einstakra þingmanna. Ef svo er að þessi upplýsingasöfnun er skammt á veg komin og ef svo er, sem frv. til fjárlaga gefur í skyn með þögninni, að engar hugmyndir séu uppi um það að breyta tekjuskattslögum í þá átt sem hæstv. iðnrh. lagði svo ríka áherslu á í umræðum í Ed. á sl. vori, og gengið var eftir þeirri yfirlýsingu af þingmönnum Sjálfstfl., þá bið ég hæstv. fjmrh. að gefa yfirlýsingu um það hér í kvöld hvernig hann skilji þann kafla í bréfi hæstv. forsrh. sem ég hef nú vitnað til.

Ég hlýt, hæstv. forseti, að finna að því að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera við þessa umræðu. Hann hlýtur að gera sér grein fyrir því að það geta komið upp ákveðin atriði sem nauðsynlegt er fyrir einstaka þingmenn að fá upplýsingar um. (**Fjmrh.:** Ég hef heyrt hvert einasta orð . . .) — Ég sagði hæstv. forsrh. svo að ég held að hæstv. fjmrh. hafi ekki heyrt hvert einasta orð. Ég var að finna að því, hæstv. fjmrh., að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur til þess að hann geti gefið skýringu á því hér hvað hann átti við með þessum kafla í sínu bréfi. Ég man ekki betur en sá skilningur hafi verið uppi á sl. vori að hér væri átt við breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt. (**Fjmrh.:** Þingmaðurinn var nú ekki heldur viðstaddur framsöguræðu . . .) Ég hlustaði á framsöguræðuna — að vísu gat ég ekki alltaf verið við — og fékk af henni útdrátt þar að auki. En það er mjög gott ef hæstv. fjmrh. hefur gefið glögga skýringu á því hvað þarna er átt við. En auðvitað á það heima í grg. með frv. Ég geri þá ráð fyrir að hæstv. fjmrh. muni endurtaka hér fyrir mig — ég veit að hann er mælskur maður og hefur ekki mikið fyrir því — hvað átt er við með þessum orðum og hlýt að finna að því að þeim skuli ekki gerð skil í fjárlagafrv.

Í bréfi hæstv. forsrh. er enn fremur þessi setning, með leyfi hæstv. forseta, það er 6. tölul., stimpilgjöld: „Ríkisstjórnin mun fyrir næstu áramót beita sér fyrir athugun á ákvæðum laga um stimpilgjöld." Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hvað líði þeirri athugun. Eins og fjárlagafrv. lítur út er gert ráð fyrir að tekjur af stimpilgjöldum á næsta ári verði 1.9 milljarðar kr., eilítið hærri en á þessu ári samkvæmt fjárlögum.

Nú er það svo að hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir, ekki aðeins hér á Alþingi, ekki aðeins í sjónvarpi, blöðum og útvarpi, heldur í yfirlýsingu sem hún gaf við kjarasamningana á sl. vori, að hún mundi beita sér fyrir lækkun vaxta og fjármagnskostnaðar.

Nú er það svo um stimpilgjald að það er 1,5% til viðbótar raunvaxtastigi þegar um skuldabréf er að ræða. Það er algengt í viðskiptum að skuldabréf séu til sex mánaða og menn þurfi að endurfjármagna þau með útgáfu nýs skuldabréfs sem þýðir að þessir vextir eru komnir upp í 3%. Fyrir þau fyrirtæki sem þurfa að treysta á víxilviðskipti eru stimpilgjöldin um 3–4% viðbót á raunvaxtastigið. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. hvort þess sé að vænta að ákvæðum um stimpilgjöld verði breytt þannig að þau verði lækkuð og þannig komið til móts við aðila vinnumarkaðarins og þá sem þyngstan bera fjármagnskostnaðinn sem auðvitað var meiningin að gefa í skyn með þeirri setningu sem ég vitnaði til í áðan.

Það er mjög erfitt að átta sig á hvaða hugmyndir hæstv. fjmrh. hefur um tekjuskatt einstaklinga eða öllu fremur erfitt að átta sig á hvort hæstv. fjmrh. kemur hugmyndum sínum fram í sambandi við breytingar á lögum um tekjuskatt einstaklinga. Það er nú í fyrsta lagi að hæstv. fjmrh. hyggst skattleggja sparifé. Efnahagsráðgjafi hans hefur lýst því yfir í blaðaviðtali eða blaðagrein að það muni þýða hækkun raunvaxta. Það er almenn skoðun og reynslan alls staðar að skattlagning vaxtatekna eykur vaxtamismun.

Nú er það ekki svo að hæstv. fjmrh. ætli að skila þessu til baka því að samkvæmt þeim hugmyndum sem hann er hér með er ekki hugmyndin að vaxtatekjur verði frádráttarbærar á móti. Þessu til viðbótar hefur hæstv. fjmrh. ákveðið að beita sér fyrir því að þrep í tekjuskatti verði tvö. Hið hærra þrepið verði kannski 50% af tekjum eða svo. Þegar ofan á það bætist stéttarfélagsgjald, lífeyrissjóðsgjald og annað þvílíkt er farið að taka um 55% af hæstu tekjum í ríkissjóð. Það hefur löngum verið svo hér á landi að eignamismunur hefur verið minni en víðast annars staðar og ástæðan fyrir því hefur verið sú að einstaklingum hefur tekist að koma þaki yfir höfuðið, eignast íbúð eða hús með mikilli vinnu. Hugmyndir hæstv. fjmrh. ganga þvert á þetta. Hugmyndir hans eru þær að skattleggja sem mest, með margvíslegum hætti, það fólk sem er að brjótast í því að eignast þak yfir höfuðið eða fólk sem hefur lent í erfiðleikum og er að reyna að brjótast út úr þeim með vinnu sinni. Það á með öðrum orðum að breyta þjóðfélaginu

þannig að fólk geti ekki orðið eignamenn af vinnutekjum.

Þetta er auðvitað mjög dapurleg mynd sem þannig er dregin í fjárlagafrv. af þeirri ríkisstjórn og af þeim fjmrh. sem nú situr. Það væri mjög gagnlegt að fá nánari upplýsingar um þetta atriði. En auðvitað er þetta með öðru ástæðan fyrir þeim mikla fólksflótta sem hér er úr landinu, ástæðan fyrir því mikla vonleysi sem hefur gripið um sig hjá þjóðinni og við sjáum með því að atvinnuleysistölur fara hækkandi og fólki sem er í erfiðleikum fjölgar stöðugt, sem sér ekki fram úr sínum vanda, missir íbúðir sínar og húsnæði og þar með fótfestuna í lífinu.

Á bls. 254 í fjárlagafrv. standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta: „210 Háskólinn á Akureyri. Framlag til Háskólans á Akureyri er 78 millj. 48 þús. kr. og er það 60% hærri fjárveiting en í fjárlögum 1989. Mikil hækkun skýrist af áformum um mjög aukna starfsemi á árinu 1989 vegna fjölgunar námsára í heilbrigðis- og rekstrardeildum ásamt stofnun sjávarútvegsbrautar við skólann. Stöðuheimildum fjölgar um 7 frá gildandi fjárlögum og verða alls 20,5. Launagjöld eru alls 41 millj. 938 þús. kr. en önnur rekstrargjöld 21 millj. 400 þús. kr. Framlag til tækja og búnaðar er 5 millj. kr. og 10 millj. er varið til stofnkostnaðar við húsnæði og innréttingar." — Það er auðvitað mjög bagalegt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera við þessa umræðu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef duga þessir fjármunir ekki til að gera það sem stendur hér í skýringum við fjárlagafrv. og vantar mikið upp á það. Þannig blasir það við ef auknar fjárveitingar fást ekki til skólans að ekki verður unnt að efna til sjávarútvegsbrautar við Háskólann á Akureyri. Ég vil því í fullri vinsemd við hæstv. fjmrh. biðja hann að endurskoða þessar tölur, biðja embættismenn sína um skýringar á þeim texta sem þarna stendur því ég efast ekki um að hæstv. fjmrh. vilji standa við þann texta sem stendur í meginmáli við Háskólann á Akureyri, efast með öðrum orðum ekki um að hæstv. fjmrh. vilji stuðla að því og styðja það að sjávarútvegsbraut taki til starfa á næsta ári eins og áætlanir eru um og standa þannig við það að íslenska ríkið hafi og telji sig hafa efni til þess að mennta það fólk betur en nú er gert sem vinnur við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar.

Hæstv. fjmrh. talar mikið um ga-ga upp á síðkastið. Það er mikið uppáhaldsorð hjá hæstv. fjmrh.

> Að fá borgaða skatta til baka,
> sem er búið að margendurtaka,
> er e.t.v. hægt
> ef að engum er vægt
> og innheimturáðherrann ga-ga.

Ég bið, hæstv. forseti, afsökunar á því að þurfa að bera baka og taka fram á sunnlensku.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið hefð á Alþingi Íslendinga í allt of mörg ár, vil ég segja, að það eru helst ekki nema fjmrh. og fulltrúar flokkanna í fjvn. Alþingis sem hafa fjallað um frv. til fjárlaga í ítarlegu máli.

Ég tel að það sé mjög til skaða að þessi þróun hafi átt sér stað með þeim hætti og e.t.v. felst í því skýringin á því hvernig framkvæmdarvaldið kemur fram gagnvart hinu háa Alþingi. Það má segja að það sé Alþingi Íslendinga sjálfu að kenna að svo skuli komið sem nú er, að flokkarnir telji það sjálfsagðan hlut að þegar fjmrh. viðkomandi ríkisstjórnar hefur talað komi fulltrúar flokkanna sem eru í fjvn. og fjalli um þessi mál. Þetta þýðir á einföldu máli að það á sér stað ákveðin samþjöppun valds og þekkingar sem hefur afar óæskileg áhrif bæði á störf og stöðu Alþingis og gefur auðvitað þeim sem hafa völdin, þ.e. ríkisstjórn sem telur sig hafa öruggan meiri hluta á Alþingi á bak við sig, enn meiri ástæðu til að vanvirða sjónarmið og skoðanir minni hlutans.

Ég segi þetta m.a. vegna þess að eftir daginn í dag er mér enn ljósara hvað það er þýðingarmikið að Alþingi Íslendinga styrki stöðu sína frá því sem verið hefur og nú er. Ég segi það ekki vegna þess að hér situr einn ráðherra, hæstv. fjmrh., alls ekki, þannig að þessi orð eru ekki töluð til hans persónulega, heldur eru þetta almennar hugleiðingar alþingismanns í upphafi þess að hann tekur þátt í að ræða hér nokkuð um frv. til fjárlaga.

Annað er það einnig sem hlýtur að vekja athygli manns á því hvernig komið er í umræðum þessara mála hér á hinu háa Alþingi, að í dag hefur aðeins einn ráðherra, hæstv. fjmrh., verið hér viðstaddur allar umræðurnar, sem er sjálfsagður hlutur því að þetta mál er auðvitað aðalmál hans og á hans ábyrgð í ríkisstjórninni, en það er varla hægt að segja að aðrir hæstv. ráðherrar hafi sést hér undir þessum umræðum. Hæstv. forsrh. var hér í hálftíma eða í mesta lagi klukkutíma í dag og svo sat hér hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands, ef ég man það rétt, og var viðstaddur nokkra stund og svo sást hæstv. iðnrh. bregða fyrir. Heilbr.- og trmrh. kom augnablik inn í salinn og hneigði sig, sá elskulegi maður, ágæti maður.

Þetta er náttúrlega ekki góð spegilmynd af því fyrir þjóðina að hæstv. ráðherrar hæstv. skuli ekki sinna því betur þó að ríkisstjórnin sé búin að koma sér saman um þau fjárlög sem hæstv. ríkisstjórn vill koma í gegn og meiri hlutinn sé fyrir hendi. Þetta ber ekki vott um mikla virðingu, hvorki fyrir hinu háa Alþingi né þeim málaflokkum sem hér eru til umfjöllunar. Þess vegna er orðið fullkomlega tímabært að umræða eins og hér fer fram núna eigi sér stað og ætti að standa yfir í minnst tvo til þrjá sólarhringa. Þannig að stjórnarandstaðan ætti þá að taka að sér það hlutverk sem hið háa Alþingi hefur greinilega vanrækt í allt of mörg ár, að fjalla hér ítarlega um einstaka málaflokka í fjárlagafrv. svo að það sé ekki lagt alfarið í vald hæstv. fjmrh. né þeirra sem sitja í fjvn. Alþingis. Ég sé það að hæstv. fjmrh. skilur vel hvað ég er að fara því að þetta eru vinnubrögð að hans skapi. Þannig mundi hann vilja vinna í stjórnarandstöðu eins og ég hef hér lýst. Það hljóta að verða næstu viðbrögð stjórnarandstöðunnar að taka upp vinnu-

brögð sem eru nútímalegri og þá með þeim hætti sem ég lýsti hér lauslega áðan.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það er víða hægt að koma við sögu í umfjöllun frv. til fjárlaga fyrir árið 1990, en ég mun einkum fjalla um:

Í fyrsta lagi veikleika fjárlaganna, í stórum dráttum.

Í öðru lagi versnandi stöðu þjóðarbúsins út á við.

Í þriðja lagi mun ég koma hér nokkuð inn á aukna greiðslubyrði vegna erlendra lána. Þar mun ég leiðrétta nokkuð það sem hæstv. fjmrh. hefur haldið fram, bæði hér í þessari umræðu og einnig víðar í sambandi við stöðu þjóðarbúsins, í sambandi við lánamál og einnig í sambandi við aukna greiðslubyrði vegna erlendra lána.

Í fjórða lagi ætla ég að fjalla nokkuð um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna, þ.e. skyldu þeirra til að afhenda 55% af ráðstöfunarfé sínu til húsnæðismálakerfisins.

Í fimmta lagi hafði ég hugsað mér að fjalla hér nokkuð um ræðu fjmrh., almennt, og einnig þann þátt ræðunnar hjá hæstv. fjmrh. þar sem mér fannst hann blanda nokkuð saman stöðu sinni sem formanns Alþb. annars vegar og svo stöðu hans sem hæstv. fjmrh. íslenskrar ríkisstjórnar. Það er ýmislegt í þeim innskotum og athugasemdum og ég vil segja ársásum sem hæstv. ráðherra gerði á Sjálfstfl. sem gengur ekki alveg upp þegar hæstv. fjmrh. leggur hér fyrir frv. til fjárlaga.

Í sjötta lagi er það einnig einnar messu virði að fjalla nokkuð um þann kafla í ræðu ráðherra þar sem hann talaði um millifærslur og vildi nú sanna það fyrir þingheimi og þjóðinni að hann væri að leggja niður millifærslukerfið. Ég mun sanna það í minni ræðu að þessi ríkisstjórn er að innleiða og festa líklega það mesta millifærslukerfi sem nokkurn tíma hefur tíðkast á Íslandi.

Í sjöunda lagi hafði ég einnig ... (**Fjmrh.:** Þetta verður löng ræða hjá þér.) Já, þetta getur orðið nokkuð löng ræða, hæstv. fjmrh., ég veit það að hann hefur gaman af ræðuhöldum og honum er ekki alveg sama hverjir tala, ég hef tekið eftir því, þannig að ég skal gleðja hann með því að ég skal ekki vera allt of stuttorður, en ég skal reyna að vera gagnyrtur.

En í sjöunda lagi er það atriði líka sem mér fannst mjög athyglisvert er ég kom hér á fundinn í kvöld. Útgáfustarfsemi virðist vera að hefjast hérna í ráðuneytunum. Hér var í hólfunum hjá okkur fréttabréf félmrn. Þetta mun vera nýjung. Ég veit að hæstv. fjmrh. leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál í þeim efnum, en það er mjög athyglisvert ef ráðuneytin ætla að taka upp þann hátt að fara að gefa út sín eigin fréttabréf. Þó að ég hafi auðvitað ekkert á móti því og telji æskilegt að ráðuneytin upplýsi þjóðina um það sem þau eru að gera, þá efast ég um að það séu heimildir fyrir því að einstök ráðuneyti geti hafið útgáfu fréttabréfa með þeim hætti sem kemur hér fram í þessu bréfi og mun ég koma nánar að því hér á eftir.

Í áttunda lagi, sem er náttúrlega það þýðingarmesta, hyggst ég vera hér með vangaveltur um það hvað sé nú hugsanlega fram undan og leggja þá kannski nokkrar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. um það efni og getur hann þá svarað mér hvort sem hann vill sem hæstv. fjmrh. eða formaður Alþb., en auðvitað verður hann látinn svara fyrir allt það sem hér gerist „til syvende og sidst", eins og maður segir á slæmu máli, þegar kemur að kosningum og uppgjöri við þessa ríkisstjórn.

Svo að ég víki nú máli mínu fyrst að veikleika fjárlaganna. Ef maður lítur á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv. virðist mér það koma í ljós í sambandi við tekjuhliðina að samdráttur í tekjuöflun verði meiri en fjárlögin gera ráð fyrir. Fyrir þá sem alla vega lesa frv. og skoða undirgögn og reyna að kynna sér þetta og líta líka til fortíðarinnar, þá gæti ég trúað, að höfðu samráði við menn sem eru nokkuð kunnugir fjárlögum, að samdrátturinn í tekjuhliðinni gæti orðið meiri en hér er gert ráð fyrir og mundi ég áætla það að hann geti verið á bilinu 1000–1500 millj. þrátt fyrir það að virðisaukaskatturinn skili meiri tekjum. Ég held að tekjusamdráttur í öðru verði það mikill að hann muni ekki vega þar á móti og að innheimta, til þess að mæta þeirri tekjuþörf til þess að ríkissjóður geti staðið við sínar greiðsluskyldur, muni verða með þeim hætti í því versnandi ástandi sem er því miður að verða í íslensku efnahagslífi og kemur einnig fram staðfest í þessum fjárlögum sem er það að það er gert ráð fyrir að framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs aukist um einn milljarð. Þar með staðfestir ríkisstjórnin sjálf í þessum fjárlögum að hún gerir ráð fyrir gífurlega miklu atvinnuleysi á árinu 1990.

Þá er það jöfnunargjaldið. Ég mundi áætla að þar sé það ofmetið um 500 millj., þannig að ég mundi áætla að tekjuhlið sé ofáætluð um 1500–2000 millj. En ef við skoðum síðan gjaldahliðina, þá sýnist mér, og mun ég fara nánar ofan í það, að gjaldahlið sé vanáætluð um 4–5,6 milljarða kr. Ef við skoðum síðan einstök atriði, einstaka liði sem ég mundi vilja taka inn í það til þess að færa sönnur á þessa fullyrðingu mína, þá mundi ég líta þannig á að í uppgjöri vegna verkaskiptingar, hinna nýju laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sé vanáætlað um 500 millj. kr. Mér sýnist einnig að niðurgreiðslur séu greinilega of lágt áætlaðar. Þær geta orðið á bilinu 700–1000 millj. kr. meiri en þarna er gert ráð fyrir í frv.

Þá er Lánasjóður. Það er ekki í samræmi við siðferðilegar skuldbindingar, vil ég segja, gagnvart Lánasjóði annað en gera ráð fyrir því að hann þurfi hið minnsta 200–300 millj. kr. til viðbótar. Þá mundi ég áætla að launaliðir væru vanáætlaðir um minnst 500–800 millj. Það er algert óraunsæi að halda því fram að launaliðir breytist ekki meira en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir sem er sáralítið miðað við það ástand og þá verðbólguþróun og þær verðbólguspár sem við þekkjum að eru á bilinu 20–30%.

Síðan er það Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna. Það eru þessar 500 millj. sem ég tel að séu hreinar reikningskúnstir og eigi auðvitað að skila sér aftur til

þessa sjóðs vegna þeirra skuldbindinga sem opinberir starfsmenn hafa gagnvart öðrum liðum í tengslum við þeirra kjaramál og hagsmunamál. Síðan eru minni liðir eins og menntmrn. Ég tel að það sé vanáætlun upp á 200 millj. Einnig er liður sem heitir Niðurgreiðslur á rafmagni. Ég hugsa að þar vanti u.þ.b. 100 millj. Svo er það hin fræga Þjóðarbókhlaða. Það áætla ég vanáætlun upp á 60 millj. Útflutningsuppbætur þurfa að vera hærri, verða hærri, ekki af því að ég óski eftir því, en samkvæmt þeim lögum og skuldbindingum sem gert er ráð fyrir getur þar verið um að ræða 300–500 millj.

Byggingarsjóður ríkisins er svo alveg sérstakur kafli út af fyrir sig vegna þess að í sambandi við meðferð hans af hálfu hæstv. fjmrh. er raunverulega um samningsbrot að ræða gagnvart aðilum vinnumarkaðarins. Það eitt hvernig ríkissjóður bregst skyldum sínum þar og samningum er hægt að áætla á bilinu 500–1000 millj. Síðan er það lyfja- og lækniskostnaður sem er mjög vanáætlaður og þyrfti að vera, ef það ætti að vera sambærilegt við það sem áður hefur verið, 500 millj. Í stuttu máli sagt er hér aðeins í þessum liðum vanáætlun á bilinu 4–5,6 milljarðar.

Samkvæmt þessu má benda á augljósar hættur í sambandi við þetta fjárlagafrv. og mjög mikinn veikleika í sambandi við framkvæmd fjárlaga árið 1990, það er vegna aukins halla upp á 5500–7700 millj. kr. Það má kannski gera ráð fyrir því að einhver árangur náist í sambandi við áform til sparnaðar en það er ekki óvarlegt að áætla að hallinn á ríkissjóði á næsta ári verði hið minnsta rúmir 4 milljarðar kr. og það er mun meira en stefnt er að í fjárlagafrv. Halli ríkissjóðs á árinu 1990 getur því sem sagt orðið, eins og ég sagði áðan, á þessu bili og orðið yfir 2% af landsframleiðslu sem er vaxandi hlutfall við það sem áður hefur verið.

Nú geri ég ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. vilji vefengja þetta og hann mun örugglega reyna að svara því hér á eftir og sanna það að þetta muni ekki verða svona. En hvað sem því líður hef ég sett fram mitt mat á því hvernig þetta geti þróast og tíminn einn mun þá leiða það í ljós hvor aðilinn hefur rétt fyrir sér, hæstv. fjmrh. eða ég ásamt þeim mönnum sem hafa litið á þetta til þess að reyna að komast að niðurstöðu um það hvað sé raunverulegt og einnig til þess að benda hæstv. fjmrh. á verulega veik atriði í framsetningu þessa frv. til fjárlaga.

En það eru tvö önnur atriði sem er mjög þýðingarmikið að fjalla um vegna fullyrðinga hæstv. fjmrh. um stöðu Íslands í sambandi við erlendar lántökur. Við höfum heyrt hæstv. fjmrh. fullyrða það að staðan hafi farið batnandi og horfur séu góðar í þessum efnum. Hann hefur talað hér mjög ósmekklega um það hvernig Sjálfstfl. hafi staðið að þessum málum gegnum árin. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, fá að lesa hér upp nokkrar tölur sem sanna það og sýna að staðan hefur aldrei verið verri og mun aldrei hafa orðið verri en í tíð þessa hæstv. fjmrh. Þessi fjárlög og sú staðreynd, viðurkennd í fjárlögum, að verðbólgan geti verið um eða yfir 20% mun hafa það í för með sér að heildarstaðan gagnvart erlendu lánunum hefur versnað til muna og greiðslubyrði þjóðarinnar vegna erlendra lána mun verða mjög slæm árið 1990 og nálgast það að vera hin þriðja versta á áratugnum 1980–1990.

Ef við lítum fyrst á stöðu þjóðarbúsins út á við, þá kemur í ljós að í fjármálaráðherratíð hæstv. fyrrv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar voru skuldir þjóðarbúsins í hlutfalli við landsframleiðslu, þegar Þorsteinn Pálsson tók við fjmrn., 51,1%. Þegar Þorsteinn Pálsson skilaði af sér sínu ráðuneyti skilaði hann af sér með 40,4% skuldabyrði. Hún hafði sem sagt lækkað í hans tíð úr sem sagt 51,1% miðað við landsframleiðslu niður í 40,4%.

Þegar núv. hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson tók við fjmrn. var þessi skuldabyrði vegna heildar erlendra lána miðað við landsframleiðslu 41,3%. Árið 1989 mun þessa skuldabyrði vegna langra erlendra lána vera komin upp í 50,4% og stefnir óðfluga í það að verða 53,1% árið 1990. Þetta er samkvæmt heimildum frá Seðlabanka Íslands. Þessar heimildir á hæstv. fjmrh. að þekkja. Þetta er mjög alvarleg þróun og hún er því miður ekki í þá átt sem hæstv. fjmrh. hefur predikað og haldið fram, bæði hér, í sambandi við fjárlagaumræðuna nú, og einnig í ræðum á undanförnum vikum og mánuðum þar sem hann hefur haldið því fram að þessi staða væri að batna.

Hann hefur einnig haldið því fram að þetta fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun væri þeirrar gerðar að nú þyrfti ekki að auka erlenda skuldabyrði vegna þess að nú yrðu lánin tekin hér innan lands og við höfum heyrt hæstv. fjmrh. lýsa því hér yfir hvað nú gengi vel að selja ríkisskuldabréf, þannig að þessi staða ætti að batna samkvæmt því. En Seðlabanki Íslands metur þetta öðruvísi. Hann metur þetta nákvæmlega eins og ég gat um hér áðan og vísa ég í þau plögg máli mínu til staðfestingar, þannig að staðan fer hríðversnandi.

Einnig vil ég leyfa mér, virðulegi forseti, að rifja það upp til þess að sýna það hvaða stefna svífur yfir vötnunum þegar staða Íslendinga versnar og skuldabyrðin eykst í sambandi við erlend lán og erlendar lántökur að árið 1980, aðeins tveim árum eftir að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar fór frá, en hún fór frá, eins og menn muna, vorið 1978, voru skuldir þjóðarbúsins í hlutfalli við landsframleiðslu, þ.e. erlend lán, aðeins 29,9%. Ef ég man rétt mun þessi skuldabyrði hafa verið lægri vorið 1978 þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar fór frá. Árið 1981 er þessi skuldabyrði komin í 30,8%, árið 1982 39,0%, árið 1983 48,6, árið 1984 48,5 og árið 1985 51,1%, eins og ég gat um áðan, og fór síðan lækkandi meðan Þorsteinn Pálsson var fjmrh. úr 51,1 niður í 47,5 og niður í 40,4. Árið 1988 var þetta 41,3%, 1989 50,4% og því er spáð að erlend lán verði árið 1990 178,4 milljarðar en í lok þessa árs 148,3 milljarðar, þ.e. fer upp í 53,1% sem er algjört Íslandsmet í skuldastöðu gagnvart erlendum aðilum. Þessi spilaborg er því hrunin hjá hæstv. fjmrh. svo framarlega sem hann getur ekki hrakið þetta mat og þessar upplýsingar sem ég hef frá Seðlabanka Íslands.

Ef við lítum síðan á greiðslubyrði erlendra lána

miðað við útflutningstekjur, þá er staðan ekki betri hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. Þegar Þorsteinn Pálsson tekur við sem fjmrh. árið 1985 er greiðslubyrðin miðað við útflutningstekjur 19,9%. Þegar hann skilar af sér árið 1987 sem fjmrh. er greiðslubyrðin komin niður í 16,1%.

Þegar núv. hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson tekur við fjmrn. árið 1988 er greiðslubyrði miðað við útflutningstekjur 17,3%. Samkvæmt lánsfjáráætlun, ef menn lesa plaggið, og með staðfestingu Seðlabankans um það að rétt sé skilið, verður þessi greiðslubyrði, miðað við útflutningstekjur, árið 1990 komin í 20,1% þannig að hún hefur hríðversnað.

Ég gat um það áðan þegar ég talaði um stöðuna miðað við landsframleiðslu að það er ákveðið stjórnarmunstur sem framkallar alltaf þessa neikvæðu og versnandi stöðu Íslands gagnvart erlendum lánum og gagnvart greiðslubyrði miðað við útflutningstekjur. Það er á þeim tímum þegar það stjórnarmunstur er við lýði á Íslandi sem hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar hefur komið nálægt að búa til. Það er ekkert launungarmál og söguleg staðreynd sem hæstv. fjmrh. hefur stundum verið að státa sig af að hann var einn aðalhöfundurinn að þeirri ríkisstjórn sem Gunnar heitinn Thoroddsen myndaði hér á Íslandi á sínum tíma. Um það urðu miklar deilur í Sjálfstfl. Það er ekkert launungarmál og söguleg staðreynd. Það var ekki vegna þess að við værum að deila á það út af fyrir sig að ágætir sjálfstæðismenn tækju sæti í ríkisstjórn. Við höfðum ekki trú á því að sú stefna sem við hinir sem vorum í meiri hluta fyrir því að vilja ekki fara í ríkisstjórn með Alþb., að sú stefna yrði ofan á sem alþýðubandalagsmenn lögðu áherslu á með jafnhrikalegum og neikvæðum afleiðingum, þannig að þótt okkar menn — ég segi okkar menn, þetta voru sjálfstæðismenn þó að þeir væru í þessari ríkisstjórn — mundu ekki geta ráðið við þá þróun og því miður varð niðurstaðan þessi. En út af fyrir sig harma ég það ekkert vegna þess að Sjálfstfl. hélt stöðu sinni og hann styrktist við þetta og vann sínar glæsilegu kosningar í sveitarstjórnarkosningum strax á eftir með góðum styrk margra sem voru stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat að völdum, þannig að við skulum ekkert sýta það. Það er þetta stjórnarmunstur sem hæstv. fjmrh. framkallar sem gerir þessa stöðu sífellt verri fyrir íslensku þjóðina, og það er því miður, hæstv. fjmrh., að ske núna, kannski óafvitandi, að þessi staða, greiðslubyrðin gagnvart útlöndum, versnar og heildarlántökur aukast, erlendar lántökur, með þar af leiðandi versnandi hlutfalli miðað við landsframleiðslu. Þetta er mjög alvarlegt og þetta er ekki góður árangur hjá hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar nema síður sé. En þetta er nákvæmlega það sem við sjálfstæðismenn áttum von á. Þetta heitir á mæltu máli, hæstv. fjmrh., aukin greiðslubyrði á Íslendinga, það þýðir verri stöðu og verri afkomu landsmanna þegar til lengdar lætur, því miður.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að því sem einn stjórnarþingmaður, hv. þm. Alexander Stefánsson, kom inn á hér áðan í sambandi við skyldukaup lífeyrissjóðanna, 55% skyldukaupin. Það er nú svona inniskot miðað við það að ég er nú fyrst og fremst hér til þess að fjalla um fjárlögin og beini *máli mínu einkum til hæstv. fjmrh.*, en ég get nú samt ekki annað en vakið athygli á því sem kom fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni í sambandi við skyldukaup lífeyrissjóðanna. Það virðist hafa farið fram hjá hv. þm. hvað hefur verið að gerast í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það er að vissu leyti furðulegt að einn af aðalstuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, Alexander Stefánsson, skuli ekki hafa gert sér grein fyrir þessum samningum og því samkomulagi sem ríkisstjórnin hefur gert við þá aðila sem leggja þessa fjármuni til húsnæðismálakerfisins. Ég vil því vekja athygli þingheims á því að í þessu stjórnarsamstarfi virðast sumir hv. stjórnarþingmenn vera settir út í horn eða þeir svo illa upplýstir eða fylgjast svo illa sjálfir með. (**Gripið fram í:** Þeir ættu nú að geta lesið blöðin.) Já, ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það, það er alveg lágmarksskylda alþingismanna að lesa dagblöðin, maður kemst víst ekki fram hjá því. En vegna þess að ég tel að fjmrh. hafi farið með rétt mál og hans staða, hann hafi alveg hreint borð í því, þá vil ég nú til áréttingar því sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta, að *vísu með öðrum orðum, með leyfi* forseta, lesa hér upp kafla úr þskj. nr. 1, þ.e. frv. til fjárlaga, um þetta atriði sem heitir verðbréfakaup lífeyrissjóðanna, því þetta er mjög þýðingarmikið atriði upp á framhaldsþróun mála í sambandi við húsnæðismálakerfið. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp þar sem segir um verðbréfakaup lífeyrissjóðanna:

„Stærstur hluti innlenda fjármagnsins á uppruna sinn hjá lífeyrissjóðunum. Áætlað er að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði um 24,1 milljarður króna á áætluðu meðalverðlagi næsta árs samanborið við 17,6 milljarða króna á þessu ári [þ.e. árinu 1989]. Áætlað er að raunaukning ráðstöfunarfjárins verði um 18% og skýrist sú aukning einkum af tvennu: Lokaáfanga í breikkun iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna sem kemur til framkvæmda í byrjun næsta árs og stækkun eignastofns lífeyrissjóðanna sem leiðir til mjög vaxandi vaxtatekna og afborgana. Reiknað er með að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 45% af ráðstöfunarfé sínu, þ.e. 10.855 m.kr. [eða 10,8 milljarðar] og er þá miðað við að kauphlutfallið lækki í 45% úr 55% af ráðstöfunarfé þeirra. Þessi lækkun er í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við setningu laganna um húsbréfaviðskipti, en þar er gert ráð fyrir að um 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna renni til kaupa á húsbréfum. Reiknað er því með að lífeyrissjóðir kaupi húsbréf fyrir að minnsta kosti 2.410 m.kr. Þá eru verðbréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð um 130 m.kr."

Ég vil undirstrika það og þingfesta það að í þessu er yfirlýsing um það að fyrirheit jafngildi samningum og ég veit að hæstv. fjmrh. virðir þetta fyrirheit sem

gefið var, eins og hér kemur fram, í sambandi við setningu laganna um húsbréfaviðskipti. Þá greiddum við ýmsir þm. m.a. því frv. sem þá lá fyrir atkvæði okkar með tilliti til þessa.

Þá vil ég, með leyfi forseta, einnig víkja að því atriði sem tengist vaxtaspursmáli og húsbréfakaupum. Það hefur komið fram í þessum umræðum að vextir munu væntanlega fara lækkandi. Félmrh. mun hafa gefið það til kynna, ég man ekki hvort hún hefur sagt það sjálf, en hvað sem því líður þá liggur það fyrir þeim sem væntanlega munu kaupa húsbréfin að það er gert ráð fyrir því að þau verði með 6% vöxtum. Ég vona þá að hæstv. fjmrh. geti þá annaðhvort staðfest þetta eða hrakið, varðandi það atriði hvort þetta sé rétt skilið.

Í þessu felst auðvitað ákveðin vaxtalækkun sem er auðvitað æskileg. En þessu tengist líka annað sem ég mun víkja að hér á eftir í sambandi við húsnæðismálakerfið í heild sem er það atriði að það er greinilegur vilji hjá a.m.k. sumum ráðherrum, ég tel þar á meðal vera hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. sem eru farnir að viðurkenna þá staðreynd að það er ekki hægt að vera með húsnæðismálakerfi þar sem vextir eru þetta á bilinu frá 1% upp í 3,5% á skuldabréfum þeirra sem taka lán hjá Húsnæðisstofnun eða byggingarsjóðunum á sama tíma sem ríkissjóður verður að undirgangast ábyrgð á vaxtagreiðslum þar sem skuldabréf eru með 6,8% vexti eða 6% vexti. Ég mun ræða það nokkuð hér á eftir í sambandi við skoðun mína og afstöðu til Húsnæðisstofnunar.

Eins og ég sagði áðan í upphafi minnar ræðu þá var fróðlegt að fylgjast með því að þegar hæstv. fjmrh. flutti fjárlagaræðu sína hér í dag sáust hæstv. ráðherrar aðrir hér harla lítið. Ég var nú að velta því fyrir mér hvort það væri af óvirðingu eða hvort aðrir ráðherrar hefðu svo mikið að gera. Ég kann ekki skýringu á því, það verður náttúrlega hver að meta það eins og það snýr að honum. Þó hefði ég talið það virðingarvott af hálfu annarra ráðherra að vera hér viðstaddir þegar hæstv. fjmrh. flytur sína fjárlagaræðu, alla vega hefði ég gert það, hefði ég verið í ríkisstjórn hjá hæstv. fjmrh. En svo er manni það náttúrlega ljóst sem mestu máli skiptir fyrir hæstv. fjmrh., það skiptir hann raunverulega engu máli hvort þeir eru hér eða ekki, þessir aðrir hæstv. ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar vegna þess að hann, hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., ræður þessu öllu saman hvort sem er ásamt sínum ágæta aðstoðarmanni, Má Guðmundssyni. Þessir ágætu menn fjalla um þessi viðamestu mál ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að þeir þurfa ekki að hafa hér aðra hæstv. ráðherra fyrir framan sig vegna þess að þeir ákveða það með sínum skörungsskap, með sinni stefnufestu — ég er alls ekki sammála þeirri stefnu nema síður sé — og með sínum nútímalegu vinnubrögðum eins og kemur fram hér í ræðu hæstv. fjmrh. Hann talar um það hér einhvers staðar í sinni ræðu og er í þessu plaggi að hér sé nú unnið dálítið öðruvísi, það eru breytt vinnubrögð. Þetta er hluti af nýjum og breyttum vinnubrögðum. Ég segi nú bara fyrir mig, ég óska bara Alþb. til hamingju. Það hefur eignast foringja að mínu mati. Það getur vel verið að það skaði hæstv. fjmrh. að sjálfstæðismaður skuli segja þetta en ég get því miður ekki óskað þjóðinni til hamingju í sömu andránni, né Íslendingum, því það er því miður ekki hamingja, hæstv. fjmrh., að hafa jafnafgerandi og stefnufastan, vinstri róttækan nútímasósíalista í stöðu fjmrh. á Íslandi. Því miður. Þessi stefna hæstv. fjmrh. og hans, ég vil segja að mörgu leyti hæfu sérfræðinga og samstarfsmanna, þessi stefna hans í sambandi við fjármál ríkisins og í sambandi við skattamál mun því miður ekki færa íslensku þjóðinni þá hamingju sem ég gæti ímyndað mér að hæstv. fjmrh. mundi vilja færa henni, vegna þess að stefnan er röng. Hún gengur ekki upp miðað við íslenskar aðstæður. Hún gengur ekki upp miðað við það umhverfi sem við lifum í. Fyrst og fremst vegna þess að við Íslendingar höfum ekki svigrúm til þess að útfæra svona vinstri stefnu, svona kerfisbundna stefnu sem raunverulega felst í þessum fjárlögum. Þess vegna er ekki unnt að óska Íslendingum til hamingju með það að valdamesti maður innan ríkisstjórn Íslands skuli vera róttækur, ég vil segja róttækur nútímasósíalisti, sem kemst upp með það að vera afskaplega ósvífinn. Ég ætla ekki að vera hér með nein stóryrði um það í hverju þessi ósvífni er fólgin en í mínum huga kemur ýmislegt upp þegar ég hugsa til þess hvað hæstv. fjmrh. getur stundum verið ósvífinn í sínum málflutningi og sínum skoðunum og hvað hann gefur öðrum oft lítið svigrúm til þess að tjá sig og fylgja sínum málum eftir með þeim hætti sem verður að teljast lýðræðislegt og þingræðislegt. Kapp er best með forsjá, líka í stjórnmálum.

Þegar ég var að hugleiða það að mæla þessi orð sem eru náttúrlega nokkuð stór en þó held ég að ég hafi nú ekki talað þannig til hæstv. fjmrh. að hann þurfi að vera sleginn yfir þeim, þá fór ég að hugleiða það hvernig hann útfærir sín völd sem fjmrh. í þessari ríkisstjórn, hver er hans afstaða til veigamikilla mála sem ráðherra annars vegar og svo formaður Alþb. hins vegar.

Í ræðu sinni hér í dag braut hæstv. fjmrh. ákveðnar hefðir sem hafa myndast á hinu háa Alþingi um það hvernig fjmrh. á að leggja fyrir sitt fjárlagafrv. Hann leyfði sér að ráðast hér í sinni ræðu, með innskotum, á Sjálfstfl., einstaka forystumenn Sjálfstfl., og viðhorf okkar til mála með þeim hætti að hann verður að eiga von á því að því sé mætt með þeim hætti sem ég mun gera hér á eftir.

Það er nú einu sinni þannig að menn verða að átta sig á því að þegar þeir breyta út af venjum og brjóta, ég vil segja eru að eyðileggja góðar hefðir, þá kemur náttúrlega nýtt upp og því verður svarað og er svarað. Ég vil þess vegna segja við hæstv. fjmrh. að þegar hann víkur að okkur sjálfstæðismönnum með þeim hætti að ástæðulausu í þessari ræðu í dag þá munum við auðvitað svara fyrir okkur. Og ég mun svara þannig að þjóðin væntanlega fái að heyra það hvernig ég met þá stöðu hæstv. fjmrh. og alþýðubandalags-

mannsins og formanns flokksins, Ólafs Ragnars Grímssonar.

Tökum dæmi um það hvernig hann umgekkst meiri háttar mál.

Fyrsta dæmi: Stóriðjumál. Þeir sem hafa fylgst með ferli hæstv. ráðherra frá því hann kom í ríkisstjórn og skoða síðan samþykktir Alþb. í sambandi við stóriðju og þeir sem þekkja eitthvað til innviða íslensks valdakerfis, þeir gera sér fullkomlega grein fyrir því að alþýðubandalagsmenn sem ráða ferðinni um aðild Alþb. í þessari ríkisstjórn, þeir ætla ekki að standa við afstöðu Alþb. til stóriðjumála. Ef maður skoðar samþykktir og afstöðu Alþb. til stóriðjumála þá fer ekkert á milli mála að meginþorri þeirra flokksmanna sem hæstv. fjmrh. er formaður fyrir er á móti því að stóriðja verði aukin á Íslandi og hún efld, móti aukinni þátttöku erlends fjármagns á Íslandi. Þannig að ef formaður Alþb. ætti að vera sjálfum sér samkvæmur þá væri hann á móti aukinni stóriðju. En *Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., hann er með* stóriðju vegna þess að hann leyfir það m.a. að hæstv. iðnrh. vinni núna á hverjum degi mjög skipulega og ákveðið að því að reyna að tryggja samninga um aukna stóriðju á Íslandi sem mundu koma til framkvæmda þegar á næsta ári. Þar með hefur formaður Alþb., ráðherrann Ólafur Ragnar Grímsson, tekið afstöðu með stóriðju þrátt fyrir afstöðu síns eigin flokks.

Tökum afstöðu hæstv. ráðherra til NATO. Ráðherrann hæstv., Ólafur Ragnar Grímsson, hann er með aðild Íslands að NATO, alla vega berst hann ekki á móti henni. Flokkurinn hans hins vegar er á móti bæði því varnarliði sem situr á Íslandi, suður í Keflavík, á Keflavíkurflugvelli, og einnig er Alþb. í hjarta sínu og stefnulega á móti aðild Íslands að NATO.

Við skulum síðan taka þriðja atriðið sem er erlent fjármagn á Íslandi, frjáls viðskipti með peninga á milli landa. Það fer ekkert leynt að hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson vinnur að því núna og er líklega búinn að semja reglugerð sem heimilar erlendum aðilum að eiga hér hlutabréf, kaupa skuldabréf og koma hér inn á íslenskan markað og vera aðilar að íslenskum bönkum og íslenskum fjármálastofnunum. Þar með hefur hæstv. fjmrh. raunverulega líka tekið afstöðu með því, því ekki gerir hann það að stjórnarslitaatriði. Hins vegar er flokkurinn hans, Alþb., á móti öllu slíkum ráðagerðum.

Síðan ætla ég að leyfa mér að ræða hér dálítið um verkalýðsmál. Ég undrast það nokkuð hvað mér hefur fundist hæstv. fjmrh. hafa lítinn skilning á því hversu staða láglaunafólks er ömurleg í dag á Íslandi. Ég er ekki að kenna honum persónulega um það hvernig komið er hjá láglaunafólki. Það væri afskaplega ómerkilegt af mér að gera það. Það eru margþættar ástæður fyrir því hvers vegna staða láglaunafólks er jafnslök og hún er en hún hefur líklega ekki í fleiri ár verið jafnerfið og vond og hún er í dag, því miður.

Þegar hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson talar um stöðu láglaunafólks þá kom það m.a. fram þegar hann talaði í sambandi við stefnuræðu hæstv. forsrh. að hann teldi að staða láglaunafólks hefði bara verið með því allra besta sem verið hefur í fjölda ára. Láglaunafólk þyrfti ekki að kvarta, þetta stefndi allt á betri veg og staða þess hefði stórlega batnað. Ég verð að segja það að ég skil ekki íslensku eða merkingu orðanna ef hægt er að fullyrða það að staða láglaunafólks á Íslandi sé með því besta og trygg í dag. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að fara, eins og hann gerði stundum hér í gamla daga, í kjörbúðirnar og gera innkaup á grundvelli 50–60 þús. kr. mánaðarkaups og segja mönnum svo hvort staðan hafi batnað eða versnað frá því að hann fór í innkaup á sínum tíma þegar hann gerði það og var að bera saman verðlag hérlendis og erlendis. Í viðræðum mínum og af kunningsskap við marga af forustumönnum í verkalýðshreyfingunni sem eru í röðum Alþb. heyri ég kveða við allt annan tón. Þeir sem eru í forustu *verkalýðsfélaganna kvarta* sáran undan aukinni dýrtíð. Þeir kvarta undan kaupmáttarskerðingu og líklegast munum við sjá það í næsta bréfi kjararáðs að kaupmáttur er líklegast kominn, ja, ég veit ekki hvernig á að mæla það en líklegast er kaupmátturinn kominn niður fyrir 90% miðað við þann mælikvarða sem þar er notaður og líklegast hefur kaupmáttur launa ekki verið lægri í áratugi en hann hefur þróast í dag. (Gripið fram í.) Þetta mun koma í ljós þegar næsta kjarabréf kemur út þannig að það mun þá staðfest sem ég segi hér að kjaraskerðingin og kjararýrnun hefur orðið gífurlega mikil, miklu meiri en við gerum okkur grein fyrir og ég segi því miður. Ég er ekki að kenna hæstv. fjmrh. um þetta einum út af fyrir sig. Hins vegar hefur sú stefna sem núv. ríkisstjórn fylgir haft gífurlega mikil áhrif til hins verra, því miður, vegna þess hæstv. fjmrh., að þið sjáist ekki fyrir í ykkar valdaspekulationum, núv. hæstv. ráðherrar.

Félagar formanns Alþb. í verkalýðshreyfingunni eru núna að undirbúa kröfur sem m.a. fela í sér kröfu um launahækkanir en þeir eru að gera annað og meira. Þeir eru einnig að krefjast þess að ríkisstjórnin *standi við það að hún móti og framkvæmi atvinnu*stefnu sem tryggi fulla atvinnu. Ég er sannfærður um það að þegar forusta verkalýðshreyfingarinnar og ekki hvað síst félagar hæstv. fjmrh. í Alþb. sjá það og gera sér grein fyrir því að í þessum fjárlögum er gert ráð fyrir því að það þurfi að setja einn milljarð í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári, og ef hæstv. ráðherra gerir sér ekki grein fyrir því að með því er hann sjálfur að staðfesta þann ótta sem er í röðum verkalýðshreyfingarinnar, þá skilur hann ekki um hvað þetta snýst.

Þá ætla ég að víkja hér nokkuð að millifærslukerfinu. Hæstv. ráðherra vék hér mörgum orðum að því að nú væri tími millifærslna að ljúka og hann vildi þakka sér það sérstaklega. Hér segir orðrétt að það eigi að hækka framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 1250 millj. kr. eða um tæpan milljarð. Þetta er náttúrlega hrein ávísun á það og staðfesting á það

að „atvinnustefna ríkisstjórnarinnar" er svo veik að þeir treysta sér ekki til annars en að hækka þetta framlag um 1000 millj. kr.

En svo að við víkjum nokkuð að því sem hæstv. fjmrh. talaði mikið um í dag sem var þetta atriði að nú væri tímum millifærslna að ljúka. Ég skildi nú ekki almennilega hvað hæstv. fjmrh. var að fara. Að vísu er hægt að finna það í fjárlagafrv. að það er verið að minnka ákveðna tegund millifærslna, en það er bara verið að auka þær annars staðar svo að í þessu felst ákveðin blekking þegar hæstv. ráðherra segir: Tímum millifærslna er lokið. Ég spyr: Hvað um húsnæðiskerfið? Er ekki húsnæðiskerfið eitt allsherjar millifærslukerfi? Er ekki með lagaboði ákveðið að lífeyrissjóðirnir skuli verja 55% af árlegu ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum húsnæðismálastjórnar? Ég veit ekki betur.

Nú geri ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherra muni standa upp og segja: Ég vil nú minna hv. þm. á það að þetta var gert með samkomulagi á sínum tíma í tíð fyrrv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar í ársbyrjun 1986 (Gripið fram í.) þannig að ég get sparað hæstv. ráðherra það að koma inn í málið með þeim hætti. Ég hef alltaf verið á móti þessu millifærslukerfi vegna þess að ég taldi það óþarft þegar í upphafi. Ég hef margsinnis látið þá skoðun koma fram að ég tel að hér sé ríkið óþarfa milliliður. En það sem er að gerast er það að þessar millifærslur aukast ár frá ári og auðvitað kemur hér nútímasósíalistinn, hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson, og hyggur sér gott til glóðarinnar og notfærir sér auðvitað þetta kerfi. Þess vegna vildi ég segja það við hæstv ráðherra og leggja þá spurningu fyrir hann, þar sem hann hefur hrósað sér af því að hann væri að leggja niður millifærslukerfi: Hvers vegna leggur ekki núverandi ríkisstjórn til að þessum millifærslum verði hætt? Hvers vegna hættum við ekki þessum millifærslum upp á 10 milljarða eða 11 milljarða á næsta ári og færum þessi viðskipti yfir til sjóðanna sjálfra, lífeyrissjóðanna, til banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana? Með því mundi náttúrlega það vinnast, fyrir utan þau atriði sem snúa að lántakendum og íbúðabyggjendum, að ríkissjóður væri ekki að taka á sig greiðslubyrði sem ríkissjóður mun raunverulega aldrei geta greitt nema með gífurlegri skattlagningu.

Ef hæstv. fjmrh. mundi nú vilja leggja það til að þessu mikla millifærslukerfi væri hætt, þá mundi það þýða fyrir lántakendur í fyrsta lagi almenna vaxtalækkun, í öðru lagi minni tilkostnað vegna lántöku íbúðabyggjenda og í þriðja lagi yrði kerfið sem upp úr því risi bæði mun sveigjanlegra og skilvirkara í framkvæmd. Og í fjórða lagi, sem er náttúrlega meginatriði, að við þetta allt mundi húsnæðiskostnaður lækka.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því er lýtur að félagslegum íbúðum því það er ekki hægt að skilja við þetta mál sem heitir húsnæðisstjórn án þess að fjalla um félagslegar íbúðir. Mér er það ljóst og ég er því samþykkur að löggjafinn, Alþingi, og framkvæmdarvaldið verða að ganga þannig frá málum þegar við leggjum niður þetta millifærslukerfi, núverandi húsnæðismálakerfi, að tryggja verður að félagslegum þörfum verði fullnægt vegna þess að það eru margir sem geta ekki eignast eða þak yfir höfuðið öðruvísi en til komi félagslegt átak. Það er viðurkennt bæði af mér og öðrum.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkið og þar með stjórnmálamennirnir séu óþarfa milliliðir í þessu efni. Fólkið sjálft, þ.e. eigendur fjármagnsins sem fjármagna að mestu leyti byggingu félagslegra íbúða, getur séð um þessar framkvæmdir. Það þarf enga, hvorki Ólafa Ragnara eða Jóhönnur, sem milligönguaðila í þessum efnum né aðra stjórnmálamenn. Aðilar vinnumarkaðarins, launafólk og vinnuveitendur sem standa á bak við lífeyrissjóðina, eiga að taka þessi mál í sínar eigin hendur og losa fólkið undan krumlu ríkisafskiptamanna, stjórnmálamanna sem hrifsa til sín eignir almennings og nýta þær síðan til að tryggja sín völd og áhrif. (**Fjmrh.:** Eru það bara stjórnmálamennirnir í stjórn lífeyrissjóðanna sem . . .?) Ja, ef þeir eru sjálfir eignaraðilar að sjóðunum, þá er ekkert óeðlilegt að þeir séu þátttakendur í því. Ég veit að hæstv. ráðherra er sammála mér um þetta. Og ef þeir eru orðnir aðilar í að taka þátt í því að fjalla um þessi mál með atkvæði fólksins, þá náttúrlega verða þeir að gera upp við sig hvort þeir taka sér þær skyldur eða ekki. Ég tel að núv. ríkisstjórn hafi raunverulega ekkert gert frekar en fyrri ríkisstjórnir í þágu almennings í sambandi við lausn íbúðamála. Fólkið hefur raunverulega gert það sjálft að eigin frumkvæði. Það leggur sjálft fram hverja einustu krónu, í fyrsta lagi í formi beinnar fjármögnunar með hluta af nútekjum sínum og í öðru lagi með lánum af eigin sparnaði úr eigin sjóðum sem eru lífeyrissjóðirnir. Húsnæðisstofnunin eins og hún er í dag er fyrirbæri, vildi ég segja, vinstri stjórnmálamanna og er þrándur í götu heilbrigðrar útfærslu húsnæðismála í landinu.

Þessi fjárlög og lánsfjáráætlun viðhalda núverandi svikamyllu í húsnæðismálum og festa í sessi kerfi sem býður upp á spillingu og misnotkun. Þetta er, því miður vil ég segja, stefna núv. ríkisstjórnar í sambandi við húsnæðismál. Og því miður er ekki fyrir hendi á Alþingi Íslendinga í dag meiri hluti til að leysa upp þetta hættulega og neikvæða kerfi sem skaðar stöðu þeirra þúsunda sem hafa þörf fyrir íbúðir hvort sem það eru félagslegar eða aðrar. Við búum við þetta kerfi og þá verður maður að fjalla um málið út frá því þar til tekst að fá því breytt. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því að núv. ríkisstjórn brýtur gerða samninga við aðila vinnumarkaðarins í sambandi við fjárframlög til húsnæðismála.

Skv. samningi þeim sem ég vísaði til áðan og gerður var af aðilum vinnumarkaðarins í ársbyrjun 1986 með staðfestingu og samþykki þáv. ríkisstjórnar, sem þessi ríkisstjórn hefur ekki gert breytingu á, þá er það brot á samningi að núv. ríkisstjórn skuli minnka framlög sín til húsnæðismála með þeim hætti sem kemur fram í þessu frv. til fjárlaga. Með nákvæmlega sama hætti og lífeyrissjóðirnir skuldbundu

sig til þess að kaupa fyrir 55% af ráðstöfunarfé skuldabréf af húsnæðismálastjórn skuldbatt ríkisstjórnin sig á sínum tíma, og núv. ríkisstjórn er jafnskuldbundin þeirri undirskrift, að leggja fram aukið framlag til húsnæðismála eða til byggingarsjóða. Þetta hefur ekki verið gert og með þessu frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir er verið að brjóta gerða samninga.

Í ræðu hæstv. fjmrh. sem ég hef vikið hér nokkuð að er þetta staðfest. Ég vil, með leyfi forseta, lesa það sem segir í ræðunni og endurtaka það sem hæstv. fjmrh. sagði í dag sem staðfestir það að það er vísvitandi verið að brjóta gerða samninga. Með leyfi forseta les ég upp úr fjárlagaræðu hæstv. fjmrh.:

„Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs nemur 1250 millj. kr. og hækkar um tæpan milljarð frá fjárlögum 1989. Aftur á móti lækkar framlag til byggingarsjóðanna um milljarð. Engu að síður munu útlán byggingarsjóðanna á árinu 1990 að teknu tilliti til kaupa lífeyrissjóðanna á húsbréfum verða a.m.k. 500 millj. hærri að raungildi en útlán í fjárlögum 1989. Stafar þetta af því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er talið munu aukast um 18,5% að raungildi frá árinu 1989."

Þarna er raunverulega staðfest í ræðu hæstv. fjmrh. að það er vísvitandi verið að brjóta gerða samninga. Þetta heitir á mæltu máli að svíkja samninga. Sá sem svíkur er réttlaus að mínu mati. Þessi ríkisstjórn skirrist ekki við að svíkja gerða samninga í skjóli þess að vegna lægri vaxta af lánum, Húsnæðisstofnunar og byggingarsjóðanna, munu aðilar ekkert aðhafast í þessu máli, þ.e. þeir sem eru ábyrgðaraðilar að stjórn lífeyrissjóðanna munu ekki þora að hafa uppi gagnaðgerðir. Ég er ekki að segja það að menn ættu að gera slíkt. Það á að standa við gerða samninga og það eigum við auðvitað að gera sem erum í stjórnum lífeyrissjóðanna. En hvað halda hv. þm. að ríkissjóður geti mörg ár í viðbót gengið í ábyrgð fyrir vöxtum á bilinu 3,5% og upp í 6,8–7% eins og er á þeim skuldabréfum sem húsnæðismálastjórn gefur út, til þess að fá það fé inn í kerfið? Ég á við, hvað halda hv. þm. að ríkissjóður geti lengi ábyrgst þennan vaxtamun á sama tíma sem útlán Húsnæðisstofnunar eru upp á 3,5% og lægri, eða 1% hjá Byggingarsjóði verkamanna og upp í 6,8–7%, hvað halda hv. þm. að ríkissjóður geti gengið lengi í ábyrgð fyrir þessum háu greiðslum sem hljóta að koma til útborgunar? Hér er ekki verið að tala um nokkur hundruð millj. kr. Hér er verið að tala um milljarða skuldbindingar sem verður að greiða til lífeyrissjóðanna í framtíðinni. Og hver er greiðandinn? Greiðandinn er ríkissjóður. Og hverjir standa undir ríkissjóði? Það er fólkið sjálft, það er unga fólkið sem er að taka sín lán í húsnæðismálakerfinu núna með 3,5%, verðtryggt. Það er þetta fólk sem mun standa frammi fyrir því innan fárra ára að ríkissjóður verður í ábyrgð upp á fleiri milljarða vegna þessara skuldbindinga. Þetta þýðir á einföldu máli að skattar munu hækka og þeir sem töldu sig heppna að fá þessi lán á þessum góðu kjörum eru látnir borga þetta margfalt. Hæstv. félmrh. hefur viðurkennt þetta í ræðum á þingi sl. vetur. Hún kom inn á það þegar hún var að tala um húsbréfin að það yrði að hækka vextina úr 3,5% upp í allt að 5–6%. Hún er þegar farin að framkvæma það með sínum húsbréfum sem koma til sölu um miðjan nóvember n.k. og verða með 6% vöxtum.

Ég vil svo, virðulegi forseti, segja það að hæstv. fjmrh. er búinn að margundirstrika það hér í dag í ræðu sinni að það er raunverulega góð staða lífeyrissjóða landsmanna en ekki snilli hans sjálfs eða hæstv. ríkisstjórnar sem gerir ríkisstjórninni kleift að ná saman fjárlögum og lánsfjáráætlun. Þegar grannt er skoðað, þá hvílir þetta raunverulega á þessum hrygg sem heitir „Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna". Þeir eru komnir nokkuð langt með að ná þessu fé undir sig. Við vitum það sem fylgjumst með þessum málum að í stað þess að greiða peninga sem lífeyrissjóðirnir leggja inn í húsnæðiskerfið strax út í formi lána til þeirra sem eru að byggja hefur hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. félmrh. látið það óátalið — ég segi óátalið — að geymslufé þessarar stofnunar hjá Seðlabanka hefur komist upp í það að verða tæpir tveir milljarðar.

Nú var skyndilega boðað fyrir nokkrum dögum að Húsnæðisstofnun ætlaði að fara að greiða út 700 millj. strax. Þar með er náttúrlega viðurkennt að féð var fyrir hendi þótt því hafi verið mótmælt trekk í trekk sl. haust. Við vitum það sem fylgjumst með þessum hreyfingum að enn er eftir rúmur milljarður þrátt fyrir það að 700 millj. eru greiddar út og kannski meira. Það liggur fyrir fsp. frá mér til hæstv. félmrh. þar sem óskað er eftir sundurgreiningu á því hver hefur verið sjóðsstaða húsnæðismálastjórnar sl. þrjú ár. Ég hef ekki fengið svör við þeirri fsp. enn. Ætli ég fái þau nokkurn tíma? Þá mun ég auðvitað gera aðrar ráðstafanir til þess að fá þessar upplýsingar, ráðstafanir sem hæstv. ráðherrar geta ekki stöðvað.

Ég vil þess vegna segja það að í skjóli góðrar stöðu lífeyrissjóðanna hefur þessari ríkisstjórn tekist að ná þarna í 10–15 milljarða til sinna þarfa á næsta ári. Í skjóli aukinnar skattheimtu, sérstaklega hærri eignarskatta á eignum millitekjufólks, og með því að vera með væntanlega 26% virðisaukaskatt sem kemur til framkvæmda 1. janúar, þá telur þessi hæstv. ríkisstjórn að hún geti afgreitt fjárlög á þessu þingi með þeim hætti að þau dugi íslenskri þjóð árið 1990. Ég held að því miður, þrátt fyrir allar þessar kúnstir, muni það ekki takast vegna þess veikleika sem er innibyggður í þessu fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Þetta frv. til fjárlaga er fjárlög sem verða á brauðfótum þegar þau eiga að koma til framkvæmda árið 1990 verði þau samþykkt. Þau byggjast á stóraukinni skattheimtu á sama tíma og almenningur og fyrirtæki landsins berjast í bökkum. Þessi fjárlög munu kreppa enn meir að fólkinu í landinu, rýra kjör þess og afkomu til muna. Fjárlögin byggjast á stórauknum millifærslum á fjármunum fólksins í landinu. Þetta eru ekki aðhaldsfjárlög, því miður. Þetta eru eyðslufjárlög. Þetta eru eyðslufjárlög í ríkishít þar sem verið er að byggja upp sterkt valdakerfi vinstri sósíalista.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur senn staðið í um níu klukkustundir og sumir þeirra sem í henni hafa tekið þátt eru ekki lengur viðstaddir hér í þingsalnum svo að ég ætla ekki að taka mjög langan tíma til að fjalla um ýmis af þeim atriðum sem hér hafa komið fram, enda munu eflaust gefast tækifæri til þess að gera þeim nánari skil, bæði í umræðum um önnur frv. sem ég mun mæla fyrir hér á Alþingi á næstu dögum og enn fremur við 2. umr. fjárlagafrv.

Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur að mörgu leyti verið fróðleg og athyglisverð og gæfi út af fyrir sig tilefni til þess að fjalla ítarlega um nokkuð marga þætti.

Ef ég má byrja aftast í röð þeirra ræðumanna sem hér hafa tekið til máls vil ég þakka hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni fyrir hans ræðu. Hann gerði það nokkuð að umtalsefni að ég hefði í minni framsöguræðu brotið hefð og það má kannski nokkuð til sanns vegar færa. Ég leyfði mér það að tala dálítið um pólitík í framsöguræðu fyrir fjárlagafrv. í stað þess að þylja þessa talnadálka sem gert hefur verið á undanförnum árum og áratugum og taldi skynsamlegra að gera það vegna þess að tölurnar má í sjálfu sér allar lesa í fjárlagafrv. og hlutverk fjmrh. við þessa umræðu væri meira að setja hlutina í pólitískt samhengi.

Ég vil hins vegar óska hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni til hamingju með það að hann braut líka hefð hér í umræðunum með því að taka sér allgóðan tíma til að flytja hér ítarlega ræðu um fjárlagafrv. og ýmsa þætti þess þrátt fyrir það að allir fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. hefðu flutt ítarlegar ræður og einn fyrrv. ráðherra flokksins að auki ásamt síðan varaformanni þingflokksins sem hér flutti einnig nokkra tölu. Ég get alveg verið sammála hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni í þeim efnum að það væri vissulega tilefni til þess að umræðan um fjárlagafrv. væri á svona nokkuð víðtækari og almennari grundvelli en hún hefur stundum verið áður.

Vegna þeirra einstöku efnisatriða sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék að vil ég aðeins víkja að nokkrum þeirra og þá fyrst þeirri kenningu hans að húsnæðislánakerfið sé millifærslukerfi og þess vegna sé fullyrðing mín um það að millifærslukerfinu verði lokað frá og með áramótum ekki rétt. Ég tel að hér hafi ríkt ákveðin málvenja í stjórnmálaumræðu á Íslandi, að tala fyrst og fremst um millifærslukerfi tengt atvinnuvegunum í þessu sambandi. Ef aftur á móti það á að vera skilningurinn að húsnæðislánakerfið sé einnig millifærslukerfi er auðvitað ekki hægt að draga aðra ályktun af því en þá að Sjálfstfl. sé stærsti millifærsluflokkur þessa lands því að stærri millifærslubreyting hefur varla verið gerð á húsnæðislánakerfinu en sú sem gerð var í stjórnartíð Sjálfstfl. á kjörtímabilinu 1983–1987.

Ég er nú ekki sammála þessari túlkun þó að ég skilji alveg rökin og ætla þess vegna ekki að gera það nánar að umræðuefni, en vek hins vegar athygli á því, af því að hv. þm. varð tíðrætt um forustusveit verkalýðshreyfingarinnar, að forustusveit verkalýðshreyfingarinnar kaus að velja sér sjálf sérstaka fulltrúa í stjórn þessa millifærslukerfis sem hv. þm. kallaði spillta stjórn hér í ræðu sinni (**GHG:** . . . gæti það, leitt til spillingar.) — eða gæti leitt til spilllingar, já — og þar sitja m.a. fyrrv. formaður Landssambands ísl. verslunarmanna, Björn Þórhallsson, og einnig forustumenn atvinnurekendasamtakanna. Það er reyndar engin önnur stjórn í landinu þar sem fulltrúar verkalýðssamtakanna og atvinnurekendasamtakanna hafa kosið að sitja með jafnformlegum hætti og húsnæðismálastjórn og vegna þess að ég veit að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var um langa hríð og er kannski enn einn af forustumönnum Sjálfstfl. í sveit verkalýðssamtakanna fundust mér þessi ummæli hans og skoðanir vera mjög athyglisverðar og ég hef ekki áður tekið eftir því að hann hafi flutt þær á opinberum vettvangi. (Gripið fram í.) Ég átti nú ekki aðeins við fullyrðinguna um að það gæti leitt til spillingar, heldur dóminn almennt yfir þessu kerfi sem sett var upp hér í kjarasamningunum á sínum tíma og því samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og þáv. ríkisstjórnar.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn vil ég aðeins vekja athygli hv. þm. á því, vegna þess að hann gerði mikið úr þessum eina milljarði, að u.þ.b. þriðjungur hans er tilkominn vegna breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og vegna þess að ríkið tekur að sér að greiða framlag sveitarfélaganna á næsta ári í samræmi við þær breytingar sem gerðar verða og voru ákveðnar á hv. Alþingi um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hélt ég satt að segja að hv. alþm. væri kunnugt um þá meginástæðu.

Hin ástæðan er fólgin í því að ríkisstjórnin ákvað, gagnstætt því sem ríkisstjórnir hafa gert á ýmsum fyrri árum, að skerða ekki framlagið til sjóðsins, heldur byggja hann upp, ekki endilega vegna atvinnuástandsins á næsta ári, heldur sem almenna aðgerð.

Hv. þm. flutti hér nokkurn pistil um fjmrh. og formann Alþb. og þessa ríkisstjórn og dró ýmsar ályktanir af fjarveru félaga minna í ríkisstjórninni við þessa umræðu sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér. Ég vil hins vegar þakka honum fyrir þessa nafngift sem hann valdi mér, nútímasósíalisti, en vildi aðeins fá að bæta því við að ef hann vildi hafa lýsinguna réttari væri e.t.v. nákvæmara í hinu hugmyndafræðilega samhengi að orða þetta nútímamarkaðssósíalisti, ef hv. þm. hefur áhuga á því að hafa hina hugmyndafræðilegu skilgreiningu rétta. (**GHG:** Þetta heyrði ég nú í Austur-Þýskalandi fyrir 15 árum.) Það má vel vera að hv. þm. hafi heyrt þetta í Austur-Þýskalandi fyrir 15 árum, en ég vona að hann hafi hins vegar fylgst það vel með hugmyndafræðiumræðu á Vesturlöndum og þar sem sósíalistaflokkar hafa farið með forustu í ríkisvaldi um langt árabil, eins og t.d. í Frakklandi, á Spáni, í Svíþjóð, Danmörku og víðar, að hann skilji vel merkingu þess orðs að vera nútímamarkaðssósíalisti í vestrænu samfélagi. (**HBl:** Ég skil ekki vel merkingu orðsins. Það væri fróðlegt að fá skilgreiningu á því.) Já, ég er alveg

tilbúinn að gera það við annað tækifæri í umræðum hér á Alþingi, hv. þm. Halldór Blöndal, en tel kannski ekki eðlilegt að ég sé að gera það hér í tiltölulega stuttri svarræðu við lok fjárlagaumræðunnar.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson fór einnig með nokkra talnaþulu varðandi breytt hlutföll á skuldabyrði þjóðarinnar sem hlutfall af landsframleiðslu, og fannst mér nú satt að segja að þar væri illa farið með góðan dreng að hann væri að draga þær ályktanir sem hann gerði af þessari talnaþulu vegna þess að það er nú einu sinni þannig þegar menn taka hráar töflurnar frá Seðlabankanum að það getur verið nauðsynlegt að spyrja sjálfan sig um orsakirnar og tímasetningarnar sem liggja að baki þeim tölum sem þar birtast.

Ástæðurnar fyrir því að þessar hlutfallstölur eru hærri á allra síðustu árum en þær voru áður eru fyrst og fremst þrjár. Í fyrsta lagi sá hallarekstur ríkissjóðs sem hófst að magni frá og með árinu 1985 og var síðan ærið mikill 1986, 1987 og einnig á árinu 1988 þegar Sjálfstfl. fór með forsvar fyrir ríkisstjórn rúmlega tvo þriðju hluta þess árs. Þessi hallarekstur ríkissjóðs var fjármagnaður með erlendum lántökum. Þau lán voru yfirleitt tekin í byrjun næsta árs á eftir, þannig að tímasetningar þessarar lántöku falla yfirleitt á næsta ár á eftir. Þannig féll t.d. erlenda lántakan vegna hins mikla hallareksturs ríkissjóðs á árinu 1988 á árið 1989 vegna þeirrar hefðar Seðlabankans og ríkissjóðs að taka slík lán yfirleitt á fyrstu tveimur til þremur mánuðum ársins á eftir. Hallarekstur inn í fjármálaráðherrastjórnartíð Sjálfstfl. og í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er því fyrsta meginástæðan fyrir því að hlutfallstölur skuldabyrðarinnar hafa vaxið á allra síðustu árum. Ég nefni t.d. til samanburðar þá tölu sem birtist í Dagblaðinu fyrir fáeinum dögum síðan, þ.e. að ef halli ríkissjóðs í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar væri umreiknaður á verðlag ársins 1990 næmi hann 12 milljörðum kr.

Önnur meginástæðan fyrir því að þessar hlutfallstölur hafa breyst er að landsframleiðslan hefur dregist saman. Eins og fram hefur komið ærið oft er þetta í fyrsta skipti í 20 ár sem tvö samdráttarár fylgja og á næsta ári verður í fyrsta skipti síðan 1950 að um þrjú samdráttarár í landsframleiðslu í röð verði að ræða og ég veit að hv. þm. er það kunnugur einföldum reikningsaðferðum að þegar sjálfur viðmiðunargrundvöllurinn minnkar, landsframleiðslan í þessum efnum, hlýtur hlutfallstalan að hækka, jafnvel þótt skuldabyrðin í krónutölu væri óbreytt. Það þarf því ekki að hafa átt sér stað nein raunbreyting á skuldasöfnuninni sjálfri þegar landsframleiðslan dregst saman þótt hlutfallstalan hækki.

Þriðja meginástæðan fyrir því að þessar tölur hafa verið að breytast á allra síðustu árum er virkjanaframkvæmdirnar, Blönduvirkjun, þar sem meginhluti framkvæmdanna og erlendrar lántöku vegna Blönduvirkjunar hefur átt sér stað á allra síðustu árum og um 3 milljarðar á næsta ári. Ef farið verður hér í stækkun álversins í Straumsvík og virkjanaframkvæmdir í framhaldi af því vænti ég að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson átti sig á því að þá munu þessar hlutfallstölur, sem hann gerði hér að miklu umræðuefni sem stórfellt hættumerki í efnahagslífinu, rjúka upp úr öllu valdi, einfaldlega vegna þess að þá verður að taka mikil erlend lán til þess að standa undir virkjanaframkvæmdum vegna stækkunar álversins í Straumsvík.

Ég nefni þetta ekki í neinum ásökunartón gagnvart hv. þm., heldur einfaldlega til viðvörunar um að leita fyrst skýringa þess að prósenttölur taka breytingum í dálkunum frá Seðlabankanum áður en menn draga af þeim breytingum efnislegar ályktanir. Staðreyndin er hins vegar sú að árið í ár, 1989, er fyrsta árið í langan tíma þar sem allt útlit er fyrir að það takist að fjármagna halla á ríkissjóði nær eingöngu innan lands og fjárlagastefnan fyrir næsta ár er miðuð við að það takist einnig að gera það gagnvart hallanum á næsta ári. Það er þess vegna sem betur fer þannig að þær tölur sem hv. þm. lagði út af eru í sjálfu sér ekki hættumerki. Þær endurspegla í fyrsta lagi afleiðingar hallareksturs liðinna ára, í öðru lagi samdráttinn í landsframleiðslunni einan og sér sem hækkar hlutfallstöluna án nokkurra raunbreytinga og í þriðja lagi virkjunarframkvæmdirnar vegna Blönduvirkjunar.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék einnig nokkuð að ýmsum útgjaldatölum og dró í efa að þær fengju staðist. Það gerðu einnig nokkrir aðrir þm. hér í umræðunni. Mitt svar varðandi flestar af þessum tölum er það að að baki þeim liggja alveg markvissar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Þessar tölur hafa þegar verið samþykktar af þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna, áður en fjárlagafrv. var lagt fram, þannig að þær munu ekki taka neinum breytingum hér í meðferð þingsins. Þær eru grundvallaratriði í þeirri niðurskurðaraðgerð gagnvart ríkisútgjöldunum sem ríkisstjórnin sameinaðist um í septembermánuði og ágústmánuði sl. Hins vegar get ég vel skilið að mönnum komi það dálítið á óvart að ríkisstjórninni skuli takast að ná saman um svo stórfelldan niðurskurð á ríkisútgjöldum vegna þess að ferill ríkisstjórna fyrri ára sýnir einfaldlega að það hefur oft og tíðum mistekist. Mér fannst satt að segja gæta, ef ég má víkja nokkuð að því hér, töluverðrar þversagnar í málflutningi ýmissa hv. þm. Sjálfstfl. í þessum umræðum. Annars vegar var fjmrh. og ríkisstjórnin fordæmd fyrir það að hafa ekki aukið ríkisútgjöldin meira, hafa ekki bætt við ríkisútgjöldin á fjölmörgum sviðum, og var þar kannski fremstur í upptalningunni hv. þm. Egill Jónsson, og hins vegar var ríkisstjórnin sökuð um það að hafa ekki skorið ríkisútgjöldin nægilega mikið niður.

Ég vona að ég hafi þá vikið að flestum af þeim efnisatriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar og snúa beint að þessu fjárlagafrv., en ég ítreka það að mér fannst ærið margt í hans ræðu vera mjög athyglisvert og vissulega verðskulda ítarlegri umræðu.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék hér að nokkuð mörgum atriðum. Í raun og veru má skipta umfjöllun

hans í kannski þrjá höfuðþætti. Í fyrsta lagi vék hann nokkuð að yfirlýsingum sem gefnar voru í tengslum við síðustu kjarasamninga. Það er verið að vinna að þeim stefnumálum sem þar er greint frá og aðilum vinnumarkaðarins og hv. Alþingi verður greint frá því þegar þau mál eru orðin fullþroskuð.

Varðandi virðisaukaskattinn tel ég réttara að ræða það mál ítarlegar síðar, en í þeirri greinargerð sem ég sendi til allra þingflokka en að forminu til fyrst til þingflokka ríkisstjórnarinnar greindi ég frá þeirri staðreynd sem ég hélt að væri öllum kunn að vegna þess að það er frjáls álagning á fiski og grænmeti en ekki á kjöti og mjólk er einfaldara að framkvæma beint verðlækkun á mjólk og kjöti í gegnum endurgreiðslukerfið en á fiski og innlendu grænmeti. Ég vek í þessu sambandi athygli á því að vörugjaldið var fellt niður hér á allmörgum vöruflokkum 1. sept. Það virðist því miður ekki hafa leitt til verðlækkunar, heldur hefur verslunin og framleiðendur tekið þá lækkun fyrst og fremst til sín án þess að skila henni til neytenda og húsbyggjenda þótt meginrökin, m.a. af hálfu forsvarsmanna atvinnurekenda, fyrir því að knýja fram þetta afnám vörugjaldsins hafi verið þau að það mundi leiða til verðlækkunar neytendum og húsbyggjendum til hagsbóta. Og það er satt að segja dálítið lærdómsríkt að horfa á þá reynslu.

Í þriðja lagi vék hv. þm. Halldór Blöndal að jöfnunargjaldinu og það er alveg rétt að í þessu fjárlagafrv. er reiknað með að jöfnunargjaldið verði innheimt áfram. Í því sambandi vil ég vekja athygli hv. alþm. á því sérstaklega að við samanburð á Íslandi og Evrópubandalaginu, frjálsri verslun og frjálsum viðskiptum á Íslandi og í Evrópubandalaginu, styrkjakerfi á Íslandi og í Evrópubandalaginu, ríkisfjölmiðlum á Íslandi og í Evrópubandalaginu, hættir mönnum til að bera Ísland saman við stórborgarhagkerfi og meginhagkerfi Evrópubandalagslandanna og segja: Þess vegna á jöfnunargjaldið ekki rétt á sér. Staðreyndin er hins vegar sú að innan Evrópubandalagsins er stórfellt ríkisstyrkjakerfi gagnvart hinum svokölluðu jaðarsvæðum Evrópubandalagsins. Jaðarsvæði Evrópubandalagsins eru t.d. nánast allt Skotland, verulegur hluti Norður-Englands, stór hluti Norður-Þýskalands, að ógleymdum verulegum hluta Portúgals, Spánar, Grikklands og Suður-Ítalíu. Ríkisstyrkirnir á þessum svæðum eru svo miklir að t.d. fiskiðnaðarfyrirtæki í Bremerhaven fær greidd, beint úr sjóðum Evrópubandalagsins, 30–35% af öllum fjárfestingarkostnaði, jafnvel þó um stórverksmiðjur sé að ræða sem kosta marga milljarða íslenskra króna. Til viðbótar eru svo ríkisstyrkir frá sambandsstjórninni í Vestur-Þýskalandi, í heild í kringum helmingur af öllum fjárfestingarkostnaði. Það er ekkert óeðlilegt að Ísland segi við lönd Evrópubandalagsins: Meðan þið eruð með stórfellt ríkisstyrkjakerfi í atvinnulífi jaðarsvæðanna hjá ykkur sem er á margan hátt mjög líkt íslenska efnahagskerfinu, þá er ekkert óeðlilegt að Íslendingar séu með innan sinna ríkisfjármála jöfnunargjöld af ýmsu tagi. Ég teldi satt að segja mjög hættulegt fyrir íslenska hagkerfið og fyrir hagsmuni íslenskra atvinnuvega að halda þannig á viðræðunum við Evrópubandalagið að menn geri sér ekki skýra grein fyrir ríkisstyrkjakerfinu og Evrópubandalagsstyrkjakerfinu sem þar er grundvallarþáttur í kagkerfi hinna svokölluðu jaðarsvæða sem eru það sem við á Íslandi ættum fyrst og fremst að bera okkur saman við. Ef við ætlum að falla í þá gryfju að bera okkur fyrst og fremst saman við stórborgarhagkerfið í Evrópubandalaginu værum við að glata mjög tökum á íslenskum hagsmunum. Þar að auki er nokkuð ljóst að fram á næsta ár verða ýmis uppsöfnunaráhrif frá hinu gamla skattkerfi enn þá í gildi og þess vegna, til viðbótar um ákveðinn tíma, ekki óeðlilegt að jöfnunargjaldið sé í gildi. Ég vil þess vegna biðja hv. talsmenn Sjálfstfl. að hugleiða vel og rækilega hvort það þjónar ekki einmitt hagsmunum Íslands í samningaviðræðum við Evrópubandalagið, hvort sem þeir verða í fylgd annarra EFTA-landa eða með öðrum hætti, að við teflum því hvoru á móti öðru, annars vegar styrkjakerfinu til sjávarútvegsins, landbúnaðarins og iðnaðarins í norðurhluta Englands og Skotlands og norðurhluta Þýskalands og svo hins vegar þeim jöfnunargjöldum sem við erum með hér á Íslandi gagnvart íslenskum innflutningi. Það væri mikil blinda að vera haldinn slíkri fríverslunarþráhyggju að vilja öll jöfnunargjöld einfaldlega burt út frá einhverri kreddu um frjálsa verslun án þess að gera sér grein fyrir því hvernig raunveruleikinn er innan Evrópubandalagsins.

Hv. þm. Kristinn Pétursson flutti hér sína hefðbundnu ræðu um brot á stjórnarskránni, við að ekki væru flutt fjáraukalög. Ég ætla nú ekki mikið um þá ræðu að segja. Ástæðan fyrir því að ég svaraði ekki hans bréfi í sumar var að það var ekkert nýtt í því bréfi, það var nákvæmlega sama og hann var búinn að segja hér á Alþingi aftur og aftur allan sl. vetur og nóg er nú skriffinnskan í ráðuneytunum þó að við séum ekki að svara bréfum þm. þegar um er að ræða eingöngu endurflutning á ræðum sem búið er að svara hér á Alþingi. En auðvitað er kjarni málsins sá að sá fjmrh. sem hér stendur er þó ólíkur fyrirrennurum sínum að því leyti að á síðasta þingi kom ég með allan bunkann af fjáraukalögum fyrri ára og ríkisreikningum fyrri ára sem fjmrh. Sjálfstfl. frá 1983–1987 höfðu vanrækt að leggja fram. Og ef það á að draga einhvern fyrir landsdóm fyrir brot á stjórnarskránni, þá ætti skv. þessari kenningu að byrja á núv. hæstv. formanni Sjálfstfl., Þorteini Pálssyni. Svo skulum við hinir koma á eftir þegar búið er að dæma hann skv. kenningu hv. þm. Kristins Péturssonar.

Sá fjmrh. sem hér stendur verður líka fyrsti fjmrh. sem leggur fyrir Alþingi fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár. Það er gerningur sem fjmrh. Sjálfstfl., hvort heldur Albert Guðmundsson, Þorsteinn Pálsson, Matthías Á. Mathiesen, Magnús Jónsson, Gunnar Thoroddsen eða aðrir sé lengra farið aftur í tímann hafa aldrei gert. Og ég hélt nú satt að segja að ef hv. þm. hefur áhuga á því að fagna reformation í stjórnkerfinu, þá ætti hann að taka höndum saman við núv.

hæstv. fjmrh. í stað þess að flytja þessar sífelldu ræður sínar hér um stjórnarskrárbrot sem verður ekki hægt að túlka á annan veg en sem dulbúnar skammir á núv. forustu Sjálfstfl. (**KrP:** Reyndu þá að koma þessu frá þér.) Það kemur. Hv. þm. þarf ekki að bíða eftir því. Hann þurfti að bíða eftir því í hálfan áratug að fjáraukalög frá fjármálaráðherratíð Sjálfstfl. væru flutt hér á Alþingi. Hann mun ekki þurfa að bíða jafnlengi eftir mér. En ég spyr hann hins vegar, hvenær hann flutti þessa ræðu um landsdóminn og stjórnarskrárbrotið á landsfundi Sjálfstfl.? (Gripið fram í.)

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson flutti hér nokkra ræðu þar sem aðallega var vikið að Háskóla Íslands. Hann sagði einnig nokkur orð um Ragnar Arnalds. Ég vil nú í fullri vinsemd biðja hv. þm. Sjálfstfl. að sýna sannleikanum það mikla virðingu að hætta því að flytja hér á Alþingi þetta rugl sem hv. þm. *Þorsteinn Pálsson birti í laugardagsstaksteini sínum í* Morgunblaðinu í síðustu viku um það að Ragnar Arnalds hefði rekið ríkissjóð með halla. Ragnar Arnalds er eini fjmrh. á þessum áratug sem á öllum sínum árum skilaði ríkissjóði með tekjuafgangi. Það er söguleg staðreynd, það er hérna í ríkisreikningunum frá þessum árum. Menn geta bara flett því upp og það er satt að segja dálítið leiðinlegt út frá venjulegum kurteisisreglum sem hér gilda í þinginu að bæði hv. þm. Matthías Bjarnason skyldi flytja þessa vitleysu hér í útvarpsumræðum og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson koma hér með þetta efni. Árið 1983 skilaði halla, það er alveg rétt, en það vita auðvitað allir að Ragnar Arnalds fór frá sem fjmrh. þegar örfáir mánuðir voru liðnir af því ári og Framsfl. tók við stjórnarforustu og Sjálfstfl. við fjmrn. Ég vil þess vegna með fullri vinsemd biðja menn að vera nú ekki að búa til þá sögufölsun að Ragnar Arnalds hafi rekið ríkissjóð með halla. Ef á að halda þessu áfram leiðir það einfaldlega til þess að maður lætur bera ríkisreikningana hér inn á borð þm. Ef hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson ætlar að dæma þetta eftir línuriti sem er birt í fjárlagafrv., þá er það einfaldlega dregið á þann hátt að miðjupunktur hvers árs er notaður til að draga frá einu ári til annars en segir einfaldlega ekkert um niðurstöðutölur hvers árs fyrir sig.

Sama gildir auðvitað um tilvitnun í ræðu Ragnars Arnalds hér í útvarpsumræðunum fyrir fáeinum dögum síðan. Það vita auðvitað allir sem lesa þá ræðu til enda að þau orð *sem hann flutti í upphafi voru lýsing* á þeim viðskilnaði sem við blasti eftir stjórnarferil Sjálfstfl. undanfarin fimm ár.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vék svo einnig nokkuð að málefnum Háskóla Íslands og þeirri ráðstöfun sem deilt hefur verið um, að verja 60 millj. af tekjum háskólahappdrættisins til þess að hraða byggingu Þjóðarbókhlöðu. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég hef starfað við Háskóla Íslands í 20 ár. Ég þekki það þess vegna vel af eigin reynslu og störfum þar að um áraraðir ef ekki áratugi hafa starfsmenn Háskólans og nemendur verið sammála um það að brýnasta úrbótamálið í húsnæðismálum Háskólans sé öflugt háskólabókasafn. Þjóðarbókhlaðan verður þetta háskólabókasafn. Þar munu um 800 stúdentar Háskólans fá lesaðstöðu. Þangað verður Háskólabókasafnið flutt. Þar verður í fyrsta sinn fullkomin tækniaðstaða fyrir nútímavísindabókasafn og auk þess munu losna inni í Háskólanum 1–2 þúsund fermetrar af öðru húsnæði. Áform forsvarsmanna háskólahappdrættisins eru hins vegar á þann veg að verja fjármunum háskólahappdrættisins á næsta ári og næstu 2–3 árum annars vegar í Tanngarð, byggingu tannlæknadeildar á Landspítalalóðinni og skv. bláðafréttum fyrir nokkrum dögum síðan að reisa risastóra skrifstofubyggingu fyrir háskólahappdrættið. Og hvað sem mönnum finnst um aðferðina við ákvarðanatökuna held ég og vona að allir geti orðið sammála því að það þjónar betur hagsmunagæslu vísinda og rannsókna við Háskóla Íslands að flýta Þjóðarbókhlöðunni en að byggja stóra skrifstofu*byggingu fyrir háskólahappdrættið* sem fyrirtæki.

Auðvitað má um það deila hvort það hafi átt að taka endurbyggingu Þjóðleikhússins inn á þjóðarbókhlöðuskattinn ári fyrr en ætlað var, en ég hef átt fund með byggingarnefnd Þjóðleikhússins og á þeim fundi komu fram þeirra sjónarmið að í raun og veru þyrfti mun meira fjármagn í það en ætlað er í fjárlögunum.

Hv. þm. Egill Jónsson flutti hér nokkuð athyglisverða ræðu. Mér fannst tónninn í hans ræðu vera sá að það sem helst skorti á væri að ríkisútgjöldin væru ekki aukin nægilega mikið. Hann flutti, hér einn þm. Sjálfstfl., mikla réttlætingarræðu vegna þeirrar miklu aukningar ríkisútgjalda sem varð á árunum 1983–1987 og gagnrýni hans á þetta fjárlagafrv. var nær eingöngu á þann veg að útgjöldin væru ekki nægilega mikil. Ekki nægilega mikil til vegamála, ekki nægilega mikil til landbúnaðarmála, ekki nægilega mikil til þeirra hagsmunamála sem snerta bændur, ekki nægilega mikil til þeirra hagsmunamála sem snerta landsbyggðina. Ég sló svona lauslega á það að hv. þm. hefði verið að tala fyrir viðbótarríkisútgjöldum um 2–3 milljarða. Hann hins vegar gerði ekki grein fyrir því hvort ætti þá að auka skattheimtuna eða hvar ætti annars staðar að skera niður. Ég veit hins vegar að hv. þm. Egill Jónsson vill vera ábyrgur þm. og einstaklingur, en því miður kom það hvergi fram í hans ræðu hvernig átti að afla fjár í þessa miklu aukningu ríkisútgjalda og þá væntanlega framfylgja *þeim stefnumiðum* Sjálfstfl. *sem fram komu á síðasta* landsfundi að afnema þá skatta sem þessi ríkisstjórn hefði komið á sem þýðir þá um 6–7 milljarða tekjutap fyrir ríkissjóð. Og jafnframt að auka ríkisútgjöldin um 2–3 milljarða til viðbótar bara í þessum tveimur málaflokkum sem hv. þm. Egill Jónsson fjallaði um án þess að víkja nokkuð að niðurskurði á öðrum sviðum. Auðvitað má flytja hér miklar ræður um svik mín og annarra við hitt og þetta af þessu tilefni, en það verður þó að vera ákveðið samhengi í þeirri stefnu sem menn flytja í þeirri gagnrýni.

Hv. þm. Alexander Stefánsson vék hér nokkuð að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og fram

hefur komið þá hefur því miður orðið reyndin að rekstrarkostnaður, sérstaklega heilbrigðisþjónustunnar sem færð var yfir á ríkissjóð með breyttri verkaskiptingu, hefur reynst mun meiri sem nemur mörg hundruð millj. kr. heldur en áætlað var. Það er að hluta til vegna vanáætlana í mörgum heilsugæslustöðvum, sérstaklega í Reykjavík, og svo hins vegar vegna þess að tannlæknakostnaður féll niður í því dæmi sem sett hafði verið upp og ýmsir hv. kunnáttumenn og þm. veittu því ekki athygli að hann hafði fallið niður. Þess vegna er reyndin sú þegar upp er staðið að ríkissjóður mun taka á sig 500–600 millj. kr. meira en ætlað var þegar gengið var frá fjárhagslegu uppgjöri ríkis og sveitarfélaga á sl. vori í samræmi við breytta verkaskiptingu. Ríkisstjórnin hefur í viðræðum við forustumenn íslenskra sveitarfélaga lýst þeirri skoðun sinni að málið verði að taka upp í ljósi þessara staðreynda með einhverjum hætti. Þó er það staðfest stefna stjórnarinnar að skerða ekki Jöfnunarsjóðinn, en hins vegar verði að ræða þennan aukna rekstrarkostnað og uppgjör skulda frá fyrri árum í samhengi við það.

Ég er sammála því sem hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, talsmaður Kvennalistans, sagði hér í umræðunni að Flugstöð Leifs Eiríkssonar er auðvitað mikið vandamál og stórfellt hneyksli, eins og hún orðaði það, í byggingarsögu opinberra framkvæmda. Það er alveg óleyst dæmi á næstu árum og áratugum hvernig á að fjármagna endurgreiðslur af þeim miklu lánum sem tekin voru og standa jafnframt undir rekstri stöðvarinnar.

Hv. þm. vék einnig að því sem hún kallaði skattpíningarstefnu ríkisstjórnarinnar og var á henni að skilja að Kvennalistinn vildi stórkostlega lækka skatta. Ég vil aðeins spyrja í því sambandi vegna þess að mér er kunnugt um það að Kvennalistinn vill einsetinn skóla, Kvennalistinn vill stórfellda uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu, Kvennalistinn vill stórfelldar aðgerðir fyrir fatlaða, Kvennalistinn vill stórfelldar umbætur í tryggingamálum, Kvennalistinn vill verulega aukið framlag til jafnréttismála, Kvennalistinn vill stórkostlegt viðbótarframlag til byggðamála, hvernig á að fara að því öllu saman ef svo á einnig að lækka skatta? (Gripið fram í.) Nei, það er auðvitað alveg rétt að þm. getur ekki svarað, en eins og ég sagði í upphafi, þá fannst mér engu að síður rétt að víkja nokkrum orðum að fáeinum meginatriðum í máli þeirra þm. sem hér hafa talað og sýna þeim þá virðingu að gera það í stað þess að víkja ekki einu orði að því sem þm. sögðu þrátt fyrir það að þeir hafi orðið að víkja hér úr þingsalnum og af því að ég veit að sumir hafa gert það vegna annarra anna. Ekki vegna þess að ég sé að nýta mér fjarvistir þeirra til þess að setja fram skoðanir sem hv. þm. vildu svara, heldur einfaldlega vegna þess að ég vil engu að síður taka á nokkrum þeirra höfuðatriða sem viðkomandi þm. nefndu.

Hv. þm. Pálmi Jónsson flutti hér síðan nokkuð ítarlega ræðu. Ég vil í fyrsta lagi segja að það er misskilningur hjá hv. þm., þær tölur sem hann fór með varðandi skuldastöðu bankakerfisins í samhengi við lausafjárstöðu þess og erlendar lántökur vegna þess að í þeim tölum sem birtar eru er Seðlabankinn talinn til bankakerfisins. Þar er sem sagt ekki um að ræða viðskiptabankana eina, heldur er Seðlabankinn einnig talinn með í þeim tölum sem hv. þm. vitnaði til, en ég var hins vegar eingöngu að víkja að bættri stöðu viðskiptabankanna.

Hv. þm. lýsti þeirri skoðun sinni að núv. ríkisstjórn hefði gefist upp við að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er ekki rétt vegna þess að ríkisstjórnin beitir í þessu fjárlagafrv. markvissum aðgerðum í þessu skyni. Hins vegar hefur ríkisstjórnin horfst í augu við þann veruleika að það sé, miðað við hinn mikla samdrátt sem er í okkar efnahagskerfi, ógerlegt að ná þessu jafnvægi á skemmri tíma en tveimur til þremur árum.

Hv. þm. velti því einnig fyrir sér hvernig stæði á því að í frv. væru áætlaðar 350 millj. í Atvinnutryggingarsjóð ef ætlunin væri að loka millifærslukerfinu á næsta ári. Ástæðan er einfaldlega sú að þessi upphæð var ákveðin með lögum sem sett voru á árinu 1988 og það er verið að standa við þær lagalegu skuldbindingar að tryggja sjóðnum ákveðið fjárstreymi á þeim tíma og það breytir engu um þá staðreynd að frá og með áramótum verður ekki tekið við fleiri umsóknum. Sjóðurinn mun einfaldlega afgreiða þær umsóknir sem þá liggja fyrir og síðan verður honum komið fyrir í Seðlabankanum eða annars staðar þar sem hann verður þjónustaður eins og hver annar lokaður sjóður sem á að renna sitt skeið á enda.

Hv. þm. vék einnig nokkuð að kaupmáttartölum sem ég nefndi hér við umræðu um stefnuræðu forsrh. Ég vil í því sambandi bara ítreka það sem ég hef gert áður að ég var þar að bera saman kaupmátt lægstu launa innan BSRB, þ.e. þriðjungs til fjórðungs félagsmanna BSRB, við verðlag á landbúnaðarvörum eða matvælum. Það hefur aldrei verið nein launung á því að kaupmátturinn í heild mundi minnka og hefur minnkað, en það er hins vegar ákveðinn hluti láglaunafólks sem hefur sem betur fer getað treyst því að staðið hefur verið við þau fyrirheit að kaupmáttur þess fólks hefur haldist.

Hv. þm. vék einnig að uppsetningarformi í fjárlögunum og í grg. og í samanburðartölum. Þær eru ekkert öðruvísi en oft hefur verið áður og það er misskilningur að í frv. sé reynt með einhverjum hætti að gera þann samanburð erfiðari, heldur er þvert á móti reynt að draga upp sem raunsannasta mynd af ástandinu á þessu ári eins og það hefur þróast og það borið saman við frv. til fjárlaga fyrir næsta ár.

Virðulegi forseti. Það var fjölmargt annað sem fram kom í ræðum hér í dag sem vissulega hefði verið tilefni til að fjalla um, en eins og ég sagði áðan þá hefur þessi umræða nú þegar staðið í um níu klukkustundir og í umræðum jafnvel næstu daga um ýmis önnur mál sem tengjast þessu fjárlagafrv. og flutt verða í hv. deildum þessa þings gefst tækifæri til þess að fjalla nánar og ítarlegar um þessi atriði.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það má segja að það sé kannski óvanalegt að kveðja sér hljóðs eftir að hæstv. fjmrh. hefur lokið annarri ræðu sinni í sambandi við frv. til *fjárlaga, en ég beindi til hans beinum spurningum* sem hann hefur kosið að svara ekki. Og í því skjóli að venja sé að fleiri verði ekki til andsvara, þá má e.t.v. reyna að skjóta sér á bak við slíkt, en ég beindi til hans beinum spurningum sem ég óskaði svara við og vil ítreka þær.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. fjmrh. hvort rétt sé að samband hafi verið haft við utanrrn. vegna þess að jöfnunargjald er lagt hér á útflutning. (Gripið fram í.) Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari úr stólnum. Ég óska eftir að það komi í þingtíðindum, hans svar. (**Fjmrh.:** Þingmaðurinn túlkaði svarið í þingtíðindin áðan og sagði að ...) Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort athugasemd hefði borist til utanrrn. um það að hér væri lagt á jöfnunargjald. (**Fjmrh.:** Mér er ekki kunnugt um það.) Hann segir að sér sé ekki kunnugt um það nú, en áður hefur hann svarað því neitandi. Ég hins vegar get tekið undir með honum að ég er auðvitað mjög ánægður yfir því ef sú hugsun með *jöfnunargjaldinu nú er að nota það ekki* sem almenna skattheimtu í ríkissjóð heldur hugsi hæstv. fjmrh. sér í fyrsta lagi að endurgreiða þann uppsafnaða söluskatt til atvinnuveganna sem hann sagði réttilega áðan að væri uppsafnaður í kerfinu og þá er rétt að gera ráð fyrir því í fjárlagafrv.

Í öðru lagi er ég fyllilega sammála honum um að það getur verið heilbrigt og eðlilegt að styðja og styrkja atvinnurekstur hér á landi með slíkum aðgerðum, en þá á að gera það en ekki að nota jöfnunargjaldið til þess að stinga því ofan í vasa fjmrh. og hafa atvinnuvegina að yfirskini. Það kemur skýrt fram, hæstv. fjmrh., í því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir, í frv. til lánsfjárlaga og ég tala nú ekki um í frv. um breytingu á lögum um launaskatt að við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf aðilum atvinnuveganna í maímánuði sl. um að beita sér fyrir breytingu á opinberum gjöldum í þá veru að sambærilegt væri við það sem gerist í Evrópubandalagslöndunum, það liggur fyrir að hæstv. fjmrh. hyggst ekki standa við þau.

Ég get, hæstv. forseti, aðeins vitnað í eina setningu sem sýnir glögglega að skilningur minn er réttur, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar má benda á að það þjónar ekki hagsmunum hins almenna skattborgara að geyma fé*ð* frekar hjá fyrirtækjunum en ríkissjóði.“

Þessi setning ber það með sér að það frv. til laga um breytingu á lögum um launaskatt sem hér liggur fyrir er til þess að þyngja þessa skattheimtu, en ég hef meira en rökstuddan grun um að í þeim viðræðum sem áttu sér stað milli atvinnurekenda og ríkisstjórnarinnar í maímánuði sl. hafi einmitt verið bent á að skattur af þessu tagi væri ekki lagður á í a.m.k. sumum löndum Efnahagsbandalagsins.

Ég vil líka rifja upp, hæstv. fjmrh., að ég vísaði til ummæla sem hæstv. iðnrh. viðhafði í Ed. þegar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru þar til umræðu. Þá lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að á vegum iðnrn. væri starfandi nefnd sem fulltrúar iðnaðarins ættu sæti í og sömuleiðis fulltrúi fjmrn. Eftir þeim orðum sem hæstv. fjmrh. viðhafði hér áðan virðist sú nefnd hafa verið lögð niður, ekki boðuð til fundar eða sniðgengin, vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði hér berum orðum áðan að henni kæmi í rauninni ekki við hvað ríkisstjórnin væri að aðhafast, það væri ekki hennar mál, heldur yrði henni tilkynnt á sínum tíma um niðurstöður ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar aðilar vinnumarkaðarins ganga til samninga við launþega um kjarasamninga og fá skriflega yfirlýsingu frá ríkisstjórn og forsrh. um tilteknar aðgerðir fyrir atvinnureksturinn, að þeir skuli svo hundsaðir að þeim skuli ekki einu sinni heimilt að eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem hefur með það að gera hvernig eigi að koma til móts við það fyrirheit að samkeppnisstaða þeirra verði jöfnuð skattalega borið saman við lönd Efnahagsbandalagsins.

Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hér áðan og ég bað þann hæstv. forseta sem þá sat í forsetastóli um *að liðka til fyrir fjmrh. ef þingið gæti með einhverjum* hætti gert það, að þingmenn fengju í hendur þær upplýsingar sem hæstv. iðnrh. talaði um í hinum tilvitnuðu ummælum. Nú fékk ég ekki svar við því hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin til þess að láta þingmönnum í té þær upplýsingar sem ríkisstjórnin, eftir því sem hæstv. ráðherra sagði áðan, leggur til grundvallar þegar hún er að meta hvað sé sambærileg skattaleg staða fyrirtækja í löndum Evrópubandalagsins og fyrirtækja hér. Ég skal rifja upp þessa setningu í bréfi hæstv. forsrh. fyrir hæstv. fjmrh. ef hann vill láta svo lítið að svara skýrar. Setningin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun.“

Nú vill svo til að framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda er erlendis, sömuleiðis framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands þannig að ég hafði ekki tök á því að ráðfæra mig við þá áður en ég tæki hér til máls um það hversu slíku samstarfi hefði verið háttað. En hæstv. fjmrh. hefur tekið af mér ómakið. Hann hefur lýst því hér yfir að þessi yfirlýsing verði að engu höfð. Hæstv. fjmrh. sagði áðan úr ræðustól að hann hefði gert grein fyrir því í frumræðu sinni hvernig að þessari leiðréttingu yrði staðið. Ég heyrði hluta af ræðu hans, var kallaður í síma svo að ég heyrði hana ekki alla, en ég hef spurt aðra þingmenn að því hvort hann hafi kveðið fastar eða skýrar að orði í sinni ræðu um þessi atriði en í hinni skrifuðu ræðu sem útbýtt var til þingmanna. (**Fjmrh.:** Ég sagði aldrei að ég hefði fjallað um það í ræðu minni. Ég sagði bara að þingmaðurinn hefði gefið

...) Nú. Hæstv. ráðherra man ekki hvað hann sagði. Hann er nú líka farinn að ruglast í höfðinu því að hann sagði þegar hann kom hér upp áðan um tíuleytið að umræðan hefði staðið í níu tíma. (**Fjmrh.:** Senn.) Það er nú kannski nær átta. Átta tímar hefðu kannski verið nær. Þar að auki hófst umræðan ekki fyrr en hálfþrjú þannig að hæstv. ráðherra hefur eitthvað ruglast í ríminu. En í grg. með fjárlagafrv. standa þessi orð, hæstv. fjmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Mikil óvissa ríkir um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti félaga á næsta ári. Horfur eru á að afkoma fyrirtækja verði lakari á þessu ári en á árinu 1988, sem óhjákvæmilega leiðir til minni tekna af þessum skattstofni á næsta ári. Vaxandi greiðsluerfiðleikar hjá fyrirtækjum gætu einnig sett mark sitt á innheimtuna, bæði á þessu ári og hinu næsta. Miðað við þessar forsendur er óvarlegt að ætla að tekjuskattur félaga færi ríkissjóði meira en 1,7–1,8 milljarða í tekjur árið 1990, samanborið við 2 milljarða 250 millj. í ár."

Þetta er sú skýring sem gefin er á minni tekjuskatti félaga á næsta ári en þessu. Það er ekki vikið einu einasta orði að því að einhverjar þær skattabreytingar séu hafðar í huga sem hæstv. forsrh. hét og lofaði aðilum vinnumarkaðarins skriflega á sl. vori. Á hinn bóginn segja þessar tölur okkur annað. Þær segja okkur hversu mikil áhrif það hefur á afkomu ríkissjóðs hver rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna er. Og svo að ég haldi áfram þessari upprifjun, þá var því heitið í þessu plaggi að samkeppnisstaða útflutningsgreina yrði viðunandi á samningstímabilinu. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort hann ætti við að hún yrði viðunandi allt samningstímabilið eða hvort hún yrði viðunandi t.d. einn sólarhring, eina klukkustund. Honum fannst þetta voðalega heimskulega spurt. Hann reyndi að gefa það í skyn að ríkisstjórnin hygðist bæta samkeppnisstöðuna hið skjótasta. En það hefur nú ekki verið gert enn þrátt fyrir það að frysting sé rekin með 3% styrkjum úr ríkissjóði og þrátt fyrir miklar greiðslur til saltfiskvinnslunnar úr Jöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, þrátt fyrir það að búið sé að tæma sjóði sem voru digrir hjá saltfiskverkuninni áður en þessi ríkisstjórn settist til valda, þá hefur staða sjávarútvegsins í heild versnað og það sem er kannski enn þá alvarlegra, annar atvinnurekstur hér á landi býr við erfiðari samkeppnisskilyrði en ella vegna þess að reynt er að reka sjávarútveginn með styrkjum. Af þessum sömu ástæðum er þessi mikli samdráttur í þjóðfélaginu í heild og þessi mikla heimatilbúna kreppa sem við búum nú við. Og eins og hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson gerði glögga grein fyrir áðan má búast við því að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 1–1,5 milljörðum lægri á næsta ári heldur en þó er gert ráð fyrir í þessu frv. einmitt út af þessum mikla samdrætti. Þess vegna er það auðvitað algjörlega út í hött þegar hæstv. fjmrh. er að miða stjórn Sjálfstfl. á landsmálum við þessa hafta- og stöðnunarstefnu sem nú er.

Ég get tekið annað dæmi. Þegar þessi hæstv. ráðherra og þegar hæstv. forsrh. voru að tala fyrir Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina fyrir einu ári töluðu þeir um að þetta væri tímabundin aðgerð sem einungis mundi standa í eitt ár. Fyrirtækjunum yrði komið á réttan kjöl, síðan kæmi gósentíð vinstri stjórnar og þá væri hægt að leggja þennan sjóð niður.

Hæstv. forseti. Þegar verið er að svara hæstv. fjmrh. er nú lágmark að hann sé inni, annars er ég alveg reiðubúinn að gera hlé á fundi til kl. tólf. (**Fjmrh.:** Eins og áður var sagt, þá heyrir fjmrh. hvert einasta orð.) Það er gott. Ég vildi vera viss um það að ráðherrann hefði ekki misst af því sem ég er að segja. En í því frv. til lánsfjárlaga sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina fái til ráðstöfunar 750 millj. kr. fyrir utan 350 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Ég hef ekki lesið grg. með þessu frv. þar sem ég sá það fyrst áðan. Ég veit ekki hvaða hugmyndir hæstv. ríkisstjórn gerir sér um Hlutabréfasjóðinn, en á hinn bóginn er mér kunnugt, hæstv. fjmrh., að uppi eru hugmyndir um það í ríkisstjórninni að beita fleiri sjóðum í þá átt að greiða með margvíslegum atvinnurekstri hér á landi vegna þess að ríkisstjórnin treystir sér ekki til þess að skapa atvinnuvegunum viðunandi samkeppnisskilyrði á erlendum mörkuðum.

Eitt atriði enn sem hæstv. fjmrh. minntist ekki á og ég beindi til hans beinni spurningu um. Hefur hæstv. fjmrh. t.d. staðið skil á uppsöfnuðum söluskatti vegna loðdýraræktar? Það kom ekki eitt einasta svar frá hæstv. fjmrh. um þetta atriði. (**Fjmrh.:** Samkvæmt fjárlagafrv. ...) Það er því í raun og veru algjörlega út í hött að hafa þessa umræðu hér. (Gripið fram í.) algjörlega út í hött og raunar mjög ömurlegt ef það færi nú svo að nauðsynlegt yrði að breyta þingsköpum til þess að knýja ráðherra til svara um einföldustu atriði vegna þess að þeir fást ekki til þess, vegna hinnar bágu stöðu sinnar og vegna þess að þeir hafa ekki staðið við þau fyrirheit sem þeir hafa gefið. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að loðdýraræktin, sem er aumust atvinnugreina hér á landi, á sama rétt til uppsafnaðs söluskatts og aðrar útflutningsgreinar. Á því er ekki minnsti vafi.

Hæstv. fjmrh. kom þar máli sínu að hann talaði um hinn góða viðskilnað Ragnars Arnalds í fjmrn. Verð ég nú að segja að oft hefur mér blöskrað en aldrei eins og núna. Það er einmitt ágætt að rifja það upp í tengslum við Þjóðarbókhlöðu hvernig viðskilnaðurinn var hjá ráðherrum Alþb. þegar einmitt þessi maður, hv. þm. Ragnar Arnalds, var fjmrh. Ástandið var þá þannig í húsnæðismálum að erlend lán voru tekin til byggingarsjóða ríkisins. Ástandið var þannig hjá Lánasjóði ísl. námsmanna að erlend lán voru tekin til þess að hann gæti staðið við sínar skuldbindingar. Ég hygg að ríkisfjármál hafi aldrei hvorki fyrr né síðar komist á lægra plan nema í það eina skipti þegar vinstri stjórnin frá 1956–1958 fékk gullpeningana, silfurskildingana 30 úr varnarmálasjóði Bandaríkjanna, öryggissjóði Bandaríkjanna.

Þegar síðan ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist að völdum þá urðum við að finna leiðir til þess að reyna að draga úr þeim erlendu lántökum sem sú

ríkisstjórn bar ábyrgð á sem þá sat að völdum, og hæstv. ráðherra átti mikinn þátt í að móta efnahagsstefnu hennar, var þá í fjh.- og viðskn. Nd. og flutti hér margar og lærðar ræður. Það kom í okkar hlut, sjálfstæðismanna, að finna leiðir út úr þessum vanda og sá eignarskattsauki sem oft hefur verið talað um í sambandi við Þjóðarbókhlöðuna var lagður á í því augnamiði að hægt væri að komast hjá því að taka erlend lán til húsnæðissjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna eins og tíðkast hafði meðan Svavar Gestsson, hæstv. ráðherra, fór með húsnæðismál. Á þeim tíma voru framlög til húsnæðismála aumari og lélegri heldur en nokkru sinni síðan ég byrjaði að fylgjast með stjórnmálum. Raunlán til íbúðarbygginga þá voru um 11% af byggingarkostnaði.

Við sjálfstæðismenn höfðum forustu um það að eignarskattsaukinn var lagður á. Síðan, þegar okkur hafði tekist að rétta svo fjárhag ríkisins að við gátum með innlendri lánsfjáröflun og greiðslum úr ríkissjóði staðið undir húsnæðislánakerfinu, þegar við hættum að taka erlendu lánin til húsnæðislánakerfisins, var það að frumkvæði hæstv. þáv. menntmrh. Sverris Hermannssonar sem þessi skattur var framlengdur og hugmyndin var sú að tekjurnar rynnu til Þjóðarbókhlöðu. Það var loforð alþingismanna á þeim tíma. Og þetta er satt að segja orðin mikil raunasaga. Við hátíðlega athöfn á Þingvöllum 1974 lýsti Alþingi Íslendinga yfir að það ætlaði að gefa þjóðinni þjóðarbókhlöðu. Þegar vinstri stjórnin sat 1980–1983 gerðist það í fyrsta skipti að þetta var svikið, þegar hv. þm. Ragnar Arnalds var fjmrh. Og í hans fjárlögum má sjá að heimild er til erlendrar lántöku í þjóðarbókhlöðu. Sú ríkisstjórn sem þá sat tók erlent lán til þess að íslenska þjóðin gæti gefið sjálfri sér gjöf í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Þessi var nú reisnin yfir hæstv. fjmrh. þeirrar stjórnar, Ragnari Arnalds. Og ég get vel rifjað það upp að ég greiddi atkvæði gegn þessari heimild. Síðan þekkjum við söguna og nú er svo komið að það á að taka happdrættisfé Háskóla Íslands í Þjóðarbókhlöðuna, happdrættisfé Háskóla Íslands. Mér þykir í rauninni slæmt að ég skuli ekki eiga á segulbandi þau orð sem hafa fallið um Þjóðarbókhlöðu fyrr og síðar hér í þessum sölum. Orð sem ég hef heyrt á fundi sem var haldinn uppi í Háskóla um Þjóðarbókhlöðu. Mig minnir að á þeim fundi hafi hæstv. núv. fjmrh. talað, þá utan þings, mig minnir það, það má vera að það sé misskilningur. En kannski væri nú hægt að fletta því upp og athuga. En ljóst er að á þeim tíma sem Sjálfstfl. fór með fjármál og Sjálfstfl. fór með menntamál heyrðist ekki ein einasta rödd um það innan Háskólans, hvorki frá þessum virðulega prófessor eða neinum öðrum að rétt væri að peningar happdrættisins gengu til Þjóðarbókhlöðunnar. Ef skrautleg faguryrði hæstv. fjmrh. nú eru annað en yfirskin þá hlýtur hann að verða að svara sjálfum sér þeirri spurningu: Hvernig stóð á því að hann fann ekki upp á þessu fyrr? Hvernig stóð á því að hann stakk ekki áður upp á því, meðan hann var innan Háskólans, þá hefði verið tekið meira mark á honum, að peningar happdrættisins rynnu til þessarar byggingar?

Auðvitað vitum við að sparnaðurinn sem hæstv. fjmrh. hrósar sér af er ekki sparnaður í rekstri. Það er ekki sparnaður í rekstri að ákveða það að svipta Háskólann tekjum af happdrætti. Það er ekki sparnaður í rekstri að skera vegaframlög niður um 1 milljarð. Það er ekki sparnaður í rekstri að leysa buxurnar niður um hæstv. samgrh. í hafnamálum. Það er ekki sparnaður í rekstri að draga úr hafnaframkvæmdum. Það er ekki sparnaður í rekstri að stela ½ milljarði af opinberum starfsmönnum úr þeirra lífeyrissjóði. Það er ekki sparnaður í rekstri að draga úr fé til byggingarsjóðanna og taka hærri lán í staðinn. Ekkert af þessu er sparnaður í rekstri.

Hæstv. ráðherra hefur ekki sparað eina einustu krónu. Það sjáum við best á þessu pjatti sem heitir umhverfisráðuneyti í þessu hér og margvíslegu öðru pjatti sem er að finna í þessu ágæta frumvarpi — afleita frumvarpi vildi ég sagt hafa.

Kjarninn í því sem ég er að segja, hæstv. forseti, er þessi: Frumvarpið ber auðvitað keim af því að efnahagslíf hér á landi hefur verið að fara niður á við. Það er rétt sem hæstv. fjmrh. sagði: Við horfum fram á þriðja árið í röð sem landsframleiðsla minnkar. Og það sem kannski enn dapurlegra er: að sú ríkisstjórn sem hér situr við völd hefur misst allan metnað, ef hún hefur þá nokkurn tímann haft hann, og hefur ekkert markmið í þá veru að rétta við efnahag fólksins í landinu, efnahag fyrirtækjanna. Og auðvitað er það algerlega út í hött að reyna að halda því fram að kjör láglaunafólks, einhvers hóps innan BSRB hafi batnað síðan þessi ríkisstjórn settist að völdum. Það er náttúrlega slík ósvífni og ósvinna að halda slíku fram að engu tali tekur. Þvert á móti verður maður hvarvetna var við þá miklu þreytu sem einkennir fólkið. Og þessi þreyta er kannski ekki fyrst og fremst hjá því fólki sem hefur örugga atvinnu. Þreytan er kannski miklu meiri hjá öðru fólki sem vinnur hjá fyrirtækjum í margvíslegum rekstri, sem veit ekki hvort það heldur vinnunni fram að jólum, hvort það heldur vinnunni fram á vor. Fólki sem hefur gengið mánuðum saman atvinnulaust. Fólki sem er búið að vera svo lengi atvinnulaust að atvinnuleysisbætur hafa fallið niður. Ein skýringin á því að greiðslur í Atvinnuleysistryggingasjóð þurfa að vera meiri nú en áður er t.d. að nú er búið að lengja tímabilið sem menn mega vera atvinnulausir og halda þó fullum bótum. Það er ein skýringin. Það er þess vegna laukrétt sem hv. 14. þm. Reykv. sagði hér áðan að hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til að hreyfa við þessum sjóði af því að atvinnuleysið blasir við hjá æ fleiri og margir flýja land.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Atvinnumálanefndir (10. mál) 274.
Erfiðleikar í loðdýrarækt (47. mál) 294.
Erfðafjárskattur (56. mál, tvísköttunarsamningar) 252.
Fjárlög 1990 (1. mál) 299.
Greiðslur samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögum (30. mál) 283.
Grunnskóli (27. mál, skólaskylda, starfstími og einkaskólar) 253.
Jöfnun raforkuverðs (31. mál) 271.
Samgöngur yfir Hvalfjörð (32. mál) 287.
Skráning og meðferð persónuupplýsinga (51. mál, heildarlög) 249.
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræða) 185.
Stjórn umhverfismála (4. mál, heildarlög) 252.
Stofnun og slit hjúskapar (52. mál, sáttatilraunir) 269.
Varaflugvöllur fyrir alþjóðaflug (36. mál) 291.
Veiting ríkisborgararéttar (53. mál, fyrra stjfrv.) 251.
Verndun vatnsbóla (20. mál) 298.
Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega (23. mál) 298.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 185, 282, 367.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 185, 275, 278, 280.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 247, 249, 251, 269, 270.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 252.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 212, 299, 395.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 222, 277, 279.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 284, 286, 287, 288, 290, 291, 295, 299.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 200, 272.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 258.
Alexander Stefánsson 271, 274, 283, 285, 287, 289, 298, 346.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 209, 281.
Ásgeir Hannes Eiríksson 226, 283, 344.
Birgir Ísl. Gunnarsson 357.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 270, 276.
Egill Jónsson 285, 293, 296, 350.
Eiður Guðnason 236, 290, 299.
Eyjólfur Konráð Jónsson 299.
Friðjón Þórðarson 267, 363.
Friðrik Sophusson 198.
Guðmundur Ágústsson 226.
Guðmundur H. Garðarsson 281, 291, 294, 379.
Guðmundur G. Þórarinsson 231.
Guðrún Agnarsdóttir 279.
Halldór Blöndal 287, 294, 297, 367, 373, 405.
Hjörleifur Guttormsson 274, 277, 281, 282.
Hreggviður Jónsson 218, 246, 341.
Karl Steinar Guðnason 203, 278.
Kristinn Pétursson 368.
Kristín Einarsdóttir 206, 276.
Lára V. Júlíusdóttir 263.
Matthías Bjarnason 234.
Málmfríður Sigurðardóttir 333.
Pálmi Jónsson 319.
Ragnar Arnalds 243.
Ragnhildur Helgadóttir 253, 264.
Salome Þorkelsdóttir 278.
Stefán Valgeirsson 228, 282, 285, 297.
Unnar Þór Böðvarsson 217, 269.
Þorsteinn Pálsson 194.
Þórhildur Þorleifsdóttir 239, 259, 267.

SAMEINAÐ ÞING

9. fundur, mánudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Skil innheimtumanna ríkissjóðs.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Kveikjuna að þessari beiðni um utandagskrárumræðu er að finna á bls. 30 í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1988. Með leyfi forseta les ég hér upp upplýsingar sem hljóða svo:

„Í árslok 1988 námu skuldir innheimtumanna ríkissjóðs í A-hluta 119,2 millj. kr. en námu í árslok 1987 237 millj. kr. Af einstökum innheimtuembættum skuldaði sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu mest eða 31,5 millj. kr. Áður hafa verið gerðar athugasemdir við skil þessa embættis og vísast í því sambandi m.a. til skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1987."

Markmið með álagningu skatta og innheimtu þeirra er að sjálfsögðu ekki það að innheimtumenn ríkissjóðs taki sig til og ráðstafi þessum fjármunum að geðþótta. Það vekur athygli að ítrekaðar athugasemdir hafa verið gerðar við skil sýslumannsembættisins í Húnavatnssýslu. Ég tel eðlilegt að varpa þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort óskað hafi verið eftir því að sýslumaður yrði settur af vegna þessa, og þá hlýtur fjmrn. að koma þeirri beiðni til dómsmrh., eða hvort ráðuneytið telji það eðlilegt að í stað þess að fjármunum sé skilað, eins og vera ber, sé aðeins látin koma fram greinargerð yfir það hvað gert hafi verið við peningana.

Ég hygg að ýmsum embættum þætti fróðlegt að fá svör við þessu því að okkur berast fréttir af erfiðleikum, m.a. úr Stykkishólmi þar sem sagt er að lögreglustöðin sé dæmd óhæf af Vinnueftirliti ríkisins. Ég tel einnig mjög mikilvægt að það liggi skýrt fyrir að Alþingi hafi þá skoðun að þeir sem halda öðrum til laga ættu sjálfir að fara að lögum. Það tel ég grundvallaratriði og undirstöðuatriði. Mér er þess vegna nokkuð heitt í hamsi þegar ég sé athugasemdir eins og þessar í ríkisreikningnum og vil fá það upplýst hvort þessi mál hafa þróast til betri vegar almennt eða hvort þetta er á þann veg sem verið hefur og hér er frá greint.

Ég tel að það sé líka athyglisvert fyrir hinn almenna mann að sjá að borgardómaraskrifstofurnar skulda 14,7 millj. kr. í árslok 1988 og Sakadómur Reykjavíkur skuldar 10,3 millj. kr. í árslok. Hvers vegna er ekki innsiglað hjá þessum stofnunum? Hvers vegna er ekki innsiglað? Það mundi þá reyna á það hvort forráðamenn þeirra mundu greiða upp skuldina eða segja af sér þannig að hægt væri að skipa aðra menn hæfari til að stjórna þessum embættum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að það er mjög mikilvægt að innheimtumenn ríkissjóðs, sýslumenn og aðrir sem þeim störfum gegna, fylgi þeim reglum sem þeim er sett að fara eftir vegna þess að þeir eru fulltrúar stjórnvalda í að knýja á um að einstaklingar og fyrirtæki standi í skilum með sínar skuldir. Það er auðvitað alveg ljóst að sé framganga mála hjá innheimtumönnum með þeim hætti sem hér hefur verið lýst hjá tilteknu sýslumannsembætti mun það leiða til þess að innheimtukerfið mun veikjast mjög, og möguleikar til þess að fylgja eftir reglum í þessum efnum verða minni en ella.

Af hálfu fjmrn. hefur í sumar og haust verið reynt, eins og fram hefur komið, að beita virkari aðferðum við að tryggja örugga innheimtu og mér er bæði ljúft og skylt að greina frá því að yfirleitt hefur samvinnan við innheimtumenn ríkissjóðs, sýslumannsembættin út um allt land, verið einstaklega góð hvað þetta snertir. Það er hins vegar einnig ljóst að það eru undantekningar og sú venja, sem hefur skapast hjá þeim sýslumanni sem hér var sérstaklega nefndur, sýslumanni í Húnavatnssýslum, er andstæð þeim anda reglnanna og þeirri framkvæmd kerfisins sem við viljum halda í heiðri. Þess vegna hafa embættismenn fjmrn. fyrir nokkru síðan átt viðræður við embættismenn dómsmrn. og óskað eftir því að dómsmrn. beiti sér fyrir því sem stjórnsýslulegur ábyrgðaraðili á sýslumanninum að á þessu verði breyting. Og fjmrn. mun rækilega ganga eftir því á næstunni að svo verði. Ég vona að það takist svo að ekki þurfi að grípa til annarra og afdrifaríkari aðgerða gagnvart þessari innheimtustofnun.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Þetta eru mjög sérkennileg og á margan hátt þægileg vinnubrögð sem sýslumenn og yfirvöld hafa tekið upp með þessum hætti. Ef ég mætti færa þau hingað til Reykjavíkur þar sem Gjaldheimtan innheimti 24 milljarða 441 millj. 51 þús. 491 kr. á síðasta ári og um helmingur af þeirri fjárhæð fer í ríkissjóð væri það vissulega ekki amalegt fyrir Reykvíkinga að halda eftir rúmum 12 milljörðum til eigin framkvæmda. Það mætti t.d. nota þá peninga til að ljúka við Ráðhúsið. Það mætti nota þá peninga til að ljúka við „skopparakringluna" eða ýmsar aðrar framkvæmdir og skipulagsslys sem því miður hafa verið

samþykkt hér í Reykjavík. En fyrst og síðast held ég að hægt væri að nota þessa peninga til að standa í skilum við Reykjavíkurborg og greiða þann milljarð króna sem ríkið skuldar borginni í vegaframkvæmdir, fyrir þá þjóðvegi sem borgin hefur lagt út fyrir fyrir ríkið hér á borgarlandinu.

Það sjá náttúrlega allir hvers konar firra þetta er, að það gengur ekki upp að þetta sé unnið á þennan hátt. Sé þetta hins vegar venja í einu kjördæmi langar mig að athuga hvort hæstv. fjmrh. mundi samþykkja það með því að kinka kolli að Reykvíkingar fengju að nota gjaldheimtupeningana á sama hátt og varla sér högg á vatni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. hans einarðleg svör í þessum efnum. Ég tek jafnframt undir það sem hér kom fram hjá hv. 16. þm. Reykv., að það er hætt við að það mundi léttast í sjóðum ráðuneytisins svo að um munaði ef menn tækju þetta almennt upp og það yrði liðið, þannig að þó að ekki sé hægt að orða það svo að hér sé um fjárdrátt að ræða, þá er hægt að orða það svo að menn séu að ráðstafa ófrjálsri hendi fjármunum sem þeir eiga að skila. Það verður að segjast eins og er að það að slíkt sé aðeins áminningarefni til sýslumanna er svona mildasti texti í þessum efnum sem maður getur hlustað á. Og dálítið er erfitt að skilja að ekki skuli vera fastar tekið á málum.

Hvernig mundu menn bregðast við ef sá sem ætti að skila söluskatti lýsti því yfir að hann væri búinn að afhenda Hjálparstofnun þjóðkirkjunnar þessa peninga og ætlaði þeim að ráðstafa þeim og skilaði svo bara kvittuninni fyrir? Ætli yrði ekki dálítið skrýtinn svipurinn sem kæmi á innheimtumenn ríkissjóðs?

Ég vona að þingheimi sé ljóst að þessi orð eru sögð í fullri alvöru og ég mun fylgjast með því hvort staðið verður við það að halda þessum embættum til eðlilegra skila á því fjármagni sem þeim er ætlað að innheimta eða hvort þessi ga-ga-stjórn fær að halda áfram, en mér sýnist að þá yrði trúlega þannig tekið á málum að menn teldu að þetta yrði þá ráðuneyti ga-ga-mála.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Málshefjandi hóf mál sitt á því að vitna til skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1988. Af því tilefni vildi ég vekja athygli á því að í sömu skýrslu yfirskoðunarmanna fyrir árið 1987 segir svo, með leyfi forseta:

„Yfirskoðunarmenn vilja einnig benda á nauðsyn þess að innheimta ríkistekna sé samræmd milli umdæma og að alls staðar sé farið eftir sömu reglum að því er innheimtuaðgerðir og meðferð eftirstöðva varðar."

Í skýrslu þessara aðila nú í ár, hinna þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, segir svo, með leyfi forseta:

„Einnig er vert að vekja á ný athygli á nauðsyn þess að sem mest samræmi sé í innheimtu ríkissjóðstekna milli umdæma þannig að gjaldendur sitji alls staðar við sama borð gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs. Eðlilegt er einnig að reglur um niðurfellingu opinberra gjalda og afskriftir ríkissjóðstekna séu samræmdar og framkvæmd þeirra í höndum eins aðila, t.d. Ríkisendurskoðunar. Sjálfsagt er að stjórnir gjaldheimtna geri tillögur um úrlausn einstakra slíkra mála."

Mér þykir eðlilegt, virðulegi forseti, að þessar skoðanir komi hér fram úr þessari skýrslu. Ég vil jafnframt benda þingheimi á að fylgiskjöl með þessum skýrslum sýna nákvæmlega hvernig innheimtuhlutfalli í hverju umdæmi er háttað. Þar kemur í ljós að innheimta er mjög breytileg milli umdæma og ýmis innheimtuumdæmi, önnur en það sem hér hefur sérstaklega verið nefnt, þar sem menn geta verulega bætt sig.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég ítreka að á þessu ári hefur verið framkvæmd sú stefna að reyna að tryggja mjög bætta innheimtu á útistandandi skuldum og það er alveg ljóst að þær aðgerðir hafa borið verulegan árangur. Hann er auðvitað misjafn frá einu umdæmi til annars en í þeim nánast öllum hafa þessar aðgerðir borið verulegan árangur. Þær hafa líka notið stuðnings fjölmargra og ég veit af viðræðum við innheimtumenn að þeir hafa metið það mikils að fá slíkan stuðning.

Hitt er svo ljóst að það vandamál sem hér er sérstaklega til umræðu á sér langa sögu. Þessi sérstaki innheimtumaður, sýslumaður Húnvetninga, hefur um nokkuð langt skeið tíðkað það að láta ekki innheimtuna alla koma beint inn í ríkissjóð, heldur tekið sér ákvörðunarvald yfir ráðstöfun þess fjármagns sem ekki er í hans höndum. Eins og ég gat um áðan hefur fjmrn. gert athugasemd við það við dómsmrn. og mun ganga rækilega eftir því á næstunni að hér verði á breyting. Ef það gerist ekki er auðvitað alveg ljóst að fjmrn. verður að senda það erindi formlega til dómsmrn. að viðkomandi innheimtumaður sé ekki starfinu vaxinn.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989, fyrri umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi úr hlaði till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989. Flm. tillögunnar eru þeir alþingismenn sem valdir voru af þingflokkunum fyrir um það bil ári síðan til að skipa þetta þingmannaráð eða Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins eins og það er nefnt.

Efni tillögunnar er á þá leið að Alþingi álykti að

beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hrint verði í framkvæmd ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Stykkishólmi í júní sl. og prentaðar eru með ályktun þessari sem fylgiskjal. Í greinargerð er fjallað nokkuð um þessa stofnun, Vestnorræna þingmannaráðið. Sendinefndir þær er sækja hina árlegu fundi ráðsins eiga að sjá um að kynna þær tillögur sem samþykktar eru fyrir þingi og stjórn í heimalöndum sínum. Stofnskrá þessara samtaka var samþykkt á Alþingi 19. des. 1985. Ráðið hefur einungis tillögurétt í málum en ekki ákvörðunarvald.

Hlutverk þess er að annast samstarf þjóðþinga Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga og fjalla um sameiginleg hagsmunamál landanna. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári til skiptis í löndunum þremur. Aðalfundur þessa árs var haldinn í Stykkishólmi 14.–16. júní. Stjórn Vestnorræna þingmannaráðsins er kosin á aðalfundi ár hvert. Formaður er nú Friðjón Þórðarson en fyrri varaformaður Jóngerð Purkhus sem er yfirmaður eða ráðherra samgöngumála, efnahagsmála og umhverfismála í Færeyjum. Annar varaformaður er Preben Lange, þingmaður á Grænlandi.

Ég mun nú, með leyfi virðulegs forseta, lesa yfir samþykktir þær sem voru gerðar á aðalfundinum í Stykkishólmi.

Sú fyrsta hljóðar svo: „Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær veiti fé á fjárlögum næstu þrjú ár til vestnorrænu ferðamálanefndarinnar til kynningarstarfs, áætlanagerðar og markaðsrannsókna á sviði ferðamála í löndunum þremur."

Önnur tillagan: „Vestnorræna þingmannaráðið samþykkir að skora á landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands að vinna að því að skipuleggja kennaraskipti á grunnskóla- og framhaldsskólastigi milli landanna þriggja."

Þriðja tillagan: „Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til Alþingis Íslendinga að skrifstofa Norðurlandaráðs í Reykjavík annist fyrst um sinn verkefni stjórnunarlegs eðlis fyrir ráðið. Enn fremur að Alþingi veiti til þess nauðsynlegt fé og aðstöðu."

Loks er fjórða tillagan: „Vestnorræna þingmannaráðið ályktar að skora á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Megináherslan verði lögð á jafnréttismál karla og kvenna, umhverfismál og æskulýðsmál. Ráðstefna um jafnrétti verði haldin á Íslandi, ráðstefna um umhverfismál á Grænlandi og um æskulýðsmál í Færeyjum. Enn fremur skorar ráðið á stjórnvöld að þau veiti nægilegt fé til þessara mála og tilnefni hvert einn fulltrúa til að undirbúa vestnorrænt ár 1992."

Þá er yfirlýsing er svo hljóðar: „Með tilvísun til ályktunar nr. 4, sem samþykkt var á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Ilulissat 1988, vill ráðið lýsa áhyggjum sínum af hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi og hvetur stjórnvöld viðkomandi landa til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem birtar eru í ályktuninni, m.a. með því að kalla strax til hóp sérfræðinga til að annast fyrrnefnd umhverfisvandamál. Ráðið skorar því á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Ráðið lýsir yfir miklum áhyggjum af auknum siglingum kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta á þessu hafsvæði. Er það mat ráðsins að öllu máli skipti fyrir umhverfi landanna þriggja og tilvist að höfin verði gerð kjarnorkuvopnalaus."

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að best fari á því að kynna þessar samþykktir með svipuðu sniði og gert var á síðasta þingi. Þá var flutt till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988, sjá 169. mál 111. löggjafarþings. Þá var hinn árlegi aðalfundur haldinn á Grænlandi. Þeim tillögum var að lokinni fyrri umræðu vísað til utanrmn. Að lokinni umfjöllun þar samþykkti Alþingi að vísa málinu til hæstv. ríkisstjórnar. Hvað síðan hefur gerst veit ég ekki svo gjörla. Hitt veit ég að þær samþykktir voru á margan hátt hinar merkustu. Segja má að um þær, eða a.m.k. hliðstæðar tillögur að efni og anda, sé nú fjallað sem ákafast þar sem umhverfis- og mengunarmál ber á góma, m.a. nú fyrir skömmu í þinghúsinu í Kaupmannahöfn þar sem Norðurlandaráð stóð fyrir fjölmennri ráðstefnu um mengunarmál sjávar. Og ekki fer á milli mála að eylöndin þrjú, Grænland, Ísland og Færeyjar, eiga geysimikilvæg sameiginleg hagsmunamál á sviði hafréttar- og umhverfismála.

Að því er varðar samþykktir þær sem gerðar voru á síðasta aðalfundi hér á landi mætti margt um þær segja hverja fyrir sig. Ég vek sérstaka athygli á tillögu nr. 1, sem snertir ferðamál o.fl., og nefni í því sambandi það kynningarstarf sem vestnorræna ferðamálanefndin hefur unnið á undanförnum árum, m.a. með ferðakaupstefnum, nú síðast í Reykjavík um miðjan septembermánuð. Ég tel að á þessum vettvangi sé mikið starf ógunnið.

Ég orðlengi ekki frekar um einstaka þætti tillögunnar eða fleiri tillögur. Þeim er hér með komið á framfæri til nánari athugunar. Eins og áður sagði tel ég rétt að tillögu þessari verði að fyrri umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem einn af flm. þessarar tillögu kem ég að sjálfsögðu hér til að lýsa stuðningi við þær ályktanir sem gerðar voru á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Stykkishólmi sl. sumar, en ég hef átt sæti á fundum ráðsins undanfarin þrjú sumur fyrir hönd Kvennalistans. Í samkomulagi um Vestnorræna þingmannaráðið, sem var stofnað formlega í Nuuk árið 1985, kom fram sá tilgangur með stofnun þess að þessar þrjár þjóðir eigi „sameiginlegra hagsmuna að gæta í varðveislu og skipulegri hagnýtingu endurnýjanlegra og óendurnýjanlegra auðlinda landa sinna", eins og segir orðrétt í stofnskrá ráðsins, með leyfi forseta.

Það er ljóst að þessar auðlindir hafa ekki einungis þýðingu fyrir efnahag landanna þriggja, heldur einnig menningu og framtíðarþróun, að ógleymdri þýðingu þeirra fyrir matvælaöflun annarra heimshluta. Það hefur því eðlilega verið stór hluti af starfi ráðsins að fjalla um auðlindir okkar í hafinu og umhverfismál í víðasta skilningi þess orðs. Þannig hefur ráðið fjallað um kjarnorkuendurvinnslustöðina í Dounreay og hættu á geislavirkri mengun, bæði vegna slíkra stöðva og aukinna hernaðarumsvifa á höfunum.

Í ljósi frétta frá Stóra-Bretlandi nú á síðustu dögum um fyrirhugaða byggingu endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay virðist ekki vanþörf á að halda þeirri umræðu vakandi og mótmæla kröftuglega. Sá áfangi hefur náðst innan Vestnorræna þingmannaráðsins að fulltrúar hafa á tveimur síðustu fundum þess verið einhuga um að lýsa áhyggjum sínum vegna aukinna hernaðarumsvifa og umferðar kjarnorkuknúinna skipa á Norður-Atlantshafi og beint þeirri áskorun til ríkis- og landsstjórna landanna þriggja að þær „geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi", eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta.

En síðar í sömu yfirlýsingu segir, með leyfi forseta: „Er það mat ráðsins að öllu máli skipti fyrir umhverfi landanna þriggja og tilvist að höfin verði gerð kjarnorkuvopnalaus."

Burtséð frá sameiginlegum hagsmunum okkar Íslendinga annars vegar og Færeyinga og Grænlendinga hins vegar á sviði umhverfismála eigum við þrjár smáþjóðir í Norðurhöfum margt annað sameiginlegt og á það hefur einnig verið lögð rík áhersla í störfum ráðsins. Til að efla tengsl okkar hafa einnig verið fluttar margar tillögur er snerta menningartengsl þjóðanna, hvernig megi efla þau og auka.

Í þeim tillögum sem hér liggja fyrir vil ég einkum nefna tvær sem snerta aukin samskipti og kynni íbúa landanna þriggja. Fyrst vil ég benda á tillöguna um fjárframlag til vestnorrænu ferðamálanefndarinnar til kynningarstarfs, áætlanagerðar og markaðsrannsókna á sviði ferðamála í löndunum þremur. Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að því innan vestnorrænu ferðamálanefndarinnar að gera löndin þrjú að sameiginlegu markaðssvæði. Starf nefndarinnar er í mínum augum mjög mikilvægt verkefni með tilliti til uppbyggingar þessarar nýju atvinnugreinar í öllum þessum löndum. Þar þarf að vanda til verka og því mikilvægt að hún fái til þess góðan stuðning.

Ég vil sérstaklega taka fram hér að starf nefndarinnar hefur mikið tengst starfi Ferðaþjónustu bænda, en þeir hafa tekið beinan þátt í ferðakaupstefnu Vestnorden síðustu þrjú árin og er það einn mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnustarfsemi úti í dreifbýlinu.

Ég vil að lokum aðeins minnast á tillöguna um sérstakt vestnorrænt ár sem lagt er til að efnt verði til árið 1992, árið sem nú er svo oft minnst á vegna samruna 12 Evrópulanda. Það er e.t.v. tímanna tákn að við í Vestnorræna þingmannaráðinu veljum að draga mikilvægi þessara þriggja smáþjóða fram í dagsljósið á þessu ári, umhverfismálin, málefni unga fólksins og síðast en ekki síst jafnréttismálin. Það var ánægjuleg sú samstaða sem myndaðist um að leggja einmitt áherslu á þessi atriði á vestnorrænu ári.

Ég vil aðeins geta þess áður en ég lýk máli mínu, forseti, að hér á Íslandi hef ég orðið vör við mjög jákvæð viðbrögð við þessari ályktun. Innan Norræna félagsins starfar hópur ungs fólks sem hefur mikinn áhuga fyrir að efla samstarf vestnorrænna ungmenna og hafa þau þegar látið í sér heyra vegna þessarar tillögu og fylgjast grannt með framgangi hennar hér á Alþingi. Segja má að hugmyndin um að efna til jafnréttisráðstefnu hafi þegar verið komin á kreik á Kvennaráðstefnunni í Osló í fyrra. Það var áberandi hve konur héðan af norðurslóðum sýndu mikinn áhuga, þær sem áttu um lengstan og dýrastan veg að fara. Þetta vakti athygli kvenna frá öðrum löndum og kom þá þegar fram áhugi fyrir að sækja þær heim. Og nú þegar hafa íslenskar konur einnig sýnt viðbrögð við þessari tillögu og sýnt henni mikinn áhuga.

Þessi þrjú meginverkefni sem stefnt er að á vestnorrænu ári eru að mínu mati sérlega vel valin því að það hvernig til tekst með að byggja þessi lönd í framtíðinni veltur á því hvernig við búum að uppvaxandi kynslóð, hvernig okkur tekst að bæta stöðu kvenna og hvort við berum gæfu til að umgangast þær auðlindir sem fólgnar eru í umhverfi okkar. Oft vill brenna við að góðar tillögur eru samþykktar á fundum og síðan gufa þær upp eða það dregst úr hófi fram að hrinda þeim í framkvæmd. Þetta hefur óneitanlega verið vandamál í starfi Vestnorræna þingmannaráðsins og hefur ráðið ályktað sérstaklega um það.

Í mínum augum er tillagan um vestnorrænt ár í raun prófsteinn á vilja okkar og getu til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru í stofnskrá ráðsins og vona ég því svo sannarlega og vænti þess að málið fái góðan framgang hér á Alþingi.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það ber að fagna því að þessi mál skuli rædd nú hér í Sþ. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hér hljóðs var sú að ég átti um þriggja ára skeið sæti í Vestnorræna þingmannaráðinu og flutti þar ýmsar tillögur sem voru samþykktar. Ég minnist sérstaklega tveggja um samskipti og samvinnu á sviði útvarps og sjónvarps og hins vegar um kynningu á málstað þjóðanna hér á norðurhjara í baráttunni við fulltrúa ýmissa umhverfisverndarsamtaka sem m.a. leiddi til þess að selveiðar Grænlendinga og skinnaverkun hrundi vegna aðgerða Greenpeace eða Grænfriðunga. Það var samþykkt tillaga um samvinnu þessara þriggja þjóða til að kynna málstað sinn.

Nú er það svo að þessar þrjár þjóðir, Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar, eiga auðvitað ákaflega margt sameiginlegt og þó að við störfum saman og innan Norðurlandaráðs á vettvangi norrænnar samvinnu, þá eru ýmis atriði sem okkur varða og varða mjög miklu sem eru bara sameiginleg þessum

þremur þjóðum sem eru hér á vesturjaðri svæðisins og skipta verulega miklu. Þess vegna held ég að þetta samstarf sé mjög mikilvægt. Hins vegar hafa það orðið mikil vonbrigði hve ríkisstjórn Íslands og raunar landsstjórn Færeyja og landsstjórnin í Grænlandi hafa sýnt þessum þingmannasamtökum og þeim tillögum sem þar hafa verið samþykktar mikið tómlæti. Það gildir ekkert sérstaklega um þessa ríkisstjórn. Það gildir alveg eins um ríkisstjórnina, og ekki síður, sem sat þar á undan og þar á undan. Ríkisstjórnir hafa sýnt þessu samstarfi fullkomið tómlæti. Það hefur ekkert verið gert með þær tillögur sem þingmenn þessara þriggja landa hafa samþykkt á sínum þingum, nákvæmlega ekki neitt. Og ég vona svo sannarlega að þar verði breyting á frá því sem verið hefur vegna þess að annars fellur þetta samstarf niður. Það er ekki til neins fyrir þingmenn frá þessum þremur þjóðum að koma saman einu sinni á ári í nokkra daga, samþykkja þar tillögur sem síðan er nákvæmlega ekkert gert með, en sú hefur verið raunin fram að þessu. Það er auðvitað ekki aðeins brýnt, heldur nauðsynlegt að þarna verði breyting á því að annars verður þetta samstarf úr sögunni og það má að mínu mati ekki gerast.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel það góða venju sem komin er á að flytja málefni frá Vestnorræna þingmannaráðinu hingað inn á vettvang Alþingis eins og þeir þingmenn sem ráðið skipa og hafa skipað undanfarið hafa beitt sér fyrir. Ég tel fulla þörf á því, eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að íslensk stjórnvöld láti sig þessi efni meira skipta heldur en raun ber vitni og það sé því æskilegt að Alþingi taki afstöðu til málsins, fjalli um það á vettvangi utanrmn. og leiði sem best í ljós hvaða viðbrögð hafa orðið við einstökum ályktunum þingsins og einnig að tekið verði á þeim tillögum sem með beinum hætti snúa að Íslendingum, en vissulega eru það flestar samþykktir þessa þingmannaráðs sem varða allt svæðið og löndin öll.

Ég tek eftir því að hér er lagt til að árið 1992 verði sérstakt vestnorrænt ár með tilheyrandi fundarhöldum í löndunum þremur. Það er vissulega full ástæða til þess að hefja undirbúning að þeim málum sem á að helga þetta ár á svæðinu, jafnréttismálum, umhverfismálum og æskulýðsmálum, og einhver fjárveiting þarf til að koma fyrr en seinna til þess að hægt sé að haga undirbúningi þannig að árangur verði af þessari fyrirætlan, þessu vestnorræna ári.

Um einstakar tillögur sem hér eru birtar í fskj. mætti margt segja. Ég tek t.d. eftir varðandi fyrstu ályktunina sem snýr að ferðamálum og vestnorrænu ferðamálanefndinni að þar er beint tilmælum til stjórnvalda, einnig íslenskra, að veita fé næstu þrjú árin til ferðamálanefndarinnar, en hún hefur að undanförnu unnið ágætt starf og beitt sér fyrir ferðakaupstefnum sem hafa áreiðanlega orðið til þess að örva ferðaþjónustu, bæta úr ýmsu sem snýr að ferðaþjónustu og vekja athygli á þessum löndum í því sambandi. En fleira þarf til að koma en kynningarstarf. Það þarf einnig að koma áætlanagerð og markaðsrannsóknir og auðvitað aðgerðir til þess að lönd þessi þoli ferðamannastraum og aukið álag í ferðamálum, og það snýr ekki síður að Íslandi en öðrum löndum.

Í sambandi við fyrri ályktanir sem minnt er á í yfirlýsingu í lok grg. með till. á fylgiskjali, þá er þar vikið að áhyggjum Vestnorræna þingmannaráðsins vegna hernaðarumsvifa á Norður-Atlantshafi og skorað á stjórnvöld að beita sér í þeim málum. Um það efni liggur hér fyrir í Sþ., og er raunar enn til umræðu og ekki komin til nefndar, tillaga um kjarnorkuafvopnun á norðurslóðum sem varðar þetta mál sérstaklega. Við skulum vona að þingið taki á málinu og ýti við stjórnvöldum sem hafa þó sýnt áhuga á því í orði a.m.k. að tekið verði á hernaðarumsvifum á hafsvæðum á Norður-Atlantshafi og í grennd við Ísland.

Varðandi mengunarhættuna sem stafar af hernaðarumsvifum þá hefur athygli okkar verið beint að máli sem hér var rætt á Alþingi í hittiðfyrra og ályktað um á þinginu þann 8. febr. 1988, þar sem voru ráðagerðir sem þá voru uppi um kjarnorkuendurvinnslustöð í Dounreay á Skotlandi.

Við höfðum vænst þess að það mál væri raunar úr sögunni. Upplýsingar komu fram um það í fyrra að búið væri að kistuleggja áformin um uppbyggingu stórrar endurvinnslustöðvar fyrir úrgang frá kjarnorkuverum á þessum stað. Hafði það vakið verulega athygli og við þökkuðum þann árangur m.a. þeim mótmælum sem höfðu komið fram á Íslandi en einnig á öðrum Norðurlöndum. En nú fáum við fréttir um það í síðustu viku að stjórnvöld á Bretlandseyjum hafi heimilað fyrir sitt leyti að undirbúningur færi fram og heimiluð væri bygging endurvinnslustöðvar fyrir brennsluefni kjarnaofna í þessari stöð í Dounreay.

Hér er afar stórt mál á ferðinni og alveg greinilegt að þarna þurfa allir aðilar sem hlut eiga að máli að sameinast um það að koma í veg fyrir þessi áform, a.m.k. að svo miklu leyti sem einhver hætta getur af þeim stafað fyrir umhverfi á norðurslóðum. Það sem þegar hefur verið gert af íslenskum stjórnvöldum nú síðustu daga til að mótmæla þessum áformum er góðra gjalda vert og þar skiptir máli að Alþingi tók eindregna afstöðu í þessu máli í ályktun 8. febr. 1988.

Ég innti eftir því á ferð minni í Noregi fyrir nokkrum vikum í umhverfismálaráðuneytinu norska, hvort eitthvað væri ráðgert í Dounreay svo þeir vissu, en þá höfðum við heyrt um það að verið væri að bora í berg þar til að kanna berglög vegna hugsanlegrar förgunar á kjarnorkuúrgangi. En skrifstofustjóri alþjóðadeildar umhverfisráðuneytisins í Osló upplýsti að þeir hefðu enga vitneskju um að þarna stæði eitthvað til frekar. Þessi ákvörðun breskra stjórnvalda nú alveg nýverið í þessu máli kemur því mjög á óvart satt að segja ofan í það sem áður hafði legið fyrir.

En ég ítreka það að lokum, virðulegur forseti, að

starf Vestnorræna þingmannaráðsins er mikilvægt til þess að þingmenn úr þessum löndum beri saman bækur og taki á brýnum málum eins og þeir hafa reynt að gera en jafnnauðsynlegt er að stjórnvöld viðkomandi landa taki tillit til þessa starfs, þeirra ályktana sem þarna eru fram bornar sem margar hverjar eru veigamiklar eins og hér kemur fram og áður hefur legið fyrir.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Það kann að vera smáónákvæmni í grg., þar segir að þessi fundur hafi verið haldinn 14.–16. júní, en síðar er talað um ályktanir frá 13.–15. júní. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu í tilefni af því að sannleikurinn er sá að það tognaði svolítið úr þessum fundi, þó að Færeyingar ættu í raun og veru alls ekki heimangengt vegna þeirrar stjórnarkreppu sem þar gekk yfir um þær mundir. Það fyrsta var að gestir okkar, einkum Grænlendingar, óskuðu sérstaklega eftir því að fá tækifæri til að vera hér á landi á þjóðhátíðardaginn 17. júní til að geta lært af Íslendingum hvernig eigi að halda þann dag hátíðlegan. Svo óskuðu þeir eftir því að fá að fara landveginn vestur til að sjá meira af landinu í stað þess að fljúga. Það voru margir sem lögðu hönd á plóginn við að taka vel á móti þessum gestum okkar, m.a. komu tveir ráðherrar, landbrh. og viðskrh., til Stykkishólms til að heilsa okkur og halda góða veislu. Að sjálfsögðu efndi bæjarstjórn Stykkishólms líka til ágætrar veislu. Loks forseti Sþ. í Hafnarfirði undir lokin. Og hæstv. samgrh. hélt okkur boð inni hér í Reykjavík á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Það viðraði ekki til þess að fljúga til Færeyja, þannig að allt varð þetta nú til þess að þessi fundur lengdist svolítið í báða enda, ef svo má segja, en ég held öllum til nokkurrar ánægju.

Að lokum vil ég svo þakka þeim hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls og rætt vinsamlega um þessa tillögu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands, fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands. Það eru þrír þingmenn úr Austurlandskjördæmi sem flytja þessa till. og eins og sjá má eru þeir hver úr sínum flokki þeirra stjórnmálaflokka sem eiga menn kjörna til þings í Austurlandskjördæmi.

Þessir þingmenn eru, eins og þarna kemur fram, Egill Jónsson, Jón Kristjánsson og Hjörleifur Guttormsson.

Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við Byggðastofnun að hún geri byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands, frá Fáskrúðsfirði að norðan til Geithellnahrepps að sunnan.

Í áætlun þessari verði gerð grein fyrir ástandi og horfum í byggðaþróun. Sérstök áhersla er lögð á tillögur til úrbóta í atvinnumálum og opinberum framkvæmdum.

Fullt samráð um áætlunargerðina verði haft við sveitarstjórnir á þessu svæði, Samband sveitarfélaga á Austurlandi og alþingismenn Austurlands."

Þessari till. fylgir allítarleg grg. og auk þess tvö fskj. sem skýra nokkuð þróun þessara mála og vitna ég sérstaklega til þess sem kemur fram í þessum texta. En til viðbótar þykir mér rétt, virðulegi forseti, að segja hér nokkur orð til frekari skýringar.

Sú áætlunargerð sem hér er lögð til að gerð verði mundi ná til sjö sveitarfélaga, þar af eru þrjú sveitarfélög sem byggja afkomu sína einvörðungu á sjávarútvegi og þjónustu við nálægar byggðir. Þrjú sveitarfélögin eru hrein landbúnaðarhéruð og það þriðja er með blandaða framleiðslu, þ.e. það er bæði sveita- og sjávarbyggð sem þar á hlut að máli.

Þessi sveitarfélög eiga það sammerkt að þau búa við gjöful fiskimið, þar eru fyrir hendi mjög miklar og verðmætar náttúruauðlindir og aðstaða til hafnarframkvæmda er mjög hagstæð. Það hefur verið bætt stórlega úr samgöngum á landi á síðustu árum. En það er ekki langt síðan að á milli þessara sveitarfélaga sumra var tæpast akfær vegur. Nú er hins vegar svo komið að bráðlega sést fyrir það að meginhlutinn af þjóðveginum sem liggur í gegnum þessi sveitarfélög verður lagður bundnu slitlagi.

Í þessum byggðarlögum hafa verið byggðir upp og eru í uppbyggingu grunnskólar og bætt heilsugæsluaðstaða hefur líka verið þar í uppbyggingu og er raunar enn. Hér er því um að ræða byggðarlög sem hafa haft að markmiði að byggja upp sitt samfélag með tilliti til nútímaviðhorfa í menntun og heilsugæslu og það opinbera hefur mætt þessu með stuðningi við þessi áform og bættan árangur í samgöngumálum.

Hins vegar er því ekki að neita að þessar byggðir virðast eiga í nokkurri vök að verjast um þessar mundir. Að vísu hefur íbúafjölgun átt sér stað, þegar litið er til ársins 1971, en erfiðleikar eru í atvinnulífinu á þessum stöðum, bæði til sjós og lands. Það er brennt því sama marki og svo víða annars staðar að hér er um fremur einhæfan atvinnurekstur að ræða svo að mikil þörf væri úr að bæta ef þar fyndust einhverjir kostir. Við flm. þessarar tillögu höfum áreiðanlega allir komist í snertingu við hugmyndir forustumanna sveitarfélaganna til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu í þessum byggðarlögum.

Það er eftirtektarvert og kemur fram í greinargerðinni að hér er um miklar framleiðslubyggðir að ræða.

Miðað við framleiðslu ársins 1987 voru heildarverðmæti í framleiðslu sjávarafurða í þessum byggðarlögum rúmlega 1,2 milljarðar kr. og var það 2,92% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða það ár. Þegar þessum verðmætum er skipt niður á íbúana sem þessar byggðir byggja þá kemur það í ljós að hver íbúi hefur framleitt sem svarar 650 þús. kr.

Landbúnaðurinn á þessu svæði á í vissum erfiðleikum fram yfir það sem gerist, a.m.k. mjög víða. Það hefur dregið úr mjólkurframleiðslu sem er nú þó sá hluti landbúnaðarins sem býr við einna styrkastan markað. Enn fremur hefur skæður sauðfjársjúkdómur, riðuveiki, herjað á sauðfjárstofninn þannig að á þessum slóðum, sérstaklega þó í Breiðdal, hefur átt sér stað mjög mikill niðurskurður á sauðfé. Það er raunar ekki sýnt hvernig það fólk sem hefur byggt afkomu sína á þeirri búgrein kemur til með að bregðast við þegar fram líða stundir. M.a. af þessari ástæðu er afar þýðingarmikið að hér komi fram viðleitni og áhugi frá hinu opinbera og skilningur á högum fólksins í þessum byggðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fjölyrða meira um efni þessarar tillögu. Mér þykir þó vert að geta þess að þessi tillaga var flutt á síðasta þingi, og þá mjög seint þannig að hún kom hér ekki til umræðu, en hins vegar hafa sveitarstjórnarmenn eða forustumenn í sveitarstjórnum þar eystra fengið þá tillögu og það var mikið ánægjuefni að þeir höfðu frumkvæði um það sín á milli að taka hana til umræðu. Og í þeirra hópi er afar mikill áhugi á því að hún hljóti samþykki. Forustumenn sveitarfélaganna hafa komið því á framfæri við Byggðastofnun að undirbúa þá tillögugerð sem hér um ræðir og því hefur verið tekið vel á þeim vettvangi. Það er hins vegar jafnþýðingarmikið og gildur heimanmundur fyrir þetta mál að það hljóti samþykki Alþingis og stuðning þess. Og sú er ástæðan fyrir því að tillagan er nú hér flutt öðru sinni af þeim þm. sem ég gat um í upphafi.

Ég vil svo í lokin, virðulegi forseti, gera það að tillögu minni að þegar að þessari umræðu lokinni verði tillögunni vísað til atvmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Siglingaleið um Hornafjörð, fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Það er svo með þessa tillögu sem hina fyrri sem ég hef nú nýlega mælt hér fyrir að flm. eru þeir hinir sömu, þ.e. Egill Jónsson, Jón Kristjánsson og Hjörleifur Guttormsson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hún hefji sem fyrst rannsóknir á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð."

Aðstæður við Hornafjarðarós eiga sér enga hliðstæðu hér á landi og það má þakka fyrir að hvergi nokkurs staðar í heiminum sé um sambærilegar aðstæður að ræða. Ástæðan fyrir því er ákaflega auðskilin. Hér eru það náttúruöflin sem flétta saman sína fræði, Vatnajökull, árnar og svo sjórinn sem sameiginlega mynda Hornafjarðarós. Að sumrinu þegar vötn eru mikil þá helst ósinn bærilega opinn því þá er það mikið vatnsrennsli um ósinn. Hins vegar gegnir öðru máli að vetrum þegar vötn eru lítil og þegar þannig viðrar að umhleypingar hlaða upp sandi, byggja upp land austan óssins sem kallað er Austurfjörutangi og vex inn í ósinn. Þannig atvikast það að erfitt getur orðið og jafnvel útilokað í sumum tilvikum að halda uppi eðlilegum siglingum um Hornafjarðarós.

Það liggur vissulega fyrir mikil þekking á þessum sérstöku högum við Hornafjörð, sem byggist á þeirri reynslu sem þar hefur fengist, bæði þeirra sem hafa með höndum að vísa skipum leið um Hornafjörð og hinna líka sem halda þar uppi stöðugum siglingum og þá sérstaklega sjómanna frá Höfn. Þessi þekking er mjög mikilvæg eins og öll reynsluvísindi eru og það má segja að á grundvelli þeirra hafi byggst þær aðgerðir sem menn hafa orðið að grípa til þegar skipaleiðir hafa lokast um Hornafjörð. En í rannsóknum á þessum vettvangi eins og svo mörgum öðrum eiga sér stað miklar framfarir og í þessu sambandi er vert að benda á það að rannsóknarstöð Hafnamálastofnunar hefur nú nýlega verið byggð upp og er orðin miklu fullkomnari og verðmætari árangur sem þaðan fæst. Það er talið að miðað við venjulegar aðstæður þurfi a.m.k. þrjú til fimm ár til þess að niðurstaða fáist úr öldumælingum og það má vel vera að í þessu tilviki, þar sem hér er um óvenjulegar aðstæður að ræða, þurfi jafnvel enn lengri tíma. Öldumælingar eru fremur einfaldur rannsóknaþáttur og ekki kostnaðarsamur þannig að það væri afar brýnt að hefja þær í nágrenni Hornafjarðar til þess að finna út hvernig sjólag er þar miðað við þau vísindi. Það er aldrei að vita til hvers slíkar mælingar gætu leitt. Auðvitað væri það gífurlega verðmætt ef það væri hægt að byggja upp hafnarmannvirki utan óssins í framtíðinni því eins og menn vita þá er hér um að ræða gífurlega verðmæta höfn. Sterkt samfélag sveita og sjávarbyggða sem á tvímælalaust fyrir sér mjög mikla möguleika.

Það virðist kannski fjarlægt að hugsa til þess að hafnarmannvirki rísi utan fjarðar og um það verður að sjálfsögðu ekkert fullyrt hér á þessari stundu. Það er líka e.t.v. erfitt að hugsa sér það með tilliti til þeirra fjármuna sem veitt hefur verið og veitt er til hafnarmála hér í okkar landi, en það er ekki ólíklegt. Það væri raunar góður kostur að almennt séð væru hafnarmannvirkjum gerð betri skil í fjárveitingum og

þeim skapaður sérstakur tekjustofn og þá er vel líklegt að sérstök verkefni væru þar afmörkuð eins og gerist bæði í flugmálum og vegamálum þar sem um sérstæðar og stórar framkvæmdir er að ræða. Það getur þess vegna alls ekki á nokkurn hátt talist óskhyggja þótt hér verði horfið til þess, sem tillaga okkar þm. úr Austurlandskjördæmi gerir ráð fyrir, að hafnar verði skipulagðar rannsóknir við Hornafjörð.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að þessari tillögu verði vísað til allshn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol, fyrri umr.

Þáltill. HJ, 26. mál. — Þskj. 26.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol og er hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol. Skal sérstaklega huga að aukakostnaði þeirra við matargerð og fæðiskostnað. Þá verði kannað með hvaða hætti einstaklingar með glúten-óþol njóti aðstoðar hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum, svo sem með greiðslum frá almannatryggingum og hvaða skattalega meðferð þeir fá. Einnig verði kannað hvort gera megi glúten-óþol að skráningarskyldum sjúkdómi hér á landi."

Tillaga sama efnis var lögð fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Er því mál þetta endurflutt þar sem ætla má að nægur tími sé til að afgreiða það nú.

Þessi þáltill. sem hér liggur frammi varðar sjúkdóm sem er frekar fátíður og hefur lítt verið um hann fjallað hérlendis. Starfandi eru íslensk samtök fólks með glúten-óþol en á hinum Norðurlöndunum er starfsemi félaga þessa fólks mjög öflug einmitt vegna þess að sjúkdómurinn hefur hlotið athygli stjórnvalda. Á það skal minnt að hæstv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, lét eftirfarandi orð sér um munn fara í tilefni fsp. minnar um glúten-óþol á því fyrsta þingi sem ég sat, með leyfi forseta:

„Hve langt á að ganga í sambandi við greiðslu bóta úr almannatryggingum vegna sérstakra sjúkdóma, umfram það sem almenn ákvæði skipa fyrir um varðandi læknishjálp og lyf?"

Ég ætla heilbrrh. ekki svo illt að hann standi á móti því að einstaklingar séu sem jafnastir gagnvart heilbrigðiskerfinu varðandi aðstoð hins opinbera. Orð heilbrrh. bera hins vegar vott um að það er áhugi á málinu þótt hann sé afar lítill að því er virðist hjá ráðuneytinu. Og vil ég nefna það hér að sumarið 1985 voru heilbrmrn. sendir útreikningar vegna kostnaðarauka fólks með glúten-óþol. Þessir útreikningar voru sendir ráðherra og ráðuneytisstjóra. Eftir ummæli ráðherra má draga þá ályktun að þeir hafi ekki einu sinni verið skoðaðir.

Í fyrirspurnaumræðu hvatti ég ráðherra til að sýna málinu áhuga og láta vinna að því í ráðuneytinu. Nú ætla ég að svo hafi verið gert. Tel ég því sérstaka nauðsyn í kjölfar þeirrar vinnu að flytja þessa þáltill. til þess að fá niðurstöðu. Ég vil hér geta nokkurra staðreynda varðandi sjúkdóminn.

1. Farið hafa fram töluverðar rannsóknir á þessum sjúkdómi á Landspítalanum, framkvæmdar af færustu sérfræðingum, svo sem Gesti Pálssyni, Bjarna Þjóðleifssyni og Helga Valdimarssyni.

2. Stjórnvöld í nágrannalöndum okkar, sem við berum okkur oft saman við, hafa unnið mjög mikið að málefnum fólks með glúten-óþol.

3. Það er talið vera allt að fjórum sinnum dýrara að sinna matargerð slíks fólks en annarra einstaklinga.

4. Sjúkdómur þessi er meðfæddur og við honum fást engin lyf. Sjúkdómurinn dregur úr upptöku næringarefna og leiðir til næringarefnaskorts viðkomandi einstaklinga.

5. Þau lyf sem eru gefin eru einungis til að bæta næringarefnaskortinn en gera það ekki að verkum að hinn eiginlegi bati fáist. Hann fæst aðeins með réttu fæðuvali og slík lyfjagjöf hefur engin áhrif á það að öðru leyti.

6. Miklum fjármunum er á hverju ári varið til heilbrigðiskerfisins með misjafnlega góðum árangri. Það er mikilsvert að sem best nýting verði á þeim. Þess vegna er rík ástæða til að þáltill. verði samþykkt og unnið verði markvisst að málinu því lækning er tiltölulega auðveld en varðar marga þætti daglegs lífs þeirra fáu sem greindir eru með þennan sjúkdóm. Það er því brýn nauðsyn að gert verði átak í þessum málum.

Þá er ekki úr vegi að upplýsa þm. um það að sjúkdómurinn getur valdið ótímabærum dauða þeirra sjúklinga sem eiga í hlut auk þess sem þeir sem haldnir eru glúten-óþoli eiga oft í verulegum vandræðum með mataræði utan heimilis síns. Það gætu vafalaust allir litið til þess að þeir mættu ekki láta neitt ofan í sig sem innihéldi mjöl eða hveiti, en sú fæða er ríkur þáttur í daglegu fæði hvers og eins. Vandi sjúklinga með glúten-óþol er miklu meiri en menn gera sér grein fyrir. Margir sjúkdómar sem eru smávægilegir og orsakast af fötlun sem er ekki nándar nærri eins tilfinnanleg og glúten-óþol hafa fengið stuðning af almannatryggingafé. Það er því brýnt að þessi þáltill. verði samþykkt.

Ég legg því til að þessari þáltill. verði vísað til síðari umræðu og afgreiðslu og vísað til félmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Landgræðsla, fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um landgræðslu. Auk mín eru sjö aðrir hv. þm. flm. að þessari till. Það eru þeir Jón Helgason, Geir Gunnarsson, Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Guðmundur Ágústsson og Halldór Blöndal. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér tillgr. sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur. Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf. Kannað verði hvort Áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna. Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður."

Nú eru um það bil 80 ár liðin frá því að skipulagt landgræðslustarf á vegum Landgræðslu ríkisins hófst hér á þessu landi og vissulega hefur náðst mjög mikilvægur árangur á þessu árabili og því meiri sem tímar hafa liðið. Það má segja að nýr áfangi eða þáttur þessa starfs hæfist árið 1974 þegar tekin var ákvörðun um það að hefja hér til vegs landgræðsluáætlun, fimm ára áætlun í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Það verður þó að segjast eins og er að í þeirri tillögugerð og þeim skýringum sem henni fylgdu gætti nokkuð mikillar bjartsýni þannig að hún ein dugði ekki til þess að ná þeim árangri sem að var stefnt. Enda reyndist það því miður þannig að það fjármagn sem ákveðið var á þingfundi, sem haldinn var á Þingvöllum þetta sama ár og í þessu sérstaka tilviki, að skyldi koma til þessara verkefna barst því miður aldrei til þessara verkefna og er að sjálfsögðu sárt til þess að vita.

Það hefur hins vegar verið stöðug og góð þróun í þessum verkefnum og mjög mikilvægur árangur hefur náðst. Helstu og viðkvæmustu landsvæðin sem nú er við að fást og þar sem landeyðing á sér enn stað í nokkrum mæli eru um ofanverðar Þingeyjarsýslur frá Bárðardal í vestri og til Hólsfjalla í austri. Má segja að einnig sé svipað ástatt með efri hluta byggða hér sunnan lands, afréttina frá Biskupstungum og til Rangárvalla í austri. Það er þó ekki fyrir það að synja að á öllum þessum svæðum hefur mjög verðmætt starf verið unnið þó að þar sé enn þá fyrir höndum mikil barátta, sérstaklega norðan jökla. Svo eru auk þess landsvæði þar sem enginn gróður er eða í mjög takmörkuðum mæli, eins og t.d. á Mýrdalssandi, sem mikil þörf er á að græða upp m.a. vegna nauðsynlegrar umferðar þar um sandinn. Má segja að það starf sé nú þegar hafið í dálitlum mæli.

Þegar vel er að gáð þá er hægt að ákvarða einmitt þessi svæði og afmarka þau svæði þar sem landeyðing á sér enn stað í umtalsverðum mæli og beina sérstaklega aðgerðum að þeim. Þetta er afar mikilvæg staðreynd því að þessi aðferð er miklu fljótvirkari en sú sem menn hafa gjarnan verið að leitast við að beita, að afmarka gróðursvæðin og síðan að ákvarða aðgerðirnar út frá þeim niðurstöðum sem þannig fást.

Ég sagði frá því áðan að í þessum efnum hefðu orðið miklar framfarir á síðustu árum og í því sambandi þykir mér vert að benda sérstaklega á að flugvélakostur Landgræðslu ríkisins, áburðarflugvélakostur, hefur núna verið bættur þannig að nú mun afkastageta þeirra flugvéla vera næg til þess að hægt sé að dreifa 4–5 þúsund tonnum af áburði og með því að þessi afkastageta er fyrir hendi, þá gefur það auga leið að hér er um mikla hagkvæmni að ræða að geta nýtt þennan tækjakost.

Annar mjög mikilvægur áfangi hefur náðst núna á allra síðustu árum. Það er bygging fræræktarstöðvarinnar í Gunnarsholti sem gerir mögulegt að sá fræi úr flugvélum með miklu betri árangri en áður var, bæði með tilliti til nýtingar á sáðvörum og eins með tilliti til spírunar fræsins. Þetta er mjög verðmætur árangur og stórauðveldar þetta mikilvæga ræktunarstarf.

Í tillögunni er sérstaklega á það minnst að kannað verði hvort unnt sé að fá áburð frá Áburðarverksmiðju ríkisins með hagkvæmari kjörum ef um stærri verkefni er að ræða og jafnframt er á það bent í tillögugreininni að ef til slíks kæmi, þá yrði þeim viðbótaráburði sem þannig fengist beint til sérstakra stórra verkefna. Á þetta er minnst hér m.a. vegna þess að á síðustu árum hefur dregið úr áburðarkaupum af augljósum ástæðum og afkastageta Áburðarverksmiðjunnar er ekki nándar nærri fullnýtt. Þess vegna er lögð á það áhersla að hagkvæmni þess að framleiða meira sé sérstaklega könnuð og að sú hagkvæmni muni verða notuð til þess að auka áburðarkaup og þá um leið stórbæta skilyrði Landgræðslu ríkisins í þessu mikilvæga starfi.

Ég ætla svo að lokum, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér niðurlag greinargerðarinnar sem skýrir þetta mál enn betur en hér hefur komið fram í mínu máli, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er ákvað Alþingi að minnast ellefu alda byggðar með þjóðarátaki í græðslu landsins. Þessari ákvörðun var svo fylgt eftir með fimm ára landgræðsluáætlun áranna 1974–1978. Síðan hafa verið gerðar tvær landgræðsluáætlanir, þ.e. 1982–1986 og 1987–1991. Þetta skipulagða landgræðslustarf, sem nálgast hálfan annan áratug, rennir traustum stoðum undir nýjar ákvarðanir sem sérstaklega beindust að þeim landsvæðum þar sem eyðingaröflin skapa mesta hættu. Eðlilegt er að miða við

að sú áætlun um græðslu landsins, sem hér er lagt til að gerð verði, komi í framhaldi af þeirri landgræðsluáætlun sem nú er í gildi. Hér má því engan tíma missa.

Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði að nú sem fyrr setjist menn niður og gangi frá nýrri landgræðsluáætlun með það markmið að leiðarljósi sem hér hefur sérstaklega verið skýrt og tillagan fjallar um, þ.e. að landeyðing verði stöðvuð um næstu aldamót. Það er vissulega óhætt að fullyrða að tæpast væri hægt að skila betri niðurstöðu í meðferð landsins og græðslu þess til næstu aldar en að ná því mikilvæga markmiði.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til atvmn. sameinaðs Alþingis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Áfengiskaup opinberra embætta og stofnana, fyrri umr.

Þáltill. SV, 45. mál. — Þskj. 45.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 45 er till. til þál. um áfengiskaup opinberra embætta og stofnana sem ég flyt.

Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að frá 1. jan. 1990 skuli öll áfengiskaup opinberra embætta og stofnana, sem eiga sér stað hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, vera greidd og bókfærð á útsöluverði ÁTVR eins og það er þegar kaupin eru gerð."

Að undanförnu hafa birst í fjölmiðlum fréttir af kaupum ýmissa opinberra aðila á áfengi frá ÁTVR á sérkjörum, þ.e. miklu lægra verði en útsöluverð er. Færsla á áfengiskaupum í ríkisbókhaldi og ríkisreikningum á öðru verði en almennt tíðkast er til þess fallin að torvelda þeim sem vilja kynna sér þessi mál og meta umfang og réttmæti áfengiskaupa á vegum hins opinbera. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Það athyglisverða og gleðilega hefur gerst að forsetar Alþingis hafa ákveðið að neyta ekki þessa réttar. Þær reglur sem farið hefur verið eftir um kaup á áfengi á sérkjörum virðast hafa verið lausar í reipum og túlkaðar á ýmsa vegu sem leitt hefur það af sér að einstaklingar hafa verið grýttir af fjölmiðlum fyrir e.t.v. svipuð áfengiskaup á sérkjörum og talið er að ýmsir aðrir hafi notfært sér án mikillar umfjöllunar eða áfellisdóma. Slíku ástandi er ekki hægt að una og því verður að grípa til þess að taka þetta alveg af.

Þegar umræður fóru fram um að leyfa sölu á áfengum bjór töldu nokkrir hv. alþingismenn að slík sala mundi ekki leiða það af sér að aukning yrði á kaupum á hreinum vínanda. Í lok septembermánaðar sl. var búið að selja um 5 millj. og 200 lítra af áfengum bjór. Og aukning á hreinum vínanda sem farið hefur ofan í þjóðina á þessum tíma hefur reynst vera 27% frá þeim degi sem bjórsalan var leyfð.

Umræddir þingmenn, sem töldu að bjórinn mundi ekki auka áfengisneyslu í landinu, miðað við þetta aukna frelsi og aukið val á áfengiskaupum, hafa ofmetið frelsið að mun. Hvort um dómgreindarbrest hefur verið að ræða í þessu efni læt ég aðra um að dæma.

Virðulegur forseti. Ég óska eftir að þessari þáltill. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Aukin verkefni sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Við flytjum hér fjórir þingmenn á þskj. 49 till. til þál. um aukin verkefni sveitarfélaga. Þeir eru auk mín Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., og Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.

Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skipulega vinnu við undirbúning lagafrumvarpa um aukin verkefni sveitarfélaga og samsvarandi tilfærslu tekjustofna frá ríkinu."

Það er þingmönnum væntanlega í fersku minni að á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þau lög áttu sér langan aðdraganda, höfðu verið á borði margra ríkisstjórna, og mikið unnið í því að reyna að samræma skoðanir sveitarstjórnarmanna og þingmanna og einstakra ráðuneyta um hvernig skipta bæri upp verkefnum milli þessara stjórnvalda. Markmið þessarar vinnu var að gera öll samskipti sveitarfélaga og ríkisins einfaldari og skýrari, þannig að hver málaflokkur félli eftir því sem kostur væri aðeins undir einn aðila. Að leitast við að saman færi frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri. Að gera sveitarfélögin fjárhagslega sjálfstæð og óháðari ríkisvaldinu en nú er. Síðast en ekki síst hefur það verið haft að leiðarljósi í allri þessari vinnu að auka eða efla sjálfstæði sveitarfélaganna, færa valdið út í héruðin og draga úr miðstýringu ráðuneyta hér í Reykjavík.

Ég hygg að þetta hafi verið þær meginlínur sem menn voru sammála um að reyna að draga við undirbúning nýrrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

Um það frv. sem hér var til meðferðar á Alþingi sl.

vor náðist mjög góð samstaða. Það var samþykkt hér í góðri samvinnu, bæði ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, og það var samþykkt í góðri samvinnu við fulltrúa sveitarfélaganna í landinu. Þegar upp er staðið eftir þennan áfanga er þó ljóst að það hefur ekki unnist nema að litlu leyti að færa valdið út til sveitarfélaganna. Þau verkefni sem alfarið féllu til ríkisins voru viðameiri verkefni, kostnaðarsamari verkefni, eins og t.d. á sviði heilsugæslunnar, en þau verkefni sem færðust yfir til sveitarfélaganna voru ýmis viðaminni verkefni, verkefni sem ekki hafa kostað eins mikið á undanförnum árum þó að þau skipti vissulega miklu máli. Ég skal ekki draga úr þýðingu þeirra.

Þess vegna vil ég líta svo á að hér sé fyrst og fremst um að ræða áfanga á braut sem halda ber áfram á, og ég held, og þá ekki síst miðað við hversu langan tíma tók að ná þessum fyrsta áfanga, að nauðsynlegt sé að hefja nú þegar undirbúning að næstu skrefum í þessum málum sem hljóti þá að vera að flytja verkefni frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna, færa þannig valdið út í héruðin og draga úr miðstýringu ráðuneyta í Reykjavík.

Ástæðan fyrir því að þessi till. er nú flutt er að ýta á að nú þegar verði farið í þetta verkefni. Menn setjist ekki með hendur í skauti ánægðir yfir því sem vannst á síðasta vori, heldur verði nú þegar tekið til við að vinna þetta mál áfram og þá í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga.

Þessi spurning hlýtur auðvitað að vakna: Hvaða verkefni eru það sem eðlilegt er að færa frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna? Þar kemur auðvitað margt til greina. Í grg. með þessari þáltill. eru nefndar sérstaklega þrjár tegundir af verkefnum, þ.e. heilsugæslan, grunnskólinn og löggæslan.

Í nál., sem lagt var til grundvallar þegar lagafrv. var samið sem hér var til meðferðar á Alþingi á sl. vetri, var gert ráð fyrir því að heilsugæslan færi yfir til sveitarfélaganna. Þá var verkefni á sviði heilbrigðismála skipt í tvennt, þ.e. rekstur sjúkrahúsa og svo rekstur heilsugæslu. Frá þessu var þó horfið á miðri leið, m.a. vegna þess að menn töldu að sveitarfélögin stæðu mjög misjafnlega að vígi til þess að taka að sér heilsugæsluna og jafnframt að heilsugæsla og rekstur sjúkrahúsa væru svo samtvinnuð í mörgum sveitarfélögum að það yrði ekki að skilið. Þess vegna var frá þessu horfið og heilsugæslan alfarið sett yfir til ríkisins, þannig að ríkið er þá með heilbrigðismálin að öllu leyti á sínum snærum. Ég held að það sé ekki gott til frambúðar og því sé nauðsynlegt að taka þetta mál upp aftur og skoða það mjög rækilega og kanna hvort ekki er hægt að finna lausn á því að heilsugæsla fari yfir til sveitarfélaganna sem auðvitað kann að þýða aukna samvinnu sveitarfélaga á ákveðnum svæðum um þessi mál.

Varðandi grunnskólann þá var stór hluti af verkefnum sem hann snerta færður yfir til sveitarfélaga með lögunum frá því í vor, þ.e. stofnkostnaður að öllu leyti og rekstrarkostnaður að hluta. Þó er stór hluti rekstursins enn þá á höndum ríkisins, þ.e. allur sá hluti sem snýr að kennslumálunum sjálfum, og því rétt að kanna hvort ekki er eðlilegt að grunnskólinn fari að öllu leyti yfir til sveitarfélaganna.

Þriðja verkefnið sem nefnt er í greinargerðinni er löggæslan. Svo var fyrir allmörgum árum síðan að löggæsla var verkefni sveitarfélaga. Ríkið hafði að vísu með höndum ákveðinn hluta löggæslunnar og greiddi sveitarfélögum vissan kostnað í því sambandi en síðan var gerð á því breyting þannig að löggæsla fór alfarið yfir til ríkisins.

Ég finn það að ýmsir sveitarstjórnarmenn, ekki síst víða út um land, sakna þessara tíma þegar löggæslan var verkefni sveitarfélaganna og sveitarfélögin höfðu sjálf meira um það að segja hvernig henni var stjórnað. Nú er henni alfarið stjórnað úr ráðuneytum hér í Reykjavík og menn þekkja dæmi, nýleg dæmi, um það hvernig farið getur þegar þannig er ástatt, að þessu er stjórnað úr jafnmikilli fjarlægð og raun ber vitni. Þessi dæmi sem ég á við hafa nýlega komið upp í sambandi við bann við eftirvinnu löggæslumanna sem hefur valdið því að rannsóknir á slysum eða jafnvel afbrotum hafa þurft að bíða sólarhringum saman vegna þess að löggæslumenn þurfa að lúta fyrirmælum héðan úr Reykjavík um hvernig þeir eiga að standa að sínum verkum.

Þessi þrjú mál eru fyrst og fremst nefnd sem dæmi. Og ég skal ekki fullyrða að það sé rétt að þau fari yfir til sveitarfélaganna. Mér finnst rétt að það verði kannað mjög rækilega. Mér er það einnig ljóst að það þarf auknar tekjur til sveitarfélaganna til að sinna þessum verkefnum, það þarf aukna samvinnu þeirra á milli, og það er reyndar ekki alveg víst að sömu reglur geti gilt hvar sem er á landinu, þ.e. það fari töluvert eftir stærð sveitarfélaga hvaða verkefni þau geti tekið að sér í þessum efnum. En þarna er verk að vinna sem mér finnst rétt að þegar verði farið í að kanna og þess vegna er þessi till. nú flutt, til að ýta á eftir því að þessi vinna verði sett í gang.

Ég vil, virðulegi forseti, að svo mæltu leggja til að að þessari umræðu lokinni verði till. vísað til 2. umr. og félmn. sameinaðs þings.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

6. fundur, þriðjudagurinn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 69.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 og er frv. 69. mál þessa þings.

Frv. til lánsfjárlaga er nú sem fyrr mótað af niðurstöðu fjárlagafrv. og þeirri efnahagsstefnu stjórnvalda sem markar það hverju sinni. Að þessu sinni eru helstu einkenni frv. til fjárlaga sem snerta lánsfjármál eftirfarandi:

1. Þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna og tæplega 3 milljarða halla á fjárlögum munu erlendar skuldir ríkissjóðs ekki aukast. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, sem er áætluð lægri en um árabil, verður alfarið brúuð með innlendri lántöku.

2. Hrein innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs og opinberra lánastofnana mun lækka um 4 milljarða kr. á árinu 1990, og góðar líkur eru á að henni verði náð án hækkunar á vöxtum.

3. Þenslumyndandi áhrif ríkissjóðs og opinberra lánastofnana á lánsfjár- og peningamörkuðum á árinu 1990 verða hverfandi eða nema aðeins fáeinum hundruðum millj. kr. og lækka um 8 milljarða kr. frá því sem verður í ár.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. deildar á þessari staðreynd, að þenslumyndandi áhrif ríkissjóðs og opinberra lánastofnana á peningamarkaðnum á árinu 1990 munu lækka um 8 milljarða kr. og nánast hverfa alveg. Um þetta efnisatriði er að finna sérstaka töflu í frv. til fjárlaga þar sem þessi þróun er skýrð í sögulegu samhengi.

Aðstæður á innlendum lánamarkaði hafa mjög þróast í átt til aukins jafnvægis á árinu 1989. Dregið hefur úr eftirspurn eftir lánsfé og betra jafnvægi komist á milli aukningar innlána og útlána lánastofnana. Gætir þar áhrifa af samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingu, auk þess sem birgðir útflutningsvara eru með allra minnsta móti um þessar mundir. Í kjölfar þessa hafa raunvextir lækkað og lausafjárstaða innlánsstofnana hefur farið batnandi. Útlit er nú fyrir að hún batni um tæplega 6,3 milljarða kr. á árinu 1989.

Helstu niðurstöður peningamálaáætlunar vegna ársins 1990 benda til lítils háttar rýrnunar á lausafjárstöðu innlánsstofnana og horfur eru á að lán og endurlán innlánsstofnana aukist um 15,3%. Samkvæmt lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 eru heildarlántökur opinberra aðila, opinberra fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja áætlaðar um 39,7 milljarðar kr. Í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum 1989 voru heildarlántökur þessara aðila áætlaðar 36,8 milljarðar en endurskoðuð áætlun bendir til þess að lántökurnar verði í reynd um 48 milljarðar kr.

Heildarlántökur á árinu 1990 eru því áætlaðar um 8 milljörðum kr. lægri en í ár og borið saman á meðalverðlagi ársins 1989 nemur lækkunin um 13 milljörðum kr. Mestu munar að lántökur ríkissjóðs eru taldar lækka um rúma 9 milljarða kr., annars vegar vegna minni halla í rekstri ríkissjóðs og hins vegar vegna minni innlausnar spariskírteina, auk þess sem ríkissjóður tók 5 milljarða erlent lán á árinu 1989 eingöngu til að fjármagna greiðsluhalla ársins 1988.

Áætlað er að innlendar lántökur opinberra aðila og lánastofnana nemi um 18,3 milljörðum kr. samanborið við 22,7 milljarða í ár. Innlendar afborganir þessara aðila eru áætlaðar um 8,8 milljarðar kr. Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs og opinberra lánastofnana er því áætluð um 9,5 milljarðar kr. á árinu 1990 sem er um 4 milljörðum kr. lægri fjárhæð en hrein lánsfjáröflun þessara aðila í ár. Að raungildi er lækkunin enn meiri þar sem gert er ráð fyrir 15–16% hækkun verðlags milli ára. Þess má og geta að hrein lánveiting lífeyrissjóða til byggingarsjóðanna er áætluð um 9,8 milljarðar á árinu 1990 og þá ber að hafa í huga að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna umfram það sem umsamið er til húsnæðiskerfisins er áætlað tæpir 11 milljarðar kr. Með þetta tvennt í huga verða að teljast mjög góðar líkur á því að innlendri lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða verði fullnægt án hækkunar á vöxtum á árinu 1990.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1990, það er lántökuþörf ríkissjóðs umfram það sem hann greiðir í afborganir af áður teknum lánum, er áætluð 1 milljarður 645 millj. kr. sem er um 1,2 milljörðum kr. lægri fjárhæð en áætlaður fjárlagahalli, og vek ég sérstaka athygli hv. deildarmanna á þeirri staðreynd. Sú fjárhæð svarar til 0,5% af vergri landsframleiðslu. Í ár er þetta hlutfall áætlað 1,6% en var hins vegar á góðærisárinu 1987 2,7% og á árinu 1988 3,2%. Lántökuþörf ríkissjóðs mun því minnka umtalsvert frá því sem hún var á árunum 1987 og 1988. Enda má segja að það hafi verið ein af grundvallarskekkjum efnahagsstjórnar ársins 1987 að vera á þenslutímum með gífurlega lántökuþörf ríkissjóðs.

Eins og nú er ástatt í þjóðarbúskap okkar Íslendinga er ekki talið ráðlegt að ríkissjóður greiði niður erlendar skuldir sínar, en hins vegar eru heldur ekki nein áform um að auka þær. Ríkissjóður mun því eingöngu taka ný erlend lán á árinu 1990 fyrir sem nemur afborgunum af erlendum lánum, en þær eru áætlaðar um 1 milljarður 370 millj. kr. Lánsfjárþörf ríkissjóðs verður því alfarið brúuð með innlendri lántöku í formi sölu á spariskírteinum ríkissjóðs að fjárhæð 6 milljarðar kr. og innlendar afborganir ríkissjóðs af teknum lánum eru áætlaðar 3 milljarðar 330 millj. kr.

Innlend lántaka umfram afborganir nemur því 2 milljörðum 670 millj. kr. Þar sem lánsfjárþörfin er hins vegar einungis 1 milljarður 645 millj. kr. verður, og ég vek sérstaklega athygli einnig á því, um 1 milljarður greiddur inn í Seðlabankann til að bæta stöðu ríkissjóðs þar. Það er von að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson brosi að þessari staðreynd vegna þess að hún endurspeglar auðvitað mjög vel muninn á þeirri efnahagsstefnu sem fylgt er nú og þeirri sem fylgt var fyrir nokkrum árum síðan. Jafnvel þótt þessi upphæð væri ekki greidd inn í Seðlabankann endurspeglar hún það svigrúm sem er í áætlununum upp á 1 milljarð kr.

Verulega mun draga úr innlausn spariskírteina á næsta ári. Áætlað er að innlausn á árinu 1990 verði um 2 milljarðar, en áætluð innlausn á árinu 1989 er 3,8 milljarðar. Innlausnin verður því um helmingi

minni á næsta ári en á árinu í ár. Hrein lánsfjárþörf í formi spariskírteina á næsta ári er því áætluð um 4 milljarðar kr. samanborið við 2,2 milljarða á árinu 1989.

Stærstur hluti innlenda fjármagnsins á eins og venjulega uppruna sinn að rekja til lífeyrissjóðanna. Áætlað er að ráðstöfunarfé þeirra verði um 24,1 milljarður kr. á áætluðu meðalverðlagi næsta árs og mun það aukast að raungildi, og vek ég einnig athygli á þeirri staðreynd, um 18% frá því sem áætlað er á yfirstandandi ári. Skýrist sú aukning einkum af tvennu: Í fyrsta lagi lokaáfanga í breikkun iðgjaldsstofns lífeyrissjóðanna sem kemur til framkvæmda í byrjun næsta árs og í öðru lagi af stækkun eignastofns lífeyrissjóðanna sem leiðir til mjög vaxandi vaxtatekna og afborgana. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 45% af ráðstöfunarfé sínu, þ.e. fyrir 10 milljarða 855 millj. kr. og er þá miðað við að kauphlutfallið lækki úr 55% í 45% af ráðstöfunarfé. Þessi lækkun er í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við lagasetningu um húsbréfaviðskipti, en þar er gert ráð fyrir að um 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna renni til kaupa á húsbréfum.

Reiknað er með því að lífeyrissjóðirnir kaupi húsbréf fyrir a.m.k. tæplega 2,5 milljarða kr. Ráðgert er að afla innan lands alls 1 milljarðs 340 millj. kr. með öðrum hætti en sölu spariskírteina og verðbréfakaupum lífeyrissjóðanna. Er það um 300 millj. kr. lægri fjárhæð en endurskoðuð lánsfjáráætlun fyrir 1989 gerir ráð fyrir. Ekki er sett fram nákvæm áætlun um hvaðan eigi að afla þess fjár en benda má m.a. á óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Virðulegi forseti. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1990 er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 10 milljarðar kr. eða um 3% af áætlaðri landsframleiðslu. Það er svipað og reiknað er með í ár. Slíkt verður að teljast einstakur árangur, að viðskiptahalli aukist ekki þrátt fyrir þriðja samdráttarárið í röð og umtalsverðan samdrátt útflutningstekna. Ég held að það sé varla hægt að finna dæmi um slíkt, að tekist hafi með samræmdum aðgerðum í efnahagsmálum, ríkisfjármálum og peningamálum að koma í veg fyrir að viðskiptahalli aukist á samdráttartímum. Þessi árangur er síðan í reynd enn meiri ef það er haft í huga að af þessum 10 milljörðum kr. nema flugvélakaup Flugleiða tæpum 8 milljörðum kr. á næsta ári og það sjá allir hv. alþm. að slíkt er ekki aðgerð sem réttlætanlegt er að taka inn í samanburð milli ára því að slík umfangsmikil flugvélakaup okkar stærsta flugfélags gerast mjög sjaldan.

Erlendar lántökur til lengri tíma eru áætlaðar rúmur 21 milljarður kr. Greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar um 2,4 milljarðar kr. á árinu 1990. Þar af eru afborganir 10,4 milljarðar og vextir 14 milljarðar. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því um 11 milljörðum kr. eða um 900 millj. kr. umfram áætlaðan viðskiptahalla. Af þeirri fjárhæð nema hreinar erlendar lántökur ríkissjóðs og opinberra lánastofnana einungis 1,6 milljörðum kr. af þeim 11 milljörðum kr. sem hér um ræðir.

Erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma eru taldar aukast um 12% á árinu 1989 í erlendri mynt. Að raungildi nemur sú hækkun hins vegar aðeins 8%. Á sama tíma dregst landsframleiðslan saman um 2,8%. Hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu hækkar um tæp 9%, úr 41,3% árið 1988 í 50,4% á árinu 1989. Í forsendum lánsfjáráætlunar 1990 er gert ráð fyrir um 13% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og um 6% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1990 er áætlað 53,1% af vergri landsframleiðslu ársins og er þar tekið tillit til 0,9% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs.

Hreinar skuldir þjóðarbúsins námu 41,6% af vergri landsframleiðslu á árinu 1988 og eru taldar verða um 48,3% í árslok 1989. Er það hagstæðari þróun en hlutfall langra erlendra lána sýndi hér að framan. Frávikin skýrast af því að löngu lánin sýna aðeins hluta af fjármögnun viðskiptahallans. Hrein staða þjóðarbúsins tekur til allra þátta til að mæta viðskiptahallanum, þ.e. langra lána, skammtímalántöku og rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Lækkun skammtímaskulda á árinu 1989 og bætt gjaldeyrisstaða skýrir minni hækkun hreinna skulda þjóðarinnar samanborið við erlendar skuldir til langs tíma. Í forsendum áætlunar fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki nokkuð til jafns við hlutfall langra erlendra lána á árinu 1990 og nemi 50,7% af vergri landsframleiðslu.

Það hefur nokkuð verið vikið að því í umræðum hér á Alþingi síðustu daga að erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu séu vaxandi og hafa menn þar vitnað í ákveðnar töflur frá Seðlabankanum máli sínu til staðfestingar. Það er hins vegar villandi að taka þær töflur eins og þær birtast einar og sér vegna þess að í reynd verður auðvitað líka að taka mið af breyttu gengi krónunnar og breytingum á landsframleiðslunni til þess að sjá hvort um einhverja raunverulega breytingu er að ræða eða eingöngu um breytt prósenthlutfall án þess að sú stærð sem um er að ræða hafi í eðli sínu breyst.

Þau hlutföll skulda af landsframleiðslu sem ég rakti hér að framan hækka því ekki eingöngu vegna þess að skuldirnar séu að vaxa heldur, og ekki síður, — og reyndar er það stærsti hluti þessara breytinga — vegna lækkunar raungengis krónunnar og minnkandi landsframleiðslu. Þannig má rekja um 70% af þessum breytingum til þessara þátta ef borin eru saman árin 1989 og 1990. Þess vegna er það í raun og veru mjög varhugavert að draga miklar efnislegar ályktanir af þessum breyttu hlutföllum varðandi skuldasöfnun þjóðarbúsins út á við nema menn telji að samdrátturinn í landsframleiðslu muni vera viðvarandi um langa framtíð. Viðskiptahallinn er í raun miklu betri mælikvarði á skuldasöfnun þjóðarbúsins heldur en fyrrgreindar prósenttölur sem ég hef hér rakið.

Greiðslubyrði erlendra lána eykst á yfirstandandi ári og því næsta. Ástæður þessa eru auknar erlendar

skuldir og hækkun á meðalvöxtum af erlendum lánum í um 8,5%. Greiðslubyrði erlendra lána er áætluð um 19,7% af útflutningstekjum ársins 1989 og 20,1% á árinu 1990.

Á allra síðustu árum hafa innlendar stofnanir með ríkisábyrgð í vaxandi mæli leitað á erlendan lánamarkað í stað þess að taka erlend lán fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands, ríkissjóðs og annarra. Allar þessar stofnanir taka lán í skjóli ríkisábyrgðar og eru kynntar sem slíkar á alþjóðlegum markaði. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að vekja athygli á því hér að í mjög takmörkuðum mæli hefur verið fylgst með lántökustarfsemi þeirra enda þótt miklir hagsmunir séu í húfi fyrir ríkissjóð og mikilvægt sé að samræmi sé á milli þeirra lánskjara og skilmála sem stofnanir með ríkisábyrgð og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum mörkuðum. Það nýmæli er því tekið upp í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 að gera lánasjóðum og öðrum aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum skylt að kynna Seðlabanka Íslands í umboði fjmrn. fyrir fram um áform sín um erlendar lántökur og leita eftir samþykki hans á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni. Þetta ákvæði er tekið upp til þess að tryggja að samræmi sé á milli þeirra lánskjara sem stofnanir með ríkisábyrgð og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Virðulegur forseti. Heildarfjárfesting er áætluð um 62 milljarðar kr. á árinu 1990 sem að magni til þýðir um 1% samdrátt frá yfirstandandi ári. Hér verður aftur að víkja að endurnýjun flugflotans en að honum frádregnum má ætla að fjárfestingin dragist saman um 9% að magni. Opinberar framkvæmdir eru taldar munu aukast um tæp 4% milli ára reiknað á föstu verðlagi og er þar eingöngu um að ræða aukningu í framkvæmdum við rafvirkjanir, sérstaklega við Blönduvirkjun, en þær eru taldar aukast um 47%. Aðrar opinberar framkvæmdir munu hins vegar dragast saman um 5%. Fjárfesting atvinnuvega önnur en flugvélakaup er talin dragast saman um fimmtung en það verður að skoðast í ljósi þess að hún jókst um meira en 70% á árunum 1984–1987.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er áætluð 13,5 milljarðar kr. á árinu 1990 og er þá gert ráð fyrir jafnmiklum framkvæmdum og í ár. Lánveitingar byggingarsjóðanna að viðbættum kaupum lífeyrissjóða á húsbréfum eru áætlaðar tæpir 14 milljarðar kr. Er þá rétt að vekja athygli á því að lánveitingar þessara sjóða verða ríflega það sem þarf til að fjármagna nýfjárfestingar í íbúðarhúsnæði. Er það mjög ríflegt miðað við það sem verið hefur á undanförnum árum og var af þeim sökum ekki talin þörf á nema 150 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári.

Virðulegi forseti. Fjárfestingarlánasjóðir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestinga á Íslandi, ekki hvað síst sökum þess hve áhættufjármagn í atvinnurekstri er í reynd óverulegt í okkar landi. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1990 eru ný útlán fjárfestingarlánasjóða áætluð um 20 milljarðar kr. Er það svipuð fjárhæð og áætluð var fyrir þetta ár, en í lánsfjáráætlun 1989 voru heildarútlán áætluð 20,4 milljarðar kr. Endurskoðuð áætlun fyrir þetta ár telur hins vegar að útlán þeirra verði nálægt 25,7 milljörðum kr. Ný útlán fyrir árið 1990 eru því um fjórðungi lægri en á yfirstandandi ári. Stafar þessi lækkun fyrst og fremst af minnkandi umsvifum Atvinnutryggingarsjóðs og Framkvæmdasjóðs.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti:

1. Eigin fjármögnun af fé sem losnar úr rekstri.
2. Framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða.
3. Lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum.

Til að standa undir framangreindum heildarútlánum, 20 milljörðum kr., þurfa sjóðirnir að taka að láni 16,6 milljarða kr. Framlög og skatttekjur nema tæpum 3 milljörðum en eigið ráðstöfunarfé nemur aðeins um hálfum milljarði kr. eða 2,4% af heildarútlánum.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu minni einkennist frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 af miklu aðhaldi á lánsfjármarkaði. Dregið er allverulega úr lánsfjárþörf ríkisins og sama gildir um opinberar lánastofnanir. Er þetta gert í því skyni að tryggja jafnvægi á peningamarkaði svo að vextir geti haldið áfram að lækka. Einnig eru í frv. mikilvæg nýmæli varðandi skyldur þeirra aðila sem njóta ríkisábyrgða á erlendum lántökum sínum. Mikilvægt er jafnan að staðið sé þannig að þeim málum að lánskjör íslenskra aðila með ríkisábyrgð á erlendum lánamörkuðum séu sem best því að lánskjörin hafa afgerandi áhrif á þjóðartekjur okkar Íslendinga. Ég tel því að sú breyting sem hér er lögð til á meðferð þeirra mála sé mikið efnahagslegt hagsmunamál auk þess sem hún leiðir til skynsamlegri vinnubragða í lántökum Íslendinga á erlendum mörkuðum.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og auðvitað hefur margsinnis verið vikið að eru lánsfjárlög í eðli sínu hluti fjárlaga. Ég held að það hafi verið mistök á sínum tíma að skilja þessa löggjöf frá fjárlögunum sjálfum og fela tveim nefndum að fjalla um meira og minna sömu málin því að erfitt er að meta fjárlögin öðruvísi en að hafa hliðsjón af lánsfjárlögunum og fjalla um þau samtímis. Þetta held ég að við hæstv. fjmrh. séum kannski meira sammála um en margt annað og þess vegna væri það mjög ánægjulegt að reynt yrði að vinna að því við endurbætur á fjárlagagerð að sameina þetta verk, sem annars vegar er unnið af fjvn. og hins vegar af fjh.- og viðskn., þessari deild til heiðurs venjulega flutt í henni vegna þess að hún er vinnusöm og reynir að greiða fram úr flækjum og þær eru æðimargar núna sýnist mér, kannski fleiri en oft áður. Þar sem ég á sæti í nefndinni mun ég að sjálfsögðu leitast við að starfa þar að því að brjóta þessi mál til mergjar eftir því sem kostur er.

Hæstv. ráðherra var hér eðlilega kannski með langan talnalestur. Ýmislegt þótti mér nú stangast þar hvað á annað en látum það vera. Það má kalla það orðhengilshátt. En hitt er þó a.m.k. í öllu falli alveg áreiðanlegt að fólkið í landinu skilur það ekki að núna sé fram undan einhver voðalega mikil batnandi tíð fyrir ríkissjóð, fyrir atvinnuvegina, fyrir fólkið sjálft. Fólk á Íslandi er svo nautheimskt að það skilur ekki þá fullyrðingu hæstv. fjmrh. að kjör lægst launaða fólksins hafi batnað eins og hann margítrekaði, m.a. í sjónvarpsumræðum. Ég held að fólkið með 50–60 þús. kr. laun hafi bara alveg orðið steinhissa. Það fór að telja aftur í buddunni sinni og ég held að það hafi ekki komist að raun um að kjörin hafi mikið batnað það ár sem hæstv. ráðherra hefur verið í þessum virðulega stól sínum.

Ég sé hér varaformann Verkamannasambandsins kímileitan og mig langar að spyrja hann: Heldur hann að kjör lægst launaða fólksins hafi batnað á síðasta ári? Hann svarar því ekki. Ég veit hvað hann hugsar. (Gripið fram í.) Hann svarar á eftir, gott.

Skattahækkanir sem dynja yfir eru gífurlegar. Það er enginn fær um það, hvorki ég né hæstv. ráðherra, að meta hve miklar þær verða. Það er nefnilega alveg rétt sem hann vék að hér áðan, sagði að vísu ekki berum orðum en það fólst í orðum hans, að hallinn á fjárlögum þessa árs væri kominn til af því að tekjurnar hafa hækkað minna en gert var ráð fyrir og útgjöld ríkisins meira. Þetta er nákvæmlega það sama og fyrirrennari hans sagði hér fyrir rúmu ári þegar hann var að lýsa því að það yrði 7 milljarða halli á fjárlögunum eftir þær miklu skattahækkanir sem urðu árið 1987. Hann var þá að lýsa því að gatið, sem hann ætlaði að fylla upp í með 3 eða 4 milljörðum og loka því þannig, og hafa svo borð fyrir báru með því að hafa skattana svolítið hærri en þetta, yrði meira en nokkurn hefði órað fyrir. Í árslokin var hallinn svo orðinn yfir 7 milljarðar. Það var talið að hann gæti orðið einn milljarður í fyrrasumar, það var talið af þessum embættismönnum sem allt geta reiknað og allt vita með allar tölvurnar sínar og sem eru að reikna ofan í fólkið og reyna að reikna ofan í okkur þm. sem skiljum nú ekkert af þessu náttúrlega. Fólkið hlustar mátulega þannig að það skilur rótina, en við erum að velta tölunum hérna á milli okkar og botnum auðvitað ekkert í því hvernig þetta allt saman getur gerst. Svo koma þeir bljúgir, hæstv. fjmrh. var í aðra röndina núna mjög bljúgur þegar hann var að rekja það að þetta væri nú æðimiklu betra sem stefnt væri að á næsta ári heldur en hefði verið hjá þeim hæstv. fjmrh. sem var við völd í eitt ár. Þetta ætti nú allt að verða nokkuð mikið betra. Það væri verið að bæta úr þessu og bæta úr hinu og menn horfðu fram á batnandi tíð.

Það er líka rétt hjá honum að það er ekki hægt að reikna það í prósentum hvað skuldir ríkisins eru miklu hærri þetta árið heldur en hitt. Það er aldeilis laukrétt þegar hæstv. ráðherra segir að breyting á skuldastöðunni miðað við landsframleiðslu sé ekki marktæk. Þegar landsframleiðslan dregst saman, segir hann, fer minnkandi, þá verður prósenttala erlendu skuldanna auðvitað hærri en ella hefði orðið og hann segir að þetta muni nú hvorki meira né minna en 70%. Ég skil ekki hvernig sú prósenta er fundin, þessi 70%. Hitt liggur auðvitað í hlutarins eðli. (**Fjmrh.:** Ásamt gengisbreytingunni.) Ásamt gengisbreytingunni? (**Fjmrh.:** Já.) 70%, ég skil ekki hvernig það er reiknað. Mig varðar ekkert um það hvernig menn reyna að reikna það þarna í ráðuneytunum, ég tek lítið mark á þessum reiknikúnstum þeirra. En efni málsins liggur auðvitað í hlutarins eðli, þetta skilur hvert mannsbarn.

Þegar það tekst, sem er stefna þessarar ríkisstjórnar, að stöðva þensluna eins og þeir kalla það, þ.e. minnka atvinnuna, draga saman bæði launakjör og framkvæmdir í landinu, rýra kaupmátt launanna, skerða hag eins og allra í þjóðfélaginu, þegar það tekst minnkar auðvitað landsframleiðsla. Hún hét nú einu sinni þjóðarframleiðsla, og er kannski rétt að rifja upp að það gerðist þannig að páv. hæstv. fjmrh. hafði lýst því yfir að ef erlendar skuldir færu yfir 60% minnir mig af þjóðarframleiðslu, þá mundi hann segja af sér. Svo læddust skuldirnar upp fyrir þessi 60% og þá kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar páv., hæstv. núv. viðskrh., með frétt um það að þetta væri nú í lagi vegna þess að það væri búið að reikna nýjan grunn. Nú héti þetta landsframleiðsla, það væri búið að taka aðra liði inn í þannig að þetta hefði lækkað í 54% sem var áður komið yfir 60% og ráðherrann gæti þess vegna setið áfram svo að það er enginn vandi fyrir þennan hæstv. ráðherra alveg eins og páv. fjmrh., flokksbróður minn þá, Albert Guðmundsson, að sitja áfram með allra handanna reiknikúnstum. Það er hægt að reikna og það er hægt að sanna allt með tölum, jafnvel tölvurnar geta þetta ef þær eru mataðar rétt. Það er meira að segja hægt að setja vírusa í þær sem koma fram þeim veikindum sem óskað er eftir. (Gripið fram í.) Já, gæti verið það.

En ráðherrann hefur gripið til þess ráðs að tilkynna nú að fjárlög næsta árs verði með um það bil þriggja milljarða halla. Á þessu ári verða þau, eftir upplýsingum í því plaggi sem dreift er sem næsta máli hér á dagskrá, með 4,7 milljarða gjöld umfram tekjur. Þetta er matið núna. Miðað við matið í fyrra á þessu ætti þetta eftir að tvöfaldast eða svo til áramóta, verða kannski 5 milljarðar eða eitthvað í þá áttina. Við fáum að sjá það allt saman. En þetta var nú innskot. Hann hefur sem sagt gripið til þeirra ráða að gefa út mikið aukið magn skuldabréfa, þ.e. að afla innlends lánsfjár til þess að geta sýnt fjárlög með halla. Og talar um að hann geti orðið 3 millj. Ég spái í að hann verði nú a.m.k. 13 vegna þess að 13 gera það auðvitað að verkum að rauntekjur hæstv. ráðherra fara minnkandi á hverjum degi, vegna þess að kaupmátturinn fer minnkandi á hverjum degi. Atvinnuvegirnir eru að stöðvast og flestir eru reknir með tapi þannig að tekjur hans verða miklu, miklu minni en hann áætlar. Og hallinn verður auðvitað miklu, miklu meiri en nokkurn tíma áður. Og hver á að borga skattana sem eru nú mest neysluskattar þegar

fólkið getur ekki keypt brýnustu nauðsynjar, hvað þá einhverjar lúxusvörur þegar atvinnuvegirnir eru reknir með tapi? Hvar ætlar þá hæstv. ráðherra að fá þessar tekjur? Og hver á að geta lánað honum íslenska peninga þegar enginn getur lagt fram sparifé?

Hann gat þessa á blaðamannafundi sem eru nú tíðum haldnir. Það er venjulega ekki verið að skýra Alþingi frá meginatriðum þess sem er að gerast í ríkisstjórn eins og í síðuðum þjóðfélögum þar sem þjóðþingin fá yfirleitt fyrst að vita um stórtíðindi. Þau eru flutt þar og mælt fyrir þeim þar. Hér er það allt saman auglýsingastarfsemi upp úr og niður úr, með mismunandi hárgreiðslum og sminki og uppstillingum. En látum það vera. Þá fór hann að líkja þessu eitthvað við mínar hugmyndir, sem ég hef raunar ritað um í áratug, um að það væri engin hætta á ferðum þó að ríkissjóður yrði einhvern tíma rekinn *með halla ef fjárins væri aflað með innlendri skuldabréfaútgáfu.* Hæstv. ráðherra játaði því hér í fyrravetur, alveg berum orðum, að mínar skoðanir og það sem ég hef sagt um það í 10 ár væri rétt. (**Fjmrh.:** Aprílgabb.) Rétt, ég held að ég muni nákvæmlega hvernig þetta orðalag var. Ég spurði hæstv. ráðherra að því (**Fjmrh.:** Hvað varðaði mig, játa ummæli mín hvort . . .) Ég held að ég muni þetta nokkurn veginn orðrétt. Ég spurði hæstv. fjmrh. þáv. og núv. úr ræðustól í SÞ., alla vega var það úr hinum ræðustólnum, að því hver væri kröfuhafi á hendur ríkissjóði ef ríkissjóður skuldaði borgurunum einhverja fallega upphæð eins og 100 milljarða. Í fyrsta umgangi svaraði ráðherrann ekki. Í öðrum umgangi svaraði hann eitthvað á þann veg: Þú veist þetta, eitthvað svoleiðis. Í þriðja umgangi held ég: Það vita það allir. Í fjórða umgangi þegar ég endurtók: Hver er kröfuhafinn? svaraði hann orðrétt: Það er þjóðin sjálf. Hann hafði þá öðlast þennan skilning eftir þessa 10 ára lesningu mína yfir honum og það er þakkarvert að hann læri. En hann ætti þá líka að læra fleira.

En nú leyfi ég mér í framhaldi af þessu sem síðast var sagt að benda á það að ég hef alltaf sagt að halla á fjárlögum sem fjármagnaður væri með innlendu fjármagni ætti að nota til þess að stórlækka skatta, og þá ekki síst neysluskatta, þannig að verðbólgan stöðvaðist af sjálfu sér. Og ég hef bent á það að t.d. hefði söluskattur ekki átt að vera 25% heldur t.d. 20% og *afnema hefði átt matarskattinn. Það eitt hefði nægt til* þess að verðbólgan hefði gufað upp og fólk hefði sætt sig við óbreytt kjör og gengið hefði verið stöðugt. Í þessum tilgangi, að lækna sjúkan mann, er þetta heimilt. En að fara með skattana lengra upp en nokkru sinni áður, beita öllum úrræðum til þess að klekkja á fólki og fyrirtækjum með skattlagningu, eignaupptöku, eignamissi, fyrirtækjadauða og gjaldþrotum einstaklinga og heimila og segja svo: En elskurnar mínar, komið þið nú og lánið mér það litla sem eftir er af peningunum ykkar í ofanálag á alla skattana, það er engin lækning. Það er að fara aftan að hlutunum. Og það gerir enga bót að því er verðbólgu varðar.

Ég held því fram að stórkostleg lækkun skatta við núverandi aðstæður mundu geta bætt hag ríkissjóðs. Það mundi koma að því að hjólin færu að snúast ef verðbólgan stöðvaðist, t.d. ef virðisaukinn hefði verið ákveðinn 20% í staðinn fyrir 26% og matarskattur afnuminn, eitthvað slíkt, þannig að verðbólgan hefði stöðvast og það væri hægt að stöðva gengissig og hafa frjálsan peningamarkað, þá held ég að það hefði ekki tekið mjög marga mánuði að hjól atvinnulífsins hefðu farið að snúast og farið að rætast úr bæði hjá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum. Ég held því sem sagt fram, og ég er aldeilis ekkert einn um það, það gera meira að segja hagfræðingar út um víða veröld nú, að það sé brýn nauðsyn að stórlækka skatta ef það eigi að örva atvinnurekstur og bæta hag fólksins, lækka þá í prósentum að sjálfsögðu og þá mundi ríkið fá meira í krónutölu eða fleiri dollara eða fleiri pund. Krónan er nú víst að verða sjálfdauð *blessunin, hún er lengi að veslast upp svo að það er* kannski ekki beint gott að miða við hana í þessu tilfelli.

En mín skoðun er sú að það hefði átt og ætti nú að fara nákvæmlega þveröfugar leiðir við það sem verið er að gera. Það ætti að stórlækka skatta í prósentutölum og þar með að hækka þá að raungildi þegar fram í sækti vegna þess að menn gætu þá borgað skatta sem þeir geta auðvitað ekki með því áframhaldi sem nú er þegar verðbólgan er keyrð áfram með nákvæmlega sama hraða og gert var 1980 og fram á 1981 þegar hún rauk upp í 130%. Þá var nú hæstv. ráðherra að vísu ekki ráðherra en mikill áhrifamaður, hvort hann var ekki formaður fjh.- og viðskn. Ed., og hafði mjög gaman af þessu öllu saman. Þetta var ábyggilega ævintýri í hans huga, að sjá hvernig hægt væri að fara með eitt þjóðfélag. Nú er hann að gera nákvæmlega það sama. Þetta stefnir auðvitað í minnkandi þjóðarframleiðslu með minnkandi kaupgetu, minnkandi skatta, nýjar og nýjar gengisfellingar, verðbólgu, verðbólgusprengingu sem verður einmitt eftir rúmlega ár þessarar stjórnar, eitt og hálft ár eða eitthvað svoleiðis. Hæstv. ráðherra sagði t.d. hér í Alþingi í nóvembermánuði í fyrra að Samband ísl. samvinnufélaga mundi verða orðið gjaldþrota eftir 10–14 mánuði. Ég veit ekki hvort hann hefur fengið upplýsingar um það hvort það sé orðið að raunveruleika núna, svo sé að hann hafi ýmiss konar svona nýjar upplýs*ingar líka. Hann gat þess hér í ræðustól að ég hefði* brosað þegar hann nefndi það að einn milljarð kr. ætti að borga inn í Seðlabankann. Það endurspegli svigrúmið í fjármálum ríkisins, endurspeglar svigrúmið að borga þennan eina milljarð. Er það kannski til þess að auðvelda það að Samvinnubankinn geti keypt Landsbankann eins og þeir eru að reyna? Er Samvinnubankinn ekki að kaupa Landsbankann eða Sambandið úr því að það gat ekki keypt Útvegsbankann? Við skulum sjá hvað úr því kemur. Það er talað um að parkera einum milljarði í Seðlabanka. Eru þetta ekki „parkerings"peningar? (Gripið fram í.) Það er gott að það er ekki. Það er gott að það er alla vega ekki.

Sjóðaframlögin, það er auðvitað alveg á gamla móðinn sem þar er tekið fram í ýmiss konar liðum. Þrátt fyrir ákvæði, þrátt fyrir ákvæði, þrátt fyrir ákvæði. Það er ekki búið til af hæstv. ráðherra, það er miklu, miklu eldra, að þá skuli skerða þetta og þá skuli skerða hitt. Hins vegar er náttúrlega dálítið harkarleg skerðingin á fjármunum Háskólans gagnvart Þjóðarbókhlöðu o.s.frv. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði í þessari umræðu, við gerum það seinna, það er auðvitað af mörgu að taka þar. Mig langar nefnilega miklu meira að tala svolítið við hæstv. ráðherra um peningamálin.

Hann var hér að miklast yfir því hvað allt væri nú blessunarlegt þar, gat þess sérstaklega, eins og stendur hér raunar líka í athugasemdum við þetta frv., að aðstæður á innlendum lánamarkaði hefðu þróast í átt til aukins jafnvægis á árinu 1989. Dregið hefur úr eftirspurn eftir lánsfé og betra jafnvægi komist á milli aukningar inn- og útlánsvaxta lánastofnana. Ég hef nú ekki séð þetta mikla jafnvægi. Ég veit ekki hvort atvinnuvegirnir hafa séð það, húsbyggjendur eða aðrir, hvaða jafnvægi er komið á peningamarkaðinn. Er ekki sama skömmtunin í peningum á Íslandi og hefur verið, kannski harðvítugri og harðsnúnari en nokkru sinni áður, einmitt í samræmi við peningamagnskenninguna, þá kenningu að sverfa að fólkinu með því að þrýsta á fjármuni þjóðfélagsins, neita að gefa út ávísanir á þjóðarauð? Þetta er eldgömul kenning sem hæstv. ráðherra hefur aðhyllst og gerir enn þann dag í dag, sem er einhver vitlausasta hagfræðikenning sem til er. Peningar eru auðvitað ekkert annað en ávísanir á auð, þjóðarauðlegðina. Erlendir peningar eru náttúrlega ávísanir á auð viðkomandi þjóðar sem gefur þá út þannig að peningar eru í hverju landi fyrir sig. Hitt er allt annað mál að það stefnir allt í það núna að peningaflutningarnir verði allir saman meira og minna í gegnum fjarskipti og að eiginlegir peningar eins og við, þessir eldri, þekkjum þá séu að hverfa meira og minna. Þeir eru í tölvusendingum og kreditkortum og öðru slíku og það stjórnar auðvitað enginn peningamagni alheimsins. Samt er enn þá á Íslandi verið að tala um að það sé hægt að deyða þensluna með því að stjórna peningamagninu. Það er náttúrlega hægt hér á meðan ekki er frjáls aðgangur að erlendu fé og meðan útvegurinn má ekki selja fyrir erlenda peninga, fyrir þá raunpeninga sem hann er að afla, þá er auðvitað hægt að gera þetta.

En svona til gamans, bara af því að hæstv. ráðherra var að víkja að þessu, langar mig að fá að lesa hérna svolítið á 11. síðu þessa plaggs sem hér er til umræðu. Þar segir og ég veit að allir hér inni skilja þetta og ráðherra skilur það náttúrlega, enda flytur hann málið. Og spekingarnir, þeir skilja þetta allt saman meira og minna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til að fá gleggri mynd af umsvifum ríkisins á lánamarkaði er ástæða til að líta á lánsfjárþörf ríkissjóðs og opinberra lánastofnana og kanna hvort hún sé líkleg til að stuðla að peningalegri þenslu í hagkerfinu á árinu 1990."

„Peningalegri þenslu". Hvaða þembingur er það nú eiginlega? Eru peningarnir orðnir einhver uppþemba? Peningalegri þenslu ríkissjóðs. Og svo kemur:

„Frá hreinni lánsfjárþörf þarf þá að draga vaxtagreiðslur ríkissjóðs til útlanda og til Seðlabanka og bæta við arðgreiðslur Seðlabanka og þann hluta refsivaxta sem rennur í ríkissjóð. Greiðslur til eða frá Seðlabanka hafa sömu áhrif á peningamagn og greiðslur til eða frá útlöndum. Yfirlitið sýnir að áhrif ríkissjóðs og opinberra lánastofnana á peningalega þenslu á árinu 1990 eru hverfandi og lækka um 8 milljarða [hann endurtók þessa 8 milljarða hér áðan, hæstv. ráðherra. Hann hefur áreiðanlega ekkert skilið í þessu frekar en ég] lækka um tæpa 8 milljarða frá því sem verður í ár. Þann fyrirvara verður þó að gera að erfitt er að mæla þessi áhrif með einum mælikvarða og umdeilt er hvernig fara skuli með innlendar afborganir í þessu sambandi."

Hvaða lifandi maður skilur þessa grein? Og svo er hæstv. ráðherra að lesa þetta upp. Ég veit ekki hver getur hafa samið þessi ósköp. (**KP:** Það er ekki ætlast til þess að fólk skilji það.) Nei, að sjálfsögðu. Allur leikurinn er nefnilega gerður til þess, hv. þingmaður Karvel, þú nefnilega skilur þetta allt, hv. þingmaður. Allur leikurinn er gerður til þess að rugla um fyrir fólki og telja því trú um að það hafi aldrei haft það betra og nú sé sæluríkið í höfn og sælutímarnir að renna upp því að næsta ár verður svo miklu, miklu, miklu betra, eins og hæstv. ráðherra var að lýsa hérna fyrir okkur áðan. Nú væri fyrst að koma á jafnvægið sem beðið hefði verið eftir. Nú væri búið að ráða við þensluna. Nú væri ekki þetta peningamagn í umferð sem gerði það að verkum að fólk legði út í atvinnurekstur og léti sér jafnvel detta það í hug að byggja hús, svo ég tali nú ekki um að það færi nú að kaupa bíl eða eitthvað svoleiðis. Þetta var allt saman það sem var að renna upp að dómi hæstv. ráðherra hér rétt áðan.

Já, lausafjárstaða innlánsstofnana hefur batnað. Og vextirnir hafa lækkað víst ein lifandis ósköp. Hafa þeir lækkað svo mikið á ríkisskuldabréfunum núna síðustu mánuðina? Hver auglýsir mest eftir fé? Er það núna þessi svokallaði grái markaður sem er með allar heilsíðuauglýsingarnar í blöðunum? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, það er ríkissjóður. Nú, við höldum áfram almennt að ræða um þetta. Ég held að það sé alveg ljóst að það stefnir í áframhaldandi halla á ríkissjóði og hann mjög vaxandi. Það stefnir í versnandi hag fyrirtækja og almennings. Það stefnir í það að þessi ríkisstjórn eigi eftir að verða miklu verri heldur en hún nú er og held ég að það fari ekkert á milli mála að a.m.k. ¾ hlutar þjóðarinnar telja hana þá verstu sem við nokkurn tímann höfum haft. Og ég held að það álit eigi ekki eftir að breytast.

Hvað varðar skatttekjurnar, skattheimtuna, þá eru skattar auðvitað í eðli sínu, hverjir sem þeir eru, hvort sem það er til ríkis eða sveitarfélaga, ekkert annað en eignaupptaka. Þeir eru millifærsla á eignum frá borgurum og atvinnufyrirtækjum til opinberra

aðila. Það er auðvitað viðurkennt að þetta er nauðsynlegt í vissum mæli og þarf að gera. En eins og ég sagði áðan þá geta opinberir aðilar kannski náð meiri tekjum þegar fram í sækir með því að fara hófsamlega í skattlagningu þannig að atvinnuvegir geti gengið og þjóðlífið blómstrað. En nú á sem sagt að moka meira fé en nokkru sinni áður yfir í ríkishítina þar sem peningarnir eru notaðir til góðra hluta að miklu leyti en að mjög miklu leyti líka til slæmra hluta.

Sannleikurinn er sá, mér dettur það stundum í hug, að eina leiðin til þess að koma í veg fyrir sukk í fjármálum, opinberum fjármálum, sé sú að fá stjórnmálamönnum ekki í hendur peninga nema í mjög takmörkuðum mæli. Því við erum öll með því markinu brennd að við eigum okkar sérstöku áhugamál og við berjumst fyrir fjárútlátum til þessa eða hins. Og stjórnmálamenn eyða líklega alltaf þeim peningum sem þeir geta komist yfir með svona sæmilega heiðarlegum hætti. Ef þjóðþing samþykkja til þeirra ákveðnar fjárveitingar eða ákveðnar heimildir til lántöku þá er það allt notað og venjulega er farið fram úr markinu. Þess vegna er auðvitað freisting hjá þessari ríkisstjórn eins og öðrum að gera hitt og gera þetta. En það er svo illa búið að auðsköpuninni, þeim sem skapa auðinn, þ.e. borgurunum og einkafyrirtækjunum, að peningarnir verða miklu minni að raungildi. Þess vegna þarf, þrátt fyrir þessa gífurlega auknu skattlagningu, að minnka allar framkvæmdir á vegum ríkisins. Þannig er Ísland kannski orðið það land þar sem minnstar opinberar framkvæmdir eru, beinar framkvæmdir, t.d. til vegamála og annars slíks. Það er auðvitað áhyggjuefni út af fyrir sig. Menn getur greint á um það hvort vegir megi kannski vera í einkaeigu eins og þeir eru sums staðar, tollvegir o.s.frv., eða flugvellir. En það verður ekki um það deilt að á meðan það er á ríkisins vegum að gera slíka hluti þá er það auðvitað ekki framför heldur afturför að þurfa að draga verulega úr þessum framkvæmdum til þess að koma í veg fyrir þensluna svokölluðu, til þess að koma á atvinnuleysi, til þess að hafa stjórn á lýðnum með því að láta hann ekki hafa of mikla peninga, þá er það auðvitað afturför. Og það getur ekki verið framsækin stjórn sem beinlínis stefnir að þessu, ekki bara vísvitandi heldur marg-, margyfirlýst að nú sé þó aðeins að rofa til því að þenslunni sé lokið.

Nú á að fara að hætta við millifærslu peninga úr sjóðunum, stendur hér einhvers staðar, og færa þá fjármuni til bankakerfisins o.s.frv., vegna þess að það sé búið að bjarga öllum atvinnuvegunum. Ég ætla nú að spyrja þá sem eru t.d. að tala við atvinnurekendur hér í Reykjavík, ekkert síður en úti á landi, hvort búið sé að bjarga öllum atvinnuvegum.

Ég þekki erfiðleika úti á landi, ég var þar lengi þingmaður. Það er bara komið hér alveg það sama á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hér eru atvinnufyrirtæki að fara á hausinn í stórum stíl. Það eru allir atvinnuvegir aðþrengdir, allir. Það eina sem er heilagt í þjóðfélagi sósíalismans, sem ég vænti að hæstv. fjmrh. viðurkenni af því að sósíalisti segist hann vera, hefur alla tíð verið. Og í þessu sæluríki sósíalismans þá eru allir orðnir jafnir.

Reykjavík er auðvitað moldrík borg og hún heldur áfram sínum framkvæmdum. Reykjavík er með einhverjum ríkustu borgum heimsins. Hún gæti auðvitað tekið lán hjá borgurunum, innlenda peninga, og leyft þeim að fjármagna eitthvað af útgjöldunum með lánsfé og halda eignarráðum yfir því, ég veit að borgarstjóri hefur oft hugsað um að gera það. Það er út af fyrir sig ekkert athugavert við það ef menn eru að fara í stór verkefni að taka peninga að láni hjá borgurunum þegar borgararnir fá þá aftur endurgreidda, þegar menn eru að taka lán hjá sjálfum sér eins og allir viðurkenna að er staðreyndin þegar um innlendar lántökur er að ræða. Hitt er annað mál að nú eru bara þær svokölluðu innlendu lántökur, sérstaklega til atvinnuveganna, allar orðnar erlendar. Það eru öll afurðalán til útflutningsframleiðslunnar erlendir peningar. Krónan er dauð á þeim vettvangi, hún er dauð í þessum viðskiptum útgerðarinnar, iðnaðarins, útflutningsiðnaðarins og annarra útflutningsgreina, þar er krónan fyrir lifandi, lifandi löngu dauð nema sem einhver viðmiðun þegar peningarnir eru teknir út úr bankanum. Þeir eru erlendir og það kann vel að vera ástæða þess sem kemur fram í skoðanakönnunum að ungt fólk er jafnvel mjög áfjáð í það að við förum að sækja um einhverja inngöngu í Evrópubandalagið, sem náttúrlega kemur ekki til greina að mínu áliti, á þessu stigi í öllu falli. Það verður mikið vatn að renna til sjávar áður en slíkt gæti hent að það sé eina leiðin út úr þessum ógöngum, að við getum ekki stjórnað okkur sjálf. Vonandi er það ekki af þessari ástæðu heldur hinni að fólk hafi ekki kynnt sér nægilega mikið málavöxtu til þess að geta tekið afstöðu. Við eigum kannski að saka sjálf okkur fyrir það að hafa ekki nægilega mikið rætt þau mál og mér fyrirgefst þó ég víki aðeins að þessu hér, því það tengist auðvitað lánsfjárlögum.

Það er ljóst hvað sem um tengsl okkar við Evrópubandalagið verður að það er að verða til alheimsfjármagnsmarkaður. Það stöðvar það enginn. Menn fara ekkert dult með það í Evrópubandalaginu, ráðamenn þar, að það verður enginn sérstakur Evrópubandalagspeningamarkaður, það er heldur ekki Evrópumarkaður, ekki sameinaðrar Evrópu ef EFTA og EBE semdu um einhverja frjálsa fjármagnsflutninga sem eflaust verður. Það er ekki bara þetta eða New York markaður eða Tókíómarkaður, heldur alheimsmarkaður í peningamálum, glóbalmarkaður. Ég held menn séu sammála um að það sé það sem kemur og verði um allan heim, nema hjá þeim sem ætla að loka sig inni og ekki fylgjast með neinni þróun.

Peningamarkaður á eftir að breytast á Íslandi eins og annars staðar og þá verður náttúrlega miklu erfiðara að vera með svona hundakúnstareikninga og orðskrípi sem hafa ýmist verið á ferðinni í nokkur ár eða eru nýtilkomin þegar þarf að villa meira um fyrir mönnum, eins og þetta litla dæmi um breytinguna í landsframleiðslu frá þjóðarframleiðslu sem gat breytt

lífi eða dauða eins ráðherra með að reikna þetta á hinn veginn en ekki þennan. Þetta er stundað í stórum stíl og birtist hér á annarri hverri síðu í öllum fjárlögunum. Við eigum eftir að sjá það að fjárlögin núv. sem þessi hæstv. ráðherra fékk samþykkt hér í fyrra þau verða með miklu meiri halla heldur en einhverjum 3, 4, 5 milljörðum, þegar upp verður staðið. Og þessi lánsfjárlög sem nú er fjallað um verða auðvitað keyrð hér í gegn ef stjórnin heldur velli fram að jólum, ef fólkið verður ekki búið að kollvarpa henni. Þar verða tölur auðvitað allar brenglaðar og vitlausar og hallinn meiri en nokkurn sinni áður í sögunni, það er algjörlega ljóst. Einhverjum fjárlögum verður að hnoða saman. En hvort ráðherrann verður jafndrjúgur með sjálfan sig eins og hann hefur verið undanfarnar vikur þegar hinar raunverulegu tölur fara að koma í ljós, það efast ég um. Raunverulegu tölurnar eru aurarnir í pyngjunum hjá fólkinu. Og þegar það er að telja aurana sína í buddunni og vita hvort þeir hafa vaxið, þá hugsar það ekki hlýtt til núv. ríkisstjórnar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í þessari 1. umr. um frumvarp til lánsfjárlaga segja nokkur orð, þar sem ég hef tekið sæti í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. En þar sem mér hefur ekki gefist nægilega langur tími til þess að kanna þetta mál vel, þá mun ég ekki hafa langa ræðu um það hér í 1. umr., en víkja betur að málinu síðar þegar það hefur verið athugað í nefndinni.

Það er samt vert að geta nokkurra atriða og þá kannski fyrst þess sem vel hefur verið gert. Það er sannarlega ástæða til þess að nefna það að viðleitni hefur ríkt á undanförnum árum og t.d. í tíð núv. hæstv. fjmrh. til þess að skapa frekara aðhald í ríkisrekstrinum og taka fastari tökum það fjárlagadæmi sem við erum nú að ræða hluta af. T.d. hefur það gerst með því að flýta fyrir birtingu ríkisreikninga, einnig að fjáraukalög fyrir sl. ár og árið sem er að líða séu lögð fram. Enn fremur má nefna að Ríkisendurskoðun hefur nú eflst og vinnur í nánara samstarfi við Alþingi eftir að sú ákvörðun var tekin að hún skyldi heyra undir Alþingi. Starfsmenn hennar hafa farið yfir framkvæmd fjárlaga fyrri ára og gert ýmsar athugasemdir og vakið athygli á þeim þáttum sem þeim fannst þörf á að taka á og breyta. Það er þá einkum varðandi rekstur einstakra stofnana eða ef þeir telja fjárlagaáætlanir óraunhæfar eða að stofnanir haldi sig ekki innan þess ramma sem fjárlög setja.

Fjvn. hefur einnig í smíðum starfsreglur sem eiga að setja skorður við þeim gífurlegu greiðslum umfram fjárlög sem verið hafa og fara sívaxandi. Von mun vera á frv. um þetta efni innan skamms. Alls þessa er vert að geta, því það horfir til bóta og er nýmæli. Sum þessi nýmæli eru núv. hæstv. fjmrh. að þakka, sum þeirra stafa af ákvörðunum sem voru teknar á fyrri árum. Í þessu frv. til lánsfjárlaga er, eins og í fjárlagafrv., boðaður mikill samdráttur sem hefur vitanlega alvarlegar afleiðingar víða úti í þjóðfélaginu. Það er sannarlega slæmt til þess að vita hve illa hefur spilast úr góðærum undanfarinna ára. Þegar síðustu lánsfjárlög voru rædd hér í deildinni talaði ég fyrir hönd Kvennalistans í því máli og ég man að þær umræður spunnust ekki síst um grundvallaratriði og um vinnubrögð við gerð lánsfjárlaga. Ef ég man rétt kom þar t.d. fram að flestir voru sammála því að ófullnægjandi, allsendis ófullnægjandi væri hve marklaust plagg frv. til lánsfjárlaga væri yfirleitt í raun. Það væri fyrst og fremst óskhyggjudæmi og stæðist sjaldnast samanburð við þann raunveruleika sem síðar kæmi á daginn. Og þrátt fyrir góða viðleitni og hreystiyrði hæstv. núv. fjmrh. við síðustu lánsfjárlagaumræðu þá voru þar vanáætlaðir rúmir 7 milljarðar kr. vegna ýmissa útgjalda ríkissjóðs og alls kyns kostnaðar sem ekki var gert ráð fyrir.

Ég vil því leggja megináherslu á mikilvægi þess að fjallað sé um fjárlög og lánsfjárlög í sem mestu samhengi. Og þrátt fyrir góða viðleitni hæstv. ráðherra, sem ég hef getið um hér, a.m.k. að hluta, þá markast framsaga hans nú af óskhyggju einni og nokkrum fagurgala. Mér finnst því miður ekki mikil ástæða til að ætla að vonir hans standist nú fremur en þær gerðu við síðustu lánsfjárlög. Það er langt frá því að Kvennalistinn sé sammála öllum þeim ráðstöfunum sem hæstv. ráðherra hefur í hyggju til þess að láta fjárlagadæmið sitt ganga upp.

Það væri reyndar full ástæða til að ræða ýmsar þeirra ítarlega. Þó þær komi ekki beint við sögu hér þá eru þær málinu skyldar, t.d. sú ákvörðun að láta matarskattinn halda sér þrátt fyrir öll stóru orðin fyrr á tímum. Það væri líka ástæða að ræða hve lítilfjörlegar lagfæringar stjórnvöld treysta sér og hafa hugrekki til að gera til að mæta verulega íþyngjandi og alvarlegum rekstrarvanda margra heimila í landinu, ekki síst heimila þeirra fjölskyldna sem lægst hafa launin og flest eiga börnin.

Mig langar til þess að skila því hér til hæstv. ráðherra við þessa umræðu, hæstv. ráðherra sem kennir sig við alþýðuna, að sterkustu skilaboðin sem kvennalistakonum bárust í fjölmörgum heimsóknum okkar á vinnustaði um allt land í sumar, og við fórum mjög víða, bæði um sumarið og aftur um haustið um alla landshluta, á fjölmarga vinnustaði. Sterkustu skilaboðin sem við fengum frá fólki almennt og þá einkum frá konum voru að rekstur heimilanna væri daglegt áhyggjuefni og verulegur vandi því að launin væru svo lág að þau dygðu ekki til framfærslu. Mest af öllu talaði fólk um það hve matarreikningarnir væru háir og skattbyrðin íþyngjandi, jafnvel af lágum launum sem reynt var að hækka með löngum og erfiðum vinnudegi. Jafnvel þó fólk reyndi að vinna yfirvinnu til að koma sér upp í 80.000 kr. í stað þess að vera í 50.000 kr. á mánuði, þá þurfti það að borga skatt af þeirri yfirvinnu, og gat samt ekki látið enda mætast eða ná saman. Þetta voru verulega alvarleg og þung skilaboð og ég kem þeim hér á framfæri því það er ekki víst að hæstv. ráðherra hafi haft tíma meðan hann var að reikna þetta dæmi sem hann er að kynna fyrir okkur nú til þess að fara út á land og fá skilaboð frá því fólki sem síðan þarf að fylla inn í þetta dæmi og í raun greiða rekstur þess.

Það væri vissulega líka ástæða til þess að ræða sérstaklega ýmsar aðrar ráðstafanir eins og t.d. þá atlögu að sjálfstæði og sjálfræði Háskólans sem hæstv. ráðherra hefur boðað. Það mál verðskuldar hins vegar sérstaka umræðu og ég mun ekki orðlengja það hér nú, en ég vona innilega að hæstv. ráðherra sjái sig þar um hönd því að þar er um atlögu að grundvallaratriði að ræða sem er sjálfsákvörðunarréttur Háskólans. Ég sagði áðan að ég tryði því tæpast að forsendur þessara lánsfjárlaga stæðust fremur en áður þrátt fyrir viðleitni til að taka á málum fastari tökum. Það er þá fyrst að ég vil vekja athygli á því að í forsendum fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að vextir hækki ekki en 6 milljarða lánsfjárþörf hlýtur að leiða til samkeppni um fé á lánsfjármarkaðnum svo að það er mikil bjartsýni að ætla að þetta leiði ekki til vaxtahækkunar. Að vísu er gert ráð fyrir greiðslum á lánum og afborgunum til ríkissjóðs þannig að nettólánsfjárþörfin yrði e.t.v. ekki nema um 3 milljarðar sem hagsýslan telur ekki að muni leiða til vaxtahækkunar. En í raun er þetta bara orðaleikur því að lánsfjárþörfin er hin sama og alls óvíst að greiðslur skili sér sem svarar 3 milljörðum. A.m.k. örugglega ekki allar.

Síðan væri vel þess virði að velta fyrir sér réttmæti virkjanaframkvæmda almennt og það væri líka ástæða til að spyrja hvert framhaldið yrði í sambandi við lántökur og hvaða áætlanir hefðu verið gerðar innan ramma þessara lánsfjárlaga ef álverið í Straumsvík verður stækkað eða jafnvel annað álver byggt. Þrátt fyrir það að lokaákvarðanir hafi ekki verið teknar í málinu, þá hlýtur þó hæstv. ráðherra að hafa leyft sér eitthvert svigrúm ef til kæmi. Ég heyrði að vísu í útvarpinu í morgun að ráðherrar Alþb. hefðu fullyrt það á fundi í gærkvöldi að málið væri mun styttra komið heldur en heyrst hefði í fjölmiðlum. En það væri ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hefði í raun ekki gert neinar áætlanir í þessum efnum.

Síðan langaði mig að bera fram nokkrar spurningar og gera nokkrar athugasemdir um leið og ég fletti þessu frv. án þess að fara þó mjög ítarlega út í efnisatriði þess hér við 1. umr. Það er þá í fyrsta lagi að í skýringum við 1. gr. er minnst á það að 30 millj. kr. séu ætlaðar til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem er nú ein stórsyndin í framkvæmdum á vegum ríkisins sem þessi fjmrh. að vísu ber ekki aðalábyrgð á, en væri vissulega þörf og full ástæða til að ræða hér allt það ævintýri. En ég hef eina ákveðna sérstaka spurningu til hæstv. ráðherra varðandi þessar 30 millj. kr. til að ljúka uppsetningu á listaverki við flugstöðina. Um hvaða listaverk er að ræða? Er hér um að ræða það listaverk sem hlaut 1. verðlaun og er eftir glerlistakonuna Rúrí eða er þar um eitthvert annað listaverk að ræða? Ég sé á borði mínu í dag að það er einmitt komin fsp. um þetta efni frá þingkonu Alþb. sem spyr þess sama.

Síðan langar mig að spyrja um skýringu á athugasemd við 5. gr. Þar kemur skýrt fram stefna í sambandi við ríkisábyrgðir fyrir nýjum fjárfestingarlánum til hitaveitna, að þar skuli hemlað og haldið í böndin og þar eru nefndar Hitaveita Eiða, Bæjarveita Vestmannaeyja og annað. Hins vegar skilst mér að um 600 millj. kr. séu uppistaðan í einni aðallántökubeiðni sveitarfélaganna og eigi að renna til Hitaveitu Reykjavíkur. Eru þetta fjárfestingarlán? Fara þau til þess að gera við morknar, gamlar pípur sem eru að springa hér í eldri hluta borgarinnar og þarfnast mjög brýnnar viðgerðar eða er þeim ætlað að fara í eitthvert annað verkefni? E.t.v. uppi á Öskjuhlíð? Veit hæstv. ráðherra hvert þetta fé fer og hvort um er að ræða nýjar fjárfestingar til Hitaveitu Reykjavíkur eða ekki og hvort þá standast þær forsendur sem eru í athugasemdunum við 1. gr., hvort það er samræmi þarna á milli?

Síðan verð ég að segja að í þessu frv. til lánsfjárlaga eru gamalkunnir draugar og undrar mig í raun hve máttvana gagnrýni alþýðubandalagsþingmanna hefur verið á undanförnum árum að þeir skuli nú ætla sér annað árið í röð með forustu í fjmrn. að skerða tekjur Ríkisútvarpsins vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Þetta er krafa sem þeir hafa borið hér fram mjög sterklega á undanförnum árum í umræðum um lánsfjárlög að Ríkisútvarpið sem hefur verulega skertar tekjur og hefur liðið fyrir skort á fjármagni að það skuli nú rúið þessum aðaltekjustofni sínum og hann látinn renna til ríkissjóðs.

Ég verð einnig að lýsa áhyggjum mínum vegna skerðingar á fjárveitingum til Ferðamálaráðs, ekki síst vegna þess að á sama tíma og stjórnvöld eygja nýja atvinnumöguleika, sérstaklega á landsbyggðinni í aukinni ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar, að þá skuli svo naumt skammtað til þess ráðs sem ætti að geta skipulagt stjórn þeirra mála því að hún hefur því miður ekki verið eins góð og skyldi. Sannarlega ekki hvað varðar samræmingu á milli auglýsinga og kynninga landsins í útlöndum og uppbyggingar þjónustunnar hér heima til að taka við því fólki sem hingað kynni að koma.

Það eru margar aðrar athugasemdir sem ég vildi gera en ég ætlaði að hafa einungis stutt mál hér og mér gefst tækifæri til þess að kynna mér nánar ýmsa liði þessa máls við umfjöllun í nefndinni. Hins vegar er fjarskalega áberandi — og ég má til með að segja hæstv. fjmrh. það þar sem ég er nýkomin af landsfundi Kvennalistans og þar voru að sjálfsögðu rædd mjög ítarlega þau vandamál sem steðja að konum í því karlstýrða þjóðfélagi sem við búum í, þar sem forgangsröðin, þar sem fjármunirnir eru í raun í höndum karlanna sem taka allt of lítið tillit til þarfa kvenna, bæði inni á heimilunum og í atvinnulífinu. Allar þessar fjárveitingar sem hér er um að ræða! Hugsið ykkur bara hvað það eru fáar konur sem ráða stýringunni á þessu fjármagni, sem ráða úthlutuninni á þessu fjármagni og sem nokkurn tíma festa hendur á þessu fjármagni í búreikningum þjóðarinnar. Og hugsið þið ykkur bara — við höfum nýlokið við að fjalla um fjárlögin og nú erum við að fjalla um lánsfjárlögin — alla þá ómældu vinnu í þjónustu og framleiðslu sem fer fram inni á heimilum landsins og

við njótum öll góðs af eða höfum gert á ævi okkar — að engum skuli hafa hugkvæmst eða enginn skuli hafa haft ímyndunarafl til þess að setja eitthvað af þeirri vinnu og þeirri miklu verðmætasköpun inn í sameiginlega búreikninga þjóðarinnar. Er ekki kominn tími til að breyta þessari forgangsröð, að breyta þessu verðmætamati, að breyta þessum áherslum þannig að þetta sé ekki dæmigert óskhyggjuplagg sem stenst ekki raunveruleikann, ekki bara vegna þess að dæmið gengur ekki upp talnanna vegna, heldur vegna þess að stærðirnar endurspegla ekki veruleika þjóðarinnar. Þær endurspegla ekki daglegan veruleika helmings þessarar þjóðar og það bið ég hv. þm. að hugsa um.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ekki skal ég lengja mjög þessa umræðu enda var það ekki mín meining að taka þátt í henni, en ræður einstakra þingmanna hafa orðið til þess að ég stenst ekki freistinguna.

Út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 6. þm. Reykv., um áhrif kvenna á peningamarkaðinn þá stendur það nú vonandi til bóta með þeirri kúvendingu sem Kvennalistinn hefur tekið að því er varðar skipan bankaráða þannig að kvennalistakonur fara trúlega að hafa meiri áhrif á gang peningamála í þjóðfélaginu heldur en verið hefur.

Ég hef sagt það hér áður og segi það enn að bæði kvennalistakonur og fjölmargar aðrar konur hafa ekki viljað axla ábyrgð við stjórnvölinn í ýmsum félagasamtökum og að því er varðar stjórnvöld og stofnanir eins og þeim hefur gefist kostur á. Þar vantar að mínu viti fyrst og fremst hjá Kvennalistanum kjarkinn. Ekki meira um það.

Ég hef upplifað í 17, 18, 19 ár umræður hér á Alþingi í svipuðum dúr og þær sem nú eiga sér stað. Hér eru menn að ræða um lánsfjárlög hæstv. núv. ríkisstjórnar. Áður hafa menn rætt um lánsfjárlög hæstv. fyrrv. ríkisstjórna í gegnum árin. Mér finnast þessar umræður afskaplega keimlíkar allar saman, hvaða hæstv. ráðherra sem hefur átt í hlut. Ég er út af fyrir sig ekki sérstaklega að gagnrýna núv. hæstv. fjmrh. Ég þykist vita að hann, eins og aðrir, vilji vel þó að verkin mörg hver sýni annað sem hann kannski ekki ræður ferðinni með.

Hér tala menn fyrst og fremst um talnaraðir út og suður sem enginn botnar í, ekki a.m.k. almenningur eins og ég. Og kannski er leikurinn gerður til þess að almenningur í landinu botni ekkert í þessum tölum, ekkert í því hvað verið er að gera. Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi og ég er þeirrar skoðunar enn að öll sú uppsetning, allar þær flækjur sem settar eru fram, bæði í fjárlögum og í lánsfjárlögum, séu fyrst og fremst ætlaðar til þess að flækja málin fyrir almenningi á þann veg að almenningur botni ekki neitt í neinu skilji ekki upp eða niður í einu eða neinu og hætti þannig að hafa afskipti af málunum. Þetta er afskaplega þægilegur leikur ef mönnum tekst að velta málum þannig upp, ég tala nú ekki um fjárlög ríkisins og lánsfjárlög, að meginhluti almennings í landinu hætti að hafa nokkra trú á því og hætti að hafa nokkra skoðun á því vegna þess að hann skilur það ekki.

Ég verð að viðurkenna það að ég er einn af þessum almenningi sem botnar ekki upp eða niður í neinu því sem verið er að færa hér fram. Ég veit að hæstv. fjmrh. er það menntaður einstaklingur að hann gerir sér fullkomlega grein fyrir því hvernig hann er að þvæla málin og hverju hann er að þvæla. Og kannski er honum það betur lagið heldur en mörgum forverum hans í starfi að gera slíkt. (**Gripið fram í:** Það er svo gaman.) Ekkert skal ég segja um gamanið eða löngunina, en ég veit að hæfnina hefur hann. (**Gripið fram í:** Allt fyrir völdin.) Það má vel vera að allt sé fyrir völdin hjá honum, en það er þó víðar sú skoðun ríkjandi, allt fyrir völdin.

Ég ætla hér ekki að ræða sérstaklega lánsfjárlög hæstv. ríkisstjórnar eða hæstv. fjmrh. En mér finnst eiga heima í þessum umræðum, ég veit ekki hvort hv. þingdeildarmenn eru mér sammála eða hæstv. forseti, en mér finnst eiga heima í þessum umræðum lánsfjárlög heimilanna. Það er ekki síður hlutur sem þingmenn, ráðherrar og stjórnvöld þurfa að hyggja að heldur en ríkiskassinn sjálfur, fjárlög ríkisins eða lánsfjárlög ríkissjóðs. Ég verð að segja það að mér finnst núv. hæstv. ríkisstjórn með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar ekki gæta nægilega hagsmuna heimilanna. Þá á ég fyrst og fremst við heimila hins almenna launamanns, og þá er ég kannski fyrst og fremst að tala um hins almenna launamanns innan Alþýðusambands Íslands sem ég þekki best til. Ég þekki hitt ekki nægilega vel til þess að ræða um það sérstaklega en ég er fyrst og fremst að ræða um hinn almenna launamann innan Alþýðusambands Íslands, innan hinna almennu verkalýðsfélaga innan Alþýðusambandsins.

Ég vil hins vegar taka það fram að núv. hæstv. ríkisstjórn er ekki sú eina sem ekki hefur gætt þessara hagsmuna og kannski hafa aðrar ríkisstjórnir gætt þeirra verr en núv. ríkisstjórn þó að hún hafi gætt þeirra illa. Hvað sem menn ryðja hér úr sér af tölum um ágæti þess sem nú er að gerast, á að gerast í áframhaldi á næsta ári að því er varðar ríkissjóð, þá er það buddan hjá almenningi sem segir fyrst og fremst til um það hvernig málin standa. Það er budda hins almenna manns, hins almenna þegns í þjóðfélaginu sem segir fyrst og fremst til um það hver þróunin er og við skulum skoða það aðeins nánar.

Það er auðvitað enginn vafi að það er halli á ríkissjóði, en það er ekki síður og kannski enn meiri halli, hæstv. fjmrh., hjá heimilunum í landinu. Það er sá halli sem hinn almenni launamaður ræður ekkert við eins og í pottinn er búið og kannski versnar hann enn eftir því sem fram líða stundir haldi fram sem horfir.

Ég minni á það að á vordögum fyrir kosningarnar 1987 var það páv. fjmrh. sem sveikst aftan að hinum almennu launþegum í Alþýðusambandi Íslands og samdi um mun meiri launahækkanir við BSRB-menn og þá sem ofar voru settir í launakjörum innan ríkiskerfisins. Þetta var fyrir kosningar 1987 þegar

Þorsteinn Pálsson gegndi starfi fjmrh. Þetta hafði auðvitað sínar afleiðingar á þróun launamála eftir að þetta gerðist á hinn verri veg fyrir hinn almenna launamann. Skattar hjá bæði þeirri hæstv. ríkisstjórn og núv. hæstv. ríkisstjórn eru að mínu viti um of svo ekki sé meira sagt, skattar eru um of, ég tala nú ekki um fyrir það almenna launafólk sem þarf undir þeim að standa auk alls annars.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum á matarskattinn. Ég gerði grein fyrir því máli á sínum tíma og var þá andstæðingur hv. þm. Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn þar sem þeir studdu þá skattlagningu dyggilega að mér fannst, en ég var andstæðingur. Og ég er enn þeirrar skoðunar að matarskatturinn hafi verið eitt af þeim verstu málum sem sú hæstv. ríkistjórn stóð fyrir. Hvort sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa látið leiðast út í þá villu eða gert það viljandi, það skal ég ekkert um segja, en sá skattur hefði ekki farið í gegn hér á Alþingi ef hv. þm. Sjálfstfl. hefðu greitt atkvæði gegn honum eins og ég gerði og þetta ættu menn að muna.

Það er oft gott að rifja upp hvaða afstöðu menn hafa haft áður í hinum mikilvægu málum. Það er auðvitað ekki þörf á að rifja upp núna það sem gerðist í samningum á sl. vori. Ég fullyrði að þá tók hinn almenni launamaður fullkomlega tillit til minnkandi þjóðartekna og hagaði sinni samningsgerð í samræmi við það, tók á sig byrðar sem ég er farinn að draga í efa að hann hefði átt að gera vegna þess hvernig þróunin hefur orðið. Menn vita um þær launahækkanir sem um var samið. Og menn vita líka um loforðin sem hæstv. ríkisstjórn gaf þá. (**HBl:** Var staðið við þau?) Nei, því er fljótsvarað, og hv. þm. Halldór Blöndal þarf ekki að spyrja. Fylgist hann með? Það var ekki við það staðið. (**Fjmrh.:** Það er rangt. Það hefur verið staðið við allt sem lofað var.) Það hefur ekki verið staðið við allt sem lofað var þá, hæstv. ráðherra. Það hafa launþegasamtökin margítrekað að ekki hefur verið gert. Og það þýðir ekki fyrir einstaka ráðherra, ekki einu sinni hæstv. fjmrh., að halda því fram hér á Alþingi að við það hafi verið staðið sem þá var lofað. Launþegahreyfingin þá samdi um þessar lágu launahækkanir í trausti þess að stjórnvöld stæðu við þau fyrirheit sem þau gáfu við samningsborðið.

Menn geta skoðað þróunina síðan. Finnst hinum almenna launamanni í landinu að kaupmáttur eða laun, í hverju sem menn mæla þetta, á hvorn veginn, hafi staðist þær hækkanir sem orðið hafa á þessum hinum sama samningstíma, ekki bara að því er varðar hið almenna vöruverð, heldur fyrir forgöngu hæstv. ríkisstjórnar í uppboði á þjónustugjöldum og öðru slíku? Ég hygg að hvað sem hæstv. ráðherrar kunna að segja við mig eftir svona orð, eða hreyfinguna, sé almenningur sammála í þessu máli. Það hefur orðið sú þróun í kaupgjalds- og verðlagsmálum að það er ekkert í takt við það sem launþegahreyfingin lagði sig nánast undir 1. maí sl. í trausti þess að hægt væri að treysta á loforð stjórnvalda sem kenna sig við félagshyggju til framtíðar, treysta frekar á þau loforð en þeirra ríkisstjórna sem hafa verið mjög andvíg verkalýðshreyfingunni undangengin mörg ár og áratugi. Það er í mínum huga talsvert mikið að upplifa það að maður hafi orðið fyrir slíkum vonbrigðum með núv. hæstv. ríkisstjórn að því er varðar þennan þátt mála, ekki hvað síst.

Það er nú einu sinni svo að ef launafólk, hvar í pólitískum flokki sem menn teljast, getur ekki treyst því að ríkjandi stjórnvöld hverju sinni standi við gefin fyrirheit, þá eru menn að brjóta niður það lýðræði og það traust sem menn hafa byggt upp á mörgum áratugum hér á Íslandi. Það er miklu auðveldara að brjóta þetta traust niður en að endurvekja það aftur í ljósi þess sem gerst hefur. Ég er ekki að segja að menn hafi gert þetta viljandi og ætla mönnum það ekki, en stjórnvöld hefur vissulega borið af leið að því er þetta varðar. Og það að bera af þeirri leið, á þann veg sem gerst hefur, kann að verða til þess að launþegahreyfingin sem heild mun ekki við það búa, mun ekki una því, ef menn ætla að halda áfram slíkum leik, og þá dugar ekki þó að menn telji sig hafa tögl og hagldir við stjórnvölinn í tiltölulega stuttan tíma. Það kemur að því að almenningur í landinu hlýtur að kveða upp sinn dóm. Ég er ekki í neinum vafa um það, eftir því sem ég skynja viðhorf hins almenna manns, að almenningur ætlast til annars og meira að því er varðar efnahagsstjórn, laun og fleira en stjórnvöld hafa skilað til þessa. Ég fullyrði það að ef menn ætla að skila því verki sómasamlega verða þeir nú þegar að taka til við það ef sá tími á að duga sem menn telja sig nú vera búna að skapa til næsta uppgjörs í stjórnmálum.

Ég held að þetta sé nauðsynlegt. Einhvers staðar stendur að sá sé vinur sem til vamms segi, og það á vissulega við í þessu efni. Ég vænti þess að þeir sem ferðinni ráða taki tillit til þess fólks sem í raun og veru hefur borið þá uppi en er ekkert víst að beri þá uppi. (**GHG:** Örugglega.) En þetta á við marga. Þetta er ekki einhent, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. (**GHG:** Við erum búnir að fara í gegnum þetta allt saman.) Þetta er ekki einhent. Það dugar ekki oft og tíðum að fara í gegnum hlutina ef menn ekki læra. Það er númer eitt. Menn eiga að læra af reynslunni og það hefur marga skort, að gera slíkt.

Herra forseti. Kannski hef ég farið út fyrir dagskrá þessa fundar í hv. deild, en ég held þó að þetta eigi hér heima og sé á réttum stað, að menn ræði líka fjárhagsstöðu heimilanna á sama tíma og menn eru, að því er mér finnst á hæstv. fjmrh., með góðar sagnir um það að staða ríkissjóðs hafi batnað. (Gripið fram í.) Já, og þá væri líka mjög gott að fá að vita hvort staða heimilanna hefur á sama tíma batnað. Og þá er ég enn, og ítreka það, að tala um hinn almenna launamann, um hið almenna verkafólk. (**GHG:** Þeir eru ekki í snertingu við það, hv. þm.) Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson . . . (Forseti hringir.) Jú, jú. Það er allt í lagi að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson grípi fram í því á því græða þeir sem í ræðustól eru. (**GHG:** Einmitt. Þess vegna geri ég það.) Það fer nærri lagi.

Það er nú einu sinni svo að þeir sem komnir eru á

toppinn skynja oft og tíðum ekki sinn vitjunartíma. Og það á ekki bara við um núv. hæstv. ríkisstjórn. Það hefur átt við um aðrar og trúlega margar, ef ekki flestar. Það er nú einu sinni gangur lífsins að menn verða að læra af þeirri reynslu og trúa því að menn séu á réttri leið með því að þjóna þeim hugsjónum sem þeir hafa ætlað sér að gera. Ég hvet því hæstv. fjmrh. — ég veit að hann er góður drengur og á margt gott skilið — til þess að snúa af þessari braut að því er varðar launamálastefnu því að það er nú einu sinni svo að ríkið er stærsti atvinnurekandinn í landinu. Og ég verð að bæta því við að hæstv. fjmrh. — ég segi ekki sveikst aftan að BSRB og Alþýðusambandinu í síðustu samningum en gerði þó verulega betur við aðra betur launaða hópa innan BHMR þegar hann samdi við þá á eftir hinum, þvert á þá launastefnu sem hæstv. fjmrh. hafði þó boðað að því er varðaði BSRB og ASÍ. Þetta gerir enn verra með því að auka það vantraust, ekki sem bara forustumenn hreyfingarinnar, heldur og almenningur í landinu, hinn almenni launamaður, ber til stjórnvalda, ef ekki er hægt að treysta því sem menn eru í góðri trú að semja um á hverjum tíma og treysta að nái fram að ganga.

Að síðustu: Ég heyrði og raunar tek undir skilaboðin frá landsbyggðinni sem hv. þingdeildarkonur *eða þingkonur, eins og það er líklega orðað rétt.* (Gripið fram í.) Þingkonur. Já, ég hef alltaf litið á konur sem menn og geri enn þó að maður láti þetta eftir sumu fólki að orða þetta svo. Auðvitað er tekið undir þá rödd sem hv. þingkonur Kvennalistans heyrðu af landsbyggðinni í sumar, og líklega þá fyrst í sumar, varðandi atvinnumálin. Þessa rödd hef ég heyrt í áratugi og get þess vegna tekið undir hana og hún er rétt og hana þarf að undirstrika. Þess vegna er þetta ekki sagt af neinni illgirni til hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur. Það er rétt að undirstrika þetta því að þetta á svo sannarlega við og það þarf að koma fleirum en kvennalistakonum í skilning um röddina á landsbyggðinni, frá launafólki af landsbyggðinni. Þar hefur verið daufheyrst við alllengi og mér sýnist enn vera svo. Ég vona hins vegar að það breytist. Eftir því sem þeim fjölgar sem undir þetta taka, eftir því er hægt að hafa meiri áhrif á hlutina.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta frekar, en þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmist hér að inn í umræðuna þó að menn kannski telji þetta ekki nákvæmlega innan þess dagskrárliðar sem hér er til umræðu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að byrja á því að taka undir orð hv. 3. þm. Vestf. og hans ræðu sem hann flutti hér áðan, og ég verð að segja það að mér finnst sá málflutningur hreint ekki vera úr takt við það sem hér er verið að ræða. Ég get alveg tekið undir það með honum að það er vissulega jafnmikilvægt að ræða fjárþörf heimilanna eins og stóra sameiginlega heimilisins okkar allra, ríkissjóðs.

Það er nú því miður svo að af þeim málflutningi sem við höfum fengið að hlusta á undanfarið, eins og t.d. í umræðum um stefnuræðu hæstv. forsrh., hefði mátt ráða að þeir hv. þm. sem þar töluðu af hálfu Alþb. væru ekki í sama flokki og hæstv. fjmrh. Það liggur við að manni detti stundum í hug að hann búi í sérstökum fílabeinsturni því að honum virðist ekki vera kunnugt um hag almennings í landinu eða kjör eins og hans málflutningur hefur verið að undanförnu. Hann er duglegur við að upplýsa menn um að hvítt sé svart eða að svart sé hvítt og það hefur komið greinilega fram í hans málflutningi.

Hitt er svo annað mál að ég get ekki staðist, úr því að ég er komin hér í ræðustól og við erum að ræða við hæstv. fjmrh., þá freistingu að þakka honum fyrir hvað honum er farið að þykja vænt um flokkinn okkar, Sjálfstfl., því að það hefur verið sagt að það sem tungunni er tamast sé hjartanu kærast. Það hefur varla fallið svo setning eða málsgrein frá hans munni að hann ekki nefni flokkinn okkar í leiðinni. Ég tel það vera af hinu góða, enda viðurkennir hann með því hversu sterkur Sjálfstfl. er í íslenskum stjórnmálum.

En erindi mitt hingað við þessa 1. umr. lánsfjárlaga var fyrst og fremst að gera athugasemd við og reyndar rifja upp mál sem hér var til umræðu á sl. vori og varðar málefni aldraðra. Um það mál er fjallað í 27. gr. þessa frv. til lánsfjárlaga, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 160 millj. á árinu 1990."

Mig langar að rifja upp þær umræður sem urðu hér í deildinni á sl. vori, eins og ég sagði áðan, en það var þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. mælti fyrir frv. um málefni aldraðra. Við 1. umr. gerði ég m.a. athugasemdir við 10. gr. frv. sem þessi 27. gr. hér fjallar um, þ.e. um nefskattinn, 2500 krónurnar sem renna áttu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég leyfði mér þá að draga sterklega í efa, í ljósi fenginnar reynslu, að sú fjárhæð fengi að renna óskert í sjóðinn og nú kemur einmitt fram samkvæmt þessu frv., og reyndar kemur það einnig fram í fjárlagafrv., að það á svo sannarlega að skerða þetta framlag. Ríkissjóður ætlar með þessum lánsfjárlögum — ég vil leyfa mér að nota svo gróft orð — að stela hluta af þessu framlagi sem fólk í góðri trú er að greiða með sköttum sínum í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég minnist þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. fjallaði um þetta atriði eða svaraði minni athugasemd þarna við umræðurnar og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér smákafla úr því svari, en þar segir hann:

„Það er ljóst" og þá er hann að tala um þessar 2500 kr. „að hér er um nokkra viðbótarskattheimtu að ræða, en ég vil þó minna á að það er ekki stór upphæð miðað við heildarútgjöld fjárlaga, sem eru 77 milljarðar ef ég man rétt, ef þessi litli skattur ætti að gefa Framkvæmdasjóðnum áætlaðar 200 millj. í ár, 2500 kr. á hvern skattgreiðanda sem á annað borð yrði skattskyldur samkvæmt ákvæðum frv." Svo segir

hann hér nokkru síðar: „Þó hygg ég að ég megi fullyrða og muni rétt að hvað varðar þennan nefskatt sem var í gildi og rann til Framkvæmdasjóðs aldraðra, þá hafi hann haldið sínu og runnið óskertur í Framkvæmdasjóðinn af því að hann var svo skýrt afmarkaður þessum málaflokki og var beinlínis álagður sem slíkur, föst ákveðin krónutala sem rann í þennan ákveðna sjóð. Við því var ekki hróflað fyrr en með staðgreiðslukerfinu þegar hætt var að innheimta þennan skatt sérstaklega og þá skipti engum togum að sú upphæð sem rann í Framkvæmdasjóðinn festist við krónutölu þess árs og er síðan, eins og ég kom að í framsöguræðu minni áðan, aftur óbreytt krónutala í fjárlögum þessa árs eins og krónutalan var í fjárlögum seinasta árs. Mér er því nokkuð í mun að við náum aftur að festa í sessi þessa upphæð og hafi menn eða sé hægt að segja að menn hafi einhvern tíma greitt skatt með glöðu geði, þá hygg ég að menn hafi þó einna helst eða frekast gert það varðandi þennan nefskatt sem rann beint og óskertur í Framkvæmdasjóð aldraðra."

Þetta voru orð hæstv. heilbr.- og trmrh. Hann hefur e.t.v. verið í góðri trú, en mér sýnist að skattur sem var orðinn að 200 millj. á sl. vori, eða átti að vera á þessu ári, geti varla orðið 160 millj. á næsta ári ef hann ætti að renna óskertur í sjóðinn. Þess vegna vildi ég gjarnan spyrja — og ég hefði nú gjarnan viljað hafa hæstv. heilbr.- og trmrh. hér, en ég veit ekki hvort hann er hér í húsinu. (**Forseti:** Ég skal gera ráðstafanir til að kanna það.) Já, þá ætla ég aðeins að fá að hinkra við, hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri hér viðstaddur.

Það má kannski minna á það á meðan við bíðum eftir hæstv. heilbr.- og trmrh. að þegar þetta mál var til umræðu í Nd. var bent á að þarna væri verið að fara aftan að mönnum vegna þess að þessi skattur var einn af fjórum sköttum sem voru felldir niður þegar staðgreiðslukerfinu var komið á og þessum sjóðum voru tryggðar tekjur með framlögum úr staðgreiðslukerfinu eftir að því var komið á. Framlag til þeirra var ekki svikið þrátt fyrir staðgreiðslukerfið. Það var tekið með inn í dæmið. Þessir skattar voru söknargjald, kirkjugarðsgjald, sjúkratryggingagjald og svo þetta sérstaka gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Nú minnumst við þess að hæstv. núv. utanrrh. og fyrrv. fjmrh. hafi viðurkennt að það að taka þetta ákvæði upp í þessu frv. um Framkvæmdasjóð aldraðra hafi verið slys. Það hafi verið athugunarleysi því að búið hafi verið að gera ráð fyrir þessum skatti innan staðgreiðslukerfisins. Það væri því fróðlegt að fá að heyra álit hæstv. ráðherra, hvaða hug þeir bera til þessa máls nú. (**Forseti:** Ég sé á töflu minni að hæstv. ráðherra virðist vera í húsinu, en ég fæ skilaboð. — Hæstv. ráðherra mun vera í símanum en hann kemur að vörmu spori hingað í deildina.) (Gripið fram í.) Gera hlé svo að aðrir komist að? (Gripið fram í.) Nei. Ég held að hv. 2. þm. Norðurl. e. sé það mjög ljúft að gefa 6. þm. Reykn. tækifæri til þess að ljúka máli sínu. (**Forseti:** Vill hv. þm. bíða um stund?) Já, hv. þm. vill gjarnan bíða um stund. (**Forseti:** Já. Meðan beðið er eftir ráðherranum?) Það hefur nú áður gerst að slíkar ræður hafa verið haldnar úr ræðustóli hér á hv. Alþingi, með þögninni, og ég geri ekki ráð fyrir að símtalið verði svo langt að það sé ekki hægt að þrauka. (**KP:** ... ekki að feta í þau fótspor.) Nei, ekki hefur nú 6. þm. Reykn. áhuga á því en (Gripið fram í.) Ja, ekki getur þm. lofað því að hann umberi það ef það tekur lengri tíma en símtal hæstv. heilbr.- og trmrh. sem nú er kominn í salinn.

Ég óskaði eftir að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri hér viðstaddur svo að hann gæti heyrt þær athugasemdir eða spurningar sem mig langaði að leggja fyrir þá tvo hæstv. ráðherra fjármála og heilbrigðis- og tryggingamála varðandi 27. gr. lánsfjárlaga, en ég þykist vita að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé vel kunnugt um að þarna er verið að fara þvert á það sem rætt var hér á sl. vori þegar við vorum að fjalla um Framkvæmdasjóð aldraðra og 2500 kr. nefskattinn þegar ég gerði athugasemdir við 10. gr. þess frv. og hæstv. heilbr.- og trmrh. fullvissaði mig um að hér væri um svo gott mál að ræða að það mundi aldrei koma til að það yrði farið að skerða slíkt. En það er einmitt það sem verið er að gera nú með 27. gr. Nú má þetta framlag ekki fara yfir 160 millj. og ég þykist vita að það sé nokkuð ljóst að þessi skattur eða tekjur af þessum skatti muni verða miklu hærri á næsta ári ef að líkum lætur. Þess vegna langar mig að spyrja þessa tvo hæstv. ráherra hvaða rök séu fyrir því að ætla nú að draga hluta af þessum nefskatti beint í ríkishítina og hvort hæstv. heilbrrh. þá sérstaklega sé ljúft að standa að slíku, hvort hann telji að það sé ofgert með þessum nefskatti til þessa góða málefnis og því megi skerða hlut þess.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég hafði því miður ekki fylgst með umræðunni allri um þetta mál, en ég heyrði fyrirspurn hv. þm. varðandi ákvæði 27. gr. laganna og það er vissulega rétt sem hv. þm. sagði og vitnaði til þess sem við ræddum hér í fyrra þegar við ræddum um nefskattinn svokallaða og að taka hann upp aftur og að þetta væri nú kannski sá skatturinn sem menn greiddu með ljúfustu geði ef hægt væri að tala um að menn greiddu einhverja skatta með því hugarfari. Það er allt saman rétt eftir mér haft í þeirri umræðu.

Nú er hins vegar staðreyndin sú, eins og mál standa í dag, að við höfum því betur náð stórum og merkilegum áföngum í byggingu húsnæðis fyrir aldraða. Við erum hins vegar í erfiðleikum með rekstur þessa húsnæðis. Við horfum á það að sumar þessar stofnanir hafa lokað hluta af starfsemi á þessu ári sem nú er að líða, drógu verulega úr starfsemi sinni í sumar, m.a. vegna sumarafleysinga, höfðu ekki fjármuni til þess að greiða sumarafleysingafólki og það leiddi til þeirrar umræðu að líta skyldi á það hvort endurskoða mætti hlutverk Framkvæmdasjóðsins og líta á það hvort hann gæti í ákveðnum tilvikum, nánar skilgreindum, tekið þátt í rekstri stofnana. Reyndar er kveðið svo á um í lögunum núna, eins og þau líta út og

voru samþykkt á síðasta þingi, að það er heimilt að Framkvæmdasjóðurinn aðstoði við að koma á heimilisþjónustu eða heimahjúkrun, réttara sagt, og það verður skoðað sérstaklega vegna þess að það er eitt af því sem við leggjum áherslu á og reyndar er andi nýsamþykktra laga um málefni aldraðra að veita öldruðum tækifæri og möguleika á að búa sem lengst í heimahúsum og draga þá þar með úr þörf fyrir stofnanaþjónustuna. Ég held að þetta sé verðugt verkefni og við munum þess vegna líta til þess hvort Framkvæmdasjóðurinn geti á þann hátt leyst rekstrarverkefni vegna þess að það er reyndar nú þegar inni í lögum ákvæði um að hann hafi heimild til þess. Síðan er í athugasemdum með fjárlagafrv. gerð grein fyrir því að lög um Framkvæmdasjóðinn verði tekin til nánari skoðunar með þetta í huga.

Mér er það hins vegar í sjálfu sér ekkert ljúft, af því að hv. þm. spurði hvort heilbrrh. væri ljúft að standa að þessari skerðingu eins og hún er hér fram sett. Mér er það út af fyrir sig ekki ljúft, en ég vitna til þessara röksemda, að þó að ýmis verkefni bíði, við vitum um stofnanir sem eru á teikniborðinu og sumar eru hálfbyggðar, byggingar fyrir aldraða, verðum við líka að horfa til þess að við verðum að hafa möguleika á að reka þessar stofnanir og veita þjónustuna sem þar á að fara fram og reyndar enn betra ef við gætum veitt hana í meira mæli í heimahúsum en nú er. Það eru þau verkefni sem við ætlum að skoða sérstaklega núna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er búið að setja nýjar og mjög yfirgripsmiklar reglur um það hvernig mönnum sé heimilt að ganga hér um þingsali og þingganga. Ég tek eftir að það er æ algengara að ráðherrar hafa með sér svona einn, tvo, þrjá, fjóra hjálparkokka þegar þeir tala fyrir málum og ég sé að þeir hafa lagt undir sig hér annað hliðarherbergið. Þá væri kannski til athugunar hvort stjórnarandstaðan gæti fengið sams konar not af hinu.

Ég vil segja út af ummælum hv. 3. þm. Vestf. um þingkonurnar að mér varð einu sinni á að segja kaupkona við þá miklu kvenréttindakonu og kvenhetju Ragnheiði O. Björnsson á Akureyri og hún tók heldur betur í mig og sagðist vera kaupmaður eins og hver annar þannig að það er náttúrlega undir smekk komið og kannski stolti hvort menn vilja heldur láta kalla sig þingmenn eða þingkarl og þingkonu. (Gripið fram í.) Ekki meira um það.

Hæstv. forseti. Þetta frv. er í rauninni mjög einfalt. Þegar maður horfir yfir það sér maður að það er nú að gerast að erlendar skuldir fara vaxandi frá einu ári til annars eins og glöggt kemur fram í töflu sem fylgir þessum lánsfjárlögum. Þannig voru löng lán 40,4% af landsframleiðslu á árinu 1987, fóru upp í 41,3% á sl. ári, eru komin upp í 50,4% á þessu ári og eins og þessi lánsfjáráætlun liggur fyrir er búist við að erlend löng lán fari upp í 53,1% á næsta ári. Ef litið er á greiðslubyrði, þá hefur hún vaxið á sama tímabili úr 16,1% árið 1987, árið 1988 fer hún í 17,3%, í 19,8% á þessu ári og á næsta ári upp í 20,1%.

Hæstv. fjmrh. talaði um það að þetta hefði ekki í för með sér að greiðslubyrðin mundi þyngjast og sagði að ekki mætti líta á þessar tölur einangraðar, heldur yrði að taka hliðsjón til þeirrar þróunar sem væri í þjóðfélaginu, hvort við horfðum fram á frekari samdrátt í þjóðfélaginu eða ekki, hvort atvinnuvegirnir væru á uppleið eða niðurleið.

Nú liggur auðvitað beint við að fletta upp í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1990 og þá kemur fram að frá árinu 1987 til ársins 1990, á fjögurra ára tímabili, hefur það gerst að þjóðartekjur hafa farið minnkandi frá einu ári til annars. Landsframleiðsla fer minnkandi frá einu ári til annars, þjóðarútgjöld fara minnkandi frá einu ári til annars. Ef við horfum til einkaneyslu, þá hefur hún líka minnkað um 5,7% á sl. ári, um 6,9% á þessu ári og um 3% á því næsta. Ef við á hinn bóginn horfum til samneyslunnar, þess sem hæstv. fjmrh. ráðstafar, kemur í ljós að það vex þótt allt annað minnki. Þannig óx samneyslan á sl. ári um 2,7% og hefur haldist óbreytt á þessu ári og horfur eru á að hún muni enn haldast óbreytt á því næsta.

Síðan komum við að kaupmætti ráðstöfunartekna. *Og það er kannski eðlilegt að hv. 3. þm. Vestf.* Karvel Pálmason sjái ástæðu til þess að standa hér upp og komast svo að orði í sinni ræðu: Það er oft svo um þá sem komnir eru á toppinn að þeir skilja ekki *sinn vitjunartíma. Í því samhengi sem hv. þm. sagði* þetta er ekki hægt að skilja orðin öðruvísi en svo að hann sé að beina því kurteislega til ríkisstjórnarinnar að segja af sér, enda sagði hann í sömu andránni að sá *einn er vinur sem til vamms segir.*

Hvernig hefur svo kaupmáttarþróun orðið síðan Alþb. fór í ríkisstjórn? Kaupmáttur fór mjög vaxandi á árinu 1987, óx um 22,8%. Á árinu 1988 komst Alþb. *í ríkisstjórn og stóð ekki á því að kaupmáttur* ráðstöfunartekna minnkaði um 2,9%. Gert er ráð fyrir að hann minnki um 8,2% á þessu ári og því er spáð að hann minnki enn um 4,9% á því næsta. Þetta er í stuttu máli sú spegilmynd sem við blasir þegar maður horfir á ástandið í þjóðmálum og lánsfjármálum. Greiðslubyrði okkar Íslendinga af erlendum lánum fer vaxandi hættulega hratt frá einu ári til annars og það sem kannski er hættulegast í þessu efni er að á sama tíma sem erlendar lántökur vaxa svo hratt sem ég hef gert hér grein fyrir er því spáð á næsta ári að erlendar lántökur til einkafyrirtækja fari minnkandi. Því var spáð í lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár að erlendar lántökur til atvinnufyrirtækja, ef undan eru skilin skip og flugvélar, yrðu 3,8 milljarðar kr. Nú eru horfur á að 3 milljarðar nægi til og því er spáð að þessi samdráttur í fjárfestingu einkafyrirtækja hér á landi haldi áfram að minnka á næsta ári og fari þá í 2,7 milljarða. Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram að þegar við horfum nú yfir þjóðfélagið er fjárfesting í atvinnurekstri orðin hættulega lítil borið saman við það sem er í þeim löndum þar sem hagvöxtur er og batnandi gengi. Þessi erfiðu rekstrarskilyrði atvinnuveganna koma

víða fram. Þau koma m.a. fram í fjárlagafrv. þannig að því er spáð að á næsta ári verði tekjuskattur af einkafyrirtækjum hálfum milljarði lægri en áður vegna samdráttar, vegna erfiðleika fyrirtækja, gjaldþrota og hallarekstrar og er þó ekki tekið tillit til verðbólgu. Samdrátturinn yrði mun meiri ef svo yrði gert og borið saman við sambærilegt verðlag. Það er gert ráð fyrir því að tekjuskattur á árinu 1990 verði 2 milljarðar 250 millj. en á næsta ári skili hann einungis 1,7–1,8 milljörðum kr.

Þessir erfiðleikar í atvinnurekstri koma mjög víða fram, hæstv. fjmrh. Þannig er t.d. gert ráð fyrir því hér að Byggðastofnun fái einungis heimild til 900 millj. kr. lántöku á næsta ári og það sem er athyglisvert í því sambandi er kannski það að gert er ráð fyrir að lántökur vegna meiri háttar viðgerða og endurbóta á skipum hér á landi verði skornar niður úr 200 millj. í 150 millj.

Nú kem ég að því, hæstv. forseti, sem ég sagði við 1. umr. fjárlaga í Ed., að það er erfitt að ræða bæði fjárlög og lánsfjárlög þegar einstakir ráðherrar skeyta ekkert um það að vera við. Það væri auðvitað alveg sjálfsagt að hæstv. viðskrh. væri hér við í dag eða þá hans staðgengill. Hver er hans staðgengill? Þá ætti hans staðgengill að vera hér og það er auðvitað algerlega óþolandi að hæstv. viðskrh. fari í ferðir erlendis á sama tíma og verið er að ræða frv. til lánsfjárlaga hér í þinginu. (**EKJ:** Hver er staðgengill? Var það ekki spurningin?) (**Fjmrh.:** Hæstv. félmrh.) Hæstv. félmrh. er staðgengillinn og hann ætti þá að vera hér inni. Það væri kannski rétt að biðja um það að staðgengill iðnrh. komi hér og verði fyrir svörum, bæði í sambandi við málefni viðskipta og líka í sambandi við málefni iðnaðar. (**EKJ:** Hver er staðgengill utanrrh.?) (**Fjmrh.:** Félmrh.) Þetta er auðvitað alger ókurteisi.

Hér er verið að tala um það, hæstv. fjmrh., út af þessu með skipasmíðapeningana, að svo stendur á í dag að búið er að segja upp starfsfólki stærstu skipasmíðastöðvar landsins vegna verkefnaskorts. Á sama tíma og það blasir við, þá er það tillaga þessarar hæstv. ríkisstjórnar að skera niður það fjármagn sem ætlað er til þess að greiða fyrir því að hægt sé að gera við skip hér á landi. Þetta er auðvitað blautur sjóvettlingur framan í andlitið á því fólki sem þar vinnur og er auðvitað ekki að óvörum sem þessi orð standa í lánsfjárlögum því að það hefur kostað baráttu á hverju einasta ári að reyna að tryggja það að fé komi með eðlilegum hætti til íslenska skipasmíðaiðnaðarins. (**Gripið fram í:** Hver sem í hlut átti.) Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. sér í hinu enska blaði svör við því sem ég er að spyrja hann um. En úr því að ég er að ávarpa hann sérstaklega, hæstv. forseti, og þarf að leggja fyrir hann spurningar, þá finnst mér algerlega lágmarkskurteisi að ráðherrann hlusti á það sem maður er að segja. Ef hins vegar er kominn venjulegur lestrartími ráðherrans, þá getum við auðvitað tekið okkur smáhlé þannig að hann geti farið afsíðis og lesið þar þá erlendu doðranta sem honum sýnist. En ef hann er á hinn bóginn staddur hér í þingsalnum til þess að svara þeim spurningum sem einstakir þm. vilja fyrir hann leggja, þá ætti hann að leggja frá sér þennan snepil sem hann er með í höndunum. (**Fjmrh.:** Það er leikur einn að nema orð þm. um leið og maður les.) Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeim fyrirspurnum sem ég spurði hann um í sambandi við fjárlögin. Við getum byrjað.

Hefur hæstv. fjmrh. staðið loðdýraræktinni skil á uppsöfnuðum söluskatti vegna ársins 1988? Hefur hann gert það? (**Fjmrh.:** Í samræmi við þær tölur sem eru í fjárlögum.) Hann hefur ekki staðið loðdýrabændum skil á uppsöfnuðum söluskatti fyrir árið 1988. Hefur hæstv. fjmrh. staðið við það sem hann hét aðilum vinnumarkaðarins á sl. vori (Gripið fram í.) hefur hann staðið við þau fyrirheit sem hæstv. forsrh. lofaði á sl. vori, að beita sér fyrir aðgerðum í skattamálum sem mundu létta á atvinnurekstri hér á landi (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) þannig að það yrði sambærilegt við það sem er í næstu nágrannalöndum okkar? Ekki þarf lengi að lesa hér í frv. til lánsfjárlaga til að sjá að það er ekkert.

Flettum t.d. upp á 13. gr., hæstv. fjmrh. Hún er ný. Hún hefur ekki áður sést í lánsfjárlögum. Þar er talað um það að það séu kannski til einhver erlend lán sem fari pínulítið betur út úr opinberum sköttum en önnur og komist hjá því að greiða svokallað ríkisábyrgðagjald. Af þeim sökum er nú ákveðið að ef Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður veita fyrirtækjum sérstaka fyrirgreiðslu skv. auglýsingu viðskrn. nr. 548/1988, þá er ekki alleinasta að fjmrn. krefst þess nú að fá að setja stimpil sinn á það. Af hverju? Af því að hann ætlar að ná í pínulitlar aukatekjur til ríkissjóðs með þeim hætti, pínulítið stimpilgjald sem hann veit að fyrirtækin mundu ella losna við. Það á að auka pinklana, auka lánsfjárkostnaðinn af þessum manni sem segir það og sagði hér áðan að raunvextir hefðu lækkað. Og hvernig var það með þetta ríkisábyrgðagjald? Kemur það ekki ofan á stimpilgjaldið, hæstv. ráðherra? Stimpilgjaldið sem er orðið svo mikið nú í þessu landi að það er orðið hærra en allur tekjuskatturinn af atvinnurekstrinum í landinu, skv. því fjárlagafrv. sem fyrir liggur? Það er meira borgað í stimpilgjöld hér á landi heldur en sem nemur tekjuskatti af öllum atvinnurekstri í landinu. Og nú hefur ráðherrann uppgötvað að pínulítið af ríkisábyrgðagjaldinu rann fram hjá og nú á líka að setja undir þann leka. Hæstv. fjmrh. krefst þess nú að hann eigi að fá að samþykkja og hann verði að fá að stimpla þau sérstöku lán sem veitt eru skv. þessari auglýsingu og eru inni í þeim tölum sem eru núna í þessu frv. til Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs skv. 8. og 9. gr. frv. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að umsvif þessara sjóða hafa verið minnkandi. Það hefur verið lítið um lánsumsóknir borið saman við það sem áður hefur verið.

Þetta, ásamt því nýmæli sem stendur á bls. 9 og 10 í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta, er orðað svo:

„Það nýmæli er tekið upp í frumvarpi til lánsfjárlaga 1990 að gera lánasjóðum og öðrum aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, skylt að

kynna Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytis, fyrir fram um áform sín um erlendar lántökur og leita eftir samþykki hans á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni. Þetta ákvæði er tekið upp til þess að tryggja að samræmi sé á milli þeirra lánskjara sem stofnanir með ríkisábyrgð og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum lánamörkuðum."

Þarna á Seðlabankinn að koma inn sem nokkurs konar yfirstjórn. Hver var reynslan, hæstv. fjmrh., af því að láta taka öll erlend lán á einum stað? Það kom stöðnun. Lánin urðu dýrari en ella og reynslan hefur einmitt sýnt hið gagnstæða, að opinberum fjárfestingarlánasjóðum hefur mörgum tekist að komast að betri kjörum með því að þeir hafa haft frjálsar hendur. En hér á að fara til baka. Hér á, í gegnum Seðlabankinn, að vekja upp sjóð sjóðanna sem hét Framkvæmdasjóður áður og nú á að gera þetta í gegnum Seðlabankann. Og í umboði fjmrn. stendur. Hvar verður valdið? Verður valdið hjá hæstv. fjmrh.? Ætlar hann að fjarstýra þessum lántökum í gegnum Seðlabankann eða hvernig á að standa að þessu? Eru stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar reiðubúnir til þess að hrúga öllu valdi hér í peningamálum til þessa líka hæstv. ráðherra. Mig langar til að segja, hæstv. forseti, til þessa líka manns, en ég veit að það er óþinglegt. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. útskýri þetta betur og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. í leiðinni útskýri fyrir þinginu hvert sé hlutverk viðskrh. í sambandi við þau málefni sem áður féllu undir langlánanefnd. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. í fjarveru viðskrh. skýri frá því hér við umræðuna. Hann hefur hjálparkokkana í hliðarherberginu til þess að ná í upplýsingar ef þær eru ekki fyrir hendi. Hvaða undantekningar og hvaða frávik hafa verið gerð frá auglýsingu viðskrn.? Ég óska eftir því við meðferð málsins í nefnd að fá nákvæma sundurliðun og skýrslu um það hvaða lánveitingar hafa verið heimilaðar og ég spyr enn fremur hvort hugmyndin sé að auka miðstýringu á erlendu lánsfé enn meir en verið hefur.

Það er eitt atriði, strax á fyrstu síðu þessa frv. til lánsfjárlaga, sem vekur athygli og það er aftur Byggðastofnunin. Nú liggur það fyrir, sem ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er kunnugt, að stjórn Byggðastofnunar mun þurfa að sækja um 500 millj. kr. lántökuheimild til viðbótar því sem stendur á lánsfjárlögum þessa árs, sem komi til greiðslu nú á þessu ári. Ástæðurnar fyrir því eru þær í fyrsta lagi að lítið fé kemur inn vegna erfiðrar rekstrarstöðu fyrirtækja, sumpart vegna þess að almennur grundvöllur hefur ekki verið fyrir hendi en sumpart vegna þess að þorskveiðikvótinn er farinn að segja til sín og umsvif fyrirtækja í sjávarútvegi fara minnkandi. Þá liggur það fyrir að þarfir smábáta fyrir fyrirgreiðslu eru meiri en gert var ráð fyrir eða sem svarar 250 millj. kr. Loks hefur Byggðasjóður orðið að grípa inn í m.a. í loðdýrarækt vegna þeirra brigða sem ríkisstjórnin hefur sýnt þeirri atvinnugrein. Hæstv. landbrh. hefur raunar staðfest í Sþ. að ekki hefur verið staðið við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf loðdýrabændum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. sérstaklega um þetta atriði og í leiðinni vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig á því standi að hann óskar nú eftir lántökuheimild fyrir Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina með sérstöku frv. á þessu ári, en hins vegar verði gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun fyrir næsta ár að þessi sjóður taki verulegt fé að láni, bæði hér á landi og erlendis. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig á því megi standa að hann kjósi nú að blanda saman fjármálum ríkisins og fjármálum Atvinnutryggingarsjóðs og hvort hitt sé ekki eðlilegra að Atvinnutryggingarsjóður hafi sjálfstæðan fjárhag og taki sín erlendu lán sjálfstætt eins og verið hefur.

Ef vikið er að einstökum greinum þessa frv., þá vil ég taka þetta fram: Í 14. gr. er sérstaklega rætt um framlag vegna Lífeyrissjóðs bænda. Nú liggur það fyrir að þessi sjóður getur ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og auðvitað er nauðsynlegt að hann fái hærri fjárhæð en hér er gerð grein fyrir.

Nú er það slæmt, hæstv. fjmrh., að flokksbróðir hans, hæstv. samgrh., skuli ekki vera við. Hann kaus að vera fjarverandi þegar fjárlög voru afgreidd í Sþ. Það væri kannski hægt að ganga úr skugga um það hvort hæstv. samgrh. sé í þessu húsi eða hvort þessir ráðherrar séu allir á síflótta einhvers staðar úti í bæ. Hér er gert ráð fyrir því að skera framlög ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs niður úr 25 millj. kr. í 20 millj. kr. ofan á það að gert er ráð fyrir því að framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta séu skorin niður um 60 millj. kr. skv. frv. til fjárlaga. Ég óska eftir því, hæstv. fjmrh., að fá skýringu á því eða greinargerð á hverju þessi niðurskurður á framlagi til Hafnabótasjóðs er reistur. Ef gert er ráð fyrir 25–30% verðbólgu á milli ára, þá sjá menn að hér er um verulegan niðurskurð að ræða, verulegan niðurskurð.

Ég þarf auðvitað ekki að taka fram, herra forseti, ef ráðherra skorast undan að svara svona beinum spurningum eins og ég hef lagt hér fram hlýtur það að vera tekið fyrir á fundi forseta þingsins hvernig eigi að standa að því að umræður geti farið fram með eðlilegum hætti uppi í deildum.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að til Kvikmyndasjóðs er varið 71 millj. kr. Það er sama framlag og á þessu ári og lýsir með öðru afstöðu ríkisstjórnarinnar t.d. til Menningarsjóðs, þeirri menningarfjandsamlegu stefnu sem þessi ríkisstjórn vekur og kemur víða fram.

Síðast en ekki síst er svo sú forsmán að skera Framkvæmdasjóð aldraða niður við trog og þar kemur einmitt fram þetta tvígervi hæstv. ráðherra. Annars vegar hrósar hann sér af því opinberlega þegar hann er á sjónvarpsskjánum að hann sé að skera niður útgjöld ríkissjóðs. Hvaða útgjöld er hann að skera niður? Hvaða rekstrarútgjöld er hann að skera niður? Hefur samneyslan minnkað? Nei. Hann vill halda sínum hluta. Hvað er hann að skera niður? Hann er að skera niður framlög einmitt til slíkra hluta eins og Framkvæmdasjóðs aldraða, eins og Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Hvert skyldi vera hlut-

verk þessa sjóðs, Framkvæmdasjóðs aldraðra? Hlutverk hans er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða.

2. Að veita styrki til breytinga og endurbóta sem nauðsynlegar eru á eldra húsnæði fyrir aldraða eða leiða af ákvæðum þessara laga, þ.e. laga um málefni aldraðra.

3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.

4. Önnur verkefni sem sjóðsstjórn mælir með og heilbrrh. samþykkir.

Þetta eru verkefnin. Og það er meira en lítið ókunnugur maður hér á landi sem hyggur að það sé einhver ofrausn þótt ríkisstjórnin skili til þessara verkefna þeim nefskatti sem hún lagði á á þessu ári, litlum 250 millj. kr. Þetta kemur á sama tíma og efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar hefur leitt til þess að hvort tveggja í senn, bætur til aldraðra og almennar tryggingabætur, lækka að verðgildi.

Hæstv. ráðherra var að hrósa sér af því hér um daginn að kaupmáttur lægstu launa hefði batnað síðan hann gerði samningana í vor. Og hæstv. ráðherra var svo ósvífinn að segja hér þegar fulltrúi eins verkalýðsfélags steig í stólinn að ríkisstjórnin hefði ekki brotið né brugðist þeim loforðum sem hún gaf verkalýðshreyfingunni nú á vordögum. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. rökstyðja það hér í stólnum, hvernig það megi vera að hann hafi staðið við loforðin. Fór verkalýðshreyfingin fram á það nú í vor að kaupmáttarskerðingin héldi áfram? Var verkalýðshreyfingin að biðja um að fá plagg á borðið eins og þetta hér, Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1990? Sagði hæstv. fjmrh. við forustu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að hans stjórnarstefna mundi valda því að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi minnka um 8,2% á þessu ári og féllst formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja á að hann héldi áfram að minnka um tæp 5% á því næsta? Var það í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins að skera framlög til aldraðra, til bygginga fyrir aldraða niður um 25%? Eða 33% er það víst. Var þetta nóg? Var það kannski á loforðalistanum hjá ríkisstjórninni að þyngja enn nú á næsta ári skattana á fyrirtækjunum sem verið er að loka hverju á fætur öðru? Bara í dag, bara rétt áðan voru mér að berast þær fréttir að ríkissjóður væri að loka fyrirtæki sem skuldaði 2 millj. kr. og bauðst til þess að borga 600 þús. upp í.

Hvarvetna, hvert sem við lítum leggur þessi ríkisstjórn stein í götu frjáls atvinnurekstrar í landinu, lengir leiðina sem forsvarsmenn fyrirtækja þurfa að fara til þess að fá eðlilega lánafyrirgreiðslu. Fram að þessu hefur verið nóg að leita til Iðnlánasjóðs eða Iðnþróunarsjóðs ef menn hafa uppfyllt almenn skilyrði. En nú er það ekki lengur nóg. Nú eiga þeir líka að þurfa að fara upp í Seðlabanka. Og það er heldur ekki nóg. Þeir eiga líka að fara upp í fjmrn. til að fjmrn. geti gengið úr skugga um það að mennirnir hafi borgað stimpilgjald. Kannski styttist eitthvað í biðröðunum ef menn eru látnir mæta á mörgum stöðum í einu en verða þó fleiri sem á hverjum stað eru.

Ég held að hæstv. fjmrh. ætti nú að sýna af sér manndóm og endurtaka yfirlýsinguna sem hann gaf hér í fjölmiðlunum, að það væri batnandi kaupmáttur hjá þeim lægst launuðu, vaxandi kaupmáttur. Þessi ríkisstjórn níddist ekki á þeim lægst launuðu. Menn ættu meira eftir úr launaumslaginu þegar þeir fengju það næst en áður, kæmust vel af. Kannski hann ætli líka að lýsa því yfir að þær þungu og miklu áhyggjur sem þm. hér hafa haft út af heimilunum og skuldasöfnun heimilanna séu allt saman hugarburður.

Auðvitað veit hæstv. ráðherra að launastefna hans, eins og atvinnustefnan og eins og stefna hans í ríkisfjármálum, hefur brugðist. Auðvitað vissi hann það á þeirri stundu þegar hann sagði að nú ættu aðilar vinnumarkaðarins að semja næst, hann ætlaði ekki að byrja á því að semja við opinbera starfsmenn. Auðvitað gerði hann sér grein fyrir því þegar hann sagði þessi orð að inngrip hans í kjarasamningana á sl. ári var frumhlaup sem hefur valdið ómældu tjóni og skrúfað upp verðbólguna hér á landi.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Þessi lánsfjárlög koma til athugunar í fjh.- og viðskn. Það er greinilegt á þessu frv. að þar vantar margt inn í og eins og fram kom við umræður um fjárlög ríkisins er ljóst að sú tekjuáætlun sem þar liggur fyrir er vísvitandi lögð röng fram. Hæstv. fjmrh. veit ofurvel að þessir tekjustofnar munu ekki skila þeim tekjum sem þar er talað um vegna þess mikla samdráttar sem er í þjóðfélaginu og endurspeglast bæði í frv. til fjárlaga og í lánsfjárlögum. Það er greinilegt að erlendar skuldir munu halda áfram að vaxa á næsta ári. Það er greinilegt að vextir og afborganir af erlendum lánum eru að verða ískyggilega miklar strax á næsta ári og ég tala nú ekki um ef þessi óheillaríkisstjórn situr áfram. Ég man satt að segja ekki eftir fjmrh. sem hefur farið fram með meiri gassagangi en þessi hér þegar hann talaði um það að það verði að endurskapa atvinnustefnuna, móta nýja atvinnustefnu, þegar hann brokkaði á egótrippum hér um þingsalinn til þess að láta í ljósi fyrirlitningu sína á því að forveri hans skyldi hafa skilið við ríkissjóð með halla en er nú kominn í þá ömurlegu stöðu að hann treystir sér ekki einu sinni til að sýna greiðsluafgang á pappírnum á fyrstu gerð fjárlagafrv. nú á þessu hausti, þegar hann grípur til þess ráðs að halda því fram í þingsölum að ekki megi draga efnislegar ályktanir af því að greiðslubyrði erlendra lána hækkar hlutfallslega frá einu ári til annars, þegar hann lokar augunum fyrir því að við sjáum nú fram á verulegt atvinnuleysi á næsta ári og nauðsynlegt verði að beita margþættum og marghátturðum ráðstöfunum til þess að styrkja íslenskan atvinnuveg með almennum aðgerðum til þess að reyna þó að halda í horfinu.

Síðast en ekki síst vek ég athygli á ummælum hv. 3. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar. Það leyndi sér ekki að hann hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum með þessa ríkisstjórn og ég fullyrði að hann er í mjög

náinni snertingu við atvinnulífið úti á landi og veit þess vegna fullkomlega hvað hann er að segja. Við sjáum það á fjárhag Byggðasjóðs. Við sjáum það á því að nú ætlar ríkisstjórnin að draga 900 millj. til viðbótar inn í Atvinnutryggingarsjóð á þessu ári. Við sjáum það á því að það líður áreiðanlega ekki vika, kannski ekki dagur, án þess að hæstv. ráðherra sendi lögreglumenn sína til þess að loka fyrirtækjum í stað þess að reyna að greiða þó fyrir því að úr leysist hjá þeim, því að víða er ótti almennings orðinn að nagandi kvíða yfir því hvort hann haldi vinnunni næsta dag. Víða sjáum við það að fólk sem komið er á miðjan aldur, fólk sem er á aldur við okkur hæstv. fjmrh. á í fá hús að venda ef það á annað borð missir atvinnuna. Þannig er nú komið hér á landi. Ég held þess vegna að hæstv. ráðherra ætti að fara að tilmælum þm. að vestan, sem hefur gott pólitískt nef, skilja sinn vitjunartíma, gefa aðstoðarmönnum sínum frí og segja skilið við fjmrn. Hitt veit ég ekki hvort hann verður sami aufúsugesturinn og áður uppi í Háskóla eftir þau hrokafullu ummæli sem hann hefur viðhaft í blöðum um Þjóðarbókhlöðuna þegar hann ætlar að stela *happdrættisfénu til þess að nota í hana. Enn eitt* dæmið um skatt sem ekki skilar sér, þjóðarbókhlöðuskatturinn. Hér erum við að tala um skattlagningu vegna aldraða. Nú á að taka frá öldruðum og þannig mun ríkisstjórnin reynast að fátt fær að vera í friði.

Ég er þakklátur fyrir það, herra forseti, að náð var í hæstv. samgrh. að mínum óskum og vil endurtaka spurningar mínar. Hversu má það vera að framlag til Hafnabótasjóðs er skorið niður um 5 millj. kr. fyrir utan það að verðgildi þessara króna hefur farið minnkandi á síðustu mánuðum og verður mun minna á næsta ári en þessu? Ég óska eftir því að hæstv. samgrh. geri deildinni grein fyrir því hvaða rök liggja þarna að baki, hvaða skoðanir liggja þarna að baki, þegar þetta kemur ofan í þennan mikla niðurskurð sem er almennt á framlögum til hafna og lendingarbóta. Mér kemur það afskaplega mikið á óvart, hæstv. landbrh., ef þetta er raunhæft og fullyrði að þetta hlýtur að koma mjög illa niður.

Ég vil líka spyrja hæstv. landbrh. þess hvort hann telji nægilegt að 48,3 millj. kr. renni til Lífeyrissjóðs bænda. Nú vitum við báðir að Lífeyrissjóður bænda getur ekki staðið við sínar greiðsluskuldbindingar, þarf á verulegri aðstoð að halda fram yfir það sem hér er gert ráð fyrir, sem er raunar í samræmi við þær nýju yfirlýsingar sem gefnar hafa verið um landbúnaðarmál. Ég óska eftir því að hæstv. landbrh. svari þessu jafnframt. Loks spyr ég hæstv. ráðherra hvort undir hann hafi verið borið að skera fé vegna meiri háttar viðgerða og endurbóta á skipum hér á landi niður um 25% í krónum talið, úr 200 millj. í 150 millj., en eins og við vitum þá er búið að segja upp starfsfólki Slippstöðvarinnar á Akureyri og almennt á þessi iðnaður við veruleg vandkvæði að etja.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég get reynt að svara hv. 2. þm. Norðurl. e. að svo miklu leyti sem ég er undir það búinn og hef svörin á reiðum höndum án þess að afla mér þá frekari upplýsinga.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. um fjárveitingar til Hafnabótasjóðs á næsta ári. Þar er um sambærilegan samdrátt í fjárveitingum að ræða og til annarra almennra verkefnaflokka og gilda því sömu röksemdir eða sömu skýringar eiga við. Ég held að staða Hafnabótasjóðs sé í sjálfu sér ekki lakari en framkvæmdaþáttarins sjálfs, þ.e. hinna almennu hafnaframkvæmda og þörfin sé nú síst minni að reyna að hafa skerðinguna þar sem minnsta. Sjóðurinn sjálfur fékk nokkra hækkun á síðasta ári umfram aðra liði til hafnamála og er í sjálfu sér ekki illa staddur þó að hann mætti að sjálfsögðu hafa meira fé til ráðstöfunar eins og almennt á við um þennan málaflokk. En miðað við þau verkefni og það hlutverk sem honum sem slíkum er ætlað í hafnaframkvæmdunum, þá held ég að staðan þar sé ekki verri en almennt á við um hafnamálin.

Hvað varðar 14. gr. frv. þar sem vikið er að Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lífeyrissjóði bænda, þá miðast sú grein og sú upphæð sem þar er *nefnd við það að núgildandi lög sem falla úr gildi að* óbreyttu um áramót verði framlengd óbreytt, þannig að upphæðin tekur mið af því að um óbreytt fyrirkomulag að þessu leyti yrði að ræða á næsta ári. Ég vona að þetta svari að einhverju leyti spurningum hv. þm.

Hvað varðar fjárveitingar til endurbóta og verkefna í skipasmíðaiðnaði innan lands, þá heyrir það ekki undir nein mín ráðuneyti að svara fyrir það og ég vísa því til fjmrh.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Hér hafa nú farið fram að nokkru leyti mjög almennar umræður um efnahagsmál og ég ætla ekki að víkja mikið að þeim heldur reyna að svara hér nokkrum orðum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og gera nokkrar athugasemdir við fáein atriði sem fram komu.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að við höfum nokkuð oft rætt hans kenningar um efnahagsmál og ég hef ætíð hlustað á þær með athygli. Þó verð ég að segja að sú kenning sem hann lét í ljós nú, að lækkun skatta mundi vera veigamikið tæki til að lækna efnahagsvanda Íslendinga, er ekki rétt. Það vandamál sem við er að etja í hagkerfinu er ekki fyrst og fremst eftirspurnarvandi heldur felst sá vandi sem við glímum hér við annars vegar í tekjubresti *þjóðarbúsins í heild vegna verðlækkunar á* erlendum mörkuðum og minnkandi sjávarafla og hins vegar í víðtækri skipulagskreppu atvinnuveganna sem m.a. stafar af offjárfestingu liðinna ára. Væri hér um eftirspurnarvanda að ræða í hagkerfinu, þá er það vissulega rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að lækkun skatta gæti verið áhrifarík tæki. (**EKJ:** Eftirspurnarvandinn, hver er hann?) Eftirspurnarvandinn felst í því að til þess að koma hjólum hagkerfisins í gang á nýjan leik þurfi að skapa víðtæka eftirspurn hjá almenningi eftir vörum og þjónustu

með því að auka ráðstöfunartekjur fólks og nota skattalækkun t.d. í því skyni. (**EKJ:** Það er ekki þörf á því?) Nei, það er ekki vandamálið sem við er að etja og með hliðsjón af læknisfræðum, ef ég má nota þá líkingu vegna hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, þá er auðvitað frumatriði að greina sjúkdóminn áður en meðalagjöfin er ákveðin. Og ef sjúkdómsgreiningin er röng, þá geta áhrifin af því að gefa vitlaust meðal orðið þau að ástandið versnar. Þess vegna er mikilvægt atriði að fjalla um það hvert er eðli vandamálsins ef menn á annað borð viðurkenna að það sé eitthvert vandamál við að etja sem ég held að allir hv. þm. hljóti að gera. Ég hef sett fram þá skoðun bæði hér á Alþingi og annars staðar að vandamálið sé fyrst og fremst þessi víðtæki tekjubrestur sem fór að koma fram á seinni hluta síðasta árs og við munum öll eftir því hvernig hann birtist æ skýrar frá einum mánuði til annars og síðan þessi víðtæka skipulagskreppa atvinnuveganna, m.a. vegna margvíslegrar offjárfestingar á ýmsum sviðum.

Ég ætla ekki að ræða þetta ítarlega hér, vonandi gefst tækifæri til þess síðar, heldur aðeins víkja að þessu vegna þess að ég hef jafnan viljað að hlusta á kenningar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar um íslensk efnahagsmál og vildi þess vegna nota þetta tækifæri hér og nú til þess að láta í ljós þá skoðun mína að nú finnist mér hann aftur á móti vera í sporum læknisins sem hefur greint sjúkdóminn rangt og leggur þess vegna til meðal sem mundi hafa þveröfug áhrif.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kvartaði mjög undan því að erfitt væri að átta sig á þeim tölum sem að baki búa frv. og það má til sanns vegar færa að það þarf nokkra yfirlegu til þess að setja það í ákveðið samhengi. E.t.v. væri tímabært að taka hér upp í þingsölum aðstöðu til þess að geta með myndrænum hætti sýnt fram á samhengið í þessum tölum vegna þess að það auðveldar mönnum mjög skilning á því sem hér er um rætt. En til þess er ekki aðstaða hér í þjóðþingi okkar hér á Íslandi þó að hún sé til sums staðar annars staðar og þess vegna verða menn að leggja á sig þá vinnu að raða þessum tölum saman í ákveðið samhengi.

Ég minnist þess t.d. að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hélt því fram fyrir u.þ.b. ári síðan að vegna skattahækkunarinnar sem ákveðin var á síðasta ári mundi hallinn á ríkissjóði í ár verða 14–15 milljarðar. (Gripið fram í.) Það held ég nú ekki vegna þess að það er senn komið fram í nóvembermánuð og við höfum allgóðar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs fyrstu níu til tíu mánuði þessa árs þannig að hér þarf að verða algjört efnahagslegt hrun á næstu átta vikum, nánast án nokkurs fordæmis í hagsögunni, ef þessi spásögn á að reynast rétt.

Ástæðan fyrir því að við höfum náð þessum stöðugleika í hagkerfinu sem ég hef gert að umræðuefni, jafnvægi í peningamálum, vaxtalækkun og ýmsu öðru sem hér hefur verið til umræðu, felst í skattahækkuninni sem framkvæmd var á sl. ári. Skattahækkunin á sl. ári var raunhæfasta efnahagsaðgerðin til þess að koma á jafnvægi í hagkerfinu á Íslandi á nýjan leik. Og ég veit að ég þarf ekki að útskýra það fyrir hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, eins vel lærður og hann er í hinum hagrænu fræðum, að skattahækkanir geta verið mikilvægt hagstjórnartæki til að ná jöfnuði í hagkerfinu á nýjan leik. Ein meginástæðan fyrir því hvers vegna hlutirnir fóru hér úr skorðum á árunum 1986 og 1987 var að á þenslutíma, í stað þess að auka tekjur ríkissjóðs, voru skattar lækkaðir og ríkissjóður ofan í kaupið gerðist allfyrirferðarmikill á lánsfjármarkaðnum. Það er nú hin einfalda skýring á því hvers vegna efnahagsstjórn Sjálfstfl. fór algjörlega úr böndunum á þessum árum.

Ég veit vel að það er stundum erfitt í öllu þessu moldviðri um skatta og umræðu um skatta að gera mönnum grein fyrir því að skattabreytingar eru ekki bara nauðsynlegar út frá ýmsum almennum sjónarmiðum eða sem réttlætistæki, heldur eru þær einnig hagstjórnartæki, til þess að ná ákveðnum markmiðum, enda hefur það verið að koma í ljós á hinum frjálsa og almenna markaði að þessar skattahækkanir hafa skapað þennan stöðugleika. Það er ein af skýringunum á því hvers vegna þúsundir Íslendinga af fúsum og frjálsum vilja hafa gerst kaupendur að spariskírteinum ríkissjóðs og það er dómur hins frjálsa markaðar um þennan efnahagslega stöðugleika. Þeir sem trúa á hinn frjálsa markað sem grundvallarþátt í sinni hugmyndafræði ættu að horfa á þá traustsyfirlýsingu sem hinn frjálsi markaður hefur gefið þessari efnahagsstefnu, hvað sem líður pólitískri afstöðu. Á sama hátt er vöruskiptajöfnuðurinn nú jákvæður í fyrsta skipti síðan 1986 og staða peningastofnana einnig eins og hér hefur borið á góma.

Þess vegna búum við kannski við þá þversögn að það sem Sjálfstfl. vill helst hafa í hávegum, þ.e. hinn frjálsi markaður, hefur í raun og veru dæmt gagnrýni Sjálfstfl. á efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar sem ómerka vegna þess að ríkisstjórnin hefur hlotið traustsyfirlýsingu hins frjálsa markaðar gagnvart efnahagsstefnu sinni.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vék einnig að fullyrðingum mínum um kaupmátt þeirra sem lægst hafa launin og það gerði einnig hv. þm. Karvel Pálmason og hafði uppi stór orð um svik ríkisstjórnarinnar við fyrirheit í kjarasamningum. Ég tek loforð ríkisstjórnar, sem ég á sæti í, gagnvart samtökum launafólks mjög alvarlega, og ég tel það mjög alvarlega ásökun ef ég er borinn þeim sökum að hafa ekki staðið við þau loforð sem gefin voru af félögum mínum sem gegna trúnaðarstörfum í samtökum launafólks. Þess vegna langar mig bara hér á einni mínútu eða svo að rifja upp hvað það var sem lofað var í kjarasamningunum og hvernig efndirnar hafa verið.

Kjarasamningar BSRB voru gerðir á undan og í tengslum við þá kjarasamninga var undirrituð yfirlýsing um það að kaupmáttur þeirra sem lægst hafa launin innan BSRB mundi halda gildi sínu til samræmis við verðbreytingar innlendrar landbúnaðar-

vöru. Nýlega var birt skýrsla um þetta mál og forusta BSRB fjallaði einnig um málið af sinni hálfu og niðurstaða forustusveitar BSRB og fjmrn. var samhljóma í þessum efnum. Rúmur fjórðungur félagsmanna BSRB hefur hækkað í launum um 14–18% á samningstímanum. Verðbreytingar á innlendum landbúnaðarvörum eru 13% á sama tíma og ber þá að hafa í huga að ein kaupbreyting á eftir að koma fram fyrir félagsmenn BSRB þótt verð á landbúnaðarvörum muni ekki hækka það sem eftir er á samningstímanum. Í reynd er því munurinn enn meiri þessum hópi launafólks í hag en þessar tölur sýna. Samanburður við verðlag á öllum innlendum matvælum og matvælum í framfærsluvístölunni í heild — þær breytingar hafa verið 9–10% frá því í apríl á sama tíma og breytingarnar á kaupi þessa fjórðungs innan BSRB sem hefur verið með lægst launin eru 14–18%.

Það er því alveg ljóst, það er töluleg staðreynd, að kaupmáttur þess fjórðungs félagsmanna BSRB sem lægst hafa launin sem mældur er í verðlagi matvæla, hvort sem það eru landbúnaðarvörur eða matvælin öll, hefur aukist um 2–7% á samningstímanum. Um þetta er ekki nein deila milli fjmrn. og forustu BSRB. Hitt er svo alveg ljóst að kaupmáttur annarra félagsmanna BSRB hefur minnkað en fyrirheit samningsins voru ekki um að varðveita kaupmátt allra félagsmanna BSRB, heldur þeirra sem lægst höfðu launin.

Þegar kom að samningunum við ASÍ var því lýst yfir sem viðhorfi af hálfu forustu ASÍ að hún teldi þessa yfirlýsingu sem BSRB var gefin ekki vera nægilega trausta og vildi þess vegna fá skýrt ákveðnar upphæðir í auknum niðurgreiðslum ákveðnar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Forusta Alþýðusambandsins setti þess vegna fram þá ósk að í stað þess að um væri að ræða einhverja almennt orðaða yfirlýsingu eins og í samningunum við BSRB yrði ákveðin krónutöluaukning niðurgreiðslna og samkomulag varð um að hún næmi 500–600 millj. kr. Niðurstaðan verður sú að niðurgreiðslur verða auknar um 800 millj. kr. á þessu ári. Eða með öðrum orðum, niðurgreiðslur verða auknar rúmlega 50% meira en lofað var í kjarasamningunum sem gerðir voru við ASÍ. Þetta eru staðreyndir málsins, tölulegar staðreyndir málsins, sem ekki er hægt að hrekja með neinum yfirlýsingum því að þær blasa við og eru öllum ljósar.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði hér um nokkur atriði. Ég vil fyrst geta þess að það listaverk *sem nefnt er í samhengi við þetta frv.* og tengist flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, er eftir listamanninn Magnús Tómasson, en í fjárveitingum fyrir yfirstandandi ár var byggingarnefndinni veitt fjármagn til að standa við skuldbindingar gagnvart listaverki listakonunnar Rúrí. Þetta er mál sem fjmrn. hefur ekki haft afskipti af. Það er sérstök byggingarnefnd sem fer með þessar framkvæmdir og starfar á vegum utanrrn. og það komu fram óskir frá henni um að veitt yrði fé nú til að *heimila lántökur til að standa við skuldbindingar* gagnvart listaverki Magnúsar Tómassonar og það er hér gert. Byggingarnefndin var áður búin að gera samninga gagnvart listakonunni Rúrí og ég hef ekki upplýsingar um annað en að a.m.k. hvað snertir afgreiðslu af hálfu fjmrn. hafi verið við þær óskir staðið.

Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm. að þessi saga flugstöðvarinnar er auðvitað merkilegur ferill og einhver sagði hér í sæti sínu í þingsalnum þegar hv. þm. spurði um þetta að líklegast væru þessir fjármunir í listaverk til þess að greypa í brons myndina af frambjóðendum Sjálfstfl. í síðustu þingkosningum fyrir framan flugstöðina.

Hv. þm. spurði einnig um lántökuheimildir Hitaveitu Reykjavíkur. Sú heimild tengist framkvæmdum Hitaveitunnar á Nesjavöllum til orkuöflunar. Hitt er svo rétt ábending sem lá í orðum hv. þm. að ef Hitaveitan stæði ekki í umfangsmiklum framkvæmdum ofan á hitaveitugeymunum væri e.t.v. minni þörf á að sækja erlent fé í framkvæmdir á Nesjavöllum, en það er mál sem snertir stjórnendur Hitaveitunnar og borgaryfirvöld í Reykjavík. Það væri ekki í samræmi við þá almennu venju sem tíðkast hefur hér á landi ef ríkisstjórnin færi að beita sér gegn því að sveitarfélag fengi heimild til erlendrar lántöku vegna orkuframkvæmda.

Hvað snertir athugasemd hv. þm. um Ríkisútvarpið, þá vil ég aðeins geta þess og rifja það upp að á síðasta ári voru gerðar umfangsmiklar aðgerðir til þess að bæta fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins, þannig að árið í ár er fyrsta árið í langan tíma þar sem Ríkisútvarpið býr við viðunandi fjárhagsstöðu og eðlilegan rekstrargrundvöll og það hefur ekki gerst í langan tíma.

Varðandi Ferðamálaráð, þá er það mikið vandamál. Mér skilst að þeir sem stýrðu Ferðamálaráði áður hafi farið út í margvíslegar aðgerðir og ákvarðanir umfram fjárveitingaramma Ferðamálaráðs. Það mál er nú til skoðunar og mér er ekki ljóst hvernig því verður ráðið til lykta.

Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm. að mjög skortir á það í okkar þjóðfélagi að sjónarmiða kvenna og þar með Kvennalistans gæti við ákvarðanir í peningamálum og lánamálum. Ég hef nú í rúmt ár lýst áhuga mínum á því að fá samvinnu við Kvennalistann á vettvangi ríkisstjórnar um það hvernig slíkar ákvarðanir séu teknar með þátttöku Kvennalistans í ríkisstjórn ásamt þeim flokkum sem þar sitja nú. Sá áhugi er enn sá sami og hann var áður og ég hef sannfærst um það að það væri áhrifaríkasta sporið sem Kvennalistinn gæti stigið til þess að tryggja að sjónarmiða kvenna mundi gæta með afgerandi hætti í ráðstöfun fjármagns í okkar þjóðfélagi. Ég fagna því svo að Kvennalistinn hefur ákveðið að taka þátt í kjöri til bankaráða, tel að þær stofnanir muni batna við þá ákvörðun, og það geti verið spor í átt að frekari samvinnu Kvennalistans við aðra flokka um víðtæka fjármálastjórn þessa lands.

Hvað hv. þm. Halldór Blöndal snertir spurði hann nokkurra atriða. Hann vék m.a. að Slippstöðinni á Akureyri og málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Ég vil í því sambandi geta þess að við undirbúning lánsfjár-

áætlunar voru opinberar lánastofnanir beðnar um að leggja fram áform sín og það var athyglisvert að í svari Byggðastofnunar við þeirri beiðni var ekki farið fram á lántöku til endurbóta og viðgerða á skipum innan lands, þannig að það barst engin ósk frá Byggðastofnun um það atriði. Hins vegar urðu fjmrh. og iðnrh. sammála um það að bæta við óskir Byggðastofnunar lántökuheimild um 100 millj. kr. til endurlána til innlendra skipaviðgerða. Þannig að það er auðvitað athyglisverð staðreynd að Byggðastofnun óskaði ekki eftir því að fá slíka heimild en iðnrh. og fjmrh. ákváðu engu að síður að taka inn í þetta frv. slíka ákvörðun.

Hv. þm. vék einnig að málefnum Slippstöðvarinnar á Akureyri. Ég ætla ekki að gera þau að ítarlegu umræðuefni hér en ég vek bara athygli á því að meginástæða þess að fyrirtækið á nú í erfiðleikum er að þeir sem réðu málum fyrir nokkrum árum tóku þá ákvörðun að setja í gang smíði á skipi sem ekki hafði tryggðar fiskveiðiheimildir og ekki voru tryggðir kaupendur að. Þannig að það er fyrst og fremst ákvörðun þessara aðila fyrir nokkrum árum síðan sem skapar það vandamál sem Slippstöðin á Akureyri á við að etja í dag.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um ríkisábyrgðir, þá hélt ég satt að segja að það væri nokkuð almenn samstaða um það hér á Alþingi að það ætti að draga úr ríkisábyrgðum til atvinnufyrirtækja og það er það sem gert er í þessu frv. og það kemur mér satt að segja á óvart að þingmaður Sjálfstfl. skuli gagnrýna þá ákvörðun. Ég hélt að þetta hefði verið ein af meginkröfum m.a. Sjálfstfl. um áraraðir. Það er hins vegar misskilningur hjá hv. þm. að fjmrh. ætli sér síðan að blanda sér inn í það mat sem Seðlabankinn mun framkvæma í þessum efnum. Það mun Seðlabankinn gera einn og óstuddur. Ástæðan fyrir því að þessi ákvæði eru tekin inn, eins og ég gat um hér í upphafi, er að reynslan hefur sýnt að þegar hinir ýmsu sjóðir eru sjálfir að taka erlend lán skortir þá annaðhvort mannafla eða þekkingu á hinum erlendu lánamörkuðum til þess að ná fram jafnhagstæðum lánskjörum og hinir stóru aðilar geta gert á þessum markaði. Vegna þess að þeir ná fram lakari lánskjörum hefur það áhrif á lánskjör Íslands að öðru leyti og getur þess vegna orðið mjög dýrt fyrir þjóðfélagið. Það hlýtur þess vegna að vera hagsmunamál sjóðanna sjálfra að fá lánin á sem hagstæðustum kjörum vegna þess að þar með verður byrði þeirra af lánunum minni. Hér er þess vegna fyrst og fremst um það að ræða að framkvæma breytingu sem á að styrkja þessa sjóði.

Varðandi spurningar um loðdýraræktina, þá veit ég að hv. þm. er kunnugt um það að núv. ríkisstjórn og fjmrh. hafa nú þegar greitt til loðdýraræktarinnar mun meiri upphæðir en eru í fjárlögum yfirstandandi árs og ég mun leggja fyrir Alþingi innan tíðar fjáraukalög þar sem leitað verður eftir staðfestingu Alþingis á því að greiða meira til loðdýraræktarinnar á þessu ári en ætlað var fyrir í fjárlögum. Ég vænti þess að hv. þm. gagnrýni mig ekki harðlega fyrir það vegna þess að hér á fyrstu dögum þingsins kaus aðalfulltrúi Sjálfstfl. í fjvn. að gera að utandagskrárumræðuefni nauðsyn þess að fjmrh. sækti sér heimildir til þingsins til þess að geta bætt við fjármunum.

Hvað Atvinnutryggingarsjóð snertir þá heyrir það meira undir það frv. sem ég vona að ég geti mælt fyrir hér síðar í dag og ætla kannski að bíða með þá umræðu. Þessar heimildir, sem hér er um að ræða og sem eru fyrir næsta ár einnig, eru eingöngu liður í því að ljúka þeim umsvifum sem um var rætt í Atvinnutryggingarsjóði en fela ekki í sér neinar sérstakar viðbætur.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað flestum þeim beinu fsp. sem til mín var beint. Það væri vissulega tilefni til þess að víkja mörgum orðum að ýmsu öðru sem hér hefur verið sagt, en ég ætla ekki að gera það nema ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar á því — af því að hann sýndi nú mikið hugmyndaflug í þeim efnum að velta því fyrir sér hvers vegna ætlað væri að greiða 1 milljarð inn í Seðlabankann — að þar er um að ræða afborganir af lánum sem ríkissjóður tók hjá Seðlabankanum áður en núgildandi lög um Seðlabanka voru sett og hefur verið vanrækt um áraraðir að standa við þær skuldbindingar. Hér er því eingöngu um að ræða eðlilega og sjálfstæða fjármagnsráðstöfun í samskiptum ríkissjóðs og Seðlabanka um áraraðir ef ríkissjóður hefur svigrúm til þess að uppfylla þær skyldur sínar að borga þessi lán til baka. Málið snertir ekki á neinn hátt samskipti Seðlabankans við einstaka viðskiptabanka eða viðskiptabankana í heild, heldur tengist einungis því hlutverki Seðlabankans að vera viðskiptabanki ríkissjóðs og þeim skuldbindingum ríkissjóðs að standa við greiðslur á því sem hann hefur fengið frá sínum viðskiptabanka.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þær athugasemdir sem ég hef hér sett fram hafi að nokkru varpað ljósi á ýmislegt sem hér hefur komið til umræðu. Hitt er svo samkvæmt venju að málið kemur hér til 2. umr. eftir að hv. fjh.- og viðskn. hefur fengið ítarlegar upplýsingar um það sem hún óskar og þá gefst vonandi tækifæri til þess að fjalla nánar um ýmsa þætti sem hér hafa borið á góma.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég óskaði eftir því að fá að bíða með að taka hér til máls öðru sinni þangað til hæstv. fjmrh. hefði svarað þeim fyrirspurnum sem beint var til hans hér í umræðunni fyrr á fundinum, m.a. þeirri litlu fyrirspurn sem ég beindi til hans ásamt fyrirspurn til hæstv. heilbrrh., en ég varð nú ekki vör við að hann svaraði fyrirspurn minni. (**Fjmrh.:** Ég taldi að heilbrrh. hefði svarað því.) Það lýsir kannski best viðhorfum hæstv. ráðherra til málefna aldraðra að honum þótti það ekki svara vert sem ég spurði um. Hins vegar vil ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans svör, fyrir það að hann kom hér inn á fundinn, taldi það ómaksins vert að koma hér og hlusta á það sem þingmaður vildi við hann tala um málefni aldraðra og svara því. Ég verð hins vegar að lýsa vonbrigðum

mínum með svar hans vegna þess að mér fannst það í raun og veru ekki vera neitt svar. Hann svaraði þessu á þá leið að í lögum um málefni aldraðra, sem voru samþykkt á sl. vori, væri heimild til að auka verksvið sjóðsins eða rýmka hlutverk hans til þess að gæta samræmis annars vegar varðandi hlutverk sjóðsins og hins vegar fyrirhugaðrar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hann upplýsti það að í athugun væri að þessi sjóður tæki að sér að taka þátt í rekstrarkostnaði þeirra stofnana sem heyra undir þennan sjóð. Þess vegna olli það mér vonbrigðum og ég vænti að það séu fleiri sama sinnis og telji að það séu nú ekki sterk rök fyrir því að skerða sjóðinn ef það á að auka hutverk hans. Ef sjóðurinn á að fara að taka þátt í rekstrarkostnaði heimila sem eru reist samkvæmt þeim ákvæðum sem falla undir Framkvæmdasjóð aldraðra þá get ég ekki séð hvernig það á að takast með því að skerða tekjur sjóðsins.

Ég gat ekki látið hjá líða að gera þessa athugasemd þó hæstv. ráðherra sé ekki hér staddur. Ég ætla ekki að fara fram á það að hann verði kallaður hingað til að hlusta á þessa athugasemd mína. Hann fær væntanlega þau skilaboð þó ekki sé öðru vísi en í gegnum þingtíðindi.

En hæstv. fjmrh. lét sig hafa það að koma með þá smekklegu, eða hitt þó heldur, athugasemd um myndbirtingu frambjóðenda Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar af því þeir voguðu sér að láta taka af sér mynd þegar þeir voru á ferðinni á Suðurnesjum með flugstöðina í baksýn. Af því að þetta hefur nú komið oftar hér til orða á hv. Alþingi, svona smásendingar frá ýmsum varðandi þessa annars ágætu mynd — ég tel að þetta sé bara nokkuð falleg mynd og góð — þá vil ég láta það koma fram að það var nefnilega þannig (Gripið fram í.) að frambjóðendur Sjálfstfl. sátu ekki í fílabeinsturni fyrir kosningar frekar en þingmenn hans reyna að gera milli kosninga. Við ferðumst vítt og breitt um kjördæmið, við förum í hin ýmsu byggðarlög og fyrir kosningar er það ekki síður við hæfi hjá okkur en öðrum frambjóðendum að það séu teknar af okkur myndir, ýmist af heimamönnum eða við gerum þær ráðstafanir sjálf. Það m.a. endurspeglast í því að við vorum á ferðinni á Suðurnesjum eins og öðrum byggðarlögum í kjördæminu fyrir kosningarnar eins og ýmsar myndir sem teknar voru geta staðfest. Ég ætlast ekki til að þingmenn eða frambjóðendur verði steyptir í brons af þeim sökum. Við höfum ekki unnið til slíks heiðurs. Við látum verkin tala.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég beindi úr sæti mínu fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það hvað orðið eftirspurnarvandi þýddi. Ég skildi ráðherra ekki almennilega. Ég er kannski dálítið treggáfaður en ég náði ekki skýringunni. Er það vandi sem stafar af of mikilli eftirspurn? Eða hvað er eftirspurnarvandi? Ef ráðherrann vildi svara því bara úr sæti sínu. (**Fjmrh.:** Það getur bæði stafað af of lítilli og of mikilli eftirspurn.) Nú, það er sami vandinn. Eftirspurnarvandinn er alltaf sami vandinn hvort sem hann er of mikill eða of lítill. (**Fjmrh.:** Hann getur ýmist verið fólginn í of mikilli og of lítilli eftirspurn.) Og samt heitir það eftirspurnarvandi? (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Það heitir sem sagt eftirspurnarvandi í þjóðfélaginu hvort sem það er of mikil eftirspurn eða of lítil.

Ég held að það hafi verið rétt hjá mér að ráðherrann hafi sagt að það hafi náðst stöðugleiki með skattahækkununum. Er það ekki rétt? Með skattahækkununum hafi náðst stöðugleiki, sagði ráðherrann. Sem sagt að þenslan væri nú kannski horfin. Og hann sagði að það þyrfti að greina sjúkdóminn áður en meðalið væri fundið. Nú segir hæstv. ráðherra að eftirspurnarvandinn sé sem sagt alltaf sjúkdómur. (**Fjmrh.:** Nei.) Nú. Hvenær er hann það ekki? (**Fjmrh.:** Ég sagði að sjúkdómurinn hefði ekkert með eftirspurnina að gera.) Sjúkdómurinn hefði ekkert með eftirspurnina að gera. (**Fjmrh.:** Sjúklingurinn væri í heilbrigðu ástandi.) Ráðherrann sagði að gallinn hefði verið sá þegar hér var mikil velta og mikil eftirspurn að þá hefðu ekki verið hækkaðir skattar. Hann sagði að núna hefði vandinn verið leystur með því að hækka skatta. Það hefði átt að gera líka áður. Það á sem sagt alltaf að hækka skatta? Er það ekki? (**Fjmrh.:** Nei.) Nú. Hvenær á að lækka þá? (**Fjmrh.:** Ég sagði það í ræðu minni ef þingmaðurinn hefur hlustað.) Sagði ráðherrann í ræðu sinni hvenær ætti að lækka skatta? Ég hef aldrei heyrt hann nefna það orð. En þetta er náttúrlega orðin slík hringavitleysa að ... (**Fjmrh.:** Þá hefur þingmaðurinn ekki hlustað.) Jú, jú, ég hlusta nú alltaf á hæstv. ráðherra. Þó hann fari marga hringi í sömu ræðunni þá hlusta ég alltaf. Núna er hann búinn að fara tvo eða þrjá. Það er sem sagt alltaf sami vandinn. Eftirspurnarvandi er alltaf, hvort sem það er of mikil eftirspurn eða of lítil og það á alltaf að hækka skatta hver sem vandinn er og þá kemst á stöðugleiki. Stöðugleiki felst í skattahækkununum, sagði hann hér áðan. Stöðugleikinn sem er búið að ná felst í skattahækkununum. Gallinn á því að það var þensla var sá að skattar voru ekki hækkaðir nægilega mikið. Sem sagt, skattana á alltaf að hækka. Já, og að ríkisstjórnin hefði hlotið traustsyfirlýsingu hins frjálsa markaðar vegna þess að hún hefði hækkað skattana og væri að hækka þá enn þá og ætlaði að hækka þá meira og mundi hækka þá meira. Það er það eina sem hann segir satt. Það er verið að því á hverjum einasta, einasta degi og verður haldið áfram á meðan þessi ríkisstjórn er á lífi, að hækka skattana. Alveg sama þótt öll eftirspurn sitji í sama fari og enginn hafi efni á að kaupa nokkurn skapaðan hlut. Samt skal hækka skattana. Vandinn er alltaf, segir hann. Hvort sem eftirspurnin er mikil eða lítil þá er eftirspurnarvandi og hann verður að stöðva og það á að gera með skattahækkunum. Skattahækkanir á skattahækkanir ofan. Hann getur ekki svarað fyrirspurn minni um það hvenær væri hægt að lækka skatta. Hann kann ekki það orð. Það er ekki í orðabókunum sem hann kennir uppi í Háskóla.

Ríkið á sem sagt að sölsa undir sig allt fé borgara og fyrirtækja. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, yfirlýst af

hæstv. ráðherra hér í þessum ræðustól að öllum þingmönnum áheyrandi. Væntanlega kemst þetta nú á framfæri til almennings það sem ráðherrann segir hér og blygðast sín ekkert fyrir. Og hann segir svolítið fleira líka. Hann segir: „Ef ég er sakaður um það að við höfum ekki staðið við fyrirheitin til verkalýðsfélaga, ef ég er sakaður um það þá tek ég það alvarlega.“ Skildi maðurinn ekki orð hv. þm. Karvels Pálmasonar? Var eitthvert „ef“ í hans orðum? Auðvitað var það svikið og það veit hver einasti, einasti maður. Og hann bætir við: „Fyrirheitið var um að tryggja kaupmátt þeirra sem lægst hefðu launin. Það hefur tekist. Það hefur gerst.“ Þetta er boðskapur hæstv. fjmrh. til þjóðarinnar við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga, efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Það skal alltaf hækka skattana í það endalausa. Ef við hækkum ekki skattana þá er eftirspurnarvandi á annan hvorn veginn. Sem sagt: Hækkum skatta, hækkum skatta, skerðum kjör og svíkjum öll loforð.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Út af því sem hæstv. fjmrh. vék að mínum orðum hér áðan þá held ég að ég hafi ítrekað það strax að ég var ekki að tala um samninga BSRB. Ég var að tala um samninga innan Alþýðusambandsins, almennu samningana innan þeirra vébanda. Þannig að ég vék ekki einu orði að BSRB-samningunum, enda tel ég mig ekki þekkja þá nægilega vel til þess að ræða um þá nema, eins og kannski hv. þm. Halldór Blöndal sagði, nema ég hafi þá hjálparkokka við hliðina og geti fengið mér gögn til slíkra hluta.

En hæstv. fjmrh. sagði: „Það er alvarleg ásökun gegn mér það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um það að ég eða ríkisstjórnin [eins og hann orðaði það] höfum ekki staðið við gefin loforð í samningum.“ Vissulega er þetta alvarleg ásökun, hæstv. ráðherra. Og hún er ekki sett fram án þess að ég hafi íhugað þessi mál. Og hún hefur ekki bara verið sett fram af mér einum. Við skulum sleppa mér út úr dæminu sem einstaklingi. Ég minni á miðstjórnarsamþykkt Alþýðusambands Íslands. Ég minni á þing Verkamannasambands Íslands. Ég minni á þing Alþýðusambands Norðurlands. Ég minni á stjórnarsamþykkt í stjórn Alþýðusambands Vestfjarða. Og ég minni á þing Landssambands verslunarmanna. Öll þessi samtök eru þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið staðið við gefin loforð í þeim samningum sem voru gerðir fyrri hluta þessa árs. Og ég segi enn og aftur: Í mínum huga er það svo að hæstv. fjmrh., og raunar ríkisstjórnin öll, hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í samningunum 1. maí að því er varðar almennu verkalýðsfélögin.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra gerði einvörðungu að umræðuefni niðurgreiðslurnar. En voru ekki fleiri þættir í samningsgjörðinni, hæstv. ráðherra, heldur en bara niðurgreiðsluhliðin? Það voru fleiri efnisþættir í samningsgerðinni sem stjónrvöld gáfu fyrirheit um að þau mundu framkvæma. Hafa þau öll verið framkvæmd? Ég hef þetta ekki við hliðina á mér og mér er næst að óska eftir því að þessari umræðu verði frestað þar til ég get aflað mér þessara gagna þannig að við getum rætt þetta málefnalega, efnislega, hæstv. ráðherra. Ég er ekki hér að fara með neitt fleipur. Ég meina yfirleitt það sem ég segi. Og ég hef þessa skoðun eins og fulltrúar launþegahreyfingarinnar innan Alþýðusambandsins hafa haft. Ég vil því ekki liggja undir því að hér sé ég að fara með rangt mál. Ég vil fá þessi gögn á borðið, hverju var lofað og við hvað hefur verið staðið. (**HBl:** Forseti, hann er að biðja um frest.) Já, ég óska gjarnan eftir því. Telji menn sér ekki gerlegt að verða við þeirri ósk þá get ég að sjálfsögðu komið mínum sjónarmiðum á framfæri við 2. umr. þessa máls. (**Fjmrh.:** Þú getur gert það undir næsta máli á dagskrá líka.) Nei, það geri ég ekki. (**Fjmrh.:** Undir næsta máli. Veistu hvað er næsta mál?) Já, já ég veit það. Það er árið á undan þessu sem nú er. Er það ekki rétt? (**Fjmrh.:** Nei, það er árið í ár.) Já, það er árið á undan því sem nú er verið að ræða. Er það ekki rétt? (**Fjmrh.:** Jú. Sem voru samningarnir um árið í ár.) Já, já. En ef menn rengja þessar fullyrðingar sem menn telja ásakanir af minni hálfu þá óska ég eftir því að ég fái tíma til að afla þessara gagna og við förum í gegnum málið lið fyrir lið, hverju var lofað eða hvaða fyrirheit voru gefin, ég geri ekki greinarmun á því hvað eru fyrirheit eða loforð, ég legg það að jöfnu, og við hvað hefur verið staðið.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég fer fram á að það verði litið svo á að hv. 3. þm. Vestf. hafi gert hlé á ræðu sinni og þessari umræðu verði frestað þannig að hann geti aflað sér þeirra gagna sem hann telur nauðsynlegt til þess að umræðan geti haldið áfram. Ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur hér inni hafi á móti því að umræðan geti haldið áfram á eðlilegum fundartíma á morgun. Það getur ekki verið. Það er ekkert í húfi í sambandi við vinnubrögð þingsins þó þingmenn fái þetta svigrúm úr því sem komið er.

Það var á valdi ríkisstjórnar hvenær lánsfjárlög voru lögð fram og ríkisstjórn hefur hagað málum þannig að 1. umr. um þau getur ekki farið fram fyrr en nú á síðasta degi októbermánaðar. Mér finnst, eins og orð hæstv. ráðherra féllu, eðlilegt og sjálfsagt að verða við beiðni hv. þm. og vil beina því til hæstv. forseta að verða við þessari beiðni. Ég veit að hæstv. ráðherra mun bregðast vel við þessu og þannig liðka fyrir góðum vinnubrögðum og góðum anda hér í deildinni.

Forseti (Jón Helgason):

Ég skildi orð hv. 3. þm. Vestf. þannig að það væri annaðhvort við þessa umræðu eða 2. umr., en mér finnst sjálfsagt þá að kanna það til hlítar. Ég vil því fresta þessari umræðu og fundi í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 75.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1989. Í frv. er gert ráð fyrir heimild ríkissjóðs til þess að auka innlendar lántökur um 6 milljarða kr. og erlendar lántökur um 900 millj. Gert er ráð fyrir að erlenda lántakan til viðbótar verði notuð til endurlána til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, en aukin innlend lántaka verði notuð til að fjármagna halla ríkissjóðs á árinu 1989.

Hér er því leitað heimilda, til viðbótar við þá heimild sem er í lánsfjárlögum yfirstandandi árs, til þess að fjármagna halla ríkissjóðs að mestu eða öllu leyti innan lands. Áætlað er að 11,3 milljarða kr. innlendri lánsfjárþörf á árinu verði mætt með þeim hætti að spariskírteini verði seld fyrir 6 milljarða, ríkisvíxlar verði seldir fyrir 3,8 milljarða umfram innlausn og önnur innlend lántaka nemi um 1½ milljarði kr. Varðandi þann þáttinn kemur helst til álita sérstök lántaka hjá lífeyrissjóðunum en viðræður við þá um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs munu eiga sér stað á næstu vikum.

Í lok september höfðu spariskírteini verið seld fyrir 3,2 milljarða kr. en auk þess hefur almenningur skráð sig í áskrift fyrir rúmum 200 millj. kr. til viðbótar fram til áramóta. Í lok september höfðu verið seldir ríkisvíxlar fyrir um 4,1 milljarð kr. umfram innlausn frá áramótum. Innlausn spariskírteina frá áramótum til loka september nam um 1,3 milljörðum kr. Samtals höfðu því verið seld spariskírteini og ríkisvíxlar umfram innlausn fyrir um 6 milljarða kr. en nú er stefnt að því að sala þeirra umfram innlausn verði 6,3 milljarðar kr.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1989, eins og þau voru samþykkt í upphafi þessa árs, var veitt heimild til innlendrar lántöku fyrir 5,3 milljarða kr. Enn fremur var almennt ákvæði í lögunum um að heimilt sé að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum. Innlend lántaka ríkissjóðs er enn innan þessara heimilda, aðallega sakir þess hve almennar heimildir eru til sölu ríkisvíxla. Hins vegar líður nú óðum að því að þessar heimildir séu á þrotum hvað snertir sölu spariskírteina og þess vegna er mjög brýnt að fá fljótlega frá Alþingi heimildir til viðbótarsölu spariskírteina ríkissjóðs. Þess vegna eru það tilmæli mín til hv. deildar að reynt sé að hraða afgreiðslu þessa máls eftir föngum.

Að því er varðar Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina hefur verið ákveðið að hann hætti að taka við lánsumsóknum um áramótin og stefnt sé að því að hann ljúki afgreiðslu umsókna á fyrstu mánuðum næsta árs. Í framhaldi af því mun sjóðurinn hætta störfum og verður honum þá komið í vörslu hjá banka eða lánastofnun. Til þess að Atvinnutryggingarsjóður geti lokið lánveitingum og skuldbreytingum er nauðsynlegt að honum verði tryggt sem fyrst viðbótarfjármagn. Ekki þykir þó rétt að auka við framlag ríkissjóðs frá því sem ákveðið var við stofnun sjóðsins þar sem starfsemi hans felst fyrst og fremst í lánveitingum og skuldbreytingum til atvinnufyrirtækjanna. Þess vegna er farin sú leið hér að heimila viðbótarlán fyrir starfsemi sjóðsins.

Varðandi aukna lántökuheimild fyrir Byggðastofnun er þess að geta að sl. vor heimilaði ríkisstjórnin Byggðastofnun erlendar lántökur að fjárhæð 100 millj. kr. til að endurlána eigendum smábáta sem lent höfðu í greiðsluerfiðleikum. Hér er leitað staðfestingar Alþingis á þeirri heimild.

Ég tel ekki, hæstv. forseti, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem hér varð í fundarhléi, ástæðu til að hafa lengri framsögu fyrir þessu frv. og mælist til þess að því verði að lokinni 1. umr. vísað til fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. ber einkennilega að en eftir sem áður er það fróðlegt að því leyti að það lýsir því gjaldþroti sem hæstv. fjmrh. er kominn í í sambandi við sín ríkisfjármál. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Fjárlög voru afgreidd með 636 millj. kr. tekjuafgangi. Nú er hins vegar útlit fyrir að gjöld verði um 4,7 milljarðar kr. umfram tekjur."

Það þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta sýnir að ekki er hægt að byggja á núgildandi fjárlögum og eins og færð hafa verið rök fyrir er þannig frá fjárlagafrv. gengið að engar horfur eru á að betur takist til um fjárlög næsta árs.

Í sambandi við það frv. sem hér var áður til umræðu varpaði ég þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hvernig á því stæði að tekin hefur verið ákvörðun um það í ríkisstjórn að fjmrh. eigi nú að taka 900 millj. kr. lán á þessu ári vegna Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina þegar fram kemur í heildaryfirliti yfir innlendar og erlendar lántökur fyrir árið 1990, að innlend lánsfjáröflun til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina muni nema 500 millj. á því ári og 250 millj. í erlendum lántökum eða samtals 750 millj. kr. Eftir þessum upplýsingum að dæma virðist hæstv. fjmrh. ætla að ná sér í 750 millj. kr. aukreitis í þessu skyni á þessu ári til þess að fjármagna halla ríkissjóðs yfir áramótin. Þetta verður að sjálfsögðu tekið upp í fjh.- og viðskn. Það er eftirtektarvert að í lögum um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina er gert ráð fyrir því að sjóðurinn fái heimildir til að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans, en nú hefur hæstv. fjmrh. skyndilega horfið frá því að hafa þennan hátt á varðandi næsta ár og ætlar nú að endurlána úr ríkissjóði til sjóðsins. Ég tel óeðlilegt að fara þannig að. Ég tel eðlilegt að Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina verði ákveðnar heimildir með venjulegum hætti og ríkissjóði ekki blandað inn í það mál. Verður auðvitað fróðlegt að fá upplýsingar um það í nefnd hvaða hugsun liggur hér að baki, en það

kom ekki fram í ummælum ráðherra. Eftir stendur sem sagt þetta að lánsfjárþörfin er 6 milljarðar umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum og það staðfestir að fjárlögin eru hrunin. Þetta er sá einfaldi sannleikur sem blasir við og staðfestur er með þessu frv.

Ég vék að því áðan að 250 millj. kr. hafa farið til smábátanna. Þessar 100 millj. sem hér er gert ráð fyrir að renni í Byggðasjóð nægja ekki og eins og ég skýrði frá liggur fyrir að Byggðasjóður muni verða að sækja um lánsheimild fyrir 500 millj. kr. á þessu ári af þeim ástæðum sem ég gerði grein fyrir áður og eru í stuttu máli þessar: Erfiðleikar í atvinnurekstri koma víða fram og afborganir af lánum Byggðasjóðs eru miklu slakari en búist hafði verið við á þessu hausti vegna þess að aflaheimildir hafa dregist saman og vegna almennra erfiðleika í sjávarútveginum og í öðrum greinum. Byggðasjóður hefur orðið fyrir verulegu tapi á þessu ári eins og hæstv. fjmrh. er kunnugt og hefur orðið að taka á sig margvísleg verkefni sem einstakir ráðherrar eða ríkisstjórnin í heild hefur falið sjóðnum þannig að það er óraunhæft að leggja hér til að Byggðasjóður fái einungis 100 millj. kr. lánsheimild á þessu ári.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá forstjóra Byggðastofnunar hvort rétt sé að það hafi gleymst í lánsfjárbeiðni Byggðasjóðs að gera ráð fyrir fé vegna viðgerða og endurbóta á fiskiskipum hér á landi og sagði hann mér að gert hefði verið ráð fyrir þeim fjármunum inni í hinni almennu beiðni Byggðasjóðs. Hitt hefði komið mér mjög mikið á óvart ef það hefði verið látið undir höfuð leggjast. Ég fullyrði að fjárþörfin muni varla verða undir 200 millj. á næsta ári ef útgerð verður rekin með eðlilegum hætti og ef okkur á að takast að halda endurbótum og meiri háttar viðgerðum inni í landinu sjálfu sem er auðvitað mjög þýðingarmikið. Það er laukrétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að við sem áttum sæti í stjórn Slippstöðvarinnar á sl. ári berum ábyrgð á því að farið var út í að byggja fiskiskip í Slippstöðinni til að komast hjá því að til almenns atvinnuleysis kæmi hjá þessu fyrirtæki á sl. ári. Og það er líka laukrétt hjá hæstv. fjmrh. að erfiðlega hefur gengið að selja skipið þar sem það er án veiðiheimilda þó svo að nokkur markaður sé erlendis fyrir ný fiskiskip. Skýringin á því er m.a. sú að nú liggur fyrir að nauðsynlegt verður að beita frekari aflatakmörkunum á næsta ári en búist hafði verið við fyrir einu ári og er ég þá að tala um frjálsa sókn t.d. í grálúðu og karfa. Það breytir hins vegar ekki því að skipasmíðaiðnaðurinn í heild á við mikinn verkefnaskort að búa og einmitt vegna þess að óhjákvæmilegt reynist e.t.v. að stöðva smíði þessa skips og eins vegna hins að engar horfur eru á því að skynsamlegt megi teljast að hefja byggingu á nýju fiskiskipi í byrjun næsta árs, þá bendir margt til að undirstaða skipasmíðaiðnaðarins sé orðin mjög völt og af því hef ég vissulega miklar og þungar áhyggjur.

Í sambandi við þetta frv. sem hér liggur fyrir skal ég svo ekki hafa fleiri orð. Það er óhjákvæmilegt í nefndinni í fyrsta lagi að endurmeta þá þörf sem hér er sögð fyrir 900 millj. kr. lántökuheimild vegna Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Skv. þeim plöggum sem fyrir liggja er hér um mikla ofrausn að ræða, einhvers konar reikningskúnstir sem ég átta mig ekki á. Lánsfjárlög sem samþykkt eru fyrir árið 1989 heimila ekki erlendar lántökur á næsta ári þannig að greinilegt er að hæstv. fjmrh. ætlar að afla þessa fjár í ríkissjóð þegar á þessu ári og skv. lánsfjáráætlun sem fyrir liggur í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 stendur ekki til að skila 750 millj. kr. til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina fyrr en á næsta ári. Þetta staðfestir sem sagt það að forsendur fjárlaganna eru brostnar og þetta ásamt ýmsu öðru er liður í því fyrir hæstv. ráðherra að reyna að bjarga því sem bjargað verður.

Í ræðu sinni hér áðan vék hæstv. fjmrh. að því að eina leiðin til þess að koma á jöfnuði og stöðugleika í efnahagslífi eins og nú standa sakir hér á landi sé sú að hækka skatta. Hann hrósar sér mjög af því að sú mikla skattahækkun sem hann hefur nú beitt sér fyrir hefur dregið úr fjárfestingu í atvinnurekstrinum og hrósar sér af því að hafa tekist að koma á jafnvægi á peningamarkaði með þeim hætti að framkvæmdir á vegum fyrirtækja og einkaaðila eru mun minni á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir á síðasta ári. Hann virðist enn fremur hrósa sér af því að takast megi að draga enn úr framkvæmdagleði fyrirtækjanna á því næsta þannig að þessi samdráttur geti haldið áfram. Ég hlýt að láta í ljós undrun yfir þessu. Ég hélt satt að segja að atorka manna mundi beinast að því að reyna að auka framleiðsluna, mundi beinast að því að reyna að styrkja atvinnufyrirtækin í landinu, þegar við nú horfum á það, þriðja árið í röð, að landsframleiðsla dragist saman, minnki. En hæstv. fjmrh. er á öndverðum meið. Hann segir: Núna á að skattleggja. Núna eru þær aðstæður í þjóðfélaginu að rétt er að skattleggja. Það er að vísu rétt að þeim fjölgar sem eru atvinnulausir. Það er að vísu rétt að lífskjörin eru að dragast saman og þess vegna verðum við að skattleggja. Þó sýnir hann engan sparnað í sínu fjárlagafrv., engan sparnað. Það örlar ekki á honum. Samdrátturinn í ríkisútgjöldum er allur tilkominn með því að draga úr nauðsynlegum framlögum til þjóðþrifamála, draga úr fjárfestingu á margvíslegum sviðum þar sem hún er óhjákvæmileg og hefur í raun verið of lítil og meira að segja miðast fjárlögin við það að skera framlög til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna niður um 500 millj. kr.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að hann tæki það mjög nærri sér ef við sig væri sagt að hann hefði brugðist vilyrðum sínum og fyrirheitum við aðila vinnumarkaðarins, við opinbera starfsmenn. Nú held ég að engum manni í samninganefnd opinberra starfsmanna hafi dottið það í hug að taka það loforð af hæstv. fjmrh. að framlög til lífeyrissjóðs þeirra yrðu með eðlilegum hætti á næsta ári. Ber þá að skilja ummæli hæstv. fjmrh. svo að ef hann tekur ekki eitthvað beinlínis fram, þá sé honum heimilt að fara allt í kringum þessa litlu setningu sem skrifuð er niður á blað? Það er svo sem kannski hægt að lofa því að

dilkakjöt verði greitt jafnmikið niður og áður og kannski mjólk og reyna að halda því eitthvað innan sömu verðlagsmarka og áður. Ég mun athuga hvort þetta sé rétt. Ég hef svo sem enga ástæðu til að efast um að hæstv. fjmrh. hafi farið rétt með þetta. En býst hæstv. fjmrh. við að með því hafi launþegahreyfingin verið að segja að hún sætti sig við það að allt annað hækkaði meir heldur en launin sem fólkið fengi í staðinn?

Þessi hæstv. ráðherra hefur verið mikill talsmaður þess að taka upp kaupgjaldsvísitölu á nýjan leik og það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar ef marka má ummæli hæstv. forsrh. að ekki dugi að vera með vísitölu yfir framfærslukostnað og vísitölu yfir byggingarkostnað og vísitölu sem heitir lánskjaravísitala nema líka sé kaupgjaldsvísitala. Það hefur líka komið fram í viðtölum við forustumenn launþegahreyfingarinnar, bæði hjá opinberum starfsmönnum og hjá aðilum vinnumarkaðarins, að krafan um verðtryggingu launa verði sett efst á blaðið við næstu samningagerð. Og hvernig skyldi nú á þessu standa nema auðvitað þannig að þessir aðilar hafa rekið sig á að meira og minna loðin ummæli hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. um það að þeir muni reyna að halda verðlagsþróun í skefjum hafa reynst staðlausir stafir, einskis virði, ekki þess pappírs sem þau voru skrifuð á.

Fyrirspurn mín, herra forseti, til hæstv. fjmrh. er sem sagt þessi, í fyrsta lagi: Hvaða ástæður liggja til þess að hann leggur til í þessu frv. að fjmrh. endurláni Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina 900 millj. kr. þegar fyrir liggur samkvæmt lánsfjáryfirliti að 750 millj. af þessum 900 eigi að renna til sjóðsins á næsta ári? Og í öðru lagi: Hvaða ástæður liggja til þess að nú ætli ríkissjóður að endurlána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina en lánin eigi ekki að fara í gegnum Seðlabankann eins og gert er ráð fyrir í lögum um efnahagsaðgerðir frá 21. febr. sl.?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Bara fáeinar setningar til að svara þessari fsp. Ástæðurnar eru tvær. Í fyrsta lagi er hagkvæmara að taka í einu lagi það lán sem þarf vegna starfsemi sjóðsins á þessu ári og á næsta ári. Hér er því eingöngu verið að tengja saman þessa tvo þætti. Síðan í öðru lagi fást með því að fjmrh. taki lánið og endurláni það síðan strax til Atvinnutryggingarsjóðs hagkvæmari vaxtakjör á erlendum markaði á þessu láni líkt og ég gat um hér áðan þegar ég rökstuddi það að með samræmdum aðferðum af því tagi væri hægt að spara Íslendingum allveruleg vaxtaútgjöld á erlendum mörkuðum. Þetta eru einu ástæðurnar sem liggja að baki því að kosið hefur verið að fara þessa leið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er fróðlegt að fá það fram í fyrsta lagi að hugmyndin sé að skila fénu þegar í stað til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Í öðru lagi vekur það athygli, eins illa og hefur til tekist með þau lán sem þessi sjóður hefur fengið í gegnum Seðlabankann á þessu ári, að hæstv. fjmrh. sér ástæðu til þess að hafa þennan háttinn á, og verður auðvitað fróðlegt að fá skýringar Seðlabankans á því hvernig á því geti staðið að þeir hafi fengið svo óhagkvæmt lán fyrir Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina á þessu ári.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

6. fundur, þriðjudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Sementsverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Frv. FrS, 64. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 64.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið áður en umræðan hefst að henni verður eigi lokið í dag vegna fjarvista hæstv. iðnrh. en umræða um málið mun fara fram.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að endurflytja frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þetta er 64. mál yfirstandandi Alþingis og frv. er að finna á þskj. 64.

Þetta frv. er ekki flókið að gerð og reyndar þekkja hv. þm. frv. frá fyrri tíð. A.m.k. fjórum sinnum hafa verið flutt frv. þessa efnis á hinu háa Alþingi. Í eitt skipti var reynt á fylgi frv. í hv. Ed. Þar féll það frv. sem var lagt fram þá. Síðan hefur frv. verið breytt. Fyrst var því breytt í tíð síðustu ríkisstjórnar og lagt þá fyrir þáv. stjórnarflokka og einnig fjallað um frv. með nokkrum forráðamönnum Sementsverksmiðjunnar og bæjarstjórnarfulltrúum á Akranesi. Að því samráði loknu var frv. enn breytt fyrir u.þ.b. ári síðan og það lagað af þeim mönnum sem höfðu unnið að undirbúningi þess en það voru menn tilkvaddir af iðnrn.

Þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. er að orðalag 2. gr. er víkkað. Þar segir nú að félaginu sé heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Þetta er ákvæði sem heimilar Sementsverksmiðjunni, ef af verður, að hefja rekstur um skylda starfsemi og taka þátt í ýmsum þróunarverkefnum. Þetta er samsvarandi ákvæði og hæstv. iðnrh. hefur beitt sér fyrir að tekið var upp í lögum um Járnblendiverksmiðjuna og er eðlilegt að fyrirtæki á borð við þetta geti á grundvelli reynslu sinnar og þekkingar tekið þátt í annarri starfsemi en beinlínis þeirri að framleiða sement.

Þá er í öðru lagi 3. gr. frv. ný. Í henni er tekið fram að heimili og varnarþing félagsins skuli vera á Akra-

nesi, en því sé hins vegar heimilt að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Þetta er tekið fram í þessu frv. vegna þess að aðaleigur Sementsverksmiðjunnar eru á Akranesi og eðlilegt að heimili félagsins verði í þeim kaupstað.

Þá vil ég vekja athygli á 6. gr. frv. en hún breytir frv. talsvert frá því sem það var fyrir tveimur árum. Þetta er reyndar eins og var í frv. í fyrra, en þar segir nú, með leyfi forseta:

„Verði hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu, öll eða að hluta, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu."

Þess skal getið að án samþykkis Alþingis er stjórnvöldum heimilt að selja hlutabréf þótt atbeini Alþingis þurfi að koma til ef um sölu á fasteignum er að ræða, enda eru hlutabréf skilgreind sem lausafé og margoft hafa stjórnvöld selt hluti ríkisins í einstökum hlutafélögum. Hér er þrátt fyrir þetta gert ráð fyrir að Alþingi hafi um þetta mál að segja, t.d. í formi þál.

Í fskj. með stefnuræðu forsrh. sem þingmenn hafa fengið í sínar hendur er sagt að hæstv. iðnrh. muni á þessu þingi flytja frv. um að gera Sementsverksmiðjuna að hlutafélagi. Slík yfirlýsing lá enn fremur fyrir í upphafi síðasta þings en þá strandaði málið í samstarfsflokkum Alþfl. og í samráði við hann flutti ég þetta frv. í fyrravor, en frv. dagaði þá uppi vegna tímaskorts. Þess vegna hefur verið brugðið á það ráð nú að bíða þess ekki hvort frv. sem er eins fái náð fyrir augum allra stjórnarflokkanna. Í stað þess var hugmyndin að reyna að ná fram breiðri samstöðu um þetta mál, annars vegar af hálfu flokka utan stjórnar og hins vegar stjórnarflokka sem nú þegar hafa tekið afstöðu til frv. með jákvæðum hætti og þar á ég að sjálfsögðu fyrst og fremst við Alþfl.

Í umræðum sem urðu um sams konar frv., sem afgreitt var á þinginu í fyrra, þ.e. um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, lagði ég ákveðnar spurningar fyrir iðnrh. af þessu tilefni fyrir hönd Alþfl. og spurðist fyrir um það hvort hugsanlegt væri að Alþfl. gæti stutt frv. þrátt fyrir stjórnaraðild flokksins. Hæstv. ráðherra svaraði því til þá að hann treysti sér ekki til þess á svo stuttum tíma sem þá lifði eftir af þinginu að svara þeirri spurningu, en hún á auðvitað fullan rétt á sér í dag og þess vegna hef ég óskað eftir því við hæstv. forseta að hann afgreiði ekki endanlega þetta mál fyrr en hæstv. ráðherra hefur haft tækifæri til að gera grein fyrir sínum skoðunum þegar hann kemur aftur úr för sinni til útlanda í opinberum erindum.

Í raun er enginn efnislegur munur á þessu frv. og lögunum um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Þetta frv. er unnið að tilhlutan iðnrn. á sínum tíma af sömu mönnum og þeim sem gerðu drög að frv. um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, en það voru þeir Jafet Ólafsson, fyrrv. starfsmaður iðnrn., nú útibússtjóri Iðnaðarbankans í Reykjavík, og Sigurður B. Stefánsson, hagfræðingur og forstöðumaður Verðbréfamarkaðs Iðnaðarbankans.

Í grg. með þessu frv. er sagt hvað í raun breytist í frv. frá þeim frv. sem reynt hefur verið að ná fram í gegnum þingið á undanförnum árum að því síðasta undanskildu. Það er tekið fram á bls. 3 og 4 í grg. með frv. og óþarfi að endurflytja það hér.

Það er ljóst að það eru ýmsir kostir þess að reka fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna sem hlutafélag, og þeim kostum er jafnframt lýst í grg., en það hefur einkum verið rökstutt með tilvísan til þess sem gerst hefur í öðrum löndum. Þetta er stundum kallað einkavæðing og er þá verið að vísa til þess sem hefur gerst í okkar helstu viðskipta- og nágrannalöndum, kannski mest áberandi í Bretlandi en einnig að sjálfsögðu í öðrum löndum, einkum í Vestur-Evrópu þar sem markvisst hefur verið unnið að því að koma fyrirtækjum í ríkiseign yfir til einkaaðila, ekki síst fyrirtækjum sem eiga í samkeppni við önnur fyrirtæki. En þess ber að geta að Sementsverksmiðja ríkisins á í samkeppni við innflutt sement þótt verðyfirburðir Sementsverksmiðjunnar séu þeir að ekki hefur komið til meiri háttar innflutnings og reyndar er um mjög lítinn innflutning að ræða nema þegar beðið er um sérstakt sement, en það gerist í örfáum undantekningartilvikum.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að benda á 4. gr. frv. Það kann að vera að það sé óþarfi að taka síðari málsliðinn upp í lagatexta en þessi málsliður orðast svo í frv., með leyfi forseta: „Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Hér er verið að vísa til þess að fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðjunnar munu samkvæmt fyrri málslið þessarar greinar halda sínu starfi hjá hinu nýja fyrirtæki og þess vegna gildi ekki 14. gr. laga nr. 38/1954 um þessa starfsmenn eins og gerast mundi ef þeim yrði sagt upp, en þá er það skylda ríkisvaldsins að leita að sams konar störfum annars staðar í ríkisrekstrinum en greiða biðlaun ella.

Frv. þetta er sams konar frv. og það frv. sem flutt var á sínum tíma um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Í raun er enginn eðlismunur á þessum tveimur fyrirtækjum og þess vegna óeðlilegt að annað frv. hafi verið samþykkt á síðasta þingi en þetta hins vegar skilið eftir. Ég bendi á að það atriði sem mestum ágreiningi hefur valdið, þ.e. sala hlutabréfanna, er nú í höndum Alþingis. Mér þykir þetta eðlileg ráðstöfun og vísa til þess að nauðsynlegt er að mínu áliti að bjóða út hlutabréf í fyrirtæki á borð við þetta á almennum hlutabréfamarkaði. En því miður vantar nokkuð á að um virkan hlutabréfamarkað sé að ræða hér á þessu landi. Það gerist venjulega þannig þegar stjórnvöld selja fyrirtæki að þau eru seld annaðhvort einstökum einkaaðilum sem stunda svipaðan rekstur, oftast starfandi fyrirtækjum eða mönnum sem hafa starfað við svipaðan rekstur, eða þá starfsmönnum viðkomandi fyrirtækja. Ég tel að varðandi Sementsverksmiðju ríkisins sé heppilegra að selja hlutabréf á almennum markaði og þá gerist það eftir að Alþingi hefur samþykkt t.d. með þál. að slíkt eigi að eiga sér stað. Það er engin ástæða til þess að fyrirtækið verði selt í einu lagi, heldur má gera það smám saman eftir því sem ástand er á slíkum hlutabréfamarkaði.

Það þarf í raun og veru ekki að fara mörgum orðum til viðbótar um þetta mál. Ég vil þó, fyrst minnst er á hlutabréfamarkað, geta þess að á sínum tíma var gefin út á vegum Iðnþróunarsjóðs og Seðlabanka Íslands skýrsla um hlutabréfamarkað. Þessi skýrsla var unnin af fyrirtæki sem heitir Enskilda Securities og það er mál manna að efnisatriði þeirrar skýrslu séu með þeim hætti að full ástæða sé til þess fyrir stjórnvöld að fara að þeim tillögum sem þar er að finna. Því miður hafa íslensk stjórnvöld, einkum og sér í lagi núv. ríkisstjórn, ekki séð ástæðu til þess arna.

Ég vil hins vegar geta þess að á síðasta þingi fluttu nokkrir sjálfstæðismenn í Nd. frv. um þessi atriði þar sem bent var á leiðir til að freista þess að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði og slík frv. verða flutt aftur innan tíðar.

Í umræðum sem urðu um þetta mál á síðasta þingi kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann teldi ekki vera hægt að bera saman annars vegar Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og hins vegar Sementsverksmiðju ríkisins vegna þess að Sementsverksmiðjan hefði í raun og veru einokun á sínu sviði. Á það get ég engan veginn fallist að sú sérstaða Sementsverksmiðjunnar sem felst í fjarlægðarvernd sé svo mikil að hún réttlæti að menn geri mun á henni annars vegar og Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, sem svo hét á sínum tíma, hins vegar. Staðreyndin er sú að innflutningur á sementi er frjáls. Það eru til íslenskir umboðsmenn sem hafa umboð fyrir sement sem framleitt er í nágrannaríkjunum og þeir sem byggja hús og önnur mannvirki hér á landi geta flutt inn sement ef þeim sýnist. Því til viðbótar ber að geta þess að jöfnun flutningskostnaðar gildir um sement almennt hér á landi.

Þegar þetta mál fór til nefndar á síðasta þingi var það sent nokkrum aðilum til umsagnar. Ég vil, virðulegur forseti, geta fjögurra þeirra, en þau svör komu til nefndarinnar mjög seint á síðasta þingi. Í fyrsta lagi var frv. sent til stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins. Stjórnin svaraði bréfi iðnn. Nd. 8. maí og sagði orðrétt:

„Þar sem ekki hefur tekist að ná saman fullskipuðum stjórnarfundi óskar stjórnin eftir að gefinn verði nokkru rýmri umsagnarfrestur þannig að öllum stjórnarmönnum gefist kostur á að fjalla um málið."

Undir þetta skrifar formaður stjórnarinnar, Eiður Guðnason alþingismaður.

Í umsögn bæjarstjórans á Akranesi kemur í ljós að málið hefur verið lagt fyrir bæjarráðið en ekki fyrir bæjarstjórnina. Bæjarráðið klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hlutinn ályktaði að hann væri andvígur frv. en taldi að samt sem áður þyrfti að gera og mætti gera breytingar á lögunum um Sementsverksmiðjuna og tiltók þá atriði eins og þátttöku í öðrum fyrirtækjum, breytingar á greiðslu skatta, og þá einkum að breyta landsútsvari í aðstöðugjald, en minni hlutinn lýsti yfir stuðningi við frv. Hins vegar fjallaði bæjarstjórnin sjálf aldrei um frv. sem slíkt.

Verktakasamband Íslands skilaði svohljóðandi áliti, með leyfi forseta:

„Stjórn Verktakasambands Íslands fagnar fram komnu frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Stjórnin telur að með breyttu eignarformi fyrirtækisins skapist traustari grundvöllur fyrir auknum framförum í byggingariðnaði og fyrir lækkun byggingarkostnaðar en nú er. Það er því álit stjórnarinnar að frv. muni hafa jákvæð áhrif á þróun byggingariðnaðar hér á landi verði það að lögum og því mælir stjórnin eindregið með samþykkt þess."

Undir þetta ritar Pálmi Kristinsson framkvæmdastjóri.

Fjórða álitið sem barst nefndinni kom frá Félagi íslenskra iðnrekenda svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er stefna Félags íslenskra iðnrekenda að allur atvinnurekstur greiði sömu skatta án tillits til rekstrarforms, þar með talin opinber fyrirtæki. Að því er varðar ríkisfyrirtæki er einfaldasta leiðin sú að þau séu rekin sem hlutafélög og lúti þar með ákvæðum laga um skattlagningu hlutafélaga. Það er einnig skoðun félagsins að ríkisumsvif, þar með talin ríkisfyrirtæki, skuli lúta viðurkenndum arðsemissjónarmiðum. Slíkt verður betur tryggt í formi hlutafélags en með núverandi rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins. Félag íslenskra iðnrekenda leggur til að umrætt frv. verði samþykkt og hlutabréf í fyrirtækinu verði síðan seld á almennum hlutabréfamarkaði."

Undir þetta ritar Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Virðulegur forseti. Ég hef nú rakið meginefni frv. og fært rök fyrir því að full ástæða sé til þess að frv. fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Ég bendi á að hæstv. ríkisstjórn, þ.e. hæstv. iðnrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hefur lýst yfir vilja sínum til þess að flytja sams konar frv. þótt ég nú hafi tekið af honum ómakið. Þess vegna má ætla að verulegur meiri hluti sé fyrir því að þetta frv. fái samþykkt á þessu þingi enda hefur hv. Alþingi sýnt það með samþykkt á frv. um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg á sínum tíma að á Alþingi er verulega breið samstaða um það að breyta framleiðslufyrirtækjum sem eiga í samkeppni úr ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, jafnvel þótt allir hlutirnir séu til að byrja með í eigu ríkisins.

Það kemur enn fremur fram að langflestir þeir sem hafa um þetta mál fjallað, þar á meðal forstjórar fyrirtækisins, eru mjög áfram um það að þessi breyting geti átt sér stað. Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, mælast til þess að þetta frv. verði þegar það er fullrætt við 1. umr. sent til hv. iðnn. og fái síðan fullnaðarafgreiðslu síðar á þessu yfirstandandi þingi.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemd við það að þetta frv. skuli vera flutt í þessu formi ef það liggur ljóslega fyrir, eins og raunar er ástæða til að ætla, að ríkisstjórnin sé með þetta mál á málalista sem hún hyggst leggja fyrir yfirstandandi þing. Eins og kom fram hjá hv. flm. þá mátti skilja það svo að iðnrh. væri með málið í undirbúningi og það þýddi í raun og veru að stjfrv. fengi þá meðferð áður en það væri lagt fram að fyrir því væri öruggur meiri hluti

á þingi. Mér finnst þetta vera nokkur fljótfærni hjá hv. flm., sem hefur að sjálfsögðu áhuga fyrir málinu, ég dreg það ekki í efa, þar sem hann sem iðnrh. vann að þessu máli af heilum hug og vildi bæta hér um.

Hins vegar má segja sem svo að saga þessa fyrirtækis er með einstæðum hætti að því er varðar ríkisfyrirtæki yfirleitt. Þetta fyrirtæki hefur þróast mjög vel og verið til fyrirmyndar með rekstur og afkoma þess slík að ríkissjóður hefur aldrei þurft að grípa þar inn í á einn eða neinn hátt. Það hefur greinilega, eins og væntanlega flestir þingmenn vita, fylgt vel eftir nýjungum, stuðlað að rannsóknum og þróun á ýmsum sviðum og m.a. átt hlut að því að stofnað var sérstakt fyrirtæki til hliðar við reksturinn til þess að taka þátt í slíkum framförum. Þess vegna má segja sem svo að það sé e.t.v. umhugsunarefni hvað kallar á sölu þessa fyrirtækis nú. Hins vegar geri ég mér alveg grein fyrir því að það er ýmislegt í nútímanum sem hefur breyst þannig að það getur verið fullkomlega réttlætanlegt að taka slík fyrirtækjaform í eigu ríkisins til endurskoðunar og jafnvel að breyta þeim í hlutafélög eins og hér er lagt til. Þetta tel ég að þurfi að sjálfsögðu að athuga vel og reyna að komast hjá ýmsum agnúum sem þessu geta fylgt. Ég sé í þessu frv., sem miðað við það sem áður hefur komið fram er búið að færa til betri vegar, ef má orða það svo, ýmislegt sem gerir það ef til vill aðgengilegra að miða við aðstæður í þjóðfélaginu og jafnvel gengur þá nær þeim sjónarmiðum sem heimili og varnarþing þessa fyrirtækis hafa haldið fram.

Ég ætla ekki að taka efnislega afstöðu til málsins nú á þessari stundu. Það sem fyrst og fremst kom í minn huga þegar ég kom hér inn í salinn, sá að þetta frv. var á dagskrá og heyrði að hæstv. iðnrh. væri ekki viðstaddur, var að mér fannst óeðlilegt að hafa hér uppi efnislega umræðu um þetta mál nema fyrir lægi afstaða ríkisstjórnarinnar, ekki síst með tilliti til þess að ríkisstjórnin hefur boðað framlagningu þessa máls, bæði í stefnuræðu forsrh. og þeim lista sem fylgdi stefnuræðunni um mál og enn fremur það sem kom fram hjá hv. flm. hér fyrr um afstöðu hæstv. iðnrh.

Ég tel að það væri æskilegast við framgang þessa máls að hægt væri að ná samstöðu um það hér á hv. Alþingi. Ég geri mér grein fyrir því að frv. ríkisstjórnarinnar í þessa veru, miðað við það sem áður hefur komið fram varðandi Sementsverksmiðju ríkisins, gæti leitt til þess að hér yrði um mál að ræða sem þyrfti ekki að valda ágreiningi. Ég vona enn að svo verði því að um alla slíka efnisbreytingu á fyrirtækjum í eigu ríkisins sem hafa starfað vel og sýnt jákvæðan árangur frá því að þau tóku til starfa þarf að vera samkomulag. Á það vil ég leggja sérstaka áherslu.

Eins og ég sagði, herra forseti, tel ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég geymi mér frekari umræðu um þetta mál þangað til afstaða ríkisstjórnarinnar liggur fyrir við þær umræður sem hér munu fara fram í framhaldi þessa fyrri hluta 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir hans ræðu sem gefur fyrirheit um það að þetta mál verði skoðað rækilega af hálfu Framsfl. á yfirstandandi þingi. Það er rétt sem hv. þm. sagði að það er boðað í málalista ríkisstjórnarinnar að þetta mál verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Það var líka gert í fyrra og ég var í stöðugu sambandi við hæstv. ráðherra allan fyrravetur um það hvort ég ætti að leggja frv. fram eða ekki og samkvæmt hans beiðni geymdi ég það þar til ljóst var að ekki næðist samkomulag um það á milli stjórnarflokkanna. Ég lagði frv. ekki fram nú fyrr en að höfðu samráði við ráðherrann. Að sjálfsögðu mæltist hann til þess að hann mætti áfram í vetur reifa málið í stjórnarflokkunum, en vegna þess að eitt af því sem var nefnt til andstöðu við frv. á síðasta þingi var það hversu seint það var fram komið taldi ég mér ekki skylt með neinum hætti að bíða með framlagninguna, enda geta stjórnarflokkarnir komið sér saman um það að styðja frv., með eða án breytinga, sem liggur í nefnd í þinginu.

Það er ekkert leyndarmál og er rétt sem fram kom hjá hv. ræðumanni að þetta frv. var undirbúið í iðnrn. á sínum tíma að frumkvæði þess sem hér stendur.

Varðandi það hvað kalli á sölu á fyrirtækinu skal það skýrt tekið fram að þetta frv. gerir einungis ráð fyrir því að fyrirtækinu sé breytt í hlutafélagsform og ég tek undir það með hv. 1. þm. Vesturl. að það er ástæða til þess að breyta félagsforminu hjá ýmsum fyrirtækjum. Það gerir reksturinn sveigjanlegri og stöðuna þægilegri og opnar fleiri möguleika fyrir fyrirtæki til að taka þátt í skyldum rekstri sem fyrirtækið hefur ekki getað gert hingað til nema með sérstöku leyfi ráðherra hverju sinni.

Það skal síðan að lokum tekið fram, og kom reyndar fram hjá hæstv. forseta í upphafi fundar, að það var að ósk hæstv. forseta sem málið var tekið fyrir í dag þrátt fyrir fjarveru hæstv. iðnrh. vegna þess að það lá ekkert annað mál fyrir hv. deild og féllst ég á það, enda yrði umræðunni ekki lokið fyrr en hæstv. ráðherra yrði hér viðstaddur. Það er því alveg ljóst að hæstv. forseti hefur þegar gert þær ráðstafanir að 1. umr. málsins verði ekki lokið án þess að hæstv. ráðherra fái tækifæri til að tjá sig og segja sína skoðun á málinu.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé ekki fleira sem ástæða er til að komi fram en ég ítreka það að málið verður væntanlega til áframhaldandi 1. umr. í næstu viku.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

7. fundur, miðvikudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lífeyrisréttindi hjóna, 1. umr.

Frv. GHG og SalÞ, 88. mál. — Þskj. 89.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lífeyrisréttindi hjóna en flm. eru Guðmundur H. Garðarsson og Salome Þorkelsdóttir. Frv. hljóðar sem hér segir, með leyfi forseta:

„1. gr. Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég þarf ekki, virðulegi forseti, að fara mörgum orðum um efni þessa frv. Það skýrir sig sjálft. En eins og þekkt er, þá háttar nú þannig í sambandi við ellilífeyrisréttindi að þau eru tengd persónu, þ.e. þeirri persónu sem hefur aflað sér tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun eigi sér stað í sambandi við sambúð hjóna varðandi tekjur þeirra. Þessi réttindi hafa ekki talist sameiginleg hjúskapareign þeirra. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir því að áunnum ellilífeyrisréttindum verði skipt við slit hjúskapar. Það má teljast eðlilegt að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafi báðir stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Þá verður það að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda, þ.e. það skiptir ekki máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins á sinni starfsævi.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það verður því að teljast sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Ég vil í framhaldi af því einnig vekja athygli á því að enn hefur ekki verið lagt fram frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem svokölluð 17 manna nefnd stóð að samningu á á sínum tíma en innan hennar var svokölluð 8 manna nefnd sem fjallaði einkum um þessi mál. Hvernig sem á því stendur hafa hæstv. fjármálaráðherrar, bæði í núv. ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum, ekki treyst sér til að leggja þetta frv. fram þrátt fyrir það að aðilar vinnumarkaðarins hafi komið sér saman um ákveðnar tillögur að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða.

Í þessu frv. er m.a. að finna ákvæði sem hníga í sömu átt. Ég hef, virðulegi forseti, valið þann kost að koma með þetta hér nú vegna þess að ég er orðinn úrkula vonar um það að heildar frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna verði yfirleitt lagt fram.

Á síðasta þingi, virðulegi forseti, gerði ég ráðstafanir til þess með fsp. að hæstv. fjmrh. sem nú situr mundi leggja fram frv. en af því varð ekki. Þrátt fyrir góð orð um það að þetta frv. mundi verða lagt fram á yfirstandandi þingi, þá hefur það ekki enn verið lagt fram. Í þessu frv., sem ég tít vísa til, virðulegi forseti, sem er alltaf í skúffu fjmrh., eru ákvæði m.a. eins og ég sagði áðan í þá veru sem þetta frv., sem ég mæli nú fyrir, er í samræmi við. Ég tel mjög brýnt að ýmis ákvæði í því frv. sem ekki hefur fengist lagt fyrir Alþingi komi þegar til meðferðar á hinu háa Alþingi og þetta frv. til laga um lífeyrisréttindi hjóna er eitt þeirra atriða.

Það er gjörsamlega óviðunandi að maki eigi ekki sama rétt til þeirrar eignar sem lífeyrisréttindi eru við þær aðstæður sem frv. greinir frá. Þess vegna legg ég áherslu á það, virðulegi forseti, að þetta frv. fái þinglega meðferð þar sem vitað er að margir hafa því miður ekki getað komið sér saman um það með hvaða hætti ætti að fjalla um þessi mál og lögaðilar, í þessu tilfelli hjón, eru raunverulega ekki í þeirri réttarstöðu að þau geti ákveðið það sín í milli þrátt fyrir það að þau hefðu vilja til þess. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að þessi ákvæði séu sett inn í lög til þess að auðvelda fólki uppskiptingu á þessari eign eins og öðrum eignum. Sá aðilinn sem ekki hefur haft möguleika á að ávinna sér þessi réttindi, ég nefni t.d. eiginkonu í þessu tilfelli sem hefur séð fyrir heimili og börnum í áratugi og lendir í þeirri ógæfu að skilnaður verður, stendur uppi gjörsamlega réttlaus varðandi áunnin ellilífeyrisréttindi sem er náttúrlega algjörlega óviðunandi miðað við — ég vil segja þau viðhorf og þann rétt sem aðilar eiga að hafa í nútímaþjóðfélagi en eitt af grundvallarréttindum felst auðvitað í því að aðilar séu jafnréttháir hvernig svo sem tekna og réttinda er aflað um ævina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Eignaþátttaka lífeyrissjóða í dvalar- og þjónustuheimilum, 1. umr.

Frv. GHG, 89. mál. — Þskj. 90.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég átti ekki von á því að þetta mál sem ég mæli nú fyrir sem og það sem var hér á dagskrá áðan kæmu jafnfljótt til meðferðar hér í

deildinni. (**JE:** Þetta eru góð mál.) Ég tek undir það sem hv. 8. þm. Reykn. Jóhann Einvarðsson sagði um það að þetta væru svo góð mál að þau þyrftu að fá fljóta afgreiðslu í deildinni. Vænti ég mér þar af leiðandi stuðnings bæði við það frv. sem var hér til umræðu áðan og einnig við það sem ég ætla nú að greina frá og fagna því mjög mikið að jafnágætur maður og hv. þm. er skuli hafa kallað fram í með þessum hætti. Það gefur mér vonir um það að þessi frv. verði afgreidd fljótt og skjótt hér á hinu háa Alþingi.

En með tilliti til þess, virðulegi forseti, að þessi mál koma hér fyrr á dagskrá en ég átti von á, þá mun ég ekki ræða þetta frv. í jafnlöngu máli og ég hefði óskað eftir, en eins og fyrir liggur hjá þingheimi er hér um að ræða frv. til laga um eignaþátttöku lífeyrissjóða í dvalar- og þjónustuheimilum fyrir aldraða.

Samkvæmt þessu frv. segir svo, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Stjórnum lífeyrissjóða er heimilt að bæta ákvæði inn í reglugerðir um sjóðina er felur í sér að verja megi allt að 5% af árlegu ráðstöfunarfé til eignaþátttöku í byggingu dvalar- og þjónustuheimila fyrir aldraða sjóðfélaga. Þó skal samanlögð upphæð, sem varið er í þessum tilgangi, eigi vera hærri en sem nemur 4% af heildareignum viðkomandi lífeyrissjóða á hverjum tíma."

2. gr. hljóðar sem hér segir:

„Kaupskylda lífeyrissjóða af skuldabréfum húsnæðismálastjórnar skal lækka í sama hlutfalli og lífeyrissjóður hagnýtir sér ákvæði 1. gr. laga þessara."

3. gr. hljóðar svo:

„Með reglugerð skal fjmrh. setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála, sem og með hvaða hætti eftirliti skuli háttað varðandi fjárfestingu og meðferð þeirra eigna sem hér um ræðir. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórnir þeirra lífeyrissjóða er hyggjast hagnýta sér heimildarákvæði 1. gr. laga þessara."

Með þessu frv. er svohljóðandi grg., með leyfi forseta:

„Eitt af stærstu vandamálum nútímaþjóðfélags er að brúa það bil sem er að verða milli húsnæðisþarfa aldraðra annars vegar, en sá hópur fer sífellt stækkandi, og yngra fólks hins vegar. Leitað hefur verið margra leiða í þessum efnum með misjöfnum árangri. Þó hefur margt verið gert sem er til fyrirmyndar. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist sem skyldi að búa nægilega vel að miklum fjölda aldraðs fólks og á næstu árum mun eiga sér stað mikil fjölgun í hópi þeirra sem teljast til ellilífeyrisþega, þ.e. fólks sem er 67 ára og eldra. Þrátt fyrir þátttöku í lífeyrissjóðum eru lífeyrisréttindi margra mjög takmörkuð, m.a. vegna þess að fjöldi lífeyrissjóða hefur aðeins starfað í 20 ár, þ.e. frá því að samið var um stofnun lífeyrissjóðanna af aðilum vinnumarkaðsins árið 1969. Þeir hófu síðan starfsemi sína 1. jan. 1970 með áfangagreiðslu iðgjalda upp í 10% fyrstu þrjú árin. Þá skorti það inn í reglugerðir sjóðanna að iðgjöld væru greidd af öllum tekjum. Á síðustu árum hafa tekist samningar um það.

Með þeirri aðferð við uppbyggingu öldrunarheimila, sem þetta frumvarp felur í sér, er bent á nýja leið til að tryggja betur stöðu aldraðra með sameiginlegu átaki og jafnframt felst í framkvæmd þess nokkur uppbót á skertan ellilífeyri" sem er hjá lífeyrissjóðum atvinnulífsins með tilliti til þeirra atriða sem ég greindi hér frá áðan.

Ef litið er á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1989 er áætlað að það verði um 17,6 milljarðar kr. og að heildareignir lífeyrissjóðanna 31. des. 1988 voru 70 milljarðar kr., þá má búast við að heildareignir í árslok 1989, þ.e. lífeyrissjóða á söfnunarsviði, verði um 90 milljarðar kr. Árið 1990 er áætlað að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, söfnunarsjóðanna, verði 24,1 milljarður kr. Samkvæmt því er ekki óvarlegt að áætla að heildareignir í árslok 1990 verði á bilinu 110–120 milljarðar kr. en út frá þessum tölum geta hv. þm. nokkuð ályktað um hvaða upphæðir er að ræða ef þetta frv. verður samþykkt á hinu háa Alþingi. Ef frv. yrði að lögum, þá gæti það skapað möguleika til fjármögnunar í þágu íbúðamála aldraðra sem hér segir:

Árið 1989 miðað við 5% eignarþátttöku í íbúðarbyggingum 880 millj. Miðað við áætlað ráðstöfunarfé 1990 24,1 milljarður mundi vera um hugsanlega og mögulega eignaþátttöku á þessu sviði fyrir 1205 millj.

Ef haft er í huga að í fjárlögum er aðeins gert ráð fyrir 160 millj. kr. í þágu aldraðra, og það er óbreytt upphæð frá árinu 1988 miðað við fjárlög sem giltu árið 1988, þá er hægt að gera sér í hugarlund hvað um er að ræða ef lífeyrissjóðirnir hagnýttu sér þessa heimild svo framarlega sem hið háa Alþingi samþykkir frv. Með þessu kæmist einnig til framkvæmda sú hugsun sem mundi valda algjörri byltingu í því að leysa íbúðaþjónustuvandamál aldraðs fólks sem er það að lífeyrissjóðirnir mundu tryggja það mikið fjármagn að það mætti eiginlega orða það þannig að afskipti og milliganga hins opinbera yrði óþörf eftir því sem framkvæmd þessara mála færðist í vaxandi mæli í hendur fólksins sjálfs sem eru eignaraðilar að lífeyrisréttindum lífeyrissjóðanna. Ég vil undirstrika þetta atriði sérstaklega. Þar með væri búið að færa þetta nær fólkinu sjálfu sem raunverulega hefur sparað þessa peninga og sem á þennan rétt sem felst í lífeyrisréttindum, það gæti sjálft, samhliða því sem það ákveður hvernig skuli ráðstafa þeim peningum sem eru í lífeyrissjóðunum, tekið afstöðu til þess hvort það vill flýta fyrir þróun í íbúða- og þjónustumálum aldraðs fólks. Því miður eru allt of margir sem enn búa ekki við nægilega góðar aðstæður þegar ellin færist yfir þá. Það eru þúsundir manna sem búa við mjög ófullnægjandi aðstæður í þeim efnum.

Ég geri mér grein fyrir því að það eru e.t.v. ekki margir hv. alþm. sem hafa áhuga fyrir þessu vegna

þess að hér er verið að fjalla um leið sem er dálítið öðruvísi en þeir hafa fjallað um á undangengnum árum og áratugum. Til þessa hafa hv. alþm. getað treyst á það að í gegnum fjárlög eða önnur afskipti hins opinbera hafi þeir getað svona í stökkum eða millibilum beint fjármagni í þeim tilgangi sem hér um ræðir. En því miður kemur það æ betur í ljós að í þeim efnum ræður hentistefna allt of miklu. Það er ákveðin tækifærisstefna, ákveðin tækifærisafstaða sem allt of margir hv. alþm. hafa tekið til þessara mála og verður að segjast eins og er að því miður virðast þeir helst hafa áhuga fyrir því rétt fyrir kosningar.

Nú er, virðulegi forseti, ekki um það að ræða að hér sé verið að leggja fram frv. sem eigi að hafa áhrif í sambandi við kosningar heldur er hér um að ræða frv. sem ég held að allir hv. alþm. hljóti að geta sameinast um. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að skapa möguleika til þess að þeir sem raunverulega eiga fjármagn geti tekið afstöðu til þess hver á sínum stað í samræmi við reglugerð viðkomandi lífeyrissjóða hvort þeir telji rétt og æskilegt að fara þessa leið.

Ég geri mér fullkomna grein fyrir því að allt of margir lífeyrissjóðir eru ekki í stakk búnir til þess að hagnýta sér þessa möguleika með tilliti til þess að tryggingarstaða þeirra er ekki nægilega sterk. En það eru til sjóðir sem hafa þá tryggingarstöðu að þeir geta litið til þessa máls með þessum hætti auk þess sem það verður einnig að segjast að í þessari framkvæmd felast ákveðnar tryggingabætur. Að vísu ná þær ekki til hvers einasta sjóðfélaga en hvað sem því líður, þá mundu aðrir sjóðfélagar væntanlega líta á það með jákvæðum huga að það er verið að tryggja stöðu þeirra sem lakast eru settir í viðkomandi sjóðum.

Nú blasir það einnig við og er fyrirsjáanlegt að í nánustu framtíð muni lífeyrissjóðir sameinast. Í landinu eru 90–100 lífeyrissjóðir og með tilliti til þess að staða margra er veik, þá mundi svona framkvæmd hugsanlega geta tengt saman lífeyrissjóði sem eru veikir og aðra sem eru sterkari, m.a. til að tryggja framkvæmd þessara mála bæði með tilliti til stöðu sjóðanna og einnig með tilliti til þess að í sameinuðu átaki geta þeir náð mun lengra í því efni sem hér um ræðir.

Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að það er hugsanlegt að hv. alþm. séu ekki reiðubúnir til þess að fjalla mjög mikið um þetta mál. Það er ekki einfalt út af fyrir sig að taka afstöðu í máli sem þessu. En hér er nú ekki um meira að ræða en það að veita stjórnum lífeyrissjóðanna heimild til eignarþátttöku. Svo er það auðvitað á þeirra valdi hvort þeir hagnýta sér heimildina eða ekki. En ég tel þrátt fyrir það að þetta muni styrkja stöðu þeirra sem vilja efla mjög byggingu dvalar- og þjónustuheimila fyrir aldraða sjóðfélaga og færa þessa framkvæmd yfir á svið sem ég tel að henti vel til viðbótar í því sem gert er af hálfu annarra. Nefni ég þá sérstaklega þau átök sem hafa verið gerð af hálfu félagasamtaka eins og sjómannasamtakanna í kringum DAS. Þar hefur margt verið mjög vel gert á félagslegum grundvelli og ég hef ástæðu til að halda að það mundi styrkja enn betur m.a. þá uppbyggingu sem sjómannasamtökin standa að á vegum DAS.

Þá mundi þetta auðvitað einnig framkalla það að sveitarstjórnir hljóti að taka þessi mál upp með öðrum hætti. Þetta skapar sveitarstjórnum allt annan grundvöll og aðra möguleika til að koma inn í þessi mál. Ég nefni sem dæmi að ég er sannfærður um það að Reykjavíkurborg mundi sýna þessu máli mikinn áhuga við breyttar kringumstæður sem þetta frv. mundi örugglega hafa í för með sér. Ég geri mér því vonir um það, virðulegi forseti, að þetta frv. fái skjóta og jákvæða afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að þessu frv. verði að lokinni umræðu hér í deildinni vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

7. fundur, miðvikudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 76.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem lagður var á í fyrsta sinn árið 1979 og hefur verið lagður á ár hvert síðan. Þetta hefur hins vegar verið gert í hvert sinn með sérstökum lögum sem gilda fyrir eitt ár í senn. Skv. þessari venju er hér enn á ný lagt fram þetta frv. sem hér er til umræðu. Í því er lagt til að skatthlutfallið verði 1,5% af skattstofni. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1989 er áætlað að innheimtar tekjur af þessum skatti verði um 330 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að tekjur vegna þessa tekjustofns verði um 500 millj. kr. en innheimta rúmar 400 millj. kr. að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára.

Hér er um að ræða frv. sem þingmenn þekkja mjög vel, enda verið hér til umræðu á yfir tíu þingum með reglubundnum hætti. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er fyrsta mál af fjölmörgum sem fylgja fjárlagafrv. og koma til umræðu hér í hv. deild. Fjmrh. hefur lýst því að í fjárlagafrv. felist af hálfu hæstv. ríkisstjórnar heildarstefnumörkun í fjármálum ríkisins og efna-

hags- og atvinnumálum. Þar sé lagður sá rammi fyrir efnahagsstarfsemina, ríkið sjálft, atvinnureksturinn og launafólkið í landinu, sem hæstv. ríkisstjórn hafi ákveðið að gilda skuli á næsta ári. Þetta frv. er í raun réttri fyrsta myndin, eða fyrsta myndbrotið sem sett er inn í þennan ramma.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur um árabil verið endurnýjaður árlega. Ég hefði talið að á þessu stigi hefði verið fullt tilefni til að stíga eitt skref til þess að lækka þennan skatt í viðleitni til þess að afnema hann síðar með öllu. Þegar hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um stórfellda hækkun á þessum skatti á síðasta þingi var sterklega varað við því hér af talsmönnum Sjálfstfl. Þeim mótbárum var ekki sinnt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar né þeim gildu rökum sem fram voru sett gegn þeirri gífurlegu hækkun. Þegar kom að kjarasamningum þá settu húsbændurnir í Garðastræti fram kröfu um að fallið yrði að hluta til frá þeirri miklu hækkun og hæstv. fjmrh. varð góðfúslega við þeim óskum forustumanna atvinnurekenda að falla frá a.m.k. hluta af fyrirhugaðri hækkun. Eigi að síður eru nú full efni til þess að stíga eitt skref til þess að lækka þennan skatt á nýjan leik. Slíkt skref var, eins og menn rekur ugglaust minni til, stigið fyrst í fjármálaráðherratíð Alberts Guðmundssonar.

Með því að hæstv. fjmrh. hefur með svo sterkum orðum og miklum yfirlýsingum lýst því yfir og tekið fram í framsöguræðu fyrir fjárlagafrv., og í ýmsum yfirlýsingum í fjölmiðlum, að fjárlagafrv. og fylgifrv. þess séu hornsteinn í hagstjórn ríkisstjórnarinnar á næsta ári, eins og hæstv. ráðherra komst að orði í fjárlagaræðu sinni og þar sé ramminn sem allir aðilar þjóðfélagsins verði að taka mið af, hvort sem það er ríkið sjálft, atvinnureksturinn eða launafólk, eins og hann bætti við, þá er eðlilegt að þegar fyrsta málið sem fellur inn í þennan ramma kemur til umræðu í þessari hv. deild, að fara nokkrum orðum um þá mynd sem við blasir í þessum efnum.

Það bar til tíðinda í umræðum í hv. Ed. í gær að einn af helstu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, einn af mestu áhrifamönnum í Alþfl., varð að krefjast þess að umræðu um lánsfjárlög ríkisstjórnarinnar, sem þessu máli eru tengd, yrði frestað vegna þess að upplýsingar skorti og ýmislegt benti til þess að sú efnahagsstefna, sá hornsteinn í hagstjórn ríkisstjórnarinnar sem hér er verið að fjalla um, væri ekki í samræmi við það sem Alþfl., einn stjórnarflokkanna, vildi keppa að. Morgunblaðið hefur eftir hv. þm. Karvel Pálmasyni þetta: Þegar menn eru komnir á toppinn þekkja þeir oft ekki sinn vitjunartíma. Karvel taldi dóm almennings yfir ríkisstjórninni mundu verða harðan. Þetta eru nokkur tíðindi þegar þessi rammi, hornsteinn hagstjórnar hæstv. ríkistjórnar á næsta ári, kemur hér til umræðu í deildum Alþingis.

Annar af forustumönnum Alþfl., nýkjörinn varaformaður Verkamannasambands Íslands, tók þátt í umræðum um fjárlagafrv. og stefnu ríkisstjórnarinnar í fjármálum og þar á meðal í skattamálum á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Þar fullyrti hv. þm. Karl Steinar Guðnason að mikilvægar forsendur fyrir fjárlagafrv. mundu raskast á næsta ári. Þar átti hv. þingmaður við að þau áform um launabreytingar á næsta ári sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir fengju ekki staðist og mundu því raskast. Ljóst er af þessum yfirlýsingum að ýmislegt er á huldu og ýmislegt er túlkað með misvísandi hætti af hálfu talsmanna og stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar að því er varðar þennan hornstein efnahagsstefnunnar.

Hæstv. fjmrh. hefur býsna oft endurtekið yfirlýsingar sínar um hornsteininn og um það að fullt samkomulag sé innan ríkisstjórnarinnar, ekki aðeins um þær talnaraðir sem í fjárlagafrv. og boðuðum skattafrv. felast, heldur einnig þær efnahagslegu forsendur sem að baki fjárlagafrv. og skattafrv. búa. Hann hefur lýst því yfir að hér sé sameinuð ríkisstjórn með sinn boðskap sem allir aðilar þjóðfélagsins verða að hlíta.

Nú þegar það hefur gerst að einn af áhrifamestu stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar og forustumönnum í verkalýðshreyfingunni hefur lýst því yfir að ein af mikilvægustu forsendum fjárlagafrv. sé óraunhæf, sé brostin og fái ekki staðist, er ástæða til þess, þegar fyrsta skattafrv. kemur hér til umræðu, að inna hæstv. ríkisstjórn eftir því hvernig staðið hefur verið að undirbúningi fjárlagafrv. og hver er í raun og veru afstaða einstakra stjórnarflokka til frv. og þeirra forsendna sem það byggir á og þeirra markmiða sem að er stefnt.

Herra forseti. Ég óska gjarnan eftir því að hæstv. forsrh. verði af þessu tilefni viðstaddur þessa umræðu og svari hér spurningum sem óhjákvæmilega hljóta að koma upp í þessu sambandi. Ef ég mætti óska eftir því að það yrði hlutast til um það að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Já, forsrh. er í húsinu og það verður óskað eftir því að hann hlýði á mál ræðumanns.) Eftir að þessi yfirlýsing liggur fyrir hlýtur það að vera fyrsta spurning sem hæstv. forsrh. þarf að svara: Er samkomulag um þær forsendur sem fjárlagafrv. byggir á og skattafrumvörpin sem því fylgja? Er samkomulag um það innan ríkisstjórnarinnar og á milli einstakra stjórnarflokka? Hvernig má það vera að yfirlýsingar eru gefnar í svo gagnstæðar áttir með aðeins fárra daga millibili um höfuðforsendur frv.?

Það liggur fyrir að frv. miðar að því að kaupmáttur rýrni á næsta ári um 5% á milli ára eða fimmfalt meir en samdráttur landsframleiðslu gefur tilefni til. Talsmaður Alþfl. hefur lýst því yfir að þessi áform um kaupmáttarrýrnun séu óraunhæf og standist ekki. Það hlýtur að hafa veruleg áhrif á niðurstöður fjárlagafrv. og stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. svari þeirri spurningu hvort samstaða er innan ríkisstjórnarflokkanna um þetta efni. Hvort Alþfl. hafi gert ágreining um þessa meginforsendu sem eru launabreytingar á næsta ári eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur yfirlýst að ekki fái staðist. Gerði Alþfl. grein fyrir þessum fyrirvörum í undirbúningi fjárlagafrv. eða eru þeir fyrst að koma fram núna?

Það er að vísu venja í umræðum um efnahags- og

skattamál hér eftir að þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð að þingmenn Alþfl. yfirgefa yfirleitt þingsali og taka ekki þátt í umræðu og það er varla ástæða til þess að inna þá eftir þeirra afstöðu. En óhjákvæmilega hlýtur þá sú spurning líka að vakna upp í þessu sambandi hvort yfirlýsing hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar marki þau tímamót að Alþfl. hafi tekið upp venjuleg vinnubrögð Framsfl., að lýsa yfir andstöðu við eina af meginforsendum fjárlagafrv., en hafi jafnframt tekið þá ákvörðun að greiða atkvæði með fjárlagafrv. og þeirri stefnumörkun sem í því felst. Ef einhverjir þm. Alþfl. hafa áhuga á þátttöku í umræðum um efnahags- og skattamál þá er auðvitað fróðlegt að heyra viðhorf þeirra til þessarar spurningar því hún hlýtur auðvitað að vakna upp í þessu sambandi.

Sá efnahagsrammi og sá nýi grundvöllur í efnahagsmálum sem hæstv. fjmrh. hefur lýst að felist í þeirri stefnumörkun sem fyrir liggur kemur skýrt fram í fjárlagafrv. sjálfu, athugasemdum með því, í athugasemdum með lánsfjárlagafrv., í þjóðhagsáætlun hæstv. ríkisstjórnar og umsögnum ýmissa helstu sérfræðinga um efnahagsmál sem fjallað hafa um þær staðreyndir sem fyrir liggja.

Nokkuð ljóst er að þau áform um u.þ.b. þriggja milljarða kr. halla í rekstri ríkisins á næsta ári sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir muni ekki fá staðist fyrst og fremst vegna vanáætlana af ýmsu tagi, vegna blekkingarleiks á ýmsum sviðum. Helstu sérfræðingar um þessi efni hafa með rökum sýnt fram á að með varfærnislegum áætlunum megi reikna með því að hallinn verði a.m.k. tvöfalt meiri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Jafnvel 4 milljörðum kr. meiri en þar er gert ráð fyrir. Það mundi þýða að ríkissjóðshallinn færi vaxandi á næsta ári og yrði allt að 2% af landsframleiðslu. Það liggur fyrir að erlendar skuldir eru að vaxa í hlutfalli af landsframleiðslu. Það liggur líka fyrir að greiðslubyrði skulda af útflutningsframleiðslu fer vaxandi. Það liggur fyrir að kaupmáttur hefur verið að rýrna á þessu ári a.m.k. um 8–9% þegar landsframleiðslan er að dragast saman um innan við 3%. Þannig hefur kaupmáttarrýrnunin verið þrefalt meiri á þessu ári en samdráttur landsframleiðslunnar gefur tilefni til. Það er svona venjuleg viðmiðun í þessum efnum að kaupmáttur hljóti að fylgja breytingum á landsframleiðslu. Á þessu ári hefur kaupmáttarrýrnunin orðið þrefalt meiri og á næsta ári er stefnt að allt að því 5% kaupmáttarrýrnun þó að landsframleiðslan dragist saman um 0,9%, ef ég man rétt, skv. áætlunum og stefnu ríkisstjórnarinnar. Verðbólga var í októberbyrjun í fyrra á þriggja mánaða mælikvarða um 13%. Hún er á sama tíma að ári liðnu orðin 23% og engar horfur eru á því að úr verðbólgu dragi á næsta ári. Þvert á móti hafa ýmsir sérfræðingar bent á að líklegt sé að sú stefnumörkun sem felst í fjárlagafrv. muni fremur leiða til þess að verðbólga aukist enn meir, en þó eru horfur á með þeim varfærnislegu áætlunum að verðbólgan verði á svipuðu stigi og á þessu ári.

Viðskiptahallinn hefur minnkað lítið eitt á þessu ári, úr 3,5% af þjóðarframleiðslu niður í 3% eða þar um bil, þó að útflutningur hafi verið að aukast. Þó að kaupmáttarrýrnunin hafi verið jafnmikil og raun ber vitni, þá er ekki um að ræða meiri árangur í því að ná niður viðskiptahalla en þetta og fyrirsjáanlegt er að á næsta ári eru litlar horfur á að enn dragi úr viðskiptahallanum og hefur ekki verið jöfnuður í viðskiptum eða afgangur á viðskiptum við útlönd síðan 1986. Þrátt fyrir ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um handaflsstýringu á vöxtum sýnast aðstæður vera með þeim hætti á fjármagnsmarkaði að vextir hafa í raun og veru lítið lækkað þrátt fyrir þann mikla samdrátt sem orðið hefur í þjóðfélaginu. Algengir vextir eru frá 7% og upp í 8–9% og í nýlegu Fréttabréfi Samvinnubankans eru dæmi um það að vextir séu upp í 15% af skuldabréfum. Í Fréttabréfi Samvinnubankans segir einnig að verðbréf þess sjóðs ríkisstjórnarinnar sem stundum hefur verið kenndur við hv. þm. Stefán Valgeirsson skili nú 8,5% ávöxtun. Allt þetta eru staðreyndir þrátt fyrir hinar miklu yfirlýsingar um handaflsstýringu á fjármagnsmarkaði. Þetta eru aðeins örfá dæmi um veruleikann, um þann nýja efnahagsgrundvöll og þann efnahagsramma sem hæstv. ríkisstjórn hefur markað og þetta frv. sem hér er til umræðu er hluti af.

Það vekur einnig athygli í framhaldi af hinum stóru yfirlýsingum hæstv. fjmrh. um það að í þessu frv. felist efnahagsramminn, felist sú stefnumörkun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem atvinnurekstrinn og launafólkið verði að beygja sig undir á næsta ári, að hæstv. sjútvrh. talar með öðrum hætti á fiskiþingi um þessi efni. Í ræðu sem hæstv. ráðherra flutti þar segir, með leyfi forseta:

„Á næstu mánuðum eru fyrirsjáanlegar ýmsar breytingar á starfsskilyrðum sjávarútvegsins. Laun munu hækka um tæp 2,5% á næstu tveimur mánuðum. Greiðslur verðbóta á freðfisk falla niður, en jafnframt hefur gengið mjög á innistæður í Verðjöfnunarsjóði til greiðslu verðbóta á aðrar afurðir. Tekinn verður upp virðisaukaskattur um næstu áramót. Það mun hafa víðtæk áhrif og m.a. leiða til jafnari starfsskilyrða innlendra fyrirtækja og samræma þau því sem gerist erlendis, en jafnframt hafa í för með sér nokkra bindingu fjármuna. Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegsins mun því falla niður um næstu áramót. Loks er nauðsynlegt að draga enn frekar úr þorskafla á næsta ári, þriðja árið í röð. Þessi atriði munu að óbreyttu leiða til versnandi afkomu sjávarútvegs á næsta ári og því er nauðsynlegt að sem allra fyrst liggi fyrir sá efnahagslegi rammi sem sjávarútvegurinn þarf að búa við."

Ég hlýt að vekja athygli á því að eftir hinar miklu yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að í fjárlagafrv. felist efnahagsramminn sem atvinnulífið verði að beygja sig undir, hæstv. ríkisstjórn hafi sagt sitt síðasta orð í þeim efnum, tekið endanlegar ákvarðanir sem ekki verði haggað og það þýði ekki með nokkru móti fyrir forustumenn atvinnuveganna eða launafólks að banka upp á hjá ríkisstjórninni og biðja um frekari aðgerðir, þá kemur hæstv. sjútvrh. og segir að nauð-

synlegt sé að sem allra fyrst liggi fyrir sá efnahagslegi rammi sem sjávarútvegurinn þurfi að búa við. Með öðrum orðum, hæstv. fjmrh. heldur því fram að efnahagslegi ramminn liggi fyrir í fjárlagafrv. fyrir sjávarútveginn eins og aðrar atvinnugreinar, en hæstv. sjútvrh. kemur fyrir fiskiþing og segir að þessi efnahagslegi rammi liggi ekki enn fyrir, en brýnt sé að ríkisstjórnin taki ákvarðanir um þann ramma sem sjávarútveginum er ætlað að starfa við. Og þykir nú ýmsum sem hæstv. sjútvrh. hefði kannski fyrr mátt kveða upp úr um það að þessi hæstv. ríkisstjórn tæki ákvarðanir um þann efnahagslega ramma sem sjávarútvegurinn á að starfa við. En hér ganga yfirlýsingar í gagnstæðar áttir. Þess vegna er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvað snýr upp og hvað snýr niður í þessum efnum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hvort er það hæstv. fjmrh. sem hefur kveðið upp úr um það af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að efnahagsramminn liggi endanlega fyrir fyrir allar atvinnugreinar og því verði ekki breytt eða er það hæstv. sjútvrh. sem hefur rétt fyrir sér í því að efnahagsramminn hafi ekki verið ákveðinn fyrir sjávarútveginn og brýn þörf sé á að gera það hið allra fyrsta? Á hvorum hæstv. ráðherra á þjóðin að taka mark? Til hvors á að líta? Hvor mælir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eða er það kannski svo að báðir tali fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar? Er það kannski svo að ríkisstjórnin sé bæði þeirrar skoðunar að ramminn hafi endanlega verið ákveðinn og líka þeirrar skoðunar að hann hafi ekki verið ákveðinn og brýnt sé að það verði gert hið allra fyrsta? Þessu þarf hæstv. forsrh. að svara hér í þessari umræðu. Það væri líka æskilegt að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hvernig staðið var að undirbúningi og afgreiðslu fjárlagafrv. Var í þeirri undirbúningsvinnu af hálfu ríkisstjórnarflokkanna fallist á að í forsendum fjárlagafrv. væri endanlegur rammi ákveðinn sem atvinnuvegirnir yrðu að beygja sig undir og gætu ekki gert tilkall til að breytt yrði? Var á þetta fallist? Var þessi stefnumörkun skýrt borin fram af hálfu hæstv. fjmrh. og var á hana fallist? Er hæstv. sjútvrh. að skjóta sér undan ákvörðunum sem teknar voru á undirbúningsstigi fjárlagafrv.? Nauðsynlegt er að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. geri grein fyrir þessum efnum hér í umræðunni.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum að þeim atriðum í skattamálum sem enn eru óvissu undirorpin og falla undir þann ramma sem hæstv. fjmrh. hefur sett og þetta frv. sem hér er til umræðu er hluti af. Í athugasemdum með fjárlagafrv. er tekið fram að á næsta ári sé gert ráð fyrir nokkrum breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs og þær helstar eru taldar að hækka eigi virðisaukaskatt í 26%, en greiða niður hluta af innlendum matvælum þannig að í reynd verði skatturinn aðeins 13%. Að skattleggja eigi vexti og breyta tekjuskattlagningu einstaklinga. Jafnframt er fjallað um ýmsar aðrar breytingar eins og um launaskatt, bifreiðagjald, stimpilgjöld og það frv. sem hér er til umræðu.

Þau áform sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi um breytingar á tekjusköttum einstaklinga eru býsna athyglisverð, ekki síst í ljósi þess hversu skammt er síðan grundvallarbreyting var gerð á lögum um tekju- og eignarskatt með staðgreiðslukerfinu sem lögfest var vorið 1987. Þá var gerð grundvallarbreyting sem hafði það að meginmarkmiði að lækka skatthlutfall, fækka frádráttarliðum og einfalda tekjuskattskerfið í heild sinni um leið og staðgreiðslu yrði komið á. Engum getur blandast hugur um að hér er um að ræða einhverja mestu breytingu á tekjuskattskerfinu sem gerð hefur verið. Þessi breyting var gerð í mjög nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og samtök launafólks í landinu og var í raun og veru einn þátturinn í þeirri þjóðarsátt sem svo hefur verið nefnd og gerð var á milli þessara aðila og þáv. hæstv. ríkisstjórnar í febrúar 1986. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn uppi áform um það og ákvarðanir ef skilja má athugasemdir með þessu frv. að þegar á næsta ári eigi að knýja fram breytingar á þessu sviði sem brjóta niður í veigamiklum atriðum þá kerfisbreytingu sem gerð var, þá einföldun skattkerfisins sem gerð var á sínum tíma. Nú eru sem sagt uppi áform um það að hækka skatthlutfallið verulega, bæta við nýju skattþrepi og tekjutengja í ríkari mæli en verið hefur barnabæturnar sem eru hluti af tekjuskattskerfinu.

Ég hef talið þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar vera mikið gagnrýniefni og undrunarefni vegna þess að Framsfl. átti í tíð þáv. ríkisstjórnar þátt í að gera þessa miklu breytingu og koma þessari miklu réttarbót fram. Hann virðist nú ætla að taka fullan þátt í að brjóta þetta kerfi niður. Og fram til þessa hefur ekki komið annað fram en að full samstaða væri um það milli stjórnarflokkanna að þessi boðaða stefna hæstv. fjmrh., þessi stefna Alþb. í skattamálum, yrði sameiginleg stefna Framsfl. og Alþfl. einnig. Í Alþýðublaðinu í gær er frétt sem gefur tilefni til að óska eftir skýringum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þar segir svo um þessi áform, með leyfi forseta:

„Samkvæmt heimildum Alþýðublaðsins hefur að undanförnu verið rætt innan ríkisstjórnarinnar að setja á sérstakt hátekjuþrep í tekjuskatti og miða það við 300 þús. kr. mánaðartekjur. Það eru einkum Alþb. og Framsfl. sem eru áfram um að þetta verði gert, en Alþfl. er hugmyndinni andsnúinn. Andstæðingar þessarar hugmyndar innan stjórnarflokkanna benda á að með þessu vinnist afskaplega lítið þar sem ekki sé umtalsverðar fjárhæðir að sækja fyrir ríkissjóð með þessum hætti auk þess sem sumir þeirra vilja kalla þetta aðför að staðgreiðslukerfinu, kerfi sem komið var á til einföldunar á skattheimtu og jöfnunar. Með þessu sé einvörðungu verið að flækja kerfið."

Ég vek athygli á að nýlega var upplýst, í tilefni af umræðum um mál sem mjög hefur verið á döfinni að undanförnu, að ritstjóri Alþýðublaðsins er ekki aðeins ritstjóri þess heldur hefur hann skv. flokkslögum Alþfl. jafnan rétt í þingflokki Alþfl. eins og kjörnir alþm. Þessi frétt í Alþýðublaðinu hlýtur, ekki síst með tilliti til þessara upplýsinga um réttarstöðu ritstjóra Alþýðublaðsins í þingflokki Alþfl., að vekja upp spurningar.

Er það svo að ekki sé samkomulag innan ríkisstjórn-

arflokkanna um þessa stefnumörkun? Hafði Alþfl. *aldrei fallist á þá breytingu á tekjuskattslögunum sem* hæstv. fjmrh. hefur sí og æ og í athugasemdum með fjárlagafrv. lýst að sé stefna hæstv. ríkisstjórnar? Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. svari því hvort Alþfl. hafi gert við þetta fyrirvara og sé í raun andvígur þessari yfirlýstu stefnu ríkisstjórnarinnar og vilji koma í veg fyrir að staðgreiðslukerfið verði eyðilagt. Eða er hér enn eitt dæmið um það að Alþfl. sé að feta inn á braut Framsfl. og lýsa yfir andstöðu við mál en ætli sér síðan að greiða því atkvæði á Alþingi?

Ég hef áður í umræðum hér rifjað það upp að í stefnuyfirlýsingu í skattamálum sem fylgir athugasemdum með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að hæstv. ríkisstjórn flytji breytingar á gildandi lögum um stimpilgjöld. Nú hefur einn af helstu forustumönnum Framsfl. í efnahagsmálum endurflutt frv. sem flutt var hér á síðasta þingi um afnám stimpilgjalda af hlutabréfum. Ekki er það nú alveg rétt farið af minni hálfu með efni þessa frv. því að þar var um að ræða mjög verulega lækkun en ekki endanlegt afnám á stimpilgjaldi af hlutabréfum.

Þegar einn helsti forustumaður Framsfl., og stjórnarflokkanna þar af leiðandi, í efnahagsmálum flytur frv. af þessu tagi er ástæða til þess að hæstv. fjmrh. svari því hvort þetta frv. er það sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér að standa að í þessum efnum eða hvort hæstv. fjmrh. ætlar sjálfur að flytja frv. um breytingu á stimpilgjöldunum og hvort það væri þá í einhverju frábrugðið því frv. sem hv. 10. þm. Reykv. hefur endurflutt og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir fullum stuðningi við.

Það er líka ástæða til þess að vekja á því athygli hér við þessa umræðu að það var eitt af fyrstu verkum núv. hæstv. fjmrh. að gera tilraun til þess að brjóta niður það séríslenska fyrirbrigði að ýmis samtök almennings í landinu sem staðið hafa að uppbyggingu í velferðar- og menningarmálum og fengið hafa svigrúm til þess að afla tekna, að að þeim yrði ráðist með þeim hætti að taka að verulegum hluta sjálfsaflafé þessara félagasamtaka inn í ríkissjóð. Þetta átti að gera gagnvart Öryrkjabandalaginu, íþróttasamtökunum í landinu og Háskóla Íslands. Þessi áform mættu mjög harðri andstöðu hvarvetna í þjóðfélaginu, ekki síst hér á Alþingi af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna, en það gerðist svo eftir fund í Framsóknarfélagi Reykjavíkur að hv. 10. þm. Reykv., þm. Framsfl. í Reykjavík kvað upp úr um það að við þessi áform um skattlagningu á happdrættispeningum almannasamtaka og Háskóla Íslands væri enginn stuðningur í Framsfl. Ég hygg að það hafi kannski ráðið úrslitum um að hæstv. fjmrh. varð að gefast upp í aðför sinni að þessum samtökum.

Nú er enn einu sinni gerð tilraun af svipuðu tagi sem miðar að því að taka hluta af framkvæmdafé Háskóla Íslands, sem hann fær úr afrakstri af Happdrætti Háskólans, inn í verkefni sem ríkissjóður á að standa undir lögum samkvæmt. Hér er verið að skattleggja Háskólann, hér er verið að skattleggja æðri menntun í þjóðfélaginu.

Nú er það spurning til hæstv. forsrh. hvort þess sé að vænta að enn á ný bresti stuðningur í Framsfl. við aðför að Háskóla Íslands af þessu tagi. Má vænta þess aftur á þessu þingi? Eða hefur Framsfl. forherst svo á þessu eina ári að þar sjái menn lítið ljós og muni að þessu sinni taka þátt í herferð hæstv. fjmrh. gegn Háskólanum?

Eitt af höfuðatriðunum í skattastefnunni sem fjmrh. hefur lýst og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrv. er það að ríkisstjórnin ætlar að hefja skattlagningu á sparnaðinn í landinu. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvers konar glapræði það er að taka upp skattheimtu af því tagi, ekki síst með tilliti til þeirra efnahagslegu aðstæðna sem við búum nú við. Augljóst er að það mun draga úr sparnaði. Og þegar erlendar skuldir eru að vaxa og hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu mun ná nýju Íslandsmeti á næsta ári samkvæmt lántökustefnu ríkisstjórnarinnar þá er nú ekki vænlegt að leggja skatt á innlendan sparnað og stuðla að því að hann dragist enn frekar saman. Þess vegna vakti það athygli að Tíminn, málgagn Framsfl., hefur birt frétt frá aðalfundi Framsóknarfélags Reykjavíkur sem haldinn var 30. okt., þar sem samþykkt eru harðorð mótmæli gegn þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Framsóknarfélag Reykjavíkur hefur þannig gengið gegn þessu höfuðstefnumáli hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. í skattheimtu.

Nú vil ég gjarnan óska eftir því að hæstv. forsrh. svari því hvort þessi samþykkt Framsóknarfélagsins í Reykjavík muni hafa einhverjar breytingar í för með sér á afstöðu ráðherra og þingmanna Framsfl. við þessi stefnuáform ríkisstjórnarinnar. Hér er um að ræða mjög skýra samþykkt og mjög eindregin mótmæli framsóknarmanna í Reykjavík. Ég hygg að frummælandi á þeim fundi hafi verið Finnur Ingólfsson, varaþingmaður framsóknar hér í Reykjavík og einn af helstu forustumönnum Framsfl. og aðstoðarmaður heilbr.- og trmrh. Mun þessi samþykkt breyta í einhverju stefnu Framsfl. eða ætlar þingflokkur framsóknarmanna að virða að vettugi þessa kröfu framsóknarmanna í Reykjavík, að fallið verði frá þessum áformum?

Þá ætla ég í nokkrum orðum að víkja að einu atriði er snertir virðisaukaskattinn. Í stefnuræðu sem hæstv. forsrh. flutti fyrir ekki mörgum dögum síðan hér á hinu háa Alþingi tekur hann fram að það hafi verið ákveðið í ríkisstjórninni að greiða niður hluta af virðisaukaskattinum þannig að hann jafngildi 13% skattlagningar á nauðsynlegustu innlend matvæli, mjólk, kjöt, grænmeti og fisk. Og hæstv. forsrh. bætti meira að segja um betur og sagði að það væri í sérstakri athugun hvort ekki mætti beita þessum niðurgreiðslum einnig að því er varðaði gróf brauð.

Nú er það svo að þegar ákveðið var að leggja söluskatt á matvæli þá var sú krafa gerð af hálfu Sjálfstfl. að sá söluskattur yrði endurgreiddur að fullu á tilteknum tegundum matvæla og um það varð samkomulag í þáv. ríkisstjórn. Söluskatturinn var að fullu greiddur niður á mjólk og kjöt og að hluta til á

fisk. Það var síðan ákveðið í þáv. ríkisstjórn að fela þáv. landbrh. og þáv. fjmrh. að framkvæma og taka ákvarðanir um framkvæmd á sams konar niðurgreiðslu á grænmeti. En þeir hæstv. ráðherrar komu þeirri ákvörðun ekki í verk.

Sumarið 1988 var það áform þáv. fjmrh. að falla frá þessum ákvörðunum og draga úr niðurgreiðslunni á söluskattinum, þ.e. að byrja í fyrsta sinn að leggja söluskatt á þessar tilteknu matvörutegundir. Frá því var horfið vegna þess að um það gat ekki orðið samstaða af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Nú eru uppi um það áform í hæstv. ríkisstjórn, þegar virðisaukaskatturinn tekur við, ekki að niðurgreiða virðisaukaskattinn að fullu á þessum matvörum, eins og ákveðið var á sínum tíma þegar söluskatturinn var lagður á, heldur aðeins að hluta. En það sem vekur kannski einna mesta athygli í þessu sambandi er þetta: Um leið og hæstv. forsrh. hefur verið látinn lýsa því yfir í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar að þessi hálfa niðurgreiðsla eigi að koma á mjólk, kjöt, grænmeti og fisk og meira að segja verði tekið til athugunar að hún komi líka á gróf brauð, þá kemur hæstv. fjmrh. og lýsir því yfir um leið og hæstv. forsrh. er búinn að flytja stefnuræðu sína að í fjmrn. sé í athugun að gera þetta með allt öðrum hætti þannig að þessi niðurgreiðsla komi aðeins á mjólk og kjöt en ekki á fisk og grænmeti og aðrar tegundir íslenskra matvæla. Og það er athyglivert, því að nokkuð ljóst má vera að þessi athugun hlýtur að hafa tekið nokkurn tíma, að hæstv. fjmrh. kýs að bíða með að greina frá þessari sérstöku athugun fjmrn. þangað til að hæstv. forsrh. er búinn að flytja stefnuræðu sína sem gengur í þveröfuga átt.

Nú hlýtur það þess vegna að vera spurning til hæstv. ríkisstjórnar hvaða áform hún hefur í raun og veru uppi í þessu efni. Er það það sem hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni? Eða felast áformin í þeim athugunum sem hæstv. fjmrh. greindi frá um leið og hæstv. forsrh. var búinn að flytja stefnuræðuna? Það er ástæða til á þessu stigi að óska eftir skýrum svörum um þessi atriði af hálfu hæstv. forsrh.

Herra forseti. Ég hef hér með örfáum orðum vikið að nokkrum þáttum í þeirri mynd sem óhjákvæmilega hlýtur að falla inn í þann ramma sem hæstv. fjmrh. hefur smíðað utan um þá umræðu sem hér fer fram og það frv. sem hér er til umfjöllunar er hluti af. Ljóst er af þessu að margir veigamiklir þættir í efnahagsstefnunni eru í mikilli óvissu, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Í fyrsta lagi liggur fyrir að einn helsti forustumaður Alþfl. í verkalýðshreyfingunni, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, hefur lýst því yfir að launaforsendur fjárlagafrv. fái ekki staðist.

Í öðru lagi hefur hæstv. sjútvrh. lýst því yfir að enn eigi eftir að ákveða þann ramma sem sjávarútvegurinn eigi að starfa við á næsta ári þó að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir að sá rammi sé endanlega ákveðinn og óhagganlegur í fjárlagafrv.

Í þriðja lagi liggur fyrir að Alþýðublaðið hefur upplýst að Alþfl. sé andvígur þeirri sameiginlegu stefnu Alþb. og Framsfl. að brjóta niður þá nýbreytni í tekjuskattsálagningu sem tekin var upp 1987, þvert ofan í þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið um það að ríkisstjórnin sé sammála í þessu efni.

Og í fjórða lagi minni ég hér á að Framsóknarfélag Reykjavíkur hefur samþykkt harðorð mótmæli gegn þeim áformum hæstv. ríkisstjórnar að leggja skatt á sparnaðinn í landinu.

Ég ætla ekki hér að tína til fleiri dæmi af þessu tagi en þau sýna svo ekki verður um villst að þessi mál öll eru verulegri óvissu undirorpin og hæstv. forsrh. má hafa sig allan við að tína saman brotabrotin í þessari umfjöllun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Til umræðu mun vera frv. til laga um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en hv. 1. þm. Suðurl. hefur kosið að ræða hér um efnahagsmálin almennt. Ég hlýt að fagna því, því ég hef heyrt ákaflega lítið á þau minnst í ræðum hv. þm. síðustu vikurnar. En ég skal leitast við að svara þeim spurningum sem hann hefur borið fram.

Í fyrsta lagi heyrði ég hann spyrja um það hvort samstaða væri í ríkisstjórninni um meginforsendur fjárlagafrv. Það er að sjálfsögðu full samstaða um þær í ríkisstjórninni. Þessar forsendur komu einnig mjög greinilega fram í þjóðhagsáætlun. Í þjóðhagsáætlun er því m.a. spáð að meðalverðbólga muni frá þessu ári til næsta árs verða um 16% sem er veruleg lækkun á verðbólgu borið saman við árin 1988 og 1989. Forsendurnar eru að sjálfsögðu tengdar þeirri tekjuþróun sem verður á næsta ári. Til þess hefur ríkisstjórnin ekki tekið afstöðu. Tekjuþróunin er að sjálfsögðu málefni vinnumarkaðarins. En spá ríkisstjórnarinnar í þeim efnum kemur fram í þessum forsendum verðlagsþróunar á næsta ári. Við gerum okkur vonir um það að verðbólgan muni falla mikið á næsta ári. Ekki eins og hv. þm. lýsti hér áðan, ef ég skildi hann rétt, að verðbólga yrði svipuð á næsta ári og þessu.

Kaupmáttur hefur fallið á þessu ári, mun líklega falla um u.þ.b. 8–9%. Því veldur einnig að dregið hefur mjög úr þenslu. Og ég hygg að hv. þm. geti verið mér sammála um að það var afar mikilvægt að draga úr þeirri ofþenslu sem hér var á árunum 1987 og 1988. Vinnutími hefur því styst verulega. Og að sjálfsögðu ber þess að geta að inni í tölum um minnkandi kaupmátt ráðstöfunartekna felst einnig styttri vinnutími. Það hefur dregið mjög mikið úr yfirvinnu. Hér er því ekki eingöngu um að ræða minnkandi kaupmátt kauptaxta þó að rétt sé að kaupmáttur kauptaxta hafi einnig fallið nokkuð. Það er þó afar athyglisvert sem kom fram á nýlegum fundi hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja að kaupmáttur þeirra sem með lægstu launin eru hefur vaxið á þessum tíma en ekki fallið og því náðst að nokkru að jafna launin í þjóðfélaginu, þ.e. á meðal þeirra sem eru í meðal- eða lægri kaupstiga. Ég get því fullvissað hv. þm. um það að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Það er full samstaða í ríkisstjórninni

um þessar meginforsendur bæði þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrv.

Hv. þm. ræddi einnig um starfsskilyrði sjávarútvegsins og taldi þar bera nokkuð á milli þess sem fjmrh. hefur lýst og sjútvrh. Ég vek athygli hv. þm. á því að fjárlagafrv. verður ekki orðið að lögum fyrr en seint á þessu ári og fyrr er það að sjálfsögðu ekki orðin ein meginforsenda þessa starfsgrundvallar í atvinnulífinu almennt. Og ýmislegt mun skýrast fyrir þann tíma. Þarna ræður einnig t.d. raungengið að sjálfsögðu mjög þegar skoðaður er starfsgrundvöllur sjávarútvegsins. Raungengið hefur lækkað afar mikið í tíð síðustu og þessarar ríkisstjórnar. Frá því í byrjun október í fyrra hefur raungengið á mælikvarða launa lækkað um nálægt 14% og á mælikvarða verðlags um nálægt líklega 5–6%. Því er spáð að raungengi verði í lok þessa árs orðið fyrir neðan það meðaltal sem hefur verið á öllum áratugnum 1980–1990. Ég vísa til þess að hv. þm. Sjálfstfl. hafa réttilega hér á þingi lýst afar miklum áhyggjum með of hátt raungengi. Þetta kom fram í ræðu eftir ræðu á síðasta þingi. Þarna hefur sem sagt tekist að lækka raungengið mjög. En á sama tíma er þó að mati Þjóðhagsstofnunar, eins og glöggt kemur fram í þjóðhagsáætlun, verðbólga á þessu ári, ef ég man hvernig það er orðað þar, nokkurn veginn nákvæmlega sú sama og á sl. ári. Það er út af fyrir sig afar mikill vinningur að hafa þó komið raungengi þetta langt niður og niður fyrir það sem raungengi var 1987. En á sama tíma hefur ekki orðið sú hækkun á verðlagi, verðbólgu eins og verið hefur á öllum samdráttarskeiðum þegar reynst hefur nauðsynlegt að lækka raungengi. Það sýnir mjög glöggt samanburður allt frá stríðsárum.

Það er hárrétt sem kemur fram hjá fjmrh. að starfsgrundvöllur atvinnuveganna er mjög að mótast og fjárlagafrv. á þar vitanlega mjög stóran þátt í. En inn í þetta spilar einnig hvernig lokið verður þeirri greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sem enn á sér stað og sömuleiðis hvort þær verðhækkanir, sem nú eru erlendis á fiskafurðum, verða varanlegar og verða víðar en t.d. bara á Bretlandsmarkaði. Það eru ákveðnir hlutir núna að gerast sem ráða vitanlega samhliða fjárlagafrv. afar miklu um starfsgrundvöll sjávarútvegsins.

Þessi mál hafa að sjálfsögðu verið ítarlega rædd í ríkisstjórninni og m.a. komið fram hjá sjútvrh., sem hann hefur lýst á fiskiþingi, að þarna eru ákveðnir þættir sem eru enn þá í mótun. Og ég hef ekkert farið leynt með það þar sem ég hef rætt um þessi mál, að ef ekki verður verðhækkun erlendis sem mætir t.d. þeim 3% sem greidd eru úr Verðjöfnunarsjóði, þá hlýtur gengið enn þá að síga eitthvað eða raungengi enn að lækka nokkuð.

Ég er því miður ekki með grg. sem ég fékk frá Seðlabankanum núna fyrir tveimur dögum um samkeppnisstöðu og þróun raungengis þar sem Seðlabankinn metur nú að enn meira hafi áunnist að þessu leyti heldur en áður var metið, og telur reyndar að raungengi hafi lækkað meira og samkeppnisaðstaðan, þá vitanlega að teknu tilliti til þróunar allra þeirra þátta sem þar spila inn í, hafi lagast enn meira en við höfðum áður haft upplýsingar um. Það bendir því allt til þess að það sé að nást alveg á næstunni, sem sjávarútveginum var lofað þegar samningar voru gerðir 30. mars sl., að afkoman að mati Þjóðhagsstofnunar sem var samkomulag um að leggja til grundvallar yrði í heildina eða að meðaltali fyrir ofan núllið á samningstímanum. Og það veit ég að hv. þm. getur tekið undir með mér að er afar mikilvægt.

Ég get því ekki betur séð en að þessar yfirlýsingar séu réttar. Fjárlagafrv. á stóran þátt í að skapa rammann en það eru þarna vissir þættir sem sjútvrh. vísar til sem enn þá eru í mótun.

Það er ærimargt fleira sem gerst hefur á þessu ári sem verður að teljast mjög jákvætt. Hv. þm. talar nokkuð um viðskiptahallann sem hann benti réttilega á að hefur minnkað. Mikilvægara er þó í þessu sambandi að vöruskiptajöfnuðurinn er nú jákvæður í fyrsta sinn eftir nokkur ár. Áætlað hefur verið að vöruskipti yrðu jákvæð um 5 milljarða kr. en það bendir ýmislegt til þess nú eftir síðustu tölur og þegar tekið er tillit til þess að enn þá er mikil framleiðsla í sjávarútvegi að vöruskiptajöfnuðurinn geti orðið enn jákvæðari. Ég leyfi mér því að fullyrða að þessi jákvæði vöruskiptajöfnuður, og sömuleiðis sú staðreynd að verðbólgan hefur ekki aukist, skapi mjög traustan grundvöll til þess að ná miklum árangri á næsta ári. Og ég veit að hv. þm. fagnar því að sjálfsögðu einnig fyrir hönd þjóðarbúsins.

Hv. þm. kom víða við. Meðal annars nefndi hann nýlega samþykkt í Framsóknarfélagi Reykjavíkur um skattlagningu á sparifé. Framsfl. hefur samþykkt, hvað sem einstök félög kunna svo að álykta, að það eigi að samræma skattlagningu á ýmiss konar eignir, þar með taldar fjármagnseignir og fasteignir og sú stefna hefur verið mörkuð að gera þetta með því að skattleggja raunvexti fyrir ofan 1–2% af sparifé og lækka á móti eignarskatta, sérstaklega það hæsta þrep sem lagt var á á sl. ári. Hvað svo sem liggur að baki þessari samþykkt þá get ég fullvissað hv. þm. um að um þetta er full samstaða innan þingflokksins, m.a. vegna þess að við teljum nauðsynlegt að lækka hátekjuþrepið sem lagt var á í fyrra ef ekki að afnema það af öllu leyti. Við teljum líka eðlilegt, og ég man eftir því að við töluðum um það þegar við sátum saman í stjórn, að það væri afar eðlilegt að samræma skatttekjur á mismunandi eignarform, þannig að ég vona að hv. þm. geti staðfest það að slík samræming er eðlileg.

Ég gæti að vísu rætt um mörg fleiri atriði, ég man nú ekki hvort það voru fleiri beinar spurningar til mín í þessu sambandi. Út af fyrir sig væri afar þarft hér að taka góða málefnalega umræðu um þróun efnahagsmálanna. Ég tel að erfiðleikar í efnahagslífinu verði í upphafi næsta árs fyrst og fremst á sviði verslunar og þjónustu sem, af mjög eðlilegum ástæðum, verður nú fyrir þeim samdrætti sem hófst í sjávarútvegi sem ég tel að við séum að komast jafnt og þétt og markvisst yfir. Ég verð hins vegar að taka undir það með

ágætum manni sem vinnur að fjárhagslegri endurskipulagningu á þeim sviðum að upp úr því mun væntanlega rísa traustari og öruggari verslunar- og þjónustustarfsemi í þessu þjóðfélagi. Það er því skoðun mín og skoðun ríkisstjórnarinnar að þegar kemur fram yfir mitt næsta ár verði hér orðin æðimikil breyting á efnahagssviðinu. Verðbólga orðin lág, vonandi og að öllum líkindum komin niður fyrir 10% ef ekki gerist eitthvað mjög óvænt í verðlagsmálum sjávarafurða erlendis. Eins og ég lýsti í minni stefnuræðu gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að afnema alla verðtryggingu fjármagns — alla segi ég að vísu, a.m.k. á öllum meðal og skemmri lánum, það er enn þá verið að ræða um allra lengstu lánin eins og hjá lífeyrissjóðum, hvort þau eigi að vera verðtryggð áfram, og við gerum okkur vonir um að þá séum við Íslendingar komnir í botninn á þessu samdráttarskeiði og getum séð fram á hagvöxt á ný.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um þá er í rauninni frv. um skatt á verslunarhúsnæði það mál sem hér er til umræðu en það fer ekki hjá því að einmitt sá skattur veki mann til umhugsunar um hvernig staðið hefur verið að málum varðandi framlagningu frumvarpa hér í þinginu. Ég hygg að það verði enginn sérstakur ágreiningur um þetta frv. né það sem næst er til umræðu, í báðum tilfellum er um að ræða að staðfesta nokkuð sem þegar er í gildi þó í öðru tilfellinu sé um að ræða smá kerfisbreytingu, þ.e. að innheimt skuli mánaðarlega í staðinn fyrir á tveggja mánaða fresti. Og ég á ekki von á að það komi fram nein undir- og yfirboð varðandi þessi tvö frv.

Hvorugt þessara frv. boðar nokkrar breytingar, hvorki á tekju- eða gjaldaliðum ríkisins né fyrirtækja. Aftur á móti hefur þegar verið boðað að fram undan séu umtalsverðar skattbreytingar og kerfisbreytingar, bæði á tekju- og útgjaldaliðum ríkissjóðs, heimila og fyrirtækja. Verður þá auðvitað fyrstur fyrir virðisaukaskatturinn sem á að taka gildi um næstu áramót. En þar er svo mörgum spurningum ósvarað að það hlýtur að vekja undrun að ekki skuli þegar verið komin fram hér á Alþingi einhver þau lög sem þarf að breyta til þess að hægt sé að taka upp skattinn.

Nýlega gaf fjmrn. út fréttatilkynningu vegna fyrstu reglugerðanna við lög um virðisaukaskatt. Þar er boðað að það eigi eftir að gera hvorki meira né minna en fjórtán reglugerðir um þau mál sem ekki er ágreiningur um í virðisaukaskattinum. Þessar reglugerðir þurfa auðvitað að liggja fyrir áður en bæði skattheimtan og þeir sem eiga að gjalda þennan skatt hverju sinni geta vitað hvernig farið skuli með framkvæmd skattsins. Auk þess eru boðaðar breytingar á löggjöf um málefni sem ekki er ágreiningur um. Það kann að verða fljótlegt þegar þar að kemur, ekki skal ég spá neinu um það, en síðan eru hér atriði sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir þurfa að taka afstöðu til sem fyrst. Þeir virðast ekki hafa gert það enn þá og náttúrlega er vert að benda á að þegar ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir eru búnir að taka afstöðu þá á Alþingi eftir að taka afstöðu. Innifalin í þessum atriðum eru hvorki meira né minna en tvö stærstu ágreiningsmálin um virðisaukaskattinn þegar hann var hér til umræðu á Alþingi: Hvernig framfylgja skal lögunum varðandi virðisaukaskatt á matvöru annars vegar, og einnig virðisaukaskatt á blöð, tímarit, bækur, útvarp og sjónvarp. Það hlýtur öllum að vera í fersku minni að þetta voru tvö helstu ágreiningsatriðin þegar frv. var til umræðu.

Þegar finnst manni örla á, í kaflanum um matvörur, að verið sé að reyna að finna leiðir út úr því að hafa lægra þrep á matvöru. Þar er útskýrt með flóknu orðalagi hvernig vart sé hægt að koma þessu við og því sé e.t.v. heppilegra að fella þegar liði úr undanþágunum og væntanlega er það þá gert í nafni einföldunar og skilvirkni eins og svo ótalmargt annað sem yfir þjóðina hefur gengið í skattamálum. Sama gildir svo þegar kemur að hinu stóra ágreiningsmálinu, þ.e. virðisaukaskatti, sem gjarnan hefur verið talað um sem virðisaukaskatt á menningu. Þó nú sé búið að boða það að gerðar verði breytingar sem undanskilji leiksýningar og tónleika, þá eru auðvitað eftir stórmál í virðisaukaskattinum. Það eru færð að því vægast sagt undarleg rök í þessu plaggi að það sé nánast þjóðarnauðsyn að leggja virðisaukaskatt á bækur og sannar nú bara að flest er með þeim hætti að oftast er hægt að finna einhverjar rökfræðilegar leiðir að niðurstöðum. Þó virðist manni bera hæst að kerfið verði að lúta lögmálum og því verði önnur sjónarmið, hvort sem það eru mannleg sjónarmið, menningarleg sjónarmið eða ýmislegt af því tagi sem óhöndlanlegra er, að lúta í lægra haldi fyrir kröfum kerfisins til þess að kerfið sjálft geti verið einfalt og skilvirkt.

Það eru fleiri stór tíðindi boðuð í fjárlagafrv. og ýmsum fylgiplöggum þess. Þar er t.d. boðað að eignarskattur muni lækkaður. Eru menn þá náttúrlega að bæta fyrir þau mistök sem voru gerð þegar hann var lagður á sl. ár og sem reyndist, þegar til kom, koma miklu verr og óréttlátar niður en menn höfðu ímyndað sér og sýnir e.t.v. hve flaustrið er hættulegt þegar kemur að málum eins og þessum. Sýnir nauðsyn þess að mál séu lögð fram miklu fyrr og því meira áríðandi, þeim mun flóknari sem þau eru, því fyrr þurfa þau að koma fram svo það sé ekki verið að samþykkja hér á hinu háa Alþingi lög sem þarf að taka jafnóðum til baka vegna þess að ekki var séð fyrir endann á því hvernig þau kæmu út.

En það er jafnframt boðað að til þess að lækka eignarskattinn eigi að leggja á aðrar tekjur, þ.e. að það eigi að skattleggja fjármagnstekjur.

Nú höfum við kvennalistakonur verið fullkomlega sammála því að skattleggja tekjur af ýmsum eignum með sama hætti og launatekjur og það sé í réttlætisátt að gera það. En það gildir um þessa skattbreytingu eins og aðrar að það má ekki flana að henni, því þetta eru mikilsverðar ákvarðanir.

Það er ár síðan hæstv. fjmrh. boðaði að hátekjuþrep yrði skoðað, þ.e. annað stig í tekjuskatti. Þetta er enn boðað og við erum engu nær um hvernig á að

standa að því eða með hverjum hætti eða við hvaða tekjur skal miðað.

Við kvennalistakonur höfum heldur lagst gegn því að samþykktur yrði að svo komnu máli skattur á fjármagnstekjur af ýmsu tagi, fyrst og fremst vegna þess að framkvæmdin er flókin og það verður að taka sér betri tíma til undirbúnings ef vel á að fara. En það virðist því miður stefna í það að hér verði á örfáum dögum hlaupið í svo mikilvægar ákvarðanir. Þá hlýtur maður að hugsa til fjárlagafrv. sjálfs, þ.e. forsendna þess, hverjar þær eru og hverjar líkur eru á að þær standist. Það kom auðvitað mjög glöggt fram í fjárlagafrv. sjálfu og ýmsum öðrum plöggum þar að lútandi og einnig kom það vel fram í máli hæstv. forsrh. hér áðan að þar er svo mörgum spurningum ósvarað að í rauninni er ekki hægt að ræða um þetta fjárlagafrv. af neinu viti því forsendur eru meira og minna byggðar á einhverjum staðreyndum sem ekki er vitað hverjar eru, þ.e. eru byggðar á einhverju staðreyndaleysi.

Það er nokkurn veginn vitað mál að t.d. launaforsendur standast ekki, ég held það detti ekki nokkrum heilvita manni í hug að ekki komi til einhverra launahækkana á næsta ári. Mjög ólíklegt er að forsendur um verðbólgu standist, eða standist betur nú en t.d. á síðasta ári, og þegar tekjuliðir eru svo óljósir eins og raun ber vitni, hvernig er þá í rauninni hægt að bera fram þetta fjárlagafrv. eða ætlast til þess að fólk ræði það hér? Enda var það náttúrlega helsta innihald þeirra ræðna sem fluttar voru hér í fyrstu fjárlagaumræðunni að bent var aftur og aftur og aftur á hversu forsendur væru slakar og því erfitt í rauninni að ræða það.

Þó að þessi litli, tiltölulega saklausi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé e.t.v. ekki tilefni svona mikilla ræðuhalda þá er hann þó einmitt gott dæmi um vinnubrögð. Það var varla fyrr búið að hækka þann skatt en menn sáu að sér og lækkuðu hann aftur. Því er hann ágætt dæmi sem hafa má sem víti til varnaðar. Þó að nauðsyn sé auðvitað að staðfesta þennan skatt og næsta frv. sem hér kemur á eftir, þá vildi ég satt að segja óska að fljótt sæju dagsins ljós hér öllu merkilegri og meira áríðandi frv. sem skipta miklu meira máli, bæði fyrir ríkissjóð, fyrirtæki, einstaklinga og heimili.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að halda mig við það mál sem hér er á dagskrá þó að vissulega sé tilefni til að fara um víðan völl eins og ræðumenn hafa verið að gera. Vissulega er tilefni til að spyrja hv. varaþingmann, hæstv. fjmrh., prófessor og kennara við Háskóla Íslands, hvort hann ætli virkilega að standa á því að taka tekjur happdrættis Háskólans til þess að byggja upp Þjóðarbókhlöðu þegar til er markaður tekjustofn fyrir það ákveðna verkefni. Vissulega er ástæða til að fara út í virðisaukaskattinn og spyrja þar fjölmargra spurninga eins og t.d. varðandi húshitunarkostnað, varðandi byggingariðnaðinn, varðandi innflutninginn. Verður heimiluð tollkrít eður ei? Það eru fjölmargar spurningar sem hægt er að spyrja í þessa veru.

Ég ætla hins vegar að segja örfá orð um það frv. sem hér er lagt fram og er árlegt frv. Eins og sl. tvö ár andmæli ég því kröftuglega og fæ reyndar ekki séð hvernig ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti getur leyft sér að leggja fram slíkt frv. sem þetta. Og ég óska jafnframt eftir skýringum á því hvaða jafnrétti felist í því að taka eina atvinnugrein út úr og skattleggja hana með þeim hætti sem hér er gert.

Forsrh. lýsti því hér yfir áðan undir dagskrárliðnum skattlagning á verslunar- og skrifstofuhúsnæði að helstu erfiðleikarnir yrðu í verslun og þjónustu. Verslun og atvinnulíf hér er nú í molum eins og menn vita og ekki hvað síst einmitt í þessum geira. Uppsagnir í stórum stíl og lokanir á verslunum og fyrirtækjum. Þessi skattur hefur þá afleiðingu að hann hækkar vöruverð og hann veldur því að það verða fleiri og fleiri uppsagnir og fleiri og fleiri lokanir. Það er því furðulegt að hlusta á fulltrúa Kvennalistans lýsa yfir stuðningi við frv. sem slíkt. Ég hefði haldið að Kvennalistinn vildi berjast fyrir stöðu kvenna í verslun sem annars staðar, fyrir lækkandi vöruverði eins og fyrri daginn.

Hæstv. forseti. Það er sjaldgæft að sjá stjórnarliða í salnum. Nú höfum við einn fulltrúa sennilega frá hverjum flokki. Mig langar að spyrja þann fulltrúa Borgaraflokks sem hér er, hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson, hvort hann hyggist styðja þetta frv. Borgaraflokkurinn greiddi atkvæði gegn þessu frv. á síðasta þingi að undanteknum einum þm., hv. þm. Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur. Nú vildi ég gjarnan heyra álit Borgaraflokks á því hvort þeir hafa kyngt þessari stefnu sinni eins og svo fjölmörgum öðrum.

Frjálslyndi hægriflokkurinn mun leggja fram brtt. við þetta frv. Hann mun leggja það til að þessi skattur verði lagður niður og ég vænti þess að sjálfsögðu að sjálfstæðismenn taki undir þá tillögu. Það er ekki nóg að taka lítið skref og lækka þetta örlítið. Þessi skattur á að fara út alfarið.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Karvels Pálmasonar að auðvitað á ríkisstjórnin að þekkja sinn vitjunartíma. Hann er löngu kominn. Að vísu stendur sá ákveðni þm. fyrir svona uppákomum á hverju einasta hausti og hefur sjálfsagt sitt út úr því. En hann mælti þó orð að sönnu hér í gær.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég hef hins vegar áhyggjur af því skilningsleysi stjórnvalda fyrir vanda verslunarinnar, skilningsleysi fyrir vanda þess fólks sem verið er að segja upp í stórum stíl, skilningsleysi á öllum þeim gjaldþrotum sem núna blasa við í þessum atvinnurekstri og skilningsleysi á þeim fjármunum og eignum sem eru að fara í vaskinn af völdum ríkisstjórnarinnar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er rétt sem hefur komið fram í máli manna að þetta er gamall kunningi þótt hann hafi tekið

nokkrum breytingum í gegnum tíðina. Hann á sér nokkuð langa sögu eða allt frá því að vinstri stjórn fyrir rúmum áratug lagði þennan skatt á. Röksemdirnar fyrir skattinum þá voru þær að hann ásamt nýbyggingargjaldi ætti að færa til fjármuni í þjóðfélaginu frá þeim sem hefðu grætt á verðbólgunni og til hinna sem hefðu tapað.

Þetta var meginröksemdin þá. Síðan er liðinn langur tími og margt hefur gerst í íslenskum efnahagsmálum sem ryður þessum röksemdum til hliðar. M.a. hefur því verið breytt að nú eru greiddir raunvextir og allduglegir raunvextir af lánum, sérstaklega eftir að ríkisstjórn hæstv. forsrh., ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sú fyrri, stóð fyrir því — það var samstjórn framsóknarmanna og sjálfstæðismanna — stóð fyrir því að gerðar voru þær breytingar á lögum um banka og vexti að vextir voru gefnir frjálsir til þess að ná fram jafnvægi á fjármagnsmarkaðinum. Það var eitt stærsta framfaraspor sem stigið hefur verið jafnvel þótt menn séu nú að reyna að berjast við afleiðingar þess eins og það hafi komið þeim á óvart að auðvitað hlutu vextir að hækka í kjölfar þessa frelsis vegna þess ójafnvægis sem var ríkjandi á markaðnum. Sem betur fer hefur hæstv. ríkisstjórn ekki gripið til handafls til að færa niður vextina, enda eru vextir nú talsvert hærri en fyrir 2–3 árum sem eðlilegt er þegar þess er gætt að núverandi hæstv. ríkisstjórn rekur þá stefnu í efnahagsmálum að afla lánsfjár erlendis og hérlendis til að standa undir þeim kostnaði sem ríkið þarf að greiða. Þetta sést m.a. á gífurlegum viðskiptahalla sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að halda, er í ár líklega 9–10 milljarðar sem er allveruleg upphæð.

Nú hefur ríkisstjórnin ekki einungis samþykkt að gleypa það í sig að það sé gífurlegur halli á fjárlögum yfirstandandi árs heldur leyfir hæstv. ríkisstjórn sér það að leggja fram fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir að hallinn sé verulegur eða tæpir 3 milljarðar. Það getur ekki leitt til annars en að brúa þurfi bilið með lántökum og ef yfirlýsingar hæstv. fjmrh. eru marktækar, þá hlýtur sú ásókn sem þá verður í innlenda fjármagnsmarkaðinn að leiða til verulegrar vaxtahækkunar nema stefnt sé í voða því markmiði að selja ríkisskuldabréf til að mæta hallanum.

Það hefur ekki nægilega komið fram í umræðum og skiptir verulegu máli þegar þetta frv. er til umræðu að verulegur hluti af því fjármagni sem ríkið aflar sér á *innlenda lánsfjármarkaðinum fæst með sölu ríkisvíxla*. Ég geri ráð fyrir því, hæstv. ráðherra mun leiðrétta mig ef ég fer rangt með, að vextir á ríkisvíxlum séu umtalsvert hærri en á ríkisskuldabréfum eða a.m.k. um 10% eða jafnvel hærri. Þetta er auðvitað lýsandi dæmi um það hvað hefur verið að gerast og er að gerast á fjármagnsmarkaðinum og nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka enn spennuna á þessum markaði, sem auðvitað stefnir markmiðum ríkisstjórnarinnar um jafnvægi í þjóðarbúskapnum í verulega hættu og gerir það að verkum að menn hljóta að efast nokkuð um orð hæstv. forsrh. og orð hæstv. fjmrh. þegar þeir lýsa ástandinu hér á landi eins og hér sé himnaríki á jörð.

Ef við lítum eitt ár aftur í tímann og könnum síðan reynsluna af því ári, þá er hægt að rifja það upp að fyrir tæpu ári síðan voru afgreidd fjárlög með 600 millj. kr. tekjuafgangi. Þetta var gert í kjölfar þess að hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. ríkisstjórn hafði hækkað skatta um rúma 7 milljarða og hæstv. núv. fjmrh. hafði látið gamminn geisa og lamið á forvera sínum, hæstv. ráðherra Jóni Baldvini Hannibalssyni, kallað stjórn hans á fjármálum ríkisins „milljarða mistök" og sagði að *nú yrði tekið á þessu máli* og sagðist skyldu sýna þingi og þjóð að nú væri kominn maður að ríkisfjármálunum sem gæti stjórnað þeim þannig að ríkið væri rekið með jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 600–700 millj. kr.

Hefur þetta gengið eftir? Hefur hæstv. fjmrh. komið hér í ræðustól á Alþingi á þessu hausti til þess að skýra þingheimi og þjóð frá því að honum hafi tekist þetta ætlunarverk, hann hafi ekki fetað í fótspor fyrirrennara síns og sýnt verulegan halla á fjárlögum? Hefur ekki hæstv. ráðherra komið hingað upp og sagt: Ég er maður sem stend við mín orð. Ég að vísu hækkaði skattana lítils háttar, svona um 7 milljarða eins og allir vita. Nú er liðið ár. Ég lofaði að skila ríkissjóði með tekjuafgangi. Hefur hann ekki komið hingað og sagt okkur frá því hve afgangurinn er mikill? Nei, þetta hefur hæstv. ráðherra ekki gert. Hann hefur hins vegar ekki hikað við að koma hér upp í ræðustól og lýsa ástandinu eins og það sé svo gott hér að allar aðrar þjóðir ættu að eiga þessa þjóð sem fyrirmynd í þessum efnum. Og hann hefur látið þess getið að það vanti nokkrar krónur upp á að það sé jöfnuður á niðurstöðutölum ríkissjóðs. Nokkrar krónur, sagði ég. Hverju skyldi nú hæstv. ráðherra spá í þessum efnum? 100 millj., 600 millj., svona álíka tölu eins og hann skildi eftir af niðurstöðutölum fjárlagafrv.? Nei, hæstv. ráðherra hefur skýrt frá því að líklega megi búast við því að þegar niðurstöðutölurnar liggja fyrir í lok ársins sýni þær hvorki meira né minna en að halli á ríkissjóði í ár verði tæpir 5 milljarðar. Var þetta ekki óvænt? Var þetta nokkuð sem hæstv. ráðherra gat gert að? Auðvitað er það þannig að sumt sjá menn ekki fyrir. Þar á meðal gerði hæstv. ráðherra ráð fyrir því á sínum tíma að verðlagsþróun yrði önnur en hún varð. Svo koma hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hér í stólinn ári seinna og ætlast til þess að þingheimur trúi þeim nú, að verðbólgan fari niður í 16% á næsta ári. Og hæstv. *forsrh. meira að segja, sem er nú bjartsýnasti maður á* Íslandi, maður verður stundum svo hissa þegar maður hlustar á hann blessaðan, hann leyfir sér að halda að á næsta ári náist það markmið að í 6 mánuði verði verðbólgan undir 10% og lofar þjóðinni því að þá sé hægt að hætta við verðtryggingu fjármagnsins. Ég spyr: Trúir hæstv. ráðherra þessu sjálfur? (**Forsrh.:** Já, hann gerir það.) Ja, mikil er trú þín kona, var sagt einu sinni. En ég verð að segja það, ef forsrh. trúir þessu sjálfur, þá er hann eini þm. sem trúir þessu. Og hvers vegna ekki? Hvers vegna trúa aðrir þessu ekki? Það er einfaldlega vegna þess að reynslan hefur sýnt okkur að þetta hefur aldrei gengið fram, jafnvel þó hæstv. forsrh. hafi, í undanförnum ríkisstjórnum sem

hann hefur átt sæti í, reynt að telja þjóðinni trú um þetta. Þessu trúir auðvitað ekki nokkur maður. Og Karl Steinar Guðnason alþm. gerði eins og barnið forðum, benti á keisarann og sagði: Hann er ber. Hann er ber. Vegna þess að hann er það raunsær, hann starfar í verkalýðshreyfingunni og veit að verðlagsforsendur næsta frv. eru út í bláinn því að það er algerlega ljóst að við þessar forsendur verður ekki unað. Þetta sagði einn af hv. þm. stjórnarliðsins á fundi úti í bæ. Hann tók að sér hlutverk barnsins að benda á beran keisarann sem kemur hér í ræðustól á hv. Alþingi til þess að telja okkur trú um það að verðbólgan sé á niðurleið. Sami maðurinn sem ásamt hæstv. fjmrh. gumar af því að verðbólga sé nú minni en áður. Hver var verðbólgan þegar þessi stjórn tók við? 11, 12, 13%. Hver er hún í dag? Hverjir eru vextirnir hjá ríkisbönkunum í dag? Það var verið að hækka þá, hæstv. forsrh. Eru þeir 25, 26 eða 27%? Eitthvað þar um bil. Og verðbólgan er heldur lægri. Með öðrum orðum, verðbólgan hefur nánast tvöfaldast í höndum þessara ágætu stjórnarherra hæstv. ríkisstjórnar á einu ári. Þetta er árangurinn. Svo koma þessir menn hér í ræðustól, berja sér á brjóst og segja: Á næsta ári verður þetta allt, allt öðruvísi. Þá verður verðbólgan miklu minni. Og ég segi: Hver trúir þessum mönnum? Jú, það er einn sem finnst til að trúa þeim, það er forsrh. sjálfur.

Fyrst ég hef þá félaga, hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh., hérna fyrir framan mig, það er sjaldgæft að sjá þá svona saman hér á þingfundi, er best að spyrja hæstv. sjútvrh. að því beint hvort hann sé tilbúinn til þess að gera hv. Alþingi þann heiður að endurflytja þá ræðu sem hann flutti fyrir skömmu og sagði frá því að það þyrfti að taka ákvörðun um þann efnahagsramma sem notaður yrði á næsta ári. Með öðrum orðum, hæstv. sjútvrh. gaf það í skyn að sá efnahagsrammi sem fælist í fjárlagafrv. væri ekki sá rétti. Nú er hæstv. sjútvrh. kominn hingað og af því að hann hefur nú tvö eyru og þarf ekki að hlusta með nema öðru á hæstv. fjmrh., þá veit ég að hann ljær mér hitt eyrað og okkur þegar ég spyr hann að því hvort hann vilji nú vera svo góður að koma hingað upp og segja okkur frá innihaldi þessarar ræðu og segja okkur frá því hvernig átti að skilja hann þegar hann flutti þjóðinni þennan boðskap annars staðar en hér á hinu háa Alþingi. Ég held að það væri fróðlegt fyrir okkur að fá að heyra frekari skýringar á því máli. Hann, ásamt hv. þm. Karli Steinari, hefur nefnilega sagt skýrt og skorinort að það sé harla lítið að marka það sem kemur fram í því sem hæstv. fjmrh. kallar efnahagsumgjörðina á næsta ári sem eru forsendur fjárlagafrv. og fjárlagafrv. sjálft.

Ég var að ræða, áður en ég lagði þessa fsp. fyrir hæstv. sjútvrh., um fjárlög yfirstandandi árs af því tilefni að hæstv. ráðherra segir okkur nú að á næsta ári verði allt breytt, þetta verði allt miklu betra heldur en á yfirstandandi ári. Það er sams konar ræða og hann flutti í fyrra. Ég var að fara í gegnum hallann á þessu ári sem nú er að líða og benti á að auðvitað er það ýmislegt sem getur breyst án þess að hæstv. ráðherra sé þar um að kenna. Ég var að minnast á verðlagsforsendurnar. Þær hafa breyst. Það má gera ráð fyrir því að það þýði svo mikið sem breytt útgjöld upp á líklega hálfan þriðja milljarð. Að vísu koma tekjur á móti, líklega um tveir milljarðar. Þar tapar ríkissjóður kannski 400–500 millj. skulum við gera ráð fyrir. En hæstv. ríkisstjórn hefur líka tekið ákvarðanir sem hafa valdið verulegum halla, líklega hálfum þriðja milljarði og eins og margoft kom fram í umræðunni um fjárlög á sl. ári, um fjárlög yfirstandandi árs, þá voru vanáætlanir í frv. og nú kemur það í ljós að slíkar vanáætlanir eru líklega tæpir 2 milljarðar. Hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér síðan að spara heilmikið eða um 1100 millj. og sá árangur næst nú varla. Ætli það náist ekki 700 millj. kr. sparnaður eða þar um bil þannig að eftir standi þar líklega tæpur hálfur milljarður. Nú kemur þessi sami hæstv. ráðherra og segir að menntmrn. ætli að spara eitt og sér 200 millj. kr. og ætlast til þess að menn trúi því. Auðvitað trúir þessu ekki nokkur maður. Ef þetta hefði verið ætlunin, þá auðvitað væri ljóst að það hefði verið sett inn í frv. Það getur vel verið að þeir hafi ekki fyrir nokkrum árum verið miklir vinir hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. en það er vitað nú að þeir sitja í sömu ríkisstjórninni, eru flokksbræður og tala stundum saman. Og ég efast ekkert um það að ef einhver vilji hefði verið að setja þetta inn í frv. þá hefði það verið gert. Staðreynd málsins er sú að hæstv. ráðherra menntamála ætlar sér auðvitað ekkert að spara. Þetta er bara sett á blað til þess að gefa okkur ranga hugmynd um það sem á að gerast á næsta ári.

Þetta nefni ég allt hér vegna þess að ég tel að það sé ástæða til þess að vara þingheim og vara þjóðina við því þegar þessir herrar koma nú annað skiptið í röð og segja að nú megi trúa þeim. Þetta hefur að vísu mistekist eitthvað í ár, en á næsta ári verður allt miklu bjartara.

Það hefur verið minnst á það hér og áður en hæstv. forsrh. gekk fram minntist hann á það að erfiðleikarnir væru ekki búnir, þeir væru að vísu ekki í sömu greinum og áður. Þeir væru ekki lengur að sama marki í frumframleiðslugreinunum, þeir hefðu færst yfir í þjónustugreinarnar og verslunina. Þetta sagði hæstv. ráðherra í umræðum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Í umræðum um skattlagningu á þær greinar sem eru í verslun og þjónustu. Hvernig getur hæstv. ráðherra látið þessa hluti koma heim og saman? Ef hann, sem er nú meistari sértækra aðgerða, hefði viljað eitthvað gera fyrir þessar greinar og koma til móts við þá erfiðleika sem eru uppi ekki síst í dreifbýlisversluninni þá hefði hann átt að standa að því að lækka duglega þennan skatt og jafnvel að afnema hann.

Saga þessa skatts á síðustu árum er sú að hann var 1,1%, hækkaði síðan í meðferð þessarar ríkisstjórnar í 2,2% ef ég man rétt, en var lækkaður síðan aftur á miðju ári, áður en hann var greiddur niður, í 1,5% og nú er gert ráð fyrir því að hann verði sá sami á næsta ári. Ég spyr hæstv. ráðherra, hæstv. fjmrh., finnst ekki hæstv. fjmrh. það skjóta nokkuð skökku við

þegar það er viðurkennt af æðsta manni þjóðarinnar, hæstv. forsrh., að erfiðleikarnir séu mestir í þeim greinum sem hér er verið að skattleggja sérstaklega? Er hæstv. fjmrh. sammála því sem hæstv. forsrh. sagði? Ef hann er sammála, finnst honum það þá rökrétt að halda áfram þessari skattlagningu? Þessum spurningum óska ég eftir að hæstv. ráðherra svari þegar hann tekur til máls hér síðar í þessari umræðu.

En það sem kannski vekur mesta athygli þegar við hér erum að ræða í dag um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði annars vegar og meiningin er að ræða hér síðar um launaskattinn, þar á að fjölga gjalddögum til þess að ná inn eitthvað meiri tekjum á næsta ári sem auðvitað bitnar síðan einhvern tíma á öðru ári en því (Gripið fram í.) — jæja, eða hvernig sem það er, það skiptir nú ekki máli, hæstv. ráðherra skýrir það út í umræðunni um það mál hér á eftir og kemur þá að því að menn fá nýjan skilning á því eins og svo ýmsu öðru þegar hæstv. ráðherra tekur til máls. En það sem vekur kannski mesta athygli er að hér skuli ekki vera komið inn á borð þm. frv. um virðisaukaskatt. Ástæðan er sú að vorið 1988 voru samþykkt lög frá Alþingi um virðisaukaskatt. Að vísu var hæstv. fjmrh. á móti þeirri skattlagningu. Líklega tók enginn meira upp í sig en hæstv. ráðherra þegar hann skammaði fyrrv. ráðherra, forvera sinn, Jón Baldvin Hannibalsson, vegna matarskattsins. Ég ætla nú ekki að rifja þetta upp einu sinni enn, hæstv. ráðherra. Þó að ég viti að ráðherrann vilji gjarnan að frá því sé sagt, þá ætla ég að geyma það til betri tíma. Ég sá nefnilega að þessi skelfingarsvipur kom á ráðherrann þegar hann hélt að ég ætlaði að fara að endurtaka það hér enn einu sinni. En það var ætlunin að virðisaukaskatturinn tæki gildi á miðju yfirstandandi ári. Hæstv. fjmrh. lagði þá fram frv. á Alþingi til frestunar á gildistöku virðisaukaskattsins. Hann skildi nú frestast um hálft ár, en það voru tvær meginástæður fyrir því. Önnur var sú að hann vildi fá lengri tíma til þess að undirbúa málið. Hin var sú að ef virðisaukaskatturinn tæki gildi á miðju ári mundu tekjur ríkisins rýrna.

Hvað hefur gerst frá þessum tíma? Jú, það er lagt fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir því að virðisaukaskatturinn hækki úr 22% í 26% og nú skal þess getið, til þess að menn glöggvi sig betur á því hvaða upphæðir hér er um að ræða, að hvert virðisaukaskattsstig gefur einn og hálfan milljarð í ríkissjóð. Með öðrum orðum: Þetta er 6 milljarða munur brúttó. Auðvitað kemur til frádráttar ýmislegt sem ég ætla ekki að nefna og hins vegar er ljóst að auðvitað hefði virðisaukaskatturinn þurft að vera ögn hærri eða 23,5% til þess að jafna út söluskattinn og ríkissjóður fengi þannig sömu tekjur og áður. Þetta höfum við lesið þannig að ekki tapast nú tekjur á næsta ári. Og líklega græðir ríkissjóður 3–4 milljarða ef hæstv. ráðherra nær þessum hugmyndum sínum fram. Það sem er hins vegar öllu alvarlegra er það að tíminn, þessir 6 mánuðir sem hann fékk til viðbótar til að undirbúa málið, hefur ekki verið notaður sem skyldi. Það eru aðeins, að því er ég veit best, komnar tvær reglugerðir af a.m.k. 14 reglugerðum sem þurfa að liggja fyrir og enn bíða menn eftir því. Menn, sem voru skyldaðir til þess samkvæmt lögunum fyrir daginn í dag að skýra frá því að þeir væru virðisaukaskattsgreiðendur, hafa sumir hverjir ekki hugmynd um það hvernig þeir eiga að greiða skattinn og til hvaða hluta skatturinn nær. Og hver er nú ástæðan fyrir þessu? Jú, hún er sú að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir hafa ekki komið sér saman um þessi mál. Þannig hefur þessi tími verið notaður. Og nú þegar við erum að ræða hér um gamlan kunningja, mál sem menn í sjálfu sér þekkja mjög vel og þurfa ekki að eyða miklum tíma í að hugsa um, þá vekur það auðvitað mesta athygli að fyrir þessum fundi og fyrir þinginu liggur ekki frv. til breytinga á lögum um virðisaukaskatt.

En ef maður lítur hins vegar í fjárlagafrv. þá sér maður að hæstv. ráðherra virðist ekki taka meira mark á sjálfum sér en svo að þrátt fyrir það að hér eigi að taka upp virðisaukaskatt á næsta ári þá ætlar hæstv. ráðherra að halda áfram að leggja jöfnunargjald á innflutning upp á 500 millj. kr. En allir vita að jöfnunargjaldið var lagt á til þess að jafna þann mun sem íslenskir framleiðendur og erlendir samkeppnisaðilar þeirra bjuggu við. Munurinn fólst í því að söluskatturinn er með þeim ósköpum gerður að í honum geta orðið uppsöfnunaráhrif og til þess að koma til móts við innlendu framleiðendurna þá var jöfnunargjaldið lagt á. En nú ætlar núv. hæstv. fjmrh. bæði að halda og sleppa. Hann ætlar sem sagt að leggja á virðisaukaskattinn en heldur áfram að leggja á jöfnunargjaldið. Og til þess að rökstyðja þetta hefur hann gengið svo langt að segja að hann geri þetta af því að það gerist innan Evrópubandalagsins að menn færi fé til jaðarbyggðanna. Með öðrum orðum: Réttlætingin fyrir að halda jöfnunargjaldinu, sem er auðvitað brot á samkomulagi okkar við aðrar þjóðir, felst í því að innan Efnahagsbandalagsins ríkir sú stefna að menn séu að færa peninga til jaðarbyggðanna og þess vegna sé það sjálfsagt að við gerum slíkt hið sama. Munurinn er bara sá, ég veit ekki hvort hæstv. ráðherrann hefur áttað sig á því, að hann ætlar að leggja skatt á okkur í ríkissjóð. Sem þýðir hvað? Sem þýðir það að vörur verða dýrari á Íslandi og vörur í Glasgow þess vegna hlutfallslega ódýrari og þess vegna miklu betra að fara þangað til að versla. Þetta gerist auðvitað vegna þess að hæstv. ráðherra hefur enga hugmynd um það hvernig hann ætlar að taka á þessum málum þegar að virðisaukaskattsárinu kemur.

Þetta sama gerist þegar hann hefur nú, að því er manni skilst, ákveðið að veita ekki gjaldfrest í tolli á virðisaukaskattinum, en það hækkar auðvitað vöruverð talsvert og gerir samkeppnisstöðuna lakari fyrir íslenska verslun gagnvart versluninni í Glasgow. Ég verð að segja það að margt hefur maður nú heyrt frá hæstv. ráðherra, en eitt hélt ég þó og það er að hann kynni eitthvað fyrir sér í verslun, því að hæstv. ráðherra er fyrrverandi stjórnarmaður í Kron. (**Fjmrh.:** Nei, nei, nei.) Jæja, félagsmaður í Kron.

(**Fjmrh.:** Ég er alltaf að segja það.) Jæja, hæstv. ráðherra komst ekki svo langt að vera stjórnarmaður í Kron. Hann var aldrei kosinn í stjórn Kron. Hann var hins vegar fulltrúi í Kron á þingum Sambands ísl. samvinnufélaga. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Jæja, loksins hefur þetta komist rétt frá og þá skilja menn að það gildir einu því að auðvitað sannar þetta að hæstv. ráðherra hefur mikið vit á verslun og ætti að hafa skilning bæði á verslun í Reykjavík, sem er svæði Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, og eins landsins alls sem samvinnuhreyfingin nær til. Þess heldur verður maður að gera þá kröfu til hæstv. ráðherra að hann átti sig á því hvað hann er að gera.

Það verður vissulega tilhlökkunarefni að sjá hvort hæstv. ráðherra breytir, sem ég tel að hann hljóti að gera, núverandi afstöðu sinni til þessa máls þegar það verður lagt fyrir Alþingi á næstunni.

Í þriðja lagi má nefna í þessu sambandi að nú liggja fyrir þrjár útgáfur á því hvernig eigi að endurgreiða hluta söluskattsins, eða virðisaukaskattsins. Yfir það mál fór hv. 1. þm. Suðurl. nokkuð vandlega og þarf ég ekki að endurtaka það. En svo virðist sem þegar fjárlagafrv. var skrifað að þá hafi hæstv. fjmrh. verið búinn að ákveða það að endurgreiðslan færi á dilkakjöt, mjólk, á fisk og innlent grænmeti. (**HJ:** Og gróft brauð.) Nei, hv. þm. Hreggviður, það var ekki fyrr en Borgfl. kom inn í ríkisstjórnina og gerði kröfu um það að breikka endurgreiðsluna sem hæstv. forsrh. kom til móts við þá og sagði að það kæmi til greina og þyrfti að skoðast vandlega hvort endurgreiðslan ætti ekki að ná til grófs brauðs. Það verður auðvitað að þakka Borgfl. það sem Borgfl. er. Því að þarna hefur auðvitað Borgfl. náð þeim stórkostlega árangri í afnámi matarskattsins að hæstv. forsrh. hefur fyrir hönd Borgfl. lýst því yfir að það komi til greina að endurgreiðslan nái til grófs brauðs. Þeir eru nú miklir skorpumenn hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., og má vera að þetta hafi eitthvað með það að gera. En þó hygg ég að þetta sé Borgfl. að þakka og ætla a.m.k. að ákveða það þar til annað sannara kemur í ljós.

Þessar umræður hafa að sjálfsögðu farið nokkuð víðar heldur en um það mál sem hér er á dagskrá. (Gripið fram í.) Og það er von vegna þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa báðir mælst til þess að hér yrði tekin upp nokkur umræða um efnahagsmál, þar með talin skattamál eða tekjumál og gjaldamál ríkisins vegna þess að þeir hafi saknað þess að Sjálfstfl. hafi ekki gert það fyrr. (**Gripið fram í:** Þú ert bara að gera þetta fyrir okkur.) Ég er fyrst og fremst að gera þetta vegna þess að hæstv. ráðherra hefur æ ofan í æ lýst undrun sinni á því að Sjálfstfl. skuli ekki hafa tekið upp umræðu um efnahagsmál á Alþingi. Og nú segi ég, hæstv. ráðherra, hér er tækifærið, hér hefur komið fram fjöldi af fyrirspurnum, hér hafa komið efnislegar athugasemdir, hér hefur verið bent á það að aðrir ráðherrar eru ósammála hæstv. ráðherra, þar á meðal sessunautur hans, hæstv. sjútvrh., og undir hans málstað tók reyndar hæstv. forsrh. með sínum skýra framburði eins og hans var nú von og vísa. Því tel ég, hæstv. ráðherra, að hér sé gullið tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu og svara þeim fyrirspurnum sem málefnalega hafa verið lagðar fyrir hæstv. ráðherra á þessum fundi.

Að svo mæltu þá lýk ég máli mínu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Svör hæstv. forsrh. fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar voru um margt athygli verð, bæði fyrir það sem þar var sagt og kannski ekki síður fyrir hitt sem ósagt var látið.

Hæstv. forsrh. greindi frá því að það hefði verið full samstaða innan ríkisstjórnarinnar og á milli ríkisstjórnarflokkanna um þær efnahagslegu forsendur sem liggja að baki fjárlagafrv. Með öðrum orðum: Hann er að segja frá því hér á hinu háa Alþingi að Alþfl. hafi fallist á þessar efnahagsforsendur sem frv. byggir á, en einn af áhrifamestu þingmönnum þess flokks og forustumaður í verkalýðshreyfingunni komi svo á eftir og segi að forsendurnar geti ekki staðist. Og enginn af hv. þm. Alþfl. og því síður af hæstv. ráðherrum Alþfl. sér ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu og skýra afstöðu Alþfl. í þessu efni. Það er auðvitað ekki nýtt af nálinni því að Alþfl. gufar yfirleitt upp hér á hinu háa Alþingi þegar umræður um þessi efni fara fram. En þetta er það sem liggur fyrir eftir svar hæstv. forsrh.

Hæstv. fjmrh. hefur margítrekað að í fjárlagafrv. felist sá efnahagsrammi sem atvinnuvegir og launafólk verði að beygja sig undir. Eigi að síður kemur hæstv. forsrh. og segir: Þetta verður að ráðast í samningum á vinnumarkaðnum að því er varðar launaforsenduna og gefur til kynna um allt það sem hæstv. fjmrh. hefur sagt um rammann sem ekki megi bresta að það sé nú lítið mark á því takandi því að allt sé það hinni mestu óvissu háð. Síðan segir hæstv. forsrh. að fjárlagafrv. verði ekki að forsendu efnahagsstarfseminnar og verði ekki að þessum margumtalaða ramma hæstv. fjmrh. fyrr en það hefur verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi og þess vegna telji hæstv. sjútvrh. þörf á því að flýta fyrir rammasetningu að því er varðar sjávarútveginn. Heldur var þetta nú kynleg útskýring og í flestu bar hún merki þess að hæstv. forsrh. er býsna fimur á skíðum og kann vel fyrir sér í svigi. En það fer heldur illa á því þegar sú list úr skíðabrekkunum er ástunduð hér á hinu háa Alþingi.

Hæstv. forsrh. reyndi að sveigja á milli yfirlýsinga hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. um rammasetningu í efnahagsmálum án þess að taka af skarið. Hann sagði að enn væri óvíst hvernig lokið yrði þeim verðuppbótum sem nú eiga sér stað í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og skýra a.m.k. 3% af rekstrarafkomu sjávarútvegsins. Hin eiginlega rekstrarafkoma er neikvæð þegar tekið hefur verið tillit til þess að með erlendum lánum er staðið undir 3% af rekstrarkostnaði. Hæstv. forsrh. segir hér að enn sé óvíst um það hvernig þessu ljúki. Í fjárlagafrv., hinum endanlega ramma er þó alveg skýrt kveðið á um það að þessu ljúki um áramótin og hæstv. sjútvrh. gengur út frá því að svo muni verða.

Og hæstv. forsrh. gefur til kynna að það sé eitt af þeim atriðum sem hæstv. sjútvrh. sé að tala um hvað verði um verðhækkanir á erlendum mörkuðum á næsta ári. Ég er alveg sannfærður um að þegar hæstv. sjútvrh. tekur sig loksins til og byrjar að ræða um afkomu sjávarútvegsins og nauðsyn þess að teknar séu ákvarðanir í því sambandi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þá á hann ekki við hvað neytendur á erlendum mörkuðum eru reiðubúnir að borga. Hæstv. sjútvrh. er ekki svo skyni skroppinn að bera það á borð fyrir þjóðina að verð á erlendum mörkuðum sé hluti af því sem íslensk stjórnvöld hafa yfir að segja eða sé hluti af þeim efnahagsgrundvelli sem íslensk stjórnvöld verða að ákveða sjávarútveginum. Nei, niðurstaðan af þessu svari er sú að hæstv. forsrh. getur engin svör veitt við því sem hér hefur komið fram, að þessir tveir hæstv. ráðherrar í hans ríkisstjórn, fjmrh. og sjútvrh., hafa gefið yfirlýsingar í gagnstæðar áttir. Væri auðvitað mikil og brýn nauðsyn á því að hæstv. sjútvrh. gerði hér nánari grein fyrir því við hvað hann á þegar hann bendir alveg réttilega á að afkoma sjávarútvegsins muni á næsta ári fara versnandi, verulega versnandi, nema nýr efnahagslegur grundvöllur verði ákveðinn sem hann sér ekki fyrir í dag. Það er við þessu sem verið er að krefja hæstv. forsrh. um svör og þau fást ekki.

Hér hefur svo í umræðunni verið skilmerkilega sýnt fram á það að allt tal hæstv. ráðherra um það að verðbólga sé að lækka er gjörsamlega út í bláinn. Hún hefur nánast tvöfaldast frá því á sama tíma í fyrra. Þegar stjórnarskiptin urðu var verðbólgan um 13% og hún er núna 23%. Á þessu ári er verðbólga frá upphafi til loka árs 25% en hún var 20% frá upphafi til loka ársins þar á undan. Það er sama á hvaða mælikvarða er litið, verðbólgan fer vaxandi. Ég minnist þess þegar ég var hér í þessum ræðustól í byrjun þessa árs að halda því fram að þrátt fyrir spádóma hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forsrh., um það að verðbólgan færi, ja mig minnir niður fyrir 10%, að þá yrði hún 20–23% á þessu ári. Og þeir stóðu hér upp og fluttu langar hneykslunarræður yfir þessari svartsýni. Reyndin segir svo að spádómar mínir í byrjun þessa árs voru varfærnislegir. Verðbólgan er meiri en við gerðum þá ráð fyrir í okkar umræðu. Og auðvitað fer svo einnig á næsta ári. Enda kemur það fram í forsendum fjárlagafrv. að ríkissjóður er að seilast lengra um á innlendum lánsfjármarkaði og það er verið að auka erlendar lántökur og allt mun þetta auka á þenslu og ýta verðbólgu upp á nýjan leik.

Auðvitað er það fagnaðarefni þegar viðskiptahalli minnkar. En árangurinn er nú samt ekki meiri en sá að hér er um að ræða ½% breytingu frá fyrra ári, það er nú allur árangurinn þrátt fyrir 8% kjaraskerðingu á milli þeirra ára, og þrátt fyrir það að vöruútflutningur hefur verið að aukast. Og það er ekki gert ráð fyrir að ná frekari árangri á næsta ári í því að lækka viðskiptahallann. Eftir stendur að það hefur ekki verið afgangur af viðskiptum við útlönd síðan 1986. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við í þessum efnum. Og það kemur fram í Hagtölum mánaðarins sem Seðlabanki Íslands gefur út að viðskiptahallinn hefur farið vaxandi á síðari hluta þessa árs. Hæstv. forsrh. lýsti því svo yfir að Framsfl. væri klofinn í afstöðunni til vaxtaskattsins sem er eitt af stærstu pólitísku deilumálum í þjóðfélaginu í dag. Þingflokkurinn ætlaði einarðlega að standa með stefnu hæstv. fjmrh. og formanns Alþb. í því að skattleggja sparifé landsmanna þó að einstakar deildir flokksins ályktuðu um annað. Með öðrum orðum: Hér er staðfest að Framsfl. er klofinn í þessu máli.

Hæstv. forsrh. gaf engin svör við spurningunni um það hver hefði verið afstaða Alþfl. til þess að brjóta niður kerfisbreytinguna frá 1987. Alþýðublaðið hefur upplýst að Alþfl. sé á móti yfirlýstri stefnu hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni, en hæstv. forsrh. gaf engin svör um það hvort þessi afstaða hefur komið fram af hálfu Alþfl. innan ríkisstjórnarinnar og auðvitað er óhjákvæmilegt að kalla eftir skýrum svörum þar um eftir að aðalmálgagn Alþfl., þar sem ritstjórinn hefur á þingflokksfundum sama rétt og þingmenn, hefur upplýst að þessi sé hin raunverulega afstaða innan ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. gaf engin svör við þeirri fyrirspurn hvort Framsfl. ætlaði að bregðast með jafnjákvæðum hætti við á þessu ári eins og hann gerði í fyrra þegar hæstv. fjmrh. gerði atlöguna að Öryrkjabandalaginu og Háskólanum og ætlaði að taka sjálfsaflafé þessara stofnana í ríkissjóð. Hæstv. forsrh. svaraði engu um það hvort Framsfl. ætlaði að bregðast jafnjákvætt við nú og á síðasta ári og taka höndum saman við þá sem vilja hindra hæstv. fjmrh. í að koma þessum áformum sínum fram. Það vantaði því mikið á að hæstv. forsrh. gæti raðað saman þeim brotabrotum sem fyrir liggja um staðreyndir að því er varðar hinn nýja efnahagsgrundvöll, stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum, í ríkisfjármálum og skattamálum.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

10. fundur, fimmtudaginn 2. nóv., kl. 10 árdegis.

Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska, ein umr.

Fsp. HJ, 13. mál. — Þskj. 13.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir fsp. til sjútvrh. um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska. Hún hljóðar svo:

„Hvað líður athugun á þáltill. um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 11. maí 1988?"

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að mikilvægt er að rannsóknir á klaki og eldi á sjávar-

fiskum fari fram hér á landi og skipa megi þeim málum fyrir með þeim hætti að tryggja megi sjávarafla að þessu leyti í framtíðinni. Það er brýnt að fylgjast með því hvað verður um slíka tillögu hjá hæstv. ríkisstjórn og verður því fróðlegt hér á eftir að fá að vita hvað ríkisstjórnin hefur gert í þessum málum. Ekki þykir mér ólíklegt að hún muni hafa gert töluvert mikið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Í lögum um Hafrannsóknastofnun frá 1984 segir að eitt af hlutverkum hennar sé að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera. Var fiskifræðingur ráðinn árið 1985 sem sérfræðingur stofnunarinnar í eldi sjávardýra. Á þeim tíma voru engar aðstæður fyrir hendi til tilrauna með eldi sjávarlífvera. Með samstarfi Hafrannsóknastofnunar, Íslandslax hf. og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með styrk frá Rannsóknaráði ríkisins hófust tilraunir með söfnun og eldi á smálúðu haustið 1985. Á næstu tveimur árum byggði Íslandslax hf. átta stór útiker þar sem lúðueldistilraunir hafa farið fram. Eru nú um 15 tonn af fiski þar og er gert ráð fyrir að markaðssetja hluta af framleiðslunni nú í haust. Tilraunir þessar þóttu lofa mjög góðu og bentu til að unnt væri að ala lúðuna við mikinn þéttleika sem er forsenda arðbærs fiskeldis.

Þó að þetta samstarfsverkefni hafi skilað miklum árangri var samt ljóst að Hafrannsóknastofnun gæti ekki náð markmiðum sínum í eldi sjávarlífvera nema með tilkomu eigin tilraunaeldisstöðvar. Við staðarval kom í ljós að af ýmsum ástæðum væri álitlegt að staðsetja stöðina í næsta nágrenni við strandeldisstöð Íslandslax hf. Aðstæður til sjóöflunar eru þar mjög góðar þar sem gnógt er af hreinum og ómenguðum jarðsjó og heitu og köldu vatni.

Árið 1986 gerði Hafrannsóknastofnun samning við Íslandslax hf. um afnot af landi, sjó, heitu vatni, ferskvatni og rafmagni fyrir tilraunaeldisstöð sem þar skyldi rísa. Eftir að tryggð hafði verið fjármögnun á þessari aðstöðu hóf Hafrannsóknastofnunin samstarf við tvær norskar rannsóknastofnanir um rannsóknir á lúðueldi. Sameiginlega var gerð rannsóknaráætlun til þriggja ára og sótt um styrk til Norræna iðnaðarsjóðsins. Þessi styrkur að upphæð 3 millj. norskra króna fékkst vorið 1988 og skyldu tilraunir með klak- og seiðaeldi fara fram í Noregi en tilraunir með matfiskinn í hinni nýju tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar.

Þann 2. nóv. 1988 var tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar formlega opnuð og skömmu síðar voru öll eldisker komin í fulla notkun. Um er að ræða 560 m^2 stálgrindahús sem skiptist í eldissal og þjónusturými sem í eru m.a. tvær skrifstofur, rannsóknarstofa, fóðurherbergi og kaffistofa. Í eldissalnum eru 18 þriggja metra föst ker og allmörg smærri ker þar sem unnt er að stjórna bæði hita og seltu. Þá tilheyra einnig stöðinni 5 sex metra útiker.

Nú eru í gangi þrjár tilraunir í stöðinni með eldi á lúðu. Ein til að kanna áhrif sjávarhita á vaxtarhraða og fóðurnýtingu, önnur til að bera saman sex mismunandi fóðurgerðir og sú þriðja beinist að því að kanna áhrif birtu og botngerðar á lit lúðunnar sem getur skipt máli í sambandi við markaðssetningu. Á næsta ári er fyrirhugað að hefja undirbúning á klaki og seiðaeldi sjávarfiska, en til að byrja með verður lögð áhersla á lúðu- og seiðaeldi.

Í tilraunastöðinni fara einnig fram rannsóknir á laxi á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Um er að ræða annars vegar samanburð á norskum og íslenskum eldislaxi með tilliti til vaxtarhraða og kynþroska og hins vegar athugun á áhrifum hráefnisgæða á gæði laxafóðurs.

Í stöðinni fer einnig fram reynslufóðrun á sæeyra, en sæeyrað er verðmætur sækuðungur frá Kaliforníu sem lifir á þara. Hefur komið í ljós að kuðungurinn þrífst vel í íslenskum þara og vaxtarhraði hans hefur verið meiri en í eldisstöðvum í Kaliforníu.

Í tilraunastöðinni starfa nú alls fjórir starfsmenn sem allir eru búsettir í Grindavík.

Ég vænti þess að þetta svar gefi nokkra mynd af því sem um er að vera á þessu sviði þótt það tengist að sjálfsögðu ekki eingöngu þessari fsp. og þessari þáltill.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargott svar um þetta efni sem bendir til þess að það sé aukinn skilningur hjá stjórnvöldum á þessum málum enda eru þetta okkar stærstu og mestu hagsmunamál þannig að hér eru miklir fjármunir í húfi þegar til lengri tíma er litið. Það sýnir sig miðað við það svar sem hér kemur fram að það eru töluverðir möguleikar á þessu sviði. Það sýnir sig einnig að það gæti verið, þegar við lítum til þorskstofnsins, mjög mikilvægt að við fyndum leiðir til að klekja út þorskhrognum og sleppa seiðunum síðan til sjávar til að tryggja að stofninn vaxi á hverju ári með þeim hætti sem eðlilegt er. En í fregnum undanfarin ár hefur alloft borið við að menn telji að klak þorskstofnsins hafi ekki náð fram að ganga með þeim hætti sem eðlilegt væri. Með þeim hætti gætum við notað klakstöð til að klekja út þorskhrognum og gætum við þá tryggt klakið í framtíðinni.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í tengslum við þessa fsp. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilsverða máli hér á þinginu og ráðherra fyrir ágætar upplýsingar og það að hann skýrði okkur frá því mikilvæga starfi sem þarna fer fram á stað nálægt Grindavík.

Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda að það er ákaflega mikilvægt, ekki síst nú þegar menn horfa fram til þess að þorskklak hefur brugðist nokkur undanfarin ár í hafinu við Ísland, að skoða það og hlýtur reyndar að verða framtíðin hvort við getum ekki hjálpað náttúrunni og klakið þorski í stöðvum uppi á landi. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því að til þess þarf ekki að auka mikið

aðstöðu. Seiðastöðvar eru mjög margar í landinu og með því að bjóða út slík rannsóknarverkefni í tengslum við þá miklu þekkingu sem Norðmenn þegar hafa eða leigja slíkar stöðvar mætti með tiltölulega litlum kostnaði koma af stað verulegu þorskklaki með það fyrir augum að sleppa þorskseiðum og hjálpa náttúrunni og auka þannig seiðagengd kringum landið. Ég hygg að þetta sé verðugt verkefni þegar horft er fram til minnkandi þorskveiða og reyndar minnkandi veiða í hafinu víðast í kringum okkur.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt að rannsaka klak á þorskseiðum. Sú hugmynd hefur komið upp að reyna að hjálpa náttúrunni með þeim hætti. Það verður hins vegar að hafa í huga að umhverfið, hafið umhverfis Ísland er afar mikið hafsvæði og það er flókið kerfi sem þar er að störfum þannig að ég á nú ekki von á því að hægt sé að ná gífurlegum árangri að því er varðar að hjálpa náttúrunni í þeim efnum. Hins vegar er ljóst að það eru margir þorskstofnar, það eru ýmsir staðbundnir stofnar sem menn hafa hug á að rannsaka. Það er líka verið að gera slíka hluti í Noregi, jafnvel að loka fjörðum í því skyni.

En ég vil benda á það að nú fara fram mjög þýðingarmiklar rannsóknir hjá Fiskeldi Eyjafjarðar á klaki lúðu. Það eru mjög mikilvægar rannsóknir og þar á sér stað samstarfsverkefni þess fyrirtækis og Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn. hefur reynt að koma inn í það mál. Þar eru einnig taldar ágætar aðstæður til að klekja út þorski. Ég vil taka undir það með hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að það er mikilvægt að hafa um þessar rannsóknir samstarf við fyrirtæki í greininni og það er sú stefna sem sjútvrn. hefur rekið til þess að komast hjá mjög mikilli fjárfestingu í sambandi við rannsóknirnar. Þess vegna var þessi samningur gerður við Íslandslax hf. og þess vegna er þetta samstarf jafnframt hafið við Fiskeldi Eyjafjarðar, en þar fara í reynd fram frumrannsóknir á þessu sviði og það fyrirtæki hefur um nokkurra ára skeið ekki haft eina einustu krónu í tekjur og því er eðlilegt að hið opinbera taki þátt í slíkum frumrannsóknum.

Fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir fatlaða, ein umr.

Fsp. IBA, 34. mál. — Þskj. 34.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þann 13. okt. gengust heildarsamtök fatlaðra og aðstandendur þeirra fyrir degi fatlaðra á Íslandi undir yfirskriftinni „Lífsgæði". Þar kom m.a. fram sú staðreynd að í dag ríkir algjört neyðarástand í umönnun og húsnæðismálum hjá fjölmennum hópi fatlaðs fólks. Í dag eru á neyðarlistum 108 einstaklingar en hjá Öryrkjabandalaginu eru hins vegar um 300 manns á biðlista eftir húsnæði.

Það er kunn staðreynd að Framkvæmdasjóður hefur verið skertur verulega í gegnum árin. Ef hann hefði hins vegar fengið að vera óskertur og framlög hefðu skilað sér eins og þeim bar væri staðan allt önnur og betri og jafnvel og sennilega viðunandi. Það er staðreynd að biðlistarnir hrannast upp, bæði hjá sveitarstjórnum og sveitarfélögum og málið er algjörlega óviðunandi. Þess vegna, eins og segir hér í ályktun frá fötluðum sem dreift var til formanna flokka á degi þeirra, segir, með leyfi forseta:

„Þess vegna ætlast þjóðin til þess að fatlaðir njóti jafnréttis og lífsgæða á sama hátt og ætlast er til að hinir ófötluðu vinni hver með sínum hætti að bættum lífskjörum heildarinnar. Neyðarástand í málefnum fatlaðra er vandi samfélagsins og þennan vanda verða stjórnmálamenn að leysa án tillits til þess hvar í flokki þeir standa. Það er smánarblettur á þjóðinni að umönnun og húsnæðismál fatlaðs fólks skuli vera með þeim hætti sem raun ber vitni."

Í framhaldi af þessum fundi fatlaðra leyfi ég mér, hæstv. forseti, að bera fram fsp. þá sem birtist á þskj. 34, 34. mál, til félmrh., um fjögurra ára áætlun, framkvæmdaáætlun fyrir fatlaða, eins og farið var fram á við og reyndar skorað á hæstv. félmrh. með því ávarpi sem flutt var hér úti og afhent félmrh. þá.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í þeirri fsp. sem hér er til umræðu hafa samtök fatlaðra lagt á það áherslu að gerð verði fjögurra ára áætlun í húsnæðismálum og þjónustu fyrir fatlaða. Ég tek undir með samtökum fatlaðra um nauðsyn slíkrar áætlunargerðar, en jafnframt verð ég þó að láta í ljós þá skoðun mína að þessi krafa samtaka fatlaðra um gerð slíkrar áætlunar kom mér nokkuð á óvart þar sem með fullri vitneskju og í samráði við samtök fatlaðra hefur slík áætlunargerð verið í undirbúningi í tæplega eitt og hálft ár. Sú áætlunargerð nær ekki eingöngu til húsnæðismála fatlaðra, heldur er unnið að alhliða áætlunargerð um uppbyggingu á framkvæmdum í þágu fatlaðra á komandi árum. Að mínu mati þarf slík áætlunargerð að byggjast á heildaryfirsýn og faglegu mati á þjónustuþörf hvers einasta fatlaðs einstaklings á þessu landi ásamt mati á forgangsröðun ef hún á að gagnast og skila árangri fyrir fatlaða í þessu landi.

Sú vinna sem liggur nú að baki undirbúningi að slíkri áætlunargerð er að á sl. einu og hálfu ári hefur verið unnið að því á hverju svæði á landinu að meta þjónustuþörf með tilliti til fötlunarstigs einstaklinga sem á hverju svæði búa. Það hefur verið safnað saman upplýsingum í formi staðlaðrar skráningar á fötluðum á aldrinum 0–67 ára. Í þeirri skráningu kemur fram aldur viðkomandi, fötlun, búseta og þjónusta er sá fatlaði nýtur. Skráning þessi á síðan að vera grundvöllur að framkvæmdaáætlun innan málaflokksins á næstu fjórum til fimm árum. Skráning þessi á jafnframt að vera grunnur að kerfisbundinni

skráningu fatlaðra á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Jafnframt því er þessari könnun ætlað að vera grundvöllur að framkvæmdaáætlun innan málaflokksins, en tilgangurinn er einnig að stuðla að því að í framtíðinni verði til samræmd skráning á fötluðum á landinu öllu sem haldið verði til haga í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og viðhaldið með endurnýjuðum upplýsingum hverju sinni. Með þessu er auðvelduð yfirsýn í öllum kjördæmum landsins á fjölda fatlaðra, fötlunarstigi og þjónustuþörf þeirra en þessi samræmda skráning sem farið hefur fram og er núna á lokastigi á að vera grunnur sem áframhaldandi skráning fatlaðra mun byggja á. Hér hefur því verið um að ræða faglega undirbúningsvinnu fyrir gerð framkvæmdaáætlunar, en á grunni þessara upplýsinga er nú verið að tölvuvinna þörfina fyrir fjölda sambýla, sem og verndaðra vinnustaða, hjúkrunarheimila, meðferðarheimila, vistheimila, húsnæðis og annarra þjónustuþátta fyrir fatlaða á landinu öllu.

Þegar við höfum heildaryfirsýn yfir alla þessa þætti þarf að leggja mat á forgangsverkefni auk pólitísks mats á það á hve mörgum árum hægt er að fullnægja uppbyggingu á framkvæmdum í hverjum einstökum þætti fyrir sig. Á grundvelli þessarar ítarlegu könnunar sem hér hefur verið gerð tel ég rétt að meta hvort rétt sé að gera sérstaka áætlun í húsnæðismálum fatlaðra og veita þar með húsnæðismálum fatlaðra forgang umfram uppbyggingu annarra þjónustuþátta. Þessi vinnubrögð tel ég skynsamlegri en að draga nú húsnæðismálin út úr áður en heildarsýn og mat á henni liggur fyrir og byggja í stað þess á þeim upplýsingum sem samtök fatlaðra hafa undir höndum sem ég hef kynnt mér að er á margan hátt ábótavant.

Ég vil nefna það til marks um hve ítarlega hefur verið staðið að þessari könnun, og það er jafnframt skýring á því hve langan tíma hún hefur tekið, að félmrn. taldi brýnt að leita eftir samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins um könnun á þessari þjónustuþörf, m.a. að fá upplýsingar og skráningu á fullorðnum fötluðum sem metnir eru 75% öryrkjar til þess að meta einnig sérstaklega þjónustuþörf þeirra. Að auki var leitað eftir leyfi Tölvunefndar til að skrá fyrrnefndar upplýsingar, sérstaklega hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, einnig var leitað heimildar menntmrn. um að fræðsluskrifstofurnar gefi upplýsingar vegna könnunarinnar um þá sem njóta sérkennslu og teljast fatlaðir.

Með því að fara þessa leið hefur fengist mjög markviss yfirsýn yfir þá þjónustu sem fatlaðir á landinu öllu þurfa á að halda. Unnið hefur verið að því að skilgreina hina ýmsu flokka fötlunar og á grundvelli þess voru undirbúin samræmd skráningarform sem send voru öllum svæðisstjórnum á landinu sem annast hafa nú skráningu í viðkomandi umdæmum á grundvelli þeirra upplýsinga sem eru fyrirliggjandi.

Ég dreg ekki í efa að að framkvæmd og uppbygging á þjónustu við fatlaða mun verða mjög mikil á komandi árum þrátt fyrir að mjög mikið hafi verið gert í þessum efnum á sl. 10 árum. Við þurfum hins vegar að gera betur og ýmislegt er enn óunnið í réttindabaráttu fyrir fatlað fólk hér á landi. Á undanförnum árum hefur framkvæmdafé Framkvæmdasjóðs fatlaðra verið á bilinu 150–200 millj. kr. en beiðnir sem fram hafa komið hjá svæðisstjórnum, sem hagsmunasamtök fatlaðra eiga m.a. aðild að, hafa iðulega verið fjórfalt meiri eða á bilinu 600–800 millj. Það gefur auga leið að ef þetta framkvæmdafé á að nýtast vel fyrir fatlaða er nauðsynlegt að úthlutanir byggist á faglegu mati og heildaryfirsýn yfir stöðu mála eins og nú er unnið að.

Samtök fatlaðra hafa í sínum kröfum sett fram að 108 manns búi við óviðunandi aðstæður og fylli neyðarlista í húsnæðismálum fatlaðra. Þegar félmrn. leitaði til svæðisstjórna um land allt um staðfestingu á þessu neyðarástandi voru upplýsingarnar mjög misjafnar og er hægt að nefna hér nokkur dæmi. Nokkrir aðilar sem taldir eru á neyðarlistanum eru þegar á sambýli fyrir fatlaða. Sum svæði setja ekki fram neina neyðarlista. Í einu kjördæmi eru laus pláss á sambýli. Nokkrir sem eru á neyðarbiðlista samkvæmt mati Samtaka fatlaðra eru á vistheimilum fyrir fatlaða. Sjálfsagt væri eðlilegra og æskilegra að þessir aðilar væru á sambýlum en þeir búa þó á nýlegum vistheimilum fyrir fatlaða. Þó nokkrir aðilar eru á þessum neyðarlista sem þegar á næsta ári verður tryggð aðstaða bæði á vistheimilum og sambýlum sem tekin verða í notkun á næsta ári. Þó nokkrir búa í heimahúsum þar sem húsnæðisaðstaða er góð en foreldrar komnir yfir sextugt og því flokkað að þeir búi við neyðarástand í húsnæðismálum fatlaðra. Hér er um að ræða 22 af þeim 108 sem flokkaðir eru á neyðarlista í húsnæðismálum fatlaðra.

Ég nefni þessi dæmi hér vegna þess að ég tel að þessi skráning á neyðarlista sé um margt ónákvæm og byggi ekki á raunverulega faglegu mati um að neyðarástand ríki í húsnæðismálum fatlaðra. Vissulega geta þessir einstaklingar búið við erfiðar aðstæður þar sem fötlun þeirra krefjist þjónustu sem foreldrar eru ekki í stakk búnir til að veita þeim í heimahúsum. Engu að síður tel ég að framsetning hagsmunasamtaka fatlaðra gefi ekki fullkomlega rétta mynd og í sumum tilfellum er of djúpt í árinni tekið þegar talað er um neyðarástand og að hvergi sé haldið í horfinu í uppbyggingu framkvæmda í þágu fatlaðra.

Ég taldi nauðsynlegt, virðulegi forseti, að gera grein fyrir þeirri ítarlegu áætlunargerð sem nú fer fram um þjónustuþörf og framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðra og nauðsyn þess að hér verði beitt faglegum vinnubrögðum sem gefa okkur heildaryfirsýn um málefni fatlaðra og sem gera okkur kleift að leggja mat á forgangsröðun bæði í húsnæðismálum og öðrum þáttum í uppbyggingu í framkvæmdum fyrir fatlaða.

Af því sem ég hef hér sagt má ljóst vera að unnið er að því af fullum krafti í félmrn. að leggja fram framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár um uppbygging á þjónustu og framkvæmdum í þágu fatlaðra, ekki

aðeins í húsnæðismálum, heldur sem taki til allra þátta í þjónustu fyrir fatlaða, byggða á faglegu mati á þjónustuþörf hvers einasta fatlaðs einstaklings hér á landi.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það ber oft við á hinu háa Alþingi þegar bornar eru fram annaðhvort fsp. eða þáltill. eða eitthvað þar sem verið er annaðhvort að spyrja um eða mælast til smáleiðréttinga að því er borið við að það séu heildaráætlanir sem verið sé að gera eða það sé verið að endurskoða lögin í heild. Með því er svo auðvelt að drepa á dreif ýmsum þeim atriðum sem hægt er að laga og þurfa ekki að bíða eftir heildarframkvæmdaáætlun eða heildarlagabreytingum. Það er einmitt það sem þetta mál snýst um. Þessir listar, sem forsvarsmenn fatlaðra eru að tala um, eru einmitt neyðarlistar og mér finnst skipta harla litlu máli hvort á þeim eru 108 eða tæplega 100. Það er auðvitað alltaf matsatriði, örlítið matsatriði, hvort neyð er nógu mikil eða nógu raunveruleg, en þarna er einmitt verið að biðja um forgang fyrir þá sem a.m.k. forsvarsmenn fatlaðra telja að séu í raunverulegri neyð. Það er auðvitað allra góðra gjalda vert að standa að framkvæmdaáætlun sem taki til allra þátta sem varða fatlaða og húsnæðismála þeirra allra o.s.frv. o.s.frv. en þessi fundur sem haldinn var hér á Austurvelli var einmitt til þess að vekja athygli á að það væru einstaklingar sem gætu ekki beðið. Ég tek það t.d. ekki sem góð og gild rök að einhverjir þurfi ekki að vera á neyðarlistum vegna þess að þeir búi við góða húsnæðisaðstöðu hjá foreldrum sínum. Það hlýtur að vera miklu meira virði hvort einstaklingarnir, eða foreldrarnir í þessum tilfellum, telji sér fært að sjá um þessa einstaklinga en hvort húsnæðið er gott. Þarna komum við enn einu sinni að einhverju veraldlegu mati sem tekur ekki til hins mannlega þáttar. Mér finnst það í rauninni heldur leiðinlegt að hlusta á að málflutningur snúist að stórum hluta til um það að hártoga hvort mat á neyð er réttmætt eða ekki. Mér fyndist miklu nær að allir sem hér eru inni reyndu að sameinast um að finna einmitt lausnir og hvernig standa megi að slíkri framkvæmdaáætlun, forgangsáætlun, fyrir þá einstaklinga sem þarna er um að ræða, hvort sem þeir eru 108, 98 eða 88. Það skiptir ekki öllu máli þó þeir væru bara 8.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Við náttúrlega stöndum að mörgu leyti ekki nógu vel að þessum málum og ég vil benda á það í þessu sambandi að um síðustu áramót biðu 1200 manns sem þurftu að komast á bæklunardeild til aðgerða og auðvitað er sumt af þessu fólki þannig að það fær bata og verður ekki í neyð.

Það eru vissir hlutir sem við getum ekki sparað í þessu þjóðfélagi og það er einmitt gagnvart þeim sem eru í neyð. Mér er líka tjáð að það sé kominn nokkuð langur biðlisti í sambandi við sjónskerta vegna þess að það er ekki rúm fyrir þá. Það eru ekki fjármunir til þess að halda opnum sjúkrahúsum fyrir þetta fólk. Ég veit af eigin raun að víða, eða a.m.k. sums staðar á landinu, er neyð vegna þess að þroskaheft börn fá ekki vistun. Ég þekki þetta allt og ég held að hver einasti þingmaður hljóti að þekkja þetta. Og það þarf auðvitað að taka á öllum þessum þáttum. Ég verð því að taka undir með síðasta hv. ræðumanni að það verður að taka á, fyrst og fremst á neyðarþáttunum. Það er auðvitað ekki hægt að ræða þessi mál undir þessum lið, en ég segi að það að koma með einhverja heildaráætlun, að ætla að bíða eftir því þegar ástandið er eins og það er, er náttúrlega alveg fáránlegt. Það er ekkert annað.

Nei, við verðum að skoða þessi mál, alla þessa þætti, hvað er hægt að gera, því það er hægt að spara á ýmsu öðru en ekki þessu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir ítarlegt og langt svar við fsp. Það kom margt fróðlegt fram í því sem hefði verið ástæða til að taka hér til frekari umræðu, en ég geri hluta af því að umræðuefni. Það er mjög mikilvægt í þessum málaflokki að það verði unnið áfram að þessum málum með þeim hætti að sem bestar lausnir fáist fyrir fatlaða og ég ítreka hér og nú að það má ekki láta neina eina stefnu ríkja í því. Það verður að finna fleiri lausnir. Ef þær lausnir eru góðar sem til eru í dag á að nota þær og fara eftir þeim. Ég nefni sem dæmi að það er ekki endilega sú lausn að allir fari í sambýli sem er besta lausnin. Ég nefni hér að það eru ekki endilega alltaf þær lausnir sem ýmsir félagsfræðingar hafa viljað fara inn á sem eru þær réttu. Það verður að vera fjölbreytt kerfi sem er hægt að leysa þessi mál eftir, en ég vil samt ítreka að það er mjög mikilvægt að betur verði staðið að þessum málum og einnig að það verði ekki gengið á rétt þeirra einstaklinga sem eru t.d. vistmenn á stofnunum, svokölluðum, þar sem unnið hefur verið mjög vel að þessum málum, og ég nefni t.d. Skálatúnsheimilið. Það má ekki ganga á hlut þessara einstaklinga sem eiga rétt á jafnmikilli fyrirgreiðslu eins og aðrir.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra fyrir langt svar en það var á stundum að ég hafði það á tilfinningunni að fsp. hefði verið misskilin og hefði kannski verið lesin á þann hátt að ég hefði verið að biðja um upplýsingar um skráningu, hvernig gengi að afla upplýsinga um fatlað fólk, en það var nú ekki meiningin. Auðvitað er það gott að það skuli vera unnið að heildarupplýsingaöflun og fá heildarmynd yfir sviðið. Það hefur nú tekið eitt og hálft ár. Það kom ekki fram hversu mikið verk er eftir.

Ráðherra kom inn á það að það mætti kannski efast um gildi neyðarlistans upp á 108 manns. Ég held að það sé algjört aukaatriði og ég ætla ekkert að efast um málflutning ráðherrans í því efni, en eins og kom fram, þó að um 22 aðila sé að ræða sem ráðherrann efast um að eigi heima á þessum lista, þá eru engu að

síður eftir 86 aðilar. Ég leyfi mér að túlka það sem neyðarástand engu að síður.

Eins og ég sagði hér í upphafi væri staðan allt önnur og betri ef Framkvæmdasjóður hefði fengið sitt framlag óskert og ef ráðherrann vill þessum málaflokki vel, sem ég efast ekkert um, stuðlar hún náttúrlega að því að þetta fé renni óskert til þessa málaflokks.

Ég harma það hins vegar að mér heyrist það ljóst að ráðherra ætlar ekki að verða við þeirri áskorun sem þessi samtök hafa lagt fram og bið hana að endurskoða þá ákvörðun sína.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp vegna þess að mér heyrist að þeir hv. alþm. sem gera lítið úr þessari heildarkönnun og skráningu fatlaðra skilji ekki málið.

Það er talið af samtökum fatlaðra að það sé mjög mikils virði að þessi áætlun sé gerð og að skráning fatlaðra fari fram því hún hefur verið í mesta ólestri. Það er grundvallaratriði að hún sé í lagi. Og það er ekki bara skráningin. Það er spurning um það hvernig vinnubrögðin eiga að vera í framtíðinni.

Ég vil að það komi líka hérna fram, vegna þess tóns sem er í sumum hér, að ég fullyrði að það hefur enginn ráðherra unnið betur að málefnum fatlaðra en núv. hæstv. félmrh. og það er viðurkennt af samtökum fatlaðra einnig.

Ég vil spyrja ráðherrann: Er það ekki rétt að forustumenn þessara samtaka hafi tekið virkan þátt í þessum störfum og viti betur en kom fram í þeim kröfum sem lagðar voru fram hér fyrir nokkru síðan?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég stend nú hér upp, virðulegi forseti, til þess að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að ég ætli ekki að verða við þeirri áskorun sem fram hefur komið hjá fötluðum varðandi slíka áætlunargerð. Ég held að hv. þm. hafi lítið lagt við hlustirnar þegar ég svaraði honum hér áðan. Það er einmitt verið að vinna að slíkri áætlunargerð og ég taldi mig þurfa að taka nokkuð langt mál í það að skýra hvers vegna þessi undirbúningsvinna hefði tekið þennan tíma. Það kom fram í mínu máli að þessi vinna væri nú á lokastigi og að á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir væri verið að tölvuvinna hvað þörfin væri mikil fyrir sambýli, í húsnæðismálum, á vernduðum vinnustöðum, á vistheimilum og fleiri þáttum. Þegar það liggur fyrir, sem væntanlega verður innan nokkurra vikna, þá verður farið að gera hina eiginlegu framkvæmdaáætlun. Ég mundi áætla að upp úr áramótum gæti slík framkvæmdaáætlun legið fyrir.

Þess vegna spyr ég hvort það séu eðlileg eða skynsamleg vinnubrögð þegar þetta mál er komið svo langt og að þessari áætlunargerð er raunverulega verið að vinna, hvort til hliðar við þessa áætlun eigi þá að fara að vinna sérstaka áætlun í húsnæðismálum fatlaðra. Á hverju á hún að byggja? Er ekki skynsamlegra að hún byggi þá á þeirri vinnu og þeim undirbúningi sem hefur verið gerður í þessum málum, m.a. að því er varðar húsnæðismálin? Þess vegna vísa ég því auðvitað alveg á bug sem fram kom hjá hv. þm. að ekki sé verið að vinna í þessum málum. Það er einmitt verið að vinna að því að undirbúa slíka framkvæmdaáætlun. Við getum síðan lagt á það mat þegar þetta liggur fyrir hvort við eigum að taka sérstaklega út húsnæðismálin og veita þeim þá forgang. Við höfum úr takmörkuðu fjármagni að spila í þessum málaflokki eins og svo mörgum öðrum og þá þarf auðvitað að leggja mat á forganginn. Eigum við að láta húsnæðismálin hafa forgang á kostnað kannski verndaðra vinnustaða eða meðferðarheimila? Þetta er auðvitað alltaf matsatriði. Og ég útiloka það ekkert að þegar þetta liggur fyrir sé hægt að gera alveg sérstaka framkvæmdaáætlun að því er varðar húsnæðismálin ein og sér. En ég hefði þó talið skynsamlegra að gera þessa heildaráætlun á öllum þjónustuþáttum fyrir fatlaða. Ég ítreka því að þessi vinna er í fullum gangi og að þessi framkvæmdaáætlun muni sjá dagsins ljós innan tíðar.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Áskorun þessara samtaka er eingöngu um húsnæðismál. Það hefur alls ekki komið fram í máli ráðherra að hann ætli að taka þau sérstaklega og gera áætlun um þau. Auðvitað er ég ekki að gera lítið úr þeirri upplýsingaöflun og skráningu sem fer fram. Ég fagna henni eins og allir að sjálfsögðu. En það er bara ekki það sem við erum að tala um akkúrat þessa stundina. Að sjálfsögðu ber ég fyllsta traust til ráðherrans í þessum málaflokki. Ég er hins vegar að reyna að krefja hana svara við ákveðnum málaflokki fyrir fatlaða sem eru húsnæðismálin og ég hef ekki fengið skýr svör.

Mér finnst hins vegar alvarlegt þegar hv. þm. Karl Steinar Guðnason kemur hér upp og ásakar samtökin um það að hafa staðið fyrir útifundi og dreift þar villandi og sennilega, eftir því sem ég skildi hann, röngum upplýsingum. Ég tel að hann verði að standa fyrir því máli sínu.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. síðasti ræðumaður sé beinlínis að snúa út úr því sem ég sagði hér áðan og vil að það komi fram. Ég benti á það eða spurði ráðherra að því, sem reyndar var ekki svarað, að forustumenn samtakanna hafa verið með í öllum þessum undirbúningi og þeir vissu betur um þennan undirbúning en komið hafði fram bæði í fjölmiðlum og annars staðar frá þeim.

Höfundaréttargjald af innfluttum myndbandsspólum, ein umr.

Fsp. IBA, 35. mál. — Þskj. 35.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þann 28. mars 1989 undirritaði hæstv. menntmrh. reglugerð um innheimtu höfundaréttargjalds við tollafgreiðslu á óáteknum myndböndum og óáteknum segulböndum ásamt fleiri tækjum. Ég leyfi mér á þskj. 35 að leggja eftirfarandi fyrirspurn fyrir ráðherrann:

„Hver er skýringin á því að greitt er höfundaréttargjald af óáteknum myndbandsspólum við tollafgreiðslu?"

Ástæðan er einfaldlega sú að ég sé ekki rökin fyrir því að höfundar eigi einhvern rétt á greiðslum af slíkum vörum, þar sem ekki er verið að vernda rétt þeirra á neinu efni. Þetta er mest notað til einkanota heimilanna og ef eitthvað efni er tekið upp, t.d. upp úr sjónvarpi, þá er það sennilega í 95% tilvika erlent efni hvort sem er.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt höfundalögum, nr. 78/1984, um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, var gefin út reglugerð um höfundaréttargjald af hljóð- og myndböndum, fyrst 15. mars 1985 af Ragnhildi Helgadóttur og síðan af mér fyrr á þessu ári. Innheimta höfundaréttargjaldsins af óáteknum myndbandsspólum við tollafgreiðslu grundvallast á þessum ákvæðum höfundalaganna. Þar er staðfest að höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota. Það eru rökin í málinu.

Það er gert ráð fyrir því að greitt sé sérstakt gjald af þessum tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til hliðstæðra nota. Gjaldið er greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins og/eða framleidd hér á landi og hvílir skylda til að svara þessu gjaldi á innflytjendum og/eða framleiðendum.

Gjald þetta er á einkaréttargrundvelli, þ.e. það flokkast ekki undir opinber gjöld og hafa höfundar sjálfir og eigendur höfundarréttar, hvort sem það eru tónskáld, hljómplötuframleiðendur, rithöfundar eða aðrir, forræði á gjaldinu í stofnun sem þeir reka og heitir Innheimtumiðstöð gjalda. M.a. í ljósi þess að nokkur óánægja var með þá tilhögun innheimtunnar sem í gangi var um skeið, og þá einkum það að óþarflega algengt var að aðilar kæmust hjá því að greiða þetta gjald, voru teknar upp viðræður milli Innheimtumiðstöðvar gjalda og Félags ísl. stórkaupmanna fyrir forgöngu menntmrn. til að finna lausn á þessu máli. Niðurstöður þeirra viðræðna voru þær að gert var samkomulag milli Innheimtumiðstöðvar gjalda og Félags ísl. stórkaupmanna um að leita eftir því við tollyfirvöld að innheimta gjald þetta í tolli.

Framhald málsins var svo það eftir viðræður við fjmrn. að gefin var út reglugerð um innheimtu höfundaréttargjaldsins í tolli, reglugerð nr. 177/1989, sem ég hygg að sé sú reglugerð sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til. Þessi nýja tilhögun á innheimtu gjaldsins hefur verið í gildi frá því í apríl á þessu ári og er talin hafa skilað góðum árangri. Þó er framangreind reglugerð um innheimtu gjaldsins í endurskoðun, m.a. í ljósi þess að það virðist vera nauðsynlegt að finna nákvæmari skilgreiningu á einstökum tegundum mynd- og hljóðbanda sem ekki eru tök á að nota til einkaþarfa. Höfundaréttargjaldið og innheimta þess byggist sem sagt á skýrri lagaheimild höfundalaganna frá 1985 og ef sönnur eru færðar á það að myndböndin séu ekki notuð til upptöku vegna einkaþarfa, endurgreiðir Innheimtumiðstöð gjalda viðstöðu- og undanbragðalaust þetta gjald þegar um slíkt er að ræða. Ég vænti þess að hið síðastnefnda sé alveg skýrt og Innheimtumiðstöð gjalda standi að sínu leytinu til við lagaákvæði í þessu efni líka.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að ég hafi svarað fsp. frá hv. 5. þm. Vesturl.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara fram á það við hæstv. menntmrh. að það verði kannað með höfundarrétt að myndböndum og segulböndum hvort ég muni nú ekki eiga höfundarrétt að þögninni, en eins og allir vita, þá stóð ég hér áður í þessum ræðustól og þagði eins og frægt er orðið. Og nú held ég því fram að ég eigi höfundarrétt að þögninni þar sem höfundarréttur er lagður á og vil fara fram á það að hann sjái um að greiðslur berist mér skjótt.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra fyrir greinargóð svör. Auðvitað tek ég undir það að höfundar og tónskáld eiga fullan rétt á að fá höfundaréttargjöld greidd fyrir sín verk og upptökur á þeirra verkum. Hins vegar eru þessar spólur, hvort sem þær heita myndbandsspólur eða segulbandsspólur, í miklum mun meira mæli notaðar til einkanota heimilanna. Ég þarf ekki annað en líta til eigin heimilis að mér þykir ári súrt að vera að greiða eitthvert höfundaréttargjald af því þótt ég taki upp vídeómyndir af börnunum mínum, þá þurfi ég að fara að greiða einhverjum höfundum úti í bæ gjald fyrir það. Mér þykir það hins vegar ákaflega athyglisvert að ég geti farið með þá spólu niður í þessa innheimtumiðstöð og fengið þetta gjald endurgreitt og mér þykir enn þá athyglisverðara hvernig þeir ætla að fylgjast með því að ég taki ekki svo aftur yfir það seinna. En þetta er hins vegar allt í endurskoðun og ég fagna því að svo sé.

Ég vil bara rétt í lokin að það komi fram að ég harma það að Félag ísl. stórkaupmanna skuli hafa staðið að slíkri vitleysu sem þetta er.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðið að verða ekki við tilmælum hv. þm. Hreggviðs Jónssonar. Ég tel að það sé annar sem hafi gefið okkur þessa auðlegð sem er þögnin og m.a. líka skapað okkur rétt til þess að nota okkur hana sem við gerum því miður allt of sjaldan.

Kynningarrit í bókmenntum, ein umr.

Fsp. HBl, 58. mál. — Þskj. 58.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Kynningarrit menntmrh. um bókmenntir dregur dám af stjórnmálaskoðunum menntmrh. og er mestan part unnið af starfsmönnum Máls og menningar sem er óhæfa þar sem aðilar bókamarkaðarins eiga mest undir hvernig að slíku verki er staðið. Í ritinu eru talin upp þau bókmenntatímarit íslensk sem eru sögð skipta máli. Það kemur ekki á óvart að Rauðir pennar og Tímarit Máls og menningar skuli nefnd en ekki Skírnir, Vaka-Helgafell og Nýtt Helgafell. Ritgerðir um nútímabókmenntir eru að efni til í kreddufullum anda eins og við höfum vanist í Tímariti Máls og menningar og verða metnar og lesnar af Íslendingum sem slíkar, en valda misskilningi erlendis. Hvorki Guðmundur Daníelsson né Indriði G. Þorsteinsson eru nefndir til sögunnar sem lýsir pólitísku ofstæki smáborgarans. Þeir njóta báðir heiðurslauna Alþingis sem ráðherra menntamála er skylt að virða. Ekki er minnst einu orði á Kristján Karlsson sem hefur verið með afkastamestu ljóðskáldum okkar síðasta áratug og hafa önnur ljóðskáld ekki meira fram að leggja en hann. Kristján hefur fært út landhelgi íslenskrar ljóðlistar.

Svar Guðmundar Daníelssonar lýsir vel skemmtilegum húmor hans þegar hann var spurður af Morgunblaðinu hvað hann vildi um það segja að vera ekki nefndur í ritlingi menntmrh. Guðmundur svaraði, með leyfi hæstv. forseta: „Ég giska á að þetta sé heldur lítið kver og að við Indriði höfum verið orðnir of stórir bitar til að kyngja. Það stendur svo væntanlega til að gefa út sérstaka bók með okkur tveimur einum. Þetta ætla ég að giska á án þess að geta sannað það.“

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu sem ég hef borið fram fsp. um hvað bókmenntaritlingur menntmrh. kosti íslensku þjóðina.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Kostnaður við það rit sem hér er til umræðu er 838 þús. og 11 kr. Eins og fram kemur í inngangi að þessu riti er þetta fyrsta ritið í ritröð um helstu þætti íslensks menningarstarfs sem ráðuneytið mun gefa út. Það eru eftir þrjú rit, þ.e. í fyrsta lagi um myndlist, listhönnun og húsagerðarlist. Þetta rit kemur út nú fyrir jól og í það skrifa Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, Örn Jónsson hönnuður og Guðrún Jónsdóttir arkitekt. Í öðru lagi er rit um tónlist og Bergljót Jónsdóttir ritstýrir því. Aðalhöfundar eru Þorkell Sigurbjörnsson, Karólína Eiríksdóttir og Hjálmar H. Ragnarsson. Í þriðja lagi er rit um leiklist, listdans og kvikmyndir. Í það rita Sveinn Einarsson, dagskrárstjóri sjónvarps, Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndagerðarmaður og Árni Ibsen, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins.

Það er ljóst að kostnaður við fyrsta ritið um bókmenntir mun nýtast við útgáfu hinna ritanna þar sem kápa verður sú sama og uppsetning verður eins. Allir höfundar hafa þegar skilað inn greinum og munu því rit nr. 3 og 4 koma út fljótlega eftir áramót.

Í ræðu sinni taldi hv. fyrirspyrjandi að hér væri um að ræða vélabrögð sem væru einvörðungu fundin upp af undirrituðum. Ég verð því miður að hryggja hv. þm. með því að það er ekki svo. Margir menntamálaráðherrar hafa um langt skeið lagt á það áherslu að koma á framfæri með einhverjum hætti upplýsingum um íslenska menningu á erlendum vettvangi. Það starf hefur því miður oft verið býsna tilviljunarkennt og ekki hefur verið nægilega vel að því staðið. Það hafa fleiri menntamálaráðherrar en ég séð. M.a. var um það fjallað í ráðuneytinu í tíð forvera míns, Birgis Ísl. Gunnarssonar, m.a. á síðustu dögum hans þar, þegar hann lagði svo fyrir að það yrði hafinn undirbúningur rits af því tagi sem hér er um að ræða.

Ég hirði satt að segja ekki um pólitískan skæting í þessu sambandi og vísa honum á bug. Það er auðvitað alltaf álitamál hver á að vera í svona riti og hver ekki. Það er alveg rétt hjá Guðmundi Daníelssyni, þetta er lítið kver, þetta eru 32 bls. með stóru letri þannig að það er alltaf álitamál. En að þarna sé um að ræða einhverjar pólitískar markalínur, eins og hv. þm. Halldór Blöndal gaf í skyn af þjóðkunnri þröngsýni sinni, þá er það ekki svo. Það eru margir höfundar sem ekki eru með í þessu riti, m.a. ýmsir höfundar sem tæplega verða taldir borgaralegir höfundar. Þarna er t.d. ekki fjallað um Þórberg Þórðarson. Þarna er ekki minnst á Jóhannes úr Kötlum, Guðmund Böðvarsson, Stein Steinarr, Theódóru Thoroddsen, Steinar Sigurjónsson, Ástu Sigurðardóttur, Einar Braga eða Þorstein frá Hamri. Ég hygg að menn sjái af þessari upptalningu hvað það er í raun og veru fánýtt að mæla svona rit á grundvelli þess hverjir eru nefndir og hverjir ekki. En ég viðurkenni að það hlýtur alltaf að vera álitamál hverjir eru teknir með og hverjir ekki og það eru höfundar greinanna sem hljóta að bera ábyrgð á því í einstökum atriðum. Við temjum okkur ekki ritskoðun á verkum af þessu tagi í menntmrn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það vekur alltaf andstyggð mína þegar stjórnmálamenn taka sér það bessaleyfi að draga listamenn í flokkspólitíska dilka. Og ekki verð ég glaðari þegar listamenn láta draga sig í slíka dilka og ekki fundust mér orð hv. þm. Halldórs Blöndals góð þegar hann fór að telja upp hverjir hefðu hlotið náð fyrir augum þeirra sem skrifuðu bæklinginn. Engu betri fannst mér síðan listi hæstv. menntmrh. þegar hann fór að telja upp þá sem vantaði því að það vantaði ekki að þar voru flokkspólitískar merkingar sem hann tók sem dæmi um hvað þetta væri nú hlutlaus bæklingur.

Ég ætla ekki að ræða hér um bæklinginn sjálfan eða hverjir (**Menntmrh.:** Þetta er misskilningur hjá hv. þm.) Er það misskilningur? (Gripið fram í.) Já, mér er alveg ljóst hvað liggur að baki slíku mati og slíkri flokkun. Ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni

hverjir hljóta náð í slíkum bæklingi og hverjir ekki en ég vil benda á að það skiptir öllu máli þegar verið er að gefa út slík rit eða kynna okkar list á hvern veg sem það er, að þar komi margir við sögu. Ég vil taka dæmi sem ég þekki best og það eru skrif á erlendum tungum um leiklist. Það verður að segjast eins og er að það hefur verið í höndum eins manns sl. 20 ár. Með því er ég ekki að leggja mat á hans verk hvort þau eru góð eða vond, en hann hlýtur eins og allir aðrir að hafa eitthvert sérstakt sjónarhorn sem er það eina sjónarhorn sem komist hefur að sl. 20 ár. Þess ber að gæta í svona skrifum að sem flestir njóti sín og sem flestra sé getið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni verður forseti að biðja hv. þm. sem biðja um orðið til að gera stuttar athugasemdir í fyrirspurnatímum að misnota ekki slíkan tíma með því að tala jafnlengi og fyrirspyrjandi má tala, sem eru tvær mínútur. Stutt athugasemd er hámark ein mínúta.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er mjög vandasamt verk að gefa út yfirlit um íslenskar bókmenntir fyrir erlenda menn á erlendu máli og skiptir auðvitað miklu máli að það sé ekki bundið við þrönga hagsmuni lítils hóps eða eins útgáfufélags. Þvert á móti þurfa margir ólíkir aðilar að standa að slíku kynningarriti vegna þeirra hagsmuna sem í húfi eru og starfsmaður Máls og menningar lýsti raunar vel í Morgunblaðinu fyrir skömmu.

Það var misskilningur eða fáfræði hjá hæstv. menntmrh. að þau skáld sem hann taldi upp væru ekki talin upp í þessu kynningarriti hér sem ég er með í höndum. Þar er bæði Theódóra Thoroddsen og þar er Steinar Sigurjónsson og þar er Jóhannes úr Kötlum og öll þau skáld sem hann nefndi. Það er meira að segja svo að í ritgerð annars starfsmanns Máls og menningar er Þorsteinn frá Hamri tekinn fram yfir Hannes Pétursson sem ég get ekki verið sammála.

Ég verð að vísa þeim ummælum hv. 18. þm. Reykv. á bug að ég hafi verið að draga skáld í pólitíska dilka. Það sem ég var að gera var að ég vakti athygli á því að í opinberu riti menntmrh. er sleppt tveim rithöfundum sem mjög hafa komið við sögu sl. 40 ár, eru meðal okkar fremstu rithöfunda og njóta heiðurslauna Alþingis. Þess vegna er óhjákvæmilegt að telja þá upp meðal rithöfunda íslenskra sem koma við sögu eftir 1950 og skiptir engu máli pólitískt mat manna á rithöfundum eða neitt slíkt. Það er óhjákvæmilegt að nefna þá.

Ég verð í öðru lagi að segja að þó ég nefni hér nafn Kristjáns Karlssonar er ég ekki að troða aðra niður. Ég er einungis að benda á að þessi rithöfundur, þetta skáld hefur ekki verið í röðum þeirra sem mest hafa verið í náðinni hjá tímariti Máls og menningar né þeim sem í það skrifa og það skýrir e.t.v. að ekki skuli minnst á það í þessum bókmenntaritlingi. Ég ætla satt að segja að vona að sú útgáfuröð sem menntmrh. hefur boðað beri ekki merki þeirrar þröngsýni sem fyrsti ritlingurinn gerir og ég ætla að vona að þeir sem sjá um þær útgáfur lyfti sér á ofboðlítið hærra plan en gert er með þeim bókmenntaritlingi sem ég hef gert hér að umræðuefni.

Reglugerð um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, ein umr.

Fsp. BÍG, 60. mál. — Þskj. 60.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í lögum sem samþykkt voru hér á Alþingi á sl. vori, lögum nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er í sérstökum kafla fjallað um kostnaðaruppgjör milli ríkis og sveitarfélaga. Í 75. gr. þeirra laga segir að ríkissjóður greiði sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Síðan er í þessari grein nánar fjallað um þetta uppgjör en í 5. mgr. segir:

„Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar."

Nú er nokkuð liðið á þetta ár og þessi reglugerð hefur ekki enn séð dagsins ljós. Mér er kunnugt um það að mörg sveitarfélög horfa til þess hvers efnis þessi reglugerð verði. Það er reyndar því meiri ástæða til að spyrja um þetta mál þegar fram kemur í frv. til fjárlaga að ekki er ætlað neitt fé til þess að ríkissjóður standi við þessa lagagrein og hefji uppgjör þegar á árinu 1990 eins og fyrir er mælt í lögunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna hef ég leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 60 og spyr, hvað líði setningu þessarar reglugerðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur beint til mín fsp. um það hvenær verði gefin út reglugerð um kostnaðaruppgjör milli ríkis og sveitarfélaga. Hún verður gefin út núna fljótlega. Það er alveg rétt hjá honum að það er mikilvægt að niðurstöður í þeim efnum liggi fyrir en í raun og veru er málið ekki svo einfalt að það sé hægt að skrifa reglugerðina svo að segja á borðinu í menntmrn. Það þarf að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um samningu hennar og svo að segja við öll sveitarfélögin í landinu vegna þess að við höfum orðið að skrifa nær öllum sveitarfélögum til þess að fara yfir þær skuldir sem ríkið stendur í við hin ýmsu sveitarfélög í landinu.

Í lögunum nr. 97/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði sveitarfélögum og félagasamtökum

á árunum 1990–1993 framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimmila eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum. Í 5. mgr. 75. gr. laganna er ákvæði um að menntmrh. skuli setja reglugerð um framkvæmd uppgjörsmála í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Síðast þegar þessi mál voru til meðferðar á fundi með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og menntmrn. óskuðu fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga eftir fresti til þess að fara yfir málið af sinni hálfu þannig að við höfum gert ráð fyrir því í menntmrn. að í þessari eða næstu viku fáum við viðbrögð Sambands ísl. sveitarfélaga og getum þá mjög fljótlega upp úr því gengið frá reglugerðinni.

Staða uppgjörsmálanna er þannig að mati menntmrn. að eins og menn vita, þá er hér um að ræða grunnskóla, dagvistarheimili, íþróttamannvirki og félagsheimili. Við gerum ráð fyrir því, eins og staðan í þessum efnum er núna, að heildarskuldir ríkisins vegna allra þessara framkvæmda séu um 1,2 milljarðar kr. Þar af vegna grunnskóla við 150 mannvirki af ýmsu tagi 800 millj. kr. Vegna dagvistarheimila 155 millj. kr. vegna 30 dagvistarheima. Vegna íþróttamannvirkja 230 millj. kr. vegna 125 mannvirkja sveitarfélaga og íþróttafélaga. Og vegna félagsheimila 60 millj. kr. vegna 48 félagsheimila. Samtals er hér um að ræða 350–360 mannvirki í grunnskólum, íþróttum, dagvistum og félagsheimilum. Hér er þess vegna um að ræða geysilega flókið og mikið verk og það verður örugglega mjög snúið að komast til botns í því nákvæmlega hvaða reglur eiga að gilda fyrir hverja framkvæmd fyrir sig. Hvað gerist þá ef ekki næst samkomulag um málið? Þá ber skv. lögunum sem voru samþykkt hér í vor að skipa úrskurðarnefnd sem kveður upp úrskurð um ágreining um kostnaðaruppgjör.

Við gerum ráð fyrir því að á þessum málum verði tekið núna alveg á næstunni og það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Reykv. sagði að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 er ekki komin inn tala á þennan lið. Það helgast m.a. af því að við uppgjör á rekstrarkostnaði og breytingar á rekstrarkostnaði, einkum heilsugæslunnar, komu upp atriði sem ríkið og Samband ísl. sveitarfélaga töldu rétt að kanna aðeins betur. Þess vegna er óhjákvæmilegt að höfð verði hliðsjón af því við niðurstöðu mála varðandi úthlutun á því fjármagni sem verður til ráðstöfunar á árinu 1990, en reglugerðin um vinnuferlið sem slíkt verður væntanlega gefin út fyrir miðjan nóvembermánuð.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hérna. Það er nokkurt áhyggjuefni hvað málin virðast vera seint á ferðinni hér. Við þingmenn landsbyggðarkjördæmanna höfum sennilega flestir verið á ferð um landið og fundað með sveitarstjórnum á undanförnum vikum. Höfum við fengið margar fyrirspurnir einmitt varðandi uppgjörsmálin og samninga, hvort þeir haldi gildi sínu þegar lögin nýju um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taka gildi nú um áramótin. Það hefur verið mjög óþægilegt að hafa ekki nein svör á reiðum höndum, ekki síst, vænti ég, fyrir þá sem styðja þessa ríkisstjórn.

En ég vil aðeins benda á að það er ýmislegt fleira en uppgjörsmálin sem þarf að huga að og fólk spyr líka mikið um núna. Það snertir ekki einungis menntmrn. heldur fleiri ráðuneyti og er varðandi starfsmannamál. Þeir sem flytjast frá því að vera starfsmenn sveitarfélags og ríkis eins og gerist t.d. við fjölbrautaskóla, þeir verða nú starfsmenn ríkisins. Hvernig verður ráðið fram úr þeirra málum?

Ég vildi aðeins koma að þessari athugasemd þó að hér sé verið að fjalla um uppgjör á fjármálunum, en bendi á annan mikilvægan þátt málsins.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir að bera þessa fsp. fram sem ekki er að ófyrirsynju. Lögin um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru sett á síðasta Alþingi og þegar fulltrúar sveitarfélaganna komu til fjvn. í haust, þá voru þessi mál gersamlega óljós fyrir þessum ágætu sendimönnum sveitarfélaganna víðs vegar af landinu. Enn er það svo að ekki hefur fengist sett reglugerð við lögin til þess að skýra hvernig þau eigi að framkvæma í mörgum atriðum.

Nú er það svo að fyrir liggur vinna fjvn. að þessu máli vegna þess að fjvn. á að koma að uppgjöri á skuldum ríkisins vegna framkvæmda ríkis og sveitarfélaga frá fyrri árum. Meðan þessi mál eru öll eins óljós og fyrir liggur, þá verður það til þess að tefja þessa vinnu og e.t.v. hindra hana því að þær upplýsingar hafa verið gefnar, m.a. frá menntmrn., að verið sé að ræða við samtök sveitarfélaganna en lítið sem ekki farið að ræða við einstök sveitarfélög um þessi mál eins og nú standa sakir. Hins vegar verði sú vinna hafin nú og henni hraðað á næstu vikum og mánuðum. Meðan svo slælega er að verki staðið í þessum efnum, þá verður það að áteljast og ekki að ófyrirsynju, eins og ég hef hér þegar sagt, að fyrirspurnir um þetta mál komi hér fram á Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég stend nú hér upp fyrst og fremst til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Þau voru greinargóð svo langt sem þau náðu. Ástæðan fyrir því að ég bar fram þessa fsp. hefur reyndar komið mjög glögglega fram í ræðum þeirra tveggja hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni. Það er áhyggjuefni mjög margra sveitarstjórnarmanna að það skuli ekki hafa unnist hraðar og betur að vinna að þessari reglugerð. Ef það stenst að hún verði gefin út eftir hálfan mánuð, þá fagna ég því að sjálfsögðu. Þetta er mjög mikilvægt mál sem verður að taka mjög alvarlegum og föstum tökum. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðherra geri það og fylgi því eftir sem hann hefur hér sagt að nú verði farið í þetta mál af krafti og reglugerð gefin út því að auðvitað er reglugerðin sá grunnur sem uppgjörið hlýtur að þurfa að hvíla á.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að láta það koma fram að ég er ekkert undrandi á því þó að menn vilji ræða þetta hér en bendi á að þetta er flókið verk satt best að segja. Þetta eru um 350 framkvæmdir sem þarf að gera upp og starfsmenn byggingardeildar menntmrn. eru samtals tveir sem sinna þessu verki ásamt ýmsu öðru. Ég vil að embættismenn mínir vandi sig við verk af þessu tagi og ljúki þeim ekki nema menn viti nákvæmlega hvað þeir eru að gera vegna þess að eftirkaupin geta orðið þjóðinni svo dýr. Þess vegna segi ég það af fullri hreinskilni, ég mun reyna að vanda þessi verk tæknilega eins og kostur er og leggja auðvitað á það áherslu að staðið verði við samninga sem gerðir höfðu verið. En ég spyr líka: Hvernig stendur á því að sveitarstjórnarmenn virðast margir hverjir ekki hafa gert sér nákvæma grein fyrir því að þau verk sem þeir voru að þrýsta á þingið að yrðu framkvæmd hér og ákveðin virðast svo koma þeim sjálfum eins og í opna skjöldu? Ég satt að segja undrast stundum það lýðræði sem tíðkað er í því félagslega fyrirbæri sem heitir Samband ísl. sveitarfélaga. Ég get ekki neitað mér um að láta það koma hér fram, virðulegi forseti.

Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, ein umr.

Fsp. BÍG, 61. mál. — Þskj. 61.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. er af svipuðum toga og sú sem ég bar hér fram áðan, en hún á rætur að rekja til þeirra laga sem sett voru á síðasta þingi í tengslum við lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þá voru sett ný lög um tekjustofna sveitarfélaga þar sem m.a. var gert ráð fyrir verulega breyttu hlutverki Jöfnunarsjóðs – ég skal ekki fara nánar út í það hér – en hið nýja hlutverk Jöfnunarsjóðs skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli fyrir sveitarfélögin í landinu, ekki síst hin smærri og veikburða. Í 20. gr. laganna var það síðan lagt á herðar félmrh. í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga að setja nánari reglur eða reglugerð um starfsemi sjóðsins. Drög að slíkri reglugerð voru sýnd þingnefndum í vor þegar verið var að fjalla um þetta mál. Það er ekki vafi á því að þau reglugerðardrög áttu nokkurn þátt í því að greiða fyrir því að þetta mál fór með góðu samkomulagi hér í gegnum þingið í vor. Þar komu m.a. fram ýmsar reglur, sérstaklega varðandi minni sveitarfélögin, sem gerðu a.m.k. suma þm. rólegri. Samkvæmt þeim drögum átti að bæta minni sveitarfélögum upp aukin útgjöld og Jöfnunarsjóðurinn átti að standa undir nafni og verða raunverulegur jöfnunarsjóður.

Mér er kunnugt um að sveitarfélög eru orðin langeygð eftir þessari reglugerð, þau eru mörg hver farin að undirbúa sínar fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár og þess vegna er ástæða til þess að spyrja um það nú hvað líði setningu reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem félmrh. ber að setja skv. 20. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda þá voru fyrstu drög að reglugerðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kynnt þeim þingnefndum sem fjölluðu um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga sl. vetur. Það var síðan strax í apríl sl. að þessi drög voru send til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Þessi reglugerðardrög voru nokkuð lengi til umfjöllunar hjá Sambandi sveitarfélaga eða þar til í lok september eða í um sex mánuði. Er það skiljanlegt vegna þess að hér er um mjög umfangsmikla og ítarlega reglugerð að ræða sem skiptir miklu máli fyrir sveitarfélög í landinu hvernig úr garði verður gerð.

Frá því ráðuneytið fékk reglugerðardrögin aftur eftir umfjöllun Sambands sveitarfélaga, eða í lok september, hefur verið unnið að því að ganga frá reglugerðinni í ráðuneytinu. Nokkrar brtt. bárust frá Sambandi sveitarfélaga og nánari útfærsla á einstökum atriðum. Þessi mál hafa nú verið til skoðunar sl. 4–5 vikur í ráðuneytinu. Þessi reglugerð verður gefin út næstu daga og væntanlega í síðasta lagi um miðjan þennan mánuð. Ég geri mér ljóst, eins og reyndar kom fram í máli fyrirspyrjanda, að það er mikilvægt að þessi reglugerð verði sett hið fyrsta þannig að sveitarfélögin hafi svigrúm til þess að átta sig á innihaldi hennar áður en hún tekur gildi um næstu áramót.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma fram með þetta mál hérna. Ég hef reyndar fyrir líklegast hálfum mánuði síðan lagt fram fsp. til hæstv. félmrh. þar sem ég fór fram á skriflegt svar varðandi einstaka þætti þessa máls. Það brennur mjög á smærri sveitarfélögum þar sem þannig hefur staðið á spori með framkvæmdir að þau hafa verið að ljúka stærri framkvæmdum á síðasta ári og þurft að fara á því ári verulega fram úr fjárveitingum. Það brennur mjög á þessum sveitarfélögum núna að fá svar við því hvernig ríkisvaldið hyggst standa að því að gera þessar framkvæmdir upp. Ég hef heyrt að það verði í gegnum Jöfnunarsjóðinn, í gegnum það sérstaka framlag sem á að fara til þess að styrkja framkvæmdir minni sveitarfélaga en menn hafa áhyggjur af því að hafa þetta ekki fast í hendi og eins að þessi upphæð sem þarna er til ráðstöfunar verði lág.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Þau svör sem hún flutti hér fullnægja mér alveg. Ég tel að þetta sé vandaverk og þurfi auðvitað að vanda til þess og skil að það hafi tekið nokkurn tíma en fagna því ef það stenst sem hæstv. ráðherra

segir, og ég dreg það að sjálfsögðu ekki í efa að reglugerðin verði sett nú um miðjan þennan mánuð.

Skipulag á Hvaleyrarholti, ein umr.

Fsp. KE, 65. mál. — Þskj. 65.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 65 hef ég beint fsp. til félmrh. um staðfestingu skipulags á Hvaleyrarholti sem hljóðar svo, leyfi með forseta:

„1. Hvaða athuganir hafa farið fram vegna skipulags fyrir byggð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði með tilliti til mengunar frá álbræðslu í Straumsvík?

2. Hver er afstaða skipulagsyfirvalda til málsins?

3. Hvaða viðbótarathugana er talin þörf áður en hægt er að taka afstöðu til skipulagsins?"

Ég hef ætíð haft verulegar áhyggjur af mengunarhættu frá álverinu í Straumsvík, hvað þá heldur ef það á að byggja viðbótarálver á þessum sama stað.

Í skýrslu Hollustuverndar ríkisins frá því sumarið 1986 kemur fram að mengunarvörnum var þá verulega ábótavant hjá álverinu í Straumsvík. Ekki veit ég hversu mikið er búið að gera síðan varðandi athuganir á mengun frá álverinu en þessi skýrsla er frá 1986.

Í dagblaðinu Þjóðviljanum þann 3. október sl. er frétt á forsíðu um mengunarhættu. Það er talað um óvissa mengunarhættu á Hvaleyrarholti og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú er í undirbúningi bygging á nýju íbúðarhverfi á Hvaleyrarholti og hafa spurningar vaknað um hvort ekki stafi hætta af álverinu í næsta nágrenni, sérstaklega ef ákveðið verði að stækka það." — Síðar segir í þessu sama viðtali sem er við Gunnar Rafn bæjarritara: „Við eigum því alls ekki von á öðru en að fá skipulagið samþykkt af skipulagsstjórn ríkisins og bíðum einmitt eftir því nú."

Ég vildi þar af leiðandi leggja fram þessar spurningar til félmrh. varðandi það hvað almennt er gert þegar verið er að skipuleggja á þennan hátt og farið fram á staðfestingu skipulags vegna þeirrar hættu sem þarna getur stafað af stóriðjunni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr um í þremur liðum atriði er varða staðfestingu skipulags á Hvaleyrarholti. Í fyrsta lagi er spurt um hvaða athuganir hafa farið fram vegna skipulags fyrir byggð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði með tilliti til mengunar frá álbræðslu í Straumsvík.

Því er til að svara að Hollustuvernd ríkisins hefur samið greinargerð um athugun á hugsanlegri mengun frá iðnfyrirtækjum í fyrirhugaðri íbúðarbyggð á Hvaleyrarholti. Greinargerðin var unnin fyrir bæjarskipulag Hafnarfjarðar. Heilbrigðis- og skipulagsnefndir Hafnarfjarðar hafa einnig haft til athugunar hugsanleg mengunaráhrif í byggð vegna reksturs núverandi og fyrirhugaðra iðnfyrirtækja við Straumsvík. Sem lið í þessum athugunum var Hollustuvernd ríkisins falið að gera gröfa dreifingarútreikninga.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði tóku nýlega í notkun mælistöð til að fylgjast með mengun frá álverinu í Hvaleyrarholti. Fyrst í stað er einungis mælt brennisteinstvíildi en mest ástæða er talin til að fylgjast með því efni. Síðan er ætlunin að hefja mælingar á fleiri mengunarefnum og á fleiri stöðum í bænum. Niðurstöður verða m.a. notaðar sem grundvöllur að hertum kröfum um mengunarvarnir ef þær gefa til þess tilefni. Þegar hefur verið ákveðið að fram fari ítarlegar athuganir á hugsanlegum mengunaráhrifum og annarri röskun lífríkis og að fyrstu niðurstöður liggi fyrir áður en ákvarðanir um framkvæmdir verða teknar.

Reglulega hefur verið fylgst með flúormengun frá álverinu og hefur sérstök nefnd ríkisstjórnarinnar og Alusuisse annast framkvæmd þeirrar athugunar.

Í öðrum lið fsp. er spurt um hver sé afstaða skipulagsyfirvalda til málsins. Skipulagsstjórn ríkisins hefur til umfjöllunar ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að hún afgreiði til staðfestingar félmrh. breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem er fólgin í því að á svæði sem ætlað var til íbúðarbyggðar eftir árið 2000 eða í lok skipulagstímabilsins verði íbúðarbyggð á yfirstandandi skipulagstímabili. Skipulagsstjórn ríkisins hefur enn ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvort hún mælir með staðfestingu breytingarinnar.

Í þriðja lagi er spurt hvaða viðbótarathugana er talin þörf áður en hægt er að taka afstöðu til skipulagsins.

Að mati Hollustuverndar ríkisins þyrfti, áður en afstaða er tekin til skipulagsins, að liggja fyrir nákvæmari könnun á svæðinu án þess að sú könnun hafi verið skilgreind nánar. Heilbrigðis- og skipulagsnefndir í Hafnarfirði hafa þegar hafið fullkomnari könnun á svæðinu og mælingar, en fyrri könnun náði einungis til útreikninga á hugsanlegri mengun. Í framhaldi af því mun skýrsla um þá athugun verða lögð fyrir skipulagsstjórn ríkisins sem þá tekur afstöðu til þess hvort hægt sé, á grundvelli þeirra upplýsinga, að afgreiða málið til staðfestingar ráðherra.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Ég þakka ráðherra svörin og sé að það er reynt að taka á þessum málum og vona að það sé tekið tillit til mengunar þegar verið er að staðfesta skipulag. Þó svo að mengunarvarnir heyri að sjálfsögðu undir heilbrrh. og Hollustuvernd þá taldi ég samt rétt að beina þessum fsp. til félmrh. vegna þess að þarna er um að ræða staðfestingu skipulags. Ég lít á það sem mikið áhyggjuefni að það sé talin vera þá mikil mengun, sérstaklega af brennisteins-díoxíði, að Hollustuvernd ríkisins hefur gert athugasemd við þá mengun. Hreinsunarbúnaður álversins í Straumsvík gerir ekki ráð fyrir hreinsun á brennisteins-díoxíði sem er verulegt áhyggjuefni því það er mengun sem

þarf að hafa áhyggjur af svo sem af allri annarri mengun.

Ég skora á félmrh. að taka þetta, í samvinnu við heilbrrh., föstum tökum og slaka ekki á neinum kröfum varðandi mengun vegna þess að það skiptir verulega miklu máli fyrir Hafnfirðinga að þarna sé ekki um neina óvissu að ræða vegna mengunarhættu. Talað er um að þarna verði framtíðaríbúðarhverfi Hafnfirðinga þar sem á að búa fjöldi fólks. Því má ekki vera nokkur vafi á að hættulaust sé fyrir fólk að búa þarna. Ég ítreka það að ég tel að áður en skipulagið er staðfest þurfi þetta að vera alveg ljóst og að ekki verði veittar neinar undanþágur að því er varðar mengunarvarnir.

SAMEINAÐ ÞING

11. fundur, fimmtudaginn 2. nóv., að loknum 10. fundi.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, fyrri umr.

Þáltill. HJ og IBA, 6. mál. — Þskj. 6.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er á dagskrá till. til þál. um tvöföldun Reykjanesbrautar en flm. auk mín er Ingi Björn Albertsson. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum aksturs stefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1992. Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar."

Það er kunnara en frá þurfi að segja að umferð um Reykjanesbraut er afar mikil. Reykjanesbrautin hefur algjöra sérstöðu í vegakerfinu. Við getum orðað það svo að Reykjanesbrautin sé hlið Íslands að umheiminum. En það er ekki nóg með að umferð um Reykjanesbraut hafi vaxið gífurlega á undanförnum árum heldur er það einnig eðli hennar sem er sérstakt. Fjöldi bifreiða sem ekur um brautina bæði á síðkvöldum og árla morguns er mikill. Hér koma til tvö atriði. Í fyrsta lagi er fjöldi fólks sem fer til vinnu á hverjum degi eftir Reykjanesbrautinni og í öðru lagi er nær allt utanlandsflugið sem fer frá Keflavíkurflugvelli.

Þessi tvö atriði skapa sérstöku umferðarinnar um Reykjanesbrautina. Jafnframt nota íbúar Suðurnesja Reykjanesbrautina mjög mikið utan þess sem snertir atvinnumál þeirra. Bæði sækja þeir margs konar þjónustu til höfuðborgarsvæðisins og einnig fjölbreytilegar tómstundir. Ég minni sérstaklega á mikinn fjölda Suðurnesjabúa sem fer á skíði, bæði í Bláfjöll, Skálafell og Hengilssvæðið, á hverjum vetri.

Það er einnig svo að þessi mikla umferð hefur orðið til þess að Reykjanesbrautin er í dag þannig að við erfiðar aðstæður skapast mjög hættulegt ástand vegna þess að slitið á brautinni er svo mikið. Þetta hefur að vísu verið lagfært að hluta til með því að fræsa úr veginum annað slagið en áfram eru ákveðnir kaflar mjög hættulegir.

Þá er það svo að umferðin um Reykjanesbrautina hefur, eins og ég sagði, algjöra sérstöðu miðað við aðra vegi landsins. Við frjálslyndir hægrimenn höfum það á okkar stefnuskrá að brautin verði tvöfölduð. Við teljum það ákveðna stefnu og þá með tilliti til þess að unnið hefur verið að álíka verkefnum í vegamálum með svipuðum hætti úti á landi. Ég minni hér á að Ólafsfjarðarmúlinn var mjög hættulegur vegur og því var ákveðið að leggja göng milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar sem sérstakt verkefni. Ég tel að staða Reykjanesbrautarinnar sé með þeim hætti að það beri að tvöfalda hana og vinna með svipuðum hætti að því og ég nefndi varðandi göngin á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Við þingmenn Reykn. höfum fengið mjög viðamikla úttekt um Reykjanesbrautina og hugsanlegar endurbætur á þeim vegi sem núna er og jafnframt upplýsingar um umferð um veginn og ýmiss konar fróðlegar upplýsingar frá Vegagerðinni. Þessar upplýsingar geri ég ráð fyrir að komi fram í umræðu hér á eftir um þetta. En ég tel mikilvægt að menn líti til þess að þetta er alveg sérstakt verkefni og því mikilvægt að að því verði staðið með þeim hætti sem við leggjum til. Þá ber ekki að draga það undan að slys hafa verið tíð á Reykjanesbrautinni og fjöldi banaslysa hefur orðið á henni síðan hún var lögð. Það er auðvitað svo að banaslys verða víðar og e.t.v. tíðari á mörgum stöðum þar sem umferð er meiri, en þrátt fyrir það er þetta afar hættulegur kafli, og sumir hafa viljað kalla hana dauðabrautina. Svo getum við litið til þess að nær allt utanlandsflug fer frá Keflavíkurflugvelli og umferðin því mikil frá Keflavík til höfuðborgarsvæðisins.

Það er líka svo að erlendir þjóðhöfðingjar lenda á Keflavíkurflugvelli og eru keyrðir á miklum hraða til höfuðborgarinnar. Ég tel því að þessi braut sé í þeirri sérstöðu að við eigum að tvöfalda hana því að þetta er í raun og veru vegurinn til útlanda. Þetta er vegurinn að landamærunum. Þessi vegur hefur því algjöra sérstöðu miðað við aðra vegi sem eru hér á landi. Við höfum einnig séð það að á vetrum er mjög mikil hætta á þessari braut, en mikill hluti umferðarinnar er eldsnemma á morgnum, þegar fólk er að fara í flug, er að fara til vinnu eða er að koma úr vinnu frá Keflavíkurflugvelli. Þá er mikil umferð, eins og ég minntist hér á áðan, síðla kvölds þegar Suðurnesjabúar eru að koma héðan frá Reykjavík, en hingað hafa þeir sótt mikið í sínum tómstundum. Það er því

mjög brýnt að það verði staðið vel að þessum málum og ég vonast til að þegar málið verður tekið fyrir í nefnd verði samstaða um að vísa því til ríkisstjórnarinnar til afgreiðslu og skoðunar með þeim hætti að unnið verði að þessum málum mjög hratt og vel og við fáum tvöfalda Reykjanesbraut sem allra fyrst.

Það er líka brýnt að við lítum til þess að fé til vegamála hefur verið mun minna til Reykjaness, og það hefur farið minnkandi og einnig til höfuðborgarsvæðisins, miðað við það fé sem fer til annarra byggða á landinu undanfarin ár. Það er því tími til kominn að þessum málum verði snúið við og teknar upp vegabætur hér með meiri þunga en áður hefur verið gert. Ég vil minna á það að sú mikla aukning á bifreiðaeign sem núna hefur orðið er mest á þessu landsvæði og þeir notendur eru að sjálfsögðu flestir á þessu fjölmenna svæði. Annars vegar eru u.þ.b. 55% hér á hinu svokallaða höfuðborgarsvæði, en með Suðurnesjunum eru þetta 65% allra íbúa á landinu. Þess vegna er það í rauninni rökrétt að meiri fjármunum sé veitt til vegamála á þessu svæði en hefur verið gert. Og það er brýnt að svo verði gert, enda hafa tollar af bifreiðum og önnur gjöld komið að langstærstum hluta frá íbúum þessa svæðis, svo og gjald af bensíni. Það er því náttúrlega mikilvægt að íbúarnir sem greiða mest til þessara mála fái til vegagerðar meira en áður hefur verið. Ég tel að það sé tími til kominn að menn hugsi um þessi mál að þessu leyti og sameinist um það að svona brýnt verkefni eins og tvöföldun Reykjanesbrautarinnar verði framkvæmt nú fljótlega. Umferðin hefur margfaldast undanfarin ár. Ég tek sem dæmi að í kringum 1980 voru bifreiðar á Reykjanesbraut við Straumsvík í kringum 3000 en eru nú komnar upp í 10.000. Hins vegar er umferðin þar fyrir sunnan náttúrlega mun minni þegar er tekin talning og Straumsvík ekki talin með. Engu að síður er mjög mikilvægt að gerðar verði ráðstafanir þegar í stað til að tvöfalda brautina og jafnframt að það liggi fyrir áætlun um það með þeim hætti skipulag sveitarfélaga og skipulag flugstöðva geri ráð fyrir að nægilegt land verði fyrir slíka tvöföldun.

Ég vil ekki á þessu stigi hafa þessa ræðu öllu lengri en vísa að öðru leyti til greinargerðar sem fylgir með frv. og vil þó að lokum rétt minna á að þetta var 1. mál er varaþingmaður Frjálslynda hægriflokksins, Kolbrún Jónsdóttir, flutti hér þegar hún settist á þing og ég tel að það hafi verið gott mál þá og sé ekki síðra núna og mikilvægi þess hafi vaxið með hverju árinu sem líður.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu, 6. mál þessa þings, till. til þál. um tvöföldun Reykjanesbrautar, hefur verið til umræðu á Alþingi áður eins og fram kom hjá 1. flm. í ræðu hans áðan, hv. 11. þm. Reykn.

Það er vissulega svo að Reykjanesbrautin er einn þýðingarmesti þjóðvegur þessa lands og þar kemur tvennt til. Annars vegar að þetta er tengibraut byggðarlaga sem um 65% íbúa landsins byggja eins og hér kom fram áðan og eins og segja má, og hv. 1. flm. sagði, er þetta vegurinn til útlanda, þetta er vegurinn að landamærunum. Það er alveg hárrétt. Þingmenn Reykn. gera sér mjög vel grein fyrir þessum hlutum og þeir hafa með fundi sem þeir héldu ekki fyrir löngu síðan viljað fá fram af hálfu Vegagerðar ríkisins álit á því með hvaða hætti er hægt að bregðast við því sem þarf að bregðast við með skjótum hætti, hver eigi að vera framtíðarverkefni varðandi þessa braut, og að við áttum okkur að sjálfsögðu á því í leiðinni hver kostnaður er í sambandi við þessa hluti.

Við þurfum að hafa framkvæmdaröðina. Við þurfum þá líka í leiðinni að átta okkur á því hver kostnaðurinn er og með hvaða hætti möguleiki er á því að afla tekna í Vegasjóð til þess að standa straum af því sem um er að ræða. Á þessum fundi sem þingmenn Reykn. héldu mættu fulltrúar Vegagerðar ríkisins. Þeir gerðu grein fyrir þessum málum og þess var óskað að frá þeim kæmi greinargerð, sem þeir hafa nú látið þingmönnum Reykn. í té í dag, þar sem þeir gera grein fyrir þeim þáttum sem taka verður tillit til þegar um þessi mál er rætt og gera sér grein fyrir af þeirri skýrslu hvernig best verður að þessum málum staðið.

Ég vildi, með leyfi forseta, víkja að örfáum atriðum sem fram koma í þessari greinargerð en taka fram í leiðinni að þm. Reykn. eru sammála um að þessi greinargerð verði einmitt send til þeirrar nefndar sem fær þá till. til meðferðar sem hér er til umræðu og það verði hægt að vinna þar orðalag að tillögu sem við gætum sameinast um og lagt yrði til að Alþingi samþykkti.

Ef við aðeins virðum fyrir okkur umferðarþungann má segja að þar skiptist í tvennt, annars vegar Reykjanesbrautina frá Elliðaám og suður fyrir Krýsuvíkurafleggjarann, og á þessu svæði er, eins og talað er um, dagsumferð á ári að meðaltali 8–10 þús. bifreiðar, en mér er tjáð að á vissum tímum dags og vissa daga sé umferðin nærri 20 þús. bílar á þessu svæði. Þegar síðan kemur suður fyrir Krýsuvíkurveg er umferðin samkvæmt þeirra talningu um 5 þúsund bifreiðar, en á vissum tímum fer bifreiðafjöldinn þar upp í 8–10 þúsund bifreiðar.

Við gerð vega er meðaltalsumferðin lögð til grundvallar og það sem fram kemur í skýrslu Vegagerðarinnar er, eins og ég sagði, að Reykjanesbrautin frá Breiðholtsbraut til Krýsuvíkurvegar er með 8–10 þúsund bifreiðar og Krýsuvíkurvegur að Víknavegi, sem er vegurinn á milli Njarðvíkur og inn til Keflavíkur, er með um 5 þúsund bifreiðar.

Þegar við ræðum þessi mál er ekki óeðlilegt að þau slys sem verða í þessari miklu umferð komi til umræðu og þá er gjarnan horft á með hvaða hætti hlutirnir hafa gerst. Vegagerðin fylgist mjög náið með þessum slysum og hefur athugað fjölda slysa og borið saman fjölda slysa yfir allt landið og svo á þessum vegi. Það kemur í ljós að á Reykjanesbrautinni er slysatíðni, eins og það er orðað nú, orðin mest ofan Hafnarfjarðar og hefur þetta breyst miðað við

það sem áður var. Lengi vel voru slys mjög oft suður frá. Síðan gerðu menn sér grein fyrir því að Arnarneshæðin var orðin slysagildra. Þar er nú verið að hefja miklar framkvæmdir til breytinga og vonandi verður það til þess að slysum þar fækkar. Hins vegar liggur ljóst fyrir að um leið og nýr kafli Reykjanesbrautar, frá Breiðsholtsbraut og inn til Hafnarfjarðar, var tekinn í notkun hefur slysum fjölgað þar.

Ef við virðum svo fyrir okkur ástand Reykjanesbrautar eins og það er í dag er ljóst að sú umferð sem á sér stað um Reykjanesbrautina gerir það auðvitað að verkum að hér þarf að gæta vel að í sambandi við viðhald og ljóst að ekki verður hægt að bíða lengi í þeim efnum. Þegar við ræðum svo um hvernig við greiðum úr umferðinni koma enn fremur til greina nýjar leiðir sem gert er ráð fyrir að tengist Reykjanesbrautinni og hver verði forgangsröð þeirra í sambandi við Reykjanesbrautina og þau verkefni sem þar eru til umræðu. Þar á ég við veg sem nefndur hefur verið Ofanbyggðavegur og liggur fyrir ofan Hafnarfjörð. Ef sú braut yrði lögð yrði það til þess að draga mjög úr umferðinni þegar komið er suður að Hafnarfirði og suður fyrir Hafnarfjörð.

Ég hef vikið hér að í fyrsta lagi öryggisaðgerðum vegna Reykjanesbrautarinnar, ég hef vikið að í öðru lagi aðgerðum vegna breytinga á öðrum tengibrautum, ég hef vikið að viðhaldsaðgerðum sem hér koma til greina, ég hef vikið hér að nýjum akstursleiðum sem tengjast Reykjanesbrautinni og síðan fjallar þessi till. sem hér er til umræðu um tvöföldun þá sem rétt er talið að verði farið út í.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð mín fleiri hér en ég tek undir það sem hv. 1. flm. sagði, að vonandi verður þessi till. til afgreiðslu. Ég tók ekki eftir til hvaða nefndar flm. vísaði. (**Gripið fram í:** Það átti að vera atvmn., en hann nefndi það ekki.) Það átti að vera atvmn., en hann nefndi það ekki. Nú, ég hafði þá skoðun fyrir ekki mörgum árum síðan að hér væri um að ræða fjvn.-mál en það skiptir út af fyrir sig engu. Hitt er meginatriðið að það takist á grundvelli þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið sett fram, þeirrar grg. sem þingmenn Reykn. hafa fengið frá Vegagerð og þeim umræðum sem fara fram í nefndinni við þá aðila sem best þekkja að ná fram á Alþingi viljayfirlýsingu um þær aðgerðir sem eðlilegt er talið og rétt að hrinda í framkvæmd í sambandi við Reykjanesbrautina.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Bara örfá orð í viðbót við þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil taka það fram strax í upphafi að þingmenn kjördæmisins hafa alla tíð haft mjög góða samvinnu um það hvernig að þessu máli skyldi staðið. Þessi tillaga um tvöföldunina hefur verið rædd hér áður en ekki hlotið neina afgreiðslu í þinginu. Trúlega er það vegna þess mikla kostnaðar sem er við það að tvöfalda brautina og ekki síst vegna þess að vegamálayfirvöld telja að umferðin sé varla orðin nægilega mikil til þess að réttlæta það í samanburði við aðra þjóðvegi á landinu.

Ég tel hins vegar að þeir meti tölurnar kannski svolítið varlega. Umferðin á Reykjanesbraut er fyrst og fremst tvisvar á sólarhring, snemma á morgnana og síðla dags, og þess vegna held ég að sólarhringsmeðaltalið segi í raun og veru ekki alla söguna. Ég hygg að af okkur þingmönnum séum við, ég og kollegi okkar, hv. 4. þm. kjördæmisins, hvað kunnugastir þessum vegi og það er alveg ljóst að við tvennar aðstæður er hann verulega hættulegur, þ.e. í hálku, og að mínu viti e.t.v. hættulegri í votviðri og hvassviðri svo slitinn sem hann er orðinn.

Eins og 1. þm. kjördæmisins tók fram fara nú fram ýmsar kannanir á þeim möguleikum sem eru til þess að bæta ástandið og ég hygg að við verðum að vera raunsæ í því hvað hægt er að gera. Ég er ekki viss um að okkur takist, nema þá með einhverri sérstakri fjáröflun sem ég sé ekki í hendi minni núna í augnablikinu, að ganga til tvöföldunar á brautinni sem áætlað er að kosti tæpan milljarð. Það eru ýmsar aðrar aðgerðir sem Vegamálaskrifstofan telur að mundu bæta ástandið mjög víða á leiðinni og undir þær margar tek ég.

Það er eitt atriði sem mér finnst að vanti í skýrsluna hjá þeim, sem ég tel að væri mjög brýnt að kanna til þrautar og ég veit að þeir hafa hafið könnun á, og það er að setja upp hálkuvara, sjálfvirka eða ekki sjálfvirka, sem mundu leiðbeina ökumönnum mjög mikið ef hætta er á hálku eða hitastigið komið á það stig að hætta sé á hálku. Þetta væri að mínu viti ekki mjög flókið mál en mundi létta það að ýmsu leyti.

Ég ætla ekki að fara að rekja þá möguleika sem Vegamálaskrifstofan mælir með eða telur möguleika á sem áfanga í tvöföldun brautarinnar. Ég legg áherslu á það að eins og verið hefur fram að þessu þá reynum við þingmenn kjördæmisins að hafa samstöðu í þessu máli, það er farsælast til þess að ná fram hagkvæmri lausn, og munum við hafa góða samvinnu við nefndarmenn í atvmn. þegar kemur til lokaafgreiðslu þessarar till.

Það er eitt atriði að lokum sem þarf að auka mjög en hefur dregið úr núna á seinni árum og það er löggæslan. Ég held að það sé atriði sem mjög vantar á en mundi leysa marga hluti í þessu, sérstaklega á þeim tímum sem umferð er mjög mikil.

Þessi atriði vildi ég að kæmu fram. Ég tel gott að till. kom hér fram, hún vekur þá þessa umræðu upp og hefur kannski flýtt fyrir þeim störfum sem Vegamálaskrifstofan hefur verið að vinna. En ég legg á það megináherslu að þingmenn kjördæmisins hafi, eins og fram að þessu, góða samvinnu um það á hvaða hátt hægt er að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum endurbótum á þessum mikilvæga þjóðvegi.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Sú till. sem liggur hér fyrir er till. um að tvöfalda Reykjanesbraut. Vissulega er nauðsyn að það verði gert. Umferð á þessum vegi er þvílík, slysatíðni slík og nauðsyn þess slík að það verður að gera þá hluti sem allra fyrst. Hitt er annað að bæði ég og aðrir þingmenn Reykjaness gera sér

það ljóst að um þessar mundir er ekki unnt að setja milljarð í þetta, beinlínis vegna fjárskorts. Því er hyggilegast, eins og fram hefur komið hér, að velja næstbestu leiðina þar til því marki verður náð að tvöfalda Reykjanesbraut, að gera verulegar úrbætur á veginum. Það er fyrirhugað að gera það. Það er algjör samstaða þingmanna Reykjaness í þeim efnum að ýta á það að svo verði gert og ég fullyrði að það verður líka gert.

Ég minni á það líka að það þarf aukna löggæslu á þessum vegi. Það verður að leggja í þann kostnað á meðan ekki er hafist handa við tvöföldun Reykjanesbrautar. Það þarf úrbætur strax. Þess vegna er hyggilegt að gera þær betrumbætur sem unnt er að gera nú fyrir mun minni kostnað. Það er náttúrlega aðalatriðið að slysum verði fækkað og vegurinn verði eins og best verður á kosið og það er meiningin að svo verði.

Þessi vegur, Keflavíkurvegurinn eða Reykjanesbrautin, var á sínum tíma nefndur, þ.e. vegurinn á undan Reykjanesbrautinni var nefndur Ódáðahraun íslenskra vega. Ég hygg að Ólafur heitinn Thors hafi nefnt veginn því nafni. Það var mikil barátta við að fá varanlegt slitlag á þennan veg. Í upphafi var ákveðið að steypa veginn, síðan komu upp raddir um það að malbika veginn. Þá brugðust Suðurnesjamenn mjög hart við og mótmæltu hástöfum. Það tókst að koma í veg fyrir það að vegurinn yrði hálfur malbikaður, þ.e. frá Straumi og til Keflavíkur. En ég vil varpa því aðeins fram til hugleiðingar ykkur hér í þingsal hvernig ástandið hefði verið ef vegurinn hefði allur verið malbikaður, hvert viðhaldið hefði verið, hver kostnaðurinn hefði verið fyrir þjóðarbúið. Sem betur fer tókst að koma í veg fyrir þetta. En ég vek líka athygli á því að þessi vegur hefur verið afskaplega viðhaldslítill og því hefur lítið af fé Vegagerðarinnar farið til þessara hluta og það segir okkur að nú er ástæða til að setja fé í þennan veg.

Það má líka rifja það upp að þetta var fyrsti vegurinn og eini vegurinn sem lagt var á veggjald. Það var af tekið vegna háværra mótmæla þess fólks sem þennan skatt þurfti að greiða, sem neitaði þessum skatti vegna þess að það var fyrirsjáanlegt að þetta var eini vegurinn sem fyrirhugað var að taka skattgjald af.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta en ég legg áherslu á að það verða gerðar verulegar umbætur á þessum vegi. Við þingmenn Reykjaness munum ýta fast á eftir því. Framtíðin verður sú að tvöfalda veginn, en þessar úrbætur koma fyrst.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég má til með að blanda mér í þessar umræður þó að ég sé ekki þingmaður Reyknesinga. En ég þekki Keflavíkurveginn nokkuð vel og þekkti hann kannski einna best á meðan hann var, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, Ódáðahraun íslenskra vega, þegar ég var barn og átti heima í Keflavík og þurfti að fara oft um þennan veg. Ég fer miklu sjaldnar núna en ég hef þá sömu reynslu og þeir sem hér hafa talað á undan mér að það er fyrst og fremst slitinn vegur og sú hætta sem það skapar vegfarendum, þ.e. ástand vegarins. Ég held að aðalvandamálið sé ekki að vegurinn beri ekki þá umferð sem um hann fer. Ég hef að vísu ekki farið um veginn þegar hvað flestir bílar eru á honum, en vandamálið er fyrst og fremst þessi slysahætta, hversu mikið vatn safnast á hann, hversu erfitt er að aka um hann vegna annarra aðstæðna heldur en endilega að hann sé of mjór. Þetta bæði skilst mér á þeim sem hér hafa talað og eins þeim skýrslum sem maður hefur séð og þeirri umfjöllun sem hefur farið fram um þetta mál. Ég held því að það sem fyrst og fremst þarf að gera núna sé að taka á slysahættunni. Mér óar sá mikli kostnaður sem hér hefur verið talað um, 1 milljarður til að tvöfalda brautina. Það hlýtur að vera hægt að fara ódýrari leiðir og þurfi að gera það strax til þess að bæta veginn, því að hér eins og annars staðar er alltaf spurningin um forgangsröð. Þó að margir búi á þessu svæði þá verðum við líka að muna að það eru önnur svæði sem við verðum að taka tillit til og við sem búum hér megum ekki gleyma því að vegirnir eru líka mjög illa farnir annars staðar. Það þarf að gera stórátak í vegamálum annars staðar en akkúrat hér. Þess vegna held ég að þingmenn Reykjaness ættu að sameinast um að leita ódýrari leiða og hugsa um þessa margumtöluðu forgangsröð og leggja höfuðáhersluna á að vegurinn sé öruggari en ekki endilega að tvöfalda veginn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fá að segja örfá orð sem annar flm. að þessari till. Þó að ég sé fulltrúi fyrir annað kjördæmi þá tel ég þetta slíkt nauðsynjamál að það beri að horfa á það með hagsmuni landsins sem heildar að leiðarljósi.

Það kom fram hér áðan í máli hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar að vegamálastjóri telji að umferðarþunginn um þennan veg sé ekki nægjanlegur til þess að rökstyðja það að tvöfalda eigi þessa braut. Ég tel að við megum ekki horfa á umferðarþungann einan og sér í þessu dæmi. Við getum t.d. flett upp í þessu ágæta þskj. og séð þar töflu yfir slysatíðnina eða skoðað þá hrikalegu mynd sem er aftan á þskj. sem sýnir það glögglega að þetta er einhver hættulegasti, ef ekki allra hættulegasti vegarkafli á landinu. Það má líka horfa til t.d. Ólafsfjarðarmúlaframkvæmdanna. Það er engan veginn hægt að rökstyðja þær framkvæmdir með umferðarþunga en hins vegar hægt að gera það með slysatíðni.

Ég minni á það að þingmenn Vesturlands hafa lagt fram svipaða till., ef svo má að orði komast, um jarðgöng undir Hvalfjörð, þar sem einnig er gert ráð fyrir að hún verði kostuð af fé utan vegáætlunar.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því, bæði þingmenn Vesturlands og væntanlega þingmenn Reykjaness, að þetta kostar allmikið fé og verður ekki gert í einni hendingu. En það sem við erum kannski helst að kalla á er viljayfirlýsing þingsins um það að í þessar framkvæmdir verði farið, á hvaða tímapunkti sem það er, en ég tel nauðsynlegt að

tímasetja það. Það er kannski fullstíft til orða tekið hér í þessari ályktun að verkinu verði lokið fyrir árslok 1992 en það má að sjálfsögðu laga það til og ég ætla ekkert að stinga upp á neinni ákveðinni dagsetningu á það. Ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta til umræðu skoði þann flöt á málinu.

Það kom einnig fram hér hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að það er fjárhagslega hagkvæmt að steypa vegi, eins og ég held nú að allir hafi vitað, og það hlýtur að vera spurning fyrir okkur sem stefnumarkandi þátt hvort það á ekki að fara í æ ríkari mæli í það að steypa vegi landsins. Þó það sé dýrara í upphafi þá vinnur það sig fljótt upp í viðhaldi vega.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fá að segja þessi örfáu orð. Ég tel að hv. 1. flm. hafi mælt mjög vel fyrir okkar munn í þessu máli og lýk því ræðu minni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að taka undir orð þeirra sem lagt hafa sérstaka áherslu á slysahættuna á Reykjanesbraut. Ég tel að vænlegast til úrbóta sé þar að einbeita sér að þeim svæðum brautarinnar þar sem slys eru tíðust og vegurinn virðist hættulegastur. En eins og fram kemur í upplýsingum frá Vegagerðinni þá er það mjög misjafnt eftir svæðum. Þar má leita annarra brýnna úrbóta nú þegar og raða upp í þá forgangsröð að slysahættu sé bægt frá eftir því sem kostur er og síðan að hyggja að tvöföldun brautarinnar. Þetta má gera með góðri lýsingu, breikkun á einstökum svæðum og ýmiss konar góðum aðgerðum sem til eru tillögur um. Þetta held ég að sé okkar albrýnasta mál nú og það verður að bíða framtíðarinnar, vonandi ekki þó of mikillar, að stíga næsta skref til þess að gera Reykjanesbrautina að öruggum og góðum vegi.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umfjöllun sem þetta mál hefur fengið hér í þinginu. Hún sýnir að það er mikill áhugi á þessu máli og jafnframt hve brýnt er að farið verði í þessar framkvæmdir. Ég held nefnilega að þegar við lítum á það mál þá sé ódýrasta lausnin tvöföldun vegarins strax, frekar en að fara út í alls konar vegabætur sem kosta mjög mikið með því leysa þetta vandamál til skemmri tíma, þannig að ef við lítum á kostnaðinn sem slíkan þá yrði hann minni með slíkum hætti.

Þá er ekki úr vegi að varpa fram þeirri hugmynd hér að slík framkvæmd yrði boðin út og verktaki sem fengi verkið fengi jafnframt að gefa út skuldabréf fyrir kostnaðinum, t.d. kúlubréf sem yrðu þá gefin með slíkum hætti. Hér var einnig talað um vegatoll. Það er út af fyrir sig umhugsunarefni hvort gera ætti skoðanakönnun í næstu sveitarstjórnarkosningum sem verða á komandi vori um það hvort t.d. íbúar Suðurnesja mundu sætta sig við eða hefðu áhuga á því að farið yrði strax út í slíka framkvæmd ef taka ætti vegatoll. Það mætti auðvitað bera það undir íbúana og sjá hvort grundvöllur væri fyrir slíku í dag.

Það er alveg ljóst að það verður núna að fara út í framkvæmdir við að bæta veginn eins og hann er, svo sem hér kom fram hjá allflestum ræðumönnum, og það er auðvitað án tillits til tvöföldunarinnar sem slíkrar. Það er hins vegar rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl. að við verðum að hugsa um hagsmuni heildarinnar og um þjóðina alla í þessu verkefni. Það er svo að hér verður að hugsa um það að þetta er vegurinn til útlanda og hér búa 65% allrar þjóðarinnar þannig að framkvæmdafé til vegamála á þessu svæði er miklu minna en það ætti í raun að vera. Það er því brýnt að við stöndum saman um það að fengið verði aukið fé til þessara framkvæmda og raunar framkvæmda í vegamálum á þessu svæði og jafnframt að það fé sem á að fara til vegamála og hefur verið tekið út úr vegafé af ríkisstjórninni verði sett í hana líka.

Ég hef saknað samgrh. hér í þessum umræðum sem hefði nú gjarnan mátt segja álit sitt á þessum málum, en hann hefur eins og allir vita meiri áhuga á því að bora göt, eins ágæt og þau nú eru, og hefði verið fróðlegt að fá að vita hvað mamma hæstv. ráðherra hefði sagt um þetta því eins og allir vita lagði hún til að hæstv. ráðherra boraði göt.

Ég held að meginmálið sé hins vegar það að hér er framkvæmd sem er brýnt að við leggjum út í og það er brýnt að við fáum fram bætur í þessu því það er fyrir þjóðina alla en ekki bara fyrir kjördæmið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Atvinnumöguleikar á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. á þskj. 54 um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni. Till. þessi var lögð fram hér á Alþingi í fyrra en komst ekki á dagskrá í önnum þingsins á síðustu starfsvikum þess. Flm. ásamt mér eru þingkonur Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til þess að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna."

Á landsfundi Kvennalistans um síðustu helgi var

að vonum löngum tíma varið til að ræða stöðu kvenna, ekki síst kvenna á landsbyggðinni í ljósi atvinnuástandsins sem nú ríkir víða. Kvennalistakonur hafa reyndar verið ötular við það á undanförnum árum að ræða atvinnumál kvenna úti á landsbyggðinni og hafa haldið marga fundi og ráðstefnur um stöðu kvenna. Þar hafa komið fram margar frjóar hugmyndir þó að ekki kalli þær á stórvirkjanir eða önnur slík stórvirki sem oft eru talin hin einu eiginlegu atvinnutækifæri. Get ég fullyrt að allar þær hugmyndir sem konur hafa eru örugglega langt innan við 200 millj. fyrir hvert starf sem nú er talað um að hvert nýtt starf í fyrirhuguðu álveri kunni að kosta okkur. En konur skortir stuðning til þess að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Á landsfundi Kvennalistans kom fram hugmynd um að gera þær breytingar á starfsemi Byggðastofnunar sem fela í sér að ákveðnu fjármagni stofnunarinnar yrði varið til sérstakra aðgerða í þágu kvenna og ætti það að falla vel að fyrirheiti hæstv. ríkisstjórnar um að gera sérstakt átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni.

Við kvennalistakonur munum reyna að fylgja þessari hugmynd eftir eftir þeim leiðum sem mögulegar reynast, en ég vil leggja áherslu á það að hugmyndin gerir ekki aðeins ráð fyrir ákveðnu fjármagni til kvenna frá Byggðastofnun heldur er ekki síst átt við ráðgjöf og stuðning konum til handa til þess að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Sá samdráttur sem orðið hefur á undanförnum árum í báðum okkar undirstöðuatvinnugreinum, þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi, hefur komið harðast niður á konum og ekki hefur tekist svo um munar að auka fjölbreytni atvinnulífsins úti á landsbyggðinni sem allir virðast þó sammála um að gera þurfi.

Á fskj. I með tillögu þessari má sjá hlutfallslega skiptingu nýrra starfa eftir landsvæðum á árunum 1981–1984 og eru þessar upplýsingar fengnar úr skýrslu byggðanefndar þingflokkanna. En eins og sjá má á fyrri mynd á fskj. urðu ¾ hlutar nýrra starfa til á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum á þessum tíma.

Atvinnuleysi er nú þegar umtalsvert og þar eru konur í meiri hluta. Þar með er reyndar ekki öll sagan sögð því að mikið dulið atvinnuleysi er meðal kvenna. Landbúnaður á undir högg að sækja eins og ég nefndi fyrr og tölur sýna að 40% búa eru svo smá að þau bera aðeins eitt ársverk en hjón reka þó flest þeirra, þ.e. tveir einstaklingar, en karlmaður er gjarnan talinn fyrir búinu. Sveitakonur láta ekki skrá sig atvinnulausar. Það gera ekki heldur þær konur sem um þessar mundir eru búnar að koma upp börnum sínum og væru tilbúnar til þess að fara út á vinnumarkaðinn en hafa ekki verið þar. Í nýjasta yfirliti vinnumálaskrifstofu félmrn., sem einnig fylgir með þskj. þessu, kemur ekki fram á hvaða aldri hinir atvinnulausu eru. Þetta yfirlit vinnumálaskrifstofunnar er frá 9. okt. sl.

Í nágrannabyggðarlagi okkar, þ.e. á Akranesi hérna handan Flóans, hafa verið birtar tölur um atvinnuleysi þar sem fram kemur greining á aldri og kyni hinna atvinnulausu. Það er heldur dökk mynd sem við blasir ef litið er á atvinnuleysistölur úr þeim bæ því að af 137 atvinnulausum eru konur 119 og 77 af þeim eru undir 50 ára aldri, þ.e. á hápunkti starfsævinnar. Það er einnig dapurlegt að sjá að jafnvel ungt fólk innan við tvítugt stendur frammi fyrir því að fá ekki vinnu. Þannig eru nú 17 stúlkur á aldrinum 16–20 ára skráðar atvinnulausar á Akranesi. Ég nefni þessar tölur hér til fróðleiks til þess að gera þingheimi grein fyrir að hér er ekki aðeins um að ræða atvinnuleysi eldri kvenna sem jafnvel væru til í að hætta vinnu eins og oft hefur heyrst, heldur er þetta líka orðið vandamál meðal ungs fólks.

En atvinnuleysi, lág laun og slæm staða kvenna eru ekkert einsdæmi fyrir Ísland. Ástandið er víðast eitthvað svipað, aðeins mismunandi eftir þjóðfélagsháttum. Sá munur er þó á okkur og frænkum okkar á Norðurlöndunum að þar hefur verið unnið heilmikið í jafnréttismálum og málefnum kvenna um langan tíma, jafnvel allt að 20 ár og mikil reynsla er komin á alls konar aðgerðir. Sumar hafa tekist vel en aðrar reyndar ekki vel.

Eins og ég nefndi fyrr í máli mínu, þá bitnar skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Stóraukin atvinnuþátttaka kvenna og breytt staða þeirra í fjölskyldunni skiptir miklu í þróun byggðamála og að okkar mati er tímabært að taka mið af þeirri staðreynd.

Fyrir þremur árum var efnt til sérstaks strjálbýlisátaks á vegum Evrópuráðsins þar sem sjónum var beint að landsbyggðinni í nærliggjandi löndum, en því miður bárum við Íslendingar ekki gæfu til þess að taka þátt í því af fullum krafti. Það eina sem stjórnvöldum hér í landi datt til hugar var að karlskipa eina fimm manna nefnd sem hafði væntanlega ekkert fjármagn til framkvæmda til þess að gera neitt sem að gagni gæti komið. Og það eina sem heyrðist frá þeirri nefnd var ein grein í Sveitarstjórnarmálum um umhverfismál sem er auðvitað líka mikilvægur málaflokkur. Nágrannar okkar á Norðurlöndunum efndu til mikillar umræðu og aðgerða fyrir dreifbýlið á þessu ári og urðu þar ýmsar framfarir sem íbúar landsbyggðarinnar byggja á síðan. T.d. voru uppi miklar aðgerðir í Svíþjóð undir kjörorðinu „Svíþjóð öll skal lifa" og var þar sjónum beint ekki síst að konunum úti í hinum dreifðu byggðum.

Að mörgu leyti eru vandamál byggðarlaga okkar meiri en hjá nágrönnum okkar og ber þá fyrst og fremst að nefna veðurfar og samgöngur sem oft hamla för fólks. Víða erlendis hafa stjórnvöld reynt að sporna við neikvæðri byggðaþróun með því að jafna aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis og gripið hefur verið til tímabundinna aðgerða til að ýta undir og auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Í Skandinavíu hefur víða verið gert sérstakt átak í uppbyggingu atvinnulífs og á síðustu árum hefur verið lögð mikil áhersla á að skapa nýja atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Hér á landi hefur oft verið rætt um þann möguleika

að flytja ýmsar stofnanir ríkisins af höfuðborgarsvæðinu í því skyni að fjölga störfum utan þess og draga úr miðstýringu. Vil ég af því tilefni benda sérstaklega á eina grein í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Gerðar verða ráðstafanir til aukinnar valddreifingar, m.a. með því að auðvelda flutning stofnana og svæðisbundinna verkefna frá miðstjórn ríkisvaldsins út í héruð."

Að mínu mati ætti því till. þessi að hljóta góðan hljómgrunn hjá ríkisstjórninni þar sem hér er lagt til að reynt verði að flytja hluta af verkefnum ríkisins til annarra landshluta, að sjálfsögðu eftir einhverri áætlun sem þarf að gera þar um. Ég vil í því sambandi sérstaklega benda á að þær breytingar sem tölvutækni og nýjar fjarskiptatækni hafa í för með sér hafa þegar haft mikil áhrif á atvinnuhætti okkar og alla þætti mannlífsins. Nútímatækni á sviði tölvuvinnslu og fjarskipta hefur opnað nýjar víddir sem menn höfðu ekki hugboð um áður. Þessi nýja tækni gefur allt að því óendanlega möguleika til að safna, geyma og flytja upplýsingar án tillits til dvalarstaðar þess sem verkið vinnur.

Í mörgum nágrannalanda okkar hafa verið settar á laggirnar fjarvinnustofur þar sem ýmis upplýsinga- og þjónustuverkefni eru unnin á tölvur auk þess sem þar fer fram nám og kennsla á tölvur. Um síðustu áramót var fyrsta fjarvinnustofan opnuð hér á landi í Vík í Mýrdal. Fyrirhugað er að starfsfólk hennar annist bókhald, ritvinnslu, gagnavinnslu og fleira. Starfsemi slíkra fjarvinnustofa hefur gefið góða raun á Norðurlöndum. Þar eru unnin ýmis verkefni sem áður voru inni í fyrirtækjum eða stofnunum, svo sem bókhald, upplýsingaöflun af ýmsu tagi og skýrslugerð.

Ég vil aðeins nefna hér eitt dæmi um norska byggð, Dombås sem stóð mjög höllum fæti 1980. Þar er nú unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum í fjarvinnustofum, t.d. skráningu upplýsinga úr kirkjubókum og fyrirhugað er að koma skjalasöfnum á tölvutækt form. Íbúar Dombås eru aðeins 3200. 15 þeirra hafa þegar vinnu í fjarvinnustofunni og takmarkið er að finna 15 ný störf á ári í sveitarfélaginu og er sérstök áhersla lögð á atvinnu fyrir konur. Ég nefni þetta hér til þess að benda á að hér eins og þar skiptir hvert einasta nýtt starf í dreifbýlinu miklu máli. Hér er talað um 15 ný störf í 3200 manna byggðarlagi og þau skipta auðvitað miklu máli fyrir þá sem þar búa.

Ég bendi á að með því að færa hluta af þjónustu ríkisstofnana út á land má nýta tölvutæknina til að byggja upp nýja vinnustaði. Það er ein leið til að fjölga störfum, auka fjölbreytni atvinnulífsins í byggðarlögum og treysta um leið búsetu fólks. Með frumkvæði stjórnvalda við uppbyggingu fjarvinnustofa fyrir hluta starfsemi sinnar má ætla að ýmis önnur fyrirtæki og einstaklingar fylgi í kjölfarið. Mikilvægt er að vel takist til að notfæra sér nýja tækni á jákvæðan hátt. Verkefni sem þetta krefst góðrar skipulagningar og samstarfs. Það er því nauðsynlegt að gera áætlanir og skipuleggja starfsemi fjarvinnustofa í samráði við sveitarfélög og heimafólk á hverjum stað.

Ég nefndi hér áðan dæmi um byggðarlag í Noregi þar sem hægt var að fjölga atvinnutækifærum með slíkri fjarvinnustofu og mig langar að nefna enn eitt dæmi. Ég heyrði að nýlega hefði lagasafn Íslands allt verið sett í tölvutækt form og það finnst mér vera dæmi um verkefni sem hægt hefði verið að vinna hvar sem var á landinu.

Ég vil einnig benda á að fjarvinnustofur gegna mikilvægu hlutverki á Norðurlöndunum sem kennslumiðstöðvar fyrir tölvufræðslu. Við getum vænst þess að þörfin fyrir kunnáttu á tölvur aukist til muna á næstunni og því er mikilvægt að geta boðið upp á kennslu sem víðast um landið. Dettur mér þá fyrst í hug að nefna það sem skellur á okkur nú um áramótin, ef svo fer sem horfir, þar sem ætlunin er að taka upp virðisaukaskatt. Það mun auka mjög þörf bænda fyrir að halda nákvæmt bókhald. Það gæti veitt konum í byggðarlaginu atvinnu og þar með auðvitað bætt hag þeirra sem þar búa.

Ég vil ítreka enn og aftur, forseti, áður en ég lýk máli mínu að atvinnuleysi er nú þegar umtalsvert og þar eru konur í meiri hluta. Ég nefni það sérstaklega hér þar sem þær eru svo stór hópur sem raun ber vitni. Ég vil að lokum benda á að víða um land standa hús ónotuð. Slíkar fjarvinnustofur þurfa ekki dýra umgjörð eða húsnæði. Það má koma þeim fyrir t.d. í félagsheimilum sem eru lítt eða ekki notuð. Ég vil einnig benda á þann möguleika sem slíkum fjarvinnustofum fylgir fyrir fatlaða, þá sem eru hreyfihamlaðir, til þess að búa áfram í sinni heimabyggð og fá þar verkefni við sitt hæfi.

Að lokinni þessari umræðu, forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. atvmn. Sþ. og síðari umræðu.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir er hreyft mikilvægu máli sem efling atvinnumöguleika fyrir konur á landsbyggðinni er og ég hef áhuga á að blanda mér í þá umræðu með hliðsjón af því hvernig ég tengdist málefninu í félmrn.

Eins og fram hefur komið er ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um átak til að efla atvinnu fyrir konur í dreifbýli. Þessu ákvæði var á síðasta þingi fylgt eftir með samhljóða þáltill. og annarri þáltill. um úrbætur í atvinnumálum kvenna, sérstaklega hvað varðar starfsskilyrði þeirra sem starfa við iðnað, landbúnað og sjávarútveg á landsbyggðinni. Þá má einnig nefna að í norrænu samstarfsáætluninni á sviði jafnréttismála sem tekur til áranna 1989–1993 er gert ráð fyrir verkefnum sem snerta tækifæri kvenna í dreifbýli til þátttöku í atvinnulífinu.

Á þeim tíma sem þessar þáltill. komu fram var starfandi óformlegur starfshópur í félmrn. um konur og rekstur fyrirtækja. Það mál hefur þróast í að verða eins konar samnorrænt verkefni og tengt „Brjótum múrana" og var norræn ráðstefna um konur og rekstur fyrirtækja haldin á Helsingjaeyri í Danmörku í vor. Starfshópurinn stóð m.a. fyrir undirbúningi að þátttöku í þeirri ráðstefnu í samvinnu við verkefnisstjóra „Brjótum múrana" og urðu þátttakendur af Íslands hálfu 14 og nutu styrkveitingar frá félmrn. og iðnrn.

Þessi ráðstefna var hin fróðlegasta því að á Norðurlöndunum og reyndar á Vesturlöndum hefur mikil þróun átt sér stað í þessum málum. Á síðustu fimm árum hafa verið haldin mörg og mismunandi námskeið fyrir konur sem vilja stofna eða reka fyrirtæki. Sums staðar er konum boðinn sérstakur fjárstuðningur í því sambandi, en sums staðar er slíkur stuðningur líka bundinn því að viðkomandi hafi verið á atvinnuleysisskrá í ákveðinn tíma. Sérstök kvennahús hafa risið á vegum sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila þar sem konur geta leitað ráðgjafar, hlýtt á fræðsluerindi og jafnvel leigt atvinnuhúsnæði. Allt er þetta gert til að skapa nýja atvinnumöguleika, auka fjölbreytni í atvinnuframboði, vinna gegn byggðaröskun, auk þeirrar viðleitni stjórnvalda að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði og í þjóðfélaginu.

Starfshópurinn, þessi óformlegi, sem starfaði á vegum félmrn. eins og áður segir gerði tillögu til iðnrn. og félmrn. um skipun formlegs starfshóps til að móta tillögur um stefnu íslenskra stjórnvalda um sérstakar aðgerðir til stuðnings konum sem stofna og reka fyrirtæki, m.a. að afla upplýsinga um stuðning við konur sem reka fyrirtæki og kanna fjölda, stöðu og aðstæður þeirra kvenna sem stunda slíkan rekstur. Þessi tillaga ásamt þingsályktunartillögunum, sem ég hef áður lýst, komu allar fram um líkt leyti. Það var því skoðað í ráðuneytinu hvernig framgangur þessara mála gæti orðið bestur þar sem þessi mál eru öll mjög samtvinnuð.

Haft var frumkvæði að fundi í febrúar sl. með fulltrúum frá iðnrn., landbrn., Byggðastofnun, Stéttarsambandi bænda og Þjóðhagsstofnun þar sem þetta mál var til umræðu. Reyndar var fleiri fulltrúum boðið að taka þátt í fundinum en þeir áttu þess ekki kost að mæta.

Þátttakendur þessa fundar voru sammála um að árangursríkast yrði að ráða starfsmann í 3–4 mánuði. Fyrst í stað yrði verkefni hans að safna saman upplýsingum um stöðu þessara mála og tillögur um meiri fjölbreytni í störfum kvenna í dreifbýli, þá ekki síst að kanna möguleika á fjárframlögum til að hrinda slíkum tillögum í framkvæmd, og hvaða stofnanir og sjóðir gætu síðar tengst verkefninu. Niðurstaðan varð að við félmrn. var ráðinn starfsmaður tímabundið í 3–4 mánuði til að sinna þessu verkefni og verður það kostað sameiginlega af iðnrn., félmrn. og landbrn.

Þessar tillögur sem ég nefndi áðan ásamt fjölmörgum gögnum voru veganesti verkefnisstjórans sem ráðinn var, og er það Marta Jensdóttir sem áður starfaði hjá Iðntæknistofnun, en þar hefur einmitt verið unnið brautryðjendastarf fyrir konur í fyrirtækjarekstri og námskeið verið haldin víða um land. Og reyndar er staðreynd að fjölmargar konur hafa brotist í það að stofna eigin fyrirtæki í erfiðri stöðu og gengið það mjög vel. Mun fleiri slík smáfyrirtæki eru í gangi, rekin af konum, en við gerum okkur grein fyrir þó að þegar við berum það saman sé hlutfall kvenna á móti körlum afskaplega rýrt.

Verkefnisstjórinn sem ég greindi frá hefur frá því í sumar unnið í þessu verkefni, farið í ráðuneyti og stofnanir sem með einhverjum hætti tengjast verkefninu, auk þess sem hún hefur farið í alla landsfjórðunga, fjölda byggðarlaga í hverjum þeirra og átt fundi með sveitarstjórnum eða sveitarstjórnarmönnum, iðnráðgjöfum og áhugaaðilum ýmsum um nýbreytni í atvinnumálum kvenna. Það hefur komið í ljós að víða er verið að fást við þessi verkefni en skrefin eru mjög smá og ósamræmd. Það hefur líka komið í ljós að áhugi er mismikill úti um land á breytingum og að oft er það þannig að þar sem eitthvað er að gerast byggist það á áhugasamri konu eða konum á viðkomandi stað sem tekið hafa málið í sínar hendur. Það er full ástæða til að binda vonir við það verkefni sem félmrn. er að láta vinna núna og náðst hefur samstaða um milli ráðuneytanna og það verður áhugavert að fylgjast með framvindu mála þegar skýrsla og tillögur verkefnisstjórans liggja fyrir, en það er von á að það verði núna næstu daga.

Því segi ég að hver sem framvinda þeirrar till. til þál. sem hér liggur fyrir verður er það ákaflega þýðingarmikið að þessum málum er hreyft og þýðingarmikið að sameinast í átakinu um atvinnuuppbygginguna fyrir konur og sérstakan stuðning þeim til handa því eins og fram hefur komið er staða kvenna á vinnumarkaði um svo margt ólík stöðu karla og þó að konur hafi í mjög ríkum mæli haslað sér völl í atvinnulífinu og margar hverjar náð miklum árangri á sínu sviði og við lítum gjarnan til þess í umræðunni, þá verður ekki fram hjá þeirri staðreynd komist að sá árangur hefur oft kostað annars konar fórnir. Konurnar í frumvinnslugreinunum eiga yfirleitt ekki kost á miklum frama og eiga þess ekki kost að skipta yfir í önnur störf og konurnar í dreifbýlinu eru enn verr settar með val. Því finnst mér það mjög ánægjulegt ef við getum sameinast um átak í þessum efnum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka kvennalistakonum fyrir að flytja þetta mál hér á Alþingi. Þetta er tillaga sem ég held að sé vel þess virði að við fylgjum eftir og sjáum til að fái þinglega meðferð nú í vetur og vilji Alþingis komi þar berlega í ljós.

Ég hef eilítið fylgst með þeirri umræðu sem farið hefur fram um möguleika sem nútímatölvutækni gefur til þess að byggja upp atvinnulíf vítt og breitt um landið. Ég er þeirrar skoðunar að um allt land sé ungt vel menntað fólk, bæði karlar og konur, því mér hefur fundist þessi umræða hér bera nokkurn keim af því að vera einlit kvennaumræða, sem séu fullkomlega í stakk búin til þess að leiða starfsemi sem þessa og því þá heldur að þetta fólk vill í mörgum tilfellum ekkert frekar en geta stuðlað að eflingu atvinnulífs í sinni heimabyggð. Í öðru lagi, eins og hér hefur komið fram, er hér um atvinnu að ræða sem að mörgu leyti hentar mjög vel því fólki á landsbyggðinni sem erfiðast á með að fá atvinnu við sitt hæfi og mætir þeirri þörf sem oft hefur verið lýst sem dulbúnu atvinnuleysi.

Ég ætla svo að lokum varðandi þessa umræðu að

koma inn á einn þátt varðandi þetta mál. Það hefur mjög verið rætt um flutning ríkisstofnana út á land. Oftast hefur þeirri umræðu verið vísað til nefndar og í þeim nefndum hafa yfirleitt setið forstöðumenn viðkomandi stofnana og málið þar með sjálfdautt. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort þessi leið sé virkilega ófær, hvort ekki sé pólitískur vilji til þess að flytja ríkisstofnanir á þann hátt, því að margar þeirra eru þess eðlis að þær eru alveg eins vel komnar annars staðar eins og á höfuðborgarsvæðinu. Þarna hins vegar opnast kannski fyrir okkur möguleiki á að færa verulegan hluta af starfseminni út um land þó svo það verði að bíða betri tíma að höfuðstöðvarnar fylgi með. Og ég, eins og ég segi, geri mér miklar vonir um að einmitt starfsemi af þessu tagi geti komið slíku til leiðar.

Þetta er það sem ég vildi koma á framfæri í þessari umræðu en ég ítreka að ég legg á það áherslu að þetta mál fái þinglega meðferð og við afgreiðum það til ríkisstjórnarinnar sem fyrst.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Sú till. sem hér er til umræðu er liður í margþættu átaki sem er fram undan séu orð manna um að efla landsbyggðina meira en orðin tóm. Svo sem áður hefur komið fram úr umræðu hér á Alþingi er ein meginforsenda þess að byggð haldist á tilteknum svæðum sú að konurnar fáist til að vera þar. Styrkur þessarar till. sem hér er lögð fram er sá að hún er mjög vel framkvæmanleg. Reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir svo að ekki verður um villst að mörg störf má færa með nýrri tækni út fyrir borgirnar. Ýmiss konar útgáfustarfsemi hefur t.d. færst sífellt meir á vettvang og er það vel. Upplýsingaöflun þarf ekki að vera svo miðstýrð sem nú er. Gegnum tölvunet er lítill vandi að senda gögn milli staða, yfirfara og bæta, senda til prentsmiðju til útgáfu í stað þess að vera að afla gagna og fjalla um málefni einstakra héraða út frá miðstýringu eða miðstöð á suðvesturhorninu og eyða miklu fé í ferðakostnað.

Mig langar að nefna dæmi þó að það sé kannski ekki líkt því sem við sjáum fyrir okkur ástandið hér á Íslandi. Norðarlega í Austur-Finnlandi situr ung blaðakona. Tugir kílómetra eru í næstu byggð. Þar sinnir hún skrifum frá þessu strjálbyggða héraði. Gildi þess að halda neti byggða um landið er ekki dregið í efa. Býli fjölskyldu hennar ber ekki tvo fullvinnandi einstaklinga, en þessi kona nýtir starfsþrek sitt með aðstoð tiltölulega einfaldrar tækni. Þetta er aðeins eitt af ótalmörgum dæmum sem sýna að við getum hugsað atvinnumál kvenna upp á nýtt, hvar sem þær eru á landinu. Það er hagur okkar allra að byggð og blómlegt atvinnulíf haldist í hendur. Ég fagna því að heyra af þeim vilja sem er fyrir hendi til að vinna að atvinnumálum kvenna. Ég treysti því að þessi þáltill. bæti enn í þann hugmyndabanka sem sífellt virðist þurfa að bæta í og því vona ég að hún fái jákvæða afgreiðslu þingsins.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þau jákvæðu viðbrögð sem till. þessi hefur vakið og þann stuðning sem hún hefur fengið. Ég þakka sérstaklega hv. 9. þm. Reykn. fyrir mjög góðar upplýsingar og góðan stuðning við till. og sömuleiðis hv. 5. þm. Norðurl. e. Það er auðvitað mjög mikilvægt að fá stuðning þeirra sem geta haft bein áhrif á framgang mála innan ríkisstjórnarinnar.

Ég get tekið undir flestallt sem þau sögðu og langar mig til að nefna þetta svokallaða tregðulögmál sem hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi um flutning stofnana út á landsbyggðina. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að það er ekki náttúrulögmál. Þetta eru mannanna verk og því ætti að vera hægt að breyta því.

Ég tek líka undir þau orð sem féllu hjá hv. 9. þm. Reykn. um nauðsyn þess að styðja konur í fyrirtækjarekstri. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að konur sem stofna fyrirtæki á óhefðbundnum sviðum þurfa að berjast við ýmsa fordóma og hindranir. Fyrst og fremst eru þær að fara inn á svið sem eru þeim framandi og valda þeim minnimáttarkennd af því að þær þekkja ekki reglurnar. Þess vegna er ýmiss konar stuðningur mjög mikilvægur fyrir þær og það á að sjálfsögðu einnig við um öll önnur óhefðbundin svið sem konur voga sér inn á. Stuðningsaðgerðirnar geta verið með ýmsu móti, t.d. lán, styrkir, ódýrt húsnæði og síðast en ekki síst fræðsla, en það er trúlegt að með tímanum muni konur auka þátttöku sína í atvinnurekstri og ég vil nefna hér enn og aftur hugmynd Kvennalistans um sérstaka deild innan Byggðastofnunar þar sem bæði yrði hægt að sækja sér ráðgjöf og fjárhagsstuðning. Aukinn atvinnurekstur verður örugglega eitt af þeim viðbrögðum sem koma frá konum vegna lélegra kjara þeirra á vinnumarkaðnum. Í dreifbýli getur verið um að ræða atvinnuleysi fyrir konur eða mjög einhæfa og takmarkaða atvinnu.

Núna eru karlar því sem næst einir um að meta vinnu kvenna og ef þeir meta störf þeirra minna en sín eigin yfirgefa konurnar vinnustaði þeirra og stofna sína eigin. Það er reyndar ekki víst að það muni hækka tekjurnar til muna en það veitir þeim aukið sjálfstraust og sjálfsvirðingu.

Hér á landi er greinilegt að konur í dreifbýli og kannski alls staðar annars staðar á landinu bregðast við byggðaröskun með því að leita nýrra leiða í atvinnurekstri. Og við skulum gera okkur grein fyrir því að framtíð byggðarinnar hvílir að miklu leyti á konum og þar er átt við byggðina um allt landið. Hjá konum er að hluta til ónýttur forði hugmynda, orku og tilfinninga, en það er ekki síst á því síðastnefnda sem baráttan gegn byggðaröskun byggir.

Ég vil gera þetta að mínum lokaorðum hér og þakka fyrir þá jákvæðu umræðu sem orðið hefur um þessa till. og leyfi mér að vænta þess að hún fái framgang hér í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Till. er að mestu samhljóða tillögu er flutt var á vorþingi 1988. Flm. eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að gera sérstakt átak til að kynna fólki á vinnumarkaðinum *réttindi* þess og skyldur. *Í því skyni skipi ráðherra* sjö manna nefnd er kanni:

1. Hvernig best megi tryggja að allir er ráðast til starfa á almennum vinnumarkaði þekki réttindi sín og skyldur, þar með talin launakjör, lífeyrisréttindi, reglur um hvíldartíma, orlofsgreiðslur og uppsagnarákvæði. Nefndin kanni hvort lögbinding starfssamninga milli einstaklinga og atvinnurekenda sé æskileg leið til að tryggja að enginn sé ráðinn í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur. Nefndin kanni enn *fremur hvernig fræðsla um þessi mál yrði best felld* inn í skólakerfið.

2. Hvernig best megi tryggja að einstaklingar, er fá laun sín greidd sem verktakar eða eftir uppmælingu, njóti eigi lakari kjara en launþegar í hliðstæðum störfum. Tekið sé tillit til heildarlauna, vinnutíma, álagseinkenna, lífeyrisréttinda og orlofs. Leitað verði upplýsinga um hve margir eru utan stéttarfélaga á vinnumarkaðinum.

Nefndin skili niðurstöðum eigi síðar en í júní 1990.

*Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkis*sjóði."

Margt hefur breyst síðan þessi till. var flutt. Þá var þensla í atvinnulífi og mörgum þótti ástæðulítið að hafa áhyggjur af því þótt einhverjir væru að vinna á skjön við kjarasamninga og utan allra stéttarfélaga. Nú eru samdráttartímar og afleiðingar andvaraleysisins eru sem óðast að koma í ljós. Staða og réttleysi fólks, sem nú er farið að nefna gerviverktaka, er að verða skýrari. Eitt hefur þó ekki breyst, en það er *þörfin fyrir að gera það átak sem lagt er til í* þáltill. okkar kvennalistakvenna og það frekar fyrr en seinna.

Í tímaritinu Vinnunni var í sumar fjallað ítarlega um málefni þessa hóps og brugðið upp dæmum um hve blekkjandi kostaboð um hærri laun til verktaka geta verið. Með leyfi forseta langar mig til að líta á það dæmi sem þar er tekið. Tekið er dæmi um að manni eru boðnar 80.000 kr. fyrir starf sem verktaki en hann fengi greiddar 60.000 kr. fyrir sama starf sem launamaður. Með útreikningum vegna kostnaðar lækkaði þessi tala í 70.200 og af henni greiddist auk þess í staðgreiðslu skatta og lífeyrissjóð 8600 og 2800, þannig að eftir í vasa þessa manns ættu að sitja u.þ.b. 46.000 kr. Ef viðkomandi væri launþegi liti dæmið þannig út að hann sæti þegar allt væri frá dregið uppi með 52.000 kr. í vasanum, eða heilum 6000 kr., sem kannski er ekki mikill peningur en munar um þegar launin eru á þessu bili, meira en hefði hann tekið því kostaboði að fá 20.000 kr. launahækkun, því það eru mjög margir sem hugsa málin þannig.

Þetta er aðeins eitt af mörgum dæmum um þá umfjöllun sem verið hefur í ritum ýmissa félagasamtaka og þá fyrst og fremst stéttarfélaga. Í tímaritinu Dagsbrún hefur verið fjallað ítarlega um málaferli er spunnust út af því að Dagsbrúnarmaður varð fyrir slysi meðan hann starfaði sem undirverktaki.

Í VR-tíðindum var nýlega ágæt grein eftir Guðmund B. Ólafsson lögfræðing um málefni svokallaðra verktaka og þar eru skilgreiningar á verktökum og gerviverktökum á þessa leið, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur það færst í vöxt að fólk ráði sig í vinnu sem verktakar án þess að uppfylla hin almennu skilyrði er einkenna verktaka. Vinnuveitandi býður þá starfsmönnum hærri laun en launataxtar stéttarfélaga kveða á um gegn því að starfsmaðurinn telji fram til skatts sem sjálfstæður atvinnurekandi. Vinnuveitandi sparar sér þá m.a. að greiða launatengd gjöld af launum starfsmannsins.

Helstu einkenni verktaka eru að þeir fá ákveðna greiðslu fyrir ákveðið verk. Þeir taka ábyrgð á því verki sem þeir vinna og þeir stjórna því hvernig verkið er unnið, þeir ráða því hver vinnur verkið, þeir njóta hagnaðar eða bera tap af verkinu, þeir nota eigin verkfæri eða þá tæki til verksins. En skiptir það starfsmanninn einhverju máli, þ.e.a.s. að hann kalli sig verktaka þó hann sé það í raun ekki, fyrst hann fær hærri laun í umslagið en launþegi sem vinnur sama starf?"

Þetta er sú spurning sem Guðmundur B. Ólafsson veltir upp og hann kemur með smálista um helsta mun á réttarstöðu verktaka og launþega:

„Launþegi hefur rétt til launa í veikinda- og slysaforföllum, verktaki ekki. Launþegi hefur rétt til atvinnuleysisbóta, verktaki ekki. Launþegi greiðir 4% lífeyrissjóðsiðgjald af launum sínum, verktaki 10%. Launþegi hefur rétt til orlofs, verktaki ekki. Launþegi hefur rétt til uppsagnarfrests, verktaki ekki. Réttur til ýmissar fyrirgreiðslu, t.d. lögfræðiaðstoðar, er launþegans en ekki verktakans. Ábyrgð á skilum staðgreiðslu skatta og ýmsum öðrum launatengdum gjöldum er ekki launþegans en verktakans. Greiðsluskylda launaskatts er ekki launþegans, heldur verktakans. Greiðsluskylda söluskatts af vinnu er ekki launþegans, heldur verktakans. Og launþeginn hefur rétt til lífeyrissjóðsláns, en verktaki sem er í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda á ekki kost á lífeyrissjóðsláni." Þar með lýk ég *tilvitnunum mínum*.

Ýmsir hafa ályktað um það vandræðaástand sem óljós staða þessa hóps á vinnumarkaðinum hefur skapað og má þar nefna Alþýðusamband Norðurlands og ýmis stéttarfélög. Eitt er ljóst og sameiginlegt þeim dæmum sem rakin eru í þeim heimildum sem ég hef hér litið á, og það er að þessi umræða á sér stað innan stéttarfélaga. Þegar kært er vegna brota á verktökum á í hlut fólk sem hefur vitund og virkni innan stéttarfélaga og kann að notfæra sér það. Sennilega er aðstaða þeirra er sækja rétt sinn með aðstoð stéttarfélaganna, sem styður þá með ráðum og dáð, fjarri því að vera dæmigerð. Svo margir eru andvaralausir um þessa leið til að sækja rétt sinn. Er ekki eitthvað bogið við fræðslu um vinnumál fyrst hægt er að útskrifa á hverju ári fjölda fólks út í atvinnulífið án nokkurrar þekkingar á réttarstöðu sinni á vinnumarkaðinum? Hálf er ég hrædd um að unga fólkið sem vinnur t.d. á krám borgarinnar, ræður sig í bjórafgreiðslu og uppvask, viti lítið um réttindi sín eða skyldur, en þetta er nýjasti stóri hópurinn sem hér er um að ræða. Alla vega held ég að hann viti ekki um réttindi sín né heldur ófaglært fólk sem ræður sig í alls konar störf undir einhvers konar verktakaheiti, málningarvinnu t.d., ræstingar, pappírsröðun, pökkun á alls konar ritum. Þessi dæmi er að finna alls staðar.

Sá fjöldi sem stendur utan stéttarfélaga fer án efa vaxandi. Þegar svo eru bornar brigður á lögmæti þess að skylda menn í stéttarfélög er ljóst að brýnt er að kynna rækilega hvað menn hreppa og hverju þeir sleppa með því að vera innan stéttarfélaga og taka laun samkvæmt töxtum þeirra þótt þeir séu ekki alltaf til að hrópa húrra fyrir. Vilji menn semja um hærri laun en taxtar kveða á um er það gott fyrir þá og útilokar engan veginn að launin miðist við taxta að viðbættu álagi en því miður er algengara að þegar upp er staðið beri menn minna úr býtum með svokölluðum frjálsum samningum, semji um einhverjar aukakrónur í vasann sem eru þó fjarri því jafnmargar og þeir ættu rétt á eins og dæmið sem ég rakti hér áður sýndi glögglega.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þeir sem fyrst og fremst gjalda þessarar þróunar eru konur. Þær hafa ekki bara mátt sæta því að vera taldar varavinnuafl og þurft að sitja undir því að vera kastað inn og út af vinnumarkaðinum eftir geðþótta einhverra annarra en þeirra sjálfra, heldur eru þær oft þar að auki réttlausar á þessum vinnumarkaði, ráðnar upp á óljós kjör, ekkert öryggi og varla einu sinni að þær fái neinar aukakrónur til að vega upp á móti réttleysinu.

Spyrja má: Eru stéttarfélög að hverfa án þess að við tökum eftir því? Nei, sjálfsagt er það ekki miðað við stöðuna í dag. En gætum að okkur. Ef þróunin verður hröð gæti svo orðið. Við verðum því að spyrja: Hvað gerist? Vinnst eitthvað með þeirri þróun og hverju glötum við? Eitt dagblaðanna kallaði þessa þróun „að stimpla sig út úr velferðarþjóðfélaginu". Því miður bendir margt til þess að þessi orð séu að verða að áhrínsorðum. Menn eru að átta sig á því á harðneskjulegan hátt hver staða þessa hóps er, þessa hóps sem tímaritið Vinnan nefnir þessu góða nafni, gerviverktakar. Og nú eru menn farnir að velta því fyrir sér hvað er að gerast og hvort stéttarfélögin, samfélagið eða hið opinbera eigi í raun einhverjar skyldur við þennan hóp. Um það eru menn nefnilega ekki á einu máli.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að hið opinbera á miklar skyldur í þessu máli. Við verðum að ná til fólks áður en það fer á vinnumarkaðinn, fræða það um almenn mannréttindi í starfi. Þetta er sundurleitur hópur, en það er trú mín að góð fræðsla muni skila fleirum inn í stéttarfélög og þar nái sú góða fræðsla sem víða á sér stað innan þeirra til þessa fólks því að ekki gerir hún það standi það utan félaganna. Þá verða líka þeir vindar að blása innan félaganna að fólk fýsi að starfa innan þeirra og þá á ég ekki síst við að gert verði átak til að rétta hlut kvenna sem eiga að búa við það allt of oft að vera látnar sitja eftir með smánarkaup eftir hetjulegar samningalotur.

Ég sé fyrir mér samstarf stéttarfélaga og ríkisins í fræðslumálum um vinnuréttarmál. Hjá félögunum liggur mikil þekking og þar hefur verið haldið uppi öflugu fræðslustarfi. Þessa þekkingu verður að nýta og bæta við hana. En þessi fræðsla firrir ríkið ekki ábyrgð. Það þýðir ekki að kvarta bara, heldur þarf að taka til hendinni. Nú skiptir máli að leita leiða til úrbóta. Það þarf að komast að því um hve stóran hóp er hér að ræða. Það þarf að kanna við hvaða kjör hann býr. Það er nauðsynlegt að finna einhver ráð til að kynna fólki rétt og réttleysi á vinnumarkaði eftir því upp á hvaða býti það ræður sig og ég sé ekki betri leið en almenna fræðslu- og skólakerfið. Þetta ætti að vera verksvið þeirrar nefndar sem ég legg til að verði sett á laggirnar auk þess annars sem um er getið.

Starfssamningar gætu t.d. verið á þann veg að það ætti að lögbinda það að ekki mætti ráða mann í vinnu nema gera við hann starfssamning eftir ákveðnum staðli og þegar komin væri sérstök lína fyrir lífeyrisgreiðslur, orlof og uppsagnarfrest og annað það sem hér er um rætt færi ekki á milli mála hvaða kjara menn nytu. Auð lína fyrir orlof, auð lína fyrir vaktaálag, auð lína fyrir lífeyrisgreiðslur mundu auðvelda mönnum að gera sér grein fyrir rétti sínum og réttleysi. Auk þess gætu stéttarfélög betur kynnt þau kjör sem menn njóta með því að taka laun sem miðast við samninga þeirra. Slíkir starfssamningar mundu þar að auki auðvelda kjararannsóknir, en þingkonur Kvennalistans hafa fengið samþykktar tillögur um eflingu þeirra. Varla yrðu samningar af þessu tagi til annars en að létta róðurinn í skattaeftirliti og hamla gegn svokallaðri svartri eða grárri vinnu. Og ekki má gleyma því að þótt hér sé sjónum beint að þeim launþegum í verktakastétt sem rýrust hafa kjörin eru einnig til hálaunamenn í sama hópi sem ekki gjalda allir sitt til samfélagsins.

Ég efa það ekki að þetta verk verður að vinna og það verður til hagsbóta fyrir alla. Oft hafa stéttarfélögin í landinu orðið fyrir gagnrýni, stundum réttmætri, stundum ranglátri. Talað er um að breyta þurfi kerfinu, stofna vinnustaðastéttarfélög, leggja niður verkalýðshreyfinguna á einu bretti því hún sé svo duglaus og úrræðalaus. Lifandi umræða um kaup og kjör fólks, breytingar á vinnutilhögun og skipulagi vinnumarkaðarins er nauðsynleg. Menn verða hins

vegar einnig að hyggja að því sem er að gerast nú þegar og taka mið af því í umræðunni. Sú breyting sem er að verða á vinnumarkaðinum hefur ekki orðið í kjölfar umræðna, samþykkta, samráðs eða áætlana, heldur óyfirvegað og tilviljunarkennt í flestum tilvikum. Það getur varla verið ákjósanlegt. Gott orðtak segi að rétt sé að hugsa fyrst og framkvæma svo. Ætli svo sé ekki í þessu máli?

Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Heilsufarsbók, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 68. mál. — Þskj. 68.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heilsufarsbók sem er endurflutt mál. Það var flutt hér á síðari hluta síðasta þings, en náði þá ekki afgreiðslu. Auk mín eru flm. aðrar þingkonur Kvennalistans, þær Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að láta hanna heilsufarsbók sem fylgi hverjum einstaklingi frá vöggu til grafar.

Í heilsufarsbókina skulu skráðar jafnóðum allar þær upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem máli skipta, svo sem sjúkdómar, læknismeðferð og lyfjanotkun."

Á undanförnum árum og áratugum hefur það farið vaxandi að skrá og varðveita ýmsar upplýsingar um heilsufar einstaklinga. Þessar upplýsingar er langoftast að finna hjá heimilis- eða heilsugæslulækni hvers einstaklings, en einnig hjá sjúkrahúsum eða öðrum rannsókna- eða meðferðarstofnunum. Þrátt fyrir aukna tækni á tölvuöld er þó skipulag á þessum upplýsingum með ýmsum hætti og oft þarf víða að leita fanga til þess að fá heildarupplýsingar um heilsufar hvers einstaklings. Allt of sjaldan hefur sjúklingurinn sjálfur yfirsýn yfir eigin heilsufar, tímasetningu og niðurstöðu rannsókna og læknismeðferðar sem hann hefur fengið, t.d. bólusetningar barna og fullorðinna, lyfjagjöf, skurðaðgerðir og margt fleira. Þetta viðheldur vankunnáttu almennings og er ekki í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda sem hvetur til aukinna forvarna og frumkvæðis einstaklinga til að taka ábyrgð á eigin heilsugæslu.

Til þess að svo gæti orðið þarf aukna og skipulega heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. En fræðslan ein sér nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsuvernd. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er og vissulega þá heilbrigðisstefnu sem mótuð er af stjórnvöldum hverju sinni.

Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þeim ber t.d. að samstilla ýmsa þætti stjórnsýslunnar þannig að þeir verði samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu.

Einn þáttur þess að auka hlutdeild almennings í eigin heilsuvernd er að gefa fólki kost á því að skrá í eina bók allt það sem viðkemur heilsufari þess. Upplýsingarnar eru þannig í fórum einstaklingsins eða umsjáraðila hans allt frá vöggu til grafar auk þess sem þær er að finna hjá viðkomandi aðilum heilbrigðisþjónustunnar.

Heilsufarsbækur hafa verið notaðar meðal ýmissa annarra þjóða um nokkurt skeið með góðum árangri. Slíkt skipulag eykur vitneskju einstaklingsins um eigið heilbrigði og heilsufar og skírskotar jafnframt til ábyrgðar og hvetur til þátttöku. Heilsufarsbók er því í fyllsta samræmi við yfirlýst markmið og stefnu heilbrigðisyfirvalda.

Ég hef síðan í fórum mínum eintak af slíkri heilsufarsbók sem mér hefur áskotnast frá Frakklandi og hefði fullan hug á því að færa það nefndinni sem fær þetta mál til umfjöllunar. Að lokinni umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Staða íslensks skipaiðnaðar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú umræða utan dagskrár um stöðu íslensks skipaiðnaðar. Umræðan fer fram að beiðni hv. 5. þm. Norðurl. e. Umræðan fer fram skv. 32. gr. þingskapa og skal ekki standa lengur en í hálftíma.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu eru fréttir nú í vikunni um uppsagnir 220 starfsmanna Slippstöðvarinnar á Akureyri. Þetta kemur í kjölfar þess að þar hefur starfsmönnum fækkað á skömmum tíma úr því að vera í kringum 300. Til viðbótar þessu er atvinnuöryggi fjölmargra annarra í skyldum iðnaði í hættu og síðast í morgun heyrðum við fréttir af uppsögnum fólks í skipasmíðaiðnaði í Stykkishólmi.

Ég beini þessu máli mínu hér annars vegar til hæstv. fjmrh. sem fer með meirihlutaeign ríkisins í Slippstöðinni á Akureyri og hins vegar til hæstv.

hagstofuráðherra sem ég vona að komi hér í salinn mjög fljótlega. Ég vil beina þessu til fjrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að snúa við þeirri þróun sem nú er hjá Slippstöðinni á Akureyri sem líta má á sem nauðvörn til þess að skapa stöðu til að efla íslenskan skipasmíðaiðnað á ný?

1. Er hæstv. fjmrh. tilbúinn til þess að beina verkefnum sem eru beint á vegum ríkisstofnana, svo sem Skipaútgerðar ríkisins, til innlendra skipasmíðastöðva?

2. Er fjmrh. tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að stofnanir sem beint eða óbeint njóta stuðnings ríkisins, svo sem ferjufyrirtæki, beini fyrirhuguðum nýsmíðum til íslenskra skipasmíðastöðva?

Það er jafnljóst að á tímum þegar að þrengir eins og núna, þá ber ríkisvaldinu að grípa til slíkra aðgerða eins og það er óskynsamlegt að grípa til slíkra aðgerða á þenslutímum.

Ég vil í framhaldi af þessu undirstrika það að það er lífsnauðsyn fyrir innlendan skipasmíðaiðnað að hafa nýsmíðaverkefni og þarna tel ég að ríkið geti gripið inn í núna. Þessi nauðsyn hefur að vísu orðið til þess að fyrirtæki í þessum iðnaði hafa gripið til nýsmíða sem á stundum hafa orkað tvímælis.

Ég vil í öðru lagi skora á hagstofuráðherra að við mótun atvinnustefnu sem nú fer fram á hans vegum verði þetta mál tekið upp sem sérverkefni. Í fyrsta lagi: Það verði mótuð stefna sem gangi út frá því að nauðsynleg endurbygging flotans fari fram innan lands eftir því sem kostur er og þar verði m.a. gripið til ráðstafana varðandi lánamál sjóðanna o.s.frv.

Í öðru lagi vil ég að hann kanni sérstaklega hvernig standi á því að það er stöðugt aukin sókn í að flytja smærri sem stærri viðhaldsverkefni utan, úr landi og kanni hvað sé hæft í því að þar njóti menn betri kjara og betri lánafyrirgreiðslu eða trygginga frá íslenskum bankastofnunum.

Að lokum vil ég í þessari umferð hér beina því til ríkisstjórnarinnar að nú er mjög rætt um stóriðju. Þar ræða menn um hlut innlends iðnaðar, innlends þungaiðnaðar við þá uppbyggingu og ég spyr: Hvaða innlendi þungaiðnaður, hvaða íslensku vélsmiðjur ef þær verða allar liðnar undir lok þegar að því kemur? Ég veit reyndar að við fáum tækifæri til þess að ræða þessi mál sérstaklega við iðnrh. nú eftir helgina.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur um langt skeið átt í miklum erfiðleikum. Þeir erfiðleikar eru að verulegu leyti til komnir vegna þeirrar stefnu sem ríkt hefur í málefnum þessa iðnaðar um margra ára skeið. Þeir sérstöku erfiðleikar sem Slippstöðin á Akureyri á nú við að etja eru að verulegu leyti vegna þess að þáv. stjórnendur fyrirtækisins tóku fyrir nokkrum árum ákvörðun um að hefja nýsmíði á skipi án þess að hafa kaupendur að skipinu eða örugga lánafyrirgreiðslu á meðan smíðin færi fram. Það hlaut auðvitað að vera þó nokkur vogun sem fólst í þeirri ákvörðun.

Hv. fyrirspyrjandi spurði hvað ríkisstjórnin hygðist gera. Fyrir nokkrum dögum síðan átti ég, ásamt hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh., fund með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Slippstöðvarinnar og þar voru rædd vandamál fyrirtækisins sem á næstu mánuðum felast fyrst og fremst í því að ekki er kaupandi að því skipi sem þar stendur nú á stokkum. Brýnasta lausnin á vanda Slippstöðvarinnar á Akureyri er að finna kaupanda að þessu skipi og ljúka þannig því verki sem þáv. stjórnendur fyrirtækisins og stjórnarmenn hófu fyrir nokkrum árum en höfðu ekki tryggt farsæl endalok á. Iðnrh. hefur síðan skipað sérstaka nefnd til þess að fjalla um þennan þátt málsins og nefndarmenn munu eiga fund á morgun norður á Akureyri með forsvarsmönnum fyrirtækisins og starfsfólki.

Hv. málshefjandi spurði einnig um það hvort ríkisstjórnin væri tilbúin að beina verkefnum til íslenskra skipasmíðastöðva og nefndi þar sérstaklega annars vegar Skipaútgerð ríkisins og hins vegar smíði á ferjum fyrir samgöngur og átti þá væntanlega við t.d. á Breiðafirði eða milli Vestmannaeyja og lands. Staðreyndin er sú að ríkisvaldið hefur þurft að greiða umtalsverða fjármuni með Skipaútgerð ríkisins á undanförnum árum og gerir enn í ár. Ef ekki er leitað samkeppnishæfra tilboða í smíði á skipum fyrir það fyrirtæki mun það eingöngu hafa í för með sér viðbótarstyrk úr ríkissjóði til fyrirtækisins. Á sama hátt er nú í smíðum ferja fyrir Breiðafjörð í skipasmíðastöð á Akranesi og í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 er lögð fram tillaga um að afla lánsfjár til þess að tryggja að sú smíði geti haldið áfram.

Hvað snertir nýja ferju milli Vestmannaeyja og lands þá hefur verið leitað víðtækra tilboða í smíði hennar, en því miður var niðurstaðan af frumathugun sú að erlend fyrirtæki reyndust vera með mun hagstæðara tilboð. Ríkisstjórnin mun hins vegar leitast við að leysa þennan vanda skipasmíðaiðnaðarins. Þetta er vandi sem við tókum í arf frá stjórnarstefnu Sjálfstfl. Sjálfstfl. stýrði hér iðnaðarmálum frá árinu 1983 til 1988. Hann hafði í hálfan áratug tækifæri til þess að leggja nýjan grundvöll að framtíð íslensks skipasmíðaiðnaðar og erfiðleikar skipasmíðaiðnaðarins í dag eru vegna þess að stjórn Sjálfstfl. á þessum málum í fimm ár skilaði ekki tilætluðum árangri. Þar að auki er ljóst að forustumenn Sjálfstfl. í stjórn Slippstöðvarinnar, ásamt þáv. forstjóra þess sem jafnframt var leiðtogi Sjálfstfl. á Akureyri, báru meginábyrgð á því að tekin var ákvörðun um það að hefja smíði skipsins án þess að kaupandi væri nokkur og ríkisstjórnin mun eins á fleiri sviðum leitast við að greiða úr þessum vanda sem Sjálfstfl. hefur skilið eftir sig.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þingsköpum hefur ráðherra tvær mínútur til svara þegar umræður utan dagskrár eru í hálftíma. Forseti gerði ráðherra ekki aðvart fyrr en hann hafði talað í 4 mínútur. Síðan talaði hæstv. ráðherra í hálfa aðra mínútu til þess að veitast að sjálfstæðismönnum í svo stuttri umræðu að

við fáum ekki svigrúm né tíma til þess að skýra þau ákæruatriði sem hæstv. ráðherra bar fram.

Ég vil aðeins segja að lokum, hæstv. forseti, að ég þakka fyrir að hafa fengið heimild til þess að tala utan dagskrár á mánudag, ótímabundið, um ástand í atvinnumálum. Ástæður þess að ég fer fram á þessar umræður eru í fyrsta lagi að hæstv. ráðherrar hafa farið með ósannindi, bæði hér í þingsölum og í samtölum við fréttamenn sem nauðsynlegt er að leiðrétta og ég mun gera á mánudaginn. Í öðru lagi er ástæðan sú að ráðherrar svara ekki beinum fyrirspurnum sem til þeirra er beint í umræðum t.d. um lánsfjárlög og fjárlög. Í þriðja lagi vegna þess að hæstv. ráðherrar hafa tekið upp þann sið að vera ekki viðstaddir í þinginu þegar hin þýðingarmestu mál eru til umræðu eins og fjárlög og lánsfjárlög, rétt aðeins sá ráðherrann sem málið heyrir undir er við. Því er óhjákvæmilegt að efna til sérstakrar umræðu í Sþ. til þess að kalla þessa ráðherra til svara og þeir ráðherrar sem ég hef óskað eftir að mæti hér kl. 2 á mánudag eru hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh., hæstv. iðnrh. og að lokum, þó af öðru tilefni sé en ég hef nú gert grein fyrir, hæstv. sjútvrh. sem ég vil þó taka fram að er mjög til fyrirmyndar í sinni embættisfærslu og í samskiptum sínum við þm.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það mun vera rétt hjá hv. þm. að ég gaf hæstv. fjmrh. ekki merki fyrr en eftir að hann hafði talað í 3 mínútur, það voru ekki 4. En eins og hv. þingheimur síðan heyrði og sá lét hæstv. ráðherra illa að stjórn og talaði vissulega of lengi. Hann hefur því fyrirgert annarri ræðu sinni sem hann á rétt á að halda að öllu jöfnu sem tekur einnig tvær mínútur, en hann mun ekki fá orðið frekar hér í þessari umræðu. Ég bið velvirðingar á þessu.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að verða mjög stuttorður því að okkur gefst væntanlega tækifæri til að ræða þessi mál á mánudaginn á nýjan leik. En mig langar aðeins til þess að vekja athygli á því að það hefur komið fram hjá ýmsum forsvarsmönnum sjávarútvegsins í landinu að íslenskur skipasmíðaiðnaður sé ekki samkeppnisfær við erlenda skipasmíði. Þetta er rangt að mínum dómi vegna þess að ég hef í höndum tölur um að það er hægt að fá smíðað núna 300 tonna fiskiskip í íslenskum skipasmíðastöðvum fyrir innan við 300 millj. kr. Á sama tíma er verið að kaupa slík skip hjá erlendum skipasmíðastöðvum fyrir hærri upphæð eða rúmlega 300 millj. kr. Ég vísa því þar af leiðandi algerlega á bug að íslensk skipasmíði sé ekki samkeppnisfær. Það er því eitthvað annað sem er að og þar á ég við sjóða- og bankakerfið sem er ætlað að fjármagna skipasmíði. Hef ég í hyggju að fara rækilega ofan í þá sauma og mun það verða hluti af þeirri vinnu sem ég er núna að vinna þessar vikurnar um mótun nýrrar atvinnustefnu fyrir Íslendinga. Ég ætla skipasmíðaiðnaði og iðnaði tengdum sjávarútvegi verðugan sess í þeirri athugun.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er hægt að koma skipasmíðum í gang aftur á Íslandi. Um það bera vitni fjölmargar fyrirspurnir sem nú berast til íslenskra skipasmíðastöðva frá erlendum aðilum. Þar á ég t.d. við fyrirspurnir sem berast núna frá Arabalöndum sem mjög gjarnan vilja fá hlutdeild í þekkingu og reynslu Íslendinga af nútíma fiskveiðum. Þeir fulltrúar Arabalanda sem ég hef átt viðræður við segja að þeir hafi að rannsökuðu máli komist að þeirri niðurstöðu að það sé engin þjóð í heiminum sem eigi annan eins hátæknifiskveiðiflota og Íslendingar, kunni að reka slíkan fiskveiðiflota eins og Íslendingar og þar af leiðandi trúa þeir því að það sé engin önnur þjóð sem kunni að undirbúa og skipuleggja smíði slíkra skipa sem Íslendingar. Þetta eigum við að nota okkur en ekki láta útlendingum það einum eftir að mata krókinn á grundvelli reynslu okkar og þekkingar í sjávarútvegi.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sem stjórnarmaður Slippstöðvarinnar á Akureyri vil ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún er þörf, hefði þurft að fara fram fyrr.

Tíminn er allt of skammur til þess að gera jafnflóknu og viðamiklu efni nokkur skil. Ég vil hins vegar, vegna orða hæstv. fjmrh. um nýsmíði þá sem málið snýst um núna, láta það koma fram, þótt ég hafi ekki átt sæti í stjórn Slippstöðvarinnar þegar ákvörðun um hana var tekin, að hún mun hafa verið tekin þegar bæði verkefnaleysi blasti við stöðinni og fyrirsjáanlegt var að segja yrði upp miklum fjölda starfsmanna.

Nú er staðan sú að hjá stöðinni eru engin verkefni fram undan eftir 1. febrúar n.k. Öllum starfsmönnum hefur verið sagt upp og er fyrirsjáanlegt að þetta mál á eftir að hafa mjög alvarleg áhrif á atvinnulíf á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu. Það er ekki bara alvarlegt vandamál fyrir þessi svæði ef Slippstöðin á Akureyri lokar. Það er alvarlegt mál fyrir þjóð sem hefur 70% tekna sinna af sjávarútvegi að geta ekki rekið eina skipasmíðastöð sómasamlega.

Ég vil minna á þál. sem var samþykkt hér á síðasta þingi og hv. þm. Stefán Guðmundsson hafði frumkvæði um að flytja, um úttekt á stöðu skipasmíðaiðnaðar hér á landi og hvernig mætti koma til móts við hann til þess að tryggja honum sambærilega stöðu við samkeppnisiðnað í nágrannalöndunum. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að á sama tíma og Slippstöðin á Akureyri er í þessum gífurlega vanda, þá sjáum við í sjónvarpinu dag eftir dag myndir af glæsilegum fiskiskipum sem smíðuð eru erlendis. Þetta verður að breytast. Það er heildarstefnan í skipasmíðum sem verður að taka breytingum og núverandi stjórnvöld verða að hafa forustu um það.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Um 1980 var Slippstöðin á Akureyri eitt blómlegasta atvinnufyrirtæki þar í bæ. Á árunum 1981–1982 voru þar um 330 manns í vinnu. Skip og bátar voru þar í smíðum og viðgerðum og

afköst og vinnubrögð þóttu standast fyllilega samanburð við það sem gerðist hjá slíkum fyrirtækjum erlendis. Fimm sl. ár hefur starfsemin dregist saman hjá þessu fyrirtæki jafnt og þétt vegna verkefnaskorts. Ekki vegna þess að landsmenn séu hættir að láta smíða skip heldur vegna þess að nú fer smíðin fram erlendis. Atvinnan er að flytjast úr landi. Stöðugur innflutningur er á erlendum skipum og viðgerðir og endurbyggingar fara í vaxandi mæli fram erlendis. Hvað veldur þessari öfugþróun? Stefnuleysi íslenskra stjórnvalda í atvinnumálum veldur. Það er ekki nóg að hafa uppi fögur orð í stjórnarsáttmálum um að efla og styðja íslenskt atvinnulíf. Það er ekki heldur nóg að prentaður sé þar hástemmdur texti um mikilvægi eflingar byggða um landið ef ekkert er að gert til að standa við fyrirheitin. Opinberir sjóðir virðast miklum mun fúsari til að lána fé til erlendra skipasmíða en innlendra. Þar gætu stjórnvöld þó haft hönd í bagga, ef þau ræktu þá skyldu við samvisku sína og við fólkið í landinu að standa við orð sín.

Uppsagnir Slippstöðvarinnar á Akureyri, uppsagnir 220 manna endurspegla það sem nú er að gerast í atvinnulífinu. Úthald margra fyrirtækja er á þrotum eftir áralanga baráttu við rangt skráð gengi, okurvexti og skilningsleysi stjórnvalda á því að fyrirtæki verði að hafa eðlilegan rekstrargrundvöll.

220 manns atvinnulausir er há tala í bæjarfélagi á borð við Akureyri þegar litið er til þess að þar er þegar atvinnuleysi fyrir. Á bak við hvern og einn einasta af þessum 220 mönnum stendur fjölskylda, stór eða smá eftir atvikum, sem nú býr við ótta og óvissu um afkomu sína. Ég lýsi ábyrgð á hendur stjórnvöldum á því hvernig komið er fyrir atvinnulífi landsmanna og ég krefst svara um það hvað þau ætla að aðhafast í þessum málum, hvort þau ætla að marka einhverja atvinnustefnu eða setja fólkið bara á guð og gaddinn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. framsögumanni þessa máls fyrir það að hafa hafið þessa umræðu þó að hún byggist fyrst og fremst á því hvað gerst hefur á Akureyri, uppsögnum starfsmanna Slippstöðvarinnar þar. Hann nefndi einnig að þessir hlutir væru að gerast víðar og við vorum að frétta það núna um mánaðamótin að það væri verið að segja upp öllu starfsfólki skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur í Stykkishólmi. Og nákvæmlega sama blasir við innan stutts tíma í flestöllum skipasmíðastöðvum landsins, a.m.k. þeim sem að einhverjum hluta hafa byggt afkomu sína á nýsmíði.

Við þingmenn Vesturlands vorum í fyrradag uppi á Akranesi og fengum þá þær upplýsingar þar að svipaðir hlutir blöstu við á Akranesi í hinni stóru skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts þegar því stóra verkefni sem hæstv. fjmrh. nefndi hér áðan væri lokið. Þar mundi ekki annað blasa við vegna verkefnaskorts en að segja starfsfólkinu upp að stórum hluta. Þetta er það sem blasir við í íslenskum skipasmíðaiðnaði í dag, ekki neitt sérstakt sem er að gerast á Akureyri og það er alveg rangt að tengja þá stöðu sem er á Akureyri við það að þeir hafi farið í þessa nýsmíði. Það getur gert hlutina að einhverju leyti erfiðari, en það er fyrst og fremst framtíðarverkefnaskortur sem þarna er orsökin.

Ég segi það sem stjórnarsinni að mér finnst vera ansi langt í jafnvægið í íslenskum þjóðarbúskap ef það blasir við að jafnstór atvinnurekstur, undirstöðuatvinnurekstur eins og járniðnaðurinn í skipasmíðastöðvunum á að stöðvast. Það er allt annað en jafnvægi sem blasir við.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að kveðja sér hljóðs um þetta mál hér á Alþingi. Það er ömurleg staðreynd að skipasmíðaiðnaðurinn skuli eiga svo undir högg að sækja sem raun ber vitni og er fyllsta ástæða til að óttast að hann sé að líða undir lok hér á landi. Til að koma í veg fyrir að svo verði þarf að verða hér stefnubreyting, bæði af hálfu stjórnvalda og ekki síður af hálfu útgerðarmanna. Það geta ekki verið hagsmunir útgerðarinnar þegar til lengri tíma er litið að ekki verði neinn skipasmíðaiðnaður stundaður hér á landi.

Því hefur verið haldið fram af talsmönnum útgerðarmanna að íslenskar skipasmíðastöðvar standist ekki samanburð. Er það fyrst og fremst nefnt að íslenskar stöðvar geti ekki boðið sömu kjör og þær erlendu. Þarna held ég því miður að dæmið sé ekki reiknað til enda.

Alvarlegar fréttir eru það einnig að íslenskum skipsmíðastöðvum er ekki gefinn kostur á að vera með þegar nýsmíðaverkefni eru boðin út. Í viðtali við Morgunblaðið í dag segir Sigurður Ringsted, forstjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri, með leyfi forseta:

„Straumur innfluttra skipa er hins vegar mikill og einungis á þessu ári eru í smíðum í útlöndum skip sem samsvara um 10 ára afkastagetu Slippstöðvarinnar."

Hann segir einnig að vandi þeirra séu ekki óseld skip heldur verkefnaleysi og það er mjög mikil einföldun sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. hér áðan að vandamál skipasmíðastöðvarinnar á Akureyri séu vegna þess skips sem þar er í smíðum. Hann verður að líta aðeins betur á málið áður en hann fullyrðir svona.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er alvarlegt mál þegar atvinnufyrirtæki þurfa að grípa til þess ráðs að segja upp öllu starfsfólki sínu. Það er ekki bara alvarlegt fyrirtækisins vegna, heldur einnig og ekki síður vegna starfsfólksins sem hefur unnið hjá þessum fyrirtækjum vel og eytt þar gjarnan bestu starfsárum ævi sinnar. Það er því hörmulegt sem er að gerast í þessari atvinnugrein í dag.

Ég hef hér á Alþingi margsinnis varað við þeirri þróun sem hér er til umræðu í dag og allir sjáandi menn hefðu átt að sjá. Ég hef á síðasta þingi og þar áður flutt tillögu í þessu efni og ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að allra leiða verði leitað til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar og sporna við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi. Ríkisstjórnin tryggi að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. varðandi meðhöndlun tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu. Tilboðin verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Gerðar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefni. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankarnir veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefnis innan lands og veitt eru þegar verkefni eru unnin erlendis."

Undirtektir við þetta mál voru ætíð góðar og ég hlýt því að spyrja nú eins og ég hef gert oft áður, ráðherrar góðir: Hvar eru efndirnar? Hvar eru efndirnar, ráðherrar góðir?

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þeir sem hafa talað átti sig í raun og veru ekki nógu vel á því, eða a.m.k. kemur það ekki fram, hvað er að gerast í okkar landi. Það eru ekki eingöngu skipasmíðarnar sem eru að fara svona. Er ekki verið að flytja fisk til útlanda, óunninn? Er ekki frelsið yfirleitt að drepa okkur eins og er farið með það? Frjálsir vextir, frjálst að fara með verkefni til útlanda, jafnvel er krafist frjáls innflutnings á öllum vörum.

Málið er ekki eingöngu þetta. Við þurfum að taka upp nýja atvinnustefnu í heild og auðvitað gengur þetta ekki, að skipin komi frá útlöndum, kannski ekki í tugum en mjög mörg, nýsmíðuð eða þá skipin eru endursmíðuð og gert við þau erlendis. En fólkið okkar hefur ekki atvinnu. (Forseti hringir.) Mér hefði nú fundist að það hefði verið eðlilegt að hafa lengri tíma hér til umræðu og út af fyrir sig þýðir lítið að spyrja hæstv. fjmrh. sem er sviptur orðinu, biðja hann um svör. Ég held að hann þyrfti að hafa a.m.k. möguleika að geta svarað. Og ég verð að finna að því, virðulegi forseti, að þessi umræða skuli vera svona takmörkuð því að hér er um svo mikið mál að ræða að þetta er eitt mesta mál þjóðarinnar, atvinnumálin í heild.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða síðasta hv. ræðumanns vill forseti upplýsa að á mánudaginn kemur hefur verið leyfð ótímabundin umræða um atvinnuástandið í landinu þannig að þar sem hér var um afmarkað svið að ræða þótti forsetum rétt að þessi umræða stæði einungis í hálftíma. En vitaskuld koma þessi mál til umræðu einnig á mánudaginn.

Nú er það svo að einungis eru eftir 5 mínútur af þessum leyfða hálftíma og því ekki möguleiki að gefa fleiri ræðumönnum sem eftir þetta biðja um orðið leyfi til að taka þátt í umræðu.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Norðurl. e. nefndi að það væri stjórnvöldum að kenna hve illa væri komið fyrir skipasmíðum á Íslandi. Ég vil kannski taka dýpra í árinni. Ég held að hér sé um að kenna viðhorfi stórra hagsmunaaðila í þjóðfélaginu sem hafa engan áhuga á því að styrkja innlenda skipasmíði eða innlendan iðnað yfirleitt. Hér takast nefnilega á hagsmunahóparnir í þjóðfélaginu og það er sorgleg staðreynd að þessi 250 þús. manna þjóð sem hér býr getur ekki komið sér saman um það að snúa bökum saman og vinna sameiginlega að sínum vandamálum. Snúa sér að baráttunni gagnvart samkeppnisaðilunum erlendis í stað þess að berast á banaspjótum innan lands. Mig langar til að lesa hér byrjun á greinargerð varðandi verkefni sem hefur verið í undirbúningi núna í sumar og í vor, en það hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú um nokkurt skeið hefur staðið yfir athugun á hagkvæmni þess að breyta nokkrum stærstu fiskimjölsverksmiðjum landsins úr eldþurrkun yfir í svokallaða heitloftsþurrkun eða gufuþurrkun. Markmiðið með þessum breytingum er að þurrka mjölið við lægra hitastig og bæta mengunarvarnir og er það trú manna að betra mjöl fáist. Hér er um töluverða fjárfestingu að ræða og hafa heyrst tölur á bilinu 200–300 millj. á verksmiðju en sex verksmiðjur hafa verið nefndar í þessu sambandi. Gæti því verið um að ræða fjárfestingu upp á um það bil 2 milljarða kr."

Í frétt í Morgunblaðinu 2. sept. sl. er fjallað um þetta mál og þar er haft eftir Jóni Reyni Magnússyni, forstjóra Síldarverksmiðja ríkisins, að ekki sé í bígerð að leita tilboða í búnaðinn hér heima. Stærstu aðilarnir í járniðnaði hérlendis séu umboðsmenn fyrir erlenda aðila sem eru að smíða þessar vélar og ef við semdum við einhvern slíkan hlyti hann að flytja hann inn í stað þess að smíða hann á Íslandi. Því viljum við snúa okkur beint til erlendu aðilanna í stað þess að fara í gegnum milliliði hér heima. Það er þetta viðhorfsvandamál sem við eigum við að stríða hér, en ekki vandamál þess að stjórnvöld hafi ekki gert sitt af hverju.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal nú reyna að verða fljótur og geyma mér aðalumræðuna þar til hæstv. iðnrh. er hér staddur á mánudaginn. Ég verð að segja það að það er alveg furðulegt að hlusta hér á orð hæstv. hagstofuráðherra, þar sem hann hefur lýst eftirfarandi yfir í viðtali sem birtist við hann laugardaginn 28. okt. 1989 í blaðinu Degi á Akureyri, en þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Málefni skipasmíðaiðnaðarins hafa ekki verið rædd í ríkisstjórn síðan Borgaraflokkurinn gerðist aðili að henni." Ekki rædd. „Það er engu líkara en að áhrifamiklir menn í ríkisstjórninni ætli sér að láta þennan iðnað lognast út af og telji það jákvætt. Þessu verður ráðherrann náttúrlega að svara. Hvaða áhrifamiklir menn innan ríkisstjórnarinnar vilja að þessi iðnaður lognist út af?" Þetta er mjög alvarlegt mál. Er ríkisstjórninni nákvæmlega

sama um iðnaðinn? Þetta er sagt af manni sem á að vera að leita leiða í atvinnumálum.

Ég krefst þess, hæstv. forseti, að ráðherra fái tök á því að svara þessum spurningum.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er sannarlega um viðameira mál að ræða en svo að því sé hægt að gera nokkur skil á þeim örstutta tíma sem ætlaður er til umræðunnar. Engu að síður er gott að þessi umræða skuli hafa verið vakin og það er rétt að undirstrika það að það vandamál sem hér er um að ræða er ekki bundið við Slippstöðina á Akureyri.

Frá því hefur verið greint að skipasmíðastöðin Skipavík í Stykkishólmi hefur sagt upp sínum starfsmönnum og fram hefur komið í þessari umræðu að fram undan er verkefnaskortur í skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi þegar þar lýkur smíði nýs Baldurs, sem verður á næstunni.

Það er líka ljóst og liggur fyrir að íslenskar skipasmíðastöðvar eru fyllilega samkeppnisfærar við erlendar um gæði. Þær eru líka í mörgum tilvikum samkeppnisfærar um verð. Hér er á ferðinni mál sem ríkisstjórnin verður að taka á og það fyrr en seinna og gefst betra tækifæri til að ræða það í þeim utandagskrárumræðum sem hér hefur verið boðað að verði um atvinnumál á mánudag, en þar mun þetta mál verða tekið upp.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Mér er sagt að hæstv. fjmrh. hafi sagt að hér sé um að ræða vandamál sem hann hafi tekið í arf. Ég ætla ekki að ræða það frekar, við getum gert það á mánudaginn, en ég vil benda á það að í tíð síðustu ríkisstjórnar var hafist handa um samstarf á milli þeirra sem starfa í iðnaði og hinna sem starfa í sjávarútvegi um gerð skýrslu og tillagna sem kennt hefur verið við Appledore og það má segja að lykilatriðið í niðurstöðunni hafi verið sérhæfing og samvinna á milli skipasmíðastöðvanna þannig að ég vísa þessum ummælum algerlega á bug.

Það sem skiptir máli að segja í þessari umræðu, og ég vil að hv. þm. viti, er þetta: Ég skrifaði hæstv. iðnrh. bréf í sumar, spurði hann hvað væri verið að gera í tilefni af þál. sem samþykkt var á síðasta þingi. Þá kom í ljós að hæstv. forsrh. hafði ekki einu sinni sent ályktunina til iðnrn. en eftir því var gengið, eftir að ég skrifaði þetta bréf. Það vil ég að komi hér skýrt fram. Og sama daginn og ég sendi inn bréfið lét hæstv. iðnrh. sem viðskrh. verða af því að senda bönkunum bréf sem ég hef hérna fyrir framan mig dags. 14. júlí varðandi þetta mál, þar sem hann lýsir því yfir m.a. að hann telji að það sé ekki rétt að skylda útvegsmenn fortakslaust til að bjóða út verk, en fer fram á það að bankar og sparisjóðir fari að því sem stendur í þáltill. Ég skal gjarnan fara yfir þetta mál á mánudaginn kemur og þá kemur í ljós að það er áhugaleysi sem hefur ríkt hjá stjórnvöldum nú. Það varð að sparka í stjórnvöld til þess að þau tækju upp þetta mál í sumar og samt var það einn af stjórnarþm. sem flutti þetta mál inn á þing á síðasta þingi.

Meira var það ekki að þessu sinni, virðulegur forseti, en á mánudaginn skulum við halda þessum umræðum áfram.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki stillt mig um að lýsa bæði undrun, hneykslun og vonbrigðum á svörum hæstv. fjmrh. hér fyrr í dag. Nú skilst mér að hann fái ekki að taka til máls aftur og því ætla ég, um leið og ég þakka málshefjanda fyrir að efna til þessarar umræðu, að ítreka þá spurningu sem hann bar hér fram í upphafi og vænti þess að við fáum svar fjmrh. við henni á mánudaginn: Er ríkisstjórnin tilbúin að beina verkefnum til íslenskra skipasmíðastöðva? Það er mikil einföldun á þessu vandamáli að binda það við Slippstöðina á Akureyri því hér hefur komið fram í umræðunni að þegar hefur mönnum verið sagt upp í Stykkishólmi. Ég hef litið á það sem hluta af okkar vinnuskyldu að líta í blöðin og fylgjast með fréttum í fjölmiðlum, en í Morgunblaðinu í morgun er einmitt frétt um þessar uppsagnir í Stykkishólmi. Við sem áttum þess kost að sitja fund í sameinuðu þingi í morgun ræddum atvinnumál og áttum mjög góðar umræður um atvinnumál kvenna úti á landsbyggðinni. Skipasmíðarnar snerta kannski ekki svo mjög margar konur beint, en óbeint gera þær það, á þann hátt sem fram kom í máli hv. 7. þm. Norðurl. e., og það er ekki síður þörf á að ræða þessa alvarlegu stöðu í skipasmíðaiðnaðinum, sem reyndar er tengd íslenskum iðnaði yfirleitt. Núna meðan íslenskur iðnaður reynir að efna til íslenskra daga er hæstv. iðnrh. á ferð og flugi um heiminn og leggur höfuðáherslu á erlenda stóriðju í atvinnuuppbyggingunni á meðan íslenski iðnaðurinn er að líða undir lok. Það er nauðsynlegt að við ræðum þetta betur í sameinuðu þingi á mánudaginn.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Innlendur skipasmíðaiðnaður er í vanda staddur allt í kringum landið. Ekki aðeins á Akureyri heldur einnig víðar og ég veit ekki hvað við tekur á Akranesi þegar smíði nýrrar Breiðafjarðarferju lýkur þar. Þetta er ekki nýtt mál hér og það vilja margir um þetta ræða. Hv. 3. þm. Norðurl. v. minnti á þáltill. sem samþykkt var hér 6. maí í vor þar sem ríkisstjórninni var falið að tryggja að leitað yrði allra leiða til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar og sporna við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi.

Ég skal ekki eyða meiri tíma nú og mun því ekki víkja að árásum hæstv. fjmrh. á Sjálfstfl. þar sem hann fær ekki að tala aftur við þessa umræðu skv. ákvörðun forseta. (**Forseti:** Nú er tíminn raunar liðinn en fjöldi áskorana hefur komið á forseta að hæstv. fjmrh. fái að gera athugasemd og býðst honum það hér með.)

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég lýsti því yfir í svari mínu að ríkisstjórnin hefði nú þegar skipað nefnd manna til þess að taka til sérstakrar meðferðar málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri og leita að kaupanda að því skipi sem þar er í smíðum. Ég ítreka svo einnig það sem ég sagði hér áðan að brýnasta úrlausnarefnið varðandi Slippstöðina á Akureyri væri að finna kaupanda að því skipi sem þar er í smíðum. Ég vænti þess að hv. alþm. séu sammála því að það er brýnasta verkefnið.

Hitt er svo alveg ljóst að til þess að finna langvarandi lausn á vanda íslenskra skipasmíðastöðva þarf víðtækar breytingar bæði á sjóðakerfinu í landinu en þó kannski ekki síst á viðhorfum og vilja þeirra frjálsu aðila í útgerð og öðrum atvinnugreinum á Íslandi sem kjósa frekar að leita til erlendra aðila en innlendra. Það er stóra verkefnið ásamt svo því að tengja saman og sérhæfa hinar innlendu skipasmíðastöðvar. Vegna þess að hv. þm. Friðrik Sophusson gagnrýndi mig fyrir mín orð og hann var ekki viðstaddur þegar þau féllu hér vil ég bara ítreka það að ég vakti athygli á því að Sjálfstfl. hefði í fimm ár farið með forræði þessara mála, frá árinu 1983 til ársins 1988. Það er lengsta samfellda tímabil sem nokkur flokkur hefur stjórnað íslenskum iðnaðarmálum og það var ekki fyrr en á allra síðustu mánuðum þess tímabils sem þáv. iðnrh. Friðrik Sophusson hóf þær aðgerðir sem hann lýsti hér, en fimm árin á undan höfðu ráðherrar Sjálfstfl. ekkert aðhafst í málinu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að þessir erfiðleikar eru ekki eingöngu varðandi Slippstöðina á Akureyri, þó það væri tilefni þessarar umræðu. Ég vil líka ítreka það við hæstv. fjmrh. að vandi skipasmíðastöðvarinnar, Slippstöðvarinnar á Akureyri, eða skipasmíðaiðnaðarins í heild er alls ekki þetta skip sem þar bíður. Vandinn er sá að það verður að tryggja þessari starfsemi framtíðarverkefni. Ég er hér með alveg nýjar tölur um þróun þessara mála. Árið 1988 framkvæmdu innlendar skipasmíðastöðvar fyrir 2,1 milljarð, skv. spá fyrir árið 1990 fer það niður í 700 millj., á árinu 1989 var það komið niður í 1200 millj., en á því ári minnkuðu erlendu framkvæmdirnar ekki neitt. Það stefnir sem sagt í hrun ef ekki verður gripið til aðgerða. Og ég vil ítreka eitt. Ég tel að útgerðin, með því að leita í svo miklum mæli erlendis með sín verkefni, sé að grafa undan eigin hagsmunum, vegna þess að hér verður engin öflug íslensk útgerð öðruvísi en hún geti leitað eftir innlendri þjónustu, ekki bara þegar henni þóknast.

Að lokum. Undirtektir við þetta mál hafa verið það góðar að ég veit það og treysti því að ríkisstjórnin muni taka þetta mál upp af fullri einurð nú á næstu vikum og móta stefnu sem snýr þessari þróun við.

Ingi Björn Albertsson: *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að fara fram á það að hæstv. hagstofuráðherra fái tækifæri til að svara þeirri spurningu sem ég bar hér fram líkt og hæstv. fjmrh. var gefið orðið á ný. Það eru mjög alvarlegar ásakanir, ef svo má að orði komast, sem hæstv. hagstofuráðherra lætur sér um munn fara í viðtali við dagblað í dag, þar sem hann segir, staðhæfir, að það sé engu líkara en áhrifamiklir menn innan ríkisstjórnarinnar ætli sér að láta þennan iðnað lognast út af. Þingheimur krefst svara við þessari spurningu. Hvað er ráðherrann að fara? Hvaða menn eru þetta sem vilja þennan iðnað feigan? (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. 5. þm. Vesturl. hvort hann geti ekki sætt sig við að spyrja þessarar spurningar næstkomandi mánudag, þegar umræða um þessi mál fer að nýju fram.) Hæstv. forseti. Það var gefið fordæmi fyrir því hér fyrir nokkrum mínútum að manni sem var búið að meina að tala í annað sinn var gefið orðið á ný. Ég sé persónulega ekkert því til fyrirstöðu að hæstv. ráðherra Hagstofu verði veitt tækifæri til þess að svara þessari spurningu. Ef hins vegar hæstv. ráðherra treystir sér ekki til þess á þessari stundu þá er ég tilbúinn að bíða til mánudags. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að ráðherra Hagstofu hefur ekki beðið um orðið og forseti mun ekki skipa honum að taka til máls. — Óskar ráðherra Hagstofu að taka til máls? Þá er honum heimilt að hefja mál sitt.)

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal með ánægju reyna að svara þessari spurningu. Ég hef nú ekki enn þá haft tækifæri til þess að lesa þetta viðtal en það er alveg rétt að ég gat um það að það væru þau viðhorf til innan ríkisstjórnarinnar að íslenskur skipasmíðaiðnaður ætti raunverulega ekki rétt á sér. Það eru að sjálfsögðu viðhorf sjávarútvegsins í landinu sem þar eru túlkuð og þarf ekkert að svara því nánar hverjir þar eru í forsvari. Það er alveg ljóst að sjávarútvegurinn telur að það svari ekki kostnaði að vera með innlenda skipasmíði. Sjávarútvegurinn vill fá að leita eftir hagstæðasta verði sem hann telur að fáist einungis erlendis. Þetta viðhorf túlka allir forsvarsmenn sjávarútvegsins og hæstv. sjútvrh. með.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er áreiðanlega afar sjaldgæft í sögu Alþingis að einn hæstv. ráðherra skuli koma upp í ræðustól og bera annan hæstv. ráðherra þeim sökum sem hér hefur gerst. Það sem fram hefur komið nú, loks þegar hæstv. ráðherra Hagstofu hefur gefið færi á að svara fsp. sem gerð var af einum hv. þm. vegna blaðaviðtals norður á Akureyri, er að hæstv. ráðherra kemur hér í ræðustólinn og gefur ekki einungis í skyn, heldur segir nægilega skýrt þannig að allir geta fundið út hvað hann á við, að í raun og veru þá standi mál þannig að hæstv. sjútvrh. sé það afl innan ríkisstjórnarinnar sem vilji íslenskan skipasmíðaiðnað feigan. Þetta eru þung orð og ég held, virðulegur forseti, að það verði að krefjast þess

hér á mánudaginn að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur umræðuna og fái tækifæri til þess að bera af sér þessar sakir ef hann kærir sig um eða staðfesta ummæli þess manns sem hæstv. forsrh. hefur falið að gera uppdrátt að framtíðarmöguleikum í íslensku atvinnulífi. Slíkar árásir, eins og þær sem komu fram hér hjá hæstv. ráðherra, eru þess eðlis að við hljótum að krefjast þess, almennir þingmenn, að á mánudaginn verði allir hæstv. ráðherrar við þá umræðu sem þar fer fram og hæstv. sjútvrh. fái tækifæri til þess að segja álit á þeim ummælum sem hér hafa fallið. (**Forseti:** Forseti mun verða við þeirri beiðni hv. 1. þm. Reykv. að reyna að sjá svo til að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur umræðuna.)

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með þann útúrsnúning sem kemur hér fram í málflutningi hv. þingmanna. Ég var að lýsa hér viðhorfum. Ég er að segja að það eru viðhorf forsvarsmanna sjávarútvegsins að íslenskur skipasmíðaiðnaður borgi sig ekki, að útgerðin verði að eiga aðgang að lægsta verði sem þeir telja að fáist einungis erlendis. Það þarf ekki að svara þessari spurningu nánar. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar að koma hér upp og reyna síðan að snúa út úr því sem er sagt. Auðvitað hlýtur hæstv. sjútvrh. að túlka þar með hagsmuni sjávarútvegsins eins og þeir blasa við honum. Aðrir forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa túlkað sína hagsmuni. Þeir eru með þeim hætti að þeir telja að það svari ekki kostnaði að smíða skip hér innan lands, hagsmunir sjávarútvegsins séu best tryggðir með því að leita hagstæðasta verðs sem þeir telja að einungis fáist í erlendum skipasmíðastöðvum. Þetta eru viðhorf sem mönnum er fullkomlega leyfilegt að hafa, en ég er ekki þar með að segja að þau séu rétt, og reyndar held ég því fram að þau séu röng. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þingmönnum á að hér verður ekki leyft að hefja efnislega umræðu um það mál sem hér var á dagskrá eða var rætt utan dagskrár áðan. Ég treysti því að hv. 2. þm. Norðurl. e. ætli í raun og veru að tala um þingsköp.)

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands hefur lýst yfir mjög djúpum ágreiningi innan ríkisstjórnarinnar varðandi skipasmíðaiðnað. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að hæstv. forsrh. er staddur hér í þingsalnum og ég vil enn fremur vekja athygli hæstv. forseta á því að mér finnst eðlilegt að hæstv. forsrh. segi skoðun sína á ummælum hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að það fer aldrei fram hjá henni þegar hæstv. forsrh. er í salnum.)

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til þess að mótmæla mjög ummælum hæstv. ráðherra Hagstofu sem komu hér fram um það að hæstv. sjútvrh. væri andvígur því að innlendum skipasmíðaiðnaði verði sköpuð eðlileg starfsskilyrði og samkeppnisaðstaða. Ég mótmæli þessu mjög. Ráðherra Hagstofu mun hvergi geta fundið því stað að sjútvrh. hafi talað á þennan veg. Ég hef unnið mjög mikið að þessum málum og reynt að þoka þeim áleiðis í hinu besta samstarfi við sjútvrh. Og ég harma það að slík ummæli skuli koma hér fram að sjútvrh. fjarstöddum.

Efnisskrá.

Atvinnumöguleikar á landsbyggðinni (54. mál) 556.
Aukin verkefni sveitarfélaga (49. mál) 432.
Áfengiskaup opinberra embætta og stofnana (45. mál) 431.
Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989 (19. mál) 416.
Byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands (24. mál) 423.
Eignaþátttaka lífeyrissjóða í dvalar- og þjónustuheimilum (89. mál) 494.
Fjárlög 1990 (1. mál) 413.
Fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir fatlaða (34. mál) 527.
Heilsufarsbók (68. mál) 569.
Höfundaréttargjald af innfluttum myndbandsspólum (35. mál) 534.
Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska (13. mál) 524.
Kynningarrit í bókmenntum (58. mál) 537.
Könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol (26. mál) 427.
Landgræðsla (43. mál) 429.
Lánsfjárlög 1989 (74. mál, lántökuheimild ríkissjóðs) 481.
Lánsfjárlög 1990 (69. mál) 434.
Lífeyrisréttindi hjóna (88. mál) 493.
Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga (61. mál) 543.
Reglugerð um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga (60. mál) 540.
Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (63. mál) 565.
Sementsverksmiðja ríkisins (64. mál, stofnun hlutafélags) 486.
Siglingaleið um Hornafjörð (25. mál) 425.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (75. mál) 498.
Skipulag á Hvaleyrarholti (65. mál) 545.
Tvöföldun Reykjanesbrautar (6. mál) 547.
Umræður utan dagskrár 413 (skil innheimtumanna ríkissjóðs); 570 (staða íslensks skipaiðnaðar).

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 570, 573, 577.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 539.
Forseti Ed. Jón Helgason 480.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 486.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 508.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 528, 533, 544, 545.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 414, 416, 435, 470, 481, 485, 498, 571, 581.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 573, 578, 582, 583.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 460.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 469.
Menntmrh. Svavar Gestsson 535, 536, 537, 540, 543.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 525, 527.
Alexander Stefánsson 490.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 555, 563, 565.
Árni Gunnarsson 574.
Ásgeir Hannes Eiríksson 414.
Birgir Ísl. Gunnarsson 432, 540, 542, 543, 544.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 418, 541, 556, 564, 580.
Egill Jónsson 423, 425, 429.
Eiður Guðnason 420, 579.
Eyjólfur Konráð Jónsson 440, 477.
Friðjón Þórðarson 416, 423, 580.
Friðrik Sophusson 486, 492, 514, 579, 582.
Geir H. Haarde 415.
Guðmundur H. Garðarsson 493, 494.
Guðmundur G. Þórarinsson 526.
Guðrún Agnarsdóttir 449, 569.
Halldór Blöndal 461, 480, 482, 485, 537, 539, 572, 584.
Hjörleifur Guttormsson 421.
Hreggviður Jónsson 427, 524, 526, 532, 536, 547, 555.
Ingi Björn Albertsson 513, 527, 532, 534, 535, 536, 554, 578, 582.
Jóhann Einvarðsson 551.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 544, 562, 570, 581.
Karl Steinar Guðnason 533, 534, 552.
Karvel Pálmason 453, 479.
Kristín Einarsdóttir 545, 546, 553, 576.
Matthías Á. Mathiesen 549.
Málmfríður Sigurðardóttir 574.
Ólafur Þ. Þórðarson 413, 415.
Pálmi Jónsson 542.
Rannveig Guðmundsdóttir 560.
Salome Þorkelsdóttir 457, 476.
Skúli Alexandersson 575.
Stefán Guðmundsson 576, 584.
Stefán Valgeirsson 431, 531, 577.
Þorsteinn Pálsson 498, 522.
Þórhildur Þorleifsdóttir 511, 531, 538.

Leiðrétting:

Í ræðu Eggerts Haukdals í 1. hefti, 165. dálki, 2. línu að neðan: Orðið **ekki** falli brott.

SAMEINAÐ ÞING

12. fundur, mánudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti – rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 3. nóv. 1989:

„Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi, Árni Johnsen blaðamaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Árni Gunnarsson,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Árni Johnsen hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég vil bjóða hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, einnig dags. 3. nóv. 1989:

„Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum á þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Sigríður Lillý Baldursdóttir eðlisfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti."

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Með þessu bréfi fylgir bréf Guðrúnar J. Halldórsdóttur forstöðumanns, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík, þar sem hún tilkynnir að hún geti ekki tekið sæti á Alþingi vegna annríkis á næstunni.

Sigríður Lillý Baldursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hennar verið rannsakað og ég býð hana velkomna til þingstarfa.

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 6. nóv. 1989:

„Rannveig Guðmundsdóttir, 9. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum á þing Sameinuðu þjóðanna og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþýðuflokksins í Reykjaneskjördæmi, Guðmundur Oddsson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Samkvæmt þessu bréfi og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Guðmundar Oddssonar, skólastjóra í Kópavogi, 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi. Verður gert hlé á fundinum í fimm mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi, kjörbréf Guðmundar Oddssonar, sem hafði hlotið kosningu sem 2. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi en við breytingar er nú orðinn 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, sem tæki sæti Rannveigar Guðmundsdóttur, 9. þm. Reykn., sem hefur tilkynnt að hún sé á förum á þing Sameinuðu þjóðanna.

Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðmundar Oddssonar samþ. með 44 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Guðmundur Oddsson, 9. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Guðmundur Oddsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Ástandið í atvinnumálum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá hefst umræða utan dagskrár sem fram fer fyrir beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. Umræðan fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapalaga og verður án tímamarka.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir að fá hér tækifæri til að ræða ögn um atvinnu-

ástandið og víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í opinberri umræðu varðandi atvinnulíf hér á landi, bæði nú á síðustu dögum og eins í vor og raunar á þessu ári. Ég tel að það sé mjög brýnt að ræða það vegna þeirrar þröngu stöðu sem við Íslendingar erum nú í. Um leið vil ég þakka þeim ráðherrum sem ég bað að vera viðstadda þessa umræðu fyrir að verða við þeirri beiðni.

Hinn síðasta dag októbermánaðar mátti sjá á baksíðu Morgunblaðsins að starfsfólki Slippstöðvarinnar á Akureyri hefði verið sagt upp vegna yfirvofandi verkefnaskorts. Um það fórust formanni Starfsmannafélags Slippstöðvarinnar, Þorsteini Konráðssyni, svo orð í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alvarlegur hlutur þegar 210 manns er sagt upp á einu bretti og engu er um að kenna öðru en skilningsleysi stjórnmálamanna og ráðamanna sjóðakerfisins. Það hafa yfirleitt verið þrengingar á þessum tíma en ástandið hefur aldrei verið jafnslæmt og nú."

Tveim dögum síðar kom á forsíðu Dags þriggja dálka fyrirsögn svohljóðandi:

„Á fjórða hundrað manns á Akureyri sagt upp í október: Berjumst eins og ljón fyrir því að enginn þurfi að hætta, sagði Torfi Guðmundsson hjá Vélsmiðjunni Odda."

Þann hinn sama dag kom tveggja dálka fyrirsögn í Morgunblaðinu, á Akureyrarsíðu, svohljóðandi:

„Fata-, vefjar- og skinnaiðnaður: Starfsmönnum fækkaði um 249 á tveimur árum. Samdrátturinn heldur áfram, segir Kristín Hjálmarsdóttir, formaður Iðju."

Þar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Kristín sagði alvarlegast þegar samdráttur ætti sér stað hjá fyrirtækjum að eldra fólki væri sagt upp störfum, fólki um og upp úr sextugu. Þetta fólk fengi enga aðra vinnu og atvinnuleysisbætur væru greiddar út í 260 daga, þannig að fólkið hefði engar tekjur á tímabili, eða þar til það fengi greiddan ellilífeyri."

„Mér hefur lengi þótt iðnaðurinn vera hornreka í okkar þjóðfélagi og það hefur verulega hallað undan fæti á síðustu árum," er haft eftir formanni Iðju, félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri.

Í lok októbermánaðar gat að líta á baksíðu Morgunblaðsins að á þriðja tug starfsmanna Flugleiða hefði verið sagt upp, sem hefur þó verið talið nokkuð sterkt fyrirtæki. Og Árni Gunnarsson, þm. Alþfl., sagði á kjördæmisþingi Alþfl. á Akureyri hinn 31. okt., ef marka má frásögn dagblaðsins Dags, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann sagði að ástandið væri mun betra á Raufarhöfn sem helgaðist af því að staðurinn væri ekki þjónustumiðstöð í sama mæli fyrir sveitirnar í kring eins og Þórshöfn, Kópasker og Húsavík. Staðreyndin er sú að bakland þessara staða hefur verið að deyja. Ef engin breyting verður á mun þetta bakland hverfa á næstu árum. Þá vaknar sú spurning hvað verði um þéttbýlisstaðina. Allir vita um erfiðleika Presthólahrepps og erfiðleikarnir eru miklir á Húsavík. Þar er mikið viðvarandi atvinnuleysi og umtalsverðir erfiðleikar í rekstri fyrirtækja. Það kenna menn um að hluta til miklum fjármagnskostnaði, sagði Árni Gunnarsson."

Þetta eru örlagaorð, vil ég segja, hjá þm. Alþfl., sem að vísu hefur áður komist svo að orði að það geti enginn maður með snefil af sómatilfinningu fylgt þessari ríkisstjórn ef hún sjái ekki til þess að fjármagnskostnaður lækki og nú spáir hann því að áframhaldandi óbreytt stefna þessarar ríkisstjórnar muni á skömmum tíma valda því að blómlegar byggðir Suður-Þingeyjarsýslu og Þistilfjörður fari í eyði. Baklandið hverfi og eftir standi þorpin án þeirra viðskiptahagsmuna, án þeirra tengsla sem þau hafa haft við landið í kring — rótarslitnir vísar meðfram ströndum Norðausturlands, svo áfram sé haldið líkingu þm. Alþfl.

Það er fróðlegt að virða fyrir sér yfirlit um atvinnuástandið eins og það birtist í skýrslum vinnumálaskrifstofu félmrn. Fyrsta skýrslan vegna þessa árs hljóðar svo:

„Í janúarmánuði sl. voru skráðir rúmlega 64 þús. atvinnuleysisdagar á landinu öllu, 37 þús. hjá konum en 27 þús. hjá körlum." Enn fremur segir: „Skráðum atvinnuleysisdögum fjölgaði í janúar frá mánuðinum á undan um 19 þús. og hafa ekki skráðst svo margir atvinnuleysisdagar í janúarmánuði síðan árið 1984, en þá voru skráðir 84 þús. dagar." Að lokum segir, með leyfi hæstv. forseta: „Aukið atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu á því rætur að rekja til almenns samdráttar í atvinnulífinu, fyrst og fremst í ýmsum þjónustugreinum. Miðað við þann mikla fjölda uppsagna sem tilkynntur var þrjá síðustu mánuði ársins 1988 má gera ráð fyrir að ekki séu öll kurl til grafar komin í þessu efni og atvinnuleysi kunni enn að aukast á höfuðborgarsvæðinu."

Í næsta yfirliti segir: „Í febrúarmánuði sl. voru skráðir 57 þús. atvinnuleysisdagar á landinu öllu" og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga hefur ekki verið jafnmikill í febrúarmánuði síðan árið 1984 og að því ári undanskildu þarf að leita aftur til ársins 1969 að jöfnum eða hærri tölum í sama mánuði."

Í þriðju skýrslunni segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í marsmánuði sl. voru skráðir 54 þús. atvinnuleysisdagar á landinu öllu" og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Af þessum tölum má ljóst vera að skráð atvinnuleysi á nýliðnum ársfjórðungi var a.m.k. helmingi meira en eðlilegt getur talist miðað við árstíma."

Um aprílmánuð segir að þá hafi verið skráðir 39 þús. atvinnuleysisdagar og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Enda þótt atvinnuástandið hafi tekið breytingum til hins betra í aprílmánuði sl. miðað við mánuðina á undan, eins og fram kemur í tölum hér að framan, var atvinnustigið þó mun lakara nú en í sama mánuði undanfarin ár." Og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Atvinnustigið nú hlýtur að vera áhyggjuefni, ekki síst þegar haft er í huga að á þessum árstíma bætast þúsundir skólafólks á vinnumarkaðinn.

Það er til marks um að erfiðlega gangi hjá skólafólki að fá sumarvinnu að hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar eru umsækjendur nú þrefalt fleiri en á sama tíma í fyrra og hjá Vinnumiðlun námsmanna eru fimm umsækjendur um hvert starf sem í boði er. Víða annars staðar á landinu er ríkjandi óvissa um sumarvinnu skólafólks."

Þess skal getið að hæstv. forsrh. beitti sér fyrir sérstakri aukafjárveitingu til að mæta erfiðu atvinnuástandi skólafólks eins og þm. er í fersku minni.

Um maímánuð segir að þá hafi atvinnuástand verið nær óbreytt frá næsta mánuði á undan, 39 þús. atvinnuleysisdagar á landinu öllu, en skráð atvinnuleysi hafi meira en þrefaldast milli ára. Í júnímánuði er tala atvinnulausra komin upp í 42 þús. og þar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs voru skráðir 295 þús. atvinnuleysisdagar á landinu öllu. Til samanburðar má geta þess að allt árið 1988 voru skráðir 215 þús. atvinnuleysisdagar og 153 þús. árið 1987." Hálft árið í ár, 295 þús. dagar, allt árið í fyrra 215 þús. og allt árið í hittiðfyrra 153 þús. dagar.

Í júlímánuði var atvinnuleysi 39 þús. atvinnuleysisdagar og skráð atvinnuleysi þrefalt meira en á sama tíma í fyrra og hafði ekki mælst jafnmikið í júlímánuði þann tíma sem sambærilegar tölur eru til um, en mest hefur atvinnuleysi áður mælst í júlímánuði 1969 1,1% af mannafla, var nú 1,3% af mannafla, meira en nokkru sinni fyrr.

Í ágústmánuði voru skráðir atvinnuleysisdagar 41 þús., fjórum sinnum fleiri en á sama tíma í fyrra þegar þeir voru einungis 10 þús. Í septembermánuði voru atvinnuleysisdagar 33 þús. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir nokkra fækkun atvinnuleysisdaga í september sl. frá mánuðinum á undan er skráð atvinnuleysi þrefalt meira en á sama mánuði í fyrra."

Lengra ná þessar skýrslur ekki en það sem e.t.v. er áhyggjuefni, og ég kem nánar að síðar, er að bæði vinnumálaskrifstofa félmrn. og Þjóðhagsstofnun hafa spáð því að atvinnuleysi muni fara vaxandi í fyrirsjáanlegri framtíð þannig að horfurnar eru sannarlega ekki bjartar.

Þjóðviljinn tók saman skýrslu hinn 27. júlí sl. um það hvernig ástandið væri hjá fjölskyldum í landinu, fólki almennt, og fyrirsögn er „Atvinnuleysi. Æ fleiri leita fjárhagsaðstoðar. Félagsmálastofnanir uppiskroppa með fé til fjárhagsaðstoðar við einstaklinga. Samdóma álit að miklu fleiri en áður leiti á náðir félagsmálastofnana."

Sveinn Ragnarsson, félagsmálastjóri Reykjavíkur, lætur þess getið að stofnunin hafi fengið 48 millj. kr. aukafjárveitingu hjá borginni og þó liggi ekki fyrir hvort þessi aukafjárveiting dugi út árið. Eftir honum er haft, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er vel hægt að leiða getum að því af hverju þessi fjölgun skjólstæðinga stofnunarinnar stafar," sagði Sveinn. „Fyrir það fyrsta er mun erfiðara ástand á vinnumarkaði en um langt árabil og í ofanálag hefur einnig orðið kjararýrnun, svo sem vegna minni aukavinnu sem gerir það að verkum að fólk á í erfiðleikum með að láta enda ná saman."

Bragi Guðbrandsson, félagsmálastjóri Kópavogs, lætur þess sérstaklega getið að fólk sé að missa húsnæði í kjölfar atvinnumissis. Guðrún Sigurðardóttir, félagsráðgjafi á Akureyri, segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Þunginn enn meiri en venjulega, *meira gengið en venjulega á það ráðstöfunarfé* sem við höfum til fjárhagsaðstoðar við einstaklinga. Verður metið hvort farið verður fram á aukafjárveitingu."

Það gerir svo myndina enn dekkri en hér hefur verið lýst að í sumum fyrirtækjum er það svo að fólk reynir að skipta með sér þeim vinnustundum sem því áskotnast til þess að allir geti þó haldið einhverri vinnu, þeir sem hafa unnið hjá viðkomandi fyrirtækjum.

Ekki er myndin fallegri ef horft er á afkomu fyrirtækja og heimila. Hinn 29. okt. sl. var yfirlit í Morgunblaðinu yfir gjaldþrot og greiðslustöðvanir á landsbyggðinni. Þar voru taldir upp 35 staðir sem eiga í slíkum erfiðleikum. Svo að ég grípi niður í þessari löngu og yfirgripsmiklu grein á einum stað, þá segir til að mynda svo um Suðurland, með leyfi hæstv. forseta:

„Staða atvinnufyrirtækja á Suðurlandi frá Þorlákshöfn til Víkur er misjöfn. Hún mótast mjög af staðsetningu þeirra og starfsemi. Atvinnureksturinn er sveiflukenndastur við ströndina þar sem erfiðleikar eru nokkrir í fiskvinnslu. Þeir liggja svo sem víðar og koma fram í uppboðs- og gjaldþrotabeiðnum hjá sýslumannsembættunum. Í Árnessýslu koma fram að meðaltali tvær slíkar beiðnir á dag, en stór hluti er vegna einstaklinga. Í Rangárvallasýslu má reikna með að þær verði nær 300 á árinu. Ríkjandi kyrrstaða er í atvinnulífi á svæðinu og afturkippur ef eitthvað er. Talað er um að lánardrottnar tapi milljörðum vegna gjaldþrota og greiðslustöðvana úti á landsbyggðinni."

Það er jafnframt lýsandi fyrir þetta ástand að á sl. ári voru greiddar úr félmrn. vegna ríkisábyrgðar á laun hjá gjaldþrota fyrirtækjum 80 millj. kr. en í ár hafa þegar verið greiddar út 160–170 millj. kr. til um 1600 aðila og stefnir í að greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða á launum verði um 200 millj. kr. á þessu ári.

Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp m.a. til þess að sýna fram á að þeir atburðir sem gerðust í Slippstöðinni á Akureyri voru ekki eitthvert einstakt tilefni eins og skilja mátti af þeim ummælum sem höfð voru eftir Jóni Sigurðssyni iðnrh. í útvarpinu 31. dag októbermánaðar, heldur aðeins eitt dæmi af mörgum um það hörmulega ástand sem við búum nú í vegna þeirrar stefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt í atvinnumálum, gengismálum og fjármálum þjóðarinnar yfir höfuð að tala. Fréttin í Ríkisútvarpinu hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta og ég tel óhjákvæmilegt að lesa hvert einasta orð til þess að ekki vakni sú spurning hvort ég misfari með eða taki úr samhengi:

„Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra segir að undanfarnar vikur hafi hann átt viðræður við forsvarsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri sem sagði upp rúmlega 200 starfsmönnum í fyrradag. Hann segir að staða fyrirtækisins, sem að stórum hluta er í eigu ríkisins, stafi af því að ráðist hafi verið í nýsmíði fiskiskips án þess að gengið hafi verið frá sölu þess í upphafi.

Jón Sigurðsson segir að hann hafi verið í sambandi við forustumenn Slippstöðvarinnar. Hann segist hafa heimsótt stöðina í september sl. og fylgst með stöðu hennar um langt skeið. Sl. föstudag hafi hann kallað á sinn fund stjórnarformann hennar, forstjóra og einn stjórnarmann. Fjmrh. og sjútvrh. hefðu einnig setið þann fund.

Jón segir að á fundinum hafi verið farið yfir rekstrarstöðu og fjárhagsstöðu Slippstöðvarinnar, en ríkið er stærsti hluthafi í henni. Jón segir að slök fjárhagsstaða stafi af því að þar standi á stokkum nýsmíði sem ekki eigi sér neinn kaupanda. Í hana hafi verið ráðist fyrir um tveimur árum án þess að séð hefði verið fyrir því hvernig verkefnið gæti aflað fyrirtækinu tekna og ekki hafi verið hugað að því hvernig það félli inn í reglur um stjórn fiskveiða og reglur um sölu og skipti á skipum." — Ég endurtek: „Og ekki hafi verið hugað að því hvernig það félli inn í reglur um stjórn fiskveiða og reglur um sölu og skipti á skipum." Iðnaðarráðherra segir að þetta hafi verið afdrifarík ákvörðun, þ.e. að ráðast í þetta tiltekna verkefni, og nú ríki óvissa um verkefnin fram undan og Slippstöðin treystist ekki til þess að halda mönnum í vinnu. Jón segist vilja freista þess að finna leið til þess að selja skipið án þess að það brjóti í bága við fiskveiðireglurnar og fengið til þess menn frá þremur ráðuneytum. Hann segist hafa áhuga á að leysa vandann en segist ekki geta sagt hvenær né með hvaða hætti málið verður leyst. Ekki heldur segist hann geta fullyrt nokkuð á þessu stigi um það hvort allir starfsmenn Slippstöðvarinnar haldi vinnu sinni. Ljóst sé að Slippstöðin sé mikilvægt fyrirtæki, ekki eingöngu fyrir Akureyringa heldur einnig fyrir allan fiskiskipaflotann."

Svo mörg eru þau orð og margt í þeim sem ekki aðeins orkar tvímælis heldur hygg ég að óhætt sé að fullyrða að þeir menn, sem þekkja rekstur Slippstöðvarinnar jafnvel og hæstv. iðnrh. segist gera, séu flestir sammála um það að sá maður sem forstjóri var þegar ákvörðun var tekin um að ráðast í þessa nýsmíði, hafi verið þekktur að ýmsu öðru heldur en gönuhlaupum í sínum rekstri. Og ég hygg að ekki einn einasti Akureyringur trúi því að hann hafi ekki hugað að því hvernig hið nýja fiskiskip félli inn í reglur um stjórn fiskveiða eða reglur um sölu og skipti á skipum. Ég lýsi þetta staðlausa stafi. Ég fullyrði að hæstv. iðnrh. viti betur og ég fullyrði að það sé a.m.k. ekki oft sem betur fer sem í opinberum fjölmiðlum sé haft eftir æðstu ráðamönnum þjóðarinnar, — ja, ætli ég verði ekki að segja önnur eins endileysa og þessi.

Nú skulum við rifja upp hvernig ástandið var á árinu 1987, þegar undirbúningur að smíði þessa skips hófst. Á þeim tíma töluðu stjórnarmenn og forstjóri Slippstöðvarinnar við þáv. hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson og þáv. hæstv. fjmrh. Jón Hannibalsson, sem fer með málefni Slippstöðvarinnar. Það er í umboði fjmrh. sem stjórnarmenn Slippstöðvarinnar starfa, þeir sem eru fulltrúar ríkisins, og hefði af þeim sökum auðvitað verið eðlilegt að það hefði verið hæstv. fjmrh. en ekki hæstv. viðskrh. sem kallaði til sín forstjóra, stjórnarformann og stjórnarmann í Slippstöðinni. Kallaði inn á teppi til sín, er sá hljómur sem verið er að gefa í skyn með þessu í stað þess að auðvitað hlýtur hæstv. viðskrh. að bjóða forsvarsmönnum atvinnulífsins hverjum og einum að koma á sinn fund vegna erfiðleika en kallar þá ekki til sín. Slippstöðin á Akureyri heyrir ekki undir hæstv. iðnrh. heldur hæstv. fjmrh.

En hvernig var nú ástandið á þessum tíma árið 1987, hæstv. iðnrh.? Ef við tökum t.d. skip eins og Núpinn, að hinu nýja skipi hefði verið skipt út fyrir Núpinn eins og talað hefur verið um. Slíkt skip á sóknarkvóta á árinu 1987, hafði frjálsa sókn í ýsu, ufsa, karfa, grálúðu og úthafsrækju.

Þegar kom fram á árið 1988 var búið að setja kvóta á veiðiskip í úthafsrækju, en frjálsar veiðar héldust og haldast enn hjá sóknarskipum í ýsu, ufsa, karfa og grálúðu og ég hygg að svo verði einnig á næsta ári. Hins vegar eru nú uppi raddir um það að strangur aflakvóti verði settur á allar þessar skipategundir. En þær umræður heyrðust ekki og voru ekki á dagskrá þegar ákvörðun var tekin um smíði þess fiskiskips sem ég er að tala um.

Ég vil á hinn bóginn rifja upp að á þessu hausti, 1987, sagði ég, bæði hér í ræðustól og eins í ótal greinum sem ég hef skrifað um kvótamálin, að óheppilegt væri að setja reglur um stjórn fiskveiða til jafnskamms tíma og þá var gert eða til þriggja ára vegna þess að það hlyti að valda margvíslegum erfiðleikum í því að gera áætlanir um rekstur útgerðar í landinu, fiskvinnslustöðva og þjónustufyrirtækja við sjávarútveginn.

Hinn 2. nóv. sl. hafði Morgunblaðið samband við Sigurð Ringsted, forstjóra Slippstöðvarinnar, og bar undir hann ummæli hæstv. iðnrh. Honum fórust m.a. svo orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Okkar aðalvandamál er ekki þetta óselda skip, heldur það að við höfum ekki verkefni fram í tímann. Ef við hefðum verkefni þyrfti ekki að segja upp fólki. Mér þykir rangt að segja vanda okkar byggjast á óseldu skipi, en ef ekki hefði verið farið út í smíði þessa skips haustið 1987 hefði sú staða sem nú er uppi komið til fyrir tveimur árum. Við þetta skip hefur verið unnið tvo síðustu vetur og því þurfti ekki að grípa til uppsagna," sagði Sigurður Ringsted, forstjóri Slippstöðvarinnar hf., vegna ummæla Jóns Sigurðssonar iðnrh. í Morgunblaðinu í gær.

Sigurður sagði enn fremur út af innlendum skipasmíðum og skipasmíðastöðvum að þeim væri sjaldnast gefinn kostur á að vera með þegar nýsmíðaverkefni væru boðin út. „Ég bendi á," sagði hann, að „þótt hér væri smíðað eitt skip á 1½–2 ára fresti

mundum við ekki stækka flotann. Straumur innfluttra skipa er hins vegar mikill og einungis á þessu ári eru í smíðum í útlöndum skip sem samsvara um 10 ára afkastagetu Slippstöðvarinnar."

Ég held að nauðsynlegt sé að gera rekstur Slippstöðvarinnar nokkuð að umræðuefni vegna þessara ummæla hæstv. iðnrh. Ekki eru nema 5–6 ár síðan um 300 manns unnu hjá Slippstöðinni á Akureyri. Á þeim tíma, áður og síðar, hafa jafnan verið uppi miklar áhyggjur frá ári til árs um það hvernig hægt sé að tryggja þessum mikla mannafla vinnu yfir dauða tímann þegar minnst er að gera í skipasmíðastöðvum hér á landi. Ef ég fer aðeins yfir söguna get ég rifjað upp að sú ákvörðun var t.d. tekin í Slippstöðinni árið 1978 að kaupa Flakkarann til þess að freista þess að selja hann og grípa til hans yfir dauða tímann til þess að ekki þyrfti að koma til uppsagna. Þessi bátur hefur síðan heitið Sjávarborg, hefur verið í eigu sama aðila og ég veit ekki betur en rekstur hans hafi gengið vel.

Ef við rifjum upp þann tíma þegar hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson var iðnrh. munum við eftir því að hann tók ákvörðun um að hafin yrði smíði svokallaðra raðsmíða hér á landi. Tvö slík skip yrðu smíðuð á Akureyri, eitt á Seyðisfirði og eitt í Stálvík — eitt á Akranesi og eitt í Stálvík, Seyðisfjarðarskipið kom til síðar. Smíði þessara skipa lá niðri alllengi, m.a. vegna þess að óhjákvæmilegt var að taka upp kvóta á fiskiskip á árinu 1984 og ég hygg að við hæstv. sjútvrh. getum vel rifjað það upp í sameiningu að mörg viðtöl fóru fram um það, m.a. milli okkar og þeirra sem sátu í ríkisstjórn á þessum árum, hvernig hægt væri að ljúka þessum skipum og hvaða leiðir ætti að fara til þess að þau fengju aðgang að fiskimiðunum umhverfis landið. Sú ákvörðun var síðan tekin og hún átti m.a. þátt í því að ekki þurfti að segja upp fólki í Slippstöðinni á Akureyri, heldur gat það haldið áfram sinni vinnu. Vinnuöryggið hélst af þeim sökum.

Ég rifja upp að á árinu 1984–1985 tókust samningar um endurbætur á því skipi sem nú heitir Freri og brúaði þá bilið fyrir Slippstöðina á Akureyri. Ég rifja upp að á árunum 1985–1986 tókust samningar um svokölluð Kanadaskip sem Slippstöðin vann í alþjóðlegu útboði og ollu því að vinna hélst stöðugt í Slippstöðinni á Akureyri. Það sem var kannski ánægjulegast af þessu öllu saman í sambandi við þau skip var að þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun hér á landi og í Kanada tókst að skila þessum verkum með hagnaði. Auk þess tókst að eiga margvísleg önnur viðskipti við Kanadamenn. Þannig seldi t.d. Plasteinangrun á Akureyri fiskkassa til þessara skipa. Á þessum tíma stóðust íslenskir skipasmiðir þannig fyllilega samkeppni á alþjóðamarkaði, bæði varðandi tækniþekkingu og vinnubrögð almennt. Og ég rifja upp endurbæturnar á Sléttbak sem þjónuðu sama tilgangi.

Síðan var tekin ákvörðun um að smíða nýtt fiskiskip árið 1987 og ég vil enn lýsa þakklæti mínu við þáv. hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson, að hann skyldi bregðast vel við málaleitan stjórnar Slippstöðvarinnar og veita langlánaleyfi til þess að hægt væri að hefja smíði á þessu skipi hér innan lands eins og hann hefur veitt langlánaleyfi til þess að hægt sé að smíða skip erlendis og eins og hann hefur veitt langlánaleyfi til þess að hægt sé að vera með endurbætur á skipum erlendis. Mér þykir vænt um að hann skyldi ekki hafa hallað á íslensku skipasmíðina að þessu leyti og ég veit að hann sér ekki eftir þessu. Ég vona hins vegar að þegar hann talaði um það að ekki hafi verið hugað að því hvaða reglur giltu um stjórn fiskveiða og hvaða reglur giltu um sölu og skipti á skipum á þeim tíma sem langlánaleyfið var veitt, þá hafi hann ekki átt við það að hann hafi gleymt að kynna sér hverjar væru reglur um stjórn fiskveiða og hverjar væru reglur um skipti og sölu á skipum.

Ég vil taka það fram að vinna við hið nýja skip Slippstöðvarinnar á Akureyri hefur gengið vel. Það er búið að afskrifa nýsmíðina verulega eins og áður var gert við raðsmíðaskipin sem þar voru smíðuð og ég veit ekki betur en Slippstöðin hafi fengið mikið hrós fyrir frá öllum aðilum, þannig að ef skipið yrði nú selt á svipuðu verði og útgerðarmenn og samningar stóðu um á síðustu mánuðum mundi Slippstöðin koma slétt út úr því dæmi og það sem meira er, verðið yrði sambærilegt og ekki hærra en á sambærilegum skipum sem hafa verið að koma til landsins. Þetta er auðvitað merki um það að tækni- og verkþekking þeirra Slippstöðvarmanna er mikil og geta þessarar stöðvar til þess að taka að sér mikil verkefni óumdeilanleg.

Við skulum ekki gleyma því að skipasmíðar eru verktakastarfsemi. Við getum t.d. gert okkur grein fyrir því að í slíkri starfsemi getur það rekstrarlega komið illa út, hvort tveggja, að hafa of lítið af verkefnum eða of mikið. Oft er það svo og hefur verið á umliðnum árum yfir mesta annatímann að reksturinn hefur ekki skilað arði heldur verið borinn uppi af öðrum mánuðum. Auðvitað fer best á því að hægt sé að sveigja verkefnin að afkastagetunni þannig að jöfn og góð atvinna sé árið um kring og öryggi í rekstri fyrirtækisins.

Ég þarf auðvitað ekki að taka fram að við getum ekki vænst þess að hér á landi sé hægt að reka fyrirtæki á borð við Slippstöðina með 200–300 manns án þess að í þeim rekstri sé einhver kjölfesta. Ég held að það sé til of mikils mælst ef einhver maður hér inni ímyndar sér það að til langframa sé hægt að halda úti svo stóru fyrirtæki í skipasmíðum að atvinnuöryggi sé viðunandi fyrir starfsmennina nema hægt sé að grípa inn í skipasmíðarnar til að fylla upp í og vera kjölfesta í slíkum rekstri. Það er enn fremur nauðsynlegt til þess að eðlileg verkþekking geti geymst í fyrirtækinu og til þess að við getum varðveitt þá miklu vöruþróun, verkþróun, tækniþróun, sem verið hefur í skipasmíðum hér á landi. Þar að auki hefur fyrirtæki eins og Slippstöðin auðvitað miklar skyldur við sína viðskiptamenn.

En það er ekki aðeins að atriði eins og þessi komi inn í verktakastarfsemi slippstöðvar. Afkoma útgerðar t.d. skiptir mjög miklu máli og mun ég koma

að því síðar hvaða álit skipasmíðamenn sjálfir hafa á því atriði. Ég vil á hinn bóginn rifja upp að talið er að eigið fé í sjávarútvegsfyrirtækjum hafi rýrnað um 5–6 milljarða á árinu 1988 og um það sagði hæstv. sjútvrh. enn fremur í svari við fyrirspurn frá hv. alþm. Kristni Péturssyni í vor, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við rekstrarskilyrði og verðlag nú í apríl er halli botnfiskveiða og vinnslu áætlaður, miðað við heilt ár, um 900 millj. kr. og má því reikna með að eigið fé rýrni á árinu 1989 að sama skapi miðað við óbreytt rekstrarskilyrði."

Þessi mál hafa komið nokkuð til umræðu hér í þinginu og það var athyglisvert sem hæstv. ráðherra Hagstofu, Júlíus Sólnes, sagði í umræðu um daginn. Ég skildi ummæli hans svo að þau viðhorf væru innan ríkisstjórnarinnar að íslenskur skipasmíðaiðnaður ætti ekki rétt á sér, en skömmu áður hafði verið viðtal við hann í Degi þar sem hann komst m.a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við komum til með að fara nákvæmlega yfir þessi mál og í það minnsta leita skýringa á þeirri stöðu sem íslenskur skipasmíðaiðnaður er í. Væntanlega setjum við fram einhverjar hugmyndir til úrbóta. Málefni skipasmíðaiðnaðarins hafa ekki verið rædd í ríkisstjórn síðan Borgaraflokkurinn gerðist aðili að henni. Það er engu líkara en að áhrifamiklir menn í ríkisstjórninni ætli sér að láta þennan iðnað lognast út af og telji það jákvætt."

Það var mjög athyglisvert á þessum fundi Sþ. að ég vakti athygli hæstv. forseta á því að hæstv. forsrh. væri hér í salnum og hefði ekki kvatt sér hljóðs og hefði ekki treyst sér til að dæma um það hvort þeir straumar væru innan ríkisstjórnarinnar að einhverjir ráðherrar þar vildu skipasmíðaiðnaðinn feigan. Ég hygg að það hafi verið undarleg afstaða að þegja undir þessum kringumstæðum vegna þess að sá ráðherra sem ummæli hæstv. hagstofuráðherra hnigu að, hæstv. sjútvrh., var ekki viðstaddur umræðuna og hafði af þeim sökum ekki tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér. Hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson gat hins vegar ekki setið undir þessari umræðu án þess að kveðja sér hljóðs og auðvitað var það drengilega gert af honum að taka þannig hanskann upp fyrir ráðherra síns flokks að honum fjarstöddum úr því að hæstv. forsrh. lét sig ummæli hæstv. hagstofuráðherra engu skipta.

Það er hins vegar athyglisvert að svo er að skilja sem skipasmíðaiðnaður hafi ekki komið á dagskrá í ríkisstjórn eftir að hæstv. iðnrh. heimsótti Slippstöðina sem hann hafði svo mörg orð um í fréttaviðtali sínu. Það sýnir enn fremur þann mikla dauða eða dofa sem hefur verið yfir þessum málum í þessari ríkisstjórn að hafa að engu þál. sem Alþingi samþykkti á sl. vori. Hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson var flm. að henni og fjallaði hún um samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar, en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin væntir þess að eftirtalin atriði sem nefnd eru í upphaflegri tillgr. verði höfð í huga við framkvæmd þessarar þál.:

1. Ríkisstjórnin reyni að tryggja það að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppa á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. hvað snertir meðferð tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.
2. Tilboð verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.
3. Settar verði staðlaðar reglur um útboð veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefnum.
4. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Nefndin telur æskilegt að ríkisstjórnin skili skýrslu um framgang þessarar þál. á haustþingi 1989."

Í lok októbermánaðar er svo komið að þessi mál hafa ekki verið rædd í ríkisstjórninni, þessari ríkisstjórn sem nú situr, hvað þá að ríkisstjórnin hafi í undirbúningi að gera Alþingi grein fyrir því hvernig henni takist að vinna að framgangi þessarar þál.

Ég vil og tel óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að farið verði að vilja Alþingis í þessum efnum, hvort hann sé til þess fús að taka skipasmíðaiðnaðinn á dagskrá í ríkisstjórninni og hvort þess sé að vænta að einhverjar aðgerðir verði til þess að styrkja samkeppnisstöðu innlendra skipasmíða.

Fátt sýnir betur alvöru þessa máls en sú staðreynd að Félag dráttarbrauta og skipasmiðja er búið að senda frá sér almenna fréttatilkynningu varðandi skipasmíðar nú 2. nóv., lætur ekki við það sitja, heldur sendir sérstakt erindi til alþingismanna og ráðherra hinn 3. nóv. og lætur enn ekki við það sitja, heldur sendir frá sér og sendir hverjum einasta alþingismanni svohljóðandi samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandsstjórnarfundur Málm- og skipasmiðasambands Íslands, haldinn á Egilsstöðum 3.–4. nóv. 1989, skorar á ráðherra samgöngu- og fjármála að tryggja innlendum skipasmíðastöðvum smíð Vestmannaeyjaferju, svo og viðhald og endurbætur á öllum skipum og öðrum mannvirkjum á vegum hins opinbera. Þannig geta stjórnvöld með beinum aðgerðum komið í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi málmiðnaðarmanna í landinu."

Ég vil bæta við þessa samþykkt, hæstv. forseti, að í viðtali sem hæstv. samgrh. átti við sjónvarpsfréttamenn í gærkvöldi kom fram að hugur hans stendur til þess að þessi ferja verði smíðuð hér á landi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort hæstv. samgrh. hafi tekið það mál upp innan ríkisstjórnarinnar og hvernig því hafi verið tekið. Ég held að það sé líka óhjákvæmilegt að minna hæstv. forsrh. á að nú er nýbúið að opna tilboð um verulegar endurbætur á Árna Friðrikssyni, og ég held að óhjákvæmilegt sé að spyrja hæstv. forsrh. hvort það hafi verið rætt innan ríkisstjórnarinnar að tekið verði

tilboði þeirrar skipasmíðastöðvar sem lægst var. Ég hygg að það hafi verið Þorgeir og Ellert. Ég fullyrði að verði það gert þurfi ekki að koma til uppsagna hjá þeirri skipasmíðastöð með sama hætti og komið hefur til uppsagna norður á Akureyri og vestur í Stykkishólmi og með sama hætti og Stálvík er nú lokuð. Ég vil líka rifja upp að slippir hafa farið á höfuðið nú á undanförnum missirum og er því þó ekki um að kenna, hæstv. iðnrh., að þessir slippir hafi unnið við það skip sem nú er í smíðum í Slippstöðinni á Akureyri.

Í fréttatilkynningu frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja frá 2. nóv. er rakinn aðdragandi þeirra erfiðleika sem íslenskur skipasmíðaiðnaður stendur frammi fyrir. Þar segir m.a. að í viðgerðum og breytingaverkefnum hafi íslenskar stöðvar staðist harða verðsamkeppni. Þar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýleg könnun sýnir að á þessu tímabili, þ.e. frá 1983, voru íslenskar stöðvar oftar lægri en erlendar stöðvar í tilboðum í viðgerðar- og breytingarverkefni á alþjóðlegum markaði og hafa því haldið verði niðri íslenskri útgerð til hagsbóta.

Á þessu ári hefur samkeppnisstaða verið að færast í betra horf hvað varðar gengisskráningu og er svo komið nú að innlendar stöðvar bjóða nýsmíðar á fyllilega samkeppnishæfu verði miðað við erlendar stöðvar. Tvö nýleg dæmi sanna svo að ekki verður um villst þessa fullyrðingu. Erfiðleikar sem nú blasa við innlendum skipaiðnaði eru fyrst og fremst vegna verkefnaskorts. Endurnýjun flotans fer fram í holskeflum. Veislunni var lokið loksins þegar innlendar stöðvar höfðu fengið betri samkeppnisstöðu. Vegna erfiðleika í sjávarútvegi hefur eftirspurn dregist saman, einnig í viðgerðum og breytingum eldri skipa, eins og fram kemur í hjálögðum upplýsingum."

Ég hygg að þetta eigi við víðar en í skipasmíðum, að aðlögun gengisins hjá þessari ríkisstjórn hefur gengið svo hægt að þótt nokkuð hafi áunnist nú allra síðustu vikur eru ýmis atvinnufyrirtæki, jafnvel heilar atvinnugreinar, að þrotum komnar. Og það kemur auðvitað ekki á óvart. Þessi ríkisstjórn sem nú situr var mynduð um það haustið 1988 að halda uppi röngu gengi. Hún var mynduð um það að taka upp stórfelldari millifærslur í sjávarútvegi en áður höfðu þekkst. Og við munum eftir því, alþingismenn, að á þessu sumri, þegar brýnt var að koma við nauðsynlegri leiðréttingu á gengi krónunnar, gerðu Alþfl. og ráðherrar Alþfl. lítið úr þessari umræðu og formaður Alþfl. var svo ósmekklegur að kalla það dóp að færa gengið til rétts horfs þannig að íslenskir atvinnuvegir gætu undir því staðið, sagði að það væri efnahagslegur dópismi að hafa gengið í réttu lagi. Við munum einnig eftir því að hæstv. viðskrh. hafði þau orð haustið 1988 að gengisfellingin og sú aðlögun sem þá varð að réttu gengi hefði átt rétt á sér vegna þess að engar hliðarráðstafanir voru gerðar.

Það hefur auðvitað margt skrýtið verið sagt um þessi mál, en sannleikurinn er sá að við stöndum nú frammi fyrir meiri kreppu í íslensku atvinnulífi en við höfum staðið lengi frammi fyrir áður sem ég mun víkja nánar að síðar þegar ég hef gert grein fyrir erindi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja. Ég bendi aðeins á þetta: Það hefur auðvitað ekki mikla þýðingu að tala um að gengið sé viðunandi rétt í augnablikinu þegar Þjóðhagsstofnun er að reikna út hvað saltfiskurinn standi vel núna í augnablikinu þegar enginn saltar — rifjar það upp þegar önnur vinstri stjórn sat og grunnskólamál voru til umræðu og fyrrum þingmaður Vesturlands rifjaði réttilega upp, þegar þáv. hæstv. forsrh. var að guma af því að verð væri gott á skreiðinni, að engum heilvita manni dytti í hug að hengja upp skreið á þessum tíma. Það væri þá bara fyrir fluguna.

Það sem Félag dráttarbrauta og skipasmiðja bendir á er eftirfarandi:

Að auka mismun lána til verkefna innan lands og erlendis.

Að tryggja jafnræði í bankaábyrgðum til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnar frá 2. sept. 1986.

Að auðvelda innlendum stöðvum að taka eldri skip upp í ný.

Að tryggt sé að leitað sé eftir tilboðum innan lands og tilboð séu metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.

Hæstv. iðnrh. talar um að hann muni huga að því hvernig það félli inn í reglur um stjórn fisveiða og reglur um sölu og skipti á skipum og hann segist vilja freista þess að finna leið til þess að selja skipið án þess að það fari í bága við fiskveiðireglurnar. Það eru nú aldeilis fréttir ef ráðherra ætlar að reyna að finna leið sem er lögum samkvæmt. Hins vegar get ég bent hæstv. ráðherra á að samkvæmt Fiskifréttum er nú talað um að setja á stofn nýjan úreldingarsjóð sem gæti keypt gömul skip fyrir 1,5 milljarða kr. í byrjun sem svarar til 7 togara eða ígildis þeirra í bátum. Get ég ekki betur séð en þarna sé m.a. kjörleið fundin til þess að koma til aðstoðar íslenskum skipasmíðaiðnaði til að hann geti tekið skip upp í og þannig auðvelda honum það að koma því skipi í verð sem m.a. er á stokkunum norður á Akureyri.

Það var erfitt að ræða við hæstv. iðnrh. á síðasta þingi um skipasmíðaiðnaðinn vegna þess að hann vitnaði þá stöðugt í úttekt sem erlent fyrirtæki, enskt fyrirtæki, var að gera á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum. Ég hef hér í höndum útdrátt, samantekt helstu niðurstaðna úr þessari athugun, og þar segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta, um tillögur APA um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar:

„Það sem ekki á að gera:

Til langs tíma litið á ekki að veita styrki, þ.e. innleiða ekki styrkjakerfi í iðnaðinn til frambúðar. Það á ekki að taka á sig tap iðnaðarins. Varpið ekki vanda skipaiðnaðarins yfir á sjávarútveginn. Gera þau mistök að viðhalda umframafkastagetu. Auka kvóta skipa smíðaðra á Íslandi. Leyfa frekari aukningu aðstöðu á meðan núverandi ástand varir." Með leyfi hæstv. forseta, þetta er svona smásnúið mál á köflum en skilst vonandi. Og áfram heldur, með leyfi

hæstv. forseta: „Vanmeta þá staðreynd að eftirspurn eftir nýsmíðum hefur verið metin á grundvelli eftirspurnar sem kemur til af kvótakerfi. Með hliðsjón af 30% umframafkastagetu fiskiveiðiflotans gæti eftirspurn eftir nýsmíði íslenskra aðila minnkað verulega ef ríkisstjórnin minnkaði stærð flotans í það sem þörfin segir í raun til um." Og loks: „Vanmeta margföldunaráhrif í efnahagskerfinu. Heildarfjöldi starfa í hættu er töluvert meiri en þau sem lúta beint að starfsemi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja."

Þetta er það sem ekki á að gera. Það sem á að gera er þetta:

„Marka stefnu fyrir iðnaðinn. Íhuga að útvega niðurgreiðslur í skamman tíma til að aðstoða við hagræðingu í iðnaðinum. Viðurkenna að skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðurinn gegnir stóru hlutverki innan undirstöðu sjávarútvegsins. Aðstoða við mótun nákvæmrar markaðsþróunaráætlunar, áætlunar um bætta framleiðni og hagræðingu. Skipa nefnd til að marka ákveðna stefnu. Útvega fjármagnsaðstoð til endurskipulagningar. Útvega fjárhagsaðstoð fyrir markaðsþróun, framleiðni, aukningu og endurþjálfun. Íhuga að auka lánsfjármagn í 80% af heildarkostnaði við nýsmíðar innan lands [sem að vísu er loforð fyrir í sambandi við nýsmíðina á Akureyri]. Íhuga að setja fulltrúa frá skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum í stjórn Fiskveiðasjóðs. Leyfa 100% bankatryggingar fyrir nýsmíðar hérlendis. Íhuga að flýta fyrirhuguðum pöntunum á nýsmíðum til að minnka núverandi skort á eftirspurn. Hvetja til sameiningar sem leiðar til hagræðingar. Íhuga leiðir til að draga úr afkastagetu á Faxaflóasvæðinu. Útvega styrki til að flytja tæki og búnað til helstu valinna skipasmíðastöðvakjarna."

Þetta eru þær ábendingar sem koma fram í athugun á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum með tilliti til stefnumörkunar og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. iðnrh. hvenær hann muni gefa Alþingi skýrslu um mat sitt á þessari úttekt og hvenær þess sé að vænta að við getum talað um skipasmíðaiðnaðinn á þeim grundvelli sem þessi skýrsla hér markar.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef gert grein fyrir er það ekki einungis skipasmíðaiðnaður sem á við erfiðleika að etja nú, heldur má segja allur samkeppnisiðnaður hér á landi, og raunar er farið að gæta vaxandi erfiðleika í verslun. Má segja að þessar umræður gangi svo langt að talað er um það meira en í hálfkæringi að mörg af helstu og grónustu fyrirtækjum landsins standi nú svo höllum fæti að búast megi við að til greiðslustöðvunar eða jafnvel gjaldþrota kunni að koma.

Skýringin á þessu er auðvitað ekki flókin. Skýringin á þessu er sú að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til síðan hún kom að völdum, hafi ekki verið almenns eðlis. Það hefur ekki verið gerð tilraun til að marka atvinnuvegunum í heild viðunandi samkeppnisstöðu borið saman við helstu nágrannaríki okkar, helstu samkeppnislönd okkar.

Ef við lítum aðeins yfir helstu þjóðhagsstærðir kemur í ljós að landsframleiðsla hefur dregist saman í tvö ár og búist er við að hún dragist saman á næsta ári. Hún var, miðað við vísitölu 100, 118 árið 1987, fór niður í 115 árið 1988, 111 á þessu ári og 109 á því næsta. Það sem er athyglisvert er að á sama tíma og það minnkar sem við höfum þannig til skipta hefur ríkissjóður tekið meira til sín af kökunni, af þeirri landsframleiðslu sem við höfum til skiptanna, af því sem þjóðarbúið hefur til umráða. Þannig kemur fram í yfirliti nokkurra þjóðhagsstærða að einkaneysla dróst saman um 5,7% árið 1988, 6,9% árið 1989 og um 3% er búist við að hún dragist saman á næsta ári. Fjárfesting minnkar um 3,7% á síðasta ári, um 8,9% á þessu og búist er við að hún minnki um 2% á því næsta. Fjárfestingin hefur minnkað svo mikið og er að minnka svo mikið að þeir menn sem eru best inni í atvinnuvegunum hika ekki við að fullyrða að nú sé svo komið að fjárfesting í vélum, tækjum, hugbúnaði og vöruþróun sé orðin hættulega lítil og hljóti það að hefna sín með minnkandi þjóðartekjum síðar meir.

En á sama tíma og þetta hefur gerst stendur samneysla í stað í ár, jókst á sl. ári um 2,7% og stendur í stað í ár og búist við að hún standi einnig í stað á næsta ári. Samneyslan er með öðrum orðum að verðgildi sú sama í ár og sl. ár, verður að verðgildi sú sama á næsta ári, um leið og allir aðrir í þjóðfélaginu verða að láta sér nægja minna. Og það alvarlega við þetta er að hæstv. ríkisstjórn hyggst enn þyngja skattana á næsta ári eins og yfirlýst hefur verið og óhjákvæmilegt er að spyrja hæstv. forsrh. um það í þessu samhengi hvort staðið hafi verið við yfirlýsingu sem hann gaf vinnuveitendum skriflega við gerð síðustu kjarasamninga og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun. Ríkisstjórnin mun við heildarendurskoðun eignarskattsálagningar taka til athugunar álagningu eignarskatta á atvinnufyrirtæki."

Í umræðum í Ed. tók hæstv. iðnrh. fram, 6. maí sl., að þetta verkefni ásamt öðrum hafi verið verkefni sérstakrar nefndar hvað varðar iðnaðinn sem nú starfi með þátttöku fulltrúa ríkisstjórnarinnar og samtaka atvinnugreinarinnar og fólks sem vinnur við iðnaðinn. Á hinn bóginn hefur það komið fram í ummælum hæstv. fjmrh. hér úr þessum ræðustól nú á þessu hausti við umræður um fjárlagafrv. að ekkert slíkt samráð sé í gangi, að sú niðurstaða sem ríkisstjórnin muni komast að um skattlagningu fyrirtækja á næsta ári verði sú niðurstaða sem fyrirtækin og aðilar vinnumarkaðarins verði að sætta sig við. Þess vegna er þetta spurning mín til hæstv. forsrh.: Er hugsanlegt að hæstv. iðnrh. hafi falið þetta verkefni sérstakri nefnd á vori komanda, hafi e.t.v. kynnt einhverjar tillögur í ríkisstjórninni sem skellt hafi verið skollaeyrum við og hann hafi ekki komist upp

með vegna þeirrar stefnu sem Alþb. hefur í skattamálum? Er það virkilega svo að hæstv. forsrh. hafi ekki gert neina tilraun til að standa við þetta bréflega fyrirheit sitt við aðila vinnumarkaðarins? Eða hitt fyrirheitið sem gefið var, að sjávarútvegurinn fengi viðunandi samkeppnisstöðu á þessu ári?

Ég spurði hæstv. forsrh. að því í deildinni hvort hann hugsaði sér að sjávarútvegurinn hefði viðunandi samkeppnisstöðu allt þetta ár, til áramóta, á öllum samningstímanum, í einn mánuð, síðustu tvo mánuðina eða kannski bara eina einustu klukkustund eða eina einustu mínútu. Honum fannst þetta bjánalega spurt. Nú er komið fram í nóvember og ekki örlar á grundvellinum fyrir sjávarútveginn. Og boðskapur hæstv. sjútvrh. var ekki fallegur á fiskiþingi þegar hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjávarútvegurinn hefur átt við mikla rekstrarerfiðleika að etja að undanförnu og fyrirsjáanlegur er aflasamdráttur á næsta ári. Á sama tíma eru allir kjarasamningar lausir og viðræður um skiptingu þjóðarteknanna á næsta leiti. Í ákvörðunum um gengismál og tekjuskiptingu hefur mjög verið gengið á hlut sjávarútvegsins á undanförnum árum. Mikilvæg breyting hefur nú náðst á raungengi krónunnar og þeim ábata verður atvinnugreinin að halda. Kjarasamningum sem raska því raungengi, sem verður um næstu áramót, getur sjávarútvegurinn ekki staðið undir.

Nú veit ég ekki hvort ég á að skilja ummæli hæstv. sjútvrh. svo að hann telji ástandið viðunandi í sjávarútveginum eins og það er núna, þegar haldið er uppi stórkostlegum millifærslum til frystingariðnaðar og saltfisksins. Ég býst ekki við að svo sé. En ég vil vekja athygli á því að á sama tíma og hæstv. sjútvrh. talar um það umbúðalaust að þjóðfélagið hafi ekkert svigrúm til launahækkana á næsta ári, jafnvel þótt gengið verði látið síga áfram til áramóta til þess að mæta þeim greiðslum sem nú renna til frystingarinnar og saltfisksins úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, á sama tíma hefur það gerst á þessu ári að frá upphafi til loka árs munu laun hækka um 12% en verðbólga um 25%. Í prósentum talið hækkar verðbólgan meira en helmingi meira á þessu ári heldur en launin. Það er því auðvitað algjörlega út í hött ef einhver ætlar að reyna að halda því fram að vandamál atvinnulífsins nú eins og komið er séu vegna hárra launa í landinu. Það er algjör misskilningur og þeim mun meiri misskilningur sem kemur fram á næsta ár og kaupmáttarrýrnunin heldur áfram.

Há laun eru ekki vandamálið núna. Vandamálið núna er verðbólga. Vandamálið eru háir nafnvextir og háir raunvextir sem haldið er uppi með mikilli þenslu á lánamarkaði vegna sívaxandi lánsfjárþarfar ríkisstjórnarinnar. Mikill fjármagnskostnaður sem m.a. kemur til af því að stimpilgjöld á næsta ári verða eftir fjárlagafrv. hærri tala en allur tekjuskattur fyrirtækja í landinu eða tæpir 2 milljarðar kr.

Og þó svo að reynt sé að gefa í skyn að staða sjávarútvegsins hafi e.t.v. batnað hjá þeim fyrirtækjum sem gátu haldið sjó undanfarið, og þau eru til allrar hamingju til, þá vitum við að fyrirtækin sem fengu aðstoð Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina kveinka sér nú undan því að þurfa að borga vexti og afborganir af þessum lánum á næsta ári þegar afli minnkar og fjármagnsbyrðin þyngist á nýjan leik. Auðvitað fór þessi ríkisstjórn rangt að. Auðvitað átti að byrja á því að laga rekstrargrundvöllinn og síðan koma til hjálpar með skuldbreytingu þar sem það átti við.

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að aðrar atvinnugreinar stæðu frammi fyrir sama vanda og skipasmíðaiðnaðurinn. Um samkeppnisiðnaðinn almennt er það að segja að eftirspurnin datt niður fyrir rúmu einu ári og hefur haldið áfram. Þessi mikli samdráttur í framleiðslu samkeppnisiðnaðar hefur bitnað mjög þungt á sumum fyrirtækjum sem áttu í erfiðleikum fyrir og sum fyrirtæki hafa orðið að segja upp starfsfólki sínu. Eins og nú standa sakir er ekki um önnur ráð að ræða en þau að bæta almenn rekstrarskilyrði atvinnuveganna í heild. Til þess að gera það er nauðsynlegt að losa um gjaldeyrismálin. Það er nauðsynlegt að gengi krónunnar sé rétt skráð en því sé ekki haldið of háu með opinberum styrkjum og millifærslum milli atvinnugreina með því að mismuna atvinnugreinum með þeim hætti. Og síðast en ekki síst er nauðsynlegt að auka svigrúm fyrirtækjanna með því m.a. að draga úr opinberri eyðslu en breyta lögum um skattlagningu fyrirtækja í það horf sem breytt var vorið 1988 þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd. Og allra síst getur gengið upp að auka þá skattpíningu tekjuskatts sem nú er í landinu og á ekki síst þátt í því að draga úr eftirspurn eins og ég hef hér lýst sem veldur minni veltu í þjóðfélaginu og erfiðleikum hjá fyrirtækjunum. Þennan vanda má allan rekja til þess að ríkið tekur of mikið til sín.

Til allrar hamingju eru þó enn til vel rekin fyrirtæki sem standa undir sér. Þau fyrirtæki verður að efla enn til þess að þau geti dregið þann vagn sem lífskjör okkar byggjast á og hjálpa verður öðrum fyrirtækjum til þess að auka eigið fé sitt með skattalegum aðgerðum og með öðrum hætti.

Á sama tíma og aðrar þjóðir Evrópu kosta kapps um að auka frjálsræði á öllum sviðum efnahagslífsins, efla markaðsbúskap og samkeppni með það að markmiði að bæta lífskjör almennings hefur vinstri stjórn Steingríms Hermannssonar horfið á vit forneskju í efnahagsmálum sem margsannað er að lamar framtak og dregur úr hagvexti. Það sjáum við glöggt á vaxandi atvinnuleysi og minnkandi kaupmætti, gjaldþrotum fyrirtækja og fjárhagsvandræðum heimilanna í landinu. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að nauðsynlegt er að koma slíkum almennum aðgerðum við, að þegar einstakar atvinnugreinar eins og skipasmíðaiðnaðurinn nú á í höggi við niðurgreidda samkeppni erlendis frá þá verður að mæta því með viðeigandi hætti.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þótt hafa mætti mjög langt mál um ítarlega og merka ræðu hv. þm. þá skal ég reyna að stytta mitt mál, enda flestu beint til iðnrh. Ég skil vel áhyggjur hv. þm. af atvinnuástandi í ýmsum þjónustu- og samkeppnisgreinum hér á landi, en hins vegar þarf það ekki að koma mjög á óvart.

Eins og a.m.k. óbeint kom fram í orðum hv. þm. þá hóf að halla mjög undan fæti á árunum 1987–1988 í þessum iðngreinum. Hann orðaði það svo að dregið hefði mjög úr skipasmíðum eftir þann tíma. Reyndar hef ég oft sagt að fastgengið á árinu 1987 og fram á mitt ár 1988 hafi orðið samkeppnisgreinunum og þjónustugreinunum langtum skaðlegra heldur en sjávarútvegi og fiskiðnaði því að fiskiðnaðurinn naut þó á þessum árum um það bil 15% hækkunar í verðmæti eins og þjóðhagstölur sýna og sanna. Sömuleiðis má vera ljóst að þegar samdráttur hefst í sjávarútveginum eins og verið hefur nú í tæp tvö ár, þá kemur það fyrr eða síðar niður á öllum greinum í hinu íslenska efnahagslífi. En það breytir ekki því að ég tek undir áhyggjur hv. þm. af ástandinu t.d. í skipaiðnaðinum og mörgum þjónustugreinum, og ég vil reyndar taka verslun inn í þá upptalningu, og ríkisstjórnin hefur vissulega um þau mál rætt.

Spurningin er hins vegar sú hvort stjórnvöld hafa bolmagn til þess fjárhagslega að ráðast í eins víðtækar björgunaraðgerðir á þessum sviðum eins og gert hefur verið í útflutningsgreinum og mörgum samkeppnisgreinum. Ég þarf ekki að rekja það sem þar hefur verið gert. Menn þekkja það að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina mun þegar hann lýkur sínum störfum um áramótin hafa skuldbreytt um það bil 5,4 milljörðum kr. og veitt hagræðingarlán fyrir nálægt 1,1 milljarði kr. Sömuleiðis hefur Hlutafjársjóður Byggðastofnunar breytt í eigið fé eða samið um breytingar í eigið fé á ýmsum skuldum fyrirtækja sem hvað erfiðast stóðu sem munu verða eitthvað í kringum milljarð.

Ég held að hv. þm. hafi nú hlotið að mismæla sig þegar hann sagði að þessi ríkisstjórn hefði verið skipuð til að halda uppi röngu gengi því að samkvæmt tölum Seðlabankans hefur gengi íslensku krónunnar verið breytt um nálægt 30% frá 28. sept. í fyrra svo að það er nú æðimikið meira en jafnvel hv. þm. taldi nauðsynlegt hér á haustmánuðum í mörgum athyglisverðum ræðum um stöðu atvinnulífsins. Reyndar kemur fram í tölum Seðlabankans að raungengið er núna komið töluvert niður fyrir það sem það hefur verið að meðaltali á þessum áratug, hvort sem er á grundvelli verðlags eða launa, og reyndar komið niður fyrir það sem það var 1987 og nálgast því mjög það sem það var 1986 þegar það var einna lægst. Það er því ekki nokkur vafi á því, og það kemur líka mjög glöggt fram í mati Seðlabankans, að samkeppnisstaða atvinnuveganna núna, útflutningsgreinanna, sé með því betra sem hún hefur verið á þessum áratug.

Í þeim viðræðum sem voru við sjávarútveginn við samningana var um það samið að byggt yrði á mati Þjóðhagsstofnunar. Nýjustu tölur Þjóðhagsstofnunar sem eru reyndar enn í ítarlegri skoðun segja að fiskvinnslan eða frystingin sé í plús núna um u.þ.b. 2% ef ég man rétt, frystingin hins vegar í mínus 2% eins og er, en fiskvinnslan í heild með jákvæða stöðu. Erfiðleikarnir eru fyrst og fremst á sviði bátaútgerðar þar sem er mjög mikill halli sem ekki verður leiðréttur með gengisbreytingu. Þvert á móti verka gengisbreytingarnar gegn afkomu á veiðum eins og ég veit að hv. þm. þekkir mjög vel. (**HBl:** Þetta er nú algjör misskilningur hjá forsrh.) Misskilningur hvað? (**HBl:** Að útflutningsatvinnuvegirnir ...) Útflutningsatvinnuvegirnir. Ég sagði bátaútvegur. Ég sagði bátaútvegur og veiðarnar almennt, að afkoma þeirra fellur eða versnar með lækkun gengis. Það er enginn að tala um rangt gengi. Það væri gaman að vita hvað hv. þm. telur að þurfi að fella gengið mikið enn. Hann nefndi að vísu engar tölur áðan, en það er best að ég spyrji hann að því. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þessi lækkun raungengis hafi tekist mjög vel og ég vísa í tölur Þjóðhagsstofnunar því til sönnunar að eins og um var talað þá er afkoma þessara greina komin upp fyrir núllið að mati Þjóðhagsstofnunar.

Hv. þm. ræddi svo sérstaklega um skipaiðnaðinn, enda eru þar miklir erfiðleikar. Ég vek athygli á því að 1986 voru samþykkt í ríkisstjórn á mánuðunum ágúst/september ákveðin tilmæli til sjóða landsins og annarra sem að þessum málum koma og ég ritaði þá bréf þar um, með leyfi forseta, og hljóðaði samþykktin þannig:

„Opinberum sjóðum verði tilkynntur sá vilji ríkisstjórnarinnar að leita skuli tilboða innan lands um endurbætur og viðhald fiskiskipa og samanburður gerður á slíkum tilboðum og erlendum og þau metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Lögð verði áhersla á það við viðskiptabankana að bankaábyrgðir vegna skipasmíðaverkefna innan lands verði sambærilegar við þær sem veittar eru þegar verkefnin eru unnin erlendis."

Ég skal ekki segja hvort þetta bar tilætlaðan árangur því að á árinu 1987 virðist svo, því miður, sem áhugi sjávarútvegsins á því að láta byggja skip innan lands hafi mjög minnkað. Að sjálfsögðu tengist það því fasta gengi sem hér var haldið á árinu 1987 og fram á 1988. Skipasmíðarnar verða stórum síður samkeppnisfærar við þær aðstæður. Sýndar hafa verið hér í fjölmiðlum m.a. mjög athyglisverðar tölur um þessa þróun. Það er á þessum tíma sem skipasmíðar innan lands falla.

Í þessu sambandi, af því að hv. þm. talaði um þær umræður sem urðu hér um þingsköp, það voru þingsköp og ekki efnislegar umræður sem hérna voru sl. fimmtudag. Ég tel afar erfitt að ræða slík mál undir þingsköpum. Hæstv. sjútvrh. hefur hvað eftir annað sagt að íslenskur sjávarútvegur geti ekki borið eða tryggt skipasmíðaiðnaðinum næg verkefni hver sem verðmunur kann að vera innan lands og erlendis og ég trúi nú varla öðru en hv. þm. geti verið sammála því. Það er ekki hægt að leggja það á íslenskan sjávarútveg sem verður að keppa með framleiðsluvörur sínar á erlendum mörkuðum við þær veiðar

m.a. sem þá byggja á skipasmíðum við allt annað verð, þannig að vitanlega verður að gera skipasmíðaiðnaðinum kleift að keppa eftir öðrum leiðum. Og af því að hv. þm. nefndi t.d. smíði ferjunnar til Vestmannaeyja, þá, ef ég man þær tölur rétt, var tilboð Slippstöðvarinnar 1600 millj. eða um það bil, tilboð Norðmanna um 1100 og tilboð Pólverja 900. Þetta er að sjálfsögðu gífurlegt umhugsunarefni. Vilja þeir sem nota ferjuna til Vestmannaeyja greiða þennan mun eða á að taka hann úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar? Ég spyr.

Stjórnvöld hafa í gegnum árin fellt niður öll þau gjöld sem hvíla á skipaiðnaðinum þannig að ekki verður því um kennt ef hann er ekki samkeppnisfær.

Ég held að sú staða sem er nú upp komin stafi fyrst og fremst af þrennu: Því fasta gengi sem þarna var um tíma. Mikil hækkun í launum varð einnig á þeim tíma. Kaupmáttur jókst um u.þ.b. 25% og sömuleiðis gífurlega mikill fjármagnskostnaður hér innan lands. Fyrst og fremst eru það þessir liðir sem þarf að lagfæra og þeir stefna nú allir í rétta átt.

Hv. þm. spurði hvort þessi mál væru á borði ríkisstjórnarinnar. Sannarlega. Þau hafa bæði verið rædd þar og eru til meðferðar hjá þeim ráðherrum sem fjalla um þessi mál og mun verða fjallað um þau á borði ríkisstjórnarinnar. (**HBl:** Sagði þá ráðherra Hagstofu rangt? Hann sagði: Þessi ríkisstjórn var mynduð þegar Borgfl. kom í hana. Hann segir að þessi mál hafi ekki verið rædd í ríkisstjórninni.) Þessi mál eru í meðferð hjá þeim ráðherrum sem með málin fara, þau hafa verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar. Það kann vel að vera að það hafi verið áður en ráðherra Hagstofu kom í ríkisstjórnina en þau verða þar svo sannarlega til umræðu.

Hv. þm. spurði hvort aðgerðir væru væntanlegar. Í fyrsta lagi vil ég ítreka það sem samþykkt var 1986 og ganga betur frá því þá en áður að íslenskir bankar og sjóðir framkvæmi það sem þá var samþykkt. Það er í fullu gildi. Í öðru lagi vil ég nefna það að við þurfum að gæta þess betur en við höfum gert að eðlilegir viðskiptahættir séu hér tíðkaðir. Hér hafa verð nefnd fjöldamörg dæmi um t.d. útboð verkefna þar sem erlendir aðilar hafa síðan í gegnum sína umboðsmenn lækkað tilboðsverð á afar óeðlilegan máta að mínu mati. Ég tel að íslenskir bankar og íslenskir sjóðir hljóti að forðast að taka á nokkurn máta, beint eða óbeint, þátt í slíkri starfsemi.

Í raun tel ég að sú deild, sem nú er hjá Verðlagsstofnun sem á að fylgjast með því hvort viðskiptahættir séu eðlilegir, þurfi að styrkjast og það mjög mikið og það þurfi að sjálfsögðu að beina þangað sem flestum upplýsingum og kvörtunum um óeðlilega viðskiptahætti. Ég tel að slíkar aðgerðir kunni að bæta nokkuð úr. Hinu er þó ekki að neita að eftir samdráttarskeið í sjávarútvegi, eins og t.d. 1967–1968, þá er æðihætt við því að skipaiðnaðurinn verði þolandinn. Árið 1971, ef ég man rétt, kom ríkisvaldið inn í Slippstöðina sem eignaraðili og nú eru skipasmíðastöðvarnar mikið fleiri og ég vil segja það hér að ég tel afar óæskilegt að svo þurfi að vera á ný.

Hv. þm. talaði líka um það að þessi ríkisstjórn haldi uppi ýmsum óeðlilegum höftum og óeðlilegum viðskiptaleiðum í þessu frelsi sem við búum nú í og ég veit að hv. þm. meinar það og einmitt með tilliti til slíks, þá þarf að athuga það mjög vandlega hvað við getum gengið langt í styrkjum t.d. við innlendan iðnað. En ég vil fullvissa hv. þm. um það að þessi ríkisstjórn mun skoða allar leiðir til að koma til liðs við ekki aðeins skipasmíðaiðnaðinn heldur við ýmsar þær þjónustugreinar sem eiga í miklum erfiðleikum. Það verður að draga úr þeim erfiðleikum eins og frekast er unnt, en það mun aldrei verða hægt eftir gífurlega fjárfestingu á árunum 1987–1988 að koma í veg fyrir að mörg fyrirtæki verði jafnvel gjaldþrota. En úr því mun verða reynt að draga eins og frekast er unnt og fyrst og fremst og þá ekki síst með samstarfi — þetta er ekki hlátursefni, hv. þm. Það eru því miður fjölmargir einstaklingar sem eiga um sárt að binda í þessum málum. Og ef hv. þm. telur það hlátursefni, þá er það rangt. (**Gripið fram í:** Það er málflutningurinn, forsrh., sem var hlátursefni.) Það er ekki málflutningurinn heldur því að ég er að lýsa hér þessum erfiðleikum sem þarna eru á mörgum sviðum og vilja stjórnvalda til að lina þá erfiðleika eins og frekast er unnt. Það mun verða gert með samstöðu eða tilraun til að ná samstöðu við banka og sjóði um þessi mjög erfiðu mál. Hins vegar hafa stjórnvöld ekki það fjármagn sem þyrfti til þess að setja í víðtækar skuldbreytingar á öllum sviðum viðskipta og þjónustu.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég hef þegar ítarlega rakið hér hvernig stefnir í rétta átt á fjölmörgum sviðum, alveg sérstaklega á sviði útflutningsgreinanna. Ég hef áður rakið, og kemur það greinilega fram í þjóðhagsáætlun, hvernig stefnir í rétta átt með viðskiptajöfnuð hér á landi í fyrsta sinn í nokkur ár sem er afgangur af vöruskiptum sem verulegu nemur, líklega um 6 milljörðum kr. þegar upp er staðið. Ég hef líka áður farið vandlega yfir breytingar á raungengi sem er náttúrlega gífurlega til hagsbóta fyrir útflutningsgreinarnar og alls ekki verður neitað hvað sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar sýnist um það.

Ég hef hér líka rakið hvernig náðst hefur betra jafnvægi í peningamálum heldur en áður hefur verið í þessu þjóðfélagi sl. tvö ár eða frá 1986. Það er því allt sem bendir til þess að það verði langtum betri forsendur til að taka á þessum málum nú þegar lokið er þessari aðlögun fyrir sjávarútveginn heldur en áður hefur verið og ríkisstjórnin er ákveðin í að nota þá stöðu sem nú er orðin til að hefja nýja framfarasókn á öllum sviðum atvinnulífsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það þarf ekki að efa það að þingheimur allur deilir áhyggjum með hv. 2. þm. Norðurl. e. af því að atvinnuleysið hefur orðið meira á þessu ári en mörg undanfarin ár. Og okkur er brýn nauðsyn að horfast í augu við það að atvinnuleysi kynni enn að aukast nokkuð á næstu mánuðum. Ég ætla að nefna nokkrar tölur um þetta mál.

Fyrstu níu mánuði ársins voru að jafnaði um 2200 manns atvinnulausir sem svarar um 1,6% af mannafl-

anum. Því er nú spáð að fyrir árið allt verði þetta atvinnuleysi mælt á sama hátt 1,7% af mannafla. Til samanburðar var atvinnuleysið í fyrra 0,6%. Þetta er vissulega vandamál. En ég bið menn þó að hafa í huga að einfaldur hlutfallareikningur eins og sá sem hv. 2. þm. Norðurl. e. fór með hér áðan, sem er vissulega réttur, að þannig megi segja að nú sé atvinnuleysið þrefalt meira en það var í fyrra, þá fer því fjarri að komið hafi til þess fjöldaatvinnuleysis sem ýmsir hafa spáð undanfarin missiri. Það hefur verið og það verður áfram forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar að sporna gegn auknu atvinnuleysi.

Það er rangt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að ekki hafi verið mótuð heildarstefna til að snúast við þessum vanda. Þessi ríkisstjórn var mynduð til að snúast gegn honum. Við megum heldur ekki líta fram hjá því þegar við skoðum þær breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaðnum að undanförnu að þær sýna á vissan hátt þá óhjákvæmilegu aðlögun að breyttum skilyrðum þjóðarbúsins sem varð að eiga sér stað. Þessi aðlögun hefur fyrst og fremst verið fólgin í hægfara en verulegri lækkun á raungengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og í aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum. Þessi aðlögun hefur að ýmsu leyti tekist vel. Ég nefni sem dæmi þær áætlanir Seðlabankans að raungengi krónunnar mælt á mælikvarða verðlagsþróunar á Íslandi og í öðrum löndum var um 13% lægra á síðasta fjórðungi ársins í ár en það var á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Á sama tíma hefur raungengið á mælikvarða launakostnaðar lækkað um næstum því 20%. Þessar tölur um þróun raungengis eru auðvitað til marks um bætta samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Raungengi krónunnar er nú svipað og það hefur að jafnaði verið á þessum áratug. En auðvitað er líka rétt og heiðarlegt að segja að þessar tölur eru líka til marks um þverrandi kaupmátt. Það var nauðsynlegt, það var óhjákvæmilegt, það er ekki tilgangurinn heldur er það því miður leiðin í málinu. Þess vegna verð ég að segja að því miður gengur ekki upp málflutningur hv. 2. þm. Norðurl. e. sem í senn segir: „Það var farið allt of hægt í sakirnar með gengið, það átti að fella það miklu fyrr og miklu meira. Kaupið er líka allt of lágt, kaupmátturinn er allt of lítill." Ég sé nú ekki hvernig þetta getur gengið upp. Og það eru þessar staðreyndir málsins sem enginn kemst hjá að horfast í augu við hvort sem hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

En þær breyttu samkeppnisaðstæður sem ég hef lýst til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf koma m.a. fram í samdrætti í innflutningi og í tölunum um eftirspurn eftir fólki til starfa sem ég nefndi áðan. Samkvæmt könnun Þjóðhagsstofnunar á atvinnuástandi í septembermánuði sl. vildu fyrirtækin í landinu í heild heldur fækka við sig fólki, reyndar mest í verslun og þjónustu hér um suðvestanvert landið, tæplega 400 manns þegar litið er á nettótölurnar. Hins vegar er enn nokkur umframeftirspurn eftir starfsfólki til starfa í fiskvinnslu, tæplega 300 manns. Þetta sýnir á sinn hátt að þær breytingar á verðhlutföllum sem var tilgangur stjórnarstarfsins hafa orðið og hafa skilað nokkrum árangri.

Varðandi skipaiðnaðinn sérstaklega, en hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði hann sérstaklega að umtalsefni, er hverjum manni ljóst að þar þarf ekki hálfs annars klukkutíma ræðu til að segja okkur að við blasi alvarlegt ástand vegna fyrirsjáanlegs verkefnaskorts sem m.a. hefur komið fram í því að næstum 400 manns í þessari atvinnugrein hefur verið sagt upp störfum á þessu ári þótt sem betur fer hafi minnstur hluti þeirra uppsagna reyndar enn komið til framkvæmda. En hvað hefur hér gerst? Hyggjum að því.

Eins og oft áður er það fyrst og fremst hin mikla sveifla í afkomu sjávarútvegsins og þar með í eftirspurn útvegsins eftir nýsmíði og endurbótum fiskiskipa sem veldur — ja, vandræðum erum við vön að kalla það, en sem skýrir þetta mál eins og skoðun á tölunum sýnir hverjum þeim sem vill kynna sér þær. Það hefur líka orðið harðnandi samkeppni frá erlendum skipasmíðastöðvum, bæði vegna þess að raungengi krónunnar fór hækkandi um skeið á árunum 1986–1987, en líka af því að margar erlendar ríkisstjórnir velja að styrkja þessa starfsgrein með fé úr ríkissjóðum landanna.

Á uppgangsárunum í sjávarútveginum, 1986 og 1987, jókst eftirspurn útgerðarinnar eftir nýsmíðum og viðgerðum verulega og það var eins og venjulega að allir vildu fá sínum verkum lokið sem allra fyrst. Þetta þekkjum við öll vel. Á þessum árum fór það saman, eins og oft vill verða þegar vel árar til sjávarins, að raungengi krónunnar hækkaði sem veikti samkeppnisstöðu íslensku skipasmíðastöðvanna beinlínis. Þetta er bakgrunnur þeirra erfiðleika sem við glímum nú við í skipaiðnaðinum.

Í umfangsmikilli úttekt á stöðu íslenska skipaiðnaðarins sem breska ráðgjafarfyrirtækið Appledore hefur gert fyrir iðnrn. og Landssamband iðnaðarmanna, athugun sem hv. 1. þm. Reykv., þáv. hæstv. iðnrh., beitti sér fyrir að framkvæmd var — í þessari athugun, sem lokið var í maí á þessu ári, kemur fram að bestu íslensku skipasmíðastöðvarnar væru vel samkeppnisfærar við erlendar stöðvar ef ekki kæmu til miklir styrkir, einkum til nýsmíða víða í útlöndum. Ég mun víkja að þessu nokkru nánar hér á eftir, en vil minna á að í þessu sambandi er ástæða til að nefna að Evrópubandalagið stefnir nú að því að leggja af þessa styrki innan sinna vébanda og þá væntanlega EFTA-ríkin líka ef þau tengjast Evrópubandalaginu þeim böndum sem nú er að stefnt að hnýta þannig að styrkir sem nú nema yfirleitt um 26% — reyndar er það reglan innan Evrópubandalagsins að þeir fari ekki fram úr þeirri hlutfallstölu þótt dæmi séu um það í Frakklandi og e.t.v. í öðrum Suður-Evrópuríkjum að þessir styrkir fari upp í 35% — nú er sem sagt að því stefnt að leggja þá af fyrir árslok 1992. En hvað sem því líður, þá fóru þeir vaxandi á árunum sem ég nefndi. Allt fór þetta saman til þess að verkefnin, sérstaklega nýsmíðaverkefnin, færðust til útlanda í góðærinu til sjávarins, en á þessu ári hefur ásóknin í nýsmíðar og meiri háttar viðgerðir dregist mikið

saman í kjölfar versnandi afkomu í fiskveiðum og því miður horfur á að enn dragi úr henni á næsta ári. Þetta er auðvitað kjarni málsins, en ekki það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur kosið að kalla skilningsleysi stjórnvalda. En það er nú eiginlega merkilegt einkenni á hans málfari og málflutningi að hann treystir þar mest á forsjá ríkisins. Ég mun líka víkja að því nánar í minni ræðu. (**HBl:** Þetta voru ummæli formanns Starfsmannafélags Slippstöðvarinnar.) Komum að því síðar, hv. 2. þm. Norðurl. e.

Það er ákaflega mikilvægt að reyna að draga reynslulærdóm af þessu, og það veit ég að forveri minn í starfi iðnaðarráðherra vildi gera, og það er: Hvernig eigum við að koma í veg fyrir, hvernig forðumst við sveiflur af þessu tagi í starfsskilyrðum og eftirspurn? Það er baksviðið af þessari títtnefndu athugun Appledore-fyrirtækisins.

Ég minni á að í flestu tilliti fara hagsmunir íslensks sjávarútvegs og íslensks skipaiðnaðar saman. Það hefur viljað brenna við í málflutningi hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann hafi þarna viljað láta bera svip af árekstrum á milli þessara greina og fyrirsvarsmanna þeirra. Ekkert gæti verið fjær sanni. Sjávarútvegurinn á mikið undir því að í landinu sé öflugur skipaiðnaður sem geti veitt góða smíða- og viðgerðarþjónustu, en það er auðvitað frá útgerðinni sem skipasmíðastöðvarnar fá sín verkefni og það er fjarstæðukennt að halda því fram t.d. að hæstv. sjútvrh. hafi beitt sér fyrir einhverju öðru en því sem lýsir sér í þessum orðum sem ég hef hér flutt.

Skipasmíðaiðnaðurinn mun því hagnast með tvennum hætti á þeim breytingum sem orðið hafa að undanförnu á starfsskilyrðum með lækkandi raungengi krónunnar og koma betur og betur í ljós. Í fyrsta lagi hefur auðvitað batnandi afkoma í sjávarútvegi gert fyrirtækjunum í þeirri grein betur kleift að standa í skilum og panta verkefni frá skipasmíðastöðvunum og í öðru lagi hefur samkeppnisstaða stöðvanna sjálfra batnað gagnvart erlendum stöðvum. Þessa sér reyndar þegar stað í því að á árunum 1988 og 1989 mun verkefnahlutfall innlendu stöðvanna fara mjög hækkandi frá því sem var á árunum 1986 og 1987.

En auðvitað er þetta ekki nóg vegna þess að það er samdrátturinn í verkefnunum í heild sem er mesta vandamálið. Ég vil þess vegna og einnig í tilefni af fyrirspurn hv. 2. þm. Norðurl. e. upplýsa það hér að skýrsla til Alþingis um þær athuganir og aðgerðir sem í hefur verið ráðist í framhaldi af ályktun Alþingis í fyrravor og í framhaldi af Appledore-skýrslunni — þá hefur verið hafið þar nokkurt starf þegar á liðnu sumri. Ég skipaði þá nefnd til þess að gera tillögur um aðgerðir af hálfu hins opinbera til þess að efla innlenda skipasmíðaiðnaðinn. Þessari nefnd er ekki ætlað að skila löngum ritsmíðum um þetta mál. Hún mun skila drögum að tillögum eftir því sem verkefnunum miðar áfram. Hún hefur þegar skilað tillögum um breytt fyrirkomulag á endursmíði notaðra skipa innan lands. Og vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. e. um það mál og úreldingu skipa sem úr sér gengin eru í okkar fiskiskipaflota, þá vil ég taka það fram að það er heilmikið mál að velja reglur sem tryggja aðgang innlendu stöðvanna að verkefnum. Þar er alls ekki hægt að vísa með neinum einföldum hætti til löggjafarinnar. Þetta er verkefni sem við erum nú með til skoðunar og því miður hafði ekki verið ráðið fyllilega fram úr þegar starfsreglur Fiskveiðasjóðs og þeirra sem ábyrgð bera á því hverjum er leyft að skipta eldra skipi fyrir nýtt eða betra skipi fyrir bilað. Þetta þarf að skoða vel til þess að hægt sé að koma verkefnum og skynsamlegri nýtingu á okkar fiskiskipastól í hagrænt horf.

Því miður hefur sumt í fiskveiðistjórninni orkað gegn því að menn nýttu skipin eins og hyggilegast er og gegn því að menn beindu þessum verkefnum til innlendu stöðvanna. Endurbætur á þessum reglum, endurbætur á starfsreglum Fiskveiðasjóðs, ekki síst um afgreiðslutíma hans og meðferð mála, endurskoðun á starfsreglum bankanna um bankaábyrgðir vegna endurbóta og nýsmíða á skipum innan lands, eins og hæstv. forsrh. vék hér að, er meðal þeirra verkefna sem þessi starfshópur á vegum iðnrn. mun fjalla um. Allar miða þessar tillögur að því að sem mest jafnræði verði með innlendum og erlendum stöðvum hvað varðar fjármagnsfyrirgreiðslu.

Ég vil láta það koma fram, eins og reyndar kom hér fram í máli hv. málshefjanda, 2. þm. Norðurl. e., að ég hef á mínum starfstíma sem viðskrh. reynt eftir fremsta megni að greiða götu innlendra skipasmíðastöðva varðandi erlendar lántökur til verkefna sinna, en í því felst ekki á nokkurn hátt að þar með sé ríkið eða ráðuneytið að taka ábyrgð á verkefnunum. Í því virðist mér liggja grundvallarmisskilningur hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. á verkaskiptingunni milli fyrirtækja og ríkisvalds. Við komum að því síðar.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi hér mörg atriði úr ályktunum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja sem eru reyndar öll til skoðunar í nefndinni sem starfar að þessu verki og senn mun verða gerð hér grein fyrir í þinginu, enda eru þar fulltrúar frá þessum samtökum eins og reyndar frá öðrum sem láta sig þessi mál varða. Sama máli gegnir um Appledore-tillögurnar sem hv. málshefjandi las hér líka nokkuð upp úr.

Ég vil líka láta þess getið að iðnrn. í samvinnu við Landssamband iðnaðarmanna og fleiri aðila, m.a. Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð, hafa beitt sér fyrir markaðsátaki fyrir skipasmíðaiðnaðinn og skipaviðgerðirnar innlendu þar sem áhersla verður lögð á að kynna þessa starfsgrein, bæði inn á við og út á við. Þar bind ég vonir við að hægt sé að finna verkefni sem eru arðvænleg. En það er kjarni þessa máls að þessari grein er enginn greiði með því gerður að útvega verkefni sem ekki eru arðvænleg, sem á endanum verða að greiðast af almannafé. Ég mun á næstunni kynna þetta mál nánar og ætla ekki að hafa um það fleiri orð.

En ég vildi nefna það sem tók mikið rúm í málflutningi hv. 2. þm. Norðurl. e., sem eru málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri, að ég hef líka sett það í hendur þriggja manna að taka sérstaklega á þeim

vanda sem er hið óselda skip, hin óselda nýsmíði Slippstöðvarinnar á Akureyri. Það er ... (Gripið fram í.) Það er vel hægt, hv. þm. (Gripið fram í.) Málefni Slippstöðvarinnar verður ekki leyst með erindisbréfi, hv. 2. þm. Norðurl. e. Vandamál hennar verða leyst með því að finna henni stöðu til þess að selja sín verk hér innan lands og utan. Það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. kallaði staðlausa stafi varðandi erfiða fjárhagsstöðu Slippstöðvarinnar á Akureyri voru nú einfaldlega staðreyndir málsins. Erfið fjárhagsstaða hennar er ekki síst til komin vegna þess að hún er með skip í smíðum og hefur bundið mjög mikið fé á háum vöxtum í því verkefni án þess að kaupandi sé fundinn eða hafi verið fundinn sem getur komið málinu heilu í höfn.

Í því sem ég sagði við fréttamann Ríkisútvarpsins og hv. 2. þm. Norðurl. e. var svo greiðvikinn að lesa hér vandlega upp sagði ég nákvæmlega þetta: Þetta er fjárhagsvandinn en auðvitað er það rétt að vandinn fram á við er verkefnaskorturinn. En það er sama hversu mikið lesið er úr fréttum um þetta mál að Halldóri Blöndal mun vera það vel kunnugt að það voru skiptar skoðanir um það í stjórn fyrirtækisins á sínum tíma hvort í þessa nýsmíði skyldi ráðist á þeim forsendum sem það var afráðið. Og ég kem aftur að því að þótt ég að sjálfsögðu veitti sem viðskrh. Slippstöðinni á Akureyri heimild til þess að taka erlend lán vegna þessarar framkvæmdar fólst ekki í því nein skoðun á því hvort það væri þessu fyrirtæki hagkvæmt, hvort það gæti selt þetta eður ei. Þetta er einfaldlega það sem ég nefndi áðan. Hugsunarhátturinn sem við verðum að varast er að fyrirtækin, jafnvel þau sem ríkið á verulegan hlut í, starfi í þeim anda að ríkið muni bara bjarga þessu eftir á. Það var ómögulegt að skilja orð hv. 2. þm. Norðurl. e. á annan veg. Þess vegna er engin þversögn í því sem kom fram hjá forstjóra Slippstöðvarinnar, Sigurði Ringsted, þar sem hann segir: „Aðalvandamálið er ekki hið óselda skip heldur verkefnaskorturinn fram undan." En hann gætir þess vandlega að skilja ekki undan að fjárhagsvandi stöðvarinnar stafar ekki síst af þessum óseldu nýsmíðum.

Ég vildi líka láta það koma fram að í viðtali við Sigurð Ringsted, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. vitnaði hér mjög til áðan, í fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna sem nýútkomið er, tekur hann skýrt fram að hann telji nú glæðast áhuga og skilning einkum hjá iðnrh. á málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Ég nefni þetta nú eingöngu til marks um þann vitnisburð sem hv. 2. þm. Norðurl. e. flutti hér fram.

Við þurfum að reyna að finna lausn á þessu vandamáli sem er að viðhalda góðri skipaþjónustu í landinu fyrir okkar fiskiskipaflota án þess að grípa til styrkja eða ríkisforsjár í greininni þótt auðvitað geti komið upp þau dæmi að það sé óhjákvæmilegt að beita tímabundnum stuðningi. Þá held ég að það sé næsta hæpin ráðstöfun, eins og skilja mátti af málflutningi hv. 2. þm. Norðurl. e., að það sé gert að takmarka með einum eða öðrum hætti aðgang íslenskra útgerðarmanna, íslenskra útgerða að erlendum skipasmíðastöðvum. Við lifum fyrst og fremst á sjávarútveginum sem á í harðri samkeppni á erlendum markaði. Við höfum engin efni á því að íþyngja okkar sjávarútvegi með því að skylda hann til þess að notfæra sér eingöngu þjónustu innlendra skipasmíðastöðva. Í skjóli slíkrar verndar rís jafnan upp yfirkostnaður og óhagkvæmni í rekstri. Það er ekki leiðin fyrir þjóð sem byggir allt sitt á því að geta selt sínar eigin vörur án hafta inn á markaði annarra þjóða.

Það var erfitt að skilja þau orð hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann vildi mæta með viðeigandi hætti styrkjum erlendra þjóða við sinn skipaiðnað öðruvísi en þannig að hann væri sjálfur að mæla með því að við tækjum hér upp ríkisstyrki.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að það sé vafasamt, svo ekki sé meira sagt, að við tökum upp styrkja- og niðurgreiðslupólitík fyrir innlendan skipaiðnað jafnvel þótt slíkur opinber stuðningur sé stundaður í okkar nágrannalöndum.

Spurningin sem við þurfum að svara er sú sem óbeint lá í orðum hv. 2. þm. Norðurl. e.: Hvað er að mæta þessu með viðeigandi hætti? Það er ekki víst og það er reyndar næstum því alveg fráleitt að halda því fram að réttu viðbrögðin séu að etja kappi við ríkissjóði nágrannalandanna með því að fara að styrkja okkar skipaviðgerðir. (**HBl**: Hvað er frystingin styrkt með mörg hundruð milljónum?) (**Forseti:** Ég vil biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að leyfa ræðumanni að ljúka máli sínu.) Ég kem senn að því, hv. 2. þm. Norðurl. e., ef þú hefur biðlund litla stund.

Styrktar eða verndaðar atvinnugreinar standa ekki undir þeim lífskjörum sem íslenska þjóðin gerir kröfu til. Við skulum heldur ekki gleyma því sem ég nefndi hér áðan að það standa vonir til þess að úr þessum opinbera stuðningi erlendis við skipaiðnaðinn muni draga á næstu árum. Stefnan er reyndar sú að hann hverfi í árslok 1992. En jafnvel þótt það verði ekki þá mæla öll rök og skynsemi með því að við eigum að þiggja þessar niðurgreiðslur meðan þær bjóðast. Svo einfalt er nú það. Reyndar er þetta sú stefna sem nágrannar okkar í Noregi hafa ákveðið að hverfa til. Þetta er sú stefna sem margar aðrar grannþjóðir okkar hafa sagt að sé sú eina sem hyggileg er.

Undir lok ræðu sinnar kom hv. 2. þm. Norðurl. e. að því sem kannski er kjarni málsins þegar hann fór með nokkur fróm trúarjátningarorð um það að auðvitað væri best að leysa þetta með því að skapa hér almenn rekstrarskilyrði og sem mest frjálsræði í atvinnulífinu. En þrátt fyrir þessar trúarjátningar hvarf hann samt alltaf að ríkisforsjánni og styrkjunum.

Það er mikilvægt að gæta að því, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að nú er í sjónmáli að okkur hafi tekist á liðnum 12–13 mánuðum að tryggja helstu útflutnings- og samkeppnisgreinum viðunandi starfsskilyrði og afkomu.

Þetta eru svona stóru línurnar í málinu. En það er líka mjög mikilvægt að huga að því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. reyndar líka nefndi, að jafna skattalega stöðu íslenskra atvinnufyrirtækja við það sem gerist í

löndunum í kringum okkur, sérstaklega með það fyrir augum sem er nú að verða almenn regla í Evrópulöndunum.

Það er rétt að á vegum iðnrn. starfar nefnd sem á að vinna að þessu verkefni hvað varðar iðnaðinn. Ég hef reyndar líka kynnt tillögur um það hvernig bæta megi með skattalegum ráðstöfunum stöðu eigin fjár í íslenskum atvinnurekstri. Þetta eru mikilvæg verkefni og það var rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að minna á þau fyrirheit sem hæstv. forsrh. gaf í bréfi sínu um mánaðamótin apríl/maí til aðilanna á vinnumarkaðinum hvað þetta varðar.

En þetta er samt, hv. þm., ekki kjarni málsins. Kjarninn lá í hinu, að nú getum við senn lokið þeim óhjákvæmilega aðlögunarkafla sem staðið hefur frá því í fyrrahaust, horfið frá verðbótagreiðslum úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem notið hefur ríkisfjárframlags til þess arna, horfið að því að skapa þeim rekstrarstöðuna með almennum hætti. Það er auðvitað kjarni málsins. Á næsta ári virðist því miður nauðsynlegt að draga enn úr afla til að vernda fiskstofnana, einkum þorskstofninn. Að vísu vegur þar á móti að hugsanlega gæti verðlag á okkar mikilvægustu útflutningsafurðum farið að hækka, það örlar reyndar á slíkum hækkunum, bæði hvað varðar frystan fisk og saltaðan, en þetta er samt þannig. Hvað sem hv. 2. þm. Norðurl. e. kann að segja um málið, þá hefur stjórnin sett upp jöfnur sem ganga upp. En því miður verð ég að horfast í augu við það að á jöfnunum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. setti upp í sínu máli finnst engin lausn og ég veit að hann finnur hana ekki sjálfur.

En nú þurfum við að snúa vörn í sókn og efla útflutningsstarfsemina í landinu, þar á meðal iðnaðarstarfsemina. Stefnan í málefnum sjávarútvegsins, sem er um leið leiðin til að tryggja undirstöðu skipasmíðaiðnaðarins, er að þessi höfuðatvinnuvegur skili hámarksafrakstri. En við þurfum líka að auka fjölbreytni í útflutningi, m.a. með aukinni orkufrekri stóriðju. Til þess að þetta verði þá fer það saman að við þurfum að skrá gengið rétt og það er kannski þarfasta verk þeirrar stjórnar sem nú starfar í landinu að hafa tekist þetta með sígandi hætti og sígandi lukka er best.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða sem hér fer fram um atvinnumál sé mjög tímabær því það er ekkert launungarmál að það eru ýmsir erfiðleikar í atvinnulífi á Íslandi og sjálfsagt og eðlilegt að taka þá til umræðu á hinu háa Alþingi og reyna að leita leiða til að bæta hér úr.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð 10. sept. sl. var lögð á það áhersla að unnið skyldi að því að móta nýja atvinnustefnu og reyna að leita leiða til þess að treysta íslenskt atvinnulíf og renna styrkari stoðum undir ýmiss konar atvinnurekstur á Íslandi.

Á vegum forsrn. hefur verið skipuð atvinnumálanefnd sem er skipuð fulltrúum atvinnulífsins en það er gert samkvæmt sérstöku samkomulagi sem var gert við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor. Þá hefur mér sem ráðherra Hagstofu Íslands verið falið samkvæmt sérstöku erindisbréfi ríkisstjórnarinnar að leiða þá vinnu að móta nýja atvinnustefnu og leita allra leiða til þess að varpa fram nýjum hugmyndum og skilgreina hver eru vandamál íslensks atvinnulífs í dag. Í því skyni hef ég skipað starfshóp mér til aðstoðar til þess að leita nýrra leiða og velta upp nýjum hugmyndum sem gætu komið að gagni við mótun nýrrar atvinnustefnu fyrir Íslendinga.

Það má segja að stóra nefndin sé fyrst og fremst með það verkefni að skilgreina rekstrarskilyrði íslensks atvinnulífs en það hefur reyndar komið fram í umræðunum nú þegar að auðvitað er það aðalatriðið að íslenskur atvinnuvegir búi við sambærileg rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu og atvinnuvegur nágrannalandanna. Það er auðvitað alveg ljóst að atvinnufyrirtæki á Íslandi sem byggja afkomu sína á útflutningi og/eða samkeppni við innfluttar vörur eiga sér ekki langra lífdaga auðið nema þau búi við hliðstæð rekstrarskilyrði og sambærileg fyrirtæki erlendis. Þess vegna hlýtur það að sjálfsögðu að verða aðalatriði fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að tryggja það að þessi rekstrargrundvöllur og þessi samkeppnisskilyrði séu sem best og sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndunum.

Nú er það alveg ljóst að við getum ekki reiknað með því að móta nýja atvinnustefnu sem byggir eingöngu á því að innleiða nýjar hugmyndir í atvinnulífinu. Það hlýtur að vera lykilatriði að treysta þá atvinnuvegi sem við höfum fyrir og sem hafa í raun verið aðalatvinnuvegir þjóðarinnar um aldaraðir, þ.e. sjávarútvegur og landbúnaður. Á þeim byggir nú þrátt fyrir allt þjóðlíf á Íslandi, þó svo að það sé að sjálfsögðu kærkomið í hvert sinn sem við finnum nýjar hugmyndir sem geta komið til viðbótar því sem við höfum fyrir. Þess vegna hlýtur það að vera hvað mikilvægast í þessari athugun sem fer fram að rannsaka hver er rekstrargrundvöllur hinna hefðbundnu atvinnugreina, þ.e. sjávarútvegsins og landbúnaðarins.

Margir hafa velt því fyrir sér hvort við eigum einhverja framtíð fyrir okkur í matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar. Því miður hefur gengið ákaflega illa að koma landbúnaðarafurðum á markað erlendis. Er þar að sjálfsögðu skýringin sú að landbúnaður á Íslandi á mjög erfitt uppdráttar. Skilyrði til landbúnaðar á Íslandi eru miklu óhagstæðari en gerist í landbúnaðarlöndunum í kringum okkur þar sem veðurfar og gróðurfar er miklu hagstæðara. Það er því út af fyrir sig ekki nema eðlilegt að við eigum erfitt með að keppa við háþróaðan landbúnað nágrannalandanna. Engu að síður búum við yfir ýmsum möguleikum í landbúnaði sem ég held að megi skoða betur og gera að útflutningsvöru. En það getur verið að það þurfi að fara ótroðnar slóðir í þeim efnum og er sjálfsagt að rannsaka allar slíkar leiðir ef þær finnast. T.d. hefur þeim hugmyndum verið varpað fram að það megi reyna að þróa framleiðslu á tilbún-

um réttum, þannig að í staðinn fyrir að reyna að selja lambakjötið í heilum skrokkum megi framleiða hér tilbúna rétti, þá væntanlega í samvinnu við stórar erlendar matvæladreifikeðjur, því ég held að við getum gert okkur það ljóst að við Íslendingar munum ekki eiga auðvelt með að koma slíkri framleiðslu á markað í nágrannalöndunum, komast inn á hinn stóra markað Evrópubandalagsins nema við gerum það í samvinnu við þær stóru erlendu matvælakeðjur sem þar eru að verki. Mér hefur verið tjáð að það séu allar líkur á því að það muni líklega myndast aðeins tvö til þrjú risafyrirtæki sem muni annast alla matvæladreifingu á markaði Evrópubandalagsins eftir 1992. Það segir sig því alveg sjálft að ef við ætlum eitthvað að þreifa fyrir okkur þar þá verðum við að gera það í samvinnu við slík fyrirtæki.

Alveg sömu sögu er að segja um sjávarútveg. Það má spyrja hvort fiskvinnslan sé komin inn á blindgötu. Hefur eðlileg þróun ekki átt sér stað þannig að í staðinn fyrir að framleiða hér einvörðungu frysta þorskblokk, svo dæmi séu tekin, þá hefði mátt halda lengra og þróa enn fremur tilbúna rétti til útflutnings.

Að sjálfsögðu, eins og ég gat reyndar um í upphafi máls míns, eru það rekstrarskilyrðin og samkeppnisskilyrðin sem e.t.v. eru aðalatriðin. Því var það að við myndun stjórnarinnar 10. sept. sl. var lögð á það áhersla að tekin skyldi upp annars konar gengisskráning en hingað til hefur verið viðhöfð, þ.e. að nú skyldi gengið eftirleiðis skráð þannig að tekið sé meira tillit til afkomu útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði og hugað að því að viðhalda jákvæðum viðskiptajöfnuði við útlönd. Þetta er dálítið frábrugðið því sem áður hefur gerst því að því miður hefur það verið tilhneiging hér á undanförnum árum að líta á gengisskráninguna sem kaupmáttaratriði. Út af fyrir sig er það vel skiljanlegt að menn vilji reyna að halda sem mest föstu gengi til að vernda kaupmáttinn, en það er alveg ljóst eins og þróunin var á árunum 1987 og fram á mitt ár 1988 að það var algjörlega á kostnað útflutningsframleiðslunnar og þá spyrja menn: Hvernig fara launþegar út úr því að útflutningsatvinnuvegirnir séu lagðir í rúst til þess að vernda kaupmátt þeirra? Ég hef lýst því áður að þetta sé á alþýðumáli kallað að pissa í skóinn sinn. Ég held ég geti endurtekið það að það hlýtur að vera hagsmunamál launþega að hér séu traust og góð fyrirtæki í útflutningsframleiðslu sem hafi viðunandi rekstrargrundvöll. Ef það tekst þá mun launþegum þessa lands vegna vel.

Í stjórnarsáttmálanum er enn fremur vikið að því að gert skuli sérstakt átak til að efla íslenskan iðnað og sérstaklega skuli hugað að iðnaði í tengslum við sjávarútveg. Ég er sjálfur ekki í nokkrum vafa um það að þar eigum við mikla möguleika vegna þess að í gegnum tíðina höfum við Íslendingar aflað okkur mikillar reynslu og þekkingar í sjávarútvegi. Ég held að það sé ekkert ofsagt að við Íslendingar búum ef til vill yfir hvað mestri þekkingu á hátæknifiskveiðum og fiskvinnslu. Það er orðið svo víða erlendis að þjóðir, sem lítt hafa sinnt fiskveiðum og sjávarútvegi fram til þessa og eru að hugsa sér til hreyfings á þeim vettvangi, hafa gert sér það ljóst að hingað er hægt að sækja mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Þess vegna eru nú mjög algengar fyrirspurnir frá löndum víða úti í heimi sem hafa leitað eftir því að fá hlutdeild í þessari þekkingu og þessari reynslu Íslendinga. M.a. er athyglisvert að það er mikil vakning í Arabalöndum, en þau hafa lítt sinnt fiskveiðum og útgerð til þessa. Nú virðist svo vera að Arabalöndin ætli í stórum stíl að halda út í nútíma sjávarútveg, þ.e. nútíma fiskveiðar þar sem beitt verði hátæknifiskveiðiskipum eins og við þekkjum. Þessir aðilar hafa kynnt sér þessi mál mjög rækilega og komist að þeirri niðurstöðu að Íslendingar búi sennilega yfir hvað mestri þekkingu og reynslu á þessu sviði og þess vegna hafa þeir leitað hingað og spurst fyrir um með hvaða hætti þeir geti fengið hlutdeild í þessari þekkingu. Ég tel að hér sé um mjög jákvæða þróun að ræða og sjálfsagt að fylgja því eftir og athuga hvort við getum með einhverjum hætti komið þessari þekkingu á markað erlendis, gert hana að söluvöru.

Hér hefur mikið verið fjallað um skipasmíðaiðnaðinn. Út af fyrir sig tel ég og hef reyndar haldið því fram að þróunin nú allra síðustu mánuðina sé með þeim hætti að íslenskur skipasmíðaiðnaður sé aftur orðinn samkeppnisfær og geti keppt við t.d. norskar skipasmíðastöðvar á jafnréttisgrundvelli, jafnvel þótt norsku stöðvarnar séu enn þá ríkisstyrktar. Það mun enn þá vera svo að norska ríkið greiði niður kostnað skipasmíða í Noregi um 20%. Þrátt fyrir þessa niðurgreiðslu tel ég að íslenskar skipasmíðastöðvar geti nú keppt við norskar stöðvar.

Verð fer nú mjög hækkandi í öllum skipasmíðastöðvum Evrópu. Þannig hef ég spurst fyrir um það hjá dönskum, norskum og hollenskum skipasmíðastöðvum að verð fer hækkandi nánast mánaðarlega. Það er talað um að orðið hafi um 20–40% verðhækkun á nýjum fiskiskipum í skipasmíðastöðvum í þessum löndum. Á sama tíma hefur orðið veruleg raungengislækkun íslensku krónunnar sem hefur að sjálfsögðu styrkt samkeppnisstöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins þannig að ég er ekki í nokkrum vafa um það að á þessari stundu geta Íslendingar vel keppt við stöðvar í þessum nágrannalöndum okkar. Það kann vel að vera að enn sé hægt að fá tilboð í smíði nýrra fiskiskipa á svokölluðum láglaunasvæðum eins og í Portúgal og Póllandi, sem við getum ekki keppt við, en þá vaknar spurningin hvort gæðin séu viðunandi fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ég hef haldið því fram að sjávarútvegurinn hafi haft neikvæð viðhorf til íslenska skipasmíðaiðnaðarins og ég hef ekkert breytt þeirri skoðun minni. Ég tel að svo sé, því miður, og það er auðvitað verkefni okkar að ræða við fulltrúa sjávarútvegsins og reyna að breyta þessum viðhorfum. Ég held kannski að þau geti að nokkru leyti verið byggð á misskilningi og það þurfi því að eyða þessum misskilningi. Ef til vill væri möguleiki að gera það með þeim hætti að

þessir aðilar töluðu meira saman og ættu fundi um það með hvaða hætti hægt væri að afla sem hagstæðastra og bestra tilboða í nýsmíði fiskiskipa.

Eitt sem ég hef mikið velt fyrir mér er að íslenskar skipasmíðastöðvar hefðu getað útvegað útgerðarmönnum mun lægra verð á nýjum fiskiskipum en þeir hafa sjálfir getað aflað með því að leita til stöðva, við skulum segja í Portúgal og Póllandi. Þannig var gerður samstarfssamningur milli skipasmíðastöðvarinnar Stálvíkur í Garðabæ og egypskrar skipasmíðastöðvar í Ismalíu í Egyptalandi, en sú stöð er dótturfyrirtæki Súezskipaskurðarfélagsins og er mjög traust og tæknilega fullkomin. Það verð sem Stálvík býður á nýjum fiskiskipum skv. íslenskum teikningum er langt undir því verði sem íslenskir útgerðarmenn hafa verið að semja um við skipasmíðastöðvar í Portúgal og Póllandi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að með því að fara þá leið að fela íslenskum skipasmíðastöðvum að leysa verkefni af hendi sem þær gætu þá látið vinna í samvinnu við slíka skipasmíðastöð erlendis, verkinu yrði stýrt frá Íslandi og öll tæknileg undirbúningsvinna og innkaup á búnaði væri undir íslenskri verkstjórn í hinni erlendu skipasmíðastöð, væri langtum betri kostur heldur en að vaða í blindni til portúgalskra og pólskra skipasmíðastöðva og þurfa svo að horfa upp á þann harmleik sem gerðist hér í sumar þegar skipasmíðastöðvar í Portúgal lýstu því yfir að ef þær fengju ekki 30% hækkun á smíðatíma, þá færu þær hreinlega á hausinn og skipin yrðu aldrei kláruð. Þessu varð Fiskveiðasjóður að kyngja. Það eru svona atriði sem ég vil láta taka til frekari athugunar og ég er ekki í nokkrum vafa um það að það má eyða þessum misskilningi og þessari tortryggni sem ríkir milli útgerðarmanna og fulltrúa málm- og skipasmiðja.

Varðandi önnur atriði, þ.e. annan iðnað í tengslum við sjávarútveg, þá hefur þó gerst margt jákvætt á undanförnum árum. Hér hafa risið nokkur myndarleg fyrirtæki sem hafa staðið fyrir nýsköpun í iðnaði í tengslum við sjávarútveg. Nægir þar t.d. að nefna fyrirtæki eins og Marel sem framleiðir tölvuvogir sem vakið hafa athygli um allan heim, fyrirtækið Meka sem framleiðir mjög fullkominn fiskvinnslubúnað sem líka hefur vakið mikla athygli. Þá er lítið fyrirtæki sem nefnist Kvikk, sem hefur þróað hausaskurðarvél sem eftir langa þróun er nú loksins fullbúin og mér er tjáð að hafi verið prófuð núna nýlega. Það hefur tekist að komast fyrir alla barnasjúkdóma sem einkenndu þessa vél í byrjun og við eigum e.t.v. þar mjög merkilegt tæki sem erlendir aðilar gætu haft mikinn áhuga á. Mér er kunnugt um að aðilar í Alaska hafa sóst eftir því að fá að kaupa þessa hugmynd og nýta hana til að kljúfa laxahausa í þeim sjávarútvegi sem þar fer fram og byggist á miklum veiðum á Kyrrahafslaxinum.

Eins má minna á fyrirtækið DNG á Akureyri sem framleiðir tölvustýrðar handfærarúllur sem er líka dæmi um nýsköpun í iðnaði í tengslum við sjávarútveg. Ég held að á þessu sviði eigum við mikla möguleika og þarna ber okkur að gera stórt átak, að reyna að skapa þessum fyrirtækjum hagstæðari rekstrarskilyrði og hlúa að þessum atvinnurekstri sem hefur verið að myndast á undanförnum árum.

Mig langar svo að koma inn á eitt atriði hér að lokum, en það er peninga- og fjármálarekstur. Það hafa margir aðilar velt því fyrir sér hvort Íslendingar geti átt einhver verkefni á þessu sviði í tengslum við alþjóðlegan fjármálamarkað. Það eru að gerast stórir hlutir á þessu sviði og með nýtísku fjarskiptum og tölvuboðum er í raun og veru orðið nokkuð sama hvar stofnanir á þessu sviði eru staðsettar. Ég verð að segja eins og er að Ísland er kannski landfræðilega séð sérstaklega ákjósanleg miðstöð fyrir fjármálamenn sem hingað vildu koma og t.d. ljúka samningum og öðrum fjármálaviðskiptum. Með því að heimila erlendum bönkum að reka hér skrifstofur sem fengju að ganga frá ýmsum viðskipta- og peningasamskiptum þannig að erlendir aðilar mættu koma hingað til þess að ljúka slíkum samningum, en þessar stofnanir hefðu að öðru leyti ekki nein tengsl við íslenska efnahagskerfið, þá mætti e.t.v. laða hingað mikinn hóp ferðamanna. Það yrði auðvitað að túlka það svo að þeir kaupsýslumenn sem hingað kæmu, bæði frá austri og vestri til þess að ljúka slíkum samningum, kæmu á öllum tímum árs og yrðu kærkomin viðbót við þá ferðamenn sem landið sækja heim að öðru leyti.

Þeir sem fyrst og fremst hafa gagnrýnt svona hugmyndir hafa talið að þetta gæti leitt til þess að hingað kæmu vandræðafjármunir, svo sem fjármunir vegna eiturlyfjasölu og glæpastarfsemi. En það er mjög auðvelt að koma í veg fyrir það með einfaldri lagasetningu því að sjálfsögðu þyrfti þessi starfsemi sem önnur að starfa undir íslenskum lögum. Með því t.d. að vera með undantekningarákvæði þess efnis að ef grunur sé á að þeir samningsaðilar sem hingað kæmu til þess að gera slíka samninga ættu yfir höfði sér dóm vegna einhverra afbrota sem þeir hefðu orðið uppvísir að í öðrum löndum, þá yrði upplýsingaskyldu aflétt. Þetta er mér talið af bankamönnum að nægi til þess að hingað mundu aldrei koma þeir fjármunir sem við viljum ekki að gisti landið okkar. En þessi hugmynd er nú aðeins sett hér fram til þess að sýna að það er hægt að velta fyrir sér ýmsum hugmyndum og ýmsum leiðum til þess að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og það er náttúrlega það fyrst og fremst sem við eigum að gera hér á hinu háa Alþingi. Við eigum að hjálpast að því öll að velta fyrir okkur nýjum leiðum og nýjum hugmyndum en ekki að vera í þessu stanslausa karpi og níði hver um annan.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þeir sem sjá og skilja hvernig staðan er í okkar þjóðfélagi í dag hljóta að reyna að kryfja það til mergjar hvaða ástæður eru fyrir því hvernig komið er. Ég held að aðalástæðan sé augljós. Í fyrsta lagi óhóflegur fjármagnskostnaður, í öðru lagi óhóflegur fjármagnskostnaður og í þriðja lagi óhóflegur fjármagnskostnaður, þó að margt annað fleira komi til.

Því er haldið hátt á lofti að frelsi á öllum sviðum muni fyrr eða síðar leiða af sér jafnrétti og réttlæti á

milli þegnanna. Frelsi í þess orðs fyllstu merkingu eru mikilvæg mannréttindi. En frelsið í okkar landi er fyrst og fremst frelsi fjármagnseigenda. Ef hver einstaklingur hefði það mikla jafnréttiskennd og siðferðisþroska að ganga aldrei á rétt annarra, þá væri þarflaust að setja lög eða reglur. En því er nú ekki þannig varið. Frelsið sem nú er leiðir til þess að lágtekjustéttirnar *eru fjötraðar til fátæktar og framleiðslan er blóðsogin.* Þetta er það frelsi sem blasir við.

Hvað eru frjálsir vextir og hvað hafa þeir leitt af sér? Ég veit ekki betur en frelsið á vöxtum hafi leitt það af sér að í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tvöfölduðust þeir á nokkrum mánuðum. Við höfum svo heyrt vitnisburðinn. Við höfum heyrt vitnisburðinn alls staðar að. Það eru gjaldþrot og þeir sem eru svo að missa yfirvinnuna núna og hafa barist í bökkum að reyna að standa í skilum geta það ekki lengur. Það er verið að ganga að eignum þessa fólks. Það eru margir að flytja úr landi, ekki vegna þess að þá langi til að flytja úr landi, heldur vegna þess að þeir sjá enga möguleika aðra. Þetta ætti í raun og veru að vera nóg til þess að sýna okkur hvar við þurfum fyrst og fremst að taka á málum.

Það er auðvitað margt fleira sem þarf að athuga í okkar þjóðfélagi. Þetta frjálsa útboð á nýsmíði og viðgerðum skipa eins og það er framkvæmt hefur leitt það af sér að um 80% af nýsmíðum eru framkvæmd erlendis. Það að flytja óunninn fisk til útlanda leiðir auðvitað af sér að við erum að flytja vinnuna burtu eins og í hinu tilvikinu og þess vegna er minna sem við höfum til skipta. Eftir því sem við getum meira framkvæmt sjálf til okkar eigin þarfa, hvort sem það er til framleiðslu eða uppbyggingar, er meira til skipta. Við getum komið í veg fyrir atvinnuleysi, að það verði stórfellt. Og hvaða vit er í því að reyna ekki að halda þannig á málum að það sé ekki atvinnuleysi? Og borga svo þessu fólki, sem auðvitað verður að gera, 80% af dagvinnulaunum. Það getur enginn á því lifað, það er annað mál, enginn.

Ég held að það þurfi að verða mikil viðhorfsbreyting í þessu landi í því að fara eftir hinni gömlu kenningu að reyna að lifa að eins miklu leyti og það er hægt á eigin framleiðslu. Enn þá eru uppi raddir um að það sé um að gera að flytja inn meira að segja landbúnaðarvörur. Þó er vitað að mikið af þeim vörum sem fluttar eru inn, t.d. grænmeti, er frá löndum sem eru þau menguðustu í Evrópu, eins og t.d. Hollandi. Svíar reyna að forðast þennan innflutning og ef hann er leyfður á annað borð, þá verður það að vera undir alveg sérstöku eftirliti. Það er af mörgum ástæðum sem þarf að fylgjast með þessum hlutum.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur á öllum sviðum, bæði í skipaiðnaði okkar og öðrum atvinnugreinum að halda þannig á málum að vinnan fari ekki frá okkur. Eitt sem þarf að skoða mjög vandlega er hvað má kosta mikið meira að smíða t.d. skip innan lands til þess að það sé samt hagnaður af því fyrir þjóðfélagið. Ég ætla ekki að slá neinu fram um það hvað þetta má vera mikill munur, en hitt veit ég að hann má verða töluverður þegar á allt er litið. Og ekki síst miðað við það að fólkið í þessum greinum sé atvinnulaust og sé jafnvel á atvinnutryggingarbótum.

Mér fannst nú að meginhlutinn af ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals væri ekki um það að reyna að laga ástandið eða koma með tillögur um það. Kjarninn í hans ræðu var allt annar. En hvar í flokki sem við stöndum verðum við að reyna að ná saman um það að breyta til, meta þessa hluti á annan veg en hefur verið gert. Hvaða vit er í því, svo að ég taki eitt dæmi, að lítið samfélag sem hefur orðið að taka mikil lán á síðustu árum, að fjármagnið taki allt til sín, að framleiðslan eða þeir sem gera út og vinna fiskinn nái ekki endum saman og það sé ekki hægt að borga kaup við slíkar aðstæður, að það skuli vera alltaf þannig og það þyki alveg sjálfsagt. Og ekki eru fjölmiðlarnir að halda öðru fram en það sé sjálfsagt að fjármagnið hafi allt sitt og meira til og það er talað um gamla fólkið og allt það í því sambandi. Hvaða vit er í svona stefnu? Eru menn ekki farnir að sjá það loksins til hvers hún leiðir? Þarf allt að hrynja áður, allt í rúst?

Ég fyrir mitt leyti tel að það þurfi að reyna að breyta viðhorfi okkar hvar í stétt sem við erum. Jónas Jónsson sagði fyrir rúmum 70 árum: „Eru fátæklingarnir réttlausir?" Á það ekki við nú, fólkið sem er að flýja land, fólkið sem er að missa íbúðirnar sínar, fólkið sem þarf að vera í tvöfaldri vinnu og dugar ekki samt?

Ég veit um þrjár konur sem eru að fara bara í þessari viku með tvö og þrjú börn til annarra landa af því að þær sjá ekki neina möguleika til þess að sjá sér farborða. Konur sem eru neyddar til að fara. Ég gæti þess vegna haldið hér klukkutíma ræðu um ástandið í þjóðfélaginu, t.d. um þá 1200 bækluðu sem biðu um síðustu áramót eftir að komast til aðgerða, sem eru komnir sumir á fjóra fætur en er hægt að hjálpa í flestum tilvikum. Er þetta það jafnrétti sem við viljum?

Nei, við þurfum að fara að meta hlutina öðruvísi. Við þurfum að halda uppi atvinnulífi. Við þurfum að líta á hlutina frá þeim sjónarhól að hver okkar flytur á einum, eins og Bólu-Hjálmar sagði, „þú flytur á einum eins og ég allra seinast héðan". Það ættu menn að hafa í huga í sambandi við það misrétti sem við horfum á, sumir ekki sjá og aðrir taka ekki tillit til þess jafnvel þó þeir sjái það.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég kýs í þessari umræðu að beina máli mínu að byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins. *Vandamál atvinnulífsins þar eru margþætt og eiga* sér djúpar og víðfeðmar rætur sem margir renna ekki augum til þegar ræddur er vandi líðandi stundar. (Gripið fram í.) — Já, ég ætla að halda áfram máli mínu. Ég sagði að margir renndu ekki augum til þess hve vandi landsbyggðarinnar á sér djúpar og víðfeðmar rætur þegar ræddur er vandi líðandi stundar og þar fléttast saman vandi landbúnaðar, útgerðar og iðnaðarstarfsemi ásamt fólksflóttanum margumtalaða.

Á síðustu áratugum hefur orðið alvarleg búseturöskun í landinu og sífelldur straumur fólks frá

byggðarlögunum til höfuðborgarsvæðisins, misþungur að vísu en óstöðvandi. Þessi þróun hefur um árabil verið áhyggjuefni fólks, bæði vegna byggðarlaga og borgarinnar því að höfuðborgin hefur staðið frammi fyrir vandamálum af þessum sökum þó að með öðrum hætti sé en í dreifbýlinu.

Margar skoðanir hafa verið uppi um hvernig snúa mætti af þessari leið á þann veg sem hagkvæmast væri, bæði í byggðum og borg. Flestir hygg ég að hafi talið að það væri mál málanna að efla og styðja atvinnulíf á landsbyggðinni og einkum að auka fjölbreytni þess. Það var ljóst fyrir löngu að fjölgun nýrra starfa yrði aðallega í þjónustugreinum. Sömuleiðis var ljóst að í okkar miðstýrða samfélagi mundi þessi atvinnuaukning fyrst og fremst koma fram á höfuðborgarsvæðinu sem óhjákvæmilega hlyti að skapa þar aukna og jafnvel óæskilega þenslu á kostnað byggðanna um landið.

Ég man ekki hvenær fyrst kom fram slagorðið „jafnvægi í byggð landsins". En a.m.k. 30–40 sl. ár hefur ekki setið ríkisstjórn sem ekki hefur haft í sínum málefnasamningi að efla byggð í landinu og styðja að atvinnuþróun á landsbyggðinni. Þetta eru loforð og þetta eru stór loforð, en hvernig hefur verið staðið við þau? Hvernig halda ríkisstjórnir yfirleitt loforð sín og fyrirheit?

Árið 1972 var skipuð nefnd til að kanna staðarval ríkisstofnana og hvaða breytingar kæmu helst til greina í því að flytja ríkisstofnanir frá höfuðborginni út um landið. Nefndin skilaði viðamiklu, vönduðu og greinargóðu áliti fyrir rúmum 14 árum þar sem hún lagði til heildarflutning 25 ríkisstofnana, deildaflutning 12 stofnana, stofnun 36 útibúa frá ríkisstofnunum og eflingu 11 útibúa. Einnig lagði hún til að Alþingi kysi sjö manna flutningaráð til að framkvæma þessar tillögur en það ráð var aldrei kosið. Ekkert var gert með álit og tillögur nefndarinnar, en skv. áætlun hennar átti framkvæmd tillagnanna að ljúka á árinu 1982.

Vorið 1984 var skipuð önnur nefnd, svonefnd byggðanefnd þingflokkanna, í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frv. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, sem ætlað var að leiða til aukinnar valddreifingar og virkara lýðræðis. Nefndinni var ætlað að kanna nauðsyn breytinga á stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga, hvers vegna byggðaröskun hefði aukist á síðustu fimm árum og nýjar áherslur í aðgerðum til byggðajöfnunar og hvort þörf væri á stefnubreytingu stjórnvalda í byggðamálum. Þessi nefnd skilaði einnig áliti þar sem segir m.a. að meginforsenda þess að ná fram markmiðinu um aukið lýðræði og aukna valddreifingu sé að setja á stofn stjórnsýslustig milli ríkis og sveitarfélaga. Fleiri ábendingar eru í skýrslu þessarar nefndar, en hvergi sjást síðan merki þess að tillit hafi verið tekið til þeirra.

Þessar tvær nefndir skiluðu merkilegu og vel unnu starfi sem í öllum greinum miðaði að því að losa um þá helfjötra miðstýringar sem landsmenn búa við og efla atvinnuuppbyggingu og þróun vítt um landið. En hvað er síðan gert með niðurstöður og tillögur? Varla nokkur skapaður hlutur sem talandi er um. Aðeins ein ákvörðun hefur verið tekin um flutning ríkisstofnunar. Útibúum banka hefur að vísu fjölgað og Ríkisútvarpið hefur af veikum mætti verið að reisa landshlutastöðvar. Ekki hafa forráðamenn Húsnæðisstofnunar séð ástæðu til að veita landsmönnum þá sjálfsögðu þjónustu að hafa a.m.k. eitt útibú í hverjum landsfjórðungi. Þannig er um fleiri.

Þær eru ótaldar nefndirnar sem skipaðar hafa verið til að rannsaka og sinna atvinnu- og byggðamálum. Skýrslurnar eru óteljandi. Pappírsflóðið verður hvorki mælt né vegið né heldur vinnan sem að baki liggur. Því er grátlegt að þess sjái hvergi stað svo að heitið geti að allar þessar skýrslur, allar þessar kannanir, tillögur og vinna séu nýtt í þágu þeirra markmiða sem að var stefnt. Tillögur staðarvalsnefndarinnar stefndu að því að efla búsetu menntaðs og sérhæfðs fólks vítt um landið. Menn sáu fyrir sér aukna grósku í mennta- og menningarlífi í sambandi við það og aukinn fjölda atvinnutækifæra, bæði fyrir heimamenn og fólk sem mundi flytja út á staðina. Það má telja víst að það hefði orðið þjóðinni allri mjög til hagsbóta hefðu tillögur nefndarinnar náð að ganga fram. Auðvitað horfði landsbyggðin til þess að svo yrði og menn litu á þetta sem fyrirheit um aðgerðir sem kæmu landsbyggðinni til góða, en vonir manna brugðust í þessum efnum sem fleirum.

Margt hefur breyst síðan tillögur þessar um flutning ríkisstofnana komu fram og sumar þeirra eiga e.t.v. ekki lengur við. En þar sem það er nú svo að ekki færri en tveir hæstv. núverandi ráðherrar áttu sæti í þessari nefnd, og nú sakna ég ráðherra úr salnum, þá vildi ég skora á þá að draga upp nefndarálitið, dusta af því rykið og kanna hvort ekki sé tímabært að koma einhverjum af þessum fornu áhugamálum þeirra til framkvæmda. Þeir lögðu m.a. til að ýmsar af deildum Háskóla Íslands yrðu fluttar út á land. En nú fær nýstofnaður Háskóli Akureyrar þær kveðjur frá hæstv. fjmrh., sem var formaður nefndarinnar, að hann fái ekki fjármagn til að reka sjávarútvegsbrautina sem átti þó að vera meginverkefni hans.

Því hef ég rakið þessi mál hér á þessum vettvangi að mér virðist að margt væri með öðrum hætti í atvinnumálum landsbyggðarinnar ef stjórnvöld hefðu þorað á hverjum tíma að taka ákvarðanir samkvæmt tillögum þeirra manna sem þau treystu til að móta þær og setja fram, ef þau hefðu þorað að hafa stefnu í atvinnu- og byggðamálum, þorað að axla þá ábyrgð sem fylgir því að hafa stefnu í þeim málum og framfylgja henni í staðinn fyrir að helga lífdaga sína skammtíma- og bráðabirgðalausnum. Atvinnustefna hefur aldrei verið mótuð hér á landi, byggðastefna ekki heldur. Þess geldur landsbyggðin og við gjöldum þess öll. Við okkur blasir í dag stórkostlegur vandi í atvinnumálum. Útgerðin stendur illa, fiskvinnslan verr og gamalgróin fyrirtæki riða til falls. Málmiðnaðurinn er að hrynja og atvinnuleysi er meira en dæmi eru um í áratugi og fjöldauppsagnir eru fram undan ef ekkert er að gert. Og þá hlýtur maður að

spyrja: Hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar í málefnum iðnaðarins? Í málefnasamningi hennar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verður að því að endurskoða lög og reglur til að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem eru sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra njóta.“ Auðvitað er nauðsyn að taka á þessum málum og var nú gott að ráðherrar áttuðu sig á því að starfsskilyrði iðnaðarfyrirtækja væru e.t.v. ekki sem best. Hvernig eiga t.d. íslenskar skipasmíðastöðvar að geta keppt við erlend fyrirtæki sem njóta sannanlegra opinberra styrkja og fyrirgreiðslu þegar þeim hefur árum saman verið gert að búa við rangt skráð gengi og enn við okurvexti? Hæstv. forsrh. ætti að minnast þess sjálfur, sem aðrir hafa ekki gleymt, að það var flokkur hans sem stóð að því, í samvinnu við Sjálfstfl. á árinu 1985, að innleiða vaxtafrelsið á Íslandi. Nú fórnar þessi hæstv. ráðherra höndum yfir háum fjármagnskostnaði fyrirtækja og virðist ekki hafa hugmynd um sína eigin hlutdeild í hvernig komið er og skellir svo bara skuldinni á vonda menn í Seðlabankanum. Þetta má nú kalla að axla ábyrgð. Síðan er hæstv. iðnrh. á harða hlaupum út um öll lönd í leit að einhverjum aðilum sem kynnu að vilja reisa hér álver eins og það mundi nú leysa atvinnuvandann til frambúðar. Meðan þessu fer fram eru gamalgróin iðnfyrirtæki að dragast upp vegna þess að stjórnvöld skortir bæði framsýni og þjóðhollustu til að taka í taumana og búa þeim lífvænleg skilyrði í samkeppni við erlend fyrirtæki, þrátt fyrir fögur orð í málefnasamningnum. Þannig er iðnaðarstefna hæstv. ríkisstjórnar í framkvæmd. Ég vil í þessu sambandi vitna í ályktun 43. iðnþings Íslendinga, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðhagslega þýðingu iðnaðarins má ráða af því að ef hans nyti ekki við þyrfti meira en að tvöfalda verðmæti útflutningsframleiðslunnar til þess að þjóðin gæti haldið þeim lífskjörum sem hún nú býr við. Verður alls ekki séð að tækifæri til þessa liggi á lausu.“

Þessi tilvitnun sýnir glöggt þýðingu iðnaðarins fyrir okkur sem þjóð og hve mikilvægt er að skilningur ríki á því af hálfu stjórnvalda hvaða aðstæður þarf að búa honum og framkvæma síðan í samræmi við það.

Nú á þessum haustdögum glymja daglega í eyrum okkar uggvænlegar fréttir um atvinnumál. Fyrirtæki segja upp starfsfólki vegna „hagræðingar í rekstri“ sem þýðir að það kreppir að og þau eru að draga saman seglin. Mörg fyrirtæki, jafnvel heilar atvinnugreinar ramba á barmi gjaldþrots eða eru þegar gjaldþrota. Verkefnaskortur blasir við í ýmsum iðngreinum. Skipasmíðastöðvarnar eru dæmi um það þó að sumar þeirra geti kannski veitt vinnu enn um hríð. Vítt um landið er atvinnuleysi nú þegar umtalsvert og þar eru konur í meiri hluta. Og þá er ekki öll sagan sögð því að mikið dulið atvinnuleysi er meðal kvenna, ekki síst í landbúnaðinum. Tölur sýna að um 40% búa eru svo smá að þau bera aðeins eitt ársverk og hjón reka þó flest búin, þ.e. tveir einstaklingar, og er þá karlmaðurinn oftast talinn fyrir búinu. Þessar konur láta ekki skrá sig atvinnulausar þó þær skorti vinnu og það gera ekki heldur þær konur sem um þessar mundir eru búnar að koma upp börnum sínum og væru tilbúnar að fara út á vinnumarkaðinn en hafa ekki verið þar. Allt ber þetta að sama brunni. Fram undan er fjöldaatvinnuleysi ef ekkert verður að gert. Á þessum haustdögum gerist það líka að hæstv. ríkisstjórn boðar verulega kaupmáttarrýrnun á næsta ári. Atvinnuleysistryggingasjóður er tómur um áramót og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað þeir haldi að það fé endist lengi sem honum er ætlað á næsta ári ef þúsundir manna verða að treysta á hann til framfærslu fljótlega eftir áramót.

Ég hef nú rætt nokkuð um málefni landsbyggðarinnar, en ég hef alveg sleppt þeim kapítula hvernig fé hefur verið tekið úr atvinnulífinu þar og flutt á brott. Það ætla ég ekki að ræða að þessu sinni en ég minni á það. Varðandi atvinnumál dreifbýlisins vil ég aftur á móti minna á að það skiptir meira máli en margur gerir sér ljóst að þar hafi konur atvinnu við sitt hæfi. Ef menn ætla að halda sveitum landsins í byggð yfirleitt, þá verða þeir að byggja þar upp atvinnu fyrir konur.

Ríkisstjórnin hefur nú skipað tvær nefndir til að skoða uppbyggingu atvinnumála og fjalla um framtíðarstefnumótun. Þetta gerðist núna í haust og stefnan hefur þess vegna ekki verið til þó að við heyrum sagt annað. Steinrunnið hugarfar karlveldisins lýsir sér með ágætum í þessari nefndarskipan. Í 12 manna nefndinni eru einungis karlmenn, en við skipun hugarflugsnefndarinnar svokölluðu höfðu menn þó hugarflug til þess seint og um síðir að nefna til eina konu í 5 manna nefnd. En því hefur verið lýst hér áður að uppbyggingarþörf er jafnvel enn meiri varðandi atvinnumál kvenna. Konur eru ríflega helmingur þjóðarinnar. Hvernig er þeim mönnum varið sem dettur ekki í hug að taka tillit til þessa þegar skipaðir eru starfshópar og nefndir sem eiga að fjalla um atvinnumál og mótun stefnu? Dettur þeim ekki í hug að konur eigi rétt á að koma nærri þeim málum og hugkvæmist þeim ekki að konur hafi þar eitthvað til mála að leggja? Ég er ekki með þessu að kasta rýrð á þá karlmenn sem þarna hafa verið tilkvaddir, en ég ber engan efa um að starf þessara nefnda yrði frjórra og skilaði betri árangri ef konur kæmu þar við sögu. Þeim mundu áreiðanlega detta í hug árennilegri atvinnukostir heldur en álver.

Virðulegi forseti. Við höfum heyrt hv. 2. þm. Norðurl. e. gera greinargott yfirlit yfir atvinnuástandið í landinu núna á þessum dögum og myndin er ekki björt. Atvinnuleysi brennur á fjölskyldum og heimilum þessa lands og spurningarnar brenna á allra vörum. Hvernig stendur á þessu? Hvað ætla stjórnvöld að gera? Ég held að orsök ástandsins sé sú að hæstv. ríkisstjórn ræður ekki við verkefni sín og hefur ekki haft neina stefnu í atvinnumálunum eins og kom fram í því að það þurfti að skipa nefndir til að finna þessa stefnu. Það er ekki nóg að hafa uppi fögur orð í stjórnarsáttmálum um að efla og styðja íslenskt atvinnulíf. Það er ekki heldur nóg að prentaður sé þar

hástemmdur texti um mikilvægi þess að efla byggðir um landið ef ekkert er gert til að standa við fyrirheitið. Það er ekki nóg að skipa nefnd á nefnd ofan til að skoða atvinnulífið, sérstaklega ekki ef með tillögur þeirra er farið eins og þær sem ég nefndi fyrr.

Hæstv. ríkisstjórn þarf að hafa hugfast að tölur um atvinnuleysi eru ekki bara einhverjar tölur á pappír. Á bak við hverja eina einingu í þessum tölum er fjölskylda, kona og börn. Á atvinnuleysistölur verður að líta með þessu hugarfari og minnast þess að þetta fólk ber í brjósti kvíða um framtíð sína. Það fólk sem nú er ýmist atvinnulaust eða horfir fram á atvinnuskort á rétt á að fá skýlaus svör frá hæstv. ríkisstjórn um hvers það megi vænta. Og þau fyrirtæki sem nú eru að falli komin eiga einnig rétt á svörum um það hvort þau megi vænta einhverra þeirra aðgerða sem muni rétta stöðu þeirra. Þau svör hafa ekki heyrst enn í þessari umræðu. — [Fundarhlé.]

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Fyrir helgi urðu fjörlegar umræður utan dagskrár um skipasmíðaiðnaðinn, stöðu hans og framtíðarhorfur. Nú er umræðuefnið víðtækara þar sem rætt er almennt um horfur í helstu atvinnugreinum landsmanna. Það er ekki undarlegt þó að slík mál beri á góma í þingsölum þar sem útlitið er vægast sagt skuggalegt á mörgum sviðum.

Höfuðverkefni hæstv. ríkisstjórnar er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi, að því er segir í málefnasamningi hennar frá 28. sept. 1988. En nú slær haustfölva á hina grænu bók. Þar sem þær umræður sem nú fara fram eru í beinu framhaldi af umræðunum á fimmtudaginn var er ekki úr vegi að ræða nokkuð um skipasmíðarnar og iðnaðinn almennt áður en vikið er að öðrum atvinnuvegum og þeim skilyrðum sem þeim eru búin og boðið er upp á af stjórnvöldum.

Bátasmíði er gömul iðngrein hér á landi. Það hefur þótt fara vel á því að þjóð sem á allt sitt undir því að vel aflist gæti sjálf gert við og smíðað skip sín. En nú stendur innlendur skipaiðnaður mjög höllum fæti og fréttir berast af uppsögnum starfsmanna.

Á Vesturlandi hefur skipasmíðastöðin Skipavík hf. í Stykkishólmi sagt upp öllum starfsmönnum sínum 35 að tölu. Það hefur verið traust og gott fyrirtæki, nú rúmlega 60 ára að aldri að stofni til. Að undanförnu hafa verkefni þess aðallega verið fólgin í viðgerðum og breytingum auk smíða á tækjum fyrir sjávarútveginn, svo sem skelvinnsluvélum. Nú eru fá og smá verkefni fram undan.

Vélsmiðjan Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi hefur verið rekin áratugum saman með miklum myndarbrag. Þar hafa mörg skip verið smíðuð og tekist á við stór verkefni. Þar er nú verið að ljúka við smíði nýrrar Breiðafjarðarferju. Horfur þar eru svipaðar og annars staðar í þessari iðngrein þó að ekki hafi enn komið til almennra uppsagna á starfsfólki.

Á síðustu árum hafa margir verið uggandi um örlög innlendrar skipasmíði. Þau mál hafa oft verið rædd. Minnst hefur verið á ályktun Alþingis frá 6. maí sl. þar sem ríkisstjórninni er falið að tryggja að allra leiða verði leitað til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar og sporna við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1990 segir að í framhaldi af þeirri heildarúttekt sem gerð hafi verið á íslenskum skipasmíðaiðnaði hafi nefnd starfað á vegum iðnrn. við að framfylgja þeim tillögum sem þar komu fram um endurskipulagningu þessa iðnaðar. Hér er um hina svonefndu Appledoreskýrslu að ræða frá því í maí 1989 sem fjallar um athugun á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðariðnaðinum með tilliti til stefnumörkunar. Í þessari skýrslu koma fram ýmsar ábendingar og tillögur. Þar er a.m.k. ekki talinn álitlegur kostur að leyfa þessari iðngrein að hnigna, eins og þar er orðað, hvað þá heldur að leggjast niður eða lognast út af og deyja drottni sínum.

Nú er 43. iðnþingi Íslendinga nýlokið. Yfirskrift þingsins var að þessu sinni „Íslenskur iðnaður — íslensk framtíð". Ályktanir þingsins hafa væntanlega verið sendar öllum alþingismönnum til kynningar. Þar er þess getið m.a. að iðnaðurinn hafi vaxið hægar en efni stóðu til og margir gerðu sér vonir um fyrir tveimur áratugum. Iðnaðurinn gegni engu að síður undirstöðuhlutverki í íslenskum þjóðarbúskap. En samkeppnishæfni atvinnulífsins verði ekki viðhaldið nema atvinnulífið tileinki sér nýja tækni, ný vinnubrögð og nýja þekkingu á hverjum tíma. Bent er sérstaklega á þá alvarlegu staðreynd að staða iðnnáms hafi líklega aldrei verið lakari en einmitt nú. Í grunnskólum verði að leggja ríka áherslu á að kynna nemendum atvinnulífið snemma og koma verði í veg fyrir að iðnnám sé blindgata. Með betri menntun tryggjum við betri framkvæmd, segja forustumenn iðnaðarins.

Í morgun barst mér í hendur bréf frá Málm- og skipasmiðasambandinu sem ég ætla að flestir alþingismenn hafi fengið í hendur. Þar hljóðar fyrsta málsgrein svo, með leyfi forseta, það er ályktun um atvinnumál:

„Atvinnuástand og framtíðarhorfur í málmiðnaði eru nú með þeim hætti að þegar í stað þarf aðgerðir í stað orða ef koma á í veg fyrir varanlegt atvinnuleysi með öllu því böli og félagslegu vandamálum sem því fylgir."

Og síðar í dag barst bréf frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja. Kafli úr því hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Auk þess aðstöðumunar sem skipaiðnaðurinn býr við miðað við erlendar stöðvar sem bent er á í fréttatilkynningunni er greinilegt að sveiflur í fjárfestingu í útgerð eru eitt stærsta vandamálið. Holskeflur í fjárfestingu þar sem tíu ára fjárfestingu er lokið af á tveimur árum með tilheyrandi verkefnaskorti í kjölfarið er ekki einungis vandamál innlends skipaiðnaðar heldur alls atvinnulífs í landinu, þar á meðal sjávarútvegs. Innlendur málmiðnaður hefur t.d. allt frá aldamótum búið við sveiflur í fjárfestingu í útgerð, fiskvinnslustöðvum, frystihúsum, fiskimjöls-

verksmiðjum og virkjunum. Stjórnmálamenn geta haft töluverð áhrif á bæði ofangreind atriðin.

Það er von félagsins að sú umræða sem nú fer fram í sölum Alþingis sé upphafið að atvinnustefnu sem eigi eftir að snúa þessari óheillaþróun við. Innlendur skipaiðnaður fer ekki fram á annað en jafna samkeppnisaðstöðu. Félagið hefur ítrekað bent á ýmsar leiðir til úrbóta, en viljann til aðgerða hefur vantað."

Sé horft til annarra sviða atvinnulífsins, svo sem landbúnaðar, þá eru þar þrengingar miklar og vandleyst mál á ferðinni. Og að því er sjávarútveginn varðar, þá hefur ekki hjá því farið að vandi hans hefur verið ræddur að undanförnu, m.a. á nýafloknu fiskiþingi sem fjallaði um stjórnun fiskveiða ásamt mörgum öðrum stórmálum.

Út um allt land eru erfið mál á döfinni í öllum helstu atvinnugreinum landsmanna. Víða riðar atvinnurekstur til falls. Fari svo að hann hrynji er byggðinni hætt við hruni í kjölfarið og raunar öruggt að allt fer á einn veg. Sums staðar hefur Byggðastofnun orðið að liði og Atvinnutryggingar- og Hlutafjársjóður hafa skotið út bjarghring — hvað sem slík björgun dugar lengi, það er annað mál. En vandinn hefur allra síst verið leystur til frambúðar. Takmarkið hlýtur að vera það að móta heilbrigð og traustvekjandi almenn skilyrði sem unnt er að búa við í nútíð og nánustu framtíð. Það er og á að vera keppikefli þeirra stjórnvalda sem vilja láta gott af sér leiða og til sín taka.

Virðulegum ráðherrum fer einkar illa að eyða dýrmætum ræðutíma og verðmætum vinnustundum í það að reyna að kenna öllum öðrum en sjálfum sér um hvað eina sem farið hefur úrskeiðis á síðustu tímum. Þeir þurfa umfram allt að hafa þor og getu til að horfa fram á veginn. Það sem miður hefur til tekist er sjálfsagt mörgum að kenna. „Við þurfum að stöðva eyðsluna í þjóðfélaginu," segir Einar Oddur. „Takist ekki að stöðva eyðsluna er óhugsandi að finna megi viðunandi rekstrargrundvöll fyrir framleiðsluna í landinu. Það gerist ekki öðruvísi en að þjóðin öll sem heild nái að sjá hlutina í réttu ljósi og laga síðan að þeim veruleika sem við búum við eins og þjóðirnar í kringum okkur gera."

Í þessum orðum er mikill sannleikskjarni fólginn. En hvað sem því líður eru úrræðin og úrslitavaldið í höndum hæstv. ríkisstjórnar á hverri tíð. Þar, á þeim bæ, er að sjálfsögðu á margt að líta. Það vannst að vísu óvæntur skyndisigur á verðbólgunni hérna um árið, en því má ekki gleyma að hún var í 25% sl. ár og verður varla lægri að meðaltali á þessu ári. Það verður erfitt að fást við lausn brýnustu efnahagsmála meðan sú „bólga" mælist í tveggja stafa tölu. Hvað um það, þeir sem völdin hafa verða að duga eða láta hendur fallast og gefast upp að öðrum kosti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir það að hafa tekið þetta mál upp utan dagskrár. Ástæðan fyrir því var auðvitað sú að það var kominn tími til þess að við ræddum hér í almennri umræðu um atvinnumálin. Ég minni á að hæstv. forsrh. og þó einkum hæstv. fjmrh. höfðu báðir vakið athygli á því að stjórnarandstaðan hefði ekki enn efnt til almennrar umræðu um efnahagsmál, en nú gefst tækifæri til þess. Því miður hagaði því þannig til þegar við héldum fram fundi hér í kvöld að enginn hæstv. ráðherra var viðstaddur og þess vegna varð að fresta fundinum um nokkrar mínútur. Nú hefur hæstv. forsrh. komið hér í salinn og er ég honum þakklátur fyrir það að hann skuli gefa sér tíma til þess að hlýða a.m.k. á hluta þessara umræðna hér í kvöld um þessi mikilvægu mál, en ég hlýt að lýsa yfir söknuði mínum og vonbrigðum með að ekki skuli aðrir hæstv. ráðherrar og þó einkum og sér í lagi þeir sem skiptu sér af umræðunni í dag koma hér til leiks í kvöld þótt ég viti reyndar hvers vegna hæstv. iðnrh. er forfallaður.

Til þess að ljúka þeim þætti sem ég fyrst og fremst á erindi við hæstv. forsrh., þótt auðvitað sé það öll ræðan, kemst ég ekki hjá því hér í upphafi að ræða örlítið um það sem hann fjallaði um í ræðu sinni hér fyrr við umræðuna í dag þegar hann sagði frá því að það hefði verið fastgengisstefnan sem hefði verið öðrum greinum en sjávarútveginum erfið vegna þess að sjávarútvegurinn þoldi hækkun á raungenginu vegna hækkunar á afurðum erlendis, allt að 15% á árunum 1986 og 1987. Ég tek undir með hæstv. ráðherra þegar hann segir að þetta gátu aðrar samkeppnisgreinar ekki gert, þar á meðal iðnaðurinn, ekki síst skipaiðnaðurinn en um hann hefur talsvert verið fjallað í þessari umræðu. Vitanlega er rétt hjá hæstv. forsrh. að það hlýtur að vera ákaflega erfitt fyrir þær greinar, sem nutu ekki beinlínis góðs af verðhækkunum á fiskafurðum erlendis, að þurfa að búa við hækkun raungengis en geta ekki sótt hærra verð til útvegsins vegna þess að þær — ekki síst skipaiðnaðurinn er að verulegum hluta rekinn í samkeppni við erlendan skipaiðnað.

En málið er ekki alveg svona einfalt. Ef við skoðum það sem gerðist á þessum árum allt frá 1986 má segja að skipaiðnaðurinn hafi notið þess í talsverðum mæli að góðæri var í sjávarútvegi. Það góðæri gerði það að verkum að ýmsir skipaeigendur létu gera við skipin í meira mæli en áður, létu endurnýja þau og jafnvel byggja ný skip þegar vel gekk. Auðvitað naut skipaiðnaðurinn þess, svo sem kemur fram í öllum upplýsingum, en samkvæmt þeim naut íslenski skipaiðnaðurinn þess verulega. Það var ekki um samdrátt að ræða í greininni fyrr en á yfirstandandi ári og í lok síðasta árs. Ástæðan er sú að umfangið í þessum iðnaði var svipað og árin á undan, en hins vegar var markaðshlutdeild hans, þegar allt er talið með, miklu minni en áður. Á því verðum við að gera skýran greinarmun. Það gerist hins vegar þegar slær í bakseglin í sjávarútveginum að minna verður um verkefni og þá auðvitað kemur í ljós hve illa þessi skipaiðnaður stendur.

Nú kem ég að því sem ég vildi gjarnan að hæstv. forsrh. hlustaði á og íhugaði vandlega. Hæstv. forsrh. segir að það hafi verið fastgenginu að kenna hvernig

samkeppnisgreinarnar á sínum tíma voru leiknar. Það má út af fyrir sig færa rök fyrir því. Það hefði hins vegar kannski mátt réttlæta fastgengisstefnuna ef og þegar sló í bakseglin hjá sjávarútveginum, hefði vandanum verið mætt með viðeigandi hætti, þ.e. með gengisfellingum strax þannig að raungengið hefði breyst iðnaðinum verulega í vil. Ég minni á að á þeim tíma sem sjávarútvegurinn naut góðærisins var ekkert gert að ráði til þess að koma til móts við íslenskan iðnað, hvorki samkeppnisiðnað né heimaiðnaðinn. En um leið og sló í bakseglin í sjávarútvegi var gripið til þess ráðs að falsa gengi íslensku krónunnar. Ég segi beinlínis að falsa gengi íslensku krónunnar. Það var gert með fyrst og fremst þrennum hætti: Í fyrsta lagi með því að greiða verulega fjármuni inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og borga uppbætur með útfluttum fiski. Í öðru lagi með endurgreiddum söluskatti umfram það sem hægt er að sýna fram á að hefði safnast upp í sjávarútveginum. Og í þriðja lagi með því að greiða 100 millj. kr. úr ríkissjóði í niðurgreiðslur á rafmagni til sjávarútvegsins fyrst og fremst. En allar þessar aðgerðir gerðu það að verkum að gengi íslensku krónunnar var falskt og mældist ekki rétt gagnvart öðrum greinum.

Þetta er vitanlega það alvarlega sem þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú situr að völdum hefur gert á þessum tíma því að þetta leiddi til þess að íslenski iðnaðurinn, samkeppnisiðnaðurinn gat ekki snúið vörn í sókn á þeim tíma þegar slær í bakseglin hjá sjávarútveginum. Og þetta verður auðvitað hæstv. forsrh. að taka með í reikninginn. Hann getur ekki vikist undan því fyrir sína hönd og ríkisstjórnarinnar að þessi aðgerð þýddi auðvitað, þegar fram í sótti, dauðadóm fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Og þegar ég segi skipasmíðaiðnað þá á ég við þann þátt skipaiðnaðarins þar sem um er að ræða nýsmíði eða verulega endurnýjun eða nýsmíði að hluta. Það er einmitt vegna þessa atriðis sem hæstv. ríkisstjórn getur ekki hlaupist undan því að viðurkenna að hún á sjálf beinlínis þátt í þeim vanda sem nú er uppi í íslenskum skipaiðnaði. Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. hlustaði á því að þetta er mjög mikilvægt atriði, ekki eingöngu fyrir skipaiðnaðinn heldur og fyrir aðra þætti íslensku iðnaðarstarfseminnar sem verður að keppa við erlendan iðnað.

Vík ég nú að öðrum atriðum sem ekki snerta hæstv. forsrh. heldur fremur aðra hæstv. ráðherra sem því miður eru ekki hér staddir. Ég sé reyndar að hæstv. heilbrrh. hefur gengið í salinn og má kannski segja að það sé vel við hæfi því ekki veitir af því að hafa einhvern sem hefur áhuga á því að það sé meira og betra heilbrigði í þessari grein. En ekki vissi ég að starfsskipting hæstv. ráðherra væri með þeim hætti að þeir sæju helst ástæðu til að senda hæstv. heilbrrh. til að hlusta á þessar umræður, en hæstv. iðnrh. og hæstv. hagstofuráðherra láta hvergi sjá sig. (**Heilbrrh.:** Hann var ekki sendur. Hann kom bara hér eins og vera ber.) Nú, meira að segja hefur hæstv. heilbrrh. eins og góðum lækni sæmir komið sjálfkallaður þegar hann vissi að þessi iðnaður var í hættu og er ég honum þakklátur fyrir það að hafa fundið þetta upp hjá sjálfum sér. — Og bætist nú einn garpur við í salinn, hæstv. fjmrh. Býð ég hann velkominn hér með. (**Fjmrh.:** Þakka þér fyrir.) Kem ég þá að þætti hans í málinu.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið þegar hann ræddi um skipaiðnaðinn hér í síðustu viku að allt vandamálið væri arfur frá síðustu ríkisstjórn. (**Fjmrh.:** Nei, það sagði ég ekki. Það er rangt með farið.) Ég kem nú að *því að hann leiðrétti sig í síðari ræðunni. Ég skal taka* það fram strax til þess að hæstv. ráðherra sé nú rólegur undir ræðu minni að í síðari ræðu sinni gat hann þess að raunar hefði síðasti iðnrh. Sjálfstfl., þ.e. sá sem hér stendur, gert eitthvað í málinu, en þá fyrst er hann komst að sem ráðherra og þakka ég honum auðvitað góð orð í minn garð. Sannleikurinn er sá, eins og ég hef þegar rætt og rætt við hæstv. forsrh., að hæstv. núv. ríkisstjórn ber á þessum málum miklu meiri ábyrgð en hún sjálf vill vera láta.

Mig langar til þess, virðulegur forseti, að rifja upp nokkur atriði sem ég held að hafi þýðingu fyrir skipaiðnaðinn sérstaklega og varðar það sem hefur verið gert fyrir þennan iðnað á síðustu árum.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að í síðustu ríkisstjórn, þeirri ríkisstjórn sem hæstv. fjmrh. ræddi um á sínum tíma, urðu talsverðar umræður um málefni skipaiðnaðarins, einkum og sér í lagi það að erlendar ríkisstjórnir styrkja þennan iðnað í sínum heimalöndum sem gerir það að verkum að íslenskur skipasmíðaiðnaður er ekki samkeppnisfær.

Hæstv. iðnrh. sagði í sinni ræðu hér í dag að í raun gætum við ekki keppt við niðurgreiddan iðnað og það var helst á honum að skilja ef hann ekki beinlínis sagði það að við ættum auðvitað að njóta þess að erlendir aðilar styrktu sinn iðnað og við nytum þess vegna beinlínis ríkisstyrkja frá öðrum löndum. (Gripið fram í.) Við ættum að þiggja ríkisstyrk frá öðrum löndum. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. eða hæstv. heilbrrh., því hæstv. forsrh. er farinn og hæstv. iðnrh. er eitthvað annað að gera úti í bæ, hvort þeir séu sammála því að þetta sama eigi að gilda í öðrum greinum og vil ég þá sérstaklega nefna landbúnaðinn. Eru hæstv. ráðherrar þeirrar skoðunar af því að landbúnaður er niðurgreiddur annars staðar en hér á landi og talsvert miklu meira sums staðar þannig að vöruverð í landbúnaði er lægra erlendis en hérlendis að við Íslendingar eigum að njóta þeirra ríkisstyrkja og flytja landbúnaðarafurðir þess vegna inn í landið? Mér finnst vera full ástæða til að spyrja þessarar spurningar vegna þess að sama lögmálið hlýtur að gilda. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherrar sem hafa séð sóma sinn í því að mæta hér í kvöld hugleiði þetta og ef ríkisstjórnin hæstv. hefur einhverja skoðun á þessu máli að þá komi þeir hér í pontu og geri okkur grein fyrir því. (**EG:** Hver er skoðun Sjálfstfl. á þessu?) Skoðun Sjálfstfl. hefur birst á landsfundi flokksins. Þar kom fram að Sjálfstfl. er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að flytja inn erlend matvæli sem hér eru framleidd. Það eigi fyrst og fremst að leita leiða til þess að lækka vöruverð hérna heima. En svo

kann að fara einhvern tíma í framtíðinni, ef ekki tekst að ná niður verði á vörunni, að Sjálfstfl. endurskoði þá stefnu sína. En það er alveg skýr niðurstaða landsfundarins að Sjálfstfl. telur ekki efni til þess nú um stundir og á meðan verið er að endurskipuleggja landbúnaðinn að flytja inn meira af landbúnaðarafurðum en nú þegar er gert.

En þá kem ég að einum kjarna málsins — það eru nú margir kjarnar í þessu máli — en hann er sá að þegar við fjöllum um landbúnaðarafurðir þá hafa auðvitað verið fluttar inn landbúnaðarafurðir, þar á meðal kjarnfóður og kartöflur, svo ég nefni nú tvo flokka sem menn þekkja mjög gjarna. Og hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn brugðist við og Alþingi? Það hefur auðvitað brugðist við með þeim hætti að leggja tolla og gjöld á þennan innflutning. Nú er það svo að í íslenskum tollalögum eru til heimildir til þess að leggja tolla á innfluttan varning þegar ljóst er að slíkur varningur er framleiddur með niðurgreiðslum eða styrkjum erlendis, þ.e. svokallaðir undirboðstollar. Sú heimild hefur hins vegar ekki verið notuð í þessum iðnaði. Það er ástæða til að spyrja að því, og hæstv. iðnrh. sérstaklega sem nú hefur gengið í salinn, hvort hann telji ekki að það hefði mátt leita leiða til að nýta sér þessi lagaákvæði í íslenskum lögum sem leyfa íslenskum stjórnvöldum að leggja á tolla þegar ljóst er að um viðurkennda ríkisstyrki er að ræða til framleiðslu vöru sem flutt er hingað til landsins.

Mér þykir leitt, virðulegur forseti, að ég endurtek þá spurningu sem ég kom hér með áðan til annarra ráðherra, en ef hæstv. iðnrh. tekur til máls langar mig til að spyrja hann að því hvort hann telji, og ekki einungis hann, hvort hann sé tilbúinn til þess í nafni ríkisstjórnarinnar að segja hér að þar sem landbúnaðarvörur eru niðurgreiddar erlendis og ljóst að Íslendingar gætu notið þessara ríkisstyrkja þar, hvort ekki sé þá full ástæða til að hefja innflutning landbúnaðarvara til þess að klófesta þá ríkisstyrki sem til þeirrar framleiðslu gengur.

Er það skoðun ríkisstjórnarinnar — ég þarf ekki að spyrja um einkaskoðun ... (**Viðskrh.:** Hver er skoðun þingmannsins?) Ég er búinn að lýsa henni. Hefði hæstv. ráðherra komið hér fyrr í salinn þá hefði hann hlustað á mig svara þeirri fyrirspurn frá flokksbróður sínum, hv. formanni þingflokks Alþfl., sem hefur þegar lagt þessa spurningu fram og fengið mjög góð og skýr svör frá þeim sem hér talar. En ég spyr hæstv. ráðherra að því: Fyrst þetta er skoðun ríkisstjórnarinnar að við eigum að njóta ríkisstyrkjanna í skipasmíðaiðnaðinum, er það þá líka skoðun ríkisstjórnarinnar — ég er ekki að spyrja um einkaskoðun ráðherrans, ég veit hver hún er — en er það þá líka skoðun ríkisstjórnarinnar að við eigum að njóta þessara ríkisstyrkja sem ganga til landbúnaðarins?

Þetta er auðvitað talsvert mál því að á sama hátt og útvegurinn er neytandi skipasmíðaiðnaðarins vilja auðvitað almennir neytendur sem þurfa að borða, og það veit hæstv. ráðherra hvað er, að borða, njóta ríkisstyrkja annarra landa til þess að hafa hér ódýrari matvæli á boðstólum. Ég spurði ekki um einkaskoðun ráðherrans, ég spurði um það hvort þetta væri skoðun hæstv. ríkisstjórnar en hæstv. ráðherra er auðvitað málsvari hennar og talsmaður.

Mig langar í örstuttu máli, virðulegur forseti, til þess að fara hér yfir örfá atriði sem snerta önnur þau atriði sem ég hef haft afskipti af varðandi þá grein sem mest hefur verið rætt um, í sambandi við skipaiðnaðinn.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á það að þegar ég gegndi starfi iðnrh. þá skrifaði ég bréf til sjútvrn. og viðskrn. vegna útboða hérlendis áður en íslenskir bankar og sjóðir með sjálfvirkum hætti veittu ábyrgð eða lánuðu til skipaiðnaðarverkefna erlendis.

Ég tek það fram að það kom ekki svar frá sjútvrn. Hins vegar svaraði viðskrn. þessu bréfi og lýsti því yfir að afskipti ráðuneytisins væru nú hverfandi lítil eftir að auglýsing hefði verið gefin út 25. maí 1987 sem ég ætla nú ekkert að vera að rekja hér, það er talsvert langt mál. En síðan segir í lok þessa bréfs:

„Í mörg ár reyndi viðskrn. að fylgja þeirri reglu að veita ekki heimild til erlendrar lántöku nema áður hefði verið athugað hvort hægt væri að láta slíka viðgerð fara fram hérlendis. Þetta aðhald hefur eflaust komið að einhverju gagni fyrir skipasmíðastöðvarnar enda þótt útgerðarfélög hafi ekki alltaf virt þessa reglu."

Síðan segir orðrétt: „Væntanlega gæti Fiskveiðasjóður veitt innlendu skipasmíðastöðvunum sams konar aðstoð með því að verða við tilmælum þeirra um að veita ekki lán til endurbóta eða meiri háttar viðgerða á skipum erlendis nema verkið hafi áður verið boðið út innan lands."

Með öðrum orðum: Hæstv. viðskrh., sem á þessum tíma var hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson, lýsti þessari skoðun sinni í þessu bréfi, sem reyndar er undirritað af Þórhalli Ásgeirssyni fyrir hans hönd, og þetta er það viðhorf sem hæstv. ráðherra hefur haft í þessum málum að ég tel og vík ég að því síðar, eins og síður er nú að segja í þessari umræðu.

Í öðru lagi hafði ráðuneytið á sínum tíma afskipti af breytingum á mælingareglum, send voru bréf til sjútvrn. og samgrn. sem ég ætla ekki að rekja.

Í þriðja lagi var spurt um hugsanlegar ívilnanir vegna erfiðleika að framfylgja undirboðstollaákvæðinu, en mér er auðvitað ljóst eins og hæstv. ráðherra að erfiðleikarnir þar að lútandi eru fyrst og fremst vegna þjónustunnar. Það er mjög erfitt að fylgjast með því hvort þjónusta er niðurgreidd erlendis eða ekki þótt það sé tiltölulega auðvelt þegar um nýsmíði er að ræða. Ég ætla heldur ekki að ræða það mál sérstaklega nema um það sé beðið og eftir því leitað. Ég er aðallega að víkja máli mínu til hæstv. fjmrh. til þess að benda á að auðvitað hafði síðasta ríkisstjórn afskipti af þessum málum.

Ég minni enn fremur á það að í tíð þeirrar ríkisstjórnar var leitað eftir því að Byggðasjóður fengi 200 millj. kr. til þess að geta bætt við þegar um skipaverkefni væri að ræða. Ég veit að hæstv. viðskrh. man eftir því og man eftir hver hans skoðun var á þessu máli, en

hann taldi eðlilegra að sú fyrirgreiðsla og önnur fyrirgreiðsla við skipaiðnaðinn færi í gegnum viðskrn. en ekki í gegnum Byggðastofnun og held ég að ég fari rétt með það mál. (**Viðskrh.:** Í gegnum viðskiptabankana.) Í gegnum viðskiptabankana og viðskrn. Ég endurtek: og viðskrn.

Þá vil ég minna á að það skip sem hér hefur verið rætt talsvert um og sú skipasmíð var auðvitað tilkomin vegna afskipta þáv. ríkisstjórnar og skal ég axla ábyrgð á þeirri ákvörðun eins og aðrir þeir sem þá ábyrgð bera.

En loks — og það er kannski stóra málið í þessu og ég fagna því nú að hæstv. sjútvrh. gengur í salinn, af því að ég tel að þar hafi verið brotið blað í þróun þessara mála — það er þetta: Það var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem ákveðið var að iðnrn. og Landssamband iðnaðarmanna fengju með tilstyrk Byggðastofnunar, Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs fyrirtækið AP Appledore til þess að gera úttekt á íslenskum skipaiðnaði.

Það var út af fyrir sig ekkert nýtt við það að gerð væri úttekt á skipaiðnaðinum. Það var margoft búið að gera það áður. Það sem var hins vegar nýtt, og ég vil að það komi hér skýrt fram því ég held að það sé ástæða til þess að menn átti sig á þróun mála, var að hæstv. sjútvrh. féllst á það að beita sér fyrir því að annars vegar Fiskveiðasjóður og hins vegar Landssamband útvegsmanna tæki þátt í þessu verkefni. Ég er honum þakklátur fyrir það og ég sé ekki ástæðu til annars heldur en að það komi skýrt fram hér við þessar umræður að í þessu máli tók hæstv. sjútvrh. vel í þessa málaleitan og þar með var brotið blað vegna þess að áður hafði iðnrn. eitt verið að paufast í þessum málum en allir vita að Fiskveiðasjóður heyrir undir sjútvrn. og tollamál og lánamál undir annaðhvort viðskrn. eða fjmrn. Þetta má hæstv. ráðherra eiga þó að í flestum öðrum greinum þegar ég leitaði til hans um þessi mál hafi hann verið staður eins og gamalt hross. Þá má hann þó eiga það að í þessu máli gekk hann fram fyrir skjöldu og féllst á það að vinna að þessu máli sem auðvitað var það eina vitræna. Það var að ná samstöðu milli þessara ráðuneyta þannig að hægt væri að vinna þær tillögur sem fleiri tækju mark á en þeir sem eingöngu væru í iðnaðinum því auðvitað snertir þetta mál útvegsmenn og útgerð í mjög stórum stíl. Ég vil að þetta komi skýrt fram, ekki síst vegna þess að hæstv. ráðherra hefur af samráðherrum sínum verið sakaður um það að vera það afl í ríkisstjórninni sem vilji íslenskan skipaiðnað dauðan. Hann vill hann ekki alveg dauðan, það er rangt, þó hann vilji kannski ekki mikið fyrir hann gera.

Þá kem ég að nýjasta þætti þessa máls sem er talsvert nýrri en sá sem ég hef nú verið að rekja. Sl. sumar, nánar tiltekið 6. júlí í sumar skrifaði ég hæstv. iðnrh. bréf. Þá hafði ég heyrt það sem menn hafa verið að ræða hér á undanförnum vikum að í raun og veru væri samkeppnin ekki eðlileg á milli annars vegar íslensku fyrirtækjanna og hins vegar þeirra erlendu sem hafa umboðsmenn hér á landi. Og þá er fyrst og fremst átt við þann iðnað sem er í tengslum við skipasmíðar en ekki skipasmíðarnar sjálfar. Af því tilefni skrifaði ég hæstv. ráðherra bréf, sagðist hafa frétt af því að þál. sú sem samþykkt var á sl. vori, en flm. hennar var hv. þm. Stefán Guðmundsson, hefði verið send frá forsrn. til iðnrn. og verið væri að vinna að málinu þar, og spurði í lok bréfsins til hæstv. iðnrh., og ég held að það sé full ástæða til að þetta komi hér fram, hvernig iðnrn. hygðist taka á vandamálum skipaiðnaðarins með tilliti til þál. og fyrirliggjandi skýrslu, en ljóst er að mörg fyrirtæki bundu miklar vonir við aðgerðir í framhaldi af samþykkt Alþingis.

Í bréfi iðnrn., sem dags. er 14. júlí, kemur fram að forsrn. hafði ekki enn þá sent þál. til iðnrn. og það er ekki fyrr en þann dag sem iðnrn. hefur samband við forsrn. til þess að fá þál. hv. þm. Stefáns Guðmundssonar til þess að geta síðan kynnt sér efni hennar, sem hæstv. ráðherra auðvitað þekkti, og unnið að framgangi málsins eins og hv. Alþingi hafði samþykkt. Þetta kemur skýrt fram í bréfi dags. 14. júlí frá iðnrn. sem stílað er til þess sem hér stendur. Í þessu bréfi segir orðrétt, og þar er verið að lýsa skoðunum hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Í umræðum um tillöguna á Alþingi lýsti iðnrh. því yfir að hann teldi ekki rétt að útvegsmenn séu skyldaðir fortakslaust til að bjóða út verk sem þeir þurfa að láta vinna. Slíkt gæti bæði verið kostnaðarsamt og tímafrekt og útvegsmenn hjóti á hverjum tíma að sjálfsögðu að leitast við að velja smíða- og viðgerðaraðila sem veitir þeim bestu og ódýrustu þjónustu."

Síðar í þessu bréfi segir: „Iðnrh. hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að jafn aðgangur verði að fjármagni hvort sem verkefnið er unnið hér á landi eða erlendis." Og þetta er undirstöðuatriði.

Síðan er vitnað til umræðunnar á Alþingi og segir orðrétt í bréfinu og er verið að vitna í ræðu hæstv. ráðherra: „Ráðherra taldi hins vegar ekki eðlilegt að krafa um bankaábyrgð væri almenn regla þegar skipasmíðastöðvarnar vinna verk fyrir innlenda aðila sem þær þekkja." Þetta er orðrétt úr bréfinu.

Hérna kem ég að atriði sem skiptir afar miklu máli. Ef erlendur aðili býður í verk, þá fást bankaábyrgðir. Erlendi aðilinn ber enga áhættu. Ef innlendur aðili fær verk, þá segir hæstv. ráðherra: Ef það er nægilegt traust á fyrirtækinu, þá er óþarfi að hafa bankaábyrgð. Nú hefur það gerst, og er til dæmi um það t.d. í Vesturlandskjördæmi svo að ég taki nú bara eitt dæmi sem ég man eftir, að fyrirtæki var vel stætt og lét gera verulegar endurbætur á sínu skipi. Skipið fór á vertíð til Snæfellsness og vertíðin var sú lélegasta sem þar hafði verið um áraraðir. Mjög illa gekk að fá greiðslurnar og þær hafa ekki enn komið allar til þess aðila sem annaðist þetta verkefni. Og ég spyr: Haldið þið að það hafi ekki lent á íslenskum skipaiðnaðarfyrirtækjum það sem hefur verið að gerast og er að gerast á Súgandafirði eða á Patreksfirði? Auðvitað bitnar það á þessum fyrirtækjum. En hvað gerðist þegar Portúgalarnir sendu hingað heim reikning upp á 30% hækkun? Þá gekk allt sjálfvirkt fyrir sig.

Það eru svona atriði — það eru nákvæmlega svona atriði sem menn eru að tala um í þessari grein þegar þeir eru að lýsa óánægju sinni. Það er að það er ekki sama meðhöndlunin eftir því hvort fyrirtækið sem annast verkefnið er hér á landi eða erlendis. Og það sem alvarlegast er er að hæstv. ráðherra finnst ekki að það eigi að vera sömu reglur. Hann hreinlega segir að það þurfi út af fyrir sig ekkert að vera sömu reglur af því að aðilar hér innan lands þekkist sín á milli. En auðvitað vita allir, a.m.k. allir sem hafa einhvern tíma séð sjó og séð fisk að það er svipull sjávaraflinn. Síðan segir orðrétt í þessu bréfi:

„Þá skal þess getið að iðnrh. hefur gert þá tillögu í ríkisstjórn að iðnrn. fái fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs. Með setu fulltrúa ráðuneytisins í stjórn sjóðsins drægi væntanlega úr tortryggni ýmissa aðila skipaiðnaðarins sem stundum hefur sýnt sig við lánveitingar Fiskveiðasjóðs til meiri háttar skipaviðgerða erlendis." Og hér staldra ég við.

Hér er komið að öðru lykilatriði. Það er það að Fiskveiðasjóður er aðallánasjóður íslenska skipaiðnaðarins. Hann heyrir undir sjútvrn. Í stjórn þess sjóðs eru fulltrúar bankakerfisins, eru fulltrúar sjútvrn., eru fulltrúar fiskvinnslunnar og það eru fulltrúar útgerðarinnar og fulltrúar sjómanna. Nú upplýsist hér að enn á ný hefur hæstv. iðnrh. óskað eftir því í ríkisstjórninni að fulltrúi úr iðnaðinum fái setu í stjórn þessa sjóðs. Það verður ugglaust ekki gert nema með lagabreytingu. Ég spyr: Hver var niðurstaðan í hæstv. ríkisstjórn? Var niðurstaðan sú að tillaga hæstv. iðnrh. var samþykkt? Eða var niðurstaðan sú að henni var hafnað? Þetta verða menn auðvitað að fá að vita því að 14. júlí í sumar lýsir hæstv. iðnrh. því yfir að hann hafi farið þess á leit við ríkisstjórnina að hann eða fulltrúi iðnaðarins hafi aðgang að stjórn sjóðsins sem auðvitað er ákaflega mikilvægt, mikilvægt vegna þess að þar kæmi þá inn aðili sem hefði hagsmuni skipaiðnaðarins í fyrirrúmi og gæti gengið eftir því hvort búið væri að bjóða út verkefni hér á landi áður en þau flytjast úr landi.

Þá segir í bréfinu og ég les enn orðrétt, enda hefur þessu bréfi ekki verið haldið sérstaklega á lofti af minni hálfu eða úr því verið birt á opinberum vettvangi. Orðrétt, með leyfi forseta:

„Viðskrn. hefur skrifað bönkum og sparisjóðum með vísun í þál. og nál. atvmn. Alþingis um að skilyrða fjármagnsfyrirgreiðslu við það að innlendum aðilum verði veitt færi á að keppa um verkefni á jafnréttisgrundvelli."

Hér staldra ég enn við og spyr hæstv. ráðherra: Hefur eitthvað breyst? Hæstv. forsrh. kom hér í ræðustól í dag og sagði að þessi samþykkt hefði verið gerð 1986. Hann vissi að vísu ekki hvort þetta hefði gengið eitthvað eftir. Og nú spyr ég: Hefur eitthvað gerst eftir að hæstv. viðskrh. skrifaði bönkum og sparisjóðum bréf, sem ég er reyndar með, og bréf það sem er vitnað til var skrifað 14. júlí, sama daginn og þetta bréf til mín er dagsett. En aðalspurningin er auðvitað sú: Hefur eitthvað nýtt gerst? Hefur eitthvað breyst? Hafi eitthvað breyst, þá ber auðvitað að fagna því. Ef það hefur ekki breyst, þá verður auðvitað að spyrja hæstv. ráðherra að því: Var þessi ráðstöfun gagnslaus og til hvaða ráðstafana ætlar þá hæstv. ráðherra að grípa til að tryggja það að hans skoðun nái fram að ganga? Þá held ég hér áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Þá mun ráðherra skipa nefnd frá aðilum skipasmíðaiðnaðarins til þess að fylgja eftir tillögum þeim og ábendingum sem fram komu í Appledore-skýrslunni. Að lokum vill ráðuneytið vekja athygli á að gert er ráð fyrir að ráðuneytið leggi fyllri skýrslu um þessi mál fyrir Alþingi á haustþingi eins og óskað er eftir í nefndaráliti atvinnumálanefndar."

Hér lýkur þessum lestri og hæstv. ráðherra hefur reyndar í sinni ræðu í dag gert þingheimi grein fyrir því að þetta muni verða gert og ég fagna því að sjálfsögðu.

Ég hef nú nokkuð rætt, virðulegur forseti, um bréfaskipti sem hafa farið á milli mín og ráðuneytisins á sl. sumri af gefnu tilefni, því tilefni sem varð til þess að þessi mál voru tekin upp í síðustu viku af hv. 5. þm. Norðurl. e. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni — og býð ég hæstv. hagstofuráðherrann velkominn hér í salinn. Hins vegar held ég að kannski sé ástæða til þess nú að líta á stöðuna í dag í þessum iðnaði sem við höfum talsvert verið að tala um.

Mér sýnist af mínum kynnum af þessu máli að það sé margt til í því sem kemur fram í skýrslu Appledore-fyrirtækisins um það að of mikil afkastageta hafi verið í íslenskum skipaiðnaði þegar skýrslan var skrifuð. Nú hefur það hins vegar gerst eins og menn vita að sumum stöðvum hefur verið lokað, því miður, og kannski ekki endilega þeim sem átti að loka, en auðvitað þýðir þetta það að afkastagetan hefur minnkað. Hins vegar kemur það rækilega fram, og ég held að það sé stórt atriði í þessu máli, að sérfræðingarnir, sem eru vel að sér og hafa kynnst þessum málum víða um heim, benda á að það þurfi að auka samvinnu á milli fyrirtækjanna og það þurfi að auka sérhæfinguna í fyrirtækjunum. Og þeir benda á, sem ég veit að hæstv. hagstofuráðherra þekkir mjög vel, að það þurfi að koma upp hér á landi fyrirtækjaneti eins og gert er annars staðar, ekki síst nú þegar þau standa frammi fyrir aukinni samkeppni erlendis frá eins og verða mun í Evrópu þegar Vestur-Evrópa verður einn markaður.

Appledore-skýrslan segir jafnframt frá því að það hljóti að vera hlutverk opinberra aðila að liðka til við þróun og hagræðingu — og taki menn nú eftir — í stað þess að beina niðurgreiðslum til þessa iðnaðar. Og ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra að það er engin ástæða til þess í sjálfu sér að niðurgreiða okkar iðnað. En við skulum vara okkur á einu, þ.e. að láta tímann nú líða þar til ríkisstyrkirnir hverfa upp úr 1992, kannski árin þar á eftir, styrkir sem eru á bilinu 20–35% á að giska hjá ýmsum Evrópuríkjum, við skulum ekki bíða svo lengi með okkar aðgerðir að skipasmíðaiðnaðurinn verði dauður á Íslandi þegar hann loksins verður samkeppnisfær vegna þess að ríkisstyrkirnir hafa verið felldir niður. Og hvað á

hæstv. ríkisstjórn að gera? Hún á auðvitað að hjálpa til við þróun og hagræðingu í þessari grein án þess að menn fari i kapphlaup um það að kaupa alltaf nýjustu og dýrustu tækin, enda er það alveg út í bláinn því að það eru tæki sem breytast frá einum tíma til annars. En það eru fyrst og fremst þessi atriði sem menn þurfa að takast á við til þess að það standi eftir einhver slíkur iðnaður þegar við verðum samkeppnisfær upp úr 1992. Það er lágmarkið. Ég sakna þess satt að segja að hæstv. iðnrh. skuli ekki hafa komið inn á þetta atriði í sinni ræðu jafnmikilvægt og það er fyrir allt landið, fyrir sjávarútveginn. Ég heyrði hins vegar að hæstv. hagstofuráðherra hafði skilning á þessu atriði, enda hefur hann komið nálægt skipasmíðastöðvum að undanförnu.

Ég ræddi það, virðulegur ráðherra, við hæstv. forsrh. áður en aðrir ráðherrar gengu hér í salinn að það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstjórn — og ég vil að hæstv. iðnrh. heyri það — að hlaupast undan merkjum og segja að það sé ekkert sem hún hafi gert sem í raun og veru hafi valdið þessum iðnaði erfiðleikum vegna þess að hæstv. ríkisstjórn með því að falsa gengi íslensku krónunnar, með því að greiða með útflutningi á fiski, með því að greiða niður rafmagnið, með því að endurgreiða söluskatt umfram þá uppsöfnun sem hægt var að sanna til sjávarútvegsins, þá var auðvitað verið að falsa gengið og gera þessum fyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum í iðnaði erfitt fyrir. Og hæstv. ráðherra getur ekki hlaupið frá því að hann ber sök á því og verður að axla ábyrgð af þessu máli eins og aðrir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni. (**Viðskrh.:** Hvenær var markaðshlutdeildin lægst, hv. þm.?) Ég skal fara í gegnum þennan reikning með hæstv. ráðherra ef hann er svo illa að sér að hann þarf að spyrja um þetta. Hefði hann komið hingað á réttum tíma í kvöld, þá hefði hann heyrt svarið við þessari spurningu. Ég lýsti því í upphafi ræðu minnar að það er ekki nóg að tala um markaðshlutdeild því þá verður maður að vita hvað markaðurinn var stór. Ég benti á í upphafi ræðu minnar að 1986 og 1987 þegar mikil uppsveifla var í sjávarútvegi var miklu meira um verkefni og þá hlaut auðvitað markaðshlutdeild íslensku fyrirtækjanna að lækka. Það sem skipti máli var að umfang skipaiðnaðarins á Íslandi minnkaði ekki á þessum tíma. Það minnkaði ekki fyrr en í ár eða í lok síðasta árs og verkefnin detta nánast alveg út á næsta ári. Þetta skýrði ég út því að spurning hæstv. ráðherra er leiðandi og gefur tilefni til þess að hann sé að láta í það skína að vegna þess að markaðshlutdeildin hafi verið lág þegar mest var að gera, þá sé það síðustu ríkisstjórn að kenna. Menn verða að átta sig á því — og ég veit að hann er svo mikill hagfræðingur og svo mikill stærðfræðingur að það hefur þýðingu í reikningi hve nefnarinn er stór og hve teljarinn er stór. Það veit hæstv. ráðherra, enda gat hann auðvitað sjálfur svarað þessari spurningu ef hann hefði viljað. Svo illa er hann hvorki að sér í reikningi né málefnum iðnaðarins.

Ég vil líka láta það koma fram að það mál sem hér er til umræðu er ekkert bundið við Akureyri. Vandamál Akureyringa er, eins og fram hefur komið, það að þeir hafa byggt skip sem þeir hafa ekki getað selt og það er auðvitað stóra vandamál þeirra í dag. En það er ekkert öðruvísi vandamál hjá þeim en öðrum skipaiðnaðarfyrirtækjum, þ.e. það blasir við verkefnaskortur á næstunni vegna þess m.a. sem ég hef lýst og eins vegna hins að þegar niðursveifla verður í sjávarútvegi og slær í bakseglin, þá er minna um verkefni því að menn láta vinna verkefni fyrir sig þegar vel gengur.

Ég ætlaði, virðulegur forseti, að rekja hér í þessari umræðu sem á nú að vera um atvinnumál nokkur atriði sem mér finnst full ástæða til þess að rekja þegar maður kemst í tæri við hæstv. ráðherra svo sem eins og þær miklu skattahækkanir sem dunið hafa yfir þjóðina, ekki síst fyrirtækin. Ég hefði meira að segja gaman af því að rifja það upp að hæstv. fjmrh. á sínum tíma, tveimur og hálfum mánuði áður en hann kom í núv. ríkisstjórn, lýsti því yfir, sem til er svart á hvítu í Þjóðviljanum, að efnahagsvandinn á Íslandi væri heimatilbúinn. Það væri enginn ytri vandi. Skilyrðin væru mjög góð. Þetta sagði hann rétt áður en hann kom inn í ríkisstjórnina. Orðrétt sagði hann: „Það eru því ekki óhagstæð ytri skilyrði sem skapa hinn mikla efnahagsvanda. Þau eru áfram Íslendingum í hag. Vandinn er algjörlega heimatilbúinn." Þetta var tveimur mánuðum áður en hann kom inn í ríkisstjórnina. Síðan hefur hann ekkert gert nema spila þá plötu aftur og aftur, að tala um hinn ytri vanda. Í þessari grein, sem hann skrifaði sumarið 1988, tók hann forvera sinn á beinið og hann kallaði það milljarða mistök í ríkisfjármálum að þá stefndi í talsverðan halla í ríkisfjármálunum. Þá var áætlaður halli reyndar ekki nema nokkur hundruð milljónir, kannski 2–3 milljarðar.

Ég spyr ykkur ágætu þingmenn: Hafið þið heyrt hæstv. fjmrh. koma hér upp í pontu og tala um milljarða mistök í ríkisfjármálum núna þegar hann er í fyrsta lagi búinn að leggja á 7 milljarða í nýja skatta, sýnir fjárlagafrv. fyrir næsta ár með þriggja milljarða kr. halla og segir svo svona eins og það sé eitthvert smámál: „Ja, það vantar svona u.þ.b. 5 milljarða upp á það að fjárlagadæmið gangi upp á þessu ári. Ég ætlaði reyndar að skila 600 milljóna tekjuafgangi."

Við munum nú eftir ræðunum hans þegar hann var að belgja sig út af því að nú væri loksins kominn maður við stýrið sem skildi hvað íslensk fjármál væru, 600 milljónir í tekjuafgang. Hefur hann komið hingað upp til að segja okkur hvað tekjuafgangurinn sé mikill? Hefur hann talað um milljarða mistök í ríkisfjármálum? Eða hafa alþýðuflokksráðherrarnir haft kjark til þess að svara fyrir sig og staðið upp og sagt: Jæja, hæstv. fjmrh., nú ert það þú sem ert ráðherra. Þegar hæstv. ráðherra Jón Baldvin var fjmrh. þá kallaði hæstv. núv. fjmrh. hallann milljarða mistök. Hafið þið heyrt hæstv. ráðherra Jón Baldvin eða hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson koma hér upp og segja við hæstv. fjmrh.: Hver á þessi milljarða mistök sem við horfum núna upp á?

Nei, það eru ekki mistök núna. Það er hinn ytri vandi. Hinn ytri vandi. Efnahagsvandinn, þessi ytri vandi, hann var nefnilega meiri en þeir höfðu gert ráð fyrir. Maður á nú varla orð til að lýsa því hvernig menn geta í raun og veru haldið áfram að starfa sem hæstv. ráðherrar jafnkjaftfullir og þeir eru af fyrri yfirlýsingum. Og svo þora þeir að koma hingað upp í ræðustól og ræða þessi mál eins og ekkert hafi í skorist. Það kalla ég mikinn kjark. Og vissulega verður hæstv. fjmrh. ekki vændur um það að hann sé kjarklaus.

Hæstv. ríkisstjórn hefur fyrst og fremst verið í björgunaraðgerðum með þeim hætti sem ég hélt að flestar vestrænar þjóðir hefðu fyrir löngu aflagt. Það eru skuldbreytingar á skuldbreytingar ofan. Með öðrum orðum er ekki verið að fá fyrirtækjunum rekstrarskilyrði, heldur er verið að teygja úr skuldabagganum sem auðvitað þýðir minni greiðslubyrði á ári hverju en fyrirtækin halda áfram að tapa og auka skuldir sínar.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um Atvinnutryggingarsjóð eða Hlutafjársjóð, ég hef gert það svo margoft. En það er alveg ljóst að ef ekki rætist meira úr á næstunni og gengið verður verulega hreyft til viðbótar, sem hæstv. forsrh. hefur að vísu lofað að gert verði um áramótin í síðasta lagi, þá safnast auðvitað upp nýjar skuldir. Ég hef þegar rætt um millifærslurnar og þegar menn eru að tala um það að nú sé komin ný gengisstefna þá bið ég menn um að athuga það að enn er gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn á yfirstandandi ári verði a.m.k. 8–9%. Og þegar um er að ræða slíkan viðskiptahalla þá er það kannski besta dæmið um það að gengi íslensku krónunnar er rangt skráð, það er eitthvað að. (**Viðskrh.:** 8–9% af hverju?) Af landsframleiðslunni, vergri landsframleiðslu. (**Viðskrh.:** Það er fjarstæða.) (**Gripið fram í:** Nei, nei, það eru 8–9 milljarðar.) Já, ég biðst afsökunar á þessu, þetta er rétt. Það mun vera innan við 3% ætlaði ég að segja. Sá reikningsglöggi maður sem hér kallar fram í á auðvitað skilið að fá skýr svör. Ég biðst afsökunar á þessum ummælum. Það eru sjálfsagt eitthvað innan við 3% sem eru 8–9 milljarðar, en því var spáð upphaflega að þetta yrðu um 10 milljarðar. Ég biðst afsökunar á að hafa farið rangt með þessar tölur, ekki síst af því að ég veit að það særir jafntalnaglöggan mann og hæstv. iðnrh. sem fyrr hefur kallað fram í þessa ræðu og fengið viðeigandi svör og vonast ég til þess að hann geri sér þetta svar að góðu.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég lýsa þeim hugmyndum sem ég tel að hefðu átt að vera grundvöllur í atvinnustefnu. Ég dreg ekki dul á það, og tala þar fyrir Sjálfstfl., að við eigum að nýta okkur lögmál markaðsbúskaparins á sem flestum sviðum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti hér í dag ræðu og sagði: Aðalvandamálið í atvinnulífinu er í fyrsta lagi fjármagnskostnaðurinn, í öðru lagi fjármagnskostnaðurinn og í þriðja lagi fjármagnskostnaðurinn. Síðan bætti hann við að vandinn væri frelsinu að kenna. Svona geta nú menn orðið þegar þeir hræðast frelsið. Sannleikurinn er auðvitað sá að fjármagnskostnaður verður ekki til nema fyrirtæki eða einstaklingar skuldi. Og ef um er að ræða hallarekstur dögum saman, vikum saman, mánuðum saman og árum saman þá auðvitað hlaðast upp skuldir og eftir því sem skuldirnar eru meiri þeim mun meiri fjármagnskostnaður. Þetta hljóta allir menn að sjá. Og ef menn ætla sér að fara gegn markaðslögmálunum, t.d. á fjármagnsmarkaðnum, og segja: Nú á bara að stýra vöxtunum, setja þá niður með handafli — eins og sumum hæstv. ráðherrum hefur dottið í hug að gera, en ríkisstjórnin hefur sem betur fer ekki gert — þá auðvitað hætta sparendur að spara eða breyta sínum sparnaði úr peningum í eitthvað annað, t.d. í fasteignir, og ný fjárfestingaralda ríður yfir. Menn verða nefnilega að átta sig á því að vextirnir eru afleiðing af þeirri stefnu sem ríkir í efnahagsmálum á hverjum tíma og því ójafnvægi eða jafnvægi sem ríkir á þeim markaði.

Þá kem ég að ábyrgð hæstv. fjmrh. Þegar hann kemur hér glaðbeittur upp í pontu, eins og það sé ekkert mál að reka ríkissjóð með verulegum halla, þá skulum við minnast þess að sá hallarekstur verður til þess að ríkið þarf að taka að láni fjármagn, annaðhvort erlendis eða hérlendis. Ef erlendu skuldirnar eiga ekki að aukast úr hófi fram verður að ná þessum peningum á innlendum markaði. Og ef fyrirtækin eru þannig búin að það eru ekki til rekstrarskilyrði til þess að reka fyrirtækin með ágóða, þá þurfa fyrirtækin jafnframt að sækja á þennan innlenda markað. Það er þetta ójafnvægi sem kýlir vextina upp. Þannig að ef einhver fer í grafgötur með það hver beri ábyrgð á háum og jafnvel hækkandi vöxtum þá er það fyrst og fremst einn maður, það er hæstv. fjmrh. og sú hæstv. ríkisstjórn sem hann starfar nú í.

Nú kemur auðvitað hæstv. fjmrh. fram fyrir þjóðina og segir: Sjáið þið ríkisskuldabréfin, spariskírteinin, náði ég ekki vöxtunum niður á þeim? Jú, vissulega gerði hann það. Hann gerði það með því að hóta að lækka vextina. Og það gerði hann síðan þannig að áður en hann lækkaði vextina kom fjöldi fólks og keypti sér spariskírteini. (**Fjmrh.:** Segðu svo að við þekkjum ekki markaðinn.) Auðvitað þekkir hæstv. ráðherra markaðinn og hann veit nákvæmlega að þetta er rétt sem ég er að segja. Samt ber hann höfðinu við steininn. Ég er ekki að frýja honum vits. Það dettur mér ekki í hug. Ég er bara að benda á að hann ber ábyrgð á þessu. Síðan þegar bréfin eru innleyst núna þá hækkar hæstv. ráðherra vextina um 1% sem er talsvert fyrir þá sem eru að innleysa sína peninga, ná í sína peninga, til þess að þeir kaupi aftur ríkisskuldabréf. Með öðrum orðum: Vextirnir fara upp um 1%. En það sem hann segir aldrei er að í sívaxandi mæli hefur hann verið að ná í peninga með því að selja ríkisvíxla. Og hverjir skyldu vextirnir vera á ríkisvíxlunum? Eru þeir 5% eða 6%? Mér er nær að halda að þeir séu yfir 10%. Yfir 10%. Með öðrum orðum: Hæstv. ráðherra, stærsti lántakandi á íslenska fjármagnsmarkaðnum hefur með stefnu sinni í ríkisfjármálum kýlt vextina upp. Svo kemur einn af

stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson, og segir: Stærsta vandamálið er fjármagnskostnaðurinn, fjármagnskostnaðurinn og fjármagnskostnaðurinn. Ég get sagt við hann: Stærsta vandamálið er ríkisstjórnin, ríkisstjórnin og ríkisstjórnin. Því það er hæstv. ríkisstjórn sem færir vextina upp.

Hæstv. ráðherra fjármála hefur sagt að á næsta ári, og undir það hefur reyndar forsrh. hæstv. tekið, muni allt falla í ljúfa löð, þá verði jafnvægi í íslenskan efnahagsbúskap. Trúa menn þessu? Muna menn hverjar spárnar voru fyrir yfirstandandi ár? Hverjar voru spárnar um verðbólguna á þessu ári? Þær voru 13–14%. Hver er raunin? A.m.k. 21% og líklega frekar 23%. Með öðrum orðum er verðbólgan 7–10% hærri en spáð var. Auðvitað gerist þetta aftur á næsta ári og þeim mun frekar sem það er ljóst að nú á opinberlega að viðurkenna það fyrir fram að reka eigi ríkisbúskapinn með miklum halla. Þetta veit hæstv. ráðherra og þetta veit hæstv. ríkisstjórn. En hún talar ekki um hlutina með þessum hætti því hún vill láta alþjóð halda að hún hafi tök á þessu máli.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara yfir mörg önnur mál. Það hefði vissulega verið ástæða til þess að nefna hérna jöfnun starfsskilyrða á milli atvinnugreinanna, ekki síst vegna þess að sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur leyft sér æ ofan í æ að beita sértækum aðgerðum í efnahagsmálum. Það mætti minnast á skattana eins og hv. þm. Halldór Blöndal málshefjandi minntist á og mun á skattlagningu á milli atvinnugreina. Það mætti minnast á sveiflujöfnun í atvinnulífinu, bæði með því að fjölga atvinnugreinum hér á landi, renna fleiri stoðum undir atvinnulífið, eins og t.d. að virkja orkulindirnar og koma upp stóriðju. Það væri gaman að heyra hæstv. fjmrh. fjalla um það hver sé hans skoðun á því. Eða með því að gera það innan fyrirtækjanna með því að leyfa fyrirtækjunum að safna í sjóði á feitu árunum og geyma slíka sjóði til mögru áranna eins og þingflokkur Sjálfstfl. leggur til í fyrirliggjandi frv. sem verða til umræðu síðar í þessari viku. Og loks, eins og hæstv. hagstofuráðherra benti á í dag, má auðvitað auka samstarf erlendra og innlendra fyrirtækja, bæði hérlendis og erlendis, til þess að tryggja betur okkar atvinnulíf á næstunni þegar um harðari samkeppni verður að ræða.

Virðulegur forseti. Ég hef nú talað hér í nokkrar mínútur um það mál sem er hér til umræðu utan dagskrár og við höfum verið að fjalla um í dag. Þetta er stórmál sem ég tel að hæstv. ráðherrar og hv. stjórnarþingmenn hljóti að taka þátt í að ræða. Það sem skiptir þó langsamlega mestu máli er að átta sig á einu, og það er kannski kjarnaatriðið, eitt af mörgum, stærsta kjarnaatriðið eins og karlinn sagði, og það er þetta:

Ríkisstjórn sem hefur misst traust fólksins, sem hefur ekki tiltrú, sem enginn trúir á, sem hefur tiltrú kannski 25% þjóðarinnar (**Gripið fram í:** 23%.) 23%, getur ekki leyst þessi verkefni. Það er þess vegna langsamlega mikilvægasta skrefið, ef menn vilja einhverjar framfarir í landinu í efnahagsmálum, að þessi hæstv. ríkisstjórn sem hér situr, jafnvel þótt hún hafi stækkað um tvo hæstv. ráðherra, átti sig á því að því fyrr sem hún fer frá þeim mun betra fyrir Ísland, þeim mun betra fyrir íslenskan þjóðarbúskap því þá fyrst er hægt að hefja það endurreisnarstarf sem við verðum að hefja sem allra fyrst. (**Fjmrh.:** Hvað stjórnaði Sjálfstfl. iðnrn. lengi?) Vegna þess að hæstv. ráðherra hefur óskað eftir svörum um það sem fæst í bókum þá skal ég verða við hans tilmælum, sækja þær bókmenntir sem þarf, þannig að hann geti sjálfur flett upp (**Fjmrh.:** Það eru fimm ár.) á því að það séu fimm ár sem Sjálfstfl. fór með iðnaðarmálin. Á þeim fimm árum gerðist heilmikið. Á þeim fimm árum gerðist það að íslenska þjóðin hvarf frá þeirri svartnættisstefnu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði fylgt í nafni hæstv. fjmrh. og flokks hans, stefnu sem byggðist á því að ekki mætti neitt gera hér á landi sem yrði til þess að við gætum virkjað fallvötnin og átt samvinnu við útlendinga um það að koma hér á stóriðju. (**Fjmrh.:** En hvað með innlenda iðnaðinn?) Varðandi innlenda iðnaðinn vil ég vísa til ræðu hæstv. fjmrh. sem sagði hér um daginn í umræðunni, eftir að ég hafði komið til umræðunnar, að hann viðurkenndi það að þá hefði verið hafist handa þegar sá sem hér stendur hafi orðið iðnrh. Bara það sýnir þó að a.m.k. einhver af iðnaðarráðherrum Sjálfstfl. hafi staðið sig. Og ég heyri að hæstv. ráðherra kinkar svo ótt og títt kolli að glymur í salnum. Vona ég að þetta svar nægi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég hafði skilið það svo að hér ætti að fara fram almenn umræða um stöðuna í atvinnumálum, en reyndin hefur orðið sú að hér hefur fyrst og fremst verið talað um skipasmíðaiðnað og þá sérstaklega stöðu eins fyrirtækis, en svo vill til að þetta fyrirtæki er í meirihlutaeigu ríkisins. Ég hafði nú haldið að þeir sem hófu þessa umræðu mundu líta á atvinnulíf Íslendinga í breiðara ljósi og er nánast furðulegt að hefja umræðu utan dagskrár undir þessu nafni. Það hefði þá verið nær að gera það undir öðrum formerkjum. En vera má að það sé vegna þess að umræða hafði áður farið fram utan dagskrár um málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri og því hafi verið nauðsynlegt að skipta þar um heiti.

En þó er það nú svo að það hefur lítillega verið talað um atvinnumál í breiðara ljósi, breiðara samhengi og hv. þm. Friðrik Sophusson sagði hér áðan að það væri aðalatriðið að núv. ríkisstjórn færi frá, svo hægt væri að fara að gera eitthvað af viti. Það verður hins vegar að krefjast þess af hv. þm., vegna þess að ég skil hann svo að hann sé að bjóða sig fram í verkið eins og eðlilegt er um stjórnmálamann, að hann segi þá eitthvað um það hvernig hann ætli að hafa þetta og hvað eigi að gera. Því ég segi það alveg eins og er að ég botnaði ekki nokkurn skapaðan hlut í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals að því er þetta varðaði og minnti helst á það þegar flokkar hér áður fyrr sem voru í stjórnarandstöðu og töluðu þá mikið um

kauprán og kjararán hófu upp rödd sína hér á Alþingi fyrir um svona eins og áratug síðan. En sem betur fer eru þessir flokkar löngu hættir því og kemur á óvart að Sjálfstfl. hefji nú upp sama sönginn.

Það sem hv. þm. sagði í stuttu máli var það að verðbólgan væri allt of mikil, gengisbreytingarnar hefðu farið allt of hægt, hefðu átt að vera miklu hraðari, en kaupmáttur launa væri allt of lágur og það ætti að hækka kaupið hið snarasta. Þetta var boðskapurinn. En sagði jafnframt að raungengið hefði ekki lækkað nægilega mikið. Ja, hvað hefur raungengi lækkað? Það hefur lækkað það mikið að það nálgast nú nokkuð og á ekki langt í land að ná meðaltali ársins 1986. Þeir félagar hafa haldið því fram að hér hafi átt að fara mun hraðar. Það má vel vera að það megi færa að því rök og ég get úr af fyrir sig tekið undir það að æskilegt hefði verið að fara hraðar í upphafi, þó sérstaklega á árinu 1987 og á árinu 1988, en þá studdum við sömu ríkisstjórnina, ég og hv. þm. Halldór Blöndal. En aðalatriðið er að ná árangri. Og ég er nokkuð viss um það að ef hraðar hefði verið farið þá hefði raungengið ekki lækkað jafnmikið. En það var nú ekki aldeilis það hljóð í hv. þm. Halldóri Blöndal nú að það ætti að reyna að viðhalda þessu raungengi því hann boðaði það hér í sinni ræðu að nú væri ekkert annað að gera en að hækka kaupið og tók undir með mörgum áróðursmeisturum á því sviði að launin skiptu bara engu máli í okkar þjóðarbúskap.

Launin eru nú ekki nema rúmlega 70% af landsframleiðslunni og hafa farið verulega upp á undanförnum árum, hvort sem hv. þm. Halldóri Blöndal líkar betur eða verr. En það gæti verið að þetta væri boðskapurinn sem Sjálfstfl. ætlaði nú að boða í komandi tekjuskiptingu sem fer fram á næsta vetri hér í landinu. Ef svo er þá held ég að hv. þm. Friðrik Sophusson ætti ekki að bjóða sig fram til þess að takast á við verkefnin því ef á að halda uppi slíkum málflutningi þá er það að sjálfsögðu ekkert annað en blekkingar.

En hvað um það. Ég næ þessu ekki heim og saman en ég fullyrði að það eru allt önnur og betri starfsskilyrði í dag fyrir íslenskan sjávarútveg en mjög lengi hefur verið. Hitt er svo annað mál að þessi skilyrði mega að sjálfsögðu batna en þau hefðu heldur aldrei náðst nema með starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs og þeim miklu skuldbreytingum sem þar hafa átt sér stað og er með ólíkindum að þm. Sjálfstfl. skuli ekki sjá þessar staðreyndir. Hvernig í ósköpunum ætluðu þeir að koma þessum fyrirtækjum fyrir vind án þess að til slíkra skuldbreytinga væri gripið og tímabundinna greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði? Þessar greiðslur hafa hins vegar lækkað og munu lækka meira, væntanlega vegna þess að það eru að eiga sér stað lítils háttar verðbreytingar á erlendum mörkuðum.

En hér hafa þessi mál ekki fyrst og fremst verið til umræðu heldur málefni skipasmíðaiðnaðarins sem er mikilvægur iðnaður í okkar landi, mikilvægur fyrir atvinnustarfsemi í ákveðnum byggðarlögum og mikilvægur fyrir íslenskan sjávarútveg. Hins vegar verða menn að skilja það að íslenskur sjávarútvegur getur ekki staðið undir sérstökum umframkostnaði vegna þessa iðnaðar en hann verður að sjálfsögðu að njóta sannmælis.

Það er ekki íslenskum sjávarútvegi til hagsbóta að það sé verið að bjóða niðurgreidd skip erlendis frá sem m.a. hefur orðið til þess að meiri endurnýjun skipa hefur átt sér stað í sjávarútveginum en nauðsynlegt var. En hér hefur m.a. verið lýst yfir að menn séu undrandi á því að Fiskveiðasjóður skuli hafa hafnað því að fjármagna það skip sem nú stendur nær fullbúið norður á Akureyri. Ég skil ekki þá menn sem tóku ákvörðun um að smíða það skip og enn þá síður skil ég þá menn sem ætluðu sér að smíða tvö slík skip, því það var hið upprunalega plan ráðamanna fyrirtækisins. Ég veit að fyrrv. hæstv. iðnrh. getur staðfest það að mér hefur aldrei litist á þetta plan og er eiginlega furðulegt að láta sér detta í hug að smíða skip fyrir 300 millj. kr. án þess að vita neitt um framhaldið. Ég hélt að menn hefðu fengið nóg af því að ganga í gegnum erfiðleikana í sambandi við raðsmíðaskipin og hvernig þurfti að koma þeim fyrir í veiðunum hér við land og ég hélt að menn hefðu þá reynt að stengja þess heit að gera slíka hluti aldrei aftur. Auðvitað var heldur ekkert vit í því plani eins og að því var staðið á sínum tíma þó bærilega tækist að koma þeim skipum til veiða, en það hefur m.a. orðið til þess að annar hluti flotans þurfti að draga saman veiðar vegna þeirra skipa á sínum tíma.

Það er að sjálfsögðu ekki hægt að leysa vandamál þessa skips með því að setja það inn í fiskiskipaflotann án þess að annað skip fari þar út á móti.

Sú áætlun sem send var stjórn Fiskveiðasjóðs byggðist upp á því að þetta skip veiddi samkvæmt veiðiheimildum hins fyrra skips, sem átti að fara út á móti, en það eru samtals 518 þorskígildi. Að sjálfsögðu var ekki hægt að borga niður allan kostnað með þeim veiðiheimildum svo gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlun að skipið skili 150 tonnum af frystri grálúðu og tæpum 1000 tonnum af frystum karfa. Þessi veiði er samtals 80% af tekjum þessa skips.

Ég skil varla í að nokkur maður sé undrandi á því að Fiskveiðasjóður hafni slíkri beiðni því þarna er gengið út frá því að viðkomandi skip geti þröngvað sér inn í veiðar sem ekki er raunhæft að byggja á og má t.d. geta þess að stórir togarar á norðursvæði hafa heimildir til að veiða miklu minna af karfa en þarna er gert ráð fyrir.

Þetta vildi ég nú upplýsa í þessu sambandi því það er að sjálfsögðu ekki maklegt, þó að beri að gagnrýna stjórn Fiskveiðasjóðs eins og aðrar stjórnir sjóða og stofnana hér á landi, þá er ekki maklegt að gera það með þessum hætti. Ég held það væri nær fyrir stjórn Slippstöðvarinnar sem tók þessa ákvörðun á sínum tíma að líta með dálítilli sjálfsgagnrýni á sjálfa sig. Hins vegar er nauðsynlegt að meta með raunhæfum hætti möguleika þessa fyrirtækis til frambúðar. Mennirnir sem tóku þessa ákvörðun á sínum tíma hafa að sjálfsögðu skert möguleika þessa fyrirtækis til langrar frambúðar því ég óttast að mjög erfitt muni verða að selja þetta skip.

Hins vegar er það slæmt vegna þess að hér er um að

ræða grundvallarfyrirtæki sem tengist íslenskum sjávarútvegi og það er vart hægt að hugsa sér að fyrirtæki sem þetta leggist niður, svo mikilvægt er það sérstaklega í viðhaldsþjónustu við flotann. En bæði eigendur þessa fyrirtækis og aðrir eigendur skipasmíðastöðva verða að átta sig á því að það eru engar líkur á að skipasmíðar verði stundaðar hér á landi fyrir fiskiskipaflotann af nokkrum krafti næstu árin. Ég er líka fullviss um að það verður nánast ekkert unnið við smíði á skipum fyrir Íslendinga á erlendum vettvangi heldur, af þeirri einföldu ástæðu að við þurfum ekki fleiri skip og við eigum þegar of mörg. Við þurfum að breyta okkar fiskveiðistjórnun með þeim hætti að alls ekki fjölgi skipum í flotanum. Það er heldur engin ástæða til þess, þótt einhver skip hverfi úr flotanum, að smíða önnur í þeirra stað.

Þetta eru nú staðreyndir málsins og auðvitað verða aðilar að skipuleggja sinn rekstur út frá því en ekki að láta sig dreyma um það að hægt sé að smíða hér skip á lager.

Það má vel gagnrýna það að mörg skip hafa verið smíðuð erlendis á undanförnum árum en ég hygg þó að raunhæft sé að halda því fram að innlendar skipasmíðastöðvar hefðu ekki getað tekið að sér mörg af þeim verkefnum þó það hefði verið hugsanlegt í einhverjum mæli.

Ég veit ekki betur en að það hafi verið þokkaleg verkefni hjá flestum skipasmíðastöðvanna nú á undanförnum árum og þar hefði ekki verið hægt að bæta miklu við en hins vegar er dauflegt um að litast fram undan og það á við flotann í heild sinni, jafnt innlendan skipasmíðaiðnað og verkefni sem hugsanlega væru unnin fyrir okkur erlendis.

Ég vildi nú fyrst og fremst upplýsa þetta en bréf um þetta efni var skrifað sjútvrn. á sl. vori, nánar tiltekið í lok maí, og erindi Slippstöðvarinnar um hugsanlega endurnýjun vegna þessa skips svarað 13. júní.

En án þess að ég sé að óska sérstaklega eftir því að hv. þm. Friðrik Sophusson geri betri grein fyrir stefnu flokksins í atvinnumálum sem ég vænti að hann muni gera á síðari stigum því ég er ekki að biðja hér um umræður langt fram eftir nóttu, þá verð ég að lýsa yfir undrun minni á því hvernig þeir ætla að koma þessari stefnu sinni saman. Eftir að ég hafði hlustað á hans ræðu og ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals þá botnaði ég lítið í samhenginu en á síðari stigum vænti ég þess að það verði leiðrétt þannig að ég fái skilið hvert þeir eru að fara.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða sem hér var hafin í dag, snemma nokkuð, átti að snúast um atvinnumál almennt. Ég mun hins vegar halda mig við þann þáttinn sem hér hefur verið ræddur talsvert, þ.e. skipasmíðarnar og það af mjög gefnu tilefni. Mig langar að leiðrétta nokkur atriði sem hér hafa komið fram og farið hefur verið ranglega með og fjalla um þann vanda sem íslenskur skipasmíðaiðnaður stendur frammi fyrir.

Ég vil í byrjun leiðrétta það sem kom fram hjá hv. málshefjanda að hæstv. iðnrh. hefði tekið stjórnarmenn og framkvæmdastjóra Slippstöðvarinnar inn á teppið. Það var á honum að skilja að hæstv. ráðherra hefði beitt þessa menn einhverju valdi og dregið þá inn á skrifstofu til sín til þess að lesa þeim pistilinn. Ég held að það sé best að sagan sé sögð eins og hún er rétt vegna þess að ég þekki hana frá upphafi. Það var ákveðið á stjórnarfundi Slippstöðvarinnar að leita til hæstv. iðnrh. og óska eftir fundi með honum ásamt fjmrh. og sjútvrh. Þessum boðum kom ég til hæstv. iðnrh. og hann leysti þetta mál skjótt og vel. Ég hygg að það hafi liðið þrír eða fjórir dagar frá því að þessi beiðni barst honum þangað til þessir þrír ráðherrar ræddu við tvo stjórnarmenn Slippstöðvarinnar og framkvæmdastjóra.

Í annan stað vil ég og get ekki látið hjá líða að leiðrétta það sem hér hefur komið fram eða mér skilist á orðum manna í umræðunni og gat ekki skilið öðruvísi en að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefði leitað eftir einhverjum niðurgreiðslum eða opinberum stuðningi við sinn rekstur. Ég kannast ekki við beiðnir af þessu tagi. Ég veit ekki til þess að forustumenn þessa iðnaðar á Íslandi hafi leitað eftir niðurgreiðslum vegna sinnar framleiðslu. Ef svo er þá hefur það farið fram hjá mér og komið einhvers staðar frá þar sem ég ekki þekki til.

Ég held einmitt að íslenskur skipasmíðaiðnaður hafi staðið sig ótrúleg vel í þeirri hörðu baráttu sem hann hefur átt í, við samkeppnisiðnað m.a. í Efnahagsbandalagslöndunum, í kommúnistaríkjum þar sem greidd eru lág laun og þessi iðnaður fær ótrúlega háa ríkisstyrki.

Það sem skipasmíðaiðnaður á Íslandi hefur farið fram á og beðið um kemur ákaflega skýrt fram í bréfi sem er undirritað af núv. hæstv. forsrh. og ritað var 2. sept. 1986. Þar eru rakin þau fjögur meginatriði sem þessi iðngrein hefur farið fram á og óskað eftir að gert yrði svo hún gæti starfað betur og gert betur við þann iðnað sem nú er að komast á heljarþröm. Í bréfi hæstv. núv. forsrh. segir, með leyfi virðulegs forseta, þetta er skrifað framkvæmdastjóra Sambands málm- og skipasmiða:

„Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 24. júní sl., um viðhald og endurnýjun fiskiskipastólsins hefur ríkisstjórnin á fundi sínum í dag samþykkt eftirfarandi:" — Takið eftir: Samþykkt eftirfarandi:

„1. Opinberum sjóðum verði tilkynntur sá vilji ríkisstjórnarinnar að leita skuli tilboða innan lands um endurbætur og viðhald fiskiskipa og samanburður gerður á slíkum tilboðum og erlendum og þau metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.

2. Lögð verði áhersla á það við viðskiptabankana að bankaábyrgðir vegna skipasmíðaverkefna innan lands verði sambærilegar og þær sem veittar eru þegar verkefnin eru unnin erlendis."

Í báðum þessum tilvikum liggur fyrir með þessu bréfi viðurkenning ríkisstjórnarinnar á því að þessi íslenski iðnaður búi við önnur kjör en samkeppnisiðnaðurinn.

Í þriðja lagi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin samþykkir að gera ráð fyrir lántökuheimild til Byggðasjóðs eins og verið hefur undanfarin tvö ár þannig að sjóðurinn geti veitt viðbótarlán vegna viðgerðarverkefna hér á landi svo lánin verði 80% af kostnaði.

4. Þess verði farið á leit við Iðnlánasjóð að hann veiti skipaiðnaðinum samkeppnislán til þess að mæta sérstökum undirboðstilboðum eða niðurgreiðslum frá erlendum skipasmíðastöðvum."

Þetta er ekki óskalisti frá íslenskum skipasmíðaiðnaði, þetta er bréf frá hæstv. forsrh.

Alþingi Íslendinga ítrekaði og staðfesti þessa skoðun með þáltill. sem samþykkt var á síðasta þingi. Fyrsti flm. þeirrar till. var hv. þm. Stefán Guðmundsson og í henni koma fram nánast öll þau atriði sem getið er um í bréfi hæstv. forsrh.

Að þessu fengnu og með þetta hvort tveggja í huga þá held ég að það hljóti að verða fremur óskiljanlegt, svo ég taki ekki dýpra í árinni, af hverju menn hafa ekki hreyft sig hraðar í þessu máli. Af hverju menn hafa ekki gert betur við þennan iðnað sem nú er að fara fram af hömrunum í eiginlegri merkingu þess orðs. (Gripið fram í.) Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að þessi iðngrein hefur ekki beðið um niðurgreiðslur eða stuðning úr ríkiskassanum, það hefur hún ekki gert. Hins vegar hefur þessi iðnaður orðið að þola ákaflega neikvæða gagnrýni. Ég hef meira að segja heyrt það frá sumum hv. þm. að það væri ekki hægt að eiga viðskipti við íslenskar skipasmíðastöðvar vegna þess að þær skiluðu verkum sínum allt of seint, allt of illa og væru alls ekki samkeppnisfærar í verði. Þetta er bara alrangt. Þetta er alröng skoðun og því til sönnunar get ég lesið hér upp úr samantekt sem gerð var á síðasta ári, yfirlit yfir 52 íslensk útboð á tímabilinu 1985–1988, hverjir buðu, hvernig tilboðin voru, hverjir voru hæstir og hverjir voru lægstir. Það kemur í ljós við þessa athugun að í 35,7% tilvika eru Íslendingar með lægstu tilboðin á móti 32,8% frá útlendingum. Þar af er t.d. Slippstöðin í sama hlutfalli með lægst tilboð í 44,2% tilvika. Þegar kemur að hæstu flokkunum, hverjir eru með hæst tilboð, kemur óvart í ljós að það eru erlendu aðilarnir sem í langflestum tilvikum eru hæstir. Auðvitað kemur að því í svona umræðu að menn nefni dæmi eins og t.d. útboð vegna Vestmannaeyjaferju og segi eins og hæstv. forsrh. sagði hér í dag: Íslenska tilboðið var upp á 1,6 milljarða, pólska tilboðið var upp á 700 millj. kr. Við þetta er auðvitað erfitt að keppa. En ég get greint hv. þm. frá því að það hefur verið reiknað út í Slippstöðinni á Akureyri að pólska tilboðið, sú upphæð sem þar kemur fram dugar ekki fyrir efniskostnaði. Á þessu geta menn séð við hvað verið er að stríða á þessum vettvangi.

Ég get nefnt fjölmargar aðrar tölur og það nýlegar tölur um viðgerðarútboð þar sem íslensku fyrirtækin eru langsamlega lægst og þá spyr maður sig þessarar spurningar: Hvernig stendur á því að íslensku fyrirtækin fá ekki þessi verkefni? Hvernig stendur á því að íslenskir útgerðarmenn sem vilja láta samlanda sína gera við skip sín fá ekki bankaábyrgðir vegna viðgerða hér á landi, en fá þær ef þeir láta gera við erlendis? Ég hefði talið, í þeirri stöðu sem við erum í nú, að með þessu móti værum við að hjálpa öðrum þjóðum til að halda niðri atvinnuleysi, en auðvitað á það að vera á hinn veginn. Við eigum að halda niðri atvinnuleysi í okkar eigin landi.

Virðulegi forseti. Ég er í máli mínu ekki að gagnrýna í raun eina ríkisstjórn umfram aðra. Ég held bara að stjórnvöld yfir höfuð á undanförnum árum hafi ekki viljað taka á þessum vanda, m.a. af þeirri ástæðu sem hér hefur verið nefnd, að sveiflurnar í sjávarútvegi á Íslandi eru með þeim hætti að stöðvarnar hafa á stundum haft yfrið nóg að gera, en í annan tíma allt of lítið.

Ég vil líka benda á það að í tengslum við þennan iðnað hafa viðgengist afskaplega óheppilegir viðskiptahættir, svo að ég taki ekki dýpra í árinni, m.a. varðandi tilboð. Ég gerði það á fjölmennum starfsmannafundi í Slippstöðinni á Akureyri að lesa upp bréf sem ég hafði undir höndum frá Vélsmiðju Sigurðar Sveinbjörnssonar um það hvernig háttað hefur verið tilboðum þegar íslensk fyrirtæki hafa komið út með lægstu tilboðin, en síðan hefur verið brugðið á það ráð að skjóta inn nýjum tilboðum frá umboðsmönnum erlendra fyrirtækja sem hafa þá gjarnan verið mun lægri en þau íslensku. Svona vinnubrögð verður auðvitað að stöðva og ég treysti því að í þeirri endurskoðun sem hæstv. iðnrh. hefur nú beitt sér fyrir varðandi skipasmíðar á Íslandi verði þetta atriði skoðað sérstaklega.

Það verði einnig kannað með hvaða hætti starfsmenn ráðgjafarfyrirtækja starfa gagnvart þessari grein, hvort þeir fara með umboð fyrir erlenda aðila, vélar og tæki sem þeir af bersýnilegum hagsmunaástæðum mundu mæla með í þau skip sem þeir fara með í það og það skiptið.

Ég held að það sé rétt, virðulegi forseti, að hér sé farið með nokkrar tölur sem sýna þróun þessara mála á allra síðustu árum. Á árunum 1982–1988 voru 22 skip smíðuð erlendis, og eru þau samtals 9250 rúmlestir að stærð. Á sama tíma voru aðeins 14 skip smíðuð hér innan lands sem er rétt um þriðjungur rúmlestafjölda skipanna sem smíðuð voru erlendis eða 3850 rúmlestir. Frá ársbyrjun 1989 hefur verið samið um smíði á 14 skipum erlendis, samtals 3900 rúmlestir. Þetta er gert á sama tíma og fyrirsjáanlegur er umtalsverður samdráttur í íslenskum skipasmíðum. Og ég fyrir mína parta verð að lýsa talsverðri sök á bæði sjóða- og lánakerfið hérlendis og ég verð að segja það að mér þykir að stjórnvöld hafi látið þessa þróun ganga allt of hratt í þá átt sem við horfum nú til, þ.e. eyðingaráttina. Þetta verður að breytast. Það er auðvitað hárrétt, hins vegar, sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að það er ekki fyrirsjáanlegt að hér á Íslandi eða erlendis verði smíðuð mörg skip, fiskiskip fyrir Íslendinga á næstu árum. Hins vegar tel ég mig hafa heyrt þessa setningu einhvern tíma áður. Það eru smíðuð skip erlendis og skipt út skipum fyrir þau, en ég held því miður að það hafi annað gerst um leið

og það er einfaldlega það að þrátt fyrir það að skipastóllinn hafi ekki vaxið verulega hafi hins vegar sóknargeta flotans aukist umtalsvert, einfaldlega vegna þess að nýju skipin eru kraftmeiri, tæknilega betur útbúin og geta náð í miklu meiri afla á miklu skemmri tíma en eldri skipin geta. Þetta er líka atriði sem menn verða að hafa hugfast þegar þeir ræða þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil bara skora á þá hæstv. ráðherra sem hafa með þennan málaflokk að gera, að þeir taki nú rösklega í gömlu taumana og reyni að sjá til þess að þessi iðnaður verði ekki drepinn í dróma eða bara endanlega drepinn. Sums staðar heyrir maður það að ráðamenn hafi áhuga á því að koma þessum iðnaði fyrir kattarnef. Ég vil ekki trúa því fyrr en ég tek á því og ég vil að það verði skilaboð þessarar umræðu, sem hefur snúist að verulegu leyti um skipasmíðaiðnaðinn, skilaboðin til þeirra 400 manna sem sagt hefur verið upp í þessari grein, að þeir megi treysta því að allt verði gert sem unnt er að gera til þess að koma í veg fyrir hrun greinarinnar.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérstakt að hv. Alþingi skuli vera búið að ræða hér atvinnumál í — ætli það sé ekki um 8 tíma án þess að hv. ræðumenn, hv. alþm. og ráðherrar, hafi komist að ráði út fyrir það að ræða aðeins einn þátt íslenskra atvinnumála, þ.e. skipasmíðar, ekki síst þegar við minnumst þess að á fimmtudag í síðustu viku varð hér umræða utan dagskrár um þetta sérstaka mál og hefðu margir haldið að sú umræða hefði átt að nægja að vissu leyti til þess að fjalla um þann þátt íslenskra atvinnumála. Og það er svolítið furðulegt að heyra fulltrúa Sjálfstfl. (Gripið fram í.), þm. Sjálfstfl. koma hér upp í ræðustól, fyrrv. ráðherra Sjálfstfl., og spjalla um stöðu mála í þessum eina atvinnuvegi við fyrrverandi samráðherra sína úr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, spyrja ákveðið: Hefur nokkuð breyst? Er þetta bara alveg eins og þetta var hjá okkur? og halda því fram við aðrar aðstæður að hlutirnir séu á einhvern annan máta en þeir voru þá. Hv. fyrrv. iðnrh., 1. þm. Reykv., talaði mikið um það við hæstv. forsrh. að þetta hefði nú verið dálítið öðruvísi þegar hann sjálfur var iðnrh.

Það vill svo til að hér í dag var dreift gögnum frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja. Hv. 2. þm. Vesturl. las upp úr bréfi frá því félagi. Með þessu bréfi fylgdu líka ansi skemmtileg súlurit, súlurit sem sýna hvernig þróunin hefur verið í þessum iðnaði. Þau sýna að aldrei hefur verið eins mikið unnið fyrir íslenska aðila í erlendum skipasmíðastöðvum en á síðasta ári, þ.e. 1988 þegar hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson var iðnrh. Ég vænti þess að hv. þingmenn hafi lesið þetta bréf og flett upp súluritunum sem því fylgdu. Það kemur sem sagt í ljós að á árinu 1988 er unnið í erlendum skipasmíðastöðvum fyrir tæpar 4000 millj. á vegum íslenskra aðila á sama tíma og unnið er í íslenskum skipasmíðastöðvum fyrir um 2000 milljónir, næstum því tvöföldun sem er unnið á erlendum markaði. Þetta er undir stjórn hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar. Og er nú ekki nema von að hann ásamt öðrum þingmönnum Sjálfstfl. komi hér upp og býsnist yfir stöðunni í dag. En því miður, það er eins og hv. þm. var einnig að spyrja um: Hefur þetta ekkert breyst? Þetta hefur nefnilega ekkert breyst. Við stöndum því miður í ósköp svipuðum sporum og í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. (**HBl:** Þm. er ánægður með Stykkishólm.) Ég er alls ekki ánægður með Stykkishólm. Það er langt frá því. En þetta er afleiðing gjörða fyrri ríkisstjórnar fyrst og fremst og þess að núv. ríkisstjórn hefur ekki brotið sig út úr venjum og hefðum fyrri ríkisstjórnar, rekur í þessu tilfelli alveg sömu pólitík og rekin var í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Til viðbótar við þetta súlurit, sem ég var að sýna þingmönnum hér og þeir hafa á borðum sínum sjálfsagt flestir, geri ég ráð fyrir að inn í þetta dæmi, inn í þessa stóru súlu, komi ekki allur smábátaflotinn sem fluttur hefur verið inn og fluttur var inn sérstaklega á árinu 1988. Það hefur þó orðið nokkur breyting á árinu í ár. Það hefur minnkað innflutningur á smábátum, en hann var óhóflegur á árinu 1988. Er nú ekki nema von að þessir höfðingjar, bæði hv. 2. þm. Norðurl. e. og 1. þm. Reykv. komi hér upp og haldi langar ræður og tali um atvinnumál, fyrst og fremst út frá stöðu þessa eina atvinnuvegar og býsnist yfir því að hlutirnir hafi ekkert breyst? En svo er nú ekki. Hitt er þó mikið furðulegra að hér skuli vera hafin umræða og búin að standa þann tíma sem ég nefndi áðan og ekki rætt um fleiri þætti íslenskra atvinnumála en þennan eina þátt. Það vantaði þó ekki að hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal fengi aðstöðu til þess að auglýsa og boða þessa miklu utandagskrárumræðu sem hann ætlaði að standa hér fyrir í þinginu á þessum degi.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa það sem hv. þm. sagði um hina væntanlegu utandagskrárumræðu sem hann mundi standa fyrir hér í dag og hann tilkynnti þingheimi á fimmtudaginn var við upphaf umræðu um skipasmíðina. Eftir að hann hafði ávítað forseta fyrir það að leyfa ráðherrum að tala heldur lengi, þá segir hann, með leyfi forseta:

„Ég vil aðeins segja að lokum, hæstv. forseti, að ég þakka fyrir að hafa fengið heimild til þess að tala utan dagskrár á mánudag, [þ.e. í dag] ótímabundið, um ástand í atvinnumálum. Ástæður þess að ég fer fram á þessar umræður eru í fyrsta lagi að hæstv. ráðherrar hafa farið með ósannindi, bæði hér í þingsölum og í samtölum við fréttamenn sem nauðsynlegt er að leiðrétta og ég mun gera á mánudaginn."

Ég auglýsi nú alveg sérstaklega eftir þessu. Ég varð ekki var við að hv. þm. væri nokkuð að minnast á að ráðherrar hefðu verið að fara með ósannindi. Hann komst ekki frá þessari lokuðu umræðu sinni um skipasmíðaiðnaðinn. Hann nefndi ekki landbúnað, hv. þm. Egill Jónsson, og hann nefndi heldur ekki sjávarútveg.

„Ástæður þess að ég fer fram á þessar umræður eru

í fyrsta lagi að hæstv. ráðherrar hafa farið með ósannindi, bæði hér í þingsölum og í samtölum við fréttamenn sem nauðsynlegt er að leiðrétta og ég mun gera á mánudaginn.

Í öðru lagi er ástæðan sú að ráðherrar svara ekki beinum fyrirspurnum sem til þeirra er beint í umræðum t.d. um lánsfjárlög og fjárlög." Ég varð ekki var við að hv. þm. nefndi þessa þætti. Hann á sjálfsagt eftir að gera það hér síðar í nótt.

„Í þriðja lagi vegna þess að hæstv. ráðherrar hafa tekið upp þann sið að vera ekki viðstaddir í þinginu þegar hin þýðingarmestu mál eru til umræðu eins og fjárlög og lánsfjárlög, rétt aðeins sá ráðherra sem málið heyrir undir er við. Því er óhjákvæmilegt að efna til sérstakrar umræðu í Sþ. til þess að kalla þessa ráðherra til svara og þeir ráðherrar sem ég hef óskað eftir að mæti hér kl. 2 á mánudag eru hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh., hæstv. iðnrh. og að lokum, þó af öðru tilefni sé en ég hef nú gert grein fyrir, hæstv. sjútvrh. sem ég vil þó taka fram að er mjög til fyrirmyndar í sinni embættisfærslu og í samskiptum sínum við þingmenn."

Hann nefnir hér þennan hóp ráðherra og ég hef ekki orðið var við að hv. þm. né heldur 1. þm. Reykv. hafi komist út fyrir það að tala um þetta einstaka málefni að öðru leyti en því að hv. 1. þm. Reykv. talaði nokkur orð við fjmrh. um skatta. Þannig er nú komið á Alþingi Íslendinga þegar verið er að tala um atvinnumál að það má ekki tala um það sem skiptir kannski mestu máli. Það er ekki talað um sjávarútvegsmál. Þau eru ekki nefnd á nafn nema aðeins sjútvrh. sem kom hér upp í ræðustól og nefndi þennan undarlega málflutning og kom því að um leið að að hans áliti væri staða sjávarútvegs allt önnur og betri nú en oftast áður. Skyldu nú þingmenn Sjálfstfl. vera sammála þessu? Það hlýtur að vera fyrst þeir sáu ekki ástæðu til, þegar verið er að ræða um atvinnumál, að nefna sjávarútveg á einn eða neinn hátt annan en þann þegar þeir gátu tengt það skipasmíðaiðnaðinum, að skipasmíðaiðnaðurinn ætti í erfiðleikum vegna bágrar stöðu sjávarútvegsins.

Það er nú kannski rétt að minna aðeins á hvernig staðan er í sjávarútveginum og vita hvort hv. þm. Sjálfstfl. séu ekki til í að líta á þann þátt að einhverju leyti. Við sáum í DV í dag frétt um það að vanskil í Byggðastofnun á árinu í ár væru komin í 1200 millj. kr. Og þar er fjallað um það hvernig staða sérstaklega sjávarútvegsfyrirtækja hefur orðið meira og meira á þann veg að þau hafa ekki getað staðið við skuldbindingar sínar og stofnun eins og Byggðastofnun orðið að taka á sig stærri og stærri áföll. Þetta er ekki málefni sem Sjálfstfl. telur nauðsynlegt að ræða hér þegar rætt er um atvinnumál.

Það var upplýst á fiskiþingi hvernig þróunin væri í sambandi við nýtingu íslensks sjávarafla. Þar var m.a. upplýst að nú væri staðan orðin sú að u.þ.b. 12% af botnfiskafla á Íslandi væru sjófryst. Það væri ekki lengur talin ástæða til að koma með aflann að landi til þess að vinna hann í íslenskum fiskvinnslustöðvum, heldur væri hann sjófrystur og það væri komið upp í þetta stóran hluta af íslenskum botnfiskafla. Sjálfstæðismönnum þykir sjálfsagt ekkert til um þetta og telja það sjálfsagt góða þróun að farið sé með vinnuna frá fiskvinnslustöðvunum út á haf, það sé sem sagt verið að breyta stöðunni í okkar landi á þann veg að það sé jafngott að gera fiskiskip út frá Cuxhaven eða Bremerhaven eða Hull, það megi alveg eins vinna þetta um borð eins og að nota aðstöðu Íslands sem fiskistöðvar í miðjum fiskimiðunum og nýta aflann í landi. (Gripið fram í.) Mér finnst alveg fráleitt að byggja íslensk fiskiskip á þann máta að þau séu um leið fiskvinnslustöðvar. Það er alveg fráleitt. Og eitt af því sem varð til í ríkisstjórnartíð Þorsteins Pálssonar og þar á undan Steingríms Hermannssonar er þessi stórkostlega uppbygging verksmiðjuskipa sem að meginhluta til, og næstum eingöngu, var byggð upp í erlendum skipasmíðastöðvum, sem sagt undir ráðherradómi hv. þm. Friðriks Sophussonar.

En það er kannski rétt að upplýsa það aðeins hvernig nýting botnfiskaflans okkar er og ég ætla að leyfa mér að lesa hér fyrst úr grein í Þjóðviljanum sem birtist í síðustu viku, með leyfi forseta:

„Hagnýting fiskafla á síðustu árum hefur verið mjög óhagstæð fiskvinnslunni í landi þar sem sífellt stærri hlutur botnfiskaflans er ýmist sjófrystur eða fluttur óunninn út með gámum. Það er síðan umhugsunarefni hver skipan þessara mála verður í framtíðinni með tilliti til byggðaþróunar, hagsmuna fiskvinnslunnar og ekki síst fiskvinnslufólks." Þetta er haft eftir Jónasi Blöndal, skrifstofustjóra Fiskifélags Íslands, á fiskiþingi.

Og greinin heldur áfram: „Hlutur sjófrystingar og útflutnings í gámum sem tóku til sín óverulegt magn árið 1981 nálgast að vera fjórðungur botnfiskaflans árið 1988." — Heyrið þingmenn. Fjórðungur botnfiskaflans er fluttur út óunninn.

„Sá hluti aflans sem ekki var settur í hefðbundna landverkun var á síðasta ári alls tæpur þriðjungur aflans en var árið 1981 einungis um 5%. Þetta kemur fram í Útvegi, sem hagdeild Fiskifélags Íslands gefur út.

Sú grein fiskvinnslu sem mestur vöxtur var í á síðasta ári var sjófrysting. Það magn af botnfiski sem ráðstafað var á þennan hátt jókst um 67% og voru tæp 85 þús. tonn fryst á hafi úti. Árið 1987 nam sjófrysting rúmum 50 þús. tonnum. Auk þess voru um 10 þús. tonn af rækju fryst um borð. Hlutur sjófrystingar hefur því aukist úr engu árið 1981 í það að vera 12% af heildarbotnfiskaflanum.

Meðalvöxtur sjófrystingar á ári hefur því verið um 67%. Ef þessi aukning verður svipuð á næstu árum kemst hagdeild Fiskifélagsins að þeirri niðurstöðu að í ár verði fryst 150 þús. tonn á hafi úti og 250 þús. tonn árið 1990. En heildarbotnfiskafli togara árið 1988 var 410 þús. tonn." — Takið eftir þessari tölu sem gæti verið fryst árið 1990, þ.e. 250 þús. tonn. Það er sama magn og Hafrannsóknastofnun leggur nú til að verði veitt af þorski á næsta ári. Slík er þróunin í þessari atvinnugrein á Íslandi. Það er verið að flytja meginhlutann af fiskvinnslunni annaðhvort á haf út eða til

fiskvinnslustöðva erlendis. Þetta er málefni sem Sjálfstfl. þegar hann kemur hér upp á hv. Alþingi eftir að hafa verið utan ríkisstjórnar í rúmt ár og liðið illa, þetta er málefni sem Sjálfstfl. telur ekki ástæðu til þess að fjalla um. Hvar eru nú hugsjónir Ólafs Thors? Hvar eru nú útvegsmennirnir sem byggðu upp Sjálfstfl.? (**FrS:** Við skildum þetta eftir handa þér, hv. ræðumaður.) Ja, ég geri nú ráð fyrir því að fyrirrennarar í forustusveit Sjálfstfl. hefðu aldrei sagt slíka setningu sem þessa að þeir skildu eftir einhverja hluti, og síst af öllu í sambandi við sjávarútveg á Íslandi, fyrir einhverja aðra flokka. Er nú reisnin að minnka enda kannski sumir menn ekki lengur í forustusveitinni?

En það er ýmislegt fleira að gerast heldur en þessi þróun í sjávarútvegi og því miður er það nú svo að það er ekki nóg að hlutirnir séu á þann veg sem ég var að lýsa hér í sambandi við þróun fiskvinnslunnar, heldur er þróunin sú þrátt fyrir það að hæstv. sjútvrh. segi að hlutirnir séu hvað bestir nú gagnvart stöðu sjávarútvegsins en hefur lengi verið, þá vil ég nú segja það að þá hefur það oft verið vont ef þeir eru hvað bestir nú.

*Það er alveg rétt að nokkuð mörg sjávarútvegsfyr*irtæki hafa nú betri greiðslustöðu en áður var vegna þess að miklum fjármunum hefur verið ráðstafað til þessara fyrirtækja í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og það er hægt að setja upp dæmi um afkomu þessara fyrirtækja og stöðu þessara fyrirtækja á annan máta en gert var áður. En staðreyndin er aftur á móti á hinn veginn að þau fyrirtæki sem ekki nutu fyrirgreiðslu vegna þess að þau höfðu betri stöðu, eða eins og kallað er núna höfðu betri eiginfjárstöðu en þau fyrirtæki sem notið hafa fyrirgreiðslu hjá Atvinnutryggingarsjóði, þau fyrirtæki e . nú að lenda í svipaðri stöðu og atvinnutryggingarsjóðsfyrirtækin voru í í fyrra vegna þess að rekstrarstaða sjávarútvegsins hefur ekki verið bætt svo sem þörf er á. En að sjálfstæðisþingmennirnir nefni það á nafn. Nei, það þarf að koma þingmaður úr stjórnarliðinu til að segja frá því. Þeir hafa ekki kjark eða ekki getu eða ekki vilja til þess að nefna slíka hluti og þá þróun sem á sér stað í sambandi við þennan undirstöðuatvinnuveg okkar.

Það er nú svo að við eigum sem betur fer ansi myndarlegt dagblað sem heitir Morgunblað. Oft og tíðum koma í því blaði ýmsar gagnmerkar fréttir og það bendir á ýmsa hluti sem menn hafa ekki tök á að átta sig á, en þá bjargar Morgunblaðið mönnum í þeim tilfellum. Og það gerði það allrækilega sunnudaginn 29. okt. sl. Það birti þá merkilegar upplýsingar um tap á gjaldþrotum í þjóðfélaginu á undanförnum missirum. Ég geri ráð fyrir því að flestir hv. þm. hafi séð þessa grein. Ég var nú með hugann við það þegar ég bað um orðið að lesa svolítið upp úr þessu plaggi, notfæra mér svipaða aðstöðu og hv. 2. þm. Norðurl. e. að lesa hér dálítið upp úr ræðustól á Alþingi, en mér finnst nú vera orðið það áliðið að ég mun sleppa því. En ég held að fáar fréttir hafi upplýst betur hvernig landinu okkar hefur verið stjórnað á undanförnum árum heldur en þessi listi Morgunblaðsins um gjaldþrot hringinn í kringum landið.

Við vitum það öll að sú staða að fyrirtæki lendi í gjaldþroti á sér oftast nær nokkurn aðdraganda og geri ég ráð fyrir og veit að svo er um meginhluta þeirra fyrirtækja sem hér eru tínd upp. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur það að á síðustu árum höfum við búið við slíkt stjórnarfar á Íslandi að fyrirtæki í hinum ýmsu greinum hafa farið á þann veg sem Morgunblaðið upplýsir okkur um. Það er fyrst og fremst vegna stjórnarhátta í tíð fyrri stjórnar Steingríms Hermannssonar og í stjórnartíma Þorsteins Pálssonar sem þeir hlutir voru að gerast sem urðu þess valdandi að öll þessi fyrirtæki fóru á þann veg *sem Morgunblaðið lýsti fyrir okkur.* Er það eitthvað slíkt sem hv. þm. Friðrik Sophusson er að biðja okkur um að láta endurtaka sig þegar hann biður um það að þessi ríkisstjórn sem nú situr fari frá? Ég vona að hugur hans standi ekki að því og það sé af einhverjum öðrum hvötum en þeim að það eigi að endurtaka þessa hryllingsstöðu á nýjan leik þegar sú ríkisstjórn hverfur frá sem nú situr að völdum.

Ég gagnrýni aftur á móti þessa ríkisstjórn fyrst og *fremst fyrir það að hafa ekki breytt frá fyrri stjórnar*háttum, að hafa haldið uppi meira og minna svipuðum stjórnarháttum og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar stóð að, að hafa staðið að frjálshyggjunni meira og minna, vera með ýmsar tillögur um það að auka frjálshyggjuna jafnvel fram yfir það sem Friðrik Sophusson sem iðnrh. lagði í að gera í sinni stjórnartíð. (**FrS:** Styður hv. ræðumaður ríkisstjórnina?) Já, hann styður nú ríkisstjórnina. Ræðumaður gerir það. (Gripið fram í.) Það er svo aftur alveg sjálfsagt að segja hv. þm. Friðriki Sophussyni að það er ekki gert vegna þess að þingmaðurinn sé sérstaklega ánægður með störf ríkisstjórnarinnar, heldur vegna þess að hann veit það að ef þessi ríkisstjórn sæti ekki, þá mundi nú eins og Alþingi er skipað koma enn þá verri ríkisstjórn þegar Sjálfstfl. mundi fylkja liði með einhverjum öðrum flokkum, einhverjum úr þeirri ríkisstjórn sem núna situr því að sporin hræða, sporin og fréttirnar úr Morgunblaðinu hræða.

Til viðbótar við þessa frétt úr Morgunblaðinu ætla ég að sýna hv. þm. eina síðu úr Morgunblaðinu. Ég ætla ekki að fara að lesa hana upp vegna þess að það er orðið áliðið nætur. En þessi síða sem er frá því 3. okt. er eingöngu um nauðungaruppboð í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Eingöngu. Þannig er staðan — og ég endurtek — þannig er staðan eftir stjórnartíð þeirra herra sem ég var að nefna hér áðan. Þetta er afraksturinn, þetta er það sem þeir eru að bjóða okkur upp á aftur og þetta er það sem þeir þora ekki að tala um. Þeir koma hér upp og þykjast vera að tala um atvinnumál, láta líta svo út að þeir séu þar með einhverjar tillögur og vilji breyta til og vilji gera betri hluti en gerðir eru, en tala hér um afmarkaðan, lokaðan einn þátt íslenskra atvinnumála vegna þess að þeir vita sem er að þeir hafa engar tillögur til að benda á, til þess að breyta um í íslenskri pólitík og íslenskri atvinnupólitík. Meira að segja meginhluti

Sjálfstfl. stendur mjög fast að þeirri sjávarútvegsstefnu sem núna ríkir í landinu. Hann hefur staðið mjög ákveðið að því og hann heldur því fram ásamt með sjútvrh. að sú fiskveiðistefna sem við höfum búið við hafi skilað hinum besta árangri þrátt fyrir það að fiskistofnarnir og þá sérstaklega botnfiskstofnarnir og þorskurinn hafi minnkað ár frá ári alveg þveröfugt við það sem spáð var og fiskveiðistefnan átti að stefna að. Hún átti að stefna að því að auka fiskistofnana, gera okkur betur búna í að skapa meiri þjóðarauðæfi. Og fiskveiðistefnan átti líka að vinna að því að flotinn minnkaði. Hann átti að minnka ár frá ári. Hann hefur aftur á móti stækkað ár frá ári. Fiskveiðistefnan átti líka að stuðla að því að íslenskur sjávarútvegur yrði arðbærari, það yrði ódýrara að gera út heldur en áður. Þetta er alveg þveröfugt.

Og áfram er staðið að þessari sömu fiskveiðistefnu og áfram leggja menn til, kannski fyrst og fremst þingmenn Sjálfstfl. og fulltrúar Sjálfstfl. í hinum ýmsu atvinnugreinum, að þessari stefnu verði haldið áfram. Þeir koma ekki með neinar tillögur um það að hverfa frá gjaldþrotastefnunni sem þeir stóðu að á undanförnum árum, þeir hrópa bara: Þessi ríkisstjórn þarf að fara frá. En þeir nefna ekki á einn eða neinn hátt hvað skui koma í staðinn eða hverjar breytingar skuli verða á atvinnupólitík í landinu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Sú utandagskrárumræða sem nú fer fram varðar einn brýnasta vanda sem nú er við að etja, atvinnumálin, vaxandi atvinnuleysi og hvaða úrbóta er þörf. Vandinn er margþættur og kallar á lausnir, ekki bara eina eða tvær heldur margar. Við horfum upp á að þau verkefni, sem ekki einungis er hægt heldur æskilegt að vinna hér á landi, eru að flytjast úr landi. Skipasmíðarnar sem einkum hefur verið rætt um í þessari lotu eru gott dæmi um þetta en síður en svo hið eina. Í sömu stöðu eru fleiri iðngreinar, t.d. fataframleiðsla og húsgagnasmíði, og það eru aðrar þjóðir ekki síður en við sem framleiða fiskrétti úr dýrmætu sjávarfangi okkar. En auðvitað er ekki hægt böl að bæta með því að benda á annað verra. Og skipasmíðar eru engu betur komnar í öðrum löndum þegar aðrar atvinnugreinar eru þar einnig. Ekki batnar atvinnuástandið með þess konar samfloti.

En umræðan í dag hefur óneitanlega verið ærið einsleit. Mig langar þó að minna á þá áherslu sem Kvennalistinn hefur einatt lagt á nauðsyn þess að styðja íslenskan iðnað og tek því undir þessa einsleitu áherslu. Við höfum sýnt fram á að styrkja þarf íslenskan iðnað vegna þess að okkur ber að líta á afleiðingar þess að láta skammtímasjónarmið villa okkur sýn. Við verðum að hafa þá heildarsýn að sjá að atvinna á Íslandi er dýrmæt auðlind. Ef við vanrækjum einhvern þátt í hringrás atvinnulífsins kemur slagsíða á allt hagkerfið. En umræða má ekki bara vera einsleit.

Tilgangur minn með því að tengja vanda skipasmíðanna við annan vanda í atvinnumálum er sá að benda á að það má ekki henda sem oft hefur gerst áður að menn gleymi einum vanda meðan þeir glíma við annan. Ég hygg að í umræðunni í dag hafi komið fram flest þau sjónarmið og ýmis þau úrræði sem varða skipasmíðarnar og er það vel, einkum ef góð fyrirheit ganga eftir. Um allt land bíða öflugar skipasmíðastöðvar eftir sómasamlegum verkefnum, ekki skortir aðstöðu, verkþekkingu og reynslu, aðeins verkefni. Aðrar áherslur hafa allt of fáar komið fram og verið allt of almenns eðlis og því langar mig að segja nú skilið við skipasmíðarnar.

Ég óttast það mjög að nauðsynlegur hávaði í kringum þetta stórmál í atvinnu þjóðarinnar, mál sem einnig varðar gjaldeyrisstöðu okkar, leiði hugann frá öðrum vanda sem ekki hefur verið hávaði í kringum en er engu að síður alvarlegur og varðar þetta allt saman, stöðu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar, atvinnuástandið og gjaldeyrinn. Þessi vandi grefur einnig undan samfélagi okkar. Og þar sem utandagskrárumræðan í dag fjallar um atvinnumál er nauðsynlegt að fjalla einnig um þau mál sem liggja í þagnargildi.

Eitt er það mál sem hefur legið allt of mikið í þagnargildi og það er hið dulda atvinnuleysi. Mönnum óar að vonum við hækkandi atvinnuleysistölum, en þessar tölur segja í mesta lagi hálfa söguna. Hinn hluti sögunnar er jafnvel enn uggvænlegri. Hann varðar fólk sem ekki telst atvinnulaust samkvæmt hagtölum, en er jafnótvírætt atvinnulaust fyrir það. Stærsti hópurinn sem hér um ræðir er mjög sennilega heimavinnandi húsmæður sem þurfa eða vilja, og yfirleitt hvort tveggja þurfa og vilja, fara út á vinnumarkaðinn. Þessar konur fá ekkert starf, né heldur atvinnuleysisbætur, vegna þess að þær hafa unnið ólaunuð störf inni á heimilunum, gætt ungra barna, annast aldraða og sjúka. Laun samfélagsins eru þau að ef aðstæður breytast og þessar konur leita út á almennan vinnumarkað eru þær í reynd taldar hafa verið að gera ekki neitt. Það er mat samfélagsins á störfum þeirra.

Ástæðurnar sem knýja þessar konur út á vinnumarkaðinn eru af ýmsum toga. Verðlag hækkar. Sífellt verr gengur fyrir almennt launafólk að framfleyta sér á dagvinnulaunum einnar fyrirvinnu og yfirvinnu er mjög óvíða að hafa. Yfirvinnan er neyðarúrræði sem bjargað hefur mörgum fjölskyldum á undanförnum árum. Margir vakna upp við vondan draum og reyna að bjarga því sem bjargað verður með því að bæta við vinnu fjölskyldunnar á móti þeirri vinnu sem tapast hefur.

Vandi einstæðra foreldra er þó sýnu alvarlegri, vandi allra mæðranna sem eru einar með börn sín því að það eru auðvitað fyrst og fremst mæður sem við erum að tala um þegar við tölum um einstæða foreldra. Síhækkandi verð brýnustu nauðþurfta knýr þá foreldra út á vinnumarkaðinn sem hafa að eigin ósk eða vegna þess að þeir eiga ekki annarra kosta völ verið heimavinnandi með börn sín og reynt að bjarga sér fyrir horn með alls konar íhlaupavinnu, oftar en ekki utan allra samninga sem verktakar. Hverra kosta á sú móðir völ sem ekki á möguleika á annarri

vinnu en svo lágt launaðri að hún nægir ekki einu sinni fyrir niðurgreiddri barnagæslu, sé hún á annað borð fáanleg, húsnæði, fæði og klæðum? Dæmið lítur oftar en ekki svona út: Hún gætir barna sinna heima á daginn, skúrar á kvöldin, vaskar upp á veitingahúsi, pakkar tímaritum eða vélritar heima á nóttunni og fær launin sín gefin upp sem þóknun fyrir verktakastörf. Unglingsstúlkur eða eldri systkini gæta barnanna á meðan.

Á vinnumarkaðnum nýtur þessi kona engra réttinda og þegar harðna tekur á dalnum er hún atvinnulaus fyrirvaralaust. Þær háu tölur sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi í upphafi umræðnanna í dag er hann fjallaði um aukna þörf á félagslegri aðstoð eru ekki síst tilkomnar vegna dæma eins og þessara.

Ég vitna í eitt dæmi um erfiða stöðu fólks í þessari aðstöðu. Dæmið er úr tímaritinu Vinnunni frá í sumar og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„„Ég skil núna af hverju verkalýðsjaxlarnir eru búnir að standa í þessu pexi í áratugi. Ég skildi allt í einu þegar þetta gerðist hvað þeir eru búnir að gefa launþegum, t.d. af öryggi og réttarstöðu upp að vissu marki."

Þetta sagði Ásgeir Tómasson, fyrrv. dagskrárgerðarmaður á Rás 2 og Bylgjunni, í samtali við Vinnuna, en Ásgeir er einn þeirra launþega er lét tilleiðast til að vinna sem sjálfstæður verktaki þótt hann ynni í raun fullt starf fyrir einn vinnuveitanda. Þetta gekk vel í mörg ár þar til honum var fyrirvaralaust sagt upp störfum í samdráttaraðgerðum fyrirtækisins. Ásgeir var atvinnulaus í fjóra mánuði og á í verulegum fjárhagserfiðleikum vegna þessa, enda átti hann hvergi rétt til atvinnuleysisbóta. Um það leyti er þetta viðtal var tekið hafði honum tekist að semja um skuldir sínar og bjóst við að komast út úr þessu áfalli á um það bil tveimur árum."

Ekki eru allir eins lánsamir og maðurinn sem hér um ræðir og ég segi „lánsamir" innan gæsalappa. Í því dæmi sem rakið er hér var þó um fjölskyldu að ræða sem hafði tvær fyrirvinnur.

Við verðum að horfast í augu við að vaxandi atvinnuleysi einskorðast ekki við eina atvinnugrein eða tvær. Það er ekki svo alvarlegt sem atvinnuleysistölur segja okkur, heldur miklu alvarlegra. Staða þeirra sem nú eru atvinnulausir og ætlast er til að framfleyti sér á lágum atvinnuleysisbótum er óviðunandi. Staða þeirra sem eiga engra annarra kosta völ en að leita til félagsmálastofnana vegna þess að þeir eru ekki einu sinni formlega atvinnulausir er ekki sæmandi siðmenntuðu samfélagi.

Atvinnuátaks er þörf. Við verðum sérstaklega að hyggja að konunum sem ganga atvinnulausar. Þær eru stærsti hópurinn á atvinnuleysisskrám. Þær eru án efa fleiri óskráðar en jafnatvinnulausar fyrir það og við verðum að hyggja að þessu svo að það gleymist ekki.

Ég sakna þessara vangaveltna, sem ég hef nú komið með, sárlega úr þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Hugmyndir eru þó margar til. Er mönnum ljóst hvaða fjölskyldur það eru sem konur einar framfleyta? Er mönnum ljóst að meðal þeirra eru t.d. 80% fjölskyldna fatlaðra barna? Er mönnum ljóst hvaða atvinnumöguleika þessar konur, fyrirvinnur fatlaðra barna, hafa helst? Vinnu utan hefðbundins kerfis, það er nú svo einfalt sem það er. Ekki eru dagvistarmál fatlaðra barna í betra horfi en dagvistarmál annarra barna. Þetta eru alvörumál, sem og önnur mál sem til umræðu hafa verið hér í dag. Þetta er atvinnuleysi og atvinnuóöryggi ekki síður en það sem helst hefur tekið tíma okkar hér í dag.

Við erum að tala um víðtækan vanda. Hyggjum að vandanum öllum og tökum til við að leysa allan þann vanda sem við horfumst í augu við, ekki einungis hluta hans. Til að taka á þeim vanda sem ég hef gert að umræðuefni mínu þarf í fyrsta lagi að verja fé til nýsköpunar í atvinnulífinu. Annars bíður okkar stöðnun og afturför. Því má ekki gleyma að ríkisstyrkir í iðnaði annarra ríkja eru ekki eina ástæðan fyrir þeim yfirburðum sem þær þjóðir hafa stundum í samkeppni við okkur, heldur einnig það að þær leggja margar hverjar mikið fé í nýsköpun, styrkingu og frumkvæði við nýja atvinnusköpun. Þá nýsköpun er m.a. að finna í hugmyndum kvenna víðs vegar um landið og víðs vegar um öll lönd. Með því að hlúa að þeim og byggja upp á þeim trausta grunni sem hyggjuvit kvenna er má áreiðanlega finna nýja möguleika í atvinnulífi okkar sem annarra þjóða. Ekki síður verðum við að gæta vel að réttarstöðu fólks á vinnumarkaði framtíðarinnar. Með nýsköpun skapast alltaf hætta á að í hraða okkar við að finna nýjar leiðir gleymum við því að hyggja að öllum málum, jafnt félagslegum sem efnahagslegum.

Ástandið er ekki uppörvandi núna, en síst megum við nú gleyma uppbyggingu þótt mikil orka fari í að halda uppi því sem sýnist vera að hrynja. Við megum ekki gleyma því að umræða um félagsleg málefni og réttindi og skyldur á vinnumarkaði eru óleystur vandi í umræðu um samninga okkar og hugsanlega aðild að innri markaði Evrópubandalagsins með hverjum hætti sem menn hugsa það, en það hefur legið í loftinu að menn líta slíkar hugmyndir mjög hýru auga. Ég held að ekki sé vanþörf á að minna á þessa staðreynd í þeirri umræðu sem nú hefur verið um atvinnuástandið í landinu og treysti því að menn hafi þessar áherslur með í umræðunni í framtíðinni.

Vera má að einhverjum þyki ekki við hæfi að benda á viðbótarvanda þegar verið er að ræða vanda skipasmíðanna og annars iðnaðar sem er ærinn. En ekki hverfur vandinn við að horfa fram hjá honum. Gleymum ekki dulda vandanum, heldur tökumst á við hann, lítum ekki fram hjá einni einustu hugmynd. Aðalatriðin eru mörg, ekki eitt.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um atvinnumál er í framhaldi af umræðu í síðustu viku um vanda skipasmíðaiðnaðarins, en í þeim iðnaði blasa við stórfelldar uppsagnir og atvinnuleysi og sömu söguna má raunar segja allt of víða úr íslensku atvinnulífi, enda

ekki góð ríkisstjórn í landinu. En þegar skyggnst er um og skoðað hvað er að í íslensku efnahagslífi er það vissulega margt, en ekki síst er það vantrúin á öllu sem íslenskt er sem ræður ferðinni um of hjá þeim sem völdin hafa. Og sá hugsanagangur smitar út í þjóðlífið. Í þeirri umræðu segja ýmsir: Við eigum að flytja allt inn erlendis frá, ódýr skip, ódýrar iðnaðarvörur, ódýrar landbúnaðarvörur, jafnvel hætta að draga fisk úr sjó og falla í náðarfaðm Efnahagsbandalagsins og opna fyrir þeim landhelgina. Einu sinni sagði þó skáldið og þau orð eiga enn við:

> Ef þjóðin gleymir sjálfri sér
> og svip þeim týnir er hún ber
> er betra að vanta brauð.

Til stuðnings orðum mínum um vantrú ráðamanna á íslenskum atvinnuvegum vil ég nefna meðferðina á hinni ágætu tillögu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar um bætta samkeppnisaðstöðu innlends skipasmíðaiðnaðar sem hér hefur verið rædd. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða á síðasta þingi. Hv. 2. þm. Norðurl. e. las tillöguna hér í umræðunni svo að ég skal ekki endurtaka hana. En þótt slíkar tillögur séu samþykktar hér á Alþingi hefur framkvæmdarvaldið, ráðherrarnir, ekkert með þær að gera og virða þær einskis. Slíkt eykur ekki virðingu Alþingis og ráðherra frekar en ýmislegt annað sem nú er svo að segja daglega í fréttunum héðan af hv. Alþingi.

En í sambandi við tillögu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar um skipasmíðaiðnaðinn vil ég vitna í bréf frá vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar til þingmannanefndar um íslenskan iðnað, ritað í mars sl. Það er gott vitni um ástandið. Með leyfi forseta:

„Frá upphafi," segir fyrirtækið, „höfum við framleitt togvindur í yfir 440 fiskiskip og jafnan staðist strangar kröfur sjómanna okkar, enda ávallt samkeppnisfærir, bæði hvað varðar verð og gæði. Á undanförnum árum hefur því miður dregið úr þessari framleiðslu. Ekki hefur dugað að bjóða góða vöru á hagstæðu verði því að erlendir aðilar hafa jafnan boðið hagstæðari lán og lækkað sín verð niður fyrir okkar. Þetta hefur keyrt um þverbak á tveimur síðustu árum þegar hlutverk okkar á þessum markaði hefur helst verið að halda erlendum verðum niðri, sem er gott svo langt sem það nær, en við lifum ekki á því. Á síðasta ári hefur að auki bæst við að Fiskveiðasjóður hefur verið lokaður jafnvel traustustu fyrirtækjum en allt virðist standa á gátt ef um ný skip eða viðgerðir erlendis er að ræða." Og í lokin segir fyrirtækið í bréfi sínu: „Við teljum okkur hafa stóru hlutverki að gegna við að framleiða vindur og þjóna íslenska fiskiflotanum varðandi vindur. Í þessu máli er e.t.v. það sama uppi á teningnum og oft áður varðandi íslenskan iðnað, en það er hugarfarsbreyting: Veljið íslenskt."

Svo mörg eru þau orð.

Annað dæmi úr iðnaðinum. Til stuðnings orðum mínum um vantrú ráðamanna vil ég geta þess að 1980 var samþykkt þáltill. um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum frá þeim sem hér talar, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, er leiði til eflingar íslenskum iðnaði, og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu."

Ef opinberir aðilar vildu ganga á undan með góðu fordæmi, þá hefði samþykkt þessarar tillögu gert gagn, en því er ekki að heilsa að svo sé.

Með leyfi forseta, úr grg. þessarar tillögu:

„Staðreynd er að það er á ýmsum öðrum sviðum sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar." Og síðar í grg., með leyfi forseta: „Flutningsmaður tillögu þessarar vill minna á samþykkt sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlendra þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra en gæði sambærileg. Flutningsmaður telur nauðsynlegt að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki og er eðlilegt að slíkt verði metið í tengslum við þá athugun sem hér er lagt til að fram fari."

Það er um þessa tillögu að segja eins og hina fyrri að hæstv. ráðherrar virða þær lítt.

Alþingismenn hafa í dag fengið bréf frá Málm- og skipasmiðasambandinu. Í ályktun frá þeim segir m.a., með leyfi forseta:

„Uppsagnir 400–500 starfsmanna hjá Stálvík, Slippstöðinni á Akureyri og Skipavík, Stykkishólmi, á sama tíma og verið er að smíða skip erlendis fyrir um tvo milljarða á þessu ári eru ljós dæmi um það aðgerðarleysi sem stjórnvöld hér á landi sýna íslenskri atvinnugrein. Samtök launþega og vinnuveitenda í málmiðnaði hafa um árabil bent á og lagt fram tillögur um jöfnun samkeppnisaðstöðu íslensks málmiðnaðar við erlenda samkeppnisaðila. Þrátt fyrir fögur orð og yfirlýsingar ríkisstjórnar og ráðherra ásamt samþykktum Alþingis hefur nánast ekkert verið gert."

Málm- og skipasmiðasambandið hefur einnig ályktað að smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, Herjólfs, fari fram innan lands. Sams konar ósk liggur fyrir frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja.

Ljóst er að innlend smíði má vera verulega hærri en erlend og er samt þjóðhagslega hagkvæm. Þetta verkefni, smíði nýs Herjólfs, gætu skipasmíðastöðvarnar í landinu sameinast um. Væri nú ekki rétt fyrir stjórnvöld að athuga þetta? Væri þetta ekki góð byrjun í að hverfa af villu síns vegar?

Virðulegi forseti. Þegar menn á landi hér ræða um efnahagsmálavandann og atvinnumálin er þeim gjarnt að segja: Það er verðbólgan sem hér er að verki. Við

höfum hátt kaupgjald og dýra peninga vegna verðbólgunnar en ekki verðbólgu vegna hás kaupgjalds og dýrra peninga. Það er undarleg meinloka margra að sjá ekki sambandið þarna á milli. Þó var mönnum a.m.k. *í eina tíð ljóst að til var nokkuð sem hét* kaupgjalds- og verðlagsskrúfa. Þeim gengur verr að skilja að sama máli gegnir um fjármagn sem vinnu. Þegar vextir hækka samkvæmt lánskjaravísitölu eykst framleiðslukostnaður, þá vöruverð, þá kaupkröfur og svo koll af kolli. Við höfum vaxta- og verðlagsskrúfu. Hún hefur verið í gangi í átta ár og hún er mun öflugri verðbólguvaldur en hin skrúfan og er að leggja atvinnulífið í rúst, sbr. þá umræðu sem hér fer fram. Það stafar af því að sérhver hækkun lánskjaravísitölu kemur fram í hliðstæðri prósentuhækkun allra útistandandi skulda fyrirtækja og heimila. Nú er svo komið í kjölfar gjaldþrota og greiðslustöðvana að við blasir hrun sjóða og jafnvel bankakerfisins vegna vanskilanna. Vanskilin stafa af því að boginn hefur verið spenntur of hátt, lántakendum gert að greiða meira en þeir fá risið undir.

Það er unnt að lifa við verðtryggingu peninga með einu skilyrði. Aðra þætti hagkerfisins verður að tryggja líka. Kaupgjald verður að hækka til samræmis svo launþegar geti staðið í skilum og gengi krónunnar verður að leiðrétta mánaðarlega við hverja hækkun lánskjaravísitölu *svo að útflutningurinn og samkeppn*isiðnaðurinn fái borið sig. Að öðrum kosti fáum við hrun eins og nú er orðið en bestu hagfræðingar sögðu fyrir um það löngu áður. Ef við viljum í alvöru hætta að búa við verðbólgu og þar með taka upp eðlilegt atvinnulíf verður óhjákvæmilega og afdráttarlaust að afnema lánskjaravísitöluna. Þetta mætir mótstöðu einnar stéttar í þjóðfélaginu, þeirra sem hagnast hafa á háum vöxtum og afföllum á verðbréfum á svonefndum gráa markaði. Þar eru eigendur „pappírsauðs" sem Gunnar Tómasson hagfræðingur nefndi svo réttilega. Þeir ríghalda í lánskjaravísitöluna og fast gengi. Eina tilslökunin af þeirra hálfu fæst gegn því að við opnum fjármagnsmarkaðinn sem þeir orða svo, þannig að þeir geti komið pappírsauðnum í erlendan gjaldeyri, verðbréf og fasteignir.

Þetta á að gera undir því yfirskini að við þurfum sem fyrst að aðlagast EB. Slíkt írafár, að sameinast EB, átti sér stað í byrjun 7. áratugarins. Þá mælti Bjarni Benediktsson í ræðu 1. desember, sem var útvarpað, á þá leið að eðlilegt væri, með leyfi forseta: „að við hikum við að láta EB í té úrslitaáhrif yfir nokkrum þáttum efnahagsins." Svo mörg voru orð Bjarna Benediktssonar. Því miður nýtur forustu hans ekki núna en við skulum muna orð hans.

En má ekki spyrja, nú þegar við ræðum atvinnuvandamálin, hvað er EB? Það er bandalag nokkurra Mið-Evrópuríkja um sameiginlegan markað sem verndaður er og einangraður með háum tollmúrum. Þar er ekki verið að fjarlægja viðskiptahömlur heimshluta á milli í þágu friðar sem var meginhugsjón *eftirstríðsáranna og Alþjóðabankinn var stofnaður til* að stuðla að. Þýskaland er öflugasti aðilinn innan bandalagsins og reyndar allsráðandi.

Hvernig ætla eigendur pappírsauðsins íslenska að breyta auði sínum í erlendar innstæður þegar enginn gjaldeyrir er til í landinu? Aðeins með einu móti, þ.e. sölu fyrirtækja okkar í hendur útlendinga og afsali á efnahagslegu sjálfstæði.

Verðbólga og ranglega skráð gengi eru að eyðileggja ekki aðeins útgerð og fiskvinnslu, heldur allan samkeppnisiðnað okkar, m.a. ullariðnaðinn, svo og annan iðnað sem getur ekki keppt við innfluttar vörur sem keyptar eru með of hátt skráðu gengi. Sama gildir um landbúnaðinn. Nýleg könnun á verði búvara virðist benda til að búvörurnar séu ekki samkeppnisfærar, en þær verða það um leið og rétt gengi er skráð. Þetta vil ég undirstrika og jafnframt að við horfum á það sem íslenskt er í þeim efnum sem öðrum. Því kemur frekari innflutningur landbúnaðarvara ekki til greina.

Virðulegi forseti. Þyrfti ekki að snúa sér meira að því að ná fríverslunarsamningi við Bandaríkin heldur en að einblína á EB? Ekki ásælast þau íslenska landhelgi.

Mín ráð eru þau að við leggjum ekki á flótta inn í erlent markaðsbandalag, heldur leggjum til atlögu við efnahagsvandann með þjóðarhag einan að markmiði, treystum grunn atvinnuveganna sem stendur undir allri verðmætasköpun og vinnum bug á verðbólgunni. *Fyrsta skrefið í þá átt er afnám lánskjaravísitölu*, eins og ég hef flutt frumvarp um tvö ár í röð.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Ég vil hefja mál mitt á því að þakka málshefjanda. Það er ekki vanþörf á að ræða þessi mál hér en ég vil minna á að á síðasta þingi fóru oft fram umræður um atvinnu- og efnahagsmál utan dagskrár og það var heldur ekki að óþörfu en leiddi því miður lítið af sér.

Enn standa þm. hér og reyna að átta sig á atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar en með endurnýjaða ríkisstjórn og nýja ráðherra sem eiga að móta atvinnustefnu erum við litlu nær um hvað nánasta framtíð ber í skauti sér.

Samkvæmt nýjum stjórnarsáttmála mun ætlunin að vísu vera sú að fylgja „framsækinni atvinnustefnu", eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta. Það hefði verið fróðlegt að fá að heyra hér í hverju sú stefna er fólgin, en því miður.

Í mínum huga hlýtur framsækin atvinnustefna fyrst og fremst að felast í nýjum hugmyndum sem bjóða upp á fjölbreytilega möguleika en taka um leið tillit til mannlífs og umhverfis. Hver er hugmyndaauðgin? Jú, hún birtist okkur fyrst í því að tveir ráðherrar ríkisstjórnarinnar skipuðu sína nefndina hvor til að fjalla um atvinnumál og mótun atvinnustefnu. Það er auðvitað alveg ófært að konum skuli ætluð svo lítil hlutdeild að þessu starfi sem raun ber vitni og reyndar hefur áður komið fram. Stóraukin atvinnuþátttaka kvenna og þörf vinnumarkaðarins fyrir þeirra framlag hlýtur um leið að þýða aukna hlutdeild þeirra í *stefnumótun í atvinnumálum og á vinnumarkaðinum* almennt og það hefði ríkisstjórn, sem kennir sig við jafnrétti, átt að vita.

Vil ég í þessu sambandi minna enn og aftur á fyrirheit hæstv. ríkisstjórnar um að gera sérstakt átak í atvinnumálum kvenna í dreifbýli.

Á ráðstefnum okkar í Kvennalistanum um atvinnumál kvenna í dreifbýli hefur verið athyglisvert að heyra hversu hugmyndaríkar og frjóar konur eru og hvernig þær hugsa sér atvinnuuppbyggingu sem hefur í fyrirrúmi samvinnu og tillit til aðstæðna kvenna. Það er lykilatriði þegar rætt er um búsetuþróun landsbyggðarinnar að hlustað verði á hugmyndir kvenna og tillit tekið til þeirra. Á landsfundi Kvennalistans fyrir rúmri viku báru konur á Norðurlandi fram þá hugmynd að innan Byggðastofnunar væri komið á sérstakri kvennadeild sem eingöngu beitti sér fyrir því að styðja konur sem vilja skapa sér atvinnu vítt og breitt um landið. Ekki er eingöngu gert ráð fyrir fjárhagslegum stuðningi heldur ekki síður ráðgjöf til að meta hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd. Þessi hugmynd fellur vel að hugmyndum um hið sérstaka átak í atvinnumálum kvenna og munum við kvennalistakonur fylgja henni eftir, eftir þeim leiðum sem færar eru.

Sl. fimmtudag var mælt hér fyrir till. þingkvenna Kvennalistans til þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni og í till. felst að kannað verði á hvern hátt nota megi nýja tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja ýmis verkefni stofnana og fyrirtækja út á landsbyggðina. Till. hlaut mjög jákvæðar undirtektir þeirra hv. þm. sem áttu þess kost að sitja fund í Sþ. þennan morgun og urðu mjög góðar umræður um atvinnumál landsbyggðarinnar.

Í skýrslu byggðanefndar þingflokkanna kemur fram að á árunum 1981–1984 urðu ¼ hlutar nýrra starfa til á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

Í nýjasta yfirliti vinnumálaskrifstofu félmrn. frá 9. okt. kemur fram ískyggilegt atvinnuleysi víða um landið og alls staðar, að Austfjörðum einum undanteknum, eru konur í meiri hluta atvinnulausra og því ljóst að grípa þarf til sérstakra aðgerða í þágu kvenna. Auk skráðs atvinnuleysis er alltaf nokkuð dulið atvinnuleysi meðal kvenna. Tölur sýna að um 40% búa í landbúnaði eru svo smá að þau bera aðeins eitt ársverk en hjón reka þó flest þeirra, þ.e. tveir einstaklingar, en karlmaður er gjarnan talinn fyrir búinu. Sveitakonur láta ekki skrá sig atvinnulausar og það gera heldur ekki þær konur sem um þessar mundir eru búnar að koma börnum sínu á legg og væru tilbúnar til þess að fara út á vinnumarkaðinn en hafa ekki verið þar.

Í yfirliti vinnumálaskrifstofunnar kemur ekki fram aldursgreining hinna atvinnulausu en af tölum um atvinnuleysi á Akranesi, en þar hefur atvinnuástandið verið dapurlegt allt þetta ár, má lesa að af 137 atvinnulausum þar í bæ eru 119 konur og 77 þeirra eru undir 50 ára aldri, þ.e. á hápunkti starfsævinnar. Það er einnig dapurlegt að sjá að nú er svo komið að ungt fólk, innan við tvítugt, stendur frammi fyrir því að fá ekki atvinnu. Þannig eru nú tugir ungmenna á aldrinum 16–20 ára skráðir atvinnulausir á Akranesi.

Ég nefni þessar tölur hér til fróðleiks til þess að gera þingheimi grein fyrir að hér er ekki aðeins um að ræða atvinnuleysi eldri kvenna sem jafnvel væru tilbúnar til að hætta vinnu sem oft hefur verið fleygt, heldur er þetta líka orðið vandamál meðal unga fólksins, yngstu árganganna sem koma út á vinnumarkaðinn.

Stóraukin atvinnuþátttaka kvenna og breytt staða þeirra í fjölskyldunni skiptir miklu í þróun byggðamála og er löngu tímabært að taka mið af þeirri staðreynd. Þær skjóta því óneitanlega skökku við hugmyndir ríkisstjórnarinnar sem beinast í þá átt eina að auka stóriðju hér á suðvesturhorni landsins. Hún mun væntanlega kosta okkur og börnin í þessu landi ómældar erlendar skuldir vegna virkjana. Hún mun menga hina dýrmætu auðlind sem landið er okkur og hún eykur ekki fjölbreytni atvinnulífsins, hún leysir á engan hátt atvinnumál landsbyggðarinnar og síðast en ekki síst er hún langt frá því að vera liður í því að gera verulegt átak í atvinnumálum kvenna sem karla. Sérstaklega ef til lengri tíma er litið og okkur líðst ekki nærsýni, hvorki í atvinnuuppbyggingu né öðru.

Það hefur viljað brenna við í ákefð okkar Íslendinga við að byggja upp nútímaþjóðfélag að við höfum undir forustu stjórnvalda farið offari við uppbyggingu nýrra atvinnugreina. Það má nefna dæmi eins og t.d. loðdýrarækt og nú síðast fiskeldi. Fullyrði ég að við værum betur stödd nú ef varfærni kvenna hefði komið nærri þegar ákvarðanir um stórkostlega uppbyggingu í þessum greinum voru teknar og ýtt var undir fólk að takast á við nýjar greinar án þess að nokkrar kröfur um faglega þekkingu væru gerðar.

Ferðaþjónusta er sú hinna nýju atvinnugreina sem einna best hefur tiltekist með og er þar fyrst og fremst að þakka samstarfi og þrautseigju margra þeirra sem að ferðamálum vinna.

Hæstv. forsrh. hefur að undanförnu talað fjálglega um alla þá möguleika sem sú atvinnugrein getur gefið okkur. Eru þær yfirlýsingar hans þó í litlu samræmi við langvarandi fjársvelti Ferðamálaráðs sem lögum samkvæmt á að sinna mörgum og mikilvægum verkefnum en hefur þó aldrei fengið hið lögbundna framlag til starfsemi sinnar. Á þessu ári fékk ráðið aðeins um 20% af lögboðnu framlagi sínu og ekki er að sjá á því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir að geta Ferðamálaráðs til að sinna sínum verkum verði aukin til muna. Þannig vil ég benda á hvernig stöðugt er komið í veg fyrir uppbyggingu í atvinnugreinum sem menn telja sig þó hafa trú á og hafa sýnt getu til að standa á eigin fótum. Ferðamálaráði hefur m.a. ekki verið gert kleift að leggja fé til umhverfismála. Á sama tíma og reynt er að auka ferðamannastrauminn til tiltekinna staða er ekkert gert til þess að koma í veg fyrir varanleg spjöll á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.

Nú telur bjartsýnisnefndin svokallaða að leggja þurfi 200–300 millj. í ferðamálin ef eitthvað raunhæft ætti að gera. En ef betur væri að málum staðið má ætla að ferðaþjónustan gæti orðið sú atvinnugrein sem helst flýtti fyrir nauðsynlegum samdrætti í landbúnaði.

Þegar rætt er um nýja atvinnuuppbyggingu almennt kemur fram greinileg kynskipting. Karlar hugsa í stórum fjárhæðum og taka ekki mark á neinni umræðu um stofnun fyrirtækja nema fjárfestingin velti á tugum eða hundruðum milljóna og þó allra helst stóriðju og þá eru tölurnar í milljörðum. En hár fjármagnskostnaður en ekki laun verkafólks er að sliga íslenska atvinnuvegi eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. benti réttilega á hér fyrr í dag.

Konum er hins vegar gjarnara að velta fyrir sér litlum fjárhæðum en stórum en margt smátt gerir eitt stórt.

Ég er þeirrar skoðunar að hér þurfum við að gefa báðum sjónarmiðum möguleika í atvinnuuppbyggingunni en við verðum alltaf að vera menn og konur til að horfa fram í tímann og meta langtímaáhrif í hvert eitt sinn sem við tökum ákvörðun. Ákvörðun í atvinnuuppbyggingu sem og öðru. Við þurfum hreint ekki að sýna fram á að við séum menn til að koma málum sem stóriðju í höfn og veifa í því sambandi tímabundnum hagvexti. Því gætum að, aukinn hagvöxtur er ekki góður mælikvarði á ágæti framkvæmda því hann metur skammtímabreytingar í efnahagslífinu en ekki þætti eins og mengun umhverfisins eða aukinn annan kostnað vegna framkvæmdanna síðar meir, svo dæmi séu tekin.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Spegilmyndin af ástandi efnahagsmála og atvinnulífsins í landinu í dag er í skötulíki. Spegilmynd slæms ástands, sívaxandi vonleysis fólks um árangur úr hendi þeirra stjórnarherra sem búa við eindæna óvinsældir fólksins í landinu. Ríkisstjórnin sjálf er agalaus og endalausar yfirlýsingar út og suður, eitt í dag og annað á morgun, hafa stórlega dregið mátt úr þjóðfélaginu í heild. Í nær öllum byggðum landsins er illu heilli uppgjafartónn í fólki, bæði forsvarsmönnum heimila og atvinnulífs, vonbrigði og sár reiði í garð núv. ríkisstjórnar.

Um tveggja áratuga skeið hef ég farið æðioft á hverju ári um flestar byggðir landsins og nú bregður við tón sem maður hefur aldrei heyrt fyrr. Aldrei svo almennt vonleysi eins og í dag og það er illt mál.

Yfirlýsingar um þjóðargjaldþrot, árásir á ákveðin byggðarlög sem berjast markvisst til árangurs, gróusögur úr öllum áttum og glasaglaumur úr hófi hefur ært landsmenn meira en nokkru sinni fyrr í nútímaþjóðfélagi.

Þegar rætt er um atvinnustöðu í landinu þá er vert að minnast á þann fádæma atburð þegar sjálfur hæstv. forsrh., fyrr á þessu ári, réðist á íbúa eins byggðarlags, Vestmannaeyja, með þeim orðum að Vestmanneyingum væri nær að greiða skuldir sínar heldur en að fara vítt um land og kaupa skip. Vestmanneyingar hafa skilað meira dagsverki en svo að þeir eigi skilið slík ummæli af hendi sjálfs hæstv. forsrh. Það er víst að Vestmanneyingar skulda ekki meira en aðrir landsmenn í þjóðarbúinu í dag. Því eru slík ummæli hin versta gróusaga. Og forsrh. bætti um betur. Fyrir nokkrum dögum sagði hann á fundi að nú væru það fleiri byggðarlög sem æddu um efni fram, æddu um efni fram og væru í bátakaupum þegar þau ættu að vera að gera allt annað. Stefnan virðist sem sagt sú hjá hæstv. forsrh. að menn eigi að vera allir jafnaumir í því þjóðfélagi sem hann hefur nú stýri á. Verst er þó e.t.v. sú mismunun sem stjórnarherrarnir leggja á heimilin og atvinnufyrirtækin í landinu. Það er spegilmynd af atvinnulífi þjóðarinnar í dag sú staðreynd að fjöldi gjaldþrots- og uppboðsbeiðna hefur slegið öll fyrri met eins og minnst var á hér fyrr í dag í umræðunni og tekin voru dæmi af Suðurlandi. Það er vissulega svört mynd að í Rangárvallasýslu einni skuli vera 300 uppboðsbeiðnir á þessu ári. Og þar ræðir jöfnum höndum um bændur og búalið, þéttbýlisfólk og fyrirtæki. Í þessu rótlausa þjóðfélagi undir ríkisstjórn sem er svo lánlaus að geta hvorki talið kjark né þor í þjóðina er illt að hafa stjórnarherra sem sýna hroka og yfirgang sem lýsir sér best í ógnvekjandi skattaáþján þar sem hið opinbera kerfi á að hafa allt á þurru en atvinnufyrirtækin, heimilin og fólkið í landinu eru gólftuskurnar í þessu óskemmtilega dæmi. Það er ekki glæsileg atvinnusaga sem býr þar að baki.

Sífellt fleiri landsmenn sem eiga við fjárhagslegan vanda að stríða láta gossa í gjaldþrot. Stolt og virðing fyrir rétti og skyldum er á undanhaldi og eins og almenningur gafst á sínum tíma upp við það á verstu verðbólgutímum að fylgjast með hækkun nauðsynjavöru, eins og t.d. kaffi flokkast undir, þá hefur fólkið í landinu gefist upp við það nú að fylgjast með endalausum vitleysum ríkisstjórnarinnar. En eitt skilur þó þorri allra landsmanna og það er að þessi ríkisstjórn er ekki nauðsynjavara, hún er sannarlega eitthvað sem þorri landsmanna vill ekki búa við. Enda hefur ríkisstjórnin valdið gengisfalli á íslensku þjóðlífi með hrökkálshætti sínum. Þetta eru stór orð en þau standa.

Í umræðunni hér í dag hefur verið minnst á einstaka þætti atvinnulífsins, m.a. skipasmíðaiðnaðinn sem á nú mjög í vök að verjast en skiptir vissulega miklu máli í íslenskum þjóðarbúskap bæði með tilliti til nútíðar og framtíðar. Þar er verk að vinna og verk sem þarf að snúast við og taka á eins myndarlega og unnt er, en það er ekki auðleyst mál, það er jafnauðséð og margt annað sem við fjöllum um.

Það er hins vegar furðulegt hvernig væntanlegt nýtt fólksflutningaskip milli lands og Eyja, Herjólfur, hefur komið inn í þessa umræðu. Það er eins og það sé allt í einu ástæða til þess að smíða nýjan Herjólf af því að það er atvinnuleysi í skipasmíðaiðnaðinum í landinu. Alþingi Íslendinga hefur þrívegis samþykkt lánsfjárlög vegna nýsmíði Herjólfs og um nær tveggja ára skeið hafa ráðherrar tafið framgang þess máls. Nýr Herjólfur er ekki á borðinu vegna þess að ekki sé þörf fyrir hann, nýr Herjólfur verður að koma vegna þess að núverandi skip er úrelt, óöruggt og ekki boðlegt í þeirri umfangsmiklu starfsemi sem á sér stað á sjóleiðinni milli lands og Eyja þar sem 60 þús. farþegar fara á milli árlega. Málið er einfalt, núverandi Herjólfur er úreltur. Það er löngu tímabært að smíða nýtt skip.

Menn hafa gælt við það hér í umræðunni á hæstv. Alþingi að það sé hægt að smíða þetta skip innan

lands. Það er engin skipasmíðastöð hér innan lands sem getur smíðað skip eftir þeirri teikningu sem búið er að hanna og leggja mikla vinnu í af færustu sérfræðingum og unnið hefur verið að um nokkurra ára skeið. Það er enginn slippur sem tekur upp það skip sem hér er um að ræða. Eða á kannski að smíða lítið skip af því að það er atvinnuleysi í skipasmíðaiðnaðinum í landinu? Ekki trúi ég að menn gangi svo langt. Það er hins vegar ugglaust mögulegt að smíða skrokk þess skips sem teikningar liggja fyrir að erlendis og flytja hann hingað heim ef mönnum þykir það fýsilegur kostur og vinna síðan innréttingar og önnur verk innan skips sem hægt er að vinna hér heima. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að íslenskir iðnaðarmenn mundu leysa það verk vel af hendi. En þá kemur að peningahliðinni og það er kannski stór þáttur í dæminu sem menn verða að horfast í augu við. Það er mikill munur á hinu íslenska tilboði sem er upp á tæpar 1700 milljónir en ekki 1600 eins og hér hefur verið fjallað um í dag og svo þeim norsku og hollensku tilboðum sem eru um 1000–1200 millj. kr., það eru miklir peningar í mismun sem þar um ræðir.

Það er talað um erfiðleika í skipasmíðaiðnaði vegna þess að það eru slæm tíðindi úr þeirri átt þessa dagana. En almennt atvinnuleysi verður áfram í borg og bæ til sjávar og sveita í ýmsum þjónustugreinum og iðnaði vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur gert þjóðarlíkamann máttvana með slælegum tökum við stjórn þjóðarskútunnar. Skipasmíðaiðnaðurinn er aðeins afmarkaður þáttur í þessu dæmi. Herjólfur er líka afmarkaður þáttur í atvinnudæmi og þjónustudæmi. En þess verður að krefjast að ráðherrar í ríkisstjórn, hæstv. ráðherra samgöngumála og hæstv. ráðherra fjármála, taki af skarið eins og þeir hafa umboð til til þess að heimila nú þegar samning um smíði nýs Herjólfs. Það er einnig krafa um atvinnuréttindi í því byggðarlagi sem á að njóta þjónustu þess skips sem um ræðir. Lengur er ekki við unað, þolinmæði fólks er á þrotum yfir slíkum eindæma vinnubrögðum sem minna helst á uppdráttarsýki.

Einn afmarkaðan atvinnuþátt má nefna í þessu dæmi þegar við fjöllum um atvinnulífið í landinu. Það eru verktakasamtökin sem hafa aflað sér mikillar reynslu og þekkingar á löngu árabili þar sem miklar framkvæmdir hafa verið í landinu. En það er eins og stjórnvöld virðist vilja þessi samtök, þessa reynslu, feiga með áformum um virðisaukaskatt á alla þætti verktakavinnunnar í stað söluskatts á vélavinnu eins og nú er. Hitt er ekki síður alvarlegt hvernig stjórnvöld auka á samdráttinn í lægðum eins og nú ganga yfir vegna heimatilbúins vanda þeirra sem ráða ríkjum.

Hæstv. forsrh. réðst fyrir nokkrum mánuðum á stjórnendur Reykjavíkurborgar fyrir það að standa í miklum framkvæmdum á stórum mannvirkjum í Reykjavík. Taldi það til skammar fyrir land og þjóð að slíkar framkvæmdir stæðu yfir. Nokkrum mánuðum seinna áttaði hæstv. forsrh. sig á því að það vantaði vinnu í landinu og gaf þá út þá yfirlýsingu að hugsanlega mundi ríkisstjórnin standa að því að skapa aukin atvinnutækifæri með opinberum framkvæmdum. Úr því hefur að vísu ekki orðið en ugglaust hefur athafnasemi stjórnenda Reykjavíkurborgar létt róðurinn í þessu efni með þeim glæsilegu og spennandi byggingum sem nú eru byggðar á vegum borgarinnar.

Það er eins og fyrri daginn að það hvorki gengur né rekur í stjórn landsins. Það eitt gerist að það miðar aftur á bak í flestu. Vissulega gera menn góða hluti en þegar á heildina er litið þá er þjóðarlíkaminn sífellt meira og meira máttvana. Í þessari umræðu hefur verið vikið að gámaútflutningi og hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að með ferskfiskútflutningi væri minna til skiptanna þegar upp væri staðið. Málið er ekki svo einfalt. Þótt vissulega sé ástæða til þess að skoða til hlítar hvernig eigi að stýra afla og vinnslu á Íslandsmiðum, bæði með tilliti til markaðar heima og heiman, þá er það bláköld staðreynd að aðalatvinnuvegur Íslands, útvegur og fiskvinnsla, býr við morkinn grundvöll og það er engin tilviljun orðtakið: Neyðin kennir naktri konu að spinna. Menn í þessum atvinnuvegi verða og neyðast til þess að hugsa fyrst um afkomu sinna tækja, sinna skipa, sinna fyrirtækja og reyna að láta þau halda velli því að hagsmunir þeirra og þess fólks sem vinnur hjá þeim fara saman í þessu efni. Fjármagnskostnaður í þessari höfuðatvinnugrein er svo mikill að engu er líkt. En um hvað snýst gámaútflutningurinn? Hann snýst um peninga og aftur peninga, peninga og möguleikann að lifa af. Það er ástæða til þess að nefna aðeins dæmi um hvað ferskfiskútflutningurinn vegur þungt í útgerð skips sem stundar slíkan útflutning. Á trollbátum sem hafa flutt út afla á þessu ári, hefði meðalskiptaverðið verið 40 kr. hér heima, meðalskiptaverðið úti 80 kr. 100% munur. Þá er búið að taka út allan kostnað bæði við útflutning og sölu. Björg VE er dæmigerður gámabátur, nýr bátur, dugmikill skipstjóri og áhöfn. Verðið hjá Björgu í meðalskiptum varð 78 kr. í sumar erlendis, en hefði verið 40 kr. ef allur aflinn hefði farið í 1. flokk hér heima, og það fer ekki allur afli á einum bát í 1. flokk. Gandí er annar dæmigerður gámabátur, með 38 kr. skiptaverð hér heima, 82 kr. úti. Það er ekki að furða þótt menn freisti þess að fara þá leið í sölu sinna afurða. Nú er talað um Björgu VE sem bát sem landi öllum sínum afla erlendis. Það er hins vegar staðreynd að Björg hefur frá því hún kom til landsins landað tæplega 30% af aflanum hér heima. þó svo það væri vissulega kannski meira spennandi að selja þann afla erlendis. En neikvæður áróður á þessum vettvangi hefur veikt ýmsa þætti í útgerðarrekstrinum og nú er svo komið að það rísa upp heildsalar hér og þar sem selja útflutningsleyfi og útdeila þeim fyrir peninga. Menn í útgerð í sjávarplássum landsins þurfa jafnvel að leita til Egilsstaða til þess að kaupa útflutningsleyfi fyrir sinn fisk, til einhverra manna sem hafa fengið úthlutað leyfum til þess að ráðskast með og braska með. Útflutningsleyfið hefur verið selt fyrir upp í 50 þús. kr. Utanrrn. úthlutar þessum leyfum. Aðilar sjávarútvegsins fá í engu að vita hvert leyfin fara. Þetta er eitt af leyndar-

málum utanrrn., óþolandi hráskinnsleikur, sem ætti að leggja af nú þegar og hæstv. ríkisstjórn ætti að sjá sóma sinn í að taka á. Margoft hefur formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Kristján Ragnarsson, bent á þessa veilu, þessa skömm. En í engu bregðast stjórnarherrar við og sukkið og svínaríið heldur áfram. Það er verið að búa til milliliði sem eru faldir á bak við tjöldin, milliliði sem grípa inn í veika rekstrarstöðu útgerðarinnar og ástunda brask sem er fyrir neðan virðingu íslensks þjóðlífs. Enginn fær að vita hvert leyfin eru veitt frá hinu háa íslenska utanrrn.

Eðlileg umboðslaun fyrir sölu af einum gámi, góða sölu, gætu verið 25–30 þús. kr. Í fyrsta lagi ættu þessi umboðslaun að fara beint til þeirra sem eru að flytja út fiskinn, ekki einhverra heildsala sem er verið að smíða hér og þar um landið. Í öðru lagi er óþarfi að búa til kerfi þar sem menn geta farið að okra og braska með þessi leyfi.

Það er grundvallaratriði þegar rætt er um stöðu atvinnulífsins í landinu að skapa eðlilegan grundvöll fyrir höfuðatvinnuveginn sem og aðra atvinnuvegi til þess að menn geti haft eðlilega viðmiðun og eðlilega samkeppni heima og heiman. Með eðlilegum grundvelli mundi minnka það vandamál sem er vissulega í því fólgið að flytja fisk í miklum mæli óunninn til annarra landa. Það er mikil fjárfesting í okkar landi sem nýtist ekki nema að takmörkuðu leyti með þessari aðferð og því er þeim mun meiri ástæða til þess að taka á en ella.

Ýmsir stjórnarsinnar hafa kvartað undan því í umræðunum hér í dag að stjórnarandstæðingar hafi ekki lýst nógu miklu svartnætti í íslensku þjóðlífi. Vitna skal til hv. þm. Skúla Alexanderssonar. En auðvitað er það að æra óstöðugan að taka í stuttum ræðum á því dapra andrúmi sem ríkisstjórnin veldur í þjóðfélaginu. Mál er að linni, mál er að þessi ríkisstjórn fari frá völdum. Hún er heltekin doða sem dregur mátt úr íslensku þjóðlífi, mátt úr íslensku atvinnulífi sem þessi umræða snýst um.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með og hlusta á þessa umræðu sem hér hefur farið fram í allan dag og þá sérstaklega að hlusta á þá hæstv. ráðherra sem hér hafa talað. Ég tók eftir því í máli hæstv. hagstofuráðherra, sem nú leiðir starf um mótun nýrrar atvinnustefnu í landinu, að hann boðar okkur nýja stefnu í landbúnaðarmálum. Hann boðaði aukna framleiðslu og aukinn útflutning á landbúnaðarafurðum sem að vissu leyti er gott og ég get tekið undir og hef sjálfur viðrað svipaðar hugmyndir, en ég saknaði þess að heyra álit landbrh. á þessum nýju hugmyndum því að eins og menn vita, þá er hans stefna í landbúnaðarmálum allt önnur. Hún er sú að draga framleiðsluna niður í það sem innanlandsmarkaður þarfnast.

Við heyrðum einnig hæstv. iðnrh. lýsa nýrri stefnu í þá veru að nýta okkur niðurgreiðslur annarra þjóða varðandi skipaiðnaðinn. Þá má allt eins spyrja líka hvort þetta eigi ekki við um aðrar atvinnugreinar og taka þá aftur sem dæmi landbúnaðinn sem ég tel nú að hafi verið hugðarefni þeirra alþýðuflokksmanna um langan tíma. Þannig hefur margt komið hér fróðlegt fram og er spurning hvað kemur út úr þeirri vinnu sem hæstv. hagstofuráðherra leiðir um mótun nýrrar atvinnustefnu sem gárungar kalla dönsku nefndina og velta svona fyrir sér hvaða tungumál sé talað á fundum þar.

Það er einnig einkennilegt að heyra hæstv. hagstofuráðherra lýsa því yfir að að hans mati verði skipasmíðaiðnaður undirstöðuatvinnugrein á Íslandi innan fárra ára og stangast það verulega á við raunhæft mat sjútvrh. á þessum iðnaði. Ég sakna þess að hafa ekki heyrt, alla vega ekki þann tíma sem ég hef verið hér í salnum og hef ég þó setið hér mestan hluta dagsins, rætt um aðrar atvinnugreinar og er ég þá kannski einna helst með verslun og þjónustu í huga þar sem verulegur vandi er nú á ferðinni og verið að segja upp fólki í stórum stíl, fyrirtæki að loka, verslanir að loka, fyrirtæki, verslanir og heimili að verða gjaldþrota og fólk að missa eignir sínar. Um þennan þátt fjallar enginn, alla vega enginn af ráðamönnum þjóðarinnar. Engu að síður lýsti hæstv. forsrh. því yfir hér um daginn þegar verið var að ræða skattlagningu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, undir nákvæmlega þeim lið lýsti ráðherrann því yfir að mestur vandi í íslensku atvinnulífi í dag væri einmitt í verslun og þjónustu á nákvæmlega sama tíma og hann var að leggja til að framlengdur yrði skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Auðvitað átti hann að nota tækifærið þegar hann gerir sér svona vel grein fyrir stöðu þessara atvinnuvega og í það minnsta lækka þennan skatt, þó allra helst að fella hann niður því að þarna er skattur sem mismunar atvinnugreinum mjög. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvort að hans mati komi ekki til greina að taka á þessari skattlagningu og ef ekki að fella hana niður, þá alla vega að lækka hana eitthvað.

Það málefni sem hefur verið hér mest til umræðu í dag er eðlilega málefni skipasmíðaiðnaðar, enda er það mjög á döfinni í þjóðfélaginu um þessar mundir. Það er upplýst að búið er að segja nú þegar upp um 400 manns og förum við ekki varhluta af því í því kjördæmi sem ég er kjörinn á þing fyrir, þ.e. Vesturlandi, þar sem öllu starfsfólki Skipavíkur í Stykkishólmi hefur verið sagt upp og mér er tjáð að í farvatninu getið svipað verið á döfinni hjá Þorgeiri og Ellert á Akranesi. Alla vega sér það fyrirtæki ekki fram á mikil verkefni á næstu vikum.

Iðnrh. furðaði sig á því að frsm. þyrfti hér 1½ tíma til að fjalla um stöðu skipasmíðaiðnaðar á landinu. Ég furða mig aftur á móti á því að frá 10. september, þegar þessi stjórn var sett á laggirnar, og fram að 28. október hefur staða íslensks skipasmíðaiðnaðar ekki verið rædd í ríkisstjórninni. Það hlýtur að vera mjög alvarlegt mál. Það kom berlega fram í viðtali sem haft var við hæstv. hagstofuráðherra í Degi laugardaginn 28. okt., en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Málefni skipasmíðaiðnaðarins hafa ekki verið

rædd í ríkisstjórn síðan Borgaraflokkurinn gerðist aðili að henni.“ Þetta mál var ekki rætt í heila tvo mánuði. Nú getur iðnrh. náttúrlega leiðrétt, ekki mig, heldur hagstofuráðherra ef þetta er rangt.

Á síðasta þingi var til umræðu þáltill., flutt af hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefáni Guðmundssyni, sem bar yfirtitilinn „Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar“. Þar vil ég fá að vitna í hæstv. viðskrh., iðnrh. Jón Sigurðsson, þar sem hann sagði undir þessum lið í þessari umræðu, með leyfi forseta:

„Ég talaði hér í umræðunni fyrr, sem að vísu er nokkuð langt um liðið, um efni þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir hv. þingi og ætla ekki að orðlengja um það, en vildi eingöngu segja það að ég legg þar mesta áherslu á að veita innlendum skipasmíðaiðnaði jafna aðstöðu hvað varðar útvegun fjármagns vegna meiri háttar endurbóta á skipum.“

Nú leikur mér forvitni á að vita, hvað gerði ráðherrann til að jafna þessa aðstöðu? Ég held áfram, með leyfi forseta: „Nú sjást þó merki þess að hlutur innlendra skipasmiðja í viðgerðum sé að aukast að nýju.“ Ég spyr enn: Hvað gaf þetta til kynna? Hvaða merki voru það sem ráðherra sá sem gáfu það til kynna að viðgerðir mundu aukast að nýju? Annað hefur komið í ljós. Og enn held ég áfram, með leyfi forseta: „Það kemur mjög glöggt fram í athugun sem gerð hefur verið á því máli. Að vísu er það rétt að vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi verða minni verkefni bæði til nýsmíða og meiri háttar endurbóta hjá íslenska fiskiskipaflotanum á árinu 1989 heldur en var á undanförnum árum, en það er mjög greinilegt að hlutur innlendu stöðvanna fer vaxandi í þessu og ég mun fyrir mitt leyti gera það sem ég get til þess að sú þróun haldi áfram.“ Og ég verð að spyrja enn einu sinni: Hvað var það sem gerði það svo greinilegt að hlutur stöðvanna mundi fara vaxandi? Hvað hefur breyst svona mikið, hvað hefur villt ráðherranum sýn? Hvar fór hann út af veginum? Hvar fór hann út af sporinu? Ég vil vekja athygli á því að þessi umræða fór fram, ekki í fyrra og ekki í hittiðfyrra, hún fór fram á þessu ári. Það eru aðeins 7 mánuðir, 8 mánuðir síðan þessi umræða fór fram. Hvað hefur breyst svona mikið í íslensku þjóðfélagi að þessi fagra framtíðarsýn og þessi fögru loforð sem hæstv. ráðherra gaf 9. febrúar, að við þau hefur ekki verið hægt að standa?

Hæstv. forseti. Það er búið að ræða hér mikið um stöðu atvinnumála í landinu, en eins og ég sagði fyrr, mest um skipasmíðaiðnaðinn og ég tel það eðlilegt í þeirri stöðu sem nú er uppi. Það er hins vegar ljóst að atvinnuleysi eykst hér verulega og hefur sennilega aldrei verið eins slæmt, alla vega síðustu fjöldamörg árin, eins og farið hefur verið yfir hér í dag. Ég vildi gjarnan fá að nota þetta tækifæri og inna ráðherra iðnaðarmála eftir þeirri hugmynd eða þeirri umræðu sem er í gangi núna m.a. uppi á Akranesi um þilplötuverksmiðju sem hugsanlegt er að þar geti verið reist. Verði af því er það náttúrlega mikil búbót og hagur fyrir Akraneskaupstað að fá slíkt atvinnutækifæri á staðinn og virðist ekki veita af eins og málum er háttað í dag.

Ég saknaði þess, hæstv. forseti, að fá ekki svar við eða heyra ekki sjútvrh. útlista sína skoðun á ummælum hæstv. hagstofuráðherra um skipasmíðaiðnaðinn þar sem hann fullyrti hér eða staðhæfði úr þessum ræðustól að sjútvrh. vildi þennan iðnað feigan. Ég hefði gjarnan viljað fá hreint og klárt svar við því hvort ríkisstjórnin er klofin í þessu máli eða ekki því að ef marka má ummæli hagstofuráðherra, sem ég hef nú tekið fullt mark á fram að þessu, þá hlýtur það að vera rétt. En hæstv. iðnrh., sem nú er eini hæstv. ráðherrann sem situr hér fund, mun e.t.v. gera tilraun til að svara þessu.

Hæstv. forseti. Ég held að ég þurfi ekki að bæta meiru við þessa umræðu og læt því máli mínu lokið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég efndi til þessarar umræðu í því skyni að athuga hvort hægt væri að knýja fram óyggjandi svör frá hæstv. ráðherrum við einstökum spurningum. Nú er komið í ljós að eftir stendur sama óvissan og áður. Ekki getur það verið svo að tveir ráðherrar segi báðir satt þegar þeirra fullyrðingar stangast á. Enn er það svo að hæstv. forsrh., sem hér er fjarstaddur, flutti langa ræðu án þess að svara einu einasta orði þeim beinu fyrirspurnum sem til hans var beint. Hið sama er raunar að segja um hæstv. sjútvrh. sem flutti undarlega þulu hér áðan sem sýndi að honum var ekki sama orðið og má raunar segja að honum sé mikið í mun, þessum skapríka manni, ef hann heldur að hann með einhverjum hætti geti gert íslenskar skipasmíðar tortryggilegar. Mátti vel skilja það á máli hans að hann teldi það mikinn óþarfa að efna til þeirrar umræðu sem við höfum nú átt hér í dag og á þessari kvöldstund, utandagskrárumræðu um atvinnuástandið, þegar svo háttar til skv. nýjasta yfirliti um atvinnuástand sem vinnumálaskrifstofa félmrn. hefur sent frá sér, svo að mér sé kunnugt, og dagsett er 9. okt. sl., að fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga svari til þess að 1516 manns hafa að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í 5 mánuði, en það jafngildir 1,1% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í mánuðinum, en 0,4% á sl. ári. Ef ég man þær tölur rétt sem hæstv. iðnrh. fór með hér áðan, þá hefur atvinnuleysi á þessu ári verið 1,6%, er það rétt munað? og stefnir í 1,7%.

Jafnframt kom fram hjá hæstv. iðnrh. að hann staðfestir það mat Þjóðhagsstofnunar og vinnumálaskrifstofu félmrn. að atvinnuleysi muni fara vaxandi, við séum ekki komnir ofan í öldudalinn, og skyldi maður ætla að a.m.k. hæstv. forsrh. sæi sóma sinn í að vera viðstaddur umræður af þessu tagi.

Það var líka eftirtektarvert að hér tóku til máls fjórir hæstv. ráðherrar. Einn þeirra, hæstv. iðnrh., talaði um það með sjálfsánægju að atvinnuleysi væri þó ekki jafnmikið í landinu og svörtustu spár hefðu sagt, en gleymdi á hinn bóginn því að fólksflutningar frá Íslandi hafa verið meiri en um langt árabil og væri fróðlegt að sjá hvernig þær tölur litu út, ef bætt yrði við atvinnuleysistölurnar því fólki sem hefur orðið að flýja land vegna þess að það hefur ekki fengið atvinnu hér á

landi við sitt hæfi. Aðrir ráðherrar, ekki forsrh., ekki sjútvrh. og ekki hinn nýi atvmrh., hæstv. hagstofuráðherra, sáu ástæðu til þess að gera atvinnuástandið að umræðuefni með einu einasta orði. Meira að segja hæstv. sjútvrh. var svo ósvífinn að segja, eftir að ég hafði farið hér með tölur atvinnuleysis alla mánuði ársins, þær tölur sem fyrir lágu frá janúarmánuði til september og jafnan hafði komið í ljós að ástandið var verra en á sl. ári, ýmist þrefalt eða fjórfalt meira atvinnuleysi en sl. ár, að segja að ég hafi efnt hér til umræðu á fölskum forsendum og mér hefði verið nær að tala um að þessi umræða væri um skipasmíðar. Ekki snerti hann nú meir þessi umræða um hið bága atvinnuástand sem er hér á landi.

Hitt þótti mér næsta undarlegt að þessi hæstv. ráðherra, sem kýs að vera fjarverandi og má vera að hægt sé að hnippa í hann þó síðar verði, skuli ekki hafa svarað þeirri beinu spurningu sem ég beindi til hans hér við umræðurnar, hvort hann teldi að samkeppnisstaða sjávarútvegs væri viðunandi hér á landi. Ég man ekki hvort hann sagði að ég hefði ekki minnst á sjávarútveg. Hitt man ég að hv. þm. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., hafði ekki hlustað á mína ræðu þar sem ég varði löngum kafla einmitt til þess að ræða stöðuna í sjávarútveginum og það samhengi sem er milli skipasmíða og sjávarútvegs og gekk svo langt að vitna til ræðu, boðskapar sjútvrh. á fiskiþingi þar sem hann segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mikilvæg breyting hefur nú náðst á raungengi krónunnar og þeim ábata verður atvinnugreinin að halda. Kjarasamningum sem raska því raungengi sem verður um næstu áramót getur sjávarútvegurinn ekki staðið undir."

Þessi ummæli mín tók hæstv. sjútvrh. svo að ég væri kominn í flokk einhverra vondra manna sem héldu því fram að ríkisstjórnin hefði brugðist þeim loforðum sem hún gaf vinnumarkaðinum á sl. vori þegar hún stóð fyrir kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Þegar hún gekk fram fyrir skjöldu, tók ráðin af aðilum vinnumarkaðarins og markaði sérstaka launastefnu sem hún sagði að hið opinbera gæti staðið undir, en síðan kæmi það í hlut aðila vinnumarkaðarins að semja um þau laun sem atvinnuvegirnir gætu staðið undir. Var svo að skilja, a.m.k. þegar ráðherrarnir töluðu stundum, að þeir ætluðust til þess að fólk úti á hinum almenna vinnumarkaði sætti sig við önnur og lakari kjör en gerist á hinum opinberu stofnunum.

En það vill svo til að það er ekki aðallega ég sem hef gert þessi mál að umræðuefni hér í þingsölum. Sá maður er varaforseti Alþýðusambands Íslands, kunnur verkalýðsleiðtogi frá Vestfjörðum, hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason, sem við umræður um lánsfjárlög í Ed. krafðist þess að umræðunni yrði frestað til þess að hann gæti rekið ofan í hæstv. fjmrh. þau ósannindi sem hann hefði farið með og rakið lið fyrir lið þau svik sem ríkisstjórnin hefði sýnt í sambandi við þau fyrirheit sem hún gerði við kjarasamningana á sl. vori. Morgunblaðið hefur þessa umræðu eftir honum, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er sama hvað menn ryðja upp úr sér af tölum, þá er það budda hins almenna launamanns sem segir til um stöðu mála. Karvel benti á að vinur væri sá er til vamms segði og því hikaði hann ekki við að segja að skattar væru um of og ríkisstjórnin hefði ekki staðið við loforð sín við launþega um kaupmátt launa. Almenningur mun kveða upp sinn dóm, sagði Karvel, og bætti því við að oft þegar menn væru komnir á toppinn þekktu þeir ekki sinn vitjunartíma. Ætti það við um ríkisstjórnina."

Þessi eru ummæli varaforseta Alþýðusambands Íslands og ég man ekki hvort hann viðhafði þau ummæli í hinni sömu ræðu að hann hefði aldrei lofað þessari ríkisstjórn stuðningi. A.m.k. fór það ekki dult að traust hans á ríkisstjórninni væri mjög þverrandi og ekki til þess að byggja á. Svo mikið er a.m.k. víst. En það er kannski eðlilegt að hv. þm. blöskri. Ef við tökum hækkun launa frá upphafi til loka árs eins og ég gerði hér áðan, þá nemur sú hækkun 12% á þessu ári, er spáin. Spáð er að verðbólga verði 25%. Hæstv. forsrh. sagði hér í þessum ræðustól áðan og var montinn yfir að gengi krónunnar hefði fallið um 30% síðan í september í fyrra. Það þýðir, ef rétt er með farið, að erlendur gjaldeyrir hefur á þessu sama tímabili hækkað um 42,9%. Nú hygg ég að vísu að hæstv. forsrh. fari ekki rétt með. Ég hygg að hann ruglist á tölum eins og stundum áður. Ætli það sé ekki nær lagi að gengið hafi fallið um 25% eða svo. Ég hef það ekki hjá mér. En hitt liggur ljóst fyrir að gengisfellingin hefur verið veruleg og þótti mér vænt um að heyra það hjá hæstv. viðskrh. að hann taldi það nú helst sér til gildis í sínum ræðustól áðan að hann hefði mjög beitt sér fyrir því að gengið hefði fallið síðan þessi ríkisstjórn var mynduð.

Hæstv. forsrh. talaði um fast gengi á árunum 1987 og fram eftir ári 1988. Ég og viðskrh. vitum báðir að hæstv. forsrh. fer þar með rangt mál. Við vitum báðir tveir, ég og viðskrh., að gengið var fellt um 6% í febrúarmánuði 1988. Við vitum báðir að gengið var fellt um 10% í maímánuði 1988 og við vitum að þá var gefin heimild til þess að gengið mundi síga um 3% til viðbótar. Við vitum meira að segja líka báðir tveir að það var Alþfl. og hæstv. viðskrh. sem stóðu gegn því í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að sú gengisheimild væri notuð en um leið og nýja ríkisstjórnin var mynduð fór hæstv. viðskrh. og þáv. hæstv. utanrrh. fram á það við Seðlabankann að þetta gengissvigrúm yrði notað af Seðlabankanum áður en ný ríkisstjórn yrði mynduð. Á þessum tíma féll gengið með öðrum orðum um tæp 20%. Ég býst við að hæstv. viðskrh. hafi haft það í huga, þegar hann talaði áðan um það hvað sér hefði tekist vel að fella gengið síðan, að hann hefði of seint skilið þann sannleik sem fólst í stefnumörkun okkar sjálfstæðismanna, bæði vorið 1988 og eins um haustið, að óhjákvæmilegt væri að leiðrétta gengisskráninguna. Með öðrum hætti væri óhugsandi að komast að þeirri niðurstöðu að rétt sé að fella gengið — eigum við að nota tölu forsrh.? — um 30% síðan, miðað við þær almennu launahækkanir sem hafa orðið á þessu tímabili og miðað við þær breyting-

ar sem hafa orðið á stöðu atvinnuveganna á þessu tímabili. Spurningin er auðvitað þessi: Hvers vegna miðar ekki hæstv. viðskrh. raungengið við þann tíma þegar hann var viðskrh. síðustu mánuðina í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar þegar hann talar um óskastöðuna?

Mér þykir slæmt að hæstv. forsrh. skyldi ekki hafa svarað þeirri spurningu nema út í hött hvort rétt væri hjá hæstv. hagstofuráðherra að málefni skipasmíðaiðnaðarins hefðu ekki verið rædd í ríkisstjórninni síðan hún var mynduð til loka októbermánaðar, hvað sem síðan hefur verið.

Þetta er athyglisvert, líka í ljósi þess að hæstv. hagstofuráðherra lýsti því hér yfir í dag, í þessum stól, að það væri búið að fela honum atvinnustefnu innan þessarar ríkisstjórnar. Þar með er auðvitað búið að fela honum um leið að marka stefnuna í málefnum skipasmíðaiðnaðarins og má kannski segja að það sé eina vonin fyrir skipasmíðaiðnaðinn eftir að hæstv. iðnrh. var svo smekklegur að segja áðan að við Íslendingar ættum að þiggja styrki, erlenda ríkisstyrki, til útgerðarinnar. Við ættum ekki að reyna að standa á bak við íslenska skipasmíði, en meðan okkur gæfist kostur á því að fá 26–36% ríkisstyrk hjá þjóðum Efnahagsbandalagsins ættum við að þiggja það.

Ég vil minna hæstv. iðnrh. á það að þegar hæstv. forsrh. skrifaði aðilum vinnumarkaðarins bréf í tengslum við kjarasamningana á sl. vori var tekið sérstaklega fram að það ætti að tryggja stöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega, og það er ekki hægt að líta á skipasmíðarnar öðruvísi. Það sannaði sig m.a. í sambandi við Kanadaskipin og í sambandi við þá tækniþekkingu sem verið er að tala um að íslenskar skipasmíðastöðvar geti flutt úr landinu.

Ég hygg að hæstv. iðnrh. sé mér sammála um það að það sé of þröng skilgreining að segja að íslenskur skipasmíðaiðnaður sé ekki útflutningsiðnaður. En ef átti að tryggja íslenska skipasmíðaiðnaðinum samkeppnisstöðu, hvernig getum við þá fallist á það um leið að rekstrarskilyrðin eigi að vera allt önnur? Eða gleymdist að segja í bréfinu að það ætti að tryggja íslenskum útflutningsatvinnuvegum, öðrum en skipasmíðaiðnaði, eðlilega samkeppnisstöðu við þessar greinar í erlendum löndum? Það má vel vera að það sé hugsun ráðherrans. A.m.k. kom það fram hjá hæstv. sjútvrh. hér áðan að hann hafði allt á hornum sér um það að hægt yrði að nota það fiskiskip sem nú er í smíðum í Slippstöðinni fyrir norðan, en hann tók ekki alveg fyrir það að hann væri til í það að leyfa smíði fiskiskipa erlendis á sama tíma og þetta skip er í Slippstöðinni norður á Akureyri. Það er stolt atarna fyrir íslenskum atvinnuvegum, að horfa upp á atvinnuleysið, ráðast gegn stjórn Slippstöðvarinnar fyrir það að hún skyldi hafa heimilað smíði skipsins á árinu 1987, eins og hæstv. sjútvrh. gerði, en segja síðan í lokaorðum sinnar ræðu að hann hefði ekki séð annað en að sæmileg atvinna hafi verið í íslenskum skipasmíðastöðvum og ekki hefði verið hægt að bæta þar við verkefnum. Hvernig getur hann gert hvort tveggja í senn, að ráðast að þeim mönnum sem samþykktu verkefnin en hrósa sér svo sem stjórnmálamanni af því á eftir að ekki kom til uppsagnar í Slippstöðinni fyrir einu eða tveimur árum? Þetta er auðvitað spurning sem hann verður að svara og ég hefði knúið svara við ef hann hefði verið hér í kvöld. Hið sama er að segja um raðsmíðaskipin. Það var atvinna vegna þeirra, af því að þau voru hér. Þess vegna kom ekki til uppsagna í Slippstöðinni. Og ég hygg að bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh., ef maður talar við þá í ró og næði, báðir þessir menn muni samþykkja það að ógjörningur er með öllu að halda uppi svo stórri, svo fullkominni og tæknilega vel útbúinni stöð sem Slippstöðin á Akureyri er ef hún á ekki að fá burðarverkefni eins og skipasmíðar þegar að kreppir.

Í þeirri skýrslu sem hið enska ráðgjafarfyrirtæki Appledore samdi fyrir iðnrh. er varpað fram einni spurningu, að hætta skipasmíðum. Um það segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frammi fyrir skorti á pöntunum, lélegri fjárhagsstöðu og harðri samkeppni er þetta vissulega möguleiki á Íslandi ...“ — Ja, svo stendur þetta, herra forseti. — „og gæti gerst að einhverju leyti vegna „eðlilegra“ markaðsafla ef ekkert er gert til þess að endurskipuleggja iðnaðinn. Þetta er þó ekki álitinn álitlegur kostur fyrir Ísland vegna eftirgreindra ástæðna:

Sjávarútvegurinn þarfnast lágmarksþjónustu sem þarf að vera tiltæk á staðnum. Það tap kunnáttu og tækni sem fylgir mundi verða til tjóns fyrir litla eyþjóð sem reiðir sig mjög mikið á fiskiflota sinn. Atvinnutækifærum mundi fækka mjög mikið og vandamálið vegna flutnings vinnuafls til Reykjavíkur mun aukast. Það mun hafa óhagstæð áhrif á vöruskiptajöfnuðinn að öll vinna við flotann verði að gerast erlendis.

Mat APA hefur sýnt að iðnaðurinn á möguleika á að verða samkeppnishæfur með endurskipulagningu. Þegar alls er gætt er því álitið að það sé ekki álitlegur kostur fyrir Ísland að leyfa iðnaðinum að hnigna.“ — Ég endurtek: „að leyfa iðnaðinum að hnigna.“

Nú er spurning: Telur hæstv. iðnrh. að iðnaðinum hnigni ef Slippstöðinni á Akureyri er lokað, þegar búið er að loka Slippstöðinni í Stykkishólmi, þegar Stálvík er lokuð, þegar við horfum fram á það að Þorgeir og Ellert hafa ekki verkefni þegar þeirri nýsmíði er lokið sem nú er verið að vinna að? Og ég ítreka þá spurningu sem ég kom með hér fyrr í dag: Hefur það verið rætt innan ríkisstjórnarinnar að þær endurbætur sem boðnar voru út vegna Árna Friðrikssonar verði unnar hér á landi og lægsta íslenska tilboðinu tekið? Það þýðir lítið að tala um einhverja spillingu í sjávarútvegi af þeim sökum, að útvegsmenn muni kappkosta að kaupa ný og ný skip ef skipasmíðaiðnaður er niðurgreiddur eins og hæstv. sjútvrh. gerði. Eða vill kannski hæstv. iðnrh. frekar þiggja ölmusuna hina erlendu og segja upp fólkinu á Akranesi? Er það hugmyndin? Er það það sem á að gera?

Ég tók eftir því að Árni Gunnarsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., fann að því að ég skyldi hafa talað um að hæstv. iðnrh. hefði kallað forstjóra Slippstöðvarinnar, stjórnarformann og stjórnarmann inn á teppið. Hann sagði að stjórn Slippstöðvarinnar hefði að fyrra bragði óskað þess við hæstv. iðnrh. að fá að ræða við hann um ástandið í skipasmíðaiðnaðinum og ástand Slippstöðvarinnar sérstaklega.

Í frétt Ríkisútvarpsins var þetta öðruvísi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jón Sigurðsson segir að hann hafi verið í sambandi við forustumenn Slippstöðvarinnar. Hann segist hafa heimsótt stöðina í september sl. og fylgst með stöðu þess um langt skeið. Sl. föstudag hafi hann kallað á sinn fund stjórnarformann hennar, forstjóra og einn stjórnarmann."

Þetta verður ekki skilið öðruvísi, hæstv. iðnrh., en svo að frumkvæðið hafi verið hans, iðnrh., hann hafi fylgst með rekstri Slippstöðvarinnar um nokkurt skeið og séð ástæðu til þess að kalla stjórnarmenn fyrir sig og forstjóra Slippstöðvarinnar. Hæstv. iðnrh. er smekkmaður á íslenskt mál og ég veit að hann finnur að ég hef rétt fyrir mér, en ekki get ég fundið að því þótt hæstv. iðnrh. leiðrétti sig og lýsi því hér yfir að hann hafi ætlað að segja annað en hann sagði. (**Viðskrh.:** Hver segir að ég hafi sagt þetta, Halldór minn? Þetta er ómerkilegur orðhengilsháttur og ekki sæmandi þingmanni hér.) Hæstv. ráðherra sagði: „Hver segir að ég hafi sagt þetta? Þetta er ómerkilegur orðhengilsháttur og ekki sæmandi þingmanni hér." Kannski ég megi þá aftur spyrja: Er þessi setning ekki heldur höfð eftir hæstv. iðnrh.? Með leyfi hæstv. forseta:

„Í hana hafi verið ráðist fyrir um tveim árum án þess að séð hefði verið fyrir því hvernig verkefnið gæti aflað fyrirtækinu tekna og ekki hafi verið hugað að því hvernig það félli inn í reglur um stjórn fiskveiða og reglur um sölu og skipti á skipum."

Sagði hæstv. iðnrh. þetta? (**Viðskrh.:** Þetta er staðreynd í málinu.) Er þetta staðreynd í málinu? Gengur hæstv. iðnrh. svo langt að segja að ég hafi sagt ósatt um þetta atriði? Gengur hann svo langt? (**Viðskrh.:** Ég sagði: Þetta eru staðreyndir málsins.) Eru þetta staðreyndir málsins?

Það verður náttúrlega fróðlegt að bera þeim starfsmönnum Slippstöðvarinnar sem unnu að undirbúningi þessa skips þessa kveðju hæstv. iðnrh., að þeir hafi ekki hugað að reglum um stjórn fiskveiða og með hvaða hætti mætti skipta út skipi, og hann ætlar að standa við það. Ég skal láta kanna hitt, hæstv. iðnrh., uppi í Ríkisútvarpi, hvort Ríkisútvarpið hafi farið rangt með ummæli ráðherrans. Ég mun láta gera það, biðja hæstvirtan fréttamann að hlusta nú á segulbandið og athuga hvort hann hafi farið rétt með ummæli ráðherrans, líka varðandi hitt atriðið. Ég veit að þetta eru ósannindi og ég sagði, hæstv. forseti, þgar ég bað um þessa umræðu að ég mundi biðja um hana vegna þess að ráðherrar færu með ósannindi og þeir hafa gert það.

Hæstv. fjmrh. sagði hér við umræður um fjárlög að engin nefnd starfaði að því að vinna að breytingu á skattalögum í samræmi við yfirlýsingu hæstv. forsrh. í vor. Hæstv. iðnrh. segir að þessi nefnd sé til og segir að hún hafi starfað. Og þá langar mig að spyrja hæstv. iðnrh. hvort nefndin sem hann talaði um sé búin að skila hæstv. fjmrh. tillögum um breytingar á skattalögum í samræmi við yfirlýsingu forsrh. um það í vor að skattareglur hér yrðu sambærilegar við það sem gerist í löndum Efnahagsbandalagsins.

Ég veit ekki hvort ég man rétt síðan í maí. Mig minnir að hæstv. iðnrh. hafi þá notað orðið „fljótlega". Nú kannaðist hæstv. fjmrh. ekkert við þetta. Hann sagði að talsmenn vinnuveitenda mundu bara standa frammi fyrir því sem ríkisstjórnin ákvæði. En er hæstv. iðnrh. búinn að skila þessum tillögum til hæstv. fjmrh.? Veit hæstv. fjmrh. hvað iðnaðurinn er að hugsa? Var það kannski niðurstaða þessarar nefndar, hæstv. iðnrh., að búið er að leggja hér fram á Alþingi frv. um það að gjalddagi launaskatts skuli vera einu sinni í mánuði? Í grg. er sérstaklega talað um að með þessu sé verið að liðka fyrir ríkissjóði, þetta bæti hag ríkissjóðs en bitni á iðnaðinum í landinu sem launaskattinn greiðir eins og hæstv. ráðherra veit. Var þetta samþykkt í nefndinni eða er þetta á móti þeim hugmyndum sem komu í nefndinni? Er ekki hægt að fá já eða nei við því hvort þessi nefnd hæstv. iðnrh. hefur sent hæstv. fjmrh. blað um það hvernig hún vilji breyta lögum um tekjuskatt? Það er komið fram í október, nóvember meira að segja, og skattalögin eru óðum að berast á borð þingmanna. Er ekki einu sinni hægt að segja já við því að fjmrh. hafi séð þetta blað? Ekki nei? Hæstv. forsrh. fer undan í flæmingi ef hann er spurður. Er hægt að fá svar við því hvort hæstv. iðnrh. hefur rætt málefni skipasmíðaiðnaðarins í ríkisstjórn eftir að þessi ríkisstjórn var mynduð? Hvor segir satt, ráðherra Hagstofu eða forsrh. um þau mál? Vill ekki hæstv. iðnrh. upplýsa okkur hér, með jái eða neii, hvort málefni skipasmíðaiðnaðarins hafi verið rædd í ríkisstjórninni, og þá hvenær, eftir að þessi ríkisstjórn var mynduð? — Ekki orð. Stundum grípur hæstv. iðnrh. fram í. Hann er ekki alltaf sannheilagur í þeim efnum, en nú vill hann ekkert segja. Gallinn við þetta er auðvitað sá, sem maður hefur áður orðið var við, að þó að ráðherrar séu þannig staðnir að því að vilja ekki svara knýjandi spurningum hafa þeir komist upp með það gagnvart fjölmiðlum að þeir láta kyrrt liggja ef svarið kemur ekki í þingsölunum. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort fjölmiðlar muni knýja þessa menn til sagnar um það, eins og við reynum hér í þingsölum, hvað sé rétt í þessu máli. Það verður fróðlegt að sjá það.

Aðhald í ríkisfjármálum, segir hæstv. iðnrh. Hann hafi gert tvennt gott: Hann hafi lækkað gengið og hann hafi sýnt aðhald í ríkisfjármálum. Í hverju er þetta aðhald fólgið? Hv. þm. Karvel Pálmason segir að skattarnir séu of háir.

Við vorum að fá fjáraukalög á borðið til okkar. Ég held að það hafi verið fyrir helgina. Næstu helgi á undan fengum við á borðið til okkar nýtt frv. til

lánsfjárlaga vegna ársins 1989. Á þessari einu viku hefur hallinn á ríkissjóði aukist um litlar 100 millj. kr. og rúmlega það, á einni viku. Og ef við lítum á t.d. samneysluna, þá fer hún vaxandi í þessu þjóðfélagi á sama tíma og kaupmáttur rýrnar, á sama tíma og fyrirtækin hafa minna fyrir sig að leggja.

Hæstv. iðnrh. sagðist telja að við, sem vorum í stjórn Slippstöðvarinnar fyrir tveim árum, hefðum unnið í þeim anda að láta ríkið koma og bjarga fyrirtækinu eftir á. Og hæstv. iðnrh. segist hafa kynnt sér rekstur Slippstöðvarinnar. Veit hæstv. iðnrh. hversu mikið fé er bundið hjá Slippstöðinni á Akureyri vegna þess að útvegsmenn geta ekki greitt fyrir þær viðgerðir og endurbætur sem þar hafa farið fram á þessu ári? Veit hann hversu mikið er útistandandi? Gerir hann sér grein fyrir því hversu illa sjávarútvegurinn er staddur hér á landi, þeim gífurlegu greiðsluerfiðleikum sem hann stendur frammi fyrir? Ef hann gerði það má myndi hann ekki segja eins og hann sagði: „Það er þetta eina verk sem veldur þessum erfiðleikum.“ Auðvitað bindur þetta verk fé fyrir Slippstöðinni, en staða hennar var mjög góð og hún var rekin með hagnaði á sl. ári þó svo skipið hafi verið afskrifað um 60 millj. kr. En hversu mikið fé skyldi vera útistandandi? Fleiri en einn maður í skipasmíðaiðnaði hefur sagt við mig að það sé undarlegt þegar ráðamenn séu að segja: Af hverju vararðu þig ekki á útgerðarmönnunum? Þú ættir að þekkja þá, þú ættir að vita hvernig þeir standa. En málið er ekki svona. Góð fyrirtæki fyrir einu ári, fyrir tveimur árum standa nú höllum fæti og eru í erfiðleikum með að sjá og annast um nauðsynlegasta viðhald.

Hæstv. sjútvrh. hafði það eftir mér að ég hefði sagt að launin skiptu ekki máli í þessu þjóðfélagi. Þetta var rangt haft eftir, enda var hann miður sín. Það sem ég sagði var: Þegar búið er að skerða kjörin eins og gert hefur verið sl. tvö ár, þá er ekki hægt að segja lengur að launin séu vandamál í þessu þjóðfélagi. Vandamálin eru verðbólgan, vandamálin eru ríkisstjórnin og skattarnir og vandamálin eru hinir háu nafnvextir og háu raunvextir sem hér er haldið uppi vegna þeirrar miklu þenslu sem er á launamarkaði vegna lánsfjárþarfar ríkissjóðs eins og ég minntist á í minni fyrri ræðu. Það er raunar slæmt að hafa ekki hæstv. sjútvrh. hér, sú umræða verður að bíða betri tíma.

Ég ætla að minnast að lokum á eitt atriði, hæstv. forseti, og það eru þau ummæli hæstv. sjútvrh. að hann skilji ekki þá menn sem ákváðu að smíða skipið í Slippstöðinni. Hann sagði að sér hefði aldrei litist á það plan og sagði að þeir sem tóku þessa ákvörðun hefðu skert möguleika fyrirtækisins til langrar framtíðar. Svo mörg voru þau orð. Mér finnst það mikil hreysti þegar horft er á atvinnuástandið í landinu, þegar íhugað er hversu margir eru atvinnulausir hér að eina misfellan sem sjútvrh. sá var sú að þegar allt önnur ríkisstjórn var við völd, spár um þorskstofna komandi var tiltölulega mjög góð, bjartsýni ríkti í landinu, þá skyldu menn láta sér detta í hug að hægt væri að halda uppi fullri atvinnu í Slippstöðinni á Akureyri. Auðvitað get ég tekið undir með sjútvrh. og sagt: Ef maður hefði vitað hvað biði íslenskrar þjóðar, þá er vafasamt að ráðist hefði verið í þessa framkvæmd frekar en margar aðrar sem gert hefur verið því allt er það heldur niður á við sem gerist hér í efnahags- og atvinnumálum upp á síðkastið. Þó er þetta versta lexía núna þegar hæstv. sjútvrh. dauðadæmir þetta skip, en lætur jafnframt í það skína að til mála komi að skip verði flutt inn erlendis frá. Þó hann hafi ekki verið að hrósa því, þá hélt hann þó þeim möguleika opnum.

Í fréttatilkynningu frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja sem dags. var 2. nóv. segir í niðurlagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið hefur ítrekað bent á leiðir til að jafna aðstöðu skipaiðnaðarins, svo sem að auka mismun lána til verkefna innan lands og erlendis, að tryggja jafnræði í bankaábyrgðum til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 2. des. 1986, að auðvelda innlendum stöðvum að taka eldri skip upp í ný. — Ég endurtek: að auðvelda innlendum stöðvum að taka eldri skip upp í ný. — Að tryggt sé að leitað sé eftir tilboðum innan lands og tilboð séu metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Félagið hefur jafnan talað fyrir daufum eyrum ráðamanna. Hér er um fullkomið alvörumál að ræða og síðustu tíðindi sýna að skjótra aðgerða er þörf.“

Enginn þeirra ráðherra sem hér hafa talað í dag hefur léð máls á því að innlendum stöðvum verði auðveldað að taka eldri skip upp í ný. Á sama tíma er það viðurkennt að erlendar skipasmíðastöðvar í löndum Efnahagsbandalagsins fá 26–36% ríkisstyrk. Umræðan í þjóðfélaginu nú snýst um það að við eigum að aðlagast hinum evrópska markaði og við eigum að fara eftir leikreglum þess markaðar. Við Íslendingar erum fámenn, lítil þjóð. Við getum ekki vænst þess að við getum hvarvetna verið samkeppnishæfir við það besta sem gerist í þessum löndum. Skýringin á innflutningi á t.d. kökubotnum erlendis frá er sú að þeir eru miklu ódýrari í framleiðslu í hinum stóru verksmiðjum erlendis en í okkar litlu brauðgerðum þar sem sami maðurinn verður að einbeita sér að margvíslegum brauð- og kökutegundum samtímis. Á mörgum, ótalmörgum öðrum sviðum getum við ekki vænst þess, þessar fáu hræður, að við stöndum erlendri samkeppni snúning og allra síst núna þegar ástandið í atvinnuvegum er þannig að fjárfesting í búnaði, tækjabúnaði og hugbúnaði, í vöruþróun er undir lágmarki. Ég veit satt að segja ekki hvernig þeir menn sem glaðast tala um hinn sameiginlega markað hugsa sér Ísland. En við eigum að búast við því að við þolum hvað sem er hér, að við eigum að vera með eitthvert frelsi innan okkar landamæra sem engum erlendum mönnum dettur í hug að hafa í sínu landi.

Ég segi, hæstv. forseti, það er ekki ofrausn þótt reynt sé að auðvelda innlendum skipasmíðastöðvum að taka eldri skip upp í ný. Það er ekki ofrausn þótt brugðist sé við óeðlilegri, erlendri samkeppni með viðeigandi hætti. Ég viðurkenni að skipasmíðaiðnað-

urinn hefur marga menn í þjónustu sinni og ég viðurkenni að við erum þar að tala um mjög háar tölur. Eigi að síður blasir við að í smærri iðngreinum hafa verið veitt sérstök samkeppnislán með vildarkjörum hjá útflutningssjóði. Skipasmíðaiðnaðurinn var talinn of stór fyrir þennan sjóð. Það dugir ekki að segja í öðru orðinu: Við viljum viðhalda þessum iðnaði til þess að íslensk skip, þegar þau þurfa á að halda, geti fengið þá þjónustu sem best er í veröldinni. Það dugir ekki að setja niður á pappír að verkþekking í fiskiskipaiðnaði hér á landi sé meiri en víðast annars staðar, ef við höfum ekki kjark til þess að nýta okkur þessa þekkingu og leyfa þeim mönnum sem búa yfir henni að spreyta sig á nýjum verkefnum. Ég tók eftir því að ráðherra Hagstofu talaði um að það ætti að koma í hlut íslenskra skipahönnuða, verkfræðinga, að stjórna verkum í skipasmíðastöðvum erlendis þar sem vinnuafl er ódýrara. Ég segi á hinn bóginn að okkur sé nauðsynlegt að standa vörð um járnsmíða- og vélsmíðaiðnað okkar Íslendinga sem stendur nú svo höllum fæti að smiðjur í þessari iðngrein hafa margar orðið gjaldþrota á umliðnum mánuðum og í ýmsum þeim sjávarplássum þar sem fyrir nokkrum árum voru lífleg verkstæði eru nú lokaðar dyr. En þetta getum við auðvitað ekki gert nema við viðurkennum sérstöðu skipasmíðaiðnaðarins og göngum til þess verks með opnum hug að rétta hlut hans. Þetta er ekki aðeins spurning um það hvað hæstv. ráðherra finnst og þetta er ekki spurning um það hvað hæstv. ríkisstjórn finnst. Alþingi hefur sagt vilja sinn í þessu máli með þál. frá sl. vori. Það mun vitaskuld reyna á það hér á Alþingi hvort hæstv. ráðherra standi við það að koma því í verk sem honum hefur verið falið.

Það má vel vera að nauðsynlegt kunni að vera að taka málið upp aftur með öðrum hætti, ég skal ekki fortaka það. En hitt er alger misskilningur ef hæstv. ráðherra heldur að hann komist upp með það og ríkisstjórnin komist upp með það að aftur líði tveir mánuðir án þess að skipasmíðaiðnaðurinn sé ræddur í ríkisstjórn Íslands.

Sumir alþm. sem styðja þessa ríkisstjórn, hæstv. forseti, hafa brugðið á það ráð að skamma ríkisstjórnina af og til í fjölmiðlum og hér inni í þingsölum svona til þess að þvo hendur sínar. Einn þessara manna er Guðmundur G. Þórarinsson, hv. 10. þm. Reykv. Í sjónvarpsviðtali í kvöld sagði hann að þeir menn sem ræku fiskeldisstöðvar hefðu verið veiddir í gildru á sl. sumri þegar þeir voru hvattir til þess að ala þau seiði sem ekki var markaður fyrir erlendis og leggja í þann kostnað sem fylgdi því. Nú sagðist hann búast við að hrun yrði í þessari atvinnugrein vegna þess að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við þau fyrirheit sem hún hefði gefið. Því miður er þetta allt of víða svona. Kannski er það vegna þess að ríkisstjórninni er eins farið og hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni. Hún trúir ekki lengur á að hún geti rétt við atvinnuástandið hér á landi. Hún horfir fram á vaxandi atvinnuleysi. Hún gerir sér grein fyrir því að hún hefur brugðist þeim loforðum sem hún gaf launþegahreyfingunni á sl. vori og hennar síðasta hálmstrá nú er að launþegar þessa lands sætti sig við það að lífskjörin haldi áfram að versna á næstu mánuðum vegna þess að þeir óttist atvinnuleysið svo mjög að þeir muni sætta sig við kjaraskerðinguna. Þannig er ástandið hjá þessari félagshyggjustjórn. Hjá þeirri ríkisstjórn sem á sl. hausti talaði hæst og mest um það að hér yrði gróandi þjóðlíf, blómstrandi atvinnulíf, batnandi lífskjör. Á sama tíma og hvarvetna í nálægum löndum, meira að segja í Austur-Þýskalandi, blaktir fáni frelsisins við hún er íslenskt atvinnulíf drepið í dróma aukinna ríkisafskipta sem krystalliserast í þeim ógnvænlegu millifærslum opinbers fjár sem lýsa sér í því að frystiiðnaðurinn hefur verið greiddur niður á þessu ári. Ef hæstv. sjútvrh. hefði verið hér inni, þá hefði ég spurt hann: Er það nú öldungis víst að ríkisstjórnin ætli að fella niður styrkinn til frystiiðnaðarins á næsta ári? Ef hann mundi segja já, þá mundi ég aftur spyrja: Staðan í saltfisknum er erfiðari. Saltfiskurinn þarf á því að halda að greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði renni áfram til hans. En óstjórnin síðustu missiri hefur verð slík að það er búið að éta upp sjóði hans. Skýringin á dauðanum í atvinnulífinu er sú að úr ríkissjóði voru greiddar uppbætur til frystingarinnar í gegnum Verðjöfnunarsjóð frystiiðnaðarins og samtímis voru sjóðir saltfisksins opnaðir upp á gátt og nú er búið að eyða þeim. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að koma til móts við saltfiskiðnaðinn á næsta ári, ef staða hans verður áfram erfið með sama hætti og komið hefur verið til móts vð frystinguna og greiða honum úr ríkissjóði uppbætur til þess að sú vinnsla geti gengið?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þetta er orðin nokkuð löng umræða. Ég mun þó leitast við að svara, þótt með fáum orðum hljóti að verða, ýmsu af því sem til mín hefur verið beint.

Hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson nefndi nokkur atriði í sínu máli. Fyrst spurði hann um það hvort ekki kæmi til greina að setja „dumping"-toll á erlendar skipasmíðar fyrir íslenskan sjávarútveg. Ég svara því blátt áfram þannig að það komi ekki til greina, jafnvel þar sem bersýnilegt er að niðurgreiðsla eða styrkur hafi fylgt hinni erlendu smíði. Hvers vegna er það? Það er af því að íslenskur sjávarútvegur er í samkeppni við erlendan sjávarútveg sem nýtur aðgangs að skipasmíðum á þessum kjörum. Sjávarútvegurinn er í samkeppni. Hann er okkar lifibrauð og ég man ekki betur en hv. 2. þm. Norðurl. e., málshefjandinn hér í dag fyrir æðimörgum stundum síðan, hafi einmitt nefnt það sem eitt af því sem mestu skiptir. Um það er ég honum sammála. Við þurfum að tryggja sjávarútveginum samkeppnisstöðu. Það gerum við ekki með því að leggja „dumping"-toll á innflutning hans á nauðsynjum til sín, skipum eða viðgerðum á þeim.

Ég man reyndar ekki til þess á þeim tíma sem hv. 1. þm. Reykv. var iðnrh. að hann hafi lagt þetta til, enda nefndi hann það í ræðu sinni að þetta kynni að verða eitthvað erfitt í framkvæmd.

Hliðstæðan, samjöfnuðurinn, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði í máli sínu var sú hvort ekki væri þá rétt

að við nytum landbúnaðarniðurgreiðslna frá útlöndum með sömu rökum. Þarna á ekki það sama við. Landbúnaðurinn er ekki í beinni samkeppni við erlendan landbúnað. Það þekkir hv. þm. mætavel. Kannski væri hægt að hugsa sér að sú samkeppni væri eitthvað beinni. Ég bendi líka á, sem öllum er vel kunnugt, að Íslendingar njóta niðurgreiðslna, útflutningsbóta á kornvöru og ýmsum landbúnaðarvörum sem hér eru ekki framleiddar þegar þær eru keyptar frá svæði Efnahagsbandalagsins t.d., svo að ég nefni dæmi um það sem hér var hreyft. Hins vegar er hér ólíku saman að jafna og ég veit að þessi spurning hv. þm. var, eins og honum er stundum títt, ræðubragð, mælskubragð en ekki efnisleg spurning. En við ræðum hér mikið alvörumál og ég tel það ekki sæmilegt að blanda slíkum hlutum saman eins og reyndar hefur því miður orðið vart í máli hv. málshefjanda, 2. þm. Norðurl. e., að þótt hann hreyfði hér mikilvægu máli, þá hafi hann stundum notað helst til léttvægar aðferðir og rök í sínum málflutningi.

Hv. 1. þm. Reykv. nefndi réttilega að hann hefði sýnt, að mínu áliti, lofsverðan áhuga á málefnum skipaiðnaðarins með því að skrifa viðskiptaráðuneytum og sjávarútvegsráðuneytum á sínum tíma og reyndar iðnrn. í sumar bréf um málefni skipaiðnaðarins. Því bréfi var svarað eins og hann tíundaði hér vandlega. Hann rifjaði upp að Byggðastofnun hefði verið veitt sérstök heimild til erlendrar lántöku til þess að greiða fyrir innlendum skipaviðgerðum. Reyndar er nú aðdragandi þess máls lengri en svo að það hafi gerst í iðnrh.-tíð hv. 1. þm. Reykv. Ég man ekki betur en þetta hafi staðið nokkru lengur og m.a. var á það minnst í bréfi sem hér hefur verið vitnað til í umræðunni sem hæstv. núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson skrifaði í septemberbyrjun árið 1986.

Ég hafði, eins og upp var rifjað, þá skoðun að til greina kæmi að líta á aðra tilhögun um þessa fjárútvegun til skipaiðnaðarins og þá fyrst og fremst með því sjónarmiði að það yrði honum hagfelldara að ætla öðrum að miðla fénu, t.d. viðskiptabönkunum. Ég sannfærðist um það af viðtölum við þm. sem láta sig málið varða, m.a. hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal, og forustumenn Byggðastofnunar og það sem mestu máli skiptir, forustumenn skipaiðnaðarins að það fyrirkomulag að veita þessum viðgerðalánum um reikninga Byggðastofnunar væri það sem einfaldast og heppilegast væri. Þess vegna hefur þetta verið svo, bæði í fyrra og verður, ef lánsfjárlög verða samþykkt eins og tillaga er um hér í þinginu, nú einnig á næsta ári.

Hv. 1. þm. Reykv. rifjaði upp að hann hefði beitt sér fyrir skýrslugerð breska ráðgjafarfyrirtækisins Appledore og sjútvrh. hefði tekið þátt í því og beitt sér fyrir þátttöku lánasjóða sjávarútvegsins. Það var rétt og skynsamlegt af hv. 1. þm. Reykv. að rifja þetta upp og ég tek það fram að ég er honum alveg sammála um að það var mikilvægt að fá sjávarútveginn til samstarfs í málinu. Það samstarf hefur staðið síðan og ég mun lýsa því að nokkru hér á eftir hvernig ég hyggst reyna að standa að því þegar ég kem að fleiri atriðum í máli hv. 1. þm. Reykv.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram að ég sæi ekki þörfina fyrir bankaábyrgðir með sömu reglum fyrir innlendar skipaviðgerðir og smíði eins og þegar um erlendar skipasmíðar væri að ræða fyrir innlendar útgerðir. Þetta er alls ekki rétt skoðun á því sem ég hef fram fært í málinu. Ég hef lýst því yfir að ég vilji beita mér fyrir því að jafn aðgangur verði að fjármagni, hvort sem skipaiðnaðarverkefnin eru unnin hér á landi eða erlendis. Ég hef líka bent á það varðandi ábyrgðirnar að það sé óeðlilegt að innlendir aðilar, sem hafa verið í traustum viðskiptasamböndum, fari að gera kröfur um bankaábyrgðir upp úr þurru og taka fyrir þau gjöld því að auðvitað mundu þau leggjast á viðskiptin. Þetta er þarflaust þegar ekki er viðskiptaleg ástæða fyrir því. Hins vegar legg ég á það mikla áherslu, og m.a. hef ég gert það í bréfaskrifum mínum til lánastofnana, að bankar og fjárfestingarsjóðir mismuni ekki sínum viðskiptavinum eftir því hvort um verkefni innan lands eða utan er að ræða. Hv. 1. þm. Reykv. spyr hvað þessu líði, hverju hafi fengist framgengt. Ég ætla nú ekki að miklast af því að þarna hafi orðið mikill árangur. Þó vona ég, og þá kem ég aftur að samstarfi því sem tekist hefur við aðila í iðnaðinum og við þá vil ég hafa gott samstarf, að fylgt verði eftir ábendingum Appledore-skýrslunnar. Starfshópur er að verki í því máli og hefur m.a. fjallað um bankaábyrgðirnar. Ég hyggst fylgja því eftir en eingöngu þannig að ekki sé verið að leggja ónauðsynleg ábyrgðargjöld á íslenskan sjávarútveg og um það veit ég að hv. 1. þm. Reykv. er mér sammála.

Ég þekki skipasmíðastöðvar og skipaviðgerðarstöðvar sem þekkja suma af sínum viðskiptavinum svo vel að þeir segja: Ég vil ekki eiga peninga hjá nokkrum manni frekar. Eigum við að fara að gera það að einhverri almennri reglu að það verði tekið bankaábyrgðargjald af manni eða fyrirtæki sem alltaf hefur staðið í skilum bara af því að ríkið vilji hafa það svoleiðis? Ég ætlast ekki til þess af hv. 1. þm. Reykv. að hann hafi átt við þetta þó það hafi mátt skilja hans orð á þann veg.

Það kom mjög glöggt fram í máli hv. 1. þm. Reykv. að hann er þeim mönnum sammála sem halda því fram að afkastagetan í skipaiðnaðinum sé of mikil. Það verður auðvitað bersýnilegra þegar litið er á verkefnin fram undan. Þau eru minni einfaldlega af því að íslenskur sjávarútvegur er nú að koma út úr enn einni endurnýjunaröldunni eftir góðæri í sjávarútvegi og horfir fram á minnkandi verkefni. Það er ekki verkefni stjórnvalda og ekki skynsamlegt viðfangsefni að skaffa skipasmíðaverkefni hvað sem slíkri sveiflu líður, hvað sem eftirspurninni líður. Sem betur fer hafa stjórnvöld ekkert skipunarvald yfir íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum til þess að segja þeim að kaupa bara skipin hvort sem þau þurfa á þeim að halda og borga fyrir þau það sem þarf. Ef það er stefnan, þá stefnum við beint til Póllands fyrir breytingarnar.

Ég kem þá að máli hv. þm. Árna Gunnarssonar. Hann rifjaði réttilega upp bréf hæstv. núv. forsrh. Steingríms Hermannssonar frá því í september 1986. Í því bréfi var getið fjögurra atriða, sem öll eru enn til athugunar, um það að þess sé freistað að leita tilboða í verk áður en lánveitingar eru ákveðnar. Ég minni í því sambandi á svar viðskrn. frá árinu 1988 við erindi iðnrh., sem þá var 1. þm. Reykv., um það að nú væri eðlilegra að slíkt aðhald og slík samngjörn samkeppni við innlendan iðnað kæmi frá Fiskveiðasjóði. Þetta er enn mín skoðun. Þess vegna getur einmitt verið hið besta mál að fá fulltrúa frá iðnaðinum í stjórn þessa sjóðs. Það er enn mín tillaga af því að ég tel að með endurskipulagningu á bankakerfinu og þeim sem standa að stjórnum í þessum sjóðum, bæði Iðnlánasjóði og Fiskveiðasjóði, þurfi að breyta þessari stjórnarskipan, ekki síst af því að um næstu áramót hefur göngu sína ný lánastofnun, Íslandsbanki hf., þar sem búið er að stokka upp spilin og þegar af þeirri ástæðu verður nauðsynlegt að endurskoða skipun stjórnar í Fiskveiðasjóði. Það er kannski ástæðan fyrir því að þarna hefur ekki fengist niðurstaða enn. Ég held því alls ekki fram að það sé sammæli í ríkisstjórninni um það að þetta eigi að vera eins og ég hef lagt til. Hins vegar segi ég skýrt hvert sé mitt álit í málinu og mun tala fyrir því.

Annað atriði sem rifjað var upp úr bréfinu var áherslan á það að bankaábyrgðir væru sambærilegar fyrir innlend og erlend viðskipti. Ég er þessu algerlega sammála. Spurningin er, hvað er sambærilegt og hvað eru sömu aðstæður? Það er þess vegna sem í þessum orðum felst svarið við því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv.

Í þriðja lagi var nefnd lántökuheimild til Byggðastofnunar eða Byggðasjóðs til þess að tryggja 80% lánahlutfall við innlend verkefni. Það hlutfall hefur reyndar nú í sumum tilfellum farið hærra eða upp í 85% á þessu ári fyrir tilverknað bæði þings, Byggðastofnunar og reyndar að tillögum fleiri aðila.

Í fjórða lagi voru það svo samkeppnislánin sem Iðnlánasjóður ætti að veita þegar mæta þurfti undirboðstilboði.

Nú spyr ég og hlýt að gera það: Þau tvö ár sem liðu frá því í byrjun september 1986 þar til í lok september 1988 fór Sjálfstfl. með iðnaðarmálin. Líklega fór hann með viðskiptamálin líka á þessum tíma og fjármálin. Hvers vegna gerðist ekkert á þessum tíma sem telja verður nokkuð langan, tvö ár, á þeim tíma sem breytingarnar urðu í skipaiðnaðinum og við þekkjum vel? Finnist hv. málshefjanda, 2. þm. Norðurl. e., tveggja mánaða tími langur, þá hlýtur honum að finnast óskaplega langt, heil eilífð, að hafa svona tvö ár án þess að mikið gerist í málinu. Þetta hljóta að vera eðlilegar spurningar. Ég tel nú að það hafi á þessu ári vegnað í öllum málunum fjórum vegna þess að hreyfing í þeim verður fyrst á þessu ári á grundvelli skynsamlegrar undirstöðu sem lögð var af hv. 1. þm. Reykv., þáv. iðnrh., með því að kveðja til Appledore skýrslugerðarmennina. Þetta er ekki gert af því að ég vilji sakast við menn um liðna tíð eða orðna hluti. Þetta bara er svona.

Og af því að hér hefur verið á orði haft hvort rætt hafi verið meira eða minna í ríkisstjórninni um málefni skipaiðnaðarins, þá vil ég taka það fram að ég hef að sjálfsögðu átt viðræður við félaga mína í ríkisstjórninni um skipaiðnaðinn þótt þau mál kunni ekki að hafa verið formlega á dagskrá ríkisstjórnarfunda, enda er það ekki mælikvarði á athafnasemi ríkisstjórna heldur það starf sem fram fer á vegum ráðuneytanna. Eins og kunnugt er er ríkisstjórnin ekki fjölskipað stjórnvald.

Það fór einmitt mjög vel á því hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssyni að rifja upp þessi bréfaskipti frá árinu 1986. Það var líka rétt sem kom fram hjá honum að skilaboðin frá þessari umræðu hér í þinginu eigi að vera þau að allt sé gert sem unnt er að gera til þess að koma í veg fyrir hrun skipaiðnaðarins. Hins vegar verðum við að miða við þau verkefni sem fyrir liggja, en ekki einhver gerviverkefni. Endurskipulagning á iðnaðinum, aukið samstarf, fyrirtækjanet, eins og hv. 1. þm. Reykv. nefndi, eru lausnir sem líta þarf á og verður líka gert, m.a. í starfi þeirra manna sem ég hef kvatt til til þess að leggja á ráðin um það hvernig best sé að fylgja ábendingum Appledore-skýrslunnar. Og þar er reyndar fjallað um öll þau atriði sem nefnd voru í ályktun Félags dráttarbrauta og skipasmiðja sem hv. 2. þm. Norðurl. e., málshefjandinn, hefur vitnað hér til a.m.k. tvisvar ef ekki þrisvar sinnum. Það er líka gott vegna þess að þetta eru nokkurn veginn sömu atriðin og voru í bréfinu góða sem til er vitnað frá því í septemberbyrjun 1986.

Ég skil vel óþolinmæði þeirra manna sem telja að það þurfi að laga þessar aðstæður. En ég skil ekki hversu góða biðlund og þolinmæði þeir sýndu þessi löngu tvö ár og spyr um það. Hv. 5. þm. Vesturl. spurði hvort ekki kæmi til greina að endurskoða skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, m.a. með tilliti til þess að atvinnuástand væri nú einna lakast í verslunar- og þjónustugreinum, ekki síst hér um suðvestanvert landið. Ég tek það fram að ég hef verið talsmaður þess að þessi skattur yrði lækkaður, jafnvel lagður af í tengslum við þá endurskoðun sem fram þarf að fara á eignarskattlagningu í landinu og skattlagningu tekna af eignum. Þessi skattur, eins og réttilega var nefnt af þm., mismunar atvinnugreinum. Hann var reyndar lækkaður frá því sem áformað hafði verið með fjárlögum í fyrravor. Ég vil láta líta á þetta að nýju en tek það auðvitað fram að ég er hér ekki að tala fyrir hönd fjmrh. þótt honum sé fullkunnugt um þessa skoðun mína.

Hv. 5. þm. Vesturl. spurði og vitnaði til umræðna sem fram fóru hér í þinginu í des. 1988 og í febrúar á þessu ári og að ég hefði þar talað um jafnan aðgang að fjármagni. Hvað hefði verið gert?

Ég vil nefna nokkuð af því sem gert hefur verið. M.a. var lántökugjaldinu aflétt. M.a. var fjárútvegun til Byggðastofnunar vegna innlendra viðgerðarverkefna mjög rífleg. Það fé hefur ekki allt verið nýtt, heimildin hefur ekki verið fullnýtt eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. getur vafalaust sagt deili á. Ástæðan er auðvitað sú að verkefnin hafa ekki verið eins mikil og menn töldu í upphafi og þá kem ég að því sem hv. 5. þm. Norðurl. v. spurði um og lýtur að því sem ég hafði nefnt um áramótin síðustu, líklega hef ég gert það bæði í desember og febrúar, að hlutur innlendra stöðva í skipaiðnaðinum hafi farið vaxandi. Það er rétt. Í viðgerðunum sérstaklega, en þær hafa reyndar minnkað mjög mikið. En svo að ég taki nokkrar tölur þá getum við séð að viðgerðirnar, þá er ég að tala um meiri háttar endurbætur, ekki hefðbundið viðhald skipa, námu samanlagt á verðlagi ársis 1988 2435 millj. árið 1987. Af þessu var framkvæmt innan lands fyrir 1160 millj., erlendis fyrir 1275 millj. Á þessu ári, 1989, er áætlað að endurbæturnar samtals, meiri háttar endurbætur, nemi 1030 millj. Af því sé unnið innan lands fyrir 760 millj., erlendis fyrir 270 millj. Þarna hefur hlutfall innlendra skipasmiðja í lækkandi framkvæmdamagni, endurbótamagni, aukist verulega.

Í nýsmíðinni hafa innlendu stöðvarnar haldið sínum hlut allvel undanfarin ár. Ég nefni sem dæmi tölur um það að 1986, alltaf er þetta á sama verðlagi, ársins 1988, nam nýsmíði innan lands 520 millj., 1987 620 millj., 1988 830 millj., 1989 500 millj. eða álíka mikið og var 1986. Nú er ég að tala hér í beinum tölum um framkvæmd, umsvif. Það verður að skoða þessa hluti eins og þeir eru og þegar menn vita hvað eitt myndarlegt skip kostar, sjá þeir hvað það eru litlar sveiflur í þessum tölum. Það sem nú veldur áhyggjum er það sem fram undan er. Við sjáum nú ekki fram á nema kannski 280–300 millj. kr. verkefni fyrir árið 1990. Ég ætla ekki að fullyrða að það verði svo lítið. Þetta eru hins vegar þær tölur sem menn hafa fengið með því að leggja saman pantanabækurnar hjá stöðvunum og meta þær til einnar tölu. Þær spár eru ekki alltaf réttar. Og það er líka rétt, eins og kom fram hér í máli hv. 2. þm. Norðurl. e., að það þarf að líta á verkefnin og m.a. á möguleikana til þess að auðvelda innlendum smiðjum að taka eldri skip upp í ný. Það er eitt af því sem ég legg mikla áherslu á að verði þannig um hnúta búið að það verði alls ekki hægt að halda því fram að það verði erfiðara fyrir innlendu smiðjurnar að veita þessa þjónustu, ef maður getur kallað það þjónustu. Þetta nefni ég svona sem dæmi. En auðvitað komumst við aldrei fram hjá því að það eru verkefnin sjálf, uppsprettan í sjávarútveginum, eftirspurnin eftir endurbótum og nýsmíðum, og endurbæturnar eru stærra verkefnið, sem ráða gengi þessarar greinar. Þess vegna er mikilvægast að tryggja hag sjávarútvegsins.

Hv. 5. þm. Vesturl. spurði um önnur atvinnutækifæri á Vesturlandi. M.a. nefndi hann þilplötuverksmiðju og hugsanlegt samstarf við Sementsverksmiðjuna í því máli. Það mál er nú enn á miklu frumstigi. Þó vil ég taka það fram að ég hef beitt mér fyrir því að samband komist á milli Sementsverksmiðjunnar og breska fyrirtækisins Butler, sem hefur áhuga á því að kanna kosti þess að framleiða þilplötur úr vikurblöndu hér á landi. Ég tel það mjög áhugavert að kanna það hvort Sementsverksmiðjan geti tekið þátt í því eða dótturfyrirtæki hennar, Sérsteypan, sérstaklega ef kostur er á því að nota sement í stað gips í fylliefnið í plöturnar. Ekki ætla ég neitt að fullyrða um það fyrir fram hvort úr þessu verkefni verði, en ég hef a.m.k. reynt mitt til þess að tengja þessa aðila saman og m.a. rætt um hugsanlega bankafyrirgreiðslu í því sambandi við breska viðskiptabanka. Þetta er hins vegar fyrst og fremst málefni sementsverksmiðjunnar og ég hygg að hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Vesturl., fylgist glöggt með málinu á þeim vettvangi. En ekki vil ég segja fleira um málið í bili og um staðsetningu á slíkum vinnustað held ég að sé betra að segja færra en fleira.

Ég kem þá að máli hv. 2. þm. Norðurl. e. í síðari umferð í hans málflutningi. Hv. þm. rifjar enn upp gengisbreytingaferil á árinu 1988, telur það skjóta nokkuð skökku við að ég haldi því nú fram að það sé meðal þarfra verka þessarar stjórnar að hafa tekist að lækka raungengið með sígandi hætti án þess að það ylli afturkasti á vinnumarkaðnum. Ég stend enn við það að ég tel að það hafi verið hið þarfasta verk. Hann telur að ég eða viðskrn. á þeim tíma hafi staðið í vegi fyrir því að 3% heimild til gengisbreytingar, sem veitt var vissulega af þessu viðskrn. vorið 1988, væri nýtt þá um sumarið. Má ég minna hv. 2. þm. Norðurl. e. á það enn á ný að allt það sumar var að störfum nefnd á vegum forsrh., formanns Sjálfstfl., 1. þm. Suðurl., sem m.a. hafði það á sinni tillöguskrá og kannski efst á henni, og eftir því sem maður hlaut að skilja lengst af í þökk þess sem var verkbeiðandinn, tillögur um að fara niðurfærsluleið. Til þess að halda þeirri leið opinni sem var fram haldið af hæstv. þáv. forsrh. og ýmsum stuðningsmanna hans var það auðvitað alveg hreint ófært að fara að breyta genginu rétt á meðan mennirnir væru að setja þetta saman. Þegar svo kom að því að menn greindi á um ýmsa hluti um haustið, sem ég ætla nú annars ekki að fara að rifja hér upp, þá segi ég bara ósköp blátt áfram að meðan bjargvætturinn frá Flateyri og hans samverkamenn voru að bjástra við það að teikna niðurfærsluleiðina hefði það auðvitað ekki verið þarflegt verk að fara þá að fella gengið rétt á meðan. Hins vegar var það að mínu áliti óhjákvæmilegt og var enda gert að beita þeirri heimild þegar sú hnapphelda var af. Ég minni á það að í framhaldi af þeirri ákvörðun, sem var reyndar framkvæmd 28. sept. 1988, voru gerðar breytingar á gengisskráningunni fram eftir vetri eins og vel er kunnugt og þá erum við komin inn á það ár sem hér hefur mest verið um rætt og ég ætla ekki að rifja upp frekar. En ég verð þó að segja það að ég tel það litlum tilgangi þjóna að rifja upp slíkar gárur í stjórnmálaþróuninni og tel það í raun og veru vera að drepa málum á dreif þegar við stöndum frammi fyrir verkefnum eins og við gerum nú.

Ég hirði ekki um að eiga orðastað við hv. 2. þm. Norðurl. e. þegar hann segir að það sé ráðist gegn stjórn Slippstöðvarinnar af hálfu ríkisstjórnarinnar og ráðherra hennar. Ég hef átt gott samstarf við forustumenn hennar, mun eiga það áfram og þarf ekki milligöngu hv. 2. þm. Norðurl. e. til þess að tala við það fólk.

Ég tel það fjarstæðu þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. heldur því fram og leggur það að jöfnu þegar íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sem þurfa á öllu sínu að halda til þess að ná landi, og um það er ég honum sammála, eigi að hafa það af sér að leita hagstæðustu verða í nýsmíðar eða viðgerðir. Hv. 2. þm. Norðurl. e. er svo ósmekklegur að kalla þetta að þiggja ölmusu. Ég tel þetta einfaldlega vera búmennsku og það er búmennska ekki eingöngu fyrir hvert fyrirtæki heldur líka fyrir þjóðarbúið allt. Það verður að harma það að í svo mikilvægu máli skuli hv. 2. þm. Norðurl. e. viðhafa svo lágkúrulegan málflutning.

Þá kem ég að máli þingkvenna Kvennalistans. Þær minntu okkur á það, bæði hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir 7. þm. Norðurl. e., hv. 10. þm. Reykn. Anna Ólafsdóttir Björnsson og hv. 18. þm. Reykv. Sigríður Lillý Baldursdóttir, að atvinnuleysistölur eru ekki neinar venjulegar hagtölur. Þegar við erum að tala um atvinnuástandið erum við að tala um kvikuna í þjóðlífinu og á bak við töluna um einn atvinnulausan mann á skránni eru mannleg örlög. Þessu megum við aldrei gleyma. Við á þessu landi höfum átt því láni að fagna að vera að mestu laus við böl atvinnuleysisins um alllangt árabil. Við erum enn blessuð með því að hafa hér miklu, miklu minni atvinnuvanda en í flestum nálægum ríkjum. Þetta er ekki nóg til þess að við látum sem okkur komi ekki þessi vandamál við. Við þurfum að bægja atvinnuleysinu frá með öllum tiltækum ráðum. Hér í dag hafa skipasmíðarnar mikið verið teknar sem dæmi. Þeir sem við þær starfa eru flestir raunsæir menn sem skilja það vel að þeim er enginn greiði gerður með því að skapa þeim gerviverkefni. Ég vil hins vegar vinna með þeim og geri það og mun gera til að finna leiðir til þess að tryggja þessari mikilvægu starfsgrein arðvænleg verkefni með samstarfi, endurskipulagningu eins og hér hefur mikið verið nefnt og með því að skapa þeim í hvívetna sanngjarna starfsaðstöðu.

Ég vil að endingu taka undir það sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. þegar hún sagði: „Það þarf að horfa fram í tímann og meta langtímaáhrif okkar ákvarðana þegar hugað er að atvinnuuppbyggingu í landinu.“ Hún nefndi þar umhverfisáhrif af hugsanlegri nýrri atvinnustarfsemi og það er vissulega mjög mikilvægt sjónarmið. Hins vegar tel ég að þeim góðu þingkonum Kvennalistans skjöplist þegar þær tala gegn stóriðju af því að hún sé ekki í samræmi við þeirra skilning á atvinnustarfsemi og sé ekki til þess fallin að auka þátttöku kvenna í atvinnulífinu sem þær minna okkur jafnan á að sé sérlega mikilvæg og um það þarf engum blöðum að fletta.

Misskilningur þeirra í málflutningi liggur fyrst og fremst í því að efling stóriðju á grundvelli orkulindanna t.d. er í þágu kvenna jafnt sem karla og allra landsins barna og að viðbót við útflutningstekjurnar hvaðan sem hún er runnin virkar eins og seytluveita á engi og græðir og glæðir aðra starfsemi í þjóðarbúskapnum. Það er slík hugsun, slík langtímahugsun sem við þurfum að fá inn í okkar atvinnumálaumræðu og hafi þessi umræða hér í þinginu í dag, svo löng sem hún er, ýtt mönnum eitthvað í þá átt, þá er það vel.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér féll það mjög vel að hæstv. iðnrh. skyldi hafa lýst því yfir að hann vilji beita sér fyrir því að innlendum skipasmíðastöðvum verði auðveldað að taka eldri skip upp í ný sem eru í smíðum hér á landi. Ég met þessa yfirlýsingu mjög mikils og fullyrði að einmitt þetta atriði var haft í huga þegar ákvörðun var tekin um það á árinu 1987 að efna til þeirrar nýsmíði sem er í Slippstöðinni á Akureyri. Ég vek athygli á því að hæstv. iðnrh. tók mjög skýrt fram hér áðan að erfiðleikar skipasmíðaiðnaðarins stöfuðu að verulegu leyti af þeim erfiðleikum sem eru í íslenskum sjávarútvegi, sem er auðvitað laukrétt og skýrir þá litlu fjárfestingu sem nú er í endurbótum og meiri háttar viðhaldi á fiskiskipastólnum sem ég fullyrði að í einstökum tilvikum sé of lítill, en á hinn bóginn er það líka rétt að nauðsynlegt er að fækka skipum þannig að það getur einnig haft sína kosti.

Ég þarf náttúrlega ekki að útskýra að sú gengisumræða sem hér hefur farið fram hefur orðið til vegna ummæla forsrh. En hitt er rangt ef ég man rétt, nú væri fróðlegt að fletta upp og gá hvor man betur, þá man ég ekki til þess að sú nefnd, sem hæstv. iðnrh. vitnaði til á sl. sumri og kennd var við Einar Flateyring, hafi orðið til á vordögum og starfað allt sumarið. Sú nefnd var skipuð í ágústmánuði ef ég man rétt. Og áður en það varð hafði verið látið á það reyna í ríkisstjórninni hvort samkomulag næðist um það að láta gengið síga um þessi 3% sem við vorum að tala um áðan. Þessi orðaskipti urðu einu sinni milli mín og hæstv. iðnrh. í Ed. og ég skoraði þá á hann að hafa þessi ummæli eftir þegar þáv. hæstv. forsrh. væri viðstaddur og hlýt að gera það enn. Ég veit ekki hvort hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson var viðstaddur þegar þetta gerðist, en þarna stangast á fullyrðingar. Það er alveg ljóst að gagnvart okkur sjálfstæðismönnum var það ljóst að á þessum tíma vildi Alþfl. ekki nýta þetta svigrúm og er auðvelt að sýna fram á ótal tilvitnanir í blöð og yfirlýsingar bæði formanns Alþfl. og, ja, ég skal ekki segja viðskrh. en a.m.k. formanns Alþfl. frá þessum tíma. (Gripið fram í.) En ég hef aðrar heimildir um þetta mál. Ég hef nú einu sinni aðrar heimildir um þetta mál og sakna þess að þessar umræður skuli ekki fara fram þegar hæstv. þáv. forsrh. var viðstaddur — og þykir mér vænt um að mismæla mig með þeim hætti að kalla hann hæstv. formann Sjálfstfl. En sem sagt, ég leiðrétti það hjá hæstv. iðnrh. að allt það sumar hafi nefndin verið að störfum. Það voru mismæli hjá iðnrh. sem hann hefur

nú leiðrétt. (**Viðskrh.:** Þá leiðrétti ég það.) Þá leiðréttir hann það. (**Viðskrh.:** Í byrjuðum júlí.) Endaðan júlí, um mánaðamótin júlí/ágúst. Ég skal ekki segja hvort það var, það er hægt að finna dagatalið.

Í öðru lagi er það ekki rétt að ég hafi í minni ræðu hér áðan talað um að hæstv. iðnrh. hafi skammað núv. stjórn Slippstöðvarinnar. Hins vegar sagði ég að bæði hann og hæstv. sjútvrh. hafi viðhaft ummæli sem séu óþingleg og ég vil ítreka það og endurtaka. (**Viðskrh.:** Fjarstæða.) Iðnrh. segir að það sé fjarstæða, já. Það er líka rangt hjá iðnrh. að ég hafi sagt að sjávarútvegur mætti ekki njóta bestu kjara. Athugasemd mín beindist að þeim ummælum hæstv. iðnrh. í dag að hann talaði þá um að við ættum að þiggja niðurgreiðslur í öðrum löndum á skipasmíðaiðnaði og gaf engan kost á því að hann vildi með neinum hætti koma til móts við þarfir skipasmíðaiðnaðarins nú, hins íslenska og þá nýsmíði sem hér er verið að vinna að. Þess vegna er ég mjög þakklátur hæstv. iðnrh. fyrir að hann skuli hafa sýnt skilning á því að ekki er hægt að halda uppi þeim öfluga skipasmíðaiðnaði sem er hér á landi nema honum verði gefinn kostur á nýsmíði með því að hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir að það eigi að gefa íslenskum skipasmíðastöðvum kost á því að taka önnur skip upp í. Það er talað um sambærilega stærð. Tel ég í rauninni að þetta mál hljóti að vera unnið. Ég vil ekki trúa því að hæstv. sjútvrh. standi á móti vilja iðnrh. í þessu efni og vænti þess að ekki þurfi lengi eftir því að bíða að ríkisstjórnin muni tilkynna með hvaða hætti hún kemur til móts við óskir skipasmíðaiðnaðarins að þessu leyti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð liðið á fundartímann, komið fram yfir miðnætti og vel það. Ég skal ekki gerast langorður. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við fyrirspurnum er ég beindi til hans. Það eru aðeins örfá atriði fyrst sem ég vildi gera athugasemdir við. Ég veit ekki hvort ég á að vera að skipta mér af umræðum um þær gárur sem áttu sér stað í stjórnmálum fyrir nokkrum árum er við sátum saman í ríkisstjórn, ég og hæstv. ráðherra. En það er rétt sem hér hefur komið fram að það var skilin eftir opin heimild fyrir Seðlabankann, að sjálfsögðu þá með . . . (**Viðskrh.:** Hver skyldi hafa veitt hana?) Það var ríkisstjórnin, (**Viðskrh.:** Það var viðskiptaráðherrann.) það var ríkisstjórnin og viðskiptaráðherra fyrir hennar hönd, en sú heimild var ekki notuð þrátt fyrir það að starfandi sjútvrh. á þeim tíma hafi haft fulla vitneskju um að til nýs fiskverðs var stofnað miðað við það að þessi heimild yrði notuð og ég held, þó að ég telji varla viðeigandi að fara í þessa umræðu hér án þess að menn séu allir viðstaddir, en ég hygg að hv. 2. þm. Norðurl. e. fari nokkuð nærri um það þegar hann heldur því fram að það hafi fyrst og fremst verið hæstv. viðskrh. sem kom í veg fyrir það að þessi heimild var notuð á þessum tíma. Hitt er svo annað mál að sjálfsagt er hægt að grafast fyrir um þetta með tiltölulega einföldum hætti og í raun skiptir þetta ekki öllu máli í umræðunni í dag nema vegna þess að gengismálin voru dregin inn í þessa umræðu.

Það sem er miklu alvarlegra og upp úr stendur er hitt að hæstv. ráðherra, og það nefndi hann ekki í sinni ræðu, stóð að því að falsa gengi íslensku krónunnar þegar hann tók við embætti iðnrh. í nýrri ríkisstjórn með því að fallast á það að færa til fjármuni til sjávarútvegsins sem lent hafði í erfiðleikum og þar með að breyta starfsskilyrðum samkeppnisiðnaðarins í landinu. Og það er auðvitað ein af ástæðunum fyrir því að íslenskur iðnaður stendur illa eða stóð illa á sínum tíma og stendur jafnvel illa enn vegna afleiðinga af þessu, ekki síst vegna þess að hann hafði ekki fengið neinar bætur þegar best gekk hjá sjávarútveginum á sínum tíma og það hlaut að koma iðnaðinum illa.

Í öðru lagi vil ég gera athugasemd við málflutning hæstv. ráðherra þegar hann segir að það sé ræðubragð að hafa nefnt landbúnaðinn við hliðina á niðurgreiðslum í sambandi við innflutning á fiskiskipum og hugsanlega tolltöku samkvæmt heimildum í lögum. Það eina sem mér gekk til var að benda á að þetta er sambærilegt og rök hæstv. ráðherra ná ekki lengra en svo að hann bendir á að landbúnaðurinn eigi ekki í samkeppni við landbúnað annars staðar. Það er ósköp einfalt að koma því heim og saman. Við skulum t.d. taka kartöflurækt og innflutning á kartöflum, kjúklinga, egg og svínakjöt. Það er ekkert einfaldara en að koma því þannig fyrir. Það sem ég var að benda á í minni ræðu . . . (**Viðskrh.:** Eruð þið ekki að verða þarna sammála, hv. 2. þm. Norðurl. e. og þú og hv. 4. þm. Austurl.?) Ef hæstv. ráðherra heldur að ég hafi verið að ræða það út frá þeim forsendum, þá er það misskilningur. Ég ræddi þetta vegna þess að hæstv. ráðherra tók þannig til orða að honum fyndist sjálfsagt að þiggja niðurgreiðslur frá erlendum ríkisstjórnum. Og þegar hann rökstuddi þetta síðan sagði hann að það væri vegna þess að sjávarútvegurinn íslenski starfaði í alþjóðlegri samkeppni. En hann athugar það ekki að íslenskir launþegar og íslenskir neytendur eru líka í alþjóðlegri samkeppni og það er ein meginástæðan fyrir því að fólk flytur úr landi að vöruverð er hærra hér og laun fara lækkandi, þannig að það má halda því fram að neytendur og launþegar séu líka á samkeppnismarkaði. Hæstv. ráðherra þarf því að endurskoða röksemdir sínar dálítið, a.m.k. áður en hann ætlar sér að flytja þessa ræðu aftur.

Það breytir hins vegar ekki því og ég get sagt það við hæstv. ráðherra að ég tel að niðurgreiðslur af hálfu íslenska ríkisins til þessa iðnaðar komi ekki til greina, en þá kem ég kannski að því sem ég held að hafi vantað í ræðu hæstv. ráðherra og átti a.m.k. að vera fyrirspurn af minni hálfu. Ég ræddi það nokkuð í minni ræðu, og það er það sem kemur fram í skýrslu Appledore, að í stað niðurgreiðslna komi stuðningsaðgerð frá íslenska ríkinu til þess að ná fram hagræðingu og þróun í greininni til þess að hægt sé að undirbúa það sem að kemur 1992, að þessar styrktaraðgerðir erlendra ríkisstjórna til iðnaðar í þeirra

löndum falli niður, að þá sé hægt að grípa til þessa iðnaðar hér en hann er nauðsynlegur fyrir sjávarútveg okkar og þjóðarbúskap.

Ég á ekki von á því að hæstv. ráðherra svari hér og nú þeirri fyrirspurn hvort hann ætli að beita sér fyrir þessu, en ég læt mér nægja að benda á að hæstv. ráðherra hefur lofað að leggja fram ítarlega skýrslu um þetta mál á haustþinginu, þ.e. annaðhvort í þessum mánuði eða þá í þeim næsta, og ég vonast til að í þeirri skýrslu verði hugmyndir ráðherrans um þetta efni, enda er það mjög mikilvægt.

Loks að allra síðustu vil ég einungis benda á vegna umræðna um þá eilífð sem svo var nefnd á árunum 1986–1988 að það kemur mjög glögglega fram í tölum sem hæstv. ráðherra nefndi og enn fremur í þeim súluritum sem hv. 4. þm. Vesturl. lýsti hér í sinni ræðu að íslenskur skipasmíðaiðnaður hafði nóg verkefni á árunum 1986, 1987 og 1988. Hins vegar hefur það gerst, sérstaklega er varðar skipasmíðarnar og meiri háttar endurbætur, að verkefnastaðan hefur gjörsamlega breyst á yfirstandandi ári og því er spáð að hún muni enn versna á því næsta. Þetta er kannski meginskýringin á því hvers vegna ekki var gripið til mikilla aðgerða á þeim tíma jafnvel þótt mönnum væri þá ljóst að hlutfallið af heildarverkefnunum hefði farið lækkandi. Ég vil hins vegar þakka ráðherranum það sem hann hefur sagt varðandi það sem gert var í sambandi við Appledore-verkefnið og þá sérstaklega það að reynt sé að sameina kraftana í sjávarútvegi og iðnaði til þess að ná fram viðunandi lausn á þessu máli og ég tek undir það með ráðherranum að það er mjög mikilvægt að slíkt samstarf haldi áfram því að þessar tvær atvinnugreinar eiga samleið og verða að starfa saman ef við ætlum að halda áfram að vera þjóð sem lifir á sjávarútvegi á næstu árum.

Að svo búnu tel ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta hér. Ég hef ekki beint neinni fyrirspurn til ráðherrans en vænti þess að það atriði sem ég nefndi sérstaklega, um þróunar- og hagkvæmnisaðstoðina, verði lýst þegar skýrslan kemur fram á haustþinginu sem lofað var.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Við lok þessarar umræðu vil ég bara taka það fram vegna þess sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. að það er ætlun mín að taka á þessum þætti í ábendingum Appledore-skýrslunnar og að sjálfsögðu er það ásetningur minn og þeirra manna sem með mér starfa að þessu verkefni að leita allra þeirra leiða, þar með þeirra sem hv. 1. þm. Reykv. rifjaði upp úr Appledore-skýrslunni, til þess að íslenskur skipaiðnaður standi sæmilega þegar að því kemur að samkeppnisstaða hans verður jöfnuð með því móti sem heppilegast er, nefnilega að grannþjóðir okkar leggi af sína styrki og niðurgreiðslur. En meðan þeir eru staðreynd í lífinu, þá verðum við að búa við hana.

EFRI DEILD

8. fundur, þriðjudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 69.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Í umræðum í síðustu viku skiptumst við, ég og hæstv. fjmrh., á orðum varðandi lánsfjárlög heimilanna eins og ég vék að þá í samanburði við það sem menn telja að ríkisbúskapurinn hafi staðið á þessum sama tíma. Það er út af fyrir sig gott að ríkissjóður hefur braggast, stóra heimilið hefur braggast. En það hefur farið minna fyrir því að mínu viti að litlu einingarnar, þ.e. heimilin, og þá fyrst og fremst heimili láglaunafólksins, hafi braggast á sama hátt og gert var ráð fyrir. Ég óskaði eftir því við þessa umræðu, eftir að hæstv. fjmrh. sagði að ég hefði beint gegn honum alvarlegum ásökunum, sem út af fyrir sig er rétt, þá taldi ég rétt að fá upplýsingar um þetta mál sem heild, þannig að það væri hægt að ræða nánast lið fyrir lið þá samninga sem voru gerðir um mánaðamótin apríl/maí sl. vegna þeirrar sérstöðu fyrst og fremst að það var ríkisstjórnin, það voru stjórnvöld sem komu fyrst og fremst við þá samningsgerð, frekar en að verið væri að semja beint við vinnuveitendur eins og oftast hefur gerst áður. Ekki er ég að gagnrýna það þó að þetta hafi verið gert með þessum hætti, en þar voru gefin ýmis loforð sem ég tel, ásamt fleirum, að ekki hafi verið staðið við. Og ég vil ekki liggja undir því að vera að bera hér fram persónulegar ásakanir sem ekki standast. Ég vil fá á borðið þau plögg og þau gögn frá þeim aðilum sem að þessu stóðu sem segja hið rétta um þetta mál.

Því óskaði ég eftir því að ég fengi í hendur viðhorf Alþýðusambandsins sem leiddi þessa samninga á sínum tíma. Það var að mínu viti sá rétti aðili sem átti að snúa sér til og óskaði eftir því að ég fengi í hendur hvað Alþýðusambandið teldi að við hefði verið staðið af þeim fyrirheitum sem voru gefin af hálfu stjórnvalda við lok þessarar samningsgerðar og eru í bréfi frá hæstv. forsrh. sem er dags. 30. apríl 1989. Þarna er um að ræða tólf fyrirheit sem gefin voru og ég vona að ég taki ekki mjög langan tíma, en ég vil, með leyfi forseta, fara ofan í þessi tilteknu atriði öll, sjá við hvað hefur verið staðið, hvað er í bígerð, ef orða má það svo, að standa við og hvað hefur ekki verið staðið við.

Ég held að það sé nauðsynlegt í þessu dæmi að bæði stjórnmálamenn, forsvarsmenn launþegahreyfingarinnar og launþegar sjálfir geri sér grein fyrir því hvernig má treysta þeim loforðum sem gefin eru hverju sinni við samningsgerð. Það rýrir traust a.m.k. hreyfingarinnar á stjórnmálamönnum og ríkisstjórnum ef það gerist trekk í trekk að ekki er staðið við þau loforð sem gefin eru fyrirheit um í samningum og eiga

að verða til leiðréttinga á launum fyrst og fremst þeirra sem verst eru settir. Með leyfi forseta vitna ég í svar Alþýðusambands Íslands:

Í fyrsta lagi um atvinnumál:

„Ríkisstjórnin mun skipa sérstaka nefnd með fulltrúum ASÍ, VSÍ og VMS auk fulltrúa stjórnvalda til að fjalla um ástand og horfur í atvinnumálum og móta langtímastefnu um atvinnuuppbyggingu í landinu. Fyrst í stað skal nefndin þó einbeita sér að þróun atvinnumála á næstu missirum."

Þetta gerðist 1. maí. Þá vissu menn hvernig ástandið var í atvinnumálum og vildu þá bregðast hart við að þetta væri gert. Svar frá Alþýðusambandi varðandi þennan lið er svohljóðandi:

„Forsætisráðherra hefur með bréfi dags. 7. sept. sl. [þ.e. fjórum mánuðum síðar] skipað sérstaka nefnd um atvinnumál sem í eiga sæti ellefu fulltrúar, þar af sex frá aðilum vinnumarkaðarins. Hún hefur haldið einn fund. Hann var í september sl."

Menn geta auðvitað sagt: Það er búið að standa við þetta. En það er ekki búið að gera það sem um var talað í samningunum, að ráðast gegn því atvinnuleysi sem þá var og fer vaxandi. En um það snerist málið. Menn geta sagt: „Já, þetta er búið", en staðreyndirnar eru þessar.

Í öðru lagi var svohljóðandi fyrirheit gefið um atvinnuleysistryggingar:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi [þ.e. síðasta þingi] verði lögum um atvinnuleysistryggingar breytt þannig að heimilt verði að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr 180 dögum í 260 daga. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi tryggja verkafólki við landbúnaðarstörf rétt til atvinnuleysisbóta." (Gripið fram í.) Ég heyri að hér er kallað á vinstri hönd: „Það hefur verið við það staðið", og svarið er að koma. Sem betur fer hefur nú verið staðið við eitthvað af því þó það hafi ekki verið staðið við allt.

Svarið er þetta: „Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar þess efnis að nú hefur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimild til þess, í ákveðnum tilvikum, að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr 180 dögum í 200 daga." Síðan segir meir. „Frá því í október 1988 [og hér er í raun og veru vitnað til svarbréfs forsrh. frá því í september] hefur verið að störfum nefnd til að endurskoða lög og reglur um atvinnuleysistryggingar. Fyrirheit ríkisstjórnarinnar varðandi könnun á því með hvaða hætti tryggja mætti rétt verkafólks við landbúnaðarstörf til atvinnuleysisbóta var komið á framfæri við nefnd, sem endurskoðar lög og reglur varðandi atvinnuleysistryggingar, strax í vor. Vegna fráfalls formanns nefndarinnar hefur heilbr.- og trmrh. þegar skipað nýjan formann og erindi Alþýðusambandsins verið ítrekað við hann. Þess hefur jafnframt verið óskað að nefndarstarfinu ljúki fyrir lok nóvember nk."

Við skulum vona að það gerist að við getum sagt að við þetta annað loforð hafi þá verið staðið. Og af því að hér var gripið fram í áðan ítreka ég að ég er ekki bara að tala um vanefndirnar, ég er líka að tala um það sem hefur verið staðið við. Það þarf líka að koma fram.

Í þriðja lagi eru fyrirheit gefin að því er varðar verðlagsmálin og þá komum við nú að alvarlegri hlut. En í bréfi forsrh. frá 30. apríl segir:

„Ríkisstjórnin mun sporna, eins og frekast er kostur, við verðhækkunum á næstu missirum. Verðstöðvun verður sett á opinbera þjónustu þannig að verðlagning hennar miðist við forsendur fjárlaga fyrir árið 1989 og ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðhaldi að verðákvörðunum einokunarfyrirtækja og markaðsráðandi fyrirtækja.

Í samstarfi við samtök launafólks verði unnið öflugt verðkönnunar- og kynningarstarf. Jafnframt mun ríkisstjórnin verja 500–600 millj. kr. til aukinna niðurgreiðslna á verði landbúnaðarvara frá 1. apríl til ársloka, þannig að þær verði óbreyttar í krónutölu út árið, eða grípa til annarra jafngildra aðgerða til lækkunar á verði nauðsynjavöru.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir sérstakri lækkun á verði dilkakjöts."

Þetta voru fyrirheitin sem gefin voru og svar Alþýðusambandsins er þetta:

„Ekki er greinanlegt að öðruvísi hafi verið staðið að verðlagsmálum eða spyrnt fastar við verðhækkunum en áður hefur tíðkast. Hækkun á heildsöluverði rafmagns frá Landsvirkjun hefur orðið meiri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir." — Hér kemur síðan yfirlit um hækkanir verðlags og launa og það er auðvitað stingandi að sjá slíkar töflur. Það er annars vegar frá apríl til október og hins vegar frá maí til október. Ég grípa hér niður kannski á þrem stöðum. Auðvitað er hægt að lesa alla töfluna ef eftir því verður óskað.

Það eru t.d. fargjöldin, þau hafa hækkað um 18,2% frá apríl til október og sama frá maí til október. Lágmarkslaun höfðu hækkað um 13,2% frá apríl til október, en hækkuðu um 4,1% maí–okt. Fiskvinnan eftir sjö ár hækkar um 12,2% í apríl–okt. en 3,8% í maí–okt. Og svo er bætt við í svarinu:

„Verðkönnunar- og kynningarstarf hefur verið unnið í samráði við samtök launafólks. Um hversu öflugt það hefur verið má deila. A.m.k. hefur gengið hægt að fá fé til þessa starfs."

Þetta er svarið við þessum lið bréfs forsrh. að því er varðaði verðlagsmálin. Ég túlka það svo að það hafi ekki verið staðið við það og það er raunar sagt hér óbeinum orðum af hálfu Alþýðusambandsins að svo hafi ekki verið gert.

Síðan er bætt við frá Alþýðusambandinu:

„Verðhækkanir í júní. Um mánaðamótin maí/júní átti verð á bensíni að hækka um 8,20 kr. pr. lítra og af þeirri hækkun áttu 4,40 kr. að renna beint til ríkissjóðs. Fulltrúar launþega reyndu að koma í veg fyrir þessar hækkanir í Verðlagsráði en án árangurs." Þetta muna menn auðvitað. „Þann 5. júní hækkuðu búvörur í verði um 5–15%. T.d. hækkaði mjólkurlítrinn um 12,8%." (**EgJ:** Hvenær?) 5. júní. Nú er ég að lesa, hv. þm. Egill Jónsson, svar frá Alþýðusamband-

inu. (**EgJ:** Já, já, ég veit það.) „Á þessum tíma stóðu ASÍ og BSRB fyrir margs konar aðgerðum til þess að mótmæla slíkum verðhækkunum í kjölfar kjarasamninganna. Má þar t.d. nefna fjölmennan útifund á Lækjartorgi, áskoranir til fólks um að kaupa ekki mjólkurvörur og að láta bílinn standa í tvo daga. Í kjölfar þessara aðgerða lét ríkisstjórnin undan þrýstingi og ákvað að lækka verð á mjólk og bensíni. Verð á mjólk lækkaði um 4 kr. pr. lítra og bensín um 2 kr. pr. lítra. Þessar aðgerðir sýndu að í raun þurfti að beita stjórnvöld miklum þrýstingi til þess að fá þau til að standa við eigin loforð."

Þetta er svarið að því er varðar verðlagsþáttinn, svo langt sem þetta nær. Auðvitað er hægt að bæta við þetta svar, en ég held að þetta nægi til að sýna fram á að það hefur tekið á að fá stjórnvöld til þess að standa við þau loforð eða fyrirheit sem þau hafa gefið.

Ég held að það sé rétt að ég ljúki alveg umsögn Alþýðusambandsins um verðlagsmálin af að því þau skipta miklu máli, en þar segir í áframhaldi:

„Þann 1. sept. hækkuðu mjólkurvörur á bilinu 10–14%, en auk þess hækkuðu egg, kjúklingar og nautakjöt nokkuð minna. Meginorsök hækkunarinnar var mikil hækkun launaliðar bænda sem hækkaði langt umfram laun verkafólks. Miðstjórn ASÍ og fleiri mótmæltu þessum hækkunum kröftuglega og var rætt um að þörf væri svipaðra aðgerða og í júní. Þann 19. sept. voru mjólkurvörur lækkaðar í verði um 3–6%, t.d. lækkaði nýmjólk um 4%." (**EgJ:** Lögbrot.) Það kann að vera. Fyrir það svarar hæstv. ríkisstjórn. „Þetta var því í annað sinn á samningstímabilinu sem hluti af hækkun mjólkurvara var dreginn til baka. Það vekur athygli í sambandi við þessar hækkanir að í bæði skiptin þarf kröftug viðbrögð frá launþegum og samtökum þeirra til þess að ná árangri þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi lofað að stuðla að aðhaldi í verðlagsmálum. (**GHG:** Hún svíkur öll sín loforð, þessi ríkisstjórn.) Ríkisstjórnin beitti sér fyrir sérstakri lækkun dilkakjöts [þarna kemur kannski einhver plús] enda var birgðastaða þess orðin þannig að nauðsynlegt var orðið að losna við það." Allt er þarna tínt til og trúlega allt saman rétt.

Varðandi þennan þátt er það auðvitað ljóst að hér hafa heimili láglaunafólksins borið skarðan hlut frá borði þrátt fyrir gefin loforð hæstv. ríkisstjórnar.

Þá kemur í 4. lið ... (**Gripið fram í:** En hvað með niðurgreiðslurnar? Er ekkert vikið að þeim?) Ég er ekki búinn að lesa það allt, en menn þurfa að sitja kyrrir til þess að hlýða á og hlusta. Síðan komum við að 4. lið sem eru skattamálin og þar var gefið svohljóðandi fyrirheit:

„Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um úrbætur í skattamálum, m.a. um aðgerðir til að koma í veg fyrir skattsvik. Þá mun ríkisstjórnin láta kanna skattlagningu lífeyrisiðgjalda, m.a. með tilliti til tvísköttunar. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd virðisaukaskattsins sem tekinn verður upp um næstu áramót, m.a. um hugsanleg tvö þrep í skattinum."

Þetta voru fyrirheitin og nú skulum við koma að svörunum. Svar Alþýðusambandsins er þetta: „Alþýðusambandinu er ekki kunnugt um að samráð hafi verið við samtök launafólks um úrbætur í skattamálum eða aðgerðir til að koma í veg fyrir skattsvik. Alþýðusambandinu er ekki kunnugt um efndir þess að ríkisstjórnin hafi látið kanna skattlagningu lífeyrisiðgjalda með tilliti til tvísköttunar." Og í þriðja lagi: „Alþýðusambandinu hefur ekki gefist kostur á að fylgjast með því sem fjmrn. fyrirhugar með virðisaukaskattinn." Og þetta er kannski alvarlegasti þátturinn í því sem ekki hefur verið staðið við, varðandi skattamálin, því það er eitt af þeim fyrirheitum sem voru gefin. Og nú er að dembast yfir okkur, að því er maður best veit, virðisaukaskattur með öllum þeim spurningum sem er ósvarað í þeim efnum sem þar kunna að koma fram. Og nú þegar komið er fram í nóvember frá samningstíma 1. maí þegar lofað var að hafa samráð við Alþýðusambandið eða launþegahreyfinguna um virðisaukaskattinn. Það er ekkert farið að gera enn og samningarnir eru að renna út.

Þó að mörg dæmi séu hér um það að ekki hafi verið staðið við fyrirheitin, þá finnst mér þetta hvað svartast af öllu, að gefa ekki launþegahreyfingunni kost á því að fylgjast með þróun þessa máls sem mun hafa afgerandi áhrif og afleiðingar á ótal sviðum í virðisaukaskatti, það er nánast vart þolanlegt að við slíkt fyrirheit skuli ekki hafa verið staðið.

Í fimmta lagi var í bréfi forsrh. sagt svohljóðandi um vaxtamál: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi lækkun raunvaxta á verðtryggðum lánum. Jafnframt verði þjónustugjöldum banka og sparisjóða veitt aðhald." Og svar Alþýðusambandsins er þetta: „Það kann að vera að ríkisstjórnin hafi beitt sér í þessum málum. Árangur af því er ekki merkjanlegur frá því í maí." Hér kemur því enn eitt neiið varðandi fyrirheitin sem gefin hafa verið.

Í sjötta lagi var gefið fyrirheit um húsnæðismál: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir sérstöku átaki í félagslegum íbúðabyggingum þannig að á síðari hluta þessa árs verði hafnar framkvæmdir við a.m.k. 200 nýjar íbúðir í félagslega íbúðakerfinu." Og svar Alþýðusambandsins er þetta: „Heimildir hafa fengist til að framkvæmdir hæfust við allt að 200 nýjar íbúðir í félagslega íbúðakerfinu. Ekki sjást merki þess í endurskoðuðum fjárlögum ársins 1989 og ekki heldur í frv. til fjárlaga ársins 1990 að ríkissjóður geri ráð fyrir sérstöku fjármagni til þessa verkefnis." Það má þá segja að helmingurinn hafi verið framkvæmdur, hinn helmingurinn liggi eftir, þ.e. peningana vantar, heimildin hefur verið veitt. (**GHG:** Þú verður látinn borga það sjálfur ...) Nú er ég út af fyrir sig ekkert að svara fyrir þetta. Ég er bara að vitna í aðila sem beðinn var að segja sitt álit á þessum liðum og ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir þingið að fá vitneskju um það.

Sjöundi liðurinn er varðandi lífeyrismál: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir framlengingu laga um

eftirlaun til aldraðra. Ríkisstjórnin mun kanna með hvaða hætti er unnt að greiða fyrir aðild starfsfólks verndaðra vinnustaða að lífeyrissjóðum þannig að niðurstaða liggi fyrir 1. júní nk." Og svar Alþýðusambandsins er þetta: „Alþýðusambandinu er ekki kunnugt um að efnt hafi verið loforð ríkisstjórnarinnar um að hún beiti sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra." Nú er rétt að ég skjóti því inn að það getur auðvitað komið enn og oft hefur slíkt verið seint á ferðinni. En þegar hæstv. ráðherrar eru að segja, eins og hæstv. fjmrh. og forsrh.: Það er búið að efna þetta, þá er það ekki búið enn. Það kann að vera að það verði gert á samningstímanum, en það er ekki búið enn. Síðan segir í áframhaldandi svari: „Fjmrn. hefur kynnt sér gögn varðandi aðild starfsfólks verndaðra vinnustaða að lífeyrissjóðum, þar á meðal gögn frá samtökum launafólks. Það er niðurstaða ráðuneytisins að ekki sé unnt að ráða af þessum gögnum að meiri áhætta sé fyrir lífeyrissjóði vegna þessa fólks en annars launafólks. Því er það mat ráðuneytisins að hér sé fyrst og fremst um að ræða úrlausnarefni fyrir samtök launafólks. Ríkisstjórnin er reiðubúin að beita sér fyrir viðræðum sem miða að því að leysa þetta mál með samráði samtaka launafólks og almenna lífeyrissjóðakerfisins. Fáist ekki farsæl lausn á málinu með slíkum viðræðum er ríkisstjórnin reiðubúin að beita sér fyrir því að þessi hópur starfsfólks fái aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda."

Varðandi þennan lið er ... (Gripið fram í.) Ja, það er hvorki já eða nei. Það er spurning um hvort við það hefur verið staðið eða ekki og ég skal ekki gerast dómari í því, en þetta eins og annað þurfti að koma fram.

Síðan kemur áttundi liður, bætur almannatrygginga: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við almennar launahækkanir á samningstímabilinu." Og svar Alþýðusambandsins er auðvitað: „Ríkisstjórnin hefur staðið við loforð um að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við almennar launahækkanir á samningstímabilinu", þannig að þetta hefur verið efnt. (**Gripið fram í:** Þó það nú væri.) Já, þó það nú væri, en ekki ber að lasta það.

Þá er það réttarstaða starfsmanna við gjaldþrot og fleira og það hefði auðvitað átt við í gær að ræða það í Sþ. og hefði þá átt við að ræða það við hæstv. ráðherra hagstofumála, held ég að hæstv. ráðherra sé kallaður. (**Gripið fram í:** Hæstv. hagstofuráðherra.) Ég sagði hæstvirtur. Ég læt það alltaf fylgja. Það þarf ekki að áminna mig um það. Það hefði átt við þar því að mér er tjáð að það sé einmitt í dag verið að dómfesta mál gagnvart fyrirtæki sem þar hefur starfað á Suðurnesjum og hæstv. viðkomandi ráðherra hefur haft einhver afskipti af því fyrirtæki þannig að þörfin er brýn.

En svona var fyrirheitið: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi [þá erum við að tala um þingið í maí, það var yfirstandandi þing þegar þetta var gert] verði samþykkt lög sem tryggi launafólki fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti, meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum." Þetta er búið. Við þetta hefur verið staðið.

Í öðru lagi er sagt í þessum lið, 2. mgr.: „Ríkisstjórnin vinnur nú að mótun almennra reglna um veitingu atvinnuleyfa til að girða fyrir misnotkun, t.d. stofnun gervifyrirtækja til að komast hjá eðlilegum skyldum gagnvart launafólki og opinberum gjöldum." Og svarið frá Alþýðusambandinu er þannig: „Réttur verkafólks til greiðslu atvinnuleysisbóta meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum vegna gjaldþrota fyrirtækja er tryggður. Á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er verið að vinna að undirbúningi lagabreytinga til þess að girða fyrir misnotkun á heimildum til að takmarka ábyrgðir eigenda atvinnufyrirtækja við gjaldþrot og því um líkt. Þá hefur nýlega verið samþykkt á Alþingi að hækka lágmarksfjárhæð hlutafjár úr 20 þús. í 400 þús. frá og með 1. mars 1990. Það er mat ríkisstjórnarinnar að þetta ákvæði eigi að draga úr stofnun svokallaðra „gervihlutafélaga"." Þetta segir auðvitað nokkuð, í svarinu, en það segir heldur ekkert um það hvort fylgst er með þessu og menn geta ekki haldið áfram að stofna gervihlutafélög eftir sem áður.

Enn segir í svarinu: „Þá skipaði dómsmrh. hinn 8. sept. sl. nefnd embættismanna til að semja frv. til laga um bann við atvinnustarfsemi vegna brota tengdra slíkri starfsemi. Alþýðusambandinu er ekki kunnugt um það hvort á vegum ríkisstjórnarinnar sé unnið að mótun almennra reglna um veitingu atvinnuleyfa til að girða fyrir misnotkun núverandi reglna." Þetta var níunda atriðið í bréfi hæstv. forsrh. sem hann ritaði í lok samninganna sem gerðir voru 1. maí.

Tíunda atriðið er um starfsmenntun: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að áfram verði haldið uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt að því að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félmrn." Og svarið er: „Nefnd hefur verið skipuð í málið. Hún hefur haldið allmarga fundi. Frumdrög að lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu liggja fyrir", þannig að hér er já.

Síðan kemur ellefti punkturinn sem er um fæðingarorlof: „Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem hafi það verkefni að skoða og útfæra þá stefnumörkun er fram kemur í álitsgerð nefndar sem samdi frv. til laga um fæðingarorlof og miðar að því að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof." Og svarið er þetta: „Nefnd var skipuð í málið þann 19. okt. sl. Einn fundur hefur verið haldinn. Hann var 1. nóv. sl.", þ.e. það tók sex mánuði að nefnd væri skipuð í þetta sem var lofað við samningsgerð 1. maí.

Í tólfta lagi og síðasta var gefið svohljóðandi fyrirheit um Félagsmálaskóla alþýðu: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að frv. um Félagsmálaskóla alþýðu verði lögfest á yfirstandandi þingi." Og svarið við þessu er eðlilega: „Lög um Félagsmálaskóla

alþýðu hafa verið samþykkt á Alþingi. Óljóst er um fjárveitingar." Segja má því að staðið hafi verið við þann hluta að ganga frá frv., en eftir er að fjármagna þennan skóla sem ég geri ráð fyrir að þeir sem um þetta sömdu hafi gert sér grein fyrir að þyrfti að gera.

Af þessum tólf upptöldu liðum eru a.m.k. fjórir sem ekki hefur verið við staðið. Þrír er spurning um, hvort eða ekki, en hitt hefur verið staðið við. Mér finnst það slæmt þegar hæstv. ráðherra eftir ráðherra lýsa því yfir í tíma og ótíma að það sé búið að efna öll þau fyrirheit sem samið var um við hæstv. ríkisstjórn á þessum tíma þegar dreifarnar liggja svona eftir loforðin. Og ég held að það sé nauðsynlegt allra aðila vegna að þetta sé dregið inn í umræður hér á Alþingi því að það er mikil ábyrgð hjá hverri þeirri ríkisstjórn sem tekur að sér að semja við launþegahreyfinguna um tiltekin atriði varðandi löggjöf og standa síðan ekki við það. Það riðlast allt innan hreyfingarinnar, einnig almenningsálitið og fólk fær vantrú á stjórnvöld sem þannig haga sér. Og það er ekki á bætandi, að mínu viti, að auka þá vantrú sem á stjórnmálamönnum og stjórnmálalífi blasir við. Það er frekar nauðsyn á að bæta þar um en auka við. Og fyrir utan nú hitt, eins og ég vék að hér fyrr við þessa umræðu, að þetta verður auðvitað til þess að það treystir sér enginn forustumaður í hreyfingunni til þess að semja við stjórnvöld um eitt eða neitt og þannig eru menn — ég vona ekki vísvitandi, vonandi óafvitandi — að sundra verkalýðshreyfingunni með því að haga sér með þessum hætti. Henni er sundrað af hálfu stjórnvalda — og nú er ég ekki að tala endilega um núv. hæstv. ríkisstjórn, þær eiga margar þátt í því — vegna vantrúar fólksins á að stjórnmálamenn standi við þau loforð sem þeir gefa. Þetta getur orðið dýrkeypt, er þegar orðið það og á eftir að verða það enn frekar verði áfram haldið á sömu braut.

Ég taldi því nauðsynlegt, herra forseti, og nú skal ég fara að ljúka mínu máli þó að hægt væri að tala lengi um þetta, að koma þessu hér inn í umræður á Alþingi. Það er vítavert, ég ítreka það, það er vítavert að mínu viti að ekki sé hægt að treysta því sem stjórnmálamenn, þeir sem forustunni ráða hverju sinni, gefa fyrirheit um.

Virðulegi forseti. Kannski gefst mér tækifæri til þess síðar að blanda mér enn frekar í þessar umræður því að málið er brýnt og nauðsynlegt. Mig langar í lokin til að víkja að ályktun þings Verkamannasambands Íslands og ekki verður þeim sem þar hafa ráðið ferðinni núið því um nasir að þeir hafi verið sérstaklega óvilhallir ríkisstjórninni. En hvað sagði þing Verkamannasambandsins, þess fólks sem fyrst og fremst hefur borið byrðarnar í þjóðfélaginu vegna þeirra samninga sem gerðir voru 1. maí? Hvað segja fulltrúar þessa fólks um þessi mál?

Ég vil, með leyfi forseta, ljúka máli mínu með því að víkja örfáum orðum og lesa úr þessari ályktun þings Verkamannasambandsins. Ég ítreka aftur eins og ég gerði hér síðast: Bæði Alþýðusambandið, stjórn Alþýðusambands Vestfjarða, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landssamband verslunarmanna, þing þeira og fleiri forustuaðilar innan launþegahreyfingarinnar hafa mótmælt því harðlega að ekki skuli hafa verið staðið við gefin loforð í samningunum 1. maí. En í ályktun þings Verkamannasambandsins segir, með leyfi forseta:

„15. þing Verkamannasambands Íslands vekur athygli á þeirri hættu sem blasir við framfærslu heimila launafólks. Kaupmáttur jafnt dagvinnutekna sem atvinnutekna í heild hefur rýrnað ört. Þá er veruleg hætta á atvinnuleysi vegna samdráttar í aðalatvinnugreinum okkar. Þingið varar mjög alvarlega við því að þessar aðstæður verði notaðar til árásarstríðs sem hafi það markmið að fá fólk til að trúa þeirri blekkingu að kaup verkafólks sé ein aðalorsök þess hvernig komið er fyrir íslenskum þjóðarbúskap. Á því hefur borið að forusta atvinnurekenda ætli nú að fara að spila gömlu plötuna um að allir erfiðleikar séu of háum launum verkafólks að kenna. Íslenskir atvinnuvegir þurfa nú alls annars við en ásakana af þessu tagi.

Atvinnurekendur og stjórnvöld verða að leita meginorsaka þess hvernig nú er komið hjá sjálfum sér og þá fyrst og fremst í gegndarlausum fjárfestingum sem litlar eða engar forsendur voru fyrir. Þeir geta ekki vænst þess að geta velt byrðinni af kostnaðinum af sínu eigin stjórnleysi yfir á verkafólkið. Þá má heldur ekki gleyma því að stjórnleysi undanfarandi ára í peninga- og fjárfestingarmálum hefur gefið ýmsum aðilum í þjóðfélaginu tækifæri til að maka krókinn ríkulega. Þessum misjafnlega vel fengna gróða á að skila aftur til launafólks og atvinnurekenda.

Það er meginkrafa 15. þings Verkamannasambands Íslands að kaupmáttarhrapið sem orðið er og verður til loka gildandi kjarasamninga verði leiðrétt fyrir allt almennt launafólk. Þingið telur að við gerð næstu kjarasamninga verði að ganga þannig frá málum að þeir hærra launuðu hópar sem á eftir koma geti ekki í skjóli sérstakrar aðstöðu sinnar knúið fram margfalda ávinninga þess sem launafólks samdi um.

Kjörorð Verkamannasambands Íslands í síðustu kjarasamningum voru: Trygging fullrar atvinnu. Lífskjarajöfnun. Verðbólgu verði haldið í skefjum. Þessi markmið eru enn í fullu gildi og mun Verkamannasamband Íslands ganga til næstu samninga með þau að leiðarljósi.

15. þing Verkamannasambands Íslands átelur ríkisstjórnina fyrir að standa ekki við loforð í verðlagsmálum sem hún gaf verkalýðshreyfingunni við gerð síðustu kjarasamninga. Sérstaklega eru hækkanir á neysluvörum vítaverðar því verð á þeim er ekki í neinu samræmi við almenna kaupgetu í landinu. Óhjákvæmilegt er að stórlækka fjármagnskostnað ef eðlilegt atvinnulíf á að þróast í landinu."

Hér er aðeins gripið ofan í nokkra þætti af ályktun á þingi Verkamannasambands Íslands sem undirstrika það sem ég hef haldið hér fram og eru ekki bara mín orð, hæstv. fjmrh. Þetta eru orð forustumanna hvarvetna innan launþegahreyfingarinnar, almenna launafólksins sjálfs, almennings í landinu þannig að ég er ekki sá eini sem hef þessa skoðun. Hér hefur

verið vitnað til þeirra aðila sem gleggst um þetta vita, skoðað hafa málin, ekki út frá pólitískum sjónarmiðum heldur út frá faglegum sjónarmiðum vegna þeirra sem þeir voru að semja fyrir á sínum tíma.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það gengu hér orð á milli manna varðandi lækkun á vissum búvörum á sl. hausti, nánar tiltekið 19. sept. sl., en hv. síðasti ræðumaður vakti athygli á því að þá hefðu mjólkurvörur lækkað. Þau orð sem fóru hér á milli manna voru um hvernig þeirri lækkun hefði verið náð fram. Mér finnst sérstök ástæða til þess að það komi fram með skýrari hætti í þessari umræðu þó að sú umræða eigi að sjálfsögðu eftir að fara fram hér með öðrum hætti á Alþingi. En þessari ákvörðun var náð fram með því að brjóta lög, brjóta búvörulögin. Í þeim er kveðið skýrt á um það — nú hleypur að sjálfsögðu hæstv. fjmrh. í símann — en þar er kveðið skýrt á um það að verðlag á að ákvarða fjórum sinnum á ári og haustverðlagsgrundvöll á að gefa út 1. sept. Hafi samningar ekki tekist, þá á að gilda framreikningur þar til nýr grundvöllur er gefinn út. Haustverðlagsgrundvöllur mjólkurafurða eða nautgripaafurða var gefinn út með sama hætti og áður hefur verið eins og lög ákveða, en síðan var gefinn út annar grundvöllur 18. september sem engin lög eru fyrir að eigi að gera. Og sá verðlagsgrundvöllur kveður á um að mjólkurvörur lækki með því að skerða launalið bændanna sem vinna við mjólkurframleiðsluna. Fyrir þessu er enginn lagabókstafur til þannig að í þessu tilviki, eins og svo mörgum öðrum, nánast öllum öðrum sem snerta viðskipti landbúnaðarins við þessa ríkisstjórn, voru lög brotin.

Til viðbótar við þetta langar mig að minnast hér á tvö atriði. Í fyrsta lagi varðandi forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum sem sérstök lög gilda um. Það var samningsatriði á milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna, fyrir líklega svona einum áratug, að ákveðnar verðhækkanir á landbúnaðarvörum voru felldar út á móti því að inn kæmi löggjöf um forfalla- og afleysingaþjónustu sem yrði kostuð af ríkisvaldinu. Nú var það svo fyrir nokkrum árum, m.a. studdi ég þá ríkisstjórn sem tók þá ákvörðun að ríkissjóður hætti að kosta þessa starfsemi, afleysingaþjónustu landbúnaðarins, en þess í stað var ákveðið að Stofnlánadeild landbúnaðarins annaðist þessar greiðslur. Þessi ákvörðun hafði engin áhrif varðandi fyrra samkomulag, engin áhrif gagnvart virkni þeirra greiðslna sem lögin kváðu á um.

Nú hef ég hins vegar komist að því að nægjanlegt fjármagn, miðað við löggjöfina og miðað við þau réttindi sem landbúnaðurinn á í þessum efnum, er ekki lengur orðið til staðar. Ég vil beina því til fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis að kanna þetta mál alveg sérstaklega. Mér sýnist hins vegar, við fljóta yfirferð, að skýringin liggi fyrir og hún er sú að við ákvörðun lánsfjárlaga fyrir þetta ár er orðalaginu breytt. Lögin eru ekki lengur látin gilda, heldur segir hér í niðurlagi 25. gr. og sama orðalag er í því frv. sem hér er til umræðu, með leyfi hæstv. forseta: „sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbrh.“

Það er nú sem sagt komin reynsla á það að lögin og lagaákvæðin eiga ekki að virka, heldur eiga þessar greiðslur að fara eftir ákvörðun landbrh. Landbrh. er fenginn réttur til þess að ákvarða hvernig þessum greiðslum ber að haga. Þess vegna, að því er ég hygg, hafa mál þróast þannig að þessi þjónusta við landbúnaðinn hefur á þessu ári ekki gengið fram með sama hætti og lögin ákveða. Ég vil biðja fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar að taka þetta atriði alveg sérstaklega til athugunar.

Nú er það svo að ekki er allt jafnvont í ákvörðunum núv. hæstv. fjmrh. gagnvart bændum landsins og vík ég þá að öðru atriði varðandi lánsfjárlögin. Eins og mönnum er væntanlega kunnugt hefur verið heimilað eða reyndar ákveðið í lánsfjárlögum að skerða eða takmarka greiðslur að því er varðar jarðræktarlög og búfjárræktarlög miðað við þær tölur sem eru á fjárlögum hverju sinni. Þessi ákvörðun hefur jafnan verið tekin með hliðsjón af því að þessi löggjöf hefur verið í endurskoðun og eins og menn muna væntanlega m.a. frá sl. vetri, þá var þessum lögum breytt í miklu og góðu samkomulagi hér á Alþingi.

Í fjárlagafrv. sem nú er til meðferðar þar sem fjallað er um lagabreytingar í greinargerð með fjárlagafrv. undir þeim kafla sem varðar útgjöld, er gamla greinin inni þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði þeirra laga skuli ekki greiða á árinu 1990 hærri upphæð vegna kostnaðar við þá löggjöf en nemur þeirri tölu sem stendur í fjárlögum. Nú er þetta ákvæði ekki hér inni í frv. til lánsfjárlaga, og held ég að mér hafi tekist að leita af mér allan grun, þrátt fyrir að það sé tilgreint í greinargerð fjárlagafrv. að svo muni verða. Þá sýnist mér, og nú vil ég eftir því leita hvort sá skilningur minn er ekki réttur, hæstv. fjmrh., að ákvæði jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga eins og þau voru afgreidd m.a. hér frá þessari virðulegu deild á sl. vetri, hvort þau muni nú ekki verða virt. En þar segir, ef ég man rétt, að fyrri skuldbindingar eigi að gera upp og greiða bændum á grundvelli þeirra laga sem í gildi voru. Þá hlýtur það að leiða af sjálfu sér að þegar búið er að fella úr gildi þau skerðingarákvæði sem lánsfjárlög hafa ákvarðað og sem sagt er frá í fjárlagafrv. að eigi að verða áfram í gildi, þá verði þetta nú gert upp á þessu ári eins og mjög skýrar yfirlýsingar eru um, bæði frá umræðunni um þessi lög á sl. vetri og eins varðandi fjárlagaafgreiðslu og lánsfjárlagaafgreiðslu á sl. ári. Þá sýnist mér, og ég vil leita eftir því svo að mín spurning komi nú alveg skýrt fram, hvort það sé ekki einsætt að með þessum hætti sé það vilji og raunar ákvörðun hæstv. fjmrh. að þegar fjáraukalög verða nú afgreidd héðan frá Alþingi þá verði séð fyrir því að þessi fyrri vanskil við bændur landsins verði gerð upp.

Ég vænti þess að ég fái um þessi efni skýr svör.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki flytja hér langa ræðu en mér fannst ræða hv. þm. Karvels Pálmasonar, 3. þm. Vestf., sem hefur nú talist vera stjórnarstuðningsmaður, afar athyglisverð. Ég geri ráð fyrir því að hann sem hafandi verið stjórnarstuðningsmaður þekki þessi mál mjög vel og hvað lýtur að því hvort ríkisstjórnin hefur staðið við gerða samninga eða ekki.

Við vitum það af fenginni reynslu að þegar samningar eru gerðir á milli verkalýðshreyfingarinnar annars vegar eða réttara sagt aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, þá er það, eins og kom fram í ræðu hv. þm., alveg grundvallaratriði að staðið sé við gerða samninga. Það kom fram í ræðu hv. þm. sem hefur tekið þátt í þessum samningum á undangengnum árum að því miður hefur ríkisvaldið ekki staðið við gerða samninga sem skyldi. Hann lýsti áhyggjum sínum yfir því, ekki að ástæðulausu og það er út af fyrir sig mjög alvarlegt mál, að samningsrof eða samningsbrigð geta haft mjög alvarlegar afleiðingar gagnvart stöðu verkalýðshreyfingarinnar og stöðu einstakra félagsmanna hennar. Það er ekki aðeins að það sé verið að svíkja gefin loforð, svíkja væntingar manna og gera þeirra stöðu erfiðari, heldur gerist það einnig við svik á gerðum samningum að fólk kemur til með að lifa í mikilli óvissu. Þetta kom fram í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, sem er virtur innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir óeigingjörn störf, bæði sem félagsmaður og forustumaður. Það eru vissulega alvarleg tíðindi að svona ræður skuli vera fluttar á hinu háa Alþingi með þeim hætti sem hv. þm. gerði áðan þar sem hann tíundaði nákvæmlega í hverju þessi samningssvik væru fólgin. Ég tek því undir flest af því sem hann sagði að þeir menn sem þannig haga sér, og hér á ég sérstaklega við hæstv. ríkisstjórn, eiga ekki að sitja við völd vegna þess að þeir setja ekki aðeins þá sem hafa gert samninga við hana í óvissu, heldur þjóðina alla. Verkalýðshreyfingin hlýtur að bregðast við þessum samningsbrigðum með þeim hætti sem hún hefur vald til.

En hv. þm. Karvel Pálmason varpaði fram þeirri spurningu hvort þetta væri gert vísvitandi, hvort það væri gert vísvitandi að setja íslenska verkalýðshreyfingu og íslenskt launafólk í þá óvissu sem þessi samningssvik hafa í för með sér, hvort þar gæti einnig legið að baki vísvitandi tilgangur að kljúfa verkalýðshreyfinguna, sundra verkalýðshreyfingunni. Ef það skyldi nú vera tilgangur hæstv. ríkisstjórnar, þá er hér auðvitað um einstæðan atburð að ræða í samskiptasögu verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar.

Frá því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð á mjög vafasömum og veikum forsendum, svo að ekki sé meira sagt, haustið 1988 hef ég margsinnis lýst því yfir bæði í ræðum mínum hér og einnig skrifum að ég teldi að þeir menn sem stóðu að myndun þeirrar ríkisstjórnar hefðu gert það fyrst og fremst í þeim tilgangi að tryggja sér og sínum flokkum völd á Íslandi. Þeir mundu ætla sér að halda völdum, sem sagt, að beita þeim aðferðum og ráðum sem felast í því að tilgangurinn helgi meðalið. Ég skil vel áhyggjur hv. þm. Karvels Pálmasonar varðandi stöðu íslenskrar verkalýðshreyfingar því nú eru við völd menn sem fyrst og fremst hugsa um valdið út frá sjónarmiðum háþróaðrar pólitískrar tækni í samskiptum við borgana í landinu, en ekki út frá þeim sjónarmiðum sem okkur ber að starfa samkvæmt, sem byggjast á því hvað komi fólkinu best. Þegar stjórnmálamenn eru farnir að koma sér fyrir í valdakerfinu í þeim eina tilgangi að tryggja sér völd án tillits til þess hvernig það kemur út fyrir fólkið, þá erum við Íslendingar vissulega komnir inn á mjög hættulegar brautir. En þetta er nú því miður megineinkenni þessarar ríkisstjórnar og ætla ég ekki að tíunda það frekar. Það hefur verið margsinnis upplýst hvernig þessir hv. þm. eða hæstv. ráðherrar hafa tryggt sér völdin með mjög vafasömum hætti út frá lýðræðislegu og þingræðislegu sjónarmiði séð.

Ég vildi, virðulegi forseti, koma hér að einum þætti þessara mála varðandi svik þessarar ríkisstjórnar við gerða samninga við verkalýðshreyfinguna. Það er sá þáttur sem lýtur að húsnæðismálum, þ.e. þeim hluta sem lýtur að samningum ríkisvaldsins við verkalýðshreyfinguna um húsnæðismál. — Virðulegi forseti, ég nenni ekki að flytja hér ræður ef hæstv. ráðherrar sem ég er að tala til eru truflaðir. (**Menntmrh.:** Nú er hann ótruflaður.) Ég þakka fyrir að hæstv. menntmrh. skuli vera hættur þessum einkasamræðum sínum við hæstv. fjmrh. og þeir félagar sitja þarna sáttir. Fram undan hjá þeim er landsfundur og maður les það í dagblöðunum í dag að það sé nú ekki allt í einingu og bræðralagi í þessum ágæta flokki, Alþb., en e.t.v. eru þeir að semja hérna um það hvernig þeir geti sameinast í valdinu þar líka eins og annars staðar þannig að blessað fólkið í Alþb., ég nota nú orðið blessað yfir hinn almenna félagsmann þar, því séu búin þau örlög að þurfa að lúta þessum tveimur lénsherrum, ég vil segja lénsherrum á vinstri væng íslenskra stjórnmála, pólitískum lénsherrum. (**Menntmrh.:** Ég hef bara gaman af því.) Já, hæstv. menntmrh. nýtur þess alltaf þegar maður talar um Alþb. og verkalýðshreyfinguna því að þrátt fyrir allt finnst mér nú hæstv. menntmrh. nokkuð nálægt verkalýðshreyfingunni þó að hann hafi eitthvað truflast í því síðustu mánuðina svo ekki sé meira sagt.

En ég vil víkja að þeim þætti sem lýtur að húsnæðismálum. Það er verulega stór þáttur í samningum verkalýðshreyfingarinnar við ríkisvaldið. Eins og hæstv. fjmrh. man, þá var á sínum tíma gerður samningur eða samkomulag milli ASÍ, VSÍ og Vinnumálasambandsins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar um húsnæðismál. Það var 26. febr. 1986. Í þessu samkomulagi er kveðið á um það hvert skuli vera framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári og einnig til Byggingarsjóðs verkamanna jafnframt því sem samningur er gerður um það með hvaða hætti verkalýðshreyfingin efli og styrki það húsnæðiskerfi sem aðilar voru sammála

um. Það var gert með þeim hætti, eins og hv. þm. muna, að verkalýðshreyfingin skuldbatt sig til þess að ráðstafa 55% af árlegu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til húsnæðismálakerfisins. Verkalýðshreyfingin hefur staðið við þann samning að fullu og vel það. Hins vegar verður það sama ekki sagt um þær hæstv. ríkisstjórnir sem Steingrímur Hermannsson hefur haft forustu fyrir á síðustu árum, þ.e. í ár og frá því haustið 1988. Það segir nefnilega svo, hæstv. fjmrh., í þessu samkomulagi að framlag ríkissjóðs, miðað við gefnar forsendur sem ég vísa til í umræddu samkomulagi sem hv. þm. þekkja sem hér eru viðstaddir, megi ekki vera lægra en 1000 millj. kr. á árinu 1987 jafnframt því sem ráð var fyrir því gert að þetta framlag hækkaði og ykist að sama skapi eftir því sem verðlagsþróun breyttist hérlendis. Við þetta var staðið og vel það eins og ég gat um áðan í ríkisstjórnartíð Þorsteins Pálssonar.

Árið 1987 fóru í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna 1300 millj. kr. frá ríkinu eða sem sagt í gegnum fjárlög. Þá tala ég um niðurstöður, ekki skv. fjárlögum heldur niðurstöður. Árið 1988 er þetta framlag 1725 millj. Árið 1989 er þetta komið niður í 1150 millj. og skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að þetta séu 650 millj. samtals, þ.e. að 150 millj. fari í Byggingarsjóð ríkisins en 500 millj. í Byggingarsjóð verkamanna.

Þetta kalla ég, hæstv. fjmrh., að svíkja gerða samninga. Þetta er gersamlega óviðunandi og hlýtur að kalla á andsvör af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins þar sem hér er raunverulega verið að svíkja gerða samninga, ekki aðeins í krónutölu á núgildi hvers árs, heldur einnig ef maður lítur til þess að árið 1990 er áætlað að verðbólga á Íslandi verði á bilinu 20–30%. Ef við gefum okkur það að meðalverðbólga verði á árinu 1990 um 25% má segja það að miðað við raungildi sé gert ráð fyrir að ríkið leggi til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna um 400 millj. kr. að raungildi. Þetta raunverulega þýðir það að það er verið að þurrka út framlag ríkisins til þessara mála. Í stuttu máli sagt, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar stóð við gerða samninga við aðila vinnumarkaðarins, en ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, ríkisstjórn „félagshyggju", svíkur gerða samninga. Það kemur fram, bæði í frv. til fjárlaga og einnig í svari sem hæstv. félmrh. gaf við fsp. frá mér um sjóðsstöðu og ríkisframlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þetta er skjalfast þannig að það fer ekkert á milli mála.

Það er hægt að skoða þetta út frá fleiri sjónarmiðum en aðeins því hvernig þessir samningar hafa verið sviknir. Það er einnig hægt að líta á þetta út frá því sjónarmiði hvernig framlög ríkissjóðs hafa komið til Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Ef við lítum til þess eftir mánuðum árið 1989, þá kemur í ljós að á fyrstu níu mánuðum þessa árs hafa aðeins komið 443 millj. til Byggingarsjóðs verkamanna frá ríkissjóði. Byggingarsjóður ríkisins hefur á sama tíma fengið 450 millj. eða samtals 893 millj. á því ári sem er að líða. Miðað við það að verðbólgan í ár er ca. 20% getur maður raunverulega sagt sér það sjálfur að raungildi er auðvitað aðeins um 700 millj. kr. Framlög þessi eru óregluleg á sama tíma sem fólkið í landinu, ég vil segja þeir sem spara í lífeyrissjóðunum, eru skuldbundnir til að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun reglulega þannig að kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum séu sem jöfnust eftir mánuðum. Við það hafa þeir sjóðir staðið sem hafa haft bolmagn til þess og greiðslugetu. Sama verður ekki sagt um ríkissjóð. Sem sagt, þetta er allt á sömu bókina lært. Fólkið er nefnilega látið standa undir því sem máli skiptir í sambandi við Húsnæðisstofnun og byggingarmál launafólks, en ríkissjóður svíkur þetta með beinum og óbeinum hætti og þar sem hann reynir að standa við eitthvað af skuldbindingum *sínum, þá kemur það í tröppugangi. Sem dæmi vil ég* taka fyrstu níu mánuði þessa árs. Í janúar sl. komu aðeins 3 millj. kr. í Byggingarsjóð verkamanna sem framlag frá ríkissjóði, aðeins 3 millj. Í mars eru þetta 197 millj., í apríl 102 millj., í maí 103 millj., í júní dettur þetta niður í 8 millj., í júlí í 8 millj. og í ágúst niður í 15 millj. króna. Það kom ekki króna sem framlag úr ríkissjóði í Byggingarsjóð verkamanna í september, ekki ein einasta króna.

Nú er því oft veifað af valdhöfum, hæstv. ráðherrum, allt í skjóli þess að fólk hefur enn þá samning um það að vextir á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins skuli vera 3,5%, þá telur ríkisvaldið sig hafa þau tök bæði á fólkinu og lífeyrissjóðunum að ríkisstjórnin geti boðið fólki hvað sem er í skjóli þess að það sé verið að niðurgreiða vextina. Nú er búið að brjóta það einnig af hálfu hæstv. ríkisstjórnar vegna þess að með tilkomu húsbréfakerfisins hefur verið ákveðið að vextir á húsbréfum skuli vera 5,75% ef ég man rétt. Jafnframt hefur hæstv. félmrh. sem því miður er ekki hér inni marglýst því yfir að hún stefni að því að þróa vexti Byggingarsjóðs í það að verða svokallaðir markaðsvextir. Og þegar hæstv. ráðherra hefur verið spurður að því hvað hann ætti við með markaðsvöxtum, þá hefur hann talað um þetta svona á bilinu 4,5–5–6%. Nú er hæstv. félmrh. ekki hér til staðar til þess að fjalla um þetta mál með okkur en ég veit að hæstv. fjmrh. þekkir þessa sögu alla. Það fara að vakna upp spurningar hjá okkur sem erum aðilar að hinum almennu lífeyrissjóðum sem raunverulega leggja til peningana í Húsnæðisstofnun. Hvers vegna erum við yfirleitt að ræða við hæstv. ríkisstjórn um þessi mál? Hvers vegna tökum við þetta ekki í okkar eigin hendur? Í fyrsta lagi brýtur hæstv. ríkisstjórn gerða samninga. Í öðru lagi stefnir hún að því að brjóta aðra meginforsendu samninganna sem er að vextir skuli vera 3,5% á húsnæðislánum og ætlar að hækka þá upp í 5–6% í þrepum. Fyrsta þrepið er húsbréfakerfið.

Ég hef, virðulegi forseti, rætt þetta allt út frá þeim forsendum sem eru samkomulagið frá því í febrúar 1986 þannig að ég tala hér á algerlega fræðilegum grundvelli og á staðreyndagrundvelli. En sögunni er ekki lokið með þessu. Það er annar kafli sem er hugsanlega enn þá alvarlegri og hefði einhvern tíma

verið krafist rannsóknar af minna tilefni. Það er að þegar samningsaðili efnir sinn samning í góðri trú, þá skuli hinn aðilinn ekki efna samninginn í framhaldi af því. Þar á ég við það að þegar lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun, þá eiga peningarnir skv. samningum að renna í húsnæðismálakerfið til þess að mæta þörfum þeirra sem standa í því að byggja eða eignast íbúðir. Þar á ég við það að þessi fjárframlög eiga að halda áfram ótrufluð til lánsumsækjenda hjá Húsnæðisstofnun. Það hefur hins vegar gerst, sem er algert brot á þessu grundvallaratriði um efndir samninga, að ríkisvaldið hefur stöðvað það að þessir peningar gengju áfram til fólksins sem á rétt á því að fá afgreidd lán frá Húsnæðisstofnun, að það stórum hluta að það er meira en ámælisvert, það er hugsanlega tilefni til þess að það fari fram rannsókn á því hvers vegna og hver hafi tekið þá ákvörðun að binda allt að 20–25% af fjárframlögum lífeyrissjóðanna til Húsnæðisstofnunar á þessu ári. Með þeim afleiðingum að fólkið sem hafði brýna þörf fyrir að fá sín lán afgreidd í Húsnæðisstofnun fær ekki eðlilega lánsfyrirgreiðslu. Þetta hefur haft í för með sér ómælda erfiðleika fyrir fjölda fólks sem stendur í húsnæðis- og íbúðakaupum. Ég vil, virðulegi forseti, fá að lesa hér upp svar hæstv. félmrh. við þessu atriði þar sem ég spyr hann í fsp. á þskj. 11 um þetta atriði. Fsp. hljóðar sem hér segir, með leyfi forseta:

„Hver hefur verið mánaðarleg sjóðsstaða Húsnæðisstofnunar tímabilið 1. jan. 1988 til 30. sept. 1989? Óskað er að tilgreint sé sérstaklega hvernig sjóðsstöðu stofnunarinnar hefur verið háttað gagnvart Seðlabanka Íslands á umræddu tímabili."

Ástæða þessarar fsp. var sú að við mig töluðu, sl. vor og í sumar, forustumenn í verkalýðshreyfingunni og forsvarsmenn lífeyrissjóðanna og einnig stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun ríkisins og tjáðu mér að það væru vanhöld á því að Húsnæðisstofnun fengi þá peninga sem henni bæri. Það hófst mikil umræða um það hér sl. sumar hvar þessir peningar kynnu að vera og hver væri ástæða þess að þeir kæmu ekki fram í afgreiðslu lána hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þess vegna kom ég með þessa fsp. og ég hef fengið svar við henni hjá hæstv. félmrh. þar sem sjóðsstaða Húsnæðisstofnunar ríkisins er rakin umrætt tímabil á verðlagi hvers árs. Það kemur í ljós að á þessu ári hafa verið bundnar á reikningi hjá Seðlabanka Íslands verulegar upphæðir. Það má segja að allt frá því í maí á þessu ári og fram til 10. okt. hafi verið bundnar á reikningi í Seðlabanka Íslands að meðaltali 1400–1500 millj. kr. Ef við gefum okkur það að heildarafgreiðslur Húsnæðisstofnunar í ár séu 8–9 milljarðar, þá sér hver heilvita maður það að þarna er raunverulega verið að draga afgreiðslu lána sem nemur 2–3 mánuðum. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar ef aðrir hefðu verið við völd heldur en flokkar félagshyggju að svona vinnubrögð hefðu verið viðhöfð. Það hefði örugglega ekki staðið á því að hæstv. fjmrh., hefði hann ekki verið ráðherra, hefði hringt á fréttastofu sjónvarps og útvarps og tilkynnt að hann mundi flytja stefnumótandi ræðu um það hvernig sú ríkisstjórn sem þá sæti við völd væri að svíkja gefin loforð við verkalýðshreyfinguna. Eða hringt þá jafnvel í Morgunblaðið, DV og þau látin vita hvað hér væri um alvarlega hluti að ræða. Og ég segi það nú fyrir mitt leyti að ég er ekki að gera athugasemdir við fréttaflutning fjölmiðla á Alþingi. En það er alveg eftirtektarvert hvernig hefur tekist að þagga niður að í svari hæstv. félmrh. felst staðfesting á því að opinberir aðilar hafa raunverulega bundið fé sem hefði getað flýtt fyrir afgreiðslu lána sem nemur þrem mánuðum til fólksins. Og ekki nóg með það, heldur var það fullyrt hér sl. vor af einum hæstv. ráðherra að það vantaði peninga til að fullnægja afgreiðsluskyldu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það má segja að það er ekki sama hverjir eru við völd.

Þegar skoðuð er sjóðsstaða Húsnæðisstofnunar ríkisins hjá Seðlabankanum kemur í ljós að 1. sept. sl. eru á þessum bundna reikningi 1925 millj. kr., þ.e. um 25% af áætluðum lánveitingum Húsnæðisstofnunar ríkisins í ár. Það eru þrír mánuðir í afgreiðslu lána. Ég segi það, virðulegi forseti, að það væri kannski fullkomið tilefni til þess að hið háa Alþingi setti á stofn rannsóknanefnd til að skoða hvar hér hafi gerst. Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki alræðisvald um það hvernig hún fjallar um fjármuni annarra og það er kannski tilefni til þess að það þurfi að skoða þau ákvæði íslenskrar stjórnarskrár sem veiti þessum ágætu mönnum aðhald. Það er víða farið illa með fé, ég segi ekki að fé sé misnotað, en það er greinilega víðar farið illa með fé og illa haldið á hagsmunum fólksins en í sambandi við risnukostnað hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Hér er haldið til haga, til einhverra þarfa, hugsanlega til að styrkja stöðu ríkissjóðs, hugsanlega — ég segi hugsanlega — verið að gera stöðu ríkissjóðs örlítið betri eða réttara sagt að staða Seðlabankans sé ekki þeim mun verri sem þurfi að laga stöðu ríkissjóðs í fyrirgreiðslu Seðlabankans sem nemur þessum upphæðum. Niðurstaða mín er þess vegna þessi: Er það hugsanlegt að ríkisvaldið sé farið að nota fjármuni lífeyrissjóðanna til eigin þarfa? Er það hugsanlegt að þetta samningsbrot sem ég nefndi áðan sé gert til þess að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs í þágu núv. hæstv. ríkisstjórnar?

Það hefði verið fróðlegt og ég ætla nú að athuga það síðar á þessu þingi, það hefði verið fróðlegt að fá sjóðsstöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum á sama tíma og bera það saman og sjá hvort það sé samfylgni á milli þess hvað bundið er af fé lífeyrissjóðanna sem Húsnæðisstofnun á að veita lán með, hvort það sé samfylgni á milli þess og stöðu ríkissjóðs á sama tíma.

Þetta er, virðulegi forseti, umhugsunarefni. Það kemur þess vegna mjög til greina að nálgast þetta mál enn betur í fyrirspurnarformi til hæstv. fjmrh. — Ég sé að hæstv. fjmrh. brosir. Þetta er duglegur maður og hann gætir auðvitað sinnar stöðu en hæstv. ráðherra má ekki gera það á kostnað gerðra samninga og hann má ekki gera það á kostnað fólksins. Alla vega

verður hann að sjá til þess að hans eftirlit sé það gott í daglegum störfum sem fjmrh. að hann láti ekki einhverja aðra komast upp með að haga sér með þessum hætti, hverjir sem það kynnu að vera.

Ég vil svo að lokum segja það, virðulegi forseti, að því miður hefur þetta veigamikla samkomulag við verkalýðshreyfinguna verið þverbrotið og svikið. Frekari staðfesting. Það vill svo til að þegar fsp. mín kom fram þá brást stjórn Húsnæðisstofnunar mjög hart við og krafðist þess að fá að ráðstafa þessum peningum með þeim hætti sem henni bar skylda til. Þess vegna var það tilkynnt að nú ætti að flýta fyrir og afgreiða lán fyrir allt að, ef ég man rétt, 800 millj. kr. fyrir áramót. Í þessu felst auðvitað staðfesting á því að þeir aðilar sem hafa fjallað um þessi mál á vegum Húsnæðisstofnunar, hvort sem það er hæstv. félmrh. eða framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar, það veit ég ekki um, en í þessu felst það að viðkomandi aðilar gera sér grein fyrir því að þeir voru búnir að brjóta gerða samninga og sektartilfinningin sagði til sín. Þess vegna gripu þeir til þess ráðs að gefa út tilkynningu um það að nú mundu verða afgreiddar 800 millj. kr. strax fyrir áramót.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að lengja mitt mál meira um þetta atriði, ég hefði getað vikið að mörgum af þeim atriðum sem hv. þm. Karvel Pálmason kom inn á í sambandi við svik núv. hæstv. ríkisstjórnar gagnvart íslenskri verkalýðshreyfingu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að því sem hér hefur komið fram í umræðunni í dag sem er framhald af þeirri umræðu sem hér fór fram í síðustu viku.

Ég vil fyrst fullvissa hv. þm. Guðmund H. Garðarsson um það að það er hvorki vilji né er það reyndin að verið sé að nota fjármuni lífeyrissjóðanna til eigin þarfa í rekstri ríkisins. Ég tel þvert á móti að þeir samningar sem gerðir voru við lífeyrissjóðina eftir að ég tók við embætti séu á ýmsan hátt til fyrirmyndar og í þeim hafi verið mótuð ýmis nýmæli sem vonandi fái að standa um langa hríð. Og ég vil einnig þakka hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni fyrir þann hlut sem hann átti í þeim samningum.

Ég ætla heldur ekki að blanda mér í einhverjar deilur um það hvort ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sú sem sat hér á árunum 1983–1987, eða ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem sat á árunum 1987–1988, hvor þeirra hafi betur staðið við samninga sem gerðir voru við verkalýðshreyfinguna um húsnæðismál. Ég vil hins vegar aðeins skjóta því að hér, þó ég hafi nú ekki athugað það mál sérstaklega, að ef árið 1987 er sérstakt fyrirmyndarár í þessum efnum að dómi hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar þá vænti ég að það hafi verið í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem þá sat áður, sem fjárlög fyrir það ár hafi verið samþykkt vegna þess að þau hafa þá verið samþykkt í árslok 1986.

Að öðru leyti vil ég bara segja það að mér fannst einn þátt vanta í mjög fróðlega yfirferð hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar yfir húsnæðismálin og það er efnahagsþátturinn. Það er auðvitað alveg augljóst að það er ekki hægt að vera með jafnveigamikinn framkvæmdaþátt og húsnæðismálin né jafnveigamikinn þátt peningamála og lífeyrissjóðakerfið án tengsla við efnahagsstjórnun á hverjum tíma. Það hefur einmitt verið nokkur hætta í því fólgin að það væri tilhneiging til þess að húsnæðismál væru skoðuð bara ein og sér án slíkra efnahagslegra tengsla en auðvitað hlýtur bæði framkvæmdastigið og fjármálaumsvifin í húsnæðismálunum og í lífeyrissjóðunum að laga sig að þeim markmiðum sem eru í efnahagsstjórninni á hverjum tíma. Ég vænti þess að við höfum báðir verið sammála um það að eitt af markmiðum í efnahagsstjórninni frá árunum 1987–1988 til ársins í ár hafi verið að draga úr þenslunni því að þar er hægt að vitna bæði í yfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins, bæði verkalýðshreyfingar og fulltrúa samtaka atvinnulífsins sem og ég held yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka í landinu að nauðsynlegt væri að draga úr þenslunni vegna þess að hún var að setja þetta hagkerfi hér úr skorðum, bæði viðskiptahallann gagnvart útlöndum, verðlagsþróunina og fjölmargt annað. Þess vegna verður auðvitað að taka mið af því þegar verið er að ráðstafa fjármunum til húsnæðismála og einnig ræða hin sívaxandi fjármálaumsvif lífeyrissjóðanna hvernig þetta tvennt getur lagað sig að almennum markmiðum í efnahagsmálum sem er stöðugleiki í verðlagsmálum, minnkandi viðskiptahalli og minnkandi þensla.

Ein af ástæðunum fyrir því að það hefur verið kleift að draga úr ríkisframlaginu er stóraukið ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og ég held að það sé rétt með farið að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur aukist mun meira á síðustu tveimur árum og mun aukast meira á næsta ári en áætlanir gerðu ráð fyrir 1986 þegar samkomulagið var gert. Ef ríkisframlagið, eins og þá var talað um, hefði átt að þróast í verðlagshlutfalli og ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna aukast eins og reyndin hefur orðið þá hefðu menn verið að búa til efnahagssprengingu í hagkerfinu með þeim samningum. Ég veit að það var ekki ætlun þeirra sem að þeim stóðu heldur fyrst og fremst að vinna annars vegar að úrbótum í húsnæðismálum og hins vegar að stöðugleika í efnahagsmálum. Það er staðreynd sem tölur sýna mjög rækilega að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur aukist mun meira en nokkrar spár, jafnvel hinar bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir. T.d. má nefna að sú spá sem Seðlabankinn gerði í fyrra um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á þessu ári hefur reynst íhaldssöm þótt fjölmargir segðu þá að hún væri allt of bjartsýn. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur á þessu ári reynst verða meira.

Vegna orða hv. þm. Egils Jónssonar þá er það auðvitað ætlun núv. ríkisstjórnar að standa við þau fyrirheit að gera upp skuldir við bændur. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það enn hvernig nákvæmlega sú uppgjörsáætlun lítur út. Það er hins vegar ætlun okkar að gera það borð hreint á eins skömmum tíma og hægt er og á mun skemmri tíma en

gert var þegar hv. þm. Egill Jónsson studdi hér ríkisstjórnir áður fyrr. Þannig að ég held að það muni nú ekki þurfa að klaga upp á þessa ríkisstjórn í þeim efnum þegar öll kurl verða komin til grafar.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og í fjáraukalögum fyrir þetta ár eru nefndar upphæðir til þessa uppgjörs og þó ég hafi ekki þau gögn hér við höndina þá minnir mig að ég fari rétt með að í þeim efnum sé reiknað með að gera mjög fljótlega hreint borð fyrir árið 1988 ásamt fyrri árum en ég er ekki með þær tölur hér við höndina þannig að ég ætla ekki að svara því nákvæmlega. Það hefur ekki orðið í sjálfu sér nein stefnubreyting í þessum efnum.

Hv. þm. Karvel Pálmason varði hér löngu máli í það að lesa nýjan texta frá Alþýðusambandinu. Ég ætla ekki að fara í langar orðræður við hv. þm. um þau mál. Það vaknar auðvitað sú spurning í mínum huga hvort menn vilji frekar lesa textann og veruleikann á þann veg að ekki hafi verið staðið við samningana en hafa það sem sannara reynist. Það sem mér fannst auðvitað mest hrópandi í þessu bréfi sem hér var lesið upp, hinu nýja frá Alþýðusambandinu, er að ekki var vikið einu orði, ekki einu orði, að því sem þó var talið mikilvægasta loforðið af hálfu forsvarsmanna Alþýðusambandsins þegar samningarnir voru gerðir og það var loforðið um að niðurgreiðslur yrðu auknar um 500–600 millj. (Gripið fram í.) Ja, ég vona að ég hafi hlustað nægilega vel því ég vona að í þessu nýja bréfi komi það þá fram að í staðinn fyrir þessar 500 eða 600 millj. verður niðurstaðan 800 millj. Ég heyrði ekki að sá texti væri lesinn upp í hinu nýja bréfi og ég bið forláts ef það er misheyrn hjá mér, að það hafi farið fram hjá mér, en ég tók ekki eftir því að það kæmi fram í svarbréfinu að ríkisstjórnin hefur ákveðið að bæta u.þ.b. 300 millj. kr. við þá lægri tölu sem notuð var sem loforðaviðmið og 200 millj. ef efri talan er notuð. Eða að það verður varið á bilinu rúmlega 30% til 50% meira til þessa liðar en fyrirheit voru gefin um.

Þetta er auðvitað það sem mestu máli skiptir vegna þess að þetta var stærsta efnisatriðið í þessu samkomulagi og það sem lögð var á mest áhersla.

Ég vona að það hafi þess vegna verið misheyrn hjá mér og það komi þá fram við annað tækifæri að í þessu nýja bréfi Alþýðusambandsins komi það fram að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um 500–600 millj. en efndirnar eru um 800 millj.

Ég vil einnig vekja athygli á því að varðandi þróun verðlags á opinberri þjónustu var talað um það að hækkanir hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum yrðu í samræmi við forsendur fjárlaga og það liggur einnig fyrir að svo hefur verið. Það hefur ekki orðið hækkun á neinum lið hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum fram yfir forsendur fjárlaga. Það sem hins vegar hefur gerst og ríkisstjórnin hefur ekki dregið neina dul á er að fyrirtæki, sérstaklega orkuveitur í eigu sveitarfélaga, hafa hækkað meira. Ég er þeirrar skoðunar að orkuveitur í eigu sveitarfélaga eigi að vera undir verðlagsráði og eigi þess vegna að sæta sams konar verðákvörðunum og önnur markaðsráðandi fyrirtæki. Sumir hafa talið að það væri skerðing á sjálfstæði sveitarfélaga. Ég tel svo ekki vera. Ég tel að hitaveitur og rafmagnsveitur sem reknar eru af sveitarfélögum eigi að bera verðákvarðanir sínar undir verðlagsráð. Það hefur ekki verið gert og það er ástæðan fyrir því að þessi þáttur einn saman hefur verið umfram það sem áætlað var. En þar er ekki hins vegar við ríkisstjórnina að sakast nema til hafi verið ætlast að hún setti lög á sveitarfélögin í þessum efnum.

Sú skrá sem hér var kynnt er hins vegar á þann veg að ef ég fer yfir hana þá sýnist mér alveg ljóst að við átta af þessum tólf atriðum hefur verið staðið. Fjögur þeirra eru enn í athugun. Ég ætla ekki að eyða hér löngu máli í að fara yfir það, ég gæti gert það, en mér finnst það blasa alveg við sé málið lesið með velvilja og sé málið lesið eins og hv. þm. sagði „á faglegan hátt“, en ekki þannig pólitískan að það sé fyrst og fremst verið að leggja vopnin í hendur þeirra sem vilja endilega fá það út að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við fyrirheit sín gagnvart verkalýðshreyfingunni, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var auðvitað fljótur að sjá og grípa þann bolta og henda honum aftur á loft hér í umræðunni. (Gripið fram í.) Já, sjálfstæðismenn í verkalýðshreyfingunni eiga kannski ekki annan kost. Ég taldi nú hins vegar að ýmislegt af því sem hv. þm. sagði hér um verkalýðshreyfinguna væri ekki bara faglegt en ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það hér.

Varðandi það sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði um skattaákvæðið, og það vil ég gera að síðasta umfjöllunarefni mínu hér, vil ég aðeins segja að það er tvennt sem verkalýðshreyfingin hefur fyrst og fremst lagt áherslu á í skattamálum. Annað var það að gripið yrði til harðari aðgerða gagnvart skattsvikum. Ég hélt að það væri öllum ljóst að í tíð núv. fjmrh. hefur orðið stefnubreyting í þessum efnum og núv. fjmrh. hefur legið undir harðri gagnrýni t.d. af hálfu Sjálfstfl. fyrir þá stefnubreytingu. Og ég hélt satt að segja að það þyrfti ekkert sérstakt samráð við verkalýðshreyfinguna um að framkvæma þessa kröfu verkalýðshreyfingarinnar sem lengi hefur verið á borðinu en ekki verið farið eftir. Hitt atriðið hefur svo verið sú ósk verkalýðshreyfingarinnar að þegar virðisaukaskattur yrði tekinn upp þá yrði jafnframt notað tækifærið til þess að lækka verð á matvælum. Tillaga sem ég flutti í ágústmánuði þessa efnis var síðan samþykkt í ríkisstjórninni og þar taldi ég í stórum dráttum að verið væri að framkvæma eina af þeim meginhugmyndum sem verkalýðshreyfingin hefur verið með varðandi upptöku virðisaukaskatts. Auðvitað er það þannig að það má ræða fjölmörg mál önnur og þessi tvö má auðvitað ræða einnig en þegar menn eru í því miðju verki að framkvæma það sem verkalýðshreyfingin hefur lengi óskað þá vona ég að hv. þm. Karvel Pálmason virði mér það á betri veg að ég tel kannski ekki þörf á sérstöku samráði um að framkvæma það sem verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir vegna þess að ég teldi það svo augljóst að hún hlyti sjálf að óska eftir því að það væri gert sem hún hefur lengi ályktað um.

Í skattamálum hefur í tíð minni sem fjmrh. verið beitt harðari aðgerðum við innheimtu á ógoldnum

sköttum en gert hefur verið um langa tíð og þar með reynt að draga verulega úr skattsvikum og skattundanslætti í okkar landi. Og þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp, þá mun verða kerfisbreyting hvað varðar skattlagningu á matvæli.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Mér finnst nú vert að vekja alveg sérstaklega athygli á þessum síðustu ummælum hæstv. fjmrh. þar sem hann sagði að það yrði við upptöku virðisaukaskattsins kerfisbreyting á skattlagningu matvæla. Sú kerfisbreyting leiðir til þess að verð á matvælum mun hækka verulega á næsta ári. Svo fremi sem fylgt er þeim markmiðum sem fram koma í fjárlagafrv., þá liggur það alveg fyrir að það sem þar er sagt um 10% verðlækkun á landbúnaðarvörum kemur alls ekki til með að eiga sér stað. Og miðað við forsendur fjárlaga er miklu nær að tala um 10% verðhækkun. Það er að vísu hægt að nota fjármagnið, beita því misjafnlega eða skipta því misjafnlega niður á árið þannig að með því að færa meiri hlutann af niðurgreiðslufénu yfir á fyrri hluta ársins er náttúrlega hægt að ná þessari verðlækkun og meira að segja meiru til. En það bara kemur niður á því að vöruverðið hækkar þeim mun meira sem lengra líður á árið þannig að þegar upp verður staðið og litið á málið á ársgrundvelli, þá er það algjörlega augljóst mál að búvöruverðið hækkar, matvælaverð hækkar á næsta ári. Enda hvernig á annað að geta skeð þegar niðurgreiðsluféð hækkar um 20% á sama tíma og verðlag á búvörunum hækkar um 25%? En það gefst nú gott tóm til að fara með nákvæmari hætti í gegnum þessi mál hér síðar á Alþingi.

Tvennt var það, hæstv. fjmrh., sem mig langar sérstaklega að gera að umtalsefni og fram kom í ræðu ráðherrans hér áðan. Fjmrh. kemst þannig að orði að það séu ólíkt betri skil á fjárreiðum ríkisins gagnvart bændastéttinni heldur en hafi verið á þeim tímum sem ég studdi ríkisstjórn. Þetta skulum við nú athuga aðeins betur.

Ég studdi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem lauk sínum valdaferli á árinu 1987. — Það er leiðinlegt athæfi hjá hæstv. fjmrh. að hann fer alltaf í felur þegar verið er að tala til hans af rökum, þá fer hann bak við hurð eða í eitthvert hliðarherbergi. (**Fjmrh.**: Nei, nei, hvorugt.) Hann fer alltaf í felur, þessi hæstv. ráðherra. (**Fjmrh.**: Þú verður bara að snúa þér við.)

Nú var það þannig að á árinu 1987 voru allar áfallnar greiðslur varðandi jarðræktar- og búfjárræktarlög og aðrar skuldbindingar ríkisins gagnvart bændastéttinni uppgerðar. Allar saman. Á árinu 1988 studdi ég ekki ríkisstjórn allt árið, eins og kunnugt er, þannig að það verður nú ekki metið á heils árs grundvelli, hæstv. landbrh., og þessi mál fóru öll úr böndunum við síðustu fjárlagagerð. Þá fóru þessi mál öll úr böndunum eins og dæmin sanna. Nú segir hæstv. fjmrh.: Það hefur ekki verið tekin upp nein stefnubreyting í þessum efnum. Að því er mér skilst, þá skýrir það ekkert breytta stefnu þó að annað komi fram í fjárlagafrv. eða lánsfjárlagafrv. Ég fæ þó ekki annað séð en að á þessu sé kannski alveg reginmunur vegna þess, hæstv. fjmrh., — ráðherrann er enn kominn í felur — vegna þess að þá hlýtur 28. gr. lánsfjárlaga þessa árs að vera í gildi. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að framlengja gildissvið þessarar greinar. Í lánsfjárlagafrv. er ekkert þess háttar ákvæði og í lánsfjárlögum fyrir þetta ár segir 28. gr. frá því að það eigi að gera upp við bændur á þessu ári.

Þegar heimildarákvæði sama eðlis eru nú ekki sett inn í lánsfjárlög eins og sagt er fyrir um í grg. fjárlagafrv. að verða muni, þá er það augljóst mál að hér er um stefnubreytingu að ræða og að eins og lánsfjárlög fyrir þetta ár kveða á um, þá beri að gera upp við bændur á grundvelli jarðræktar- og búfjárræktarlaga á þessu ári. Þetta er alveg tvímælalaust.

Og ég skora satt að segja á hæstv. fjmrh. að hætta nú að vera í felum í þessari deild, bæði í málflutningi og svo í sínu eigin atgervi, og tala alveg skýrt út um það hvort ekki beri að líta svo á að við afgreiðslu fjáraukalaga sem nú eru til meðferðar í Sþ. verði framkvæmdinni hagað með tilliti til þess sem m.a. 28. gr. lánsfjárlaga fyrir þetta ár, árið 1989, kveður á um með ótvíræðum hætti.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Það er út af nokkrum atriðum sem hæstv. fjmrh. kom hér inn á og það stendur auðvitað eitt upp úr þar. Hann tók undir það sem var haldið fram í þessu sem hann kallar nýju bréfi frá Alþýðusambandinu, en það var beðið um umsögn Alþýðusambandsins á því sem gerst hefur í þróun þeirra samninga sem það stóð að í vor. Hann sagði: Það er búið að framkvæma átta af tólf. En fjögur hefur ekkert verið gert við. (Gripið fram í.) Nei, fjögur hefur ekkert verið gert við. Það er ekki farið að athuga það enn. (Gripið fram í.) Þetta er eftirtektarvert hjá hæstv. ráðherra að hann undirstrikar það álit sem hér kemur fram, ekki frá mér, frá Alþýðusambandinu, að það eru átta sem hefur verið hreyft við, sumum fullnægt en fjórum hefur ekkert verið sinnt. (Gripið fram í.) Fjórum hefur ekkert verið sinnt. Þetta ítrekaði hæstv. ráðherra hér áðan. (**Fjmrh.**: Nei, nei.)

Ég vil hins vegar ítreka það að ég var ekki bara með texta frá Alþýðusambandinu, nýtt bréf. Ég vitnaði líka í þing Verkamannasambandsins sem segir nákvæmlega sömu sögu og kannski ítarlegar. (Gripið fram í.) Nei, á ég að gefa hæstv. ráðherra eintak þannig að hann geti lesið það sjálfur heima í kvöld því það er greinilegt að hæstv. ráðherra hefur ekki hlustað vel.

Ég skal ekki verða öllu langorðari varðandi niðurgreiðslurnar. (**Fjmrh.**: Annars verður fundur hjá Verkamannasambandinu ...) Það kann vel að vera. Ég er að tala um það sem hæstv. ráðherrar hafa sagt áður. Það sem kann að gerast einhvern tíma er allt annað mál. En út af niðurgreiðslunum, það er hér getið um 500–600 millj., hæstv. ráðherra, — þú mátt fara til hliðar, ég skal tala nógu hátt — og það segir í

því að það sé ekki greinilegt að neitt öðruvísi hafi verið staðið að heldur en venjulega, það hafi verið niðurgreiðslur. En síðan segir til viðbótar, og ég bið nú ráðherra að taka eftir því: „Ríkisstjórnin beitti sér fyrir sérstakri lækkun dilkakjöts." Eru það ekki niðurgreiðslur? (**Fjmrh.:** Jú.) Ja, ég hefði haldið það. (**Fjmrh.:** Vertu nú ekki að snúa út úr.) Ég er ekki að snúa út úr neinu, hæstv. ráðherra, en ég heyri bara að hæstv. ráðherra er orðinn mjög órólegur. (**Fjmrh.:** Nei, nei.)

En út af því sem hæstv. ráðherra ítrekaði að hann skildi ekkert í þegar verið væri að finna að því að það væri ekki haft samráð við verkalýðshreyfinguna um virðisaukaskattinn sem stendur í bréfi hæstv. forsrh., þá fer ég að halda að það bréf hafi verið skrifað bara sem einstaklingsframtak, ef hæstv. fjmrh. talar áfram á þessum nótum, að það sé þá ekki ríkisstjórnarinnar mat að það ætti að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Auðvitað er nauðsynlegt að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna um það sem á að demba yfir þjóðfélagið um nk. áramót í virðisaukaskatti. Ef það er ekki nauðsynlegt, þá veit ég ekki út af hverju er nauðsynlegt að hafa samráð við hreyfinguna og launafólk almennt.

Það væri auðvitað ástæða til þess að tala lengra mál, það gefst tækifæri til þess síðar og tala enn betur við hæstv. ráðherra. Það er ágætt að eiga skoðanaskipti við hann, en hann á að taka rétt eftir og fara rétt með.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir að gera tilraun til að svara þeim fyrirspurnum sem til hans var beint, en svörin sýndu raunar fram á að það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um brigð við verkalýðshreyfinguna eru sannmæli og er það athyglisvert í ljósi þess að á síðasta fundi tók hæstv. fjmrh. fram (**Fjmrh.:** Það er af og frá.) að hann tæki nærri sér ef við hann væri sagt að hann hefði brugðist verkalýðshreyfingunni og loforðum við hana og ég vænti þess að með því eigi hann við líka að hann taki nærri sér ef ríkisstjórnin bregst loforðum sem gefin voru aðilum vinnumarkaðarins við kjarasamningana. Eða ber kannski að skilja ummæli hæstv. fjmrh. svo að hann telji ekki skipta jafnmiklu máli ef brugðist er þeim fyrirheitum sem atvinnulífinu eru gefin? (**Fjmrh.:** Ja, ég tel náttúrlega að verkalýðshreyfingin sé á fremri bekk.) Telur að verkalýðshreyfingin sé á fremri bekk.

Nú ætla ég að freista þess að rifja upp hvaða fyrirheit Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh., gaf Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna við síðustu kjarasamninga og skal rekja þau lið fyrir lið eins og hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason gerði gagnvart þeim fyrirheitum sem hæstv. forsrh. gaf Alþýðusambandi Íslands. Annars er það athyglisvert að enginn ráðherra hefur séð ástæðu til að vera viðstaddur umræðu um lánsfjárlög nema hæstv. fjmrh. sem sýnir með öðru það virðingarleysi sem ráðherrar sýna yfirleitt Alþingi og kom fram í umræðum í gær og er að verða viðtekin venja.

Fyrsti liður í bréfi hæstv. forsrh. frá 30. apríl 1989 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkeppnisstaða útflutningsgreina. Greiðslur verðbóta á fisk úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verða lækkaðar á næstu mánuðum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Ríkisstjórnin mun grípa til ráðstafana sem bæti frystiiðnaðinum niðurfellingu verðbótanna með einum eða öðrum hætti verði ekki breyting til batnaðar á ytri skilyrðum greinarinnar á næstunni. Hið sama gildir um niðurfellingu sérstakrar endurgreiðslu söluskatts. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum."

Ég spurði hæstv. forsrh. við umræður í gær hvort hann teldi að þessu marki hefði verið náð. Ég spurði einnig hæstv. sjútvrh. þessarar spurningar. Hvorugur þeirra svaraði. Nú vænti ég þess að hæstv. fjmrh. svari þessari fyrirspurn hér úr ræðustól deildarinnar á eftir. Þetta er fyrirspurn númer eitt.

Um aðra grein. „Lántökuskattur. Skattur á erlendar lántökur verði felldur niður frá og með 1. júlí nk."

Við þetta hefur verið staðið, þó þannig að innlendur skipasmíðaiðnaður var látinn bera lántökugjald það sem af er þessu ári þrátt fyrir samþykki í ríkisstjórninni og samkvæmt heimildum sem ég hef aflað mér úr fjmrn. hefur ekki komið til endurgreiðslu á þeim hluta skattsins þannig að það er út af fyrir sig staðið við þetta fyrirheit, en á hinn bóginn ekki staðið við þau loforð sem hæstv. viðskrh. að viðstöddum hæstv. fjmrh. gaf hér í deildinni á sl. vori.

Í þriðja lagi. „Vörugjald. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á lögum um vörugjald í tengslum við upptöku virðisaukaskatts um næstu áramót með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu. Stefnt verður að því að sem fyrst verði fellt niður vörugjald af öllum vörum sem framleiddar eru hér á landi í mikilli samkeppni við innflutning, en ekki síðar en 1. sept. nk. verður fellt niður vörugjald af framleiðsluvörum húsgagna-, trjávöru- og málmiðnaðar og af aðföngum til þeirra."

Það hefur verið staðið við það sem tekur til 1. sept., en það hefur ekki verið staðið við hinn hluta þessa loforðs og það sem raunar er alvarlegra er að hæstv. fjmrh. sagði við fjárlagaumræðu að ekki hefði verið haft samband við aðila vinnumarkaðarins um þetta atriði né önnur sem lúta að breytingum á sköttum. Þetta má sjá í fjárlagafrv.

Í fjórða lagi. „Jöfnunargjald. Jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda." — Samkvæmt fjárlagafrv. verður ekki staðið við þetta.

Í fimmta lagi. „Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði lækkaður úr 2,2 í 1,5%." — Við þetta hefur verið staðið.

Í sjötta lagi. „Stimpilgjöld. Ríkisstjórnin mun fyrir næstu áramót beita sér fyrir athugun á ákvæðum laga

um stimpilgjöld." — Ég skal ekki um það segja hvort ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir slíkri athugun, en hitt stendur eftir að stimpilgjöld á næsta ári eru áætluð 1,9 milljarðar kr. eða á annað hundrað millj. kr. hærri fjárhæð en nemur öllum tekjuskatti af fyrirtækjum á næsta ári.

Í sjöunda lagi. „Skattlagning fyrirtækja. Ríkisstjórnin mun taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Efnahagsbandalagsins. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun. Ríkisstjórnin mun við heildarendurskoðun eignarskattslagningar taka til athugunar álagningu eignarskatta á atvinnufyrirtæki."

Við þetta hefur ekki verið staðið. Að vísu segir hæstv. iðnrh. að nefnd sem starfi á hans vegum hafi rætt skattamálin við iðnrekendur, en þegar hann var spurður þeirrar spurningar í nótt hvort þessi nefnd hefði komið minnispunktum til hæstv. fjmrh. bárust engin svör við því. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. hvort þessi nefnd hafi skilað fjmrh. minnispunktum um þetta atriði en við umræður um fjárlög lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að ekkert samráð yrði haft við samtök atvinnurekenda um þetta atriði heldur yrðu þeir að sætta sig við þá niðurstöðu sem fjmrh. kemst að.

Í áttunda lagi. „Vaxta- og geymslugjald á fjármögnun afurða- og rekstrarlána vegna framleiðslu sauðfjárafurða. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að tryggð verði fjármögnun á uppsöfnuðum vaxta- og geymslukostnaði vegna birgða sauðfjárafurða vegna framleiðsluárs 1988. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að bankakerfið fjármagni með fullnægjandi hætti með veitingu rekstrar- og afurðalána framleiðslu sauðfjárafurða sbr. bókun í ríkisstjórn frá 28. nóv. 1986."

Það kom fram í umræðum á Alþingi í síðasta mánuði að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við greiðslur vegna framleiðslu fyrra verðlagsárs sem olli því að afurðalán til bænda voru lækkuð mjög verulega. Og mér er ekki kunnugt um að afurðalánin séu komin í það horf sem vænst hafði verið. Það væri þó fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um þetta atriði.

Eftir því sem ég kemst næst liggur það ljóst fyrir að ekki hefur verið staðið við sex atriði af átta. Það hefur verið staðið við tvö. Hafi ég mislesið fjárlagafrv. væri fróðlegt að fá um það upplýsingar frá fjmrh. nú. En hitt tel ég óhjákvæmilegt, herra forseti, úr því að fundi var frestað í síðustu viku til þess að ræða þau fyrirheit sem ríkisstjórnin hefði gefið aðilum vinnumarkaðarins við síðustu samningsgerð, að hæstv. fjmrh. kom hér upp og svari þeim fyrirspurnum sem ég hef hér borið fram.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á kafla úr ræðu hæstv. iðnrh. í Sþ. í gær sem lýsir þeirri stöðu sem kjaramálin eru komin í. Hann vakti athygli á því í sinni ræðu að atvinnuleysi mundi halda áfram að vaxa og hæstv. sjútvrh. boðaði að gengið mundi halda áfram að lækka fram að áramótum en tók þó fram að ekki væri við því að búast að launþegar gætu vænst neinna bóta í staðinn.

Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi aðlögun hefur að ýmsu leyti tekist vel. Ég nefni sem dæmi þær áætlanir Seðlabankans að raungengi krónunnar mælt á mælikvarða verðlagsþróunar á Íslandi og í öðrum löndum var um 13% lægra á síðasta fjórðungi ársins í ár, á þeim ársfjórðungi sem nú er að líða, en það var á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Á sama tíma hefur raungengið á mælikvarða launakostnaðar lækkað um næstum 20%. Þessar tölur um þróun raungengis eru auðvitað til marks um bætta samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Raungengi krónunnar er nú svipað og það hefur að jafnaði verið á þessum áratug en auðvitað er líka rétt og heiðarlegt að segja að þessar tölur eru líka til marks um þverrandi kaupmátt. Það var nauðsynlegt, það var óhjákvæmilegt, það er ekki tilgangurinn heldur er það því miður leiðin í málinu." Ég endurtek: „heldur er það því miður leiðin í málinu."

Þegar talað er um að raungengi hafi lækkað um næstum 20% á mælikvarða launakostnaðar þýðir það með öðrum orðum að gengi hefur hækkað 20% umfram hækkun kaupgjalds í landinu, 20% umfram hækkun kaupgjalds í landinu frá ársbyrjun 1988 til ársloka 1989. Það var af þessum ástæðum sem ég sagði í ræðu minni í gær að eins og nú væri komið væri ekki hægt að kenna of háum launum um þau vandræði sem við stöndum nú frammi fyrir. Erfiðleikar atvinnulífsins eins og nú standa sakir eru ekki vegna þess að launafólk taki of mikið til sín. Það sem veldur okkur erfiðleikum nú er í fyrsta lagi verðbólgan, í öðru lagi hinn hái lánsfjárkostnaður, sem annars vegar er tilkominn vegna þeirrar þenslu sem nú er á lánamarkaði, vegna þeirrar hítar sem ríkissjóður er, vegna þeirra miklu lána sem ríkisstjórnin tekur og vegna hinna háu stimpilgjalda hér á landi, og í þriðja lagi auðvitað eyðslustefna ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í því að á þessum þremur árum sem við sjáum nú fram á minnkandi landsframleiðslu, í fyrra, í ár og núna, á þessum þremur árum sem kaupmátturinn hefur minnkað, í fyrra, í ár og núna, á þessum þremur árum sem einkaneyslan hefur minnkað, í fyrra, í ár og núna, á þessum þremur árum sem dregið hefur úr fjárfestingu (Gripið fram í.) þá hefur ríkið tekið meira til sín. Ríkið tók meira til sín í fyrra, (**Fjmrh.:** Í ár og svo núna.) í verðgildi heldur en áður, að magni til en áður. Síðan hefur ríkið, samneyslan, tekið jafnmikið til sín í magni á þessu ári sem þýðir aukningu miðað við landsframleiðslu og stefnt er að því að ríkið taki að magni til jafnmikið til sín á næsta ári sem líka þýðir aukningu miðað við landsframleiðslu.

Á sama tíma og þetta gerist sjáum við að erlendar lántökur vaxa hröðum skrefum og ég hygg að það sé ekki ofmælt að greiðslubyrði Íslendinga af erlendum lánum sé komin á hættulegt stig. Þess vegna þurfum við ekki að vera undrandi á því þó hæstv. viðskrh. hafi sagt það í ræðu sinni í gær að leiðin í málinu væri

sú að halda þessari kjararýrnun sem þegar er orðin og helst auka hana ef nokkuð er á næsta ári, ef marka má ummæli hans og þau ummæli sem hæstv. sjútvrh. viðhafði þegar þeir réðust að mér með hálfgerðum skætingi þegar ég vakti athygli á þeirri kaupmáttarrýrnun sem orðið hefði á þessu ári. Og báðir töldu að einungis með því að hafa orð á kaupmáttarrýrnuninni væri ég að efna til þess að launþegahreyfingin setti fram nýjar kröfur um kjarabætur, eins og launþegahreyfingin fylgist ekki með því sem hér er að gerast.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að hæstv. iðnrh. er kominn hér inn þegar við erum að ræða um lánsfjárlög og má auðvitað segja að það sé út af fyrir sig gott. Það má auðvitað halda því fram. Ég ætla samt ekki að endurtaka það sem ég hef hér sagt en ítreka þá beiðni sem ég setti fram við hæstv. fjmrh. í fyrri ræðu minni hér að ég mundi fá upplýsingar um þau leyfi sem viðskrn. hefði veitt til langrar lántöku nú á þessu ári þannig að ég gæti með þeim hætti gert mér grein fyrir hvernig að lánum langlánanefndar, eins og einu sinni var sagt, hefur verið staðið og hvort farið hafi verið eftir þeim tilmælum sem lágu fyrir í áætlunum um erlendar lántökur á þessu ári.

Fyrirspurnir mínar, herra forseti, til hæstv. fjmrh. liggja beint fyrir og ég vænti þess að hann svari þeim.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Egill Jónsson greip hér fram í að betra væri að hafa með sér rétta pappíra í pontu. Það vill nú svo til að það er nú ekki þörf á miklum pappírum við að svara þeim spurningum sem hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín því svörin koma að mestu leyti fram í því sem hann rakti sjálfur.

Það er alveg skýrt af minni hálfu að ríkisstjórnin hefur staðið við þau fyrirheit sem hún gaf Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna þannig í raun og veru er mjög einfalt að fara yfir þessi atriði eins og hann gerði hér. Það kom reyndar mjög skýrt fram hjá honum að ríkisstjórnin hefur staðið við öll þau fyrirheit sem kveðið var alveg skýrt og afdráttarlaust á um í þessum yfirlýsingum.

Varðandi skattlagningu atvinnulífsins hef ég hins vegar lýst því yfir að þar er um að ræða mikið og stórt og vandasamt verk og okkar fámenna embættis- og starfsmannakerfi í skattamálum á Íslandi ræður að mínum dómi og margra annarra ekki við það að framkvæma margar viðamiklar kerfisbreytingar á sama tíma og þess vegna var mótuð fyrr á þessu ári sú stefna í vinnubrögðum að á þessu ári og um næstu áramót yrði framkvæmd breytingin yfir í virðisaukaskatt. Er hafin vinna við að endurskoða skattlagningu atvinnufyrirtækja og atvinnulífsins og miðað að því að kynna frumvörp um það efni á næsta ári og hún kæmi til framkvæmda í kjölfarið á því. Sú vinna er hafin. Það hefur verið safnað ýmsum hugmyndum í þeim efnum. Það hafa komið fram tillögur frá einstökum ráðherrum í þeim efnum. Það hefur verið leitað eftir upplýsingum frá öðrum ríkjum í þeim efnum til þess að hægt væri að framkvæma mjög nákvæman samanburð við hliðstæða skattlagningu í helstu samkeppnislöndum okkar Íslendinga. Og þegar þessi vinna hefði verið tekin saman og unnið úr þessum gögnum yrði efnt til ítarlegra viðræðna við samtök atvinnulífsins um þetta efni.

Auðvitað er alltaf hægt að segja að það væri æskilegra að gera þetta á skemmri tíma en því miður er það þannig að því eru mjög takmörk sett hvað okkar fámenna embættiskerfi og starfsmannakerfi í skattamálum sérstaklega ræður við. Það hefur verið gagnrýnt mjög, bæði hér og annars staðar, að fjölga að óþörfu í þessu starfsmannaliði og þess vegna taldi ég skynsamlegra að taka þetta í þessum áföngum, vanda verkið betur og framkvæma þann víðtæka samanburð sem þarf að gera á skattkerfi hér á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum okkar, m.a. með tilliti til þeirrar alþjóðlegu aðlögunar sem þarf að vera í okkar útflutningsgreinum og atvinnulífi á allra næstu árum. Það er bara það umfangsmikið verk að því verður ekki lokið á örfáum mánuðum.

Þetta vildi ég láta koma hér alveg skýrt fram. Að öðru leyti tel ég að ríkisstjórnin hafi staðið við þau fyrirheit sem hún gaf samtökum vinnumarkaðarins í síðustu kjarasamningum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú sagt að ekkert hafi verið gert í þeim málum sem varða skattlagningu fyrirtækja á þessu ári. (**Fjmrh.:** Það sagði ég ekki. Hvers konar útúrsnúningar eru þetta?) Hann sagði að ekki hefði verið haft samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun. Ég skildi hans orð svo. Og ég tel óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sáttur við þá málsmeðferð sem hæstv. fjmrh. hefur hér kynnt að þau orð sem hér standa í bréfi forsrh. frá 30. apríl sl. til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, sem varða vörugjald í tengslum við upptöku virðisaukaskatts um næstu áramót, sem varða jöfnunargjald — hér stendur berum orðum, hæstv. iðnrh.: „Jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda.“ Þetta er alveg afdráttarlaust, en hæstv. fjmrh. hefur sagt að frv. um þetta efni verði einungis kynnt á næsta ári. Það sem hér stendur um stimpilgjöld er marklaust og það sem hér stendur um skattlagningu fyrirtækja ekki virði þess pappírs sem það er skrifað á.

Þetta verður allt saman tekið til athugunar, skilst mér, hjá hæstv. fjmrh. einhvern tímann síðar og síðan verður Alþingi kynnt það á næsta ári hvaða hugmyndir ríkisstjórnin gerir sér um þetta mál. Ekki einu sinni á þessu þingi. Kannski á haustþinginu næsta, þá verður þetta kynnt Alþingi og ekki einu sinni gefið fyrirheit um það að ríkisstjórnin vilji að þessar breytingar verði að lögum á næsta ári.

Nú hefur hæstv. iðnrh. margoft lýst því yfir að hann telji mjög nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki búi sig undir þá samkeppni sem fólgin er í sameiginlega

markaðnum í Evrópubandalaginu og talað um nauðsyn þess að breyta skattalögum í því sambandi. Ég man sérstaklega, þegar ég studdi hann sem viðskrh. á sínum tíma og við vorum vorið 1988 að vinna saman að því að koma hér í gegn frumvörpum um breytingu á skattalögum, að hæstv. viðskrh. þá og hæstv. fjmrh. þá höfðu stór orð um það hversu miklar framúrstefnubreytingar þetta væru, skærasta rósin í hnappagati Alþfl., skildist manni, svo áratugum skipti. Síðan kemur önnur rós enn rauðari og þá fer nú að dofna yfir rauða litnum kratanna. Svo er þetta allt saman tekið til baka fyrir einu ári og ekki nóg með að það væri tekið til baka þannig að það bitnaði ekki á fyrirtækjunum heldur var það gert með afturvirkum sköttum, þannig að fyrirtæki guldu þess að hafa hagað sér í samræmi við þá skattlagningu sem lögfest var á árinu 1988. Þó lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að hann gæti ekki unað því að skattar væru afturvirkir. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um það hvernig hæstv. viðskrh. lítur á þetta mál.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Mér hefur sjálfsagt ekki tekist að tala nægilega skýrt svo hæstv. fjmrh. gæti gefið mér svör við því sem kom fram í máli mínu. Þess vegna ætla ég að endurtaka það með enn skýrari hætti en ég hef áður gert. Fsp. mín til ráðherrans er því þannig: Hyggst ráðherrann fara að fyrirmælum 28. gr. lánsfjárlaga 1989, þeirra sem nú eru í gildi, um uppgjör á ógreiddum framlögum til bænda á árinu 1988, eins og þar er kveðið á um? Ég held að það geti nú tæpast orkað tvímælis hvað hér er átt við og þessi fsp. sé fram sett með þeim hætti að hæstv. fjmrh. komist ekki hjá því að svara henni þannig að skiljanlegt sé.

Fjmrh. (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja það vegna ræðu Halldórs Blöndals að ég hef sýnt honum þá virðingu í þessari umræðu að taka orð hans og ræður alvarlega. En athugasemdir hans hér áðan voru fyrst og fremst útúrsnúningur sem verður til þess að maður tekur fsp. ekki jafnalvarlega ef umræðan á að halda áfram í þessum dúr. Auðvitað taldi ég enga þörf á því að taka það fram sem liggur fyrir í landslögum, og hv. þm. nefndi sjálfur, að erlendi lántökuskatturinn var felldur niður og vörugjald var fellt niður með umfangsmiklum hætti 1. september. Að draga þá ályktun af því að vegna þess að ég nefndi þetta ekki sérstaklega í minni ræðu hefði ég sagt að ekki hefði verið staðið við fyrirheitin um skattana er náttúrlega fullkominn útúrsnúningur. (**HBl:** Ég tók sjálfur fram í minni fsp. að það hefði ekki verið staðið við þessi fyrirheit og breyti því ekki.) Já, akkúrat. Enda taldi ég þess vegna óþarfa að vera að endurtaka það og er að gera athugasemd við þá ályktun síðan að vegna þess að ég hefði ekki endurtekið það hefði ég viðurkennt það að ekki hefði verið staðið við þessar yfirlýsingar varðandi skattana. Það sem ég sagði hins vegar og ég tel efnislega vera fullgild rök var að víðtækari breytingar á skattlagningu atvinnulífsins á Íslandi til samræmis þeim skattkerfum sem ríkja í helstu viðskiptalöndum okkar er einfaldlega það umfangsmikið verk og það viðamikil vinna að það verður ekki gert á nokkrum mánuðum svo vel sé. Þess vegna var upp úr miðju þessi ári tekin ákvörðun um það að gefa því verki lengri tíma, safna til þess mjög ítarlegum gögnum, fá um það hugmyndir frá ýsmum ráðherrum, og þær hafa komið bæði frá iðnrh. og hæstv. sjútvrh. Leita eftir föngum í þeim viðskiptalöndum og hjá þeim aðþjóðastofnunum sem vel þekkja til og leggja málið þannig vel undirbúið fyrir aðila vinnumarkaðarins á sínum tíma. Ég vona að þetta sé alveg nægilega skýrt til þess að menn geti skilið þá hugsun og þau vinnubrögð sem þarna hafa verið mótuð.

Varðandi fsp. hv. þm. Egils Jónssonar, þá taldi ég mig hafa svarað henni. Ég vakti athygli á því að í frv. til fjáraukalaga sem hefur verið lagt fram hér á Alþingi og í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár eru ætlaðar ákveðnar upphæðir til þessa uppgjörs. Ég lýsti því hér áðan, þó ég hefði ekki tölurnar hér við höndina og færi með það eftir minni, tek það skýrt fram. (**EgJ:** Að þær dygðu.) eftir því sem ég myndi hér og nú mundi það duga til þess að gera upp málin fyrir árið 1988. Ég er hins vegar ekki með tölurnar nákvæmlega hér og þarf að skoða það betur. (**EgJ:** Þær verða þá bara leiðréttar.) Þetta sagði ég hér áðan en hitt vil ég svo endurtaka einnig sem ég sagði að það hefur alltaf legið ljóst fyrir að það mundi taka nokkurn tíma að vinna að þessu uppgjöri. Og ég lýsti því yfir að það mundi ekki taka lengri tíma en í tíð þeirrar ríkisstjórnar þegar hv. þm. Egill Jónsson var ábyrgur fyrir málum, vegna þess að það hefur m.a. komið í minn hlut að reyna að útvega fjármagn til þess að standa við fyrirheit sem gefin voru þegar hv. þm. Egill Jónsson réð miklu um stjórn þessara mála. (**EgJ:** Ég spurðist bara fyrir um ártalið.)

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fsp. sem hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín vil ég taka fram að ég fagna því að hann skuli enn bjóða sig fram til samstarfs við mig og aðra sem að því vinna að samræma íslenska skattkerfið því sem best gerist í nágrannalöndunum. Það er alveg rétt að á árunum 1987 og 1988 hófust hér miklar breytingar sem hníga í þessa átt. Staðgreiðslukerfið var tekið upp, virðisaukaskattkerfið undirbúið. Það sem kannski skiptir mestu máli til að samræma íslenska skattkerfið því sem best gerist í nálægum löndum er að koma hér á vel sköpuðu virðisaukaskattskerfi. Við sem að þessari stjórn stöndum fögnum því að fá liðsmann í hv. 2. þm. Norðurl. e. (**EgJ:** Ekki veitir af.) Ég vil taka fram vegna þess sem hér var sagt um till. þær sem ég kynni að hafa flutt innan ríkisstjórnarinnar og utan um þessi mál að það er alveg rétt munað hjá hv. þm. að ég hef gert tillögu um það að skattmeðferð hlutafjár greiði fyrir því formi sparnaðar og verði til þess að stuðla að bættri eiginfjárstöðu íslenskra atvinnuvega. Þetta er einn liðurinn í því starfi sem hér hefur verið rætt. Ég bendi líka á það að í kjölfar kjarasamninganna sem

tókust um mánaðamótin apríl–maí í fyrra gaf ríkisstjórnin, með bréfum frá forsrh. til samningsaðilanna, nokkur fyrirheit um þetta mál. Það er að sjálfsögðu staðfastur ásetningur stjórnarinnar að standa við þau. M.a. að samræma skattlagningu fyrirtækja því sem gerist og er að verða í Evrópulöndum. Ég hef líka sagt hv. þm. frá því í annarri umræðu um annað efni að ég hafi, sem iðnrh., skipað sérstakan hóp manna í mars í fyrra til þess að gera tillögur um bætt starfsskilyrði íslensks iðnaðar, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem nú eru að verða á viðskiptaháttum og viðskiptum milli landa í Evrópu. Allt eru þetta þættir í stærri vef sem nú er verið að vefa. En það tekur tíma þótt búið sé að leggja uppistöðurnar í hann nokkuð vel, (**Gripið fram í:** En jöfnunargjaldið?) nú er það ívafið. Jöfnunargjaldið tel ég vera verjandi meðan enn eimir eftir af uppsöfnunaráhrifum söluskatts í ýmsum fastafjármunum iðnaðarins. Ég tel að með þeirri tillögugerð sem nú liggur fyrir í fjárlagafrv. sé þessa gætt. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. þá munu verða um þetta fluttar till. á næsta ári. Reyndar vildi ég benda hv. þm. á að flestir talsmenn iðnaðar í landinu, og hann gerir sig gjarnan einn af þeim, vilja halda þessu gjaldi og hafa það sem hæst. En um vörugjaldið gegnir að sjálfsögðu öðru máli. Það var lækkað mjög verulega, fellt niður af trjávöru og málmiðnaði í byrjun september. Um lántökugjaldið þarf ég ekki að tala því það féll niður í lok maí, eins og lofað hafði verið, og reyndar lækkaði þá skrifstofu- og verslunarhúsnæðisskatturinn eins og lofað hafði verið. En í framhaldi af þeim breytingum sem verða við upptöku virðisaukaskattsins þurfum við að fínkemba vörugjaldsskrána, ekki síst þegar hún leggst á sum aðföng íslensks iðnaðar, þegar hin fullunna vara sem er í samkeppni við hann er ekki með neinu gjaldi. Ég nefni t.d. til marks um þetta að lakk til húsgagnaiðnaðarins er með vörugjaldi, það fæst að vísu endurgreitt, en það er nokkuð fyrirhafnarsamt. Lakk er mjög mikilvægur þáttur í innréttingagerð. Hins vegar eru innréttingar sem fluttar eru inn ekki lengur með slíku gjaldi. Við þurfum að gæta þess að sníða agnúa af þessu tagi af kerfinu. Það var meiningin með þessu fyrirheiti og auðvitað þarf ég ekki að taka það fram að ýmsir sem bera vörugjaldið nú vilja það burt. Það er hins vegar stærra mál í fjárhagsstöðu landsins en svo að það sé hægt að afgreiða það eins og hendi sé veifað. En yfirlýsingar stjórnarinnar um framhald umbóta í skattamálum standa, að sjálfsögðu verður staðið við þær.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Greiðslukortastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 91. mál. — Þskj. 92.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um greiðslukortastarfsemi sem er á þskj. 92, sem ég mæli nú fyrir, er ávöxtur af starfi nefndar sem skipuð var í ársbyrjun 1988 til þess að leggja drög að löggjöf um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan viðskiptabanka og sparisjóða. Áður hefur þessi nefnd skilað drögum að tveimur frv. sem nú eru orðin að lögum frá hv. Alþingi, sbr. lög nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi og lög nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Það hefur ekki fyrr verið gerð tillaga um sérstaka lagasetningu um greiðslukortastarfsemina og þess vegna eru öll ákvæði þessa frv. nýmæli. Það eru fyrir því margvíslegar ástæður að nú er nauðsynlegt að setja sérstaka löggjöf um þetta efni. Ég nefni þó aðeins fáein atriði þessu til skýringar. Greiðslukortanotkun hefur farið stöðugt vaxandi þann áratug sem innlend greiðslukortafyrirtæki hafa starfað hér á landi og eins og öllum er kunnugt eru greiðslukort nú mikið notaður greiðslumáti meðal almennings. Með aukinni notkun hefur jafnframt komið í ljós að þörf er á að kveða á um í lögum ýmis atriði sem tengjast notkun þessara korta. Í þessu sambandi vil ég nefna sérstaklega hvernig haga skuli ýmsum lögskiptum einstakra korthafa og útgefanda kortanna, vegna útgáfu greiðslukortsins sjálfs og gerð samnings um greiðslukortið og framkvæmd hans. Einnig er nauðsynlegt að setja reglur sem mæla fyrir um skaðabótaskyldu korthafa vegna ólögmætrar notkunar kortsins og svo um skaðabótaskyldu útgefanda kortsins að svo miklu leyti sem korthafinn verður ekki gerður ábyrgur fyrir því tjóni sem kann að hljótast af kortaviðskiptum með ólögmætum hætti. Þá er einnig nauðsynlegt að setja reglur um lögskipti greiðsluviðtakenda, þ.e. þeirra sem selja korthöfunum eitthvað, vöru eða þjónustu og taka greiðslu fyrir með ástimplun á kortareikninginn og kortaútgefandans sem annast greiðslumiðlunina.

Frv. sem ég mæli hér fyrir er að hluta byggt á erlendum fyrirmyndum. Ég ætla að nefna fyrst og fremst tvær. Við gerð þessa frv. hefur verið höfð til hliðsjónar dönsk löggjöf um þetta efni og svo ekki síst samþykkt tilmæli Evrópubandalagsins til aðildarríkja þess varðandi greiðslumiðlun. Með þessu frv. eru reyndar gerðar tillögur um almennar leikreglur um greiðslukortaviðskiptin sem hafa, eins og ég hef þegar nefnt, farið mjög ört vaxandi að undanförnu. Megintilgangur frv. er að gæta hagsmuna almennings og neytenda í skiptum við kortafyrirtækin og við þá sem taka við greiðslum með kortum. Að tryggja nauðsynlegt eftirlit með þessari starfsemi og yfirleitt að þessi farvegur greiðslumiðlunar sé skýrt mótaður í landslagi viðskiptanna. Það er nauðsynlegt að koma á lagaramma vegna þessarar starfsemi m.a. vegna samanburðar við aðra greiðslumiðlun og lánastarf-

semi sem fram fer innan þeirra stofnana sem fyrir eru á fjármagnsmarkaðnum. Þá má líka líta á þetta frv. sem einn þátt í aðlögun íslenskra efnahags- og fjármála að aðstæðum í Evrópu sem nú taka miklum breytingum.

Ég vík þá að einstökum þáttum þessa frv. og hlýt, virðulegur forseti, að fara fljótt yfir sögu tímans vegna.

Í I. kafla þessa frv. er að finna ákvæði um gildissvið laganna og skilgreiningu helstu hugtaka og mun ég vísa til frv. og grg. um þau efni.

Í II. kafla frv. er lagt til að kortaútgefendur skuli hafa hér á landi skráð firma eða útibú. Jafnframt er í 4. gr. áskilið að kortaútgefanda sé skylt að tilkynna til Verðlagsstofnunar, sem falin er eftirlitsskylda með þessari starfsemi, um öll meginatriði greiðslukortastarfseminnar og hvernig hún skuli fram fara. Ákvæði þetta er að sjálfsögðu einn þáttur í eftirliti með starfseminni og jafnframt gefur það færi á því að fylgjast með þróun greiðslukortaviðskipta.

Í III. kafla frv. er lagt til að eftirlit með greiðslukortastarfsemi verði, eins og ég hef þegar nefnt, í höndum Verðlagsstofnunar og kemur þetta fram í 5. gr. frv. Það er ljóst að mörg ákvæði í frv. eru fyrst og fremst byggð á sjónarmiðum um neytendavernd en Verðlagsstofnun hefur nú um nokkurt skeið haft vaxandi afskipti af þeim málaflokki. Mér virðist því eðlilegt að fela stofnuninni framkvæmd á ákvæðum þessa frv. Sumir þættir greiðslukortastarfseminnar eru þó í höndum innlánsstofnana en eftirlit að því leyti mun að sjálfsögðu fara fram af hálfu bankaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga um banka og sparisjóði. Í 6. gr. frv. er að finna heimild til handa Verðlagsstofnun til þess að eiga aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum sem stofnunin telur vera þörf á til þess að hún geti sinnt því eftirlitshlutverki sem stofnuninni yrði falið skv. þessu frv.

Í IV. kafla frv. er að finna ýmis almenn ákvæði varðandi greiðslukortastarfsemina. Þannig er í 7. gr. mælt fyrir um ýmis atriði sem réttmætt þykir að kortaútgefandinn upplýsi um áður en samningur er gerður milli hans og korthafans um útgáfu greiðslukorts. Í 8. gr. er lögð til sú meginregla að útgáfa greiðslukorta skuli ávallt byggð á viðskiptatrausti umsækjandans um greiðslukort en ekki annarra aðila. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði. Sú tilhögun er reyndar líka í samræmi við þá viðskiptahætti sem tíðkast almennt erlendis um gerð samninga um greiðslukort. Þannig gerir frv. ráð fyrir að aðeins í undantekningartilfellum verði aðrir en korthafinn krafðir um ábyrgð og úttekt skv. greiðslukortasamningi. En sá háttur, þ.e. tryggingarvíxlar, útgefnir eða ábyrgðir af öðrum en greiðslukortahafanum, hefur hins vegar verið aðalreglan við gerð greiðslukortasamninga hér á landi hingað til eins og hv. þdm. er vafalaust kunnugt. Jafnframt er hér kveðið skýrt á um rétt þriðja aðila til þess að afturkalla ábyrgð sem hann hefur áður veitt, t.a.m. ef aðstæður gerbreytast eða forsendur fyrir áður veittri ábyrgð af hans hálfu teljast brostnar að öðru leyti. Í 9.–11. gr. frv. er að finna ýmis ákvæði sem ætla verður að tryggi betur rétt þeirra er greiðslukort nota og jafnframt taki nokkurt tillit til þess hversu mikilvægur greiðslumiðill kortin eru orðin. Í 12. gr. er svo að finna heimildarákvæði fyrir ráðherra til að ákveða hámarksgjald sem kortaútgefanda er heimilt að krefja greiðsluviðtakanda um, þ.e. kaupmenn og aðra þá seljendur vöru og þjónustu sem við greiðslu taka frá almenningi með greiðslukortum. Með því að leggja til þetta ákvæði er tekið undir sjónarmið sem sett hefur verið fram m.a. af Neytendasamtökunum og Kaupmannasamtökunum, þ.e. að stuðlað verði að því að kostnaður af notkun greiðslukorta verði lagður á korthafana en ekki aðra viðskiptavini verslana og að hann komi þannig ekki fram í hærra vöruverði almennt, en á síðasta ári er talið að greiðslur félagsmanna Kaupmannasamtakanna til greiðslukortafyrirtækja hafi numið um 300 millj. kr.

Það er með öllu ljóst að þessi tvö ákvæði sem ég hef nú nefnt, annars vegar að útgáfa kortanna skuli byggjast á viðskiptatrausti þess sem kortið fær en ekki á bakábyrgð annarra manna og hins vegar ákvæðið um að takmarka hámarksgjald vegna kortaviðskipta hjá greiðsluviðtakanda, eru þau sem mest eru umdeild. Önnur ákvæði frv. eru fyrst og fremst leikreglufesting í lög til þess að unnt sé að líta eftir og fylgjast með þessari sívaxandi grein greiðslumiðlunar.

Í V. kafla er að finna skaðabótareglur sem kveða á um skaðabótaskyldu korthafa vegna ólögmætrar notkunar á greiðslukortinu. Þar er ráðherra fengin heimild til þess að ákveða með reglugerð hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa kann að verða gert skylt að greiða ef ekki er um að ræða tjón sem korthafi hefur valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eins og nánar er kveðið á um í 13. gr. frv. Til dæmis um samsvarandi fjárhæðir, en ég tek fram að í frv. er ekki sett föst slík fjárhæð, má nefna að í Danmörku eru þessar skaðabótaskyldufjárhæðir að hámarki 5 þús. danskar kr., þ.e. um 43 þús. ísl. kr. við núgildandi gengi. Með þessu ákvæði er betur tryggt en nú er að svipaðar reglur gildi um ábyrgð korthafa þegar tilkynnt er um að greiðslukort hafi til að mynda tapast. Í 13. gr. er einnig lagt til að kortaútgefandi beri ábyrgð á því tjóni sem telja má að falli undir eðlilega rekstraráhættu sem greiðslukortastarfseminni fylgir nema tjónið verði rakið til saknæmra athafna greiðsluviðtakenda.

Eins og hv. þdm. heyra er þetta samskiptanet, þessi þríhyrningur korthafans, útgefanda kortsins og greiðsluviðtakandans, kannski eitt af mestu hagsmunamálum heimilanna nú um stundir vegna þess hversu hátt hlutfall greiðslu í daglegum verslunum fer fram með þessum hætti. Það er tilgangur frv. að gæta hagsmuna neytandans í þessum samskiptum, fyrst og fremst, en reyndar líka almannahagsmuna, þeirra að það sé eftirlit með þessari sívaxandi grein greiðsluviðskipta og reyndar neytenda lána eins og algengt er að fram fari með röðum eða raðgreiðslum á kortum einstaklinga.

Í 14. gr. frv. er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu sem leggur ábyrgð á herðar kortaútgefanda vegna tjóns sem rakið er til rangrar skráningar viðskiptanna, mistaka við útreikning eða annarra tæknilegra mistaka. Í 4. mgr. þessarar greinar frv. er jafnframt svo ákveðið að sönnunarbyrði fyrir því að ástæður þær sem hér voru nefndar eigi ekki við skuli hvíla á kortaútgefandanum. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði og verður vafalaust umdeilt og hefur sætt gagnrýni af hálfu kortafyrirtækjanna.

Í VI. kafla er að finna sérreglur um skráningu og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandi skráir. Í 15. gr. frv. er kveðið á um að einungis skuli skráðar þær upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda sem nauðsynlegar eru vegna greiðslukortaviðskiptanna. Einnig er lagt til að miðlun upplýsinga sem kortaútgefandinn skráir séu sett tiltekin mörk.

Í 16. gr. eru ákvæði um varðveisluskyldu kortaútgefanda á upplýsingum er hann skráir í allt að 5 ár eftir að korthafi hefur innt greiðsluna af hendi. Að því leyti sem ekki er að finna sérreglur í þessu frv. um meðferð og skráningu persónuupplýsinga fer að sjálfsögðu um þau mál samkvæmt almennum lögum þar að lútandi eins og reyndar segir berum orðum í 17. gr. frv.

Í VII. kafla frv. er að finna reglur um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum frv. og viðurlögum við brotum. Lagt er til að yfirstjórn með málefnum er varða greiðslukortastarfsemina verði í höndum viðskrh. og verðlagsráðs, en framkvæmd eftirlitsins verði í höndum Verðlagsstofnunar eins og ég hef þegar lýst. Þá er að finna í þessum kafla ákvæði um þau úrræði sem Verðlagsstofnun eru fengin telji stofnunin að ákvæði frv. séu ítrekað brotin, en að öðru leyti fer um meðferð slíkra mála að hætti opinberra mála.

Í VIII. kafla er að finna skýringarreglu í 23. gr. frv. að hvaða leyti víkja megi frá þeim skilyrðum sem sett eru í þeim greinum frv. sem þetta ákvæði tekur til. Í 24. gr. er t.d. að finna ákvæði um reglugerðarheimild til handa ráðherra varðandi skiptingu kostnaðar skv. 12. gr. frv. ef um er að ræða alþjóðlega greiðslukortastarfsemi. Ekki er þörf að rekja aftur þau helstu rök sem búa að baki þessu ákvæði og vil ég vísa til þess sem ég hef þegar sagt um málið og svo athugasemda í frv. En nauðsyn á sérstakri reglu vegna alþjóðlegra greiðslna er að sjálfsögðu sú að um þetta gilda mismunandi reglur í hinum ýmsu löndum. Ég tek til dæmis að í Danmörku gilda mjög líkar reglur þeim sem hér eru settar um hámarksgreiðslur vegna greiðslu viðtakandans.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo loks lagt til að starfandi kortaútgefendum verði gefinn þriggja mánaða frestur til að uppfylla ákvæði frv. um tilkynningar til Verðlagsstofnunar, sbr. 1. tölul. í ákvæði til bráðabirgða. Í 2. tölul. ákvæðisins er gert ráð fyrir að kortaútgefendur endurnýi sína samninga við korthafa í samræmi við ákvæði þessa frv. eftir því sem þeir falla úr gildi, en almennt er það reglan nú að samningar milli kortaútgefenda og korthafa séu endurnýjaðir árlega. Að mínu áliti er ekkert því til fyrirstöðu að ákvæði frv. geti verið komin að fullu til framkvæmda innan 15 mánaða frá gildistöku eins og þetta ákvæði gerir ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég hef nú hér í stuttu máli gert grein fyrir öllum meginatriðum frv. og tel ekki þörf á að hafa þau orð öllu fleiri að sinni. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og ég treysti á gott samstarf við þá hv. nefnd í þessu mikilvæga máli.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál. Ég tel að það hafi ekki einungis verið tími til kominn að flytja frv. um greiðslukortastarfsemi. Það bar til þess brýna nauðsyn eins tíð og vaxandi sem notkun þeirra er orðin í samfélagi okkar og væri vissulega ástæða til að ræða hvers vegna hún er orðin svo algeng, en ég ætla að sleppa því núna.

Þær meginbreytingar sem hér eru lagðar til, miðað við það sem áður hefur tíðkast, sýnast mér í fljótu bragði allar vera til bóta. Það eru þó ýmsar spurningar sem ég hefði viljað bera fram en geri ekki nú tímans vegna og eflaust er hægt að fá svör við þeim og betri vitneskju í nefndinni. Þær varða reyndar nánari útfærslu á notkun slíkra korta, t.d. hvað varðar kostnaðinn, hvort um er að ræða raunverulegan kostnað við notkun kortsins eða áætlaðan kostnað sem korthafa er ætlað að greiða hlutdeild af, síðan með greiðslufyrirkomulag og hvernig kortafyrirtækin geta gengið að notendum vegna greiðslu eða ef um einhverja töf á slíku er að ræða. Enn fremur þætti eins og þá hvernig hægt er að skuldbinda sig í gegnum síma. Hvort ekki sé gáleysislegt að ekki þurfi annað en að gefa upp kortanúmerið í síma en enga aðra staðfestingu. Síðan líður kannski mánuður þar til greiðsla fer fram og það getur náttúrlega hver sem er, í verslun t.d., aflað sér upplýsinga um hin og þessi númer og valið úr hvert hann kynni að vilja misnota. Það eru ýmsar svona upplýsingar sem ég held að þörf sé á en e.t.v. réttara að spyrjast fyrir um í nefndinni.

En ég fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram því að það er löngu orðið tímabært að setja nánari reglur um notkun þessara korta.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra gat er hér um nýmæli að ræða og ég tel eðlilegt að við sem sæti eigum í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar athugum það gaumgæfilega. Það eru atriði, eins og hæstv. ráðherra gat um reyndar sjálfur, t.d. 12. gr., sem ekki er full eining um og er ekkert eðlilegra en að menn greini nokkuð á um slíkt nýmæli í lögum.

Fjármagnsmarkaður, ekki bara á Íslandi, heldur í hinum vestræna heimi og kannski víðar en á Vesturlöndum, er orðinn flókinn og ýmiss konar greiðsluform eru tíðkuð nú sem ekki þekktist áður og þar á meðal eru þessi greiðslukort.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið. Ég veit að hv. þdm. er farið að fækka og vildi þess vegna leggja mitt lóð á vogarskálina að óska eftir því að frekari umræð-

ur færu fram í nefndinni því þar gefst tími til að skoða málin og skal ég þess vegna ekki lengja mitt mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

8. fundur, þriðjudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (skipunartími stjórnar Lánasjóðs). — Þskj. 91.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki. Breytingin samkvæmt frv. kemur fram í 1. gr. þess en þar er gert ráð fyrir að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna verði skipuð til tveggja ára í senn, en auk þess skal skipunartími fulltrúa menntmrh. og fjmrh. takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að um leið og lögin öðlist gildi, ef frv. yrði að lögum, eigi að skipa stjórn samkvæmt 1. gr.

Frv. miðar að því að breyta gildandi ákvæðum um skipunartíma stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, en stjórn sjóðsins er núna skipuð þannig að það er einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu fjmrn. og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varamenn eru nú skipaðir með sama hætti. Skipunartíma er þannig háttað að fulltrúar ráðuneytanna eru skipaðir til fjögurra ára en fulltrúar námsmanna til tveggja ára í senn.

Sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir felur í sér að stjórn sjóðsins verði öll skipuð til tveggja ára, en umboð stjórnarmanns, sem er fulltrúi ráðherra, falli þó niður ef sá ráðherra er skipaði hann eða tilnefndi lætur af embætti. Hefur þá nýr ráðherra frjálsar hendur ef hann kýs að skipta um fulltrúa.

Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna fer með verkefni sem miklu skipta fyrir framkvæmd stefnunnar í menntamálum og ríkisfjármálum. Lánasjóður ísl. námsmanna er einn stærsti liðurinn á fjárlögum íslenska ríkisins. Þar er nú um að ræða um 4000 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1990, og er af þeim sökum nauðsynlegt að fullt trúnaðarsamband sé jafnan milli fulltrúa stjórnvalda í sjóðsstjórninni og hlutaðeigandi ráðherra. Lagabreytingu þeirri sem hér er gerð tillaga um er ætlað að tryggja þetta svo sem unnt er.

Sú breyting sem hér er gert ráð fyrir var send til stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Stjórnin gerði tillögu um ákveðna skipan þessara mála. Ríkisstjórnin fellst á tillögu stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna og frv. er í raun og veru nákvæmlega eins og stjórn LÍN gerði tillögu um. Það er því gott samkomulag um þessa breytingu á stjórnskipan Lánasjóðs ísl. námsmanna og tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa lagabreytingartillögu sem slíka og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. hefur hér mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki og er aðalbreytingin fólgin í því að stytta skipunartíma stjórnarmanna þannig að stjórnin verði öll skipuð til tveggja ára, þó þannig að fulltrúar sem ráðherra skipar fylgja ráðherranum, þ.e. umboð stjórnarmanns sem er fulltrúi ráðherra fellur niður ef sá ráðherra sem skipaði hann eða tilnefndi lætur af embætti.

Þetta frv. á sér nokkurn aðdraganda eins og mönnum er kunnugt um af umræðum í fjölmiðlum. Núv. hæstv. ráðherra hefur nokkuð oft kvartað undan þeirri stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna sem nú situr og látið að því liggja að þar sé um að ræða eitthvert pólitískt stríð þeirra sem í stjórninni eru og þá einkum formanns stjórnarinnar, Sigurbjörns Magnússonar. Í rauninni mætti því kalla þetta frv. til laga um að Sigurbjörn Magnússon skuli láta af störfum sem formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hér er auðvitað um að ræða breytta stefnu Alþb. í þessum málum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að einn af forustumönnum Alþb., Ragnar Árnason, sat í stjórn Lánasjóðsins árin 1982–1986, upphaflega tilnefndur af Ragnari Arnalds þáv. hæstv. fjmrh. en sat síðan bæði sem fulltrúi Alberts Guðmundssonar og Þorsteins Pálssonar og datt auðvitað ekki í hug að víkja þótt oft færu fram almennar umræður um það í þjóðfélaginu að þetta væri óeðlilegt. Alþb. sá þá ekki neina ástæðu til þess að framfylgja þeirri stefnu sem hæstv. ráðherra nú leggur til.

Það er í raun og veru dálítið fróðlegt að huga að því hvað það er sem núv. stjórn, eða sérstaklega núv. formaður stjórnar Lánasjóðsins, hefur unnið sér til óhelgi hjá hæstv. ráðherra og vitna ég þá í margítrekuð ummæli hans í blöðum um það að stjórnin sé í einhvers konar stríði við ráðherrann um málefni Lánasjóðsins. Ef maður fer að skoða þau bréfaskipti sem fram hafa farið milli stjórnar Lánasjóðsins og hæstv. ráðherra kemur í ljós að stjórn Lánasjóðsins, og þá sérstaklega formaður hans, hefur unnið það eitt til saka að vilja hvetja til varfærni í fjármálum sjóðsins. Hann hefur ekki viljað að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna tæki ákvarðanir sem augljóslega stefndu fjárhag sjóðsins í hættu og stjórnin hefur viljað setja ábyrgð á slíkum ákvörðunum yfir á ráðherra, sem er auðvitað eðlilegt, en undan þessu hefur hæstv. ráðherra mjög kveinkað sér, talað um pólitískt stríð í þessu sambandi sem er auðvitað fjarri öllu lagi.

Það liggur t.d. fyrir nú að fjárhagur Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu ári er á þann veg að það lítur út fyrir að hann muni þurfa úr ríkissjóði allt að 280 millj. kr. umfram fjárlög. Á þetta hefur stjórn Lánasjóðsins bent ítrekað og það er þetta sem hæstv. ráðherra hefur kveinkað sér undan, að hafa fengið ábendingar af þessu tagi. Ég hef fengið afrit af þeim bréfum sem gengið hafa á milli Lánasjóðsins og hæstv. menntmrh. Það eru ítarleg og löng bréf, en í rauninni er þetta kjarni málsins í deilum stjórnar sjóðsins við hæstv. ráðherra. Stjórn Lánasjóðsins hefur sem sagt ítrekað bent hæstv. menntmrh. á það að ákvarðanir sem hann hefur verið að taka rúmist ekki innan þeirra fjárveitinga sem Lánasjóðnum eru ætlaðar í fjárlögum.

Nú er það reyndar svo að í fjáraukalögum, sem hefur verið útbýtt en hafa ekki komist til 1. umr. enn, er gert ráð fyrir í verðbreytingargrein frumvarpsins að Lánasjóðurinn fái 180 millj. kr. til viðbótar á árinu 1989, en allt bendir til þess að Lánasjóðurinn muni þurfa um 100 millj. í viðbót til að geta staðið undir þeim skuldbindingum sem hann hefur tekið á sig gagnvart námsmönnum.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að þetta lagafrv. er í samræmi við hugmyndir sem núv. formaður stjórnar Lánasjóðsins hefur haft en hann neitaði hins vegar að verða við tilmælum hæstv. ráðherra, munnlegum tilmælum, um að hann viki sæti og benti hæstv. ráðherra á að það væri óeðlilegt að hann gerði það nema lögum yrði breytt og hæstv. menntmrh. hefur nú lagt fram frv. í þá veru, enda óeðlilegt að núv. formaður viki sæti að óbreyttum lögum. Þá mundi núv. hæstv. menntmrh. skipa mann sem sæti væntanlega í fjögur ár og enginn veit nema hann yrði fulltrúi annars ráðherra þegar liði á þann tíma.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnst mikið athugunarefni, og það finnst mér rétt að ræða í hv. menntmn. þessarar deildar, hvort þessi skipan mála varðandi stjórn sjóðsins sé rétt. Lánasjóður ísl. námsmanna er stofnun sem veltir miklu fjármagni og fær mikið fé úr ríkissjóði og tekur fé að láni og finnst mér fyllilega athugandi hvort ekki væri rétt að Alþingi kysi stjórn yfir Lánasjóð ísl. námsmanna svo mikilvæg sem þessi stofnun er. Það mætti auðvitað hugsa sér, til þess að halda tengslunum við námsmenn, að námsmannahreyfingarnar tilnefndu áfram beint í stjórnina en stjórnin yrði að öðru leyti, hvort sem það yrðu þrír eða fimm menn, kosin á Alþingi, þannig að þau sjónarmið sem ríkja á Alþingi hverju sinni endurspegluðust í stjórn Lánasjóðsins. Það eru svo mikilvæg mál sem þarna eru á ferðinni að það á auðvitað ekki að vera neitt pólitískt einkamál þess ráðherra sem er að völdum hverju sinni hverjir sitja í stjórn og það er auðvitað fráleitt að gera þá kröfu, eins og hæstv. ráðherra virðist gera, að þar sitji menn sem hlýði honum í einu og öllu, séu persónulegir fulltrúar hans í stjórn Lánasjóðsins. Mér finnst það vera hugsunarháttur sem ég get ekki fellt mig við og ég tel þess vegna að hv. menntmn. þessarar deildar ætti að hugleiða það betur.

Þegar fjárlög voru hér til 1. umr. varð allítarleg umræða um fjármál Lánasjóðs ísl. námsmanna, bæði á þessu ári og svo ekki síður á næsta ári, þ.e. því ári sem fjárlagafrv. nær yfir. Ég hef áður minnt á að það vantar enn verulegt fjármagn í Lánasjóðinn til að hann geti staðið undir þeim skuldbindingum, jafnvel þótt samþykktar yrðu þær tillögur sem nú liggja fyrir í fjáraukalögum. Það lítur afar illa út með fjármál Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrir næsta ár. Í frv. er áætlað að sjóðurinn þurfi 2.8 milljarða, þ.e. 2 milljarða 781 millj. 500 þús., á áætluðu meðalverðlagi ársins 1990 til að mæta lánveitingum til námsmanna á árinu 1990. Sem sagt, framfærslulán eru áætluð rúmlega 2 milljarðar 540 millj. kr., en önnur lán, t.d. vegna skólagjalda, 331 millj. kr.

Nú hefur stjórn sjóðsins unnið að áætlunum um framfærslulán árið 1990 á meðaltalsverðlagi miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Þar á meðal liggur ljóst fyrir að fjöldi lánþega eykst um 7,3% eða úr 6319 nemendum í 6778. Þessar fjöldatölur eru miðaðar við skráðan fjölda umsókna þann 31. okt. 1989 og að lánshlutfall, þ.e. hlutfall á milli lánþega og umsókna, verði það sama og árið á undan.

Mánaðarlegar lánsupphæðir eru reiknaðar sem raunveruleg framfærsla í október 1989 sem síðan hefur verið hækkuð, annars vegar fyrir Ísland með áætlaðri hækkun framfærsluvísitölu frá því í október 1989 til meðaltalsvísitölu 1990 og hins vegar fyrir lán erlendis með áætlaðri hækkun gengisvísitölu frá október 1989.

Gert er ráð fyrir að úthlutunarreglur fyrir skólaárið 1990–1991 séu óbreyttar, sérstaklega tekjuskerðingaráhrifin verði 50% eins og á yfirstandandi ári og að sérstöku hækkanirnar, þ.e. 7,5% frá byrjun mars 1989 og 5% frá byrjun september 1989, komi að fullu til áhrifa fjárlagaárið 1990.

Til grundvallar útreikningi á lánum námsmanna eru í þessum forsendum lagðar uppgefnar tekjur þeirra árið 1989 og reynist rauntekjur þeirra lægri á næsta ári þá þýðir það að áætlaðar lánveitingar á seinni hluta ársins 1990 eru vanáætlaðar.

Ég skal ekki fara nánar út í þessa útreikninga hér en það er niðurstaða stjórnar sjóðsins að miðað við óbreyttar úthlutunarreglur vanti 517–518 millj. kr. til að tölurnar í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir nægi til að mæta útlánum sjóðsins á næsta ári. Stjórnin telur að þessi tala sé naumt áætluð og verði um frekari fjölgun umsókna að ræða eða lækki tekjur námsmanna á árinu 1990 frá því sem áætlað hefur verið, þá hækki fjárvöntunin enn frekar.

Þetta eru ábendingar sem koma frá stjórn Lánasjóðsins og af þessu er ljóst að þær tölur sem eru í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir duga hvergi nærri til þess að uppfylla þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur tekið á sig miðað við núgildandi úthlutunarreglur og loforð ráðherra.

Það er athyglisvert að hæstv. menntmrh. hefur ekki treyst sér til, og það kemur glögglega fram í fjárlagafrv. — ég reikna með að það sé frá hæstv. menntmrh. en sé ekki neinn liður í innanflokksdeilum hæstv.

menntmrh. og fjmrh. — en það kemur í ljós að í fjárlagafrv. eins og það lítur út er ekki gert ráð fyrir því að sá samningur sem hæstv. menntmrh. gerði við námsmenn í byrjun þessa árs um hækkun 1. jan. komi til framkvæmda, það er ekki gert ráð fyrir þeirri hækkun í fjárlagafrv. Reyndar berum orðum fram tekið í fjárlagafrv., í forsendum fjárlagafrv. og grg., að það sé ekki gert ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda.

Mér þótti nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þetta kæmi fram hér við þessa umræðu, ekki síst þar sem hæstv. menntmrh. var ekki viðstaddur þegar umræðan um fjárlagafrv. fór fram en þá fór fram allítarleg umræða um fjármál sjóðsins. Mér sýnist því satt að segja að það sé meira áhyggjuefni sem hæstv. menntmrh. stendur frammi fyrir varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna, það séu alvarlegri áhyggjuefni sem hann stendur frammi fyrir en þau sem fram koma í þessu frv. um það hverjir eigi að sitja í stjórn, hvort það séu hans persónulegu fulltrúar eða einhverjir aðrir. Það liggur alveg ljóst fyrir að það þarf að taka mjög rækilega á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hæstv. ráðherra hefur skipað sérstaka nefnd í því skyni sem þingflokkur Sjálfstfl. og þingflokkur Kvennalistans óskuðu ekki eftir að taka sæti í, enda var verkefni nefndarinnar skilgreint á þann veg í skipunarbréfi hennar að þar var verið að óska eftir því að við tækjum á okkur þá ábyrgð að sveigja lánareglur undir þær forsendur sem búið er að gefa sér í fjárlögum, sem við höfum auðvitað ekki haft neitt með að gera. Og auðvitað teljum við eðlilegt að ákvarðanir af því tagi verði á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en ekki á ábyrgð stjórnarandstöðuflokkanna.

Mér þótti rétt, virðulegi forseti, að koma þessum athugasemdum að nú við 1. umr. þessa frv. og tel rétt eins og ég sagði að það verði kannað rækilega í nefndinni hvort ekki sé rétt að breyta alfarið um aðferð við að skipa Lánasjóðnum stjórn, bæði frá því sem er í núgildandi lögum og frá því sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur frammi um breytingu á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, er náttúrlega íhugunarefni. Þar er í rauninni ekki verið að leggja til aðra breytingu en þá að breyta skipun í stjórn, og það vegna þess að núverandi stjórn Lánasjóðsins hlýðir ekki ráðherra og hleypur ekki eftir hans óskum eins og hann vill. Það á sem sagt að gera þetta að pólitískri stjórn sem hlítir fyrirmælum ráðherra í einu og öllu. Það er ekki hlutverk okkar hér á Alþingi að búa til pólitískar stofnanir og þetta er í anda einræðis og kemur manni auðvitað ekki á óvart úr þeim herbúðum sem hæstv. ráðherra er. En hann skyldi hafa það í huga þá um leið að félagar hans fyrir austan járntjald eru nú að reyna að hlaupa undan merkjum þess einræðis sem hann er nú að reyna að koma á og væri honum hollt að fara í skóla þangað í nokkra daga.

En það er auðvitað svo að þessi lánamál eru náttúrlega miklu víðtækari heldur en skipun stjórnar þó að það sé ágætt út af fyrir sig. Það vekur líka upp þá hugmynd hvort það eigi að vera stjórn með þeim hætti sem er í dag fyrir Lánasjóðinn, hvort ekki megi hugsa sér að koma þessu fyrir í bankakerfinu. Við höfum þegar tvo ríkisbanka sem gætu auðveldlega tekið að sér þetta hlutverk sem slíkt og það mætti vel hugsa sér að það væri í þeirra verkahring að sjá um þau fjármál sem þarna fara í gegn. En hitt er náttúrlegra alvarlegra mál að það blasir við að það verður veruleg skerðing á því lánsfé sem ríkið hefur skuldbundið sig til að inna af hendi með samningi við námsmenn.

Í greinargerð frá samstarfsnefnd námsmannahreyfinga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem er dagsett 1. nóv. 1989 kemur fram, með leyfi forseta, að það vanti vegna skerðingar 277,3 millj. og auk þess hafi námsmönnum fjölgað um rúmlega 300 á þessu skólaári, auk þess sem tekjur þeirra hafi dregist verulega saman, og því hafi fjárþörf Lánasjóðsins aukist af þessum sökum um 465 millj.

Þetta er álit þeirra fjögurra hreyfinga sem standa að þessum útreikningum, Bandalags ísl. sérskólanema, Iðnnemasambands Íslands, Sambands ísl. námsmanna erlendis og Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Það er náttúrlega mikið áhyggjuefni ef menn eru að gera samninga eins og hafa verið gerðir hér og setja lög um slík lán að síðan skuli skorið niður með þessum hætti. Það er einnig nokkuð ljóst að Lánasjóðurinn muni í lok ársins 1991 verða í verulegum vandræðum, en þá hefur ráðherrann væntanlega hugsað sér að hann væri þá farinn úr ríkisstjórn því þá verður búið að kjósa upp á nýtt, sem margur bíður nú reyndar eftir, og þá yrði vandi þessa sjóðs miklu meiri en fram hefur komið.

Það er því í rauninni verið að leggja hér til breytingu á lögum sem er óþörf frá því sjónarmiði að það á ekki að vera vilji ráðamanna sem slíkra sem ræður, að þeir ráði algjörlega yfir stjórnum sem eru kosnar. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan að það væri líka íhugunarefni hvort stjórnin ætti ekki að vera kosin af Alþingi beint. Ég held að slíkar stjórnir, ef þær eiga þá að vera kosnar pólitískri kosningu, eigi að vera sem sjálfstæðastar þó þær séu kosnar af Alþingi eða fulltrúar skipaðir af ráðherra. Þeir verða að taka málefnalega afstöðu til málanna og þeir verða auðvitað að standa á því sem slíku. Deilan sem þetta frv. er runnið út af er sú að formaður Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur staðið á rétti sjóðsins til að gera hann ekki gjaldþrota. Honum hefur verið það ljóst að hann verður að vera ábyrgur fyrir því að sjóðnum sé ekki gert um of nema hann fái aukna fjármuni. Þetta er auðvitað alveg rétt stefna.

Ég hef svo mínar efasemdir um að svokallaður framfærslugrunnur sé réttur sem er lagður til grundvallar þeim lánum sem eru veitt og svar ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn hv. þm. Inga Björns Albertssonar um samsetningu vísitölu framfærslukostnaðar gefur tilefni til þess að maður spyrji sig

hvort sú vísitala sé nothæf eður ei því í svarinu kemur í rauninni ekkert fram sem gefur tilefni til að ætla að það sé alveg öruggt að það sé sá grundvöllur sem maður gæti ætlað að væri nothæfur. Það er alveg ljóst að vísitölugrunnurinn ræðst að sumu leyti af mjög mikilli hentistefnu þeirra sem reikna hann út.

En ég held að það væri réttmætt að athuga þá hugmynd að stjórn sjóðsins yrði kosin af Alþingi, þó að ég telji réttara að setja þessi mál beint undir annan hvorn ríkisbankann, og það þyrfti í rauninni ekki neina stjórn í þessi mál því að rammi Lánasjóðsins er alveg nægileg trygging fyrir því að farið sé eftir þeim reglum sem þar eru hverju sinni í lögum. Stjórnendum ríkisbankanna er alveg treystandi til að fara með þessa fjármuni eins og hverjum öðrum. Það mundi spara okkur það að vera með sérstaka stofnun sem sæi um þetta. Stór hluti af þessum lánum fer hvort sem er í gegnum ríkisbankana, Landsbanka Íslands, og það er því ástæðulaust að hafa eitt báknið enn til að sinna þessu.

En ég vil ítreka þá skoðun mína hér að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna sé ekki kosin með þeim hætti sem hér er lagt til því ég tel farsælla að hún sé skipuð til lengri tíma, ef það á að skipa hana, og að það sé þá unnið faglega að þeim málefnum sem Lánasjóðurinn fjallar um án tillits til þess hvaða stjórnvöld eru við völd hverju sinni, því það á ekki að breyta því að þeir sem sitja í stjórn þessa sjóðs eru fyrst og fremst að hugsa um þarfir námsmanna. Það er því alveg ástæðulaust að vera með þetta stjórnmálalega yfirklór til þess að koma í burtu stjórn hverju sinni sem hlýðir ekki ráðherra út í ystu æsar.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra en þó væri auðvitað ástæða til að ræða þessi mál miklu ítarlegar. Það mætti líka ræða um þær reglur sem liggja til grundvallar úthlutun úr sjóðnum, sem ég hef að sumu leyti miklar efasemdir um að eigi að vera með þeim hætti, en það verður ekki gert að þessu sinni. En ég vona að það fáist niðurstaða frá menntmn. með þeim hætti að stjórn sjóðsins verði sem allra mest sjálfstæð og óháð okkur stjórnmálamönnunum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins nokkur orð um þetta að því er virðist sakleysislega frv. svona fljótt á litið. Ég tek undir það sem er meginmarkmið þessa frv. að þeir sem skipa fulltrúa í Lánasjóðinn séu — ef það verða áfram menntmrh. og fjmrh. að skipunartími sé takmarkaður við þann tíma sem ráðherrar sitja en mér finnst fyllilega koma til greina að líta í heild á skipun stjórnar Lánasjóðsins. Hvort hún eigi að vera skipuð fulltrúum kosnum á Alþingi, óbreytt eða önnur skipan. Ég bendi á að Kvennalistinn hefur fulltrúa í menntmn. deildarinnar og tel ég fyllilega koma til greina að skoða þetta mál í víðara samhengi. En ef um er að ræða óbreytta skipun stjórnarinnar þá finnst mér eðlilegt að fulltrúar menntmrh. og fjmrh. sitji ekki lengur í henni en embættistíma ráðherra sem þá tilnefndu.

Um skipunartímann, hvort þeir sitja í tvö ár eða lengur, skal ég ekki segja á þessu stigi málsins.

Þar sem hér er verið að ræða málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna langar mig til að gera að umræðuefni nefnd, sem hér hefur aðeins verið minnst á, sem menntmrh. óskaði eftir tilnefningu í, m.a. af þingflokki Samtaka um kvennalista. Vegna þess sem fram hefur komið í fjölmiðlum varðandi þessa nefnd og haft hefur verið eftir hæstv. menntmrh. varðandi afstöðu Kvennalistans þar sem hann hefur sagt að Kvennalistinn hafi ekki viljað tilnefna fulltrúa í nefnd sem ætti að fjalla um framtíðarverkefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Til þess að skýra þetta mál langar mig til, með leyfi forseta, að lesa hvert verkefni þessarar nefndar átti að vera. Það var í fyrsta lagi „að meta fjárþörf Lánasjóðsins til frambúðar með hliðsjón af líklegum fjölda námsmanna og miðað við líklega getu þjóðarbúsins til að standa undir námslánakerfinu“ og í öðru lagi „að gera tillögur um fjármál sjóðsins á næsta ári með hliðsjón af fjárlagafrv. fyrir árið 1990 og breytingum á skuldum sjóðsins meðan nýjar lánareglur eru í undirbúningi“. Þetta eru þau tvö aðalverkefni sem nefndinni voru falin. Okkur fannst það afarkostir sem nefndin átti að gangast undir, þ.e. að gera tillögur um fjármál sjóðsins með hliðsjón af fjárlagafrv. þar sem ljóst er að verulega fjármuni vantar upp á að staðið verði við það sem talað hefur verið um varðandi Lánasjóðinn og að Alþingi hefur alls ekki fjallað um fjárlagafrv. Kvennalistakonur töldu sér því ekki fært að skipa í þessa nefnd. Mig langar til, virðulegur forseti, að fá að lesa hér bréf Kvennalistans til hæstv. menntmrh. til að skýra þetta nánar. En svar okkar til menntmrh. hljóðar svo:

„Kvennalistakonur hafa ætíð látið starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna sig miklu varða og svo er enn. Menntmrh. hefur nú óskað eftir að Kvennalistinn tilnefni í nefnd sem virðist einkum eiga að hafa það hlutverk að gera tillögur um úthlutunarreglur LÍN á grundvelli þeirra fjárhæða sem ríkisstjórnin“ — og ég endurtek: ríkisstjórnin — „ætlar LÍN til ráðstöfunar á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. Þar eð Alþingi hefur ekki fjallað um fjárlagafrv. er enn ekki ljóst hver niðurstaða fjárlaga fyrir 1990 verður. Kvennalistakonur eru reiðubúnar að taka þátt í umfjöllun um framtíðarverkefni LÍN en telja sér að svo stöddu ekki fært að taka þátt í starfi á þeim grunni sem kemur fram í erindi ráðuneytisins.“

Þetta bréf er undirritað af mér fyrir hönd Kvennalistans.

Þarna er blandað saman tvennu, annars vegar hvort kvennalistakonur eru reiðubúnar að taka þátt í nefndarstarfi þar sem framtíðarverkefni Lánasjóðs ísl. námsmanna eru rædd eða hvort verið er að tala um þá upphæð sem ríkisstjórnin er búin að setja í

fjárlagafrv. Alþingi hefur ekki ákveðið endanlega niðurstöðu, auk þess sem að sjálfsögðu var gert ráð fyrir að nefndin ætti að ljúka aðaltillögugerð sinni fyrir áramót til þess að hægt væri að því er virðist að segja að allir væru þá orðnir sammála því að þessi upphæð, sem í frv. er, væri hæfileg. Ég skal ekkert um það segja hvað nákvæmlega vantar upp á það sem nauðsynlegt er fyrir Lánasjóðinn. Það er greinilegt að það vantar verulegar fjárhæðir. Ég hef ekki farið ofan í saumana á því hversu mikið eðlilegt væri að þessi upphæð hækki. En þetta er auðvitað allsendis ómögulegt að undirgangast. Mig langar í því sambandi að inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort námsmannasamtökin hafi tekið þátt í þessu nefndarstarfi án alls fyrirvara um niðurstöðu Alþingis að því er varðar fjárlagafrv., hvort þeir hafi gengið til þessa samstarfs við nefndina án þess að hafa nokkurn fyrirvara þar á.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er fyrst út af fyrirspurn hv. 12. þm. Reykv., þá er svarið að sjálfsögðu það að auðvitað ganga námsmenn ekki til samstarfs í nefnd af þessu tagi öðruvísi en með mjög skýra fyrirvara svo að segja í bak og fyrir með alla sína hagsmuni. Það getur auðvitað ekki gerst öðruvísi. En í því bréfi sem hv. þm. vitnaði til var reyndar talað um að það ætti að hafa hliðsjón af tillögum í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 og þar var líka, í bréfinu, vísað til skuldbreytinga á lánum Lánasjóðs ísl. námsmanna eða skuldum LÍN, en skuldir sjóðsins eru gífurlegar og afborganir og vextir Lánasjóðs ísl. námsmanna á næsta ári eru 1100 millj. kr. að óbreyttu, þannig að skuldbreytingarátak fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna getur með verulegum hætti styrkt stöðu hans frá því sem yrði að óbreyttu í þeim efnum.

Ég vil, herra forseti, þakka fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér. Um hugmyndir hv. 2. þm. Reykv. mætti út af fyrir sig margt segja. Ég tel að nauðsynlegt sé að hafa það í huga við skipun stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna að þar séu fulltrúar ríkisvaldsins annars vegar og fulltrúar námsmanna hins vegar af því að þessir aðilar eiga í raun og veru að semja um þetta grundvallaratriði sem eru lán á vegum Lánasjóðs ísl. námsmanna, sem eru þáttur í kjörum námsmanna og því eðlilegt að líta á þetta sem viðræðuvettvang og samningsvettvang en ekki aðeins ákvörðunarvettvang. Þetta held ég satt að segja að sé nauðsynlegt að hafa í huga. Og ég vil segja út af þeim hugmyndum sem hér hafa komið fram um að Alþingi kjósi í stjórnina að fyrir mitt leyti mundi ég óttast að það yrði fljótlega niðurstaðan eftir það að námsmenn misstu sína fulltrúa út úr stjórninni vegna þess að menn segðu sem svo: Ja, það er Alþingi sem ákveður þessa fjármuni og því eðlilegt að það ákveði útgreiðslur úr sjóðnum þá og þá. Ég bendi á þær hugmyndir sem eru uppi núna, og hafa verið í umræðum, um að breyta samsetningu stjórna mikilvægra lánasjóða þannig að fulltrúar utan Alþingis missi þar sinn seturétt. Ég vil því satt að segja áreitnislaust af minni hálfu lýsa því yfir að ég teldi að það væri mjög óvarlegt að fara út á þessa braut. Alla vega verður það að vera alveg ljóst að allar breytingar á lögum Lánasjóðsins þurfa að gerast í mjög víðtæku og nánu samráði og helst samkomulagi við námsmannasamtökin.

Ég vil aðeins víkja að því sem hér hefur komið fram í sambandi við fjármál sjóðsins og segja þetta: Fjárlagafrv. byggir á tilteknum forsendum sem greint er frá í fjárlagafrv. og auðvitað verður við afgreiðslu þess tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa frá því að fjárlagafrv. var samið í ágúst/september. Breytingar á í fyrsta lagi verðlagi, í öðru lagi fjölda námsmanna og í þriðja lagi þeim áhrifum sem tekjur námsmanna hafa á lánagetu og starfsemi sjóðsins. Þetta eru auðvitað fastir punktar sem liggja fyrir og verða að sjálfsögðu teknir með inn í myndina þegar fjármál Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrir árið 1990 verða afgreidd. Auk þess ber auðvitað að skoða það svigrúm sem skuldbreytingar geta gefið eins og ég gat um hér áðan. Mér þykir það leitt að tveir stjórnarandstöðuflokkar af þremur skyldu ekki tilnefna fulltrúa í þessa nefnd. Við því er auðvitað ekkert að gera og ekkert að segja af minni hálfu. Flokkarnir taka auðvitað sínar ákvarðanir sjálfir í þeim efnum. Ég bendi á að þingflokkur frjálslyndra hægrimanna kaus að skipa fulltrúa í þessa vinnu og eru þeir þó óneitanlega hluti af stjórnarandstöðunni og að sjálfsögðu eru þeir ekki með því að skuldbinda sig til eins eða neins varðandi niðurstöðuna. Þeir vilja með þessu reyna að hafa áhrif á hana, orða það örugglega þannig að þeir vilja reyna að hafa vit fyrir ríkisstjórninni, og mér finnst alveg upplagt að þeir hagnýti sér þennan vettvang í því skyni þó að ég gæti út af fyrir sig margt sagt um hugmyndir hv. þm. Hreggviðs Jónssonar, en það er mál sem við ræðum við tækifæri.

Aðalatriðið með Lánasjóð ísl. námsmanna er auðvitað það að þetta er gríðarlega stór sjóður og þetta eru gríðarlega mikil verkefni sem hann hefur að sinna. Þetta eru mörg, mörg þúsund fjölskyldur sem hér eiga hlut að máli. Ríkið er hér með gífurlega hagsmuni upp á marga milljarða kr. Námsmönnum mun fara fjölgandi á næstu árum og þess vegna held ég að óhjákvæmilegt sé að við leitum leiða til að mynda eins víðtæka samstöðu um framtíðarskipan þessa kerfis og mögulegt er og það verður reynt að vinna með þeim hætti.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. sem hér hafa talað fyrir undirtektir þeirra í þessu máli.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkrar athugasemdir í tilefni af ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan. Í fyrsta lagi gerði hann að umtalsefni þær hugmyndir sem ég setti fram í minni fyrri ræðu varðandi skipan stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, þ.e. að það yrði tekið til athugunar í menntmn. Nd. hvort ekki væri rétt að Alþingi kysi hluta af fulltrúunum, þ.e. þann hluta sem ríkisvaldið tilnefnir, en síðan mundu námsmenn tilnefna ákveðinn fjölda þannig að eðlileg hlutföll væru í sjóðsstjórninni.

Ég get ekki séð af hvaða ástæðum hæstv.

menntmrh. óttast að námsmenn misstu sinn rétt ef Alþingi kysi fulltrúa ríkisins í þessa sjóðsstjórn. Ég tók það einmitt skýrt fram að ég teldi eðlilegt að námsmenn hefðu sína fulltrúa í þessari stjórn og því sé ég ekki ástæðu fyrir þessum ótta hæstv. ráðherra.

Meginatriðið er auðvitað það að koma í veg fyrir að jafnógeðfelldar aðferðir séu notaðar og þær sem koma fram í þessu frv., þ.e. hæstv. ráðherra hefur haft uppi opinberlega mikinn áróður um það að núverandi fulltrúar ríkisins í stjórn Lánasjóðsins séu honum fjandsamlegir, reki pólitík sem sé fjandsamleg honum sem ráðherra. Ég gat þess í minni fyrri ræðu að þetta er auðvitað fráleit ásökun og vitnaði hér í bréf sem ég hef undir höndum þar sem fram kemur að það eina sem fulltrúar ríkisins í stjórn sjóðsins hafa unnið sér til saka er að benda hæstv. ráðherra á að ákvarðanir sem hann hefur verið að taka varðandi málefni Lánasjóðsins standast ekki fjárveitingar til sjóðsins, þ.e. þær rúmast ekki innan fjárveitingarammans, og því hafi þurft meira fjármagn á árinu 1989 en fjárlög gera ráð fyrir. Nú er komið í ljós að þessi tala er um 280 millj. kr. eins og fram kom áðan og það er tekið á því dæmi að hluta í fjáraukalögum en ekki að öllu leyti, þ.e. 180 millj. eru í fjáraukalögunum en ekki 100 millj. sem á vantar.

Varðandi fjárlögin fyrir árið 1990, sem hæstv. ráðherra gat um, áréttaði hann að Alþingi hlyti auðvitað að breyta fjárlagatölunni með tilliti til breyttra forsendna og nefndi í því sambandi verðlag, fjölda námsmanna og áhrif tekna námsmanna á útlán sjóðsins. Taldi hann að þetta yrði allt tekið með inn í dæmið þegar Alþingi gengi endanlega frá fjárlögum. Auk þess ætti að skoða það svigrúm sem skuldbreytingar gefa. Með þessu staðfestir hæstv. ráðherra auðvitað það sem ég sagði í minni fyrri ræðu og greinilega kemur fram í grg. með fjárlagafrv., að hæstv. ráðherra hyggst ekki standa við þá samninga sem hann gerði við námsmenn í upphafi árs um rúmlega 6% hækkun á framfærslugrunni námslána frá 1. jan. nema að svo miklu leyti sem skoðun á auknu svigrúmi vegna skuldbreytinga gefi tilefni til. Auðvitað þurfti ráðherra ekki að staðfesta þetta jafnrækilega og hann gerði því að það kemur glögglega fram í fjárlagafrv. sjálfu og í grg. Þar segir að raungildi fjárveitingar sé jöfn fjárveitingu 1989 að viðbættri aukinni greiðslubyrði sjóðsins af teknum lánum. Þá segir orðrétt í grg. með fjárlagafrv.:

„Sú fjárhæð", þ.e. útlánafjárhæð sjóðsins „miðast við það að við ákvörðun úthlutunarreglna fyrir skólaárið 1990–1991 verði heildarútlán sjóðsins miðuð við útlán í forsendum fjárlaga 1989, að teknu tilliti til breytinga á verðlagi, gengi og fjölda lánþega. Að því leyti sem útlán sjóðsins á fyrri hluta árs 1990 verða umfram áðurnefndar forsendur verður að mæta þeim með lántöku. Hækkanir á framfærslugrunni námslána umfram breytingar á verðlagi rúmast ekki innan þess fjárlagaramma sem hér er gengið út frá."

Með öðrum orðum, sú hækkun sem átti að koma til framkvæmda 1. jan. rúmast ekki innan ramma fjárlaganna. Og ekki nóg með það, sú hækkun sem þegar hefur komið til framkvæmda bæði 1. apríl og 1. sept. rúmast ekki heldur innan ramma þessara fjárlaga. Eins og reyndar hefur komið fram í fjölmiðlum, m.a. í viðtölum við starfsmenn fjmrn., felur þetta fjárlagafrv. því í sér verulega skerðingu námslána, þannig að það er auðvitað alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir þessu í umræðu eins og þessari sem nú fer hér fram.

Varðandi skipun þeirrar nefndar sem aðeins hefur komið til umræðu og hæstv. menntmrh. gat um, og reyndar hafði ég gert það í minni fyrri ræðu og enn fremur hv. 12. þm. Reykv., þá þykir mér rétt, ekki síst að fenginni ábendingu hv. 12. þm. Reykv. um hvernig hæstv. menntmrh. hefur túlkað afstöðu bæði Sjálfstfl. og Kvennalistans í þessu efni, að lesa það bréf sem þingflokkur Sjálfstfl. sendi hæstv. menntmrh. þannig að ekkert fari á milli mála hvað í því stendur. Þetta geri ég með leyfi hæstv. forseta:

„Vísað er til bréfs dags. 5. okt. sl. þar sem þess er farið á leit að þingflokkur sjálfstæðismanna tilnefni fulltrúa í nefnd sem fjalla á um málefni Lánasjóðsins. Þingflokkurinn hefur fjallað um þetta erindi á fundi sínum og ákveðið að tilnefna ekki fulltrúa í þessa nefnd. Ástæður þess eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru aðalverkefni nefndarinnar, eins og þeim er lýst í bréfinu, þess eðlis að þau teljast til hefðbundinna verkefna stjórnar Lánasjóðsins og ráðuneytisins eftir að Alþingi hefur ákveðið framlag til sjóðsins á fjárlögum.

Í öðru lagi er ekkert rætt um að taka með raunhæfum hætti á aðsteðjandi vandamálum sjóðsins og tryggja hagsmuni hans til frambúðar. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar eru engin ákvæði um Lánasjóðinn. Í því sambandi er rétt að rifja upp loforð núv. menntmrh. úr kosningabaráttunni 1987 um að í ríkisstjórn sem Alþb. ætti aðild að mundi setja ákvæði í stjórnarsáttmála um að tryggja að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna kæmu að fullu til framkvæmda og fyrri „skerðingar" yrðu bættar. Og í mars 1987 fluttu nokkrir þm. Alþb. till. til þál. um sama efni.

Í þriðja lagi ákvað menntmrh. í febrúar á þessu ári með sérstöku samkomulagi við námsmenn að námslán skyldu hækka um 20,1% sem koma átti til framkvæmda í þremur áföngum, 1. mars og 1. sept. 1989 og 1. jan. 1990. Hækkanirnar á árinu 1989 hafa orsakað mikla þörf fyrir aukafjárveitingu til Lánasjóðsins sem þarf að taka afstöðu til þegar frv. til fjáraukalaga verður lagt fram.

Í bréfinu segir enn fremur að annar aðaltilgangur nefndarinnar sé að gera tillögur um fjármál sjóðsins á næsta ári með hliðsjón af fjárlagafrv. fyrir árið 1990. Í fjárlagafrv. hefur ríkisstjórnin markað stefnuna fyrir Lánasjóðinn fyrir árið 1990. Þar er í fyrsta lagi ekki gert ráð fyrir neinni hækkun í janúar og í öðru lagi að þeim auknu útgjöldum sem hækkanirnar frá því í mars og september sl. höfðu í för með sér verði náð til baka á seinni hluta árs og alfarið á árinu 1991.

Öll stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum

Lánasjóðs ísl. námsmanna er því með þeim hætti að þingflokkurinn sér ekki ástæðu til neins samstarfs við hana um þessi mál."

Undir þetta ritar formaður þingflokksins, hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson.

Mér þótti rétt að lesa þetta bréf upp þar sem mér finnst að hæstv. ráðherra hafi nokkuð rangtúlkað efni þessa bréfs þegar hann hefur getið þess í fjölmiðlum þannig að það lægi þá hér svart á hvítu í þingtíðindum hvers efnis þetta bréf var.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en mun að sjálfsögðu taka þessar hugmyndir, sem ég hef hér verið með, upp í hv. menntmn. þegar þetta mál kemur þar til umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. FrS, 64. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 64.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Umræðu um þetta mál var frestað á þeim fundi sem það var tekið fyrir í síðustu viku. Það er óþarfi fyrir mig að endurflytja framsöguræðuna, en ástæðan fyrir því að málinu var frestað var sú að hæstv. iðnrh. var ekki við þá umræðu. Hann var þá staddur erlendis í opinberum erindum, en hann er nú staddur hér í þinghúsinu.

Frv. er endurflutt nánast óbreytt. Þó hafa verið teknar inn í grg. með frv. nýjar upplýsingar er varða *fjárhagsstöðu og rekstur fyrirtækisins*. Það kom fram í mínu máli að frv. er nú í því formi að gera má ráð fyrir víðtæku samkomulagi um það.

Ég lýsti því í minni framsöguræðu að hæstv. ráðherra hefði á síðasta þingi haft áform uppi um að flytja nákvæmlega þetta frv. sem stjfrv. en það fékk ekki stuðning þingflokka hæstv. ríkisstjórnar og varð þá að ráði að ég flytti þetta frv. sem þmfrv. og gerði það eftir að hafa haft um það — kannski ekki samráð en a.m.k. samband við hæstv. ráðherra.

Mér er kunnugt um það að einnig nú á þessu þingi er það áform hæstv. ráðherra að ná þessu frv. fram sem stjfrv. Ég tel litlar líkur á því að það takist, en lagði hins vegar spurningar fyrir hæstv. ráðherra í minni framsöguræðu þess efnis hvort ekki megi gera ráð fyrir því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir að einhverjir þingflokkar hæstv. ríkisstjórnar, t.d. þingflokkur Alþfl., lýsti yfir stuðningi við frv. og gæti þá flutt brtt., t.d. í hv. iðnn. Nd. sem fær frv. væntanlega til meðferðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að hafa þessi orð miklu fleiri en óska eftir því að hæstv. ráðherra láti álit sitt í ljós um þetta fyrirliggjandi frv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. og flm. þess frv. sem hér er til umræðu spyr um afstöðu mína og Alþfl. til þessa máls og reyndar ríkisstjórnarinnar. Mér er ljúft að verða við þeirri ósk hans að gefa við þessari fyrirspurn nokkur svör, mun þó hafa að því nokkurn aðdraganda.

Það frv. sem við ræðum í dag er reyndar samhljóða frv. sem hv. 1. þm. Reykv. flutti á 111. löggjafarþinginu, en náði þá ekki fram að ganga. Frv. er reyndar einnig samhljóða frv. sem var samið í iðnrn. á þeirri tíð sem hann var iðnrh. Ég minni á að það náðist ekki samstaða um flutning frumvarpsins sem stjórnarfrumvarps í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Eins og hv. þingdeild er kunnugt ... (**FrS:** Það var ekki sama frv.) Það var ekki samstaða um flutning frumvarps um þetta efni sem stjórnarfrumvarps í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, svo að ég leiðrétti *orð mín*, hv. 1. þm. Reykv. — Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt varð frv. sem er að ýmsu leyti sambærilegt um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg að lögum á sl. vori og það var stofnað hlutafélag um rekstur ríkisprentsmiðjunnar í lok september sl. Nýtt hlutafélag, Prentsmiðjan Gutenberg hf., mun taka við rekstri ríkisprentsmiðjunnar 1. jan. 1990. Ég mun hér á eftir vitna nokkuð til reynslunnar af þeirri lagasetningu og framkvæmd hennar.

En víkjum nú aftur að frv. um Sementsverksmiðjuna. Það hefur komið fram, eins og hv. flm. mun kunnugt, að það er ekki samstaða í bæjarstjórn Akraness um afstöðu til þessa frv. Í frv. hefur þó sýnilega verið reynt að koma til móts við sjónarmið sem fulltrúar bæjarins hafa sett fram og ég hef reyndar átt viðræður við bæjarstjórn Akraness um málið. Ég nefni hér þrjú atriði: Að lögheimili félagsins verði lögákveðið á Akranesi, sbr. 3. gr. frv., sem að sjálfsögðu er af hinu góða, í öðru lagi að hlutverk félagsins verði skilgreint fremur rúmt, eins og fram kemur í 2. gr. frv., og loks að ekki verði heimilt að selja hluti í félaginu nema samþykki Alþingis liggi fyrir, eins og skýrt kemur fram í 6. gr. Þetta eru allt saman skynsamleg ákvæði, en ég minni á að enn hefur ekki náðst um þetta samstaða í bæjarstjórn Akraness og reyndar hefur þetta frv. ekki fengið lokaumfjöllun í stjórn verksmiðjunnar.

Ég vil ítreka það sem reyndar hefur komið fram áður og kom fram í umræðum um frv. hv. 1. þm. Reykv. í fyrra um þetta efni að ég styð meginmarkmið frv. og tel reyndar að reka megi flest atvinnufyrirtæki ríkisins sem hlutafélög eða sem félög með takmarkaðri ábyrgð þótt heiti þeirra kynni að vera eitthvað annað. En það þarf hins vegar að fjalla mun nánar um málefni Sementsverksmiðju ríkisins áður en Alþingi tekur afstöðu til málsins og mig langar að nefna í þessari hv. þingdeild nokkur sjónarmið sem ég tel að þurfi að fjalla ítarlega um áður en þetta mál er tekið til endanlegrar meðferðar.

Í fyrsta lagi nefni ég að það væri æskilegt að bæta við greinar frv. ákvæði um stjórnarkjör sem veitti starfsmönnum aðild að stjórn fyrirtækisins. Við

stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg bauð ég reyndar starfsmannafélagi fyrirtækisins að tilnefna mann í stjórn þótt ráðherrann sé formlega sá sem nefnir í stjórnina. Vegna Sementsverksmiðjunnar kynni að vera æskilegt að binda þetta í lög með sérstöku ákvæði um stjórnarkjör.

Í öðru lagi vil ég nefna að vegna þess hversu mikilvæg Sementsverksmiðjan er fyrir Akranes og grannbyggðir tel ég nauðsynlegt að ræða stofnun hlutafélagsins ítarlega við fulltrúa bæjarins og kanna hvort grundvöllur er til samstarfs um stofnun þessa félags. Í því sambandi mætti hugsa sér að bæjarstjórnin tilnefndi mann í stjórn eða að um einhvers konar lögbundið samráð við Akraneskaupstað yrði að ræða við rekstur verksmiðjunnar.

Í þriðja lagi sem ég vil nefna er það álit mitt að eitt mikilvægasta markmiðið með setningu nýrra laga um Sementsverksmiðjuna sé að gera félaginu fært að eiga aðild að nýjum þróunarverkefnum og aðild að nýjum fyrirtækjum. Ég tel nú brýnt að skýra þau áform nánar í viðræðum við verksmiðjustjórnina áður en frv. er lagt fram.

Ég nefni í fjórða lagi, vegna fenginnar reynslu af stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, rétt að athuga tvö framkvæmdaratriði í fyrirliggjandi frv. nánar.

Í fyrsta lagi virðist mér geta verið skynsamlegt að kveða skýrar á um það mat sem fram skal fara á eignum verksmiðjunnar skv. b-lið í 1. gr. Við mat á eignum Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg var sú leið valin að biðja yfirborgardómarann í Reykjavík að tilnefna oddamann, en Félag löggiltra endurskoðenda tilnefndi einn og Fjárlaga- og hagsýslustofnun tilnefndu annan. Þetta var ákvörðun mín til þess að tryggja að nefndin hefði sem óháðasta stöðu og ekki risu síðar deilur vegna matsins. Með þetta í huga virðist mér hyggilegt að það sé skýrt í lögunum og mætti bæta við ákvæði í 1. gr. eða ákvæði til bráðabirgða þess efnis að óháður aðili, t.d. bæjarfógetinn á Akranesi, skipaði matsnefndina og þá þannig að einn nefndarmanna skuli vera löggiltur endurskoðandi.

Þá nefni ég í öðru lagi sem reynslulærdóm af einni slíkri hlutafélagsbreytingu um aðra aðferð varðandi þann stofnfund sem ákvæði eru um í 7. gr. frv. Það þarf að huga að þessu, m.a. með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um innborgun hlutafjár vegna skráningar hlutafélagsins. Hugsanlega væri heppilegra að skipa undirbúningsnefnd sem undirbyggi félagsstofnunina og annaðist samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags en að hlutafélagið yrði formlega stofnað á þeim degi sem yfirtakan á rekstri verksmiðjunnar á sér stað. Þetta eru auðvitað tæknileg framkvæmdaratriði sem ekki skipta mjög miklu máli, en ég tel þó rétt að athuga þetta nánar áður en fram kæmi stjfrv. um þetta mál. Ég bendi á þetta vegna þess að svona smáagnúar í sambandi við félagsstofnunina og tengsl hlutafélags af þessu tagi við félagalöggjöfina — það er sjálfsagt að draga lærdóm af þeirri reynslu sem fengist hefur.

Ég vísa til þessara fjögurra meginatriða og annars sem ég hef hér sagt. Þá er nauðsynlegt að þetta málefni verði kannað nokkru nánar í iðnrn. og ég mun reyna að ná samstöðu um breytingar á frv. í þessum anda. Ég hyggst síðan leggja fram stjfrv. til laga um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag síðar á þessu þingi takist um það samkomulag innan og milli ríkisstjórnarflokkanna, en hv. flm., 1. þm. Reykv., hefur af því reynslu að það er ekki alltaf auðhlaupið að því að ná slíku samkomulagi eins og reynslan úr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sýndi. Ég er hins vegar bjartsýnn að upplagi og treysti á það að góð samstaða takist um þetta mál þegar þau atriði sem ég hef hér lýst hafa verið skýrð nánar í viðræðum við bæjarstjórn Akraness, verksmiðjustjórnina og fulltrúa starfsmanna.

Ég endurtek að ég legg mjög ríka áherslu á það að engin breyting verði gerð á formlegri stöðu þessa fyrirtækis nema náið samráð og sem best samkomulag takist við þessa aðila alla sem ég hef nefnt og ég hef reyndar sjálfur haft tækifæri til að kynna þetta mál á fyrri stigum þess.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er enn á ferð frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Flm. er hv. 1. þm. Reykv. Frv. um þetta efni hafa nokkrum sinnum verið flutt á undanförnum árum. Um þau hefur ekki ríkt samkomulag. Þau hafa verið álitamál bæði heimamanna og annarra sem þau hafa skoðað. Hv. flm., 1. þm. Reykv., segir að um frv. í núverandi breyttri mynd ríki víðtækt samkomulag og rétt er það að frv. er nú að nokkru breytt frá því sem verið hefur, þ.e. það mun hafa verið flutt á síðasta þingi þar sem það náði ekki samþykki, á 111. löggjafarþingi, en nú er það flutt í óbreyttri mynd frá því sem þá var.

Það er rétt að þetta er breytt frv., m.a. hvað snertir að ákveðið er í 1. gr. að nú verði öll hlutabréf í hlutafélaginu í eign ríkissjóðs. Og í 6. gr. er sleginn sá varnagli að verði hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu, öll eða að hluta, þá skuli leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

Þessu frv. fylgir ítarleg grg. Það er allmikið vitnað í fordæmi um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg þegar henni var breytt í hlutafélag, talið að það hafi reynst vel. En samkvæmt upplýsingum hæstv. iðnrh. hafa ríkisstjórnarflokkarnir ekki náð samkomulagi um að leggja fram frv. um þetta efni að því er Sementsverksmiðjuna varðar þó að þess sé að vænta síðar á þinginu.

Sannleikurinn er sá að þessi ágæta verksmiðja hefur alltaf stuðst við fremur ófullkomna löggjöf. Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Þessi lög, um heimild til að reisa verksmiðjuna, voru samþykkt og eftir þeim hefur Sementsverksmiðjan starfað fram á þennan dag. Sannleikurinn er og sá að þau hafa dugað henni allvel og kemur maður þá að því einkennilega atriði að lög, þótt ófullkomin séu, geta stundum dugað eins vel og þau lög sem eru mjög vel gerð að öllu leyti.

Á grundvelli þessara laga var Sementsverksmiðja

ríkisins reist á Akranesi sem sérstakt fyrirtæki undir yfirstjórn iðnrh. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað samfellt síðan. Sementsverksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnrh. skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann. Þau ár sem ég hef átt sæti í stjórn verksmiðjunnar hefur verið mjög gott samstarf í stjórninni. Það hygg ég að sé alveg óhætt að segja.

Nú eru starfsmenn Sementsverksmiðjunnar 135 talsins þannig að þetta fyrirtæki skiptir mjög miklu máli í atvinnulífi þess umhverfis þar sem það starfar. Þetta er ekki einokunarfyrirtæki, því að árið 1975 var innflutningur á sementi gefinn frjáls, en hann hefur þó satt að segja verið mjög lítill á undanförnum árum. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds og fasteignaskatta. Rekstur verksmiðjunnar hefur gengið vel undanfarin ár og eiginfjárstaðan hefur batnað verulega. Ég fullyrði að rekstur hennar hefur aldrei verið blómlegri en nú og fer batnandi. Hún er að losna við allar erfiðar skuldir og sér fram á bjarta daga og bættari hag, ef ekki neitt sérstakt kemur fyrir.

Það segir hér í greinargerðinni að þegar hlutafélag hafi verið stofnað um verksmiðjuna taki lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið og ætla ég að íslensk hlutafélagalöggjöf sé nokkuð vel úr garði gerð. Það eru svo hér upplýsingar um það að flest ríkisfyrirtæki á Norðurlöndum séu rekin sem hlutafélög. Mér er ekki fullkunnugt um þetta atriði, en skal þó ekki draga það í efa, þar sem það er fram borið af merkum og trúverðugum mönnum. Hér er talað um kosti þess að reka verksmiðjuna í hlutafélagsformi og talið að það geri reksturinn sveigjanlegri. Það má vel vera að svo sé. Reynslan sker auðvitað úr um þetta atriði eins og fleiri.

Það er rétt að taka það fram að Sementsverksmiðjan hefur ekki fengið framlög úr ríkissjóði þau ár sem hún hefur starfað fyrir utan stofnframlag í upphafi sem var svo lágt að það er ekki ástæða til þess að nefna þá fjárhæð. Hún skiptir nákvæmlega engu máli og hefur aldrei gert, þannig að þetta fyrirtæki hefur staðið á eigin fótum. Það hefur oft gengið erfiðlega. Það hefur haft storminn í fangið eins og fleiri góð fyrirtæki, en núna er rekstur þess og hagur í góðu lagi að mínum dómi.

Hæstv. ráðherra minntist sérstaklega á þrjú atriði sem hann vildi leggja áherslu á í því frv. sem væntanlegt er frá hans hendi síðar á þinginu. Það fyrsta að lögheimili verksmiðjunnar verði áfram á Akranesi. Það er auðvitað algert skilyrði. (**Viðskrh.:** Það er í frv.) Og er í frv., ég veit það. (**Viðskrh.:** Ég vitnaði til frumvarpsgreinarinnar með þrjú atriði. Síðan nefndi ég önnur fjögur.) Ég ætla aðeins, ef ég má spjalla svolítið lengur um þetta fyrir þessum ágætu áhugamönnum sem bera hag verksmiðjunnar svo mikið fyrir brjósti, að ræða þetta ögn nánar.

Hlutverkið er skilgreint rúmt svo sem vera ber og ákvæði 6. gr. hygg ég að sé mjög mikilvægt í augum heimamanna og annarra sem láta sig hag þessa fyrirtækis nokkru skipta. Það er svo vitanlega alveg sjálfsagt sem hæstv. ráðherra tók fram að það þurfi að kynna þetta frv. rækilega og ná um það sem víðtækustu samkomulagi í bæjarstjórn Akraness og svo þarf þetta auðvitað að ræðast betur í stjórn verksmiðjunnar sjálfrar og að sjálfsögðu í ríkisstjórninni, því að væntanlega er þetta ekki eina frv. sem hæstv. ráðherra greinir á um að einhverju leyti.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni. Mér finnst sjálfsagt að taka því með opnum huga, skoða það frá öllum hliðum og athuga eins og vera ber, vitanlega með hagsmuni fyrirtækisins fyrir augum, með hagsmuni heimamanna á Akranesi og Vesturlandi fyrir augum og landsmanna allra þar sem hér er um opinbert fyrirtæki að ræða sem vinnur í þágu alþjóðar. Um skipulag, rekstur og allt fyrirkomulag þessa fyrirtækis þarf að nást og ríkja víðtækt og gott samkomulag svo sem verið hefur.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál og þá kannski helst að koma hér upp og lýsa stuðningi við málið. Ég gat reyndar ekki heyrt annað en hæstv. iðnrh. lýsti í raun fullum stuðningi við það sem slíkt en einhverra hluta vegna telur hann nauðsynlegt að það komi frekar úr herbúðum ríkisstjórnarinnar en frá óbreyttum þm.

Ég á nú, líkt og síðasti ræðumaður, hv. þm. Friðjón Þórðarson, sæti í stjórn Sementsverksmiðjunnar. Þar hefur þetta mál lítillega komið til umræðu en engin afstaða verið tekin. Ég get þó upplýst það eftir viðræður mínar við framkvæmdastjóra verksmiðjunnar sem eru tveir, að þeir munu báðir vera sammála þessu frv. og tilgangi þess.

Einnig er það af prinsipástæðum sem ég styð málið sem slíkt, þar sem ég tel að ríkið eigi ekki að vera að vasast í almennum atvinnurekstri og alls ekki þar sem einkaframtakið getur gert jafn vel eða hugsanlega betur.

Haldinn var fundur þm. Vesturlands með bæjarstjórn Akraness fyrir nokkru þar sem þessi mál voru mikið rædd og m.a. þau þrjú ágreiningsatriði sem ráðherra kom hér inn á áðan og eru nú öll komin inn í frv. Virtist bæjarstjórnarfulltrúum létta mikið við það og er skemmst frá því að segja að eftir að hafa hlustað á bæjarfulltrúa, þá er nokkuð ljós meirihlutavilji þar fyrir þessari breytingu þó að hann sé náttúrlega ekki alger.

Ráðherra kom hér inn á örfáa punkta sem hann vildi skoða betur, svo sem eins og að gefa starfsmönnum möguleika á að eiga þátt í stjórnarsetu sem er vissulega hið besta mál og þvælist sjálfsagt ekki fyrir flm. að taka undir slíka hugmynd. Að hafa samstarf við bæjarstjórnina varðandi stjórnarsetu eða rekstur, það hlýtur að vera mál sem má líka taka upp og skoða með jákvæðu hugarfari. Síðan kom ráðherra inn á það að hann hygðist ræða við stjórnina um þróunarverkefni. Því fagna ég náttúrlega og vona að það verði sem allra fyrst, enda komum við lítillega hér inn á slíkt mál í umræðunni í gær um atvinnumál þar sem var spurningin um þilplötuverksmiðju uppi á Akra-

nesi sem væri þá í samstarfi við Sementsverksmiðjuna og Sérsteypuna.

Ég hef í sjálfu sér ekki mikið um þetta mál frekar að segja annað en það að ég ítreka það að ég styð þetta mál og mun gera það í Sementsverksmiðjustjórninni. Ég lít á þetta, og ætla ekkert að fara dult með það og fór ekkert dult með það á fundi með bæjarstjórn, sem fyrsta skref í áttina að einkavæðingu þessa fyrirtækis sem ég tel að sé vel og ég tel að 6. gr. segi að það sé verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt. Þar segir, með leyfi forseta: „Verði hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu, öll eða að hluta, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu."

Ég tel að þetta hljóti að mega túlka sem fyrsta skref í átt að einkavæðingu vegna þess að ég sé ekki tekið fyrir þann möguleika að þriðja aðila séu síðan seld skuldabréfin. Við getum stillt því þannig upp að hér kæmi beiðni frá bæjarstjórn Akraness um að fá að kaupa t.d. 10% af hlutabréfum verksmiðjunnar, sem ég reikna nú alveg með að yrði samþykkt hér í sölum Alþingis, þá sé ég ekki neinn vara á því að bæjarstjórnin gæti síðan selt einhverju fyrirtækinu á Skaga eða einhvers staðar annars staðar þessi hlutabréf o.s.frv. Þannig að ég hlýt að túlka þetta sem svo að þetta sé fyrsta skrefið í þessa átt og ég fagna því.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem farið hafa fram um þetta frv. sem hér er til 1. umr. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að lýsa skoðunum sínum, sem mér heyrðust vera jákvæðar, á því frv. sem hér er til umræðu og ekki síst vil ég þakka hæstv. ráðherra sem lýsti því yfir að hann styddi meginmarkmið frv.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann teldi ekki samstöðu í bæjarstjórn Akraness um öll atriði frv. og það er vissulega rétt. Það er ekki samstaða í bæjarstjórninni af sömu ástæðum og það er ekki samstaða í hæstv. ríkisstjórn. Hitt er annað mál að á sl. vori gafst bæjarstjórninni ekki tækifæri til að ræða málið ítarlega heldur var það bæjarráð sem gerði það og það klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls, en báðir hlutarnir lýstu þó því yfir að þeir vildu að lögum um Sementsverksmiðjuna yrði breytt þótt þeir væru ekki sammála um öll atriði.

Það er enn fremur rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að lokaákvörðun um álit á þessu frv. liggur ekki fyrir hjá stjórn Sementsverksmiðjunnar. Hv. iðnn. Nd. fékk 8. maí á þessu ári bréf frá formanni Sementsverksmiðjustjórnarinnar sem bað um lengri frest. Auðvitað var ekki hægt að veita hann því að þá var komið að þinglausnum. Hins vegar sagðist formaðurinn mundu að sjálfsögðu taka málið fyrir, ekki síst ef það kæmi fram á haustþinginu og tími gæfist til þess arna. Verður það þess vegna væntanlega gert nú á næstu mánuðum þegar hv. nefnd mun senda málið til umsagnar.

Það er enn fremur rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að forstjórar eða framkvæmdastjórar fyrirtækisins eru sammála efnisatriðum frv. sem ekki þarf að koma á óvart því að þeim var fyllilega kunnugt um það hvernig frv. var til orðið og höfðu áhrif á gerð þess með sínum skoðunum.

Hæstv. ráðherra sagði síðan að það þyrfti að fjalla betur um málið og vakti athygli á fjórum atriðum. Þessi atriði skal ég nú fjalla um.

Í fyrsta lagi sagði hann að til athugunar væri að bæta við í lögin ákvæði sem varðaði stjórnarkjör Sementsverksmiðjunnar. Hann benti á að slíkt ákvæði gæti orðið til góðs vegna fordæmisins í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg sálugu, Gutenberg hf. Þess skal getið út af þessari athugasemd að frá mínum bæjardyrum séð er það óeðlilegt þegar stofnað er til hlutafélaga að það sé lögbundið að fulltrúar starfsmanna eigi sæti í hlutafélagsstjórninni og ég veit að hæstv. ráðherra er sammála því. Það er eitt þeirra atriða sem hafa mjög ítarlega verið rædd, m.a. víða annars staðar, ekki síst á Norðurlöndum. Það eru til tvær aðferðir, annars vegar sú að Alþingi kjósi fulltrúa ríkisins í hlutafélagsstjórninni líkt og gerist um sum önnur hlutafélög sem ríkið á aðild að eða sameignarfélög. Má benda á nokkur dæmi um það. Sem sameignarfélag má t.d. benda á Landsvirkjun. Enn fremur getur auðvitað viðkomandi ráðherra eftir eigin óskum og vali skipað þá menn sem honum sýnist í stjórn verksmiðjunnar og hlýtur þá ráðherra á hverjum tíma að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Núv. hæstv. ráðherra, ef hann yrði sá sem með þetta mál færi á þeim tíma sem af stofnun félagsins yrði, væri auðvitað í lófa lagið að setja einn af starfsmönnum og jafnvel fleiri og jafnvel eingöngu í stjórn fyrirtækisins því að hann hefur fullt vald á málinu. Þetta mál er auðvitað mjög auðleyst.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðherra að það þyrfti að ræða stofnun hlutafélagsins við fulltrúa bæjarins og ástæða væri til þess að kanna hvort bæjarstjórnin ætti að tilnefna mann í stjórn eða hvort ætti að stofna til einhvers konar lögbundins samstarfs við bæinn. Þetta getur auðvitað hæstv. ráðherra gert hvenær sem er, án þess að það sé lögbundið, alveg með nákvæmlega sama hætti og hann getur sett í stjórn fyrirtækisins fulltrúa starfsmannanna. Hér er ekki um lagaatriði að ræða heldur getur hæstv. ráðherra fylgt fram sínum vilja ef honum sýnst svo.

Eins getur auðvitað hv. nefnd tekið þetta mál upp og gert hugmyndir ráðherrans að sínum með því að birta viljayfirlýsingu í nál. þegar frv. verður afgreitt úr nefndinni.

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðherra að það þyrfti að kanna rækilega aðild að nýjum fyrirtækjum. Ég bendi á að það er skýrt tekið fram í frv. í 2. mgr. að félaginu sé heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Með öðrum orðum, þessu þriðja atriði sem hæstv. ráðherra nefndi er fullnægt nú þegar í frv.

Að lokum nefndi hæstv. ráðherra tvö framkvæmdaratriði. Hann sagði að annars vegar þyrfti að kveða skýrar á um mat á eignum verksmiðjunnar. Það er að sjálfsögðu hægt að gera. Það þarf ekki neitt lagaákvæði um það og mun ég bera þau boð inn í nefndina og tel að það beri að taka fullt tillit til þess. Mér finnst

þetta sjálfsagt, ekki síst vegna reynslunnar af Gutenberg. Eins sagði hæstv. ráðherra að það þyrfti kannski að nota aðra aðferð við stofnun félagsins en notuð var við stofnun félagsins um Gutenberg, t.d. að skipa undirbúningsnefnd sem afhenti síðan hlutafélaginu og stjórn þess fyrirtækið. Undir þetta get ég fyllilega tekið. Þetta er hægt að gera annaðhvort með bráðabirgðaákvæði eða hreinlega með viljayfirlýsingu nefndar og hæstv. ráðherra.

Aðalatriði málsins er auðvitað það að öll þau atriði sem hæstv. ráðherra ræddi hér um er auðvelt að leysa í nefndinni ef nægilegur pólitískur meiri hluti næst fyrir því í hv. iðnn. Nd. Og ég lýsi því hér yfir að ef hæstv. ráðherra vill ná þessu máli fram getur hann að sjálfsögðu beitt sér fyrir því að stjórnarflokkarnir, sumir, einhverjir eða allir, styðji framgang þessa máls með þeim breytingum sem hann vill að gerðar verði á frv. eða með þeim tilmælum sem borin eru fram annaðhvort af hans hálfu eða af hálfu nefndarinnar. Og ég verð að skilja yfirlýsingu hæstv. ráðherra um það að hann styðji markmið frv. á þann veg að hann hafi þar með sagt að hann telji að frv. eins og þetta eigi að ná fram á yfirstandandi þingi. Það kann að vera metnaðarmál hæstv. ráðherra að flytja stjórnarfrv. um þetta mál. Ég held að það skipti mun meira máli að ná árangri en að svala þeim metnaði og ég hygg að hæstv. ráðherra geti, ef hann vill, notað sín miklu áhrif til þess að beina tilmælum til virðulegrar nefndar. Ég minni á að oft kemur það fyrir að hæstv. ráðherrar beinlínis biðja þingnefndir um að flytja mál fyrir sig. Mér þykir sjálfsagt að ræða hæstv. ráðherra verði lögð fram í nefndinni eða jafnvel kallað eftir áliti ráðherrans þannig að nefndin geti nú þegar unnið að þessu máli, enda er nefndin kannski besti vettvangurinn og sá þinglegasti til þess að ná meirihlutaáliti um það mál sem hér er til umræðu og tekið hefur verulegum breytingum á undanförnum árum.

Þrátt fyrir yfirlýsingu ráðherrans um að hann hyggist flytja stjórnarfrv. síðar á þessu þingi, sem ég hef nokkrar efasemdir um að honum takist, leyfi ég mér að líta svo á að það sé hæstv. ráðherra þóknanlegt að hv. nefnd taki til við að vinna úr þeim gögnum sem fyrir liggja og ég leyfi mér að vonast til þess að hæstv. ráðherra hvetji a.m.k. sinn flokksmann í hv. iðnn. Nd. til þess að afgreiða frv. með jákvæðum hætti og skal þá ekki standa á mér, sem er einn nefndarmanna, að taka fyllsta tillit til sjónarmiða hæstv. ráðherra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til iðnn. með 30 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 80. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 81.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Hér er verið að endurflytja mál sem var afgreitt úr þessari deild á síðasta vetri og var þá samþykkt hér í deildinni. Þess vegna er ekki þörf á því að hafa hér langa umræðu, enda málið sjálfsagt. Það eina sem rétt er þó að undirstrika af því að nafn frv. er villandi er að þetta fjallar ekki um undanþágur til fiskveiða í landhelgi Íslands. Þetta fjallar um það hvort Færeyingar og Grænlendingar skuli hafa frjálsan aðgang að íslenskum höfnum. Um veiðiréttindi þeirra utan landhelgi Íslands fer að sjálfsögðu eftir allt öðrum lögum, ef þeir hafa einhver veiðiréttindi innan landhelginnar.

Ég tel að með samþykkt þessa frv. á Alþingi Íslendinga væri stigið stórt skref til að tryggja íslenskum iðnaði, þjónustuiðnaði á hinum ýmsu sviðum, atvinnu. Og ég held að það sé rétt að við gerum okkur grein fyrir því að þó að lög eins og þessi hafi verið sjálfsögð þegar við vorum með þriggja sjómílna landhelgi og þeir sem stunduðu veiðar við strendur landsins voru í beinni samkeppni við íslenska fiskiskipaflotann þá eiga lögin ekki rétt á sér þegar við erum komnir með 200 mílna landhelgi.

Hins vegar er ég sannfærður um það að samstaða og samstarf Íslands, Færeyja og Grænlands á eftir að skipta miklu máli í framtíðinni gagnvart efnahagslegri farsæld þessara þjóða. Hinir sameiginlegu hagsmunir þeirra eru svo stórir og miklir vegna þess að þessi lönd drottna yfir aðalveiðisvæðum Norður-Atlandshafsins. Ég er líka sannfærður um það að við þurfum að stíga þetta skref. Það er hægt að þumbast við einhvern tíma ef mönnum sýnist svo og reyna að koma sér undan því en það verður aldrei lengi liðið að Íslendingar hagi sér á þann hátt að þeir telji það ekki sjálfsagðan hlut að þeir sem stunda veiðar hér norður í höfum eigi rétt á því að leita til lands og hafa hér alla þá þjónustu sem eðlileg getur talist.

Ég held að það sé margt sem bendir til þess að þetta mál eigi nú ekki aðeins greiða leið í gegnum neðri deild Alþingis heldur í gegnum Alþingi Íslendinga og verði samþykkt. Því mér finnst skrýtið ef menn ætla að standa hér á Alþingi og koma í veg fyrir það að íslenskar málm- og skipasmíðastöðvar eigi þó möguleika á þeim verkefnum sem áhugi er fyrir hjá þessum aðilum að þær fái. Það hefur verið rætt um það, þó að það sé ekki í þessu frv., að eðlilegt sé að stíga stærra skref seinna og veita fleiri þjóðum þennan rétt. Ég vildi stíga þetta skref í áföngum, m.a. í þeirri von að þá mundum við fyrr taka þá ákvörðun sem lagt er til að hér verði tekin.

Ég vil svo, með leyfi forseta, óska eftir að þessu máli verði vísað til 2. umr. að lokinni umræðu í deildinni nú og til sjútvn. neðri deildar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

9. fundur, miðvikudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (meðdómsmenn). — Þskj. 129.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986. Sérstök lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum öðluðust gildi þann 1. júlí 1986, en í 1. gr. þeirra laga er svo kveðið á um að fyrir þeim dómstóli skuli reka og dæma opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Málum sem komið hafa til meðferðar dómstólsins á undanförnum missirum hefur ekki einvörðungu fjölgað heldur hefur umfang þeirra vaxið verulega. Á þetta einkum við um nokkur mjög umfangsmikil fíkniefnamál þar sem um hefur verið að ræða innflutning og dreifingu á kókaíni en við slíkum brotum liggja þung viðurlög.

Eigi verður talið svo að óyggjandi sé að heimilt sé samkvæmt núgildandi lögum að fleiri en einn dómari dæmi mál sem rekin eru fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og flyt ég því frv. þetta. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda um samfellda, hraða og vandaða málsmeðferð þegar í 1. gr. frv. er lagt til að þegar vafi þyki vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði geti dómarinn ákveðið að slík mál séu dæmd af þriggja manna dómi. Slíka ótvíræða lagaheimild er að finna varðandi sakadóm Reykjavíkur og skal það skýrt hér ögn nánar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, getur ríkissaksóknari kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð, annaðhvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að í Reykjavík geti þrír sakadómarar, annaðhvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmrh., farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- og lagaatriði.

Í 2. málsl. 1. gr. frv. er fjallað um hæfi þeirra sem kvaddir eru til setu í dómi. Þar er lagt til að annaðhvort sé um að ræða embættisdómara eða mann/menn sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga, þ.e. til skipunar sem sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum. Auk almennra skilyrða til skipunar í héraðsdómaraembætti skal viðkomandi hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála.

Þá er að lokum í 2. gr. frv. m.a. lagt til að umrædd lagabreyting taki til mála sem þegar eru til meðferðar hjá dómstólnum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn., en enn fremur vil ég mælast til þess, hæstv. forseti, að málinu verði hraðað í meðferð þingsins eftir því sem tök eru á.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. hefur málum fjölgað og umfang þeirra vaxið. Því miður. En sú staðreynd hversu mjög fíkniefnanotkun hefur færst í vöxt hér á landi á undanförnum árum hlýtur að vera okkur öllum mikið áhyggjuefni. Það er mjög mikilvægt að stjórnvöld grípi til samhæfðra aðgerða í baráttunni gegn útbreiðslu fíkniefna og notkun þeirra og vil ég við þessa 1. umr. ítreka það sem fyrr hefur komið fram í málflutningi okkar kvennalistakvenna hér í þinginu að forvarnarstarfið hlýtur alltaf að vera mikilvægasta atriðið.

Á undanförnum mánuðum hafa öðru hverju birst fréttir um sölu og notkun á fíkniefnum og ljóst er að þrátt fyrir gott starf fíkniefnadeildar lögreglunnar á undanförnum árum berast stöðugt hættulegri efni til landsins og straumurinn virðist stöðugur. Því hlýtur sú spurning að vakna nú, eins og reyndar oft áður, hvort fíkniefnalögreglan hafi þeim mannafla á að skipa sem nauðsynlegur er til að sinna þessum málaflokki og hvort vinnuaðstaða lögreglunnar sé fullnægjandi. Væri fróðlegt ef hæstv. dómsmrh. hefur um það upplýsingar hvernig staðan er nú að fræða okkur um það. Á síðasta kjörtímabili fluttu kvennalistakonur brtt. við fjárlög til að auka við starfsfólki í fíkniefnadeildinni því að þá var staðan vægast sagt slæm hvað mannafla varðaði.

Eins og allir vita er innflutningur og sala á fíkniefnum mjög alvarlegt mál og fíkniefnasalar geta orðið miklir örlagavaldar í lífi margs fólks ef þeir geta stundað iðju sína óáreittir. Á fréttum er að skilja að efnin sem berast gerist stöðugt hættulegri.

Nú á dögunum máttum við landsmenn sitja undir viðtali í Ríkisútvarpinu við einn þeirra manna sem stunda sölu á fíkniefnum. Var hann þar að mínu mati réttilega nefndur sölumaður dauðans og fram kom að fyrir utan það að velta milljónum á mánuði hverjum hefur hann líf margra í höndum sér. Frá mínum bæjardyrum séð er með öllu óverjandi að þurfa að sitja undir slíkum fréttum eða viðtölum án þess að geta nokkuð aðhafst til að stöðva viðkomandi aðila.

Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar aðeins um einn þátt í ávana- og fíkniefnamálum, þ.e. dóma, og get ég tekið undir efni þess. Það má vera nauðsynlegt í ákveðnum tilfellum að kalla fleiri til ábyrgðar á

dómum í slíkum málum, en ég vildi aðeins láta koma fram þessar áhyggjur okkar kvennalistakvenna af notkun ávana- og fíkniefna almennt. Vil ég um leið minna á þáltill. sem samþykkt var á 108. löggjafarþingi sem var flutt af Kjartani Jóhannssyni, þáv. hv. þm., um tafarlausa afplánun vegna fíkniefnabrota. Vil ég sömuleiðis minna á að ég hef lagt fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um dóma vegna fíkniefnasölu og vænti þess að fá við henni svör hið allra fyrsta.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. dómsmrh., vegna þess hversu alvarlegt málið er, hvort uppi séu áform af hálfu stjórnvalda að skipuleggja einhvers konar fræðsluherferð í skólum og meðal almennings um notkun ávana- og fíkniefna og vil í því efni vitna til samtala minna við marga kennara núna að undanförnu sem fullyrða að eftir að áróðurinn gegn reykingum datt niður hafi reykingar stóraukist meðal skólabarna. Held ég að það sé nokkuð til í því þó að ekki liggi fyrir tölulegar rannsóknir. Forvarnarstarfið er mjög mikilvægt og það er nauðsynlegt að grípa á vandamálum vegna ávana- og fíkniefna á öllum stigum.

Eins og ég gat um áðan sýnist mér að hægt sé að taka undir efni þessa frv. en mun að sjálfsögðu kynna mér það nánar þar sem ég á sæti í hv. allshn. þessarar deildar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í allshn. sem fær þetta mál til meðferðar, en vegna þeirrar beiðni sem kom fram hjá hæstv. ráðherra um að þetta mál fengi greiða meðferð í nefndinni og hér í þinginu vildi ég lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að þetta sé mál þess eðlis, eitt af stærstu vandamálum sem flæðir nú inn í landið, þ.e. dreifing, sala og neysla fíkniefna, og það sé vissulega ástæða til að auðvelda dómstólum að taka þannig á þessum málum að þau fái sem besta og hraðasta málsmeðferð. En það er einmitt það sem þetta frv. fjallar um og því vildi ég lýsa því frá hendi okkar þingmanna Sjálfstfl. sem eigum sæti í allshn. að við munum greiða fyrir því að málið fái sem skjótasta meðferð.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu tekið undir það sem hér hefur verið sagt um þann mikla vanda sem er í sambandi við innflutning og sölu fíkniefna. Ég tel að hér sé sjálfsagt verið að vinna að því að auðvelda það að mál í sambandi við fíkniefnabrot verði betur afgreidd í réttarkerfinu. Mér finnst samt að þegar verið er að breyta lögunum um fíkniefnadómstól, eins og hér er lagt til, verðum við að ætlast til þess að þingið fái sæmilegan tíma til að kanna þetta mál.

Fíkniefnadómstóllinn er nú orðinn — ja, líkast til upp undir tvítugur, ætli hann sé ekki 17–18 ára eða eitthvað svoleiðis og tillaga um breytingu hefur ekki komið upp fyrr en núna, en sjálfsagt er það, eins og reyndar fram kom, út af sérstökum aðstæðum nú sem talið er æskilegt að breyta dómstólnum. Ég ætla ekki að fara að úttala mig um þá afstöðu, en sú breyting sem hér er lögð til er vissulega þó nokkuð mikil. Það er lagt til að dómari geti kvatt til með sér í dómstól, ekki dómara beint úr dómarakerfinu eins og er í borgardómi, heldur menn sem ættu að vera fullgildir til þess að dæma í slíku máli. Þetta er sérstakt. Það má vera að það sé að einhverju leyti hægt að bera þetta saman við sjódóm en þetta er ekki eins og mál eru rekin í héraði, í borgardómi.

Ég tel þess vegna að við í allshn. þurfum að skoða þetta mál og fá til viðræðu menn úr dómskerfinu til þess að átta okkur á því hvers lags breyting á sér stað. Ég tel aftur á móti alveg sjálfsagt að verða við óskum hæstv. dómsmrh. um að þetta mál fái eins skjóta meðferð hér í þinginu og mögulegt er miðað við þá nauðsynlegu skoðun sem það þarf að fá.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og undirtektir hv. þingdeildarmanna við meginefni þessa frv. og vil láta það koma fram svo að ekki fari á milli mála að þó að ég hafi áðan beðið um að málinu yrði hraðað svo sem kostur er, þá er það vitaskuld í þeim tilgangi ekki síður að málið verði skoðað hér í meðförum þingsins eins og nauðsynlegt er og vera ber.

Það komu fram hér fáeinar fyrirspurnir til mín í þessu sambandi, aðallega frá hv. 6. þm. Vesturl. og þó ég sé kannski vanbúinn að svara þeim öllum á stundinni, þá ætla ég að gera til þess tilraun.

Ég get tekið undir það að forvarnarstarf í þessu efni er auðvitað aðalatriði málsins og skiptir öllu í sambandi við þennan málaflokk á hvaða stigi sem er. Þess vegna get ég lýst samþykki mínu við það sem hv. þm. sagði um það efni. Þingmaðurinn spurði um það hvaða þróun væri um mannafla hjá lögregluliði í þessu sambandi. Ég er nú ekki með tölur hér við höndina en mig minnir að í fíkniefnadeild lögreglunnar hér í Reykjavík séu um 14 stöðugildi og í fjárlagafrv. núna er gert ráð fyrir fjölgun um 6 stöðugildi í lögregluaflanum hér almennt. Það er ekki tekið fram hvernig hún skiptist á milli deilda. Hins vegar munu vera tveir aðilar á Reykjavíkursvæðinu sem vinna að forvörnum sérstaklega á vegum lögregluliðsins hér í Reykjavík.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að þessi mannafli er allt of lítill miðað við umfang þess verkefnis sem hér er um að ræða.

Þingmaðurinn spurði hvort fyrir dyrum stæði fræðsluherferð í því sambandi. Ég get svarað því til að nefnd hefur starfað á vegum þriggja ráðuneyta í þeim tilgangi, á vegum félmrn., menntmrn. og dómsmrn. Á vegum þeirrar nefndar er gert ráð fyrir fræðslustarfi sem ekki er formlega hafið enn þá nú á þessum vetri. Meginefni þessa frv. er, eins og hér hefur áður komið fram, að það er farið fram á þann möguleika að fjölga í þessum dómi þegar sérstaklega stendur á. Og frv. er flutt vegna þess að í dómsmrn. voru menn ekki á eitt sáttir um það hvort sú heimild væri fyrir í lögum. Flutningur frv. er fyrst og fremst til þess að taka af öll tvímæli í því efni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Gjald af erlendum lánum vegna skipasmíða, 1. umr.

Frv. HBl. 97. mál. — Þskj. 98.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það væri ástæða til þess við þessa umræðu, úr því að hæstv. sjútvrh. er mættur hér á staðnum, að svara nokkru hans undarlegu ræðu sem hann flutti þegar ástand í atvinnulífi var til umræðu í sameinuðu þingi. Mátti glöggt finna að ráðherrann var eitthvað miður sín, því málflutningur hans var af því tagi að lítið kom nærri sannleikanum og útúrsnúningur það litla sem var. Hitt get ég á hinn bóginn skilið að hæstv. ráðherra skuli hafa hrokkið í kút þegar bent var á hvernig kaupmáttur hafði hrunið hér á landi og ekki undarlegt þótt hann tæki það þannig upp að ég væri að hvetja til þess að reynt yrði að gera ráðstafanir til þess að sú þróun breyttist og launþegar hér á landi gætu vænst þess að kjör þeirra bötnuðu á nýjan leik.

Það frv. sem hér er til umræðu er um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi og er einfalt í sniðum.

1. gr. er svohljóðandi: „Gjald af erlendum lánum, sem tekin voru til skipasmíða hér á landi samkvæmt lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. lög nr. 101/1988 og lög nr. 51/1989, skulu endurgreiðast úr ríkissjóði þegar í stað."

Ég tek hér sem dæmi að í Slippstöðinni á Akureyri er í smíðum 250 tonna fiskiskip. Þau lántökugjöld sem greidd hafa verið vegna þessa skips nema verulegum fjárhæðum. Ég vil í þessu samhengi, herra forseti, rifja upp að ýmsir vöruflokkar sem teljast hráefni í samkeppnisiðnaði voru undanþegnir ákvæðum laganna um lántökugjald og er til listi yfir tollskrárnúmer þessara vöruflokka. Á hinn bóginn hefur framkvæmd laganna verið með þeim hætti að lántökugjald hefur verið innheimt af lántökum til skipasmíða eða skipaviðgerða hvort sem þær voru innan lands eða utan og ákvarðaðist gjaldið af lengd samningsins.

Ég hef fengið þær upplýsingar hjá fjmrn. að skipasmíði og skipaviðgerðir voru engir sérstakir lánaflokkar og í framkvæmdinni ekki undanþegnar lögunum. Gjaldtakan réðst af lengd skipasmíða- eða viðgerðarsamnings. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að hæstv. viðskrh. lýsti því hér yfir í þessum ræðustól sl. vor, að innlendar skipasmíðar yrðu undanþegnar lántökugjaldi. Og þetta er líka athyglisvert í ljósi þess að ýmsar sögur eru í gangi þess efnis að einstökum útgerðarmönnum hafi tekist að fá lántökugjaldið endurgreitt úr ríkissjóði þó svo að þær almennu upplýsingar sem þingmaður óskar að fá úr fjmrn., með aðstoð starfsmanna Alþingis, segi annað. Ef svo er að einhver brögð eru að því að útgerðarmenn hafi fengið lántökugjaldið endurgreitt, er það aðeins dæmi um það að ríkisstjórnin hefur þó þarna reynt að standa við það sem hún hét hér í þessum ræðustól á sl. vori, og er ekki nema gott um það að segja. Eðlilegt er að fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þann þátt málsins sérstaklega. En hitt er auðvitað alveg augljóst að á sama tíma og hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að í löndum Efnahagsbandalagsins séu skipasmíðar styrktar með 26–36% opinberum styrkjum, á sama tíma og hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að eðlilegt sé að þiggja þessa styrki, og á sama tíma og hann lýsir því yfir að ekki sé við því að búast að íslenskur skipasmíðaiðnaður njóti eðlilegrar samkeppni borið saman við lönd Evrópubandalagsins, fyrr en eftir 1992, ca. árið 1993 eða svo, er auðvitað dæmalaust og algjör óhæfa að innheimta lántökugjald af fjármagni sem varið er til innlendrar skipasmíði. Skiptir auðvitað í þeim efnum engu máli hvaða skoðun einstakir ráðherrar hafa á þessum efnum. En eftir ummælum hæstv. sjútvrh. í sameinuðu þingi þegar þessi mál voru hér til umræðu er ekki undarlegt þótt hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands hafi fundist sem þannig andaði til skipasmíðaiðnaðar í ríkisstjórninni að einhverjir þar innan dyra vildu þann iðnað dauðan. Það verður hins vegar að vera einkamál einstakra ráðherra hvernig þeir dæma og meta hver annan, en eins og ég sagði þar, eftirtektarvert að hæstv. forsrh. skuli ekki láta frá sér heyra um þessi mál. Það var líka eftirtektarvert, herra forseti, að þegar ég spurði hæstv. forsrh. um það hvort málefni skipasmíðaiðnaðarins hefðu verið rædd í ríkisstjórninni frá septembermánuði til októberloka, þá lýsti hann því yfir að það hefði margsinnis verið gert. Áður hafði ráðherra Hagstofu lýst því yfir að það hefði aldrei verið gert og þegar hæstv. iðnrh. var spurður var helst að heyra sem einstakir ráðherrar hefðu rætt þetta sín á milli á hlaupum. Þannig að þrjár útgáfur eru nú komnar af því hvort skipasmíðaiðnaðurinn hafi yfirleitt verið ræddur í þessari ríkisstjórn. Og það sem kannski er enn þá undarlegra er það að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands lítur svo á að hann eigi að móta stefnu í atvinnumálum og reyndi að koma því til skila í sameinuðu þingi á mánudaginn. Á hinn bóginn stóð ekki á því, eftir að ráðherra Hagstofu Íslands hafði vikið sér úr þingsalnum, að ráðherra iðnaðarmála lét þess getið að stefnan í skipasmíðamálunum yrði ákveðin í iðnrn., þar yrði það verk unnið, og ekki að heyra að ráðherra Hagstofu Íslands fengi að koma þar nokkurs staðar nærri.

Ég skal svo ekki að öðru leyti fara fleiri orðum um þetta, en aðeins láta þess getið að lokum að ég mun berjast eins og áður af öllum kröftum fyrir því að við Íslendingar getum haldið hér uppi myndarlegum skipasmíðaiðnaði. Ég lít raunar þannig á að ekki væri ærleg taug í þeim þingmanni Akureyrar sem mundi láta það hvarfla að sér að styðja ríkisstjórn sem vildi

Slippstöðina á Akureyri feiga, eða hefur hana í flimtingum hér í þingsölum.

Ég vil, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

9. fundur, miðvikudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en 1. málið verður tekið á dagskrá vill forseti greina frá því að í dag verður þinghald með þeim hætti að fundur í þessari hv. deild verður til kl. 4 þegar venjulegur þingflokkafundatími hefst. Þá verður fundi slitið og annar fundur boðaður kl. 6, þar sem fyrir verður tekið frv. um umhverfisráðuneyti en þannig stendur á með það mál að afbrigða er þörf til að það megi koma fyrir fundinn sem hefst kl. 6.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 80. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 76.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum til viðbótar um það frv. sem hér er til umræðu. Það hefur þegar verið gert í langri umræðu sem fór fram í síðustu viku þar sem fjallað var um þetta mál ásamt öðrum skattamálum og skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Það kemur í ljós að þrátt fyrir miklar skattaálögur sem lagðar hafa verið á þjóðina, fyrirtæki, heimili og einstaklinga á undanförnum árum stefnir enn í mikinn halla á þessu ári og hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp við að skorða ríkisútgjöldin innan þeirra marka sem tekjur ríkisins bjóða. Þetta er auðvitað uppgjöf og sýnir að hæstv. ríkisstjórn ræður ekki við það verkefni sem er kannski eitt helsta verkefni og frumskylda hverrar ríkisstjórnar.

Það er þó ástæða til þess við þessa umræðu að beina fyrirspurn til nýs stjórnarflokks og í framhaldi af ummælum og fsp. sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. finnst mér óviðeigandi annað en fulltrúi Borgfl., einhver þeirra hv. þm. sem hér eru staddir í dag, geri grein fyrir afstöðu flokksins til þessa máls nú þegar Borgfl. er farinn að taka þátt í ríkisstjórninni og styður hana. Ég man ekki nákvæmlega hvernig atkvæði féllu um brtt. og málið sjálft á síðasta þingi. Ég hygg þó að Borgfl. hafi verið klofinn í afstöðu til málsins. Einn þm. hafi ekki greitt atkvæði heldur setið hjá við afgreiðslu málsins, en aðrir hv. þm. greitt atkvæði gegn frv. ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Má vera að þetta sé rangminni og þá leiðréttist það að sjálfsögðu hér á eftir þegar einhver hv. þm. Borgfl. tekur hér til máls.

Það er ljóst að Borgfl. kom til samstarfs við þá ríkisstjórn sem nú situr fyrst og fremst til þess að lækka vöruverð með því að draga úr svokölluðum matarskatti. Í yfirlýsingu flokksins frá því snemma í sumar, að mig minnir í lok júnímánaðar, eru þessi sjónarmið áréttuð og þar sagt að ekki komi til greina að Borgfl. eigi aðild að ríkisstjórninni nema virðisaukaskattur verði í tveimur þrepum og skattur á matvæli verði mun lægri, helst enginn eða a.m.k. mun lægri.

Því miður liggur ekki enn fyrir þinginu frv. til l. til breytinga á lögum um virðisaukaskatt, en ljóst er af ummælum forráðamanna hæstv. ríkisstjórnar að nokkrar útgáfur eru í gangi um þann skatt. Sú fyrsta er að endurgreiða eigi því sem nemur helmingi af skatti á fisk, dilkakjöt, mjólk og innlent grænmeti. Í öðru lagi, það er önnur útgáfan sem kom fram frá hæstv. forsrh. í stefnuræðu hans, var þessi sama upptalning og til viðbótar var svo minnst á að til greina kæmi að endurgreiða því sem nemur helmingi skattsins á gróft brauð. Þriðju útgáfuna má finna í plöggum hæstv. fjmrh. til hæstv. ríkisstjórnar um að endurgreiðslan eigi einungis að taka til dilkakjöts og mjólkur. Það er ljóst að enn virðist hæstv. ríkisstjórn ekki hafa komið sér saman um það hvernig sinna eigi þessu máli sem þó var það grundvallaratriði sem Borgfl. setti þegar rætt var um hugsanlega þátttöku hans í ríkisstjórninni og kemur mjög skýrt fram í fréttatilkynningu frá Borgfl. frá því í sumar. Ég hef því miður þessa tilkynningu ekki hér í ræðustólnum hjá mér, en hún er í tösku minni við borðið og ég get náð í hana hvenær sem er. Það mál er auðvitað ekki á dagskrá hér, en það hlýtur að hafa þýðingu að vita nú hver er afstaða Borgfl. til þessa máls vegna þess að það kemur í ljós að ýmislegt það sem ræðir um í fjárlagafrv., bæði teknamegin og gjaldamegin eru

atriði sem ekki hafa fengist rædd í einstökum atriðum í stjórnarflokkunum. Þess vegna er það eðlileg krafa almennings að fá að vita hver sé afstaða Borgfl. til þessa máls sem hér er til umræðu, ekki síst í ljósi þess að fjölmörg atriði í fjárlagagerðinni hafa ekki verið borin undir stjórnarflokkana í einstökum atriðum heldur fyrst og fremst niðurstöðutölur.

Þetta var ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að ég óskaði að fá að taka til máls aftur. Mér þótti eðlilegt að ljúka ekki þessari umræðu án þess að fulltrúar Borgfl. í hv. deild fengju tækifæri til þess að lýsa sínum skoðunum því að vissulega eru það sögulegt tíðindi þegar hæstv. ríkisstjórn, sem ekki var meirihlutastjórn í þinglegum skilningi, hefur nú orðið meirihlutastjórn með því að Borgfl. hefur ákveðið að eiga samstarf við stjórnarflokkana. Óska ég eindregið eftir því að einhver hv. þm. Borgfl. komi hér og geri þingheimi og þá um leið þjóðinni grein fyrir því hver sé afstaða flokksins til þess frv. sem hér liggur fyrir í 1. umr.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er nú kannski ekki miklu við það að bæta sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, enda erindið svipað. Ég bar fram þá fyrirspurn til Borgfl. við síðustu umræðu þessa máls hver afstaða flokksins væri til þessa, enda ærin ástæða til. Alþjóð þekkir náttúrlega Borgfl. að allt öðru en breyta frá sinni stefnu. Það væri þess vegna afar athyglisvert að fá það staðfest hér að þeir eru sjálfum sér trúir og munu halda sig við þá stefnu sem þeir hafa mótað og kom glögglega í ljós við atkvæðagreiðslu um þetta málefni hér á síðasta þingi. Þess vegna geri ég, líkt og síðasti ræðumaður, kröfu til þess að fulltrúar Borgfl. skýri þingheimi og alþjóð frá afstöðu sinni til þessa máls.

Einn af þm. Borgfl., hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., hefur margoft í gegnum tíðina talað máli verslunarinnar og ég trúi ekki öðru en hann muni gera það áfram, enda þekktur fyrir stefnufestu eins og aðrir borgaraflokksmenn.

Ég vil einnig upplýsa það hér, sem sárafáir þm. heyrðu í utandagskrárumræðu fyrir tveim dögum um atvinnumál, að þá kom fram hjá hæstv. viðskrh., þegar hann var að svara fsp. minni um þessa skattlagningu, að hann væri því alveg sammála og það væri hans skoðun að þennan skatt ætti að fella niður. Hann sagðist hafa viðrað þá hugmynd sína í ríkisstjórninni og ríkisstjórninni væri vel kunn hans afstaða til þessa máls. Þar er fulltrúi Alþfl. í ríkisstjórn sem sagt á móti þessari skattlagningu. Við höfum stefnu Borgfl. í þessu máli þannig að spurningin hlýtur að vera sú, hefur þetta mál yfir höfuð þingmeirihluta?

Hæstv. forseti. Ég ítreka beiðni til fulltrúa Borgfl. sem hér er staddur, hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson, að hann svari nú þessari fsp. Þingheimi er hins vegar ljós afstaða hv. þm. Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur sem greiddi þessu ekki atkvæði sitt á síðasta þingi.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég var nú ekki áheyrandi að þessari fyrri umræðu um þetta mál sem mér skilst að hafi farið hér fram. Þetta mál var lagt fyrir þingflokk Borgfl. sem stjórnarfrv. Báðir ræðumenn sem hér hafa talað vita það náttúrlega að við erum aðilar að þessari stjórn og frv. var afgreitt sem slíkt.

Hins vegar er það ekkert launungarmál að ég hef verið fylgjandi þessu frv. Ég greiddi því atkvæði í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, þeir sleppa því báðir. Ég greiddi því aftur atkvæði í fyrra. Í fyrra skiptið sem ég greiddi því atkvæði var það með fullri vitund þáv. formanns Borgfl. Í fyrra greiddi ég því atkvæði upp á mitt eindæmi. Eins og fyrrv. þm. Borgfl. veit þá var ætlunin aldrei sú að beita neinum alvarlegum handjárnum í Borgfl. Hvort einhver einstaklingur telur sig ekki geta greitt einhverju atkvæði, það vildum við láta óáreitt. Hvað viðkemur virðisaukaskattinum þá er hann alls ekki til umræðu og það er ekki tímabært að vera að fjalla um mál sem hann fyrr en þar að kemur.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það kom fram við upphaf þessarar umræðu fyrir viku síðan að hér er á ferðinni fyrsta tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar á þessu þingi. Það gefur þess vegna tilefni til þess að grennslast nánar fyrir um það hvað kann að vera á döfinni hjá hæstv. ríkisstjórn í þeim efnum. Um það var nokkuð fjallað hér í síðustu viku, við þá umræðu sem þá fór fram, sem ég hafði þá að vísu ekki aðstöðu til að taka þátt í.

Nú eru liðnar fimm vikur af þessu þinghaldi og það eru ekki nema u.þ.b. sex vikur þangað til gert er ráð fyrir því að jólaleyfi þingmanna hefjist. Það er þess vegna alveg ljóst að það er mjög skammur tími til ráðstöfunar ef ætlunin er að leggja fyrir Alþingi umfangsmikil og flókin skattamál. En það verður ekki annað lesið út úr fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar eins og þær birtast, t.a.m. í fjárlagafrv., en að einmitt það sé ætlunin.

Það hefur verið margrakið hér í þessari umræðu að ótal atriði varðandi virðisaukaskatt eru óútkljáð og verða að koma hér fyrir Alþingi, en ekkert bólar á slíku frv. Það bólar heldur ekkert á því að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi fyrirætlanir sínar varðandi breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Allir þingmenn Sjálfstfl. hér í neðri deild lögðu í gær fram frv. um að hrinda þeirri ósvinnu sem ríkisstjórnarmeirihlutinn undir forustu fjmrh. knúði fram í fyrra og varðar hækkun eignarskatta, ekknaskattinn svokallaða. Það hafa legið í loftinu einhver óljós fyrirheit frá ríkisstjórninni um að lækka eigi þennan skatt, hinn svokallaða ekknaskatt fjmrh., en það bólar ekkert á slíkum frv. hér. Þess vegna er ekki eftir neinu að bíða af hálfu stjórnarandstöðunnar um að flytja frv. til þess að afmá þann ljóta minnisvarða sem ríkisstjórnin og hennar meiri hluti hér á Alþingi reistu sér með þeim skatti.

Ég ætla ekki að gera hann hér efnislega að umtalsefni, herra forseti, enda eflaust ekki margir dagar

þangað til það mál kemur til umræðu. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað líði öðrum breytingum á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, að því er varðar skattprósentuna. Vegna þess að ég vil minna ráðherrann á að í fyrra, þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir 2% hækkun skattstigans, þegar álagningarprósentan í staðgreiðslu var hækkuð úr 28,5% í 30,5%, þá var það gert með sérstöku bráðabirgðaákvæði í lögum sem talið er að hv. þm. Karvel Pálmason hafi knúið í gegn í sínum þingflokki og síðan Alþfl. í ríkisstjórn. Hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði til eins árs sem fellur úr gildi um áramót og þess vegna, ef það er ætlun ríkisstjórnarinnar að viðhalda tekjuskattinum í því sem hann er í ár, eða jafnvel hækka hann eins og gefið hefur verið í skyn og engum kæmi nú á óvart, verður hæstv. ríkisstjórn að leggja hér fyrir Alþingi nýtt frv. um það efni. Að óbreyttu lækkar tekjuskattshlutfallið frá og með 1. janúar úr 30,5% í 28,5%, þ.e. sá hluti staðgreiðslunnar sem rennur til ríkisins.

Ég er ekki viss um að öllum þingmönnum, t.a.m. í stjórnarliðinu, sé þetta ljóst. Ég er ekkert viss um að allir muni eftir því að það var hlaupið eftir óskum hv. þm. Karvels Pálmasonar í þessu efni hér í fyrra. Og það væri fróðlegt að sjá hvað til að mynda sá þingmaður, flokksbræður hans og aðrir þeir sem ekki hafa viljað láta bendla sig við skattpíningarstefnu meiri hluta stjórnarliðsins hyggjast þá fyrir þegar taka þarf á því máli.

Það eru fimm vikur liðnar af þinghaldinu og það bólar ekkert á þessum málum, engu, hvorki breytingum á virðisaukaskattslögum né breytingum á tekjuskattlagningu, sem ég er nú ekki að kalla eftir og yrði auðvitað manna fegnastur ef slíkt frv. sæi ekki dagsins ljós. Það bólar ekkert á leiðréttingum á eignarskattinum eða ekknaskattinum af hálfu stjórnarliðsins og reyndar bólar ekkert á því að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því eða t.d. Alþfl. að fella niður nefskattinn illræmda sem hér var tekinn upp á síðasta þingi og á að renna í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Það er af þeim sökum sem við þrír þingmenn höfum flutt frv. um að afnema þann skatt og höfum auðvitað okkur til sérstaks stuðnings í því máli málflutning hæstv. utanrrh., málflutning hv. formanns fjvn. sem er að finna í þingtíðindum um það efni þegar hann tók undir málflutning utanrrh. og svo að sjálfsögðu að ógleymdum og ólöstuðum málflutningi hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, 2. þm. Vestf., sem ég veit að mun styðja okkur dyggilega í því máli þegar þar að kemur. (**Gripið fram í:** Því hefur hann gleymt.) Nei, virðulegi forseti, ég efast nú um að hann hafi gleymt því hann hefur gott minni.

En hér á bls. 227 í fjárlagafrv. er gerð grein fyrir því hverjar breytingar séu fyrirhugaðar á tekjuöflun ríkissjóðs í tengslum við fjárlagagerð. Hér er talað um breytingar á virðisaukaskatti, hér er talað um skattlagningu raunvaxtatekna og hér er talað um breytingar ýmiss konar á tekjuskattlagningu einstaklinga. Allt eru þetta mál sem kalla á miklar umræður og mjög ítarlega og mikla umfjöllun hér á hv. Alþingi. En það er ekki að sjá að þessi ríkisstjórn láti sig það neinu varða og mætti e.t.v. draga þá ályktun að hún hefði fallið frá þessum áformum. Ef það er þannig þá væri auðvitað gott að fá það staðfest og situr þá ekki eftir annað af skattafrv. en það frv. sem nú er sérstaklega til umræðu og varðar sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Það er reyndar þannig með það mál að ríkisstjórnin hefur verið að hrökklast úr einu víginu í annað í sambandi við það. Það frv. var í fyrra flutt hér í því formi að skattprósentan, álagningarprósentan var tvöfölduð. Hún var hækkuð um 100%, hún fór úr 1,1% í 2,2%. Og stjórnarliðið, með dyggilegum stuðningi síðasta ræðumanns, lét sig ekki muna um að samþykkja það. Ég verð að benda hv. síðasta ræðumanni á að það frv. sem hér var samþykkt fyrir síðustu jól var auðvitað ekki sama frv. og var samþykkt fyrir tveimur árum, í stjórnartíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, vegna þess að þá var skattlagningarprósentan 1,1% en ekki 2,2% eins og hún var í fyrra. Það sem síðan gerðist var það að ríkisstjórnin var hrakin úr því hreiðri sem hún hafði búið um sig í í málinu þegar kom til kjarasamninga. Hún samþykkti þar að fallast á að skatturinn yrði lækkaður í 1,5% og það var hann reyndar þegar hann var lagður á á síðasta sumri. Það er það sem þetta frv. gerir ráð fyrir að framlengja. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að skatturinn verði 1,5% af fasteignamati en ekki 1,1% eins og hann var síðast þegar Sjálfstfl. hafði afskipti af framlagningu þessa máls.

Beint hefur verið spurningum hér til annarra þingmanna Borgfl. en hv. 11. þm. Reykv. Hún hefur svarað fyrir sig og það er enginn vafi á því hver hennar afstaða er og auðvitað er það í sjálfu sér ekki annað en virðingarvert að standa upp og gera grein fyrir því þegar afstaða manns er skýr og tær eins og er að því er varðar hv. þm. Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur. Hún hefur aldrei farið í launkofa með það að hún væri stuðningsmaður þessarar skattlagningar. Og þess vegna kemur það engum á óvart að hún skuli standa hér upp og segjast styðja þetta frv. Það vekur hins vegar eilítið meiri undrun að ýmsir aðilar aðrir í þessum litla þingflokki skuli standa að þessu frv. sem þeir auðvitað gera með því að þetta er stjórnarfrv. Það liggur auðvitað fyrir að þetta er frv. stjórnarflokkanna allra, flutt á ábyrgð allra þeirra þingmanna, vegna þess að það hafa ekki komið fram neinir sérstakir fyrirvarar af hálfu einstakra manna. Það er venja hér að ef einstakir þingmenn hafa fyrirvara um stjórnarfrv. þá lýsa þeir þeim við 1. umr. Og í þessu tilfelli gildir það eins og svo oft að þögn er sama og samþykki. Það verður því að líta svo á meðan ekki kemur annað í ljós að hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson sé eindreginn stuðningsmaður þessa máls. Hann ber ábyrgð á flutningi þess ásamt öðrum félögum sínum í stjórnarliðinu og hlýtur þess vegna að greiða því atkvæði þegar þar að kemur.

Það er hins vegar ólíku saman að jafna, þögninni sem frá honum glymur í eyrum og hins vegar þeirri afstöðu sem hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

hefur lýst og sem allir hafa vitað um og engum kemur á óvart.

Síðast þegar þetta frv. var lagt hér fram voru í grg. með því alls kyns villandi upplýsingar. Það var meira að segja talið að tekjur af skattinum yrðu meiri en álagningin. Þegar ráðherrann var inntur eftir þessu taldi hann að það væri vegna þess að svo mikið væri ógreitt af eftirstöðvum fyrri ára að þær mundu skila sér *það vel að innheimtan yrði hærri en álagningin.* Svo kom á daginn, þegar grennslast var fyrir um þetta mál að mínu frumkvæði, að þarna voru einfaldlega reikningsskekkjur sem starfsmenn ráðuneytisins síðan leiðréttu, þó svo ráðherra hafi ekki séð sóma sinn í því að láta prenta upp frv. með réttum tölum.

Ég sé það nú, og það er fagnaðarefni, að a.m.k. verður ekki séð við fyrstu sýn að það séu neinar slíkar villur í þessu frv. Hins vegar er grg. með því svo stutt að hún gerir ekki mikla grein fyrir þessu máli. Það kemur ekki að sök fyrir þá sem þetta mál þekkja en fyrir þá sem eru nýir í þingsölum, eins og til að mynda hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson, hefði kannski verið ástæða til að hafa þessa grg. örlítið betri og lengri til þess að hann og aðrir sem ekki virðast þekkja þetta mál nægilega vel gætu gert sér almennilega grein fyrir því. (**Fjmrh.:** Það hefði mátt birta lista yfir alla þingmenn Sjálfstfl. síðustu 10 árin . . .). Ég vil nú benda hæstv. fjmrh. á að það er margbúið að beina hér til hans fsp. í þessari umræðu, sem hann hefur tregðast við að svara. Þannig að ef honum liggur eitthvað á hjarta, sem ég sé að er tilfellið, mætti ég þá ekki beina þeim eindregnu tilmælum til ráðherrans að hann kveðji sér hljóðs, gangi hér upp í pontu, taki til máls, svari þeim spurningum sem til hans hefur verið beint og bæti síðan við þeim öðrum athugasemdum sem hann hefur fram að færa við þetta mál. (**Fjmrh.:** Stuðningur Sjálfstfl. við þennan skatt er greinilega viðkvæmt mál.) (**Forseti:** Ég verð að brýna fyrir þingmönnum að hafa hóf á samtölum á fundinum.) Já, það er nú reyndar venja, herra forseti, að ræðumanni í ræðustól leyfist að ávarpa þá þingmenn í salnum sem (**Forseti:** Að sjálfsögðu.) honum hentar. Þar á meðal ýmsa *varaþingmenn sem hér sitja inni.*

En það er til að mynda hér eitt orð sem ég minnist frá umræðum um þetta atriði í fyrra að var sérstaklega gerð fsp. út af. Það var hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sem beindi þeirri fsp. til fjmrh. hvað orðið „afgjaldskvaðarverðmæti" í 3. gr. þýddi. Hér er talað um afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar. Hæstv. fjmrh. lenti reyndar í einhverjum bögglingi með að skýra þetta, hljóp hér í hliðarherbergi og hringdi eitthvað út í bæ en megnaði þó ekki að útskýra þetta fyllilega fyrr en síðar. Þannig að mín vegna mætti hann gjarnan taka að sér að útskýra þetta orð fyrir þá sem misstu af skýringunum á síðasta þingi. En ég ætla ekki að óska eftir því fyrir sjálfan mig að þessu sinni.

Nei, það sem skiptir máli, herra forseti, að þessum orðahnippingum slepptum, er auðvitað það að ekki bólar á hinum stærri málum sem snerta tekjuöflun til ríkissjóðs af hálfu ríkisstjórnarinnar. Meðan svo er verður ríkisstjórnin auðvitað að sætta sig við það að um þá hluti almennt sé fjallað þó verið sé að ræða hér um eitt einstakt tiltölulega léttvægt atriði og léttvægan hluta af þeirri heild. Það er sýning úti í Iðnó á vegum leikhóps sem heitir Pars pro toto, hluti af heild, og það er það sem þetta frv. er á meðan ekki berst annað efni um skatta. Þetta er hluti fyrir heild af skattamálum ríkisstjórnarinnar, hluti af þeirri heild, ef einhver verður, sem við bíðum eftir að fá að fjalla um.

Ég sé nú ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja þetta en ég ítreka það að það standa eftir nokkrar spurningar sem er ósvarað bæði frá hv. 1. þm. Reykv. frá því í síðustu viku og svo sömuleiðis þær spurningar sem ég hef hér beint til fjmrh. Þær varða bæði frv. um virðisaukaskatt, eignarskatt, ekknaskattinn svokallaða, og síðan tekjuskattinn sjálfan, álagningarprósentu hans, hvaða áform séu þar á ferðinni og sömuleiðis skýringar á þeim atriðum hér sem snerta skatta og eru talin upp á bls. 227 í fjárlagafrv., en snerta virðisaukaskatt, skattlagningu raunvaxtatekna og tekjuskattlagningu einstaklinga að öðru leyti en því sem ég gat sjálfur um hér áðan.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég hef þegar talað tvisvar við þessa umræðu og skal ekki vera langorður. Það hlýtur að teljast nokkuð athygli vert að hæstv. ráðherra sér ekki ástæðu til þess að koma hér í pontu aftur til að svara fsp. *sem til hans var beint. Sjálfsagt er ástæðan* sú, sem maður hefur frétt af, að enn hafa stjórnarflokkarnir ekki komið sér saman um þau frv. sem fylgja þurfa fjárlagafrv., sem þýðir auðvitað það að fjárlagafrv. og öll tekjumál ríkissjóðs standa á brauðfótum, þótt það brauð sé nú kannski ekki gróft brauð, það veit maður ekki, en manni skilst að þá sé aðalíhugunarefni hjá ríkisstjórninni hvort gróft brauð eigi að njóta þeirrar náðar að af því skuli söluskattur endurgreiddur að hluta.

En aðalerindi mitt, auk þess að benda á þá staðreynd að hæstv. ráðherra virðist ekki ætla að koma meira í stólinn, er að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að koma hér upp og gera grein fyrir sinni sérstöðu í þessu máli á undanförnum árum. Það ber að rifja upp þegar talað er um afstöðu til þessa skatts að hann var 1,1% á sínum tíma þegar Sjálfstfl. fór með stjórnartaumana, en á síðasta þingi hækkaði þáv. ríkisstjórn skattinn upp í 2,2%, en féllst síðan á, í tengslum við kjarasamninga, að lækka skatthlutfallið í 1,5%. Ég má til með að geta þess að Sjálfstfl. gekk ekki lengra á síðasta þingi en að gera tillögu um lækkun skattsins niður í 0,5% en ekki afnám hans þá.

Vík ég þá sögunni að hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni og öðrum hv. borgaraflokksmönnum sem sitja hér í hv. deild. Ég sá reyndar hæstv. dómsmrh. rétt í mýflugumynd. Hann virtist ekki tolla hér mjög lengi, sjálfsagt vegna þess að hér var verið að ræða þetta mál. (**PP:** Hann er að mæla fyrir frv. í Ed.) Er hann að mæla fyrir frv.? Það kemur fram hér hjá einum hv. þm. að hann sé að mæla fyrir frv. í Ed. og skal þá hafa það sem sannara reynist að sjálfsögðu og ekki að gera mönnum upp sakir.

En ég sný máli mínu til hv. 16. þm. Reykv., ekki síst vegna þess að hann hefur verið einn þeirra hv. þm. sem telja sig vera sérstaka fulltrúa verslunar- og þjónustustarfa. Nú liggur það fyrir að hæstv. forsrh. hefur sagt hér í umræðu fyrir ekki löngu síðan að einmitt þessar greinar hafi farið einna verst út úr þeim vandamálum sem hrjá atvinnugreinarnar hér á landi. Í ljósi þess er full ástæða til að spyrja hv. þm. hvort hann sé sömu skoðunar og hv. 11. þm. Reykv. sem hér hefur þegar tekið til máls. Finnst mér nú kominn tími til að hv. þm. geri þingheimi og þjóð grein fyrir því hver sé efnisleg afstaða hans til þessa frv. sem hæstv. ríkisstjórn stendur að, þó þannig ef ég skildi hv. 11. þm. Reykv. rétt, að frv. hafi legið fyrir þegar Borgfl. ákvað að ganga til samstarfs við ríkisstjórnina. (Gripið fram í.) Ég skildi það svo, eins og ég var að segja, að þetta frv. hefði legið fyrir þegar þingflokkur Borgfl. gekk til samstarfs við ríkisstjórnina. (Gripið fram í.) Það virðist vera rangt skilið. Þá virðist það vera þannig að Borgfl. beri ábyrgð á framlagningu frv. eins og það liggur fyrir núna og þá fýsir mig að vita hvort það sé rétt að hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson styðji þennan skatt eins og hann liggur fyrir í ljósi afstöðu annarra hv. borgaraflokksþingmanna en hv. 11. þm. Reykv., sem nú þegar hefur gert grein fyrir sinni sérstöðu, — ég segi sérstöðu vegna þess að hv. 11. þm. Reykv. greiddi ekki atkvæði eins og aðrir hv. borgaraflokksþingmenn á síðasta þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um breytingar á innheimtu á launaskatti. Skv. núgildandi lögum er launaskattur innheimtur á tveggja mánaða fresti, þá fyrir tvo mánuði í senn.

Skv. þessu frv. sem hér er til umfjöllunar er gerð tillaga um að launaskattur verði framvegis innheimtur í hverjum mánuði líkt og gildir um staðgreiðslu af launum, enda er skattstofninn svo að segja sá sami. Með þessu móti yrðu gjalddagar launaskattsins 12, jafnmargir og í staðgreiðslunni af launum. Þannig er komið á samræmingu milli staðgreiðslukerfisins af launum og þessa sérstaka launaskatts.

Það er skoðun fjmrn. og ríkisstjórnarinnar að þessi breyting, sem lengi hefur verið rætt um, muni gera innheimtu launaskattsins virkari og eftirlitið auðveldara. Jafnframt eigi að fylgja því ótvírætt hagræði í bókhaldi fyrir launagreiðendur að þetta sé gert um leið og staðgreiðslan þótt sumir kunni kannski að sakna þess að hafa skattinn ekki í veltunni í tvo mánuði eins og þeir hafa haft til þessa. Hins vegar verður að benda á það sjónarmið að það sé ekki í samræmi við hagsmuni hins almenna skattborgara að slíkir skattar, sem tengjast launum, séu frekar geymdir í veltunni hjá fyrirtækjum en hjá ríkissjóði.

Gera má ráð fyrir því að þessi breyting bæti greiðslustöðu ríkissjóðs á næsta ári sem nemur 200 millj. kr. Hins vegar felur þessi breyting ekki í sér neina aukningu skattsins í sjálfu sér og mun ekki heldur gera það á næstu árum eða áratugum og ekki að eilífu í raun og veru vegna þess að þessi tilfærsla færist bara aftur í tímann ár frá ári.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um einstök efnisatriði þessa frv. og legg til að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. um breytingu á lögum um launaskatt. Tilgangi þessa frv. var lýst á sl. sumri er hæstv. ríkisstjórn birti yfirlýsingu um hugsanleg bjargráð fyrir ríkissjóð. Þetta er eitt þeirra mála. Ég vil, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, undirstrika það að hér er verið að fjölga uppgjörstímabilum þessa skatts sem þýðir að greiðslustaða ríkissjóðs mun batna á næsta ári, en það getur ekki gerst öðruvísi en að greiðslustaða fyrirtækjanna versni að sama skapi. Það er ljóst að ýmsir þeir fjármunir sem fyrirtækin hafa tekið að sér að innheimta fyrir hönd ríkissjóðs hafa legið hjá fyrirtækjunum með vitund og vilja löggjafans. Þegar síðan á að fjölga uppgjörstímabilum og innheimta slíkan skatt oftar, þá hlýtur það að kosta það að fyrirtækin hafi ekki þessa fjármuni í veltu sinni og verða að leita á önnur mið til þess að ná því sama fjármagni sem þarf til rekstrar á fyrirtækjunum. Þetta væri út af fyrir sig allt í lagi ef ekki stæði þannig á í íslensku þjóðfélagi að vextir eru mjög háir, einkum og sér í lagi vegna rangrar stjórnarstefnu. Hæstv. fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, hefur tekið að sér það hlutverk að reka ríkissjóð með verulegum halla, tekið að sér að reka ríkissjóð þannig að hann eltir uppi hverja krónu sem er til á innlendum fjármagnsmarkaði, sem þýðir að vextir eru hér á landi mjög háir og miklu hærri en þeir þyrftu að vera, ef staðið væri að stjórn ríkisfjármálanna með eðlilegum hætti. Þegar spurt er hvað sé eðlilegur háttur í þeim efnum vil ég vitna til blaðagreina hæstv. ráðherra sem hann skrifaði rétt áður en hann tók sér stöðu í fjmrn. Þar benti hann á að fyrrv. ríkisstjórn hefði staðið sig illa í ríkisfjármálunum og stærsta gagnrýniatriðið var auðvitað sá halli sem þá myndaðist á ríkissjóði. Nú hefur enn myndast mikill halli á ríkissjóði, líklega 5 milljarðar og rúmir 5 milljarðar er munurinn á niðurstöðutölu fjárlaga og rekstrarniðurstöðu ríkisins í ár. Þetta, ásamt því að hæstv. ríkisstjórn ætlar að reka ríkissjóð með verulegum halla á næsta ári, hefur hækkað skatta verulega. Þetta veldur því að erfitt mun reynast að færa raunvextina niður hér á landi eins og hæstv. ráðherra gerir sér betur en aðrir menn grein fyrir.

Þess vegna má segja að þetta frv., ef að lögum

verður, sé íþyngjandi fyrir íslenskan fyrirtækjarekstur sem þó á í erfiðleikum og bætist ofan á annað það sem fram hefur komið í umræðu utan dagskrár á síðustu dögum. Vil ég þá nefna þær umræður sem farið hafa fram um virðisaukaskattinn þar sem í fyrsta lagi er ljóst, skv. þeim hugmyndum sem fyrir liggja, að ekki á að endurgreiða virðisaukaskatt af íbúðabyggingarstarfsemi fyrr en næsta ár eftir að kostnaðurinn var útlagður og í öðru lagi hefur hæstv. fjmrh. tjáð sig um það að hann telji ástæðulaust að hafa gjaldfrest á virðisaukaskattinum í tolli sem þýðir, eins og svo margt annað sem hann er að gera þessa stundina, að fyrirtækin verða að ná sér í nýtt fé og bindur þannig fjármagn hjá fyrirtækjunum.

Ég sé ekki, virðulegur forseti, ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Frv. er auðskilið, tilgangurinn með því jafnframt. Það er auðvitað góðra gjalda vert að samræma uppgjörstímabilið við staðgreiðslu skatta, sem eru auðvitað skattar af launum eins og launaskatturinn í þeim greinum sem hann er greiddur. Ég minni þó á að það er kannski kominn tími til þess að ræða launaskattinn efnislega, ræða það hvort eðlilegt sé að hann leggist á með þeim hætti sem hann er nú lagður á, en það er misjafnt eftir greinum. Ég hefði kosið að hæstv. ráðherra hefði fremur lagt fram á Alþingi frv. sem gæfi okkur tækifæri til þess að ræða efnislega um álagningu launaskatts.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að lýsa andstöðu Frjálslynda hægriflokksins við þetta frv., jafneinfalt og það í rauninni er. Í fyrsta lagi vegna þess að Frjálslyndi hægriflokkurinn er alfarið á móti skattlagningu launa eins og launaskatturinn er og telur það reyndar hlálegt í ljósi þeirra yfirlýsinga sem berast frá forsrh. og öðrum hæstv. ráðherrum um stöðu verslunar og þjónustu og atvinnuvega yfir það heila í landinu að slík skattlagning skuli eiga sér stað. Það er reyndar þekkt að launatengd gjöld eru núna ekki undir 30% og menn geta rétt ímyndað sér hversu mjög íþyngjandi það er fyrir íslenskt atvinnulíf, enda tel ég það vera eina af meginástæðum þess að fyrirtæki virkilega halda að sér höndunum með að ráða starfsfólk, einfaldlega vegna þess að þau hafa ekki efni á að standa undir slíku. Má þá vissulega segja allt eins að ríkisstjórnin sé að stuðla að auknu atvinnuleysi með skatti sem slíkum.

Auðvitað er það fáránlegt að fyrirtæki skuli vera skattlögð fyrir það að taka menn í vinnu og reyndar, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, þyrfti að taka alveg sérstaka umræðu um það. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. sökstyðja hver skynsemin á bak við slíka skattlagningu er í raun og veru. Og það er kannski ástæða til að spyrja aftur, eins og undir síðasta dagskrárlið, hv. 16. þm. Reykv. Ásgeir Hannes Eiríksson, hver hans afstaða er til slíkrar skattlagningar. Það var ekki nokkur einasta leið að fá þm. til að svara hér spurningu varðandi skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er kannski allt í lagi að gera tilraun undir þessum lið, hver hans afstaða er til skattlagningar sem þessarar.

Það kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að þetta er verulega íþyngjandi fyrir allan rekstur. Þarna er verið að taka fjármagn út úr veltunni sem ekki skilar sér annars staðar en hvar — væntanlega í hækkuðu vöruverði. Má þá enn á ný beina orðum til Borgaraflokksins hvort það fellur nú vel að baráttu hans fyrir lækkandi matarverði í landinu.

Hæstv. forseti. Ég lýsi andstöðu Frjálslynda hægriflokksins við þetta frv. og boða að við munum leggja fram brtt. við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjadreifing, 1. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þski. 107.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Með frv. því til l. um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum sem ég mæli hér fyrir er ætlunin að heimila lyfjaheildsölum að selja lyf til annarrar lækningastarfsemi en þeirrar sem flokkuð er sem sjúkrahús skv. lögum nr. 109/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Skv. gildandi lögum um lyfjadreifingu, sbr. 36. gr., síðustu mgr. laga nr. 76/1982, er lyfjaheildsölum óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

Nái breyting sú, sem ég mæli hér fyrir, fram að ganga mundu bætast við heilsugæslustöðvar og læknastöðvar. Það liggur ljóst fyrir að sú starfsemi sem fram fer á heilsugæslustöðvum og læknastöðvum er sambærileg við þjónustu sjúkrahúsa í mörgum tilfellum og er því óeðlilegt að ekki gildi um þessa starfsemi sömu reglur gagnvart kaupum á lyfjum í heildsölu, en það er mikið hagsmunamál fyrir þessa aðila að geta keypt lyf af lyfjaheildsölunni.

Það er skoðun ráðuneytisins og Lyfjaeftirlits ríkisins að nauðsynlegt sé að heilsugæslustöðvar og læknastöðvar sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu búi við sömu kjör hvað lyfjakaup varðar og annar hliðstæður rekstur. Hér er um að ræða starfsemi sem jafna má til starfsemi sjúkrahúsa eins og áður greinir frá.

Sem stendur standa lög beinlínis í vegi fyrir því að lyfjaheildsalar geti selt heilsugæslustöðvum og læknastöðvum lyfin og hlýst af því margvíslegt óhagræði og röskun, ekki síst fyrir þá sjúklinga sem leita þjónustu þessara aðila og þurfa því ekki að leggjast inn á sjúkrahús. Skv. lyfjadreifingarlögum þarf að tryggja ákveðna þjónustu lyfjafræðinga, nái frv. þetta fram að ganga, þ.e. lyfjafræðingar hafi umsjón með og beri ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun innan

heilsugæslustöðva og læknastöðva. Í sjálfu sér þyrfti ekki að ráða lyfjafræðing nema í hlutastarf við þessar stofnanir þannig að ekki er um teljandi kostnað að ræða þar. Rétt er að geta þess að með þessu er ekki verið að veita heilsugæslustöðvum og læknastöðvum heimild til þess að nota lyf utan stöðvanna, hvað þá að afhenda hlutaðeigandi sjúklingum lyf, heldur er eingöngu um að ræða notkun á stöðvunum sjálfum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að fara um þetta frv. mikið fleiri orðum. Það skýrir sig nokkuð vel sjálft og er einfalt í eðli sínu. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er að sumu leyti til bóta fyrir þær stofnanir sem hér um ræðir, en mér finnst vanta inn í þetta, og tala hér af eigin reynslu, stofnanir sem eru að hluta til með mikil lyfjakaup. Ég nefni t.d. Skálatúnsheimilið sem ég var framkvæmdastjóri fyrir um árabil. Lyfjakostnaðurinn er gífurlega mikill við slíkt heimili og ekki heimilt að kaupa þau í lyfjaheildsölu. Þar verður að kaupa lyfin á útsöluverði. Það mundi lækka þennan útgjaldapóst hjá slíkum heimilum ef heimilt væri að kaupa þau í heildsölu. Að sjálfsögðu væri þá lyfjafræðingur og læknir með í ráðum við þau kaup. Ég vil koma þessu á framfæri og óska eftir því að hæstv. heilbrmrh. taki þetta til umfjöllunar.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Við höfum hlýtt á framsöguræðu hæstv. ráðherra fyrir því frv. sem hér liggur fyrir. Frv. fjallar um það að grein í lyfjadreifingarlögunum, þ.e. síðasta mgr. 36. gr. orðist svo:

„Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim, sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum og þeim tilraunastofnunum, sem leyfi hafa til tilrauna með lyf."

Ég verð að segja að það vakna ýmsar spurningar í sambandi við þetta frv. þótt lítið og fáort sé. Mér þóttu skýringar hæstv. ráðherra ekki vera fullnægjandi. Auk þess er æskilegt að fá nánari skilgreiningu á heitinu „læknastöð". Stundum gæti húsnæði þar sem margir praktiserandi læknar hafa lækningastofur verið kallað læknastöð. Ég veit ekki hvort hér er átt við einkarekna heilsugæslustöð eða hvaða hugtak í skilningi heilbrigðislaga hér er verið að fjalla um. Þetta atriði er hins vegar ekki aðalatriði í þeim spurningum sem vakna í sambandi við frv.

Spurningarnar sem vakna eru fyrst og fremst þær hvort hér sé um að ræða lið í því átaki sem heilbrrn. hefur látið vinna að til að lækka lyfjakostnað og ef svo er, hvernig má það þá vera að það feli í sér lækkun kostnaðar við lyfjadreifingu að ráða lyfjafræðinga að heilsugæslustöðvum yfirleitt, sem hlýtur að verða ef framkvæma á það sem hæstv. ráðherra ræddi hér um að þetta frv. miðaði að. Mér virðist sem þetta frv. gæti einmitt haft í för með sér ýmiss konar nýjan kostnað sem hlyti að dreifast á neytendur með einhverjum hætti, a.m.k. þá aðila sem kosta heilbrigðiskerfið í bráð og lengd. Það er auðvitað kostnaður fyrir Tryggingastofnunina fyrst og fremst og þar af leiðandi líka hina tryggðu eða skattborgarana. Mér hefur virst á hinn bóginn það hafa vera talið mjög nauðsynlegt í allmörg ár og heilbrrh. hafa þrásinnis heyrt þá röksemd frá bæði öðrum ráðherrum og ýmsum þeim sem um heilbrigðismál tala í þjóðfélaginu, að þarna sé þó liður sem sé svo kostnaðarsamur að það hljóti með hagræðingu að vera unnt að draga úr kostnaði. Vegna þessa var skipuð nefnd mjög hæfra manna til að vinna að þessu verkefni. Því hafði oft verið haldið fram að álagning væri mjög óljós þáttur í þessu og e.t.v. of stór. Þess vegna var það að hinn 4. des. 1986, þegar sú sem hérna talar var heilbrrh., var skipuð nefnd til þess að gera úttekt á forsendum álagningar á lyfjum, svo og á tilhögun þeirrar álagningar. Nefndinni var jafnframt falið, ef sú úttekt gæfi tilefni til, að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag álagningar sem gæti leitt til lægra lyfjaverðs. Hér var verið að hugsa bæði um hag neytandans hverju sinni, um hag kaupandans og um hag hins stóra millilíðar milli þeirra sem þiggja þjónustu heilbrigðiskerfisins og hinna sem greiða hana, þ.e. Tryggingastofnunar ríkisins.

Þá var beðið um álit nefndarinnar á því hvort kostir samkeppni gætu notið sín í lyfjadreifingunni til hagsbóta neytendum og þá með hvaða hætti. Þeir sem skipaðir voru í nefndina hinn 4. des. 1986 voru Brynjólfur Sigurðsson prófessor, sem var formaður nefndarinnar og aðrir nefndarmenn voru Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Helga Vilhjálmsdóttir apótekari, Ingolf Petersen yfirlyfjafræðingur og Jón Bjarni Þorsteinsson heilsugæslulæknir. Hér var um afar umfangsmikið nákvæmnisverk að ræða og eftir að hæstv. núv. heilbrrh. hafði tekið við embætti, þ.e. í september 1987, ákvað hæstv. ráðherra að endurorða erindisbréf nefndarinnar og bæta í hana tveimur mönnum. Hæstv. ráðherra fól nefndinni þessi verkefni, með leyfi hæstv. forseta:

1. Að draga upp heildarmynd af streymi fjármuna vegna lyfja í þjóðfélaginu.
2. Að gera grein fyrir notkun lyfja hérlendis og bera hana saman við notkun lyfja í nágrannalöndunum.
3. Að bera saman innkaupsverð eða framleiðendaverð til lyfjaheildsala á Íslandi við innkaupsverð eða framleiðendaverð til lyfjaheildsala í nágrannalöndunum.
4. Að gera grein fyrir verðmyndun lyfja á Íslandi og bera hana saman við verðmyndun í nágrannalöndum.
5. Að gera grein fyrir þætti Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og sjúkrasamlaga hins vegar í lyfjakostnaði.
6. Að kanna áhrif ávísanavenja lækna á lyfjakostnað.
7. Að setja fram hugmyndir um aðgerðir sem gætu leitt til lækkunar á lyfjakostnaði, þar með talið hvaða

lyf væri hugsanlegt að framleiða hérlendis með lægri tilkostnaði en nemur verði lyfjaheildsala.

8. Að athuga afkomu lyfjaverslana á smásölustigi eftir stærð þeirra.

9. Að bera saman mismunandi álagningarkerfi og meta áhrif þeirra á tekjumyndun í lyfjadreifingunni.

Að lokinni þessari upptalningu, svo að ég ljúki þessari tilvitnun, var niðurlag erindisbréfsins með sams konar orðalagi og hið fyrra erindisbréf var, þ.e. ef úttektin gæfi tilefni til væri óskað tillagna um nýtt fyrirkomulag álagningar sem gæti leitt til lægra lyfjaverðs og álits nefndarinnar óskað einnig á því hvort kostir samkeppni gætu notið sín í lyfjadreifingu til hagsbóta neytendum og þá með hvaða hætti. Hér var sem sé að engu hrapað og mjög vandað til verksins. Ég geri ráð fyrir að hið síðara erindisbréf hafi verið orðað nánar vegna tilmæla frá nefndinni sjálfri sem rak sig fljótlega á það að verkefni hennar tengdist svo mörgum öðrum þáttum í þessari starfsemi að ekki varð verkið unnið af fyllstu nákvæmni nema tekið væri tillit til þessara annarra þátta. Þess vegna mun hafa verið staðfest umboð sem var ótvírætt víðtækt. Þó að ég og sjálfsagt ýmsir hafi talið að það hafi falist í hinu fyrra umboði, þá er fjarri því að ég sé að gagnrýna að slíkt hafi verið tíundað nánar.

Það sem hins vegar vekur undrun er að svo þegar frv. kemur um breytingu á lögum um lyfjadreifingu, þá er ekki unnt að færa rök fyrir því að þetta frv. eigi að stuðla að lækkun lyfjakostnaðar. Það er það sem vekur undrun eða a.m.k. þyrftum við þá að fá miklu nánari skýringar á málinu til þess að unnt sé að leiða það atriði í ljós. En til þess að lækka lyfjakostnaðinn lagði nefndin til, og ég vitna í nefndarálit sem mun hafa verið dreift til þingmanna nú á nýbyrjuðu þingi. Þetta nefndarálit heitir „Lækkun lyfjakostnaðar" og er gefið út sem rit heilbr.- og trmrn. nr. 3 1989. En í lokaorðum nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslunni er bent á fjölmörg atriði sem gætu leitt til lækkunar lyfjakostnaðar. Nefndin telur eftirtalin atriði mikilvægust:" og menn skyldu ætla, herra forseti, að einhver þessara atriða lægju hér fyrir í formi þskj. Í fyrsta lagi sagði nefndin, með leyfi hæstv. forseta:

„Mesti sparnaðurinn er fólginn í því að draga úr óþarfri lyfjanotkun. Sýnt hefur verið fram á að lyfjanotkun er meiri hér á landi en í Noregi þar sem sjúkdómatíðni er svipuð. Munurinn er 10% í skilgreindum dagskömmtum. Miðað við lyfjanotkunina 1988 og verð 1. júlí 1989 var smásöluverð árslyfjanotkunar 3150 millj. kr. Það er tæplega raunhæft að unnt sé á svo stuttum tíma að minnka lyfjanotkun hér um 10% en ekki virðist óraunsætt að hægt sé að ná þessu marki t.d. á næstu þremur árum."

Í öðru lagi benti nefndin á þessa sparnaðarleið: „Umtalsverður sparnaður er fólginn í því að læknir ávísi ódýrasta samheitalyfi. Nefndin hefur sýnt fram á möguleika á tæplega 300 millj. kr. lækkun á lyfjakostnaði ef læknar gerðu þetta."

Það er ljóst, herra forseti, að af þessum ástæðum skiptir það geysimiklu máli að læknar eigi sem greiðastan aðgang í gögnum sínum að upplýsingum sem geri þeim samanburðinn auðveldan. Það er eðlilegt að læknar ætlist til þess að heilbrigðisyfirvöld sjái til þess að lyfjaskrár séu gerðar úr garði með þeim hætti að þeir sjái í snarhasti hvaða lyf hverrar tegundar sé hagkvæmast í kaupum. Þess vegna var á sínum tíma ákveðið og lögð drög að því að unnt væri að gefa út samheitalyfjaskrár sem gerðu þetta verk auðveldara. En allt að einu er það líka alveg ljóst að það þarf mjög ákveðið og víðtækt samstarf við lækna um þetta atriði. Ljóst er að það hefur öðru hverju verið gerð atrenna að því, ekki síst af hálfu landlæknisembættisins og oft með ágætum árangri en þó má ætla að hér megi betur ef duga skuli og þess vegna er rétt að tilgreina fleiri af þeim sparnaðarleiðum sem nefndin benti á. Hún sagði í þriðja lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikilvægt er að fylgjast að staðaldri með innkaupsverði lyfja sem flutt eru til landsins og sérstaklega hvort til séu ódýrari samheitalyf en þau sem flutt eru inn."

Með öðrum orðum, það er ekki nægilegt að hafa upplýsingar um þau lyf með sama heiti sem hér eru á markaðnum heldur einnig að það sé greiður aðgangur að upplýsingum um slíkt sem er á markaði erlendis.

Í fjórða lagi, með leyfi hæstv. forseta, sagði nefndin: „Þótt dreifingarkostnaður lyfja í heildsölu og smásölu sé of hár hér á landi er svigrúm til lækkunar lyfjakostnaðar með því að draga úr dreifingarkostnaði mun minna en í þeim liðum sem taldir hafa verið hér að ofan. Í mesta lagi 30–50 millj." Ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta atriði er í raun og veru tífalt smærra sem sparnaðarleið að mati nefndarinnar en í aðgerðum til þess að læknar ávísi ódýrasta samheitalyfi, en þar var gert ráð fyrir að sparnaður gæti orðið 300 millj.

Í fimmta lagi, herra forseti, lagði nefndin til: „Vert er að vekja athygli á því að þótt tækist að draga úr kostnaði sem er samfara núverandi lyfjanotkun landsmanna og þá farnar þær ýtrustu leiðir sem bent er á í skýrslunni gæti heildarkostnaður engu að síður hækkað með tilkomu nýrra lyfja. Því verður að taka nýjum lyfjum með gát. Er það einkum vegna þess að ný lyf geta verið óheyrilega dýr og notkunarsvið þeirra óljóst. Ef vel væri þyrfti mat sérfróðra manna á hagkvæmni þess að nota tiltekin ný lyf að liggja fyrir áður en notkun þeirra er leyfð."

Þessi varnagli er sleginn greinilega til þess að benda á að þær aðferðir sem bent er á í skýrslunni segja ekki alla sögu. Þó að farið væri að þessum ráðum, þá segir það heldur ekki alla sögu að notkunarsvið nýrra lyfja geti verið óljóst og þau dýr. Heldur er það svo að verð þeirra segir ekki einu sinni alla sögu um kostnað heilbrigðisþjónustunnar af notkun þeirra vegna þess að á síðari árum hafa komið til sögunnar afar góð, árangursrík en mjög dýr lyf við sjúkdómum sem eru algengir hér á landi, og þau hafa vissulega hækkað þann þátt í lyfjakostnaði en á móti hafa þau dregið úr kostnaði við sjúkrahúsvist því að

mörg þessara lyfja gera það unnt að meðhöndla sjúklinga í heimahúsum, sjúklinga sem annars hefðu þurft á langvinnri sjúkrahúsvist að halda með flókinni meðferð þar. Þess vegna er það ljóst að það verður að hafa þennan þátt líka í huga.

En spurningin er, hvað er til ráða? Nefndin sem ég vitnaði til bendir á hvernig fyrirkomulag er á lyfjadreifingu. Nú fjallar þetta frv. aðeins um þann þátt, en nefndin fjallar m.a. um fyrirkomulag lyfjadreifingar í öðrum löndum og fyrirkomulag lyfjadreifingar hér á landi hefur verið mjög svipað og verið hefur í Danmörku og einkenni hennar, afleiðingar ef svo má segja verið svipaðar. Vegna dreifingarinnar og aðferðar við dreifingu fjallar nefndin m.a. um afleiðingar samkeppni í smásölu á lyfjum. Nefndin víkur líka að þeirri hugmynd sem stundum hefur komið fram að þjóðnýta bæri alla lyfjadreifingu í landinu. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að með því að gera það og tengja hana þá öðrum þáttum í starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, yrði enn þá erfiðara að greina hvað af kostnaðinum er raunverulega lyfjakostnaður og hvað ekki.

Mér virðist að þessu athuguðu að frv. sem hér er borið fram geti verið skref að því marki að þjóðnýta lyfjadreifinguna. Ég vonast auðvitað til að svo sé ekki því að ég tel að þjóðnýting væri afar óskynsamleg og mundi síður en svo horfa til sparnaðar. Ég held að það mundi horfa til kostnaðarauka því að þá hverfa kostir samkeppninnar í dreifingunni, þá hverfur sá möguleiki sem apótekin þó hafa þrátt fyrir allt, — stundum sjá menn ofsjónum yfir afkomu apóteka — en þau hafa þó lengi gert það til að drýgja afkomu sína að hafa á boðstólum annars konar vörur, snyrtivörur og ýmiss konar smávörur, barnahringlur og þess konar sem við munum eftir að hafa séð í sérstökum deildum í apótekum. Þetta mundu heilsugæslustöðvarnar aldrei gera. Þær mundu ekki hafa til sölu einhver fín merki snyrtivara eða sokka eða leikföng handa smábörnum. Ég hygg að slíkt standi ekki til.

Þetta voru nú þær hugleiðingar sem vöknuðu við þetta litla frv. og urðu til þess að ég var haldin ýmsum efasemdum um að við séum að þjóna neytendum í þjóðfélaginu með frv. Spurningin er, hverjum erum við þá að þjóna? Við sköffum að vísu fleiri störf fyrir lyfjafræðinga með þessu, en getum við ekki gert það með öðrum hætti, eru ekki nægileg verkefni fyrir þá samt sem áður? Spurningin er, viljum við bæta böggum á það stóra hlass sem lyfjakostnaðurinn í landinu er? Er ekki miklu skynsamlegra að flytja frumvörp sem byggja á þessu ítarlega nefndaráliti, sem er mjög vandað og sem við höfum hér í höndum, en að stíga skref sem gæti orðið skref í áttina að þjóðnýtingu lyfjadreifingarinnar?

Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra skýri þetta mál betur, að hvaða leyti séu tengsl á milli hugmyndanna um lækkun lyfjakostnaðar og þessa frv. eða hvort yfir höfuð þau tengsl séu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. að vafalaust vekur þetta litla frv. ýmsar spurningar og þá auðvitað í tengslum við hinn mikla lyfjakostnað í landinu. En fyrst aðeins örfá orð út af því sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykn. þar sem hann bendir á að það gæti verið sparnaður fyrir ýmsar aðrar stofnanir en sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, stofnanir sem vinna þó á sviði heilbrigðismála og veita þjónustu sjúkum eða fötluðum, að hafa heimild til þess að kaupa lyf beint af lyfjaheildsölunni en ekki eingöngu af smásalanum eða apótekinu. Þetta atriði finnst mér sjálfsagt að skoða nánar í nefnd. Ég man ekki eftir því að við höfum litið á það mál sérstaklega í ráðuneytinu að undanförnu og get því ekki svarað hv. þm. um það nákvæmlega hvort álit liggur þar fyrir eða hvort það hefur áður verið tekin afstaða til þess að þetta væri einhverra hluta vegna ekki framkvæmanlegt eða ekki skynsamlegt svo að ég vildi að það yrði litið á það mál nánar í heilbr.- og trn. þegar hún tekur frv. til meðhöndlunar.

Síðan vil ég víkja aðeins að máli hv. 3. þm. Reykv. sem ræddi hér allítarlega um kostnað við lyfjadreifinguna og lyfjanotkun hér á landi og það ítarlega nefndarálit sem nú hefur nýlega verið gengið frá af þeirri nefnd sem hv. þm. átti frumkvæði að að varð til þegar hún var heilbr.- og trmrh. Ég vil segja það strax að þetta litla frv. sem hér er til meðferðar er ekkert í tengslum við það nefndarálit Það var til fyrir í ráðuneytinu, var unnið í sumar og kom upp út af öðru máli, en á auðvitað líka að vera liður í því að draga úr lyfjakostnaðinum og skal ég reyna að gera aðeins nánari grein fyrir því en mér hefur tekist í framsögu minni áðan.

Þetta ítarlega nefndarálit hins vegar og það mikla starf sem þar var unnið er þess eðlis að við erum nú að skoða það í ráðuneyti og hjá landlæknisembætti hvernig við munum vinna úr því og hvað af þeim hugmyndum sem þar eru settar fram við getum notað okkur nú þegar til þess að ná settum markmiðum, bæði í fjárlögum þessa árs og eins sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. næsta árs að lækka umtalsvert heildarkostnað við lyfjanotkunina. Það er sjálfsagt ekki ólíklegt að það eigi eftir að koma hér inn í þingið síðar í vetur þó að sumt af því sem þar er lagt til sé hægt að vinna og framkvæma án þess að til komi lagabreytingar. Við erum nú þegar að skoða einstaka þætti, hvernig hrinda megi þeim í framkvæmd þannig að þeir geti þegar farið að spara ríkisútgjöld.

Þetta frv. er þess efnis að í 1. gr. frv. er bætt inn í 36. gr. gildandi lyfjadreifingarlaga orðunum „heilsugæslustöðvum og læknastöðvum". Það sem þarna er verið að leggja til er að þessar stöðvar, þessi þjónustustarfsemi geti keypt lyf á heildsöluverði beint af innflytjandanum eða framleiðandanum, þurfi ekki að fara í gegnum smásöluna, þurfi ekki að kaupa þessi lyf af apótekinu, en það er alls ekki hugsað til endursölu. Það er alls ekki gert ráð fyrir því og ég bið hv. þm. að veita því athygli að það er alls ekki

áformað með þessu litla frv. að heilsugæslustöðvarnar geti selt lyf eða geti verið dreifingaraðilar, alls ekki. Það er fyrst og fremst verið að tala um lyf sem notuð eru á stofnuninni, lyf sem notuð eru vegna þess að sjúklingur þarf í einhverja smávægilega aðgerð eða eitthvað annað það sem fer fram inni á heilsugæslustöðinni eða læknastöðinni og að sú starfsemi geti sparað sér þann kostnað sem er því samfara að kaupa lyfin af smásölum, en alls ekki gert ráð fyrir að þessar stöðvar verði söluaðilar. Það er nákvæmlega sama ákvæði sem á að gilda um þessa aðila og sjúkrahúsin sem þegar eru tilgreind í þessari tilteknu lagagrein.

Síðan aðeins út af hugleiðingum hv. þm. um það að þetta muni leiða til aukins kostnaðar sem gæti verið í því fólginn að þessar stöðvar þurfi síðan að ráða sér eða útvega sér aðgang að lyfjafræðingi til að fylgjast með lyfjanotkun og hafa eftirlit með þeim lyfjalager eða lyfjaforða sem væri til í heilsugæslustöðinni. Því er til að svara að í dag á þetta við um sjúkrahúsin. Sjúkrahúsin þurfa að hafa þennan aðgang, þau þurfa að eiga aðgang að lyfjafræðingum og hafa gjarnan leyst það svo að þau hafa notið þjónustu lyfjafræðings eða apótekara á staðnum, lyfjafræðings í nærliggjandi apóteki þar sem stofnanirnir eru það smáar að það er alls ekki um að ræða lyfjafræðing í fullu starfi og kannski varla hægt að segja í hlutastarfi, heldur einungis aðgangur að viðkomandi til ráðgjafar. Þannig er þetta líka hugsað og reyndar nauðsynlegt að heilsugæslustöðvar og læknastöðvar, ef þær notfæra sér þessa heimild að kaupa lyfin af heildsölu og liggja með einhvern lyfjalager, hafi aðgang að slíkri þjónustu, þ.e. þjónustu lyfjafræðings til ráðgjafar og eftirlits. Þar ætti að vera um mjög óverulegan kostnað að ræða sem getur alls ekki vegið upp þann sparnað sem hlýtur að vera því samfara að heilsugæslustöðin geti keypt lyfin í heildsölu.

Þetta eru nú held ég meginatriðin í því sem kom hér fram í máli hv. 3. þm. Reykv. og þeim spurningum sem hún beindi til mín. Ég bið menn að tengja þetta ekki þeirri miklu umræðu sem er um nauðsyn þess að lækka lyfjakostnaðinn og því ítarlega nefndaráliti sem hv. þm. gerði hér ágæta grein fyrir og má reyndar þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið af mér ómakið að þurfa að gera það einhvern tíma síðar og hefði kannski átt að gera það hér líka núna. En af því að þetta litla frv. er ekki í tengslum við þær hugmyndir og ég á alveg eins von á því að sú umræða eigi eftir að koma hér inn á þing aftur, þá leyfði ég mér að sleppa þeirri umræðu núna til þess að tefja ekki tíma og reyna frekar að hraða afgreiðslu frv. sem hér liggur fyrir og ég vona að ég hafi þá getað gert aðeins skýrari grein fyrir því máli heldur en mér tókst þó í framsöguræðunni áðan.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það var reyndar eitt sem ég fékk ekki svar við. Það var skýrgreiningin á læknastöð og ég hlýt að gera athugasemd við það því að það þarf ekki annað en að nokkrar lækningastofur séu í sama húsi til þess að unnt sé að kalla það læknastöð og þá er spurning: Hvaða rétt eiga þrír læknar í sama húsi fram yfir einn lækni í einhverju öðru húsi? Þetta er með öðrum orðum atriði sem er ekki nægilega skýrt. Ef þetta frv. fær brautargengi þarf nú í fyrsta lagi að hafa þetta atriði skýrara.

Í öðru lagi þykir mér líka losaraleg hugmynd hæstv. ráðherra um hlutverk lyfjafræðingsins. Hæstv. ráðherra sagði í skýringarræðu sinni, hinni síðari, að hér væri ekki um það að ræða að ráða lyfjafræðinga, heldur að það væri aðgangur að lyfjafræðingi eða unnt að spyrja lyfjafræðing ráða, skildist mér nánast. Ég hefði ætlað að það væru í sjálfu sér engin vandkvæði á slíku að öllu óbreyttu. Hins vegar segir svo í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið telur því nauðsynlegt að lögum verði breytt þannig, að þau standi beinlínis ekki í vegi fyrir því að lyfjaheildsalar geti selt slíkri starfsemi lyf, enda sé í fyllsta máta eðlilegt að svo sé gert, þar sem þjónustan er hin sama og veitt er á sjúkrahúsum", sem ég sé ekki að þurfi nú að vera skv. þeirri upptalningu sem er í sjálfri frumvarpsgreininni. Og enn segir í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu tilviki er rétt að benda á að því aðeins kæmi til sala á lyfjum í slíkum tilvikum að uppfyllt séu önnur ákvæði lyfjadreifingarlaga, t.d. um að þar starfi lyfjafræðingur sem hafi umsjón með og beri ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun innan hlutaðeigandi heilsugæslustöðva og læknastöðva."

Þetta er miklu meira hlutverk en það að unnt sé að ná í lyfjafræðing og spyrja hann ráða. Þetta er miklu viðameira hlutverk og hér er beinlínis talað um ráðningu þannig að mér sýnist nú ekki alveg ljóst hvernig slík lög yrðu túlkuð ef einhver vafi risi upp þegar hæstv. ráðherra segir eitt og í greinargerðinni stendur í raun og veru annað.

Á þetta vildi ég benda og enn fremur það að ég sé ekki hvaða nauðsyn ber til þess að taka þetta frv. og meðhöndla það hér í Alþingi aðskilið frá þeim frumvörpum sem ég vonast til að komi fram um lækkun lyfjakostnaðar. Mér virðist hafa verið unnið svo viðamikið og mikilsvert starf að það sé sjálfsagt með hagsmuni þegnanna fyrir augum að skoða þessi mál í samhengi en ekki að taka út úr mál sem er ekki nægilega skýrt hvernig túlkað verður eða hvernig framkvæmt verður og hvort hafi e.t.v., sem mér virðast allar líkur benda til, aukinn kostnað í för með sér.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að hafa ekki mjög mörg orð um þetta í viðbót. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að mér láðist það áðan að ræða svolítið um það sem hér kemur fram í 1. gr. frv. og kallað er „læknastöð."

Það kann að vera og ég verð þá að taka undir það með hv. þm. að hér sé ekki um að ræða nægjanlega skýra skilgreiningu vegna þess að það sé hægt að

heimfæra hana eða láta hana falla yfir starfsemi sem ekki er fyrirhugað að láta ákvæðið ná yfir eins og það er hér sett fram. En það sem heilbrrn. miðaði við og það sem var í umræðu þar þegar þetta frv. var í undirbúningi voru nokkrar læknastöðvar hér á höfuðborgarsvæðinu sem í dag vinna hliðstæð störf og heilsugæslustöðvar. Ég get nefnt stöð sem hefur venjulega gengið undir nafninu Álftamýrarstöðin svo að ég taki eitthvert dæmi til viðmiðunar.

En það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það eru auðvitað miklu fleiri staðir hér á þessu svæði og sjálfsagt víðar á landinu þar sem tveir, þrír, fjórir læknar starfa saman í húsnæði án þess að um sé að ræða sameiginlega starfsemi þeirra að öðru leyti. En við í heilbrrn. höfðum fyrst og fremst í huga þá starfsemi sem er hliðstæð heilsugæslustöðvunum, þar sem læknar eru með sameiginlega þjónustu og aðgerðarstofu og þurfa þess vegna að hafa lyfjaforða eða aðgang að lyfjum til þess að nota inni á þessum stofnunum.

Ég ítreka að það er sjálfsagt fyllilega réttmæt ábending hjá hv. þm. að þetta þurfi að skoða nánar og skilgreina eilítið skýrar en hér er gert í frumvarpstextanum eins og hann liggur fyrir því að eins og hv. þm. hefur bent á getur auðvitað verið um að ræða aðra sameiginlega starfsaðstöðu lækna sem væri erfitt að skilgreina hvort ætti að falla undir þetta ákvæði eða utan við það.

Varðandi það að ráða til starfa lyfjafræðing að heilsugæslustöðvunum og læknastöðvunum eða hafa aðgang að þjónustu lyfjafræðingsins vil ég aðeins segja það og ítreka að það hlýtur auðvitað að fara mjög eftir stærð stofnunarinnar. Nú er þetta svo að sjúkrahúsin þurfa að hafa aðgang að þessari þjónustu. Sum þeirra hafa ráðið lyfjafræðing. Þar starfa lyfjafræðingar á stærri stofnununum. Önnur hafa gert það á þann hátt að þau hafa ráðið lyfjafræðing í hlutastarf, greiða lyfjafræðingi að einhverjum hluta til fyrir þá þjónustu sem þar er veitt og er nauðsynlegt að veita til þess að framfylgja lögunum að öðru leyti og enn önnur hafa samið við viðkomandi apótekara, þar sem um er að ræða minnstu stofnanirnar, um að hann hefði þetta eftirlit eins og hér segir í greinargerðinni og hv. þm. las upp „umsjón með og beri ábyrgð á" þessum lyfjaforða sem þarna er. Það hlýtur því að fara mjög eftir stærð stöðvanna, eðli og umfangi. Það er auðvitað alveg ljóst að á stórri heilsugæslustöð, við getum tekið einhverja stóra stöð hér á höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri, þar sem starfa tugir manna, þar er auðvitað um að ræða allt aðra starfsemi og hlýtur að þurfa að hafa þar þjónustu lyfjafræðings með nokkuð öðrum hætti en kannski í lítilli stöð, H-1 stöð einhvers staðar úti á landi þar sem starfsemin er miklu umfangsminni og auðvitað algjörlega útilokað eins og aðstæður eru á þeim stöðum, a.m.k. í dag, að þar verði ráðinn lyfjafræðingur í fullt starf. Þar er kannski ekki einu sinni lyfjafræðingur á staðnum. Og þá hlýtur að verða að gera samning eða samkomulag við lyfjafræðing í næstliggjandi byggð eða apótek, að hann hafi umsjón með eða beri ábyrgð á þessum lyfjaforða sem þarna kynni að vera í heilsugæslustöðinni eins og hér er reyndar kveðið á um.

Ég vona að hafi ég talað eitthvað ónákvæmlega um það áðan líka þá skiljist það ekki svo að þetta sé lítils virði á þann hátt að þetta sé svona rétt til þess að hringja í og ráðfæra sig við eins og hv. þm. sagði og túlkaði mín orð á þann veg. Það var alla vega ekki meiningin. Hins vegar tel ég að það hljóti að vera hægt að ná samkomulagi við lyfjafræðinga um að veita þá ráðgjöf og hafa umsjón og bera ábyrgð á þessum forða án þess að um sé að ræða útgjaldasaman lið fyrir litla heilsugæslustöð.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýringuna á orðinu „læknastöð" í frv. og ég er því fegin að hæstv. ráðherra vill að þetta verði betur eða skýrar orðað í frv. á síðara stigi. Hæstv. ráðherra tók hér dæmi af Álftamýrarstöðinni, læknastöðinni þar sem svo var nefnd áður, en Álftamýrarstöðin er í raun og veru heilsugæslustöð og starfar sem slík og samkvæmt samningi við hið opinbera, þ.e. einkarekin heilsugæslustöð þannig að það ætti nú að vera vandalaust að kveða skýrar á um þetta.

En ég tel, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að nefndin, og þá þingið á síðara stigi, fái áætlun hæstv. ráðherra um það hve marga lyfjafræðinga þarf til þessara starfa ef heilsugæslustöðvum er veittur þessi réttur almennt, en þær eru margar í landinu. Að vísu segir í grg. frv. að þessum stofnunum megi alveg jafna til sjúkrahúsa, en ég hefði haldið að það væri einmitt eitt af grundvallaratriðum í heilbrigðisþjónustulögunum að þær hefðu annað hlutverk, þar væri frumheilsugæslan og sjúkrahúsin hefðu eðli sínu samkvæmt umönnun og lækningu sjúkra með höndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur frammi um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er samið í samráði við stjórn Hollustuverndar ríkisins og er tilgangur frv. sá að Hollustuvernd ríkisins búi yfir sömu ráðum til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og heilbrigðisnefndir búa yfir í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með það sem kallað hefur verið beint eftirlit.

Samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem að grunni til eru frá 1981, er heilbrigðiseftirlit hér á landi í höndum heilbrigðis-

nefnda sveitarfélaga og starfa heilbrigðisfulltrúar sem framkvæmdaaðilar heilbrigðisnefndanna og eru starfsmenn sveitarfélaganna. Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna er ætlað að hafa með að gera það sem kallað hefur verið frumheilbrigðiseftirlit eða beint eftirlit. Þetta eftirlit er því rekið á kostnað og ábyrgð sveitarfélaganna með nokkrum undantekningartilvikum.

Skv. 2. tölul. 17. gr. laganna er Hollustuvernd ríkisins ætlað beint eftirlit með innflutningi á matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og enn fremur er gert ráð fyrir því í 4. tölul. 13. gr. laganna að Hollustuvernd ríkisins geti samkvæmt ákvörðun ráðherra, náist samkomulag þar um, tekið að sér beint eftirlit. Hefur þessu verið þannig háttað í reynd að Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit með ýmiss konar mengandi starfsemi í samræmi við reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Þar sem heilbrigðisnefndir fara með eftirlit geta þær samkvæmt lögunum beitt ýmsum ráðstöfunum til þess að knýja á um framkvæmdir eða til þess að viðkomandi starfsemi verði stöðvuð ef ekki er orðið við fyrirmælum, sbr. nánar í 27. gr. laganna. Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlitið, eins og gildir um innflutningseftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eða eftirlit með mengandi starfsemi, er engum slíkum lagafyrirmælum til að dreifa þannig að heilbrigðisnefndir hafa þurft að grípa til ráðstafana vegna eftirlits sem Hollustuvernd ríkisins er falið. Þetta er að mati ráðuneytisins ekki eðlileg ráðstöfun þar sem hafa verður í huga að hlutaðeigandi sveitarfélög hljóta að bera ábyrgð á aðgerðum sem þau grípa til í þessu skyni án þess þó að starfsmenn þeirra, þ.e. heilbrigðisnefndir eða heilbrigðisfulltrúar, hafi með málið að gera að öðru leyti. Þannig fer ekki saman raunveruleg ákvarðanataka og framkvæmd ráðstöfunarinnar.

Hefur þetta m.a. leitt til þess að erfiðlega hefur gengið að fá heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna til þess að grípa til ráðstafana sem hugsanlega kynnu að baka þeim fjárhagsábyrgð án þess að geta dæmt um málið á fyrri stigum. Þannig hefur ekki farið saman raunveruleg ákvarðanataka og framkvæmd.

Það er því álit ráðuneytisins og stjórnar Hollustuverndar ríkisins að eðlilegt sé að sú stofnun búi yfir sömu ráðum til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og heilbrigðisnefndirnar búa yfir í dag fari stofnunin með beint eftirlit. Slíkt eftirlit heyrir til undantekninga eins og fram hefur komið en getur hins vegar varðað mjög mikilvæg atriði, atriði sem að öðru jöfnu gætu haft alvarlegri afleiðingar, sé ekki við brugðist, en margt af því sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur með að gera. Í þessu tilviki má benda á eftirlit Hollustuverndar ríkisins með mengandi starfsemi eins og t.d. stóriðju.

Þeir þættir, sem Hollustuvernd ríkisins hefur með að gera í formi frumeftirlits, eru þekktir og sé ætlunin að beita þeim eða auka við þarf til sérstakt samkomulag við heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, sbr. nánar 4. tölul. 13. gr. laganna, og ætti því ekki að verða hætta á árekstrum við eftirlit sveitarfélaganna um framkvæmdina.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um frv. þetta því að það er í eðli sínu skýrt og kveður á um hluti sem hljóta að teljast eðlilegir með hliðsjón af því að haldið skuli úti heildstæðu heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirliti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með ósk um að nefndin hraði störfum sínum svo að möguleiki gefist til að afgreiða frv. fyrir áramót. En það er æskilegt að þessar breytingar nái fram að ganga með gildistöku 1. jan. nk. þegar ný mengunarvarnareglugerð öðlast gildi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér er eins og með frv. sem við ræddum áðan fáort frv. sem vekur margar spurningar. Í fyrsta lagi er nú það að ég bar þetta saman við lögin nr. 81/1988, sem þessi lög eiga að breyta. Frv. heitir: „Frumvarp um breytingu á lögum nr. 81/1988" og 1. gr. þess hljóðar svo: „Nýr tölul. er verði 7. tölul. 29. gr." og síðan kemur orðalagið, 29.7, en 29. gr. laga nr. 81/1988 er ekki í neinum töluliðum. Það má segja að þetta sé formsatriði, en hún er einungis svona, með leyfi hæstv. forseta. Það frv.. lög nr. 81 1988 fjölluðu um breytingu á lögum nr. 109/1984 og 29. gr. þeirra laga var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. tölul. 29. gr. laganna orðist svo:

Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar."

Þetta var um það að 1. tölul. 29. gr. orðist svo, en þetta frv. er um það að nýr tölul. verði nr. 7. Þetta finnst mér ekki vera alveg nægilega skýrt. Mér sýnist fyrirsögn frv. eiginlega ekki rétt, þannig að ég hygg nú að það ætti e.t.v. að fresta þessari umræðu og prenta skjalið upp þannig að vísað sé í rétt frv. Þetta getur valdið svolitlum ruglingi.

En þetta vekur hins vegar spurningu um eitt og annað burt séð frá þessu atriði sem er greinilega mistök einungis í frágangi hins endanlega búnings og hlýtur að verða leiðrétt ef athugun leiðir til þess. Það hefur kannski einhver flýtir verið á hæstv. ráðherra við framlagningu þessa frv. og manni gæti dottið í hug að skýringin á þeim flýti lægi á borðinu hjá okkur og hefði einmitt verið útbýtt núna á þessum fundi. Eða hvað? Því að hér hefur verið útbýtt lagafrv. um breytingu á lögum sem fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis. Mér hefur ekki gefist tími til að skoða það rækilega. Það er nú svo að stjórnarandstaðan er ekki virt þess að henni sé sýnt stjfrv. af þessu tagi á undirbúningsstigi, þótt mikilvægt sé. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

En ef mér missýnist ekki við fljótan yfirlestur á því frv. þá á að flytja þessa starfsemi, þ.e. hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, úr heilbr.- og trmrn. Það er því eðlilegt að hæstv. heilbrrh. vilji hafa hraðar hendur við að breyta lögunum áður en hann sleppir þeim úr sinni umsjá og að nauðsynlegt þyki að koma þessu í gegn fyrir áramót. Ske kynni að hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að koma frv. um umhverfisráðuneyti í gegn fyrir áramót. Ella breytist forsendan bresti fyrir ráðherrasæti eins hæstv. ráðherranna. Það er því töluvert samhengi í þessum hlutum þó að hér sé ekki um eitt og sama frv. að ræða, þessa breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit annars vegar og breytingu á lögum sem fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis hins vegar. Þetta út af fyrir sig er kannski atriði sem vert er að ræða þegar að því kemur að fjalla um þetta nýja frv. sem hér hefur verið lagt fram og verður tekið fyrir að því er best er vitað með allnýstárlegum hætti hér síðar í dag.

En svo að vikið sé að efnisatriði þessa frv. þá vill hæstv. ráðherra með lögum færa visst þvingunarvald, hálfgert lögregluvald, til ríkisstofnunar. Vissulega þurfa að vera fyrir hendi úrræði ef þverskallast er við heilbrigðisfyrirmælum og lögum og reglum um heilbrigðiseftirlit. En ég sé ekki að það sé skynsamlegt að auka á starfsemi ríkisins að þessu leyti. Ef á skortir lagatengingu að þessu leyti við heilbrigðisnefndirnar heima í héraði virðist skynsamlegra að það sé orðað greinilega að Hollustuverndin geti lögum samkvæmt falið heimaaðilum framkvæmdina og ég hafði skilið það svo að ákvæðið um úrskurðarvald ráðherra, þegar svona stendur á eins og nú er í lögunum, gæti falið þetta í sér. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það mætti hafa þau lagaúrræði skýrari. Mér virðast samt vera öll rök fyrir því að slíkar aðgerðir séu heima á stöðunum úti um landið, það hlýtur að vera hagkvæmara, en hins vegar ef það er ríkisvaldið sem gefur þau fyrirmæli þá hlýtur aðgerðin líka að vera á ábyrgð þess. En eins og þetta frv. er orðað hefði ég haldið að þetta gæfi enn eitt tilefnið til þess að búa til nýtt kerfi innan ríkisins, í þessu tilviki Hollustuverndar. Hlýtur það að verða mjög þungt í vöfum ef aðilar hér syðra eiga að geta framkvæmt ýmsar þvingunarráðstafanir til heilbrigðiseftirlits úti um landið.

Þetta skýrist nú e.t.v. nánar í meðferð málsins í nefnd. Mér sýnist, eins og ég benti á í upphafi, sem málið sé ekki enn í því formi að það sé hægt að vísa því til nefndar. Ég held að það sé alveg ljóst að það þurfi að prenta upp skjalið en þegar þar að kemur skal ég ekki standa í vegi fyrir því að því verði vísað til nefndar en að því yrði þá vísað til nefndar þegar það hefði verið gert og umræðunni frestað að sinni.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

10. fundur, miðvikudaginn 8. nóv., að loknum 9. fundi.

Um þingsköp.

Frumvörp um umhverfismál.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þeirri málsmeðferð sem hér á að knýja í gegn með því að taka þetta mál, málefni um umhverfisráðuneyti, á dagskrá með afbrigðum.

Ég tel, eins og fram kemur reyndar í þskj., að hér standi flokkar ekki jafnt að vígi. Stjórnarflokkarnir ásamt Kvennalista hafa setið í nefnd sem hefur fjallað um þetta mál. Frjálslynda hægriflokknum var ekki boðin þátttaka í þessu nefndarstarfi og eftir því sem ég best veit ekki heldur Sjálfstfl., en það skiptir Frjálslynda hægriflokkinn reyndar engu máli. Við höfum því ekki haft tök á því að fylgjast neitt með málinu og við höfum ekki vitað af því fyrr en þskj. var dreift í dag. Ég tel það algjöra lágmarkskröfu að þingflokkar fái í það minnsta tíma til að lesa þingskjölin áður en þau eru knúin hér á dagskrá. Ég tel þetta ólýðræðislega að hlutum staðið og ekki þinglegt og bæði þinginu og 1. flm. til vansa. Ég fer því fram á að þetta mál verði ekki tekið á dagskrá fyrr en á næsta fundi þessarar deildar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 5. þm. Vesturl. vil ég geta þess að mjög breið samstaða hefur náðst um það á milli þingflokka að þessi mál, 4. og 5. dagskrármálið, verði tekin á dagskrá hér á þessum fundi, þau rædd en umræðu verði eigi lokið.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Launaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frh. 1. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forsrh. hefur heimild til þess að mæla fyrir þessum báðum málum samtímis ef hann svo kýs. Málin eru mjög tengd og hefur það verið rætt og hann hefur heimild til þess ef hann kýs svo.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að taka mál þessi á dagskrá nú og jafnframt þakka ég þingmönnum fyrir að greiða fyrir því að svo gæti orðið og ekki síst þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Á síðasta þingi lagði ég fram frv. um umhverfisráðuneyti. Það varð ekki útrætt. Ég tilkynnti þá að ég mundi láta skoða þau mál á milli þinga og leggja fram að nýju frv. um umhverfisráðuneyti nú á haustþingi. Nefnd skipaði ég síðan til að yfirfara þessi mál og hún gerði það mjög ítarlega, hélt fjöldann allan af fundum, átti fundi með mörgum stofnunum sem þessi mál varða, mörgum áhugafélögum sem láta sig umhverfismálin varða og fór yfir þær umsagnir sem höfðu borist í meðferð hv. allshn. á þessu máli á síðasta þingi. Þau tvö frv. sem ég leyfi mér að mæla hér fyrir samsíða eru árangurinn af því starfi.

Sú meginbreyting er hér gerð að nú er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands þar sem fyrst og fremst er bætt við í upptalningu á ráðuneytum umhverfisráðuneyti en jafnframt eru þar ákvæði til bráðabirgða sem ég mun koma að síðar.

Hins vegar er flutt frv. til laga sem á dagskránni er nefnt yfirstjórn umhverfismála og fjallar um þær fjölmörgu breytingar sem þarf að gera á ýmsum lögum sem þessu tengjast.

Ég ætla nú ekki að hafa langa ræðu því tíminn er afar takmarkaður en vil þó segja bæði nokkur almenn orð um umhverfismálin og svo að sjálfsögðu lýsa þeim frv. sem hér eru til umræðu.

Segja má að viðhorf manna til umhverfismála greinist í þrennt. Í fyrsta lagi eru þeir sem ekki telja þörf á því að setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti og telja að sinna megi þeim málum með samstarfi hinna ýmsu ráðuneyta sem að umhverfismálunum koma. Á hinum kantinum eru svo þeir sem vilja setja á fót umhverfisráðuneyti og fela því mjög mikil og víðtæk verkefni sem má segja að tengist öllum atvinnuvegum og veita slíku ráðuneyti jafnframt mjög víðtækar heimildir til að grípa inn í ef talið er að umhverfi spillist af athöfnum manna eða fyrirtækja. En síðan eru aðrir sem kjósa fremur að fara þarna meðalveginn, setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti en fylgja þeirri meginreglu að viðkomandi atvinnuvegir eigi að vera ábyrgir fyrir umhverfi sínu, ábyrgir fyrir að lagfæra það sem úrskeiðis kann að hafa farið og halda því við sem nauðsynlegt er til að umhverfið geti talist hreint. Þau frv. sem hér eru lögð fram fylgja þessari millileið.

Um þetta má að sjálfsögðu lengi ræða og lengi deila. En ég vek athygli á því að í mjög umræddri skýrslu fyrrv. forsrh. Noregs, Gro Harlem Brundtland, Brundtland-skýrslunni svonefndu, er einmitt lögð áhersla á að viðkomandi atvinnuvegir verði að vera meðábyrgir í meðferð umhverfisins og ýmsir hafa talið þar með eðlilegt að þeir væru ábyrgir fyrir lagfæringum á því sem úrskeiðis kann að fara.

Hér er því t.d. fylgt að þetta ráðuneyti ákveður ekki veiðiheimildir á fiskistofnum heldur er það sjútvrn. áfram sem gerir það. Hafrannsóknastofnun er því ekki flutt yfir til umhverfisráðuneytisins, þótt að sjálfsögðu fiskistofnarnir í kringum landið séu ein mikilvægasta auðlind okkar og ekki megi ofnýta þá, ekki megi ganga á fiskistofnana eins og með ofveiði kynni að verða gert.

Ég nefni þetta vegna þess að þeir sem lengst hafa gengið hafa sumir hverjir talið að jafnvel slík ákvörðun ætti að vera í umhverfisráðuneyti. Hins vegar hefur umhverfisráðuneyti að sjálfsögðu eftirlit með mengun sjávar og kemur það fram í því sem ég mun ræða hér á eftir, bæði geislavirkni sjávar, olíumengun, efnamengun o.s.frv.

Þeirri sömu reglu er fylgt hér varðandi t.d. landbúnaðinn að umhverfisráðuneyti gegnir þar mjög viðamiklum verkefnum í eftirliti með gróðri, graslendi, skógrækt og þess háttar. En landbúnaðurinn heldur áfram hjá sér þeirri ábyrgð að bæta og halda við því gróðurlendi sem til landbúnaðar er notað. Kem ég einnig nánar að því hér á eftir.

Lýsing á verkefnum ráðuneytisins kemur allítarlega fram í grg. og ætla ég að fara yfir meginþætti þeirra. Rétt er að geta þess strax að í meðferð nefndarinnar á þessu máli hefur töluvert verið aukið við verkefni umhverfisráðuneytis frá því sem var í því frv. sem ég flutti í fyrra, þó fyrst og fremst sé þar um að ræða að flytja ýmsar stofnanir sem koma að

umhverfismálum til þessa nýja ráðuneytis. Má segja að þannig séu í flestum tilfellum dregnar hreinni línur. Þó eru þau tilfelli hér þar sem umhverfisráðuneytinu er ætlað að starfa með öðrum ráðuneytum og með stofnunum sem heyra undir önnur ráðuneyti.

Með viðfangsefnum umhverfisráðuneytisins er m.a. talið:

1. Mál er varða náttúruvernd, þjóðgarða, landgræðslu að því er tekur til gróðurverndar, varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs, verndun, friðun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, jarðrask og efnistöku, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og efling alhliða umhverfisverndar. Þó eru þarna á þær undantekningar sem ég nefndi t.d. áðan með sjávardýr og sömuleiðis hvað varðar gróðureyðingu o.s.frv., þar hafa Landgræðslan og Skógræktin eftir sem áður mikilvægum hlutverkum að gegna.
2. Mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, mál sem varða meðferð eituefna og varnir gegn skaðlegri geislun og mál sem varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
3. Skipulags- og byggingarmál, friðlýsing húsa, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar, og alþjóðleg samvinna á því sviði.
5. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
7. Mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu þjóða á sviði umhverfismála og framkvæmd á alþjóðasamningum um það efni.

Til að framkvæma þessi mörgu og miklu verkefni er gert ráð fyrir því að eftirgreindar stofnanir og embætti komi undir umhverfisráðuneytið:

1. Náttúruverndarráð.
2. Hollustuvernd ríkisins.
3. Eiturefnanefnd.
4. Geislavarnir ríkisins.
5. Siglingamálastofnun ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.
6. Skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjórn.
7. Landmælingar ríkisins.
8. Húsfriðunarnefnd.
9. Embætti veiðistjóra.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands.
11. Veðurstofa Íslands.

Eins og fram kemur af þessari upptalningu eru fleiri stofnanir en áður var gert ráð fyrir færðar til umhverfisráðuneytisins. Þess skal getið að í nefndinni sem þetta vann var fullt samkomulag um þær stofnanir sem hér hafa verið nefndar. Segja má að umhverfisráðuneytið sé þannig stórum öflugri heild heldur en gert var ráð fyrir í upphaflegri mynd eins og ég lagði hana fram í fyrra.

Þess má jafnframt geta að á vegum forsrn. er verið að athuga uppstokkun Stjórnarráðsins á miklu breiðari grundvelli. Það verk er nokkuð langt komið en þó langt frá því að vera lokið. Sá flutningur stofnana sem hér er gert ráð fyrir er í samræmi við þær hugmyndir sem nú liggja fyrir um slíkt.

Um einstök atriði í frv. vil ég nefna sérstaklega Hollustuvernd ríkisins sem nú er gert ráð fyrir að flytja alla yfir til umhverfisráðuneytinsis, en í fyrra frv. var gert ráð fyrir að henni yrði skipt, þ.e. að eftirlit með mengun umhverfis yrði flutt til umhverfisráðuneytisins en eftirlit með eitrun matvæla yrði áfram hjá heilbrrn.

Ég skal viðurkenna það að fyrir mitt leyti hefði ég frekar kosið að eftirlit með eitrun matvæla yrði áfram hjá heilbrrn., en á því voru taldir afar miklir vankantar, m.a. af starfsmönnum þessarar stofnunar, að skipta henni. Og það var farið eftir þeirra tillögum, m.a. að hún flyttist þá heldur öll yfir. Út af fyrir sig á það ekkert að draga úr eftirliti með eitrun matvæla eða efnum í matvælum sem ekki eru leyfð.

Eiturefnanefnd er færð yfir og Geislavarnir ríkisins. Um það hefur töluvert verið rætt. Eins og nú er ástatt annast Geislavarnir ekki síst, og reyndar fyrst og fremst, eftirlit með geislun á sjúkrahúsum og þess háttar. Hins vegar eru allir sammála um að eftirlit með geislavirkni í hafi og á landi muni aukast mjög mikið og miklar skyldur muni hvíla á okkur Íslendingum í því sambandi. Því taldi nefndin, og á það hefur verið fallist, rétt að Geislavarnirnar flyttust sem slíkar yfir til umhverfisráðuneytisins. En að sjálfsögðu munu þær eftir sem áður veita þá þjónustu sem nauðsynleg er á sjúkrahúsum.

Þá er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði, að Skipulagsstjóri og Landmælingar flyttust yfir sem ekki var áður.

Nokkuð hefur verið rætt um flutning Veðurstofu Íslands. Veðurstofan annast allar mælingar sem fara fram t.d. á súrnun andrúmslofts og yfirleitt þeirri mengun sem finnst í andrúmsloftinu og því var talið eðlilegt að hún flyttist. Náttúrufræðistofnun Íslends yrði að öllum líkindum, ef samþykkt verður, sú rannsóknarstofnun sem ekki síst yrði byggt á í þeirri umhverfisvernd sem hér er gert ráð fyrir, a.m.k. hvað varðar landið, gróðurinn og ýmislegt sem því viðkemur.

Ég vil svo geta sérstaklega um helstu álitamál. Reyndar má segja að frá hendi nefndarinnar sé það fyrst og fremst eitt, þ.e. landgræðsla og skógrækt, sem einnig var mjög umdeilt við meðferð málsins á síðasta þingi og sumir hafa talið að ætti að flytjast að öllu leyti yfir til umhverfisráðuneytis. Nú verður því að sjálfsögðu ekki neitað að fyrir landbúnaðinn er afar mikilvægt að hafa stofnanir sem sinna því að bæta gróðurlendi sem að sjálfsögðu er undirstaða

landbúnaðar hérlendis. Sömuleiðis gera menn sér vonir um að skógrækt geti orðið landbúnaður, geti orðið atvinnugrein. Vil ég því taka undir það sem ýmsir fulltrúar landbúnaðarins hafa sagt þegar þeir telja óhjákvæmilegt að þetta verði hjá landbúnaðinum a.m.k. að hluta.

Um þetta var mikið rætt og má segja að niðurstaðan hafi orðið sú sem kemur fram í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði til bráðabirgða gera ráð fyrir því að eftir gildistöku laga þessara skipi umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frv. til laga um umhverfisvernd.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því að fyrir 1. nóv. 1990 skuli umhverfisráðherra í samráði við viðkomandi ráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 1986 — það er vegna þess að þar blandast að sjálfsögðu hagsmunir — um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1985, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglum sem tengjast verksviði umhverfisráðuneytis.

Í skýringum við 1. og 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir um 1. tölul.:

„Við samningu frv. til laga um umhverfisvernd verður m.a. fjallað um sérstaka umhverfisverndarstofnun. Hún taki að sér þau verkefni á sviði landgræðslu og skógræktar sem heyra undir umhverfisráðuneyti og yfirstjórn þess samkvæmt athugasemdum hér á eftir og drögum að reglugerð í fskj. I."

Í þessu sambandi þarf að sjálfsögðu að athuga hvernig þetta tengist Náttúruverndarráði og Náttúrufræðistofnun. Það er ekki ætlunin hér að fara að setja fleiri aðila inn í þetta en með því sem, og ég kem að því síðar, Náttúruverndarráði er falið þá er verksvið þess náttúrlega stórlega útvíkkað og það komið að sumu leyti út í framkvæmdir og rannsóknir sem það hefur ekki haft með að gera áður. Það er því nauðsynlegt að samræma þessa starfsemi alla og því sett hér fram að það mætti gera með sérstakri umhverfisverndarstofnun.

Um 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir, með leyfi forseta:

„Við endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt skulu eftirtalin málefni verða á verksviði umhverfisráðuneytis:

1. Gróðureftirlit og gróðurrannsóknir.
2. Gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu, án þess að búist verði við að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar.

Á verksviði landbrn. verði eftirtalin málefni:

1. Ræktun ógróins eða lítt gróins lands með það í huga að fá af því beinar nytjar, t.d. að rækta beitilönd og tún.
2. Breytingar á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og renna þannig fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga."

Í þessu sambandi er nauðsynlegt, eins og forseti hefur leyft, að vísa til frv. til laga um yfirstjórn umhverfismála, þar sem í 1. gr. er fjallað einmitt um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og segir, með leyfi forseta:

„Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðið falið gróðurverndunarnefndum slíkt eftirlit.

Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1985, og laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, með síðari breytingum, getur umhverfisráðherra að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs fyrirskipað sérstakar friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 4. og 5. mgr."

Hér er með öðrum orðum í fyrsta lagi lögð áhersla á samstarf þessara stofnana og umhverfisráðuneytis, en umhverfisráðuneytinu þó heimilað að grípa inn í ef gróður er talinn vera í alvarlegri hættu. Ég vil leggja á það áherslu í þessu sambandi, af því að mjög hefur verið um það rætt, að að sjálfsögðu hefur landbúnaðurinn áfram öll tök á nauðsynlegum rannsóknum sem hann þarf til að bæta búskaparaðstöðu og ég vek athygli á því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins er hinn öflugasti aðili á þessu sviði. Og af því að sumir hafa óttast að rannsóknir verði þá algjörlega teknar í burt frá stofnunum landbúnaðarins, þá er vitanlega alls ekki um það að ræða. Langsamlega öflugustu rannsóknirnar á gróðurlendi eru hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hins vegar er jafnframt eðlilegt að umhverfisráðuneytið sinni t.d. ýmissi uppgræðslu þar sem engra hagsmuna er að gæta hjá landbúnaðinum, svo sem á hálendi þar sem ekki er um beit að ræða og menn vilja bæta landið, svo dæmi séu nefnd, en geti jafnframt gripið í taumana eins og annars staðar ef um hættu er talið að ræða. Það er því von mín að með þessu móti hafi tekist að sætta að nokkru ólík sjónarmið og hef ég reyndar orðið var við það í viðræðum sem ég hef átt við ýmsa aðila um þessi mál.

Hér eins og á fjölmörgum öðrum sviðum svona viðamikils máls verður reynslan að skera úr. Meðferð umhverfismála kemur ekki fullsköpuð með samningu þessara frv. Hér er um það að ræða að margar stofnanir þurfa að vinna saman og móta ef vel á að takast.

Eins og rætt hefur verið um liggur hér jafnframt fyrir frv. til laga um yfirstjórn umhverfismála þar sem breytt er þeim ýmsu lögum í einum bandormi í 22 greinum sem með fyrra frv. sem ég hef lýst, ef að lögum verður, falla undir umhverfisráðuneytið.

Ég tel mig ekki þurfa að rekja það í neinum smáatriðum því að í raun og veru felst það í þeirri lýsingu sem ég hef gefið á verkefnum unhverfisráðuneytisins og læt það því nægja.

Ég vil síðan að lokum, herra forseti, aðeins leggja áherslu á það að á þessum málum er okkur Íslendingum ekki á öðru stætt en að taka af mikilli

festu. Við erum ekki einir í heiminum og þótt við fögnum því nú að sjórinn í kringum landið er talinn tiltölulega hreinn, þá er ekki að vita hvað svo verður lengi. Við hljótum að láta okkur mjög varða það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Óhreinindi sjávar berast hingað fyrr eða síðar ef við tökum ekki þátt í að sporna við því og til að geta gert það þurfum við að sjálfsögðu að vera hér með öfluga starfsemi á sviði mengunar sjávar.

Við getum sömuleiðis þakkað það að hér mælist tiltölulega lítið súrt regn og sömuleiðis höfum við ekki hér skóga sem eyðast af súru regni. En það vex stöðugt hér og getur eytt fiski í vötnum og við munum ekki fara varhluta af áhrifum iðnaðarmengunar í himinhvolfinu á gróður jarðar í gegnum gróðurhúsaáhrifin, bráðnun jökla o.s.frv., sem reyndar mundi gæta hér gífurlega mikið. Vitanlega hlýtur sú krafa að vera gerð til okkar að við komum í veg fyrir slíka mengun frá okkar atvinnurekstri og verðum að taka það mjög föstum tökum. Ég tel að því verði alls ekki á móti mælt að uppblástur gróðurlendis heldur áfram, þótt víða hafi töluvert áunnist á einstökum svæðum, og er eitthvert allra mesta umhverfisvandamál sem við eigum við að stríða. Á öllu þessu verðum við að taka og okkur ber sömuleiðis nauðsyn til þess að taka þátt í þeirri alþjóðlegu starfsemi á þessu sviði sem fer mjög ört vaxandi og hefur reynst okkur erfið m.a. af því að ábyrgð í þessum málum hefur verið óljós og mjög dreifð á milli hinna ýmsu ráðuneyta.

Ég vildi leyfa mér að vona að hér sé farin sæmileg meðalleið sem menn geta sætt sig við í þessum efnum en um leið þá líka tekið á þeim af þeirri festu sem óhjákvæmilegt er. Hér þarf vitanlega að breyta reglugerð um Stjórnarráð Íslands í framhaldi af samþykkt þessara frumvarpa, ef verður, og sú reglugerðarbreyting er rakin hér. Sömuleiðis er ljóst að þessu fylgir nokkur kostnaður og er það rakið hér í lok síðustu bls. frv. Áætlað er að kostnaður verði samtals um 15 millj. kr. á árinu 1990, þ.e. launaútgjöld og svo önnur gjöld á árinu verði um 11 millj. kr. Nokkur stofnkostnaður verður á þessu ári og er hann líka rakinn hér. Í þessu felst að sjálfsögðu mikill flutningur starfsliðs hjá stofnunum á milli ráðuneyta og því ekki um neina aukningu þar að ræða. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að starfsmenn einstakra ráðuneyta sjálfra flytjist þarna á milli nema í takmörkuðum mæli, en það verður vitanlega til endurskoðunar í tengslum við lög um Stjórnarráð Íslands.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Þessi frumvörp hafa nú verið tekin á dagskrá með afbrigðum. Það út af fyrir sig eru gagnrýniverð vinnubrögð að taka svo viðamikil mál sem frv. um stofnun umhverfismálaráðuneytis og frv. til l. um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands til 1. umr. þegar þingmönnum hefur ekki gefist tími til að kynna sér til hlítar þessi mál og í þeim búningi sem ætla má að sé hinn endanlegi búningur að mati stjórnarflokkanna. Ég hlýt að lýsa sérstakri óánægju sjálfstæðismanna með þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar þar sem við höfum engan þátt átt í samningu frumvarpanna. Það er því nauðsynlegt að taka það fram strax að þessari umræðu getur ekki lokið hér í dag eins og hæstv. forseti hefur raunar þegar lýst yfir. En það er m.a. vegna fjarveru hæstv. forsrh. í næstu viku sem á það er fallist af okkar hálfu að hefja þessa umræðu hér í dag.

Mér er ljóst að ríkisstjórnin leggur á það ofurkapp að fá þetta mál samþykkt fyrir jól. Ég vil ekki spá um hvort það tekst en hef um það verulegar efasemdir. En sem sagt, þrátt fyrir gagnrýniverð vinnubrögð við framlagningu málsins vildum við ekki standa í vegi fyrir því að 1. umr. gæti hafist.

Já, það liggur á að fá þetta mál samþykkt, segir ríkisstjórnin og ástæðurnar eru auðvitað augljósar. Nýr flokkur var fenginn til liðs við ríkisstjórnina í septembermánuði sl. og fyrstu afborganir af þeirri skuld sem stofnað var til fyrir stuðninginn eru þegar fallnar og hver gjalddaginn tekur nú við af öðrum. Í fjáraukalagafrv. sem liggur fyrir Sþ., en ekki hefur enn verið mælt fyrir, sjáum við þessar fyrstu afborganir. Þær eru vegna hæstv. hagstofuráðherra og stofnunar umhverfisráðuneytis sem hefur reyndar ekki verið stofnað, kr. 8 millj. 290 þús. Nýr dóms- og kirkjumálaráðherra virðist hins vegar skv. fjáraukalagafrv. hafa fengist gratís, a.m.k. sé ég ekkert um hann í fjáraukalagafrv.

Þær næstu afborganir sjáum við svo í fjárlagafrv. sjálfu fyrir næsta ár. Mér sýnist það vera 34 millj. til hins nýja umhverfisráðuneytis. En það er svo auðvitað spurning hvort eitthvað dregur úr greiðslum á móti, t.d. til Samtaka jafnréttis og félagshyggju þannig að þegar allt kemur til alls verði kostnaður ríkissjóðs kannski lítið meiri en ætla hefði mátt miðað við óbreytt ástand. Kannski verða engir deildarstjórar ráðnir, hvorki í forsrn. né önnur ráðuneyti til að fara yfir stjórnarfrumvörpin fyrir hv. þm. Stefán Valgeirsson. Kannski verða engar fleiri aukafjárveitingar til Silfurstjörnunnar í Öxarfirði, látið bara nægja að gefa þessar 3,3 millj. vegna tilraunastarfsemi og rannsókna á sjótöku úr borholum til laxeldis, eins og það heitir í fjáraukalagafrv. og nú er beðið um að Alþingi leggi blessun sína yfir. Kannski verður þetta bara allt á sléttu.

En það liggur líka á að koma réttum titli á hagstofuráðherrann. Í nýjasta hefti tímaritsins Nordisk Kontakt er Júlíus Sólnes titlaður miljöminister. Já, fínt skal að vera, var einu sinni sagt. Minister for statens statistikkontor lætur ekki vel í eyrum Norðurlandabúa og kontóristar viljum vér engir vera eins og komið hefur fram áður.

Það er nú kannski lítilfjörlegt þótt hæstv. ráðherra sé titlaður miljöminister í þessu tímariti og mér er kunnugt um það mun verða leiðrétt. En mér finnst öllu verra þegar hæstv. ráðherra er farinn að undirrita bréf sem ég veit ekki hvað fara víða. Ég er hérna með bréf í höndunum. Það er til þeirra sem málið

varðar, To Whom it May Concern, eins og það heitir og þar skrifar hæstv. ráðherra undir bréf sem stjórnarformaður tiltekins fyrirtækis og titlarnir eru þessir: Júlíus Sólnes, Chairman of the Board, Member of Parliament, Minister of Environmental Affairs. Hvað finnst nú hv. alþm. um svona lagað? Er þetta kannski bara allt í lagi? Hreint smámál miðað við ýmislegt annað sem upp hefur komið í kringum þessa ríkisstjórn og hæstv. ráðherra? Mér sýnist nú að sumt af því sem hefur verið svolítið ofarlega í umræðunni verði nú harla lítilfjörlegt í samanburði við þetta. En þetta þarf kannski ekkert að koma á óvart. Það hefur komið fyrir áður að þar sem þessa ríkisstjórn skortir lagaheimildir, þá tekur hún sér lagasetningarvaldið sjálf.

Eitt vakti athygli mína hér í dag fyrr á fundinum. Við vorum þá að hlusta á hæstv. heilbrrh. þar sem hann var að mæla fyrir frv. um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þar á að veita Hollustuvernd heimild til að beita sömu þvingunarráðstöfunum og heilbrigðisnefndir hafa ef ekki er farið að fyrirmælum. Sérstök áhersla er lögð á að afgreiða það mál fyrir áramót. En þennan sama dag eru svo lögð fram frumvörp sem gera ráð fyrir því að þessi mál verði tekin úr höndum heilbrrh. Ég skil ekki alveg hvers vegna. Hvers vegna þessi hamagangur?

Herra forseti. 4. mál þessa þings var frv. til l. um samræmda stjórn umhverfismála. Það frv. var flutt af sjö þingmönnum Sjálfstfl. og mælti 1. flm. frv., hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, fyrir því hér í þessari hv. deild þann 18. okt. sl. Ég vísa til ræðu hans, en þar og í frv. koma fram þau sjónarmið sem sjálfstæðismenn telja að stefna beri að og lögfesta eigi til að komið verði á samræmdri stjórn umhverfismála. Við leggjum þar áherslu á samræmingu og samstarf fremur en stofnun sérstaks ráðuneytis. Í 3. gr. þess frv. kemur fram skýr tilgangur laganna ef samþykkt verða, þ.e. að samræma stjórn umhverfismála í landinu öllu og lögsögu þess með skipulegu samstarfi þeirra aðila sem starfa að þessum málum. Lögunum er ætlað að efla varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að vernd náttúrugæða landsins. Að öðru leyti vísa ég sem sagt til ræðu hv. 1. flm. frv. Við viljum fækka ráðuneytum og stækka þau fremur en að fjölga þeim. Við bendum á sérstöðu Íslands. Aðstæður hér eru frábrugðnar því sem víða er erlendis. Við lifum á sjávarfangi og þess vegna eru varnir gegn mengun sjávar forgangsatriðið. Helsta umhverfisvandamálið er eyðing gróðurs og landkosta. Vegna þess að lega landsins er fjarri helstu iðnríkjum þá er loftmengun vegna iðnaðar nánast óþekkt hér. Við leggjum áherslu á aðgerðir í umhverfismálum fremur en að auka yfirbyggingu. Við viljum frekar verja 30 millj. kr. til þess að endurheimta landgæði á næsta ári heldur en að reka umhverfisráðuneyti.

Ég hlýt að nefna það að við þessa 1. umr. hér í kvöld er enginn kostur að ræða þetta frv. ríkisstjórnarinnar til hlítar, enda erum við, alla vega við þm. Sjálfstfl., að sjá þessi frumvörp fyrst nú. En nokkur atriði vil ég þó nefna.

Í fyrsta lagi aðeins um starf nefndarinnar sem að þessu vann og nokkur atriði varðandi það. Það er augljóst að ekki hefur verið fullt samstarf eða samstaða innan nefndarinnar. Það kemur hér fram í grg. með frv. um breytingu á Stjórnarráðinu, að einn nefndarmanna, Bjarni Guðleifsson, hafi lýst í upphafi efasemdum um stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis en ákveðið að taka þátt í mótun þess og tilflutningi verkefna með hliðsjón af því að fyrir lá ákvörðun um stofnun þess. Þetta kemur einnig fram á bls. 10 í greinargerðinni þar sem segir:

„Loks í fjórða lagi að landbúnaðarráðuneytið fari áfram með skógrækt og landgræðslu, enda sé hér um atvinnuveg að ræða sem óeðlilegt sé að fara með á annan hátt en svipuð atvinnumálefni á sviði iðnaðar og sjávarútvegs. Einn nefndarmanna, Bjarni E. Guðleifsson, var þessarar skoðunar, en féllst til vara á að einungis eftirlit og friðun gróðurlendis verði flutt til umhverfisráðuneytis. Var nefndin ekki sammála um niðurstöðu í framangreindu efni. Nefndin skilaði því tveimur álitum hvað þetta snertir. Þau Björn Friðfinnsson, Bryndís Brandsdóttir og Guðmundur Ágústsson leggja til að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins flytjist til umhverfisráðuneytis frá landbúnaðarráðuneyti, en landbúnaðarráðuneyti fari þó áfram með mál er varða ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum. Leggja þeir Jón Sveinsson, Arnmundur Backman og Bjarni E. Guðleifsson hins vegar til að Náttúruverndarráð, sem verður undirstofnun umhverfisráðuneytis, vinni í samráði við Landgræðslu ríkisins að gróðurverndarmálum og hafi eftirlit með ástandi gróðurs og vinni einnig í samráði við Skógrækt ríkisins að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar." Og þetta sýnist mér að sé það álit sem ríkisstjórnin gerir að sínu.

Með þessu frv. eru boðaðar tilfærslur á mörgum stofnunum og málaflokkum. Það þarf auðvitað að kanna vel hvar þeirri starfsemi, sem í hlut á, sé best fyrir komið í stjórnkerfinu og sú meginregla er eðlileg að meiri tengsl og stærri hluti í starfsemi ráði staðsetningu fremur en minni. Mér sýnist að ekki sé gætt samræmis í meðferð málefna hliðstæðra ráðuneyta, enda ekki um það samstaða eins og ég var hér að vitna til í greinargerðinni. Skv. frv. er starfsemi sjútvrn. undanþegin, en hluti af starfsemi landbrn. færður til umhverfisráðuneytis. Í greinargerðinni segir hér einnig, með leyfi forseta:

„Einnig voru uppi hugmyndir innan nefndarinnar að fela umhverfisráðuneyti eftirlit með ákveðnum þáttum sem nú heyra undir Hafrannsóknastofnun. Um það var ekki samstaða." Það er sem sagt ekki gætt samræmis í meðferð einstakra stofnana. Sumar eru færðar til í heilu lagi en starfsemi annarra látin haldast óbreytt þótt yfirstjórn afmarkaðra þátta sé flutt úr viðkomandi fagráðuneyti í umhverfisráðuneyti. Sem dæmi má nefna að starfsemi Siglingamálastofnunar virðist eiga að vera óbreytt á meðan Holl-

ustuvernd og Geislavarnir eiga að flytjast í umhverfisráðuneytið. Það segir hér í greinargerð, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur einnig til að Geislavarnir ríkisins flytjist til umhverfisráðuneyti. Þótt sú stofnun sinni nú aðallega eftirliti með geislatækjum á sjúkrahúsum verður að ætla að hún takin aukinn þátt í samstarfi, rannsóknum og mælingum er tengjast geislavirkni í andrúmslofti og hafi, m.a. vegna tíðra slysa kjarnorkukafbáta og fyrirætlana um byggingu endurvinnslustöðvar fyrir kjarnorkuúrgang í Skotlandi."

Allt má þetta vera rétt en mér er kunnugt um að stjórn stofnunarinnar, Geislavarna, lagðist eindregið gegn þessu en við þeim ábendingum hefur ekki verið orðið.

Mér sýnist líka að þessu umhverfisráðuneyti séu ætluð víðtækari verkefni en víða er, jafnvel í löndum eins og Noregi og Danmörku, þar sem eru þó mjög stór umhverfisráðuneyti. Dæmi um það er þetta með geislavarnirnar sem ég nefndi, heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit.

Frv. boðar aukna miðstýringu í stað valddreifingar. Það er alveg ljóst. Tilfærslur á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga úr heilbrrn. í umhverfisráðuneyti snerta auðvitað verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég nefni líka í þessu samhengi að á bls. 7 í grg. eru talin upp viðfangsefnin sem umhverfisráðuneytið á að hafa. Þar er ekkert minnst á eftirlit en það er hins vegar komið inn á í kafla sem fjallar hér um rannsóknir og eftirlit. Það segir hér:

„Á sviði *rannsókna og eftirlits* fer nýja ráðuneytið með samræmingu og forgangsröðun verkefna á sviði umhverfisrannsókna milli stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga."

Þetta kemur mjög inn á starfsemi sveitarfélaganna. Öll þessi atriði og mörg fleiri þarf auðvitað að kanna vandlega. Það er óhjákvæmilegt annað og sjálfsagt heldur ekki ætlunin, ég er ekkert að gera því skóna, en það er óhjákvæmilegt annað en frv. fái ítarlega umfjöllun í þingnefnd, hv. allshn., áður en hægt er að taka afstöðu til einstakra þátta þess.

Mig langar, og skal ég nú mjög fara að stytta mál mitt, til að vitna hér í ágæta grein sem dr. Gunnlaugur Þórðarson skrifaði í Morgunblaðið þann 24. okt. sl. Hann vitnar þar í skýrslu Brundtland-nefndarinnar sem hæstv. forsrh. nefndi hér einnig áðan og tekur þennan kafla í lauslegri þýðingu:

„Umhverfið er ekki til sem svið rifið úr samhengi frá mannanna verkum, metnaði og þörfum og tilraunir til þess að halda því yfirleitt einangruðu frá athöfnum manna hafa gefið sjálfu orðinu umhverfismál blæ barnaskapar hjá sumum pólitískum hópum. Kjarni skýrslunnar er", segir greinarhöfundur, „að „ökólogía" og „ökónómía" verða ekki aðskilin. Hér sé um samverkandi atriði að ræða og til þess verði að taka tillit."

Þannig segir á einum stað í skýrslunni: „Ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir hafa í vaxandi mæli áttað sig á því og viðurkennt að ókleift er að draga skýra markalínu milli efnahagsþróunar og umhverfismála. Því er það alveg út í bláinn að reyna að leysa umhverfisvandamál nema í miklu víðara samhengi."

Og svo segir greinarhöfundur: „Hvað okkur viðkemur má skilja þessi orð svo að umhverfismál verða ekki leyst án samstarfs við þá sem þau mál snerta sérstaklega, en það eru öðrum fremur bændur landsins. Hins vegar virðist mér sem þeir sem standi að þessari aukningu ríkisbáknsins telji að því sé stefnt til höfuðs bændum og því megi landbúnaðarsjónarmið þar hvergi nærri koma.

Annað meginatriði er að undirstaða umhverfisverndar er fræðsla um skaðsemi af ýmsum efnum og náttúruspjöllum. Á Norðurlöndum er í seinni tíð einmitt lögð áhersla á slíka fræðslu. Við lestur skýrslunnar kemur í ljós að það að setja umhverfismálin undir einn hatt er tímaskekkja því þau snerta öll svið mannlegs lífs og nánast hvert einasta ráðuneyti."

Og greinarhöfundur heldur hér áfram: „Þá er þess að geta, en mér er kunnugt um að það er almenn skoðun á Norðurlöndum meðal þeirra sem hafa þekkingu á þessum málum, að misráðið hafi verið að stofna þar sérstök umhverfismálaráðuneyti. Reynslan hefur nefnilega orðið sú að þau hafa hlaðið utan á sig og þanist út og nánast orðið að skriffinnskuófreskju. Sem dæmi þessarar ofþenslu má geta þess að umhverfismálaráðuneytið í Danmörku sem er yngsta ráðuneytið er orðið langstærsta ráðuneytið."

Og þá vitnar hann hér til orða Oscar Lafontaine, forsætisráðherra sambandsríkisins Saarlands. Þessi Oscar Lafontaine kom í heimsókn hér í boði Alþfl. og er nú hálfgerður gúrú þeirra kratanna og hann segir hér í viðtali við Alþýðublaðið 2. sept.: „Lafontaine lagði áherslu á heildræna stefnu í umhverfismálum. Hann sagði að það gengi ekki að umhverfismálum væri steypt í eitt ráðuneyti og þar væri unnið að þeim meðan önnur ráðuneyti héldu óbreyttri stefnu."

Þessi orð eru sérstaklega athyglisverð því í Saarlandi er mengun mjög alvarlegt vandamál.

Það væri freistandi að taka ýmislegt fleira úr þessari ágætu grein dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, en ég sleppi því. Þar eru m.a. dálítið alvarlegar pillur á ríkisstjórnina en ég er ekkert að fara með þær eftir greinarhöfundi.

Svo mörg voru þessi orð. Ég ætla að ljúka máli mínu, herra forseti. Umhverfismál eru mikilvægur málaflokkur, um það er ekki deilt. Við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til samstarfs við þá menn sem vilja koma skynsamlegu skipulagi á stjórn umhverfismála. Til þess að ná saman um þessi mál þarf áreiðanlega tíma og ég dreg mjög í efa að tíminn fram að jólum dugi til þess. Við viljum samstarf við þá sem trúa því að hægt sé að koma samræmdri skipan á stjórn umhverfismála án þess að stofna sérstakt ráðuneyti með tilheyrandi stórfelldum kostnaði og þeim ofvexti sem líklegt er að hlaupi í slíkt ráðuneyti.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Við gerum nú enn á ný atlögu að því að koma með frv. til samræmdrar yfirstjórnar umhverfismála inn á hið háa Alþingi og eru nú allar

líkur á því að tilraunir takist í þetta sinnið. Menn hafa velt vöngum yfir samræmdri yfirstjórn umhverfismála sl. 15 ár eða jafnvel lengur, með hvaða hætti hún skuli vera og hvernig umhverfismálunum skuli skipað innan stjórnkerfisins. Menn hafa mjög deilt um þessi mál og ekki orðið á eitt sáttir um hvernig þeim skyldi hagað og komið fyrir. Nú sýnist mér að menn séu búnir að ná góðu samkomulagi um það með hvaða hætti yfirstjórn umhverfismála skuli vera í framtíðinni og er það vel. Ég tel að lykill að því að svona vel hefur gengið að ná samkomulagi um að leggja hér fyrir frv. til l. um stofnun umhverfisráðuneyts byggi að verulegu leyti á þeirri vinnu sem hefur farið fram, aðallega í sumar. Sú vinna byggist á starfi nefnda sem hafa fjallað um skyld mál, þ.e. að gera viðamiklar breytingar á Stjórnarráði Íslands, það sem sumir hafa kallað að stokka upp Stjórnarráðið og færa til verkefni á milli ráðuneyta og einfalda Stjórnarráðið og verkefni þess. Ég tel að það sé lykilatriði í þessu máli og það má segja að sú vinna sem hefur tengst þessari uppstokkun á Stjórnarráðinu hefur mjög auðveldað þá vinnu sem liggur að baki þessu frv. um heildaryfirstjórn umhverfismála í nýju umhverfismálaráðuneyti. Ég tel skylt að færa fram þakkir til nefndarinnar sem hefur unnið að þessu máli í allt sumar. Ég tel að hún hafi unnið mjög gott verk og skilað mikilli vinnu sem nú kemur að gagni við þá umræðu sem hér fer fram á næstunni.

Með sérstöku erindisbréfi ríkisstjórnarinnar sem mér var afhent 12. sept. sl. er mér falið að fara með öll verkefni á sviði umhverfismála innan ríkisstjórnarinnar þangað til nýtt umhverfismálaráðuneyti verði að staðreynd með lögum sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. jan. 1990.

Hv. 2. þm. Reykn. sá ástæðu til þess að gera athugasemd við það að í enskri þýðingu er ráðherra með verkefni á sviði umhverfismála kallaður Minister of Environmental Affairs. Ég vil nú bara vísa þessum orðum hv. 2. þm. Reykn., ja kannski ekki á bug en ráðleggja honum að rifja betur upp enskukunnáttu sína úr menntaskóla og vita hvort hann kemst þá ekki að þeirri niðurstöðu að það sem stóð þarna, Minister of Environmental Affairs, er hreinlega bein þýðing á því að það sé þarna ráðherra sem fari með verkefni á sviði umhverfismála, nákvæmlega eins og erindisbréf ríkisstjórnarinnar til mín segir. Hvað svo ráðuneytið verður kallað á ensku þegar það er orðið að lögum er allt önnur saga, það er ekki búið að taka neina ákvörðun um það. Svo ég held að menn þurfi nú ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu. Ég hef hins vegar skrifað mörg bréf varðandi umhverfismál vegna þessa verkefnis sem ég fer með innan ríkisstjórnarinnar og ég hef yfirleitt í þeim bréfum, sem varða þau mál, tekið fram að það sé verið að vinna að stofnun nýs umhverfisráðuneytis og það sé gert ráð fyrir því að það verði að lögum 1. jan. nk. og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um þennan þátt mála.

Ég verð að segja eins og er að það hefur komið mér mjög á óvart hversu gífurlegur áhugi er meðal almennings á umhverfismálum. Ég hef að sjálfsögðu sem aðrir landsmenn, og reyndar sem hver og einn sem fylgist með bæði landsmálum og alþjóðamálum, orðið var við að það fer fram mikil umræða á sviði umhverfismála en ég áttaði mig ekki á því að áhuginn væri svona mikill og það væri jafnmikil vinna í gangi á sviði umhverfismála og raun ber vitni, með þeim gríðarlega straumi af gögnum og skjölum sem berast inn á skrifstofu mína daglega.

Ég held að það fari ekkert á milli mála, eins og margir áhrifamiklir stjórnmálamenn víða út um heim hafa haldið fram, að hafi 19. öldin sem vettvangur stjórnmálaumræðu verið á sviði félagslegra umbóta og 20. öldin verið vettvangur stjórnmálanna á sviði tæknibyltingarinnar, þá verði 21. öldin öld umhverfismálanna. Ég held að það fari ekkert á milli mála að það stefnir hægt og sígandi í það að kjarni allrar stjórnmálaumræðu verður umhverfismál.

Þetta leiðir hugann að því að alþjóðleg samskipti á sviði umhverfismála munu verða mjög mikil á næstunni og reyndar er ég farinn að finna smjörþefinn af því þar sem upplýsingar og boð um ráðstefnur og fundi á sviði umhverfismála berast til mín. Það væri auðvelt að vera með menn á fundum og ráðstefnum næstum því daglega út um allan heim. Ég held að það sé næstum orðið svo að daglega sé einhvers staðar í heiminum fundur eða ráðstefna á sviði umhverfismála. Út af fyrir sig er það gott og vel og þarf ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því, því það er ekki ætlunin að við sækjum allar þær ráðstefnur né fundi um umhverfismál sem haldnir eru í heiminum. Hins vegar er afar mikilvægt að við Íslendingar fylgjumst vel með öllu sem gerist á sviði umhverfismála, hvar sem er í heiminum, þar sem oft er um að ræða að við þurfum beinlínis að gæta hagsmuna Íslendinga sem geta leynst í ýmsum samþykktum og ályktunum sem er verið að gera á alls konar ráðstefnum víða úti um heim. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast, eins og ég segi, mjög vel með öllu því sem gerist á sviði umhverfismála hvar sem er í heiminum. Meðal annars má minna á að það hafa komið fram hugmyndir, sem hæstv. utanrrh. minntist m.a. á í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust, um að gera alþjóðlegan sáttmála um umhverfismál í líkingu við hafréttarsáttmálann. Það vill svo vel til að Jens Evensen, fyrrum hafréttarráðherra Noregs, sem kannski má segja að sé faðir hafréttarsáttmálans, kom hér í heimsókn fyrr í haust og lýsti áhuga sínum á því að mega stuðla að því að sambærilegur sáttmáli á sviði umhverfisverndar yrði að veruleika, kannski um næstu aldamót, ef hann yrði undirbúinn og leiddur til lykta í svipuðum farvegi og hafréttarsáttmálinn var á sínum tíma. Það væri sannarlega gaman fyrir okkur Íslendinga ef við gætum tekið þátt í þeirri vinnu og verið, kannski ásamt hinum Norðurlöndunum og þá fyrst og fremst Norðmönnum, frumkvöðlar að því að gera slíkan umhverfisverndarsáttmála fyrir allar þjóðir heimsins. Ég held að við mundum geta borið höfuðið hátt ef okkur tækist að gerast aðilar að slíku framtaki.

Þá vil ég vekja athygli á mjög auknum samskiptum á sviði Norðurlandanna um umhverfismál en í næstu viku er fyrirhugaður m.a. samráðsfundur umhverfismálaráðherra allra Norðurlandanna. Ég mun sitja þann fund sem sá ráðherra sem fer með verkefni á sviði umhverfismála, þó svo að Sjálfstfl. líki illa þýðing á ensku á því verkefni. (**ÓE:** Hvernig er það þýtt á skandinavísku?) Ég tel nú að umræða um umhverfismál eigi að fjalla um allt annað en karp um það hvernig svona lýsing á verkefni sé þýdd á eitt eða annað tungumál. Við getum hafið hér umræðu um það hvernig ætti að þýða þetta á japönsku og kínversku mín vegna, en ég tel bara ekki að það sé aðalatriði umræðunnar og vil því forðast að fara frekar út í þá sálma.

En mig langar til að segja frá verkefni sem bíður þessa samráðsfundar sem verður haldinn á Álandseyjum í næstu viku. Þar verður fjallað um tillögu til fjárfestingarfélags Norðurlandanna á sviði umhverfismála. Þar er á ferðinni mjög athyglisverð hugmynd sem gengur út á það að Norðurlöndin sameinist um að mynda fjárfestingarfélag sem fær í stofnfé tæplega 40 millj. dollara. Þessu fjárfestingarfélagi er ætlað að fjármagna verkefni, aðallega í Austur-Evrópu. Með þeim hætti gefst norrænum fyrirtækjum á sviði mengunarvarna kostur á því að leita eftir samstarfi við iðnaðarfyrirtæki í Austur-Evrópu, í Austur-Þýskalandi, Póllandi, Sovétríkjunum og Eystrasaltslöndunum og bjóða fram aðstoð, bæði fjárhagslega aðstoð og tæknilega aðstoð við að leysa mengunarmál þeirra fjölmörgu iðnaðarfyrirtækja sem því miður eru þannig úr garði gerð að þau spúa eldi og eimyrju, einkum yfir Norðurlöndin. Það er því ekki nema eðlilegt að Norðurlöndin vilji reyna að stuðla að því að þarna verði bragarbót á. Ég tel að þarna sé verkefni, og hef reyndar haldið því fram hér úr þessum ræðustóli áður, sem við Íslendingar gætum svo sannarlega tengst því að við höfum töluvert fengist við álíka vandamál, m.a. mengunarvandamál í fiskimjölsverksmiðjum okkar. Þá má minna á að fyrir ekki allmörgum árum var ráðist í gríðarlegt átak í álverinu í Straumsvík til að hreinsa þar reyk og búa betur um hnútana og koma þannig í veg fyrir mengun sem þaðan barst. Við höfum aflað okkur töluverðrar þekkingar og reynslu á þessu sviði og ég tel að við eigum að sjálfsögðu að sækjast eftir verkefnum og reyna að hasla okkur völl á sviði mengunarvarna en þarna gefst einmitt kærkomið tækifæri til þess.

Það er alveg ljóst, eins og ég reyndar gat um áðan, að þessi alþjóðlegu samskipti hljóta að verða mjög stór og mikill þáttur á verksviði hins nýja ráðuneytis þegar það verður orðið að lögum. Ég geri ráð fyrir því að það muni mjög létta á öðrum ráðuneytum að einhver taki að sér að sjá um þessa vinnu, hafa heildaryfirsýn yfir þessi alþjóðlegu samskipti, enda er það beinlínis svo að nánast allar þjóðir heims hafa nú eða eru að koma upp sérstökum umhverfisráðuneytum. Þar af leiðandi hlýtur að virka dálítið hjáróma sú rödd sem var vitnað í hér áður þar sem var lagst gegn stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Ég er út af fyrir sig ekki að segja að við Íslendingar þurfum endilega að apa allt eftir sem aðrar þjóðir gera en ég held að það fari ekki á milli mála að stjórnmálaumræðan á alþjóðavettvangi muni snúa meira og meira að umhverfismálunum. Og ég spái því, eins og margir hafa sagt, að aðalviðfangsefni stjórnmálamanna á næstu öld verði að fjalla um umhverfismál og þess vegna er ekki seinna vænna fyrir okkur að koma inn í þá umræðu af fullum þunga sem við getum því aðeins gert að við komum hér upp sjálfstæðu umhverfisráðuneyti. Því vísa ég algjörlega svona hjáróma rödd á bug. Ég tel að það sem kom fram í umræddri blaðagrein, þar sem var vitnað í skrif dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, bendi einfaldlega til þess að viðkomandi hafi ekki sett sig nægilega inn í það sem er að gerast á alþjóðlegum vettvangi um þessi mál og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég tel að ég geti farið að stytta mál mitt, virðulegi forseti, en mig langar til að koma aðeins inn á verkefni hins nýja ráðuneytis og fjalla í nokkrum orðum um hin fyrirhuguðu verkefni þess. Það hefur reyndar verið vikið að því í ræðu málshefjanda, hæstv. forsrh., og sömuleiðis kom reyndar hv. 2. þm. Reykn. að einhverju leyti inn á verkefni eins og þau eru skilgreind í frv.

Það er ljóst að starfsemi hins nýja umhverfisráðuneytis mun aðallega vera á þremur sviðum, þ.e. það verða náttúruverndarmálin og það verða hvers kyns mengunarvarnir og í þriðja lagi verða þessi alþjóðlegu samskipti. Reyndar má bæta við fjórða sviðinu sem ég tel að þurfi að hafa með sem sjálfstætt svið, en það eru byggingar- og skipulagsmál því það má ekki gleyma því að samkvæmt frv. er hinu nýja umhverfisráðuneyti ætlað að fara með öll skipulagsmál og þar með heyra undir byggingarlög og byggingarreglugerð. Það er því mjög stór málaflokkur sem hlýtur að taka töluvert til sín innan ráðuneytisins.

Það var vikið nokkuð að því með hvaða hætti Náttúruverndarráð mundi sinna eftirliti og ýmsum öðrum verkefnum á sviði náttúruverndar og þar kemur kannski fyrst og fremst til það sem ég tel að sé eitt meginverkefni á sviði umhverfismála eins og það blasir við mér, en það er gróðurvernd og varnir gegn gróðureyðingu. Það var deilumál sem kom upp hjá nefndinni og reyndar er þetta gamalt deilumál sem hefur oft borið á góma, þ.e. hvernig á að skipta verkefnum á sviði gróðurverndar og gróðurræktunar milli landbrn. og hins nýja umhverfisráðuneytis. Það er ekkert launungarmál, enda kemur það mjög skilmerkilega fram í grg. með frv., að nefndin sem vann að undirbúningi og samningu frv. klofnaði í málinu þannig að helmingur nefndarmanna, þ.e. fulltrúar Borgfl., fulltrúar Alþfl. og fulltrúi Kvennalista, lagði til að bæði Landgræðsla og Skógrækt ríkisins mundu færast yfir til umhverfisráðuneytisins og þar með öll verkefni á því sviði, nema viðurkennt er og þeir nefndarmenn töldu sjálfsagt að landbrn. færi eftir sem áður með ákveðin verkefni á sviði ræktunar, bæði vegna ræktunar á bithögum og eins vegna ræktunar nytjaskóga. Hinn helmingur nefndarinnar,

þ.e. fulltrúi Framsfl., fulltrúi Alþb. og fulltrúi Samtaka um jafnrétti og félagshyggju, lagði til að Landgræðsla og Skógrækt ríkisins yrðu áfram stofnanir undir landbrn. en á vegum umhverfisráðuneytis færi fram eftirlit og rannsóknir á sviði gróðurverndar.

Segja má að það hafi verið gert samkomulag sem fer kannski að einhverju leyti bil beggja þó að það nálgist meira síðara álitið, en mig langar til að lesa upp það samkomulag sem var gert og ég tel að það sé mjög vel viðunandi og að með þeim hætti hafi náðst mjög góð sátt um þessi mál sem kannski voru aðaldeilumálin. Í skýringum um ákvæði til bráðabirgða, sem koma fram á 13. síðu í frv., segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Um 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Við samningu frumvarps til laga um umhverfisvernd verður m.a. fjallað um sérstaka umhverfisverndarstofnun. Hún taki að sér þau viðfangsefni á sviði landgræðslu og skógræktar sem heyra undir umhverfisráðuneyti og yfirstjórn þess samkvæmt athugasemdum hér á eftir og drögum að reglugerð í fylgiskjali I.

Um 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Við endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt skulu eftirtalin málefni verða á verksviði umhverfisráðuneytis:

1. Gróðureftirlit og gróðurrannsóknir.
2. Gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu, án þess að búist verði við að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar.

Á verksviði landbúnaðarráðuneytis verði eftirtalin málefni:

1. Ræktun ógróins eða lítt gróins lands með það í huga að fá af því beinar nytjar, t.d. að rækta beitilönd og tún.
2. Breytingar á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og renna þannig fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga."

Ég held að þarna hafi tekist vel til að skilgreina bæði markmið og þau verkefni sem verða annars vegar á sviði umhverfisráðuneytis og hins vegar á sviði landbrn. Að sjálfsögðu eru aðilar sammála um það að það komi ævinlega til gott samstarf og samvinna milli þessara tveggja ráðuneyta og þeirra stofnana sem verða hvor hjá sínu ráðuneyti. Ég held að það fari ekkert á milli mála að svo hljóti að verða, en engu að síður er þarna aðalatriði málsins að það hefur náðst gott samkomulag um það hvaða verkefni verði hjá umhverfisráðuneyti og hvaða verkefni verði hjá landbrn.

Varðandi sérstaka umhverfisverndarstofnun, þá er vikið að henni og talað um að um hana muni verða fjallað þegar verður samið frv. til laga um umhverfisvernd, en það mun verða gert samhliða því að fram fer heildarendurskoðun laga, bæði um Náttúruverndarráð ríkisins, um Landgræðslu ríkisins og um Skógrækt ríkisins. Það er of snemmt að segja til um hvernig þau mál muni þróast, hver verði niðurstaðan, en það er ekkert útilokað að hugsa sér þá niðurstöðu að bæði Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnun og gróðureftirlit og gróðurfarslegar rannsóknir muni sameinast í þessari einu stofnun. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um slíkt, en það er hugmynd sem ég tel alls ekki fráleita og að sjálfsögðu verður hún könnuð þegar verður fjallað um þessa stofnun samhliða því að farið verður í þá vinnu að undirbúa frv. til laga um umhverfisvernd.

Ég mundi svo kannski að lokum vilja tala um einn málaflokk enn sem ég tel að sé mikilvægt að hið nýja ráðuneyti komi til með að sinna af festu, en það er uppfræðsla á sviði umhverfismála. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið að fram fari almenn fræðsla í öllum skólum um umhverfismál og mér þykir vænt um að segja frá því að til mín hafa komið fjölmargir áhugamenn og margir fulltrúar ýmissa félagasamtaka sem hafa lýst áhuga sínum einmitt á þessu verkefni, að það verði efnt til fræðslu í öllum skólum um umhverfismál, og m.a. fékk ég í morgun hugmynd um það að einu sinni á ári verði haldinn dagur jarðarinnar, þannig að þá verði sérstaklega fjallað um umhverfið og gróðurinn í skólum landsins og öllum skólabörnum og unglingum í grunnskólum og framhaldsskólum landsins verði þá gert að fjalla um umhverfismál þann dag. Síðan hafa komið upp ýmsar hugmyndir um að veita verðlaun á sviði umhverfismála og þar vil ég nú minna á að meðan ég var formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ræddum við mikið umhverfismál og m.a. beittu þessi samtök sér fyrir því að fá sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu til þess að sameinast um það verkefni að girða höfuðborgarsvæðið fjárheldri girðingu. Það er nú eitt það merkilegasta verkefni sem þessi blessuðu samtök hafa unnið því að þau hafa ekki komið nálægt neinum sérstökum verkefnum síðan, en þetta var leyst með miklum ágætum.

Annað skemmtilegt viðfangsefni sem samtökin gengust fyrr meðan ég var formaður stjórnar þeirra var að koma á sérstakri viðurkenningu á sviði umhverfismála, en þeirri viðurkenningu, eða nokkurs konar verðlaunum, hefur verið úthlutað fyrir merkt framlag til umhverfismála á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári síðan 1983. Fjölmörg sveitarfélög hafa fengið viðurkenningu fyrir sérstakt framlag á sviði umhverfismála. Ég minnist þess að Hafnarfjörður fékk held ég síðasta árið sem ég var formaður stjórnarinnar viðurkenningu fyrir það framlag til umhverfismála að hafa fegrað Hamarinn svo að það þótti markvert og ástæða til þess að verðlauna Hafnarfjarðarbæ fyrir það framtak.

Ég hef fjallað í nokkru máli um frv. til laga um umhverfismál og skal ekki hafa um það fleiri orð að sinni, virðulegur forseti.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að loksins skuli vera komið fram frv. um stofnun umhverfisráðuneytis. Þó að tíminn sem við veljum til umræðna sé kannski dálítið afbrigðilegur fannst mér eðlilegt að verða við ósk virðulegs forseta um að þetta mál yrði tekið hér á dagskrá. Mér þykir hins vegar verra að enginn ráðherra skuli sjá sér fært að sitja hér núna og hlusta á mál þeirra sem þurfa að ræða þetta mál. Ég leit svo á

að hæstv. forsrh. hefði óskað eftir að fá að mæla fyrir þessu máli til þess, vænti ég, að hlusta á það sem aðrir hefðu að segja en ekki eingöngu til að leggja fram frv. Ég óska því eftir því að forseti athugi a.m.k. hvort hann sjái sér fært að hlusta á það sem ég hef að segja. (**Forseti:** Vegna orða ræðumanns vil ég geta þess að ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að a.m.k. þrír ráðherrar yrðu viðstaddir þessa umræðu hér í kvöld og verða nú gerðar ráðstafanir til að ná í þá.) Ég þakka fyrir. Ég mun halda máli mínu áfram og vonast til þess að hæstv. ráðherra sjái sér fært að koma í salinn. Ég tek fram að mér finnst ástæða til þess að fleiri en hæstv. forsrh. séu hér. Ég sé að einn stendur hér í dyrunum. Við skulum láta það duga í bili.

Eins og hér hefur verið rakið er það ótrúlega löng saga sem stofnun umhverfisráðuneytis hefur að baki sér. Það hefur verið ótrúleg andstaða við að taka með raunhæfum hætti á umhverfismálum og er það miður en það er rakið hér í grg. með frv. hvernig að þessum málum hefur verið staðið hér á landi. Það þurfti Borgfl. til til að ríkisstjórnin tæki á sig rögg og flytti frv. um umhverfisráðuneyti. Það þótti mér mjög merkilegt þar sem Borgfl. hefur ekki verið þekktur fyrir að hafa sérstakan áhuga á umhverfismálum, alla vega hefur það ekki komið fram hér á Alþingi fyrr. Kannski kom það greinilega fram áðan í mjög langri ræðu hæstv. hagstofuráðherra sem segir að vísu að hann sé sá ráðherra sem fari með málefni umhverfisverndar og umhverfismál innan ríkisstjórnarinnar, en ég hélt að ekki væri búið að breyta lögunum og að ráðherrar væru enn með þessi málefni, umhverfisverndarmálefni, undir sínum ráðuneytum, en það er greinilega einhver misskilningur. Langar mig til að fá það frá hæstv. forsrh. hvort nú þegar hafa orðið þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frv. þar sem hæstv. hagstofuráðherra hélt því fram að hann væri sá ráðherra innan ríkisstjórnarinnar sem færi með umhverfismál. Það þóttu mér nýjar fréttir. Ég vil því ekki láta hjá líða að hrósa Borgfl. og hæstv. ráðherranum fyrir að hafa fengið svo mikinn áhuga á umhverfismálum, eins og m.a. kom hér fram, og ég fagna því jafnframt að hann hafi áttað sig á því að það er mjög mikill áhugi á umhverfismálum meðal almennings. Það er vel að loksins skuli honum vera það ljóst. Það eru hins vegar ekki ný sannindi fyrir okkur kvennalistakonur að áhugi á þessum málum er mjög mikill, en það verður að geta þess sem gott er.

Eins og fram hefur komið átti Kvennalistinn fulltrúa í nefndinni sem samdi frv. Það var Bryndís Brandsdóttir jarðeðlisfræðingur, og hún starfaði allan tímann með þessari nefnd. Við höfum því haft tækifæri til að fylgjast með störfum nefndarinnar og þó að ég hafi ekki séð frv. í endanlegri mynd, þessi tvö frv. sem hér eru til umræðu, fyrr en í dag, hef ég haft tækifæri til þess að fylgjast þarna með.

Kvennalistinn lagði fram þáltill. á síðasta löggjafarþingi um stofnun umhverfisráðuneytis þar sem fram koma þær áherslur sem við höfum í þessu máli og ætla ég ekki að rekja þær hér en vísa til þeirrar þáltill. til þess að hægt sé að sjá hvernig við teljum þessum málum best fyrir komið. Frv. sem við fjöllum um hér eru ekki alveg í samræmi við þær óskir sem við höfðum, en hins vegar er mjög margt þar á betri veg frá fyrri tillögum sem fram hafa komið og erum við mjög ánægðar með þær breytingar sem þarna hafa orðið á. Þó er þar einnig mjög slæmur hængur á og það varðar landgræðslu og skógrækt.

Flestir eru sammála um að landeyðing sé eitt mesta umhverfisvandamál hér á landi og reyndar víðar. Á bls. 6 í athugasemdum með frv. um breyt. á lögum um Stjórnarráð Íslands, 129. máli, segir, með leyfi forseta, að landeyðing hafi verið eitt mesta umhverfisvandamál okkar og það hafi ekki endurspeglast nægilega vel í fyrri frumvörpum. Ég tel ekki að við tökum nærri, nærri nógu vel á þessu máli í frv. þrátt fyrir þetta. Það stendur reyndar á bls. 7, að landgræðsla að því er tekur til gróðurverndar og varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs eigi að vera viðfangsefni umhverfisráðuneytis. Samt hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja til að þetta stærsta umhverfisvandamál falli ekki undir umhverfisráðuneytið og það hlýtur að vera mjög miður.

Á bls. 10 í frv. kemur eftirfarandi fram, og vil ég vitna orðrétt í það, með leyfi forseta: „Erfiðustu ákvörðunarefni nefndarinnar snertu hins vegar málefni landgræðslu og skógræktar.“ Komu fram ýmsar tillögur um það og síðan kemur aftur orðrétt: „Nefndin skiladi því tveimur álitum hvað þetta snertir. Þau Björn Friðfinnsson, Bryndís Brandsdóttir [sem er fulltrúi Kvennalistans] og Guðmundur Ágústsson leggja til að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins flytjist til umhverfisráðuneytis frá landbrn., en landbrn. fari þó áfram með mál er varða ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum.“ Þetta finnst mér vera mjög eðlileg niðurstaða ef miðað er við að landeyðing er langstærsta umhverfisvandamálið og ég skil ekki að það sé í neinu ósamræmi við það að nytjar séu í höndum fagráðuneyta. Þá er ég að hugsa um t.d. skógrækt, og þó svo að við berum gæfu til þess, og vonandi fyrr en seinna, að við getum nytjað skóg hér á Íslandi svo að einhverju nemi skil ég ekki af hverju ekki er hægt að taka þann hluta sem óneitanlega er umhverfisvernd undan landbrn. en láta nytjarnar vera þar eftir. Mér er þetta algerlega hulin ráðgáta og ég vona svo sannarlega að við berum gæfu til að breyta þessu á þann veg sem þessi tillaga gerir ráð fyrir en ekki eins og lagt er til í frv. Skora ég því á alla alþingismenn að sameinast um að breyta þessu á þann veg sem hér er lagt til af hluta nefndarinnar, m.a. af fulltrúa Kvennalistans.

Mig langaði einmitt að bera það undir landbrh. sem var hér áðan, og ég vona að hann heyri mitt mál þó að ég sjái hann ekki akkúrat núna, hvers vegna þetta varð niðurstaðan, hvort hann hafi sett sig gegn því að hluti af þessu færi frá landbrn. Ég bað sérstaklega um að landbrh. yrði hér vegna þessa. Ég sé að taskan hans er hér enn þá. (**Forseti:** Vegna þessara orða hef ég nokkrar áhyggjur af því að hæstv. landbrh. kunni að vera farinn. Hann átti að skrifa

undir samning hér í næsta nágrenni og þurfti að vera þar viðstaddur og bað afsökunar á því ef hann yrði að hverfa úr húsi áður en þessari umræðu lyki en óskaði þess að ef fsp. kæmu fram yrði þeim komið til hans áður en umræðu um þetta mál yrði lokið.)

Ég þakka forseta og ætla þá að beina því til hæstv. forsrh. að hann komi þá þessum spurningum til hæstv. landbrh. E.t.v. getur hann upplýst um þetta ef tími vinnst til hér á eftir. En mér þykir þetta með ólíkindum. Hæstv. landbrh., meðan hann var ekki ráðherra, heldur þingmaður, hafði mikinn áhuga á þessum málum og lýsti oft og mörgum sinnum hvaða hug hann bæri til stofnunar umhverfisráðuneytis og hvernig þessum málum yrði best fyrir komið og mér þykir þetta ekki vera í samræmi við hans hugmyndir. Það getur vel verið að ég hafi misskilið hann eitthvað á fyrri stigum en mig langaði sérstaklega til að fá það upplýst hvers vegna þetta varð niðurstaðan af hálfu ríkisstjórnarinnar. Nefndin sem samdi frv. klofnaði í tvo jafna hluta og því var ekki neinn meiri hluta að ræða. Þetta hlýtur því að hafa verið niðurstaða ríkisstjórnarinnar, að leggja þetta fram á þennan veg, og þess vegna vildi ég sérstaklega fá þetta fram.

Það kemur mér hins vegar ekki á óvart að forsvarsmenn stofnananna tveggja, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, hafi verið þessu andsnúnir vegna þess að það er svo einkennilegt með það að þó að allir virðist vera sammála um það að nauðsynlegt sé að stofna umhverfisráðuneyti til að koma einhverju skikki á þessi mál — allir, það er kannski of sagt, en flestir sem að þessum málum hafa komið — þá eru viðkomandi stofnanir ævinlega á móti því af einhverjum einkennilegum ástæðum. Þetta eru ekki einu stofnanirnar, þannig að það kemur mér ekkert á óvart og ég tel það ekki vera nægjanleg rök í málinu. — Birtist nú hæstv. landbrh. aðeins of seint, ég ætla samt ekki að endurtaka spurningar til hans og vona að hann fái þær frá hæstv. forsrh. sem ég vonast til að komi þeim á framfæri.

Ég er nefnilega alveg viss um það að þessar stofnanir og þær stofnanir sem hafa unnið að landgræðslumálum og landverndarmálum mundu gera það ekkert síður þó þær væru undir umhverfisráðuneyti en undir landbrn. og þykja það mjög léleg rök að það verði að vera vegna þess að landbúnaður muni nýta afrakstur landgræðslu. Það eru ekki rök í málinu. Auðvitað gera þeir það áfram þó að við þurfum að hugsa fyrst og fremst um landgræðslu sem umhverfisbætandi aðgerðir.

Í ákvæðum til bráðabirgða í frv. er gert ráð fyrir mjög einkennilegri lendingu. Ég verð að segja það að ég hef verulegar áhyggjur af því ef á enn að ýta þessum málum á undan sér, taka þessi tvö mál út úr og ýta þeim nokkra mánuði fram í tímann og vonast til að þetta leysist nú einhvern veginn.

Ég er mjög ósátt við þessa niðurstöðu og ég verð líka að segja varðandi þessa umhverfisverndarstofnun að þar held ég að hafi ekki verið hugsað mjög langt. Ég er ekki viss um að ráðherrar hafi gert sér grein fyrir hvernig þessum málum er fyrir komið í kerfinu. Að vísu minntist hæstv. hagstofuráðherra á það hér áðan að vel gæti komið til greina að Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnun Íslands félli undir þessa stofnun. Ég veit ekki hvort ráðherrann áttar sig á hvernig málum er fyrir komið í þessum tveimur stofnunum, þannig að ég held að þetta sé mjög vanhugsað. Ég held að það væri betra að færa þetta í þá veru sem hluti nefndarinnar lagði til og ég er búin að gera að tillögu minni að verði tekið upp hér frekar en að fara þessa einkennilegu leið sem valin hefur verið.

Varðandi ábyrgð atvinnugreina sem hér hefur verið minnst á og hæstv. forsrh. minntist á, að hver atvinnugrein verði að bera ábyrgð á sínum athöfnum. Auðvitað verður hún að gera það. Það breytist ekki neitt. Þó að stofnað verði umhverfisráðuneyti sem á að sjá um þessi mál breytir það ekki því að hver og einn ber sína ábyrgð, ekki bara atvinnugreinar, heldur hvert og eitt okkar. Það má alls ekki líta svo á, þó að hluti af því sem hefur verið falið einu ákveðnu ráðuneyti, t.d. landbrn., fari undan því ráðuneyti, að það fríi þá atvinnugrein ábyrgð. Það er auðvitað af og frá.

Það var vitnað hér í svokallaða Brundtland-skýrslu af hv. 2. þm. Reykn. og sú skýrsla hefur reyndar oft verið notuð áður í umræðu um umhverfisráðuneyti. Það er alveg rétt að í þeirri skýrslu stendur, og reyndar ekki bara í þessari skýrslu heldur fjölmörgum öðrum, að ekki sé hægt að skilja að efnahagsmál og umhverfismál. Það er svo sannarlega rétt. Það er bæði nýr og gamall sannleikur að það er ekki hægt. Við höfum að vísu ekki borið gæfu til þess að fara eftir því hér að tengja þetta saman og eins og væri mjög nauðsynlegt. Þessi skýrsla, Brundtland-skýrslan, hefur mjög oft verið notuð sem rök gegn umhverfisráðuneyti og því er haldið fram, og m.a. hér úr ræðustól áðan, að þar sé beinlínis mælt gegn stofnun umhverfisráðuneytis. Ég held að það væri ráðlegt að þeir sem halda þessu fram læsu nú einu sinni þessa skýrslu svo þeir geti vitnað rétt í hana. Hún er þá mjög einkennilega lesin ef hægt er að lesa það úr henni. Ég geri það eiginlega að tillögu minni að þeim sem sitja í allshn. þessarar deildar og fá þetta mál til meðferðar verði útveguð þessi skýrsla til aflestrar og athugað hvort þeir komast ekki að einhverri annarri niðurstöðu en hér var fullyrt áðan.

Því var líka haldið fram að varað hefði verið við því að stofna ráðuneyti og að á Norðurlöndum sé fólk sem telji að þessum málum sé mjög illa fyrir komið í sérstöku umhverfisráðuneyti. Mér þykir þetta jafneinkennilegar fullyrðingar, og allt það fólk sem ég þekki og hefur unnið að þessum málum er ekki þessarar skoðunar. Ég held því að þarna sé eitthvað málum blandið og vil endilega að fólk lesi nú einu sinni það sem verið er að vitna til og að mínu mati á rangan veg.

Hér í tillögunum er ekki gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun falli undir umhverfisráðuneyti. Ég hefði talið það koma vel til greina, og það var m.a. eitt af því sem Kvennalistinn lagði til á sínum tíma.

Stærstur hluti af því sem þar fer fram er að sjálfsögðu hlutverk sem mundi falla vel undir umhverfisráðuneyti. Það er ekki tillaga nefndarinnar að svo verði gert. Ég hefði talið það fyllilega geta komið til greina þó að ég geti fallist á að það megi bíða að sinni.

Ég vona að Alþingi beri gæfu til að samþykkja stofnun umhverfisráðuneytis á þessu þingi vegna málsins sjálfs en ekki bara til þess að einhverjir ákveðnir menn geti notað titilinn „umhverfisráðherra". Málið er mjög brýnt og við þurfum að taka mið af langtímamarkmiðum í okkar þjóðarbúskap. Það hefur ekki verið gert varðandi umhverfið. Það er kominn tími til að snúa við blaði af alvöru. Stofnun umhverfismálaráðuneytis, ein sér, verður aldrei til að tryggja að svo verði. Það þarf hugarfarsbreytingu og að tillit sé tekið til umhverfis í öllum ákvörðunum stjórnvalda, litlum sem stórum. Ég bind vonir við að svo verði frekar gert eftir stofnun umhverfismálaráðuneytis ef vel er að verki staðið. Það þarf þá líka að standa vel að þessu máli og flumbra ekki að þessu og vera ekki með einhverjar málamiðlunartillögur sem í raun taka ekki á alvarlegasta umhverfisvandamáli sem við búum við hér á Íslandi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Örstutt vegna spurninga hv. síðasta ræðumanns. Í forsætisráðherratíð Geirs Hallgrímssonar, á árunum 1974–1978, var með bréfi forsrh. Gunnari Thoroddsen félmrh. falið að fara með umhverfismál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar. Ég dró þetta til baka og fól hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands að fara með umhverfismál, gerði það bréflega, en að *sjálfsögðu nær það ekki til þeirra atriða sem eru með* sérstökum lögum falin öðrum, t.d. með lögum um hollustuvernd þar sem mikilvæg málefni eru falin heilbrrh. eða lögum um landgræðslu sem fela landbrh. meðferð þeirra mála. Að sjálfsögðu var tekið fram að það væri innan þess ramma sem lög leyfa.

Ég er nú líklega einn af þeim sem hafa lesið Brundtland-skýrsluna. Það er að vísu dálítið síðan. Ég tel nefnilega að þetta frv. sé nákvæmlega í samræmi við það sem Brundtland-skýrslan leggur til, að það sé farinn þessi gullni meðalvegur, að viðkomandi atvinnuvegur og ráðuneyti viðkomandi atvinnuvegar séu inni í þessum málum áfram eins og frekast er unnt.

Ég skal vissulega koma á framfæri við hæstv. landbrh. spurningum sem hér komu fram en ég vil hins vegar taka það fram að þetta er að sjálfsögðu lagt fram í fullu samráði við landbrh. og í skýringum við ákvæði til bráðabirgða koma fram viðbætur við álit nefndarinnar. Skýringar við ákvæði til bráðabirgða voru ekki í álitum nefndarinnar þannig að þar er það skilgreint nokkuð nánar.

Lengi má um það deila hvar skiptingin á að vera milli eðlilegra umsvifa landbrn. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það að eðlilegt sé að landbrn. hafi eitthvert tæki til að bæta gróður þar sem landbúnaður telur það nauðsynlegt, ekki vegna gróðureyðingar, heldur vegna bætts búskapar. Ef Landgræðslan væri öll flutt er það spurningin, á að koma upp þar einhvers staðar einhverju slíku tæki eða á að vera samstarf þaðan yfir til umhverfisráðuneytisins sem slíks? Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst að með því samkomulagi, sem varð eftir allítarlega athugun, eftir að nefndin hafði skilað áliti um þá skilgreiningu sem kemur fram í ákvæðum til bráðabirgða, hafi verið farin mjög vel ásættanleg leið og ég vona nú að hv. þm. geti sameinast um hana.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Það kom fram í fyrra þegar umræður urðu um þetta mál að ég var með miklar efasemdir um það hvort besta leiðin væri að stofna umhverfisráðuneyti. Þetta varð þó að samkomulagi, enda var dr. Bjarni Guðleifsson í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta mál og okkar sjónarmið komu fram í þessari nefnd.

Ég vil sérstaklega taka undir þau orð hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands að það sem er átt við í þessum lögum er það að eftirlitsþátturinn sé í höndum ráðuneytis umhverfismála, en að öðru leyti séu þessi mál í höndum landbrn. Okkar stefna var alltaf sú, og ég vona að það verði ofan á, að þetta verði sem mest í höndum byggðanna sjálfra með einhverjum hætti því að nýtingin og verndunin, ef vel á að fara, eiga að fara saman.

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hv. 12. þm. Reykv. Hún talar um að við höfum ekki lesið Brundtland-skýrsluna. Ég held að hún hafi ekki, því miður, lesið þær umsagnir og þær samþykktir sem hafa verið gerðar um þetta mál. Það eru t.d. búnaðarþing, búnaðarsamböndin. Fólk yfirleitt sem ég hef heyrt í úti á landi vildi alls ekki stíga það skref að þetta færi frá landbrn. og ég vonast til þess að það verði samkomulag hér á þinginu um þá leið sem hæstv. ríkisstjórn hefur farið.

Ég ætla tímans vegna ekki að fara út í þessi mál frekar hér og nú. E.t.v. geri ég það við 2. eða 3. umr. eftir því hvernig mál þróast í nefnd.

En út af ummælum hv. 2. þm. Reykn. áðan langar mig, með leyfi forseta, að lesa hér eina setningu. Hún *er úr ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar sem þá var* framsögumaður fjvn. Þetta er við 3. umr. fjárlaga 1987, og þar stendur m.a.:

„Orkustofnun. Tekinn verði upp nýr liður, 10 millj. kr., sem tengist sérgreindu verkefni við fiskeldi, einkanlega til að rannsaka náttúrleg skilyrði vatns og upptöku sjávar fyrir fiskeldi, þar á meðal vegna slíkra rannsókna í Öxarfirði."

Af þessum 10 millj. fór ekki ein einasta króna í Öxarfjörð, heldur annað. Ekki ein einasta. Og hv. 2. þm. Reykn. fer með ruglið úr sjónvarpsstöð 2 um þetta efni án þess að athuga hvað er verið að tala um. Það er heldur ekki styrkur til Silfurstjörnunnar heldur til Seljalax. Það geta menn fengið að sjá í reikningum þessara fyrirtækja. Sem sagt, öll fréttin úr Stöð 2 og endurtekningin hér á þingi er rugl, enda er þessi sjónvarpsstöð þekkt að því að forðast sannleikann eins og heitan eldinn.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

13. fundur, fimmtudaginn 9. nóv., kl. 10 árdegis.

Álag á óunninn fisk til útflutnings, ein umr.

Fsp. HJ, 41. mál. — Þskj. 41.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er beint fsp. til hæstv. utanrrh. um álag á óunninn fisk til útflutnings. Fsp. er svohljóðandi:

„Telur utanrrh. að þau ákvæði í 5. gr. laga nr. 3 8. jan. 1988 að ráðherra geti „ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni" samrýmist samningum Íslands við GATT, EFTA og EB?"

Ég held að þessi fsp. sé mjög mikilvæg í framhaldi af því sem er að gerast nú í vinnu við nýtt frv. um fiskveiðistefnu og það þurfi að fá úr því skorið hvort ákvæði sem eru þar og eru í núverandi lögum samrýmist í raun okkar milliríkjasamningum um viðskipti við þessar þrjár stofnanir sérstaklega. Við þurfum að fá að vita það skýrt og skorinort hvort við getum notað slíkar takmarkanir við að koma í veg fyrir útflutning á fiski.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykn. Hreggviður Jónsson spyr hvort utanrrh. telji að þau ákvæði í 5. gr. laga nr. 3 frá 8. jan. 1988, efnislega að sjútvrh. geti „ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni", hvort þetta ákvæði samrýmist samningum Íslands við GATT, EFTA eða Evrópubandalagið.

Í tilefni af þessari fsp. vil ég taka fram eftirfarandi:

Reglur um álag á óunninn fisk til útflutnings byggjast á lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, sem kveða m.a. á um sérstakt álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað þegar meta skal hversu mikið er nýtt af kvóta skipa. Tvær ástæður eru fyrir þessu álagi og þær varða báðar sanngjarna skiptingu veiðiheimilda milli íslenskra fiskiskipa en ekki utanríkisviðskipti sem slík. Þannig væri það jafnað út ef þau kynnu nú eða síðar að vilja landa heima. 25%-hlutfallið var í upphafi einkum byggt á athugunum á frátöfum ísfisktogara frá veiðum vegna siglinga.

Í fyrsta lagi var við upphaf kvótakerfis í ársbyrjun 1984 ákveðið að reikna þann afla sem landað hafði verið sem ísfiski erlendis með 25% álagi, einfaldlega til þess að gæta sanngirni gagnvart þeim fiskiskipum sem siglt hefðu með afla sinn til útlanda á viðmiðunartíma kvótakerfisins, þremur árum, og hefðu því haft minni afla en ella.

Þá var það í öðru lagi ástæða fyrir því að ákveða álag á afla ákveðinna fisktegunda sem fluttar eru óunnar úr landi að þessi fiskur er ekki veginn hér á landi. Reynslan hefur sýnt að verulegur munur er á vigtun afla hérlendis og erlendis. Þar kemur einkum til rýrnun á fiski við geymslu og mismunandi vigtunaraðferðir. Álag á afla sem landað er erlendis stuðlar þannig að því að þeir sem landa afla sínum til vinnslu hér á landi sitji við sama borð og þeir sem landa afla sínum erlendis.

Frá því að 25%-álagið var ákveðið var síðar ákveðið að lækka það í 15% en í raun eru að mínu mati gild rök til þess að halda því í 25%. Ákvæði 5. gr. laga nr. 3/1988 varða því fyrst og fremst skiptingu á kvóta til fiskveiða og felur ekki í sér mismunun á stöðu innlendra og erlendra kaupenda á fiski erlendis. Niðurstaða mín sem svar við þessari fsp. er því sú að umrætt lagaákvæði brjóti ekki í bága við alþjóðlegar samningsskuldbindingar okkar Íslendinga.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar það sem hann hefur gefið hér. Ég taldi nauðsynlegt að bera þessa fsp. fram hér í þinginu og fá úr því skorið hvort þetta ákvæði mundi stangast á við þá viðskiptasamninga sem við höfum við erlenda aðila þannig að við gætum þá örugglega staðið frammi fyrir því að við færum rétt með okkar samninga.

En hitt bendi ég á að mér skilst að núna í síðustu viku hafi komið upp svipað mál í Kanada þar sem Kanadamenn munu vera sakaðir um að brjóta fríverslunarsamninga við Bandaríkin í sambandi við svipaðar takmarkanir á óunnum fiski sem seldur hefur verið til Bandaríkjanna. Ég tel rétt að í framhaldi af þessu verði þetta mál kannað betur þó ég geti ekki alveg af fréttum að dæma sagt hvort það var um nákvæmlega eins atriði að ræða, en það virtist vera mjög svipað. Að öðru leyti vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það svar sem ég taldi mjög mikilvægt að kæmi fram hér, að við fengjum úr því skorið hvort við höldum samninga okkar við þessa aðila.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu mjög mikilvæga máli vegna þess að það er túlkun margra að ef við semjum um fríverslun með fisk, eins og við höfum reyndar gert innan EFTA og einnig gagnvart Evrópubandalagi, þá sé okkur ekki stætt á því að vera með neinar hömlur á útflutningi á ferskum fiski. Þess vegna tek ég undir það síðasta sem hv. 11. þm. Reykn. sagði að það verður að kanna þetta mál mjög nákvæmlega áður en farið er út í það að semja um frekari fríverslun með fisk þannig að við vitum hver staða okkar er. Það er ekki nóg þó að við teljum okkur eiga rétt á að leggja álag á fiskinn eða hefta útflutning. Það

verður að vera öllum öðrum ljóst, okkar samningsaðilum, að það er okkar túlkun og þeir verða að sjálfsögðu þá að fallast á þá túlkun.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Aðeins út af þessum síðustu orðum, þá er það að sjálfsögðu aðalatriði hvernig við túlkum þessi mál. Í því sambandi verður, eins og hæstv. utanrrh. kom hér réttilega inn á, að líta á þá staðreynd hvernig þetta mál er tilkomið, þ.e. þegar aflaskiptin áttu sér stað fyrir árið 1984 fengu þau skip sem höfðu eytt tíma sínum til siglinga þetta metið með álagi ofan á sína kvóta og síðan var dregið frá aftur og þá var þetta 25%, þannig að það er alveg óþarfi að vera að líkja því við einhver mál í Kanada. Þeirra veiðum er háttað með allt öðrum hætti. Menn geta því verið alveg rólegir yfir því að við erum í fullum rétti gagnvart Efnahagsbandalaginu í þessu máli og er leitt til þess að vita að einstakir aðilar sem hafa vinnu af því að flytja út fisk hér á landi skuli vera að reyna að draga það í efa að þetta standist gagnvart Efnahagsbandalaginu. Það væri e.t.v. nær að tala um það með hvaða hætti þeir eru að byggja upp fríverslun með fisk, með endalausum niðurgreiðslum. Og hvað er að ske í gæðakröfum t.d. í Bretlandi? Ætli það þurfi ekki ýmislegt að breytast þar til þess að það sé sambærilegt við það sem gerist hér á landi? Mér finnst því vera einum of mikið rætt um þetta mál á þeim nótum að við séum með einhverjum hætti brotlegir gagnvart Efnahagsbandalaginu. Ég held að það sé miklu nær að tala um það með hvaða hætti mál eru á þeim bæ og ekki vera að vekja upp þessar efasemdir einmitt meðan við stöndum í erfiðum samningum. Ekki veitir nú af að halda þar á öllum málum með þeim hætti sem rétt er og því engin ástæða til að draga rétt okkar í þessu máli í efa.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega allstórt mál til umræðu og ég tek undir það sem hér hefur komið fram í svörum hæstv. ráðherra að við þurfum að standa fast á rétti okkar til þess að setja takmarkanir eins og gert hefur verið í sambandi við útflutning á óunnum fiski. Hins vegar finnst mér nauðsynlegt jafnframt að menn horfi til framtíðarinnar og fari rækilegan ofan í saumana á því hver er okkar staða í hugsanlegum frekari samningum. Þá er ég ekki að tala um það sem liggur fyrir hér og nú og hefur verið í reynd. Hver er okkar staða í frekari samningum í sambandi við fríverslun með fisk? Við hverju megum við búast frá gagnaðilum? Hver er okkar réttarstaða ef svo færi sem flestir draga nú í efa að það verði miklar undirtektir af Evrópubandalagsins hálfu við óskum EFTA-ríkjanna og Íslands um fríverslun með fiskafurðir? Þetta eru tvö mál, finnst mér. Annað er staðan í dag, hitt horfir til framtíðar.

Fæðingarorlof, ein umr.

Fsp. LVJ, 82. mál. — Þskj. 83.

Fyrirspyrjandi (Lára V. Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1988 tóku gildi hér á landi ný lög um fæðingarorlof. Helstu ákvæði laganna voru þess efnis að fæðingarorlof var lengt verulega frá því sem áður var, úr þrem mánuðum í sex mánuði í áföngum. Þegar núgildandi fæðingarorlofslög voru sett komu fram fyrirheit um samræmingu á rétti foreldra til fæðingarorlofs og skyldi unnið að slíkri samræmingu í framhaldi af lagasetningunni. Samræma skyldi rétt foreldra til fæðingarorlofs þannig að hann yrði sá sami fyrir fólk á almennum vinnumarkaði og fólk í störfum hjá hinu opinbera.

Þann tíma sem liðinn er frá því að lögin voru sett hefur enn dregið í sundur hvað réttindi þessara tveggja hópa varðar.

Til að fylgja eftir því sjónarmiði að samræma rétt fólks til fæðingarorlofs gaf ríkisstjórnin fyrirheit í tengslum við kjarasamninga sl. vor um að hér skyldi bætt úr. Til að átta sig á verkefninu er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um tölulegar staðreyndir málsins. Því ber ég fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 83 um fæðingarorlof:

„1. Hver var heildarfjöldi fæðinga hér á landi árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. okt. 1989?

2. Hvað voru greiðslur fæðingarorlofs háar árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. okt. 1989?

3. Hve margar konur fengu greitt fæðingarorlof frá Tryggingastofnun ríkisins þetta tímabil?

4. Hve margir karlar fengu fæðingarorlof á sama tíma?

5. Hvernig skiptust greiðslur fæðingarorlofs í flokka eftir atvinnuþátttöku foreldra, eftir fjölda bótaþega og fjárhæðum greiðslna?

6. Hve mörgum foreldrum hefur verið synjað um greiðslu fæðingarorlofs frá Tryggingastofnun ríkisins framangreint tímabil?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mun nú reyna að gera grein fyrir svari við þessari fsp. en óneitanlega hefði verið betra fyrir alla að það hefði verið skriflegt því þetta er mest talnaupplestur, en það er sjálfsagt að lesa þessa talnarunu hér yfir þingheimi og það kemur þá auðvitað inn í þingtíðindi.

Fyrsta spurningin frá hv. fyrirspyrjanda er: „Hver var heildarfjöldi fæðinga hér á landi árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. okt. 1989?"

Svarið við því samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands sem fengnar eru hjá Guðna Baldurssyni, og eru aðeins upplýsingar um lifandi fædda, er að árið 1986 eru fæðingar 3881, árið 1987 eru þær 4193, árið 1988 eru þær 4673 og það sem af er þessu ári fram til 30. sept. voru þær orðnar 3441.

Önnur spurningin er síðan: „Hvað voru greiðslur fæðingarorlofs háar árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. okt. 1989?"

Þar er því til að svara að árið 1986 voru samtals greiddar 238 millj. 57 þús. 110 kr. Reyndar skiptist þetta annars vegar í fullar greiðslur upp á rúmar 205 millj. kr., til þeirra sem fengu ⅔ hluta greiðslna voru rúmar 22 millj. kr. og til þeirra sem fengu ⅓ hluta voru rúmar 10 millj.

Árið 1987 nema þessar greiðslur samtals 328 millj. 835 þús. 804 kr. Og það skiptist þannig að til þeirra sem fá fullar greiðslur, það er að sjálfsögðu langstærsti hlutinn, fóru 288 millj. kr., til þeirra sem fá ⅔ hluta greiðslna fóru tæpar 28 millj. kr. og til þeirra sem fengu ⅓ hluta greiðslu tæpar 13 millj. kr.

Árið 1988 hækkar þessi upphæð hins vegar mjög verulega, enda taka þá gildi ný lög um fæðingarorlof, fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga. Þá er heildargreiðslan 606 millj. 608 þús. 203 kr. Þar af eru fæðingarstyrkirnir 290 millj. 591 þús. 75 kr., en fæðingardagpeningar skiptast þannig að þeir sem fá fulla fæðingardagpeninga, þ.e. mæður, hafa fengið 301 millj. kr. en feður 1 millj. 407 þús. kr., og af þeim sem hafa fengið hálfa fæðingardagpeninga hafa mæður fengið 12 millj. 570 þús. kr. en feður 36 þús.

Sams konar upplýsingar fyrir það sem af er árinu 1989 eru að greiðslurnar hafa samtals numið nú þegar 569 millj. 500 þús. 825 kr. Þetta er frá 1. jan. til 30. sept. í ár. Skiptingin er þannig að fæðingarstyrkur hefur numið 310 millj. 638 þús. kr. Fullir fæðingardagpeningar hafa verið greiddir mæðrum 320 millj. 760 þús. kr. og feðrum 2,4 millj. kr., hálfir fæðingardagpeningar hafa verið greiddir mæðrum 12 millj. 846 þús. kr. og feðrum tæp 55 þús. kr.

Þriðja fsp. er síðan: „Hve margar konur fengu greitt fæðingarorlof frá Tryggingastofnun ríkisins þetta tímabil?"

Þar segir: Tölurnar eru eins nákvæmar og unnt er að fá þær hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þeir sem fá greiðslur yfir áramót eru tvítaldir eða þar lenda greiðslurnar hjá þessum einstaklingum beggja vegna áramóta. Árið 1986 hafa fengið fullar greiðslur 2920 aðilar, ⅔ hluta greiðslu 478 og ⅓ hluta greiðslu 453. Árið 1987 hafa fengið fullar greiðslur 3240 einstaklingar, ⅔ hluta greiðslu 456 og ⅓ hluta 455. Árið 1988 er síðan breytingin og þá fá fæðingarstyrk 4603 einstaklingar, fulla fæðingardagpeninga 3820 og hálfa fæðingardagpeninga 333. Og árið 1989 frá 1. jan. til 30. sept. eru tölurnar þær að fæðingarstyrki hafa fengið 3897, fulla fæðingardagpeninga 3199 og hálfa fæðingardagpeninga 256.

Síðan er í 4. tölul. spurt: „Hve margir karlar fengu fæðingarorlof á sama tíma?"

Þar segir í svarinu: Tölurnar eru eins nákvæmar og unnt er að fá hjá Tryggingastofnun. Þeir sem fá greiðslur yfir áramót eru tvítaldir eins og í hinu svarinu. Árið 1986 eru engar greiðslur bókaðar til feðra og ekki heldur árið 1987, en árið 1988 hafa 38 feður fengið fulla fæðingardagpeninga og þrír fengið hálfa fæðingardagpeninga. Árið 1989 á þessu umræddu tímabili 1. jan. til 30. sept. hafa 40 feður fengið fulla fæðingardagpeninga en aðeins einn hálfa fæðingardagpeninga.

Fimmti liður fsp. er síðan: „Hvernig skiptust greiðslur fæðingarorlofs í flokka eftir atvinnuþátttöku foreldra, eftir fjölda bótaþega og fjárhæðum greiðslna?"

Þar segir: Upplýsingar um þetta atriði hefur Tryggingastofnun ekki, en e.t.v. má lesa út úr liðum 2, 3 og 4 að ofan nokkrar upplýsingar eins og það að árið 1986–1987 var fullt fæðingarorlof greitt þeim sem höfðu unnið 1032 dagvinnustundir sl. 12 mánuði fyrir töku fæðingarorlofs. ⅔ hlutar fæðingarorlofs voru greiddir þeim sem höfðu unnið allt að 516 dagvinnustundum, einnig námsmönnum, og ⅓ hluti fæðingarorlofs var greiddur heimavinnandi. Eftir 1. jan. 1988 fengu heimavinnandi konur fæðingarstyrk. Foreldri sem fékk fulla fæðingardagpeninga hafði unnið 1032 dagvinnustundir eða meira sl. 12 mánuði fyrir töku fæðingarorlofs, þar með taldir námsmenn, og þeir sem fengu hálfa fæðingardagpeninga höfðu unnið allt að 516 dagvinnustundum.

Síðasti liður fsp. var síðan: „Hve mörgum konum hefur verið synjað um greiðslu fæðingarorlofs frá Tryggingastofnun ríkisins framangreint tímabil?"

Því miður er svarið það frá Tryggingastofnun að upplýsingum um það atriði sé ekki haldið saman í Tryggingastofnuninni.

Aðeins að lokum, hæstv. forseti, út af því sem fyrirspyrjandi sagði í upphafi máls síns, þá er það rétt að nú er unnið að endurskoðun á lögum um fæðingarorlof. Það tók nokkuð langan tíma að koma þessu nefndarstarfi af stað, fá tilnefningar frá öllum þeim sem ætlað var að koma að málinu en nefndin hefur nú verið skipuð og vænti ég þess að hennar störf geti gengið fljótt og vel fyrir sig.

Fyrirspyrjandi (Lára V. Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýr og greinargóð svör og ég þykist þess fullviss að þessar upplýsingar muni koma sér vel í þeirri vinnu sem fram undan er í þessum málum varðandi þessa samræmingu. Það er ýmislegt í þessum tölum sem vekur athygli, m.a. það hversu illa gengur að fá feður til að taka hluta fæðingarorlofs og einnig það að ekki sé haldið saman upplýsingum um synjun á fæðingarorlofsgreiðslum, en það vekur upp spurningar um það hvernig ástatt er þegar þannig hefur samist milli vinnuveitanda og starfsmanns að vinnuveitandi hyggst bæta starfsmanni það sem upp á vantar greiðslu fæðingarorlofs frá Tryggingastofnun. Ef slíkt á sér stað þá synjar Tryggingastofnun um greiðslu fæðingarorlofs, þ.e. Tryggingastofnun telur það ekki standast lög um fæðingarorlof að vinnuveitandi vilji bæta launamanni það sem á vantar í fæðingarorlofi. Þetta m.a. hefur staðið í vegi fyrir því að aðilar vinnumarkaðar gætu samið um viðbætur á fæðingarorlof í kjarasamningum.

En ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu og hæstv. ráðherra fyrir þær

upplýsingar sem hann hefur hér veitt. Það var hins vegar atriði í síðari ræðu hv. fyrirspyrjanda sem varð þess valdandi að ég bað um orðið. Það er sú túlkun Tryggingastofnunar að sú staðreynd að vinnuveitandi ætli að bæta launþega upp það sem á vantar full laun þegar viðkomandi fær greidda út fæðingardagpeninga eigi að valda því að viðkomandi fái ekki fæðingardagpeninga. Ég er ekki sammála um þá túlkun. Ég vil geta þess sem flm. frumvarpa um fæðingarorlof og síðar um fæðingardagpeninga og fæðingarstyrki, frumvarpa sem síðar urðu að lögum, að það var einmitt ein af röksemdunum og forsendunum fyrir því að ákvarðanir voru í lögunum með þeim hætti sem varð að það væri ævinlega frelsi fyrir vinnuveitanda og launþega að semja um það sem á vantaði fullar greiðslur, svo að heildartekjur næmu hinu sama og full laun viðkomandi hefðu verið. Ég tel það vera fyllilega heimilt.

Fyrstu lögin um þetta sem samþykkt voru á árinu 1975 voru einmitt þannig úr garði gerð að þar voru greiðslur sem í ýmsum tilfellum voru jafnvel lítið eitt hærri en laun launþegans, það gat hugsast í fáum tilfellum þó. Þetta voru upphæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ákvarðaðar eftir þeim reglum sem þar giltu. En þá var einmitt ætlunin þegar á vantaði að þessar greiðslur næmu fullum launum, sem auðvitað var oft, að þá væri að sjálfsögðu opin leið að semja um þá upphæð, mismuninn sem á vantaði, við vinnuveitandann. Lögin áttu einmitt að greiða fyrir því að mæðurnar gætu haldið fullum launum þennan tíma því að það var fyrirtækjunum í flestum tilvikum ofviða að greiða alla upphæðina. Þess vegna urðu þessi lög til þess að styðja mjög réttindi kvenna og barna og ég vonast til að sú túlkun eigi eftir að fá framgang, að þetta sé heimilt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem vanbúin í þessa umræðu vegna þess að ég heyrði ekki fyrri hluta hennar því miður. En ég vil þó geta þess hér að ég veit til þess að í tryggingaráði og líka í heilbrrn. hafa lögin um fæðingarorlof verið túlkuð á þann veg að ef kona þiggur laun í fæðingarorlofi fellur jafnframt niður réttur hennar til þess að fá fæðingarorlof frá Tryggingastofnun. Þetta hefur verið vandi t.d. í sambandi við bankamenn eftir að fæðingarorlof lengdist og bankamenn vildu að konur í þeirri stétt héldu fullum launum eins og kjarasamningar kváðu á um þriggja mánaða fæðingarorlofið. Ég hygg að einmitt þess vegna hafi verið sett nefnd í málið, til að skýra túlkunina og reyna að ná samkomulagi um hana vegna þess hversu erfitt hefur reynst í ýmsum tilvikum að túlka lögin og reglugerðina sem var sett um þau.

Óstöðugleiki vinnumarkaðar og líka það hve margar konur vinna hlutastörf og eru þess vegna hjá fleiri en einum atvinnuveitanda, bæði hjá ríkinu og kannski öðrum atvinnuveitanda, hafa líka gert það að verkum að það er erfitt að túlka rétt kvenna til fæðingarorlofs. Ég vona bara að þessari nefnd takist að draga skýrari línur í þessum efnum.

Þátttaka Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins í byggingu varaflugvallar, ein umr.

Fsp. GHG, 37. mál. — Þskj. 37.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég er hér með fsp. til utanrrh. um þátttöku Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins í byggingu varaflugvallar fyrir alþjóðaflug. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvernig ganga viðræður utanrrh. við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins um hugsanlega aðild sjóðsins að byggingu fullkomins varaflugvallar fyrir alþjóðaflug yfir Norður-Atlantshafi?"

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að vera langorður um þessa fsp., hún skýrir sig sjálf, en ég vil aðeins minnast á það að á síðasta þingi var mikið til umræðu í sambandi við byggingu varaflugvallar á Íslandi hvort til greina kæmi að Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins tæki einhvern þátt í byggingu þess flugvallar. Það voru mjög skiptar skoðanir um það hvort svo skyldi vera eða ekki. Í þeim umræðum kom m.a. fram hjá hæstv. utanrrh., ef ég man rétt, að hann teldi ekki nein vandkvæði á því að hann gæti látið fara fram ákveðna forkönnun á því hvort Mannvirkjasjóðurinn gæti ekki komið hér til skjalanna með verulegum fjárframlögum. Þess vegna er fsp. fram komin og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. hafi látið framkvæma það.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 14. þm. Reykv. spyr:

„Hvernig ganga viðræður utanríkisráðherra við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins um hugsanlega aðild sjóðsins að byggingu fullkomins varaflugvallar fyrir alþjóðaflug yfir Norður-Atlantshafi?"

Ég vil fyrst benda hv. fyrirspyrjanda á að engar viðræður hafa farið fram milli Íslendinga og Mannvirkjasjóðsins um þetta mál. Varaflugvallarmálið hefur verið rætt ítarlega áður á Alþingi utan dagskrár í febrúar og apríl 1989 og ég tel rétt og skylt af þessu tilefni að rifja upp meginatriðin í því sem fram hefur komið í umræðum um þetta mál hér á Alþingi.

Hugmyndin um að byggja varaflugvöll á Íslandi eða Grænlandi sem að verulegu leyti væri fjármagnaður af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins mun upphaflega hafa komið fram í nóvembermánuði árið 1985. Páv. yfirmaður flotastjórnar Atlantshafsbandalagsins lýsti áhuga sínum á því að láta fara fram forkönnun á möguleikum á byggingu varaflugvallar á flugstjórnarsvæði Íslands sem mundi þjóna flugumferð á svæðinu öllu.

Hinn 2. jan. árið 1986 ákvað páv. ríkisstjórn að teknar yrðu upp viðræður varnarmálaskrifstofu og samgrh. við flotamálayfirvöld Atlantshafsbandalagsins og varnarliðið og hófust þær viðræður í desember 1986 en lauk í janúar 1987. Í þeim viðræðum kom fram að varaflugvöllur yrði að nýtast fyrir allt flug er um Keflavíkurflugvöll fer nú og að öll umsjón yrði í höndum Íslendinga og að nýting varnarliðs á vellin-

um yrði aðeins í neyðartilvikum þegar Keflavíkurflugvöllur væri lokaður.

Í febrúar 1987 ákvað þáv. samgrh. að íslensk forathugun yrði gerð á hugsanlegum möguleikum fyrir varaflugvöll. Skýrsla þessa efnis var birt opinberlega og er líklegt að hún geti komið að verulegu gagni ef forkönnun á vegum eða í samvinnu við Atlantshafsbandalagið yrði leyfð.

Ég hef í starfi mínu sem utanrrh. fjallað ítarlega um þetta mál við yfirmann flota Atlantshafsbandalagsins við þrenn tækifæri, síðast í tilefni af heimsókn Kelso aðmíráls til Íslands í septembermánuði sl. Auk þess átti ég ítarlegar viðræður við aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins í nóvember og desember á sl. ári. Í þeim viðræðum hef ég mótað þær kröfur eða þau skilyrði sem ég álít rétt að gera um undirbúning og framkvæmd forkönnunar. Í framhaldi af þessum viðræðum hefur framkvæmdastjóri staðfest skriflega, og hér vitna ég til bréfs hans, „að flugvöllur sá sem tillaga liggur fyrir um muni á engan hátt gegna hernaðarhlutverki á friðartímum og yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum". Þar lýkur tilvitnun í bréf framkvæmdastjórans. Jafnframt segir í bréfinu að slíkur flugvöllur eigi að þjóna hvers konar flugi þegar veður eða neyðarástand krefji. Bréf þetta birtist í heild í Alþingistíðindum 20. febr. sl. ásamt minnisblaði mínu til ríkisstjórnar þar sem raktar eru þarfir alþjóðlegs farþegaflugs á Norður-Atlantshafi.

Í viðræðum mínum við forsvarsmenn Atlantshafsbandalagsins og yfirmann flota Atlantshafsbandalagsins hefur það komið skýrt fram að forkönnun felur ekki í sér neinar skuldbindingar af hálfu íslenskra stjórnvalda um byggingu varaflugvallar. Hitt er einnig augljóst að niðurstöður ítarlegrar úttektar á mögulegri staðsetningu fullkomins alþjóðlegs flugvallar eru íslenskum stjórnvöldum mikils virði alveg án tillits til þess hvort endanlega yrði tekin ákvörðun um að reisa mannvirkið sjálft. Sams konar könnunar var óskað á Grænlandi. Hún hefur þegar farið fram og niðurstöður lágu fyrir í ágústmánuði sl. en eru enn trúnaðarmál á vegum Atlantshafsbandalagsins og danskra stjórnvalda, en Atlantshafsbandalagið greiddi allan kostnað við þá könnun.

Enn hefur ekki verið tekin endanleg afstaða til óska um heimild til íslenskra stjórnvalda til þess að forkönnun vegna hugsanlegs varaflugvallar hér á landi verði gerð á vegum Atlantshafsbandalagsins. Forræði þessa máls er í höndum utanrrh. eins og upplýst hefur verið og um það segi ég það eitt á þessu stigi málsins að ég mun taka mínar ákvarðanir að athuguðu máli, könnun á öllum staðreyndum og málsatvikum, þegar ég tel það tímabært.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir þessa fsp. sem hann hefur hér beint til hæstv. utanrrh. Eins og við vitum er þetta mjög mikið mál. Ég held því að nauðsynlegt sé að við hugum vel að því hvað hér er að gerast. Ég fagna því sem hæstv. utanrrh. segir, að hann muni láta fara fram forkönnun hér á þessu máli þannig að við getum gert okkur grein fyrir því hvar slíkur flugvöllur megi vera á landinu og hvað hann muni væntanlega kosta. Hitt er annað mál að það kom ekki fram hvort hafnar hefðu verið neinar viðræður um Mannvirkjasjóðinn, enda, ef ég man rétt varðandi fsp. sem ég flutti hér í fyrra til hæstv. utanrrh., erum við ekki aðilar að Mannvirkjasjóði NATO og þurfum að vera það til þess að við getum rætt við það stjórnsýsluapparat sjálfir.

En ég þakka fyrirspyrjanda aftur fyrir fsp. og tel ljóst að það muni verða farið út í þessa forkönnun fljótlega og fagna því.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Málefni varahernaðarflugvallar sem hér eru rædd varða það stjórnarsamstarf sem nú er við lýði í landinu. Það er tvímælalaust í mínum huga svo að forkönnun á þessu máli eða annar undirbúningur vegna varahernaðarflugvallar væri brot á samningi ríkisstjórnarflokkanna, ef í hann yrði ráðist með heimild hæstv. utanrrh.

Ég tók eftir því í máli hæstv. ráðherra að hann orðaði það svo að ekki hefði verið tekin endanleg afstaða til óska íslenskra stjórnvalda um forkönnun og þá hjá Atlantshafsbandalaginu ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt. Ég tel þetta mál mjög alvarlegt, eins og það kemur hér fram frá hæstv. ráðherra, þar sem hann gefur til kynna að hann íhugi það að leyfa þessa forkönnun. Ég vænti þess að ráðherrann íhugi mál þetta vel og lengi og átti sig á því hvernig það tengist því samstarfi sem hann er í við aðra flokka í ríkisstjórn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að það sé óþarfi að eyða tíma eða kröftum í þessa forkönnun vegna þess að okkur vantar ekki þessa herstöð sem forkönnunin beinist að að reist verði. Og það stendur ekki til að byggja fleiri hernaðarmannvirki í þessu stjórnarsamstarfi, þannig að þegar af þeirri ástæðu, eins og hv. 2. þm. Austurl. greindi hér frá, stemmir þetta ekki saman við áætlanir ríkisstjórnarinnar eða þann samning sem liggur til grundvallar þessu stjórnarsamstarfi.

Hér er auðvitað um hernaðarmannvirki að ræða og menn eiga ekki að vera að spauga með einhver bréf frá generálunum um að svo sé ekki. Hönnunarforsendur þessa vallar, eða þær kröfur sem lagðar eru til grundvallar byggingu svona vallar, sanna það að hér er um hernaðarmannvirki að ræða og ekkert annað en hernaðarmannvirki. Svo er náttúrlega, hvað sem þeim bláeygðustu hérna í salnum kann að finnast, Mannvirkjasjóður NATO ekki nein góðgerðarstofnun og hann leggur auðvitað ekki fé í mannvirki sem ekki koma NATO til góða sem hernaðarmannvirki. Þegar af þeirri ástæðu er það sönnun fyrir því að um hernaðarmannvirki er að ræða.

Það sem okkur vantar hér á landi er varaflugvöllur sem þjónar íslensku flugi og íslenskum flugfélögum og íslenskum flugrekstri. Slíkur flugvöllur er á Akur-

eyri. Að vísu eru fjöllin ansi nærri þannig að þar eru ekki æskilegustu aðstæður. Ég ætlast ekki til að utanrrh. fari að standa fyrir því að moka þeim burtu, ekki samgrh. heldur. Slíkan flugvöll er verið að leggja á Egilsstöðum og hann verður vonandi tekinn í notkun áður en langt um líður. Slíkur flugvöllur er á Sauðárkróki og vantar bara á hann slitlagið.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. tel ég mjög brýnt að fá að heyra álit formanns Alþb. á þeirri skoðun hv. þm. að hér varði við stjórnarslit og tel alveg nauðsynlegt að þingheimur fái að heyra þá skoðun og stefnu hans alveg skýra.

Ég fagna hins vegar þessari fsp. og þakka fyrir hana, en beini jafnframt þeim spurningum til hæstv. utanrrh. hvaða kvaðir og hvaða kostnaður mundi fylgja því fyrir Ísland að gerast aðili að þessum Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins og einnig þá hver yrðu hlutverkaskiptin með því að ganga inn í slíkt samstarf.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hverjir eru bláeygðir og hverjir bera einhvern veginn öðruvísi lit augnanna. En ég held að þeir menn séu ekki bláeygðir sem vilja horfa af raunsæi á aðstæður hér á okkar heimssvæði. Það liggur fyrir að þrátt fyrir þíðuna og þrátt fyrir orð Gorbatsjovs og þrátt fyrir allt sem er að gerast, þá er þyngt stanslaust á herbúnaði einmitt á Kólaskaga, næsta nágrenni við okkur. Eigum við Íslendingar ekki að fylgjast með því sem þar er að gerast? Eigum við að láta einhverjum öðrum það eftir: Er það ekki alveg ljóst að við tökum fullan þátt í starfsemi Atlantshafsbandalagsins og forkönnun varðandi milliríkjaflugvöll, þó að hann sé kannski kallaður hernaðarflugvöllur, varaflugvöllur vegna hernaðar, vegna eftirlits á okkar slóðum, er algjörlega sjálfsögð og ég harma það að hæstv. utanrrh. skuli ekki fyrir löngu vera búinn að taka þessa ákvörðun. Því er margyfirlýst hér í þessum sal, sérstaklega þó af hæstv. forsrh. að þessi ákvarðanataka sé á forræði hæstv. utanrrh.

Ég hef lýst héðan úr þessum stól margsinnis á undangengnum árum að ég hafi vel treyst utanrrh. undangenginna ára, hverjum framar öðrum, og einmitt að því leyti að þeir hafi allir staðið dyggan vörð um hagsmuni okkar bandalags, mikilvægasta bandalags mannkynssögunnar, Atlantshafsbandalagsins, og ég vona að hæstv. núv. utanrrh. geri það. Ég er ekki að reikna með öðru. Ég hygg að hann hafi alveg bein í nefinu, svo að áfram sé nú talað um ýmiss konar líkamshluta andlitsins — (**Utanrrh.:** Þótt bláeygur sé.) Já, bláeygur er hann ekki — að hann hafi bein í nefinu til að taka þessa ákvörðun, helst í dag.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að þegar kemur að eigin hagsmunum, þá hrökkva menn við og ég hrökk óneitanlega við áðan þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. ætlaði að fara að láta lækka fjöll við aðflug að Akureyrarflugvöll því að það vill nú svo til að ég bý undir einu af þessum fjöllum sem yrði væntanlega að ryðja niður og hef af þessu vissar áhyggjur. En það var nú ekki þetta sem ég ætlaði að koma að.

Ég ítreka þá skoðun sem hér hefur komið fram hjá nokkrum ræðumönnum að auðvitað er þetta ekkert annað en hervöllur sem verið er að tala um og ég skil ekki þá sjálfsblekkingu þegar menn halda öðru fram. Síðan geta menn rökrætt það opnum augum, hvort sem þau eru blá eða einhvern veginn öðruvísi á litinn, hvort menn vilja annan herflugvöll og hvaða tilgangi hann þjónar fyrir okkur.

Mín skoðun er nú reyndar sú og hefur verið lengi að við eigum að standa á móti hernaðaruppbyggingu hér á landi eins og við mögulega getum. Og ég held að það hljóti að samrýmast þeirri skoðun, sem ég vil meina að sé skoðun meiri hluta þingheims, að við viljum vinna að afvopnun og friði í norðurhöfum. Kannski er ég afskaplega bláeygur í þessari skoðun minni, í svolítið annarri merkingu en menn hafa notað hér áður, en þetta er engu að síður mín skoðun.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að skora á hæstv. utanrrh. einu sinni enn að drífa í að láta þessa forkönnun fara fram. Hann fer með þessi málefni sem heyra undir utanríkismál og hefur sem ráðherra sem fer með slík mál fullt vald til þess að láta slíka könnun fara fram. Það er hans vald samkvæmt stjórnskipun landsins og það getur enginn sagt neitt við því nema þá að menn vilji koma honum úr embætti. Það er hans hlutverk að gera þetta og það er líka hans hlutverk vegna þess að við erum aðilar að NATO. NATO er nokkurs konar lögregla lýðræðisskipulagsins. Já, sumir hlæja að því. (Gripið fram í.) Sem betur fer eru afvopnunarmál á réttri leið, en það þýðir ekkert að lýðræðisþjóðirnar eigi að lina á öryggisgæslu varðandi flugumferð í lofti. Ég vil meina það að öryggisgæslu með hernaðarumsvifum eigi einmitt að halda áfram þrátt fyrir afvopnunarviðræður. Ég sé enga ástæðu til þess að við séum svo bláeyg, af því að menn tala um blá augu, að við treystum einræðisskipulaginu með bundið fyrir augun. Það er sjálfsagt að fylgjast með flugumferð í lofti.

Það er líka rétt að minna á að Alþingi samþykkti fyrir rúmum 40 árum varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna með 37:13 atkv. og tveir sátu hjá. Ég tel að einn stjórnmálaflokkur sem á aðild að þessari ríkisstjórn hafi engan rétt til þess að segja að það skuli ekki farið að vilja meiri hluta Alþingis. Það er bara fráleitt. Ég held að okkur beri auðvitað skylda til þess að virða skoðanir þeirra sem eru á móti þessu hernaðarbrölti eins og þeir kalla það. En þeim ber líka skylda til þess að virða skoðanir meiri hluta þjóðarinnar og meiri hluta Alþingis, ekki síður. Ég held að við þurfum einmitt, nú á tímum erfiðs atvinnulífs á Íslandi, að fá fullkominn varaflugvöll sem stenst kröfur framtíðarinnar með öryggisgæslu, slökkvibúnað og fleira í þeim dúr. Ég vil meina að

sameiginlegir hagsmunir okkar og NATO sé einmitt flugumferð í lofti og ég skora á hæstv. ráðherra að láta þessa könnun fara fram sem fyrst.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara staðfesta það sem kom fram hér hjá hv. þm., 2. þm. Austurl. og 1. þm. Norðurl. v., að það var gengið frá því að það yrðu engin hernaðarmannvirki byggð, sem ekki væri byrjað á, í þessari stjórnartíð. Ef ekki verður við það staðið eru það brigður á því samkomulagi sem gert var að mínu mati. Það er alveg furðulegt að hlusta á þessar umræður hér. Það er eins og menn geri sér ekki grein fyrir að það er verið að tala um allt annan hlut, flugvöll fyrir okkar flug eða hernaðarflugvöll. Ég hef átt þess kost að láta menn sem þekkja til segja mér hve munurinn er mikill. Það er ekkert sambærilegt. Ég verð að segja að það er merkilegt að mönnum skuli detta þetta í hug á þessum tíma sem nú er.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur verið rætt um varaflugvöll og það hljóta allir að vera sammála því að við þurfum að hafa varaflugvöll fyrir Íslendinga og fyrir millilandaflug en að blanda því ekki saman við hernaðarmannvirki. Það er greinilegt að ef Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins tekur þátt í uppbyggingu flugvallar hér á landi, þá er það að sjálfsögðu hernaðarmannvirki. Það þarf enginn að velkjast í neinum vafa um það og það er einkennilegt að heyra það að þrátt fyrir alla þíðu í heiminum telji alþingismenn koma til greina frekari hernaðaruppbyggingu hér á landi og að flækja okkur þar með enn fastar í það hernaðarnet sem við erum nú þegar flækt í. Það er ömurlegt að hlusta á þetta hér á þessum tímum.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég tel að nauðsynlegt sé að utanrrh. láti umrædda forkönnun fara fram. Við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Mikill meiri hluti Íslendinga styður það og það á ekki að láta minni hlutann þvælast allt of mikið fyrir í þessu máli. Við eigum að standa við okkar skuldbindingar gagnvart þeim sem við erum í bandalagi við. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þetta verði gert. Ég bendi á að forkönnun á svona verkefni er ekki hernaðarframkvæmd heldur aðeins könnun, og ég skora á hæstv. utanrrh. að láta að henni verða.

Mér þykir miður að sá utanrrh. sem fyrst kom að málinu, Matthías Á. Mathiesen, hv. 1. þm. Reykn., heyktist á því að gera þetta. Hvers vegna veit ég ekki en ef hann hefði gert þetta værum við ekki að ræða þetta nú. Hann hafði fullt vald til þess en treysti sér ekki til þess.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Það er dálítið einkennilegt stundum hvernig umræður um fyrirspurnir fara fram hér í þinginu. Þær enda sem almennar stjórnmálaumræður eða eldhúsdagur. Kannski þyrftum við að gefa okkur stundum meiri tíma til að gera slíkt hérna, að ræða almennt um hlutina. En í þessu máli er það alveg ljóst í mínum huga að það er í forræði utanrrh. að heimila eða ekki heimila að þessi forkönnun fari fram. Við getum síðan metið stöðuna þegar slík forkönnun hefur farið fram. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl. að í stjórnarsáttmálanum stendur að ekki skuli ráðast í nýjar hernaðarframkvæmdir hér á landi ... (Gripið fram í.) Meiri háttar. Þakka þér fyrir leiðréttinguna. Það er hins vegar alveg ljóst að slík forkönnun fellur ekki undir hernaðarmannvirki. (Gripið fram í.) Hún gerir það ekki og ef utanrrh. eða einstökum ráðherrum er ekki heimilt að láta fara fram könnun á ákveðnum málaflokkum sem þeir telja nauðsynlegt upp á framtíðina er öruggt mál að hv. 2. þm. Austurl. verður að standa við orð sín sem hann hefur haft í frammi áður í þinginu, að hér verði ekki reist ný álverksmiðja. Þar er búin að vera í gangi forkönnun í langan tíma og ef við ætlum að rjúka svona upp til handa og fóta ef ráðherrar eru að vinna að verkefnum sem tilheyra þeirra málaflokki og ef forkannanir á ýmsum vettvangi fara fram, þá verður framhaldið ekki beysið hjá okkur yfirleitt. Og ég held að það liggi líka fyrir að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir hér í þinginu að forræði þess að láta slíka forkönnun fara fram er í höndum fagráðherra, í þessu tilfelli hæstv. utanrrh.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Nú, þegar umræður fara fram um þetta mál, og það ekki í fyrsta sinn, spretta hér upp ýmsir hv. þm. sem gera sig bera að tvöfeldni í afstöðu. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég hef stundum látið koma fram mjög eindregna andstöðu við þátttöku útlendinga eða greiðslu varnarliðs á kostnaði við lagningu vegakerfis um landið, en þegar að því kemur að athuga um þátttöku af hálfu Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins í alþjóðlegum millilandaflugvelli finnst mér málið horfa þannig við að þar sé um mál að ræða sem væri ábyrgðarhluti af íslenskum ráðamönnum að láta undir höfuð leggjast að kanna möguleika á. Það er auðvitað sjálfsagt að framkvæma slíka könnun.

Ýmsir hv. þm. tala um að þetta eigum við ekki að gera því að slíkur flugvöllur mundi teljast hernaðarmannvirki, a.m.k. ef til ófriðar kæmi. Hvað þá um Keflavíkurflugvöll? Ég veit ekki betur en að þessir sömu hv. þm. notfæri sér þann flugvöll þráfaldlega vegna ferða milli landa. Og hvað um Reykjavíkurflugvöll? Hvaða flugvöllur er ekki hernaðarmannvirki ef út í það er farið ef til ófriðar kemur, sérstaklega ef um fullkominn millilandaflugvöll er að ræða? Það er auðvitað algjörlega ljóst og það er frá mínu sjónarmiði ekki annað en hræsni að þvo hendur sínar af þeim möguleika að eiga að standa að slíkum viðræðum því að auðvitað berum við ábyrgð á því að gengið sé frá öllum öryggisatriðum í þágu Íslands og íslenskra borgara og líka í þágu þess samstarfs sem við erum í og viljum vera þátttakendur í. Ég vil ganga

lengra en hv. síðasti ræðumaður, formaður utanrmn., þegar hann segir að ef hæstv. utanrrh. hafi ekki heimild til að láta gera slíka könnun sé það auðvitað algjörlega ljóst að hann sé ekki að tala um hernaðarmannvirki, heldur eitthvað miklu saklausara mál. Ég tel að ef hæstv. ráðherra hefur ekki heimild til að láta gera slíka könnun og taka þær ákvarðanir í framhaldi af því sem honum ber embættis hans vegna, þá á hann ekki að vera utanrrh. í þessari ríkisstjórn.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég stend bara upp til að ítreka þá skoðun mína að varaflugvöllur sé alveg nauðsynlegur fyrir Íslendinga við þær aðstæður sem nú eru. Það hygg ég að flestum sé ljóst. En í því sambandi verða menn sérstaklega að hafa í huga að það er gríðarleg breyting að verða á millilandaflugi Íslendinga. Við erum í vaxandi mæli að fljúga hér yfir hafið á tveggja hreyfla vélum, e.t.v. innan skamms tíma eingöngu á tveggja hreyfla vélum. Að gera það án góðs varaflugvallar er mikill ábyrgðarhluti og ég verð að segja það að ég er dálítið undrandi að okkar stærstu flugfélög skuli ekki við þessar breytingar í sinni starfsemi leggja ríkari áherslu á þennan þátt við stjórnvöld.

Þegar kemur að afvopnun og friðarmálum og hernaðarmannvirkjum vil ég aðeins segja þetta: Ég hef verið mikill talsmaður afvopnunar á Norður-Atlantshafi. Reyndar hef ég haldið að ég hafi fyrstur flutt hér inni á Alþingi Íslendinga hugmyndir um frumkvæði Íslendinga í þeim málum. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) E.t.v. eru meiri möguleikar nú, eins og ástand er í heimsmálum, til að ná tökum á þeim málum en nokkru sinni áður. En ef það tækist, þá á öll heimsbyggðin allt undir því að eftirlit yfir þessu hafsvæði sé gott. Ég hygg að nánast öll heimsbyggðin mæni þá til þeirrar sérstöðu sem Íslendingar hafa og afvopnun yrði lítils virði ef enginn treystir á hana og ekki er unnt að koma við víðtæku og öflugu eftirliti.

Það er þess vegna mín skoðun að Íslendingar hljóti að kanna það hvort hinir gríðarlegu hagsmunir þeirra varðandi varaflugvöll og samvinna við Atlantshafsbandalagið kunni að vera Íslendingum til hagsbóta. Á þessu stigi vil ég ekki kveða upp úr um það. Viðræður hljóta að verða að skýra það og þegar mál liggja nánar og ljósar fyrir verða menn að draga ályktanir af þeim staðreyndum sem fyrir liggja.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta svolítils misskilnings í þeirri umræðu eða hluta þeirrar umræðu sem hér hefur verið. Ég held það blandist ekki nokkrum manni hugur um að þörfin fyrir varaflugvöll, fyrir alþjóðaflug, er mikil og brýn en hins vegar fjallar þessi fsp. um hvernig viðræður gangi, viðræður utanrrh. við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins. Þar sem hér er verið að tala um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins verðum við að ræða málið út frá því. Mér finnst með ólíkindum ef menn tengja Mannvirkjasjóðinn ekki við hernaðaruppbyggingu því það er nákvæmlega hans hlutverk og því finnst mér meiri tvískinningur í máli þeirra er vilja tengja þetta mál almennri þörf á varaflugvelli. Þetta er heruppbygging og ber að líta á hana sem slíka.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á því að í ræðu minni með fsp. lagði ég enga dóma á það hvort Mannvirkjasjóður ætti að leggja fram fé til að byggja hernaðarflugvöll eða alþjóðaflugvöll sem væri þeirrar gerðar að hann gæti sinnt því hlutverki sem um ræðir.

Það hefur komið skýrt fram í ræðum margra hv. þm. að brýn nauðsyn væri á því að hér á Íslandi væri byggður fullkominn alþjóðavaraflugvöllur og ber enginn brigður á það. Það hefur einnig komið fram í ræðu hæstv. utanrrh. að af hans hálfu væri í sambandi og í tengslum við hugsanlega aðild Mannvirkjasjóðs að slíkum flugvelli um að ræða flugvöll sem væri notaður á friðartímum í þágu farþegaflugs yfir Norður-Atlantshaf en ekki hernaðarflugs.

Hins vegar liggur það í augum uppi, eins og margkom fram í umræðum á síðasta þingi, að alþjóðaflugvöllur þeirrar gerðar sem hér um ræðir yrði, ef til ófriðar kemur, að sjálfsögðu notaður sem hernaðarflugvöllur. Það gæti enginn komið í veg fyrir það né yfirleitt í sambandi við aðra flugvelli á Íslandi, hvort sem þeir eru stórir eða litlir.

Og ég vil, virðulegi forseti, fá að þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans greinargóðu svör. Það kom fram í svari hæstv. ráðherra og hann staðfesti að hann hefði átt viðræður við forráðamenn NATO um þetta mál. Hann tók hins vegar skýrt fram að enn hefði ekki verið tekin endanleg ákvörðun eða afstaða af hálfu opinberra aðila, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar, hvort þessi forkönnun eigi sér stað eða ekki og ítrekaði að það væri á hans valdi, þ.e. hæstv. utanrrh., að láta hana fara fram þegar hann teldi það tímabært.

Nú kom það fram í umræðum að einn stuðningsmaður núv. ríkisstjórnar, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, segir að ef slíkt yrði gert sé það brot á stjórnarsamningi. Þar með er það einnig staðfest að hæstv. ráðherra hefur ekki vald eða möguleika til að framkvæma nauðsynlega forkönnun, þar sem vitað er, hæstv. utanrrh., að alþýðubandalagsmenn sem eru í þessari ríkisstjórn hafa líf hennar í sinni hendi enda fór það ekki á milli mála í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hann sagði skýrt og skorinort að verði þessi forkönnun framkvæmd sé það væri brot á stjórnarsamningi. Hv. þm. gaf ótvírætt í skyn að ef þessi forkönnun verður gerð mundi það verða þessari hæstv. ríkisstjórn að falli.

Sem sagt, Alþb. ræður í þessu máli sem öðrum öllu innan ríkisstjórnarinnar er lýtur að meiri háttar málum okkar Íslendinga. Og það sem alvarlegra er: Þarna hefur alþýðubandalagsmönnum tekist að ná tökum á varnar- og öryggismálum Íslands í fyrsta skipti frá því að Ísland gerðist aðili að NATO og er það hörmulegt og mjög alvarlegt mál fyrir íslenska þjóð.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, fá að segja það

og mótmæla því að af okkar hálfu, sem höfum verið að tala hér um varaflugvöll, séum við að óska eftir því að hér verði byggður hernaðarflugvöllur. Við erum að óska eftir því að þátttaka Mannvirkjasjóðs í þessum varaflugvelli verði með þeim hætti að á Íslandi verði fyrir hendi alþjóðlegur flugvöllur sem hafi fullkomin móttökuskilyrði fyrir stórar tveggja hreyfla farþegaflugvélar, en þær fljúga nú æ tíðar yfir Norður-Atlantshaf, og einnig leggjum við áherslu á það, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að með því móti getum við eflt það eftirlit sem er nauðsynlegt til að halda og vernda frið í Norður-Atlantshafi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Nokkrir hv. þm. hafa í tilefni af þessari fsp. lýst þeirri skoðun sinni að það væri brot á stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar ef ákvörðun yrði tekin um að heimila forkönnun að því er varðar varaflugvöll með þátttöku Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Mér þykir brýnt að taka það alveg skýrt og skilmerkilega fram að þetta er á misskilningi byggt. Slíkt er að sjálfsögðu ekkert brot á stjórnarsáttmálanum. Ákvæði stjórnarsáttmálans var á þá leið að á stjórnartíma þessarar ríkisstjórnar skyldi ekki efnt til nýrra meiri háttar hernaðarframkvæmda. Um heimildina að því er varðar forkönnun verður að hafa það alveg á hreinu að hún er án allra skuldbindinga um framkvæmdir. Það að heimila forkönnunina þýðir enga skuldbindingu út af fyrir sig um framkvæmdina sjálfa þannig að þessi einstaka ákvörðun er svo sannarlega alls ekki neitt brot á *ákvæðum stjórnarsáttmálans, fyrir utan það að hitt* kann að vera túlkunaratriði, um mannvirki sem ekki yrðu til hernaðarnota á friðartímum, en það er aukaatriði málsins. Þetta er alveg ljóst og skýrt og nauðsynlegt að menn átti sig á því.

Í annan stað vil ég leiðrétta þann misskilning sem fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. þegar hann sagði að hér væri um að ræða mál sem væri fram borið vegna sérstakra óska íslenskra stjórnvalda og vildi eigna mér þau orð. Það er algjör misskilningur. Í mínu máli kom skýrt fram: Enn hefur ekki verið tekið endanleg afstaða til óska um heimild íslenskra stjórnvalda til þess að forkönnun vegna varaflugvallar fari fram o.s.frv.

Spurt var hver yrði kostnaður Íslands af því að gerast aðili að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Um það hefur verið spurt áður á Alþingi og það hefur verið upplýst. Kostnaðurinn er um 40 millj. kr. á ári, nákvæmlega 38 millj. á verðlagi snemma á þessu ári, mundi þýða á framkvæmdatímabili sjóðsins, sem er sex ár, 230 millj. tæpar, en jafnframt mundi hljótast af annar kostnaður vegna þess að Ísland yrði þá gistiland framkvæmda og þá yrði að semja um það í hverju tilviki að hve miklu leyti Íslendingar tækju að sér kostnað vegna sérstakra framkvæmda fyrir utan kostnað við starfsemi sjóðsins að öðru leyti þannig að sá kostnaður yrði umtalsverður. Ég er á þessu stigi málsins, eftir allrækilega könnun, þeirrar skoðunar að það sé ekki tímabært að við gerumst aðilar að sjóðnum.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa m.a. lýst því að það væri mikill ábyrgðarhluti ef ekki yrði tekin þessi ákvörðun. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti því að hann hefði borið fullt traust til allra fyrrverandi utanríkisráðherra í þessu máli og hv. fyrirspyrjandi vildi með einhverjum undarlegum hætti álykta af þessu máli að nú hefði Alþb. í fyrsta sinn tekist að ná slíkum tökum á öryggismálum að þeir réðu þar ferðinni.

Af þessu tilefni vil ég aðeins taka það skýrt fram að fyrsta óskin um þetta mál var lögð fram árið 1985. Þann 5. jan. 1987 gerir þáv. ríkisstjórn með aðild Sjálfstfl. en engri aðild Alþb. samþykkt þess efnis að þessi forkönnun sem kostuð verði af Mannvirkjasjóðnum fari fram en verði framkvæmd af Íslendingum. En 6. febr. 1987 er allt í einu blaðinu snúið við. Þáv. hæstv. samgrh. ákveður þá, ekki utanrrh., samgrh., eftir samkomulagi innan þessarar ríkisstjórnar, að forathugun verði greidd af Íslendingum en ekki Mannvirkjasjóði og í framhaldi af því var veitt fjárveiting til verksins upp á 1 millj. kr., hv. fyrirspyrjandi. Og hvar var Alþb. þá? Það var ekki í þeirri ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Ég mun taka mína ákvörðun að vel athuguðu máli en það stendur kannski upp á hv. þm. Sjálfstfl. að svara því. Hverju reiddust goðin? Hvað dvaldi þá frá árinu 1985 til 1987 og hvers vegna var þetta allt í einu orðið að mús, einni millj. kr.?

Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, ein umr.

Fsp. MálmS, 16. mál. — Þskj. 16.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1983 var fyrst hreyft hér á hinu háa Alþingi málum heimavinnandi fólks og borin fram þáltill. um lífeyrisréttindi því til handa. Síðan hefur þessum málum verið hreyft á hverju þingi og komið fram fleiri tillögur og frv. í þá veru að rétta þessi mál. Árið 1987 lágu fyrir bæði frv. og till. um lífeyrisréttindi og endurmat á störfum heimavinnandi fólks. Félmn. Sþ. sameiginlega, sameinaði þau mál sem fyrir lágu og gerði um þau tillögu sem var samþykkt. Þáltill. um lífeyrisréttindi fjallaði um að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi handa þeim sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir ekki seinna en 1. nóv. 1987. Þessar tillögur hafa ekki sést enn og því hef ég *leyft mér á þskj. 16 að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh.*: „Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1987?"

Ég vil aðeins árétta mikilvægi þessa máls með því að taka það fram að því verður ekki á móti mælt að

heimavinnandi fólk, og þá einkum húsmæður, á drjúgan þátt í þeirri verðmætasköpun sem fram fer í þjóðfélaginu og því er hart fyrir það fólk að búa við slíkt vanmat og lítilsvirðingu sem á þeim störfum er. Þau eru yfirleitt metin lægra en önnur við viðmiðun í tryggingagreiðslum og lífeyrisrétt hefur þetta fólk ekki.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli hv. fyrirspyrjanda þá var samþykkt hér á Alþingi till. til þál. um að undirbúa ætti tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum.

Þegar þessi þáltill. var samþykkt var væntanlegt álit 17 manna endurskoðunarnefndar lífeyriskerfisins enda var vinnan við það komin á lokastig og 29. maí 1987 var samþykktur texti að lagafrumvarpi.

Fyrirrennarar mínir í embætti hafa haft þennan texta síðan til meðferðar. Eins og fram hefur komið í umræðum hér á Alþingi áður hefur frv. ekki verið lagt fram en ég hef hins vegar tekið ákvörðun um það að leggja frv. fram nú á þessu þingi. Það er þess vegna ljóst að þegar frv. verður lagt fram hér á þinginu þá skapast tækifæri til þess að taka á lausn þessa vandamáls í samhengi við heildarbreytingar á lífeyrissjóðakerfinu í landinu.

Eins og hv. þm. er kunnugt eru ellilífeyrisréttindi hjóna nú beinlínis tengd þeirri persónu sem greiðir iðgjaldið enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjónanna hvors um sig sé talin hjúskapareign og komi til skipta við slit hjúskapar. Í því frv. sem ég hef hér vikið að og verður lagt fram á Alþingi er hins vegar lagt til að með myndun ellilífeyrisréttinda verði farið sem hverja aðra eignamyndun hjóna meðan það hjónaband stendur og komi réttindin til skipta við skilnað. Jafnframt er lagt til að um skipti þessara eigna við skilnað gildi ævinlega að þau deilist jafnt niður á hjónin. Hér er því um töluvert réttlætismál að ræða og veit ég að hv. fyrirspyrjanda og öðrum þm. er mikið í mun að gerðar verði breytingar sem feli í sér að þessu skipulagi verði komið á. Það þarf hins vegar að tryggja það að framkvæmdaörðugleikar við þessar breytingar verði ekki mjög miklir en þeir geta auðvitað reynst töluverðir í því flókna og margbrotna lífeyrissjóðakerfi sem við búum við í dag. Hins vegar tel ég að það sé hægt að yfirstíga þá erfiðleika og það eigi að vera hægt að koma breytingum á í þessum efnum þegar heildarlöggjöf um lífeyrisréttindi landsmanna verður afgreidd. Ef vilji er fyrir því á hv. Alþingi að taka þetta mál sérstaklega út úr þá gefst tækifæri til þess þegar frv. um lífeyrisréttindin og endurskoðun lífeyriskerfisins verður lagt fram hér á Alþingi síðar á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans, en eins og það bar með sér, þá er nú ekki sérstaklega tekið á þessu máli sem ég var að ræða. Skipting lífeyrisréttinda sem hjúskapareignar er mjög flókið og erfitt mál og vant að sjá að náist fram réttlæti í því. Ég sé ekki fyrir mér í augnablikinu hvernig því verður fyrir komið. En auk þess er ekki tekið á því máli sem er grundvöllurinn fyrir þessu og það er að heimavinnandi húsmóðir er sérstakur einstaklingur en ekki viðhengi við eiginmann og sem einstaklingur á hún rétt á lífeyri. Það er grundvöllurinn í þessu máli.

Þál. er viljayfirlýsing Alþingis og þál. frá 1987 fjallaði um að það yrði tekið á þessu máli. Það hefur tekið ríkisstjórnina töluvert langan tíma að hafa þetta mál til umhugsunar og ekki séð að hún hafi í rauninni hugsað neitt fyrir því. Það er kannski að einhverju leyti af þeim sökum að ríkisstjórnir hafi verið töluvert óstöðugar í sessi síðan 1987 en ég vildi nú samt beina því til hæstv. fjmrh. að skoða þetta mál betur.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir með hv. fyrirspyrjanda og lýsa þeirri skoðun minni að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Það er auðvitað óviðunandi og óréttlátt, þegar atvik haga því þannig að annað hjóna vinnur úti, þá njóti það lífeyrisréttinda en hitt ekki. Í lífsins ólgusjó geta auðvitað margir hlutir skeð þannig að annar aðilinn að heimilinu getur staðið uppi án allra réttinda eins og ítrekað hefur skeð. Það má vera að það sé flókið að skipta lífeyrisréttindum milli hjóna, ég hygg þó að það sé réttindamál, en vegna hins litla tíma sem ég hef hér vil ég aðeins ljúka þessum orðum með því að hvetja fjmrh. til að vinna að lausn á þessu sanngirnismáli og það hið fyrsta.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. fjmrh. vekur upp spurningu um framkvæmd þál. yfirleitt. Ég vil minna á að hér var lögð fram beiðni um skýrslu á síðasta þingi um framkvæmd þál. síðustu fimm árin og mun hún verða lögð fram aftur á þessu þingi. En ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda og hv. 10. þm. Reykv. að hér er um mikið réttindamál að ræða og því full ástæða til þess að fara að vilja Alþingis og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að þál. þessi komist í framkvæmd.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að þetta er eitt af þeim málum sem brenna á mörgum og þarf að leysa. Ég vil minna á það að 1971 eða 1972 var fyrst tekin upp tekjutrygging fyrir þá sem höfðu litlar tekjur og það er hugsanlegt til bráðabirgða að breyta því á einhvern þann veg að þeim sem ekki hafa lífeyrisréttindi séu tryggðar tekjur frá einhverjum ákveðnum aldri. En þetta mál þarf að skoða, alla fleti á því og því fyrr því betra.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að þetta mál er mjög brýnt. Ég vek hins vegar athygli hv. alþm. á því að í þessu þjóðfélagi hefur staðið mikil umræða um

lífeyrissjóðakerfið og margar endurbætur á því sem taldar eru mjög brýnar. Mjög sterk og fjölmenn samtök launafólks í landinu og aðrir hagsmunaaðilar vilja láta skoða margvísleg mál í ákveðnu samhengi við þá endurskoðun. En ég vil líka vekja athygli á því að við erum með tryggingakerfi í landinu eins og hv. síðasti ræðumaður vék að og staðreyndin er sú að þær greiðslur og bætur sem koma úr almannatryggingum eru í fjölmörgum tilvikum hærri eða mjög svipaðar og þær greiðslur sem fást úr lífeyrissjóðunum. Það er ekki verið að tala hér um það að annars vegar sé fólk sem er í lífeyrissjóðum sem fái mikið í sinn hlut og hins vegar aðrir, t.d. heimavinnandi fólk, eða makar sem ekki hafa safnað í lífeyrissjóð, sem ekki fái neitt. Sem betur fer erum við með öflugt almannatryggingakerfi og reynslan og tölur sýna að mörg þúsund manns sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóði, þar með fólk sem hefur unnið heima og eingöngu hefur sinnt störfum á heimilum, fær út úr tryggingakerfinu svipaðar upphæðir og í sumum tilvikum hærri upphæðir en þeir fá út úr lífeyrissjóðunum sem þangað hafa greitt.

Greiðslur til framfærenda fatlaðra, ein umr.

Fsp. AÓB, 66. mál. — Þskj. 66.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Fsp. sú er ég ber fram varðar hag þeirra er hafa fatlaða einstaklinga undir 18 ára aldri á framfæri sínu. Fatlaðir einstaklingar þurfa oft mjög mikla umönnun og það er afskaplega misjafnt hve mikla aðstoð foreldrar fá t.d. við umönnun fatlaðra barna og unglinga og takmarkast það einkum að tvennu: Hve fatlað barnið eða unglingurinn er og hvaða þjónusta stendur til boða hverju sinni. Þar á ég t.d. við dagvistun, skólagöngu, þjálfun í umsjón fagmenntaðs fólks og annað sem boðið er upp á fyrir fötluð börn og ungmenni. Þess má geta að dagvistun fyrir fötluð börn fullnægir alls ekki eftirspurn og verið er að athuga það mál sérstaklega samkvæmt þál. sem samþykkt var hér á Alþingi.

Reglugerð sú sem hér er spurt um tekur einkum til þess hóps sem á kost á minnstri þjónustu, jafnvel engri stundum, eins og segir í upphafsorðum reglugerðarinnar, með leyfi forseta:

„Fatlaðir að 18 ára aldri sem dvelja í heimahúsum eða njóta takmarkaðrar þjónustu, en þarfnast sérstakrar umönnunar og gæslu að dómi svæðisstjórnar, eiga rétt á aðstoð. Aðstoð sú sem hér um ræðir er í formi fjárhagslegs stuðnings við framfærendur hins fatlaða svo sem nánar er kveðið á um í 3. gr. reglugerðar þessarar."

Í 3. gr. segir m.a. í fyrsta lið: „Hámarksgreiðslu samkvæmt 3. málsgr. 10. gr. fyrir 175 klst. á mánuði samkvæmt 8. taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar skal greiða fyrir fatlaðan einstakling að 18 ára aldri dvelji hann eingöngu í heimahúsum og njóti ekki þjónustu af hendi hins opinbera að undanskilinni heilbrigðisþjónustu og ýmiss konar heimangönguþjónustu sem ekki hefur í för með sér vistun að neinu tagi, t.d. ráðgjöf."

Fyrirspurn mín varðar heimildarákvæði í 2. málsgr. 4. gr. reglugerðarinnar en þessi málsgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðuneyti er heimilt, að fenginni rökstuddri umsögn svæðisstjórnar, að hækka greiðslur allt að hámarki, sbr. 1. tölulið 3. gr., mæli brýnar ástæður með."

Það er þetta sem ég er að vísa til í fsp. minni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er á hvern hátt ákvæði 2. málsgr. 4. gr. reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfæranda fatlaðra hefur verið beitt. Í 1. mgr. 4. gr. er heimilað að greiðsla vegna óhagræðis framfæranda t.d. vegna óreglulegs vistunartíma hins fatlaða á þjónustustofnun sé hækkuð. Í 2. mgr. 4. gr. er heimilað að hækkun slíkrar greiðslu geti farið upp í hámarksgreiðslu í báðum tilvikum, er átt við að um óreglulegan vistunartíma hins fatlaða sé að ræða. Í 2. mgr. er hins vegar gerð krafa um brýna nauðsyn sem er í samræmi við heimildina í þeirri grein til að hækka greiðslu allt að hámarki.

Eins og að framan greinir er hér einungis um heimildarákvæði að ræða en ekki rétt. Þessu heimildarákvæði hefur verið beitt í tilvikum í samræmi við það sem ég greindi frá hér að framan svo og þegar rökstuðningur svæðisstjórnar felur í sér að um brýnar ástæður sé að ræða. Nefna má dæmi í þessu sambandi: Barn sem er ófært um að sækja skóla nema stopult vegna fötlunar og sjúkdóma og þar sem augljóst er að annað foreldrið er bundið umönnun barnsins og gæslu. Í slíkum tilvikum hafa greiðslur verið hækkaðar. Hins vegar er rétt að hér komi fram að þar sem einungis er um heimildarákvæði að ræða hefur ráðuneytið reynt að fara eftir þeirri reglu að túlka þetta ákvæði nokkuð þröngt og beita því aðeins í undantekningartilvikum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að útgjöld vegna 10. gr. hafa vaxið gífurlega undanfarin ár og ávallt farið fram úr þeirri fjárveitingu sem er á fjárlögum hverju sinni.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið. Eins og fram kom í svari hennar hefur þetta heimildarákvæði verið túlkað fremur þröngt. Því langar mig að vekja máls á því, án þess að ég ætlist til þess að því verði svarað ítarlega, í hver hús þeir eiga að venda sem sótt hafa um að fá greitt skv. þessu ákvæði, en ekki fengið. Hér mun vera um einhvern hóp að ræða og er því forvitnilegt að vita hverra kosta það fólk á völ.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög erfitt mál og því miður er framkvæmdin á þann veg, eins og hæstv.

ráðherra sagði, að þetta er túlkað þröngt og útkoman er sú að menn búa ekki við svipaðar greiðslur þó þeir séu með fötluð eða þroskaheft börn. Ég hygg að það sé mesti munur á þessu víða út um land. Þetta er mál sem þarf að athuga mjög vel og ég vonast til þess að hæstv. ráðherra reyni að kynna sér hvernig þetta er hjá svæðisstjórnunum. Þær eiga að vita þetta. Ég veit um svona tilvik, fólk sem hefur komið til mín, og það er mjög illt undir því að búa að þegnunum sé þannig mismunað eftir því hvar þeir búa á landinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Framkvæmd á þessu ákvæði er þannig háttað að það eru svæðisstjórnir sem meta þær umsóknir sem fram koma þegar óskað er eftir því að ákvæði þessarar greinar sé beitt og síðan er það félmrn. sem tekur ákvörðun í þessu máli. Mér er ekki nákvæmlega kunnugt um það í hve mörgum tilvikum umsóknum hefur verið hafnað en þá hefur það verið vegna þess að mat ráðuneytisins og svæðisstjórnar hefur verið á þann veg að tilvikið rúmist ekki innan þessarar greinar. En eins og ég mun koma að í svari mínu við fsp. sem fram verður borin hér á eftir, þá er þessi reglugerð í endurskoðun og í mörgum tilfellum, sem ég mun þá koma að í mínu máli, hefur henni verið beitt miklu rýmra en lög gera ráð fyrir.

Greiðslur fyrir umönnun fatlaðra barna í heimahúsum, ein umr.

Fsp. AÓB, 67. mál. — Þskj. 67.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Setning laga um málefni fatlaðra árið 1983 var án efa mikið framfaraspor og að mörgu leyti tímabær. Meðal þess sem samþykkt var með setningu þessara laga var 10. gr. sem oft er vitnað til og hér er spurt um framkvæmd á, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fatlað barn á aldrinum 0–18 ára sem dvelur í heimahúsi eða nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið. Viðkomandi svæðisstjórn skal sjá um að þessi aðstoð verði veitt.

Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili þá hæfa og aðstoðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20–175 klukkustundir á mánuði eftir mati svæðisstjórnar og skv. 8. taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Heimilt er að hækka þessar greiðslur beri brýna nauðsyn til að mati svæðisstjórnar. Greiðsla og aðstoð skv. þessari grein annast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins."

Tilgangur þeirrar fsp. sem hér er lögð fram er sá að grennslast fyrir um hvernig gengið hafi að fylgja eftir þeirri stefnu sem sýnist hafa verið mörkuð í þessari grein og með setningu laga um málefni fatlaðra, en þar á ég við að þeim aðstandendum sem annast fötluð börn sín í samráði við svæðisstjórnir fatlaðra og hafa þau í heimahúsum væru tryggðar lágmarkstekjur í hlutfalli við tímalengd umönnunarinnar.

Eins og sjá má af fsp. er hún greind í nokkra liði og fylgir því tímabili sem hér er um að ræða og því verður forvitnilegt að fá að vita hver þessi þróun hefur verið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í þeirri fsp. sem hér er til umræðu er spurt um upphæð greiðslna skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra á ákveðnu tímabili annars vegar og hins vegar um greiðslu skv. 8. taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar á sama tímabili. Ég hygg að það sem fyrir fyrirspyrjanda vakir sé að fá fram hvort greiðslur skv. 10. gr. til framfærenda fatlaðra hafi verið í samræmi við 8. taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Skv. þeirri athugun sem ráðuneytið hefur gert á þessu máli munu greiðslur fram til 1. sept. 1984 hafa tekið mið af 8. taxta Dagsbrúnar. Breyting virðist hafa orðið á þessu frá 1. sept. 1984 og þegar leitað er skýringa á þeirri breytingu, þá er sú skýring gefin að breyting hafi orðið á launatöxtum Dagsbrúnar þannig að 8. taxti Dagsbrúnar, sem þessar greiðslur voru miðaðar við, var felldur niður. Svo virðist sem sú ákvörðun hafi verið tekin í framhaldi af þessu að miða hækkun á greiðslum til framfærenda fatlaðra við hækkun á bótum hjá Tryggingastofnun ríkisins. Sjálfsagt geta verið um það deildar meiningar hvaða viðmiðun ætti að taka í staðinn, en svo virðist að rökin á bak við þessa ákvörðun hafi verið þau að 8. taxti Dagsbrúnar hafi verið felldur úr gildi og því viðmiðun skv. ákvæðum laganna ekki lengur fyrir hendi.

Ég tel einnig rétt að draga inn í þessa mynd tvo aðra þætti sem ég tel að skipti máli í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er það meðferð skattyfirvalda á þessum greiðslum og þá sú spurning hvort hér hafi verið um ígildi launagreiðslna að ræða, sem þar með voru skattskyldar, eða bótagreiðslur Tryggingastofnunar sem ekki voru skattskyldar. Meðferð skattyfirvalda hefur verið á þann veg að greiðslur skv. 10. gr. hafa ekki verið skilgreindar sem laun af skattgreiðendum og því ekki verið greiddur skattur af þessum greiðslum. Á þetta virðist því hafa verið litið sem bætur vegna aukinnar framfærslubyrði og voru því, eins og greiðslur vegna barnaörorku, skattfrjálsar. Aftur á móti hafa bætur vegna taps á vinnutekjum almennt verið skattlagðar. Vera má að þetta hafi átt sinn þátt í þeirri ákvörðun sem á sínum tíma var tekin, árið 1984, að miða hækkanir á þessum greiðslum við almennar hækkanir í almannatryggingakerfinu og bótagreiðslum þar.

Ljóst er einnig að ef fundin hefði verið út ný viðmiðun við launataxta Dagsbrúnar, þá hefðu þessar greiðslur verið í miklu ósamræmi við aðrar bætur Tryggingastofnunarinnar, svo sem lífeyrisgreiðslur og örorkubætur og einnig eitthvað hærri en atvinnu-

leysistryggingabætur. Líklegt verður einnig að telja að skattaleg meðferð á þessum greiðslum hefði verið með öðrum hætti ef um svo háar greiðslur hefði verið að ræða sem vafalítið hefði þá verið litið á sem bætur fyrir tap á vinnutekjum sem almennt eru skattlagðar. Því má vera að ávinningurinn hefði ekki orðið eins mikill og virðist mega ætla þegar bornar eru saman greiðslur til framfærenda fatlaðra á umræddu tímabili og greiðslur skv. taxta Dagsbrúnar sem ég mun hér gera grein fyrir.

Af athugun sem ég hef látið gera í tengslum við endurskoðun sem fram fer nú á þessari reglugerð og hefur staðið yfir á þessu ári, hefur komið í ljós að svo virðist sem nokkuð hafi verið farið út fyrir ramma laganna, þannig að hópurinn sem fær þessar greiðslur er mun stærri en ætla má af greinargerð með frv. til l. um málefni fatlaðra á sínum tíma, eða frá 1984, að löggjafinn hafi ætlast til þegar frv. varð að lögum. Í greinargerð með frv. segir:

„Börn og unglingar sem haldin eru tímabundnum sjúkdómum eða gangast undir læknismeðferð og læknast falla ekki undir þessi lög. Sama gildir um þá einstaklinga sem eru með sjúkdóma af þeirri tegund að hægt er að halda þeim niðri með lyfjameðferð.

Ef hins vegar afleiðing sjúkdóms eða slysa leiddi af sér varanlega skerðingu í þroska sem útheimtir sérstaka aðstoð og þjónustu ættu þau rétt á þjónustu skv. þessum lögum."

Framkvæmd laganna hefur hins vegar verið með þeim hætti að börn sem haldin eru tímabundnum sjúkdómum hafa einnig fengið greiðslu skv. ákvæðum 10. gr. Hér er um að ræða 10–11% af heildinni eða 50–60 börn. Þessir einstaklingar eiga að falla undir bætur almannatrygginga og er það nú í sérstakri skoðun hjá heilbr.- og félmrn. hvernig haga megi greiðslum til þeirra einstaklinga og framfærenda þeirra sem ekki falla undir 10. gr. laga um málefni fatlaðra. Einnig virðist svo að í greiðslum, sem geta tekið til frá 20 klst. til 175 klst. á mánuði, hafi ekki verið nægjanlega vel tekið tillit til þjónustuþarfar og þar með þyngdar- eða fötlunarstigs. Þannig var í mörgum tilfellum um að ræða að mikið fatlað barn sem naut þjónustu á stofnunum fyrir fatlaða á daginn fékk enga greiðslu nema barnaörorkustyrk, þar sem dregin var frá greiðslunni þjónusta veitt utan heimilis, jafnvel þó um mikið fatlaðan einstakling væri að ræða sem þyrfti á umönnun og þjónustu að halda nánast allan sólarhringinn. Úr þessu er verið að bæta í þeirri endurskoðun sem nú fer fram. Tekið er tillit til þess hve fötlun er mikil og þar með þörf fyrir þjónustu og umönnun.

Greiðslur skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra hafa verið með eftirfarandi hætti frá 1. sept. 1984, og er þá miðað við hámarksgreiðslur eða 175 klst. en þær geta farið niður í 20 klst. Það skal tekið fram að reynt hefur verið að teygja sig til hins ýtrasta í greiðslum til framfærenda með því að beita efri mörkunum í tímum talið í þessari viðmiðun, en allt að áttfaldur munur er á hæstu og lægstu greiðslum. Þannig hafa lægstu greiðslur aldrei verið minna en fjórðungur af hámarksgreiðslu þó heimilt sé að fara alveg niður í 20 klst.

1. sept. 1984 voru greiðslur 34.492 kr. miðað við hámark, 175 klst. 1. sept. 1986 30.379, 1. sept. 1988 30.569, 1. sept. 1989 28.399. Hér eru allar upphæðir tilgreindar á verðlagi 1. sept. 1989 og skýringin á lækkuðum greiðslum á þessu tímabili er að árið 1984 er miðað við 8. taxta Dagsbrúnar sem síðan er felldur úr gildi eins og áður er sagt. Skýringin á lægri greiðslum 1989 en 1986 er að tekjutrygging hefur hækkað meira en grunnlífeyrir almannatrygginga á þessu tímabili. Sé miðað við launataxta í almennri verkamannavinnu í dag væru greiðslur eftirfarandi: 1. sept. 1984 35.899, 1. sept. 1986 39.427, 1. sept. 1988 44.271, 1. sept. 1989 41.162. Allar upphæðir eru hér einnig tilgreindar á verðlagi 1. sept. 1989.

Ég hef í svari mínu við þessari fsp. reynt að skýra hvers vegna þessi breyting hafi orðið á viðmiðun greiðslna 1984, en engar staðfestar upplýsingar liggja þar um í ráðuneytinu. Ég vil jafnframt upplýsa að í þeirri endurskoðun sem ég hef getið og nú fer fram á þessari reglugerð hefur sú viðmiðun sem greiðslurnar taka mið af verið til sérstakrar athugunar. Það er einnig rétt að geta þess að þrátt fyrir greiðslur skv. 10. gr. sem framfærendur fatlaðra einstaklinga njóta hefur það ekki skert neinn rétt til ýmissar annarrar þjónustu eða greiðslna sem síðar hafa komið, svo sem þjónustu við stuðningsfjölskyldur, skammtímavistunar 1–2 vikur í senn, fæðingarorlofs og bílastyrks og fleiri þátta í þjónustu við fatlaða.

Einnig er rétt í lokin að geta þess að þessar greiðslur hafa vaxið gífurlega á undanförnum árum. Á árinu 1985 nutu 292 framfærendur fatlaðra greiðslu skv. 10. gr. sem var veruleg aukning í fjölda frá 1984 en heildargreiðslur á árinu 1985 skv. 10. gr. á verðlagi í september 1989 voru um 42 millj. í samanburði við 15 millj. á árinu 1984 reiknað á sama verðlagi. Í dag eru inntar greiðslur af hendi vegna 546 barna og heildargreiðslur áætlaðar fyrir yfirstandandi ár um 110 millj. Frá árinu 1985 hefur þeim einstaklingum sem greitt er fyrir fjölgað úr 292 í 546 eða um 87%.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóðar upplýsingar. Þó er eitt sem mig langar til þess að fá aðeins skýrari svör við og það er hvernig því víkur við að skv. hennar máli voru greiðslur 1. sept. 1989 skv. 10. gr. 28.300, en skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur meginþorri þeirra sem taka þessar greiðslur fengið skerðingu á þessu tímabili umfram það sem hér er greint. En það er annað atriði.

Megintilgangur þessarar fsp. var að sjálfsögðu sá, eins og hæstv. félmrh. gat um, að fá að kynnast þeirri þróun sem orðið hefur á þessum greiðslum og hver viðmiðunin hefur verið eftir að 8. taxti Dagsbrúnar var ekki lengur til eftir 1984. Það kemur mjög skýrt fram í þeim tölum sem hæstv. félmrh. nefndi að þarna hefur dregið mjög í sundur. Hér er um það lágar upphæðir að ræða að jafnvel þó þær séu skattlausar,

þá eru þær fjarri því að nálgast skattleysismörkin. Ef við metum það svo að sá einstaklingur sem tekur að sér umönnun fatlaðs barns í heimahúsi sé þarna að taka við tekjum, en ekki bótum eins og ég tel að margir skilgreini 10. gr., þá hefur hér orðið mikill munur á og mikil tekjuskerðing.

En félmrh. gat endurskoðunar á reglugerð um 10. gr. og það væri forvitnilegt að vita hvenær sú endurskoðun kemur. Það hefur heyrst að hún væri á leiðinni. Í þessari endurskoðun er að vísu ekki, eftir skilgreiningu hæstv. félmrh., tekið nákvæmlega á því máli sem ég er hér að hreyfa, þeirri tekjuskerðingu sem þeir sem sjá um umönnun fatlaðra í heimahúsum hafa orðið fyrir, heldur er, að mér skilst, vegna þess að ákvæði 10. gr. hafa verið túlkuð vítt, um þrengingu að ræða. En forvitnilegt væri einnig að vita hvort þessi nýja reglugerð mundi jafnframt leiðrétta þann tekjumun sem orðinn er síðan þessi stefna var mörkuð um að greiðslur skv. 10. gr. samsvöruðu lágmarkslaunum á vinnumarkaði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi greindi frá því, þegar hún tók viðmiðunina sem var 1. sept. 1989 eða 28 þús. fyrir hámarksgreiðslur, að um væri að ræða skerðingu hjá einhverjum sem fá slíkar greiðslur. Ég hygg að á því sé sú skýring að þessar greiðslur geta verið mismunandi, allt eftir því hvað sá fatlaði nýtur mikillar þjónustu utan heimilis, þannig að þær geta verið fyrir 20–175 klst. og því eru greiðslur mismunandi. Þó að yfirleitt sé reynt að fara í efri mörkin, eins og ég greindi frá hér áðan og aldrei farið lægra en í fjórðung af hámarkstekjum, þá getur í sumum tilfellum verið um skerðingu að ræða.

Þessari endurskoðun sem nú stendur yfir lýkur senn og er stefnt að því að ný reglugerð taki gildi um áramótin. Ég hef ekki viljað hraða henni vegna þess að, eins og ég greindi frá áðan, þá verða þarna 50–60 börn sem ekki mundu fá greiðslu skv. þessari reglugerð og skýrði ég það áðan að þessari reglugerð hefur verið beitt miklu rýmra en lögin gera ráð fyrir. Ég tel nauðsynlegt að þessir einstaklingar fái greiðslur skv. almannatryggingum og það verði þá skoðað sérstaklega með hvaða hætti slíkar greiðslur yrðu til þessara einstaklinga áður en sú reglugerð tekur gildi sem væntanlega verður um næstu áramót.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna fyrstu orða hæstv. félmrh. Því víkur svo við að foreldrar sem hafa fengið fullar greiðslur fram til þessa fengu skerðingu í haust og það án þess að nokkuð hafi breyst í sambandi við þjónustu við þá og það var að því sem ég var að ýja í máli mínu.

Fjármál og fjárveitingar til ríkisstofnana, ein umr.

Fsp. GGÞ, 57. mál. — Þskj. 57.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til fjmrh. um fjármál og fjárveitingar til ríkisstofnana:

„1. Hvaða aðilar ríkisins, stofnanir eða ráðuneyti, voru rekin innan ramma fjárlaga 1988?

2. Hver er hlutfallsleg hækkun í fjárlögum 1988 og 1989 og í fjárlagafrv. 1990 til þessara stofnana milli ára? Er þá átt við samanlagt reglulega starfsemi, nýjungar í starfsemi og fjárfestingar.

3. Hvaða 10 aðilar, stofnanir eða ráðuneyti, fóru mest umfram fjárlög árið 1988?

4. Hver er hlutfallsleg hækkun í fjárlögum 1988 og 1989 og fjárlagafrv. 1990 til þessara aðila milli ára? Er þá átt við samanlagt reglulega starfsemi, nýjungar í starfsemi og fjárfestingar."

Tilgangurinn með þessari fsp. er tvíþættur. Annars vegar hafa alþingismenn nú undir höndum skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings þar sem gerðar eru athugasemdir við uppgjör ýmissa stofnana og fyrirtækja ríkisins. Eðlilega koma fram í þessari skýrslu aðallega athugasemdir um það sem betur mætti fara og það hefur eðlilega einnig orðið nokkuð að umræðuefni í fjölmiðlum.

Annað meginmarkmið þessarar fsp. er að fá fram hvaða stofnanir það voru sem tókst með aðhaldi og sparsemi að halda sig innan fjárlaganna. Það er mikilvægt að menn fái að sjá hvaða stofnanir þetta eru. Hitt atriðið er að bera saman hver hlutfallsleg hækkun á fjárlögum er milli þeirra sem annars vegar halda sig innan fjárlaganna og hins vegar hinna sem mikið fara fram yfir.

Ég ætla ekki að fjölyrða það mikið nú, en það er alveg ljóst að það er mjög mikilvægt fyrir ríkissjóð að einhver innbyggður hvati sé í ríkisrekstrinum þannig að fyrirtækjum og stofnunum sé ekki beinlínis refsað fyrir aðhald, fyrir að halda sig innan fjárlaga. Það mun seint ganga að ná tökum á sparnaði innan ríkisrekstrarins ef svo er. Ég bind miklar vonir við þær tölur sem fjmrh. væntanlega mun birta nú og að þær skýri þau atriði sem fyrir mér vaka með þessari fsp.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þær fsp. sem hér eru bornar fram eru að ýmsu leyti nokkuð flóknar ef veita á sanngjarna mynd af því hvers vegna breytingar eiga sér stað frá einu ári til annars. Það er auðvitað nokkur hætta á því ef birtur er listi af því tagi sem óskað er eftir án skýringa eða nánari umfjöllunar að menn dragi af slíkri töflu rangar ályktanir. Bæði getur verið að í upphaflegum fjárlagatölum hafi verið vanáætlað fyrir eðlilegri starfsemi og eins er starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta mjög mismunandi í eðli sínu þannig að breytingar á verðlagsforsendum og launaforsend-

um koma mjög misjafnlega niður á einstakar ríkisstofnanir. Þar að auki eru í fjárlögunum 400–500 sérgreindir fjárveitingaliðir, stofnanir og verkefni mjög ólíkir í eðli sínu, stórir og smáir, svo að slík stigatafla sem spurt er um veitir í raun og veru mjög takmarkaða mynd af því sem fyrst og fremst er verið að leita eftir í fsp. og ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að er mjög mikilvægt atriði.

Eins og ég gat um áðan eru verðlagsbreytingarnar meginþátturinn sem breytir útgjöldum ríkisstofnana frá fjárlögum og til ríkisreiknings yfirleitt. Þó geta verið á þessu margvíslegar undantekningar. En áhrif þessara verðlagsbreytinga á útgjöld stofnana eru mjög misjöfn eftir því hvernig útgjöld stofnananna eru saman sett. Ákvarðanir sem teknar eru á árinu af stjórnvöldum geta þar að auki breytt líka fjárhags- og greiðslustöðu stofnana. Má þar t.d. nefna aukafjárveitingar, breyttar ákvarðanir um tekjuöflun og þá er rétt að hafa það einnig í huga að skuldastaða við árslok og ekki síst aðstaða stofnana til að mynda skuldir hjá viðskiptaaðilum er mjög misjöfn og mjög misjafnlega notuð. Öll þessi atriði gera það að verkum að það er í raun og veru ókleift með sanngjörnum hætti og án þess að veita villandi lýsingu að leggja mat á efni fsp. í því stutta máli og á þeim stutta tíma sem fyrirspurnartími hér á Alþingi leyfir.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það hefur verið lagður fram ríkisreikningur fyrir árið 1988 þar sem fjárveiting til hverrar og einnar stofnunar, svo og reikningsniðurstöður koma fram. Má í þessu sambandi sérstaklega vekja athygli á yfirliti gjalda á bls. 251 og 259, þar sem dregnar eru saman niðurstöður gjalda og gerður samanburður á fjárlögum og greiðslum og tekið tillit til aukafjárveitinga og tel ég ekki ástæðu til þess að ég sé hér að þylja þær tölur sem koma fram á þessum blaðsíðum ríkisreikningsins þar sem þær eru birtar. Þar að auki hefur á Alþingi verið dreift skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins og Ríkisendurskoðunar fyrir þetta ár og með athugasemdum. Þar að auki mun ég innan tíðar leggja fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 þar sem framangreint efni verður til umfjöllunar og betri tími gefst, m.a. lengri umræðutími, til þess að fjalla um þetta atriði.

Ég vil hins vegar til þess að veita hv. fyrirspyrjanda einhverja úrlausn innan þeirra tímatakmarkana sem þetta knappa fyrirspurnarform setur nefna hér ýmsar ríkisstofnanir sem voru innan ramma fjárlaga á því ári sem hann spyr um og jafnframt rekja hlutfallsbreytingar hjá þessum stofnunum í frv. til fjárlaga 1990 samanborið við fjárlög 1989. En eins og hv. alþm. munu sjá eru þetta mjög ólíkar stofnanir og vafasamt að hægt sé að draga af þessari skrá einhverjar sérstakar ályktanir. (Forseti hringir.) Ég mun ljúka þessu á einni til tveimur mínútum, virðulegi forseti, en eins og ég gat um áðan, þá er voðalega erfitt að svara þessari fsp. á þessum knappa umræðutíma hér.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var 6% innan við fjárlög, er með 34% breytingu hins vegar í fjárlagafrv. fyrir 1990. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum var 1% innan við fjárlög en verður með 35% breytingu í fjárlagafrv. fyrir 1990. Vélskóli Íslands var 8% innan við fjárlög, en er með 11% breytingu í frv. fyrir 1990. Aðalskrifstofa sjútvrn. 10% innan við fjárlög en er með 30% breytingu í frv. fyrir 1990. Ríkissaksóknari er 12% innan við fjárlög og er með 13% í frv. fyrir 1990. Bifreiðaeftirlit ríkisins 30% innan við fjárlög, en er ekki sérstakur liður í frv. til fjárlaga fyrir 1990 eins og þingmönnum er kunnugt. Vita- og hafnamálaskrifstofa 1% innan við fjárlög, með 2% í mínus í frv. fyrir 1990. Siglingamálastofnun er akkúrat á fjárlögum, en er með 27% breytingu.

Nokkrar aðrar stofnanir mætti einnig nefna af þessu tagi en ég hef rakið þær helstu sem eru innan við fjárlög og að mestu leyti. Síðan eru nokkrar stofnanir með 1 eða 2% yfir. (Forseti hringir.) Ég er nú að ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

Hvað snertir þær stofnanir sem eru með einna hæstu hlutfallstölu umfram fjárlög, þá er þar einnig um að ræða mismunandi safn stofnana og ólíkar að gerð. Ég nefni hér nokkrar: Þjóðskjalasafn Íslands 63% fram yfir fjárlög með 16% breytingu í frv. fyrir 1990. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 37% umfram með 54% í frv. fyrir 1990. Sýslumaðurinn og bæjarfógetinn á Seyðisfirði 34% umfram, 30% breytingu í frv. fyrir 1990. Sýslumaðurinn og bæjarfógeti á Eskifirði 39% umfram, 24% breytingu í fjárlagafrv. Hegningarhúsið í Reykjavík 30% umfram. Heilbrrn., aðalskrifstofa 40% umfram. Sjúkrahúsið í Keflavík 47% umfram, 20% breyting í fjárlögum. Ríkisbókhaldið 123% umfram, 31% í fjárlögum, Iðntæknistofnun Íslands 41% umfram, 4% í fjárlögum.

Ég vænti þess að þessar tölur varpi nokkru ljósi á það sem hv. fyrirspyrjandi spurði um, en endurtek það sem ég sagði í upphafi að til þess að geta dregið einhverjar ályktanir af slíkum töflum þarf að liggja ítarleg greining á bak við breytingarnar hjá hverri stofnun fyrir sig vegna þess að ástæður þeirra eru mjög mismunandi, enda eðli stofnananna ólíkt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir þessa fsp. sem er bæði þörf og tímabær. Það væri fróðlegt og reyndar nauðsynlegt að sjá svar við þessum spurningum til lengri tíma, t.d. 8 ár aftur í tímann og gerð yrði ítarleg könnun um þessi mál. Ég tek undir þá fullyrðingu hv. 10. þm. Reykv. að þeim fyrirtækjum sem vel eru rekin sé refsað. Ég held að það sé tímabært að það sé innbyrðis hvati til þess að fyrirtæki sem standi sig vel haldi áfram að gera það. Og ég fullyrði það hér að það er tímabært að fjármál ríkisins séu tekin til ítarlegrar könnunar og ég vonast til að hæstv. fjmrh. standi fyrir því að gerð verði könnun með þessum hætti sem hér er spurt um þannig að þau fyrirtæki sem hafa staðið sig vel í mörg ár verði látin njóta þess.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir þessi svör og vil jafnframt taka undir með honum að það er auðvitað engan veginn auðvelt að svara þessum spurningum í stuttum fyrirspurnartíma. Það er rétt að samanburður er glettilega flókinn og menn mega ekki draga fljótfærnislegar ályktanir af þeim tölum sem hér eru lagðar fram. Ég geri mér grein fyrir því að um þetta efni má sjálfsagt skrifa heila doktorsritgerð ef menn vildu fara vel yfir.

Ég varð hins vegar fyrir dálitlum vonbrigðum með svörin, sérstaklega þegar talin eru upp þau fyrirtæki sem innan fjárlaga voru. Ég nefni það strax hér að mér finnst líklegt að það séu gríðarlega stór fyrirtæki innan ríkisgeirans sem hafa verið undir og skipta mjög miklu máli. Ég nefni í því sambandi ríkisspítalana sem eru eitthvert allra stærsta fyrirtæki landsins og voru á árinu 1988 um 1% undir fjárlögum samkvæmt þeim tölum sem ég hef. Það náðist með gríðarlega miklu aðhaldi, mikilli vinnu og aðhaldi yfirstjórnenda spítalans og með mikilli samvinnu við nánast starfslið allt. Það varð að þrengja að á öllum sviðum, en niðurstaða fjárlaga 1990 er sú að hækkun á rekstri ríkisspítalanna er lítil samanborið við aðrar sjúkrastofnanir. Þetta vekur upp ýmsar spurningar og gerir í rauninni mjög erfitt um vik að beita aðhaldi áfram í stjórnun slíkra stofnana vegna þess að þær skýringar koma einfaldlega fram hjá starfsfólki sem lagt hefur sig mjög fram að það sé þýðingarlaust. Þeir sem með minni vandvirkni hafi reynt að fylgja fjárlögunum njóti þess síðan við fjárlagagerð næsta árs, fái hærri fjárveitingar, fleiri stöður og meira fé til umráða.

Enn á ný skal ég taka undir að þessi samanburður er glettilega erfiður, en þessi umræða er nú orðin mjög sterk innan ýmissa stofnana ríkisins. (Forseti hringir.) Á þeim stutta tíma sem ég hef, forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu, vil ég beina því mjög til fjmrh. að hann taki það til sérstakrar athugunar, og *ég veit að jafnglöggur maður og hann er gerir sér* grein fyrir því, að það er kjarni þess að unnt sé að ná fram sparnaði og aðhaldi í ríkisrekstrinum að þeir sem best beita sér og mestum árangri ná fái það ekki á tilfinninguna og sem sinn skilning að þeim sé beinlínis refsað fyrir. Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði.

Ég vonaðist til að geta fengið svör við þessum spurningum með fsp. Það hefur því miður ekki tekist og þar er sjálfsagt ekki við fjmrh. að sakast. Spurningin er yfirgripsmeiri en svo að á henni sé hægt að festa hendur nægilega á þessum stutta tíma, en það bendir til þess að það þurfi að taka málið og spurningarnar öðrum tökum og kannski undir öðrum lið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið áður hef ég látið vinna sérstaka skýrslu um þróun ríkisútgjalda á sl. sjö til átta árum þar sem raunbreytingar sjást mjög rækilega á mikilvægustu liðum fjárlaganna og ég mun leggja þessa skýrslu fyrir Alþingi fljótlega.

Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda um málefni ríkisspítalanna sýnir ríkisreikningurinn fyrir árið 1988 að ríkisspítalarnir hafa farið 5% fram úr því sem fjárlögin og aðrar heimildir fólu í sér. Niðurstaða ríkisreikningsins varðandi ríkisspítalana er 4 milljarðar 294 millj. kr. í útgjöld og greiðslur á árinu 1988, en fjárlagaheimildin var 4 milljarðar og 2 millj. kr. Það er þess vegna misskilningur sem ég hef heyrt oftar en einu sinni að ríkisspítalarnir hafi verið innan ramma fjárlaga á árinu 1988, því að eins og sjá má á þeirri blaðsíðu í ríkisreikningnum sem er fyrir árið 1988, á bls. 257 í ríkisreikningnum, þá kemur þessi niðurstaða fram að ríkisspítalarnir fóru 292 millj. kr. fram úr fjárlagaheimildum á árinu 1988. Þegar búið er að taka tillit til verðbreytinganna og til aukafjárveitinga, sem má segja að sé sanngjarnt að gera, þá fóru ríkisspítalarnir engu að síður u.þ.b. 17 millj. umfram fjárlög á árinu 1988.

Það er *einnig rétt* að vekja athygli á því hér vegna málefna ríkisspítalanna að á árinu 1988 fengu ríkisspítalarnir aukalega 40 millj. kr. til þess að greiða niður skuld við Lyfjaverslunina, en skuldirnar í árslok 1988 voru engu að síður þær sömu og í árslok 1987 þannig að þessari greiðslu virðist hafa verið varið í annað en til að greiða þessar skuldir.

Það er einnig rétt að hafa það í huga að samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar, bls. 57 og 59, ákvað heilbr.- og trmrh. að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar greiddi rannsóknarkostnað ríkisspítalanna sem ekki var gert áður og kom það þannig fram sem viðbótarframlag til Tryggingastofnunarinnar, en auðvitað er rétt að hafa það í huga þegar verið er að bera saman fjárhagslega útkomu ríkisspítalanna frá einu ári til annars.

Það er hins vegar alveg rétt að ríkisspítalarnir eru vel reknir. Það hafa verið framkvæmdar fjölmargar aðgerðir til aðhalds og sparnaðar og ég veit að þar er mikill vilji hjá starfsfólki öllu til þess að tryggja góða meðferð fjármuna. Það er hins vegar því miður ekki rétt sem kom fram í máli fyrirspyrjanda og oft hefur heyrst áður að ríkisspítalarnir hafi haldið sig innan ramma fjárlaga. Niðurstaða ríkisreikningsins fyrir árið 1988 liggur fyrir á borðum alþingismanna.

Guðrún Agnarsdóttir:

Aðeins nokkur orð í belg þessarar umræðu, hæstv. forseti. Þetta er nefnilega afar mikilvægt atriði sem var komið inn á í umræðunni um fsp. sem er að stofnunum er beinlínis refsað fyrir að sýna aðhaldssemi. Það er ekki bara um ríkisspítalana að ræða sem er einmitt mjög gott og nýlegt dæmi því að þetta kom fram á nýlegum fyrsta ársfundi ríkisspítalanna. Þetta á líka við um ýmsar rannsóknastofnanir, stofnanir atvinnuveganna t.d. sem hafa möguleika á sjálfsaflafé, að um leið og þeim vegnar eitthvað betur í þeim *efnum eru þær jafnframt og jafnharðan skornar niður* við trog hvað varðar reglubundnar fjárveitingar úr ríkissjóði. Og það er kannski ekki meginmálið, 1%, 5% fram yfir. Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh.: Liggur þessi vandi — sem hann hlýtur að viðurkenna að er raunverulegur og hann hlýtur að

viðurkenna að það verður að vera innbyggður hvati og umbun fyrir menn til þess að þeir haldi áfram að vilja sýna aðhaldssemi í rekstri — liggur þetta ekki í gerð fjárlaganna? Nú eru margar aðferðir til við að gera fjárlög og okkar fjárlagagerð hér á landi, hygg ég, hefur verið um of stofnanabundin. Hún hefur ekki verið nærri nóg verkefnabundin og þess vegna ekki nógu hreyfanleg eða „dynamisk". Liggur þessi vandi ekki einmitt í því að gerð fjárlaganna er með þeim hætti sem hún er? Og hefur hæstv. fjmrh. í hyggju að leggja drög að nýrri gerð fjárlaga, þ.e. nýjum aðferðum við fjárlagagerð?

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég verð að játa að þær upplýsingar sem fjmrh. hefur birt hér koma mér mjög í opna skjöldu. Ég hygg að fjármálastjórn ríkisspítalanna sé með því besta sem gerist á landinu. Þar er ákaflega öflugt kerfi til fjármálastjórnunar, öflugt eftirlit og starfsmenn Hagsýslunnar tjáðu mér nú nýverið í umræðum um þessi mál að áætlanir ríkisspítalanna væru þær bestu sem þeir fengju í sínar hendur. Fjármálaskrifstofa ríkisspítalanna hefur tjáð mér að ríkisspítalarnir hafi verið 30 millj. undir fjárlögum á árinu 1988 eða um 0,7%. Nú upplýsir fjmrh. annað og gerir hér grein fyrir því í nokkrum tölum hvað um er að ræða. Ég mun að sjálfsögðu taka þessi orð hans til athugunar og þær tölur sem hann hefur hér varpað fram og óska eftir því að fjármálastjórn ríkisspítalanna fari yfir þær og geri við þær sínar athugasemdir. En ég endurtek: Það kemur mér mjög í opna skjöldu ef tölur fjmrh. eru réttar. Það kann að vera að inngangsorð hans hér í byrjun við svari á fsp. þurfi að hafa sérstaklega í huga, að þarna geti flókin atriði unnið saman og séu eitt af því sem þurfi að hafa í huga. Um þetta vil ég ekkert fullyrða á þessari stundu, en mun að sjálfsögðu taka til skoðunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefur hæstv. fjmrh. beðið um orðið. Hann hefur nú þegar talað tvisvar og forseti vill beina því til hv. þm. að þegar þeir gera stuttar athugasemdir, þá er ekki hægt að leggja fyrir hæstv. ráðherra spurningar og ætlast til að hann svari þeim í svona fyrirspurnatíma þegar umræðum er í raun og veru lokið. En hann fær samt sem áður að gera stutta athugasemd.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta tækifæri. Ég vil svara þeirri fsp. sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir beindi til mín. Í grg. með fjárlagafrv. kemur fram sú tillaga mín að við fjárlagagerð næstu ára verði viðhöfð sú regla sem kennd hefur verið við rammafjárlög. Hún felur það í sér að viðkomandi ráðuneyti, í þessu tilviki heilbrrn., og þá viðkomandi undirstofnanir þess, fær ákveðna heildarupphæð til ráðstöfunar og síðan er það verkefni viðkomandi ráðuneytis og viðkomandi fagstofnana að ráðstafa þeirri upphæð eftir því sem stjórnendur þessara stofnana telja best og raunhæfast.

Fjmrh. hefur því þegar tekið ákvörðun um það að breyta þessum vinnubrögðum sem hv. þm. vék að. Ég hef sannfærst um það að þau eru einn af þeim þáttum sem valda því að þessi mál hafa ekki verið í nógu góðu lagi hjá okkur Íslendingum á undanförnum árum. Ég vænti góðs samstarfs við ráðuneyti og ríkisstofnanir í þessum efnum.

Þær upplýsingar sem ég greindi frá varðandi ríkisspítalana liggja fyrir í ríkisreikningnum sem hv. alþm. fengu fyrir nokkrum vikum síðan og þær sýna það að fullyrðingar um að ríkisspítalarnir hafi verið innan ramma fjárlaga eru því miður ekki réttar. En hitt vil ég svo taka skýrt fram að fjármálastjórn ríkisspítalanna er með því besta sem þekkist í ríkiskerfinu og þau lofsyrði sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson fór með varðandi fjármálastjórn ríkisspítalanna eiga fyllilega rétt á sér.

Samningaviðræður við EB, ein umr.

Fsp. KE, 70. mál. — Þskj. 70.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að síðustu mánuði hafa farið fram viðræður milli embættismanna EFTA og EB um þátttöku EFTA-ríkjanna í innri markaði Evrópubandalagsins. Viðræður síðustu mánuði eru undirbúningsviðræður sem miða að því að löndin 18 sem eru í EB og EFTA myndi eitt efnahagssvæði eins og það hefur verið kallað. Í því felst að vörur, þjónusta, fjármagn og vinnuafl geti flust óheft milli þessara 18 landa.

Það hlýtur öllum að vera ljóst, og ekki síður hæstv. fjmrh. en öðrum, að fara verður að með gát að því er varðar öll þessi atriði. Það er því í samræmi við hve stórt og mikið mál þarna er á ferðinni að hæstv. utanrrh. hefur ítrekað sagt að ekki verði gengið til samninga við Evrópubandalagið í þeim farvegi sem nú er stefnt að innan EFTA nema leitað verði eftir formlegu samþykki Alþingis. Ég er hæstv. utanrrh. alveg sammála. Auðvitað verður að leita eftir formlegu samþykki Alþingis þegar um slíkt mál er að ræða sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar um ókomna framtíð. Það er ekki síst í ljósi þessa sem ég undrast þá staðhæfingu á bls. 276 í grg. með fjárlagafrv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að á næsta ári munu hefjast umfangsmiklar samningaviðræður við Evrópubandalagið . . ."

Getur verið að ríkisstjórnin ætli að hundsa Alþingi í þessu máli? Hefur hún e.t.v. þegar tekið afstöðu til samningaviðræðna eða er það bara hæstv. fjmrh. sem hefur tekið ákvörðun fyrir sitt leyti um að ganga til samninga við EB áður en lokið er könnunarviðræðum embættismanna sem lauk í síðasta mánuði? En fjárlagafrv. kom fram áður en þessum umræðum var lokið eins og kunnugt er. Hann virðist því vera kappsmeiri en hæstv. utanrrh. að fylgja EFTA-sporinu inn í innri

markaðinn eða evrópskt efnahagssvæði eins og það er kallað. Þess vegna hef ég borið fram þá fsp. sem er á þskj. 70 til hæstv. fjmrh. og hljóðar svo:

„Hvað liggur að baki staðhæfingar í grg. með fjárlagafrv. (bls. 276) varðandi utanrrn. þar sem segir: „Ljóst er að á næsta ári munu hefjast umfangsmiklar samningaviðræður við Evrópubandalagið ...“?

Hefur ríkisstjórnin þegar tekið afstöðu til samningaviðræðna við EB?“

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er væntanlega öllum hv. alþm. kunnugt að á næstu tveimur til þremur árum munu ráðast örlög markaða og efnahagsmála í Evrópu með afdrifaríkari hætti heldur en gerst hefur í marga áratugi. Ártalið 1992 hefur orðið eins konar tákn fyrir þessar breytingar. Það er einnig ljóst að við Íslendingar flytjum nú þegar út meginhluta okkar útflutnings á evrópskt markaðssvæði svo að það er brýnt efnahagslegt hagsmunamál fyrir okkur að okkur takist að ná traustum og góðum samningum við Evrópubandalagið um þetta efni.

Nú þegar eru þeir tollar sem við þurfum að greiða fyrir sjávarafurðir okkar á markaði Evrópubandalagslandanna töluverður efnahagslegur baggi fyrir okkur Íslendinga. Ætlum við enn fremur að skapa skilyrði til þess að flytja fullunnar sjávarafurðir og fá aukið verðmæti úr okkar sjávarafla inn á markaði í Evrópu, þá er einnig nauðsynlegt að tryggja þann farveg með samningum. Þess vegna er það auðvitað alveg ljóst að næsta ár verður viðamikið samningaár um þessi efni. Þær samningaviðræður geta gerst með þrennum hætti. Þær geta gerst í fyrsta lagi með þeim hætti að EFTA-ríkin saman gangi til þeirra viðræðna. Þær geta í öðru lagi gerst með þeim hætti að hvert og eitt EFTA-ríki fyrir sig ræði að öllu leyti eða að hluta við Evrópubandalagið og þær geta í þriðja lagi gerst með þeim hætti að ráðherrar og aðrir stjórnmálalegir forustumenn okkar lands eða annarra EFTA-ríkja ræði við ráðherra og stjórnmálalega forustumenn í einstökum ríkjum Evrópubandalagsins, en ekki aðeins við embættismennina í Brussel.

Sjútvrh. átti nýlega slíkan fund með nokkrum sjávarútvegsráðherrum Evrópubandalagsins. Sá fundur var mjög mikilvægur og skilaði mikilvægri vitneskju í þessum efnum. Það er einnig ljóst að forsrh. Íslands og utanrrh. Íslands hafa átt tvíhliða viðræður við forustumenn í ríkisstjórnum einstakra Evrópubandalagsríkja í þessum efnum.

Það hefur ekki verið tekin um það ákvörðun hér og nú hver af þessum samningaleiðum verður aðalleiðin á árinu 1990. Það getur líka verið að þær verði allar farnar að einhverju leyti eða blanda þeirra verði breytileg, jafnvel önnur í upphafi ársins heldur en í lok ársins. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að það eigi að halda öllum þessum möguleikum opnum. Það eigi ekki síst að leggja áherslu á þriðju leiðina sem ég nefndi sem eru beinar pólitískar viðræður íslenskra ráðamanna við forustumenn Evrópubandalagsríkjanna líkt og forsrh. og utanrrh. áttu við Frakklandsforseta hér í Reykjavík fyrir nokkrum dögum síðan.

Þegar allt þetta er lagt saman er auðvitað alveg ljóst að útgjöld Íslendinga vegna slíkra margháttaðra og margvíslegra viðræðna á næsta ári verða mun meiri en á þessu ári og þannig eru tilkomnar þær tölur sem í fjárlagafrv. eru sem skýrðar eru með þessum augljósa hætti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar í framhaldi af ræðu fjmrh. að varpa fram þeirri spurningu hvernig ríkisstjórnin ætli að koma í veg fyrir að erlendir aðilar fái aðgang að íslenskum auðlindum. Ef Íslendingar gerast aðilar að innri markaði Evrópubandalagsins, eins og nú er stefnt að að því er virðist, hafa fróðar konur sagt mér það að ekki verði hægt að halda auðlindum í hafinu utan við samningana. Eftir því sem þrengir að öðrum þjóðum og færri fiskimið eru nýtileg, hrein og ómenguð, eykst þrýstingur þeirra ríkja sem veiða vilja í lögsögu okkar. Hér er stórmál á ferðinni. Við megum ekki rasa um ráð fram og því ber ég fram þessa fyrirspurn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð í þessari umræðu um þær mikilvægu samningaumræður sem kunna að fara í hönd. Það sem ég vildi helst ræða um varðar rétt einstakra ríkja í samskiptum við Efnahagsbandalagið eða löndin innan þess. Ég tek dæmi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur það hlutverk að annast skráningu þeirra efna í markaðsvörum sem eru ýmist sannanlega skaðleg lífi og heilsu manna eða talin líklegir skaðvaldar. Þessari skrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er dreift til aðildarríkja, þar á meðal til ríkja Efnahagsbandalagsins. Á skránni eru á þriðja hundrað efna sem talin eru sannanlega skaðleg. Hins vegar eru aðeins rúmlega 80 þessara efna á skrá Efnahagsbandalagsins. Staðall þess er því mun lægri og frjálslegar farið með þau efni sem skaðað geta líf og heilsu.

Öll Norðurlöndin hafa strangari kröfur í þessum efnum en Efnahagsbandalagið. Danmörk t.d. sem eitt Norðurlandanna verður þó að láta af þessum kröfum sínum vegna aðildar sinnar í Efnahagsbandalaginu. Þetta er vegna þess að ákvarðanir, reglur og lög Efnahagsbandalagsheildarinnar eru ákvörðunum, reglum og lögum einstakra aðildarríkja yfirsterkari.

Nú eru til umræðu samskipti EFTA og EB og hvernig skuli haga ákvörðunum milli þessara bandalaga sem er mikil og stór spurning. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra — og hann þarf ekki að svara því eins og kom fram í máli hæstv. forseta áðan en hann stingur því kannski á bak við eyrað og hugsar um það: Ber hann ekki kvíðboga gagnvart t.d. sameiginlegum dómstóli EB og EFTA með það í huga sem ég hef sagt? Telur hann nauðsyn á því að varðveita neitunarvald einstakra ríkja eins og nú er innan EFTA eða

telur hann að taka eigi upp yfirþjóðlegar stofnanir til ákvarðanatöku eins og gerist innan Efnahagsbandalagsins?

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Hæstv. forseti. Frelsi er líklega það sem oftast ber á góma í umræðunni um EB og hugsanlega samninga EB og EFTA eða EB og Íslands. Frelsin fjögur, þar á meðal frjálst flæði vinnuafls sem oft er nefnt ódýrt eða dýrt vinnuafl. Þá er átt við ódýrt eða dýrt fyrir launagreiðandann en ekki launþegann og þar vega launatengd gjöld sem tengjast félagslegum réttindum þungt. Sjónarhornið í umræðunni um samningana virðist ætíð vera vinnuveitandans. Að tala um flæði vinnuafls rétt eins og að tala um flæði fjármagns lýsir í raun því hugarfari að manneskjan sé ekki hátt skrifuð þegar frelsi gróðans er annars vegar.

Þó það skref sem taka á 1992 í samskiptum landa innan EB hafi átt sér langan aðdraganda eru ótal þættir enn óleystir varðandi frelsin fjögur. Þarna eins og svo oft áður virðist sem fyrst hafi verið spurt hvað sé best fyrir fjármagnið, fyrir fyrirtækin, bankana, atvinnulífið, iðnaðinn o.s.frv., samsett í eitt orð, hagvöxtinn. Orðið hagvöxtur vísar til aukinnar hagsældar og því er eðlilegt að ætla að skilyrðislaust beri að stefna að auknum hagvexti. En þegar undir er skyggnst kemur í ljós að hagvöxturinn metur einskis ýmsa þá hluti sem verulegu máli skipta í lífi fólks eins og t.d. aukinn frítíma og þar á meðal meiri mannleg samskipti. Allt það starf sem ekki er sannanlega launað í samfélaginu, hvort sem þar er um að ræða ólaunaða vinnu innan heimilis við umönnun og uppeldi, framleiðslu, þjónustu og annað, er ekki tekið inn í hagvöxtinn.

Það er að koma æ betur í ljós ef menn vilja á annað borð sjá ljósið að lítillar forsjálni hefur gætt í ákvörðunartekt. Fyrst er ákveðið kerfi, efnahagskerfi, og þá standa menn frammi fyrir því að manneskjurnar passa ekki fyllilega inn í það, þá er hafist handa við að plástra kerfið sem þá getur endað með óskapnaði.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel, fyrst minnst er á samningamál við Evrópubandalagið, að það sé nauðsynlegt að hér komi fram ýmis sjónarmið sem allir hljóta auðvitað að hafa áhyggjur af. Það hefur sýnt sig að það er mikið talað um frelsi í sambandi við þessar viðræður og þar er frelsi fjármagnsflutninganna oft nefnt.

Það sem ég óttast og vona að íslenskir ráðamenn gæti vel að í þeim viðræðum sem fram undan eru er að þeir hugleiði þá staðreynd sem þegar hefur komið í ljós í tengslum við frelsi fjármagnsins í öðrum Evrópubandalagslöndum, þ.e. Írlandi og Danmörku sem teljast jaðarsvæði. En þar hefur sannast, eins og við reyndar þekkjum vel hér á Íslandi, að fjármagnið streymir frá jaðarsvæðum til miðjunnar á nákvæmlega sama hátt og fjármagn streymir hér frá landsbyggðinni og til suðvesturhornsins. Það er vart ástæða til að ætla að farvegur fjármagnsins breytist ef flóðgáttir verða allar opnaðar hér. Ég tel nauðsynlegt að koma þessu að því að það er mjög mikil þörf á að við förum að gera okkur grein fyrir hvaða skref er verið að stíga og ég sé ekki ástæðu til þess að ætla að Evrópubúar hafi ómældan áhuga fyrir að ávaxta sitt pund hér á þessu eylandi.

Ég vil að lokum aðeins ræða um þetta frelsi sem svo fjálglega er talað um. Það er dálítið ankannalegt að hér höfum við ríkisstjórn sem telur sig vera andsvar við frjálshyggjuna en talar orðið mjög fagurlega um frelsið. Svo hátt er þessu hugtaki gert undir höfði að það er talað um það í fleirtölu. Frelsin fjögur eru oftlega nefnd, bæði af ráðherrum og öðrum sem um þessi mál fjalla og það er jafnvel talað um að nú þurfi fimmta frelsið. Þetta finnst mér dálítið merkilegt á þeim tímum sem við lifum núna, ekki síst með tilliti til árs málræktarátaks.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka ráðherra svör hans þó að mér sé ekki ljóst af þeim hvort ríkisstjórnin er þegar búin að taka afstöðu í þessu máli eða hvað hann hefur nákvæmlega í huga með þessum svörum. Ég ætla nú samt að láta þau nægja þrátt fyrir það. Ég átta mig ekki almennilega á þessum setningum þarna í fjárlagafrv. vegna þess að ráðherra hlýtur að vera ljóst að við höfum haft mikil samskipti við Evrópubandalagið. Eins og hann nefndi þá er stærsti hluti okkar útflutnings inn á þetta svæði. Og við höfum gert samninga, tvíhliða samninga við Evrópubandalagið t.d. árið 1972. Á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar 1984 höfum við líka haft mikil samskipti við lönd EB og í gangi eru ein 20 samstarfsverkefni milli Íslands og EB á mörgum sviðum, ekki eingöngu viðskipta, heldur líka menningar og vísinda og fleiri sviðum. Það eru því engin ný sannindi að við erum í samningaviðræðum og í samskiptum við EB. Það hlýtur að hafa verið gert ráð fyrir því fyrr í fjárlögum fyrir utanrrn. að við hefðum samskipti við þessar þjóðir.

Það sem kom mér á óvart í máli ráðherrans var að hann skyldi telja að það væri hægt að fara eitthvert sambland af öllum þeim þrem leiðum sem hann nefndi hér. Ég tel nánast útilokað að hægt sé að fara í samningaviðræður með EFTA-ríkjunum, síðan líka í tvíhliða viðræður og loks í viðræður við einstök ríki. Það hlýtur að vera ljóst að varðandi þennan innri markað er um að ræða viðræður við Evrópubandalagið í heild en ekki við einstaka ráðherra í einstökum ríkisstjórnum. Þó að ég sé ekki að gera lítið úr því í sjálfu sér, þá er það samt heildin, Evrópubandalagið, sem þarna ræður ferðinni. Ég tel það mjög óráðlegt að fara út í þær samningaviðræður, sem mér sýnist því miður samningamaður ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh., stefna beint í, þ.e. að EFTA-ríkin semji saman við EB. Ef við förum þá leið hlýtur að felast í skoðun hæstv. fjmrh. að við eigum að fara þessa leið ásamt öðrum, sem ég skil nú ekki hvernig er hægt. Ef farin yrði fyrsta leiðin sem hann nefndi, að fara EFTA-leiðina sem verið er að undirbúa núna, þá

verður búið að binda okkur það mikið að það verður ekki aftur snúið. Við verðum búin að taka það mikið á okkur að það verður ekki hægt. Hingað til hefur því verið haldið fram að tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið komi ekki til greina. Ég vil í því sambandi benda á að í ræðu Delors frá 26. sept. kemur fram að hann telur að EFTA-ríkin hafi um tvo möguleika að velja, annars vegar að mynda sameinaða blokk og semja við Evrópubandalagið, en þá þurfi þau að hafa yfirþjóðlegar stofnanir og skipuleggja sig betur, eða, ef þau kjósa svo sjálf, að fara í tvíhliða viðræður. Það er þeirra eigin val og þá leið held ég að við ættum að velja.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Meðferð hv. þm. Kvennalistans á þessum fyrirspurnatíma minnir mig á þá siðvenju í breska þinginu að menn notfæra sér þann möguleika í þingsköpum til að standa upp og bera fram fsp. til ráðherra hvað ráðherrann hyggist gera kl. fjögur og nota það tilefni til þess að flytja síðan langar ræður um ýmislegt annað en spurt var um.

Ég ætla ekki að víkja að þeim ræðum sem hér voru fluttar enda eru tvær af þingkonum Kvennalistans sem fluttu þessar ræður farnar úr salnum þannig að það virðist ekki vera mikill áhugi á því að heyra hvað maður hefur um það að segja sem þær báru fram. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það hefur verið ákveðið að fram fari ítarleg umræða hér á Alþingi um þessi mál síðar í þessum mánuði og þá gefst rækilegt tækifæri til þess að ræða þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram.

Ég vænti þess að mönnum sé ljóst, m.a. af fundi með Mitterand, forseta Frakklands, hvað beinar pólitískar viðræður forustumanna Íslendinga og forustumanna Evrópubandalagsríkjanna geta haft í för með sér og ég þurfi þess vegna ekki að útskýra nánar hvað ég eigi við þegar ég sé að tala um beinar pólitískar viðræður milli íslenskra stjórnvalda og stjórnvalda einstakra Evrópubandalagsríkja.

Einn ræðumaður beindi þeirri spurningu til mín hvernig væri hægt að tryggja að Íslendingar hefðu forræði á fiskveiðifyrirtækjum sínum og auðlind hafsins innan Evrópubandalagsins. Það er flókið mál sem ég get ekki svarað hér í stuttum tíma, en vek hins vegar athygli á því að hvað sem líður viðræðum okkar við Evrópubandalagið sýnir þróun mála nú þegar að við þurfum að velta því rækilega fyrir okkur hvernig við tryggjum forræði okkar á fiskveiðum og fiskvinnslu í landinu, hvort sem við erum í Evrópubandalaginu eða utan.

Björgunarþyrla, ein umr.

Fsp. IBA, 94. mál. — Þskj. 95.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þinginu 1987–1988 lagði ég, ásamt þm. Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og Guðmundi Ágústssyni, fram þáltill. þess efnis að keypt yrði fullkomin björgunarþyrla fyrir Landhelgisgæsluna. Sú tillaga var samþykkt örlítið breytt þann 11. maí 1988, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna."

Síðan leið eitt ár og ekkert hafði gerst. Þá lagði ég fram fsp. á síðasta þingi samhljóða þeirri sem ég er nú að mæla fyrir og þá svaraði hæstv. fyrrv. dómsmrh. á þá lund m.a. að hann hefði sent Fjárlaga- og hagsýslustofnun bréf þar sem hann fór fram á að þessi könnun yrði framkvæmd. Síðan kom fram í svari hans að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefði ekki unnist tími til að ljúka þessari athugun vegna gerðar fjárlagafrv. en hann ætlaði að sjá til þess að þessu verki yrði hraðað og ítarleg könnun mundi liggja fyrir fljótlega. Nú hef ég ekki orðið var við að þessi könnun hafi farið fram. Ég vona hins vegar að það komi fram í svari hæstv. ráðherra að svo hafi verið. Ég vil því fá að leggja fram þessa fsp. hér á þskj. 95 sem hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu?"

Það er að sjálfsögðu hægt að hafa langt mál um nauðsyn og mikilvægi þessa máls. Ég vil þó geta þess að bæði mér og hv. þm. Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur hafa borist í hendur fjölmargir undirskriftalistar þar sem tekið er undir þessa tillögu og nauðsyn þess að þyrla verði keypt.

Það má líka koma fram að víða um bæ, hjá félögum og stofnunum er verið að samþykkja ályktanir í þessa veruna. Það fara fram fjársafnanir og eins og ég sagði fyrr, undirskriftir um allt land. Það er því vissulega brýnt að ríkisstjórnin taki nú til hendinni í þessu máli og ég vil geta þess hér að kaup á svona þyrlu gerast ekki á einum degi eða yfir nóttu. Bara sá liður að afgreiðslutími á fullkominni björgunarþyrlu er sennilega um tvö ár gerir það að verkum að við verðum að fara að taka ákvörðun.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki meira að segja í framsögu fyrir þessari fsp.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur beint til mín fsp. á þskj. 95 sem hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu?"

Eins og fram kom í máli hans flutti hv. fyrirspyrjandi þessa þáltill. á sínum tíma ásamt tveimur þingmönnum Borgfl., þeim Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, hv. 11. þm. Reykv. og Guðmundi Ágústssyni, hv. 5. þm. Reykv. Það var leitað til Landhelgisgæslunnar til þess að fá svör við þeirri spurningu sem fram er borin.

Þær upplýsingar sem ég mun hér gefa um þetta efni eru því frá Gunnari Bergsteinssyni, forstjóra Landhelgisgæslunnar, en í greinargerð með þál. á sínum tíma var getið um tvö atriði sem björgunarþyrla þarf að uppfylla:

1. Þyrlan þarf að geta flogið um eða yfir 300 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út og geta flutt allt að 20 manns miðað við þá fjarlægð.

2. Það er grundvallaratriði að þyrlan sé búin afísingarbúnaði.

Þessi atriði munu nánast einskorða val á þyrlu við gerðina Aero Spatiale AS-332 L Super Puma, sem þykir hafa frábæra flugeiginleika. Á undanförnum árum hafa flest ef ekki öll þyrlufyrirtæki við Norðursjó endurnýjað eða bætt við flugflota sinn þyrlum af þessari gerð sem hafa svipaða flutningsgetu og Sikorsky S-61, sem þó er einna mest notuð, bæði til flutninga og björgunarstarfa. Þyrlur af gerðinni S-61 eru án afísingarbúnaðar og eru ekki framleiddar lengur nema sérstök afbrigði til hernaðarþarfa. Breska strandgæslan notar tvær eða þrjár björgunarþyrlur af gerðinni S-61 við Shetlandseyjar og Ermarsund. Þyrlurnar eru leigðar með áhöfn frá bresku þyrlufyrirtæki fyrir um það 100 millj. kr. á ári fyrir hvert tæki.

Til að afla upplýsinga um rekstrar- og viðhaldskostnað stórra þyrla leitaði Landhelgisgæslan m.a. til norska fyrirtækisins Helikopter Service sem á yfir 60 þyrlur, þar af 19 S-61 og 13 Super Puma. Þá var einnig könnuð reynsla þeirra á afísingarbúnaði þyrla. Fyrirtækið á 4 eða 5 Super Puma þyrlur sem höfðu í byrjun verið búnar afísingartækjum er höfðu þó verið tekin úr sambandi, m.a. vegna galla sem fram höfðu komið á búnaði stélspaða, en ekki síst vegna þess að ísingarhætta væri tiltölulega lítil á athafnasvæði þeirra við Stavanger og þar í grennd. Afísingarbúnað á aðalspöðum þyrlunnar sögðu þeir hafa reynst vel og þyrluframleiðandi hefði þegar gert nauðsynlegar endurbætur á búnaði stélspaða. Ekkert væri því til fyrirstöðu að taka afísingarbúnaðinn í notkun aftur ef ástæða þætti til þegar flug þeirra ykist við Norður-Noreg. Norska flugmálastjórnin heimilar þyrluflug með afísingarbúnað í ísingarhættu við sjó, en mun ekki heimila slíkt flug yfir landi fyrst um sinn við sömu skilyrði fyrr en meiri reynsla er fengin.

Afísingarbúnaður mun vera talsvert viðhaldsfrekari heldur en venjulegur búnaður, en þess mun ekki gæta verulega við rekstur björgunarþyrlu hér á landi vegna þess hve flugtímar eru miklu færri hér en hjá flutningafyrirtæki sem talið er vera um það til ¼ til ⅓ hluti. Til samanburðar má geta þess að venjulegt þyrlublað á Super Puma mun kosta um 5½ millj. kr. en með afísingarbúnaði nær 7 millj.

Heildarverð nýrrar vel útbúinnar björgunarþyrlu með afísingarbúnaði og nauðsynlegum varahlutum, sem áætlaðir eru um 20% af stofnkostnaði, er á bilinu 750–900 millj. kr. Verð það sem hér er nefnt fer eftir gerð og tækjabúnaði þyrlunnar. Miðað við reynslu þyrlurekstraraðila er viðhaldskostnaður stórrar þyrlu um 50 þús. kr. á flugtíma eða um 25 millj. kr. á ári miðað við 500 flugstundir. Að vísu er erfitt að gera fullnægjandi samanburð á viðhaldsvinnu hjá flugrekstraraðila í atvinnuflugi og þjónustuflugi eins og hjá Landhelgisgæslunni. En ætla má að bæta þyrfti við einum eða tveimur flugvirkjum hjá Landhelgisgæslunni ef stór þyrla bætist í flugflotann. Þá þyrfti einnig að fjölga flugmönnum. Húftryggingariðgjald nýrrar þyrlu má búast við að yrði um 8% af tryggingarverðmæti eða um 50–60 millj. á ári eftir því hvaða tegund á í hlut. Með tilliti til þessa er ekki óvarlegt að áætla hækkun fastakostnaðar flugdeildar Landhelgisgæslunnar um 60–70 millj. kr. á ári vegna trygginga og fjölgunar starfsmanna og hækkun breytilegs kostnaðar um rúmar 20 millj. við tilkomu stórrar björgunarþyrlu. Til samanburðar má geta þess að í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár eru áætlaðar 170 millj. til fluggæslu.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Á árinu 1988 hófst fiskverkunarkona á Vestfjörðum, frú Kristjana Vagnsdóttir á Þingeyri, handa um að sameina konur í að hefja undirskriftasöfnun til styrktar björgunarþyrlu. Yfirskriftin var eins á öllum listunum og vil ég lesa hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðar erum allar sjómannskonur og unnustur sjómanna, mæður, dætur, systur eða á annan hátt nákomnar sjómönnum. Við skorum á ríkisstjórn, okkar þingmenn eða þá sem fjármálin fara í okkar landi að sjá um að keypt verði björgunarþyrla með afísunarútbúnaði sem tekið getur a.m.k. 25 manns auk áhafnar þyrlunnar sjálfrar og verði ekki beðið með það heldur gert sem allra fyrst."

Þessi listi fór á alla landshluta og eftir því sem við fórum í gegnum listann þá taldist okkur til að þarna mundu vera nálægt 3000 nöfn eða hátt á þriðja þúsund. Það skal tekið fram að listarnir lágu frammi á bensínstöðvum og svona hingað og þangað. En fyrir þeim var enginn verulegur áróður. Kristjönu voru sendir listarnir og hún sendi þá aftur til mín og í vörslu okkar Inga Björns, hv. 5. þm. Vesturl., eru þeir, og ætlum við að sameina þá og koma þeim í vörslu Alþingis. Ég vil aðeins taka það fram að það væri yfirleitt ekki hátt risið á slysavörnum á Íslandi ef konur, og þá kannski fyrst og fremst þær sem næst standa sjómönnunum, hefðu ekki lagt sín mörk á vogarskálina. Og þær eiga þann fyllsta rétt á því að eftir þeim sé tekið.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hans greinargóðu svör þar sem vissulega kemur fram það sem allir vita að bæði kaup á slíkri þyrlu og rekstur eru afar dýr. Þetta var öllum kunnugt þó að tölur hafi ekki fengist fram fyrr en núna. Það er hins vegar í raun og veru ekki hægt að setja verð á öryggi þjóðar og þegna og því saknaði ég þess að heyra ekki ákveðna stefnu hjá ráðherranum aðra en þá

sem ég gat skilið út úr orðum hans að það væri of dýrt fyrir íslenska þjóð að eignast slíkt öryggistæki sem björgunarþyrla er.

Ráðherrann eyddi töluverðum tíma í það að ræða um afísingarbúnað sem er, eins og kom fram í upphaflegri þáltill., eiginlega algert frumskilyrði að sé til staðar. Þó hann nýtist kannski ekki nógu vel hjá Norðmönnum eða einhvers annars staðar í heiminum þá vill nú svo til að bara tiltölulega nýlega gat Landhelgisgæslan ekki sinnt bráðatilfelli, hún varð að snúa við þegar hún var komin langleiðina á slysstað, vegna ísingar. Í þessu tiltekna dæmi hefði þyrlan komist á leiðarenda ef hún hefði verið með afísingarbúnað. Ég skal ekkert segja hverju það hefði breytt í því tilfelli, en tilfellin geta komið upp við slæmar aðstæður þar sem þessi búnaður er alger nauðsyn. Aðallega sakna ég þess að heyra ekki hjá ráðherra hvort ríkisstjórnin hyggst standa að kaupum á slíkri þyrlu. Staðan í dag er þannig að Landhelgisgæslan á aðeins eina þyrlu og við þurfum ekkert að fjölyrða um hvað skeður ef sú þyrla bilar, ég tala nú ekki um ef hún bilar alvarlega. Þá er eins og við kyngjum alltaf þjóðarrembunni. Þá hlaupum við til Kanans og fáum þyrlu hjá þeim. Ég óska því eindregið eftir að ráðherrann gefi okkur svona smá „hint", á slæmri íslensku, um hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessu efni.

Ég vil að lokum aðeins minnast á þessar undirskriftir sem hv. 11. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir kom hér inn á og nefndi töluna 3000 nöfn. Menn geta kannski reiknað það út í fljótheitum að þetta eru flest eiginkonur sjómanna sem þarna skrifa undir og það eru þá væntanlega talsmenn 10.000–12.000 manna í landinu sem hafa skrifað undir þetta. Og hefur þá ekki nema að litlu leyti, eftir því sem ég best veit, verið safnað undirskriftum hér í Reykjavík.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki og hef enga kunnáttu til að blanda mér í einstök atriði varðandi öryggistæki og hvað sé heppilegast í því efni. Hinu vil ég vekja athygli á að Alþingi hefur um langt skeið nánast sniðgengið sjálfa Landhelgisgæsluna. Fjárveitingar hafa verið skornar þannig við nögl að til vansæmdar er. Og ef það væri nú einvörðungu um peningamál að ræða þá er það líka það heimskulegasta sem við getum gert að láta Landhelgisgæsluna drabbast niður því það er vissulega mikið verkefni fyrir hana. Við eigum t.d. 350 sjómílur á Reykjaneshrygg sem á að verja. Og við þurfum auðvitað að gæta öryggis sjómanna og annars slíks. En ég vek athygli á því að það er alveg með *ólíkindum* hvað lítið er rætt um Landhelgisgæsluna og þýðingu hennar á Alþingi og hvernig fjárveitingum er hagað til hennar. Hvað sem okkur vantar mikið fé þá eigum við að styrkja Landhelgisgæsluna og gera það myndarlega.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég held að það fari ekkert á milli mála að það er mikill og almennur áhugi á þessu máli, sem hér er til umræðu, um allt land. Og ég vil taka undir það sem hér var sagt, mannslíf verða vitaskuld aldrei metin til verðs. Þannig að hér verður að standa að verki með það í huga.

Björgunarþyrlan TF-Sif kom ný til landsins síðla árs 1985 og hefur áhöfn hennar síðan margoft sýnt hvers hún er megnug við sjúkraflug og björgun mannslífa, oft við hinar erfiðustu aðstæður. Á þeim fjórum árum sem liðin eru frá komu þyrlunnar hafa útköll verið samtals 270 eða tæplega 70 á ári, ⅘ hlutar á sjó ⅕ á landi. Í 20% tilvika hefur verið hætt við flug vegna þess að ekki hefur verið talin þörf á þyrlu eða skv. ákvörðun læknis. Veður eða aðrar aðstæður hafa leitt til þess að þyrla hefur ekki farið af stað í 10% tilvika. Í þónokkur skipti hafa komið beiðnir frá erlendum skipum utan flugdrægis þyrlunnar sem þyrlur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafa sinnt skv. sérstökum samningi þar um.

Eins og hér hefur komið fram eru fjögur ár liðin síðan TF-Sif var keypt til landsins. Heildarflugtími í ágúst sl. mun hafa verið um 17.000 klukkustundir. Mikið reynir á þessa þyrlu og mikið er í húfi að hún sé alltaf flughæf. Afgreiðslutími nýrrar vélar mun hins vegar vera 1 ½ til 2 ár eins og hér kom fram fyrr í þessum umræðum. Það er því augljóst mál að tímabært er að huga að því með hvaða hætti á að endurnýja og/eða auka flugflota Landhelgisgæslunnar.

Mér er kunnugt um að forstjóri og aðrir forráðamenn Landhelgisgæslunnar eru og þeirrar skoðunar að stefnumörkun í þessu efni fari að verða aðkallandi. Þess verður því farið á leit við Landhelgisgæsluna að heildarúttekt verði gerð á þessu máli og öllum hliðum þess. Tegundum og tækjakosti, stofn- og rekstrarkostnaði, nýtingarhæfni vélanna og enn fremur að kannaður verði sá möguleiki að hafa björgunarþyrlu á fleiri en einum stað á landinu, þannig að þessi heildarúttekt legði sem gleggstan grunn að raunhæfri stefnumörkun í þessu efni svo fljótt sem kostur er.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Aðeins þetta. Ég fagna því ef á að taka þessi mál til heildarendurskoðunar og gera heildarúttekt. Ég vil eingöngu þá hvetja ráðherrann til að setja nú virkilegan kraft í þessa úttekt, þannig að málið dragist ekki enn frekar. Það hefur dregist úr hömlu nú þegar og við megum alls ekki bíða eftir því eins og málshátturinn segir, að barnið falli í brunninn áður en við grípum til aðgerða.

SAMEINAÐ ÞING

14. fundur, fimmtudaginn 9. nóv., að loknum 13. fundi.

Fjáraukalög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 102.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en umræða hefst vil ég skýra frá því að forseti hélt fund með þingflokksformönnum sl. mánudag og þar varð að samkomulagi að reynt yrði eins og hægt væri að koma fjáraukalögum til nefndar á þessum degi, þrátt fyrir þann yfirlýsta vilja að fimmtudagsfundir séu ekki eins langir og mánudagsfundirnir, en það var litið til þess með velvilja af hálfu þingflokksformanna að umræða hér yrði nokkuð lengri ef þess gerist þörf í dag.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það munu vera 67 ár síðan að mælt var hér á Alþingi fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er liður í mikilvægum kerfisbreytingum í stjórn ríkisfjármála sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir. Eitt höfuðeinkenni þeirra breytinga er að leggja fjáraukalagafrv. á viðkomandi ári fyrir það Alþingi sem þá situr. Það er þess vegna nokkuð sögulegur atburður að eftir nærri 70 ára hlé skuli vera mælt fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir sama ár og frv. tekur til.

Ég verð að vísu að gera þá játningu hér að það er með hálfum huga sem ég geri það vegna þess að sagan sýnir að sá síðasti fjmrh. sem þetta gerði á ýmislegt líkt með þeim sem hér stendur nú og þess vegna kannski nokkur hætta á því að örlög þess fjmrh. sem fyrstur fylgir í fótspor hans 67 árum síðar kunni að verða hin sömu.

Sá síðasti fjmrh. sem stóð hér í ræðustól Alþingis og mælti fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir hið sama ár var Magnús Jónsson fjmrh. í ráðuneyti Sigurðar Eggerz árið 1923. Magnús Jónsson var ekki kjörinn þingmaður, hann var hins vegar prófessor við Háskóla Íslands og u.þ.b. viku eftir að hann hafði mælt fyrir frv. hér á Alþingi vék hann úr sæti fjmrh. og tók aftur upp embætti sitt við Háskóla Íslands. (**Utanrrh.:** Er nokkur hætta á því að sagan endurtaki sig?) Nei, það er nú í trausti þess að það sé lítil hætta á því, hæstv. utanrrh., að sagan endurtaki sig. (Gripið fram í.) Já, það gildir auðvitað lengi. Það er ekki hætta á því að sagan endurtaki sig. Núv. fjmrh. hefur hiklaust, þrátt fyrir þetta sérkennilega sögulega fordæmi, ákveðið að standa hér í dag og mæla fyrir fjáraukalögum fyrir árið 1989.

Ég vona hins vegar, á sama hátt og ég ber þá von í brjósti að örlög núv. fjmrh. verði ekki þau sömu og þess sem hér stóð fyrir 67 árum, að örlög þingsins verði ekki þau sömu og þingsins 1923. Þau fjáraukalög sem þingið tók til meðferðar fyrir 67 árum sjöfölduðust að upphæð í meðferð þingsins. Ríkisútgjöldin urðu sjö sinnum meiri þegar þingið hafði afgreitt fjáraukalagafrv. en þau voru í frv. þegar það var lagt fram. Það er þess vegna einnig í trausti þess að hv. Alþingi endurtaki ekki þá sögu hér og nú og standist útgjaldafreistingarnar í meðferð þessa frv. Frumvarpið 1923 hækkaði í meðförum alþm. úr 52 þús. kr. í 375 þús. kr.

Virðulegi forseti. Líkt og ég sagði hér í upphafi þá er framlagning þessa fjáraukalagafrv. mikilvægur þáttur í nýjum grundvelli í stjórn ríkisfjármála sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að festa í sessi. Þessi nýi grundvöllur á að tryggja að Alþingi sé gert kleift að gegna því hlutverki sínu að fara með fjárveitingarvaldið til fullnustu og stuðla þannig að alhliða siðabót á sviði fjármála ríkisins. Auk þess að leggja fram fjáraukalög felst hinn nýi grundvöllur í stjórn ríkisfjármála í því að hvert ráðuneyti fái í framtíðinni, í fjárlögum, ákveðnar upphæðir til úthlutunar sem óviss útgjöld og þannig verði dregið úr þörf og tilefni fyrir aukafjárveitingar. Á sama hátt muni ríkisstjórnin í heild fá í fjárlögum viðkomandi árs samsvarandi upphæð til þess að mæta óvissum útgjöldum. Einnig verði teknar inn í fjárlög heimildir til að breyta útgjöldunum hvað snertir beina rekstrarliði og lögbundin útgjöld til samræmis við verðlagsbreytingar umfram forsendur fjárlaga.

Þessar tillögur, sem móta þennan þátt hins nýja grundvallar í stjórn ríkisfjármála, eiga þess vegna að draga úr þörfinni fyrir aukafjárveitingar og að lokum eyða henni með öllu. Þær miða einnig að því að tryggja að útgjöld verði að jafnaði ekki greidd úr ríkissjóði nema fyrir liggi heimild Alþingis til þeirrar greiðslu, enda fer Alþingi með fjárveitingavaldið, eins og kunnugt er.

Þegar frv. til fjáraukalaga er nú lagt fram í fyrsta sinn eftir tæplega 70 ára hlé, þá er ljóst að ekki eru fyrir hendi nærtæk fordæmi um efnistök og útlit slíks frv. Í sjálfu sér er með fjáraukalögunum fyrst og fremst verið að leita eftir samþykki Alþingis fyrir viðbótargjöldum. Innheimtar tekjur fjárlaga eiga sér stoð í sjálfstæðum lögum þannig að í raun þarf ekki samþykki annarra laga fyrir innheimtu tekna umfram forsendur fjárlaga. Enda kemur fram í yfirskrift 3. gr. fjárlaga að þar sé um áætlun að ræða. Það var hins vegar talið eðlilegt að í lagatextanum að frv. til fjáraukalaga væri Alþingi gerð grein fyrir því hvernig sú viðbótarfjárþörf sem farið er fram á í þessu frv. væri fjármögnuð. Í því skyni er 1. gr. frv. á þann veg að gerð er grein fyrir breytingum á greiðsluyfirliti ríkissjóðs á mjög ákveðnum máta og gert er í 1. gr. fjárlaga. Þar kemur fram hver er áætluð aukning tekna frá fjárlögum og breytingar á lánahreyfingum.

2. gr. frv. flokkar viðbótarútgjöld eftir ráðuneytum eins og gert er í 2. gr. fjárlaganna sjálfra. Í 3. gr. er síðan gerð grein fyrir einstökum heimildum þar sem þeim er skipt á ráðuneyti, stofnanir og viðfangsefni.

3. gr. er í fimm köflum. Í I. kafla eru almennar heimildir til stofnana. Í II. kafla eru heimildir til greiðslu verðbóta umfram forsendur fjárlaga. Í III.

kafla heimildir vegna fyrirsjáanlegs greiðsluhalla ríkisstofnana. Í IV. kafla er sótt um viðbótarheimlidir til uppgjörs á endurgreiddum söluskatti til útflutningsfyrirtækja vegna upptöku virðisaukaskatts um áramót. Loks er í V. kafla sótt um greiðsluheimild vegna geymdra stofnkostnaðarfjárveitinga frá fyrra ári.

Í 4. gr. frv. er sótt um heimild til að lækka ríkisútgjöld til fjárfestinga í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í sumar.

Það frv. til fjáraukalaga sem ég mæli hér fyrir nær til fjárreiðna A-hluta ríkissjóðs og að því marki til B-hlutans sem hann nýtur beinna framlaga frá ríkissjóði. Um rekstur B-huta sjóða og fyrirtækja ríkissjóðs gilda önnur lögmál en um rekstur stofnana ríkissjóðs. Flest eru þau í lánastarfsemi, framleiðslu eða verslunarrekstri og þurfa því að hafa svigrúm til að mæta breyttum aðstæðum þar sem þau eru rekin af eigin tekjum. Þá er yfir mörgum þessara fyrirtækja sérstök stjórn. Fjárhagslegt eftirlit með stofnunum og fyrirtækjum í B-hlutanum er af þessum ástæðum með öðrum hætti en eftirlit með stofnunum í A-hlutanum sem eru á beinum ríkisframlögum. Einnig má benda á í þessu samhengi að löggjafinn lítur á B-hlutann með öðrum hætti en annan rekstur ríkisstofnana sem eru á framlögum frá ríkinu. Í yfirskrift 5. gr. fjárlaga kemur fram að um áætlun sé að ræða og er þeim því gefið visst svigrúm til athafna. Endanlegt uppgjör B-hluta fyrirtækja liggur þar að auki ekki fyrir fyrr en í apríl og maí á næsta ári. Ekki liggja fyrir í núverandi bókhaldskerfi mánaðarlegar upplýsingar um fjárreiður B-hluta fyrirtækjanna með sama hætti og A-hluta ríkissjóðs og því ekki tök á því að áætla útkomu B-hluta aðilanna nú.

Af þessum ástæðum og ýmsum öðrum var farin sú leið að beina því fjáraukalagafrv. sem hér er flutt eingöngu að A-hluta ríkissjóðs. Í sjálfu sér kemur til greina að ræða ítarlega hvort í framtíðinni eigi einnig að taka B-hluta fyrirtækin með. Það er hins vegar ljóst af þeim ástæðum sem ég hef hér rakið að það er að mörgu leyti erfiðara verk og miðað við núverandi bókhaldskerfi að ýmsu leyti ógerlegt. Sé það hins vegar vilji Alþingis í framtíðinni að B-hluta fyrirtækin séu tekin með þá verður að gera samsvarandi breytingar á rekstrarháttum og bókhaldi B-hluta fyrirtækjanna. Auk þess vil ég geta þess að í ríkisreikningi er gerð ítarleg grein fyrir afkomu og fjárreiðum B-hluta fyrirtækjanna og í frv. með ríkisreikningi verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir þessum atriðum.

Virðulegi forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 í janúarmánuði sl. var gengið út frá ákveðnum forsendum um framvindu efnahagsmála á þessu ári. Annars vegar var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í framleiðslu og þjóðarútgjöldum, hins vegar var miðað við tilteknar forsendur um verðlags-, gengis- og launabreytingar til ársloka 1989. Á þessum grundvelli voru fjárlög fyrir árið 1989 afgreidd með rúmlega 600 millj. kr. afgangi. Framan af árinu var útkoman í góðu samræmi við áætlanir, enda var verðlags- og launaþróun þá nálægt forsendum fjárlaga. Þegar komið var fram undir mitt ár höfðu forsendur hins vegar breyst í svo veigamiklum atriðum að hallarekstur var óumflýjanlegur. Skýringar á þessum breyttu horfum eru í stórum dráttum þríþættar.

Í fyrsta lagi hafa verðforsendur fjárlaga breyst verulega. Í stað 13–14% verðhækkunar er nú spáð 21–23% meðalhækkun verðlags á þessu ári. Launa- og gengisþróunin hefur einnig orðið með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í fjárlögum, sérstaklega gengisþróunin. Raunlaun og raungengi hafa því lækkað meira en gert var ráð fyrir í fjárlögunum.

Eins og ég gerði grein fyrir í fjárlagaræðu sem hér var flutt fyrir skömmu síðan þá veldur þróun af þessu tagi því að halli ríkissjóðs verður meiri en ella, en á móti kemur að viðskiptahallinn verður minni.

Ég vék einnig að þeim horfum sem gætu orðið fyrir árið 1989 í fjárlagaræðu fyrir frv. sem gildir fyrir yfirstandandi ár og þar var einnig komið inn á þessi atriði. Ég ætla þess vegna ekki hér og nú að víkja nánar að þeim.

Í öðru lagi voru í tengslum við gerð kjarasamninganna ýmsar ákvarðanir um að lækka og fella niður tiltekna skatta og þá var einnig ákveðið að auka niðurgreiðslur.

Í þriðja lagi hafa verið teknar ýmsar ákvarðanir um aukin ríkisútgjöld frá því fjárlög voru afgreidd, m.a. ákvarðanir sem hæstv. Alþingi hefur tekið, sérstaklega hvað snertir viðbótarfjármagn til vegamála. Einnig er um að ræða aukin útgjöld og framlög til atvinnumála, svo sem sjávarútvegs, landbúnaðar og annarra atvinnugreina. Allt hefur þetta breytt forsendum fjárlaganna þannig að nú eru horfur á um 4,8 milljarða kr. rekstrarhalla á ríkissjóði í lok þessa árs.

Þessi halli svarar til um 1,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að árið 1988 svaraði hallinn á ríkissjóði til tæplega 3% af landsframleiðslu, reiknað á greiðslugrunni. Það eru því horfur á því að hallinn á ríkissjóði í ár verði um helmingur af hallanum í fyrra, í samanburði við landsframleiðslu.

Skv. fjárlögum var gert ráð fyrir því að lánsfjárþörf ríkisins yrði að fullu mætt með sölu spariskírteina á innanlandsmarkaði. Það sem af er árinu hefur innlend fjáröflun gengið mjög vel og var í lok september búið að selja spariskírteini og ríkisvíxla fyrir 7,3 milljarða kr., eða um 6 milljarða umfram innlausn spariskírteina á sama tímabili.

Að teknu tilliti til rúmrar lausafjárstöu innlánsstofnana, aukins ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna og mikillar lokainnlausnar spariskírteina nú í haust er ljóst að auka má innlenda fjáröflun umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þrátt fyrir aukinn rekstrarhalla ríkissjóðs hefur ríkisstjórnin sett sér það markmið að aukinni fjárþörf verði mætt með lántökum innan lands.

Lakari horfur í ríkisfjármálum koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið. Í fjárlögum ársins 1989 var reiknað með að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 77 milljarðar og 100 millj. kr. á þessu ári. Endurskoðuð tekjuáætlun í lok september bendir til þess að tekj-

urnar verði heldur meiri, eða 79 milljarðar 780 millj. kr. Frávik frá áætlun fjárlaga er því rúmir 2,6 milljarðar, eða 3,5%.

Helstu frávik frá fjárlagaáætlun koma fram í auknum tekjum af söluskatti, tekjuskatti einstaklinga og launatengdum gjöldum. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af breyttum verðlags-, gengis- og launaforsendum. Vaxtatekjurnar hafa einnig aukist langt umfram áætlanir, að mestu leyti vegna hins sérstaka innheimtuátaks í söluskatti sem hafið var um mitt þetta ár. Á móti þessum hækkunum vega minni tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða, minni tekjur af sölu áfengis og tóbaks og af vörugjaldi. Vörugjaldið var lækkað skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga sl. vor en meiri samdráttur í veltu en reiknað var með í fjárlögum skýrir lækkun hinna tekjustofnanna. Að öllu samanlögðu er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 23,5% milli áranna 1988 og 1989, en það svarar til rúmlega 2% aukningar að raungildi frá árinu 1988. Þetta jafngildir því að tekjur ríkissjóðs hafi aukist um 1,7 milljarða kr. milli áranna 1988 og 1989, reiknað á verðlagi ársins 1989.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessari staðreynd, að tekjuauki ríkisins nemur aðeins 1 milljarði og 700 millj. kr. á milli áranna 1988 og 1989, vegna þess að það er hvað eftir annað búið að fullyrða hér í þingsölum og annars staðar að skattabreytingarnar sem ríkisstjórnin gerði á sl. þingi hafi falið í sér 7 milljarða aukningu á skatttekjum ríkissjóðs. Þessi tekjuauki var hins vegar fyrst og fremst notaður til þess að vega upp það tekjufall sem varð vegna samdráttarins í hagkerfinu.

Skv. fjárlögum voru gjöld áætluð tæplega 71,6 milljarðar kr. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að gjöld verði rétt rúmir 84,6 milljarðar kr. Frávikið frá fjárlögum eru 8 milljarðar 153 millj. kr., eða 10,7%. Fyrir utan verðlags- og launabreytingar má rekja ástæður þessara hækkana að mestu til þess erfiða ástands sem upp kom í atvinnumálum á fyrri hluta ársins. Þannig er hækkunin á framlögum eða tilfærslum til annarra 4 milljarðar 457 millj. kr., eða 15,6% og á vaxtagjöldunum um 820 millj. kr., eða 10,9%. Hækkun á almennum rekstrargjöldum ríkisstofnana er hins vegar aðeins 7,9% og má að mestu rekja til verðbreytinga. Ég vek sérstaka athygli á þessari staðreynd vegna þess að hún er mikilvæg, vitnisburður þess að það hefur tekist að halda almennum rekstrargjöldum ríkisstofnana að verulegu leyti í böndum.

Af 8 milljörðum 153 millj. kr. sem aukning útgjaldanna nemur stafa 3 milljarðar 105 millj. kr., eða nærri 40% af þessari viðbót, af verðlagsuppfærslunni einni saman. 666 millj. kr. má rekja til ályktana Alþingis og heimilda í 6. gr. fjárlaga. Magnbreytingar vegna samningsbundinna greiðslna nema 851 millj. kr., sérstakar ákvarðanir í atvinnumálum nema 1 millj. 813 millj. kr. eða rúmlega 22%. Vegna uppgjörs ársins 1988 eru 597 millj. kr. og aukaútgjöld í rekstri eru 724 millj. kr. Til nýrra verkefna er hins vegar eingöngu varið 77 millj. kr., eða innan við 1% af þeirri heildarupphæð sem hér er um að ræða. Til að mæta fyrirsjáanlegum halla á rekstri stofnana eru ætlaðar 800 millj. kr.

Á móti þessum upphæðum kemur síðan um 650 millj. kr. niðurskurður á framkvæmdaliðum. Mun ég nú gera nokkra grein fyrir þessum þáttum í stuttu máli.

Verðlags- og launabreytingarnar eru alls metnar, eins og ég gat um áðan, á 3 milljarða 105 millj. kr. Við uppfærslu heimilda í fjárlögum til verðlags var fylgt sömu aðferð og á síðasta ári. Þeir gjaldaliðir sem fá verðlagsuppfærslu eru almenn rekstrargjöld stofnana svo og bundnar tilfærslur eins og lífeyris- og sjúkratryggingar, framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna, lög- og samningsbundin framlög, þar með talin vaxtagjöld, svo og framlög til nokkurra B-hluta stofnana og sértekjustofnana. Aðrar tilfærslur svo og fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðar fá ekki verðlagshækkun. Geymdar fjárveitingar eru 170 millj. kr. Í samræmi við ákvæði laga um ríkisreikning voru á árinu samþykktar til greiðslu geymdar fjárveitingar frá fyrra ári að upphæð 170 millj. kr. Um er að ræða ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar sem heimilt er að flytja á milli ára.

Hvað varðar ákvarðanir Alþingis sem leiða til 666 millj. kr. viðbótarútgjalda ber þar hæst aukið framlag til vegamála. En skv. vegáætlun voru útgjöldin hækkuð um 320 millj. kr. Þar fyrir utan var við afgreiðslu vegáætlunar skilin eftir óleyst fjármögnun til vetrarviðhalds á haustmánuðum, en þá þegar var ljóst að fjárveiting til snjómoksturs yrði uppurin í lok maí. Þá lá enn fremur fyrir að óleyst var 85 millj. kr. fjármögnun vegna verksamnings við gerð jarðganga í Ólafsfjarðarmúla. Samtals er því áætlað að útgjöld til vegamála verði 545 millj. kr. umfram fjárlög og er öll sú upphæð talin hér með.

Þá samþykkti Alþingi lög um endurbyggingu húsa á Bessastöðum sem skyldi ljúka á þremur árum og er kostnaður áætlaður alls 250 millj. kr. Þar af skyldi verja 50 millj. kr. til þessa verkefnis á árinu 1989. Loks eru hér talin útgjöld sem heimild 6. gr. fjárlaga fól í sér, samtals að upphæð 58 millj. kr. Stærst er þar fjárhæðin til kaupa á siglingahermi, mikilvægu kennslutæki fyrir íslenska sjómenn í framtíðinni.

Uppgjör skulda á halla frá fyrra ári nemur 579 millj. kr. Þar vegur þyngst 400 millj. kr. endurgreiðsla á skuldum sjúkratrygginga við vörslusjóð Tryggingastofnunar, einkum Atvinnuleysistryggingasjóð. Greiðslur vegna hallareksturs sjúkrastofnana frá árinu 1988 eru nánar 26 millj. kr. Happdrætti Háskóla Íslands gerði upp skuld vegna einkaleyfisgjalds frá fyrra ári að fjárhæð 25 millj. kr. og er sú fjárhæð endurgreidd til Byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. Vegna tafar á afgreiðslu nýrrar símstöðvar fyrir Stjórnarráð Íslands sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1988, kom stærstur hluti kostnaðar, eða 25 millj. kr., ekki til greiðslu fyrr en á þessu ári.

Magnbreytingar vegna samninga nema 851 millj. kr. Til þessa liðar eru taldar greiðslur sem óhjá-

kvæmilega verður að inna af hendi vegna skuldbindandi samninga. Þyngst vegur 520 millj. kr. aukin fákvæmilegt reynist að flytja út meira magn kindakjöts en áætlað var, þar sem forsendur og ákvæði búvörusamningsins um framleitt magn og innanlandsneyslu hafa ekki staðist.

Það er auðvitað mjög mikilvægt atriði til athugunar fyrir hv. alþm. að þrátt fyrir þá háu upphæð sem er í fjárlögum yfirstandandi árs til útflutningsbóta er nauðsynlegt að koma nú til þingsins og óska eftir heimild til þess að greiða út rúmlega hálfan milljarð til viðbótar.

Ég vil geta þess hér að það er sérstaklega beðið eftir því, bæði af sláturleyfishöfum og bankakerfinu, að Alþingi veiti heimild til að greiða þessa upphæð því ég hef ekki viljað inna hana af hendi fyrr en samþykkt Alþingis liggi fyrir.

Þá er einnig ljóst að viðbótarfjárþörf til greiðslu bóta vegna riðuniðurskurðar er 68 millj. kr. Áætlað er þar að auki að greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum einstaklinga hjá gjaldþrota fyrirtækjum muni nema 185 millj. kr. umfram fjárlög. Þá var einnig í kjarasamningum í vor samið um greiðslur til Háskóla Íslands vegna vinnumatskerfis og framlags í Sáttmálasjóð að fjárhæð 34 millj. kr. Vegna tjóns sem varð á sæstreng til Vestmannaeyja er hér einnig óskað eftir heimild til viðgerða sem nemur 35 millj. kr.

Hvað varðar aukaútgjöld í rekstri sem nema 724 millj. kr. skal fyrst geta þess að á þessum lið eru flokkaðar greiðslur sem koma til af því að nauðsynlegt hefur reynst að endurmeta heimildir fjárlaga annaðhvort vegna breyttra forsendna eða vanáætlana. Af þessari fjárhæð, 724 millj. kr., eru 400 millj. kr., eða ríflega helmingur, aukin útgjöld til sjúkratrygginga, aðallega vegna lyfjakostnaðar og sjúkrakostnaðar. Á árinu var auk þess gerð sérstök úttekt á rekstri Þjóðleikhússins. Á grundvelli hennar hafa verið sköpuð skilyrði til þess að ýmis hagræðing í rekstri Þjóðleikhússins komi til framkvæmda, en hins vegar blasir við óhjákvæmilegur halli þrátt fyrir samdrátt í verkefnum Þjóðleikhússins á árinu 1989 sem nemur 85 millj. kr.

Af einstökum smærri liðum má nefna aukinn kostnað við undirbúning að upptöku virðisaukaskatts, en ekki hafði verið ætlað nægilega fyrir þeim lið á sínum tíma eða til þess að fjármagna þann viðbótarmannafla sem nauðsynlegt var að bæta við skattstofurnar og embætti ríkisskattstjóra.

Til nýrra verkefna, eins og ég gat um áðan, er hins vegar eingöngu ætlað innan við 1% af þessari heildarupphæð, eða um 77 millj. kr. Þar er í flestum tilvikum um að ræða ýmsa viðburði á sviði íþrótta, menningar og lista og einnig ýmis önnur smærri verkefni sem skráð eru í frv. sem óhjákvæmilegt reyndist að veita fé til.

Vegna sérstakra ákvarðana í atvinnumálum er 1 milljarður 813 millj. kr. Vegna erfiðleika sem upp komu í atvinnu- og kjaramálum á fyrri hluta árs tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að auka útgjöld ríkisins til stuðnings atvinnulífinu og til að tryggja gerð kjarasamninga. Þar vega tvímælalaust þyngst auknar niðurgreiðslur á matvöru að fjárhæð 870 millj. kr. Til stuðnings atvinnugreinunum voru veittar: 128 millj. kr. til loðdýraræktar, 200 millj. kr. til sjávarútvegs, 82 millj. kr. til iðnaðarmála, 80 millj. kr. til að tryggja atvinnu skólafólks og 100 millj. kr. til Byggðastofnunar vegna Hlutafjársjóðs.

Loks er í þessu sambandi áætlað fyrir 350 millj. kr. síðar á árinu til endanlegs uppgjörs á endurgreiðslu til atvinnuveganna vegna upptöku virðisaukaskatts á næsta ári.

Fyrirsjáanlegur halli stofnana er metinn um 800 millj. kr. og leitað er heimildar fyrir honum í einu lagi. Það er ljóst að endurmat á fjárhagsstöðu stofnana í A-hluta sýnir að rekstrargjöld nokkurra stofnana rúmast ekki innan þess ramma sem markaður var í fjárlögum. Þar er í velflestum tilvikum um að ræða viðvarandi vanmat á fjárþörf frá fyrri árum. Má í því sambandi nefna flest embætti bæjarfógeta og sýslumanna, ýmsar heilbrigðisstofnanir og nokkrar aðrar slíkar. Á þessu stigi er erfitt að áætla nákvæmlega fyrir þessum útgjöldum á einstakan fjárlagalið og þess vegna farin sú leið að gera tillögu um eina upphæð.

Virðulegi forseti. Við framkvæmd fjárlaga innan ársins koma óhjákvæmilega upp þær aðstæður að greiða verður gjöld sem ekki er ætlað fyrir í fjárlögum. Ástæður geta verið margvíslegar eða allt frá breyttu efnahagsumhverfi til þess að óhjákvæmilegt reynist að inna af hendi greiðslur vegna lögbundinna samninga.

Í frv. því sem ég mæli nú fyrir er að finna dæmi um hvort tveggja. Reynt hefur verið að draga sem mest greiðslur á þeim gjöldum sem hér er óskað heimildar fyrir, og í flestum tilvikum hefur ekki verið ráðstafað meira fé en heimild er fyrir í fjárlögum, þannig að hægt ætti að vera að grípa til ráðstafana ef Alþingi veitir ekki samþykki sitt. Má í því sambandi nefna þær háu upphæðir sem hér eru gerðar tillögur um varðandi útflutningsbætur, varðandi niðurgreiðslur, varðandi Byggðastofnun, varðandi endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs, varðandi framlög til fatlaðra og fjölmargt annað. Það er því alveg ljóst að verulegur hluti þeirra upphæða sem hér er farið fram á í frv. að Alþingi heimili að greiddar verði úr ríkissjóði hefur ekki verið greiddur og verður ekki greiddur fyrr en Alþingi hefur veitt heimild sína.

Hins vegar er líka ljóst, sérstaklega vegna þess að hér er verið að stíga skref inn í nýja tíma, að hluti af þeim upphæðum sem hér er farið fram á hefur verið greiddur úr ríkissjóði og er þar kannski einna stærst upphæðin vegna verðlagsuppfærslunnar á árinu. Má í því sambandi einnig nefna ríkisábyrgðir á laun, greiðslu skulda sjúkratrygginga og framlög til vegagerðar sem Alþingi hefur þegar samþykkt með sérstökum ákvörðunum fyrr á þessu ári. Bið ég hv. Alþingi að hafa skilning á því að þegar þetta frv. er lagt fram í fyrsta sinn hlýtur óhjákvæmilega að vera ákveðið sambland, ákveðin blanda, af annars vegar

nýjum tilefnum og nýjum útgjöldum sem óskað er heimildar fyrir og staðfestingum á því sem búið er að greiða.

Virðulegi forseti. Í 2. og 3. gr. fjáraukalaganna er aukaheimildum skipt á ráðuneyti og verkefni. Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum þessara þátta hér í stuttu máli. Æðsta stjórn ríkisins hækkar um 50 millj. kr. Þar er um að ræða endurbyggingu Bessastaða.

Forsrn. hækkar um 111 millj. kr. Þar vegur þyngst 100 millj. kr. framlag til Byggðastofnunar til að Hlutafjársjóður geti lokið verkefni sínu.

Menntmrn. hækkar um 285 millj. kr. Þar vega þyngst bundnar greiðslur vegna Byggingarsjóðs og heimilda í 6. gr. fjárlaga sem nema 60 millj. kr., 33 millj. kr. til Háskóla Íslands í tengslum við kjarasamninga og 85 millj. kr. til að tryggja rekstur Þjóðleikhússins til áramóta.

Utanrrn. hækkar um 22 millj. kr. Þar er sérstaklega um að ræða framlag til friðargæslu Sameinuðu þjóðanna og aukinn kostnað vegna viðræðna EFTA og EB.

Landbrn. hækkar um 901 millj. kr. Þar vega auðvitað þyngst útgjöld til útflutningsbóta sem nema 520 millj. kr. og til loðdýraræktar sem nema 128 millj. kr. og uppgjör jarðræktar- og búfjárræktarframlaga samkvæmt heimild í lánsfjárlögum sem nemur 67 millj. kr.

Sjútvrn. hækkar um 117 millj. kr. Endurgreiðsla söluskatts til fiskvinnslu er um 100 millj. kr. af þeirri upphæð og greiðsla tjónabóta til Hafrannsóknastofnunar 10 millj. kr.

Dóms- og kirkjumrn. hækkar um 19 millj. kr. Stærsti hluti þessarar upphæðar er vegna fangamála.

Félmrn. hækkar um 275 millj. kr. Þar er sérstaklega um að ræða launagreiðslur í gjaldþrotum fyrirtækja sem hafa farið langt umfram áætlun eða sem nemur 200 millj. kr. Einnig var varið 65 millj. kr. vegna atvinnumála skólafólks.

Verulegir erfiðleikar hafa komið upp í rekstri stofnana og fyrirtækja Sjálfsbjargar á Akureyri og hefur nefnd skipuð fulltrúum frá þremur ráðuneytum unnið að tillögum um aðgerðir til umbóta en í fjáraukalögum er sótt um 10 millj. kr. til að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun á meðan það mál er í skoðun.

Heilbr.- og trmrn. hækkar um 841 millj. kr. Þar af hækka útgjöld til Tryggingastofnunar um 800 millj. kr. eins og ég gat um áðan, helmingur þeirrar upphæðar vegna lyfja- og sjúkrakostnaðar.

Fjmrn. hækkar um 178 millj. kr. Þar er annars vegar um að ræða 70 millj. kr. sérstaklega vegna upptöku virðisaukaskattsins og vegna ýmiss viðbótarkostnaðar í tengslum við aukið átak í innheimtumálum. Hins vegar er um að ræða kostnað vegna eignakaupa fyrir sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri og vegna húsnæðis Stjórnarráðsins í Reykjavík.

Samgrn. hækkar um 606 millj. kr. Þar er stærst upphæð til Vegagerðar ríkisins sem nemur 545 millj. kr. samkvæmt ákvörðunum Alþingis. Framlag til Flugmálastjórnar hækkar um 23 millj. kr.

Iðnrn. hækkar um 163 millj. kr. Þyngst vegur þar 100 millj. kr. framlag til niðurgreiðslu á orkuverði til fiskiðnaðar og einnig þær 35 millj. kr. sem ég gat um áðan vegna viðgerðarkostnaðar á rafstreng til Vestmannaeyja.

Viðskrn. hækkar um 808 millj. kr. Annars vegar eru þar 800 millj. kr. vegna niðurgreiðslna á matvörum og hins vegar aukið framlag til Verðlagsstofnunar.

Virðulegi forseti. Þegar fyrirsjáanlegur var rúmlega 4 milljarða kr. halli um mitt ár vegna ástandsins í efnahagsmálum og ráðstafana í ríkisfjármálum, var m.a. vegna skattalækkana, ákvað ríkisstjórnin að reyna að draga úr þessum fyrirsjáanlega halla með því að skera niður fjárfestingar. Í frv. er lagt til að sá niðurskurður nemi 650 millj. kr. Þar er annars vegar um að ræða 500 millj. kr. lækkun á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins og hins vegar lækkun á fjárfestingarútgjöldum samgrn., heilbrrn. og menntmrn. u.þ.b. 40 millj. kr. á hvert ráðuneyti.

Eitt af meginmarkmiðum í fjárlagafrv. ársins 1989 var aukið aðhald í ríkisrekstrinum. Það kom m.a. fram í því að launagjöld voru skorin niður um 4%, ferðakostnaður og aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkaði um 250 millj. kr. og hert var að ýmsum öðrum rekstrargjöldum eins og hægt var. Í þessu skyni greip fjmrn. í upphafi árs til margháttaðra aðgerða til að styrkja greiðslueftirlit fjárlaganna og efla útgjaldaaðhald. Lögð var áhersla á aukna samvinnu við hvert ráðuneyti og ríkisstofnanir og að tengja framvindu útgjaldanna innan ársins með margvíslegum hætti við þær forsendur sem áætlanir fjárlaganna byggðust á. Þess er vænst að þannig gefist svigrúm til þess að grípa inn í í tæka tíð, bæði nú og í framtíðinni þegar illa stefnir.

Þessi vinnubrögð hafa nú þegar skilað verulegum árangri. Við útgjaldahliðina hefur sérstök áhersla verið lögð á að bæta eftirlit með launagreiðslum allverulega. Það felst annars vegar í því að magntölur fjárlaga um stöðuheimildir og yfirvinnustundir voru tengdar við það starfsmagn sem raunverulega er greitt, þannig að þess verður strax vart þegar stofnanir eru að fara fram úr heimildum. Hins vegar var ákveðið að taka upp svokallað starfsnúmerakerfi til að herða eftirlit með nýráðningum.

Þá er einnig rétt að geta þess að fjárhagsleg ábyrgð sérhvers ráðuneytis hefur verið aukin. Ráðuneytin hafa á undanförnum árum verið að styrkja eigin fjármálastjórn og verður haldið áfram á þeirri braut. Í flestum ráðuneytum starfa nú sérstakar fjármáladeildir sem annast þetta verkefni. Þessu eftirliti er síðan fylgt eftir með reglubundnum fundum embættismanna fjmrn. og viðkomandi ráðuneyta og fjmrh. og ráðherrum viðkomandi ráðuneyta.

Ljóst er af tölum um þróun ríkisútgjalda það sem af er árinu að nokkur árangur hefur náðst í því verki að halda aftur af vexti almennra rekstrargjalda miðað við fyrri ár. Á meðan heildarútgjöld ríkissjóðs hækka um rúmlega 18% frá árinu 1988 hækkar almennur rekstrarkostnaður ríkisins mun minna eða um 13%. Þetta felur í sér nærri því 1,5% samdrátt rekstrarútgjaldanna að raungildi.

Í rekstri ríkisins vega launagreiðslurnar þyngst, en þær hækka samkvæmt áætlun um rúm 10% eða minna

en nemur launahækkuninni milli ára. Þær tölur sýna að einnig hefur tekist að ná tökum á þessu viðfangsefni og tryggja aukið aðhald á þessu sviði.

Ríkisendurskoðun sendi í haust frá sér skýrslu um framkvæmd fjárlaga á fyrri hluta þessa árs og í þeirri skýrslu kom skýrt í ljós að nýráðningar eru færri en fjárlagaheimildir gerðu ráð fyrir og verulegur árangur hafði náðst í því að draga úr yfirvinnu hjá ríkinu.

Fyrstu sex mánuði ársins var fjölgun stöðugilda í dagvinnu 300 frá fyrra ári, en heimildir í fjárlögum gerðu ráð fyrir aukningu um 400 stöðugildi. Til samanburðar fjölgaði stöðugildum um 676 eða 4,8% frá fyrri hluta árs 1987 til sama tíma á árinu 1988. Segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þetta bendi eindregið til þess að ráðning utan heimilda hafi dregist verulega saman.

Þá hefur, eins og ég gat um áðan, dregið mjög úr yfirvinnu hjá ríkinu, eða um 6,5% að raungildi sem samsvarar u.þ.b. 170 dagvinnustöðum á þessum tíma.

Það eru fyrst og fremst, virðulegi forseti, breyttar aðstæður í efnahagslífi og atvinnumálum sem hafa raskað þeim niðurstöðutölum fjárlaga sem kynntar voru við samþykkt fjárlagafrv. hér á sínum tíma. Ég tel hins vegar að við framkvæmd fjárlaganna sjálfra miði í rétta átt eins og þær tölur sýna sem ég hef hér rakið.

Virðulegur forseti. Í upphafi ræðu minnar minnti ég á það að 67 ár eru liðin síðan fjármálaráðherra stóð í þessum sporum. Ég vona að sú ákvörðun mín og ríkisstjórnarinnar að leggja fram fjáraukalagafrv. fyrir gildandi ár verði fordæmi sem aðrir fjármálaráðherrar muni fylgja og þannig munum við í sameiningu halda inn á nýjar brautir þar sem hinn nýi grundvöllur í stjórn ríkisfjármálanna verði styrktur. Með þeim hætti getum við sameinast um að tryggja að fjárveitingavaldið verði í reynd í höndum Alþingis og dregið verði þannig úr þörfinni á hinum eiginlegu aukafjárveitingum að þeim verði að lokum útrýmt.

Ég vona, og reyndar veit, að við munum eiga af hálfu fjmrn. góða samvinnu við fjvn. og Alþingi allt í meðferð þessa frv. Það er mikilvægt að Alþingi vandi vel meðferð þess, en jafnframt vil ég einnig setja fram þá ósk að afgreiðsla þess geti gengið nokkuð fljótt og vel. Ég held að í þeim efnum sé líka mikilvægt, á sama hátt og við höfum reynt með gerð frv. að skapa fordæmi, að Alþingi hugi vel að því í meðferð málsins að það er þá einnig að skapa fordæmi sem aðrir munu vilja fylgja.

Innan ríkisstjórnarinnar tókst mjög góð samstaða um frv. og er rétt að hér komi fram að fjölmörg tilefni til þess að auka ríkisútgjöldin fundu ekki leið sína inn í frv. og fjölmörgum skiljanlegum óskum frá hinum ýmsu aðilum um viðbótarframlag úr ríkissjóði var vísað frá.

Ég vona svo að lokum, virðulegi forseti, að örlög frv. verði ekki hin sömu og fyrirrennara þess frá árinu 1923 að Alþingi kjósi að sjöfalda þá útgjaldaupphæð sem í frv. felst. Ég veit reyndar að svo verður ekki en legg jafnframt áherslu á það að framlagning fjáraukalagafrv. fyrir gildandi ár gerir auðvitað þær kröfur til hv. alþm. að menn stilli í hóf óskum um viðbótarframlag til margvíslegra liða og við í sameiningu getum náð tökum á þessu verkefni.

Ég legg svo til að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. er framlagning þessa frv. hér á Alþingi nokkurt nýmæli. Það nýmæli á sér rætur í umræðum innan fjvn. þar sem nefndin er sammála um að nauðsyn beri til að koma á breyttri skipan í meðferð fjármála ríkisins og í framkvæmd fjárlaga á hverju fjárlagaári. Hér á hinu háa Alþingi hafa einnig komið fram mjög sterkar raddir í þessa átt og kröfur um að þessi háttur væri upp tekinn, þ.e. að frv. til fjáraukalaga væri flutt á hverju fjárlagaári og þar leitað heimilda fyrir þeim útgjöldum sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. vill að nái fram að ganga en haldi ekki áfram að taka ákvörðun um greiðslur úr ríkissjóði sem eru langt umfram það sem fjárlög kveða á um.

Það er óhætt að segja að þau þáttaskil — hæstv. fjmrh. er títt að nefna þáttaskil eða tímamót — sem urðu við framkvæmd fjárlaga á síðasta ári, þegar útgjöld ríkisins fóru yfir 8 milljarða fram úr því sem fjárlög kváðu á um, hafi fært fjvn. og Alþingi heim sanninn um það að það var óhjákvæmilegt að leitast við að gera breytingar á framkvæmd fjárlaga og meðferð ríkisfjármála í heild.

Ég ætla ekki að rekja aðra þætti í þeirri vinnu sem fjvn. hefur lagt í af þessu tilefni og verður birt Alþingi innan tíðar, en fjvn. stendur heil að því að við viljum leitast við að koma betri skipan á þessi mál. Sú tillögugerð okkar og sú skoðun okkar er ekki bundin við það hver fer með stjórn ríkisfjármála hverju sinni.

Ég vil hins vegar láta það koma hér fram að það fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir er auðvitað því marki brennt að það er seint á ferðinni. Það er kannski, eins og hæstv. fjmrh. sagði, nokkur frumsmíð, á sér ekki hefð á undanförnum árum. Frv. er því að ýmsu leyti ófullkomið að mínum dómi og óskýrt og verður kannski að sjá í gegnum fingur með það, en taka það frekar til athugunar í meðferð frv. á Alþingi og síðar í framvindu þessa máls hér á eftir.

Frv. nær auðvitað ekki þeim tilgangi sem slíkt frv. á að hafa, að leitað sé heimilda Alþingis fyrir greiðslum úr ríkissjóði áður en þær eru inntar af hendi, nema að einhverjum hluta. Ég vil þó einnig láta þess getið að þetta frv. leysir vitaskuld ekki hæstv. fjmrh. undan ábyrgð og með þessu fjáraukalagafrv. er hæstv. fjmrh. ekki að kasta frá sér ábyrgð yfir á herðar Alþingis eins og hann hefur stundum látið í veðri vaka í viðtölum sínum við fjölmiðla þó að hann gerði það ekki í ræðu sinni hér áðan. Hann ber vitaskuld eftir sem áður fulla ábyrgð á meðferð fjármála ríkisins, bæði að því er varðar undirbúning og vinnu að fjárlagafrv. og ekki síður framkvæmd. Þessi frumvarpsflutningur leysir auðvitað ekki hæstv. fjmrh. undan því forustuhlutverki sem honum ber að hafa á

þessu sviði og fullri ábyrgð, m.a. þennan hæstv. fjmrh. ábyrgð á því að ríkisfjármál hafa á þessu ári farið svo úr böndunum sem raun ber vitni um.

Þetta frv. sýnir að því er ætlað að afla heimilda Alþingis fyrir útgjöldum sem ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið og að miklu leyti þegar greitt. Það sýnir að samkvæmt því rekstraryfirliti, sem er á framhlið frv. í 1. gr. þess, er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkisins á þessu ári hækki um 8,1 milljarð kr. og er það sambærileg tala við það sem fjárlög á síðasta ári fóru fram úr útgjaldaákvörðunum fjárlaga. Það er því talsvert samræmi í því hjá þessum hæstv. fjmrh. sem gerðist á síðasta ári hvað þetta snertir, þótt hann væri þar ekki einn um að véla, og því sem áætlað er að gerist á þessu ári.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að tekjur fari 2,7 milljarða fram úr áætlun fjárlaga og að halli á ríkissjóði, rekstri ríkissjóðs á þessu ári, verði nálægt 5 milljarðar kr. Ég held að ástæða sé til þess að vekja á því athygli einu sinni enn að við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár gagnrýndi ég meðferð mála í mörgum liðum og ég gagnrýndi afgreiðslu Alþingis á fjárlagafrv. sem fyrir Alþingi var lagt á síðasta ári. Ég gagnrýndi það, og ég veit að ekki þarf að rifja það mjög upp fyrir hv. alþm., að forsendur frv. væru gersamlega í lausu lofti vegna þess að þær byggðu ekki á neinni stefnu í efnahagsmálum sem augljóst var að hæstv. ríkisstjórn hefði þurft að taka og a.m.k. allir vissu að ekki yrði hjá komist að breyta að ýmsu leyti forsendum efnahagslífsins og atvinnulífsins í landinu sem hefði stórkostleg áhrif á útkomu fjárlaga. Þetta er vitaskuld staðfest í því fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir og þetta er staðfest í orðum hæstv. fjmrh. hér áðan.

Þá gagnrýndi ég það að inn í fjárlagadæmið við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár vantaði verulegar fjárhæðir sem þá þegar blöstu við öllum. Og ég lét þess getið að þrátt fyrir að fjárlög ríkisins fyrir árið 1989 væru afgreidd með 636 millj. rekstrarafgangi væri þar í rauninni um blekkingar að ræða vegna þess hversu miklum augljósum útgjöldum væri haldið utan fjárlaganna og þessi staða væri harla nöturleg miðað við þá staðreynd að hæstv. ríkisstjórn hafði þá hækkað skatta til ríkisins um 7,2 milljarða kr. samkvæmt útreikningum starfsmanna í stofnunum er heyra undir fjmrn. Þó að hæstv. fjmrh. hafi reynt að bera brigður á þessa tölu liggja fyrir þeir útreikningar sem ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í nú.

Ég rifja það upp að ég gagnrýndi það að afgreiða fjárlög vísvitandi á þann hátt að það vantaði inn í til að mynda niðurgreiðslur. Ég nefndi þá um 700 millj. kr. sem þá þegar blöstu við. Niðurstaðan hefur orðið sú að niðurgreiðslur eru hækkaðar meira en þetta eða sem svarar að ég ætla 870 millj. kr. Ég gagnrýndi það að það vantaði verulega inn í vegamálin og þrátt fyrir það að Alþingi tæki þau mál til meðferðar við afgreiðslu vegáætlunar sl. vor og tæki þar ákvarðanir sem voru umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir vantaði þó enn meira, og það kemur hér fram í þessu yfirliti, hæstv. fjmrh., sem er samtals um 545 millj. kr.

Ég gagnrýndi það að vextir væru vantaldir og það kemur hér fram að vextir hafa verið vantaldir samkvæmt því sem hér kemur fram um 820 millj. kr. Ég taldi að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna væru vantalin og það sannast í þessu plaggi. Ég taldi að framlög til landbúnaðarmála væru vantalin og stæðust hvorki lög né samninga og það kemur í ljós að hér sannast það með þessu frv. og í orðum hæstv. ráðherra.

Ég nefndi fleiri þætti, þar á meðal að inn í fjárlagafrv. vantaði það sem hæstv. ríkisstjórn hafði lýst yfir, að verja skyldi um 100 millj. kr. til niðurgreiðslu á raforku til fiskvinnslufyrirtækja. Þetta vantaði í fjárlagaafgreiðslu sem ég vakti athygli á, og heimilda fyrir þeirri fjárhæð er einmitt leitað í frv.

Fleiri dæmi nefndi ég sem ég ætla ekki að telja hér upp en þessi upptalning mín sannar það alveg ótvírætt að það sem ég sagði um þessi efni við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var allt satt og rétt. Að vísu gekk ég sums staðar skemmra í áætlunum mínum en raun hefur á orðið í meðförum hæstv. ríkisstjórnar. En miðað við það sem ég sagði að augljóst væri við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár og þáv. meiri hluti, og núv. meiri hluti, sagði að væri órökstuddar fullyrðingar og kæmi ekki til greina að taka inn í afgreiðslu fjárlaga, þá sést að ég ætla að þáv. meiri hluti og núv. meiri hluti og hæstv. fjmrh. hafi vitað betur og að innst inni hafi þeir viðurkennt þá þegar að það sem ég sagði um þessi efni hafi verið satt og rétt. Eigi að síður knúðu þeir fram afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár með þeim götótta og ófullkomna hætti sem ég hef hér lýst og nú blasir við öllum og það er til þess að geta sagt að hæstv. fjmrh. hafi náð því markmiði sínu sem átti að vera eitthvert sérstakt tímamótamarkmið, að afgreiða fjárlög með tekjuafgangi.

Þetta var yfirvarpið, þetta var blekkingin sem fólst í ákvörðunum meiri hluta Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár að undirlagi hæstv. fjmrh. sem vildi láta þjóðina sjá að kominn væri nýr snillingur í fjmrn. sem hefði tök á að afgreiða fjárlög með þeim hætti að nú væri jöfnuður á fjárlagadæminu og nú ætti að taka á þessum málum með þeim tímamótum og aðhaldi í rekstri að við þetta allt yrði staðið.

Hæstv. fjmrh. hefur nú sýnt hv. Alþingi og þjóðinni fram á hve mikill sannleikur var í þessum sjónhverfingum sem þá voru viðhafðar. Niðurstaðan blasir við. Það blasir við að útgjöld ríkisins á þessu ári samkvæmt því fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir, sem vitaskuld byggist á spádómum um niðurstöðu ársins um þessar mundir, fari 8,1 milljarð fram úr ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan og á móti því hækki tekjur um 2,7 milljarða og hallinn verði nálægt 5 milljarðar kr.

Ég hlýt að ítreka að frv. til fjáraukalaga, þótt það sé skref fram á við út af fyrir sig, leysir ekki hæstv. fjmrh. né hæstv. ríkisstjórn undan þeirri ábyrgð sem felst í því hvernig þessi mál hafa reynst í raun og væri nú kannski fróðlegt að vita hvort sú muni verða raunin að niðurstaða ársins verði eitthvað allt önnur

en hér er verið að leggja til með þessu fjáraukalagafrv. Um það skal ég ekki spá að þessu sinni, en ég vitna til þess að hæstv. ráðherra, sem gjarnan talar um tímamót, um þáttaskil, um nýjan grundvöll, um hornsteina efnahagskerfisins o.s.frv. í hvert skipti sem hann stígur í ræðustól, steig nokkrum sinnum í ræðustól hér á hinu háa Alþingi eftir að hann tók við fjármálum ríkisins fyrir rúmlega ári og í hvert sinn sem hæstv. ráðherra steig hér í ræðustól til þess að ræða fjármál ríkisins spáði hann því að halli ríkissjóðs hækkaði um 1 milljarð og urðu þó öll þessi tímamót með þeim hætti að hallinn var drjúgum meiri en hæstv. ráðherra hafði nokkru sinni spáð þegar að raunveruleikanum kom.

Ég vildi fara örfáum orðum um form og efnisatriði frv. sem mér sýnist að ýmsu leyti vera ógreinilegt og kosta vinnu af hálfu fjvn. að kafa í til þess að hlutirnir liggi skýrt fyrir. Það er ekki einungis ógreinilegt fyrir Alþingi, það er einnig ógreinilegt fyrir forstöðumenn stofnana ríkisins. Tilgangur fjáraukalagafrv. og fjáraukalaga á vitaskuld m.a. að vera sá að um leið og aflað er heimilda Alþingis fyrir auknum útgjöldum ríkissjóðs á það að fela í sér að verið sé að gera forstöðumönnum stofnana ríkisins grein fyrir því hvað þeim leyfist í auknum útgjöldum til loka ársins og hvað þeim leyfist ekki. Þetta þarf að skýra mun betur en gert er í frv. og ég segi það kosta verulega vinnu af hálfu fjvn. að draga það fram í dagsljósið því að það er engin ástæða til þess að einhver dul sé í þessum efnum.

Um form eða efnisatriði í frv. má segja t.d. að ég tel að það sé næsta hjákátlega sett upp að því leyti að sums staðar er sami fjárlagaliðurinn talinn margsinnis í auknum útgjöldum.

Í I. kafla 3. gr. frv. þar sem er talað um forsrn. kemur t.d. þrisvar sinnum fyrir orðið aðalskrifstofa, sem er sérstakt fjárlaganúmer, sem þrisvar sinnum fær heimild til aukinna útgjalda samkvæmt þessu frv. Sömu sögu er að segja hér í gegnum frv. Sömu sögu er að segja t.d. um aðalskrifstofu utanrrn. sem fær einnig þrisvar sinnum í frv. heimild til aukinna útgjalda. Ýmis fleiri fjárlaganúmer eru sama marki brennd. Hér sé ég t.d. að fjárlagaliður 201 102, Háskóli Íslands, sameiginleg útgjöld, er einnig talinn upp þrisvar sinnum og svo mætti lengi telja.

Þrátt fyrir þetta er ekki í þessari sundurliðun talinn upp nema hluti af þeim útgjöldum sem gert er ráð fyrir og í skýringum við einstakar greinar sem eru ófullkomnar er ekki að finna upptalningu á þeim liðum einstakra stofnana í heild sem eiga að taka hækkun á gjaldahlið. Svo að dæmi sé tekið má nefna utanrrn. Þá segir hér í athugasemdum að farið sé fram á aukagreiðsluheimild að upphæð 22 millj. 268 þús. kr. Síðan eru talin upp nokkur verkefni og séu þau lögð saman sýnist mér að það séu um 16 millj. 160 þús. kr. Inn í þessa upptalningu vantar rúmar 6 millj. kr. Eðlilegt er að öll útgjöld hverrar stofnunar, hvers ráðuneytis sem gert er ráð fyrir í frv., séu þar upp talin og á ekki að vera neinn feluleikur um það, og það fer einnig best á því að útgjöld hverrar stofnunar svo sem gert er ráð fyrir að þau verði, til viðbótar því sem fjárlög kveða á um, séu færð á þá stofnun, þar á meðal þeir sameiginlegu liðir sem hæstv. fjmrh. virðist ætla að séu til frjálsrar úthlutunar, svo sem eins og 800 millj. kr. til rekstrarhalla ríkisstofnana ellegar til ráðstöfunar vegna launa- og verðlagsmála. Þessum lið þarf Alþingi að skipta á einstakar stofnanir, ella kemur til álita að fella hann niður.

Þá vildi ég gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. varðandi það sem hér segir um 350 millj. kr. sem ætlaðar eru til að endurgreiða söluskatt vegna upptöku virðisaukaskatts og virðast eiga að duga fyrir slíkum endurgreiðslum á þessu ári, en ég minnist þess ekki að hafa séð í fjárlagafrv. fyrir næsta ár gert ráð fyrir þessum lið, enda fellur hann niður við upptöku virðisaukaskatts, en það verður ógerlegt að gera þennan lið upp á þessu ári, að ég ætla, vegna þess að bókhald fyrirtækja sem snertir þetta mál getur ekki legið fyrir fyrr en komið er fram á næsta ár. Þess vegna vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hæstv. fjmrh. leysa úr því sem til fellur á næsta ári vegna þessa fjárlagaárs að því er þennan lið snertir?

Í frv. er ekki að finna neina útlistun yfir það hvað hefur verið greitt af því fé sem hér er verið að fara fram á sem aukin útgjöld ríkissjóðs á þessu ári og hvað er ógreitt. Hæstv. ráðherra sagði að verulegan hluta af þeim fjárheimildum sem hér er verið að fara fram á eigi að nota til þess að greiða fé úr ríkissjóði sem ekki hefur þegar verið innt af hendi. Hann sagði jafnframt að nokkur eða verulegur hluti hefði þegar verið greiddur út. Ég tel nauðsynlegt að í frv. eins og þessu, í athugasemdum með frv. eins og þessu, liggi þetta fyrir og ég hlýt að undrast það að í þessu frv. er meira að segja ekki skrá yfir þær aukafjárveitingar sem veittar hafa verið á þessu ári, meira að segja ekki sá listi sem okkur í fjvn. var afhentur að ég ætla 11. júlí sl. og þá sem trúnaðarmál. Ég held að það hljóti að verða að krefjast þess að þetta liggi allt fyrir og að engin ástæða sé til að halda þessu leyndu, hæstv. ráðherra.

Ég hef þegar sagt að í frv. er hluti af þeim útgjaldaáformum sem hér eru á ferðinni færður hjá einstökum stofnunum, en hluti útgjalda er í sameiginlegum lið sem hæstv. ráðherra hefur á valdi sínu að ráðstafa og það tel ég einnig ekki viðunandi eins og ég hef þegar sagt. Ég tel því að ýmislegt í framsetningu, formi og í grg. frv. sé ófullkomið. Hæstv. ráðherra bað Alþingi að sjá í gegnum fingur með ýmis slík atriði vegna þess að hér væri um frv. að tefla sem ekki ætti sér neina hefð á síðari árum og það er í sjálfu sér hægt að taka tillit til þess. Það haggar hins vegar ekki því að það er ástæða til og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvernig frv. af þessu tagi á að vera úr garði gert, og þó að þetta frv. sé svo ófullkomið sem raun ber vitni og athugasemdir með því svo óskýrar og óglöggar, eins og ég hef greint frá í nokkrum atriðum, ættu orð mín a.m.k. að verða til þess að menn átti sig á því að margt af þessum efnum verður auðvitað fjvn. að fá upp áður en frv. er afgreitt og í öðru lagi að það ætti að veita einhverja leiðsögn um það hvernig slík frumvörp beri að gera úr garði á komandi árum.

Ég teldi einnig nauðsynlegt, sem hefði verið tilefni

til fyrir hæstv. fjmrh. og mikið til leiðsagnar fyrir Alþingi og okkur sem vinnum að þessum málum í fjvn., að fyrir lægi í athugasemdum með þessu frv. áætlun um það — ég segi áætlun, það er ekki hægt að ganga lengra — hvernig sá sérstaki niðurskurður sem ákveðinn var við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og fjárlögin fyrir þetta ár voru grundvölluð á, þ.e. 4% niðurskurður á launagjöldum ríkisins og nokkur sparnaður á rekstrarliðum, liti út. Ég varð engu vísari af ræðu hæstv. fjmrh. um þetta efni, en það er auðvitað þeim mun meiri ástæða til þess að birta áætlun um hvernig þetta muni ganga, hvernig þetta muni koma út fyrir þetta ár, vegna þess að fjárlagafrv. fyrir næsta ár er byggt á því að þetta hafi tekist. Og að svo miklu leyti sem það kann að hafa mistekist er grundvöllur fjárlagafrv. fyrir næsta ár rangur og fyrir Alþingi liggur það verk að afgreiða þessi mál bæði tvö.

Ég vil taka það fram að það sem hæstv. ráðherra sagði um B-hlutann á við nokkur rök að styðjast. Það er auðvitað nokkrum erfiðleikum bundið að setja fram í fjáraukalagafrv. tillögur um B-hluta stofnanir enda þótt það væri vinningur að því að það væri gert. En ég viðurkenni að það er meiri vandkvæðum háð en um A-hlutann og að það er e.t.v. nokkur eðlismunur á þessum stofnunum, a.m.k. eins og þetta hefur verið tíðkað. En það er auðvitað á valdi Alþingis að kveða þar fastar á um og taka af skarið um ákvarðanir Alþingis um heimildir B-hluta stofnana meira en gert hefur verið, og í sumum tilvikum veitir ekki af því.

Hér er gerð tillaga um það að lækka útgjöld ríkisins vegna fjárfestingar um 650 millj. kr. og það er sama sagan með þennan lið frv. eins og ýmsa aðra að þar liggja fyrir ógreinilegar eða ófullburða skýringar og ófullburða tillögur eða nærri því að segja engar tillögur um hvernig þessu sé skipt. Það er að vísu sagt að um 500 millj. af þessu eigi að taka af Byggingarsjóði ríkisins, en síðan eigi að skipta því sem eftir er, um 150 millj. kr., milli nokkurra ráðuneyta. Ég tel útilokað annað en að Alþingi taki þetta mál alveg sérstaklega fyrir og ef Alþingi ætlar sér að fallast á niðurskurð af þessu tagi sé það ákveðið hvar þessi niðurskurður á að koma niður en það sé ekki til frjálsrar meðferðar hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórnar hvernig því verður ráðstafað og hvaða ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga eða afgreiðslu vegáætlunar fyrir þetta ár sé kippt til baka. Þetta vil ég að sé alveg skýrt, og ég tel það vitaskuld afar einkennilega að verki staðið, að maður taki nú ekki sterkar til orða, og afar óviðfelldið að um leið og verið er að taka ákvarðanir um það að auka útgjöld ríkisins um meira en 8 milljarða kr. umfram það sem fjárlög kveða á um skuli á sama tíma verið að kippa til baka ýmsu af því sem Alþingi taldi við afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu vegáætlunar vera nauðsynjaverk í framkvæmdum og hefur samþykkt og að ætla síðan að kippa því til baka á síðustu mánuðum ársins og vera búið með allra handa baktjaldavinnubrögðum að hindra það að þær framkvæmdir fari í gang og koma þannig alveg í bakið á ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu þessara mála á þessu ári. Þetta er vitaskuld ekki þannig að verki staðið að það sé í raun viðunandi og a.m.k., ef meiri hluti Alþingis kýs að fallast á þennan niðurskurð, þá liggi það ljóst fyrir hvaða verk það eru sem eigi að skera niður eða fresta.

Hæstv. ráðherra sagði að nú liti út fyrir að halli á fjárlögum fyrir þetta ár yrði aðeins helmingur af hallanum sem varð í fyrra og væri gott ef satt reynist, þrátt fyrir þá lýsingu sem frv. gefur af þessum málum og þrátt fyrir það sem ég hef sagt um þessi efni, en ég ítreka þá spurningu mína hvort það sé þá meining hæstv. ráðherra að standa á því sem Alþingi afgreiðir með þessu frv. og að ekki verði farið fram úr þeim ákvörðunum sem þar verða teknar eða hvort áfram leiki lausum hala fjárstreymi úr hirslum ríkissjóðs sem mun verða umfram ákvarðanir Alþingis.

Ég tók einnig eftir því að hæstv. fjmrh. minnti á það sem hann kallaði átak í innheimtu á miðju þessu ári sem ég hef farið viðurkenningarorðum um, þótt þar hafi gallar fylgt þar sem fyrirtækjum var stórlega mismunað. Ég ætlaði mér að rifja það upp vegna þess að þá var einnig fyrrv. hæstv. fjmrh. hér í salnum, núv. hæstv. utanrrh., að það kann náttúrlega ekki góðri lukku að stýra þegar þáv. fjmrh. lýsti því yfir á miðju sumri að hér eftir væri það ákveðið af fjmrn. að fella niður viðurlög við ógoldnum sköttum til ríkisins. Það kann ekki góðri lukku að stýra. Ég hef satt að segja aldrei, að ég hygg, heyrt eins vitlausa yfirlýsingu frá neinum fjmrh. (**ÓÞÞ:** Hver gaf hana?) Hæstv. núv. utanrrh. Og það var vitaskuld eins og við manninn mælt að innheimta á opinberum gjöldum til ríkisins féll stórkostlega niður það sem eftir lifði ársins og fram eftir þessu ári og það var þess vegna ekki vanþörf á því og ekkert hægt að komast hjá því fyrir hæstv. núv. fjmrh. að taka þarna eitthvað fastar á. Það var algerlega óhjákvæmilegt því að það vitaskuld gengur ekki að gefið sé í skyn af hálfu fjmrh. að það geri bara ekkert til þó að opinber gjöld séu ekki greidd. Þetta hefði ég nú kunnað betur við að segja ef hæstv. utanrrh. hefði verið áfram hér í salnum, en þetta var mikil tímamótayfirlýsing.

Ég minnist þess að einhvern tíma í sumar lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að þeir forstöðumenn stofnana ríkisins sem sýnilegt væri að mundu fara verulega fram úr þeim heimildum sem fjárlög veita um útgjöld úr ríkissjóði yrðu kallaðir fyrir og teknir til bæna, jafnvel að þeim yrði sagt upp ef þeir létu ekki skipast. Ég hefði nú gjarnan talið ákjósanlegt að hæstv. fjmrh. gerði Alþingi grein fyrir því starfi sínu, og ég held að það væri þá um leið ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að vænta þess að hann sjálfur hlyti sömu meðferð og væri þá kallaður fyrir af hv. Alþingi því að samanlagt (**Fjmrh.:** Ég er hér.) hefur hann farið fram úr heimildum fjárlaga fyrir þetta ár, eftir því sem áætlanir hans standa nú til um, yfir 8 milljarða kr. (**Fjmrh.:** Ég er hér.) Hér er nú hæstv. ráðherra og því er ég að vekja á þessu athygli að þetta auðvitað sannar það að um leið og hæstv. ráðherra segist ætla að tyfta þá forstöðumenn stofnana sem hafa farið fram úr áætlunum fjárlaga í rekstri sinna stofnana og eytt fé

ríkissjóðs umfram heimildir lítur hann lítt í eigin garð því að sameiginlega ber hann ábyrgð á meðferð þessara mála og getur ekki fríað sig frá því eða skýlt sér á bak við einn eða neinn varðandi það hlutverk sitt og þá miklu ábyrgð sem því fylgir. Um leið og hæstv. fjmrh. er nú að sýna það hvernig honum hefur til tekist á þessu ári vildi ég gjarnan að hann gerði Alþingi grein fyrir því hvernig herferð hans á hendur einstökum forstöðumönnum stofnana ríkisins hefur til gengið.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns minna á það að við umræður um fjárlagafrv. fyrir ári síðan benti ég ítrekað á að forsendur um verðlag ársins í ár væru síður en svo trúverðugar sem nú er komið á daginn. Verðbólgan mun vera allt að helmingi hærri en áætlað var. Ég benti einnig á að ekki væru líkur til að launafólk sætti sig við þau kjör sem gengið var út frá, enda hefur það gengið eftir. Þrátt fyrir yfirlýsingar frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun um að forsendur frv. væru hinar trúverðugustu og þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. að afstöðnum kjarasamningum um að launahækkanir rúmuðust innan fjárlaga er raunin sú að verðlags- og launabreytingar einar saman hafa hækkað gjaldahlið A-hliðar ríkissjóðs um 3,1 milljarð eins og segir á bls. 13 í frv.

Ég benti einnig á að ekki væri séð fyrir niðurgreiðslum nema að litlu leyti og spurði hvað væri þá fyrirhugað. Því var ekki svarað, en nú liggur fyrir að niðurgreiðslur verða rúmar 800 millj. fram yfir. Framlag skorti einnig til landbúnaðarmála til að staðið yrði við lög og vaxtagreiðslur væru vanáætlaðar. Fjárlagaáætlun fyrir þetta ár einkenndist af óskhyggju og vísvitandi vantalningu og vanáætlunum. Því var ekki liðið nema skammt á ár þegar farið var að veita úr ríkissjóði umfram fjárlög til hinna margvíslegustu mála eins og kemur fram í frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég er ekki að halda því fram að þessar greiðslur séu óþarfar, en þær voru í flestum tilvikum fyrirsjáanlegar fyrir afgreiðslu fjárlaga og það hefði verið heiðarlegra af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. að leggja fram raunhæft fjárlagafrv. á síðasta ári en að vera svo mikið í mun að það skilaði tekjuafgangi á pappírnum að útkoman yrði síðan markleysa. Það sjáum við nú að er þegar við stöndum frammi fyrir því að hallinn á ríkissjóði er á níunda milljarð, þrátt fyrir sparnað upp á 700 millj. kr. og auknar tekjur um a.m.k. 800 millj. kr.

Svona fjárlagagerð er ekki til þess fallin að glæða traust manna á þeim sem stjórna ríkisbúskapnum og fara með þá fjármuni sem eru sameign okkar allra.

Hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fram frv. til fjáraukalaga og hefur talað um að með því sé brotið blað í fjárlagagerðinni og virðist telja að slíkur atburður verði lengi í minnum hafður. Í raun og veru er ekki verið að gera annað en að fylgja ákvæðum stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að ekkert gjald megi greiða af hendi nema til þess sé heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Og mér finnst rétt að hugleiða hvort frv. markar breytta stefnu. Ég fæ ekki séð að svo sé í neinum meginatriðum. Er ekki í rauninni verið með þessu að krefja þingmenn um að samþykkja heimild til greiðslna sem ríkið hefur þegar innt af hendi? Og það er um enga kosti að velja. Stjórnarandstaðan greiðir atkvæði á móti eða situr hjá eftir atvikum. Stjórnarliðar, sem eru í meiri hluta, samþykkja. Þannig er nú sem áður verið að samþykkja það sem er búið og gert og það er öllum ljóst. Eina raunverulega breytingin, það eina sem með góðum vilja er hægt að segja að marki einhver tímamót er það að frv. er lagt fram á því ári sem þessar greiðslur fara fram, og það hefur ekki gerst áður.

Með frv. er hæstv. fjmrh. að leita eftir ábyrgð þingsins á ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur þegar tekið og framkvæmt. Það má þó segja að það sé til bóta að sjá þegar á sama ári yfirlit yfir ákvarðanir ríkisstjórnar meðan mönnum eru þær enn í fersku minni. Vissulega er það betra en að þær birtist í ríkisreikningi eftir allt að því áratug, eins og hingað til hefur gerst, en á síðasta þingi var þingmönnum gert að samþykkja ríkisreikninga margra síðustu ára. Slíkar aðferðir skapa ekki mikla virðingu fyrir fjárveitingavaldinu og ákvörðunum þess.

Við þá breytingu að Ríkisendurskoðun vinnur nú í beinum tengslum við Alþingi hefur skapast stórum betri aðstaða til yfirsýnar um framkvæmd fjárlaga og einnig til þess að beita aðhaldi í ríkisrekstrinum og taka fjárlagadæmið fastari tökum. Hæstv. fjmrh. hefur einnig haft á orði vilja sinn til að beita aðhaldi í ríkisbúskapnum og vissulega hafa landsmenn fundið fyrir því á ýmsum sviðum þó að tölur varðandi hans eigið ráðuneyti beri þess ekki vott. Hitt er þó gagnrýnisvert að við þennan sparnað, t.d. á ríkisstofnunum, er eiginlega ekki tekið tillit til þess í hverju er verið að spara. Það er litið á vinnustundafjöldann og skorið af honum án tillits til þess hvað eftir er. Þar er talað um magn en ekki um gæðin. Það er skorið af sem best liggur við að ná tökum á án tillits til þjónustunnar og fyrirheiti ráðherra um að rannsaka og endurmeta tilgang og umfang ríkisstofnana er enn ófullnægt, og væri þarft að hann upplýsti nú hvar á vegi slíkar fyrirætlanir eru staddar.

Það er ekki hægt annað en að gagnrýna uppsetningu þessa frv. Hún er bæði ruglingsleg og ónákvæm. Ég vil nefna sem dæmi ýmsa safnliði einstakra ráðuneyta. Í skýringum við frv. er að vísu drepið á ýmis verkefni sem veitt er til, en það koma ekki öll kurl til grafar.

Minni hluti fjvn. hefur farið fram á að fá nákvæma sundurliðun á greiðslum undir þessum liðum. Sú greinargerð hefur enn ekki borist. Ég vil vekja athygli þingmanna á því að á meðan slíkt liggur ekki fyrir vita þeir nákvæmlega ekkert um hvað þeir eru að samþykkja með því að fallast á þetta að óskoðuðu máli. Öll ráðuneyti hafa árlega til ráðstöfunar óskipt fé, og ég vil benda á að hvergi í frv. er gerð grein fyrir ráðstöfun þessa fjár. Um það gildir hið sama og með safnliðina. Það er sjálfsögð og réttmæt krafa þing-

manna að fyrir liggi greinargerðir um ráðstöfun fjár af safnliðum og eins um ráðstöfun þess óskipta fjár sem ráðuneytin hafa. Fyrr er ekki nokkur leið að átta sig á hvað verið er að samþykkja í þessum efnum því ekki getur verið neitt leyndarmál til hvaða manna og málefna þetta fé fer.

Frv. boðar engin tímamót og síður en svo er það nein skrautfjöður í hatt hæstv. fjmrh. Það er aðeins staðfesting þess sem við kvennalistakonur og aðrir í stjórnarandstöðu héldum fram við afgreiðslu fjárlaga í janúar sl., að þau væru vísvitandi vanáætluð og engan veginn marktæk. Hvað er verið að biðja þingmenn um að gera með því að leggja þetta frv. fram? Það er verið að biðja þá um að leggja blessun sína yfir óraunhæfar áætlanir við fjárlagagerð, umdeilanlegar ráðstafanir á fjármunum landsmanna og milljónagreiðslur til félagasamtaka og verkefna sem ýmist ónákvæm eða engin grein er gerð fyrir.

Endist hæstv. fjmrh. aldur í starfi til að leggja fram annað frv. til fjáraukalaga held ég að gera verði kröfur til þess að því fylgi nákvæm greinargerð um til hvers því fé hefur verið varið sem þá verður leitað samþykkis þingmanna um að heimilt sé að veita.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni, en vonandi gefst tækifæri til að ræða frv. betur þó seinna verði.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það gefur auðvitað auga leið að ástæðan fyrir því að fjáraukalagafrv. er flutt er sú að fjárlagaáætlun hefur ekki staðist. Það þarf ekkert langt mál til að leggja út af því. Ef áætlun fjárlaga hefði staðist hefði að sjálfsögðu ekkert fjáraukalagafrv. þurft að leggja fram.

Ég man nú ekki eftir því ári í starfi Alþingis Íslendinga, a.m.k. ekki síðan ég fór að fylgjast með því, að ekki hafi þurft á því að halda að afgreiða fjáraukalög á Alþingi. Með öðrum orðum, ég man ekki eftir ári þegar fjárlagaáætlun Alþingis og ríkisstjórnar hefur staðist. Það er að sjálfsögðu ekkert nýmæli að svo hafi ekki heldur gerst fyrir árið 1989.

Það sem er hins vegar nýmæli og er tímamótaviðburður er að nú gerist það í fyrsta skipti um áratuga skeið að ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga á fjárlagaárinu. Og við skulum muna eftir því, alþingismenn, að það er ekki lengra en eitt ár síðan að verið var að leggja fram hér á þingi ríkisreikninga og fjáraukalög allt aftur til ársins 1979. Ef menn velkjast í einhverjum vafa um það hvort þetta séu tímamót eða ekki ættu menn að hugsa til þeirra atburða. Þetta getur ekki aðeins markað tímamót í samskiptum ríkisstjórnar við Alþingi og fjárveitingavaldið, heldur getur þetta einnig, ef Alþingi tekur með réttum hætti á málunum, markað tímamót í störfum Alþingis að fjárlagagerð. Það er undir okkur komið, alþingismönnum, hvort svo verður eða ekki. Hæstv. fjmrh. hefur með frv. gefið okkur tækifæri til þess að marka slík tímamót og spurningin er auðvitað sú, hvernig við nýtum það tækifæri okkar.

Það er undarlegt til þess að vita, þegar menn hugsa til baka til alls þess tíma og allrar þeirrar fyrirhafnar sem farið hefur árlega á Alþingi í það að afgreiða fjárlög, afgreiða áætlunina um fjárhagsbúskap ríkisins og stofnana ríkisins á komandi ári, hversu lítinn áhuga menn hafa haft á því, bæði í stjórnkerfinu og hér á hinu háa Alþingi, hvernig reyndin hefur svo orðið af þessari áætlanagerð. Það eru ekki bara ríkisstjórnir sem hafa látið sig það litlu skipta, heldur Alþingi ekki síður. Menn hafa verið hér að vinna, eins og t.d. í fjvn., undanfarin ár og áratugi, dag með nóttu, við að ganga frá þessum áætlunum. Síðan, þegar fyrir Alþingi hafa verið lagðar niðurstöðurnar í fjáraukalögum og ríkisreikningi, má heita að það hafi vart alþingismaður haft fyrir því að stíga í ræðustól. Svo lítill virðist áhuginn hafa verið á hvernig áætlunargerðin hefur fram gengið í reynd. Og ég held að það hafi aldrei gerst, sem náttúrlega er hægur vandi ef Alþingi vill koma fjáraukalögum til umræðu eða alþingismaður hefur áhuga á því að koma fjáraukalagafrv. til afgreiðslu á Alþingi með hraðari hætti en ríkisstjórn, þá hefur hver þingmaður að sjálfsögðu fullan rétt til þess að leggja fram þmfrv. til fjáraukalaga, þó ekki væri nema um eitt einasta atriði, sem mundi þýða af hálfu þingsins og þingmanns þess sem fram legði slíkt frv. kröfu um að þingið tæki fjáraukalög til afgreiðslu til þess að fjalla um hvernig áætlunarbúskapur í fjárlagagerð hefði staðist í reynd. Það hefur aldrei gerst að alþingismaður hafi látið sér til hugar koma að flytja þmfrv. til fjáraukalaga, og er það þó hægur vandi. Með því móti hefði þingmaður, sem áhuga hefði á eða hugkvæmni til, mætavel getað tekið þessi mál inn á Alþingi til umfjöllunar.

Þetta sýnir bara, herra forseti, að það hefur ekki verið meiri áhugi hjá Alþingi að fjalla um niðurstöðu áætlanagerðarinnar en áhuginn hefur verið hjá þeim ríkisstjórnum sem hér hafa setið um margra ára skeið, og eru þar allir flokkar samsekir nema þeir sem aldrei hafa átt aðild að ríkisstjórn. Og það er furðulegt til þess að vita líka, ef maður fer yfir umræður hér á Alþingi um fjáraukalög og ríkisreikning, hversu kastað er höndunum til þeirrar afgreiðslu af hálfu Alþingis samanborið við hversu mikla vinnu og hversu mikið málaskraf fer hér á Alþingi í undirbúning fjárlagagerðar. Það er eins og að þegar fjárlögin hafa verið afgreidd sé málið búið og allt of margir, bæði í stjórnkerfinu og hér á þingi, kæra sig kollótta um hvernig áætlunin stenst síðan í reynd. Þess vegna er það tímamótaviðburður þegar hæstv. fjmrh. leggur fram á Alþingi fjáraukalagafrv. á sama fjárlagaári. Það er tímamótaviðburður af hálfu fjmrh. og ríkisstjórnar og eins og ég sagði hér áðan getur það einnig orðið tímamótaviðburður í meðferð Alþingis á slíkum málum ef Alþingi þá rís undir því að taka á þeim eins og vert er og það er næsta spurning sem við þurfum að svara sem hér erum inni.

Auðvitað má margt að frv. þessu finna. Þetta er frumsmíð og eins og hefur komið fram bæði hjá fjmrh. og öðrum þá er margt í frv., framsetningu þess og uppsetningu sem hefði mátt betur fara og mun sjálfsagt betur fara í framtíðinni. En það er smáatriði.

Það er minni háttar atriði hjá því að frv. skuli vera lagt fram með þeim hætti sem hér er gert og að Alþingi takist á við úrlausn frv. til fjáraukalaga með þeim hætti sem Alþingi á að gera. Það er meginatriði málsins. Hitt er minni háttar atriði, og menn eiga ekki að fela kjarna málsins, meginatriði málsins, með því að reyna að þyrla upp moldviðri um smærri atriði eða aukaatriði. Og ég sé ekkert eftir því, þótt ég sé ekki flokksbróðir hæstv. fjmrh., að hann fái rós í sitt hnappagat fyrir það frumkvæði sem hann hefur að því haft og kæri mig ekkert um að reyna að hafa þann heiður af honum. Hann má eiga þann heiður. Hann er vel að honum kominn. Það er hins vegar einnig, eins og ég segi, atriði fyrir okkur alþm. að kunna að taka á þeim hlutum sem fyrir okkur eru lagðir með réttum hætti.

Fyrst vil ég varpa fram til umhugsunar: Frv. heitir frv. til fjáraukalaga og er það í samræmi við hefðbundið orðalag og við orðalag í stjórnarskrá lýðveldisins. Það er hins vegar spurning, m.a. vegna þeirra atriða sem hér hefur verið rætt um, hvort frv. ætti ekki fremur að nefna frv. til aukafjárlaga. Orðið fjáraukalög felur það í sér að eingöngu sé verið að leggja fyrir Alþingi tillögur um aukafjárveitingar, um hækkaðar fjárveitingar og þá aðeins tillögur er varða útgjaldahlið frv. Hér hafa hins vegar, eins og frá frv. er gengið af hálfu hæstv. fjmrh., verið lagðar fyrir breytingar við 1. gr. fjárlaga þar sem koma fram yfirlit, ekki bara yfir gjöld, heldur einnig yfir tekjur og lánahreyfingar. Hér hefur það einnig komið fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, og raunar hæstv. ráðherra líka, að ástæða væri til að skoða hvort ekki ættu einnig að vera inni í fjáraukalagafrv., e.t.v. ekki fjáraukalagafrv. sem lagt er fram á því hinu sama þingi og fjárlög fjalla um, þá allténT lokafrv. sem lagt er fyrir Alþingi til lokaafgreiðslu, tillögur og yfirlit um þær ráðstafanir B-hluta fyrirtækja sem óskað er staðfestingar á. Í tilbót finnst mér einnig rétt að í slíku frv. yrði a.m.k. gerð grein fyrir nýtingu sjóttugreinarheimilda sem framkvæmdarvaldinu hafa verið veittar af Alþingi.

Þetta eru ekki fjáraukalög í þrengri merkingu þess orðs, heldur aukafjárlög. Það er spurning hvort ekki ætti með einhverjum hætti að reyna að staðfesta þá merkingu orðsins.

Ég vil einnig taka það fram að það hefur verið nokkuð á huldu hvernig menn vilja skilgreina annars vegar aukafjárveitingar og hins vegar verðuppfærslur vegna breytinga á verðlagsforsendum. Fjármálaráðherrar, ekki aðeins sá sem nú situr, heldur allir fjármálaráðherrar, hafa hneigst til þess að vilja túlka orðið aukafjárveiting mjög þröngt og nota það aðeins um viðfangsefni sem Alþingi hefur annaðhvort ekki fjallað um en hefur verið veitt fé til eða um viðbótarfjárveitingar til viðfangsefna sem Alþingi hefur um fjallað, en kalla allt annað verðlagsuppfærslur. Ef menn hugsa sig eilítið betur um komast menn auðvitað strax að raun um það að orðið aukafjárveiting getur ekki verið réttnefni yfir þær greiðslur sem eiga sér stað utan fjárlaga vegna þess að enginn getur veitt fjárveitingu nema fjárveitingavaldið og enginn getur veitt aukafjárveitingu nema fjárveitingavaldið. Greiðslur umfram fjárlagaheimildir geta því aldrei kallast aukafjárveitingar, heldur heita allar slíkar greiðslur eðli sínu samkvæmt greiðslur án heimilda, þ.e. greiðslur úr ríkissjóði án þess að Alþingi og fjárveitingavaldið hafi heimilað slíkar greiðslur.

Í sambandi við það sem hæstv. fjmrh. nefndi hér áðan um nýjar verklagsreglur vil ég aðeins staðfesta það að unnið hefur verið að því í sumar af hálfu fjvn. Alþingis, eða réttara sagt undirnefndar á hennar vegum, að skoða þau mál sérstaklega, og er sú nefnd langt komin í sínum störfum og mun gera grein fyrir þeim áður en langt um líður.

Ég vil svo aðeins, herra forseti, gera nokkrar athugasemdir í sambandi við frv. það sem hér liggur fyrir, en ítreka það að þær athugasemdir sem ég geri við framsetningu og uppsetningu eru í mínum huga algert aukaatriði hjá því meginatriði málsins að hér erum við í fyrsta skipti að takast á við frv. til fjáraukalaga á sama ári og fjárlögin eru í gildi. Það er meginatriðið þannig að athugasemdir mínar um uppsetningu og fleira ber ekki að skoða svo að ég sé með neinum hætti að draga úr mikilvægi þeirra tímamóta.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir þær athugasemdir sem hafa verið gerðar við III. kafla, bls. 7, þar sem rætt er um fyrirsjáanlegan greiðsluhalla stofnana. Þar er lagt til að fjmrn. fái í þessu skyni 800 millj. kr. aukagreiðsluheimild. Við skulum gera okkur það fyllilega ljóst að frv., eins og það liggur núna frammi, er af hálfu fjmrn. og fjmrh. og ríkisstjórnar síður en svo sú endanlega gerð sem þeir hafa áform um að verði lögð fyrir þingið til samþykktar. Frv. sem hér liggur fyrir er aðeins sú aðferð sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn hafa kosið að hafa til að koma málinu til þingsins. Þingið og fjvn. munu síðan að sjálfsögðu skoða hvern einstakan kafla og þátt í þessum tillögum og gera við þær þær breytingar sem fjvn. og Alþingi telja eðlilegt. Því finnst mér ekki á rökum reist sú gagnrýni sem höfð er uppi hér í umræðunum að það sé ætlast til að Alþingi afgreiði frv. grein fyrir grein nákvæmlega eins og það er fram lagt af hæstv. ráðherra. Slíkt gerist t.d. ekki um fjárlagafrv. sjálft. Fjvn. og Alþingi greiða atkvæði um einstakar greinar fjárlagafrv., mjög verulega breyttar í allri uppsetningu og framsetningu frá því sem frv. gerir ráð fyrir þegar það er fram lagt. Ég minni í þessu sambandi á skipti á flestöllum framkvæmdafjárliðum, svo sem eins og framkvæmdum til hafna, til sjúkrahúsa og annarra slíkra framkvæmdaliða sem settir eru fram í einni tölu í frv. en fjvn. skiptir síðan upp og gerir tillögu til Alþingis um hvernig skipta skuli. Flm. frv. til fjárlaga, hæstv. fjmrh. í nafni ríkisstjórnarinnar, gengur alls ekki út frá því þegar hann leggur fjárlagafrv. fyrir að þessar greinar séu samþykktar og afgreiddar af þinginu eins og þær eru í fjárlagafrv., þ.e. óskiptar. Þvert á móti er hefð fyrir því í þinginu að þessar greinar séu teknar til sérstakrar skoðunar og framsetningu og uppsetningu þeirra breytt. Að sjálfsögðu gildir það sama um það frv. sem hér er lagt fram.

Hæstv. ráðherra kemur hér fram með tiltekna aðferð, tiltekna hugmynd um hvernig leggja skuli málið fyrir þingið og að sjálfsögðu mun fjvn. skoða atriði eins og þau sem fjallað er um í III. kafla, kalla eftir upplýsingum um launa- og verðlagsmál og rekstrarhalla ríkisstofnana og mun síðan leggja fyrir Alþingi þá sundurgreiningu sem fjvn. telur eðlilegt að fyrir Alþingi sé lögð til þess að þingið viti betur en hér er gerð grein fyrir hvað er verið að afgreiða á hverja einstaka stofnun fyrir sig. Þannig að ég tel ekki réttmætt að gagnrýna hæstv. fjmrh. þó að hann hafi þennan hátt á í frv. Að sjálfsögðu má skoða það síðar hvort ekki eigi að sundurliða þetta eitthvað frekar í þeim frumvörpum sem eftir eiga að koma ef aðrir fjármálaráðherrar fylgja þessu fordæmi, en ég ítreka, þetta er ekkert til þess að gagnrýna vegna þess að fjvn. fyrir hönd Alþingis hefur að sjálfsögðu fullan rétt og mun taka sér tíma til að fjalla um þessi mál.

Með sama hætti held ég að menn verði að hugsa mjög vel þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við IV. kaflann á bls. 7 um skattkerfisbreytingarnar, uppgjör á endurgreiðslu söluskatts vegna upptöku virðisaukaskatts. Þessi endurgreiðsla sem hér er um að ræða, greiðslutími hennar er einu ári síðar en tilefni verður til. Þetta er eins og í því tekjuskattskerfi sem við þekktum áður en staðgreiðslan kom upp. Þá fór greiðslan fram einu ári síðar en greiðslutilefnið átti sér stað. Sumir gátu fengið neikvæðan skatt út úr því uppgjöri þótt ekki væru þeir margir. Þegar skipt var yfir í staðgreiðslufyrirkomulagið, þá datt engum í hug að það ætti að sameina á fyrsta ári staðgreiðslutímabilsins hina nýju staðgreiðslu og síðasta árið í gamla kerfinu, enda var það ekki gert. Það sem gerist við upptöku virðisaukaskattsins er að sú tilfærsla sem menn hafa verið að gera við endurgreiðslu söluskatts tekur við á sama árinu eins og tilefni verður til en ekki árinu síðar, þannig að þetta er nákvæmlega sama eins og í staðgreiðslunni. Greiðslutímabilið er flutt á það ár þegar greiðslutilefnið verður til í stað þess að vera árinu á eftir. Það gefur auðvitað auga leið að menn geta ekki á einu og sama árinu verið að gera upp, í fyrsta lagi „staðgreiðsluárið" og í öðru lagi síðasta greiðsluárið þar á undan. Þetta liggur svo í augum uppi að menn þurfa ekki að vera að velta vöngum yfir þessu. Þetta er sambærilegt við það sem gerðist þegar staðgreiðslan tók við af eftirágreiðslunni í tekjuskattinum.

Frú forseti. Við munum að sjálfsögðu kalla eftir þeim hugmyndum sem á bak við ákvæði 4. gr. liggja, þar sem óskað er heimilda til fjmrh. að lækka gjöld skv. 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 um allt að 650 millj. kr. Ég get alveg fallist á að þetta er ekki góð fjármálapólitík hjá ríkissjóði eða hjá fjárveitingavaldinu. En ég get ekki fallist á að þetta sé einsdæmi vegna þess að menn hafa oft áður gert svona afgreiðslu. Menn hafa oft áður gert þá afgreiðslu að heimila fjmrh. og ríkisstjórn ýmist að skera niður framkvæmdir ellegar að skera niður í rekstri og breyta ákvörðun þingsins í þessu sambandi, jafnvel án þess að þingið hafi haft hugmynd um það fyrir fram hvernig ætti að beita þessum heimildum. Stundum hefur Alþingi meira að segja gefið fjmrh. svona heimildir í fjárlagaafgreiðslunni sjálfri, þannig að á 6. gr. fjárlaga hafa menn, um leið og þeir hafa afgreitt fjárlögin og kveðið á um rekstrarumfang hverrar stofnunar og hvers viðfangsefnis fyrir sig og útgjöld hvort heldur er til vegamála, skóla eða hafna, haft þann hátt á að afgreiða jafnhliða heimild til fjmrh. um að breyta þessu. Öllu vitlausari getur nú ekki ein fjárlagaafgreiðsla verið en að Alþingi, fjárveitingavaldið, samþykki sjálft á sömu stundu og það ákveður útgjöldin að heimila handhöfum framkvæmdarvaldsins að breyta því, án þess að hafa hugmynd um hvernig sú breyting muni eiga sér stað. Ég held að það sé lítill vandi að finna dæmi slíks og ég held að enginn þingflokkur á Alþingi sem setið hefur í ríkisstjórn geti fríað sig ábyrgð af slíkri afgreiðslu og er þetta lýsandi mynd af því hversu Alþingi eða fjárveitingavaldið virðir stundum lítils sitt fjárveitingahlutverk.

Frú forseti. Fyrir liggur samþykki þingflokka ríkisstjórnarinnar fyrir þessu. Auðvitað geta menn deilt um einstök atriði í þeirri framkvæmd og munu sjálfsagt gera það. Sjálfsagt er að óska eftir því við hæstv. fjmrh. að hann leggi fram hugmyndir um þennan niðurskurð, hverjar þær eru. Ef fjvn. sýnist svo getur hún tekið þá ákvörðun að leggja það í einstökum atriðum fyrir þingið og láta greiða atkvæði um hvern og einn þátt í þeim niðurskurði. Og það sem meira er, frú forseti, það þarf ekki atbeina fjvn. til því hver einasti þm. gæti knúið fram atkvæðagreiðslu um hvern einasta þátt þessa fyrirhugaða niðurskurðar með breytingartillögum við fjárlagafrv. Það þarf aðeins einn þm. hér inni til að láta ganga atkvæði um hvert einasta atriði í þessum 650 millj. kr. niðurskurði sem verið er að tala um. Það er eins og menn geri sér ekki grein fyrir því að þau tímamót sem hér eru orðin gera það einmitt að verkum að það stenst ekki sem hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir var að segja hér áðan, að ríkisstjórnin væri endanlega búin að taka allar þessar ákvarðanir, vegna þess að það þarf ekki nema einn þm., hana sjálfa t.d., hv. þm. til þess að flytja hvert smáatriði í þessum afgreiðslum hér inn á Alþingi og láta ganga hér atkvæði um það lið fyrir lið til þess að Alþingi þurfi sjálft að segja sitt síðasta orð um hvern þátt þessara mála.

Þm. sem talar eins og hún talaði hér áðan gerir sér ekki grein fyrir hversu mikil þessi breyting er sem verið er að gera. Og svo dæmi sé tekið af stærstu viðfangsefnunum í þessari aukafjárlagasmíð eins og niðurgreiðslunum, þá er það alveg á valdi Alþingis hvort Alþingi samþykkir þær eða ekki. Ef Alþingi ekki samþykkir, þá falla niðurgreiðslur niður á íslenskum landbúnaðarafurðum frá og með þeim degi sem sú samþykkt er gerð. Þó að það sé vissulega búið að binda ýmsar útgjaldaákvarðanir nú þegar, þá eru mjög stórar útgjaldaákvarðanir sem ekki er búið að setja í framkvæmd og Alþingi getur breytt. Og það þarf ekki fjmrh. til að flytja það fyrir Alþingi, það þarf ekki fjvn. til að gera það. Hver einasti þm. getur

látið ganga atkvæði um slíkt mál. Menn hljóta að sjá hvílík tímamót eru að gerast hér, ef menn hugleiða það. Menn hljóta að sjá það. (**Fjmrh.:** Útflutningsuppbætur.) Menn hljóta að sjá það. — Já, útflutningsuppbætur. Menn geta látið ganga atkvæði um það hér þannig að menn fái að taka afstöðu með eða móti hverjum einasta slíkum þætti og auðvitað verður það gert. Það getur enginn komið í veg fyrir það ef áhugi er fyrir því hjá einum einasta þm. Það þarf ekki fleiri til.

Virðulegi forseti. Menn hafa rætt hér nokkuð, eins og eðlilegt er, að hve miklu leyti við eigum að geta lært af því frv. til fjáraukalaga sem hér er lagt fram. Og vissulega er það svo að Alþingi og fjárveitingavald, fjvn. og ríkisstjórn geta ýmislegt af þessu lært ef menn vilja læra. Ef við lítum á þá töflu sem hér hefur oft verið í vitnað, töflu á bls. 14 og menn spyrja sig eins og menn gerðu hér áðan: Hvað af þessu hefðum við átt að geta séð fyrir, þá er það auðvitað alveg ljóst að við áttum að geta séð fyrir að sú áætlun um niðurgreiðslu matvæla sem var í fjárlagafrv. þegar það var afgreitt væri óraunhæf. Það er alveg ljóst. Hvort hún var óraunhæf um 700 millj., 500 millj. eða 800 millj., um það geta menn deilt. Það er alveg ljóst að sú áætlun var ekki raunhæf.

Menn geta einnig sagt sér það sjálfir að jarðræktarframlögin eins og þau voru áætluð í fjárlagafrv. voru ekki raunhæf. Sömuleiðis skuldauppgjör vegna sjúkratrygginga, sömuleiðis framlag vegna ríkisábyrgðar á laun. Þannig að það eru ýmsir þættir í þessu fjáraukalagafrv. sem eiga að geta sýnt mönnum fram á það að áætlanir okkar í fjárlagaafgreiðslunni á síðasta ári, þegar hún fór fram, voru ekki raunhæfar. Þetta eiga menn að viðurkenna. Menn eiga ekki að láta „bóndafanga" sig í því, ef ég má nota slíkt orð, ár eftir ár að vera með vísvitandi rangar áætlanir í fjárlagagerð m.a. í skjóli þess að þm. virðast engan áhuga hafa á niðurstöðunum heldur bara áætlunum, og þess vegna sé allt í lagi að áætla rangt vegna þess að það nenni enginn að gera veður út af því þegar niðurstaðan kemur, eins og raunar verið hefur undanfarin ár.

Það sem við eigum auðvitað að gera núna er að nota það frv. til fjáraukalaga sem hér er lagt fram og ríkisreikning og frv. til fjáraukalaga fyrir sl. ár sem grundvöll undir þá áætlanagerð sem er verið að vinna núna af hálfu fjvn. og Alþingis um fjárlög fyrir komandi ár, fyrir árið 1990. Nú fyrst, eftir að hæstv. fjmrh. hefur gripið til þess ráðs sem hann hefur gripið til með þessu frv., nú fyrst er hægt að smíða slíkan grundvöll að raunhæfri fjárlagagerð þegar allar nýjustu upplýsingar um útgjöld liggja fyrir. Þá reynir á okkur þm., ekki bara ríkisstjórnina, ekki bara meiri hlutann heldur á þm. alla, þá reynir á okkur að svara þeirri spurningu: Hafa menn þá bein í nefinu til þess að takast á við þann vanda sem þannig er upplýstur eða ætla menn að halda áfram að afgreiða fjárlög með óraunhæfum áætlunum um ýmsa stóra útgjaldaliði?

Í þessu sambandi vil ég enn vekja athygli á því sem kom hér fram, hjá að mig minnir hæstv. fjmrh. eða hv. 2. þm. Norðurl. v., að á síðustu tveimur árum hefur dagvinnustöðugildum hjá ríkinu fjölgað um milli 1000 og 1300 stöðuígildum. Með öðrum orðum, ef stæði starfsmaður einn á bak við hvert stöðuígildi, sem vissulega má draga í efa vegna þess að þessi stöðuígildi eru stundum notuð af ýmsum stofnunum ríkisins til þess að fela þær viðbótarlaunagreiðslur sem stofnanirnar telja sig þurfa að greiða til þess að fá menn til starfa, en svo hefur verið á þeim uppgangstímum sem verið hafa undanfarin ár, en væri einn slíkur einstaklingur á bak við hvert eitt stöðuígildi, þá þýðir þetta það að á aðeins tveimur árum hefur mannafli í þjónustu ríkisins aukist um 1000–1300 einstaklinga. Og við skulum líka huga að því að á hverju ári, svona síðustu þremur árum, á verðlagi ársins í ár, hefur kostnaður við heilsugæslu aukist á föstu verðlagi um 400–600 millj. kr. á ári, 1000–1300 nýir starfsmenn á ári og bara heilsugæsluþátturinn 400–600 millj. kr. á ári á föstu verðlagi. Það sér það auðvitað hver maður að þetta getur ekki gengið svona í mörg ár í viðbót. Við getum ekki tekið við, hvort sem heldur er dulbúin launahækkun eða raunveruleg mæling á starfsmannafjölda ríkisins og stofnana þess, við getum ekki tekið við á tveimur árum 1000–1300 einstaklingum í viðbót í vinnu hjá ríkinu og stofnunum þess. Þrátt fyrir mikilvægi heilsugæsluþjónustunnar, þá getur íslenskt þjóðfélag ekki risið undir því að útgjöld hennar vegna vaxi um 400–600 millj. kr. á ári. Og hversu heitt sem við unnum íslenskri menningu, þá getum við ekki heldur haft það viðhorf sem þáv. menntmrh. hafði þegar Listasafn Íslands var opnað að það skipti engu máli hvað það hefði kostað. (**BÍG:** Þetta er rangt með farið.) Þetta er ekki rangt með farið. Menn verða að gera sér grein fyrir því að ef menn ætla að ná árangri til þess að draga úr útgjöldum í ríkisrekstri, þá gerist það ekki öðruvísi en í fyrsta lagi að menn stöðvi þessa þenslu, menn stöðvi fjölgun mannaráðninga og menn dragi úr sífelldum kostnaðarhækkunum, jafnvel í jafnvinsælum og þörfum málaflokkum eins og skólamál, menningarmál og heilbrigðismál eru.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að íslenska þjóðin hafi ekki fengið á ári hverju svo mikið bætta heilbrigðisþjónustu að það réttlæti 400–600 millj. kr. árlegan kostnaðarauka. Ekki held ég að landsmenn finni fyrir því í ár að þeir hafi á föstu verðlagi fengið bætta heilbrigðisþjónustu sína sem svarar 400–600 millj. í viðbótarútgjöld. Það er þessi þensla sem verður að stoppa vegna þess að hún skilar sér ekki í bættri þjónustu við landsmenn. Þetta er útgjaldaþensla sem ekki skapast af auknum verðmætum eða þjónustu heldur aukinni eyðslu. Þetta er það fyrsta sem við þurfum að gera til að ná árangri. Það er að stöðva þessa þenslu. Og það er erfitt, það kostar sitt. Það kostar m.a. það að menn verða að tileinka sér þveröfug viðhorf á við þau að það skipti ekki máli hvað góðar framkvæmdir eða góð verk í þágu menningar og mennta eða heilsugæslu kosti.

Næsta skrefið er svo að sjálfsögðu að menn geri sér grein fyrir því að það er ekki hægt að draga úr

útgjöldum ríkissjóðs svo neinu nemi nema með því annaðhvort að draga úr þjónustunni sem ríkið og stofnanir þess veita ellegar með hinu að þeir sem þjónustunnar njóti borgi í auknum mæli fyrir þá þjónustu sem þeir fá. Vegna þess að menn hafa ekki verið tilbúnir til þess að taka þannig á málum, horfumst við nú í augu við það að framkvæmdir í hafnamálum eru skornar niður í fjárlagafrv. um 75 millj. kr. Framkvæmdir í sjúkrahúsmálum eru látnar vera óbreyttar í krónutölu frá sl. ári. Framkvæmdageta hins íslenska ríkis er smátt og smátt að verða að engu. Framkvæmdaféð minnkar og minnkar og menn geta ekki ráðið við nauðsynlegustu framkvæmdir sem eru bæði atvinnu- og tekjuskapandi. Af hverju er þetta? Þetta er af því að menn eru ekki reiðubúnir til þess að taka á því sem raunverulega getur skilað árangri sem er annars vegar þenslan í ríkisbúskapnum og hins vegar sú staðreynd sem ég var að lýsa hér áðan að útgjöld vegna stórra málaflokka eins og skólamála, heilbrigðismála og annarra slíkra vinsælla viðfangsefna hækka um hundruð millj. á föstu verðlagi á hverju einasta ári án þess að almenningur verði þess var að sú þjónusta, sem þessi kerfi veita dag frá degi og síst skal vera til að gera lítið úr, án þess að hún hafi á nokkurn hátt reynst öllum almenningi betri í ár heldur en hún var á sl. ári.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þessi ræða sem ég ætla að flytja nú er ekki flutt vegna fjölmennis í salnum eða í þeirri von að hún hafi áhrif á þá sem hér eru inni sérstaklega, en hún er flutt til að undirstrika það að hér er að gerast sögulegur atburður. Hér er að gerast sá sögulegi atburður að fjmrh. er að skila aftur valdi til Alþingis Íslendinga sem framkvæmdarvaldið var búið að hirða í 66 ár. Raunverulega hafði íslenskt framkvæmdarvald í 66 ár bara beðið um eitt, að hér væru samþykkt fjárlög með heimildum til þess að greiða fé, en það tók sér það vald að breyta þeim fjárlögum með aukafjárveitingum eins og framkvæmdarvaldinu sýndist.

Við skulum ekki gleyma því að átökin um það hvort framkvæmdarvaldið eða þjóðþingið ætti að hafa skattlagningar- og fjárveitingavaldið eru elstu átökin á milli þessara tveggja stofnana, elstu átökin sem kostuðu dauða kónga og kostuðu það einnig að konungar urðu að kalla þingin saman, þing sem þeir voru búnir að senda heim og vildu ekkert hafa með að gera.

Við Íslendingar höfum búið við það, sögulega séð, að annars vegar höfðum við hér þing án framkvæmdarvalds og það endaði með ósköpum eins og við vissum. Við höfum líka búið við hitt, að við höfum haft hér framkvæmdarvald án þess aðhalds frá þinginu sem nauðsynlegt var.

Ég hygg að tveir stærstu stjórnmálaflokkar þessa lands horfi með virðingu á ýmsa af sínum fjármálaráðherrum sem hafa setið á þessu tímabili. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að Sjálfstfl. metur Magnús frá Mel. Það geri ég einnig, Magnús Jónsson. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að Framsfl. metur Eystein Jónsson, fyrrv. ráðherra. Það geri ég einnig. En það verð ég að játa hér og nú að hæstv. núv. fjmrh. hefur stigið feti framar en þeir báðir vegna þess að hann hefur þorað að leggja það á sig að skila aftur valdi til þingsins sem þingsins er og taka hér við skömmum sem hinir létu tímans tönn jarða, þ.e. ríkisreikningurinn kom seint og illa, málið var ekki spennandi til umræðu lengur þó að einhverjum hefði verið rétt upphæð sem nam nokkrum milljónum til þess að flokkur hans stæði kannski betur í kosningum. Þetta eru hinar köldu staðreyndir þessa máls og ég ætla að láta það fara til hliðar hvort ég er á þessari stundu með þessum orðum að veita Alþb. stuðning í kosningum eða ekki. Ég ætla bara að hafa það hér á hreinu að ég met menn í stjórnmálum eftir því hvað þeir gera og prinsipákvarðanir eins og þessar eru þess eðlis að það er ekki hægt annað en viðurkenna þær.

Ég ætla aftur á móti að bæta því við að þessi ákvörðun er í tveimur skrefum. Fyrri ákvörðunin fjallar um það að fjáraukalögin séu lögð fram á sama ári og ætlað er að inna ákveðna greiðslu af hendi. Seinna skrefið fjallar um það að það gerist ekki oftar á Íslandi, gerist ekki í framtíðinni, að menn greiði úr ríkissjóði fyrst og mæti svo til þingsins í von um að þingið samþykki, vitandi samt að það er landsdómsatriði ef það er fellt sem greitt hefur verið út án samþykkis þingsins. Og mér er ljóst að miðað við ástand þessara mála þá hefur trúlega ekki verið hægt að standa öðruvísi að þessu en að taka þetta í tveimur skrefum. En ég mælist til þess að hæstv. ráðherra hafi þau ekki fleiri. Og þegar ég segi það, þá á ég við þá staðreynd að við búum við það sérstæða ástand í þessu landi að almenn virðing fyrir lögum er sennilega flestum þjóðum fremur í blóð borin en okkur Íslendingum. Hluti af því vandamáli er það að á sínum tíma var virðing fyrir lögum um leið virðing fyrir dönsku valdi og erlendu valdi yfir okkur Íslendingum. Og það sem Einar Benediktsson orðaði svo vel í Haugaeldi:

> Þeir heiðruðu rétt, —
> en þeir hötuðu valdið;
> þá æðri stétt,
> allt sem ofar var sett,
> því eðlið var baldið
> með ofstopa, en ekki með prett.

Ég hygg að Íslendingseðlinu verði ekki betur lýst á annan veg en þar kemur fram. Og það segir kannski sitt um virðingu fyrir lögum að þegar ónafngreindur sýslumaður vill segja frá skemmtilegum atvikum í lífi sínu, þá tekur hann það fram að hann hafi eitt sinn verið eltur af bíl þar sem hann var á akstri og hafi sjálfur bætt við upp í 115 km hraða, en talið að hann kæmi þá druslunni ekki hraðar og valið hinn kostinn að stöðva og búa sig undir það að taka þann sem ætlaði fram úr miðað við þessar aðstæður. Hámarksökuhraði á þeim tíma mun trúlega hafa verið 70 km. Samkvæmt þessu er yfirvaldið, sem á að framfylgja

lögunum, komið meira en 50% fram úr löglegum hraða og óvíst hvort þá hefði verið látið staðar numið hefði bíltegundin sem hann ók dugað. Segir þetta okkur ekki dálítið um það hvernig hugsunin er hvað þetta snertir? Ég segi fyrir mig, mér finnst þetta kannski lýsa nokkuð vel hinum dæmigerðu vinnubrögðum sem vilja ríkja í þessum efnum.

Þegar menn keyra fram úr fjárlögum eins og forstjórar ríkisstofnananna gera, þá er það fyrsta yfirlýsingin að fjárlögin eru vitlaus, þetta er vitlaust áætlað, segja þeir. Eitt af því sem ég man að sá mæti stjórnmálaskörungur, Bjarni heitinn Benediktsson, sagði var að lýðræðið byggðist á því að meiri hlutinn hefði rétt til að hafa rangt fyrir sér. Og það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu. Hafi Alþingi Íslendinga samþykkt vitlaus lög, þá hafði það rétt til að samþykkja vitlaus lög. Svo einfalt er það mál. Meðan hin vitlausu lög voru í gildi, þá er bara að virða þau. Þess vegna er það sennilega eitt af því torveldasta sem hæstv. fjmrh. verður að taka sig til og reyna að kenna stjórnendum stofnana á Íslandi að fjárlög eru ákvörðun, vafalaust ekki skynsamleg í mörgum tilfellum, en engu að síður tekin af þeirri samkomu sem á að taka þá ákvörðun, af þeim fulltrúum sem til þess voru kjörnir að taka ákvörðunina. Frammi fyrir þessu verða stjórnendur stofnananna að standa og fara eftir því. Hitt er svo annað mál, og þar verða menn að setjast niður og skoða taflið í grunn, að við höfum útbúið stjórnkerfi sumra ríkisstofnana þannig að það virðist nánast vonlaust að stjórnandinn hafi þau stjórntæki í höndunum að hann geti stjórnað þeim. Þetta er álíka eins og ef maður er á ferðalagi á bíl niður brekku og bremsurnar eru farnar, þá er kannski hægara sagt en gert að gefa honum fyrirmæli um að hann eigi að stöðva. Ég verð að segja eins og er að það er alveg furðulegt stjórnkerfi sem við höfum útbúið á sumar stofnanir. Við höfum t.d. það stjórnkerfi yfir Borgarspítalanum, svo við tökum dæmi, að þeir tveir aðilar sem eiga að bera fjárhagslega ábyrgð á spítalanum, þ.e. ríkið og Reykjavíkurborg, meiri hluti Reykjavíkurborgar, þeir hafa tvo fulltrúa, en hinir hafa þrjá í stjórnkerfi spítalans, minni hlutinn í borgarstjórn einn og fulltrúar starfsliðs tvo.

Ég verð nú bara að segja eins og er að mér sýnist að það sé erfitt að halda um pyngjuna undir þeim kringumstæðum, enda eins og frægt var þegar samþykkt var að senda fulltrúa til Ástralíu hér um árið frá þessum spítala, þá greiddi fulltrúi borgarsjóðs, sem átti að borga, þ.e. meiri hlutinn greiddi atkvæði gegn því og ég held sömuleiðis fulltrúi ríkisins, sá sem átti að borga, en hinir þrír voru sammála um að það bæri að gera þetta. Svona stjórnkerfi gengur ekki upp. Og við þurfum náttúrlega að setjast niður og hugleiða það í fullri alvöru hvort það þurfi ekki að endurskoða margt í stjórnkerfi hjá íslenskum ríkisstofnunum.

Ég ætla að bæta því við af því að einn þingmaður hefur setið lengur í fjvn. en nokkur annar hér á Alþingi þó að hann sé hættur þar störfum í dag að í einni af sínum seinustu ræðum, ég man ekki hverri, um fjárlagafrv. mun hann hafa bætt við ágætan málshátt nokkrum orðum: Dag skal að kveldi lofa og mey að morgni, en fjárlög ei fyrr en að ári. Ég hef nefnilega hlustað á svo marga fjármálaráðherra flytja hér ákaflega lofsamlegar tölur um það frv. sem þeir hafa verið að leggja fram og fengið svo að skoða ríkisreikninginn seinna og fundist að það hefði verið betra að þeir hefðu fylgt frumvörpunum eftir með hógværari orðum.

Þetta segi ég hér og nú, m.a. vegna þess að jafnánægður og ég er með það að þetta fjáraukalagafrv. skuli hafa verið lagt fram, jafnsleginn er ég yfir því eins og vafalaust margir aðrir þegar ég sé framan í hvaða upphæðir menn þurfa að horfa til þess að komast að niðurstöðu, eðlilegri niðurstöðu með greiðslur á þessu ári. Ég held að það sé mikið alvöruefni hjá okkur Íslendingum, og get þar tekið undir margt í ræðu hv. 5. þm. Vestf., hvað við höfum forðast að horfast í augu við þá staðreynd að við hrúgum fram góðum málum, bæði hér á Alþingi og annars staðar, og hikum ekki við að verja til þeirra fjármunum án þess að hafa til þess þrek að innheimta þá fjármuni hjá þjóðinni sem duga fyrir þessum útgjöldum. Ef við teljum að við getum ekki gengið lengra á skattheimtubrautinni, og vissulega eru hart rekin tryppin í þeim efnum, það sjá menn ef þeir skoða bæði stöðu fyrirtækja í landinu og einnig þann mikla fjölda einstaklinga sem gerðir hafa verið gjaldþrota, þá verðum við að snúa við og segja: Þetta er gott málefni en við höfum ekki efni á því að framkvæma það strax. Ég held aftur á móti að líka sé óhjákvæmilegt að taka undir það hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að það er ekki skynsamlegt og brýtur réttlætisvitund manna, þegar menn horfa á jafnstórar tölur og lagðar eru hér fram til fjáraukalaga, að vera þá jafnframt að skera niður smátölur í fjárlögunum sem snerta litlar framkvæmdir sem eru stórar á þeim stöðum þar sem ætlunin var að þær yrðu framkvæmdar.

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að flytja hér langa ræðu og er sennilega búinn að tala of lengi og lýk hér máli mínu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Eins og er um mörg önnur málefni sem koma til kasta Alþingis hefur þetta frv. sem hér er til umræðu tvær hliðar. Annars vegar er á því formleg hlið, hins vegar efnisleg. Að því er varðar hina formlegu hlið þessa máls hlýt ég að taka undir það sem fram hefur komið hjá ýmsum ræðumönnum, að framlagning þessa frv. er jákvætt framlag til umbóta og endurbóta á vinnubrögðum að því er varðar meðferð fjárlaga, fjáraukalaga, ríkisreiknings og annarra tengdra mála. Ég tek undir með þeim sem fagna þessu framtaki í sjálfu sér. Ég tel að það sé allra góðra gjalda vert enda þótt ég sakni reyndar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 sem hefði að mörgu leyti verið eðlilegra að leggja fram á undan þessu frv., en það er auðvitað ekkert aðalatriði.

Hins vegar er það jafnframt ljóst að þó að frv. sé

spor í áttina mun engu að síður verða þörf á öðru frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár vegna þess að það blasir við af þessu frv. að í því eru ekki allir endar hnýttir sem snúa að tekjum og gjöldum ríkissjóðs á þessu ári ef hv. fjvn. afgreiðir þetta mál með þeim hætti sem ráðherrann óskar eftir, þ.e. fljótlega. En nefndin hefur það auðvitað í hendi sér að bíða með afgreiðslu málsins fram eftir þessu þingi og fram á vor ef því er að skipta og getur þá með þeim hætti komið í veg fyrir að þörf gerist fyrir annað frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Þá blasir aftur á móti við að þingið hefur ekki tekið ákvörðun um útgjöld sem í þessu frv. er gert ráð fyrir og sem ráðherrann er að óska eftir. Annaðhvort verður því að afgreiða þetta frv. á næstunni og heimila eitthvað af þeim útgjöldum sem þar er farið fram á og leggja því næst fram annað frv. til að gera upp árið ellegar þá að bíða með þetta frv., en þá koma ekki þær heimildir sem ráðherra óskar eftir varðandi afgreiðslu útgjalda sem farið er fram á í þessu frv.

Nú er það að vísu þannig, og kom fram í máli ráðherrans, að enda þótt hluti þeirra útgjalda sem ráðgerð eru samkvæmt þessu frv. hafi ekki verið inntur af hendi enn þá, er það samt sem áður svo að Alþingi stendur að verulegu leyti frammi fyrir gerðum hlut að því er varðar frv. og þau útgjöld sem þar er að finna og í því efni er ekki eðlismunur á þessu frv. og frv. vegna fyrri ára sem lögð hafa verið fram eftir á, eftir að viðkomandi fjárlagaári var lokið, í einstaka tilfellum mörgum árum eftir á.

Eða ætlar hæstv. fjmrh. til að mynda að endurkrefja fyrirtækið Silfurstjörnuna um þær 3,3 millj. kr. sem hann hefur veitt til þess fyrirtækis án heimildar frá Alþingi ef svo skyldi fara að sú fjárveiting yrði ekki samþykkt hér á Alþingi þegar frv. kemur til afgreiðslu? Ætlar hann að krefja til að mynda áhugahóp kvenna um þær 100 þúsundir króna sem veittar voru til stuðnings komu ákveðins einstaklings hingað til lands fyrr á þessu ári sem hér flutti ræðu í Þjóðleikhúsinu og hæstv. utanrrh. fór reyndar hinum háðulegustu orðum um í sjónvarpi? Þessi liður er einn af þeim sem gert er ráð fyrir í menntmrn., en þessum peningum er bara búið að eyða og Alþingi stendur hér frammi fyrir gerðum hlut. Það er ástæða til þess að velta því fyrir sér ef þessari fjárveitingu yrði hafnað af þinginu hvort fjmrh. hyggst krefja viðkomandi aðila um endurgreiðslu á þessum fjármunum.

Ég sagði í upphafi, og er þá enn að tala um hina formlegu hlið þessa máls, herra forseti, að ég tel það spor fram á við, að leggja fram slíkt frv. til fjáraukalaga. Það er hins vegar fjarri því að hæstv. fjmrh. hafi fundið upp þennan möguleika þó að hann sé vel að því kominn að hafa fyrstur manna í 67 ár lagt fram slíkt frv. Ég vil leyfa mér að benda á að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa tvívegis, nú ár eftir ár, bent á nauðsyn þess að vinna að frekari endurbótum í þessu efni, bæði í skýrslu sinni fyrir árið 1987 og svo í þeirri skýrslu sem nýlega hefur verið lögð fram hér á þinginu um sl. ár. Ég vil jafnframt benda á að við hv. þm. Pálmi Jónsson fluttum á síðasta ári frv. þar sem gert er ráð fyrir að fjáraukalög verði jafnan lögð fram á vorþingi hinu næsta eftir að fjárlagaárinu lýkur. Miðað við þetta frv. sem er nú verið að tala um hefði það frv. gert ráð fyrir því að skylt væri að leggja fram frv. til fjáraukalaga svo skjótt sem verða mætti á þinginu nú eftir áramót. Fjmrh. tók þann kost að leggja fram frv. nú fyrir jólin með það í huga að fá það afgreitt á þessu ári, en þá eins og ég sagði er nauðsynlegt að í kjölfarið fylgi nýtt frv. þegar árið verður gert upp og þegar ríkisreikningur þessa árs liggur fyrir, en það verður ekki fyrr en á næsta ári.

Það er alveg ljóst að umbætur á þessu sviði eru brýnar og hafa verið brýnar um nokkurt skeið. Það hafa verið að þróast ný vinnubrögð og breyttir starfshættir í þessu efni. M.a. hefur hv. fjvn. þar komið við sögu og ýmsir þeir sem að þessum málum hafa unnið á undanförnum árum og ég bendi mönnum sérstaklega á að kynna sér skýrslur yfirskoðunarmanna sem ég gat um, en í þeim eru ábendingar um þessi efni sem ástæða er til að vekja athygli á.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um formlega hlið þessa máls, en vildi gjarnan koma að því sem í frv. stendur, þ.e. hinum efnislegu atriðum þess, en þannig stendur á að fyrir nákvæmlega ári síðan flutti hæstv. fjmrh. fjárlagaræðu sína vegna frv. til fjárlaga fyrir árið 1989. Ég skal trúa þingheimi fyrir því að ég lagði það á mig að lesa þessa ræðu að nýju þegar frv. til fjáraukalaga var lagt fram þar sem gert er ráð fyrir rúmlega 8 milljarða kr. útgjöldum til viðbótar því sem fjárlög þessa árs gerðu ráð fyrir. Og ég verð að viðurkenna, þó að þessi umræðuefni séu nú alla jafna ekki sérstakt skemmtiefni, að ég skellti upp úr við að lesa fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. frá í fyrra í ljósi þess frv. sem hann hefur nú flutt. Og mætti ég þá ekki, með leyfi forseta, vitna til fjárlagaræðu hæstv. núv. fjmrh. og vita hvort þingmenn almennt sjá ekki hvað mér fannst svona spaugilegt. Hér segir hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárlaga 10. nóv. á síðasta ári svo, með leyfi forseta:

„Þessar forsendur fjárlagafrv. hafa verið gagnrýndar töluvert að undanförnu. Því hefur verið haldið fram að þær standist ekki og þar með sé grundvellinum kippt undan frv. Ef tekið er tillit til erlendrar verðbólgu fela þessar forsendur í sér að á næsta ári verði raungengi krónunnar svipað og það er á þessum ársfjórðungi og lækki lítillega á milli ára. Hvað raunlaun varðar gera þessar forsendur ráð fyrir óbreyttum raunlaunum frá því sem þau verða á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Þannig er það misræmi, sem kemur fram í þróun verðlags, gengis og launa, að mestu komið fram nú þegar." Síðan segir: „Enda þótt þróun verðlags og launa á næsta ári verði á annan hátt en hér er miðað við, kollvarpast fjárlagafrv. alls ekki af þeim sökum. Skýringin er það innbyrðis samhengi sem byggt er inn í frv. Ef verðbólga verður almennt meiri mun tekjuafgangurinn vaxa vegna krónutöluframlaga í frv. Ef kaupgreiðslur hækka umfram það sem hér er gert ráð fyrir aukast launaútgjöld ríkisins. Á móti kemur að eftirspurn og umsvif í hagkerfinu aukast og verðbólga einnig. Skattatekjur af bæði

veltu- og tekjusköttum aukast. Tekjuafgangurinn getur því orðið meiri, en á móti verður viðskiptahallinn við útlönd einnig meiri. Ef raungengi krónunnar lækkar meira en hér er gert ráð fyrir munu raunverulegar tekjur, eftirspurn og innflutningur verða minni auk þess sem vaxtagjöld aukast. Tekjuafgangurinn minnkar eða hverfur alveg, en það mun koma lítið að sök þar sem á móti kemur að viðskiptahallinn verður minni. Vegna þessa rökræna samhengis frv. sjálfs er á þessu stigi máls engin ástæða til annars en að byggja á þeim forsendum sem hér hafa verið raktar."

Tilvitnun lýkur hér í þessa fróðlegu ræðu hæstv. fjmrh. frá því fyrir nákvæmlega ári síðan þar sem hann hélt uppi hörðum vörnum gagnvart þeirri gagnrýni sem stjórnarandstaðan á síðasta þingi hafði uppi um forsendur þess frv. til fjárlaga sem þá var til umræðu, en frekari staðfestingar á þessum ummælum en fram kemur í þessu frv. sama ráðherra til fjáraukalaga er að sjálfsögðu ekki þörf.

Gjöld samkvæmt þessu frv. til fjáraukalaga fara rúmlega 8 milljarða fram úr fjárlögum en tekjurnar 2,7 milljarða fram úr fjárlögum, þannig að þrátt fyrir ítrekað tal hæstv. fjmrh. fyrr og nú um hinn nýja grundvöll, þá sé ég nú ekki annað en grundvöllurinn sé, ekki bara brostinn, heldur hruninn og það til algerra grunna fyrir þeim boðskap sem hann flutti okkur hér fyrir ári síðan um þessi efni og þetta viðurkennir ráðherrann nú, með því sem fram kemur í frv. hans til fjáraukalaga. En það er reyndar ekki langt síðan hæstv. fjmrh. hélt því enn fram að fjárlög þessa árs væru á traustum grunni reist, því að hinn 6. sept. sl. barst í pósthólf okkar þm. fréttatilkynning frá ráðuneyti hans þar sem segir fullum fetum: „Framkvæmd fjárlaga samkvæmt áætlun." Það er ekki lengra en tveir mánuðir síðan að hæstv. ráðherra lýsti því yfir í þessari fréttatilkynningu að framkvæmd *fjárlaga væri samkvæmt áætlun. En nú, tveimur* mánuðum síðar, leggur hann hér fram frv. til fjáraukalaga þar sem gert er ráð fyrir að 600 millj. kr. tekjuafgangi fjárlaga þessa árs verði breytt í 5,5 milljarða kr. halla í samræmi við ákvæði þessa frv. Þannig er ljóst að jafnvel þeim, sem telja sig hafa höndlað sannleikann í sambandi við fjárlög, útgjöld og tekjur ríkissjóðs, getur skjátlast og þannig er nú komið fyrir hæstv. fjmrh. í þessu efni.

Ég hirði ekki um að lesa meira upp úr þessari fjárlagaræðu frá því í fyrra, sem var auðvitað merkileg fyrir þeirra hluta sakir að þar var nýr fjmrh. að flytja sína fjárlagaræðu í fyrsta sinn og að gera grein fyrir sinni stefnu og því „innbyrðis samhengi" sem átti að vera í því frv. og þeim fjárlögum sem hann kynnti. En það kennir óneitanlega margra grasa í þessari ræðu sem þm. geta skemmt sér við að lesa og rifja upp þegar þeir hafa tíma til.

Hins vegar hefur ráðherrann nýlega flutt aðra framsöguræðu fyrir fjárlögum og aðra ræðu hér í umræðum um stefnuræðu forsrh. sem er sömuleiðis athyglisvert að glugga í í ljósi þeirra staðreynda sem hér hafa verið rifjaðar upp. Honum verður tíðrætt um hinn nýja grundvöll, hinn nýja grundvöll sem Alþb. hefur lagt í stjórn efnahagsmála og sem á að koma þessari þjóð til bjargar á næstu missirum.

Ég var einn af þeim sem horfðu á sjónvarpsþátt um liðinn stjórnmálaforingja um síðustu helgi í sjónvarpinu. Þar birtist á skjánum skjal sem sá stjórnmálaforingi, Jónas Jónsson frá Hriflu, hafði gefið út og hét „Nýr landsmálagrundvöllur". Ég veit nú ekki hvort það er tilviljun að sá maður sem margir telja að sé einna líkastur Jónasi frá Hriflu af stjórnmálamönnum nútímans boðar oss nú „nýjan grundvöll" af því kappi sem honum er lagið. Það er kannski tilviljun en ekki veit ég hvort samanburður ráðherrans á sjálfum sér og þeim ráðherra sem lagði síðast fram frv. til fjáraukalaga, Magnúsi Jónssyni, er nær lagi en samanburðurinn á hæstv. fjmrh. og Jónasi frá Hriflu, en ég skal láta það liggja á milli hluta. Hvað sem síðar kann að verða, þá er hæstv. núv. fjmrh. ekki orðinn sá hrópandi í eyðimörkinni eins og hann lýsti Jónasi frá Hriflu í viðtali sem við hann var í þeim sjónvarpsþætti sem ég nefndi, en hugsanlega er ekki öll nótt úti enn í þeim efnum fyrir hæstv. fjmrh.

Ég hafði hugsað mér, herra forseti, að nefna nokkur fleiri atriði úr því frv. sem hér liggur fyrir til fjáraukalaga og er hér til umræðu, en skal þó vera stuttorður um það efni, enda gerði hv. 2. þm. Norðurl. v. ítarlega grein fyrir ýmsu því sem þar er ábótavant. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þegar svona verk er unnið á nýjan leik, þá koma ýmsar *leiðir til greina varðandi uppsetningu og frágang.* Ég skal ekki vera með neina smámunasemi í þeim efnum og geri mér alveg ljóst að þar kunna að vera skiptar skoðanir um frágang mála og treysti hv. fjvn. til þess að gera þar uppsetningarbreytingar ef hún telur ástæðu til. En ég tek hins vegar undir það að það er eitt og annað hér sem er ruglingslegt og sem mætti færa til betri vegar en það skiptir ekki höfuðmáli að *mínum dómi.* Reyndar eru smávægilegar reikningsvillur að mér sýnist á stöku stað í frv. en þær má eflaust laga. Þannig er t.d. á bls. 3, þegar fjallað er um forsrn., gert ráð fyrir því að liðirnir Aðalskrifstofa og Eignakaup séu 8 millj. 270 þús. en skv. skýringum á bls. 17 er hér um að ræða fjárveitingu vegna tilkomu umhverfisráðuneytis og vegna rekstrar á skrifstofu ráðherra Hagstofu Íslands. Þar er talan sögð vera 8 millj. 290 þús. Þarna munar heilum 20 þúsundum sem ég ætla ekki að gera hér að sérstöku umtalsefni.

En það hefur komið fram að samhliða þessu frv. hefur fjmrh. lagt fram í Ed. Alþingis frv. til lánsfjárlaga þar sem gert er ráð fyrir auknum lántökuheimildum upp á 7 milljarða kr. Auðvitað er samræmi hér á milli og fjárlagahallinn er mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, þ.e. 600 millj. kr. afgangur hefur breyst í a.m.k. 5,5 milljarða kr. halla og það þarf að fá heimildir til þess að taka lán fyrir þessum mismun og ríflega það reyndar. En í greinargerð með frv. til fjáraukalaga er talað um hversu vel lánsfjáröflun ríkissjóðs hafi gengið. Það sé búið að selja hrein reiðinnar býsn af spariskírteinum og það sé búið að selja ríkisvíxla fyrir, að mér skilst, 4 milljarða kr. umfram innlausn. Það er út af fyrir sig ágætt þegar vel

gengur að selja skuldabréf og víxla ríkissjóðs því að það er þörf á því að hafa markað fyrir þessi bréf þannig að hann skili árangri og þar séu virk viðskipti. Hins vegar kemur hvergi fram, hvorki hér né minnist ég þess að hafa heyrt fjmrh. tala um það á öðrum vettvangi, á hvaða kjörum hann býður kaupendum þessara víxla þá til sölu. Ég hef reyndar lagt fram formlega fyrirspurn um það efni til ráðherrans sem ég vænti að hann svari skriflega innan tíðar, en þar munu vera á ferðinni einhverjir hæstu vextir á skammtíma pappírum sem nokkur völ er á hér, enda munu bankar og fjármálaaðilar ýmsir vera gráðugir í að kaupa þessa víxla sem jafnframt setja ákveðinn grunn að öðrum viðskiptum með verðbréf í landinu eins og reyndar er ekki óeðlilegt.

Ég held að það væri forvitnilegt ef ráðherra mundi upplýsa okkur um það áður en hann skilar hinu formlega svari við þessari fsp. hverjir þessir vextir eru um þessar mundir, þ.e. raunvextirnir. Ég hygg að það mundi koma mörgum aðilum á óvart með hvaða hætti ríkissjóður setur þar grunn fyrir hið almenna vaxtastig í landinu. Hins vegar er það jafnframt þannig þegar við erum að tala um vexti ríkissjóðs, að þó að lántakan gangi vel og það sé ánægjulegt í sjálfu sér, þá hafa þessar lántökur auðvitað í för með sér frekari vaxtabyrði fyrir ríkissjóð í framtíðinni. Og eitt af því sem veldur áhyggjum, þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi, er sú þróun sem orðið hefur á vaxtagreiðslum ríkissjóðs og það sem við blasir í þeim efnum því að auðvitað getur ríkissjóður ekki komist undan því að greiða þá fjármuni sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða þeim sem veitt hafa honum lán.

Þetta er annar hlutur sem er nátengdur því umræðuefni sem hv. formaður fjvn. og hv. 2. þm. Vestf. gerðu hér að umtalsefni og snertir ríkisbúskapinn á breiðum grundvelli og þá miklu þenslu sem orðið hefur í útgjöldum ríkissjóðs, þá miklu raunverulega aukningu ríkisútgjalda sem virðist innbyggð í útgjaldauppbygginguna og sem verður að stoppa ef menn ætla sér að ná tökum á þessum málum í framtíðinni. Þar heyrist mér að tveir síðustu ræðumenn séu sama sinnis og má mikið vera ef ég hef ekki einhvern tíma heyrt hæstv. fjmrh. sjálfan taka undir nauðsyn þess að ná utan um þessi útgjöld ríkissjóðs þannig að það verði spornað við þessari sjálfvirku þenslu sem þar er innbyggð. Það verður að vísu ekki gert nema að litlu leyti með formbreytingum, með því að breyta forminu á meðferð aukafjárveitinga og afgreiðslu fjáraukalaga. (**Fjmrh.**: Það hjálpar til.) En það hjálpar til, það er rétt, ég tek undir það, hæstv. ráðherra. Slíkar breytingar geta skipt einhverju máli og auðvitað er engin von um árangur ef hinn formlegi rammi utan um útgjöld og ákvarðanir þeim tengdar er í molum, ef ekkert sérstakt formlegt ákvarðanaferli er til fyrir slíkar ákvarðanir. Og það verður því miður að segjast að á undanförnum árum og áratugum hafa þróast ákveðnar venjur varðandi veitingu fjármagns umfram fjárlagaheimildir, um greiðslur umfram heimildir fjárlaga sem eru auðvitað ekkert annað en sóðaskapur og ósiður af versta tagi og þar að auki bæði óþingræðislegar og óeðlilegar gagnvart fjárveitingavaldinu, þ.e. Alþingi.

Um þetta hafa menn nú rætt og ritað töluvert mál og við hv. þm. Pálmi Jónsson fluttum um þetta efni frv. á síðasta þingi sem hefur ekki verið endurflutt enn sem komið er vegna þess að það mun von á frv. um svipað efni frá hv. fjvn. og ástæðulaust annað en slíkt mál sé flutt í fullkominni samstöðu allra stjórnmálaflokka sem aðild eiga að fjvn. En auðvitað er mál að linni í þessu efni og að því marki sem fjmrh. hefur spornað gegn vinnubrögðum af þessu tagi og greiðslum umfram heimildir fjárlaga á hann auðvitað lof skilið. En þetta frv. til fjáraukalaga ber það með sér að hann hefur valið og hafnað í því efni. Hann hefur t.d. valið að bíða þessara fjáraukalaga áður en hann innir af hendi greiðslur til landbúnaðarins, en hann sá enga ástæðu til þess að bíða ákvörðunar Alþingis um það hvort hann veitti fyrirtækinu Silfurstjörnunni 3,3 millj. kr. aukafjárveitingu. Sú ákvörðun hefur greinilega verið svo brýn að hún mátti ekki bíða ákvörðunar Alþingis og þeir aðilar sem þar áttu hlut að máli gátu ekki beðið eftir þeim fjármunum eða útvegað sér skammtímafyrirgreiðslu þar til ákvörðun Alþingis lægi fyrir. Það er greinilega ekki sama hver á í hlut, virðulegur ráðherra, þegar fjallað er um það hvort fjárveitingar eru látnar bíða ákvörðunar Alþingis eða hvort ráðherrann tekur ákvarðanir með þeim hætti sem hér er um að ræða og hafa reyndar tíðkast um langt árabil, því miður. Þannig að fjmrh. er nú ekki hvítþveginn í þessum efnum, því fer fjarri, og getur reyndar ekki hælt sér af því hér á Alþingi að hafa ekki tekið ákvarðanir um greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga. Ég mundi fagna því mjög og vona að það styttist í það að hér á Alþingi standi upp fjmrh. sem getur stært sig af því að hafa ekki innt af hendi slíkar greiðslur úr ríkissjóði. Við skulum reyna að ná saman um að bæta vinnubrögðin þannig að það styttist í þá tíð að enginn fjmrh. leyfi sér slík útgjöld eða heimili slíkar greiðslur.

Það er sem sagt greinilegt að hæstv. ráðherra hefur ekki haft samræmi á því hvort hann innti greiðslur af hendi fyrir framlagningu þessa frv. eða hvort hann bíður með þær þar til ákvörðun Alþingis liggur fyrir. En það er ekki nóg með það, vegna þess að það er ljóst að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir útgjöldum í samræmi við allar þær ákvarðanir og allar þær yfirlýsingar sem ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar hafa gefið og í því sambandi nægir að minna á Lánasjóð ísl. námsmanna. Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir 180 millj. kr. sem verðlagsuppfærslu handa sjóðnum. Það er hins vegar ljóst og hefur komið fram, bæði hér á Alþingi og annars staðar, að ef sjóðurinn á að standa við þær skuldbindingar sem hæstv. núv. menntmrh. hefur bundið honum, þá vantar þarna a.m.k. 100 millj. til viðbótar. Ber þá að skilja þetta frv. svo að hæstv. fjmrh. ætlist ekki til þess að þær 100 millj. verði inntar af hendi, að þær 100 millj. verði greiddar í samræmi við stefnu menntmrh.? Eða er ætlast til þess að fjvn. bæti þarna um betur, eða hver er ætlunin varðandi þennan eina þátt sem ég hef nefnt?

Það kennir óneitanlega ýmissa forvitnilegra grasa í frv. Það kemur til að mynda fram að kostnaðurinn við hið sérstaka innheimtuátak hæstv. fjmrh. á þessu ári, sem menn hafa gert hér að umtalsefni, hefur að því er virðist verið 25 millj. kr. Innheimtuátakið í sumar hefur kostað ríkissjóð 25 millj. kr. Þetta innheimtuátak hefur út af fyrir sig ekki verið gagnrýnt sem slíkt, heldur hefur verið gagnrýnt með hvaða hætti fjmrh. mismunaði fyrirtækjum við þær innheimtuaðgerðir og skal ég ekki fjalla frekar um það, en bendi hins vegar á hvað þetta átak hefur kostað þó auðvitað hafi það skilað meiri peningum en nemur kostnaðinum. Mig minnir að fjmrh. hafi farið með einhverjar tölur um það efni, en þó að innheimta hafi batnað er ekki þar með sagt að það sé allt vegna átaksins því að auðvitað voru þetta útistandandi kröfur sem áttu að innheimtast að réttu lagi þó að ekki hafi verið farið í sérstakar aðgerðir til þess í því skyni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að segja mikið meira um frv. að svo stöddu. Ég vil hins vegar benda á, og sérstaklega benda hv. 1. þm. Vesturl. og varaformanni fjvn. á það, að í frv. segir að gert sé ráð fyrir 500 millj. kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári. Þetta er liður í þeim lækkunum gjalda sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og er nú að bera undir þingið. Þetta vildi ég sérstaklega benda næsta ræðumanni á, vegna þess að ég veit að hv. 1. þm. Vesturl. er næstur á mælendaskrá, og væri forvitnilegt að heyra hvað hann hefur um þetta atriði að segja, en óneitanlega er það nýmæli, þegar í hlut á ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju, að skornir séu niður fjármunir til húsbyggingarsjóðanna svo nemur mörg hundruð millj. kr.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins mótmæla því sem hv. formaður fjvn. sagði hér áðan, þegar hann var að snúa út úr ummælum fyrrv. menntmrh. um vígslu Listasafnsins, og láta það koma fram að þeim ummælum er mótmælt sem útúrsnúningi og rangfærslu. Hins vegar mætti hv. formaður fjvn. gjarnan huga að því í starfi sínu á næstunni við meðferð þessa frv. með hvaða hætti hæstv. Alþingi sjálft hefur farið með hans eigin ummæli og skýringar við fjárlög yfirstandandi árs. Þannig er nefnilega, virðulegi forseti, að það hefur jafnan verið litið svo á að framsaga formanns fjvn. með frv. til fjárlaga væri mikilvægt lögskýringargagn þegar á þyrfti að halda við túlkun á fjárlögum og umdeilanlegum atriðum í sambandi við fjárveitingar í fjárlögum. Þess vegna hefur formaður fjvn. jafnan flutt mjög ítarlega framsöguræðu fyrir hönd nefndarinnar við 2. og 3. umr. um fjárlög og útskýrt nákvæmlega hvað lægi á bak við hvern einasta lið sem nefndin gerir tillögu um. Núv. formaður fjvn. er engin undantekning í því efni og hefur lagt sig fram um að útskýra af mikilli nákvæmni og mjög vandlega og vel hvað fjvn. hefur haft í huga við hvern einstakan lið sem nefndin hefur fjallað um og gerir tillögur um.

Nú hefur hins vegar hæstv. Alþingi sjálft gert formann fjvn. ómerkan orða sinna að því er varðar ráðstöfun á fjármunum sem í núv. fjárlögum eru ætlaðir til þess að kosta för alþingismanna á þing Sameinuðu þjóðanna. Í fjárlögum þessa árs er tekinn upp sérstakur nýr liður sem heitir „Kynnisferð alþingismanna á þing Sameinuðu þjóðanna". Áður var það svo að utanrrn. kostaði ferðir þingmanna á þing Sameinuðu þjóðanna og menn voru þar jafnvel í eins konar erindrekstri á vegum ráðuneytisins. Þessu var breytt og nú er þetta sérstakur liður sem Alþingi kostar sjálft. Til útskýringar þessum lið lét hv. formaður fjvn. það koma séstaklega fram og ítrekaði það oftar en einu sinni í ræðu sinni að hér eftir yrðu það eingöngu alþingismenn sem sæktu þing Sameinuðu þjóðanna vegna þess að það væru ekki heimildir til þess að kosta ferðir annarra af lið sem þessum. Og hann lét það koma mjög ákveðið fram að þarna yrði sem sé eingöngu um alþingismenn að ræða, fulltrúa allra þingflokkanna, og ef þannig stæði á að einhver þingflokkur gæti ekki sent mann úr sínum röðum eða aðstæður væru þannig að þingmaður úr tilteknum þingflokki hefði ekki kost á því að fara þyrftu forsetar þingsins að taka sérstaka ákvörðun um það hvort í staðinn færi þá þingmaður úr öðrum þingflokki eða hvort enginn færi í stað þess þingmanns sem hefði forfallast eða gæti ekki farið.

Ég hygg, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að komast skýrar að orði um ákveðin atriði í þessu máli og ég hygg að hv. formaður fjvn. hafi alveg vitað hvað hann var að segja og sú fjvn. sem stóð á bak við þessa yfirlýsingu. Nú hefur það hins vegar gerst, eins og ég hygg að flestir þingmenn viti, að Alþingi sjálft hefur gengið fram fyrir skjöldu í þessu máli og gert formann nefndarinnar ómerkan orða sinna með því að senda aðila í þessum hópi á þing Sameinuðu þjóðanna sem ekki er þingmaður og er reyndar varaþingmaður fyrir þingmann úr öðrum stjórnmálaflokki eins og atvikin hafa orðið sem skiptir þó reyndar heldur ekki máli í þessu sambandi.

Og mér er spurn, fyrst við erum að ræða hér frv. til fjáraukalaga og þá virðingu sem menn eiga að bera fyrir fjárlögum, hvað um alla hina sem eiga undir fjárveitingar til Alþingis að sækja og hefur verið úthlutað peningum af fjárlögum þegar Alþingi sjálft gengur fram fyrir skjöldu og hefur að engu þær skýringar og þær túlkanir sem fjvn. Alþingis og formaður hennar hafa gefið um einstaka fjárlagaliði? Hvaða fordæmi er hér verið að skapa? Hvað hyggst formaður fjvn. og hv. fjvn. gera í þessu efni? Ætlar nefndin að una þessu og sitja undir þessari lítilsvirðingu, sem ég vil kalla svo, sem henni hefur verið sýnd í þessu máli? Ætlar nefndin að gera það? Ætlar nefndin þá kannski að breyta þessu í sinni meðferð fyrir fjárlög næsta árs? Ætlar nefndin kannski að taka upp í frv. til fjáraukalaga núna sérstaka heimild til að kosta þessa breytingu þannig að viðkomandi liður verði ekki notaður til að greiða þetta, heldur einhver nýr liður? Eða ætlar nefndin að láta það á sig sannast að orð hennar og formanns hennar séu að engu höfð og það af Alþingi sjálfu? Þessu held ég að væri nær fyrir hv. formann fjvn. að huga að í stað þess að snúa út úr ummælum og rangtúlka ummæli fyrrv.

menntmrh. eins og hann gerði hér áðan í ræðu sinni, ummæli sem viðhöfð voru þegar Listasafn Íslands tók í notkun nýbyggingu sína. (**SighB:** Hver voru ummælin?) Ég hef ekki ummælin skriflega undir höndum, en ég veit, vegna þess að ég man þau áreiðanlega jafnvel og hv. formaður fjvn., að þau voru ekki þau sem hann taldi þau vera, enda greip fyrrv. menntmrh. fram í og leiðrétti ræðumann þannig að ef eitthvað er á huldu í því efni getur hann snúið sér til þess manns sem þar talaði, sem hér er viðstaddur, og fengið þetta nákvæmlega upp gefið.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að lengja þessa umræðu. Ég tel að því er hina formlegu hlið málsins varðar að hér sé á ferðinni mjög jákvætt mál. Og ég tek undir það með mönnum að hæstv. fjmrh. á að því leyti til þakkir skildar fyrir að beita sér fyrir þessu. Ég tel hins vegar ýmsa efnislega galla á málinu og ég tel reyndar að formlega þurfi að ganga lengra í þessum efnum, í því að takmarka vald framkvæmdarvaldshafa til þess að greiða peninga úr ríkissjóði utan fjárlaga og það sé enn þá verulega mikið svigrúm og verulega mikil þörf fyrir umbætur í allri meðferð þessara mála og öllum starfsháttum sem að þeim snúa.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að hér er á ferðinni ágætis mál, en mér finnst satt að segja eitt einkennilegt við það. Það er að hv. formaður fjvn. taldi hér að þessi ríkisstjórn ætti einhvern sérstakan heiður af því að þetta skuli líta hér dagsins ljós, og það kemur reyndar fram í máli fleiri manna sem styðja þessa hæstv. ríkisstjórn að þeir telja sér einhvern sérstakan heiður að þessu. Ég spyr: Hvað með skyldurnar? Væri ekki nær að spyrja að því? Mér finnst það frekar á lágu plani þegar menn telja sér það sérstakan heiður að virða stjórnarskrá landsins. Og manni finnst það svona frekar einkennilegt að það skuli ekki hafa verið gert í þessi 67 ár. Það finnst mér furðulegt.

En forsaga þessa máls er sú, eins og ég upplýsti hæstv. fjmrh. um um daginn, að ég gerði athugasemdir við Ríkisendurskoðun í fyrra, fyrir meira en ári síðan, um það hvers vegna þessi fjáraukalög hefðu ekki verið lögð fram eða hvar þessar heimildir væru. Ríkisendurskoðun veit ég að ráðlagði hæstv. fjmrh. að leggja þetta fram og þannig fór þetta allt saman af stað. Það er nú sannleikurinn í málinu. Og ég tel mér engan sérstakan heiður að því. Ég tel hins vegar að þingmenn séu skyldugir að virða það drengskaparheit sem þeir hafa undirritað að stjórnarskrá landsins og ég hef nokkrum sinnum minnt á hér. Hæstv. fjmrh., sem telur þetta mikinn heiður fyrir sig, hefur undirritað þetta drengskaparheit líka.

Ég verð að segja það að þær tölur sem koma hér fram í frv. til fjáraukalaga sýna að það verður halli á fjárlögum upp á 8 milljarða 152 millj. kr. Ég vil meina að þessi halli verði kannski meiri. Ég hefði óskað eftir því að hæstv. fjmrh. svaraði þessari spurningu: Hvað með neikvæða stöðu Verðjöfnunarsjóðs upp á 1½ milljarð? Ég spurði hann að því hér í umræðum um fjárlögin um daginn. Það komu ekki nein svör við því. Er hægt að bóka þetta sem eign ríkissjóðs og sem tekjur hjá fiskvinnslunni? Ég vil meina að þetta eigi að færast til gjalda í ríkisreikningi og hæstv. fjmrh. er að ég best veit að hluta til sammála því sjálfur vegna þess að hann talaði um það við umræðu um fjárlögin í fyrra að hann ætlaði að nota hagnaðinn af fjárlögunum til þess að fylla upp í þetta gat ef ég man rétt. Sá hagnaður varð hins vegar ekki að 800 millj. kr. hagnaði eða tekjuafgangi heldur 8 milljarða halla eins og kunnugt er. Það hefur raunverulega engan tilgang að vera að skammast mikið út í fortíðina. Það er nær að huga að framtíðinni og ég vona að þessi breyting sem hér er orðin í meðferð þingsins varðandi fjármálastefnu ríkisvaldsins verði til góðs. Mér hefur að mörgu leyti fundist Alþingi frekar undirokað af framkvæmdarvaldinu og það er tími til kominn að það verði tekið svolítið í taumana í þeim málum og að þjóðþingið verði sjálfstæðara í vinnubrögðum og þetta getur orðið liður í því.

Ég verð að segja að frv. hefði mátt líta fyrr dagsins ljós því að nú á það eftir að fara fyrir nefnd og koma síðan aftur þaðan, og hvað verður þá mikið eftir af árinu þegar það er komið? Verður þá ekki bara búið að eyða þessu öllu þegar búið er að samþykkja þetta? Þá er þetta að vísu aðeins í áttina, en þetta hefði mátt leggja fram strax í upphafi þings eins og búið var að fara fram á.

Það vantar enn fremur fjáraukalögin fyrir 1988. Vill hæstv. fjmrh. vera svo vænn að svara því hvenær stendur til að leggja þau fram? (**Fjmrh.:** Alveg á næstunni.) Alveg á næstunni, segir hann. Þá fáum við að sjá hvernig síðasta ár kom út. En ég verð að segja það og ítreka það að Alþingi sem löggjafarsamkoma þjóðarinnar þarf að taka framkvæmdarvaldið fastari tökum í framtíðinni, bæði hvað snertir fjármál og ýmislegt fleira. Ég ætla að láta þau orð verða mín síðustu orð í þessari umræðu.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Þær hafa verið mjög fróðlegar og stundum allmerkilegar í sjálfu sér. Ég get sagt eins og aðrir að ég fagna því að þessi háttur er orðinn að veruleika, að frv. til fjáraukalaga liggur hér frammi fyrir fjárlagaárið sem stendur yfir. Ég fagna því ekki síst vegna þess að ég hef bæði við fjárlagaumræður 1988 og 1989 lagt áherslu á að þetta kæmist í framkvæmd og hafði rótfasta skoðun um það að hér væri um mál að ræða sem yrði að fara að ná tökum á. Og þegar við skoðum málið í samhengi er það alveg ljóst að við höfum núna miklu, miklu meiri möguleika á að koma mjög ákveðinni skipan á meðferð fjármála ríkisins. Ég minni þar á að við höfum Ríkisendurskoðun sem starfar undir Alþingi og gildi hennar er örugglega þegar komið í ljós. Bara tilkoma Ríkisendurskoðunar á Alþingi, og þær skýrslur sem hún vinnur, veitir nú þegar jákvætt aðhald, að mínu mati, í ríkisgeiranum og það ekki síst í hinum ýmsu ríkis-

stofnunum, þannig að það er farið að taka tillit til þess. Það eru að sjálfsögðu alltaf hnökrar á meðferð þessara mála sem hafa komið í ljós, en aðalatriðið er að við höfum þarna möguleika til að fylgja fram þessum málum og með því að hæstv. fjmrh. hefur tekið þetta frumkvæði sem er í alla staði jákvætt, og væri hægt að halda langar ræður um það, að gefa út fjáraukalög fyrir gildandi ár, þá erum við að komast á rétta braut.

Ég vil aðeins nefna það hér að það hefur komið í ljós núna síðustu dagana, þegar fjvn. er að fjalla um ríkisreikninginn fyrir árið 1988, með tilliti til hans og þau fjáraukalög sem væntanleg eru fyrir sl. ár, og þegar við skoðum þær fjárhæðir og meðferð mála á sl. ári, þá sjáum við auðvitað strax hversu jákvætt það hefði verið að hafa slíkar upplýsingar í höndunum við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Ég er alveg sannfærður um það að þá hefði verið hægt í mörgum tilfellum að gera fjárlagafrv. fyrir 1989 raunhæfara en það varð miðað við þær upplýsingar sem koma fram um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1988. Það er auðvitað staðreynd að það að hafa þessi fjáraukalög eða frv. hér til meðferðar hefur auðvitað bein áhrif á afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990, svo einfalt er málið.

Ég vil taka það fram að það er mín skoðun að við eigum að afgreiða þetta frv. áður en við afgreiðum fjárlög fyrir árið 1990. Það er að mínu mati rökrétt og eðlileg afgreiðsla málsins. Það eru margir þættir í þessu frv. sem gefa beina vísbendingu um meðferð vissra mála á annan hátt en gert hefur verið áður, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990.

Það er e.t.v. ástæðulaust fyrir mig að fara meira ofan í þetta frv. hér, þar sem það kemur til beinnar afgreiðslu inn í fjvn. og við munum að sjálfsögðu þar óska eftir ýmsum upplýsingum sem ég tel nauðsynlegt að gera og tek undir það sem hér hefur áður komið fram, sérstaklega frá formanni fjvn. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Við þurfum að fá yfirlit um framkvæmdir fjárlaga skv. 6. gr. núgildandi fjárlaga. Það tel ég mjög eðlilegt og eins sundurliðun á ýmsum þáttum, bæði að því er varðar skattkerfisbreytingar og greiðsluhalla stofnana og geymdar fjárveitingar frá fyrra ári og eins um lækkun gjalda vegna fjárlaga í ár. Þar er um viðkvæmt mál að ræða sem mætti halda langt mál um. Út af fsp. hv. 17. þm. Reykv., í sambandi við húsnæðismálin, vil ég taka fram að ég ætla ekki að ræða þau hér. Það er ýmislegt sem mætti ræða út frá þeim þætti. Við vitum það að Húsnæðisstofnun hefur á næsta ári 13,2 milljarða frá lífeyrissjóðunum skv. öllum upplýsingum og sem yrði kannski meira, þannig að þar er um gífurlega mikið fjármagn að ræða. Hins vegar liggur það líka fyrir að Húsnæðisstofnunin hefur ekki afgreitt lán á yfirstandandi ári eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Og það liggja líka fyrir upplýsingar um það að Húsnæðisstofnun hefur geymt inni á reikningi í Seðlabankanum, allt heila árið, alveg frá áramótum 1988–1989, upphæðir sem hafa leikið á bilinu frá 1 milljarði og upp í 2 milljarða og þannig haldið að sér höndum um eðlilega lánafyrirgreiðslu til fólks sem bíður og bíður eftir lánum og þar með hefði lánstíminn verið styttur svo um munar.

Það er ástæðulaust að vera að tala um þetta hér, en ég get ekki stillt mig um að nefna það í leiðinni af því ég nefndi þennan málaflokk að það er dálítið undrunarefni hjá mér og fleirum að milliþinganefnd þingmanna úr öllum flokkum átti að skila greinargerð inn í Alþingi í byrjun þings í haust um áhrif nýrra þátta í húsnæðismálum, þ.e. húsbréfanna, hvaða áhrif þau hefðu á fjármálakerfið og þenslu o.s.frv. í þjóðfélaginu og hvort þingmenn væru sammála um það að láta lögin taka gildi 15. nóv. nk., eða gera einhverjar aðrar ráðstafanir. Ekki eitt einasta orð hefur komið fram frá þessari sameiginlegu þingnefnd þingflokkanna og þegar maður spyr viðkomandi menn um niðurstöðuna þá veit enginn neitt. Þó þetta sé utan fjárlaga getur það þó haft áhrif á fjárlög. Þetta er eitt dæmi um það hvernig þingmenn hunsa gjörsamlega ákvæði sem búið er að taka ákvörðun um við samþykkt ákveðinna laga. Ég ætla nú bara að segja það hér í leiðinni af því að hér hafa verið haldnar mjög merkar ræður um þensluauka í meðferð ríkisfjármála o.s.frv., að það er eitt sem menn hafa ekki nefnt sem ég tel ástæðu til að nefna, að fjárlög eftir fjárlög hefur fyrsta atriði í 6. gr. fjárlaga verið á þá leið að þar hefur alltaf staðið að ríkisstjórninni sé heimilt að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin, ef lög verða staðfest frá Alþingi sem hafi í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir ríkissjóð. Ætli það hafi nokkurn tímann verið skilgreint, það væri kannski ástæða til að fara að skoða það nánar, einmitt þegar við erum að komast á þetta framfarastig að vita allt um fjárlagaárið, það væri ástæða til að fara að skoða það, það væri fróðlegt, hversu samþykktir sem eru gerðar hér á Alþingi, lagasamþykktir og ýmis kostnaðarauki fyrir ríkið, er fyrirferðarmikið í fjárlögum yfirstandandi árs, það sem kemur eftir að fjárlög eru samþykkt. Ég held að þetta hafi aldrei verið tekið til meðferðar. Mér datt það í hug undir ræðu formanns fjvn. áðan að það væri kannski ástæða til að taka ýmis svona atriði inn í þegar við förum að skoða þensluvalda í fjárlagagerðinni. Og ég verð að segja það líka að við verðum að skoða þá í leiðinni hvað af þessum framkvæmdum við getum verið sammála um og hvað ekki, af því hann minntist á útgjalda- eða þensluþáttinn í heilbrigðiskerfinu sem ekki skilaði neinu jákvæðu. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að ég get ekki tekið undir þetta að öllu leyti, vegna þess að framfarir á sviði heilbrigðismála hafa verið mjög örar hér hjá okkur á Íslandi og ég held að það séu allir sammála um að það er ekki of gott fyrir íslenska þjóð að eiga mjög mikið öryggi og það besta sem völ er á á þessu sviði. Ég nefni þar nýjar heilsugæslustöðvar, ný sjúkrahús o.s.frv., sem öll kosta náttúrlega mikið fjármagn en enn þá meira í rekstrinum sem hlýtur þá að koma sjálfkrafa inn í ríkiskerfið. Þetta eru allt atriði sem við þurfum að sjálfsögðu að skoða niður í kjölinn.

Ég vil einnig undirstrika það, sem kom raunar fram

hjá hæstv. fjmrh., að það er þegar farið að bera árangur, við getum ekki neitað því, sú viðleitni í sambandi við hið sjálfvirka þenslukerfi í ríkiskerfinu, þó það séu nú ljót orð, að taka upp aðhald í launakerfinu t.d. með því að setja upp sérstakt launakerfi sem er tölvusett og þar með hægt að meðhöndla hvern einstakling nákvæmlega, hvort hann er raunverulega rétt settur í launakerfi ríkisins eða ekki og hvernig þessi þensla er. Ég er í engum vafa um að þetta á eftir að skila sér ef rétt er á haldið, og mér finnst að fjmrn. og hagsýslan séu á réttri leið hvað þetta varðar.

Virðulegur forseti. Ég skal standa við það að hafa ekki hér langt mál um. Ég vil aðeins nefna eitt atriði sem snerti mig í ræðu hæstv. fjmrh. Það var í sambandi við landbúnaðarmálin. Hann sagði eitthvað á þá leið að greiðslur í sambandi við jarðræktarframlög og búfjárræktarframlög væru í samræmi við heimild í lánsfjárlögum. Ég hefði gjarnan viljað að það hefði komið fram í þessum fjáraukalögum, eða þá í lánsfjárlögum sem nú eru einnig til meðferðar, að það hefði komið skýrt fram hvernig fjmrh. ætlar að nýta þessa heimild lánsfjárlaga, þ.e. að gera upp við bændur og búnaðarsambönd það sem þau eiga skv. eldri lögum, jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum, og heimild er fyrir í lánsfjárlögum fyrir árið 1989, að semja um uppgjör á. Ég held að við verðum að fá þarna hrein skil svo við þurfum ekki síðar að vera að draga þetta á eftir okkur, náttúrlega öllum til tjóns. Ég hefði viljað að þarna hefði verið svolítið skýrar að orði komist og við fengjum að vita hvar málið stendur í augnablikinu.

Eins og ég segi þá ætla ég ekki að fara ofan í ýmsa liði, ég tel að sjálfsögðu að við þurfum að skoða ýmislegt hér um og ég get tekið undir það sem kom fram hjá einum hv. ræðumanni að það kemur í ljós í hinum mörgu safnliðum sem eru í fjárlagafrv., þar sem fjvn. ákvað að hafa nokkuð stórar fjárhæðir óskiptar fyrir viðkomandi ráðuneyti, að viðkomandi ráðuneyti hafa samt sem áður þurft að fá aukafjárveitingar merkt undir sömu liði án þess að vitað sé hvernig þessi óskipti liður, sem var einhvers staðar, t.d. í menntmrn. um 25–30 millj. Ég held því að það sé rétt krafa sem fjvn. mun auðvitað fylgja eftir að fá hreinar upplýsingar um þetta atriði.

Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka það, sem hér hafa margir sagt, að ég tel að þetta séu tímamót og fjmrh. á vissulega heiður skilið fyrir að hafa komið þessu í verk eins og margir hafa gert kröfu til á undanförnum árum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa ræðu mikið enda ekki þekktur fyrir það að halda langar ræður. Ég vil kannski koma strax inn á það sem hv. síðasti ræðumaður fjallaði lítillega um, það var 6. greinin, og taka undir þá skoðun sem kom fram hjá fjmrh. að hún ætti helst sem allra fyrst að heyra sögunni til og að við ættum hér að hafa það sem kallast rammafjárlög. Þessu er ég mjög sammála en tel hins vegar að þá beri að gæta að því að fjárveitingar til ráðuneyta og þeirra stofnana sem fá fjárveitingar innan slíkra fjárlaga verði þá nógu rúmar til þess að mæta áföllum. Hins vegar er það mín skoðun að verði um meiri háttar útgjöld að ræða sem ríkið þarf að standa fyrir, þá á skilyrðislaust að kalla þing saman og láta það taka ákvörðun um það mál. Og það hlýtur að mega gera það með skjótum hætti.

Ég vil nú, eins og aðrir, svona í upphafi fá að þakka sérstaklega tveimur aðilum fyrir það að hér er lagt fram frv. til fjáraukalaga, þó ég persónulega hefði viljað sjá það aðeins fyrr á ferðinni og helst á fyrstu dögum þingsins. Þá vil ég náttúrlega þakka hæstv. fjmrh. fyrir það og tel að þetta sé vissulega skref í rétta átt. Og ég leyfi mér líka að þakka hv. þm. Kristni Péturssyni, sem hefur einarðlega unnið að þessu máli og vissulega hlýtur að eiga sinn skerf í því að það er komið þó þetta langt.

Á síðasta þingi mælti hæstv. fjmrh. fyrir sínum fjárlögum eins og lög gera ráð fyrir og var nokkuð stoltur af þó hann yrði nú að lækka tekjuafganginn niður í 600 millj. En eins og hv. þm. Geir H. Haarde fór hér yfir þá rökstuddi hann það, eftir því sem nú hefur komið í ljós, með afar veikum rökum. Það vita allir hvernig fór. Það er áætlað að nú verði halli á ríkissjóði sennilega á milli 5 og 6 milljarðar. Útgjöld ríkissjóðs hafa gjörsamlega farið úr böndum. Þannig eru útgjöld umfram fjárlög núna 8,2 milljarðar má segja, og þætti saga til næsta bæjar í almennum atvinnurekstri eða innan stofnana ríkisins ef eitthvað viðlíka ætti sér stað þar. Það er auðvitað réttmæt spurning að spyrja hvers lags fjármálastjórn þetta er eiginlega. Í öllum venjulegum fyrirtækjum væri slíkur fjármálastjóri fyrir löngu fokinn. Það væri fyrir löngu búið að reka hann, enda ætti þessi umræða miklu frekar að standa um það hvort fjmrh. á að sitja áfram eða ekki. Fjmrh. sem leggur á 7 milljarða nýja skatta sl. ár, fjmrh. sem ætlar að skila ríkissjóði með 600 millj. kr. tekjuafgangi en kemur svo hér á fyrstu dögum þingsins með halla, í dag, upp á rúmlega 5 milljarða, hvað sem þeir verða þegar árið er úti. Með umframútgjöld upp á 8,2 milljarða. Það hlýtur að vera spurning: Á svona maður virkilega að vera í þeirri trúnaðarstöðu að fara með fjármál ríkisins? Ég segi alveg hiklaust nei. Svona maður á alls ekki að fara með þau. Og hvað kostar það hinn almenna skattborgara í landinu að hafa slíka fjármálastjórn? Stórfé — og er hann nú ekki of vel settur þessa dagana.

Þetta plagg sem hér liggur fyrir er afar óskýrt plagg. Það er mikið um fyrirsagnir en lítið um skýringar. Það kemur ekki fram hvað er greitt og hvað er ógreitt. Það er frumskilyrði að slíkar upplýsingar liggi fyrir. Það er líka skilyrði, eins og ég hygg að hafi komið fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að það þarf að liggja hér listi frammi yfir aukafjárveitingar. Það er athyglisvert þegar maður flettir þessu frv. að þar kemur margoft fram að útgjöld séu vegna kjarasamninga. Ég minnist viðbragða hæstv. fjmrh. eftir að þeir samningar voru afstaðnir þar sem hann

sagði að þeir rúmuðust innan ramma fjárlaga. Ég fæ ekki séð að þau orð hafi verið sönn. Það er ekki nokkur einasta leið, bara við það að lesa þetta plagg hér, að ímynda sér að fjmrh. hafi í rauninni haldið að kjarasamningarnir væru innan ramma fjárlaga.

Nú kemur hæstv. fjmrh. hingað í þingið með þó þetta ágæta frumkvæði og biður þingið að leggja blessun sína yfir það. Hann kemur með skottið á milli lappanna vegna þess að hann missti gjörsamlega stjórn á fjármálum ríkisins. Og nú kemur hann og biður þingið og þingmenn að taka ábyrgð á þessu með sér. Auðvitað ber fjmrh. fyrst og fremst, og náttúrlega ríkisstjórnin í heild, ábyrgð á þessu.

Þegar maður flettir yfir þetta eru fjölmargir punktar sem má svona hnippa í. Ég ætla nú ekki að fara í þá marga. Mig langar samt að spyrja, af því hér er nú farið víða ofan í jafnvel smæstu liði þó það sé ekki alltaf brotið upp eins og ég kom hér inn á áðan, hvar er t.d. gert ráð fyrir danska sérfræðingnum hans hæstv. hagstofuráðherra? Einhver hlýtur ferðakostnaðurinn að vera fyrir hann. Ég hefði haldið að hann þyrfti að vera þarna inni alveg eins og hér einhvers staðar í plagginu er farið fram á heimild til að greiða fyrir barneignarorlof eða eitthvað slíkt, ekki man ég nú nákvæmlega orðið á því, en ég hygg að ráðherra viti alveg hvað ég er að fara. (Gripið fram í.) Já, hvar sem það nú aftur var í frv.

Ég, eins og hv. þm. Geir Haarde, rak strax augun í það að það er reikningsskekkja undir liðnum Forsætisráðuneytið 01 sem munar eitthvað um 20 þús. kr. sem í sjálfu sér er ekki neitt og við skulum vona að það verði þá fært á tekjumegin. Ég hlýt hins vegar að vona að slíkar reikningsskekkjur séu ekki víða í frv. því að þá væri varlegt að treysta því. En þegar því er flett kemur náttúrlega ýmislegt athyglisvert í ljós. Á bls. 9 er talað um 4,8 milljarða rekstrarhalla á ríkissjóði í lok þessa árs. Það er þegar ljóst með framlagningu þessa frv. að þetta er röng tala. Það kemur fram hér í einföldu reikningsdæmi.

Það sem gerir þm. verulega erfitt fyrir er það að meginhluta þeirra fjárveitinga sem farið er fram á hér er búið að ákveða og verður í sjálfu sér ekki breytt og hitt að þm. vita ekki hvað hefur verið greitt og hvað er ógreitt. Hér kemur fram á bls. 15 undir kaflanum Magnbreytingar vegna samninga, sem mér þótti nokkuð athyglisvert, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þyngst vegur 520 millj. kr. aukin fjárhæð til útflutningsbóta en óhjákvæmilegt reynist að flytja út meira magn kindakjöts en áætlað var.“

Það sem ég rak augun í þarna var að það skyldi vera svona óhjákvæmilegt að flytja út. Ég fyrir mitt leyti er mjög inni á því að við eigum að setja kraft í okkar útflutning og sérstaklega á landbúnaðarafurðum þó að það sé því miður ekki stjórnarstefnan í dag. Að vísu kom hæstv. hagstofuráðherra inn á það í sinni ræðu um daginn að hann vildi setja kraft í útflutning á þessum vörum. En hér er þetta sett fram sem einhver afsökun, að því miður urðum við að fara að flytja út.

Aðeins neðar er komið inn á það en þar segir, með leyfi forseta,:

„Áætlað er að greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða á launum einstaklinga hjá gjaldþrota fyrirtækjum muni nema um 185 millj. kr. umfram fjárlög.“ Þarna tel ég að stjórnarstefnan komi mjög glögglega og skýrt í ljós. Gjaldþrot fara hér sívaxandi eins og allir vita og það er upplýst nú nýlega í umræðu hér á þingi að að mati forsrh. á verslun og þjónusta sennilega í hvað mestum erfiðleikum. Þar er fólk vissulega að missa vinnu og fyrirtæki að fara á hausinn, verða gjaldþrota í gríð og erg. Og það birtist hér svart á hvítu í frv.

Síðan er hérna á bls. 17 hluti af reikningnum frá Borgfl. um stofnun umhverfisráðuneytis upp á 8,3 millj. Það er kannski ekki mjög há tala, enda sagði ég það hér í þinginu sl. vetur þegar við vorum að segja skilið við þann flokk að það stæði ekki hátt verð á þeirra verðmiða.

Ég hef nú ekki setið undir þessum umræðum í allan dag. Ég veit ekki hvort einhver minntist á þátt Helenar Caldicott, en ég get ekki látið hjá líða að koma aðeins inn á það. Hér er farið fram á heimild til að styrkja hóp kvenna sem stóðu fyrir komu þessarar merku konu, Helenar Caldicott. Samkvæmt því sem hér er útlistað, þá er beðið um það sem kallað er gjarnan á mjög slæmri íslensku „blanko“ ávísun. Hér kemur engin upphæð fram, heldur aðeins farið fram á heimild til að styrkja þennan hóp kvenna. Það kemur ekki fram hér, hæstv. ráðherra. Ég leyfi mér náttúrlega að spyrja: Get ég átt von á styrk ef ég fengi t.d. Margaret Thatcher til þess að koma hér upp og ræða við okkur ögn, ég tel að Frjálslyndir hægrimenn hafi mjög gott af því. Ég minni þá þingheim á það að Helen Caldicott viðhafði þau orð um Margréti Thatcher að hún væri ekki kvenmaður þannig að það hlýtur að vera mjög forvitnilegt að fá að líta þennan furðugrip augum. (**Fjmrh.:** Þetta er nr. 999 192 bls. 4 í frv.) 500 þús. kr.? (**Fjmrh.:** 100 þús. kr.) Þá er það upplýst að þessi styrkur sem þarna er verið að óska eftir heimild til er upp á 100 þús. kr.

Ég gagnrýni líka að styrkja UNIFEM, sem er hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, um 620 þús. kr. Ég er alveg sammála því að styrkja þróunarlönd, en ég sé ekki ástæðu til að styrkja konur þar sérstaklega og þetta lét ég reyndar koma í ljós þegar þeirra ágæti fulltrúi var hér að ræða við okkur.

Það er búið að koma inn á þær 3,3 millj. sem veittar voru til Silfurstjörnunnar eða veittar voru til hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Ég hefði nú talið að hann væri orðinn brátt fullmettur úr opinberum sjóðum og vona að þetta verði lokaframlagið í þá áttina.

Hæstv. forseti. Mér fannst líka allfurðulega til orða tekið hér á bls. 19 undir kaflanum 07 Félagsmálaráðuneyti, þar sem segir, með leyfi forseta: „Vegna aðalskrifstofu er farið fram á 700 þús. kr. til greiðslu á launum starfsmanna á vinnumálaskrifstofu vegna mikils álags við afgreiðslu á launum vegna gjaldþrota.“ Nú skil ég vel að það þurfi að greiða fyrir aukna yfirvinnu, það þurfi að greiða fyrir helgidagavinnu eða eitthvað slíkt. En að þurfa að fara að greiða

fyrir aukið álag sem væntanlega er innan venjulegs vinnutíma, ég næ því ekki alveg. Ég óska nú hreinlega skýringar á því. Fáum við þm. kannski hærri laun fyrir aukið álag? Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef hvergi orðið var við þetta í almenna launageiranum. Ef þetta þýðir hins vegar aukin vinna, ef þetta þýðir eftirvinna, næturvinna eða eitthvað slíkt, þá skil ég þetta.

Það kemur á bls. 21 svona áframhald á reikningi Borgaraflokksins til ríkisstjórnarinnar þar sem farið er fram á 1,7 millj. kr. vegna nýrrar stöðuheimildar vegna Hagstofu Íslands. Ég veit nú ekki við hvern þarna er átt. Ég hygg að aðstoðarmaður hagstofuráðherra sé líka framkvæmdastjóri þess flokks og það er spurning hvort þarna sé átt við hann og hvort nú sé nýr Trausti fæddur. (**Fjmrh.:** Ef þm. hefði lesið frv., þá sæi hann að þetta er vegna útreikninga á launavísitölunni.) Ég hef lesið það hér, hæstv. fjmrh., það stendur ekkert nafn við það, hver á að annast það verkefni, hvort það er Dani eða Íslendingur, það hef ég ekki hugmynd um. (**Fjmrh.:** Það er starfsmaður Hagstofunnar.)

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég skal endurtaka það að ég fagna því nýja skrefi sem er stigið með framlagningu slíks frv. Ég óska þess hins vegar að það væri fyrr á ferðinni og hendur þm. væru ekki eins bundnar í framtíðinni eins og þær eru í þessu tilfelli í dag.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að svara einni fsp. sem til mín var beint út af sérstöku atriði hér af hv. 17. þm. Reykv. Í fyrra tók utanrrn. þá ákvörðun að tilkynna Alþingi að það mundi ekki lengur greiða kostnað við þátttöku fulltrúa þingflokkanna á þingi Sameinuðu þjóðanna. Fyrir 3. umr. fjárlaga sem fram fór 5. jan. 1989 varð því að taka afstöðu til þess hvort ætti að fella niður þátttöku fulltrúa þingflokkanna á þingi Sameinuðu þjóðanna eða hvort leggja bæri til að það yrði tekið inn á kostnað vegna Alþingis. Niðurstaðan varð sú að fjvn. flutti sérstaka tillögu þar um á þskj. 395, að tekið yrði upp sérstakt viðfangsefni á vegum Alþingis er fengi númerið 136 og héti, virðulegi forseti, Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þetta var með ráðum gert, virðulegi forseti, vegna þess að um leið og mér var falið að mæla fyrir tillögunni svohljóðandi frá fjvn., þá var mér falið að útskýra tillögugerðina fyrir Alþingi þannig að eins og segir í máli mínu þá, með leyfi forseta vitna ég beint í þá ræðu:

„Þar eð utanrrn. greiðir ekki lengur kostnað af þessari starfsemi, heldur hefur hann alfarið flust yfir til Alþingis, er ekki lengur um það að ræða að Alþingi geti greitt kostnað annarra þátttakenda en alþm. Þingflokkarnir geta því hér eftir ekki tilnefnt aðra fulltrúa af sinni hálfu til setu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en alþm. því ekki er heimilt að Alþingi greiði slíkan kostnað vegna annarra en alþm. Hafi þm. einhvers þingflokks ekki aðstæður til eða áhuga á að sækja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er því ekki um það að ræða að sá þingflokkur geti átt fulltrúa þar í það sinn og yrði það þá ákvörðun alþingisforseta og þingflokkaformanna hvort öðrum þingflokkum yrði gefinn kostur á að tilnefna í það sæti ef þátttaka félli niður."

Þetta var mér falið að flytja, eins og hv. 17. þm. Reykv. sagði hér áðan, sem skýringu fjvn. Alþingis á þessari tilteknu tillögu. Og eins og hann sagði réttilega, þá er framsaga formanns fjvn. með fjárlagatillögum nefndarinnar notuð til að styðjast við til skýringar á hvað fyrir nefndinni hafi vakað. Þannig að Alþingi, hafandi samþykkt tillögu frá nefndinni með slíkum skýringum, hefur þá um leið samþykkt skýringuna sem hv. fjvn. leggur fyrir. Liðurinn heitir Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki heimilt að greiða kostnað af lið sem heitir Þátttaka alþingismanna vegna þátttöku einhverra aðila úti í bæ sem ekki eru alþm. á þingi Sameinuðu þjóðanna. Það liggur alveg ljóst fyrir. Við höfum rætt þetta lítillega í fjvn. er okkur var ljóst hvaða ákvörðun hafði verið tekin, sem stríðir gegn bæði þeirri skýringu sem ég gaf og ótvíræðri orðun þess fjárlagaliðar sem til stendur að greiða kostnað þennan af. Það hefur ekki formlega verið afgreitt neitt um þessi mál í fjvn. en ég mun leggja til í nefndinni, og tel mig hafa jafnmikinn stuðning við þá afstöðu eins og ég hafði við þá afstöðu sem ég kynnti á vegum nefndarinnar fyrir tæpu ári síðan, að fjvn. leggi ekki fyrir Alþingi að fallast á þá greiðslu kostnaðar sem kann að hafa farið fram af þessum fjárlagalið vegna þátttöku manns, sem ekki er alþm., á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir.

Mér er kunnugt um það að sumir af þeim sem sátu þann fund þar sem þessi ákvörðun var tekin mótmæltu ákvörðuninni með vísan til þess sem fram hefði komið í minni ræðu og í samþykkt fjvn. Þau mótmæli hljóta að vera til vitnis um að þegar ákvörðunin var tekin um hverja sendi skyldi sem fulltrúa Alþingis á þing Sameinuðu þjóðanna, þá hljóti þeir sem að þeirri ákvarðanatöku stóðu að hafa vitað hvaða samþykktir voru gerðar þar um og hafi menn efast um það var hægur vandinn að fletta upp, í bæði fjárlagaliðnum sem er ótvíræður og í ummælum mínum. Þetta vil ég að komi fram, herra forseti. Alþingi getur ekki og hefur ekki heimild til þess að greiða af liðnum Þátttaka alþingismanna í starfi Sameinuðu þjóðanna, kostnað annarra en alþm.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir þau jákvæðu ummæli sem hér hafa fallið í minn garð vegna þess að ég hef lagt hér fyrir þingið frv. til fjáraukalaga. Það er alveg rétt að ýmsir menn hafa á undanförnum árum rætt um nauðsyn þess að þetta væri gert og ríkur skilningur er víða á því að það er brýnt að skapa þann nýja grundvöll í meðferð ríkisfjármála sem ég hef nokkrum sinnum vikið að hér á þessu hv. Alþingi. Engu að síður er það staðreynd að fyrr en nú hefur það ekki verið gert.

Ég er þeirrar skoðunar að skýringin á því liggi e.t.v. með afdráttarlausustum hætti í þeim ummælum sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lét falla hér, og eru að mínum dómi alveg rétt, að með því að flytja frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár er verið að skila valdi, umtalsverðu valdi sem framkvæmdarvaldið hefur smátt og smátt á sl. rúmri hálfri öld tekið til sín frá Alþingi í reynd. Og allir þeir sem þekkja þróun og breytingar á valdahlutföllum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds í þróuðum lýðræðisríkjum á þessari öld gera sér auðvitað skýra grein fyrir því að megineinkenni þeirrar þróunar hefur verið aukning á valdi framkvæmdarvaldsins á kostnað löggjafarvaldsins. Ég hefði að sjálfsögðu haft nokkurn fræðilegan áhuga á því í framsöguræðu minni að fjalla um þetta atriði en kaus að gera það ekki þótt ærið tilefni hefði verið til þess að setja þetta frv. í samhengi við þá miklu lýðræðislegu umræðu sem staðið hefur nokkra áratugi á Vesturlöndum um nauðsyn þess að breyta á ný valdahlutföllum milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds löggjafarvaldinu í hag. Kjarninn í þeirri ákvörðun minni að flytja þetta frv. er þess vegna ekki fyrst og fremst sá, þótt það sé mikilvægt, að stuðla að breyttri skipan í meðferð ríkisfjármála, heldur að fylgja fram þeirri lýðræðislegu nauðsyn að færa á ný í hendur Alþingis stóran hluta af því valdi sem því ber skv. stjórnskipan íslenska lýðveldisins.

Ég verð hins vegar að segja eins og er, og vona að það verði ekki misskilið, að það kann að verða vitnisburður um áhugaleysi Alþingis á að fá þetta vald í hendur að þorri þingsins hefur sýnt þessari umræðu takmarkaðan áhuga þótt margt hefði mátt læra af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar. Ég tek þess vegna undir þá spurningu sem formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, flutti hér og er enn ósvarað, að hve miklu leyti Alþingi hefur í reynd áhuga á að fá þetta vald í sínar hendur og nota það.

Ég gerði líka grein fyrir því að það var óhjákvæmilegt þegar þetta skref væri stigið í fyrsta sinn að frv. væri nokkur blanda af ákvörðunum sem þegar væri búið að hrinda í framkvæmd og þeim sem ætti eftir að hrinda í framkvæmd.

Ég vil svo nota hér fáeinar mínútur til að víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í ræðum þeirra sem hér hafa talað. Ég vil fyrst segja í fullri vinsemd við ágætan vin minn, hv. þm. Pálma Jónsson, að auðvitað met ég mikils huga Sjálfstfl. á því að koma þessari breyttu skipan á ríkisfjármálin. Það er hins vegar söguleg staðreynd að það kom í minn hlut á síðasta þingi að flytja hér frv. til fjáraukalaga fyrir nær öll þau ár sem Sjálfstfl. fór með fjmrn. á árunum 1983–1987. Það er auðvitað alveg rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti á og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vakti með dramatískum hætti athygli á að kannski er ástæðan fyrir því að fjármálaráðherrar fyrri áratuga hafa kosið þennan hátt, að flytja frumvörpin ýmist ekki eða mörgum árum á eftir, sú að þeir vildu sleppa við það að standa frammi fyrir þinginu og þurfa að sitja fyrir svörum og taka við gagnrýninni og ásökununum í tæka tíð og á réttum tíma.

Ég tel það vera lýðræðislega nauðsynlegt að fjármálaráðherra og ríkisstjórn setji sig í þá lýðræðislegu prófraun í þjóðþinginu á hverjum tíma og eigi ekkert að hika við að ræða sín verk á þeim tíma þegar þau koma til framkvæmda en ekki sitja í því skjóli að tönn tímans eyði þeirri gagnrýni og enginn nenni fjórum eða fimm árum síðar að taka málið upp.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur að nokkru leyti svarað þeirri fsp. frá hv. þm. Pálma Jónssyni sem snertir þær 350 millj. sem hér er lagt til að komi til viðbótar varðandi endurgreiðslur á söluskatti því ætlunin er að hafa hreint borð í þessum efnum við áramótin þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp en framlengja kerfið ekki inn í næsta ár þótt það sé auðvitað hægt að færa ýmis rök fyrir því að uppsöfnuð söluskattstilefni séu þá fyrir hendi.

Ég hefði að vísu kosið að hv. þm. Pálmi Jónsson heyrði næsta svar mitt en hann hefur vikið úr salnum og vona ég að honum verði fært það því að hann ásamt fleiri þingmönnum, séstaklega hv. þm. Inga Birni Albertssyni, kvartaði yfir því að ekki væri lögð fram skrá yfir aukafjárveitingar með þessu frv. Þetta er einhver misskilningur hjá hv. þm. vegna þess að skráin yfir aukafjárveitingar er í frv. Hún er alveg nákvæm og tæmandi á bls. 17–21 í frv. Hún er að vísu ekki sett upp í töflu eins og stundum hefur verið gert, heldur er hún flokkuð eins og venja er í fjárlagafrv. þegar verið er að gera grein fyrir einstökum liðum undir hverju ráðuneyti, en hver einstakur liður er þar rakinn og nefndur. Var hv. þm. Pálmi Jónsson að víkja að því að í ræðu, sem hv. þm. flutti hér og reyndar fleiri þingmenn, var kvartað yfir því að ekki væri skrá yfir aukafjárveitingar í frv. en hún er í frv. alveg nákvæm og tæmandi á bls. 17–21. Hún er hins vegar ekki sett upp í hinu hefðbundna töfluformi, sem oft hefur verið gert áður og það var gert af ráðnum huga til þess að færa form þessa frv. nær formi fjárlagafrv. á hverjum tíma. Hitt er svo rétt að það hefði mátt huga að því að hafa á þessu frv. sérstaka skrá yfir hvað búið væri að greiða út og hvað ætti eftir að greiða út og það er fyllilega réttmæt ábending. Ég tel að í meðferð fjárveitinga á frv. muni það koma skýrt og mjög greinilega í ljós og ég vakti athygli á okkrum slíkum atriðum hér í minni framsöguræðu.

Nokkrir hv. þm. — þó held ég að það séu að vísu aðeins tveir, hv. þm. Ingi Björn Albertsson og hv. þm. Geir Haarde — hafa vikið að fjárveitingu til rannsókna á fiskeldi sem unnar hafa verið í tengslum við fyrirtækið Silfurstjörnuna. Í þessu samhengi vil ég minna á þá umræðu sem hér hefur orðið, að framsaga formanns fjvn. á hverjum tíma sé nánast ígildi laga. Og ég bendi hv. alþm. á það að í framsöguræðu fyrir meiri hl. fjvn. 18. des. 1986 skýrði hv. þm., páv. formaður fjvn., lið sem tengdur var Orkustofnun á þá leið:

„Tekinn verði upp nýr liður, 10 millj. kr., sem tengist sérgreindu verkefni við fiskeldi, einkanlega til að rannsaka náttúruleg skilyrði vatns og upptöku sjávar fyrir fiskeldi, þar á meðal vegna slíkra rannsókna í Öxarfirði."

Þetta var í framsögu fyrir fjárlagafrv. í desember

1986. (**Gripið fram í:** Undir Orkustofnun?) Já, já, undir Orkustofnun, að sjálfsögðu. Skömmu eftir að ég kom í ráðuneytið höfðu fulltrúar bænda á þessu svæði samband við mig og greindu mér frá því að það fyrirheit sem hér væri gefið um þessar rannsóknir í Öxarfirði hefði ekki verið efnt því að Öxarfjörður væri eini staðurinn sem þarna er nefndur. Ég lét kanna það mál og komst að raun um það að þessi umkvörtun væri á rökum reist og ákvað þess vegna að standa við það fyrirheit, sem ég taldi að þarna hefði verið gefið, að þær rannsóknir, sem þar höfðu verið framkvæmdar í góðri trú, í tengslum við þetta fyrirtæki, yrðu greiddar. Það hafði ekkert með hv. þm. Stefán Valgeirsson að gera. Það hafði ekkert með aðild að þessari ríkisstjórn að gera, heldur var eingöngu um að ræða skuldbindingar sem ég taldi með réttu hafa verið gefnar, sérstaklega bændum og stjórnendum þessa fyrirtækis í Öxarfirði á sínum tíma, en ekki hafði verið staðið við án þess að ég ætli nokkuð að fara að rekja það hér og nú hverjar skýringar kunni að vera á þessu. Ég vek sérstaka athygli á þessu hér af því að hér hefur mönnum orðið tíðrætt um það að framsaga formanns fjvn. á hverjum tíma séu nánast lög.

Hv. þm. Geir H. Haarde las hér texta úr minni framsöguræðu fyrir fjárlagafrv. í fyrra. Mér er þessi texti nokkuð kær vegna þess að hann felur í sér í fáeinum setningum kjarnann í þeirri efnahagsstefnu sem fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár byggðist á. Ég ætla ekki að eyða löngu máli hér í að ræða þennan texta en er reiðubúinn að gera það síðar við gott tækifæri hér á Alþingi vegna þess að þessi texti lýsti einmitt þeim efnahagslega kjarna fjárlagafrv. að annaðhvort mundu fjárlögin í framkvæmd skila tekjuafgangi eða, ef um halla yrði að ræða, mundi það jafnframt leiða til þess að viðskiptahallinn mundi stórlega minnka og þannig mundi nást sá jákvæði efnahagslegi árangur sem fjárlagafrv. var ætlað að vera veigamikill liður í. Ég veit að hv. þm. er það vel hagfræðilega menntaður að hann skilur það að fjárlögin eru ekkert einangrað fyrirbæri. Þau ber að skilja og dæma í samhengi við aðra veigamikla þætti í stjórn efnahagsmála og hin ánægjulega niðurstaða yfirstandandi árs er einmitt sú að um leið og halli ríkisins hefur orðið meiri hefur vöruskiptahallinn horfið og nú verður jákvæður vöruskiptajöfnuður í fyrsta skipti í langan tíma. Fyrir nokkrum dögum síðan gekk Seðlabankinn frá nýju mati á þróun viðskiptahallans á þessu ári sem sýnir jafnvel mun jákvæðari niðurstöðu en bjartsýnustu spár fram til þessa höfðu falið í sér.

Um þetta gæti ég haft langt mál (**Gripið fram í:** Ég líka.) og ég vænti þess hv. þm. líka. Þetta er mikilvægt atriði vegna þess að þetta snertir grundvallarsamhengið milli fjárlaganna og efnahagsstjórnarinnar á hverjum tíma. En ég ætla ekki að gera það hér og nú en bara nota þetta tækifæri til þess að segja að það er víðs fjarri að þessi ummæli séu mér eitthvert feimnismál. Þau eru þvert á móti þau sem ég mundi helst halda til streitu úr framsöguræðu minni fyrir fjárlagafrv. í fyrra, enda vitnaði ég sérstaklega í þessi ummæli og rifjaði þau upp sjálfur á ráðstefnu viðskiptafræðinga um fjárlagafrv. fyrir nokkrum dögum síðan.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson spurði einnig að því hvort það væri ætlun mín að þetta frv. fæli í sér fyrirheit um að halda við þær ákvarðanir sem Alþingi mundi taka í þessu frv. og fara ekki fram úr því með nýjum ákvörðunum. Svarið við þessu er einfalt. Það er já. Það er ætlun mín og fyrirheit sem lýst hefur verið yfir í ríkisstjórninni og ríkisstjórnin hefur staðfest fyrir sitt leyti að það verða ekki afgreiddar aðrar fjárveitingar á þessu ári en þær sem staðfestar verða í þessu frv. Þar með er haldið áfram á þeirri braut sem hér er mörkuð, að gefa ríkisfjármálunum þá festu að ekki sé greitt út úr ríkissjóði annað en það sem heimild er fyrir.

Ég gæti einnig í nokkuð löngu máli svarað fyrirspurn hv. þm. um samskipti fjmrn. við forsvarsmenn ríkisstofnana sem farið hafa fram úr fjárlögum. Við höfum átt viðræður við ýmsa þeirra. Þær viðræður hafa leitt til aðgerða sem bætt hafa stöðuna en ég ætla ekki að verja löngum tíma í það hér og nú.

Hv. þm. Geir H. Haarde, sem nú er að vísu farinn úr salnum þó að ég kysi heldur að hann heyrði svar við fyrirspurn hans ... (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að þingmaðurinn er ekki lengur í húsinu.) Nei. Það finnst mér leitt vegna þess að hann spurði að því hvers vegna viðbótarkostnaður væri færður hér vegna hins sérstaka innheimtuátaks á sköttum. Skýringin er sú að okkur fannst ekki rétt að það viðbótarvinnuframlag, sem óhjákvæmilega þurfti að inna af hendi hjá sýslumönnum, hjá öðrum innheimtustofnunum, hjá tollstjóranum í Reykjavík og öðrum embættum, kæmi fram sem umframútgjöld hjá þessum stofnunum heldur kusum að færa þetta undir sérstakan lið á vegum fjmrn.

Hv. þm. sagði svo einnig að það ætti að ganga enn lengra en hér er gert í því að takmarka vald framkvæmdarvaldshafa til aukafjárveitinga. Þetta fannst mér hraustlega mælt af hv. alþm. vegna þess að auk þeirra fjármálaráðherra sem nú sitja á Alþingi hefur líklegast enginn alþingismaður tekið jafnríkan þátt í að veita aukafjárveitingar á undanförnum árum eins og hv. þm. Geir H. Haarde sem í fjögur ár var aðstoðarmaður fjmrh. á árunum 1983–1987.

Hvað snertir fyrirspurn hv. þm. Inga Björns Albertssonar um greiðslu í félmrn. vegna álags, þá er þar átt við álag á stofnunina sjálfa sem kemur auðvitað fram sem viðbótarvinnuframlag þeirra sem þar starfa.

Hv. þm. vék einnig að þeirri 7 milljarða skattatölu sem margir veifa oft. Í framsöguræðu minni minnti ég á það að raunbreytingin á tekjum ríkisins frá árinu 1988–1989 er eingöngu 1,7 milljarðar. Þeir sem gagnrýna viðbótarskatta verða þá að svara því hvort þeir hefðu þá látið halla ríkissjóðs verða sam-

svarandi eða hvar þeir hefðu ætlað að finna þá 5,3 milljarða í niðurskurði sem ella hefði orðið að koma til framkvæmda. Það var þess vegna farið í það verk að auka skatttekjurnar til þess að fyrirbyggja halla og vegna þess að það var ekki meirihlutavilji á þingi, ég held hvorki hjá stjórnarandstöðunni né hjá stjórnarliðum, að fara í þann umfangsmikla niðurskurð sem hefði verið óhjákvæmilegur hefði ekki komið til þeirrar tekjuöflunar.

Virðulegi forseti. Ég vil svo þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og óska fjvn. þess að henni takist vel til með meðferð þessa máls. Ég tek undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, formanni fjvn., að eðlilega mun nefndin meðhöndla frv. líkt og hún hefur gert með fjárlagafrv., breyta einstökum liðum og útfæra þá nánar. Enn fremur tel ég að í þessari umræðu hafi komið fram ýmsar mjög athyglisverðar ábendingar um framtíðarform frv. af þessu tagi, bæði þegar það er lagt fram og þegar það er endanlega afgreitt og ég vænti þess að fjvn. muni taka þær ábendingar til ítarlegrar athugunar.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Af því að ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. gleymdi að svara spurningu minni um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og af því að hann stendur í mínus upp á 1½ milljarð og ég vil meina að ríkissjóður geti ekki átt þetta sem eign og það sé búið að tekjufæra þetta hjá fiskvinnslunni, þá vil ég beina því til hans hvort hann vildi vera svo vænn að svara spurnigu minni um það — af því að ég finn þetta hvorki í þessum fjáraukalögum né á fjárlögum fyrir næsta ár — hvar þetta verði gjaldfært eða hvort hann telji það rétt bókhald að telja þetta sem eign þegar búið er að tekjufæra það hjá fiskvinnslunni og lýsa því yfir að þetta verði ekki rukkað inn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Álag á óunninn fisk til útflutnings (41. mál) 809.
Björgunarþyrla (94. mál) 847.
Drengskaparheit unnið 586.
Fjáraukalög 1989 (100. mál) 853.
Fjármál og fjárveitingar til ríkisstofnana (57. mál) 836.
Fæðingarorlof (82. mál) 812.
Gjald af erlendum lánum vegna skipasmíða (97. mál) 757.
Greiðslukortastarfsemi (91. mál) 726.
Greiðslur fyrir umönnun fatlaðra barna í heimahúsum (67. mál) 831.
Greiðslur til framfærenda fatlaðra (66. mál) 829.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (105. mál, þvingunarúrræði) 780.
Launaskattur (76. mál, gjalddagi) 767, 784.
Lánsfjárlög 1990 (69. mál) 694.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks (16. mál) 826.
Lyfjadreifing (104. mál, heildsala til heilsugæslustöðva) 770, 785.
Námslán og námsstyrkir (90. mál, skipunartími stjórnar Lánasjóðs) 731.
Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands (80. mál, færeysk og grænlensk fiskiskip) 752, 759.
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum (125. mál, meðdómsmenn) 753.
Samningaviðræður við EB (70. mál) 842.
Sementsverksmiðja ríkisins (64. mál, stofnun hlutafélags) 743.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (75. mál) 759, 784.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 785.
Tilhögun þingfunda 759.
Um þingsköp 784 (frumvörp um umhverfismál).
Umræður utan dagskrár 586 (ástandið í atvinnumálum).
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs 585.
Þátttaka Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins í byggingu varaflugvallar (37. mál) 816.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 585, 586, 853.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 841.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 759, 784, 785.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 603, 785, 807.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 753, 756, 848, 852.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 830, 831, 832, 835.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 711, 721, 723, 767, 827, 828, 836, 839, 841, 843, 847, 853, 902.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 613, 796.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 770, 776, 778, 780, 812.
Menntmrh. Svavar Gestsson 731, 739.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 642, 811.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 809, 816, 825.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 606, 682, 693, 724, 726, 744.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 762, 850.
Alexander Stefánsson 894.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 655, 823, 829, 830, 831, 834, 835, 844.
Árni Gunnarsson 645.
Árni Johnsen 665.
Birgir Ísl. Gunnarsson 732, 740.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 754, 828, 845.
Eggert Haukdal 658.
Egill Jónsson 703, 715, 723.
Eyjólfur Konráð Jónsson 730, 819, 851.
Friðjón Þórðarson 625, 746.
Friðrik Sophusson 627, 691, 743, 749, 759, 766, 768.
Geir H. Haarde 762, 884.
Guðmundur H. Garðarsson 705, 816, 824.
Guðmundur G. Þórarinsson 823, 828, 836, 839, 841.
Guðrún Agnarsdóttir 730, 815, 840, 844.
Halldór Blöndal 586, 672, 690, 717, 722, 757.
Hjörleifur Guttormsson 811, 818.
Hreggviður Jónsson 735, 771, 809, 810, 817, 838.
Ingi Björn Albertsson 669, 748, 761, 769, 784, 819, 848, 850, 852, 897.
Jóhann Einvarðsson 821.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 819.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 586.
Karl Steinar Guðnason 821.
Karvel Pálmason 694, 716.
Kristinn Pétursson 820, 893, 908.
Kristín Einarsdóttir 737, 802, 810, 821, 842, 846.
Lára V. Júlíusdóttir 812, 814.
Málmfríður Sigurðardóttir 620, 826, 827, 871.
Ólafur G. Einarsson 791.
Ólafur Þ. Þórðarson 752, 881.
Páll Pétursson 818.
Pálmi Jónsson 864.
Ragnhildur Helgadóttir 771, 777, 780, 782, 814, 822.
Salome Þorkelsdóttir 755.
Sighvatur Björgvinsson 873, 901.
Sigríður Lillý Baldursdóttir 662, 845.
Skúli Alexandersson 649, 755.
Stefán Valgeirsson 618, 808, 821, 828, 830.

SAMEINAÐ ÞING

15. fundur, mánudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 13. nóv. 1989:

„Halldór Blöndal, varaformaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ólafur G. Einarsson er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Ellert J. Eiríksson sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Ellert J. Eiríksson sveitarstjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur einnig borist svohljóðandi bréf, dags. 13. nóv. 1989:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Þá hefur þriðja bréfið borist, dags. 13. nóv. 1989:

„Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Sveinn G. Hálfdánarson innheimtustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Sveinn G. Hálfdánarson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Kosning eins manns í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í stað Kjartans Jóhannssonar sendiherra til 20. desember 1991, skv. 30. gr. laga nr. 59 1. júní 1983, um heilbrigðisþjónustu.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki var stungið upp á fleirum en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.

Umræður utan dagskrár.

Innheimta söluskatts af tryggingariðgjöldum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og þingflokksformönnum hefur þegar verið tilkynnt fara hér fram tvær umræður utan dagskrár. Báðar taka þær hálftíma og fara fram skv. fyrri lið 32. gr. þingskapalaga og skulu því ekki standa lengur en hálftíma.

Sú fyrri fer fram að ósk hv. 8. þm. Reykn. og fjallar um innheimtu söluskatts af tryggingariðgjöldum.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Það er nú að verða hálfur mánuður síðan ég bað um utandagskrárumræðu um þetta málefni. Þá var mér að sjálfsögðu ekki kunnugt um þá umræðu sem fer fram hér á eftir um frestun eða ekki frestun á gildistöku virðisaukaskattslaganna þannig að þessi umræða er alveg sjálfstæð burtséð frá þeirri umræðu sem hér fer fram á eftir.

Á miðju ári 1988 voru sett hér á Alþingi lög um virðisaukaskatt. Skýrt er tekið fram í 2. gr. þeirra laga að eftirtalin vinna, þjónusta og vara er undanþegin virðisaukaskatti og í 9. tölul. er talað um vátryggingarstarfsemi. Gildistöku þessara laga er síðan frestað til 1. jan. nk. en eins og segir í gildistökuákvæði þessara laga: „Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta skv. þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1989" sem síðan er breytt í 1. jan. 1990. „Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 31. des. 1989."

Í greinargerð með lögunum um virðisaukaskatt segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Skv. 9. tölul. 3. mgr. er vátryggingarstarfsemi undanþegin skattskyldu. Aðalástæðan fyrir því að undanþiggja vátryggingarstarfsemi er að hún er í eðli sínu alþjóðleg og er undanþegin víðast hvar erlendis. Undanþágan er því nauðsynleg af samkeppnisástæðum, enda er óframkvæmanlegt að skattleggja einstakar tryggingar sem innlendir aðilar kunna að kaupa af erlendum vátryggingarfélögum.

Enn fremur eru oft vissir tæknilegar örðugleikar á því að reikna virðisaukaskatt í þessari grein. Þá styðja félagsleg sjónarmið þessa niðurstöðu þar sem ekki þykir eðlilegt að heimta virðisaukaskatt af ýmsum

tryggingum, svo sem líftryggingum og slysatryggingum, sem atvinnurekendum er skylt að kaupa fyrir starfsmenn sína skv. kjarasamningum."

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er tryggingaárið dálítið misjafnt í hinum ýmsu flokkum trygginga og gilda þær yfirleitt eitt ár í senn. Ýmsir aðilar kaupa sér t.d. bifreiðatryggingar, við skulum segja 1. mars sl., og verða þá að borga eitt ár í einu sem þýðir það að þeir borga söluskatt eða virðisaukaskatt í raun fram á árið 1990. Ég tel að það sé mjög ljóst að ákvörðun okkar hér í Alþingi var sú að skattskylda af þessu skyldi falla niður frá n.k. áramótum.

Skv. þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér má ætla að af hinum ýmsu tryggingariðgjöldum sé þegar búið að innheimta um 100 millj. kr. eða líðlega það fram á næsta ár í söluskatti. Allt frá því í ársbyrjun núna hafa forsvarsmenn tryggingarfélaganna gert tilraun til þess að fá úr því skorið hjá ríkisskattstjóraembættinu eða fjmrn. hvernig skuli haga endurgreiðslu af þessum lið eða á hvern hátt skyldi meðhöndla það. Það hefur ekki enn komið skýrt svar við því hvort þetta er skattskylt skv. þeirra skilningi eða ekki. Ég tel að lögin eða lagasetningin sé alveg klár í þessu sambandi. Þetta á að vera skattfrjálst frá næstu áramótum. Þá er um tvennt að velja, annars vegar að allir tryggingartakar óski eftir því við tryggingarfélag sitt að tryggingartímabil þeirra verði stytt og þeir fái endurgreiðslu á þessum ofgreidda söluskatti og þá um leið þau tryggingariðgjöld sem þeir þurftu að inna af hendi vegna ársins 1990. Það er náttúrlega mikið mál og flókið og krefst mikillar vinnu hjá tryggingarfélögum og næsta víst að ekki munu allir tryggingartakar vera meðvitaðir um þennan rétt sinn, að óska eftir styttingu á tryggingartímabilinu, sem þýðir einfaldlega það að þeir sem hafa tíma og vitneskju um þetta munu fá endurgreitt, en þeir sem ekki átta sig á þessu eru kannski skilvísastir í raun, þeir munu ekki ná þessari endurgreiðslu til baka.

Hin aðferðin, sem er miklu eðlilegri er náttúrlega sú að fjmrn. og ríkisskattstjóraembættið geri sér grein fyrir því hver staða þessara mála er og gefi fyrirmæli til tryggingarfélaganna um að endurgreiða þann söluskatt sem oftekinn er af þessum tryggingum. Þetta er mjög einfalt mál að gera gegnum það tölvukerfi sem er hjá tryggingarfélögunum. Það kemur mér á óvart að skv. blaðaviðtölum við ýmsa aðila, m.a. í fjmrn., virðist sem þeim sé þetta vandamál ekki ljóst og í öðru lagi að þeir telji sig ekki hafa fengið neina ósk um athugun á þessu máli. Það má að vísu til sanns vegar færa að tryggingarfélögin hefðu kannski ekki átt að innheimta þennan skatt þegar þau tóku tryggginguna af neytendunum þar sem raunverulega var engin lagasetning sem mælti fyrir um það. Ég tel hins vegar að tryggingarfélögin hafi gert rétt í því að leita strax ásjár hjá ríkisskattstjóraembættinu og fjmrn., bæði munnlega og skriflega, en hafi ekki enn fengið skýr svör um hvernig skuli meðhöndla þetta mál. Ég óska því eftir að hæstv. fjmrh. geri Alþingi grein fyrir því á hvern hátt hann lítur á þetta mál, en ég tel að jafnvel þó hægt væri að finna einhver lagatæknileg rök fyrir því að innheimta gjaldið svona fram í tímann, þá séu í raun engin siðferðileg rök til þess og í reynd engin lagarök til þess heldur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. málshefjanda, þá er það alveg skýrt í gildandi lögum um virðisaukaskatt að vátryggingarstarfsemi mun ekki bera virðisaukaskatt af þeim ástæðum sem hér voru greindar áðan og fela fyrst og fremst í sér alþjóðlegt samkeppniseðli þessarar greinar. Þess vegna hefur það verið ljóst að söluskattstímabil af vátryggingum væri aðeins til loka þessa árs. Af þeirri ástæðu einni saman hefði verið eðlilegt hjá tryggingarfélögunum að innheimta eingöngu söluskatt af tryggingum fram að næstu áramótum.

Nú er hins vegar ljóst að tryggingarfélög hafa í nokkrum mæli innheimt söluskatt af ýmsum flokkum trygginga fyrir tímabilið eftir áramót, á nokkrum mánuðum á hinu nýja ári þegar söluskattur verður af lagður og virðisaukaskattur hefur tekið við. Til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum og gera málið alveg skýrt hef ég, eftir viðræður við forsvarsmenn tryggingarfélaganna og ríkisskattstjóra, tekið þá ákvörðun að beina þeim tilmælum til vátryggingarfélaganna og því erindi til ríkisskattstjóraembættisins að þar sem söluskattur hafi nú þegar verið greiddur af vátryggingum sem gilda eftir 1. janúar, þá verði sá söluskattur endurgreiddur. Ég hef óskað eftir því að tryggingarfélögin annist þessa endurgreiðslu til viðskiptavina sinna og síðan muni fjmrn. og ríkissjóður gera upp við tryggingarfélögin sjálf. Það er því alveg ljóst að þeir einstaklingar og fyrirtæki sem nú þegar hafa greitt söluskatt fyrir tímabilið eftir 1. janúar eiga rétt á því og munu fá þann skatt endurgreiddan og tryggingarfélögin og fjmrn. munu hafa samstarf um þá endurgreiðslu. Þessi ákvörðun hefur í senn verið tilkynnt ríkisskattstjóraembættinu og forsvarsmönnum tryggingarfélaganna.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og tel að hann hafi notað þennan tæpa hálfa mánuð sem hann hefur haft til heimalestursins vel og komist að réttri niðurstöðu í málinu og það var megintilgangurinn með þessari ósk um utandagskrárumræðu hér að fá þetta fram.

Umræður utan dagskrár.

Frestun virðisaukaskatts.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Önnur utandagskrárumræða hefst nú þegar. Hún fer fram skv. fyrri lið 32. gr. þingskapalaga og stendur einnig í hálftíma að hámarki. Málshefjandi er hv. 2. þm. Norðurl. e. og óskar eftir að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um samþykkt Alþfl. um frestun virðisaukaskatts.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Sl. laugardag samþykkti flokksstjórn Alþfl. ályktun þar sem heitið er á ráðherra og þingmenn flokksins að beita sér fyrir því að gildistöku virðisaukaskatts verði frestað til 1. júlí 1990. Með þessari ályktun staðfestir flokksstjórn Alþfl. það sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur ekki innri styrk til að undirbúa og hrinda í framkvæmd svo flóknu og viðurhlutamiklu máli sem sú kerfisbreyting er að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Það eru sjö vikur til stefnu og þó er langt í land að teknar hafi verið ákvarðanir um þýðingarmikil atriði, tæknilegs og pólitísks eðlis. Málið er allt í uppnámi, ég nefni t.d.: Verða skattþrepin eitt eða tvö? Hvernig verður háttað skattlagningu matvæla? Hvernig verður staðið að skattkerfisbreytingunni með hliðsjón af hagsmunum sjávarútvegs og landbúnaðar? Verður virðisaukaskattur lagður á upphitun íbúðarhúsnæðis? Verður veittur gjaldfrestur á virðisaukaskatti við innflutning? Hversu verður háttað skattlagningu á blöð, tímarit og bækur? Hækkar gildistaka virðisaukaskatts byggingarkostnað íbúðarhúsnæðis?

Formaður Alþfl. hefur tekið undir gagnrýni flokksstjórnar Alþfl., þegar hann segir að allra hluta vegna sé æskilegt að meiri tími gefist til undirbúnings málsins og það eru stór orð. En formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur þvertekið fyrir að til greina komi að fresta gildistöku virðisaukaskatts og fullyrðir að undirbúningur hafi gengið skv. þeirri áætlun sem mótuð var fyrir mörgum mánuðum, sem er rangt.

Hæstv. forseti. Ummæli utanrrh. og fjmrh. staðfesta að alvarlegur klofningur er kominn upp í ríkisstjórninni. Ályktun flokksstjórnar Alþfl. er vantraustsyfirlýsing á meðferð fjmrh. á undirbúningi skattkerfisbreytingarinnar um næstu áramót. Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á mikilvægi hóflegs virðisaukaskatts til að treysta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum, en slík breyting krefst mikils og vandaðs undirbúnings, krefst fyrirhyggju. Hún má undir engum kringumstæðum vera skálkaskjól til þess að hækka skatta eins og 26% virðisaukaskattur gerir. Svo skattglaðri ríkisstjórn sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er er ekki treystandi til að framkvæma fyrirhugaða skattkerfisbreytingu. Eins og sakir standa er óhjákvæmilegt að fresta gildistöku virðisaukaskatts. Eftir ályktun flokksstjórnar Alþfl. er óvissan um gildistöku virðisaukaskatts orðin algjör með því óhagræði sem því fylgir fyrir atvinnulífið og fólkið í landinu.

Ég beini orðum mínum til þeirra ráðherra sem hér eru staddir, að þeir gefi skýr svör um afstöðu sína til málsins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Í dag er mánudagur, fastir liðir eins og venjulega. Hv. þm. Halldór Blöndal, utan dagskrár. Að vísu nú aðeins í hálftíma, en síðasta mánudag með tveggja tíma framsöguræðu.

Hins vegar er alveg velkomið að veita hv. þingmanni skýr og afdráttarlaus svör við þessum mörgu spurningum sem hann setti hér fram og hann veit sjálfur svörin við þeim flestum.

Núv. ríkisstjórn tók ákvörðun um það fyrr á þessu ári að virðisaukaskattur taki gildi um næstu áramót og það hefur engin ákvörðun verið tekin um að breyta til í þeim efnum. Í sumar var undirbúin verkáætlun í fjmrn. og með þeim embættisstofnunum sem þetta verk annast og þeirri verkáætlun hefur verið fylgt. Það var kjarni hennar að á haustmánuðum, frá og með seinni hluta september og fram til áramóta, yrði sú kynningarlota og framkvæmdalota sem nauðsynleg væri á síðasta spretti undirbúningstímans fyrir gildistöku virðisaukaskattsins. Í þeim efnum var byggt á þeirri ágætu reynslu þegar staðgreiðslukerfið var innleitt á Íslandi og víðtækri þekkingu starfsmanna viðkomandi embættisstofnana í þeim efnum.

Það hefur nokkuð mikið verið gert úr því að enn eigi eftir að gefa út mikinn fjölda reglugerða. Sú athugasemd byggir væntanlega á skorti á upplýsingum um hvenær hafi staðið til að gefa þessar reglugerðir út.

Virðulegi forseti. Ég vil af þessu tilefni greina frá því hér að nú þegar hafa verið gefnar út tvær reglugerðir, önnur um bókhald og tekjuskráningu og hin um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna. Á morgun verða gefnar út fimm reglugerðir í viðbót.

Í fyrsta lagi reglugerð um framtöl, gjalddaga og greiðslufyrirkomulag virðisaukaskatts.

Í öðru lagi reglugerð um uppgjör virðisaukaskatts í landbúnaði, en útgáfu hennar hefur verið flýtt um einar sjö vikur. Upphaflega stóð til að gefa hana ekki út fyrr en í lok desembermánaðar, en hún verður gefin út á morgun.

Í þriðja lagi reglugerð um frádrátt innskatts.

Í fjórða lagi reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja.

Í fimmta lagi reglugerð um sjóðsvélar sem skv. áætlun átti ekki að vera tilbúin fyrr en í upphafi desembermánaðar.

Í næstu viku verða síðan, virðulegi forseti, gefnar út þrjár reglugerðir í viðbót. Reglugerð um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskráðra fyrirtækja eða stofnunar, í öðru lagi reglugerð um frjálsa og sérstaka skráningu og í þriðja lagi reglugerð um leiðréttingu á frádrætti vegna innskatts þegar breyting verður á notkun varanlegra rekstrarfjármuna.

Þá munu tíu af þeim reglugerðum sem gefa átti út á þessum vikum verða komnar út og staðfestir enn á ný að fylgt er þeirri verkáætlun sem lögð var í upphafi og það sem meira er, verulegur hluti verksins er á undan áætlun.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ályktun flokksstjórnar Alþfl. gefur ekkert tilefni til þeirra ályktana sem hv. málshefjandi dró af henni hér áðan. Hún gefur ekki tilefni til ályktana um innri styrk núv. ríkisstjórnar, né klofning í röðum hennar, né heldur lýsir hún vantrausti á störf hæstv. fjmrh.

Ég vil af þessu tilefni taka eftirfarandi skýrt fram:

Í fyrsta lagi. Það er enginn ágreiningur um nauðsyn virðisaukaskatts, hvorki í röðum Alþfl., né í röðum stjórnarflokkanna, né eftir því sem ég best veit í röðum þingheims. Ég held að um það sé ekki ágreiningur. Síst af öllu í Alþfl., sem reyndar hafði á hendi verkstjórn þegar núgildandi lög um það mál voru sett.

Í annan stað. Ályktunin sem gerð var á flokksstjórnarfundinum gefur ekkert tilefni til þess að efna til eldhúsdags eða lýsa yfir vantrausti á störf fjmrh. Það er rétt sem hv. málshefjandi sagði, á þessari stundu hafa ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir um ýmis álitamál sem lengi hafa verið til umfjöllunar, m.a. í þingnefndum og nú í þingnefnd sem fulltrúar allra þingflokka eiga sæti í. Ég t.d. hef ekki ástæðu til að ætla annað en það verði unnt að ná sæmilega farsælum málalyktum í því máli út af fyrir sig.

Spurningin er hins vegar um mat manna á því hvort ástæða sé til að fresta gildistöku virðisaukaskattsins um sex mánuði, fyrst og fremst af eftirfarandi ástæðum:

Virðisaukaskattslög eru mjög mikil kerfisbreyting. Þau fela í sér að nú verða skattskyldir, skv. virðisaukaskattslögum, mörg þúsund nýir aðilar sem ber að standa skil á þeim skatti og hafa ekki gert það áður. Margir þessara aðila eru mjög smáar rekstrareiningar, smá fyrirtæki. Þau þurfa mjög á því að halda að njóta ráðgjafar á fyrsta ári þegar verið er að framkvæma skattkerfisbreytinguna. Þess vegna var það að þegar við fluttum frv. og lögin voru fyrst sett þá var miðað við gildistöku á miðju ári, m.a. vegna þess að allir ráðgjafar sérfróðir, endurskoðendur og fleiri sem þarna munu um véla, eru mjög í önnum vegna uppgjörstímabils um áramót, en hefðu betri aðstöðu til að sinna þessu verki um mitt ár. Að sjálfsögðu skil ég ákaflega vel að hæstv. fjmrh. sé það metnaðarmál að standa við núverandi áætlun sem fyrir liggur. Ég hef hins vegar enga ástæðu til að ætla annað en að honum hljóti líka að vera það metnaðarmál að við náum með farsælum hætti þeim árangri sem við stefnum að, m.a. að tryggja verðlækkunaráhrif virðisaukaskatts, sem eiga að verða í ýmsum greinum, og jafnframt að tryggja framkvæmdina með þeim hætti að skattskil verði vandræðalaus. Ef nánari skoðun þess máls leiddi sameiginlega til þeirrar niðurstöðu að þetta væri unnt að gera og þar með framkvæmdin betur tryggð, þá held ég að það væri út af fyrir sig fagnaðarefni. Ef hins vegar er unnt að sýna fram á það að stjórnarflokkarnir, fjmrn. og okkar skattframkvæmdakerfi, slíkt sem það er, geti svo sannanlegt sé tryggt þá fræðslu- og upplýsingastarfsemi sem við erum hér að tala um, nú þá er það auðvitað til bóta.

Ég lýk máli mínu, virðulegur forseti, með því að segja: Þetta mál verður að sjálfsögðu ekki útkljáð í tveggja mínútna umræðum utan dagskrár á Alþingi. Þetta er verkefni sem verður tekið upp til viðræðu og umfjöllunar á milli stjórnarflokkanna og fulltrúa þingflokkanna.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að fagna því að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur vakið máls á því máli sem hér er til umræðu utan dagskrár. Það er athyglivert hvernig hæstv. fjmrh. lýsir yfir vandræðum sínum og kvartar undan því að hv. sjálfstæðisþingmenn skuli taka upp hvert málið á fætur öðru til þess að benda á samstöðuleysi ríkisstjórnarinnar. Og það var enn athyglisverðara fyrir þá sem horfðu á sjónvarp í gærkvöldi að horfa á hæstv. utanrrh. koma hér upp í ræðustól eins og barinn hund og nánast segja það hér að hann þurfi ekki að fara eftir því sem flokkurinn hans samþykkti eftir þær skýringar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið hér á málinu.

Aðalatriði málsins er þetta: Alþfl. fékk bréf frá hæstv. fjmrh., fsp. um það hvernig hann vildi standa að vissum álitamálum og ágreiningsmálum varðandi virðisaukaskatt. Svarið er ótvírætt. Alþfl. vill fresta gildistöku málsins um hálft ár. Almenningur hlýtur því að ályktа sem svo, virðulegur forseti, að það sé ekki hægt að koma þessum málum í kring fyrir áramót vegna ósamstöðu innan hæstv. ríkisstjórnar og þetta samstöðuleysi í hæstv. ríkisstjórn hefur þess vegna drepið þetta mál og skapað þá óvissu sem við stöndum núna frammi fyrir.

Að lokum hljótum við að vekja athygli á því að enn bólar ekki á frumvarpi til breytinga á virðisaukaskattslögunum þó til jóla lifi ekki nema örfáar vikur. Þess vegna, virðulegur forseti, held ég að það sé fullkomin ástæða til þess að fá hér skýr svör frá hæstv. ráðherrum um þetta mál og tek heils hugar undir það sem kom fram frá hv. málshefjanda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. málshefjandi spurði um álit viðstaddra ráðherra á þessari fsp. hans um það hvort menn teldu að framkvæmd virðisaukaskattsins mundi ganga eftir eins og lög kveða á um. Það er auðvitað ljóst að það er margt sem fylgir því að gera svo róttæka kerfisbreytingu á skattamálum og skattalögum og ýmis vandamál eða viðfangsefni sem þarf að leysa og er nú verið að vinna við. Svipaðar efasemdir voru uppi þegar staðgreiðslukerfi skatta var komið á. Þá höfðu menn líka uppi efasemdir um að það tækist að framkvæma það eins og til var stofnað og áskilið var. Mál þetta er auðvitað í verkahring fjmrh. og fjmrn. og starfsmanna þess sem nú vinna að þessu af fullum krafti þessa dagana eins og vera ber og við treystum því auðvitað að sú framkvæmd verði eins og lög kveða á um, eins og við höfum unnið að, þetta takist að gera á tilsettum tíma.

Þess vegna er það, ég vil láta það koma alveg ljóst fram, mín skoðun og okkar framsóknarmanna að það

beri að vinna að þessu áfram af fullum krafti og að okkur takist að taka upp virðisaukaskattskerfið um áramót og koma því á. Um efasemdir hv. málshefjanda um það að um það náist samstarf í ríkisstjórninni vil ég segja að auðvitað mun okkur takast að ná þessu fram og við komum okkur saman um það hvernig að þessum atriðum, sem enn er ekki búið að taka endanlega ákvörðun um, verður staðið. Það verður gert þessa dagana og við munum vinna að þessu áfram eins og fjmrh. og hans menn eru að vinna að nú.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur fögnum nýgerðri samþykkt flokksforustu Alþfl. um frestun á gildistöku virðisaukaskatts. Og við bindum nokkrar vonir við að ef framkvæmd virðisaukaskatts frestast um hálft ár og menn gefa sér þann tíma til að meta væntanleg áhrif hans muni þeir sjá að það er rétt sem þá er sýnilega farið að gruna, þrátt fyrir orð hæstv. utanrrh. hér áðan, að það er ekkert vit í að leggja skattinn á.

Virðisaukaskatti er ætlað að koma í stað söluskatts og leggst á sérhvert framleiðsluþrep vöru og þjónustu. Greiðendur skattsins verða því mun fleiri en söluskatts. Áætlað er að þeir verði 26.500 í stað 12.500. Þannig fer samtals meira en helmingi meiri vinna í skýrsluskrif landans og fyrstu missirin má búast við að sá tími sem sú vinna taki verði margfalt meiri vegna allra nýju greiðendanna. Þá er ótalin sú aukavinna sem skattheimtan þarf að inna af hendi. En búist er við að um 400 manns verði ráðnir til starfa í landinu sérstaklega vegna þessa skatts. Kostnaðinn greiðir svo öll þjóðin þegar upp er staðið. Áætlað er að hann verði mældur í hundruðum milljóna kr., jafnvel eitthvað á annan milljarð.

Hver er svo ávinningurinn? Fyrst var talið að með tilkomu virðisaukaskatts mundu skattskil aukast að mun vegna þess innbyggða eftirlits sem menn sáu í honum. En frá Noregi, þar sem virðisaukaskattur var tekinn upp fyrir nokkrum árum, fréttist nú að það eftirlit hafi brugðist. Þá var gert ráð fyrir að aukinn fjöldi greiðenda yrði til þess að skattprósentan yrði lægri og það mundi leiða til bættra skattskila. Það hefur líka brugðist því nú er gert ráð fyrir 26% skatti.

Um allt þjóðfélagið er fólk skelfingu lostið yfir því að það skuli eiga að demba enn einni skattkerfisbreytingunni yfir þjóðina. Orðalag hæstv. utanrrh., um vélun, á hér vel við. Þessu er dembt yfir þjóðina án nauðsynlegs undirbúnings.

Niðurstaðan er sú að við höfum öllu að tapa en ekkert að vinna með upptöku virðisaukaskatts. Verið nú menn til að viðurkenna það og frestið gildistöku virðisaukaskattsins um eilífð. Kvennalistakonur mundu greiða slíkri frestun atkvæði sín.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ástandinu á stjórnarheimilinu má sennilega líkja núna við jarðhræringar á Kröflusvæðinu sem oftast nær hafa endað með gosi. Við verðum vitni að því trekk í trekk að ráðherrar lenda í hári saman. Við höfum hlustað hér á hagstofuráðherra ásaka sjútvrh. um að vilja skipasmíðaiðnaðinn dauðann. Við höfum heyrt hótanir Alþb. um stjórnarslit ef farið verður í framkvæmdir á varaflugvelli. Við höfum heyrt hæstv. utanrrh. blása á það og nú eru þeir enn einu sinni komir í hár saman hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. og nú vegna virðisaukaskatts og frestun á honum.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. málshefjanda þessa máls að það eru mörg álitamál sem þarf að fá svar við. Það er fjöldinn allur af reglugerðum sem eiga eftir að koma út og stórpólitísk ágreiningsefni eru óleyst. Því hlýtur það að vera krafa atvinnulífsins og almennings í landinu að þeirri spurningu verði svarað, sem allra fyrst og helst hér og nú, hvort það á í raun og veru að fresta upptöku skattsins eða ekki.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Frestur er á illu bestur gæti verið yfirskriftin á ræðu þeirri sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan. Hann tíundaði þau vandræði sem yrðu hjá endurskoðendum og öðrum slíkum og þeim þúsundum eða tugum þúsunda manna sem bættust við að telja fram slíkan neysluskatt sem virðisaukaskattur er í stað söluskatts og sagði að mikil vandræði mundu af því skapast. Hann bætti ekki við, sem var aðalatriðið í hans huga að sjálfsögðu, að það eru sveitarstjórnarkosningar fram undan einmitt á þeim tíma þegar þessi vandræði öll ganga yfir þjóðina í viðbót við alla skattáþjánina sem hingað til hefur verið á lögð og er verið að leggja á hvern einasta dag.

Það er líka rétt sem hann sagði, hæstv. ráðherra, að það er samkomulag nokkurn veginn um það að leggja á virðisaukaskatt. Við verðum sjálfsagt að gera það til þess að vera með sama skattkerfi og nágrannaþjóðirnar, Evrópuþjóðirnar. En hver var prósenta virðisaukans sem ákveðin var einmitt af honum og sjálfstæðismönnum? 22%. Og síðan flutti Sjálfstfl. á sl. ári um það tillögu að skatturinn á allar matvörur yrði 10% og ekki hærri. Þetta er stefna Sjálfstfl. í þessum málum. Hvað gerðist þegar Sjálfstfl. flutti þessa tillögu inn á ríkisstjórnarfund hjá ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar? Stjórnin var rofin í sjónvarpsþætti af hæstv. utanrrh. og hæstv. núv. forsrh. Skattpíningin skyldi sko ganga áfram. Og nú á að leggja 26% að ég held á allar vörur og alla þjónustu og það vita allir að þetta býður óðaverðbólgu heim, þetta býður heim kaosi. Ég held að ríkisstjórnin ætti að átta sig á því að nóg er nú komið af byrðum á fólkið í landinu þó að þessu sé ekki dengt yfir óundirbúnu og þar sem allt er í upplausn og skelfingu.

Menn minnast þess kannski þegar myntkerfisbreyting var tekin hér upp, að ein króna var tekin í staðinn fyrir 100, í svipuðu ástandi, flokkaupplausn og óstjórn í landinu. Auðvitað var þetta allt saman verðbólguvaldandi og endaði með því að sú ríkisstjórn, sem þessi er nú að feta í fótsporin á, hrökklaðist frá eftir stutta og alla vega vansæla, held ég, og vansæmandi stjórnarstefnu með 130% verð-

bólgu. Þessi ríkisstjórn stefnir í það, en hæstv. utanrrh. er vanur maður. Við erum vanir menn, sagði hann einhvern tímann. Og hann veit hvað þetta kostar. Hann veit að Alþfl. á eftir að bíða afhroð í sveitarstjórnarkosningunum. Þess vegna gerir hann þessa kröfu og ég vona að honum verði að ósk sinni og Alþfl. Og Sjálfstfl. styður það að þessu verði frestað því að frestur er á illu bestur.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Við borgaraflokksmenn höfum ávallt haft nokkrar efasemdir um gæði virðisaukaskattsins og grátum það ekki þó að honum verði frestað um nokkra mánuði. Hins vegar samþykktum við við myndun þessarar ríkisstjórnar að taka upp virðisaukaskattinn um þessi áramót og við það stöndum við. Það sem hefur gerst núna er hlutur sem kemur okkur sem öðrum ríkisstjórnarflokkum verulega á óvart, að einn flokkurinn hefur ályktað að það eigi að fresta þessum skatti í sex mánuði. Þó svo að undirbúningur sé ekki mjög vel á veg kominn verður að viðurkenna það að auglýsingar og kynning hefur farið fram og að fresta skattinum núna mundi kalla á álíka kynningu. Þá eru einnig mörg fyrirtæki búin að undirbúa sig undir upptöku virðisaukaskattsins um áramótin og það mundi koma sér mjög illa fyrir mörg fyrirtæki ef fresturinn ætti sér stað.

Annað er það að ég og minn flokkur mundum vilja fresta skattinum ef það væri á borðinu að verið væri að taka upp tvö virðisaukaskattsstig með þessum skatti. Ef verið væri að taka upp lægri skatt á matvælum og öðrum lífsnauðsynjum og svo hærri skatt á öðrum vörum, þá værum við tilbúnir og mundum krefjast þess ef við fengjum hljómgrunn að fresta þessu og þá kannski ekki um sex mánuði heldur jafnvel um eitt ár.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Sjálfstæðismenn tala hér um kaos og glundroða. Það getur vel verið að hann sé til staðar en mér heyrist á öllu að hann sé fyrst og fremst í þeirra liði. Þar virðist ástandið vera þannig.

En ég ætla aðeins að nefna hér eitt af hinum pólitísku ágreiningsmálum, þeim málum sem eftir er að leysa, þ.e. varðandi eitt eða tvö skattþrep. Það hefur margt breyst frá því að lögin um virðisaukaskatt voru samþykkt árið 1988. Menn hafa gengið í gegnum umræðuna um matarskattinn og ég er sannfærður um að allt hið pólitíska bakland núverandi ríkisstjórnar styður það heils hugar að þarna verði gerð á breyting þegar við þurfum að taka lögin upp núna í vetur og að þrepin verði tvö. Mér finnst öll umræðan benda til þess núna.

Ég held hins vegar að ef við viljum höfum við nægan tíma til þess að vinna það fyrir áramót. Og það væri ríkisstjórninni til mikils sóma að gera það og standa þá að fullu við gefin fyrirheit um lækkun matarskatts í tengslum við upptöku virðisaukaskattsins nú um áramót. Það er held ég fátt eitt sem þessi ríkisstjórn gæti gert sem væri henni til meiri vegsauka en að geta staðið við þetta á þennan hátt. Ég er margbúinn að fara í gegnum málið og öll rök að baki þess. Eina leiðin til að við getum staðið við þetta loforð um lækkun matarverðs svo að vel sé er með upptöku á tveim þrepum í skattinum. Og ég treysti því að það verði gert.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. „Flokksstjórn Alþfl. heitir á ráðherra og þingflokk Alþfl. að vinna að því að gildistöku virðisaukaskatts verði frestað til 1. júlí 1990." Þetta eru stór orð frá flokksstjórn Alþfl. til ráðherra og þingflokks þess flokks. Þetta eru ekki einhver samtök úti í bæ sem ályktað á þennan veg. Þetta er æðsta stofnun Alþfl., eins stjórnarflokksins, æðsta stofnun fyrir utan flokksþing. Það er því alveg ljóst að þetta mál er í uppnámi.

Það taka enn margir mark á flokksstjórn Alþfl., undarlegt nokk. Ræða formanns Alþfl., hæstv. utanrrh., sem fór undan í flæmingi hér áðan og reyndi að draga úr þessari samþykkt eins og hann gat, sýnir þó að það er væntanlega helst hann hér sem ekki vill taka mark á samþykkt flokksstjórnar Alþfl. Hann vill augljóslega í þessu máli eins og reyndar mörgum fleiri lúta gagnrýnislaust forustu formanns Alþb. Þegar hann talar finnst mér eins og rödd úr eigin munni, sagði þessi hæstv. ráðherra ekki alls fyrir löngu.

Borgfl. mun ekki gráta frestun, segir einn stjórnarflokkurinn. Þeir munu ekki gráta frestun á upptöku virðisaukaskatts.

Það er alveg ljóst að uppákoma af þessu tagi nú örfáum vikum áður en þetta mál á að koma til framkvæmda setur málið allt í mikla óvissu og setur málið allt í uppnám. Ég segi fyrir mig að þó ég hafi verið eindreginn stuðningsmaður þess að virðisaukaskattur verði tekinn upp og hafi fallist á þau rök sem með honum mæla, þá tel ég það af hinu góða, ég mundi fagna því ef frestun yrði á því að þessi skattur yrði nú tekinn upp eins og til stendur um næstu áramót. Það er stefnt að því að taka upp 26% virðisaukaskatt, það er stefnt að því að taka hér upp hæsta virðisaukaskatt í heimi. Og þessari skattglöðu ríkisstjórn er ekki treystandi til að taka upp skatt af þessu tagi, henni er ekki treystandi til þess að koma í framkvæmd jafnmikilvægu og umfangsmiklu máli og hér um ræðir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. lét sig hafa það hér áðan í upphafi síns máls að svara fyrirspyrjanda, hv. Halldóri Blöndal, með skætingi. Það er óviðing við fyrirspurn hv. þm. og einnig er það náttúrlega eins og allir hv. þm. vita háttur hrokafullra valdamanna að tala eins og hæstv. fjmrh. gerði.

Það er greinilega aukaatriði hjá hæstv. ráðherra hvernig veigamikil atriði í virðisaukaskatti verða framkvæmd. Það skiptir hæstv. ráðherra engu máli hvernig virðisaukaskattur lendir á atvinnuvegunum eða fólkinu í landinu. Framkvæmd laganna er ekki aðeins tæknilegt atriði eins og hæstv. fjmrh. hélt fram

í ræðu sinni áðan. Eftir er að fjalla um veigamikil pólitísk atriði. Það eru tillögur til breytinga á lögunum, svo sem varðandi tvö þrep, skattaprósentu, frestun á innheimtu vegna innflutnings á vörum og einnig mjög veigamikið atriði sem lýtur að útflutningsatvinnuvegunum sem er endurgreiðsla á virðisaukaskatti í sambandi við fiskvinnsluna.

Hæstv. fjmrh. talar um það eitt að gefa út reglugerðir. Og hann ætlar sér að innheimta 26% virðisaukaskatt í stað 22% eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Nú ætlar ríkisstjórnin að bæta 6 milljörðum kr. ofan á þá 7 milljarða sem hún hefur þegar hækkað skattana á fólkinu í landinu. Á rúmu einu ári stefnir núv. hæstv. ríkisstjórn í það að auka skattabyrði á fólkinu í landinu og atvinnuvegunum um hvorki meira né minna en 13 milljarða kr.

Það eru ófyrirleitnir menn við völd á Íslandi, virðulegi forseti. Þeir hirða ekkert um stöðu atvinnuveganna. Þeir hirða ekkert um fólkið. Kjörorð þessara manna er: Allt fyrir völdin. Því mótmælum við hv. þm.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti er nú í nokkrum vandræðum þar sem fjöldi þingmanna er enn á mælendaskrá en hálftímanum um það bil að ljúka. Forseti hefur því ákveðið að lengja þessar umræður til kl. 3 og treystir því að allir þingmenn sem beðið hafa um orðið komist þar með að.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða um ágreining í ríkisstjórn. Nú er ágreiningurinn kominn upp á yfirborðið og hann kemur fram með þeim hætti að ef þetta hefði verið í síðustu ríkisstjórn þá hefði hæstv. utanrrh. orðað það svo að nú hefði hann sett hníf og gaffal í bakið á fjmrh., enda aðalágreiningurinn um matarskattinn. Þessi ágreiningur er þannig kominn upp að mann undrar það að þessir stjórnarflokkar skuli starfa saman.

En það hefur líka komið í ljós að núna eru tveir af þeim fjórum þingflokkum sem standa að ríkisstjórninni á því að fresta eigi þessum skatti, þ.e. helmingurinn af ríkisstjórninni vill fresta, hinn helmingurinn vill það ekki. Það er því mikilvægt að úr því verði skorið sem allra fyrst hver afstaða ríkisstjórnarinnar er. Þetta er eitt stærsta mál sem við fjöllum um og það á eftir að skera úr um fjölmörg atriði, um hæsta skattþrep í heimi á virðisaukaskatti, fjölmiðlaskattinn, matarskattinn, endurgreiðslur frá fiskiðnaði, ýmsa þætti sem varða bændur, byggingariðnaðinn og sveitarfélög. Allt er þetta óráðið og enginn veit hvernig það verður. Það er því nauðsynlegt að þessi ríkisstjórn fari frá sem allra fyrst.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þegar lögin um virðisaukaskatt voru hér til afgreiðslu á Alþingi gerði ég grein fyrir atkvæði mínu þannig:

„Ég er fylgjandi því að taka upp virðisaukaskatt í stað núverandi söluskatts. Það er ljóst að virðisaukaskattskerfið verður því aðeins skilvirkt að undanþágur séu sem fæstar. Með því er hægt að hafa skattprósentuna lægri, jafnvel lægra gjald á matvörur.

Í meðferð Alþingis kemur í ljós að ótal mikilvæg atriði í frv. eru ekki frágengin. Jafnframt er búið að setja í frv. fjölmargar undanþágur á aðila sem síst skyldi og vinnur það augljóslega gegn skattinum. Ég tel að skynsamlegast sé að fresta afgreiðslu málsins til næsta þings, skipa milliþinganefnd til að kanna betur hin fjölmörgu vafa- og ágreiningsefni. Að samþykkja frv. með öllum þessum vafaatriðum ófrágengnum tel ég rangt. Ég get því ekki samþykkt þessa málsmeðferð og greiði ekki atkvæði."

Milliþinganefnd var skipuð. En þessi milliþinganefnd Alþingis hefur alls ekki unnið verkið eins og til stóð. Það sýnir umfjöllun nú síðustu vikurnar. Við framsóknarmenn höfum sett ákveðna kröfu fram til ríkisstjórnarinnar og krafan er sú að það verði tvö stig í virðisaukaskatti, lægra verð á matvælum og þannig verði unnt að fullnægja þeirri kröfu landsmanna að draga úr matarskattinum eins óvinsæll og vitlaus og hann er. Ég tel að ef þetta tekst í ríkisstjórninni þá sé nægur tími til áramóta til að ganga frá þessu máli. En það verður bara að taka ákvörðun um það hvernig á að standa að þessu. Það er það sem vantar og við treystum því að ríkisstjórnin, meðan við ekki vitum annað, standi við það að skera úr um það hvort gengið verður að þessum kröfum eða ekki. Ef það verður er engin þörf á því að fresta gildistöku skattsins. (**Gripið fram í:** En ef það verður ekki?) Ef það verður ekki, þá horfir málið öðruvísi við. Að sjálfsögðu.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það er undarlegt að heyra sjálfstæðismenn hefja þessa umræðu undir þeim formerkjum að um sundrungu sé að ræða í ríkisstjórnarflokkunum. Í rauninni er Sjálfstfl. miklu, miklu fleiri flokkar heldur en þeir flokkar sem standa að þessari ríkisstjórn. Sjálfstfl. greinir á um öll grundvallaratriði innbyrðis sem máli skipta í þessu þjóðfélagi. Sjálfstfl. eru líklega ólíkustu regnhlífarsamtök sem eiginlega unnt er að finna þó að víðs vegar væri leitað í heiminum. Takið þið bara grunnatriði þjóðfélagsins eins og fiskveiðistefnu: Hluti flokksins berst fyrir kvótakerfi, hinn hlutinn vill fá auðlindaskatt eða veiðileyfasölu. Takið þið landbúnaðarstefnuna: Hluti berst fyrir því að fá frjálsan innflutning á landbúnaðarafurðum, hinn vill vernda landbúnaðinn og alls ekki leyfa neinn innflutning. Hluti berst fyrir frjálshyggju sem hinn hlutinn hefur megnustu óbeit á. Þannig mætti lengi telja.

Það sem hér er um að ræða er ekki ágreiningur um virðisaukaskatt. Menn eru sammála um að koma honum á. Og það er ekkert óeðlilegt í svo viðamiklu máli sem hér er um að ræða þó að menn greini á um það á hvaða tíma hann eigi að taka gildi. Hvort virðisaukaskatti er frestað um fáeina mánuði er auðvitað ekki mál til þess að taka til umræðu á

Alþingi undir þeim formerkjum sem hér er gert. Svona mikið mál þarf mikinn undirbúning. Það er stuttur tími til stefnu og það þarf að vanda málið. Ég held að sjálfstæðismenn þekki það sjálfir vegna þeirra áhrifa sem þeir hafa haft á stjórn landsmála að ósjaldan hafa þeir staðið að því að koma fram löggjöf sem hefur verið illa undirbúin og borið í sér marga galla sem hefur þurft að laga eftir á. Það er auðvitað það sem málið snýst um, að gefa sér tíma til að standa að vandaðri löggjöf, en ekki efniságreiningur. Þess vegna er þetta upphlaup hér engan veginn tímabært og algjörlega óþarft og snýst um smáatriði sem ekki skipta máli.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt að hlusta á hv. sjálfstæðismenn ræða þessi mál. Þeir tala alltaf um að þessi og þessi skattur sé of hár, en þeir koma ekki með neinar tillögur um það hvað eigi þá að skera niður eða hvernig eigi að ná tekjum upp í ríkissjóð. Sem sagt, allt þeirra tal um þetta er marklaust. Hins vegar kemur mér dálítið óvart það sem sumir hér hafa talað um að það sé ekki búið að taka ákvörðun um tvö skattþrep. Ég veit ekki betur en að það hafi verið ákveðið að þau yrðu tvö og þess vegna var þetta skattþrep hækkað frá því sem áður var talað um upp í 26% til þess að hægt væri að lækka þrepið á brýnustu nauðþurftum almennings. Mér kemur þetta sem sagt á óvart og vil raunar fá á því skýringu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur farið fram mikil umræða um það hér á landi að við þurfum að aðlaga marga hluti hjá okkur þeirri staðreynd að innri markaður Evrópu er að verða að veruleika. Og eitt af því sem þar hefur verið horft á er það hvort skattakerfi á Íslandi væri í það miklum tengslum við skattakerfi Evrópu að einhver samsvörun ætti sér stað.

Nú liggur það nokkuð ljóst fyrir að samkeppnisiðnaður allur í þessu landi hefur af því verulegan hag að virðisaukaskattur sé upp tekinn. Mér kemur þess vegna verulega á óvart þegar Sjálfstfl. talar nú á þann veg, eða hinir ýmsu fulltrúar hans, að þeir telji virðisaukaskattinn ekki eiga að koma til greina. Satt best að segja verð ég að segja eins og er að ég vorkenni Morgunblaðinu þó nokkuð mikið að þurfa að túlka stefnu slíks flokks sem segir eitt í dag og annað á morgun. Það liggur nefnilega fyrir í þingskjölum Alþingis að þessi flokkur studdi virðisaukaskattinn, studdi það að hann yrði lagður á. Nú þarf flokkurinn ekki aðeins á því að halda að málgagn flokksins, Morgunblaðið, geri grein fyrir því hvers vegna þeir studdu skattinn, heldur einnig að koma með skýringu á því hvers vegna þeir hafi yfirgefið þá skoðun. Og það verður að vera einhver merkilegri skýring en sú að þeir séu í stjórnarandstöðu í dag, sú skýring dugar ekki.

Ég hygg því að atvinnurekendur í landinu hljóti að spyrja Sjálfstfl. að því hver sé stefna þeirra í skattamálum. Vilja þeir hafa allt annað skattakerfi á Íslandi en er í Evrópu? Er það þannig sem þeir vilja að Íslendingar búi sig undir sameiginlegan markað? Við þessu verða að fást svör. Það þýðir ekkert að koma hér fram sem hið sterka afl íslenskra stjórnmála með allt niður um sig í þeim efnum hvernig skattakerfi þeir vilji hafa. Flokkur af þessari stærð hlýtur að verða að bera þá ábyrgð hvort sem hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu að hann hafi stefnu í skattamálum. Allt annað er út í hött og menn skyldu ekki gera ráð fyrir því að íslensk alþýða sé svo óábyrg að hún telji að það sé farsælt fyrir nokkra þjóð að hafa flokk við völd sem ekki treystir sér til að segja frá því hvernig stefnu hann vill hafa í skattamálum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar virðisaukaskatturinn tekur gildi verður það stórfelld hagsmunabót fyrir íslenskan útflutning og samkeppnisiðnað. Vilja menn fresta því að útflutningsgreinar og samkeppnisiðnaður fái slíka hagsmunabót? Þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp verður stigið veigamikið skref í því að laga Ísland að þróun Evrópumarkaðarins. Vilja menn fresta þeirri aðlögun? Mér skilst ekki. Sjálfstæðismennirnir kalla hér í salnum: Prósentan, prósentan, prósentan. Og þeir segja hér í ræðustólnum: Við viljum miklu lægri prósentu. Já, við skulum tala um það, ef Sjálfstfl. hefur þá manndóm til að leggja fram tillögur um það hvar Sjálfstfl. vill skera niður í ríkisútgjöldunum sem nemur 5–6 milljörðum kr. Það hefur Sjálfstfl. auðvitað ekki manndóm til að gera. En hann mun hafa tvö tækifæri fram að jólum til þess að leggja fram þær tillögur hér á Alþingi ef það á að taka mark á honum, bæði þegar frv. til fjáraukalaga verður afgreitt og þegar fjárlagafrv. verður afgreitt.

Það er rangt, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að skatttekjur ríkisins verði auknar um 6 milljarða á næsta ári. Og það er vont til þess að vita að jafnvandaður maður skuli fara með annað eins rugl vegna þess að skatttekjur ríkisins munu minnka á næsta ári um 1300 millj. kr. Það er staðreyndin sem hefur verið kynnt hér hvað eftir annað á hv. Alþingi. (Gripið fram í.) Staðreyndin er auðvitað sú að Sjálfstfl. er fullkomlega tækifærissinnaður í þessum málum. Hann er ekki að hugsa um hagsmuni útflutningsgreinanna á Íslandi, hann er ekki að hugsa um það að laga hagkerfið okkar að því sem er að gerast í helstu viðskiptalöndum okkar, hann er bara að hugsa um upphlaupspólitík og hreina tækifærismennsku á meðan við hinir vinnum að því að styrkja grundvöll íslenskra útflutningsgreina og atvinnulífsins í landinu.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil fá að leiðrétta. Í fyrsta lagi: Sjálfstfl. hefur ekki lagst gegn því að virðisaukaskattur kæmi til framkvæmda hérlendis. En hann leggur áherslu á að það sé gert með þeim hætti að framkvæmdin sé traust og örugg. Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég gera athugasemd við það sem

hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við prósentuna. Að hækka virðisaukaskatt úr 22% upp í 26% þýðir aukningu upp á 6 milljarða, enda kom það fram í ræðu hæstv. fjmrh., þannig að það var rétt sem ég sagði í ræðu minni hér áðan að þessi prósenta þýðir 6 milljarða hækkun, skattaíþyngingu ekki aðeins á atvinnuvegina heldur á fólkið í landinu. Það er meginatriði að sú umfjöllun fari fram hér á hinu háa Alþingi áður en það verður ákveðið endanlega hver skattprósentan á að vera.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Hér kom fram áðan ákveðin fyrirspurn til hæstv. fjmrh. af hálfu eins aðalstuðningsmanns og tryggasta þessarar ríkisstjórnar, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Mér finnst það ekki við hæfi að ráðherrann svari ekki þeirri fyrirspurn og mér finnst eðlilegt að gefa honum — og ég veit að allur þingheimur mun fallast á það að hann fái aukatíma til að svara þessum stuðningsmanni sínum og þarf ég varla að rekja hver fyrirspurn hans var. Hún var um það hvort það hefði ekki verið ákveðið að hækka skattprósentu virðisauka í 26% þar sem ættu að vera tvö skattstig og annað ætti þá að vera lægra, fá þá að vita hvert það lægra skattstig er sem fyrirhugað er eða hvort þetta sé einhver misskilningur af hálfu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, sem ég trúi nú ekki að sé.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Ég þakka fyrir. Mér vannst ekki tími til að svara því hér áðan. Það er auðvitað alveg ljóst og hefur komið fram opinberlega að innan hv. ríkisstjórnar, á milli þingflokka ríkisstjórnarinnar hefur verið gert samkomulag um það að þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp þá verður reiknaður 13% virðisaukaskattur á framleiðslustiginu, á kjöt, mjólk, innlent grænmeti og fisk, þannig að það verður annars vegar 26% almennt stig og síðan reiknað 13% stig á framleiðslustiginu á þessar vörur.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar hæstv. fjmrh. kemur upp og tekur þátt í umræðum af þessu tagi og fer rangt með, svarar með öðrum hætti en hann gerði í sjónvarpi nú fyrir tveim dögum sem sýnir með öðrum hætti í hversu mikilli sjálfheldu hin pólitíska umræða er hér á Alþingi, þegar ráðherrar fást ekki til að svara efnislega þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar.

Í sjónvarpi var hann spurður að því hvernig þetta mál stæði. Þá sagðist hann hafa lagt fram skýrslu til allra þingflokka fyrir rúmlega hálfum mánuði og óskað eftir því að þeir svöruðu þeim pólitísku atriðum sem þar kæmu fram en Alþfl. hefði ekki svarað þessum spurningum. Síðan sagði hann, með leyfi hæstv. forseta: „Það stendur ekkert á tæknilega undirbúningnum, en það stendur á pólitískum svörum og hinir stjórnarflokkarnir eru tilbúnir að leggja þau fram."

Þetta sýnir okkur auðvitað að það er rangt að sú verkáætlun sem lögð var fram í vor standist.

Ég fullyrði líka, og ég veit að hæstv. fjmrh. staðfestir að ég fer með rétt mál, þegar ég upplýsi hér að sú fundaáætlun sem gerð hafði verið í milliþinganefndinni hefur ekki staðist og þær reglugerðir, sem hann er nú að lýsa að eigi að leggja fram á morgun og í næstu viku, hafa ekki verið lagðar fyrir á fundi í milliþinganefndinni, þannig að sú verkáætlun hefur ekki staðist að láta þessa nefnd fylgjast með þeim verkum sem unnin hafa verið. (Forseti hringir.) Hef ég lokið mínum þrem mínútum? Mér finnst það nú vera fullskammur tími, en ég vil þá aðeins segja að síðustu, hæstv. forseti, og ekki misnota það, að hér kemur fram annars vegar að þingmenn Framsfl. lýsa því yfir og Alexander Stefánsson hv. þm. mjög skýrlega að frá hans sjónarmiði sé það forsenda fyrir virðisaukaskatti að skattþrepin verði tvö. Hæstv. fjmrh. lýsir hinu gagnstæða yfir. Hæstv. utanrrh. er hér að reyna að skýra ályktun Alþfl. og á hér í miklum erfiðleikum fyrir samstarfsmönnum sínum, ráðherrum úr öðrum flokkum og m.a. var vikið heldur óþyrmilega að formanni þingflokks Alþfl. í fyrstu ummælum hæstv. fjmrh. þegar hann gerði lítið úr ummælum hans á Stöð 2 sl. laugardag. Það er athyglisvert að enginn þingmaður Alþfl. stóð upp til þess að skýra með formanni sínum hvað hefði vakað fyrir flokksstjórn Alþfl. þegar hún hvatti þingmenn og ráðherra til að fylgja því eftir að virðisaukaskatti yrði frestað um hálft ár. Ekki einu sinni hæstv. viðskrh. sá ástæðu til að taka til máls sem sýnir með öðru hversu lítils virði þessi ályktun er í þeirri umræðu sem eftir verður fram að áramótum. Alþfl. hefur sætt sig við það, þingflokkur og ráðherrar, að virðisaukaskatturinn taki gildi um áramót. Það er hæstv. fjmrh. sem hefur völdin í þessu efni og við vitum það þingmenn að Alþfl. mun dansa með.

Fjáraukalög 1989, frh. 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Jöklarannsóknastöð, fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 44. mál. — Þskj. 44.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 44 till. til þál. um jöklarannsóknastöð á Íslandi. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um í samráði við Háskóla Íslands, Jöklarannsóknafélagið og Orkustofnun að gerðar verði tillögur að stofnun rannsóknastöðvar í jöklavísindum á Íslandi."

Till. fylgir grg. og sérstaklega nákvæmt fskj. frá tveimur jarðvísindamönnum, þeim Freysteini Sigurðssyni og Guðmundi Ómari Friðleifssyni. Grg. og fskj. skýra nákvæmlega hvað hér er átt við. En til viðbótar vil ég þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Ísland hefur gjarnan verið kennt við eld og ísa og er sú samlíking sannarlega ekki ný af nálinni. Þessir tveir örlagaþættir hafa meiri áhrif á útlit landsins heldur en nokkrir aðrir og hafa verið meira ráðandi um líf og afkomu íslensku þjóðarinnar en nokkrir aðrir náttúruþættir í fari landsins, enda er sérstaða Íslands augljós í þessum efnum. Einn tíundi hluti þess er hulinn jöklum. Hér er því um að ræða það land sem hefur mestu jökla þegar frá eru tekin heimskautalöndin. Og á Íslandi er stærsti jökull í byggðu landi utan heimskautalandanna, Vatnajökull.

Það er því ekki að ófyrirsynju að áhugi Íslendinga, bæði lærðra og leikra, sé mikill á þessum aðstæðum í náttúrufari landsins, enda eiga jöklavísindi langa sögu að því er varðar sambýli fólksins við landið.

Það má ekki gleyma því að í jöklarannsóknum hefur áhugi almennings á Íslandi verið sérstaklega mikill og má í þeim efnum sérstaklega minna á störf Jöklarannsóknafélagsins sem menn þekkja sem verðmætt innlegg í þá umfjöllun.

Nú hefur það verið svo að áhugi og umræða um náttúrufar, verndun náttúrunnar, hefur farið mjög vaxandi ekki einungis hér á landi heldur víða um lönd. Og það er vissulega mikil þörf á því, ekki síst hér á Íslandi, að menn kunni góð skil á náttúrusögu landsins. Vissulega hafa ýmis mál verið rædd á undanförnum mánuðum og árum í þeim efnum sem bera þess vott að menn hafa ekki tekið eins mikið tillit til hinna stórvirku náttúruafla og ástæða væri til.

Þetta er nú, virðulegi forseti, eins og ég sagði áðan, greinilega fram sett í fskj. með till. sem birtist hér í fjórum köflum og er meira að segja það víðtækt að sérstaklega er getið um hugsanlegan kostnað við þessa rannsóknastöð. Hygg ég að það sé ekki algengt í þáltill., sem gerir þó ekki ráð fyrir stærri skrefum en hér er lagt til, að mál sé skýrt jafnítarlega að þessu leyti.

Ég lýk því máli mínu með því að vísa sérstaklega til þessa fylgiskjals. Mér þykir líka vert að það komi hér fram að frá því að ég lagði fram þessa tillögu á Alþingi hef ég fengið spurnir af því að meðal náttúrufræðinga, og sérstaklega þá þeirra sem hafa áhuga á jöklarannsóknum, hefur komið fram mikill áhugi fyrir þessum tillöguflutningi. Það staðfesta bæði bréf sem mér hafa borist og önnur samtöl. Ég er þess vegna enn þá sannfærðari um það að hér er um gott mál að ræða eftir þessi viðbrögð en jafnvel áður var.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, leggja til að þessari tillögu verði vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Könnun á vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda, fyrri umr.

Þáltill. HJ og IBA, 46. mál. — Þskj. 46.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um könnun á vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda og er flm. ásamt mér hv. þm. Ingi Björn Albertsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda í landinu með það fyrir augum að þau verði samræmd á þann hátt að viðunandi verði fyrir viðskiptalífið, bankastofnanir og allan almenning í landinu.

Alþingi ályktar enn fremur að á grundvelli könnunarinnar verði lög og reglur um endurskoðun og reikningsskil hér á landi endurmetin og endurbætt þannig að tryggt verði samræmi í vinnubrögðum og lágmarksöryggi fyrir notendur íslenskra reikningsskila."

Í greinargerð kemur fram eftirfarandi:

Fram hefur komið að hættulega mikið ósamræmi virðist nú vera í vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda á Íslandi, einkum að því er reikningsskil fyrirtækja varðar. Í störfum sínum við gerð reikningsskila fyrirtækja styðjast endurskoðendur við svonefndar leiðbeinandi reglur og miða vinnubrögð sín við hugtak sem þeir nefna „góða reikningsskilavenju".

Í nýútkominni skýrslu um rannsóknar- og ákærumeðferð Hafskipsmálsins svonefnda, sem Ragnar Kjartansson, fyrrum stjórnarformaður félagsins, hefur tekið saman, birtast niðurstöður úr mjög athyglisverðri athugun sem Ragnar hefur gert á 60–70 ársreikningum íslenskra fyrirtækja frá síðustu árum. Meðal þeirra fyrirtækja eru flest stærstu og þýðingarmestu fyrirtæki landsins, svo sem SÍS, Flugleiðir, Arnarflug, Eimskip, öll olíufélögin, vátryggingafélög, allir bankar, ýmsir sparisjóðir, fjármögnunarfyrirtæki, opinberar stofnanir, sjávarútvegsfyrirtækin Grandi, Skagstrendingur og fjölmörg önnur, Landsvirkjun, hitaveitur, Álafoss, KEA og fleiri kaupfélög, svo og ýmis einkafyrirtæki. Athugun þessi er vönduð og samviskusamlega unnin og niðurstöður hennar eru merkilegar, koma á óvart og eru um margt ógnvekjandi því að fram kemur að ósamræmi við gerð þessara ársreikninga er mjög mikið. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál því að ætlast verður til að almenningur, bankastofnanir og þeir sem stunda viðskipti geti treyst ársreikningum fyrirtækja og vinnubrögðum endurskoðenda sem gengið hafa undir hæfnispróf til að

mega sinna þessum störfum og hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna samkvæmt leyfi sem fjármálaráðherra gefur út. Sérstaklega er það alvarlegt og umhugsunarefni að mikið ósamræmi sé í vinnubrögðum endurskoðenda við ársreikninga þeirra fyrirtækja sem eru með hlutabréf sín til sölu á almennum markaði. Þannig kemur fram að ekki er samræmi í gerð ársreikninga ýmissa þeirra fyrirtækja sem hvað mest hafa selt hlutabréf sín á hlutabréfamarkaðnum hér á landi. Má þar nefna fyrirtæki, svo sem Flugleiðir, Eimskip og Skagstrending og meðal bankanna Iðnaðarbanka, Verslunarbanka og Útvegsbanka. Fjallað er um öll þessi fyrirtæki í skýrslunni og þar kemur fram að reikningsskil þeirra eru ekki samræmd en á sama tíma ganga hlutabréf í þeim kaupum og sölum á mörkuðunum. Þetta er hættulegt og getur grafið undan þeim vísi sem þó er að myndast að hlutabréfamarkaði hér á landi og er bráðnauðsynlegur.

Sú athugun á reikningsskilum íslenskra fyrirtækja, sem hér er vitnað til, kallar á víðtæka athugun af hálfu stjórnvalda á þessum málum þannig að unnt verði að gera endurbætur á lögum til þess að tryggja gæði þeirrar vinnu sem unnin er af löggiltum endurskoðendum.

Vert er að hafa í huga mikilvægi þess að reikningsskil fyrirtækja séu vönduð og rétt. Á þeim grundvallast ekki aðeins skattlagning á fyrirtæki, heldur getur afkoma einstakra fyrirtækja og atvinnugreina í heild haft margháttuð áhrif á verðlag í landinu og þar með á kaupmátt almennings, t.d. þegar heilar atvinnugreinar krefjast hækkana á vörum sínum og þjónustu vegna slæmrar afkomu.

Hér á eftir verða nefnd fáein dæmi um þá ringulreið sem virðist nú ríkja í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja. Dæmin eru sótt í skýrslu Ragnars Kjartanssonar og vekja upp margar spurningar um áreiðanleika ársreikninga fyrirtækja almennt og kalla á svör um það hvort íslenskir endurskoðendur hafi lent á villigötum í túlkun sinni á hugtakinu „góðri reikningsskilavenju", en skýrsluhöfundur heldur því fram að um túlkun á því hugtaki sé nú svo komið að ekkert sé fast í hendi í þeim efnum. Ef það reynist rétt vera er ljóst að Alþingi getur ekki við svo búið látið standa.

1. Endurskoðendur virðast ekki geta komið sér saman um vinnubrögð við meðferð á gengistapi hjá fyrirtækjum. Félag löggiltra endurskoðenda gaf út um síðustu áramót leiðbeiningar um það hvernig færa skyldi gengistap sem varð vegna 4–5% gengisfellingar í ársbyrjun 1989. Oft er um miklar fjárhæðir að ræða. Sumir endurskoðendur færa gengistapið undir árið 1988, aðrir undir árið 1989 og enn aðrir sitt á hvað eftir fyrirtækjum. Alvarlegasta dæmið um þetta er að sá maður, sem er formaður fagnefndar hjá félagi endurskoðenda og hvatti félagsmenn til að gæta varúðar og færa gengistap vegna gengisfellingar í ársbyrjun 1989, fór ekki að eigin ráðum þegar hann endurskoðaði ársreikning Landsvirkjunar. Með þessu sýndi hann eiginfjárstöðu Landsvirkjunar betri sem nam heilum milljarði króna en hún var í raun. Dæmi eru um að sama endurskoðunarskrifstofa noti árslokagengi hjá nokkrum stórfyrirtækjum sem vitnað er til í könnuninni, en ekki hjá öðrum stórfyrirtækjum þannig að afkoma og staða þessara fyrirtækja verður engan veginn sambærileg. Almenningur á enga möguleika á að botna í þessum vinnubrögðum.

2. Íslensk reikningsskil eiga að taka mið af þeim verðbólguaðstæðum sem eru í landinu. Þess vegna er beitt endurmati á fjármunum sem á að vera samræmt að öllu leyti. En fyrrnefnd athugun á 60–70 fyrirtækjum leiðir í ljós að 19 mismunandi aðferðum var beitt.

3. Fjölmennustu almenningshlutafélög landsins, eins og Eimskip og Flugleiðir, virðast hafa leyft sér að breyta og umsnúa reikningsskilaaðferðum sínum með margvíslegum hætti á undanförnum árum. Hugmyndaflug við þá iðju hefur á köflum verið ótrúlegt, einkum hjá Flugleiðum, sem m.a. hafa reiknað inn í sinn ársreikning verðbólgu í öðrum löndum þegar það hefur þótt henta.

4. Ársreikningur Seðlabanka Íslands er ekki einu sinni traustvekjandi. Sjálft Seðlabankahúsið við Kalkofnsveg er ekki fært þar til eignar frekar en það væri ekki til. Það var fært til gjalda á byggingartíma eins og tíðkast um alla fjármuni bankans, að því er virðist til að sýna afkomu og stöðu hans verri en hún raunverulega er.

5. Endurskoðendur eiga að hafa samræmdar reglur við eignafærslu varanlegra rekstrarfjármuna sem ganga út á að færa upphaflegt kostnaðarverð fjármunanna, að viðbættu árlegu endurmati og að frádregnum afskriftum. Dæmi hafa fundist um að vikið hefur verið frá þessu til að sýna eignastöðu fyrirtækja betri en hún raunverulega er. Þannig er um eitt af stærstu togarafyrirtækjum landsins. Þar hefur endurskoðandi fyrirtækisins hækkað verð togaranna um 140 milljónir króna umfram það sem talið er eðlilegt. Fram kemur að deilur eru uppi innan Félags löggiltra endurskoðenda um málið og hefur því verið skotið til úrskurðar hjá fagnefnd í félaginu sem hefur samþykkt vítur á þann endurskoðanda sem hækkuninni beitti. Þannig er kominn upp opinber ágreiningur innan félagsins um vinnubrögð sem hlýtur að teljast alvarlegt mál og rýra traust manna á stétt endurskoðenda.

6. Dæmi er nefnt um að fyrirtæki leyfi sér að ganga svo langt að færa hjá sér sem eign fiskinn í sjónum til að sýna betri rekstrarafkomu og eiginfjárstöðu. Þá er um að ræða að keyptur kvóti er eignfærður og ætlaður til afskrifta á fimm árum, enda þótt lög um stjórn fiskveiða renni út á næsta ári án þess að nokkur viti hvað tekur þá við.

7. Ýmis dæmi eru nefnd um ekkert samræmi í meðferð eftirlaunaskuldbindinga hjá mismunandi fyrirtækjum, þar á meðal bönkum og ekki síst hjá ríkisbönkum. Hleypur þar oft á hundruðum milljóna.

8. Sýnt er fram á alvarlegt ósamræmi við birgðamat hjá fiskvinnslufyrirtækjum vítt og breitt um landið. Það er auðvitað athyglisvert þegar þess er gætt að afkoma fiskvinnslunnar hefur ákaflega mikil

áhrif á gengisskráningu og þar með afkomu fólks og kaupmátt í landinu.

9. Svo virðist sem endurskoðendur hafi ýmsar ólíkar aðferðir við að færa gengistap í ársreikninga fyrirtækja. Áður var nefnt að þeir hafa í ýmsum tilvikum sína hentisemi við færslu gengistaps um síðustu áramót. Dæmi er um að þeir hafi tekið upp á því að mynda svonefndan „gengisjöfnunarsjóð" hjá hitaveitu þar sem þeir töldu gengistapið ekki nægilegt. Þannig var hagnaður hitaveitunnar minnkaður um hundruð milljóna það árið — sem ætti að hafa auðveldað forsvarsmönnum umræddrar hitaveitu að knýja fram hækkanir á þjónustugjöldum sínum! En það merkilega er að sama endurskoðunarfyrirtæki sá ástæðu til að ganga með öðrum hætti frá ársreikningi fyrir hitaveitu sem var að öllu leyti sambærileg — nema hún var rekin með tapi, en þá þurfti ekki að mynda neinn „gengisjöfnunarsjóð" til að eyða hagnaði þar sem tap var á hitaveitunni. Hætt er við að ekki verði gerður mikill vitrænn samanburður á afkomu og stöðu þessara tveggja hitaveitna. Spyrja má hvaða áhrif það hafi á þjónustugjöld þessara stofnana."

Ég vil vekja athygli á því að eftir að ég samdi grg. hef ég fengið upplýsingar um að það mun vera svo að umrætt endurskoðunarfyrirtæki hefur notað sömu aðferð við þá hitaveitu sem nefnd er hér að framan og vil ég leiðrétta það hér og nú.

„Fleiri dæmi verða ekki nefnd þó að af miklu sé að taka. Framangreind upptalning hlýtur að sýna Alþingi að hér verður að taka í taumana umsvifalaust."

Niðurstaða *mín* er sú að *ósamræmið og eftir atvikum* hentistefna lýsi sér m.a. í þessum atriðum hér:

1. Í því að allt að 19 mismunandi endurmatsaðferðum eigna í efnahagsreikningi er beitt. Engin þeirra gefur sömu eigin niðurstöðu en allar eru sagðar gefa glögga mynd af efnahagsreikningi og byggjast á góðri reikningsskilavenju.

2. Í stórfelldu ósamræmi í afskriftatíma hliðstæðra eigna er gefa mismunandi mynd af efnahagsstöðu og samanburði á milli rekstraraðila.

3. Ringulreið á mati á eftirlaunaskuldbindingum og færslumáta.

4. Er ósamræmi í mati og færslumáta birgða framleiðslugreina, m.a. í fiskvinnslunni.

5. Um er að ræða stórfelldan rugling endurskoðenda við bókun gengistryggðra eigna og skulda sem kemur fram í mismunandi uppgjörsgengi um áramót og hentistefnukenndri tilraunastarfsemi með gengisjöfnunarreikninga.

6. Komið hefur í ljós skortur á samræmdum reglum um mat á stofn- og langtímakostnaði sem hefur leitt af sér handahófskennt mat á skilgreindum kostnaði, afskriftatíma hans og fleiru.

7. Um er að ræða handahófskennda meðferð kaupleigusamninga sem eru ýmist innan eða utan efnahagsreikninga.

8. Einnig er um að ræða handahófskennda meðferð viðskipta- og skattavildar í eignamati.

9. Áritanir löggiltra endurskoðenda á ársreikningum virðast oft vera villandi eða eftir atvikum of staðlaðar.

10. Jafnframt eru oft ónógar skýringar með ársreikningum og iðulega ekki í samræmi við fyrirmæli í lögum.

11. Svo er að sjá sem marklaust mat sé á rekstrarhæfni í reikningsskilum og skortur á viðmiðunarreglum um hvenær starfsemi telst rekstrarhæf og hvenær ekki.

Hæstv. forseti. Í nútímaþjóðfélagi þar sem rekstur fyrirtækja er svo mikilvægur og skiptir hvern þegn þjóðfélagsins afar miklu er töluvert áríðandi að reikningsskil fyrirtækja séu samræmd og niðurstöður reikninga séu sýndar með sama hætti. Engu skiptir hvort um er að ræða einkafyrirtæki, samvinnufyrirtæki eða opinber fyrirtæki.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er ærið mikið ósamræmi og ruglingur í vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda við reikningsskil. Alþingi hlýtur í þessu efni að taka á málinu og setja ákveðnar reglur til öryggis fyrir notendur íslenskra reikningsskila.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn. Sþ.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það þarf ekki að koma nokkrum manni á óvart að tillaga sem þessi skuli vera flutt hér á hinu háa Alþingi. Ástæða þess er fyrst og fremst skýrsla sú sem Ragnar Kjartansson tók saman um íslensk reikningsskil og störf endurskoðenda sem *leiddi það í ljós að víða virðist pottur brotinn í* störfum þeirra. Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort allt er satt og rétt sem fram kemur í skýrslunni, en bendi þó á að ekkert af höfuðatriðum skýrslunnar hefur verið hrakið með neinum rökum þrátt fyrir nokkra opinbera umfjöllun. Því er það skylda okkar að taka málið hér upp og fara fram á endurmat á störfum endurskoðenda. Það endurmat verður hins vegar að fara fram með opnu og jákvæðu hugarfari en ekki því hugarfari sem mér hefur þótt bera lítillega á, að verið sé að ráðast að einni tiltekinni stétt manna. Það er alrangt og reyndar tel ég að endurskoðendur og notendur íslenskra reikningsskila ættu að fagna því að málefni þeirra skulu vera til umræðu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, enda getur ekkert nema gott komið út úr endurmati sem þessu. Enda segir skýrsluhöfundur svo á bls. 9 í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessarar umfjöllunar er ekki sá að kasta rýrð á endurskoðendur sem vissulega þurfa þó að samræma vinnubrögð sín og aðferðafræði. Höfundur er miklu fremur að benda á vanda endurskoðenda, þversagnir í störfum þeirra og að hugtakið „góð reikningsskilavenja" er því sem næst orðið tómt og skyldi notað sparlega án samræmdrar skilgreiningar."

Hæstv. forseti. Stefán Svavarsson endurskoðandi sem ritað hefur nokkuð um málefni endurskoðenda

undanfarið segir m.a. eftirfarandi í fyrri skrifum sínum um tiltekið reikningsskiladómsmál í Bandaríkjunum, með leyfi forseta:

„Það sem kviðdómurinn, dómarinn og margir aðilar sem um málið fjölluðu áttuðu sig ekki á var að höfuðpaurinn og aðalsökudólgurinn í málinu gengur laus og hefur ekki enn verið sakfelldur. Nafn þessa þrjóts er „góð reikningsskilavenja"."

Í svipaðan streng tekur Sigurður H. Pálsson, viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi, í grein í tímariti um endurskoðun þar sem hann ritar um áritanir og ábyrgð endurskoðenda, en hann segir, með leyfi forseta:

„Góð endurskoðunarvenja er nefnilega nánast óskilgreint fyrirbæri á Íslandi."

Þetta er mergurinn málsins. Góð samræmd reikningsskilavenja virðist í rauninni ekki til. Hugtakið er þvælt og í meira lagi teygjanlegt og úr því þarf að bæta, og er það m.a. tilgangurinn með tillögu þessari.

Ég vona á hinn bóginn að rangt sé með farið hjá skýrsluhöfundi á bls. 16 þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Viðmælendur úr hópi löggiltra endurskoðenda hafa tjáð RKj að áberandi vilji sé innan greinarinnar að gefa ekki út skýrar reglur. Þær megi eingöngu vera leiðbeinandi, helst loðnar, þannig að svigrúm skapist til frávika."

Fyrir mitt leyti get ég verið því sammála að ákveðið svigrúm þarf að vera til staðar, en reglur verða að vera skýrar og öll frávik frá þeim innan skilgreindra marka. Á hinn bóginn er það alvarlegt mál ef það er almennur vilji endurskoðenda að viðhalda því ástandi sem nú virðist vera til þess eins að geta farið með reikningsskil nánast eftir eigin hentisemi. Það er gersamlega óviðunandi ef rétt er.

Hæstv. forseti. Um störf endurskoðenda er fjallað í lögum um löggilta endurskoðendur og í lögum um hlutafélög. Löggiltir endurskoðendur hafa sjálfir mótað starfsreglur sínar með svonefndum leiðbeinandi reglum um reikningsskil og endurskoðun. Íslensk reikningsskil taka mið af ákveðnum reglum sem gera ráð fyrir verðbólguaðstæðum. Á því var byrjað fyrir u.þ.b. 10 árum í kjölfar nýrra skattalaga sem gerðu ráð fyrir endurmati eigna og reiknuðum tekjum eða gjöldum vegna verðlagsbreytinga. Upptaka þeirra var mikil bylting í íslenskum reikningsskilum. Síðar komust endurskoðendur að því að þessi skattalagaaðferð var ekki nógu nákvæm, m.a. vegna þess að hún tók ekki mið af atburðum sem gerðust innan viðkomandi árs heldur einungis stöðu í byrjun árs. Því voru teknar upp svonefndar fráviksaðferðir sem fyrst voru aðallega notaðar hjá stærri fyrirtækjum en hafa síðan breiðst út. Sá vandi sem nú blasir við virðist einkum felast í því að sumir endurskoðendur hafa túlkað þessar reglur í ýmsar áttir og svo virðist sem á stundum gæti hentistefnu í þeim skilgreiningum, þ.e. að verið sé að freista þess að sýna aðra niðurstöðu í rekstrarafkomu eða fjárhagsstöðu fyrirtækja og stofnana þannig að ýmist geti verið um það að ræða að sýna betri eða verri stöðu, allt eftir því hvað kemur fyrirtækinu eða stofnuninni betur. Um þetta er tekinn fjöldi dæma í títtnefndri skýrslu Ragnars Kjartanssonar.

Hæstv. forseti. Það er alvarlegt mál ef endurskoðendur, eða hluti stéttar þeirra, hafa brugðist því trausti sem þeir hingað til hafa notið. Þeim hefur verið treyst til þess að móta samræmd vinnubrögð til notkunar í greininni. Þau vinnubrögð þurfa að vera stöðluð og samanburðarhæf á milli fyrirtækja, á milli ára og milli atvinnugreina og þeim þarf að vera hægt að treysta fullkomlega. Löggjafinn á að blanda sér inn í þetta mál og láta fara fram endurskoðun á þeim lögum sem að þessu snúa, þ.e. lögum um hlutafélög og lögum um löggilta endurskoðendur. Lögin þurfa og eiga að vera það skýr að þau taki af öll tvímæli þannig að ekki sé nokkur hætta á losarabrag í íslenskum reikningsskilum. Vel mætti hugsa sér að ráðherra gæfi út nákvæmar reglugerðir um störf endurskoðenda. Lögin þurfa hins vegar að vera það skýr að ljóst á að vera ef um lögbrot er að ræða og hver hugsanleg viðurlög geti verið.

Frá því að við lögðum fram þessa tillögu hafa ýmsir endurskoðendur komið að máli við okkur til þess að koma sínum skoðunum og viðhorfum á framfæri. Margir þessara manna hafa lagt á það áherslu að innan stéttar löggiltra endurskoðenda, sem telur um 200 manns, séu mjög skiptar skoðanir og talsverður ágreiningur um málið. Nokkrir hafa bent á að gagnrýni Ragnars Kjartanssonar beinist einkum að fáum en stórum aðilum í greininni. Þeir segja að allmargir endurskoðendur séu í rauninni sammála gagnrýni Ragnars og hafi um langt skeið verið óánægðir með hvað menn hafa leyft sér að ganga langt í skilgreiningu á reikningsskilum íslenskra fyrirtækja að því er virðist eftir eigin höfði.

Talsverður fjöldi endurskoðenda, einkum á smærri stofunum, beita ógjarnan þessum umdeildu aðferðum og hafa illa sætt sig við þá ringulreið sem komið hefur verið á. Einn viðmælandi minn lét í ljós þá skoðun að þeir stóru teldu sig yfir alla gagnrýni hafna og að smærri aðilar ættu einfaldlega að aðlaga sig stefnu stóru stofanna.

Aðrir töldu skýrslu Ragnars Kjartanssonar orð í tíma töluð og eitthvað það merkilegasta sem tekið hefur verið saman um þennan málaflokk um langt skeið, enda hefur hún orðið tilefni talsverðra skoðanaskipta. Það er ekki óþekkt á Vesturlöndum að komið hafa upp vandamál vegna starfa endurskoðenda, þannig að löggjafarvaldið hafi orðið að taka í taumana. Til að mynda kom upp mikil óánægja með störf löggiltra endurskoðenda í Bandaríkjunum. Það leiddi til þess að lagafyrirmæli voru gerð miklu skýrari og vinnureglur endurskoðenda voru settar í mun fastari skorður í lögum og reglugerðum. Það sama gæti gerst hér og orðið niðurstaða þeirrar könnunar sem við erum hér að mælast til að gerð verði.

Hæstv. forseti. Eitt af því sem blandast óhjákvæmilega inn í þetta mál er sú staðreynd að hér á landi er verið að vinna að því að efla hlutabréfamarkað. Það

er m.a. stefna stjórnvalda að hvetja almenning til þátttöku í atvinnulífinu með kaupum á hlutabréfum fyrirtækja og renna með því styrkari stoðum undir atvinnulífið í landinu. Vísir að hlutabréfamarkaði hefur verið að myndast og hafa hlutabréf allnokkurra fyrirtækja gengið kaupum og sölum hjá virtum fyrirtækjum og haft skráð markaðsverð. Það sjá því allir hversu mikilvægt það er að reikningsskil þeirra fyrirtækja sem hafa skráð gengi á hlutabréfamörkuðunum séu örugg og hafin yfir alla gagnrýni, en meðal þeirra eru nú fyrirtæki sem sum voru um síðustu áramót gerð upp miðað við gengi 31. des. 1988 og önnur sem voru gerð upp miðað við gengi skráð 3. jan. 1989, eftir 4–5% gengisfellingu sem varð um áramótin. Mismunurinn á þessum tveimur aðferðum getur munað tugum og jafnvel hundruðum milljóna í afkomu þessara fyrirtækja. Og þá geta menn spurt sem eru að kaupa og/eða selja hlutabréf á mörkuðunum hvor aðferðin er rétt og hvor er röng. Varla geta þær báðar verið réttar. Spyr sá sem ekki veit.

Auðvitað er þetta afleiðing ósamræmdra vinnubragða sem endurskoðendur hafa sjálfir kallað yfir sig. Dæmi hefur verið nefnt um útgerðarfyrirtæki sem hækkaði verð togara sinna um 140 millj. kr. umfram það sem flokkast undir viðurkenndar aðferðir við reikningsskil. Með því var eiginfjárstaða fyrirtækisins sýnd betri sem nam sömu fjárhæð. Þetta fyrirtæki er skráð með hlutabréf sín á hlutabréfamörkuðum og væntanlega er fólk að kaupa það upp. Ætli fólk viti hvernig staðið er að reikningsskilum á þeim bæ og hvaða áhrif þetta getur haft á verðgildi hlutabréfanna? Þarna er verið að leika hættulegan leik því eitt alvarlegt slys á þessum vettvangi getur tafið stórlega fyrir nauðsynlegri framþróun á okkar ófullkomna verðbréfamarkaði. Það er eitt af hlutverkum Alþingis að gæta hagsmuna þegnanna. Þess vegna er það skylda okkar að benda á það þegar verið er að möndla með afkomu fyrirtækja, þannig að niðurstöður geti jafnvel haft áhrif á verðlag í landinu. Sá möguleiki er vissulega til staðar því hér getur allt eins verið um að ræða fyrirtæki sem þarf að sækja til yfirvalda til að fá leyfi fyrir hækkun á vörum sínum eða þjónustu og ef niðurstöðutölur ársreiknings sýna annað en rétt er getur það haft áhrif á hækkanaheimildir til fyrirtækisins eða stofnunarinnar og við það rýrt kaupmátt fólksins í landinu að óþörfu.

Hæstv. forseti. Ég á töluvert eftir að ræðunni. Ég veit ekki hvort ég má syndga upp á seinni ræðutíma minn. (**Forseti:** Ég held ég hljóti að verða að biðja hv. þm. að nýta seinni ræðutímann til að halda áfram.) Þá geri ég það og lýk máli mínu hér.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir til umræðu er um margt athyglisverð og áhugaverð. Ég hygg að enginn vafi sé á því að aukin umræða um reikningsskil hér á Alþingi sé til góðs og öllum hlýtur að vera ljóst að það er afar mikilvægt að reikningsskil endurspegli hæfi fyrirtækis til að reka sína starfsemi jafnframt því sem þau þurfa auðvitað að sýna sem réttasta niðurstöðu og sambærilegasta niðurstöðu við önnur fyrirtæki.

Það sem hér er farið fram á er hins vegar mjög vandasamt verk og ber að leggja áherslu á að slíkt verk við endurskoðun, mat og samræmingu sé unnið af vandvirkni og ekki í óðagoti. Raunar eru þau atriði sem flm. benda á e.t.v. af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða hreint ósamræmi ef lesið er í þær skýringar sem hér liggja fyrir, hins vegar er um að ræða atriði sem beinlínis leiða af þróun þjóðfélagsins og breytingum sem í þjóðfélaginu hafa orðið.

Fyrir hinn almenna mann er það auðvitað mjög mikilvægt, ef við tökum fyrirtæki á hlutabréfamarkaði, að hann geti metið og borið saman efnahagsreikninga slíkra fyrirtækja. Þess vegna þurfa reikningsskil að vera með sama hætti hjá þessum fyrirtækjum ella verður slíkur samanburður lítils virði. Í annan stað, fyrir þá sem eiga að meta veð einstakra fyrirtækja, tryggingar þeirra eða veita lán, er afar mikilvægt að um sambærilegar reikningsfærslur sé að ræða.

Eitt þeirra atriða sem flm. benda sérstaklega á er meðferð á gengistapi hjá fyrirtækjum og vitna þeir þar í mismunandi færslur miðað við gengisbreytingarnar um síðustu áramót. Raunar benda þeir á eitt alvarlegt dæmi í sinni greinargerð. Þar þykir mér raunar skorta á í skýringum. Reikningsskilanefnd, sú sem vísað er til, segir í sínum niðurstöðum að rökin fyrir nýja genginu séu veigameiri í tilviki efnahagsreiknings og mælir þess vegna með því að nýja gengið sé notað um áramótin, eða fyrir uppgjörið 1988, en segir þó síðar í sínum niðurstöðum, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ofangreind sjónarmið telur nefndin rétt að geta þess að til greina gæti komið að styðjast við gamla gengið þó að hún mæli ekki með því, enda er unnt, eins og af ofanrituðu má vera ljóst, að líta svo til að það sé í samræmi við góða reikningsskilavenju að nota það, einkum ef litið er til fyrirmæla í erlendum stöðlum."

Þetta sýnir kannski enn á ný að þarna er á mörg atriði að horfa og ekkert í því einfalt.

Mér kemur í hug umræða fyrir stuttu þegar hæstv. fjmrh. svaraði fsp. um hvaða fyrirtæki héldu sig innan ríkisreikninga. Ljóst er að uppgjör og reikningsskil á ríkisreikningi eru svo ógreinileg að sjálfur fjmrh. villtist í raun á aðalatriðum þar og ruglaði saman, vantaði annars vegar að meta inn heimildir vegna verðlagsbreytinga sem eru heimildir fyrirtækja og gat ekki gert greinarmun í sínu máli á raunverulegum rekstrarkostnaði og hins vegar greiðsluflæði. Það sýnir að sjálfur ríkisreikningurinn er óskýrt plagg og ekki auðvelt að lesa út úr hvort fyrirtæki halda sig innan fjárlaga eða ekki. En þegar gengistap er fært eða gengisbreytingar hjá fyrirtækjum er auðvitað á það að líta líka að engan veginn það sama á við hjá fyrirtækjum. Hjá þeim fyrirtækjum þar sem gengistryggðar skuldir og gengistryggðar eignir eru mjög svipaðar má segja að mjög litlu máli skipti hvorum megin um er að ræða eins og til að mynda varðandi bankana. Hér er sérstaklega bent á ársreikning

Landsvirkjunar. Ég hygg að Landsvirkjun endurmeti hjá sér virkjanir eða með endurmatsstuðli þar sem ⅔ eru metnir við erlendan kostnað en ⅓ miðað við innlendan, þannig að ekki er víst að þarna muni mjög miklu. Þegar kemur hins vegar að endurmati á fjármunum benda flm. enn á að þar sé mjög mismunandi aðferðum beitt.

Stefán Svavarsson endurskoðandi gerir grein fyrir því í grein í Morgunblaðinu að í höfuðdráttum sé um að ræða þrjár aðferðir við endurmat fjármuna, þ.e. að fara eftir ákvæðum skattalaga í fyrsta lagi, í öðru lagi að nota kaupverð endurreiknað með verðlagsbreytingum og í þriðja lagi að reyna að meta endurkaupsverð. Ég hygg þó að það sé rétt sem í greinargerðinni kemur fram að þó að þetta séu svona rammalega séð þrjú meginatriðin, þá er innan hvers atriðis nokkuð mismunandi metið, e.t.v. hjá einum eftir lánskjaravísitölu og öðrum eftir byggingarvísitölu og eins og fram hefur komið í mínu máli metur Landsvirkjun ⅔ miðað við erlendan kostnað en ⅓ miðað við innlendan o.s.frv. Inn í þetta endurmat kann að þurfa að koma hvort fyrirtækið starfar aðallega eða eingöngu á erlendum markaði eða innlendum.

Þetta vekur auðvitað spurningar um það hvort rétt sé að beita sömu aðferðum í öllum fyrirtækjum, óháð því við hvaða aðstæður þau starfa, og það flækir enn á ný málið og sýnir að ekki er um einfalda hluti að ræða.

Hér er líka drepið á verðbólgureikningsskil en þegar nýjar skattareglur komu fram, þar sem gert er ráð fyrir verðbólgureikningsskilum, hófu menn náttúrlega að reyna að móta sér raunhæfar hugmyndir um eignamat og efnahagsreikning á grundvelli slíkra skattaskila. Í höfuðdráttum hafa tíðkast tvær aðferðir þar, annars vegar beinlínis skattaaðferðin sem kveðið er á um í lögum og metur þá eingöngu stöðuna í árslok árið á undan. Hins vegar hafa endurskoðendur þróað hina svonefndu fráviksaðferð sem metur stöðuna í byrjun árs, jafnframt allar breytingar sem á árinu verða og stöðuna í árslok. Þessar aðferðir geta gefið umtalsverðan mun, sérstaklega ef um er að ræða verulega fjárfestingu á árinu. Þær gefa ekki mun gagnvart skattalegri meðferð en þær geta gert gríðarlegan mun ef meta á efnahagsreikning fyrirtækisins og hreina eign.

Hér kemur líka fram þetta athyglisverða dæmi um mat á verði togara í efnahagsreikningi og þar má segja að e.t.v. komi fram þrjár meginaðferðir, í fyrsta lagi að meta togara á smíðaverði eða kaupverði, í öðru lagi að meta togarann á vátryggingarverði og í þriðja lagi að meta hann á markaðsverði, þ.e. að meta kvótann sem skipinu fylgir, eignfæra kvótann. Það hefur verið gert í því dæmi sem flm. benda hér á og í rauninni virðist mér að reikningsskilanefnd löggiltra endurskoðenda hafi gert athugasemd við það.

Hér er einnig — virðulegi forseti, ég er rétt að ljúka máli mínu — gerð athugasemd um það að eignfæra fisk í sjónum, óveiddan fisk. Það er enn á ný nokkurt matsatriði, ef útgerðarfyrirtæki kaupir kvóta sem veiða má á nokkrum árum, hvort gjaldfæra skuli á viðkomandi ári allt kaupverðið eða færa þennan kvóta til eignar yfir fleiri ár. Vandinn við þann mun sem þarna kemur fram er að það er unnt að færa þetta mismunandi, raunverulega, eftir sjálfri stöðu fyrirtækisins, og þá hefur það ekki bara áhrif á eignamat heldur líka skattagreiðslur.

Það er athyglisvert sem hér kemur fram varðandi Seðlabankann, en það virðist vera almenn regla varðandi A-hluta fyrirtæki ríkissjóðs að gjaldfæra fjárfestingar. Eftir því sem ég kemst næst munu seðlabankar líklega alls staðar í heiminum beita þessari aðferð. Menn gætu spurt sig: Hvernig stendur á því að Landsvirkjun gerir það ekki á sama hátt? Og það hefði verið gaman að spyrja fjmrh. að því, ef hann hefði verið hér viðstaddur, hvort Alþingishúsið til að mynda væri eignfært í ríkisreikningi, en ég hygg að svo sé ekki.

Um gengisjöfnunarsjóðinn væri margt unnt að segja en það hlýtur að stinga nokkuð í augu sú athugasemd sem hér kemur fram að þetta sé gert á mismunandi vegu af sömu endurskoðendum hjá fyrirtækjum í sömu grein. Það á ég ákaflega erfitt með að fella mig við þó að ég geri mér grein fyrir að þarna er um gríðarlega vandasamt mál að ræða, einmitt hvernig á að færa þetta gengismat þegar mismunandi gengissveiflur eru á milli ára. Aðalatriðið í þessu hlýtur að vera að það þarf að vera samræmi í reikningsskilum, alla vega mjög náið samræmi meðal fyrirtækja innan sömu greina. En ég ítreka það enn á ný að það sem e.t.v. stendur nú ekki síst nálægt okkur er að ríkisreikningurinn sjálfur er óskýr. Ég held þess vegna að það sé mjög mikilvægt að Alþingi láti þetta mál til sín taka. Það er ljóst að hér er nauðsyn á samræmingu, en ég ítreka enn á ný að verkefnið er *vandasamt, þarf að vinnast af athygli og mikilli* vandvirkni.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að fá að ljúka þeirri ræðu sem ég var hálfnaður með hér áðan. Hjá Hitaveitu Suðurnesja var tekið upp nýtt fyrirbrigði í reikningsskilum árið 1987 sem nefnt var gengisjöfnunarsjóður. Þessi sjóður var notaður til að minnka hagnað fyrirtækisins. Virðist sem gengi íslensku krónunnar hafi ekki verið rétt skráð það árið að þeirra mati. Þetta þykir mér afar athyglisvert og um leið hættulegt þegar menn eru farnir að hafa á því persónulegar skoðanir hvernig skrá eigi gengið og láta þá skoðun sína koma fram í ársreikningi þýðingarmikilla þjónustufyrirtækja sem skipta almenning á stóru svæði miklu máli. Með þessu móti var hagnaður Hitaveitu Suðurnesja minnkaður það árið um nokkuð á þriðja hundrað millj. kr. Ég leyfi mér að spyrja: Var það gert til þess að auðveldara væri að halda uppi töxtum fyrir heitt vatn á Suðurnesjum? Svari nú hver fyrir sig.

Það hlýtur að vekja furðu manna að endurskoðandi Hitaveitu Suðurnesja sá ekki ástæðu til að beita

gengisjöfnunarsjóðnum hjá öðrum stórum viðskiptavinum sínum þetta sama ár. Gengi krónunnar hlýtur að hafa verið jafnrangt skráð hjá þeim og hjá Hitaveitunni. Það er freistandi að varpa þeirri spurningu til hv. alþm. sem sæti eiga í stjórn Hitaveitu Suðurnesja, ég reikna reyndar með að enginn þeirra sé hér í salnum nú, sennilegast eru þeir á Norðurlandaráðsþingi, hvort hugmyndin um gengisjöfnunarsjóðinn hafi verið rædd og samþykkt í stjórn fyrirtækisins.

Hæstv. forseti. Eitt dæmi enn. Afkoma Landsvirkjunar árið 1988 var með þeim hætti að þessi opinbera stofnun gat ekki borið í rekstri ársins gengistapið sem hlaust af gengisfellingunni þann 3. jan. 1989, enda nam það nálægt heilum milljarði kr. á sama tíma og skuldastaða Landsvirkjunar nam um það bil 29 milljörðum kr. Hjá Landsvirkjun hefur mönnum sennilega ekki líkað að sýna stórfellt tap. Því notuðu þeir gengi miðað við 31. des. 1988 og því var ársreikningur fyrirtækisins fyrir árið 1988 afgreiddur með 186 millj. kr. hagnaði sem er í sjálfu sér hið besta mál.

En hvað hafði Félag endurskoðenda gert í málinu? Jú, það hafði sent frá sér leiðbeiningar til félagsmanna sinna um að nota bæri gengið þann 3. jan. 1989, eftir 4–5% gengisfellinguna sem varð um áramót. Þær leiðbeiningar komu frá svonefndri reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda og þannig hittist á að formaður þeirrar nefndar, Stefán Svavarsson lektor, er einmitt endurskoðandi Landsvirkjunar og sem slíkur áritaði hann ársreikning Landsvirkjunar athugasemdalaust og þar með í berhögg við eigin leiðbeiningar og það ekki með neinum smáafleiðingum. Tapi upp á um það bil milljarð kr. var breytt í hagnað upp á um það bil 186 millj. kr. Það munar um minna.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að spyrja þá hv. þm. sem sæti eiga í stjórn Landsvirkjunar, og ef ég tók rétt eftir hér áðan, þá á hv. síðasti ræðumaður, Guðmundur G. Þórarinsson sæti í stjórn Landsvirkjunar, (Gripið fram í.) nei, þá hef ég tekið rangt eftir, veit þó að hv. þm. Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson og Birgir Ísl. Gunnarsson eiga þar sæti en þeir eru því miður ekki í salnum sem stendur. En það hefði verið athyglisvert að spyrja þá hvort þessi vinnubrögð hefðu verið samþykkt í stjórninni. Og einnig hvort það var tekið fyrir til afgreiðslu á stjórnarfundi hvort taka ætti tæpan milljarð kr. í viðbótargengistap eins og endurskoðandi Landsvirkjunar hafði hvatt aðra endurskoðendur til að gera eða hvort halda ætti sér við gengið 31. des. 1988 og sýna með þeim hætti 186 millj. kr. hagnað.

Það er hægt að tína til fjölda dæma til stuðnings þessu máli. Ég læt þau sem ég hef hér nefnt nægja, en vilji hv. alþm. kynna sér málið betur, sem ég reyndar tel þeim skylt að gera, bendi ég þeim á að verða sér úti um skýrslu Ragnars Kjartanssonar og lesa hana með opnum huga. Sérstaklega vil ég þó benda þeim nefndarmönnum sem málið fá til umfjöllunar á skýrsluna og tel reyndar að formaður nefndarinnar eigi að sjá til þess að útvega nefndarmönnum eintak.

Það er enginn vafi í mínum huga að sú könnun sem hér er farið fram á að framkvæmd verði á vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda getur ekki leitt annað en gott af sér. Hér er um stórmál að ræða þegar grannt er skoðað og miklir hagsmunir í húfi.

Ég vil, hæstv. forseti, þakka hv. síðasta ræðumanni, Guðmundi G. Þórarinssyni, fyrir hans innlegg í þessa umræðu sem var í alla staði mjög jákvætt og rökrétt eins og hans er von og vísa. Auðvitað er það hárrétt hjá honum að hér er um mjög vandasamt verk að ræða og flókið mál sem þarf að vinnast af mikilli vandvirkni. Hann kom aðeins inn á gengisþáttinn og gengisfærslurnar og það hvort rétt væri að nota gengi í lok árs eða byrjun árs eins og við höfum verið að benda hér á. Ég ætla ekki að leggja mat á það hvor aðferðin er rétt, en bendi enn á ný á það að samræmingar er þörf. Það má kannski minna á það að hér áður fyrr var fyrsta skráða gengi ársins notað og gat það jafnvel teygst upp í 1–2 vikur að gengisskráning færi fram. En þetta eru allt hlutir sem hv. þingnefnd tekur til endurskoðunar og væntanlega fær hún alla hagsmunaaðila sem málið varðar til að tjá sig um málið og kemst vonandi að viðunandi niðurstöðu.

Eins og menn vita er það ekki fyrir hinn almenna mann að lesa út úr ársreikningum fyrirtækja. Hinn almenni maður lítur gjarnan á niðurstöðutölur og lætur það nægja og dregur sínar ályktanir út frá því, en það er eins og menn vita mjög varasamt að gera slíkt. Þannig að öll samræming og einföldun sem hægt er að gera og góð kynning á slíku máli er öllum almenningi til mikils gagns.

Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti, að ég er ekki að mæla hér beinlínis fyrir skýrslu Ragnars Kjartanssonar. Ég tel hins vegar að þar komi fjölmörg gagnrýnisatriði fram sem vissulega er vert að Alþingi taki til endurskoðunar og kanni hvort rétt séu. Og ef svo er, þá leiðir það vonandi til nýrrar lagasetningar með reglugerðum sem yrði hagsmunaaðilum öllum til bóta.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins skýra örlítið nánar það sem ég kom inn á hér í fyrri ræðu minni ef það kann að hafa valdið misskilningi, vegna þess sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sagði um ársreikning Landsvirkjunar. Aðalatriðið í slíkum reikningi er að valda ekki skekkjum með gengisfærslunni, þ.e. að hrein eign breytist ekki. Ef gengistryggðar skuldir og gengistryggðar eignir eru nokkurn veginn þær sömu skiptir þessi munur á gengisfærslunni ekki öllu og í rauninni sáralitlu. Það sem skeður hjá Landsvirkjun er það að þó að fært sé á genginu í árslok, þá eru eignirnar færðar upp að ⅔ hlutum eftir erlendum kostnaði, þ.e. endurmatsstuðullinn er byggður þannig upp, og að ⅓ hluta eftir innlendum. Þess vegna hygg ég að vegna þess að stuðullinn er færður upp svona að ⅔ eftir erlendum kostnaðarbreytingum, þá verði þessi munur hjá Landsvirkjun mikið minni en ef eignirnar hefðu eingöngu verið færðar upp miðað við innlent verðlag.

Ég hef ekki í kollinum hvort það sé rétt að þarna geti numið heilum milljarði kr. Ósjálfrátt kemur í huga minn að þar sé ekki tekið tillit til þess að eignir hafi verið metnar upp að ⅔ miðað við erlendan kostnað. Ég skal ekki segja um það en ef svo er, sem mér virðist vera, þá er þarna um minni mun að ræða. Ég tek hins vegar undir það sem síðasti ræðumaður sagði að aðalatriðið er auðvitað að þarna sé samræmd reikningsskilavenja. Það er gríðarlega mikilvægt. Því þurfum við að koma á. En það er mismunandi hversu mikilli skekkju þetta getur valdið og fer eftir því hvernig eignum fyrirtækjanna og eignauppfærslum er varið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka bæði hv. 5. þm. Vesturl. og 10. þm. Reykv. fyrir þeirra þátttöku í þessum umræðum. Þetta mál er mjög mikilsvert í alla staði og því hlýtur það að vera hlutverk Alþingis að kynna sér það og fara yfir slík mál því að það skiptir náttúrlega ákaflega miklu máli að reikningsskil séu með þeim hætti að þau endurspegli það sama frá einu fyrirtæki til annars, sem eru í sams konar rekstri. Það er meginmálið. Það kom vel fram í máli hv. 10. þm. Reykv. að Stefán Svavarsson hefði bent á þrjár aðferðir við endurmat eigna, en skv. því sem hægt var að lesa út úr skýrslu Ragnars Kjartanssonar er hér um 19 afbrigði að ræða sem eru ekki eins, heldur öll ólík, þannig að hér er um miklu fleiri afbrigði að ræða heldur en hann ræðir um.

Ég vil einnig minnast á það sem hv. 10. þm. Reykv. kom inn á hér varðandi færslu á togara, en í Fréttabréfi löggiltra endurskoðenda kemur þetta alveg skýrt fram. Í bréfi þeirra, 12. árg., 3. tbl. 1989 er þetta sérstaka dæmi tekið til umfjöllunar og segir þar, með leyfi forseta:

„Miðað við ársreikning fyrir 1987 nemur mismunur í eigin fé félaganna rúmum 200 millj. kr. eftir því hvor aðferðin er notuð. En í áritun endurskoðenda félaganna kemur fram að báðir ársreikningarnir séu gerðir í samræmi við góða reikningsskilavenju."

Í lok þessa bréfs koma greinilega fram vítur á þessa reikningsfærslu eins og hún er gerð hjá félaginu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Reikningsskilaaðferð sú er felst í notkun opinbers mats við ákvörðun bókfærðs verðs fiskiskipa í efnahagsreikningi hefur hvorki fengið formlega umfjöllun reikningsskilanefndar félagsins né hlotið almenna viðurkenningu félagsmanna. Hún verður því ekki talin samrýmast viðurkenndum reikningsskilavenjum hér á landi."

Það er alveg afdráttarlaust í Fréttabréfi Félags löggiltra endurskoðenda tekið af skarið, að færslan hjá umræddu útgerðarfélagi á reikningshaldi samrýmist ekki viðurkenndum reikningsskilavenjum hér á landi. Það er nokkuð ljóst að það hefur leitt til þess að þessi hlutabréf, sem eru á markaði hér, hlutabréfamarkaðnum, hafa væntanlega verið seld á hærra verði en eðlilegt getur talist.

Það hefur verið rætt hér um eftir hvaða gengi eigi að skrá skuldir félags og rætt hefur verið töluvert um Landsvirkjun. En skuldir Landsvirkjunar voru, þegar þetta dæmi var tekið, í kringum 29 milljarðar kr., í erlendum skuldum 25 milljarðar kr. og 3 milljarðar kr. í innlendum skuldum, sem þýðir þá að mismunurinn, eftir því hvor aðferðin er notuð, er í kringum 1 milljarð, það fer ekki á milli mála.

Hvað varðar Seðlabankann, þá er náttúrlega eðlilegt, miðað við aðstæður á Íslandi og reikningsskilaaðferðir hér, að eignir séu skráðar. Það er hins vegar rétt hjá hv. 10. þm. Reykv. að hjá ríkinu hefur ekki verið venja að skrá allar eignir nákvæmlega með þeim hætti sem bæði sveitarfélög og öll önnur fyrirtæki gera. Það væri æskilegt að til væri í ríkisreikningi fullkomin eignaskrá með þeim hætti sem er hjá öðrum fyrirtækjum svo að menn hefðu hugmyndir um hverjar eignir ríkisins væru og hve hátt þær væru metnar.

Ég vil að lokum þakka þá umræðu sem hér hefur verið og vil þó ítreka það að það hlýtur að vera verkefni Alþingis að gæta hagsmuna almennings í landinu. Þess vegna er það hlutverk okkar að benda á, þegar ætla má að við séum að möndla með afkomu fyrirtækja þannig að þær niðurstöður geti jafnvel haft áhrif á verðlag í landinu. Hér getur verið um fyrirtæki að ræða sem þurfa að sækja til yfirvalda leyfi fyrir hækkunum á vörum sínum og þjónustu. Ef niðurstöður ársreikninga þessara fyrirtækja sýna annað en rétt er getur það haft áhrif á verðhækkanir hjá þessum fyrirtækjum og þá er það alvarlegt mál sem hefur áhrif á verðlagið til hækkunar og getur rýrt kaupmátt fólksins í landinu. Þetta atriði er mjög mikilvægt og við hljótum að hugsa um það og taka afstöðu til þess á hvern hátt er hægt að hafa ársreikninga fyrirtækja sem allra mest samræmda þannig að það sé ekki hægt að færa til hagnað eða tap á hverju ári með mismunandi reikningsskilaaðferð. Það fer auðvitað eftir því hvort það er fært á fyrsta gengi árs eða síðasta gengi ársins áður. Það er hægt að færa til hagnað eftir því sem mönnum þykir henta hverju sinni þannig að það verður aldrei samræmd niðurstaða í reikningnum. Þetta er meginefni þessa máls og því er mikilsvert að komið verði á samræmdum vinnubrögðum í þessu og ég treysti að sjálfsögðu löggiltum endurskoðendum allra manna best til að koma þessum aðferðum á og tel að það sé mjög mikilsvert að hafa samráð við þá ef þessi tillaga verður samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseta nokkur vandi á höndum. Sú hefð hefur viðgengist að hv. þm. sem sitja skamman tíma í þinginu hafi nokkurn forgang að koma málum sínum fram. Nú sýnist mér fara að kreppa að í tíma til þessað hv. 1. þm. Suðurl. fái að tala hér fyrir tillögu, svo að ég vildi nú fara þess á leit með góðu leyfi hv. 10. þm. Reykv. að þingmaðurinn fái að vera næstur á mælendaskrá, en það útilokar ekki að hægt verði að mæla fyrir tillögu sem ég veit að þingmaðurinn hefur áhuga á að koma fram. (**GGÞ:** Ég skal verða við óskum forseta.)

Jarðgöng milli lands og Eyja, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 111. mál. — Þskj. 115.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um forkönnun á gerð jarðganga milli lands og Eyja, nánar tiltekið milli Vestmannaeyja og Landeyja eða Eyjafjalla. Í tillgr. er lagt til að ríkisstjórnin láti gera forkönnun á gerð tveggja akreina jarðganga milli Vestmannaeyja og lands og að kannaðir verði tæknilegir möguleikar á hagkvæmni og fjárhagslegri arðsemi með tilliti til fólks- og vöruflutninga.

Hér er um að ræða mannvirki sem mundi hafa mikil áhrif á atvinnustöðu Vestmannaeyja og nærliggjandi byggða á Suðurlandi.

Vestmannaeyjar hafa frá alda öðli má segja verið afkastamikil verstöð og alveg frá síðustu aldamótum ein stærsta verstöð landsins með miklum tilþrifum í útgerð og atvinnulífi. Umfangsmiklir flutningar hafa átt sér stað um langt árabil milli lands og Eyja, bæði fólksflutningar og vöruflutningar, og á síðustu árum lætur nærri að um 120 þúsund farþegar ferðist árlega milli lands og Eyja með flugvélum og skipum en íbúar Vestmannaeyja eru um 5000 talsins. Hér áréttast því enn einu sinni hve gerð jarðganga milli lands og Eyja mundi skipta miklu máli atvinnulega.

Nú stendur yfir um þessar mundir forkönnun á gerð jarðganga undir utanverðan Hvalfjörð og þar fæst væntanlega reynsla sem má nýta við önnur neðansjávargöng á Íslandi. Þar er bæði litið til ganga í bergi og stokks eða pípu á botni. Kostnaður við Hvalfjarðargöng er áætlaður um 3 milljarðar kr. við fimm km berggöng og svipað fyrir tveggja km stokk og fyllingar yfir fjörðinn frá báðum ströndum. Sjávardýpi á áætluðu gangasvæði í Hvalfirði er mest 40 m, en dýpi á fast berg er mest um 100 m og dýpi á göng yrði þá mest 130–140 m eða 30–40 m neðar en botn fastabergsins er, hið efra lag.

Milli lands og Eyja eru hins vegar 10 km, helmingi lengri vegalengd en yfir Hvalfjörðinn og það má auðveldlega miða við ákveðna vegalengd sem allir þekkja. Hringbrautin og Miklabrautin, það er vegalengdin sem er milli lands og Eyja. Ímynd fjarlægðarinnar er ugglaust miklu meiri, en þetta er í rauninni örstutt. Það er mest sjávardýpi á milli lands og Eyja í svokölluðum Ál, 90 m, en að öllu jöfnu er 30–50 m dýpi á þessu svæði. Göng í bergi þyrftu að sjálfsögðu að vera eitthvað lengri en 10 km, einkum þar sem djúpt er á berg í landi, á fastalandinu, en grjótvarðar fyllingar út frá Landeyjum og Eyjum mundu hins vegar stytta stokk eða pípu á botninum að miklum mun. Berggöng yrðu þó væntanlega að mestu í móbergi eins og við sumar virkjanir hér á landi.

Erlendis hefur undanfarin ár fengist mikil reynsla og framfarir orðið við gerð neðansjávarganga. Menn þekkja hugmyndir um gerð ganga yfir Ermarsund og á allra síðustu árum hefur tækninni fleygt svo fram að sú smíði er nú möguleg og í vinnslu. En þarna kemur fyrst til mikill mismunur á berglögum. Það eru kalksteinslög sem göng undir Ermarsund urðu að fara í gegnum og þau eru mjög óstöðug og voru til skamms tíma ótraustvekjandi í gerð slíkra ganga. En nú hefur tæknin gert þetta mögulegt og með ólíkindum má segja hve miklar framfarir hafa orðið í gerð jarðganga í heiminum á síðustu árum. Japanar eru þar e.t.v. fremstir í flokki, en þeir búa að mörgu leyti við svipaðar jarðfræðilegar aðstæður og Íslendingar, þ.e. virk eldfjöll og lifandi náttúru. Nýlega luku Japanar við gerð lengstu jarðganga í heimi, Seikan-göngin milli eyjanna Hokkaido og Honshu, en þau eru alls um 54 km að lengd og þar af eru 24 km undir hafsbotni.

Ég minntist á Ermarsundsgöngin sem nú eru vel á veg komin og Stórabeltisgöngin eru í undirbúningi. Norðmenn frændur okkar standa mjög framarlega í þessum framkvæmdum. Þar í landi eru fullgerð eða í byggingu a.m.k. átta neðansjávargöng fyrir bílaumferð, alls um 25 km. Þau dýpstu fara allt að 155 m undir sjávarmál, en af göngum sem eru á skoðunar- eða undirbúningsstigi í Noregi, alls yfir 100 km löng, fara þau dýpstu allt að 630 m undir sjávarmál. Norðmenn hafa einnig gert töluverðar rannsóknir og hönnun á flotgöngum, þ.e. pípu sem er í kafi en er stöguð við hafsbotninn með ákveðnum festingum af stærri gráðu en við höfum hingað til þekkt miðað við að við notum orðið stag.

Það er ástæða til að skoða þetta mál í fullri alvöru og merkilegt í raun og veru að það kostar í sjálfu sér ekki ýkja mikið að skoða svo umtalsvert mannvirki sem hér um ræðir.

Forkönnun á gerð tveggja akreina jarðganga milli lands og Eyja er æskilegt að gera í tveimur áföngum:

1. Tekin yrðu saman öll tiltæk gögn um jarðfræði svæðisins, en þau eru þegar til töluverð og sum mjög ný, og tæknilegar lausnir kannaðar út frá þeim upplýsingum. Þá yrði safnað upplýsingum erlendis frá um verkefni af svipuðum toga og gerð spá um fólks- og vöruflutninga milli lands og Eyja. Kostnaður yrði metinn miðað við erlenda reynslu og innlenda og hagkvæmni könnuð miðað við hugsanlega umferð um göngin. Í skýrslu um þennan áfanga kæmu einnig

tillögur um framhaldsrannsóknir. Áætlaður kostnaður við þessa vinnu er um ein millj. kr.

2. Æskilegt yrði að í öðrum áfanga yrðu gerðar rannsóknir á botni og aðstæðum í Eyjum og í landi. Gera yrði skýrslu um hagkvæmustu tillögu og tæknilega lausn og um staðsetningu. Þá yrði kostnaðaráætlun endurmetin með tilliti til aukinna upplýsinga. Áætlaður kostnaður við þennan þátt er 5 millj. kr.

Mun umfangsmeiri og dýrari rannsóknir þyrfti síðan að gera til undirbúnings framkvæmda. Til greina kemur að fela ákveðnum aðila gerð og rekstur jarðganga af stærðargráðu sem um er að ræða milli lands og Eyja.

Þá er vert að minnast á að fjöldi ferðamanna hefur farið vaxandi til Vestmannaeyja, mjög vaxandi á undanförnum árum, en samgöngur eru þó að mörgu leyti erfiðar vegna veðurfars, bæði með tilliti til flugferða og sjóferða. Þó eru um 120 þús. manns sem árlega fara milli lands og Eyja undanfarin ár. Jarðgöng milli Vestmannaeyja og fastalandsins mundu valda byltingu í samgöngum og atvinnulífi við þennan mikla athafna- og ferðamannabæ því þarna mundi í rauninni opnast nýtt atvinnusvæði. Það yrði þá ekki nema 5–10 mínútna akstur milli lands og Eyja ef slík göng yrðu að veruleika.

Það er margt sem mundi verða hagkvæmt við gerð slíkra ganga sem má nefna, svo sem að þar væri hægt að leggja lagnir fyrir rafmagn, vatn, síma og annað sem er mjög dýrt með því fyrirkomulagi sem nú er og er mjög dýrt að endurnýja. Einn rafstrengur í lögn milli lands og Eyja kostar nærri 200 millj. í dag.

Ef slíkt mannvirki gæti verið traustvekjandi og niðurstöður sýndu að það væri fýsilegt, þá koma inn í þættir eins og að það væri minni þörf fyrir skip milli lands og Eyja, en þetta er auðvitað mál sem þarf að skoða inn í framtíðina og dregur ekki úr mikilvægi þess að nú þegar verði hafist handa við smíði á nýjum Herjólfi sem brýn nauðsyn ber til, bæði af öryggisástæðum og öðrum ástæðum.

Það er tímabært að opna þennan möguleika til skoðunar. Það þarf að vanda mjög vel til hans. Það kostar um eina milljón að gera forkönnunina, 5 millj. þá könnun sem mundi hugsanlega fylgja í kjölfarið og er ekki eftir neinu að bíða með að taka af skarið í þessum efnum.

Ég legg til að að lokinni fyrri umr. verði málinu vísað til atvmn. Sþ.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að eðlilegra væri að málið færi til hv. allshn. (Gripið fram í.) Gerir þingmaðurinn athugasemd við það? (**ÁJ:** Já.)

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa sex þingmenn Sjálfstfl. lagt fram mikla tillögu um könnun á jarðgöngum til Vestmannaeyja. Nú vill svo til að þetta mál hefur töluvert borið á góma á síðustu árum, ekki síst úti í Vestmannaeyjum. Auðvitað hafa þingmenn íhugað það og rætt sín á milli hvort það væri tímabært að flytja slíka tillögu af þingmönnum kjördæmisins hér á Alþingi. Niðurstaðan hefur þó orðið sú að flestum hefur sýnst að það væri ekki tímabært. En hér liggur fyrir tillaga þessara sexmenninga og hef ég ekki annað en gott um hana að segja, að hreyfa málinu með þessum hætti.

Það er ljóst að mikil þróun hefur orðið á síðustu árum hvað þennan verkþátt í heiminum varðar. Tækninni hefur fleygt fram og þessar framkvæmdir eru orðnar á allt öðru verðlagi en fyrir nokkrum árum. Fyrsti flm. nefndi hér nokkrar þjóðir, m.a. Japana og við sjáum að þessi tækni færist nær okkur. Færeyingar, Danir og fleiri hafa gengið þessa leið.

Ég minnist þess að Vestmanneyingar hafa um þetta rætt og hugsað því að ég sé það einmitt í ráðhúsi Vestmannaeyja á nýlegu skipulagi sem unnið var af Páli Zóphóníassyni að þar var gert ráð fyrir þessum göngum. Þeir teikna opið inn á skipulagið, enda hefur Vegagerðin dálítið unnið að málinu svo að þetta er ekki nýtt. Hugsjónamenn í Vestmannaeyjum hafa oft á tíðum á fundum þar sem ég hef verið rætt þetta mál og þeir eiga þar ákafa baráttumenn sem telja einmitt að þetta sé það sem verði í framtíðinni.

Hitt er ljóst að þetta er auðvitað afskaplega dýr framkvæmd fyrir litla þjóð og áhættuþættirnir á þessari leið eru sennilega margir. Þetta er eldfjallasvæði, jarðskjálftasvæði. Á þessum stað er mesta misgengið á Atlantshafshryggnum, staður, sem alltaf er á hreyfingu að því er jarðfræðingar telja. Þarna er því vissulega margt eftir sem þarf að rannsaka.

Mín skoðun er sú að jarðgöng á milli lands og Eyja séu ekki á dagskrá á næstu árum. Okkur skortir til þess peninga og einnig er óskaplega margt ógert í vegagerð á Íslandi sem menn munu sjálfsagt frekar telja að skili fjöldanum miklu. Ég hef því tilhneigingu til að slóra og hugsa í nútíðinni um samgöngumál Eyjamanna. Ég tek fram að ég styð það að Vegagerðin og vísindamenn fylgist með þessu svæði af fullum þunga með það í huga að kanna hvort þetta er framkvæmanlegt því að vissulega munum við standa frammi fyrir því einhvern tíma að þurfa að taka afstöðu til þess, sé það framkvæmanlegt. Ég legg því áherslu á ýmislegt annað í samgöngumálum Eyjamanna eins og nýtt skip, sem ég tel mjög brýnt, það er auðvitað brýnasta málið í dag, sem væri bæði hraðskreiðara, gæti tekið fleiri bíla og byggi við meira öryggi heldur en sá Herjólfur sem nú siglir á milli. Einnig er mjög mikilvægt að styrkja og bæta flugsamgöngur milli lands og Eyja.

En svo er það hitt sem ég hef nú í haust verið með í undirbúningi. Ég hef verið að hugleiða að flytja frv. hér í þinginu sem tæki á því ranglæti sem ég tel að íbúar Vestmannaeyja búi við í dag gagnvart öðrum landsmönnum og reyndar fólk í öllum öðrum eyjum í kringum landið. Við gerum okkur grein fyrir því að ríkið byggir og sér um viðhald vega. Í Vestmannaeyjum eru t.d. aðeins tæpir 4 km í frágengnum þjóðvegum. Fólkið sem býr í Vestmannaeyjum nýtir ekki með sama hætti þjóðvegakerfið og aðrir landsmenn. En mesta ranglætið er hversu dýrt það er fyrir

Vestmanneyinga að komast til lands á þjóðvegina og um það ranglæti snýst það frv. sem ég hef verið að vinna að.

Sjóleiðin frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar er um 70 km ef ég man rétt. Setjum nú svo að hjón með tvö börn vilji komast upp á land til að aka eftir þjóðvegunum. Gera þingmenn sér t.d. grein fyrir því hvað það kostar fjölskylduna að komast upp í Þorlákshöfn með Herjólfi? Hjónin borga hvort 1000 kr. fyrir farið, börnin mismunandi eftir aldri, barn á 13. ári það sama og fullorðinn, frá 6–12 ára aldri 400 kr. og frítt undir 6 ára aldri. Hjónin borga í dag 1000 kr. fyrir fjölskyldubílinn. Samtals kostar svona ferð með Herjólfi aðra leiðina þessa fjölskyldu sem ég nefndi, hjón með tvö börn, 13 og 10 ára, og bíl, svona 4500–5500 kr. Að auki kojupláss því ýmsir þola illa velting og sjógang, ekki síst börn. Þessi hjón verða að borga um 10 þús. kr. fyrir að ferðast þessa leið fram og til baka. Það er mikill peningur.

Samkvæmt ríkistaxta kostar ca. 2800 kr. að aka 140 km leið á fólksbíl, en venjulega kostar það í bensíni kannski 1000 kr. Sambærileg fjölskylda sem ákveður að skreppa í sunnudagsbíltúr héðan úr Reykjavík t.d. til Þingvalla og ferðast 140 km leið þann daginn eyðir kannski 15–20 lítrum af bensíni, eins og ég sagði um 1000–1200 kr. Þarna ríkir mikill og ósanngjarn munur á milli fólks. Þess vegna álít ég mikilvægast fyrir íbúa Vestmannaeyja í samgöngum að það verði fest og viðurkennt í löggjöf að það kosti svipað að ferðast þessa sjóleið og að ferðast sambærilega vegalengd á landi. Þetta réttlætismál minnist ég nú á hér því að ég tel að við þurfum fyrst og fremst að hugsa um nútíðina í samgöngumálum Vestmanneyinga og þetta hafa þeir margir við mig rætt og finnst það óheyrilega dýrt.

Nú skulum við segja að þetta sjónarmið verði viðurkennt gagnvart íbúum Vestmannaeyja þar sem þeir hafa enga aðra möguleika til að ferðast til lands en flug- eða sjóferð. Við verðum að líta dálítið sérstaklega á þessar ferjur sem ganga á milli staða sem ekki eiga aðra leið. Það þarf að viðurkenna sjóleiðina sem landvegur væri. Væri það t.d. regla að farmiði með Herjólfi kostaði að hámarki andvirði 10 lítra af bensíni eða 520 kr., barnamiði helming af því og flutningur á bíl aldrei meira en í dag mundi þessi ferð fjölskyldunnar lækka um helming en yrði þrátt fyrir það dýrari en sambærilegt ferðalag um jafnlangan veg á landi. Það sem mætti bæta við er að þó að þessi leið yrði farin er ekkert víst að það mundi kosta ríkið neitt því að ferðalög á milli þessa sérstæða staðar, Vestmannaeyja, og lands mundu aukast á báða bóga.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég þakka jákvæðar undirtektir við þessa till. Það er auðvitað ljóst að hér er fjallað um mál sem er framtíðarmál, gæti orðið fyrr en seinna, hvort sem menn eru að tala um tíu eða tuttugu ár. Ég ætla ekki að víkja hér að verðlagningu fargjalda með Herjólfi. Auðvitað er æskilegt að þau lækki, en það eru tvær leiðir milli lands og Eyja, önnur frá Eyjum og hin til Eyja, og á auðvitað þá að gilda jafnt um alla sem fara þar á milli, í verðlagningu. Það má velta ýmsum hlutum fyrir sér eins og því, ef maður tengir við þjóðvegakerfið, er þá ekki kominn tími til þess að greiða niður ferðir Akureyringa til þess að koma til höfuðborgarinnar og komast í tengsl við stjórnsýslukerfið? Þær eru því margar spurningarnar sem vakna upp í svona málum.

Það kann að vera að þegar búið er að skoða þetta mál — sem vonandi verður nú þegar því að það er æskilegt að gera það, sérstaklega með tilliti til þess að kostnaðurinn er ekki neitt sem mönnum bregður við — þegar tíma líða, eins og ég sagði, eftir tíu til fimmtán ár, þá séu aðrir valkostir sem gætu leyst þessa hugmynd af hólmi, loftpúðaskip eða annað sem tæknin býður upp á, en ég vona að þetta mál gangi í gegn. Það er forvitnilegt, það er vissulega stórt, en þó vil ég nefna, af því að hér var talað um að það væri skortur á peningum, að göng í gegnum Ólafsfjarðarmúla eru 3,3 km. Þau kosta 1,2 milljarða. Það er þrisvar sinnum lengri leið milli lands og Eyja. Göng þar mundu þó ekki kosta þrisvar sinnum meira í dag, miðað við þá tækni sem nú er, heldur fjórum til fimm sinnum meira. Bilið er í rauninni ekki meira. Það er eilítið önnur tækni en sama grunnaðferð við gerð ganga, hvort sem það er í gegnum berg ofan sjávar eða neðan sjávar.

Ég hef rætt við forseta um athugasemd sem gerð var áðan um framgang málsins og stend við þá ósk að það fari til atvmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Hitalögn í Suðurlandsveg í Hveradalabrekku, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 112. mál. — Þskj. 116.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Þessi till. til þál. um hitalögn í Suðurlandsveg í Hveradalabrekku miðar að því að kannaður verði kostnaður og hagkvæmni við slíka hitalögn. Í skemmstu máli er þarna um að ræða svæði sem er nokkuð hættulegt í umferð. Það er mest slysatíðni á leiðinni austur fyrir fjall á þessu svæði, mun meiri en t.d. í Kömbum. Það er nægur jarðhiti á þessu svæði og t.d. er hann nýttur af þeim sem reka Skíðaskálann í Hveradölum. Virðist við fyrstu sýn mjög auðvelt að komast inn í mikinn hita og slík hitalögn er ekki neitt nýtt hér á landi. Reykjavíkurborg hefur t.d. lagt slíkar lagnir í erfiðustu brekkur í Breiðholtshverfi og það hefur gefist mjög vel. Brekk-

ur sem voru ófærar marga vetrardaga hafa síðan þessi lögn var lögð í þær verið eins og vegir um sumardag. Sjálfur bý ég við eina slíka götu og þekki því vel hvað þetta þýðir. Það er þó allmikill munur á snjóþyngslum í 100 m hæð í Breiðholti eða uppi á Hellisheiði. Það þarf 50–60 gráðu hita til þess að halda vegum auðum og ef hagkvæmt er að gera þetta að könnuðu máli, þá er það nokkuð fýsilegur kostur.

Ég legg til að þessi till. fari til allshn. Sþ. að lokinni fyrri umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Kynbótastöð fyrir laxfiska, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 50. mál. — Þskj. 50.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kynbótastöð fyrir laxfiska. Þetta er reyndar í þriðja skiptið sem tillaga í þessum dúr er flutt á hv. Alþingi þó með þeirri breytingu að nú hljóðar hún svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir laxfiska.“ Í fyrri útgáfum var talað um eldisfisk. Hér er kannski sérstaklega um að ræða áherslu á bleikjuna og orðið víkkað út þess vegna.

Þar sem tvívegis áður hefur verið mælt fyrir þessari till. ætla ég ekki að gera hana að mjög miklu umtalsefni hér. Þau meginrök sem áður hafa verið flutt eiga enn við. Ég hygg að hér sé um eitt veigamesta og mikilvægasta málið að ræða fyrir fiskeldi í dag. Norðmenn hafa um mjög langt árabil stundað kynbætur á eldislaxi og þeir hafa lagt meginþunga á þrjú aðalatriði, þ.e. að ná fram auknum vaxtarhraða, síðbúnum kynþroska og aukinni mótstöðu gegn sjúkdómum. Árangur er eftir norskum skýrslum að dæma mjög mikill, eða 3–5% aukning vaxtarhraða á ári. Þetta leiðir aftur til þess að eftirspurn eftir hrognum úr kynbættum laxi í Noregi er mjög mikil.

Eitt af því sem vekur ýmsar spurningar og veldur erfiðleikum í íslensku fiskeldi er að íslensku laxastofnarnir verða í stórum mæli kynþroska eftir eitt ár í sjó. Við kynþroska fer fóður og orka mest í að þroska hrogn og svil. Fiskurinn vex ekki þrátt fyrir eldi, og gæði fisksins til matar minnka. Úrval af seiðum til undaneldis er lítið og kynbætur eru nánast engar. Brýnasta málið við eldi á laxi á Íslandi er nú að kynbæta stofna til undaneldis. Það er útilokað að treysta á innflutt hrogn vegna þess að áhætta mun verða of mikil af að sjúkdómar geti borist til landsins.

Hér er lögð áhersla á að ríkið verði sá aðili sem hleypi þessari starfsemi af stokkunum. Íslensku fiskeldisstöðvarnar búa við mjög erfiða aðstöðu í dag og valda því ekki að setja slíka stöð af stað þó að hún sé í rauninni ekki mjög fjárfrek, en gert er ráð fyrir að slík kynbótastöð væri hlutafélag sem atvinnugreinin mundi kaupa sig inn í og væntanlega yfirtaka þegar henni vex fiskur um hrygg.

Í Kollafirði eru hafnar kynbætur á hafbeitarlaxi en þar er að hluta verið að leita annarra eiginleika en í eldi, eins og ratvísi og auknum endurheimtum. Vonir eru bundnar við að þessar kynbætur sem þarna eru geti aukið arðsemi í hafbeit um 3–6% á ári með hærri endurheimtum og meiri sláturþunga. Fyrstu niðurstöður úr tilraunum með samanburði á norskum og íslenskum laxastofnum sem nú er unnið að á vegum RALA benda til að af íslenska stofninum í tilrauninni verði rúm 70% kynþroska eftir eitt ár í sjó en af þeim norska 10%. Það sýnir hversu gríðarlega mikilvægt atriði hér er um að ræða vegna þess að það er ekki bara um það að ræða að ná laxinum stærri ef hann verður ekki kynþroska fyrr en eftir tvö ár í sjó. Annars vegar er það að kílóið af laxi er í hærra verði ef fiskurinn er stærri og hins vegar að viðbótarkílóin sem framleidd eru eru ódýrari í framleiðslu.

Það er mjög mikilvægt að kynbótastöð fyrir laxfiska sé nálægt sjó og hún þarf á hreinum jarðsjó að halda. Hún þarf að vera staðsett sér og nokkuð einangruð vegna sjúkdómahættu, og gert er ráð fyrir að til hennar yrðu fluttir stofnfiskar í byrjun frá nokkrum stöðvum. Þar þarf að vera aðstaða til klaks, seiðaeldis, geymslu stofnfisks og einhvers áframeldis en síðar mundum við gera ráð fyrir að seiðin yrðu alin í nokkrum matfiskastöðvum samkvæmt samningi við kynbótastöðina, þannig að stofnkostnaður yrði minni. Mælingar á þroska fisksins og sláturþunga væru síðan notaðar til vals á fiski til undaneldis. Það val væri framkvæmt á fiski sem alinn er í sjálfri kynbótastöðinni en kynbótastöðin gæti síðan selt hrogn í framtíðinni. Af reynslu Norðmanna að dæma er um mjög arðbært fyrirtæki að ræða.

Sjálf skipulagning og tölvustýring kynbótanna gæti verið framkvæmd af sérfræðingum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en sérfræðingar landbúnaðarins hafa þegar mikla reynslu af kynbótum, og undirbúningur vegna kynbóta á hafbeitarlaxi mundi nýtast vel í kynbótastöð fyrir laxfiska almennt í eldi.

Ég held að það sé nauðsynlegt að leggja áherslu á það að framtíð fiskeldis á Íslandi veltur á því að rannsóknir og tilraunir verði efldar. Íslendingar hafa þegar dregist aftur úr helstu samkeppnisþjóðum sínum í fiskeldi. Þróunin er mjög ör og það mál sem hér er flutt er eitt af því allra mikilvægasta fyrir íslenskt fiskeldi sem um er að ræða í dag.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessari till. verði vísað til hv. atvmn. að lokinni umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Skráningarkerfi bifreiða, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 113. mál. — Þskj. 117.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um einkarétt og íslensk sérkenni í skráningarkerfi bifreiða. Það var komin allrík hefð á það gamla skráningarkerfi sem var við lýði þangað til núverandi kerfi var lögfest og það sérkennilega við það kerfi var fyrst og fremst að það hafði áunnið sér íslenskan blæ. Alveg eins og grannar vilja vita hver af öðrum, þá gátu menn fylgst með því nokkuð hvernig hreyfingin var á umferðinni í landinu eftir bílnúmerum og mönnum þótti það viðkunnanlegt. Akureyringi á A-bíl þótti viðkunnanlegt að sjá annan A-bíl, hvort sem það var á Austurlandi, Suðurlandi eða annars staðar. Það fannst mér sterkur þáttur í þessu skráningarkerfi, þáttur sem var svolítið persónulegur, og mér finnst ástæða til þess að stuðla að slíku, ekki hvað síst með tilliti til þeirrar alþjóðahyggju sem flæðir yfir í öllum áttum. Allt á að vera eins og litlaust og lítið landslag í mannlífi og öðrum þáttum sem við búum við. Þá finnst mér ríkari ástæða til þess að stuðla að persónulegum einkennum og halda því sem við getum kallað íslenskan stíl í ölduróti alþjóðanna.

Það er auðvelt mál að bjóða þessa þjónustu. Það yrði jafnvel hægt að viðhalda því kerfi sem nú er, sem er að mörgu leyti mjög hagkvæmt varðandi endurskráningar bifreiða, því að í þeim tölvuuppsetningum sem öll skráning á sér nú stað í er mjög auðvelt að hafa grunnnúmerið, sem fylgir þá bílnum á meðan hann er á hjólum, og hins vegar sérnúmerið sem viðkomandi eigandi á hverju sinni. Viðkomandi eigandi þyrfti þá einfaldlega að borga fyrir þau spjöld, hvort sem þar yrði um að ræða nafn eða númer. Hann borgaði fyrir þá sérþjónustu aukreitis og hans væri völin í þeim efnum.

Ég held að þetta sé mál sem allmargir hafa áhuga á, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og ekki hvað síst í dreifbýlinu. Mér virðist þetta vera persónulegra mál í dreifbýlinu og full ástæða til þess að taka tillit til þess eins og hægt er þar sem það er svo auðvelt að tengja þetta saman.

Ég legg til að að lokinni fyrri umr. verði þessu máli vísað til allshn. Sþ.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir það að hafa lagt þessa till. fram. Ég hef heyrt það víða á landsbyggðinni að menn eru mjög óhressir með hið nýja númerakerfi bifreiða, sérstaklega með tilliti til þess að ekki er lengur hægt að sjá hvaðan viðkomandi kemur. Það er mjög mikill áhugi á því að viðhalda annaðhvort gamla kerfinu eða taka upp eitthvert slíkt kerfi þar sem hægt er að sjá hvaðan bifreiðir koma. Öll sú röksemdafærsla sem hv. flm. flutti fyrir máli sínu hér áðan á fullkominn rétt á sér.

Ég hafði sjálfur í huga að flytja mál af svipuðum toga en var ekki kominn niður á hvers konar kerfi ætti að taka upp í staðinn. Ég hafði hugsað þann möguleika sem flm. hafa lagt hér til. Mér finnst ekki ráðlegt að við verðum áfram með tvenns konar númerakerfi á bifreiðum. Ég held að það gangi hreinlega ekki upp. Ég hafði hugsað mér að leggja fram þá tillögu, ég veit ekki hvort flm. gæti hugsað það mál með mér, að nýja kerfinu sem einu sinni er komið á verði við haldið. Eins og við þekkjum á þessum nýju númerum er ætlað pláss fyrir framan tölurnar fyrir skjaldarmerki viðkomandi byggðarlags. Nú hefur það alls ekki gengið eftir og við sjáum sárafáar bifreiðar sem hafa notfært sér þetta rými á númeraspjöldunum. Mér hafði dottið í hug að leggja til að gömlu einkennisstöfunum fyrir gömlu skráningarhéruðin yrði viðhaldið. Það yrði beinlínis skylda að viðhalda gömlu stöfunum, R fyrir Reykjavík, V fyrir Vestmannaeyjar, F fyrir Siglufjörð o.s.frv. Þetta pláss á númeraspjöldunum yrði notað þannig að límmiðar, svipaðir og eru notaðir fyrir skráningartölurnar, yrðu settir á þetta pláss og það væri beinlínis hægt að skipta um límmiða í hvert skipti sem skipt væri um eiganda að bílnum. Þannig að þá hefðum við þrjá bókstafi og þrjá tölustafi á hverju númeri, en fyrsti bókstafurinn gæfi ávallt til kynna hvaðan bifreiðin kæmi.

Ég hef hugsað mér að setja þetta niður á blað og flytja um þetta tillögu, og mér þætti vænt um ef hv. flm. þeirrar till. sem hér liggur frammi gæti hugsað sér að hugsa þetta mál með mér.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir góðar undirtektir. Ég held að það séu æðimargir sem vilja taka á þessu máli. Þó að það sé ekki stórt í sjálfu sér, þá er það smekksatriði og nokkurt tilfinningaatriði fyrir allmarga landsmenn. Og ég held að þessi till. sem hér er lögð fram opni ákveðinn möguleika til þess að taka málið upp með það fyrir augum að finna farveg sem er ásættanlegur og skynsamlegur, og mér líst ágætlega á þá hugmynd sem hv. síðasti ræðumaður vakti upp. Þetta er spurning um að útfæra ákveðna hluti sem þeir mundu gera sem best þekkja til í þeim efnum. Ég vil ítreka þakkir fyrir jákvæðar undirtektir.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka V 344 og F 136, ef ég man rétt, og sérstaklega V 344, fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli.

Ég get sagt eins og hv. flm. að þetta er kannski ekki stórmál í hugum margra, en þetta er í mínum huga eins og steinn í skó. Þetta er búið að pirra mig frá því þessi breyting varð. Ég er þess heils hugar fylgjandi í rauninni að gamla númerakerfið verði tekið upp aftur, að það verði liður í því að leggja niður Bifreiðaskoðun Íslands eins og hún er í dag. En það er nú önnur saga. Ég tel að það sé mikið atriði að við sem erum sama sinnis hér í þinginu komum okkur saman um einhverja þá einu lausn sem hefur hér meirihluta-

fylgi þannig að hægt sé að breyta þessu áður en lengra er haldið á þeirri braut sem við erum komnir á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

EFRI DEILD

10. fundur, þriðjudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (meðdómsmenn). — Þskj. 129, n. 158, brtt. 159.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 158 um frv. um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum nr. 29/1986.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri brtt. sem fram kemur á þskj. 159.

Nál. er á þessa leið:

„Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Gunnlaug Briem, yfirsakadómara í Reykjavík, Ásgeir Friðjónsson, sakadómara við dómstól í ávana- og fíkniefnamálum, Unni Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands, Hrafn Bragason, formann réttarfarsnefndar, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Þorleif Pálsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Eftir að hafa rætt frumvarpið og skipst á skoðunum við fyrrtalda aðila eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta rita Jón Helgason, Guðmundur Ágústsson, Skúli Alexandersson, Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jóhann Einvarðsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Eins og frv. ber með sér er verið að breyta því þannig að þrír aðilar geti setið í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum. Eins og nú er getur aðeins einn aðili setið í hverju máli. Ástæða þess að þetta frv. er flutt, og sem fram hefur komið hjá viðmælendum okkar sem heimsótt hafa nefndina, er sú að upp kom sérstakt mál í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum sem krefst þess eiginlega að þrír aðilar skipi dóminn.

Nefndin var ekki sammála um orðalagið í 1. gr. frv., en það er svo, með leyfi forseta:

„Ef vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði getur dómarinn kvatt til setu í dómi með sér tvo dómendur. Sá sem kvaddur er til setu í dómi skal vera embættisdómari eða fullnægja skilyrðum 2. mgr."

Það var einkum síðasti liðurinn í ákvæðinu, að fullnægja skilyrðum 2. mgr., sem vafðist fyrir mönnum. Einkum það að það þyrfti ekki að vera aðili sem er dómari í dag, heldur að það væri hægt að kalla til aðila utan réttar sem skipa aðrar stöður en dómarastöður í dag. Þess vegna leggjum við fram svofellda brtt.:

Við 1. gr., í a.-lið á eftir orðunum „getur dómarinn" í fyrri málsl. efnismgr. komi: „að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins", og í b.-lið falli orðin „eða fullnægja skilyrðum 2. mgr." í síðari málsl. efnismgr. brott.

Það er sem sagt lagt í hendur dómsmrn. að skipa þessa aðila en það er ekki sjálfur sakadómurinn sem tilnefnir þessa menn sem er kjarninn í okkar brtt.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Frv. það sem hér er fjallað um um breytingar á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum nr. 29/1986 er, eftir því sem komið hefur fram í umfjöllun hér í hv. deild og á nefndarfundum í allshn. deildarinnar, fyrst og fremst flutt til að auðvelda og þá um leið tryggja betri dómsmeðferð á einu sérstöku máli.

Allir nefndarmenn allshn. skila sameiginlegu áliti þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt með *breytingum sem nefndin flytur um tillögur.*

Lög þau sem hér er lagt til að breytt verði með þessu frv. eru með svokallað sólarlagsákvæði, þ.e. þau falla úr gildi innan ákveðins tíma sem er 1. júlí 1992. En það ákvæði var samþykkt um leið og lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði voru samþykkt á síðasta þingi. Fíkniefnadómstóllinn verður þá lagður niður og mál þess dómstóls falla þá inn í hið almenna dómskerfi.

Spurt hefur verið um það við umfjöllun þessa frv. hvort ekki væri óeðlilegt að breyta lögum um fíkniefnadómstólinn jafnvel út af einu máli. Og hvort ekki væri vafasamt að fara að nú breyta lögum sem þegar væri ákveðið að falla ættu úr gildi eftir 2½ ár. Sú spurning hefur þá einnig vaknað hvort ekki mætti fara aðra leið til að auðvelda meðferð þess máls sem er hvati að þessu lagafrv. en þá að breyta lögunum um fíkniefnadómstólinn.

Bent hefur verið á að skipa mætti sérstakan sakadómara í þetta mál og önnur sem upp kæmu á gildistíma laganna og líkt væri ástatt um til að létta störfum af dómstólnum eins og hann er nú skipaður. Ég tel að sú leið hefði mjög komið til greina. Sú leið hefði líka haft þann kost að sami dómari og kveðið *hefur upp gæsluvarðhaldsúrskurði í nefndu máli* þyrfti ekki að standa að dómi í málinu.

Yfirsakadómari, Gunnlaugur Briem, og formaður réttarfarsnefndar, Hrafn Bragason, gerðu okkur í allshn. grein fyrir ákveðnum annmörkum frv. Ráðuneytismenn úr dómsmrn. lögðu aftur á móti áherslu á

að erfitt væri og næstum ógerningur að fara aðra leið í þessu máli en þá er í frv. felst.

Lagt er til með þeim brtt. allshn. sem hér eru fluttar að mikilsverðar breytingar verði gerðar á 1. gr. frv. Skv. brtt. þarf samþykki dómsmrn. til kvaðningar meðdómara í dóminn og hver sá sem kvaddur er í dóminn skal vera embættisdómari eins og kom fram í ræðu hv. frsm.

Herra forseti. Ábendingar Gunnlaugs Briem yfirsakadómara og Hrafns Bragasonar, formanns réttarfarsnefndar, eru fyrir mér fullgildar. Þótt ég viðurkenni útlistingar dómsmrn. á vandamálum líðandi stundar mun ég greiða atkvæði með þessu frv. að samþykktum fyrrnefndum brtt.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Í tilefni orða hv. 4. þm. Vesturl. langar mig að bæta við nokkrum orðum og kannski meira frá mínu eigin brjósti um það sem ég tel ábótavant í framkvæmdinni.

Ég er sammála hv. 4. þm. Vesturl. um að það skref sem stigið var með því að koma á fót sérstökum sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hafi ekki verið rétt skref. Það er skoðun lögmanna og dómara, svo mikið sem ég hef heyrt, að sérdómstólar séu mjög óæskilegt fyrirbrigði í dómskerfinu. Því er sú breyting eða skipan sem komið hefur verið á með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds mjög tímabær. Ég minntist einmitt á það hér á síðasta þingi, þegar það frv. var til afgreiðslu, að þarna væri verið að taka á mjög stóru vandamáli. Einmitt því að þarna er verið að koma skipan dómsvalds í mjög gott horf með því að fella sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum undir hið almenna kerfi um sakadóm.

En það sem var nú aðallega tilefni þess að ég kom hér upp aftur var að það er rétt sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Vesturl., að hér er eiginlega verið að breyta lögum vegna tilviks sem er að koma upp. Það er mjög óæskilegt að Alþingi taki á málum bara eins og þau koma fyrir, en samt er hér um slíkt mál að ræða að nauðsyn krefur, til þess að þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli geti fengið eðlilega og réttláta meðferð, að dómurinn skuli skipaður þremur mönnum. Þar sem um það er samkomulag hjá öllum aðilum málsins, ekki aðeins dómaranum sem slíkum heldur öllum öðrum málsaðilum, að svo skuli vera þá væri mjög óeðlilegt að við stæðum í vegi fyrir því. Og það kom fram hjá framkvæmdastjóra Lögmannafélagsins að það væri mjög eðlileg skipan að þrír aðilar sætu dóminn í svo umfangsmiklu máli sem hér er verið að ræða um.

Eitt er það sem ég vildi þó bæta við. Þó svo að aðilar sem fyrir nefndina komu hafi ekki verið á eitt sáttir um ágæti lagafrv. sem slíks þá féllust þeir allir á þá niðurstöðu sem varð sú endanlega og brtt. er flutt um og einnig var einhugur í nefndinni um þá afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 159 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

11. fundur, þriðjudaginn 14. nóv., að loknum 10. fundi.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (meðdómsmenn). — Þskj. 161.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögheimili, 1. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarlög). — Þskj. 135.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um lögheimili sem flutt er á þskj. 135 og er 131. mál þessarar hv. deildar. Frv. þetta er samið af nefnd sem félmrh. skipaði á árinu 1985. Í nefndinni áttu sæti Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, sem var formaður nefndarinnar, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumrn., og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félmrn. Þá hefur Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, starfað með nefndinni á árinu 1989.

Nefnd þessi var skipuð að ósk Hagstofu Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem þessir aðilar töldu að full þörf væri á að endurskoða gildandi lög um lögheimili. Margar ástæður liggja þar að baki. Í fyrsta lagi eru nú liðnir nær þrír áratugir frá setningu gildandi lögheimilislaga. Á þessum tíma hafa þjóðfélagshættir tekið töluverðum breytingum. Þetta á ekki síst við um sambýlis- og búsetuhætti fólks.

Í öðru lagi hefur ýmsum lögum sem tengjast eða styðjast við lögheimilislög verið breytt á þessu tímabili og er eðlilegt að lögheimilislögin séu endurskoðuð í því ljósi.

Í þriðja lagi má loks nefna að vegna ýmissa norrænna samninga, einkum á sviði almannatrygginga, skattamála og almennrar skráningar, er talin þörf á endurskoðun laganna.

Helsta markmið nefndarinnar við endurskoðun lögheimilislaga er að skapa meiri festu í skilgreiningu og ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Er stefnt að því að það verði meginregla að menn hafi lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu. Hugtakið föst búseta er því þungamiðja í þessu frv. og er lögð áhersla á að skilgreina það hugtak með ótvíræðum hætti. Í þessu felst mikilvæg breyting frá gildandi lögum, en ákvæði þeirra hafa nú á síðari árum þótt gefa færi á hentisemi og hringlanda við ákvörðun lögheimilis. Ekki síst hefur á því borið að menn hafa talið sig geta formlega átt lögheimili á einum stað en búið annars staðar. Þannig hefur reynst æ örðugra fyrir sveitarfélögin og Þjóðskrá að ákvarða lögheimili manna. Marka- og óvissutilvikum hefur fjölgað mikið. Þetta hefur valdið því að lögunum hefur ekki verið beitt sem skyldi. Nauðsynlegt er að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Þetta er ákaflega brýnt vegna þess hve lögheimilisskráning skiptir miklu um framkvæmd ýmissa laga, sérstaklega skattalaga, og vegna hins hve opinberir aðilar og ýmsir aðrir eru orðnir háðir heimilisföngum í þjóðskrá um útsendingu mikilvægra gagna og fjármuna.

Sem fyrr segir hafa sambýlishættir og búsetuhættir breyst talsvert á þeim nær 30 árum sem liðið hafa frá setningu gildandi laga um lögheimili. Meðal þeirra breytinga sem hér um ræðir má nefna eftirfarandi:

1. Breytingar á atvinnuháttum. Á síðari árum hefur dregið mjög úr árstíðabundinni atvinnu, t.d. vertíðarvinnu, og þar með flutningum fólks milli landshluta á hverju ári vegna atvinnu. Atvinna er nú mun jafnari á hverjum stað allt árið um kring en áður, bæði til sjávar og sveita. Enn fremur hefur það færst mjög í vöxt að útlendingar komi hingað til lands til skammtímaatvinnu og dvalar.

2. Þá má nefna breytingar á búsetu. Auk þeirra áhrifa á búsetu sem atvinnubreytingar hafa valdið hefur það orðið æ algengara að menn hafi fleiri en eina bækistöð og í reynd því fleiri en eitt heimili. Ekki er óalgengt að menn hafi eina bækistöð vegna atvinnu sinnar og aðra þar sem þeir dveljast í frítíma sínum hvenær ársins sem er. Á sama hátt eiga námsmenn oft tvær bækistöðvar, á námsstað og á foreldraheimili. Loks má nefna að það færist í vöxt að hjón vinni hvort á sínum stað á landinu og hafi því tvær bækistöðvar og tvö heimili.

3. Ég nefni breytingar á sambýlisháttum sem hafa margar orðið. Veigamest er þó hve algengt það er nú að tveir einstaklingar búi saman án þess að ganga í hjónaband, þ.e. í óvígðri sambúð. Í ýmsum lögum hefur verið tekið tillit til slíkra sambýlishátta og skiptir þá form búsetu og sambýlis miklu máli, sérstaklega í skatta- og tryggingalöggjöf. Þannig geta einstaklingar haft verulegan fjárhagslegan hag eða óhagræði af því að vera taldir búa saman eða hvor í sínu lagi. Slík vandamál verða ekki leyst með beinum hætti í lögheimilislögum, en þau valda því að brýnt er að ákvæði þeirra laga séu sem ótvíræðust. Á hinn bóginn valda þau hagsmunamál, sem hér um ræðir, oft miklum vanda við skráningu lögheimilis og almannaskráningu yfirleitt.

Af lagabreytingum síðustu ára sem skipta máli við framkvæmd lögheimilislaga má nefna ákvæði um tekjuskatt og eignarskatt er snerta skiptingu skatttekna milli sveitarfélaga. Jafnframt hafa verið gerðar breytingar á hjúskaparlögum og sett barnalög sem m.a. kveða á um forsjá barna. Nauðsynlegt er að samræmi sé á milli allra þessara laga og lögheimilislaga, bæði hvað snertir efni og framkvæmd.

Lög annarra Norðurlandaþjóða um lögheimili eða fasta búsetu og breytingar þeirra laga skipta máli fyrir Íslendinga vegna ýmissa norrænna samninga þar sem lögheimili er lagt til grundvallar ýmsum réttindum og skyldum. Á undanförnum árum hafa lögheimilislög grannþjóðanna verið endurskoðuð og hafa breytingar þegar hnigið í meginatriðum til tveggja átta. Annars vegar er svonefnd svefnstaðarregla nú alls staðar notuð sem meginregla við ákvörðun fastrar búsetu og þar með lögheimilis. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að ekki sé greint á milli raunverulegrar búsetu og lögheimilis.

Á þingi Norðurlandaráðs 1986 var samþykkt tillaga sem Íslendingar beittu sér fyrir um endurskoðun norræna samningsins um almannaskráningu frá 1968. Verkið var falið sérstakri embættismannanefnd og voru tillögur nefndarinnar um nýjan samning um almannaskráningu samþykktar á þingi Norðurlandaráðs í mars 1989. Samningurinn var undirritaður í Reykjavík 8. maí 1989 og tekur væntanlega gildi fyrri hluta ársins 1990 þegar allar þjóðirnar hafa fullgilt hann. Samningurinn er prentaður sem fskj. með frv. þessu.

Nýi samningurinn felur í sér ýmsar breytingar frá gildandi samningi er lúta að því að skerpa og skýra ýmis ákvæði hans og koma í veg fyrir misræmi á milli þjóða og sveitarfélaga í túlkun og framkvæmd hans. Að baki býr enn fremur að á vettvangi embættismannanefndarinnar náðist víðtækara samkomulag milli skráningaryfirvalda þjóðanna um samræmingu ýmissa framkvæmdaratriða. Ein veigamesta breytingin, sem felst í hinum nýja samningi, er að skemmri dvöl í einu aðildarlandi en sex mánuðir telst að öðru jöfnu ekki jafngilda flutningi. Fram að þessu hafa þessi tímamörk verið á reiki og hafa Danir t.d. krafist skráningar allra þeirra sem koma til landsins ef dvöl er ætlað að standa í þrjá mánuði eða lengur.

Í lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 1952, er og gert ráð fyrir skráningarskyldu þeirra sem koma hingað til lands og ætla að dveljast í þrjá mánuði eða lengur. Hér gætir því nokkurs misræmis við ákvæði lögheimilislaga. Til þess að tryggja samræmi í framkvæmd og koma í veg fyrir að skammtímadvöl sé talin jafngilda búsetu varð samkomulag um að miða við sex mánaða dvöl sem meginreglu. Danir og Íslendingar munu þó heimila, í samræmi við eigin löggjöf, að menn verði skráðir sem fluttir til

landsins ef þeir ætla að dveljast í landinu í þrjá mánuði eða lengur.

Í skýrslu embættismannanefndarinnar sem undirbjó hinn nýja samning kemur fram að með þeim breytingum, sem í honum felast, sé gengið eins langt og auðið er í þá átt að samræma flutnings- og skráningarreglur að óbreyttum lögum landanna um fasta búsetu og lögheimili. Nefndin bendir á að þótt meginreglur þessara laga séu keimlíkar séu undantekningarákvæði mismörg og mismikilvæg. Ekki er vafi á að í gildandi lögum um lögheimili hér á landi eru einna flest og veigamest undantekningarákvæði og eru þau hvað örðugust í framkvæmd.

Í þessu frv. er m.a. tekið mið af löggjöf annarra Norðurlandaþjóða og leitast við að fá fram frekari samræmingu við hana en nú er, m.a. með því að fækka undantekningum frá meginreglum. Að þessu mun ég víkja nánar hér á eftir.

Helstu breytingar sem frv. gerir ráð fyrir frá gildandi löggjöf eru eftirfarandi:

1. Frv. gerir ráð fyrir breytingu á skilgreiningu lögheimilis. Í gildandi lögum segir að maður eigi lögheimili þar sem heimili hans er og síðan er skilgreint hvað átt er við með hugtakinu „heimili". Í frv. er lagt til að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu og síðan er skilgreint hvað felst í hugtakinu „föst búseta". Ástæðan fyrir því að heppilegra þykir að miðað sé við fasta búsetu fremur en lögheimili er ekki síst sú að heimilishugtakið er ekki lengur nógu skýrt. Auk þess hefur það færst mjög í vöxt að menn telja sig eiga fleiri en eitt heimili. Fasta búsetu má skilgreina með ákveðnari hætti en heimili. Sú skilgreining sem hér er gerð tillaga um í 2. mgr. 1. gr. byggist að hluta á núverandi skilgreiningu heimilis í gildandi lögum en við hana er aukið með afgerandi hætti. Er þá gert ráð fyrir að upp verði tekin svonefnd svefnstaðarregla en í því felst að maður teljist hafa fasta búsetu þar sem svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Þessi ákvæði eru m.a. sniðin eftir sambærilegum ákvæðum í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

2. Þá felast í frv. breytingar á þeim ákvæðum er snerta tímalengd dvalar sem leiðir til skráningar lögheimilis. Í gildandi lögum er miðað við að dveljist maður eða ætli að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur skuli hann eiga hér lögheimili. Enn fremur er þess krafist að allir þeir sem stunda hér launaða atvinnu eigi hér lögheimili. Annmarkar eru á þessum ákvæðum. Í fyrsta lagi ríma þau ekki vel við ákvæði laga um tilkynningu aðsetursskipta, en þar er þess krafist að maður sem kemur erlendis frá tilkynni til skráningaryfirvalda ef hann dvelst eða ætlar að dveljast hér á landi í þrjá mánuði eða lengur. Í öðru lagi eru gildandi ákvæði um að krafist sé lögheimilisskráningar af þeim sem stunda hér launaða atvinnu, án tillits til dvalarlengdar, ekki í samræmi við ákvæði norræna samningsins um almannaskráningu. Í þriðja lagi eru þessi síðastnefndu ákvæði í reynd óraunhæf og naumast skynsamleg þar sem í þeim felst m.a. að maður sem dvelst hér fáeina daga við vinnu verði að eiga hér lögheimili þessa fáu daga.

Í frv. þessu er lagt til að áfram verði miðað við, sem meginreglu, að kvöð um lögheimili hér á landi vakni við sex mánaða dvöl. Jafnframt er tekið upp það nýmæli að mönnum verði heimilt að telja sig hér með lögheimili ef þeir dveljast í þrjá mánuði eða lengur vegna atvinnu eða náms. Þetta ákvæði tryggir betra samræmi en nú er milli lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta. Hins vegar er hér gert ráð fyrir að niður falli sú kvöð sem nú er í lögheimilislögum að allir sem stunda hér atvinnu eigi lögheimili hér á landi. Sem fyrr segir er þetta ákvæði naumast raunhæft né framkvæmanlegt svo vel sé.

Enn fremur er nú séð fyrir skráningu manna með öðrum hætti en áður hvað þetta snertir. Meginatriðið er varðar skráningu útlendinga sem koma hingað til vinnu um mjög skamman tíma er ekki að þeir séu skráðir í þjóðskrá, heldur að unnt sé að úthluta þeim kennitölu vegna þarfa skattyfirvalda, tryggingakerfisins og launagreiðanda. Af þessum sökum hóf Hagstofan haustið 1987 að færa sérstaka skrá yfir aðila sem nauðsynlegt er að úthlutað sé kennitölu og eiga eðli málsins samkvæmt ekki að færast í þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá. Þetta þykir heppilegra fyrirkomulag en núgildandi kvöð um lögheimilisskráningu sem þjónar svipuðum tilgangi. Í þriðja lagi má nefna að í núgildandi lögum er kveðið á um að eigi maður samtímis heimili í fleiri en einu sveitarfélagi skuli hann eiga lögheimili þar sem aðalatvinna hans er. Í frv. er lagt til að í tilvikum sem þessu sé fyrst beitt meginreglu frv. um lengd dvalar á hverjum stað, en dugi hún ekki ráðist lögheimili af þeim stað þar sem viðkomandi stundar aðalatvinnu sína.

Hér er m.a. haft í huga það sem að framan var rakið um breytingu atvinnuhátta undanfarin ár svo og hversu algengt það er að menn eigi heimili í einu sveitarfélagi en hafi atvinnu í öðru. Ljóst er að oft gætir tilhneigingar hjá sveitarstjórnum til að skrá menn með lögheimili í sveitarfélaginu þar sem þeir vinna fremur en þar sem heimili þeirra eða bækistöð er. Þótt í vissum tilvikum megi færa rök fyrir þessu getur þetta þó ekki gengið sem regla. Eina reglan sem brúkleg virðist er sú að jafnan fari saman lögheimili og föst búseta.

Í fjórða lagi gerir frv. ráð fyrir mikilvægri breytingu á ákvæðum um lögheimili á dvalarheimilum aldraðra. Í gildandi lögum er kveðið á um að menn geti ekki átt lögheimili á elliheimili eða í sérhönnuðum heimilum eða íbúðum aldraðra eða öryrkja, byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð nema sveitarstjórn heimili undantekningu frá þessu. Þetta gildir jafnt þótt viðkomandi eigi húsnæðið sem hann býr í.

Í frv. er lagt til að þessi ákvæði verði felld niður þannig að aldraðir og öryrkjar geti, á sama hátt og aðrir, átt lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu hvort sem þeir búa á dvalarheimilum aldraðra eða í sérstökum íbúðum fyrir aldraða og öryrkja. Hvað snertir dvalarheimili aldraðra er ljóst að þeir sem

þangað flytjast koma til að dveljast til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Dvöl á dvalarheimilum aldraðra verður ekki jafnað til dvalar í sjúkrahúsi, athvarfi eða öðrum álíka stofnunum þar sem ætlast er til að menn vistist vegna tímabundinna vandkvæða. Kostnaður við vistun á dvalarheimilum aldraðra er í aðalatriðum greiddur af vistmönnum og af almannatryggingum að því marki sem lífeyrir vistmanna hrekkur ekki til greiðslu vistgjalds. Breyting á þessu ákvæði lögheimilislaga veldur því ekki sveitarfélögum sérstökum útgjöldum, en færir þeim hins vegar tekjur eins og síðar er vikið að. Tekið skal fram að hvað þetta snertir er ákvæðum gildandi laga ekki beitt með samræmdum hætti. Þannig heimila mörg sveitarfélög vistmönnum á elliheimilum að skrá sig með lögheimili þar en önnur heimila það aðeins þeim vistmönnum sem áttu lögheimili í sveitarfélaginu áður en þeir fluttust á dvalarheimilið. Ákvæði gildandi laga um að mönnum sé ekki heimilt að eiga lögheimili í íbúð sem byggð hefur verið fyrir aldraða eða í tengslum við þjónustumiðstöð fyrir aldraða voru sett á árinu 1982. Þessi lagasetning var og er umdeild en hún var gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að sveitarfélög þyrftu að bera kostnað við framfærslu eða heimilishjálp manna sem flyttust í þjónustuíbúðir aldraðra úr öðrum sveitarfélögum.

Frá því að þessi breyting á lögheimilislögunum var ákveðin hefur fyrirkomulag þessara mála og viðhorf til þeirra breyst. Þessar breytingar koma m.a. fram í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, sem taka gildi 1. jan. nk. Með þeim lögum eru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum um kostnað við öldrunarþjónustu. Í gildandi lögum er kveðið á um að ríkið greiði 35% af kostnaði við heimilishjálp til viðkomandi sveitarfélags en sveitarfélögin bera sjálf afganginn. Skv. hinum nýju lögum skiptist kostnaður af rekstri heimaþjónustu þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum. Jafnframt geta sveitarstjórnir með gjaldskrá ákveðið þátttöku einstaklinga í veittri heimaþjónustu. Undanþegnir gjaldskyldu eru þó þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Önnur veigamikil breyting er að það verður skylda hvers sveitarfélags að reka heimaþjónustu fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Breytingar laganna á fyrirkomulagi á greiðslu fyrir heimaþjónustu aldraðra eru í samræmi við ný lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem taka gildi 1. jan. nk.

Er staðgreiðsla skatta var tekin upp í ársbyrjun 1988 urðu allar tekjur útsvarsskyldar en lífeyrir almannatrygginga hafði áður verið undanþeginn útsvari. Við þessa breytingu hækkaði sá stofn sem skattar ellilífeyrisþega eru reiknaðir af og enn fremur skilar skattakerfið nú sveitarfélögunum hlut þeirra af öllum skattskyldum tekjum manna í staðgreiðslu. Þá eru meðtalin útsvör þeirra sem hafa tekjur undir skattleysismörkum þar sem persónuafsláttur þessara manna nýtist til greiðslu útsvara þeirra. Í þessu felst mikil breyting fyrir sveitarfélögin og hefur það m.a. í för með sér að öldruðum sem flytjast til einhvers sveitarfélags fylgja skatttekjur ólíkt því sem áður var.

Rétt er að fram komi að gildandi ákvæði lögheimilislaga um takmörkun á rétti aldraðra og öryrkja til að eiga lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu hafa valdið þeim ýmsum vandkvæðum. Af þessu hefur leitt að menn verða ýmist að eiga lögheimili sitt skráð hjá ættingjum eða venslafólki eða vera skráðir sem óstaðsettir í því sveitarfélagi sem þeir bjuggu í áður. Þetta kemur m.a. í veg fyrir að þeim berist milliliðalaust ýmis póstur frá hinu opinbera og öðrum aðilum, auk þess sem hætta er á að slíkur póstur berist þeim alls ekki. Þá verða þeir háðari ættingjum sínum og venslafólki en þeir kunna að kjósa sjálfir og málefni þeirra opnari fyrir íhlutun annarra en ella hefði orðið.

Í gildandi lögum getur því í reynd falist skerðing á sjálfstæði aldraðra og öryrkja og þar með mannréttindum þeirra.

Í fimmta lagi felast í frv. nokkrar breytingar á ákvæðum um lögheimili námsmanna. Í gildandi lögum eru sérstök ákvæði sem heimila námsmönnum erlendis að telja lögheimili sitt í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu lögheimili er þeir fóru af landi brott eða hjá skyldfólki sínu. Sama gildir um sjúklinga. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta ákvæði haldist í meginatriðum en með nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að lagt er til að þetta ákvæði gildi ekki ef menn eru skráðir með fasta búsetu erlendis. Þetta er m.a. í samræmi við samning Norðurlanda um almenna skráningu.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þeir sem hafa farið til náms á Norðurlöndum hafa alls staðar, nema í Danmörku, getað valið um hvort þeir voru skráðir þar eða ekki. Á þessu hefur nú orðið sú breyting að til að tryggja samræmi í almannaskráningu hafa Norðurlandaþjóðirnar orðið ásáttar um að ef menn dveljast lengur en sex mánuði í hverju landi skuli þeir skráðir með búsetu í því landi. Grundvöllur þess er sá að tryggingalöggjöf er svipuð á öllum Norðurlöndum, en tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að menn geti ýmist verið skráðir í fleiri en einu landi eða hvergi. Þykir rétt að tekið sé mið af þessum samningi í lögheimilislögum.

Í þessu sambandi má enn benda á að lögunum um kosningar til Alþingis var breytt sl. vor á þann hátt að menn halda sjálfkrafa kosningarrétti til alþingiskosninga í átta ár eftir að þeir voru hér síðast á íbúaskrá og lengur ef þeir sækja um það sérstaklega. Þessi regla gildir og um forsetakjör.

Í frv. er einnig tillaga um nýtt ákvæði um þá sem stunda nám hér á landi en í öðru sveitarfélagi en þeir áttu heima í er námið hófst. Þessi tillaga er til þess ætluð að taka af tvímæli og skerpa framkvæmd í þessum efnum. Er gert ráð fyrir að menn geti haldið lögheimili í því sveitarfélagi sem þeir bjuggu í er námið hófst, enda hafi þeir þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.

Með þessu er annars vegar ætlast til að skýrt sé kveðið á um rétt manna til að telja sig áfram heimilis-

fasta í sveitarfélagi sínu meðan þeir hafa eðlileg tengsl við það, en hins vegar að komið sé í veg fyrir að þeir verði áfram skráðir í sveitarfélaginu taki þeir upp fasta búsetu annars staðar.

Í sjötta lagi er í frv. lagt til að heimilt verði að setja reglugerð um skráningu lögheimilis í ákveðnum íbúðum. Eins og nú háttar er lögheimili manna í þéttbýli yfirleitt skráð sem heimilisfang í tilteknu húsi við tiltekna götu. Undanfarin missiri hafa Hagstofunni borist óskir frá nokkrum sveitarfélögum um nákvæmari skráningu heimilisfanga í þjóðskrá, þ.e. í tiltekna íbúð ef um fjölbýlishús er að ræða.

Þessar óskir eru eðlilegar af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi eykur þetta festu í lögheimilisskráningu og gerir sveitarstjórnum kleift að fylgjast betur en ella með því hverjir búa raunverulega í sveitarfélaginu. Í öðru lagi eykur þetta mjög á öryggi við útburð mikilvægra póstsendinga, svo sem skattagagna, barnabóta, tryggingabóta o.fl. Í þriðja lagi ætti þetta að auðvelda fasteignaskráningu til muna. Hagstofan er meðmælt þessu og af hennar hálfu vegur einnig mjög þungt að með skráningu sem þessari mundi þjóðskrá þjóna hagskýrslugerð mun betur en nú er. Eins og nú háttar eru til dágóðar upplýsingar um búsetu fólks og um einstaklinga. Á hinn bóginn verður samhengi fjölskyldu ekki séð af þjóðskrá og vitneskja um fjölskyldur og breytingu á heimilum og sambýlisháttum er því yfirleitt næsta lítil. Þessara upplýsinga hefur verið reynt að afla með manntölum, en það hefur ekki gefið góða raun vegna þess hve þau eru viðamikil og þung í úrvinnslu. Sýnt þykir að ef hægt er að telja menn til heimilis í ákveðnum íbúðum verður unnt að hætta að taka manntöl eins og þau hafa tíðkast til þessa.

Þær upplýsingar um heimili og fjölskyldur sem hingað til hefur verið aflað með manntölum yrði þá hægt að vinna árlega úr þjóðskrá. Þetta kæmi þó ekki algjörlega í stað manntala en annarra veigamikilla upplýsinga mætti ýmist afla úr tiltækum skrám, t.d. nemendaskrá og fasteignaskrá eða með einföldum úrtaksathugunum. Í þessu fælist verulegur sparnaður því að hefðbundin manntöl eru ákaflega kostnaðarsöm. Þess má geta að Danir fóru inn á þessa braut fyrir nokkrum árum og byggja nú mannfjölda- og fjölskylduupplýsingar sínar eingöngu á þjóðskrá í stað manntals áður. Þetta þykir hafa gefið mjög góða raun. Ljóst er að þessi breyting krefst talsverðs undirbúnings og er nauðsynlegt að hún verði gerð í samráði við sveitarstjórnir og samtök þeirra, við Fasteignamat ríkisins, við skipulagsyfirvöld, Hagstofuna og aðra er málið varðar.

Af þessum sökum þykir rétt að leggja til að ráðherra verði veitt heimild í reglugerð til þess að kveða á um skráningu lögheimilis í tilteknum íbúðum. Í þessu sambandi má benda á að sú breyting að skrá lögheimili í tilteknum íbúðum verður haldlítil nema um leið verði gert skylt að allar íbúðir í fjölbýlishúsum verði merktar með áberandi hætti með númeri hverrar íbúðar. Ákvæði um merkingu af því tagi þykja ekki eiga heima í lögheimilislögum. Til greina kemur hins vegar að setja um þetta sérstök ákvæði í lögum um fjölbýlishús, nr. 59/1976, en þar er þegar að finna vísi að þeim.

Ég hef nú rakið helstu breytingar sem felast í frv. Í ýmsum efnum er gert ráð fyrir að gildandi ákvæði haldist óbreytt og á nokkrum stöðum er um að ræða breytingar á orðalagi fremur en efni laganna.

Loks er í frv. lagt til að niður falli nokkur ákvæði sem ýmist eru ekki talin eiga við lengur eða ekki hefur reynt á um langt skeið. Meðal þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að haldist óbreytt í meginefnum má nefna ákvæði um lögheimili hjóna. Lagt er til að grundvallarreglan verði hin sama og nú er, að hjón eigi sama lögheimili. Á hinn bóginn er ekki talin ástæða til að hjón sem slitið hafa samvistir haldi sama lögheimili og er því gert ráð fyrir að fellt verði niður það ákvæði að hjón verði að hafa skilið að lögum eða búið hvort í sínu lagi í tvö ár eða lengur til þess að þau megi hafa sitt lögheimilið hvort.

Í sambandi við þá grundvallarreglu að hjón eigi sama lögheimili má benda á að áratugum saman hefur löggjöf um réttindi hjóna byggst á samvistum þeirra. Væri hjónum heimilað að hafa sitt lögheimilið hvort án þess að slíta samvistum yrði meginregla íslenskrar löggjafar um form hjúskapar brotin. Þá yrði t.d. að breyta almannatryggingalöggjöf, lögum um stofnun og slit hjúskapar, barnalögum, lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingu á meginreglu um lögheimili barna þess efnis að barn eigi sama lögheimili og foreldrar þess eða forsjármaður. Ákvæði um lögheimili barna hefur þó verið skert nokkuð og samræmt barnalögum.

Um lögheimili alþingismanna og ráðherra gilda sem kunnugt er sérstök ákvæði sem ætlað er að tryggja að þeir þurfi ekki að flytja lögheimili sitt þótt þeir hafi bækistöð á höfuðborgarsvæðinu vegna þingmennsku sinnar eða annarra opinberra trúnaðarstarfa. Í frv. er ekki gert ráð fyrir efnislegri breytingu á þessu ákvæði.

Ástæða er og til að geta um ákvæði núgildandi laga um dómsúrskurði til að skera úr ágreiningi um lögheimili. Í frv. er gert ráð fyrir að þessi ákvæði haldist óbreytt þar til lokið er þeirri endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar sem nú er unnið að í framhaldi af samþykkt laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Af ákvæðum sem lagt er til að falli niður má nefna sérákvæði gildandi laga um lögheimili þeirra sem dveljast á athafnasvæði varnarliðsins, en það ákvæði er ekki talið hafa þýðingu lengur. Þá þykir ekki lengur ástæða til að hafa í lögunum sérstök ákvæði um lögheimili munaðarlausra barna en þau má rekja til framfærslulaga og sýnast ekki eiga við lengur.

Að lokum má benda á að frv. gerir ráð fyrir að ný lögheimilislög taki gildi 1. júlí á næsta ári. Í reynd er þá gengið út frá því að lögin verði útrædd nú á haustþinginu þar sem nauðsynlegt er að nægur tími gefist til undirbúnings og kynningar frá því að lögin

eru samþykkt og þar til þau öðlast gildi. Ég tel því mikilvægt að ekki verði dráttur á meðferð og afgreiðslu málsins enda ætti ekki að þurfa að koma til þess þar sem málið er vandlega undirbúið.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni þessa frv. Ég vil leggja áherslu á að brýnt er að breyta lögheimilislögum þannig að þeim megi beita með markvissari og afdráttarlausari hætti en nú er.

Meginatriði þessa máls er að jafnan fari saman föst búseta og lögheimili. Eins og nú háttar eru allt of mikil brögð að því að menn séu búsettir á einum stað en hafi lögheimili á allt öðrum stað. Þessu ráða oft skammsýn fjárhagssjónarmið, stundum ákveðin viðkvæmni og íhaldssemi og í sumum tilfellum gætir hér tilhneigingar til undanbragða svo dæmi sé tekið.

Búseta manna er hins vegar grundvallaratriði í margvíslegri löggjöf og má þar ekki síst minna á skattalög og kosningalög. Af því leiðir að óhjákvæmilegt er að lögheimilislög séu þannig úr garði gerð að föst búseta manns liggi ævinlega til grundvallar lögheimilisskráningu hans og að sem minnstur vafi leiki á því hvar telja skuli að lögheimili manns standi.

Það er engan veginn vandalaust að setja ótvíræð og haldgóð lagaákvæði um lögheimili. Frv. sem hér liggur fyrir nær að mínum dómi þeim tilgangi að skapa meiri festu í ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Ég vil sérstaklega benda á að frv. hefur verið vandlega undirbúið, og hefur nefndin sem samdi það haft samráð við ýmsa aðila sem málið varðar. M.a. hefur frv. verið lagt fyrir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og kynnt ýmsum sveitarstjórnarmönnum og stafsmönnum sveitarfélaga sem hafa mikla reynslu í almannaskráningu. Frá þessum aðilum hafa komið nokkrar gagnlegar ábendingar og hafa þær verið teknar til greina við frágang frv. Þessi málsmeðferð styrkir frv. og ætti að auðvelda umfjöllun þess hér á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokum að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þegar hæstv. ráðherra var að mæla fyrir þessu merka máli sem hér er nú til umræðu nefndi hún að vera mætti að breyta þyrfti öðrum lögum, nefndi málefni sem ekki féllu inn í þessi lög um lögheimili. T.d. nefndi hún merkingu íbúða. Það kom þá í minn hug að annað málefni sem snertir almannaskráningu og fasta búsetu og ekki fellur inn í þessi lög er skráning fæðingarstaðar. Það er nú svo að sjálfsagt á meiri hluti fæðinga nú til dags sér stað hér í Reykjavík eða á einhverjum sérstökum heilsugæsluþjónustustöðum. Sá sem t.d. á foreldra og æskuheimili vestur á Snæfellsnesi og Hellissandi er trúlega skráður fæddur í Reykjavík, eða inni í Stykkishólmi o.s.frv. Ég held að þessi almannaskráning sé orðin úrelt. Og ég bendi hæstv. ráðherra og starfsmönnum almannaskráningar sem hér eru staddir á hvort ekki væri athugandi einmitt í sambandi við umfjöllun þessa máls að breyta þessari skráningarskyldu. Hún er vitaskuld orðin að vissu leyti ómerk miðað við það sem hún var áður. Þá var fyrst og fremst verið að benda á hvaðan þessi og þessi einstaklingur væri upprunninn. Ég tel þess vegna og bið um það að þetta mál verði skoðað og mundi benda hæstv. ráðherra á það að mikið væri nú notalegra að skrá lögheimili móður í viðkomandi skýrslu en það hvort barnið hefði fæðst á þessu eða hinu sjúkrahúsinu.

Einmitt út frá þessum orðum ráðherra, að við þyrftum kannski að líta víðar en beint til þeirra þátta sem tengjast ákveðið lögheimilinu, datt mér í hug að koma hér upp og benda á þennan sérstaka þátt.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til umfjöllunar, félmn., og ætla því ekki að fara út í nein sérstök eða einstök efnisatriði frv. nema að örlitlu leyti. Ég lýsi því aðeins yfir að hér er áreiðanlega hið nauðsynlegasta og merkasta mál á ferðinni því, eins og fram kemur í athugasemdum frv., nærri þrír áratugir eru frá setningu gildandi lögheimilislaga og á þessum tíma hafa þjóðfélagshættir tekið miklum breytingum, eins og réttilega er bent hér á, bæði varðandi atvinnuhætti, búsetu og sambýlishætti fólks. Þar af leiðandi hljóta lögheimilislögin að verða að fylgja þróun tímans og til þess þarf að breyta þeim. Ég held að margt gott sé í þessu frv. en hef að sjálfsögðu ekki kynnt mér það svo ítarlega, hverja einstaka grein þess. Hæstv. ráðherra fór hér nákvæmlega út í að lýsa því og það var ekkert sérstakt sem ég hjó eftir sem mér fannst orka tvímælis. Auðvitað vitum við að það eru ýmis atriði, eins og hér kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., sem geta verið viðkvæm hvað varðar lögheimili og búsetu manna. Þá dettur mér í hug 4. gr. Það þekkjum við sem höfum unnið að sveitarstjórnarmálum að það getur verið mikið atriði fyrir fólk að halda sínu lögheimili þar sem átthagarnir hafa verið, þ.e. þar sem menn telja sig vera upprunna, og vilja halda þeim uppruna sínum hvað varðar lögheimili. Þá er það kannski sérstaklega varðandi fólk sem kemur utan af landi og sest að vegna atvinnu sinnar eða annarra ástæðna t.d. hér í höfuðborginni. Þetta hefur alltaf skapað ákveðin vandamál hjá sveitarfélögunum, að reyna að fá þessu breytt. Þetta er mér kunnugt um og sjálfsagt mörgum öðrum. En þarna er um mjög viðkvæm mál að ræða og erfið. Ég er þess vegna ekki búin að sjá hvernig þau mál verða leyst nema kannski að síðasta málsgreinin hér í 4. gr. geti á einhvern hátt leyst þau vandamál í ýmsum tilvikum. Það má vel vera.

Þetta tengist nokkuð því sem hv. 4. þm. Vesturl. kom einmitt inn á. Það var varðandi skráningu þegar börn fæðast á fæðingardeildum. Ég þekki þetta og man vel eftir að það voru jafnvel til dæmi um það að konur völdu það að fæða heima til þess að þurfa ekki að skrá börnin sín fædd í Reykjavík. Ég tek því undir það með hv. 4. þm. Vesturl. að ég held að þetta sé atriði sem einmitt mætti skoða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins lýsa stuðningi mínum við meginefni frv. og eins og ég

sagði áðan á ég sæti í félmn. og fæ því tækifæri til að fjalla þar efnislega um einstakar greinar þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

11. fundur, þriðjudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að lýsa stuðningi mínum við meginefni þessa frv. og þá lagabreytingu sem hér er stefnt að að gera. Starf og verksvið Hollustuverndar ríkisins snerta eitt hið mikilvægasta eftirlitshlutverk sem farið er með hér á landi, mengunarvarnir. Það hlýtur því að styrkja stöðu eftirlitsaðila ef þeim er gert kleift að fylgja eftirliti sínu eftir á virkan hátt, dugi ekki hefðbundnar aðferðir. Ábyrgð okkar gagnvart umhverfinu er mikil og því nauðsynlegt að skapa öllum þeim sem þátt eiga í að tryggja ómengað umhverfi sem besta starfsaðstöðu.

Með lagabreytingum þessum er síður en svo verið að veikja starfssvið heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem eftir sem áður gegna lykilhlutverki í eftirliti gegn mengun, hver á sínum stað, enda kemur fram í athugasemdum við frv. þetta að eftirlit Hollustuverndar varðar undantekningartilvik sem Hollustuvernd er annaðhvort gert að fylgjast með samkvæmt lögum eða eftir samkomulagi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Það ætti því að vera styrkur fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaga að Hollustuvernd ríkisins hafi sem besta og raunhæfasta starfsaðstöðu. Engum skyldum, ábyrgð né frumkvæði er með þessum hætti létt af sveitarfélögum né af þeim tekin. Því tel ég jákvætt að málið fái sem fyrst góða afgreiðslu þingsins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hann er ekki langur sá lagatexti sem hér er lagt fyrir deildina að samþykkja, en hann er framhald af ákvörðun um það að Alþingi Íslendinga setji í lög ákvæði sem brjóta Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, brjóta stjórnarskrá landsins og eru brot á almennum mannréttindum. Ég veit að það er ekki auðvelt að útskýra það fyrir þingheimi að svo einfaldur lagatexti eins og hér er á ferðinni sé brot á þessu öllu, en ég vil þó reyna að gera það og vil byrja, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp sem hér er lagt til að leyft verði:

„Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit samkvæmt lögunum, sbr. 2. tölul. 17. gr., til eða samkvæmt ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tölul. 13. gr., getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir skv. 27. gr."

Þetta er heimildin til þess að mega skjóta án dóms. Þetta er heimildin um að mega skjóta án dóms. Hvað, munu menn spyrja. Skepnur ef því væri að skipta. Trúlega telst ekki heimild til að taka hættulegan smitbera af lífi þó að það sé ekkert í lögunum sem banni það samkvæmt uppsetningunni.

En hvað segir Mannréttindastofnskrá Sameinuðu þjóðanna um það hvort menn eigi rétt á því að fyrst sé dæmt og svo sé dómi fullnægt? Eða eiga þeir að búa við það ástand eins og er á Íslandi í þessum efnum að fyrst sé aðför gerð og dómi fullnægt, svo megi þeir fara af stað á eftir? Hér stendur í 11. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna:

„Hvern þann mann sem borinn er sökum fyrir refsivert athæfi skal telja saklausan uns sök hans er sönnuð lögfullri sönnun fyrir opinberum dómstóli, enda hafi tryggilega verið búið um vörn sakbornings.

Engan skal telja sekan til refsingar nema verknaður sá eða aðgerðarleysi sem hann er borinn varði refsingu að landslögum eða þjóðarrétti á þeim tíma er máli skiptir. Eigi má heldur dæma hann til þyngri refsingar en þeirrar sem að lögum var leyfð þegar verknaðurinn var framinn."

Hvað segir íslenska stjórnarskráin um eignarréttinn? 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar segir eftirfarandi um eignarréttinn: „Eignarrétturinn er friðhelgur." — Það verður fróðlegt að sjá hvernig sjálfstæðismenn greiða atkvæði í deildinni um þetta mál, flokkurinn sem hefur prédikað ár eftir ár að friðhelgi eignarréttarins sé þeim heilagur, heilagri en allt annað. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir greiða atkvæði. — „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Samkvæmt því sem heilbrrh. er að leggja hér til getur fulltrúi ráðuneytisins farið af stað þar sem fiskeldisstöð starfar og lokað henni, — lokað henni sama daginn og gefið fyrirmæli um að drepa allan fiskinn þess vegna. (**FrS:** Hver flytur þetta vitlausa frv.?) Hver flytur þetta vitlausa frv., spyr sá maður sem settur var af af Sjálfstfl. vegna þess að hann var ekki hæfur sem varaformaður flokksins og telur að það verði hlustað á hann hér í sölum þingsins á eftir. Nei, menn verða að átta sig á því að þeir þurfa örlítið betur að undirbúa sínar hugsanir áður en þeir koma þeim á framfæri en þetta.

Mér er ljóst að það er ekki vinsælt að tala um mannréttindi á Íslandi. Spurningin er þessi: Ef

ráðuneytið vill loka fiskeldisstöð norður í landi, á það fyrst að leita til dómstóla að fá heimildir til að gera það? Eða á það að hafa rétt til þess að senda menn, Gestapo-sveit, til að vinna verkið? Um þetta snýst málið. Þeir glotta sem eitt sinn voru kannski hallir undir ákveðinn stjórnmálaflokk, en ég vona nú að það sé löngu liðin tíð.

Ég ætla að halda áfram. Það er nú einu sinni svo að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna grípur einnig á þessu máli. Hér segir í 17. gr.:

„Hverjum manni skal heimilt að eiga eignir, einum sér eða í félagi við aðra. Engan má eftir geðþótta svipta eign sinni."

Vilja menn að milljóna atvinnurekstur og sennilega atvinnurekstur sem á eftir að skila þessari þjóð milljörðum eigi það undir duttlungafullum og hrokafullum embættismönnum sem telja sig ekki þurfa að standa neinum skil á einu eða neinu hvort slíkur atvinnurekstur er stöðvaður með þvingunaraðgerðum eins og hér er sagt? Eða eiga þessir menn kost á mannréttindum, að fá að leita fyrir dómstól með sitt mál áður en búið er að setja allt í rúst? Auðvitað finnst fulltrúum mörgum hverjum þetta aukaatriði. Hæstv. heilbrrh. taldi það ekki þess virði í þingflokki Framsfl. að hlusta á það hvort mannréttindi ættu að vera í gildi í landinu eða ekki. En þegar hjólreiðamaður frá Akureyri fer með sitt mál til Evrópu, hvað gerist þá? Þá eru ráðherrar vors lands hræddir eins og halaklipptir hundar á flótta.

Ég er alveg gáttaður á því að ráðherra skuli láta sér detta það í hug að halda áfram með lagasetningarákvæði sem þverbrjóta mannréttindi, eins og hér er verið að gera, sem þverbrjóta mannréttindi. Hvernig fær það staðist að atburðarásin þurfi að vera svo hröð að það sé ekki hægt að fara fram á það að Hollustuvernd ríkisins stefni viðkomandi fyrirtæki? Sýslumaður framfylgi því eftir að dómur falli? Kannski mætti eftir slíkan dóm gera eitthvað, fremja einhverjar aðgerðir. Ég verð nú að segja eins og er að mér þætti ekki óeðlilegt þó það yrði að bíða eftir Hæstarétti þegar verið er að takast á um jafnstóra hluti og hér eru til umræðu. Og hver er ábyrgur? Það stendur hér í stjórnarskrá Íslands, í 67. gr., og ég vil aftur lesa hana, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Er þessi stjórnarskrá bara rugl sem menn vilja ekkert gera með? Á að leyfa hrokagikkjum valdsins að vaða áfram og þurfa ekki að sækja mál sín fyrir dómstólum? Er það það sem menn vilja? Það er kannski rétt að hv. 2. þm. Norðurl. e. átti sig á því hvað er hér til umræðu. (**Gripið fram í:** Hann hefur ekki málfrelsi, hann er ekki í deildinni.) Það er nú náttúrlega til bóta að hann hafi ekki málfrelsi en það hefur enginn bannað honum að hlusta, það var nú það sem ég var að leiða hugann að hér, að það væri til bóta að hann fylgdist með. Hér er verið að tala um mannréttindi, grundvallarmannréttindi þar sem einkaframtak er yfir höfuð til staðar í löndum og fær að starfa. Á ríkisvaldið að þurfa þá aðstöðu að það þurfi ekki að fara með sín mál fyrir dómstóla? Um það snýst þetta mál. Orðalagið er fínt, það vantar ekki. Þetta er fallegt orðalag, með leyfi forseta: „getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir skv. 27. gr." — Peningana eða lífið.

Það er nú svo að heilbrigðisnefndir hafa þetta vald og ég hef áður vakið á því athygli að ég tel að það stangist algjörlega á við stjórnarskrá Íslands. En heilbrigðisnefndirnar starfa þó í umhverfinu þar sem á að veita aðförina og þær hafa yfir höfði sér almenningsálit svæðisins til eftirlits þannig að af tvennu illu þá veit ég að þær komast ekkert undan því að hugleiða hvað þær eru að gera. En embættismaður sendur héðan að sunnan norður í land til að loka fyrirtæki með þetta vald að vopni, hann spyr ekki um neitt, hann framkvæmir. Þar gildir nefnilega gamla reglan um eldflaugarnar. Þær eru farnar af stað, en hvar þær lenda — það er ekki á hans verksviði.

Og hver á að borga vitleysurnar? Hver á að borga vitleysurnar ef menn valda skaða upp á hundruð milljóna með þessu tiltæki? Á þá íslenska þjóðin að borga ef það félli dómur í Hæstarétti eftir fimm ár, á þá íslenska þjóðin að borga? Hvaða nauðsyn er á svona lagasetningu? Er einhver nauðsyn yfir höfuð sem knýr á um það að atvinnulíf í landinu sé svipt þeim rétti að mega láta dóm ganga í máli áður en aðför er gerð? Er eitthvað sem knýr á um það?

Ég verð að segja eins og er að ég efa það að svona frv. komi fram í þingum hinnar svörtustu Afríku. Það má vel vera að í einræðisríkjum Suður-Ameríku detti mönnum í hug að koma með svona frv. inn í þingið, þar sem mannréttindi skulu fótum troðin. Frumréttur atvinnulífs í landi í samskiptum við opinbera aðila, að mega leita til dómstóla til að verja sig, er af þeim tekinn.

Ég geri mér grein fyrir því að sumum finnst raunverulega að allt þetta vafstur hins opinbera á þann veg að það þurfi yfir höfuð að viðhafa almennar samskiptareglur í viðskiptum við þegnana, sumum finnst það vera af hinu illa, það tefji fyrir málum. Sennilega er skilningsríkasta persóna allra tíma á það hvað þetta er óþægilegt fyrir hið opinbera góði dátinn Svejk. Það var ekki til það sem hann gat ekki fyrirgefið hinu opinbera einfaldlega vegna þess að hann vissi að agi þyrfti að vera í hernum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vekja athygli þegar einn af hv. þm. hæstv. ríkisstjórnar lýsir því jafnafdráttarlaust yfir að hann sé á móti stjfrv. eins og hv. 2. þm. Vestf. hefur gert þegar hann mótmælir framlögðu frv. hæstv. heilbrrh. sem er ráðherra sem kemur úr sama þingflokki og hv. þm. Orðalag sem hv. þm. notaði í sinni ræðu var líka nokkuð sérkennilegt og ábúðarmikið, enda var hv. þm. mikið niðri fyrir, og það er sjálfsagt ekki oft sem hv. þm. verða vitni að því að einn úr þeirra hópi kalli embættismenn

hrokagikki og hrokafulla embættismenn, lýsi hæstv. ráðherrum sem halaklipptum hundum sem séu á flótta og að hér sé á ferðinni frv. sem jafnvel yrði ekki boðlegt á þjóðþingum þar sem þau eru fyrir í svörtustu Afríku. Hugsanlegt sé þó, eins og hv. þm. sagði, að slíkt frv. gæti komið fram í einhverju af Suður-Ameríkuríkjunum.

Þetta frv. snýst um það hvort Hollustuvernd ríkisins eigi að fá sömu úrræði og heilbrigðisnefndir hafa sem vinna á vegum sveitarstjórna, eins og hæstv. ráðherra lýsti. Ég tek undir það með hv. þm. að það hlýtur ávallt að vera álitamál þegar framkvæmdarvaldið fær jafnmikið úrskurðarvald í hendurnar eins og gerist ef þetta frv. verður samþykkt.

Við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu skoða þetta mál vandlega í nefnd. Við höfum ekki fyrir fram ákveðna skoðun á þessu, við viljum kanna það og höfum hlustað á hv. þm. og rök hans. En aðalástæðan fyrir því að ég kem hér upp í ræðustól er þó sú að mig langar til að spyrja að því og spyr þá hæstv. ráðherra: Er það algengt að stjfrv. séu lögð fram með þeim hætti að það megi búast við að hv. þm. stjórnarinnar komi upp og mótmæli frv. jafnkröftuglega og hér hefur verið gert? Hefur þetta frv. verið borið upp í öðrum stjórnarflokkum og hefur hæstv. ráðherra kynnt sér það til hlítar að fullur stuðningur sé við þetta frv. í stjórnarherbúðunum? Ástæðan fyrir þessari spurningu er augljós: Hv. þm. hefur mótmælt mjög kröftuglega og segir að nái þetta frv. fram að ganga sé verið að troða á mannréttindum, eðlilegum mannréttindum. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að gera grein fyrir því hvernig mál eru unnin hjá hæstv. ríkisstjórn því það er auðvitað spurning hvenær stjfrv. svokölluð eru stjfrv. í eiginlegri merkingu. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. ráðherra geri grein fyrir sínum sjónarmiðum og svari auðvitað þeim ásökunum sem komu fram hjá hv. þm., þó að ég búist nú ekki við því að hæstv. ráðherra geti afsannað það að hæstv. ráðherrar séu halaklipptir hundar. Það er dálítið erfitt að afsanna það. Ég skal viðurkenna það. En það er þó full ástæða vegna orða hv. þm. að hæstv. ráðherra geri frekari grein fyrir sínu máli.

Að lokum vil ég ítreka að þetta mál verður auðvitað kannað af hálfu Sjálfstfl. og fulltrúa hans í heilbr.- og trn. Við höfum hlustað rækilega á það sem hv. þm. hefur haft fram að færa en væntum þess að hæstv. ráðherra gefi frekari skýringar á því hvernig undirbúningi málsins var háttað.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur til umræðu um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, hefur fengið hér í þinginu allóvenjulega umræðu. Ég vil segja að málflutningur hv. 2. þm. Vestf. vekur mikla athygli. Ég get að sumu leyti tekið undir það sem hann hefur sagt að því leyti til að mér hefur fundist að á þeim stutta tíma sem ég hef setið á þingi hafi æ ofan í æ verið lögð hér fram frv. sem skara okkar þrískiptingu valdsins sem er dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald. Það er með æ ríkari hætti verið að leggja dómsvaldið undir framkvæmdarvaldið sem stenst ekki þá meginhugsun sem felst í okkar stjórnskipun. Það verður með engu móti hægt að verja það að verið sé að leggja upp með slík mál að framkvæmdarvaldið sé orðið dómsvald og fari jafnframt með ákæruvald í málum eins og hér er. Það verður því að líta mjög náið á þetta. Ég vil segja það fyrir hönd okkar frjálslyndra hægrimanna að við viljum að það sé farið að lögum og stjórnskipun Íslands.

Það er alveg rétt sem hefur komið hér fram að það eru margar spurningar sem vakna við þetta t.d. um skaðabótaábyrgð ríkisins. Ef ríkið lokar rekstri á fyrirtæki sem getur náttúrlega valdið bæði gjaldþroti fyrirtækisins og verulegum skaða, þá er spurning um skaðabótaábyrgð ríkisins þó auðvitað verði einnig að athuga hvort fyrirtækið sem slíkt eða þá rekstur þess geti skaðað sitt umhverfi.

Nýlega var gefin út reglugerð um mengunarvarnir eða eins og hún heitir, mengunarvarnareglugerð. Það eru mörg ítarleg ákvæði í þeirri reglugerð um ýmsa þætti er varða mengun og er full ástæða til að það fylgi þessari umræðu hér. Það verður að segjast eins og er að í þeirri reglugerð er mjög nákvæm skilgreining á mengun og um hvernig á að fara með þá þætti. Þó er í þeirri reglugerð ekki raunverulega kveðið á um hvernig á að fara með þau mál. Það þyrfti að vera mun betur gengið frá þessum málum með þeim hætti og það væri þá sérstakur dómstóll sem fjallaði um mengunarvarnir eða með þeim hætti að hægt væri að skjóta slíkum málum með meiri hraða undir dómstóla til úrskurðar því að þetta er auðvitað töluvert mikið mál fyrir okkur, bæði mengunarvarnir sem slíkar og ýmsir þættir er varða hollustuvernd. Það er alveg ljóst að svo lítil þjóð sem við erum stendur ekki að því leyti til eins höllum fæti og margar aðrar þjóðir og það vakna spurningar um mörg ákvæði í þessari reglugerð, m.a. sem hafa verið rakin í blöðum í dag, ef ég man rétt, varðandi leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða. Það sem deilt hefur verið á í þessari reglugerð er að farið sé eftir amerískum staðli en hefði verið betra að fara eftir evrópskum staðli.

Það vekur líka upp spurningar í því sambandi hvort nægilega hafi verið kannað í sambandi við bifreiðar út af fyrir sig, hvort innflutningur á þeim bifreiðum sem lágtekjufólkið í landinu hefur helst notað, og þá á ég við bifreiðir eins og Lada og Skoda sem óneitanlega hafa verið á lágu verði og góðum kjörum, hvort í framtíðinni verður ekki hægt að kaupa þær, sem þýðir þá verulega útgjaldahækkun hjá því fólki sem hefur minnst umleikis. Ég held að þetta mál hafi ekki verið raunverulega skoðað frá því sjónarmiði. Einnig skulum við líta á það að viðskipti okkar við Sovétríkin fram að þessu hafa verið okkur mjög hagstæð. Við höfum getað selt vörur þangað, t.d. saltsíldina sem við höfum ekki átt möguleika á að selja neitt annað, m.a. út á gagnkvæm viðskipti. Við hljótum náttúrlega að líta á þessi atriði, ekki bara út frá einni reglugerð um að laga mengun, sem ég er auðvitað

mjög hlynntur, en ég held að það verði að horfa á svona í mjög víðtæku samhengi, okkar efnahagsmál hljóti að skoðast í þessu tilfelli og hvað er að gerast í þessum málum í heild.

Ég vil að lokum bara ítreka að það hlýtur að vera krafa okkar þingmanna að frv. til laga feli það ekki í sér að dómsvald sé sett undir framkvæmdarvald sem sé jafnframt ákæruvald í þeim málum. Það sé alveg skýrt og skorinort að dómsmál eigi að heyra undir dómstóla en ekki undir framkvæmdarvaldið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það hafa orðið nokkuð miklar umræður um þetta frv. sem í sjálfu sér er nú ekki mjög stórt í sniðum og gerir fyrst og fremst ráð fyrir því að Hollustuvernd ríkisins geti beitt hliðstæðum aðferðum við að ná fram úrbótum í starfsgreinum sem Hollustuvernd ríkisins er samkvæmt lögum falið að fylgjast með. Fyrir þessu gerði ég allítarlega grein í framsögu með frv. þegar það var hér á dagskrá síðast, en mig langar samt að lesa hér þær greinar sem vitnað er til, annars vegar 2. tölul. 17. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og hins vegar 4. tölul. 13. gr.

Í 1. tölul. 17. gr. segir m.a. svo um hlutverk eftirlitsins:

„Stofnuninni skal skipt í fjögur svið: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit, og skal starfa forstöðumaður fyrir hverri."

Síðan segir í 2. tölul. 17. gr.:

„Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að fylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 2. gr., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum sviðum stofnunarinnar, sbr. 3. og 4. tölul. 17. gr.

Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara.

Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningu frá heilbrigðiseftirlitssvæðum."

Þetta er eftirlit sem beint er falið Hollustuvernd ríkisins sjálfri, ekki heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna og heilbrigðisfulltrúum.

Í 4. tölul. 13. gr. þessara sömu laga segir:

„Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir."

Hér er einnig talað um sérverkefni Hollustuverndarinnar þar sem henni er falið að hafa með eftirlitið að gera og það er ekki öðrum falið.

Í 27. gr. þessara laga er síðan rætt um svokallað valdsvið og þvingunarúrræði og þar segir í 1. tölul. 27. gr., þar sem kveðið er á um þetta valdsvið og þvingunarúrræðin:

„Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.

2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til með aðstoð lögreglu ef með þarf."

Í 2. tölul. 27. gr. segir:

„Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

Og þá kemur að því af hverju þetta frv. er flutt. Hér í þessari grein um þvingunarúrræði og valdsvið er aðeins talað um heilbrigðisnefndir, ekki um hlutverk Hollustuverndar eða heimild Hollustuverndar ríkisins. Þetta eru ákvæði sem eru inni í lögunum nú þegar. Það er enginn að breyta þessum ákvæðum. Það er enginn að tala um það að breyta þessum þvingunarákvæðum sem slíkum, þau eru hér í lögunum. Það sem hins vegar er um að ræða er að það eru aðeins heilbrigðisnefndirnar sem hafa heimild til þess að nýta sér það. Hollustuvernd ríkisins getur ekki gert það varðandi þau eftirlitssvið sem henni eru þó falin samkvæmt lögum. Henni eru falin ákveðin verksvið og það sem hún á að fylgja, sem ég las áðan upp úr 13. og 17. gr. Og það sem hér er aðeins farið fram á er það að Hollustuverndin fái einnig þetta verksvið vegna þess að ef nauðsynlegt er, vegna þess að ekki er farið að settum reglum, þeim sem starfsleyfin gera ráð fyrir, ef ekki er farið að þeim settu reglum, þá hefur Hollustuvernd ríkisins ekki aðra aðferð til en að biðja heilbrigðisnefndir sveitarfélganna um að beita þessum úrræðum.

Og þá er komið að því sem hv. 11. þm. Reykn. var að fjalla um. Hvar er þá ábyrgð? Hvar er t.d. skaðabótaábyrgð? Það er ekki eðlilegt að sveitarfélögunum og heilbrigðisnefndum þeirra sé falið það hlutverk að beita þvingunaraðgerðum eða úrræðum ef um er að ræða eftirlit sem tilheyrir Hollustuvernd ríkisins sjálfri beint samkvæmt lögunum. Þá er eðlilegt að það sé Hollustuverndin sem beitir þeim úrræðum og beri þá auðvitað ábyrgð á þeim aðgerðum sem Hollustuverndin telur sig knúna að grípa til.

Varðandi ummæli hv. 2. þm. Vestf. þar sem hann segir að ráðherra hafi ekki talið ástæðu til að hlusta á umræður um hvort um mannréttindabrot væri að ræða, þá vil ég aðeins segja það sem kom fram í umræðum um þetta mál í þingflokki Framsfl., þar sem þetta mál var að sjálfsögðu rætt eins og öll önnur frv. sem lögð eru fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, þau eru auðvitað rædd í þingflokkum ríkisstjórnarinnar, að þar kom fram af minni hálfu að hér er um að ræða þvingunarúrræði sem eru í lögum í dag. Það er ekki verið að taka hér upp nein ný þvingunarúrræði. Það er aðeins verið að tala um það að sá sem hefur með eftirlit að gera geti beitt þessum úrræðum, en ekki að

það sé verið að fá einhvern annan, heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, sem samkvæmt lögunum hafa þetta vald, fá hann til þess að beita þvingunarúrræðum vegna eftirlits sem ekki heyrir undir sveitarfélögin heldur undir Hollustuverndina beint.

Varðandi síðan fyrirspurn frá hv. 1. þm. Reykv. um það hvernig mál eru unnin af hálfu stjórnarflokkanna, þá lýsti ég því að hluta til. Þau fara auðvitað fyrir stjórnarflokkana og svo var með þetta frv. eins og önnur. Við ræddum það í okkar þingflokki og þar kom fram ágreiningur frá einum þingmanni og hann hefur þegar komið fram hér í þingsölum og við því er út af fyrir sig ekkert hægt að segja. Auðvitað verða menn hver og einn að hafa rétt til að hafa álit á hlutunum og ef þeir telja sig knúna til þess að koma með það hér fram og berjast gegn þessu, af því að þeir telja hér unnið gegn þeirra bestu vitund, þá verða þeir auðvitað að fylgja því eftir. Það vald verður ekki af þeim tekið, ekki einu sinni með því þó að þingflokkar ríkisstjórnar heimili framlagningu frv., þá hljóta einstakir þingmenn að hafa þennan rétt. A.m.k. treysti ég mér ekki til að taka hann af þeim og hef auðvitað engan möguleika eða heimild til þess. Ég vænti þess að þegar aðrir stjórnarflokkar, aðrir þingflokkar sem styðja ríkisstjórnina hafa heimilað framlagningu frv., þá séu þeir auðvitað líka sammála því að það fari hér inn í deildina, fari hér til umræðu og því sé vísað til nefndar.

Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að í öllum þingflokkunum séu þingmenn sem vilja fá að skoða þetta frv. ítarlega í nefnd og telji þeir ástæðu til breytinga þá koma þær athugasemdir auðvitað þar fram. Það á bæði við um stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn. Ég hygg að það sé ekkert óvenjulegt við vinnubrögð almennt hér í hv. þingi og ég sætti mig auðvitað við þau vinnubrögð og vonast til þess fyrst og fremst að nefndin fjalli um þetta mál á málefnalegan hátt, skoði það ítarlega hvað hér er um að ræða, átti sig á því að hér er verið að opna möguleika fyrir Hollustuverndina til að fylgja eftir þeim verkefnum sem henni eru að öðru leyti samkvæmt lögunum fengin og ég treysti því að nefndin vinni þetta verkefni bæði fljótt og vel.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir mjög svo prúðmannlega ræðu hér. Ég er viss um að sá mikli lærifaðir, Gunnar heitinn Thoroddsen, hefði verið nokkuð ánægður með sinn lærisvein þegar hann flutti sína ræðu hér áðan til hreinnar fyrirmyndar. Það gætti að vísu eins misskilnings í hans málflutningi. Hann var sá að hann sagði að ég hefði kallað ráðherrana halaklippta hunda. Það gerði ég ekki. Ég sagði að þeir hefðu verið á flótta eins og halaklipptir hundar. Á þessu er nokkur mismunur, en samræmið liggur í því að báðir eru skottlausir undir þeim kringumstæðum.

Ég vil aftur á móti þakka honum fyrir það að ég má treysta því að Sjálfstfl. mun hugsa undir þessum kringumstæðum, hann mun skoða málið, hann mun meta það hvort hann telji að það eigi að vera mannréttindi og taka afstöðu til þess. Þetta eru náttúrlega góðar fréttir og ég verð að segja eins og er að ég tel að það sé kannski einhver möguleiki eftir þau sinnaskipti sem orðið hafa að það sé hik á mönnum að samþykkja lög sem beinlínis brjóta það ákvæði að hér gildi reglur um þrískiptingu valdsins, þ.e. að það sé framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald. Reyndar eru nú reglugerðarákvæðin svo rúm að það liggur við að hæstv. ráðherra vilji hafa þetta allt, þ.e. löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, undir sama hatti. Maður hefur áður orðið var við tilhneigingu ráðherra til að koma með slík lög hér inn. En það er fróðlegt að lesa hér upp, með leyfi forseta, það sem stendur í inngangsorðum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna:

„Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi."

Ég sá ágæta íslenska kvikmynd um daginn — og vil óska höfundi hennar til hamingju með gott verk — myndin hét Magnús. Þar kenndi nú ýmissa grasa. Allt voru þetta mannleg vandamál sem við var að glíma. Einn vandræðagripur var þar á jarðnæði sem einn embættismaður borgarinnar hafði fengið fyrirmæli um að ná undir borgina. Og auðvitað var gripið til ýmissa ráða eins og að taka af honum vatnið og rafmagnið og svona. Karlinn greip til þess ráðs að nota haglabyssuna til að hreinsa frá, en borgarstarfsmenn áttu leynivopn. Þeir áttu leynivopn. Og þá færðist bros yfir fulltrúann þegar hann kynnti hvert leynivopnið var. Það var heilbrigðiseftirlitið, hollustunefndin. Hún mundi aldrei bregðast.

Hæstv. ráðherra flutti hér út af fyrir sig skilmerkilega ræðu um aukaatriðið í þessu máli. En aðalatriðið í hans málflutningi var á þann veg að frv. væri algjörlega í takt við þá vitleysu sem væri í lögunum eins og þau eru núna. Það er hárrétt athugað. Það er ekkert ósamræmi á milli þeirra mannréttindabrota sem eru í lögunum og þess sem er í frv. Það er aðeins verið að útvíkka valdið, meiri heimildir.

Ég verð að segja það eins og er að ég skil ekki hvaða nauðsyn ber til, eins og hér er í þessum lögum sem eru í gildi í 27. gr., 27.9, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndin getur lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt."

Hvers vegna mega dómstólar ekki dæma í svona málum? Hvers vegna þarf ríkið ekki að sækja sitt mál fyrir dómstól og sakborningur má þá eiga þess kost að leggja fram sína vörn? Hvað er það sem gerir það svo stórhættulegt að hér skuli vera réttarríki í þessum efnum? Eru þetta svo voðalegir þegnar sem við höfum, svo ægilegt fólk í þessu landi að það sé bara ekki hægt að búa við það að ríkið þurfi að sækja sín mál? Það geti sagt: Þú mátt leita réttar þíns á eftir og fá dóm eftir kannski — hvað, fimm ár.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það líka

alveg forkostulegt að einhverjir embættismenn með ákvarðanatöku geti lagt skaðabótaskyldu á íslenska þjóð kannski upp á hundruð milljóna. Það hlýtur að verða að krefjast þess að sú viðhorfsbreyting eigi sér stað við lagasetningu á Alþingi Íslendinga að menn telji það sjálfsagðan hlut að tryggja það að almenn lög brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég get nefnilega sagt eins og hæstv. ráðherra: Ég er ekki að fara fram á neinar breytingar á stjórnarskránni. Ég er ekki að leggja til að henni sé breytt. Hún er búin að vera svona. Það eina sem ég er að fara fram á er að farið sé eftir henni. Það er það eina sem ég er að fara fram á.

Þriðja atriðið í 27. gr., í 27.1, hljóðar svo, eins og hæstv. ráðherra réttilega las hér áðan og ég vil, með leyfi forseta, lesa aftur: „Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til með aðstoð lögreglu ef með þarf.“ — Það verður ekki annað séð en að lögreglan eigi að hlýða heilbrigðiseftirlitinu.

Og hvað gerist ef menn stoppa starfsemi laxeldisstöðvar sem framleiðir fyrir 500 millj. á ári? Eigum við að segja að það geri það í þessum fræga mánuði þegar réttarhlé er í landinu, þegar dómskerfið færi aftur á stað eftir mánuð? Hvernig ætli fiskarnir litu út? Það yrði kannski að drepa þá alla til þess að það yrði ekki brot á dýraverndunarlögum í millitíðinni. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hjá hv. 8. þm. Reykv. þó að hann búi við þau skertu mannréttindi eins og aðrir að þessi lög ná yfir hann. Væri það traustvekjandi fyrir lánastofnanir að lána til starfsemi sem ætti slíkt yfir höfði sér? Auðvitað er það rétt að hann býr við þessa makalausu erfiðleika, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., að hafa ekki málfrelsi hér í deildinni. En ég treysti ekkert á Nd. í þessum efnum. Ég býst við að vitleysan haldi áfram upp, ég geri ráð fyrir því. Ég geri ráð fyrir að menn samþykki. Það er ekki nóg að Sjálfstfl. lofi að hugsa. Hann þyrfti að taka upp á þeim fáheyrða atburði að taka ákvarðanir líka og það gæti stefnt einingunni í voða eins og menn vita.

Hæstv. heilbrrh. upplýsir það hér að hann hafi alla í þingflokknum með sér í þessu máli nema mig. Ég er nú ekki búinn að sjá að það verði niðurstaðan en það má vel vera.

En hjólreiðamaðurinn sem setti allt á annan endann í landinu sótti mál sitt út á eitt atriði: Að framkvæmdarvaldið ætti ekki að fara með dómsvald. Svo einfalt var það. Hér biðja menn aftur á móti í öðrum lagabálki um framlengingu á því að framkvæmdarvaldið megi sjá um dómsvaldið og, eins og ég gat um hér áðan, með rúmum reglugerðarheimildum að sjá svona um bróðurpartinn af lagasetningunni líka.

Ég var að frétta það utan að mér að venjulegir bílar yrðu sennilega ekki gjaldgengir á Íslandi á næstu árum þannig að það er nú komið nýtt verkefni fyrir íslenska járniðnaðarmenn, þ.e. að hefja smíði á nægilega fullkomnum bílum sem passa fyrir íslenskar aðstæður. Og skyldi þá einhver spyrja sjálfan sig hvort þetta væri í reynd þéttbýlasta land í heimi sem þyrfti strangari reglur en önnur í þessum efnum?

Hvar endar þetta framsal Alþingis á valdi? Hvar endar það? Endar það með því að lagagreinar verði sífellt styttri og styttri og þar standi fyrst og fremst ein setning í venjulegum lögum: Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd heilbrigðisvarna, mundi þetta hljóða upp á og þar með væri fullnægt afsalinu.

Ég segi eins og er að mér gjörsamlega ofbýður að nokkur maður skuli láta sér detta það í hug á þessum tímum að flytja frv. til laga sem þverbrýtur grundvallarmannréttindi. Og rökin fyrir því að það eigi að flytja frv. eru á þann veg að í gildandi lögum sé að finna jafnvitlaus ákvæði.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessa umræðu. En ég vænti þess að hún hafi orðið til þess að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar óski eftir áliti manna á því hvort þessi ákvæði standist stjórnarskrá Íslands.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. hagstofuráðherra, verðandi hæstv. umhverfisráðherra, eiga tök á því að vera viðstaddir þessa umræðu óska ég eftir því að umræðunni verði frestað og jafnframt ræðu minni.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 95. mál (fjárfestingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 96.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Því miður eru ekki hér viðstaddir þeir hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. Mér er hins vegar kunnugt um að hæstv. fjmrh. getur ekki verið við þessa umræðu hér í dag og vænti þess að umræðunni verði ekki lokið þannig að hann fái tækifæri til þess, og þá auðvitað hæstv. viðskrh. jafnframt, að taka til máls um þetta mál sem hér er til umræðu á næsta fundi deildarinnar sem verður í næstu viku. Ég mun haga mínum málflutningi þannig að rökstyðja tvö frv. sem hér eru á dagskrá í dag,

annars vegar 95. mál og hins vegar 96. mál. Þau eru samofin og get ég þá verið ákaflega stuttorður um seinna málið þegar það kemur á dagskrá.

Hér er til umræðu frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. þessa frv. eru allir þm. Sjálfstfl. í neðri deild.

Megintilgangur þessa frv. og hins sem er þessu tengt er í fyrsta lagi að auka svigrúm fyrirtækja til að afla eigin fjár og varðveita eigið fé. Í öðru lagi að hvetja einstaklinga og lögaðila til þátttöku í atvinnurekstri og í þriðja lagi að örva viðskipti með hlutabréf og koma á fót virkum hlutabréfamarkaði.

Þessi frv. eru hluti af samþykkt þingflokks Sjálfstfl. frá því í ágúst sl. en landsfundur flokksins, sem fjallaði um þessi efni ásamt öðrum málefnum, var haldinn í byrjun október og tók undir þessar tillögur í ályktunum sem samþykktar voru á landsfundinum.

Í yfirlýsingu þingflokks og landsfundar um þau atriði sem ég nefndi er m.a. minnt á eftirtalin atriði:

1. Að Seðlabanki skrái grunngengi, verð geti hækkað innan vissra marka en meginhlutverk bankans verði að jafna skammtímasveiflur og sjá um að jafnvægi ríki í viðskiptum við útlönd.

2. Bankar og sparisjóðir geti verslað með erlendan gjaldeyri og tekið erlend lán.

3. Stefnt er að því, samkvæmt yfirlýsingu þingflokks Sjálfstfl., að gjaldeyrisviðskipti verði frjáls fyrir 1. jan. 1992. Þetta gerist í áföngum þannig að Íslendingar verði gjaldgengir í samstarfi EFTA- og EB-þjóðanna. Slíkt ætti að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á fjármagnsmarkaði.

4. Sjálfstfl. vill auðvelda eiginfjármyndun í atvinnulífinu. Að því er stefnt m.a. með þeim frv. sem hér eru til umræðu.

5. Millifærslusjóðir verði afnumdir — hér er að sjálfsögðu átt við Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð — en í staðinn komi almenn skilyrði fyrir atvinnulífið. Byggðastofnun yfirtaki skuldbindingar sjóðanna og hlutabréf Byggðastofnunar verði til sölu á almennum markaði.

6. Í yfirlýsingu þingflokksins er því lýst yfir að sveiflujöfnunarsjóður í fyrirtækjum komi í stað núverandi verðjöfnunarsjóðakerfis. Ekki verði lengur hægt að millifæra í gegnum sjóðina til að falsa gengi íslensku krónunnar eins og hæstv. ríkisstjórn hefur verið staðin að.

7. Þingflokkurinn hefur samþykkt að fiskverð verði á ábyrgð sjávarútvegsins þannig að fulltrúi ríkisstjórnarinnar verði ekki lengur oddamaður.

8. Það er skoðun þingflokksins að fjárlög eigi að setja fram sem rammafjárlög.

9. Skertar verði heimildir til aukafjárveitinga, en hvort tveggja kom fram í frv. sem einstakir sjálfstæðisþingmenn fluttu á síðasta þingi.

10. Gert er ráð fyrir því í yfirlýsingu þingflokksins að ríkisbankarnir verði gerðir að hlutafélögum og þeir seldir í áföngum.

11. *Virðisaukaskattur verði í tveimur þrepum.*

12. Ríkisábyrgð fjárfestingarlánasjóða verði afnumin og starfsemi þeirra gerð sjálfstæðari.

Þetta eru í stuttu máli þær tillögur sem samþykktar voru af hálfu þingflokksins sl. sumar og það mál sem hér er til umræðu er eitt þessara atriða og önnur frv. hafa komið fram og munu koma fram á næstu vikum.

Ástæðan fyrir þeim tillöguflutningi, sem kemur fram í þessu frv. sem hér er til umræðu, er annars vegar ástandið í þjóðfélaginu en það er afar slæmt vegna ýmissa ytri og innri skilyrða og hins vegar stjórnarstefnan sem hefur verið atvinnulífinu fjandsamleg.

Ef við lítum fyrst á ástandið í þjóðfélaginu má lýsa því m.a. með eftirfarandi hætti:

1. Halli hefur verið á rekstri fyrirtækja, einkum og sér í lagi þeirra sem stunda útflutning, en í seinni tíð líka þeirra sem eru í þjónustu og verslun. Þessi hallarekstur, sem er áframhaldandi, hefur aukið skuldabyrði fyrirtækjanna og aukið fjármagnskostnaðinn.

2. Það er staðreynd að viðskiptahallinn á yfirstandandi ári mun verða um 9 milljarðar króna eða u.þ.b. 3% af vergri landsframleiðslu og er það talandi tákn um ranga gengisskráningu.

3. Gert er ráð fyrir því að í ár verði halli á ríkissjóði um 5 milljarðar kr. þrátt fyrir verulegar skattahækkanir sem munu hafa numið um 7 milljörðum þegar þær voru samþykktar í desember í fyrra og gengu í gildi á yfirstandandi ári.

Þannig hafa ríkisútgjöldin orðið mun meiri en ætlað var og stefna í 29% af vergri landsframleiðslu sem er nýtt útgjaldamet á Íslandi. Ríkið fjármagnar síðan þann mun sem kemur fram á niðurstöðum rekstrarreiknings ríkisins með því að keppa við aðra aðila á lánsfjármarkaðinum. Slíkt veldur að sjálfsögðu vaxtahækkunum þvert á það sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún stefni að.

Ef við lítum til stjórnarstefnunnar þá má í fyrsta lagi benda á þær stórfelldu skattahækkanir sem ríkisstjórnin hefur staðið að. Í öðru lagi þær skuldbreytingar sem valda áframhaldandi skuldasöfnun fyrirtækja vegna hallareksturs, þar sem fyrirtækin skortir rekstrarskilyrði. Dæmi um þetta eru Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og Hlutafjársjóðurinn sem í raun eru ekki til annars en að breyta skuldum fyrirtækjanna en ekki er reynt að komast fyrir rætur vandans. Þetta eru slíkir sjóðir, stofnun þeirra er dæmi um sértækar aðgerðir sem mismuna fyrirtækjum.

Þá má benda á millifærslur þær sem gerðar hafa verið með því að færa peninga í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins með niðurgreiðslu rafmagnsverðs til sjávarútvegs og endurgreiðslu söluskatts umfram sannanlega uppsöfnun. Þetta er að sjálfsögðu gengisfölsun og hefur valdið verulegum erfiðleikum í öðrum greinum sem ekki njóta þessara millifærslna.

Loks er það svo að þrátt fyrir að gengisbreytingar hafa verið tíðar hjá núv. hæstv. ríkisstjórn hafa þær verið of litlar og komið of seint.

Þetta hefur allt þýtt að eigið fé fyrirtækjanna hefur eyðst og viðnámsþrek þeirra dvínað. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hefur sett fyrirtæki í spennitreyju og Hlutafjársjóður Byggðastofnunar hefur eignast hlutafé í fyrirtækjunum. Með þessum aðgerðum hafa pólitísk afskipti af atvinnulífinu aukist og vextir fjárfestingarsjóða hafa hækkað vegna þess að þeir eru nú skyldugir til þess að leggja fram fjármagn án þess að fá vexti af því, þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa lent í vandræðum. Það framkallar vaxtahækkun fyrir önnur fyrirtæki sem standa í skilum eins og dæmin sanna og samþykktir, til að mynda Fiskveiðasjóðs.

Áframhaldandi halli í fyrirtækjarekstri kallar án efa á nýja blóðgjöf innan tíðar og þannig hefur myndast vítahringur sem erfitt er að komast út úr.

Þetta hefur haft sálræn áhrif á stjórnendur sem eiga allt sitt undir stjórnvöldum og góðvild þeirra. Rekstrarábyrgð stjórnenda hefur auðvitað slævst af þessum ástæðum. Það er beðið eftir því að stóri bróðir komi til hjálpar, ef hann hefur þá velþóknun á viðkomandi fyrirtæki. Þetta eru allt skref til þjóðnýtingar eins og þekkist víða þegar um slík skilyrði er að ræða.

Frv. sem hér eru til umræðu eru liður í þeirri viðleitni að snúa þessari þróun við. — Og áður en ég held lengra, virðulegur forseti, þykir mér rétt að benda á, sem er æðiathyglivert, að fyrir utan hæstv. forseta er enginn stjórnarsinni hér í þingsalnum til þess að hlusta nema Guðmundur G. Þórarinsson, hv. 10. þm. Reykv., sem ég veit að er í hjarta sínu fyllilega sammála þessum tillögum og mun ég víkja að hans þætti síðar. — Býð ég nú hæstv. forseta Sþ. velkominn í þingsalinn. (**Forseti:** Ég þakka þm. fyrir.)

Það eru ýmis atriði sem skipta máli fyrir atvinnulífið önnur en þau sem koma fram í þessu frv.

Í fyrsta lagi langar mig til að benda á, sem augljóst er, að markaðsbúskapur á sem flestum sviðum tryggir bestu lífskjör. Þetta gildir að sjálfsögðu einnig í landbúnaði og sjávarútvegi. Frjáls fjármagnsmarkaður, sem margir hafa bölvað hér í þessum þingsal, tryggir jafnvægi og þar með jafnan aðgang að fjármagni. Það er undirstöðuatriði að menn átti sig á þesu.

Í öðru lagi hlýtur efnahagslegt jafnvægi að vera mikilvægt markmið. Ég bendi á að verðbólgan hefur að undanförnu tekið fjörkipp. Í stað 13–14% verðbólgu, sem spáð var í ár, er nú gert ráð fyrir því að verðbólgan verði a.m.k. 23%, mæld frá upphafi til loka árs. Það, að engar áætlanir standast vegna ójafnvægis í efnahagsmálum þjóðarinnar, veldur öllum vandræðum og sóar kröftum, bæði fyrirtækja og einstaklinga.

Í þriðja lagi þarf að jafna starfsskilyrði atvinnugreina. Samræma þarf skatta á atvinnugreinar. Skattar þurfa að miðast við afkomu en ekki veltu og koma þarf í veg fyrir gengisfölsun með sértækum aðgerðum, þar á meðal á sviði skattlagningar.

Í fjórða lagi þarf að jafna sveiflur í atvinnulífinu með því að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið, til að mynda með því að virkja orkulindir landsins. Einnig er nauðsynlegt að jafna sveiflur með aðgerðum innan fyrirtækjanna.

Í fimmta lagi þarf að örva samstarf við erlenda aðila. Erlent áhættufjármagn þarf að koma hingað og íslensk fyrirtæki þurfa að geta tekið þátt í rekstri og eignast hluta í fyrirtækjum erlendis. Þá þarf að koma á fyrirtækjaneti í ýmsum greinum hér á landi og jafnvel í samstarfi við erlenda aðila. Þetta eru aðferðir í atvinnurekstri sem nútíminn kallar á.

Mig langar til þess, virðulegur forseti, að vitna hér stuttlega í grein sem Þorkell Sigurlaugsson skrifaði í Stefni nýlega og varðar efni þess frv. sem hér er til umræðu. — Hef ég þá lesturinn:

„Þótt hlutafélagalöggjöfin hafi tekið nokkrum breytingum í tímanna rás, þá er hún enn ófullkomin miðað við það sem gerist erlendis, og má eflaust að hluta til skýra það með almennu áhugaleysi almennings á hlutafjáreign og áhugaleysi stjórnvalda að beina fjármunum, svo sem sparifé landsmanna og sjóða, beint inn í atvinnufyrirtækin. Bankastofnunum og sjóðum hefur verið falið það hlutverk að fjármagna atvinnureksturinn að miklu leyti.

Það fyrirkomulag hefur ríkt hér á landi að bankar og verðbréfafyrirtæki hafa verið notuð sem milliliður til að fjármagna atvinnureksturinn. Almenningur og sjóðir, svo sem lífeyrissjóðir, hafa lagt fjármuni sína í áhættulítil verðbréf og inn á reikninga bankastofnana gegn ávöxtun í formi vaxta og verðbóta. Einnig hafa lífeyrissjóðir fengið það hlutverk að fjármagna húsbyggingar einstaklinga. Bankar og stofnanir hafa síðan lánað atvinnulífinu fjármagn á hærri vöxtum, yfirleitt án þess að taka verulega áhættu. Þetta hefur ýmsa ókosti í för með sér. Í fyrsta lagi hafa bankar ekki sama áhuga og einstaklingar að setja sig inn í og meta arðsemi þeirrar fjárfestingar sem ráðist er í. Ef veð eru til staðar er það yfirleitt látið duga. Í öðru lagi verða mörg fyrirtæki vegna þessa munaðarlaus, ef svo má segja. Fjármögnunin er að miklu leyti í formi lánsfjár og eigendurnir hafa tiltölulega litlu að tapa og að sama skapi til lítils að vinna. Þeir eru launþegar eigin fyrirtækja. Ef vel gengur fer mikið af afrakstrinum til lánardrottna, svo sem banka, og síðan til sparifjáreigenda eða til ríkisins í formi skatta. Ef illa gengur þá tapa bankar og þar með sparifjáreigendur og þjóðfélagið í heild, því stærstu lánastofnanirnar hafa verið ríkisreknar.

Ein skýring þessa fyrirkomulags er sú að hlutabréfaeign hefur ekki verið álitlegur valkostur fyrir almenning eða fyrirtæki frá arðsemissjónarmiði. Annars vegar hafa mörg fyrirtæki vanrækt eigendur sína með því að láta þá ekki njóta góðs af árangri fyrirtækisins og hins vegar hefur hlutafé ekki notið jafnræðis í skattheimtu eins og önnur sparnaðarform. Auk þess sem fyrirtæki þarf að greiða tekjuskatt ef hagnaður er af rekstrinum, þá þurfa eigendur einnig að greiða skatt, ef arðgreiðslur hafa numið meira en 10% af nafnverði bréfa. Auk þess hafa hlutabréf verið eignarskattsskyld. Verulegs ruglings og misréttis hefur einnig gætt eftir því hvort hlutafélag gefur

reglulega út jöfnunarhlutabréf eða hvort nafnverð bréfa er látið halda sér þótt eigin fé fyrirtækisins hafi aukist verulega.

Áhugi á hlutabréfaeign hefur því yfirleitt tengst valdasjónarmiðum, hugsjón eða málefnalegum áhuga þeirra sem leggja fram hlutaféð, eða þá að hluthafarnir eru að skapa sjálfum sér atvinnutækifæri. Upplýsingaskylda fyrirtækja við eigendur sína er oft vanrækt og hluthafar hafa fárra kosta völ. Hluthafar í mörgum fyrirtækjum hafa ekki einu sinni getað selt sín hlutabréf á markaði ef þeir telja fjármunum sínum betur varið annars staðar.

Hlutafé er skuld fyrirtækisins við eigendur sína og gera þarf þá kröfu að þeir njóti eðlilegrar ávöxtunar. Hlutabréfakaup verða að vera áhugaverð sem fjárfestingarvalkostur en ekki eingöngu til að kaupa völd og áhrif. Þess vegna þurfa fyrirtæki að íhuga það að fara nýjar leiðir, t.d. með því að gefa út fleiri flokka bréfa, jafnvel bréf sem hafa ekki atkvæðavægi á aðalfundi. Hlutabréfakaup eiga ekki endilega að kalla á völd.

Vandi atvinnulífsins felst oft í því að eigið fé skortir í fyrirtækinu á meðan fjármunirnir eru bundnir í sjóðum, bönkum og fasteignum, t.d. íbúðarhúsnæði. Fjármagnið leitar að sjálfsögðu þangað sem öryggið, arðsemin og skattafríðindin eru mest. Því miður hefur það verið að takmörkuðu leyti áhugavert að leggja fjármunina í atvinnurekstur. Það hefur síðan aukið á vandann að stór hluti atvinnurekstursins í landinu hefur verið í höndum samvinnufélaga sem hafa takmarkaða möguleika á því að afla aukins eigin fjár og hefur hann því verið ofurseldur lánsfjármarkaðnum. Þegar lánsfjármarkaðurinn lánar ekki lengur fé á niðurgreiddum vöxtum lendir slíkur rekstur í erfiðleikum. [Eins og dæmin sanna.]

Það er afar mikilvægt að bregðast við þessum vanda með því að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í landinu og með því að gera það áhugavert að kaupa hlutafé í fyrirtækjum. Þetta fjármagn þarf að koma frá almenningi, lífeyrissjóðum og öðrum sjóðum landsmanna, svo og frá fyrirtækjunum sjálfum. Einnig þarf að gera erlendum aðilum mögulegt og áhugavert að fjárfesta hér á landi. Slíkt er mun jákvæðara en að auka erlendar lántökur til að fjármagna atvinnureksturinn í landinu. Um þetta þarf að setja reglur, því eignarhald á atvinnulífi landsmanna má ekki flytjast í stórum stíl úr landi. Á sama hátt þarf almenningur, sjóðir og fyrirtæki að geta fjárfest erlendis, til að draga úr áhættu og þeim sveiflum sem eru í okkar atvinnulífi. Frjáls flutningur fjármagns til og frá landinu á ekkert skylt við sjálfstæði og sjálfsforræði þjóðarinnar. Stærsta ógnun við sjálfstæði og afkomu þjóðarinnar er þegar atvinnureksturinn gengur ekki og fólk flytur úr landinu í stórum stíl. Fyrsta skrefið er það þegar almennt verkafólk flýr land. Þá er þess skammt að bíða að menntafólk og atvinnurekendur hverfa úr landi. Ef undirstöðuatvinnuvegirnir ganga ekki, þá verður ekkert eftir til að halda uppi því velferðarkerfi sem við höfum búið við. Aukin skattheimta ríkisins mun þar engu breyta. Ríkissjóður og fjármálastofnanir munu þá aðeins sitja uppi með allar eignir landsmanna að lokum."

Hér hef ég lesið úr grein eftir Þorkel Sigurlaugsson sem starfar við eitt af stóru hlutafélögunum hér á landi og horfir á þessi mál frá sjónarhóli þess manns sem starfar úti í atvinnulífinu.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á fjármagnsmarkaðinum. Stærsta breytingin var gerð þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. undir forsæti Steingríms Hermannssonar fékk lánastofnunum og öðrum aðilum, sem stunda fjármagnsviðskipti, frelsi til að ákveða vexti með tilliti til markaðsaðstæðna. Þessi breyting dró úr hólfaskiptingu á fjármagnsmarkaði, samræmdi vexti verulega og svokallað okur, eins og það var skilgreint í íslenskum lögum, hvarf að mestu. Þessu til viðbótar hafa verið sett lög um verðbréfaviðskipti og kaupleigu. Þrátt fyrir nokkra galla á lögunum tryggja þau starfsgrundvöll verðbréfafyrirtækja og kaupleigufyrirtækja. Því miður hefur borið á því á undanförnum mánuðum að sumir æðstu menn þjóðarinnar hafa viljað grípa til handaflsins til að lækka vexti án tillits til markaðsaðstæðna. Sem betur fer hefur slíkum glímuköppum verið haldið í skefjum. Færi reyndar betur á því að þeir notuðu kraftana til að taka ný skref í átt til frelsis á fjármagnsmarkaði. Liggur þá beint við að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði og efla þannig eiginfjármyndun í atvinnurekstri.

Á undanförnum missirum hefur eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja farið lækkandi vegna hallareksturs og er eiginfjárstaða margra þeirra orðin mjög veik. Þegar vextir voru neikvæðir átti sér stað gífurleg fjármagnstilfærsla frá sparendum til lántakenda. Þau fyrirtæki sem aðgang höfðu að lánsfé nutu þeirra fríðinda að komast yfir fjármagn og greiða það að litlum hluta aftur. Sparifjáreigendur lögðu þannig atvinnulífinu til fjármagn án þess að því fylgdi eignarréttur eða áhrif í fyrirtækjum. Leitt hefur verið getum að því að á árunum 1980–1983 hafi árlegur verðbólgugróði, eingöngu af afurðalánum, verið a.m.k. 2,5 milljarðar á núverandi verðlagi. Er þá ekki tekið tillit til annarra lána. Slíkum fjármagnstilfærslum lauk með verðtryggingu lána og lántakendur urðu að greiða arð af lánsfé. Spurningar dagsins eru því: Hvernig má fá sparendur til að leggja fram fé í fyrirtæki og taka þannig þátt í atvinnurekstrinum með þeirri áhættu og ágóðavon sem því fylgir? Hvað þarf að gera til að efla skilning fyrirtækja á að afla framtaksfjár með framlagi nýrra hluthafa?

Með lögunum nr. 9 frá 1984, um fjárfestingar í atvinnulífinu, var skattfrádráttur heimilaður að ákveðnu marki vegna kaupa á hlutabréfum með þeim skilyrðum að hluthafar séu a.m.k. 50, hlutafé sé yfir tilteknum mörkum, engar hömlur séu á viðskiptum með hlutabréf fyrirtækisins og ársreikningur þess sé öllum aðgengilegur. Fjöldi framteljenda sem nýttu sér þessa heimild árið 1984 var 936. Þeir voru álíka margir 1985, fjölgaði talsvert 1986 en fækkaði 1987 sem var skattlausa árið, en 1988 fjölgaði þeim enn og voru þeir þá 1316.

Verðbréfaþing Íslands var stofnað 1985 og fyrstu viðskipti fóru fram á þinginu árið eftir. Ekkert hlutafélag hefur skráð bréf sín til sölu á þinginu þótt þrjú fjármálafyrirtæki skrái verð hlutabréfa í um það bil 10 hlutafélögum. Ástæðan er sú að mati forstöðumanna verðbréfaþingsins að skráningu fylgir veruleg upplýsingaskylda. Í samþykktum margra félaga eru ákvæði sem takmarka rétt hluthafa til að selja bréf sín og í flestum tilvikum þyrfti að greiða hærri eignarskatt af skráðum bréfum í þinginu vegna 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en það er einmitt sú grein sem er ein þeirra sem við leggjum til að breytt verði.

Á fyrri hluta sl. árs var gefin út skýrsla um þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi. Skýrslan var unnin af Enskilda Securities að tilhlutan Seðlabanka Íslands og Iðnþróunarsjóðs. Skýrslan markaði tímamót í umræðum um hlutabréfamarkað. Í henni er að finna tillögur um aðgerðir til að örva hlutabréfaviðskipti. Með tilkomu skýrslunnar er ekki lengur hægt fyrir stjórnvöld að skjóta sér undan því að hefjast handa ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Enn sem komið er hefur núv. ríkisstjórn enga tilburði sýnt til að örva hlutabréfamarkað og beina sparnaði að hlutabréfaeign almennings í fyrirtækjum. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin stofnað hlutabréfasjóð Byggðastofnunar sem breytir skuldum fyrirtækja við sjóði og banka í hlutafé, enda kaupi þeir hlutdeildarskírteini í Hlutafjársjóðnum fyrir sömu upphæð. Ríkið ber síðan ábyrgð á hlutdeildarskírteinunum og tryggir endurgreislu þeirra eftir ákveðinn tíma. Stefna hæstv. ríkisstjórnar hefur því miður einkennst af millifærslum, erlendum lántökum og skuldbreytingum fyrir valin fyrirtæki í stað þess að hækka eiginfjárhlutfall þeirra og sjá þeim fyrir eðlilegum rekstrarskilyrðum. Nær hefði verið að lána einstaklingum fjármuni með viðunandi tryggingu til að kaupa hlutabréf í viðkomandi fyrirtæki.

Virðulegur forseti. Á sl. þingi fluttu nokkrir þingmenn Sjálfstfl. í Nd. þáltill. og tvö lagafrumvörp sem varða hlutabréf og viðskipti með þau. Þáltill. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um ráðstafanir til að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði hér á landi. Tillögurnar verði tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Lagafrumvörpin voru efnislega á þá leið sem um getur í því frv. sem hér er til umræðu og því sem er næst á dagskrá. Þess ber að geta jafnframt að hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson flutti á síðasta þingi frv. um að lækka stimpilgjald hlutabréfa úr 2% í ½%. Hann hefur endurflutt þetta frv. á yfirstandandi þingi. Málið er í nefnd. Þingmenn Sjálfstfl. hafa lýst yfir stuðningi við frv. hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og vænta að sjálfsögðu að hv. þm. gjaldi í sömu mynt þegar um þær tillögur er að ræða sem um getur í frv. sem hér er til umræðu.

Markmið með auknum hlutabréfaviðskiptum er auðvitað í fyrsta lagi að auka eiginfjármyndun og láta eigið fé koma í stað lánsfjár. Það er athyglisvert að á undanförnum áratug hefur eiginfjárhlutfall í iðnfyrirtækjum t.d. dregist verulega saman.

Í öðru lagi yrði það mjög mikilvægt tæki til þess að dreifa efnahagslegu valdi í hendur sem flestra, ef slíkur markaður væri starfandi.

Í þriðja lagi yrðu hluthafar fleiri og slíkt skapar almennari og betri skilning á atvinnurekstri og dregur úr árekstrum og tortryggni á milli atvinnurekenda og launþega.

Í fjórða lagi yrði gengisskráning á markaðsverði bréfanna mikið aðhald fyrir stjórnendur því að slíkt er mælistika á árangur fyrirtækjanna.

Hlutabréfin eru í fimmta lagi nýr sparnaðarkostur. Aukin hlutabréfakaup gætu aukið heildarsparnaðinn. Sums staðar er talið að hlutabréf séu líklega um fjórðungur af heildarsparnaði.

Í sjötta lagi vil ég benda á að virkur hlutabréfamarkaður er ein af aðalforsendum einkavæðingar, sérstaklega ef slík fyrirtæki eiga að seljast á almennum markaði en ekki launþegum eða einstökum starfandi fyrirtækjum. Í sjöunda lagi mundu frjáls hlutabréfaviðskipti ýta undir sameiningu fyrirtækja, stækka einingarnar og væntanlega auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja en slíkt er bráðnauðsynlegt þegar tillit er tekið til þess að á næstunni má gera ráð fyrir auknu fjármagnsflæði á milli landa í kjölfar þess frelsis sem búast má við árið 1992 og árin á eftir þegar Evrópubandalagið verður eitt markaðssvæði. Á þessu hafa aðrar Norðurlandaþjóðir mikinn skilning.

Það er ástæðulaust fyrir mig að rekja hér ítarlega einstakar greinar úr tillögum Enskilda Securities. Þær liggja fyrir í aðgengilegu formi. Þó vil ég geta um eitt atriði sérstaklega og það snertir lífeyrissjóðina, en á það er bent í skýrslunni að lífeyrissjóðirnir ráði yfir u.þ.b. 50% af því fé sem fyrir hendi er til fjárfestingar í verðbréfum á Íslandi. Minnt er á í skýrslunni að fyrir liggja tilbúin frumvarpsdrög um lífeyrissjóði og í þeim frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta allt að 5% af árlegu greiðsluflæði sínu í hlutabréfum. Þetta gæti þýtt að verulegar fjárhæðir gætu gengið til hlutabréfakaupa til að styrkja og efla atvinnulífið hér á landi. Væri slík heimild að fullu nýtt gæti það þýtt þreföldun á því fjármagni sem gengur til hlutabréfakaupa miðað við núverandi umfang markaðarins. Í lok I. kafla skýrslunnar segir m.a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum að brýnasta verkefnið á íslenska hlutabréfamarkaðinum sé að hvetja til aukinnar eftirspurnar. Tvö mikilvægustu atriðin í þessu sambandi eru annars vegar hin skattalega meðferð hlutabréfa og hins vegar afstaða lífeyrissjóða til fjárfestingar í hlutabréfum."

Það er einmitt þetta, virðulegur forseti, sem verið er að gera, þ.e. fyrra atriðið, með flutningi þessara frv. Snemma í ágúst sl. var sagt frá því í fréttum að viðskrn. ynni nú að því að skapa umhverfi sem gæti leitt til þess að virkur hlutabréfamarkaður næði að þróast. Þessi viðbrögð hæstv. viðskrh. við tillöguflutningi sjálfstæðismanna eru að sjálfsögðu gleðitíðindi. Helstu atriðin í tillögum ráðherrans eru þessi:

Í fyrsta lagi: Eignarhlutfall hlutabréfa fái a.m.k. tímabundið hagstæðari skattameðferð en eignarhald skuldabréfa.

Í öðru lagi: Afnumin verði skattaleg mismunun hlutabréfa og annarra sparnaðarforma. Hagnaður og tap verði talin saman og nettóútkoman myndi skattstofn.

Í þriðja lagi — og það er athygli vert miðað við tillöguflutning hv. 10. þm. Reykv. — er gert ráð fyrir því í tillögum hæstv. viðskrh. að stimpilgjöld af útgáfu hlutabréfa lækki í 0,5%.

Í fjórða lagi: Kostnaður við verðbréfakaup viðskiptavaka myndi ekki stofn til útreiknings aðstöðugjalda.

Það vekur sérstaka athygli að hæstv. viðskrh. telur að þessar breytingar geti átt samleið með væntanlegum tillögum um skattlagningu fjármagnstekna sem nefnd skipuð af fjmrh. vinnur að. Með þessu virðist hæstv. viðskrh. ætla sér að semja við samstarfsflokkana um stuðning við skattlagningu fjármagnstekna ef þeir styðja í staðinn tillögur um að efla hlutabréfamarkað og eiginfjármyndun í atvinnurekstri. Þetta er að mínu áliti mjög slæmt því að það liggur gífurlega mikið á því að sem allra fyrst verði leitað allra leiða til þess að auka eiginfjárhlutfall í íslenskum fyrirtækjum og bæta stöðu þeirra.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í einstakar greinar frv. Ég bendi á að í grg. eru í nokkrum liðum taldar upp helstu aðgerðirnar til umbóta í skattamálum og ég ætla aðeins að nefna örfáar þeirra.

1. Ef frv. verður samþykkt mun söluhagnaður af hlutabréfum verða skattfrjáls eftir þriggja ára eignarhaldstíma.

2. Tap af sölu hlutabréfa verði nú frádráttarbært frá söluhagnaði af hlutabréfum.

3. Skattfrelsismörk arðs af hlutabréfum vegna tekjuskatts einstaklinga eru meira en tvöfölduð.

4. Heimilt verður að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við allt að 15% af stofni sem markast af nafnverði ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta samkvæmt almennum verðbreytingum. Hjá fyrirtækjum verður úthlutaður arður frádráttarbær af sama stofni.

5. Heimildir til frádráttar frá tekjum einstaklinga vegna fjárfestingar í atvinnulífi eru hækkaðar í 500 þús. kr. fyrir hjón.

6. Tekin er upp almenn heimild til sveiflujöfnunar í atvinnulífinu og fyrirtækjum veitt heimild til þess að geyma allt að 30% af hreinum tekjum á bundnum reikningum.

7. Sú lækkun sem núv. ríkisstjórn gerði á fyrningarhlutföllum hjá fyrirtækjum fyrir sl. áramót er tekin aftur og atvinnulífinu gefnir á ný eðlilegir möguleikar til þess að afskrifa eignir.

8. Fyrirtækjum verður heimilt að gjaldfæra strax kostnað lausafjár með skemmri endingartíma en þrjú ár.

9. Heimild til varasjóðsmyndunar í fyrirtækjum með framlagi í fjárfestingarsjóð er hækkuð úr 15% í 30%.

10. Tekjuskattshlutfall fyrirtækjanna er lækkað úr 50% í 48%.

11. Lagaákvæðum um tekjuskatt og eignarskatt er breytt í því skyni að auðvelda viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.

12. Skattfrelsismörk hlutabréfa við eignarskattsálagningu einstaklinga eru meira en tvöfölduð og verða nú 4 millj. fyrir hjón.

13. Eignarskattar fyrirtækja eru lækkaðir og verða 0,95%.

Virðulegur forseti. Öllum sem hugsa eitthvað um atvinnurekstur hér á landi og framtíð efnahags- og atvinnulífsins er ljóst að það er nauðsynlegt að auka eigið fé í íslenskum fyrirtækjum og styrkja þannig samkeppnishæfni þeirra. Okkur er jafnframt nauðsyn á því að haga leikreglum í efnahags- og atvinnulífinu hér á landi með sama hætti og gerist annars staðar í okkar nágranna- og viðskiptalöndum í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Sá tillöguflutningur sem hér er uppi hafður er í samræmi við þetta og við væntum þess, flm., að hæstv. ríkisstjórn sýni þessum málefnum skilning og komi til móts við þessi sjónarmið og vinni að því að hægt verði að afgreiða þessi frv. nú á yfirstandandi þingi sem allra fyrst. Að svo mæltu leyfi ég mér að mælast til þess að þetta frv. verði sent til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Umræðu frestað.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 96. mál (hámark frádráttar o.fl.). — Þskj. 97.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að flytja langt mál um þetta frv. Það hef ég þegar gert í ræðu sem ég flutti þegar ég mælti fyrir 95. málinu. Frv. er flutt í tengslum við áðurgreint mál og er hluti af þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru í skattlagningu atvinnurekstrar í því skyni að auka eigið fé fyrirtækja og renna styrkari stoðum undir atvinnulífið.

Helstu ákvæði frv. eru:

1. Heimild einstaklinga til frádráttar frá tekjum vegna hlutabréfakaupa er stóraukin og verður 500 þús. kr. fyrir hjón.

2. Kaupi einstaklingur hlutabréf fyrir meira í einu en sem svarar til árlegrar frádráttarheimildar er heimild til að flytja það sem umfram er milli ára í allt að fimm ár.

3. Lítil fyrirtæki geta aflað sér eigin fjár með sölu hlutabréfa með sömu skattfríðindum fyrir þá sem kaupa hlutabréf, enda séu engar hömlur á viðskipti með hin nýju hlutabréf.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að hafa þessa framsöguræðu lengri, en mælist til þess að þetta mál verði að 1. umr. lokinni sent til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 106. mál (eignarskattsútreikningur). — Þskj. 110.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þannig háttar til að hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Og það eru eðlileg tilmæli að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur slíka umræðu.

Nú vill þannig til að hann hefur ekki tök á að vera hér í dag eins og þegar hefur komið fram. Vildi ég þess vegna beina því til forseta að sami háttur verið hafður á um þetta mál og næstu tvö mál á undan, að umræðu ljúki ekki í dag svo að hæstv. ráðherra fái tækifæri til að tjá sig um þetta frv.

Ég mæli hér sem sagt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem allir hv. þm. Sjálfstfl. í neðri deild flytja.

Frv. þetta lætur ekki mikið yfir sér, það er stutt en það er í rauninni gríðarlega efnismikið. Í þessu frv. felst, ef það nær fram að ganga, að eignarskattshækkanirnar, sem meiri hlutinn á síðasta Alþingi samþykkti, verði afturkallaðar og að eignarskattur manna verði eftir gildistöku þessara laga hinn sami og hér var, t.a.m. í fyrra og nokkur síðustu ár, þ.e. aðeins eitt þrep, 0,95%.

Ég þarf ekki að rifja upp í löngu máli hvaða breyting átti sér stað á síðasta þingi. Þá var eignarskattsstiganum breytt með þeim hætti að hið almenna skattþrep var hækkað úr 0,95% í 1,2% og sömuleiðis var tekið upp nýtt þrep, svokallað háeignaþrep, eða stóreignaþrep, fyrir eignir einstaklinga yfir 7 millj. og hjóna yfir 14 millj. Þegar þessi mál voru hér til umræðu á sl. vetri og ekki síður í kjölfar þess að lögin voru samþykkt kom fram mjög kröftug gagnrýni á þessa lagasetningu og ábendingar um að þessi lög kæmu sérstaklega illa við einstaklinga í þjóðfélaginu, ekki síst ekkjur og ekkla, einstæða foreldra, fráskilda og aðra þá aðila sem þurfa einir að standa undir heimilisrekstri.

Við þessu var að hluta til brugðist á síðasta þingi þegar samþykkt var, að frumkvæði stjórnarandstöðunnar, sérstök breyting til ívilnunar fyrir ekkjur og ekkla sem misst hafa maka sína á sl. fimm árum og sitja í óskiptu búi. Þessi breyting gagnaðist að sjálfsögðu ákveðnum hópi manna en eftir stendur eigi að síður að skattbreytingin frá í fyrra var í raun sérstök árás á ákveðna hópa einstaklinga sem síst áttu það skilið að ríkisvaldið gengi fram fyrir skjöldu og refsaði þeim fyrir ráðdeild og sparnað á liðinni tíð. Skattur þessi kom síðan að sjálfsögðu ekki til framkvæmda fyrr en um mitt sumar þegar álagning fór fram vegna þess að hér er um að ræða skatt sem lagður er á utan staðgreiðslu. Hann er greiddur á fimm mánuðum og hækkunin kom til framkvæmda á síðustu fimm mánuðum þessa árs.

Mér er kunnugt um að í ýmsum tilfellum hafa þeir einstaklingar sem orðið hafa fyrir barðinu á þessum gríðarlegu hækkunum þurft að standa undir því með því að taka lán. Og það er alveg ljóst að hjá slíkum einstaklingum er vandi fyrir dyrum, ekki bara að standa skil á slíku láni heldur jafnframt að horfast í augu við fyrirframgreiðslu þessa skatts í upphafi næsta árs, væntanlega 70%, til viðbótar við fasteignagjöld og annan kostnað sem leggst á þessar eignir.

Þess vegna, herra forseti, er mjög brýnt að gera hér leiðréttingu á og afturkalla þau mistök sem voru gerð í fyrra. Margir hv. þm., sem að þeirri gjörð stóðu, hafa verið það miklir drengskaparmenn að viðurkenna að þeim hafi orðið á mistök. Það er viðurkennt af ýmsum þeim sem að þessari lagasetningu stóðu að þeir höfðu ekki séð fyrir endann á því hvað hún þýddi. Og það verður að segjast eins og er að skýringar hæstv. fjmrh. í þessu efni, bæði í greinargerð með frv. á sínum tíma og allan tímann síðan, hafa verið byggðar á ónógum upplýsingum, að ég segi ekki blekkingum. Það er þess vegna ljóst að ýmsir þeir sem tóku þátt í þessari lagasetningu á síðasta þingi gerðu sér ekki nægilega grein fyrir því hvað hún hefði í för með sér og hafa í því sambandi talað um slys, mistök o.s.frv.

Nú gefst þessum aðilum öllum tækifæri til að taka þátt í því, með flm. þessa frv., að leiðrétta þessi mistök. Við munum fagna því, fagna hverjum og einum sem er reiðubúinn til að ganga til móts við flm. um að breyta þessum lögum. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til allra viðræðna um það með hvaða hætti hægt er að ná samkomulagi um að gera hér breytingar á. En hitt er ljóst að það er alger nauðsyn að knýja fram breytingu á þessum lögum, knýja fram einhverja leiðréttingu fyrir þann hóp fólks sem í hlut á.

Við, sem flytjum þetta frv., tókum þann kost að takmarka það einvörðungu við leiðréttingu á þeim lögum sem samþykkt voru í fyrra. Þess vegna er þetta frv. einvörðungu um það að afturkalla hækkanirnar á eignarskattinum frá því á síðasta þingi. Þetta frv. er ekki um það að leiðrétta allar hugsanlegar skekkjur sem kunna að finnast í skattalögunum. Þetta frv. tekur t.a.m. ekki á því að það var ákveðið óréttlæti fyrir í lögum að því er varðar skattlagningu á einstaklinga miðað við hjón og þar með skattlagningu á ekkjur og ekkla miðað við hjón. En sú mismunun og það óréttlæti margfaldaðist með þeim lögum sem samþykkt voru í fyrra. Frv. núna gengur út á að afturkalla það. Það hefur hins vegar ekki í för með sér að ganga lengra en var í lögunum sem giltu þangað til í fyrra.

Sama má segja um skattfrelsismörkin í þessu frv. Þau eru með þeim hætti að ekki er gert ráð fyrir öðru en þeirri hækkun skattfrelsismarka sem núgildandi lög hefðu hvort eð er haft í för með sér. Það er alveg ljóst að hið svokallaða fríeignamark, skattfrelsismörkin í eignarskatti, hafa á undanförnum árum ekki hækkað til samræmis við fasteignamat. Þar er því

auðvitað komin full ástæða til frekari leiðréttingar og flm. gera sér það ljóst. En í stað þess að taka þann kost að reyna að leiðrétta alla þessa hluti á einu bretti var valin sú leið að takmarka frv. eingöngu við mistökin sem gerð voru hér í fyrra og freista þess að ná samstöðu við einhverja sem að því stóðu þá í stað þess að hafa hér meira undir sem núv. stjórnarliðar og þeir sem studdu þetta mál í fyrra bera ekki sérstaka ábyrgð á.

Það mætti bæta við þessa upptalningu því atriði, sem hefur verið í skattalögum lengi, að eignarskattar barna undir 16 ára aldri leggjast við skattstofn foreldra og í einstaka tilfellum stjúpforeldra. Þetta er mál sem þarf að taka sérstaklega á. Ekki er gerð tillaga um það í þessu frv. vegna þess að þetta mál er einangrað við hækkanirnar frá í fyrra eins og ég hef ítrekað látið koma fram.

Ég vil láta þess sérstaklega getið, vegna þess að ég þykist vita að einhverjir sem hafa lesið þetta frv. hafi rekið í það augun, að því fylgir ekki áætlun um hvað þessi breyting kunni að kosta ríkissjóð. Það er engin áætlun um það hvað þessi lagfæring og óhjákvæmilega leiðrétting á eignarskatti kann að kosta ríkissjóð. Það er því eðlilegt að spurt sé: Hvað skyldi það kosta ríkissjóð að færa þetta í sama farið og áður? Það er ekkert sérstaklega flókið mál að reyna að geta sér til um hver sú upphæð kynni að vera. En flm. tóku þá afstöðu að láta það liggja á milli hluta vegna þess að hér er um að ræða hreint prinsipmál, hreina spurningu um grundvallaratriði og leiðréttingu sem verður að koma til, þó svo að hún kosti ríkissjóð einhverja fjármuni, sem voru teknir í fyrra af því fólki sem hér um ræðir með því sem ég vil leyfa mér að kalla rangindum. Hér er um að ræða illræmda skattahækkun sem kom til framkvæmda í fyrra og verður að afturkalla. Ég er ekki í neinum vafa um það að hinn hugmyndaríki fjmrh. finnur leiðir til þess að bæta ríkissjóði upp það tekjutap sem af því kann að leiða. A.m.k. hefur þessi skattahækkun, sem átti að verða liður í því í fyrra að tryggja ríkinu 600 millj. kr. rekstrarafgang, ekki orðið til þess heldur bendir nú allt til þess að ríkissjóður verði á þessu ári rekinn með 5,5 milljarða kr. halla, eða 6 milljörðum kr. lakari afkomu en gert var ráð fyrir í fyrra þegar hæstv. fjmrh. og stuðningsmenn hans börðu fram þessar breytingar á eignarskatti.

Nei, herra forseti, þetta mál snýst ekki um þær krónur og þá aura sem hér kunna að vera í húfi fyrir ríkissjóð. Þetta snýst um leiðréttingu gagnvart almenningi í landinu, þetta snýst um hagsmuni þeirra sem rangindum voru beittir í þessu efni á síðasta þingi. Þess vegna er þetta frv. flutt án þess að þess sé sérstaklega getið hvert tekjutap ríkisins kunni að verða.

Þannig er, herra forseti, að stofnuð hafa verið hér í bænum sérstök samtök fólks til að beita sér gegn þessari hækkun eignarskatta sem var knúin í gegnum Alþingi á síðasta þingi. Þessi samtök hafa fengið til liðs við sig ýmsa glögga reikningsmenn sem hafa lagt fram ýmis ágæt dæmi um það hve skattar af eignum, bæði einstaklinga og hjóna, hafa hækkað mikið á þessu ári. Eins og kemur fram í fréttatilkynningu fjmrn. frá síðasta sumri tvöfölduðust eignarskattarnir á þessu ári miðað við það sem var í fyrra í krónum talið. En það kemur fram í ýmsum gögnum sem þau samtök, er ég nefndi, hafa látið gera hversu gríðarlega miklar hækkanir er um að ræða fyrir tiltekna hópa fólks. Ég vil leyfa mér að benda á í þessu sambandi þá greinargerð sem fylgir frv. sem fskj. I þar sem eru dæmi um breytingar á eignarsköttum milli áranna 1988 og 1989, annars vegar fyrir einstaklinga og hins vegar fyrir hjón.

Það er alveg ljóst að í mjög mörgum tilfellum, t.a.m. þegar um er að ræða ekkjur sem búa í eldri húsum, í stærri eignum hér í Reykjavík eða nágrenni, er um að ræða hækkanir sem nema á annað hundrað prósenta og geta þá numið í ýmsum tilvikum vel á annað hundrað þúsund krónum. Í mörgum tilvikum er um aðila að ræða sem búa í gömlum eignum, sem eru hátt metnar, en hafa ekki tekjur í samræmi við skráð verðmæti þeirrar eignar sem viðkomandi býr í. Þetta er ein af meinsemdunum í þessu kerfi. Fólki er refsað fyrir að búa áfram í íbúðarhúsum sínum með því að leggja háa eignarskatta á slíkar eignir þótt ekki séu tekjur að sama skapi til að standa undir þeim.

En það er augljóst mál sem allir vita að eignarskatta hlýtur að verða að greiða af tekjum, annaðhvort af tekjum sem eignin gefur af sér sjálf eða þá af vinnulaunum eða eftirlaunum eða öðrum tekjum. Nema það sé hugmynd manna að menn greiði eignarskatta með því að selja eignirnar, hluta af þeim, leysa þær upp og hrökklist þannig úr sínum vistarverum. Það heitir hins vegar ekki skattlagning á íslensku. Það heitir eignaupptaka. Og því miður hefur stefnt í þá átt með skattastefnu núv. ríkisstjórnar og með þeim lögum sem illu heilli voru samþykkt á Alþingi um þetta efni fyrir síðustu áramót en við flm. leggjum til að breytt verði með því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Ég skal ekki hafa um þetta lengra mál, herra forseti, en ég vil benda mönnum á að kynna sér þær töflur sem eru í frv. og sýna glöggt hvaða breytingar hér hafa orðið á og hversu mikil röskun það er á högum fólks þegar slík hækkun kemur til framkvæmda, afturvirkt, án þess að fólki gefist nokkur umþóttunartími til þess að huga að breytingum á sínum högum ef það yrði ofan á hjá fólki.

Ég vil ítreka það að endingu, herra forseti, að flm. þessa máls gengur ekki annað til með því að flytja þetta frv. en að knýja hér á um leiðréttingar. Og við, eins og ég sagði, fögnum hverjum og einum þeim sem vill ganga til liðs við okkur með að knýja hér á um leiðréttingar. Þess vegna erum við til viðræðu um aðrar breytingar á þessum lögum ef um þær kynni frekar að nást samstaða. Aðalatriðið er að þoka áleiðis breytingum í þessa átt þó að auðvitað sé það okkar markmið að flytja þetta í það horf sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vænti þess að hv. fjh.- og viðskn., sem mun fá þetta frv. til umfjöllunar, gefi sér gott tóm til þess að

kanna rækilega hverjar hafa verið afleiðingar þessarar skattahækkunar í fyrra og freisti þess síðan að ná samkomulagi um óhjákvæmilegar leiðréttingar í þessu efni.

Ég ætla ekki að segja hv. fjh.- og viðskn. fyrir verkum en sem gamall nefndarmaður þar veit ég að í henni sitja upp til hópa valinkunnir sæmdarþingmenn sem ættu að geta náð einhverju samkomulagi um þetta mál. Ég minnist þess að í fyrra var þessu máli breytt lítillega í meðförum fjh.- og viðskn., m.a. þannig að fríeignarmarkið í efra þrepinu var hækkað úr 6 millj. í 7 og það munaði strax verulega um það.

Það eru ákveðin fordæmi um það í fjh.- og viðskn. að taka á þessum málum og ná um það samkomulagi þegar við blasir að gengið hefur verið allt of langt í skattlagningu. Ég leyfi mér að vona að það muni áfram takast í þessu máli þó svo að flm. fái hugsanlega ekki allt sitt fram.

Ég vil að svo mæltu, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., um leið og ég ítreka ósk mína um að umræðunni ljúki ekki í dag heldur gefist hæstv. fjmrh. tækifæri til að taka þátt í henni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Umræðu um 7. dagskrármálið verður ekki lokið í dag vegna fjarveru hæstv. fjmrh. úr hv. deild en forseti vill auðvitað gefa þeim þingmönnum sem kjósa að ræða málið á þessum fundi kost á því.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það hefði að vísu verið æskilegt að hæstv. fjmrh. væri hér viðstaddur þessa umræðu. Svo er ekki og gefst þá annað tækifæri til þess að ræða þetta þegar hann verður hér og þetta mál verður tekið upp aftur.

Það frv. sem hér er flutt um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er flutt af hv. þm. Sjálfstfl. Ég fagna því að sjálfsögðu að frv. skuli flutt til að lagfæra þessa hluti að nokkru. Jafnframt er það ljóst að hér hafa orðið skil í stjórnmálum. Frjálslyndi hægriflokkurinn hefur lýst því yfir að hann stefni að því að fella algerlega niður eignarskatta af íbúðarhúsnæði en Sjálfstfl. lýsir því hér með yfir að hann vilji hafa eignarskatta á íbúðarhúsnæði. Þar að auki átti ég von á því að hv. þm. Sjálfstfl. flyttu jafnframt frv. um að fella niður sérstakan eignarskatt, svokallaðan þjóðarbókhlöðuskatt, af íbúðarhúsnæði. En það gera þeir ekki.

Í umræðum um stefnuræðu forsrh. bauð ég sjálfstæðismönnum til samstarfs við Frjálslynda hægriflokkinn um þessi mál. Því hafa þeir hafnað með þessu frv. og vilja heldur róa einir á báti með þetta og færa það mál fram með þeim hætti að þeir telja að það eigi að vera skattar á íbúðarhúsnæði. Ég fagna því þó að þetta mál er komið fram en finnst vanta hér ýmislegt í þetta frv. til þess að menn sjái hvernig þessi mál hafa þróast. Það má segja að í þessu máli hafi ríkisstjórnin svindlað, gefið vitlaust og það eru margir þættir sem koma hér inn á þetta mál. Ég hefði kosið að ýmsar upplýsingar, sem ég á von á, m.a. fyrirspurnir til hæstv. hagstofuráðherra um eignarskatt á Norðurlöndum og ýmislegt fleira sem ég hef verið að reyna að viða að mér til þess að kanna þessi mál betur, væru hér komnar fram en svo er ekki. Það er því ljóst að maður hefði þá haft heldur meiri gögn hér við höndina til þess að ræða þetta en það mun vafalaust verða svo að það á eftir að koma í ljós margt fróðlegt um þetta. Ég vil benda á í þessu sambandi að þegar verið er að tala um eignarskatta af íbúðarhúsnæði, þá er búið að greiða eignarskatta og það ekki smáupphæðir. Svokölluð fasteignagjöld eru eignarskattar. Ég held ég megi fullyrða að í flestum löndum er bara einn skattur á íbúðarhúsnæði ef um skatt er að ræða og það er sérstakur skattur, fasteignagjald sem við köllum hér, sem rennur til sveitarfélaga eða héraða í flestum tilfellum og þykir mönnum það að öllu jöfnu nægilegt. En hér er verið að leggja á einhvern hæsta eignarskatt á eigið íbúðarhúsnæði sem um getur.

Ég vil einnig benda á í þessu frv., sem raunar hv. 1. flm. þess kom hér inn á, að það er ekki gert ráð fyrir verðbótum á skattleysismörkum þannig að í staðinn fyrir 2,5 millj. hefðu þau raunverulega átt að vera 3,6 millj. eða þar um bil. Hér er því eins og gert sé ráð fyrir því í þessum frumvarpsdrögum að eignarskattur á einstakling sé 10.500 kr. hærri en hefði verið ef slík þrep hefðu verið inni.

Ég hef áður minnst á það hér að þessi skattur er fyrst og fremst á svæðinu hér, Stór-Reykjavíkursvæðinu eða Stór-Reykjanessvæðinu öllu heldur. Ég reiknaði út á sinni tíð mjög nákvæmlega hversu mismunandi skattlagning er eftir svæðum og á því svæði sem við búum hér eru hæstir skattar. Ég tek dæmi af íbúð eða húseign sem er 14 millj. kr. virði hér, og lækkar þetta hlutfall ofan í það að vera ekki neitt. Hér greiða hjón 121 þús. kr. en á svæðum 8 og 7, eins og ég hef skipt landinu í svæði, greiða hjón engan skatt af sömu eign. Einstaklingar bera hins vegar skatt af eign sem er með þessari upphæð allt í kringum landið, þannig að það er um verulega mismunun að ræða miðað við búsetu. Ég hef haldið því fram að húsnæði ætti ekki að skattleggjast með eignarsköttum af þeirri einföldu ástæðu að menn keyptu íbúðarhúsnæði til að búa í og miðað við legu landsins og þær þarfir sem við höfum hér, þá þurfum við á stóru og góðu húsnæði að halda og það á ekki að vera grundvöllur til sérstakra skatta. Það er mikill munur á skattlagningu eftir því hvar menn búa á landinu og sú umræða hefur fengið litla umfjöllun hér í þinginu því að einhvern veginn eru menn svo blindir fyrir því að það eigi að vera mismunun eftir landshlutum í þessu. Ég vil ítreka hér enn einu sinni að það er svo mikill munur á eignarsköttum eftir búsetu að það er ekki hægt að viðurkenna slíkan mun af þm. sem eru þm. hér a.m.k. fyrir Reykjanes og Reykjavík. Það er ekki hægt að búa við það að íbúar hér greiði að stórum hluta þessa skatta en ekki fólk á öðrum svæðum.

Ég hef núna lagt fram fsp. til hæstv. fjmrh. sem ég hef von um að hann muni svara á einhverjum næstu dögum um hvernig þessir skattar skiptast eftir kjördæmum. Ég vonast til þess að það varpi ljósi á þessa mismunun og sérstaklega þjóðarbókhlöðuskattinn, sem sjálfstæðismenn vildu leggja á til eilífðar á síðasta þingi, þá komi það nú í ljós að hann er eiginlega eingöngu greiddur á þessu svæði hér, þ.e. á Stór-Reykjanessvæðinu og það sé þá einnig ljóst að aðrir eigi ekki að leggja neitt til menningarinnar.

Ég hef hér fyrir framan mig skattseðil frá Bandaríkjunum þar sem húseign er skattlögð fasteigna- og eignarsköttum og mér sýnist að þeir nái þar samtals af þeirri eign 1,21%. Eignarskattur hér væri eftir því að dæma í kringum 0,70% eða 0,60% eftir því hvernig menn telja fasteignagjöldin en þau hafa nú verið lögð á hér með mismunandi hætti, þ.e. einstaka bæir leggja á 0,5%, það er hin almenna regla, aðrir minna og hinir meira. Samtals eru eignarskattar og fasteignagjöld frá þessum stað sem ég er hér með seðil frá 1,21% sem mundi nú þýða töluvert mikið frávik frá því sem hér er verið að gera. Ég fullyrði það að þessi skattur, svokallaði eignarskattur, er hvergi svo hár á íbúðarhúsnæði og hvergi með þeim hætti sem hér er. Það er áhyggjuefni ef enginn má eignast neitt, enginn má hafa neinar eignir undir höndum því að það stuðlar ekki að betra eða traustara þjóðfélagi. Á landi eins og Íslandi, eins og ég komst hér áðan að orði, er nauðsynlegt að íbúðarhúsnæðið sé stærra en víðast hvar annars staðar og menn búi betur vegna þess að stærstan hluta ársins verða þeir að vera innan dyra á móti því sem er víða erlendis. Þar geta menn verið utan dyra og notið þess að vera úti stóran hluta ársins.

Ég vil á þessu stigi ekki ræða frekar um þetta, en mun þegar þetta frv. kemur til umræðu hér síðar á þinginu taka frekar til máls um það og krefja þá væntanlega fjmrh. svara um það hvort hann hafi ekki í farvatninu lagfæringu á þessum sköttum og helst hvort hann vilji fella þá niður, en ég vil ítreka hér stefnu Frjálslynda hægriflokksins sem er að fella eignarskatt á íbúðarhúsnæði alveg niður.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég verð því miður að benda þeim sem á pöllum sitja á að það er ekki til siðs að klappa í þinghúsinu.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er afturhvarf til þess sem var fyrir skattabreytinguna um sl. áramót. Við kvennalistakonur teljum það vissulega til bóta að hverfa til fyrri reglna um eignarskatt, en við erum þeirrar skoðunar að eignaviðmiðun sú sem lögð er til í þessu frv. sem hér er til umræðu sé of lág og taka hefði mátt tillit til hjúskapar eða sambúðar þannig að eignamörkin yrðu hærri hjá einstaklingum.

Kvennalistakonur eru þeirrar skoðunar að ekki skuli leggja skatt á nauðþurftir fólks. Íbúð, þó lítil væri, fæst ekki fyrir 2,5 millj. Þess vegna hefðum við viljað sjá hér hærri tölu sem viðmið fyrir einstakling. Og eins og áður sagði finnst okkur eðlilegt að tekið sé tillit til sambúðar. Við vitum öll að í íbúð þarf að vera ákveðin nauðsynleg aðstaða eins og eldhús, baðherbergi, anddyri og fleira óháð því hve margir búa í henni. Þannig er nauðsynlegur kostnaður einstaklings vegna íbúðar hærri en þess sem er í sambýli.

Kvennalistinn lagði nokkuð af mörkum á síðasta þingi til að draga úr því misrétti sem fólk varð fyrir vegna eignarskattsbreytingarinnar um sl. áramót með frv. til l. um að eftirlifandi maki þyrfti ekki að greiða hærri skatt af eignum eftir lát maka á meðan setið er í óskiptu búi. Hér er enn reynt að taka á misréttinu með því að fara í gamla farið. Skoðun kvennalistakvenna er að þessi mál þurfi að skoðast í tengslum við heildarendurskoðun á eignarsköttum, en slíka endurskoðun má ekki gera í fljótræði. Við megum ekki hrapa að slæmum lausnum í kerfisbreytingum. Dæmin um slíkar lausnir eru allt of mörg í skattakerfinu sem víðar. Reynsla kerling verður að ná eyrum stjórnvalda. Því teljum við eðlilegt að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem hér er lagt til því það liggja fyrir raunveruleg dæmi um fólk sem stendur mjög höllum fæti vegna eignarskatts af nauðþurftum, af nauðþurftarhúsnæði. Þar eru fjölmennastar einstæðar konur með litlar sem engar tekjur. Það getur ekki hafa verið meining stjórnvalda að níðast á þessum hópi með eignarskattsbreytingunum sl. ár. Kvennalistakonur eru þeirrar skoðunar að betra hefði verið heima setið en af stað farið þá. Því hljótum við að fagna því frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem hér er til umræðu. En ég ítreka að þrátt fyrir að hér sé lögð til tiltölulega lág skattaprósenta, þá teljum við að eignaviðmiðun sé of lág. Nauðþurftir okkar ættu ekki að skattleggjast.

Umræðu frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mál þetta er að formi til um málefni aldraðra, breyting á lögum um málefni aldraðra, en efnislega er hér á ferðinni skattamál. Ég vil leyfa mér að rifja upp fyrir þingheimi hvernig háttaði til hér á síðasta vori þegar afgreidd voru ný heildarlög um málefni aldraðra. Þá var það þannig að búið var að lauma inn í þessi lög nýrri tekjuöflun í ríkissjóð upp á 200 millj. kr. með því að í frv. var gert ráð fyrir sérstökum nefskatti upp á 2500 kr. á hvern gjaldanda á aldrinum 16–70 ára.

Ég vakti ítrekað athygli á því á síðasta þingi að hér væri bæði um að ræða brigð við skattgreiðendur og

þau fyrirheit sem gefin voru þegar upp var tekin staðgreiðsla í landinu, en þá voru allir slíkir nefskattar og sérskattar lagðir niður. Auk þess væri hér með lymskulegum hætti verið að lauma inn nýjum skattahækkunum ofan á allt annað sem þessi hæstv. ríkisstjórn hafði þá þegar komið í gegnum hv. Alþingi.

Að auki er það þannig, og á því vakti ég líka athygli á síðasta vori, að nefskattar, sérstök aukagjöld, passa ekki inn í það innheimtuform sem hið nýja staðgreiðslukerfi skatta er. Þess vegna væri þetta mál, hinn nýi nefskattur, hið versta mál að öllu leyti. Það tókst að knýja fram breytingu á frv. sem hér var til meðferðar í vor þannig að þessi skattur kom ekki til framkvæmda á líðandi ári eins og þó stóð til í upphafi, heldur mun hann að óbreyttu ekki koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári.

Nú er það þannig, herra forseti, að ýmsir óvæntir stuðningsmenn bættust í þann hóp sem tók undir minn málflutning á síðasta þingi. M.a. lýsti hæstv. utanrrh. því að hér væri á ferðinni slys og hann ætti að vita það best sjálfur vegna þess að hann hefur verið í hópi þeirra sem stutt hafa upptöku staðgreiðslukerfisins og var reyndar fjmrh. þegar lögin um staðgreiðslu tóku gildi. Þess vegna var honum þetta mál nokkuð skylt. Hann lýsti því yfir að þetta hefði verið slys og það væri ekki stefna Alþfl. að taka upp nefskatta á nýjan leik. Ummæli hæstv. ráðherra eru rakin hér í grg. með frv.

Hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson tók í sama streng og það gerðu reyndar fleiri. Og hæstv. utanrrh. lýsti því yfir að ekki hefði verið tími á síðasta vori til þess að ganga lengra en að fresta þessum skatti í eitt ár og gaf í skyn að það væri unnið að því til haustsins að gera endurbætur á þessu máli þannig að skatturinn þyrfti aldrei að koma til framkvæmda.

Í grg. með fjárlagafrv. er látið koma fram að það standi til að gera breytingar á fjáröflun í Framkvæmdasjóð aldraðra, en þessi margumræddi nefskattur, þetta margumrædda sérstaka gjald, rennur einmitt í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þess vegna mátti ætla af fjárlagafrv. að ríkisstjórnin hygðist standa við það sem hæstv. utanrrh. gaf í skyn hér á síðasta vori. Það er hins vegar ekki svo að sjá af lista yfir frv. frá ríkisstjórninni sem dreift hefur verið til þm. Þar er ekki að sjá að neitt slíkt frv. sé á döfinni hvorki frá hæstv. heilbrrh. né hæstv. fjmrh. Það er vegna þessa, herra forseti, sem við þrjú sem stóðum að brtt. um þetta efni á síðasta þingi höfum leyft okkur að flytja hana aftur og nú í frumvarpsformi að sjálfsögðu. Við viljum ekki una því að það verði ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru um þetta efni á sl. vori og viljum láta á það reyna hvort sá meiri hluti, sem hér var fyrir hendi um þetta mál að því er virtist á síðasta vori, er til staðar og hvort hægt er að knýja hann fram í atkvæðagreiðslu um frv. Í þeim meiri hluta eru auk stjórnarandstöðuflokkanna væntanlega stór hópur þm. Alþfl. og í það minnsta hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og e.t.v. fleiri úr hans þingflokki.

Þetta mál snýst sem sagt um það að gera ákveðna lagfæringu á lögunum sem samþykkt voru hér í vor um málefni aldraðra en þó þannig að Framkvæmdasjóður aldraðra beri ekki skarðan hlut frá borði heldur verði honum tryggðar nákvæmlega sömu tekjurnar með beinu framlagi úr ríkissjóði sem þegar er innheimt í gegnum staðgreiðslukerfi skatta, en ekki með því að leggja nýtt gjald á landslýð eins og illu heilli var tekið upp ákvæði um í þeim heildarlögum um málefni aldraðra sem þingið samþykkti í vor. Um þau lög var almenn og góð samstaða í heild sinni, eins og eðlilegt er um slíkt mál, að öðru leyti en því er snerti þetta ákvæði um sérstakt gjald sem er að finna í 10. gr. þessara laga.

Við flm. viljum sem sé knýja fram úrslit um þetta atriði og herma þann stuðning við þetta mál sem fram kom á sl. vori upp á þá sem hann veittu og honum lýstu yfir eða knýja ríkisstjórnina til þess að flytja sjálf frv. um þetta efni.

Það er illt í efni, herra forseti, að enginn þeirra aðila sem þátt tóku í umræðu um þetta mál á sl. vori séu hér viðstaddir, til að mynda hæstv. utanrrh., en ég hyggst ekki gera neina kröfu um að einhverjir sérstakir ráðherrar eða aðrir séu viðstaddir þessa umræðu. Það væri þá helst hæstv. fjmrh. vegna þess að hér er um að ræða skattamál, en ég ætla ekki að fara fram á neitt slíkt, og auðvitað heyrir þetta mál ekki formlega undir utanrrh. þó að hann hafi tjáð sig um það á síðasta þingi sem formaður Alþfl.

Þetta hygg ég, herra forseti, að geri nægilega grein fyrir því um hvað þetta mál snýst, en ég hyggst gera tillögu um að málið fari fyrir hv. fjh.- og viðskn. en ekki heilbr.- og trn. vegna þess að eins og ég sagði í upphafi er hér um að ræða í raun skattamál en ekki heilbrigðismál þó svo að það sé að formi til um breytingu á lögum um málefni aldraðra að ræða.

Ég vænti þess að hv. fjh.- og viðskn. taki þetta mál eins og önnur skattamál til ítarlegrar umfjöllunar og kanni það sérstaklega hjá skattyfirvöldum með hvaða hætti sérstakur aukaskattur eða nefskattur af þessu tagi getur fallið að staðgreiðslukerfi skatta, rifji upp þau fyrirheit sem gefin voru um að fella öll slík gjöld niður og kanni það hvort ekki er unnt að ná samstöðu um að tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra þá fjármuni sem hann á vissulega skilið án þess að ganga á bak þeim fyrirheitum sem gefin voru á sínum tíma varðandi staðgreiðsluna, án þess að grafa undan framkvæmdinni í staðgreiðslunni, án þess að hækka skatta á almenningi um 200 millj. kr. á ári á núvirði eins og allt stefnir í að óbreyttum lögum.

Þess vegna er þetta frv. flutt. Þetta er framhaldssaga frá síðasta vori ef svo mætti segja og hún er tilkomin vegna þess að það bólar ekkert á því að þeir menn sem tóku undir þennan málflutning á síðasta vori gefi sig fram sjálfir og flytji frv. til breytinga á þessum lögum. Eðlilegast væri að sjálfsögðu að fram kæmi stjfrv. til þess að afmá þennan nefskatt og koma í veg fyrir að grafið verði undan framkvæmdinni í staðgreiðslukerfi skatta, en eins og fram kom á síðasta þingi lýsti ríkisskattstjóri því yfir í heilbr.- og

trn. — það var nú svo undarlegt að það þurfti að kveðja hann á fund í þeirri nefnd vegna þessa máls — að þetta frv. félli illa að staðgreiðslukerfinu þó að hann á hinn bóginn léti þess getið að auðvitað væri þetta framkvæmanlegt. Það er auðvitað allt framkvæmanlegt sem mönnum dettur í hug í þessum efnum. Það er hins vegar misjafnlega vel framkvæmanlegt og það fellur misjafnlega vel að því sem lofað var þegar staðgreiðslukerfið var upp tekið og ástand þessara mála eins og það er í dag, með þetta ákvæði í lögum um málefni aldraðra, er hrein brigð, hrein svik gagnvart því sem lofað var á sínum tíma í þessum efnum. Þess vegna er þetta frv. flutt til þess að hnekkja því og knýja fram eðlilegar breytingar í þessu efni.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengisfræðsla, 1. umr.

Frv. ÁJ og FÞ, 118. mál. — Þskj. 122.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um áfengisfræðslu. Samsvarandi mál var flutt á Alþingi fyrir tveimur árum, en fékk ekki framgang og er nú lagt fram á ný.

Markmið þessara laga er að byggja upp skipulega áfengisvarnafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun áfengis veldur. Það er lagt til í frv. að þriggja manna nefnd verði skipuð til fjögurra ára í senn og að í henni sitji sérfróðir menn um það vandamál sem um ræðir og ætlast er til að ráðherra skipi einn nefndarmann formann.

Nú er hér stillt upp dæmi sem er ekki nýtt af nálinni. Þetta er ekki ósvipað fyrirkomulaginu varðandi tóbaksvarnafræðslu sem hefur gefist vel. Það er ljóst að vandamál af áfengisneyslu á Íslandi er allverulegt. Nefna má að nokkur hundruð sjúkrarúm í landinu eru bundin vegna ofnotkunar áfengis og vandamálið því stórt í sniðum.

Það er miðað við í frv. að varið sé 2 prómillum af bruttósölu áfengis til áfengisvarnafræðslu. Þetta er sama hlutfall og miðað er við í tóbaksvarnanefnd og miðað við árið 1988 hefðu verið þarna u.þ.b. 8,5 millj. kr. til þessa starfs sem ætlast er til að nefndin skili.

Það er að mínu mati mikil ástæða til þess að sporna á eins skynsamlegan hátt og hægt er við því vandamáli sem áfengisneysla er og þetta frv. til laga er liður í þá átt.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að málinu verði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjafræðslunefnd, 1. umr.

Frv. ÁJ og FrS, 114. mál. — Þskj. 118.

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lyfjafræðslunefnd. Markmið þessara laga er að skipuleggja og vinna að lyfjafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun og ofnotkun lyfja veldur. Það er lagt til í frv. í 2. gr. að heilbr.- og trmrh. skipi þriggja manna nefnd, lyfjafræðslunefnd, til fjögurra ára í senn, og að í nefndinni eigi sæti menn með þekkingu á vandamálum sem stafa af ofnotkun lyfja.

Hlutverk þessarar nefndar á að vera að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til að sporna við ofnotkun og misnotkun lyfja, að vinna í nánu samstarfi við landlæknisembættið og Lyfjaeftirlit ríkisins, að veita alhliða leiðbeiningar varðandi lyf, m.a. með útgáfu fræðslurita og annarra fræðslugagna, að dreifa upplýsingum um skaðsemi misnotkunar og ofnotkunar lyfja, að gera tillögur til heilbr.- og trmrh. um ráðstöfun fjár skv. 3. gr., en þar segir að greiða skuli 1% gjald af cif-verði innfluttra lyfja og 0,8% gjald af heildsöluverði ákveðins stofns innlendrar lyfjaframleiðslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Þessi ákvæði eru sett til þess að tryggja fjármagn til þessa lyfjafræðslustarfs, og miðað við innflutning á t.d. árinu 1987 hefði þarna verið um tæplega 10 millj. kr. að ræða til forvarnastarfs og fræðslustarfs um lyfjamisnotkun sem er sívaxandi vandamál, ekki bara í hinum stóra heimi í kringum okkar, heldur einnig í okkar landi. Það er ótrúlega dýrt vandamál og sársaukafullt þegar ótalinn fjöldi ungs fólks sem eldra verður háð ofnotkun lyfja. Þarna er því verkefni sem verður að sporna við ef við ætlum ekki að láta það vaxa okkur yfir höfuð. Benda má á að ýmsar vestrænar þjóðir hafa tekið mjög markvisst á í þessum efnum með því að tryggja fjármagn til þess að berjast gegn því vandamáli sem ofnotkun lyfja er.

Þetta er tiltölulega einföld aðferð. Hún hefur sýnt sig að vera skilvirk hér á landi með þessu móti. Það eru tiltölulega fáir menn sem vinna verkið og gjaldtakan af lyfjasölunni er aðeins brotabrot af því sem hugsanlega væri hægt að stilla upp miðað við álagningu og annað sem viðkemur lyfjasölu í þessu landi.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að málinu verði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

16. fundur, mánudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að þegar afgreiddir hafa verið 2. og 3. liður dagskrárinnar hefjast hér umræður utan dagskrár. Hv. 1. þm. Reykn. hefur beðið um að fá að eiga orðastað við ráðherra um undirritun sölusamnings við Sovétríkin og fer sú umræða fram þegar að lokinni afgreiðslu á 2. og 3. dagskrárlið. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og skal ekki standa lengur en í hálftíma.

Framkvæmd ályktana Alþingis á sl. fimm árum.

Beiðni DS o.fl. um skýrslu, 141. mál. — Þskj. 145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 44 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Beiðni HG o.fl. um skýrslu, 144. mál. — Þskj. 148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 44 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Síldarsölusamningar við Sovétríkin.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá hefst umræða utan dagskrár sem fram fer að beiðni hv. 1. þm. Reykn. og er umræða um síldarsölusamninga við Sovétríkin og samninga tengda þeim. Umræðan fer fram eins og áður er sagt skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og skal því ekki standa lengur en hálftíma.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ef ég hefði ekki verið þingvanur maður, þá veit ég ekki hvernig ég hefði átt að taka öllum þessum skotum sem heyrðust hér í þingsal.

Ég hef leyft mér að óska eftir þessum umræðum hér vegna þeirra atvika sem nú eru að gerast í sambandi við síldarsamninga sem sýnast vera komnir í strand. Hér er um að ræða sölu á sjávarafurðum fyrir tæpan einn milljarð íslenskra króna. Þeir samningar sem hafa verið gerðir, en ekki undirritaðir, eru byggðir á rammasamningi við Sovétríkin frá 1985, þar sem gert er ráð fyrir 200–250 þúsund tunna kaupum á saltsíld af hálfu Sovétríkjanna. Það er ljóst að af viðskiptum við Sovétríkin á árunum 1986, 1987 og 1988 er viðskiptahalli upp á 38 millj. dollara og það er reiknað með halla á þessu ári.

Það hefur valdið íslensku samninganefndinni miklum erfiðleikum við samningaborðið að ekki hefur verið samræmi á milli þeirra upplýsinga sem komið hafa frá íslenskum stjórnvöldum og svo því sem haldið hefur verið fram við þá þar sem þeir hafa verið að semja austur í Moskvu. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Síldarútvegsnefnd hefur gefið út og undirstrikar það hver vandræði hafa hlotist af í þessum efnum.

Þær umræður sem áttu að hefjast fyrr á þessu ári hófust ekki fyrr en 23. okt. og var það vegna beiðni Sovétmanna. Samkomulag tókst 4. nóv. um sölu á 150 þús. tunnum ásamt og með viljayfirlýsingu um að ná samkomulagi um 50 þús. í viðbót eða síðar. Þegar þetta samkomulag var síðan borið undir sjávarútvegsráðherra þar eystra, þá hafnaði hann þessu á grundvelli verðsins, en verðið var skv. samkomulaginu óbreytt frá sl. ári en vegna hækkunar á verði til annarra viðskiptaaðila var hér um aukinn magnafslátt að ræða sem Sovétríkin hafa ævinlega fengið.

Á meðan þessar umræður fara fram og áður en til niðurstöðu á þeim er komið er undirritaður samningur um olíuviðskipti sem líka rúmast innan þess rammasamkomulags sem gert var 1985. Það er undirritaður samningur um kaup á olíu af Sovétmönnum á árinu 1990. Það sem gerist í þeim efnum bendir til þess að samgöngur innan ríkisstjórnarinnar hafi verið mjög slæmar. Hæstv. sjútvrh. hefur upplýst að hann hafi ekki haft hugmynd um þetta. Enn fremur má lesa í dagblöðum að þeir sem hafa unnið og vinna að útflutningi telji að hér hafi verið ástæða til að bíða og þeir hafi beint þeirri beiðni til hæstv. viðskrh. Svipuð aðstaða kom upp 1986. Þá leysti páv. hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason þetta mál. Hann tók það fyrir í ríkisstjórn og þremur ráðherrum var falið að vinna að lausn þess. Samgöngurnar voru betri innan þeirrar ríkisstjórnar, enda vildi svo til að viðskrh. sem þá var líka samgrh. þeirrar ríkisstjórnar. Það tókst að leysa þetta mál.

Núna stöndum við frammi fyrir því að síldarvertíðinni er senn að ljúka. Of mikið magn af þeim kvóta sem heimilt er að veiða hefur farið til verksmiðja og verði ekki á næstu dögum undirritaður samningur, þá sjáum við hverju við töpum, hverju íslenskt þjóðarbú tapar á þessu. Við heyrum það að austan að fólkið er að flytjast suður og ég veit að suður í Grindavík eru 100 manns sem bíða eftir því hvort samningar náist eða ekki. Spurning mín er því til hæstv. ríkisstjórnar:

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera? Árið 1986 hvöttu menn þáv. viðskrh. til þess að fara til Sovétríkjanna. Hann leysti málið með öðrum hætti. Hvað hyggst hæstv. utanrrh. sem fer með þessi mál nú gera? Hvað hyggst hann gera? Hvað hyggst viðskrh. gera og sjútvrh., sem ég veit að hefur fylgst með þessum málum þó að hann hafi ekki fengið vitneskju um þann olíusamning sem undirritaður hefur verið og hef ég hans eigin orð fyrir því.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Málshefjandi í þessum umræðum utan dagskrár er hv. 1. þm. Reykn. Þess vegna er rétt að taka það fram að viðskiptin við Sovétríkin, hvort sem er með olíu eða saltsíld, byggjast á rammasamkomulagi um viðskipti milli landanna sem var gert árið 1985 í viðskiptaráðherratíð málshefjandans. Það er einnig rétt að minna á að þetta samkomulag var á sínum tíma gert til þess að þjóna íslenskum útflutningshagsmunum, ekki síst hagsmunum síldarsaltenda.

Það er rétt sem fram hefur komið að það hefur valdið vandræðum hversu dregist hefur að fá staðfestingu sovéskra stjórnvalda á samkomulagi sem gert hafði verið 4. nóv. um sölu á saltsíld héðan til Sovétríkjanna. En í því moldviðri sem þyrlað hefur verið upp um undirritun olíukaupasamninganna við Sovétríkin 14. nóv. sl. hafa efnisatriði málsins týnst. Og ekki var ræða hv. 1. þm. Reykn. til þess fallin að varpa nýrri birtu á það mál. Það rammasamkomulag sem er í gildi um viðskiptin og nær yfir tímabilið 1986–1990 er hvorki vöruskiptasamningur né eru þær magn- eða verðmætistölur sem þar eru upp gefnar bindandi fyrir hina ýmsu vöruflokka. Hér er um að ræða samkomulag um viðskipti þar sem greiðslurnar eru í frjálsum, skiptanlegum gjaldeyri fyrir vörukaup. Endanlegar samningstölur á hverjum tíma eru háðar samkomulagi þeirra aðila sem viðskiptin eiga.

Ég vil taka það fram að frá árinu 1980 til líðandi stundar hafa bindandi olíukaupasamningar við Sovétríkin oftast nær verið gerðir snemma hausts og hefur þótt æskilegt, efnis þeirra vegna, að þeir væru gerðir a.m.k. þremur mánuðum fyrir áramót. Gerð sölusamninga við Sovétríkin hefur hins vegar oftast tekið mið af fjárlagagerð í því landi sem venjulega lýkur um miðjan nóvember. Þeir hafa því oftast verið gerðir á fyrstu mánuðum næsta árs á eftir. En vegna þess hvenær síldveiðarnar fara fram höfum við jafnan reynt að fá samningum um sölu saltsíldar framgengt fyrr en öðrum sölusamningum. Þetta hefur stundum tekist en því miður ekki alltaf.

Nú stendur einnig svo á að dreifing á ábyrgð utanríkisviðskipta hefur verið gerð í Sovétríkjunum og kann það enn að tefja málið, fyrir utan takmörkuð gjaldeyrisfjárráð. Málshefjandi nefndi hér að samgöngur innan ríkisstjórnarinnar hefðu verið eitthvað torveldar í þessu máli. Ég vildi bara vekja athygli á því að það hefur ekki tíðkast að hafa um þetta formlegt samráð á milli ráðuneyta. Viðskrn. lét að sjálfsögðu utanrrn. fylgjast með málinu og sjútvrh. var skýrt frá því á lokastigi og þá var málið rætt á ríkisstjórnarfundi. Þá var m.a. ákveðið að starfandi forsrh., sem þá var sjútvrh., og viðskrh. kölluðu á sovéska sendiherrann til viðræðna um málið þann sama dag.

Það hefur reyndar ekki tíðkast að tengja saman kaup okkar á olíu frá Sovétríkjunum og sölu okkar á síld þangað í beinum viðskiptasamningum. Það er einungis rammasamkomulagið sem tengir þetta tvennt saman. Bein tenging var reynd í eitt skipti eins og hér kom fram hjá málshefjanda, haustið 1986, og hafði þá að mínu áliti alls ekki áhrif til þess að greiða fyrir síldarsölusamningi. Þvert á móti bendi ég á að það liðu 3½ vika frá því að íslenskir ráðherrar ákváðu að skrifa ekki undir olíusamninginn þar til síldarsamningar náðust 5. nóv. það ár og hafa reyndar aldrei náðst síðar. Töfin á undirritun olíusamningsins þá kann hins vegar að hafa spillt um sinn þeim góðu samskiptum sem verið hafa við sovéska olíufélagið sem hingað selur olíu. Reynslan frá 1986, sem er hið eina sem við höfum við að styðjast, styður alls ekki það sem fram er haldið að nú hefði átt að fresta undirritun olíukaupasamningsins. Það stendur svo á að Síldarútvegsnefnd hefur gert samkomulag við sovéska innflutningsfyrirtækið Sovrybflot um kaup á 150 þús. tunnum af saltsíld með hugsanlegri viðbót upp á 50 þús. tunnur. Þetta samkomulag hefur beðið staðfestingar sovéskra stjórnvalda frá 4. nóv. sl. Sá dráttur sem orðið hefur á þessum samþykktum er vissulega erfiður. Óvissan um síldarviðskiptin er illþolandi því síldarsöltunin er og verður burðarás í tekjuöflun fólksins í plássunum þar sem síldin er söltuð á þessum tíma árs. En ég spyr hv. þingheim: Hefði verið viturlegt við þessar aðstæður að undirrita ekki olíukaupasamning við Sovétríkin sem er íslenskum viðskiptaaðilum hagstæður í sjálfu sér? Ég tel það afar ólíklegt svo að ekki sé meira sagt að leiðin til þess að koma fram síldarsölumálinu nú hefði verið sú að við brytum sjálfir rammasamkomulagið um olíuviðskiptin. Ég trúi því ekki að málshefjandinn sem sjálfur stóð að gerð þessa samkomulags mæli þeirri leið bót. Við sækjum ekki rétt í tvíhliða samning sem við virðum ekki sjálfir.

Að lokum vil ég taka það fram að ég hef orð framkvæmdastjóra Síldarútvegsnefndar og forustumanns samninganefndar Síldarútvegsnefndar í Rússlandi í þessu máli fyrir því að Síldarútvegsnefnd hafi verið studd með ráðum og dáð af utanríkisþjónustunni og hafi aldrei notið annars eins fulltingis og í þetta sinn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Til viðbótar því sem þegar er fram komið vil ég taka fram eftirfarandi. Þegar spurt er: Hvað hyggst utanríkisviðskiptaráðherra gera í þessu máli hér eftir, þá vil ég fyrst taka fram eftirfarandi:

Það hefur ekki slitnað upp úr þessum samningum. Staðreyndin er sú að viðskiptaaðilarnir sjálfir náðu samkomulagi um magn og verð þann 4. nóv. sl. Það

bíður hins vegar enn staðfestingar ráðherra og gjaldeyrisyfirfærslu. Það er staðreynd sem fram hefur komið að sjávarútvegsráðherra treystir sér ekki til þess að láta þá staðfestingu í té, en málinu hefur verið vísað til svokallaðrar ráðherranefndar. Þannig er málið statt á þessari stundu. Þess vegna tel ég ekki tímabært að gefa út yfirlýsingu um það hér og nú að næsta skref eigi að vera það að utanríkisviðskiptaráðherra eða annar ráðherra fari til Moskvu. Ég er nýkominn frá því að hafa kvatt á minn fund sovéska sendiherrann, reyndar í þriðja sinn í þessu máli, og það er enn mat þeirra að þetta mál hafi strandað í sovéska kerfinu, en þeir lýsa enn bjartsýni sinni á það að samningurinn sjálfur verði endanlega staðfestur.

Ef spurt er um samráð innan ríkisstjórnar, þá skal það tekið fram að það var að sjálfsögðu fullt samráð við utanrrn. af hálfu viðskrh. um samningagerðina að því er varðar olíuviðskiptin. Auðvitað er það álitamál og menn geta spurt sem svo: Ja, hefði verið skynsamlegt að draga þá samningagerð? Viðskrh. hefur fært sín rök í málinu og ég er þeim sammála. Við skulum átta okkur á því að við erum hér með langtímasamning til fimm ára. Þetta er ekki vöruskiptasamningur. Hann byggir að sjálfsögðu á forsendum olíuviðskiptanna. Af hverju eru málin erfiðari viðfangs nú en oft áður í Moskvu? Ja, allir sem til þekkja vita að Sovétríkin eiga í miklum gjaldeyriserfiðleikum. Það er ekkert launungarmál. Hefði það nú verið skynsamlegra á þessum tímapunkti og líklegt í ljósi reynslunnar frá fyrri tíð að hraða niðurstöðu í þessu máli ef Íslendingar hefðu sjálfir á þessum tímapunkti vikist undan sínum skuldbindingum um að gera olíusamninginn sem eru vissulega ein af rökum okkar fyrir því að knýja á um þetta mál? Að því hefur verið vikið, og það gerði málshefjandi sjálfur, að viðskiptajöfnuður í þessum viðskiptum sl. fjögur ár, þ.e. fyrstu fjögur ár langtímasamningsins, er Sovétmönnum hagstæður, sennilega upp á rúmlega 50 millj. dollara. Við metum að það muni stefna í um 15 millj. dollara á þessu ári.

Eitt atriði enn. Hvort það hafi valdið samningamönnum í Moskvu erfiðleikum að ágreiningur hefur verið milli Sovétmanna og Íslendinga um túlkun á tölum að því er varðar þennan viðskiptajöfnuð? Það hefur að vísu oft verið notað sem fyrirsláttur í þessum viðræðum fyrr og var vissulega gert. En það er ekki ágreiningsefni. Það mál er leyst og hefur sjaldan gerst að þær deilur hafa verið settar niður og báðir eru sammála um það að jöfnuðurinn verði hagstæður Sovétmönnum um um það bil 15 millj. dollara á þessum tímapunkti. Ef menn vilja í tilefni af stöðu þessara samninga gera því skóna að það hafi verið slælega unnið að því að greiða fyrir þessum samningum af hálfu íslenskra stjórnvalda, þá bið ég viðkomandi að hafa samband við viðskiptaaðilana sjálfa sem setið hafa í Moskvu að undanförnu því að það er hverju orði sannara að sennilega hefur ekki verið gert jafnmikið af því áður. Sjálfur hef ég í þrígang kvatt sovéska sendiherrann á minn fund hér í Reykjavík til þess að ræða þessi mál. Við höfum verið daglega í sambandi við sendiherra okkar í Moskvu. Við höfum haft náið og mikið samband við samninganefndarmennina sjálfa. Við höfum sent skrifleg erindi, tveir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, til ráðherra í sovésku ríkisstjórninni. Við höfum sent formlegar nótur til bæði sjávarútvegsráðherra og svokallaðs ráðherra ytri efnahagstengsla í Sovétríkjunum um þetta mál. Allar staðreyndir liggja fyrir, allar upplýsingar liggja fyrir og öll sú fyrirgreiðsla sem er á færi íslenskra stjórnvalda í þessu máli hefur verið veitt. Málið er í þeirri stöðu að það hefur ekki slitnað upp úr samningum. Því er enn haldið fram af hálfu stjórnvalda að beðið sé niðurstöðu ráðherranefndarinnar. Meðan það er held ég að það væri ekki skynsamlegt hér heima að við efndum að tilefnislausu til einhverrar úlfúðar um málið á heimavígstöðvum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er rætt að frumkvæði hv. 1. þm. Reykn. er á allalvarlegu stigi. Það er ljóst að fyrir fjölmörg byggðarlög er hér mikið í húfi og það eru horfur á því að það tjón sem orðið er vegna þess dráttar að samningar séu staðfestir verði varla bætt.

Ég vil nefna það í sambandi við þetta mál að í marsmánuði öndverðum átti hæstv. fjmrh. viðræður í Moskvu við þarlend stjórnvöld ásamt sendiherra Íslands í Moskvu og þá kom fram, sem menn vissulega höfðu heyrt áður, að verulegar breytingar væru orðnar á viðskiptaháttum í Sovétríkjunum og enn frekari breytingar væru væntanlegar, þar á meðal varðandi saltsíldarviðskipti. Ég hef handa á milli skýrslu frá þessum viðræðum. Ég held að hún hafi birst opinberlega í fyrravor. Hún var rædd hér á Alþingi. Ég hef ítrekað gengið eftir því í utanrmn. Alþingis að utanríkisviðskiptaráðuneytið og hæstv. utanrrh. legði fram greinargerð um sitt mat á stöðu og horfum varðandi viðskipti við Sovétríkin, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem hæstv. fjmrh. reiddi fram eftir viðræður sínar í Moskvu í marsmánuði. Þessi greinargerð hefur ekki enn borist mér þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar að lútandi og ég skil ekki hvers vegna alþm. fá ekki viðbrögð við slíkum beiðnum. Ég vísaði m.a. í væntanleg saltsíldarviðskipti í þessu sambandi.

Hér kemur fram í fréttatilkynningu Síldarútvegsnefndar frá í gær að það hafi verið afar bagalegt í samningaviðræðum að upplýsingar um stöðu viðskipta milli landanna lægju ekki fyrir. Þetta virðist ekki vera í lagi. Hér verður að taka á málum með öðrum og ákveðnari hætti. Það er ekki nýtt að það dragist að ganga frá saltsíldarsamningum, en það var ljóst fyrir fram að það mátti reikna með erfiðari róðri í þessum efnum heldur en áður af nefndum ástæðum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur verið ljóst um nokkurn tíma að breytingar eiga sér nú stað í Sovétríkjunum. Um árabil hafa síldarviðskipti okkar við Sovétríkin verið með nokkuð sérstökum hætti þar sem ein sölusamtök með þátttöku opinberra aðila

hafa verið aðilar að samningnum og ríkið hefur annast innkaup á olíuvörum. Undanfarin ár hafa saltsíldarsamningar verið á nokkuð tæpu vaði þrátt fyrir gildandi rammasamning frá árinu 1985 og því hefði átt að vera ljóst að nokkur hætta var á ferðinni í þetta sinn. Fyrirkomulag þessara viðskipta á undanförnum árum er mál út af fyrir sig sem ég ætla ekki að ræða hér.

Það hefur legið fyrir um skeið að breytinga væri að vænta á viðskiptaumhverfi í Sovétríkjunum. En meginspurning af okkar hálfu er hvort eðlilega hafi verið brugðist við breyttum aðstæðum af hálfu íslenskra stjórnvalda, þar á meðal hvort rétt hafi verið af viðskrh. að staðfesta samningana um olíukaup við Sovétríkin.

Við ríkjandi aðstæður á vinnumarkaði er hér um sérstaklega afdrifaríkt mál að ræða þar sem ekki er víst að fólk sem hefur ráðið sig til síldarsöltunar fái önnur verkefni. Í mörgum tilfellum er um að ræða húsmæður sem lagt hafa sitt af mörkum við að bjarga verðmætum og tekjur af þeirri vinnu hafa haft verulega þýðingu fyrir mörg heimili. Því er eðlilegt að þessi mál séu rædd hér á Alþingi og ríkisstjórnin upplýsi málið af sinni hálfu. Íslensk stjórnvöld hafa ekki gert grein fyrir því á hvern hátt þau hafa brugðist við breyttum aðstæðum í Sovétríkjunum þannig að okkar hagsmuna sé gætt. Við hljótum að vona að samningar fáist staðfestir fljótlega en ljóst er þó að verulegur skaði er nú þegar orðinn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen spurði að því hvað ríkisstjórnin hygðist gera í þessu alvarlega máli. Sannleikurinn er sá að það hefur trúlega aldrei verið meira gert en nú í þessu máli og hefur þó margt þurft að gera á undanförnum árum og hef ég kynnst því mjög vel í gegnum tíðina.

Það er alveg rétt að það eru miklar breytingar í Sovétríkjunum en það er jafnframt rétt að hér er um mikilvæg viðskipti að ræða, bæði fyrir okkur og Sovétmenn, ekki aðeins í ár heldur um langa framtíð. Það er ekki nægilegt að treysta þessi viðskipti til eins árs í senn heldur verður að gera það um lengri framtíð og það hefur verið gert í þeim rammasamningi sem hefur verið gerður milli landanna.

Ég átti m.a. í upphafi októbermánaðar samtöl við sjávarútvegsráðherra Sovétríkjanna í opinberri heimsókn þar og mér var þá strax ljóst að þetta mál var í verulegri hættu. Þeir stóðu við það sem þá var lofað að viðræður mundu hefjast mjög fljótlega, en þá lá ekkert fyrir um það hvort viðræður hæfust á næstunni. Það eru hins vegar mikil vonbrigði að sá samningur sem hefur verið gerður hefur ekki verið staðfestur. Það er líka verið að hefja í dag viðræður um kaup á frystum fiski og á lagmeti, þannig að hér er ekki eingöngu um saltsíldarviðræðurnar að ræða.

Það er alveg ljóst að ef ekki fæst niðurstaða fljótlega í síldarsölumálinu og ekki gengur vel í viðræðum um hin málin tvö sem ég nefndi, þá er brostinn grundvöllur fyrir þessum viðskiptum í framtíðinni. Við höfum hins vegar fengið það staðfest að það er mikill og góður vilji fyrir því að þessi samningur sem nú er talað um komist á. Ekki hefur fengist upplýst hvenær niðurstöðu er að vænta en menn trúa því enn að þessi niðurstaða fáist. Það er hins vegar alveg rétt að hér hefur orðið verulegt tap og að ráðist hefur verið í mikla fjárfestingu í sambandi við þetta mál og jafnframt hefur verið ráðist í mikla fjárfestingu til frambúðar, m.a. með því að byggja kæligeymslur í flestum söltunarstöðvunum.

Hér var á það minnst að lélegur samgangur væri innan ríkisstjórnarinnar. Svo er ekki. Hins vegar vill svo til að þegar viðræður um olíukaupasamninginn hófust, sem tóku mjög skamman tíma var ég staddur austur á landi. Ég kom þaðan á mánudagskvöldi og á þriðjudagsmorgun var þetta mál rætt en þá var samningurinn nánast frágenginn. Hitt er svo annað mál að jafnvel þótt slík samtöl hefðu átt sér stað er ekki þar með sagt að það hefði leitt til þess að ég hefði verið þeirrar skoðunar að ekki ætti að undirrita samninginn. Það eru mörg rök sem mæla með því að það hefði átt að undirrita samninginn. Það er t.d. ljóst að ef það hefði ekki verið gert hefði það flækt málið enn þá frekar. Auðvitað eru tvær hliðar á því máli eins og öllum öðrum og með því hefði verið tekin allmikil áhætta. Hins vegar er það alveg ljóst að ef ekki verður af þessum viðskiptum nú hlýtur það að koma mjög alvarlega fram í þeim viðræðum sem hefjast eftir tvo daga í Moskvu um áframhaldandi viðskipti þjóðanna. Ég held að Sovétmönnum sé þetta alveg ljóst ekki síður en okkur, en ég trúi því enn að niðurstaða fáist í þessu máli og síld verði seld héðan eins og hefur verið í gegnum áratugina. En sá dráttur sem þarna hefur orðið er bagalegri en nokkru sinni fyrr.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafa nefnt það hér að það blasi við alls konar erfiðleikar í mörgum byggðarlögum. Einstaklingar sem bundnir eða tengdir hafa verið síldarvinnslunni lendi í alls konar vandræðum. Víst er það en stóri vandinn sem blasir við er það stór að annar eins vandi hefur ekki blasað við íslenskum sjávarútvegi í fleiri ár: ef það bregst að samningar náist við Sovétríkin um síldarsölu. Mér finnst þess vegna dálítið undarlegt að heyra það að hæstv. ráðherrar viti ekki um þegar verið er að ganga frá stórsamningum við Sovétríkin. Ég kem þess vegna hingað upp til þess að spyrja mína ráðherra, alþýðubandalagsráðherrana, hvort þeir hafi ekki fylgst með þessum málum, fylgst með stöðu þessa máls, að það blasi við að ekki verði samið við Sovétmenn um síldarsöltun á þessu ári? Það er kominn 20. nóv. og engir samningar enn. Formaður Sjómannafélags Reykjavíkur hefur lýst því í blaðaviðtali að þeir samningar sem núna eru gerðir, ef þeir ná fram sem menn efast nú um enn, verði sjálfsagt síðustu samningar sem gerðir verði við Sovétríkin á svipuðum grunni og þessir samningar. Er ekki farið að fjalla um þessa stöðu í ríkisstjórninni? Eru ekki ráðherrar,

fleiri en sjútvrh. og viðskrh., að skoða þetta stóra vandamál sem við okkur blasir? Ég held og veit að þetta mál er það stórt að það hlýtur að vera og ég vona að ég fái það svar frá mínum ráðherra að þetta sé málefni sem sé verið að fjalla um og hafi verið fjallað um innan íslenskrar ríkisstjórnar. (**Menntmrh.:** Svarið er já.) Það þarf kannski ekki meira, ráðherra þarf kannski ekki að segja meira en aðeins já um þetta mál. Ég held að ég vilji heyra svolítið meira frá mínum alþýðubandalagsráðherra um þetta mál en aðeins eitt já.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefði nú verið jafngagnlegt að kalla fjmrh. eins og menntmrh. hingað upp í pontuna og leyfa honum að skýra orðsendinguna frá því hér um bil fyrir ári sem ríkisstjórnin hefur ekki tekið alvarlegar en raun ber vitni um. Það vekur enn fremur eftirtekt að hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að honum hafi verið fyllilega ljóst 1. okt. að það stæði fyrir dyrum mikill vandi í sambandi við þessi viðskipti. Eftir sem áður hafa ráðherrarnir verið að gefa það í skyn að þessir samningar um sölu á saltsíld til Sovétríkjanna væru alveg á næstu grösum. Á þetta hefur síldarverkunarfólk út um allt land hlustað, útvegsmenn og þeir sem annast vinnslu þessara afurða.

Nú lýsir hæstv. utanrrh. því yfir að hann sjái ekki að það þjóni neinum tilgangi að hann fari til Sovétríkjanna til að herða á þessum samningum og enn þá eru gefin fyrirheit og vaktar vonir hjá fólkinu í landinu um að þessir samningar séu á næsta leiti. Ég veit raunar ekki hvort það þjónar einhverjum tilgangi að hæstv. utanrrh. fari til Sovétríkjanna eða einhverjir aðrir ráðherrar í fylgd með honum. En það vill nú samt svo til að við sitjum með þessa ríkisstjórn og í þessu tilviki er sjálfsagt eitthvað skárra að veifa röngu tré en öngu og þess vegna vil ég nú hvetja ráðherrana til þess að sýna einhvern áhuga og taka einhverja rögg á sig í þessu máli.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hvort er nú svo komið að silfur hafsins er ekki lengur sú matvara sem síldin var áður fyrr eða hefur markaðssetning og útflutningshættir okkar brugðist? Ég spyr hvort hv. 1. þm. Reykn. þyki það sæma að brjóta sinn eigin rammasamning og hvort honum þyki það gott og gilt að stöðva bestukjarasamninga okkar um olíu. Það væri skammtímalausn. Hefur hv. málshefjandi gert sér grein fyrir því að það skiptir Sovétmenn engu hvort þeir selja okkur olíu eða bifreiðar? Hvort tveggja eru vörur sem þeir geta selt á sama verði eða betri á öðrum mörkuðum.

Við höfum hins vegar haft mikla hagsmuni af þessum rammasamningi og höfum selt mikið af vörum til Sovétríkjanna sem ekki hafa fundist aðrir markaðir fyrir. Minna skal á að upphaf þessara viðskipta má rekja til þeirra atburða þegar Bretar settu hafnbann á Íslendinga í landhelgisstríðinu fyrr meir. Það hlýtur einnig að vekja upp spurningar hjá hverjum og einum þingmanni af hverju við getum ekki selt ýmsar vörur sem við höfum selt til Sovétríkjanna, svo sem síld, ullarvörur, fisk og lagmeti, á öðrum mörkuðum. Erum við ekki með vörur sem standast gæða- og verðkröfur Vesturlanda? Hafa íslenskir atvinnurekendur sofið á vaktinni og gleymt sér í vernduðu umhverfi sósíalismans? Hafa menn tapað áttum í þoku opinbers forræðis og sjóða sem ævinlega eru settir á stofn til að hlaupa undir bagga með atvinnurekstrinum, alveg sama hversu vitlaus sá rekstur er?

Ég spyr: Er þetta upphlaup í dag viðurkenning á því að Sjálfstfl. sé sósíaliskur flokkur sem vill forræði ríkisins í einu og öllu? Eða vilja sjálfstæðismenn, eins og Frjálslyndi hægriflokkurinn, sjálfstæðan, óháðan og samkeppnishæfan atvinnurekstur sem selur gæðavörur á markaðsverði eins og Marel hf. hefur selt tölvuvogir sínar á heimsmarkaðsverði til Sovétríkjanna fyrir hundruð millj. kr.? Valið stendur um markaðsbúskap eða ríkissósíalisma. Sovétmenn eru á leiðinni til markaðsbúskapar. Frjálshyggjan hefur haldið innreið sína í Moskvu. Þetta verða menn að gera sér ljóst.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að biðja forseta að reyna að fá fjmrh. til að líta hér inn, hann mun hafa verið í húsinu a.m.k. áður. (Gripið fram í.) Hann var hér áðan. (**Gripið fram í:** Hann er ekki í húsinu.) Er hann ekki í húsinu? Nú, við látum það duga. Aðrir ráðherrar geta kannski skilað því til hans sem ég ætla að geta um hérna.

Ég vil rifja það upp að hinn 25. apríl sl. greindi hæstv. utanrrh. frá mjög merkilegri ferð sem hæstv. fjmrh. hafði farið til Moskvu. Hæstv. utanrrh. rekur það þar að fjmrh. hafi verið greint þar frá miklum breytingum sem væru í aðsigi í Rússlandi og þar á meðal að valdið ætti að færast frá miðstjórnarkerfinu og að því aðeins gætu lýðveldin keypt vöru að þau öfluðu sjálf tekna til þess. Síðan segir ráðherra orðrétt, með leyfi forseta: „Þetta þýddi að því er varðaði sjávarútveginn að þau ein fyrirtæki gætu verslað með fiskafurðir við Íslendinga sem sjálf hefðu til þess gjaldeyristekjur og þau gætu ekki aflað þeirra gjaldeyristekna nema með því að gera það í einhvers konar samstarfi við viðskiptalöndin. Þar kæmi ýmislegt til greina sem upp var talið, þar á meðal t.d. sameiginleg aðild að útgerðarfyrirtækjum [með okkur Íslendingum], sameiginlegar veiðar á vannýttum stofnum en sér í lagi væri eitt grundvallarskilyrði fyrir slíkum viðskiptum í framtíðinni og það væru veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. — Fjmrh. gerði rækilega grein fyrir því þegar hann fylgdi skýrslu sinni úr hlaði [í ríkisstjórninni] að þetta hlyti að valda okkur verulegum áhyggjum að því er varðaði framtíð viðskipta af þessu tagi og vegna þess að það er að mínu mati svo að þótt að þessu hafi verið ýjað almennt séð með vísan til þess sem kynni að gerast í framtíðinni, þá held ég að þetta hafi verið í fyrsta sinn a.m.k. að því er ég best veit sem það var

sett fram með jafnafdráttarlausum og ákveðnum hætti af jafnáhrifamiklum mönnum í sovéska stjórnkerfinu."

Þetta sagði hæstv. utanrrh. 25. apríl hér úr þessum ræðustól.

Hæstv. ráðherrum hefur verið fullkunnugt um þær breytingar sem voru í aðsigi en þeir hafa ekkert aðhafst. Og þessa skýrslu hefur verið neitað að birta. *Hún var að vísu send utanrmn. eftir margítrekaðar* kröfur sem trúnaðarmál. Ég krefst þess að þessi skýrsla verði birt þannig að Íslendingar fái að sjá, ekki síst þeir sem sjávarútveg stunda, hvað það var sem hæstv. fjmrh. var að kokka með ráðamönnum í Moskvu. Annars vegar voru þeir að tala um veiðiheimildir rússneskra skipa innan íslenskrar lögsögu og hins vegar að þessi viðskipti gætu ekki gengið fyrir sig eins og áður væri vegna þess að þeir hefðu ekki gjaldeyri til að kaupa af okkur fisk. Það var þetta sem var verið að tala um. Ég er ekki að uppljóstra neinu leyndarmáli. Ég var að lesa upp orð hæstv. utanrrh. og ég treysti því að ráðherrarnir sjái nú um að þessi skýrsla verði birt eða okkur í utanrmn. leyft að skýra frá innihaldi hennar. (**Utanrrh.:** Höfundurinn ræður því.) Höfundurinn ræður því, ekki ríkisstjórnin? (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. ráðherra og hv. þm. að gefa hv. 1. þm. Vestf. orðið.)

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað ræða þetta málefnalega, sérstaklega eftir hortugt svar hæstv. viðskrh. og rangfærslur hans í sínu svari, en það er ekki tími til þess. En það gerir það eðlilega að verkum að við hljótum að biðja um umræðu með öðrum hætti. Ég held að síldarsala til Sovétríkjanna sé það mikilvæg og hvernig málum er háttað að Alþingi Íslendinga geti vel eytt lengri tíma en hálftíma í þær umræður.

Ég vil benda hæstv. viðskrh. á að það kom engin athugasemd frá Sovétríkjunum við því þegar frestað var undirritun olíusamninganna 1986. Ekki nokkur. Engin ásökun um brot á rammasamningi. Það er ekki fyrr en núna að Íslendingar hafa viðskrh. sem er svo hræddur við Sovétríkin að hann þorir ekki annað en að skrifa undir olíusamninga og eru þó Sovétríkin ólíkt mildara þjóðfélag í dag en það var 1986. Þetta er nú allur kjarkurinn.

Ég spyr líka hæstv. sjútvrh. Hann var að reyna að bera í bætifláka fyrir viðskrh. út af því að hafa gengið frá olíukaupasamningi. Af hverju samþykkti hann og taldi ráðlegt 1986 að skrifa ekki undir olíukaupasamning við Sovétríkin? Hver er breytingin núna? Hvað hefur breyst á þessu tímabili? Hins vegar hefur ekkert breyst í viðhorfum Sovétmanna. Þeir voru að pína verðið niður 1986. Þá var hægt að fá ódýrari síld, m.a. frá Kanadamönnum og að einhverju leyti frá Norðmönnum. Þeir höfðu áður viðurkennt að gæði okkar síldar væru meiri og betri en hjá Kanadamönnum og við urðum auðvitað að láta hart mæta hörðu. Ég sagði við sendiherra Sovétríkjanna á þeim tíma að við ætluðum ekki að skrifa undir samninginn um olíuviðskipti fyrr en við værum búnir að fá afgreiðslu á okkar málum. Það var líkt á komið þá eins og nú. Það voru nýir menn sem voru að taka við viðskiptaráðuneyti Sovétríkjanna. Og það er ekkert í fyrsta skipti að sendiherrar Sovétríkjanna séu kallaðir á fund íslenskra ráðherra. Ég man ekki tölu á því hvað sendiherra Sovétríkjanna kom oft út af þessum síldarsamningum og fisksölusamningum og ullarvörum og fleira og fleira. Hér er ég með í höndunum orðsendingu sem send var til Sovétríkjanna 21. okt. og samningarnir tókust í raun og veru. Það var búið að fullvissa okkur um það fyrr en 5. nóv. Það var búið að gera það rétt eftir mánaðamót, fyrsta eða annan, svo að við vissum þá um niðurstöður, en nú er komið á þriðju viku fram yfir þennan tíma svo að það er ekki óeðlilegt að það sé órói bæði í sjómönnum, útvegsmönnum og verkafólki og öllum síldarsaltendum í landinu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Til máls tekur hv. 6. þm. Norðurl. e. Forseti vill vekja athygli á því að hér eru enn þrír á mælendaskrá en hálftíminn löngu liðinn þannig að ég bið menn nú að virða tímamörk.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. lagði fram þá spurningu hvort alþingismenn væru ekki sammála þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð í sambandi við viðskiptasamningana við Sovétríkin. Ég hlýt að segja nei. Það hefur komið fram hjá hæstv. sjútvrh. hvað þessir samningar séu mikilvægir fyrir Ísland og ef þessir samningar nást ekki nú, þá sé grundvellinum eiginlega kippt undan viðskiptum á milli þessara ríkja.

Ég get ekki átalið það út af fyrir sig að olíusamningurinn væri gerður, en ég vil átelja það að hann skyldi hafa verið staðfestur fyrr en fyrir lá staðfesting um þann samning sem búið er að gera um síldarkaup frá Íslandi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að hér hefur verið minnt á atriði sem skiptir máli í sambandi við hina afdrifaríku viðskiptasamninga sem nú er verið að gera. Venjulega ætti ekki að vera nauðsynlegt að tengja saman samninga um viðskipti með tvær ólíkar vörutegundir. Núna stendur hins vegar svo á að aðgerðir, óbeðinn erindrekstur hæstv. fjmrh. þegar hann var í erindum að sinna áhugamannasamtökum um alþjóðleg málefni í Moskvu, þá kveðst hæstv. fjmrh. hafa tekið sig til og rætt um viðskiptamál. M.a. kom þá fram það nýstárlega atriði að það þyrfti að skoða málefni eins og það að hugsanlega ættu veiðiheimildir Sovétmanna í íslenskri fiskveiðilögsögu að koma á móti viðskiptasamningum. Ég tek þess vegna eindregið undir þá kröfu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að sú skýrsla verði birt í heild og mótmæli þeim svörum hæstv. utanrrh. að þar vísi hann aðeins til höfundar skýrslunnar, þ.e. hæstv. fjmrh. sem er

víðs fjarri. Og það vekur spurningu: Var eitthvað í sambandi við þessa viðskiptasamninga sem klúðraðist í för hæstv. fjmrh.? Ég tel að þingmenn eigi rétt á því að fá svör við þessu, m.a. með því að sjá þá skýrslu sem hingað til hefur verið trúnaðarmál.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég svaraði fyrirspurn frá hv. 4. þm. Vesturl. úr sæti mínu með jái og endurtek nú sama svar úr ræðustól. Svarið er já. Málið hefur verið rætt og málið verður rætt. Auðvitað er það þannig að hér er á ferðinni mál sem snertir fjölda fólks, verkafólk og sjómenn, og að sjálfsögðu er þetta rætt og að sjálfsögðu hljóta ráðherrar Alþb. í samræmi við stefnu sína og skyldur að taka þátt í slíkum umræðum og hafa frumkvæði um þær ef þörf krefur.

Það er hins vegar athyglisvert að ævinlega þegar verið er að ræða um viðskipti við Sovétríkin koma hér einstakir þingmenn Sjálfstfl. til þess að varpa tortryggni á þá menn sem nærri málum hafa komið. Það er sama hvort um er að ræða þann mann sem hér stendur og gegndi um skeið starfi viðskrh., en þá hélt Sjálfstfl. því fram að ég hefði í samráði við Sovétríkin hækkað verð á olíu um 200%. Það væri í raun og veru eingöngu útmetinn skepnuskapur undirritaðs sem ylli því að verð á olíu frá Sovétríkjunum hefði hækkað. (**HBl:** Og kom engum á óvart.) Þessir aðilar, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., hafa unnið að því um áratuga skeið að reyna að eyðileggja hugsanleg viðskipti við Sovétríkin. Þeir hafa hvatt til þess að hætt yrði olíuviðskiptum við Sovétríkin. Hins vegar hefur það verið svo að sömu menn hafa á hverju hausti kvartað undan því að ekki tækjust síldarsamningar við Sovétríkin. Þannig er nú samfellan og samkvæmnin í málflutningi Sjálfstfl.

Frá þessu eru hins vegar heiðarlegar undantekningar þar sem um er að ræða menn eins og hv. 1. þm. Vestf. sem þekkir þessi mál ákaflega vel, bæði sem stjórnmálamaður og úr sínu atvinnulífi og sínum byggðarlögum þannig að auðvitað hafa fjölmargir talsmenn Sjálfstfl. áttað sig á því að viðskiptin við Sovétríkin hafa verið mikilvæg fyrir okkar atvinnuvegi og þar með okkar efnahagslíf og að sjálfsögðu hlýtur núverandi ríkisstjórn að starfa á þeim grundvelli. (**EgJ:** Og læra af því.) Hitt er svo aftur annað mál að það hafa átt sér stað mjög miklar breytingar í Sovétríkjunum, breytingar sem ég hélt að við almennt séð fögnuðum frekar en hitt. Og þó að ég gangi ekki eins langt og hv. þm. Hreggviður Jónsson í þeim efnum tel ég ástæðu til þess að fagna þeim breytingum sem þarna eru að gerast. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að að einhverju leyti á sá vandi, sem nú er um að ræða í síldarsölusamningunum við Sovétríkin, rætur að rekja til þeirra breytinga sem eru að eiga sér þar stað, þar sem einstakir aðilar eru ekki á sama hátt seldir undir sök hinnar algjöru miðstýringar og áður var.

Varðandi svo aftur það hvort hæstv. fjmrh. birtir sína skýrslu, þá er það hans mál. En ég verð að segja alveg eins og er að ég held að honum sé frekar þakkandi fyrir það að hafa rætt þessi mál á þeim vettvangi sem hann var staddur á og hafa gert grein fyrir því heldur en menn séu uppi með dylgjur, annarlegar dylgjur hér í málflutningi eins og þingmenn Sjálfstfl. hafa verið með hér í dag.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að ég hef þungar áhyggjur af því sem hér er að gerast og vil lýsa því yfir að ég tel það mjög alvarlegt mál ef ekki tekst að ganga frá síldarsamningum nú þegar. Reyndar er ekki séð að það verði hægt að bæta þann skaða sem þegar er orðinn í þeim málum.

Ég vil einnig treysta því að í þeim viðræðum, sem í hönd fara við Sovétmenn eftir tvo daga um væntanleg olíuviðskipti, verði þeim gerð ljósleg og ákveðin grein fyrir því hvernig við lítum á þessi mál. Ég treysti því að það verði gert.

Ég kem ekki síður hingað upp í þennan stól til þess að undirstrika það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér rétt áðan. Mig fýsir að fá að sjá þetta leyniplagg sem hv. nefndarmaður utanrmn. var hér að vitna til. Það kemur flatt á mig og ég hef ekki heyrt það fyrr að Rússar séu að biðja um veiðiheimildir hér innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég vænti þess að okkur þingmönnum verði sýndur sá trúnaður að við fáum að líta yfir þessa skýrslu. Það er lágmarksháttvísi við okkur þingmenn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í þessum umræðum hafa menn spurt um skýrslu frá viðræðum hæstv. fjmrh. við ráðherra í Sovétríkjunum sem skýrt hefur verið frá og hv. utanríkisnefndarmenn hafa séð. Síðan hafa menn spurt: Var þar verið að boða miklar breytingar á viðskiptaháttum efnahagskerfis í Sovétríkjunum sem við áttum síðan að bregðast við?

Í fyrsta lagi: Ef menn biðja um skýrsluna þá liggur það náttúrlega ljóst fyrir að ekki afhendi ég hana. Það gerir höfundurinn sjálfur. Ég hef ekki höfundarrétt á henni.

Í annan stað: Það þarf enga skýrslu frá hæstv. fjmrh. til þess að vita af því að það eru margar breytingar boðaðar í Sovétríkjunum en það hafa engar breytingar átt sér stað að því er varðar þessi viðskipti, engar, nákvæmlega engar. Rammasamningur okkar gildir fyrir árið 1986 til ársins 1990 og löggjafaratriði um breytingar á viðskiptaháttum að því er varðar hlutverk fyrirtækja o.s.frv. hafa ekki átt sér stað. Það eru því engar breytingar sem átti að bregðast við. Hins vegar er það á vitorði manna að Sovétríkin eru í djúpstæðri efnahagskreppu. Það hefur orðið hrun í utanríkisviðskiptum og þar er gjaldeyrisskortur. Viðbrögð okkar við því voru að óska eftir að þessum viðræðum yrði hraðað. Við óskuðum alveg sérstaklega eftir því. Það gerði hæstv. sjútvrh., það hef ég gert. Því miður þá gerðist það á seinustu stundu að Sovétmenn óskuðu eftir frestun frá fyrr boðuðu upphafi viðræðna sem áttu að vera í september, og það þarf tvo til. Þetta er því allt saman á miklum misskilningi byggt.

Menn skulu athuga það að við erum hér að tala um og meta samningsstöðu úr ræðustól á Alþingi. Hver er samningsstaða okkar Íslendinga í þessum viðskiptum? Þetta eru samningar milli viðskiptaaðila og þeir fara fram á grundvelli rammasamnings en viðskiptaaðilarnir eiga að semja um verð og magn. Rammasamningurinn kveður á um hámark og lágmark magns. Samt sem áður verður að líta á það til lengri tíma hver heildarniðurstaðan er að því er varðar viðskiptajöfnuð, en þetta eru samningar milli viðskiptaaðila um verð og magn. Og það er alveg ljóst og það er ekkert nýtt að Sovétmenn hafa kvartað yfir því að verðið sé hærra en þeir geti fengið annars staðar. Ekkert nýtt í því. Það hafa þeir sagt árum saman. Það hefur hins vegar tekist samningur sem hins vegar er enn formlega óstaðfestur, um hvort tveggja, verð og magn, samkvæmt þessum rammasamningi og samkvæmt óbreyttu kerfi. Eftir stendur það að ekki hefur tekist að fá staðfestingu þessarar ráðherranefndar sem málinu hefur verið vísað til að því er Sovétmenn segja vegna ágreinings um verð.

Halda menn virkilega að samningsstaða okkar hafi verið betri í olíuviðskiptum, sem er eina gjaldeyrisskapandi útflutningsgrein Sovétríkjanna sem þeir geta selt hvar sem er fyrir harðan gjaldeyri, ef við hefðum sagt: Ja, af þessu tilefni, núna, þegar málið hefur dregist svona lengi, ætlum við ekki að undirrita samningana fyrir næsta ár samkvæmt rammasamningnum. Haldið þið að gjaldeyrisskorturinn hefði batnað við það? Okkar rök eru auðvitað þau, meginrök, gagnvart annars vegar þeirra rökum um verð, að viðskiptin eru Sovétmönnum hagstæð, verða það á þessu ári og hafa verið það sl. fjögur ár, þannig að við okkur sem viðskiptaaðila er ekkert að sakast. Við borgum í hörðum gjaldeyri fyrir þessi viðskipti og höfum þannig greitt fyrir því að viðskiptin geti haldið áfram. Það er rangt sem var haldið hér fram í þessum umræðum að deilur um talnagrundvöll hafi spillt fyrir þessum samningum. Það er langt síðan að af okkar hálfu var gerð fullkomin grein fyrir því hvert hið íslenska mat á þeirri stöðu væri og það tókst í tæka tíð — aldrei þessu vant — að fá Sovétmenn til þess að fallast á sameiginlega niðurstöðu í því efni.

Spurningin er að sjálfsögðu þessi, eftir að mál hafa dregist svo lengi: Hvenær telja menn rétt að gera eitthvað enn þá meira? Og menn nefna t.d. spurninguna um það að ráðherra fari af Íslands hálfu austur til Moskvu til þess að herða á þessum samningum. Það getur komið að því, þó að sú ákvörðun verði ekki tekin í ræðustól, en menn mega ekki gleyma því að hér er ekki búið að slíta samningum. Ég endurtek: Samningurinn liggur fyrir bæði um magn og verð í óbreyttu kerfi samkvæmt gildandi rammasamningi. Það eina sem eftir er er að taka pólitíska ákvörðun af hálfu nefndar ráðherra í sovésku ríkisstjórninni.

Vel má vera að menn telji að þessi viðskipti séu þess eðlis að það sé nauðsynlegt fyrir íslenskan ráðherra að fylgja þeim eftir í ráðherraviðræðum austur í Moskvu og auðvitað verður það gert ef það er talið óumflýjanlegt. (**Gripið fram í:** Þegar síldin verður farin.) En menn skulu átta sig á því að það er ekki víst í ljósi efnahagsstöðu Sovétríkjanna að það þýði samninga á borðið, ef hv. þm. er að spyrja um það, samdægurs. Það mikið, og þar vitna ég nú til reynslu manna sem hafa kynnst þessu kerfi áður, þekkja Íslendingar orðið til þess hvernig það kerfi „funkerar".

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það má benda á það að ég sé sekur eins og aðrir um það að hafa talað of lengi í þessum stuttu umræðum, hálftíma umræðum. Ég hygg á hinn bóginn að þetta gangi ekki eins og tekist hefur til nú. Hæstv. utanrrh. hefur fengið heimild til þess að tala jafnlengi tvisvar sinnum til þess að flytja sömu ræðuna, en öðrum er hins vegar ekki hleypt að hér við þessar umræður. Ég vil beina því til hæstv. forseta eftirleiðis að sýna meiri röggsemi í því að menn reyni að halda sig við þingsköpin og ég skal reyna að leggja mig fram um það. En annað tveggja er að leggja hálftíma umræðurnar niður eða menn reyni að halda sig betur innan tímamarka. Ég geri ráð fyrir að hæstv. viðskrh. sé næstur með ræðu númer tvö?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hugmyndin með þessum stuttu umræðum er að sjálfsögðu sú að fyrirspyrjandi vill eiga orðastað við ráðherra og ríkisstjórn þannig að þeir hljóta að sjálfsögðu að ganga fyrir eða þau sem það á við. Forseti hefur hins vegar eftir fremsta megni reynt að leyfa öllum að taka til máls. Nú hefur þessi umræða staðið hér um bil í klukkutíma og það er ljóst að hér er á ferðinni mál sem ræða mætti allan daginn þannig að ég vona að hv. þingheimur sætti sig við það að ég gefi nú að lokum hæstv. viðskrh. orðið, en ég mun að sjálfsögðu gefa hv. 2. þm. Norðurl. e. orðið um þingsköp.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt að þessi umræða sé hugsuð til þess að ræða sérstaklega við ráðherra og ríkisstjórn. Þvert á móti hafa almennir þingmenn sama rétt til að taka þátt í umræðunni og ráðherrar, tvær mínútur. Hins vegar hefur sá sem hefur umræðurnar þrjár mínútur til umráða. Það er því ekki ætlast til þess í þingsköpum né á Alþingi að ráðherrar troði þingmönnum um tær með einhverjum forréttindum í þessari umræðu eins og þeir hafa yfirleitt rétt til í öðrum umræðum hér í þinginu. (**Utanrrh.:** Þeir hafa samt þann rétt að mega svara.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Málshefjandi hefur rétt til að tala tvisvar sinnum í þrjár mínútur í umræðu sem þessari, allir aðrir tvær mínútur, og það er alveg ljóst að það er rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að menn hafa mjög misjafnlega haldið sig við þann tíma sem þeim er ætlaður. Forseti hefur reynt að klingja bjöllu sinni en ekki alltaf tekist sem skyldi. Ég vona hins vegar að hv. þingheimur geti nú sætt sig við að næstur taki til máls hæstv.

viðskrh. og síðan málshefjandi og síðan verði umræðunni lokið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að menn séu ekki róir í sinni yfir því hvernig síldarvertíðin líður dag frá degi án þess að menn geti hafið söltun upp í Rússasamningana, eins og sagt er. Að sjálfsögðu vakir það fyrir þeim sem fara með viðskiptamál landsins og viðskiptin við Sovétríkin að greiða fyrir því af fremsta megni að sölusamningar takist og hljóti staðfestingu. Ég hlýt reyndar að spyrja hv. málshefjanda hver sé tillaga hans í málinu. Er hann að leggja til að við teflum í tvísýnu því rammasamkomulagi sem hann gerði sjálfur?

Ég get ekki sleppt því, virðulegi forseti, að minnast hér á einkennileg ummæli í leiðara Morgunblaðsins í gær um olíukaupamálin. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, „að rjúfa þurfi þá einokun í olíuviðskiptum, sem byggð hafi verið upp í samstarfi olíufélaganna, nokkurra embættismanna og vinstri sinnaðra stjórnmálamanna og sölusamtaka í sjávarútvegi". Hvert er hér verið að fara? Er þetta dómur um þann fyrrv. ráðherra Sjálfstfl., hv. málshefjanda, sem gerði núgildandi rammasamning um viðskiptin við Sovétríkin eða um hv. 1. þm. Vestf., fyrrv. viðsk.- og sjútvrh.? Eru þeir þessir vinstri sinnuðu menn? Til vinstri við hverja eru þeir? Er hér e.t.v. verið að ræða um alla þá sem gegnt hafa embætti viðskiptaráðherra frá árinu 1953, og eru forstjórar olíufélaganna og sölusamtakanna seldir undir sömu sök?

Ég vil leyfa mér að ítreka þá skoðun mína að það hefði ekki falist í því neinn þrýstingur á Sovétríkin að fresta nú undirritun olíukaupasamnings sem er okkur hagstæður. Matið á þessu er m.a. byggt á því að athuga staðreyndir málsins frá 1986. Ég met það við hv. 1. þm. Vestf. að hann fjallaði um þetta málefnalega eins og hans er vandi. Ég veit að hann frestaði undirritun þá í bestu trú á það að þetta væri áhrifaríkt ráð. Það reyndist ekki vera það. Það væri það enn síður nú. Ég er reyndar sannfærður um það að við hefðum þá orðið til að tefja málið. Við verðum líka að hugsa um aðra útflytjendur til Sovétríkjanna en síldarsaltendur. Eins og hv. 4. þm. Vesturl. minnti okkur á er nú verið að hefja samningaviðræður um viðskipti næsta árs. Þar er reyndar um að ræða 70% af okkar útflutningi til Sovétríkjanna samkvæmt reynslu síðustu ára. Um leið og við gerum þá kröfu til Sovétríkjanna að þeir standi við sína hlið á rammasamkomulaginu verðum við líka að standa við okkar part. Ég er því þess vegna andvígur að við tökum nú upp einhvers konar viðskiptastríð við Sovétríkin vegna síldarsölumálsins og ég tel reyndar að við eigum, eins og aðrar þjóðir á Vesturlöndum, að leggja áherslu á að auka við þau verslunarviðskipti í framtíðinni. Í því skyni eigum við auðvitað að standa við gerða samninga. En við þurfum, eins og við höfum verið minntir á í þessum umræðum, að gera okkur betur en við höfum gert grein fyrir þeim breytingum sem eru í vændum í Sovétríkjunum og þá á ég fyrst og fremst við það sem kallað hefur verið „perestrojka". Þessar breytingar fela m.a. í sér að heimildir til utanríkisviðskipta eru einkum veittar fyrirtækjum og atvinnugreinum sem sjálfar afla gjaldeyris um leið og slakað er á miðstýringu. Við þurfum að laga síldarsölu til Sovétríkjanna að þessum breytingum og í reynd verðum við að finna form fyrir okkar viðskipti sem samrýmast þessum frjálsari viðskiptaháttum. Það er einmitt hlutverk stjórnvalda að taka nú þessi mál upp í komandi viðræðum um nýtt rammasamkomulag, e.t.v. um nýtt fyrirkomulag í viðskiptum milli Íslands og Sovétríkjanna. Það er mikið í húfi og við þurfum að gæta hagsmuna þess fólks sem á allt sitt undir því að það takist vel til um þessi viðskipti.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram sanna hversu raunverulega nauðsynlegt var að þetta mál kæmi hér inn í sali Alþingis. Það eitt ætti að sannfæra ráðherrana um að það er horft til þess með hvaða hætti þeir standa að þessum málum og ég hafna því sjónarmiði hæstv. viðskrh. að ég hafi ekki efnislega rætt þetta mál hér áðan, mjög efnislega. Það sýnir hins vegar hvað málið er honum viðkvæmt. Það sýnir líka í raun og veru hvernig hann metur sjálfur það sem hann er þegar búinn að gera þegar hann kemur hér upp og hefur málflutning eins og hann gerði hér í sinni seinni ræðu.

Það hefur enginn komið hér upp til þess að leggja til að sá rammasamningur sem gerður hefur verið verði brotinn. Ekki einn einasti maður. Og það hafa allir komið hér upp og gert grein fyrir því og lagt á það áherslu hvað þetta eru þýðingarmikil viðskipti sem við höfum þarna átt. Sjálfur hef ég farið þar austur til þess einmitt að ganga frá þessum samningi og koma á síldarsamningi, árið 1985, en það var bara í júnímánuði sem það var að gerast.

Menn hafa svo vikið að þeim breytingum sem eru að gerast í Sovétríkjunum um þessar mundir og hafa verið að gerast. Það er einmitt þeirra vegna sem það var ástæða til þess að horfa svolítið betur á þessi mál en kannski stundum áður. Og það er ekki að ófyrirsynju sem framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna skýrir frá því í Morgunblaðinu 18. nóv., með leyfi forseta, að þeir hafi gengið á fund viðskrh. til þess að óska eftir því við hann að „ekki verði gengið frá olíusamningum fyrr en svör hafa fengist frá Sovétmönnum um hvaða fjármuni þeir ætluðu til innkaupa frá Íslandi á sama tímabili. Þessi beiðni var sett fram vegna þess að útflytjendum þótti sem nokkuð skorti á að sovésk stjórnvöld gæfu fyrirtækjum sem Íslendingar skipta við nægilegt svigrúm til innkaupa. Þar sem olíuviðskipti eru á hendi íslenskra stjórnvalda fannst okkur, þ.e. hinum sem hafa viðskiptin við Sovétríkin, vegna þess að olíuviðskiptin eru hjá ríkinu en hitt er hjá hinum einstöku fyrirtækjum, beiðnin eðlileg en ráðherrann sá ekki ástæðu til þess að verða við þessari beiðni þá".

Og svo heldur hann áfram og segir: „Við höfum reynt að ná viðbótarsamningum um frystan fisk allan seinni hluta ársins. Fyrir liggur að kaupandinn í Sovétríkjunum hefur áhuga á viðskiptum en skortir gjaldeyrisheimildir til að geta keypt. Mér skilst líka að vandræðin við síldarsöluna núna snúist fyrst og fremst um gjaldeyri. Þetta finnst mér benda eindregið til þess að skynsamlegt hefði verið að ræða báðar hliðar viðskiptanna á svipuðum tíma," þ.e. inn- og útflutning.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. utanrrh. að lesa fréttatilkynningu sem Síldarútvegsnefnd sendi frá sér í gær. Með leyfi forseta segir: „Í viðræðum þessum olli það alvarlegum erfiðleikum og skaðaði stöðu samningsnefndar Síldarútvegsnefndar að mikils ósamræmis gætti milli upplýsinga viðkomandi íslenskra og sovéskra stjórnvalda varðandi viðskiptajöfnuð landanna á yfirstandandi bókunartímabili."

Segi svo menn, hér uppi í ræðustól, að þetta hafi ekki valdið vandræðum. Og ég trúi því ekki að hæstv. utanrrh. hafi ekki lesið þetta eða séð þetta en það er kannski skiljanlegt með tilliti til þess sem hann hefur verið að gera síðustu vikur og mánuði. En það að ráðherra fari til Sovétríkjanna væri þá ekki til annars en að herma upp á núverandi forsætisráðherra Sovétríkjanna það sem hann lofaði hæstv. forsrh. 2. mars 1987, vegna þess sem gerðist 1986, að til þessara hluta þurfi ekki að koma. En umfram allt: Við skulum vona það sem hæstv. utanrrh. sagði, að það eina sem eftir sé sé að skrifa undir þessa samninga sem gerðir voru 4. nóv. en ekki að þótt hann færi eða einhver annar ráðherra tæki það marga daga að ná árangri. Að það gerist á morgun eða hinn daginn, það er nauðsynlegt fyrir okkur.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að á þeim tíma sem ég hef gegnt starfi sjútvrh. sem er að verða sex og hálft ár, hefur aldrei í þeim opinberu viðræðum sem ég hef átt í við sjávarútvegsráðherra Sovétríkjanna, bæði hér á Íslandi og í Sovétríkjunum, verið farið fram á veiðiheimildir í íslenskri lögsögu og Sovétmenn ávallt sýnt Íslendingum skilning og íslenskri sérstöðu í þessum efnum.

Íslensk heilbrigðisáætlun, fyrri umr.

Stjtill., 145. mál. — Þskj. 149.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Till. sú til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun sem hér er lögð fram á sér langan aðdraganda. Till. er hér flutt á þskj. 149 og er 145. mál Sþ. Till. var einnig lögð fram í lok seinasta þings en því miður svo seint að þá vannst ekki tími til að mæla fyrir henni.

Sl. áratug hafa verið miklar umræður á alþjóðavettvangi, einkum á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um það hvaða ráðum á að beita til að ná meiri árangri í heilbrigðisþjónustu en nú er. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setti fram ákveðið markmið sem kallað hefur verið „Heilbrigði allra árið 2000". Gerði það ráð fyrir að hvert starfssvæði stofnunarinnar tæki málið til athugunar miðað við aðstæður hjá sér og setti sér síðan markmið í samræmi við heilsufar og aðstæður þeirra þjóða sem á svæðinu starfa.

Á fundi Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1984 voru samþykkt markmið sem þjóðirnar töldu að þær gætu sameinast um. Markmið Evrópuþjóðanna eru alls 38 og af ýmsu tagi og sum þeirra eru raunar þess eðlis að Íslendingar hafa þegar fyrir löngu náð þeim, svo sem um lífslíkur við fæðingu og um ungbarnadauða. Önnur eru þess eðlis að þau stefna að því að ná á áratugnum fram til aldamóta betra heilsufari og færri ótímabærum dauðsföllum en verið hefur nú um hríð.

Þessi áætlun Evrópusvæðisins gerir ráð fyrir því að hvert land fyrir sig geri sérstaka heilbrigðisáætlun, setji sér sérstök markmið til að ná þessari áætlun og miði markmiðssetninguna við næstu aldamót.

Í ársbyrjun 1986 heimsótti framkvæmdastjóri Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar Ísland, hitti ráðherra að máli og kynnti fyrir þeim og heilbrigðisstéttum samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í framhaldi af þessari heimsókn lagði páv. heilbrrh. Ragnhildur Helgadóttir fram í ríkisstjórninni til samþykktar tillögu um að unnið skyldi að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum og örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeim sökum. Lögð var áhersla á það af hálfu ráðherra að vinna hratt að málinu. Skipaði hún til starfsins þrjá lækna sem skiluðu tillögum sínum til ráðherra vorið 1987 og í apríl það ár lagði ráðherra þá áætlun fram sem skýrslu til Alþingis.

Skömmu eftir að ég tók við sem heilbrrh. ákvað ég að stefna að ítarlegri athugun og eftir þörfum endurskoðun þessarar áætlunar og jafnframt að á heilbrigðisþingi, sem haldið er lögum samkvæmt, skyldi áætlun þessi tekin til umræðu og var það gert hinn 5. febr. 1988. Fyrir þingið hafði farið fram ítarleg athugun og endurskoðun á áætluninni. Skipaðir höfðu verið sjö vinnuhópar, samtals um 50 manns, sem fengu það verkefni að yfirfara áætlunina. Á heilbrigðisþingið sem haldið var í febrúar 1988 var boðið yfir 200 manns. Þar áttu sæti fulltrúar allra löggiltra heilbrigðisstétta, heilsugæslustöðva, stærri sjúkrahúsa, annarra heilbrigðisstofnana, sveitarfélaga, líknarfélaga, þingflokka, svo og formenn heilbrigðis- og tryggingananefnda Alþingis auk allra þeirra sem unnið höfðu að áætluninni og fyrr eru greindir og fulltrúar fjölmiðla auk starfsmanna landlæknis og heilbrrn. Áður en þingið var haldið hafði áætlunin verið send til umsagnar fjölmargra aðila innan heilbrigðisþjónustunn-

ar og utan og allar umsagnir sem bárust voru meðal þingskjala á heilbrigðisþinginu. Að loknu þessu þingi hefur verið unnið að því að samræma áætlunina þeim skoðunum sem þar komu fram og í athugasemdum á þinginu.

Það er skoðun mín að áætlunin eins og hún liggur nú fyrir hafi fengið mjög góða og ítarlega umfjöllun og vona ég að Alþingi geti sameinast um hana án mikilla breytinga. Upphafleg áætlun hafði 33 markmið, en sú sem hér er lögð fram hefur 37 markmið og hefur markmiðum bæði verið breytt og fjölgað í samræmi við þær tillögur sem fram hafa komið. Áætlunin skiptist í níu kafla sem taka til eftirfarandi efnisþátta:

1. Inngangur.
2. Stefna í heilbrigðismálum.
3. Stefna í heilsugæslu- og sjúkrahúsmálum.
4. Heilbrigðir lífshættir.
5. Heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd.
6. Þróun heilbrigðiskerfisins.
7. Framlög til heilbrigðismála og mannafli.
8. Rannsóknir og kennsla.
9. Alþjóðasamstarf.

Það er mjög mismunandi hve mörg markmið eru í hverjum kafla og mun ég nú rekja stuttlega markmið innan hvers kafla.

Í inngangi eru í stuttu máli skilgreind hugtökin læknisþjónusta, heilsuvernd og heilsurækt og undirstrikað að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið um heilbrigði allra árið 2000 og í þessu sambandi hafi stofnunin sett fram þrjú markmið sem hornsteina: Að stuðla að heilbrigðu líferni, að draga úr hættum sem valda heilsutjóni og að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Í markmiði 1, sem er eina markmiðið í inngangi, er undirstrikað að heilbrigðisáætlunin hefur það markmið að bæta heilsufar þjóðarinnar og að tilgangur allrar heilbrigðisþjónustu er að skapa heilsufarslegt jafnrétti. Að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin.

Í 2. kafla, Stefna í heilbrigðismálum, er lýst hvernig framkvæmd heilbrigðismála hefur verið á síðustu öld og hvernig síðustu 30 árin hafa fyrst og fremst einkennst af uppbyggingu stofnana og að síðustu 20 árin hefur verið sérstakt tímabil uppbyggingar heilsugæslu. Í markmiði 2 er lögð áhersla á endurskoðun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga í sambandi við rekstur heilbrigðisþjónustu, en undirstrikað að enda þótt ríkið beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu geti það gert samninga við félagasamtök um afmarkaða rekstrarþætti sé það hagkvæmt. Þá er gert ráð fyrir því í þessu markmiði að heilbrrh. geri Alþingi grein fyrir framkvæmd áætlunarinnar annað hvert ár.

Í 3. kafla, Stefna í heilsugæslu- og sjúkrahúsmálum, er rætt sérstaklega um heilsugæslustöðvar. Gert er ráð fyrir því að á árinu 1995 hafi allir landsmenn aðgang að heilsugæslustöð og undirstrikað að uppbygging heilsugæslunnar á að miðast við það, ekki síst, að auka heilsuvernd, heimilislækningar og heimahjúkrun og er um þetta rætt í markmiði 3.

Í markmiði 4 er rætt um sjúkrahús. Gert er ráð fyrir að setja nánari reglur en nú er um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið og gera sérstaklega greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili. Þá er gert ráð fyrir að það megi setja reglur um þjónustusvæði einstakra sjúkrastofnana og mönnun þeirra.

Í 4. kaflanum um heilbrigða lífshætti eru alls sex markmið. Í markmiði 5 er rætt um að koma á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu, í markmiði 6 er rætt um manneldismarkmið, í markmiði 7 er rætt um útrýmingu tóbaksneyslu, í markmiði 8 er rætt um að minnka almenna neyslu áfengis og útrýma ofneyslu og í markmiði 9 er rætt um aðlögun heilbrigðisþjónustunnar að því að fást við geðræn vandamál daglegs lífs. Í markmiði 10 er rætt um líkamsrækt og þjálfun.

Í 5. kafla er rætt um heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd. Í þessum kafla er undirstrikað að tilvist mannkynsins sé háð því að reglulegt jafnvægi haldist í sambýli manns og náttúru og hlutverk heilbrigðis- og umhverfiseftirlits sé að stuðla að heilsusamlegu umhverfi innan húss og utan og fræðslu um þau mál. Í þessum kafla eru sjö markmið. Markmið 11 ræðir um nauðsyn þess að fylgjast með andlegum, líffræðilegum, eðlisfræðilegum og efnafræðilegum áhættuþáttum í umhverfi manna og draga úr skaðlegum áhrifum þeirra. Í markmiði 12 er rætt um eftirlit varðandi heilnæmi vatns, matvæla og neysluvara. Í markmiði 13 er rætt um ráðstafanir sem gera þarf vegna heilbrigðishættu frá eiturefnum og hættulegum efnum. Í markmiði 14 er rætt um þá hættu sem stafað getur frá jónandi geislun og hávaða og hvaða vörnum skuli beita við þessari áhættu. Í markmiði 15 er rætt um umhverfismengun og nauðsyn þess að fylgjast með mengunarþáttum um allt land, svo og þeirri mengun sem berst til landsins með vindum og hafstraumum. Í markmiði 16 er rætt um vinnuvernd og í markmiði 17 er rætt um slysavarnir, bæði vinnuslysa, umferðarslysa, slysa á sjó og heimilum, en einnig rætt um slysahættu sem stafar af áfengis- og vímuefnanotkun.

Í 6. kafla er rætt um þróun heilbrigðiskerfisins. Í þessum kafla eru langflest markmiðin eða alls 12. Í upphafi er rætt um hvernig skilgreina má góða heilbrigðisþjónustu og tekið fram að góð heilbrigðisþjónusta eigi að vera sveigjanleg til að mæta breytilegum þörfum fólksins. Hún eigi að efla ábyrgð fólks á eigin heilbrigði. Hún eigi að nýta vel fjármuni og vera ekki ofviða efnahag þjóðar og einstaklinga. Hún eigi að þjóna öllum jafnt óháð kyni, aldri, tekjum, stöðu eða búsetu. Hún eigi að vera samfelld og slíta ekki einstaklinginn úr samhengi við fjölskyldu og umhverfi. Hún eigi að byggja á bestu þekkingu á eðli heilbrigðis og sjúkdóma hverju sinni.

Þá er í upphafsgrein þessa kafla rætt um stig þjónustu. Það er rætt um stig sjálfshjálpar og hjálpar sem veitt er af vandamönnum og vinum. Það er rætt um stig almennrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er af þeim sem til þess hafa hlotið menntun og er þá aðallega átt við heilsugæslulækningar. Það er rætt um

stig sérhæfðrar þjónustu sem oft er veitt skv. tilvísun frá fyrri stigum, bæði innan stofnana og utan og síðan er rætt um stig mjög sérhæfðrar þjónustu sem vegna fámennis okkar er eingöngu hægt að veita á landsvísu og í sumum tilfellum er ekki hægt að veita hér á landi, en þarf að sækja til annarra landa.

Í markmiði 18 er lögð sérstök áhersla á að byggja upp heilsugæslukerfið og jafnframt að halda sérfræðiþjónustu á því háa stigi sem hún er nú. Þá er undirstrikuð nauðsyn þess að draga úr þeim mismun sem er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu. Í markmiði 19 er lögð áhersla á nauðsyn þess að hafa meðferð samfellda og gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri en hún er í dag. Í markmiði 20 er rætt um mönnun heilsugæslustöðva. Er þar gert ráð fyrir því að gera mönnunaráætlun fyrir heilsugæslu og reyna að byggja upp sérhæfða þjónustu á heilsugæslustöðvum eftir upplýsingum um heilbrigðisástand á hverju svæði. Í markmiði 21 er gert ráð fyrir að fyrir árið 1995 verði völ sérfræðiþjónustu á öllum stærri heilsugæslustöðvum og það sé gert með tvennu móti: Annaðhvort með skipulögðum ferðum sérfræðinga eða ráðningu sérfræðinga. Í markmiði 22 er gert ráð fyrir að komið sé á fót endurhæfingarstarfsemi í hverju heilsugæsluumdæmi við heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Lögð er áhersla á nauðsyn mjög sérhæfðrar endurhæfingarstarfsemi í Reykjavík og á Akureyri.

Í markmiði 23 er rætt um tannheilsu og lögð á það áhersla að markmiðið sé að bæta tannheilsu almennings og gera tannheilsugæslu að hluta af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva.

Í markmiði 24 er rætt um sérfræðiþjónustu. Þar er gert ráð fyrir því að gæðum sérhverrar þjónustu sé haldið í þeim háa staðli sem hún er nú og aukin eftir því sem kostur er. Það er gert ráð fyrir því að hlutverk sjúkrahúsa í Reykjavík og Akureyri séu skilgreind sérstaklega, svo og annarra sjúkrahúsa í landinu með tilliti til sérfræðiþjónustu. Lögð er áhersla á tengsl sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva með sérstöku skipulagi og lögð áhersla á að auka göngudeildarþjónustu sjúkrahúsanna sem þá yrði sérfræðiþjónusta.

Í markmiði 25 er sérstaklega rætt um geðlækningaþjónustu. Gert er ráð fyrir því að slík þjónusta verði veitt á heilsugæslustöðvum og að spítalar í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði.

Í markmiði 26 er rætt um öldrunarlækningar. Það er gert ráð fyrir því að öldrunarlækningadeildir séu í Reykjavík og á Akureyri, en ávallt skuli stefnt að því að aldraðir og sjúkir verði vistaðir á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum í sinni heimabyggð. Aðaláherslan er lögð á endurhæfingu aldraðra og að stuðlað sé að því að þeir geti dvalist sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar, heimahjúkrunar og aðstandenda.

Í markmiði 27 er rætt um sjúkratryggingar og örorkumat. Í sambandi við sjúkratryggingarnar er sérstaklega rætt um endurskoðun greiðsluforms og greiðsluhluta sjúklinga í hinum ýmsu lækningum, svo og um endurskoðun á sjúkradagpeningagreiðslum og launum í veikindum. Þá er gert ráð fyrir því að sérstaklega þurfi að taka til athugunar mun á aðstöðu fólks eftir búsetu og kostnað við að sækja heilbrigðisþjónustu. Í þessu markmiði svo og markmiði 29 er gert ráð fyrir endurskoðun ákvæða um örorkumat og gert ráð fyrir að hægt sé að setja reglur sem tryggja réttlátara örorkumat með hliðsjón af heilsufarslegum og félagslegum aðstæðum.

Í markmiði 28 er gert ráð fyrir endurskoðun laga um lyfjasölu og lyfjaneyslu og rætt sérstaklega um möguleika heilsugæslustöðva til að annast lyfjasöluna og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og annað starfslið er ráðið. Þá er gert ráð fyrir því að endurskoða hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði og að apótekum verði falin forvarnarverkefni í samvinnu við heilsugæslustöðvar, skóla og áhugamannasamtök.

Í 7. kafla er rætt um framlög til heilbrigðismála og mannafla. Í markmiði 30 er sett fram sem stefnumið að útgjöld til heilbrigðismála haldist a.m.k. í sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og nú er. Gert er ráð fyrir áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana og að miðað sé við að heilsugæslustöðvar eða aðstaða fyrir heilsugæslu sé komin upp fyrir árið 1995 og að á næstu 10 árum verði byggingu stofnana eða útvegun annarrar þjónustu fullnægt.

Í markmiði 31 er gert ráð fyrir því að gera áætlun um mannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu fyrir næsta 10 ára tímabil. Þá er gert ráð fyrir því að námsskrár grunn- og framhaldsskóla og skólaheilbrigðisstétta skuli endurskoðaðar með tilliti til þeirrar áherslu sem þarf að leggja á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu og sérstaklega rætt um möguleika á sameiginlegri grunnmenntun þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

Í 8. kafla er rætt um rannsóknir og kennslu. Í þessum kafla er lögð áhersla á að heilbrigðisþjónustan þurfi að búa við virkt og öflugt upplýsingakerfi og í markmiði 32 er gert ráð fyrir því að fullnægjandi upplýsingakerfi af þessu tagi sé skipulagt og komið á fyrir árið 1992. Tilgangur kerfisins er sá að fram fari reglubundið mat á starfsemi heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, störfum heilbrigðisstétta og einstakra starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir því að heilbrigðisrannsóknir almennt skuli efldar og sérstök rannsóknaráætlun skuli gerð til stuðnings framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar.

Hæstv. forseti. Þetta fer nú að styttast hjá mér, en þetta er hins vegar mjög merkilegt og mikilvægt mál sem ég mæli hér fyrir og tekur auðvitað nokkurn tíma að gera ítarlega grein fyrir því í svo stuttu máli sem þáltill. er í raun ætlað miðað við tímamörk þingskapa fyrir framsögu. En ég hef senn lokið máli mínu.

Í markmiði 33 er gert ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til að fylgjast með nýjungum í læknisfræði og til að nýta þær hér á landi eða í samvinnu við önnur lönd í þágu forvarna, fyrirbyggjandi lækninga og meðferðar sjúkdóma. Í markmiðum 34 og 35 er

annars vegar rætt um nauðsyn þess að efla vísindarannsóknir til að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum sem hafa í för með sér alvarleg langvarandi sjúkdómseinkenni og hins vegar að við aukningu á vísindastarfsemi verði aðstaða á rannsóknarstofum nýtt til að mennta og þjálfa stúdenta og vekja áhuga starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni á rannsóknum, gildi þeirra og gagnsemi. Í markmiði 36 er rætt um nauðsyn þess, ef einstaklingurinn á að vera virkur þátttakandi í heilbrigðisþjónustunni, að hann hafi þekkingu á undirstöðuatriðum líkams- og heilsufræði og að slíka þekkingu þurfi að byggja upp í skólakerfinu og viðhalda með almenningsfræðslu og símenntun.

Í 9. kafla er síðan rætt um alþjóðasamstarf. Gert er ráð fyrir því að gerð sé um það áætlun í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Þetta stutta yfirlit lýsir í eins fáum orðum og unnt er hvað það er sem að er stefnt í þessari heilbrigðisáætlun. Með þáltill. eru tvö fskj., annars vegar fskj. þar sem reynt er að rekja lið fyrir lið þau verkefni sem fram undan eru til að ná fram markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar og eru þau hverju sinni tengd við markmiðin. Hins vegar eru sett fram sem fskj. nokkrar tölfræðilegar upplýsingar um stöðu Íslands miðað við Norðurlönd. Eru þær upplýsingar teknar úr riti sem Norðurlandaþjóðirnar gefa út um heilbrigðismál sín. Ég ætla ekki að rekja þessar töflur hér en þær tala sínu máli um þann árangur sem við höfum náð í heilbrigðismálum.

Eins og ég sagði í upphafi er framlagning þessarar þáltill. endapunktur meira en þriggja ára vinnu sem hófst í ráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur sem heilbrigðisráðherra og byggir á samþykktum sem Ísland hefur gert á alþjóðavettvangi. Ég tel mikilvægt að Alþingi samþykki á þennan hátt íslenska heilbrigðisáætlun og að hún verði síðan rammi verkefna okkar í heilbrigðisþjónustu næsta áratug.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur lagt hér fram heilbrigðisáætlun í formi till. til þál. Ég tel að það hnígi ákaflega mörg rök að því að skynsamlegt sé að gera þál. um verkefni eins og þetta. Menn gætu e.t.v. spurt: Er nú ekki óraunsætt að vera að gera áætlun um einstök atriði í heilbrigðismálum, ýmislegt sem kostar peninga, sumt kostar nýskipan og annað kostar útfærslu á því sem fyrir er eða tilfærslu verkefna? Ég er þeirrar skoðunar að við séum hér að fjalla um málaflokk sem að mestu leyti sé þess eðlis að hann sveiflist ekki með pólitískum breytingum í stjórnarfari landsins heldur byggi hann á víðtækum þekkingargrunni, oft miklum og kostnaðarsömum framkvæmdum svo og mikilli sérhæfingu sem kemur engri flokkapólitík við. Allt eru þetta þættir sem eru þess eðlis að til þess að ná sem bestum árangri í heilbrigðisþjónustunni, sem öruggastri heilbrigði landsmanna, sé það skynsamlegt að menn viti með nokkrum fyrirvara að hverju stefnt sé, hvers vænta má og hvernig þessar mikilvægu og óneitanlega dýru stofnanir geti hagað störfum sínum þannig að árangur verði að og þeir starfskraftar sem í heilbrigðiskerfinu eru, og líka þeir sem vinna þar verkefni framkvæmdarvaldsins, nýtist sem allra best.

Þetta eru þau rök sem ég tel liggja til þess að það sé skynsamlegt að gera slíka áætlun, þ.e. þau rök sem varða fyrst og fremst verkefni Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Hins vegar eru svo þau rök sem varða samstarf almennings og heilbrigðisþjónustunnar í landinu. En þau felast einmitt líka í mikilvægi þess að fólk viti það almennt hvað heilbrigðisyfirvöld telji skynsamlegast til verndar heilsu manna og þá í víðtækum skilningi, til verndar umhverfi, til þess að varast ýmiss konar heilsuleysi og óáran sem af því leiðir. Fólk þarf að vita hvaða ráð heilbrigðisþjónustan telur að best séu og byggð á hinni bestu þekkingu hverju sinni. Þetta er þeim mun nauðsynlegra sem menn hallast æ meir að því víða um lönd að ráðstafanir til verndar heilbrigði eigi sem mest að felast í því að fá þjóðfélagsborgarana til að gerast þátttakendur í þessu starfi, að verða æ betur meðvitandi um ábyrgð hvers og eins á þeirri mikilvægu auðlind sem góð heilsa er. Það gerist hins vegar ekki nema með því að saman sé safnað árangri af rannsóknum sem framkvæmdar eru víða um lönd og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur einmitt gerst farvegur fyrir.

Ég held þess vegna að þessi tillaga sé í langflestum atriðum á þann veg að okkur beri að fagna því að þetta mál hefur verið undirbúið. Mér er það mikið gleðiefni að sjá að því starfi, sem hófst og var lagt fyrir Alþingi í minni ráðherratíð, hefur verið haldið áfram nákvæmlega með þeim hætti sem bæði við sem að því stóðum þá svo og Alþingi hefur ætlast til. Skýrsla sú um íslenska heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á síðari hluta þings 1986–1987, var í því formi að hún gæti orðið umræðugrundvöllur sem víðast um þjóðfélagið meðal þeirra sem fjalla um þá þætti sem hér skipta máli. Sú varð einmitt raunin og því ber að fagna.

Hins vegar dylst mér ekki að það kunna að vera einstök atriði, afar afmörkuð og skipta ekki meginmáli í þessu heildarplaggi, einstök atriði sem skipta ekki heldur meginmáli fyrir heilsuverndina í sjálfu sér heldur geta verið skiptar skoðanir um, eins og t.d. frá sjónarmiði rekstrarfyrirkomulags. Slíkt eru hlutir sem við gætum alltaf staðið andspænis. Nýjar kenningar koma öðru hvoru upp um slíkt, en slík atriði mega ekki verða til þess að menn verði á nokkurn hátt til að tefja framgang málsins. Ég hygg að dugað geti að menn bendi á einstök efnisatriði og komi þeim þá til þeirrar nefndar sem um málið fjallar, en meginatriðið sé að hugmyndin sem hér er verði staðfest sem vilji Alþingis.

Frú forseti. Ég ætlaði mér ekki að fara fram yfir tímatakmörkin. Áður en ég fer í sætið langar mig til að bæta þessu við: Ég vonast til þess að þau markmið,

sem hér eru sett fram, fái að njóta sín, fái framgang þegar litið er til undirbúnings fjárlaga þessarar og væntanlegra ríkisstjórna.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er mikilvægt mál á dagskrá sem er endurskoðun á og viðleitni til þess að móta til langs tíma stefnu okkar Íslendinga í heilbrigðismálum. Þetta er jafnframt útfærsla á þeirri stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000 sem við erum aðili að. Það er því leitt til þess að vita að nú hefur þingsalurinn nærri tæmst þegar þetta mikilvæga langtímaverkefni er til umræðu. Hins vegar gneistuðu hér umræður áðan þegar verið var að ræða um að koma ákveðnu skammtímaverkefni í höfn sem eru síldarsölusamningar við Sovétríkin, vissulega brýnt og mikilvægt mál víða úti á landi. En áhuginn var meiri vegna þess að þá var um utandagskrárumræðu að ræða en ekki yfirvegun og rólegar umræður um jafnmikilvægt mál sem stefnumótun heilbrigðismála er. Við skulum ekki gleyma því að þau mál ber iðulega á góma, t.d. um daginn þegar 1. umr. fjárlaga fór fram. Hér var einnig fsp. á ferðinni vegna kostnaðar í sambandi við rekstur ríkisspítalanna um daginn og við skulum ekki gleyma því að heilbrigðisþjónustan ásamt og með tryggingakerfinu er einn viðamesti útgjaldaliður íslenskra fjárlaga svo það varðar miklu að Alþingi en ekki bara framkvæmdarvaldið hverju sinni ræði og fallist á þá stefnumótun sem við eigum að búa við til langframa í þessum málum, málum sem varða í raun líf okkar og líðan á hverjum tíma.

Þetta mál, íslensk heilbrigðisáætlun hefur áður verið lögð fram til kynningar en er nú lögð fram endurskoðuð eftir að heilbrigðisþing hefur fjallað um málið. Áður höfðu nokkrir starfshópar unnið í málaflokknum og síðan var áætlunin endurskoðuð enn frekar í ráðuneytinu. Hér er efnislega um að ræða mál sem dugar engan veginn að taka til ítarlegrar umræðu í svo stuttum umræðutíma sem hverjum þingmanni og ráðherrum gefst hér en þyrfti ítarlegri umræðu og vonandi fer hún fram í nefndinni sem mun fjalla um þetta mál í þinginu. Ég hef engar sérstakar athugasemdir að gera efnislega við þessa áætlun hér og nú. Hins vegar skiptir auðvitað meginmáli að hún komist til framkvæmda þegar menn hafa náð um hana sáttum. Ég vil minna á að hér var til umræðu á síðasta þingi stefna í manneldismálum Íslendinga, sem flestir voru sammála um að væri hið ágætasta mál, enda var það samþykkt, en þá ber að inna eftir því hvernig gengur t.d. með verðstýringu á hollum matvælum í samræmi við þá ágætu stefnu? Hvernig gengur t.d. með ákvarðanatöku í sambandi við matarskatt eða afléttingu matarskatts af þeim tegundum matvæla sem eru hollustusamlegar? Hvaða hagsmunir og hvaða sjónarmið eru alls ráðandi þegar kemur að málum eins og verðstýringu?

Í þessari heilbrigðisáætlun, sem er útfærð í samræmi við íslenska staðhætti og lífsvenjur, er, eins og í öðrum aðildarlöndum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, lögð megináhersla á það að einstaklinginn verði virkari í að gæta að eigin heilsu, taki virkari þátt í forvörnum og fyrirbyggjandi starfi. En til þess að honum sé þetta í raun kleift, bæði efnahagslega og félagslega, verða stjórnvöld að samræma aðgerðir sínar á hinum ýmsum sviðum. Því er mjög nauðsynlegt að þátttaka í umræðum og íhugun um málefni eins og þetta sé sem víðtækust. Hér er enginn fulltrúi fjmrn. t.d. sem nú er ákvarðanatökuaðili í sambandi við virðisaukaskatt sem á að setja á hér á landi um áramótin. Hvernig líður þeim málum? Hvernig gengur hæstv. heilbrrh. að reka erindi sitt í ríkisstjórninni? Hið brýna erindi sem hlýtur að vera á hans meginábyrgð, að samstilla stjórnvöld í ákvarðanatöku til þess að áætlun eins og þessi geti orðið eitthvað annað en fallegt plagg, til þess að það geti orðið stefna sem er virk í framkvæmd og ber raunverulegan árangur fyrir þegnana í landinu.

Ég ætla ekki að fara út í ítarlegar efnislegar umræður um plaggið. Ég er í meginatriðum mjög sammála þeirri stefnu sem þar kemur fram. Það má lagfæra ýmislegt í henni og hnika til og sumt kann að vera umdeilanlegt, sérstalega hvað varðar útfærslu, en í meginatriðum hygg ég að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða sem alþingismenn almennt verða að kynna sér og íhuga og þarf að fá afgreiðslu á þessu þingi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frekar en kom fram í framsögu minni. Mig langar aðeins til að þakka fyrir þær undirtektir sem málið hefur fengið hér hjá þeim tveimur hv. þm. sem tekið hafa til máls og nota reyndar tækifærið til þess að þakka hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur fyrir hennar frumkvæði í þessu máli öllu saman. Upphafið að því að þessi till. til þál. liggur hér fyrir var sú vinna sem hún setti af stað í heilbrrn. og þær samþykktir sem við höfðum gert á alþjóðavettvangi með þátttöku okkar í starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

En auðvitað er það rétt, eins og hér kom fram hjá þessum tveimur hv. þm., að um einstök afmörkuð atriði getur auðvitað verið einhver ágreiningur, um það hvernig staðið skuli að framkvæmd í einstökum atriðum. En aðalmálið er auðvitað að ná saman um stefnumótun og stefnumörkun þessa mikilvæga málaflokks til lengri tíma og ég vænti þess sannarlega að það Alþingi sem nú situr geti lokið við afgreiðslu þessarar þáltill. og vil segja frá því þá í leiðinni að það hafa nágrannaþjóðir okkar gert nú þegar. Mér hafa borist þeirra samþykktir á heilbrigðisáætlun fram til aldamóta. Þar hefur verið unnið mjög merkilegt og mikið starf og samþykktar ítarlegar ályktanir.

Auðvitað er það rétt eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. að það er líka stundum erfitt að samræma sjónarmið sem við er að glíma á hverjum tíma, eins og t.d. það að skattlagning falli að markmiðum um neyslu- og manneldismál. Reyndar höfum við nýlega samþykkt hér á þingi sérstaka stefnu hvað

varðar neyslu- og manneldismál og ég hef reynt að leggja áherslu á að þau sjónarmið sem þar eru fram sett séu höfð til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin um skattlagningu sem hefur áhrif á verðlagninguna og er þá nokkurs konar verðstýring. En verðlagning hefur líka áhrif á neyslu, það vitum við einnig, fyrir því eru mýmörg dæmi og óþarfi að rekja. En þetta er ekki alltaf einfalt að samræma og vissulega er einmitt nú þessa dagana verið að taka ákvarðanir um álagningu virðisaukaskatts sem getur haft þarna veruleg áhrif.

Ég tel ekki efnisleg rök fyrir því að ræða það ítarlega hér og nú eða fara að fjalla um það hvernig þau mál standa í augnablikinu, en að þessu er unnið innan ríkisstjórnarflokkanna og allra næstu daga hlýtur að verða að taka ákvörðun um það hvernig þeim málum verður skipað ef takast á að standa við það markmið, sem ég vona sannarlega að verði, að skattkerfisbreytingin geti átt sér stað um áramótin eins og lög gera ráð fyrir, en ég ætla ekki að fara frekari orðum um það hér að sinni. Ég hins vegar ítreka það að ég vona að þingið fjalli um þetta mál og noti til þess þingtímann og okkur takist að afgreiða þessa þáltill. sem ályktun frá Alþingi áður en þetta þing lýkur störfum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Möguleikar Bláa lónsins, fyrri umr.

Þáltill. NL, 153. mál. — Þskj. 160.

Flm. (Níels Árni Lund):

Hæstv. forseti. Á þskj. 160 hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins við Svartsengi. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu við Bláa lónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga, svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustu almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna að tengjast."

Tillögunni vil ég fylgja úr hlaði með svohljóðandi greinargerð:

Bláa lónið svokallaða varð til er gufuaflsstöð Hitaveitu Suðurnesja við Svartsengi hóf starfsemi sína þar. Nafn sitt dregur það af hinum sérkennilega bláa lit sem kísilleirinn í botni þess gefur.

Vatnið í Bláa lóninu er í raun jarðsjór úr 200–2000 m djúpum borholum. Hann kemur upp á yfirborðið sem 240 gráðu heit gufa sem notuð er til að hita ferskvatn fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Eftir að því lýkur þéttist gufan og frá orkuverinu kemur hún út sem 80–100 gráðu heitt affallsvatn og er leitt út í hraunið við stöðina.

Við kólnunina fellur m.a. út kísilleir sem þéttir botn hraunsins og hefur við þetta myndast heitt uppistöðulón úr jarðsjó sem almennt er kallað Bláa lónið.

Um 1980 bárust fréttir af því að einstaklingur með sjúkdóminn psoriasis teldi sig hafa fengið mikla bót á sjúkdómnum með því að njóta heitra baða í lóninu. Fljótlega fóru fleiri psoriasis-sjúklingar að reyna þetta og virtust böðin gefa góða raun. Þetta varð til þess að árið 1981 fluttu þingmenn Reykjaneskjördæmis svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að láta nú þegar fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnunin til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exemsjúklinga, svo og samtök annarra sjúklinga sem not gætu haft af slíkum böðum."

Tillagan var samþykkt og það sama ár fól þáv. heilbrrh., Svavar Gestsson, landlækni að annast rannsókn á lækningamætti jarðsjávarins við Svartsengi. Þær rannsóknir hófust ekki fyrr en sumarið 1983 m.a. vegna aðstöðuleysis við lónið. Það ár var sett upp rannsóknaráætlun og var áformað að rannsóknin færi fram um haustið. Hins vegar tókst ekki að fá nægan fjölda þátttakenda í rannsóknina og dróst hún til ársins 1985. Það ár stóð hún yfir frá því í júlí og þar til í nóvember og tók 21 einstaklingur þátt í henni.

Niðurstöður þessarar rannsóknar liggja fyrir hjá landlæknisembættinu. Í stuttu máli sagt gefa þær vísbendingu um að böð í Bláa lóninu bæti líðan psoriasis-sjúklinga.

Í framhaldi af þessari rannsókn stóð landlæknisembættið fyrir annarri rannsókn í samvinnu við húðlækningadeild Landspítalans á árunum 1986–1987. Í þeirri rannsókn var annars vegar borinn saman árangur af daglegum böðum í Bláa lóninu í þrjár vikur og hins vegar hefðbundin meðferð á psoriasis á göngudeild húðlækningadeildar Landspítalans.

Sú niðurstaða, sem liggur fyrir, gefur ein og sér tilefni til enn frekari rannsókna og í framhaldi af þeim fjölþættri og meiri nýtingu Bláa lónsins en nú er.

Psoriasis er einn algengasti húðsjúkdómurinn. Er talið að um 1,5% manna í heiminum hafi sjúkdóminn, þar af um 6000 Íslendingar. Þannig eru tugir milljóna manna víðs vegar um heim sem þjást af psoriasissjúkdómi sem erfitt reynist að ráða bót á. Enginn vafi er á að margir þessara sjúklinga væru tilbúnir til að koma langan veg að ef þeir hefðu von um betri líðan og greiða fyrir það háar upphæðir. Þrátt fyrir að lítið sem ekkert hafi verið gert til þess að kynna Bláa lónið hafa fregnir af því borist víða um heim og þegar hafa margar

fyrirspurnir borist til ýmissa aðila, m.a. til landlæknisembættisins, um Bláa lónið og lækningamátt þess.

Nú þegar koma árlega á staðinn á milli 50.000 og 60.000 manns. Aðstaða fyrir þessa gesti er lítil. Hitaveita Suðurnesja byggði fyrir fáum árum lítið baðhús sem hefur leyst brýnustu þörf baðgesta og skammt frá er rekið lítið hótel í eigu einstaklinga. Því fer fjarri að þessi aðstaða sé nægileg til að taka á móti miklum fjölda gesta eða í þeim mæli og með þeim hætti sem nauðsynlegt er ef auglýsa á staðinn og markaðssetja hann sem slíkan á erlendum vettvangi.

Full ástæða er til að kanna fyrir alvöru hvort ekki sé hagkvæmt að reisa fullkomið heilsuhótel á staðnum að svipaðri fyrirmynd og víða þekkist erlendis þar sem gestir njóta hvíldar og endurhæfingar undir eftirliti sérfræðinga. Nú kann einhverjum að þykja það óþarft að ríkið standi fyrir slíkri athugun og eðlilegra sé að það verði gert af einstaklingum eða félögum. Því er til að svara að heilsugæsla á Íslandi er opinber og staður sem þessi yrði að vera viðurkenndur af heilbrigðisyfirvöldum. Því er réttast að þau séu með í ráðum frá upphafi. Þá er einnig sú hætta fyrir hendi að erfitt reyndist fyrir einstaklinga að fá heilbrigðisyfirvöld til að leggja fjármuni til rannsókna ef þau tengdust þeim ekki sjálf.

Auk þessa hníga öll rök í þá átt að staðurinn hefði almennt gildi til þess að laða ferðamenn að landinu og yki á fjölbreytni í ferðaþjónustunni.

Að síðustu skal bent á það sérstaklega að aukin umsvif við Bláa lónið hefðu mikla þýðingu fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum, atvinnutækifærum mundi fjölga til muna og atvinnulífið yrði fjölbreyttara en nú er.

Rétt er að benda á að í september sl. var lögð fram skýrsla ráðgjafarnefndar, sem skipuð var af forsrh. 6. jan. 1989, um undirbúning sérstaks kynningarátaks á sviði ferðamála. Í skýrslunni er m.a. fjallað um þá góðu möguleika sem á Íslandi eru til heilsuræktar og segir m.a. í skýrslunni á einum stað, með leyfi forseta:

„Í jarðvarmanum er mikilvæg heilsulind og heilsustéttirnar eru fjölmennar og vel menntaðar. Á Íslandi eru góðar aðstæður til að stuðla að heilbrigðu lífi í óspilltri náttúru og miklir möguleikar á því að byggja upp heilsuræktarstöðvar þar sem bjóða mætti einstaklingum og hópum aðstöðu til hvíldar og endurhæfingar."

Í nefndri skýrslu er birt sem fylgiskjal skýrsla DOX Ltd. á hugmyndum um markaðssetningu á Íslandi. Höfundar hennar eru þrír Bretar, þeir Richard Birtchnell, dr. Bruce Dakowski og Nick Daw, allir þekktir athafnamenn á sviði kynningar og markaðsmála. Þeim var boðið hingað til lands af íslenskum stjórnvöldum og stofnunum á sviði viðskipta og ferðaþjónustu. Markmiðið með boði þeirra hingað til lands var að fá álit þeirra á ástandi og horfum á sviði viðskipta og ferðaþjónustu. Í skýrslum þeirra þremenninga segir m.a., með leyfi forseta:

„Margt auðugt og þekkt fólk á Bretlandi leitar hælis á svokölluðum heilsubæjum. Hægt væri að fá þetta fólk til að koma til Íslands í staðinn. Það gæti hér unað í óspilltri náttúru, dvalið á raunverulegum heilsuhótelum. Það væri mun fýsilegri kostur."

Og á öðrum stað segja Bretarnir í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Vitaskuld á þjóð sem býr í afar heilsusamlegu umhverfi að selja heilsubótar- og heilsuræktarþjónustu af ýmsu tagi. Ísland gæti orðið helsta heilsubótarland veraldar fyrir ákveðna hópa fólks. Hér gæti fólk notið endurhæfingar eftir vist á sjúkrahúsum, notið náttúrulækninga af ýmsu tagi, fengið sérstaka meðferð til að megra sig, keypt íslenskt heilsufæði. Vekja þarf athygli á öllu slíku og hefja markaðs- og sölustarf. Sé rétt að verki staðið gæti árangurinn orðið ótrúlega mikill."

Fleiri rök skal nefna sem mæla með því að ítarleg könnun fari fram á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins við Svartsengi.

Keflavíkurflugvöllur er í næsta nágrenni við svæðið. Um hann fara tugir þúsunda erlendra ferðamanna árlega. Flestir þeirra eru að koma til landsins til lengri eða skemmri dvalar en margir hafa þar aðeins skamma viðdvöl á leið sinni yfir hafið. Fjöldi erlendra ferðamanna vex ár frá ári og æ fleiri Íslendingar hafa tekjur af þjónustu við þá. Hvað eftir annað hefur það komið fram að hingað eru þeir komnir til að leita að ósnortinni og sérstæðri náttúru, ómenguðu umhverfi og hreinu og tæru lofti. Í augum margra Íslendinga hafa Suðurnesin ekki upp á mikið að bjóða sem útlendingar hafa áhuga á og í flestum tilvikum kynnast þeir svæðinu ekki á annan máta en þann að lenda á Keflavíkurflugvelli og aka eftir Reykjanesbraut til Reykjavíkur og síðan sömu leið til baka að dvöl á Íslandi lokinni.

Þetta er þó hinn mesti misskilningur og þeir sem hafa reynt að fara með útlendinga umhverfis Reykjanesskaga og m.a. kynnt þeim Krísuvík, Krísuvíkurbjarg, Ögmundarhraun, umhverfi Reykjanesvita, Garðskaga, Keili og þéttbýlisstaðina á svæðinu og síðast en ekki síst Bláa lónið í Svartsengi, hafa komist að því að allir þessir staðir vekja verðskuldaða athygli erlendra gesta enda gjörólíkir öðru sem þeir þekkja eða hafa áður séð.

Vart mun á annað hallað þó því sé haldið fram að Bláa lónið og umhverfi þess veki hvað mesta athygli enda afar sérstætt náttúrufyrirbrigði. Úfið hraun, upplýst og mikil og sérkennileg mannvirki, gufustrókar sem þeytast hátt í loft með miklum hvin og hið sérkennilega Bláa lón með heitum jarðsjó er nokkuð sem útlendingar hafa ekki áður séð. Ekki spillir þegar getið er um lækningamátt þess.

Það er hugmynd flm. að á svæðinu rísi fjölbreytt þjónusta, bæði hvað varðar dvalargesti sem væru þar nokkurn tíma og einnig fyrir hinn almenna ferðamann sem vildi þar eiga eftirminnilega dagstund. Það gæti t.d. átt við útlendinga sem hefðu skamma viðdvöl á landinu en vildu kynnast sérstæðri náttúru þess.

Út frá staðnum væri hægt að ákvarða skemmtilegar gönguleiðir og lítill vafi væri á að hestaleiga yrði

vinsæl ef hún yrði rekin á staðnum og þannig mætti lengi telja.

Þá er líklegt að flugfélög mundu notfæra sér staðinn og skipulegðu ferðir til og frá honum í tengslum við ferðir sínar til landsins.

Í umræðum um Bláa lónið hefur margoft verið bent á að nauðsynlegt væri að færa aðstöðuna úr því lóni sem nú er og lengra frá staðnum. Enginn vafi er á að ef fullkominni heilsuaðstöðu verður komið upp á svæðinu er flutningur á jarðsjónum nauðsynlegur.

Í skýrslu sem Albert Albertsson og Júlíus Jónsson, framkvæmdastjórar Hitaveitu Suðurnesja, tóku saman 1986 settu þeir fram rök er mæla gegn staðsetningu baðhúss við Bláa lónið svo og rök er mæla með gerð sérstaks baðlóns í góðri fjarlægð frá Bláa lóninu. Í skýrslu sinni vitna þeir m.a. til slysahættu á núverandi baðstað. Vegna stærðar lónsins og gufu sem yfir það leggur sé ógerningur að hafa yfirsýn og gætur á því.

Helstu rök sem mæla með flutningi baðlóns í góða fjarlægð frá núverandi lóni nefna þeir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Byggingu baðlóns má haga þannig að unnt sé að hafa góða yfirsýn yfir lónið og þar með er unnt að hafa góðar gætur á baðgestum.

2. Unnt er að halda hitastigi baðlónsins stöðugu og stýra því með þvingaðri hringrás jarðsjávarins í lóninu. Um lagskiptingu lónsvatns yrði ekki að ræða.

3. Engin slysahætta er af yfirhituðu þéttivatni eða jarðsjó eins og nú er.

4. Baðlón og mannvirki tengd því rýra ekki á neinn hátt eðlilegt athafnarými orkuveranna sem þau þurfa í bráð og lengd.

5. Nýtt baðlón í góðri fjarlægð frá orkuverunum rýrir ekki á neinn hátt gildi Bláa lónsins sem affallslóns orkuveranna. Hugsanleg mengun Bláa lónsins hefur engin áhrif á baðlónið og er því hæglega unnt að halda því mengunarfríu.

6. Nýtt baðlón með tilheyrandi mannvirkjum rýrir ekki á neinn hátt möguleika til efnaiðnaðar tengdum jarðsjónum.

7. Með nýju baðlóni í góðri fjarlægð frá orkuverinu er mun auðveldara að verjast ágangi gesta en unnt væri ef baðhúsið væri við Bláa lónið.

8. Dæling jarðsjávar í baðlónið gefur mikla möguleika umfram þá sem eru í Bláa lóninu. Með réttu vali á dælum og stjórnbúnaði má dæla jarðsjó svo hann fái næga orku til að mynda flúðir, fossa, vatnsrennibrautir, jarðsjávargos, öldugjálfur, vatnsnudd, kísilleðjunudd o.fl., o.fl.

9. Baðhús við Bláa lónið á litla vaxtarmöguleika þar sem það er girt á tvo vegu af Bláa lóninu annars vegar og Fitjaæð hins vegar. Auk þess er baðhús við Bláa lónið inni á æskilegu athafnasvæði orkuveranna. Baðlón í góðri fjarlægð frá orkuverunum gæti orðið þungamiðja fólkvangs og útivistarsvæðis með hvers kyns íþrótta- og eða afþreyingarmannvirkjum. Það er brýnt að skipuleggja nú þegar umrætt svæði í góðri fjarlægð frá orkuverunum, svæði sem drægi að fólk úr heimshornum öllum."

Að síðustu vil ég leyfa mér að vitna til skýrslu sem Óli Jón Ólason ferðamálafulltrúi samdi fyrir Ferðamálasamtök Suðurnesja og var m.a. til umræðu á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum 1987. Í henni ræðir hann ítarlega ákveðnar hugmyndir um Bláa lónið og uppbyggingu þar. Í skýrslu hans segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stærsta tromp Suðurnesjamanna í sambandi við heilsurækt er að mínu áliti tvímælalaust jarðhitinn og Bláa lónið. Á þessu tvennu tel ég að þurfi að gera allsherjarúttekt og ef það reynist jákvætt, sem ég tel miklar líkur á, þarf að gera stórhuga áætlun sem öll sveitarfélögin á Suðurnesjum standa að í samvinnu við erlenda, sérfróða aðila. Vinna þarf að ýmiss konar upplýsingaöflun svo sem:

1. Safna þarf saman öllum upplýsingum sem til eru um lækningamátt leirsins í Bláa lóninu og víðar á Suðurnesjum.

2. Kanna þarf stærð markaðar fyrir ýmsar tegundir heilsuræktar og möguleika á að ná þeim hingað.

3. Kanna þarf hvað í boði er á hinum ýmsu heilsuræktarstöðvum víðs vegar um heim, í Evrópu og Bandaríkjunum, og sjá hvort við getum verið samkeppnisfærir hvað verð og gæði snertir.

4. Kanna þarf hvort við getum boðið upp á eitthvað sérstakt sem þeir geta ekki boðið upp á og hvað þá.

5. Kanna þarf áhuga erlendra aðila á samstarfi við að koma upp heilsuræktarstöð á Suðurnesjum.

6. Kanna þarf fjármagnsmöguleika.

Ef jákvæð svör fást við áðurgreindum athugunum og öðru sem kemur í kjölfarið þarf að gera áætlanir um uppbyggingu ef fara á út í þetta á annað borð.

Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir því hvernig ég get séð þetta fyrir mér og standa eigi að uppbyggingu slíkrar heilsuræktarstöðvar." — Síðan segir Óli Jón Ólason ferðamálafulltrúi, með leyfi forseta:

„1. Byggja þarf stóra, fullkomna heilsuræktarstöð með allri þeirri aðstöðu sem þarf til að hægt sé að þjóna bæði sjúklingum og öðrum þeim sem vilja rækta líkama sinn þó þeir séu ekki sjúkir. Þessi heilsuræktarstöð þarf að vera með mjög fullkominni aðstöðu fyrir lækna, sjúkraþjálfara og annað sérmenntað fólk.

2. Koma þarf læknum og öðru væntanlegu starfsfólki í sérmenntun erlendis.

3. Byggja þarf gistimöguleika fyrir allar tegundir sjúklinga og annarra sem vilja komast í meðferð. Þar þurfa að vera hótel af hærri og lægri verðklassa, gistiheimili, íbúðagisting og gisting á heilsuhælum. Allir, jafnt ríkir sem fátækir, geta notað heilsuræktarstöð en gista í misdýrum og misíburðarmiklum gististöðum eftir efnum og ástæðum."

Virðulegi forseti. Ég hef nú þegar lokið þessum tilvitnunum mínum í skýrslu Óla Jóns Ólasonar ferðamálafulltrúa og vil að lokum segja þetta:

Flm. lætur þá ósk í ljós að hæstv. Alþingi samþykki þá þáltill. sem hér hefur verið mælt fyrir og hrindi þar með af stað könnun sem leiði af sér framkvæmdir við Bláa lónið, Suðurnesjabúum og landsmönnum öllum

til hagsbóta. Nauðsynlegt er að sú athugun sem hér er lagt til að verði framkvæmd sé gerð í fullu samráði og í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Ferðamálaráð, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu tengjast.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og allshn.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð og þakka flm. fyrir þessa ágætu till. sem lýtur að þeirri nýsköpun sem nauðsynleg er í atvinnulífi þjóðarinnar. Núna þegar við horfum á eftir hinum ýmsu nýju greinum sem við höfum tekið upp síðari ár, þegar við horfum á vandræði þeirra, þá hljótum við að velta fyrir okkur hvert við eigum að leita. Ekki treystum við endalaust á sjávarútveginn og þá eru ferðamálin ofarlega í huga enda hefur ríkisstjórnin skipað sérstaka nefnd sem hefur skilað áliti þar sem einmitt er komið inn á þessi svið, þá framtíðarmöguleika sem þjóðfélagið á í heilsurækt. Ég geri ráð fyrir því, þar sem hæstv. heilbrrh. er í salnum, að till. þessi eigi greiða leið að ríkisstjórninni og að þessi mál verði könnuð til þrautar en menn gæti þess að flýta sér hægt þegar kemur að því að fjárfesta.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að lýsa ánægju minni með þá till. sem hér er fram komin. Efni hennar er á þá leið að kannaðir verði þeir fjölþættu möguleikar sem Bláa lónið í Svartsengi hefur í ferðaþjónustu og það er tvennt sem einkum gerir þennan kost fýsilegan. Annars vegar að hér er verið að tala um atvinnugrein sem, ef rétt verður að staðið, er e.t.v. sú sem getur verið mestur vaxtarbroddur í á næstu árum svo framarlega sem menn flýta sér hægt og fara ekki af stað án þess að kanna hvernig halda skal á málum. Tillaga í þessa átt sýnir einmitt að hér á ekki að flana að neinu heldur að vita hverjir kostirnir eru áður en farið er út í framkvæmdir. Ferðaþjónusta er fýsilegur kostur í atvinnumálum einkum vegna þess að hann er mjög gjaldeyrisskapandi, sé vel á málum haldið, og einnig vegna þess að hann er mjög mannfrekur.

Einnig er þessi hlið ferðaþjónustu, þjónusta í heilbrigðismálum þar sem verið er að byggja upp heilsubótarstaði, eitt hið ákjósanlegasta sem hægt er að hugsa sér vegna þess að þar er jákvæð kynning, þar er ábyrg uppbygging og þarna er um að ræða hóp ferðafólks sem leitar að ákveðinni aðstöðu sem við höfum upp á að bjóða en ekki er eins sveiflukenndur og margt annað er lýtur að ferðaþjónustu.

Ég hlýt því að fagna þessari till. og vonast til að hún fái góða málsmeðferð.

Flm. (Níels Árni Lund):

Virðulegi forseti. Ég vil í örstuttu máli þakka hv. þm., 16. þm. Reykv. og 10. þm. Reykn., fyrir góðar undirtektir þeirra og ítreka þá ósk mína að Alþingi sjái sér fært að samþykkja þessa till. og þar með verði hrundið af stað könnun á þessu, vil ég meina, mikla máli sem getur skipt sköpum bæði fyrir Suðurnes og Reykjanes og ekki síður fyrir landsmenn alla og verið innlegg í það að bæta aðstöðu okkar til að taka á móti m.a. ferðamönnum og auk þess að bæta aðstöðu þeirra sjúklinga sem þessa aðstöðu kunna að nota í framtíðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Tæknifrjóvganir, fyrri umr.

Þáltill. SLB, 152. mál. — Þskj. 157.

Flm. (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 157. Meðflm. mínir eru hv. þm. Lára V. Júlíusdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Guðrún Helgadóttir.

Till. er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að áður en glasafrjóvganir verða hafnar hér á landi verði lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp um réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli, þegar tæknifrjóvgunum er beitt."

Á fjárlagafrv. fyrir 1990 er gert ráð fyrir 3,75 nýjum stöðum við Landspítalann vegna fyrirhugaðra glasafrjóvgana þar. Enn hefur ekki verið ákveðið, að því ég best veit, hvenær fyrstu meðferðirnar verða framkvæmdar þar, en ýmislegt bendir til þess að það verði strax næsta vor. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. heilbrrh. varðandi undirbúning þessarar meðferðar á Landspítalanum og vænti þess að fá svar við þeim í fyrirspurnatíma nk. fimmtudag.

Á 108. löggjafarþingi var samþykkt þáltill. sem einnig bar númerið 157. Sú tillaga kvað á um skipan nefndar til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögu um hvernig réttarstaða aðila væri ákveðin. Nefndinni var ætlað að ljúka störfum fyrir upphaf 109. löggjafarþings, en nú, þremur árum síðar, hefur hún enn ekki skilað af sér. En ég veit að þar hefur farið fram mikið starf sem ætti að nýtast við lagasetningu þá sem þessi tillaga sem hér er til umræðu kveður á um. Tveir af flm. fyrri tillögunnar, hv. þingkona Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson eru einnig flm. þessarar tillögu.

Glasafrjóvganir eru þær tæknifrjóvganir nefndar þegar egg er frjóvgað utan legs. Þegar tæknifrjóvganir fara fram í legi hefur orðið tæknisæðing hins vegar stundum verið notað, en jafnframt tæknifrjóvganir. Ég hef valið þann kostinn að nota orðið tæknifrjóvgun þegar vísað er til beggja aðferðanna en gera

greinarmun á frjóvgun í eða utan legs með orðnotkuninni glasafrjóvgun annars vegar og tæknisæðingu hins vegar.

Það var árið 1979 sem fyrst var farið að framkvæma tæknisæðingu hér á landi, en fram til þess tíma höfðu íslenskar konur farið utan til meðferðar. Við tæknisæðingar er ýmist notað sæði eiginmanns eða sambýlismanns eða þá að fengið er sæði ókunns manns og til þessa hefur slíkt sæði verið fengið hingað frá Danmörku. Barn sem getið er með tæknisæðingu er því erfðafræðilegt afkvæmi þeirrar konu sem gengur með það og elur. En það þarf ekki að vera erfðafræðilegt afkvæmi þess sem samkvæmt íslenskum lögum er skráður faðir þess.

Eins og ég gat um áðan stendur nú til að hefja glasafrjóvganir hér á landi, en það merkir auðvitað ekki að nú fyrst séu íslenskar konur að fara í slíka meðferð því að eins og ég vænti að kunnugt sé hafa þær farið utan til þessa nú um nokkurra ára skeið. Að jafnaði hafa 100 pör farið út árlega og gert er ráð fyrir að árangur af meðferðinni sé um 10%. Þannig má búast við að nú þegar hafi fæðst á landinu nokkrir tugir glasabarna. Hve mörg þau eru er ekki nákvæmlega vitað, enda er enginn aðili í samfélaginu sem fylgist með og skráir slíkar upplýsingar.

Þegar glasafrjóvgun er gerð er í langflestum tilfellum frjóvgað egg frá móður með sæði eiginmanns eða sambýlismanns. Barn sem verður til með þeim hætti er þá erfðafræðilegt afkvæmi parsins og lagaleg staða þess í engu frábrugðin lagalegri stöðu annarra barna. Við glasafrjóvgun er einnig hægt að nota sæði annars en eiginmanns eða sambýlismanns eins og þegar um tæknisæðingu er að ræða og þar að auki er mögulegt að nota egg annarrar konu. Þannig bætast tveir nýir möguleikar við með tilkomu glasafrjóvgana.

Þá er einnig hægt að koma frjóvguðu eggi, svokölluðum fósturvísi, fyrir í líkama annarrar konu. Slíkur fósturvísir gæti verið af eggi og sæði parsins en þyrfti ekki að vera það. Sú kona sem gengur með fóstur annarra hefur ýmist verið kölluð leigumóðir eða staðgengilsmóðir eftir því hvort hún þiggur fyrir það fé eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að banna beri leigumæður. Það stríðir gegn siðferðisvitund minni að meðganga sé verslunarvara.

Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð til þessa hér á landi að tæknisæðing er einungis gerð á konum sem eru í hjónabandi eða sambúð sem jafna má til hjónabands og með skriflegu samþykki eiginmanns eða sambýlismanns. Sama er að segja um glasafrjóvganirnar, þær sem borgaðar hafa verið af Tryggingastofnun ríkisins.

Íslenskum konum er ekki skylt að segja til um faðerni barna sinna. Því má spyrja hvort eðlilegt sé að heimta með þessum hætti feðrun þeirra barna sem verða til við tæknifrjóvganir.

Samkvæmt íslenskum lögum er eiginmaður konu talinn faðir barns hennar nema það sé vefengt og annað sannað. Ekkert stendur í lögunum um mæðrun barns, enda hefur ekki verið talin ástæða til þess að setja slíkt í lög til þessa. Með tilkomu glasafrjóvgana þarf löggjafinn að taka á því máli. Faðerni barna hefur aldrei verið fulltryggt en nú er svo komið að móðerni þarf ekki heldur að vera það.

Í lögum um tæknifrjóvganir þarf að kveða skýrt á um skyldur og réttindi skráðra foreldra. Það má t.d. hugsa sér að þeim verði gert skylt að ættleiða ófætt barn þeirra strax við getnað til að koma í veg fyrir hugsanleg vefengingarmál þeirra síðar því slík mál gætu haft í för með sér veruleg sárindi og e.t.v. óbætanlegan skaða fyrir alla aðila, ekki síst barnið sjálft, enda um svo viðkvæman hlut sem upphaf lífs þess að ræða.

Það eru engin lög til í landinu sem tryggja barni rétt til að fá að vita hverjir séu erfðafræðilegir foreldrar þess. Það að vita ekki raunveruleg deili á uppruna sínum getur haft í för með sér ýmsar ófyrirséðar afleiðingar fyrir barnið. T.d. kann ástæðan fyrir því að farið var fram á tæknifrjóvgun að vera sú að annað foreldra eða bæði eru haldin arfgengum sjúkdóm sem parið vill forðast að viðhalda. Barnið gæti talið sig bera þennan sjúkdóm og forðast þess vegna barneignir síðar meir. Það má e.t.v. spyrja hvort ekki sé rétt að svipta leyndinni af tæknifrjóvgunum að einhverju marki, t.d. í tilfelli því sem ég lýsti hér.

Ég hef fram til þessa dvalið við rétt barns til foreldra og réttindi og skyldur foreldra gagnvart barni. Lög um tæknifrjóvganir þurfa að vera afdráttarlaus hvað þetta varðar. En þau þurfa einnig að taka til eignarhalds á fósturvísum og þess hvort gera megi tilraunir á þeim.

Þegar glasafrjóvganir eru gerðar eru yfirleitt frjóvguð fleiri egg en notuð eru hverju sinni. Við það verða til umframfósturvísar sem geyma má frosna og til notkunar síðar. Tilvist þessara fósturvísa og að það skuli vera hægt að geyma þá hlýtur að kalla á sterkar tilfinningar og blendnar hjá öllum þeim sem í alvöru leiða hugann að því og spurningarnar hrannast upp: Hver á fósturvísana? Hver á að eiga þá? Er eðlilegt að líf sem til er stofnað fái ekki að dafna fyrr en löngu síðar, jafnvel áratug síðar? Er hægt að koma í veg fyrir að óprúttnir vísindamenn taki sér fósturvísa og geri á þeim alls kyns tilraunir? Má búast við að foreldrar eða jafnvel samfélagið velji og hafni einstaklingum frekar en orðið er? Höfum við yfirleitt nokkurn rétt á að velja okkur afkvæmi? Og til hvers mundi slíkt geta leitt okkur?

Sumir nefna í þessu sambandi að með því einu að leggja verulegt fé í tæknifrjóvganir á norðurhveli jarðar á sama tíma og konur í svokölluðum þróunarlöndum eru hvattar til að fara í ófrjósemisaðgerðir, þá séum við að velja. Einnig er bent á það val sem vitað er að fram fer í mörgum ríkjum Asíu og víðar þar sem stúlkufóstrum er frekar eytt en karlkyns fóstrum.

Hver er kominn til með að segja hvaða eiginleikar séu eftirsóknarverðir og hverjir ekki í fari fólks? Og höfum við yfir höfuð nokkurn rétt til að setja okkur í slíkt dómarasæti?

Það hefur sýnt sig að mannkynið hefur ætíð nýtt sér tæknilega möguleika sína út í ystu æsar. Ég er því

þeirrar skoðunar að banna beri með lögum allar tilraunir með fósturvísa og tilraunir til eingetnaðar og leggja við broti á þeim þung viðurlög. Eignarhald á þeim fósturvísum sem ekki eru notaðir að bragði tel ég að eigi að vera foreldranna, enda hafi þeir skrifað undir samning sem jafngildi ættleiðingu. Vera má að setja megi einhver tímamörk á það hve lengi geyma megi fósturvísana og einnig hvað skuli gert við þá ef parið skilur eða annað eða bæði látast frá frosnum fósturvísum. Í þessu sambandi má nefna að nú er í gangi forræðismál vegna fósturvísa í Bandaríkjunum.

Nokkuð mismunandi reglur gilda um tæknifrjóvganir og meðferð á fósturvísum í nálægum löndum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa verið sett lög um tæknifrjóvgun, en í Danmörku hefur ekki verið talin þörf á löggjöf. Þar er hins vegar starfandi siðaráð sem tryggja á að þinginu, opinberum aðilum og almenningi séu ávallt veittar upplýsingar varðandi siðferðileg vandamál sem upp kunni að koma vegna þróunar í læknisfræði og heilbrigðismálum. Þar eru þó bannaðar með lögum ákveðnar tilraunir í tengslum við tæknifrjóvgun.

Í Noregi tóku gildi lög árið 1987 um tæknifrjóvganir og kom sú löggjöf af stað miklum deilum þar í landi, ekki síst það ákvæði að einungis giftar konur skuli eiga rétt á meðferðinni. Í Noregi má ekki nota frjóvguð egg til annars en að koma þeim fyrir á ný í legi konu og það má einungis geyma þau í eitt ár. Bannað er að gera rannsóknir á frjóvguðum eggjum.

Í Bretlandi, þar sem fyrsta barnið fæddist eftir glasafrjóvgun árið 1978, eru nú starfandi fjölmargar stofnanir þar sem tæknifrjóvganir eru framkvæmdar. Í Bretlandi var skipuð nefnd árið 1982 til þess að vinna að stefnumótandi áliti um æxlunartæknina frá félagslegum, siðfræðilegum og lagalegum sjónarhól. Nefndin skilaði skýrslu 1984 og í kjölfar hennar hafa verið sett ýmis lög um þessi mál. Samkvæmt tillögum nefndarinnar voru heimilaðar rannsóknir á fósturvísum fyrstu 14 dagana eftir frjóvgun en sú samþykkt hefur verið mjög umdeild. Frysting frjóvgaðra eggja er heimil og koma má áður frosnum fósturvísi fyrir í líkama konu. Gefa má bæði frjóvguð og ófrjóvguð egg, hvort sem er vegna ófrjósemi eða vegna arfgengra sjúkdóma hinna væntanlegu foreldra. Í Bretlandi má geyma frosinn fósturvísi í allt að tíu ár og hafa íslenskar konur sem fara þangað í glasafrjóvgun skrifað undir samning um að viðkomandi stofnun eigi frosna fósturvísa þeirra að tveimur árum liðnum hyggist þær ekki nota þá, annars er þeim fargað.

Virðulegi forseti. Það er löngu tímabært að hér verði sett lög um tæknifrjóvganir og að mínu mati er ekki verjandi að fara af stað með glasafrjóvganir hérlendis án þess. Ég vænti þess að þingmenn standi saman um að svo megi verða með því að samþykkja þessa tillögu.

Tæknifrjóvganir varða upphaf lífs og hljóta því að snerta siðferðiskennd okkar allra, enda hafa allt frá upphafi verið miklar umræður og heitar um þær, bæði hér á landi og erlendis.

Öll tækni og vísindi fela í sér möguleikann á misnotkun og samfélagið er ekki alltaf í stakk búið til að bregðast við framvindu vísindanna sem kalla stundum á algjörlega nýja hugsun og skilja okkur eftir með gjörbreytta heimsmynd.

Lengi vel setti tæknin okkur mörk sem nægðu, en hún gerir það ekki lengur og hefur raunar ekki gert það um nokkurt skeið. Dæmi þess eru mýmörg. Umhverfisspjöll, mengun, þurrð náttúruauðlinda, drápstól byggð af ótrúlegri og óhugnanlegri hugkvæmni, allt eru þetta afleiðingar vísindanna og útfærslu þeirra í tækninni.

Tækniþróun innan læknavísindanna hefur í mörgum tilfellum gert okkur kleift að lifa bæði lengur og betur en annars hefði orðið. Hún hefur einnig orðið til þess að mörgum auðnast nú sú hamingja að eignast afkvæmi sem ekki hefðu orðið hennar aðnjótandi ella. Við verðum að tryggja að hamingja þessa fólks og barna þeirra verði ekki síðri en þeirra sem eignast börn sín með náttúrlegum hætti. Við þurfum jafnframt að vera á verði gagnvart þeim hættum sem þessari tækni fylgja og bera gæfu til að koma í veg fyrir misnotkun hennar. Enn einu sinni stillir tæknin okkur upp við vegg og krefst þess að við setjum siðferðismörkin og undan því megum við ekki víkjast.

Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og félmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hafa frumkvæði um þessa tillögu. Eins og fram kom í máli hennar var lögð fram tillaga á 108. löggjafarþingi sem hét „Till. til þál. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar". Flm. þeirrar till. voru sá þingmaður sem hér stendur ásamt hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Davíð Aðalsteinssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Stefáni Benediktssyni. Þessi tillaga, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta, hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að skora á dómsmrh. að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmrh. skipi formann nefndarinnar án tilnefningar. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar."

Í grg. fyrir þessari umræddu tillögu var getið um að þegar væru 50 íslensk börn þá getin með tæknifrjóvgun og langflest með sæði óþekktra manna. Síðan hafa, eins og fram kom í ræðu hv. 18. þm. Reykv., orðið verulegar breytingar og nú stendur fyrir dyrum að svokallaðar glasafrjóvganir hefjist hér á landi.

Eins og þingmaðurinn kom að er það ljóst að samkvæmt íslenskum lögum er eiginmaður konu faðir

barns hennar nema það sé vefengt og þá hlaut sú spurning að vakna hver réttarstaða aðila væri ef til vefengingar kæmi, t.d. við skilnað hjóna eða í erfðamálum. Það var því svo sannarlega ástæða til að vekja athygli á því að réttarstaða þessara aðila er nákvæmlega engin og er það ekki enn.

Eins og raunar er um hina nýju tillögu, þá var í fyrri tillögunni ekki farið að neinu leyti inn á hina siðferðilegu, trúarlegu eða félagslegu hlið málsins heldur einungis verið að biðja um að tryggð yrði sú réttarfarslega og lagalega.

Það er ljóst að hér er um mjög flókið og erfitt mál að ræða sem hefur vafist fyrir ýmsum þjóðum að setja lög um. Og eins og kom fram áðan hafa t.d. Danir tekið þann kost að semja engin lög heldur skipa svokallaða siðanefnd.

Þegar þessi tillaga hafði verið samþykkt hér á þinginu var sett á laggirnar nefnd. Formaður hennar var Ólafur Walther Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmrn., og í henni sátu að öðru leyti Jón Hilmar Alfreðsson yfirlæknir, Ásta K. Ragnarsdóttir, námsráðgjafi við Háskóla Íslands, tilnefnd af Barnaverndarráði, Ólafur Axelsson hrl. og Þórður S. Gunnarsson hrl. og með nefndinni vann síðan Drífa Pálsdóttir, lögfræðingur dómsmrn.

Ég hafði í morgun samband við formann nefndarinnar og hann upplýsti mig um að þegar lægi fyrir töluvert mikið verk um þetta mál þannig að nefndin teldi að af því mætti hafa mikið gagn við samningu laga. Og skildist mér að ekki liði á löngu þar til nefndin legði þetta mikla rit fram því hér mun hafa verið unnið verulega mikið starf.

Um þetta mál að öðru leyti mætti ýmislegt segja en það verður ekki gert hér. Ég held að það sé mjög gagnlegt og mjög þarft að flytja þessa till. að nýju núna þó hún sé kannski að efni til ekki ólík hinni. Ég held að nauðsynlegt sé að reka á eftir að menn setji lög um þessi mál. Það er ljóst að á okkar dögum fleygir þekkingu mannkynsins ört fram og ekki síst á sviði líffræði og læknavísinda. Er nú svo komið að löggjafanum er falið það erfiða hlutskipti að kveða á um dauðastund, líknardauða og upphaf lífs sem menn hafa ekki þurft að fást við áður. Margt af þessari þekkingu getur orðið til þess að auka hamingju manna sé henni beitt af skynsamlegu viti, en það er bráðnauðsynlegt að löggjafarvaldið fylgist náið með því sem er að gerast, reyni að gera sér grein fyrir hvernig ný tækni grípur inn í líf einstaklinga og setji reglur um það hvernig hún megi best verða þeim til farsældar. Og það verður því aðeins gert að maðurinn sé fær um að sjá fyrir afleiðingar tækninnar og reyni að stýra henni.

Það er eitt atriði sem ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á, sem ég veit raunar ekki hvernig nefndin hefur farið með, en það er ljóst að eins og reglur eru í dag, þá stendur einstæðum konum ekki til boða að eignast barn með þessum hætti. Það virðist vera gert ráð fyrir því að það skuli vera, þegar um glasafrjóvgun er að ræða, eiginmaður konunnar og frjóvgun með sæði þekkts eða óþekkts sæðisgjafa virðist ekki heldur standa einstæðri konu til boða. Nú getum við spurt okkur hvort það sé ekki dálítið gamaldags viðhorf að vel menntuð nútímakona í góðu starfi sem vill gjarnan eiga barn eigi ekki að fá að njóta þessarar þjónustu eins og hver annar séu hennar félagslegu aðstæður metnar á sama hátt og þeirra hjóna sem samþykkt er að greiða fyrir að þessu leyti. Og ég vil lýsa þeirri skoðun minni að í mörgum tilvikum held ég að það sé engin ástæða til að hafna beiðni konu þótt hún sé ekki í hjónabandi ef hún er að öðru leyti fær um að ala barn sitt upp á þann hátt sem reynt er að tryggja þegar við þessum beiðnum er orðið.

Að öðru leyti vil ég lýsa yfir ánægju minni með að þessi tillaga skuli komin fram og ég vænti þess að hv. þm. sýni þessu máli fulla alvöru og sú nefnd sem málið fær til meðferðar greiði fyrir því að flýtt sé fyrir löggjöf um þessi efni eða reglum eftir því sem menn kjósa að hafa það.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Þessi tillaga er um að lagt verði fyrir Alþingi lagafrv. um réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að því máli sem tillagan fjallar um sem er glasafrjóvganir. Í tillögunni er það tekið fram að áður en glasafrjóvganir hefjist hér á landi skuli þetta frv. lagt fram.

Nú er það ekkert tryggt að það frv. verði að lögum þó að það sé lagt fram og mér finnst í sjálfu sér, ef það er í huga flm. skilyrði að sett séu lög áður en glasafrjóvganir fari fram hér á landi, að tillagan ætti að vera um það. En það er ekki það sem ég gagnrýni við þessa tillögu. Ég vil gagnrýna efnisatriði. Ég sé ekki að það sé nauðsynlegra að leggja fram slíkt frv. nú, áður en notuð verður aðstaða og þekking sem menn hér á landi hafa aflað sér til þess að hægt sé að framkvæma þessar aðgerðir hér, en þegar foreldrar fá þessa þjónustu erlendis. Ég sé ekki annað en að spurningar og vafaatriði um réttarstöðu geti jafnt komið upp hvort sem frjóvgunin hefur farið fram hér á landi eða erlendis.

Hv. flm. upplýsir það í greinargerð sinni að slík starfsemi hafi farið fram hér á landi síðan 1979 og hafi verið greidd af sjúkrasamlagi á sama hátt og aðrar læknisaðgerðir. Upplýsingar flm. um greiðslu eru villandi. Hún notar orðið „tæknisæðingar" um þær aðgerðir sem fram hafa farið hér á landi að þessu leyti. Öðru máli gegnir um glasafrjóvganir, þar sem ekki er notað sæði óþekkts manns heldur eiginmanns eða sambýlismanns. Hjón sem æskja þessarar þjónustu að mati læknis hafa þurft að fara utan og sú þjónusta var til skamms tíma ekki greidd af sjúkratryggingum. Það er mér mætavel kunnugt um vegna þess að það féll í minn hlut sem tryggingaráðherra að gefa út þá reglugerð sem birt er sem fskj. með þessu þingskjali og var algert nýmæli hér á landi. Kostnaður við glasafrjóvganir af þessu tagi hafði ekki verið greiddur úr tryggingum áður. Skilyrði þess að það væri unnt var að komið væri á samningi við heilbrigð-

isstofnun erlendis á líkan hátt eins og t.d. hjartaaðgerðirnar byggðust á samningi við spítala í Bretlandi. Þá fól ég embættislæknum að kanna þessa möguleika hjá þeim sjúkrastofnunum sem framarlega þóttu standa á þessu sviði og út úr því starfi kom þessi samningur við Bourn Hall Clinic.

Ástæðan til þess að þessi reglugerð var gefin út var að þar með var unnt að greiða þessa þjónustu úr sjúkratryggingum. Mér hafði orðið það æ ljósara að það var grimmilegt og ómannúðlegt að sjúkratryggingar greiddu eftir færibandi fóstureyðingar, eyðingu lífs, en greiddu ekki eyri vegna þeirrar aðgerðar sem fólst í því að nýta læknisfræðina til þess að hjálpa foreldrum til að eignast barn saman, foreldrum sem ella hefðu ekki getað það. Þessi var ástæðan fyrir samningnum við Bourn Hall Clinic og fyrir reglugerðinni sem birt er sem fylgiskjal með þessari þáltill. Ég get alveg sagt hv. flm. það og öðrum þeim hv. þm. sem hér eru að ég fékk nokkrar athugasemdir við það að ég skyldi láta mér detta í hug að slík aðgerð yrði greidd af sjúkratryggingum. Og mitt svar var þetta: Ef sjúkratryggingar greiða læknisfræðilegar aðgerðir til þess að eyða lífi í móðurkviði, hví skyldu ekki sjúkratryggingar greiða læknisaðgerð til að stofna til lífs í móðurkviði? Eða að stofna til meðgöngu nýs lífs? Og þá var spurt: Er það sjúkdómur? Ég hefði eins getað spurt: Er ástæða til fóstureyðingar alltaf sjúkdómur? Ég tel hins vegar, þó að það sé í mörgum tilfellum ekki sjúkdómur er veldur því að hjón geta ekki eignast barn saman þá eru það oft afleiðingar sjúkdóma. Fyrst læknisfræðin býr yfir þeirri þekkingu og þeirri tækni að unnt sé að ráða á þessu bót sé ég ekki að við þurfum að bíða eftir sérstakri löggjöf um réttarstöðu foreldra og barns í slíku tilfelli því að það er mín skoðun að réttarstaða barns í slíku tilfelli sé og eigi að vera nákvæmlega eins og barns sem getið er með venjulegum hætti. Og þetta segi ég vegna þess að ég óttast það nokkuð ef það á ekki að vera einkamál foreldranna og líka barnsins hvort það hefur orðið til með glasafrjóvgun eða með venjulegum hætti. Ég tel að það gæti verið erfitt fyrir barn að rísa undir þeirri vitneskju og einkanlega athugasemdum annarra um að það hefði komið til sögunnar með einhverjum öðrum hætti en flest börn. Ég sé ekki annað en að þegar allt er skoðað þá fari meðganga barnsins og fæðing fram með alveg venjulegum hætti og það á rétt eins og önnur börn sína kynforeldra og erfðafræðilegu foreldra eins og hv. flm. orðaði það hér. Ég vildi sérstaklega leggja áherslu á, að ég tel að réttarstaða fólks eigi að vera slík að við lítum á þetta sem eðlilega þjónustu þegar svo stendur á sem staðreyndin er um mörg hjón að þau geti af læknisfræðilegum ástæðum eignast börn með glasafrjóvgun en ekki með venjulegum hætti. Hitt get ég svo verið sammála flm. um að því er varðar fósturvísa og réttarstöðu þeirra sem eiga óþekktan föður eða frjóvgun sem orðið hefur með óþekktu sæði, að allt þetta vekur miklar og alvarlegar spurningar. Og þar er ekki nóg með að til komi frv. til laga sem gilda aðeins á Íslandi um slíkt, heldur þarf að vera samræmi í löggjöf Íslands og ýmissa annarra þjóða um þetta efni. Að því er unnið, m.a. í sérfræðingasamstarfi á vegum Evrópuráðsins.

Ég taldi að þetta væru upplýsingar sem þyrftu að komast á framfæri.

Flm. (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur fyrir hennar orð hér vegna þessarar tillögu og jafnframt fyrir hennar framlag og þeirra annarra sem fluttu tillögu um tæknifrjóvganir á 108. löggjafarþinginu sem hefur orðið til þess að nú þegar hefur farið fram mikið starf til undirbúnings löggjöf um tæknifrjóvganir sem ætti að geta flýtt verulega fyrir starfi þeirra sem mundu búa það frv. til flutnings hér.

Jafnframt þakka ég hv. 3. þm. Reykv. fyrir hennar ábendingar, en vegna orða hennar um orðalag tillögunnar vil ég ítreka að það er mitt mat að það eigi að samþykkja lög um tæknifrjóvganir áður en til glasafrjóvgana komi hérlendis og það er minn klaufaskapur í orðalagi tillögunnar að hún fór fram með þessum hætti.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að það skiptir ekki sköpum hvar glasafrjóvganir fara fram. En það breytir ekki því að það þarf að setja einhverjar reglur eða löggjöf um málið. Það að glasafrjóvganir verða teknar upp hér á landi þýðir að hér á landi koma til með að verða til umframfósturvísar og það eitt hlýtur að krefjast einhverrar lagasetningar.

Hitt er annað að mér finnst rétt að við notum líka þetta tækifæri sem við fáum hér með þessum glasafrjóvgunum til þess að fá fram lög um tæknifrjóvganir. Tæknifrjóvganir hafa verið framkvæmdar í landinu frá því 1979, í 10 ár, og réttarstaða aðila hefur verið ótrygg. Þegar félagsfaðir eða sá faðir sem skráður er faðir barns er ekki um leið erfðafræðilegur faðir þess, eins og hann getur verið við tæknisæðingar, getur hann farið fram með vefengingarmál og fengið sannað að hann sé ekki faðir barnsins. Slíkt hefur ekki gerst hér til þessa, en það gæti komið til þess og ég tel að við hljótum að þurfa að koma í veg fyrir þau sárindi sem af slíku gætu hlotist.

Við hljótum að vera sammála um að löggjafar er þörf og það er löngu tímabært. Ég vona því að tillaga þessi fái góða og skjóta meðferð hér á þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

EFRI DEILD

12. fundur, þriðjudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 75, n. 176, brtt. 177.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 176 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Þetta er nál. vegna frv. um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1989. Ég les hér fyrst upp nál., en það er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Halldór Árnason, skrifstofustjóra í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ingimund Friðriksson, forstöðumann alþjóðadeildar Seðlabanka Íslands, Gunnar Hilmarsson, formann stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, og Helga Bergs, formann stjórnar hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

Halldór Árnason sat alla þá fundi er málið var rætt. Helgi Bergs, Gunnar Hilmarsson og Guðmundur Malmquist komu á einn fund, skýrðu sjónarmið sín og lögðu áherslu á nauðsyn þess að frumvarpið hlyti skjóta afgreiðslu. Ingimundur Friðriksson lagði fram gögn um erlendar lántökur ríkissjóðs og opinberra sjóða. Eftir að ríkisstjórnin heimilaði Byggðastofnun að taka 350 millj. kr. erlent lán í samráði við Seðlabanka Íslands og fór þess á leit við nefndina að breyting yrði gerð á frumvarpinu í samræmi við þá heimild kallaði nefndin Guðmund Malmquist aftur á sinn fund. Lagði hann þunga áherslu á að umrædd breyting yrði samþykkt og afgreiðslu málsins hraðað.

Í ljósi þessa leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Þessi brtt. er á þskj. 177 og hún er þannig að í stað „1 milljarður" í 2. gr. komi: 1 milljarður 350 millj. Eins og segir í nál. er þarna verið að auka erlendar lántökur fyrir Byggðastofnun en eins og einnig segir í nál. var reyndar samþykkt í ríkisstjórn að heimila Byggðastofnun að taka þessar 350 millj. að láni erlendis.

Í nefndinni urðu töluverðar umræður um hverjir skuli taka þau lán sem lánsfjárlög heimila, hvort það eigi að vera ríkissjóður eða hvort einstakum stofnunum innan ríkissjóðs sem hafa ríkisábyrgð skuli vera heimilt að taka þau lán. Fjmrh. lýsti því yfir við 1. umr. þessa frv. að stefnt skuli að því í framtíðinni að allar lánveitingar færu í gegnum Seðlabanka og í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 segir að Seðlabankinn þurfi að samþykkja allar erlendar lántökur einstakra stofnana á vegum ríkisins er hafa ríkisábyrgð.

Þá var einnig rætt um stöðu þeirra sjóða sem lánsfjárlögin fyrir 1990 fjalla um, Atvinnutryggingarsjóðs og Byggðastofnunar. Í 1. gr. frv. er mælt fyrir um auknar heimildir til erlendrar lántöku vegna Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, en í c-lið er fjallað um að 900 millj. verði teknar að láni erlendis til að mæta fjárþörf sjóðsins. Í 1. gr. er talað um auknar lántökur innan lands til að mæta fyrirsjáanlegum fjárlagahalla þessa árs. Þegar fjárlagafrv. fyrir þetta ár var samþykkt var gert ráð fyrir 636 millj. kr. tekjuafgangi, en fyrirsjáanlegt er að hallinn á þessu ári verði upp undir 5 milljarðar. Því þarf að fá auknar lánsheimildir í lánsfjárlög upp á um 6 milljarða. Það er að sjálfsögðu erfitt fyrir Alþingi að standa frammi fyrir gerðum hlut og sérstaklega þegar um fjárveitingar er að ræða, að Alþingi þurfi að standa frammi fyrir því að aðstæður hafa breyst þannig að það þurfi að samþykkja 6 milljarða kr. heimildir fyrir ríkissjóð til að taka að láni. En hér er þó stigið það skref að áður en árið er liðið er lögð fyrir Alþingi beiðni um að samþykkja þessi aukaútgjöld þannig að það hefur verið gert ýmislegt í því að leyfa Alþingi að fylgjast með. Í Sþ. hafa verið lögð fram fjáraukalög sem skýra þennan mismun, hverju hefur verið varið utan fjárlagaheimilda. Það er von mín og eflaust fleiri þm. að í framtíðinni verði gerð miklu betri grein fyrir þeim fjármunum sem ríkisstjórn ákveður á hverju ári þannig að Alþingi, sem á að fara með fjárveitingavaldið, hafi raunverulega það vald og geti ákveðið útgjöld fjárlaganna fyrir fram.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri að sinni en ég býst við því að minni hl. geri grein fyrir því hvað þeir hafa um þetta frv. að segja og ef ég sé ástæðu til þess að svara því, þá kem ég hérna upp aftur.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er einfalt í sniðum. Efni þess er í stuttu máli það að veita auknar lánsheimildir til ríkissjóðs annars vegar og hins vegar til tveggja sjóða sem lána atvinnuvegunum, Atvinnutryggingarsjóðs og Byggðasjóðs. Sumpart er þessi aukna lánsfjárþörf komin til vegna þess að verulegur greiðsluhalli verður á ríkissjóði á þessu ári þvert ofan í það sem hæstv. fjmrh. sagði um leið og fjárlög voru afgreidd og þvert ofan í þau stóru orð sem stjórnarliðar á þeim tíma létu falla. Það sýnir glögglega óvissuna í því hversu mikill greiðsluhallinn verður nú um áramót hjá ríkissjóði að frá því að frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár var lagt fram þar til þetta frv. var lagt fram liðu nokkrir dagar, örfáir dagar sem liðu þar á milli, en á því tímabili hefur verið gert ráð fyrir því að ríkissjóðshallinn aukist um litlar 100 millj. kr. eða sennilega um 20 millj. á dag þennan tíma sem leið á milli þess sem þessi frumvörp voru lögð fram. Ég veit ekki hvort formaður fjh.- og viðskn. getur hjálpað minni hl. að reikna út hversu mikið það verður þá fram að áramótum ef reikna má með að hallinn haldi áfram að vaxa jafnmikið að meðaltali þennan tíma sem eftir lifir ársins og milli þess sem þessi tvö frumvörp voru lögð fram.

Við sjálfstæðismenn erum ekki getspakir í þessum efnum og treystum okkur auðvitað ekki til þess að ætla á um það hversu mikill ríkissjóðshallinn verður í

árslok og tökum enga ábyrgð á því að hér sé um réttar tölur að ræða, enda hafa engar upplýsingar verið lagðar fram í fjh.- og viðskn. sem staðfesta að þær tölur sem hér liggja fyrir séu á rökum reistar nema síður sé.

Þá er það eftirtektarvert að hér er gert ráð fyrir því að endurlána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina allt að 900 millj. kr. á þessu ári og það var tekið fram af hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins að Atvinnutryggingarsjóður mundi fá þessa peninga í hendur nú á þessu ári. Þó liggur fyrir að fjárþörf Atvinnutryggingarsjóðs er engan veginn svo mikil það sem eftir lifir ársins. Það er talað um að skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs nemi svo sem helming þessarar upphæðar og kom engin skýring fram á því í nefndinni hvernig á því stendur að nauðsynlegt sé að taka ca. hálfan milljarð kr. að láni erlendis á þessu ári vegna Atvinnutryggingarsjóðs þegar lánin koma ekki til útborgunar til hinna ýmsu fyrirtækja fyrr en á næsta ári.

Á hinn bóginn vekur það athygli að ríkisstjórninni er kunnugt um að þörf er veruleg fyrir auknar lánsheimildir til Byggðasjóðs. Stjórn Byggðasjóðs mat þörfina svo að nýjar lánsheimildir þyrfti að hálfum milljarði kr. Hér er einungis gert ráð fyrir því að mæta þessum þörfum með því að veita 350 millj. kr. lánsheimild til viðbótar og var það skýrt fyrir nefndarmönnum svo af fulltrúa Hagsýslustofnunar að stjórn Byggðastofnunar hefði verið of örlát við trillusjómenn. Ríkisstjórnin hefði einungis ætlast til þess að 100 millj. kr. yrði varið til þess að mæta þeim rekstrarerfiðleikum sem trillusjómenn standa nú frammi fyrir. Skv. þeim reglum sem Byggðasjóður vinnur eftir nemur hámark lána til trillubáta 2 millj. kr. og geta farið allt niður í 500–600 millj. kr. Það kom óbeint fram í nefndinni að meiri hlutinn væri eiginlega þeirrar skoðunar að það hefði verið nóg að lána trillukörlunum að hámarki 800 þús. eða svo og þá bara sumum, kannski bara tveimur af hverjum fimm eða eitthvað svoleiðis. Og þeir sem minnst bæru úr býtum fengju kannski svona 200–300 þús. kr. til að bæta fjárhaginn vegna trillukaupa á sl. árum (Gripið fram í.) og vegna þeirra miklu erfiðleika sem þessi útgerð stendur nú frammi fyrir. Ég veit að hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson mun útskýra það hér á eftir hvernig á því stendur að hann telur nóg að Byggðasjóður veitir 100 millj. kr. til þessa sérstaka verkefnis. Það er sérstaklega tekið fram hér í greinargerð eða athugasemdum með frv. að á þeim tíma sem frv. var lagt fram gat ríkisstjórnin hugsað sér að heimila 100 millj. kr. lántöku til viðbótar vegna smábátanna en fulltrúi fjmrh. sem mætti á fundum nefndarinnar gaf okkur þá skýringu að ekki væri hægt að verða við beiðni Byggðastofnunar um 500 millj. kr. lánsheimild þar sem það hefði átt að duga að lána 100 millj. til smábátanna. Þó vitum við náttúrlega vel að margir í einmitt þessari atvinnugrein eiga við mikla erfiðleika að etja og má segja að það sé smátt skorið. Á sama tíma og ónýtt hús er keypt af samvinnuhreyfingunni fyrir norðan upp á 60 millj., þá skulu þeir sjá eftir því að trillubátaeigendur fái þetta lítilræði og ríkisstjórnin dregur í rauninni dár að þessari atvinnustétt með þeim rökstuðningi sem hún hefur flutt um það að verða ekki að fullu við beiðni Byggðastofnunar í þessum efnum.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Hin aukna lánsheimild til Atvinnutryggingarsjóðs staðfestir auðvitað að atvinnuvegirnir hafa verið reknir með verulegum halla síðan þessi ríkisstjórn settist að völdum í septembermánuði á sl. ári. Og er það að verulegu leyti afleiðing af þeirri stefnu sem Alþfl. hafði í síðustu ríkisstjórn og tókst með neitunarvaldi sínu gagnvart Seðlabankankanum, af því að viðskrh. var úr Alþfl., að halda niðri gengisskráningunni á þessum tíma og draga við sig leiðréttingu á gengi allt sumarið 1988. Það er hins vegar spaugilegt að hæstv. viðskrh. skuli vera að hrósa sér af því annað slagið síðan hversu mikið gengið hafi lækkað frá ársbyrjun 1988 og veit hann þó að bróðurparturinn af þeirri gengislækkun eða leiðréttingu á gengi sem þar kemur fram var knúinn fram af Sjálfstfl. Honum þykir gott að reyna að draga pínulítið af því til sín, að hann hafi átt einhvern þátt í því að leiðrétta gengið á þeim tíma.

Ég vil rifja upp að það kom fram hjá fjh.- og viðskn. á sl. vori frá forstjóra Atvinnutryggingarsjóðs að hallarekstur fyrirtækja í útflutningsgreinum hefði verið mun meiri síðasta ársfjórðung sl. árs en menn höfðu gert sér grein fyrir sem auðvitað skýrir að Atvinnutryggingarsjóður skuli nú þurfa á 900 millj. kr. lánsfjárheimild að halda til viðbótar því sem áður var.

Herra forseti. Það veldur okkur í stjórnarandstöðu svo auðvitað erfiðleikum að fjalla um málefni sjóða eins og Atvinnutryggingarsjóðs og hlutabréfasjóðs þegar ekki liggja fyrir upplýsingar frá ríkisstjórninni um það hvernig hún hugsi sér framtíð þessara sjóða, að forsrh. skuli segja eitt um þau efni en annað standi í greinargerðum eða kemur fram í máli annarra manna. Það var svo aðeins eitt lítið, smáspaugilegt atvik sem kom fyrir á fundi nefndarinnar. Það upplýstist þar að Byggðastofnun hafði fengið bréf um að þessi lántökuheimild, 350 millj., ætti að vera í höndum Byggðastofnunar. Hins vegar kom sendisveinn ofan úr Stjórnarráði með uppkast að brtt. öðruvísi, þannig að lántakan ætti að fara í gegnum ríkissjóð. Það upplýstist svo smátt og smátt hvernig á þessu stæði og kom m.a. fram að forsrn. hafði sent fjh.- og viðskn. bréf um þessa tillögu sína um lánsheimild fyrir Byggðasjóð sem var ógreinilega orðuð og ekki með sama hætti og samþykkt ríkisstjórnarinnar og bréf um þessa samþykkt var orðað t.d. til Byggðastofnunar og ég hygg til Seðlabankans. Ég held að fleiri þm. en ég láti í ljósi undrun yfir því hversu ónákvæm skilaboð stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar láta sér duga í samskiptum sínum við þingið og í samskiptum sínum við stjórnarandstöðuna. Og er það auðvitað ekki annað en enn eitt dæmið um þá lítilsvirðingu sem þessir ráðherrar og þessi ríkisstjórn hafa sýnt Alþingi og stjórnarandstöðunni síðan ríkisstjórnin settist að völdum, kemur í rauninni ekki á óvart.

Ég vil aðeins segja það að síðustu, herra forseti, að

ég er þakklátur hæstv. viðskrh. fyrir að vera viðstaddur umræðuna. Þegar frv. til l. um breytingu á lánsfjárlögum var til umræðu fyrir árið í ár og rætt var um ráðstafanir vegna kjarasamninganna í vor kom til orðaskipta milli mín og hæstv. viðskrh. um það hvort hann mundi beita sér fyrir því og standa við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að lántökugjald yrði endurgreitt af þeim lánum sem tekin hefðu verið vegna endurbóta og viðgerða á skipum þegar verkið hafði verið unnið hér á landi. Ég væri þakklátur hæstv. viðskrh. ef hann vildi gefa skýringu á því nú við þessa umræðu hvort ríkisstjórnin hafi staðið við það loforð sem hér var gefið í þingsalnum af hæstv. viðskrh. á sl. vori og ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að spyrja hann um það, hvort hann sé samþykkur því frv. sem ég hef lagt fram hér í deildinni um að þau lántökugjöld, sem greidd hafa verið af lánum sem tekin hafa verið vegna smíði á fiskiskipum hér á landi, verði endurgreidd úr ríkissjóði. Ég mun sitja hjá við þetta mál.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um heimildir til *aukinnar lántöku ríkissjóðs, bæði innlendrar og* erlendrar og einnig lántöku til Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs eins og komið hefur fram. Frv. vitnar um vanmat á aðstæðum og óraunsæja fjármagnsstjórn á sl. ári og reyndar einnig á árum áður. Einmitt þess vegna og þannig erfa menn óráðsíu og skuldir annarra.

Þrátt fyrir vissa viðleitni til betra reikningshalds á þeim búreikningi sem fjárlög ríkisins eru hafa þó stærðir í þessu frv. breyst, *jafnvel meðan á stuttri* umfjöllun þess hefur staðið. Svo óraunsæjar virðast áætlanir enn vera og vitna kannski ekki bara um ákveðið gjaldþrot í fjármálastjórn ríkisins heldur og ekki síður um gjaldþrot í uppbyggingu atvinnumála og byggðastefnu almennt.

Atvinnutryggingarsjóður, sem einmitt var settur á laggirnar til þess að bjarga atvinnuvegum sem lá við hruni, og Byggðastofnun, sem hefur haft það með höndum að styðja við atvinnufyrirtæki úti á landi, hafa átt fullt í fangi með að reisa við fyrirtæki eða jafnvel, eins og í tilviki Byggðastofnunar, að kaupa upp eignir fyrirtækja á nauðungaruppboðum vegna gjaldþrota og einmitt þess vegna hefur aukin fjárþörf þessara tveggja sjóða komið til.

Eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. virtist það, jafnvel 10 dögum eftir að ríkisstjórnin hafði samþykkt að veita aukið lán til Byggðastofnunar vegna brýnnar fjárþarfar, ekki vera ljóst með hverjum hætti lánið ætti að taka, hvort Byggðastofnun ætti sjálf að sjá um það mál eða hvort ríkisstjórnin ætlaði að gera það. Ég held ekki að um óljós skilaboð hafi einungis verið að ræða. E.t.v. hafði ekki verið tekin um málið pólitísk ákvörðun. Miðað við það hversu stutt er til áramóta er afleitt að láta 10 daga líða eftir að þessi ákvörðun hefur verið tekin og láta ekki liggja ljóst fyrir forsvarsmönnum Byggðastofnunar með hverjum hætti þessi lántaka ætti að fara fram. Við kvennalistakonur treystum okkur ekki til þess að bera ábyrgð á reikningshaldi sem við höfum haft svo lítið tækifæri til þess að ráða nokkru um eða meta forsendur fyrir og styðjum því ekki álit meiri hl. nefndarinnar. Við viljum þó ekki standa gegn því eða tefja málið og munum ekki greiða um það atkvæði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningum um lántökugjald af lánum vegna innlendra skipaviðgerða og innti eftir því hvort staðið hefði verið við fyrirheit sem ég gaf hér í umræðum í þinginu í fyrravor, að ekki yrði tekið slíkt gjald af lánum vegna skipaviðgerða á Íslandi. Svarið er að sjálfsögðu: Það var fyllilega við þetta staðið því gjaldið var lagt af í heilu lagi, eins og þm. er kunnugt, í fyrravor. Hins vegar er rétt að það eru enn þá nokkur vafamál um fyrri lán skv. þessari skipan, hvort af þeim eigi að greiða eða hafi verið greitt lántökugjald. Þau mál eru í athugun og meðan sú athugun fer fram vil ég ekki taka afstöðu til síðari spurningar þm. sem var um afstöðu til frv. sem hann hefur sjálfur flutt um þetta málefni. Ég vinn að *málinu í þeim anda að þetta gjald verði ekki tekið af* þeim sem gátu vænst þess að njóta réttar skv. yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar þess efnis að slíkt gjald yrði ekki lagt á lánaráðstafanir vegna útflutningsatvinnuveganna sem samþykktar hefðu verið af ríkisstjórninni.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni orða hv. 2. þm. Norðurl. e. og 6. þm. Reykv. út af því máli sem þau gerðu hér að spaugilegri sögu vil ég segja eftirfarandi: Þannig var að við í fjh.- og viðskn. fengum beiðni um það frá ríkisstjórninni og Byggðastofnun að Byggðastofnun fengi auknar heimildir til erlendrar lántöku upp á 350 millj. Bréf þess efnis kom fram um það að Byggðastofnun fengi þessa lántökuheimild. Um það er nú flutt frv.

Það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Reykv. eru að fjalla um er tillaga sem kom fram frá fulltrúa í Fjárlaga- og hagsýslustofnun um hvernig ætti að fara með þetta, en ekki að nefnd innan ríkisstjórnarinnar ætlaði að fara að með öðrum hætti heldur en í bréfinu kom fram. Það er misskilningur að nefndin hafi ætlað að afgreiða þetta með öðrum hætti en þeim að Byggðastofnun tæki þetta lán, svo að ég vildi bara eyða þessum misskilningi.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal gerði hér að umtalsefni smábáta og hvernig ríkisstjórnin ætlar að fara með eigendur smábáta. Ég vil taka það sérstaklega fram að fyrrv. ríkisstjórn ákvað að eyða 100 millj. til að létta byrði smábátaeigenda og um það er rætt í þessu frv. Síðan kemur fram beiðni frá Byggðastofnun um að fá aukna heimild til erlendrar lántöku upp á 500 millj. Ríkisstjórnin ákveður að heimila 350 millj., ótiltekið, ekki það að í því fælist annað en samþykki á þessum hluta. Hins vegar kom

fram í máli Guðmundar Malmquist að þetta hefði kostað Byggðastofnun 250 millj. og það er ekki hægt að álykta sem svo að þar sem Byggðastofnun vantar 150 millj., þá hafi sjálfkrafa verið dregnar 150 millj. af þeirri fjárlagabeiðni sem fram kom frá Byggðastofnun.

Það er rétt sem fram kom hjá 6. þm. Reykv. að Byggðastofnun á við verulegan vanda að stríða einmitt vegna þess að hún hefur þurft að kaupa eignir á uppboðum og vegna loforða sem hún hefur gefið núna að undanförnu og áttu að vera komin til afgreiðslu, en vegna þess að það vantaði heimildir í lögum til að taka lán, þá hefur ekki komið til útborgunar.

Það var annað sem fram kom í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, að þær 900 millj. sem á að verja til Atvinnutryggingarsjóðs sýni vanda atvinnulífsins og hvernig þessi ríkisstjórn hafi komið atvinnulífinu illa. Ástæðan fyrir því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina var settur á stofn var einmitt sú óstjórn sem var þegar Sjálfstfl. hélt um stjórnartaumana og núna í ár er búið að vera að reyna að bjarga útflutningsfyrirtækjum frá gjaldþroti. (**EgJ:** Er ekki búið að því enn þá, hvað er þetta?)

Það sem mér þótti skrýtið í málflutningi þessara tveggja þm. var að þau voru á móti frv. Þau kvarta undan því að það séu of litlar heimildir til t.d. Byggðastofnunar, en samt vilja þau greiða atkvæði á móti frv. (**EgJ:** Sitja hjá, var sagt.) eða sitja hjá, ég þakka þér fyrir hv. þm., en ég held að hér sé einmitt verið að reyna að svara kalli frá Byggðastofnun að því er hana varðar og þarna er um nauðsynlega heimild að ræða.

Að síðustu vil ég minnast á það að hv. þm. Halldór Blöndal kvartaði undan því að ekki hafi verið lögð fram gögn í nefndinni um fjárlagahallann á þessu ári. Fyrir það fyrsta er árið ekki liðið og í annan stað eru þetta þær nýjustu tölur sem liggja fyrir og hann veit það jafn vel og ég að það var spurst fyrir um hvaða áætlun lægi fyrir um fjárlagahallann og það komu sömu tölurnar út.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég beindi litlum fyrirspurnum til hæstv. viðskrh. og hélt að hann gæti kannski reynt að skýra hvernig hann hefði staðið við fyrirheit frá því í vor. Nú sér viðskrh. ekki ástæðu til þess að vera áfram við umræðurnar og má kannski segja að það sé eðlilegt vegna þess að hann fór rangt með hér áðan, sagði ósatt. Staðreyndin er sú að hann lýsti því yfir hér í þessari deild á sl. vori að þeir aðilar sem hefðu tekið lán vegna meiri háttar endurbóta eða viðgerða á fiskiskipum hér á landi ættu að fá lántökugjaldið endurgreitt. Hann gekk meira að segja svo langt að segja að stjórn Byggðastofnunar hefði brugðist sinni embættisskyldu með því að innheimta þetta lántökugjald af þeim útgerðarmönnum sem hefðu fengið fyrirgreiðslu frá Byggðasjóði á fyrstu mánuðum þessa árs. Svo kom hann hér áðan upp í stólinn og talaði um að hann hefði engin loforð gefið, talaði um að hann væri að vinna að málinu. Og það sem er kannski eftirtektarverðast af öllu er að á sama tíma og við blasir verulegt atvinnuleysi um allt land þar sem skipasmíðastöðvar eru fæst hann ekki einu sinni til þess að taka undir nauðsyn þess að lántökugjald af því sérstaka fé sem tekið hefur verið vegna smíða á fiskiskipum hér á landi skuli endurgreitt á sama tíma og skipasmíðar í löndum Efnahagsbandalagsins eru greiddar niður um 26 og upp í 36% að hans sögn við umræður í Sþ. nú á dögunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að inna hæstv. sjútvrh. svara við þessum spurningum. Ég veit auðvitað að hæstv. sjútvrh. er mér sammála um að ekki eigi að leggja þetta lántökugjald á útgerðina vegna þeirrar sanngirni sem hann hefur sýnt skipasmíðaiðnaðinum og ég efast ekki um að hann muni leggjast á sveif með stjórnarandstöðunni og Sjálfstfl. að knýja fram þau úrslit í málinu að þetta lántökugjald verði endurgreitt og að staðið verði við þá samþykkt sem gerð var í ríkisstjórninni í aprílmánuði, ef ég man rétt, um að ekki skuli greitt lántökugjald af þeim fjármunum sem aflað er erlendis til þeirra verkefna sem ég hef nú gert grein fyrir.

Ég veit ekki hvort það er nokkur ástæða til að óska eftir því að fá að ljúka ræðunni þegar viðskrh. er við. Ég held að hann mundi tala svona bara einhvern veginn út og suður áfram og ég held að manni mundi ekki takast að fá neitt skýrar frá honum um þessi mál. Það hefur vakið athygli fleiri en mín að ráðherra skipasmíða skuli ekki sýna minnsta áhuga á því að þessi iðngrein geti notið rétt bærilegra starfsskilyrða. Af ummælum hans hér áðan mátti vel greina að honum þykir ekki nóg að skipasmíðaiðnaðurinn skuli greiddur niður um 26% í löndum Evrópubandalagsins heldur er hann enn að tvínóna við það hvort rétt sé eða rangt að láta þennan iðnað borga sérstakan lántökuskatt sem á fyrri hluta þessa árs var 6% ofan á stimpilgjald sem ríkið hefur meiri tekjur af á þessu ári en af öllum tekjuskatti á atvinnurekstri í landinu, ofan á sérstakt lántökugjald til ríkissjóðs, þar fyrir ofan vegna ríkisábyrgðarinnar og þannig mætti lengi telja. Ég geri ráð fyrir því að þetta mál verði tekið aftur upp síðar. Það verður tekið upp aftur í fjh.- og viðskn. eins og ég hef óskað eftir og er auðvitað óþolandi að ríkisstjórn skuli ekki standa við yfirlýsingar sínar sem hún hefur gefið í þessum efnum fremur en öðrum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég kem hér í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., bæði út af þeirri ræðu sem hann var að ljúka við hér í ræðustólnum og hinni fyrri. Það er svolítið sérstakt að þegar verið er að ræða hér um lánsfjáráætlun skuli hv. þm. nota tækifærið og fara að ræða um mál sem hann er með sjálfur hér í deildinni, hefur lagt fram hér til umræðu. Ég undrast hvað forseti okkar er lipur að benda ekki hv. þm. á að hann hefur þegar flutt þetta mál hér til umræðu og það er til umfjöllunar í nefnd, í fjh.- og viðskn. Þetta mál sem hann er að fjalla hér um í hverri ræðunni á fætur

annarri. Það sýnir að hv. þm. hefur ekki mikið um hin almennu fjárhagsmál landsins að segja og vill kannski sem minnst um þau tala, fer um þau þannig löguðum orðum sem sýna fyrst og fremst að það er feimnismál Sjálfstfl. hvernig komið er með atvinnumálin hér á landi, um að það vanti meiri peninga í Atvinnutryggingarsjóð og um að það vanti meiri peninga til þess að lána smábátum.

Ég skal taka undir það að eitt af því sem ég hef undrast nokkuð er að ríkisstjórnin, þegar hún er að ákveða aðgerðir í sambandi við vandamál atvinnuveganna, skuli ekki gera sér betri grein fyrir því hvernig ástandið er og hvernig Sjálfstfl. skilaði atvinnurekstri á Íslandi frá sér. (EgJ: Um hvaða ríkisstjórn er ræðumaður að tala?) Ég er að ræða um ríkisstjórn Sjálfstfl., ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Vandamálin einmitt í kringum smábátana hrúguðust upp á þeim tíma, en fyrrv. ríkisstjórn, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar (StG: Sú fyrri.) sú fyrri, já, áætlaði þennan halla og þessi vandræði ekki meiri en 100 millj. Þegar farið var að skoða þessi mál kom í ljós að þessi vandi var meira en tvöfaldur eða eftir því sem búið er að upplýsa að til þessara hluta hafi þurft 250 millj. (SalÞ: Var það á framsóknaráratugnum?) Það var á framsóknar- og íhaldsáratugnum. Og þess vegna er ósköp eðlilegt að hv. 2. þm. Norðurl. e. vilji raunverulega ekki tala um stöðu atvinnumála hér eða fjárhagsmál þegar verið er að ræða um lánsfjáráætlun, heldur er hann að tala um sitt eigið frv. sem liggur í nefnd og hefur verið vísað til umsagnar. (**EgJ:** Áætlun um smábátana var nú komin fram í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 177 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 53, n. 169, brtt. 170.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Eins og venja hefur verið fjölluðu formenn allsherjarnefnda í báðum deildum um þetta mál, fóru yfir það og síðan afgreiddi allshn. Ed. það frá sér samhljóða með þeirri brtt. sem fram er borin á þskj. 170.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið frá því sem er í 1. gr. frv. eins og það var lagt fram eru: Í fyrsta lagi að eitt nafn sem er nr. 6 í frv. er fellt út úr greininni. Stafar það af því að viðkomandi umsækjandi er nú farinn af landi brott og ekki vitað hvar hans dvalarstaður er þannig að það þótti sjálfgert að fella það niður. Og í öðru lagi að í stað þess hefur verið bætt inn nöfnum 21 nýs aðila sem umsóknir lágu fyrir um, þannig að nú er skv. brtt. gerð tillaga um að það séu 33 einstaklingar sem fái ríkisborgararétt. Þeir einstaklingar sem þarna er gerð tillaga um uppfylla þau skilyrði sem allsherjarnefndir hafa starfað eftir um allmörg ár í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar.

Af þessum lista sést að það er vaxandi fjöldi einstaklinga sem leitar eftir því að fá íslenskan ríkisborgararétt og uppfyllir þau skilyrði sem Alþingi hefur sett í því sambandi. Að sjálfsögðu bárust nefndinni fleiri umsóknir en talið var fært að verða við. En þar sem gert er ráð fyrir að lagt verði fram nýtt frv. síðar á þessu þingi munu umsóknir þeirra aðila verða teknar til nánari athugunar síðar í vetur. Einn umsækjandi óskaði eftir því að koma á fund eða hitta fulltrúa frá nefndinni til þess að skýra sitt mál og kom fram á nefndarfundum að vert væri að taka það til athugunar hvort sá háttur skyldi verða tekinn upp í ríkara mæli.

Allshn. stendur öll að þessari brtt. og leggur til að frv. verði samþykkt svo breytt.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. frsm. allshn. fer þeim mjög fjölgandi sem sækja um ríkisborgararétt hér á landi. Víða erlendis er það haft fyrir sið að ræða á einn eða annan hátt við umsækjendur um slík réttindi eins og ríkisborgararéttur óneitanlega er hjá þjóð eins og við Íslendingar erum, ekki síst með tilliti til þeirra breyttu viðhorfa sem eru í veröldinni að ýmsu leyti, af pólitískum eða öðrum ástæðum. Sums staðar er meira að segja gerð krafa um að fólk mæti á námskeið og fullnægi vissum kröfum í námi, tungumálakunnáttu og fleiru.

Ég vakti máls á því á fundi í allshn., og ég hygg að nefndarmenn séu því nokkuð sammála, að taka það til athugunar sem frsm. minntist á, að ástæða væri til þess að t.d. formenn allsherjarnefnda Ed. og Nd. ættu viðræður við alla þá umsækjendur sem tök eru á. Þá á ég að sjálfsögðu ekki við börn eða önnur slík tilfelli þar sem ekki er hægt að koma því við, þó ekki væri til annars en að gera viðkomandi umsækjendum fyllilega grein fyrir því hvaða réttindi þeir eru að fá og líka hitt að menn hafi séð umsækjendur. Ég var formaður nefndarinnar eitt árið og voru þá 3–4 beiðnir um viðræður við mig sem formann nefndarinnar. Ég held að ég hafi fyrir bragðið verið betur í stakk búinn til að skýra fyrir nefndarmönnum viðhorf mitt til þeirra vandamála sem þeir gerðu mér grein fyrir.

Eftir að við tókum upp þann sið að vera með slík frv. tvisvar á ári höfum við í fyrra skiptið, fyrir jólin, yfirleitt reynt að vera einungis með þá umsækjendur sem fullnægja öllum þeim skilyrðum sem við setjum. Á vorþinginu höfum við aftur rætt um þá aðila sem kannski eru svona, ef ég má orða það svo, landamæratilfelli eða tilfelli sem vert er að velta

vöngum yfir. En ég vil ítreka það sem kom fram hjá formanni og frsm. nefndarinnar að það er ástæða fyrir okkur að hugleiða það að taka upp meiri festu í þessum hlutum og eiga t.d. viðræður eða á annan hátt að gera mönnum betur grein fyrir því sem er á seyði þegar menn fá ríkisborgararétt í nýju landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 170 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 2. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 51, n. 181, brtt. 180.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til l. um skráningu og meðferð persónulegra upplýsinga. Hér er um að ræða endurskoðun á gildandi lögum sem sett voru hér fyrst á Alþingi árið 1980. Sú saga er rakin nokkuð í grg. fyrir frv. en þar hefur slæðst inn sú meinlega prentvilla að talað er um að allshn. Nd. Alþingis hafi þá flutt 57 brtt. við frv. og umsamið það í raun. Þar var hins vegar um að ræða allshn. þessarar hv. deildar og formaður hennar og framsögumaður var þá Eiður Guðnason.

Það frv. sem hér liggur fyrir er endurskoðun, eins og ég sagði, á gildandi lögum og að mestu leyti eða í aðalatriðum samhljóða þeim. Þær breytingar, sem gerðar eru, eru fyrst og fremst til þess að herða á þeim framkvæmdaatriðum sem komið hefur í ljós að æskilegt sé að nánari ákvæði séu um.

Nefndin fór ítarlega yfir þetta frv., fékk til viðræðna við nefndina þá Þorgeir Örlygsson prófessor og Tryggva Gunnarsson lögfræðing, sem önnuðust endurskoðun laganna fyrir hönd dómsmrn., og enn fremur forstöðumann Félagsvísindastofnunar Háskólans, Stefán Ólafsson dósent, sem kom með ábendingar, sérstaklega um þann kafla frv. sem fjallar um skoðanakannanir. Var að nokkru gengið til móts við þær ábendingar sem hann setti fram.

Á þskj. 180 eru nokkrar brtt. frá allshn. og vil ég í stuttu máli gera grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi er að í 5. gr. frv. komi fjögur ár í staðinn fyrir fimm sem er sá aldur upplýsinga sem heimilt er að skýra frá, um ávirðingu manna í þeim skrám sem þar er rætt um. Fyrningartíminn skuli vera fjögur ár í staðinn fyrir fimm. Í nágrannalöndum okkar er þetta breytilegt. Í Noregi hefur þessi tími verið styttur í þrjú ár, en í Danmörku er hann enn fimm.

Þá er við 9. gr. frv. brtt. um að í stað orðanna „efni upplýsinganna“ komi: „því sem þar er skráð“, þannig að það sé greinilegt að ætlast sé til þess að menn viti nákvæmlega hvað um þá er skráð í þessum skrám.

Í 12. gr. er brtt. um að í stað fjögurra vikna skuli koma tvær vikur og er það sá frestur sem skrárhaldara er gefinn til að gefa þessar upplýsingar.

Við 13. gr. er sú brtt. að síðari mgr. falli brott en í henni er dómsmrn. veitt heimild til að ákveða sérstakt gjald sem rennur til þeirra sem veita upplýsingar til einstaklinga um það sem um þá er skráð. Nefndinni finnst óþarfi að vera að setja slíka gjaldtökuheimildir því að ekki mun hafa reynt á það hingað til að menn leiti í svo ríkum mæli eftir slíkum upplýsingum.

Í 16. gr. er þessi fimm ára frestur sem ég gat um áðan einnig styttur í fjögur ár.

Í 18. gr. er einnig styttur upplýsingaskyldutíminn úr fjórum vikum niður í tvær eins og í 12. gr.

Þá er í 19. gr. sú lágmarksupphæð, sem heimilt er að færa inn vegna gjaldfallinna skulda eða skulda við tiltekinn kröfuhafa, færð úr 10 millj. upp í 20 millj.

Að gerðum þessum breytingum leggur allshn. til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 180,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 180,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 180,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 180,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.–15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 180,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 180,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 180,7 samþ. með 12 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20.–23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 180,8 samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
25.–29. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 180,9 samþ. með 12 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
31.–37. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 180,10 samþ. með 13 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
39.–40. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

13. fundur, þriðjudaginn 21. nóv., að loknum 12. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 3. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 186.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lánsfjárlög 1989, 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 184.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt þá gekk erfiðlega að koma þessu máli til 3. umr. og þurfti raunar á minni hjálp og annarra góðra manna að halda til þess. Ég sé enga ástæðu til þess að knýja fram 3. umr. nú á þessu stigi og ætla a.m.k. ekki að taka neinn þátt í því að bjarga þessu máli. Stjórnarandstaðan tekur ekki afstöðu til þessa máls, þetta er eitt af þessum „sukkmálum" þar sem ekki er hægt að botna yfirleitt í neinum tölum upp úr eða niður úr. Það hastar ekki neitt að knýja þetta mál fram og ég sé heldur ekki að það sé nokkur leið því ég veit ekki til að stjórnarsinnar mæti þannig á þingfundum að það sé yfirleitt hægt að koma málum í gegn nema með hjálp stjórnarandstöðu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa lesið nál. og sátu í fjh.- og viðskn. urðu þess mjög áskynja að stofnanir eins og Byggðastofnun, Hlutafjársjóður og Atvinnutryggingarsjóður lögðu mikla áherslu á það að frv. þetta kæmist í gegnum þingið. Það er sérstaklega fyrir Byggðastofnun því að þeir eru búnir að leita eftir tilboðum erlendis frá um lán og það bíða margir aðilar eftir því að fá þessi lán greidd frá Byggðastofnun.

Ég legg á það áherslu að hv. Ed. afgreiði þetta frv. til Nd., ef þess er kostur, svo að Byggðastofnun og þær stofnanir sem fá lánsheimildir megi, eins fljótt og hægt er, fá heimild Alþingis til þess.

Umræðu frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 178.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Á síðasta Alþingi voru samþykktar veigamiklar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem öðlast gildi frá og með nk. áramótum. Breytingarnar snerta ekki síst rekstur heilbrigðisþjónustunnar í landinu en samkvæmt III. kafla laganna tekur ríkissjóður að sér allan rekstur heilsugæslunnar í landinu en með heilsugæslu er átt við heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan sjúkrahúsa. Samkvæmt gildandi lögum greiðir ríkissjóður aðeins laun lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara en sveitarfélögin annast greiðslu annars kostnaðar, jafnt launakostnaðar sem reksturskostnaðar. Hér er því um að ræða gjörbreytingu á rekstri heilsugæslunnar. Þrátt fyrir að rekstur heilsugæslunnar sé frá og með nk. áramótum falinn ríkinu tókst ekki að breyta lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, á þann hátt sem æskilegt hefði verið, sem er að saman fari fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð. Einu breytingarnar sem náðu fram að ganga varðandi heilsugæsluna með hliðsjón af breyttri hlutverkaskipan eru þær að ráðherra er ætlað að skipa stjórnir þeirra heilsugæslustöðva sem starfa sjálfstætt, þar af formann án tilnefningar. Hins vegar var ekki tekin afstaða til stjórnar heilsugæslustöðva í Reykjavík sem hlýtur að verða með öðrum hætti en annars staðar í landinu. Ekki var heldur tekin afstaða til stjórnar heilsugæslustöðva sem eru í starfstengslum við sjúkrahús. Með stjórn þeirra fara sjúkrahússtjórnir en í þeim á ríkið ekki fulltrúa. Þessi atriði komu reyndar öll til um-

ræðu hér á Alþingi þegar fjallað var um áðurnefnd verkaskiptalög og var á það bent að unnið væri að endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu og að miðað væri við að þeim yrði breytt frá og með nk. áramótum og því væri æskilegt að bíða eftir tillögum um þessa þætti.

Önnur meginbreytingin sem verður á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá og með nk. áramótum og snertir rekstur heilbrigðiskerfisins er sú að öll sjúkrahús, jafnt á vegum sveitarfélaga sem og einkasjúkrahús, verða rekin að fullu á kostnað ríkisins. Þetta byggist á því að frá og með nk. áramótum verða sjúkrasamlögin lögð niður og verða sjúkratryggingar eftir það eingöngu reknar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins. Sjúkratryggingar taka þannig yfir greiðsluhluta sveitarfélaganna í rekstri þessara sjúkrahúsa svo að í stað þess að greiða 85% kostnaðar kemur ríkið til með að standa undir öllum kostnaði.

Stjórnir sjúkrahúsa sveitarfélaga eru þannig skipaðar í dag að eigendur, sveitarfélögin, skipa þrjá fulltrúa og starfsmenn tvo. Stjórnir einkasjúkrahúsa, þar með taldar sjálfseignarstofnanir, eru þannig skipaðar að eigendur eiga þrjá fulltrúa, starfsmenn einn og hlutaðeigandi sveitarfélag einn.

Með því að koma þessum rekstri algjörlega yfir á ríkið liggur ljóst fyrir að ríkið verður að fá aðild að stjórnum þessara stofnana á sama hátt og gildir um sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar eins og Alþingi samþykkti á sl. vori, þannig að saman fari rekstrarleg og fjárhagsleg ábyrgð eins og áður segir.

Megintilgangur með þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til er því sá að sem líkastar reglur gildi um stjórnir og rekstur allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í landinu. Því er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi í allar stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, þar af formann án tilnefningar.

Reiknað er með að stjórnir heilsugæslustöðva verði skipaðar fimm mönnum. Þar af skulu þrír tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélögum, einn af starfsmönnum og einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður eins og áður segir.

Hvað snertir sjúkrahús sveitarfélaga er lagt til að ráðherra skipi formann, starfsmenn tilnefni einn og eigendur þrjá.

Varðandi sjúkrahús sjálfseignarstofnana er lagt til að eigendur skipi þrjá, ráðherra tilnefni einn og starfsmenn einn. Í því tilviki er gert ráð fyrir að stjórnin skipti með sér verkum.

Það er skoðun ráðuneytisins að með ofangreindum hætti fari saman fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð innan heilbrigðiskerfisins en því hefur ekki verið til að dreifa til þessa. Vænti ég þess að fullur skilningur sé á þessu hjá þeim aðilum sem hlut eiga að máli. Í þessu tilviki vil ég sérstaklega undirstrika að ekki er ætlunin að efla svokallaða miðstýringu þessara mála. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar að þessum málum verði best sinnt af hlutaðeigandi aðilum sem eru stjórnir stofnananna og vil með þessum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum treysta sem mest afskiptarétt þeirra sem falið er að annast reksturinn úti í héraði. Stjórnirnar hefðu með að gera allar mannaráðningar og mundu annast fjárreiður, bókhald og reikningsskil. Þannig yrðu færð út úr ráðuneytinu ákveðin störf sem þar hafa verið unnin allt frá því að ráðuneytið tók til starfa sem sjálfstætt ráðuneyti 1970 og í reynd miklu lengur og yrði hlutverk ráðuneytisins í ríkara mæli fólgið í leiðbeiningu, ýmiss konar ráðgjöf, fræðslu og að sjálfsögðu eftirliti með rekstrinum.

Lagt er til að hlutaðeigandi sveitarfélög eigi meiri hluta í stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa sveitarfélaganna. Enn fremur er gerð sú krafa að formaður, sem skipaður skal án tilnefningar, búi á starfssvæði heilsugæslustöðvar eða sjúkrahúss eftir því sem við á. Á þessu sést að allir þeir sem sitja munu í stjórnum þessara stofnana koma beint úr héraði.

Varðandi rekstur einkasjúkrahúsa, þar með talinna sjálfseignarstofnana, eru ekki lagðar til aðrar breytingar en þær að fulltrúi ráðuneytisins komi í stað fulltrúa sveitarfélaganna sem hlýtur að teljast eðlilegt enda hafa sveitarfélögin ekkert með rekstur þeirra að gera eftir áramótin.

Auk ofangreindra breytinga sem telja verður höfuðbreytingarnar eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögunum auk lítils háttar lagfæringa sem yfirleitt tengjast breyttum áherslum vegna nýrrar verkaskiptingar. Þannig er lagt til að skipaðir verði héraðslæknar í stærstu héruðunum, þ.e. Reykjavík, Norðurlandi eystra og Reykjanesi, í fullt starf. Sem stendur eru héraðslæknisstörf hlutastörf og er ætlunin að svo verði áfram í öðrum læknishéruðum. Þetta hefur í för með sér sjálfstætt starf héraðslæknis í Reykjavík. Héraðslæknir Norðurlands eystra, sem nánast hefur starfað eingöngu sem héraðslæknir, mundi sinna embættinu í fullu starfi og hið sama mundi gilda um héraðslækninn í Reykjaneshéraði. Enn fremur er lagt til að skipaðir verði héraðshjúkrunarfræðingar í Reykjavík, Norðurlandi eystra og í Reykjaneshéraði á sama hátt og héraðslæknar og í öðrum héruðum sé ráðherra heimilt að skipa einn af heilsugæsluhjúkrunarfræðingum sem héraðshjúkrunarfræðing.

Hlutverk héraðshjúkrunarfræðinga er nánar tíundað í lögunum en það yrði fyrst og fremst að fylgjast með og samræma og skipuleggja hjúkrunarstarf í héraðinu í samvinnu við héraðslækni. Í þessu tilviki vil ég benda á að skv. lögum um heilbrigðisþjónustu er gerður greinarmunur annars vegar á lækningum og hins vegar hjúkrun og er þar með gert ráð fyrir ábyrgð lækna á lækningum, sbr. læknalög nr. 53/1988, og hjúkrunarfræðinga á hjúkrun, sbr. hjúkrunarlög nr. 8/1974.

Þáttur hjúkrunarfræðinga hefur farið vaxandi í starfi heilsugæslustöðva og má sem dæmi nefna að töluvert fleiri hjúkrunarfræðingar starfa við heilsugæslustöðvar í dag en læknar. Þetta réttlætir að mínu mati fyllilega að tekið verði með sama hætti á hjúkrunarþættinum í héruðum landsins sem og lækning-

um. Nái þessar breytingar fram að ganga yrði nauðsynlegt að breyta heilbrigðismálaráðum héðan af þannig að héraðslæknir og héraðshjúkrunarfræðingur sitji þar ásamt formönnum stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í héraði og er ætlast til að ráðherra skipi formann úr hópi heilbrigðismálaráðanna, en ekki eins og nú gildir að héraðslæknir fari með formennsku.

Þetta sem ég hef nú talið upp hér tel ég allt vera til þess að undirstrika mikilvægi þess að færa vald frá ráðuneyti út í héruð. Efla stjórn heima í héruðum og gera menn betur færa til að takast á við þessi mikilvægu verkefni þar. Til álita kemur auðvitað að ganga enn lengra og skipa héraðslækna og héraðshjúkrunarfræðinga yfir þau héraðslæknisumdæmi sem ekki eru upptalin hér í frv. eins og það liggur nú fyrir eða að skipa héraðslækni og héraðshjúkrunarfræðing sérstaklega yfir fleiri en eitt af þessum umdæmum.

Ein meginbreytinganna felst í því að lagt er til að komið verði á fót kerfi heilsugæslu í Reykjavík í samræmi við ákveðna verkaskipan. Er þar gert ráð fyrir 13 heilsugæslustöðvum auk heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi sem sinnir hluta af Reykjavík samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Í þessu tilviki er rétt að benda á að ekki hefur enn tekist að koma á heilsugæslu í Reykjavík nema að litlu leyti þrátt fyrir að lögin þar að lútandi hafi verið í gildi í fimmtán ár. Skýringarnar eru fyrst og fremst þær að lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu heilsugæslunnar úti á landi í samræmi við ákvæði laganna eins og þau voru samþykkt 1973 og enn fremur að nokkur ágreiningur hefur verið uppi um það hvort kerfi heilsugæslu eigi við í Reykjavík með sama hætti og úti á landi. Með því að ríkið tekur yfir starfrækslu heilsugæslustöðva að öllu leyti frá og með nk. áramótum tel ég nauðsynlegt að kveðið verði á um starfrækslu heilsugæslustöðva í Reykjavíkurlæknishéraði í lögunum svo ekki fari á milli mála hvernig þeim málum skuli háttað.

Ég vil benda á að á vegum Reykjavíkurborgar var unnið að lausn þessara mála á árunum 1979–1983 og á þeim árum samþykkti borgarstjórn í þrígang samhljóða að óska eftir breytingum við ríkið en af því gat ekki orðið m.a. vegna ýmissa álitamála sem upp komu vegna þeirrar starfsemi sem þegar var fyrir hendi.

Það er rétt að benda á að í reynd hafa verið rekin fjögur kerfi í Reykjavík sem hafa með heilsugæslu að gera á einn eða annan hátt. Það eru kerfi heilsugæslu samkvæmt gildandi lögum á nokkrum stöðum, heimilislækninga samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins, heilsugæslan í Álftamýri og síðan hefur Heilsuverndarstöðin í Reykjavík annast ákveðna þætti heilsuverndar í samræmi við gömul lög. Hverfaskipting sú sem lögð er til í 10. gr. frv. er í samræmi við þær tillögur sem þegar hafa verið samþykktar á vegum borgarinnar en ekki hafa komist í framkvæmd enn þá. Ég tel eðlilegast eins og málum er háttað að lögin kveði beinlínis á um þessa hverfaskiptingu en tek fram að reiknað er með í lögum að hægt sé að breyta hverfaskiptingunni með reglugerð að fengnum tillögum stjórna heilsugæslustöðva í Reykjavík og héraðslæknis. Þannig geta þessi svæði að sjálfsögðu verið til endurskoðunar á hverjum tíma eftir því sem hentast og heppilegast þykir varðandi uppbygginguna hér í Reykjavík.

Nái þetta ákvæði fram að ganga verður rekið heilstætt kerfi heilsugæslu í landinu öllu. Varðandi stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík skal á það bent að samkvæmt 17. gr. er gert ráð fyrir því að hún verði í höndum einnar stjórnar. Til greina hefði einnig komið að skipa allt frá einni og upp í þrettán stjórnir en ráðuneytið telur eðlilegast að athuguðu máli að ein stjórn fari með þessa starfsemi alla enda hefur svo verið til þessa.

Í 27. gr. frv. er lagt til nýmæli sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt ýmis konar ágreiningur um valdsvið sérmenntaðs starfsfólks á heilbrigðisstofnunum, ekki síst á milli lækna annars vegar og hjúkrunarfræðinga hins vegar, en eins og ég hef áður greint frá er gerður greinarmunur í lögum á lækningum annars vegar og hjúkrun hins vegar. Er því nauðsynlegt að ábyrgum aðila verði falið að leysa úr ágreiningi þannig að starfsemin geti haldið áfram á snurðulausan hátt og mál fái úrlausn.

Í 27. gr. frv. er gert ráð fyrir að það verði hlutverk stjórna hlutaðeigandi stofnana að skera úr um ágreining og að vísa megi þeim úrskurði síðan til ráðherra. Gert er ráð fyrir að þessu ákvæði verði fylgt eftir með reglugerðarsetningu þar sem m.a. yrði kveðið nánar á um framkvæmdina.

Í ákvæðum til bráðabirgða er lagt til að heilsuverndarstarf í Reykjavík haldist óbreytt út næsta ár, þ.e. að starfsemi heilsugæslustöðva samkvæmt lögunum verði að fullu komin til framkvæmda frá og með áramótunum 1990–1991. Í tilefni þessa er lagt til að ráðherra skipi frá og með 1. jan. nk. sérstaka þriggja manna stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík og að hlutverk hennar verði í umboði ráðuneytisins að annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í samráði við héraðslækni og gera tillögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík og er reiknað með að skipulag þess efnis liggi fyrir eigi síðar en 1. okt. 1990 þannig að það geti komið til framkvæmda frá og með áramótunum 1990–1991 og munu þá lög um heilsuverndarstarf, nr. 44/1955, með breytingum nr. 28 1957, falla úr gildi.

Í ákvæðum til bráðabirgða er enn fremur gert ráð fyrir að stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík og stjórnir sjúkrahúsa sveitarfélaga, þar með taldar stjórnir sjúkrahúsa í starfstengslum við heilsugæslustöðvar, skuli kosnar eftir reglulegar sveitarstjórnarkosningar en fram að þeim tíma skuli þær vera óbreyttar, þ.e. að núverandi stjórnir fari með málefni fram yfir sveitarstjórnarkosningar á komandi vori. Tilflutningur starfsmanna heilsugæslustöðva í Reykjavík, heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús og sjúkrahúsa sveitarfélaga skal fara fram

þegar nýjar stjórnir hafa tekið við og skal tilflutningi lokið á næsta ári.

Í þessu tilviki vil ég benda á að nú er unnið að því að ganga frá tilflutningi starfsliðs sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva til ríkisins, svo og þess starfsliðs sem starfað hefur að skólatannlækningum í Reykjavík.

Auk þessa sem ég hef þegar greint frá er að finna í lögunum nokkrar smærri breytingar og lagfæringar sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér en vísa í þess stað til frv. sjálfs og ítarlegra athugasemda við frv. og með einstökum greinum þess.

Hæstv. forseti. Að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um að nefndin hraði störfum sem allra mest þannig að frv. geti náð fram að ganga fyrir nk. áramót, en mjög brýnt er að þær breytingar sem kveðið er á um í lögunum og snerta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga öðlist gildi um leið og verkaskiptingarlögin sjálf eigi það markmið að nást að fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð heilbrigðisþjónustunnar fari saman.

Umræðu frestað.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 1. umr.

Stjfrv., 164. mál. — Þskj. 179.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 179 um breytingu á lögum nr. 80 frá 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Í þessu frv. er lagt til að hlutafélaginu verði heimilt að taka þátt í öðrum félögum og öðrum greinum atvinnurekstrar, ekki eingöngu vera bundið við vinnslu kísilgúrs úr botni Mývatns. Samkvæmt núgildandi aðalsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Manville Corporation takmarkast starfsheimildir Kísiliðjunnar við nám og vinnslu kísilgúrs. Afkoma Kísiliðjunnar hefur verið góð á undanförnum árum og hefur félaginu tekist að greiða niður allar langtímaskuldir og er eiginfjárhlutfall fyrirtækisins orðið yfir 90%. Með tilliti til þekktrar fjárhagsstöðu félagsins virðist mér því eðlilegt að rýmka verksvið Kísiliðjunnar á þann hátt sem lagt er til í frv. Mér finnst skynsamlegt að nýta þann styrk sem samstarfið við Manville-félagið hefur veitt Kísiliðjunni og þá miklu tækni-, markaðs- og stjórnunarþekkingu sem þar er að finna með þessum hætti. Með því að rýmka verksviðið gæti Kísiliðjan hf. orðið virkari þátttakandi í atvinnurekstri í landinu og reyndar styrkt stoðir atvinnulífsins, einkum á Norðausturlandi.

Með samningi sem var undirritaður föstudaginn 23. júní á þessu ári var ákvæðum aðalsamnings milli Manville og íslensku ríkisstjórnarinnar breytt með viðauka á þann veg að félaginu var veitt heimild til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Viðaukinn var undirritaður samhliða því að Manville Corporation jók eignarhlut sinn í félaginu úr 39,8% í 48,7% með kaupum á 8,9% hlutafjár í félaginu. Þessi breyting á hlutafjáreign felur í reynd í sér að aftur er horfið að upphaflegum skiptum á hlutafénu eins og voru við stofnun félagsins, en um sinn eftir vandræði sem hlutust af Kröflueldum varð ríkið að auka nokkuð framlag sitt til þessa félags.

Ákvæðin um breytt hlutverk Kísiliðjunnar voru undirrituð með fyrirvara um samþykki Alþingis á þann hátt sem hér er gerð tillaga um. Ákvæðin um sölu hlutabréfanna tóku hins vegar gildi þegar við undirritun samkvæmt ákvæðum laganna um Kísiliðjuna.

Á liðnum árum hefur Manville-félagið athugað nokkra kosti hér á landi, m.a. nám og vinnslu perlusteins, kaup á steinull til frekari úrvinnslu í Bretlandi og frekari úrvinnslu kísilgúrs hér á landi. Kísiliðjan hf. hefur gert samstarfssamning við Iðntæknistofnun Íslands um könnun á nokkrum kostum til aukins iðnrekstrar hér á landi og hefur sú könnun einkum beinst að því hvort vinna megi svokallaða zeólíta úr kísilgúrefninu. Markaður fyrir þessa afurð, zeólítana, fer nú mjög vaxandi, en þetta efni er m.a. notað sem íblöndunarefni í þvottaefni og önnur hreinsiefni. Þess skal getið að sérfræðingar frá Manville-félaginu hafa unnið með sérfræðingum Iðntæknistofnunar að sýnatöku á perlusteini úr Prestahnjúki haustið 1988. Frumniðurstöðurnar voru þær að perlusteininn úr Prestahnjúki hentaði ekki sérlega vel til þeirrar framleiðslu sem Manville-félagið hafði í huga. Samstarfið við Iðntæknistofnun um zeólítaverkefnið lofar hins vegar góðu og það er til marks um það hversu vel þetta samstarf hefur tekist að Manville-félagið hefur hug á því að fá Iðntæknistofnun Íslands til þess að vinna að verkefnum fyrir sig vegna annarra verksmiðja þeirra, þ.e. í öðrum löndum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að gera frekari grein fyrir efni frv., en það er sama eðlis og frv. til laga um breytingu á lögum um Járnblendifélagið á Grundartanga sem fram var lagt og samþykkt á sl. vori. Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fjarvera stjórnarþingmanna.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég gat þess áðan að yfirleitt mættu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar ekki til funda þannig að hægt væri að afgreiða mál og þetta mál sem

nú er verið að taka út af dagskrá, lánsfjárlög 1989, var hér til umræðu og stjórnarandstæðingar urðu að hjálpa til svo að hægt væri að klára 2. umr. Mér er kunnugt um að gerð hefur verið tilraun á undanförnu korteri eða svo, eða lengri tíma, að kalla stjórnarþingmenn inn þannig að hægt væri að afgreiða þetta mál, enda lýsti formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar því hér áðan mjög fjálglega að brýn nauðsyn væri að afgreiða málið nú þegar vegna sjóðaframlaga og annars slíks.

Ég hlýt að gagnrýna mjög þessi vinnubrögð stjórnarsinna og tel þetta fráleitt að taka þetta mál út af dagskrá, þegar einu sinni er búið að taka það fyrir að nýju, án þess að gefa þá skýringu sem rétt er, að ekki er hægt að ná 11 stjórnarþingmönnum inn í deildina.

NEÐRI DEILD

12. fundur, þriðjudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lyfjafræðslunefnd, frh. 1. umr.

Frv. ÁJ og FrS, 114. mál. — Þskj. 118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Áfengisfræðsla, frh. 1. umr.

Frv. ÁJ og FÞ, 118. mál. — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (meðdómsmenn). — Þskj. 161.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986, eins og það kemur frá hv. Ed.

Núgildandi lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum öðluðust gildi þann 1. júlí 1986. Í 1. gr. þeirra laga er svo kveðið á að fyrir þeim dómstóli skuli reka og dæma opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 frá 1974, vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Málum sem komið hafa til meðferðar dómstólsins á undanförnum missirum hefur ekki einvörðungu fjölgað, heldur hefur umfang þeirra vaxið verulega. Á þetta einkum við um nokkur mjög umfangsmikil fíkniefnamál þar sem um hefur verið að ræða innflutning og dreifingu á kókaíni en við slíkum brotum liggja þung viðurlög.

Eigi verður talið svo að óyggjandi sé að heimilt sé samkvæmt núgildandi lögum að fleiri en einn dómari dæmi mál sem rekin eru fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og flyt ég því frv. þetta. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda um samfellda, hraða og vandaða málsmeðferð þegar í 1. gr. frv. er lagt til að þegar vafi þyki vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði geti dómarinn að fengnu samþykki dómsmrn. ákveðið að slík mál séu dæmd af þriggja manna dómi. Sú breyting varð á meðförum frv. í Ed. að heimild dómarans til að kveðja til setu í dómi með sér tvo dómendur sé háð samþykki dómsmrn. Sambærileg lagaheimild er varðandi Sakadóm Reykjavíkur og skal það skýrt nokkru nánar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, getur ríkissaksóknari kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð annaðhvort eða hvort tveggja skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að í Reykjavík geti þrír sakadómarar, annaðhvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmrh., farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- og lagaatriði.

Í 2. málsl. 1. gr. frv. er fjallað um hæfi þeirra sem kvaddir eru til setu í dómi. Þar er lagt til að viðkomandi sé embættisdómari. Í frv. sem lagt var fyrir Ed. var gert ráð fyrir að auk embættisdómara væri unnt að kveðja til setu í dómi menn sem uppfylltu skilyrði 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga, þ.e. til skipunar sem dómari í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, en í meðförum Ed. var sá hluti ákvæðisins felldur brott.

Þá er að lokum í 2. gr. frv. m.a. lagt til að umrædd

lagabreyting taki til mála sem þegar eru til meðferðar hjá dómstólnum.

Ég legg til, hæstv. forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 127. mál (launavísitala). — Þskj. 131.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir litlu frv. á þskj. 131 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, þ.e. breyting á lögum nr. 63 26. júní 1985.

Þetta frv. er flutt að beiðni Hagstofu Íslands og í samráði við félmrh. og það er flutt af fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Í gildandi lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga, er í 6. gr. kveðið á um „launavísitölu til greiðslujöfnunar". Þessi vísitala skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Launavísitala til greiðslujöfnunar er metin mánaðarlega og nýtt til greiðslujöfnunar opinberra húsnæðislána en ekki í öðru skyni. Undanfarin tvö ár hefur ekki verið hægt að reikna þessa vísitölu í samræmi við fyrirmæli laganna þar sem mánaðarlegar áætlanir um vísitölu atvinnutekna og meðalkauptaxta hafa ekki verið tiltækar. Hagstofan hefur því reist vísitölu þessa á áætlunum um breytingar greiddra launa, einkum dagvinnulauna, að teknu tilliti til samningsbundinna breytinga annarra launaþátta.

Á sl. vori voru sett almenn lög um launavísitölu, nr. 89/1989. Við umfjöllun málsins í fjárhags- og viðskiptanefndum Alþingis var á það bent af hálfu Hagstofunnar að eftir gildistöku nýrra laga um launavísitölu væri æskilegt að færa ákvæði um gerð launavísitölu til greiðslujöfnunar til samræmis við ný lög um launavísitölu. Hér kemur tvennt til. Annars vegar hefur eins og áður segir ekki verið unnt að fullnægja þeim fyrirmælum um útreikning launavísitölu til greiðslujöfnunar sem fram koma í núgildandi 6. gr. laga nr. 63/1985 og hins vegar er ekki heppilegt að beitt sé mörgum opinberum launavísitölum. Af þessum ástæðum er frv. þetta flutt.

Frv. þarfnast ekki sérstakra skýringa, en um gerð hinnar nýju launavísitölu vísast til þeirra skýringa sem fram komu í frv. til laga þar að lútandi (þskj. 361 á 111. löggjafarþingi 1988–89).

Forstjóri Hagstofu Íslands, Hallgrímur Snorrason, kom til fundar við fjh.- og viðskn. og gerði okkur nákvæma grein fyrir eðli málsins og nauðsyn þess að frv. yrði flutt og féllst nefndin einróma á að verða við tilmælum hans. Þetta frv. er einnig flutt í samráði við félmrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 86. mál. — Þskj. 87.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jarðhitaréttindi. Það er 86. mál þessa þings á þskj. 87. Flm. ásamt mér að þessu máli eru hv. þm. Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir og Ragnar Arnalds.

Þetta mál hefur komið fram áður á Alþingi en ekki orðið útrætt. Þar sem hér er um stórt og þýðingarmikið mál að ræða freistum við hv. flm. þess að leggja það hér fram aftur og væntum þess að á því verði nú tekið því að nauðsynin til þess að setja heildarlöggjöf um jarðhitaréttindi er enn brýn og hefur þýðing þess raunar vaxið.

Meginákvæði þessa frv. koma fram í 1. og 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um mörk eignarréttar á jarðhita. Í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Í 6. gr. segir:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr."

Í 11. gr. frv. er sérstakt ákvæði sem varðar sveitarfélög, en greinin er svohljóðandi:

„Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi."

Í 8. gr. er kveðið á um forgangsrétt þeirra sem nýta nú þegar jarðhitasvæði, gert ráð fyrir því að þeir hinir sömu hafi forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

Í III. kafla frv. eru ákvæði sem snerta sérstaklega meðferð jarðhitasvæða og náttúruvernd í því samhengi.

Þetta má segja að séu meginefni þessa frv. og þau eru vissulega mjög ákvarðandi og það er mjög gild stefnumörkun sem í þeim felst. Í núgildandi löggjöf er helstu ákvæði um jarðhita að finna í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og í orkulögum, III., V. og

VII. kafla. Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á en nokkrar takmarkanir eru á umráðaréttinum. Ákvæðin í orkulögum sem vitnað var til leystu af hólmi lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim sem lög þessi tilgreina, eins og þar segir.

Í grg. við I. kafla frv. er nánar rakið hvernig núgildandi ákvæði birtast varðandi jarðhitaréttindi.

Það hafa, herra forseti, verið gerðar margar atrennur að því að setja heildarlöggjöf um jarðhitaréttindi eða um ákveðin svið varðandi jarðhita, svo sem um háhitasvæði. Það er rakið á bls. 5–6 í grg. með frv. hverjar þessar meginatrennur eru. Sú saga nær ekki skemur en til ársins 1937 og að þessu máli hafa komið menn hverra nöfn Íslandssagan geymir og hafa látið mjög að sér kveða á liðinni tíð, m.a. hér á Alþingi. Þar á meðal var dr. Bjarni Benediktsson sem stóð að máli sem hann flutti á Alþingi árið 1945 og vitnað er til á bls. 6 í grg., en þetta mál varðaði eignar- og notkunarrétt jarðhita. Þar var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra sem skuli synja leyfis ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns en þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir.

Í frv. var ekki ákvæði um bætur, enda segir m.a. í grg. með þessu frv. dr. Bjarna Benediktssonar: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í þessu frv. dr. Bjarna var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Dr. Bjarni Benediktsson taldi þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta.

Ég tel þýðingarmikið að draga fram viðhorf þessa stjórnmálamanns og fræðimanns á sviði löggjafar þegar rætt er um þetta mál hér.

Dr. Ólafur Jóhannesson skrifaði ritgerð sem fylgdi stjfrv. til jarðhitalaga sem lagt var fram á Alþingi 1957 og það frv., sem hét frumvarp til laga um jarðhita, kvað á um rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar jarðhita og um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita. Þar voru sett fram ákvæði ekki ósvipað og kemur fram í þessu frv. M.a. var í 8. gr. þess frv. að finna svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar.“ Og í 9. gr. þess frv. var kveðið á um að engum væri heimilt að bora eftir jarðhita niður fyrir 100 metra dýpi né ráðstafa eða hagnýta jarðhita nema til kæmi sérstakt leyfi ráðherra.

Í grg. með þessu frv. er vitnað til ritgerðar prófessors Ólafs Jóhannessonar. Niðurstöður hans voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Hann segir enn fremur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar.

Það er ekki lítils virði að hafa álit þessara fræðimanna í lögum fyrirliggjandi þegar fjallað er um ákvæði af því tagi sem það frv. sem ég mæli hér fyrir hefur að geyma.

Í IV. kafla grg. með frv. er fjallað sérstaklega um eignarréttarviðhorfin og með tilliti til ákvæða stjórnarskrárinnar. Niðurstaðan, eins og greint er frá í þessari grg., er sú að með ákvæðum frv. þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar að jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti. Í niðurlagi grg. segir um þetta frekar:

„Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febr. 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. des. 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.“

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns er veruleg nauðsyn á að marka almenna stefnu um umráða- og nýtingarrétt jarðhita í landinu. Jarðhitinn er ein af auðlindum þjóðarinnar. Jarðhiti djúpt í jörðu er eðlilegt að talinn verði almannaeign, sameign þjóðarinnar. Það eru auðæfi sem engir einstaklingar hafa átt þátt í að skapa. Vöntun á almennum ákvæðum um þessa auðlind standa nú þegar og hafa um skeið staðið í vegi fyrir eðlilegum rannsóknum á þessari auðlind. Það er alveg ljóst að rannsóknir geta leitt til verulegra krafna varðandi verðmæti lands, varðandi bætur fyrir land og það er mjög brýnt að löggjafinn taki loks á þessu máli og setji um það leiðbeinandi reglur, almennar reglur eins og hér er gert ráð fyrir samkvæmt frv.

Þetta frv. mótast af því viðhorfi, sem við alþýðubandalagsmenn og margir fleiri höfum mælt fyrir, að auðlindir þjóðarinnar eigi að líta á sem sameign og það hefur hlotið stuðning manna í öðrum stjórnmálaflokkum óháð því hvar þeir flokkast í hinu pólitíska litrófi eins og fram hefur komið í mínu máli.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fara fleiri orðum um mál þetta nú á þessu stigi við þessa umræðu nema tilefni gefist til hér síðar við umræðuna, en mæli með því að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 144.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er 140. mál þessarar deildar á þskj. 144. Flm. að þessu frv. eru auk mín hv. þm. Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir og Ragnar Arnalds.

Frv. þetta kveður á um skv. 1. gr. að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.

Í öðrum greinum þessa frv. er kveðið á um hvaða takmörk eru sett við leit að efnum til hagnýtingar og gert ráð fyrir að til þess þurfi skriflegt leyfi iðnrh. og einnig að sami ráðherra, þ.e. iðnaðarmála, veiti heimildir til að taka eða nýta efni af hafsbotni. Leyfi af þessu tagi er gert ráð fyrir að sé bundið við ákveðin svæði. Þá er kveðið á um heimild til að sett verði nánari reglugerð um ákvæði og framkvæmd laganna, svo og um brot við lögunum.

Í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir því að þeir sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni skuli innan sex mánaða sækja um leyfi samkvæmt ákvæðum 4. gr. frv.

Þetta frv. hefur áður verið flutt hér á Alþingi. Upphaflega kom það fram sem stjfrv. 1982, en það var undirbúið af nefnd sem starfaði á vegum iðnrn. á því ári. Sama nefnd hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir og starfaði um nokkurra ára bil á vegum iðnrn. Meðal þeirra sem komu að undirbúningi þessa máls var Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómari. Þetta mál var lagt fram á Alþingi í stjórnartíð dr. Gunnars Thoroddsens. Meðal þeirra sem sátu í þeirri ríkisstjórn var prófessor Ólafur Jóhannesson, þá utanrrh., og hann mælti sérstaklega með því að frv. af þessu tagi yrði flutt og hlyti samþykki. Málið fékk nokkra meðferð hér á Alþingi í ársbyrjun 1983, en starfstími þess þings var knappur þar eð þing var rofið fyrr en venja er til og var þá lagt til af þingnefnd og samþykkt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, eins og þar sagði „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga".

Nefndin lagði áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála yrði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing, eins og sagði í áliti nefndarinnar.

Það hefur hins vegar ekki verið nein teljandi hreyfing á þessu máli síðan á vegum ríkisstjórna og því kemur þetta frv. nú enn fram hér sem þmfrv.

Hæstv. núv. iðnrh. hefur greint mér frá að hann hefði áhuga á þessu máli en sérstakur undirbúningur hafi ekki farið fram vegna þess á vegum ríkisstjórnarinnar og því gerir hann ekki athugasemdir við að málið sé hér fram lagt á Alþingi. Við skulum vænta þess að þær undirtektir af hálfu ráðherra verði til þess að greiða götu málsins hér í þinginu.

Í grg. með frv. er frá því greint m.a. að þótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum skorti reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum sem þar kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga.

Í grg. er einnig gefið yfirlit um helstu rannsóknir sem fram hafa farið á hafsbotninum umhverfis Ísland en þær rannsóknir eru vissulega skammt á veg komnar. Lítið er um það að hagnýt efni hafi verið numin af hafsbotni. Það eru þá helst möl og sandur sem byggingarefni, en nokkuð hefur verið rannsakað um útbreiðslu slíkra efna og vissulega má einnig nefna nám á skeljasandi sem tekinn hefur verið fyrir Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi um langt árabil og er auðvitað verðmætt og þegar hagnýtt jarðefni.

Í grg. með frv. er yfirlit um rannsóknir sem tengjast setlögum á hafsvæðum umhverfis Ísland með tilliti til hugsanlegra kolvetna sem þar gætu fundist. Þær rannsóknir hafa staðið yfir fyrst og fremst frá árinu 1978 að telja þegar fyrstu bergmálsdýptarmælingar voru gerðar. Verulegu mælingarnar voru gerðar á svæðum fyrir norðan land og rannsóknir hafa einmitt beinst að svæðunum úti fyrir Norðurlandi og norðaustur af landinu sérstaklega.

Í Flatey á Skjálfanda var sumarið 1982 boruð sérstök kjarnahola til rannsókna á setlögum sem er að finna úti fyrir Mið-Norðurlandi og frekari rannsóknir hafa farið fram á þessu setlagasvæði og hafa þær gefið betri mynd af því, þykkt setlaga og jarðlagagerð.

Þá er í grg. og í fylgiskjölum með frv. gefið yfirlit yfir rannsóknir sem fram hafa farið samkvæmt ákvæðum samkomulagsins um Jan Mayen svæðið, en samningur um það var gerður milli Íslands og Noregs 22. okt. 1981 og gekk í gildi ári síðar.

Einnig hafa farið fram rannsóknir á svæðum sem ekki eru ótvírætt undir yfirráðum Íslendinga enn sem komið er, hinu svonefnda Hatton-Rockall svæði þar sem Danir og Íslendingar hafa staðið sameiginlega að rannsóknum á setlögum. Ekki hafa komið neinar ótvíræðar niðurstöður úr þessum rannsóknum, en þó má benda á að niðurstöður rannsóknanna á Jan Mayen svæðinu hafi veitt vísbendingar sem tákna að nokkrar líkur eru taldar á olíumyndun á því svæði.

Eins og hér hefur verið greint er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað að þar kunni að finnast verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja sem fyrst lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að þessum auðlindum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið að mati flutningsmanna að ríkið sem

slíkt er eigandi að auðlindum þeim er á hafsbotni kunna að finnast og ræður yfir nýtingu þeirra. Það er í samræmi við viðurkenndar skoðanir einnig í nágrannalöndum okkar.

Hér hefur verið valinn sá kostur með frv. þessu að setja almenn lög um þetta efni þar sem ákveðnar eru meginlínur í stefnu þeirri sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu mætti síðar setja ákvæði í lögum eða með reglugerðum eftir því sem þurfa þykir, m.a. um umhverfisvernd. Í því sambandi legg ég sérstaka áherslu á það að ef til hagnýtingar kæmi, ef nýtanlegar auðlindir fyndust, t.d. olíulindir, þarf auðvitað að fara fram mjög ákveðið og strangt mat á kröfum sem gerðar yrðu varðandi hugsanlega hagnýtingu slíkra efna á íslenskum hafsvæðum.

Við samningu frv. hefur m.a. verið höfð hliðsjón af fyrirkomulagi og löggjöf sem Norðmenn hafa sett í þessum efnum, en eins og kunnugt er þá er mikið um hagnýtingu jarðefna á norskum hafsvæðum, á hafsbotni undir norskum hafsvæðum, ekki síst olíunám.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. í framsögu við 1. umr. en vísa til grg. með frv. og 11 fylgiskjala sem prentuð eru með því og snerta mál þetta. Ég legg til að að lokinni umræðu um frv. verði því vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

EFRI DEILD

14. fundur, miðvikudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1989, frh. 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 184.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 178.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Hér er þetta sem stjfrv. og svo kann að vera að sé, en í a.m.k. þingflokki Alþfl. er þetta mál afgreitt með fyrirvörum einstakra þingmanna um að þeir mundu flytja eða styðja brtt. sem fram kynnu að koma við þetta frv. (**EgJ:** Þetta er stjfrv. fyrir því.) Það kann að vera, hv. skrifari Egill Jónsson, að þetta sé stjfrv. fyrir því, en það er rétt að þetta komi fram við 1. umr. frv., að fyrirvarar eru að því er varðar stuðning við frv. eins og það er.

Ég skal ekki eyða löngum tíma í að ræða þetta frv. en ég óttast, ég vil ekki fullyrða neitt, ég óttast að hér sé enn eina ferðina verið að vega að dreifbýlislandshlutunum. Nóg hefur verið um slíkt að mínu viti og ég óttast líka að hér sé verið að draga valdið á færri hendur en verið hefur. A.m.k. sýnist mér það að því er það kjördæmi varðar sem ég er fulltrúi fyrir sem er Vestfjarðakjördæmi.

Í 3. gr. frv. stendur: „Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði.“ Samkvæmt þessu eiga einvörðungu að vera þrír héraðslæknar í þremur héruðum eða kjördæmum. Ég man eftir því allt frá 1972 líklega, ef ég man rétt, þegar heilbrrh. var Magnús heitinn Kjartansson, að þá var lögð mikil áhersla á það að hafa héraðslækna í öllum héruðum landsins og ég tel það nauðsyn. Ég tel að hér sé verið — að mér sýnist, ég vil ekki fullyrða fyrr en ég hef skoðað það sérstaklega og þá nefnd sem þetta mál fær — að hér sé verið að draga ákvörðunarvaldið úr höndum heimamanna í miðstýringarvaldið hér á suðursvæðinu, ef það má orða það svo. Ef svo er þá er það að mínu viti mjög rangt því að auðvitað á að færa valdið til heimahéraðanna en ekki draga það frá þeim.

Ég vildi því nú við 1. umr. lýsa minni skoðun á þessu, að ég hef alla fyrirvara að því er varðar þetta mál um flutning á brtt. og stuðning við hugsanlegar brtt. einstakra þingmanna og það er í ljósi þess að ég tel og óttast að hér sé verið að draga vald frekar á eina hendi heldur en verið hefur og hér sé verið að breyta grundvallarreglum þess sem verið hefur í heilbrigðisþjónustunni allt til þessa, a.m.k. í sumum læknishéruðum. Mín spurning er kannski fyrst og fremst til hæstv. heilbrrh.: Hvers vegna? Hver eru rökin fyrir því að það er verið að skipa héraðslækna í þremur tilteknum héruðum en önnur skilin eftir? Hver eru rök fyrir slíku?

Ég hef heyrt að menn segi: Ja, þetta eru svo fámenn héruð að það tekur því ekki að hafa sérstaklega skipaðan héraðslækni í þeim hinum héruðum sem ekki eru talin hér upp. Ég hafna slíku. Ég tel að það sé full nauðsyn á því að hafa héraðslækna í öllum læknishéruðum landsins og eins og það er núna, þá var því skipt á sínum tíma og ég tel að slíkri skipan eigi að halda. Vera kann að menn hafi rök og skýringar fyrir því að þetta sé réttlætanlegt. Ég sé þau ekki og óska þess vegna eftir því að hæstv. ráðherra eða þá nefndin sem fær þetta mál til umfjöllunar kanni þetta mál mjög ítarlega og sjái svo um að hér sé ekki verið að draga ákvörðunarvald úr höndum heimamanna því að ég tel fyllilega að það sé frekar þörf á því að menn hlúi að því að völdin séu í

héruðunum en ekki dregin hér á einn bát á Reykjavíkursvæðinu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess við þessa umræðu að þakka fyrir það að þetta frv. skuli hér flutt. Ég tel að það sé í raun og veru mjög mikilvægur áfangi í heilbrigðisþjónustunni í landinu sem verið er að marka með þessu frv. eins og það lítur út.

Samkvæmt lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá sl. ári var ákveðið að heilbrigðisþjónustan flyttist að verulegu leyti til ríkisins. Það var talið skynsamlegt að fara þá leið. Því geta auðvitað fylgt margvíslegir kostir, m.a. að því er varðar heilsugæsluumdæmin og rekstur sjúkrahúsanna þar sem hlutirnir hafa verið býsna flóknir og valdskipti milli ríkis og sveitarfélaga hafa verið ákaflega óljós. Þetta frv. skiptir þess vegna talsverðu máli varðandi stjórn heilbrigðisþjónustunnar yfirleitt og þó kannski alveg sérstaklega skiptir það okkur Reykvíkinga miklu máli vegna þess að það hefur ekki tekist enn þá, þrátt fyrir lögin sem sett voru 1973, lög um heilbrigðisþjónustu, að koma á eðlilegri heilsugæsluskipan hér í Reykjavík sambærilegri við það sem gerist annars staðar í landinu. Með þessu frv. er stigið skref í þá átt og það bráðabirgðafyrirkomulag sem gilt hefur um heilbrigðisþjónustu í Reykjavík í 16 ár mun samkvæmt þessu frv. falla niður og ég tel ástæðu til að lýsa ánægju með það.

Varðandi skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi vil ég hins vegar segja að þar er alveg óhjákvæmilegt að haft verði samráð við þá aðila sem með þessi mál fara hér í Reykjavík. Mér er kunnugt um það að borgarlæknirinn í Reykjavík mun hafa gert tillögu um þessa skiptingu Reykjavíkur í heilsugæslusvæði samkvæmt 10. gr. frv. Hér þurfa menn að átta sig á bæði skiptingunni í svæði og eins samvinnu þessara 13 heilsugæslustöðva í Reykjavík sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv., samvinnu þeirra á milli, kannski nokkurra stöðva saman og eins allra stöðvanna. Í þeim efnum finnst mér að það mætti hugsanlega taka mið af þeim hugmyndum sem lágu fyrir hér í þessari virðulegu deild á síðasta þingi um breytingu á lögum um grunnskóla þar sem gert var ráð fyrir tiltekinni aðferð við stýringu á fræðsluumdæminu Reykjavík og skiptingu þess í svæði og aðild íbúanna að stjórnum skólanefndanna á viðkomandi svæðum.

Ég vil sem sagt hvetja hæstv. ráðherra og hv. heilbr.- og trn. til að líta sérstaklega á þessi mál að því er Reykjavík varðar, bæði skiptinguna í svæði og samvinnumöguleika stöðvanna sín á milli og jafnvel allra saman.

Varðandi ummæli hv. þm. Karvels Pálmasonar, þá er það auðvitað hæstv. heilbr.- og trmrh. sem svarar fyrir þennan málaflokk, en af því að hv. þm. vitnaði til laganna frá 1973 vil ég benda á að í þeim var ákvæði um að í öllum umdæmum skyldu vera héraðslæknar. Og það er gert ráð fyrir því líka í þessum lögum að í öllum umdæmum séu héraðslæknar. Munurinn er hins vegar sá að í gömlu lögunum, sem enn eru í gildi, er gengið út frá því að það séu skipaðir heilsugæslulæknar sem gegni jafnframt störfum héraðslæknis. Ég veit að hv. 3. þm. Vestf. þekkir þetta úr sínu kjördæmi þannig t.d. að Pétur Pétursson var skipaður héraðslæknir Vestfjarða um leið og hann var heilsugæslulæknir í Bolungarvík. Pétur Pétursson var reyndar fyrsti héraðslæknir Vestfjarða samkvæmt lögunum frá 1973. Það tók tíu ár að skapa forsendur til þess að hægt væri að skipa héraðslækni á Vestfjörðum samkvæmt lögunum frá 1973. Það var ekki hægt að gera það fyrr en 1982 af því að til þess tíma hafði ekki verið neinn skipaður heilsugæslulæknir á Vestfjörðum, heldur voru menn ráðnir til mjög skamms tíma í senn í sínum heilsugæsluumdæmum. Þetta sýnir kannski betur en annað hvað þessar dreifðu byggðir eru illa settar að þessu leyti og erfitt að manna þær þannig að öruggt sé til einhvers tíma.

Ég skil frv. svo sem hér liggur fyrir og er til umræðu að það sé ætlunin að halda þessari skipun áfram að því er varðar önnur umdæmi, þ.e. Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra o.s.frv., að einhver af heilsugæslulæknunum í þeim héruðum sé jafnframt héraðslæknir viðkomandi umdæmis. Hins vegar sé ég í grg. að þau rök, sem eru flutt fram fyrir Reykjavík og einkum þó Norðurl. e. og Reykjanesi, eru þau að hér sé um að ræða svo fjölmenn umdæmi að þá sé fullt starf að vera embættislæknir í þessum byggðarlögum, bæði að sinna skipulagningu og skýrsluhaldi af margvíslegum toga.

Ég minnist þess af því að ég nefndi Vestfirðina sérstaklega að þegar Pétur Pétursson fór með þetta starf á Vestfjörðum og byrjaði þessi störf á sínum tíma og var brautryðjandi í þeim að því leytinu til, þá tók þessi vinna mjög mikinn tíma. Mig minnir að við höfum þá haft aðstæður til þess í heilbrrn. að koma eitthvað aðeins til móts við lækninn að því er þessi embættisverk varðaði. Sjálfsagt getur hæstv. heilbr.- og trmrh. upplýst hvernig þessu er háttað í þessum byggðarlögum í einstökum atriðum núna.

En ég stóð hér fyrst og fremst upp, herra forseti, til þess að víkja að málefnum Reykjavíkur og fagna því ef svo fer, ef þetta frv. yrði að lögum, að því bráðabirgðaástandi sem ríkt hefur í heilbrigðismálum í Reykjavík í 16 ár linni loksins. Það má svo auðvitað velta því fyrir sér hvort það hafi endilega verið skynsamlegt þegar lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru sett að haga málum nákvæmlega eins og hér er gert, að haga málum nákvæmlega þannig að ríkið eitt komi að þessum málum með þeim hætti sem yfirleitt er hér gert ráð fyrir. Í þeim efnum held ég að sitt sýnist hverjum. En ég held satt að segja að það muni ekki líða mjög mörg þing þangað til menn komist að þeirri niðurstöðu að ýmislegt hefði betur mátt fara í þeim ákvörðunum sem teknar voru á síðasta þingi varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga (**EgJ:** Sammála.), ekki aðeins að því er varðar uppeldis- og skólamál heldur líka að því er varðar heilbrigðismál. Að því er varðar heilbrigðismál fyrst og fremst vegna þess að það er æskilegt að heimaaðilar finni hjá sér skyldu til að

sinna málinu þó í litlu sé. Þó að þeir hafi í raun og veru mjög lítið fjárhagslegt bolmagn til þess að sinna málunum, þá er mjög æskilegt að þeir hafi einhvern möguleika, einhverja fótfestu í lögum eða reglum til þess að þeir finni sér skylt að sinna málunum. Og ég held satt að segja að slík stjórnunaraðferð sé alltaf til bóta þó að ríkið hjálpi til. Þess vegna tel ég að klisjan um hreina verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé úrelt fyrir löngu. Ég hef mjög lengi verið stuðningsmaður „óhreinnar" verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, á þann veg að ríkið og sveitarfélögin hjálpist að við að leysa hlutina. Þannig hlýtur það að gerast í landi þar sem sveitarfélögin eru 220 eða 210, sum þeirra fjarska lítil og vanmegnug og geta í rauninni lítið gert öðruvísi en að ríkið hjálpi til, en ættu þó auðvitað fyrir hönd sinna íbúa að geta haft áhrif á hina daglegu meðferð mála.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál í 1. umr. Það er þá fyrst að hér er um að ræða frv. sem útfærir nánar þær breytingar sem fram komu í frv. og síðar lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég vil taka undir með hæstv. menntmrh. þegar hann segir að þar liggi enn margir lausir endar og jafnvel hnútar sem erfiðlega kunni að takast að leysa í framtíðinni. Þar er kannski ekki síst um að kenna þeirri hraðferð sem var á því máli, jafnvel þótt það kæmi tvisvar fyrir þingið, og vissum skorti á samráði við marga hagsmunaaðila. Í því samhengi vil ég vísa til þess erindis sem hæstv. forseti deildarinnar las upp áðan. Það er erindi frá læknum sem ekki voru umsagnaraðilar um sinn hlut í því máli og — ég veit ekki hve mikill fjöldi — virðast vera ósammála þeim áhrifum sem þessi breyting kann að hafa á skipulag heilbrigðisstjórnar. Það kann að vera umdeilanlegt hverjir hafa rétt fyrir sér í því máli en það er mjög nauðsynlegt, og ég legg ríka áherslu á það einmitt í umfjöllun þessa máls, að það verði haft sem víðtækast samráð við sem flesta aðila þannig að þær sættir sem næst um þetta mál hér í þinginu og við umfjöllun þess verði til þess að málið verði farsællega til lykta leitt.

Síðan eru aðrar breytingar sem koma hér inn sem ekki varða beinlínis verkaskiptafrumvarpið eða lögin. Vissulega eru sumar þeirra til bóta, um það verður ekki deilt. Aðrar er erfitt að sjá fyrir hvernig muni reynast í framkvæmd. Það fylgdi máli hæstv. ráðherra að hraða þyrfti þessu máli sem mest vegna gildistöku verkaskiptingarfrumvarpsins og breytinga sem þurfa að verða um áramót. Ég legg aftur mikla áherslu á að vinnubrögð verði vönduð og það verði leitað samráðs sem flestra aðila þannig að þeir geti fengið að tjá sig um málið. Það er kannski helst að einhverjar af þeim stjórnunarlegu breytingum sem hér eru lagðar til innan heilbrigðiskerfisins muni orka tvímælis. Það er vissulega mikilvægt að samræma stjórnunarlega ábyrgð og fella hana sem mest að fjárhagslegri ábyrgð. Ég held að það sé einmitt mikilvægt að gæta vel að valddreifingarsjónarmiðinu þannig að aðilar í heimabyggð fái ákvarðanatökurétt jafnvel þó að þeir geti ekki ævinlega borið fulla fjárhagslega ábyrgð. Við skulum ekki gleyma því að það var ákveðinn þrýstingur frá sveitarfélögunum í hinum dreifðu byggðum landsins um að ríkið tæki á sig fjárhagslega ábyrgð t.d. af rekstri heilsugæslu vegna þess að mörg sveitarfélögin hafa ekki bolmagn til þess. Það kom beiðni fyrst og fremst frá þeim. Það er kannski eðlilegt að ríkið vilji hafa stjórnunarlega ábyrgð, eða a.m.k. íhlutun, ef það á að veita fjárhagslegan stuðning. Ég held að það verði að gæta mjög vel að valddreifingarsjónarmiðinu og beini orðum mínum þá til hæstv. ráðherra. Ég sé að það er ákveðin viðleitni í frv. til að gæta að þessu sjónarmiði. Ég held að það verði að hlusta mjög vel á alla málsaðila í þessu máli til þess að gæta vel að valddreifingarsjónarmiðinu, bæði til þess að virkja fólk og til þess að ná farsælum sáttum um málið.

Varðandi skipulagningu á heilsugæslu í Reykjavík, þá er það mál sem hefur komið hér inn reglubundið fyrir hver áramót, framlenging á frestun þessa þáttar laganna vegna þess að ekki hefur tekist að skipuleggja þau mál sem skyldi. Ég fagna því ef þau mál munu nú komast í skipulegra og betra horf en áður var. Ég sé þó að þar er um frestun að ræða til ársins 1991, í lengsta lagi. En kálið er ekki sopið þó í ausuna sé komið og vænti ég þess að þessi breyting verði nú sem fyrst.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um málið nú í þessari umræðu, ekki síst vegna þess að mjög naumur tími hefur gefist til þess að kynna sér það og einmitt til þess að kynna sér hvernig eða hver áhrif útfærslu þessara breytinga á stjórnsýslu innan heilbrigðiskerfisins muni verða. Ég veit um tillögur borgarlæknis, sem er ekki allsendis sáttur við allar þær hugmyndir sem hér koma fram. Ég sé líka að í greinargerðinni er ekki talað um að leggja niður borgarlæknisembættið heldur að breyta inntaki þess og skilgreiningu. Ég held að það sé mjög mikilvægt, án þess að málið verði tafið, að leitast við að gæta sem flestra sjónarmiða þegar breytingar verða gerðar á þessu frv. í umfjöllun þingsins. En ég fagna því að það skuli hér komið fram og það er auðvitað nauðsynlegt að útfæra þær breytingar nánar sem komu fram og voru samþykktar í frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að lögin um verkaskiptingu sveitarfélaga komi inn í þessa umræðu og framkvæmd þeirra. En ég er svolítið hissa á því þegar hv. þm., sem stóðu kannski hvað ákveðnast að þeim breytingum og stóðu að því að þau mál fóru hér að sumu leyti hraðbyri í gegnum þingið, fara nú að tala um að það séu ýmsir annmarkar á þeim sem þurfi að skoða. (Gripið fram í). Ég er, virðulegi ráðherra, fyrst og fremst að tala um hv. 6. þm. Reykv., reyndar gæti ég nú að vissu leyti snúið þessum orðum líka til flokksins míns en ekki sérstaklega að hæstv. menntmrh. Það var talað um að þessum málum þyrftum við að koma í kring til þess að koma á

valddreifingu. Aftur og aftur var það talið nauðsynlegt. Og ákveðnar yfirlýsingar frá hv. þm., jafnt þess flokks sem þessi hv. þm. tilheyrði, þ.e. Kvennalistanum, og öðrum, um að það væri nauðsynlegt að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að auka valddreifingu á þessu eða hinu svæðinu og sviðunum. En ég man aldrei eftir því í umræðum hér að rætt væri um að það væri verið að þrengja þessa sjálfsögðu ákvarðanatöku hinna ýmsu þegna í þjóðfélaginu þegar var verið að færa heilu þættina yfir á ríkið, né að talað væri mikið um að það þyrfti einhverja sérstaka skipulagningu þegar að því kæmi að framkvæma þetta. Hér var hver yfirlýsingin á fætur annarri um að ágæti þessara laga byggðist fyrst og fremst á því að verið væri að færa sveitarstjórnunum meira vald og það væri hin ágætasta valddreifing. Hver á fætur öðrum lýstu þm. því yfir, jafnt frá Kvennalista sem öðrum flokkum (**KP:** Það voru ekki allir.) ekki allir þm., nei, nei, ekki allir þm., að hér væri um hina ágætustu valddreifingu að ræða og hv. þm. treystu sveitarstjórnum sérstaklega vel til hinna breytilegustu hluta o.s.frv. Náttúrlega vildi enginn tala um að hann treysti þeim ekki, meira að segja ekki sá sem hér stendur og er lengi búinn að sitja í sveitarstjórn.

En það var nú kannski ekki aðallega þetta sem ég ætlaði að nefna, en ég ætla að nokkru leyti að taka undir það sem hv. þm. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., nefndi hér í upphafi umræðunnar, þ.e. í sambandi við 3. gr. Ég er ekki að gagnrýna að hlutverk héraðslækna í Reykjavík, Reykjanesi og Norðurl. e. sé styrkt með því sem mér virðist koma fram í 3. gr. heldur mundi ég vilja benda á að ég tel nauðsynlegt að um leið og þessi embætti eru styrkt með því að reiknað er með því að þetta verði eingöngu embættislæknar, þá verði einnig svo í hinum héruðunum. Það verði ekki eingöngu ætlast til þess að það verði sama regla og áður var, að það verði starfandi heilsugæslulæknar sem sinni héraðslæknisstarfinu, heldur verði það að einhverjum hluta, kannski ekki að öllu leyti, embættislæknar. Okkur Vestlendingum sem Vestfirðingum er nauðsynlegt að styrkja þessa starfsemi í okkar heimabyggðum og ég held að það sé einmitt þörf á því þegar ríkið tekur að sér mum meiri stjórnun og ábyrgð á þessum sviðum en áður var. Með því að láta héraðslæknisembættin í hinum héruðunum, þ.e. öðrum héruðum en Reykjanesi, Reykjavík og Norðurl. e., sitja eftir á þann hátt að einhver og einhver heilsugæslulæknir sinni þessu starfi án þess að styrkja það að einhverju leyti, þá er verið að ganga nokkuð aftur á bak miðað við hina væntanlegu stöðu áðurnefndra héraða.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil við þetta tækifæri segja nokkur orð um þetta frv., um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Eins og fram hefur komið er það lagt fram vegna nýrra laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem taka gildi um næstu áramót.

Það hefur nokkuð verið komið hér inn á valddreifinguna, hvort hún sé til góðs eða ekki skv. nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hefur einmitt verið bent á þýðingu þess í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir, að ekki megi ganga fram hjá því að heimamenn hafi eitthvað að segja um þessi mál, þ.e. heilbrigðisþjónustu í viðkomandi byggðarlagi, og undir þetta vil ég taka. Það skiptir miklu máli að sveitarstjórnarmenn í hverju byggðarlagi hafi tækifæri til þess að hafa áhrif og vera með í þeim ákvörðunum sem teknar eru á hverjum stað.

Það eru ýmis atriði sem kalla á spurningar varðandi þetta frv. en ég vil aðeins segja það í upphafi að það er mikilvægt að vel takist til um þær breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég minnist þess að hæstv. heilbrrh. sagði í gær að þessu frv. væri síður en svo ætlað að auka miðstýringu heldur þvert á móti. Það er nú samt svo að á einstaka stöðum vaknar sú spurning hvort þarna sé ekki einmitt um aukna miðstýringu að ræða.

Ég á sæti í heilbr.- og trn. sem fær frv. til umfjöllunar og ætla því ekki að fara út í marga efnisþætti þess hér við 1. umr. Það eru samt nokkur atriði sem ég mun staldra við eftir þá lauslegu athugun sem ég hef getað gert á frv. á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að það var lagt fram, en því var dreift hér á borð þm. í fyrradag og hæstv. ráðherra mælti fyrir því í gær. Eðlilega var umræðu frestað til þess að við gætum aðeins skoðað frv. og ber að virða það og þakka fyrir.

Varðandi 3. gr. sem aðeins hefur verið minnst á er hún alveg ný og varðar skipun héraðslækna í Reykjavík, Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði. Þarna er gert ráð fyrir því að settir verði sérstakir embættismenn, þ.e. að héraðslæknar á þessum stöðum verði sérstakir embættismenn að því er mér skilst og að borgarlæknir í Reykjavík hætti sem slíkur. Ég geri ráð fyrir því að það séu skiptar skoðanir um þörfina á embættishéraðslæknum, en ég get ekki gert mér grein fyrir því á þessari stundu og er sjálfsagt að athuga það í nefndinni.

Síðan komum við að 4. gr. Ég tel að það hljóti að vera til bóta hvernig hugsað er að heilbrigðismálaráð verði skipað, þ.e. það er gert einfaldara en áður var. Ég held að flestir séu sammála um að heilbrigðismálaráðin sem áður voru hafi verið svo að segja óvirk vegna þess hvað þau voru þung í vöfum og fjölmenn. Það er þó ein athugasemd sem ég vil gera við skipan í heilbrigðismálaráð og hún er sú að nú falla fulltrúar sveitarstjórna þarna út. Eins er það varðandi 7.3, þ.e. 3. lið í þeirri mgr. Þar sýnist mér vera aukin miðstýring. Skipulagningin á starfi heilbrigðisstofnana í héraði á að fara fram eftir því sem heilbrrn. ákveður. Þarna á rödd sveitarstjórnarmanna eða heimamanna ekki að heyrast. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá vænti ég þess að hæstv. ráðherra leiðrétti það.

Liðir 8.3 og 8.4 í 5. gr. eru ný ákvæði og sennilega eðlilega skipað. En mér virðist 10. gr. vera eitt af stóru atriðunum í þessu frv. eins og reyndar hér hefur komið fram hjá öðrum sem talað hafa á undan mér, þ.e. hæstv. menntmrh. og hv. 6. þm. Reykv. Það er varðandi þetta skipulagsatriði hjá heilsugæslustöðv-

um í Reykjavík. Þarna er verið að búta Reykjavík niður í heilsugæsluumdæmi og þá vaknar sú spurning hvað verður um þá heimilislækna sem hafa starfað hér í borginni. Það munu vera einir 30 læknar sem starfa sem heimilislæknar og hafa sínar heimilislæknastöðvar og fólk hefur getað valið um hvar það hefur sinn lækni. Spurningin er hvort sá valkostur verður áfram fyrir hendi eða hvort búsetan verður að ráða því hvaða lækni fólk getur valið. Ég held nefnilega að það sé mjög nauðsynlegt að þetta sé hvort tveggja til staðar og það sé frelsi fyrir sjúklinganna eða einstaklingana að geta valið hvort þeir fara á heilsugæslustöðvarnar eða til heimilislæknanna sem þeir eru kannski búnir að taka tryggð við og læknarnir við sjúklingana. Mér finnst þetta vera sérstakt atriði fyrir Reykjavík sem er svo stór að það hlýtur að vera allt annað sem gildir þar en á öðrum stöðum. Auðvitað hlýtur nefndin að skoða þetta gaumgæfilega og hlusta eftir röddum þeirra aðila sem hafa með þessi mál að gera. Eins gildir um aðra skipulagningu út um landið. Hér er t.d. breytt í Grindavík úr H1 í H2 sem er væntanlega til bóta, en ég ætla nú ekki að fara nánar út í þetta atriði.

Mig langar aðeins að spyrja hvað sé átt við með 16. gr. Þar er sagt að ráðherra setji gjaldskrá. Er það einhliða sem hann gerir það? Eftir því sem ég best veit var áður samið, þetta er þáttur í samningum um hvernig gjaldskrárnar skuli vera.

Það er eitt nýtt hér í 17. gr., það er spurning hvert kjörtímabil þessara stjórna eigi að vera í Reykjavík. Á það ekki að vera eins og í 22. gr., sama og sveitarstjórna? Þar er talað um framkvæmdastjóra og að ráðherra skipi formann. Þarna hafa sveitarstjórnir sem sagt ekkert með þetta að gera og kannski ekkert óeðlilegt við það. En það er spurning hvort ekki eigi að gilda hið sama um kjörtímabil og í 22. gr.

Þá er það varðandi 18. gr. Hún kallar á þá spurningu hvað það þýði að stjórnir heilsugæslustöðva ráði starfslið stöðvanna og fari um laun þeirra skv. kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Nú virðist mér, miðað við það sem hefur verið, að þarna sé um grundvallarbreytingu að ræða. Eftir því sem ég best veit, þá hafa heilsugæslulæknar haft heldur lág föst laun en aftur á móti fengið greiðslur eftir því hversu mörgum sjúklingum þeir sinna, fá visst fyrir hvern sjúkling sem hefur væntanlega verkað hjá góðum lækni sem hvati á góða þjónustu við sjúklinga. Það hvarflar að manni hvort þetta gæti hugsanlega orðið til þess að ef menn eru komnir á föst laun, þeir sem hafa kannski sinnt 16 sjúklingum á dag, fari þá að taka það rólegar og sinna kannski bara 8 sjúklingum á dag eða eitthvað slíkt. Þetta verkar ekki sem hvati á góða þjónustu. Nú vildi ég gjarnan heyra hvað liggur að baki þessa hjá hæstv. ráðherra, hvort þetta er misskilið hjá mér, en svona verkar þetta á mig og ég hefði gjarnan viljað heyra svör hans við þessu.

Þá langar mig aðeins að koma hér inn á nokkur atriði í 20. gr. Þarna eru ný atriði eftir því sem ég best fæ séð, nr. 5 og 6. Það eru endurhæfingarstofnanir í 5. lið og sjúkrasambýli í 6. lið, sem hljóta að vera af hinu góða. En síðan kemur 7. liðurinn, þ.e. vinnu- og dvalarheimili, stofnanir sem taka til dvalar og starfs geðsjúklinga og áfengis- og fíkniefnasjúklinga. Þarna er búið að taka fatlaða út, að því er ég best veit, miðað við lögin eins og þau eru. Þá vaknar sú spurning: Hvað verður um Sjálfsbjörg, hvar verður hún staðsett eða þau samtök sem eru vinnu- og dvalarheimili og eru í Hátúni 12 — það er sem sagt vinnu- og dvalarheimili fyrir fatlað fólk — hvar verður það staðsett? Einnig ef það ætti nú hugsanlega að staðsetjast í 4. lið, Vistheimili fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast langvarandi vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa. Þarna er ekki gert ráð fyrir neinum vinnumöguleikum hjá þessum aðilum og sú spurning vaknar hvort ekki er nauðsynlegt að hafa það þarna inni.

Ég held að það sé nú ekki svo margt fleira sem ég ætla að koma hér inn á. Mér dettur þó í hug að spyrja hvað átt sé við með 27. gr., að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina. Hvaða framkvæmd er það, varðandi úrskurðinn eða hvað? Ég vildi aðeins fá nánari skýringu á því.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það er þýðingarmikið að allir þeir aðilar sem á einhvern hátt koma nærri þessum málum, þ.e. heilbrigðisþjónustunni, fái tækifæri til þess að gefa umsagnir um þetta frv., að leitað sé álits þeirra. Það skiptir miklu máli, eins og ég sagði áðan, að þetta verði vel úr garði gert. Mig langar aðeins að nefna í lokin að þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir till. til þál. um heilbrigðisáætlun sl. mánudag stóð þannig á að ég hafði ekki tækifæri til að taka þátt í þeirri umræðu. Ég var bundin í öðrum stóli, forsetastóli, og gat það þess vegna ekki. Þó hefði ég gjarnan viljað segja þar nokkur orð og lýsa ánægju minni með að sú heilbrigðisáætlun er komin fram. En ég hafði þá hugsað mér að gera eina athugasemd sem tengist kannski þessu máli líka og hún er varðandi markmið 17 í heilbrigðisáætluninni. Mér þykir, eins og hún er núna úr garði gerð, sem búið sé að gera hana ekki eins markvissa og hún var áður. Það er búið að fella út það sem var í markmiðunum, þar sem lagt var beint til að það væru t.d. stofnuð slysavarnaráð til þess að samræma allar slysavarnir í landinu sem hafi það markmið að gera landsáætlanir um slysavarnir svo að ég nefni dæmi. Það tengist líka heilbrigðisþjónustunni. Eins og við vitum og hefur verið upplýst, þá eru a.m.k. 25% þeirra sjúklinga sem koma á heilsugæslustöðvar komnir vegna slysa. Slys eru orðinn stór þáttur í heilbrigðismálum okkar Íslendinga, ef við getum orðað það svo. Miðað við heilbrigðisáætlun, þ.e. heilbrigði fyrir alla árið 2000, held ég að það skipti mjög miklu máli að unnið sé markvisst og skipulega að öllu forvarnarstarfi og þar eru slysavarnirnar ekki hvað þýðingarminnstar því að það er kannski raunhæfara en í mörgu öðru tilliti að tala um að hægt sé að fyrirbyggja slys en t.d. ýmsa sjúkdóma. Þess vegna ætlaði ég að geta þess hér að ég mun leggja fram frv. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu þar

sem því verður bætt inn í 19. gr. að heilsugæslustöðvar hafi á sinni verkefnaskrá slysaforvarnir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri en ég vil aðeins ítreka það að ég vænti þess að þetta frv. fái ítarlega meðferð í nefndinni og það takist að gera það þannig úr garði að hægt verði að ná sem bestu samkomulagi þeirra aðila sem um þessi mál fjalla og þá á ég ekki síst við heimamenn og ráðamenn hér í ráðuneytinu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð vegna ummæla í umræðunni hér áðan. Ég heyrði að alþýðubandalagsþingmaðurinn Skúli Alexandersson hafði ekki bara næmt minni heldur auga og eyra fyrir valddreifingu. Ég vildi samt aðeins hrista svolítið upp í minni hans vegna þess að hann mundi ekki alveg rétt.

Það var vissulega rétt hjá honum munað að sá meginkostur sem kvennalistakonur sáu við frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var sá þátturinn sem snéri að því að dreifa valdi til sveitarfélaganna þar sem um slíkt var að ræða. Ég vil líka minna hv. þm. á að það var gífurlega mikill þrýstingur, einmitt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, um að þetta frv. yrði samþykkt. Ekki síst vegna þess að sveitarfélögin fengju meiri rétt til þess að ráða sínum eigin málum. Það var a.m.k. ein af ástæðunum sem Samband ísl. sveitarfélaga gaf fyrir miklum áhuga sínum á að málið yrði samþykkt hér á þingi. Hins vegar voru margir þættir í þessu frv. sem kvennalistakonur höfðu fyrirvara um, gerðu jafnvel brtt. um og voru ekki sáttar við og það varðaði sérstaklega skólamál og heilbrigðismál ef hv. þm. man rétt. Og ég hygg að við höfum einmitt beitt okkur saman að því að knýja fram breytingar í þeim málum þegar málið var til umræðu hér í deildinni.

Hins vegar er hér um að ræða þann þátt þessa frv. þar sem ekki er verið að flytja vald til sveitarfélaga heldur frá þeim og líka fjárhagslega ábyrgð, ekki síst vegna þrýstings frá sveitarfélögunum. Í ræðu minni hér áðan tók ég skýrt fram að einmitt þess vegna, vegna þess að það væri verið að flytja þarna verkefni frá sveitarfélögunum til ríkisins, þá bæri að gæta að valddreifingarsjónarmiðum þannig að þátttaka og virkni sveitarfélaganna væri sem mest þrátt fyrir aukna fjárhagslega ábyrgð ríkisins. Ég rakti einmitt ástæðurnar fyrir því hvers vegna ég héldi að það væri mikilvægt. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram hér í umræðunni til þess að enginn væri í vafa um hvers konar valddreifingu Kvennalistinn aðhylltist og sækti eftir.

Vegna athugasemdar sem kom fram í máli hv. 6. þm. Reykn. um 18. gr. í þessu frv., varðandi það að laun starfsliðs heilsugæslustöðva fari eftir kjarasamningum við opinbera starfsmenn og hún minntist einmitt á afköst heimilislækna og vinnulag, þá vildi ég vara mjög eindregið við því að heimilislæknum eða heilsugæslulæknum verði fyrst og fremst greitt fyrir — ja, hvað eigum við að segja, fyrir hvern sjúkling. Ég átti þess kost nýlega í Bretlandi að hlusta á umræður um þessi mál sem fara fram þar nú (Gripið fram í.), já, þar sem verið er að koma á breytingum á heilsugæslustöðvum og heimilislæknastarfsemi í Bretlandi þannig að læknum sé fyrst og fremst greitt pr. sjúkling. Heimilislæknafélagið breska mótmælir þessu ákaft vegna þess að það telur að þetta muni leiða til mun styttri samskipta læknis og sjúklings þar sem læknar kunni að miða við afköst til að geta fengið lífvænleg laun, og ég vil taka það fram að heimilislæknar eru ekki endilega mjög vel launaðir í Bretlandi miðað við aðra lækna og jafnvel miðað við aðra í því þjóðfélagi. Áður hefur það verið svo að læknar réðu því hve langan tíma þeir veittu hverjum sjúklingi og laun þeirra ekki háð því. Þeir telja sem sé að þetta geti leitt til þess að þjónusta við sjúklinga geti farið versnandi. Tilhneigingin geti orðið sú að afgreiða hvern mann á sem stystum tíma. Ég held að mörgum neytandanum, mörgum sjúklingnum þyki hann nú þegar afgreiddur með of miklu hraði og hann fái ekki nægilegan tíma til að skýra sín mál og ræða við sinn lækni um það sem honum liggur á hjarta og hver vandi hans er. Það þurfi því frekar að gefa aukinn tíma til samskipta en reyna að stytta hann vegna launalegs hvata.

Sveinn G. Hálfdánarson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er lagt fram. Ég tel það eðlilegt framhald af þeirri verkaskiptingu sem orðin er á milli ríkis og sveitarfélaga, en ég vil geta þess og taka undir með hv. 3. þm. Vestf. að þm. Alþfl. áskilji sér rétt til að fylgja öllum góðum brtt. sem fram kæmu varðandi þetta frv. og eins að flytja tillögur ef þeim býður svo við að horfa.

Ég tel tvímælalaust að þetta sé framhald þess sem orðið er varðandi verkaskiptinguna. Ég óttast vissa tilfærslu valds hingað suður til Reykjavíkur, en tek orð hæstv. ráðherra góð og gild sem hann flutti hér við framsöguna í gær þess efnis að það væri ekki meiningin og þá hljóta þeir agnúar að verða sniðnir af í nefnd.

Ég vil aðeins drepa hérna á 3. gr. í þessu frv., sem margir hafa minnst á, varðandi skipun héraðslækna í sérstakt starf í aðeins þremur kjördæmum. Hæstv. heilbrrh. gat þess í sinni framsögu að þar gæti komið til greina breyting. Það mætti hugsanlega sameina einhver fámennari kjördæmi í eitt læknishérað sem síðan gæti orðið fullt starf. Ég vil koma hér á framfæri hugmyndum um það hvort ekki væri hægt að færa fleiri verksvið undir þessa héraðslækna, t.d. örorkumat og ýmsa aðra þjónustu sem sjúkrasamlögin og Tryggingastofnunin hafa veitt og þar með geti þessir héraðslæknar verið í öllum kjördæmum landsins. Þetta er ein ábending sem ég vona að nefndin skoði þegar hún fær þetta frv. til meðferðar.

Ég vil, eins og margir fleiri hér á undan, taka undir það og óska sérstaklega eftir því að þetta frv. verði sent sem víðast til meðferðar og skoðunar. Það verði reynt að ná sem víðtækastri samstöðu um þetta frv. og ég treysti því að sveitarfélögum og heilsugæslustöðvum úti á landi verði sent þetta til skoðunar. Það

mætti t.d. hugsa sér að senda samtökum sveitarfélaganna frv. ef það væri álitið of viðamikið að senda það til stjórna heilsugæslustöðva vítt og breitt um landið. Ég held að það sé, eins og fram hefur komið hér hjá flestum ræðumönnum, mjög brýnt að reynt verði að ná sem allra bestri samstöðu um þetta mál og ég vil svona í lokin geta þess að ég er ekki sammála sumum þeim ræðumönnum sem hafa talað hér á undan. Ég óttast ekki þessa verkaskiptingu. Ég held að hún hafi verið til bóta fyrir sveitarfélögin og fólkið í landinu. Ef ríkisvaldið ætlar sér ekki að troða á sveitarfélögunum, þá held ég að þarna geti tekist gott samstarf um þá þjónustu sem hér er til umræðu, þ.e. heilbrigðisþjónustuna. Ég vil sem sagt fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram og vona að það fái góða meðferð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. sem er til umræðu um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem er út af fyrir sig viðamikið mál eins og menn hafa bent á og nauðsynlegt að það sé vel unnið og vandað til þeirra breytinga sem þar verða væntanlega gerðar. En jafnframt vil ég biðja þingmenn að hafa það í huga, og þá sérstaklega hv. fulltrúa í heilbr.- og trn. deildarinnar, að það er mjög mikilvægt að frv. nái afgreiðslu fyrir áramótin þannig að þær breytingar sem hér eru lagðar til geti tengst þeim breytingum sem þá koma til framkvæmda varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem margsinnis er búið að ræða hér um í þessum umræðum og frv. vissulega er hluti af eða a.m.k. tengist því að verulegu leyti.

Hv. 3. þm. Vestf. hóf þessa umræðu með athugasemdum varðandi embætti héraðslæknanna. Og kannski er rétt að taka fram fyrst út af orðum hans um það að frv. er auðvitað lagt fram sem stjfrv. en þar sem einstakir þingmenn hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. virði ég það að sjálfsögðu og finnst það eðlilegt. Mér er kunnugt um þann fyrirvara frá þingflokkum ríkisstjórnarinnar og finnst það sjálfsagt og eðlilegt. Ég er alveg viss um að þingmenn taka málefnalega á þessu og skoða efni frv. vandlega. Það eru hins vegar nokkur atriði, sem ég held að sé mjög mikilvægt að halda sig við, sem lögð eru til í þessu frv., t.d. hvað varðar stjórnir stofnana, og kem ég nánar að því síðar, og nokkur önnur atriði. En hitt er sjálfsagt að nefndin og þingdeildin taki þetta gaumgæfilega til athugunar og telji hún að eitthvað megi færa til betri vegar þá hef ég að sjálfsögðu ekkert á móti því.

En varðandi héraðslæknaembættin þá er það rétt sem fram kom í máli hæstv. menntmrh., sem reyndar gerði nokkra grein fyrir því hvernig að því hefur verið staðið að undanförnu, að í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um það hvernig þessum málum er nú skipað. Þar er í 6. gr. laganna sem er II. kafli, um læknishéruð og heilbrigðismálaráð, fyrst kveðið á um það að landið skiptist í ákveðin læknishéruð sem eru reyndar sömu landsvæði og kjördæmin eru þó að það þurfi kannski ekki endilega að vera tengt því. En í 2. tölul. 6. gr. segir:

„Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn, í Reykjavík borgarlækni."

Svona er þetta í dag og svona hefur þetta verið, þannig að það eru nú að sjálfsögðu starfandi héraðslæknar í öllum læknishéruðunum og hafa gegnt þar mjög mikilvægu hlutverki. Heilbrrn. á mjög gott samstarf við þessa héraðslækna, átta að tölu. Með þeim eru haldnir reglubundið tveir fundir á ári, vor- og haustfundur. Haustfundur er reyndar rétt afstaðinn núna og í sumar héldum við sérstakan aukafund m.a. vegna þessa frv. sem þá var í undirbúningi í ráðuneytinu og þeirra áhrifa sem verkaskiptalögin höfðu á heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það var mjög góður og gagnlegur fundur og ég tel að að því leytinu til sé þetta frv. enn betur undirbúið en ella, eftir að hafa átt möguleika á því að hafa samráð og eiga gott samstarf við þennan hóp lækna í landinu sem kallaðir eru héraðslæknar.

En í því frv. sem hér liggur fyrir er lagt til að taka sérstaklega þrjú héraðslæknisembætti út úr og gera þá lækna að sérstökum embættislæknum, eins og lagt er til í 3. gr. sem hefur að geyma breytingar við 6. gr. sem ég las upp úr áðan og fjallar um að ráðherra skipi héraðslækni í Reykjavík, Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði sérstaklega. En eftir sem áður hljóðar 3. málsl. 2. tölul. 6. gr. svo: „Annars staðar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn."

Hér er engin breyting á. Hér er kveðið nákvæmlega á um eins og er í gildandi lögum og ég vil undirstrika það að ég hef átt mjög gott samstarf við þessa menn, ég tel starf þeirra mjög þýðingarmikið og það megi síst úr því draga.

Varðandi það að ég heyri að hér er áhugi hjá fleirum en hv. 3. þm. Vestf., það er líka hjá 3. og 4. þm. Vesturl. sem báðir hafa talað um þetta mál einnig að það sé áhugi á því að gera enn betur við þessi ákveðnu embætti, þá hef ég ekki á móti því. Ég taldi hins vegar að það væri nokkuð stórt skref að stíga í einu að setja þrjá héraðslækna sem fasta embættislækna að þessu sinni og átti frekar von á því að Alþingi teldi að hér væri verið að auka báknið og bæta við opinberum embættismönnum og starfsliði í kringum þá frekar en hið gagnstæða. En ég tel að þessi embætti séu það þýðingarmikil og þau geti unnið með okkur í því verkefni að dreifa valdinu — sem ég kem kannski aðeins að aftur líka síðar — í stað þess að draga stjórnunina alla inn í heilbrrn. Ef þingið vill ganga lengra en ég hef gert hér tillögu um þá hef ég ekki á móti því. Ég orðaði reyndar aðeins í gær þá hugmynd að embættislæknir, héraðslæknir sem sérstakur embættislæknir, yrði skipaður fyrir fleiri en eitt læknishérað, eins og fram kom hér aftur í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., en vil þó nefna það strax að héraðslæknarnir hafa frekar lagst gegn því. Þeir telja mikilvægt að einn héraðslæknir sé fyrir hvert læknis-

hérað, að ekki sé verið að sameina embættin fyrir tvö eða fleiri læknishéruð. Það er þá frekar hægt að hugsa sér það að þeir fái betra svigrúm og meiri tíma til að sinna sínu starfi sem héraðslæknar, þeir heilsugæslulæknar sem skipaðir hafa verið til þess verkefnis hver í sínu héraði. Þetta vil ég nefna hér og beina því til nefndarmanna ef þeir vilja skoða þetta mál sérstaklega.

Ég vona að ég hafi hér svarað eins ítarlega og mér er fært á knöppum tíma þessum athugasemdum frá hv. þm. Ég undirstrika það að vilji minn stendur auðvitað til þess að við gerðum betur, en ég tel að það sé þó nokkuð í lagt að fá embættislækna í þessum þremur fjölmennu héruðum. En hitt vil ég þó líka viðurkenna að það fer ekki allt eftir fjölmenninu. Fámennu læknishéruðin eru auðvitað í flestum tilfellum víðlendari og þar er ekki síður við erfið viðfangsefni og verkefni að glíma fyrir héraðslæknana, t.d. bara mönnun stofnananna. Mönnun heilsugæslunnar í fámennum héruðum er vandamál og hefur verið verkefni sem þeir hafa þurft að glíma við. Ég vil þá líka árétta og undirstrika það sem menn hafa þó ekki rætt mikið hér í þessum umræðum, þá nýskipun að skipa héraðshjúkrunarfræðinga einnig í þessum þremur læknishéruðum og heimild til þess að skipa þá í þeim öllum, því að ég held að það sé ekki síður mikilvægt þegar hjúkrunarfræðingarnir koma þarna til starfa og taka þátt í þessu viðfangsefni að reyna að dreifa verkefnum sem mest út um land í staðinn fyrir að draga þau hingað inn til stjórnvalda eða til heilbrrn. Ég held að styrking á þessum embættum báðum, þ.e. héraðslæknisembættunum og það að taka upp nýtt embætti héraðshjúkrunarfræðinga, sé mjög í þessa átt, að dreifa valdi. Og það er einmitt eitt af því sem menn hafa talað mikið um í þessum umræðum, nauðsyn þess að gæta sín á miðstýringunni en huga að valddreifingu.

Hæstv. menntmrh. og hv. 6. þm. Reykv. ræddu nokkuð um heilsugæsluna í Reykjavík og reyndar kom það einnig fram hjá hv. 6. þm. Reykn., þ.e. ákvæði í 10. gr. um það hvernig heilsugæslumálum skuli hagað hér í Reykjavíkurlæknishéraði. Hér er lögð til alveg ákveðin skilgreining á því sem byggir á gömlum tillögum, þó ekki mjög gömlum en nokkurra ára tillögum, og að sjálfsögðu eðlilegt að taka til nánari skoðunar hvort menn vilja nú gera á því einhverjar breytingar. Þetta er skipulag sem menn höfðu áður komið sér saman um. En ég bendi á að í 10. gr. er einnig heimild til að breyta skipan heilsugæslustöðvanna í Reykjavík með reglugerð án þess að það sé gert með lagabreytingum, en þá að sjálfsögðu að fengnum tillögum stjórnar heilsugæslustöðvanna í Reykjavík og héraðslæknisins þannig að það sé gert í fullu samráði við og að fengnum tillögum þeirra aðila sem vinna að þessum málum hér.

Hæstv. menntmrh. nefndi nauðsyn þess að umdæmin væru ekki svo niður negld að þau gætu ekki á einn eða annan hátt starfað saman, annaðhvort tvö eða fleiri eða jafnvel öll. Þá vil ég líka minna á að það er gert ráð fyrir að aðeins ein stjórn sé yfir stöðvunum öllum og einn framkvæmdastjóri þannig að hér er auðvitað gert ráð fyrir mikilli samræmingu og samstarfi. Og vegna fyrirspurnar hv. 6. þm. Reykn., ef ég skýt henni hér inn í af því að ég er að tala um 10. gr., um það hvort búseta við einstakar götur eins og tilgreindar eru hér í 10. gr., skuli ráða því alfarið hvort viðkomandi einstaklingur sækir læknisþjónustu í þessa heilsugæslustöð eða aðra, þá er ekki fyrirhugað að það sé bundið svo niður. Það er ekki hægt. Menn flytja milli svæða, og reyndar margir mjög ört hér á höfuðborgarsvæðinu, og þess vegna er, eins og fram kom hjá hv. þm., mjög erfitt að slíta í hvert skipti tengsl einstaklingsins við þann lækni sem hann hefur átt samskipti við áður. Að þessu þarf þess vegna að vinna að sjálfsögðu með því hugarfari.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um núgildandi kerfi heimilislækna í Reykjavík vil ég líka segja að það verður auðvitað líka að skoða sérstaklega hvernig það kemur til með að spila saman við þetta skipulag heilsugæslustöðvanna. Við höfum hugsað okkur að reyna að koma heilsugæslustöðvaforminu skipulega á og leita eftir góðu samstarfi við heimilislæknana sem nú eru starfandi á sjálfstætt starfandi stofum. Ég hef þegar skrifað þeim öllum bréf og ráðuneytið hefur reyndar þegar tekið upp viðræður við eina þessa stöð sem er heilsugæslustöðin í Álftamýri þannig að ég tel að unnið sé að því að láta þessar skipulagsbreytingar ganga yfir sem mest í sátt og samlyndi við alla málsaðila, en mér er þó ljóst að þarna er nokkur áherslumunur.

Ég vil þó undirstrika það líka að ég tel afar mikilvægt að við náum að láta heilsugæslustöðvaformið þjóna þeim tilgangi eftirlits, forvarna og skipulags sem komist hefur á í öllum öðrum læknishéruðum landsins og nú nýlega í þéttbýlum stöðum, t.d. fyrir svona þremur, fjórum árum síðan á Akureyri og á þessu ári í Garðabæ, og ég held að ég megi fullyrða að það hafi alls staðar tekist vel og menn séu ánægðir með það skipulag sem þar hefur náðst að byggja upp.

Ef ég sný mér þá aðeins aftur að ræðu hv. 6. þm. Reykv. sem nefndi — og mig langar aðeins til að skjóta því hér inn í þó það eigi e.t.v. ekki beint erindi inn í þessa umræðu, a.m.k. ekki á þessu stigi — erindi frá mörgum heilsugæslulæknum og reyndar sérfræðingum hér á höfuðborgarsvæðinu sem hafa sent Alþingi og ráðherra áskorun vegna breytinga á sjúkrasamlögunum, þá vil ég segja að mér finnst gæta í því örlítils misskilnings. Við erum í raun ekki að taka mikla ákvörðun í dag varðandi sjúkrasamlögin. Sú ákvörðun var tekin þegar greiðsla almannatryggingagjaldsins sérstaka var lögð af. Þá tókum við ákvörðunina um það að breyta eðli sjúkrasamlaganna. Sjúkrasamlögin í dag hafa í raun aðeins það hlutverk að vera nokkurs konar milliliður á greiðslu eða uppgjöri milli læknis og sjúklings annars vegar og Tryggingastofnunar hins vegar. Þetta millistig var lagt niður með ákvörðun um verkaskiptinguna á síðasta þingi og það er í raun ekkert sem við erum að gera í dag og ekkert sem við erum að gera í þessu frv. hvað það mál varðar. Alls ekki.

Hvort einstaklingurinn sem þarf að sækja þjónustu

til sjúkrasamlags eða sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar sækir hana hér í Tryggvagötuna eða hér ofarlega á Laugaveginum finnst mér nú ekki skipta öllu máli, a.m.k. ekki fyrir þá sem búa uppi í Breiðholtinu. Það munar kannski örlitlu fyrir þá sem búa hér í Vesturbænum. Fyrir þann sem býr á Húsavík svo að dæmi sé tekið, af því að Morgunblaðið gerði það sérstaklega að umræðuefni hér á dögunum, þá held ég að það skipti hann líka ákaflega litlu máli, þann sem þarf að fara með reikning sinn til sjúkrasamlagsins, hvort hann gerir það á bæjarskrifstofunni eða hvort hann gerir það á sýsluskrifstofunni. Þar eru vegalengdirnar ekki þær að það geti breytt öllu svo að mér finnst hér gæta nokkurs misskilnings.

Hvort við höfum svo tekið ranga ákvörðun fyrir einum 16 árum síðan eða svo þegar sérstaka almannatryggingagjaldið var lagt niður, það ætla ég ekki að dæma um hér eða nú. Það getur þá verið síðari tíma mál og er þá kannski hluti af þeirri umræðu hvort það eigi aftur að taka upp þetta margumrædda verkaskiptamál sem kann að verða gert fljótlega aftur. Auðvitað er það eins og öll mannanna verk í stöðugri endurskoðun og er sjálfsagt ekki eilíft.

Ég eyddi kannski of miklum tíma í þetta, hæstv. forseti. Þá ætla ég aðeins nánar að snúa mér að ræðu hv. 6. þm. Reykn. sem bar hér fram fjölmargar spurningar. M.a. beindust þær að verkaskiptingunni og valddreifingunni og að sumt í frv. virtist hvetja til frekari miðstýringar þrátt fyrir ummæli mín hér í gær um það að ég vildi leggja áherslu á það að um valddreifingu væri að ræða, og ég held reyndar að það megi finna þess stað hér í mörgum greinum þessa frv., þá er e.t.v. það sem menn meina um miðstýringarvaldið eða miðstýringarákvæðin fyrst og fremst breyting á skipan stjórna stofnananna. Ég býst við því að það eigi eftir að verða það mál sem mönnum verður kannski mjög tíðrætt um. Það var það sl. vor þegar við vorum að fjalla um verkaskiptinguna. Þá náðu menn ekki að öllu leyti saman um hvernig þessu ætti að skipa.

Eins og verkaskiptingin er nú og sú ábyrgð sem hvílir á ríkinu, að greiða allan reksturskostnað þessara stofnana, þá gæti sjálfsagt einhverjum dottið í hug að meiri hluti stjórna þessara stofnana ætti líka að vera skipaður af hálfu ríkisvaldsins, meiri hluti þeirra, þrír af fimm eða svo. Einhverjum mundi sjálfsagt detta það í hug ef saman ætti að fara alfarið eins og menn tala um rekstrarleg og fjárhagsleg ábyrgð. En það dettur mér ekki í hug að sé skynsamlegt og ég vil alls ekki leggja það til, heldur tek upp það formið sem Alþingi varð þó sammála um á sl. vori varðandi svokallaðar sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar, þ.e. að sveitarstjórnirnar og þar með heimamenn tilnefni meiri hluta í þessar stjórnir, þrjá af fimm, þannig að þar er nú meirihlutavaldið ótvírætt í heimabyggð. Þar að auki er einn fulltrúi í stjórninni fulltrúi starfsfólksins sem hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera heimamaður. Fimmti fulltrúinn er að vísu skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal vera formaður, en skal jafnframt samkvæmt laganna hljóðan og ákvæði vera heimamaður. Þá er alveg ljóst að allt eru þetta orðnir aðilar heima fyrir sem hafa hagsmuna að gæta og hljóta að vilja leggja áherslu á góða og öfluga heilbrigðisþjónustu heima fyrir sem eiga að ráða málum.

Ég vil líka benda á að það hlýtur einnig að vera hagkvæmt fyrir þessar stofnanir — menn verða líka að horfa á málið þeim megin frá, að það sé hagkvæmt fyrir þessar stofnanir — að eiga fulltrúa í stjórn sem sé fulltrúi ríkisins þannig að þeir eigi tengsl, aðgang að hinu opinbera ef má orða það svo, eigi aðgang að sínu ráðuneyti í gegnum einn stjórnarmanninn, formann stjórnarinnar, og menn eigi líka að horfa á það frá því sjónarmiði að það kunni að vera hagkvæmt fyrir stjórnina og stofnunina sem slíka en ekki bara að það sé eitthvert neikvætt sjónarmið af því að þessi heimamaður er skipaður af viðkomandi ráðherra. Það finnst mér vera röng hugsun. (**SalÞ:** Ég var aðallega að benda á 4. gr. frv.) Já, hv. þm. nefndi einmitt 4. gr. — ég ætla að koma að því næst — þar sem talað er um heilbrigðismálaráðin og skipan þeirra.

Vissulega er það rétt ábending hjá hv. þm. að fulltrúar sveitarstjórnanna falla þarna út þar sem gert er ráð fyrir að heilbrigðismálaráðið skipi formenn stjórna stofnananna á svæðinu og þá eru þeir jafnframt fulltrúar ráðherra. Ég held að þetta geri ráðin sterkari, ég held það geri þau virkari og ég held að það skapi þeim betri tengsl inn til ráðuneytisins þar sem þau þurfa þó að sækja ákveðna fyrirgreiðslu, að ekki sé meira sagt. En út af því sem kom fram hjá hv. þm. þegar hann las upp tölulið 7.3.3. í 4. gr. þar sem segir að hlutverk ráðanna skuli vera „skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri eftir því sem heilbrigðisráðuneytið ákveður", þá verða menn líka að lesa 1. og 2. tölul. T.d. í 2. tölul. segir að hlutverkið sé m.a. „gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði". Tillögurnar og áætlanirnar eiga sem sagt að koma að heiman frá þessum heilbrigðismálaráðum en síðan er þá ákvörðunin um skipulagninguna á starfsemi stofnananna aftur framkvæmd á þann hátt sem ráðuneytið ákveður að fengnum og athuguðum þessum tillögum og áætlunum sem koma að heiman. Þetta finnst mér hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að nefnd skoði frekar. Ef hún vill gera á þessu breytingar er það kannski meira orðalag en mér sýnist nokkuð ljóst að verkefnin eru auðvitað mikilvæg og þau eru næg, og ég undirstrika að ég tel þess vegna mjög mikilvægt að heilbrigðismálaráðin séu virk og vinni vel fyrir sína heimabyggð og komi sínum áætlunum til ráðuneytis og vinni síðan að framgangi þeirra í samráði við ráðuneytið.

10. gr. var ég búinn að ræða nokkuð um og ég vona að ég hafi svarað því sem til mín var beint varðandi hana.

Hv. þm. gerði athugasemd við 16. gr. frv. sem vísar til 20. gr. núgildandi laga og ef við lítum aðeins á 2. tölul. 20. gr. hljóðar hann svo í dag: „Ráðherra setur

gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð aðra en læknishjálp." Þarna er fyrst og fremst verið að gera þá breytingu að sjúkrasamlögin eru felld út og greinin hljóðar nú í frv. eins og það liggur fyrir: „Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar." Hér er sem sagt ekki um efnisbreytingu að ræða heldur breytingu sem stafar af því að sjúkrasamlögin verða ekki lengur fyrir hendi.

Í 17. gr. benti hv. þm. á að ekki væri kveðið á um það í töluliðnum, en þar er fjallað um stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík, að kjörtími stjórnarinnar skyldi vera hinn sami og kveðið er á um annars staðar í lögunum, t.d. í 22. gr. frv. þar sem fjallað er um stjórnir sjúkrahúsa og þar með talið heilsugæslustöðvanna sem falla undir sjúkrahússtjórnirnar, að kjörtímabilið skal vera hið sama og sveitarstjórna. En í 1. tölul. þessarar gr., sem er verið að fjalla um í 17. gr. sem er 21. gr. laganna, er hins vegar fjallað um það að kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva sé hið sama og sveitarstjórna svo ég hygg að það sé reyndar komið fram í greininni. Þetta bið ég nefndina líka að athuga, hvort það þurfi einnig að koma fram í 2. tölul. þar sem fjallað er um stjórn heilsugæslustöðvanna í Reykjavík. Það er sjálfsagt að það sé skoðað nánar.

Í 18. gr. er fjallað um það verkefni að stjórnir heilsugæslustöðvanna ráði starfslið stöðvanna sem ég held að sé nú eitt mikilvægasta verkefnið í valddreifingunni sem ég talaði um í gær og vil ítreka og undirstrika aftur hér að hér er þó sannarlega verið að færa stórt verkefni frá ráðuneyti út til stjórna stöðvanna. Í 22. gr. gildandi laga, sem þarna er vitnað til í 18. gr. frv., segir: „Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar. Þeir skulu taka laun með tvennu móti: a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar. b) Laun skv. samningi stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar." Frv. gerir ráð fyrir að þessi ákvæði verði felld út, sbr. 18. gr. frv.

Hér er fyrst og fremst verið að færa ráðningarvaldið og ákvörðunarvaldið að þessu leyti heim til stjórnanna og í öðru lagi er verið að flytja eða taka kjaraákvæðin út úr lögum um heilbrigðisþjónustu. Það var álit okkar í heilbrrn. að þessi kjaraákvæði ættu ekki heima í þessum lögum. Þar með er ég ekki að leggja til neina byltingu á því sem hér er kveðið á um, að launin skuli vera á þennan hátt eða hinn. Auðvitað á að fara eftir kjarasamningaákvæðum og þau geta verið áfram svona en það er samt slæmt að þau skuli vera bundin þannig. Og það vil ég segja við hv. þm. vegna þess að við erum í verulegum erfiðleikum með að fá lækna núna til þess að gegna embættum á hinum fámennu stöðum, í litlum heilsugæslustöðvum úti á landi, þar sem segir að menn *skuli* annars vegar fá laun fyrir fasta gegningarskyldu og vaktþjónustu og hins vegar laun sem taka mið af læknisverkum. Þar sem fámennið er eru læknisverkin, því betur, svo fá að læknar hafa ekki fengist til starfa vegna þess að launin eru miklu lægri en þeir gætu fengið, starfandi hér á höfuðborgarsvæðinu eða á þéttbýlli stöðum. Ég held því að mikilvægt sé að losna við það héðan út og þetta ákvæði sé ekki hér inni, það að þeir skuli taka laun með þessu móti og það sé kjarasamningaákvæði hvernig laun þessara manna eru greidd. Reyndar er þegar hafið starf í samráði og samvinnu við læknafélögin um það að reyna að breyta þessum kjarasamningaákvæðum þannig að við eigum auðveldara með að manna þessar litlu heilsugæslustöðvar í fámennum héruðum.

Hv. þm. gerði einnig athugasemd við 20. gr. frv., þar sem fjallað er um skilgreiningu sjúkrahúsa og sagt hvernig skipting er í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu, og nefndi 5., 6. og 7. tölulið þar sem fjallað er um endurhæfingarstofnanir, sjúkrasambýli og vinnu- og dvalarheimili. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að við höfum tekið út úr lögunum það sem segir um fatlaða vegna þess að það eru í gildi sérstök lög um málefni fatlaðra og málefni fatlaðra heyra almennt undir félmrn., þar með t.d. vinnustaðir eða vinnustofur sem hv. þm. nefndi og eiga ekki erindi inni í lögum um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er hér kveðið á um endurhæfingarstofnanir og endurhæfingarstofnanir á vegum fatlaðra eins og t.d. þær sem Sjálfsbjörg rekur. Þær falla hér undir enn og skilgreinast þá undir lið nr. 5, endurhæfingarstofnanir. Við vildum reyna að kveða hér skýrt á um og að það væri ljóst að málefni fatlaðra eru ekki tekin til meðferðar í þessum lögum, heldur í sérstökum lögum sem heyra undir félmrn. Það er hins vegar ekki verið að vísa hér frá neinu af þeirri starfsemi á vegum fatlaðra sem hefur heyrt undir heilbrrn. og kemur til með að gera það áfram eins og endurhæfingarstarfsemin.

27. gr. frv. er nýmæli og fjallar um ágreiningsatriði sem hafa því miður komið nokkuð upp á heilbrigðisstofnunum þar sem nokkuð skarast valdsvið annars vegar lækna og hins vegar hjúkrunarfræðinga. Það er einkum þar, kann að vera á fleiri sviðum. En hér er kveðið á um það að komi slíkur ágreiningur upp skuli stjórnin skera úr um hann en auðvitað sé heimilt að áfrýja þeim úrskurði til ráðherra vilji menn ekki hlíta úrskurði stjórnarinnar.

Og það sem átt er við í síðasta málsliðnum þar sem segir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdirnar er fyrst og fremst það hvernig þessum málum skuli fyrir komið, hvernig framgangur mála skuli vera, hversu langan tíma það tekur, hvað þarf að vera undangengið áður en mál annars vegar fara til stjórnar og síðan áður en þeim er áfrýjað til ráðherra og hvaða tíma málsmeðferð skal taka og nokkur slík atriði sem þótti rétt að skoða nánar en gætu verið og eðlilegra væri að kæmu fram í reglugerð en í lagatexta.

Síðan fjallaði hv. þm. örlítið um íslenska heilbrigðisáætlun og ég er ánægður með að heyra afstöðu þingmannsins til hennar en ætla ekki að ræða um það hér, er reyndar ekki með áætlunina við höndina en þetta kann að vera rétt sem hv. þm. benti á að breytingar hafa orðið á einstökum markmiðum frá því áætlunin var lögð fram í upphafi því við höfum gert á henni ýmsar breytingar enda hefur mikið verið unnið við áætlunina á undanförnum þremur árum, hún tekið margvíslegum breytingum, og síðan fer hún auðvitað til vinnslu hér í þinginu. Ég get fyllilega tekið undir með hv. þm. um áhersluna á slysavarnir, hversu við þurfum að gæta okkar þar og byggja þær vel upp því að þær eru mikilvægur þáttur í forvarnarstarfi í heilbrigðismálum og ber ekki að draga úr þeirri áherslu. Því miður er ekki hægt að vísa þessari heilbrigðisáætlun til heilbrigðis- og trygginganefnda þingsins því að slík nefnd er engin í Sþ. og þar fer málið til félmn. Kannski á hv. þm. sæti í félmn. Sþ. Ég veit það ekki. (Gripið fram í.) Því miður er það ekki. Ég treysti því og veit að áætlunin, íslensk heilbrigðisáætlun, fær þar góða meðferð einnig og auðvitað er möguleiki fyrir alla þingmenn að koma sínum sjónarmiðum þar á framfæri eða þá með brtt. í þinginu sjálfu.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi þá gert grein fyrir vonandi flestu, helst öllu, af því sem til mín var sérstaklega beint. Það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl., sem talaði m.a. um héraðslæknisembættin og hlutverk þeirra, vil ég taka undir þar sem hann benti á ýmis verkefni sem mætti færa til héraðslæknanna, svo sem eins og örorkumat. Það höfum við reyndar rætt áður og ég held að það sé mál sem við ættum að skoða nánar. Það hefur verið rætt á þessum fundum með héraðslæknunum þar sem við höfum verið að ræða þeirra erindisbréf og breytingar á þeirra hlutverkum og þarf að ræða það nánar.

Aðeins út af því sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði um umsagnaraðila og hversu víða ætti að senda frv. er ljóst að auðvitað er hægt að senda það öllum heilsugæslustöðvum og sjálfsagt að gera það, sem ef ég man rétt eru á milli 50 og 60 talsins, en ég bið þingnefndina að bíða ekki eftir umsögnum frá öllum þeim stöðvum því ég óttast að þær geti skilað sér bæði seint og illa og treysti því, eins og ég sagði reyndar í upphafi, að menn vinni þetta mál hratt og vel en þó að sjálfsögðu samviskusamlega og nákvæmlega. (Gripið fram í.) Já, að sjálfsögðu er rétt að senda það samtökum sveitarfélaga sem eru náttúrlega þátttakandi í þessari verkaskiptingu og einn af aðalhvataaðilum og samstarfsaðilum ríkisins þar og mjög eðlilegt að samtök sveitarfélaga fái þetta til umsagnar og samtök heilbrigðisstétta. Ég ætla ekki að draga úr því að málið fái góða og þinglega meðferð og að leitað verði samráðs og helst samkomulags við sem flesta en bið menn þó að hafa þetta í huga að við erum í nokkru tímahraki eins og reyndar því miður oft áður með stór og mikilvæg mál.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ekki er það mín ætlan að draga neitt á langinn málsmeðferð á þessu máli eða drepa því á dreif. Þetta er hins vegar svo mikið mál að mínu viti að menn þurfa að gefa sér nokkurn tíma til þess að ræða það. Þetta er það mikilsvert fyrir svo marga og ætti þá kannski að harma það að málið hefur ekki fyrr komið fyrir Alþingi.

En út af því sem hér hefur komið fram — það er í fyrsta lagi út af hæstv. menntmrh. Það hefði verið gott að eiga orðaskipti við hann núna, hæstv. menntmrh. og, muni ég rétt, fyrrv. heilbr.- og trmrh. og fyrrv. formann Alþb., allt saman rétt. Mér fannst hann ekki vera mjög víðsýnn í sinni umræðu um þetta mál. (**GHG:** Hann hefur aldrei verið víðsýnn.) Það kann vel að vera, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Þú þekkir manninn miklu betur en ég og getur skilgreint hann betur. Það sem mér fannst standa upp úr í máli hæstv. menntmrh. var þetta: Þetta frv. er númer eitt fyrir Reykjavík. (Gripið fram í.) Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það að menn geri vel við Reykjavík og mín orð voru ekki mælt á þann veg hér í upphafi að ekki þyrfti að gera vel við Reykvíkinga, og kannski þarf ekki síður að gera vel við þá en aðra landsmenn, af ýmsum ástæðum. En mér fannst hæstv. ráðherra taka málið mjög einfaldlega, á þennan veg. Hér er auðvitað um miklu víðtækara mál að ræða en að bara sé verið að fjalla um Reykjavík í frv.

Ég sagði áðan að ég óttaðist að hér væri verið að draga vald úr höndum dreifbýlis og eftir því sem ég hugleiði þetta mál frekar styrkist sú skoðun mín að svo sé. Muni ég rétt eru það átta læknishéruð sem eru með héraðslækna núna. Nú á einvörðungu að setja í þrjú, þ.e. eins og 3. gr. gerir ráð fyrir, töluliður 6.2.: „Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði. Skulu þeir vera sérmenntaðir embættislæknar.“ (**Heilbr.- og trmrh.:** Lestu áfram.) Já, já, ég er ekki búinn. Ég er bara ekki hraðlæsari en þetta, hæstv. ráðherra. (**GA:** Þú þarft að fara á námskeið.) Já, svo kann að vera að menn þurfi á námskeið til lækna, ef hv. þm. á við það, úr sinni stétt. (**GA:** Öllum þingmönnum var boðið á hraðlestrarnámskeið.) „Skulu þeir vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa jafngilda menntun til starfsins.“ — Var það þetta sem hæstv. ráðherra vildi heyra? (**Heilbr.- og trmrh.:** Nei, næsta málsgrein.) Enn þá meira, já, enn þá meira. — „Annars staðar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.“ (**Heilbr.- og trmrh.:** Nákvæmlega eins og það er og engin breyting á lögunum.) Það er breyting í fyrri málsliðnum, hæstv. ráðherra, „sérmenntaða“ í þrjú kjördæmi eða með sérstaka menntun. Með þessu er að mínu viti verið að gera upp á milli læknishéraða. Hér er ekki verið að skipa mönnum á svipaðan bekk, á Vestfjörðum, á Vesturlandi og í öðrum þeim kjördæmum sem hér eru ekki nefnd, og þessum þremur. Hér eiga að vera betur menntaðir læknar en í hinum héruðunum. (**Gripið fram í:** Óðruvísi.) Eðlilega.

Ekki efast ég um vilja hæstv. heilbrrh., hann dreg

ég ekki í efa, en það er nú einu sinni svo að ráðherrastólar eru fallvaltir og það er ekki einu sinni vitað hvað hæstv. núv. heilbrrh. mun sitja lengi. Það sem ég óttast er að hann ráði ekki við kerfið. (**Gripið fram í:** *Hvaða fréttir ertu með?*) Ég er ekki með neinar fréttir. Ég hugsa, og það hygg ég að aðrir hv. alþm. ættu að gera svona annað slagið a.m.k., ég hugsa til framtíðarinnar. Það sem ég óttast er að þó að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé mjög vel innrættur í þá veru að vilja valddreifingu ráði hann ekki við kerfið þegar þetta er komið á, og það segir okkur mörgum, a.m.k. þessum eldri mönnum í sveitarstjórnum og pólitík, að það er oft erfitt að eiga við það kerfi sem einu sinni er búið að koma á.

Að því er varðar Reykjavík er mér um það kunnugt að borgarlæknir hefur mjög miklar athugasemdir við þetta frv. og dregur ýmsa þætti þess í vafa, að þeir eigi fram að ganga. Og mér er spurn: Er með frv. verið að breyta einhverju að því er varðar ráðningarsamninga lækna í heilbrigðiskerfinu sem mér er sagt að hafi kostað hundruðum milljóna meira en eðlilegt hefði verið á undangengnum árum. Er einhver breyting frá því í þessu frv.? Eða ætla menn að halda áfram að feta þá sömu braut að semja á þann máta við lækna eins og verið hefur? Um þetta veit ég ekki, en þessu vildi ég velta hér upp.

Ég tek að sjálfsögðu undir með hæstv. ráðherra þegar hann segir: Það er ekki síður þörf á að skipa sérstaka héraðslækna í hinar dreifðu byggðir og kannski fremur. Ég lít svo á, a.m.k. að því er varðar Vestfirði sem ég þekki best til, að það sé fullt starf héraðslæknis að vera þar. Ég hygg að það væri ekki til hins betra að fara að skipa málum á þann veg að einn og sami héraðslæknir gegndi fleiri en einu læknishéraði eins og þau eru skilgreind núna.

Eitt er það í viðbót sem ég held að sé nauðsynlegt að velta hér upp — og kannski er það miklu fleira þó að mönnum hafi ekki gefist kostur á því enn sem komið er. Það er varðandi 18. gr. en þar segir:

„Stjórnir heilsugæslustöðva ráða starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn."

Hvað þýðir þessi grein? Hvernig á að skilgreina hana? Það ég best veit eru margs konar samningar í gildi við starfsfólk sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Það er á vegum sveitarfélaganna og það er á vegum þess sem menn kalla hið opinbera, opinberra starfsmanna, BSRB. Ef þetta ætti að fara allt í þann farveg varðandi BSRB, þá fullyrði ég að þetta hefði í för með sér launalækkun hjá fjölda fólks, ef ég skil þetta rétt. Um það skal ég ekkert fullyrða. En ég held að menn ættu að skoða þessa grein ásamt með öðrum sem í þessu frv. eru. Ég a.m.k. ætla að lýsa því yfir hér að sé minn skilningur réttur þá mun ég ekki standa að samþykkt svona greinar í væntanlegri löggjöf og svo kann að vera um fleiri greinar í þessu frv. En ég ítreka enn, mér hefur ekki gefist nægilegt tækifæri til þess að kynna mér það þannig að ég geti fullyrt, en mér sýnist þetta vera nokkuð augljóst að því er varðar laun þessa fólks og þá er ég ekki að tala um lækna, ég er að tala um venjulegan launamann á heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja þessar umræður. Mér þykir slæmt að hæstv. menntmrh. skyldi ekki vera hér við þannig að hægt hefði verið að eiga orðaskipti við hann. Ég geri ekki kröfu til þess að reynt verði að nálgast hann. Menn eru nú í ýmsum samningsgerðum í framhaldi af nýframlögðu fjárlagafrv. til þess að breyta og þurfa trúlega þar ýmsum hnöppum að hneppa.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst segja það sem mína skoðun að það liggur ljóst fyrir að þetta frv. felur í sér aukna miðstýringu. Það felur í sér aukin afskipti ríkisins. Það liggur í augum uppi. Ég tel það ekki til bóta út frá því sjónarmiði séð og einnig hlýtur maður að vekja athygli á því, sem kemur að vísu mjög skýrt fram í grg., að það eru hin peningalegu sjónarmið ríkisvaldsins sem eru í fyrirrúmi en ekki þau sjónarmið sem við höfum haldið að ættu að skipa fyrirrúm sem er læknaþjónusta gagnvart þeim sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Það er alrangt sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan þegar hann hélt því fram að þetta frv. þjónaði fyrst og fremst hagsmunum Reykjavíkur. Það er ekki rétt. Ég vil að það komi hér skýrt fram. Alla vega get ég ekki lesið það út úr þessu frv. En það eru einkum þrjú atriði sem ég vildi gjarnan fá upplýst frá hæstv. heilbrrh.:

Í fyrsta lagi fannst mér hæstv. ráðherra ekki svara 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur nægilega skýrt þegar hún spyr m.a. um það hvort áfram verði valkostur um val heimilislækna. Ráðherra svaraði því ekki nægilega skýrt fannst mér í sinni ræðu áðan. Hann sagði eitthvað á þá leið, og talaði þá um stöðu Reykjavíkur, að núverandi kerfi í Reykjavík verði að skoða sérstaklega. Og hann undirstrikaði að í þeim efnum væri nokkur áherslumunur. Ég vildi gjarnan óska eftir því að hæstv. ráðherra skýrði það nánar á þessu stigi hvað hann á við með áherslumun. Í hverju er þessi áherslumunur fólginn, annars vegar frá hans sjónarmiði séð og svo frá sjónarmiðum annarra varðandi þetta atriði?

Einnig vildi ég í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort núverandi heimilislæknakerfi geti ekki gengið samhliða eða verið rekið samhliða því heilsugæslukerfi sem frv. gerir ráð fyrir. Það þýðir raunverulega að ég er að varpa fram þeirri spurningu hvort við getum ekki átt kost á því sem búum hér í Reykjavík að velja okkar eigin heimilislækni án tillits til þeirra ákvæða í þessum lögum sem varða skiptingu borgarinnar í heilsugæslusvæði.

Ég vil einnig taka undir það atriði sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að ef samskiptin milli læknis annars vegar og sjúklings hins vegar verði styttri með tilkomu þessa frv., þá tel ég það vera til hins verra hvað þjónustu áhrærir og einnig með tilliti til þarfa og óska sjúklingsins. Ég vil þess vegna fá fram skoðun hæstv. ráðherra á því hvort hann telji að

þetta sjónarmið hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur hafi hér eitthvert gildi sem beri að skoða ítarlega. Þetta er mjög mikilvægt atriði því að það sem við erum að fjalla um er fyrst og fremst þjónusta við sjúklinga en ekki endilega að vera að ræða um það út frá sjónarmiði peninga eða stjórnsýslu eins og mér virðist einkenna þetta frv. mjög.

Þá er það þriðja atriði sem ég vildi fá skýrt. Mér líkar það ekki alls kostar vel þegar verið er að gefa til kynna í athugasemdum með þessu lagafrv. að Reykjavíkurborg, þ.e. borgarstjórnarmeirihlutinn í dag, hafi tekið afstöðu með því sem er í þessu frv. en ef maður les grg. og það sem segir um 10. gr., þá væri hægt að skilja það svo að borgarstjórn Reykjavíkur mæli með þessu frv. Með leyfi forseta vil ég lesa fyrst það sem segir um 10. gr.: „Hverfaskipting sú, sem lögð er til í 10. gr., er í samræmi við þær tillögur sem þegar hafa verið samþykktar á vegum borgarinnar en ekki hafa komist til framkvæmdar enn þá.“ En fyrr um þessa grein segir, með leyfi forseta: „Það liggur ljóst fyrir að eldra kerfi heimilislækninga og heilsuverndar í Reykjavík hefur staðið í vegi fyrir nýju skipulagi heilsugæslu samkvæmt lögunum, ekki síst hverfaskiptingu heilsugæslunnar. Á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið unnið að þessu máli og fór sú vinna aðallega fram á árunum 1979–1983 en á þeim árum samþykkti borgarstjórn í þrígang samhljóða að óska eftir breytingum við ríkið en ekki gat orðið af þeim, m.a. vegna ýmissa árekstra sem upp komu við þá starfsemi sem þegar var fyrir hendi.“ Mér finnst þetta villandi og ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra upplýsti, þ.e. að hann dagsetti hvenær Reykjavíkurborg hefði mælt með þessum breytingum, þ.e. á tímabilinu 1979–1983. Það er verið að gefa til kynna með óbeinum hætti að borgarstjórnarmeirihluti Reykjavíkur til dagsins í dag hafi tekið afstöðu til þessara breytinga. Ég vil gjarnan fá þetta skýrt.

Ég vek einnig athygli á því, virðulegi forseti, að á árunum 1978–1982 var borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík öðruvísi samsettur en hann er í dag.

Að lokum vil ég taka undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þm. Sveini G. Hálfdánarsyni um það að þetta frv. verði sent sem víðast til umsagnar þannig að það verði vandað til þessa verks.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í máli hæstv. heilbrrh. þar sem hann vitnaði til orðræðu minnar. Ég minntist á erindi læknanna, sem forseti greindi okkur frá að hefði verið lagt fram hér á lestrarsal, í því samhengi að mikilvægt væri að láta alla hagsmunaaðila fylgjast með afgreiðslu þessa máls vegna þess að það hefði ekki verið gert nógu ítarlega þegar verkaskiptingarfrv. var til umræðu hér. Læknarnir sem nú eru að senda okkur erindi eru nefnilega að bregðast fyrst og fremst við verkaskiptafrv. en þeir vissu ekkert um þær breytingar sem þá lágu fyrir og eiga að verða núna um áramótin varðandi sjúkrasamlögin. Læknafélag Íslands var ekki umsagnaraðili um verkaskiptafrv. að neinu leyti þrátt fyrir breytingar í heilbrigðismálum. Ég hringdi og kannaði það. Þeir læknar sem nú eru að bregðast við eru að bregðast við frv. sem við afgreiddum hér á síðasta þingi. Þess vegna var ég að segja að það er svo mikilvægt að allir aðilar sem málið snertir að einhverju leyti hafi tök á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri meðan málið er í vinnslu og lagði ríka áherslu á það að það yrði sent sem víðast. Síðan er það annað mál eftir hvaða óskum verður farið og hvernig þessu verður breytt ef því verður breytt. En þetta var bara það sem ég vildi leggja áherslu á. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það á ekki við þetta mál sem hér er til umfjöllunar núna.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við þeim athugasemdum og fyrirspurnum sem ég lagði hér fyrir hann. Það er rétt sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. að það voru ekki skýr svör við þeim athugasemdum sem ég gerði við 10. gr., þ.e. skipulagið í Reykjavík, hvernig því verður fyrir komið varðandi heimilislæknana. Hann sagði að þetta mál væri í skoðun, en viðurkenndi samt sem áður að þarna væru atriði sem þyrfti að skoða. Ég vildi aðeins með þessum orðum mínum leggja áherslu á það að þetta er mikilvægt atriði að ég tel fyrir Reykvíkinga, að þeir geti áfram valið um læknastöðvar heimilislæknanna eða heilsugæslustöðvar samkvæmt þessu skipulagi. Þetta vildi ég aðeins leggja áherslu á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Þessi umræða hefur tekið nokkuð langan tíma og auðvitað eins og kom fram hjá hv. þm. áðan ekki ástæða til annars en að gefa sér góðan tíma í umræðuna, en það er ástæðulaust líka að lengja hana mjög.

Fyrst út af ummælum hv. 3. þm. Vestf. vil ég aftur undirstrika það að ég hef hugsað mér það að ekki verði dregið úr starfssviði og vettvangi héraðslæknanna heldur þvert á móti tel ég að það beri að fela þeim fleiri verkefni og skilgreina störf þeirra betur og ef Alþingi vill ganga lengra í því heldur en ég hef treyst mér til að gera og ná um það samstöðu þá fagna ég því.

Varðandi kjaramál sem hann spurði sérstaklega um hér í sambandi við 18. gr. frv. þar sem fjallað er um að stjórnir — og ég ræddi nú aðeins um áðan — að stjórnir heilsugæslustöðvanna ráði starfslið stöðvanna og um laun þeirra fari samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn, þá vil ég undirstrika það að þarna er verið að fela stöðvunum verkefni og þar með færa verkefni frá ráðuneyti út til stjórnanna frá því sem er í dag. Ég veit ekki hvernig ætti að kveða á um kjarasamninga þeirra eða kjaramál þeirra ef ekki samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ég kann enga aðra leið við því. Þetta eru opinberir starfsmenn, starfsmenn heilbrigðisyfirvalda og hljóta

að þiggja laun svona. En ég vil líka árétta það að við erum að reyna að færa út úr lögum um heilbrigðisþjónustu ákvæði um kjaramál þannig að ekki sé verið að fjalla um það hér í þessum lögum eins og er núna varðandi kjarasamninga við lækna í 22. gr. og ég las áðan og ætla ekki að lesa aftur, þar sem fjallað er um það að ákvæði um það hvernig samningar þessara aðila skuli vera eru felld út úr lögum um heilbrigðisþjónustu, enda eiga þau ekki heima þar heldur hljóta að eiga heima annars staðar því að samningamál, kjaramál eru ekki í höndum heilbrrn. heldur fjmrn.

Hv. 14. þm. Reykv. áréttaði aðeins spurningar sem ég reyndi að svara áðan. Auðvitað kann að vera að það hafi ekki verið nægjanlega skýrt frá greint, en vegna þess — og það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að uppi er eins og ég sagði nokkur áherslumunur um það hvernig staðið skuli að málum hér í Reykjavík og hefur verið lengi og er sjálfsagt a.m.k. einhver enn. Þó gerði ég grein fyrir því að við erum núna að vinna að því að ræða við þá aðila sem í dag reka sjálfstætt starfandi heimilislæknastöðvar. Á bls. 11 í athugasemdum við 10. gr. frv. segir: „Hafa því í reynd verið rekin fjögur kerfi í Reykjavík, sem eru kerfi heilsugæslu samkvæmt gildandi lögum á nokkrum stöðum," þ.e. eins og er uppi í Breiðholti t.d. í Asparfellinu og reyndar nokkrar aðrar stöðvar og fleiri eru að koma í gagnið á næsta ári, ný stöð þar upp frá og önnur stöð hérna í Garðastrætinu. Síðan er talað um heimilislækningar *samkvæmt samningum við Tryggingastofnun ríkisins*, það form sjálfstætt starfandi heimilislækna sem hv. þm. hafa gert hér að umtalsefni. Heilsugæslan í Álftamýri sem er eitt formið enn sem starfar með svolítið sérstökum hætti og í fjórða lagi hefur Heilsuverndarstöðin í Reykjavík annast ákveðna þætti heilsuverndar í samræmi við gömul lög um heilsuvernd.

Ég hef fullan áhuga á því að samræma þessi form og tel að það sé nauðsynlegt og eðlilegt að við búum hér við nokkurn veginn, helst alveg eitt form, eins og ég gerði hér grein fyrir áðan, að við ætlum að reka hér heilsugæsluþjónustu eins og gerist um allt land annars staðar og í öllum öðrum byggðarlögum í dag. Nú síðast var sú breyting gerð í Garðabæ um síðustu áramót. Um það að hér er í grg. vitnað til samkomulags við Reykjavíkurborg, þá er hér fyrst og fremst vitnað til þess að sú hverfaskipting sem hér er lögð til sé í samræmi við áður gerðar samþykktir á vegum borgarinnar. Þær eru ekki dagsettar hér og ég verð því miður að segja það við hv. þm. að ég á ekki í fórum mínum öðruvísi en fá betri tíma til athugunar á því máli hvaða dagsetningar sé hér um að ræða og vafalaust er það eins og hér er vitnað til fyrr í grg. nokkuð um liðið. E.t.v. hefur það gerst á árunum 1979–1983 eins og hér er tekið fram, en þó kann að vera að þessar ályktanir um skiptingu borgarinnar í hverfi hafi verið áréttaðar og ítrekaðar síðar, um það þori ég alls ekki að fullyrða á þessu stigi. Ég hef ekki upplýsingar um það.

Ég vona að ég hafi svarað því alveg skýrt hvert mitt sjónarmið er. Ég tel að hér eigi að koma á samræmdu heilsugæslukerfi, en ég áréttaði það líka áðan að við þyrftum að hafa í huga þennan áherslumun, hvernig sú breyting getur farið fram og hvort á henni verður samkomulag um einhverjar undantekningar. Ég held að sumt af þeim læknastöðvum sem í dag eru reknar af heimilislæknum sé með góðu samkomulagi hægt að gera að heilsugæslustöðvum og sú umræða er þegar í gangi og að þeir heimilislæknar sem nú starfa sjálfstætt geti fengið stöður við heilsugæslustöðvarnar eftir því sem þær rísa eða taka til starfa samkvæmt laganna hljóðan og vænti þess að um það þurfi ekki að verða ágreiningur. Og miðað við það sem ég sagði áðan, um það að menn hefðu möguleika á því að eiga áfram samskipti við sína heimilislækna sem þeir hafa haft áður þó að það sé í annarri heilsugæslustöð en við þá götu eða í því borgarhverfi sem þeir búa, þá sýnist mér að þetta ætti að geta gengið auðveldlega fyrir sig og menn hefðu áfram samskipti við þá lækna sem þeir hafa áður leitað eftir þjónustu hjá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

13. fundur, miðvikudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 185.

Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn 33 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla þeir þær kröfur eða þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum.

Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu árin.

Á tveimur síðustu þingum hefur verið afgreitt fyrir miðsvetrarhlé frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar og síðarn hefur í lok þingsins um vorið einnig verið afgreitt frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Þessi háttur á afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt hefur reynst til mikilla þæginda. Bæði styttir það biðtíma umsækjenda og dreifir afgreiðsluálagi hjá ráðuneytinu.

Ég legg því til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 186.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Frv. þetta kemur frá hv. Ed. á þskj. 186.

Við afgreiðslu frv. í Ed. voru samþykktar við það nokkrar brtt. sem greinir á þskj. 180. Frv. sem var lagt fram nú í þingbyrjun er að meginefni samhljóða frv. sem lagt var fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Samkvæmt 31. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, nr. 39/1985, bar dómsmrh. að láta endurskoða þau lög og leggja fyrir Alþingi haustið 1988 nýtt frv. um efni laganna, en það var gert í desember 1988. Núgildandi lög um þetta efni falla úr gildi í árslok 31. des. nk. og er því brýnt að það takist að ljúka afgreiðslu frv. fyrir jólaleyfi.

Brtt. þær sem hv. Ed. hefur samþykkt við frv. tel ég allar vera til bóta. Vil ég leyfa mér að vísa til skýringa á þeim í nál. hv. allshn. Ed. á þskj. 181.

Veigamesta breytingin varðar reglu um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana sem 24. gr. frv. fjallar um. Samkvæmt frv. eins og það var lagt fram var sagt að óheimilt væri að gera markaðs- og skoðanakannanir um atriði sem falla undir ákvæði laganna nema áður hafi verið aflað heimildar tölvunefndar. Samkvæmt þeim breytingum sem nú hafa verið samþykktar í hv. Ed. skulu þeir sem annast slíka starfsemi í atvinnuskyni hafa starfsleyfi frá tölvunefnd en senda skulu þeir nefndinni með tilteknum fyrirvara lýsingu á könnun sem þeir hyggjast gera. Öðrum er óheimilt að annast slíkar kannanir án leyfis tölvunefndar hverju sinni.

Önnur breyting lýtur að starfsaðstöðu tölvunefndar. Í stað ákvæðis um að starfsmaður dómsmrn. skuli vera ritari tölvunefndar er tölvunefnd nú veitt heimild til þess að ráða sér nauðsynlegt starfslið í samráði við dómsmrh. Af nær átta ára starfi tölvunefndar í nánum starfstengslum við dómsmrn. hefur fengist góð reynsla og mun ég beita mér fyrir því að þau tengsl haldist og nefndin fái áfram þá starfsaðstöðu innan veggja ráðuneytisins sem hún hefur haft, en jafnframt verði leitast við að bæta aðstöðu hennar eftir því sem þörf er á á hverjum tíma.

Þessum breytingum sem og öðrum þeim er gerðar hafa verið í hv. Ed. vil ég mæla með, enda hefur hv. allshn. unnið hér mjög ítarlega að athugun á frv. og fjallað um það á mörgum fundum ásamt höfundum þess og öðrum sérfræðingum.

Með frv. þessu sem hér er til umfjöllunar er lagt til að sett verði þriðju lögin um skráningarmálefni hér á landi, en nú eru tæp átta ár frá því að lög nr. 63/1981 tóku gildi og giltu þau í fjögur ár. Voru þau endurnýjuð að mestu óbreytt árið 1985 og tóku gildi 1. jan. 1986 og er gildistími þeirra til ársloka þessa árs.

Frá því að fyrsta löggjöfin um skráningarmálefni var sett hér á landi hafa menn öðlast aukna reynslu á þessu löggjafarsviði sem áður var mönnum óþekkt. Miðar frv. þetta að því að bæta úr þeim vanköntum gildandi löggjafar sem í ljós hafa komið. Þá hefur og við samningu frv. verið horft til réttarþróunar í grannríkjum okkar, en rétt er að leggja á það áherslu að hér er um að ræða lagasetningu á mjög alþjóðlegu sviði og því nauðsynlegt að þróun íslenskra réttarreglna um þetta efni sé samstiga þróun í grannríkjum okkar.

Eins og áður segir hefur löggjöf um skráningarmálefni það að meginmarkmiði að vernda einstaklingana gegn því að misfarið sé með persónuupplýsingar sem skráðar hafa verið um þá með kerfisbundnum hætti. Í slíkri löggjöf og þar með frv. þessu er reynt að ná þessu markmiði með eftirfarandi úrræðum:

1. Settar eru reglur um það hvenær og í hvaða tilgangi heimilt er að skrá persónuupplýsingar. Er um það efni fjallað aðallega í II. kafla frv.

2. Strangar reglur gilda skv. III. kafla frv. um aðgang annarra en hins skráða að skráðum upplýsingum.

3. Hinum skráða er tryggður aðgangur að upplýsingum er hann sjálfan varða og er um það efni fjallað í IV. kafla frv. Er það gert í því skyni að veita einstaklingunum sjálfum færi á því að hafa að vissu marki sjálfir eftirlit með því að ekki séu skráðar um þá upplýsingar sem óheimilt er að skrá.

4. Þar sem upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust manna eru þeim viðkvæmar eru settar sérstakar reglur um skráningu og meðferð slíkra upplýsinga í V. kafla frv. Eru þær reglur til muna ítarlegri í frv. þessu en í gildandi lögum.

5. Gert er ráð fyrir áframhaldandi skipan opinberrar eftirlitsnefndar, svokallaðrar tölvunefndar, sem hefur eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og með upplýsingar farið svo sem í lögunum segir. Er það jafnframt hlutverk nefndarinnar að veita borgurunum liðsinni við að ná fram leiðréttingu sinna mála ef þeir telja rétt sinn brotinn.

Auk þessa hefur frv. að geyma ákvæði um notkun nafnaskráa til útsendinga á auglýsinga- og dreifiefni, svo og ákvæði um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana um atriði er snerta gildissvið frv. Þá er og í frv. að finna ákvæði um starfsemi þeirra er annast tölvuþjónustu fyrir aðra og ákvæði um söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Í III. kafla almennra athugasemda frv. eru raktar helstu breytingar á gildandi löggjöf sem frv. þetta gerir ráð fyrir og verða þær ekki raktar hér nánar. Þó er rétt að leggja á það áherslu að þótt breytingar frv. séu allmargar raska þær þó ekki í neinum verulegum atriðum þeirri umgjörð sem þegar hefur verið sett um þessa einkalífsvernd. Ein veigamesta breytingin sem frv. gerir ráð fyrir kemur fram í 2. mgr. 30. gr. þar sem lagt er til að tölvunefnd og starfslið hennar hafi vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögnin eru varðveitt eða eru til vinnslu án þess að þurfa að afla til þess sérstaks dómsúrskurðar hverju sinni.

Skv. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður húsleit eigi framkvæmd nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Nútímatækni gerir það kleift að eyða upplýsingum á tölvum á mjög skömmum tíma og án þess að slíks sjáist nokkur merki. Með hliðsjón af þessu og þeim hagsmunum sem lögum þessum er ætlað að vernda þykir rétt að leggja til að tölvunefnd hafi ótvíræða lagaheimild til þess að gera vettvangskönnun án sérstaks dómsúrskurðar. Er það reynsla frændþjóða okkar að slík heimild sé nauðsynleg til þess að gera eftirlitsstarfið virkara.

Fyrri löggjöf á þessu sviði hafði fyrir fram afmarkaðan gildistíma eins og áður hefur komið fram. Var það gert til þess að tryggja að nauðsynleg endurskoðun löggjafarinnar færi fram með hæfilegu millibili. Verður að telja að sú reynsla hafi nú fengist á þessu löggjafarsviði að ekki sé þörf á því að hafa löggjöfina tímabundna. Er því ekki gert ráð fyrir því í frv. að það hafi, ef að lögum verður, afmarkaðan gildistíma.

Hæstv. forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir efni frv. þessa ásamt þeim breytingum sem á því hafa orðið í meðferð hv. Ed. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að brýnt er að þetta frv. verði samþykkt sem lög fyrir jólaleyfi þar sem núgildandi lög falla úr gildi í árslok.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi lög sem hér eru til umræðu eru að sjálfsögðu mjög þörf. Mér sýnist einnig að þær breytingar sem hafa verið gerðar í Ed. séu til bóta og í heild sé þetta frv. nokkuð gott. Hins vegar vil ég í fyrsta lagi efast um það sem hæstv. dómsmrh. hafði hér framsögu um, að tölvunefnd eigi að fá vald til þess að úrskurða sjálf um heimild til húsleitar. Ég hefði talið eðlilegt að það væri dómstóll sem skæri úr um það því að það þarf ekki nema 24 tíma til þess að slíkur úrskurður liggi fyrir og hefði talið það nær okkar réttarkerfi.

Í öðru lagi finnst mér vanta hér upplýsingar um það hver kostnaður við framkvæmd þessara laga muni verða og þá sérstaklega með tilliti til þess að tölvunefnd er ætlað allstórt hlutverk. Það liggur hvergi fyrir hvað áætla mætti í kostnað við framkvæmd þessara laga. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. dómsmrh.

Í þriðja lagi eru það ákvæðin um markaðs- og skoðanakannanir. Það hefði óneitanlega verið æskilegt að settur hefði verið inn kafli í frv. um með hvaða hætti markaðs- og skoðanakannanir yrðu framkvæmdar. Ég vil koma því hér á framfæri og vildi óska eftir því að hv. nefnd sem tekur frv. til umræðu athugi það betur hvort ekki væri rétt að skjóta hér inn í reglum um það hvernig skoðanakannanir eigi að fara fram, þannig að það væri þá í þessum lögum, sem væri mjög tímabært að væru settar um miklu nánari og strangari reglur. Að öðru leyti tel ég þetta frv. til mikilla bóta.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir hans innlegg í málið og þá heildarafstöðu sem hann hafði til þessa máls. Það er vafalaust svo að menn greinir á um þetta atriði sem hann nefndi fyrst í máli sínu, um það að leiða hér í lög að tölvunefnd hefði heimild til húsleitar án sérstaks dómsúrskurðar, en hér greinir okkur greinilega á, þá sem þetta frv. flytja og hv. 11. þm. Reykn.

Um kostnað við starfsemi tölvunefndar og þann kostnað sem hugsanlega yrði frekar í framtíðinni hef ég að vísu og vitaskuld ekki neinar upplýsingar hér, en það ætti að vera nokkuð auðvelt verk að veita hv. allshn. upplýsingar í því efni sem fyrir liggur og ég skal beita mér fyrir því að þær verði veittar.

Um þriðja atriðið, varðandi skoðanakannanirnar, vildi ég aðeins segja það og leggja á það áherslu að sú grein frv., sem hér er til umfjöllunar, um skoðanakannanir, tekur eingöngu til þeirra skoðanakannana sem eru um það efni sem frv. að öðru leyti fjallar um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 127. mál. — Þskj. 131.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 95. mál (fjárfestingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 96.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég mun undir þessum dagskrárlið fara fáeinum orðum bæði um 95. og 96. mál og nýta mér þar fordæmi hv. 1. þm. Reykv. sem gerði grein fyrir báðum málunum í sömu ræðu í framsögu, ef ég man rétt.

Í þessum frv. er um að ræða mörg atriði um skattalega meðferð til að mynda á hlutafé sem að mínu viti eru jákvæð og þurfa að athugast vel í nefnd. Hluti af þessum tillögum er endurfluttur frá síðasta

þingi og hv. 1. þm. Reykv. hefur verið ötull talsmaður þess hér í þinginu að fá fram lagfæringar á skattalegri meðferð hlutafjár og gera hana að einhverju leyti sambærilegri við skattalega meðferð annars sparifjár í okkar skattakerfi. Fyrir það á hann þakkir skildar.

Ég held að það mál sem hér er til umræðu sé meðal brýnustu málanna í okkar þjóðfélagi í dag. Í þeirri stöðu sem allt okkar atvinnulíf er í þar sem eigið fé fyrirtækjanna, sérstaklega í útflutnings- og samkeppnisgreinum, hefur brunnið mjög ört upp á síðustu árum og lánsfé hefur sjaldan verið dýrara en nú er gríðarlega mikilvægt að örva fyrirtækin og hjálpa þeim til að auka sitt eigið fé og renna þannig styrkari stoðum undir atvinnulíf í landinu. Jafnframt eru slíkar breytingar mjög mikilvægar til að örva almenning til frekari þátttöku í atvinnulífinu. Ég ætla ekki að fara orðum um það að þessu sinni af hverju eigið fé fyrirtækjanna, sérstaklega í útflutningsgreinum, hefur brunnið mjög upp á síðustu árum og svo að dæmi munu vart til annars eins á tímum fastgengisstefnunnar.

Annað atriði sem er auðvitað mjög mikilvægt, þegar rætt er um skattalögin almennt, er það að með aðlögun að Evrópubandalaginu er ljóst að Íslendingar þurfa mjög að horfa til í harðnandi samkeppni þeirrar starfsaðstöðu og starfsskilyrða sem löndin í kringum okkur, samkeppnislöndin, veita sínum fyrirtækjum.

Vegna þeirra breytinga sem hér eru til umræðu um skattalega meðferð á hlutafé vil ég geta þess að þingflokkur framsóknarmanna skipaði á sínum tíma sérstaka þingmannanefnd til að gera tillögur í efnahags-, atvinnu- og byggðamálum. Í tillögum sem sú nefnd hefur skilað þingflokki Framsfl. segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrirtækjum verði auðveldað að auka eigið fé sitt með því að:

a. Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa verði hækkaður.

b. Ákvæði sem fyrirtæki þarf að uppfylla til þess að hlutabréfakaup njóti skattfrádráttar verði rýmkuð, þ.e. lágmarksfjöldi hluthafa, lágmarkshlutafé o.s.frv.

c. Útgreiðsla arðs verði frádráttarbær hjá fyrirtæki og skattmörk rýmkuð hjá einstaklingum.

d. Tap af hlutafé verði frádráttarbært í rekstri svipað og tap annarra eigna.

e. Stimpilgjöld af hlutabréfum lækki úr 2% í 0,5%.

f. Lífeyrissjóðum verði heimilað að verja ákveðnu hlutfalli eigna sinna til hlutabréfakaupa í atvinnurekstri."

Það er því ljóst að sú þingmannanefnd sem hér um ræðir hefur skilað tillögum inn í þingflokkinn sem að ýmsu leyti ganga mjög í sömu átt og þær tillögur sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi þó að ekki sé það nú að öllu leyti.

Mig langar til að gera athugasemdir við nokkrar greinar í þessum frv. sem fyrir liggja, 95. og 96. máli.

Ef ég byrja þá á 95. máli er í 1. gr. gert ráð fyrir að hagnaður af hlutabréfum í eigu skattaðila verði ekki skattskyldur hafi hlutabréf verið í eigu skattaðila í þrjú ár eða lengur.

Um þetta ætla ég ekki að fara mörgum orðum en sú spurning hlýtur að vakna hvort þarna ætti eitthvert hámark að vera á og þarf þá vafalaust að skoðast sérstaklega ef samræming ætti að vera á fjármagnstekjum eða skattlagningu fjármagnstekna hvernig sem því máli reiðir nú af.

Undir b-lið í þessari 1. gr. er gert ráð fyrir að verði tap af sölu hlutabréfa megi draga það tap frá skattskyldum söluhagnaði hlutabréfanna.

Þessi grein vekur ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi er hún eingöngu miðuð við það ef tap á hlutabréfum verður við sölu hlutabréfa. Nú getur hlutafé tapast með ýmsum hætti, til að mynda með gjaldþroti þeirra fyrirtækja sem um er að ræða, og það er spurning hvort slíkt tap ætti þá ekki að vera frádráttarbært eins og tap annarra eigna, til að mynda í rekstri bifreiðar eða tölvubúnaðar eða einhvers slíks, þó um gjaldþrot væri að ræða, en hér í frv. þeirra sjálfstæðismanna gera þeir eingöngu ráð fyrir að tapið verði dregið frá skatttekjum í því tilviki að það verði til við sölu hlutabréfa.

Í öðru lagi gera þeir ráð fyrir að þetta tap megi eingöngu draga frá skattskyldum söluhagnaði hlutabréfa sem væri þá samkvæmt a-liðnum eingöngu um að ræða fyrstu þrjú árin því að eftir það yrði ekki um að ræða skattskyldan söluhagnað, skilji ég greinina rétt, en það eru þá fyrstu þrjú árin. Þetta vekur enn upp spurningar um það hvort aðili, við skulum segja verkamaður við höfnina, sem á hlutabréf og tapar verulega á sölu þess en er ekki í almennum hlutabréfaviðskiptum og nýtur þess vegna ekki hagnaðar af sölu annarra bréfa, ætti þá að bera þetta tap en aðili sem væri í þessum bransa, keypti og seldi hlutabréf, gæti dregið tapið frá hagnaði sem annars staðar hlytist. Þetta vekur auðvitað upp ýmsar spurningar og er spurningin um hvort á að halda þessum vangaveltum um hagnað og tap innan þessarar greinar eða færa þetta víðtækara út. Minn skilningur er sá að fari menn út í þetta ættu menn að geta notið þess taps við frádrátt þó að þeir væru ekki í viðskiptum með önnur hlutabréf.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að unnt sé að greiða út — það er nú bæði hækkun á hámarki úr 10% í 15% en síðan að unnt sé að greiða út arð, jafnvel af þeim jöfnunarhlutabréfum sem réttur er til að gefa út án þess að þau séu í sjálfu sér gefin út. Ég tel það mjög jákvætt mál og í rauninni sjálfsagt.

Í b-lið 2. gr. er fjallað um tölur sem geta auðvitað orðið endalaust álitamál og ég ætla ekki að fara nánar út í hér.

Í 3. gr. er fjallað um það að frádráttur fyrirtækis sem greiðir út arð af hlutafé skuli geta orðið 15% af stofni sem markast af nafnvirði hlutafjárins ásamt jöfnunarhlutabréfum.

Greiði fyrirtækið út meiri arð en 15% yrði hann samkvæmt þessu frv. þeirra sjálfstæðismanna tvískattaður. Þá yrði fyrirtækið að greiða skatt af því

sem það greiddi umfram 15% og síðan yrði einstaklingurinn að greiða skatt líka af því sama fé. Þarna er *mikil spurning hvort ekki dygði ein sköttun*, þ.e. að arðurinn væri bara frádráttarbær hjá fyrirtækinu en einstaklingurinn greiddi þá skatt af þeim arði sem hann fengi.

Ég ætla ekki að fjalla um 4. og 5. gr. Ég tel að í þessu samhengi öllu sé 4. gr. miklu minna mál og 5. gr. er nú óneitanlega dálítið á gráu svæði sem ég ætla ekki að ræða mikið hér, en hvorug þeirra er jafnmikilvæg og hinar sem fjalla um skattafrádrátt vegna hlutafjárins.

Í 6. gr. kemur fram athyglisverð hugmynd um sveiflujöfnun. Ég er þeirrar skoðunar að sveiflujöfnunarsjóður af þessu tagi sem hér er lýst sé mjög jákvæður. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í því tilviki ætti að fella út ákvæðin um sérstakan fjárfestingarsjóð en nýta þá fremur heimild sveiflujöfnunarsjóðs til að fjárfesta að einhverju leyti enda er þá greiddur skattur af peningunum þegar þeir eru teknir út úr þessum sveiflujöfnunarsjóði.

Mér þykir það ofrausn hjá þeim flm. að gera ráð fyrir að 30% af hagnaði megi renna í fjárfestingarsjóð og önnur 30% í sveiflujöfnunarsjóð eða 60% af hagnaði og síðan að gera ráð fyrir að skattprósentan að auki lækki úr 50% í 48%. Svona fljótt á litið virðist mér eðlilegast að innleiða sveiflujöfnunarsjóðinn sem ég held að sé mjög jákvætt hugtak inn í atvinnurekstur á Íslandi en fella þá út ákvæðin um fjárfestingarsjóð enda væri annað ofgert. Í því tilviki væri unnt að leggja í sveiflujöfnunarsjóð 30% af hagnaði til að mæta mögru árunum sem voru 30% í fjárfestingarsjóði áður og eru 15% núna en dyttu þá út. Það þýddi að fyrirtækið mundi greiða 50% skatt af 70% hagnaðarins sem svarar til um 35% og er þá orðið nálægt því sem einstaklingur greiðir sem er 37,74% ef ég man rétt. Það væri ekkert óeðlilegt að miða við svipaða prósentu þarna og þar með að aðlaga þetta e.t.v. dálítið því sem er að gerast í samkeppnislöndum okkar, enda samkeppnin mjög harðnandi. En ég ítreka það að mér þykir það mikil ofrausn að leggja til að 30% hagnaðar fari í fjárfestingarsjóð, að auki 30% í sveiflujöfnunarsjóð og síðan lækki skattprósentan sjálf úr 50 í 48.

Í 11. gr. er breyting sem ég hygg að sé mjög jákvæð, þ.e. að ekki þurfi að meta til eignarskatts hlutabréfin eins og þau eru metin eða á skráðu gengi hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands um síðustu áramót. Það hefur greinilega valdið miklum erfiðleikum við skráningu bréfanna. En ég vek athygli á því að byrjun 11. gr., eins og lögin eru reyndar núna, er svona: „Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félagsins sé lægra ...“ Og það er spurning sem margir hafa velt fyrir sér hvernig eigi að sanna það. Hvers konar sönnunarbyrði er það sem þar er átt við og hygg ég að vefjist fyrir fleirum en mér.

Þegar kemur að 12. gr. er talað um að auka þær upphæðir sem þegar eru í lögum frádráttarbærar til eignarskatts þegar um er að ræða hlutafé og reyndar innistæður og ýmislegt annað lausafé. Þessi grein er þó þannig að frádrátturinn er heimill upp að þessum tölum að því marki sem hann er umfram skuldir. Mér kæmi nú ekki á óvart að margir þyrftu að lesa þá grein oftar en einu sinni til að skilja hvað þar er átt við og e.t.v. væri rétt að endurskoða þessa grein betur og taka þessa skuldaviðmiðun þarna í burtu sem ég efast um að þjóni miklu hlutverki, a.m.k. átta ég mig ekki nægilega vel á henni. (**FrS:** Í hvaða grein?) Það er 12. gr., þ.e. þar sem átt er við ákvæði 78. gr. um frádrátt að því marki er nemur umfram skuld.

Varðandi 13. gr. þar sem gert er ráð fyrir að í stað „1,2%“ í 84. gr. komi 0,95% vil ég aðeins vitna í nál. *þingmannanefndar Framsfl. þar sem segir, með leyfi forseta*, í tillögum hópsins: „Núverandi hæsta stig eignarskatts verði fellt niður.“

Ég vil síðan fara örfáum orðum um 96. mál þar sem einnig er hreyft mjög athyglisverðum atriðum. Enn á ný ætla ég ekki að fjalla um tölurnar í 1. gr. frv. enda eru þær *endalaust matsatriði*. En þegar kemur að 3. gr. vakna ýmsar spurningar og kannski fyrst og fremst sú hvort ekki væri eðlilegra að breyta almennu greininni, um hvaða fyrirtæki falla innan þess ramma að hlutabréfakaup þeirra geti verið skattfrádráttarbær, fremur en að skjóta þessu inn í vegna þess að þetta ákvæði eins og það er þarna sett gerir eingöngu ráð fyrir nýju útboði hlutafjár í starfandi hlutafélagi sem takmarkar strax ef litið er til stofnunar nýrra hlutafélaga. Ég er ekki viss um að það sé eðlilegt að vera með þessa takmörkun ef menn fara á annað borð út í að rýmka þetta atriði sem ég tel mjög nauðsynlegt og þingmannanefnd Framsfl. leggur til í sínum tillögum. En jafnframt hygg ég að eðlilegt væri eigi að síður að miða við einhverja lágmarksfjárhæð hlutafjár, ekki bara það lágmarkshlutafé sem verður að vera samkvæmt hlutafélagalögum, til að mynda fjór- eða fimmfalt lágmarkshlutafé sem eru nú ekki það miklar upphæðir, og einnig er ég þeirrar skoðunar að lágmarksfjöldi hluthafa ætti að vera einhver, átta til tíu í þeim tilvikum að fyrirtækið eigi að njóta slíks frádráttar.

Ég vil síðan almennt benda á að það er út af fyrir sig atriði sem flm. og aðrir þingmenn þurfa að athuga þegar talað er um frádrátt vegna hlutabréfakaupa annars vegar og hins vegar frádrátt vegna taps á hlutafé. Það getur auðvitað leitt til þess að þessi frádráttur verði virkur tvisvar, að menn nái samkvæmt tillögum, eins og sjálfstæðismenn leggja þetta fram, að draga öll hlutabréfakaupin frá skatti vegna kaupanna, en ef þeir tapa síðan hlutafénu, þá geti þeir dregið það allt saman frá aftur. Það kann að vera að hugsunin að baki þessu sé sú að örva menn til kaupa á hlutabréfum í áhættufyrirtækjum. Á það skal ég ekki leggja dóm, en þetta hlýtur að koma inn í alla umræðuna.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál þurfi að fara í allvíðtæka athugun í nefnd. Þarna eru atriði sem að mínu viti þurfa talsverðrar lagfæringar og breytingar við en jafnframt, svo að ég ítreki það enn, eru hér

mörg atriði sem ganga alveg í sömu átt og þingmannanefnd Framsfl. hefur þegar lagt til.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt þegar umræður verða í þessari hv. deild með þeim hætti sem hér hafa orðið og ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni fyrir efnislega umfjöllun hans um þau frv. sem við sjálfstæðismenn í Nd. höfum leyft okkur að flytja. Ég verð að segja að það eykur á vonir okkar um að það sé að vakna skilningur í stjórnarherbúðunum fyrir því að eitthvað þurfi að gera mjög fljótt til þess að aðstoða fyrirtækin í landinu við að byggja upp eigið fé. Ég fagna því sérstaklega að nokkrir hv. þm. Framsfl. skuli hafa komist að þessari niðurstöðu og vænti þess að þeir, ekki síst undir forustu hv. 10. þm. Reykv., muni aðstoða okkur sjálfstæðismennina í hv. nefnd við að ná fram niðurstöðu í þessum málum sem geri það að verkum að fyrirtækin búi við betri skilyrði, einkum og sér í lagi er varðar skattlagningu eins og t.d. eignarskatta og eins uppbyggingu eigin fjár.

Satt að segja, virðulegur forseti, átti ég von á því að hæstv. fjmrh. mundi taka hér til máls og auðvitað kemur hann til með að gera það síðar, annaðhvort í umræðu um þetta mál eða næsta mál sem hér er á dagskrá því það væri vissulega fengur að því að fá að heyra álit hæstv. ráðherra, ekki síst eftir að einn af þingmönnum Framsfl., hv. 10. þm. Reykv., hefur tekið jafnjákvætt undir efnisatriði frv. og við urðum vitni að hér áðan.

Mig langar til að fara örfáum orðum um þær efnislegu athugasemdir sem hv. 10. þm. Reykv. gerði við frv. og vonast ég til þess, virðulegur forseti, að mér leyfist að ræða þau hér bæði samtímis og ætti það að spara umræður um síðara málið sem hangir við það sem nú er til umræðu.

Ég vil byrja á því vegna orða hv. þm. um lækkun stimpilgjalda að lýsa því yfir enn einu sinni að Sjálfstfl. styður frv. hv. 10. þm. Reykv. og fleiri þingmanna Framsfl., gerði það reyndar líka á síðasta þingi, og mér sýnist vera mjög víðtækur stuðningur við það frv. Nú er það til skoðunar hjá þingflokkum hæstv. ríkisstjórnar og vænti ég þess að sú skoðun leiði til þess að stimpilgjöld af hlutabréfum verði lækkuð, að hlutfallið breytist úr 2% í 0,5% og tel að það mál geti gengið fram nú fyrir jól.

Varðandi lífeyrissjóðina sem hv. þm. nefndi og vitnaði þar til skýrslu Enskilda Securities vil ég taka það fram að í framsöguræðu minni ræddi ég þetta mál sérstaklega og benti á að það liggur í ráðuneytinu frv. til breytinga á lögum um lífeyrissjóði sem gerir ráð fyrir því að heimila lífeyrissjóðum að kaupa hlutabréf að því er ég best veit í samræmi við þær hugmyndir sem koma fram í skýrslu Enskilda Securities en það er 5% af árlegu greiðsluflæði sjóðanna. Þetta hefur auðvitað gífurlega þýðingu og til þess að minna á hve mikið fjármagn þar er um að ræða þarf ekki annað en bera saman það fjármagn sem nú fer til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, en þar eru kaup lífeyrissjóðanna um það bil 55% af greiðsluflæðinu á ári hverju ef sjóðirnir vilja að þeirra félagsmenn fái réttindi til lána úr byggingarsjóðunum.

Sumir lífeyrissjóðir hafa reyndar heimild til þess að kaupa hlutabréf og bendi ég þá á Lífeyrissjóð verslunarmanna sem hefur verið ötull við það að byggja upp fyrirtæki og hefur það komið að gagni. Þetta hlýtur hins vegar að vekja aðeins þær hugmyndir sem menn hafa um hlutabréf og hlutabréfakaup því að það er stundum svo þegar rætt er um hlutabréf og hlutabréfakaup að menn álíta, ekki síst menn í rekstri, að þannig sé hægt að ná í ódýrara fjármagn heldur en ef um lánsfjármagn er að ræða. Þetta er stórhættulegur hugsunarháttur því að auðvitað verður áhættufjármagn eins og hlutaféð er að gefa a.m.k. sömu ávöxtun ef ekki betri heldur en ef um lánsfé væri að ræða. Kostur hlutabréfanna er hins vegar sá að hlutaféð er kyrrt í félaginu. Félagið þarf ekki að greiða til baka stofninn þótt hlutabréfin gangi kaupum og sölum og þess vegna er mikill munur á hlutabréfum annars vegar og viðskiptabréfum eins og lánaskuldbindingum hins vegar þar sem fyrirtæki þurfa að borga, auk vaxta sem eru samsvarandi og arður, stofninn upp á tilteknum tíma.

Þess vegna verðum við að átta okkur á því að eitt af aðalskilyrðum þess að hægt sé að byggja upp eigið fé fyrirtækja með þeim hætti að almenningur og lífeyrissjóðir og aðrir aðilar telji þetta vera heppilegt sparnaðarform sem auðvitað er undirstaðan, þá gerist það ekki nema rekstrarskilyrði séu fyrir hendi. Einn mikilvægasti þáttur í að útbúa rekstrarskilyrði er að stjórnarstefna viðkomandi ríkisstjórnar sé með þeim hætti að fyrirtæki fái almennt að græða í landinu, fái að skila hagnaði og það er það sem skiptir ekki síst og kannski mestu máli.

Varðandi þær athugasemdir sem komu fram hjá hv. 10. þm. Reykv., þá sýnist mér að flestar þeirra séu um atriði sem auðvelt væri fyrir okkur að semja um í hv. nefnd og ná fullu samkomulagi um. Varðandi 1. gr. er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að hér er aðeins um að ræða — verði hlutabréfaeigandi eða hluthafi fyrir tapi af sölu bréfa — nettóáhrif, þ.e. hann getur eingöngu dregið tapið frá ágóða vegna annarra bréfa. Það má vel vera að ekki sé nægilega langt gengið með þessu ákvæði. En þarna var fyrst og fremst verið að hugsa um það að líta á heildaráhrif vegna sölu og kaupa á hlutabréfum rétt eins og menn líta á vexti, bæði greidda vexti og fengna vexti. Allir vita að það er nettótalan sem skiptir máli.

Það kann hins vegar vel að vera, ég er ekki svo vel að mér í skattalögum, að það vanti lagaákvæði sem komi til móts við þá sem verða fyrir verulegum áföllum vegna þess að þeir glata hlutabréfum, t.d. vegna þess að félög sem hluthafi á hlut í verða gjaldþrota og finnst mér sjálfsagt að það mál verði skoðað.

Ég tek undir það með hv. 10. þm. Reykv. að allar tölur í þessu frv. eru auðvitað álitamál. Þær eru settar fram með það í huga fyrst og fremst að rýmka þær tölur sem fyrir eru í lögum. Hvort þær verða helmingi

hærri, þriðjungi hærri eða eitthvað þar á milli, meira eða minna, skiptir ekki mestu máli, heldur að lögin verði sveigjanlegri en þau eru nú.

Varðandi 3. gr., um arðinn, þá er það alveg rétt að tillögur okkar ganga ekki eins langt og hv. þm. vildi að gert yrði, þ.e. að arður yrði alveg frádreginn hjá fyrirtækinu frá tekjuskatti þótt það væri gildandi þak fyrir þann sem fengi arðinn greiddan. Vissulega kemur þetta til greina og yrði þá til bóta fyrir viðkomandi fyrirtæki sem gætu greitt svo mikinn arð. En þótt við berum vissulega vonir í brjósti um að svo geti orðið, þá efast ég nú um að a.m.k. á næsta ári verði greiddur arður umfram þau mörk sem þarna er til umræðu. Og finnst mér nú menn í nýjustu atvinnugreinunum vera orðnir æði bjartsýnir ef þeir halda virkilega að þau nýju fyrirtæki skili arði á borð við þetta sem hv. þm. var hér að hugsa um.

Ég fagna því að hv. þm. hefur skilning á sveifluJöfnunarsjóðunum. Hér er um að ræða nýja hugmynd og hér er auðvitað verið að fitja upp á alveg nýju kerfi. Við höfum langa reynslu af verðjöfnunarsjóðum, fyrst mjög góða, síðan eftir að stjórnmálamenn fóru að misnota verðjöfnunarsjóðina kom í ljós að þeir gátu jafnvel skapað fleiri vandamál en þeir leystu. Þá er spurningin sú hvort ekki sé kominn tími til að fyrirtækin sjálf beri ábyrgð á því að jafna sveiflur og við sem hér sitjum sem löggjafarvald gefum þeim tækifæri til þess með því að breyta lögum þannig að hægt sé að geyma fjármuni óskattlagða til mögru áranna. Þetta er auðvitað sama hugmyndin og kom fram og er til staðar um fjárfestingarsjóðina en heimildir til að geyma ákveðið hlutfall af ágóða fyrirtækjanna voru skertar á sl. ári. Við setjum fram hugmynd um að rýmka þessar heimildir verulega, annars vegar til fjárfestingarsjóðanna og hins vegar til þessara sveiflujöfnunarsjóða. Hvort nákvæmlega þetta hlutfall sé eðlilegt er er erfitt að fullyrða, en ég fagna því vissulega að hv. þm. skuli taka undir hugmyndina og vil gjarna eiga gott samstarf við hann í nefndinni um að færa þessa hugmynd betur út þannig að hún komi ekki einungis fyrirtækjum til góða, heldur einnig öllu efnahagslífinu. Það er undirstöðuatriði að fyrirtækin sjálf taki þátt í því að jafna þær efnahagssveiflur sem eru óumflýjanlegar í okkar þjóðfélagi vegna sífelldra breytinga á verðlagi útflutningsvara og mismunandi afla sem við getum tekið úr sjó á ári hverju. Nýlega höfum við getað farið í gegnum eina slíka sveiflu. Við höfum séð hvernig fyrirtækin í sjávarútvegi fóru flest hver í miklar fjárfestingar þegar vel gekk. Auðvitað verða þær síðan að greiðast á löngum tíma, þar á meðal á þeim tíma þegar slær í bakseglin sem verður þá til þess að niðursveiflan verður enn þá skarpari en ella. Hér er verið að varpa ábyrgðinni yfir á fyrirtækin og ætlast til þess að fyrirtækin rói í sömu átt og ríkisstjórnir á hverjum tíma, einkum og sér í lagi ríkisstjórnir sem hafa áhuga á því að ná tökum á efnahagsmálunum og jafna sveiflur og draga úr miklum breytingum á verðlagi o.s.frv.

Varðandi 11. gr. er það rétt að hér er um að ræða sama orðalag og kemur fram í sjálfri lagagreininni, þ.e. í 5. tölul. 74. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaganna um sönnunina, þannig að þetta orðalag er ekki úr okkar brtt. Við notum sama orðalag, en meginmarkmið þessarar brtt. eða þessarar greinar í frv. er auðvitað að örva fyrirtæki til að skrá hlutabréf sín sem til sölu eru og þá um leið gengi þeirra á Verðbréfaþingi Íslands. Því miður, og verður að segja þá sögu alla eins og hún er, hefur það ekki gerst hingað til. Fróðir menn telja að það sé nauðsynlegt að breyta 74. gr. laganna til þess að fyrirtæki fáist til að skrá hlutabréfin á Verðbréfaþinginu. Í dag hagar þannig til að þeir sem festa kaup á hlutabréfum á Verðbréfaþinginu verða að gefa upp nafnverð bréfanna eða skrá verð bréfanna þar, en ef um bein kaup er að ræða á milli aðila er hægt að skrá bréfin til eignar á nafnverði. Þetta er vandamál sem verður að takast á við og hér er gerð tilraun til að gera það með þessum hætti. Við erum að sjálfsögðu tilbúnir til að skoða orðalag, bæði lagagreinarinnar og frumvarpsgreinarinnar, í góðu samkomulagi við þá sem tilbúnir eru til að styðja þær hugmyndir sem koma fram í frv.

Örstutt um síðara frv.: Það kemur fyllilega til greina af minni hálfu að gera þá breytingu sem hv. þm. taldi að kæmi til álita í 3. gr. frv. en hún var sú að þetta ákvæði þyrfti ekki að ná eingöngu til starfandi fyrirtækja. Við skulum þó átta okkur á einu og það er að þarna erum við kannski á nokkru hættusvæði. Við þekkjum það úr löggjöf nágrannaþjóðanna að það hefur verið viss tilhneiging til þess að nota hlutafélagsformið til að komast hjá því að greiða skatta. Frægasta dæmið er frá Danmörku þegar heill stjórnmálaflokkur kviknaði nánast af slíku tilefni, en það var þegar Mogens Glistrup sýndi fram á hvernig hægt væri að sleppa við að greiða tekjuskatta með því að stofna hlutafélög jafnvel um tannbursta fjölskyldunnar svo að eitthvað sé nefnt. Þess vegna verður auðvitað að setja einhver mörk. Við höfum sett hér ákveðin skilyrði. Það kann vel að vera að hægt sé að rýmka þau á þessu sviði, þrengja á öðru. Aðalatriði málsins er að við erum að leita að aðferð sem gefur litlum fyrirtækjum, litlum hlutafélögum tækifæri til þess að njóta skattfríðinda á borð við stærri fyrirtækin og smám saman geta smærri fyrirtækin þá komist í hóp stærri fyrirtækjanna sem njóta þeirra skattfríðinda sem um ræðir í lögunum nr. 9/1984. Þetta er meginmarkmiðið. Hvernig við förum að því hlýtur síðan að vera samkomulagsatriði milli þeirra sem hafa skilning á því að hér er verið að fjalla um mál sem geta haft úrslitaþýðingu fyrir atvinnulífið í þessu landi.

Virðulegur forseti. Hæstv. viðskrh. sagði frá því í blaðaviðtali í sumar, nánar tiltekið í ágúst, að hann hefði snemma í þeim mánuði lagt fram í ríkisstjórninni hugmyndir sem falla í sömu átt og þessi frumvörp sem hér eru til umræðu gera. Ég vil segja að vissulega er það ánægjuefni að hæstv. viðskrh. skuli vera kominn í hóp þeirra sem hafa skilning á þessum málum. Við sjálfstæðismenn fluttum sum efnisatriði þessara frumvarpa sem hér eru til umræðu á síðasta

þingi og ég hlýt að fagna viðbrögðum viðskrh. þegar hann nú nýlega hefur lagt fram í ríkisstjórninni hugmyndir um hvernig hann vilji sjá þessi mál þróast á næstunni. Í hugmyndum sem viðskrh. lagði fram í ríkisstjórninni og reyndar hefur verið gerð grein fyrir í ýmsum dagblöðum má nefna þessi atriði:

1. Að eignarhlutfall hlutabréfa fái a.m.k. tímabundið — í tillögunum eru nefnd 5 ár — hagstæðari skattameðferð en eignarhald skuldabréfa.

2. Afnumin verði skattaleg mismunun hlutabréfa og annarra sparnaðarforma. Hagnaður og tap verði talin saman og nettóútkoman myndi skattstofn.

3. Stimpilgjöld af útgáfu hlutabréfa verði lækkuð úr 2% í 0,5%. Ég skýt því hér inn að ég tel að það mál sé komið í höfn eftir þann fund sem við héldum í hv. fjh.- og viðskn. í morgun. Það á að vísu eftir að fara til formlegrar skoðunar í þingflokki Alþb. en að öðru leyti kom fram stuðningur við frv. hv. 10. þm. Reykv. í morgun á nefndarfundi.

4. Kostnaður við verðbréfakaup viðskiptavaka myndi ekki stofn til útreiknings aðstöðugjalda.

Þetta eru auðvitað ekki nákvæmlega sömu hugmyndirnar og við höfum verið að fjalla um, en þær hafa sama markmið. Það sem skiptir hins vegar ákaflega miklu máli að átta sig á, og mér finnst margir ekki hafa gert, er að í því blaði sem hæstv. viðskrh. lagði fram á fundi hæstv. ríkisstjórnar kemur fram að hann telji að þessar hugmyndir eigi að eiga samleið með væntanlegum tillögum hæstv. fjmrh. um skattlagningu fjármagns. Sé þetta rétt þá er hæstv. viðskrh. á villigötum.

Það er nú ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að hreyfa við fjármagnstekjunum að sinni og fagna ég því vissulega, enda ekki sá tími kominn að það sé óhætt. Það hlýtur að vera alvarlegt ef tengja á þessi mál svona saman því að auðvitað er það eitt af stóru málunum sem löggjafarþingið hlýtur að takast á við í vetur hvernig við ætlum að byggja upp eigið fé fyrirtækjanna. Og það gengur ekki að slíkt sé tengt við einhverja nýja skattheimtu sem hæstv. fjmrh. hefur stundum nefnt í sínum ræðum. Nú er hæstv. viðskrh. því miður ekki viðstaddur á þessum fundi, en hæstv. fjmrh. er hér og ég óska eftir því sérstaklega að hæstv. fjmrh. taki hér til máls, segi álit sitt á þeim tillögum sem hér eru til umræðu, segi frá því hvort hæstv. ríkisstjórn hafi á prjónunum nú á næstunni, á þessu haustþingi, að leggja fram frv. um þetta sama efni og hvort það sé rétt sem kemur fram í minnisblaði hæstv. viðskrh. til hæstv. ríkisstjórnar að hugmyndir hans séu bundnar því skilyrði að þær þurfi að eiga samleið með hugsanlegum fjármagnstekjuskatti. Þetta finnst mér svo stórvægilegt mál að ég tel það skyldu hæstv. ráðherra að segja álit sitt og álit hæstv. ríkisstjórnar á þessum mjög svo mikilvægu málum.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, ítreka þakkir mínar til hv. 10. þm. Reykv. Ég vona að samstarf okkar og annarra sem sitja í hv. fjh.- og viðskn. leiði til þess að fram komi nú á næstu vikum frv. sem hefur það meginmarkmið sem lýst er í þeim frumvörpum sem við sjálfstæðismenn höfum nú flutt hér á Alþingi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram mjög athyglisverðar umræður um skattamál og á hvern hátt skattkerfið í landinu geti stuðlað að uppbyggingu heilbrigðs atvinnulífs á Íslandi. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram hjá ræðumönnum að eitt af brýnustu verkefnum okkar er að endurskoða skattlagningu atvinnufyrirtækja á Íslandi, bæði til þess að ná því markmiði að skattkerfið þjóni heilbrigðri uppbyggingu atvinnulífs í landinu og eins til að samræma skattlagningu atvinnulífs og fyrirtækja þeim meginreglum sem gilda í helstu viðskiptalöndum okkar og þar sem íslenskur útflutningur þarf einna helst að keppa við okkar samkeppnisaðila.

Ef ég má leyfa mér aðeins að skjóta að í framhjáhlaupi vegna ummæla hv. þm. Friðriks Sophussonar um að þetta væri mjög brýnt verkefni sem þyrfti að ljúka á næstu mánuðum, þá er það nú þannig að Sjálfstfl. hafði hér nærri því fimm ár til að vinna að því verkefni án þess að skila hér inn í Alþingi frv. um nýja heildarlöggjöf um skattlagningu atvinnulífs á Íslandi. Það geta sjálfsagt verið margar ástæður sem liggja þar að baki en ég er sannfærður um að ein af ástæðunum er sú að í okkar litla þjóðfélagi höfum við takmarkaða getu til að framkvæma viðamiklar skattkerfisbreytingar á mörgum sviðum í einu. Ég ætla ekki að segja að ástæðan sé skortur á áhuga hjá Sjálfstfl. að breyta skattkerfinu atvinnulífinu í hag, heldur hugsa ég að forsvarsmenn Sjálfstfl. hafi áttað sig á því eins og fleiri að það varð að setja upp ákveðna forgangsröð í þeim skattkerfisbreytingum sem við ætluðum að hrinda í framkvæmd hér á Íslandi.

Ég vil ítreka hér þá skoðun mína að sú vinnuáætlun sem ég hef ákveðið að fylgja í þessum efnum felst í því í fyrsta lagi að festa staðgreiðslukerfið í sessi og bæta það eins og við höfum unnið að á þessu ári. Í öðru lagi að láta virðisaukaskatt taka gildi um næstu áramót. Það er skattkerfisbreyting sem búið er að boða hér á Íslandi nærri því í tvo áratugi og ýmsar ríkisstjórnir hafa ásett sér að hrinda í framkvæmd án þess að af yrði. Það þarf ekki að útskýra fyrir hv. alþm. að það er mikið verk og hefur lengi verið í undirbúningi og það er alveg ljóst að hinn tiltölulega fámenni hópur starfsmanna í íslenska skattkerfinu og einnig sá tiltölulega fámenni hópur sérfræðinga sem við höfum á sviði skattalöggjafar og skattaframkvæmdar hefur takmarkaða starfsgetu til þess að sinna svo vel sé víðtækum, margbrotnum skattkerfisbreytingum á sama tíma. Þess vegna beitti ég mér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að ákveðið væri að virðisaukaskatturinn fengi að njóta þess algerlega að vera forgangsverkefni nr. 2. Ég ætla ekki að nota tímann hér til þess að færa að því rök hvers vegna það sé brýnt að taka upp virðisaukaskatt hér á Íslandi, ég gæti flutt um það langt mál en ætla ekki að gera það nú, mun væntanlega gera það í næstu viku þegar hér mun koma til 1. umr. frv. til l. um breytingar á lögunum um virðisaukaskatt.

Þriðja verkefnið sem ríkisstjórnin varð ásátt um að sinna var skattlagning fjármagnstekna. Fjár-

magnstekjur eru af margvíslegu tagi. Þær eru t.d. arður af hlutafé. Þær eru einnig arður vegna verðbréfa, inneigna í sjóðum og bankakerfi og þar er um að ræða nýjar tekjur sem menn fá en ekki, eins og haldið er fram í einhverju nánast barnalegu áróðursstríði hér úti í þjóðfélaginu, skattlagning á sparifé. Það er t.d. nauðsynlegt ef menn vilja styrkja fjárhagsgrundvöll atvinnulífsins á Íslandi að arðurinn af fjármagnseign í bönkum og verðbréfasjóðum sé ekki meiri en arðurinn af hlutafé í fyrirtækjunum, að fjármagnið sem liggur bara kyrrt fyrir eigendurna í verðbréfasjóðum, bönkum og sparisjóðum njóti ekki forgangs skattalega séð fram yfir það fjármagn sem menn setja í vinnu í atvinnulífinu sjálfu. Það er þess vegna sem ég, án þess að ég ætli að gera það að umræðuefni hér, við getum rætt það síðar, hef átt svona bágt með að skilja andstöðu Sjálfstfl. við hugmyndir og tillögur okkar við samræmda skattlagningu fjármagnstekna vegna þess að þær eru í reynd sinni veigamikið skref að því að styrkja samkeppnisstöðu þeirra sem vilja að fjármagnið fari til atvinnulífsins.

Þar að auki er ljóst að vilji menn búa til samræmdan fjármagnsmarkað milli Íslands og Norðurlandanna, svo að ég taki nú atriði sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur lengi boðað að eigi að gera, hvað þá heldur milli Íslands og Evrópu, Evrópubandalagsins sem ræða á hér á morgun, þá er það lykilatriði í þeirri samræmingu — ég legg áherslu á það — að sambærileg skattlagning sé á fjármagni á Íslandi og í þessum löndum sem við ætlum að taka mið af. Staðreyndin er hins vegar sú að fjármagnið á Íslandi nýtur skattfríðinda sem fjármagnið gerir ekki í öðrum löndum OECD og þar með ekki á öðrum Norðurlöndum, þar með ekki í Evrópubandalaginu. Vilji menn því í reynd samræma íslenska fjármagnsmarkaðinn fjármagnsmarkaði Norðurlanda og Evrópu er lykilatriði í því hin skattalega samræming og þar ber hæst nauðsyn á því að fjármagnstekjurnar hljóti sömu skattalegu meðferð hér á Íslandi og alls staðar í Vestur-Evrópu eða í öðrum OECD-ríkjum. Ég hef þess vegna aldrei komið því heim og saman hvernig sömu mennirnir geti staðið hér upp á Alþingi og krafist þessarar samræmingar fjármagnsmarkaðanna og svo næsta dag lagst gegn breytingum á skattlagningu fjármagnstekna.

Þessi þriðji þáttur, skattlagning fjármagnstekna, er þess vegna eitt af þeim frv. sem ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi innan tíðar og það er mjög nauðsynlegt að um það fari fram víðtæk umræða og ítarleg skoðun. Það er þó ljóst að það mun verða nokkuð þungt verk fyrir starfsfólk íslenska skattkerfisins að vinna bæði að víðtækum breytingum sem felast í virðisaukaskattkerfinu sem er nánast kerfisbylting í skattlagningu hér á Íslandi og einnig á sama tíma að hrinda í framkvæmd löggjöf, þótt hún væri fullbúin, um skattlagningu fjármagnstekna. Staðreyndin er sú, og hefur kannski komið mér nokkuð á óvart við að kynnast því náið, að við ætlum mjög fámennum hópi manna í okkar skattkerfi, mjög fámennum hópi sérfræðinga á þessu sviði, nánast ofurmannlegt verk og það er hættulegt að leggja of miklar breytingar á þetta kerfi á sama tíma þótt ég skilji vel að menn séu bráðlátir eftir að breytingarnar komi til framkvæmda. Þetta er mjög veigamikill þáttur í þeirri afstöðu minni að raða þessum verkum upp í ákveðna verkáætlun og láta hvern þátt fá þann tíma sem hann þarf til að geta komist til framkvæmda með öruggum hætti.

Fjórði þátturinn í þessari verkáætlun er síðan víðtækar breytingar á skattlagningu atvinnulífs og fyrirtækja á Íslandi. Undirbúningur þess máls er þegar hafinn og ætlunin er að á fyrri hluta næsta árs verði það eitt aðalviðfangsefni sérfræðinga, embættismanna og fulltrúa stjórnarflokkanna og e.t.v. einnig flokkanna í stjórnarandstöðu, sem og efni í viðræður við samtök atvinnulífsins, að ræða mjög ítarlega þær breytingar, skoða hvernig þarf að tengja það við skattlagningu atvinnulífs í helstu samkeppnislöndum okkar og skoða skref fyrir skref á hvern hátt er skynsamlegast að haga þessum skattkerfisbreytingum þannig að þær styrki uppbyggingu atvinnulífsins á Íslandi.

Ég held þess vegna að það sé óraunhæft að ætla sér að koma til framkvæmda víðtækum breytingum á skattlagningu atvinnulífs á Íslandi fyrr en á árinu 1991 og þá legg ég áherslu á að þær komi til framkvæmda. Það er hins vegar nauðsynlegt að sú umræða fari fram í mun lengri tíma og það er ætlun okkar að stuðla að því að svo verði.

Hér hefur nokkuð verið vikið að því hver eigi að vera markmið slíkrar endurskoðunar. Ég get lýst fáeinum atriðum í þeim efnum.

Í fyrsta lagi að einstaklingar, fyrirtæki, samtök og sjóðir séu beinlínis hvött til þess að leggja fjármagn í uppbyggingu heilbrigðs atvinnulífs. Með heilbrigðu atvinnulífi á ég við atvinnulíf sem skilar arði, bæði fyrir þjóðfélagið og eigendur þess. Það er nokkuð hættulegt að hafa skattakerfi sem er þannig útbúið að menn freistast til að leggja fjármuni í margs konar rekstur af því að þeir sjá í því um skamma stund eitthvert skattalegt hagræði án þess að huga nægilega vel að því hvort atvinnurekstrinn er í sjálfu sér arðbær og kann að verða það í framtíðinni. Þess vegna tel ég að fyrsta atriðið eigi að vera sá þáttur skattalaganna að veita hvata þegar beinlínis og sannanlega er um vænlegan og arðbæran kost í atvinnuuppbyggingunni að ræða.

Annað markmiðið þarf að vera, að mínum dómi, samræming í skattlagningu einstakra atvinnugreina. Við vitum það mjög vel að því miður hefur þróast hér á Íslandi allmikið ósamræmi í skattlagningu atvinnugreina og samkeppnisstaða þeirra, bæði innbyrðis og til vaxtar, hefur þess vegna orðið mjög ólík og mismunandi og hefur e.t.v. að nokkru leyti leitt til þess að uppbygging atvinnulífs á Íslandi í dag er óarðbærari en hún hefði orðið ella ef fyrri ríkisstjórnir eða fyrri þing hefðu haft vilja eða getu til þess að taka upp samræmda skattlagningu allra atvinnugreina sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, verslunar

og þjónustu, þannig að skattkerfið í sjálfu sér fæli ekki í sér þá mismunun sem kann að skekkja fjárfestinguna og arðsama uppbyggingu atvinnulífsins í landinu.

Nú vitum við það hins vegar að auðvitað eru sterk hagsmunaöfl sem vilja halda áfram því skattalega hagræði sem þau hafa í dag og kannski er skýringin á því að fyrri ríkisstjórnir og fyrri þing hafa ekki lagt í það verk að samræma t.d. launaskatta allra atvinnugreina, að menn hafa óttast atganginn í þeim hagsmunasamtökum sem í dag njóta forréttinda í þessu skattakerfi og vilja halda þeim áfram. En ég nefni þetta atriði hér númer tvö vegna þess að ég er sannfærður um það að slík endurskoðun á skattkerfi atvinnulífsins á Íslandi nær aldrei verulegum árangri nema menn hafi getu og vilja til að hrinda þessari samræmingu allra atvinnugreinanna í framkvæmd.

Þriðja markmiðið þarf að vera að laga skattlagningu atvinnulífs á Íslandi að meginþáttunum í skattlagningu atvinnulífs í okkar helstu viðskiptalöndum. Þar er auðvitað ljóst að Evrópubandalagið og EFTA-ríkin eru mjög ofarlega á blaði vegna þess hve þau skipa stóran sess í okkar útflutningi og þess vegna hljótum við í því verki að skoða mjög rækilega, ekki bara hvernig þessi skattkerfi eru í dag, heldur líka hverjar eru helstu breytingarnar sem menn hyggjast gera á þeim á næstu árum.

Ég held að það væri röng áhersla að flýta sér svo við þetta verk að menn taki eingöngu það skattkerfi, sem er nú reyndar ekki eitt þó að því svipi nokkuð saman í ýmsum löndum, sem er í okkar helstu viðskiptalöndum í dag og reyna að samræma skattlagningu atvinnulífsins á Íslandi að þeim veruleika.

Ég hef ákveðið að á vegum fjmrn. verði nokkuð ítarleg vinna lögð í það að safna saman þeim áherslupáttum sem helst einkenna umræðuna og kröfurnar um breytingar á þessu skattakerfi í helstu viðskiptalöndum okkar vegna þeirra sjónarmiða sem menn hafa þar um æskilega þróun atvinnulífsins. Og ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir þingheim allan að slíkar upplýsingar lægju fyrir svo að menn geti líka horft til framtíðar þegar menn eru að taka afstöðu til þess hvað eigi að gera.

Fjórða markmiðið sem slíkar breytingar ættu að þjóna væri að gera íslenskum fyrirtækjum kleift að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra sveiflna sem eru óhjákvæmilegur fylgifiskur í íslensku efnahagslífi meðan við erum í jafnríkulegum mæli háð sjávarútvegi og sveiflum á útflutningsverðlagi okkar helstu útflutningstegunda eins og reyndin hefur verið á undanförnum áratug. Sú sveiflujöfnun getur gerst með ýmsum hætti. Það er engin ein ákveðin leið sem þar ber að fara. Stærsta spurningin í því máli er hins vegar sú hvort sveiflujöfnunin á að eiga sér stað innan hvers fyrirtækis fyrir sig þannig að það beri í senn áhættuna og ávinninginn af því að hafa byggt upp í gegnum skattakerfið slíka sveiflujöfnunarsjóði og þá víkja frá því kerfi sem hér hefur verið um langan tíma að það séu sveiflujöfnunarsjóðir atvinnuveganna í heild sem gegna þessu hlutverki eða ætla menn áfram að byggja að einhverju leyti á sveiflujöfnunarsjóðum atvinnugreinanna í heild. Ef farin er sú leið að byggja sveiflujöfnunartækin inn í skattakerfið eitt og sér eru ýmis sterk rök fyrir því að leggja niður þá sveiflujöfnunarsjóði sem byggðir hafa verið upp til að þjóna atvinnugreinunum í heild. Það skortir hins vegar stundum á það að þeir sem leggja áherslu á að byggja sveiflujöfnurnar inn í skattkerfið skýri þá um leið frá því hvað þeir vilja gera við hina stóru sveiflujöfnunarsjóði sem hafa starfað hér á undanförnum árum.

Það eru mörg önnur markmið sem mætti vissulega setja fram þegar þessi endurskoðun kemur til umræðu en ég nefni þessi sem ég hef nú fjallað um vegna þess að ég tel að þau séu mikilvægust, og ef um þau getur skapast samstaða þurfa menn að snúa sér að því nokkuð flókna verki hvernig á tæknilega að útfæra breytingarnar á þann veg að menn nái árangri í verkinu sjálfu. Þar held ég að enginn hafi í dag hin réttu svör, heldur þurfi að vinna mun meira í málinu en gert hefur verið.

Ég skil það ósköp vel að þeir sem bera hag atvinnulífsins fyrir brjósti kjósi að flytja hér á Alþingi frumvörp og tillögur í þessum efnum. Ég vil þó í fullri alvöru segja það sem ég rakti hér áðan, að vilji menn vanda þetta verk vel, bæði undirbúninginn og ekki síður framkvæmdina, er íslenska skattkerfið, starfsfólk þess og skipulag það veikburða, ef má nota það orð, að það ræður ekki við nema eina umfangsmikla stóra kerfisbreytingu í senn og við megum ekki flýta okkur svo við breytingarnar að kerfið sjálft ráði ekki við framkvæmdina.

Ég hef orðið að fjölga allnokkuð starfsfólki í skattkerfinu vegna virðisaukaskattsins, m.a. af því að Alþingi áður fyrr horfðist ekki í augu við það að óhjákvæmilegur fylgifiskur virðisaukaskattsins var að starfsfólki í skattkerfinu yrði nokkuð fjölgað.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég leggja áherslu á það, sem hér hefur reyndar aðeins komið fram, að hvað svo sem líður skattkerfisbreytingum eru það hin almennu rekstrarskilyrði atvinnulífsins sem ráða meiru um það hvort þar á sér stað arðsöm uppbygging en skattkerfið sjálft þótt skattkerfi geti vissulega við eðlilegar kringumstæður haft þar mikil áhrif. Það hafa hins vegar ekki verið eðlilegar kringumstæður í rekstrarskilyrðum íslensks atvinnulífs á undanförnum missirum. Ég tel hins vegar að þær séu að skapast nú. Ég tel að raungengisþróunin sé orðin á þann veg að þar sé nánast að nást eðlilegt mark. Ég tel líka að staðan í peningamálunum sé í grófum dráttum að ná því marki að vera hinn eðlilegi rammi og ég tel einnig að vöruskiptajöfnuðurinn sem nú er orðinn jákvæður og viðskiptahallinn, eins og hann er samansettur, fyrst og fremst vegna vaxtagreiðslna og flugvélakaupa, feli það í sér að hægt sé að ganga út frá því sem eðlilegu viðmiði. Og það á einnig að vera mögulegt að stuðla að því hægt og bítandi á næsta ári að verðlag fari lækkandi.

Menn hafa deilt hér um svokallaða millifærslusjóði eða skuldbreytingasjóði. Ég ætla ekki að vekja upp þá deilu hér og nú. Ég tel hins vegar að þeir hafi

skilað góðu verki. Starfsemi þeirra fer senn að ljúka og þar með er endir sleginn í þann kafla björgunaraðgerða sem ríkisstjórnin hefur staðið að í rúmt ár. Þess vegna er sem betur fer senn að koma hinn rétti tími þar sem við getum rætt með eðlilegum hætti hvernig skattkerfi við viljum búa íslensku atvinnulífi við eðlilegar rekstrarforsendur og eðlilegan efnahagslegan ramma í okkar þjóðfélagi. Ég tel að sú umræða sem hér fer fram sé gagnlegt framlag, þar komi fram margvíslegar athyglisverðar hugmyndir, en eins og síðasti ræðumaður sagði áðan: Þær talnalegu útfærslur sem í frumvörpunum eru eiga sér auðvitað engan sérstakan sannleika, heldur eru meira settar fram til þess að skýra þær meginhugmyndir sem í frumvörpunum felast.

Ég vænti þess svo að á næstu mánuðum geti hér á Alþingi orðið áframhaldandi umræður um þær breytingar sem menn vilja gera í skattlagningu atvinnulífsins á Íslandi og það komi nokkuð skýrt fram með hvaða hætti menn eru tilbúnir að gera þær heildarbreytingar sem þarf að gera til þess að kerfið gangi upp. Þar er ekki nóg t.d. að gera bara breytingar á skattlagningu hlutafjár en láta skattlagningu annarra fjármagnstekna liggja kyrra. Þá gengur dæmið einfaldlega aldrei upp, hvorki tæknilega né efnislega.

Það er ákveðinn misskilningur sem kom fram hér áðan að í sjálfu sér væri eitthvert efnislegt samhengi milli frv. um breytingar á skattlagningu fjármagnstekna og svo víðtækra breytinga á skattlagningu hlutafjár eða atvinnulífs á Íslandi. Ég hef aldrei séð þetta þannig samofið, heldur fyrst og fremst sem sjálfstæða, að vísu tengda, verkþætti sem skoða ætti hvern fyrir sig en ekki skilyrða einn með öðrum eins og hefði kannski mátt skilja af þeim orðum sem hv. þm. Friðrik Sophusson fór með hér áðan.

Þær tillögur sem hæstv. viðskrh. setti fram í ríkisstjórninni eru mjög athyglisverðar. Það hafa ýmsar aðrar tillögur komið fram í ríkisstjórninni í vinnugögnum og hugmyndum frá einstökum ráðherrum. Þær tillögur sem hér hafa komið fram frá þingmönnum í formi frumvarpa eða í ræðum eru einnig, eins og ég hef sagt, mjög athyglisverðar og við munum ekki síður skoða þær en þær tillögur sem komið hafa fram á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það má með nokkrum sanni segja að hér hafi verið flutt tímamótaræða. Ég hygg að í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins hafi sá atburður gerst að hæstv. fjmrh. tali hér úr ræðustól á Alþingi eins og hann komi úr öðrum heimi og sé ekki í neinum tengslum við líf og starf þjóðarinnar.

Það er almælt eftir nýafstaðinn landsfund Alþb. að lýsingar formannsins sjálfs á því sem þar fór fram séu með þeim hætti að það geti varla verið að hann hafi verið á fundinum eða þá a.m.k. sofandi. Og ræða hans hér um skattamál virðist benda til þess að hann hafi ekki verið í fjmrn. eða a.m.k. setið þar sofandi og viti ekki hvað hann sjálfur hefur verið að aðhafast, hvað þá heldur aðrir sem hafa haft ábyrgð í fjmrn. á undanförnum árum. Að þessu leyti til hygg ég að ræða hæstv. fjmrh. marki tímamót. Það eru gjarnan tímamót á hverjum degi í lífi hæstv. ráðherra og þau eru enn í dag og vafalaust er þetta fyrsta ræða sinnar tegundar frá stofnun lýðveldis á Íslandi.

Hæstv. fjmrh. fullyrti að meðan Sjálfstfl. hafði húsbóndavald í fjmrn. á árunum 1983–1987 hefði flokkurinn ekki notað þann tíma til þess að beita sér fyrir breytingum á skattlagningu atvinnufyrirtækja og skattlagningu hlutabréfa. Og það lá svona í orðunum að fyrir vikið væri varla mark á því takandi þegar þingmenn flokksins flyttu nú frv. um þessi efni. Sannleikurinn er hins vegar sá að það var eitt af fyrstu verkum Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn að setja á fót nefnd til þess að gera breytingar á skattlagningu fyrirtækja og skattlagningu hlutabréfa. Það var eitt af fyrstu verkum þáv. fjmrh., Alberts Guðmundssonar, að koma þeim skattkerfisbreytingum fram. Þar var um að ræða mjög veigamiklar og þýðingarmiklar breytingar sem um margt voru nýmæli í íslenskri skattalöggjöf og sýndu ný viðhorf í skattlagningu gagnvart íslensku atvinnulífi. Við gerðum okkur grein fyrir því þá að lengra þyrfti að ganga, en þarna var verið að stíga fyrstu skrefin, mjög mikilvæg skref og um þau náðist samstaða milli þáverandi stjórnarflokka. Þetta var með öðrum orðum fyrsta meiri háttar breytingin sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir í skattamálum í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Annað stærsta atriðið í skattkerfisbreytingum var svo lögfesting staðgreiðslukerfis skatta og sú mikla einföldun og sú mikla lækkun á almennu skatthlutfalli sem þá var lögfest. Það var annað stóra verkefnið sem sjálfstæðismenn höfðu frumkvæði að í þeirri ríkisstjórn.

Jafnframt var unnið að undirbúningi veigamikilla breytinga á öðrum sviðum í tekjuöflun ríkisins. Frv. var lagt fram um virðisaukaskatt sem er grunnur að þeim lögum sem nú eru í gildi og lokið var undirbúningi að nýrri tollskrá og vörugjaldakerfi.

Það er hins vegar rétt að það er mikilvægt að menn skipi svo veigamiklum grundvallarbreytingum í ákveðna forgangsröð til þess að framkvæmd þeirra geti farið skýrt og skilmerkilega fram. En það er ekki vandi sem núv. hæstv. fjmrh. þarf að standa frammi fyrir því að hann hefur ekki beitt sér fyrir neinum grundvallarbreytingum eða staðið að neinum grundvallarbreytingum í tekjuöflunarkerfi ríkisins. Það hafa aðrir gert og aðrir lagt grunninn að.

Á okkar tíma var talið eðlilegt að breytingin á tekjusköttum einstaklinga hefði forgang og síðan tolla- og vörugjöldin og þá virðisaukaskatturinn. Öll þessi mál hafa gengið fram, þessar stóru grundvallarbreytingar, samkvæmt þeirri áætlun. Það má kannski hins vegar segja og það með gildum rökum að núv. hæstv. fjmrh., sem hefur borið ábyrgð á undirbúningi þess að virðisaukaskatturinn kæmi til framkvæmda með skilmerkilegum hætti, hafi misnotað þann tíma svo illa að þeir aðilar sem búa þurfa við þennan skatt hafa nú gild rök til þess að færa fram mjög harða gagnrýni á undirbúningsstörf núv. hæstv. fjmrh. og

hversu erfiðlega hefur gengið að fá fjmrn. og hæstv. ráðherra til þess að taka eðlilegar ákvarðanir og nauðsynlegar ákvarðanir í því sambandi.

Þetta er nú staða hinna meiri háttar breytinga sem samþykktar hafa verið hér á Alþingi og hvernig að þeim hefur verið unnið, hverjir hafa haft um það forustu og hvernig núv. hæstv. ráðherra hefur klúðrað framkvæmdinni að því er varðar fyrstu skrefin í virðisaukaskatti sem samkvæmt lögunum á að taka gildi um næstu áramót.

En hvað er það sem hæstv. ráðherra hefur gert? Hver eru nú hans afrek í skattamálunum eftir alla þessa löngu og áferðarfallegu ræðu sem greinilega var flutt einhvers staðar úr öðrum heimi? Hvað er nú það sem hann hefur gert? Jú, hann byrjaði á því að brjóta niður þá einföldun tekjuskattskerfisins sem ákveðin var og lögfest vorið 1987 og hefur boðað áframhaldandi niðurrif og eyðileggingu þess kerfis og jafnvel gengið svo langt í yfirlýsingum sínum um það efni að talsmenn eins stjórnarflokkanna, Alþfl., hafa lýst áhyggjum sínum og jafnvel gefið út yfirlýsingar um það að þeir geti ekki stutt þetta eyðileggingarstarf hæstv. fjmrh. Þetta er kannski í raun og veru eina grundvallarbreytingin í skattamálum sem hæstv. ráðherra hefur unnið að og boðar að hann ætli að koma fram.

Síðan ákvað hann hér og neyddi í gegnum stjórnarmeirihlutann á Alþingi breytingar á eignarsköttum sem sköpuðu slíkt óréttlæti í þjóðfélaginu að reiðialda fólksins í landinu reis upp. Hann hefur nú, og þeir sem að þeirri samþykkt stóðu, orðið að eta öll stóru orðin ofan í sig og viðurkenna að þeir gerðu meiri háttar mistök.

Næst þar á eftir ákvað hæstv. fjmrh. í fyrra að gera breytingar á vörugjöldum. Og hann varð líka að eta þær breytingar ofan í sig og játa að með þeim breytingum hefði hann gert mistök.

Með öðrum orðum: Það eina sem hæstv. fjmrh. hefur gert er það að brjóta niður grundvallarbreytingar sem gerðar voru á tekjuskattslögunum 1987 og þeirri miklu og jákvæðu kerfisbreytingu sem þá var gerð og gera svo hvert axarskaftið á fætur öðru á öðrum sviðum skattheimtunnar. Þetta er það eina sem eftir stendur af verkum núv. hæstv. fjmrh. Þetta er veruleikinn í skattamálum í dag. Þetta er veruleikinn í fjmrn. í dag. Þetta er það sem fólkið í landinu þarf að búa við í dag.

Og það þýðir ekkert að koma hér eins og engill úr öðrum heimi og tala hér og flytja áferðarfallegar ræður eins og ekkert af þessu sé að gerast í íslensku þjóðfélagi. Fólkið í landinu veit annað. Fólkið í landinu finnur fyrir öðru. Og það þýðir ekki að tala hér um skattamál rétt eins og atburði á landsfundi Alþb. Það þýðir ekkert að koma hér inn á Alþingi Íslendinga og tala um skattamál eins og atburðina á landsfundi Alþb. Það er ekki hægt að bjóða Alþingi Íslendinga það og það er ekki hægt að bjóða fólkinu í landinu málflutning af því tagi.

Það er að verða ljóst að innan stjórnarflokkanna er megn óánægja með aðferðir og aðgerðir og stefnu hæstv. fjmrh. í skattamálum. Þessi óánægja gengur svo langt að talsmenn Alþfl., sem eru nú miklir taglhnýtingar Alþb. og hafa jafnvel haft uppi fyrirheit um að ganga í Alþb., hafa lýst því yfir að þeir geti ekki stutt eyðileggingarstarfsemi og eyðileggingaráform hæstv. fjmrh. varðandi tekjuskattinn. Hv. 10. þm. Reykv. hefur tekið fram fyrir hendurnar á fjmrh. og þegar flutt hér frv. inn á Alþingi um lækkun á stimpilgjöldum hlutabréfa. Og af hálfu Framsfl. — eða a.m.k. hóps manna innan Framsfl. svo ég fari nú ekki með rangt mál um afstöðu Framsfl. í heild — hefur verið lýst stuðningi við viðhorf af því tagi sem koma fram í skattafrv. sjálfstæðismanna og þau viðhorf hafa verið staðfest hér í þessari umræðu. Hæstv. fjmrh. getur hins vegar ekki tekið undir þetta.

En hvers vegna eru þessi viðhorf að skapast? Vegna þess að það er brýnt og aðkallandi fyrir íslenskt atvinnulíf að þessar breytingar verði gerðar. Og það er ekki hægt að bíða eftir því að gera umbætur af þessu tagi fyrir íslensk atvinnufyrirtæki, að hæstv. fjmrh. nái því að eyðileggja tekjuskattskerfi einstaklinga eða gera einhvern annan óskunda í skattakerfinu. Atvinnufyrirtækin í landinu mega ekki vera að því að bíða eftir því að hæstv. fjmrh. komi þeim áformum sínum fram. Hér er um að ræða nauðsynlegar umbætur, brýnar, sem þurfa að nást fram vegna hagsmuna atvinnulífsins í landinu.

Það er ekki verið að mæla fyrir grundvallarkerfisbreytingum í skattamálum atvinnufyrirtækjanna með þessum frv. Það er verið að mæla fyrir veigamiklum breytingum á núgildandi kerfi til hagsbóta fyrir atvinnufyrirtækin og þá sem vilja fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og hlutabréfum. Það er rauði þráðurinn og meginuppistaðan í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Þess vegna er það alveg út í bláinn að halda því fram að það sé ekki hægt að samþykkja þessi frv. hér og nú á þessu þingi og það fyrir jól vegna þess að nú sé verið að koma í framkvæmd virðisaukaskatti sem áður hafði verið samþykktur hér á Alþingi og stjórnkerfið hafði nægan tíma til að undirbúa þó að hæstv. fjmrh. hafi klúðrað því með því að geta ekki tekið nauðsynlegar ákvarðanir í tíma. Það er ekki gild afsökun í þessu máli. Hæstv. fjmrh. er á flótta í þessu máli sem öðru og þess vegna er verið að reyna að stilla upp röksemdum af þessu tagi. En þær fá einfaldlega ekki staðist. Það er kjarni málsins.

Það er ánægjulegt og fagnaðarefni ef hér í þinginu getur skapast breið samstaða um breytingar eins og hér er verið að mæla fyrir um og mjög verðugt að hæstv. fjmrh. sitji úti í horni og horfi á það gerast. Það væri í samræmi við annað í hans fjármálastjórn og hans pólitíska ferli.

Ég vænti þess að þau frv., sem hér er verið að fjalla um, fái vandaða meðferð í nefnd og að reynt verði að koma því svo fyrir að það verði unnt að samþykkja þau sem lög frá Alþingi fyrir áramót þannig að þau geti komið til framkvæmda sem fyrst.

Auðvitað er það rétt að það sem skiptir meginmáli fyrir atvinnufyrirtækin er rekstrarafkoman og hin almennu rekstrarskilyrði í þjóðfélaginu og hin al-

mennu rekstrarskilyrði sem íslensk atvinnufyrirtæki búa við. En hvernig hefur nú hæstv. fjmrh. staðið að verki í því efni? Hann er hér að færa fram fullyrðingar þess efnis að vegna breytinga á raungengi horfi nú vænlegar í þeim efnum en áður. Skýtur nú nokkuð skökku við frá stóru yfirlýsingunum frá því í fyrra.

Það er að vísu rétt að á síðari hluta þessa árs hefur gengi krónunnar breyst nokkuð í rétta veru. Á því var full þörf. Og sannleikurinn er auðvitað sá að það dróst í heilt ár að gera þær nauðsynlegu breytingar, að keyra fram þær nauðsynlegu breytingar á raungengi krónunnar sem atvinnulífið þarf á að halda. Þær ákvarðanir þurfti að taka heilu ári fyrr. En í stað þess að taka þær ákvarðanir á réttum tíma var horfið hér til fortíðarhyggju og efnahagsúrræða af ýmsu tagi, sem ég hélt að bæði Íslendingar og allar aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu hefðu sagt skilið við fyrir meira en þremur áratugum síðan, millifærslu og gengisfalsana. Það var gerð tilraun til þess að láta íslenskt atvinnulíf ganga með erlendum lántökum. Afleiðingin er auðvitað sú að erlend lán eru nú meiri en áður, hærra hlutfall af landsframleiðslu en þau hafa verið um langan tíma og stefnir í Íslandsmet á næsta ári. Og greiðslubyrðin af útflutningstekjum hefur þyngst verulega. Auðvitað kom að því að menn urðu að horfast í augu við staðreyndirnar og er nú ekki mikið að hrósa sér af þó að menn hafi meira en ári of seint horfst í augu við það að það þurfti að breyta raungengi krónunnar. En skaðinn var skeður. Og áhrifin sem það hefur haft á atvinnulífið að draga hinar réttu ákvarðanir og nauðsynlegu ákvarðanir í heilt ár eru býsna miklar. Forustumenn og starfsmenn og stjórnendur í atvinnulífinu vita af því og þýðir lítið að flytja ræður af því tagi sem hæstv. fjmrh. gerði hér áðan og freista þess að mála þá mynd í öðrum litum en raunveruleikinn segir til um.

Það er þess vegna sama hvar borið er niður í ræðu hæstv. ráðherra. Hún er hvarvetna einhvers konar flótti frá veruleikanum eða skilningsskortur á því sem er að gerast í þjóðfélaginu og mesta undrun vekur auðvitað að hæstv. ráðherra virðist ekki átta sig á því hvað hann hefur í raun og veru verið að gera í fjmrn.

En hitt skiptir öllu máli, ef hér getur skapast samstaða þeirra manna í þinginu úr röðum stjórnarandstöðu og stjórnarflokka sem skilja að lengur verður ekki dregið að gera breytingar og koma fram nýrri stefnu og viðhorfum í skattamálum í samræmi við nútímaviðhorf og hagsmuni atvinnuveganna. Og það er ekki hægt að bíða með þær breytingar eftir því að hæstv. fjmrh. vinnist tími til að halda áfram skemmdarverkum sínum. Það er kjarni málsins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson tók sér nokkurra vikna frí frá Alþingi og fór út í heim. Hv. alþm. höfðu kannski vænst þess að þingmaðurinn hefði sótt sér efni í nýja ræðu á þessum tíma. En hvað skeður? Hann kemur hér upp og flytur gömlu, góðu Heimdallarræðuna sem hann er búinn að flytja allt þetta þing og meginþorrann af síðasta þingi: Slagorð, sleggjudómar, kjaftæði. Ekki málefnaleg innlegg heldur upphrópanir.

Það er alveg velkomið, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, að fara hér í ítarlegar umræður um stjórn Sjálfstfl. á fjmrn., afstöðu Sjálfstfl. til skattlagningar atvinnufyrirtækjanna og hvernig Sjálfstfl. skildi eftir atvinnulífið í rúst á Íslandi þegar hv. þm. hrökklaðist út úr Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Það er velkomið að fara út í þá umræðu. Það er velkomið að rekja rækilega efnahagslegu áhrifin af þeim skattabreytingum sem hv. þm. beitti sér fyrir í tengslum við kjarasamningana því að ef það er eitthvað eitt sem er orsökin að efnahagslegum óförum Íslendinga á undanförnum árum, þá eru það þær breytingar, enda veit hv. þm. sjálfur að það eru stærstu pólitísk mistök sem hafa verið gerð í skattamálum og stjórn íslenskra efnahagsmála á þessum áratug.

Og það er líka auðvitað alveg velkomið að spyrja hér rækilega: Hvar voru tillögur Sjálfstfl. 1983–1987 um heildarsamræmingu skattlagningar atvinnulífsins á Íslandi? Þær voru auðvitað ekki til, komu hvergi fram þar sem sú mismunun sem ríkir í skattlagningu einstakra atvinnugreina, iðnaðar, verslunar, sjávarútvegs og landbúnaðar væri lögð af. Hvar eru þær tillögur? Hvergi. Hvar eru tillögur Sjálfstfl. frá þeim tíma um að stíga stór skref til að samræma íslenska skattakerfið skattakerfinu í helstu viðskiptalöndum okkar? Þær eru auðvitað hvergi til. Og það sýnir best hvað vörnin er fátækleg að hv. þm. þurfi að hlaupa í þau frumvörp sem hæstv. fyrrverandi ráðherra og þingmaður, Albert Guðmundsson, flutti á fyrstu missirum sínum sem fjmrh. til að finna einhver dæmi um það að Sjálfstfl. hafi haft áhuga þegar hann stjórnaði í fjmrn. á að gera eitthvað í skattlagningu atvinnulífsins á Íslandi.

Ég veit, virðulegi forseti, að það er áhugi á því að taka annað mál á dagskrá sem einn af varaþingmönnum flytur hér svo að hann geti mælt fyrir því áður en hann fer út af þingi. Ég kýs hins vegar að þessari umræðu verði haldið áfram. Ég vil gjarnan fá að ræða þessa slagorðakenndu ræðu sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson flutti hér. Ég vil gjarnan fá að ræða við hann nákvæmlega hvernig Sjálfstfl. skildi við atvinnulífið á Íslandi vegna þess að það þýðir lítið að koma hér og slá sér á brjóst og þykjast vera einhver sérstakur gæðingur skattkerfisbreytinga í þágu atvinnulífsins þegar sami maður hefur verið aðalbrennuvargurinn í því að kveikja í atvinnulífinu á Íslandi og skilja það eftir í rúst, vegna þess að atvinnurekendur á Íslandi og forsvarsmenn atvinnulífsins spurðu ekki fyrir ári síðan um skattbreytingar. Þeir vissu það að þeir voru að róa slíkan lífróður að það voru ekki skattkerfisbreytingarnar sem voru aðalatriðið heldur allt annað sem þurfti til að bjarga atvinnulífinu sjálfu.

Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur hins vegar mjög málefnalega bæði hér í dag og áður reifað það frv. sem hér er á dagskrá. Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur mjög málefnalega lagt drög að því að hér geti farið fram umræða um ólíkar áherslur, forgangsatriði og síðan útfærslur þeirra breytinga sem þarf að gera á

skattlagningu atvinnulífsins á Íslandi. Það hefur verið mjög málefnalegur málflutningur, efnislegur og skýr, sem eitthvað var á að græða, m.a. vegna þess að í ræðum hv. þm. Friðriks Sophussonar fólst ýmislegt nýtt í málflutningi hér.

Og það er satt að segja synd að hv. þm. Þorsteinn Pálsson í sínum gamla Heimdallar-slagorðakenndastíl með ræðu sem við erum búin að heyra 20, 30 og 40 sinnum hér á hv. Alþingi skuli — (**Forseti:** Mig langar að inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann getur lokið ræðu sinni á einni mínútu, því fundi verður slitið hér kl. 4.) já, — að hann skuli vera að eyðileggja fyrir hv. þm. Friðriki Sophussyni þá málefnalegu umræðu um skattlagningu atvinnulífs á Íslandi sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur haft frumkvæði að að hér færi fram og sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson lagði einnig mörg efnisatriði inn í.

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan gera hér hlé á ræðu minni, fresta henni ef virðulegur forseti ætlar að slíta fundi, og er reiðubúinn að taka aftur til máls í beinu framhaldi og flytja framhald þessarar ræðu þegar málið kemur aftur á dagskrá.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til að spyrja að því hvort hugsanlegt sé, fyrst hæstv. fjmrh. er í miðri merkilegri ræðu sinni að hann fái að halda henni fram strax í upphafi fundar á þriðjudaginn kemur. Ég tel það vera mjög mikils virði að við getum haldið áfram að skiptast á skoðunum um þetta mál og klárað það og komið því til nefndar. Og fyrst þessi ósk kemur fram frá hæstv. ráðherra, þá spyr ég forseta hvort hann geti orðið við því að við hefjum fund nk. þriðjudag á þessu máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er meira en reiðubúinn að finna tíma í næstu viku til þess að halda þessari umræðu áfram. Það er hins vegar hugsanlegt að ég þurfi að vera bundinn í annarri deild á þessum tíma nákvæmlega sem hv. þm. Friðrik Sophusson nefndi, en ég er viss um að við getum í góðri samvinnu við forseta fundið tíma fljótlega til þess að halda þessari umræðu áfram. Ég hef mikinn áhuga á því máli.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna ummæla tveggja síðustu hv. ræðumanna vill forseti taka það fram að á þriðjudag hafði verið fyrirhugað að hafa hér í deildinni umræður um umhverfismál og að því hafði verið stefnt að reyna að ljúka þeirri umræðu á þriðjudag. Eins liggur fyrir að hv. deild verður að taka fyrir lánsfjárlög sem nú hafa verið afgreidd frá hv. Ed. Forseti mun hins vegar skoða það fram á þriðjudag hvort hann getur tekið þessa umræðu upp á nýjan leik á þriðjudag og mun hafa um það samráð við formenn þingflokka.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

17. fundur, fimmtudaginn 23. nóv., kl. 10 árdegis.

Virkjun við Búrfell, ein umr.

Fsp. HG, 28. mál. — Þskj. 28.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 28 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. iðnrh.:

„1. Hvaða framkvæmdir hafa átt sér stað vegna nýrrar virkjunar við Búrfell?

2. Hvaða áform eru uppi af hálfu Landsvirkjunar um frekari framkvæmdir og undirbúning vegna þessarar virkjunar, m.a. varðandi útboð og öflun tilboða?

3. Hvaða aðilar hafa fjallað um og leyft þessar framkvæmdir og annan undirbúning vegna þessarar virkjunar sem Alþingi hefur ekki veitt heimild fyrir?"

Eins og fram kemur á númeri þingskjals er alllangt síðan þessi fsp. var fram borin. En ástæðurnar fyrir henni ættu að vera augljósar. Fram hafa komið fregnir um það að á vegum Landsvirkjunar hafi þegar farið fram framkvæmdir vegna virkjunar sem Alþingi hefur ekki fjallað um og þaðan af síður veitt heimild fyrir. Því er hæstv. iðnrh. hér spurður um þetta mál og þar á meðal hver hafi leyft þessar framkvæmdir og annan undirbúning til virkjunar sem engin heimild liggur fyrir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. beinir til mín fsp. í þremur liðum.

Í fyrsta lagi er spurt hvaða framkvæmdir hafi átt sér stað vegna nýrrar virkjunar við Búrfell?

Því er til að svara að verkhönnun stækkunar Búrfellsvirkjunar lauk árið 1982. Á því ári var byrjað að skola burt lausum jarðvegi í fyrirhuguðum stöðvarhússgrunni og frárennslisskurði með vatni sem ekki nýttist til virkjunarinnar. Þessum aðgerðum var svo haldið áfram næstu þrjú árin og fjarlægt mikið efnismagn. Á sl. sumri var svo þessu verki haldið áfram. Þá var reyndar einnig byrjað að gera undirstöður fyrir vinnubúðir og á uppsetningu húseininga á þær. En þessar einingar hafa verið geymdar í Búrfelli frá því að framkvæmdum lauk við Hrauneyjafossvirkjun og við fjórða áfanga Kvíslaveitu.

Í öðru lagi var spurt hvaða áform séu uppi af hálfu Landsvirkjunar um frekari framkvæmdir og undirbúning þessarar virkjunar, m.a. varðandi útboð og öflun tilboða.

Um þetta er því til að svara að sl. vor gáfu viðræður við svonefndan Atlantal-hóp álfyrirtækja um hugsanlega aukningu álbræðslu í Straumsvík tilefni til þess að ætla að aukin framleiðsla á áli gæti hafist fyrir lok ársins 1992, ef viðræður leiddu til þess að gengið yrði til samninga. Landsvirkjun þurfti því að búa sig undir að geta afhent orku til Atlantal-bræðslu á þeim tíma.

Til þess að eiga raunhæfan möguleika á því að það mætti takast ákvað Landsvirkjun að senda útboðsgögn í vélar og rafbúnað til valinna fyrirtækja. Með útboðsgögnunum fylgdi bréf þar sem vakin var athygli á því að óvíst væri hvort nokkru tilboðanna yrði tekið, það væri m.a. því háð hvort álbræðsla yrði aukin og að sjálfsögðu að heimild Alþingis fengist til virkjunarinnar.

Ég vil taka það fram að tilboð þessi hafa enn ekki verið opnuð og verða væntanlega ekki opnuð fyrr en einhvern tíma í byrjun næsta árs.

Í júní sl. samþykkti stjórn Landsvirkjunar 27,7 millj. kr. fjárveitingu til þess að halda undirbúningi að stækkun Búrfellsvirkjunar áfram og 37,2 millj. kr. fjárveitingu til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar og háspennulínu frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar.

Ég kynnti þetta mál í ríkisstjórninni þegar það barst og ég gerði ekki athugasemdir við þessa samþykkt stjórnar Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur unnið að undirbúningi samkvæmt þessari samþykkt og hefur verið unnið að hönnun stöðvarhúss og gerð útboðsgagna fyrir gröft stöðvarhússgrunns og byggingu stöðvarhúss.

Í þriðja lagi var spurt hvaða aðilar hafi fjallað um og leyft þessar framkvæmdir og annan undirbúning vegna þessarar virkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar hefur, eins og ég sagði, samþykkt ýmsar áætlanir og fjárveitingar til undirbúnings virkjanaframkvæmda, m.a. vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar, og ég hef ekki gert neinar athugasemdir við það og um samþykkt stjórnarinnar vegna undirbúnings við virkjun í Fljótsdal að sjálfsögðu ekki heldur.

Í þessu sambandi vil ég líka á það benda að í ályktun Alþingis um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu frá 6. maí 1982 var sagt skýrum orðum að samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum skuli unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár-Tungnársvæðinu með Kvíslaveitum, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að orkugeta vatnsaflsvirkjana á svæðinu verið allt að 950 gwst. á ári. Með tilliti til þessa er ekki óeðlilegt að samhliða Blönduvirkjun hafi verið unnið að undirbúningi stækkunar Búrfellsvirkjunar, ekki síst þegar kostur var á að beita þar búhyggindun og nota rennandi vatn til að ryðja burt jarðvegi vegna hugsanlegrar slíkrar framkvæmdar.

Ég vil að lokum benda á að það er lögum samkvæmt skylda Landsvirkjunar að hafa forgöngu um virkjanir á sínu orkusvæði svo tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Ég tel að þessar framkvæmdir hafi verið í þeim anda.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni, ekki síst eftir þá ræðu sem hæstv. iðnrh. hefur hér flutt. Hæstv. ráðherra upplýsir það að hann hafi fylgst með þeim aðgerðum, þeim framkvæmdum sem farið hafa fram vegna nýrrar virkjunar við Búrfell og ekki gert athugasemdir við þær þótt ráðherranum sé ljóst að engin lagaheimild liggur fyrir vegna þessarar virkjunar og engin samþykkt af hálfu Alþingis um það að ný virkjun við Búrfell verði reist.

Það sem hæstv. ráðherra er hér að segja og vitna til er varðandi stækkun Búrfellsvirkjunar og fleiri orkuöflunarframkvæmdir á Þjórsársvæðinu í þáltill. frá 1982. Sú þáltill. varðar ekki byggingu nýrrar virkjunar við Búrfell. Iðnrh. eftir iðnrh. hafa hafnað óskum Landsvirkjunar um að leita eftir heimild fyrir slíkri virkjun, þar á meðal Sverrir Hermannsson sem iðnrh., og e.t.v. fleiri iðnrh. Sjálfstfl. á sínum tíma, sem og ég 1982, þegar tilmæli bárust þar að lútandi.

Þetta er að sjálfsögðu einnig alvarlegt að því er varðar stjórn Landsvirkjunar en í henni sitja þingkjörnir fulltrúar og ríkið er aðili að 50% hlutum að þessu stóra fyrirtæki. Hér er með ljósum hætti verið að brjóta lög í landinu og samþykktir Alþingis, og það af sjálfu framkvæmdarvaldinu, hæstv. iðnrh., sem heimilar og er vitni að því að ákveðið sé að verja fjármunum almennings í landinu, fjármunum þessa almannafyrirtækis, til þess að ráðast í virkjunarframkvæmdir sem allsendis er óvíst að nýtist og engar heimildir eru til um. Þvert á móti liggja fyrir samþykktir frá Alþingi, frá árinu 1982, sem vísa í gagnstæða átt varðandi nýjar virkjanir í landinu.

Þetta er svo alvarlegt mál, virðulegur forseti, að það hlýtur að koma frekar til kasta löggjafarvaldsins hér og til sérstakrar athugunar. Og ég verð að lýsa undrun minni á þeirri óskammfeilni af hálfu hæstv. iðnrh. að skjóta hér skildi fyrir þær aðgerðir sem Landsvirkjun hefur staðið fyrir til þessa í trássi við samþykktir Alþingis og án nokkurrar heimildar löggjafans.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í svari mínu áðan þá er aðdragandi þessa máls alllangur. Framkvæmdir sem tengja má, eða aðgerðir sem tengja má fyrirhugaðri stækkun Búrfellsvirkjunar má rekja allt til ársins 1982. Þá var skolað burt lausum jarðvegi, eins og ég sagði, í fyrirhuguðum stöðvarhússgrunni og frárennslisskurði með vatnsrennsli. Þá hófust þessar framkvæmdir í raun og veru. Og þetta voru mjög umfangsmiklar framkvæmdir. Í þrjú ár eftir 1982 var þessu haldið áfram. Þá voru fjarlægðir alls um 1200 þús. rúmmetrar eða jafnvel 1300 þús. rúmmetrar af jarðefni. Ég tel þetta alveg eðlilegt. Eins og ég sagði í mínu svari hér áðan þá var það skynsamlegt og hyggilegt að undirbúa stækkun Búrfellsvirkjunar samhliða Blönduvirkjun.

Ég vil í þessu sambandi, og líka til að andmæla því að þetta hafi verið gert í trássi við vilja þingsins, benda á það að í nefndaráliti atvmn. vegna þingsályktunarinnar sem við nefndum hér áðan, um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu frá vorinu 1982, sagði svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við áform um vatnsmiðlun á Þjórsár-Tungnársvæðinu er nýting þess vatns við Búrfell

eðlileg og sjálfsögð. Nægir í því sambandi að benda á að kostnaðarsöm mannvirki, sem fyrir eru við Búrfell, nýtast að fullu nýjum aflvélum. Er eðlilegt að leitað verði lagaheimildar fyrir þeim aflauka við Búrfell, í stað heimildar um fjórðu aflvél við Hrauneyjafoss og Sigöldu."

Það er því alveg ljóst að þingmenn tengdu, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, stækkun Búrfellsvirkjunar orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár-Tungnársvæðinu með beinum hætti við afgreiðslu Alþingis á þingsályktuninni árið 1982. Jafnframt taldi þingið þá eðlilegt að það yrði fremur horfið að þessu en aflaukningu í Hrauneyjafossvirkjun eða Sigölduvirkjun.

Ég vildi líka vekja athygli á því að þáv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, taldi upp sérstaklega — og með leyfi hæstv. forseta vildi ég rekja þau atriði — þegar þáltill. var á lokastigi, eftirtalin skýringaratriði. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það fer ekki leynt að nokkuð mismunandi skilning leggja menn í það sem hér verður væntanlega samþykkt. En ég vil taka það skýrt fram að þegar farið verður að skýra það sem kann að vera ágreiningur um, þá verður auðvitað fyrst að líta á lögin um raforkuverð frá sl. ári, þá kemur þál. sem við erum nú að fjalla um, í þriðja lagi það sem segir í nál. hv. atvmn. og í fjórða lagi þær bókanir sem nefndarmenn hafa gert án þess að þær séu settar í sjálft nál., þar sem annars vegar er bókun sem sex nefndarmenn hafa samþykkt og hins vegar bókun sem einn nefndarmaður hefur staðið að. Ég er aðeins að benda hlutlaust á þessi túlkunaratriði þar sem þarf að hafa þau gögn til hliðsjónar sem ég nú rakti og hlýtur að gilda við sérhverja túlkun."

Þetta er í reynd það sem við ræðum hér nú sjö árum síðar, en það heldur sínu gildi. Og það er alls ekki sanngjarnt eða réttmætt að halda því fram að þær skynsamlegu og hyggilegu ráðstafanir sem gerðar hafa verið á grundvelli þessarar ályktunar sé í andstöðu við vilja þingsins.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alls ekki svo að Landsvirkjun hafi gengið lengra heldur en vera ber varðandi undirbúning hugsanlegrar stækkunar Búrfellsvirkjunar. Það er auðvitað alltaf matsatriði í jafnstóru fyrirtæki og Landsvirkjun er, sem hefur með höndum jafnumfangsmiklar framkvæmdir og raun ber vitni, hversu miklu fjármagni eigi að verja í undirbúning framkvæmda og til rannsókna. En á Landsvirkjun hvílir mjög þung lagaskylda í þessum efnum og því tel ég að hingað til hafi ekki verið gengið lengra heldur en lög og fyrirmæli Alþingis gefa tilefni til.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að öllu lengra verður ekki gengið en nú hefur verið gert, án þess að málið verði lagt fyrir Alþingi. Þess vegna hefur, eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á, Landsvirkjun ekki aðeins nú heldur áður farið fram á það að þetta mál verði tekið upp á Alþingi og lagaheimildar leitað til stækkunar Búrfells II.

Ég hafði reyndar kvatt mér hljóðs áður en hæstv. iðnrh. flutti sína aðra ræðu hér, en engu að síður vil ég inna hann eftir því hvernig hann hyggst bregðast við mjög nýlegri samþykkt stjórnar Landsvirkjunar um lagaheimild til stækkunar Búrfells II þannig að hægt sé með eðlilegum hætti að vinna að undirbúningi þeirrar virkjunar eins og annarra kosta sem eru fyrir hendi varðandi aukningu á okkar orkuöflunarkerfi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að þau tíðindi sem hér eru flutt af hæstv. iðnrh. koma nokkuð á óvart. Mér var reyndar kunnugt um að það hefði verið skolað burtu jarðvegi við Búrfell síðan 1982 og það eru í sjálfu sér búhyggindi sem ekki er hægt að hafa á móti. Hins vegar að það sé búið að bjóða út vélbúnað virkjunarinnar, þó að með fyrirvara sé, án þess að leita heimildar Alþingis þar um eða ræða slík mál hér á þessum vettvangi, það eru vissulega tíðindi sem koma á óvart, og ég verð að segja að það er nokkuð langt gengið. Ég held að þörf sé á að ræða þessi mál frekar hér á Alþingi og taka til þess betri tíma síðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að þessi umræða leiði hugann að því að sumar stofnanir hér í þessu þjóðfélagi virðast hafa meiri völd og meira sjálfstæði en sumar aðrar. Sumar stofnanir í þessu þjóðfélagi eru búnar að koma sér upp þannig aðstöðu að þær eru ríki í ríkinu og þær senda ríkisstjórnum og Alþingi tilkynningar um ákvarðanir sínar en leita ekki til Alþingis eða ríkisstjórnar um sínar niðurstöður. Þessi stofnun sem ég er að tala um núna heitir Landsvirkjun, og það hefur verið ákaflega sérkennilegt að fylgjast með því undanfarin ár, mörg ár, hvernig hún hefur hagað sér, bæði gagnvart framkvæmdarvaldi, fjárveitingavaldi og Alþingi á hverjum tíma. Það hlýtur að verða alþingismönnum sérstakt umhugsunarefni og hvatning til þess að taka sérstaklega á stjórnunarmálum þessarar stofnunar og vinnubrögðum hennar yfirleitt. Á sama tíma og Alþingi liggur með smásjá yfir fjárveitingum og fjármálaákvörðunum einstakra ríkisstofnana þar sem menn eltast við þúsundir króna hér og hundruð króna þar virðist þessi stofnun hafa sjálfstæði og svigrúm sem er allt annað og með allt öðrum hætti en aðrar ríkisstofnanir eða opinberar stofnanir hafa. Þetta hlýtur að kalla á það, virðulegi forseti, í framhaldi af þessum skoðanaskiptum sem fram hafa farið hér að vinnubrögð þessarar stofnunar verði tekin til rækilegrar athugunar í framtíðinni.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. 2. þm. Austurl., fyrir þessa fsp. Hún hefur komið því til leiðar að hér hefur verið upplýst að Landsvirkjun hefur farið langt út fyrir þau mörk sem má telja eðlilegt í vinnubrögðum. Og það er rétt sem hér kemur fram, og ég held ég taki undir það, að það er ekki eðlilegt að stofnanir eins og Landsvirkjun framkvæmi fyrir hundr-

uð milljóna eða jafnvel milljarða án þess að hafa heimildir Alþingis til þess. Það er brýnt að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir því að leyfi, ef á að gefa leyfi til virkjunar og útboðs á vélbúnaði og fleiru, verði borin hér upp í Alþingi til samþykktar eða synjunar. Það er ekki nokkur vegur að bjóða þinginu það að stofnanir sem ríkið á fari svo með fjármuni þjóðarinnar sem varða bæði raforkuverð til almennings og fyrirtækja.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það vekur athygli hvernig talsmenn Alþb. hér við þessa umræðu tala. Helsti talsmaður Alþb. í orku- og iðnaðarmálum færir hér fram þau viðhorf beinlínis að það sé óeðlilegt að hefja undirbúning þessarar virkjunar. Það liggur þó fyrir að þetta er hagkvæmasti virkjunarkosturinn og óhjákvæmilegt að ráðast í þessa virkjun ef hér á að hefja á ný stóriðju og orkusölu til stóriðju. Það vekur líka athygli að hæstv. menntmrh. skuli bera fram þá gagnrýni sem hann gerði hér því að hæstv. iðnrh. hafði rétt áður í þessari umræðu upplýst að hann hafði sjálfur, persónulega, samþykkt allar þær ráðstafanir sem Landsvirkjun hafði gert í þessu efni. Ásakanir hæstv. menntmrh. eru þess vegna ásakanir á iðnaðarráðherrann í ríkisstjórninni sem hann sjálfur situr í og lýsir það býsna vel því ástandi og því samkomulagi eða þeim skorti á samkomulagi, öllu heldur, sem er innan þessarar ríkisstjórnar í stefnumörkun í mjög viðamiklu máli. En aðalatriðið er þetta: Til þess að halda áfram eðlilegum og nauðsynlegum undirbúningi að þessari virkjun, sem er hagkvæmasti virkjunarkosturinn sem landsmenn eiga nú völ á þarf lagaheimildir. Landsvirkjun hefur óskað eftir þeim heimildum og það er ástæða til þess og nauðsynlegt að ítreka þessa spurningu til hæstv. iðnrh.: Hvað dvelur hann í því að færa hér inn á Alþingi frv. um heimild til þess að halda þessum undirbúningi áfram og ráðast í þessa virkjun? Hvað veldur því að sá seinagangur er af hans hálfu í því að bera málið hér inn á Alþingi?

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Við þessa umræðu hefur það komið fram að hæstv. iðnrh. gengur mun lengra en aðrir þingmenn í að túlka svigrúm til framkvæmda sem ekki hafa verið heimilaðar lögum samkvæmt. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sem sæti á í stjórn Landsvirkjunar er þó það skynsamur að viðurkenna að eðlilegt væri að leita heimildar fyrir þeim framkvæmdum sem þarna er verið að ráðast í. Þetta segir sína sögu. Þetta eru stórar upphæðir sem hér er um að ræða og varða beinar framkvæmdir eins og hér hefur komið fram, byggingu vinnubúða og grunn fyrir stöðvarhúsi eins og hæstv. iðnrh. upplýsti hér. Ég ítreka það að þetta mál hlýtur að verða athugað frekar á vegum þingsins. Það er svo alvarlegt og stríðir svo mjög gegn samþykktum sem gerðar hafa verið hér á Alþingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þau skoðanaskipti sem hér hafa orðið sýna glöggt að það er þörf fyrir frekari umfjöllun Alþingis um virkjanamálin, og ég tek undir það. Sannleikurinn er sá og það er efniskjarni þessa máls að það er engin þörf fyrir nýjar stórvirkjanir á Íslandi fyrr en eftir árið 2015 nema til komi aukin stóriðja, aukin málmbræðsla í landinu, sem er nærtækasti og besti kostur eins og nú stendur á. Það er þetta sem menn þurfa að hafa fast fyrir sínum hugskotssjónum þegar þeir ræða virkjanamálin. Við virkjum ekki bara til að virkja.

Ég tek það fram að ég hef í hyggju að leggja fram hér í þinginu, þegar efnisundirstaða er fengin, þáltill. um atvinnuuppbyggingu á grundvelli orkulindanna. Þá verður líka greint hver muni hagkvæmasta virkjanaröð eftir því sem menn nú sjá miðað við röð þeirra iðnaðaráforma og stærð sem þá virðast í sjónmáli. En fyrr en sú röð er þekkt er heldur ekki hægt að raða virkjunum. Það er heldur ekki hægt að segja nú hver er hagkvæmasti næsti kostur. Það er þess vegna sem ég hef dregið að leggja þetta fram í þinginu en það mun ekki dragast öllu lengur, og ég mótmæli því að í þessu máli hafi verið farið lengra en liggur í gerðum samþykktum þingsins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þann tíma sem ég átti sæti í stjórn Landsvirkjunar, 1983–1988, sendu tveir iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. inn í stjórn Landsvirkjunar frv. til laga um virkjun Búrfells II. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson fór hér mikinn fyrir skömmu yfir því að það mætti ekki dragast að hrinda þessum virkjunum í framkvæmd. Ég vil gjarnan skilja eftir þessa spurningu hér fyrir formann Sjálfstfl. og forustu Sjálfstfl.: Hvernig stóð á því að tveir iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. sem í valdatíð flokksins lögðu fyrir Landsvirkjun, sem Landsvirkjun afgreiddi síðan, fullbúin frv. um virkjun Búrfells II skiluðu þeim frv. aldrei inn á Alþingi?

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna þess að mér þótti gæta nokkurrar ónákvæmni í svari hæstv. iðnrh. þar sem ég skildi svo hans upphafsræðu að útboð hefði verið gert á vélum, lokað útboð til valinna fyrirtækja á vélabúnaði til Búrfellsvirkjunar, samkvæmt samþykkt stjórnar Landsvirkjunar. Ég kannast ekki við þessa stjórnarsamþykkt og hún mun ekki vera fyrir hendi. Þetta vil ég að komi hér fram.

Hitt er svo annað mál að ég er ekki þar með að segja að það hafi verið óskynsamlega að verki staðið, að hefja undirbúning virkjunar við Búrfell. Það er tvímælalaust ódýrasti virkjunarkostur sem við eigum völ á, var reyndar ódýrasti virkjunarkostur allt frá 1980. Landsvirkjun starfar samkvæmt lögum um Landsvirkjun þannig að gjaldskrárhækkanir þurfa ekki að fara fyrir ríkisstjórn. Við breyttum hér lögum fyrir mörgum árum síðan, hæstv. menntmrh., þannig að Landsvirkjun þarf einungis að leita álits Þjóðhags-

stofnunar á gjaldskrárbreytingum. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að það hafi verið röng ákvörðun, en það var ákvörðun Alþingis á sínum tíma.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Rétt aðeins vegna athugasemda hæstv. fjmrh., þá liggur það í augum uppi að það var fyrst eftir að skriður komst á viðræður um nýja stóriðju hér á landi sem það varð raunhæft að óska eftir lagaheimildum hér að lútandi, og ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæmir og freista þess að ná slíkum samningum og meinum eitthvað með því sem við segjum í því efni er kominn sá tími að það er nauðsynlegt að afla þessarar lagaheimildar. Það er þess vegna sem það er gagnrýni vert nú hversu það hefur dregist á þessu þingi að það frv. yrði lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. (**Fjmrh.:** Þetta var bara leikaraskapur hjá Sjálfstfl. áður.)

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég fer fram á það við forseta og þingheim að ég fái að lesa upp þrjár línur til þess að svara hv. 1. þm. Norðurl. v. (Gripið fram í.) til að bera af mér sakir ef menn vilja kalla það svo. (**Forseti:** Forseti fellst á það ef þetta eru einungis þrjár línur og leyfir hæstv. iðnrh. að bera af sér sakir.)

Virðulegi forseti. Ég þakka tillitssemina. Ég sagði í svari mínu: Stjórn Landsvirkjunar hefur samþykkt áætlanir og fjárveitingar til undirbúnings stækkunar Búrfellsvirkjunar. Það er rétt. Þær samþykktir hef ég séð og ekki gert athugasemdir við. Þær samþykktir hef ég líka kynnt í ríkisstjórninni. Landsvirkjun ákvað síðan að senda útboðsgögn í vélar og rafbúnað til valinna fyrirtækja.

Niðurgreiðslur úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, ein umr.

Fsp. EgJ, 81. mál. — Þskj. 82.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. hleypur úr sal. Hann hefði gjarnan mátt vera við þó að ég sé að spyrja flokksbróður hans því ég geri ráð fyrir að þetta mál snerti hann líka.

Tilefni þessarar fsp. er að í athugasemdum við fjárlagafrv. undir kaflaheitinu „Áætluð ráðstöfun útflutningsbóta á árinu 1990" segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Stjórnvöld munu hins vegar beita sér fyrir því að draga úr birgðum kindakjöts sem nemur samdrætti í framleiðslu. Samkvæmt því skulu birgðir minnka um allt að 600 tonn fyrir lok verðlagsársins. Þá munu birgðir kindakjöts í landinu verða um 1540 tonn við upphaf slátrunar 1990." Og svo legg ég sérstaklega áherslu á það sem nú kemur á eftir, hæstv. landbrh., en þar segir enn fremur: „Ætlunin er að Framleiðnisjóður landbúnaðarins noti hluta ríkisframlags á næsta ári til að efla markaðsstarf innan lands sem fellur undir verkefni sjóðsins, sbr. 37. gr. laga nr. 46 1985 og reglugerð nr. 406/1986."

Þetta er, hæstv. landbrh., tilefni fsp. minnar en þar er sérstaklega eftir því leitað að fá fram skoðanir hæstv. ráðherra á því hvort heimilt sé að fara svo með fjármuni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem athugasemdir fjárlagafrv. skýra frá að gert muni verða.

Í öðru lagi legg ég á það áherslu að fá fram skoðun hæstv. landbrh. á því hversu mikið fjármagn þarf til að ná fram þeirri söluaukningu sem hér er gert ráð fyrir upp á 600 tonn af kindakjöti.

Nú er það svo að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur mikilvægum verkefnum að sinna og að fjármagni hans eða fjármunum hefur verið að mjög stórum hluta ráðstafað. Þess vegna er spurt alveg sérstaklega um skoðun ráðherrans á því hvort fjárhagur sjóðsins sé með þeim hætti að hægt sé að taka þetta fjármagn úr honum þó að menn virði ekki lög og brjóti reglur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég byrja á því að vísa síðustu ummælum hv. þm. á bug. Reyndar skildi ég ekki hvað hann átti við, en það stendur hvorki til að óvirða lög né reglur hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég svara spurningum hv. þm. þannig að það er margra ára fordæmi fyrir því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins leggi fé til markaðsstarfs, enda er skýrt á um það kveðið, bæði samkvæmt gildandi lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins jafnframt þeim heimildum sem lúta að ráðstöfun fjár úr Framleiðnisjóði og eru í búvörulögnuum frá 1985. Þannig hefur til að mynda Framleiðnisjóður á sl. árum, svo að ég upplýsi þingheim um það, varið á árinu 1987 um 23 millj. kr. til markaðsstarfs á þágildandi verðlagi sem jafngildir sjálfsagt 30–35 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Á árinu 1988 ráðstafaði sjóðurinn um 26,8 millj. kr. til markaðsstarfs sem á núgildandi verðlagi gæti látið nærri að vera 32–34 millj. kr. og áætlun sjóðsins fyrir þetta ár gerir ráð fyrir að ráðstafa a.m.k. 20 millj. kr. til markaðsstarfsemi af ýmsu tagi á verðlagi þessa árs. Fyrir því er auðvitað þegar löng hefð og fordæmi að Framleiðnisjóður leggi fé til ýmiss konar starfsemi sem tengist markaðsmálum.

Í öðru lagi vík ég að því sem um er fjallað í athugasemdum með fjárlagafrv. Þar er greint frá því samkomulagi ríkisvaldsins og bænda að beita sér fyrir átaki til að minnka birgðir kindakjöts í landinu og er það að mínu mati eitthvert brýnasta hagsmunamál sauðfjárbænda að það takist og hefur lengi verið. Það tókst á þessu ári að minnka birgðirnar um 500 tonn og vonandi tekst að halda áfram á sömu braut þannig að á næsta hausti verði birgðir orðnar nálægt þeim mörkum sem þarna er um fjallað eða

um 1500 tonn. Framleiðnisjóði, eins og segir í athugasemdum með fjárlagafrv., er ætlað að styðja við þetta átak og ég vek athygli á orðalagi á bls. 285 í þskj. 1, fjárlagafrv. Þar segir, með leyfi forseta.:

„Samkvæmt því skulu birgðir minnka um allt að 600 tonn [þ.e. samkvæmt samkomulaginu] fyrir lok verðlagsársins. Þá munu birgðir kindakjöts í landinu verða um 1540 tonn ... Ætlunin er að Framleiðnisjóður landbúnaðarins noti hluta ríkisframlags á næsta ári til að efla markaðsstarf innan lands sem fellur undir verkefni sjóðsins, sbr. 37. gr. laga." Enn fremur segir neðar: „Reiknað er með að Framleiðnisjóður styrki þetta markaðsstarf á næsta ári og með stuðningi sjóðsins megi tryggja a.m.k. sölu þeirra 600 tonna sem þarf til að ríkissjóður standi við sinn hluta samningsins við bændasamtökin."

Ég legg þann skilning í þetta orðalag að Framleiðnisjóði sé ætlað að leggja verulegt fjármagn til markaðsstarfsemi á næsta ári eins og hann hefur áður gert, e.t.v. meira fé en hann hefur gert a.m.k. á þessu ári og ég reikna með að því fé verði varið með svipuðum hætti og gert hefur verið, þ.e. til ýmiss konar starfsemi sem tengist þessum markaðsmálum, auglýsinga, e.t.v. til stuðnings við vinnslu- og pökkunarverkefni, söluaðgerðir og fleira af því tagi en ekki til beinna niðurgreiðslna. Ég tel, og vil hafa það alveg skýrt af minni hálfu, ég tel það orka miklu meira tvímælis hvort eðlilegt væri miðað við hlutverk sjóðsins að hann legði fé til beinna niðurgreiðslna á vöruverði en ýmiss konar annarra aðgerða (Gripið fram í.) já, og ég er að svara hv. þm., ég er að svara, hv. frammíkallandi. Ég vil svo vekja athygli á því að það er verið að vinna að bæði útflutnings- og söluáætlun fyrir næsta ár og þær upplýsingar verða sendar hv. fjvn. og ég mun beita mér fyrir því að fjvn. fái allar upplýsingar sem þessu máli tengjast. Það er ekki hægt að svara því endanlega hvernig ráðstöfun fjár í tengslum við söluaðgerðir kindakjöts verða í heild sinni fyrr en fyrir liggja bæði sölu- og útflutningsáætlanir fyrir næsta ár, fyrr en ljóst er hvernig upptaka virðisaukaskatts kemur við verðlagningu og verðmyndunarferil búvaranna á næsta ári. Allar þessar upplýsingar þurfa í raun og veru að liggja fyrir og ég tel að þegar þar að kemur verði hægt að setja upp áætlun þar sem Framleiðnisjóði er ætlað umtalsvert hlutverk af því tagi sem ég áðan nefndi, en ekki að hefja beinar niðurgreiðslur á vöruverðinu, enda, svo að ég svari sérstaklega síðari spurningunni, mundi takmarkað fé Framleiðnisjóðs duga skammt ef farið yrði ótæpilega út á þá braut að hefja beinar niðurgreiðslur á vöruverði með fjármagni Framleiðnisjóðs, en enn liggur ekki endanlega fyrir hversu mikið laust fé hann kemur til með að hafa til ráðstöfunar á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Þeirri fsp. sem ég lagði hér fram hefur alls ekki verið svarað og ég vil mjög leita eftir því við forseta að málinu verði frestað og að landbrh. verði gefinn kostur á að svara fsp. Það er að sjálfsögðu alveg með öllu óþolandi og vanvirða við þingið að ráðherrar skuli koma upp með þeim hætti sem hér hefur verið gert og ekki síst þegar um það er að ræða að fsp. fjallar um og er tilkomin vegna sérstakra málefna ríkisstjórnarinnar.

Nú vill svo til að það hafa fleiri spurst fyrir um þetta en ég. M.a. hefur viðskrn. gert það sjálft og vil ég nú biðja hæstv. fjmrh. að fylgjast með umræðunni. Í minnispunktum sem viðskrn. hefur lagt fram í fjvn. segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. til fjárlaga vegna ársins 1989 var gert ráð fyrir sérstakri niðurgreiðslu á matvælum, óskiptri, að upphæð 120 millj. kr." Og svo segir enn fremur, með leyfi forseta: „Í frv. til fjárlaga vegna ársins 1990 er engin slík óskipt niðurgreiðsla. Þegar Fjárlaga- og hagsýslustofnun var tilkynnt að ráðuneytið óskaði eftir fjárhæð til þess að setja í söluaukandi aðgerðir var því svarað til að fjmrn. hefði ákveðið að Framleiðnisjóður landbúnaðarins mundi fjármagna slíkt á árinu 1990."

Viðskrn. fær þau svör hjá fjmrn. að Framleiðnisjóður eigi að fjármagna þessa niðurgreiðslu 600 tonna af dilkakjöti, og það muni kosta 150 millj. kr. Svo kemur hæstv. landbrh. hér og segir að hann skilji þessi mál bara allt öðruvísi, þó að flokksbróðir hans svari þriðja ráðherranum þannig að þessar greiðslur eigi að fara fram úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins að upphæð 150 millj. kr. til þess að ná umsömdu söluátaki á dilkakjöti á þessu ári.

Ég ítreka ósk mína, virðulegi forseti, um að þessari fsp. verði svarað með skýrari hætti og ráðherra taki hana aftur með sér til baka upp í landbrn. og svari þannig að skiljanlegt sé hver skoðun ráðherrans á þessu máli er.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég tel að ég hafi svarað þessari fsp. eins og hægt er á þessu stigi málsins út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja og mínum skilningi og mínu samþykki við það orðalag sem er í fjárlagafrv. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað hv. þm. Agli Jónssyni til um einhverjar bréfaskriftir sem hann hefur séð en ekki ég. Hv. þm. notar sér vitneskju sína sem nefndarmanns í fjvn. til að draga hér inn í umræðuna plögg og bréfaskriftir hverjar hafa ekki komið fyrir augu mín sem landbrh. Ég tel líka þá upphæð sem hv. þm. nefndi fráleita. Það gefur auga leið að það ætti ekki að kosta neinar 150 millj. kr. þó svo að einhver aðili tæki að sér að grípa til ráðstafana til að fjármagna söluátak á 600 tonnum kindakjöts. Það væri þá allhrikaleg niðurgreiðsla svo að ekki sé meira sagt. Þannig má t.d. reikna það út í huganum að ef auknar væru niðurgreiðslur um 75 kr. á kg á 600 tonnum, þá kostar það 45 millj. en ekki 150 svo að dæmi sé tekið.

Ég hef lagt þann skilning í þetta orðalag að Framleiðnisjóði landbúnaðarins væri ætlað að leggja af mörkum, sérstaklega á næsta ári, fé til að standa að og styðja við bakið á ýmiss konar markaðsstarfi, sérstaklega til að auka sölu á dilkakjöti. En eins og ég sagði hér úr ræðustólnum áðan, þá hef ég ekki reiknað með að það yrði gert í formi beinna niður-

greiðslna úr Framleiðnisjóði, enda tel ég að það orki miklu meira tvímælis að gera það. Hitt er ljóst að fyrir því eru mörg fordæmi að ráðstafa fé úr Framleiðnisjóði til að standa straum af ýmiss konar markaðsaðgerðum. Fyrir því eru bæði fordæmi og ótvíræðar heimildir í lögunum um Framleiðnisjóð.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Því oftar sem hæstv. landbrh. kemur hingað upp, því verri verður hlutur hans í þessum málum. Í þessu plaggi sem ég vitna hér til frá viðskrn. er það tekið fram að til að ná þessum árangri fyrir einu ári síðan hafi þurft 120 millj. kr. og viðskrn. segir að til þess að ná þessum sambærilega árangri þurfi núna 150 millj. kr. Hvar er þessi ráðherra staddur og hvar er þessi ríkisstjórn stödd, þegar samgöngurnar á milli ráðuneytanna og ráðherranna eru ekki betri en svo að þar sem fjallað er um sömu verkefni og sömu tölur, þá tala þeir út og suður? Þeir hafa ekki einu sinni tölurnar réttar sem þeir eru að vinna með og hafa unnið með á sl. ári m.a.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir með hv. fyrirspyrjanda án þess að hafa mikinn hávaða uppi í þeim efnum. Það er til óhagræðis að þetta mál skuli heyra undir þrjú ráðuneyti og hefur lengi verið og þyrfti að breyta því að mínu mati þannig að allt sem varðar verðlagningu búvaranna yrði a.m.k. ekki á fleiri en tveimur stöðum. En eins og þetta er nú þarf um þetta samráð á milli þriggja ráðuneyta.

Í öðru lagi bendi ég hv. þm. á, hafi það ekki vakið athygli hans, að ekki er búið að afgreiða fjárlögin. Og ég spyr: Átti að skilja hv. þm. Egil Jónsson svo að hann teldi að þar væri allt frágengið og óumbreytt og búið væri að taka í raun og veru fjárveitingavaldið af Alþingi og fjvn.? Ég vakti sérstaka athygli þm. á því að verið væri að vinna að upplýsingasöfnun um söluhorfur og útflutningsþörf á næsta ári og það tengist óhjákvæmilega í þessu máli. Það verður m.a. að meta hvort raunhæft sé að ætla að ná allri þessari söluaukningu hér innan lands eða hvort að einhverju leyti verði að standa við samkomulagið við bændur með útflutningi. Allt skiptir þetta máli áður en dæminu verður lokað. Það verður við endanlega afgreiðslu fjárlaganna þannig að ég tel upphlaup hv. þm. fullkomlega ótímabært á þessu stigi málsins.

Sjúkrasamlög, ein umr.

Fsp. GHelg, 84. mál. — Þskj. 85.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Lög þau um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem taka munu gildi nú um áramótin hafa óhjákvæmilega í för með sér umtalsverða röskun á rekstri ýmissa stofnana, ekki síst hér í Reykjavík. Varðar sú röskun jafnt starfskjör starfsmanna sem og þjónustu við íbúana.

Hér í Reykjavík hafa menn verulegar áhyggjur af samruna Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins og óttast að nokkuð skorti á um undirbúning þess máls. Sjúkrasamlagið veltir um tveim milljörðum kr. árlega og eru daglegar afgreiðslur á bilinu 300–500 talsins. Í samlaginu vinna 28 manns sem teljast verður ótrúlega fátt starfsfólk, enda um starfsmenn að ræða sem unnið hafa áratugum saman í stofnuninni margir hverjir.

Nú hefur verið rætt um að flytja stofnunina í heilu lagi í húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins, sem hlýtur að þurfa að útvega, því að ekkert rými er í því húsnæði sem hún ræður yfir nú og gætu menn þá efast um þann sparnað sem af því kynni að leiða. T.d. má geta þess að nýlega er lokið umfangsmikilli tölvuvæðingu í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur sem kostaði tugi milljóna og það fé færi þar með fyrir lítið.

Við hæstv. heilbrrh. höfum nokkrum sinnum átt orðastað um sjúkradagpeningagreiðslur hér í þessum sal og þá oftast um það hversu skammarlega lágar þær eru. En það er þó mikilvægt að þær séu a.m.k. afgreiddar fljótt og vel. Á sama hátt hygg ég að foreldrum brygði við ef greiðsla tannlæknareikninga drægist úr hófi og þannig mætti lengi telja. Það er allra mál að afgreiðsla Sjúkrasamlags Reykjavíkur sé með ágætum og leitun er að stofnun sem eins mikilvægt er að sinni verkefnum sínum með velferð viðskiptavinanna að markmiði.

Þá er staða starfsmanna að sjálfsögðu ærið óljós og verður komið að því hér á eftir í annarri fsp. en ástæða er til að spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig hann telji þá stöðu vera tryggða. Hér mun hæstv. fjmrh. svara þeirri fsp. á eftir, en ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. heilbrrh. einnig á því.

Virðulegur forseti. Fsp. mín er á þskj. 84 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður undirbúningi að yfirtöku Tryggingastofnunar ríkisins á starfsemi sjúkrasamlaga?

2. Hvað líður undirbúningi í Reykjavík?

3. Hvar er fyrirhugað að starfsemin fari fram?

4. Hvernig verður staða starfsmanna Sjúkrasamlags Reykjavíkur að því er tekur til ráðningar og launakjara frá 1. jan. 1990?

5. Er tryggt að Reykvíkingar njóti jafngóðrar þjónustu og verið hefur eftir breytinguna?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur beint til mín nokkrum fsp. varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og afleiðingar af þeirri lagasetningu sem hér fór fram á síðasta þingi og hvernig það horfi við breytingum sem varða málefni sjúkrasamlaganna. Hefur hún gert grein fyrir þessum liðum fsp. 1. liðurinn var: „Hvað líður undirbúningi yfirtöku Tryggingastofnunar ríkisins á starfsemi sjúkrasamlaga?“

Í júní sl. var strax hafinn undirbúningur að yfirtöku

Tryggingastofnunar ríkisins á starfsemi sjúkrasamlaganna. Á fundi tryggingaráðs 19. júní 1989 var gengið frá bréfum til allra forsvarsmanna sjúkrasamlaga þar sem þeim var skýrt frá efni hinna nýju laga og falið að gera tilteknar, nauðsynlegar ráðstafanir vegna þeirra. Jafnframt var sett á laggirnar nefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunarinnar til að undirbúa hin nýju viðfangsefni sem lögunum fylgja. Á sama fundi var einnig samþykkt að fara þess á leit við dómsmrn. að sýslumenn og bæjarfógetar tækju að sér umboð sjúkratrygginga utan Reykjavíkur eins og gildir um aðrar greinar almannatrygginga og tryggja að verkefninu yrði sinnt með viðunandi hætti undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Hefur dómsmrn. orðið við þessum tilmælum og munu sýslumenn og bæjarfógetar taka að sér umboðsstörf á sviði sjúkratrygginga frá 1. jan. 1990. Er í samkomulagi við dómsmrn. m.a. gengið þannig frá málum að tryggingaráð getur sagt upp þjónustu einstakra umboða ef það telur að ekki sé veitt sú þjónusta sem lög og reglugerðir segja til um eða ekki hlýtt stjórnvaldsfyrirmælum Tryggingastofnunar ríkisins.

Meginstefna tryggingaráðs við yfirtöku og starfsemi sjúkrasamlaganna er að tryggja að þjónusta verði a.m.k. jafngóð og verið hefur og víða betri með því að m.a. megi einnig nýta útibú embætta sýslumannanna eftir því sem tök eru á. Við yfirtökuna hefur verið gengið út frá þeirri reglu að núverandi starfsfólk sjúkrasamlaga eigi forgangsrétt að þeim störfum á sviði sjúkratrygginga sem ráða þarf í. Hefur fyrrgreind undirbúningsnefnd Tryggingastofnunar unnið að þessum málum í samráði við starfsmenn dómsmrn. og fjmrn. og er víðast hvar búið að ganga frá þessum málum starfsmanna. Munu þeir örfáu sem ekki fá sambærilegt starf í hinu nýja kerfi njóta biðlauna. Munu flestir sýslumenn og bæjarfógetar þegar hafa gert viðeigandi ráðstafanir í húsnæðismálum sínum og eru þeir þess albúnir að takast á við hið nýja verkefni.

2. liður fsp. var síðan: „Hvað líður undirbúningi í Reykjavík?“ Í Reykjavík mun sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins yfirtaka starfsemi Sjúkrasamlags Reykjavíkur frá næstu áramótum. Hefur deildin verið endurskipulögð í samráði við heilbr.- og trmrn. og fjmrn. til þess að takast á við þau auknu verkefni sem yfirtökunni fylgja. Tekið skal fram að flest þau verkefni sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur haft með höndum hefur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar einnig annast í meira eða minna mæli fyrir hönd sjúkrasamlaga utan Reykjavíkur auk þess að hafa haft faglega yfirumsjón með öllum sjúkrasamlögum í landinu. Þannig er deildin við yfirtökuna í raun einungis að auka starfsemi sem hún hefur þegar með að gera í dag. Þar við bætist, eins og síðar verður getið nánar, að flest af núverandi starfsfólki Sjúkrasamlags Reykjavíkur mun koma til starfa hjá Tryggingastofnun og þar með tryggja enn frekar hnökralitla yfirtöku á verkefnum samlagsins. Hafa þegar verið gerðar viðeigandi ráðstafanir á flestum þeim sviðum sem breytinguna snerta, bæði á sviði þjónustu, starfsmannahalds og tölvutækni. Önnur atriði eru hins vegar þess eðlis að ekki er raunhæft að ganga frá þeim fyrr en dregur nær áramótum.

Þriðji liður fsp. var síðan: „Hvar er fyrirhugað að starfsemin í Reykjavík fari fram?“ Starfsemin í Reykjavík mun fyrst um sinn fara fram bæði í núverandi skrifstofuhúsnæði Tryggingastofnunar ríkisins að Laugavegi 114 og í núverandi skrifstofuhúsnæði Sjúkrasamlags Reykjavíkur að Tryggvagötu 28. Verður auglýst rækilega í fjölmiðlum þegar nær dregur áramótum hvaða þættir starfseminnar verða á hvorum stað. Æskilegt er hins vegar að öll þessi starfsemi fari fram á sama stað. Heilbr.- og trmrn. mun því vinna að því að finna Tryggingastofnun ríkisins hentugt viðbótarhúsnæði þannig að í framtíðinni geti starfsemin rúmast undir einu þaki. Er því hér í raun um bráðabirgðaástand að ræða.

Fjórði liður fsp. var síðan: „Hvernig verður staða starfsmanna Sjúkrasamlags Reykjavíkur að því er tekur til ráðningar og launakjara frá 1. jan. 1990?“ Öllum starfsmönnum Sjúkrasamlags Reykjavíkur nema forstjóra þess og einum starfsmanni sem hefur unnið þar mjög skamma hríð, hefur verið boðin vinna hjá Tryggingastofnun, í flestum tilvikum við sambærileg störf og þeir hafa gegnt í samlaginu. Af þessum hópi hafa tveir afþakkað starf, þar af annar með vísan til þess að um ósambærilegt starf væri að ræða. Ljóst er því að samtals munu koma til starfa hjá Tryggingastofnun 22 af starfsmönnum samlagsins. Munu þeir njóta launakjara sem opinberir starfsmenn fá frá 1. jan. 1990, þó þannig að með áunnin réttindi verður að mestu farið eins og þeir hefðu unnið á einum og sama vinnustað frá upphafi. Flestir munu lækka í launum við að fara yfir til ríkisins um einn til fimm launaflokka. Verður þeim tryggður mismunur þess í formi biðlauna í 6–12 mánuði eftir því sem við á. Þeir starfsmenn sem ekki eiga kost á sambærilegu starfi hjá Tryggingastofnun munu njóta biðlauna í 6–12 mánuði frá næstu áramótum.

Hæstv. forseti. Ég á enn eftir einn lið fsp. en ég er alveg ljúka máli mínu. Þar er spurt: „Er tryggt að Reykvíkingar njóti jafngóðrar þjónustu og verið hefur eftir breytinguna?“ Þess er að vænta að þjónusta bæði við Reykvíkinga og aðra landsmenn versni ekki við breytinguna. Samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, verður engin breyting á þeim bótum sem sjúkratryggingar greiða þegar í dag. Í langflestum tilvikum, 26 af 30 á öllu landinu, verða það þaulvanir fyrrum starfsmenn sjúkrasamlaga eða Tryggingastofnunar sem annast munu starfsemina áfram eftir breytinguna. Ekki eru því finnanlegar neinar forsendur fyrir því að þjónustan versni frá því sem verið hefur. Hins vegar hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera að vænta einhverra byrjunarörðugleika fyrstu daga á nýja árinu einhvers staðar. Að búast við öðru væri óraunhæft þar sem um verulega breytingu er í raun að ræða.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég held hins vegar að málið sé ekki eins langt komið og hæstv. ráðherra vill halda fram. Ég held að það séu ýmsir endar óhnýttir. Það er ljóst að nú er ekki fyrir hendi húsnæði til þess að flytja samlagið í Tryggingastofnun ríkisins og eftir því sem hæstv. ráðherra upplýsti sýnist mér að það eigi að fara að skipta upp stofnuninni og einhver hluti starfseminnar fari í Tryggingastofnunina en eitthvað verði eftir niðri í Tryggvagötu.

Ég held að hér ættu menn aðeins að doka við. Stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur hefur sent okkur þingmönnum Reykjavíkur bréf þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ljósi ofangreindra atriða [en þar er talað um áður nefnda tölvuvæðingu og fleira] fer stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur þess á leit við þingmenn Reykjavíkur að þeir beiti sér fyrir því að veittur verði frestur í eitt ár á gildistöku þessa þáttar umræddra laga þannig að Sjúkrasamlag Reykjavíkur verði rekið sem sjálfstætt útibú Tryggingastofnunar ríkisins í óbreyttu formi."

Hér hafa allir heimilislæknar sem vinna utan heilsugæslustöðva ritað bréf og í því segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af væntanlegri breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga viljum við undirritaðir heimilislæknar í Reykjavík taka fram eftirfarandi:

Við höfum um árabil átt gott samstarf við Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Starfsfólk sjúkrasamlagsins hefur leyst vel og lipurlega úr þeim viðfangsefnum sem við höfum leitað til þess með. Jafnframt höfum við heyrt á samlagsmönnum okkar að þeir eru almennt mjög ánægðir með sjúkrasamlag sitt og persónulega þjónustu sem þar er veitt. Við teljum það Reykvíkingum til hagsbóta að áfram verði starfrækt umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins í núverandi húsnæði samlagsins að Tryggvagötu 28."

Og við sama tón kveður í sams konar áskorun frá öllum sérfræðingum sem hafa viðskipti við Sjúkrasamlag Reykjavíkur.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann talar á sama hátt um þessa þjónustu utan Reykjavíkur og í Reykjavík. Sannleikurinn er bara sá að þarna er um tvennt ólíkt að ræða. Ég get fallist á og tel ekkert óeðlilegt við það að sjúkrasamlögin séu sett undir Tryggingastofnun ríkisins. En af hverju, og ég vil leyfa mér að spyrja, hæstv. forseti, af hverju má ekki Sjúkrasamlag Reykjavíkur vera þar sem það er sem umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins? Það kostar ekkert. Með því að fara að flytja stofnunina kemur auðvitað kostnaður sem við öll þekkjum, innréttingar á húsnæði og annað slíkt og það eru engin rök að ekki sé hægt að stjórna eða hafa yfirumsjón með starfseminni þó að umboðsskrifstofan sé þar sem hún er. Þess vegna vil ég biðja hæstv. ráðherra að hugsa þetta mál mjög vel áður en farið verður að setja allt á annan endann, kasta á glæ miklum verðmætum og gera starfsfólkinu erfitt fyrir, svo vægt sé til orða tekið.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi, 13. þm. Reykv., hefur rakið í sínu máli er hér á ferðinni mál sem ýmsir hafa verulegar áhyggjur út af. Það fólk sem starfað hefur við Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur áhyggjur. Þeir læknar sem skipta hundruðum hér í Reykjavík og hafa haft samskipti við Sjúkrasamlag Reykjavíkur hafa áhyggjur og stór hluti borgarbúa sem hefur haft skipti við sjúkrasamlagið hefur áhyggjur, ekki síst vegna þess að öll samskipti bæði borgarbúa og lækna við sjúkrasamlagið eins og það hefur verið rekið á undanförnum árum hafa verið mjög góð. Menn horfa með nokkrum kvíða til þeirrar óvissu sem þarna kemur til með að verða. Þess vegna vil ég mjög eindregið taka undir þau orð hv. fyrirspyrjanda og fara þess á leit við hæstv. heilbrrh. að hann hugsi það mjög rækilega og taki það mál sérstaklega upp við stjórn Tryggingastofnunar ríkisins hvort ekki sé skynsamlegt að breyta frá fyrirhuguðum áætlunum og reka, a.m.k. fyrst um sinn í eitt ár meðan menn eru aðeins að huga sinn gang, þá sérstöku einingu sem verið hefur í Tryggvagötunni sem útibú frá Tryggingastofnuninni. Ég held að menn séu að kasta sér dálítið mikið út í óvissu þarna. Þarna eru vissulega verðmæti eins og hv. fyrirspyrjandi vakti athygli á, tölvukerfi og fleira sem væntanlega mun fara forgörðum og þess vegna beini ég þessu eindregið til hæstv. heilbrrh.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekki hægt í fyrirspurnatíma að ræða mál af neinu viti, en hér er komið upp eitt af mörgum þeim málum sem koma fram í dagsljósið þegar til framkvæmda kemur á verkaskiptingarlögunum. Það er enginn vafi á því að mörg mál af þessu tagi eða svipuðu eiga eftir að koma upp.

En það sem varð til þess að ég kom hér upp í ræðustól er að mér heyrðist á hæstv. ráðherra að hann fullyrti að verulegur hluti af starfsfólki hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur mundi lækka í launum. Nú hélt ég að það væri liðin tíð að það væri hægt að framkvæma slíkar aðgerðir. Ég sé hér í Dagblaðinu í gær að það er fullyrt að þetta muni þýða 14–20% launalækkun hjá velflestum í þessu starfi. Ef þetta er forsmekkurinn af því sem koma skal að því er varðar skiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga þá held ég nú að margir muni fara að hugsa sinn gang hvernig það mál mun verða til enda leitt. Ég a.m.k. mótmæli slíku.

Ég hef verið viðloðandi verkalýðshreyfinguna í yfir 30 ár og það eru þá ný tíðindi fyrir mér ef hér á að ganga undan í þeim efnum að skerða laun

með verulegum hætti eins og hér er boðað. Vonandi hef ég misheyrt hjá hæstv. ráðherra, en í Dagblaðinu í gær er þetta fullyrt og ég vænti þess þá að hæstv. ráðherra leiðrétti ef ég hef misheyrt hans ræðu í þessum efnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að það sem mælt er af viti í fyrirspurnatímum verður að vera í stuttu máli en ekki löngu og það er kannski vandamálið við fyrirspurnirnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt eins og kom hér fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vestf., að það eru mörg mál sem koma fram í dagsljósið og koma núna upp í umræðuna sem eru fylgifiskar verkaskiptingarinnar sem við samþykktum á síðasta þingi og þeirrar lagasetningar sem þá fór fram. Við erum að takast á við það núna í ráðuneytunum sem hlut eiga að máli, t.d. heilbrrn. þar sem voru verulegar breytingar við það að færa alla heilbrigðisþjónustuna yfir til ríkisins frá sveitarfélögunum að því leyti sem sveitarfélögin höfðu verið þátttakendur í þeirri þjónustu. Það hefur auðvitað í för með sér margvíslegar breytingar, m.a. á högum starfsfólks. Það er ljóst. Og það er rétt sem hann heyrði í mínu svari að það er gert ráð fyrir því, það vita allir að sjúkrasamlögin eru með lögum lögð niður, eru ekki lengur til sem vinnustaður. Því fólki sem þar vann var sagt upp störfum. Því voru hins vegar boðin störf í þeirri stofnun sem tekur við starfseminni, Tryggingastofnun ríkisins, og á þeim kjörum sem Tryggingastofnunin hefur samið um eða ríkið fyrir hennar hönd við sína starfsmenn. Óðruvísi getur það ekki gengið fyrir sig. Það kemur síðan í ljós við þessa breytingu að það verður einhver lækkun á launum flestra og ég tók það fram, á bilinu einn til fimm launaflokkar eftir þeim upplýsingum sem ég hef.

Ég bendi hins vegar á það að í fsp. hér á eftir er spurt um starfskjör og réttindi starfsmanna vegna þessa tilflutnings þannig að það kemur þá líka fram þar nánar, en svona lítur þetta út.

Ég vil síðan auðvitað taka undir það með hv. fyrirspyrjanda og hv. 2. þm. Reykv. að ég held að það sé mjög mikilvægt að við leggjum okkur fram um það að þessi breyting hafi ekki í för með sér að þjónusta versni. Ég mun leggja áherslu á það eftir því sem ég get að það verði reynt að sinna þjónustuþættinum vel og að hann verði veittur á svipaðan hátt og er í dag. Það muni t.d. ekki verða tafir á greiðslu reikninga, eins og hv. fyrirspyrjandi setti hér fram í hugleiðingum sínum, eða aðrir slíkir hnökrar á þessari breytingu. Það má ekki verða.

Ég vil líka minna á og ítreka það sem kom fram í svari mínu að það er nú þegar ákveðið að starfsemin verði áfram fyrst um sinn í Tryggvagötunni. Það getur auðvitað verið og hlýtur — og ég bið nú hv. þm. að hafa það í huga — að vera skynsamlegt að taka það til athugunar ef einhverjir þættir af þeirri starfsemi sem þar er í dag, eitthvað af þeirri þjónustu sem þar er í dag sé betur komin uppi í Tryggingastofnuninni, það eru nú ekki vegalengdirnar þar á milli svo miklar í sjálfu sér að það skipti nú máli, en að þá sé það sameinað og sú þjónusta sé veitt þar ef hún er þar fyrir á annað borð, eins og t.d. greiðsla ákveðinna reikninga. En að verulegu leyti geri ég ráð fyrir því að þjónustan við almenning verði áfram í Tryggvagötunni þar sem sjúkrasamlagið er nú með sína starfsemi og það kemur að sjálfsögðu reynsla á það hvernig slík skipting á starfsemi sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar kemur til með að virka.

Ég held, eins og fram kom í svari mínu áðan, að það hljóti að vera miklu eðlilegra og betra að þessi starfsemi sé öll rekin í sama húsi, undir sama þaki þegar fram í sækir, en við fáum alla vega reynslu af því á fyrstu mánuðum næsta árs, kannski tekur það allt næsta ár, um það ætla ég ekki að spá á þessu stigi, að starfrækja þarf þessa þjónustu á tveimur stöðum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Aðeins þetta, hæstv. forseti, þar sem ég er með fleiri fsp. Það sem mér sýnist vera hér að er það að við undirbúning þessa máls, sem engan veginn er nógu langt kominn þegar tekið er tillit til þess að lögin taka gildi um áramót, hefur ekkert samstarf verið haft við það fólk sem best þekkir til þesara mála hér í Reykjavík. Og er þá alveg sama hvort um er að ræða starfsfólk sjúkrasamlagsins, heimilislækna í Reykjavík eða sérfræðinga. Þetta mál virðist eingöngu hafa verið undirbúið í heilbrrn. og það kann aldrei góðri lukku að stýra. Ég minnist þess að þegar núv. hæstv. menntmrh. var heilbr.- og trmrh. kom það aldrei fyrir að breyting væri gerð á heilbrigðiskerfinu nema í það væru skipaðar nefndir sérfræðinga og fagmanna sem til þeirra mála þekkja. Það er ómögulegt að sjá af þeim málum sem hæstv. ráðherra ber nú fram, svo sem eins og breytingu á heilbrigðislögum, að nálægt þessu hafi komið menn sem þekkingu hafa á málinu.

En ég læt þessu lokið, virðulegur forseti, vegna þess að við snúum okkur að sama máli í næstu spurningu.

Starfskjör og réttindi starfsmanna eftir tilflutning milli ríkis og sveitarfélaga, ein umr.

Fsp. GHelg, 150. mál. — Þskj. 155.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af umræddri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hef ég leyft mér að bera hér fram fsp. sem varðar starfskjör þeirra starfsmanna sem nú flytjast milli vinnuveitenda. Það hljóta að vakna spurningar um ýmislegt í því sambandi eins og hv. 3. þm. Vestf. virtist skilja hér áðan. Það hljóta að vakna spurningar um það hvernig áunnin laun og

önnur starfskjör þeirra sem nú skipta um vinnuveitendur verða tryggð. Fólk sem hefur unnið á sama vinnustað í áratugi og með því hlotið umbun í launum og hvers kyns öðrum starfskjörum horfir nú fram á lækkun launa og rýrari starfsréttindi á nýjum vinnustað. Hingað til hefur það verið sjaldgæft að menn lækkuðu í launum eftir langa þjónustu í þágu hins opinbera, en þær raddir heyrast nú að svo kunni að fara um áramótin. Er vart að undra þó órói sæki að því fólki sem hér um ræðir eins og launakjör eru nú almennt í landinu um þessar mundir.

Í raun og veru er hér hugsanlega um að ræða þrenns konar kjaraskerðingu: Lækkun launa, rýrari starfsréttindi sem unnist hafa í kjarasamningum og lakari lífeyrisréttindi. Svo að skýrt dæmi sé tekið um starfshóp sem til stendur nú að ráða til starfa í Tryggingastofnun ríkisins má nefna starfsfólk Sjúkrasamlags Reykjavíkur sem nú verður lagt niður. Þetta fólk sem margt hefur unnið í áratugi í sjúkrasamlaginu horfir nú til þess að lækka um nokkra launaflokka og ekki aðeins um fimm heldur upp í átta launaflokka. Síðan getur fólk misst ýmislegt sem áunnist hefur, eins og ónunna yfirvinnu og fleira sem vinnuveitendur neyðast oft að bjóða fólki sínu til að halda í þjónustu sinni góðu starfsfólki þar sem laun fyrir dagvinnu eru ekki lífvænleg, því miður, í okkar landi.

Það getur hver sagt sér sjálfur hvernig því fólki er innan brjósts um þessar mundir sem þessar þakkir fær fyrir langa þjónustu í þágu samfélagsins. Einhver kann að segja að enginn neyðist til að ráða sig í þjónustu Tryggingastofnunar, en slíkt er útúrsnúningur. Þessir starfsmenn kunna til verka á sínu sviði, vilja vinna þessi störf og eftir áratuga starf er ekki auðvelt að fá vinnu við allt önnur störf sem krefjast nýrrar starfsþjálfunar.

Það er svo ekki erfitt að hugsa sér hvernig starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins muni koma til með að líka það að vinna e.t.v. við hlið fólks við svipuð störf sem hefði langtum hærri laun. Það er auðvitað hin hliðin á málinu.

Virðulegi forseti. Ég skal mjög stytta mál mitt. En það eru ótal þættir sem hlýtur að verða að líta til sem áunnist hafa og eru breytilegir eftir kjarasamningum. Nægir að nefna veikindarétt, fæðingarorlof, orlof, orlofsheimilasjóð starfsmanna, starfsmenntunarsjóð og umsamda fasta yfirvinnu, jafnvel afnot af bifreið, *vinnutímaákvæði o.fl., o.fl. Hvernig verður farið* með þessi réttindi? Er þetta frágengið? Og loks má minna á að réttindi til lífeyris og lánakjara eru mjög ólík. Loks væri ástæða til að spyrja hvort fólk sem hefur verið æviráðið hingað til missi nú æviráðningu sína.

Ég held, virðulegur forseti, að þessum spurningum sé ekki svarað enn þá og eftir því sem mér hefur skilist hefur ekki allt of mikið samráð verið haft við stéttarfélögin varðandi þessi mál. Þess vegna hef ég leyft mér, hæstv. forseti, að bera fram fsp. á þskj. 155 sem er stutt og laggóð og er til hæstv. fjmrh.:

„Hvernig verða starfskjör og réttindi þeirra tryggð sem flytjast milli ríkis og sveitarfélaga eftir að lög nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, taka gildi?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Eins og hér hefur komið fram í umræðum er ljóst að þegar breytingar voru gerðar á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafði hvorki Alþingi né sveitarstjórnirnar hugað nægilega vel að fjölmörgum þáttum þessa máls. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þótt umræða um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi staðið í mörg ár. Það er þess vegna ljóst að þeir ráðherrar, sem hafa á undanförnum mánuðum verið að vinna að framkvæmd þessara laga, hafa þurft að vinna upp verk sem eðlilegra hefði verið að bæði sveitarstjórnirnar sjálfar og hv. Alþingi hefðu hugað nægilega vel að og betur en gert var þegar lögin voru samþykkt.

Það er t.d. mjög fróðlegt að fara í gegnum umræður hér á Alþingi um þetta mikilvæga mál. Þær voru miklar og langar, en í þeim er varla að finna nokkra tilvísun frá þingmönnum eða öðrum um það mikla vandaverk að flytja starfsfólk stofnana til þegar verið er að flytja stofnanirnar frá ríki til sveitarfélaga eða öfugt. Þess vegna ákvað fjmrn. á miðju sumri að fela Guðmundi Björnssyni, skrifstofustjóra í fjmrn., að sinna sérstaklega þessu verkefni og hefur hann nær eingöngu helgað sig því síðan á miðju sumri. Hann hefur átt fjölda viðræðufunda með forsvarsmönnum félaga opinberra starfsmanna og það hafa farið fram ítarlegar viðræður við forsvarsmenn opinberra starfsmanna og forsvarsmenn sveitarfélaganna um þetta efni.

Ég hef því sem fjármálaráðherra, í samráði við BSRB, mótað ákveðnar reglur sem taka til þeirra sem flytjast til ríkisins og skal ég hér á örstuttum tíma rekja nokkrar þeirra.

Í fyrsta lagi hvað snertir félagsaðild þessara starfsmanna. Þrátt fyrir þær breytingar sem lögin nr. 87 1989 fela í sér mun fjmrn. fyrir sitt leyti vinna að því að starfsmenn eigi þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi og þeir voru áður þótt þar sé um að ræða stéttarfélag starfsmanna sveitarstjórna. Starfsmenn sem koma til starfa eftir 1. jan. 1990 skulu eiga val um hvort þeir óska að tilheyra hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða hvort þeir óska að tilheyra því félagi ríkisstarfsmanna sem ætti samkvæmt núgildandi lögum, nr. 94/1986, að hafa samningsumboð á þessu tiltekna sviði.

Í öðru lagi hvað samningsréttinn snertir skuli hann vera áfram hjá viðkomandi starfsmannafélagi. Það hefur hins vegar verið lögð áhersla á það af hálfu fjmrn., í samræmi við samþykkt á fundi bæjarstarfsmanna frá 19. okt. sl., að viðtækt samflot starfsmannafélaganna náist við slíka samningagerð.

Í þriðja lagi hvað snertir launakjörin hefur verið mótuð sú niðurstaða að starfsmenn þeirra stofnana sem lagðar verða niður – og á það ber að leggja ríka áherslu að það er verið að leggja niður samkvæmt lögum frá Alþingi tilteknar stofnanir, sérstaklega er þar um að ræða sjúkrasamlögin — verða ráðnir til

ríkisins ef þeir kjósa svo. Þá gangi þeir í meginatriðum inn í þá kjarasamninga sem gilda á hinum nýja vinnustað, þannig að starfsmennirnir hafa frjálst val um það hvort þeir vilja ganga inn á hinn nýja starfsvettvang og ganga þá inn í þá kjarasamninga sem þar eru gildandi.

Hins vegar hjá stofnunum sem starfa óbreyttar áfram en færast að fullu til ríkisins skulu launakjör sem verið hafa bundin í kjarasamningum við hlutaðeigandi séttarfélag, þ.e. kjarasamningabundin kjör, haldast óbreytt hjá viðkomandi einstaklingi þar til um annað semst við það stéttarfélag sem fer með samningsumboð fyrir hann.

Ég skal, virðulegur forseti, á örskömmum tíma nefna hér fáein önnur atriði. Hvað snertir starfsaldur verður allur sá starfsaldur sem viðurkenndur hefur verið af sveitarfélögunum eða af stofnunum í samrekstri ríkis og sveitarfélaga fluttur óbreyttur með einstaklingum yfir til ríkisins. Sama gildir um þjónustualdur og það sem honum tengist. Fjmrn. mun ábyrgjast áunninn orlofsrétt frá 1. maí til 31. des. 1989. Hins vegar er ljóst að lífeyrissjóðamálin eru nokkuð flókin í þessum efnum og verið er að vinna að niðurstöðu í því máli. Markmið ráðuneytisins er að tryggja að réttur einstaklinganna sem færast til verði ekki fyrir borð borinn, þannig að flutningur þeirra yfir á nýjan starfsvettvang muni ekki hafa neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi þeirra.

Virðulegi forseti. Hér er um flókið mál að ræða en ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir þeim meginniðurstöðum sem náðst hafa í viðræðum fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta efni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi fsp. er mjög mikilvæg og snertir marga einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þessi munur á launakjörum þeirra sem vinna hjá bæjar- og sveitarfélögum og hjá ríkinu segir kannski nokkuð um þau launakjör sem fólk býr við hjá ríkisstofnunum. Það rekast hér greinilega á tveir heimar launafólks, en þetta er þó ekki harkalegasti árekstur sem orðið gæti. Enn verri yrði hann ef færa ætti fólk í einkafyrirtækjum yfir til ríkisins.

Mig langar, í tilefni af þessari umræðu, rétt aðeins að spyrja hæstv. fjmrh. hvað honum sjálfum finnist um það að þurfa með þessum hætti að lækka laun fólks. Sér hann enga aðra lausn? Eins og við öll vitum eru kjör fólks þau sem vinnur á stofnunum sem slíkum, hér var t.d. talað um sjúkrasamlagið, að þar er aðallega um að ræða laun skrifstofufólks og við vitum öll að þau eru ekki of há.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Hver veit nema þessi lög sem eiga að taka gildi um áramótin verði til þess að loksins verði samræmd laun fólks sem vinnur sömu störf hvar sem það vinnur á landinu. Á mínum síðustu árum í Sókn varð ég mjög vör við það að bæjarstarfsmenn hingað og þangað um landið voru að ná betri kjörum en hér náðust við ríkið og Reykjavíkurborg. Þetta er auðvitað ákaflega slæmt að kjörin skuli ekki vera samræmd og þá samræmd við það sem skást er, því að a.m.k. stærstu hóparnir af þessu fólki eru á mjög lélegum kjörum. Ég gleðst yfir því ef þessi breyting gæti orðið til þess að leiðrétta þetta því að enginn þarf að láta sér detta í hug, enginn ráðherra eða enginn frammámaður, að hægt sé að lækka heila hópa af fólki án þess að komi til verulegra mótmæla. Og ég vil taka undir það og ég vona það a.m.k. að enginn láti sér detta það í hug og jafnan sé miðað við það sem skást er, hvar sem það er.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, en góð þykja mér þau ekki. Ég held að hér hafi vantað heilmikið á að á þessu máli væri tekið miklu fyrr og í miklu nánara samráði við stéttarfélögin. Ráðherra minntist á það hér að lítil umræða hefði orðið á síðasta ári við afgreiðslu laganna um þennan þátt málsins. Ég átti sæti í félmn. Nd. og var því í þeirri nefnd sem afgreiddi lögin og hóf hvað eftir annað máls á þessu en var auðvitað sagt, bæði af ýmsum þeim gestum sem til voru kallaðir, svo sem eins og framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins o.fl.: Þetta kemur lögunum ekkert við. Þetta er bara kjarasamningaatriði, og það er auðvitað alveg rétt.

Hitt er svo annað mál að ýmsar þær nefndir sem hæstv. ráðherrar segja að hafi verið settar á laggirnar, eina minntist hæstv. heilbrrh. á áðan, nefnd sem kosin var til undirbúnings í Tryggingastofnun ríkisins, ég hef fyrir því heimildir að sú nefnd hafi t.d. aldrei kallað á sinn fund starfsfólk eða fulltrúa frá stjórn Sjúkrasamlagsins og svo er um fleiri. Svona er auðvitað ekki hægt að vinna. Ég kann ekki neina patentlausn á hvernig á að leysa þessi mál, en eitt veit ég að þetta gengur ekki. Við sættum okkur auðvitað ekkert við það að sú regla sé tekin upp hér í þjóðfélaginu að fólk eigi, eins og hæstv. fjmrh. sagði, frjálst val, að missa vinnuna sína og hætta eða lækka í launum. Það er ekkert frjálst val. Fólk á rétt á að vinna við þau störf sem það kann, getur og vill vinna, og það á rétt á því að lækka ekki í launum.

Það er alveg ljóst að þetta getur ekki gengið. Menn verða einfaldlega, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan, að finna á þessu lausn. Það verður að setjast niður og reyna að samræma þessi laun og starfskjör. Annað einfaldlega gengur ekki.

Og það kemur mér afskaplega mikið á óvart hvað menn eru rólegir yfir þessu. Ég býst við að hæstv. fjmrh. viti svo sem að hann er ekki vinsælasti maður þjóðarinnar, en ég bið fyrir honum þegar starfsfólk á hans vegum fer að lækka niður um allt að átta launaflokka og missa áunnin starfskjör í stórum stíl. Ég vildi ekki vera í hans sporum þegar sú breyting verður.

Og ég bið hv. Alþingi að standa utan um þetta starfsfólk sem þannig fer nú fyrir í hundraðatali. Menn verða einfaldlega að setja á stofn neyðarnefnd og reyna að finna á þessu lausn. Það verður að gerast

núna innan rúmlega mánaðar, og ég vænti þess að hver einasta manneskja hér inni sé sammála mér um þetta. Ég hef lokið máli mínu, virðulegur forseti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þetta mál er í reynd mjög einfalt. Annars vegar tók Alþingi ákvörðun um það að flytja stofnanir frá sveitarfélögum til ríkisins. Það er alveg ljóst að það fólk sem starfar við þessar stofnanir lækkar ekki neitt í launum. Það er alveg ljóst, það lækkar ekki neitt í launum. Þótt fólk sem áður starfaði við stofnanir á vegum sveitarfélaga starfi áfram á þeim vettvangi þegar þær stofnanir eru fluttar í heild sinni yfir til ríkisins breytast launakjörin ekkert.

Í öðru lagi, og mér finnst nokkuð skorta á að hv. alþingismönnum sé það ljóst hér í umræðunni, tók hæstv. Alþingi ákvörðun um að leggja stofnanir niður. Það var hæstv. Alþingi sem tók ákvarðanir um að leggja þessar stofnanir niður. Þær eiga ekki að vera lengur til. Og hæstv. Alþingi setti engin tryggingarákvæði um það hvað ætti að verða um starfsfólk stofnana sem hæstv. Alþingi ákvað að leggja niður. Það er þess vegna hæstv. Alþingi sem hefur ákveðið það að starfsvettvangur þessa fólks verði ekki lengur til eftir næstu áramót. Það eru ekki ráðuneytin eða ráðherrarnir. Það er hæstv. Alþingi sem hefur ákveðið það. Hins vegar hefur af hálfu ráðuneytisins verið tekin ákvörðun um það að bjóða starfsfólki þeirra stofnana sem Alþingi hefur ákveðið að verði ekki lengur til 1. jan. störf inni í öðrum ríkisstofnunum. Og þá vona ég að hv. alþm. skilji það að þá hljóta að gilda þeir kjarasamningar sem samið hefur verið um í þeim ríkisstofnunum. Annað væri varla sanngjarnt gagnvart því starfsfólki sem þar hefur starfað árum og áratugum saman.

Ég bið þess vegna hv. alþingismenn að gera sér skýra grein fyrir þessum mun sem annars vegar er á stofnunum sem starfa áfram, hafa ekki verið lagðar niður, þar verður engin lækkun launa hjá fólki, og svo hins vegar stofnunum sem Alþingi hefur ákveðið að starfi ekki lengur.

Vandinn við sjúkrasamlögin er sá að starfsmannaskipan þeirra hefur verið með mjög mismunandi hætti. Starfsmenn sjúkrasamlaga hafa ýmist verið ríkisstarfsmenn, starfsmenn sveitarfélaga eða starfsmenn viðkomandi sjúkrasamlaga. Og það er alveg greinilegt að það hafa þróast mismunandi reglur, mismunandi venjur og mismunandi sjónarmið á þessum vettvangi vegna þess að ekki hefur verið um að ræða neinn einn sérstakan kjarasamning fyrir starfsfólk sjúkrasamlaga í landinu. Öll þessi sjúkrasamlög verða lögð niður. Sú ákvörðun sem ráðuneytin hafa tekið er að bjóða starfsfólki sjúkrasamlaganna störf á vettvangi ríkisins, bjóða full biðlaun á þeim launum sem fólkið hefur haft ef það kýs að fara inn á annan starfsvettvang, en ráðuneytin geta ekki breytt þeirri ákvörðun hæstv. Alþingis að stofnanir þar sem þetta fólk hefur starfað áratugum saman verði ekki lengur til um næstu áramót.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Hv. 13. þm. Reykv. er satt að segja steinhissa. Það hefur ekkert verið lagt niður. Menn hafa lagt niður stofnanir, en menn hafa ekki lagt niður störf. Þetta fólk heldur áfram að vinna sömu störf og það hefur unnið og fyrir það á það auðvitað að fá þau laun sem það hefur áunnið sér. Það er ekkert sem Alþingi ákveður. Það er bara mesti misskilningur. Það sem stjórnvöld þurfa að gera, séu þau vinveitt landsmönnum og launþegum í þessu landi, er að semja um þessa hluti til að tryggja rétt þessa fólks sem hefur ekkert fyrir sér gert annað en að verða fyrir því að við höfum ákveðið að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það hefur aldrei nokkur einasti alþingismaður jafnframt tekið ákvörðun um það að fólk lækki í launum. Þetta er bara fjarstæða.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að taka þessi mál grafalvarlega og setjast nú þegar niður og reyna að leysa þetta því að ég held að ég þori alveg að fullvissa menn um að þessu verður ekki unað. Og það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að vita hverjir verða harðast úti. Það verða að sjálfsögðu konurnar. Það verður fundin einhver leið til að tryggja það að karlmennirnir haldi sínum launum og einhverra leiða leitað. En trú mín er sú að menn hafi minni áhyggjur af því þótt konurnar missi frá einum og upp í átta launaflokka, ef það er ekki meira. Og ég bið menn að hugsa þetta mál mjög vel og vandlega og ekki bera það á alþingismenn að við höfum samþykkt annað eins og þetta.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Ég er undrandi á viðhorfum hæstv. fjmrh., og raunar er ég meira og líka undrandi á viðbrögðum ýmissa annarra ráðherra í hæstv. ríkisstjórn þegar talað er um launamál. Það kann vel að vera að í þessu tilviki hafi ekki verið skoðuð sérstaklega þessi áhrif við lagasetninguna. Það er nú einu sinni svo að ríkisstjórnir, hverjar sem þær eru, reka svo á eftir málum hér á Alþingi á vissum tímabilum að nánast enginn þingmaður fær tíma til þess að skoða þau. Og í þessu tilviki langar mig til að minna á eitt stóra málið sem hér á að fara að keyra í gegn sem er virðisaukaskatturinn. Ætli menn séu búnir að skoða hann til hlítar og hvað hann kann að leiða af sér? Ég bið menn að vera ekki að egna launafólk að óþörfu gegn ríkisstjórn. Nógu slæma útreið hefur hún fengið í augum almennings í landinu, æðilengi, og ég hygg að það sé ekki rétt af hæstv. ráðherrum að egna frekar til upphlaupa því að enginn efast um að fari mál svona fram verður því harðlega mótmælt og það fara í hönd kjarasamningar við komandi áramót.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutta athugasemd. Það er út af þessum endurteknu ummælum hv. þing-

manna um það að hér ráði ferð einhverjir illviljaðir ráðherrar og vinni ekki eins og fyrir þá hafi verið lagt. Mér finnst það reyndar alveg furðulegt og ég verð að segja það að ég varð mjög undrandi á ummælum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hér áðan. Það er nú einu sinni svo að Alþingi samþykkti sjálft í lok seinasta þings þessi lög um breytingar á verkefnaskipan milli ríkis og sveitarfélaga og það er staðreynd, og það nefndi ég reyndar áðan í svari mínu við annarri fsp., að mörg vandamál hafa komið upp í sumar sem ráðuneytin hafa verið að reyna að leysa eftir bestu getu til þess að þessi breyting geti gengið hnökralaust fram vegna þess að Alþingi tók ekki nægjanlega vel á þeim málum hér í fyrra eins og kom mjög vel fram í svari hæstv. fjmrh. áðan. Málin voru ekki nógu vel rædd, nógu vel undirbúin, þá og þess vegna eru menn nú að reyna að vinna úr þeim og gera hið besta.

Hæstv. forseti. Út af því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan um það hvernig staðið hefði verið að þessum málum í heilbrrn. vil ég ítreka það sem kom fram áðan í svari mínu. Tryggingastofnun ríkisins var falið að fjalla sérstaklega um þessi málefni sjúkrasamlaganna og þar var nefnd að störfum sem vann sitt verk eftir bestu getu. Bæði stjórn og fulltrúar starfsfólks Sjúkrasamlags Reykjavíkur hafa komið á minn fund og gert mér grein fyrir því að þeim hafi fundist heldur hægt miða og kannski málum ekki nægjanlega vel sinnt. Ég kom þeim athugasemdum á framfæri við Tryggingastofnunina og þá aðila og starfsmenn sem þar unnu eftir bestu getu að þessum málum, en þeirra starf hefur verið mjög erfitt og þess vegna erum við að reyna að glíma við að leysa þessi mál eftir bestu getu nú og ég vona sannarlega að okkur takist að gera það þannig að þjónustan verði veitt áfram öllum til sóma, bæði starfsmönnum, þeim sem þurfa að njóta þjónustunnar, svo og að sjálfsögðu af hálfu stjórnvalda sem bera ábyrgð á henni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning sem hér hefur komið fram að ekki hafi verið haft samráð við forsvarsmenn viðkomandi starfsmanna í þessum málum. Það hafa farið fram ítarlegar viðræður á undanförnum mánuðum við forustu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og forustu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til þess að fjalla um þessi mál. Í lok síðustu viku átti ég fund með formanni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og formanni BSRB þar sem við fórum yfir samkomulag og sameiginlegan skilning sem varð niðurstaða þessara viðræðna og ég staðfesti það svo með bréfi sem ég undirritaði og sendi forustu BSRB og Starfsmannafélagi ríkisstofnana fyrir síðustu helgi. Mér vitanlega hefur ekki verið neinn ágreiningur milli ráðuneytisins og forustu Starfsmannafélags ríkisstofnana eða forustu BSRB um þessi efnisatriði, heldur þvert á móti. Á þessum fundi sem ég átti með þeim kom fram mjög skýrt að þeir staðfestu þetta sem sameiginlega niðurstöðu þessara viðræðna.

Þetta vildi ég láta koma hér fram vegna þess að nokkrum sinnum hefur borið á því í umræðunni að menn hafi talið að þetta verk hafi ekki verið unnið í samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi þegar þessi lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru til umræðu voru alþingismenn beittir gífurlegum þrýstingi, tel ég vera, af samtökum sveitarfélaga, og það var talið að líf lægi við að þessi lög yrðu afgreidd nákvæmlega eins og þau lágu fyrir í textum. Þar mátti helst ekki hrófla við einni einustu línu og þetta var rekið með svipuðum hætti og sagt er að krossferðir hafi verið reknar hér fyrir nokkrum öldum.

Ég sagði þá, og ég tel að það sé að koma í ljós núna, að fjöldamargir þættir þessa máls væru óljósir og að ákvörðun um gildistöku laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefði átt að taka hálfu öðru ári áður en gildistakan kæmi til framkvæmda en ekki hálfu ári. Ég er sannfærður um að umræða eins og þessi sem hér fer fram í dag um þennan vanda sem menn skildu eftir sig og fór fram í hv. Ed. í gær mun fara hér fram einu sinni til tvisvar í mánuði þetta þing og það næsta af því að það verða alltaf að koma upp vandamál af þessu tagi. Og það er rétt hjá hv. 3. þm. Vestf. sem hann gat um hér áðan: Af þessu ættu menn að reyna að læra.

Heilsugæslustöðvar í Reykjavík, ein umr.

Fsp. GHelg, 87. mál. — Þskj. 88.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það má segja að hér sé enn höggvið í sama knérunn með þeirri fsp. sem hér liggur fyrir á þskj. 88 og hljóðar svo, og skal ég mjög stytta mál mitt:

„1. Hvað líður undirbúningi að yfirtöku ríkisins á rekstri heilsugæslustöðva í Reykjavík?

2. Hvaða aðilar veittu upplýsingar um starfsemi þeirra og fjárþörf við gerð fjárlagafrv.?“

Í stuttu máli hef ég áhyggjur af því að mikill mismunur kom í ljós á kostnaði sem virtist koma mönnum á óvart. Ég hef vissu fyrir því að Heilbrigðisráð Reykjavíkur fékk lítið að koma nálægt gerð fjárlaga, en það liggur auðvitað inni með vitneskjuna um kostnað og fjárþörf og ég hef illan grun um að einnig þetta mál hafi verið unnið af starfsmönnum ráðuneytis með litlu samráði við þá sem málið varðar. T.d. kom það í ljós í viðtölum mínum við heimilislækna í Reykjavík að ekkert samráð hafði verið haft við þá og nú hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og ég mun taka til máls þegar umræða um það fer fram því að þar þykir mér með ólíkindum gengið fram hjá ýmsu því sem varðar reykvíska borgara.

Eins og ég hef áður sagt í þessari umræðu gilda satt að segja allt önnur lögmál um skipulag á heilbrigðisþjónustu í Reykjavík og úti á landi í fámennari byggðarlögum. Og mér er fullkunnugt um það að bæði heimilislæknar og sérfræðingar í Reykjavík hafa miklar áhyggjur af þróun þessara mála og þess vegna vildi ég fá svör við þessu frá hæstv. heilbrrh.: Hvernig var unnið að undirbúningi fjárlaga og hvaðan komu upplýsingar um fjárþörf heilsugæslustöðvanna í Reykjavík?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur beint til mín annarri fsp. sem hún hefur gert grein fyrir og fjallar einnig um framkvæmd á vissum þáttum sem eru afleiðingar af verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 87/1989 og hv. þm. hefur nú gert grein fyrir.

Fyrirspurnin er í tveimur liðum og fyrri liðurinn hljóðar svo: „Hvað líður undirbúningi að yfirtöku ríkisins á rekstri heilsugæslustöðva í Reykjavík?" Samkvæmt áður greindum lögum nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, tekur ríkið yfir rekstur heilsugæslunnar í landinu frá og með nk. áramótum. Allur reksturskostnaður vegna reksturs heilsugæslustöðva fer frá og með þeim tíma yfir á ríkið, en hann er í dag samkvæmt gildandi lögum í höndum sveitarfélaganna ef frá er talinn launakostnaður vegna lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara. Þessi breytta skipan hefur í för með sér að heilbr.- og trmrn. tekur yfir rekstrarhlutverk sveitarfélaganna.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að í reynd er um að ræða þrenns konar rekstrarform heilsugæslustöðva. Það eru í fyrsta lagi sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. Það eru í öðru lagi heilsugæslustöðvar sem eru í starfstengslum við sjúkrahús eða aðrar heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili í sumum tilfellum, og í þriðja lagi heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Ákveðið hefur verið að starfsemi sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva flytjist yfir á ríkið þegar um nk. áramót, enda er gert ráð fyrir því í verkaskiptingarlögunum sem samþykkt voru sl. vor að ráðuneytið skipi stjórnir þeirra stöðva og að formaður skuli skipaður af ráðherra án tilnefningar. Það er samkvæmt þeim lögum sem samþykkt voru og þannig hljóða ákvæði um stjórnir þessara heilsugæslustöðva. Stjórnir sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva starfa því á ábyrgð ráðuneytisins frá og með nk. áramótum.

Hvað snertir starfsemi heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús hefur verið ákveðið að fresta yfirfærslunni og helgast það ekki síst af því að ekki náðist fram á síðasta þingi breyting á stjórnum þeirra en samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu fara stjórnir sjúkrahúsa með stjórn heilsugæslustöðvanna sé um starfstengsl milli þeirra að ræða. Ráðuneytið vill því freista þess að ná fram breytingum á lögum áður en stjórnunarleg yfirfærsla starfseminnar fer til ríkisins og hef ég þegar lagt fram frv. í því skyni og mælt fyrir því í Ed. nú fyrr í þessari viku.

Sama gildir reyndar um þriðja þáttinn sem er starfsemi heilsugæslustöðva í Reykjavík. Ekki náðust fram breytingar á stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík á síðasta þingi. Samkvæmt núgildandi kerfi er stjórn þeirra í höndum heilbrigðisráðs eða Heilbrigðismálaráðs Reykjavíkurborgar sem starfar á vegum sveitarfélagsins.

Ákvörðun var á sama hátt tekin um að fresta yfirtöku heilsugæslustöðva í Reykjavík og freista þess að leggja til breytingar þannig að stjórn þeirra yrði skipuð á sama hátt og annarra sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva eins og ég gerði grein fyrir áðan. Gert er ráð fyrir þessum breytingum í frv. sem nefnt var fyrr. Nái þær fram að ganga er reiknað með að á næstu kannski 2–3 árum verði kerfi heilsugæslu að fullu komið til framkvæmda og að starfræktar verði allt að 13 heilsugæslustöðvar í Reykjavík, eins og fram kemur í frv. sem liggur fyrir þinginu, auk heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi sem sinnir hluta af Vesturbænum í Reykjavík, þ.e. sunnan Hringbrautar og vestan Suðurgötu samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Seinni liður fsp. var: „Hvaða aðilar veittu upplýsingar um starfsemi þeirra stöðva og fjárþörf við gerð fjárlagafrv.?" Upplýsingar um starfsemi stöðvanna, allra, ekki bara hér í Reykjavík, heldur allra heilsugæslustöðvanna, og fjárþörf í tengslum við vinnslu fjárlagafrv. voru fengnar hjá stjórnum heilsugæslustöðvanna og upplýsingar fengnar frá sveitarfélögunum víða hvar þar sem fjárreiður stöðvanna hafa verið á þeirra snærum en hér í Reykjavík frá heilbrigðismálaráði og annaðist framkvæmdastjóri heilsugæslustöðva í Reykjavík upplýsingagjöfina. Ráðuneytið lítur svo á að fyrir liggi allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík, og ég verð að segja það út af ummælum hv. fyrirspyrjanda, sem telur að lítið samráð hafi verið haft af hálfu starfsfólks ráðuneytisins við þessa upplýsingaöflun, að ég held þvert á móti að í það hafi verið lögð mjög mikil vinna. M.a. kom í ljós í þeirri vinnu að þær upplýsingar sem lagðar voru fram í fyrra, þegar verkaskiptafrv. var til meðferðar á Alþingi, voru að verulegu leyti ónákvæmar og jafnvel rangar. Upplýsingarnar sem aflað hefur verið núna með mikilli vinnu og samskiptum við forsvarsmenn allra heilsugæslustöðvanna leiða það því í ljós að þarna er um að ræða miklu meiri kostnað sem nú kemur yfir á ríkið frá sveitarfélögunum heldur en áður hafði verið ráð fyrir gert, og það held ég að sé einmitt því að þakka að nú hefur verið farið mjög rækilega ofan í þessi mál.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. enn svör hans. En sannleikurinn er nú sá að það er ekki fyrr en rétt nýlega sem upplýsingar um fjárþörf hafa legið fyrir, enda, eins og hæstv. ráðherra minntist á, munaði þar verulega í áætlunum þegar loksins var leitað til þeirra sem um málið vissu.

Síðan fsp. mín var lögð fram hefur komið fram, eins og ég sagði áðan, frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og af því að ráðherra kom sjálfur inn á áætlun um 13 heilsugæslustöðvar í Reykjavík sem ég hef þegar rekið augun í er mér t.d. fullkunnugt um að ekkert samráð um þá áætlun hefur verið haft við heimilislækna í Reykjavík. Ég leyfi mér að fullyrða að það er engin þörf fyrir 13 heilsugæslustöðvar í Reykjavík og ég mun berjast gegn því þegar málið kemur niður í hv. Nd.

Ég held að líta verði mjög vandlega á þetta að nýju vegna þess að það er tvennt ólíkt að skipuleggja heilsugæsluþjónustu í Reykjavík og að skipuleggja hana utan þéttbýlissvæðisins. Það var mikil framför og stórkostlegt átak þegar heilsugæslustöðvarnar voru skipulagðar í tíð fyrrv. hæstv. heilbrrh. Magnúsar Kjartanssonar og gjörbreytti allri heilbrigðisþjónustu í landinu. En það eru einfaldlega allt aðrar forsendur hér á þéttbýlissvæðinu og óþarfi að gera hana meira og dýrara bákn en nauðsyn krefur.

Ég vil því biðja hæstv. heilbrrh. að eiga nú sem allra fyrst fundi með þjónandi læknum í Reykjavík og leita ráða hjá þeim hvernig skuli unnið að þessari uppbyggingu. Við erum ekki að deila um það að ríkið beri kostnaðinn, það er ekki ágreiningsefni okkar, heldur að ekki sé eytt meira fé í þessa uppbyggingu en þörf krefur og umfram allt að leitað sé ráða hjá þeim sem til málanna þekkja þannig að íbúar Reykjavíkurborgar njóti þeirrar allra bestu þjónustu sem völ er á.

Ég vænti þess að það sé rétt sem hæstv. ráðherra segir að nú liggi fyrir raunhæf fjárþörf heilsugæslunnar í Reykjavík. Ég á hins vegar dálítið erfitt með að skilja þetta vandamál með stjórnirnar vegna þess að þó að heilsugæslustöð starfi í tengslum við sjúkrahús starfar hún í raun og veru meira og minna alveg sjálfstætt og hefur sjálfstæðan rekstur, þannig að ég held að það þyrfti nú ekki að vera mikið ágreiningsefni hvernig stjórnin yrði skipuð og létt verk að breyta því.

En í lok allrar þessarar umræðu um þennan þátt verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, og nú skal ég ljúka máli mínu, hæstv. forseti, er ég hrædd um að þetta sé bara byrjunin á vandanum. Það er augljóst að það var ekki nægur tími til að undirbúa það að þessi lög taki gildi ætli menn að keyra þetta í gang núna um áramótin. Og það er alveg hárrétt sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að þetta var keyrt með slíku offorsi í gegnum þingið, og sakna ég nú vinar í stað, hæstv. félmrh., sem lagði mikla áherslu á að þessi lög tækju gildi þó að auðvitað væri séð fyrir að þetta mundi skapa gríðarlegan vanda þegar þessi stutti tími var til stefnu til að koma málum í lag.

Ég þakka hæstv. heilbrrh. og raunar hæstv. fjmrh. fyrir svör við þessum spurningum, en ég hygg að þau svör kalli einfaldlega einungis á fleiri spurningar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma, heldur aðeins út af þeirri athugasemd hv. þm. enn að ekki hefði verið haft samráð við nokkurn mann um það hvernig þessi hverfaskipun skyldi ákveðin í frv. sem fyrir liggur um skipulag heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir 13 stöðvum vil ég vitna til greinargerðarinnar þar sem segir svo um þessa ákveðnu grein í því frv.:

„Hverfaskipting sú sem lögð er til í 10. gr. er í samræmi við þær tillögur sem þegar hafa verið samþykktar á vegum borgarinnar en ekki hafa komist til framkvæmda enn þá."

Annað liggur ekki fyrir hjá okkur en þessar hugmyndir. En ég get alveg fyllilega tekið undir það með hv. þm. að á þessu má að sjálfsögðu gera endurskoðun og skoða nánar hvort þetta er nákvæmlega rétt skipting og bendi einnig á að í umræddri grein er gert ráð fyrir að það sé heimilt að breyta skipan heilsugæslustöðva í Reykjavík með reglugerð að fengnum tillögum stjórna heilsugæslustöðva í Reykjavík og héraðslæknis í samráði við þá aðallega sem með þessi mál eiga að fara, með öðrum orðum. Ég vona það líka, eins og hv. þm. sagði, að okkur hafi tekist að ná fram upplýsingum sem segja okkur hver sé eðlileg fjárþörf heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, svo og annarra heilsugæslustöðva, en auðvitað eru á því þó þeir fyrirvarar að hér er um að ræða breytt skipulag og það kann auðvitað að vera að reynsla fyrsta ársins með því rekstrarfyrirkomulagi færi okkur heim nýjan sannleika en þann sem við höfum þó verið að reyna að afla okkur með þeim upplýsingum sem við höfum aflað okkur við það að undirbúa fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Að lokum, hvað varðar starfsemi heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús, vil ég bara árétta það að þar er um að ræða eina stjórn. Það er aðeins ein stjórn sem þá fer með starfsemi stofnunarinnar allrar, sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar sem þar er í starfstengslum. Þar er ekki um að ræða neinar tvær stofnanir og mín hugmynd í frv. umrædda, þó að það sé ekki hér til umræðu, er sú að þar gildi sama form stjórnunar eins og er með sjálfstætt starfandi stöðvarnar í dag og Alþingi varð sammála um að afgreiða á sl. vori en náði ekki fullkomnu samkomulagi um hvernig staðið skyldi að stjórnum sjúkrahúsa, þar með taldar þær heilsugæslustöðvar sem starfa í starfstengslum við þau.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að kl. 1 hefjast hér umræður utan dagskrár að beiðni hv. 18. þm. Reykv., Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur, um olíuleka frá birgðastöð á Bolafjalli. Sú umræða fer fram samkvæmt fyrri lið 32. gr. þingskapa og skal ekki standa lengur en hálftíma.

Happdrætti Háskóla Íslands, ein umr.

Fsp. BÍG, 93. mál. — Þskj. 94.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Kveikjan að þessari fsp. sem ég flyt hér á þskj. 94 um tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands er að sjálfsögðu sú sérkennilega aðför hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. að Háskóla Íslands eins og hún birtist í fjárlagafrv. því sem hér hefur verið til meðferðar á Alþingi. Í því frv. er gert ráð fyrir að tekinn sé af Háskólanum réttur til að ráðstafa tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands og þeim varið eins og hæstv. ríkisstjórn hefur lagt til í fjárlagafrv.

Ég hef þess vegna í fyrsta lagi spurt: „Hverjar hafa verið tekjur Happdrættis Háskóla Íslands 1981–1988 og hverjar eru áætlaðar tekjur 1989 og hvernig hefur þessum tekjum verið varið? Sundurliðist eftir árum og verkefnum."

Mér hefur þótt nauðsynlegt að draga þessar upplýsingar hér fram, ekki síst vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur látið að því liggja í umræðum hér að þessu fé hafi ekki verið skynsamlega ráðstafað af hálfu Háskólans og þess vegna þurfi stjórnvöld að hafa vit fyrir Háskólanum í þessu efni.

Í öðru lagi er spurt: „Telur menntmrh. heimilt að verja tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands til byggingar Þjóðarbókhlöðu eins og gert er í fjárlagafrv.?"

Ég tel alveg nauðsynlegt að fá álit hæstv. menntmrh. á þessu. Nú er það að vísu svo að við höfum lesið það í fjölmiðlum að gert hafi verið samkomulag við Háskólann um hvernig þessum tekjum verði varið á næsta ári en ég tel þó engu að síður, ekki síst vegna framtíðarinnar, nauðsynlegt að fá alveg skýr svör um hvernig menntmrh. telur réttarstöðu Háskólans vera í þessu efni. Háskólaráð hefur látið mjög eindregið álit sitt í ljós og prófessor Sigurður Líndal, sem hefur greinilega verið lögfræðilegur ráðunautur háskólaráðs í þeim efnum, telur að þarna sé ólöglega að staðið. Því er nauðsynlegt að fá álit hæstv. menntmrh. á þessu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er svo að fyrirspurnin sem hér er lögð fyrir á þskj. 94 krefst mjög ítarlegs svars. Hún er um tekjur Happdrættis Háskólans 1981–1988 og hverjar eru áætlaðar tekjur 1989 og hvernig þessum tekjum hefur verið varið, sundurliðað eftir árum og verkefnum. Það er í raun og veru ekki hægt að svara fsp. eins og hún er lögð fyrir í þessum knappa fyrirspurnartíma. Þess vegna mun ég koma á framfæri við hv. fyrirspyrjanda skriflegum upplýsingum um einstök atriði sem snerta fsp. hans en reyna í örstuttu máli að nefna hér yfirlitstölur.

Framlög til framkvæmda á vegum Háskóla Íslands á verðlagi ársins 1989 hafa verið sem hér segir af happdrættinu:

Árið 1981 127 millj. kr., árið 1982 220 millj. kr., árið 1983 173 millj. kr., árið 1984 205 millj. kr., árið 1985 133 millj. kr., árið 1986 151 millj. kr., árið 1987 395 millj. kr., árið 1988 402 millj. kr., árið 1989 240 millj. kr.

Þetta eru framlög happdrættisins til framkvæmda á þessum árum, sem sagt á bilinu frá 127 upp í 402 millj. kr. eftir því hvernig hefur árað í sölu happdrættismiða.

Samtals eru þetta tveir milljarðar króna á verðlagi ársins 1989 sem Happdrætti Háskólans hefur þannig lagt til framkvæmda á vegum Háskóla Íslands — um tvö þúsund millj. kr. Til samanburðar má geta þess að það er talið að fullbúin Þjóðarbókhlaða muni á sama verðlagi kosta um 1,8 milljarða króna.

Stærstu verkefnin sem þetta hefur farið í eru þessi:

Læknagarður 749 millj. kr. Framlag Háskólans til þessa húss neðan við Hringbrautina, sem menn þekkja, er um 750 millj. kr. Það er langstærsta verkefnið. Næststærsta verkefnið á tímanum er Oddi, fyrri áfangi, 366 millj. kr. og annar áfangi 55 millj. kr. eða liðlega 400 millj. kr. í þessa tvo áfanga við Odda. Og þriðja stærsta verkefnið er á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar, þar sem um er að ræða áfangabyggingu III, upp á 256 millj. kr., en samtals hefur verið varið á þessum tíma af 2000 millj. kr. u.þ.b. 1746 millj. kr. í nýbyggingar. Í nýbyggingar hafa farið sem sagt um 1750 millj. af u.þ.b. 2050 millj. kr.

Þegar framkvæmdafé er svo skipt niður á þætti að öðru leyti þá eru það nýbyggingar 1746 millj., viðhald fasteigna 319 millj. og húsgögn og búnaður á sama tíma 206 millj. kr.

Þá spyr hv. þm.: „Telur menntamálaráðherra heimilt að verja tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands til byggingar Þjóðarbókhlöðu eins og ráðgert er í fjárlagafrumvarpi?"

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að verja 60 millj. kr. af tekjum Happdrættis Háskólans á næsta ári til byggingar Þjóðarbókhlöðu og nú hefur náðst samkomulag um það við Háskóla Íslands að 53 millj. kr. geti farið á árinu 1990 til framkvæmda við Þjóðarbókhlöðu, þ.e. til þess að kosta tiltekna hluta af búnaði stofnunarinnar. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta samkomulag hefur náðst. Háskólinn hefur viðurkennt að hann hlýtur að greiða hluta af framkvæmdakostnaði við Þjóðarbókhlöðu, ekki aðeins þessar 53 millj. kr. heldur hefur hann líka viðurkennt að hann verði að greiða hluta af kostnaði við búnað í lesrými Þjóðarbókhlöðunnar þar sem getur verið um talsverðar upphæðir að ræða. Heildarkostnaður við þær innréttingar er, samkvæmt áætlun á verðlagi ársins 1989, talinn verða um 200 millj. kr. og það er ljóst að Háskólinn telur að hann eigi eða hljóti að greiða talsverðan hluta þess kostnaðar.

Í samkomulaginu við Háskólann er svo gert ráð fyrir því að ákvörðun um framkvæmdir á vegum Háskólans verði ekki öðruvísi tekin en í samráði við menntmrn. Það er mjög mikilvægt að samkomulag um það mál skuli núna liggja fyrir þannig að það á að vera alveg á hreinu hver er staða þessa máls gagnvart Happdrætti Háskóla Íslands og háskólaráði. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta samkomulag liggur fyrir.

Ég tel því að Háskólinn hafi fyrir sitt leyti fallist á að það hafi verið heimilt og sé heimilt að verja hluta af

tekjum Happdrættis Háskóla Íslands til framkvæmda við Þjóðarbókhlöðuna eins og fyrir liggur í því samkomulagi sem ég kynnti m.a. fyrir fjölmiðlum í fyrradag.

Í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands segir svo: „Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands.“ Ég held að það sé óhjákvæmilegt að láta það koma hér fram að ég tel nauðsynlegt að það fari fram frekari viðræður við Háskóla Íslands um þann lagaskilning sem fyrir liggur af hálfu Sigurðar Líndals prófessors í þessu efni. Ég tel að þar hafi skýringar og túlkanir ekki verið settar fram með þeim hætti að það sé hiklaust hægt að taka undir þær, þar verði menn að skoða lögin um Happdrætti Háskóla Íslands mikið betur en mér virðist hafa verið gert.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Mér er það fyllilega ljóst að hér var farið fram á ítarlegar upplýsingar sem felast í miklum talnaröðum og þess vegna sætti ég mig fullkomlega við það svar eins og hann gaf mér hér og að hann muni afhenda mér nánari sundurliðun hér á fundinum eða síðar.

Ég held að það sé alveg ljóst af þeim tölum sem hér hafa verið nefndar hversu mikilvægt Happdrætti Háskóla Íslands hefur verið í uppbyggingu Háskólans. Frá árinu 1981 hefur verið varið 2 milljörðum króna til uppbyggingar Háskóla Íslands af happdrættisfé. Þetta sýnir líka hversu hættulegt allt fikt með þetta happdrætti er eins og stefnt var að í fjárlagafrv. með því að gera það raunverulega að ríkishappdrætti, taka forræðið af ráðstöfun teknanna frá Háskólanum og flytja það yfir í fjmrn. Þess vegna fagna ég því auðvitað að samkomulag skuli hafa tekist við Háskóla Íslands um þetta mál. Ég var og er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið gjörsamlega óheimilt, það hafi verið lagabrot að fara þannig að og að þetta skuli hafa gerst á þennan hátt án nokkurs samráðs við Háskóla Íslands er auðvitað ófært og mjög ámælisvert. En ég fagna því auðvitað nú að samkomulag hefur tekist um þetta. Mér þótti það að vísu dálítið skondið að það væri sérstakt tilefni blaðamannafundar og hátíðlegrar undirskriftar þetta samkomulag sem gert var. Ég var að velta því fyrir mér hvernig hæstv. menntmrh. mundi greina frá þessu í sinni afrekaskrá. Ég sá í tímaritinu Rétti, sem er tímarit gömlu sósíalistanna í Alþýðubandalaginu, að hann birtir þar afrekaskrá sína úr ráðuneytinu. Ég var að velta fyrir mér hvernig hann mundi hafa næstu útgáfu afrekaskrárinnar þegar kæmi að þessu máli. Þá gæti hann birt myndina með háskólarektor og textinn gæti einhvern veginn hljóðað á þessa leið: Horfið var frá fyrri hugmyndum um að taka sjálfsaflafé Háskólans til afnota fyrir ríkissjóð.

Það sem gerðist þarna var auðvitað ekkert annað en það að hæstv. menntmrh. hvarf frá þeim ákvörðunum að taka sjálfsaflafé Háskólans án samráðs við hann.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi gera örstutta athugasemd og taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan. Ég tel það mjög ánægjulegt að samkomulag hafi tekist milli Háskólans og menntmrn. varðandi þetta mál. Mér finnst mjög mikilvægt að Háskólinn hafi yfirráð yfir sjálfsaflafé sínu og tel raunar ekki nokkurn vafa á því að ríkisstjórninni er óheimilt að seilast þannig í vasa Háskólans. Burtséð frá því hvernig lagatúlkanir eru í þessu máli þá tel ég siðferðilega óverjandi að fjmrn. geti farið að eins og ætlunin var í fjárlagafrv. og vil bara endurtaka það að ég er mjög ánægð með að þarna hafi tekist samkomulag milli menntmrn. og Háskóla Íslands að því er þetta mál varðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. er að sjálfsögðu fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi er það rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. að það hefur þegar verið tekin ákvörðun um það að þetta samkomulag verði fært til bókar í afrekaskrá menntmrn. og verður gefið út og myndatextinn hljóðar svo: Samkomulag um að nýta hluta af ráðstöfunarfé Happdrættis Háskóla Íslands til Þjóðarbókhlöðu.

Barnsburðarleyfi, ein umr.

Fsp. LVJ, 83. mál. — Þskj. 84.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið að mér að bera fram fsp. samflokksmanns míns Láru V. Júlíusdóttur sem hefur verið hér um skeið varaþingmaður en hefur orðið að hverfa af vettvangi. Fsp. er um fæðingarorlof og barnsburðarleyfi.

Árið 1988 tóku gildi hér á landi ný lög um fæðingarorlof. Helstu ákvæði laganna voru þess efnis að fæðingarorlof var lengt verulega frá því sem áður var, úr þremur mánuðum í sex mánuði í áföngum. Þegar núgildandi fæðingarorlofslög voru sett komu fram fyrirheit um samræmingu á rétti foreldra til fæðingarorlofs og skyldi unnið að slíkri samræmingu í framhaldi af lagasetningunni. Samræma skyldi rétt foreldra til fæðingarorlofs þannig að hann yrði sá sami fyrir fólk á almennum vinnumarkaði og fólk í störfum hjá hinu opinbera. Þann tíma sem liðinn er frá því að lögin voru sett hefur enn dregið í sundur hvað réttindi þessara tveggja hópa varðar. Til að fylgja eftir því sjónarmiði að samræma rétt fólks til fæðingarorlofs gaf ríkisstjórnin fyrirheit í tengslum við kjarasamninga sl. vor um að hér skyldi bætt úr. Til að átta sig á verkefninu er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um tölulegar staðreyndir málsins. Því ber ég fram fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 83 um fæðingarorlof og barnsburðarleyfi. Fsp. hljóðar þannig:

„1. Hve margar konur í starfi hjá ríkinu fengu

fæðingarorlof árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. október 1989?

2. Hve háar fjárhæðir greiddi ríkissjóður vegna fæðingarorlofs árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. október 1989?

3. Hve margar konur nýttu sér rétt til að taka lengra barnsburðarleyfi framangreint tímabil skv. 5. gr. reglugerðar um barnsburðarleyfi?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það hefur nokkuð færst í vöxt hér á Alþingi á undanförnum árum að bornar eru fram fsp. um margvíslegar upplýsingar. Oft eru hér á ferðinni óskir um upplýsingaöflun sem í reynd er meiri háttar rannsóknarverkefni. Mér finnst nokkuð skorta á um það að hv. alþm. og kannski einnig stjórnendur þingsins geri sér nægilega grein fyrir því hvað mikið starfsálag er orðið hjá ráðuneytum og stjórnarskrifstofum við að svara þessum ítarlegu fsp. eða svara margvíslegum erindum frá umboðsmanni Alþingis eða öðrum þeim sem á vegum Alþingis leita eftir upplýsingum.

Hér er á ferðinni fsp. sem er mjög gott dæmi um þetta. Ég treysti mér ekki til að svara þessari fsp. hér og nú einfaldlega vegna þess að mat hefur leitt í ljós að það er u.þ.b. ársverk að afla þeirra upplýsinga sem hér er farið fram á og heildarkostnaður væri kringum 1 millj. kr.

Ástæða þess að þetta er svo mikið verk er að þegar kona fer í barnsburðarleyfi færir viðkomandi stofnun upplýsingar um það atriði inn á sérstakt eyðublað. Tilkynning um leyfi og breytingar í starfi, og sendir launaskrifstofu. Þar er tilkynningin skráð inn á bréfaskrá viðkomandi. Tilkynningakerfi þetta sem og skráningin eru ekki trygg. Auk þess er einnig um mál þessi fjallað í sérstökum launadeildum sem ekki tengjast skjalasafni launaskrifstofunnar, t.d. hjá mjög stórum ríkisstofnunum eins og ríkisspítulunum og Póst- og símamálastofnun. Meðferð launaskrifstofunnar á tilkynningum um barnsburðarleyfi hefur ekki áhrif á launaforsendur í hinu vélræna kerfi útreikninga á launafgreiðslum þannig að það er því miður ekki hægt að kalla fram þessar upplýsingar um konur sem fengið hafa barnsburðarleyfi þó að þær hafi verið tilkynntar með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

Fyrr á þessu ári hófst tilraun til þess að flokka þessar upplýsingar og það stendur nokkur von til þess að hægt verði að koma á ákveðnu skipulagi á næstu mánuðum. Hins vegar er ljóst að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir á þann hátt að með skömmum fyrirvara sé hægt að veita svar við þessari spurningu. Eins og ég gat um áðan þá mundi heildarkostnaður við að svara þessari fsp. nema um 1 millj. kr. og það þyrfti að fá sérstakan starfsmann sem að því mundi vinna í u.þ.b. heilt ár til þess að hægt væri að veita þessi svör. Mér þykir þetta mjög leitt því þessar upplýsingar væru örugglega mjög fróðlegar en hv. alþm. og hv. Alþingi verður þess vegna að meta hvort það telur svo ríka ástæðu til að þessari fsp. sé svarað að í þann kostnað yrði lagt.

Ég vil svo endurtaka, virðulegur forseti, það sem ég sagði í upphafi. Ég held að það sé orðið nokkuð brýnt að ákveðið mat sé lagt á það áður en fsp. koma fram hvort hægt sé að ætlast til þess að þeim sé svarað á þeim skamma tíma sem til þess er ætlaður í þingsköpum og einnig að ákveðið kostnaðarmat fari fram á því hvort réttlætanlegt sé að fsp. sé svarað með þeim hætti sem hún sjálf felur í sér. Okkar fámennu ráðuneyti eru því miður það illa búin að ef taka á einhvern hluta starfsmanna til þess að svara fsp. yfir langan tíma þá munu önnur verkefni í ráðaneytunum líða fyrir það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hæstv. ráðherra vill forseti upplýsa þetta: Allar fyrirspurnir eru lagðar fyrir forseta til samþykkis. Fyrirspurnin er síðan send viðkomandi ráðherra en forseti metur það auðvitað hvort fyrirspurn eigi rétt á sér eða ekki áður en hann sendir hæstv. ráðherrum hana. Það er hins vegar hæstv. ráðherra að segja til ef þeir telja sig ekki geta svarað spurningunni og þá yrði málið tekið upp að nýju við fyrirspyrjanda. En forseti vill leggja á það áherslu að það er óvenjulegt að það komi fram í svari hér í þingsal að ekki sé unnt að svara fyrirspurninni.

Forseti vill varðandi þessa fsp. lýsa undrun sinni á því að þessar upplýsingar skuli ekki liggja fyrir og það var þá full ástæða til að taka við fsp. ef það mætti verða til þess að þessar upplýsingar verði aðgengilegar. En ég legg á þetta áherslu að ráðherrar fá fyrirspurnir sendar frá forseta. Telji þeir sig ekki geta svarað þeim þá ber þeim að tilkynna það.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegur forseti. Því miður get ég ekki þakkað hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör varðandi efnislegt innihald fsp. Ég hef þó skilning á þeim vandkvæðum sem hann telur vera í sambandi við að afla þessara upplýsinga, að þær geti ekki legið fyrir á þeim tíma sem ætlaður er til svara. Ég vil þó taka undir og sérstaklega benda á athugasemdir hæstv. forseta í þessu máli að úr því að fsp. var leyfð á annað borð þá hefði átt að gera ráð fyrir því að þessar upplýsingar lægju fyrir, málsmeðferð hefði átt að vera með þeim hætti. Ég tel að þær upplýsingar sem hér er beðið um séu þó það áhugaverðar að ég áskil mér allan rétt til að hafa um það samráð við upphaflegan fyrirspyrjanda hvernig best er að haga málinu, og þá væntanlega í samráði við hæstv. fjmrh., hvort ekki sé rétt að gefa ráðuneytinu lengri tíma og fá þá upplýsingarnar skriflegar.

Það er rétt sem kemur fram hjá hæstv. fjmrh. að oft eru fyrirspurnir með þeim hætti að það tekur óhemjulangan tíma að afla upplýsinga og það er kostnaðarsamt. Málin verða væntanlega skoðuð með tilliti til þess. En ég tel að hér sé um það áhugavert málefni að ræða að það komi fyllilega til greina að athuga hvort ekki sé rétt að fá þessar upplýsingar fram með einhverju móti.

Alþjóðleg friðarvika Sameinuðu þjóðanna, ein umr.

Fsp. SLB, 108. mál. — Þskj. 112.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegur forseti. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á sl. ári var gerð samþykkt þess efnis að sú vika sem innihéldi 11. nóvember yrði alþjóðleg vika vísinda í þágu friðar.

Óhugnanlegt er að hugsa til þess að stærstu vísinda- og tækniuppgötvanir í heiminum hafa iðulega tengst þróun í framleiðslu á vígvélum enda hafa ráðamenn ekki horft í aurinn þegar vopn eru annars vegar. Það er löngu tímabært að hverfa af þessari braut og neyta til þess allra krafta. Með viku vísinda í þágu friðar gera Sameinuðu þjóðirnar tilraun til að brjóta upp þessa hugsun og fá vísinda- og tæknimenn til að skoða störf sín sérstaklega með tilliti til friðsamlegrar notkunar.

Friðarvika þessi hefur verið haldin með einhverjum hætti í 20–30 ríkjum frá því 1986. En eins og áður sagði var hún samþykkt á sl. ári hjá Sameinuðu þjóðunum sem alþjóðleg friðarvika.

Aðalritari Sameinuðu þjóðanna beindi í framhaldi af því þeim tilmælum til ríkisstjórna aðildarríkjanna að sjá til þess m.a. að stofnanir eins og háskólar og aðrar menningar- og vísindastofnanir standi að fyrirlestrahaldi og umræðufundum þar sem rætt verði með hvaða hætti hagnýta megi vísinda- og tækniframfarir í þágu friðar. Því spyr ég hæstv. forsrh.: „Á hvern hátt hefur ríkisstjórnin stuðlað að þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðarviku Sameinuðu þjóðanna 6.–12. nóvember 1989?“

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að hér er um mjög gott mál að ræða sem sannarlega er rétt að sinna. Það er rétt að 6. des. 1988 samþykkti allsherjarþingið ályktun sem beinir því til meðlima ríkjanna að friðarvika skuli haldin í þeirri viku sem 11. nóvember ber upp á, held ég að það sé orðað.

Ég lét strax athuga hvernig með þetta mál hefði verið farið hér og í fáum orðum sagt þá fannst málið ekki. Athygli menntmrn. hafði ekki verið vakin á þessu máli. En ég lít svo á að menntmrn. beri að framkvæma þessa ályktun.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að það er síður en svo andstaða hjá neinum sem við var rætt um þetta mál heldur almennur stuðningur við málið. En ég get ekki sagt hvar það hefur strandað á leiðinni frá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem í ályktuninni mun hafa verið falið að vekja athygli meðlimaríkjanna á þessu, sem hefði að vísu ekki átt að þurfa, því við eigum fulltrúa á þingi Sameinuðu þjóðanna. En það hafði a.m.k. ekki komist til menntmrn.

Það sem ég hef gert er að vekja formlega athygli menntmrn. á þessu máli og um leið óska eftir að því verði sinnt í framtíðinni. Ég tel að fsp. hafi þess vegna verið mjög þörf og vakið okkur til umhugsunar um þetta ágæta mál og hef raunar ekki fleira um það að segja núna. Við skulum vona að það takist betur til í þeirri viku sem um er að ræða að ári.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það verður væntanlega upplýst hvernig á því stendur að upplýsingar um þessa ákvörðun hafa ekki borist til íslenskra stjórnvalda. Mér finnst óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. athugi það mál, því hans eru tengslin við Sameinuðu þjóðirnar.

Ég tel að Íslendingar hafi ekki sinnt tilefnum sem þessu nógsamlega á undanförnum árum og það á einnig við um það friðarár sem Sameinuðu þjóðirnar ákváðu fyrir nokkru síðan. Framkvæmd á því af Íslands hálfu var því miður ekki með þeim myndugleik sem tilefnið var til. Nú þegar Sameinuðu þjóðirnar eru í rauninni að aukast að gildi, starf þeirra hefur væntanlega í framtíðinni aukið gildi fyrir heimsbyggðina, þá þurfum við að gæta þess að taka eðlilega á ákvörðunum sem horfa í þessa átt sem er tilefni fyrirspurnarinnar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni mun ég að sjálfsögðu leita eftir upplýsingum um það hvers vegna þessi ályktun Sameinuðu þjóðanna barst ekki rétta boðleið til menntmrn. sem hefði átt að bera ábyrgð á framkvæmd og koma þeim upplýsingum á framfæri við hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegur forseti. Í ljósi yfirlýsinga hæstv. forsrh., þess efnis að gera Ísland að alþjóðlegri friðarmiðstöð, finnst mér heldur klént að hundsa í ár samþykkt Sameinuðu þjóðanna eða fylgjast ekki betur með samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem tengjast friði í heiminum.

En ég vænti þess að úr verði bætt að ári og vel að málum staðið þá.

Væntanlega geta fundist margar skýringar á því að þessi samþykkt skilaði sér ekki inn til ráðuneytis utanríkismála og þaðan boðleið til annarra ráðuneyta. En það vakti ekki fyrir mér að finna sökudólg, heldur einungis að benda á samþykktina og vona ég að ríkisstjórnin taki myndarlega á og það verði staðið vel að viku vísinda og friðar, að ári og þaðan í frá.

Glasafrjóvganir á Landspítalanum, ein umr.

Fsp. SLB, 149. mál. — Þskj. 153.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir 3,75 nýjum stöðum við Landspítalann vegna fyrirhugaðra glasafrjóvgana þar. Vegna þessa

og orðróms um að nú eigi að hefjast mjög fljótlega glasafrjóvganir á Landspítalanum vil ég bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hvenær er áætlað að fyrstu glasafrjóvganirnar verði framkvæmdar hér á landi og hve langt á veg er undirbúningurinn vegna þeirra kominn?

2. Hvaða fagaðilar verða ráðnir til starfa við Landspítalann vegna glasafrjóvgana?

3. Má búast við að Tryggingastofnun ríkisins hætti greiðslum til þeirra kvenna sem kjósa að fara utan í glasafrjóvgun í stað þess að þiggja hana hér, og ef svo verður, þá hvenær?

4. Verður tilkoma glasafrjóvgana hér á landi til þess að konur þurfi að bera einhvern hluta af kostnaði við meðferðina?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi hefur hér borið fram fsp. sem varðar fyrirhugaðar glasafrjóvganir og gert grein fyrir fsp. sinni sem er í fjórum liðum.

Fyrsti liðurinn er svohljóðandi:

„Hvenær er áætlað að fyrstu glasafrjóvganirnar verði framkvæmdar hér á landi og hve langt á veg er undirbúningurinn vegna þeirra kominn?"

Þegar ljóst var að heimildir fengjust í fjárlögum ársins 1990, skv. fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir, til þess að hefja glasafrjóvgun á Landspítalanum hefur Kvennadeild Landspítalans unnið að málinu. Er þar gert ráð fyrir að glasafrjóvganir geti hafist fyrri hluta næsta árs, ársins 1990, sennilega í apríl eða maí. Takist ekki að hefja þær svo snemma verður það ekki fyrr en að loknum sumarleyfum eða í ágúst–september á næsta ári. Þess má vænta að um 40–50 konur geti komist í meðferð á Landspítalanum á næsta ári.

Annar liður fsp. var:

„Hvaða fagaðilar verða ráðnir til starfa við Landspítalann vegna glasafrjóvgana?"

Það er gert ráð fyrir því að þar starfi sérmenntaður læknir í 0,75 stöðu, líffræðingur með sérmenntun í frumulíffræði í fullri stöðu, hjúkrunarfræðingur sem hefur umsjón með daglegum rekstri starfsins, einnig í fullri stöðu og meinatæknir í hálfri stöðu. Þetta eru líklega 3,25 stöður eða þrjár stöður og einn fjórði hluti úr einni, þannig að það ætti alla vega að vera svigrúm fyrir þetta í þeim tillögum sem liggja fyrir í fjárlagafrv.

Þriðji liðurinn var: „Má búast við að Tryggingastofnun ríkisins hætti greiðslum til þeirra kvenna sem kjósa að fara utan í glasafrjóvgun í stað þess að þiggja hana hér, og ef svo verður, hvenær?"

Tryggingastofnun ríkisins gerði samning við Bourn Hall Clinic í Englandi hinn 1. jan. 1988 til þriggja ára, þannig að sá samningur er í gildi út næsta ár. Svo sem fyrr sagði getur starfsemin á Landspítalanum hafist næsta vor hugsanlega, eða síðsumars 1990, og er því eðlilegt að samningurinn við Englendingana verði notaður á næsta ári með svipuðu sniði og verið hefur fram til þessa. Það þarf að taka afstöðu til þess á næsta ári hvort reynt verður eða hvort ástæða er til að framlengja þann samning og þá í ljósi þess hvernig starfsemin fer af stað hér og hvernig hún muni ganga.

Það er alveg ljóst að þær konur sem hafa byrjað meðferð í Englandi munu halda henni áfram þar þannig að meðferðinni ljúki á þeim stað sem hún hófst.

4. liður fsp. var: „Verður tilkoma glasafrjóvgana hér á landi til þess að konur þurfi að bera einhvern hluta af kostnaði við meðferðina?"

Það er gert ráð fyrir því að meginhluti þessarar meðferðar fari fram á göngudeild og er þar gert ráð fyrir að konur greiði venjulegt göngudeildargjald sem gæti orðið allt að 15 skiptum vegna þeirrar meðferðar en göngudeildargjald er nú 630 kr. Til samanburðar má geta þess að hjón þurfa nú að borga ferðakostnað til Bretlands, uppihald þar og kostnað vegna túlks ef með þarf, því að ekkert af þessu borgar Tryggingastofnun ríkisins eins og nú er. Hún borgar hins vegar meðferðina alveg og dvöl á stofnun eftir því sem þarf. Mismunurinn er sem sagt sá að einstaklingar sem núna nota sér þessa þjónustu og fá heimildir til þess að fara erlendis þurfa að borga þennan ferðakostnað og aukakostnað en fá hina faglegu meðferð sér að kostnaðarlausu. En ef þetta verður rekið hér heima á næsta ári, þá spara menn sér auðvitað allan þennan ferðakostnað og alla þá fyrirhöfn, en greiða svokallað göngudeildargjald.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans svör hér. Það er mín skoðun að sjá þurfi til þess að aðstaða hér á landi til glasafrjóvgana verði eins og best verður á kosið, tæknilega og hvað varðar húsnæði og starfsfólk. Ég legg mikla áherslu á að þeim sem gangast undir meðferðina verði veittur góður stuðningur tilfinningalega jafnt sem í formi upplýsinga um meðferðina sjálfa. Í því sambandi tel ég nauðsynlegt að við deildina starfi félagsráðgjafi ásamt hjúkrunarfræðingum, læknum, frumulíffræðingum og öðru starfsfólki.

Fólk þetta þarf að vera vel upplýst um allar hliðar meðferðarinnar, tilfinningalegar, siðfræðilegar sem læknisfræðilegar og því saknaði ég félagsráðgjafans í upptalningu hæstv. ráðherra um þá aðila sem gert er ráð fyrir að vinni við glasafrjóvgunina.

Sl. ár hafa að meðaltali 100 pör farið utan í glasafrjóvganir, en það kom fram í máli hæstv. ráðherra að 40–50 konur muni geta komist að í glasafrjóvganir á ári fyrst um sinn á Landspítalanum. Því sýnist mér þurfa að framlengja samninginn við Bourn Hall Clinic. Jafnframt tel ég eðlilegt að á meðan árangur af læknismeðferðinni hér er ekki eins góður og við Bourn Hall Clinic, sem er sú stofnun sem við höfum mest sótt til, fái konurnar að velja á milli þess að fara í meðferðina hérna heima eða fara utan.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari fsp. og svarinu. Í svarinu kemur fram að það er enn þá nokkuð langt í

land með að við getum fullnægt eftirspurn hér heima. Ég tel að þetta sé mikið og brýnt verkefni fyrir okkur. Þarna erum við að fást við líf. Það á að vera æðsta skylda Alþingis að hugsa um lífið. Okkur veitir ekki af auknu lífi hér á landi og sé þetta spurning um peninga, hver eigi að bera kostnaðinn, þá legg ég til að að sama skapi verði þeir sem nota sér fóstureyðingar látnir greiða hluta af þeirri aðgerð því að þar er ekki um læknisaðgerð að ræða og lýtur síst að því að fjölga Íslendingum og auka lífið. Ef við eigum að velja á milli hvort á að borga fyrir glasafrjóvganir eða ekki, þá bendi ég þarna á lið sem mætti spara í staðinn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hér. Hún hefur einnig flutt till. til þál. sem er þýðingarmikið innlegg inn í þetta mál og er nú til meðferðar í þinginu þar sem gert er ráð fyrir löggjöf varðandi þessi efni og það verður athugað í þingnefnd sem hefur málið með höndum.

Mér fannst síðasti hv. ræðumaður hins vegar ekki hitta naglann á höfuðið í seinni huta ræðu sinnar hér áðan, en geri það að öðru leyti ekki að umtalsefni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins tvær athugasemdir vegna seinni ræðu hv. fyrirspyrjanda. Það var varðandi þann fjölda einstaklinga sem mundu geta komist í meðferð á Landspítalanum. Þar sagði ég: á næsta ári, þ.e. 40–50 konur gætu komist í meðferð á Landspítalanum á næsta ári vegna þess að við gerum ekki ráð fyrir að geta hafið þar meðferð fyrr en liðið er á árið, alla vega ekki fyrr en undir vor og kannski ekki fyrr en síðari hluta árs, í ágúst eða september, og þar af leiðandi ekki hægt að sinna þeim fjölda, a.m.k. verði hann sambærilegur við það sem verið hefur á seinustu árum, þá er ekki hægt að sinna honum öllum hér á næsta ári. En ég vonast til þess að ef starfsemin kemst af stað með eðlilegum hætti, þó ekki verði fyrr en síðari hluta næsta árs, þá sé hægt að veita þessa meðferð að mestu eða öllu leyti hér á landi á árinu 1991. Ég vildi aðeins árétta þetta og svo að sjálfsögðu taka undir ábendingar fyrirspyrjanda um félagslega ráðgjöf sem vafalaust er mikilvægt að þarna sé einnig fyrir hendi. Reyndar virðist vera svolítið svigrúm, samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í fjárlagafrv., til þess að veita slíka þjónustu, en ella að hún falli undir þá félagsráðgjöf sem nú þegar er veitt og er fyrir hendi á Landspítalanum.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. hans athugasemdir hér. Mér sýnist þetta mál munu fá ágæta afgreiðslu eftir orðum hans að dæma.

Glasafrjóvganir og tæknifrjóvganir yfir höfuð allar eru mjög viðkvæmt mál. Það þarf að taka á þeim af fullri alvöru strax frá upphafi og ég vænti þess að menn geri sér fulla grein fyrir því, allir þeir sem að málinu standa, og vona að tilkoma glasafrjóvgana á Íslandi verði okkur hamingjuauki.

Afstaða til Kambódíu, ein umr.

Fsp. HG, 121. mál. — Þskj. 125.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á síðari árum hafa fá óhæfuverk vakið meiri athygli heldur en meðferð hinna svokölluðu rauðu khmera í Kambódíu á síðasta áratug á þjóð sinni þar sem tortímt var yfir 1 milljón manna af þjóð sem telur innan við 7 millj. íbúa. Nú hefur það komið í ljós hin síðustu ár að sömu öfl eru að sækja fram í Kambódíu og það í auknum mæli eftir að herlið Víetnam hefur dregið sig út úr landinu á þessu ári. Þessi öfl, rauðu khmerarnir, hafa fengið viðurkenningu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í skjóli stjórnar undir forustu Norodoms Sihanouks sem áður var leiðtogi í Kambódíu og mönnum ber saman um það, þeim heimildum sem ég hef athugað, að þeir séu valdamestir þriggja aðila í stjórn undir hans forustu sem heldur sæti Kambódíu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það er með ólíkindum að vestræn lýðræðisríki skuli veita þessari stjórn stuðning sinn og halda henni inni sem talsmanni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er með ólíkindum að Ísland skuli enn vera í hópi þeirra ríkja sem standa með öðrum þjóðum á þessum vettvangi til þess að halda hlífiskildi yfir stjórn sem er að sækja í sig veðrið með skæruliðasveitum rauðu khmeranna innan Kambódíu. Ég minni á vitni sem fram hafa verið leidd, m.a. í nýlegri kvikmynd sem sýnd var á Stöð 2 og vakti mikla athygli og ég minni einnig á heimildirnar sem dregnar voru fram í myndinni The Killing Fields, drápsvellirnir, sem drógu upp mynd af óhæfuverkum rauðu khmeranna á fyrra áratug.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. utanrrh. um afstöðu til Kambódíu:

„1. Hver hefur verið afstaða Íslands til málefna í Kambódíu undanfarin ár?

2. Hvernig hefur sú afstaða birst á alþjóðavettvangi, m.a. hjá Sameinuðu þjóðunum?

3. Hvert er mat utanrrh. á núverandi stöðu mála í Kambódíu?“

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur beint til mín fsp. í þremur liðum um afstöðu til Kambódíu.

1. „Hver hefur verið afstaða Íslands til málefna Kambódíu undanfarin ár?“ Ísland hefur ekki tekið upp stjórnmálasamband við Kambódíu og ekki veitt stjórnum landsins viðurkenningu frá því að Sihanouk prins var hrakinn frá völdum. Samskipti Íslands og Kambódíu hafa verið lítil sem engin í gegnum tíðina, bæði á sviði viðskipta og menningarmála. Sihanouk

prins kom til Íslands í september 1985 að eigin ósk og ræddi þá við ýmsa íslenska ráðamenn og þar á meðal þáv. forsrh., Steingrím Hermannsson, og starfandi utanrrh. á þeim tíma, Ragnhildi Helgadóttur. Einu opinberu afskiptin sem Ísland hefur haft af málefnum landsins hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

2. „Hvernig hefur sú afstaða birst á alþjóðavettvangi, m.a. hjá Sameinuðu þjóðunum?" Svarið er: Nokkur undanfarin ár hafa svæðissamtök Suðaustur-Asíuríkja, skammstafað ASIAN, Indónesía, Singapore, Malaysia, Thailand, Brunei og Filippseyjar flutt sameiginlega ályktunartillögu um Kambódíumálið á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þessi hlutlausu grannríki Kambódíu hafa mikilla hagsmuna að gæta af því að friðsamleg lausn fáist á málum Kambódíu. Mörg ríki hafa gerst meðflytjendur að ályktunartillögunni gegnum árin og nú í ár voru 78 ríki meðflytjendur tillögunnar og þeirra á meðal var Ísland. Ísland hefur um árabil verið meðflytjandi að ályktunartillögunni, en hún kveður m.a. á um að málið verði leyst með pólitísku samkomulagi allra deiluaðila. Kjarni ályktunartillögunnar er að mynduð verði þjóðstjórn í Kambódíu eftir að erlendur her hefur verið fluttur á brott.

Talið hefur verið að Sihanouk prins sé einn líklegur til að geta náð öllum deiluaðilum saman, Hun Sen, núv. forsrh. og andspyrnuhreyfingunum þremur, þeirra á meðal rauðum khmerum sem eru studdir af Kína og ekki verður gengið fram hjá eigi raunverulegur friður að nást í landinu.

Ályktunartillagan viðurkennir sjálfsákvörðunarrétt kambódísku þjóðarinnar og að henni skuli heimilað að beita þeim rétti í frjálsum, heiðarlegum, lýðræðislegum kosningum undir alþjóðlegu eftirliti. Tillagan viðurkennir einnig hið mikilvæga hlutverk sem Sameinuðu þjóðirnar gegna í þessu sambandi og kveður á um að aldrei megi hverfa aftur til þeirrar stefnu og ógnarstjórnar sem var við lýði í landinu og var fordæmd um heim allan. Þetta er afdráttarlaus yfirlýsing um að fyrri stjórnarhættir rauðra khmera verði ekki endurteknir en talið er að um 2 millj. manna af 7 millj. íbúa hafi verið myrtir í Kambódíu á valdatíma þeirra.

Í umræðunni um ályktunartillöguna í ár fól ég fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að skýra sjónarmið Íslands varðandi Kambódíumálið alveg sérstaklega þar sem hann gerði grein fyrir atkvæði sínu. Skýrði hann þá frá því að Íslendingar teldu að þjóðir heims bæru ábyrgð á því gagnvart kambódísku þjóðinni að ef pólitískt samkomulag næðist í málinu yrði það tryggt að aldrei aftur yrði horfið til hinna illræmdu stjórnarhátta rauðra khmera.

3. „Hvert er mat utanrrh. á núverandi stöðu mála í Kambódíu?" Undanfarin tvö ár hafa forsætisráðherrar Thailands og utanríkisráðherra Indónesíu tekið upp beint samband við Víetnam og stjórn Hun Sen í Kambódíu til að binda endi á fyrri borgarastyrjöld og stuðla að friði. Í ágúst 1989 var fundur haldinn í París milli allra aðila málsins í þeim tilgangi að ná samkomulagi um þjóðstjórn og frið, en því miður náðist ekki samkomulag. Frakkar lögðu sig mjög fram um að finna lausn á málinu, enda var Kambódía frönsk nýlenda og frönsk menningaráhrif sterk í landinu.

Ég tel eðlilegt að Suðaustur-Asíuríkin hafi forustu um að reyna að koma á sáttum og samsteypustjórn í Kambódíu þar sem málið varðar þau mest af ríkjum heims, m.a. með tilliti til ófriðarhættu og flóttamanna. Svo virðist sem dregið hafi verulega úr tortryggni Suðaustur-Asíu og raunhæfur friðarvilji sé sterkari en áður í samræmi við almenna þróun heimsmála. En það er óneitanlega áhyggjuefni að upp á síðkastið hafa vopnuð átök í landinu færst í aukana og eiga m.a. rauðir khmerar þar hlut að máli. Það hefur verið von manna að Kínverjar gætu haldið þeim í skefjum þar sem þeir hafa verið sú þjóð sem hingað til hefur stutt þá og séð þeim fyrir vopnum. Pólitísk lausn virðist ekki í sjónmáli í nánustu framtíð, en vonast er til að aðilar komi sér brátt saman um að hefja viðræður á nýjan leik eins og lagt var til í ályktunartillögu allsherjarþingsins um þetta mál.

Þann 10. nóv. sl. tók ég málið upp í ríkisstjórn og þann fréttaflutning sem þá hafði nýlega verið um málið í fjölmiðlum. Ég hef enn fremur falið embættismönnum utanrrn. og fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að fylgjast áfram grannt með þróun þessara mála.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér finnst hér hreyft mjög alvarlegu máli þar sem um er að ræða ástandið í Kambódíu. Mér finnst alls ekkert sjálfsagt að Íslendingar styðji umrædda tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem ljóst virðist vera að Sihanouk fursti, sem af mörgum var einmitt talinn sá sem mundi geta leitt til einhverra lausna á þessu svæði, hefur nú gengið til liðs við rauðu khmerana sem allir viðurkenna að enn halda áfram sínum fyrri háttum, þ.e. sínum ógnunum og þeim hryðjuverkum sem þeir hafa stundað hingað til. Mér er kunnugt um að margir þjóðir hafa dregið til baka stuðning sinn við þessa tillögu og vil ég mælast til þess að utanrrh. hugleiði það mjög sterklega, og ég mun styðja það, að Ísland styðji ekki þessa tillögu og vona að það sé ekki orðið of seint að breyta þarna um að því er þetta mál varðar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svarið en hlýt að benda á hvílíkar þversagnir eru í hans málflutningi sem og annarra þeirra sem fara með utanríkismál á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu, þeirra sem styðja enn Norodom Sihanouk og stjórn hans sem hefur innan sinna vébanda rauða khmera. Ég vek alveg sérstaka athygli á því að tvö Norðurlandanna hafa séð sig um hönd frá því á síðasta allsherjarþingi. Þá studdu öll Norðurlöndin að ég hygg með atkvæði sínu ályktunartillögu um málið svipaða þeirri sem enn var til meðferðar og er til meðferðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en

Finnland og Svíþjóð hafa dregið sig út úr hópi þeirra sem styðja þetta mál og sátu nú hjá við atkvæðagreiðslu og var raunar Svíþjóð meðflutningsaðili að tillögunni á síðasta þingi. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að athuga þessa afstöðubreytingu Svía, m.a. með tilliti til þeirra upplýsinga sem hann hefur veitt um málið í ríkisstjórn Íslands.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til samþykktar á landsfundi Alþb. um þetta mál sérstaklega, þar sem segir:

„Með brottflutningi víetnamskra herja frá Kambódíu hófst nýr kafli í sögu þessa stríðshrjáða heimshluta. Ömurlegt er til þess að vita að ríkisstjórn Íslands skuli veita Pol Pot og rauðu khmerunum pólitískan stuðning með viðurkenningu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Alþb. krefst þess að ríkisstjórn Íslands afmái þá smán sem stuðningur við Pol Pot og rauðu khmerana er og viðurkenni ríkisstjórn Kambódíu. Æskilegt er að samskipti Íslendinga við þjóðir Laos, Víetnam og Kambódíu verði aukin með það fyrir augum að leggja lóð á vogarskál friðar í Suðaustur-Asíu."

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það verður að koma hér skýrt fram að það er á engan hátt rétt túlkun að túlka þessa ályktunartillögu sem stuðning við rauða khmera og þeirra framferði. Menn geta spurt sig að því sjálfir hvort 124 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, þar með hin hlutlausu grannríki Kambódíu, hafi með þessum tillöguflutningi verið að lýsa stuðningi við rauða khmera. Það er hreinlega ekki svo. 124 ríki greiddu atkvæði með, 17 ríki greiddu atkvæði á móti og tvö sátu hjá.

Auðvitað var það hugleitt mjög alvarlega hvort ætti að breyta afstöðu Íslands frá fyrri tíð og snúast annaðhvort gegn þessari tillögu eða sitja hjá. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki á seinustu stundu, m.a. vegna þess að engin samstaða fékkst um flutning annarrar tillögu og þrátt fyrir allt var hert á þeim ákvæðum tillögunnar og fyrirvarar gerðir þegar grein var gerð fyrir atkvæði af Íslands hálfu þess efnis að undir engum kringumstæðum mætti skilja tillöguna sem stuðning við rauða khmera, og annað, að með flutningi tillögunnar væru tillöguríkin að skuldbinda sig til þess að tryggja það að aldrei kæmi aftur til þeirrar morðaldar sem þessir aðilar stóðu fyrir. Og ég fól sérstaklega fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að gera alveg skilmerkilega grein fyrir þessari afstöðu og það gerði hann m.a. með þessum orðum. Hann sagði og ég vitna til þeirra orða:

„Það er heppilegt að ASIAN-ríkin skuli hafa tekið frumkvæði í þessu vandamáli, bæði hér hjá Sameinuðu þjóðunum og á heimaslóðum. Þau hafa skorað á alla aðila málsins að auka viðleitni sína til að finna pólitíska lausn á Kambódíumálinu með sem víðtækustu pólitísku samkomulagi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari átök, manntjón og þjáningar kambódísku þjóðarinnar, tryggja sjálfstæði hennar, fullveldi, yfirráð yfir eigin landi, hlutleysi og óbundna stöðu og framar öllu að tryggja að stefna og aðgerðir rauðu khmeranna á nýliðnum árum, sem allur heimurinn hefur fordæmt, verði aldrei endurteknar."

Enn fremur sagði fastafulltrúi Íslands í lok þeirra ummæla sem hann viðhafði þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu:

„Við teljum að þjóðir heims beri ábyrgð á því gagnvart kambódísku þjóðinni að sérhvert pólitískt samkomulag sem næst í málinu tryggi að aldrei verði aftur horfið til hinnar alþjóðlega fordæmdu stefnu sem rauðu khmerarnir framfylgdu." Þannig að ég vísa því á bug að íslenska ríkisstjórnin hafi verið að lýsa velþóknun sinni á eða stuðningi við framferði slíkra aðila.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég bendi á að það er ekki leiðin til þess að koma í veg fyrir áhrif rauðra khmera að styðja ríkisstjórn þar sem þeir eru öflugasti aðilinn. Ég vísa einnig til þess að það eru Bandaríkin í samvinnu við Kína sem halda úti þessu liði í Kambódíu fyrst og fremst og hafa beitt önnur ríki þrýstingi í þá átt, þar á meðal Ísland. Ég vil afhenda hæstv. utanrrh. hér grein úr Financial Times, þar sem fjallað er um þetta mál af Edward Mortimer nú í lok októbermánaðar og margt upplýst sem ég vildi sagt hafa um málið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að benda hv. fyrirspyrjanda á þá staðreynd að það er borgarastyrjöld í þessu landi. Og það er uppi viðleitni af hálfu hlutlausra grannríkja og mikils meiri hluta Sameinuðu þjóðanna til að tryggja það að ekki komi til þess að rauðir khmerar nái völdum með ofbeldi í þessari borgarastyrjöld. Menn óttuðust það að ef snúið yrði baki á seinustu stundu við þessum tillöguflutningi, þá yrði sú ein niðurstaðan. Með þessu eru menn að lýsa því yfir að það sé á ábyrgð meiri hluta hinna Sameinuðu þjóða að fylgja málinu eftir þannig að til þess komi aldrei.

Umræður utan dagskrár.

Olíuleki frá birgðastöð á Bolafjalli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða. Hv. 18. þm. Reykv. hefur farið fram á að gera að umtalsefni olíuleka frá olíubirgðastöð varnarliðsins á Bolafjalli. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og skal ekki standa lengur en hálfa klukkustund. Ég vil að gefnu tilefni minna menn á að reyna að halda sig við gefin tímatakmörk.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár til að ræða

olíuleka frá olíubirgðastöð ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli. Fréttir af þessu slysi hafa verið plássfrekar í fjölmiðlum sl. daga og ekki að ástæðulausu.

Það virðist hafa verið tilviljun ein sem varð til þess að upp komst um lekann þriðjudaginn 14. nóv. En ástæða er til að ætla að allt frá því að olían var sett á tankana 1. eða 2. nóv. sl. hafi lekið.

Fimmtudaginn 16. nóv. var Siglingamálastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja tilkynnt um slysið. 17. nóv. fóru svo menn frá þessum aðilum vestur til að kanna þá mengun sem orðin var vegna lekans og þá fyrst, þrem dögum eftir að upp komst um slysið, var bæjarstjóranum í Bolungarvík gert viðvart. Sl. mánudag fékk síðan bæjarstjórn Bolungarvíkur bréf frá utanrrn. þar sem stóð, með leyfi forseta:

„Athugun hefur leitt í ljós að engin jarðvegsmengun hefur átt sér stað í kringum stöðina sjálfa."

Í bréfinu var þess einnig getið að við athugun úr lofti og af sjó hafi mælst um það bil 190 hektara olíuflekkur út af Stigahlíð. Siglingamálastofnun mældi olíuflekkinn í lok sl. viku, líklegast á föstudaginn, og þá reyndist hann vera um 9 hektarar. Hér munar verulegu og bið ég hæstv. utanrrh., og þá e.t.v. með hjálp hæstv. samgrh. að gera grein fyrir þessum mun. Þess má geta að það magn sem talið er að hafi lekið alls úr geymunum gæti fræðilega dreifst mest á um 200 hektara svæði að því tilskildu að sjórinn væri sléttur og algjört logn, en það mundi þá merkja að ekki hefði dropi farið inn í bergið.

Það skal viðurkennt að að mér læðist sá grunur að utanrrn. hafi þekkt fræðilegu möguleikana á því hver flekkurinn gæti stærstur orðið. Ég tel fráleitt að um prentvillu hafi verið að ræða í bréfi varnarmálaskrifstofu, enda hafa fjölmiðlar birt hærri töluna, 190 hektara, án athugasemda frá utanrrn.

Reyndar hafa tölur um það magn sem talið er að hafi farið úr tönkunum farið vaxandi frá degi til dags. Fyrst var talið að hér væri um 16.800 lítra að ræða, þá 18.000, síðan 20.000 og 22.000, en í gær fékk ég þær upplýsingar hjá Siglingamálastofnun að magnið hefði líklegast verið um 25.500 lítrar. Hvernig stendur á því að ekki var hægt að meta lekann strax í byrjun? Þessari spurningu hlýt ég að beina til samgrh. þar sem það er í verkahring Siglingamálastofnunar að meta magnið.

Þá hefur komið í ljós að nokkuð er um olíupolla uppi á Bolafjalli þrátt fyrir tilvitnaðar athugasemdir í bréfi utanrrn. til bæjarstjórnar. Og þar sem efstu jarðlög eru gljúp má búast við því að eitthvað hafi seytlað niður í bergið. Komið hefur fram að Siglingamálastofnun hefur ekki fengið til athugunar teikningar af olíubirgðastöðvum við ratsjárstöðvarnar eins og lög gera ráð fyrir. Hvernig má standa á því? Sérstaklega þegar það er haft í huga að við hönnun og byggingu slíkra mannvirkja í Helguvík var náið samstarf á milli byggingaraðila og Siglingamálastofnunar. (Forseti hringir.) — Ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. — Varnarliðinu hefði því átt að vera vel kunnugt um þessi lög. Og þó svo væri ekki, eins og gefið hefur verið í skyn, þá vita starfsmenn varnarmálaskrifstofu af lögunum.

Þá hefur einnig komið í ljós að varnarmálanefnd var ekki kunnugt umn að olía hefði verið flutt á fjallið. Hvernig er háttað samstarfi þeirrar skrifstofu, varnarmálaskrifstofu og varnarliðsins, fyrst atburður sem þessi getur átt sér stað? Hver er ábyrgur fyrir lekanum og hvernig stóð á því að réttum aðilum var ekki strax tilkynnt um hann eins og lög gera ráð fyrir? Hvað hyggst hæstv. utanrrh. gera vegna þessa máls og hvað finnst hæstv. samgrh. um þetta? Er hann sáttur við þær boðleiðir sem virðast vera á milli aðila vegna þessara framkvæmda varnarliðsins?

Í Þjóðviljanum í gær er haft eftir Gunnari Ágústssyni hjá Siglingamálastofnun að þrátt fyrir lög hafi stofnunin aldrei, nema í Helguvík, fengið að yfirfara mannvirki Bandaríkjahers með tilliti til mengunarvarna. Hvað hyggst hæstv. samgrh. gera í því ef rétt er?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Spurt er um viðbrögð utanrrh. vegna þessa máls og ég vil taka skýrt fram eftirfarandi strax:

Yfirmenn varnarliðsins hafa verið kvaddir á fund utanrrn. þar sem framferði undirmanna þeirra var harðlega mótmælt. Þess var krafist að tryggilega verði frá því gengið að slíkt framferði geti ekki endurtekið sig. Jafnframt hefur yfirmönnum varnarliðsins verið gerð grein fyrir því að íslensk stjórnvöld geri varnarliðið ábyrgt fyrir öllum hugsanlegum skaða sem af þessu geti hlotist.

Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég lít þetta mál mjög alvarlegum augum. Þess vegna hef ég dreift hér á borð þingmanna — en því miður vegna mistaka hefur það ekki verið merkt utanrrn. — greinargerð þar sem atburðarás er rakin rækilega, þar sem gerð er grein fyrir olíukerfinu tæknilega séð og þar sem gerð er grein fyrir olíulekanum og magntölur birtar eins og þær hafa verið staðfestar af opinberum aðilum.

Því til viðbótar vil ég taka fram eftirfarandi: Ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli eru í byggingu og er ábyrgð á þeim formlega á hendi varnarliðsins þar til afhending til Ratsjárstofnunar fer fram sem ráðgert er haustið 1990. Samskiptareglur gera því ráð fyrir því að náið samstarf sé við varnarmálaskrifstofu utanrrn. meðan á framkvæmdum stendur og það eru ekki fyrr dæmi þess að þessar samskiptareglur hafi verið brotnar.

Flutningur á olíu í geyma ratsjárstöðvanna var aldrei tilkynntur varnarmálaskrifstofu. Það er ljóst að leyfi til þessa flutnings hefði ekki verið veitt ef ráðuneytið hefði haft vitneskju um þá. Starfsmenn Ratsjárstofnunar höfðu varað starfsmenn framkvæmdadeildar varnarliðsins við áformum um slíka flutninga og bent á að olíukerfið hefði ekki verið tekið út. Þrátt fyrir það tóku starfsmenn framkvæmdadeildar varnarliðsins þá ákvörðun í byrjun nóvember að fylla olíugeyma ratsjárstöðvanna á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli og höfðu beint samband við íslensk olíufélög til að vinna það verk. Hinn 3. nóv. voru 36.000 gallon flutt í stöðina á Bolafjalli, sama magn í stöðina á Gunnólfsvíkurfjalli án samráðs og án

vitundar varnarmálaskrifstofu. Starfsmenn á vegum varnarliðsins veittu aðgang að ratsjárstöðvunum, en að öðru leyti var ekkert eftirlit haft með áfyllingu eða fylgst með kerfinu innan húss. Það var fyrst 11 dögum síðar, hinn 14. nóv., sem varnarmálaskrifstofu var skýrt frá því að geymarnir hefðu verið fylltir og leki átt sér stað.

Staða málsins núna er þessi: Í fyrsta lagi hefur öll olía verið hreinsuð upp í stöðvarhúsinu á Bolafjalli. Tryggilega hefur verið gengið frá lokun á olíugeymi og gengið hefur verið úr skugga um frágang á olíugeymi í stöðinni á Gunnólfsvíkurfjalli. Vettvangsathugun er í gangi á því hvort einhver olía hafi fokið inn á yfirborð fjallsins og verður allur olíumengaður snjór sem hugsanlega er til staðar fjarlægður.

Varnarliðinu hefur verið tilkynnt að þrátt fyrir að Ratsjárstofnun taki ekki við rekstri stöðvanna fyrr en síðla næsta árs í fyrsta lagi muni stofnunin fyrir hönd utanrrn. nú þegar taka að sér eftirlit með allri starfsemi hverju nafni sem nefnist sem þar fer fram. Enginn aðgangur af nokkru tagi verður leyfður að ratsjárstöðvunum nema undir eftirliti Ratsjárstofnunar. Sama gildir um allar prófanir á búnaði og aðstöðu. Jafnframt hefur Ratsjárstofnun verið falið að taka að sér reglubundið eftirlit með stöðvunum nú þegar og þess hefur verið krafist að varnarliðið komi upp fjareftirlitsbúnaði þannig að fylgjast megi stöðugt með stöðvunum.

Heilbrigðiseftirlit á varnarsvæðum og Siglingamálastofnun vinna nú sameiginlega að úttekt og hönnun á smíði olíugeyma og olíukerfa ratsjárstöðvanna. Starfræksla þessara kerfa verður ekki heimiluð nema í samráði við þessar stofnanir. Að höfðu samráði við þær og siglingamálastjóra hefur ráðuneytið ákveðið að tæma ekki geymana, enda er það óvarlegt á þessum árstíma.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegur forseti. Ég þakka hv. málshefjanda að taka þetta mál hér upp. Það var fimmtudaginn 16. nóv. eftir hádegið að Siglingamálastofnun ríkisins fékk tilkynningu frá varnarmálaskrifstofu um að olía hefði runnið í sjó frá ratsjárstöðinni á Bolafjalli. Fulltrúi stofnunarinnar fór þegar á staðinn snemma næsta morgun til að kanna aðstæður. Siglingamálastofnun ríkisins var með öllu ókunnugt um að olíubirgðageymar hefðu verið reistir við ratsjárstöðina á Bolafjalli, hvað þá að olía væri þar þegar til geymslu. Reglugerð nr. 560/1982, um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar, kveður á um að áður en hafist er handa um byggingu olíubirgðageyma skuli senda Siglingamálastofnun til samþykktar teikningar af fyrirkomulagi stöðvarinnar þar sem fram koma mengunarvarnir stöðvarinnar og fleira. Enn fremur skal sá verktaki er tekur að sér að sjá um verk tengd búnaði olíubirgðastöðva tilkynna Siglingamálastofnun hvenær byrjað verður á verkinu og hvenær áætlað er að því ljúki vegna eftirlits stofnunarinnar. Hvorugt var gert í þessu tilviki.

Frá því að óhappið varð hefur stofnunin verið í stöðugu sambandi við varnarmáladeild sem var ókunnugt um að olía væri komin í birgðastöðina á Bolafjalli eins og reyndar kom hér fram í máli utanrrh. Svo virðist sem um það bil 41.000 bandarísk gallon af olíu hafi verið flutt í olíubirgðageyminn á fjallinu, þ.e. 155.800 lítrar og þetta hafi verið gert til 3. nóv. sl. Þetta fullnýtir birgðarými geymanna en þeir eru síðan tengdir við daggeyma með yfirföllum og á að heita svo að um lokað kerfi sé að ræða. En af einhverjum ástæðum lak olía úr aðalgeymi í daggeyma, þaðan í yfirfallsgeymi, en vegna þess að ýmis búnaður reyndist óvirkur og ónothæfur endaði olían utan húss og rann til sjávar niður fjallshlíðina eins og kunnugt er.

Þessa olíuleka varð fyrst vart mánudaginn 13. nóv. og verður að átelja þann drátt sem varð á því að upplýsa málið. Af þeim mælingum sem enn liggja fyrir má ætla að um 6700 gallon eða 25.460 lítrar hafi lekið niður, en ekki er á þessu stigi hægt að fullyrða nákvæmlega um afdrif þessa olíumagns. Og vegna þess að Siglingamálastofnun hefur frá upphafi haft eftirlit með hönnun, byggingu og úttekt olíubirgðastöðvar í Helguvík er rétt að taka fram að varnarliðinu átti að vera fullljóst hvaða reglur gilda hér að lútandi.

Þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið í framhaldi af þessu slysi eru:

1. Siglingamálastofnun hefur krafist þess að allri olíu verði dælt til baka í aðalgeyma stöðvarinnar.

2. Stofnunin hefur þegar farið fram á að fá allar teikningar og upplýsingar um mengunarvarnir stöðvarinnar, svo og um stöðina á Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi.

3. Olíukerfi stöðvarinnar verður ekki tekið í notkun fyrr en hönnun þess hefur verið athuguð, kerfið örugglega prófað og Siglingamálastofnun ríkisins samþykkt öll nauðsynleg mengunarvarnaatriði og framkvæmt lokaúttekt.

4. Geta má þess að sérfræðingur Siglingamálastofnunar fór enn vestur til Bolungarvíkur í dag til að kanna nánar aðstæður og þar á meðal olíumengun í jarðvegi og snjó og er ekki hægt að veita fullnægjandi svör við spurningum hv. málshefjanda fyrr en að þeirri könnun lokinni sem vonandi verður í byrjun næstu viku.

Að lokum vil ég geta þess, virðulegur forseti, að ég hef vegna þessa máls ritað siglingamálastjóra svofellt bréf í dag:

„Að gefnu tilefni og með vísan til mengunarslyssins á Bolafjalli við Bolungarvík skal eftirfarandi tekið fram:

Ráðuneytið lítur umrætt mengunarslys mjög alvarlegum augum og felur Siglingamálastofnun að kanna tafarlaust hvaða brot hafa verið framin gegn íslenskum rétti og beita þeim úrræðum sem lög og reglur heimila. Ráðuneytið felur stofnuninni að athuga umsvifalaust hvort olíu hefur verið komið fyrir við mannvirki Ratsjárstofnunar á Gunnólfsvíkurfjalli í heimildarleysi. Jafnframt skal stofnunin gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir niðurstöðu þeirrar athugunar."

Og eðli málsins samkvæmt mun siglingamálastjóri

síðan snúa sér til saksóknara og óska athugunar á þeim þáttum þessa máls sem saknæmir kunna að reynast, en hér er alveg ljóst að reglur hafa verið þverbrotnar með vítaverðum hætti.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að óska eftir utandagskrárumræðu í gærdag þegar ég frétti að það hefði verið búið að biðja um það svo að ég vil aðeins ítreka þakkir mínar til málshefjanda fyrir að biðja um þær umræður. Hér er um að ræða mjög alvarlegt mál sem gera verður allar hugsanlegar ráðstafanir til að ekki komi fyrir aftur með einhverjum hætti.

Sem betur fer er talið að vatnsból Bolungarvíkurkaupstaðar hafi sloppið þó engan veginn sé víst að það sé að öllu leyti. Ég tel að hér sé um mjög vítavert kæruleysi að ræða sem átt hefur sér stað og tek alveg undir það sem fram kom í máli hæstv. samgrh. og sömuleiðis vil ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög skýra og greinargóða skýrslu á þessu stigi málsins, en hún felur í sér atburðaröð, olíukerfið, olíulekann og stöðu málsins nú. Hún er að vísu ekki til loka leidd vegna atburða málsins og þess sem á eftir kann að koma og ég verð að treysta því að hæstv. utanrrh. og hæstv. samgrh. fylgi þessu máli mjög ítarlega eftir.

Það er nauðsynlegt að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að vernda vatnsból kaupstaðarins sem og við önnur hliðstæð mannvirki eins og hæstv. samgrh. gat um. Hitt er óskiljanlegt hvernig á því stendur að aðili lætur flytja allt þetta magn af olíu áður en afhending stöðvarinnar fer fram og það er líka óskiljanlegt að það skuli gleymast að skrúfa fyrir krana sem veldur því, að mér sýnist, að lekinn á sér stað. Allt þetta þarf frekari rannsóknar við til þess að varpa skýru ljósi á það sem gerst hefur. En höfuðatriðið er eftir því sem nú standa mál að slíkt slys sem þetta endurtaki sig ekki.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég sé nú eftir að ég er búinn að heyra í félaga mínum, hv. 1. þm. Vestf., að ég hef ekki miklu við að bæta. En ég vil þakka frummælanda fyrir að hafa komið með þetta mál hér inn á þingið. Það var full ástæða til þess. Og ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá greinargóðu skýrslu sem hann hefur útbýtt hér og fram kom í máli hans.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér atburðarásina eða það sem skeði. Ég vil aðeins segja það að mér finnst að það sé með eindæmum og raunar óskiljanlegt hvernig það má vera að önnur eins mistök og þarna hafa gerst skuli hafa átt sér stað. Og ég tek undir það sem hæstv. samgrh. sagði um það að láta fara fram sem ítarlegasta rannsókn á þessu máli.

Það er ákaflega alvarlegt mál ef það getur verið nokkur hætta á mengun í vatnsbólum Bolvíkinga út af slíku atviki sem þessu. Það er alvarlegt fyrir þessa elstu verstöð landsins, þessa verstöð sem í dag er ein af stærstu fiskverkunarstöðvum landsins. Það sem er núna mest um vert er þess vegna að láta einskis ófreistað til þess að gera ráðstafanir til þess að þetta geti ekki hent aftur. Og það er ekki nægilegt í þessu efni að gera einhverjar ráðstafanir sem minnka líkur fyrir því að það geti hlotist mengun í vatnsbólum Bolvíkinga út af slíkum atburðum sem þessum. Það dugar ekki minna heldur en ráðstafanir sem útiloka að slíkt geti átt sér stað. Við skulum láta þetta víti verða okkur til varnaðar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu alvarlega máli. Ég tel hér vera á ferðinni dæmi um þær hættur sem lítilli friðsamri þjóð geta verið búnar af því að láta flækja sig í hernaðarneti stórvelda. Þetta er einnig dæmi um andvaraleysi og e.t.v. líka skort á færni okkar og getu til að fylgjast í smáatriðum og nákvæmlega með útfærslu þessa hernaðarreksturs.

Það er mjög alvarlegt að hönnun og bygging jafnfyrirferðarmikilla mannvirkja eins og olíugeyma skuli geta átt sér stað á íslensku landsvæði, jafnvel þó uppi á fjalli sé, án vitundar og eftirlits íslenskra aðila og þá þeirra sem samkvæmt lögum eiga um málið að fjalla. Það er einnig mjög alvarlegt að íslenskum aðilum skuli ekki hafa gefist tækifæri til þess að prófa styrkleika og hæfni slíkra mannvirkja miðað við íslenskar aðstæður, t.d. veðurlag. Og það er einnig í þriðja lagi mjög alvarlegt að gerð þessara mannvirkja skuli ekki vera betri en svo að slík mengunarslys geti orðið. Það ber vitni um vanmat eða lélega gerð slíkra mannvirkja.

Hv. 4. þm. Vestf. minntist á mögulega mengun fiskimiða og vatnsbóla sem vissulega er alvarleg og það er enn óljóst hversu mikið magn af olíu hefur í raun lekið þarna út.

Ég þakka báðum ráðherrum fyrir svör þeirra. Ég held að það sé mjög mikilvægt að Alþingi og þjóðin fái að fylgjast með niðurstöðum þeirra rannsókna sem gerðar verða. Þetta hvetji menn til árvekni og verði þeim víti til varnaðar að blanda sér ekki inn í slíkan hernaðarrekstur í framtíðinni og draga sig frekar út úr honum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem alvarlegt mengunarslys verður vegna starfsemi erlends herliðs í landinu. Það er ekki langt síðan veruleg mengun varð á Suðurnesjum af svipuðum orsökum þó að búnaður væri annar en málið afar alvarlegt.

Það er alveg furðulegt andvaraleysi sem birtist í tengslum við þetta mál og það verður að vænta þess að íslensk stjórnvöld fylgi eftir íslenskum lögum og gangi fram eins og okkar réttur ýtrast stendur til til þess að krefjast bóta fyrir það sem orðið hefur og verður það þó kannski ekki að fullu bætt og síst með fémunum einum saman.

Hér hafa fallið hvatningarorð um það að koma verði í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Og það eru ráð til þess að koma í veg fyrir slíkt. Besta ráðið er það að afnema þessar hernaðarratsjárstöðvar, að fara með

þær svipað og gerðist eftir 1950 á Straumnesfjalli þar sem lögð var niður sú ratsjárstöð sem þar var, en þá verður líka að gæta þess í framhaldinu að það verði gengið betur frá heldur en gert var á Straumnesfjalli og í Aðalvík, þar sem draslið blasti við sjónum í áratugi eftir að starfrækslu var þar hætt.

Þetta er mikið alvörumál eins og hér hefur komið fram. Og þó að menn líti misjöfnum augum þau umsvif hernaðaraðila sem hér fara fram í landinu, þá verðum við að vænta þess að stjórnvöld geti þó sameinast um það að taka með eðlilegum og ákveðnum hætti á þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Aðeins til þess að undirstrika hversu alvarlegum augum ég lít það slys sem hér hefur orðið hafi það ekki komið nægilega skýrt fram í máli mínu undir lokin áðan í tímaleysi.

Hér er í fyrsta lagi um það að ræða að allar reglur við undirbúning og framkvæmdir þessara mannvirkja hafa verið þverbrotnar. Þar er um að ræða vítaverða vanrækslu og ólíðandi vanrækslu, bæði framkvæmdaraðilans sjálfs, varnarliðsins, en líka þeirra verktaka sem að verkinu unnu og ber ótvírætt skylda til samráðs við Siglingamálastofnun samkvæmt lögum og reglugerðum.

Í öðru lagi er hér vítaverð vanræksla á ferð þar sem margir sólarhringar líða frá því að uppvíst verður um óhappið og þangað til skilaboðum um það er komið í hendur réttra aðila eins og Siglingamálastofnunar.

Í þriðja lagi er hér um enn fráleitari framgöngu þessara aðila að ræða þar sem öllum mátti ljóst vera, og var í raun frá upphafi þessara framkvæmda, að þær voru unnar við sérstaklega viðkvæmar aðstæður þar sem þannig háttar til, bæði á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli, að vatnsból nálægra byggðarlaga á upptök sín og safnsvæði sitt utan í fjallshlíðum viðkomandi fjalla. Það er þess vegna með öllu óskiljanlegt hvernig menn gátu gengið svona fram.

Og að lokum undirstrika ég það að það eru engin færi á öðru en hér fari fram opinber rannsókn á vanrækslu þessara aðila og ég mun sjá svo um að það verði. Ég lít svo á að bréf mitt til siglingamálastjóra feli það í sér að honum sé í framhaldinu skylt að beita öllum tiltækum ráðum sem stofnunin hefur á hendi sinni til að hlutast til um slíkt. Og þó sem betur fer séu ekki mörg fordæmi af þessu tagi fyrir hendi, þá liggur ljóst fyrir samkvæmt refsilagaákvæðum laganna um varnir gegn mengun sjávar, að siglingamálastjóri mun setja sig í samband við ríkissaksóknara sem í framhaldinu mun væntanlega fela rannsóknarlögreglu ríkisins að rannsaka þetta mál og rannsaka það til hlítar og þá munu öll kurl koma til grafar, enda óhjákvæmilegt að svo verði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég lýsa þeirri skoðun minni að það er enginn búnaður svo tæknilega fullkominn að hann geti út af fyrir sig staðist það ef glópar fara fram með fyrirhyggjuleysi af þessu tagi. Þá er sama hversu traustur búnaðurinn er.

Það er ástæða til þess að geta þess sérstaklega að við hönnun á þessum olíugeymi var það haft í huga að umfang hans væri nægilegt til þess að birgðir entust í marga mánuði með tilliti til þess að erfitt er um olíuflutninga að vetrarlagi og var þess vegna ráðgert að olíugeymarnir yrðu fylltir síðla sumars eða snemma að hausti en ekki á vetrardögum.

Vegna aðildar íslenskra stofnana er líka rétt að taka það fram að teikningar af ratsjárstöðvunum, þar með töldum olíukerfum, voru lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða 1986, leitað umsagnar heilbrigðiseftirlits á varnarsvæðum og Vinnueftirlits ríkisins. Að teknu tilliti til athugasemda þessara aðila voru teikningarnar samþykktar 1987. Álits Siglingamálastofnunar var ekki leitað um teikningarnar þá. Hins vegar hefur ávallt verið ráðgert að heilbrigðisfulltrúi varnarsvæða og Siglingamálastofnun gerðu úttekt á geymunum og olíukerfinu áður en starfsemin hæfist til þess að tryggja að þær uppfylltu ýtrustu öryggiskröfur. En vegna þess að varnarmálaskrifstofu voru ekki kunn nein slík áform um að fylla geymana meðan stöðin er mannlaus og áður en úttekt hafði farið fram henti þetta slys. Það er þegar búið að lýsa því yfir að eftirlit með þessu er framvegis í höndum Ratsjárstofnunar og varnarmálaskrifstofu.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum svör þeirra og skýrslu utanrrh. en ég saknaði skýringar þeirra á þeim mikla mismun sem er á tölum varnarmálaskrifstofu og Siglingamálastofnunar á stærð olíuflekksins. Ég hef ástæðu til að ætla að varnarmálaskrifstofa hafi með því að segja stærð hans vera 190 hektara ætlað að beina sjónum manna frá hugsanlegri mengun bergs og þar með vatnsbóla Bolvíkinga.

Það er mín skoðun að öll framganga varnarmálaskrifstofu í þessu máli fram til þessa hafi verið með þeim hætti að það þurfi að gera verulegar breytingar þar innan húss. Varnarliðið virðist ekki líta á þá stofnun eða utanrrn. sem sinn yfirboðara eða samráðsaðila. Þegar varnarliðið kemst upp með að fylla ósamþykkta, ólöglega olíutanka af olíu í þúsundum lítra án vitundar utanrrn. er ekki að undra að maður velti fyrir sér trúverðugheitum þeirra staðhæfinga að hér séu ekki kjarnorkuvopn. Utanrrh. fullyrðir að ekki hafi fyrr komið upp mál sem þetta milli varnarliðs og varnarmálaskrifstofu. Hvernig getur ráðherra fullyrt slíkt með það í huga að ekki komst upp um þetta ólöglega athæfi fyrr en slys hafði orðið?

Mannleg mistök eru lausnarorðið hjá forstöðumanni varnarmálaskrifstofu í sjóvarpsviðtali vegna málsins og finnst mér þá ansi langt seilst í túlkun á því hugtaki. En það eru raunar einmitt mannlegu mistökin sem geta leitt okkur í stærstu slysin.

Mér sýnist sem betur fer ekki vera hætta á að vegna þessa slyss verði verulegir skaðar á lífríkinu

þar sem svo heppilega vildi þó til að slysið varð að hausti og lífríkið því ekki líkt því eins viðkvæmt og á öðrum árstímum. En það verður ekki við það unað að atburðir sem þessir eigi sér stað. Reisn utanrrn. virðist harla lítil í samskiptum þess við varnarliðið og á því þarf að verða stökkbreyting. Við getum ekki liðið að varnarliðið fái að vaxa eins og æxli í landinu án nokkurra yfirráða eða eftirlits af hálfu okkar. Eina örugga vörnin við slysum sem þessum hlýtur raunar að vera að skera æxlið burt, enda augljóslega illkynja.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum hv. fyrirspyrjanda vil ég bara taka fram að það henti einu sinni mann fyrir vestan að það var stolið af honum. Eftir það hafði hann viðurnefnið „þjófur".

Röksemdafærsla hv. fyrirspyrjanda eða öllu heldur gagnrýni hennar á varnarmálaskrifstofu af þessu tilefni minnir á þessa dæmisögu. Viðbrögð varnarmálaskrifstofu, eins og skýrslan hér liggur fyrir um, gefur ekki tilefni til slíkrar gagnrýni og orð hennar um það að íslenska utanrrn. komi ekki fram af fullri reisn gagnvart hinu erlenda setuliði eru með öllu röksemdalaus.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Orð utanrrh. þegar hann kemur hér upp í síðara sinn í þessari umræðu eru ekki svara verð. Slysið og meðferð málsins sýnir að reisn utanrrn. í samskiptum þess við varnarliðið er harla lítil. Varnarliðið virðist geta farið hér fram með ólöglegum hætti eins og því þóknast.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það er örstutt. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Kvennalistans talaði ætíð um varnarliðið, en hæstv. utanrrh. talaði um setuliðið. Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvað hann á við með því. Er hann að halda því fram að varnarliðið sé setulið á Íslandi? Ég hefði haldið að varnarliðið væri hér til að tryggja öryggis- og varnarmál Íslands og Atlantshafsbandalagsins, ekki sem setulið heldur varnarlið.

SAMEINAÐ ÞING

18. fundur, fimmtudaginn 23. nóv., að loknum 17. fundi.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrir Alþingi liggur skýrsla utanrrh. til Alþingis um könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Skýrslan var send fyrir helgi hv. meðlimum utanrmn. og formönnum þingflokka og dreift í byrjun viku hér á hinu háa Alþingi þannig að ég vona að hv. þm. hafi gefist góður tími til að kynna sér efni hennar og okkur sé þess vegna kleift að eiga hér ítarlegar og málefnalegar umræður um þetta stærsta utanríkisviðskiptamál okkar Íslendinga.

Ég vil taka það fram í upphafi máls míns, virðulegi forseti, að við höfum leitast við að hafa sem nánast samráð við bæði hv. utanrmn. og Evrópustefnunefnd Alþingis sem og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í okkar þjóðfélagi. T.d. er starfandi sérstök ráðgjafarnefnd á vegum fríverslunarsamtakanna EFTA þar sem fulltrúar samtaka atvinnulífs og vinnumarkaðar, íslenskir, hafa starfað mjög dyggilega enda nefndin undir formennsku Ólafs Davíðssonar, framkvæmdastjóra Félags ísl. iðnrekenda. Auk þess er starfandi sérstök þingmannanefnd EFTA sem hefur unnið gott starf á þessum vettvangi. Hér heima hefur verið stofnað til samráðs við fjölmennan hóp fulltrúa samtaka atvinnuvega og fulltrúa vinnuveitenda og launþegasamtaka. Leitast hefur verið við að öll helstu vinnugögn málsins berist jafnóðum í hendur fulltrúa þessara fjölmennu samtaka þannig að þeim ætti þess vegna að gefast kostur á að dreifa upplýsingum og hefja umræður um málið á málefnalegum grundvelli í nafni sinna umbjóðenda. Auk þess vil ég taka það fram að starfshópar á vegum ýmissa samtaka hafa unnið mjög gott starf við að greina hagsmuni íslensks atvinnulífs í þessu máli og að miðla upplýsingum um það. Þetta á ekki síst við um ýmsa hagsmunaaðila í sjávarútvegi og úr því að ég nefni þá hér í máli mínu er rétt að ég skýri frá því að sendiherra Íslands í Moskvu sendi skeyti núna fyrir skömmu til utanrrn. þar sem hann skýrði frá því að samningar hefðu tekist um síldarsölu Íslendinga til Sovétríkjanna núna í dag. Jafnframt hefur Síldarútvegsnefnd sent frá sér fréttatilkynningu, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í samræmi við það samkomulag sem tókst milli Síldarútvegsnefndar og sovésku stofnunarinnar Sovrybflot hinn 4. nóv. var í dag undirritaður samningur um fyrirframsölu á 150 þús. tunnum af hausskorinni og slógdreginni saltsíld til afgreiðslu á fyrsta ársfjórðungi 1990. Í samningnum er sérstakt ákvæði um að kaupandi muni athuga möguleika á 50 þús. tunna viðbótarkaupum og gefi svar þar að lútandi eins fljótt og við verður komið. Söluverð og aðrir skilmálar eru óbreyttir frá fyrra ári en samkomulag varð um að veita kaupendum 3% afslátt til frekari kynningar á íslenskri saltsíld í Sovétríkjunum.

Heildarverðmæti þeirra 150 þús. tunna sem þegar hafa verið staðfestar nemur rúmlega einum milljarði ísl. kr."

Ég þarf ekki að hafa nein orð um þetta frekar. Ég lýsi einfaldlega ánægju minni fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar að það hafa fengist málalyktir í þessu mikilvæga máli og óska þeim sem mestra hagsmuna áttu að gæta til hamingju með það.

Virðulegi forseti. Þjóðir Evrópu hafa um aldaraðir borist á banaspjótum. Fyrsti stóri harmleikurinn á þessari öld var fyrri heimsstyrjöldin. Friðarsamningar í lok hennar voru varla til þess fallnir að binda endi á deilur Evrópuþjóða. Þegar við bættist heimskreppan eftir 1928 og sú verndarstefna sem henni fylgdi var gróðrarstía seinni heimsstyrjaldarinnar þegar fyrir hendi. Eftir lok hennar var það því eitt af forgangsverkefnum að auka frelsi í viðskiptum og efla önnur tengsl milli þjóða heims. Úr þeim jarðvegi spruttu reyndar samtök hinna Sameinuðu þjóða og ýmsar stofnanir á þeirra vegum. Meðal þeirra átti að vera viðskiptastofnun Sameinuðu þjóðanna. Svo langt komst þetta mál þó ekki en stór hluti þeirra stóð að gerð samkomulags um vissar grundvallarreglur í viðskiptum þjóða. Það fékk nafnið Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti og gengur undir nafninu GATT í samræmi við skammstöfun á hinu enska heiti samkomulagsins. Enda þótt meginregla þessa samkomulags væri ákvæði um bestu viðskiptakjör gagnkvæmt fyrir alla aðila samkomulagsins var þó heimilt að veita enn betri kjör í skiptum milli ríkja sem stofnuðu sín í milli tollabandalag eða fríverslunarsvæði. Með heimild í þessum ákvæðum var Efnahagsbandalag Evrópu síðar stofnað sem tollabandalag og EFTA sem fríverslunarsvæði.

Hugsjónin að baki stofnunar Efnahagsbandalags Evrópu, eða Evrópubandalagsins eins og við nú köllum einu nafni bandalögin þrjú sem það mynda, var þó í reynd miklu djúpstæðari. Frumkvöðlar Evrópubandalagsins áttu sér þá draumsýn að tengja forna fjendur svo traustum böndum að fleiri styrjaldir þeirra á milli yrðu óhugsandi. Lokamarkmiðið skyldi vera samruni á sem flestum sviðum eða eins konar bandaríki Evrópu. Markmiðið var í höfuðdráttum staðfest milli stofnríkjanna sex í Rómarsáttmálanum svokallaða sem gerður var fyrir röskum 30 árum. Fleiri ríki bættust í hópinn og framkvæmd hugsjónanna miðaði misvel. Það var síðan með ákvörðun bandalagsins árið 1985 um framkvæmd innri markaðar og með einingarlögunum 1987 að verulegur skriður komst á framkvæmd þessara hugmynda. Hindrunarlaus heimamarkaður tólf ríkja bandalagsins á að vera orðinn að veruleika í árslok 1992. Það verður hindrunarlaus heimamarkaður 320 milljóna manna eða stærsti markaður þeirrar tegundar á jarðríki. Þetta á ekki aðeins við um vöruviðskipti heldur fjölmarga aðra samstarfsþætti.

Í framhaldi af þessu þykir mér rétt að víkja að nokkrum efnahagslegum og pólitískum þáttum þessa máls. Árið 1988 fóru 69% alls útflutnings okkar til ríkja Evrópubandalagsins og EFTA eða þess sem við köllum evrópska efnahagssvæðið og tæp 74% innflutningsins komu þaðan. Tölur fyrir inn- og útflutning frá öðrum ríkjum EFTA eru svipaðar en þó heldur lægri. Viðskipti Evrópubandalagsríkja sín á milli eru mikil en þegar aðeins er litið á inn- og útflutning bandalagsins til ríkja utan þess eru viðskiptin við EFTA-ríkin meira en fjórðungur og reyndar meiri en viðskipti Evrópubandalagsins við Bandaríkin og Japan samanlagt.

Á undanförnum árum hefur útflutningur Íslendinga til ríkja Vestur-Evrópu aukist mikið. Á sama tíma hefur verulega dregið úr útflutningi til Bandaríkjanna og Austur-Evrópu. Tollar af íslenskum sjávarafurðum í Bandaríkjunum eru óverulegir og þeir eru því ekki ástæða til þessa samdráttar. Á hinn bóginn hefur gengisþróun átt nokkurn þátt í þessu og svo sú staðreynd að markaðir í Vestur-Evrópu hafa einfaldlega öðlast meira aðdráttarafl á undanförnum árum. Allt bendir til þess að Vestur-Evrópa verði á næstu árum langsamlega stærsti markaður fyrir útflutning frá Íslandi þótt sjálfsagt sé að reyna af fremsta megni að hlúa að öðrum líklegum vaxtarbroddum, bæði í Bandaríkjunum, í Japan og í hinum rísandi löndum Asíu.

Sjávarútvegur hefur verið megingrundvöllur aukins hagvaxtar á Íslandi. Með aðildinni að EFTA og síðar fríverslunarsamningnum við Evrópubandalagið var ætlunin að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf og efla íslenskan iðnað. Hægar hefur miðað í þeim efnum en til stóð og má eflaust kenna stjórnvöldum að einhverju leyti um. Á hinn bóginn á þetta sjónarmið fullan rétt á sér og má ekki gleymast í umræðum um viðskiptalega stöðu Íslendinga. Hagvöxtur undanfarinna áratuga á Íslandi hefur að verulegu leyti byggst á sjávarfangi og þá á þeirri staðreynd að fiskveiðilögsagan var færð úr þremur sjómílum í tólf, úr tólf í fimmtíu og loks úr fimmtíu í tvö hundruð sjómílur. Lengra verður ekki komist í þeim efnum. Veruleg aukning fiskveiða verður því ekki áfram sami vaxtarbroddur og áður þótt betri nýting geti enn aukið verðmæti verulega. Iðnaður hlýtur því að verða vaxandi þáttur í íslensku efnahagslífi og þar með útflutningi á komandi árum. Sambærileg skilyrði og eru í öðrum löndum verða því að gilda einnig hér á landi. Þetta á bæði við um aðstöðu, aðgang að fjármagni og hindrunarlausan aðgang að öðrum mörkuðum. Með þátttöku í samstarfi Evrópuþjóða getum við náð árangri í þessum efnum, árangri sem ekki næst ef við stöndum utan samstarfsins.

Nú má víða sjá stöðnunarmerki í íslenskum þjóðarbúskap og koma þau vel í ljós þegar borin er saman hagþróun hér á landi á áttunda áratugnum annars vegar og þessum áratug hins vegar. Á síðasta áratug var hagvöxtur á mann hér á landi að jafnaði 5,5% á ári. Það þýðir að í lok áttunda áratugarins var landsframleiðsla á mann orðin 60–70% meiri en hún hafði verið við upphaf þessa áratugar. Á þessum áratug, sem senn er á enda, bendir hins vegar flest til þess að hagvöxtur á mann verði ekki nema 1% á ári að meðaltali sem þýðir að landsframleiðsla á mann í lok áratugarins verði ekki nema um 10% meiri en við upphaf hans. Þetta eru mikil og alvarleg umskipti og viðvörunarmerki.

Á sama tíma og svo virðist sem verulega hafi hægt á hagvexti hér á landi hefur hann ef eitthvað er heldur aukist í ýmsum af helstu viðskiptalöndum

okkar. Síðustu tvo áratugina hefur hagvöxtur á mann í OECD-ríkjum að jafnaði verið um 2–2,5% á ári. Á þessum áratug hefur því dregið í sundur með Íslendingum og nálægum þjóðum hvað varðar landsframleiðslu á mann og það sama gildir þar af leiðandi að sjálfsögðu um lífskjör.

Þetta eru í afar stuttu máli hin efnahagslegu rök fyrir nauðsyn okkar Íslendinga á að tryggja okkur markaðsaðild og að taka fullan þátt í samstarfi Evrópuríkja á sviði viðskipta og efnahagslífs.

Það eru mörg önnur rök sem hníga að náinni samvinnu við ríki Vestur-Evrópu. Þau eru bæði pólitísks eðlis og menningarlegs. Við erum hluti af Evrópu, höfum verið það og viljum vera það áfram. Við höfum sótt okkur fyrirmyndir til ríkja Evrópu, ekki síst annarra Norðurlanda, á mörgum sviðum í okkar þjóðlífi. Öll þessi ríki stefna nú að víðtækari samvinnu í Evrópu. Ef við stöndum utan við þá þróun stefnum við í einangrun, ekki aðeins frá þeim ríkjum sem eru innan Evrópubandalagsins heldur mjög líklega einnig frá öðrum Norður-Evrópuríkjum og Norðurlöndum.

Miklar og sögulegar breytingar eiga sér nú stað í Evrópu og þau ríki sem allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hafa staðið utan við þróunina í vesturhluta álfunnar stefna nú óðum að opnara þjóðfélagi og nánari samskiptum vestur á bóginn. Sú gleðilega staðreynd eykur enn á nauðsyn þess að við verðum þátttakendur í þessu samstarfi. Af hálfu EFTA-ríkjanna hefur því verið lýst yfir að því fyrr sem samningum milli þeirra og Evrópubandalagsins verði lokið, því fyrr geti Vestur-Evrópa sameiginlega einbeitt kröftunum að aðstoð við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu og stefnt að því að samvinna og samstarf blómstri um gjörvalla Evrópu.

Virðulegi forseti. Það er sérstök ástæða til þess fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi að ræða vandlega hina einföldu spurningu: Hvaða hlut ætlum við Íslendingar okkur í framtíðarmynd Evrópu? Enginn vafi er á því að við teljum okkur Evrópubúa og ætlum okkar að tengjast samstarfi Evrópuþjóða. En með hvaða hætti er okkar hag best borgið? Með einangrun eða einhverju formi samstarfs? Nokkrar leiðir hafa verið nefndar í almennri umræðu undanfarið.

Ber þar fyrst að nefna aðild að Evrópubandalaginu. Fríverslunarsamtök Evrópu voru á sínum tíma stofnuð af þeim ríkjum í Evrópu sem töldu sig ekki geta eða ekki hafa hag af því að ganga í Efnahagsbandalagið eins og það hét þá. Kom þar til að þessi ríki vildu ekki, ýmist vegna hlutleysisafstöðu í öryggis- og alþjóðastjórnmálum eða af öðrum ástæðum, ganga í bandalag sem náði til pólitísks samstarfs, hafði sameiginlega landbúnaðarstefnu og síðast en ekki síst fól í sér takmörkun á sjálfsákvörðunarrétti aðildarríkja. Nokkur af stofnríkjum EFTA eins og Bretland, Danmörk og Portúgal sáu síðar hag sínum betur borgið innan Evrópubandalagsins. Austurríki hefur tekið sömu stefnu og hefur nú sótt um aðild að bandalaginu sem hins vegar eru engar líkur á að verði afgreidd fyrr en líða tekur á seinni hluta næsta áratugar.

Þau EFTA-ríki sem nú eru aðilar að Fríverslunarsamtökunum beita hins vegar sömu rökum og áður fyrir því að gerast ekki aðilar að Evrópubandalaginu. Þar á meðal er Ísland sem auk framangreindra raka hefur ekki talið sér hag í því að gerast aðili, m.a. vegna hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins.

Í annan stað má nefna þá hugmynd að semja við Evrópubandalagið á tvíhliða grundvelli. Það fyrsta sem segja þarf um þá leið er að Evrópubandalagið hefur marglýst því yfir að það sé ekki reiðubúið að taka upp samninga á tvíhliða grundvelli við hvert einstakt EFTA-ríki. Öðru máli gegni hins vegar um að taka tillit til sérstöðu og sérhagsmuna einstakra EFTA-ríkja sem fara saman með hagsmunum bandalagsins sjálfs innan ramma heildarsamnings.

Í þessu sambandi verður að leita skýringa á afstöðu Evrópubandalagsins í eðli hins innri markaðar. Ef ná á þeim markmiðum sem sett eru með sameiginlegum markaði verða sömu skilyrði að gilda innan alls svæðisins sem markaðurinn nær til. Verði innri markaðurinn einnig látinn ná til EFTA-ríkjanna er ljóst að EFTA-ríkin verða að gangast undir sömu skilyrði í grundvallaratriðum að því er varðar efnahagslífið. Eðli sameiginlegs markaðar leyfir einfaldlega ekki að mismunandi tvíhliða samningar gangi um þvert og endilangt svæðið. Það er einnig ljóst að Evrópubandalagið er einfaldlega svo upptekið af því að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum sem þær þjóðir hafa sett sér að það skipar þeim málum eða framkvæmd þeirra hugmynda í forgangsröð.

Ef samningar við EFTA-ríkin ættu að fara fram á tvíhliða grundvelli eru þess vegna allar líkur á því að við yrðum að bíða eftir niðurstöðum þess máls fram yfir árslok 1992 eða síðar en markmið EFTA-ríkjanna sem slíkra hefur hins vegar verið, þvert á móti, að ná samningum sem fyrst, hefja samningagerð sem fyrst, til þess beinlínis að hafa áhrif á mótun innri markaðarins fram að þeim tíma.

Þær raddir heyrast oft að Íslendingar eigi ekki að taka þátt í sameiginlegum samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Íslenskt þjóðfélag sé svo einstætt, svo sérstætt í sinni röð, að við getum ekki átt samleið með öðrum þjóðum. Í stað þátttöku í sameiginlegum samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið eigi Íslendingar þess vegna að leita eftir tvíhliða samningum til þess að tryggja sína hagsmuni.

Sannleikurinn er sá að við stöndum í reynd ekki frammi fyrir vali í þessu efni. Þetta er ekki spurningin um annaðhvort eða. Þetta er ekki spurning um það að fara annaðhvort EFTA-leiðina í samstarfi við samstarfsríki okkar fimm innan Fríverslunarsamtakanna eða að freista þess að taka upp tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins. Við höfum farið báðar þessar leiðir. Við sækjum fram á þessum vígstöðvum hvorum tveggja. Munurinn er hins vegar

sá að við höfum nú þegar náð umtalsverðum árangri eftir EFTA-leiðinni en við höfum enn ekki náð árangri eftir hinni leiðinni. En það skal tekið skýrt fram að báðar leiðirnar eru farnar og við erum í viðræðum við Evrópubandalagið þótt þær hafi enn ekki leitt til niðurstöðu.

Sérstakir samningar Íslands við Evrópubandalagið eiga aðeins við um einn þátt þeirrar víðtæku samvinnu sem Íslendingar þurfa að eiga við Evrópubandalagið og þá um leið við samstarfsaðila sína í EFTA en það er á sviði markaðsstöðu og viðskipta með sjávarafurðir. Allt frá árinu 1972 höfum við Íslendingar átt í viðræðum við Evrópubandalagið um tolla á íslenskum fiskafurðum við útflutning til bandalagsins. Bókun nr. 6 við fríverslunarsamning okkar við bandalagið tryggði okkur í fyrsta lagi — og *það má ekki gleymast — útflutning án magntakmarkana* á fiskafurðum okkar til bandalagsins. Samningsaðilar okkar gerðu okkur þó vissulega grein fyrir því að við værum ekki að verða aðilar að bandalaginu og því hlyti að verða ljóst að sömu kjör og aðildarríkin gætum við ekki fengið. Það sem við fengum af tollfríðindum fyrir sjávarafurðir var ýmist algjört tollfrelsi eða lækkaðir tollar á verulegum meiri hluta útflutnings okkar á sjávarafurðum á þeim tíma sem samningurinn var gerður. Þetta var viðurkenning samningsaðila okkar á því að fiskur væri og yrði um fyrirsjáanlega framtíð undirstaða útflutnings okkar til bandalagsins. Því bæri að veita okkur slík tollfríðindi til þess að jafn ábati yrði fyrir báða aðila af gerð fríverslunarsamnings.

Svo dæmi sé tekið fékkst saltfiskur ekki inn í þessa sérstöku bókun og var reyndar á *þeim tíma ekki lögð* afgerandi áhersla á það af tveimur auðskiljanlegum ástæðum. Annars vegar vegna þess að tollur hafði verið felldur niður af þessari vöru í bandalaginu einhliða og tímabundið og okkur var sagt að ekki væru líkur á að sá tollur yrði tekinn upp að nýju. Hins vegar vegna þess að helstu markaðslönd fyrir saltfisk voru á þessum tíma utan Evrópubandalagsins, Spánn og Portúgal, og því var þýðing tollfrelsis fyrir hann ekki afgerandi. Breytt afstaða bandalagsins eftir að helstu innflytjendur saltfisks í Evrópu, Portúgal, Spánn og Grikkland, urðu aðilar að bandalaginu hefur valdið okkur ýmsum vandræðum. Engin ástæða er til að gera lítið úr þeim og þess vegna hefur mikið verið reynt að ná fram viðunandi lausn á þessu máli. Ríkisstjórnin hefur á engan hátt útilokað að reynt yrði að *ná tvíhliða samningum við Evrópubandalagið* um að felldir yrðu niður eða lækkaðir þeir tollar sem enn eru á ýmsum íslenskum fiskafurðum sem fluttar eru út til bandalagsins. Spurningin hefur hins vegar ætíð verið þessi og er enn: Hvað ættum við Íslendingar að bjóða á móti því að samningar eru venjulega samningar en ekki einhliða tilhliðranir?

Þegar rætt er um tvíhliða samninga Íslands við Evrópubandalagið um frekari tollfríðindi en þegar hefur verið samið um fyrir íslenskan fisk vaknar að sjálfsögðu þessi spurning: Hvað erum við tilbúnir að láta af hendi á móti?

Evrópubandalagið hefur samkvæmt sinni sameiginlegu fiskveiðistefnu staðfest að það gefi ekki kost á frekari tilhliðrunum í þessu efni nema að fullnægðum þeim skilyrðum sem það setur í slíkum viðskiptum, þ.e. veiðiheimildir fyrir tollfríðindi. Þeirri stefnu hefur þessi ríkisstjórn hafnað og ég veit ekki betur en að um þá afstöðu sé órofa samstaða meðal stjórnmálaflokka, stjórnmálaafla og hagsmunasamtaka á Íslandi. Til þess að reyna að losa um þessa stöðu hefur af Íslands hálfu verið rætt um að efna til samkomulags eða samninga í víðum skilningi um fiskveiðimálefni við Evrópubandalagið. Þannig hefur verið rætt um samning um vísindalega samvinnu, um sameiginlegar aðgerðir til þess að vernda lífríki hafsins og ýmis önnur atriði, þeirra á meðal t.d. um kröfur og stöðlun á gagnkvæmum kröfum um gæði og eftirlit með þeim.

Hingað til hefur bandalagið ekki talið samninga af því tagi skapa grundvöll fyrir víðtækari tollfríðindi fyrir íslenskan fisk. Þá hefur af Íslands hálfu verið reifaður sá möguleiki á grundvelli gagnkvæmni að skipst yrði á einhverjum takmörkuðum veiðiheimildum á einstökum fisktegundum þar sem báðir aðilar sæju sér hag í því. Jafnframt mætti þá kanna hvort núgildandi fríverslunarsamningur veitti ekki frekara svigrúm til tollalækkana á ýmsum iðnvarningi fyrir ríki Evrópubandalagsins, og þá væri ég að ræða um þá litlu fjáröflunartolla sem eftir eru, en sannleikurinn er sá að Íslendingar hafa þegar gengið mjög langt í því að lækka sína ytri tolla. Þeir eru t.d. lægri en ytri tollar Evrópubandalagsins til jafnaðar. Viðræður við bandalagið á þessum grundvelli eru skammt á veg *komnar en sjálfsagt er að halda þeim áfram enda* verður þeim haldið áfram og þær eru í gangi, alveg óháð viðtækari viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Sú niðurstaða leiðir þó á engan hátt til þess að ályktа megi að viðræður EFTA við Evrópubandalagið séu ekki í þágu íslenskra hagsmuna. Bæði er að sameiginleg afstaða EFTA-ríkjanna varðandi fríverslun með fisk veitir okkur aukinn styrk við samningaborðið og eins hitt að við erum að tala um miklu fleira en eingöngu tolla á fiskafurðum. Við erum að tala um víðtæka samvinnu ríkja Vestur-Evrópu, og e.t.v. fyrr en varir allra ríkja Evrópu, um fjölmarga þætti daglegra samskipta einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og þjóða sem þessi ríki byggja.

Þriðji kosturinn og sá sem nú er í boði er að EFTA-ríkin semji sameiginlega við Evrópubandalagið um *sín mál. Eins og skýrsla mín um þær könnunarviðræður* sem fram hafa farið á undanförnum mánuðum ber með sér og ég mun skýra hér á eftir getum við með því samstarfi tryggt okkur þátttöku á sameiginlegum evrópskum markaði þar sem hömlum er lyft af viðskiptum með vörur, fjármagn, þjónustuviðskipti, og þar sem námsfólki okkar og launþegum verður tryggður réttur til náms og starfs á jafnréttisgrundvelli með öðrum ríkisborgurum aðildarríkja á evrópsku efnahagssvæði sem mundi ná til 18 ríkja Vestur-Evrópu og á síðari stigum jafnvel til allrar Evrópu.

Með Oslóaryfirlýsingunni, sem gefin var út að

loknum leiðtogafundi EFTA í Osló 15. mars sl., var brotið blað í þróun samskipta EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Fyrir þann tíma, eða frá árinu 1984, í samræmi við svokallaða Lúxemborgaryfirlýsingu, hafði verið unnið að afmörkuðum þáttum í myndun svokallaðs evrópsk efnahagssvæðis með starfi vinnuhópa sérfræðinga á ákveðnum sviðum sem bæði EFTA-ríkin og Evrópubandalagið komu sér saman um. Þessum hópum hefur fjölgað á liðnum árum og skipta þeir nú nokkrum tugum, u.þ.b. 30. Störf þessara hópa hafa gengið misjafnlega. Sum hafa gengið allvel, svo sem á sviði tollmeðferðar og vísindasamstarfs og nú síðast menntamála, en hjá öðrum hefur vinnan gengið hægar og má nefna um það fjölmörg dæmi.

Á síðari hluta árs í fyrra var það mat margra sem unnu að þessum svokallaða Lúxemborgarferli að það gengi ekki nægilega hratt fyrir sig þegar litið væri til þróunar innri markaðar Evrópubandalagsins. Til þess að bæta úr þyrfti að endurskoða samstarfsgrundvöllinn og víkka hann. Jafnframt þyrfti að tryggja EFTA-ríkjunum meiri þátttöku í mótun og ákvörðun verkefna og framkvæmd þeirra á grundvelli gagnkvæmra réttinda og skyldna. Þetta varð til þess að Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, bauð til leiðtogafundarins í Osló í mars sl. Áður en af þessum fundi varð hélt forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Jacques Delors, ræðu í Evrópuþinginu í Strasbourg í janúar á þessu ári þar sem hann hvatti EFTA-ríkin til þess að sýna raunverulegan vilja til nánara samstarfs við Evrópubandalagið sem einn aðili og lagði til að athugaðir yrðu ítarlega ýmsir þætti samvinnu EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins, þar með talið réttarreglur og stofnanir sem leitt gætu af nánara samstarfi. Þetta var, eins og kunnugt er, gert með yfirlýsingu leiðtogafundarins í Osló 15. mars, en í þeirri yfirlýsingu segir m.a. með leyfi forseta:

„Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með Evrópubandalaginu aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.

Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og Evrópubandalagsins sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.

Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu og fjármagni og tryggi atvinnu- og búseturéttindi fólks með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Við útilokum engan valkost í framtíðarviðræðum okkar við Evrópubandalagið."

Þetta eru nokkur lykilatriði úr svörum þjóðarleiðtoga EFTA við þeim hugmyndum sem Delors hafði lýst og það má segja að Oslóaryfirlýsingin sem slík, eins og hún var samþykkt af þjóðarleiðtogum EFTA, einróma, hafi verið grundvöllur þessara viðræðna.

Eftir fund utanríkisráðherra EFTA og EB 20. mars sl. var ákveðið að koma á sameiginlegri stjórnarnefnd háttsettra embættismanna EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Þessi stjórnarnefnd, sem gekk undir nafninu „High Level Steering Group", kom á fót fimm vinnuhópum til að sinna þessu verkefni. Ákveðið var að fyrsti áfangi í viðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins hæfist 28. apríl og honum yrði lokið 20. okt.

Á þessum sex mánaða ferli skyldi kannað hvort EFTA-ríkin í sameiningu gætu fundið með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins á grundvelli þeirra reglna sem Evrópubandalagið hefur þegar sett nægilega sameiginlega afstöðu til að efna mætti til samningaviðræðna um framkvæmd hins fjóreina frelsis varðandi vörur, fjármagn, þjónustu og réttindi fólks, auk jaðarmálefna sem taka til annarra þátta er varða viðskiptalegan samruna og um réttarreglur og stofnanir til þess að tryggja framkvæmd slíkra samninga.

Til þess að takast á við þá vinnu sem fram undan var var ráðuneytisstjóri íslenska utanrrn., Hannes Hafstein, skipaður fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni og hefur hann verið talsmaður EFTA-ríkjanna þar frá 1. júlí er Ísland tók við formennsku í EFTA. Vinnuhópunum var síðan deilt niður á ráðuneyti í samræmi við eðli verkefna og verksvið ráðuneyta. Sendiherrar Íslands í Brussel og Genf tóku að sér að vera talsmenn Íslands út á við en samræmingunni hér heima var skipt með eftirfarandi hætti:

Ráðuneytisstjóri fjmrn. tók að sér samræmingu á störfum vinnuhópsins um óhindruð vöruviðskipti, ráðuneytisstjóri viðskrn. um óhindruð þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar, ráðuneytisstjóri í félmrn. og Ólafur Walther Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, höfðu á hendi verkstjórn um atvinnu- og búseturétt. Skrifstofustjóri í menntmrn., Sólrún Jensdóttir, og Greta Gunnarsdóttir, sendiráðsritari í utanrrn., verkstýrðu starfinu um jaðarmálefni. Yfirumsjón með réttarreglum og stofnanalegum atriðum hafði Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanrrn.

Jafnframt var komið á samstarfsnefnd stjórnvalda og hagsmunaaðila sem ég vék að í upphafi þar sem fulltrúar ráðuneytisins gerðu hagsmunasamtökum grein fyrir gangi mála með reglubundnum hætti.

Hvað er svo í aðalatriðum að segja um niðurstöður og starf þessara hópa? Það er ástæðulaust að rekja alla þætti, enda er það gert ítarlega í þeirri skýrslu sem fram hefur verið lögð en ástæða til að rifja upp nokkur meginatriði. Áður en ég geri það er ástæða til þess að árétta þrennt:

1. Sú vinna sem unnin hefur verið við upplýsingaöflun um lög og reglur EFTA-ríkjanna og úrvinnsla

þeirra miðast við það að EFTA-ríkin tali einni röddu í samtölum við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

2. Upplýsingaöflun hópanna hefur byggst á að kanna möguleikana á hvort EFTA-ríkin sem ein heild geti aðlagað sig að þeim reglum sem þegar hafa verið settar innan Evrópubandalagsins á þessu takmarkaða samningssviði.

3. Kannaðar hafa verið leiðir til að tryggja lagalegan grundvöll fyrir samstarfinu og raunverulegt jafnræði aðila við mótun og töku ákvarðana eftir að grunnsamningur hefði verið gerður.

Um einstaka hópa er annars þetta helst að segja. Þá vík ég fyrst að starfshópi I, um óhindruð vöruviðskipti. Innan þess starfshóps var einkum rætt um vörusvið samnings og form. Vörusvið núgildandi samninga sem EFTA-ríkin gerðu tvíhliða við Evrópubandalagið á árunum 1972–1973 ná einkum til iðnaðarvara. En samningunum fylgja sérstakar bókanir um mismunandi vörusvið sem sum varða sérhagsmuni einstakra þjóða. Bókun nr. 2 fjallar þannig um unnar landbúnaðarafurðir og er að finna í öllum fríverslunarsamningunum þótt mismunandi vörulistar séu í hverjum samningi. Bókun nr. 6, sem aðeins er til í fríverslunarsamningi Íslands við Evrópubandalagið, fjallar um fríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir við innflutning til Evrópubandalagsins. Þessi bókun tók, eins og kunnugt er, gildi eftir lausn landhelgisdeilu Íslendinga við Breta 1. júlí 1976.

EFTA-ríkin vilja að komið verði á sams konar fríverslun með fiskafurðir milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins og tekur gildi milli EFTA-ríkjanna innbyrðis á næsta ári. Jafnframt hefur komið fram að fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins vísa til núverandi fiskimálastefnu bandalagsins, Common Fisheries Policy, þar sem gert er ráð fyrir því að fyrir tollfríðindi fyrir sjávarafurðir inn á innri markað bandalagsins fái bandalagið fiskveiðiheimildir. Þetta er, eins og við höfum bent á, óaðgengilegt fyrir okkur með hliðsjón af þjóðarhagsmunum. Bæði í þessum viðræðum og viðræðum sem farið hafa fram á tvíhliða grundvelli við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og einstaka ráðherra, forsætisráðherra, utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra aðildarríkja, höfum við bent á að við séum ekki að krefjast þess að bandalagið hverfi frá fiskveiðistefnu sinni heldur hitt, að það taki tillit til hagsmuna okkar í þessu sambandi og veki ekki máls á slíkum tengslum. Það er ljóst að við eigum góða stuðningsmenn meðal ráðherra ýmissa bandalagsríkja en framkvæmdastjórn þess er hins vegar enn óhagganleg og lýsir því einfaldlega yfir að hún hafi ekki umboð til samninga út fyrir ramma hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu.

Varðandi vörusvið samningsins hefur auk fisks og fiskafurða og iðnaðarvara verið rætt um að samningur gæti náð til fleiri landbúnaðarafurða sem framleiddar eru í suðurhluta Evrópubandalagsins. Einkum er hér um að ræða ávexti en þeir eru nú þegar fluttir inn til Íslands tollfrjálst.

Hvað varðar form samningsins er annars vegar rætt um útvíkkun núgildandi fríverslunarsamnings eða hins vegar tollabandalag. Hér eru settir fram tveir kostir. Því er yfirlýst að ekki verði tekin endanleg afstaða til þessara leiða á næstunni enda verði ýmislegt að kanna betur, sérstaklega varðandi hugmyndina um tollabandalag. Í því sambandi má t.d. nefna að þótt hún gæti á margan hátt orðið auðveldari leið kæmi hitt á móti að ekki er gert ráð fyrir fullkomnu tollabandalagi þar sem a.m.k. landbúnaðurinn yrði utan við slíkt tollabandalag og því yrði ekki unnt að afnema eftirlit á landamærum.

Þótt ýmsar takmarkanir séu enn við lýði á sviði þjónustu- og fjármagnsviðskipta er nú markvisst unnið að því að afnema þær í EFTA-ríkjunum og Evrópubandalaginu. Í þessum fyrsta áfanga settu EFTA-ríkin ýmsa fyrirvara, einkum varðandi eignarhlutdeild erlendra aðila í fasteignum og bönkum. Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á að helsti fyrirvari okkar sé varðandi fjárfestingar erlendra aðila í náttúruauðlindum okkar sem tengjast útgerð, fiskvinnslu og orku og er sá fyrirvari ótímabundinn. Þó er rétt af hafa í huga að skv. 11. gr. laga nr. 39 1922 geta erlendir aðilar átt allt að 49% af hlutafé í útgerðarfyrirtækjum. Við leyfum nú ekki starfsemi erlendra banka eða eignaraðild að íslenskum bönkum. Undantekning var þó gerð í tengslum við stofnun Útvegsbanka Íslands hf., þar sem heimilt er að selja erlendum aðilum allt að 25% hlutabréfa í bankanum.

Lagt var fram á Alþingi í fyrra frv. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnustarfsemi hér á landi sem kæmi í stað dreifðra ákvæða um þetta atriði. Við erum þó ekki eins fjarri félögum okkar í EFTA hvað þessi mál varðar og búist hafði verið við. En til að auðvelda óhindruð þjónustu- og fjármagnsviðskipti þarf eflaust að kanna ítarlega framkvæmd íslenskrar löggjafar um gjaldeyris- og innflutningsmál og athuga hvort fyrsta skref í frjálsræðisátt gæti ferið frílisti á þessu sviði, hliðstætt því sem gert var varðandi vörur árið 1960.

Varðandi flutningastarfsemi bæði á sjó og í lofti þarf að fylgjast náið með þróun mála innan Evrópubandalagsins, sérstaklega hvað varðar flutninga á sjó milli ríkja Evrópubandalagsins og heimildir flugfélaga til flugs með farþega og frakt frá einum stað til annars innan alls svæðisins.

Önnur atriði sem rædd hafa verið og kynnt og eru ítarleg í skýrslunni eru vátryggingarstarfsemi, fjarskiptaþjónusta, gagnabrunnar og verðbréfaviðskipti. Varðandi þessi atriði vísa ég til skýrslunnar en vil þó benda á mikilvægi þessara atriða í viðskiptalífi okkar Íslendinga.

Útflutningstekjur okkar af þjónustu árið 1988 námu samtals 23,6 milljörðum kr. eða 27,7% af heildargjaldeyristekjum það ár. Þar af námu tekjur af samgöngum og ferðamannaþjónustu 58,2%, tekjur af varnarliðinu 21,7% og tekjur af öðru 20,1%. Á sama ári greiddu Íslendingar til útlanda fyrir þjónustu samtals 32,5 milljarða kr. eða sem nam 34% af gjaldeyrisútgjöldum. Þar af var greitt fyrir ferðaþjón-

ustu og samgöngur 57,5%, vextir af erlendum skuldum námu 28% og annað nam 14,4%. Þjóðarbúinu er sýnilega nauðsyn á auknum útflutningi þjónustu og það þarf að auka fjármagnstekjur og tekjur af fjármálaþjónustu erlendis frá til þess að jafnvægi verði náð.

Þriðji starfshópurinn fjallaði um atvinnu- og búseturétt einstaklinga og fjölskyldna á öllu svæðinu. Það fyrsta sem segja ber er að atvinnu- og búseturéttur tengist öllum öðrum sviðum sem samið verður um vegna þátttöku í hinum innri markaði. En í hverju felst atvinnu- og búseturéttur innan Evrópubandalagsins? Meginreglan sem gildir um rétt einstaklinga til atvinnu og búsetu í öðrum aðildarríkjum Evrópubandalagsins felst í því að einstaklingur sem hefur hug á því að starfa í öðru aðildarríki á rétt á því að fara inn í landið og leita sér þar að atvinnu í allt að þrjá mánuði. Hann á rétt á að eins sé farið með hans umsókn og ríkisborgara í því landi og fái hann vinnu skal hann njóta sömu launa og starfsskilyrða og ríkisborgarar þess lands þar sem hann starfar. Sama regla gildir um önnur félagsleg réttindi svo sem aðgang að stéttarfélögum og almannatryggingum. Tvær mjög mikilvægar undantekningar frá þessari meginreglu, um að ekki megi mismuna vegna þjóðernis, gilda þó innan Evrópubandalagsins. Önnur er sú að frjáls atvinnuréttur nær ekki til starfa á vegum hins opinbera. Hin undantekningin er sú að gera má kröfur um tungumálakunnáttu í tungumáli gistilandsins vegna eðlis starfsins. Sömu reglur gilda um sjálfstætt starfandi aðila. Þeim má ekki mismuna eftir þjóðerni.

Til þess að auðvelda raunverulegt atvinnufrelsi hefur jafnframt verið leitast við að samræma reglur um gagnkvæma viðurkenningu prófa og annarra starfsskilyrða innan Evrópubandalagsins. Innan Evrópubandalagsins á meginreglan um að ekki megi mismuna eftir ríkisfangi einnig við um aðgang að menntastofnunum sem undirbúa einstaklinga á einn eða annan hátt undir framkvæmd starfa. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópubandalagsins hafa því forgang t.d. að háskólum og öðrum menntastofnunum umfram erlenda ríkisborgara. Íslendingar hafa þegar orðið varir við að þeim er skipað á bekk með ríkjum utan bandalagsins. Í þeim tilfellum eru skólagjöld bæði hærri en gilda fyrir ríkisborgara aðildarríkja og jafnframt er einfaldlega ekki tryggður aðgangur að skólum, menntastofnunum. Aðgangur að menntastofnunum í aðildarríkjum Evrópubandalagsins er okkur hins vegar ómetanlegur svo þetta er eitt af þeim forgangsmálum sem við höfum á formennskutímabili okkar gert aðildarþjóðum Evrópubandalagsins og fulltrúum þess grein fyrir að við leggjum mikið kapp á að fá leyst.

Íbúar í ríkjum Evrópubandalagsins eru nú u.þ.b. 320 milljónir. Eins og töflur þær sem birtast í skýrslunni bera með sér eru erlendir ríkisborgarar í þessum ríkjum samtals 12,5 milljónir, þar af eru 5,5 milljónir ríkisborgarar frá öðrum aðildarríkjum Evrópubandalagsins. Fjöldi Evrópubandalagsborgara sem vinna til frambúðar í öðrum aðildarríkjum Evrópubandalagsins er hins vegar undir 2 milljónum.

Dönsk stjórnvöld láta vel af reynslu sinni af þátttöku í frjálsum vinnumarkaði innan Evrópubandalagsins. Aukning á búsetu ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópubandalagsins í Danmörku hefur orðið sáralítil eftir að Danir gerðust aðilar að bandalaginu.

Reynsla Íslendinga af þátttöku í hinum norræna vinnumarkaði hefur verið góð. Íslendingar hafa nýtt sér vel þá möguleika að geta starfað á Norðurlöndum. Ísland hefur fyrirvara við samninginn um norræna vinnumarkaðinn, en samkvæmt honum geta Íslendingar við sérstakar aðstæður áskilið atvinnuleyfi í því skyni að koma í veg fyrir röskun jafnvægis á vinnumarkaði. Hingað til hefur ekki verið nein þörf á að beita þessum fyrirvara.

Í viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið í sumar var tekið fram að í mögulegum samningum um þessi mál yrði Ísland að hafa fyrirvara til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna smæðar vinnumarkaðar. Hvað varðar sjálfstætt starfandi fólk og rétt til að hefja starfsemi yrði einnig að gera vissan fyrirvara í sambandi við nýtingu á þeim auðlindum sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á.

En hvað þýðir þátttaka Íslendinga í frjálsum vinnumarkaði á evrópska efnahagssvæðinu? Munu ríkisborgarar annarra ríkja svæðisins streyma til Íslands í atvinnuleit? Reynslan innan Evrópubandalagsins bendir ekki til þess. Hlutfallslega nýta íbúar Evrópubandalagsins sér hinn frjálsa vinnumarkað í mjög litlum mæli og þá helst hjá næstu nágrannalöndum sínum.

Við þurfum hins vegar að hafa í huga að þeim íslensku námsmönnum sem afla vilja sér menntunar í Vestur-Evrópu og öðrum Íslendingum sem þar vilja starfa þurfum við að skapa skilyrði til þess. Ef Ísland verður ekki aðili að frjálsum búsetu- og atvinnurétti innan átján ríkja bandalagsins þarf að hugleiða m.a. eftirfarandi: Vandræði geta skapast vegna námsmanna semm sækja mikið til þessara landa þar sem þessi þáttur er verulega tengdur hinum almennu reglum um frjálsan búseturétt. Vandamál geta skapast vegna atvinnu- og dvalarleyfa þeirra rúmlega 4000 Íslendinga sem búa nú þegar á evrópska samstarfssvæðinu þegar að því kemur að framlengja leyfi. Vonlítið verður fyrir þá Íslendinga að fá störf á hinu evrópska efnahagssvæði sem þangað vilja leita á komandi árum. Þetta þarf þó ekki nauðsynlega að eiga við Norðurlönd ef við getum treyst því að Norðurlandasamningurinn gildi áfram sem sérstakur samningur. Óvíst er hversu víðtæk önnur þátttaka Íslands innan hins evrópska efnahagssvæðis gæti orðið ef grundvallarreglan um frjálsan búsetu- og atvinnurétt verður ekki samþykkt, þó að sjálfsögðu með öllum réttlætanlegum fyrirvörum.

Reynsla Íslendinga fram til þessa hefur sýnt að tungumálið, fjarlægðin frá öðrum Evrópulöndum og loftslagið eru áhrifaríkari hömlur á verulega flutninga fólks frá Vestur-Evrópu hingað en ýmsar þær undanþægu reglur sem hér gilda í lögum.

Virðulegi forseti. Þá vík ég að starfi þess starfshóps sem fjallaði um svokölluð jaðarmálefni, þ.e. samstarfsverkefni sem eru utan hins eiginlega viðskiptasamruna. Þau eru ekki síður hluti af samstarfi innan hins evrópska efnahagssvæðis en önnur svið sem áður hefur verið vikið að. Hér ber nokkur samstarfsverkefni hæst að mínu mati, en þau varða þátttöku í samstarfi á sviði vísinda, rannsókna og tækniþróunar. Í annan stað samstarf á vettvangi umhverfisverndar og þátttökuréttur að því er varðar menntamál, aðgengi að menntastofnunum, starfsþjálfunarstofnunum og vísindastofnunum.

Samstarf EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið á sviði rannsókna og þróunar hófst með tvíhliða samningum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um aðild að SCIENCE-áætlun bandalagsins sem er ætlað að stuðla að samstarfi um menntun, rannsóknir og ráðstefnur vísindamanna á sviði náttúruvísinda og verkfræði. Þátttaka Íslands er enn ekki hafin í verki þar sem undirritun á rammasamningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um vísinda- og tæknisamstarf gat ekki farið fram fyrr en í lok október vegna tafa af völdum lagabreytinga innan Evrópubandalagsins. Aðrar rannsóknaráætlanir innan Evrópubandalagsins eru enn lokaðar EFTA-ríkjunum en gert er ráð fyrir því að þær opnist smám saman.

Meginviðfangsefni fram undan í umhverfismálum er umhverfisverndarstofnun Evrópu sem er í undirbúningi á vegum Evrópubandalagsins, verður væntanlega stofnuð í febrúarmánuði á næsta ári. EFTA-ríkin hafa öll lýst yfir áhuga á aðild að stofnuninni á jafnréttisgrundvelli. Hlutverk hennar verður aðallega að sjá aðildarríkjum fyrir upplýsingum um ástand umhverfisins til þess að auðvelda þeim stefnumörkun í umhverfismálum. Stofnuninni er ætlað að tryggja samræmingu upplýsinga um umhverfismál innan Evrópubandalagsins og að tryggja að þær séu sambærilegar. Jafnframt að örva þróun og nýtingu tækni til að geta spáð fyrir um ástand umhverfis svo hægt verði að hefja fyrirbyggjandi aðgerðir í tæka tíð. Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um stofnunina er gert ráð fyrir þátttöku ríkja sem standa utan bandalagsins. Ljóst er orðið að EFTA-ríkin geta ekki fengið aðild að stofnuninni þegar frá upphafi en búist er við að þeim verði boðin þátttaka fljótlega eftir að Evrópuráðið tekur formlega ákvörðun í málinu, þ.e. ráðherraráðið, ekki framkvæmdastjórnin.

Umhverfismál eru alþjóðlegs eðlis svo sem mengun hafs, loftlagsbreytingar, eyðing ósonlagsins o.fl. Því er það ljóst að við höfum vissulega mikilla hagsmuna að gæta af samstarfi við helstu grannþjóðir okkar á þessu sviði. Með þátttöku okkar í stofnuninni fáum við aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem við getum notað við stefnumörkun hér á landi. Íslenskar stofnanir sem sinna umhverfismálum gætu orðið hluti af því upplýsingakerfi sem miðlaði upplýsingum til stofnunarinnar og tæki við þeim. Verði af þátttöku Íslands er mikilvægt að reyna að hafa áhrif á hvaða málaflokkar fái forgang og hafa í huga að stofnunin fari ekki að vinna að sömu verkefnum og þegar er verið að vinna að hjá öðrum alþjóðastofnunum.

Verði um frekara samstarf að ræða við Evrópubandalagið á sviði umhverfismála verður að tryggja að EFTA-ríkin, sem yfirleitt gera strangari kröfur um umhverfisvernd en Evrópubandalagið, geti haldið þeim kröfum.

Evrópubandalagið stefnir ekki eingöngu að samræmingu á menntunarkröfum, heldur einnig að fjölbreyttu samstarfi milli aðildarríkja á sviði menntamála. Í könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins kom fram að samstarfið nú innan Evrópubandalagsins varðar aðallega menntun á háskólastigi, tungumálakennslu, tengsl skóla og atvinnulífs, sköpun jafnra tækifæra fyrir stúlkur og drengi, nýtingu hátækni, vandamál sem blasa við, svo sem eins og ólæsi, námsvandamál og menntun barna innflytjenda.

Ísland á misjafnlega mikla samleið með Evrópubandalaginu um þessi atriði sem talin voru upp. En við höfum ótvírætt hag af samstarfi við Evrópubandalagið um menntun á háskólastigi og á öðrum sviðum höfum við væntanlega nokkuð til málanna að leggja og getum þar jafnvel miðlað öðrum af þekkingu og reynslu.

Umræður um hugsanlega aðild EFTA-ríkjanna að samstarfi Evrópubandalagsins á sviði menntamála hafa staðið frá því á árinu 1987. Fyrsta áætlunin á því sviði sem Evrópubandalagið hefur samþykkt að EFTA-ríkin fái aðild að er svokölluð COMETT II áætlun sem miðar að því að örva tækniþróun með samstarfsverkefnum á milli háskóla og fyrirtækja. Áætlunin er um að háskólar og fyrirtæki í hinum ýmsu ríkjum myndi nokkurs konar samstarfsnet og að stuðlað verði að nemendaskiptum og skiptum á sérfræðingum og starfsmönnum sem þegar eru komnir út á vinnumarkaðinn. Jafnframt er ætlunin að stuðla að auknu framboði á menntuðu vinnuafli. Búist er við að unnt verði að fullgilda samninga milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um þátttöku þeirra í þessu verkefni snemma á næsta ári.

Annað samstarfsverkefni innan Evrópubandalagsins, sem EFTA-ríkin hafa lýst áhuga á að taka þátt í, er svokölluð ERASMUS-áætlun og er búist við að viðræður um aðild að henni geti hafist á næsta ári, vonandi í febrúar. Tilgangurinn með ERASMUS er að koma á samstarfi milli háskóla aðildarríkjanna, annars vegar með skiptum á nemendum og kennurum og hins vegar með sameiginlegum menntunarverkefnum.

Loks hafa EFTA-ríkin lýst yfir áhuga sínum á að gerast aðilar að samstarfi Evrópubandalagsins um gagnkvæma viðurkenningu prófa og starfsþjálfunar.

Það verður að teljast sérstaklega mikilvægt fyrir okkur að eiga hér eftir sem hingað til greiðan aðgang að menntastofnunum í aðildarríkjum Evrópubandalagsins og eiga þar af leiðandi áframhaldandi kost á fjölbreyttari menntun og menntun sem ekki er boðið upp á hér á landi. Samstarf við Evrópubandalagið á

þessu sviði getur komið í veg fyrir að aðgangur íslenskra námsmanna að skólum innan Evrópubandalagsins verði takmarkaður.

Virðulegi forseti. Þá kem ég að því að gera grein fyrir starfi og sameiginlegum niðurstöðum nefndar sem fjallaði um lagalegar og stofnanalegar breytingar sem gera þarf til þess að tryggja framkvæmd væntanlegs samnings milli EFTA- og Evrópubandalagsríkjanna, framkvæmd samningsins, eftirlit með framkvæmd hans, samræmda túlkun samningsins og með hvaða hætti réttur einstaklinga og lögaðila verði tryggður til þess að fá lausn deilumála sem og með hvaða hætti verði tryggt jafnvægi í réttindum og skyldum beggja aðila þegar kemur að sameiginlegri ákvarðanatöku um stjórnun innan bandalagsins eftir að heildarsamningurinn hefur verið gerður sem væntanlega mun ná yfir meginsamstarfsverkefnin, þ.e. um hið fjóreina frelsi, samstarfsverkefnin sjálf, og í grundvallaratriðum um þær stofnanir og lagareglur sem þetta felur í sér.

Þetta er verkefni sem að mörgu leyti er nýtt og framandi viðfangsefni. Þótt grundvöllur þeirra, þ.e. þessara lagalegu mála, sé tiltölulega einfaldur virðast málin flókin af því að nálgast þarf málið frá öðru sjónarhorni en við eigum kannski að venjast. Fríverslunarsamningar þeir sem EFTA-ríkin hafa gert við Evrópubandalagið höfðu að markmiði að greiða fyrir viðskiptum með iðnaðarvörur. Aðferðin var öðru fremur að lækka eða afnema tolla á gagnkvæman máta milli samningsaðila. Hugmyndin um sameiginlegt efnahagssvæði er af öðrum toga spunnin og gengur mun lengra. Þess vegna hefur hún í för með sér viðfangsefni sem eru annarrar gerðar. Sameiginlegt efnahagssvæði ber með sér að atvinnurekstur og viðskiptastarfsemi innan svæðisins þurfa að búa við sömu viðskiptaleg skilyrði innan svæðisins alls. Grundvöllur þess að sömu skilyrði gildi fyrir allan atvinnurekstur og viðskiptastarfsemi er að þær reglur sem starfað er eftir séu sambærilegar innan alls svæðisins. Okkur þykir sjálfsagt að sömu reglur gildi um atvinnu- og viðskiptastarfsemi innan sama ríkis og á sama hátt er sjálfsagt að sömu reglur gildi um þau mál innan sameiginlegs efnahagssvæðis.

Sl. 30 ár hafa aðildarríki Evrópubandalagsins unnið að því að samræma lög og reglur á sviði vöru- og þjónustuviðskipta, fjármagnsflutninga, atvinnu- og búseturéttar og varðandi önnur þau atriði sem Rómarsamningurinn, sem er þeirra samstarfssamningur, nær til. Það er því eðlilegt að þær reglur sem þegar eru í gildi innan Evrópubandalagsins á þeim sviðum sem samið verður um verði lagðar til grundvallar þegar samningaviðræður hefjast um samstarf EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins á evrópska efnahagssvæðinu. Þær reglur sem samið verður um að gilda eigi á evrópska efnahagssvæðinu verða væntanlega settar í einn heildarsamning.

Taka þarf sameiginlegar ákvarðanir um þær reglur sem kunna að verða settar í framtíðinni á þessu evrópska efnahagssvæði. Evrópubandalagið og EFTA-ríkin hafa hins vegar ítrekað lagt áherslu á að sameiginleg ákvarðanataka innan svæðisins alls megi ekki hafa áhrif á forræði hvors aðila til eigin ákvarðanatöku. Í þessu felst að hvorki Evrópubandalagið né EFTA-ríkin hafa áhuga á að stofnuð verði yfirþjóðleg löggjafarstofnun fyrir hið nýja sameiginlega evrópska efnahagssvæði. Þess ber hins vegar að gæta að ákvarðanir sem teknar verða innan Evrópubandalagsins og í EFTA-ríkjunum og snerta samstarf beggja á evrópska efnahagssvæðinu varða hagsmuni allra aðildarríkja. Það verður því að vera samvinna á milli EFTA-ríkjanna og bandalagsins á meðan á mótun ákvarðana stendur. Þannig getur t.d. verið gagnkvæmt samráð frá því að tillaga kemur fram, annaðhvort innan EB eða frá einhverju EFTA-ríkjanna, alveg þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin. Þrátt fyrir gagnkvæmt samstarf Evrópubandalags og EFTA-ríkja um undirbúning þeirra reglna sem settar eru innan Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna er ljóst að á evrópska efnahagssvæðinu þarf að vera sameiginleg stofnun þar sem allir aðilar hafa frumkvæðisrétt og þar sem starfað er á jafnréttisgrundvelli. Þar yrðu teknar ákvarðanir sem gilda ættu fyrir allt svæðið. Formlega lögbindingu slíkra ákvarðana í aðildarríkjum EFTA og innan EB þyrfti að gera eftir að ákvörðun hefur verið tekin í sameiginlegri stjórnarstofnun svæðisins.

Eitt þeirra atriða sem rædd hafa verið á milli Evrópubandalags og EFTA-ríkjanna eru svokölluð bein réttaráhrif. Þá er átt við rétt einstaklinga og lögaðila til að leita réttar síns fyrir dómstólum samkvæmt þeim reglum sem gilda á öllu svæðinu og eru samræmdar reglur. Innan Evrópubandalagsins geta einstaklingar farið með mál fyrir dómstóla í aðildarríkjum og krafist þess réttar sem þeir telja sig eiga samkvæmt EB-reglum. Evrópubandalagið telur að einstaklingur verði að geta leitað réttar síns á sama hátt í öllum aðildarríkjum hins evrópska efnahagssvæðis. Í sumum EFTA-ríkjum, þar á meðal á Íslandi, hafa þjóðréttarsamningar almennt ekki verið lögfestir þó að dæmi séu um að slíkt hafi verið gert. Íslenskir dómarar dæma einungis eftir landslögum og því hafa einstaklingar ekki getað byggt rétt sinn á þjóðréttarsamningum eins og t.d. fríverslunarsamningnum við Evrópubandalagið þar sem hann hefur ekki verið lögfestur. Evrópska efnahagssvæðið mun væntanlega ná til mun fleiri sviða sem snerta einstaklinginn beint, eins og t.d. reglur sem verða settar um atvinnu- og búseturétt. Verður því að telja að lögfesting þeirra reglna sem gilda munu á evrópska efnahagssvæðinu feli í sér verulega réttarbót, auk þess sem réttur einstaklinga innan aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna yrði samræmdur.

Annað atriði sem rétt er að nefna í þessu sambandi er forgangur þeirra reglna sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu. Á einhvern hátt verður að tryggja að einstök aðildarríki setji ekki ný lög sem ganga þvert á þær reglur sem samið hefur verið um að gildi á afmörkuðum sviðum yfir svæðið allt. Innan Evrópubandalagsins er það almennt viðurkennd regla að Evrópubandalagsreglur hafi forgang umfram lands-

lög aðildarríkja ef þetta tvennt stangast á. Landslög aðildarríkja víkja því ef þau brjóta í bága við reglur sem gilda um svæðið allt.

EFTA-ríkin hafa viljað líta á þennan vanda fyrst og fremst sem spurningu um túlkun reglna fyrir evrópska efnahagssvæðið og því eigi að vísa ágreiningi um að ný lög stangist hugsanlega á til sérstaks dómstóls. Það væri ekki óeðlilegt að hlíta úrskurði dómstóls um slíka árekstra þar sem að öðrum kosti yrði grundvellinum kippt undan samningum um sameiginlegar reglur á öllu svæðinu. Á hinn bóginn þarf að kanna betur en unnt hefur verið að gera hingað til leiðir til að ná slíku markmiði án þess að til stjórnarskrárbreytinga þurfi að koma.

Þar sem ég hef þegar minnst á sérstakan dómstól er rétt að geta þess að í könnunarviðræðunum var það álit bæði fulltrúa Evrópubandalags og EFTA-ríkja að vænlegast væri að úrlausn deilumála og túlkun á samræmdum reglum fengi dómsmeðferð og hún væri á einni hendi. Þetta þýðir að æskilegast þykir að stofna einn dómstól fyrir allt svæðið. Fulltrúar Evrópubandalagsins lögðu áherslu á að dómstóll Evrópubandalagsins hefði sannað gildi sitt og sjálfstæði. Töldu þeir mjög mikilvægt að sú reynsla og þekking sem þar væri fyrir hendi nýttist sem best og að hinn nýi dómstóll yrði starfræktur í samvinnu við dómstól Evrópubandalagsins.

Ekki var farið út í neinar umræður um hvernig dómstóllinn yrði samsettur. Hins vegar var talið rétt að hann fjallaði bæði um deilumál ríkja og samræmda túlkun á reglum á öllu svæðinu. Mál sem einstaklingar höfða og varða túlkun á reglum á hinu evrópska efnahagssvæði fari hins vegar fyrir dómstóla í aðildarríkjum. Þar sem sömu reglur yrðu túlkaðar af fjölda dómstóla verður hins vegar að vera til staðar einn aðili sem sjái um samræmingu á þeirri túlkun. Kerfi það sem notað hefur verið innan Evrópubandalagsins hefur gefist vel en þar geta dómstólar leitað eftir bráðabirgðaúrskurði eða ráðgjöf hjá dómstól bandalagsins varðandi öll mál sem snerta túlkun Evrópubandalagsreglna. Dómstóllinn hefur talið að dómstólar í aðildarríkjunum séu bundnir af því að fara eftir þessum úrskurðum. EFTA-ríkin töldu það kerfi sem notað er innan Evrópubandalagsins til að samræma túlkun á EB-reglum í öllum aðildarríkjum út af fyrir sig vænlegan kost til að nota innan evrópska efnahagssvæðisins en af okkar hálfu var hins vegar bent á að bindandi gildi slíkra úrskurða væri viðkvæmt mál sem gæti varðað stjórnarskrár EFTA-ríkjanna og leita þyrfti e.t.v. annarrar lausnar á.

Í könnunarviðræðum kom fram að nauðsynlegt væri að sett yrði upp sjálfstætt eftirlit með því að settum reglum verði framfylgt innan aðildarríkjanna á svæðinu. Þannig þyrfti t.d. einhver að hafa eftirlit með því að aðildarríkin framfylgdu samkomulagi um að aðildarríkin settu öll, hvert um sig, samræmd lög um ákveðinn málaflokk. Eftirlit með því að samræmdum reglum sé fylgt beinist bæði að aðildarríkjunum og einnig að fyrirtækjum og einstaklingum. Það er ljóst að mikið af því eftirliti sem hér um ræðir getur farið fram innan lands. Umboðsmaður Alþingis er gott dæmi um eftirlitsstofnun hér á landi. Hugsanlegt er að nýta þær stofnanir sem fyrir eru eða setja á stofn nýja. Allt eftirlit sem snýr að einstaklingum og fyrirtækjum verður að fara fram í samráði við stjórnvöld í viðkomandi landi. Það er hins vegar eðlilegt að sjálfstæð stofnun aðildarríkja fari með eftirlit með ríkjunum sjálfum. Þannig gæti slík stofnun bent á það sem hún telur miður hafa farið og leitað samkomulags um úrbætur. Rísi hins vegar ágreiningur um hvort rétt er að farið gæti eftirlitsstofnun farið með málið fyrir dómstól evrópska efnahagssvæðisins.

Ein leið sem rædd hefur verið varðandi uppbyggingu á sjálfstæðu eftirlitskerfi er að hægt væri að hafa tvær eftirlitsstoðir, annars vegar á vegum EFTA og hins vegar á vegum Evrópubandalagsins. Sérstök eftirlitsstofnun EFTA færi þá með eftirlitið innan EFTA-ríkjanna ásamt eftirlitsstofnunum í aðildarríkjum EFTA sjálfum. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins fer hins vegar með eftirlit innan Evrópubandalagsins ásamt þarlendum stjórnvöldum eins og tíðkast í dag. Síðan yrði byggð eins konar brú á milli þessara tveggja stoða sem væri í formi sameiginlegrar nefndar eða stofnunar. Sameiginlega stofnunin mundi sjá um samræmingu og eftirlit innan bæði Evrópubandalags og EFTA. Mismunandi leiðir varðandi uppbyggingu á sérstöku eftirlitskerfi eru hins vegar samningaatriði.

Virðulegi forseti. Að því er varðar laga- og stofnanalega þætti þessa máls vil ég að lokum leggja áherslu á eftirfarandi:

Ef vilji er fyrir hendi um að ganga til samninga um sameiginlegar reglur um frelsi á hinu fjóreina sviði og um jaðarmálin verður eflaust unnt að finna lausnir varðandi lagareglur og stofnanir. Stefnt er að því að finna einfaldar lausnir sem skerða ekki sjálfsákvörðunarrétt þjóða en þær hugmyndir um lausnir sem ég hef þegar nefnt eru taldar skapa góðan grundvöll fyrir niðurstöður sem báðir aðilar geti sætt sig við. Margir þeir laga- og stofnanalegu þættir sem hér koma við sögu eru vandmeðfarnir út frá sjónarmiðum lögfræði og þjóðaréttar. Það má hins vegar ekki gleymast að það samstarf sem hér um ræðir er samstarf margra sjálfstæðra þjóða sem kallar á kerfi sem tryggja á jafnræði þjóðanna og samræmda framkvæmd þeirra samningsskuldbindinga sem þær hafa tekið á sig. Í alþjóðasamstarfi tryggir slíkt kerfi ekki síst hag og rétt smáþjóðar eins og okkar.

Virðulegi forseti. Að fenginni skýrslu, sameiginlegri skýrslu, stjórnarnefndar þessara könnunarviðræðna, sem skipuð var fulltrúum beggja aðila, EFTA og EB, í lok október sl. voru þessi mál tekin til skoðunar og umræðu af hálfu utanríkis- og utanríkisviðskiptaráðherra EFTA í Genf 27. okt. sl. Það var fyrsta umræðan þar sem málið lá fyrir í heild sinni og þótt ekki væri birt sameiginleg yfirlýsing þess fundar, enda var hann óformlegur, var mér falið sem formanni ráðherraráðsins að draga saman niðurstöður fundarins og kynna þær sem sameiginlegar niður-

stöður fulltrúum Evrópubandalagsins sem ég hef gert í viðræðum við bæði fulltrúa framkvæmdastjórnar og einstakra ríkisstjórna Evrópubandalagslandanna. Eftir þennan fund hafa síðan verið gefnar skýrslur í þjóðþingum EFTA-landanna um málið í heild sinni, stöðu þessara könnunarviðræðna, þar sem mat er lagt á það starf sem hingað til hefur verið innt af höndum og þann árangur sem hefur náðst.

Í þessum sameiginlegu niðurstöðum, eftir hinn óformlega ráðherrafund í Genf, var staldrað við ein fimmtán atriði. Þau eru þessi:

1. Við ætlum okkur sameiginlega að standa fast við markmið og skuldbindingar leiðtogafundarins í Osló frá því í mars.

2. Það er sameiginlegt pólitískt mat okkar á niðurstöðum stjórnarnefndarinnar að þær séu vissulega jákvæðar. Við erum sammála um að nægjanlegur sameiginlegur grundvöllur til samningsgerðar sé fyrir hendi og erum einhuga um að halda áfram af fullum krafti.

3. Við vonumst til að sameiginlegur ráðherrafundur EFTA-ríkja og Evrópubandalags, sem haldinn verður þann 19. des., lýsi yfir skýrum pólitískum vilja um að undirbúningsviðræður um víðtækan samning um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði geti hafist sem fyrst og í framhaldi af þeim samningaviðræðurnar sjálfar snemma á árinu 1990.

4. EFTA-ríkin munu hér eftir sem hingað til halda áfram að tala einum rómi í þessum viðræðum.

5. Við leggjum áherslu á að samningur eigi að tryggja jafnvægi milli réttinda og skyldna og vera byggður á þeirri forsendu að allir aðilar að evrópska efnahagssvæðinu skuli vera jafnréttháir.

6. Við erum sammála um að markmiðið í efnislegum þáttum samnings, heildarsamnings, um hið evrópska efnahagssvæði eigi að vera að ná fyllsta mögulega árangri varðandi óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi einstaklinga ásamt nánari samvinnu á ýmsum sviðum sem tengjast slíku samstarfi, m.a. varðandi menntamál, rannsóknir, þróun og umhverfismál.

7. Til þess að ná þessum markmiðum vorum við sammála um að fella ætti viðeigandi reglur Evrópubandalagsins, sem þegar hefðu verið mótaðar og sem aðilar mundu skilgreina sameiginlega, inn í hinn væntanlega heildarsamning á einn eða annan hátt sem sameiginlegan lagagrundvöll fyrir áformað evrópskt efnahagssvæði. EFTA-ríkin mundu hefja starf að þessari skilgreiningu eins fljótt og auðið væri.

8. Við vísuðum til þeirrar athugunar sem stjórnarnefndin og vinnuhópar hennar höfðu gert og lögðum áherslu á að undantekningar sem réttlættust af grundvallarhagsmunum þjóða yrðu samningamál.

9. Að því er varðar hindrunarlaus vöruviðskipti töldum við ekki tímabært að taka endanlega ákvörðun um það hvort stefnt skyldi að tollabandalagi eða fríverslunarsvæði sem væri endurbætt í grundvallaratriðum. Báðir kostir eru því áfram til athugunar og sá möguleiki hafður í huga að þetta samstarfssvið geti haldið áfram að þróast.

10. Við lögðum áherslu á að efnislegt umfang samnings væri nátengt þeim lausnum sem fundnar yrðu á lagalegum og stofnanalegum þáttum hans.

11. Við lögðum áherslu á að sameiginlegt kerfi í reynd við töku ákvarðana, bæði varðandi efni og form, væri grundvallarforsenda fyrir því að samningur væri viðunandi frá pólitísku sjónarmiði.

12. Ýmsar leiðir voru kannaðar varðandi mótun ákvarðana og töku ákvarðana um reglur sem settar verða eftir að heildarsamningur hefur komist á, þar á meðal svonefnt tveggja stoða kerfi EFTA og EB með sameiginlegum stofnunum fyrir hið sameinaða evrópska efnahagssvæði þar sem einnig væri gert ráð fyrir að halda mætti sameiginlega fundi með þátttöku aðildarríkja Evrópubandalagsins og EFTA.

13. EFTA mun halda áfram að starfa á grundvelli samhljóða ákvarðana.

14. Við vorum sammála um að styrkja EFTA sem stofnun.

15. Loks ítrekum við þá afstöðu okkar að þessi nýi Osló-Brussel-ferill mætti ekki draga úr áherslu okkar á að ná árangri við framkvæmd þeirra málefna sem falla undir Lúxemborgarferilinn þar til nýr samstarfsrammi hefði verið ákveðinn.

Virðulegi forseti. Þá er komið að lokum þessa máls míns. Sumir hafa varpað fram þeirri spurningu að undanförnu hvort við séum ekki að rasa um ráð fram, hvort við eigum ekki að bíða og sjá hvað setur. Við þeirri spurningu á ég aðeins eitt svar og það er þetta: Tækifærið er núna. Hvort það kemur aftur getur enginn verið viss um.

Við gerðumst aðilar að fríverslunarsamtökunum EFTA árið 1970 eftir tíu ára hik. Árið 1972 gerðum við fríverslunarsamning við Evrópubandalagið af því að við vorum þá komnir inn í EFTA. Þeir samningar buðust þá vegna þeirrar miklu bjartsýni og þess vaxtarskeiðs sem þá ríkti í Evrópu. Ári síðar var fyrri olíukreppan skollin á. Áður en vestrænar þjóðir höfðu jafnað sig á henni var síðari olíukreppan orðin staðreynd og því fór ekki að birta til aftur í alþjóðaviðskiptum fyrr en undir miðjan þennan áratug. Undanfarin ár hafa verið blómlegt hagvaxtarskeið víðast hvar í Vestur-Evrópu. Ný Evrópa er nú í mótun. Hún býður möguleika á víðtækri samvinnu. Dyrnar að þátttöku standa okkur opnar, ekki þátttökuundantekningu á öllum sviðum heldur þátttöku þjóðar sem þorir að bera höfuðið hátt, þjóðar sem ekki krefst eingöngu réttinda heldur er líka reiðubúin að taka á sig skyldur í samstarfi frjálsra þjóða, þjóðar sem ekki kýs að byggja utan um sig múr, eins og þann sem nú er að bresta í miðri Evrópu, heldur þjóðar sem telur sig geta lagt sitt af mörkum til frjálsra samskipta þjóða Evrópu á komandi árum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. vék í upphafi máls síns að þeim tíðindum sem hingað bárust fyrr í dag

um það að Sovétmenn hefðu nú staðfest síldarsölusamningana. Það er sannarlega fagnaðarefni að það skuli hafa gerst, en í tilefni af ummælum hæstv. ráðherra er þó óhjákvæmilegt að rifja það upp að á staðfestingu þessa samkomulags hefur orðið óhæfilegur dráttur.

Hæstv. viðskrh. gerði þau alvarlegu mistök, studdur af hæstv. sjútvrh., að undirrita olíusamninga þrátt fyrir að það lægi ljóst fyrir að veruleg tregða væri af hálfu Sovétmanna til þess að staðfesta þá samninga sem gerðir höfðu verið. Það mátti öllum vera ljóst, ekki síst með tilliti til fyrri reynslu og fyrri afstöðu Íslendinga í þessu efni, að nauðsynlegt var af Íslands hálfu að gera Sovétmönnum þá þegar grein fyrir alvöru málsins með því að staðfesta ekki olíusamningana.

Það var borin fram hér á Alþingi mjög hörð og ákveðin gagnrýni á hæstv. viðskrh. sem einnig á við afstöðu hæstv. sjútvrh. eftir að hann hefur stutt ákvörðun viðskrh. og ég hygg að það sé enda almenn skoðun í þjóðfélaginu að þessi mistök hafi fyrst og fremst leitt til þess að sá dráttur varð á sem raun ber vitni. Eftir að þessi gagnrýni var borin fram tók ríkisstjórnin sig á og neitaði frekari viðræðum um endurnýjun hins almenna samnings og undan þeim þrýstingi lét Sovétstjórnin. Þetta staðfestir að gagnrýnin sem fram var borin var rétt og hafði við rök að styðjast. Afstaða hæstv. ríkisstjórnar hefur þess vegna skaðað íslenska sjávarútvegshagsmuni. En eigi að síður er ástæða til þess nú að fagna því að þessi niðurstaða skuli vera fengin. Það er mikilvægt fyrir þá sem við þessa atvinnugrein starfa, mikið fagnaðarefni fyrir þá og reyndar fyrir þjóðina alla, en með skynsamlegri vinnubrögðum hefði verið hægt að draga úr því tjóni sem orðið er og knýja fram samninga fyrr.

Frú forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar í dag lýtur að framtíðarhagsmunum Íslendinga og framtíðarþróun samskipta Evrópuþjóðanna sín í milli. Engum vafa er undirorpið að þær ákvarðanir sem við tökum nú um tengsl okkar við Evrópu og þær breytingar sem þar eru að gerast geta skipt sköpum um þróun efnahagsstarfsemi og um lífskjör í landinu um langa framtíð. Það er sannarlega svo að tækifærið er núna og við vitum ekki ef úrtöluraddirnar fá að ráða hvenær það kemur aftur. Við vitum ekki nema slík afstaða úrtölumannanna gæti leitt til þess að við mundum dragast aftur úr öðrum þjóðum að því er varðaði þróun efnahagsmála, framfarir og almenn lífskjör. Þess vegna er nú mikilvægt að taka ákvarðanir og móta skýra afstöðu af Íslands hálfu gagnvart þeim fyrirhuguðu samningum sem fyrir dyrum standa.

Það hafa átt sér stað miklar breytingar á undanförnum árum í efnahagslegu umhverfi þjóðanna. Ég vil í því sambandi minna á fríverslunarsamning Bandaríkjanna og Kanada sem í raun réttri er miklu meira en fríverslunarsamningur. Það er alhliða samningur um fríverslun og frjáls viðskipti með fjármagn og þjónustu. Þó að þessi samningur hafi ekki bein áhrif nú á hagsmuni Íslands á Bandaríkjamarkaði, þá er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með þróuninni í þessum efnum og freista þess svo sem kostur er að tryggja hagsmuni okkar á því markaðssvæði.

Á hinn bóginn hafa svo átt sér stað miklar breytingar og mjög ör þróun innan Evrópubandalagsins. Þar hafa menn gert sér grein fyrir mikilvægi markaðsbúskaparins, nauðsyn þess að stíga stór og ný skref á fleiri sviðum en áður til þess að gera frjálsan markaðsbúskap að veruleika, leysa úr læðingi þau öfl og þá krafta sem frjáls markaðsbúskapur gerir í þeim tilgangi að örva atvinnustarfsemi og bæta lífskjör.

Það er ástæðulaust hér að rekja í einstökum atriðum þær ákvarðanir og þau skref sem ríki Evrópubandalagsins hafa stigið í þessu efni og ná reyndar langt út fyrir almenna efnahagslega samvinnu. Á hinn bóginn höfum við svo verið aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu sem fyrst og fremst hafa verið fríverslunarsamtök með iðnaðarvörur. Á sama tíma og örar breytingar og mikil framþróun hefur átt sér stað innan Evrópubandalagsins hefur ríkt stöðnun innan Fríverslunarsamtakanna. Þar hefur ekki gætt frumkvæðis að útvíkkun eða nýjum skrefum á þeim grundvelli, enda eru þessi tvenn samtök um margt ólík að eðli og uppruna.

Nú verðum við að horfast í augu við nýja þróun og átta okkur á því með hvaða hætti við viljum tengjast því sem verið hefur að gerast innan Evrópubandalagsins.

Aðstæður hafa verið að breytast og viðhorf manna og þjóða hafa verið að breytast. Það er ekki svo langt síðan að þjóðir sáu þá kosti helsta til þess að tryggja hagsmuni sína, tryggja aðgang að auðlindum eða frjósömum landsvæðum, tryggja aðgang að siglinga- og flutningaleiðum og mörkuðum að fara í landvinninga, oft með styrjöldum. Nú sjá menn aðrar leiðir. Nú eygja menn aðra möguleika til að tryggja mikilvæga hagsmuni þjóða að þessu leyti. Nú ná menn þessum markmiðum og tryggja þessa hagsmuni með samningum að frjálsum mörkuðum á ýmsum sviðum.

Þessi grundvallarbreyting í viðhorfum manna hefur auðvitað mjög mikla efnahagslega þýðingu fyrir þær þjóðir sem fetað hafa inn á þessar brautir, en líka almenna pólitíska þýðingu því að með vinnubrögðum af þessu tagi stuðlum við að friðsamlegri sambúð þjóða og tryggjum betur öryggi þjóðfélagsþegnanna. Þess vegna hefur þessi þróun margþættan tilgang og snertir víðtæka hagsmuni í samskiptum þjóða. Það er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt að Íslendingar taki afstöðu til þessarar þróunar og frá mínum bæjardyrum séð er alveg einsýnt að við verðum að vera þátttakendur í þessari jákvæðu þróun, gera okkur grein fyrir því fyrst og fremst hvar okkar eigin hagsmunir liggja og í ljósi þess að freista þess að tryggja þá sem best, en um leið að notfæra okkur þær breytingar í þeim tilgangi að þær verði aflvaki hér á landi sem annars staðar nýrra framfara, nýrra átaka í atvinnu- og efnahagsmálum sem bæta munu lífskjör þjóðanna. Þetta eru grundvallaratriði.

Við höfum orðið vitni að því síðustu daga hversu

skjótar breytingar hafa átt sér stað í Austur-Evrópu. Staðreynd er nú að sósíalisminn er úr sögunni og búinn að vera. Sú heimsmynd sem reynt var að byggja upp innan fangelsismúra Austur-Evrópuþjóðanna um sósíalískt þjóðfélag er hrunin og búin að vera. Áhrifamesta staðfesting þess fékkst þegar Berlínarmúrinn opnaðist, fyrr en nokkurn gat órað fyrir. Auðvitað mátti öllum vera ljóst að slíkt þjóðskipulag gat ekki staðist til lengdar, jafnvel ekki í skjóli vopnavalds. En þróunin hefur verið hraðari og örari en við gerðum okkur grein fyrir. Þessar þjóðir hafa áttað sig á því að það er nauðsynlegt til framfara að byggja upp lýðræðislegt stjórnkerfi og færa efnahagslífið í átt að almennum, vestrænum markaðsbúskap. Því aðeins geta þessar þjóðir losnað úr þeirri örbirgð sem sósíalisminn hefur leitt yfir þær. Og þessi þróun mun eiga sér stað í enn ríkari mæli á næstu missirum og árum.

Við eygjum nú þann draum að Evrópa öll geti orðið frjáls. Það getur þess vegna vel verið að þau verkefni sem við erum að ræða um hér, samvinna 18 ríkja í Evrópu, verði miklu stærri og viðameiri áður en langt um líður. Og vonandi fer svo að sú þróun í Austur-Evrópu sem nú á sér stað leiði fyrr en síðar til þess að þessar þjóðir geti á lýðræðislegum grundvelli tekið þátt í víðtækri efnahagssamvinnu Evrópuþjóðanna á grundvelli hins frjálsa markaðsbúskapar eins og við erum að tala um hér í dag. Það væri mikill áfangi og stór sigur fyrir baráttumenn lýðræðis og markaðsbúskapar ef og þegar það gerist.

Við Íslendingar höfum með ýmsu móti tekið þátt í stöðugri þróun til aukins frelsis í efnahags- og atvinnumálum. Við stigum mjög stórt skref í upphafi viðreisnar á sínum tíma með afnámi viðskiptahafta og með því að hverfa frá uppbóta-, styrkja- og gengisfölsunarkerfi fyrri ára. Við stigum annað skref með aðildinni að Fríverslunarbandalaginu og fríverslunarsamningunum við Evrópubandalagið og við höfum á síðustu árum stigið ný skref í þá veru að auka frelsi á íslenskum fjármagnsmarkaði. Þar höfum við verið að stíga skref til samræmis við það sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert og reyndar flestar þjóðir Vestur-Evrópu. Allt eru þetta mikilvægir þættir í aðlögun okkar að þeim ákvörðunum sem nú stendur fyrir dyrum að taka.

Öll hafa þessi skref valdið pólitískum deilum hér heima. Í öll skiptin sem við höfum stigið veigamikil skref fram á við hafa staðið alvarlegar, pólitískar deilur um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Eftir á að hyggja gera menn sér þó allir grein fyrir, jafnvel andmælendurnir, að skrefin voru óhjákvæmileg og leiddu til framfara á Íslandi. Enginn andmælir því nú að nauðsynlegt var að afnema höftin þó að margir hafi þá verið andmælendurnir og séð drauga í hverju horni. Enginn andmælir nú nauðsyn aðildar að Fríverslunarsamtökunum þó að andstæðingarnir hafi haft hátt á sínum tíma. Og fæstir andmæla nauðsyn þess að stigin voru hér mikilvæg skref til aukins frjálsræðis á fjármagnsmarkaði fyrir fáum árum.

Þó er það svo að enn er verið að blása í glæður úlfúðar vegna þeirra ákvarðana sem síðast voru teknar í þessum efnum. En ef við ætlum okkur að feta okkur inn á þá nýju braut með aðild að hinu svonefnda efnahagssvæði Evrópu, þá verða þær ákvarðanir alveg óhjákvæmilegur þáttur í þeirri aðlögun. Allir þeir sem að ákvörðunum munu standa um aðild Íslands að hinu nýja efnahagssvæði Evrópu og tengslum við Evrópubandalagið eru um leið að játast undir þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar, til að mynda á fjármagnssviðinu. Öll stóru orðin sem sumir hafa haft uppi um drauga og ófreskjur og brennandi Róm vegna þessara breytinga verða nú að engu vegna þess að sömu menn verða að játast undir það að það er óhjákvæmilegt fyrir Ísland að tengjast Evrópubandalaginu með þeim hætti sem nú er verið að tala um og þá verða þessar breytingar eðlilegur og sjálfsagður þáttur í hinni nýju skipan efnahagsmálanna og stóryrði þeirra sem ekki höfðu framsýni til þess að sjá nauðsyn breytinganna verða haldlítil og kannski fyrst og fremst til marks um skilningsleysi á nauðsyn framfara á Íslandi.

Það verður til að mynda athygli vert að fylgjast með afstöðu hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hefur verið einn ötulasti talsmaður þess að búa hér til hvers konar grýlur í hópi þeirra manna sem barist hafa fyrir auknu frjálsræði. Sami þingmaður hefur það að aukastarfi að búa þessar grýlur til meðan hann að aðalstarfi hefur það verk að reiða heim í þverpokum frjálshyggjuboðskapinn frá Norðurlandaráði, fyrirvaralaust. Allt verður þetta mjög athyglisvert og öll var þessi afstaða að staðfestast hér á Alþingi. Og auðvitað er það fagnaðarefni því fleiri sem fylkja sér undir þá almennu stefnumörkun sem hér liggur til grundvallar hinni nýju aðlögun að Evrópusamstarfinu. Það er ekki síst fróðlegt fyrir okkur að fara yfir sögu ákvarðana okkar sjálfra í átt að því markaðsskipulagi sem við erum hér að fjalla um að taka þátt í með öðrum Evrópuþjóðum.

Það liggur ljóst fyrir að þær viðræður sem fram hafa farið milli EFTA og Evrópubandalagsins að undanförnu hafa farið fram að frumkvæði Evrópubandalagsins og á þeim forsendum sem Evrópubandalagið setti þegar það kallaði til þeirra viðræðna, og það er verið með skýrum hætti að ræða um aðlögun Fríverslunarsamtakanna að þeim lagagrunni sem þegar hefur verið lagður innan Evrópubandalagsins. Þó að frumkvæði og forsendur þessara viðræðna séu með þessum hætti einhliða komnar fram af hálfu Evrópubandalagsins rýrir það ekki á nokkurn hátt gildi þess að við tökum fullan þátt og óhikað í þeim viðræðum sem hér fara fram. Það er miklu fremur ástæða til þess fyrir okkur að viðurkenna að innan Evrópubandalagsins mörkuðu menn með skýrari hætti nýjar línur til þess að útvíkka efnahagslegt samstarf á grundvelli markaðslögmála.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er mjög greinargóð um þær viðræður sem fram hafa farið. Hér hafa átt sér stað óformlegar undirbúningsviðræður, engar samningaviðræður enn sem komið er. Segja má með

nokkrum hætti að í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir sé gerð grein fyrir þeirri dagskrá og þeim grundvallaratriðum sem liggja munu til grundvallar formlegum samningaviðræðum.

Ég held að það fari ekki á milli mála að þeir embættismenn sem fyrst og fremst hafa af hálfu þjóðanna staðið að þessum viðræðum hafi unnið mjög gott verk. Þeir embættismenn sem leitt hafa starfið af okkar hálfu og reyndar síðasta hálfa árið leitt starfið af hálfu Fríverslunarsamtakanna hafa unnið mjög gott starf og auðvitað þá fyrst og fremst ráðuneytisstjórinn í utanrrn. sem mér er kunnugt um að hefur áunnið sér traust og virðingu annarra þjóða sem aðild hafa átt að þessum viðræðum. Það er því ástæða til þess hér að þakka þeim fulltrúum Íslands í embættismannaliðinu sem unnið hafa að þessum undirbúningi. En nú stöndum við á þeim tímamótum að þurfa að taka hinar pólitísku ákvarðanir. Nú er komið að því að stjórnmálamenn þurfa að taka afstöðu og hafa forustu fyrir því sem gerast mun í framhaldi af þeirri niðurstöðu sem þegar er fengin. Það veltur því á Alþingi að taka hér um mikilvægar ákvarðanir.

Auðvitað er það svo að vöruviðskiptin skipta Íslendinga hvað mestu máli í þeim samkomulagsgrundvelli sem fyrir liggur. Það eru mestir hagsmunir fólgnir í því að á þeim vettvangi fáum við eðlilega og góða samninga um óhindruð viðskipti á hinu stóra markaðssvæði.

Hagsmunir okkar í þessu efni eru fyrst og fremst bundnir við fisk. Meginhluti okkar útflutningsframleiðslu er sjávarafurðir. Og þó að okkur takist, m.a. með þátttöku í hinni nýju efnahagssamvinnu á næstu árum, að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og skjóta nýjum stoðum undir íslenskt atvinnulíf og treysta það þar með verður sjávarútvegur um langa framtíð undirstaða framleiðslu í þessu landi og undirstaða útflutnings Íslendinga. Þess vegna skiptir mestu máli í þeim viðræðum sem fyrir dyrum standa og þeim pólitísku ákvörðunum sem teknar verða að hafa hagsmuni sjávarútvegsins í huga. Það er réttmæt gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu talsmanna sjávarútvegsins að hæstv. ríkisstjórn, og hæstv. utanrrh., hefur ekki að undanförnu gefið þessum sérstöku hagsmunum nægjanlegan gaum. Þess verður þess vegna krafist að í framhaldinu verði lögð önnur og ríkari áhersla á þessa meginhagsmuni Íslands í þeim viðræðum sem fram munu fara.

Sá árangur náðist að innan Fríverslunarsamtakanna var fallist á sjónarmið og kröfur Íslendinga um fríverslun með fisk. Auðvitað var þetta merkur áfangi og mikilvægur fyrir Íslendinga en þó fyrst og fremst að formi til. Viðskiptahagsmunir okkar með sjávarafurðir hafa ekki verið innan Fríverslunarsamtakanna heldur miklu fremur innan Evrópubandalagsins og í Bandaríkjunum og á öðrum markaðssvæðum. Þess vegna var þessi samþykkt meira formlegur sigur fyrir Ísland en að hún hefði efnislega þýðingu. Því hygg ég að allir hljóti að gera sér grein fyrir þó að ég ætli ekki hér að gera neitt lítið úr því að Fríverslunarsamtökin gerðu þá samþykkt sem hér um ræðir.

Við vitum að innan hinna ríkja Fríverslunarsamtakanna er sjávarútvegur og verslun með fiskafurðir ekki sérstakt hagsmunamál og jafnvel Norðmenn eru ekki á neinn hátt jafnháðir sjávarútvegi og við Íslendingar og því fer víðs fjarri að útflutningur þeirra á sjávarafurðum komist hlutfallslega nálægt því sem hann er hér frá Íslandi. Ég hygg að sjávarafurðir séu varla meira en 5–6% af þeirra útflutningi. Það er því augljóst að jafnvel þeir hafa ekki nándar nærri jafnmikilla hagsmuna að gæta á þessu sviði og við og aðrar þjóðir Fríverslunarsamtakanna þeim mun minni hagsmuni. Er þá þess að vænta að þessar þjóðir muni styðja svo að dugi til þau sjónarmið Íslendinga sem tengjast hagsmununum sem bundnir eru við útflutning á sjávarafurðum? Ég efa ekki að Fríverslunarsamtökin muni standa við sín orð og halda þessum kröfum til streitu, en það er valt á það að treysta að sá þungi verði að baki þessari kröfu af hálfu EFTA-þjóðanna að dugi okkur og okkar sjávarútvegshagsmunum. Það er þetta sem við verðum að hafa í huga.

Það kemur reyndar skýrt fram í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir að verulegum vandkvæðum verður bundið að knýja fram í þessum viðræðum kröfuna um fríverslun með fisk. Í skýrslunni stendur á bls. 17 í kafla um sjávarafurðir, með leyfi forseta:

„Í vinnuhópi I var afstaða EFTA-ríkjanna sú að komið yrði á sams konar fríverslun með sjávarafurðir milli EFTA-ríkjanna og EB og taka á gildi innan EFTA á næsta ári.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar EB lýstu því að að því er bandalagið varðaði, þá væri slík fríverslun tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. Fulltrúar EFTA lögðu áherslu á að slík tenging í hverjum þeim samningaviðræðum er síðar færu fram mundi ganga gegn grundvallar þjóðarhagsmunum. Í niðurstöðum stjórnarnefndar viðræðnanna sagði síðan að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald hverra þeirra ákvæða sem sett væru á þessu sviði augljóslega að verða samningsatriði."

Þetta er í raun og veru kjarni málsins. Evrópubandalagið svarar kröfunni um fríverslun með fisk með því að tefla fram fiskveiðistefnu sinni. Er þess einhver von að við og Fríverslunarsamtökin getum knúið Evrópubandalagið til þess að falla frá núverandi fiskveiðistefnu? Ég dreg í efa að það gerist alveg á næstu árum. Auðvitað eru allar líkur til þess að hin sérstaka stefna sem lýtur að fiskveiðum og landbúnaði innan Evrópubandalagsins muni breytast á næstu árum. Ég er sannfærður um að á báðum þessum sviðum muni þróun verða í frjálsræðisátt og til aukinnar fríverslunar. Og það er eðlilegt að Íslendingar verði þátttakendur í slíkri þróun. Umræður þar um eru þegar hafnar, til að mynda að því er varðar landbúnaðarafurðir, innan almenna samkomulagsins um tolla og viðskipti. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að þessi þróun hlýtur að taka allmörg ár. Það er ekki fyrirsjáanlegt á næstunni að

hún fari af stað svo nokkru nemi og þess er varla að vænta að Evrópubandalagið falli frá styrkjastefnu sinni í sjávarútvegi á næstunni. En það er auðvitað óhjákvæmilegur þáttur almennrar fríverslunar að koma í veg fyrir styrki þannig að samkeppnisaðstaðan sé jöfn.

Ég hygg að það hafi komið fram að styrkir Evrópubandalagsins til sjávarútvegs á þessu ári séu 26–27 milljarðar íslenskra króna og verði yfir 80 milljarðar á fjögurra ára tímabili. Af þessu má sjá að líkurnar á því að skjótlega verði unnt að breyta þessu eru ekki ýkja miklar og þegar á það er litið að aðrar þjóðir Fríverslunarsamtakanna hafa ekki sömu hagsmuna að gæta og við verðum við sérstaklega að hyggja að okkar aðstöðu.

Það hafa orðið verulegar breytingar á aðstæðum íslensks sjávarútvegs frá því að fríverslunarsamningurinn við Evrópubandalagið var gerður og bókun 6 gekk í gildi. Í fyrsta lagi hefur bandalagið sjálft tekið miklum breytingum. Í því eru nú mikilvægar viðskiptaþjóðir Íslendinga sem áður stóðu utan þess. Það hafa orðið miklar breytingar í flutningatækni sem gjörbreyta aðstæðum í vinnslu og með sölu sjávarafurða. Við erum smám saman og munum í enn ríkari mæli á næstu árum stefna að því að vinna íslenskan sjávarafla meir og með öðrum og áhrifameiri hætti hér heima en gert hefur verið. Við vitum að sú staða sem uppi er í dag gerir það að verkum að samkeppnisaðstaðan innan sjávarútvegsins hér heima er mismunandi eftir því hvaða fisk menn eru að vinna eða hvernig og hún er jafnvel mismunandi þar af leiðandi eftir byggðarlögum. Allt kallar þetta á sérstakt endurmat á stöðu sjávarútvegsins gagnvart markaði Evrópubandalagsins.

Í skýrslu sem samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi hefur gefið út segir svo, með leyfi forseta:

„Í væntanlegum viðræðum við Evrópubandalagið er nauðsynlegt að undirstrika mikilvægi sjávarútvegs á Íslandi. Íslendingar þurfa frjálsan aðgang að mörkuðum bandalagsins þar sem sjávarafurðir eru iðnaðarvörur Íslendinga. Íslendingar fara ekki fram á að Evrópubandalagið breyti fiskveiðistefnu sinni heldur viðurkenni sérstöðu Íslands. Ljóst er að Íslendingar þurfa að leita eftir viðbótarsamningi við fríverslunarsamninginn við Evrópubandalagið ef tollar bandalagsins eiga ekki að hafa varanleg áhrif á lífsafkomu á Íslandi, atvinnu- og byggðaþróun. Neyta þarf allra ráða til þess að tryggja hagsmuni okkar, bæði í væntanlegum viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins og í tvíhliða viðræðum Íslendinga og bandalagsins."

Þessi sjónarmið hafa forustumenn í íslenskum sjávarútvegi kynnt á undanförnum mánuðum og missirum og nú með alveg skýrum hætti í þeirri skýrslu sem út hefur verið gefin. Það er hins vegar áhyggjuefni og gagnrýniefni á hæstv. utanrrh. að hafa ekki sinnt eða tekið nægjanlega mikið tillit til þessara sérstöku aðstæðna og óska sjávarútvegsins í þessu efni sem fram hafa komið, ekki í fyrsta sinn nú, heldur mörgum sinnum áður, og ég minni í því sambandi til að mynda á samþykktir fiskiþings fyrir heilu ári síðan. Það er að mínu viti rangt af hálfu hæstv. utanrrh. að vísa frá eða taka svo dræmt í hugmyndir um samhliðatvíhliða viðræður eins og hann hefur gert að undanförnu og í viðræðunum hér í dag.

Ég hygg að það liggi í augum uppi að það verður mjög erfitt að knýja Evrópubandalagið til þess að falla frá fiskveiðistefnu sinni og styrkjastefnu og ná alveg á næstu árum þannig samningum um fríverslun. Og við getum varla vænst þess að aðrar þjóðir Fríverslunarsamtakanna leggi það ofurkapp á sérstöðu Íslands að við þurfum ekki að huga sérstaklega að þessum þætti. Við eigum þess vegna að mínu mati og í samræmi við þær óskir sem fram hafa komið frá sjávarútveginum alveg hiklaust og ákveðið að taka jafnhliða upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Það dugar ekki í því efni að vísa til almennra samtala við einstaka ráðamenn Evrópubandalagsins eða almenns samráðsfunds sem hæstv. sjútvrh. átti með þeim aðila í framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins sem fer með sjávarútvegsmál. Það eru ekki tvíhliða viðræður af því tagi sem við erum að tala um hér. Ég er ekki að gera lítið úr slíkum samtölum. Þau eru nauðsynleg og óhjákvæmileg til þess að treysta og styrkja samningaviðræður okkar við Evrópubandalagið. Og satt best að segja þurfum við að gera miklu meira af því að eiga slíkar viðræður, bæði við framkvæmdanefnd bandalagsins og forustumenn einstakra ríkja.

En það sem hér þarf að gerast er það að með ákveðnum hætti verði teknar upp formlegar tvíhliða viðræður til þess að tryggja þessa hagsmuni. Þá segja menn sem svo, eins og hæstv. utanrrh. gerði hér í ræðunni: „Það getur ekki gerst vegna þess að Evrópubandalagið gerir þá kröfu til fiskveiðiheimilda innan íslenskrar fiskveiðilögsögu." Um það er algjör samstaða að ég vænti á Alþingi Íslendinga að við ætlum ekki í þessum samningum að taka upp neinar slíkar viðræður. Það hefur aldrei komið til tals af hálfu Íslendinga í þessu efni. Satt best að segja eru engin rök fyrir því af hálfu Evrópubandalagsins að bera fram slíkar kröfur þó að við förum fram á að tollar verði alfarið afnumdir af sjávarafurðum. Þvert á móti má segja að Ísland leggi mikið fram ef við erum reiðubúnir til þess að starfa á markaði Evrópubandalagsins og hins nýja efnahagssvæðis Evrópu á þeim grundvelli einum að fá hindrunarlaust og án tollahindrana að selja okkar sjávarafurðir sem eru okkar iðnaðarvörur á þessum markaði án þess að gera jafnhliða kröfu til þess að Evrópubandalagið leggi tafarlaust niður styrkjastefnu sína. Það er býsna mikið framlag af Íslands hálfu að bjóðast til þess að taka með þessum hætti þátt í hinum sameiginlega markaði án þess að gera þá kröfu að styrkirnir verði aflagðir þegar í stað. Það eru engin rök af hálfu Efnahagsbandalagsins að tefla neinum öðrum kröfum fram þegar við óskum eftir viðurkenningu á þessari sérstöðu, að okkar sjávarafurðir eru jafngildar iðnaðarvörum annarra, enda hefur það komið

fram í yfirlýsingum af hálfu forustumanna helstu ríkja Evrópubandalagsins að þeir vilja horfa á þessa sérstöðu Íslands og ef eitthvað er að marka þau ummæli og þau eru annað en orðin tóm, sem ég hef enga ástæðu til að ætla, er eðlilegt að við förum fram á að þessar tvíhliða viðræður varðandi hagsmuni íslensks sjávarútvegs á þessum markaði hefjist þegar í stað og fari fram samhliða hinum almennu viðræðum sem grundvöllur hefur verið lagður að.

Auðvitað þarf í hinum almennu EFTA/EB-viðræðum að halda fríverslunarkröfunni til streitu og við eigum ekkert að gefa eftir í því efni. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að þar erum við að tala um atriði sem tekur lengri tíma að ná fram en við höfum til þess að tryggja sjávarútveginum algjörlega óhindraðan aðgang að markaði Evrópubandalagsins. Þess vegna verður að gera þessa kröfu og ég vænti þess að jákvæðari og skýrari svör fáist um þetta af hálfu hæstv. ríkisstjórnar áður en þessari umræðu lýkur en fengust í framsöguræðu hæstv. utanrrh.

Annar þáttur sem hér er verið að fjalla um lýtur að auknu frelsi fjármagns og þjónustu. Ég hygg að það skipti okkur Íslendinga verulegu máli að taka þátt í þeim ákvörðunum sem nú er verið að taka á vettvangi annarra Evrópuþjóða í þeim tilgangi að létta af hömlum á þessu sviði. Það hefur margs konar þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Ég er sannfærður um að það mun auðvelda okkur að takast á við ýmsa grundvallarþætti sem hafa verið vandamál í íslenskri hagstjórn. Ég er sannfærður um að það auðveldar okkur að ná fram markmiðum um uppbyggingu á fjölbreyttara íslensku atvinnulífi og yfirleitt að tryggja að við getum tekið þátt í þessari samvinnu og okkar atvinnugreinar og okkar þjónustufyrirtæki geti verið gjaldgeng í alþjóðlegu samstarfi. Það væri of langt mál að fjalla um alla þá hagsmuni sem hér eru í húfi. Auðvitað er það svo að aðstæður eru sérstakar á Íslandi, en við eigum eigi að síður að taka fullan þátt í þeim grundvallarákvörðunum sem hér verða teknar. Það er á hinn bóginn ekkert óeðlilegt að við höfum sérstaka aðgæslu, til að mynda að því er varðar eignaraðild að auðlindum, og það kallar enn á að við tökum ákvarðanir og setjum hér nýja löggjöf, til að mynda um fjárfestingu erlendra aðila. Að því máli var unnið í fyrrv. ríkisstjórn og tilbúin löggjöf þar um, en framgangur þess máls strandaði þá á Framsfl. sem ekki var tilbúinn til að ákveða nýja löggjöf í því efni, en þar var einmitt sérstaklega gert ráð fyrir því að fjárfesting erlendra aðila væri takmörkuð þar sem íslenskar auðlindir eru í húfi en að öðru leyti að því stefnt að fjárfesting erlendra aðila hér yrði með sambærilegum hætti við það sem gerist meðal annarra þjóða. Þess vegna eigum við óhikað að taka hér grundvallarafstöðu í ljósi þessara sérstöku íslensku aðstæðna og gera nauðsynlegar breytingar á okkar löggjöf. Að minni hyggju væri það sterkara ef við hefðum áður en þessum samningaviðræðum lýkur afgreitt frá Alþingi nýja löggjöf einmitt um þessi efni þar sem við óhikað samræmdum hina almennu reglu því sem er að gerast innan Evrópusvæðisins en tryggðum okkar auðlindir svo sem ég hygg að almenn samstaða sé um. Ég er sannfærður um að það er sterkara og öruggara fyrir okkur að afgreiða þessa löggjöf áður en formlegar samningaviðræður hefjast.

Hér koma líka til hagsmunir til að mynda lífeyrissjóða varðandi skuldabréfakaup erlendis, möguleikar okkar til þess að mynda á þann veg eignir erlendis á móti erlendum lánum. Ég hygg að hvar sem borið er niður í þessu efni séu miklir og mikilvægir hagsmunir í húfi. Ég er einnig sannfærður um að það er eðlilegt af okkar hálfu að taka þátt í þeim ákvörðunum er lúta að auknu frelsi varðandi atvinnu- og búseturétt. Við ákváðum fyrir fáum árum að taka þátt í sameiginlegum vinnumarkaði Norðurlandanna með sérstökum heimildum Íslendinga til þess að grípa inn í ef aðstæður yrðu með sérstökum hætti og ég held að þar liggi fyrir sá háttur sem við getum haft á varðandi hið víðtækara samstarf innan efnahagssvæðis Evrópu, þ.e. að taka óhikað þátt í grundvallarbreytingunum sem gerðar eru en um leið að fá viðurkennda þessa sérstöðu Íslands. Eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh. eru það aðrir þættir sem hafa haft meiri áhrif í þá veru að hindra það að fólk flyttist hingað í stórum stíl en raunverulega þær heimildir þó að þær séu nauðsynlegar öryggisins vegna. Að sumu leyti hygg ég að við séum í þeim sporum að þrátt fyrir aðild okkar að slíkum breytingum munum við á næstu árum frekar þurfa á því að halda að leita eftir erlendri fjárfestingu hér á landi til nauðsynlegrar uppbyggingar í þeim tilgangi að gera atvinnulífið fjölbreyttara en hitt að við þurfum að standa á móti því að erlendir aðilar komi hér og fjárfesti. Ég hygg að aðstaða okkar á næstu árum verði miklu fremur þessi.

Þau jaðarmálefni, sem svo eru kölluð og hér er ætlunin að ganga til samninga um, skipta okkur líka mjög miklu máli, hvort heldur við erum að horfa til aðstöðu námsmanna til þess að eiga aðgang að erlendum menntastofnunum, möguleika okkar til þátttöku í alþjóðlegu rannsókna- og vísindastarfi eða samstarfi á sviði umhverfisverndar. Allt skiptir þetta okkur mjög miklu máli og óþarfi er að fara um það mjög mörgum orðum.

Það hefur svo valdið ýmsum áhyggjum hvort við værum með þessum hætti og samningum af þessu tagi að tengjast alþjóðlegum stofnunum á þann hátt að við yrðum bundnir af yfirríkjaákvörðunum. Fari svo, sem ég vænti, að við förum inn í samninga í þessum farvegi sem hér hefur verið lagður grundvöllur að er í sjálfu sér ekki mikið að varast í því efni, en eðlilega hljóta að koma upp mjög margar og flóknar spurningar lagalegs eðlis, spurningar um undirbúning ákvarðana og hvernig ákvarðanir fara fram. Það hljóta að koma upp kröfur um skilvirka ákvarðanatöku innan Fríverslunarsamtakanna og eðlilegar kröfur um úrskurðarvald eða dóma þegar ágreiningur kemur upp um framkvæmd þeirra lagareglna sem á verður byggt. Ég þykist vita að sumir líti svo á að dómstóll sem settur yrði upp af þessum sökum skerði sjálfsákvörðunarrétt Íslendinga og auðvitað má teygja hugtök af þessu tagi á ýmsa vegu, skýra þau bæði rúmt og

þröngt, en hjá slíkum ákvörðunum verður auðvitað ekki komist og ég sé af þeim sökum ekki ástæðu til þess að setja fram gagnrýni eða efasemdir um ákvörðun um þátttöku í þessum viðræðum. Þvert á móti sýnist mér að í þeim embættismannaviðræðum sem fram hafa farið hafi verið tekið skynsamlega á þessum málum og lagður grundvöllur að samkomulagi sem geti verið og muni verða traust og Íslendingar geta auðveldlega átt aðild að.

Ég er þess vegna alveg óhikað þeirrar skoðunar að það sé ekki bara eðlilegt heldur nauðsynlegt fyrir Íslendinga að taka þátt í þeim viðræðum milli EFTA og EB sem grundvöllur hefur verið lagður að og grein er gerð fyrir í þeirri skýrslu og embættismenn þjóðanna hafa undirbúið. Samhliða verður auðvitað að gera hina kröfuna að hafnar verði sérstakar tvíhliða viðræður af okkar hálfu við Evrópubandalagið til þess að fá fram óhindruð viðskipti með sjávarafurðir.

En hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar? Ég leyfði mér að skilja orð hæstv. utanrrh. á þann veg að hann væri í grundvallaratriðum þeirrar skoðunar að við ættum að taka ákvörðun um að hefja formlegar samningaviðræður á þeim grundvelli sem hér hefur verið lagður. Þó að vafalaust megi túlka ummæli hans á ýmsa vegu hygg ég að útilokað sé í raun og veru að túlka ræðu hans á annan veg en að af hans hálfu liggi hér fyrir skýr stefna og hann sé tilbúinn til að taka slíka ákvörðun á sameiginlegum ráðherrafundi sem fram á að fara 19. des.

Það kemur fram í inngangi skýrslunnar að á þeim sameiginlega ráðherrafundi EFTA og EB sem halda á í Brussel 19. des. verði tekin ákvörðun um það hvort nægur grundvöllur sé til að hefja samningaviðræður á næsta ári. Það er auðvitað stór og veigamikil pólitísk ákvörðun. Það kom hins vegar ekkert fram um það í ræðu hæstv. utanrrh. hver væri afstaða ríkisstjórnar Íslands í þessu máli og hvaða afstöðu ríkisstjórnarflokkarnir hafa til málsins þegar þessi mikla pólitíska ákvörðun verður tekin sem Ísland þarf að gera grein fyrir á ráðherrafundinum 19. des. ef það ætlar ekki að taka áhættu af því að dragast aftur úr í samstarfi Evrópuþjóðanna.

Ríkisstjórnin hefur haft margs konar fyrirvarapólitík í frammi á undanförnum mánuðum varðandi alþjóðasamstarf á þeim sviðum sem hér er verið að fjalla um. Nægir í því efni að minna á þann fyrirvara um efnahagssamstarf Norðurlandaþjóðanna sem hæstv. fjmrh. gerði af Íslands hálfu og hefur verið margítrekaður af hálfu fulltrúa og talsmanns Alþb. í alþjóðamálum, hv. 2. þm. Austurl. Ég hef gagnrýnt þessa fyrirvarapólitík og skil ekki hvers vegna ríkisstjórn Íslands getur ekki óhikað tekið þátt í efnahagssamstarfi Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði, en á þeim vettvangi hefur verið gerður formlegur fyrirvari að því er varðar frjálsa fjármagnsflutninga og þjónustu. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir formlegir fyrirvarar í þeim undirbúningsviðræðum sem fram hafa farið á vegum EFTA og EB, og er það auðvitað grundvallaratriði, ef við eigum að tryggja okkar hagsmuni í þeim viðræðum, að það verði ekki gert. Eftir Oslóarfund leiðtoga Fríverslunarsamtakanna lýsti hæstv. utanrrh. því yfir að Ísland hefði tekið þátt í þeirri ákvörðun sem þar var tekin án nokkurra fyrirvara og hæstv. viðskrh. lýsti því yfir á ársfundi Félags ísl. iðnrekenda að Ísland hefði tekið þátt í þessari lokayfirlýsingu án nokkurra fyrirvara. Hæstv. forsrh. hélt því hins vegar fram að Ísland hefði gert mjög veigamikla fyrirvara og í Morgunblaðinu er þetta haft eftir hæstv. forsrh. á þeim tíma, með leyfi forseta:

„Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra gerði á ríkisstjórnarfundi í gær grein fyrir fundi sínum með öðrum forsætisráðherrum EFTA-ríkjanna í Osló fyrr í vikunni. „Það kom fram mikil ánægja með þessa niðurstöðu á fundi ríkisstjórnarinnar, en ég taldi nauðsynlegt að leiðrétta það sem Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra sagði á fundi iðnrekenda um EFTA-samþykktina, án nokkurra fyrirvara. Það er alls ekki rétt," sagði forsætisráðherra í samtali við Morgunblaðið. Steingrímur sagði að hann hefði gert mjög ákveðna fyrirvara um framkvæmd þessarar samþykktar. „Það eru reyndar allar þjóðirnar með fyrirvara um framkvæmd þessa samkomulags. Svisslendingar gerðu það í sinni ræðu og ég gerði það í minni ræðu. Reyndar má lesa næstum hvað sem er út úr þessu samkomulagi," sagði Steingrímur."

Er það nú traustvekjandi af Íslands hálfu þegar forsætisráðherra Íslands lýsir því yfir eftir að hafa tekið þátt í samþykkt sem þessari að hún sé ekki merkilegri en það að lesa megi út úr henni hvað sem er? Ummæli sem þessi berast auðvitað til okkar samstarfsaðila og okkar viðsemjenda, og halda menn að þau auki traust á Íslendingum? Halda menn að þau leiði til þess að við eigum betra með að tryggja okkar hagsmuni í þessum viðræðum, þegar hæstv. forsrh. lýsir því yfir að það megi bara lesa hvað sem er út úr þessari yfirlýsingu? E.t.v. er þetta gert vegna þeirrar náttúru hluta Framsfl. að vilja bæði vera með og móti í flestum málum. Það gengur oft upp, ég játa það, í stjórnmálaumræðum hér heima af hálfu framsóknarmanna að tala með þessum hætti. En það getur ekki gengið að ríkisstjórn Íslands beri málflutning af þessu tagi á borð í samskiptum við aðrar þjóðir. Það verður að gera þá kröfu að hér sé kveðið skýrt að og að ríkisstjórn Íslands hafi ákveðna stefnu í þessu efni og sé ekki að gera grín að samþykktum sem við tökum þátt í með öðrum þjóðum á þann veg að segja að þær geti þýtt hvað sem er.

Hæstv. sjútvrh. hefur á hinn bóginn lýst miklu ákveðnari og afdráttarlausari skoðunum af sinni hálfu um nauðsyn þess að við tökum óhikað þátt í því samstarfi sem hér fer fram og væntanlega verður að veruleika. Ummæli bæði hæstv. forsrh. og ýmissa annarra talsmanna Framsfl. vekja upp spurningar um það hver er hin eiginlega stefna og afstaða flokksins í þessu efni og ekki síst með því að Framsfl. fer, allténts að forminu til, með forustu fyrir þessari ríkisstjórn og ekki er hægt að ætlast til þess að aðrar þjóðir líti öðruvísi á. Því verður að gera þá kröfu að forsrh. Íslands tali með öðrum hætti um þær mikilvægu samþykktir sem við gerum.

Það hefur svo komið fram af hálfu Alþb. að þar eru uppi miklu skýrari viðhorf en um leið mjög neikvæð gagnvart því samstarfi sem hér á sér stað. Aðaltalsmaður Alþb. í utanríkismálum, hv. 2. þm. Austurl., sagði í umræðum á aukaþingi Norðurlandaráðs fyrir skömmu, þar sem um þessi mál var fjallað, að hann sæi það ekki sem æskilegan hlut fyrir Norðurlöndin og allténT ekki fyrir Ísland að gera samninga með EFTA-þjóðunum á grundvelli þeirra reglna um innri markað sem settar hafa verið í Evrópubandalagslöndunum. Og hann bætti því við í ræðu sinni að við ættum að leita annarra leiða en að ganga inn í biðsal Evrópubandalagssamstarfsins. Sú ræða sem talsmaður Alþb. í þessu efni hélt á aukaþingi Norðurlandaráðs var svo grundvöllur þeirra ákvarðana sem landsfundur Alþb. tók nokkrum dögum seinna. Sú stefnumörkun sem hv. 2. þm. Austurl. lýsti á aukaþingi Norðurlandaráðs varð niðurstaða landsfundar Alþb. og formaður Alþb. hefur, aldrei þessu vant, tekið undir þá stefnumörkun sem hv. 2. þm. Austurl. hefur þannig markað fyrir Alþb. Svo virðist því sem um þessi mál sé, þrátt fyrir allt, góð og mikil samstaða innan Alþb. En í samþykkt þess segir, með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að fallast á að á næstu vikum verði knúin fram afstaða um aðild Íslands að formlegum samningaviðræðum EFTA við Evrópubandalagið um myndun evrópsks efnahagssvæðis. Nauðsynlegt er að frekari umræður fari fram áður en til slíkrar ákvörðunar er gengið og að almenningi gefist kostur á að setja sig inn í málavexti."

Hér er skýrt og skilmerkilega kveðið að. Alþb., forustuflokkur í núv. ríkisstjórn um mótun stefnu í efnahagsmálum, hefur sagt að á næstu vikum verði ekki knúin fram afstaða um aðild að formlegum viðræðum. Þó liggur það fyrir og kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. og í máli hans sjálfs að á ráðherrafundi, sameiginlegum ráðherrafundi EFTA og EB 19. des. nk., eigi að taka um það ákvörðun hvort hefja eigi formlegar viðræður, fyrst undirbúning og síðan formlegar viðræður strax í upphafi næsta árs. Það liggur með öðrum orðum í augum uppi að ef við ætlum ekki að dragast aftur úr en verða samferða öðrum þjóðum þá þarf á næstu vikum að taka þá grundvallarpólitísku ákvörðun sem hér er verið að tala um. En áhrifamesti flokkurinn í ríkisstjórninni hefur sagt: Þessi ákvörðun verður ekki tekin á næstu vikum. Hvað þýðir þetta? Innan ríkisstjórnarinnar er ekki samkomulag um stefnu í þessu efni. Ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. hefur leitað eftir því innan hæstv. ríkisstjórnar að ná samstöðu um afstöðuna í þessu máli, það er mér ókunnugt um. Hitt er ljóst að hann kemur hér til þessarar umræðu án þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn standi að baki túlkun hans á þeim ákvörðunum sem taka þarf. Það leiðir til þess að við stöndum hér frammi fyrir alveg nýjum aðstæðum og ég hygg að allir geri sér grein fyrir því að hér er um að ræða svo veigamiklar ákvarðanir sem hafa svo mikla þýðingu fyrir Ísland og snerta svo framtíð þessarar þjóðar og framtíðarhagsmuni þessarar þjóðar að það verður að gera þá kröfu að utanrrh. hafi alveg skýrt umboð meiri hluta Alþingis til að taka þær ákvarðanir sem teknar eru á alþjóðlegum vettvangi. Svo virðist því sem ekki sé búið að mynda meiri hluta hér á Alþingi fyrir nauðsynlegum ákvörðunum áður en kemur til ráðherrafundarins 19. des.

Ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. hefur leitað eftir formlegu samstarfi við aðra stjórnarandstöðuflokka, en hann hefur ekki leitað eftir slíku samstarfi við Sjálfstfl. Þess vegna er alveg ljóst að eigi Ísland að taka þátt í ákvörðunum um framhald málsins og formlegar samningaviðræður að hefjast, þarf hæstv. utanrrh. að hafa með skýrum hætti stuðning og umboð frá meiri hluta Alþingis. Þess vegna er óhjákvæmilegt að Alþingi geri hér alveg sérstaka samþykkt um að taka þátt í þessum viðræðum og að mínu mati að hefja um leið tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Slíkt skýrt umboð verður að liggja fyrir áður en utanrrh. fer á fundinn 19. des. Útilokað er að Ísland fari þangað án þess að fyrir liggi meirihlutavilji á Alþingi. Það mundi stangast í grundvallaratriðum á við viðtekna þingræðisvenju að svo veigamikil pólitísk ákvörðun verði tekin án þess að staðreynt væri að meiri hluti væri fyrir henni á Alþingi. Hér er því þörf á sérstakri samþykkt og ég vil inna eftir því hvort það er ekki ætlun hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. utanrrh. að leita með skýrum hætti eftir slíkum umboðum. Allt annað er að mínu mati ögrun við þingræðið í landinu, ekki síst í ljósi þess að áhrifamesti flokkurinn innan ríkisstjórnarinnar hefur á svo augljósan hátt hafnað því að á næstu vikum verði ákvörðun tekin af þessu tagi. Sjálfstfl. er þeirrar skoðunar að Ísland eigi að taka þá ákvörðun og gera grein fyrir henni á nefndum ráðherrafundi í næsta mánuði að Ísland muni taka þátt með öðrum EFTA-þjóðum í þessum sameiginlegu viðræðum til þess að koma á því efnahagssamstarfi sem þar er um fjallað með skírskotun til þeirra efnisatriða, almennu grundvallarhugmynda sem fram koma og sérstakra aðstæðna Íslands í þeirri skýrslu sem embættismennirnir hafa lagt fyrir. Jafnhliða telur Sjálfstfl. það ófrávíkjanlega kröfu að hæstv. ríkisstjórn taki þegar í stað upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið til að tryggja hagsmuni íslensks sjávarútvegs og óhindraðan aðgang sjávarafurða að hinum sameiginlega markaði. Sjálfstfl. er fyrir sitt leyti tilbúinn til formlegra viðræðna við aðra flokka í þinginu, a.m.k. þá flokka sem eru tilbúnir til þess að taka slíkar ákvarðanir á næstu vikum.

Frú forseti. Það mál sem hér er verið að fjalla um skiptir miklu máli fyrir íslenska hagsmuni. Hér er verið að fjalla um einhverja mestu og mikilvægustu pólitísku ákvörðun sem Ísland hefur tekið um langan tíma. Ég hef þá trú að þetta samstarf muni leiða til góðs fyrir Ísland ef við höldum rétt á okkar málum. Ef við gætum þess að tryggja svo sem frekast er kostur íslenska hagsmuni og okkar sérstöðu vegna sjávarútvegsins, þá er ég sannfærður um að full þátttaka í því mikla frjálsræði sem verið er að ákveða með þessari samvinnu mun styrkja íslenskt efnahags-

líf, örva íslenskt atvinnulíf og tryggja betri lífskjör í framtíðinni. Þess vegna verðum við að taka þær mikilvægu ákvarðanir sem hér liggja fyrir á næstu vikum því að við höfum ekki efni á því að taka þá áhættu að slá þessum málum á frest og hugsanlega að dragast langt aftur úr öðrum þjóðum og einangrast hér í Norður-Atlantshafinu viðskiptalega og efnahagslega.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil, eins og þeir tveir sem hér hafa talað á undan mér, fagna því að samningar hafa tekist við Sovétríkin um sölu á síld. Ég lýsi hins vegar furðu minni á því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. þegar hann deilir á stjórnvöld í þessu sambandi og telur að stjórnvöld hafi stofnað þessari samningagerð í hættu. Verkin tala, samningurinn hefur tekist og það er sú staðreynd sem við blasir.

Ég vil einnig benda á það að þessi samningur var í raun gerður löngu áður en samningur um olíu var gerður. Hann fór þá til æðstu stjórnar Sovétríkjanna, með tilmælum frá íslenskum stjórnvöldum, og hefur verið þar til meðferðar síðan. Ég vísa því algerlega á bug að íslensk stjórnvöld hafi gert nokkuð sem stofnaði þessum samningi í hættu. Þvert á móti kom fram hjá íslenskum stjórnvöldum mjög mikil áhersla eftir öllum hugsanlegum leiðum á það að samningurinn tækist.

Ég vil í upphafi míns máls um þá miklu vinnu sem fram hefur farið undir forustu okkar Íslendinga til undirbúnings samningsviðræðna við Evrópubandalagið taka það fram að þingflokkur framsóknarmanna telur að við eigum að ganga til þessara viðræðna á grundvelli þeirrar vinnu. En að sjálfsögðu eigum við ætíð að halda fram þeim sérhagsmunamálum svo sem gert hefur verið á öllum stigum þessarar vinnu, hvort sem menn vilja kalla það fyrirvara eða sérhagsmuni okkar Íslendinga, en ég kem að því nánar síðar. Áður en ég rökstyð þessa niðurstöðu nánar vil ég ræða um þær hugmyndir sem heyrst hafa, annars vegar um fulla aðild að Evrópubandalaginu, sem ég fagna að kom ekki fram hjá síðasta hv. ræðumanni, og hins vegar það sem samtök fiskvinnslumanna leggja nú áherslu á, að leita fremur eða a.m.k. samhliða eftir sérsamningi um sölu á sjávarafurðum, þ.e. um útvíkkun á þeim samningi sem við höfum nú og venjulega er vísað til sem bókunar 6. Ég held að þeir, sem lýsa áhuga á fullri aðild eða telja að rétta leiðin sé að sækja um fulla aðild og leita eftir þeirri leið að sérstakri undanþágu fyrir okkur Íslendinga, þekki ekki grundvallaratriði Evrópubandalagsins. Þar gildir svonefndur Rómarsáttmáli sem í raun er stjórnarskrá bandalagsins og verður ekki vikið frá nema öll aðildarríkin samþykki. Það hefur komið fram afar greinilega í öllum þeim viðræðum sem ég og ýmsir fleiri íslenskir ráðherrar hafa átt við forustumenn bandalagsins að í raun sé varla um að ræða undanþágu frá neinum ákvæðum Rómarsáttmálans. Í mesta lagi geti það orðið aðlögunartími. Eins og kemur m.a. fram í skýrslu þingmannanefndarinnar um sjávarútvegsmál innan Evrópubandalagsins er eitt af grundvallaratriðum Rómarsáttmálans að móta skuli sameiginlega sjávarútvegsstefnu og það er á grundvelli þess atriðis sem árið 1970 var ákveðin sú stefna af framkvæmdastjórninni í Brussel að aðgangur allra aðildarríkja Evrópubandalagsins skuli vera jafn að auðlindum sjávar.

Í þeim viðræðum sem ég hef átt við ýmsa af þessum forustumönnum hefur greinilega komið fram að þeir hafi ekki heimild til þess að breyta út af þessari stefnu. Ég tel því í raun að hér sé full samstaða um það innan Alþingis, og ég fagna því alveg sérstaklega, að ekki skuli leitað fullrar aðildar að Evrópubandalaginu. Ég tel að við séum sammála um að slíkt samræmist ekki þeim eindregna vilja Alþingis að við afsölum okkur ekki yfirráðum yfir þeim náttúruauðlindum sem liggja til grundvallar okkar sjálfstæði, fyrst og fremst sjávarútveginum og sömuleiðis nýtingu orkulinda landsins. Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með þetta. Ég tel að það sé afar nauðsynlegt að kynna þessi sjónarmið betur almenningi en gert hefur verið því mér virðist sem nokkur misskilningur komi fram, t.d. í skoðanakönnunum, á þessum möguleika um fulla aðild að Evrópubandalaginu. Það kemur mjög réttilega fram í skýrslu þingmannanefndarinnar að sjávarútvegurinn vegur að sjálfsögðu miklu meira hér hjá okkur Íslendingum en öðrum þjóðum í Evrópu. Það er rétt sem síðasti hv. ræðumaður sagði að útflutningur t.d. Norðmanna á sjávarafurðum 1988 var um 6,5% þeirra útflutnings en okkar 75%. Innan landa Evrópubandalagsins er sjávarútvegur sem hlutfall af þjóðartekjum hvergi yfir, ef ég man rétt, 1,58% en okkar nálægt 20%. Svo þetta ákvæði, sameiginleg stjórn þessara náttúruauðlinda, þýðir vitanlega ekkert annað en afsal sjálfstæðis þessarar þjóðar.

Um hitt atriðið sem mjög hefur komið fram upp á síðkastið, að leita sérstakra samninga um útvíkkun á bókun 6, vil ég segja þetta. Það er alrangt hjá síðasta hv. ræðumanni að þessa hafi ekki verið leitað. Ég veit að hv. þm. þekkir það. Við sátum saman í ríkisstjórn þegar ég fór til Brussel í des. 1987, sérstaklega til að kanna hvort slíkir samningar kæmu til greina. Ég átti þá viðræður við de Clercq, sem var eins konar utanríkisráðherra framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, og sömuleiðis við þann mann sem fór með sjávarútvegsmálin. Það kom mjög greinilega fram hjá þessum mönnum að fyrst yrðum við, eins og de Clercq reyndar sagði, að fá fullt frelsi með fisk innan EFTA, Fríverslunarbandalagsins áður en við gætum gert okkur vonir um að fá útvíkkun á bókun 6. Sömuleiðis kom mjög greinilega fram hjá þessum embættismönnum að til þess að fá útvíkkun á bókun 6 og þá með tilvísun til þeirrar stefnu sem hafði verið mörkuð 1970 og byggð, eins og ég sagði áðan, á grundvallaratriðum Rómarsáttmálans yrði öll slík útvíkkun að fara fyrir öll aðildarríkin og fá þar samþykki sem þessir menn sögðu og ég veit að síðar embættismenn sem þar hefur verið talað við hafa lagt mjög ríka áherslu á að yrði að gerast og töldu

vonlaust að slíkt gæti gerst og vísuðu reyndar á bug vilja til slíkra viðræðna og lögðu áherslu á þá þegar, eins og kom fram á fjölmörgum sameiginlegum fundum bæði utanrrh. og fleiri forustumanna EFTA og EB, að leggja bæri áherslu á sameiginlegar viðræður hvorra tveggja samtakanna. Ég hef sannarlega ekki á móti því að enn verði látið á það reyna hvort slíkar viðræður geti hafist. Ég hef ekki á móti því. Það er sjálfsagt að verða við því.

Nú er það staðreynd að fulltrúar sjávarútvegs hér hafa tekið þátt í miklu af þessum viðræðum og þekkja þær mjög vel, en það er sjálfsagt að reyna enn einu sinni. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það ætti þá að kanna það í viðræðum við stjórnmálalega leiðtoga Evrópubandalagsins. Það hefur reyndar verið gert. Síðast á fundi með Mitterand hér á Íslandi fyrir nokkrum dögum var m.a. rætt um sérstöðu Íslands og henni mjög ítarlega lýst. Þá kom fram hjá Frakklandsforseta mikill vilji til þess að taka tillit til sérstöðu Íslands, en hann tók líka fram að slíkir sérsamningar yrðu að fylgja í kjölfar samninga EFTA og EB. Hann sagði reyndar að í kjölfar slíkra samninga og þegar ekki væri um fulla aðild að ræða kæmu vissulega ýmsar undantekningar til greina. Sama kom fram á fundi sem ég átti með forsætisráðherra Bretlands og reyndar einnig á fundi sem ég átti ásamt forseta Íslands með kanslara Þýskalands, Kohl. Ég get því ekki skilið orð þessara manna öðruvísi en svo að þeir séu að vísu mjög skilningsgóðir á okkar sérstöðu en leggi alla áherslu á að viðræður og hugsanlegir samningar við EFTA komi fyrst og hitt komi á eftir. Engu að síður segi ég að það er sjálfsagt að athuga hvort ná megi samhliða EFTA-samningum viðræðu við EB um tilslökun á 6. greininni. Ég lýsti hér áðan þeirri skoðun þingflokks framsóknarmanna að ganga ætti til þessara viðræðna og utanríkisráðherra eigi á fundinum 19. des. nk. að samþykkja að viðræðurnar hefjist.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að þessar viðræður verði í raun tvíþættar. Það er gert ráð fyrir því að fyrst hefjist eins konar undirbúningsfundir sem geti jafnvel tekið nokkra mánuði og þeir verði áður en ákveðið verður að ganga til formlegra samninga milli EFTA og EB. Menn verða að gæta að því að þær viðræður sem hingað til hafa farið fram hafa fyrst og fremst verið í höndum embættismanna og það eru ýmsar pólitískar spurningar sem eftir er að fjalla um.

Ég tek það fram og tek undir það sem hefur verið sagt um ágæta frammistöðu okkar Íslendinga í þessum viðræðum. Reyndar fannst mér þó einkennilegt að hv. síðasti ræðumaður undanskildi íslenska utanríkisráðherrann í sínum þökkum því að ég verð mjög mikið var við það, t.d. á fundi sem ég sat fyrir örfáum dögum um þessi mál, að talið er að mjög vel hafi verið á þessum málum haldið, bæði af hálfu íslenskra embættismanna og pólitískt af hálfu utanrrh. Og mér sýnist nú að viðurkenna megi það sem vel er gert.

Hér var sagt áðan að við Íslendingar ættum ekki, eins og ég skildi hv. þm., að vera með sérstaka fyrirvara og vísað m.a. í umræður sem um það fóru fram eftir leiðtogafundinn í Osló. Ég vil, með leyfi forseta, lesa nokkur orð úr ræðu þeirri sem ég flutti þá. Eftir að ég hafði rakið nauðsyn þess að við Íslendingar hefðum full yfirráð yfir okkar sjávarútvegi, okkar orkulindum, og að það væri grundvöllur að okkar sjálfstæði, þá segi ég:

„Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning. Hins vegar verðum við að hafa fyrirvara hvað varðar frelsi á sviði fjármagnsflutninga, þjónustu og fólksflutninga. Hið litla og viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það er nú áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnsflutninga. Hið sama á við um frelsi á sviði þjónustu- og vinnuaflsflutninga. Við erum að sjálfsögðu fúsir að kanna þessi atriði en aðlögun verður að gerast smám saman og byggjast á vandlegu mati á áhrifum slíks á íslenskt fullveldi."

Þarna sagði þannig að ekki verður misskilið að um fyrirvara væri að ræða af hendi okkar Íslendinga. Þessi ræða var lögð fram í ríkisstjórninni og rædd þar eftir fundinn og lýstu allir fullum stuðningi við það sem þarna er sagt.

Hv. þm. gerði einnig að umtalsefni þá samþykkt sem þarna var gerð. Vissulega má um það deila hve opin hún er en ég vil einnig, með leyfi forseta, lesa hér eina málsgrein úr þessari samþykkt, sameiginlegri samþykkt Oslóarfundarins. Þar segir:

„Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður mundu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Verum því reiðubúnir að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB."

Þetta er nú ekki mjög nákvæmt. Á þeim fundum sem þarna fóru fram, m.a. sérstökum fundum forsætisráðherranna, kom m.a. fram að Svisslendingar, sem voru raunar með að sumu leyti ákveðnari fyrirvara en við, töldu þetta vera það opið að þeir gætu sætt sig við það. Svíar, sem t.d. vildu endilega fá hér inn sem valkost númer eitt tollabandalag en fengu það ekki af því að hin ríkin vildu ekki binda sig við neina ákveðna leið, töldu jafnframt að þetta væri það opið að innan þessa orðalags gæti falist tollabandalag. Ég tel því að ég hafi verið í fullum rétti þegar ég lýsti því að í þessu samkomulagi er svo sannarlega lýst vilja til að ganga til viðræðnanna. Á því leikur ekki nokkur vafi. Hins vegar er því haldið afar opnu á hvaða forsendu slíkar viðræður verði og sömuleiðis eru þarna fyrirvarar, ég leyfi mér að kalla þá svo, eða a.m.k. mjög opið hverjar niðurstöður þessi ríki geti sætt sig við. En í raun og veru er þetta ekki aðalatriðið heldur hitt að eftir að þessi vísbending var gefin frá leiðtogafundinum í Osló hefur farið fram mjög mikil, ítarleg og mjög vandlega unnin vinna að undirbúningi að þessum viðræðum.

Ég ætla ekki að rekja hér eftir ítarlega ræðu utanrrh. þá niðurstöðu sem fengin er úr þeim nefndum sem þarna voru skipaðar enda ítarlega rakið sömuleiðis í þeirri skýrslu sem liggur á borðum þingmanna. Ég vil þó láta koma skýrt fram og sérstaklega ítreka að í þessari vinnu hefur sömuleiðis — ef menn vilja ekki kalla það fyrirvara, þá a.m.k. sérstök aðstaða Íslands verið ítarlega tíunduð. Það kemur fram hvað eftir annað. Það kemur t.d. fram hér hvað eftir annað, og EFTA-ríkin hafa stutt það, að fríverslun með fisk verði að ríkja á væntanlegu evrópsku efnahagssvæði. Það hefur aldrei farið neitt á milli mála að þetta er sá mikli fyrirvari sem Ísland setur við niðurstöðu þessara samningaviðræðna.

Sömuleiðis hefur komið fram að Íslendingar hafa sett ákveðinn fyrirvara, og kemur það hér fram í skýrslunni, eða, ef menn vilja heldur segja það, komið vel á framfæri sinni sérstöðu í sambandi við frjálsa flutninga fjármagns. Ég vek athygli á því að innan Evrópubandalagsins er ekki gerður greinarmunur á frjálsum kaupum á verðbréfum og frjálsum kaupum á hlutabréfum. Þetta er ein meginástæðan fyrir því að ég tel að skoða þurfi þetta frelsi mjög vandlega. Við erum, eins og hér hefur komið fram, öll sammála um það að glata ekki stjórn og yfirráðum yfir okkar auðlindum, eða, með öðrum orðum, við viljum ekki að erlendir aðilar geti t.d. eignast þau fyrirtæki sem stunda hér sjávarútveg, og við viljum vitanlega heldur ekki að þeir geti eignast þau fyrirtæki sem nýta orkulindir landsins. Á þessu er ekki gerður greinarmunur í dag í þeim reglum sem gilda innan Evrópubandalagsins. Og þó að ég sé þeirrar skoðunar að frelsi með fjármagnsflutninga muni smám saman aukast hér á landi er þetta svo stórt atriði að við getum ekki á þessari stundu sagt að fullkomið frelsi verði innleitt hér á næstu mánuðum eða jafnvel árum. Þetta þarf að skoðast miklu nánar og þá að sjálfsögðu í nánum tengslum við þetta grundvallaratriði sem við höfum öll lagt svo mikla áherslu á.

Það hefur heldur aldrei farið á milli mála að íslenska peningakerfið er mjög veikt í samanburði við hið stóra peningakerfi nágrannaþjóðanna, og hér eru ýmsar þær reglur sem þarf að skoða áður en aukið frelsi getur orðið. Þær verða skoðaðar og eru vitanlega í athugun og skref hafa verið stigin, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, í þá átt að auka frelsi á þessu sviði og þau munu verða stigin áfram. Ég vara hins vegar við að menn rasi þar um ráð fram og framkvæmi hluti án þess að skoða mjög vandlega heildaráhrifin.

Við höfum einnig haft fyrirvara í sambandi við fólksflutninga og þeir fyrirvarar hafa verið þeir sömu í raun og við höfum haft gagnvart frjálsum fólksflutningum á milli Norðurlandanna. Við höfum sem sagt heimild þar til að grípa inn í ef þessir fólksflutningar verða svo víðtækir að þeir kunni að valda verulegu jafnvægisleysi á hinum litla íslenska vinnumarkaði. Fleiri þjóðir eru með þennan fyrirvara, t.d. Svisslendingar. Þeir eru í raun og veru með enn þá ákveðnari fyrirvara að þessu leyti. Það má svo sem geta þess að Svisslendingar hafa einnig verið með ýmsar athugasemdir í sambandi við frjálsa flutninga fjármagns og hafa lýst yfir hvað eftir annað að þeir muni aldrei fallast á að aðrir ákveði hvernig þeir fari með sinn frjálsa fjármagnsmarkað. Við höfum einnig ætíð tekið fram að við getum ekki fallist á yfirþjóðlegar stofnanir í Brussel, og fleiri þjóðir hafa haft þá afstöðu. Á það hafa Svisslendingar lagt mjög ríka áherslu og eftir nokkra umræðu í því starfi sem nú hefur farið fram er samstaða um það að fallast ekki á yfirþjóðlegar stofnanir.

Ég vil því leggja á það áherslu að í þessum undirbúningi öllum hefur okkar sérstöku aðstöðu verið, að mínu mati, komið ágætlega á framfæri. Það fer ekkert á milli mála. Það er öllum ljóst að aðstaða okkar er sérstök, hvort sem menn vilja kalla það fyrirvara eða fyrirvara ekki.

Hér er að sjálfsögðu fjallað um þessi fjögur frelsi sem um er talað og hefur utanrrh. lýst því í smáatriðum og skal ég ekki fara yfir það. Hér er einnig fjallað um ýmis jaðarverkefni sem eru afar mikilvæg og við höfum reyndar tekið þátt í að móta nú í nokkur ár. Þó að þar hafi sumt gengið hægar en að var stefnt hygg ég að þar sjái jafnframt fyrir endann á því starfi. Ég vil þar sérstaklega nefna samstarf á sviði vísinda og þróunarstarfsemi sem getur orðið afar mikilvæg fyrir okkur Íslendinga og við tökum nú þátt í. Ég vil nefna samræmingu á menntakerfinu sem nú hefur loksins komist á nokkurt skrið og er að mínu mati afar mikilvægt fyrir íslenska námsmenn sem þurfa að leita í ríkari mæli erlendis til menntunar en almennt gerist um hin stærri ríki. En rétt er að geta þess í því sambandi að innan Evrópubandalagsins er þessi samræming á menntun og heimild allra þjóða sem þátt taka í henni, að sækja menntun á jafnræðisgrundvelli í hvaða ríki sem er, tengd atvinnuheimildinni. Þarna kann að vera um einhverja erfiðleika að ræða en ég tel að fyrir okkur Íslendinga sé heimild fyrir námsmenn til að leita sér þjálfunar, leita sér starfs eftir menntun erlendis, afar mikilvæg. Og það fer náttúrlega ekkert á milli mála að fjöldi íslenskra námsmanna sem nýtir sér þetta er mjög mikill og reyndar miklu meiri fjöldi Íslendinga sem starfa erlendis en erlendra aðila hér á landi þegar á heildina er litið.

Samstarf á sviði umhverfismála er annað sem er afar mikilvægt og verður vitanlega aldrei bundið af landamærum. Það leiðir að sjálfsögðu af eiginleika þess máls, og ég tel að það sé fullt samkomulag á milli EFTA og EB um víðtækt samstarf á því sviði. Þannig eru ýmis mál sem eru afar mikilvæg fyrir okkur Íslendinga í þessari vinnu sem nú fer fram.

Ég vil svo að lokum segja örfá orð um þann þáttinn sem að mínu mati verður erfiðastur í þessu sambandi og það er það sem kallað er hinn lagalegi og stofnanalegi þáttur. Þar ber vitanlega í raun mjög mikið á milli Evrópubandalagsins og EFTA. Það gerir það í grundvallaratriðum. Evrópubandalagið hefur kosið að veita sinni stjórn í Brussel mjög mikil völd, sem við

köllum gjarnan yfirþjóðleg völd. EFTA-löndin hafa hafnað þessu. Þarna verður áreiðanlega um mjög flókna samninga að ræða sem ég hygg að útilokað sé á þessari stundu að sjá fyrir hvernig verður lokið. Markmiðið mun vera það að ljúka sem allra mestu af slíkri samræmingu laga og reglna þegar fyrir eða við gildistöku hugsanlegs samnings á milli EFTA og EB. Og ég er reyndar þeirrar skoðunar að þetta sé eina skynsamlega leiðin. Hins vegar verður aldrei hjá því komist að fjölmörg atriði komi upp á síðari tímum sem þurfa þá að koma til meðferðar annars vegar innan Evrópubandalagsins og hins vegar hjá EFTA-ríkjunum. Þar er náttúrlega mikil aðstöðumunur á, því að í flestum slíkum tilfellum, ef ekki öllum, mun Evrópubandalagið geta tekið sína ákvörðun einhliða í Brussel en hjá EFTA-ríkjunum verður slíkt að koma til einstakra þjóðríkja.

Utanrrh. fór ítarlega yfir það samráð sem þarf að vera o.s.frv. og sömuleiðis það réttarkerfi sem þarf að setja á fót. En ég taldi þó nauðsynlegt að vekja athygli á þessu jafnframt því að þarna tel ég að við mesta erfiðleika verði að etja.

Ég vil einnig lýsa nokkrum áhyggjum yfir því sem mér finnst koma mjög áberandi fram hjá öllum fulltrúum Evrópubandalagsins, að í raun verði EFTA-ríkin að samþykkja eða hafna, og þá um leið hafna samstarfi, þeim reglum sem Evrópubandalagið ákveður fyrir hinn innri markað, sem sagt að það sé í raun ekki til viðtals um neinar breytingar á þessum innri hraeði. Þetta er dálítið erfitt að þola, en ég er ansi hræddur um að með þeirri vaxandi áherslu sem Evrópubandalagið leggur nú á miðstýringu frá Brussel, sem kom m.a. fram mjög ítarlega á fróðlegri ráðstefnu sem ég sat um þessi mál fyrir örfáum dögum, muni verða æ erfiðara að fá Evrópubandalagið til að fallast á miklar tilhliðranir vegna EFTA-ríkjanna. Ég er ekki þar með að segja að sérstakir samningar við einstök EFTA-ríki, eins og um sjávarútvegsmál eða með fisk o.s.frv., kunni ekki að takast. Ég á hins vegar við hinar almennu reglur sem muni ráða á þessu væntanlega eða hugsanlega evrópska efnahagssvæði.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mikið en vil að lokum leggja áherslu á að það sem hér er að gerast er í raun alls ekkert nýtt af nálinni eins og kom nokkuð fram hjá síðasta hv. ræðumanni. Þetta er þróun sem hefur verið í Evrópu nú alllengi, í a.m.k. um 40 ár, fór mjög hægt af stað en hefur síðan vaxið fiskur um hrygg og farið hraðar og má reyndar rekja til þess að fyrir 40 árum ákváðu ríki hinnar evrópsku Efnahagssamvinnustofnunar í París að vinna að því að leggja niður alls konar hindranir fyrir verslun, fyrst og fremst tolla, samræma tolla o.s.frv., á milli ríkjanna. Við höfum tekið mjög ákveðinn þátt í þessu í raun frá upphafi og við erum einnig þátttakendur í næsta skrefinu sem var myndun EFTA og EB. Við erum einnig þátttakendur í raun í þriðja skrefinu þegar einstök EFTA-ríki gera sérstaka samninga við Evrópubandalagið um fríverslun sem var náttúrlega afar stórt skref í þá átt að mynda eitt fríverslunarsvæði í Evrópu og ég vil leyfa mér að halda því fram að við höfum notið góðs af þessu. Ég held það sé vafalaust að sú niðurfelling tollamúra, sem hér hefur orðið á þessum tíma, hafi orðið okkur til góðs. Ég vara hins vegar við því ef menn telja að þetta sé einhvers konar lausn allra okkar vandamála. Það held ég að sé alls ekki. Mér heyrðist það hálfpartinn á síðasta ræðumanni að svo væri. Jafnvel þótt við næðum hinum hagkvæmustu samningum við Evrópubandalagið, fengjum okkar kröfur viðurkenndar um frjálsa verslun fyrir fisk, fengjum t.d. að hafa sértök skilyrði í sambandi við fjármagnsflutninga og takmarkanir á því að erlendir aðilar geti eignast hér fyrirtæki í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna, og hefðum heimild til að stöðva fólksflutninga ef þar gætti jafnvægisleysis, þá mun framtíð þessarar þjóðar ekki byggjast á slíkum samningum. Hún mun byggjast á okkar eigin krafti. Hún mun byggjast á því að okkur hér á landi takist að halda jafnvægi í okkar efnahagslífi og okkur takist að vinna okkur út úr þeim erfiðleikum sem við erum í, sem við tvímælalaust munum gera, og koma í veg fyrir það að við lendum aftur í slíkum sveiflum sem einkennt hafa íslenskt efnahagslíf. Framtíðin mun umfram allt byggjast á því að hér verði nýjar atvinnugreinar sem byggist upp á hugviti okkar Íslendinga sjálfra en ekki með erlendri fjárfestingu þó að hún komi svo sannarlega til greina á fjölmörgum sviðum. Hún mun byggjast á því að hér verði framleiðniaukning fyrst og fremst, framleiðniaukning sem ég hygg að hafi skort hér upp á síðkastið. Hér þarf að verða framleiðniaukning og helst meiri en verður í okkar samstarfsríkjum. Því aðeins getum við gert okkur vonir um að við höldum höfði og stöndum upp úr í þessari mjög róttæku þróun sem hefur orðið og er eflaust fram undan í Evrópu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi lýsa ánægju minni með það að nú hafa tekist samningar um saltsíldarkaup, eða réttara sagt að þeir hafa fengist staðfestir. Það er þá a.m.k. hægt að snúa sér að öðrum málum í bili varðandi viðskipti við Sovétríkin. Vonandi er stjórnvöldum þó ljós sú breytta staða sem nú er komin upp varðandi viðskiptaumhverfi í Sovétríkjunum. Jafnframt því sem við fögnum því sem nú á sér stað þar austur frá verða stjórnvöld að sjá til þess að hagsmuna okkar sé gætt að því er samskipti varðar. Í því sambandi hafa þau verið sofandi á verðinum hingað til.

Í umræðunni um samskipti Íslands við Evrópubandalagið hafa stjórnmálamenn hér á landi ýmist sagt að aðild að bandalaginu sé ekki á dagskrá eða að það komi ekki til álita að Ísland gerist aðili að Evrópubandalaginu. Nokkur munur er á þessu tvennu en að mínu mati kemur ekki til greina að Ísland gerist aðili að bandalaginu. Bandalagið er miklu meira en samstarfsvettvangur sjálfstæðra þjóða því að með inngöngu afsala þjóðirnar sér hluta af sjálfstæði sínu til yfirstjórnar í Brussel.

Evrópubandalagið er stórríki með mikla miðstýringu. Stjórnkerfi EB er langt frá því að vera lýðræðislegt. Ráðherraráðið fer með æðsta vald samtakanna. Í sumum málum hafa ríkin neitunarvald en í öðrum fer atkvæðisréttur eftir stærð ríkjanna. Framkvæmdastjórn bandalagsins hefur í raun einnig mikið vald og er sú stofnun bandalagsins sem getur lagt fram lagafrumvörp. Þing Evrópubandalagsins hefur aðallega ráðgefandi hlutverki að gegna en hefur ekki löggjafarvald. Þing einstakra ríkja hafa lítið sem ekkert að segja í málefnum stórríkisins. Auk þess hefur EB eigin dómstól sem getur fellt úr gildi stjórnvaldsákvarðanir og jafnvel lög einstakra aðildarríkja ef þau ganga gegn reglum bandalagsins. Dómstólar hvers aðildarríkis eru bundnir af túlkun dómstóls EB á reglum þess. Þó ekki væri nema vegna skorts á lýðræði innan EB tel ég ekki koma til greina að Ísland gerist hluti af því. Þó margt komi til sem geri það ómögulegt fyrir Ísland að gangast undir ákvæði Rómarsáttmálans er það þó ekki síst fiskveiðistefna bandalagsins sem Íslendingar munu aldrei geta sætt sig við.

Eins og flestir vita lítur EB öðrum augum á auðlindir hafsins en aðrar auðlindir. Hver þjóð innan bandalagsins hefur yfirráð yfir auðlindum, svo sem olíu, kolum og skógum. Þetta þýðir að 200 mílna lögsaga hvers ríkis er ekki lengur staðreynd að því er varðar þegna stórríkisins. Þessu er auðvitað ekki hægt að ganga að af Íslands hálfu. Mér þótti það þess vegna alveg með ólíkindum þegar kynnt var aldamótaskýrsla á landsfundi stærsta stjórnmálaflokks landsins og framsögumaður hennar, á landsfundi Sjálfstfl., sá sem síðar var kjörinn varaformaður, sagði að stefna bæri að því að Ísland gerðist aðili að EB. Að vísu hefur þessi krafa ekki verið hávær að undanförnu. E.t.v. hafa vísir menn bent manninum á að svona yfirlýsingar væru ekki mjög heppilegar eða líklegar til að falla í frjóan jarðveg meðal almennings í landinu.

Virðulegi forseti. Upphafið að því að við erum í dag að ræða þessa bláu skýrslu utanrrh. er ræða sem Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB, hélt þann 17. jan. 1989. Það sýnir á vissan hátt hvert vald framkvæmdastjórnarinnar er að orð forseta hennar skuli koma svo stórri skriðu af stað sem raun ber vitni.

Á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í Osló í mars sl. var fjallað um þau atriði sem komu fram í ræðu Delors. Þetta mál var rætt hér á Alþingi áður en hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. héldu til Oslóar er ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár í Sþ. Þá fullvissaði forsrh. okkur um að af Íslands hálfu mundi aldrei verða fallist á yfirþjóðlegar stofnanir né heldur annað það sem ógnað gæti sjálfstæði þjóðarinnar.

Í yfirlýsingu Oslóarfundarins segir m.a., með leyfi forseta:

„Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður muni leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu efnahagssvæði."

Forsætisráðherra Íslands gerði fyrir fram fyrirvara um yfirlýsingu fundarins að því er varðaði fjármagnsflutninga, fjármálaþjónustu og flutninga fólks. Hann gerði grein fyrir þeim fyrirvörum sínum í ræðu sinni hér áðan. Að vísu hefur ósköp lítið farið fyrir þessum fyrirvörum og virðist sem samningamenn ríkisstjórnarinnar með utanríkisráðherrann í broddi fylkingar hafi alveg gleymt þeim. Það væri fróðlegt að vita hvar þessir fyrirvarar eru nú staddir. A.m.k. sér þeirra ekki stað í yfirlýsingu fundarins og þeim hefur heldur ekki verið haldið til haga í þeim könnunarviðræðum sem síðan hafa farið fram nema þá að mjög litlu leyti.

Ef litið er aðeins nánar á fjórfrelsið svonefnda kemur líka fljótt í ljós að málið er ekki svo einfalt sem margir vilja vera láta. Hömlulausir fjármagnsflutningar til og frá Íslandi og erlend fjármálaþjónusta munu fljótt leiða til þess að erlendir aðilar muni geta náð tökum á öllum þáttum íslensks atvinnulífs, sjávarútvegi og fiskvinnslu einnig.

Það hefur verið yfirlýst stefna allra íslenskra stjórnmálaflokka, hingað til a.m.k., að yfirráðaréttur yfir og nýting auðlindanna skuli vera í höndum Íslendinga þó svo að margir telji að hleypa eigi útlendingum inn í íslenskt atvinnulíf að öðru leyti. Flestir þeirra sem ég hef heyrt tjá sig um þetta atriði hingað til, bæði á vettvangi EB-nefndarinnar og annars staðar, hafa hins vegar talið að ekki verði hægt að koma í veg fyrir að útlendingar geti náð tökum á sjávarútvegi og fiskvinnslu jafnt og öðrum þáttum ef fjármagnsflutningar og fjármálaþjónusta verði óheft milli Íslands og annarra landa.

Reglur um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi eru mjög margbreytilegar og má segja að lagasetning að því er varðar þetta atriði sé í miklum molum. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu sem lögð var fram á Alþingi á 109. löggjafarþingi, en í þeirri skýrslu er bent á að þegar íslensk lagasetning er skoðuð með tilliti til erlendra fjárfestinga er hún mjög ósamstæð. Bent er á ýmis atriði í þessu sambandi, m.a. að ekki sé leitast við að skýra hvað felst í hugtakinu „erlend fjárfesting" né heldur hverjir skuli teljast erlendir aðilar og hverjir íslenskir í skilningi laganna.

Meðan ástandið er slíkt að því er varðar íslenska löggjöf er það mikill ábyrgðarhluti að flana áfram eins og nú virðist eiga að gera að því er varðar fjármagnsflæði. Hvernig hafa menn hugsað sér að halda auðlindunum utan við erlendar fjárfestingar? Á hvern hátt hefur utanrrh. og reyndar ríkisstjórnin öll hugsað sér fyrirkomulag þessara mála? Hefur málið verið hugsað til enda? Það getur varla verið. Það er kominn tími til að hugsa um nokkur skref fram á við en ekki bara eitt í einu eins og hæstv. utanrrh. virðist vera að gera, alla vega að því er þetta mál varðar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það af hálfu EB að áður en farið verði að ræða af alvöru um svokallað frelsi fjármagnsins verði að tryggja að fólk fái að flytjast frjálst og óhindrað milli landa. Í þessu felst rétturinn til að taka sér bólfestu hvar sem er á svæðinu öllu með þeim réttindum og skyldum sem því tengjast. Er fyrst og fremst hafður í huga réttur manna til að stofna fyrirtæki.

Í raun er ekki mikil ástæða til að ætla að launafólk

fari í stórum stíl að flytjast búferlum á milli landa og raska þannig byggðamynstrinu verulega þó sú hætta sé vissulega fyrir hendi. Í þessu sambandi hefur verið minnst, bæði hér í dag og oft áður, á rétt íslenskra námsmanna til að stunda nám í löndum Evrópubandalagsins. Þar ber að athuga að á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 hefur verið unnið að tugum samstarfsverkefna milli EB og EFTA. Verkefnin eru auk viðskipta m.a. á sviði rannsókna, vísinda, menntamála og umhverfismála. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að það samstarf muni halda áfram burtséð frá því hvaða leið verður farin varðandi frekara samstarf við EB. Með því ætti ekki að vera veruleg hætta á að Íslendingum verði úthýst úr evrópskum háskólum.

Að því er varðar flutning vinnuafls milli landa er rétt að benda á að EB hefur að mjög takmörkuðu leyti tekið á þeim félagslegu þáttum sem óhjákvæmilega tengjast innri markaðinum. Í bæklingi sem samtök launafólks gáfu nýlega út er m.a. bent á þetta atriði. Andstæðingar innan markaðarins hafa bent á að starf framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs EB beinist fyrst og fremst að því að greiða götu fjármagnsins en fólkið eigi að bíða. Það kemur að launafólkinu seinna, er sagt. Sú hætta sem fyrst og fremst fylgir því fyrir okkur að veita erlendum aðilum rétt til að stofna hér fyrirtæki án viðhlítandi takmarkana er að við getum í raun ekki komið í veg fyrir það að hver sem er geti eignast hlut í undirstöðuatvinnuvegum okkar og e.t.v. náð þar undirtökum á nokkrum tíma.

Hvernig ætlum við að bera okkur að þegar erlendur aðili vill eignast hlut í fiskvinnslufyrirtækjum? Ef við höfum skrifað undir að fólk fái að koma hingað og stofna hér fyrirtæki óhindrað er ég hrædd um að við höfum í raun engin tök á að koma í veg fyrir slíkt. Eða *hvernig hafa menn hugsað sér að taka á þessum* málum? Ég veit að íslenska ríkisstjórnin hefur gert fyrirvara að því er varðar flutninga vinnuafls til Íslands en þá aðeins með tilvísun til smæðar íslensks vinnumarkaðar.

Það vakti athygli varðandi afgreiðslu ríkisstjórnarinnar í sumar á fyrirvörum Íslands varðandi vinnuaflið að ekkert samráð var haft við samtök launafólks í landinu vegna afgreiðslunnar. Það er að vísu í samræmi við annað samráð eða samráðsleysi sem ríkisstjórnin hefur haft í þessu máli við aðila vinnumarkaðarins og reyndar aðra aðila. Utanrmn. og EB-nefnd Alþingis hafa að vísu fengið sendar allar upplýsingar og ráðherrann hæstv. upplýsti hér áðan að aðrir aðilar hefðu fengið allar upplýsingar sem ráðuneytinu hefðu borist, en samráð að öðru leyti hefur verið mjög lítið. Það hefur verið upplýst af aðilum vinnumarkaðarins að nánast engir samráðsfundir hafi verið haldnir. Einn fundur hafi verið í upphafi þessa svokallaða samráðs en síðan hafi það verið í algjöru lágmarki og margir hverjir hafa aldrei verið neitt kallaðir til viðtals, ekki einu sinni aðilar í sjávarútvegi sem hlýtur að vera mikill ábyrgðarhluti því að þetta er okkar aðalatvinnuvegur og undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og ég trúi ekki að ríkisstjórnin ætli ekki að hlusta á það sem þeir hafa að segja.

Af Íslands hálfu hefur aðaláhersla okkar í samskiptum við aðrar þjóðir verið í vöruviðskiptum enda erum við mjög háð bæði vöruinnflutningi og útflutningi. Það hefur verið lífsnauðsyn fyrir okkur að koma vörum okkar á markað. Strax eftir að Ísland gerðist aðili að EFTA voru hafnar viðræður við EB um fríverslunarsamninga. Í stórum dráttum féllst EB á að láta skilmála fríverslunarinnar vera þá sömu og milli EFTA-landanna. Um sjávarafurðir var samið sérstaklega, bókun 6 eins og hér hefur verið rætt um fyrr í dag, og tollar lækkaðir á flestum sjávarafurðum. Eitt af því sem hingað til hefur verið talin hindrun í vegi fyrir að hægt væri að semja um fríverslun með fisk við EB er að innan EFTA hafði ekki tekist að koma á fríverslun með fisk. Í mars sl., á umræddum Oslóarfundi, var samið um fríverslun með fisk innan EFTA og mátti skilja á talsmönnum íslenskra stjórnvalda að þeir teldu að málið væri þá nánast í höfn að því er varðaði EB. Þetta hafa reynst tálvonir einar. Nú er flestum ljóst að EB mun ekki í náinni framtíð samþykkja fríverslun með fisk, ekki síst vegna þess að það mun hafa í för með sér að þeir verða að leggja af það mikla styrkjakerfi sem viðgengst í sjávarútvegi innan bandalagsins.

Fulltrúar bandalagsins hafa ætíð lýst því yfir að fríverslun með fisk væri tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu þess. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. hér áðan að EB hefði lýst því yfir að engar viðræður gætu farið fram um aðgang Íslendinga að innri markaðinum með sjávarafurðir nema þeir fengju aðgang að fiskveiðilögsögu okkar. Hæstv. ráðherra sagði að þetta ætti við um tvíhliða viðræður en gat ekki um hið sama ef EFTA-löndin ganga til samninga sem ein heild.

Þetta finnst mér furðulegar yfirlýsingar og vil fá nánari skýringar á þeim fullyrðingum.

Vegna stækkunar bandalagsins svo og annarra aðstæðna er nauðsynlegt að fá endurskoðun nú þegar á viðskiptasamningi milli Íslands og EB. Sú endurskoðun getur ekki átt sér stað með öðrum hætti en tvíhliða viðræðum. Við höfum ítrekað heyrt frá leiðtogum Evrópuþjóða að Íslendingar njóti mikillar velvildar. Við eigum að nota þann byr sem málstaður okkar hefur og hefja viðræður nú þegar.

Í ræðu sem fyrrnefndur Delors, forseti framkvæmdastjórnarinnar, hélt á þingi Evrópuráðsins þann 26. sept. sl. sagði hann að val EFTA-ríkjanna um það hvaða leið verði farin varðandi samskipti við EB sé algjörlega mál þeirra sjálfra. Tvíhliða viðræður eða sem ein heild, það er þeirra eigið val. Það er því spurning hvort Delors var alvara þegar hann sagði þetta eða hvort viðhorf hans hafi breyst frá þessum tíma. Mér finnst merkilegt að ekkert skuli vera gert með þessa yfirlýsingu Delors miðað við það vægi sem hans orð frá 17. jan. höfðu innan EFTA.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er það mat samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi að ekki sé

neinn tími til að bíða eftir að viðræðum EFTA-ríkjanna í heild, um aðra þætti en aðgang að innri markaðinum með fisk, ljúki. Í viðræðunum hingað til hefur sá þáttur mætt algjörum afgangi og það þrátt fyrir að Ísland gegni formennsku í ráðherraráði EFTA. Hvernig halda menn að takist að þoka þessum málum ofar á dagskrána eftir áramótin? Hvernig ætlar hæstv. utanrrh. að tryggja að viðræðurnar fari nú fyrst og fremst að snúast um fisk? Það er ekki grundvöllur til að ræða um fjórfrelsið fyrr en fisksölumál okkar til Evrópubandalagsins og yfirráð yfir auðlindinni hafa verið tryggð.

Af því sem ég hef sagt ætti að vera ljóst að ég tel Íslendinga ekki eiga að taka þátt í evrópsku efnahagssvæði þar sem ekki er grundvöllur fyrir því að hafa takmarkanir á aðgangi erlendra aðila að þeim auðlindum sem eru lífbrauð þjóðarinnar. Það er því algert glapræði að halda áfram á þeirri braut sem ríkisstjórnin er að marka í könnunarviðræðum við EB. Það er alveg ljóst að þar er ekkert tillit tekið til sérstöðu Íslendinga að því er varðar sjávarafurðir. Þær munu verða algert aukaatriði ef til samningaviðræðna kemur.

Það er heldur ekki að undra þar sem Norðmenn sem koma næstir Íslendingum að því er varðar útflutning á sjávarafurðum eru aðeins með 6% af sínum útflutningi til EB. Hagsmunir annarra EFTA-ríkja, m.a. Svíþjóðar, eru svo langt frá okkar að við eigum greinilega ekki samleið með þeim. Við höfum ekki ráð á að bíða eftir að búið sé að ræða meginatriði varðandi frelsi fjármagnsins innan evrópsks efnahagssvæðis og semja um það áður en farið er að ræða við EB um aðgang Íslendinga að þeim mörkuðum með okkar vörur. Það er e.t.v. mikilvægast af öllu þegar verið er að meta stöðu Íslands í sambandi við önnur ríki að við áttum okkur í senn á sérstöðu okkar og með hvaða hætti við viljum þróa íslenskt samfélag. Það eigum við að gera af festu og með rökum, þó án þess að ýkja sérstöðuna. Þetta á ekkert skylt við það að við viljum einangra okkur. Öllum er væntanlega ljóst að við eigum mikið undir góðum samskiptum við aðra, bæði viðskiptalega og menningarlega. Sérstaða okkar er einkum fólgin í fámenni og smæð íslensks samfélags og þeirri staðreynd að við byggjum efnahag okkar að mestu leyti á einni auðlind. Þessar aðstæður valda því að við þurfum að beita öðrum ráðum en stórþjóðir í fjölþættum og flóknum iðnaðarsamfélögum. Við verðum að gæta þess að varðveita eigin stjórn á efnahagslífi þjóðarinnar. Það mun ekki takast ef við göngum inn í stærri heildir. Á sama hátt verðum við að gæta þess að geta tekið ákvarðanir á eigin forsendum en afsala ekki sjálfræði til yfirþjóðlegra stofnana með miðstöðvar langt í burtu frá íslenskum veruleika.

Við eigum að hafna þeim viðhorfum sem gerast nú býsna áleitin og heyrast æ oftar að lausnin út úr efnahagsvanda Íslendinga sé að láta framandi öflum og kerfum eftir að lækna meinsemdirnar og halda að það muni bjarga okkur og framtíð barna okkar. Styrkur okkar er þvert á móti fólginn í smæðinni, sérstöðunni og legu landsins langt úti í Atlantshafi milli heimsálfa. Þessi lega býður ekki lengur upp á einangrun heldur er hún kostur sem við eigum að nýta okkur með góðum og markvissum samskiptum til allra átta um leið og við gætum þess að vernda umhverfi okkar og auðlindir.

Alþingi Íslendinga á verk fyrir höndum á næstu mánuðum. Hér þurfum við að fjalla um markmið og leiðir í samskiptum við þá Evrópu sem nú tekur breytingum á hverjum degi, en einnig að líta til annarra átta. Umræðan hér í dag er aðeins fyrsti þátturinn af mörgum áður en komist er að niðurstöðu. Við eigum ekki að láta aðra skammta okkur þann tíma sem við þurfum til þess að komast að niðurstöðu. Eitt af því sem við þurfum að svara er *með hvaða hætti við ætlum að gæta hagsmuna okkar* gagnvart EB. Í mínum huga er einboðið að við búum okkur undir tvíhliða viðræður og engu að síður þótt sumir virðist hafa trú á samningum EB um evrópskt efnahagssvæði. Það er hins vegar villuljós sem ég vona að hv. alþm. og ríkisstjórn hætti að elta fyrr en seinna.

Ég tel hæstv. utanrrh. á rangri braut í tillögum sínum eins og þær birtast í þessari skýrslu. Ráðherrann sagði að tækifærið væri núna og við hefðum ekki tíma til að bíða. Fróðlegt væri að vita hvernig framtíðarsýn hæstv. ráðherra er. Hvernig sér hann fyrir sér að 250 þúsund manna rödd okkar muni hljóma í 350 millj. manna kór Evrópu? Mun hún hljóma skært eða verður hún kæfð?

Varðandi framhald þessa máls sem hlýtur að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag er allt mjög óljóst. Þar á ég við málsmeðferðina hér á hinu háa Alþingi. Ég tel það augljóst að áður en tekin er ákvörðun um að ganga til samningaviðræðna á þeim grunni sem utanrrh. hefur gert grein fyrir verður Alþingi að taka formlega afstöðu til málsins. Ef ríkisstjórnin hefur hugsað sér að ákvörðun verði tekin um framhaldið fyrir ráðherrafund EB og EFTA þann 19. des. n.k. verður að hafa hraðar hendur. Tíminn er að mínu mati allt of stuttur þótt ég sé sannfærð um að við eigum ekki að fara þá leið sem ríkisstjórnin er að marka á þeim forsendum sem gefnar eru.

Eins og ég sagði áðan höfum við mikla sérstöðu í samfélagi þjóðanna. Við eigum að nota okkur þá sérstöðu á jákvæðan hátt. Við verðum að átta okkur á með hvaða hætti við viljum þróa íslenskt samfélag og taka síðan mið af því í samskiptum okkar við aðrar þjóðir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. „Miklar og hraðar breytingar eiga sér nú stað í Evrópu. Löndin í Austur-Evrópu feta sig inn á braut blandaðs hagkerfis og lýðræðislegra stjórnarhátta. Evrópubandalagið er að hrinda í framkvæmd ákvæðum Rómarsáttmálans frá 1958 um innri markað og stefnir í áttina að ríkisheild. Ríkin í Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, sem Ísland er aðili að leita aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Berlínarmúrinn er fallinn og járntjaldið sem skipt hefur álfunni í vestur og austur mun brátt heyra sögunni til. Skriður hefur komist á afvopnun í Evrópu með samningi um afnám meðaldrægra eldflauga og einhliða fækkun í hefðbundnum herafla. Góðar horfur eru á að þáttaskil verði í afvopnunarmálum á meginlandi álfunnar á næstu missirum með samningum um hefðbundin vopn og traustvekjandi aðgerðir. Íslendingar eiga að leggja sitt af mörkum til afvopnunar og bættra samskipta í Evrópu og á alþjóðavettvangi. Það gerum við best með því að vísa erlendum her úr landinu og draga okkur út úr NATO. Jafnframt þurfum við að leggja ríka áherslu á kjarnorkuafvopnun á og í höfunum sem Íslendingum stafar gífurleg hætta af.

Afvopnun á meginlandinu og lýðræðisþróunin í Austur-Evrópu fela í sér mestu breytingar í málefnum álfunnar um langt skeið og minna á vorleysingu. Mestu varðar að þær hafa farið friðsamlega fram og geta leitt til stórbættra samskipta í okkar heimshluta."

Þannig, virðulegur forseti, er upphaf ályktunar um málefni Evrópu og hagsmuni Íslands sem samþykkt var einróma á landsfundi Alþb. sl. sunnudag. Þegar litið er til þeirra breytinga sem hafa verið að gerast í Austur-Evrópu undanfarið, þá verður að harma að ekki hafa komið fram jákvæðari viðbrögð af hálfu Norðurlanda og þeirra sem eru málsvarar Norðurlanda við óskum ráðamanna í Sovétríkjunum um aukin og bætt samskipti, m.a. að því er varðar sovétlýðveldi við Eystrasalt og á landamærahéruðum á milli Norðurlanda og Sovétríkjanna.

Það var heldur nöturlegt upp á það að horfa með hvaða hætti forsætisnefnd Norðurlandaráðs brást við þeim hugmyndum sem Gorbatsjov hinn sovéski setti fram í Finnlandi í októbermánuði þar sem hann var í opinberri heimsókn. Í stað þess að taka á því máli af festu og með jákvæðum hætti, þá treysti forsætisnefnd Norðurlandaráðs, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson er aðili að ásamt hv. þm. Páli Péturssyni fyrir Íslands hönd, sér ekki til að stíga stærra skref en bjóðast til og ákveða að senda embættismann á vegum forsætisnefndarinnar til Moskvu. Hugmyndir um að fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum kæmu á næsta þing Norðurlandaráðs sem haldið verður hér í Reykjavík fengu engar undirtektir af þessari forustusveit Norðurlandaráðs. Þetta harmaði ég á þeim vettvangi í síðustu viku þar sem Evrópumálin voru til umræðu, en auðvitað skiptir þessi þróun í löndunum sem verið hafa aflokuð bak járntjaldi verulegu máli fyrir þróun í álfunni.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að kveða hér upp dauðadóm yfir sósíalismanum. Ég vil segja við hv. þm., formann Sjálfstfl., hafi hann ekki vitað það, að í Austur-Evrópu hefur ekki verið neinn sósíalismi við lýði og það ekki frá því um stríð eða frá því að rússneska byltingin var gerð. Það er ekki sósíalismi sem þar hefur ráðið ríkjum heldur eitthvert allt annað kerfi og það er eins gott að menn átti sig á því að ríkiseinokun af því tagi sem þar hefur ráðið ríkjum og miðstýrt kerfi á ekkert skylt við sósíalískar hugsjónir. (Gripið fram í.) Þess vegna lifa þær áfram hvaða orð sem falla hér frá formanni Sjálfstfl. í þessum ræðustól og á öðrum vettvangi. (**FrS:** Var einhver að kveða upp dóm?)

Ég ætla í framhaldi af því sem ég kynnti hér sem upphaf að ályktun Alþb. á landsfundi að vísa til þeirrar þróunar sem nú á sér stað í álfunni í Vestur-Evrópu og gagnvart Evrópubandalaginu sérstaklega. Þar er einnig að finna afstöðu til margra þátta þeirra könnunarviðræðna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið sem eru tilefni þessarar umræðu hér í Sþ. í dag og til frekari málsmeðferðar á næstunni. En í samþykkt landsfundar Alþb. er einnig að finna álit flokksins á því hvernig halda skuli á samskiptum Íslands út fyrir Evrópu, við önnur svæði og heimshluta. Við þurfum að gæta þess, þrátt fyrir mikilvægi Evrópumálanna og tengsl okkar við þá álfu sem við erum og viljum áfram vera hluti af, að líta ekki einangrað til Evrópu, hvað þá Vestur-Evrópu einvörðungu, heldur gæta jafnhliða að hagsmunum og tengslum annars staðar. Um Evrópubandalagið og hagsmuni Íslands ályktaði landsfundur Alþb. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Íslendingar hljóta að fylgjast af sérstökum áhuga með þróuninni í Evrópu og leggja þar sitt fram í samstarfi við helstu viðskiptaþjóðir okkar og þær þjóðir sem eru okkur skyldastar að menningu og í félagslegum efnum. Aukin tengsl við Evrópu og Norðurlönd sérstaklega undanfarin ár hafa verið skýrt mótvægi við bandarísk áhrif og er ástæða til að styrkja þau enn.

Landsfundur Alþb. telur að ekki komi til greina að Ísland gerist aðili að Evrópubandalaginu. Aðild að Evrópubandalaginu fæli í sér valdaafsal til yfirþjóðlegra stofnana. Slík aðild væri á engan hátt eftirsóknarverð fyrir okkur Íslendinga og bryti í bága við sjálfsákvörðunarrétt og efnahagslega hagsmuni þjóðarinnar. Samskipti Íslands við Evrópubandalagið eru hins vegar mikil og hafa aukist samhliða stækkun bandalagsins og breytingum á mörkuðum. Ýmsir þættir innan Evrópubandalagsins snerta hagsmuni þjóða sem standa utan bandalagsins og kalla því á viðbrögð og samræmingu. Þetta varðar m.a. staðla á framleiðsluvörum, gæðakröfur, réttindi til náms og starfa, svo og rannsókna- og þróunarstarfsemi. Í samstarfi á þessum sviðum geta falist ýmsir jákvæðir möguleikar, en einnig eru þar mörg álitamál og þættir að varast.

Samskipti norrænna þjóða við Evrópubandalagið sem stundum hefur verið kallað Evrópa auðhringanna hljóta einnig að mótast af því hvernig Evrópubandalagsríkjunum gengur að koma í framkvæmd þeim fyrirheitum sem felast í yfirlýsingum forustumanna bandalagsins um félagsleg málefni. Við þurfum að eiga góð samskipti við Evrópubandalagið og gæta þess að bregðast við breytingum sem þar verða út frá langtímahagsmunum þjóðarinnar."

Þetta, virðulegur forseti, er mikilvæg stefnumörkun. Aðild að Evrópubandalaginu kemur ekki til

greina að mati Alþb. en við eigum að hafa við það góð samskipti og sjáum jákvæða möguleika í samstarfi við bandalagið á mörgum sviðum. Slíkt samstarf varðar alla samskiptaþætti, menningarleg og félagsleg málefni, en mestu skipta okkur þó viðskiptalegir hagsmunir í því samhengi sem málin eru rædd hér í dag. Þar vega sjávarútvegsmálin þyngst og sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar. Viðhorf Alþb. um það efni koma skýrt fram í ályktun landsfundar flokksins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Evrópubandalagið er nú mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Viðskiptasamningur Íslands og bandalagsins frá 1972 ásamt bókun 6 hefur reynst vel, en þarfnast nú endurskoðunar, ekki síst að því er varðar tolla Evrópubandalagsins á saltfisk og fersk fiskflök. Gífurlegir styrkir til sjávarútvegs innan Evrópubandalagsins skerða einnig samkeppnisstöðu Íslendinga. Í því sambandi ber að hafa í huga að Íslendingar heimila tollfrjálsan og hindrunarlausan innflutning á iðnvarningi frá Evrópubandalaginu til Íslands.

Íslendingar gera kröfu um fríverslun með fisk án tolla og styrkja. EFTA-ríkin hafa fallist á þá stefnu, en langt virðist í land að hún hljóti undirtektir innan Evrópubandalagsins þar sem með sjávarútvegsmál er farið svipað og landbúnað. Gæta verður þess í samningum um þessi mál að fríverslun gangi ekki svo langt að við missum möguleika til að stýra ráðstöfun fiskaflans og tryggja að vinnsla haldist í landinu.

Ísland hefur algera sérstöðu hvað snertir mikilvægi sjávarafurða fyrir þjóðarbúskapinn. Því hljótum við að sækja það fast að ná viðbótarsamningi við Evrópubandalagið vegna útflutnings sjávarafurða til bandalagsins. Sjávarútvegsmál eru aðalatriðið í viðskiptalegum samskiptum Íslendinga við bandalagið og eðli málsins samkvæmt hljóta samningar um þau að vera viðfangsefni í tvíhliða viðræðum.

Í viðræðum við Evrópubandalagið er það ófrávíkjanleg forsenda að Íslendingar stjórni einir nýtingu fiskstofna við landið og krafa okkar er að fá tollfrjálsan og hindrunarlausan aðgang með sjávarafurðir að mörkuðum bandalagsins hliðstætt því sem gerist með iðnaðarvörur. Jafnframt því þurfa Íslendingar sjálfir að marka sér sjávarútvegsstefnu sem taki mið af heildarhagsmunum og þeirri nauðsyn að hafa í landinu öflug íslensk fyrirtæki í fiskiðnaði og til að annast sölu afurða. Á sviði sjávarútvegsmála eigum við aðeins takmarkaða samleið með öðrum EFTA-ríkjum, þar sem iðnaðarhagsmunir sitja í fyrirrúmi. Undirbúa þarf því hið fyrsta tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið, m.a. með því að móta skýra, íslenska sjávarútvegsstefnu."

Þetta er sá kafli sem varðar sjávarútvegsmálin sérstaklega og landsfundur Alþb. ályktaði um. Þær áherslur sem hér koma fram eru efnislega samhljóða þeim niðurstöðum sem samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi hefur komist að á sínum vettvangi og fyrst voru kynntar Evrópustefnunefnd Alþingis á fundi í fyrradag og í skýrslu sem allir alþm. og fjölmiðlar fengu afhenta í gær. Það er vissulega athyglisvert að Alþb. og þessi samstarfsvettvangur aðila í sjávarútvegi skuli meta aðstæður með svo líkum hætti og leggja ríka áherslu á tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Vissi þó hvorugur af hinum að mér sé kunnugt. Umrædd sjónarmið hagsmunaaðila í sjávarútvegi hafa ekki farið hátt til þessa þótt þau hafi vissulega heyrst frá einstökum talsmönnum í sjávarútvegi og við þeim röddum hefur Alþb. lagt hlustir. Það ber vott um þau tengsl sem Alþb. hefur við slagæðar íslensks atvinnulífs og undirstöðurnar í þjóðarbúskap okkar að áherslan á þessa þætti varðandi sjávarútveginn og beinar viðræður við Evrópubandalagið um málefni hans skuli birtast með þeim hætti sem gerðist í samþykktum flokksins á landsfundi.

Þessi atriði, herra forseti, sem ég hef rætt hér út frá viðhorfum og nýrri stefnumörkun Alþb. um þessi efni, snerta afstöðuna til efnis þeirrar skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur mælt hér fyrir varðandi könnunarviðræður EFTA og Evrópubandalagsins. Kjarni þess máls og yfirlýsingar Oslóarfundar leiðtoga EFTA eru um hvort og að hve miklu leyti Íslendingar eigi að aðlaga sig að skilyrðum innri markaðar Evrópubandalagsins, þeim þremur þáttum er varða fjármagnshreyfingar inn og út úr landinu, þjónustuviðskipti að meðtalinni fjármálaþjónustu og varðandi atvinnu- og búseturétt, þar á meðal rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur hérlendis. Fyrir Oslóarfundinn í mars sló ég, sem fulltrúi Alþb. í utanrmn., varnagla um þessi efni og lagði þar fram sérstaka bókun um væntanlega yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA í Osló eins og hún lá þá fyrir í drögum fyrir fundinn. Hæstv. forsrh. gerði ýmsa fyrirvara við málið í ræðu við upphaf fundarins í Osló en þeim fyrirvörum hefur aðeins að takmörkuðu leyti verið haldið til haga í könnunarviðræðum við Evrópubandalagið í framhaldi Oslóarfundarins.

Þingflokkur Alþb. ályktaði um málið strax eftir fundinn í Osló þann 20. mars sl. og tók þá m.a. ákveðið undir fyrirvara eins og þeir birtust í ræðu íslenska forsrh. Í þessari ályktun þingflokksins var m.a. fjallað um fjármagnshreyfingar sem eru einn helsti þáttur þess máls þótt þær varði einnig samskipti við aðra en Evrópubandalagið og EFTA-ríki, þ.e. spurningar um fjármagnshreyfingar koma inn í viðræður á víðtækari vettvangi eins og t.d. innan GATT. Um fjármagnshreyfingar segir í samþykkt landsfundar Alþb. sem ég hef áður vitnað til, með leyfi forseta:

„Íslendingar þurfa á næstu árum að meta hvort þeir telji sér hagkvæmt að draga úr einhverjum hömlum varðandi fjármagnshreyfingar og erlenda fjármálaþjónustu. Í því sambandi er þó afar nauðsynlegt að gera sér ljóst að óheftar fjármagnshreyfingar og erlend bankastarfsemi í landinu geta haft ýmsar hættur í för með sér. Óheftar fjármagnshreyfingar takmarka verulega möguleika á að reka efnahagsstefnu sem tæki mið af íslenskum aðstæðum. Ekki liggur nú fyrir með hvaða hætti komið verður í veg fyrir að erlendir hagsmunir muni ná ítökum í íslenskum sjávarútvegi ef fjármagnshreyfingar yrðu óheftar,

erlendir bankar störfuðu í landinu og útlendingar fengju hér fullan búseturétt. Reynsla ýmissa jaðarsvæða bendir til þess að óheftar fjármagnshreyfingar geti leitt til útstreymis fjármagns og fyrir byggðaþróun á Íslandi gæti slíkt haft hörmulegar afleiðingar. Við Íslendingar eigum því ekki að gera breytingar á núverandi skipan á flutningi fjármagns og varðandi þjónustu- og búseturétt nema ljóst sé að það hafi jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf og samfélag."

Þetta er sá þáttur sem snýr að fjármagnshreyfingum sérstaklega og ég hlýt að víkja aðeins að því, herra forseti, að Alþb. hefur verið samkvæmt sjálfu sér um þessi efni en hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að furða sig á því að Alþb. skuli á vettvangi Norðurlandaráðs einnig gera fyrirvara um þessi efni með sama hætti og þeir fyrirvarar og varnaglar eru slegnir á landsfundi flokksins.

Fjmrh. hæstv. og formaður Alþb. gerði þannig fyrirvara varðandi þann kafla í efnahagsáætlun Norðurlanda fyrir tímabilið 1989–1992 sem snertir fjármagnshreyfingar og fjármálaþjónustu.

Með svipuðum hætti gerði ég skýran og ákveðinn fyrirvara við álit efnahagsnefndar Norðurlandaráðs þann 9. okt. sl. og eins og sú ályktun birtist á Norðurlandaráðsþingi í Mariehamn 14. nóv. sl. Fyrirvarinn er einmitt varðandi þessi efni, fjármagnshreyfingar og fjármálaþjónustu. En hvað gerir hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl.? Hann skrifar undir ályktun efnahagsnefndar Norðurlandaráðs fyrirvaralaust og fram hefur komið af hans hálfu að hann skilji ekkert í því að íslensk stjórnvöld skuli hafa áhyggjur af því að opna hér hagkerfið upp á gátt fyrir erlendu fjármagni, fjármálaþjónustu og erlendum bönkum. Hver eru markmiðin sem hv. þm. skrifar undir á vettvangi Norðurlandaráðs? Jú, það er að ganga framar, feti framar en markmiðin eru samkvæmt Hvítbókinni varðandi innri markað Evrópubandalagsins að ljúka opnun á fjármagnshreyfingum milli Norðurlanda og gagnvart Evrópubandalaginu fyrir lok ársins 1990. Það er sú stefna sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson skrifar upp á á vettvangi Norðurlandaráðs. Sama gildir um fjármálaþjónustu, erlenda bankastarfsemi, og ég bið hv. þm., einnig þm. Sjálfstfl., að hugleiða hvaða áhrif það hefði ef formaður Sjálfstfl. væri hér í valdaaðstöðu og mundi knýja fram hér á Íslandi þessa stefnu sem hann skrifar upp á á vettvangi Norðurlandaráðs.

Ég sé, virðulegur forseti, í þessu sambandi ástæðu til þess að vekja sérstaka athygli á því hve efnahagslegar undirstöður íslensks atvinnulífs eru veikar um þessar mundir sem afleiðing af óstjórn fyrri ára, ekki síst þegar Sjálfstfl. og hv. 1. þm. Suðurl. hafði mest áhrif á stjórn landsins. Þetta á ekki síst við um fyrirtæki í sjávarútvegi sem auðvelt væri fyrir fjársterka aðila að ná ítökum í og kaupa upp með skuldaviðurkenningum einum saman ef hér yrði opnað upp á gátt fyrir erlendu fjármagni.

Mér þætti fróðlegt að heyra hér í þessari umræðu í öðrum talsmönnum Sjálfstfl. eins og hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, sem væntanlega á eftir að tala hér við umræðuna, hvernig honum líst á þá stefnumörkun formanns flokksins að opna hér upp á gátt fyrir erlendu fjárstreymi til og frá landinu og að koma hér upp erlendri bankastarfsemi hindrunar- og hömlulaust fyrir lok næsta árs. Hvernig heldur hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson að staðan væri hjá íslenskum sjávarútvegi og sjávarútvegsfyrirtækjum við núverandi aðstæður, miðað við hvernig þróun hefur verið á undanförnum árum, ef þessi stefna næði fram að ganga?

Annað vil ég nefna hér í þessu sambandi, virðulegur forseti, sem er nauðsynlegt og skylt að taka inn í þessa umræðu og það varðar þær hugmyndir um fyrirvara af Íslands hálfu sem hæstv. utanrrh., hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Suðurl. viku hér að í sínu máli og hv. 12. þm. Reykv. gerði skil hér í ræðu sinni áðan með ekki ósvipuðum hætti og ég lít til þeirra mála. Þetta snertir möguleikana á því að halda fyrirtækjum í einstökum atvinnugreinum á Íslandi eins og í sjávarútvegi, í fiskveiðum og fiskvinnslu, utan seilingar erlendra hagsmuna, fjárfestinga og ítaka, fjármálalegs eðlis, ef hér verður opnað upp á gátt í sambandi við fjármagnshreyfingar eins og boðað er af ýmsum aðilum. Þar er ekki gerður fyrirvari af hálfu hæstv. utanrrh. í könnunarviðræðunum við Evrópubandalagið til þessa, ekki hef ég séð þá fyrirvara og ég tala nú ekki um ef stefna hv. 1. þm. Suðurl. næði fram að ganga. Það hefur komið fram í Evrópustefnunefnd Alþingis nú undanfarnar vikur, en nefndin hefur átt samtöl við fjölda hagsmunaaðila á Íslandi, fulltrúa heildarsamtaka og einstakra hagsmunasamtaka, og þeir hafa sagt það skýrt og ótvírætt: Við höldum ekki fyrirtækjum í sjávarútvegi, hvorki veiðum eða vinnslu eða á öðrum sviðum, utan við áhrifavald erlendra hagsmuna, erlendra fjárfestinga ef opnað verður fyrir fjármagnshreyfingar hér í landinu, inn í landið, að því er varðar erlent fjármagn.

Ég bið hv. þm. um að tjá sig um það hvort þeir séu sammála þessu mati eða hvort þeir kunni einhver ráð til þess að girða fyrir þannig að þetta gerist ekki sem talsmenn atvinnurekstrar í landinu hafa þó áhyggjur af og telja í rauninni óumflýjanlegt. Ég segi þó ekki að það séu allir sem hafi sömu áhyggjurnar í þeim efnum.

Ég minni á það að margir alþm. hafa óskað eftir sérstakri skýrslu frá hæstv. forsrh. um fjárfestingar í atvinnurekstri hérlendis eins og það blasir nú við og upplýsingar um hvaða ráðagerðir séu um að setja löggjöf varðandi þessi efni nú á næstunni. Það skiptir auðvitað meginmáli að menn átti sig á því út í hvað hér er verið að fara í einstökum atriðum áður en menn flana út á svellið og taka þá skelli sem því munu fylgja, ef menn gæta ekki að sér. En það er það sem virðist vera hér á döfinni. Það er ekki verið að slá varnagla, það eru ekki áhyggjur af því. Nei, formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins vill opna hér allt upp á gátt fyrir erlent fjármagn, allt upp á gátt, þó að hagsmunasamtök í sjávarútvegi viti og viðurkenni að sjávarútvegurinn stendur berskjaldaður gagnvart erlendum fjármagnseigendum eða erlendum hagsmun-

um, m.a. vegna skuldastöðu og bágrar efnahagslegrar afkomu.

Virðulegur forseti. Ég kem nú að þeim þætti sem varðar samskipti EFTA og Evrópubandalagsins sérstaklega eða hið svonefnda Osló-Brussel-ferli eins og það er kallað í skýrslu hæstv. utanrrh. Enn leyfi ég mér að vitna til samþykktar nýafstaðins landsfundar Alþb. um þetta efni þar sem segir:

„Viðræður á vettvangi EFTA við Evrópubandalagið á grundvelli Oslóaryfirlýsingarinnar frá í mars 1989 snúast fyrst og fremst um að yfirfæra innri markað Evrópubandalagsins til EFTA-ríkjanna og mynda þannig svokallað evrópskt efnahagssvæði. Þótt afnám á einhverjum hömlum varðandi fjármagn, þjónustustarfsemi og búsetu geti verið jákvætt á vissum sviðum hefur það um leið í för með sér augljósar hættur fyrir efnahag okkar og sjálfstæði. Því verður að fara að með fyllstu gát. Íslendingar þurfa á næstunni að freista þess að ná hagstæðum viðskiptasamningum við Evrópubandalagið. Í því efni hefur verið litið til formlegra samningaviðræðna milli EFTA og Evrópubandalagsins. Mörgum stórum og erfiðum spurningum er þó ósvarað varðandi þær viðræður eins og mál standa nú."

Virðulegur forseti. Ég vænti að hæstv. utanrrh. sé einhvers staðar nálægur. (**Utanrrh.:** Hann er hér.) Já, það er gott, ég hafði áhyggjur af því að mál mitt næði ekki til ráðherrans.

Mörgum stórum og erfiðum spurningum er þó ósvarað varðandi þær viðræður eins og mál standa nú. Evrópubandalagið hefur engin svör veitt um fyrirvara sem gerðir hafa verið um náttúruauðlindir og búseturétt. Ég ítreka það hér að það er heldur ekki ljóst að það sé hægt að verja þessar auðlindir fyrir erlendu fjármagni, það hefur ekki verið sýnt fram á það. Eftir viðræður milli Evrópubandalagsins og EFTA að *undanförnu um evrópskt efnahagssvæði* liggur það m.a. fyrir að af Íslands hálfu hafa engin sérstök skilyrði eða fyrirvarar verið settir fram um fjármagnsflutninga. Engar niðurstöður eru fengnar innan EFTA um breytingu á skipulagi samtakanna en flest bendir til þess að tilkoma evrópsks efnahagssvæðis leiði af sér yfirþjóðlegt vald innan EFTA varðandi stofnanir, eftirlit og dómstóla.

Ég gæti haft um þetta, herra forseti, mörg orð, en ég tel nægja að vitna til þess sem hér liggur fyrir í skýrslu hæstv. ráðherra um þessi efni þar sem allt er í þoku varðandi þessa þætti, hina stofnanalegu þætti, eftirlit og dómstóla. Sjálfur ráðherrann, hæstv. utanrrh., lætur fram koma hér í sínu máli að sumar þessara hugmynda varðandi dómstóla geti rekist á stjórnarskrár viðkomandi ríkja, þar á meðal væntanlega Íslands.

Hafa menn ekki áhyggjur af þessari þróun og heyrðu menn hvað hér var talað um? Ég held það hafi verið hæstv. forsrh. sem vék að því að æskilegast væri að fara í gegnum endurskoðun á lagabálkum, fjölmörgum lagabálkum, sem snerta þessa fjóra þætti og þar sem breytinga er þörf áður en til samninga kæmi við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði. Ja, það er ekki lítið verk sem við eigum fyrir höndum hér á Alþingi Íslendinga að kemba þetta og aðlaga lög okkar að því sem ákveðið hefur verið nú þegar suður í Brussel, því það er „aquis communantaire", það eru þær reglur sem þegar liggja fyrir um innri markaðinn sem okkur er ætlað að kyngja óbreyttum. Það er sá matseðill sem liggur hér fyrir og menn eiga að taka hér við til þess að koma á þessu sameiginlega efnahagssvæði, evrópska efnahagssvæði, sem á að vera lækning meina samkvæmt máli ýmissa manna hér í þessum umræðum.

Og hvernig er svo, virðulegur forseti, almenningur á Íslandi í stakk búinn til þess að gera sér grein fyrir því sem hér er á döfinni? Og hvernig eru samtökin, Fríverslunarsamtök Evrópu, í stakk búin til þess að takast á við Evrópubandalagið um hagsmuni sem þau næðu saman um á sínum vettvangi?

Í ræðu sem ég hélt á þingi Norðurlandaráðs um daginn líkti ég fríverslunarsamtökunum EFTA við skakka turninn í Pisa, ásigkomulagi þeirra eftir að Austurríki hefur sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Fyrir liggur að pólitískur vilji sterkra afla í Svíþjóð og Noregi stendur til hins sama og það er talað hér um tveggja súlna módel af hæstv. utanrrh. þar sem burðarásarnir eiga að vera tveir, EFTA annars vegar og Evrópubandalagið hins vegar. Er skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga að gerast aðili að formlegum samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið eins og *málin liggja* nú fyrir? Er ekki réttmætt að spyrja sig þeirrar spurningar hér á Alþingi Íslendinga? Ef taka ætti ákvörðun um aðild að slíkum viðræðum er alveg ljóst að af hálfu Alþb. er talin þörf á vandaðri athugun á öllum málavöxtum og að aðrir, og þá skýrir og marktækir, fyrirvarar liggi fyrir af Íslands hálfu þannig að þing og þjóð geti áttað sig á því fyrir fram út í hvað er verið að fara. Þetta á m.a. *við um þær breytingar sem stefnt væri* að varðandi fríverslunarsamtökin EFTA en ég hef vikið að því hvernig þar er allt með óljósum hætti eins og lesa má út úr skýrslu hæstv. utanrrh.

Ég minni líka í þessu sambandi á fsp. sem ég hef lagt fyrir hæstv. forsrh. hér í Sþ. og beðið um skriflegt svar við um það til hvaða ráðstafana hæstv. ríkisstjórn hyggist grípa af sinni hálfu til að upplýsa og fræða þjóðina um Evrópumálefni og hvað hér er í raun á ferðinni og í húfi fyrir langa framtíð.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að staðhæfa að málsmeðferðin varðandi þessa þætti er andstæða lýðræðislegra vinnubragða og er þó oft haft á orði af mönnum hér að við þurfum að gæta þeirra og undir slík orð tek ég. Haldið þið að það sé sómasamlegt að ætla að fara að ganga til formlegra samningaviðræðna við þær aðstæður að þriðjungur Íslendinga hefur ekki áttað sig á að við séum aðilar í Fríverslunarsamtökum Evrópu ef marka má skoðanakannanir og um helmingur landsmanna, ef marka má sömu könnun frá í október sl., veit ekkert um uppbyggingu Evrópubandalagsins eða hvaða þjóðir eru aðilar að því bandalagi? Það er efnilegt veganesti fyrir stjórnmálamenn sem telja sig vera fulltrúa þjóðarinnar! Og hér á

Alþingi eru ætlaðar örfáar vikur, í raun bara fram að 10. des., til að átta sig á þessum málum, hvert verið er að fara, því að þann 10. des. ætlar hæstv. utanrrh. að hitta kollega sína, starfsbræður sína í EFTA til þess væntanlega að samræma sjónarmiðin fyrir 19. des. þegar fundurinn stóri með forráðamönnum Evrópubandalagsins og EFTA, hinn sameiginlegi fundur á að fara fram. Innan við mánuður fram að þeirri dagsetningu og jólaannir og jólafasta fram undan.

Er ekki skynsamlegt fyrir hv. alþm. að hugsa aðeins sitt ráð og ræða við fólkið í landinu um það og heyra raddir þess áður en slíkt umboð er afhent og sama í rauninni hver þar á heldur? Ég er ekkert að tortryggja einn fremur öðrum varðandi það. En eigum við ekki þær skyldur við þjóðina að ræða málin við hana, komast í snertingu við almenning í landinu og hlusta á raddir hans? Ég held t.d. að það væri þörf á því fyrir okkur fulltrúa landsbyggðarinnar að heyra svolítið í fólki úti um hinar dreifðu byggðir Íslands og gera okkur sjálfum grein fyrir því og reyna að gera fólkinu á landsbyggðinni grein fyrir því hvaða áhrif það sé líklegt að hafa ef við göngum inn í hið evrópska efnahagssvæði, ef við opnum hér upp á gátt, eins og formaður Sjálfstfl. vill, fyrir erlendu fjármagni og erlendum bönkum. Ég held að það væri þess virði aðeins að doka við og skoða þann þátt.

Hv. alþm. Ragnar Arnalds gerði þessi mál að því er snertir byggðirnar á Íslandi að sérstöku umtalsefni í ræðu sem hann flutti við útvarpsumræður hér á dögunum. Ég veit að það voru margir sem tóku eftir orðum hans. Og við þingmenn utan af landi ættum að gaumgæfa þessi mál en ekki að elta mýrarljósin umhugsunarlítið og stimpla inn formlegar samningaviðræður sem hafa munu hinar afdrifaríkustu afleiðingar fyrir landið allt, en ekki síst fyrir byggðirnar vítt um Ísland utan þeirrar miðju sem hugsanlega kynni að njóta tímabundins hagnaðar af kröftunum, hinum miðsæknu kröftum sem ráða munu ferðinni í hinu evrópska efnahagssvæði.

Og af því að hv. þm. Þorsteinn Pálsson vék að því að nú væri tími vopnanna liðinn og heimsstyrjalda til þess að ná hagsmunum fram, nú gerðu menn þetta með fríverslun. Það var nefnilega ansi vel til fundið hjá hv. þm. að minna á þetta. Nú ætla menn að ná sömu markmiðum með því að opna fyrir frelsi, svokallað frelsi og gáttir fjármagnsins, að ná þeim markmiðum sem fjármagnseigendur háðu styrjaldir til að ná fram fyrr á þessari öld, m.a. í Evrópu. Því auðvitað eru það þessir hagsmunir sem eru drifkrafturinn í því evrópska efnahagssvæði og ég tala nú ekki um í Evrópubandalaginu þar sem menn síðan eru að reyna að bregðast við og vernda eitthvað af hinum félagslegu ávinningum eftir á, en án fótfestu í stjórnarskrá Evrópubandalagsins, hinum svokallaða Rómarsáttmála. En þar hafa hin félagslegu gildi engan stuðning. Og hér á Alþingi vilja menn hraða sér að yfirfæra lögmál Rómarsáttmálans um innri markað yfir á Ísland, Ísland sem á að tala einni röddu með Svíþjóð t.d., þar sem efnahagsstarfsemin er byggð upp fyrst og fremst af nokkrum stórfyrirtækjum sem sum hver eru alþjóðlegir hringar með útibú og eignir í yfir 100 ríkjum, eins og ABB, Sandvik og fleiri, svo dæmi séu nefnd.

Ég held að það sé líka ástæða til að staldra við varðandi þróunina í Evrópu austanverðri sem ég vék hér aðeins að í upphafi máls míns. Fulltrúar Póllands og Ungverjalands, sem eru að brjóta af sér viðjarnar, eru að leita eftir aðstoð í vestri. Hafa m.a. átt viðræður við hæstv. utanrrh. Og hvað hafa þeir verið að nefna við hæstv. ráðherra? Jú, þeir vildu gjarnan ná tengslum við EFTA sem fríverslunarsamtök til þess að ná þeim kostum sem í slíkum samskiptum felast. En hvaða svör eru þeim veitt af hálfu íslenska utanríkisráðherrans, talsmanns EFTA-ráðsins? Jú, þetta er skiljanlegt, herrar mínir og frúr, þetta er skiljanlegt, en þið verðið bara að bíða því við erum að fara í viðræður við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði og á meðan þau mál eru í deiglu og ekki upp gerð þá þýðir ekkert fyrir ykkur að óska eftir aðild að EFTA. Við erum að stefna að öðru EFTA en nú liggur fyrir.

Ég harma það í raun að sú staða skuli vera uppi að það sé ekki hægt að taka við slíkum óskum frá þjóðum sem eiga mjög á brattann að sækja í efnahagslegu tilliti með því að veita þeim aðild að fríverslunarsamtökum og styðja a.m.k. þann málstað sem þar er borinn fram, styðja hann í raun.

Ég hef vikið að því, virðulegur forseti, að við þurfum að líta á þessi mál öll í víðu samhengi og taka til þess þann tíma sem við teljum okkur þurfa. Liggur okkur þessi lifandis ósköp á? Eigum við að láta reka okkur til að taka ákvarðanir án þess að hafa góða samvisku af því að hafa athugað okkar gang og hafa rætt við okkar umbjóðendur, fólkið í landinu? Ég sé ekki að það sé nein nauðung sem rekur okkur til að tengjast einu viðskiptabandalagi umfram annað. Á þessi atriði er minnt í niðurlagi samþykktar Alþb. sl. sunnudag. Og ég leyfi mér að vitna til þeirra, með leyfi virðulegs forseta:

„Landsfundur Alþb. telur mikla þörf á að fram fari víðtæk og vönduð athugun á samskiptum Íslands við umheiminn, jafnt í viðskiptalegum, menningarlegum og félagslegum efnum. Leita á samvinnu til allra átta án þess að skerða svigrúm og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Þátttaka í EFTA er eðlileg nú sem fyrr, sem og þátttaka í samstarfsverkefnum á mörgum sviðum gagnvart Evrópubandalaginu á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984. Jafnframt þarf að fara fram ítarleg athugun á möguleikum til að efla samskipti við önnur lönd og svæði, m.a. í Austur-Evrópu, Norður-Ameríku, Suður-Ameríku og Austur-Asíu. Þannig þarf sem fyrst að draga upp skýra mynd af viðskiptalegum hagsmunum landsins í víðu samhengi og taka ákvarðanir á grundvelli slíkrar athugunar."

En varðandi þá spurningu sem við stöndum hér frammi fyrir og sem hæstv. utanrrh. leggur fyrir þingið og leggur væntanlega fyrir þá ríkisstjórn sem hann er aðili að og Alþb. er aðili að, þá segir í samþykkt landsfundar Alþb., eins og hér hefur þegar

raunar verið vitnað til af öðrum ræðumanni, með leyfi virðulegs forseta:

„Ekki er hægt að fallast á að á næstu vikum verði knúin fram afstaða um aðild Íslands að formlegum samningaviðræðum EFTA við Evrópubandalagið um myndun evrópsks efnahagssvæðis. Nauðsynlegt er að frekari umræður fari fram áður en til slíkrar ákvörðunar er gengið og að almenningi gefist kostur á að setja sig inn í málavexti. Landsfundurinn telur óhjákvæmilegt að farið verði vandlega yfir málið í heild og þá skýru fyrirvara sem nauðsynlegt er að fyrir liggi áður en afstaða er tekin til formlegra samningaviðræðna.

Í ljósi ofangreindra sjónarmiða felur landsfundurinn þingflokki Alþb. að höfðu samráði við framkvæmdastjóra flokksins að taka endanlega afstöðu til málsins á Alþingi og í ríkisstjórn."

Þetta er sú staða sem málið liggur fyrir í á vettvangi Alþb. og ég vil segja í fullri vinsemd við samstarfsflokka okkar í ríkisstjórn að það er skynsamlegt að þeir átti sig á því að Alþb. telur nauðsynlegt að yfir þessi mál sé farið með öðrum hætti en fyrir liggur af framkominni skýrslu hæstv. utanrrh.

Hversu langan tíma það tekur, hvaða efnislegir þættir koma þar við sögu, það verður tíminn að leiða í ljós og þær viðræður sem eðlilegt er að fram fari milli aðila að ríkisstjórn. En hér er svo stórt mál á ferðinni að Alþb. verður ekki dregið til ákvarðana þar að lútandi nema fyrir liggi og hafi verið skýrt að flokkurinn telur að það sé fært vegna hagsmuna Íslendinga að leggja út í þær viðræður og taka þær áhættur sem því mundu fylgja að leggja út í sameiginlegar viðræður með EFTA-ríkjunum.

Hitt liggur einnig fyrir í þessari samþykkt að við leggjum ríka áherslu á að tvíhliða viðræður hefjist við Evrópubandalagið um okkar sérstöku málefni, það þýðingarmesta efnahagslega sem eru sjávarútvegsmálin og útflutningur sjávarafurða frá Íslandi. (**Gripið fram í:** Er þetta krafa Alþb.?) Það er okkar krafa að slíkar umræður fari fram og verði upp teknar. Það kemur skýrt fram í okkar samþykktum og rökin fyrir því eru þar einnig tíunduð. Ég vil segja af því tilefni að ég tel að það sé ekki frambærilegt að halda því fram að það séu lokuð sund gagnvart Evrópubandalaginu til þess að taka upp tvíhliða viðræður um þessa hagsmuni. Ja, hvar erum við stödd ef EFTA-leiðin ein væri farin með sjávarútvegsmálin og sérhagsmuni Íslands á leiðarenda eftir þeirri leið? Og í millitíðinni eigum við að taka afstöðu til hinna fjögurra þátta, fjármagnshreyfinga, þjónustuviðskipta og búseturéttar með rétt fyrir erlenda aðila til að stofna fyrirtæki á Íslandi áður en við komumst að meginhagsmunum Íslendinga í þeim viðræðum.

Ég verð, virðulegi forseti, að lýsa nokkurri undrun yfir því hvernig málin eru lögð fyrir, en ég hlýt jafnframt að lýsa yfir von um það að umræður þær sem nú fara fram hér á Alþingi og viðræður milli aðila að ríkisstjórn Íslands leiði til þess að menn nái bærilegum áttum, að menn átti sig með öðrum hætti á því hvernig áherslurnar þurfa að liggja ef við ætlum að vera þeir vörslumenn íslenskra hagsmuna sem væntanlega er í allra huga þó að áherslurnar séu mismunandi og ég hafi gagnrýnt margt af því sem fram hefur komið í þeim efnum.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að taka hér tíma frekar til að svara hér ýmsum þáttum sem fram hafa komið við umræðurnar til þessa. Til þess verður tækifæri ef ástæða er til af minni hálfu síðar við þessa umræðu.

Ég vil aðeins að lokum segja þetta. Við höfum sjaldan fjallað um stærri mál hér á Alþingi Íslendinga og kannski aldrei þann áratug sem ég hef setið hér á þingi. Ég tel því að við eigum að taka hér þann tíma sem þarf til þessarar umræðu, svo og þann tíma sem við metum nauðsynlegan til þess að átta okkur á okkar undirstöðuhagsmunum og lýsa mun betur inn í króka og kima þessa viðfangsmikla máls áður en nokkrar skuldbindandi ákvarðanir eru teknar eða farið út í viðræður sem leitt geta til neikvæðrar niðurstöðu fyrir íslenska hagsmuni.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Ég vil láta þjóðina sjálfa taka ákvörðun í þessu máli, hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um málið þegar að því kemur. Og ég skal segja af hverju.

Við stöndum líklega frammi fyrir stærstu ákvörðun sem við höfum þurft að taka og varðar sjálfstæði landsins, hvernig við eigum að nálgast Efnahagsbandalag Evrópu. Spurningin er nú hvorki meiri né minni. Okkur er nauðsynlegt að ganga hægt um gleðinnar dyr, vega og meta kostina og gallana sem okkur bjóðast, gefa okkur góðan tíma. Við þurfum að stilla þessu upp sem einföldu reikningsdæmi, debet og kredit. Spurningin er einföld þó að svarið sé í rauninni flókið. Hvað græðum við og hverju töpum við?

Til þess að meta þessa stöðu þarf aðgát og varfærni og ég held umfram allt hreinskilni. Við okkur blasir í fyrsta lagi að taka ákvörðun um hvort við viljum frjáls vöruviðskipti. Hvað fáum við og hvað látum við af hendi? Þurfum við að afsala okkur fiskinum í sjónum? Þurfum við, almenningur á Íslandi, í rauninni að velta vöngum yfir því? Erum við ekki þegar búnir að afhenda hann fáeinum útgerðarmönnum sem versla með hann sín á milli áður en þeir flytja hann úr landi? Er kannski mikill munur á því að selja fiskinn í sjónum beint til útlanda heldur en fara þessa leið með hann? Þetta er eitt af því sem við þurfum að velta fyrir okkur. Við kaupum hvort sem er skipin okkar öll að utan. Við smíðum þau ekki hér heima. Munum við kannski loks opna landið fyrir ódýrum og innfluttum landbúnaðarafurðum? Við þurfum að velta því fyrir okkur líka. Verða gerðar kröfur til þess að við flytjum inn landbúnaðarafurðir?

Fríverslun er góð og gild og alls góðs makleg svo lengi sem hún er fríverslun, en ef hún leiðir til tollabandalags, þá er víglínan breytt og við töpum strax réttindum og möguleikum til þess að versla við þriðja aðila. Þetta er nánast kjarni málsins.

Í öðru lagi stöndum við frammi fyrir frjálsu fjármagni á milli landa. Og hvað þýðir það? Mun landið fyllast af útlenskum peningum? Verður meiri ásókn útlendinga hingað með peninga? Eða munu margir Íslendingar láta gamlan draum rætast og flytjast til sólarlanda með sína peninga? Flytjast út með sinn höfuðstól? Þetta eru hlutir sem við þurfum að velta fyrir okkur. Hvað gerist?

Hvað með vexti og skatta af vöxtum? Hvað með sjálfan virðisaukaskattinn? Í löndunum í Evrópu er mun lægri virðisaukaskattur. Þetta þýðir þá að ef virðisaukaskatturinn verður kominn á, þá verðum við að samræma hann og lækka hann sem út af fyrir sig hlýtur að vera gleðiefni. Hvað með hið sameiginlega myntkerfi sem er til umræðu í Evrópu? Þýðir þetta að við verðum að láta krónuna okkar fyrir róða?

En einn plús sé ég strax í þessu samstarfi. Og hann er sá að frelsið með peninga, að frjálsir peningar munu ganga af vísitölunni dauðri og það eitt út af fyrir sig er þess virði að íhuga nánar. Og annar kostur blasir við. Samstarf við önnur Evrópuríki kallar á gjörbreytta peningastefnu, gjörbreytt vinnubrögð Við verðum þá að halda okkur á svipuðu plani og aðrar þjóðir ef við ætlum að geta gengið til samstarfs við þær. Það út af fyrir sig er stór kostur og ómaksins vert, þó það væri ekki út af öðru, að velta því nánar fyrir sér.

Í þriðja lagi stöndum við frammi fyrir frjálsri búsetu og atvinnu. Það má aftur spyrja: Er hættan á að Ísland tæmist af Íslendingum? Að Íslendingar leiti til annarra landa til að freista gæfunnar eftir að hafa búið við það efnahagslíf og það atvinnulíf sem hér hefur verið árum saman, þær sveiflur og það öryggisleysi? Mun hinn stóri atvinnumarkaður Evrópu freista manna? Að Íslendingar fari hópum saman yfir á meginlandið að freista gæfunnar? Eða mun Evrópumarkaðurinn með sínum samningum við önnur fjarlæg lönd verða til þess að hingað streymi fólk af öðru bergi brotið en við Íslendingar, fólk með allt annan hugsunarhátt? Nú er út af fyrir sig ekkert við blóðblöndun að segja, hún er nauðsynleg og æskileg. En 250 þúsund manna þjóð er óhætt að ganga hægt um gleðinnar dyr í þeim efnum. Hún þolir ekki marga tugi þúsunda af fólki úr fjarlægum löndum án þess að það bitni á þjóðareinkennum. Þetta er mál sem lítið hefur verið rætt, en fullkomin ástæða er til að ræða af hreinskilni. Erum við að hætta því að þjóðareinkenni okkar afmáist smátt og smátt eins og er að gerast í hinni stóru veröld sem alltaf er að ná meira og meira saman. Síðasta dæmið hér að heiman er það að við erum að leggja niður gamla góða bílnúmerakerfið. Það er eitt séreinkenni þjóðarinnar sem ég hef alltaf verið hrifinn af. Við skulum bara velta því fyrir okkur og við skulum ræða það opinskátt. Getum við átt það á hættu að hingað streymi fólk tugþúsundum saman þó að menn sjái það ekki fyrir í dag? Því hér er þó þrátt fyrir allt ýmislegt að sækja. Hér getur fólki liðið vel. Þetta þurfum við að ræða án öfga.

Og það eru fleiri spurningar. EFTA-löndin eru ein heild í dag. En hvernig munu þau ganga til samninga? Munu þau semja sem ein heild við EB eða mun verða samið við hvert land fyrir sig? Þetta er stórt mál fyrir litla þjóð. Leiða samningar EFTA-ríkjanna við EB til samruna þjóðanna seinna? Flýta þeir fyrir slíkum samruna?

Í dag er allt of snemmt að taka ákvörðun um þetta mál. En við stöndum frammi fyrir valkostum áður en langt um líður því að auðvitað eru valkostir og sá á kvölina sem á völina. Við eigum t.d. um einn annan kost að ræða. Við getum mótað okkur sérstöðu og boðið upp á eitthvað af því sem aðrar Evrópuþjóðir eru núna að láta af hendi við það að ganga í eina sæng. Við getum t.d. komið hér upp á Íslandi okkar eigin fríverslunarsvæði með peninga, verslað með peninga, með tölvutækninni án þess að peningarnir komi inn í sjálft efnahagskerfi landsins. Við getum boðið upp á peningageymslu hér. Við eigum marga möguleika á því sviði, sérstaklega þar sem lokast fyrir þá möguleika hjá þeim Evrópuþjóðum sem boðið hafa upp á þessa þjónustu ef samningar verða um stórt Evrópufríríki. Þarna er möguleiki. Við eigum líka möguleika á fríverslunarsvæði með vörur í tengslum við Keflavíkurflugvöll og væntanlegan varaflugvöll. Við getum verslað á báða bóga, við getum haft hér heimsmiðstöð. Við erum það vel í sveit sett.

Við megum ekki einblína á Vestur-Evrópu. Við getum auðveldlega horft til Asíu, til Vesturheims, til Afríku og síðast en ekki síst til Austur-Evrópu, en þar eru nú að gerast merkilegir hlutir eins og allir vita. Járntjaldið er að hrynja. Það er alls staðar að hrynja nema ef vera skyldi á Neskaupstað. Við okkur blasir að versla við Austur-Evrópu því að fólkið í Austur-Evrópu mun krefjast sömu lífskjara og eru annars staðar á Vesturlöndum. Það mun sækjast eftir erlendri efnahagsaðstoð og síðbúinni Marshall-aðstoð. Þar verður mikill markaður í framtíðinni.

Við megum ekki gleyma því. Við getum reynt að skapa okkur sérstöðu hér í Atlantshafi og verslað á báða bóga, samið við bandalög, samið við aðrar þjóðir, samið við Japani. Við þurfum ekki svo mikil alþjóðleg viðskipti fyrir jafnlitla þjóð. Við erum það fámenn. 250 þúsund manns þurfa ekki stóra peninga til þess að öllum líði vel. Við skulum taka okkur önnur smáríki til fyrirmyndar þar sem skattar eru allt niður í 4% og búið. Við skulum ekki einblína á risaveldin. Við erum bara af allt annarri stærðargráðu. Það eru ótal dæmi um lítil ríki um allan heim sem kunna að nota sér smæð sína því að smæðin getur verið risavaxin ef rétt er á henni haldið.

Við getum auðveldlega látið peningana vinna með okkur í eitt skipti. Við höfum hingað til unnið fyrir peningum og Íslendingar hafa ekki talið það eftir sér. En það er allt í lagi að láta peningana aðeins hjálpa til og vinna svolítið fyrir okkur. Ég gæti trúað að þessi þjóð hafi vel fyrir því unnið. A.m.k. er vinnudagurinn með því lengsta sem þekkist. Fríríkið Evrópa er vissulega ekki eini kosturinn sem við okkur blasir.

Þá óttast ég einna mest að allt of margir stjórn-

málamenn líti á Evrópuríki sem þægilega lausn sem kemur svona af sjálfu sér. Að þeir þurfi ekki að hafa neina sérstaka skoðun á því eða taka ákvörðun, þjóðirnar bara renni inn í þetta fríríki og þannig sé það best. Þá þurfum við ekkert að rífast um þetta lengur, ekkert að deila, ekkert að skoða þetta nánar, ekkert að hafa fyrir því að kynna okkur þetta mál. Þetta bara kemur allt af sjálfu sér og við því er ekkert að segja. Þetta er þægilegasta lausnin. Þetta sé eiginlega einfaldasta lausnin fyrir íslenskt þjóðfélag því þar eru helst ekki teknar neinar ákvarðanir. Ég óttast að einhver svona viðhorf eigi eftir að móta stefnuna hjá okkur og jafnvel ráða ferðinni.

Hæstv. forseti. Þingmenn hafa oft á orði að hér sé um pólitískt mál að ræða. Það er rangt. Sennilega er það sagt til þess að leggja á það áherslu að þeir einir eigi að fjalla um þetta, að það sé þingmanna og stjórnmálamanna að taka þessa ákvörðun. Það sé ráðherranna að móta stefnuna og okkar þingmanna og annarra stjórnmálamanna að taka undir. Að mínu mati nær ekki nokkurri átt að stjórnmálamenn einir fái að ráða ferðinni í þessu stóra máli. Þetta er efnahagslegt mál en ekki pólitískt mál í þeim skilningi. Þó að efnahagsmál séu að sjálfsögðu stjórnmál, þá er þetta fyrst og fremst efnahagslegt mál sem varðar alla þegnana. Þess vegna á öll þjóðin að greiða atkvæði um þetta mál. Við þurfum þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það eru bæjar- og sveitarstjórnarkosningar í vor og næsta sumar á eftir verður væntanlega kosið til Alþingis og hugsanlega fyrr. Þangað til hlýtur það að vera hlutverk Alþingis að upplýsa þjóðina betur um hvað þetta mál snýst því að eins og fram hefur komið verða því miður allt of margir Íslendingar sem hafa ekki einhverra hluta vegna kynnt sér eðli málsins og hvað þá brotið það til mergjar. En það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að hafa forgöngu um að kynna þjóðinni málið, leggja allar staðreyndir fyrir hana, rekja gang mála í þessum könnunarviðræðum sem núna eru. Og ef við tökum þá ákvörðun að ganga til samninga, þá að sjá til þess að fréttir berist jafnóðum þannig að hvert einasta mannsbarn í landinu geti fylgst með málum og tekið sína eigin ákvörðun á hlutlausan hátt.

En við skulum ekki ganga tómhent til samninga. Við skulum ganga með þá hótun á lofti að við getum vel hugsað okkur að mynda okkar eigið fríríki þar sem við nýtum okkur smæð okkar og nýtum okkur legu landsins, nýtum okkur þá möguleika að reka héðan fríverslun með peninga, fríverslun með vörur og versla við alla þá sem vilja við okkur versla. Við skulum ganga til samninga með það að vopni. Og þegar valkostirnir eru orðnir skýrir, þá skulum við bera þá undir atkvæði, atkvæði þjóðarinnar. Aðrir geta ekki tekið ákvörðun í þessu máli.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

19. fundur, föstudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Vinnubrögð við undirbúning virðisaukaskatts.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur óskað eftir leyfi til að hefja utandagskrárumræðu um efni sem hann kallar vinnubrögð við undirbúning virðisaukaskatts. Forseti hefur leyft umræðuna sem fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og skal því ekki standa lengur en í hálftíma.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna vinnubragða ríkisstjórnarinnar við undirbúning þess að virðisaukaskattur verði tekinn upp um áramót. Forsaga málsins er sú að milliþinganefnd var skipuð sl. vor undir forsæti fjmrh. svo fulltrúar stjórnarandstöðunnar gætu fylgst með undirbúningi málsins og komið athugasemdum sínum á framfæri til að auðvelda og flýta fyrir meðferð málsins á Alþingi. Í upphafi virtist fjmrh. vilja rækta þetta samstarf en sá vilji hefur reynst endasleppur. Síðustu vikur hefur fulltrúum stjórnarandstöðunnar ekki gefist kostur á að fylgjast með framvindu málsins og tólfunum kastaði sl. miðvikudag þegar fjölmiðlar virtust hafa aðgang að frumvarpsdrögum fjmrh. sem haldið var leyndum fyrir fulltrúum stjórnarandstöðunnar í milliþinganefndinni. Slík vinnubrögð eru forkastanleg á síðasta stigi málsins. Ærlegra hefði verið að láta skipan milliþinganefndarinnar vera úr því að aldrei stóð til að hafa samráð og samvinnu við fulltrúa stjórnarandstöðunnar um lokafrágang málsins. Þessi vinnubrögð munu að sjálfsögðu tefja fyrir afgreiðslu málsins á Alþingi.

Í sjónvarpsþætti sl. miðvikudag, þar sem frumvarpsdrög fjmrh. voru kynnt, komu fram misvísandi upplýsingar og í sumum greinum rangar. Það er rangt að ég hafi á fundi milliþinganefndar sett fram tillögu um það fyrir hönd Sjálfstfl. að virðisaukaskattur yrði 25% eins og hæstv. fjmrh. lét í veðri vaka. Ég skýrði honum frá því á fundum nefndarinnar að við legðum til 22% virðisaukaskatt. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að 26% virðisaukaskattur skili minni tekjum í ríkissjóð en 25% söluskattur. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að staðið hafi verið við áætlun um undirbúning virðisaukaskatts. Þvert á móti fór vinnan við undirbúning virðisaukaskattsins úr böndunum þannig að útgáfa reglugerða er á síðustu stundu til ómælds óhagræðis fyrir fyrirtækin og fólkið í landinu. En þessi seinagangur skýrist af því að stjórnarflokkarnir hafa ekki komið sér saman um ýmis grundvallaratriði við framkvæmd virðisaukaskatts.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í vor fengu fulltrúar allra þingflokka mjög ítarlega skýrslu sem unnin hafði verið af nefnd sem hv. fyrrv. alþm. Kjartan Jóhannsson var formaður fyrir. Í þessari skýrslu voru reifuð velflest þau álitamál sem enn átti eftir að taka afstöðu til varðandi virðisaukaskatt. Á fundum í þessari nefnd bæði sl. vor og nú í haust var síðan farið yfir öll þessi álitamál. Embættismenn reifuðu hliðar málsins. Fulltrúar þingflokka fengu þær upplýsingar sem þeir óskuðu eftir og á mjög ítarlegan hátt var málið lagt þannig fyrir að ljóst var hvað það væri sem ákvörðun þyrfti að taka um.

Fyrir rúmum mánuði síðan sendi ég svo öllum þingflokkum hér á Alþingi tillögur sem ég hafði mótað á grundvelli þessara umræðna þannig að allir þingflokkar eru búnir að hafa þær tillögur til meðferðar í rúman mánuð. Þeir hafa að sjálfsögðu getað haft aðgang að embættismönnum og öðrum til að afla sér frekari upplýsinga.

Á síðasta fundi þegar nefndin kom saman lét hv. alþm. Halldór Blöndal í ljósi þá skoðun, þegar ég innti hann eftir afstöðu hans til einstakra mála eða óska um nánari umfjöllun, að hann sæi ekki ástæðu til að fjalla nánar þar um þar til afstaða stjórnarflokkanna lægi endanlega fyrir. Ég skyldi það sjónarmið hv. alþm. á þann veg að hann teldi ekki þörf á því að fjalla nánar um málið á þessum vettvangi, enda hafði hann fengið allar þær upplýsingar sem tæknilega þurfti að reiða fram í málinu. Ég skildi það svo líka ósköp vel að hv. þm. vildi skjóta sér undan því að þurfa í nefndinni að svara þessum spurningum pólitískt og vildi frekar gera það hér á Alþingi.

Það hefur síðan legið ljóst fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir væru að móta endanlega afstöðu sína í málinu. Ég lagði fram drög að frv. um það mál og sendi þingflokkum stjórnarflokkanna fyrr í þessari viku. Ég hef haft af því reynslu að þegar slík drög eru lögð fyrir þingflokka, þá koma þau eftir einni eða annarri leið í fjölmiðlum sama dag eða næsta dag þannig að ég taldi eðlilegt að standa þá sjálfur að þeirri kynningu frekar en hafa þar milliliði. Að sjálfsögðu er hægt og velkomið að láta fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna þessi drög einnig í té.

Varðandi afstöðu Sjálfstfl. þá minnist ég þess, en vildi gjarnan fá að fletta því upp og hafa til þess nánari tíma, að í sumar eða haust hafi þingflokkur Sjálfstfl. gert þá samþykkt að hann vildi virðisaukaskatt með 25% efra þrepi og 15% lægra á matvælum. (**Gripið fram í:** Hvar stóð þetta?) Þetta las ég nú í blöðum hér síðla sumars eða haust. Sé þetta rangminni hjá mér, þá er ég alveg tilbúinn að leiðrétta það, en við skulum bara fletta því upp og skoða það, ef Sjálfstfl. vill ekki nú kannast við þessa afstöðu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Feluleikur hæstv. fjmrh. í virðisaukaskattinum er með eindæmum og minnir helst á vinnubrögð félaga hans í föllnum ríkisstjórnum austantjalds. Milliþinganefndin hefur að stórum hluta verið sniðgengin nú undanfarið. Stjórnarandstaðan hefur ekki nema takmarkaðar upplýsingar undir höndum um ýmis mikilvæg atriði sem þetta mál varða, hvað þá þeir aðilar sem þessi kerfisbreyting kemur til með að mæða á. Og því spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvað er hann að fela? Eða er svo mikill ágreiningur í ríkisstjórnarflokkunum um ýmis veigamikil atriði, svo sem matarskattinn, að hann þori ekki að leggja frv. fram hér á Alþingi af ótta við að þetta getuleysisbandalag, eins og ríkisstjórnin er nú kölluð, klofni í frumeindir sínar og efna verði til nýrra kosninga?

Frjálslyndi hægriflokkurinn mótmælir vinnubrögðum hæstv. fjmrh. við undirbúning og kynningu virðisaukaskattsins. Stjórnarandstaðan krefst þess að hafa a.m.k. sama aðgang að reglugerðum og tillögum um virðisaukaskattinn og fjölmiðlar. Það er lágmarkskurteisi við þm. sem hér eru kosnir. 26% virðisaukaskattur er enn fremur nánast ögrun við alþýðu þessa lands til viðbótar við þá skattpíningu sem hæstv. fjmrh. hefur þegar lagt á almenning í landinu. Það er því krafa að það verði lagt sem allra fyrst fram frv. til laga um virðisaukaskatt og það verði hreinar línur um það hvert skattþrepið á að vera og sérstaklega komi það fram varðandi matarskattinn. Við krefjumst þess, Frjálslyndi hægriflokkurinn, að fá allar upplýsingar þegar í stað um málið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda frumkvæði hans í þessu máli, en sú staða sem upp er komin um þessa milliþinganefnd er enn eitt dæmið um hroka og valdníðslu og að sjálfsögðu tvískinnung. Hvers vegna er verið að skipa hér nefndir án þess að láta fara þar fram eðlileg skoðanaskipti og málefnavinnu sem nefndum sem þessum er ætluð? Það hefur sýnt sig að eins er ástatt um virðisaukaskattinn og gildistöku laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hér var rædd í gær. Undirbúningur er mjög skammt á veg kominn og þetta dynur yfir landsmenn að því að sagt er eftir nokkrar vikur og án þess að búið sé að ganga frá fjölmörgum lausum endum.

Ég vil aðeins minnast á það hér og nú vegna þess að hér hefur farið mikil umræða fram um söluskatt í blöðum og milli stjórnarflokkanna undanfarna daga að Alþfl. mótmælti harðlega í upphafi þegar lagt var fram frv. á árinu 1986. Sama gerði Alþb. Það taldi að skatturinn kæmi illa niður á lágtekjufólki. Og hvað skyldi verða nú eins og ástandið er í þjóðfélaginu? Ég ætla ekki að rifja upp umræðuna sem varð hér 1987, en vil aðeins minnast á það að margir Reykvíkingar muna eftir „karlinum á kassanum" sem boðaði trúna af hugsjón og sannfæringu. Margir minntust hans er þeir sáu núv. hæstv. fjmrh. uppi á kassa í Miklagarði þar sem hann hafði uppi stór orð gegn matarskattinum og mótmælti kröftuglega. Nú spyrja menn sig: Hvar er sannfæring hans og hver var hugsjónin? Hvernig má vera að sami maður sem nú er í þeirri stöðu að geta afnumið þennan óréttláta skatt á nauðþurftir fólks, þverskallast við að hugleiða þann

möguleika og hefur ekkert samráð? Það er undarlegt að verða vitni að því hvað hann er áfram um að koma þessum skatti á upp á sitt eindæmi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þó að ég vilji leggja áherslu á það að ég held að fulltrúar fjmrn. og þeir embættismenn sem þar vinna séu á fullri ferð við að undirbúa tilkomu virðisaukaskattsins, þá verð ég að taka hér undir að hluta gagnrýni stjórnarandstöðunnar á undirbúning þessa máls. Það hefur legið ljóst fyrir nú í fleiri vikur að sífellt stærri hluti þm. vill skoða það í botn að það verði tvö þrep á virðisaukaskattinum á lokastigi. Þess vegna hafa það orðið mér mjög mikil vonbrigði að þegar gengið er á embættismenn fjmrn. kemur í ljós að það hefur ekki verið kannað, það hefur ekki verið lögð nein einasta vinna í að kanna hvernig það kæmi út í framkvæmd. Embættismenn fjmrh. segja einfaldlega: Það þýðir sex mánaða undirbúningsvinnu, en þegar spurt er í hverju sú undirbúningsvinna liggur, þá verður fátt um svör. (**Gripið fram í:** Þeim er ekki falið að kanna það einu sinni.) Þeim er ekki falið að kanna það einu sinni.

Ég ætla að upplýsa hér það sem kannski margir vita af að nú í morgun, laust fyrir hádegi, héldu Stéttarsamband bænda, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Neytendasamtökin sameiginlegan blaðamannafund. Þar lýstu þau yfir mjög ákveðinni skoðun sinni á þessu máli í þá veru að það beri að vera tvö stig á lokaþrepi skattsins.

Þetta eru þau efnisatriði sem ég vil koma hér fram og ég treysti því enn þá að fjmrh. láti fara fram þá vinnu og láti kanna á hvern hátt þessu verði komið við, þessum meirihlutavilja þjóðarinnar og ég vil fullyrða miklum meirihlutavilja þingheims.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. fór héðan úr þessum ræðustól áðan með hrein ósannindi. Hann fullyrti að Sjálfstfl. hefði á liðnu hausti samþykkt að virðisaukaskattur gæti verið 25%. Þetta hefur aldrei gerst. Ég skildi hann þannig að það væri einn skattur, almennur virðisaukaskattur. Sjálfstfl. hefur aldrei léð máls á hærri virðisaukaskatti en 22% og það er rétt að geta þess hér að þegar Sjálfstfl. á liðnu hausti flutti tillögu um að skattur á öll matvæli, virðisaukaskattur eða söluskattur, yrði ekki hærri en 10% þá varð það til þess að Alþfl. rauf stjórnarsamstarfið, Alþfl. og Framsfl. og þessi stjórnarmynd sem nú er við lýði varð til. Ég endurtek að Sjálfstfl. hefur aldrei mælt með hærri virðisaukaskatti en 22%. Mér er sagt að hæstv. ráðherra hafi haldið því sama fram í sjónvarpi í gærkvöldi eða fyrrakvöld og hann gerði hér. Hafi hann gert það, þá er ekkert annað fyrir hann að gera en aðeins eitt: Það er að taka þau orð aftur til að vera ekki opinber ósannindamaður og taka þau aftur á sama stað og hann mælti þau hér nú og í þessari sömu sjónvarpsstöð þar sem hann mun hafa fullyrt þetta sama.

Nú ætlar hæstv. ráðherra að framlengja allar skattahækkanir og bæta við nýjum sköttum og ofan á það á að dengja virðisaukaskatti upp á 26%. Verði þeim að góðu, þeim stjórnarherrum sem ætla sér að mæta þjóðinni eftir að hún sér framan í skattkúgunina, atvinnuleysið, hrunið í þjóðfélaginu sem er óhjákvæmileg afleiðing svona stjórnarhátta.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir gagnrýni á vinnubrögð við undirbúning þessarar kerfisbreytingar. Hún er ein af mörgum sem á að steypa yfir þjóðina án þess að undirbúningur hafi verið nógu mikill, án þess að gengið hafi verið nægilega vel frá málum til að breytingin verði sem átakaminnst og skilji eftir sig sem minnstan slóða mistaka sem þarf að leysa síðar.

Ég vil enn og aftur vekja athygli hæstv. fjmrh. á þeim skilaboðum, sem hann hlýtur sjálfur að hafa fengið frá þjóðinni og Kvennalistinn fékk vissulega í sumar, að matarskatturinn er afar íþyngjandi fyrir venjulegt launafólk á Íslandi. Svo íþyngjandi að það finnur verulega fyrir honum. Í undirbúningi síðustu stiga, eins og hann greindi frá áðan, þar sem er verið að ákveða veigamikla þætti eins og t.d. þá sem varða matarskatt — og fegnastar yrðum við kvennalistakonur ef hann yrði afnuminn og réttlátast væri að taka hann af. Ef á að gera á honum einhverjar breytingar þá verður að hafa stjórnarandstöðuna með í því máli. Vitanlega á Alþingi allt að taka um það ákvarðanir. Ég vek athygli hæstv. ráðherra á nýjum niðurstöðum úr könnun Félagsvísindastofnunar þar sem segir að fjölskyldutekjur hafi rýrnað um 6% á einu ári og kaupmáttur teknanna hafi rýrnað um 9%. Ég tel það mjög alvarlegt ef síðan á að fara að bæta við einum hæsta virðisaukaskatti í Evrópu og þar á ofan matarskatti sem flestar þjóðir hafa ekki valið að hafa með þessum hætti. Einmitt vegna þess hve illa það kemur við daglegan heimilisrekstur venjulegs fólks, svo ég tali ekki um láglaunafjölskyldur og barnmargar fjölskyldur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi minna á það og virðist ekki vera vanþörf á að það voru Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. sem stóðu að samþykkt þeirra laga að hafa hér virðisaukaskatt í einu þrepi. Ég segi þetta vegna ummæla þingmanns Framsfl. hér áðan.

Í júlí og ágústmánuði sl. lagði ég fyrir ríkisstjórnina tillögur um málamiðlun milli þeirra sjónarmiða að hafa virðisaukaskatt í einu þrepi og að hafa virðisaukaskatt í tveimur þrepum og ég tilkynnti ríkisstjórninni þá að ef menn ætluðu að hafa virðisaukaskatt í tveimur þrepum yrði að taka þá ákvörðun í ágúst eða í síðasta lagi í byrjun septembermánaðar ef skatturinn ætti að taka gildi um næstu áramót. Niðurstaðan í ríkisstjórninni, það málamiðlunarsamkomulag sem flokkarnir stóðu allir að, varð það að virðisaukaskatturinn yrði í einu þrepi, síðan yrði beitt sérstöku endurgreiðslukerfi innan virðisaukaskattsins til þess að lækka verðlag á matvælum, nokkrum algengum innlendum matvælum, í samræmi við að á

þeim væri 13% lægra þrep. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna eru búnir að hafa drög að reglugerð um þessa framkvæmd og lýsingu á henni í sínum höndum í einn og hálfan mánuð. Það er undarlegt að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir skuli standa hér upp og segja að stjórnarandstaðan hafi ekkert fengið að heyra um þá framkvæmd vegna þess að það er rúmur mánuður síðan fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna fengu í sínar hendur lýsingu á því hvernig það ætti að framkvæma.

Ég bið menn nú að haga málflutningi sínum þannig að hann sé í samræmi við staðreyndir málsins og þróun.

Það er líka ljóst að skv. þessum tillögum mun verð á neyslumjólk og hliðstæðum mjólkurvörum lækka um 10% í byrjun janúar. Verð á dilkakjöti, ýmist unnum kjötvörum eða dilkakjöti í heilum og hálfum skrokkum, mun lækka frá 5% og upp í 10% í fyrstu viku janúarmánaðar. Það er líka ljóst að verð á fiski á skv. þessum tillögum að geta lækkað um 10% í fyrstu viku janúarmánaðar og verð á fersku innlendu grænmeti á einnig að geta lækkað um 10% í fyrstu viku janúarmánaðar. Það er þess vegna ljóst að þær virðisaukaskattstillögur sem gerðar hafa verið á vettvangi ríkisstjórnarinnar og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna eru búnir að hafa í sínum höndum í rúman mánuð fela í sér allnokkra verðlækkun á þessum matvælum í upphafi ársins. Menn geta eðlilega óskað eftir því að þær verðlækkanir væru meiri, að þær næðu til fleiri tegunda. Þá umræðu er sjálfsagt að láta fara fram hér. En við skulum ekki ræða málið eins og það liggi ekki nú þegar ljóst fyrir eða hafi ekki legið ljóst fyrir í langan tíma að það verður verðlækkun hér á matvælum með tilkomu virðisaukaskattsins vegna þess að skattlagning matvæla mun breytast með tilkomu virðisaukaskattsins.

Það er auðvitað líka alveg ljóst að eigi að taka ákvörðun um virðisaukaskatt í tveimur eða fleiri þrepum þarf umtalsverða breytingu á lögunum sjálfum og á framkvæmdinni og þarf allnokkurn tíma til að undirbúa það. Þetta bið ég nú fulltrúa þeirra flokka sem hér hafa talað í umræðunum, flokka sem hafa hér á Alþingi staðið að lagasetningu um virðisaukaskatt í einu þrepi, að hugleiða í fullri vinsemd.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki draga dul á það hér úr þessum ræðustóli að ég hef aldrei verið neinn vinur virðisaukaskattsins. Ég hef enn þá mínar efasemdir um að virðisaukaskattur sé heppilegt skattform fyrir þetta fámenna og litla þjóðfélag og það atvinnulíf sem hér er, þau litlu fyrirtæki sem eru undirstaða þess. Virðisaukaskattur var á sínum tíma fundinn upp af Frökkum sem eru taldir einhverjir mestu skriffinnar í Evrópu. Skattkerfið er dæmigert fyrir þá hugsun, þetta er skriffinnskukerfi. Hins vegar skal ég ekki hlaupast undan þeirri ábyrgð að ég stóð að því þegar við vorum að ganga frá samningum um stjórnarsáttmála við myndun nýrrar ríkisstjórnar í byrjun september að gert var samkomulag um að virðisaukaskattur skyldi tekinn upp frá nk. áramótum og hann yrði í einu þrepi á smásölustigi en sérstakt lægra skattþrep yrði á framleiðslustigi á vissum innlendum matvælum sem yrði náð í gegnum endurgreiðslu. Ég er ekkert ánægður með þessa niðurstöðu en um það varð samkomulag og við það samkomulag verður að sjálfsögðu staðið. Hins vegar höfum við lýst því yfir að við munum halda þeirri baráttu áfram að berjast fyrir tveimur þrepum í virðisaukaskatti frekar en gegn skattinum vegna þess að ég geri mér það ljóst að mikill meiri hluti þingmanna er fylgjandi því að taka upp virðisaukaskatt. Enn fremur virðist svo vera að atvinnulífið vilji í stórum dráttum fá virðisaukaskatt. Fulltrúar atvinnulífsins hafa margoft lýst því yfir að þeir telja óhjákvæmilegt að á Íslandi verði virðisaukaskattur eins og í nálægum samkeppnislöndum. Þess vegna munum við ekki berjast gegn virðisaukaskattinum sem slíkum en við munum hins vegar berjast fyrir því að með tíð og tíma verði tvö skattþrep í virðisaukaskatti, annað skattþrep lægra sem nái yfir matvæli og helstu lífsnauðsynjar, menningarstarfsemi hvers konar og hugsanlega yfir þjónustu sem nú er sett í hátt skattþrep, svo sem eins og þjónusta lögfræðinga, endurskoðenda og verkfræðinga. En eins og ég gat um áðan þá var gert samkomulag um þetta við myndun stjórnarinnar og við það mun Borgarafl. að sjálfsögðu standa. Svo vil ég minna á það þegar menn eru að tala um einhvern hæsta virðisaukaskatt í heimi að í fjölmörgum Evrópulöndum eru virðisaukaskattsþrep langt yfir 30%, m.a. í Frakklandi, Belgíu og á Ítalíu. Þar eru virðisaukaskattsþrep allt upp í 37% á vissum vöruflokkum þannig að það er auðvitað alveg af og frá að við séum að slá einhver met hér. Ég vil minna sjálfstæðismenn á að það var fyrir þeirra tilstilli að tekjur ríkisins af tollum voru nánast afnumdar. Og svo reka menn upp stór augu þegar ríkið verður að færa tekjuöflunina yfir á aðra skattheimtu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Við höfum hér fengið ábendingar hæstv. fjmrh. um að best sé að fjalla um þetta mál sem önnur með því að hafa staðreyndirnar í heiðri. Þá er það lágmarkskrafa til þessa hæstv. ráðherra að hann hvorki halli réttu máli né beri fram óljósar staðhæfingar sem staðreyndir sem eiga svo að vera rök fyrir máli hans. Það er auðvitað rangt að Sjálfstfl. hafi samþykkt eða gefið þá yfirlýsingu nú í sumar að það ætti að vera 25% virðisaukaskattur og auk þess hallaði ráðherrann réttu máli þegar hann sleppti því að geta þess að það var krafa formanns Sjálfstfl. fyrir stjórnarslitin í fyrra að virðisaukaskatturinn væri í tveimur þrepum. Rétt var það að hann beitti sér fyrir því ásamt öðrum páv. stjórnarsinnum að það væri aðeins eitt þrep vegna hagræðisins sem fælist í því en á þeim umþóttunartíma sem leið fram að því að stjórnarslit urðu þá sannfærðust bæði hæstv. forsrh. sem og Sjálfstfl. um það að það bæri, vegna kjara heimilanna í landinu, að hafa virðisaukaskattinn í tveimur þrepum. Þetta m.a. var ein af þeim ástæðum

sem ollu því að núv. ríkisstjórn varð til. Það var ekki vegna þess að ljóst væri að hæstv. núv. fjmrh. og formaður Alþb., sem beitti sér gegn virðisaukaskatti í einu þrepi, hefði skipt um skoðun, þó að svo væri látið í veðri vaka, heldur var þá einfaldlega búið að semja um stofnun þessarar ríkisstjórnar sem nú situr og keppist við að skerða kjör fólksins í landinu. Og þess vegna spyr ég, þegar hæstv. ráðherra segir að það verði vitanlega séð um það að verð á matvælum lækki m.a. með því að sérstakt endurgreiðslufyrirkomulag verði haft við í þessu skyni. Ég tel að við eigum fullan rétt á því að vita hvers konar endurgreiðslufyrirkomulag það er sem skilar sér til neytendanna á sama hátt og yrði ef skatturinn væri lægri. Mér þykir alveg lágmarkskrafa að við fáum að vita þetta. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að koma þessu svo fyrir?

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það var býsna spaugilegt að hlýða hér á ráðherra Hagstofu, svo spaugilegt að manni kom helst í hug að hann væri hvort tveggja í senn ráðherra spaugstofu og Hagstofu. (**Fjmrh.:** Er þetta nýi brandarinn úr Valhöll?) Það er nú einu sinni svo að þegar Sjálfstfl. lagði hér fram fyrst frv. um virðisaukaskatt var þar gert ráð fyrir því að virðisaukaskatturinn yrði að fullu endurgreiddur á brýnustu matvæli. Þegar söluskattur var settur á matvæli var það krafa Sjálfstfl. að hann yrði að fullu endurgreiddur á brýnustu matvæli og það var ákveðið, það varð niðurstaðan þegar sú breyting var gerð. Núna þegar helstu andstæðingar þessarar skattheimtu eru komnir í ríkisstjórn er ákveðið að endurgreiða aðeins helming af skattinum á brýnustu matvæli. Breytingin sem verið er að gera er sú að það er aðeins verið að endurgreiða helming en áður var endurgreiðslan að fullu á þessi tilteknu matvæli. Allur árangurinn sem ráðherra Hagstofunnar hæstv. hefur náð er þessi, að endurgreiðsla sem áður var full kemur nú aðeins að hálfu. Og það er aumkunarvert af þingmönnum Framsfl. að koma hér upp og freista þess að gagnrýna hæstv. fjmrh. fyrir sleifarlag í þessu efni. Auðvitað er það rétt að öll þjóðin ber fram þá gagnrýni. En bæði þingmenn og ráðherrar Framsfl. bera fulla ábyrgð, fulla ábyrgð á vinnubrögðum hæstv. fjmrh. í þessu efni, sem eru auðvitað forkastanleg. Ef þingmenn eða ráðherrar Framsfl. meintu eitthvað með gagnrýni sinni í þessu efni þá er rétt að minna þá á að þeir hafa völd og aðstöðu til þess að koma sjónarmiðum sínum fram, þeir einfaldlega kæra sig ekkert um það. Þess vegna falla þau ummæli hér dauð og ómerk. En hitt er svo alvarlegt að það er búið að upplýsa það hér í þessari umræðu að hæstv. fjmrh. hefur enn einu sinni farið með rangt mál, farið með hrein ósannindi bæði í fjölmiðlum og hér á Alþingi. Og hann hefur talað hér í tvígang án þess að biðjast afsökunar á því og nú er kominn tími til að hann biðjist afsökunar á rangfærslum sínum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Ég held að gagnrýni mín hafi verið á rökum reist. Ég veit ekki betur og hef ráðfært mig við aðrar kvennalistakonur hér. Okkur hefur ekki borist nein reglugerð frá fjmrn. Og þó svo hefði verið þá eru samt veigamiklar ákvarðanir sem enn hafa ekki verið teknar í málinu og þess vegna er nauðsynlegt að kalla saman fund með fulltrúum stjórnarandstöðu. Ég vil ítreka þetta. Þess vegna tel ég að gagnrýnin hafi í raun verið á rökum reist.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram og óska sérstaklega eftir því við viðkomandi sjónvarpsstöð að hún leiðrétti nú þegar þær rangfærslur sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. um afstöðu Sjálfstfl. til virðisaukaskattsprósentu. Ég minni á það að Sjálfstfl. hefur lagt fram sína skoðun á því að hámarkið skuli vera 22%, þ.e. almenna prósentan. Það kom fram fyrr en við stjórnarslitin 1988 að ýmsir þingmenn Sjálfstfl. lögðu áherslu á tveggja þrepa skatt. Þess vegna vil ég einnig leiðrétta þá rangfærslu fjmrh. þar sem hann segir að þetta hafi verið samþykkt einróma af Sjálfstfl., Framfl. og Alþfl. hér á hinu háa Alþingi þegar virðisaukaskattsfrv. var samþykkt. Það voru nokkrir þingmenn Sjálfstfl. sem lögðu áherslu á að virðisaukaskatturinn yrði tveggja þrepa skattur. Meðal annars á grundvelli þeirrar óskar og þeirra hugmynda var nefnd falið að fjalla um það hvort ætti að vera tveggja þrepa skattur eða ekki. Fjmrh. fer með staðlausa stafi þegar hann heldur því fram að þetta hafi verið einróma samþykkt á sínum tíma.

En það er athyglisvert að þegar einn af þingmönnum Framsfl., stjórnarþingmaður, stendur hér upp og segir: „Það hefur engin vinna verið lögð í að kanna tveggja þrepa skattsfyrirkomulagið, embættismönnum hefur ekki einu sinni verið falið að kanna þetta." Það sýnir að hæstv. fjmrh. ætlar að nota þá aðferð sem stundum er notuð í samningum að draga allt fram á síðustu stundu til þess að keyra þetta í gegn eins og hann er að gera núna. Þetta er meginatriðið og meginástæðan fyrir því hvernig komið er.

Ég vil svo, virðulegur forseti, undirstrika það sem fram hefur komið hér að kjör fólksins, kjör heimilanna hafa þegar rýrnað og skerst um 13–14% í tíð núverandi ríkisstjórnar. Með virðisaukaskatti núv. ríkisstjórnar, þessum 26%, mun þessi kjaraskerðing eða rýrnun aukast um 3–4%, þannig að um næstu áramót mun þessi hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. fjmrh. hafa skert kjör heimilanna um 18%. Þess vegna mótmælir verkalýðshreyfingin því að virðisaukaskattur skuli vera 26% og einnig að það skuli ekki vera tveggja þrepa skattur. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því að hálftíminn sem leyfður var til þessarar umræðu er nú liðinn en enn þá eru tveir hv. þingmenn á mælendaskrá.)

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að gera örstutta athugasemd.

Við skulum fyrst fara rækilega yfir fréttaflutning fjölmiðla í sumar og haust af skoðunum og yfirlýsingum Sjálfstfl. áður en við fullyrðum það hér að ekki hafi komið fram af hálfu talsmanna Sjálfstfl. í sumar eða haust að Sjálfstfl. vildi 25% virðisaukaskatt og 15% lægri á matvælum. Það mun ég skoða rækilega. Komi í ljós að það sé misminni hjá mér þá er alveg velkomið að biðjast afsökunar á því. En fyrr en ég er búinn að fara rækilega í gegnum blöð og fjölmiðla frá þessum tíma þá ætla ég ekki að fullyrða hér og nú eins og hér hefur verið gert að þetta sé rangt. Ég hef þetta í mínu minni og við skulum skoða gögnin áður en dómur er felldur. Ég skil hins vegar að þetta sé mikið viðkvæmnismál hjá Sjálfstfl. í dag ef hann hefur í sumar ályktað um annað.

Það er líka rangt að í fjmrn. hafi ekki verið skoðað mjög rækilega hvað fælist í tveggja þrepa virðisaukaskatti. Það var skoðað í sumar, það var farið yfir það hvers konar breytingar þyrfti að gera og hvaða tíma þyrfti til þess og eins og ég sagði hér áðan þá var ljóst að þá ákvörðun hefði þurft að taka í ágúst og septembermánuði ef slíkur skattur ætti að koma til framkvæmda um áramótin.

Ég vil svo einnig geta þess hér að athuganir sem hafa farið fram í fjmrn. sýna það að með upptöku virðisaukaskattsins um næstu áramót mun framfærsluvísitalan lækka eða hækka minna en ella hefði orðið vegna virðisaukaskattsins sjálfs, þannig að þær fullyrðingar sem hér hafa verið settar fram um að virðisaukaskatturinn sem slíkur muni hækka almennt verðlag í landinu eru rangar. Almennt verðlag í landinu mun lækka u.þ.b. 0,5–1%, kannski 1,5%, með tilkomu virðisaukaskattsins og vegna hans sérstaklega. Við skulum hafa það sem réttara er í þessum efnum, um nóg annað er nú að tala.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er athyglivert að hlýða hér á svör hæstv. fjmrh. Þau hljóða eitthvað á þessa leið:

Fyrst fer ég með fullyrðingar í fjölmiðla, svo hlýði ég á upplýsingar um það að ég hafi haft rangt fyrir mér og ég ætla ekki að biðjast afsökunar á því en kannski leita af mér einhvern grun um það hvort einhverjir aðrir kunni líka að hafa sagt ósatt um afstöðu Sjálfstfl.

Þetta er nú hinn eiginlegi og raunverulegi málflutningur hæstv. fjmrh. Það er þetta sem hæstv. ríkisstjórn ber á borð fyrir Alþingi Íslendinga. Þetta er forystumaður hæstv. ríkisstjórnar, þetta er sá maður sem til að mynda ráðherrar Framsfl. bera mest traust til og láta leiða stjórnarsamstarfið hér á Alþingi. Með þessum vinnubrögðum og með þessum málflutningi gagnvart Alþingi Íslendinga. Og það er athyglivert fyrir fjölmiðlamenn sem hampa þessum hæstv. ráðherra meira en nokkrum öðrum manni að hlýða á hvernig hann játar fyrir Alþingi Íslendinga að rétt mál og sannsögli skipti hann engu máli. Einungis það að fá tækifæri til þess að henda fram fullyrðingum, hvort sem þær eru sannar eða ósannar, í fjölmiðla. Ef hann getur notað fjölmiðlana með þeim hætti, þá er hans metnaði fullnægt. Og það er athygli vert, ekki einasta fyrir Alþingi Islendinga, heldur líka fyrir fjölmiðla að hlýða á hugarfarið að baki málflutningi hæstv. fjmrh. sem hann hefur viðurkennt og staðfest hér á Alþingi nú með síðustu ræðu sinni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í 32. gr. þingskapalaga segir svo: „Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar."

Nú gerist það æ tíðara að hv. þm. geri þær kröfur til forseta að hálftíminn verði allt að klukkutíma og þar kemur að forseti hlýtur að stöðva þetta. Nú hafa tveir hv. þm. beðið um orðið að nýju og þessi umræða hefur þegar staðið í þrjá stundarfjórðunga þannig að ég mælist til þess við hv. þm. að þeir geri sér grein fyrir því að þessari umræðu verður nú að fara að ljúka.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að árétta hér aftur nokkra hluti sem ég var með í fyrri ræðu minni. Það er fyrst að það er alveg rétt að Framsfl., ásamt þeim sem voru í stjórn, stóð að því að setja söluskatt á öll matvæli þegar það var gert. Ég varði þá ákvörðun þá. Reynslan hefur hins vegar kennt mér að það var röng ákvörðun. Og þegar reynslan kennir okkur slíka hluti þá eigum við að læra af henni. Þetta var að mörgu leyti rangt.

Og bara í mestu vinsemd, hæstv. fjmrh., varðandi það að engin könnun hafi farið fram, þá hef ég ekkert annað fyrir því en orð tveggja háttsettra embættismanna á þingflokksfundi okkar framsóknarmanna.

Ég vil líka benda fjmrh. á það í mestu vinsemd að skoða nú þau drög að endurgreiðslureglugerð sem fyrir okkur liggur. Þegar framsóknarmenn féllust á að ná lægra þrepinu með því að greiða þetta niður, um 13% á vinnslustigi, þá sáu menn ekki fyrir framkvæmdina á því. Ég þekki verðlagskerfi landbúnaðarins kannski betur en margir aðrir sem hér eru inni, þannig að ég var fljótur að átta mig á því hvað fólst í þessum reglugerðardrögum. Ég ætla bara að benda á eitt atriði: Ég vil sjá framan í þann fjmrh. sem gengur lengra en að greiða mjólk niður í 13% virðisaukaskatt eins og stendur í því sem fyrir okkur liggur núna. Ég vil sjá þann fjmrh. Það gæti gerst að í einhverja mánuði eftir næstu áramót yrði lækkunin meiri meðan þær niðurgreiðslur sem nú eru í gildi að krónutölu eru að núllast út. Síðan stæðu bara 13% eftir. Ég vil líka benda fjmrh. á annað, varðandi verð á hvítu kjöti og svínakjöti. Þegar menn segja: Það á að lækka það með því að endurgreiða grunngjaldið á fóðurbætisgjaldinu — er þess að gæta að það er allt saman endurgreitt í dag þannig að með því verður ekki lækkað verð á þessu kjöti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það er örstutt. Ég vil þakka hv. þm. Jóhannesi Geir fyrir að hafa staðið upp og mótmælt því að hæstv. fjmrh. kallaði þennan stjórnarþm. ósannindamann. Hann hefur rækilega afhjúpað hvernig hæstv. fjmrh. hagar sínum málflutningi þar sem hann upplýsir, hv. þm., að tveir embættismenn hafi mætt á þingflokksfundi hjá Framsfl. og skýrt frá þeirri staðreynd að embættismönnum hafi ekki verið falið að vinna að þessu verki. Þetta undirstrikar hvernig vinnubrögð hæstv. fjmrh. eru þegar hann fjallar um þessi mál sem mörg önnur.

Ég vil einnig undirstrika það sem ég sagði hér áðan að upplýsingar mínar um kjaraskerðingu heimilanna eru frá kjararannsóknarnefnd þar sem segir að kjaraskerðing á þessu ári sé um 13%, þannig að það sem hæstv. fjmrh. sagði um það sem til viðbótar kemur er alrangt. Þegar 26% virðisaukaskatturinn kemur til framkvæmda mun kjaraskerðing heimilanna verða komin upp í 17–18% á þessu eina ári.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur verið staðinn hér að ósannindum með margvíslegum hætti. Ég vildi gjarnan bjóða hæstv. fjmrh. heim til mín nú eftir þessa umræðu og við hlustuðum saman á upptöku af viðtali við hann í sjónvarpinu sl. miðvikudagskvöld. Þar sagði hann að Sjálfstfl. hefði sett fram tillögu um 25% virðisaukaskatt. Hann minntist ekki einu einasta orði á tvö þrep. Hér eru hans varnir þær að Sjálfstfl. vilji hafa þrepin tvö og af þeim sökum þurfi kannski að fara ofurlítið hærra, en margar vörutegundir séu í hinu lægra þrepinu. En það var ekki það sem hann sagði í sjónvarpinu, heldur að Sjálfstfl. vildi einn flatan skatt, 25% virðisaukaskatt. Hann vitnaði til samþykktar sem þingflokkur Sjálfstfl. gerði nú á sl. hausti. Ég skal rifja þá samþykkt upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Virðisaukaskattur á að verða í tveimur þrepum, almennt þrep og lægra þrep fyrir matvæli. Með þessu er tekið af skarið um lægri skattlagningu á matvæli en aðrar vörur og komið til móts við þá almennu skoðun að rétt skuli að halda matvælum eins ódýrum og kostur er."

Þetta er sú samþykkt sem þingflokkur Sjálfstfl. gerði um virðisaukaskatt. Ég hlýt að biðja hæstv. forseta að gefa hæstv. fjmrh. tækifæri til að koma hér upp í pontu og biðja þingheim og þjóðina afsökunar á þeim ósannindum sem hann viðhafði í sjónvarpinu á miðvikudagskvöld. Það er auðvitað ábyrgðarhluti fyrir sjónvarpið að hleypa þvílíkum mönnum í beina útsendingu án þess að hafa á varðbergi á bak við svona tug manna til þess að geta borið af sér sakir eftir því hvað fjmrh. ber niður hverju sinni.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að fara fram á það að hæstv. utanrrh. verði kvaddur í salinn til að vera viðstaddur umræður um þá skýrslu sem hann fer fram á að rædd verði hér í dag. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að hæstv. utanrrh. verði sóttur.) Er ráðherra í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er í húsinu og kemur innan tíðar.)

Hæstv. forseti. Evrópa dagsins í dag stendur frammi fyrir geysilegum breytingum á fjölmörgum sviðum. Þar er ekki síst átt við markaðsmál og þá umræðu sem fram fer um einn markað fyrir EB-löndin. Hér er um gríðarlega merkilegar hugmyndir að ræða sem, ef þær verða að veruleika, munu stórefla atvinnulífið í Evrópu og gera samkeppnisaðstöðu evrópskra framleiðenda betri gagnvart framleiðendum utan bandalagsins eins og t.d. Bandaríkjunum.

Auðvitað munu slíkar breytingar hafa veruleg áhrif hér á Íslandi, hvort heldur við kjósum að vera með í slíku bandalagi eða ekki. Það er hins vegar mín skoðun að við eigum að fara varlega í málin en með opnum huga og jákvæðum. Samkomulag við EB getur skapað mörgum íslenskum fyrirtækjum framtíð, og ekki veitir af eins og staðan er því í dag sjá fáir íslenskir framleiðendur til sólar. Samkomulag við EB getur því stuðlað að endurreisn íslensks atvinnulífs. Það er alveg ljóst að það getur skipt okkur sköpum hvort við tökum þátt í slíku samstarfi eða hvort við ætlum að gerast einangrunarsinnar og loka okkur af hér úti í Norður-Atlantshafinu. Auðvitað verðum við að gæta vel að sjálfstæði okkar og koma fram af fullri reisn, og til þess treysti ég vel þeim aðilum sem með málið fara í dag.

Þeim ber til að mynda að gæta vel að auðlindum okkar, sjávarútveginum og orkunni, að stefna ekki forræði okkar á þeim vettvangi í hættu. Þeim ber að gæta þess að sett verði lög um auðhringamyndanir sem loki fyrir þann möguleika að eitthvert risafyrirtækið verði einn góðan veðurdag orðið stærsti eigandi íslensks efnahagslífs. Ef svo færi þyrfti hæstv. utanrrh. ekki lengur að fara um landið og spyrja hver ætti Ísland.

Þetta eru þau tvö meginatriði sem ber að gæta að, með öðrum orðum að hér verði engum erlendum framleiðendum hleypt inn í fiskveiðilögsögu okkar, og varnaglar slegnir gagnvart auðhringamyndun. Til þess að megintakmark þessara viðræðna EFTA og EB nái fram að ganga þarf að nást fram víðtæk samstaða aðildarþjóðanna. Til þess að svo megi verða tel ég að gífurleg vinna sé enn óunnin, og leyfi mér að efast um að þeirri vinnu verði lokið í árslok 1992 eða í upphafi 1992 eins og stefnt er að.

Ég vil gjarnan inna eftir því hvenær Ísland gæti í fyrsta lagi orðið fullgildur þátttakandi í EB. Er það

strax 1992, þ.e. ef við höfum sjálfir ákveðið það, eða hversu langan aðdraganda þarf? Erum við e.t.v. að tala um aldamótin eða enn síðar?

Hæstv. forseti. Um skýrslu hæstv. utanrrh. er hægt að segja margt eða öllu heldur spyrja margs. Ég vil þó áður en ég geri það lýsa yfir nokkurri ánægju með skýrsluna sem ég tel vel unna þó hún ef til vill segi ekki alveg nóg og skilji raunar eftir fleiri spurningar en svör. En það kemur ekki að sök því að hæstv. ráðherra mun væntanlega bæta úr því og svara öllum þeim spurningum sem til hans verður beint, eins og hans er von og vísa.

Ég ætla að leyfa mér að fara lauslega yfir skýrsluna og byrja á bls. 9 í henni en þar segir í III. kafla, Yfirliti yfir niðurstöður stjórnarnefndar EFTA og EB, með leyfi forseta:

„Varðandi óhindruð vöruviðskipti viðurkenndu báðir aðilar að líta yrði á gagnkvæma viðurkenningu á söluhæfni vöru ef hún uppfyllti skilyrði til markaðssetningar í upprunalandinu."

Hér vil ég spyrja hvort þetta eigi við um allar vörur, þar með talin t.d. lyf og hvort þetta gildi þá einnig t.d. um litarefni í matar- og drykkjarvörum. Um báða þessa vöruflokka gilda mjög mismunandi reglur. Ef við ættum að aðlaga okkur þeim reglum sem gilda, til að mynda um litarefni, annars staðar í Evrópu yrðum við að leyfa efni sem við segjum í dag að séu hættuleg og bönnum þar af leiðandi. Getum við sagt, eftir samkomulag við eitthvert bandalag, að hættan af slíkum efnum sé liðin hjá bara vegna samkomulagsins? Það er líka spurning hvernig taka á á innihaldslýsingum og á hvaða tungumáli þær eiga að vera og svo framvegis.

Varðandi atvinnu- og búseturéttindi vil ég spyrja um réttindaflutninga, uppsafnaðan lífeyri til dæmis. Stendur til að samræma þennan málaflokk þannig að hægt verði að færa áunnin réttindi milli landa? Þá má einnig spyrja um niðurgreiðslur í hvaða atvinnugrein sem er. Er það ekki stefna bandalagsins að leggja af allar niðurgreiðslur, eða í það minnsta að samræma þær þannig að um eðlilega samkeppni geti orðið að ræða? Og hverjar eru þessar sameiginlegu reglur sem talað er um að setja til að tryggja samkeppnisskilyrði innan evrópska efnahagssvæðisins? Það væri fróðlegt ef ráðherra vildi nú vera svo góður að fara aðeins nánar út í það.

Ein afleiðingin sem við munum sjá við það að opna markaðinn og afnema alls kyns hömlur er sú að ÁTVR mundi opna dyr sínar upp á gátt fyrir hvaða áfengistegund sem mönnum dytti til hugar að selja hér á Íslandi. Það mætti ekki lengur leggja neinar hömlur á innflutning hvorki á áfengi né tóbaki, alla vega ekki frá EB-löndum. Þessu mundi ég fagna, enda er þessi rekstur bæði ríkinu gríðarlega dýr og þar fyrir utan á hann miklu fremur heima í höndum einkaaðila. Í þessu sambandi er auðvitað freistandi að spyrja hæstv. fjmrh., sem nú er ekki lengur í salnum, um stefnu hans í áfengismálum, um stefnu ríkisstjórnarinnar sem ver tilteknum fjármunum til þess að berjast gegn áfengisneyslu í landinu, en hefur síðan farið inn á nýjar brautir í sölu á áfengi. Það hefur ekki nægt að hafa umboðsmenn fyrir áfengi á Íslandi og verðleggja vöru þeirra um mörg hundruð og jafnvel þúsund prósent, nei það hefur ekki dugað, heldur er nú íslenska ríkið sjálft orðið umboðsaðili að allnokkrum áfengistegundum og auðvitað hirðir það af því umboðslaun, eða afslátt ef menn kjósa að kalla það því nafni. Og nú spyr ég ráðherra sem er ekki í salnum en spyr þann eina ráðherra sem situr nú í þingsal og þann ráðherra sem var reyndar fjmrh. fyrir ekki mjög löngu síðan: Hversu há voru þessi umboðslaun eða afsláttur á síðasta ári og hversu há er talið að þau verði á þessu ári? Og ég spyr hann einnig: Hvernig hefur þessum fjármunum verið varið? Og spyr áfram: Telur ráðherrann eðlilegt að íslenska ríkið sé umboðsaðili fyrir áfengi? Samræmist það stefnu stjórnvalda í hollustu- og neytendamálum? Um þennan málaflokk er hægt að hafa langt mál sem ég ætla ekki að gera hér.

Þá er einnig nauðsynlegt að fá að heyra hugmyndir ríkjanna um einföldun á landamæraeftirliti. Hvernig sjá menn það fyrir sér, og hvaða afleiðingar getur það haft að slaka um of á eftirliti með fólki þó að það komi frá einhverju EB-landi? Í því sambandi er ég hræddastur við eiturlyfin. Ég er hræddur um að þó að talið sé auðvelt að smygla inn eiturlyfjum til Íslands í dag, þá verði það hreinn barnaleikur í framtíðinni ef við ætlum að fara að slaka eitthvað á við landamæraeftirlit.

Hæstv. forseti. Á bls. 15 í skýrslunni er sagt frá því að Íslenska járnblendifélagið hf. hafi verið tekið til skoðunar innan EB vegna meintra undirboða. Ég vildi gjarnan heyra meira um þetta mál og niðurstöðu þess.

Á sömu síðu kemur það einnig fram að varðandi ábyrgð á vöru á EB-markaði er það framleiðandinn sem ber ábyrgðina á gæðum vörunnar en ekki eins og í EFTA þar sem það er seljandinn sem ber ábyrgðina. Þetta er mjög mikilvægt og mikið réttindamál innflytjenda og seljenda. Og auðvitað er það rétt sem segir í skýrslunni að á meðan EFTA stendur fyrir utan EB og t.d. heildsali er að velja um það hvort hann eigi að kaupa sömu vöru frá annaðhvort EB-landi eða EFTA-landi, þá velur hann að sjálfsögðu EB-landið vegna ábyrgðar framleiðenda.

Varðandi tollabandalag, sem er mín trú að verði ofan á, hvort sem það verður í upphafi eða eitthvað seinna, þá langar mig að spyrja hvort í því sambandi hafi ekki verið rætt um samræmda tollskrá, og þá á ég við samræmda að fullu, ekki aðeins höfuðflokkar heldur einnig undirflokkar í tollskrá. Í því sambandi ætti ráðherrann að sjá til þess að þeirri verklagsreglu verði komið á að allir reikningar frá framleiðanda fyrir selda vöru milli landa skuli merktir tollskrárnúmerum á hverja vörutegund. Með þessu fyrirkomulagi mundi tollþjónusta hvar sem er innan bandalagsins stórbatna og verða til muna fljótari í afgreiðslu.

Um fjármagnshreyfingar er auðvitað hægt að hafa langt mál. Ég vil þó segja að það er algjör misskilning-

ur að álíta sem svo að hér muni rísa fjöldinn allur af erlendum bönkum og tryggingafélögum strax daginn eftir að við gerum samkomulag við EB, ef við á annað borð gerum það. Ég get ekki séð það fyrir mér að erlendir bankar muni hópast hingað eins og málum er háttað í dag, og það sama má segja um tryggingafélög. Ísland er það lítill markaður og mun verða það verndaður að það er vandséð að stórar peningastofnanir telji sér hag í því að reisa hér mikla starfsemi.

Hvað varðar hins vegar hið almenna atvinnulíf og einkafyrirtæki þá er þar meiri hætta á ferðinni, enda teljast sæmilega stæðir menn víða erlendis ríkir samkvæmt íslenskri merkingu og það þyrfti engan auðkýfing til þess að kaupa hér upp eins og eitt stykki sjávarpláss. Það eru slíkir hlutir sem við verðum að slá varnagla við þó að Alþb. á nýafstaðinni landsfundarorrustu kúvendi og vilji nú fyrir alla muni koma því til leiðar að útlendingar geti átt sem allra stærstan hlut í íslensku atvinnulífi og íslenskum fyrirtækjum.

Í EB er ekki gerður neinn greinarmunur á verðbréfum og hlutabréfum. Við það skapast náttúrlega sú hætta sem ég var hér að lýsa, þ.e. að eignarhluti útlendinga geti orðið alger. Ég skal hins vegar viðurkenna að það er vandséð hvernig koma á í veg fyrir frjálsa sölu hlutabréfa ef við á annan borð tökum þátt í því samstarfi sem hér er verið að ræða um.

Við það að ganga inn í EB mundu íslenskir flutningsaðilar eins og t.d. Eimskip og Flugleiðir væntanlega fá alvöru samkeppni, samkeppni sem þau geta ekki keypt af sér, sem ekki verður myrt eins og Hafskip var á sínum tíma, sem ætti reyndar að vera alveg sérstakt rannsóknarefni. Sú samkeppni sem mundi koma á samgöngur yrði mjög af hinu góða og mundi vafalaust leiða til lækkandi vöruverðs og kaupmáttaraukningar, þó það sé reyndar orð sem hæstv. ríkisstjórn veit ekki hvað þýðir, enda hennar meginmarkmið að skerða kaupmátt með öllum hugsanlegum ráðum.

Í skýrslunni kemur fram að sjálfstætt starfandi ríkisborgarar í einu aðildarríki eigi rétt á að starfa í öðru aðildarríki við sömu skilyrði og ríkisborgarar þess ríkis þar sem starfsemi fer fram. Þetta er afar athyglisverður punktur og ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort þetta þýði að skattlagning fyrirtækja verði samræmd að einhverju leyti. Yrðu t.d. opinberir sjóðir opnir fyrir útlendingum sem vilja hefja hér atvinnurekstur?

Varðandi aðbúnað fólks sem flytur er sagt að óheimil sé mismunun varðandi húsnæði. Ég óska eftir skýringum á þessum lið.

Mikið hefur verið rætt um fólksflutninga milli landa EB-ríkja og hafa menn hræðst að hingað mundi streyma inn fólk alls staðar að. Reynsla EB-ríkja er ekki þannig eins og sjá má í skýrslunni. Með okkar veðurfar, legu landsins, tungu og menningu í huga hef ég ekki nokkrar áhyggjur af þessum málum. Fólksflutningar hingað geta ef til vill aukist eitthvað örlítið fyrstu árin, en það fólk verður flest farið aftur innan fárra ára. En það væri athyglisvert að heyra frá ráðherra vegna þess að það tengist fólksflutningum og niðurbrotum á innflutningshöftum hvort með inngöngu í EB sé þar með opnað fyrir innflutningi á heimilisdýrum sem víða eru nú talin til „fjölskyldumeðlima" og við eyddum svolitlum tíma í að ræða hér á síðasta þingi. Verður nú opnað fyrir blessaða hundana? Þetta er nú kannski útúrdúr.

Innan EB hafa verið settar reglur um viðurkenningu prófa eins og fram kemur í skýrslunni. Þar eru tilteknar ýmsar stéttir manna. Ég vil spyrja hvort þetta þýði það að t.d. lögfræðingur frá einhverju aðildarríkinu mætti þar með hefja lögfræðistörf á Íslandi. Mætti danskur ökukennari fara að kenna á bifreið á Íslandi o.s.frv.? Spurningin er því hvort í þessari viðurkenningu á prófi felist heimild til að praktísera í öðru aðildarríki EB.

Ég vil spyrja hverju það sætti að Ísland undirritaði ekki fyrr en í október á þessu ári rammasamning um vísinda- og tæknisamstarf á milli Íslands og EB, svokallaða SCIENCE-áætlun sem eins og segir í skýrslunni er samdóma álit bæði EFTA og EB, að samstarf þeirra á því sviði hafi verið mjög gagnlegt og verið mikill hvati á sviði þróunar og tækni í Evrópu.

Í skýrslunni er kafli um umhverfismál en um hann ætla ég ekki að fjalla hér en ætla að fara þess á leit við hæstv. annaðhvort orðinn eða verðandi umhverfisráðherra að hann gæfi okkur sínar skoðanir á þeim málaflokki, en eins og endranær er hann eins og fló á skinni og getur ómögulega setið hér í salnum nokkra einustu stund og því til marks, eins og kannski hæstv. forseti þingsins veit, hef ég reynt að fá að inna hæstv. hagstofuráðherra eftir svörum við ákveðinni fyrirspurn núna í tvær vikur, en það hefur ekki verið nokkur einasta leið því að hæstv. ráðherra hefur ekki fundið tíma til að sitja eða sinna þingstörfum hér. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram að það eina sem hann veit er að samkvæmt töflu hér er hæstv. hagstofuráðherra ekki í húsinu og þar af leiðandi er ekki hægt að óska eftir því að hann verði hér viðstaddur umræðuna.) Hæstv. forseti. Þetta kemur mér ekkert á óvart.

EFTA-ríkin leggja þunga áherslu á að komið verði á sams konar stöðlum fyrir ársreikninga fyrirtækja og grundvelli fyrir sameiningu hlutafélaga milli ríkja. Þetta er auðvitað afar brýnt mál sem ber að taka upp. Hins vegar er það nú svo að meðferð ársreikninga hjá íslenskum fyrirtækjum virðist í mörgu ábótavant og væri því ekki úr vegi að nota tækifærið og koma skikk á þau mál. Ég vil í því sambandi minna á þáltill. sem ég og hv. þm. Hreggviður Jónsson höfum lagt fram þar sem þess er farið á leit við ríkisstjórnina að gerð verði könnun á störfum íslenskra endurskoðenda og íslenskum reikningsskilum.

Samhliða þessum viðræðum EFTA og EB eigum við að taka upp viðræður um aðgang Íslendinga að erlendum menntastofnunum. Það er mál sem þolir ekki neina bið. Nú þegar er farið að bera á því að íslenskir námsmenn komist ekki að hjá hinum ýmsu menntastofnunum EB-ríkjanna. Um þetta atriði verður að nást samkomulag sem allra fyrst, hvort sem

niðurstaðan verður sú að við förum inn í þetta samstarf eða ekki. Hins vegar mælir það með því að fara í slíkt samstarf að hér er skortur á atvinnutækifærum fyrir langskólagengið fólk. Ungt fólk fær ekki lengur vinnu við hæfi menntunar þess, en með því að ganga til samstarfs við EB mundi vinnumarkaður opnast fyrir unga fólkið og nýtist þá menntun þess.

Í skýrslunni er örstuttur kafli með yfirskriftinni „Evrópa fólksins". Ég vil gjarnan fá skýringar á þessu orðatiltæki. Felst í því að stefnt sé að nokkurs konar Bandaríkjum? Er það stefna EB að ná öllum aðildarríkjunum undir einn fána, með einum gjaldmiðli? Ég tel reyndar að það sé aðeins tímaspursmál. Eitt hagkerfi, einn gjaldmiðill.

Þá vildi ég gjarnan, hæstv. forseti, fá nánari skýringu á þátttöku Íslands í ferðamálaári Evrópu 1990, hvernig að henni verði staðið fyrir okkar hönd, hvernig ferðalög ungs fólks innan Evrópu verða aukin eins og segir í skýrslunni og hverjir standa að nefndinni.

Í VIII. kaflanum, Réttarreglur og stofnanir, er stjórnskipun Evrópubandalagsins lýst. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Innan EB getur EB-ráðið sett reglur sem gilda sem lög í aðildarríkjunum." Og í kaflanum um bein réttaráhrif EES-reglna segir, með leyfi forseta: „Reglur innan EB eru settar með mismunandi hætti. EB-reglur, reglugerðir fá sjálfkrafa lagagildi í aðildarríkjunum þegar þær hafa verið birtar í stjórnartíðindum EB." Og seinna í þessum sama kafla segir, með leyfi forseta: „Innan EB ganga EB-reglur framar landslögum." — Hér finnst mér við vera komnir út á ansi þunnan ís, þegar EB-reglur eiga að fara að ganga framar landslögum. Og mér er spurn: Samræmist þetta stjórnarskránni? Í mínum huga er þetta atriði afar varasamt og maður spyr sjálfan sig hvort hér sé ekki verið að gefa eftir hluta af sjálfstæði okkar, þegar reglur einhvers staðar utan úr heimi eiga að fara að ganga íslenskum landslögum framar, jafnvel þó við eigum fulltrúa á þeirri samkundu.

Það kemur fram í skýrslunni að þau EFTA-ríki, þar sem þjóðréttarsamningar verða ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti við fullgildingu, hafa lýst því yfir að þau muni leitast við að lögfesta EES-reglur sem ætlað er að hafa bein réttaráhrif. Nú getur vel verið að það hafi farið fram hjá mér, en ég man ekki eftir þessari yfirlýsingu frá íslenskum yfirvöldum, en það getur hæstv. ráðherra náttúrlega upplýst hér síðar í umræðunni.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra að sinni. Ég minni þó á að íslenskir útvegsmenn hafa samþykkt áskorun á stjórnvöld að snúa sér í æ ríkara mæli að EB þar sem þeir hafa eðlilega áhyggjur af framvindu mála. Við getum endað sem einangrunarsinnar hér lengst úti á Atlantshafi. Þeir fara fram á beinar viðræður við EB um frjálsan aðgang að mörkuðum EB fyrir sjávarafurðir okkar. Undir þessar óskir þeirra LÍÚ-manna vil ég taka og skora á ráðherra að gera slíkt hið sama. Hvernig væri nú að hæstv. utanrrh. tæki það upp hjá sér að berjast fyrir því að höfuðstöðvar EB verði staðsettar á Íslandi? Og þegar menn eru búnir að ná því í gegn, eigum við þá ekki að kippa inn Evrópuþinginu líka?

Hæstv. forseti. Það er skoðun Frjálslynda hægriflokksins að við eigum að taka þátt í samningaviðræðunum sem væntanlega verða ákveðnar þann 19. des. nk. Við verðum hins vegar að fara að öllu með gát og gæta alveg sérstaklega að auðlindum okkar og sjálfstæði. Það er hins vegar áhyggjuefni að ríkisstjórnin skuli ekki enn hafa myndað sér neina skoðun á málinu sem eru vinnubrögð sem að vísu koma ekkert á óvart. Hæstv. utanrrh. er hins vegar alveg með sína skoðun á hreinu, enda lýsti hann því yfir í viðtali á Stöð 2 í gærkvöldi að þann 19. des. mundi hann skrifa undir fyrir Íslands hönd þannig að það virðist hreinn óþarfi að vera að tefja ríkisstjórnarfundi með slíku smámáli sem þessu. Það hlýtur að teljast eðlilegt að hv. Alþingi fjalli hins vegar nánar um málið og að það liggi alveg ljóst fyrir hvort það er meirihlutavilji fyrir þessum viðræðum eða ekki. Persónulega tel ég að svo sé en tel hins vegar gott fyrir ráðherrann að hafa það veganesti með sér út að hann hafi meiri hluta Alþingis að baki sér.

Ég vil í lokin, hæstv. forseti, fá að inna hæstv. utanrrh. eftir því hvort samstarf sem þetta sem hér er til umræðu kosti nú ekki eitthvað. Þurfum við að greiða í sameiginlega sjóði EB? Verðum við skattlögð eftir einhverjum sérstökum leiðum eða aðferðum o.s.frv.? Þetta er auðvitað mikilvægt að fá fram í umræðunni.

Hæstv. forseti. Ég hef þegar sagt að ég styðji það að við tökum þátt í þessum viðræðum, enda tel ég að skammstöfunin EB geti alveg eins staðið fyrir eitthvað betra.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hinn 11. maí 1988 samþykkti Alþingi einróma þál. um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu. Þál. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989."

Nefndin hóf þegar störf og valdi formann sinn Kjartan Jóhannsson, en varaformaður var kjörinn Eyjólfur Konráð Jónsson og ritari hv. þm. Kristín Einarsdóttir. Undir frábærri forustu Kjartans Jóhannssonar var síðan unnið allt þar til í lok júlímánaðar sl. þegar Kjartan sagði af sér þingmennsku og þar með störfum í nefndinni. Nefndin samþykkti þá

að hv. þm. Eiður Guðnason yrði áheyrnarfulltrúi með fullu málfrelsi í nefndinni, en hann var síðan kosinn í hana í upphafi þings nú í haust. Einnig var hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson þá kosinn í nefndina, en hæstv. ráðherra Hagstofu Júlíus Sólnes hafði þá sagt af sér nefndarstörfum.

Eins og í ályktuninni greinir var starfssvið nefndarinnar æði víðtækt og verður að segja þá sögu eins og hún er að nefndinni tókst ekki að skila tillögum fyrir 1. apríl sl. og hefur raunar enn ekki tekist að ljúka því verki.

Segja má að þáttaskil hafi orðið um mánaðamótin júlí/ágúst sl. þegar nefndin lauk við útgáfu fimm bæklinga um Evrópubandalagið og samskipti Íslendinga við það. Fram til þess tíma hafði nefndin haldið 33 fundi og m.a. fóru nefndarmenn allir á sl. vetri í viku ferðalag til Genfar og Brussel til viðræðna við ráðamenn EFTA og Evrópubandalagsins. Var sú för hin nytsamlegasta.

Í upphafi starfa sinna skrifaði nefndin fjölmörgum samtökum atvinnulífsins bréf þar sem óskað var álits á því málefni sem tillagan fjallar um. Heldur lítið varð um svör sem e.t.v. er ekki hægt að gagnrýna þar sem málið var í deiglunni og þekking á framvindu þess takmörkuð og kannski má segja að hún hafi verið það fram á síðustu tíma.

Í ágústmánuði lágu störf nefndarinnar niðri, enda var þá mikið um fjarvistir eins og títt er á þeim árstíma, en í septembermánuði var tekið til óspilltra málanna og síðan hafa verið haldnir 10 nefndarfundir og nú upp á síðkastið hefur verið rætt við samtök atvinnulífsins bæði af hálfu vinnuveitenda og eins launþegasamtök. Hafa þeir umræðufundir verið nefndarmönnum geysimikilvægir og vonandi hafa viðmælendur nefndarinnar einnig nokkurn hagnað haft af umræðum þeim sem fram hafa farið. Síðasti fundur var með samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútegi nú sl. þriðjudag og skýrðu viðmælendur nefndarinnar þar sjónrmið sín á mjög afdráttarlausan og skilmerkilegan hátt.

Ég taldi mér skylt í upphafi máls míns að gera framanritaða grein fyrir störfum nefndarinnar, því að svo æxlaðist þegar Kjartan Jóhannsson hvarf af landi burt að ég varð formaður nefndarinnar og er það enn. Að öðru leyti mun ég ekki ræða þessi störf nú nema þá að gefnu tilefni en að sjálfsögðu munu nefndarmenn gera grein fyrir sínum sjónarmiðum hér í umræðunum og hafa sumir þegar gert. Er mér heimilt að greina frá mínum sjónarmiðum nákvæmlega á sama hátt og þeir gera grein fyrir sínu mati á aðstæðum.

Ég vil nú í upphafi ræðu minnar taka undir ummæli hv. þm. Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl., þess efnis að sjálfsagt sé að Íslendingar haldi áfram störfum í EFTA, enda hef ég trú á því að störfin þar hafi þegar borið verulegan árangur, m.a. þann að EFTA-ríkin hafa lýst yfir fríverslun með fisk. Krafa var um það gerð af hálfu hæstv. forsrh. og raunar líka hæstv. utanrrh. í samræmi við álit EB-nefndarinnar, en ráðherrarnir ræddu þau mál ítarlega við nefndarmenn áður en Oslóarfundurinn svokallaði var haldinn. Skylt er að þakka einarða afstöðu þeirra á Oslóarfundinum en af kröfugerð um að fríverslun yrði með fisk var aldrei látið og samkomulag um að svo skyldi verða náðist á síðustu mínútum fundarins.

Á Oslóarfundinum var sýnd sú einurð í sanngirnismáli sem sjálfsögð er og algjörlega nauðsynleg í mestu hagsmunamálum þjóðarinnar.

Þrátt fyrir þá afstöðu sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur einróma samþykkt um að störfin í EFTA skuli halda áfram er fjarri lagi að Sjálfstfl. telji að vinnan á næstu vikum og mánuðum eigi að einskorðast við umræður um gagnkvæm samskipti EFTA og Evrópubandalagsins. Þvert á móti er það afdráttarlaus skoðun innan flokksins að þau sjónarmið sem fulltrúar í samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi hafa sett fram, m.a. á blaðamannafundi í fyrradag og á fundi Evrópunefndarinnar sl. þriðjudag, séu rétt. Þ.e. að beinar viðræður eigi að taka upp við æðstu ráðamenn Evrópubandalagsins um breytingar á bókun 6 sem allir þekkja, en hún var gerð 1972 þótt hún tæki ekki gildi fyrr en að afloknum deilum okkar við Breta árið 1976.

Þessi bókun hefur fram undir þetta verið okkur mjög hagstæð en nú eru aðstæður allar breyttar eins og samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi hefur rækilega bent á.

Þjóðir þær sem kaupa mestan saltfisk af Íslendingum eru nú orðnar aðilar að Evrópubandalaginu og þess vegna leggjast nú miklu hærri tollar á útflutningsvörur Íslendinga til Evrópubandalagsins vegna útflutnings á saltfiski en fyrirhugað var með bókun 6. Það er fullkomið sanngirnismál að Evrópubandalagið endurskoði þessi ákvæði þannig að þeir tollar sem leggjast í heild á útflutningsvörur okkar til bandalagsins verði a.m.k. hlutfallslega ekki hærri en þeir skyldu vera samkvæmt bókun 6. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að í samskiptum við bandalagið værum við í sömu sporum og við vorum 1972 og 1976 en byggjum ekki við miklu lakari kjör ef tollur á saltfiski væri settur í svipað form eins og er á öðrum fiski. Þess vegna er þetta svo augljós sanngirniskrafa að með ólíkindum er að ekki skuli hafa verið eftir gengið.

Við Íslendingar höfum fellt niður tolla á meginþorra iðnaðarvarnings frá EB-löndum til Íslands og eigum því siðferðilegan rétt á því að svipaðra viðhorfa gæti af hálfu Evrópubandalagsins þegar það leggur tolla á okkar innflutning til bandalagsins.

Um bókun 6 er það annars að segja að hún er besta sönnun þess að það er algjörlega rangt mat og misskilningur að Evrópubandalagið hafi það að stefnu sinni að krefjast veiðiréttinda í stað tollfríðinda. Hvergi í þeim skjölum er ég hef haft aðgang að varðandi aðdragandann að bókun 6 kemur það t.d. fram að nokkurt Evrópubandalagsríki hafi svo mikið sem ýjað að því í alvöru að í stað tollfríðinda samkvæmt bókun 6 ættu að koma veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu, enda hefði slíkt aldrei verið tekið í mál.

Ekkert sannar betur hve fávíslegar þær fullyrðingar eru að bandalagið hafi um langa tíð, jafnvel allt frá Rómarsáttmálanum 1957, krafist veiðiheimilda hvenær sem það semur um tollaívilnanir. Það er fráleitt. Hitt er annað mál að í samskiptum bandalagsríkjanna sjálfra er sameiginleg stefna varðandi fiskveiðar. Það er hin sameiginlega stefna Evrópubandalagsins og henni má ekki blanda saman við viðskiptasamninga bandalagsins við þá sem fyrir utan það standa. Þarna er meginmisskilningurinn fólginn. Það er alltaf verið að rugla saman þeirri stefnu sem bandalagið hefur varðandi fiskveiðar þjóða innan bandalagsins við samningagerðir út á við. Það er reginmisskilningur. Það eru engar slíkar reglur sem gilda í samskiptum við utanaðkomandi ríki. Þetta kom raunar glöggt fram í ræðu hæstv. forsrh. hér í gær þar sem hann greindi frá þeim ummælum Mitterrands Frakklandsforseta að þegar ekki væri um aðild að bandalaginu að ræða kæmu vissulega til greina undanþágur varðandi fiskveiðar. Einmitt þess vegna m.a. er aðild ekki á dagskrá og við höfum verið sammála hér á hinu háa Alþingi um að aðild að Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá. Í mínum huga hefur sú skoðun ekki hvað síst byggst á því að við eigum einmitt að halda opnum möguleika til að semja við bandalagið án þess að hin sameiginlega fiskveiðistefna þess geti tekið til okkar. Hún gerir það ekki í dag og mun ekki gera nema við færum að ganga í bandalagið. Ef við gengjum í Evrópubandalagið kynni raunar að vera að við fengjum einhverjar undanþágur eitthvert tímabil. En þær yrðu ekki langvarandi. Þá mundi stefna þess væntanlega verða ríkjandi í þessu ríki eins og öðrum. Annars hefur hún nú reynst með þeim hætti, þessi sameiginlega fiskveiðistefna þeirra, að stofnarnir eru í meiri og minni útrýmingarhættu og eilífur slagur er um kvótana. Ég held að það sé orðinn verri frumskógur en hér hjá okkur og fá ríki eru ánægð með þau ósköp sem þar ganga á.

Raunar ætti öllum að vera það ljóst að Evrópubandalagið hefur gert og er að gera samninga bæði til austurs og vesturs um gagnkvæmar tollaívilnanir eða beina fríverslun. Að nokkrum manni komi til hugar að blanda fiskveiðiréttindum inn í slíkar umræður og samningagerð er ofvaxið mínum skilningi. Það eru þess vegna því miður, eða kannski sem betur fer, hreinir hugarórar og órökstuddar fullyrðingar að Evrópubandalagið krefjist ætíð veiðiheimilda þegar rætt er við það um tollaívilnanir. Eða svo ég spyrji nú eins og fávís kona eða fávís karl: Hvaða fiskveiðiréttindi eru ráðamenn Evrópubandalagsins að ásælast í Sviss? Hvaða veiðiréttindi eru þeir að ásælast í Austurríki svo að ekki sé nú nefnt Ungverjaland, Pólland eða Sovétríkin sjálf.

Evrópubandalagið hefur gert mörg hundruð samninga við ýmsar þjóðir um viðskiptamálefni án þess að nokkrar fiskveiðiheimildir bæri þar á góma og það væri ósvinna og ekkert annað ef þeir menn sem ferðinni ráða í Evrópubandalaginu ætluðu að blanda kröfum um veiðiréttindi inn í eðlilegar óskir okkar um endurskoðun á ákvæðum bókunar 6. Enn óskiljanlegra er það þegar íslenskir ráðamenn hafa orð á þessari endaleysu.

Í annan stað er þess að gæta að allt frá árinu 1986 þegar de Clercq, einn ráðamesti maður Evrópubandalagsins á þeim tíma, kom hingað til lands og rætt var um samskiptamálefni Evrópubandalagsins og Íslands var samkomulag beggja aðila að einungis yrði efnt til þess sem á erlendu máli er kallað „dialog" eða rabb, tvítal eða hvernig sem menn nú vilja þýða þetta orð. Aldrei var tekið í mál að fiskveiðiréttindi gætu blandast inn í slíkar viðræður. Þennan kafla langar mig mjög til þess að hæstv. utanrrh. gefi sér tíma til að hlusta á. Ég þarf kannski ekki að endurtaka það sem ég var að segja meðan ráðherrarnir voru að tala saman, en ég hef þetta skrifað að mestu leyti og get afhent það. Ég var að tala hér um díalóg, tvítal. Það hefur reyndar verið rætt um það hvaða orð hefur verið notað yfir það rabb sem farið hefur fram milli Íslendinga og Evrópubandalagsins á undangengnum árum.

En þessari eindregnu stefnu sem ég var að lýsa hafa íslensk stjórnvöld fylgt mjög fast eftir allt fram á síðustu tíma og er mér hulin ráðgáta hvers vegna nú er farið að ræða um eitthvað allt annað, umboðslaust frá þingi og þjóð því ekki veit ég til þess að umboð hafi verið gefið til slíkra umræðna. Mér hnykkti því við í fyrrakvöld er ég heyrði í seinni fréttum sjónvarps að hæstv. utanrrh. sagði eitthvað á þá leið að það væri misskilningur af hálfu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi að unnt væri að halda áfram eða taka upp að nýju tvíhliða viðræður við EB þar sem fjallað væri um breytingar á bókun 6 eða samskiptamálefni Íslendinga við Evrópubandalagið yfir höfuð. Hæstv. utanrrh. sagði, það skrifaði ég hjá mér, ég held að það sé orðrétt: „Evrópubandalagið býður ekki upp á viðræður um tolla nema það fái veiðileyfi eða veiðiheimildir." Þetta heyrðist mér hæstv. ráðherrann segja.

Við þessi ummæli er því miður ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi getum við ekki ætlast til þess að Evrópubandalagið hafi frumkvæði að því að bjóða okkur upp á verulegar tollalækkanir ef við flytjum ekki sjálfir fram rök fyrir þeirri sanngirni, nefnum ekki þau rök sem ég áður hef getið, segjum ekki að bókun 6 þýði allt annað og miklu minna fyrir Íslendinga nú heldur en hún þýddi þegar bandalagið var miklu minna og keypti sáralítinn saltfisk af okkur. Þetta ætti að vera öllum mönnum augljóst. Bókun 6 er ekki jafnmikilvæg fyrir okkur og hún var áður. En tollfríðindin á vörum Evrópubandalagsins eru jafnmikilvæg fyrir það, þó að hér sé auðvitað lítill markaður, eða mikilvægari en þau voru áður því að meira að segja eru hér fleiri vörutegundir frá Evrópubandalaginu tollfrjálsar nú en voru áður, gagnstætt því sem er í Evrópubandalaginu. Ég skil ekki að menn skuli ekki geta flutt þessi rök og ótal mörg fleiri fyrir því að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið.

Í annan stað er þess að gæta að síðstu tvær vikurnar hafa öll viðhorf gjörbreyst og það sem kann að hafa

verið rétt áður varðandi samningaviðræður EB við önnur ríki og ríkjasamtök verður nú að skoða í allt öðru ljósi því að meðal æðstu manna Evrópubandalagsins er talað um að allt sé hægt að gera og allt geti gerst. Má í því sambandi minna á ummæli Mitterands Frakklandsforseta í heimsókn hans hér sem allir þekkja. Enginn talar t.d. lengur um það að ekkert megi gera fyrr en eftir 1992 eða 1995. Það er allt að gerast, það er allt á fleygiferð.

En af því að ég vék hér aðeins að þeim rabbfundum sem menn hafa talið að ættu að fara og geta farið fram og sagði að þeir hefðu a.m.k. tíðkast frá 1986, þá er ég hér með 4. rit Ísland og Evrópa sem gefið er út af nefnd um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu í maí 1989. Þar er vitnað til þess að ærið mikið lengra sé síðan menn gerðu sér það ljóst að veiðiheimildir á Íslandsmiðum mundu Evrópubandalagslöndin aldrei fá. Ætla ég að vekja athygli þeirra sem vildu kynna sér málin betur á bls. 30–32 í þessu 4. hefti. Þar segir t.d. í skýrslu embættismanna um umræður um það leyti sem bókun 6 var að taka gildi: „Þær hófust í júlí 1976 milli embættismanna og framkvæmdastjórnar EB. Tvennar viðræður fóru fram í Reykjavík 12. nóv. og 25.–26. nóv. 1976 milli Finns Olavs Gundelachs og Einars Ágústssonar utanrrh. og Matthíasar Bjarnasonar sjútvrh., en 1. des. 1976 rann út samkomulagið um veiðar breskra togara í íslenskri fiskveiðilögsögu án þess að Bretar fengju frekari fiskveiðiheimildir." Það var bara sjálfsagður hlutur. Það var ekki talað um fiskveiðiheimildir. Því var lokið. Ef einhvern tímann var „snakk" um það var því lokið á þessum degi. Og síðan heldur áfram orðrétt, herra forseti: „Í frásögn íslensku viðræðunefndarinnar af fundinum 12. nóv. 1976 eru þessi athyglisverðu ummæli höfð eftir Gundelach sem aldrei síðan hefur verið farið hátt með af bandalagsfulltrúum: „Alveg sérstaklega vildi hann láta koma skýrt fram að EB hygðist ekki blanda verslunarviðskiptum í málið."„ Og síðan er fundað árið 1977 og þá segir að tímabært sé nú að efna til almennra pólitískra viðræðna um stöðu samskipta bandalagsins og Íslands og innan sviga: „general political conversation on the state of the relations between the Community and Iceland".

Þetta er nú allt og sumt sem þá var sagt. Nú er farið að segja eitthvað allt, allt annað 12 árum síðar. Það geti vel komið til greina að þeir fái einhverjar veiðiheimildir. Og enn er fundað í endaðan júní 1977 og þar segir: „Þar ítrekuðu Íslendingar að ástand fiskstofnanna væri svo slæmt að ekki gæti orðið um nein fiskveiðiréttindi að ræða fyrir bandalagið. Fulltrúar EB lögðu áherslu á pólitískt mikilvægi þessara viðræðna." Síðan er fundað 3. sept. 1977 og enn er það Gundelach sem við sögu kemur og þá segir hann að ekki væri hér um neina skyndilausn að ræða, heldur áframhald dialógs sem hann teldi hafa borið góðan árangur. Og síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Hann sagði enn fremur að hann væri ekki að þrýsta á um endurkomu breskra togara á Íslandsmið eða komu neinna togara — ástand þorskstofnsins leyfði það ekki. Hann væri ekki með í huga einstakan vanda heldur vildi hann koma sambandi Íslands og EB á jákvæðan framtíðargrundvöll."

Hafa menn gleymt þessu öllu eða kannski aldrei lesið það, þeir sem eru nú að bjóða upp á veiðiheimildir ýmist einhliða eða með einhverjum skiptum á veiðiheimildum, að opna dyrnar? Þeir ættu að lesa sér betur til.

Skylt er að geta þess og raunar líka ánægjulegt að hæstv. utanrrh. dró verulega í land þegar hann sagði í ræðu sinni í gær að við hefðum farið báðar leiðirnar, EFTA-leiðina og leið tvíhliða samninga. En því miður bætti hann við orðunum: „Hvað getum við látið á móti? og svarar sér sjálfur: Við höfum talað um að skipt verði á veiðiheimildum og því verður haldið áfram." — Að skipt verði á veiðiheimildum og því verði haldið áfram, segir hæstv. ráðherra hér í gær. Ég segi: Því verður ekki haldið áfram því að til þess er ekkert umboð frá þingi eða þjóð og verður aldrei. Það er rétt að ráðherrarnir geri sér grein fyrir þessu. Það er hvorki meiri hluti fyrir því hér á Alþingi né meðal þjóðarinnar að fara að bjóða erlendum veiðiskipum hér inn, skipum frá hinum gífurlega flota Evrópubandalagsins þó það eigi í fyrsta umgangi að heita einhver skipti á veiðiréttindum. Þeir hafa ekkert að bjóða fram þar að auki.

Málin standa því einfaldlega þannig nú, a.m.k. get ég ekki séð þau í öðru ljósi en því, að allt getur gerst og allt er að gerast sem menn fyrir fáum vikum töldu útilokað að væri á næsta leiti. Það er sú mynd sem við okkur blasir núna síðustu vikurnar. Það virðast sem sagt allar dyr vera opnar sem áður voru harðlæstar og síst af öllu situr á okkur að læsa dyrum sem áður voru opnar, þ.e. viðræðum um samskiptamálefni Íslands og Evrópubandalagsins almennt og um bókun 6. Ætlum við að loka þeim? Við getum valið um þessar tvær leiðir. Annars vegar að opna þennan díalóg, þetta rabb, sem margfjallað er um og hefur verið gert allar götur síðan 1977. Þá hafa báðir aðilar verið tilbúnir til að halda svona rabbfundi og hafa gert það, haldið þá ýmsa. Eða þá hina leiðina sem bestu rökin eru nú fyrir að fara, að endurskoða bókun 6.

Af því að hæstv. forsrh. er kominn hér langar mig að benda honum á röksemd sem kannski hefur ekki heyrst alveg skýrt áður fyrir endurskoðun á bókun 6. Hún er sú að núna, eftir að þau ríki sem kaupa mest af okkar saltfiski, sem mest er tollaður í bandalaginu, eru gengin í það, er bókun 6 auðvitað ekki hlutfallslega nærri því eins mikilvæg fyrir okkur Íslendinga eins og áður.

Hins vegar hafa verið felldir niður margir tollar á vörum frá Evrópubandalaginu til okkar. Þess vegna væri algjört samningsatriði, sem ætti að vera hægt að leysa mjög auðveldlega, að fá menn til að setjast niður og reikna þetta dæmi út, þó að ég fari nú ekki fram á neitt meira. Enn þá eru raunar líka tollar á Íslandi á vörur Evrópubandalagsins. Þá getum við líka kannski metið. Enn þá er eftir eitthvað af tollum

og við getum notað það sem verslunarvöru, en landhelgina notum við aldrei sem verslunarvöru. Ég hélt að menn væru farnir að skilja það. Og reyndar gat ég þess hér áður, hæstv. forsrh., að þú hefðir einmitt í gær sagt okkur frá því ánægjulega sem Mitterrand benti á, að þegar ekki væri um aðildarríki að ræða væri auðvitað hægt að gera undanþágur og semja um hvað sem væri, en þá gildir auðvitað ekki þessi sameiginlega fiskveiðistefna. Hún gildir fyrir bandalagsríkin sjálf en alls ekki önnur ríki. Allt það er tilbúningur, bara hugdettur. Auðvitað eru allir hlutir teknir með í almenna umræðu. Það væri hægt að orða náttúrlega námugröft okkar í Þýskalandi o.s.frv. í staðinn fyrir að eitthvað af fólki mundi fara á skíði upp á Vatnajökul eða eitthvað. Það eru auðvitað allir slíkir hlutir opnir. En að segja að það sé eitthvert skilyrði fyrir viðræðum um tollafríðindi okkar að við gefum bandalaginu fiskveiðiheimildir, það er fráleitt.

Í slíkum viðræðum yrðu æðstu menn okkar lands að koma til skjalanna, hvor leiðin sem farin yrði, þó að viðræðurnar yrðu vafalaust undirbúnar af embættismönnum eins og títt er. Það sýnist vera einsýnt. Þegar ég tala um æðstu ráðamenn á ég þar auðvitað við hæstv. forsrh. og/eða hæstv. utanrrh., e.t.v. með fulltingi stjórnarandstöðu, og það mun þá ábyggilega ekki standa á Sjálfstfl. a.m.k. að leggja því lið. Hitt hefur verið og er misskilningur og mistök að sjútvrh. taki upp viðræður um tollafríðindi og sé í sama orðinu að tala um fiskveiðiréttindi við þá menn eina, innan Evrópubandalagsins, sem telja það embættisskyldu sína að gæla við fiskveiðiréttindi á Íslandsmiðum þó að þeir viti að þau fá þeir aldrei. Ég er ekki að leggja mat á hæfni hvers ráðherrans fyrir sig — þessara þriggja ágætismanna — til samningagerða. Það er bara rangt að senda sjútvrh. sem hefur verið dreginn inn í umræður um fiskveiðimálefni á fundi til þess að gæta þessara mikilvægustu hagsmuna okkar — það er skyldustarf annars hvors þeirra, hæstv. forsrh. eða utanrrh. Ég dreg ekkert í efa að allir þessir ráðherrar, þegar þeir hafa verið á sínum ferðalögum, hafi reynt að koma sem flestu til leiðar og innleiða þessi mál. En ef slíkar samningaviðræður eru teknar upp á það auðvitað að vera á hæsta grundvelli þeirra manna sem eru ráðamenn á Íslandi annars vegar og í bandalaginu hins vegar.

Það mætti hafa mörg orð um allt þetta en ég ætla að spara mér þau á þessu stigi, enda ríður nú á að við reynum að sameinast en ekki sundrast því að lífshagsmunir þjóðarinnar eru vissulega að veði.

Ég vil því ljúka máli mínu á því að fagna skýrslu utanrrh. sem hann hefur lagt fram, þar á meðal málsgreininni á bls. 11 þar sem fjallað er um fiskveiðimálefni. Þar segir, með leyfi forseta, varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir: „... lýstu EFTA-ríkin því yfir að samningur ætti að tryggja fríverslun með þær afurðir. Fulltrúar framkvæmdastjórnar lýstu því að að því er bandalagið varðaði, þá væri fríverslun tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. Fulltrúar EFTA lögðu áherslu á að slík tenging á hverjum þeim samningaviðræðum er síðar færu fram mundi ganga gegn grundvallar þjóðarhagsmunum. Báðir aðilar viðurkenndu að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald þeirra ákvæða sem sett væru á þessu sviði augljóslega að verða samningsatriði." Undir þetta tók ég. Ég féllst á þessar skýringar þegar á fundi utanrmn. fyrir tveimur til þremur vikum, taldi að þetta væri alveg eðlilegt orðalag og get gert það alveg eins opinberlega. Það er alveg ljóst að þó að þetta sé alveg lausbeisluð yfirlýsing væri ekki hægt að ná neitt lengra á hvoruga hliðina á þessu stigi. Það er svo margt eftir órætt enn og því auðvitað samningsatriði eins og svo margt, margt fleira, enda er þess getið í þessari málsgrein sjálfri.

Ég vil aðeins rifja það upp hér og nú að innan framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins fer stjórnardeild 14 með fiskveiðimál. Hún er minnsta stjórnardeildin af 22 með 60–70 manna starfsliði, en starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar eru að nálgast tvo tugi þúsunda starfsmanna. 20.000 starfsmenn eru í þessum deildum, 22 deildum, og þar af 60–70 manns í þessari svokölluðu stjórnardeild 14 um fiskveiðimálin.

Það eru þrjár undirdeildir í þessari stjórnardeild 14, A-deild sem fjallar um markaðsmál og alþjóðleg samskipti, B-deild sem fjallar um fiskveiðistjórnun og C-deild sem sér um uppbyggingu í veiðum og vinnslu og fjallar um þróunarstyrki.

Þess er að gæta að í Evrópubandalaginu eins og það nú er eru samanlagðar tekjur EB-ríkja af fiskveiðum og fiskvinnslu aðeins 1,14% af þjóðartekjum þeirra allra í heild, svo örsmár er sjávarútvegur þeirra, ég endurtek 1,14% af samanlögðum þjóðartekjum eða landsframleiðslu EB-ríkjanna allra. Í öllu skrifstofubákni EB, sem þenst nú út og er að verða miðpunktur heimssögulegra atburða, eru áhrif þeirra sem að sjávarútvegi starfa nánast engin þótt þau varði okkur gífurlega miklu eins og allir vita.

Í Evrópu snúast hjól nú svo hratt að menn vita varla hvar vagninn muni verða næsta dag. Allar gamlar heitstrengingar og kreddur eru þess vegna liðinn tími. Við þurfum þess vegna ekki að þrátta um hann þó að ekki hafi verið hjá því komist að gefnu tilefni að benda á að dyr okkar til frekari samskipta við Evrópubandalagið eru enn opnar, þar á meðal til tvíhliða samskipta.

Enga ástæðu hef ég til að ætla annað en að hæstv. utanrrh. og samstarfsmenn hans hafi staðið sig vel, hið besta, í vandasömum störfum þegar Íslendingar gegna forustuhlutverki í EFTA og er ljúft að óska þeim góðs gengis í mikilvægum störfum næstu vikurnar. En offörum skulum við ekki fara.

Að lokum vil ég setja fram þær skoðanir mínar að við þurfum ekki að óttast frjálsan flutning fjármagns né frjálsa þjónustu á ýmsum sviðum viðskipa. Við höfum raunar alltaf frekar verið á höttunum eftir erlendu fjármagni en það gagnstæða.

Raunar hefur meginvandi okkar um áratuga skeið verið sá að við skyldum ekki fyrir langalöngu taka upp frjálsræði í peningamálum og er mér nær að

halda að viðreisnin 1960 væri í meginatriðum enn við lýði og framfarir hefðu því orðið miklu meiri en raun ber vitni ef þá strax hefðu verið tekin upp frjáls kaup og sala á gjaldeyri, algjörlega frjáls gjaldeyrisviðskipti og þar með fjármagnsflutningar að sjálfsögðu.

Þetta munu menn sjálfsagt deila um en varla hitt að við þurfum með löggjöf á margháttuðum sviðum að tryggja að meginauðlindir okkar, þ.e. auðlindir efnahagslögsögunnar, og raunar hafsbotnsins sem nær langt út fyrir hana, og orkulindir verði um alla framtíð undir yfirráðum og stjórn Íslendinga sjálfra.

Það gerum við með löggjöf hér á Alþingi en ekki með samningum. Í því sambandi er þess að geta að EB-nefndin er sammála um að nærtækasta verkefni hennar nú sé einmitt að huga að þessu efni og það mun nefndin gera.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið hér og hans samstarfsmönnum og vil lýsa því yfir að ég er í öllum atriðum sammála þeirri málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð en kemst þó ekki hjá því að gera að umtalsefni það atriði sem hefur sterklega komið fram í umræðunum, þ.e. að nú skuli farið fram á tvíhliða viðræður við Efnahagsbandalagið.

Mér hefur fundist í þeim umræðum sem hafa farið fram að hér væri eins og um alveg nýtt mál væri að ræða og það væri eitthvað sem mönnum hefði dottið í hug núna allra síðustu daga. Svo er að sjálfsögðu alls ekki og vildi ég benda hv. þingmönnum á að lesa greinargerð um það mál í því riti sem nefndin, sem fjallar um málefni Evrópubandalagsins á vegum Alþingis Íslendinga, hefur gefið út þar sem er rakið lið fyrir lið með hvaða hætti samskiptin við Efnahagsbandalagið hafa verið. Öll þessi samskipti hafa miðað að því að ná tvíhliða samkomulagi um hin ýmsu mál við Efnahagsbandalag Evrópu. Það hefur tekist í einstaka tilvikum, þó að sjálfsögðu aðallega að því er varðar bókun 6. En síðan hafa átt sér stað viðræður við Efnahagsbandalagið á hinum ýmsu stigum í því skyni að ná fram samningum milli Íslands og Efnahagsbandalagsins um þau mál sem mestu skipta.

Ég er þeirrar skoðunar að á einhverju stigi þessa máls hljóti að koma til tvíhliða viðræðna. Ég er hins vegar sammála hæstv. utanrrh. um það að hér er ekki um val að ræða heldur hvort tveggja. Það er ekki í okkar valdi að ákveða á hvaða stigi það verður.

Hins vegar verð ég að segja það alveg eins og er að mér kemur það nokkuð á óvart að talsmenn Sjálfstfl. skuli hafa jafnmikinn áhuga fyrir tvíhliða viðræðum nú miðað við þann málflutning sem var t.d. á sl. ári, en þá talaði hér m.a. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og gerði mjög lítið úr því að það ættu sér stað viðræður við Efnahagsbandalagið og mátti helst skilja á honum að þær ættu alls ekki að fara fram því að hv. þm. reyndi að gera lítið úr því þegar var verið að tala um hinn svokallaða díalóg sem löngu er ákveðið að fari fram milli Íslands og Efnahagsbandalagsins. Hv. þm. kallaði það rabb og taldi svo sem sjálfsagt að rabba við þessa menn. Núna á þetta rabb hins vegar að breytast í tvíhliða viðræður. Þetta eru út af fyrir sig mjög merkileg sinnaskipti, en ég átti satt best að segja von á því að hv. þm. gerði þá grein fyrir því með hvaða hætti þessar tvíhliða viðræður skyldu upp teknar og hver ætti að vera grundvöllur þeirra. Því að ég veit að hv. þm. er það vel ljóst af hverju þessar ... (Gripið fram í.) Ég er að vitna í ummæli hv. þm. frá sl. ári þar sem hann gerði þetta að umtalsefni. Hann tók það nú að vísu fram að sá aðili sem hann hefði talað við hefði verið kona — hann tók það sérstaklega fram. „Það var nú reyndar kvenmaður," sagði hv. þm., hvað svo sem hann átti við með því.

Hv. þm. veit það jafn vel og allir hér inni af hverju þessar tvíhliða viðræður sem menn hafa verið að þreifa á í gegnum árin hafa ekki getað orðið að veruleika. Það er vegna þess að Efnahagsbandalagið hefur verið með þá kröfu að í stað frekari tollívilnana hjá bandalaginu komi aðgangur að fiskveiðiauðlindum hér á Íslandi. (**EKJ:** Hvar er sú krafa sett fram?) Ég held að hv. þm. ætti að lesa eitthvað af þeim ritum sem hafa verið gefin út um þessi mál og líta á þær kröfur í gegnum tíðina sem koma greinilega fram í öllum þessum skýrslum. Og ég held að hv. þm. ætti líka að lesa drög að samkomulagi milli Íslands og Efnahagsbandalagsins sem eru til frá árinu 1980 eða 1981 og fjalla um tvíhliða samkomulag milli Íslands og Efnahagsbandalagsins á sviði sjávarútvegsmála. Þetta eru gögn sem liggja fyrir og það er náttúrlega leitt til þess að vita að því skuli vera haldið fram af hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni að slíkt sé ekki uppi á borðinu og það sé ekki verið að gera neinar slíkar kröfur. Það er eiginlega með ólíkindum að þingmaður sem hefur verið formaður utanrmn. þingsins skuli halda slíku fram því það er ekkert annað en blekkingar.

En hvað um það, það er að sjálfsögðu rétt að það er nauðsynlegt á einhverju stigi að taka þessi mál upp og það er að sjálfsögðu verið að því. Og með hvaða hætti er verið að vinna að því? Það er verið að reyna að vinna sjónarmiðum Íslendinga skilning hjá hinum ýmsu þjóðum Efnahagsbandalagsins. Bæði forsvarsmönnum þessara landa, forsætisráðherra, utanríkisráðherra og jafnframt hef ég sem sjávarútvegsráðherra átt nokkrar viðræður við sjávarútvegsráðherra þessara landa. Og það hefur aldrei verið unnið jafnmikið að þessu máli áður. Það er það sem hv. þm. ætti að vera ljóst, að til þess að skapa skilning fyrir tvíhliða viðræðum er það nauðsynlegt vegna þess að framkvæmdastjórnin í Brussel hefur ávallt haft þessa afstöðu sem ég áðan lýsti, jafnvel þótt hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því.

En það er gott til þess að vita, og ég skil það svo að sú sé nú afstaða Sjálfstfl., hvað svo sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segir um það, að það beri að leggja áherslu jafnframt á tvíhliða viðræður.

Ég vil í þessu sambandi vitna í það sem ég sagði fyrir stuttu síðan í ræðu á aðalfundi Landssambands

ísl. útvegsmanna um þessi mál, með leyfi virðulegs forseta, þannig að ljóst sé hvað ég hef sagt um málið opinberlega, jafnvel þótt það hafi ekki vakið mikla athygli þá og enga umræðu. Þar sagði ég m.a.:

„Í mínum huga er ljóst að á einhverju stigi þarf að gera sérstakan samning um sjávarútvegsmál á milli Íslands og Evrópubandalagsins. Samkomulagið verður að byggjast á gagnkvæmum hagsmunum beggja aðila.“ Og nú er ég eingöngu að tala um gagnkvæmt samkomulag á sviði sjávarútvegsmála sem er að mínu mati lykill að því að jafnframt sé hægt að ganga frá samkomulagi á sviði annarra mála. Og þá er spurningin fyrst og fremst sú hvað á að standa í slíkum samningi. Ég sagði m.a.: „Í þeim samningi yrði m.a. fjallað um samvinnu á sviði rannsókna og verndunar fiskistofna. Allar þessar þjóðir iga mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta að því er varðar rannsóknir og verndun á lífríki hafsins. Þá þarf að setja samræmdar reglur um framboð og gæði á óunnum fiski sem fer til bandalagsins. Loks þarf að semja um sameiginlega stofna og hugsanleg gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Eftir að Grænland yfirgaf Evrópubandalagið er aðeins einn umtalsverður fiskstofn sem er sameiginlegur með Íslandi og bandalaginu. Það er kolmunni. Um nýtingu hans er nauðsynlegt að semja við bandalagið. Ekki virðast miklar líkur á að aðilar telji hagkvæmt að skipta á veiðiheimildum. Í fiskveiðilögsögu Evrópubandalagsins eru allir fiskistofnar ofnýttir og fiskiskipafloti bandalagsríkjanna allt of stór. Hér megum við þó ekki gleyma því að Evrópubandalagið hefur með samningum við Grænlendinga öðlast yfirráð yfir verulegum veiðiheimildum við Austur-Grænland. Í framtíðinni gæti reynst hagkvæmt að skipta við bandalagið á veiðiheimildum úr stofnum sem sameiginlegir eru með okkur og Grænlendingum. Með hliðstæðum hætti hafa Norðmenn samið við bandalagið um skipti á veiði á rækju við Austur-Grænland og botnfiski í Barentshafi. Er ekki nokkur vafi á því að sá samningur hefur verið Norðmönnum mjög hagstæður. Slíkir samningar eru þó varla tímabærir á þessu stigi þegar af þeirri ástæðu að Íslendingar og Grænlendingar eiga ósamið um skiptingu mikilvægra stofna sín í milli. Hér er að sjálfsögðu um viðkvæm mál að ræða, en ekki verður hjá því komist að ræða við Evrópubandalagið um þau. Það er okkur nauðsynlegt að fá sem mest veiðiréttindi úr þeim fiskistofnum sem við eigum sameiginlega með öðrum þjóðum. Við þurfum umfram allt að sýna raunsæi í umfjöllun þessa máls og líta til heildarhagsmuna sjávarútvegsins. Aðalatriðið er að við getum aldrei samþykkt að fyrir aðgang að markaði komi aðgangur að fiskimiðum. Sjávarafurðir eru okkar iðnaðarvörur. Við hljótum að berjast fyrir því að almennar fríverslunarreglur gildi í verslun með þær. Í því felst afnám styrkja og annarra viðskiptahindrana sem koma í veg fyrir eðlilega samkeppni.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það er viðkvæmt mál að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir. En ég vil benda hv. þm. á það og öðrum þingmönnum að við höfum samið um nýtingu loðnustofnsins við Grænlendinga og Norðmenn og grundvöllur þess að hægt var að ná því samkomulagi var að fallist var á gagnkvæmar veiðiheimildir. Það er alveg það sama með kolmunnann. En hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson stóð hér fyrir miklu upphlaupi sl. sumar þegar það var nefnt á nafn og vildi fá fund í utanrmn. samstundis út af því máli jafnvel þótt vitað sé að ekki nokkurt skip stundar kolmunnaveiðar hér við Íslandsstrendur.

Það er að sjálfsögðu gott mál að tala hér um tvíhliða viðræður. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn sýni eitthvert raunsæi í því máli og geri það upp við sig um hvað það tvíhliða samkomulag á að fjalla, en það er eitt sem víst er að það mun ekki eingöngu fjalla um það sem okkur kemur best. Það hefur ekki gengið með þeim hætti ef hv. þm. lesa þessa sögu eins og hún er skráð hér í þessu riti að það sé hægt að reikna með því að það sé allt saman dans á rósum. Hins vegar er það engu að síður nauðsynlegt að ná slíku samkomulagi vegna þeirra miklu tolla- og viðskiptahindrana sem reknar eru innan Efnahagsbandalagsins og það er alveg ljóst að sjávarútvegsstefna bandalagsins byggist á því að vernda hagsmuni fiskimanna og fiskverkafólks innan bandalagsins.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fjalla mikið frekar um þetta mál. Ég vildi aðeins taka undir það að það er nauðsynlegt að á einhverju stigi þessa máls komi til tvíhliða viðræðna milli Íslands og Efnahagsbandalagsins. Þær umleitanir eru í gangi, hafa ávallt verið í gangi og það er verið að vinna að því af fullum kröftum að reyna að skapa skilning fyrir sérstöðu Íslands í þessu sambandi þó að mér hafi verið sagt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafi sagt hér að að sjálfsögðu ætti sjútvrh. landsins alls ekki að standa í því. Menn geta út af fyrir sig haft hvaða skoðun sem er í þeim efnum. Það er ekki aðalatriðið hverjir gera það heldur að það sé gert. En það verður ekki gert með þeim hætti sem hv. þm. talaði hér áðan af fullkomnu óraunsæi og virðist vera að hann hafi ekki lesið þau plögg sem hafa verið samin á undanförnum mánuðum um þetta mál.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér skýrslu utanrrh. um könnunarviðræður EFTA-ríkja við Evrópubandalagið. Skýrslan varðar viðskipti okkar og tengsl við Evrópubandalagið. Sjálft eðli, hlutverk og tilgangur Evrópubandalagsins setur okkur Íslendinga í sérstakan vanda vegna sérstöðu okkar í hópi fullvalda ríkja. Öll viðskipti okkar við Evrópubandalagið verða að taka mið af þessari staðreynd. En skýrsla utanrrh. sem ég held hér á og við nú ræðum leiðir þetta höfuðatriði um of hjá sér sem er grundvöllurinn sem við höfum á að byggja, hvort sem við höfum eitthvert samflot við hin EFTA-ríkin eða ekki í samningum við Efnahagsbandalagið. Hæstv. utanrrh. gerði ekki frekar í ræðu sinni í gær en í skýrslunni grein fyrir forsendum sem við þurfum að gefa okkur og vera okkur meðvitandi um í afstöðunni til Evrópubanda-

lagsins. Hæstv. ráðherra er þegar kominn á kaf í framkvæmdaratriði fyrirhugaðra sameiginlegra samninga EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið frekar en að draga sérstaklega fram rökin fyrir því hvort Ísland á samstöðu með hinum eða ekki.

Málið er vissulega vandasamt. Á öllu veltur að fara með gát, flana ekki að neinu. Þegar lagt er upp í tvísýna ferð hefur löngum þótt skynsamlegt að gá til veðurs, líta til allra átta. Þessi skýrsla hæstv. utanrrh. og framsöguræða hans gefur vissulega ástæðu til þess.

Höfum í huga að í lok heimsstyrjaldarinnar síðari blasti við Evrópumönnum ófögur sjón. Tvær styrjaldir, sem höfðu átt upptök sín í Evrópu en urðu að heimsstyrjöldum, höfðu leikið Evrópu grátt og skilið hana eftir í flakandi sárum. Margir litu svo á að þessar tvær styrjaldir hefðu verið fyrir þjóðir Evrópu sem borgarastyrjaldir, en þær eru allra styrjalda verstar þar sem bræður berjast.

Mönnum var ljóst eftir síðari heimsstyrjöldina að staða Evrópu var ekki hin sama og áður. Menn fundu köllun hjá sér til þess að stöðva hnignun glæsilegrar menningar, sem hafði skapað svo mikla tign, fegurð og auð. Menn töldu að leiðin til þess væri að koma á nýrri pólitískri skipan í Evrópu svo að hún mætti á ný skipa sinn rétta sess í heimsmálunum. Þessir menn voru sannfærðir um að framtíðarinnar biðu hinar stóru ríkisheildir. Þeir höfðu í huga að Bandaríki Norður-Ameríku og Sovétríkin voru orðin tvímælalaust forusturíki heimsins í krafti stærðar sinnar.

Það var þetta ástand og þessar voru þær hugmyndir sem lágu til grundvallar fyrir myndun Evrópuhreyfingarinnar, The European Movement, en það var áhrifamikil nefnd borgara sem átti frumkvæðið að því að Evrópuráðið var stofnað. Það féll í hlut mestu þjóðarleiðtoga og stjórnmálaskörunga Vestur-Evrópu að berjast fyrir þessum hugsjónum og það leiddi til stofnunar Evrópuráðsins.

Á fyrstu árum Evrópuráðsins kom strax upp sú spurning hvernig aðildarríkin ættu að koma á nánari samstöðu og hvaða form sú samstaða ætti að hafa. Um þetta voru háðar miklar umræður á þingi Evrópuráðsins og hefur raunar verið svo fram til þessa.

Tvö andstæð sjónarmið komu strax fram. Í samræmi við upphaflega hugmynd Evrópuhreyfingarinnar voru annars vegar þeir sem lögðu áherslu á stofnun eins konar sambandsríkis eða bandaríki Evrópu. Hins vegar voru þeir sem kusu fremur samvinnu milli sjálfstæðra ríkja. Hér var um djúpstæðan skoðanamun að ræða. Aftur á móti töldu allir stofnun Evrópuráðsins vera mikilvæga og frumlega tilraun til að styrkja einingu Evrópu. Viðfangsefnið var að viðhalda þeirri einingu sem þegar var komið á með stofnun Evrópuráðsins. Það þurfti að vinna að því að þau lönd sem lengst vildu ganga fjarlægðust ekki þau sem skemmra vildu ganga. Þróun Evrópuráðsins hefur mótast af þessari viðleitni. Ráðið hefur því myndað ágætan ramma fyrir evrópska samvinnu.

En spurningin um stofnun sambandsríkis Evrópu varð fljótt áleitin. Upp úr umræðunum um ríkisstofnun kom fram hugmyndin að evrópsku yfirvaldi með takmörkuðu starfssviði en raunverulegum völdum eða yfirþjóðlegu valdi. Það var í framhaldi af þessu svo sem kunnugt er sem sexveldin stofnuðu Kola- og stálbandalagið með sterku framkvæmdarvaldi á sínu sviði. Og síðan mynduðu sömu ríki Efnahagsbandalag Evrópu með afar víðtæku starfssviði en ekki jafnsterku framkvæmdarvaldi í bili. Jafnframt komu þessi ríki á fót Kjarnorkubandalagi Evrópu með framkvæmdarvaldi á sinn hátt.

Það sem hér var að gerast var einstakur atburður í sögu sjálfstæðra ríkja. Þessi ríki afsöluðu sér veigamiklum hluta af fullveldi sínu og sögðu sig undir yfirþjóðlegt vald. Þetta er kjarninn í Evrópubandalaginu sem er samheiti þessara þriggja stofnana í dag eins og við gerum okkur grein fyrir. Og þegar við hér á Alþingi ræðum mál sem varða samband okkar Íslendinga við Evrópubandalagið verðum við að ganga út frá þessari tilurð þess.

Samkvæmt Rómarsáttmálanum er ákveðinn einn sameiginlegur markaður og samhæfing á efnahagsstefnu aðildarríkjanna. Bandalagið á að vera ein efnahagsleg heild líkt og eitt ríki væri. Og hlutverk bandalagsins er ekki einskorðað við efnahagssviðið. Það felur í sér pólitískt samráð. Hinn efnahagslegi grundvöllur og samruni hefur þann pólitíska tilgang að tryggja frið og náin tengsl aðildarríkjanna. Það er sterkur vilji í ýmsum aðildarríkjum bandalagsins að stíga skrefið til fulls og stofna bandaríki eða sambandsríki Evrópu. En aðrir eru því ósammála og vilja halda sem mest í fullveldi aðildarríkjanna.

Enn sem áður greinir menn þannig á um hve langt á að ganga í sameiningu Evrópu. Og ekki þarf að minna á að það hefur líka verið ágreiningur og sums staðar mikið deilumál innan þeirra ríkja sem gengið hafa í Evrópubandalagið um réttmæti þess að gerast aðili að bandalaginu. Þar hefur vegið salt afsal fullveldis í efnahagsmálum og hagurinn af yfirþjóðlegu valdi. Þar hefur ekki síst ráðið úrslitum hvernig væntanleg aðildarríki hafa metið stöðu sína til áhrifa og hagsmunagæslu í bandalaginu eftir efnahagsstöðu sinni, náttúruauðlindum, landfræðilegri stöðu og fólksfjölda.

Evrópubandalagið hlýtur að varða Ísland miklu þar sem landið tilheyrir Evrópu landfræðilega, sögulega, menningarlega og stjórnmálalega. Samt sem áður hefur það aldrei komið til greina að Ísland sækti um aðild að bandalaginu. Það hefur verið talið útilokað að Ísland gengi í Evrópubandalagið. Allar ríkisstjórnir landsins hafa frá því bandalagið kom til haft þessa stefnu. Það hefur verið samstaða á Alþingi og milli stjórnmálaflokka landsins um þessa afstöðu til Evrópubandalagsins.

Ástæðurnar fyrir þessu liggja í augum uppi. Við Íslendingar höfum ekki tekið í mál að gangast undir samstjórn í efnahags-, atvinnu- og viðskiptamálum með háþróuðum iðnaðarstórveldum Evrópu. Það jafngilti því að afsala sér alveg yfirráðum í þeim málum sem samstjórnin fjallaði um því að augljóst væri að Íslendingar gætu alls engin áhrif haft vegna smæðar sinnar í stjórn þessa tröllaukna bandalags.

Við Íslendingar höfum ekki tekið í mál að gangast undir það jarðarmen bandalagsins að opna auðlindir landsins fyrir útlendingum og allra síst þá mikilvægustu, fiskimiðin sem eru grundvöllur velmegunar þjóðarinnar og skapar okkur möguleikann til að halda uppi frjálsu, fullvalda ríki. Við höfum verið okkur þess meðvitandi að þjóðin hefur rétt nýlega heimt sjálfstæði sitt til baka eftir aldalanga kúgun og erlend yfirráð sem höfðu nær riðið henni að fullu. Við Íslendingar höfum aldrei haft það jafngott og nú þegar við höfðum heimt frelsi okkar aftur. Frelsið verður að varðveita. Frelsið er fjöregg þjóðarinnar.

En afstaðan til Evrópubandalagsins þýðir ekki að við Íslendingar höfum verið fráhverfir Evrópu. Við höfum sýnt áhuga í þessum efnum og verið virkir aðilar í evrópskri samvinnu. Við höfum lagt áherslu á tryggð okkar við þau andlegu og siðferðilegu verðmæti sem eru sameiginleg arfleifð Evrópuþjóðanna. Ég minni á þátttöku okkar í Evrópuráðinu. Og ég nefni einnig þátttöku okkar í EFTA með aðild okkar að efnahagslegri samvinnu.

Sannleikurinn er sá að við Íslendingar höfum verið fullgildir aðilar í evrópskri samvinnu. Að vísu höfum við ekki skipað okkur í flokk þeirra sem stefna á sambandsríki Evrópu heldur höfum við Íslendingar fyllt flokk þeirra sem hafa lagt áherslu á samvinnu milli frjálsra ríkja Evrópu. Samvinna ríkja er öllum mikilvæg en þó, og það skulum við hafa rækilega í huga, ekki síst smáríkjunum. Með samvinnu og samtökum getur smáríkjum verið gert mögulegt að afreka það sem stórþjóðunum einum er fært óstuddum. Þess vegna er evrópsk samvinna engri þjóð mikilvægari en Íslendingum. Hins vegar veldur smæð þjóðarinnar því að engin þjóð þarf að taka svo mikinn vara á evrópskri samvinnu sem við Íslendingar. Af þessari staðreynd hefur mótast afstaða okkar til Evrópubandalagsins.

Nú á síðustu missirum hefur komið upp hér á landi gagngerð umræða um afstöðu okkar Íslendinga til Evrópubandalagsins með tilliti til áforma bandalagsins um „óskiptan innri markað" sem skyldi myndaður fyrir árslok 1992 samkvæmt svonefndri „Hvítbók" framkvæmdastjórnar bandalagsins frá 1985. En við skulum hafa hugfast að óskiptur innri markaður var frá upphafi markmið Evrópubandalagsins, áður Efnahagsbandalagsins. Það er aðeins stóraukin áhersla á að flýta framkvæmd þessa markmiðs sem hefur sett svip á allt starf bandalagsins síðustu árin. Og þess ber að gæta að þetta breytir í engu þeirri sérstöðu Íslands sem hefur verið grundvöllur þeirrar afstöðu okkar Íslendinga að landið gæti ekki bundist aðild að Evrópubandalaginu. Það sem skeð hefur er að við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir þeirri þróun Evrópubandalagsins sem gerir það ótvíræðara en nokkru sinni fyrr að við Íslendingar getum ekki slegið af fullveldi landsins með aðild að þessu bandalagi.

Um þessar mundir hefur gætt nokkurra misvinda í afstöðunni til Evrópubandalagsins. Hefur það komið fram í umræðunni um hugmyndirnar að sameiginlegum markaði Evrópubandalagsins og EFTA. Sumir eru með alls engar vífilengjur og halda fram að Íslandi beri að gerast beinn aðili að Evrópubandalaginu og að það sé að minnsta kosti framtíðardraumurinn. Allir eiga sér sína drauma. Einu sinni var nefnt Sovét-Ísland. Aðrir láta sér nægja vegleiðina gegnum EFTA. Grunntónninn í fortölum þessum er sá að nú sé okkur Íslendingum voðinn vís, já, voðinn vís, ef við verðum ekki með í þeirri þróun sem nú gengur yfir hjá þeim þjóðum sem næst okkur standa. Því er haldið fram að við Íslendingar munum einangrast á næstu árum og dragast aftur úr efnahagsþróun heimsins ef við ekki tökum fullan þátt í samningum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Ekki má nú minna gagn gera og til áherslu er sagt að ekki þýði að vera með neitt múður. Það á ekki, segja þessir herrar, að setja af okkar hálfu fyrir fram almenna fyrirvara við þessum samningum. Við eigum að sjá síðar hvað setur. Við eigum að taka fullan þátt í þessum samningum, segja þeir. Sumir segja að vísu að náttúruauðlindunum verðum við að halda. Aðrir hafa minni áhyggjur af því þegar þeir mæla bót kvótakerfinu á þeirri forsendu að slík fiskveiðistefna geti falið í sér fast form fyrir sölu veiðileyfa sem henti ekki síður fyrir útlendinga en landsmenn þegar Ísland hefur gengið í hinn sameinaða evrópska markað. Það skal tekið fram að svo mæla ekki þeir sem ábyrgð bera á fiskveiðistefnunni nú. Nóg er nú samt.

Það má nú segja að þeim sé mikið niðri fyrir formælendum Evrópubandalagsins beint eða óbeint. Það er hvorki meira né minna í húfi en starfsskilyrði íslensks atvinnulífs í samanburði við starfsskilyrði atvinnulífs í ríkjum Evrópubandalagsins. Það geta allir tekið undir nauðsyn þess að búa atvinnulífinu sem best starfsskilyrði. Þó það nú væri. Hvað er nauðsynlegra? En það þurfum við alltént að gera hvað sem líður Evrópubandalaginu. Málið snýst um að skapa íslenskum fyrirtækjum sömu starfsskilyrði og erlendum keppinautum, hvort sem er í ríkjum Evrópubandalagsins, EFTA-löndunum, Bandaríkjunum, Japan eða öðrum löndum. Þessu viðfangsefni hljótum við Íslendingar að vinna að undir öllum kringumstæðum. Innganga í Evrópubandalagið eða sameinaða Evrópumarkaðinn er engin forsenda þess. Hér er þess vegna ekki að finna nein sérstök rök eða haldbær fyrir aðild okkar að Efnahagsbandalaginu. Hins vegar ræður sköpum að móta efnahagslíf okkar og viðskiptahætti í átt til þess frjálsræðis sem samsvarar þróuninni í Evrópubandalaginu svo að við getum komið á og viðhaldið þeim viðskiptatengslum við bandalagið sem okkur hentar og okkur er lífsnauðsyn. Þetta orkar ekki tvímælis því að þetta hlýtur að vera höfuðatriði í stöðu okkar gagnvart Evrópubandalaginu við tvíhliða samningsgerð. Hins vegar breytir þetta í engu þeirri staðreynd að við getum ekki slegið af fullveldi landsins með aðild að bandalaginu.

Nú skulum við hafa í huga að fram til þessa hefur samvinna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið verið að mestu á tvíhliða grundvelli þannig að hvert

EFTA-ríkjanna hefur átt sjálfstæð samskipti við bandalagið. Þannig gerði Ísland fríverslunarsamninginn við Evrópubandalagið á sínum tíma. Um var að ræða fríverslun með svipuðum hætti og áður hafði verið innan EFTA og tók einkanlega til iðnaðarvara. Ísland fékk aðlögunartíma til að afnema tollvernd sína á vörum frá Evrópubandalaginu eins og áður hafði verið samið um gagnvart EFTA-löndunum. Ýmislegt fleira má að sjálfsögðu telja upp, að ógleymdri bókun 6 sem varðaði mestu þar sem þar var um að ræða fríverslun með sjávarafurðir þó að þar væri of skammt gengið frá sjónarmiði okkar Íslendinga og of lítil trygging til frambúðar. En samt fól bókun 6 í sér kjör sem talin voru hagstæð Íslandi. Þannig náði Noregur ekki jafngóðum kostum fyrir sínar sjávarafurðir, þegar hann hvarf frá aðild að Evrópubandalaginu og samdi um fríverslun í staðinn. Það má vissulega segja að vel hafi gengið í tvíhliða samningum Íslands og Evrópubandalagsins þó að endurskoðunar og breytinga sé nú þörf.

Við Íslendingar getum ekki verið búnir að segja okkar síðasta orð um tvíhliða samninga við Evrópubandalagið. Það gefur auga leið að sérstaða Íslands er svo gagngerð að henni verður ekki mætt með öðrum hætti. Meira að segja nú sömu dagana og verið er að fjalla um þátttöku okkar í samningsgerð um sameiginlegan Evrópumarkað leggja samtök sjávarútvegsins áherslu á að teknar verði upp viðræður um tvíhliða samninga við Evrópubandalagið um sjávarafurðir. Og auðvitað er ekki önnur fær leið fyrir okkur í þessu efni. Ég leyfi mér að fara fram á að hæstv. utanrrh. gefi í þessum umræðum ótvíræða yfirlýsingu um að hann vilji þegar fara fram á þessar tvíhliða samningaviðræður við Efnahagsbandalagið. Það mun líka koma á daginn að svo verður á fleiri sviðum. Tvíhliða samningar hafa reynst okkur vel og svo verður áfram.

Nú er hins vegar verið að gera því skóna með viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins að EFTA-ríkin og þar með Ísland hverfi frá tvíhliða samningum við bandalagið. Í staðinn skuli gengið til mun víðtækara samstarfs en áður hefur verið talið að komi til greina og samstarfið gert virkara með sameiginlegum stofnunum og ákvörðunum og lögð áhersla á hinn pólitíska þátt á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála. Það er lýst yfir því markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði með óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki.

Hæstv. forseti, ég spyr: Hvort má nú hæstv. utanrrh. heyra mál mitt eða ekki? Mér þykir ekki við hæfi að halda lengra áfram í ræðu minni nema hann sé hér viðstaddur eins og hann hefur verið fram að þessu. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að láta hæstv. utanrrh. vita. Hann gengur nú í salinn.)

Þegar þessar hugmyndir eru skoðaðar frá sjónarmiði okkar Íslendinga verður við að hafa hugfast að hvað sem um þær má segja breyta þær engu um sérstöðu Íslands í evrópskri samvinnu. Og við höfum byggt það á sérstöðu landsins að ljá ekki máls á því að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Það verður naumast séð annað en að það geti nálgast að jafnast að einhverju leyti við inngöngu í Evrópubandalagið að taka upp þau tengsl sem hér er talað um að EFTA-ríkin geri. Ef Ísland væri þátttakandi í þessu mætti því ef til vill segja að það stæði í bakdyri Evrópubandalagsins í stað þess að fara um fordyrið. En þá væri líka tekin upp ný stefna í afstöðu Íslands til Evrópubandalagsins.

Nú gleymast fyrirvararnir og undanþágurnar sem boðað er að Ísland muni gera í fyrirhugaðri samningagerð EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins, kann einhver að segja. Og víst er það, það má ekki gleyma fyrirvörunum. Ég geng út frá því að innganga Íslands í Evrópubandalagið sé ekki á dagskrá. Af því leiðir að Ísland getur ekki bundist svo rammgerðum og víðtækum tengslum við Evrópubandalagið sem er grundvöllur viðræðna milli þess og EFTA-ríkjanna. Þátttaka Íslands í þessum umræðum hlýtur því að byggjast á fyrirvörum og undanþágum. Já, hvílíkir fyrirvarar og hvílíkar undanþágur mundu það ekki verða ef gæta ætti sérstöðu Íslands svo sem gert hefur verið hingað til. Hin EFTA-ríkin hafa ekki að gæta slíkrar sérstöðu sem við Íslendingar. Sum þeirra horfa meira að segja til þess að gerast formlegir aðilar að Evrópubandalaginu. En það breytir í engu sérstöðu Íslands, meira að segja gagnvart EFTA-ríkjunum. Höfum í huga að það EFTA-ríki sem stendur Íslandi næst að stærð er tuttugu sinnum fjölmennara.

Eitt er víst. Samningaviðræður þessar hljóta að verða vandmeðfarnar af hálfu Íslands. Við Íslendingar hljótum að þurfa að standa í baráttu fyrir sérsjónarmiðum okkar, sérhagsmunum okkar vegna sérstöðu okkar í samfélagi samningsríkjanna. Við þurfum ekki einungis að sækja mál okkar gegn Evrópubandalaginu heldur og með tilliti til hinna EFTA-ríkjanna. Hin EFTA-ríkin geta viljað ná samkomulagi þó að Ísland nái ekki fram sínum fyrirvörum. Ef þeir fyrirvarar gætu stofnað viðræðunum í hættu svo að engir samningar yrðu gerðir gæti Ísland orðið undir miklum þrýstingi frá hinum EFTA-ríkjunum um að slá af sínum sjónarmiðum og fyrirvörum. Hættan væri þá sú að Ísland gengi lengra en góðu hófi gegndi til samkomulags, en með örlagaríkum afleiðingum þar sem ekki væri nægilega gætt sérstöðu landsins. Allt þetta mál verður vandmeðfarnara fyrir það að við Íslendingar gegnum forustuhlutverki í EFTA um þessar mundir.

Hæstv. utanrrh. bindur sérstakar vonir við þetta mál og í áhuga sínum og skeleggri framgöngu fyrir málstaðnum er svo að sjá að hann reikni með að ná langþráðu marki með því að koma á heildarsamningum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Það liggur við að hæstv. utanrrh. sé farinn að tala eins og þetta liggi á borðinu. Víst er það virðingarvert og lofsvert að hæstv. utanrrh. okkar haldi á málefnum EFTA af myndugleik og reisn meðan hann fer með forustu í ráðherranefnd þeirra samtaka. En hæstv. ráðherra er engu að síður utanrrh. Íslands og sem slíkur ber honum ekki síður hagsmunagæsla fyrir

Ísland sem hér felst í því að gæta sérstöðu landsins í hópi EFTA-ríkjanna gagnvart Evrópubandalaginu. Það hvarflar ekki að mér að hæstv. utanrrh. vilji ekki hafa varðstöðu um íslenska hagsmuni. En ég vík að þessu vegna þess að í málafylgju hans um þessi efni ber meira á heildarviðhorfum EFTA-ríkjanna en sérstöðu Íslands. Þetta kemur fram í skýrslu þeirri sem hér er til umræðu og þetta kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra.

Ég verð að segja það að eftir að hafa hlýtt á hæstv. utanrrh. í gær get ég ekki varist þeirri hugsun að mér finnst málatilbúnaður hans bera nokkurn keim af fullyrðingum þeirra sem eiga sér drauminn um fulla aðild Íslands að Evrópubandalaginu eða líti á sameiginlegan markað sem skref í þá átt. Hann hefur á takteinum orðskrúð þessara manna. „Nú er tækifæri" heitir það. „Þjóð sem þorir að bera höfuðið hátt" skal það vera. Og svo heilræðið að byggja ekki um sig múr eins og þjóðir gerðu austantjalds þar sem múrinn er nú að hrynja. Ég viðurkenni það fúslega að ég kann ekki að meta slíkar upphrópanir og geðjast raunar ekki að þeim. En svo brýst sólin fram úr skýjunum. Hæstv. utanrrh. segir að innganga í Evrópubandalagið sé ekki á dagskrá, hann sé á móti aðild að Efnahagsbandalaginu, ef ég skil hann rétt. Þetta er gott svo langt sem það nær.

En hæstv. utanrrh. kemst ekki hjá því að gera nánari grein fyrir stefnu sinni og ríkisstjórnarinnar í hinum formlegu viðræðum, sem nú eru fyrirhugaðar milli EFTA og Evrópubandalagsins. Upplýst er að niðurstaða könnunarviðræðnanna sé sú að til þess að ná eins og hægt væri óhindruðum vöruskiptum, þjónustu- og fjármagnsviðskiptum ásamt atvinnu- og búseturétti ætti að fella viðeigandi reglur bandalagsins inn í samninginn fyrir það evrópska efnahagssvæði sem komið yrði á. Aðalatriðið er að það skuli farið eftir reglum Evrópubandalagsins. Það eru aðeins undantekningar frá þessu sem gætu verið samningsatriði. Þessar undantekningar mundu þá byggjast á sérstöðu einstakra EFTA-ríkja.

Ég bið hæstv. utanrrh. að skýra frekar en gert hefur verið hvaða augum hann, hann sjálfur, lítur almennt á sérstöðu Íslands, sérstöðu gagnvart Evrópubandalaginu og sérstöðu gagnvart öðrum ríkjum EFTA. Ég geri mér grein fyrir að álit á þessu efni hlýtur að fara annars vegar eftir þeirri áherslu sem lögð er á aðild að Evrópumarkaðnum og hins vegar eftir þeim vara sem menn vilja hafa á því að setja landið undir yfirþjóðlegt vald. Það er nauðsynlegt að verða einhvers vísari um viðhorf í þessu efni til þess að geta betur áttað sig á og metið hvert hæstv. ráðherra stefnir með tilliti til fyrirvara og undanþága í sjálfri samningsgerðinni sem hlýtur að skipta sköpum fyrir okkur Íslendinga í bráð og lengd.

Hæstv. forseti. Við skulum ekki ganga þess dulin að við ræðum nú mál sem örlögum getur valdið fyrir land og þjóð. En við skulum umfram allt halda ró okkar. Við skulum varast að taka einhver gönuskeið í fljótræði. Evrópsk samvinna er af hinu góða. Í þeirri samvinnu veljum við okkur það hlutskipti sem hæfir landi og þjóð. Við erum veitendur í evrópsku samfélagi með sérstöku framlagi til evrópskrar menningar sem er ómissandi hlekkur, ómissandi hlekkur í þeirri arfleifð sem er grundvöllur evrópskrar samvinnu. Það er þetta framlag Íslendinga sem í senn er forsenda og líftaug sjálfstæðrar tilveru okkar sem sérstakrar þjóðar. Við verðum ekkert, ekki neitt í framtíðinni nema dropi í hafinu nema okkur takist að halda á þessari arfleifð og þá getum við haldið áfram að ávaxta og auðga evrópska menningu.

Það verða alltaf slíkir leiðtogar og forustumenn í Evrópu sem bera skynbragð á mikilvægi sjálfstæðrar tilveru íslensku þjóðarinnar fyrir evrópska menningu, hvað sem kann að líða kerfiskörlum Evrópubandalagsins. Gifta okkar Íslendinga liggur í hinni *menningarlegu arfleifð*, *menningarlegu arfleifð*, en ekki aðild að Evrópubandalaginu.

Umræða um afstöðu okkar til evrópskrar samvinnu er mikilvæg. En það er ekki nægilegt að takmarka þær umræður við könnunarviðræður EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins. Þessi mál verður að taka fyrir í miklu víðtækara samhengi en fram kemur í skýrslunni sem við nú ræðum og lýsti sér í ræðu hæstv. utanrrh. Ég hef viljað ræða málin út frá víðari sjónarhring. Það er það sem ég hef kallað að gá til veðurs og líta til allra átta í þessu þýðigarmikla máli fyrir okkur Íslendinga í bráð og lengd. Og, hæstv. forseti, ég hef viljað ræða þessi mál út frá því grundvallarsjónarmiði að vegna sérstöðu Íslands eigi engin þjóð meira undir evrópskri samvinnu en við Íslendingar og jafnframt að engin þjóð hefur meir að varast í þeim efnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Við lifum nú mikla breytingartíma. Þjóðir Vestur-Evrópu búa sig af kappi undir sameiginlegt evrópskt markaðs- og efnahagssvæði á sama tíma og þjóðir Austur-Evrópu taka örlagarík skref í átt til frelsis og lýðræðis. Á hverjum degi berast okkur fréttir af lýðræðishreyfingum í ríkjum Austur-Evrópu. Bárur frelsis hafa brotið sjálfan Berlínarmúrinn og rofið skörð í járntjaldið. Þess verður vonandi ekki langt að bíða að skipting Evrópu í vestur og austur heyri sögunni til af því að lýðræðisskipulagið hafi haft sigur með friði. Það segir sig sjálft að í þessum miklu sviptingum í stjórnarfari og þjóðskipulagi Evrópuríkja sé mikilvægt fyrir Íslendinga að fylgjast vel með. Íslendingar styðja að sjálfsögðu lýðræðis- og frelsisþróunina í Austur-Evrópu og við eigum að leggja okkar af mörkum til að styrkja hana.

Við verðum einnig að gæta hagsmuna okkar í þeim breytingum á viðskiptum og viðskiptaháttum sem fylgja því að sameiginlegur evrópskur markaður myndast og sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði. Þetta er auðvitað aðalefni þessarar umræðu um samskipti EFTA og Evrópubandalagsins og hlut Íslendinga í þeim. Við þurfum að ákveða hvernig við stöndum að viðræðum okkar við Evrópubandalagið í framhaldi af þeim umfangsmiklu könnunarviðræðum sem fram hafa farið á undanförnum mánuðum og

utanrrh. hefur gert þinginu grein fyrir í sérstakri skýrslu og kynnt í yfirgripsmikilli ræðu. En þetta tvennt, skýrsla og ræða utanrrh., er grundvöllur þessarar mikilvægu umræðu.

Það verður stöðugt ljósara að þessar könnunarviðræður hafa verið mjög mikilvægar og reyndar mikilvægari en sést í fljótu bragði. Þær hafa sýnt að EFTA-ríkin, sem eru að mörgu leyti ólík innbyrðis, geta náð samstöðu um stefnu gagnvart Evrópubandalaginu, stefnu sem virðist skynsamlegur grundvöllur að frekari viðræðum og síðar formlegum samningum um stöðu okkar í Evrópu framtíðarinnar. En við skulum ekki blekkja okkur á því að þetta framhald verði auðvelt. Þvert á móti munu mörg álitamál koma upp og lausn á þeim mun ekki liggja fyrir að nokkrum mánuðum liðnum. Við skulum gera ráð fyrir því að framhaldsviðræðurnar taki ár fremur en mánuði. Innan Evrópubandalagsins og það jafnvel hjá þeirri bandalagsþjóð sem stendur okkur næst, Dönum, heyrast nú háværar raddir um það að ekki komi til greina að EFTA-ríkin fái aðgang að sameiginlegum innri markaði bandalagsins án þess að greiða fyrir aðganginn, t.d. með framlögum í þróunarsjóði Suður-Evrópuríkjanna. Við eigum án alls efa eftir að smeygja okkur fram hjá ýmiss konar hindrunum áður en greiður aðgangur að hinum sameiginlega markaði blasir við. Og það er líka hætt við að dynurinn frá umbyltingunni í Austur-Evrópu að undanförnu kunni að yfirgnæfa bank EFTA-ríkjanna á dyr Evrópubandalagsins, a.m.k. um stundarsakir.

Ég ætla hér, virðulegur forseti, að fjalla sérstaklega um þjónustu- og fjármagnssviðið, en í könnunarviðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins hefur verið mikið rætt um afnám viðskiptahindrana á sviði þjónustuviðskipta. Hér er mikið í húfi fyrir okkur Íslendinga. Sameiginlegur markaður fyrir þjónustuviðskipti færir okkur bæði nýja möguleika og ný vandamál. En þetta á í sjálfu sér ekki bara við okkur heldur á þetta við öll Evrópuríkin sem þarna eiga hlut að máli, enda er hvers konar þjónustustarfsemi gildur og vaxandi þáttur í efnahagslífi þeirra allra.

Það er rétt að geta þess sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh., að um þessar mundir fara einnig fram afar mikilvægar viðræður milli aðildarríkja GATT um aukið frelsi á sviði þjónustuviðskipta og fjármagnsflutninga. Þar hefur einnig verið fjallað sérstaklega um fjármálaþjónustu, vátryggingar, samgöngur, fjarskiptaþjónustu, rekstur gagnabanka, mynd- og hljóðtækniþjónustu (audio-visual Services eins og það er kallað á ensku máli). Það er því ekki bara á sviði samskipta EFTA og Evrópubandalagsríkjanna sem rætt er um að opna heimamarkaðina fyrir samkeppni um þjónustuviðskipti og mynda þannig sameiginlegt markaðssvæði á þessu sviði.

Eins og skýrsla utanrrh. ber glöggt með sér og tölur sem þar eru fram settar eru útflutningstekjur Íslendinga af þjónustu nálægt því að vera 30% af heildargjaldeyristekjum okkar. Á sama tíma eru útgjöld okkar fyrir þjónustu um þriðjungur af gjaldeyrisútgjöldum. Við höfum lengi glímt við nokkurn halla á þjónustujöfnuði. Vextir af erlendum skuldum okkar eru mjög hátt hlutfall í okkar greiðslum til annarra landa. Það er þessi mynd af þjónustuviðskiptunum sem við þurfum að hafa fyrir hugskotssjónum þegar við nú fjöllum um þær viðræður sem fram hafa farið um óhindraða þjónustu og viðskipti með þjónustu á hinu sameiginlega evrópska efnahagssvæði. Samgöngur og ferðamálaþjónusta skipta okkur verulegu máli og sama er að segja um vaxtagreiðslurnar. Íslenska þjóðarbúinu er nauðsyn á auknum útflutningi á þjónustu og ráðstöfunum til þess að auka fjármagnstekjur og tekjur af fjármálaþjónustu erlendis frá til að koma til móts við greiðslur okkar sjálfra af þessu tagi til annarra ríkja. Þarna eigum við hagsmuna að gæta, að taka þátt í þeirri frjálsræðisþróun sem nú er að stefnt í Evrópu.

Varðandi frelsi á sviði viðskipta í fjármálaþjónustu má segja að jarðvegurinn hafi verið undirbúinn að nokkru með stofnun Verðbréfaþings Íslands og nýrri löggjöf um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þá mun samruni banka í færri og öflugri stofnanir einnig vafalaust styrkja stöðu íslenska bankakerfisins gagnvart erlendri samkeppni sem óhjákvæmileg mun verða í framtíðinni. Við höfum til þessa ekki veitt erlendum bönkum heimild til að starfa hér á landi þótt í lögunum um Útvegsbanka Íslands hf. sé heimild til þess að erlendir bankar eða fjármálastofnanir geti átt allt að fjórðungi hlutafjár í Útvegsbankanum. Ég tel skynsamlegt að við stefnum að því að fallast á gagnkvæmar heimildir til reksturs erlendra banka hérlendis og íslenskra banka erlendis og sama gildi um önnur fjármálafyrirtæki. Á hvaða tíma þetta gerist vil ég ekki tala um í nákvæmum greinum, en ég tel að þróunin hljóti að ganga í þessa átt og hún kunni að verða örari en margur hyggur.

Við þurfum að sjálfsögðu einnig að halda áfram endurbótum á íslenska bankakerfinu og þar tel ég fyrsta þá breytingu að fella niður ríkisábyrgð á rekstri banka og lánasjóða og stefna að samruna fjárfestingarlánasjóðanna í landinu. Samkeppni á sviði fjármálaþjónustu mun að sjálfsögðu færa íslenskum lánastofnunum vandamál, en hún mun líka styrkja þær. Starfslið íslensku bankanna og íslensku lánastofnananna mun án efa gert lært sitthvað af bankaþjónustu eins og hún er rekin á meginlandi Evrópu í miklu harðari samkeppni. Þegar íslensku bankarnir hafa lært að mæta erlendri samkeppni á öllum sviðum er þeim ekkert að vanbúnaði að færa sína bankaþjónustu út til annarra ríkja í einhverjum mæli. Á Íslandi eru að ýmsu leyti hagstæð skilyrði til þess að stunda alþjóðlega bankaþjónustu og ég nefni þar fyrst sem mestu skiptir: Rótgróið réttarríki, vel menntað starfslið, fullkomin fjarskipti, góðar samgöngur til allra átta. Þetta eru kostir sem Ísland býður. Þetta eru tækifæri sem Íslendingar geta fært sér í nyt.

Að mörgu leyti gilda lík sjónarmið um starfsemi vátryggingafélaga og rekstur banka og lánastofnana. Vegna þess að íslenski markaðurinn er smár, of smár til þess að tryggja nægilega áhættudreifingu, hafa íslensk vátryggingarfélög jafnan sótt sér styrk á er-

lendan tryggingamarkað. Ég tel því að frjáls þjónustuviðskipti á sviði trygginga að forminu til mundu ekki breyta hér miklu um efnið. Almennar neytendatryggingar yrðu án alls efa í höndum þeirra tryggingafélaga sem standa næst neytendum, væntanlega íslenskra, en ýmsar atvinnurekstrartryggingar og stórar áhættutryggingar gætu lent í höndum innlendra og erlendra tryggingarfélaga eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni, eins og í raun gildir í dag. Nýleg sameining vátryggingafélaga hér á landi styrkir stöðu þeirra gagnvart erlendri samkeppni líkt og ég nefndi um bankana áðan og gefur þeim e.t.v. í fyllingu tímans tækifæri til að afla sér viðskipta á erlendum mörkuðum í einhverjum mæli. En það gildir um þetta eins og vöruviðskiptin að við verðum þá að gerast aðilar að frjálsari samskiptum milli ríkja til þess að geta notið þessara tækifæra.

Ég kem þá að sviði samgangna. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hversu samgöngurnar skipta Íslendinga miklu máli. Þar hefur gætt verulegrar verndarstefnu Evrópubandalagsríkja, m.a. með beitingu svokallaðra „cabotage" eða strandflutningareglna um flutninga í lofti og á legi milli bandalagsríkjanna. Þetta er útilokunarstefna fyrir aðra sem vilja stunda flutningastarfsemi innan vébanda bandalagsins. Það er því afar mikilvægt fyrir okkur að flutningamarkaðurinn á evrópska efnahagssvæðinu verði opinn og sameiginlegur fyrirtækjum og einstaklingum í öllum ríkjum Evrópu. Með því móti tryggjum við best hagsmuni íslenskra flugfélaga og skipafélaga. Flutningar milli meginlandsins og Íslands hafa í raun verið opnir flutningaaðilum frá öllum ríkjum, en vegna takmarkaðs flutningamagns á þessari leið hefur ekki mikið reynt á samkeppni við íslenska flutningaaðila. Hins vegar er flutningamarkaðurinn að sjálfsögðu margfalt stærri í öðrum ríkjum Evrópu og þar liggja án efa ónýttir möguleikar fyrir flugfélög okkar og skipafélög ef við fáum að keppa þar á jafnréttisgrundvelli sem ekki er í dag.

Ég kem þá að mjög mikilvægu sviði þeirra breytinga í frjálsræðisátt sem nánari samvinna við ríki Evrópubandalagsins á þessu sviði gæti fært með sér, þ.e. fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og íslenskra aðila í öðrum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Á þessu sviði höfum við gert skýra fyrirvara varðandi fjárfestingar erlendra aðila í náttúruauðlindum okkar eða atvinnurekstri sem tengist þeim, fiskveiðum, fiskvinnslu og orkuverum. Þessir fyrirvarar eru ótímabundnir. Við höfum jafnframt gert fleiri fyrirvara eins og fram kemur í skýrslu utanrrh. sem hér er rædd. Við þurfum að takast á um þessa fyrirvara í samningum við Evrópubandalagið, en við þurfum einnig að skilgreina þá betur en við höfum gert til þessa. Hvar liggja hinir íslensku hagsmunir? Ég tel því afar brýnt að við setjum sem fyrst, og helst á þessu þingi, almenna löggjöf um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri en ég minni á, eins og reyndar hv. 1. þm. Suðurl. gerði, að frv. um þetta efni var lagt fyrir 110. löggjafarþing en því miður var ekki mælt fyrir því þá. Lög af þessu tagi, sem hæstv. forsrh. hefur boðað að hann muni flytja frv. um, hljóta að taka til ýmissa þeirra atriða sem nú eru óljós. Um leið mætti fella niður ýmis bönn og hindranir sem í gildi eru samkvæmt margvíslegri og brotakenndri, eldri sérlöggjöf sem erfitt er að rökstyðja á okkar dögum.

Hin hliðin á þessu máli er að sjálfsögðu fjárfesting íslenskra aðila erlendis en um það mál er að segja að fjárfesting í fyrirtækjum á erlendri grund hefur verið leyfð í allmörgum tilfellum og hefur þar einkum verið um að ræða fyrirtæki sem hafa átt að auðvelda útflutning á íslenskri vöru og þjónustu. Nú starfa 1500 eða 1600 manns við fyrirtæki erlendis sem eru í íslenskri eigu eins og kemur fram í skýrslu utanrrh. Ef vandlega er skoðað er erfitt að finna ástæður fyrir því að miklar breytingar yrðu á fjárfestingarstraumum þótt formlegar heimildir yrðu veittar til þeirra með almennum hætti en ekki háð sérstökum leyfum eins og nú er. Slíkar heimildir milli Íslands og annarra ríkja á evrópska efnahagssvæðinu, ef það myndast, til að kaupa eða eiga í fyrirtækjum, tel ég að mundu fyrst og fremst styrkja íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Sá ótti að erlendir aðilar muni kaupa upp allt íslenskt atvinnulíf virðist mér fullkomlega ástæðulaus og ekki á rökum reistur. Við skulum jafnan muna það að íslenski markaðurinn er frekar smár og freistar fárra þegar fjárfestingar í fiskveiðum og orkuvinnslu eru ekki leyfðar. Við skulum gera okkur það ljóst að erlend fyrirtæki standa alls ekki í biðröð eftir því að komast hér að. Í mörgum tilvikum yrði beinlínis að því hagur að fá erlent áhættufjármagn til uppbyggingar atvinnulífsins í stað lánsfjár. Fjárfesting íslenskra aðila erlendis yrði væntanlega, eins og hingað til, einkum bundin við þau fyrirtæki sem styrkja stöðu sína á erlendum markaði.

Hvað varðar heimildir til verðbréfaviðskipta milli Íslands og annarra ríkja er það mitt álit að stjórnvöld þurfi að búa sig undir vaxandi þrýsting innan lands um rýmkun þeirra heimilda. Ég nefni þar lífeyrissjóðina sem hafa þörf fyrir ávöxtun fjármuna í einhverjum mæli óháð sveiflum í íslenskum þjóðarbúskap vegna skuldbindinga sinna við lífeyrisþega.

Ég nefni líka að fjárstraumar til ávöxtunar erlendis héðan gætu að einhverju leyti komið á móti fjárstraumum vegna erlendrar lántöku íslenskra aðila sem Íslendingar hafa mjög hneigst til. Þannig mundu slíkar heimildir geta stuðlað að jafnvægi í efnahagsmálum. Sama er að segja þar sem þetta snýst við, að vaxtatekjur og ágóði af íslenskum fjárfestingum erlendis gætu komið á móti vaxtaútgjöldum þjóðarbúsins í öðrum löndum. Ég held að menn mikli mjög fyrir sér hætturnar sem slíkum viðskiptum fylgja. Ég bendi á að reynsla annarra Evrópuríkja sem leyft hafa verðbréfaviðskipti yfir landamæri hefur víða verið sú að ríki sem talið var að mundu opna fyrir fjárstraum frá sér hafa í reynd getað selt sín skuldabréf í öðrum löndum með góðum árangri. Þá gætu kaup erlendra aðila á íslenskum verðbréfum einnig orðið efnahags- og atvinnulífinu til framdráttar og stuðlað að betri jöfnuði í gjaldeyrismálum. Spákaupmennska við skil-

SAMEINAÐ ÞING

20. fundur, mánudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 27. nóv. 1989:

„Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Jón Bragi Bjarnason prófessor, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur einnig borist svohljóðandi bréf, dags. 27. nóv. 1989:

„Vegna anna get ég undirrituð ekki tekið sæti Jóns Baldvins Hannibalssonar á Alþingi næstu vikur.

Lára V. Júlíusdóttir."

Jón Bragi Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Löggæsla í Reykjavík.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og þingflokksformönnum hefur verið tilkynnt hefur hv. 14. þm. Reykv. óskað þess að hefja umræður utan dagskrár um löggæsluna í Reykjavík. Hefur sú umræða verið leyfð skv. fyrri málsgr. 32. gr. þingskapalaga og hefst hún nú.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Tilefni óskar um utandagskrárumræðu um löggæslu og öryggi borgaranna er m.a. sá alvarlegi atburður sem átti sér nýlega stað í miðborg Reykjavíkur er öflug sprengja var sprengd í áður friðsælu íbúðahverfi. Minnstu munaði að þetta tilræði yrði tveimur ungmennum að fjörtjóni. Þetta er í annað skipti á þessu ári sem einhverjir óþekktir aðilar hafa í frammi þennan hættulega verknað og hin mesta mildi að ekki skuli hafa af hlotist alvarleg slys eða manntjón.

Framangreindur verknaður hefur sett mikinn óhug í marga Reykvíkinga og víða er spurt: Hvað gerir hið opinbera til að reyna að koma í veg fyrir verknað sem þennan? Hvernig stendur á því að ekki tekst að upplýsa og koma í veg fyrir atburði sem þennan eða hliðstæð, síendurtekin ofbeldisverk? Getur hið opinbera ekki tryggt lágmarksöryggi borgaranna?

Í umræðunni beinast spjótin oft að löggæslumönnum og þeir vændir um hæfileikaskort og dugleysi. Ég tel það alrangt og tel það lýsa fáfræði almennings í landinu um hversu illa er búið að íslenskri löggæslu.

Á sl. tveim árum hef ég gert mér sérstakt far um að kynna mér löggæslumál á Íslandi og alveg sérstaklega aðbúnað íslenskra löggæslumanna. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að af hálfu hins opinbera, Alþingis og framkvæmdarvaldsins, þ.e. ríkisstjórnar, er hörmulega illa staðið að þessum málum. Því fer víðs fjarri að hinum öru og breyttu þjóðfélagsaðstæðum hafi verið mætt sem skyldi. Á Alþingi Íslendinga hefur ríkt ákveðið tómlæti um þessi mál og dómsmálaráðherrar á síðustu árum hafa ekki haft neitt jákvætt frumkvæði í þessum efnum í samræmi við nýjar og auknar kröfur um efldа löggæslu.

Svo rammt hefur kveðið að þessu að lögreglumennirnir sjálfir í Lögreglufélagi Reykjavíkur þurftu á síðasta ári að hafa frumkvæði að úttekt á ástandi þessara mála. Úttektin leiddi m.a. í ljós að löggæslumenn í landinu eru allt of fáliðaðir, tækjabúnaður vegna löggæslumála var ófullnægjandi, áhersluatriði af hálfu hins opinbera voru röng, lítið var gert til að mæta nýjum og breyttum aðstæðum svo sem á sviði umferðarmála og í baráttunni við vaxandi fíkniefnaglæpi. Þá skorti algerlega skýra stefnumörkun um mikilvægi forvarnarstarfs á sviði löggæslumála. Engin fjárframlög eru í fjárlögum til þessa mikilvæga málaflokks, þ.e. forvarnarmála í baráttunni gegn auknum afbrotum í nútímaþjóðfélagi.

Virðulegur forseti. Á síðasta þingi lögðum við nokkrir þingmenn Sjálfstfl. fram till. til þál. um eflingu löggæslu. Till. fylgdi ítarleg grg. um stöðu þessara mála. Því miður fékkst till. ekki afgreidd á síðasta þingi. Hún verður endurflutt á yfirstandandi þingi og mun hafa verið dreift í dag.

Það er skoðun mín að Alþingi Íslendinga og hæstv. ríkisstjórn beri alfarið ábyrgð á því ófremdarástandi sem er að skapast í löggæslumálum. Öryggi borgaranna er teflt í mikla tvísýnu ef svo heldur áfram sem nú horfir. Við eigum á að skipa góðu liði löggæslumanna en það er allt of fáliðað og ekki nægilega vel að því búið. Hér verður að verða breyting á. Taka verður þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar með það að markmiði að tryggja betur vernd og öryggi borgaranna. Hæstv. dómsmrh. er því beðinn að upplýsa hvort hann hyggst gera hér einhverjar breytingar til hins betra og þá hverjar.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Enda þótt skammt verði komist í tveggja mínútna svari í jafnviðamiklu máli og hér er vakið máls á, um löggæslu og öryggi borgaranna, vil ég svara hv. 14. þm. Reykv. svo sem mér er unnt innan þeirra marka sem hér eru sett.

Augljóst er að efling og aukning löggæslu á mesta þéttbýlissvæði landsins hefur ekki orðið í sama hlut-

falli og þéttbýlisaukningin og fjölgun afbrota á því sama svæði, hvað þá ef höfð er í huga breytingin á eðli afbrotanna. Þetta sést best á því að heildarstöðufjöldi lögreglu í Reykjavík, fastar stöður og afleysingastöður, hefur verið óbreyttur frá árinu 1983 að undanskildum fjórum stöðum sem bættust við í ávana- og fíkniefnadeild 1986 og einu stöðugildi árið 1989.

Úr því þessi mikilvægi málaflokkur varð svo undir í samkeppni um fjármagnið á veltiárunum er út af fyrir sig skiljanlegt að baráttan sé ekki léttari þegar syrtir í álinn um almennan þjóðarhag. Engu að síður er gert ráð fyrir fjölgun um sex ný stöðugildi skv. því fjárlagafrv. sem nú er til meðferðar hjá hv. fjvn. Dómsmrn. hefur mælt með beiðni lögreglustjórans í Reykjavík um 14 ný stöðugildi að auki og mun leita eftir því við hv. fjvn. að fjölgun stöðugilda fáist samþykkt.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að margs konar hagræðingu í löggæslustörfum hér á landi og þá ekki síst á Reykjavíkursvæðinu og Lögregluskóli ríkisins hefur verið gerður að sjálfstæðri stofnun. Hins vegar tel ég að margt megi enn bæta í þessu efni auk þess sem þegar er getið.

Í fyrsta lagi með því að breyta beitingu mannafla og tækjakosts enn frekar en þegar er orðið til forvarna og fyrirbyggjandi starfs.

Í annan stað með því að einbeita löggæslunni með samræmdum aðgerðum og í flestum deildum hennar að virku samstarfi við hinn almenna borgara í samfélaginu, hvort sem er í skólum, í atvinnulífinu eða annars staðar í þjóðfélaginu. Ég tel að ná mætti betri árangri til raunhæfra, jákvæðra afbrotavarna er byggðust á sömu grunnhugsun og hér hefur verið beitt við skipulag almannavarna, þ.e. að virkja þau öfl til árangursríks samstarfs sem fyrir eru á vettvangi á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Í þessa átt mun dómsmrn. beina áhrifum sínum á næstunni og leitast á þann hátt við að fylgja því fordæmi sem Lögreglufélag Reykjavíkur og Landssamband lögreglumanna hafa sýnt í þessu efni m.a. alveg nú nýverið með tveggja daga ráðstefnu um löggæslu næstu framtíðar.

Ég hef undanfarið rætt við fjölda manna á ýmsum stigum þessa starfs og fundið mikinn vilja til heils samstarfs í þessu efni. Og vissulega bind ég vonir við að slíkt samstarf gefi jákvæðan árangur.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni fyrir að hafa tekið þetta mál hér upp í þessari utandagskrárumræðu.

Ég kem fyrst og fremst upp til að láta þá skoðun mína í ljós að það eigi að gjörbreyta skipulagi lögreglumála hér á landi og að lögreglumál eigi að fara yfir til sveitarfélaganna. Fram til ársbyrjunar 1973 hygg ég vera, höfðu sveitarfélögin mikið með lögreglumál að gera. Lögreglumenn voru starfsmenn sveitarfélaganna og sveitarfélögin gerðu fjárhagsáætlanir fyrir lögregluna. Ríkið greiddi reyndar ákveðinn hlut. Það sem var hins vegar gallinn við það fyrirkomulag var að ríkið stjórnaði lögreglunni að miklu leyti þó að eðli málsins skv. hefðu tengslin milli sveitarstjórnanna og lögreglustjórnar verið miklu meiri undir þessu fyrirkomulagi heldur en nú er. Það varð hins vegar til þess að sveitarfélögin vildu losna við þennan kaleik og því var sú skipulagsbreyting gerð að lögreglumál urðu alfarið ríkismál.

Það er enginn vafi á því að það er vaxandi óánægja með þjónustu lögreglunnar, ekki bara hér í Reykjavík, heldur og víða úti um land. Ég tel að lögreglumennirnir sjálfir geri það sem þeir geti gert, en ég held að skipulagið sé í grundvallaratriðum rangt. Lögreglunni er nú miðstýrt héðan úr Reykjavík, úr dómsmrn., og það kann aldrei góðri lukku að stýra. Við höfum verið að lesa í blöðunumm núna að undanförnu dæmi um atvik, bæði slys og innbrot þar sem líður jafnvel sólarhringur áður en rannsókn hefst vegna þess að skipun hefur verið gefin úr dómsmrn. í Reykjavík um að ekki sé hægt að borga meiri yfirvinnu og því er frestað að senda lögreglumenn á vettvang í alvarlegum málum. Eitt slíkt tilvik er t.d. til meðferðar í DV í dag. Lögreglumál eru verkefni sveitarfélaga í mjög mörgum löndum hér í nágrenni okkar. Þess vegna tel ég að við eigum að gjörbreyta okkar skipulagi að þessu leyti. Við þurfum auðvitað að hafa ríkislögreglu að vissu marki, t.d. til rannsókna, til þess að sjá um vissa þætti í öryggismálum ríkisins en um öll þessi mál í heild þarf að vera náin samvinna á milli lögreglustjórnarinnar og sveitarstjórnanna.

Þetta vildi ég láta koma hér fram í tilefni af þessari umræðu sem hv. 14. þm. Reykv. hefur hafið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð í þessari umræðu. Það er auðvitað nauðsynlegt að styðja löggæsluna í landinu og tryggja að hún geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Okkur hafa borist þau skilaboð fyrir löngu hingað inn á Alþingi að margar deildir lögreglunnar eru vanbúnar, bæði hvað varðar mannafla og tækjakost, til þess að gegna lágmarks skyldustörfum, hvað þá frekari rannsóknum eða fyrirbyggjandi starfi. Má sem dæmi nefna fíkniefnalögregluna, en fyrir þinginu liggja nú a.m.k. tvær fsp. varðandi störf hennar.

Ég vildi þó einnig beina sjónum manna að öðrum þáttum þessa máls sem ég tel sýnu mikilvægari, en þeir eru að reyna að greina ástæður þess aukna ofbeldis sem við verðum vör við í samfélagi okkar. Reyna að skilja og greina þá þætti sem þar liggja að baki, bæði félagslega og aðra og bæta þar úr. Og þá kynni svo að fara að ekki væri jafnmikil nauðsyn að styrkja löggæsluna ef tækist að beita fyrirbyggjandi starfi til að koma í veg fyrir það að afbrot verði framin.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi leggja hér örfá orð í belg og byrja á því að þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál fyrir í þessari örstuttu utandagskrárumræðu. Það er óhætt að taka undir það sem hann sagði

hér að það verður að taka þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar með það að markmiði að tryggja betur vernd og öryggi borgaranna.

Þetta mál er auðvitað stóralvarlegt hér í Reykjavík, en það nær miklu víðar, það nær a.m.k. hér yfir allt höfuðborgarsvæðið.

Það ber að fagna því sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að hann hugsar sér að gjörbreyta áherslum í skipulagi starfsemi lögreglunnar, þ.e. að leggja áherslu á forvarnarstarf og eftirlit og vissulega ber að fagna því. En það dugar ekki til eins og lögreglan er fáliðuð nú og ég held að það sé alveg ljóst að það verður ekki hjá því komist ef á að verða eitthvert gagn að aukinni löggæslu að fjölga lögreglumönnum.

Það vill nú svo til að við þm. Reykjaneskjördæmis erum að koma af fundi með bæjarstjórn Garðabæjar og einmitt eitt af þeim málum sem bæjarstjórnin þar lagði ríka áherslu á voru löggæslumálin, eða lögreglumálin. Þeim hafði borist bréf frá Lögreglufélagi Hafnarfjarðar þar sem greint var frá starfsskilyrðum á löggæslusvæði lögreglunnar í Hafnarfirði. Bæjarráð hefur fjallað um þessi mál og þar kom fram að skipan löggæslumála er ekki talin hafa breyst á undanförnum mánuðum þrátt fyrir áskoranir bæjarstjórnar á yfirvöld dómsmála um úrbætur í þeim efnum og að bæjarstjórn hafi boðið þeim afnot af húsnæði án endurgjalds fyrir lögregluvarðstofu sem er talin skipta miklu máli. Því hefur ekki verið sinnt.

Ég vildi nota tækifærið til að skjóta þessu að, að taka þarf þessi mál í heild til endurskoðunar og ekki verður hjá því komist að efla löggæsluna með því að fjölga lögreglumönnum og bæta þeirra aðstöðu á allan hátt.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil alls ekki draga úr því sem hér hefur komið fram um þetta stóra og mikla vandamál í sambandi við löggæslu hér á landi. Það er alveg augljóst af þeirri yfirferð sem fer nú fram í fjvn. að það er eiginlega sama hvar við berum niður í lögregluumdæmum landsins, alls staðar eru kvartanir um það sama. Þ.e. að sá samdráttur sem hefur verið fyrirskipaður við meðferð þessara mála kemur mjög hart niður á almennri löggæslu. Ég held að það sé alveg óhætt fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir því að ef á að bæta hér um þarf mjög háar fjárhæðir til viðbótar í fjárlög ríkisins til þess að þær komi að notum. Ég vil taka það sérstaklega fram að það hafa sennilega fá lögregluembætti í landinu gengið eins vel og myndarlega fram í því að endurskipuleggja löggæslustarfið eins og einmitt hérna hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Það er til fyrirmyndar, en það leiðir eigi að síður í ljós hvar veiku punktarnir eru í þessari starfsemi ef á að sinna þeirri gífurlegu aukningu á þörf fyrir almenna löggæslu sem fylgir okkar nútímaþjóðfélagi og hefur ekki dregið úr með síðustu aðgerðum Alþingis í sambandi við ýmsar lagasetningar sem eru komnar til framkvæmda svo að ekki sé meira sagt.

En ég vil bara undirstrika að hér er sannarlega um stórt og mikið vandamál að ræða sem fjvn. er núna að vinna að og það er alveg augljóst að það verður að vinna hér gott og mikið starf.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á málefnum löggæslu í Reykjavík. Hér í miðborg Reykjavíkur hef ég fylgst svolítið með löggæslumálum, sérstaklega síðustu 12 árin og hér hefur bærinn oft verið í hers höndum. Kristalnætur hafa dunið hér yfir kaupmenn, brotnar rúður og ýmislegt fleira brotið sem ekki er tími til þess að rekja hérna, en það er á engan hátt lögreglumönnunum að kenna. Lögreglusveitin hérna í miðborginni er of fáliðuð. Það eru of fáir menn á vakt til þess að geta ráðið við þau vandamál sem koma upp. Það eru ekki nema 3–5 lögreglumenn á miðborgarstöðinni í einu sem þýðir að ef tveir eða þrír þeirra eru kallaðir út og einhver dytti í höfnina á sama tíma, þá er ekki nógur mannskapur á stöðinni til þess að fara með bát í björgunarleiðangur. Þess vegna fagna ég mjög orðum hv. þm. Alexanders Stefánssonar áðan og ég veit að fjvn. mun taka myndarlega á móti lögreglustjóranum í Reykjavík þegar hann kemur fyrir hana á morgun.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Því miður leyfir þetta fundarform ekki langa umræðu um þetta mál en það mun auðvitað fara fram ítarleg umræða þegar þáltill. okkar sjálfstæðismanna um þessi mál verður til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. En ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan og einnig vil ég þakka hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni.

Hæstv. dómsmrh. tók nokkuð undir gagnrýni mína á að ekki hafi verið staðið nægilega vel að löggæslumálum á undanförnum árum og hann ítrekaði það sérstaklega ... Virðulegi forseti. Mér þætti nú ágætt að ekki færu fram margir fundir í salnum meðan ég tala. (**Forseti:** Forseti var um það bil að hefja bjöllu sína.) Hæstv. dómsmrh. tók undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á það hversu illa hefur verið staðið að þessum málum af hálfu Alþingis og fyrrv. og núv. ríkisstjórnar að vissu marki og ekki hvað síst undirstrikaði hann í sinni ræðu hve illa væri staðið að þessum málum í Reykjavík. En þótt hæstv. ráðherra hafi lofað ákveðnum breytingum til hins betra, þá tel ég það ekki fullnægjandi. Í svari hans var drepið á afar fá mál og ekki talað um annað en að fjölga um nokkur stöðugildi sem ég tel ekki fullnægja því markmiði og þeim kröfum sem gerðar eru til þessara mála.

Hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson varpaði því fram að lögreglumál ættu að fara til sveitarfélaga. Ég vil taka undir þetta sjónarmið. Ég tel það afar brýnt að þannig verði að málum staðið og það komi fram frv. til l. sem feli í sér þessar breytingar innan tíðar. Boðleið milli þarfa íbúanna er styttri með slíku fyrirkomulagi en núverandi fyrirkomulagi. Auk þess hefur miðstýringarvaldið á þessu sviði haft það í för

með sér, svo að dæmi séu nefnd, að þegar talið er að rúmlega 240 starfsmenn séu við löggæslu hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þá mun um helmingur starfa við skrifstofustörf, þ.e. þjóna kerfinu á hinum ýmsu stigum þess í stað þess að nýtast sem best úti á vettvangi sem er auðvitað úti í borginni.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði í ræðu sinni að hún teldi að það þyrfti að greina ástæður ofbeldis. Ég tek undir þessi orð hennar og vek athygli á því að í framsögu minni talaði ég sérstaklega um að það þyrfti að efla forvarnarstarf á þessu sviði. Einnig var minnst á það hér af einum hv. þm. að lögreglan hefði sjálf efnt til funda um þennan þátt mála sem og önnur atriði er þýðingu hafa í sambandi við eflingu löggæslu. Forvarnarstarfið hefur verið vanrækt á öllum stigum og það þarf að efla.

Varðandi það, hæstv. forseti, sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði um að ef ætti að bæta hér um þyrfti háar upphæðir til endurbóta, þá vil ég segja þetta: Það má breyta og færa til í sambandi við fjárlög. Það má breyta um áherslur. Það er ekki forsvaranlegt að hv. þm., stjórnarstuðningsmaður í fjvn., skuli ekki sjá möguleika á því að færa til og breyta um áherslur í sambandi við fjárlög næsta árs eða næstu ára því hvað er þýðingarmeira en vernd og öryggi fólks? Það hlýtur að ganga fyrir. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Fyrirspurn um framfærsluvísitölu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Á fyrstu dögum þessa þings lagði ég fram fsp. til hæstv. hagstofuráðherra um samsetningu vísitölu framfærslukostnaðar. Svar barst eftir nokkurn tíma og beið ég hinn rólegasti eftir því og reiknaði þá með í mínum rólegheitum að ég fengi viðunandi svar við þessari fsp. Annað hefur komið í ljós. Það svar sem ég hef fengið er alls ekki fullnægjandi og svarar í nánast engu þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hæstv. ráðherra.

Það er mín skoðun að úr því að forseti heimilaði þessa fsp., þá bæri ráðherra að svara henni eins og hún er lögð fyrir hann. Þar sem það hefur ekki verið gert vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hann geti nú ekki leitast við að fá hæstv. hagstofuráðherra til að svara fsp. á fullnægjandi hátt.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi ummæli hv. 5. þm. Vesturl. séu mjög óréttmæt vegna þess að ég er á þeirri skoðun að það svar sem var gefið og undirbúið af starfsfólki í Hagstofu Íslands hafi verið mjög vel unnið. Það er mjög ítarlegt og þar er óvenju ítarleg grein gerð fyrir sundurliðun framfærsluvísitölunnar eins og fram kemur í svarinu. Hins vegar er á það bent í svarinu að það gilda fastar reglur og viss lög sem koma í veg fyrir að hægt sé að svara í sumu þeim spurningum sem voru lagðar fram. M.a. er það talið alveg ófrávíkjanleg regla, sem ekki verður rofin, að gefa ekki upp hvaða vöruheiti og vörutegundir eru lagðar til grundvallar framfærsluvísitölu. Þetta er sú regla sem er viðhöfð hjá hagstofum allra landa þar sem framfærsluvísitölur eru reiknaðar með þessum hætti. Það er nánast alþjóðleg regla að það er hvergi upplýst um ákveðnar vörutegundir og vöruheiti, einfaldlega til þess að koma í veg fyrir að ákveðnir aðilar geti með beinum hætti haft áhrif á framfærsluvísitöluna með því að hækka eða lækka þær vörutegundir sem upplýst hefði verið að væru inni í framfærsluvísitölunni.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Fyrsti liður þessarar fsp. hljóðaði svo:

„Hvaða vörur, þjónusta og annað mynda framfærsluvísitöluna?

Óskað er eftir nákvæmri sundurliðun þar sem fram kemur meðal annars:

a. vörutegund,
b. vöruheiti og framleiðandi,
c. hversu lengi hver vara hefur verið í vísitölunni,
d. hvaða vörur hafa fallið út úr útreikningi vísitölunnar síðastliðin 10 ár og hvaða nýjar vörur hafa verið teknar inn í vísitöluna á sama tímabili?“

Engum af þessum liðum er svarað eins og hæstv. ráðherra var reyndar að segja hér í ræðu sinni rétt áðan. Í ljósi þess sem hann sagði hefði vitanlega ekki átt að heimila þessa fsp. en hún var heimiluð og þá er það minn skilningur að það eigi að koma svar við henni.

Ég vil geta þess að þegar ég lagði þessa fsp. fram kom hæstv. hagstofuráðherra að máli við mig og þakkaði sérstaklega fyrir hana vegna þess að þetta væri einmitt mál sem hann hefði sjálfur ætlað sér að taka upp.

Annar liður þessarar fsp. orðast svo: „Hvert er vægi hvers liðar fyrir sig í vísitölunni?“ Með því að fá ekki svar við fyrsta liðnum, þá er þessi spurning náttúrlega þar með fallin út, dauð og ónýt. Það kemur reyndar fram í svari hæstv. ráðherra þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Þannig eru aldrei birtar upplýsingar um vörutegundir, vöruheiti eða framleiðendur né um vægi einstakra tegunda vöru eða þjónustu í vísitölunni.“ Þetta sagði hæstv. ráðherra hér áðan. En þá segi ég aftur, þá hefði alls ekki átt að heimila þessa fsp. Það eina sem þetta svar gefur er þetta: Farðu inn og lestu Hagtíðindi, lestu Hagtölur mánaðarins. Sem dæmi um þessi frábæru vinnubrögð þessarar stofnunar rifjaði ég upp það sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði um daginn þegar hann talaði um ráðherra Hagstofu eða jafnvel ráðherra spaugstofu vegna þess að það svar sem hér er gefið varðandi útreikning vísitölunnar hlýtur að koma frá spaugstofunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar og

athugaðar er vísitalan reiknuð út í tölvu", það er mjög mikilvægt að vita þetta, og áfram: „og allar vinnutöflur skrifaðar út á pappír."

Maður spyr sjálfan sig: Hvað er starfsfólkið að gera? Það hljóta allir að vita að það er skrifað út á pappír, varla er það slegið út á stein.

Hæstv. forseti. Svarið frá hæstv. hagstofuráðherra er ófullnægjandi og ég ítreka ósk mína um það að forseti leiti úrræða til þess að fsp. verði svarað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mótmælir því að ekki hafi verið ástæða til að heimila fsp. Það var ekkert sem gat mælt því mót. Til þess að stytta þessar orðræður vill forseti að sjálfsögðu lofa því að eiga viðræður við hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands og inna hann eftir því hvort ganga megi frá svarinu þannig að hv. þm. telji það fullnægjandi.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill geta þess að kl. 4.30 hefur verið beðið um umræðu utan dagskrár sem fer fram að beiðni hv. 1. þm. Suðurl. Fer umræðan fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og stendur í hálftíma.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. gerði hér í fyrri viku ágæta grein fyrir stefnu okkar framsóknarmanna varðandi afstöðuna til EFTA og viðræðunnar við Evrópubandalagið. Ég hef litlu við það að bæta en vil þó leggja nokkrar setningar hér inn í þessa umræðu, m.a. með tilliti til þess að þetta er vafalaust afdrifaríkasta mál sem Alþingi fjallar um á þessum vetri og væntanlega á næstu þingum.

Það er fyrst til að taka að ég tel að aðild Íslendinga að Evrópubandalaginu komi ekki til greina, hvorki nú eða um fyrirsjáanlega framtíð. Við getum ekki látast undir hið yfirþjóðlega vald bandalagsins því að þá væri fórnað á skömmum tíma ekki aðeins sjálfstæði okkar heldur væri þjóðmenningu okkar einnig stefnt í hættu. Í öðru lagi höfum við ekki leyfi til, afkomenda okkar vegna, að deila auðlindum okkar með þjóðum Evrópubandalagsins. Okkur veitir ekki af að nýta þær sjálfir.

Á hinn bóginn er tilvist þessa bandalags staðreynd sem við fáum ekkert að gert. Við eigum og þurfum að hafa mikil viðskipti og samskipti við Evrópubandalagsríkin og þess vegna er það okkur mjög mikilvægt að ná góðum samskiptaháttum við bandalagið. Við erum Evrópuþjóð og ætlum að halda áfram að vera það. Það er hins vegar mikill misskilningur að halda að veröldin sé ekkert nema Evrópubandalagið. Það er misskilningur sem virðist því miður allt of útbreiddur í þessu þjóðfélagi. Því miður kenndi þeirrar minnimáttarkenndar og örvæntingar í ræðum sumra þeirra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls.

Það hefur verið aðalsmerki okkar að ekkert stjórnmálaafl á Íslandi sem vill láta taka sig alvarlega hefur gert því skóna að við ættum að sækja um fulla aðild þrátt fyrir það að skoðanakannanir sýni að einhver hópur þegnanna vilji aðild án þess að vita neitt um hvað í henni fælist. Þetta hefur borið því vitni að þeir sem hafa kynnt sér málefnið hafa ekki viljað ljá máls á að sækja um aðild. Það vakti mér því furðu og óhug þegar aldamótanefnd Sjálfstfl. birti tillögur sínar á landsfundi flokksins þar sem stungið var upp á því að Ísland ætti að sækja um aðild og síðan yrði metið hvað út úr samningum kæmi. Þetta er að mínu mati mjög óskynsamleg leið og útilokað að hún leiddi til farsælla málalykta. Hin rétta leið er auðvitað sú að reyna EFTA-leiðina, þ.e. að leggja til að EFTA taki upp viðræður við Evrópubandalagið.

Forsrh. setti fram af Íslands hálfu ákveðna fyrirvara á fundi forsætisráðherra EFTA-ríkjanna í Osló sl. vor. Þessir fyrirvarar eru auðvitað algjört grundvallaratriði þess að við getum verið aðilar að samningaumleitunum EFTA. Við höfum ekki fyrirvara um fríverslun, við krefjumst aukin heldur að fríverslunin nái til fisks og fiskafurða. Hins vegar höfum við hvað varðar fullt frelsi fjármagnshreyfinga, fullt frelsi vinnuaflshreyfinga og fullt frelsi þjónustuviðskipta ákveðna fyrirvara. Og ef við höfum þessa fyrirvara í heiðri þá er okkur óhætt og ráðlegt að taka þátt í viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins.

Sú hugmynd hefur komið upp að við Íslendingar ættum að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Þetta held ég að sé mjög óraunsætt sjónarmið. Við eigum engan kost á tvíhliða viðræðum eins og stendur. Það er ekki á dagskrá hjá Evrópubandalaginu að leggja í tvíhliða viðræður við einstök ríki. Austurríkismenn eiga t.d. ekki kost á tvíhliða viðræðum eins og þeir hafa sótt um. Jafnvel þó að við vitnuðum til bókunar 6 þá gildir einu hvað sjálfstæðismenn segja um það efni. Það byggist allt saman á óraunsæi og undraverðum ókunnugleika.

Maður getur svo spurt sig til hvers þessar viðræður muni leiða. Ég er út af fyrir sig ekki mjög bjartsýnn á að þær leiði til auðfenginnar lausnar. Ég er ekki eins bjartsýnn og t.d. hv. 8. þm. Reykv. var hér í fyrri viku sem því miður neitar staðreyndum ítrekað og telur að aldrei hafi verið neinn áhugi hjá Evrópubandalaginu að komast yfir fiskveiðiréttindi hér í staðinn fyrir ívilnanir um tolla. Ég vitna til bls. 17 í skýrslu utanrrh.:

„Fulltrúar framkvæmdastjórnar EB lýstu því að, að því er bandalagið varðaði, þá væri slík fríverslun [þ.e. fríverslun með sjávarafurðir] tengd öðrum þátt-

um hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess." — Ég endurtek: Slík fríverslun væri tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. — „Fulltrúar EFTA lögðu áherslu á að slík tenging í hverjum þeim samningaviðræðum sem síðar færu fram myndi ganga gegn grundvallar þjóðarhagsmunum. Í niðurstöðum stjórnarnefndar viðræðnanna sagði síðan að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald hverra þeirra ákvæða sem sett væru inn á þessu sviði augljóslega að verða samningsatriði."

Þess vegna er það þreytandi að þurfa að hlusta á fluglæsa og bráðskarpa þingmenn sem láta sér sjást yfir svona texta. Það er auðvitað góðra gjalda vert að nota ekki landhelgina sem verslunarvöru og ég er alveg sammála hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, sem því miður er ekki staddur á þessum fundi, um það. En það að loka augunum fyrir staðreyndum er óraunsæi. Eins og ég sagði áðan höfum við alls ekki efni á því að hleypa flota Evrópubandalagsins í fiskistofna okkar. En Evrópubandalagið sýnir okkur klærnar og það þýðir ekkert að láta eins og við tökum ekkert eftir því.

Þegar lát Stalíns heitins barst til Siglufjarðar á sínum tíma þá varð sósíalístískri úrvalskonu að orði: „Hvað verður nú um okkur?" Ég spyr eins og konan: Ef samningar EFTA og Evrópubandalagsins leiða ekki til viðunandi niðurstöðu fyrir okkur Íslendinga, hvað verður þá um okkur? Jafnvel þó svo illa færi þá er ekki allt glatað, sem betur fer. Við getum prófað tvíhliða samninga svo fremi að þá hafi skapast hjá Evrópubandalaginu vilji til tvíhliða viðræðna. Beri þeir ekki árangur þá höfum við áður þurft að breyta um útflutningsmarkaði. Það neyddumst við til að gera t.d. í landhelgisdeilunni og lifðum þó af. Við eigum ákveðna möguleika á auknum viðskiptum í Vesturheimi, Austur-Evrópu, Austurlöndum fjær og e.t.v. víðar. Þess vegna er of snemmt að gefa sér það að við verðum að tengjast Evrópubandalaginu hvað sem það kostar. Það má ekki kaupa það of dýru verði. Það má ekki kaupa það því verði að við glötum sjálfsákvörðunarrétti okkar, sjálfstæði eða þjóðmenningu.

Frú forseti. Evrópa er í mótun. Ég er ekki sannfærður um að allir þeir draumar sem menn dreymir í Brussel verði að veruleika 1992. Þetta byggi ég á því að Evrópubandalagið er ekki bandalag fólksins, ekki bandalag þjóðanna. Það er bandalag stjórnvalda í 12 Evrópulöndum sem vilja vernda fyrirtæki sín gegn samkeppni utan frá með því að reisa Kínamúr utan um Vestur-Evrópu. Ég held að fólkið, þjóðirnar í hinum einstöku löndum komi til með að hægja á þessari ferð. Frakkar vilja halda áfram að vera Frakkar og Bretar vilja halda áfram að vera Bretar, en ekki borgarar í einhverjum óskilgreindum bandaríkjum Evrópu. Ég á heldur ekki von á því að önnur EFTA-ríki stingi okkur af og komi sér inn í Evrópubandalagið. Það er ekkert launungarmál hjá þeim sem ráða ferðinni í Brussel að þeir telja hernaðarsamvinnu svo mikilvæga að lönd utan NATO eigi ekkert erindi inn í bandalagið. Þegar af þeirri ástæðu eiga Austurríki, Svíþjóð, Finnland og Sviss ekki kost á aðild nema með því að fórna hlutleysisstefnu sinni. Noregur á hins vegar möguleika á fullri aðild ef svo færi að meiri hluti í Noregi skapaðist fyrir því, þ.e. meðal norsku þjóðarinnar.

Evrópubandalagið er í eðli sínu ólýðræðisleg stofnun og ákvarðanir eru oftast teknar fjarri því fólki sem þær snerta og af fólki sem að meiri hluta þekkir lítið til staðhátta, eða skoðana eða tilfinninga þeirra sem ákvarðanirnar koma niður á. Þess vegna vil ég undirstrika sérstaklega mikilvægi þess að Íslendingar játist ekki undir hið yfirþjóðlega vald bandalagsins.

Við gerum hér stórfenglega tilraun með að halda uppi sjálfstæðu menningarríki 250 þús. manns. Það er okkur öllum fyrir bestu að sú tilraun takist. Hún tekst hins vegar ekki ef skoðanir þeirra, sem leynt og ljóst hafa hafið baráttu fyrir inngöngu okkar í Evrópubandalagið, verða ofan á.

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. yfirgripsmikla skýrslu og vona og legg til að ríkisstjórnin samþykki fyrir sitt leyti að ganga til viðræðna EFTA og Evrópubandalagsins, enda sé haldið til haga fyrirvörum Íslands.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega hægt að taka undir það sem þeir þingmenn hafa sagt sem tekið hafa til máls í þessari umræðu að hér er um afar mikilvægt mál að ræða, sennilega eitt það mikilvægasta sem þetta Alþingi kemur til með að fjalla um og þess vegna ekki óeðlilegt að þingmenn gefi sér góðan tíma til að ræða stöðu þess og átta sig á hvernig líklegt er að mál muni þróast í nánustu framtíð.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Þetta er ágæt skýrsla um gang mála og stöðu undirbúningsviðræðna milli EFTA og EB. Hins vegar vantar í þessa skýrslu, og það vil ég gagnrýna, greinargerð um hina pólitísku stöðu þessara mála hér á Íslandi. Hver er raunverulega stefna hæstv. ríkisstjórnar varðandi þær viðræður sem líklegt er að fari fram á næstunni? Þess vegna hefði verið alveg nauðsynlegt að fyrir lægi í þessum umræðum nánari úttekt á hinni pólitísku stöðu okkar Íslendinga í þessu máli.

Það er skammt til þess að sameiginlegur fundur ráðherra EFTA og Evrópubandalagsins fari fram og þar á að taka mjög mikilvægar ákvarðanir um þær viðræður sem til stendur að fari fram milli EFTA og Evrópubandalagsins og jafnframt á hvaða grundvelli þær viðræður eigi fram að fara. Við þingmenn hljótum þess vegna að spyrja okkur: Hvaða umboð hefur hæstv. utanrrh. í þessum umræðum? Hvaða grundvöll kemur hann til með að leggja að þeim ákvörðunum sem hann hyggst taka fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar og fyrir hönd Alþingis í þessum mikilvægu viðræðum sem fyrir dyrum standa?

Hér hafa verið haldnar margar ræður um þetta mál og í rauninni er niðurstaða umræðnanna sú að innan ríkisstjórnarinnar er allt á tjá og tundri um stefnu í þessum málum, um það á hvaða grundvelli Ísland

vilji taka þátt í sameiginlegum viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Ég skal aðeins vitna í nokkrar ræður sem fluttar hafa verið, máli mínu til stuðnings.

Hæstv. utanrrh. vill hefja þessar viðræður innan EFTA-rammans og á þeim grundvelli sem fyrir liggur og hann lýsti í sinni ræðu. Hann lauk ræðunni með því að tilgreina 15 atriði sem væru sameiginlegar niðurstöður ráðherra EFTA-ríkjanna varðandi þessar viðræður sem hér eiga fram að fara. Ég ætla aðeins að rifja upp nokkur þessara atriða, með leyfi forseta:

„1. Við ætlum okkur sameiginlega að standa fast við markmið og skuldbindingar leiðtogafundarins í Osló frá því í mars.

2. Það er sameiginlegt pólitískt mat okkar [þetta eru ráðherrar EFTA-ríkjanna] á niðurstöðum stjórnarnefndarinnar að þær séu vissulega jákvæðar. Við erum sammála um að nægjanlegur sameiginlegur grundvöllur til samningsgerðar sé fyrir hendi og erum einhuga um að halda áfram af fullum krafti.

3. Við vonumst til að sameiginlegur fundur EFTA-ríkja og Evrópubandalags, sem haldinn verður þann 19. des., lýsi yfir skýrum pólitískum vilja um að undirbúningsviðræður um víðtækan samning um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði geti hafist sem fyrst og í framhaldi af þeim samningaviðræðurnar sjálfar snemma á árinu 1990.

4. EFTA-ríkin munu hér eftir sem hingað til tala einum rómi í þessum viðræðum."

Þetta eru fjögur fyrstu atriðin af þeim 15 atriðum sem hæstv. utanrrh. tilgreindi að væri sameiginleg niðurstaða ráðherra EFTA-ríkjanna um grundvöll fyrir þessum viðræðum. Ég held að það fari því enginn í grafgötur með það hver sé skoðun hæstv. utanrrh. á þessu máli og að hverju hann vilji stefna.

Hæstv. forsrh. lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi rétt að ganga til samninga á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefði verið. En það var mjög athyglisvert að hæstv. forsrh. hóf ræðu sína með því að gefa þá yfirlýsingu að þingflokkur Framsfl. teldi rétt að ganga ætti til samninga á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefði verið. Hæstv. forsrh. talaði sem sagt fyrir hönd þingflokks Framsfl. í þessu máli. Hann gaf ekki neina yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli?

Hv. 2. þm. Austurl. hélt hér athyglisverða ræðu og andmælti sterklega með vísun í ályktun nýafstaðins landsfundar Alþb. að farið yrði í þessar samningaviðræður. Ég vil leyfa mér að vitna í nokkur atriði í hans ræðu máli mínu til stuðnings.

Hann sagði t.d. að Alþb. teldi nauðsynlegt að yfir þessi mál væri farið með öðrum hætti en fyrir liggur af framkominni skýrslu hæstv. utanrrh. Hann sagði einnig á öðrum stað í sinni ræðu — og ég vitna hér, með leyfi forseta, í ræðu hv. 2. þm. Austurl.: „Ég gæti haft um þetta, herra forseti, mörg orð en ég tel nægja að vitna til þess sem hér liggur fyrir í skýrslu hæstv. ráðherra um þessi efni þar sem allt er í þoku varðandi þessa þætti, hina stofnanalegu þætti, eftirlit og dómstóla." Á enn öðrum stað í ræðu sinni sagði hv. 2. þm. Austurl. að málsmeðferðin varðandi þessa þætti væri andstæða lýðræðislegra vinnubragða.

Ég vek sérstaka athygli á því, virðulegi forseti, að þetta er eini talsmaður Alþb. sem hefur talað í þessari umræðu. Það vekur sérstaka athygli að af hálfu Framsfl. hafa tveir ráðherrar tekið þátt í umræðunni, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Af hálfu Alþfl. hafa tveir ráðherrar tekið þátt í umræðunni, hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. En hv. 2. þm. Austurl. er eini málsvari Alþb. í þessari umræðu og hæstv. ráðherrar Alþb. láta ekki sjá sig hér í þingsölunum á meðan þessi umræða fer fram.

Ég vil því, virðulegi forseti, eindregið fara þess á leit að þess verði óskað að hæstv. fjmrh., formaður Alþb., verði viðstaddur þessa umræðu og geri sem formaður flokksins og ráðherra í þessari ríkisstjórn grein fyrir skoðun og stefnu ráðherra Alþb. í ríkisstjórninni. (**Forseti:** Forseti mun tafarlaust verða við þessari ósk.) Ástæðan fyrir því að ég fer fram á þetta er sú að hæstv. viðskrh. lýsti því yfir hér í sinni ræðu á föstudaginn var að um þetta mál væri samstaða innan ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum: Ef sú yfirlýsing hæstv. viðskrh. er rétt þá flytur hv. 2. þm. Austurl. ekki stefnu ráðherra Alþb. hér í þessu máli.

Hv. 2. þm. Austurl. styðst að vísu við ályktanir landsfundar Alþb. í þessu máli, hefur lesið þær upp og byggði sinn málflutning á þeim grundvelli. Mér er það fullkomlega ljóst en það vekur athygli og ég ítreka það að hæstv. ráðherrar Alþb. hafa ekki treyst sér til að vera í þessari umræðu og maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Eru hæstv. ráðherrar Alþb. annarrar skoðunar en hv. 2. þm. Austurl.? Er það hugsanlegt að hv. 2. þm. Austurl., sem talsmaður Alþb. í þessari umræðu, sé hér mættur og sendur til þess að túlka skoðanir Alþb. en hæstv. ráðherrar ætli síðan að hegða sér öðruvísi innan ríkisstjórnarinnar? Mér sýnist satt að segja að eins og þessi málflutningur allur er byggður upp séu miklar líkur til að þetta sé raunin. Og þess vegna er það afar mikilvægt áður en þessari umræðu lýkur að hæstv. fjmrh. komi í þennan ræðustól til að skýra rækilega hver sé stefna ráðherra Alþb. í þessu máli.

Það er stutt í þennan fund milli ráðherra EFTA og Evrópubandalagsins og það er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. hafi alveg kristaltært umboð frá ríkisstjórninni og frá Alþingi um það hvað hann eigi að samþykkja þegar á þennan fund kemur. Eins og málin standa í dag eftir þessar umræður, ef maður dregur af þeim ályktanir, þá er hæstv. ráðherra umboðslaus í málinu. Auðvitað er mér ljóst að hann verður að mæta á þessum fundi sem formaður ráðherranefndar EFTA-ríkjanna og gegna þar skyldum sínum sem slíkur. En það umboð sem hann hefur frá hæstv. ríkisstjórn og frá Alþingi, það er allt á huldu um efni þess.

Ég verð að segja að mér kemur óneitanlega í hug umboð það sem biskupinn í Kristnihaldi undir Jökli gaf umboðsmanni sínum þegar hann sendi umboðsmanninn, Umba, í hina frægu för vestur undir Jökul

og ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að vitna í þetta umboð og lesa það upp:

„Biskupinn segir: Bara segja og gera sem fæst. Hafa augun hjá sér. Tala um veðráttu. Spyrja hvurnin sumarið hafi verið í fyrra og hittifyrra, segja að biskupinn hafi gikt. Ef menn hafa gikt spyrja hvar hún liggi í þeim. Ekki reyna að laga neitt — það er okkar mál í kirkjumálaráðuneytinu, svo fremi við vitum hvað er að. Vér biðjum um skýrslu, það er allt og sumt. Má einu gilda hvaða kreddur og fabúlur þeir koma upp með, þér eigið ekki að snúa þeim. Ekki reformera neitt eða neinn. Lofa þeim að tala, þræta ekki. Og ef þeir þegja, um hvað þegja þeir? Nótera það sem skiftir máli, ég gef yður upp umgerðina í erindisbréfinu. Ekki dreifa úr sér sjálfur. Skrifa þurt! Við viljum ekkert heyra broslegt að vestan, við hlæum upp á kostnað sjálfra okkar hér fyrir sunnan. Skrifa sem mest í þriðju persónu. Akademiskur, já, en í hófi. Læra af hljóðritanum."

Svona hljóðaði umboð biskups og eins og málin standa hér nú eftir þessa umræðu er umboð hæstv. utanrrh. á engan hátt víðtækara en það umboð sem biskupinn gaf umboðsmanni sínum í hina frægu för vestur undir Jökul. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að þetta verði nánar skýrt áður en þessari umræðu lýkur.

Þingmenn Sjálfstfl. hafa allnokkrir lýst sínum sjónarmiðum hér í þessari umræðu og ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að við erum fylgjandi því að Ísland taki þátt í þeim viðræðum sem að er stefnt milli EFTA og Evrópubandalagsins og við viljum að í þeim viðræðum sé lögð áhersla á okkar sérstöðu. Við höfum hins vegar jafnframt lagt áherslu á það að fram fari tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins, ekki viðræður við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins eins og sumir hafa viljað skilja okkar málflutning, heldur hina pólitísku leiðtoga bandalagsins.

Hvers vegna er það sem við þingmenn Sjálfstfl. leggjum áherslu á að jafnframt EFTA/Evrópubandalagsviðræðunum fari fram tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins? Ég ætla aðeins að fara um það nokkrum orðum.

Frelsi í viðskiptum Evrópubandalagslanda er fyrst og fremst frelsi með iðnaðarvörur. Það er vissulega mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga. EFTA-aðildin á sínum tíma gerði það að verkum að íslenskur iðnaður fékk harða samkeppni frá iðnaði EFTA-ríkjanna og seinna frá EB-ríkjunum eftir að við gerðum sérstakan samning við Evrópubandalagið og ég er ekki í neinum vafa um það að það hefur hert okkar iðnað og styrkt og hann hefur sýnt það að vera vel samkeppnishæfur við iðnað annarra landa. Það er hins vegar alveg ljóst að Evrópubandalagið hefur ekki viljað ræða um sjávarafurðir þegar rætt er um þessi svokölluðu fjögur frelsi. Frjáls viðskipti með sjávarafurðir tíðkast ekki innan ... (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að genginn er í salinn einn af ráðherrum Alþb. Fjmrh. mun koma í salinn kl. 4.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir og sætti mig fullkomlega við þá meðferð mála. — Ég var að minnast á að frjáls viðskipti með sjávarafurðir tíðkast ekki hjá Evrópubandalaginu. Það er gríðarlega mikil styrkjastefna í gangi innan Evrópubandalagsins. Það er talið að á árunum 1987–1992 verði veitt 70 milljörðum íslenskra króna af hálfu Evrópubandalagsins í styrki til sjávarútvegs og að auki styrkja einstök lönd og jafnvel einstök héruð sjávarútveg með ýmsu tagi. Við skulum nefna dæmi.

Nú er fullkomin síldarverksmiðja í byggingu í Cuxhaven í Vestur-Þýskalandi. 25% þeirrar fjárfestingar eru greidd af Evrópubandalaginu og 25% af því ríki innan þýska sambandslýðveldisins sem Cuxhaven tilheyrir. Með öðrum orðum: 50% af fjárfestingarkostnaði þessarar einu verksmiðju eru greidd af Evrópubandalaginu eða þýska ríkinu í einu eða öðru formi. Það má nefna fleiri slík dæmi og þeir sem gerst þekkja telja að það sé útilokað að reikna með að þessi styrkjastefna, sem gengur auðvitað þvert á fríverslunarhugmyndir, verði aflögð innan Evrópubandalagsins.

Stefna Evrópubandalagsins í fiskveiðum hefur verið kynnt okkur, m.a. af samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi, og meginatriði sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu bandalagsins eru: Að tryggja verndun fiskstofna og úthluta fiskkvótum. Að efla sjávarútveginn með nýrri tækni, bættri hafnaraðstöðu og innri uppbyggingu og tryggja að útgerð og fiskvinnsla sé ávallt samkeppnisfær. Að tryggja nægilegt framboð af fiski af þeirri tegund og gæðum sem eftirspurn er eftir og tryggja fjárhagslega afkomu þeirra sem við sjávarútveg starfa, að semja við lönd utan bandalagsins um veiðiréttindi á áður hefðbundnum miðum bandalagsríkjanna og um veiðiréttindi, annaðhvort gegn viðskiptafríðindum eða gegn kaupum á veiðiréttindum. Þetta er sem sagt hin sameiginlega sjávarútvegsstefna bandalagsins og það eru ekki neinar líkur á því að mati manna að viðræðurnar milli EFTA og Evrópubandalagsins muni að nokkru leyti breyta þessari innri stefnu bandalagsins.

Hin mikla sérstaða okkar Íslendinga, þar sem sjávarútvegsvörur eru okkar mikilvægasta útflutningsgrein, gerir það að verkum að það er nauðsynlegt fyrir okkur að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið án þess að þurfa að láta nokkuð af okkar fiskveiðiréttindum af hendi og ég hygg að um það séu allir sammála. Sérstaða okkar er því mikil gagnvart Evrópubandalaginu og sérstaða okkar er einnig mikil innan EFTA. Það hefur verið minnst á það hér í umræðunum að fiskútflutningur Norðmanna, sem er stærsta fiskútflutningsþjóðin í EFTA-ríkjunum, sé einhvers staðar á bilinu 6–7% af árlegum útflutningi þeirra þegar okkar útflutningur liggur einhvers staðar á bilinu 75–80% frá ári til árs. Við hljótum því að draga það mjög í efa að við fáum innan EFTA þann stuðning sem við þurfum til þess að sérstaða okkar varðandi sjávarútveg komist í gegn í þeim viðræðum. Um það skal ég þó ekkert fullyrða. Ég skal engu spá um það. En það þarf greinilega ansi mikið til að koma til að þessi sérstaða okkar náist í gegn í þeim viðræð-

um. Það er af þessum ástæðum sem við þingmenn Sjálfstfl. höfum lagt á það áherslu að jafnframt verði óskað eftir tvíhliða viðræðum.

Mér finnst að hin öra þróun sem orðið hefur síðustu vikur í Evrópu styðji þetta sjónarmið okkar. Austantjaldslöndin hafa nú verið að hrista af sér ok sósíalimans eins og kunnugt er og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Það kemur glögglega fram í umræðum í evrópskum blöðum einmitt nú þessa dagana og þessar vikurnar að áhugi Evrópubandalagsins sé nú meir að færast yfir í austantjaldslöndin, sem sagt frá EFTA-viðræðunum. Menn draga það í efa hvað Evrópubandalagið geti lagt mikla orku í viðræður af þessu tagi og það séu meiri líkur á því að nú, eftir þessar öru breytingar í Austur-Evrópu, verði áherslan lögð á viðræður við Austur-Evrópuríkin frekar en EFTA. Ég skal engan dóm á þetta leggja en þetta les maður dag eftir dag í evrópskum blöðum.

Ég vil líka benda á að í upplýsingum sem okkur birtust í fræðsluriti Félags ísl. iðnrekenda um málefni Evrópu segir, með leyfi forseta:

„Þá er líka rétt að hafa í huga að margt bendir til þess að áhugi EFTA og Evrópubandalagsins á þeim viðræðum sem nú standa yfir séu í öfugu hlutfalli við stærð þeirra. Hér má nefna sem dæmi að samskiptin við EFTA hafa ekki verið á dagskrá ráðherraráðsins síðan einhvern tíma í vor, en á hverjum fundi er fjallað um Austur-Evrópu." — Þetta er úr blaði sem kom út nú í nóvember.

Það bendir því mjög margt til þess að þessar heildarviðræður EFTA við Evrópubandalagið muni dragast á langinn og á meðan verður þróunin varðandi sölu á okkar sjávarútvegsvörum óhagstæðari.

Því hefur verið haldið fram í þessum umræðum að sú áhersla sem við þingmenn Sjálfstfl. höfum lagt á tvíhliða viðræðurnar feli í sér tvískinnung. Hæstv. viðskrh. orðaði þetta þannig í sinni ræðu hér á föstudaginn að þetta fæli í sér tvískinnung hjá okkur þingmönnum Sjálfstfl., þetta væri andstætt fyrri málflutningi og aðgerðum ráðherra flokksins. Síðan spurði hæstv. viðskrh.: Er Sjálfstfl. að leggja til að við rjúfum samstarf við EFTA-ríkin? Þetta er ótrúlegur barnaskapur að spyrja þannig. Ég get í rauninni ekki fundið neitt orð í minni orðabók sem hæfir betur spurningu eða málflutningi af þessu tagi en barnaskapur. Þetta er ekki svo. Það veit auðvitað hæstv. viðskrh. Við höfum lýst því yfir að við viljum að þessar viðræður fari fram innan EFTA þó að við jafnframt teljum að fara eigi í tvíhliða viðræður. Það hefur enginn af okkur þingmönnum Sjálfstfl. haldið því fram að við viljum rjúfa þetta samstarf við EFTA-ríkin. Við höfum hins vegar lagt áherslu á tvíhliða viðræður og þá segja sumir hæstv. ráðherrar: Þessar tvíhliða viðræður eru í gangi — og benda á viðtöl sem fram fara milli einstakra ráðherra íslenskra og einstakra ráðherra eða leiðtoga í Evrópubandalagslöndum. Það er allt gott um slík viðtöl að segja og ég tek það fram að ég held að við gerum aldrei nóg af því að kynna okkar sérstöðu og kynna okkar málstað í viðræðum við stjórnmálamenn og stjórnmálaleiðtoga í Evrópu-ríkjunum. En slíkar viðræður eru auðvitað ekki neinar formlegar viðræður. Það sem við eigum við er að óskað verði eftir formlegum viðræðum. Ég legg áherslu á að við erum ekki með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í huga í þeim efnum, heldur hina pólitísku leiðtoga eða leiðtogaráðið sem menn kalla svo innan Evrópubandalagsins sem er nú að gera sig æ meira gildandi eins og fréttir hafa komið um í blöðum.

Menn segja að þetta sé óraunsæi og beri vott um litla þekkingu á málefnum Evrópubandalagsins og þessara mála eins og sérfræðingur Framsfl. í utanríkismálum, hv. 1. þm. Norðurl. v., sagði í sinni ræðu hér áðan. Það kann vel að vera að hann meti það svo að við vitum ekki hvað við erum að tala um eða við höfum ekki þekkingu á þessum málum Evrópubandalagsins eða EFTA. Ég vek hins vegar athygli á því að hagsmunasamtök í landinu hver á fætur öðrum eins og t.d. hagsmunasamtök sjávarútvegsins hafa núna lagt þunga og vaxandi áherslu á að þannig verði að þessum málum staðið.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins áður en ég lýk máli mínu minnast á eitt atriði sem skiptir miklu máli í þessu sambandi en er nokkuð annars eðlis en það sem ég hef rætt til þessa, en það er hversu mikil nauðsyn er á því hjá okkur að ná samkomulagi við Evrópubandalagslöndin um menningar- og menntamál. Ég lít á þetta mál sem tvíþætt, þ.e. í fyrsta lagi aðgang að menntastofnunum innan Evrópubandalagsins. Það er staðreynd að á síðasta hausti var fjöldamörgum íslenskum námsmönnum vísað frá skólum í Evrópubandalagslöndunum, m.a. dönskum skólum, vegna nýrra reglna sem þegar eru komnar í framkvæmd. Það er ekkert sem menn eru að bíða eftir að gerist árið 1992 í því sambandi. Þetta eru reglur sem þegar eru komnar í framkvæmd innan Evrópubandalagsins, að þrengja að því að námsmenn utan bandalagsins geti sest í evrópska skóla. Og jafnvel í Danmörku, okkar gamla samstarfsríki, hefur þetta gerst í stórum stíl á sl. hausti. Þeir sem voru svo skynsamir að skrifa til baka og sættu sig ekki við neitunina og létu þess getið að foreldrarnir væru fæddir í hinu sameiginlega dansk-íslenska ríki fyrir 1944 virðast að vísu hafa fengið einhverja betri úrlausn og fengu aðgang í skóla á grundvelli þeirra raka, en það er enginn vafi á því að þetta er vaxandi vandamál. Það er afar slæmt fyrir okkur Íslendinga að þurfa að sæta því að vera þannig í vaxandi mæli lokaðir frá háskólum í Evrópu.

Hinn þáttur málsins er — og ég skal ekki gera hann mjög að umtalsefni í þessari umræðu — um undirbúning íslenska menntakerfisins sem ég hygg að við höfum ekki hugsað nægilega um, sérstaklega varðandi iðn- og verkmenntun. Það er verið að breyta alls kyns stöðlum og alls kyns matsreglum varðandi hæfni manna til þess að stunda ýmiss konar störf sem snerta tækni- og verkmenntun. Við höfum greinilega ekki fylgst nægilega vel með í því. Íslendingar, og hættan er því sú að okkar tæknimenn verði innan örskamms tíma ekki gjaldgengir á hinum evrópska markaði sem

er auðvitað mjög slæmt. Það er hins vegar mál sem fyrst og fremst snýr að okkur sjálfum en ég vildi þó gera að umtalsefni í þessari ræðu.

Virðulegi forseti. Það væri vissulega tilefni til að ræða þetta ítarlegar og reyndar fleiri hliðar á þessu mikilvæga máli, en ég læt hér staðar numið. En ég ítreka þá eindregnu ósk og ég vil segja kröfu okkar, þingmanna Sjálfstfl., til formanns Alþb. að hann stígi í þennan ræðustól áður en þessi umræða er á enda til þess að lýsa því hver afstaða ráðherra Alþb. er.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi fleirum farið svo sem mér þegar birtar voru niðurstöður skoðanakönnunar um afstöðuna til Evrópubandalagsins að mönnum hnykkti við og þeir töldu þá afstöðu byggjast á ónógri umræðu um þessi mál hérlendis. Ég held að nauðsynlegt sé að við þingmenn ræðum þessi mál og tökum til þess tíma og það höfum við reyndar gert nú síðustu dagana og ég leyfi mér að taka þátt í þessari umræðu þó að ég eigi ekki sæti í Evrópunefnd eða sé talsmaður ríkisstjórnar né annað það sem hv. þm. hafa verið að telja upp í sínum ræðum. (**ÞP:** Hv. þm. á að vera talsmaður ríkisstjórnarinnar.) Hann er ákafur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar eins og hv. 1. þm. Suðurl. veit og hefur ekki hugsað sér að snúa af þeirri braut í þessari ræðu. En almennar umræður hafa verið miklar um þetta mál nú upp á síðkastið. Það þarf ekki að líta lengra en svona tvö ár aftur í tímann til þess að sjá að þá voru litlar umræður um Evrópubandalagið hér á landi og það þó að hvíta bókin svokallaða um innri markaðinn hafi verið gefin út fyrir fimm árum. Atburðarásin í þessum málum er hröð og eins og hér hefur komið fram stöndum við frammi fyrir afdrifaríkum ákvörðunum nú í lok desember.

Við höfum fengið það hlutverk að leiða könnunarviðræður EFTA við Evrópubandalagið og efni þessarar umræðu er skýrsla utanrrh. um þær viðræður. Forsrh. hefur fyrr í þessari umræðu lýst skoðun þingflokks Framsfl. á málinu, þeirri að við eigum að ganga til viðræðu við Efnahagsbandalagið með öðrum EFTA-ríkjum. Það er áríðandi að nota vel tímann þangað til til að skilgreina markmið okkar Íslendinga í þeim viðræðum sem best og skýra stefnumörkunina í þeim málum og það sé ljóst hvar takmörkin af okkar hálfu liggja. En það er áríðandi að sem breiðust pólitísk samstaða takist hér heima fyrir um þessa stefnumörkun. Hingað til hefur hún verið fyrir hendi. Það hefur verið samstaða hingað til um þau grundvallaratriði að full aðild að bandalaginu komi ekki til greina, að við skiptum ekki á fríverslun með fisk og veiðiheimildum í íslenskri fiskveiðilögsögu. Full aðild að bandalaginu þýðir, eins og komið hefur fram, sameiginlega stjórn bandalagsríkja yfir auðlindum, þar á meðal fiskistofnum og auðlindum hafsins, og yfirþjóðlega ákvarðanatöku. Fyrir svo litla þjóð með svo mikla sérstöðu eins og okkur Íslendinga kemur slík aðild ekki til greina og ég vona satt að segja að samstaða haldist um þessa afstöðu áfram meðal þjóðarinnar og hún haldist áfram í kjölfar þeirrar umræðu sem nú er um þessi mál og í ljósi þeirra upplýsinga sem nú koma fram daglega um þessa hluti.

Ég veit að margir kunna að spyrja sem svo hvað sé í húfi fyrir Íslendinga, hvers vegna allt sé á öðrum endanum vegna þessara viðræðna, hver hagur okkar sé af frekari samningum við Efnahagsbandalagið en felast í bókun 6 og felur í sér tollfrelsi fyrir ýmsar mikilvægar sjávarafurðir. Því er til að svara að náist samningar um evrópskt efnahagssvæði og við verðum ekki aðilar að því samkomulagi og við stöndum fyrir utan er hætt við að sú einangrun verði okkur afar óþægileg og það valdi okkur miklum erfiðleikum að búa við hana, komi jafnvel niður á okkar lífskjörum, þeim sem við viljum búa við.

Leiðarljós okkar Íslendinga í þessum viðræðum á að vera fríverslun með fisk. Í því felast fyrst og fremst hagsmunir okkar á þessu sviði og í þessu samstarfi. Þeir felast vissulega í mörgum öðrum atriðum, svo sem aðlögun á ýmsum sviðum, t.d. í fríverslun með iðnaðarvörur á sviði mennta og rannsókna, og í aðlögun á fjölmörgum sviðum öðrum eins og komið hefur fram.

Það hefur verið nokkur svartsýni um það hér í þessum umræðum og hefur komið fram hjá mörgum hv. þm. að fríverslun með fisk verði erfiður hjalli í viðræðunum og ég er þeirrar skoðunar einnig, að það er ekki hægt að ganga að því vísu að þau mál verði leidd til lykta í þessum ferli. Ástæðurnar eru þær að Íslendingar hafa algjöra sérstöðu á sviði sjávarútvegs meðan þessi atvinnugrein er óveruleg í ríkjum Evrópubandalagsins miðað við aðrar atvinnugreinar í þeim ríkjum. Sjávarútvegur nýtur verulegra styrkja í bandalagslöndunum í skjóli sameiginlegrar stefnu í sjávarútvegi sem bandalagið rekur. Það þarf því að taka upp tvíhliða viðræður á einhverju stigi, viðræður við Evrópubandalagið, um samning um sjávarútvegsmál sem byggir á þessari sérstöðu.

Í umræðum um Evrópubandalagið á vettvangi EFTA og vettvangi Norðurlandaráðs hefur borið mikið á svardögum um að við séum Evrópuþjóð og viljum vera það. Það er vissulega rétt. Við eigum samleið með Vestur-Evrópu á mörgum sviðum, en þrátt fyrir það höfum við mikil samskipti við önnur markaðssvæði og önnur svæði í veröldinni. Við höfum mikil samskipti við Bandaríkin á viðskiptasviðinu auk þess varnarsamstarfs sem við höfum við þá. Viðskipti við Asíulönd og útflutningur til Japans fara mjög vaxandi og við höfum um árabil átt mikil viðskipti við Austur-Evrópuþjóðir þó að blikur séu nú á lofti vegna þeirra miklu breytinga sem þar eiga sér stað og hafa komið berlega fram í atburðum og umræðum síðustu daga.

Við verðum að sjálfsögðu, og ég tek eindregið undir það sem víða hefur komið fram hjá hv. þm. í umræðunni, að halda þessari stöðu og við megum ekki vanrækja samskiptin við önnur markaðssvæði þrátt fyrir þá áherslu sem við leggjum núna á þessar viðræður við Evrópubandalagið. Við megum ekki

falla í þá gryfju að telja að þessar viðræður séu einhver allsherjarlausn á okkar utanríkisviðskiptum um alla framtíð.

Innviði Evrópubandalagsins mynda ólíkar þjóðir með ólíka hagsmuni og markmið. Í bandalaginu er að finna þróuðustu iðnríki heimsins og þar eru einnig þjóðir Suður-Evrópu þar sem lífskjör og félagsleg réttindi fólks standa langt að baki því sem gerist í Norður-Evrópu. Því getur áhuginn á samningum við EFTA verið mjög mismunandi hjá aðildarþjóðunum og því er ekki að neita að þær raddir heyrast að hin ríku lönd norðursins séu að reyna að fleyta rjómann af samstarfi við Evrópubandalagið án þess að láta ýkja mikið í staðinn. Því getur áreiðanlega brugðið til beggja vona í þessum samningaviðræðum þegar þær fara af stað og ekki er loku fyrir það skotið að umræðu um fulla aðild einhverra EFTA-ríkja vaxi ásmegin ef þessar viðræður ganga erfiðlega.

Í þessum umræðum hefur verið mjög mikið rætt um tvíhliða viðræður. Það hefur verið gagnrýnt að þessar tvíhliða viðræður skuli ekki vera komnar af stað með formlegum hætti. Þessi skoðun hefur verið tekin upp hjá þeim talsmönnum Sjálfstfl. sem hafa talað við þessar umræður og gagnrýnt nokkuð framgang þessara mála.

Það ber að undirstrika, og það hefur komið fram einnig, að það hefur stöðugt verið unnið að því að plægja jarðveginn fyrir tvíhliða viðræður með viðtölum við ráðamenn einstakra ríkja bandalagsins. Ég held að bjartsýni manna og þar á meðal aðila í sjávarútvegi á framgang og árangur þeirra viðræðna byggist m.a. á þessum undirbúningi. Það verður hins vegar að liggja alveg ljóst fyrir, og það finnst mér ekki hafa komið fram með nógu óyggjandi hætti, hvað á að vera veganestið í þessum tvíhliða viðræðum, hvað hv. þm. eru reiðubúnir að ganga langt. (Gripið fram í.) Ég tek eftir því að talsmenn Sjálfstfl. kalla hér fram í hið almenna orðalag að selja ekki íslenska hagsmuni. Um það er ekkert deilt. Um það hélt ég að væri fullkomið pólitískt samkomulag. Hins vegar hafa talsmenn Sjálfstfl. gagnrýnt hér að það hefur ekki verið gengið til tvíhliða viðræðna án þess að fram kæmi á hverju slíkar tvíhliða viðræður ættu að byggjast. E.t.v. kemur það fram seinna í þessum umræðum.

Það hefur þróast samstarf hér á Norðurlöndunum um árabil sem líkja má við ýmsa þætti í innri markaðnum sem á að komast á 1992. Flutningur vinnuafls milli Norðurlandanna er frjáls og vegabréfaskylda er ekki fyrir hendi. Gagnkvæm réttindi á þessum vettvangi eru mjög víðtæk. Þetta samstarf hefur þróast í gegnum starf Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar. Grunnur þessa samstarfs og hugsjónagrundvöllur liggur í líkri menningu þessara ríkja. Hann liggur í grasrótinni, ef svo má að orði komast, og líkum lífsháttum á mörgum sviðum. Efnahagslegt samstarf Norðurlanda, jafnnáið og á þessum sviðum sem ég nefndi, hefur ekki orðið að veruleika. Grunnur Evrópusamstarfsins er mjög ólíkur hvað þetta snertir. Grunnurinn að því er fyrst og fremst efnahagslegur og byggir á yfirþjóðlegum ákvörðunum.

Ég álít að þrátt fyrir þetta efnahagslega samstarf haldi Evrópuþjóðir sinni menningu. Sú menning liggur mjög djúpum rótum í lífsháttum þessara þjóða. Hins vegar hefur þetta samstarf vissan hugsjónagrundvöll sem hefur verið komið hér inn á af ýmsum ræðumönnum. Hann liggur í því að menn vilja koma í veg fyrir að þjóðir Vestur-Evrópu berist á banaspjótum, að það komi aldrei fyrir aftur. Þeirri von vex nú ásmegin að þessi hugsun gildi fyrir Evrópu alla, en friður í álfunni hefur stuðst við spjótsodda eins og menn vita. Þeir múrar sem skilja þjóðirnar að eru að hrynja í bókstaflegri merkingu og járntjaldið að rifna. Margir óttast að þessar breytingar verði til þess að auka óróa í álfunni og setji menn út af laginu í þeim ferli sem menn hafa verið að vinna að hingað til. Vonandi verður ekki svo, en hinir miklu breytingatímar sem nú eru eiga eftir að reyna á þolrifin. Eftir gleðina og hátíðastemninguna koma hin hversdagslegu vandamál og spurning hins venjulega manns, hvernig aukið frelsi geti fært honum betri lífskjör fyrir sig og sína. Dráttur á slíku getur reynt á þolrifin.

Virðulegi forseti. Að lokum: Sá tími sem fer í hönd er reynslutími fyrir okkur Íslendinga og það hefur sjaldan riðið eins mikið á að skilgreina stöðu okkar vel í alþjóðlegu samhengi og taka réttar ákvarðanir á réttum tíma í utanríkismálum. Þær ákvarðanir verða að taka mið af því að halda okkar sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti, en þær eiga jafnframt að miða að því að taka þátt í því starfi sem nú er unnið og miðar að því að styrkja stöðu Evrópu í þjóðfélagi framtíðarinnar.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það er ekki að ástæðulausu að það málefni sem við fjöllum nú um hefur verið ítarlega rætt hér á Alþingi. Umræðurnar hafa verið málefnalegar og leitt í ljós sitthvað sem búið hefur í huga hv. þm. um þetta efni, en e.t.v. hefðu umræðurnar ekki dregist svo á langinn ef fyrir þinginu hefði legið skýr og greinileg till. til þál. um umboð og erindi til handa hæstv. utanrrh.

Ég leyfi mér að vitna til lítillar greinar í tímariti Norðurlandaráðs, í seinasta hefti. Það fjallar um Norðurlönd og Evrópu. Þar er fyrirsögn sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu: „Ákvörðun um umboð til viðræðna í desember". Ég þýði hér tvö orð með einu. Orðin „fuldmagt" og „mandat" þýði ég einu orði umboð, en nokkur merkingarmunur er á þessum orðum. Það liggur alveg ljóst fyrir að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum ganga út frá því sem gefnu að þingin samþykki umboð til handa ráðherrum sínum.

Vissulega er ég ekki með þessum orðum að vanþakka þá skýrslu sem hér liggur fyrir, fjarri fer því, því að hún greinir frá góðu, mikilsverðu og vandasömu verki sem unnið hefur verið og hefur sýnt í raun og veru ótrúlegan árangur á þeim skamma tíma sem til stefnu hefur verið.

Ég held, sannast sagna, að eftir þær yfirlýsingar sem við höfum heyrt frá ýmsum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar og talsmönnum í utanríkismálum sé það

enn ljósara en áður að hæstv. utanrrh. er brýn nauðsyn að hafa í höndum formlegt umboð þegar hann gengur til þeirra viðræðna sem fram fara nú síðar í desember. Það er auðvitað engin staða fyrir utanrrh. eins lands, og þá þess heldur þegar sá hinn sami hæstv. ráðherra er formaður ráðherranefndar EFTA, að hafa ekki umboð þjóðþings síns í höndunum. Upplýsingar sem opinberar eru sýna að engin samstaða er í ríkisstjórninni um þetta mál. Þá er það minnsta sem hæstv. ráðherra getur gert kröfu um að það sé ljóst hvert Alþingi vill stefna. Og ég væri satt að segja meira en lítið undrandi ef Alþingi gæfi ekki slíkt umboð. En eins og málin standa nú sýnist mér framhald þessara mála stefna í mikla tvísýnu, því verði teflt í mikla tvísýnu, ef samningsstaða og viðræðustaða hæstv. ráðherra verður svo veik sem verða mun þegar umboðið skortir. Það er algjörlega ljóst. Og enn eru það rök með því að fá slíkt umboð að við þurfum sérstaklega að semja um okkar mál. Við þurfum að halda áfram að vinna skilning á okkar sérstöðu í samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir og ekki einungis að vinna skilning, heldur að vinna úr þeim skilningi þannig að hann geti birst í framkvæmdum og nýjum samningum. Þetta er því mikið áhersluatriði, eins og fram hefur komið hér áður, af hálfu þeirra sjálfstæðismanna sem talað hafa hér í umræðum, enda er þetta stefna okkar þingflokks. Ég gat ekki stillt mig um að reifa enn þessar röksemdir sem ég tel að geri þetta algjörlega óhjákvæmilegt.

Það er öðruvísi umhorfs í Evrópu nú en var fyrir ári síðan. Um nokkurt árabil hefur þungamiðja pólitískra atburða í álfunni verið í Brussel eða einhverri þeirri borg þar sem atburðir á sviði Evrópubandalagsins hafa orðið, þar sem ákvarðanir hafa verið teknar og unnið í framhaldi af þeim ákvörðunum. Það sem nú hefur hins vegar gerst er að þungamiðja þessara atburða hefur færst austur fyrir járntjaldið svonefnda. Þessir atburðir hafa breytt ástandinu svo að nú hikar maður dálítið við að segja járntjaldið, segir aðeins járntjaldið svonefnda, og það er vegna þess að margar þær þjóðir sem vissulega hafa verið í járngreipum sósíalismans og kommúnismans eystra í Evrópu keppast við að sannfæra okkur um það að nú sé járntjaldið sums staðar fallið og óðum að verða gisnara þar sem það enn hangir uppi. Þær frelsisöldur sem nú fara um Austur-Evrópulöndin byggjast fyrst og fremst á því að þetta fólk hefur skort það sem við höfum í Vestur-Evrópu. Það hefur skort frelsið og mannréttindin, lýðræðið, og það hefur ekki búið við sams konar réttarríki og við teljum okkur gera hér í Vestur-Evrópu. Það hefur búið við bág kjör upp til hópa.

Farvegur fyrir lýðræðissókn þessara ríkja og farvegur fyrir samstarf þeirra með Evrópuríkjum sem búa við lýðræði er Evrópuráðið. Það varð hæstv. utanrrh. var við nú nýlega þegar Ungverjar sóttu um aðild að Evrópuráðinu og áður hafði það legið fyrir og verið ljóst að sendinefndir nokkurra Austur-Evrópuríkja og þar á meðal Sovétríkjanna áttu sæti á þingi Evrópuráðsins sem áheyrnarfulltrúar nú í haust í fyrsta sinn í sögunni. Þetta eitt út af fyrir sig sannfærir okkur um það að Evrópa er meira en sú Evrópa sem stofnaði samtök um 1950 til verndar lýðræði, mannréttindum og réttarríki. Núna eru að koma ný lönd í þessi samtök. Ný ríki vilja ganga til liðs við þennan hóp og það er vitanlega meira fagnaðarefni en við höfum haft ráðrúm til að átta okkur á, eða svo segir mér hugur um. Ég held með öðrum orðum að við lifum nú merkilegri tíma en upp hafa runnið hér í álfu um langan aldur. Hins vegar er það auðvitað ljóst að ekki er allt fengið með þeim hreyfingum sem orðið hafa í löndum Austur-Evrópu og enn er sitthvað þar sem menn eiga undir högg að sækja til þess að tryggja frelsi sitt, bæta stjórnskipan, bæta efnahag ríkjanna og ekki síst kjör almennings.

Utanríkisráðherrar Póllands, Ungverjalands og Tékkóslóvakíu sem áttu viðræður við stjórnmálanefnd og ráðherranefnd Evrópuráðsins nú fyrir örfáum dögum síðan sögðu það fullum fetum að þeir vildu ganga til samstarfs við samtök lýðræðisríkjanna um mannréttindi í Evrópu, en þeir gerðu sér ljóst að áður en til þess gæti komið þyrftu þeir að koma á ýmsum umbótum í löggjöf ríkja sinna og þeir þyrftu að vinna að því að breyta efnahagskerfi þessara ríkja alveg frá rótum. Þeir sögðu það fullum fetum að þeir vildu koma á markaðskerfi, þeir vildu koma á skiptingu valdsins og koma á kerfi sem virti einstaklingana og rétt þeirra, þeir vildu auka lýðræði í eign fyrirtækja og koma á samstarfi við erlenda aðila um eign fyrirtækja í löndunum. Ég nefni þessi atriði sérstaklega til þess að sýna fram á og minna á það að þó að hreyfingar þær sem nú eru og okkur berast fregnir af á hverjum degi í Austur-Evrópu séu fyrst og fremst byggðar á hugmyndafræðilegum grunni, á þránni til frelsis og mannréttinda er þarna ekki síður um að ræða sókn til betri efnahags í ríkjunum og betri kjara fyrir borgara þeirra. Þess vegna er það deginum ljósara að allt þetta breytir að öllum líkindum áherslum hjá Evrópubandalaginu. Engu að síður er það rétt að við þurfum sannarlega að leggja áherslu á það samstarf sem fer fram innan EFTA og viðræðurnar milli EFTA og Evrópubandalagsins.

Ég get ekki neitað því að ég varð töluvert efins í janúarmánuði þegar Jacques Delors flutti hina frægu ræðu sína, sem setti þetta ferli allt af stað eða a.m.k. jók hraða þess mjög, og sagði að hann vildi standa að viðræðunum við EFTA á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984, en svo bætti hann við: Til þess þarf EFTA að breyta innra skipulagi sínu, þarf að breyta sínu kerfi og síðan getum við komið á viðræðum sem byggja á tveimur stoðum eins og það hefur verið orðað. Mér leist svo á þegar ég heyrði þetta fyrst að þarna væri forustumaður Evrópubandalagsins að segja EFTA fyrir um það hvernig það ætti að haga sínu skrifstofuhaldi eða haga sínu innra starfi og mér þótti það tæpast viðeigandi, enda var ég heldur mótfallin því að tvö sams konar kerfi væru byggð upp í Evrópu með álíka skrifstofubákni. Ég gat ekki alveg séð rökin fyrir því og ef það væri ætlunin að búa til sams konar kerfi væri miklu

einfaldara að tengjast Evrópubandalaginu beint. Ég hef hins vegar sannfærst um það og séð það í meðferð þessa máls að EFTA hefur tekist að halda sinni starfsemi innan miklu þrengri marka ef ég má svo segja. Þau samtök hafa ekki farið fram yfir þau mörk sem ég tel að nauðsynleg séu til þess að halda uppi því samstarfi og mér virðist það sannarlega mjög skynsamleg aðferð sem gripið hefur verið til, að halda áfram viðræðunum við Evrópubandalagið í þeim tilgangi að koma á evrópsku efnahagssvæði.

Ég sé, frú forseti, að klukkan er alveg að verða hálffimm. Það hefðu verið nokkur atriði sem mig langaði til að víkja að. Ég geri mér grein fyrir því að það þarf að fresta umræðunni mjög fljótlega og því skal ég stytta mál mitt. Mig langaði til að vekja sérstaklega athygli á því að þó að ljóst sé að unnið hefur verið með undraverðum hraða af hálfu þeirra embættismanna sem hafa undirbúið þessar flóknu viðræður á þeim fjórum sviðum sem ætlað er að stefna að meira frelsi á og einnig í jaðarmálefnunum er samt mjög mikið verk eftir. Og mér virðist enn þá vera afar óljóst hvert umræðan t.d. um félagsmálasamstarfið mun leiða, með hvaða hætti verður hægt að ganga þannig frá félagsmálasáttmálanum að unnt sé að koma ákvæðum hans með virkum hætti út í löggjöf landanna. Um það vildi ég gjarnan fá tækifæri til að ræða síðar og segja hins vegar aðeins að ég tel að það sem við þurfum að gera núna sé að fá hér á borðin þáltill. um umboð til handa hæstv. utanrrh., og gefa honum það umboð. Jafnframt vonast ég til að unnt verði að samþykkja aðra tillögu sem ég veit ekki hvort kemur inn á borð þingmanna en hún er a.m.k. komin fram í utanrmn. Hún var lögð fram þar í morgun. Fulltrúar Sjálfstfl. lögðu fram tillögu í utanrmn. þess eðlis að . . . (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni því þá verð ég að biðja hv. þm. að fresta ræðunni því að hér verða nú að hefjast utandagskrárumræður.) Já, ég mun taka því boði hæstv. forseta, en vill ekki hæstv. forseti leyfa mér rétt að skýra frá því að í utanrmn. lögðu þingmenn Sjálfstfl. fram í morgun tillögu um að beina því til hæstv. utanrrh. og forsrh. að taka upp viðræður við ráðamenn Evrópubandalagsins, þ.e. ráðherra Evrópubandalagsins, a.m.k. undirbúa þær viðræður, um að fallið verði frá tollum á saltfiski og nokkrum öðrum afurðum þannig að þeir tollar verði samanlagt ekki hlutfallslega hærri en þeir voru þegar gengið var frá bókun 6. Tillagan er um þetta atriði en ekki tvíhliða viðræður sem taki á öllum samstarfsefnum heldur einungis þessu sérislenska viðfangsefni.

Ég þakka, frú forseti, og bið velvirðingar á að ég skýrði frá þessari tillögu, en ég taldi rangt að byrja á því að segja að lögð hefði verið fram tillaga og segja svo ekkert um hvað hún var.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gildistaka virðisaukaskatts.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefjast umræður utan dagskrár sem leyfðar hafa verið skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga. Það er hv. 1. þm. Suðurl. sem hefur beðið um að ræða ósamhljóða fréttir af aðgerðum vegna væntanlegrar löggildingar virðisaukaskatts. Í framhaldi af því vil ég segja hv. þingheimi að gert er ráð fyrir kvöldfundi hér sem hefst kl. 8.30.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það hefur smám saman verið að koma í dagsljósið og æ betur með hverjum deginum sem liðið hefur að hæstv. fjmrh. er allsendis ófær um að vinna að nauðsynlegum undirbúningi á gildistöku virðisaukaskatts um næstu áramót svo sem lög segja fyrir um. Fyrir skömmu samþykkti flokksstjórn Alþfl. að fresta mætti gildistöku virðisaukaskatts. Með þessari samþykkt var flokksstjórn Alþfl. að lýsa yfir vantrausti á hæstv. fjmrh., vantrausti sem tekið er undir af öllum almenningi og forustumönnum atvinnuvega í þessu landi, vegna hins lélega undirbúnings að gildistöku virðisaukaskattsins, vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur ekki fram til þessa getað leitt ríkisstjórnarmeirihlutann til sameiginlegrar niðurstöðu um það með hvaða hætti skatturinn á að taka gildi sem þó hefur verið lögfestur. Á undanförnum vikum hefur svo komið í ljós að hluti Framsfl. a.m.k. hefur tekið undir þá stefnumörkun sjálfstæðismanna að skatturinn skuli vera í tveimur þrepum með lægra þrepi fyrir matvæli.

Nú er nýafstaðinn miðstjórnarfundur Framsfl. Mér skilst að á þeim fundi hafi komið fram að hluti þingmanna Framsfl. vill að virðisaukaskattur taki gildi þegar um áramót með tveimur þrepum, annar að hann taki gildi í einu þrepi um áramót en verði svo settur í tvö þrep einhvern tíma síðar á árinu, og hæstv. forsrh. hefur þar að auki komið fram með hugmyndir um það að athuga þurfi sérstaklega að hann verði í einu þrepi og hætt verði öllum niðurgreiðslum og að skatthlutfallið verði enn lægra og kórónar það nú enn þessa sápuóperu sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett á svið um þennan virðisaukaskatt, það sérstaka viðtal við hæstv. forsrh. Þótt þær hugmyndir séu góðra gjalda verðar hlýtur að þurfa að koma fram hér á hinu háa Alþingi hvort þessi formlegi oddviti ríkisstjórnarinnar er þar að tala fyrir hönd stjórnarflokkanna og hvort stjórnarflokkarnir eru í alvöru að tala um breytingar af því tagi.

Í morgun mun það svo hafa gerst að alþýðuflokksmenn hafa sett upp nýjar spurningar í þessu efni, og í útvarpi í hádeginu lýsti formaður Alþfl. því yfir að eins og málum væri komið gæti virðisaukaskatturinn tæpast tekið gildi um áramót. Hæstv. fjmrh. lýsti því á hinn bóginn yfir að eins og sakir stæðu mundi hann taka gildi um áramót.

Vinnubrögð af þessu tagi, sápuópera sem hæstv.

ríkisstjórn hefur sett á svið um þessa einhverja viðamestu skattkerfisbreytingu sem gerð hefur verið, sem snertir hagsmuni allra atvinnufyrirtækja í landinu og heimilanna í landinu, er auðvitað óþolandi. Þess vegna verður að ætlast til þess að hæstv. fjmrh. gefi um það skýr svör, og ég vænti þess og trúi því að hann hafi notað þá stund sem gefist hefur nú síðdegis til þess að ákveða hvað hann ætlar að segja Alþingi Íslendinga og Íslendingum, um það með hvaða hætti virðisaukaskattur á að taka gildi um áramótin eða hvaða afstöðu og stefnu hæstv. ríkisstjórn hefur í þessum efnum. Lengur verður ekki dregið að gefa skýr svör þar um.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Undirbúningur að gildistöku virðisaukaskatts hefur verið mjög víðtækur og á undanförnum vikum hafa verið gefnar út þær reglugerðir sem brýnastar eru í þessum efnum og næstu daga verða gefnar út þær reglugerðir til viðbótar sem einkanlega hefur verið kallað á í þessum efnum. Það er rétt að hv. alþm. átti sig á því að í þessu sambandi erum við mun fyrr á ferðinni með margar af þessum reglugerðum en t.d. Danir voru þegar þessi skattkerfisbreyting átti sér stað hjá þeim. Á undanförnum vikum hafa einnig átt sér stað viðræður við fjölmarga forustumenn í atvinnulífi. Það hafa átt sér stað viðræður við mikinn fjölda forsvarsmanna fyrirtækja og ég hef einnig átt viðræður við fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands og Verslunarráðs Íslands.

Ég tel alveg einsýnt eftir allar þessar viðræður og athuganir að það er ekkert því til fyrirstöðu að virðisaukaskattur geti tekið hér gildi um næstu áramót. Það er hins vegar alkunna og þarf ekki að hafa um það langt mál að á undanförnum árum hafa verið ólíkar skoðanir um það hvort virðisaukaskatturinn ætti að vera í einu þrepi eða fleirum. Þar hafa menn sérstaklega rætt það hvort virðisaukaskattur á matvæli, og þó einkum innlend matvæli, væri í lægra þrepi en almennt væri í virðisaukaskattinum.

Það sem hefur verið að gerast á undanförnum missirum í þeim efnum er að stjórnmálaflokkar sem áður voru eindregið fylgjandi því að virðisaukaskattur væri í einu þrepi, eins og t.d. Sjálfstfl., hafa tekið upp aðra stefnu. Sjálfstfl. tók upp þá stefnu fyrr á þessu ári að vilja virðisaukaskatt í tveimur þrepum og aðrir stjórnmálaflokkar í landinu hafa einnig verið að skoða þetta mál sem er ósköp eðlilegt vegna þess að skatturinn er með ýmsum hætti í fjölmörgum löndum.

Það er fyrst núna sem það liggur fyrir að innan ríkisstjórnarinnar er samstaða um að vilja skoða virðisaukaskatt í tveimur þrepum með lægra þrepi á matvælum. Ég mun að sjálfsögðu leggja fram tillögur í þeim efnum en tel skynsamlegast að fara í málið með þeim hætti að um áramót taki gildi sá virðisaukaskattur sem við höfum stefnt að í þeirri mynd sem stjórnarflokkarnir sömdu um sín á milli í sumar. Það mun hafa í för með sér verulega lækkun á algengum innlendum matvælum um næstu áramót og síðan verði tekinn upp virðisaukaskattur í tveimur þrepum með lægra þrepi á matvælum síðar á árinu eða í síðasta lagi um næstu áramót, áramótin 1990–1991.

Þetta eru þær tillögur og þær aðferðir sem ég tel skynsamlegast að verði fylgt í þessu máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Til eru þeir menn, margir þeirra hér inni í þessum hv. sal, sem telja sig lengi hafa haft alslemmu á spilum sínum, nefnilega með því að spila út stóra trompinu um að unnt sé að lækka matvælaverð á Íslandi með því að taka upp virðisaukaskatt í tveimur þrepum. Nú er komið að því að þeir menn sýni sín spil og það komi á daginn hvort þetta eru virkilega tromp eða bara tómir hundar. Málið stendur svona: Virðisaukaskattur á að taka gildi um áramót. Þeir sem komu honum á voru sá sem hér stendur, með dyggum stuðningi hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl., og formanns Framsfl., 22%, því miður með helst til miklum undanþágum.

Þessi ríkisstjórn hafði gert með sér samkomulag um að virðisaukaskattur skyldi að vísu taka gildi um áramót, en við höfðum samið um ákveðnar breytingar á honum í málefnasáttmála, við fjárlagasmíð og við undirbúning frumvarps. Breytingin skyldi verða sú að til þess að tryggja skattframkvæmdina skyldi hann vera í einu þrepi, en til þess að mæta sjónarmiðum um lækkun matvælaverðs skyldi endurgreitt sem svaraði ígildi 13% skatts á þýðingarmestu matvæli. Fjmrn. hefur metið það svo að þetta mundi leiða til 9–10% verðlækkunar á mjólk, keti og fleiri vörum.

Nú hefur það gerst að stofnanir samstarfsflokka okkar alþýðuflokksmanna, landsfundur Alþb., miðstjórnarfundur Framsfl., hafa ályktað um að þeir vilji fara að dæmi Sjálfstfl. og taka upp tveggja þrepa skatt, sem og hafa ýmsir forustumenn lýst því yfir að þeir vilji fara þessa leið. Niðurstaðan er sú að það er ekki lengur þingmeirihluti að mínu mati fyrir því samkomulagi sem upphaflega var gert.

Það sem þingflokkur Alþfl. hefur þess vegna gert er eftirfarandi:

Við segjum: Við erum reiðubúnir að skoða, jákvæðum huga og vandlega, tillögur sem kunna að verða lagðar fram um tveggja þrepa virðisaukaskatt sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum: Að lækka matvælaverð, að tryggja að ekki verði meiri halli á ríkissjóði án þess að grípa til meiri tekjuöflunar.

Við erum búnir að fara yfir þessi dæmi og þetta er búið að vera helsta deilumál í íslenskum þjóðmálum núna á þriðja ár. Dæmin eru þekkt, og hv. fyrirspyrjandi þekkir þau mætavel, líka úr fyrri tilveru sinni sem fjmrh., og dæmin eru svona: Það er vissulega ekkert sem kemur í veg fyrir það að við setjum tveggja þrepa virðisaukaskatt en afleiðingarnar eru þessar:

Ríkissjóður tapar við það umtalsverðum tekjum. Ef þið setjið matinn og menninguna í 13% þrep þá er tapið 3–4 milljarðar. Það þýðir í öðru lagi að það er minna fé til þess að greiða niður matvælaverð. Það þýðir í þriðja lagi að þetta minna fé sem eftir er til

þess að greiða niður matvælaverð kemur á breiðari stofn þannig að það munar minna um það og afleiðingarnar mundu t.d. verða þær að þær matvörur sem við greiddum niður þegar því var logið upp að hér væri settur á matarskattur, þær matvörur sem við höfum greitt niður að fullu, mundu við þessa breytingu hækka í verði.

Við munum að sjálfsögðu halda áfram þessum umræðum en fyrir hönd míns flokks segi ég: Það hefur aldrei verið Alþfl. trúaratriði að ekki mætti koma með tveggja þrepa virðisaukaskatt ef þeir sem það styðja geta sýnt fram á að það leiði til lækkunar á matvöruverði, að það kosti ekki meiri skattlagningu til meiri niðurgreiðslna og í þriðja lagi að það tryggi þá framkvæmd í skattakerfinu í virðisaukaskatti að það verði ekki aftur opnaðar allar gáttir til skattundandráttar á þeim skattpeningum sem almenningur í landinu borgar yfir búðarborðið vegna þess að það var undirrótin, barátta okkar gegn þessum skattundandrætti.

Ef spurt er: Hvað tekur nú við? er mitt svar þetta, mjög stuttlega, virðulegi forseti:

Ég met það svo að ekki sé meiri hluti fyrir þeim tillögum sem samkomulag varð um innan ríkisstjórnarinnar. Ég geri þess vegna ráð fyrir að flutt verði frv. til laga um frestun á gildistökuákvæði þeirra virðisaukaskattslaga sem ella hefðu komið í gildi um áramót. Ég met það svo, og þetta þarf þjóðin að vita, að söluskattskerfið, óbreytt, slíkt sem það er, hljóti þess vegna að vera í gildi eitthvað fram á næsta ár. Hversu lengi get ég ekki svarað. Það ræðst af því hvenær menn hafa komið með tillögur sem fullnægja þessum skilyrðum: Tveggja þrepa virðisaukaskattur, undanþágur eða lægra þrep fyrir allan mat og menningu, lægra matvöruverð án þess að raska forsendum fjárlaga. Ef einhver getur komið með slíkt frv. munum við glaðir og heils hugar styðja það.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er að vísu a.m.k. eitt rétt sem hæstv. utanrrh. sagði í sinni ræðu, að þeir stóðu að þessu Sjálfstfl. og hann, að koma á þessum virðisaukaskatti eins og hann var. (**Gripið fram í:** Og Framsfl.) Það voru fyrst og fremst þessir tveir flokkar sem börðust fyrir því. Það er mér kunnugt um. En það er rangt að samið hafi verið um það að setja þennan skatt svona. Það var samið um — (Gripið fram í.) Ég veit a.m.k. ekki annað. Þá hefur verið farið á bak við mig — að þarna yrðu tvö þrep. Ég spurði hæstv. fjmrh. að því fyrir tíu dögum hvort það væri ekki rétt að það ættu að vera tvö þrep, 13% og 26%, og hann staðfesti það hér.

Ég segi fyrir mig að ég tek ekkert mark á því þó að lofað sé að gera þetta t.d. um næstu áramót. Ef settur verður á skattur í einu þrepi — ja, við vitum hvernig hefur verið staðið við sumt af því sem hefur verið lofað, t.d. af Alþfl., í þessu efni. Ég tek ekkert mark á því og tel að annaðhvort verði að fresta þessu, ef ekki er hægt að standa við það sem búið er að tala um, eða láta það standa, tvö þrep, og ég treysti hæstv. fjmrh. fullkomlega fyrir því að standa við það sem hann hefur sagt í þessu efni. (**Gripið fram í:** Nei.) Það geri ég.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Enn einu sinni er rætt hér um virðisaukaskatt og ekki að ástæðulausu. Við höfum nú heyrt hæstv. ráðherra, fjmrh. og utanrrh., lýsa misjöfnum skoðunum. Annar segir að það sé nákvæmlega ekkert mál að setja virðisaukaskattinn á um áramót. Hinn kemur hér og boðar það að söluskattskerfið núverandi verði fram á næsta ár. Síðan koma þessir menn og reyna að telja þingi og alþjóð trú um að það sé eining innan ríkisstjórnarinnar.

Auðvitað er bullandi ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um þetta mál, enda segir, með leyfi forseta, í Dagblaðinu í dag: „Í samþykkt Alþýðuflokksins segir að samstarfsflokkar Alþýðuflokks í ríkisstjórn hafi brotið ákvæði málaefnasamnings ríkisstjórnarinnar með yfirlýsingum sínum og samþykktum.“ Þarna er verið að fjalla um virðisaukaskattinn. Ég sé ekki annað en að stjórnarslit séu hér í vændum. Þau hljóta að vera í farveginum.

Hæstv. utanrrh. kemur hér upp í stól og setur ákveðnar kröfur og tillögur fram til þess að Alþfl. geti fallist á virðisaukaskattinn í þeirri mynd sem hæstv. ráðherra boðar. En þær kröfur og þær tillögur eru þannig að það er greinilega ekki hægt að ganga að þeim. Það er ekki hægt að verða við þeim. Í mínum huga boðar þetta ekkert annað en að menn eru að reyna að koma sér út úr ríkisstjórn. Hins vegar er það alveg ljóst að velflestir vilja þó gjarnan sitja áfram þó að það þýði það að sitja með skömmina í hattinum, hæstv. utanrrh.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg greinilegt að uppi eru margar skoðanir innan ríkisstjórnarinnar varðandi þetta mál, en maður getur þó alltaf vonað að þessi hringlandi sem þarna er á ferðinni verði til einhvers góðs. Það getur vel verið að þetta verði þó til þess að mennirnir átti sig á því að það er náttúrlega alveg óverjandi að setja söluskatt, eða virðisaukaskatt eftir atvikum, á matvæli og nauðsynlega þjónustu, og ég get fullvissað hæstv. utanrrh. um það að bæði nauðsynlegasta þjónustan og matarverð mun lækka ef söluskatturinn verður felldur af matvælunum og að sjálfsögðu gildir það sama um virðisaukaskattinn. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hætta við að taka upp virðisaukaskatt og það virðist vera greinilegt að fleiri eru þeirrar skoðunar að það þurfi a.m.k. að fresta gildistöku virðisaukaskattslaganna. Ég gef mjög lítið fyrir loforð um að hann verði e.t.v. lækkaður á næsta ári, í síðasta lagi um áramót. Við vitum nákvæmlega hversu loforð ríkisstjórnarinnar hafa reynst og ég held að það sé ákaflega hæpið að treysta henni í þessu máli frekar en öðrum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það kemur í ljós nú við þessar umræður að allir stjórnmálaflokkarnir sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa lýst því yfir að þeir vilja virðisaukaskatt með tveimur þrepum, þeir sem á annað borð eru fylgjandi virðisaukaskatti.

Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að það sé enginn þingmeirihluti fyrir núverandi stjórnarstefnu og hann hefur beðið um frest á málinu fram eftir næsta ári. Undir það hefur reyndar tekið hv. þm. Stefán Valgeirsson þegar hann segir að hann hafi spurt um það hvort virðisaukaskattur verði lagður á með einu eða tveimur þrepum og fengið skýr svör um það sem eru önnur en þau sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. við þessa umræðu.

Það eru tveir hv. þm. sem þurfa að taka hér til máls, fyrst hæstv. forsrh. sem verður að koma hér í pontu og gera grein fyrir skoðunum Framsfl., sem hélt fund núna um helgina, og segja skýrt og skorinort frá því hvort Framsfl. hafi sömu stefnu og hæstv. fjmrh. og ef ekki hvaða skoðun Framsfl. hefur á þessu máli, og það er líka hlutverk hæstv. forsrh. sem á að heita fyrirliði í þessari hæstv. ríkisstjórn að kveða upp úr um það hver sé stjónarstefnan því að hún finnst ekki við þessa umræðu.

Loks vil ég víkja máli mínu til hæstv. ráðherra Júlíusar Sólnes. Hver er skoðun Borgfl.? Þegar Borgfl. kom inn í ríkisstjórnina fengu þeir því framgengt að gróft brauð kom inn í upptalninguna um þá vöruflokka sem áttu að verða undanþegnir fullum virðisaukaskatti eða að endurgreiðsla ætti að fara til bakaranna vegna grófs brauðs. Það var það eina sem þeir fengu fram. Nú er það horfið úr tillögum sem er verið að ræða. Af þessu tilefni, þegar gengið er svona á stefnu Borgfl., að hann fær ekki lengur endurgreiðslu vegna grófs brauðs, hlýtur þjóðin auðvitað að spyrja formann Borgfl. um það hver sé stefna flokksins í dag þegar það eina sem hann lagði til hefur fallið brott úr fyrirhuguðum hugmyndum hæstv. ríkisstjórnar, ef á annað borð er hægt að tala um einhverjar hugmyndir í þessu sambandi. (**Utanrrh.:** Þú lifir ekki á brauði einu saman, hv. þm.) Ég veit að ýmsir menn hafa gert mikið úr brauði, þar á meðal einn sem hæstv. utanrrh. vill helst líkjast því að hann breytti litlu brauði í brauð fyrir marga. En því miður verð ég að segja við hæstv. utanrrh. að þó að hann sé mikill maður hugsa ég að hann geti nú ekki að öllu leyti farið í föt þess manns sem var uppi fyrir tæpum tvö þúsund árum. (**ÞP:** *Hann er alla vega kominn í sandalana.*)

Virðulegur forseti. Þessi umræða hér í dag skýrir auðvitað betur en flest annað að stærsta vandamál þjóðarinnar í dag er hæstv. ríkisstjórn. Ef ekki kemur fram frv. á næstu tveimur dögum sem stjórnarmeirihlutinn á Alþingi lýsir yfir að hann sé samþykkur er þetta mál auðvitað dautt, og enginn virðisaukaskattur verður settur á um næstu áramót.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Eins og þeir þekkja sem hafa séð samþykktir aðalfundar miðstjórnar Framsfl. kemur þar greinilega fram að Framsfl. er reiðubúinn að standa við það sem segir í málefnasáttmála, að innleiða virðisaukaskatt með einu þrepi. Framsóknarmenn hafa hins vegar sagt, og reyndar fjallað alloft um það á þingflokksfundum, að sjálfsagt sé að skoða framkvæmd þessa viðamikla máls og ef ná megi betri árangri með því að fara í tveggja flokka kerfi eigi að gera það — (Gripið fram í.) Tveggja þrepa, fyrirgefið þið. Tveggja flokka kerfi væri að vísu ágætt — tveggja þrepa kerfi eigi að skoða, og við teljum sérstaklega eftir samþykktir flestra félagssamtaka, VSÍ, ASÍ, BSRB, Neytendasamtakanna og Stéttarsambands bænda, að það eigi að skoða. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að eftir þann mikla undirbúning sem hefur orðið, og mörg fyrirtæki eru reiðubúin til þess að taka upp virðisaukaskattinn eins og kom fram, að því er mér er tjáð, mjög greinilega hjá Verslunarráðinu á fundi í hádeginu, væri skynsamlegast að taka hann upp og halda síðan áfram skoðun á því hvernig þetta verður gert sem best. Virðisaukaskattur er mjög flókin skattmeðferð, og mér dettur ekki í hug annað en að þar þurfi að skoða ýmsa þætti í framkvæmdinni eftir því sem reynsla fæst.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Er Borgfl. gerðist aðili að þessari ríkisstjórn lagði hann höfuðáherslu á það meginverkefni þeirrar ríkisstjórnar að lækka matarverð. Við inngöngu Borgfl. í ríkisstjórnina var það samþykkt að helstu matvæli, kjöt, mjólk, fiskur og innlent grænmeti, lækkuðu í verði við upptöku virðisaukaskatts með endurgreiðslu. Við það samkomulag stöndum við eins og ég hef lýst hér yfir áður. Aðalatriði þessa máls er ekki hvort virðisaukaskatturinn skuli vera í einu eða tveimur þrepum, heldur hitt hvaða fyrirkomulag leiðir til mestu lækkunar matvæla og kostnaðar heimilanna í landinu, einnig að sú lækkun sem verður verði varanleg. Ég vil benda á þetta þar sem menn hafa haldið að tvö þrep í virðisaukaskatti hafi sjálfkrafa í för með sér lækkun. Ég held að útreikningar sýni að svo er ekki í samanburði við það kerfi er við samþykktum er við gengum inn í ríkisstjórnina. Ég vil bara að þetta komi hér fram til þess að lýsa í stuttu máli viðhorfi, alla vega mínu, til þessa máls.

Vegna orða hv. 1. þm. Reykv. um gróft brauð, að það hafi verið kappsmál okkar borgaraflokksmanna að það kæmi líka undir þetta kerfi, hefur því miður komið í ljós að þær aðferðir sem viðhafðar eru í virðisaukaskattinum leiða ekki til þeirrar lækkunar sem við væntum og það endurgreiðslukerfi sem er í núgildandi frv. kemur ekki til með að gefa þá lækkun sem við væntum.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það að þegar virðisaukaskatturinn kom til umræðu í þinginu í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar lögðumst við gegn

virðisaukaskatti. Ég hef í sjálfu sér ekki breytt um skoðun, en hins vegar sjáum við ekki ástæðu til þess að leggjast gegn virðisaukaskatti eins og mál hafa þróast því að það er alveg ljóst að það er mikill meiri hluti á þingi fyrir virðisaukaskatti og það er mikill meiri hluti í íslensku atvinnulífi fyrir því að taka upp virðisaukaskatt. Við ætlum ekki að standa og berjast við allt atvinnulíf landsmanna. Ég hef mínar efasemdir um ágæti virðisaukaskatts, en úr því að atvinnulífið að miklum meiri hluta til telur ráðlegt að taka upp virðisaukaskatt er sjálfsagt að gera það.

Ég minni á það að Borgfl. flutti brtt. þegar við umræðu um virðisaukaskattslögin í þinginu veturinn 1987–1988 um að taka upp virðisaukaskatt í tveimur þrepum með lægra þrepi á matvæli og helstu lífsnauðsynjar. Það voru því þingmenn Borgfl. sem fyrst vöktu athygli á að það yrði engin leið að komast út úr þessu skattkerfi nema með tveimur þrepum, öðru og lægra þrepi á matvæli og helstu lífsnauðsynjar.

Sl. vor, í mars, að mig minnir, fluttum við hv. þm. Guðmundur Ágústsson frv. til laga um að breyta þágildandi virðisaukaskattslögum. Þannig yrðu tekin um tvö þrep, annað lægra þrep, 12% hæst fyrir matvæli og helstu lífsnauðsynjar, og hærra þrep, sem við hækkuðum úr 22% í 24%, fyrir allt annað. Það má því segja að það er Borgfl. fyrir að þakka að umræðan er nú komin á það stig að það er að skapast þingmeirihluti fyrir tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi. Þannig hafa fimm þingmenn Borgfl. fengið þessu áorkað sem átján þingmenn Sjálfstfl. fengu ekki þokað tommu. (**Gripið fram í:** Oft veltir lítil þúfa ...) Já. Þjóðina hefur því munað meira um að það sitja fimm þingmenn Borgfl. á þingi en átján þingmenn Sjálfstfl. (**ÞP:** En hver er stefnan núna? Það var spurt um það.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á að þingflokksfundir ættu nú að vera að hefjast. Enn eru þrír hv. þm. á mælendaskrá og gef ég nú hinum fyrsta orðið, verði því ekki mótmælt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er greinilega ekki vanþörf að halda áfram þeirri umræðu sem hér fór fram á föstudaginn, um virðisaukaskattinn. Það er ljóst að málið er enn óuppgert og enn óákveðið og ekki vanþörf á að hafa stjórnarandstöðuna með í ráðum. Yfir málinu öllu hvílir bæði óróa og ruglingur.

Best færi á að fella niður virðisaukaskattinn. Að öðrum kosti væri betra að bíða og fresta, því þeim mun lengur sem er frestað þeim mun meir vitkast menn greinilega og sjá að það er ekki hægt að leggja einn hæsta virðisaukaskatt í Evrópu eða 26% á matvæli sem eru þegar dýrari hér á landi en víðast hvar annars staðar. Það kemur auðvitað ekki til greina.

En mig langar til að inna svolítið betur eftir þessu loforði hæstv. utanrrh. Mér fannst málflutningur hans með endemum hér. Hann kemur hér upp fyrst til þess að segja að það sé ekki hægt að framkvæma það sem flokksstjórn Alþfl. síðan lofar að gera. Með ákveðnum skilyrðum, þýðir það það að ef ekki verður staðið við þessi skilyrði þá gildi ekki loforð Alþfl. ef síðar kemur í ljós að það reynist ekki eins og hæstv. utanrrh. greindi frá? Mun Alþfl. þá ekki standa við þessa samþykkt? Og samþykkir hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. slíkt loforð?

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Þessar umræður leiða það ótvírætt í ljós að þetta mál er í fullkomnu uppnámi og þessi merka kerfisbreyting í skattamálum er í hættu vegna þess ágreinings sem upp er kominn í stjórnarliðinu.

Hv. málshefjandi bar hér fram eina einfalda spurningu: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar? Hvernig verður þetta mál um áramótin þegar lögin taka að óbreyttu gildi? Við hverju eiga þúsundir aðila úti í þjóðfélaginu að búast og undir hvað eiga þeir að búa sig? Svarið við þessu hefur ekki komið fram. Hæstv. fjmrh. hefur sagt: „Ég tel skynsamlegast ...“ Forsrh. hæstv. hefur sagt: „Ég tel skynsamlegast ...“ Og hæstv. utanrrh. flutti ræðu um það að hans stefna, sem er allt önnur en hinna tveggja, sé það sem rétt sé, sem sagt að fresta málinu.

Þetta auðvitað gengur ekki, hæstv. forseti. Það eru fjórar starfsvikur eftir af þinginu til jóla. Hér eru ýmis önnur tímafrek mál á ferðinni og það verður að fást niðurstaða í þetta mál. Ríkisstjórnin hefur hleypt þessu máli í uppnám. Stjórnarflokkarnir, með yfirlýsingum á alla enda og kanta, hafa stefnt þessu máli í hættu og það verður að fást botn í málið. Ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er ófær um að komast að frambærilegri niðurstöðu í þessu máli. Það liggur alveg fyrir að þar er hver höndin upp á móti annarri. Það er þess vegna rétt sem fram kom hjá talsmanni Sjálfstfl. í þessu máli hér um daginn, að úr því sem komið er, vegna þeirrar réttaróvissu sem ríkisstjórnin hefur skapað, er óhjákvæmilegt að fresta þessu máli um sex mánuði.

Virðulegi forseti. Þessi hálftímatakmörk á umræðu um mál sem þetta eiga auðvitað illa við og við þurfum að fá hér miklu lengri tíma í umræður um þetta mál. Ég vildi bara ljúka máli mínu, virðulegur forseti, með því að rifja upp í tilefni af ræðu hæstv. utanrrh. að Alþfl. berst nú með kjafti og klóm fyrir því að hér verði komið á virðisaukaskatti með einu 26% þrepi. Fyrir þremur árum stóð hæstv. utanrrh. núv., þá sem óbreyttur þingmaður, hér í þessum ræðustól og andmælti því harðlega þegar þáv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson flutti hér frv. um 24% virðisaukaskatt og lét þess sérstaklega getið að Alþfl. gæti aldrei samþykkt virðisaukaskatt sem væri svo hár sem 24%. Allt er þetta gleymt og grafið. Allt er þetta í mótsögn hvað við annað, bæði innan einstakra stjórnarflokka og á milli þeirra.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að illa gengur að láta hálftímann nægja er auðvitað sú að menn tala lengur en þingsköp leyfa, hver og einn. Ég skal reyna að halda mig við tvær mínútur.

Nú hafa talsmenn allra aðila ríkisstjórnarinnar talað í þessum umræðum og ljóst er að frekari svör fást ekki við þeim spurningum sem hér voru bornar fram. Og svörin eru þessi ef ég má draga þau saman í örstuttu máli:

Hæstv. fjmrh. segir að ekkert sé því til fyrirstöðu og ekkert mæli gegn því að lögin um virðisaukaskatt taki gildi um áramót. Hæstv. utanrrh. segir að hann meti málið þannig að það verði að fresta gildistöku laganna eitthvað fram eftir næsta ári. Hv. þm. Stefán Valgeirsson tekur ekkert mark á loforðum stjórnarflokkanna, a.m.k. ekki Alþfl., alls ekki neitt, og segir að annaðhvort verði að fresta þessu eða láta standa loforðið um að þrepin skuli vera tvö eins og hæstv. fjmrh. mun hafa lofað honum og bætir raunar við að það hafi aldrei verið talað um annað en að þrepin verði tvö. Svo kemur hæstv. forsrh. og segist tilbúinn að standa við það að innleiða söluskatt í einu þrepi, en eftir að hann heyrði hvernig landið lá á miðstjórnarfundi Framsfl. flutti hann tillögu um tvö þrep og sjálfsagt að skoða það, eins og það heitir á góðu máli, og bætir svo við að virðisaukaskatturinn sé afskaplega flókin aðgerð, og vissu nú sumir en þögðu þó. Svo kemur hæstv. ráðherra Hagstofu og hefur miklar efasemdir um að það sé nú eitthvert vit í því að taka upp virðisaukaskatt. En hann gefst upp fyrir ofureflinu og situr áfram, auðvitað, í ríkisstjórn.

Það kom fram hjá einum ræðumanni áðan að þetta ósamkomulag sem hér hefur birst hlyti að boða að ríkisstjórnin væri að falla. Menn væru að koma sér út úr stjórninni. Það er ekki mitt mat. Þessi ríkisstjórn er ekkert að falla. Menn munu éta hér allt ofan í sig til að ríkisstjórnin sitji áfram. Það er nefnilega svo komið að afstaða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar skiptir engu máli lengur.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er kórrétt sem hæstv. utanrrh. sagði hér. Núverandi söluskattur, þegar hann var settur á í því formi sem hann er í í dag, var settur á með þeim hætti að hann var að fullu endurgreiddur á brýnustu lífsnauðsynjar. Það hefur að vísu dregið úr þessari fullu endurgreiðslu eftir að núv. hæstv. ríkisstjórn kom til valda, en það sem samið var um eftir að hæstv. ráðherra Hagstofu fékk sæti í ríkisstjórninni var það að í stað fullrar endurgreiðslu á brýnustu matvælum í söluskattskerfinu á að koma hálf endurgreiðsla í virðisaukaskattskerfinu. En þær döpru staðreyndir sem hér liggja fyrir eftir þessa umræðu eru þær að við höfum ríkisstjórn í landinu sem getur ekki komið virðisaukaskatti til framkvæmda sem Alþingi hefur þó samþykkt að skuli taka gildi um áramót og allar fullyrðingar um vanhæfi hæstv. fjmrh. til þess að standa í þeim undirbúningi hafa komið hér fram.

Það er ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir stefna hver í sína áttina og mestu sápuóperuna hefur hæstv. forsrh. sett á svið með því að innan hans flokks vilja menn bæði tvö þrep um áramót — hann sjálfur vill bæði að gildistakan verði um áramót en nokkrum mánuðum seinna komi tvö þrep og þar á ofan eigi að athuga kerfisbreytingu með eitt þrep og að fella niður allar niðurgreiðslur. Þetta sýnir ekki einasta að hæstv. ríkisstjórn er ófær um að koma þessu máli fram og það er þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að fresta gildistökunni. Þetta sýnir einnig að hæstv. ríkisstjórn verður að fara frá. Það eru þeir þjóðarhagsmunir sem hér eru í húfi. — [Fundarhlé.]

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Ragnhildur Helgadóttir (frh.):

Frú forseti. Ég mun nú halda áfram þar sem frá var horfið. Ég var að skýra frá tillögu sem við fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. lögðum fram á fundi nefndarinnar nú í morgun. Það er nú ástæða til að ræða það mál í viðurvist utanrrh. og ekki viðfelldið að ræða það að honum fjarstöddum, sérstaklega vegna þess að hann kom ekki til nefndarfundarins í morgun eins og gert hafði verið ráð fyrir þannig að ef ég má biðja um að ... (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um að utanrrh. mun vera rétt að koma.) Ef ég má þá doka við, fara að dæmi ýmissa ágætra þingmanna og doka við litla stund eftir hæstv. ráðherra.

Frú forseti. Það er nokkuð sérkennilegt að standa í ræðustóli til að tala um þessa mikilvægu skýrslu eftir að hún hefur nú verið rædd svo ítarlega án þess þó að nokkuð liggi fyrir um skýra afstöðu Alþingis. Mér virðist það hljóti nú að fara að líða að því að hæstv. utanrrh. komi. (**Forseti:** Gengur nú hæstv. utanrrh. í salinn og þá vil ég biðja hv. þm. að halda áfram ræðu sinni.) Alltaf er það gleðiefni, frú forseti, þegar þeir birtast sem sárt var saknað.

Ég ræddi um það hér í dag að fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. hefðu flutt þar tillögu um það sem kalla má tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið án þess að vera tvíhliða viðræður í þeim skilningi að þar sé talað um víðtækt samstarf við Evrópubandalagið. Það sem við höfðum í huga voru viðræður um sérhagsmunamál Íslendinga og í raun og veru einungis hluta þessara sérhagsmunamála, það sem við teljum mest aðkallandi og augljóst sanngirnismál.

Þegar við höfum rætt um tvíhliða viðræður á liðnu ári, þá hafa menn oft haft það í huga að í því fælist einhvers konar almennt samkomulag við Evrópubandalagið, jafnvel viðræður um einhvers konar aukaaðild, og þess vegna er það að menn hafa ekki tekið því með sérstakri hrifningu þegar rætt hefur verið um að samtímis viðræðum EFTA og Evrópu-

bandalagsins ættum við líka að vera í tvíhliða viðræðum um slík almenn atriði. Þá hefur það hvarflað að mönnum hvort það geti verið skynsamlegt að vinna þannig á tvennum vígstöðvum, berjast á tvennum vígstöðvum samtímis fyrir sama málefninu, en það er ekki þetta sem við erum að tala um. Við erum hins vegar að tala um málefni sem fullkomin rök eru fyrir og skilningur á og jafnvel yfirlýsing um af hálfu EFTA-ráðherranna í frægri og títtnefndri Oslóaryfirlýsingu, en í yfirlýsingu æðstu manna aðildarríkja EFTA í Osló 14.–15. mars 1989 segir í 16. tölul., með leyfi hæstv. forseta:

„Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra."

Ég held að það sé óhætt að fullyrða að þetta ákvæði í Oslóaryfirlýsingunni taki af tvímæli um það að með því að fara út í tvíhliða viðræður um þessi sérhagsmunamál okkar erum við ekki á neinn hátt að ganga á svig við það samkomulag sem við höfum gert við önnur EFTA-ríki eða að skera okkur úr í þeim hópi eða segja upp samkomulagi við þá á neinn hátt eins og hæstv. utanrrh. lét að liggja í ummælum sínum nú fyrir helgina. — Ég mun gera örlítið hlé. Ég skil það vel að hæstv. ráðherra þurfi að tala við utanríkismálanefndarmenn og ég gagnrýni það alls ekki. En ræðumaður er líka að tala við hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. hefur í mörgu að snúast og þarf að vera á mörgum stöðum í senn eins og eðlilegt er þegar svo er ástatt á stjórnarheimilinu og þar þarf að berja í ýmsa bresti. Við söknuðum hans líka mjög á fundi utanrmn. nú í morgun. Við teljum það í raun og veru alveg óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. finni tíma og fái tækifæri til að sitja fund utanrmn. um þessi efni áður en hann hverfur á vit samstarfsmanna sinna eða starfsbræðra í EFTA-ríkjunum. Það er líka í samræmi við yfirlýsingar hæstv. ráðherra sjálfs á fundi utanrmn. þar sem hann hefur lýst yfir að hann muni formlega bera þetta mál undir utanrmn. áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um framhald viðræðna nú í desembermánuði. Enda er það svo að lögum samkvæmt ber ríkisstjórninni að ráðfæra sig við utanrmn. Alþingis um öll meiri háttar utanríkismál. Það er auðvitað sjálfsagt, bæði að gera þá kröfu að svo sé gert og líka að greiða fyrir því að það verði unnt. Þess vegna væri það langeðlilegast að ræða þessi mál þegar utanrmn. hefði fengið tækifæri til þess að sitja fund með hæstv. ráðherra. Ég þykist vita, án þess að ég hafi nokkurt umboð frá nefndinni að það muni ekki standa á utanríkismálanefndarmönnum að koma til slíks fundar því að við teljum að mikið sé í húfi.

Ástæðan til þess er að hér erum við að fjalla um og gera tillögu um tvíhliða viðræður allt annars efnis og allt annars eðlis en tvíhliða viðræður um almennt samstarf við EB, hugsanlega aukaaðild eða slíkt.

Hér erum við að ræða um mál sem er algjörlega sjálfstætt, er í raun og veru algjörlega afmarkað efni, sjálfstætt að því leyti til að þetta er hlutur sem við verðum að afgreiða hvað sem öðru líður. En á hinn bóginn er það í samhengi við EFTA-viðræðurnar að því leyti til að það er ekki skynsamlegt að okkar mati í Sjálfstfl. að halda áfram með þær til hins ýtrasta án þess að afgreiða áður eða samtímis hagsmunamál okkar í sambandi við tollaniðurfellingu af fiskafurðum. Ef við látum það undir höfuð leggjast, þá erum við í Sjálfstfl. sannfærð um að tíminn vinni gegn okkur, eins og sagt er, að þessu leyti. Það er margt sem bendir til þess að svo sé. Við vísum á bug þeirri röksemd sem hæstv. ráðherra setti reyndar fram í spurningu þegar hann sagði: „Hvað eigum við að bjóða á móti?" Við erum þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða sanngirniskröfu vegna þess að við erum í raun og veru að tala um tollaniðurfærslu á saltfiski og á ferskum flökum. En þessi þáttur hefur stórlega vaxið að mikilvægi síðan bókun 6 kom til framkvæmda á sínum tíma því að þá var meiri hluti saltfiskútflutnings Íslendinga til landa utan Evrópubandalagsins, en núna fer megnið af saltfiskútflutningi til Evrópubandalagslandanna. Þess vegna er það miklu mikilvægara fyrir okkur að ná fram þessari tollaniðurfærslu núna heldur en var þá. Að sögn samstarfsnefndar atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi var þá látið í veðri vaka að Íslendingum yrði gefinn eftir tollur af saltfiski, þó að hann hefði minni þýðingu þá heldur en nú. En eins og við vitum varð staðreyndin allt önnur og nú hefur verið tekinn upp 13% tollur á flöttum saltfiski og 20% á saltfiskflökum. Það var árið 1985 og ástæðan var sögð vera sú að það komu stórir framleiðendur inn í Evrópubandalagið þegar Spánn og Portúgal bættust í hópinn.

Þetta eru auðvitað staðreyndir sem liggja fyrir í ýmsum gögnum og hafa komið fram í ræðum manna, en þetta eru líka staðreyndir sem gera það auðveldara að aðgreina þetta mál algjörlega frá heildarviðræðum EFTA við Evrópubandalagið. Núna þegar 97% af saltfiskútflutningnum fer til Evrópubandalagsins og þegar við horfum til þess hve mjög styrkir Evrópubandalagsins til sjávarútvegsins hafa aukist, þá sjáum við að það eru gjörbreyttar aðstæður að því er þessar tegundir varðar núna frá því sem var þegar bókun 6 tók gildi. Þess vegna er það mjög aðkallandi að við náum því fram sem hreinu sanngirnismáli að viðbótarbókun sé gerð, þannig að við þurfum a.m.k. ekki að búa við hlutfallslega hærri toll nú en þá var.

Út á þetta gengur till. okkar sjálfstæðismanna og við teljum að við megum engan tíma missa. Við höfnum því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, og reyndar fleiri hæstv. ráðherrar, okkur til mikillar hrellingar og allt að því skelfingar, þegar þessir hæstv. ráðherrar tala fullum fetum um að slíkt sé gjörsamlega þýðingarlaust og geti ekki gengið því að það rekist á sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins sem gangi út á sameiginlega nýtingu auðlinda innan bandalagsins. Þetta er auðvitað fráleitt því við erum ekki að tala um gagnkvæma nýtingu auðlinda eða neitt slíkt. Við erum ekki að tala um þátttöku í bandalaginu. Af þeirri ástæðu getur þetta ekki staðist. Það gegnir líka öðru máli í okkar tilfelli með samninga við Evrópu-

bandalagið en við sjáum hér í norrænum gögnum að sé orðið með nágranna okkar og vini á Grænlandi. Eins og menn muna gerðu þeir sérstakan samning við Evrópubandalagið, eftir að þeir sögðu sig úr því, að því er varðar fiskveiðar við Grænland. Sá samningur átti fyrst og fremst að miða að því að tryggja þeim sjálfum réttinn til að ráða fiskveiðunum, en jafnframt létu þeir Evrópubandalagið hafa tiltekinn kvóta af fiskveiðiréttindum í sinni lögsögu sem bandalagið greiddi fyrir í beinhörðum peningum. Þessi samningur var gerður til 10 ára um það leyti sem Grænland gekk úr Evrópubandalaginu og hann hefur nú nýlega verið endurnýjaður til fimm ára. Hann á að gilda frá 1990 til 1995. Í þeim upplýsingum sem ég aflaði mér til að átta mig á innihaldinu í þeim samningi kemur fram að kvótarnir hafa verið minnkaðir en endurgjaldið hefur verið hækkað um 30%. Þetta ályktum við auðvitað að tengist að einhverju leyti aðild Dana, sem fara með utanríkismál Grænlands, að Evrópubandalaginu. En í greininni segir, og ég vitna enn í ritið Nordisk kontakt, nýjasta hefti, að Grænland búi að sérstöku samkomulagi við Bandaríkin og Japan, þ.e. að þessi ríki viðurkenni Grænland sem þróunarland og þess vegna veiti þau því tollaniðurfærslu. Þetta eitt út af fyrir sig, tollaniðurfærslan, væri auðvitað ekki nægileg skýring á því sem segir hér í þessari grein, heldur er það greiðslan sem einnig kemur þarna til skjalanna og svo það þriðja að kvótarnir hafa verið minnkaðir frá því sem var þegar samningarnir voru gerðir fyrir 10 árum.

Að því er Ísland varðar stendur málið allt öðruvísi. Við höfum fríverslunarsamninginn, við höfum bókun 6. Skilyrði sem voru til staðar að því er varðaði saltfiskinn þegar sú bókun tók gildi eru breytt og vilyrði sem sagt er að veitt hafi verið um niðurfellingu tolla af þeim saltfiski hafa brugðist. Þess vegna hefur róðurinn þyngst fyrir íslenska útflytjendur.

Þessi till. vonast ég til að fái samþykki í utanrmn. Og ég vonast líka til þess, þar sem ég sé nú hv. formann utanrmn., að hann boði fund í þeirri nefnd hið allra fyrsta og þess þá heldur sem ég hef heyrt það hér á göngum hússins að hæstv. utanrrh. sé á förum úr landi og muni e.t.v. ekki koma aftur fyrsta kastið, e.t.v. ekki fyrr en eftir jól, ekki veit ég það. Það segir sig sjálft að nú er heldur illt í efni ef við næðum því ekki að ræða þessa till. og fá það alveg svart á hvítu að þetta mál verði tekið upp hið bráðasta og helst áður eða a.m.k. ekki síðar en um leið og haldið er áfram viðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins ef hæstv. ráðherra fær þá umboð til þess frá samstarfsflokkum sínum.

Ég leyfi mér nú að víkja að því í framhaldi af þessu hvers vegna er nauðsyn á hinu almennara umboði fyrir hæstv. ráðherra. Ég get skýrt frá því að þingflokkur sjálfstæðismanna, sem ræddi þessi mál og fleiri nú síðdegis í dag, gerir þá eindregnu kröfu að formlegt umboð liggi fyrir til handa hæstv. utanrrh. og jafnframt að fyrir liggi tilmæli þingsins um að þegar verði undirbúnar samningaviðræður við Evrópubandalagið um að taka sérstaklega til greina hinar breyttu aðstæður að því er varðar saltfiskútflutning Íslendinga og þá miklu aukningu sem orðið hefur á saltfiskútflutningnum til Evrópubandalagslandanna. Samið verði um viðbótarákvæði við bókun 6 um að tollafríðindi fáist eins og ég ræddi um áðan. Með öðrum orðum að þessi tvö atriði, þessi tvenns konar umboð og fyrirmæli eða erindisbréf fylgist að.

Það er náttúrlega algjör háðung fyrir Íslendinga — og ég trúi því reyndar ekki enn — að hæstv. utanrrh. skuli láta sér raunverulega detta í hug að ganga til áframhaldandi viðræðna, þeirra viðræðna sem fram eiga að fara 19. des. án þess að hafa formlegt umboð í höndum. Hvernig heldur hæstv. ráðherra að málstaður Íslands líti út þegar hæstv. ráðherra, formaður ráðherranefndar EFTA, utanrrh. Íslands úr margra flokka ríkisstjórn, mætir og það er ljóst að það er hver höndin upp á móti annarri í þessari hæstv. ríkisstjórn um stefnu gagnvart þessu máli? Eða svo er a.m.k. að sjá. Það er lágmarkskrafa að við fáum það upplýst alveg undanbragðalaust hver er stefna þeirra hæstv. ráðherra sem ekki hafa þegar gefið það til kynna. Mér sýnist vera nokkuð ljóst að hæstv. ráðherrar Alþfl. og hæstv. forsrh. séu allir sammála um að ganga eigi til viðræðnanna milli EFTA og EB án þess að taka upp tvíhliða viðræður. Hæstv. utanrrh. fór heldur háðulegum orðum um þá hugmynd að taka upp tvíhliða viðræður í umræðunum hér fyrir helgi. Mér þykir sú afstaða með ólíkindum því ekki þarf annað en skoða skýrslu hæstv. ráðherra sjálfs, sem liggur hér á borðum okkar og við erum nú að ræða, til að sjá að það stenst ekki sem hæstv. ráðherra sagði að það geti ekki gengið við hliðina á EFTA-viðræðunum. Ég vísa um þetta til tölul. 16 í Oslóaryfirlýsingunni.

Í öðru lagi hljótum við að gera þá kröfu að fá fram hver er afstaða hins ráðandi flokks, eða þess flokks sem til skamms tíma hefur verið ráðandi í ríkisstjórninni, Alþb. Hver er afstaða hæstv. ráðherra Alþb.? Við höfum í höndum niðurstöðu landsfundar Alþb. sem er flokksþing þess flokks og stefnumörkun í þessu máli. Hún er allt önnur en stefna þeirra hæstv. ráðherra frá Framsfl. og Alþfl. sem ég gat hér um áðan.

Í yfirlýsingu Alþb. stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta, þ.e. í ályktun landsfundar Alþb.: „Íslendingar gera kröfu um fríverslun með fisk án tolla og styrkja. EFTA-ríkin hafa fallist á þá stefnu en langt virðist í land að hún hljóti undirtektir innan EB þar sem með sjávarútvegsmál er farið svipað og landbúnaðinn. Gæta verður þess í samningum um þessi mál að fríverslun gangi ekki svo langt að við missum möguleika til þess að stýra ráðstöfun fiskaflans og tryggja að vinnsla haldist í landinu.“ Ég hnaut um þetta orðalag, frú forseti. „Möguleika til að stýra ráðstöfun fiskaflans.“ Hvað þýðir þetta, hvaða dyrum er verið að halda opnum þarna?

Síðar í þessari grein, þar sem vikið er að ófrávíkjanlegri forsendu í viðræðum við Evrópubandalagið, stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Í viðræðum við EB er það ófrávíkjanleg forsenda að Íslendingar

stjórni einir nýtingu fiskistofna við landið og krafa okkar er að fá tollfrjálsan og hindrunarlausan aðgang með sjávarafurðir að mörkuðum bandalagsins." Ég vek athygli á þessu orðalagi. Það eru notuð orðin „að stýra ráðstöfun fiskaflans" og „að stjórna nýtingu fiskistofna við landið". Það segir ekki að Íslendingar skuli sjálfir ráðstafa fiskaflanum og að Íslendingar skuli sjálfir nýta fiskistofnana. Þeir ætla að tryggja sér áhrif í þessu rétt eins og Alþb. hefur nú sagt eftir að það komst að því að rétt væri að skipta um skoðun í stóriðjumálunum, að þeir ætli þar að tryggja sér áhrif með einhverjum hætti þegar útlendingar verði með í spilinu. Hér eru þessir hæstv. ráðherrar ekki viðstaddir svo að það er nú e.t.v. þýðingarlítið að spyrja um hug þeirra. Ég veit að hér er sérfræðingur Alþb. í utanríkismálum, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. En hæstv. ráðherrar, hvað ætla þeir að fela hæstv. utanrrh. að gera? Ætla þeir að láta málið afskiptalaust? Ætla þeir að hafa þá stefnu sem boðuð er í þessu plaggi landsfundar Alþb. þar sem hafnað er viðræðum á grundvelli EFTA og EB samkomulags en krafist tvíhliða viðræðna? Hæstv. utanrrh. hafnar tvíhliða viðræðum en virðist ráðinn í að ganga til EFTA-EB-viðræðna. Þetta eru gjörsamlega ósamrýmanleg sjónarmið, a.m.k. í bili. Það má vera að umþóttunartími, einhverjar klukkustundir sem eftir lifa þangað til hæstv. ráðherra fer úr landi, verði til þess að ríkisstjórnin komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Hér er enn eitt dæmið um það að ríkisstjórnin er ekki samstiga í stóru hagsmunamáli.

Það er ekki einungis til að sýna fram á ósamlyndi ríkisstjórnarinnar sem ég legg þessa miklu áherslu á nauðsyn umboðs hæstv. ráðherra til handa heldur er það svo að ég óttast um hagsmuni Íslands. Ég óttast um hagsmuni Íslands þegar utanrrh. fer til viðræðna í einhverjum þýðingarmestu málum sem við höfum fjallað um á þessari öld, að frátöldu sjálfu sjálfstæðismálinu. Þetta varðar ekki svo lítið sjálft frelsi Íslendinga sem ríkis og alla hagsmuni þessarar þjóðar. Og ég óttast að þessir hagsmunir verði tæpast teknir alvarlega þegar hæstv. ráðherra kemur og hefur hvorki umboð ríkisstjórnar né Alþingis til þess að semja. Hvað þá með umboð atvinnulífsins? Hvað með almenning í landinu? Hvernig var skoðanakönnunin nú á dögunum? Það kom í ljós ótrúlegur upplýsingaskortur. Einhvern veginn höfðu upplýsingar ekki náð eyrum almennings þannig að engin leið var að giska á hvað almenningi þætti um þetta mál þegar upplýsingarnar lægju fyrir. Hvert er þá lýðræðislegt umboð hæstv. ráðherra? Hver er staða þessa máls séð frá lýðræðislegu sjónarmiði? Hæstv. ráðherra hefur hvorki ríkisstjórnina, þingið, atvinnulífið né þjóðina á bak við sig og hvernig í ósköpunum er hægt að ganga til viðræðna, til undirbúnings samningaviðræðna um jafnmikilvæg málefni og þetta þegar svona stendur á?

Ég væri ekki að ræða um þetta núna ef ég væri ekki farin að efast dálítið um að hæstv. ráðherra ætlaði að koma með þáltill. Ég hélt það í dag og ég hélt það til klukkan sex, hálfsjö í dag, að hæstv. ráðherra ætlaði að leggja fram till. til þál. á Alþingi Íslendinga um að hann fengi umboð, á grundvelli skýrslu um EFTA-viðræður og um samstarf EFTA til undirbúnings viðræðna við Evrópubandalagið, stuðning til að halda áfram þessum viðræðum á grundvelli þess mikla og góða starfs sem þegar hefur verið unnið, því að hann þyrfti umboð til þess að halda áfram, ekki af lögfræðilegum ástæðum, heldur pólitískum.

Hæstv. ráðherra sýnir Alþingi og þjóð sinni þá lítilsvirðingu að fara ekki einu sinni fram á slíkt umboð eða stuðning. Mér þykir það afar einkennilegt og mér þykir það allt að því hlutur sem maður blygðast sín fyrir sem þm. á Íslandi að nú muni okkar utanrrh., ég segi okkar utanrrh. úr hvaða flokki sem hann kemur, hann er okkar utanrrh., sitja á fundi til undirbúnings samningaviðræðna um þessi mikilvægu mál með sundraða ríkisstjórn að baki sér þegar aðrir ráðherrar hafa fengið umboð frá sínum þjóðþingum þessa dagana. Ráðherrar Evrópubandalagsins fara ekki heldur til þessara viðræðna umboðslausir. Þeir ætla ekki, samkvæmt fréttum, að mæta til viðræðna 19. des. fyrr en þeir eru búnir að fá formlegt umboð frá ráðherraráði EB. En utanrrh. Íslands, sem þarf að ræða um þátt af lífshagsmunum lands síns í leiðinni, hann fer til viðræðnanna án sérstaks umboðs.

Ég segi, frú forseti, það er ekki um seinan að bæta úr þessu og ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ráðherra og til ríkisstjórnarinnar allrar að standa nú með hæstv. ráðherra að því að biðja um slíkt umboð, formlega, í þáltill., ásamt umboði til þess að ræða um framhald bókunar 6. Þetta segi ég í trausti þess að hv. 2. þm. Austurl. komi þessum skilaboðum til samherja sinna í ríkisstjórninni því að ég efast, eftir það sem á hefur gengið hér í öðrum málum í dag, um að hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskrh. eða hæstv. forsrh. taki að sér að koma þeim skilaboðum áfram. En svo gæti hv. 2. þm. Austurl. auðvitað réttilega sagt sem svo að hann væri enginn sendiboði fyrir þm. Sjálfstfl. Ég er vissulega að tala hér um málefni sem Sjálfstfl. leggur höfuðáherslu á. Það er alveg ljóst. Ég er líka að tala um málefni sem snertir hagsmuni Íslendinga mjög. Og ég er að tala um að gera málstað Íslands sterkari. Þess vegna bið ég hæstv. forseta að taka að sér að koma þeim skilaboðum til hæstv. ráðherra Alþb. að drjúgur hluti þingheims, a.m.k. allur þingflokkur sjálfstæðismanna, væntir þess að þeir greini frá stefnu sinni í þessum málum og væntir þess að ráðherrarnir standi, ásamt hæstv. utanrrh., að till. til þál. um þetta efni. Ef hæstv. utanrrh. sér hins vegar ekki ástæðu til að biðja um slíkt umboð þá sýnir það í hvaða farveg þingræði á Íslandi stefnir. Því ríkisstjórnin situr svo lengi sem þingið veitir henni traust. Ríkisstjórn sem ekki nýtur trausts þingsins er ekki þingræðisstjórn. Ríkisstjórn sem ekki sýnir þinginu fyllstu virðingu á ekki heldur að sitja. Og hæstv. utanrrh., sem ætlar sér að ganga til viðræðna eins og á stendur án þess að biðja um þetta umboð, á ekki að gegna því embætti.

Ég tel sem sagt að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða að það varði því að þingið geti ekki sýnt traust þeirri ríkisstjórn sem kemur fram með þessum hætti gagnvart því og gagnvart borgurum landsins. Þetta felur nefnilega í sér miklu meiri áhættu en einungis þá að við, hvert og eitt okkar, tökum afstöðu með eða á móti ýmsum hugmyndum sem fram koma í þeim skjölum sem við höfum undir höndum um þessi mál. Þetta varðar meiru. Þetta varðar virðingu þessa lands okkar sem okkur hefur verið trúað fyrir. Það varðar virðingu þessa lands í samfélagi þjóðanna og það er okkur lífshagsmunamál að hagur okkar sé virtur, að staða okkar sem þingræðisríkis og menningarríkis sé virt. Ef gengið er fram hjá þessu þá geta þessi verðmæti skerst af völdum þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Mér hefur orðið tíðrætt um þetta mál, frú forseti, því að ég get ekki neitað því að mér er mikið niðri fyrir og ég hygg að svo sé um fleiri þm. en þm. Sjálfstfl. Hæstv. ráðherrar hafa lýst því hér hvað eftir annað að það sé ljóst að við njótum mikils skilnings ráðamanna Evrópubandalagsins, þess vegna getum við hin — það liggur í orðunum — tekið lífinu nokkuð rólega. Þeir hafa rætt persónulega við ýmsa ráðamenn. Hæstv. forsrh. hefur rætt við starfssystkin sín í ýmsum voldugum ríkjum Evrópubandalagsins. Þau hafa mikinn skilning á sérstöðu Íslendinga. Hvers vegna þá ekki að láta þennan skilning sjást í orðum sem eru skráð á blað og verða að viðbót við bókun 6 í fríverslunarsamningnum?

Hver segir ekki við okkur að hann hafi mikinn skilning á sérstöðu okkar? Ég efa ekki að þessir ráðamenn hafi það, en ég held hins vegar að hlutur okkar liggi eftir að nýta þann byr sem okkar ráðamenn segjast hafa orðið varir við. Þann byr verðum *við að nýta núna, en ekki einhvern tíma seinna þegar* kannski hefur orðið samningur á milli EFTA og Evrópubandalagsins. Það hefur e.t.v. fjarað ýmislegt burt á þeim tíma.

Við vitum að það er sitthvað sem bendir til þess að sjálfur undirbúningur Evrópubandalagsins til raunverulegra samningaviðræðna við EFTA sé í raun og veru hvergi nærri kominn í höfn. Við vitum að miklir erfiðleikar eru í sambandi við vissa þætti, í sambandi við félagslega sáttmálann t.d. þar sem ágreiningur er um það meðal ríkjanna hvort fella eigi vissa þætti inn í nýjan, félagslegan sáttmála með þeim afleiðingum að hann verði hluti af lögum landanna. Þá er verið að tala um efnisatriði, lagaleg efnisatriði, sem ekki hafa fengist samþykkt í aðildarríkjunum í þau 30 ár sem félagsmálasáttmáli Evrópu hefur verið til. Það væri með ólíkindum ef þau fengjust samþykkt allt í einu núna á örskömmum tíma. Þess vegna er ágreiningur um hvort félagsmálasáttmáli Evrópubandalagsins á að vera pólitísk yfirlýsing eða bindandi samningur. Ef hann yrði bindandi þá er ljóst að ráðamenn margra landa telja að verið sé að koma lagaákvæðum inn eftir óeðlilegum leiðum, reglum sem ekki hafa komist á með samningum launþegasamtaka og atvinnurekenda í ríkjunum eða þá inn í lög ríkjanna. Með öðrum orðum að ósamræmi í samsetningu Evrópuþingsins annars vegar og þjóðþinganna hins vegar, geti haft þessar afleiðingar.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði. Það yrði allt of langt mál, en mér er það hins vegar ljóst að Evrópubandalagsmönnum er mikið í mun að láta á þetta reyna og margnefndur Jacques Delors, formaður ráðherraráðs Evrópuráðsins, sagði á þingi Evrópuráðsins nú í haust: „Við skulum ekki fara í grafgötur um það að við munum láta á þetta reyna. Yfirlýsing ríkjanna tólf verður prófraun á það hvort þau eru í raun og veru sammála um að viðurkenna viss sameiginleg gildi og að breyta þessum gildum í réttindi.“ Þetta er í raun og veru tilraun sem Delors er að tala um og menn hafa svo mjög fjallað um. Hann segir að við megum ekki halda að neinu af því, sem þessi tólf ríki muni ætla að koma sér saman um, verði breytt á neinn hátt fyrir tilstilli eða áhrif EFTA-ríkjanna með hinum breiðari viðræðum, eins og hann segir.

Það er því ekki alveg óskiljanlegt sem haft var eftir forseta Frakklands í fjölmiðlum fyrir nokkrum dögum þegar hann fjallaði um mismunandi viðhorf innan Evrópubandalagsins og sagði um EB-EFTA-viðræðurnar að það kynnu e.t.v. einhverjir að vera núna í Evrópubandalaginu sem vildu heldur ganga í EFTA eftir þetta samkomulag. Þetta er hlutur sem við þurfum að velta fyrir okkur. Þetta er ein af hinum mörgu óþekktu stærðum í þessu dæmi að það á e.t.v. eftir að koma nýtt munstur innan þessa svonefnda tveggja stoða kerfis.

Ég vil víkja að fleiri atriðum sem ég tel nokkuð óljós. Þetta var afar lauslegt um félagsmálin, en fleiri atriði eru vandasöm. Ég geri ekki lítið úr því að nauðsynlegt sé að ná samkomulagi fyrir EFTA- og EB-ríkin um það í hvaða formi reglur um félagsleg réttindi þurfa að vera. En það er einnig fleira, sem getur ráðið úrslitum og hefur verið vanmetið að nokkru, a.m.k. ef dæma má eftir því sem oftast hefur verið rætt um og það er þetta: Fimmti hópurinn svokallaði sem fjallaði um lagaleg og stofnanaleg málefni, eins og það er þýtt í skýrslu hæstv. utanrrh., hefur, samkvæmt skýrslunni, bent á ýmis atriði sem til greina geta komið um aðferð við ákvarðanatöku og um meðferð ýmiss konar reglna. Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni hér fyrir helgina: „Ef vilji er fyrir hendi að ganga til samninga við hið fjóreina frelsi finnast vafalaust leiðir til að leysa hin lagalegu vandamál í framkvæmdinni.“

Ég hefði, frú forseti, haldið að hin lagalegu vandamál væru e.t.v. það af því sem eftir er sem mestur vandi væri að leysa. Og ég hefði líka haldið að lausn þeirra réði úrslitum um það að hve miklu leyti ríkin sjálf hefðu ákvörðunarrétt. Lausnin gæti þess vegna ráðið úrslitum um þátttöku í hinu evrópska efnahagssvæði þó að samkomulag yrði um önnur efni. Ég hefði talið að hæstv. utanrrh. ætti að leggja áherslu á það í viðræðunum að fá þau atriði sem allra skýrast fram því að reynslan af hinum lagalegu vandamálum innan Evrópubandalagsins sýnir okkur samkvæmt

frásögnum sem birst hafa um Evrópudómstólinn í Lúxemborg að þar fara vandamálin vegna lagalegra ágreiningsatriða sívaxandi. Þess vegna hefur þurft að stofna nýja deild í dómstólnum í Lúxemborg til þess eins að greiða úr lagalegum spurningum vegna viðskipta landanna þannig að það verkefni hefur margfaldast. Það segir sig því sjálft hver nauðsyn það er að hafa reglurnar skýrar til þess að komast hjá sem allra flestum árekstrum og líka hver nauðsyn það er að ríkin viti fyrir fram með hvaða hætti verður staðið að ákvörðunum um ýmis efni sem í raun og veru varða hversdagslíf borgaranna.

Í skýrslu hæstv. ráðherra segir m.a.: „EFTA-ríkin telja að því meiri sem þátttaka EFTA-ríkjanna verður í ákvarðanamótun í EB því auðveldara verði að ná sameiginlegum ákvörðunum innan EES. Jafnframt telja þau að viðeigandi þátttaka þingmanna eigi að vera í sameiginlegri ákvarðanamótun. Ekki hefur enn verið rætt með hvaða hætti slík þátttaka gæti verið." Hér eru með öðrum orðum mörg spurningarmerki í þessu litla atriði. Og ég verð að segja að miðað við núverandi formennsku í EFTA er ég haldin nokkrum efasemdum um það hvað verður talin viðeigandi þátttaka þingmanna. Á þingi formanns ráðherranefndar EFTA er það ekki talið viðeigandi af hans hálfu eða þeirrar ríkisstjórnar sem hann situr í að þingið samþykki umboð ráðherranum til handa. Hver verður þá talin viðeigandi þátttaka þingmanna í ákvörðunum sameiginlegs efnahagssvæðis?

Ég held að við þurfum að fá skýrari afstöðu hæstv. ráðherra og eitthvað sem sannfærir okkur um það að hann ætli sér að fá umboð þingsins til þess að við getum treyst því að hann haldi á þessum málum eins og við vildum að yrði. Og ég held að með umboði gætum við gengið svo frá.

Hins vegar er alveg ljóst, og ég tek undir það, að auðvitað verða EFTA-ríkin á þessu stigi og framvegis að fylgjast með frekari framvindu mála í EB á allan þann hátt sem heimilt er samkvæmt samningum. Það er ljóst að Evrópubandalagið hefur tryggt sig í bak og fyrir gegn að því er virðist of miklum áhrifum EFTA með því að segja í viðræðunum, að ítreka, eins og segir á bls. 36 í skýrslunni, að EES megi ekki hafa áhrif á forræði EB til sjálfstæðrar ákvarðanatöku en hins vegar komi EB til með að leggja megingrunn að EES-reglum.

Þetta er auðvitað allstrangt skilyrði, þetta er töluverð þrenging á svigrúmi EFTA í þessum viðræðum, en jafnframt virðist vera opnuð sú leið að einhvers konar sameiginlegur úrskurðaraðili eða sameiginlegur dómstóll komi til. Og auðvitað verður að viðurkenna að það mundi stuðla að því að ekki kæmi til árekstra á milli þeirra stofnana. En engu síður eru hugmyndir um það, samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum enn þá, of óljósar. Þess vegna tel ég að í framhaldsviðræðunum verði það að vera tryggt að hæstv. ráðherra hafi jafnan samráð við Alþingi og að hann sinni miklu, miklu betur þeirri þinglegu og lagalegu skyldu sinni að hafa stöðugt samráð við utanrmn. um þetta efni. Það verður enn nauðsynlegra á næsta ári að því er ég tel, ef hæstv. ráðherra fær umboð ríkisstjórnarinnar til að halda þessu verki áfram.

Óneitanlega hefði verið nokkur freisting fyrir mig að víkja að nokkrum þáttum í jaðarmálefnunum sem svo eru kölluð. Ég hef aðeins vikið að félagsmálefnunum lítils háttar. Mér þætti freistandi að undirstrika það sem raunar hefur komið fram hjá öðrum hve mikla þýðingu samstarf okkar við EB-ríkin og EFTA-ríkin á sviði menntamála hefur. En um það gilda nú þegar ýmsir samningar. Þau mál eru núna í þeirri mótun innan Evrópubandalagsins að þar er margt óafgreitt enn þá. Þó að Evrópubandalagsríkin eða háskólar þess haldi til haga nokkrum kvóta, háskólaplássum fyrir stúdenta úr Evrópubandalagslöndunum, þá er ekki þar með sagt að þessi mál séu komin á skýran grundvöll innan Evrópubandalagsins. Það skortir enn töluvert á að menn nái raunverulega að framkvæma ýmsa sáttmála sem þegar eru í gildi í álfunni um gagnkvæma viðurkenningu prófa, t.d. í háskólum sérstaklega, og það gilda ekki einu sinni sömu reglur innan sumra ríkjanna. Við getum nefnt Þýskaland sem dæmi. Það eru mismunandi reglur, það eru mismunandi próf tekin gild á mismunandi stigum í mismunandi landshlutum. Próf sem er viðurkennt t.d. í Karlsruhe er ekki viðurkennt sem jafnlangt nám í Bayern og svo mætti lengi telja. Ég hef leitað upplýsinga um það hvernig þessi lönd ætli að framkvæma þetta víðtæka samstarf á meðan þessi mál hafa ekki verið leyst og mér hefur einfaldlega verið svarað á þann veg að þetta misræmi sé ákvörðunarefni hinna einstöku þýsku ríkja — af því að ég nefndi Þýskaland hér sem dæmi — en það sem skiptir máli í þessu sambandi er fyrst og fremst það að ævinlega væru frátekin nokkur pláss og þeim haldið til haga fyrir stúdenta frá Evrópubandalagslöndunum sem kynnu að vilja flytja sig á milli.

Að því er varðar vísindasamstarf tel ég að samstarf Íslendinga við þessi ríki skipti meginmáli af því að það tengist nýjum þáttum í atvinnustarfsemi ríkjanna. Það er undirbúningur nýsköpunar á sviði atvinnulífsins. Það getur verið um að ræða sameiginleg verkefni margra landa. Þar sem við erum of smátt samfélag til að sinna þeim nægilega í samkeppni við aðra og með nægilegum árangri til að það standist í samkeppni við aðra, tel ég það eitt af stærstu hagsmunamálunum varðandi svokölluð jaðarmálefni að við gerumst þátttakendur í vísindasamstarfinu. Og ég hef trú á því að þar eigum við eftir að geta lagt fram þekkingu og aðstöðu á sumum sviðum sem verulegu máli skiptir og reyni ég þá að komast hjá þeirri freistingu að nefna að ég miði þar við fólksfjölda. Ég á við að raunverulega er sérstaða Íslands slík að við ættum að geta lagt fram skerf sem máli skiptir í samstarfi þessara háþróuðu ríkja.

Frú forseti. Að lokum einu sinni enn um hagsmuni okkar í sjávarútvegsmálum. Á það hefur verið bent að sjávarútvegurinn hér á landi jafngildi iðnaðinum í EB-ríkjunum að því er varðar framleiðsluverðmæti.

Hæstv. ráðherrar hafa hér hver af öðrum sagt að við gætum ekki náð hagsmunum okkar fram núna vegna þess að við þyrftum að láta fiskveiðiréttindi í lögsögu okkar á móti. Má ég minna á ummæli sem ég hlustaði á í sjónvarpinu nú fyrir nokkrum dögum þegar viðtal var haft við aðstoðarutanríkisráðherra Þýskalands, frú Adam Schwatzer, þegar hún sagði: „Við sækjumst ekki eftir fiskveiðum í ykkar lögsögu. Ekki Þýskaland og ekki Evrópubandalagið." Mér þykir þessi yfirlýsing skipta miklu því að hér er um að ræða ráðherra sem hefur með Evrópubandalagsmálin að gera í þýsku ríkisstjórninni og þetta kemur heim og saman við það sem sá embættismaður, sem fer með málefni Íslands og Noregs í embættismannaskrifstofunum í Brussel, sagði við okkur í Evrópustefnunefnd Alþingis nú fyrir ári síðan, en hún sagði að sér þætti það leitt og óskiljanlegt að heyra það hvað eftir annað frá íslenskum ráðamönnum að Evrópubandalagið sæktist eftir fiskveiðiréttindum í lögsögu Íslands. Þetta kvað hún alrangt. Ekkert slíkt væri uppi á teningnum og þetta væri misskilningur sem þyrfti að eyða. Þess vegna þykir mér það tímabært að hæstv. ráðherrar leggi þennan misskilning nú til hliðar. Hann kann að hafa komið upp einhvern tíma í einhverjum bollaleggingum um aðild eða eitthvað slíkt. Ekki veit ég hvað hæstv. ráðherrar hafa verið að ræða þegar þetta hafði verið sagt í óformlegum viðræðum. En umfram allt er slíkt ekki á dagskrá, slíkt er fjarri öllu lagi og það er ekki það sem við erum að tala um heldur einungis sanngirni í framhaldi af því samkomulagi sem við höfum þegar gert og í samræmi við þær reglur sem bæði við og Evrópubandalagið hefur undirgengist.

Ég læt þessu máli lokið, frú forseti, og vonast til þess að við getum nú séð hér á borðum og afgreitt þáltill. um þessi efni áður en hæstv. ráðherra fer úr landi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í ræðu síðasta hv. ræðumanns kom fram að Alþingi þyrfti að samþykkja umboð til hæstv. utanrrh. Ég vil því láta það koma fram að ríkisstjórnin telur ekki þörf á slíku. Við lítum svo á að hér sé um framhald á þeirri vinnu að ræða sem ákveðin var með leiðtogafundinum í Osló þegar tekin var ákvörðun sameiginlega af EFTA-ríkjunum að ganga til þessa verks sem nú í allmarga mánuði hefur verið undir okkar forustu. Þar var fallist á þá skoðun Delors að rétt væri að EFTA-ríkin gengju sameiginlega til þessa verks og viðræðna við Evrópubandalagið í framhaldi af þessum undirbúningi. Næsti áfangi eru könnunarviðræður sem við lítum á að utanrrh. hafi fullt umboð til að ganga til. (Gripið fram í.) Hann hefur það frá ríkisstjórninni. **(Gripið fram í:** Það nægir ekki.) Hann er utanrrh. í meirihlutastjórn hér á landi, hv. þm. (Gripið fram í.) Hann hefur umboð frá okkur. Fyrst eru það nú könnunarviðræður og síðan samningaviðræður. Hins vegar vil ég taka mjög undir það sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni að það er afar nauðsynlegt að utanrmn. þessa þings fylgist nákvæmlega með því sem fer fram og vitanlega hefur utanrrh. ekki umboð til að binda þingið eða þessa þjóð á nokkurn máta. Það liggur í hlutarins eðli. Allt slíkt verður vitanlega að koma hér fyrir þingið svo að það er samráðið sem þarna er hið mikilvægasta í þessu máli. Það verður að vera.

Fyrst ég er staðinn hér upp og nokkuð mikið hefur verið rætt um tvíhliða viðræður, þá vil ég aðeins segja þetta: Vitanlega hafa þær stöðugt verið í gangi þó að deila megi um það hvort þær hafi verið á því formlega stigi sem hér er verið að ræða um. Ég hef sjálfur lýst því að ég tel sjálfsagt að allt sé gert til þess að fá útvíkkun á bókun 6. En það er búið að reyna það af hverjum ráðherranum og sendiboðanum eftir annan.

Menn verða að minnast þess að í ræðu þeirri sem Delors hélt 17. jan. sl. segir hann að kostir séu tveir: Annars vegar að fara í tvíhliða viðræður við hvert land og hitt, sem hann segir að Evrópubandalagið kjósi, að ræða við EFTA sameiginlega. Og á leiðtogafundinum í Osló í mars er fallist á þessa leið sem verður t.d. til þess að tvíhliða viðræður við Austurríki verða ekki. Þeim er vísað á bug. Ég verð að viðurkenna að það hljómar dálítið einkennilega fyrir okkur Íslendinga eftir að við höfum þarna samþykkt þessa leið sem Evrópubandalagið leggur áherslu á að koma svo og óska eftir því, ef ég má orða það svo, að fara hina leiðina. Ég held að menn þurfi að hugsa dálítið hvernig þetta getur borið að eftir að við erum búnir að samþykkja sameiginlegar viðræður og eftir að Evrópubandalagið er búið að tilkynna okkur að það sé sú leið sem það vilji kanna fyrst.

Ég get upplýst að ég átti fyrir nokkrum dögum viðræður við Martin Bangeman sem er einn af „kommissörum" eða ráðherrum Evrópubandalagsins og þá sagði hann mér þetta enn einu sinni, að það væri eindregin skoðun Evrópubandalagsins að þessar viðræður við EFTA sem heild yrðu að ganga fyrir. Spurningin er: Vilja menn enn þá einu sinni fá svar við þessu, vilja menn fá neitun við þessu, formlega neitun við því að Evrópubandalagið gangi til tvíhliða viðræðna? Það mikilvægasta í þessu er það að halda vel til haga okkar sérhagsmunum og það hefur verið gert á hverju einasta skrefi þessa verks og kemur greinilega fram í skýrslu hæstv. utanrrh. Það veit ég að allir þingmenn, t.d. EFTA-nefndin þegar hún var þarna á ferðinni gerði mjög vel. Og ég leyfi mér að segja að það höfum við gert í viðræðum við Mitterrand, viðræðum við Margréti Thatcher, viðræðum við Kohl, viðræðum við Lubbers o.s.frv. Við höfum gert það alla tíð, það má segja byrjað og lokið hverjum fundi með því að leggja áherslu á þessa sérhagsmuni Íslands.

Menn hafa sagt: Af hverju þá ekki að taka upp beinar viðræður við þessa æðstu menn, þessa forsætisráðherra o.s.frv.? Staðreyndin er sú að málin koma ekki þangað fyrr en þau eru búin að fara í gegnum embættismannaferilinn í Brussel. Þannig er það kerfi. Hins vegar tel ég afar mikilvægt að þegar málin koma þangað með sérstöðu okkar Íslendinga, þá erum við búnir að fá sterk vilyrði frá þessum aðilum

sem við skulum þá vona að haldi. Aðalatriðið er að halda þessu til streitu og aldrei að slaka þar neitt á. En ég vildi sem sagt segja það hér að við lítum svo á að fundurinn núna í desember og framhaldið sé framhald á því sem var hafið með leiðtogafundinum í Osló og ekki sé þörf á sérstöku umboði frá Alþingi í því skyni.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þingflokkur sjálfstæðismanna óskaði eftir því á fundi núna síðdegis að utanrmn. yrði kölluð saman til þess að ræða frekar málsmeðferð í væntanlegum samningaviðræðum. Ég þakka fyrir það að ákveðið hefur verið að verða við þessari ósk. Auðvitað er óhjákvæmilegt að ræða málið þar ítarlegar áður en þessari umræðu lýkur. Og ég ítreka þakkir fyrir tiltölulega skjót viðbrögð við þeirri ósk.

Hitt vekur meiri furðu í ræðu hæstv. forsrh. þegar hann lýsir því yfir um málsmeðferðina frekari af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að það eigi ekki að flytja hér þáltill. þannig að fyrir liggi skýrt umboð til hæstv. utanrrh. Slík ummæli af hálfu hæstv. forsrh. vekja meiri háttar undrun og ég er yfir mig hlessa eins og hann stundum að slík yfirlýsing skuli vera gefin. Það liggur fyrir að hér hafa komið fram í umræðunum margar hugmyndir um það hvernig eigi að halda þessum viðræðum áfram. Engin ein þeirra nýtur meirihlutastuðnings eins og mál standa í dag hér á hinu háa Alþingi. Þó að hæstv. ríkisstjórn hafi meiri hluta til þess að verja sig vantrausti þá liefur þegar komið fram að í ýmsum veigamestu málum er ekki þingræðismeirihluti fyrir ýmsu af því sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum. Og það liggur fyrir í þessari umræðu að engin af þeim hugmyndum sem hér hafa komið fram um málsmeðferð nýtur meirihlutastuðnings á Alþingi. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að fá úr því skorið hvert framhaldið á að vera. Hæstv. utanrrh. getur ekki tekið þátt í fundi 19. des. þar sem ákveða á formlegar samningaviðræður eins og segir í hans eigin skýrslu, þar sem ákveða á áframhald formlegra samningaviðræðna, nema fyrir liggi skýrt umboð og skýr meiri hluti á hinu háa Alþingi. Þetta vil ég ítreka hér vegna þessarar furðulegu yfirlýsingar hæstv. forsrh.

Það er útilokað að hæstv. utanrrh. bindi Ísland án þess að það sé þingræðislegur meiri hluti á bak við þá ákvörðun, gjörsamlega útilokað. Og ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. ætli að verja frekari málsmeðferð af þessu tagi.

Ég vil svo, frú forseti, minna á að hv. 2. þm. Reykv. bar hér fram skýrar fyrirspurnir í umræðunni í dag vegna þess að hæstv. viðskrh. hafði lýst því yfir að það væri full samstaða í ríkisstjórninni um túlkun hæstv. utanrrh. á framhaldi málsins. Þó hefur hér margsinnis verið vitnað í nýlega samþykkt landsfundar Alþb. sem gengur þvert á þessa stefnu. Hv. 2. þm. Reykv. óskaði eftir svörum formanns Alþb., hæstv. fjmrh., um það hvort það væri rétt sem hæstv. viðskrh. hefur haldið fram að hann fylgdi ekki nýlegri samþykkt Alþb. í þessu efni. Ég óska eftir því að fundinum verði ekki fram haldið fyrr en hæstv. fjmrh. kemur til fundar og svarar svo skýrum spurningum þingmanna sem nauðsynlegt er að fá svör við áður en umræðan heldur áfram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa þingmanninn um að þegar hefur verið talað við hæstv. fjmrh. og hann kemur hingað á hverri stundu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fullvissa hv. þm. og þingheim um það að ekki kemur til mála, að sjálfsögðu, að utanrrh. skuldbindi Ísland í þeim viðræðum sem eru fram undan. Til þess þarf samþykki Alþingis. Þessi misskilningur hlýtur að vera skýringin á þessu furðulega upphlaupi hv. þm.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp):*

Frú forseti. Ég þakka fyrir það að fá tækifæri til að gera hér athugasemd um þingsköp. Ég vil minna hæstv. forsrh. á að það segir í inngangi að skýrslu hæstv. utanrrh. um þessi mál að á fundi ráðherra Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtakanna 19. des. nk. eigi að taka ákvörðun um formlegar samningaviðræður. Og auðvitað er verið að skuldbinda Ísland til þátttöku í formlegum samningaviðræðum á þessum fundi samkvæmt orðalagi þessarar skýrslu. Það er þetta sem ég undrast að hæstv. forsrh. skuli ekki gera sér grein fyrir og það er ljóst að það er engin meirihlutaskoðun hér í þinginu enn sem komið er um það hvernig á þessu eigi að taka. Þess vegna er krafan um formlega þál. sett hér fram.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

15. fundur, þriðjudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (heildarlög). — Þskj. 202.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Frv. þetta er í öllum meginatriðum samhljóða núgildandi lögum um sama efni sem eru tímabundin og falla úr gildi um næstu áramót. Lög um uppboðsmarkaði hafa nú verið í gildi í tæplega þrjú ár. Þegar lögin voru sett snemma ársins 1987 voru skiptar skoðanir um þetta mál. Bundu margir miklar vonir við þessa nýbreytni og töldu að uppboðsmarkaðir mundu leiða til aukinna gæða aflans og nýjunga í framleiðslu og aukinnar sérhæfingar framleiðenda.

Aðrir voru hikandi og í óvissu um ágæti þessa nýmælis í viðskiptum með sjávarafurðir. Sú skoðun var þá almennt ríkjandi að prófa bæri þessa aðferð.

Í athugasemdum við frv. á sínum tíma var þess sérstaklega getið að um tilraun væri að ræða og gildistími laganna því stuttur til að tryggt væri að mál þetta kæmist á ný til Alþingis til skoðunar og ákvörðunar. Nú líður að lokum gildistímans og er mál þetta því komið hér aftur til meðferðar á Alþingi.

Engin heildarúttekt hefur farið fram á starfsemi þeirra uppboðsmarkaða sem stofnaðir hafa verið né gerð sérstök fræðileg úttekt á áhrifum þeirra á sjávarútveg. Hins vegar hefur ráðuneytið átt viðræður við fulltrúa þeirra aðila sem þessi viðskipti stunda og tengjast veiðum, vinnslu og starfsemi fiskmarkaðanna. Fram hafa þó komið vonbrigði með að gæði aflans hafa ekki aukist í þeim mæli sem búist var við. Margir bjuggust við gífurlegum verðmun eftir gæðum aflans er mundi leiða til mikilla umbóta í meðferð og frágangi afla. Var sérstaklega fjallað um þetta mál á sínum tíma í fiskmatsráði. Þar kom fram að reynsla af mörkuðunum, þ.e. sú reynsla sem nú hefur orðið, væri yfirleitt mjög góð og með gildandi lögum væru skapaðar forsendur fyrir aukinni sérhæfingu í framleiðslu sjávarafurða og hvatning til aukinna gæða. Var það samdóma álit allra þeirra sem spurðir voru álits að góð reynsla hefði fengist af uppboðsmörkuðunum. Gæði aflans hefðu aukist eftir tilkomu markaðanna. Á það bæri þó að líta að verðmunur á góðu og slöku hráefni hefði ekki verið sá sem vænst var. Kæmi það einkum til af því að eftirspurn hefði verið mikil eftir hráefni og valdið því að hátt verð hafi verið greitt fyrir lakari vöru. Við eðlilegt framboð komi réttur verðmunur í ljós.

Hins vegar var á það bent að framkvæmd uppboða mætti vanda betur, einkum að því er varðar flokkun sjávarafla, lýsingu á afla og að upplýsingar frá uppboðshaldara væru ítarlegri. Einnig var vakin athygli á því að á skorti í eftirliti með dagmerkingum á afla.

Fiskmatsráð taldi ekki ástæðu til að frv. yrði breytt að þessu leyti, heldur mætti breyta starfsreglum markaðanna ef ástæða þætti til. Ríkismati sjávarafurða hefur verið falið að skoða þetta mál og aðstoða aðstandendur fiskmarkaðanna í þessu efni. Í framtíðinni verður haft eftirlit með þessum þætti, enda staðfestir ráðherra árlega starfsreglur uppboðsmarkaðanna.

Sömu forsendur eru nú fyrir hendi og við gildistöku laganna og þau sjónarmið sem þá voru höfð að leiðarljósi eru enn í fullu gildi. Fiskmarkaðirnir skapa m.a. möguleika til jafnrar aðstöðu framleiðenda við hráefnisöflun þar sem aðgangur að hráefni er öllum sem áhuga hafa mögulegur í eðlilegri samkeppni.

Í frv. því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að lögin séu ótímabundin. Verður að telja að nægjanleg reynsla hafi þegar fengist af þessu fyrirkomulagi.

Að öðru leyti er frv. samhljóða gildandi lögum að undanskilinni 1. gr. laganna. Í 1. gr. laganna segir m.a.: „Leyfi til reksturs skal bundið við ákveðin landsvæði, m.a. með hliðsjón af samgöngum, fjarlægðum milli verstöðva og fjölda fiskvinnslufyrirtækja.“ Ákvæði þetta var sett á sínum tíma til að unnt væri að hafa áhrif á fjölda markaða og staðsetningu þeirra. Var talið nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði því í fyrstu voru menn kappsamir til framkvæmda og áhugasamir við stofnun markaða. Þessi áhugi minnkaði þegar menn litu af raunsæi á málin. Engu að síður þarf við leyfisveitingar af þessu tagi að hafa til hliðsjónar fjölmörg atriði sem ástæðulaust er að geta af nákvæmni í lagatexta. Því er í frv. lagt til að orðalagi 1. gr. verði breytt þannig að ráðherra meti fyrst og fremst hvort grundvöllur sé fyrir frjálsri verðmyndun miðað við aðstæður á viðkomandi svæði. Engu að síður hljóta atriði svo sem fjarlægðir milli verstöðva og markaða og samgöngur að ráða miklu við leyfisveitingar til reksturs uppboðsmarkaðar.

Herra forseti. Með frv. þessu er stefnt að því að lögfesta í öllum meginatriðum þær einföldu reglur um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla sem gilt hafa frá því í mars 1987.

Ég ætla ekki að fjalla hér um einstakar greinar frv. og vísa í því efni til umræðna um þetta mál sem urðu á árinu 1987. Vænti ég þess að afgreiða megi frv. fyrir áramót þar sem núgildandi lög falla úr gildi um næstkomandi áramót eins og áður hefur komið fram.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Á vetrarmánuðum 1987, þegar var verið að fjalla um stofnun fiskmarkaða, voru uppi raddir um það og margir héldu að með því að hér yrði komið á fiskmörkuðum mundu eiga sér stað mikil tímamót í sambandi við vinnslu og meðferð sjávarafurða. Þeir sem voru bjartsýnastir bjuggust við að fiskmarkaðir mundu byggjast upp hringinn í kringum landið og þessi aðferð, þ.e. verðlagning á fiski með því að selja fiskinn á mörkuðum, mundi verða það sem yrði ríkjandi innan stutts tíma.

Þróunin hefur ekki orðið sú, kannski orðið svipuð því sem þeir sem voru svartsýnastir á uppbyggingu þessa þáttar í íslenskum sjávarútvegi gerðu ráð fyrir, að það mundu komast á fót fiskmarkaðir á takmörkuðum svæðum sem mundu koma fáu af því til leiðar sem hinir bjartsýnu reiknuðu með, þ.e. að það mundi ekki breyta miklu í sambandi við verðlagningu sjávarafurða, það mundi ekki breyta miklu í sambandi við gæði sjávarafurða og það mundi ekki jafna í einu eða neinu aðstöðu fiskframleiðenda eða þeirra sem sæktu sjóinn þó að þessir fiskmarkaðir kæmu upp. Þetta hefur orðið reynslan á síðustu tveimur árum.

En þrátt fyrir það geri ég ráð fyrir og ég veit að þeir sem bjuggust ekki við neinu stóru töldu þó eðlilegt og sjálfsagt að samþykkt yrðu lög og það voru samþykkt lög hér á hv. Alþingi með stuðningi held ég meginþorra þingmanna, ég man ekki eftir að þar væri nein andstaða sem héti — og menn töldu það eðlilegt að þessi þáttur kæmi og yrði að veruleika hjá íslenskum sjávarútvegi, m.a. kannski til þess að það væri ekki

alltaf verið að tala um það að möguleikar væru á þessum vettvangi sem ekki væru nýttir. Reynslan hefur sem sagt sýnt það að þarna er ekki um stóra hluti að ræða en þó þannig lagaðan hlut sem eðlilegt er að sé til staðar.

Ég tel þess vegna að frv. sem hér er lagt fram og er til umræðu sé beint framhald af því sem samþykkt var hér 1987. Þá voru þau lög með sólarlagsákvæði en eðlilegt verður að telja að þessari starfsemi sé skapaður vettvangur innan lagaramma og þá með ótímabundnu marki eins og hér er lagt til.

Ég geri ekki ráð fyrir því að fiskmarkaðir leiði til mjög mikilla breytinga í náinni framtíð í sambandi við íslenskan sjávarútveg. Staðreyndin er sú, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og kemur hér fram í grg. frv., að á árinu 1988 fóru aðeins um 8% þess fisks sem landað var í gegnum fiskmarkaðina. Það er aðeins um ¼ af þeim ferskfiski sem fluttur var til útlanda á sama tíma, þannig að greinilegt er að þessi þáttur hefur ekki náð að keppa við beinan útflutning og markaði erlendis.

Það virðist sem sagt að þessir markaðir, sem eru fyrst og fremst Reykjavíkurmarkaðurinn og Hafnarfjarðarmarkaðurinn og markaðurinn á Suðurnesjum, séu að stórum hluta til markaðir fyrir soðmatinn hér á Reykjavíkursvæðinu. Mikill hluti þess fisks sem fer í gegnum Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarmarkaðinn fer fyrst og fremst til neyslu hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og svo til þess að sjá ýmsum smáfiskverkunarstöðvum sem hafa kannski vaxið upp vegna markaðarins fyrir hráefni.

Það var gert ráð fyrir að markaðirnir mundu frekar hamla gegn því að upp risu nýjar og nýjar fiskvinnslustöðvar, en ég held að þróunin hafi verið á hinn veginn, að þeim hafi fjölgað. Og ég tel að þau áhrif fiskmarkaðanna séu af hinu góða ekki kannski endilega fjölgunin, heldur það að þessar stöðvar, ýmsar hverjar, hafa farið inn á sérverkunarsvið og farið að gera tilraunir með ýmiss konar verkun sem annars væri varla grundvöllur fyrir. Þetta eru aðilar sem kaupa tiltekið magn á fiskmarkaðnum aðeins til þess að gera takmarkaðar prufur, eru ekkert að binda sig við ákveðið fiskiskip, að tryggja því löndun um ákveðinn tíma, heldur eru þetta fyrirtæki sem skammta sér hráefni til vinnslu inn á þann hugsanlega markað sem þeir hafa tryggt sér. Það er af hinu góða.

Aftur á móti hefur verðmyndunin verið, að mínu mati, mjög neikvæð. Á stundum hefur verð rokið upp á mörkuðunum vegna þess, eins og ráðherrann nefndi hér reyndar áðan, að það hefur verið takmarkað magn á mörkuðunum. Þetta hefur orðið til þess að alls konar samanburður hefur átt sér stað og að vissu leyti truflað eðlilega verðmyndun og eðlilega samninga milli kaupanda og seljanda sjávarafurða. Verðmyndunin hefur að mínu mati verið neikvæð.

Ég endurtek það svo að ég mun standa að samþykkt þessa frv. og verða við ósk ráðherra um að stuðla að því að þetta mál fái eðlilega og sem fljótasta leið hér í gegnum deildina.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Á sínum tíma þegar frv. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla var lagt fram á síðasta kjörtímabili studdi Kvennalistinn frv. og gerðu þingkonur hans þá grein fyrir afstöðu Kvennalistans til þessarar tilraunar sem í raun var verið að gera þá.

Með minnkandi sjávarafla er nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að auka gæði þess afla sem kemur úr sjó og gefa fiskvinnslustöðvum möguleika til sérhæfingar. E.t.v. hefur þróun þessara markaða ekki orðið jafnhröð og jákvæð og menn höfðu vænst, en þó tel ég þá eiga fullan rétt á sér. Það er aðeins eitt sem ég vildi gera athugasemd við í 1. gr. um að leyfi til reksturs skuli aðeins veitt til eins árs í senn. Ég get ímyndað mér að það sé dálítið stuttur tími fyrir þá sem ætla að leggja í slíkt fyrirtæki því að þetta eru stór fyrirtæki og töluverður stofnkostnaður sem þeim fylgja. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi stutti tími hafi ekki reynst mönnum erfiður í þeirri tilraun sem nú þegar hefur verið gerð.

Víða erlendis er það lögboðið að allur fiskur sé settur á slíkan markað og reyndar hefur sú hugmynd komist á kreik hér í umræðum um sjávarútvegsmál núna á þessu ári hvort ekki væri rétt að gera slíkt hið sama hér á landi, hvort ekki þurfi einhverjar reglur, ekki síst vegna þess mikla útflutnings á ferskum fiski sem hefur átt sér stað á undanförnum árum.

Í ljósi þeirrar umræðu sem nú er um innri markað EB, Evrópubandalagsins, vil ég fagna sérstaklega aliðnum í 2. gr. þar sem tiltekið er að þeir sem slíkan uppboðsmarkað reka og eiga skuli hafa íslenskan ríkisborgararétt og fasta búsetu á Íslandi, og sömuleiðis það sem kemur í framhaldinu, að hlutafé skuli allt vera í eign íslenskra ríkisborgara. Margir óttast í umræðunni um Evrópubandalagið að við séum að glata yfirráðarétti yfir auðlindum okkar með því að hleypa útlendingum jafnvel bakdyramegin inn í auðlindir okkar og m.a. í fiskmarkaðina. Þess vegna tel ég vera nauðsynlegt og mjög gott að hafa þetta ákvæði hér skýrt.

Ég ætla við þessa 1. umr. aðeins að lýsa þeirri skoðun okkar kvennalistakvenna að við erum fylgjandi því að fiskmarkaðarnir fái að lifa áfram, en það er ýmislegt fleira sem þarf að gera varðandi sjávarafla okkar. Hér liggur fyrir annað frv. sem varðar sjávarútveginn um þróunarstarf og rannsóknir sem ég tel líka ástæðu til að fagna. En ég vildi hér við þessa 1. umr. rétt lýsa því að við teljum að fiskmarkaðirnir eigi rétt á sér. Það var reyndar talað nokkuð mikið um fjarskiptamarkaði hér áður fyrr því að margir óttuðust að landsbyggðin gæti ekki notið þeirra kosta sem fiskmarkaðirnir byðu upp á, enda hefur komið í ljós að þeir eru aðallega hér á suðvesturhorninu, en það getur auðvitað orðið þróun í þá áttina þó að lög taki gildi um þá fiskmarkaði sem nú þegar eru fyrir hendi.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. sem er í meginatriðum eins og þau lög eru sem nú gilda, lög sem

voru með takmarkaðan gildistíma þar sem litið var á fiskmarkaðina sem nýjung sem væri á tilraunastigi. Ég tel að tilkoma fiskmarkaðanna hafi breytt mjög miklu í okkar þjóðfélagi þótt það hefði gjarnan mátt vera meira. Ég tel að þeir hafi verið mjög jákvætt spor í þróuninni og komi til með að verða það enn frekar.

Það kom hér fram hjá einum ræðumanni að fiskmarkaðirnir hefðu ekki náð því sem bjartsýnustu menn þorðu að vona á sínum tíma og má það rétt vera. En ég vil vekja athygli því að það eru ýmsar ástæður fyrir því að ekki hefur tekist eins vel til og bjartsýnustu menn töldu. Það eru ástæður sem snerta önnur lög og aðra þróun, t.d. það að útflutningur fisks í gámum hefur aukist svo hrikalega að það er með ólíkindum, að fjölgun frystitogara hefur verið mjög hröð og svo fram eftir götunum.

Ég tel að sú þróun sem þarna hefur átt sér stað sé í sjálfu sér neikvæð. Við sjáum það fyrir okkur að hundruð manna eru atvinnulaus víða um land og tel ég að stór þáttur í því hve starfstækifærum í landi hefur fækkað mjög sé að gámaútflutningur hefur aukist. Menn eru margir með þá skoðun að verkafólki komi það ekkert við hvernig þessum málum er háttað. En það er ástæða til að vísa í lög um stjórnun fiskveiða hvar stendur að fiskimiðin og auðlindin sjálf sé eign allrar þjóðarinnar. Það gengur ekki til lengdar að fáir hafi mjög mikið en aðrir ekki neitt nema atvinnuleysið sjálft. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að takmarka útflutning á fiski í gámum og það verði að gera með tvennu: Með því að lögbinda að allur fiskur sé vigtaður hér heima og að skerðingarákvæðið verði hækkað. Mér er ljóst að sums staðar er nokkur nauðsyn á að til sé ákveðinn ventill sem komi til þegar of mikill fiskur berst á land í einu, þá verði unnt að flytja út. Þegar byggðarlög fyrir austan t.d. fá síld, þá er eðlilegt að fólk fari að vinna í síld og þá séu möguleikar á því fyrir togarana að flytja út. Það mætti hugsa sér að skerðingarákvæðið væri breytilegt þannig að það væri ekki alfarið 25% heldur í fyrstu lægra en mundi síðan hækka. En ég tel það höfuðatriði að allur fiskur sé vigtaður hér heima og reyndar býst ég við að lagt verði fram frv. um það.

Ef svo verður er ég sannfærður um að fiskmarkaðir munu fá meiri fisk til að selja. Reyndar tel ég ástæðu til að fara þá leið að smám saman verði öllum gert skylt að selja allan aflafisk heima. Ég geri mér ljóst að það gengur ekki í einu vetfangi, en ég tel mjög nauðsynlegt að það geti átt sér stað og þá erum við komnir með fiskmarkaði sem ekki aðeins hefðu 8% af öllum aflanum heldur 90–100%.

Það eru sumir sem halda því fram að það þurfi að vera fiskmarkaðir víða um land. Ég er ekki viss um að svo þurfi að vera. Ég tel að það væri reyndar nóg að hafa einn fiskmarkað, fjarskiptamarkað sem gæti sinnt þessum hlutum fyrir allt landið en sjálfsagt yrði engin samstaða um það. Þeir yrðu vafalaust fleiri. Mér er sagt að fiskmarkaður í Boston ráði t.d. öllu fiskverði á austurströnd Bandaríkjanna. Ég tel að þessi þróun mundi gera það kleift að meira yrði unnið að aflanum hér heima og ég tel reyndar nauðsyn að svo verði gert til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og til að auka verðmæti vörunnar.

Ég bendi líka á að þar sem fiskverkendur hafa aðgang að fiskmörkuðum eða nýta sér þetta, hafa sprottið upp ýmis fyrirtæki, lítil fyrirtæki sem selja fiskinn mikið unninn, aðeins ófrystan, og fá mikið og gott verð fyrir hann. Þetta eru fyrirtæki sem eru ekki stór en eru með 100% vöru og eru farin að skipta miklu máli hér á þessu svæði. Það kom líka hér fram að fiskmarkaðir hefðu truflað eðlilega samninga. Ég er ekki alveg viss um hvað átt er við með þessu en þegar menn kaupa og selja á svona uppboðum eru menn náttúrlega að gera kaup sem báðir aðilar una við.

Ég er þeirrar skoðunar að framtíðin muni leiða í ljós að fiskmarkaðir muni þjóna miklu meira hlutverki hér á landi en áður og ég tel og ítreka það að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eru ekki aðeins Landssamband ísl. útvegsmanna, ekki aðeins Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Fiskifélagið svokallað, heldur er það líka verkafólkið í landi sem verður að teljast hagsmunaaðilar og það einn sá sterkasti. Ég tel að það hafi hallast mjög á undangengin ár þar sem sjónarmið Verkamannasambandsins t.d. eru ekki tekin með inn í myndina heldur aðeins þeirra sem ég nefndi hér áðan.

Ég vil í lokin benda á það að í ályktun þings Verkamannasambandsins sem haldið var í októbermánuði, var gerð samþykkt um að stefna að því að allur fiskur verði seldur fyrst hér heima og stefnt að uppbyggingu fiskmarkaða í því skyni að höndla með fiskinn.

Ég lýsi yfir stuðningi við þetta frv. sem ég tel mjög af því góða. Það er nauðsynlegt að það verði samþykkt fyrir jól því að um áramót renna lögin út.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég tel rétt strax við 1. umr. þessa máls að gera með örfáum orðum grein fyrir mínum viðhorfum. Eins og hér hefur verið bent á var hér um tilraunastarfsemi að ræða. Ég hafði og hef raunar enn efasemdir uppi um það ágæti sem menn telja af þessu og þá spyrja menn: Hvers vegna? Vegna þess að það er mismunað. Það eru tiltölulega fá svæði, eins og hér kom fram áðan, sem njóta þessa og ekki hef ég á móti því ef það er hægt með einhverjum hætti að auka tekjur þeirra stétta sem þarna eiga hlut að máli. En mér sýnist að það sé nokkuð takmarkað sem þar kemur fram.

Ég held að það verði nokkuð nauðsynlegt að fá um það upplýsingar og trúlega fer þetta mál fyrir sjútvn. þannig að ég get þá sem nefndarmaður þar óskað upplýsinga þar um og skal ekki lengja umræðu út af því, en það væri auðvitað fróðlegt að fá vitneskju um það hversu stór hluti og á hvaða svæðum það er sem fiskmarkaðir koma til góða. Ég man líka á sínum tíma þegar menn voru að tala um frjálsa álagningu, markaðsverðið ætti að gilda. Það þýddi vöruverðslækkun. Ég hef ekki séð það í reyndinni og ég held að við

búum í slíku landi að því verði ekki við komið alls staðar, þessu markaðsfyrirkomulagi sem menn alltaf eru að tala um. Það verða stórir hópar út undan og við þurfum auðvitað að gefa gaum að því með hvaða hætti er hægt að rétta hlut þeirra aðila. Hér voru nefnd Reykjavík, Hafnarfjörður, Suðurnes. Ég hygg að það sé rétt án þess að ég þekki það nógu vel en ég heyrði það líka að hv. þm. Karl Steinar Guðnason tók mjög undir þetta sjónarmið og á því er ég ekkert hissa því að þarna er svo stór markaður sem getur komið til góða þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli. En það eru líka stórir aðilar aðrir, margir fyrir utan sem ekki njóta þessa.

Mér er sagt að t.d. á Vestfjörðum séu menn mjög óhressir með hversu fiskverð, sem er að sjálfsögðu bundið við ákvörðunarverðið, helst alveg í takt við það, en ekkert fyrir ofan. Á fiskmörkuðum mun þetta þó vera einhver búbót sem ég veit ekki hversu mikil er, en þarna kemur auðvitað upp óánægja. Og vissulega er nóg á landsbyggðarfólk lagt þó ekki komi til viðbótar ef svona yrði til lengdar haldið á málum án þess að ég sé hér sérstaklega að mæla gegn þessu. Það kunna líka að vera hliðar á því sem er hægt að lagfæra til hagsbóta fyrir þetta fólk.

Ég veit ekki hvað hv. þm. Karl Steinar meinti þegar hann sagði að það væri kannski nóg að hafa bara einn markað. Það er kannski líka nóg að hafa bara eina verksmiðju í landinu og þá njóti allir hins besta. Ef það er sjónarmiðið, þá er ég nú ekki alveg með á nótunum, að það nægi bara ein verslun fyrir allt landið og einn fiskmarkaður fyrir allt landið. Ég held að menn séu komnir allt of langt út í frjálshyggjutalið, markaðssjónarmiðið (**KSG:** Þeir eru nú á floti, bátarnir.) Á floti já, en það gagnar nú lítið ef menn fá ekkert fyrir fiskinn. Það dugar kannski á Reykjanesi, að menn fljóti bara þar og trúlega að feigðarósi þá. Ég held að menn eigi nú aðeins að gá að sér áður en menn segja svona hluti. Ég hygg að hér þurfi að hafa gát á og ef þetta er rétt sjónarmið, sem ég vil ekkert halda fram að geti ekki verið, þá þurfi að sníða af þá agnúa sem mér sýnist og sjómönnum, a.m.k. á Vestfjörðum og kannski víðar, finnst að sé á þessu kerfi því að það er mismunað.

Vel kann að vera að þetta hafi breytt miklu í þjóðfélaginu. Ég er ekki sannfærður um að þetta hafi breytt miklu í þjóðfélaginu þann tíma sem það hefur verið í lögum, en einhverju kann það að hafa breytt, og kannski er hægt að láta það breyta meiru og þá með annars konar útfærslu, þannig að a.m.k. sem flestir sitji við sama borð, því að við byggjum ekki upp atvinnuveg eins og þarna er um að ræða á tiltölulega fjölmennum svæðum á tiltölulega afmörkuðu sviði. Þarna held ég að menn verði aðeins að líta í kringum sig.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umræður en ég tel rétt að það komi fram að þegar þetta mál var afgreitt í þingflokki Alþfl. lýsti ég yfir að ég hefði fyrirvara gagnvart málinu, ekki vegna þess að ég væri harður andstæðingur þess, heldur taldi ég að það þyrfti kannski að skoða ýmislegt sem mér finnst og hefur verið sagt að hafi farið úrskeiðis og það þarf auðvitað að laga.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það mátti svo sem við því búast að hér yrði farið að ræða um fleiri hluti en beint um frv. sem hér liggur fyrir til umræðu og hvernig mál hafa þróast á gildistíma þeirra laga sem falla úr gildi um áramótin. Það var farið að fjalla um hugmyndir um lögbundið sölufyrirkomulag, hugmyndir sem hafa skotið upp kollinum í þjóðfélaginu um að það skuli vera skylda að selja fisk á mörkuðum. Ég hef litið svo á að sú umræða væri frekar til þess að lofa mönnum að spjalla um einhverja hluti en að það væri einhver alvara á bak við það eins og málum er háttað hjá okkur í dag. Ég held að hugmyndin um það, t.d. á Vestfjörðum, Norðurlandi, Snæfellsnesi og annars staðar, að skylda menn til að fara á einhvern markað með afla sé næstum því óframkvæmanleg. Það eru ýmsir hlutir sem koma í veg fyrir það og kannski ekki rétt að fara að telja þá upp, en þar er þó þyngst á metunum — ja, ekki þyngst á metunum, ég vil ekki segja það — þar er eitt áhrifamikið atriði og það er eignaraðildin yfir flotanum, fiskiskipaflotanum. Þeir aðilar sem mæltu hvað ákafast með því að hér yrði settur upp markaður í Reykjavík voru forráðamenn Granda hf. Þeir bentu á kosti þess að hér væri fiskmarkaður og fyrirtækin gætu sótt hráefni til vinnslunnar á markaðinn. En ég held að það sé lítill hluti af afla þess stóra fyrirtækis, stærsta útgerðarfyrirtækis í Reykjavík, sem hefur farið um Reykjavíkurmarkaðinn.

Til þess að hægt væri að búast við því að hlutir gengu upp á þann veg að það væri skylda að setja allan fisk á markað þyrfti jöfnum höndum að breyta eignaryfirráðum yfir flotanum. Ég gæti tekið undir það að það væri skemmtilegt ef mál þróuðust á þann hátt að það væru sérstakir útgerðarmenn sem sæju um hráefnisöflunina og hins vegar fiskvinnslustöðvar sem sæju um verkun aflans. Það er bara ekki þannig hjá okkur í dag. Þetta er á þann veg eftir þeim tölum sem maður heyrir oftast nefndar að það muni vera um 80% af flotanum sem eru bundin, tengd fiskvinnslustöðvum eignarböndum, ef má orða það þannig. Það þarf því ýmsa hluti til til þess að segja við þá sem eiga skipin og sjá um útgerð þeirra að þeir skuli fara með afla þeirra á uppboð og eiga það á hættu að hafa engan afla til vinnslu í sínum eigin fyrirtækjum.

Ég var svolítið hissa á því að hugmyndir um þetta skyldu ná hylli þings Verkamannasambands Íslands þannig að það var samþykkt á þingi þess að fisksölumálin skyldu eiga sér stað á þennan máta. Það gefur auga leið að ef markaðurinn verður látinn ráða því hvar afli er unninn verður meiri hætta á því en nú er að ákveðin svæði og ákveðnar vinnslustöðvar falli út úr samkeppnisleiknum. Það er þess vegna ekki til að tryggja atvinnu í fiskvinnslustöðvunum að hafa fisksöluna á markaðsgrunni.

Hér var líka rætt um gámaútflutning og frystitogar-

ana. Hv. 4. þm. Reykn. benti á að það væri einmitt þessi þáttur sem hefði kannski orðið þess valdandi, þ.e. gámaútflutningur og frystitogarar, að minni afli barst að fiskimörkuðunum. Sjálfsagt er það einn þátturinn og einn þáttur í þeirri öfugþróun sem ég tel að við búum við undir þeirri fiskveiðistefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum. Og ég tek alveg undir skoðun hv. þm. að nauðsynlegt sé að takmarka þennan útflutning. Til þess þarf sjálfsagt að leita ýmissa ráða, m.a., eins og gert hefur verið á undanförnum árum, að takmarka eða draga af kvótanum eða skerða kvótann. Sjálfsagt gæti krafa um það að fiskur væri seldur innan lands áður en hann væri seldur á erlendan markað þjónað þarna ákveðnum tilgangi, en það þarf ýmislegt til til að hægt sé að koma því í kring. Það er eins og hv. 3. þm. Vestf. nefndi, að það verður erfitt að koma því í framkvæmd að allir aðilar geti notfært sér þessa aðstöðu, boðið fiskinn sinn upp áður en hann er settur í gáma eða á að fara á erlendan markað, mismunandi aðstaða eftir því hvar þetta er á landinu.

Sú þróun sem að mínu mati er þó hvað neikvæðust og hv. þm. Karl Steinar Guðnason nefndi hér áðan er uppbygging frystitogaraflotans. Hún er fyrst og fremst til þess að flytja atvinnuna út á sjó. Og með þeirri framkvæmd er ekki aðeins verið að flytja fiskinn svo gott sem hráan á erlendan markað, heldur er líka verið að mismuna því fólki sem er að vinna við fiskframleiðslu. Þeir sem eru að vinna við þetta úti á sjó fá skattfríðindi. Þeir leggja vitaskuld mikið á sig við þau störf og þeir fá skattfríðindi sem fólkið í landi, fólkið í Verkamannasambandinu, fær ekki.

Ýmsir þættir aðrir í kringum frystitogarana sem kannski á ekki að vera að tíunda við þessa umræðu eru á þann veg að ég held að þar hafi átt sér stað kannski mestu mistökin á þessum tveimur til þremur undanfarandi árum í fiskveiðiþróuninni. Það er sök sér og það er auðveldara að snúa við í sambandi við ferskfiskútflutninginn, en við stöndum í margfalt erfiðari stöðu að draga okkur út úr hinni atvinnugreininni, þ.e. rekstrinum og sókninni á frystitogurunum.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að tala við þessa umræðu en þar sem hér hafa orðið mjög málefnalegar og fróðlegar umræður um frv. tel ég rétt að segja hér nokkur orð.

Ég held að fiskmarkaðir hafi sýnt að þeir gegni mjög miklu og þýðingarmiklu hlutverki í því að miðla á milli kaupenda og seljenda því hráefni sem til skiptanna er. Það hefur komið í ljós að með stofnun fiskmarkaða hafa komið upp mörg smáfyrirtæki sem hafa keypt af markaðinum og fullunnið ákveðnar vörur og selt á erlendan markað og fengið meiri verðmæti en ella, meiri en frystihúsin, þessi hefðbundnu. Þess vegna held ég að fiskmarkaðirnir, þótt þær miklu væntingar sem voru bundnar við þá, alla vega þeirra sem bjartsýnastir voru, hafi ekki komið í ljós, hafi eftir sem áður leikið ákveðið og mikilvægt hlutverk.

Það er ekki aðeins það heldur hefur þetta leitt af sér hærra verð fyrir fiskinn og komið sjómönnum og útgerðarmönnum til góða. Á þessu ári skilst mér að hafi komið meira afli til fiskmarkaðanna en í fyrra og árið þar áður. Eftir því sem mér skildist er markaðurinn í Reykjavík að nálgast 20 þús. tonn og það er töluverð aukning frá því sem var á síðasta ári. Það eru ekki aðeins skipin sem eru gerð út frá Reykjavík og Reykjanesi sem nýta sér þetta, heldur hafa togarar og bátar frá landsbyggðinni í vaxandi mæli komið til Reykjavíkur á fiskmarkað og á Reykjanes og landað þar. Það er meira að segja orðin krafa hjá mörgum sjómönnum að hluti aflans verði seldur á fiskmörkuðunum. Þá er svo komið að útgerð Granda, eins stærsta fiskvinnslufyrirtækisins hér í Reykjavík, setur ávallt hluta af aflanum á fiskmarkaði og jafnvel kaupir hann sjálft. En þetta sýnir það að þessi markaður er mikilvægur.

Þegar ég frétti fyrst af því að stofna ætti þessa markaði batt ég miklar vonir við fjarskiptamarkaði og taldi raunar að hægt væri að tengja landið betur saman í tölvum og koma upplýsingum með greiðum hætti í gegnum þessa fjarskiptamarkaði og kaupendur víðast hvar um landið gætu um leið og tilkynnt væri inn á móðurtölvu hvað væri til skiptanna boðið í þann afla. Það hefur þó ekki orðið. Þróunin hefur orðið sú að það hafa verið þessir tveir höfuðmarkaðir í Hafnarfirði og Reykjavík sem hafa staðið upp úr og að mínu viti, eins og ég sagði áðan, skipt töluverðu máli.

Hér hafa orðið umræður um beina siglingu togara og báta á markaði erlendis og það hefur ekki minnkað þrátt fyrir tilkomu fiskmarkaðanna eins og sumir töldu. Tel ég það mjög miður þar sem þróunin núna, alla vega á þessu ári, hefur sýnt að það verð sem fæst á fiskmörkuðunum er fyllilega sambærilegt við það sem gerist erlendis þegar frádráttur hefur verið reiknaður vegna uppboðskostnaðar, vegna taps á veiðidögum, vegna olíukostnaðar o.fl. Sumir telja a.m.k. að það sé í flestum tilvikum hærra verð hérna á fiskmörkuðunum en erlendis.

Þá hefur það komið fram í þessari umræðu að það sem fer í gegnum fiskmarkaðina fari aðallega til innanlandsneyslu eða neyslu á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Ég held að þarna sé um smámisskilning að ræða þar sem það hefur sýnt sig að mörg fyrirtæki hafa einmitt sprottið upp vegna þessara fiskmarkaða. Það er ekki svo mikið um það að fisksalar kaupi nema ákveðnar tegundir, ýsu held ég, á fiskmörkuðum.

Ég vildi að hér kæmi fram sú skoðun mín að frv. sé mjög mikilvægt. Mér finnst ástæða til að efla fiskmarkaði frekar en að draga úr og vil lýsa því yfir að ég mun styðja frv. og vonast eftir að mega sitja í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um það. Ég á ekki sæti í sjútvn. og ekki minn flokkur, þannig að ég vænti þess að eiga þar seturétt.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Á sínum tíma þegar lög voru

samþykkt hér á Alþingi í mars 1987 um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla tók Sjálfstfl. afstöðu með því lagafrv.

Við athugun á frv. sem hér liggur fyrir virðist mér að Sjálfstfl. geti stutt það svona í meginatriðum, en ég tel samt rétt að rifja hér nokkuð upp, gera grein fyrir því hvað hefur gerst við tilkomu þessara markaða. Hæstv. ráðherra gerði það að sjálfsögðu í sinni framsöguræðu og ýmsir aðrir hv. þm. hafa einnig gert það. Það sem liggur í augum uppi er að við tilkomu markaðanna breyttist verðmyndun í sambandi við sölu sjávarafla allverulega hérlendis, þannig að segja má að upp úr þessu hafi komið þrjú verðmyndunarkerfi. Það eru í fyrsta lagi þau verð sem myndast á þessum frjálsu uppboðsmörkuðum. Í öðru lagi eru það Verðlagsráðsverðin með yfirborgun sem geta verið mismunandi eftir landsvæðum og einnig eftir því hvernig útgerðarfyrirtæki standa að slíkum greiðslum og svo í þriðja lagi er það að menn greiða samkvæmt ákvörðunum Verðlagsráðs sem mun vera orðið fátítt.

En það fer ekki á milli mála að þessir uppboðsmarkaðir sem hófu starfsemi sína hér fyrir nokkrum árum hafa haft mikil áhrif í þá átt að hækka verð til útgerðar og þar með hefur teknahlið útgerðarinnar batnað sem því nemur og einnig afkoma sjómanna. Það liggur í augum uppi.

Þá er það annað atriði sem einnig hefur fylgt sem ég tel af hinu góða sem er það að ekki er nokkur vafi á því að þetta hefur haft þau áhrif að meðferð á afla er mun betri þannig að gæðin hafa aukist og verður að telja það af hinu góða. Út af fyrir sig hafa því uppboðsmarkaðirnir haft jákvæð áhrif hvað þetta áhrærir. Hins vegar hefur það einnig gerst á sama tíma að fiskvinnslan var ekki undir það búin að mæta þessum breyttu forsendum, þ.e. þeim áhrifum sem hin háu verð uppboðsmarkaðanna höfðu í för með sér á fyrsta stigi. Þó má segja að nú sé frekar farið að myndast ákveðið jafnvægi í þessum málum. Stafar það einnig af því að gengisskráning er nú réttari og eðlilegri með tilliti til útflutningsatvinnuveganna. Staða fiskvinnslunnar hefur breyst ásamt ákveðinni strúktúrbreytingu.

Hins vegar hlýtur maður að vekja athygli á því að samfara uppboðsmörkuðunum hefur það gerst að stöðugt stærri hluti af aflanum fer núna út ísaður. Ég tel að þar komi uppboðsmarkaðirnir einnig til skjalanna, alla vega þeir markaðir sem eru hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það er ekki nokkur vafi á því að þeir sem kaupa að marki á þessum uppboðsmörkuðum séu að því í þeim tilgangi að flytja svo þennan fisk ísaðan út í gámum þannig að þetta hefur aukið mjög útflutning á ísuðum fiski í gámum með þar af leiðandi minni vinnslumöguleikum hérlendis.

Þá hefur það einnig gerst sem ég held að geti orkað tvímælis þegar til lengri tíma er litið að litlum fyrirtækjum hefur fjölgað óeðlilega mikið hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það getur verið neikvætt ef litið er á það út frá sjónarmiði samkeppninnar því við skulum muna það að samkeppnin gerist ekki hér innan lands. Hún er fyrst og fremst úti á hinum stóru mörkuðum, þ.e. erlendis. Það orð hefur legið á að erlendir aðilar hafi reynt að koma sér upp svokölluðum „strámönnum" hér á uppboðsmörkuðunum, þ.e. reynt að fá innlenda menn til þess að bjóða í fiskinn til að tryggja sér þessa vöru. Það er náttúrlega ekki hægt að koma í veg fyrir það, þetta eru frjálsir markaðir. Og ef íslenskir ríkisborgarar kaupa inn fyrir erlenda aðila má segja að það sé lítill munur á því hvort það gerist hér í Reykjavík og Hafnarfirði eða í Bremerhaven og Grimsby. Allt er þetta því hluti af þróun sem ég vænti að sé til hins góða fyrir íslenskan sjávarútveg og íslenska þjóð.

En í sambandi við þetta mál er kannski ástæða til að nefna önnur atriði sem eru þessu nátengd og gætu leitt til þess að hægt væri að auka möguleika þeirra sem ekki eru í nánum tengslum við uppboðsmarkaðina, að þeir hafi svipaða möguleika til þess að nýta þann afla sem kemur upp úr sjónum. Þar á ég við það hvort ekki kæmi til greina að allur aflinn væri vigtaður hérna heima. Það þýddi að allur aflinn færi um íslenskar hendur eða íslenska markaði eða íslensk fyrirtæki. Þetta finnst mér mjög koma til greina og mundi auka líkur á því að meira færi í vinnslu en ella.

Svo er það hitt atriðið, sem er geysilega þýðingarmikið, þ.e. hvað skerðingin á kvótanum á að vera mikil í sambandi við útflutning á ísuðum fiski. Ég veit að sú umræða fer ekki fram beint í sambandi við þetta frv. en það er rétt að hafa í huga að það er mat margra sem fást við fiskvinnslu og eru í forsvari fyrir fiskvinnslunni að það ætti að auka skerðingu úr 15% upp í 25%. Það verður til umfjöllunar þegar frv. til laga um fiskveiðistjórnun verður lagt fram væntanlega á þessu þingi. En ég tel rétt að vekja athygli á þessu í þessu sambandi því að auðvitað er þetta samtengt, þ.e. uppboðsmarkaðirnir annars vegar og samræming vinnslu og veiða hins vegar í sambandi við íslenska fiskvinnslu og útflutningshagsmuni, og þar með erum við að taka afstöðu til þess hvernig við ætlum að auka vinnsluvirði þess sjávarafla sem íslensk fiskiskip veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Ég vil sem sagt undirstrika það að ég tel að við sjálfstæðismenn getum stutt þetta frv. en við viljum jafnframt vekja athygli á þessum atriðum sem ég drap á hér áðan.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að hv. 3. þm. Vestf. er horfinn úr salnum en ég ætlaði aðeins að ræða við hann. Mér er alveg ljóst að það stefnumið að selja allan afla hjá fiskmörkuðum getur ekki komist í framkvæmd í einu vetfangi eins og ég reyndar tók fram og ég tel að nokkur þróun eigi eftir að eiga sér stað í þessum málum sem öðrum. Það er rétt að 80–85% af útgerðinni er með fiskvinnslu líka og öfugt þannig að hagsmunir stangast sjálfsagt á í þessu efni. En ég vek athygli á því að Grandi hf. hefur gert mikið af því að selja á fiskmarkaði hér í Reykjavík, á Faxamarkaði, og hagræðingin sem þeir sjá við það

er sú að geta sérhæft sig meira en ella, keypt þær fisktegundir sem skipta máli fyrir vinnsluna hverju sinni, gert vinnsluna hagkvæmari og látið þá aðra taka það sem er óhagkvæmt fyrir þá, þ.e. sem verður þá hagkvæmt fyrir báða.

Ég sagði frá því hér áðan að Boston-markaðurinn er talinn hafa afgerandi áhrif fyrir alla austurströnd Bandaríkjanna hvað varðar verðlag og ég vildi vekja athygli hv. 3. þm. Vestf. á því að það er til sími víða og tölvur víða, a.m.k. hér fyrir sunnan. Það er eins og hv. þm. hafi ekki verið kunnugt um það. (Gripið fram í.) Þegar menn tala um fjarskiptamarkað, þá leysa menn málin í gegnum þau fjarskipti og það skiptir ekki öllu máli hvar menn eru að veiða. Menn ákveða í gegnum síma eða á annan hátt að gera tilboð í þennan eða hinn aflann og hægt er að gera það um allt land því að símakerfð nær blessunarlega um allt landið.

Ég minni á það aftur að Verkamannasambandið hefur gert samþykktir í þessu máli og það er stefnumið þar að allur afli verði seldur innan lands fyrst. Á þann hátt getum við helst komið í veg fyrir þá hugsjón útvegsmanna að byggja upp fiskvinnslu á Humbersvæðinu í Englandi. Á þann hátt einan getum við komið því til leiðar að atvinna verði næg um allt land. Ég veit ekki um neina fyrirvara sem hugsanlega hafa verið gerðir við þessa samþykkt á Verkamannasambandsþinginu og ég veit ekki heldur um neina sem vita um þá fyrirvara.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Mér þykir varaformaður Verkamannasambandsins orðinn gamansamur nú síðustu daga. (**HBl:** Þá bregður nýrra við.) Já, þá bregður nýrra við. Það má hafa það svo. Ekki hvarflaði að mér að ekki hafi verið til símar eða fjarskiptatæki alllengi. Slík tæki voru líka til þegar menn voru að ræða um verðlagseftirlitið og hvort það væri öruggt að markaðurinn mundi sjá til þess að verðlag lækkaði, hinn frjálsi markaður. Og ég man ekki betur en að hv. þm. Karl Steinar hafi verið sammála í þessum efnum þá, en trúlega hefur símasambandið batnað síðan. (Gripið fram í.) Ég held því að þetta sé ekki spurning um það hvort menn hafi síma eða hvort fjarskipti eru fyrir hendi. Þau hafa verið fyrir hendi þann tíma sem þessi lög hafa verið í gildi. Kannski er hægt að koma því við að gera þetta á þann veg að fleiri njóti þess en hafa gert. Ef menn telja þetta til hins betra er það meginmálið að sem flestir njóti þess, að það verði ekki tiltölulega fáir og aðrir verði settir hjá.

Varðandi fyrirvara á Verkamannasambandsþingi skal ég ekkert um segja, en ég hygg nú samt að um þetta séu mjög skiptar skoðanir innan verkalýðshreyfingarinnar sem heildar hvort sem menn líta til Verkamannasambandsins eða Alþýðusambandsins. Það þýðir ekki að vera að blekkja sig á því að mínu viti að það séu ekki skiptar skoðanir innan verkalýðshreyfingarinar um jafnmikilvæg mál og hér er um að ræða eins og víða annars staðar. Þar eru ekki allir á sömu skoðun og það er blekking að mínu viti að halda því fram að menn séu þar á einni og hinni sömu skoðun að því er þetta varðar. Þarna er um að ræða t.d. sjómenn sér á parti, landverkafólk hins vegar og síðan koma fleiri sjónarmið inn í. Þarna rekast hagsmunir á og það verða menn að viðurkenna. Og auðvitað eiga menn að draga nótur í áframhaldinu í samræmi við það að um þetta eru skiptar skoðanir og menn verða þá að reyna að finna samnefnara til þess að koma þessu dæmi heim og saman þrátt fyrir það að góð símasambönd og fjarskipti eru fyrir hendi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (þróunardeild og Fiskimálasjóður). — Þskj. 203.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem kom til umfjöllunar á síðasta Alþingi um frv. til laga um viðaukalög við lög nr. 44 frá 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Með frv. þessu er lagt til að stofnuð verði sérstök þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands er hafi það hlutverk að veita lán til rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum í sjávarútvegi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Fiskimálasjóður verði lagður niður og hin nýja þróunardeild yfirtaki eignir og skuldir sjóðsins.

Frá stofnun Fiskimálasjóðs árið 1935 hafa margvíslegar breytingar orðið á starfsemi sjóðsins. Engu að síður má segja að meginhlutverk hans hafi ætíð verið óbreytt, þ.e. að styðja nýjungar í sjávarútvegi, veita styrki til veiða með nýjum veiðarfærum, tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða. Af eldri lögum um Fiskimálasjóð má sjá að hann hefur aldrei gegnt hlutverki sem almennur stofnlánasjóður fyrir sjávarútveginn. Hefur hlutverk hans einkum verið að veita viðbótarlán vegna nýjunga eftir að þær stofnanir sem hafa það hlutverk að veita stofnlán hafa lánað til fyrirtækja eftir almennum reglum eins og þeim þykir tryggt hverju sinni.

Sjóðurinn hefur einnig veitt lán eða styrki til stuðnings nýjungum sem ekki hafa verið fullreyndar. Hefur hann því oft tekið áhættu sem ekki er talið eðlilegt að bankastofnanir eða fjárfestingarlánasjóðir reknir á svipuðum grundvelli taki. Hefur Fiskimálasjóður frá upphafi styrkt margvísleg framfara- og hagsmunamál í sjávarútvegi og veitt lán með hóflegum vöxtum til tilrauna sem ýmist hafa gefist

vel eða ekki reynst grundvöllur fyrir, eins og gengur og gerist. Sjóðnum hefur því reynst erfitt að gegna hlutverki sínu án annarra tekna en af vaxtatöku.

Þá rýrði mjög Fiskimálasjóð eins og aðra sjóði á sínum tíma sú verðbólga sem um langt árabil geisaði hér á landi og geisar nú því miður enn í nokkrum mæli. Eiginfjárstaða sjóðsins hefur af þessum sökum lengst af verið tiltölulega veik. Tekjur sjóðsins voru fyrst og fremst hlutdeild í útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Á árunum 1985–1986 vann nefnd á vegum sjútvrn. að gagngerri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Samkvæmt tillögu nefndarinnar var það flókna sjóðakerfi sem sprottið hafði upp afnumið og útflutningsgjald af sjávarafurðum fellt niður. Við þetta hvarf aðaltekjustofn Fiskimálasjóðs.

Í forsendum sjóðanefndar á sínum tíma var ráð fyrir því gert að sjóðurinn mundi sameinast Fiskveiðasjóði Íslands. Eftir að Fiskimálasjóður var sviptur föstum tekjustofni á árinu 1986 á sjóðurinn í erfiðleikum við að standa undir þeim kostnaði sem starfsemi hans hefur í för með sér. Það er einnig eðlilegt að ekki séu of margir sjóðir starfandi. Það hefur einungis aukinn kostnað í för með sér. Af þessum ástæðum er eðlilegt að gerð sé breyting á þessu fyrirkomulagi og Fiskimálasjóður aflagður. Enda þótt Fiskimálasjóður verði lagður niður ef frv. verður að lögum er ljóst að mikil þörf er fyrir að þeim umbótum, sem sjóðnum var ætlað að inna af hendi, verði sinnt áfram. Til marks um þörfina má nefna þann fjölda umsókna um styrki til áhugaverðra nýjunga og sérhæfðra tilrauna sem sjútvrn. og sjálfsagt fleiri aðilum berst stöðugt.

Með frv. er lagt til að stofnuð verði sérstök þróunardeild við Fiskveiðasjóð í þeim tilgangi að veita lán eða styrki til rannsókna og nýjunga sem eflt geta stöðu íslensks sjávarútvegs. Styrkveitingar úr deildinni verða þó háðar því að deildin fái sérstakar tekjur í þessu skyni sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frv. og ég vek athygli á því.

Með rannsóknum er einnig átt við markaðsrannsóknir sem leitt geta til þess að íslenskar sjávarafurðir kæmu fram á nýjum mörkuðum erlendis. Er gert ráð fyrir því að deildin lúti sömu yfirstjórn og Fiskveiðasjóður en stjórn hans er skipuð af sjútvrh., m.a. samkvæmt tilnefningu helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fjármálastofnunum sem starfa á vettvangi sjávarútvegsins. Fulltrúar atvinnugreinarinnar sjálfrar koma því til með að fjalla um einstakar lánveitingar eða styrki.

Fram hefur komið gagnrýni á það fyrirkomulag að stjórn Fiskveiðasjóðs annist lán- eða styrkveitingar úr deildinni. Æskilegra sé að eldra fyrirkomulag verði áfram. Á þetta sjónarmið get ég ekki fallist. Verði ráðist í tekjuöflun fyrir deildina, sem ég tel æskilegt, er ljóst að verulegur hluti teknanna muni koma frá sjávarútveginum með einum eða öðrum hætti. Það eitt væru rök fyrir því að þeir sem í greininni starfa hafi fremur ákvörðunarvald í þessum málum en aðrir utan greinarinnar, telji stjórn Fiskveiðasjóðs, sem trúað er fyrir veitingu stofnlána í sjávarútvegi, þeim jafnframt treystandi fyrir því að afgreiða lán og styrki til sjávarútvegsins. Hins vegar er alltaf umdeilanlegt hverjir eiga að skipa slíka stjórn og hvernig þeir eru kosnir.

Um deildina munu gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands að öðru leyti en um getur í 2. gr. Frv. gerir ráð fyrir því að deildin veiti lán gegn tryggingum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er stjórnin í þeim efnum óbundin af 11. og 12. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands. Umræddar greinar gera ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður sem stofnlánasjóður veiti einungis lán til fiskiskipa með 1. veðrétti eða gegn veði sem er innan við 60% af matsverði eigna. Nauðsynlegt þykir að stjórnin sé óbundin af þessum reglum til að deildin geti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað. Hins vegar er lagt til að sjóðsstjórn veiti tryggingar fyrir láni hverju sinni. Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir þessari skipan mála, enda er stjórn Fiskveiðasjóðs fyllilega treystandi til að marka sér fastmótaðar reglur í þessum efnum.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um lán- og styrkveitingar. Reglur um styrkveitingar munu ekki verða settar fyrr en ljóst verður hvaða tekjur eða framlag deildin fær til styrkveitinga. Verður haft samráð við sjóðsstjórnina um reglur um veitingu slíkra styrkja og aðra framkvæmd þessa máls. Á því skal vakin sérstök athygli, eins og ég gat um áður, að með frv. þessu er þróunardeildinni ekki markaður neinn fastur tekjustofn. Ég hef fært það í tal við nokkra aðila í sjávarútvegi að ráðist verði í tekjuöflun sem staðið getur undir þróun nýrra aðferða í vinnslu sjávarafurða og rannsókna er leitt gætu til aukningar á verðmæti þeirra. Við þessu hefur hins vegar verið allmikil andstaða sem er ofur eðlileg því að afkoma sjávarútvegs hefur að undanförnu verið þannig að hann hefur alls ekki verið aflögufær. Ég vænti þess hins vegar að við breyttar aðstæður í framtíðinni verði ríkari skilningur á þessu og þá er þessi sjóður fyrir hendi þegar slíkar aðstæður hafa skapast sem ég vænti að verði sem fyrst.

4. gr. frv. kveður á um yfirtöku Fiskveiðasjóðs á eignum og skuldum Fiskimálasjóðs. Er miðað við stöðu eigna og skulda 31. des. 1989. Nauðsyn þykir að ákveðin dagsetning sé fest í þessu skyni og endanlegt uppgjör fari fram eins fljótt og mögulegt er. Efnahagsreikningur sem nú liggur fyrir um stöðu Fiskimálasjóðs í árslok 1988 sýnir að eign sjóðsins er aðeins um 14 millj. kr. Þessi staða gæti þó verið enn lakari því að í reynd er hluti af útistandandi kröfum sjóðsins vegna nýjunga sem enn hafa ekki sannað gildi sitt og eru því áhættulán.

Þess skal að lokum getið að frv. var á undirbúningsstigi kynnt stjórn og forstjórum Fiskveiðasjóðs og taldi stjórnin og forstjórar sjóðsins eðlilegt að slík breyting væri gerð. Það skal jafnframt tekið fram að stjórn Fiskimálasjóðs fjallaði um málið á fundi sínum 21. apríl sl. og afgreiddi þá svohljóðandi samþykkt:

„Stjórn Fiskimálasjóðs lýsir ánægju sinni yfir því að með frv. þessu, ef samþykkt verður, hefjist aftur

stuðningur við rannsókna- og þróunarverkefni í sjávarútvegi. Jafnframt beinir stjórn sjóðsins eftirfarandi til sjútvrn. varðandi efni frv.:

Þar sem rætt er um rannsóknir í 1. gr. frv. verði látið koma fram að orðið „rannsóknir" eigi einnig við um markaðsrannsóknir. Umsóknir um lán og styrki úr þróunardeildinni fá faglegt mat um gagnsemi verkefnisins og líklegan árangur áður en þær eru afgreiddar. Markaðir verði ákveðnir tekjustofnar fyrir deildina."

Þetta var úr samþykkt stjórnar Fiskimálasjóðs.

Ég tel að þetta frv. sé eðlilegt framhald af þeirri breytingu sem orðið hefur á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Það er vissulega full þörf fyrir að fé sé veitt til ýmissa mála á vettvangi atvinnugreinarinnar. Mér er það fyllilega ljóst að með frv. er það ekki tryggt sem skyldi því enn er ekki fyrir því séð hvaða tekjur Fiskveiðasjóður gæti fengið í þessu skyni.

Þess má geta að Iðnlánasjóður hefur t.d. fengið ríkisframlag sem veitt hefur verið til svipaðra verkefna og væri ekki óeðlilegt að fullt samræmi væri á milli reglna að því er Iðnlánasjóð varðar og Fiskveiðasjóð og það má segja að Iðnlánasjóður hafi svipaðar heimildir eins og fram kemur í frv. þessu.

Að svo stöddu er ég ekki reiðubúinn að hafa forgöngu um að skylda sjávarútveginn til útgjalda á þessu sviði umfram það sem hann leggur þegar til þessara mála, en eins og ég hef áður tekið fram vænti ég þess að aðstæður muni breytast og því geti sjávarútvegurinn lagt nokkurt fé til þessara mála.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég stend ekki hér upp til að andmæla þessu frv. en vildi þó fara nokkrum orðum um það. Þetta frv. er um formbreytingu. Það er gerð sú breyting að leggja niður Fiskimálasjóð og í staðinn að stofna þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands. Það er breytt um aðila sem á að sjá um framkvæmd á sama verkefni og áður. Í þessu frv. er að vísu ekki eins nákvæmlega tiltekið hvert verkefnið á að vera eins og var og er í lögum um Fiskimálasjóð.

Í þessu frv. er talað um að það sé hlutverk þróunardeildarinnar að veita lán til rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Þetta er nánar tilgreint í lögum um Fiskimálasjóð. Þar er þetta tiltekið í sex liðum. Tveir fyrstu liðirnir eru að vísu úreltir nú vegna þess að þeir fjalla um starfsemi sem nú fellur undir Hafrannsóknastofnunina en hinir liðirnir sem tilgreindir eru kveða á um að Fiskimálasjóður veiti styrki til tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum, enn fremur veiti styrki til tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða, svo og veiti styrki til markaðsleitar fyrir sjávarafurðir og svo loks veiti styrki til annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

Ég spyr: Er nokkur ástæða til að fella niður svo vegleg verkefni sem þessi sem ég hef upp talið úr gildandi lögum? Færi ekki betur á því að það stæði í því frv. sem við hér ræðum og þeim lögum sem sett yrðu ef frv. yrði samþykkt?

En meginatriði í þessu máli, aðalatriðið er það að hin nýja þróunardeild geti starfað. Nú er það upplýst, eins og við vitum, að Fiskimálasjóður hefur ekki starfað. Hann hefur verið dauð stofnun um nokkur ár a.m.k. Og vegna hvers? Það er vegna þess að það hafa engar tekjur verið ætlaðar Fiskimálasjóði. Hann hefur verið sviptur þeim tekjum sem hann hafði áður. Nú hefði maður haldið að ef hreyfa ætti við þessum málum, þá væri það aðalatriðið að skapa tekjur til þess að sinna þessum verkefnum. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinum tekjum til hinnar nýju eða ætluðu þróunardeildar.

Hæstv. ráðherra kom inn á þetta mál og vakti athygli á þessu. Hæstv. ráðherra sagði, eða ég skildi hann svo, að það væri eðlilegt að tekjur til þessara þarfa kæmu frá sjávarútveginum með einum eða öðrum hætti. Hann tók fram að sjávarútvegurinn hefði ekki stöðu til þess að þar væru teknar tekjur til þessara þarfa, en hann lýsti von sinni um það að það kæmu þeir tímar að hagur sjávarútvegsins batnaði. En það vill nú svo til að það er um þessar mundir mest komið undir hæstv. ráðherra sjálfum hvernig fer með stjórn sjávarútvegsmála og hverjir möguleikar sjávarútvegsins verða í þessu efni.

Mér kemur til hugar hvort það hefði verið nokkur ástæða að koma með þetta frv. nú, nokkur ástæða til þess að gera kerfisbreytingar eða formbreytingar í þessu efni fyrr en búið væri að leysa það sem er aðalatriði þessa máls, að skapa tekjur, útvega tekjur til þeirra verkefna sem Þróunarsjóðnum er ætlað. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það lægju einhverjar nauður eða hverjar ástæður væru til þessara formbreytinga áður en þessu frumskilyrði er fullnægt.

Þá er það eitt atriði sem ég vil aðeins víkja að. Það hefur ekki neina stórþýðingu en það er aðeins formsatriði. Ég tek eftir því, eins og allir mega sjá, að frv. þetta sem við nú ræðum hefur fyrirsögnina: „Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands". Þetta frv. er um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands. Það er venja að taka það fram í frv. til laga sem eru breytingar við önnur lög að þau séu frv. til breytinga á þeim lögum og hafa formið á frv. þess eðlis, en ekki að tala um viðauka. Ég er hræddur um að ef sá siður hefði gilt þegar lögum er breytt að tala um viðauka — og það er meira en að tala um viðauka, frv. til breytinga er þá með sjálfstæðri töluröð greina — þá liti lagasafnið út allt öðruvísi en það lítur út í dag því að þá mundu flest lög þar vera með viðaukum og mörgum viðaukum sum. Ég sagði að þetta væri aðeins formsatriði, en ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra gæfi skýringar á því hvers vegna þetta form er í þessu frv. sem við nú ræðum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í máli mínu hér fyrr í dag varðandi annað frv., þá er auðvitað ekki

annað hægt en að fagna efni frv. eins og þessa sem hér liggur fyrir. Vil ég í því sambandi minna á að það starf sem hér er lagt til að ný þróunardeild við Fiskveiðasjóð taki að sér er um efni sem var hluti af brtt. Kvennalistans við frv. til laga um stjórn fiskveiða sem var hér til umræðu á Alþingi fyrir tveimur árum. Þar lögðum við til að 20% af heildaraflanum væri sett í sameiginlegan sjóð og yrði til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar eftir ákveðnum reglum. Við lögðum einnig til að það gjald sem kæmi inn fyrir slíka sölu eða leigu yrði nýtt til fræðslu í sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna. Í öðru lagi — og þetta er ekki talið upp í forgangsröð eftir mikilvægi — þá lögðum við til að rannsóknir yrðu efldar í tengslum við sjávarútveginn, bæði grunnrannsóknir á lífríki sjávar, rannsóknir á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróun í sjávarútvegi, markaðsöflun og markaðshönnun fyrir sjávarafurðir. Og í þriðja lagi lögðum við til að fyrir hagnað af sölu veiðileyfa yrðu einnig veitt verðlaun fyrir sérstaklega góða frammistöðu í nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks. Þessar tillögur okkar tóku því til mun breiðara sviðs en hér er fjallað um. Þetta var mjög mikilvægur liður í þeim tillögum sem við þá lögðum fram því það er að okkar mati ekki vansalaust hversu lítið í rauninni þessi þjóð sem lifir á fiski hefur sinnt rannsóknum og fræðslu í sjávarútvegi. Það er ábyggilegt að hirðuleysi hefur orðið okkur til verulegs tjóns og m.a. stuðlað að því að störf í sjávarútvegi njóta ekki þeirrar virðingar sem þeim ber. Þess vegna lögðum við líka mikla áherslu á að lagfæra og efla alla menntun og fræðslustarfsemi í þessum greinum.

Ég get því að sjálfsögðu, með hliðsjón af þessum hugmyndum okkar og tillögum á þinginu 1987, tekið undir þær hugmyndir sem fram koma í þessu frv. um að efla þróun og rannsóknir, en hlýt auðvitað að gera athugasemd við síðustu setninguna í almennum athugasemdum með frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Styrkveitingar eru þó háðar því að deildin fái sérstakar tekjur til að standa undir þeim.“

Það kom reyndar fram í máli hæstv. sjútvrh. að ætlunin mun vera að tekjur komi frá sjávarútveginum þegar betur árar. Það stendur hér í 5. gr. frv. að lögin skuli þegar öðlast gildi og í mínum augum er það harla lítils virði að þau taki gildi án þess að hægt sé að framfylgja þeim. Vil ég reyndar í því sambandi benda á þar sem við fjöllum á næstu vikum um fjárlög að í þeim kemur það víða fyrir að ekki er framfylgt lögum sem Alþingi hefur sett um markaða tekjustofna og það er auðvitað afleitt og þyrfti að ræða annars staðar en í sambandi við þetta mál. En ég lít á það sem algjört frumskilyrði fyrir því að lög þessi geti tekið gildi að það sé einhver von til þess að hægt sé að framfylgja þeim. Auk þess vildi ég gjarnan sjá þetta svið sem þróunar- og rannsóknardeildinni er ætlað víðara þannig að einnig verði hugað að t.d. aðbúnaði starfsfólks í þessum greinum og sömuleiðis fræðsluþættinum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ætli ég segi ekki eins og hv. 4. þm. Vestf. Ég kem ekki hér til þess að andmæla þessu frv. en ég kem heldur ekki til að fagna því. Mér finnst efni þess allt vera á þann veg að það skipti í sjálfu sér óskaplega litlu máli hvort frv. verður að lögum eða ekki. Alls ekki út frá því hvort það eigi að fara að byggja upp einhverja þróunaraðstoð eða aðstoð við nýhugmyndir eða þess háttar því að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir að það verði hægt að gera eitt eða neitt vegna þess að tekjurnar vantar.

En staðreyndin er sú að frv. er sjálfsagt ekki fyrst og fremst flutt vegna nýrrar stofnunar við Fiskveiðasjóð Íslands, heldur til þess að kasta rekunum á Fiskimálasjóð, þá ágætu stofnun sem á undanförnum áratugum hefur styrkt og staðið að ýmsum þróunarverkefnum í sjávarútvegi.

Eins og hæstv. ráðherra nefndi var fiskimálanefnd stofnuð 1935 og byrjaði strax í upphafi að standa fyrir mjög merkilegum tilraunum í sambandi við hraðfrystiiðnað á Íslandi, var forustuaðili í þeim málum, hrinti í framkvæmd þeirri atvinnugrein, stóð fyrir því að hafist var handa á þeim vettvangi. Skil okkar við þessa ágætu stofnun eru á þann veg, eins og hér kemur fram í skýringum með frv., að um síðustu áramót mun eiginfjárstaða, eins og núna er kallað, þ.e. höfuðstóll eins og sagt er á gömlu íslenskunni hér í skýringunum, hafi verið um 14 millj. kr. og eftir því sem mér var sagt fyrir skömmu síðan mun höfuðstóll fyrirtækisins ekki vera mikið meiri en 3 millj. í dag.

Fiskimálasjóður stendur sem sagt þannig að þar er engin von lengur um líf nema með því móti að einhver opinber stofnun taki hann upp á sína arma. Því seinna sem þetta verður gert, því meiri hætta er á því að sú stofnun verði hreinlega að borga með þessari ágætu stofnun okkar. Staðreyndin er sem sagt sú að Fiskimálasjóður hefur verið óvirk stofnun á undanförnum árum. Allt of langan tíma, ekki aðeins frá 1986 í sambandi við sjóðabreytingarnar heldur nokkur ár þar á undan. Og nú er sem sagt verið að koma hér með frv. til að hv. Alþingi samþykki að þessi stofnun verði lögð niður. En til þess að heldur minna beri á því hvað hefur gerst um þessa stofnun hefur um leið verið lagt til að myndaður verði viðauki, eins og sagt er, við Fiskveiðasjóð Íslands, svokölluð þróunardeild.

Það er í sjálfu sér ekki mikið hægt að spjalla um þann þáttinn vegna þess, eins og ráðherra nefndi, að ekki hefur verið ákvarðaður neinn tekjustofn til þessarar þróunardeildar þó að samt hafi verið haft í huga við uppbyggingu frv., eins og hæstv. ráðherra sagði, að verulegur hluti tekna slíkrar deildar mundi koma frá sjávarútveginum. Þá er gengið út frá því að þessari deild verði stjórnað af núv. stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands. Ráðherra nefndi að um þetta hefðu verið skiptar skoðanir og ég vil láta það koma fram að ef úr því yrði að þessi sjóður fengi tekjustofn, hvort sem það yrði að verulegum hluta frá sjávarútveginum eða, eins og ráðherra nefndi líka, með beinu ríkisframlagi, teldi ég það óeðlilegt að stjórn Fiskveiða-

sjóðs fengi umsýslu með þessari stofnun líka. Ég tel að sú aðferð sem notuð hefur verið til þess að velja menn í stjórn Fiskimálasjóðs væri eðlilegri í sambandi við ráðstöfun fjár úr stofnun sem hér er verið að tala um að verði stofnuð eða stutt að í framtíðinni. Um aðra hluti í sambandi við lögin sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða.

En ekki síður nú en 1935 þegar fiskimálanefnd var stofnuð er mikil þörf fyrir að hér verði til sjóður sem getur veitt fjármagn til ýmissa þróunarverkefna, nýverkefna á breiðu sviði í sambandi við sjávarútveginn. En þó að þetta frv. hér verði samþykkt, þá gerist því miður allt of lítið.

Hv. 6. þm. Vesturl. fagnaði þessu frv. og fjallaði þó nokkuð mikið um hugmyndir sem Kvennalistinn hefði lagt fram í sambandi við fiskveiðistefnuna sem þm. taldi að gætu að vissu leyti tengst þessu frv. Þar hefði verið bent á tekjuleið og bent á þætti sem æskilegt væri að standa að og styrkja. Það er alveg greinilegt að það hefði verið mjög æskilegt fyrir hæstv. sjútvrh. að Kvennalistinn hefði verið með í ríkisstjórninni og að tillögur Kvennalistans hefðu komist að við uppbyggingu þessa frv., bæði í sambandi við markmið frv. og svo einnig að hægt hefði verið að huga að því að í frv. væri ákveðinn tekjustofn sem væri hægt að byggja frv. á og framvindu mála í framhaldi af því.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég kem nú eiginlega hér upp til að andmæla þessu frv. Ég er ekki eins hógvær og þeir hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Skúli Alexandersson. Ekki vegna þess að ég vilji ekki að lagt sé lið því sem hér er verið að tala um, en það tæki er til í þjóðfélaginu núna og hefur verið lengi sem er Fiskimálasjóður. Ég man ekki hversu langt er síðan hér var flutt frv. til l. um að leggja starfsemi hans niður, það eru nokkur ár.

Það sem ég óttast að hér sé verið að gera, og einhvern veginn finnst mér ég finna lyktina af því, er að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið inn á auðlindaskattsbrautina. Þetta er kannski fyrsta skrefið eða fyrra skrefið til að koma á úreldingarsjóðshugmyndinni sem fram kom á síðasta Alþingi í umræðum. (**Sjútvrh.:** Hún kemur aftur.) Hún kemur aftur. Ég efast ekki um það, hæstv. ráðherra, að hún kemur aftur. En kannski verður róðurinn auðveldari ef nú á að leiða menn inn í þessa gildru sem hér er fyrir og það sé meiningin að viðhafa — það má auðvitað ekki kalla það klæki, hæstv. ráðherra, klókindi frekar til þess að hafa áhrif á sjónarmið einstakra hv. þm.

Ég er mjög sammála hv. þm. Skúla Alexanderssyni um það að hér er auðvitað verið að kasta rekunum á Fiskimálasjóð, þann sjóð sem að mínu viti gerði mjög mikið gagn um langan tíma þó að vissulega hefði hann mátt gera meira hefði hann haft til þess aðstæður. En ég sé ekki til hvers verið er að þessu. Það gæti komið — ja við skulum segja t.d. bara eftir áramót — frv. frá hæstv. ríkisstjórn sem væri eitthvað á þessa leið: „Frumvarp til laga um viðauka“ við það sem hér er verið að gera í úreldingarsjóði, í auðlindaskatti. Hér eru menn vísvitandi að leggja gildrur fyrir tiltekna þm. til þess að þeir fallist á þau sjónarmið sem hér hafa verið uppi og ég er ekki út af fyrir sig að ásaka hæstv. ráðherra. Hann hefur fengið mikinn meiri hluta þingsins til að fallast á þessi sjónarmið öll. Og það er auðvitað það gagnrýnisverðasta. Hér er ekki verið að gera neitt annað en að leggja til viðauka við lögin um Fiskveiðasjóð. Það er ekki verið að tala um tekjur. Það segir bara: „Deildinni er og heimilt að veita styrki í sama tilgangi enda verði henni séð fyrir sérstökum tekjum í því skyni.“ Hvaðan eiga þær að koma? (Gripið fram í.) Og hverjar eiga þær að verða? (**Gripið fram í:** Hver á að borga reksturinn...?) Já, hver á að borga reksturinn? Svo segir hér eins og svo oft áður og hæstv. sjútvrh. er alveg snillingur í því. Í 3. gr. segir: „Sjávarútvegsráðherra setur reglur um lán- og styrkveitingar úr deildinni.“ Og þá sýnist mér, ef svo heldur fram sem ég vona nú að verði ekki varðandi fiskveiðistefnuna, hún er að vísu í gildi eitthvað í viðbót ef ég man rétt, þau lög sem núna eru þannig að eftir árið 1990 koma ný lög til með að taka við að því er hana varðar, verði það svo áfram sem verið hefur hefur hæstv. sjútvrh. í hendi sinni með reglugerðarsetningu nánast alla hluti á útfærslu fiskveiðistefnunnar sem Alþingi hefur veitt honum.

Ég vara mjög eindregið við þessu frv. og hef lýst öllum fyrirvörum í þingflokki Alþfl. gagnvart því. Ég vil a.m.k. vita hvað menn eru að fara og hvert menn eru að leiða með svona breytingu sem ég sé ekki að sé nein sérstök þörf á á þessu stigi máls. Mér er það ljóst að það er vaxandi andstaða við þá fiskveiðistefnu sem við búum við núna. Hún er vaxandi og vonandi nægileg til þess að stefnunni verði breytt á betri veg. En ég hygg að menn séu hér að leiða tiltekna þm. í gildru með svona frumvarpsflutningi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Karvel Pálmason um að hér er að sjálfsögðu engin tilraun til þess gerð að leiða menn inn í einhverjar gildrur, enda er þetta frv. svo einfalt í sinni mynd að það ætti að vera augljóst hverjum manni. Og ef einhver hætta er á því að frv. sem þetta sé gildra, þá hygg ég nú að margt sem fram fer hér á Alþingi ætti fremur að skoðast í því ljósi. En ég vænti þess að slíkt sé ekki hugsunarháttur sem hér ríkir í flutningi frumvarpa að leiða menn inn í eina né aðra gildru. Hér er einfaldlega verið að taka á vandamáli sem er fyrir hendi, reyna að gera því einhver skil. Ég skal gera grein fyrir því af hverju þetta frv. er með þeim hætti sem hér er þó að það sé í sjálfu sér ekki fullkomið frekar en önnur frumvörp eins og ég tók skýrt fram í minni framsögu.

Það er ekki ný hugmynd að leggja Fiskimálasjóð niður og yfirfæra tekjur og skuldir hans til Fiskveiðasjóðs. Það kom mjög skýrt fram í því starfi sem fór fram á sínum tíma hjá sjóðanefndinni og þegar það frv. var samþykkt hér á Alþingi, að þá var gert ráð fyrir því í greinargerð að þessi sameining færi fram.

Það má í sjálfu sér segja að ekki er til neins að halda starfsemi Fiskimálasjóðs áfram miðað við þá stöðu sem hann hefur. Hann hefur engar tekjur, á engar eignir og hið eina sem þar fer fram er að þar er haldið uppi ákveðinni starfsemi til að færa bækur o.s.frv. Það er nokkur kostnaður við starfsemina þó að hann sé í sjálfu sér hverfandi. Ég hygg að hv. þm. geti verið því sammála að það er ekki til neins að hafa slíkan sjóð. Það er svona álíka og að reka einhvern annan sjóð hvort sem það er lífeyrissjóður eða einhver annar. Það eru margir sjóðir reknir í þessu landi sem hafa engar tekjur og eiga engar eignir. Það getur ekki verið hugmynd okkar, sem viljum auka starfsemi af þessu tagi, að halda á máli með slíkum hætti. Þá er tvennt að gera. Annaðhvort er að auka veg og virðingu Fiskimálasjóðs og ákveða honum tekjur, færa til hans einhverjar eignir þannig að hann geti byrjað að starfa með þeim hætti sem hann áður gerði. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Hins vegar er það svo að Fiskveiðasjóður hefur allt aðra stöðu en Fiskimálasjóður. Fiskveiðasjóður á verulegar eignir og er sjóður sem getur tekið nokkra áhættu og gerir það í mörgum tilvikum. Fiskveiðasjóður hefur tapað á ýmsum verkefnum. Hann er nú um þessar mundir t.d. að tapa nokkru fé af lánum til fiskeldis. Það var út af fyrir sig mjög merkt framtak á sínum tíma þegar Fiskveiðasjóður lánaði nokkurt fé til strandeldisstöðva hér í landinu til þess að sú tilraun gæti farið fram. Því miður hefur það ekki tekist eins vel og menn væntu í upphafi þó að ég vonist til að Fiskveiðasjóður muni ekki tapa mjög miklu á þeirri starfsemi.

Það sem er einfaldlega verið að leggja hér til er í fyrsta lagi að yfirfæra eignir og skuldir Fiskimálasjóðs til Fiskveiðasjóðs vegna þess að Fiskimálasjóður getur í reynd ekki staðið við sínar skuldbindingar. Og það er líka hætta á því að hann geti orðið greiðsluþrota, þ.e. hann geti ekki borgað af öllum sínum lánum m.a. vegna þess að útlán hans eru að nokkru leyti í allverulegri áhættu.

Í öðru lagi er verið að gera Fiskveiðasjóði Íslands kleift að lána til verkefna af þessu tagi, sem sagt lána til rannsókna og þróunarverkefna sem sjóðurinn getur án þess að hann fái til þess sérstakar tekjur. Hins vegar kemur það skýrt fram í frv. að Fiskveiðasjóður Íslands mun ekki taka upp sérstaka styrki til þessara mála nema hann fái til þess tekjur. Þá er spurt: Hvaða tekjur gæti hann hugsanlega fengið? Ég fullvissa hv. þm. Karvel Pálmason um að hér er á engan hátt verið að ýja að því að taka upp auðlindaskatt og ég vek athygli á því að á sama tíma og uppi eru hugmyndir um að leggja slíkan skatt á sjávarútveginn treysta menn sér vart til þess að leggja til að sjávarútvegurinn greiði einhvern skatt til þeirra þarfa sem hér eru tilgreindar.

Ég hreyfði þeirri hugmynd á sínum tíma að ekki væri óeðlilegt að sjávarútvegurinn greiddi svipað gjald og iðnaðurinn í landinu greiðir í dag, svokallað iðnlánasjóðsgjald. Þessu gjaldi yrði m.a. varið til slíkra þróunarverkefna. Því var ákaft mótmælt af nánast öllum aðilum í sjávarútvegi að nú ætti enn á ný að fara að stofna til sjóða á vegum sjávarútvegsins. Það var e.t.v. eðlilegt að það gerðist á þeim tíma en ég hygg að þarna hafi orðið nokkur breyting á viðhorfum og minni m.a. á það að iðnaðurinn notar hluta af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða til Útflutningsráðs Íslands. Sjávarútvegurinn hefur ekkert fé haft til að greiða sinn hluta af gjaldi til Útflutningsráðs og hefur ávallt komið á hverju ári og beðið um að hluta af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti yrði varið í þessu skyni. Á það hefur verið fallist en sagt að það sé ekki til frambúðar og aðilar sjávarútvegsins verði að koma með tillögu um hvernig slíkra tekna skuli aflað til frambúðar. Þeir hafa skipað sérstaka nefnd um það, jafnvel fengið þingmenn sér til aðstoðar í því starfi, en niðurstaða ekki orðið í málinu. Það sem einfaldlega hefur gerst er eins og oft áður að menn andmæla því að afla sérstakra tekna til Útflutningsráðs og til þróunarverkefna en koma svo jafnvel daginn eftir eða nokkrum dögum síðar og biðja um fé til viðkomandi verkefna. Þetta er ekkert nýtt í mannkynssögunni og sjávarútvegurinn er ekki saklaus af slíkum athöfnum fremur en margir aðrir.

Ég tel að það þurfi að leggja á vægt gjald til þessara hluta á einhverju stigi máls og mér finnst ekki óeðlilegt að benda á starfsemi Iðnlánasjóðs í því sambandi og benda á þá staðreynd að Iðnlánasjóður hefur fengið framlag á fjárlögum á móti iðnlánasjóðsgjaldi. Það er líka rétt sem hér hefur komið fram að Fiskveiðasjóður á skv. lögum að fá tekjur á fjárlögum en hefur ekki fengið slíkar tekjur mjög lengi. Hver ætli ástæðan sé fyrir því? Ég býst við að öllum hv. þm. sé kunnugt um það. Það er af þeirri einföldu ástæðu að við höfum verið í vandræðum með að koma saman fjárlögum og reynt hefur verið að skera niður öll þau framlög sem mönnum hefur nánast dottið í hug og þetta framlag hefur m.a. lent í þeim niðurskurði. Ég tel því mjög mikilvægt að koma þessu máli með einum eða öðrum hætti í höfn. Ég legg hér til í samræmi við umræðu sem hefur átt sér stað um langan tíma að Fiskimálasjóði verði komið fyrir. Það er sagt að það sé hér verið að kasta rekunum. Menn geta í sjálfu sér litið þannig á, en sjóðurinn er dauður og það er yfirleitt til siðs að ganga einhvern veginn frá mönnum þegar svo er komið en láta þá ekki liggja á víðavangi. Mér heyrist að (Gripið fram í.) já, það er út af fyrir sig rétt, það er búið að taka allt of langan tíma. En ég bendi á þá staðreynd að þetta frv. kom hér til umfjölllunar á síðasta þingi og þá hafði þingið sömu afstöðu og að hluta til hefur komið hér fram, að ekki skyldi gengið frá sjóðnum með einum eða öðrum hætti, það skyldi láta hann liggja á víðavangi. Og auðvitað getur þingið haft þá afstöðu áfram, en það hlýtur að vera skylda sjútvrh. að leggja þetta mál fyrir með þeim hætti sem hér er gert. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til að koma þessum sjóði fyrir í góðum höndum og meðal vinveittra og í öðru lagi að gera þessum vinveitta aðila kleift að lána til slíkrar starfsemi sem Fiskimálasjóður gerði áður og opna fyrir það að sá aðili geti veitt styrki í framtíðinni ef samstaða næst um að afla tekna í því skyni. Ég tel að

sjálfsögðu koma til greina að ganga frá því á yfirstandandi þingi ef um það gæti myndast samstaða.

Aðeins út af athugasemd hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um af hverju hér væri flutt frv. til l. um viðauka. Eftir því sem ég best veit mun þetta eiga sér eitthvert fordæmi og með því er eingöngu verið að leggja á það áherslu að hér er um sérstaka deild að ræða sem á að starfa við Fiskveiðasjóð Íslands og þótti fara betur á því að gera það með þessum hætti, að þetta frv., ef að lögum verður, yrði sérstök viðaukalög við lögin um Fiskveiðasjóð Íslands vegna þess að hér er um sérstaka deild að ræða. Hins vegar er ekki þar með sagt að það form henti í öðrum tilvikum og ég get alveg tekið undir með honum í þeim efnum. Hvort þetta form er notað eða eitthvert annað er í sjálfu sér ekkert aðalatriði, mér finnst að hér sé um snyrtilegt form að ræða sem sé fremur til fyrirmyndar en annað. En það má ekki líta svo á að það henti í öllum tilvikum heldur eingöngu í sérstökum tilvikum sem þessum þegar verið er að setja lög um alveg sérstaka starfsemi sem tengist öðrum lögum. En að sjálfsögðu má finna annað form fyrir það ef hv. nefnd telur það eðlilegt og heppilegt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði að þetta orðalag um viðauka er ekkert aðalatriði. Ég tók það líka skýrt fram, það er formsatriði. En ég ítreka að ég hygg að ekki séu fordæmi fyrir svona orðalagi. Hæstv. ráðherra sagði að þetta helgaðist af því að talað væri um sérstaka deild við Fiskveiðasjóð, þessa þróunardeild. Það heldur ekki. Það eru fjölmörg dæmi um að í sömu lögum séu, ekki einungis um einn sjóð og einhverja deild við þann sjóð, heldur séu í sömu lögum ákvæði um tvo eða fleiri sjóði og eru þó sömu lögin án viðauka þannig að þetta er ekki skýring sem heldur. Ég tek undir það sem ráðherra sagði og óska sérstaklega eftir því að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, sjútvn., athugi þessa formgalla sem ég ætla að séu á frv.

Hv. 3. þm. Vestf. tók það fram að hann væri harðari í sinni gagnrýni á þetta frv. en ég og ég verð að viðurkenna það. Og ég verð líka að viðurkenna að ég finn vanmátt minn gagnvart hv. 3. þm. Vestf. þegar kemur að því byggja á fyrirrætlunum hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar. Ég gat ekki skilið betur af máli hv. 3. þm. Vestf. en það væri í gangi einhverjar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. sem væru nú ekki skemmtilegar, því með brögðum væri verið að vinna að því að koma á auðlindaskatti og það frv. sem við höfum hér fyrir framan okkur væri ljós vottur þess (**KP:** Ég mun ekki hafa orðað það svo.) — en væri vottur þess. En hv. þm. sagði meira. Hann sagði að það væri verið að leiða menn í gildrur með þessu frv. og hann talaði um klæki hæstv. sjútvrh. eða klókindi hæstv. sjútvrh. í þessu efni og það væri, eins og hann orðaði það, vísvitandi verið að leiða menn í gildru. Og það gagnrýnisverðasta væri að þetta væri gert í krafti þingmeirihluta á Alþingi. Þetta eru náttúrlega mjög alvarlegar ásakanir. Og ég verð að segja að ég kemst ekki hjá því að líta á þetta. Ég virði það við hv. 3. þm. Vestf., að þetta er sjálfsásökun hjá honum því að mér er ekki kunnugt um annað en að hann sé í þessum þingmeirihluta sem sú ríkisstjórn byggist á sem stendur að þessum aðförum sem hann lýsti svo skilmerkilega. (**KP:** Þetta er rangt hjá hv. þm.) Þá hef ég misskilið hv. 3. þm. Vestf. ef þetta er ekki rétt sem ég hef hér tilgreint og hann leiðréttir það þá, því allra síst vildi ég hafa hv. 3. þm. Vestf. fyrir rangri sök. Hann hefur nægilegt að bera þó það bætist ekki við.

En ég vík aðeins nánar að því sem hæstv. sjútvrh. sagði. Ég lagði mikla áherslu á það að aðalatriðið í þessu máli sem við hér ræðum er náttúrlega að skapa fjármagn, skapa tekjur til að ráðstafa í þær þarfir sem þróunarsjóðnum er ætlað að vinna að og Fiskimálasjóði var áður ætlað að vinna að. Í framsöguræðu sinni var það á hæstv. ráðherra að skilja, eins og ég tók reyndar fram í minni fyrri ræðu, að eðlilegt væri að sjávarútvegurinn sjálfur stæði undir þessum kostnaði og legði fram þessar tekjur, en hann væri ekki þess umkominn í því ástandi sem hann er nú undir núverandi stjórn fiskveiðimála.

Í síðari ræðunni kom hæstv. ráðherra með annað. Hann sagði að ríkisstjórnin væri í vandræðum með fjárlögin svo að þess væri ekki heldur að vænta að á þeim vettvangi væri hægt að gera neitt með beinu framlagi úr ríkissjóði. Það virðist vera sama hvar drepið er niður í þessu máli. Ríkisstjórnin og stjórnarstefna er alls staðar þröskuldur í vegi fyrir því að hægt sé að gera eitthvað raunhæft í þessum þróunarmálum.

Hæstv. ráðherra hafði sér eitt til afsökunar. Hann sagði að sjóðurinn væri dauður. En hann virðist ekki hafa það í huga að það hefur verið vakið upp frá dauðum.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Bara örstutt. Út af því sem hæstv. ráðherra sagði, þá skildi ég seinni ræðuna á þann veg að hér væri verið að ætlast til að Fiskveiðasjóður hefði á sínum höndum það sem gert hefur verið í Fiskimálasjóði án þess að hann fengi meiri tekjur, hafi ég skilið rétt, yfirfæra starfsemi Fiskimálasjóðs til Fiskveiðasjóðs án þess að það ætti að skapa honum neinar nýjar tekjur nema þá ef til þess kæmi, sem menn eru að tala um hér, að skapa honum sérstakar tekjur þegar fram í sækti. Þetta taldi ég mig skilja á þennan veg. Eina breytingin er sú að það er verið að færa þessi verkefni yfir án þess að verið sé að breyta einu eða neinu í skattlagningu frá því sem nú er.

Varðandi það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, þá átti ég nú ekki von á því að þessi hv. þm., fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, væri búinn að gleyma því að í stjórnarskrá Íslands er til ákvæði sem nánast skyldar þm. til þess að taka afstöðu og greiða atkvæði samkvæmt eigin sannfæringu burtséð frá flokkasjónarmiðum. Og þetta er ástæða til þess að minna þennan hv. þm. á, svo og ýmsa aðra. Mín afstaða

hefur legið fyrir gagnvart þessari hæstv. ríkisstjórn. Ég gerði grein fyrir því á flokksstjórnarfundi Alþfl. að ég mundi taka afstöðu til málefnanna hverju sinni eins og þau lægju fyrir. Þannig að ef menn vilja geta þeir haldið áfram að telja mig utan eða innan stjórnarliðsins. Það er sannfæringin í mínum huga sem ræður málum og það hélt ég að hv. þm. Þorvaldur Garðar vissi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins til þess að leiðrétta það sem mér fannst koma fram í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar. Hann sagði að hér væri verið að yfirfæra starf Fiskimálasjóðs yfir á Fiskveiðasjóð. Það er út af fyrir sig rétt, en í því formi sem frv. er er aðeins gert ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður geti lánað til slíkra verkefna en hann muni því aðeins styrkja slík verkefni að hann fái til þess sérstakar tekjur. Það er ekki gert ráð fyrir því að gengið verði á eigið fé Fiskveiðasjóðs með styrkveitingum, en hins vegar opnar þetta frv., ef að lögum verður, möguleika til þess að Fiskveiðasjóður láni til slíkrar starfsemi. Það er mikil framför frá því sem er í dag, því enginn sjóður getur lánað til slíkrar starfsemi svo nokkru nemi sem er allmikill munur frá því sem gildir í iðnaðinum. Og ég bið hv. þm. að huga til þess að sjávarútvegurinn geti búið við sambærileg þróunarskilyrði og aðrar atvinnugreinar í landinu. Hvort það er í höndum Fiskveiðasjóðs eða annars sjóðs er e.t.v. ekki aðalatriðið. Ég tel hins vegar óheppilegt að vera að hafa allt of marga sjóði starfandi í landinu. Það felst veruleg hagræðing í því að sameina sjóði og það ætti að vera okkar stefna, en ekki að vera trúaratriði að sjóðir starfi áfram. Jafnvel þótt þeir hafi lifað góðu lífi og gert mikið gagn á löngu æviskeiði, þá er það nú svo með alla þróun að hún breytist og það verða umskipti í lífi sjóða eins og annarra dauðra hluta nema þeim sé þá gefið það líf sem til þarf og þeim skaffaðar tekjur og eignir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessar umræður hafa leitt það bert í ljós að ekki standa efni til þess, eins og nú standa sakir, að sérstakur tekjustofn verði markaður í lögum til að standa undir þróunarverkefnum eins og nú er kallað, nýjungum í sjávarútvegi með Fiskveiðasjóð Íslands. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að hann treysti sér ekki til að flytja frv. af því tagi eins og nú sé komið rekstrargrundvelli sjávarútvegsins og hefur jafnframt tekið skýrt fram að þm. þekki þær nauðir sem fjármálaráðherrar eru í í sambandi við að koma fjárlögum saman. Og ekki hefur ástandið batnað hjá ríkisstjórninni upp á síðkastið eins og marka má af löngum ríkisstjórnarfundum og því uppþoti sem varð í þinginu, m.a. út af virðisaukaskatti.

Ég tek á hinn bóginn undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að nauðsynlegt sé að veitt sé fyrirgreiðsla til rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Ég get ekki fallist á að við eigum að slá því föstu á þessu stigi, ef Fiskimálasjóður verður lagður niður og verkefni hans flutt yfir í Fiskveiðasjóð, að stjórn Fiskveiðasjóðs hafi ekki heimild til þess að veita styrki í þessum tilgangi. Ég tel þess vegna koma mjög til álita að síðasta setningin í 1. gr. falli brott: „enda verði henni séð fyrir sérstökum tekjum í því skyni". Ég tel nauðsynlegt að það verði á valdi stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna. Það geta komið upp mál þar sem hún telur slíkt nauðsynlegt, að veita styrki til slíkra verkefna eða þá áhættulán, kannski með betri kjörum en önnur lán úr sjóðnum. Ég mun taka þetta mál upp í sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 189.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er afurð af starfi nefndar sem fjallaði um verkefni Námsgagnastofnunar. Nefndin skilaði áliti í sumar og má segja að niðurstöður hennar hafi verið þríþættar. Í fyrsta lagi tillögur um breytingar á innra starfi Námsgagnastofnunar. Í öðru lagi tillögur um húsnæðismál Námsgagnastofnunar og í þriðja lagi tillaga um breytingu á lögum um Námsgagnastofnun.

Tvö fyrrnefndu málin hafa verið til meðferðar, annars vegar í fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir nokkurri raunaukningu á framlögum til Námsgagnastofnunar frá því sem er á árinu 1989, og hins vegar eru húsnæðismálin einnig til athugunar í fjmrn. og fjvn. Þá hefur stjórn stofnunarinnar fjallað um þessa skýrslu og fallist á meginatriðin í efni hennar þannig að segja má að í framhaldi af starfi nefndarinnar hafi komist þó nokkur skriður á málin að því er þessa stofnun varðar.

Það var í maí 1987 að Námsgagnastofnun fór fram á það við menntmrh. að endurmat færi fram á fjárþörf stofnunarinnar. Þegar stjórnarskipti urðu haustið 1988 var beiðni þessi ítrekuð við núv. menntmrh. og 27. jan. 1989 skipaði ég nefnd til að fjalla um mál stofnunarinnar. Nefndin var undir forystu Gerðar G. Óskarsdóttur og nefndin skilaði áliti 26. júní sl.

Meginbreytingarnar sem gert er ráð fyrir í frv. eru í raun og veru ekki mjög viðamiklar. Það má segja að fyrsta meginbreytingin komi fram í því að gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á stjórn stofnunarinnar og hún verði skipuð til þriggja ára í senn í stað fjögurra ára. Að hún verði níu manna í stað sjö manna. Inn í stjórn stofnunarinnar komi fulltrúar frá Háskóla Íslands og fulltrúi frá foreldrafélagi eða samtökum foreldrafélaga eftir nánari ákvörðun þar um. Þetta er

meginbreyting og það hefur komið fram í viðræðum sem ég hef átt við ýmsa aðila að menn telja sumir að óheppilegt sé að fjölga í stjórn stofnunarinnar. Ég sé nú satt að segja ekki að það þurfi út af fyrir sig að vera svo slæmt. Fyrir utan þá aðila sem tilnefndir eru samkvæmt tillögum nefndarinnar og frv. hefur komið fram að Félag skólastjóra og yfirkennara vill gjarnan að hlutur félagsins sé betur tryggður en gert er ráð fyrir hér í frv., þar sem sagt er að í stjórninni eigi að vera fjórir fulltrúar tilnefndir af Bandalagi kennarafélaga og skuli tveir þeirra starfa á grunnskólastigi.

Ég taldi mér skylt að koma þessu sjónarmiði Félags skólastjóra og yfirkennara á framfæri við hv. þingdeild ef það mætti verða til þess að hún fjallaði um málið og þá einkum hv. menntmn. þegar hún fær málið til meðferðar.

Í annan stað er gert ráð fyrir því, og það er önnur meginbreyting frv., að forstjóri Námsgagnastofnunar verði skipaður til takmarkaðs tíma, til fimm ára í senn, og er það í samræmi við aðrar stofnanir ríkisins sem hafa verið til meðferðar hér á hv. Alþingi í seinni tíð þar sem gjarnan er gert ráð fyrir því að forstöðumenn stofnananna séu skipaðir til takmarkaðs tíma.

Þriðja meginbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að fella úr lögunum þau ákvæði að þar sé kveðið á um deildaskiptingu og skipulag starfsemi stofnunarinnar og gert ráð fyrir því í frv., eins og það lítur hér út, að þetta verði ákveðið í reglugerð.

Loks má segja að það sé ein breyting sem skiptir máli í þessu efni, að gert er ráð fyrir nokkuð auknum skyldum stofnunarinnar í þróun námsgagna með könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun.

Þetta eru þær fjórar meginbreytingar sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Auk þess er um að ræða nokkrar minni háttar lagfæringar sem í sjálfu sér er ekki ástæða til að fjölyrða um eins og fram kemur t.d. í 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin geri fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til allt að fimm ára í senn en árafjöldinn er ekki tiltekinn í gildandi lögum. Í frv. er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að starfsemi stofnunarinnar skiptist í deildir í samræmi við verkefni hennar, sbr. ákvæði í reglugerð, en í gildandi lögum er, eins og ég sagði áðan, talið upp hvaða deildir það eru sem stofnunin eigi að skiptast í.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara mikið fleiri orðum um þetta frv. Það er í raun og veru einfalt. Það er að vísu gert ráð fyrir því að lögin séu hér öll tekin upp vegna þess að sums staðar er um að ræða nánast ritstjórnarlegar lagfæringar og gert ráð fyrir því að verði frv. að lögum þá verði gefin út ný lög um Námsgagnastofnun.

Ég vil aðeins benda á að lokum, herra forseti, að hér er sérstaklega vitnað til aðalnámsskrár grunnskóla sem viðmiðunargagns fyrir Námsgagnastofnun en ekki aðeins grunnskólalaganna. Aðalnámsskrá grunnskóla var gefin út sl. vor og við teljum mjög mikilvægt að ákvæði hennar séu höfð til viðmiðunar í starfsemi stofnunar eins og Námsgagnastofnunar. Síðan er fjallað hér í grg. frv. og í frv. um gömul námsgögn og hvernig með þau skuli fara en það er æskilegt að á því máli sé sérstaklega tekið.

Ég vil leyfa mér að vísa hv. þm. á skýrsluna um Námsgagnastofnun, skýrslu um stöðu Námsgagnastofnunar og framtíðarþróun, sem var gefin út í júní 1989 og ég bað um að yrði dreift til allra þm. Ef það hefur ekki gerst nú þegar þá er það yfirvofandi alveg næstu sólarhringana.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál sem ég held að sé til bóta og sannarlega réttmæt ráðstöfun að renna styrkari stoðum undir starfsemi Námsgagnastofnunar, eins mikilvæg og þörf og hún er.

Það eru þó nokkrar athugasemdir sem ég vildi gera og jafnvel spurningar sem ég vildi bera fram til hæstv. menntmrh.

Það er vert að vekja athygli á því að aðstæður stofnunarinnar hafa verið slíkar á undanförnum árum að nemendur í grunnskólum, sérstaklega í efri bekkjunum, 7., 8. og 9. bekk, hafa þurft að kaupa kennslubækur sínar sjálfir þó að yfirvöldum beri skylda til að sjá fyrir þeim. Aðstæður kennara hafa oft verið mjög erfiðar, þeir hafa þurft að fjölrita og útbúa námsefni í takmörkuðum frítíma sínum.

Það er líka annað sem kemur upp í hugann. Það er spurning um kjör þeirra sem taka að sér að semja námsbækur og námsefni, hvernig að þeim er búið og hver réttindi þeirra eru þegar þeir taka slíkt að sér, hvort þeir missa hluta úr kennsluskylduréttindum sínum við slíkt starf og hvernig það er launað. Ég tel það afar mikilvægt að jafnveigamikið verkefni og að gera námsgögn sé hæfilega vel launað.

Ég tel það jákvætt sem kemur fram í 1. gr. í 2. málsgr. að Námsgagnastofnun skuli vera heimilt að annast hliðstæð verkefni fyrir framhaldsskólana því þar er víða skortur á námsefni í flestum greinum hreint með ólíkindum.

Varðandi stjórn stofnunarinnar þá er ein athugasemd sem ég vildi gera. Í 2. gr. kemur fram að tilnefndur er einn fulltrúi frá foreldrafélagi, sem er auðvitað sjálfsögð ráðstöfun og ég styð hana. Hins vegar kemur fram að ekki eru til landssamtök foreldrafélaga og ég skil reyndar þann vanda vel að ekki er auðvelt að velja einn fulltrúa allra foreldra, einmitt af því að það eru ekki til slík samtök nema á höfuðborgarsvæðinu. Ég sé ekki að það sé neitt heppilegri ráðstöfun að ráðherra velji þetta foreldri. Það væri þá mun betra að hafa einhvern annan hátt á, annaðhvort að þessi vísir að heildarsamtökum sjái um að velja foreldra eða foreldri verði skipað úr stærsta dreifbýlisskólanum eða eitthvað slíkt. Ég held að það sé ekki endilega æskilegt að menntmrh. annist þessa skipan.

Síðan er meginefnið sem ég vildi víkja að og varðar einmitt það sem ég nefndi fyrst hér í orðum mínum, þ.e. að renna styrkari stoðum undir starfsemi Námsgagnastofnunar. Á hverju ári síðan Kvennalistinn byrjaði á þingi höfum við þingkonur Kvennalistans flutt brtt. við fjárlögin um að auka fjárveitingar til Námsgagnastofnunar af því hún hefur verið í verulegu fjársvelti. Þó að lagalegur rammi sem afmarkar verkefni hennar og styrkir hana sé auðvitað nauðsynlegur og sjálfsagður, þá skiptir meginmáli að stofnunin fái nægilegt fé til starfa sinna. Ég vil leggja á það megináherslu að jafnframt því sem þessi lög verða samþykkt, og ég reikna með því að þau verði samþykkt hér á þinginu, verði séð til þess að fjárveitingar verði nægar til þessarar stofnunar sem gegnir svo mikilvægu hlutverki.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð í tilefni af því frv. sem hæstv. menntmrh. hefur mælt fyrir um breytingu á lögum um Námsgagnastofnun. Það kemur hér fram í athugasemdum við frv. að verði það að lögum sé því ætlað að renna styrkari stoðum undir starfsemi Námsgagnastofnunar sem auðveldar henni að gegna því hlutverki að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum. Þetta er vissulega af hinu góða og brýnt að stuðla að því. Það eru ekki mörg atriði sem ég ætla að gera athugasemdir við en mig langar aðeins þó að nefna örfá.

Þá er fyrst að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta frv. er lagt fram óbreytt eins og nefndin gerði tillögu um.

Stærsta atriðið í þessu frv. er kannski, eins og fram hefur komið, 2. gr. þar sem gert er ráð fyrir að fjölga um tvo í námsgagnastjórninni, að þeir verði níu í stað sjö áður. Ég treysti mér ekki til að leggja dóm á það þó auðvitað sé nú vitað að því stærri sem slíkar stjórnir eru eða fjölmennari, þess þyngri eru þær í vöfum. En það er samt sem áður eðlilegt að reyna að sjá til þess að þeir hagsmunaaðilar sem um er að ræða eigi fulltrúa í slíkri stjórn. Þetta er það þýðingarmikil stjórn.

Það ber að fagna því að gert er ráð fyrir fulltrúa foreldra í stjórninni. Mér þykir hlutur foreldra hins vegar vera lítill þar sem er aðeins um einn fulltrúa eða eitt foreldri að ræða sem á að vera fulltrúi fyrir 38–40 þúsund nemendur í landinu. Það getur orðið erfitt að velja slíkan fulltrúa foreldra. Þetta minnir mann svolítið á það þegar hérna áður fyrr, og kannski jafnvel enn, er oft sagt: „Ja, það er best að hafa eina konu." Það er sem sagt best að hafa þarna einn fulltrúa frá foreldrum.

Þarna er reiknað með fjórum fulltrúum tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga. Mér finnst eðlileg sú athugasemd sem hefur komið frá skólastjórum og yfirkennurum að það þurfi á einhvern hátt að tryggja að fulltrúi sé úr þeirra hópi.

Allir aðrir fulltrúar í stjórninni eru frá — ég veit ekki hvernig maður á að orða það — fræðslumálageiranum eða menntamálageiranum en fulltrúi hins venjulega foreldris hann verður bara einn á móti þessum átta. Ég hefði talið skaðlaust að hafa þarna tvo eða þrjá jafnvel. Ég mundi gjarnan vilja skoða það hvernig væri hægt að standa að því.

Það kemur fram að talið sé óeðlilegt að SAMFOK, Samtök foreldra og kennarafélaga í Reykjavík, tilnefni þennan fulltrúa þar sem þau eru aðeins samtök hér í höfuðborginni en það má samt sem áður ekki gleyma því að þau samtök eru foreldrasamtök helmings nemenda í öllu landinu og þess vegna vil ég staldra við það hvernig ráðherra treystir sér frekar til þess að ákveða frá hvaða félagi hann ætli að leita eftir þessum fulltrúa. Það hefði mátt hugsa sér að ekki væri óeðlilegt að fulltrúi foreldra kæmi einnig frá landsbyggðinni eins og frá Reykjavík og/eða höfuðborgarsvæðinu. Og eins og ég nefndi mætti hugsa sér að það væri ekki óeðlilegt að þeir væru þrír. Ég held að allar leiðir sem farnar eru eða leitað er eftir til þess að auka ábyrgð foreldra á skólastarfi séu af hinu góða og þarna er nú eitt tækifæri til þess að fara þá leið. Ég tel ekki óeðlilegt að kennaramenntunarnefnd HÍ tilnefni fulltrúa eins og gert er ráð fyrir að sé annar af þessum viðbótarfulltrúum sem fram kemur í frv.

Varðandi 3. og 6. gr., þá er þar talað um að það sé í raun verið að staðfesta starfsvenjur í stofnuninni sem *gefist hafa vel og ég tel það eðlilegt* að lögum sé þá breytt í samræmi við góða reynslu, en það er varðandi 8. gr. sem mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra. Þar kemur fram að búið sé að fella út heimildarákvæði í 9. gr. gildandi laga til handa skólum um notkun á námsgögnum og um veitingu viðurkenningar ráðuneytisins á námsefni frá öðrum útgefendum og því er bætt þar við að eðlilegra sé að ákvæði um þessi atriði standi í grunnskólalögum. Það má vel vera að það sé rétt. En þá vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé tryggt að svo verði gert, hvort það sé þá von á frv. um breytingar á grunnskólalögunum þar sem þetta ákvæði verði sett inn.

Þetta eru nú þau atriði sem mér koma helst í hug að nefna hér við 1. umr., en þar sem ég á sæti í hv. menntmn. og fæ tækifæri til að fjalla nánar um þetta frv. á þeim vettvangi ætla ég ekki að fara ítarlegar út í það á þessu stigi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur hér fengið frá tveimur hv. þm. Það var í raun og veru aðallega ein efnisleg athugasemd sem mér fannst ástæða til að nefna. Það er í sambandi við foreldrafélögin. Þingið kemur bara með þá tillögu sem það vill. Núverandi ráðherra hefur engan áhuga á því að velja þessi foreldri. Hann mundi hins vegar hafa það þannig að hann gæti hugsanlega átt það til að velja eitt árið úr fræðsluumdæminu Reykjavík, annað árið úr fræðsluumdæminu Vesturland o.s.frv. Ég hygg að það væri langeinfaldast að framkvæma þetta þannig þangað til foreldrasamtök á landsmælikvarða verða til.

Það er hins vegar þannig að í undirbúningi er

stofnun foreldrasamtaka á landsmælikvarða og strax og þau eru orðin til er auðvitað eðlilegt að þau fengju það hlutverk að tilnefna fulltrúa foreldranna í þessa stjórn og þá er eðlilegt að orða greinina þannig að gert sé ráð fyrir því. Þessi undirbúningur og þetta átak um að fá foreldrana í auknum mæli inn í skólana er í gangi að frumkvæði menntmrn. Sl. fimmtudagskvöld hélt ég fund með fulltrúum skóla og borgarafélaga víðs vegar að af landinu þar sem settur var í gang undirbúningur að því að hér verði um eitthvert heildarskipulag að ræða en eins og kunnugt er hefur ekki verið um að ræða landssamtök foreldrafélaga hér á landi.

Að því er varðar fjölda foreldrafulltrúanna, þá er það mál sem nefndin verður bara að meta með hliðsjón af öðru. Þessi stjórn má auðvitað ekki fara að verða stofnun upp á marga tugi manna svo að það þarf að taka mið af því. En ég tel langeðlilegast að nefndin meti atriði af þessu tagi og af því að ég var spurður að því áðan þá er frv. eins og nefndin samdi það á sínum tíma. Ég hef það ekki fyrir sið þegar um er að ræða faglega samstöðu í nefnd af þessu tagi að breyta málum á leiðinni hingað inn ef hjá því verður komist af öðrum ástæðum. Ég tel langeðlilegast að Alþingi fái sjálft að fjalla um mál af þessu tagi.

Varðandi heimild til þess að kaupa námsefni frá öðrum vil ég vísa til þess sem nefndin gerir tillögu um, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að skólum verði gert kleift að fá úthlutað efni frá öðrum útgefendum. Skólunum verði kynnt á sérstöku eyðublaði efni sem Námsgagnastofnun kaupir frá öðrum útgefendum og að séróskir verði metnar hverju sinni með hliðsjón af gæðum efnisins. Við það skal miðað að verðgildi efnis frá öðrum útgefendum fari ekki yfir 5% af úthlutunarkvóta skóla með 100 nemendur eða fleiri en umsóknir skóla með færri nemendur verði metnar sérstaklega með tilliti til verðlags. Nefndin leggur til að kannaðir verði möguleikar á samstarfi Námsgagnastofnunar við aðrar útgáfur um útgáfu námsefnis."

Eins og ég sagði áðan hefur stjórn Námsgagnastofnunar þegar fallist á meginatriðin í þessum tillögum sem hér liggja fyrir. Það er í raun og veru óþarfi að lögfesta atriði af þessu tagi. Hún hefur þessar heimildir á grundvelli gildandi laga og almennar heimildir í þessum efnum er að sjálfsögðu hugsanlegt að setja inn í grunnskólalög. Það er málefni sem Alþingi fær hér til meðferðar síðar á þessu þingi.

Varðandi önnur atriði sem hér komu fram, m.a. hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, þá er gert ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar að um verði að ræða verulega aukningu á framlögum til stofnunarinnar á árinu 1990. Í fjárlagafrv. ársins 1990 er ekki um að ræða verulega aukningu á framlögum til stofnunarinnar, hins vegar nokkra raunaukningu þannig að það er komið til móts við tillögur nefndarinnar. Hins vegar er kannski fróðlegt fyrir hv. alþm. að átta sig á því að framlög til stofnunarinnar hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum, einkum eftir að námsefnisgerð fyrir grunnskóla var flutt frá skólarannsóknadeild menntmrn. Þannig var framlag á þessu ári 179,5 millj. kr. en til samanburðar má geta þess að framlagið árið 1980 var 66 millj. kr. þannig að hér er um að ræða um það bil 200% hækkun á framlagi til þessarar stofnunar á árunum 1980–1989. Út af fyrir sig hefur því fjárveitingavaldið komið nokkuð til móts við þessar þarfir þó að það megi auðvitað halda því fram að þar mætti gera betur eins og víðar. Framlag á hvern nemanda reiknað á verðlagi ársins 1989 hefur þróast þannig að það var 4015 kr. árið 1985, 4000 kr. árið 1987 og 4250 kr. árið 1989 þannig að þar hefur þokast heldur í áttina og samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs er enn um örlitla aukningu að ræða.

Ég vænti þess síðan að hv. þm. hafi nokkurn fróðleik af því að kynna sér þá skýrslu sem ég hef hér vitnað í og geti með hliðsjón af henni afgreitt frv. vandlega eins og hv. menntmn. er vís til að gera og þær ábendingar sem hér hafa komið fram eru með þeim hætti að ég er sannfærður um að um mál af því tagi getur náðst fullt samkomulag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 196.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til nýrra sóttvarnalaga sem flutt er á þskj. 196 og er 173. mál Ed. Um nokkurt skeið hefur það verið skoðun manna í heilbr.- og trmrn. að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um farsóttir og sóttvarnir og því skipaði ég nefnd í október 1988 sem fékk það verkefni að endurskoða sóttvarnalögin frá 1954, farsóttalög frá 1958 og ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalög frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingum, og lög um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipaðir Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen, borgarlæknir í Reykjavík, Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrrn., og var hún ritari nefndarinnar, og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og var hann formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði fullbúnu frv. ásamt fskj. í september sl. og er það frv. sem hér er lagt fram óbreytt frá tillögum nefndarinnar.

Þau nýmæli sem koma fram í þessu frv. frá fyrri lögum eru eftirfarandi:

1. Gerð er tillaga að rammalöggjöf þar sem sameinuð eru í ein lög ákvæði um farsóttir, sóttvarnir og varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum. Hér er fylgt

fordæmi annarra nágrannaþjóða okkar, svo sem Norðurlanda og Bretlands. Verði frv. að lögum mun það hafa í för með sér umtalsverða lagahreinsun þar sem gert er ráð fyrir að a.m.k. níu lög falli úr gildi við setningu þessara laga.

2. Gert er ráð fyrir að ábyrgð á sóttvarnalögum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum verði héraðslæknar sóttvarnalæknar, hver í sínu héraði, og auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður.

Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að fella sóttvarnanefndina niður. Jafnframt þessu þykir nauðsynlegt að hjá embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir sem hefur sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum, sóttvarnalæknir. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að tryggja samræmi í sóttvörnum um landið allt, en að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulæknar og aðrir læknar eftir því sem við á.

3. Um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma er fylgt mjög sambærilegum reglum og nú þegar gilda samkvæmt hinum ýmsum lögum um þessi efni, en þó eru ákvæði um skýrslugerð gerð mun skýrari en í gildandi lögum.

Ef við víkjum að frv. sem slíku skiptist það í fimm kafla. I. kaflinn eru skilgreiningar þar sem gerður er greinarmunur á almennum sóttvarnaráðstöfunum sem eru þær ráðstafanir sem lögin gera ráð fyrir að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma og opinberar sóttvarnaráðstafanir sem skal beita í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi, í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands og í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur með framferði sínu skapar hættu á útbreiðslu smits.

Smitsjúkdómar eru samkvæmt lögunum sjúkdómar eða smitun sem örverur, smitefni eða sníkjudýr valda. Smitsjúkdómum er síðan skipt í tvennt, annars vegar farsóttir sem jafnframt eru skráningarskyldar og eru sjúkdómar sem ógnað geta almannaheill og hins vegar næmar sóttir sem aðeins eru tilkynningarskyldar. Það er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerð breytt fylgiskjali sem er með lögunum um það hvaða sjúkdómar teljast farsóttir og hvaða sjúkdómar næmar sóttir.

Í II. kafla er í frv. þessu rætt um yfirstjórn sóttvarna og svo sem fyrr segir er embætti landlæknis gert ábyrgt fyrir framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrrh. en gert ráð fyrir að til embættis landlæknis sé ráðinn sóttvarnalæknir. Þessi læknir þarf að hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Verksvið sóttvarnalæknis er að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, að fylgjast með útbreiðslu sjúkdóma innan lands sem utan, að vera læknum og öðrum til ráðgjafar um sóttvarnir og hafa umsjón með öllum forvörnum gegn smitsjúkdómum og sjá um upplýsingaflæði og fræðslu til almennings og heilbrigðisstétta um málið.

Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi svokallað sóttvarnaráð sem sé heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar. Þar sitji sjö menn með mismunandi sérfræðiþekkingu.

III. kafli fjallar um almennar sóttvarnaráðstafanir og er þar fyrst rætt um skyldu einstaklinga. Það er lögð á alla sú almenna skylda að gjalda varúð við smitsjúkdómum og gera sér far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra. Þá er hver sá sem telur að hann sé haldinn smitsjúkdómi sem lögin taka til skyldugur að leita læknis og fá úr því skorið.

Um skyldur lækna og heilbrigðisstarfsliðs eru nokkuð ítarlegar reglur. Læknum er skylt að hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og tilkynna þá eftir þeim reglum sem við á. Nokkuð ítarlegar reglur eru um hvernig læknir ber sig að þegar hann grunar sjúkling um smitsjúkdóm og hvaða leiða á að leita til að finna hvernig smit hefur borist.

Munur á tilkynningarskyldum og skráningarskyldum sjúkdómi er sá að við skráningarskyldu verður að geta einstaklinga en við tilkynningarskyldu er verið að tilkynna um fjölda tilvika. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji að fengnum tillögum landlæknis reglugerð um fyrirkomulag tilkynninga og gert er ráð fyrir að í tilkynningu séu ekki skráðar fleiri upplýsingar en nauðsynlegt er til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og til að framkvæma þær aðgerðir sem þörf er talin á. Sinni sjúklingur ekki fyrirmælum um meðferð ber lækni sjúklingsins að tilkynna það sóttvarnalækni. Sama skylda hvílir á öðrum starfsmönnum heilbrigðisþjónustu, starfsmönnum félagsmálastofnana og lögreglu ef um slíkt er að ræða.

Í þessum kafla er einnig rætt um skyldur heilbrigðisnefnda. Heilbrigðisfulltrúar og heilbrigðisnefndir þurfa að tilkynna sóttvarnalækni hafi þeir orðið varir við hugsanlega smithættu. Er hér átt við smithættu sem tengist dýrum, matvælum, vatni, skolplögnum, loftræstibúnaði eða öðru slíku í umhverfi sem dreift getur smitnæmum sjúkdómum.

Í IV. kafla er rætt um opinberar sóttvarnaráðstafanir og er þar í fyrsta lagi rætt um sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsótt innan lands. Fái sóttvarnalæknir tilkynningu um smitsjúkdóm sem getur bent til farsóttar innan lands verður hann að tilkynna það heilbrrh. og ráðherra ákveður þá hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Frekari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir setur ráðherra með reglugerð.

Um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna hættu á farsótt frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda á að setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að svo sem nú er.

Þurfi að grípa til aðgerða gagnvart einstaklingum til að hefta útbreiðslu smits hefur sóttvarnalæknir í samráði við héraðslækni heimild til sérstakra aðgerða og getur ef nauðsyn ber til leitað aðstoðar lögregluyfirvalda. Með sérstökum aðgerðum af þessu tagi er átt við læknisrannsókn, einangrun sjúklings á sjúkrahúsi

eða með öðrum hætti, svo og aðrar ráðstafanir sem talið er að þurfi að grípa til án samþykkis sjúklings. Ákvörðun sóttvarnalæknis af þessu tagi má áfrýja til ráðherra en slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd máls.

Í 18. gr. er rætt um að sé maður haldinn smitsjúkdómi og fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni við aðra og rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða hann skuli einangraður með öðrum hætti og eiga um þessa dvöl að gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr. Þurfi slík einangrun að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga. Sá sem einangraður er með þessum hætti skal eftir því sem við verður komið njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur eins og um venjulega sjúkrahúsvist sé að ræða.

Í V. kafla laganna eru ýmis ákvæði, þar á meðal að sett skuli á stofn göngudeild smitsjúkdóma í Reykjavík. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra velji sjúkrahús, eitt eða fleiri, þar sem aðstaða sé til einangrunar og rannsóknar vegna smitsjúkdóma. Ráðherra getur einnig falið ákveðnum rannsóknarstofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og að fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitsjúkdómum.

Í þessum kafla er rætt um kostnað og er gert ráð fyrir að kostnaður vegna smitsjúkdóma greiðist á sama hátt og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Í kaflanum er einnig almenn heimild til að setja reglugerðir samkvæmt þessum lögum.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. jan. 1991.

Svo sem fyrr sagði gerir þetta lagafrv. ráð fyrir að hægt sé að fella úr gildi fjölmörg lög sem nú gilda um smitsjúkdóma. Í fyrsta lagi er hér um að ræða lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum frá febrúar 1898. Í öðru lagi lög um aðgreiningu holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinbera spítala frá 1898 með breytingu frá 1909. Í þriðja lagi berklavarnalög frá 1939. Í fjórða lagi lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt frá 1940. Í fimmta lagi um eyðingu rottu frá 1945. Í sjötta lagi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki frá 1953. Í sjöunda lagi sóttvarnalög frá 1954. Í áttunda lagi farsóttalög frá 1958. Og í níunda lagi lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978 með breytingum frá 1986.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði með reglugerð hverjir smitsjúkdómar teljast farsóttir og hverjir næmar sóttir og í fskj. með lögunum er smitsjúkdómum skipt í tvo flokka í samræmi við þetta: Annars vegar farsóttir sem eru skráningarskyldar og hins vegar næmar sóttir sem eru tilkynningarskyldar. Í báðum flokkunum eru tilteknir sex smitsjúkdómaflokkar, þ.e. þarmasmit, öndunarfærasmit, blóðborið smit, samræðissmit, skordýraborið smit og aðrir smitsjúkdómar.

Sú skipting sem lögð er til í frv. nú er miðuð við það sem talið er nauðsynlegt í dag en verði breytingar á skoðunum sérfræðinga um flokkun getur ráðherra fært sjúkdóma milli flokka eða tekið inn nýja sjúkdóma ef þurfa þykir.

Með frv. eru þrjú fskj. Í fyrsta lagi er fskj. 1 sem er mjög yfirgripsmikið yfirlit yfir þróun íslenskrar löggjafar um smitsjúkdóma. Hér yrði allt of langt mál að fara ítarlega yfir þetta yfirlit. Hins vegar verður þó að geta að þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hefst fyrir rúmlega einni öld því að fyrstu lögin sem lúta að þessu eru frá 1875, um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands.

Fyrstu lögin um útbreiðslu næmra sjúkdóma eru frá 1896 og segja má að þau lög hafi síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958. Snemma voru sett sérlög um holdsveika og gengu í gildi 1898 tvenn lög. Annars vegar lög um aðgreiningu holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þó þessi lög séu óþörf nú og úrelt eru þau enn í gildi. Fyrstu lög um varnir gegn berklaveiki gengu í gildi 1904 og núgildandi lög eru frá 1939.

Ég mun ekki frekar rekja fskj. 1 um þróun íslenskrar löggjafar um smitsjúkdóma en bendi þingmönnum á það sem mjög þarfa lesningu þegar þeir taka afstöðu til þessa frv.

Nefndin sem frv. samdi aflaði sér mikilla gagna um sóttvarnalöggjöf annarra landa og í fskj. 2 er yfirlit um löggjöf Norðurlanda um smitsjúkdóma. Dönsku lögin eru frá 1980, finnsku lögin eru frá 1987 og sænsku lögin eru frá 1989 og gengu í gildi hinn 1. júlí sl. Í Noregi er svipað ástand og hjá okkur. Gildandi lög um smitsjúkdóma eru í endurskoðun. Það lagafrv. sem hér er lagt fram er í öllum meginatriðum í samræmi við þá stefnu sem Norðurlöndin hafa valið sér í sambandi við setningu nýrra laga um smitsjúkdóma.

Í fskj. 3 eru drög að reglugerð um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma. Þar er gert ráð fyrir að læknar skrái á þar til gerð eyðublöð, sem embætti landlæknis lætur gera og leggur til, upplýsingar um smitsjúkdóma og sama máli gegnir um forstöðumenn rannsóknastofnana, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana eftir því sem við á. Reglugerðardrögin gera síðan ráð fyrir mismunandi skráningu smitsjúkdóma eftir því hvort þeir eru taldir skráningarskyldir eða tilkynningarskyldir. Tilkynningu um skráningarskyldan sjúkdóm skal senda án tafar til sóttvarnalæknis en tilkynningu um fjölda tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sendir læknir fyrir 10. dag næsta mánaðar á eftir til sóttvarnalæknis.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir því lagafrv. sem hér er lagt fram. Ég tel að hér hafi vel til tekist um að endurskoða og einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir og flestir eru sammála um að löngu var tímabært að gera breytingar á lagaákvæðum okkar í samræmi við breytta tíma. Það er von mín að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir á Alþingi og að

það fái afgreiðslu nægjanlega fljótt til þess að það geti tekið gildi eins og gert er ráð fyrir í ársbyrjun 1991. Frv. er því ekki eitt af forgangsmálunum á þingi nú á næstu dögum eða vikum en æskilegt væri að það fengi afgreiðslu samt sem áður á þessu þingi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

14. fundur, þriðjudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 127. mál (launavísitala). — Þskj. 131.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Forgangur mála á dagskránni.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir hv. deild dagskrá og mér sýnist að verði þessari dagskrá fylgt eigi að taka fyrir mál í þeirri röð sem þar getur, þ.e. næst um Stjórnarráð Íslands og síðan yfirstjórn umhverfismála o.s.frv. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að hér eru til umræðu í dag í fimmta lagi og sjötta lagi frv. sem hafa verið til umræðu áður á a.m.k. tveimur fundum ef ekki þremur og þannig stóð á þegar fundi lauk í síðustu viku að hæstv. fjmrh. var í miðri ræðu og gat þess þá að hann mundi flytja sína ræðu áfram á næsta fundi, en hann gerði hlé á ræðu sinni vegna tilmæla frá hæstv. forseta.

Það urðu umræður um þingsköp í framhaldi af umræðunni þar sem ég beindi þeim tilmælum til hæstv. forseta að þetta mál, sem þá var til umræðu, þ.e. það mál sem nú er 5. mál á dagskrá, tekjuskattur og eignarskattur, frv. sem er 95. mál þingsins, fengi áframhaldandi meðferð hér hjá hv. deild. Ég óskaði þess sérstaklega að þetta mál yrði tekið sem fyrsta mál á dagskrá nú á þriðjudegi. Það komu engin loforð fram um að það yrði gert, en hins vegar sagðist forseti mundu beita sér fyrir því í samráði við formenn þingflokka að málið yrði tekið til umræðu og það klárað og sent til nefndar. Hæstv. fjmrh. tók til máls um þingsköp og sagðist vera reiðubúinn til þess að halda þessari umræðu áfram. Hins vegar væri hann hugsanlega bundinn við umræðu í hv. Ed. og gæti þess vegna ekki verið viðstaddur við upphaf þessa fundar. Ég held að hæstv. fjmrh. sé alls ekki á fundi í Ed. Alþingis eins og sakir standa og mér sýnist hann ekki vera mættur hér í dag. Þess vegna finnst mér eðlilegt að fram komi skýringar á því hvers vegna ekki er haldið áfram umræðum um þetta mál sem brýnt er að komist til nefndar til þess að það geti fengið þar þá meðferð sem eðlileg er, en það er ljóst að það getur orðið meiri hluti fyrir meginatriðunum sem koma fram í þessum frv. báðum, enda hefur hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson lýst yfir stuðningi sínum við þau meginmarkmið sem koma fram í frv. og mér hefur heyrst á ræðu hans að það sé tiltölulega auðvelt að ná því samkomulagi sem nægir til þess að hægt verði að setja lög á grundvelli þeirra meginatriða sem koma fram í frv. Þess vegna er málið brýnt og kannski brýnna en mörg önnur mál sem hér eru á dagskrá í dag.

Þess skal og getið að hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að það hafi komið fram í blöðum í sumar og eins núna nýlega að hann hafi í hyggju að hreyfa þeim málum sem frv. snýst um. Hæstv. ráðherra hefur ekki verið viðstaddur þessa umræðu og ég hef rætt við hann og óskað eftir því að hann tæki þátt í þessari umræðu og gæfi álit sitt á þeim málum sem hér eru til umræðu. Hann er ekki heldur viðstaddur hér í dag.

Nú langar mig til að spyrja hæstv. forseta að því hvort það sé vegna þess að hæstv. ráðherrar eru ekki viðstaddir sem þetta mál er ekki tekið fyrst á dagskrá eða hvort einhver önnur sjónarmið liggja hér að baki. Eina sjónarmiðið sem gæti réttlætt það að málið er ekki til umræðu nú þegar er að hæstv. fjmrh. hafi fallið frá orðinu og það megi túlka það á þann veg að hann muni ásamt stjórnarliðum greiða fyrir því að þetta mál fari til nefndar og komist þaðan aftur og verði að lögum fyrir áramót. Hér er um að ræða mun mikilvægara mál en þau sem eru fyrst á dagskrá eins og t.d. málin um Stjórnarráð Íslands og yfirstjórn umhverfismála sem ekkert liggur á að afgreiða. Það er hégómamál hæstv. ríkisstjórnar að koma því máli áfram vegna þess að það er búið að setja á laggirnar ríkisstjórn í landinu þar sem umhverfisráðuneytismál hafa verið notuð sem gjaldmynt en þegar kemur að málum sem virkilega skipta máli fyrir atvinnulífið í landinu er þeim vikið til hliðar með þessum hætti.

Sé það svo, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh., sem óskaði eftir því á sínum tíma að málinu yrði frestað þannig að hann gæti tekið þátt í umræðunni, hafi nú óskað eftir því að málið gangi til nefndar skil ég það svo að hann hafi með því að falla frá orðinu í miðri ræðu verið að lýsa því yfir að hann vilji veita málinu brautargengi í gegnum þingið þannig að þetta frv. og þessi frumvörp geti orðið að lögum fyrir jól. Það er ljóst að það er stuðningur við málið af hálfu a.m.k. sumra stjórnarliða og sé þetta réttur skilningur af minni hálfu finnst mér það eðlilegt að þessi mál gangi beint til nefndar. Sé það hins vegar rangur

skilningur minn skil ég ekki hvers vegna er verið að breyta dagskránni og ýta brýnum málum sem fyrr komu fram á þinginu aftur fyrir mál sem ekki skiptir máli hvort verða að lögum núna á næstu vikum eða ekki.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins til að taka undir með hv. 1. þm. Reykv. Hér er um mjög brýnt mál að ræða og mikil ástæða er til að reyna að flýta þessu máli þannig að það geti farið til nefndar, 5. málið sem hér er á dagskrá. Ég skýrði það í minni ræðu að ég hef sjálfur og sjálfsagt fleiri ýmislegt við frv. að athuga. Það þarf að vinnast og það eru ýmsar breytingar sem á því þarf að gera. Þar af leiðandi þarf nefndin tíma til að vinna það. Ég hef svona á tilfinningunni að það þurfi ekki mikla umræðu um þetta mál til þess að það geti farið til nefndar, en ég vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv. og beina þeirri ósk til forseta að hann reyni að hlutast til um að þetta mál geti sem fyrst farið út úr deildinni til nefndar til frekari vinnslu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Eins og kom glöggt fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. var það hæstv. fjmrh. sjálfur sem hefur komið af stað þeim illindum sem hér hafa orðið með ræðu sinni um þetta mál, 5. dagskrármálið, síðast þegar það var á dagskrá. Ég ætla hins vegar ekki að bæta neinu við það, herra forseti, en mig langar að vekja athygli á því að hér er jafnframt á dagskrá mál nr. 7 sem var fyrst tekið fyrir til umræðu fyrir hálfum mánuði síðan. Síðan var umræðunni frestað sakir þess að fjmrh. var ekki viðstaddur. Hann sá ekki ástæðu til þess að vera við þegar 1. umr. hófst um afnám ekknaskattsins svokallaða. Þess vegna var umræðunni frestað. Hann hefur ekki séð ástæðu til þess að greiða fyrir því að þetta mál komist á dagskrá og hægt sé að afgreiða það til nefndar eins og eðlilegt er.

Við sem flytjum þetta mál gerðum þá kröfu að hæstv. fjmrh. tjáði sig um málið, þannig að það kæmi fram gagnvart því fólki sem þar á hlut að máli hvort einhverra réttarbóta getur verið von, hvort ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir einhverjum breytingum í þá átt að lina ekknaskattinn. Við þessu hefur ekki komið neitt svar. Ég tel að það sé fyllilega tímabært að knýja á um það að bæði þessi mál, 5. og 7. og reyndar 6. málið líka, fái hér eðlilega afgreiðslu við 1. umr., fjmrh. tjái sig um þetta með eðlilegum hætti og því sé síðan komið til nefndar.

Það er auðvitað algjörlega óviðunandi, herra forseti, að vera hér með sömu málin á dagskrá viku eftir viku eingöngu vegna þess að ráðherra þessa málaflokks sér ekki ástæðu til þess að hirða um umræður um mál af þessum toga. Þetta er auðvitað hrein vanvirða og verður síst til þess að greiða fyrir þingstörfum hér og samvinnu við okkur stjórnarandstöðuþingmenn um önnur mál.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að skýra þingheimi frá því að ég átti tal við forseta þessarar deildar nú um hádegisbilið þar sem hann skýrði mér frá því að samkomulag hefði verið gert við viðkomandi aðila þessa máls um að það yrði tekið hér á dagskrá og um það yrði ekki umræða. Hæstv. fjmrh. hefði fallið frá orðinu og þar sem ég væri næstur á mælendaskrá fór hann þess á leit við mig að ég mundi ekki hefja hér umræðu um málið.

Þar sem samkomulag var komið og gert milli viðkomandi aðila tjáði ég forseta að ég mundi sætta mig við það í trausti þess að málið yrði þá tekið hér á dagskrá og það kæmist til nefndar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Eftir þær umræður sem hafa orðið hér um þingsköp og þá einkum um dagskrá þessa fundar finnst mér að full ástæða sé til þess að dagskránni sé hnikað þannig til að hægt sé að taka fyrir nú þegar mál nr. 5, 6 og 7 umræðulaust. Ég tel að í orðum hv. 10. þm. Reykv. felist verulegur stuðningur úr stjórnarliðinu við þessi frv., a.m.k. sum þeirra, og í trausti þess að hæstv. fjmrh. hafi fallið frá orðinu til að greiða fyrir þessum málum og greiða götu þeirra í gegnum þingið tel ég eðlilegt að fallast á að þessi mál séu nú þegar tekin fyrir án umræðna eins og mér skilst að um hafi verið talað, þótt kannski fullmikið sé sagt að um hafi verið samið að fullu og öllu og fyrirvaralaust, og þannig sé greitt fyrir því að hægt sé að fylgja dagskránni eftir það. Í trausti þess að þetta geti gerst með þessum hætti tel ég ástæðulaust að halda þessum þingskapaumræðum áfram en óska eftir því við virðulegan forseta að hann sjái til þess að nú þegar fari þessi mál til nefndar, enda tel ég að það sé verulegur og víðtækur stuðningur við þau.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað vill forseti taka eftirfarandi fram:

Í fyrsta lagi: Hæstv. fjmrh. stjórnar auðvitað ekki hvernig mál eru sett á dagskrá í hv. deild. Það er reynt að gera með eðlilegu samkomulagi á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og varðandi þau þrjú mál sem hér hafa verið rædd hefur forseti gert það sem í hans valdi hefur staðið til að þau mættu fá framgang.

Forseti óskaði eftir því á fundi í morgun að um það gæti tekist samkomulag að þessi mál mættu koma hér til umræðu í upphafi fundar gegn því að það yrði umræðulaust og þau yrðu afgreidd til nefndar. Forseti taldi sig hafa fyrir þessu nokkurt samkomulag og þess vegna vildi hann taka þessi mál hér fyrir. Þegar í ljós kom að einhverjir hv. deildarmanna vildu upphefja umræðu um málin vildi forseti taka fyrir þau tvö umhverfismál sem hér liggja fyrir og fyrir löngu er búið að tala um að kæmu á dagskrá fundarins í dag.

Vegna þessarar umræðu og vegna orða hv. síðasta ræðumanns, 1. þm. Reykv., fellst forseti á það að taka nú til afgreiðslu 5., 6. og 7. málið, eins og raunar hafði verið ákveðið áður en þessi fundur var settur, og afgreiða þau til nefndar.

Friðrik Sophusson:
Virðulegur forseti. Ég vil þakka þennan úrskurð sem hér kemur fram, en ég vil enn á ný ítreka það að af minni hálfu er fallist á þessa málsmeðferð vegna þess að ég tel að hér í umræðunum hafi komið fram að það sé sá stuðningur við þessi mál að þess megi vænta að þau eigi greiða leið í gegnum hv. fjh.- og viðskn. þar sem við eigum sæti, m.a., ég og hv. 10. þm. Reykv. sem hér hefur talað í þessum þingskapaumræðum.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 95. mál (fjárfestingar í atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 96.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 96. mál (hámark frádráttar o.fl.). — Þskj. 97.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 106. mál (eignarskattsútreikningur). — Þskj. 110.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Á sínum tíma þegar taka átti þetta mál til umræðu var því frestað á grundvelli þess að það vantaði þá í umræðuna hæstv. forsrh. og hæstv. ráðherra Hagstofunnar. Nú snýr málið þannig að enn vantar hæstv. ráðherra Hagstofunnar sem mér skilst að sé nú verðandi ráðherra umhverfismála á Íslandi. Í ljósi þess að hann er ekki hér viðstaddur og af sömu ástæðu og við frestuðum fyrri umræðu óska ég eftir að umræðu verði frestað þar til hæstv. ráðherra getur verið viðstaddur umræðuna.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Forseti á býsna erfitt með að verða við þessari beiðni vegna þess að hæstv. forsrh., flm. þessa frv., er hér viðstaddur, en forseti skal gera ráðstafanir til þess að náð verði í hæstv. hagstofuráðherra þannig að hann geti verið hér viðstaddur þessa umræðu.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Hér hefur verið borin fram mjög eðlileg ósk af hálfu hv. 5. þm. Vesturl. Hæstv. ráðherra Hagstofu hefur samkvæmt sérstöku erindisbréfi, eftir því sem upplýst hefur verið, fengið það verkefni að hafa forustu um umhverfismál í núverandi hæstv. ríkisstjórn. Að vísu er það mjög kynleg ráðstöfun og ég veit ekki nákvæmlega hvernig hún stenst núgildandi lög um Stjórnarráðið, að fela einstökum ráðherrum verkefni með sérstöku erindisbréfi án þess að breyta lögum um Stjórnarráðið og kemur það mál vafalaust efnislega til umræðu hér, hvernig að þeim málum hefur verið staðið, í umræðunni sjálfri. En með því að þetta hefur verið gert og hæstv. ráðherra Hagstofu hefur ekki bara hér innan lands heldur á erlendum vettvangi komið fram sem ráðherra umhverfismála er hér sett fram mjög eðlileg krafa um það að umræðunni verði frestað þangað til sá ráðherra getur verið viðstaddur sem með sérstöku erindisbréfi frá hæstv. forsrh. hefur þessi mál til umfjöllunar innan ríkisstjórnarinnar. Ég vil ítreka þessa ósk og beina því sérstaklega til forseta að hann taki tillit til hennar. Það hlýtur að greiða fyrir umræðu málsins að verða við óskinni. Hitt hlýtur öllum að vera ljóst að það hlýtur að tefja umræðuna ef slíkri ósk er ekki sinnt.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Nú á forseti við nokkurn vanda að stríða. Nú hafa fulltrúar tveggja stjórnmálaflokka óskað eftir því að þessari umræðu verði frestað þar eð hæstv. hagstofuráðherra og væntanlegan umhverfismálaráðherra vantar hér í salinn. Forseti vill verða við þessari beiðni og gerir fundarhlé í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. hagstofuráðherra fyrir að sjá af tíma fyrir þingdeildina og ákveða að koma hér og vera viðstaddur þessa umræðu sem óneitanlega snertir hann að miklu leyti.

Það mál sem hér er til umræðu, þ.e. stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis, er lokagreiðsla ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar til Borgfl. fyrir sál þeirra og kokgleypingu stefnu þess flokks. Þennan reikning sendir Borgfl. þegnum þessa lands í auknum útgjöldum ríkissjóðs við uppsetningu og rekstur sjálfstæðs ráðuneytis sem best væri vistað í öðru ráðuneyti.

Það ráðuneyti sem setja á á stofn fyrir stuðning Borgfl. er ráðuneyti sem á eftir að bólgna út og verða að bákni áður en við getum áttað okkur á hvað er að gerast. Nægir í því tilefni að líta til reynslu annarra þjóða í því sambandi. Slíkt ráðuneyti verður mannfrekt og kostnaðarsamt og það hlýtur að vekja furðu manna að á sama tíma og ríkisstjórnin boðar aðhald og sparnað í kerfinu sem annars staðar er hún í raun fremst í flokki með bruðl og óráðsíu. Á sama tíma vinnur nefnd að því að stokka upp Stjórnarráðið sem er vissulega nauðsynlegt og löngu tímabært mál, en út úr þeirri vinnu virðist ljóst að ráðuneytin eigi engu að síður að vera 11. Væri nú ekki nær að taka stefnuna á svona 5–8 ráðuneyti og sýna þar með fordæmi, enda þarf ekki 250 þúsund manna þjóðfélag sem okkar, sem er reyndar ekki fjölmennara en ein breiðgata í New York, á öllum þessum ráðherrum að halda. Því á hiklaust að fara í raunhæfan niðurskurð á ráðuneytum og, eins og ég segi, hafa þau alls ekki fleiri en 8.

Það er víst lítil von til þess að svo verði á meðan þeir menn sem nú skipa ríkisstjórn Íslands sitja sem fastast og hafa reyndar myndað með sér hræðslubandalag þar sem enginn af ríkisstjórnarflokkunum hefði efni á því að leggja verk sín undir dóm kjósenda. En þar sem þessu nýja ráðuneyti verður m.a. falið að fara með mengunarvarnir væri réttast að það sneri sér fyrst að sjálfri ríkisstjórninni sem er einhver mesti mengunarvaldur í íslensku efnahags- og þjóðlífi sem um getur í sögu lýðveldisins.

Hæstv. forseti. Ég gagnrýndi það þegar málið var tekið fyrir til 1. umr. að Frjálslynda hægriflokknum var ekki boðin þátttaka í þeirri nefnd sem um málið fjallaði og að því er mér skilst var Sjálfstfl. ekki heldur boðin þátttaka í því starfi. Hins vegar var einum stjórnarandstöðuflokki boðin þátttaka sem hann þáði, en það var Kvennalistinn. Þrátt fyrir þetta var málið tekið á dagskrá með afbrigðum og knúin fram umræða þótt ljóst væri að flokkum var mismunað við allan undirbúning málsins. Það vakti ekki síður athygli mína að með bréfi dags. 11. okt. 1989 sendi Kvennalistinn herra Jóni Sveinssyni, aðstoðarmanni forsrh., bréf þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þökkum bréf þitt dags. 2. okt. sl. þar sem óskað er eftir afstöðu stjórnarflokkanna og Kvennalista til einstakra verkefna nýs ráðuneytis umhverfismála."

Hér hafði sem sagt forsrn. óskað eftir afstöðu allra flokka á þingi nema hægri flokkanna. Það er vissulega ástæða til þess að harma slík vinnubrögð sem þó koma mér alls ekki á óvart. Ég vil hins vegar að það komi fram að Kvennalistinn kom auga á þetta óréttlæti, þessi vinnubrögð og gagnrýndi þau í bréfi sínu og skulu þær eiga heiður skilið fyrir það. En þær sögðu í niðurlagi síns svars, með leyfi forseta:

„Jafnframt gagnrýnum við að ekki skuli leitað samráðs og álits allra þingflokka og óskum eftir að svo verði gert."

Það er skemmst frá því að segja að við þessari ósk var ekki orðið.

Hæstv. forseti. Við upphaf þessarar umræðu þann 8. nóv. sl. upplýsti hv. þm. Ólafur Einarsson þingheim um það að hæstv. hagstofuráðherra, sem menn hafa hingað til álitið að verði umhverfisráðherra nái ríkisstjórnin þessu máli í gegn, væri að eigin áliti þegar orðinn ráðherra umhverfismála. Því læddist að manni sú hugsun að þessi umræða öll væri hin mesta tímaeyðsla og skipti alls engu máli. Þingmaðurinn upplýsti nefnilega að hæstv. hagstofuráðherra væri þegar farinn að nota titilinn umhverfismálaráðherra og væri farinn að undirrita bréf á þann veg. Ráðherrann, sem hafði í ræðu sinni lýst því að þetta ráðuneyti mundi útkalla veruleg ferðalög af hans hendi, upplýsti svona óvart þingheim um það að enskukunnátta hans er nú ekki alveg eins og æskilegt væri af ráðherra *sem hefur hug á því að ferðast mikið fyrir landsins* hönd og síns ráðuneytis í framtíðinni. Hitt er þó öllu verra þegar ráðherra í ríkisstjórn Íslands lýsir því yfir við alþjóð í sjónvarpsviðtali að hann sé reiðubúinn til þess að falsa hvaða starfstitil sem er, sé það einhverju málefni sem honum er hugleikið til framdráttar, jafnvel eins og hann orðaði það, að undirrita bréf sem hertoginn af Madagaskar.

Hvar sem er í hinum siðmenntaða heimi væri ráðherra sem staðinn væri að slíkri undirskriftafölsun umsvifalaust sviptur embætti, að ég tali nú ekki um ráðherra sem lýsir því jafnafdráttarlaust yfir að þessum aðferðum sé hann tilbúinn að beita hvenær sem er.

En það gegnir öðru máli hér og er reyndar í fullu samræmi við siðferðiskennd ráðherra okkar í dag. Nú finnst mönnum allt í lagi þó að erlendir viðskiptavinir eða aðrir séu hreinlega blekktir og látnir halda að til sé ráðherra og ráðuneyti sem alls ekki er til.

Það vakti þó sérstaka athygli mína í vörnum ráðherra Hagstofunnar fyrir þessu glappaskoti þegar hann sagðist hafa verið að reyna að hlaða titlum undir bréfið — væntanlega til þess að gefa því meiri vigt. Að hann undirritaði það ekki sem ráðherra Hagstofu, af hverju veit ég ekki. Ef til vill var það enskukunnáttan sem kom í veg fyrir það.

Hæstv. forseti. Það hefur margoft verið sagt að mengun virði engin landamæri. Því varðar verndun náttúrulegra auðlinda margar þjóðir. Þess vegna er alveg óhætt að fullyrða að umhverfismál sé alþjóðlegt mál. Nægir í því sambandi að minna á verndun ósonlags jarðar sem allar siðmenntaðar þjóðir láta sig varða og það hefur Ísland einnig gert.

Það er í raun ánægjulegt að Ísland skuli vera jafnvirkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál og raun ber vitni eða eins og segir um þann þátt í skýrslu þeirri sem nefnd um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu samdi, þ.e. Ísland og Evrópa 3. rit, en þar er upptalning á því samstarfi sem við tökum þátt í. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ísland hefur tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi til að koma í veg fyrir mengun sjávar og er aðili að alþjóðasamningum um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, svokallaður MORPOL-samningur frá 1973, um bann við losun úrgangsefna í hafið, London Dumping Convention frá 1972 og samningum um aðgerðir ef olíuslys ber að höndum. Þessir samningar eru á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (EMO). Ísland er einnig aðili að samningum þjóða við norðaustanvert Atlantshaf um varnir gegn mengun þess hafsvæðis, þ.e. gegn losun úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum, og um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Ísland hefur enn fremur fullgilt hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1982, en í honum eru ákvæði um mengunarvarnir.

Samstarf er um umhverfisvernd á vegum ýmissa annarra alþjóðasamtaka. Evrópuráðið hefur t.d. beitt sér fyrir verndun villtra dýrastofna. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) fæst við samstarf um prófun á hugsanlegum skaðlegum áhrifum efnasambanda og efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE) hefur beitt sér fyrir samningi um að dregið verði úr útblæstri brennisteinsdíoxíða, sem valda súrri úrkomu, um 30% fyrir næstu aldamót."

Það er athyglisvert í ljósi þess að hér vorum við að ræða hvort við ættum að fara í viðræður með EFTA við EB að eftir því sem ritið segir þá sé unnið að samræmingu löggjafar um umhverfismál á vegum EB, en að innan EFTA sé lítið sem ekkert starfað að umhverfismálum.

Í því riti vekur einnig athygli mína að dagana 25. og 26. okt. 1987 héldu umhverfismálaráðherrar EFTA og EB sameiginlegan fund þar sem ákveðið var að auka samstarf landanna að umhverfisvernd. Á þennan fund vantaði aðeins eitt land, Ísland, og er vissulega ástæða til að harma það og inna eftir því af hverju okkar fulltrúi var ekki á þessum fundi.

Hæstv. forseti. Allur almenningur um gjörvallan heim er sér æ meir meðvitaður um umhverfi sitt og maðurinn er farinn að umgangast náttúruna á allt annan hátt en áður fyrr. Nú spretta upp alls kyns samtök sem hafa það eitt markmið að vernda náttúruna og lífríkið. Nægir að nefna t.d. Líf og land hér heima og ætli einhverjir kannist ekki við samtökin Greenpeace. Þetta er ekki síst vegna mikils áróðurs fyrir hollu og heilbrigðu líferni samfara styttingu vinnuvikunnar og lengra orlofi. Þetta hefur náðst með samstilltu átaki fólks, hvort sem er í bæjum eða til sveita, og það leiðir mig að þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort fullt samstarf hafi verið við sveitarstjórnir landsins við samningu þessa frv. og stofnun umhverfisráðuneytis.

Það tel ég vera afar brýnt að stjórnun umhverfismála sé strax frá upphafi í ásættanlegum farvegi fyrir sveitarstjórnir landsins. Það verður að vera um samræmda stjórnun að ræða sem taki til mála svo sem landfoks, gróðureyðingar, mengunarmála, friðunar, náttúruverndar, gróðureftirlits, og svo mætti sjálfsagt halda áfram með upptalninguna, án þess þó að gleyma forvarnar- og fræðslustarfi sem hvort tveggja er mjög mikilvægt að sé strax tekið föstum tökum og hvergi slegið af.

Með forvarnar- og fræðslustarfi er hægt að koma í veg fyrir mikil spjöll og skaða. Þau þurfa hins vegar að vera markvisst unnin og kynnt. Fræðslustarfið á hiklaust að taka upp í skólakerfinu á grunnskólastigi og mætti forvarnarstarfið einnig beinast nokkuð á þá braut þó það eigi ef til vill jafnvel meira heima utan skólakerfisins í formi alls kyns upplýsinga og kynninga til almennings um umgengni og virðingu við náttúruna.

Varðandi forvarnarstarf og eftirlit vil ég nota tækifærið og minna þingheim á þáltill. sem við fluttum hér á síðasta þingi ég og hv. þm. Hreggviður Jónsson um könnun á kaupum og rekstri dvergkafbáts. Að þessari tillögu brostu margir góðlátlega en það voru aðeins þeir skammsýnu. Slíkt tæki gæti nýst mjög vel við einmitt þennan þátt, forvarnar- og eftirlitsstarf, til dæmis með laxeldi í sjó svo eitthvað sé nefnt. Þessa tillögu munum við endurflytja og við vonum að betur verði við henni tekið nú en á síðasta þingi.

Hitt er svo annað mál að að mínu mati er mengun sem betur fer ekki stórt vandamál hérlendis. Við eigum hins vegar að vera okkur þess meðvituð að slíkir hlutir geta breyst á ótrúlega skömmum tíma og þá kemur auðvitað enn og aftur að fræðslu- og forvarnarstarfi og mikilvægi þess. Við eigum að bera gæfu til þess að berjast gegn þeirri mengun sem nú er til staðar og gæta þess að hún aukist ekki á Íslandi.

Við eigum að gæta alveg sérstaklega auðlinda okkar, vernda þær og nýtingu þeirra, enda er það lífsspursmál fyrir okkur Íslendinga að halda hér sem ómenguðustum fiskimiðum og gróðurlendi. Því hvað er það sem við þurfum að selja? Það er ómengað Ísland, landið með ómenguðu vörurnar er vörumerki sem við eigum að þekkjast undir og það víða um heim. Á þeim forsendum eigum við að afla markaða, undir einhverju slíku kjörorði eigum við að starfa, en um þennan lið mun ég fjalla örlítið nánar í seinni ræðu minni.

Hæstv. forseti. Mér skilst að það séu 24 ár síðan hugmyndir um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis komu fyrst fram. Það er orðinn ansi langur meðgöngutími, svo langur að ég tel hann orðinn nógu langan og að nú þurfi að fara að framkalla fæðingu. Ég er hins vegar gersamlega á móti því að það þurfi að setja á laggirnar sjálfstætt ráðuneyti með öllu sem því tilheyrir. Hins vegar er fyllilega tímabært að samræma stjórn umhverfismála í eitthvert af eldri ráðuneytunum.

Sjálfstfl. hefur bent á samgrn. í því efni. Ég ætla hins vegar ekki að mynda mér neina sérstaka skoðun

á því á þessari stundu hvar væri best að vista ráðuneytið. Það er seinni tíma mál. Fyrst er að vinna grunnvinnuna, samræmingarvinnuna, að því loknu verður það tæplega mikið mál að finna heimili fyrir krógann.

Málefni tengd umhverfismálum eru í allmörgum ráðuneytum, átta hef ég reyndar heyrt. Auðvitað verður að samræma þetta en það er sjálfsagt erfitt á köflum og jafnvel ekki hægt í einhverjum tilfellum. Sama má segja um ýmsar stofnanir sem við fyrstu yfirsýn virðist kannski eiga að flytja í heilu lagi undir yfirstjórn umhverfismála, en þegar betur er að gáð getur það reynst afar erfitt og nauðsynlegt að brjóta þær upp. Allt getur þetta hins vegar leitt til togstreitu, bæði milli stofnana annars vegar og einnig milli ráðuneyta hins vegar, þegar málefni fara að skarast. Og það höfum við reyndar fjölmörg dæmi um án þess að ég ætli að fara að tíunda þau nú en geri það ef til vill síðar í ræðu minni.

Hæstv. forseti. Þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við öflun umsagna um málið af hendi forsrn. vöktu athygli mína og fjölmargra þeirra sem fengu beiðni um umsögn. Þess er nefnilega sérstaklega óskað af öllum er beiðnina fengu frá ráðuneytinu að ekki verði sérstaklega fjallað um og afstaða tekin til stofnunar umhverfisráðuneytis þar sem ákvörðun um það hafi þegar verið tekin í málefnasamningi.

Þetta hlýtur að vekja furðu þar sem málið er í raun sent flestum þeim aðilum og stofnunum sem málið snertir. Það er svona eins og menn hafi ekki verið nægilega sannfærðir sjálfir og viljað reyna að koma í veg fyrir faglega umfjöllun um málið, enda kemur það berlega í ljós í fjölmörgum umsögnum um frv. að aðilar hefðu kosið að fá að fjalla um málið í heild sinni en ekki aðeins þá afmörkuðu þætti sem um var beðið. Þessi ótti kemur m.a. fram í því að frv. þetta virðist ekki unnið í samráði við sveitarstjórnir sem maður hefði þó talið eðlilegt til þess að nokkur friður gæti skapast um málið.

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að leyfa mér að fara lauslega yfir nokkrar þær umsagnir sem nefndinni um stofnun umhverfisráðuneytis bárust en þar kennir ýmissa grasa. En áður en ég geri það vil ég minna á það að í þeirri nefnd var ekki einhugur um stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis eins og fram kom hjá einum nefndarmanna, Bjarna Guðleifssyni. Hann ákvað hins vegar að taka þátt í starfinu þar sem ákvörðun um stofnun ráðuneytisins hafði þegar verið tekin.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að fá að fara yfir nokkrar umsagnir ýmist í heilu lagi eða taka úr þeim smákafla, og byrja þá á umsögn þjóðminjavarðar, Þórs Magnússonar, en hann er ekki alveg sáttur við frv. eins og fram kemur í eftirfarandi umsögn, með leyfi forseta:

„Í 3. lið í upptalningu um málefni ráðuneytisins segir að það skuli hafa með að gera friðun húsa og annarra mannvirkja. Önnur mannvirki tel ég að eigi hér við byggingar eða mannvirki ofan jarðar en ekki rústir eða tættur.

Friðun húsa fer nú fram með tvennum hætti. Annars vegar eru hús sem eru á fornleifaskrá sem svo er kallað. Það eru gömul hús sem Þjóðminjasafnið á beinlínis, hefur keypt þau eða því verið gefin eða ráðstafað til safnsins á annan hátt, svo og hús sem safnið hefur tekið að sér að varðveita þótt í eigu annarra séu. Stendur safnið þá straum af viðhaldskostnaði af fé því sem til þess er veitt á fjárlögum. Sem dæmi um hið fyrra eru t.d. Víðimýrarkirkja í Skagafirði og gömlu húsin á Keldum og Rangárvöllum, en um hið síðara Hofskirkja í Öræfum. Í síðara tilvikinu á söfnuðurinn kirkjuna en Þjóðminjasafnið ber kostnað af viðhaldi hennar og vernd og annast það.

Hins vegar eru svo hús sem friðlýst eru samkvæmt ákvæðum 4. gr. þjóðminjalaga frá 1969 sem þá voru nýmæli og hliðstæð ákvæði eru í þjóðminjalögum sem taka gildi um næstu áramót. Þau hús sem þannig eru friðuð eru í eigu annarra en safnsins en menntmrh. ákveður friðun sem þá er kostuð af eiganda nema hvað styrkir eru á stundum veittir úr húsfriðunarsjóði.

Mér þykir einsýnt að fyrri flokkurinn, hús á fornleifaskrá, muni áfram falla undr menntmrn. sem hluti af Þjóðminjasafni Íslands þar sem húsin eru í flestum tilvikum safngripir eingöngu þótt kirkjurnar séu sumar notaðar sem slíkar. Í síðari flokknum eru húsin ekki bundin Þjóðminjasafni beinlínis, en þó er umsjón þeirra og friðun nátengd því þar sem húsfriðunarnefnd starfar innan veggja safnsins, þjóðminjavörður er formaður hennar og deildarstjóri húsverndunardeildar ritari og framkvæmdastjóri nefndarinnar. Lætur reyndar að líkum að málefni þessi þurfa að tengjast mjög náið.

Í sjálfu sér væri hið eðlilega að báðir þessir flokkar fylgdust áfram að undir sama ráðuneyti þar sem tilgangurinn er hinn sami, þ.e. verndun menningararfs. Er reyndar gert ráð fyrir sama hætti áfram í hinum nýju þjóðminjalögum. Eina ástæðan til að færa þennan þátt undan menntmrn. og undir umhverfismálaráðuneyti væri í rauninni ef með því fengist aukin fjárveiting til varðveislu og viðgerða gamalla húsa og auðveldara væri að koma í kring friðun þeirra en verið hefur, en gert er einmitt ráð fyrir mjög aukinni fjárveitingu til verndunar gamalla bygginga í nýjum lögum og aukinni vernd þeirra.

Það lætur að líkum að eðlilegra sé að hafa alla þætti þjóðminjavörslu, söfn, rannsóknir og varðveislu hvers kyns menningarminja undir sama ráðuneytinu og þá að sjálfsögðu menntmrn. Stundum hefur verið nefnt að menntmrn. kynni að verða skipt upp í tvö ráðuneyti, skólamála- og menningarmálaráðuneyti og þá væri eðlilegt að þjóðminjavarsla fylgdi menningarmálageiranum."

Í umsögn frá FÍN, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, eru nokkrar ábendingar og ekki síður krafa um skilgreiningu. Til að mynda telja þeir nauðsynlegt að skilgreint verði hvað teljist umhverfi og þar með hvert sé viðfangsefni umhverfismálaráðuneytisins. Því spyr ég hæstv. forsrh. og/eða hæstv. verðandi umhverfisráðherra, hæstv. hagstofuráðherra, um

skilgreiningu á þessu. En sjálfir segja þeir í FÍN, með leyfi forseta:

„Ekki kemur fram í plöggum þeim sem FÍN hafa borist að umhverfi sé skilgreint í frumvarpi, reglugerð né greinargerð. Þetta þarf þó að gera því að ekki er hægt að taka upp nýtt stjórnsýslusvið nema það hafi skilgreint viðfangsefni. Því fylgir að ekki er á rökrænan hátt hægt að tilgreina málaflokka þá sem undir umhverfismálaráðuneytið skuli heyra nema umhverfi og umhverfismál séu áður skilgreind á fullnægjandi hátt."

FÍN telur einnig að gera verði grein fyrir öflun og meðferð umhverfisþekkingar en án hennar verði stjórn umhverfismála ógerleg. Auðvitað hefur ríkisstjórnin gert þetta. Hitt er hins vegar verra að þingheimur veit ekkert um þennan þátt og því eru hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra, beðnir að upplýsa okkur hér um þessi atriði.

Það er einnig skoðun FÍN að það orki tvímælis að flytja stofnanir eins og Náttúrufræðistofnun, Veðurstofuna og Hollustuvernd í heild sinni og reyndar segja þeir að það sé óstætt á því sjónarmiði að stofnanir skuli fluttar í heild eða þá alls ekki. Þessi skoðun kemur fram í mörgum umsögnum. FÍN lýsir því einnig sem sinni skoðun að frá upphafi verði starfandi í umhverfisráðuneytinu nægilegur fjöldi manna með viðeigandi sérþekkingu í náttúrufræðum. Á þetta atriði leggja þeir þunga áherslu.

Samkvæmt kostnaðaryfirliti því, sem birt er í frv. fyrir umhverfisráðuneyti fyrir árið 1990, er liður sem heitir Sérfræðingar. Nánar tiltekið er þar um að ræða tvö stöðugildi frá 1. apríl 1990. Nú vil ég spyrja hvort þetta eru sérfræðingar með sérþekkingu á náttúrufræðum og hvort þetta sé nægilegur fjöldi að mati verðandi ráðherra með tilliti til umsagnar FÍN eða sér ekki ráðherra fram á það eins og allir aðrir að sérfræðingafjöldinn verði orðinn margföld þessi tala sennilega áður en árið er liðið?

FÍN þykir orka tvímælis að Veðurstofan skuli eiga að flytjast til hins nýja ráðuneytis, en hvað segir Páll Bergþórsson veðurstofustjóri um það? Það er m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fyrir þessari breytingu sýnast ekki sérlega aðkallandi ástæður. Vissulega snýr starfsemi Veðurstofunnar að umhverfismálum að því leyti að veðurfar lengri og skemmri tíma mótar mjög náttúruleg skilyrði þjóðarinnar til hvers konar framkvæmda og tilvistar. Starfsemin felst þó miklu fremur í því að þjóna atvinnuvegum og þjóðfélagshópum en að hafa nokkur mótandi áhrif í umhverfismálum. Einna nánast og stöðugast samband hefur Veðurstofan við alla þá sem að flugmálum vinna þó að þjónustan við sjómenn og bændur sé mjög ríkur þáttur í starfseminni. En í þeirri þjónustu koma líka samgöngur á sjó og landi mjög við sögu. Áhugi þéttbýlisbúa á veðri tengist líka að miklu leyti ferðalögum. Þessi staðreynd ásamt því að um langan tíma hefur skapast mjög gott samstarf við alla aðila í samgrn. veldur því að mér virðist mjög varhugavert að slíta því fyrirkomulagi sem svo vel hefur reynst.

Líka má benda á að sé litið til nítján nálægra landa, sem Veðurstofan hefur talsverð samskipti við, kemur í ljós samkvæmt handbókum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar að í níu þessara landa heyra veðurstofur undir ráðuneyti sem fjalla m.a. um samgöngumál og í þeim hópi eru Danmörk, Finnland og Svíþjóð. Næst í röðinni koma þrjú þar sem veðurstofur heyra undir ráðuneyti mennta- og vísindamála, í aðeins tveimur undir umhverfismálaráðuneyti en í fimm öðrum löndum eru það önnur ráðuneyti, sitt af hverju tagi, sem fara með mál veðurstofanna.

Niðurstaða mín er því sú að góð rök séu fyrir því að Veðurstofan heyri undir samgrn. og ég mæli með því að svo verði framvegis. Þetta er í samræmi við það álit fyrirrennara míns, Hlyns Sigtryggssonar, sem hann lét í ljós í mars sl. í svari við fyrirspurn frá allshn. neðri deildar Alþingis um frv. sem þá hafði komið fram um umhverfismál."

Þarna er afar athyglisvert sem fram kemur, að í nítján nálægum löndum heyra veðurstofur til umhverfisráðuneytis í aðeins tveimur þeirra. Og meira að segja fyrirheitna landið, Svíþjóð, hefur veðurstofu sína undir samgrn.

Í umsögn frá Geislavörnum ríkisins kemur enn fram andstaða við frv., en í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt drögum að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, er gert ráð fyrir að starfsemi Geislavarna ríkisins flytjist frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis. Um stofnunina og starfssvið hennar er ekki fjallað í grg. nema hvað hennar er getið í upptalningu undir liðnum „mengunarvarnir". Vegna þessa skal sérstaklega á það bent að mengunarvarnir eru mjög lítill þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Langstærsti hluti verkefna stofnunarinnar er á sviði heilbrigðismála."

Og síðar í umsögninni segir:

„Það er sameiginleg niðurstaða stjórnar og forstöðumanns Geislavarna ríkisins að ekki eigi að flytja starfsemi stofnunarinnar frá því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn heilbrigðismála undir annað ráðuneyti þar sem langstærsti hluti verkefna stofnunarinnar sé á sviði heilbrigðismála í tengslum við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og aðrar heilbrigðisstofnanir.

Núverandi fyrirkomulag geislavarna hér á landi er í samræmi við fyrirkomulag geislavarna annars staðar á Norðurlöndum. Sérstaklega skal á það bent að yfirstjórn geislavarnastofnana Danmerkur og Noregs er í höndum heilbrigðisráðuneyta landanna þrátt fyrir að í báðum löndunum séu starfandi umfangsmikil umhverfisráðuneyti."

Undir þessi sjónarmið Geislavarna ríkisins tekur Háskóli Íslands, læknadeild, fyllilega en í þeirra umsögn segir, með leyfi forseta:

„Þá er það einnig skoðun landlæknis, Ólafs Ólafssonar, að Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd ríkisins eigi báðar að falla áfram undir heilbrigðisráðuneytið."

Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar sendi inn athyglis-

verða umsögn þar sem teknar eru saman þeirra hugmyndir að umhverfismálastefnu, stjórn og skipan, og þetta útfært í stuttu máli. En það sem vakti sérstaka undrun þeirra var það að að þeirra mati vantaði í umræðuna starf vinnueftirlits og bentu þeir réttilega á að mengun á vinnustöðum er stór þáttur umhverfismála. Ætti að nægja að nefna hávaðamengun, geislamengun, reykmengun o.s.frv.

Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram sú skoðun þeirra að Vinnueftirlitið eigi að falla undir það ráðuneyti sem fer með vinnumarkaðsmál, þ.e. félmrn. Reyndar benda þeir á að vinnueftirlit á hinum Norðurlöndunum heyri allt undir ráðuneyti vinnumarkaðsmála.

Borgarlæknir, Skúli G. Johnsen, tekur mjög skýra afstöðu til málsins, þ.e. hvort heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna eigi að flytjast til umhverfisráðuneytisins, en hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er og hefur verið umhverfiseftirlit, þ.e. eftirlit með hollustuháttum og hreinlæti, þar á meðal með mengun matvæla annars vegar og eftirlit með hvers konar umhverfismengun, þar á meðal með frárennsli og sorpi hins vegar. Æskilegast er að sem mest af þessu eftirliti verði áfram í sveitarfélögunum en þar hefur það smám saman þróast undanfarna áratugi. Það er meginatriði að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna heyri áfram undir sama ráðuneyti og kemur því að mínu áliti ekki til greina að taka svokölluð mengunarmálefni úr lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og flytja til umhverfisráðuneytis. Það væri ófróm stjórnsýsla því heilbrigðiseftirlit og mengunareftirlit er sami hluturinn sem ekki er mögulegt að greina í sundur."

Hollustuvernd ríkisins er greinilega langt frá því að vera ánægð með þá niðurstöðu að hún skuli í heild sinni eiga að færast til umhverfisráðuneytis. Segir m.a. í umsögn þeirra, með leyfi forseta:

„Í umfjöllun nefndarinnar um Hollustuvernd ríkisins annars vegar og Siglingamálastofnun ríkisins hins vegar kemur fram þversögn. Lagt er til að öll svið Hollustuverndar ríkisins verði sett undir umhverfisráðuneytið en aðeins mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunarinnar. Ekkert er því til fyrirstöðu að sami háttur verði hafður á hjá Hollustuvernd og Siglingamálastofnun, þ.e. að aðeins mengunarvarnir þar sem eru fimm stöðugildi af 28 innan stofnunarinnar, verði settar undir umhverfisráðuneytið ef fallið verður frá flutningi stofnunarinnar í heild.

Heilbrigðiseftirlit og rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins hafa yfirumsjón með almennu heilbrigðis- og matvælaeftirliti og vegur matvælaþátturinn þar mest. Ef rök mæla með því að matvælaeftirlit á vegum heilbrigðisráðuneytisins eigi að fara undir umhverfisráðuneytið þá vaknar sú spurning hvort hið sama eigi ekki við um umfangsmeira matvælaeftirlit, t.d. á vegum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins.

Okkur er ekki kunnugt að matvælaeftirlit í nágrannalöndum sé undir umhverfisráðuneytum."

Er ekki í raun fáránlegt að vera að færa tuttugu og þrjá menn til þegar það virðist duga að færa aðeins fimm, þ.e. starfsmenn mengunarvarna. Það er mitt álit. En hvað finnst ráðherrunum hæstv.? Og hvað segja þeir um þá spurningu Hollustuverndar ríkisins að matvælaeftirlit í landbúnaði og sjávarútvegi eigi allt eins að fara undir umhverfisráðuneytið eins og matvælaeftirlit heilbrrn.?

Um þennan flutning Hollustuverndar ríkisins segir Náttúruverndarráð það sína skoðun að mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins, þ.e. þann þátt í starfsemi stofnunarinnar er fjallar um svokallaða ytri mengun, eigi að flytja yfir í umhverfisráðuneyti en ekki alla stofnunina.

Það er því ljóst að mikil andstaða er við þennan flutning á Hollustuvernd yfir í hið nýja ráðuneyti og er sú andstaða studd sterkum rökum. Á þau er hins vegar ekkert hlustað.

Hæstv. forseti. Það er nokkuð fróðlegt að lesa umsagnir hinna ýmsu ráðuneyta sem berlega sýna samstöðuna milli ráðuneytanna við uppsetningu umhverfisráðuneytis. Við skulum líta á nokkrar umsagnir. Í umsögn samgrn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Segja má að nokkuð mæli með því að Landmælingar Íslands heyri undir umhverfisráðuneyti ef skipulags- og byggingamál heyra undir það ráðuneyti. Hins vegar mun vera afar óalgengt í nágrannalöndum okkar að landmælingar heyri undir umhverfisráðuneyti og ráðuneytið sér ekki nein algild rök fyrir að svo skuli vera.

Að mati ráðuneytisins mæla engin rök með því að Veðurstofa Íslands skuli flutt undir umhverfisráðuneytið. Vill ráðuneytið í því sambandi m.a. benda á víðtækt samstarf sem Veðurstofan hefur við aðrar stofnanir sem undir ráðuneytið heyra, svo sem Vitastofnun Íslands, Póst- og símamálastofnun og Flugmálastjórn. Hætt er við að slíkt samstarf yrði erfiðara í framkvæmd ef Veðurstofan heyrir undir annan ráðherra en þessar stofnanir. Jafnframt vill ráðuneytið benda á að í nítján nálægum löndum heyrir veðurþjónustan þar aðeins í tveimur tilvikum undir umhverfisráðuneyti en oftast undir samgönguráðuneyti eða í níu tilvikum.

Ráðuneytið lýsir sig því algjörlega andvígt því að Veðurstofan verði flutt undir umhverfisráðuneyti."

Þarna kemur fram skýr afstaða ráðuneytisins þar sem það lýsir sig algjörlega andvígt tilflutningi á Veðurstofunni og einnig bendir ráðuneytið á að í báðum þeim tilfellum sem það er að fjalla um er það afar óalgengt að þau málefni heyri undir umhverfisráðuneyti í öðrum löndum.

Var tekið tillit til þessara sjónarmiða samstarfsaðila í ríkisstjórninni? — Auðvitað ekki, frekar en annarra.

Í sama streng tekur iðnrn. en þar segir í umsögn að ráðuneytið vari við of þröngri skilgreiningu á orðalaginu „varðveisla náttúruauðlinda" sem kemur í fyrsta lið upptalningar á þeim málefnum sem umhverfisráðuneytið fari með og að hafa beri hugfast að

iðnrn. fari með mál er varða rannsóknir og nýtingu jarðefna og orkulinda á íslensku yfirráðasvæði og að æskilegt sé að skýr skipting ábyrgðar verði í svo mikilvægum málaflokki.

Ég vildi gjarnan fá túlkun annars hvors hæstv. ráðherrans á því hvernig gert er ráð fyrir þessari skiptingu ábyrgðar. Þetta er liður sem ekki má lenda í uppnámi.

Varðandi hina nýju 13. gr. í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, þar sem málefni umhverfisráðuneytis eru talin upp í sjö töluliðum, þá er það talið óviðeigandi af iðnrn. að samræmingarhlutverk umhverfisráðuneytisins nái til hlutverka annarra ráðuneyta.

Iðnrn. vill að forsrh. skeri úr um ef vafi er hvaða ráðuneyti eigi að fara með tiltekið mál. Þessu er ég sammála því það er augljóst að annars væri verið að gefa umhverfisráðuneytinu fullmikil völd í málefnum annarra ráðuneyta, málefnum sem vissulega geta skarast. En þá á ekki annar deiluaðilanna að hafa úrskurðarvald. Það bara gengur ekki hjá siðmenntuðum mönnum. Svo einfalt er nú það.

Í umsögn félmrn., sem er öll hin jákvæðasta, er bent á að sveitarfélög muni eftir sem áður vilja hafa sem mest forræði yfir skipulagsmálum, enda eru skipulags- og byggingarmál eitt af þeim verkefnum sem talin eru upp sem verkefni sveitarfélaga í 6. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986.

Hið nýja ráðuneyti á hins vegar að fara með þennan málaflokk skv. 3. tölul. hinnar nýju 13. gr. Ég vil hins vegar inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig þeir sjá þennan þátt fyrir sér og á hvern hátt þeir sjái samstarfið við sveitarfélögin í landinu hvað skipulagsmálin varðar.

Heilbr.- og trmrn. hefur mjög ákveðna skoðun á þessu basli ríkisstjórnarinnar og hugsanaleysi, en ráðuneytið segir m.a. í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Í bréfinu frá 12. okt. er sérstaklega óskað eftir því að ekki sé skýrt frá skoðunum ráðuneytisins um sérstakt umhverfisráðuneyti og skal það mál því lagt til hliðar að sinni, þótt það sé alveg ljóst af bréfinu og greinargerðinni sem fylgdi að full ástæða er til umræðu um málið í heild.

Þetta ráðuneyti hefur alltaf litið svo á að verði sérstakt umhverfisráðuneyti stofnað fengi það eingöngu verkefni sem snertu ytri mengun en engin verkefni sem snertu innri mengun eða ráðstafanir innan dyra sem sérstaklega lúta að því að fylgjast með heilsufari fólks eða framleiðslu og hollustu matvæla.

Í þeim breytingum á reglugerð sem nefndin sendir er gert ráð fyrir að öll mál er varða Geislavarnir ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, eiturefnanefnd og mál er varða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga flytjist til nýs ráðuneytis umhverfismála. Reglugerðardrögin gera hins vegar ekki ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins flytji heldur aðeins mengunarvarnadeild stofnunarinnar. Á hinn bóginn gera reglugerðardrögin ekki ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins, eftirlitshlutverk dýralækna með matvælum eða rannsóknastofnanir fiskiðnaðarins, landbúnaðarins eða iðnaðarins flytjist til umhverfisráðuneytis.

Það er staðreynd að stofnanir eins og Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd ríkisins eru a.m.k. að 80% hvað starfssvið snertir stofnanir sem annast innra eftirlit og því er útilokað að flytja þær í heilu lagi til umhverfisráðuneytis eins og reglugerðardrögin gera ráð fyrir.

Geislavörnum ríkisins er útilokað að skipta vegna smæðar og verða því að vera áfram hluti af heilbrigðiskerfinu, enda er meginhlutverk þeirrar stofnunar að fylgjast með röntgentækjum á stofnunum heilbrigðisþjónustunnar og þeim geislaáhrifum sem starfsmenn þar verða fyrir.

Hvað Hollustuvernd ríkisins varðar er hægt að skipta þeirri stofnun á sama hátt og fyrirhugað er með Siglingamálastofnun þannig að mengunarvarnadeild Hollustuverndar verði flutt til umhverfisráðuneytis. Á mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins starfa fimm af tuttugu og átta manna starfsliði Hollustuverndar.

Öll verkefni rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits eru beinlínis tengd sjúkdómavörnum og heilbrigðiseftirliti þannig að það er fráleitt að flytja þessa starfsemi undir annað ráðuneyti en heilbrrn. Það er hins vegar ljóst að verði mengunarvarnadeild flutt undir annað ráðuneyti yrðu heilbrigðisfulltrúar að þjóna tveimur herrum. Meginhluti starfs þeirra er vegna eftirlits með innri mengun en hluti starfs þeirra vegna eftirlits með ytri mengun.

Niðurstaða ráðuneytisins er því sú að nauðsynlegt sé að breyta 2. lið í 5. gr. draga í reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, þannig að í stað Hollustuverndar ríkisins komi mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins og setningarhluti í drögunum þar á eftir falli niður."

Í umsögn frá landbrn. kemur fram að það ráðuneyti er hreinlega á móti stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis. Við skulum líta á hvað það hafði um málið að segja, og ætla ég aðeins að taka örlítið brot úr umsögn þeirra, því hún er ansi viðamikil, með leyfi forseta:

„Nærri tuttugu ára reynsla er fengin af starfi umhverfisráðuneyta í nokkrum nágrannalöndum okkar. Staðreynd er að þessi ráðuneyti hafa víða náð að þenjast út með ólíkindahraða og orðið tröllauknar stofnanir en samt ekki náð að verða virkar á þann hátt sem upphaflega var að stefnt og vonir bundnar við." — Þannig byrjar nú hæstv. landbrn. Og seinna, með leyfi forseta: „Ekki kemur fram í drögum nefndarinnar eða meðfylgjandi gögnum markmiðssetning með stofnun umhverfisráðuneytis, greinargerð né heldur skilgreining á því hvað skuli teljast umhverfismál."

Seinna, hæstv. forseti, um nefndina segir landbrn.:

„Ef nefndin væri sjálfri sér samkvæm ætti hún að skipa allri auðlindastjórn undir umhverfisráðuneyti,

auk nýtingar jarðvegs og gróðurs, nýtingu fiskimiða, orkunýtingu í fallvötnum og jarðhita, meðferð lands í því sambandi, framkvæmd vatnalaga og fleira. Fjarri er því að mælt sé með því en á þetta er bent til að draga fram skýrari mynd af þeirri fráleitu þversögn sem felst í tillögum nefndarinnar að þessu leyti.

Í bréfi yðar er ekki óskað umsagnar um annað en það sem snýr að landbrn. Allt að einu vekur það furðu hversu margar stofnanir nefndin vill setja undir forræði umhverfisráðuneytis. Gangi slíkt eftir stefndi í að umhverfisráðuneytið yrði bákn, þannig að mest færi af mannafla og fjármunum í að viðhalda því sjálfu. Af mörgum er árangursríkasta leiðin til virkra aðgerða í umhverfismálum innan stjórnsýslunnar talin sú að starfrækja, innan ráðuneyta sem fara með umhverfismál, deildir eða starfssvið um þau viðfangsefni. Viðfangsefni slíkra starfssviða og úrlausnir mætti síðan sameina í umhverfisstofnun sem starfaði innan einhvers núverandi ráðuneyta eða í umhverfisráðuneyti sem teikn eru um að verði sett á laggirnar."

Umsögn þeirra lýkur á nokkuð skondinn hátt eða eftirfarandi, með leyfi forseta: „Enginn ætlar t.d. að sól skíni á annan veg á landið og nes þess með því að stjórna málum Veðurstofu Íslands úr stól umhverfisráðherra."

Um þessa umsögn má vafalaust hafa langt mál en ég held að orð þeirra tali alveg sínu máli og vel það. Gallinn er bara sá að ekki er hlustað á þessa aðila frekar en aðra.

Hæstv. forseti. Það er skoðun Frjálslynda hægriflokksins að það sé ekki nauðsynlegt að stofna sjálfstætt ráðuneyti fyrir umhverfismál. Það mun fljótt verða að bákni, þenjast út og verða okkur ærið dýrt eins og reynsla annarra þjóða ætti að kenna okkur. Okkur er hins vegar fyllilega ljóst að það þarf að samræma hin ýmsu svið umhverfismála og það þarf að auka samstarf ráðuneyta á því sviði. Verkefni umhverfisráðuneytis ætti fyrst og fremst að vera eftirlitshlutverk en ekki framkvæmdarhlutverk. Það á að vaka yfir hinum ýmsu málum og benda öðrum á þegar eitthvað má betur fara eða eitthvað er í hættu með að fara úrskeiðis. Það á að sinna fræðslu- og forvarnarstörfum o.s.frv.

Hæstv. forseti. Þar sem ég á sæti í hv. allshn. þessarar deildar tel ég mig ekki þurfa að hafa um þetta mál fleiri orð. Það er hins vegar alveg ljóst að það þarf að ræða við allnokkra hagsmunaaðila um málið þegar það kemur til nefndarinnar og því viðbúið að það geti tekið nokkurn tíma. Ég vona hins vegar að það verði ekki til þess að greiðslan til Borgfl. falli í vanskil.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. þau sem hér eru á dagskrá voru tekin til umræðu í hið fyrra sinn með afbrigðum hinn 8. nóv. sl. Þá lauk ekki 1. umr. og er hér í dag framhald hennar og ætla má að ástæða þyki til að ræða þessi mál býsna ítarlega. Í umræðunni sem hófst þann 8. nóv. sl. talaði hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson og lýsti þar í nokkrum orðum stefnu Sjálfstfl. og gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem við sjálfstæðismenn höfum til þessa frv. í nokkrum atriðum. Enda þótt hann lýsti þeim í þeirri ræðu sinni hafði vitaskuld ekki gefist tóm til að kafa í málið með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið vegna þess að það kom hér á borð þingmanna örfáum klukkustundum áður en það var tekið til umræðu með afbrigðum eins og fyrr er sagt. Síðan hefur málið legið og er nú komið hér til framhalds 1. umr.

Mér þykir rétt að vekja í örfáum orðum athygli á afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls. Það má segja að hún sé í stórum dráttum þessi:

Í fyrsta lagi að umhverfismál séu meðal hinna þýðingarmestu málaflokka okkar samfélags.

Í öðru lagi að stefnt verði að því að sinna varðveislu og verndun náttúrugæða í auknum mæli frá því sem nú er og verið hefur.

Í þriðja lagi er það skoðun okkar að umhverfismál í víðum skilningi séu tengd flestum eða nálega öllum málaflokkum sem við er að fást í þjóðfélaginu og tilheyra almennri stjórnsýslu.

Í fjórða lagi. Með tilliti til þessa sé útilokað að steypa saman öllum þessum málaflokkum, þeim málaflokkum sem tengjast umhverfismálum á einn eða annan máta, í eitt ráðuneyti.

Í fimmta lagi er það grundvallaratriði í okkar skoðun að saman skuli fara yfirstjórn á nýtingu náttúrugæða og auðlinda og verndun þeirra.

Í sjötta lagi teljum við eðlilegt og nauðsynlegt að einum aðila verði falið að hafa forustu fyrir samstarfi og samræmingu þeirra afla sem að umhverfismálum vinna. Jafnframt að sá aðili hafi með höndum þau samskipti sem nauðsynleg eru við erlendar stofnanir og erlendar þjóðir á þessum vettvangi.

Í sjöunda lagi. Við erum því andvígir að setja á stofn sérstakt ráðuneyti til að fara með þessi mál. Við höfum lagt fram frv. sem hefur m.a. það efni að geyma að einni stjórnarráðsskrifstofu verði falið að hafa með höndum það samræmingarstarf sem ég hef getið um og að sú stjórnarráðsdeild verði vistuð í samgrn. Þetta kemur fram í frv. hv. 1. þm. Reykn. og nokkurra annarra þingmanna Sjálfstfl., sem liggur fyrir hér á hinu háa Alþingi. Ég mun ekki ræða það frv. hér við þessa umræðu. En í því er þó að finna vegvísi um stefnu okkar sjálfstæðismanna sem ég hef reynt að draga fram í örfáum þáttum.

Auðvitað er það svo með það frv. að hægt er að hugsa sér að á því séu gerðar breytingar, enda er þar um frumsmíð að ræða og við sjálfstæðismenn erum ekki með einstrengingslega afstöðu til þessara mála á þann máta að þær tillögur sem við höfum lagt fram geti ekki tekið einhverjum breytingum í meðförum Alþingis. Enda er það svo að lengi má koma auga á að sitthvað megi betur fara í meðferð mála af þessum toga.

Af því sem að framan segir er vitaskuld ljóst að Sjálfstfl. er andvígur því frv. sem hér er til umræðu. Þetta frv. gengur í ýmsum atriðum þvert á sjónarmið okkar sjálfstæðismanna. Ég vil minna á að það frv. sem hér liggur fyrir um umhverfisráðuneyti er þáttur í

fyrirætlunum núv. hæstv. ríkisstjórnar um breytingar á Stjórnarráði Íslands. Þetta frv., sem er flutt til breytinga á lögum um Stjórnarráðið frá árinu 1969, er þó væntanlega hið eina af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru sem lagt verður fyrir hv. Alþingi. Aðrar breytingar sem hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. forsrh. hugsa sér að gera á Stjórnarráðinu verða væntanlega gerðar með reglugerðarbreytingum.

Það er afar mikilvægt fyrir Alþingi og fyrir almenning í landinu að gefa þessu gaum vegna þess að þetta felur í sér að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn hafa það í hendi sinni að gera þær breytingar sem þeim sýnist án þess að aðrir, þar á meðal stjórnarandstaðan hér á hv. Alþingi, komi þar nokkrum vörnum við eða geti einu eða neinu um það ráðið.

Nú er vert að athuga í þessu sambandi að breytingar á Stjórnarráði Íslands eru í sjálfu sér ekki pólitískt mál. Ríkisstjórnir koma og fara. Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur setið í rúmlega eitt ár. Enginn veit hvort hún situr lengur eða skemur og væntanlega verða dagar hennar taldir í síðasta lagi um næstu kosningar. Breytingar á Stjórnarráði Íslands eru þess vegna ekki gerðar fyrir þá ríkisstjórn sem nú situr né nokkra aðra ríkisstjórn í landinu. Breytingar á Stjórnarráðinu eiga að þjóna því markmiði að þar verði hlutum betur fyrir komið, þar fari fram hagræðing sem feli í sér þau meginmarkmið að betri virkni verði í meðferð mála og að sparnaður náist. Og þegar ég segi sparnaður þá á ég við sparnað sem birtist í beinhörðum peningum. Þetta eru ekki pólitísk mál, þetta eru ekki mál einnar ríkisstjórnar. Þetta eru mál sem aðilar á Alþingi, þ.e. bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, ættu að taka höndum saman um. Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. hafa kosið að haga þessum málum svo að fjalla um þessi mál á eigin vegum og ekki í samstarfi við stjórnarandstöðuna hér á hinu háa Alþingi, nema að hluta til í einhverju samstarfi við hv. fulltrúa Kvennalistans.

Þetta fullyrði ég að sé röng meðferð mála. Þetta fullyrði ég að sé ekki við hæfi þegar á að vinna upp tillögur að nýju skipulagi um Stjórnarráð Íslands. Ég hygg að þessu hafi verið nokkuð á annan veg farið í hin fyrri sinn þegar breytingar hafa átt sér stað á lögum um Stjórnarráðið. Ég minni á að þegar núgildandi lög voru sett undir forustu Bjarna heitins Benediktssonar voru til kvaddir menn sem ekki höfðu pólitískan stimpil. Þá voru til kvaddir reyndir menn frá Háskóla Íslands og frá Hæstarétti og frá Stjórnarráðinu sjálfu, þ.e. ráðuneytisstjórar sem höfðu mikla reynslu. Það var ekki farið í manngreinarálit eftir pólitískum skoðunum. Þau lög voru sett undir yfirlýsingum oddvita stjórnarandstöðunnar, Ólafs heitins Jóhannessonar, sem lýsti yfir fullum stuðningi, enda var ekki farið á bak við stjórnarandstöðuna í neinum greinum. Þar var rétt að verki staðið. Þar voru kvaddir til menn með reynslu. Þar voru kvaddir til menn án pólitískra sjónarmiða. Þar voru kvaddir til menn sem voru að leggja grunn að framtíðarskipulagi sem átti ekki að þjóna einni ríkisstjórn í landinu heldur mörgum. Nú virðast þær breytingar sem hér eru fyrirhugaðar sumpart vera þáttur í hrossakaupum um pólitíska lífdaga þessarar ríkisstjórnar. Með stofnun sérstaks ráðuneytis til þess að einn ráðherra hæstv. ríkisstjórnar geti fengið að sinna fleiri störfum en að vera ráðherra Hagstofu Íslands. Og í annan stað eru þeir, sem hafa undirbúið þetta frv. og þær breytingar sem hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn hugsa sér að gera á Stjórnarráðinu, valdir með öðrum hætti en gert var þegar stjórnarráðslögin sem sett voru 1969 voru undirbúin.

Ég ætla ekki að kasta neinum steini að þeim mönnum persónulega sem hér eiga hlut að máli en sú nefnd sem hefur undirbúið þetta frv. er þannig skipuð, skv. því sem hér segir í aths. með lagafrv. á þskj. 133, að formaður hennar er Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsrh., aðrir í nefndinni eru Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, Bjarni Guðleifsson náttúrufræðingur, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Bryndís Brandsdóttir jarðeðlisfræðingur og Óli Þ. Guðbjartsson alþm. En eftir að sá hv. alþm. varð hæstv. ráðherra tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Ágústsson alþm.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að kasta neinum steini í garð þessara manna sem vafalaust vilja vel. En það er auðvitað ljóst að þeir eru pólitískt skipaðir. Skipun þeirra sannar í rauninni að verið er að vinna að tilteknum aðgerðum í þessum málum sem eiga að tryggja framhaldslíf þessarar ríkisstjórnar. Þetta er þáttur í pólitískum hrossakaupum og í annan stað eru hér reynslulitlir menn. Einn þeirra er að vísu ráðuneytisstjóri en hann hefur gegnt því starfi skamma hríð. Aðrir tveir eru eða hafa verið aðstoðarmenn ráðherra, einnig um skamma hríð. Hér er ekki að finna reynslumikla menn í lögum eða stjórnskipan og hér er ekki að finna menn sem hafa mikla reynslu í því hvernig eigi að reka eða koma fyrir íslenska Stjórnarráðinu, íslenska stjórnkerfinu.

Ég hlýt að segja það hér að ég er mjög undrandi á þessum vinnubrögðum. Og ég vil segja það við hæstv. forsrh. þó hann kjósi nú að ganga úr salnum (**Forsrh.:** Hann er hér.) að þessi vinnubrögð eru ekki til þess fallin að treysta álit á því verki sem hér hefur verið unnið og verið er að vinna. Til þess eru þeir aðilar sem valdir hafa verið til undirbúnings á þessu verki of reynslulitlir, of háðir pólitískum hagsmunum, sumir jafnvel háðir pólitískum hrossakaupum.

Þannig kýs hæstv. forsrh. núv., á árinu 1989, Steingrímur Hermannsson, að standa að verki þegar hann er að undirbúa breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og breytingar á verkaskipan í Stjórnarráðinu. Það er á annan veg að verki staðið en þegar Bjarni heitinn Benediktsson lagði grunn að þeim breytingum sem gerðar voru 1969 og það er einnig á annan veg að staðið heldur en þegar Hermann Jónasson, þáv. forsrh., vann að undirbúningi á breytingum á Stjórnarráðinu á árunum 1956–1959. Nýir siðir, nýir herrar. Og þetta er ekki eina dæmið þar sem afturförin er augljós.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum almennt um breytingar á Stjórnarráðinu að það er eðlilegt og

sjálfsagt að þegar stjórnarráðslögin eru orðin 20 ára gömul þá þurfi að gera breytingar. Þær breytingar þurfa að skoðast að bestu manna yfirsýn, þeirra sem hafa mikla reynslu af starfi Stjórnarráðsins og þeirra sem hafa mikla reynslu af stjórnkerfi landsins í heild. Þær þurfa að hafa það að markmiði að mál gangi greiðar og séu eðlilegar saman sett en í sumum tilvikum má finna í núverandi skipan. Um leið þurfa þær að hafa í för með sér sparnað í rekstri en ekki hið gagnstæða. Séu breytingar gerðar breytinganna vegna eða vegna þess að þær eigi kannski að þjóna, eins og hér kemur fram, pólitískum hrossakaupum ellegar handahófskenndum breytingum sem mótaðar eru vegna tillagna reynslulítilla manna, þá er hætt við að breytingarnar þjóni ekki þeim markmiðum sem til ætti að ætlast. Þá er hætt við að það verði ekki sparnaður sem felist í þeim breytingum sem gerðar eru. Það er margföld reynsla fyrir því að ef breytingar á stjórnskipan eru ekki nægilega vel undirbúnar og kannski ekki gætt þeirra sjónarmiða sem nauðsynleg eru, þá fylgi því ekki sparnaður, raunar fremur hið gagnstæða. Ég hygg t.d. að sú breyting sem síðast var gerð á verkaskipan í Stjórnarráðinu, sem var að færa utanríkisviðskiptin frá viðskrn. yfir í utanrrn. hafi ekki falið í sér sparnað heldur miklu fremur hið gagnstæða. Kostnaðurinn óx stórum, ekki einungis í utanrrn. heldur einnig í viðskrn. sem þó lét af hendi þýðingarmikinn þátt í starfi síns ráðuneytis.

Ég geri þetta hér að umtalsefni vegna þess að hæstv. forsrh., sem kosið hefur að standa að undirbúningi mála með þessum hætti, getur komið þessum breytingum fram, fái hann þá lagasetningu gegnum Alþingi sem hér er á dagskrá um nýtt ráðuneyti, umhverfismálaráðuneyti. Síðan getur hann komið þeim breytingum fram með reglugerðum sem hann kýs án þess að bera það undir Alþingi, án þess að stjórnarandstaðan hafi nokkurn hlut átt að máli, án þess að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafi haft nokkurt tækifæri til að koma við ráðum og ráðleggingum um það sem betur mætti fara. Og með þeim hætti að til eru kvaddir menn sem litla reynslu hafa og litla þekkingu á starfi því sem fram þarf að fara í þessum stofnunum. E.t.v. finnst sumum hér harðlega að orði kveðið og ég endurtek það, ég kasta ekki steinum að þeim mönnum sem hér eiga að standa að verki í undirbúningi. Og þó að ég segi að þeir séu reynslulitlir, þá miða ég við að þeir sem áður hafa staðið að undirbúningi slíkra breytinga hafa haft margfalda reynslu, bæði af starfi Stjórnarráðsins og af stjórnskipan landsins í heild, og vitna ég þar enn til þeirra breytinga sem urðu á vegum Bjarna heitins Benediktssonar fyrir lagasetninguna 1969.

Það frv. sem hér liggur fyrir um umhverfisráðuneyti er í sjálfu sér ekki viðamikið frv. En það er þó frv. sem þarfnast ítarlegrar athugunar. Frv. er í raun aðeins tvær greinar og eitt ákvæði til bráðabirgða og þessar greinar eru ein setning hvor. Frv. er því ekki viðamikið að vöxtum en, eins og ég sagði, það þarfnast þeim mun betri athugunar.

Ég tel ástæðu til þess, áður en ég hef að ræða efni frv. sjálfs, að vitna til þess að umhverfisráðuneyti hafa verið stofnuð í ýmsum löndum og hin fyrstu þeirra fyrir nálega 20 árum. Þessi ráðuneyti voru stofnuð til að mynda á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Þá höfðu sumir menn í þessum löndum þá trú að það væri hyggilegt að stofna umhverfisráðuneyti sem fjölluðu um alla þætti umhverfismála eins og hér er verið að gera tilraun til að koma fram á Íslandi árið 1989. Reynslan af þessum ráðuneytum hefur yfirleitt orðið sú að þau hafa þanist út, eins og hér var vitnað til í umsögn sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson las úr frá landbrn., og þau hafa orðið viðamikil að mannafla og umsvifum og kostnaði en þó ekki náð því markmiði sem þeim var ætlað, að hafa samræmda heildarstjórn á þeim málum sem þau áttu að fást við.

Í danska umhverfismálaráðuneytinu eru nú um það bil 3000 starfsmenn, ef taldir eru þeir starfsmenn ráðuneytisins sem tilheyra stofnunum sem undir það heyra. Og í norska umhverfisráðuneytinu eru nú á þriðja þúsund starfsmenn, þar af um 1500 starfsmenn í ráðuneytinu í Osló og stofnunum sem tengjast ráðuneytinu þar. Aðrir starfsmenn á vegum umhverfisráðuneytisins norska eru í hinum ýmsu fylkjum landsins. Þetta er aðeins dæmi um það hvernig þessi ráðuneyti hafa þanist út að mannafla og kostnaði og, eins og hér var lýst í umsögn landbrn. um þetta frv., „þau hafa þanist út með ólíkindahraða og orðið tröllauknar stofnanir, en samt ekki náð að verða virk á þann hátt sem upphaflega var stefnt að og vonir voru bundnar við". Því var það að Sameinuðu þjóðirnar settu á laggir nefnd til að athuga þessi mál og reyna að komast að raun um á hvern máta væri hyggilegast að koma fyrir yfirstjórn þessara mála í hinum ýmsu löndum. Þessi nefnd, sem starfaði undir forustu Gro Harlem Brundtland, síðar forsætisráðherra Noregs, skilaði skýrslu á árinu 1987 sem vakið hefur mikla athygli og segja má að hafi hlotið heimssamþykki. Þessi skýrsla hefur til að mynda hlotið samþykki í ýmsum Evrópulöndum, þar á meðal verið samþykkt af Evrópubandalaginu, af EFTA og hér á Norðurlöndunum af norrænu ráðherranefndinni, svo að dæmi séu tekin. Segja má að víðast hvar í heiminum séu þau sjónarmið, sem sett eru fram í þessari skýrslu og hún byggist á, viðurkennd sem hin réttu.

Meginsjónarmið þessarar skýrslu eru þau að til þess að ná árangri í umhverfismálum þurfi saman að fara yfirstjórn á nýtingu og verndun náttúruauðlinda en alls ekki að skilja þetta í sundur. Séu þessir þættir skildir í sundur, þá megi búast við árekstrum, þá megi búast við misskilningi og þá megi búast við því að starfið mistakist. Á hinn bóginn starfi samræmingaraðili annað tveggja í sérstöku ráðuneyti ellegar í sérstakri ráðuneytisdeild sem fari með yfirstjórn á samræmingu þessara mála og leiði þá aðila saman til samstarfs sem hlut eiga að máli.

Segja má að grundvallaratriði í þessari skýrslu séu sumpart þau sömu sem ég lýsti sem grundvallaratriðum í stefnu okkar sjálfstæðismanna í þessum málum. En síðan kemur hæstv. forsrh. hér á Íslandi árið 1989

og flytur fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar frv. til l. um þetta efni sem fer gersamlega í bága við þetta meginstefnumið Brundtland-skýrslunnar.

Ég held að það sé mikil ástæða til að rekja fleira úr þeim umsögnum sem fyrir liggja um það frv. sem hér er á dagskrá en gert var í ágætri ræðu hv. þm. Inga Björns Albertssonar hér áðan. Í þeim umsögnum sem hann vitnaði til komu fram mjög sterkar athugasemdir og mjög mikil andstaða við það frv. sem hér er á dagskrá. Og hverjir skyldu nú hafa staðið að því að senda þessar umsagnir? Jú, það voru þeir menn sem höfðu reynslu af meðferð þeirra málaflokka sem um var fjallað. Það voru bara íhaldsmenn, sagði hæstv. forsrh. hér í hliðarherbergi. Ég ætla nú ekki að telja upp þá menn sem hæstv. forsrh. kallar íhaldsmenn, en meðal íhaldsmanna sem hann kallar svo eru t.d. Páll Bergþórsson veðurstofustjóri, það má nefna skógræktarstjórann, Sigurð Blöndal, það má nefna borgarlækni sem vitnað var til áðan og það má nefna hina og þessa menn aðra sem hæstv. forsrh. leyfir sér hér í hliðarsal að kalla íhaldsmenn. Ég tel að vísu að á því sé ekki neinn ljóður þó að þeir vilji halda í það sem vel hefur reynst og ég vildi gjarnan bjóða þá velkomna í Sjálfstfl. En ég hugsa að hæstv. forsrh. hafi ekki talið sig vera að hæla þessum mönnum með því að kalla þá íhaldsmenn. Hans túlkun á því orði er einhver önnur. Hann sagði þetta í niðrandi merkingu.

Ég hef hér undir höndum til að mynda umsögn landbrn. sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson vitnaði lítillega til áðan. Ég held að það sé ástæða til að ég lesi, með leyfi hæstv. forseta, örfáar klausur úr þessari umsögn vegna þess að þær eiga fullt erindi inn í þessa umræðu. Ég vil fyrst lesa eina málsgrein sem varðar þá skýrslu sem ég hef hér vitnað til, sem er svokölluð Brundtland-skýrsla, en í umsögn landbrn. segir, með leyfi forseta:

„Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur verið samin skýrsla um umhverfis- og þróunarmál sem út kom árið 1987. Skýrslan heitir á norsku „Vår felles fremtid". Nefnd sú sem samdi skýrsluna var undir forsæti Gro Harlem Brundtland. Nefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að breyta þyrfti starfsaðferðum í umhverfismálum. Í stað þess að taka afleiðingum af ákvörðun annarra og bæta úr þar sem þær hafa valdið umhverfistjóni verði allir þeir sem með ákvörðunum sínum geti haft áhrif á umhverfið gerðir meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð þannig að hagræn sjónarmið og vistræn ákvarðist af sömu aðilum."

Margt segir fleira og er vitnað til úr þessari skýrslu sem allt styður það meginmarkmið hennar að saman skuli fara yfirstjórn á hagnýtingu og verndun náttúruauðlinda til lands og sjávar. Í umsögn landbrn., umfram það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur hér greint frá, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ráðuneytið [þ.e. landbrn.] og stofnanir þess hafa unnið mikið kynningar- og fræðslustarf meðal bænda og annarra er landið nýta, mest með fundahöldum og útgáfu fræðslurita, en einnig í þeim skólum sem tilheyra landbúnaðinum. Þannig hefur verið stofnuð ný námsbraut við Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi, umhverfisbraut, og er skógrækt þar ein námsgreina. Kennsla í umhverfisfræðum, landnýtingu og skógrækt hefur verið stóraukin við báða bændaskólana, að Hólum og Hvanneyri. Gefið hefur verið út kennslurit í umhverfisfræðum, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í nálægum löndum og er það þegar notað við bændaskólana."

Tillögur nefndarinnar um að skilja að málefni landgræðslu og skógræktar frá landbrn. og færa þau undir umhverfismálaráðuneyti ganga, eins og áður segir, í þveröfuga átt við stefnumótun Brundtland-skýrslunnar sem hefur fengið alheimsundirtektir til þessa. Síðar segir í þessari umsögn landbrn., með leyfi forseta:

„Af mörgum er árangursríkasta leiðin til virkra aðgerða í umhverfismálum innan stjórnsýslunnar talin sú að starfrækja innan ráðuneyta, sem fara með umhverfismál, deildir eða starfssvið um þau viðfangsefni. Viðfangsefni slíkra starfssviða og úrlausnir mætti síðan sameina í umhverfisstofnun sem starfaði innan einhvers núverandi ráðuneyta eða í umhverfisráðuneyti sem teikn eru um að verði sett á laggirnar.

Sérstakt umhverfissvið er starfrækt í landbrn. Á vegum þess var á þessu ári, í samráði við ýmis samtök, gert stóråtak til hreinsunar í sveitum landsins. Unnið hefur verið að því að draga úr flakki vörslulauss búfjár þar sem tjón getur af hlotist eða hætta skapast. Auk þess hefur verið unnið að fjölda annarra verkefna.

Umhverfisráðuneyti sem annast eftirlit, fræðslu, aðhald og samræmingu gagnvart öllum þeim sem gætu með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi haft áhrif á umhverfi sitt ætti eðli málsins samkvæmt að vera lítið ráðuneyti, mannað sérhæfðu starfsliði og ekki hafa með höndum stjórn stofnana umfram brýna nauðsyn."

Í þessum tilvitnuðu orðum kemur fram í fyrsta lagi að á vegum landbrn. er unnið mikið fræðslu- og samræmingarstarf. Þar er sérstakt svið sem vinnur að þessum málum og hefur unnið þýðingarmikið starf. Í þessari umsögn kemur einnig fram sú eindregna skoðun að sú stjórnardeild ellegar sérstaka ráðuneyti, ef það verður ofan á, sem fer með yfirstjórn þessara mála, ætti að vinna samræmingarstarf og vinna að samtengingu þeirra aðila sem þessum málum sinna í hinum ýmsu ráðuneytum Stjórnarráðsins og öðrum stofnunum þjóðfélagsins en ekki að hrúga þessum stofnunum öllum saman í eitt ráðuneyti og gera það að bákni.

Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að rekja hér helstu niðurstöður í umsögn landbrn. sem dagsett er 22. okt. sl. og sent er aðstoðarmanni forsrh., Jóni Sveinssyni, en þessar niðurstöður eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Árangur af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins eru meira háðar góðum samskiptum við bændur og atvinnuveg þeirra í heild en margir riddarar skrifborða þekkja.

2. Eftirlit og afskipti af hvers konar auðlindanýt-

ingu í þágu atvinnuvega hljóta að eiga að vera samræmd.

3. Alþjóðleg stefnumótun í umhverfismálum staðfestir að Íslendingar hafa undanfarin ár staðið í grundvallaratriðum rétt að málum varðandi umhverfismál og auðlindanýtingu.

4. Ekkert hefur komið fram sem réttlætir breytta skipan þeirra mála en vitað er að breytingar samkvæmt hugmyndum nefndarinnar varðandi vistun málefna Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins mundu riðla mörgu og rústa margt sem áunnist hefur af því sem teljast verður í þágu umhverfismála og gróðurríkis Íslands."

Undir þetta skrifar ráðuneytisstjórinn í landbrn., Sveinbjörn Dagfinnsson.

Í þessari umsögn kemur fram sú afstaða landbrn. að það ráðuneyti er algerlega andvígt því frv. sem hér er á dagskrá. Andvígt því að setja á laggir sérstakt umhverfisráðuneyti sem rjúfi, eins og hér eru gerðar tillögur um, yfirstjórn hagnýtingar náttúruauðlinda annars vegar og verndunar hins vegar. Þetta er inntak frv. að því er varðar landbúnaðinn og gróðurríki landsins en þetta er á hinn bóginn ekki inntak frv. að því er varðar auðlindir hafsins og er athyglisvert það misræmi sem í frv. er hvað þetta snertir.

Ýmsar stofnanir, sem hér hefur enn ekki verið vitnað til, hafa gefið umsögn um þetta frv. Meðal þeirra er ítarleg umsögn skógræktarstjóra, Sigurðar Blöndals, dagsett í Reykjavík 23. okt. 1989. Þessi umsögn er það ítarleg og vel unnin að í raun væri ástæða til að lesa hana í heild. Ég mun þó ekki gera það heldur lesa hluta af þessari umsögn. Í henni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öllum löndum í nágrenni við Ísland sem ég þekki til eru skógræktarmál vistuð í landbúnaðarráðuneytum eða í sérstökum skógræktarráðuneytum nema í Danmörku og eru þó sumar skógræktarstofnanir þar undir landbúnaðarráðuneytinu. Um skeið voru skógræktarmál Kanada vistuð í umhverfisráðuneyti við mikla óánægju skógræktarmanna en voru haustið 1984 færð aftur í landbúnaðarráðuneytið.

Skógræktarlöggjöf Norðvestur- og Mið-Evrópu er fullkomnasta löggjöf um varðveislu lifandi auðlindar sem til er. Hún er að hluta til gróðurverndarlöggjöf af hæstu gráðu því að skógurinn með öllu sínu fjölbreytta lífi er í skógræktarlöggjöf þessara landa talinn eilíf verðmæti sem ein kynslóð hefur blátt áfram ekki leyfi til að rýra, hvað þá eyðileggja, í hverra eigu sem hann er. Í löndum eins og Þýskalandi og Danmörku er hefð sem byggist á þessum hugsunarhætti orðin 200–300 ára gömul.

Fram á hin síðustu ár hefur skógræktarlöggjöf þessara landa sem ég er að vitna til fyrst og fremst miðast við að skógur er ein þýðingarmesta hráefnalind þeirra. En á síðustu einum til tveimur áratugum hafa hugtökin „fjölnytjaskógar" og „útivistarskógar" rutt sér til rúms í hugum skógræktarmanna og verið að festast í álitsgerðum og jafnvel lögum og reglugerðum.

Enn fremur er smám saman verið að setja í skógræktarlög ákvæði um náttúruvernd í þrengsta skilningi, t.d. bann við höggi í fjallskógi, verndun skógarjarða, svo aðeins tvennt sé nefnt. Er þetta afleiðing m.a. af þeim hugsunarhætti sem ruddi sér til rúms í náttúruverndarbylgjunni eftir 1970.

Þannig voru sett í sænsku skógræktarlögin frá 1979 ákvæði í þessum anda. Sænski skógræktarstjórinn skýrði okkur kollegum sínum á hinum Norðurlöndunum frá þessu í skógarferð í júní 1979 og útskýrði hvernig sænska skógareftirlitið hygðist framfylgja þessum nýju ákvæðum. Mér er kunnugt um að það hefur verið gert rækilega og hef séð dæmi um það með eigin augum.

Svíþjóð er í dag eitt allra fremsta skógræktarland heimsins og þar er nú fegurri og betri skógur en nokkru sinni í sögu landsins, en stór héruð voru orðin skóglaus þar fyrir einni öld sem afleiðing rányrkju. Er það árangur af framkvæmd skógræktarlöggjafar þeirrar sem ég hef verið að vitna til. Samt ætla sænskir skógræktarmenn sér að gera enn betur. Þeir hafa nú ákveðið að vinna að skógræktinni á þann hátt sem þeir nefna „standortsanpassad skogsbruk" sem þýðir það að meðhöndla skóginn á hverjum bletti í samræmi við náttúruskilyrðin en ekki láta vélvæðingu og hrein fjárhagsleg hagkvæmnisjónarmið ráða eins og nokkur brögð hafa verið að eftir að stórfelld vélvæðing ruddi sér braut á síðustu 20 árum.

Sænsku ríkisskógarnir sem eiga 26% af skóglendi landsins hafa á þessu hausti stofnað í yfirstjórn sinni embætti yfirvistfræðings og ráðið til þess þann skógvísindamann sænskan sem hefur verið boðberi þessara nýju sjónarmiða og sett þau fram í stórri kennslubók sem nú er skyldunámsefni á öllum stigum skógræktarnáms.

Landbúnaðarráðuneytið, skógstjórnin og ríkisskógarnir sem er vistuð þar hafa þannig rækilega tekið í hnakkadrambið á sjálfu sér þegar svo leit út um tíma að skógræktin ætlaði að fara að ganga á snið við lögmál skógarvistkerfisins.

Ef litið er til Noregs er sama uppi á teningnum. Enda þótt skógræktarlögin norsku frá 1932 staðfestu þá hugsun, sem ég hef rakið hér á undan, að skógurinn sé eilíft verðmæti sem aldrei megi rýra miðuðust þau þó einkum við að varðveita skóginn sem hráefnalind. Í þessi lög voru sett ákvæði sem tryggja að skógurinn verði ætíð endurnýjaður. Í apríl 1989 var birt á vegum landbúnaðarráðuneytisins yfirgripsmikil álitsgerð sem nefnist „Flersidig skogbruk. Skogbrukets forhold til naturmiljö og friluftsliv". Álitsgerðin er samin af starfsfólki sem skógræktarstjórinn var formaður fyrir. Í henni eru vistfræði og náttúruverndarsjónarmið sett í fyrirrúm í þeim mæli að ýmsum skógareigendum þykir þrengt óþægilega að svigrúmi sínu til að nýta skóginn í fjárhagslegu augnamiði. 80% af norsku skógunum eru í einkaeign. Skógstjórninni verður gert að framfylgja þessum ákvæðum ef Stórþingið samþykkir þau."

Eftir þennan lestur um ástand mála á Norðurlönd-

unum koma síðan ályktanir skógræktarstjóra sem ég leyfi mér einnig að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Fyrir því hef ég talið þörf á að rekja svona ítarlega þessi atriði í þróun skógræktarmála í löndum þar sem skógvernd og skógrækt stendur á hæstu stigi og þar sem stjórn skógræktarmála er vistuð í landbúnaðarráðuneytum, að ekkert hefur rekið þessar þjóðir til að rjúka til og vista skógræktarmál sín í umhverfisráðuneytum sem í sumum þeirra, t.d. Danmörku og Noregi, eru orðin að stjórnsýslulegum ófreskjum.

Þau dæmi sem ég hef rakið frá Noregi og Svíþjóð eru í fullu samræmi við höfuðniðurstöðu Brundtlandskýrslunnar svonefndu, sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu út, að byggja eigi atvinnumálaráðuneytin sem stjórna nýtingu auðlinda þannig upp að þau verði ábyrg fyrir þeim auðlindum sem valdsvið þeirra nær til.

Í samræmi við þessa niðurstöðu Brundtlandskýrslunnar er það skoðun yfirstjórnar Skógræktar ríkisins að umhverfisráðuneyti á Íslandi eigi að vera lítið ráðuneyti sem eigi að hafa að meginhlutverki þau verkefni sem talin eru upp í 6. gr. (bls. 2) í tillögum nefndarinnar sem samið hefur fyrirliggjandi reglugerðardrög.

Yfirstjórn Skógræktar ríkisins telur að það myndi valda stórslysi fyrir þau málefni sem þessari stofnun er ætlað að fjalla um og stýra ef hún væri nú flutt úr landbrn. þegar góður friður og mikil samvinna er komin á á milli hennar og bænda landsins og stofnana þeirra og félagasamtaka, þeirra aðila sem öðrum fremur nýta landið.

Það er bjargföst sannfæring okkar sem á undanförnum árum höfum verið að berjast við að skapa skilning meðal bænda á nauðsyn alhliða gróðurverndar og gildi skógræktar, iðulega með stórum orðum og við mikla reiði margra bænda, að vistun Skógræktar ríkisins í umhverfisráðuneyti mundi leiða til erfiðleika og jafnvel stríðs við bændur landsins sem flestir hverjir eru á þeirri skoðun, hvort sem hún er rétt eða röng, að umhverfisráðuneyti væri ekki síst stofnsett þeim til höfuðs.

Núverandi skipan með skógræktarmálin í landbrn. gengur vel og er beinlínis nauðsynleg nú þegar skógrækt er orðin sú staðreynd í þjóðfélaginu og hefur nú þegar áhrif á varðveislu byggðar í nokkrum sveitum landsins.

Okkur skógræktarmönnum er öldungis óskiljanlegt að aðrir geti haft betri skilning á því en við hvað sé málinu fyrir bestu stjórnsýslulega.

Það má ekki rjúfa þann frið sem nú hefur skapast um skógræktarmálin og er óðum að skapast um alhliða gróðurvernd milli Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna annars vegar og félagskerfis bænda hins vegar. Slíkt væri ófyrirgefanlegt ábyrgðarleysi."

Undir þetta skrifar f.h. Skógræktar ríkisins skógræktarstjóri, Sigurður Blöndal, einn þeirra manna sem hæstv. forsrh. kallaði hér fram í úr hliðarsal áðan og leyfði sér að kalla íhaldsmann.

Sú íhaldssemi sem birtist í orðum skógræktarstjóra og fulltrúa Skógræktar ríkisins sem látið hafa frá sér fara þessa umsögn er skynsamleg og heilbrigð og hún er rökrétt. Og hún á ekkert skylt við pólitískar skoðanir þessa einstaklings né þeirra einstaklinga sem þar liggja að baki.

En ég tel ástæðu til að spyrja: Hvar er hæstv. forsrh.? Ég tel enga ástæðu til þess að halda áfram ræðu minni nema hann sé viðstaddur. (**Forseti:** Vegna orða ræðumanns vil ég upplýsa að hæstv. forsrh. var kallaður í símann fyrir örfáum mínútum og er ekki kominn til baka. Ég skal gera ráðstafanir til þess að það verði náð í hann.) (Gripið fram í.) Forseta er að sjálfsögðu heimilt að fresta umræðunni og ég fresti ræðu minni um stund.

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til að hæstv. forsrh. væri við þessa umræðu og ég er alveg tilbúinn til að endurtaka nokkuð af því sem ég hef hér flutt meðan hans nærveru naut ekki við. Mér liggur ekkert á ef hæstv. ráðherra kýs að sinna því ekki sem er skylda hans sem flm. þessa frv. (**Forsrh.:** Ég hef heyrt langmest hér úr hliðarsölum.) að vera ekki við umræðuna. En ég var að vitna í niðurstöður í umsögn skógræktarstjóra, Sigurðar Blöndals, en sú umsögn er dagsett 23. okt. 1989. Hann sagði m.a. í þeirri umsögn:

„Yfirstjórn Skógræktar ríkisins telur að það myndi valda stórslysi fyrir þau málefni sem þessari stofnun er ætlað að fjalla um og stýra ef hún væri nú flutt úr landbrn. þegar góður friður og mikil samvinna er komin á á milli hennar og bænda landsins og stofnana þeirra og félagasamtaka, þeirra aðila sem öðrum fremur nýta landið."

Hann sagði enn fremur:

„Núverandi skipan með skógræktarmálin í landbrn. gengur vel og er beinlínis nauðsynleg nú þegar skógrækt er orðin sú staðreynd í þjóðfélaginu og hefur nú þegar áhrif á varðveislu byggðar í nokkrum sveitum landsins."

Enn fremur sagði skógræktarstjóri:

„Okkur skógræktarmönnum er öldungis óskiljanlegt að aðrir geti haft betri skilning á því en við hvað sé málinu fyrir bestu stjórnsýslulega.

Það má ekki rjúfa þann frið sem nú hefur skapast um skógræktarmálin og er óðum að skapast um alhliða gróðurvernd milli Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna annars vegar og félagskerfis bænda hins vegar. Slíkt væri ófyrirgefanlegt ábyrgðarleysi."

Þessi orð skógræktarstjóra er ástæða til að hæstv. forsrh. hugleiði. Skógræktarstjóri, Sigurður Blöndal, er einn þeirra manna sem hafa gefið umsögn um þetta frv. sem hæstv. forsrh. leyfði sér í niðrandi merkingu í hans munni að kalla íhaldsmann hér úr hliðarsal áðan. (**Forsrh.:** Hann er góður íhaldsmaður, Sigurður Blöndal, mjög góður íhaldsmaður.) Sigurður Blöndal á heiður skilið og virðingu (**Forsrh.:** Já, það er rétt.) fyrir þau störf sem hann hefur unnið að skógræktarmálum á Íslandi. Hann á einnig heiður skilið fyrir það að hann gefur umsögn um þetta mál í

samræmi við reynslu sína og þekkingu, í samræmi við það sem hann veit að þessum málum er fyrir bestu, í samræmi við reynslu sína af samskiptum við bændur, félagasamtök bænda og landbrn. Hann kallar stórslys ef þessu samstarfi væri raskað. Og hann segir einnig: Það er óskiljanlegt ef einhverjir aðrir en við sem að þessum málum höfum starfað hafa á þeim einhverja betri þekkingu heldur en við og telja sig vita hvað sé þessum málum fyrir bestu. Það er óskiljanlegt. Hæstv. forsrh. virðist vera einn í þeirra hópi sem skógræktarstjóri nefnir í þessum orðum sínum. (Gripið fram í.) Ég kem að því síðar, hæstv. forsrh. Ég ætla að ræða einstök atriði frv. hér síðar í ræðu minni og þá óska ég einnig eftir því að hæstv. forsrh. sé við.

Í umsögn frá Landgræðslu ríkisins, sem undirritað er af landgræðslustjóra, Sveini Runólfssyni, þann 23. okt. sl., kemur einnig fram sterk andstaða við það að taka Landgræðslu ríkisins undan landbrn. og færa hana undir yfirstjórn nýs ráðuneytis, umhverfisráðuneytis. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa þessa umsögn alla sem er mjög ítarleg, en ég les hér aðeins niðurstöður hennar sem eru í örstuttu máli. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Landgræðsla ríkisins leggur áherslu á að yfirstjórn mála stofnunarinnar sé hjá landbrn.

2. Óeðlilegt er að gera greinarmun á eftirliti með auðlindum landsins og eftirliti með auðlindum hafsins. Landgræðsla ríkisins telur að hvort tveggja eigi að tilheyra viðkomandi fagráðuneyti.

3. Því er fagnað að stofnun umhverfisráðuneytis verður til að flýta fyrir gerð landnýtingaráætlunar.

4. Landgræðslan telur það óeðlilegt ef landbúnaður sem atvinnuvegur verður sviptur að hluta til eða öllu leyti því forræði sem hann á eðli málsins samkvæmt að hafa á nýtingu landsins og gæðum þess.

5. Landgræðsla ríkisins telur að þörf sé fyrir samræmingu á aðgerðum stjórnvalda í þágu umhverfismála. Þær aðgerðir ættu að tryggja að umhverfissjónarmið komist að á öllum stjórnstigum til aðhalds gagnvart aðgerðum og/eða aðgerðarleysi þeirra sem fara með umhverfismál.

Mælt er með að unnið verði með gát þannig að við lærum af mistökum annarra þjóða, en hermum ekki eftir þeim. Sömu lögmál hljóta að gilda hér varðandi varðveislu og eftirlit með auðlindum eins og talið er nú farsælast um heim allan, sbr. tillögu Brundtlandnefndarinnar."

Í þessum niðurstöðum sem hér hefur verið vitnað til kemur fram að Landgræðsla ríkisins er eindregið andvíg því að stofnunin eða hluti hennar sé sett undir annað ráðuneyti en landbrn. Þar eru rökin þau sömu og fyrr og er megininntak Brundtland-skýrslunnar, og er raunar einnig eitt megininntakið í stefnu okkar sjálfstæðismanna, að það eigi að vera einn aðili sem samræmir starf hinna ýmsu stofnana og hinna ýmsu ráðuneyta að þessum málum og það megi gera í stjórnardeild ellegar litlu umhverfisráðuneyti sem hafi það starf með höndum, og að það beri ekki að skilja að nýtingu auðlinda annars vegar og eftirlit og verndun þeirra hins vegar.

Og skyldu nú ekki forsvarsmenn Landgræðslu ríkisins — þeir menn sem hafa unnið að því um áratuga skeið að vernda og bæta gróðurríki Íslands og hafa samstarf við bændur um þessi mál, koma á takmörkunum með beitarstjórn og með því að stytta beitartíma búfjár á afréttum, girða af landsvæði o.s.frv. o.s.frv., allt undir yfirstjórn landbrn. — skyldu nú ekki þessir menn hafa meiri þekkingu á þessum málum heldur en þeir menn sem hæstv. forsrh. hefur kosið til að undirbúa þetta mál, ellegar þeir menn sem nú sitja í ríkisstjórn Íslands? Ég leyfi mér að taka svo stórt til orða. Svari hver sem vill. Ég er ekki í vafa um svarið.

Þeir menn sem best hafa unnið að þessum málum og eru dag frá degi að starfa í samstarfi við aðra aðila vita betur hvar skórinn kreppir og hvað þarf til þess að koma málum áfram heldur en þeir sem lítt hafa að verki staðið. (**ÁHE:** Þeir eru fastir í farinu.) Það væri nú ákjósanlegt fyrir hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson að marka sér einhvers staðar far sem hann gæti þá verið í áður en hann fer að kasta steinum að öðrum og jafnvel þeim mætu mönnum sem hér er verið að vitna til. En það verður a.m.k. ekki sagt um þennan hv. þm. að hann sé fastur í farinu því að hann er svo laus í rásinni að hann skilur hvergi eftir sig far.

Ég get hér einnig vitnað til umsagnar frá Búnaðarfélagi Íslands, undirskrifað af búnaðarmálastjóra, Jónasi Jónssyni. Þar er einn þeirra manna sem hæstv. forsrh. kallar íhaldsmenn sem ekki þurfi að hlusta á. Í umsögn Búnaðarfélags Íslands, sem rituð er af Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra þann 24. okt. sl., er fyrst vitnað til ályktana frá búnaðarþingi. Og það má enn minna á það að þegar þetta frv. var flutt í hið fyrra sinn af hæstv. forsrh., þá riðu búnaðarþingsfulltrúar til aukabúnaðarþings. Hvers vegna? Ekki til þess að vera með fagnaðarlæti yfir frv. hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórnar heldur til þess að snúast til varnar. Og þegar ég vakti athygli á þessu í umræðum hér á síðasta þingi leyfði hæstv. forsrh. sér það í umræðum hér að kasta köpuryrðum að þessum mönnum. En í umsögn Búnaðarfélags Íslands er ályktun búnaðarþings þar sem fram kemur að þau meginsjónarmið sem búnaðarþing leggur áherslu á séu í stuttu máli þessi, með leyfi forseta:

„1. Að brýnt sé að sem víðtækust samstaða náist um stjórn umhverfismála, bæði innan stjórnsýslunnar og meðal alls almennings í landinu.

2. Að hinir einstöku þættir í stjórn umhverfismála séu að meginhluta til best komnir í umsjón hinna ýmsu fagráðuneyta. Þó er fallist á nauðsyn þess að fyrir hendi sé ákveðinn aðili eða ráðuneytisdeild sem hafi með hendi samræmingu á verkaskiptingu hinna einstöku ráðuneyta, m.a. þar sem verkefni skarast [dæmi: samgöngumál, landvernd] og komi fram sem sameiginlegur fulltrúi þjóðarinnar við umheiminn um þessa mikilvægu málaflokka, sbr. sjávar- og loftmengun."

Í þessari ályktun kemur enn fram hið sama grundvallarsjónarmið sem gengur eins og rauður þráður í gegnum allar þessar umsagnir og allar þessar ályktanir sem hér hefur verið vitnað til og enn hið sama og er

megininntak Brundtland-skýrslunnar og er enn hið sama og meginsjónarmið okkar sjálfstæðismanna. Ég hlýt að spyrjast fyrir um það hvort hæstv. forsrh. finnist það ekki harla veikur málstaður að halda á málum þvert gegn öllum þessum meginsjónarmiðum. (**ÁHE:** Það eiga allir hagsmuna að gæta.) Hvort hæstv. forsrh. finnist það nú ekki harla veikur grundvöllur sem hann hefur verið að reyna að fóta sig á sem er andstæður því sem fram kemur í Brundtland-skýrslunni eftir mikið starf alþjóðlegrar nefndar, skýrslu sem hlotið hefur samþykki og meðmæli fjölmargra alþjóðastofnana, bæði í Evrópu og annars staðar, þar á meðal á Norðurlöndunum nema hjá hæstv. ríkisstjórn Íslands. Og hvort hæstv. forsrh. finnist það ekki veikur grundvöllur að standa á að hafa fengið til að undirbúa sitt mál reynslulitla menn sem sumir hverjir hafa um skamma hríð starfað í Stjórnarráði Íslands og sumir hverjir sem þangað eru settir til þess að gæta pólitískra hagsmuna án þess að vitað sé að þeir hafi til brunns að bera nokkra marktæka þekkingu á þessum málum. Þegar allir þeir sem hér hefur verið vitnað til og hafa ótvíræða og mikla þekkingu á þessum málum, hafa áratuga reynslu að baki í meðferð þessara mála og þekkja það hvaða aðferðum þarf að beita til þess að ná árangri í samstarfi við aðra menn, bændur landsins, einstaklinga, félagasamtök, stofnanir og ráðuneytið sjálft sem er landbrn., að þá skuli hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn leyfa sér það að segja að þetta sé bara hagsmunagæsla eins og hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson var hér enn að kasta fram í. (**ÁHE:** Þetta er ekkert annað en sérhagsmunagæsla.) Má það vera að hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson sé svo skyni skroppinn að hann kasti því fram í í þingsal Alþingis að Gro Harlem Brundtland sé með hagsmunagæslu í málefnum um umhverfismál í heiminum ellegar þeir menn, fulltrúar annarra þjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna sem að því verki unnu ásamt þessari ágætu konu? Ég tel að frammíköll af þessu tagi opinberi svo hastarlega vanþekkingu að ég segi ekki aulahátt að ég held að það væri betra fyrir hv. þm. að láta það vera. (**ÁHE:** Ég held mig nú við hagsmunagæsluna hér á landi.)

Ég get vitnað hér í ýmislegt fleira í umsögnum Búnaðarfélags Íslands og kem e.t.v. að nokkrum atriðum þar síðar þegar ég tek að ræða frv. í einstökum atriðum, en ég vil hér einnig minna á það að um þetta efni hafa verið ritaðar blaðagreinar sem byggja á mikilli þekkingu á þessum málum og sýna það að víða hvar koma fram þær skoðanir annars staðar en hjá þeim aðilum sem leitað hefur verið beint til sem eiga að sjálfsögðu erindi inn í þessa umræðu.

Við umræðuna þann 8. nóv. vitnaði hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson til blaðagreinar eftir dr. Gunnlaug Þórðarson sem hann ritaði í Morgunblaðið 24. okt. sl. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að endurtaka það sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson vitnaði þar til. En þar er með skýrum orðum tekið í hinn sama streng og hér hefur verið rakinn úr umsögnum ýmissa stofnana um þessi mál, þann sama streng sem er meginburðarásinn í þeirri skýrslu sem hér hefur margsinnis verið vitnað til og kennd er við Gro Harlem Brundtland. Ég held að það sé sem sagt ekki ástæða til að ég fari að rekja atriði úr þessari blaðagrein að nýju. Ég aðeins minni á að það var gert af hv. þm. Ólafi G. Einarssyni fyrr í þessari umræðu.

Í þessari grein segir þó, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson lét kyrrt liggja, sem auðvitað er annar þáttur þessa máls sem ég kem að síðar, en þar segir dr. Gunnlaugur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisbáknið þenst stöðugt út og bruðlið með almannafé hefur aldrei verið annað eins og í tíð tveggja síðustu ríkisstjórna Steingríms Hermannssonar og verður e.t.v. vikið að því síðar. T.d. mun jafnmörgum pólitískum framagosum aldrei hafa verið raðað á ríkisjötuna og í tíð áðurnefndra ríkisstjórna til einskis gagns en aðeins til aukinna útgjalda, nánast atvinnubótavinna fyrir flokksþý.

Enginn getur talist hafa átt meiri þátt í öllu því bruðli sem umræddar ríkisstjórnir hafa haft forgöngu um en einmitt forsætisráðherrann og fjármálaráðherrarnir. Svo tala þessir menn af yfirlæti um að spara í ríkisrekstrinum, en því fylgir því miður aðeins pólitísk sýndarmennska.

Forsætisráðherra ímyndar sér að undirritaður sé einn á báti í því að vilja sporna við tilgangslausri útþenslu ríkisbáknsins og bruðli. Þar fer hann villur vega eins og í sumu öðru. Slík afstaða var og á að vera leiðarljós embættismanna og var það án efa þau tæp 30 ár sem ég starfaði í Stjórnarráðinu og er tvímælalaust ríkari þáttur í fari embættismanna annarra en einhverra pólitískra framagosa. Fæstir þeirra vita nema þeir verði dottnir út úr hlutverki sínu á morgun, m.a. vegna þess að æviráðning embættismanna verndar þá ekki, sem er betri kostur heldur en að kalla til skyndistarfskrafta sem skortir venjulega reynslu, hutlægi og yfirvegun. Í seinni tíð virðast þessir aðstoðarmenn, eða hvað þeir kallast, fremur ílendast í starfi en áður var, en það mun ekki hafa verið hinn upphaflegi tilgangurinn," segir í þessari grein dr. Gunnlaugs Þórðarsonar.

Ég held að það sé ekki að ófyrirsynju að hér er talað um bruðl. Ég held að það sé alls ekki að ófyrirsynju þó að reyndur starfsmaður úr Stjórnarráðinu átelji það harðlega, að vísu með bæði hvössum og hörðum orðum, að með því að stefna að því að setja á laggir umhverfisráðuneyti sé verið að auka útgjöld ríkisins að óþörfu. Reynsla annarra þjóða sýnir okkur að útgjöld vaxa með nýju ráðuneyti, ráðuneyti sem hefur óljósan tilgang, ráðuneyti sem hefur tilburði eða tilhneigingar til þess að þenja sig yfir stórt svið, ráðuneyti sem meiningin er að fái undir sína yfirstjórn margvíslegar stofnanir Stjórnarráðsins, og eins og reynslan hefur orðið hjá öðrum hefur það tilhneigingu til að þenjast út.

Ég tel að þessi viðvörunarorð og þessi hörðu ádeiluorð dr. Gunnlaugs Þórðarsonar séu ekki að ófyrirsynju þótt deila megi um hversu hvasslega á að taka til orða sem hann vissulega gerir í sinni grein.

Ég held að það sé kannski rétt að greina frá því að

þegar er hæstv. ríkisstjórn og þeir sem kannski hugsa sér að taka við þessu ráðuneyti farnir að bollaleggja um ný útgjöld á vegum þess. Á fundi fjvn. í morgun kom sendimaður hæstv. hagstofuráðherra. Þar var maður á ferð sem er einn af hinum allra bestu starfsmönnum íslenska ríkisins sem ég þekki. Grandvar maður, glöggur og traustur. Enginn skal láta sér detta það í hug að ég ætli að fara að kasta hér einhverjum steinum að þeim mæta og hæfa manni. Hann kom hins vegar vitaskuld sem sendimaður síns ráðherra, sem einn af starfsmönnum Hagstofu Íslands. Það kemur sem sé í ljós að gerðar eru tillögur um að veitt verði fé til svokallaðs norræns umhverfisárs sem á að hefjast þann 5. júní 1990 og standa fram á sumar 1991, með samstarfi Norðurlandaþjóðanna. Þar kemur einnig í ljós að óskað var eftir að veitt yrði fé til að unnt væri að taka þátt í svokölluðu norrænu fjármögnunarfélagi. Og þetta norræna fjármögnunarfélag á að annast mengunarvarnir í Austur-Evrópu. Byrjunarframlag til þessa fjármögnunarfélags á af hálfu okkar Íslendinga að vera 29 millj. kr., eins konar byrjunarframlag.

Hér er verið að byrja á nýrri starfsemi. Hinn nýi hagstofuráðherra, sem ætlar sér ef Alþingi vill samþykkja að verða umhverfisráðherra, er þegar farinn að gera tillögur um það að við Íslendingar tökum þátt í norrænu fjármögnunarfélagi sem taki að sér að vinna að mengunarvörnum í Austur-Evrópu, vitaskuld á þann máta að þar sé um að ræða mengunarvarnir sem komi Norðurlöndunum að einhverju leyti til góða. Hæstv. hagstofuráðherra er þegar farinn að gera tillögur um að Íslendingar taki þátt í stóru fjármögnunarfyrirtæki sem á að gæta þess að ekki verði mengunarslys á borð við Tsjernóbíl-slysið, og að stöðva þá miklu mengun sem er í ánum sem renna í Eystrasaltið, pólsku ánum, sovésku ánum og austurþýsku, sem vissulega er stóralvarlegt mál og er að eyða lífi Eystrasaltsins. Þetta er byrjunin á því að gera því skóna að Íslendingar taki að hluta til að sér þessar mengunarvarnir í Austur-Evrópu áður en Alþingi hefur á nokkurn máta samþykkt að umhverfisráðuneyti verði stofnað og áður en 1. umr. um þetta frv. er hálfnuð.

Hæstv. hagstofuráðherra er vafalaust stórhuga maður, enda hefur hann lýst sjálfum sér sem hugsjónamanni, og ég á von á því að hugsjónir hans, ef þær verða eitthvað í líkingu við þetta, muni verða ærið kostnaðarsamar fyrir íslenska þjóð.

Ég er ekki vanur að koma hér með vinnugögn úr fjvn. en ég taldi rétt að koma með þessar upplýsingar hingað því þær eru merkilegt innlegg í þessa umræðu.

Eitthvað hafði heyrst um það að hæstv. ríkisstjórn teldi að nú væri sú tíð að það þyrfti að gæta aðhalds og sparnaðar í fjármálum ríkisins. Og víst er það að þegar núv. hæstv. fjmrh. tók við sínu starfi setti hann sér það markmið að ná jöfnuði í rekstri ríkissjóðs og lýsti því markmiði sínu með býsna fjálglegum orðum, kannski nokkru steigurlæti en eigi að síður með fjálgum orðum og sterkum yfirlýsingum, þegar hann mælti fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1989. Þetta markmið fór auðvitað út í veður og vind vegna þess að hann réði ekki við þetta verkefni, sumpart vitaskuld vegna þess að hæstv. ríkisstjórn vill ekki beita aðhaldi eða sparnaði í fjármálum ríkisins nema í orði, hún vill beita eyðslu og sóun á borði. Einn þáttur þess er það frv. sem hér er á ferðinni. Fjölgun ráðuneyta í Stjórnarráðinu, nýtt ráðuneyti sem á að hlaða um sig bákni og auka kostnað, m.a.s. að teygja sig til Austur-Evrópu með starfsemi sína.

Hæstv. fjmrh., sem er hér ekki viðstaddur, má sín auðvitað lítils við það að ná saman endum í fjármálum ríkisins undir slíkum markmiðum og ef hann ekki sjálfur nær því þá að stöðva slíkar fyrirætlanir. Það er því alls ekki að ófyrirsynju þó að einn af reyndum starfsmönnum Stjórnarráðsins skrifi grein, sem ég vitnaði hér til áðan og áður hafði verið vitnað til annarra atriða úr, dr. Gunnlaugur Þórðarson, og bendi á hvað hér er á ferðinni.

Ég vil gjarnan vitna hér í aðra grein sem birtist í Morgunblaðinu 18. nóv. sl., og rituð er af ráðuneytisstjóranum í landbrn., Sveinbirni Dagfinnssyni, og ber yfirskriftina „Lífbeltin tvö og umhverfismál". Ég skal ekki lesa mikið úr þessari grein, en ég hvet þá sem heyra orð mín eða kynnu að sjá þau eftir að þau eru komin á þrykk að kynna sér þessa grein sem rituð er af hófsemi, yfirvegun og þekkingu. Sveinbjörn Dagfinnsson vitnar m.a. til frægra orða Kristjáns heitins Eldjárns, forseta Íslands, þar sem hann talaði um lífbeltin tvö í eftirminnilegu ávarpi á nýársdag 1972. Í grein Sveinbjörns Dagfinnssonar er haft eftir Kristjáni heitnum Eldjárn, fyrrv. forseta Íslands, svo, með leyfi forseta:

„Bersýnilegt er að fyrr en varir verður það talin ein af frumskyldum allra þjóða að taka virkan þátt í að friða, rækta og vernda land og sjó, vernda náttúruna, um leið og þær nytja hana og lifa á henni. Það má með sanni tala um lífbeltin tvö, grónu ræmuna, eða beltið upp frá ströndinni, og sjóræmuna með ströndum fram." Enn segir: „Sumir óttast að hugmyndir um gróðurvernd séu hættulegar fornum atvinnuvegum. En þau ráð er hægt að finna með nútímaþekkingu og tækni og raunar blasir alls staðar þetta sama við, að samræma nýtingu og vernd. Um þetta ættu allir að geta verið sammála."

Enn kemur fram þetta sama meginsjónarmið, að samræma nýtingu og vernd ef vel á að fara.

Fyrrverandi forseti Íslands, Kristján Eldjárn, er fyrri til en Gro Harlem Brundtland að setja þessi orð á blað. Og við getum verið stoltir af því Íslendingar að það skyldi vera forseti okkar, sem þjóðinni var kær, sem vakti athygli á því að þetta meginsjónarmið verður að virða ef vel á að fara. Enn bætist maður í hópinn sem hefur þau meginsjónarmið sem eru gersamlega andvíg því frv. sem hér liggur fyrir. Ég ætla ekki að fyrrv. forseti Íslands, Kristján Eldjárn, hafi verið í hópi þeirra sem hæstv. forsrh. kallaði hér í köpuryrðum sínum áðan íhaldsmenn. (**Forsrh.:** Ég held að hv. ræðumaður ætti ekki að vera að bera sjálfan sig saman við Kristján Eldjárn.) Hæstv. forsrh. ætti að fylgjast með máli mínu (**Forsrh.:** Ég er

að því.) og hlusta á það sem ég segi, en það hefur hann sýnilega ekki gert ef hann er að halda því fram að ég sé á einhvern máta að bera mig saman við Kristján Eldjárn. Það er rangt. Á hinn bóginn eru meginsjónarmið sem fram koma í þessu fræga nýársávarpi Kristjáns Eldjárns hin sömu og hjá þeirri nefnd sem Sameinuðu þjóðirnar skipuðu og starfaði undir forustu Gro Harlem Brundtland. Þetta sjónarmið höfum við sjálfstæðismenn tekið upp. Og þetta er það meginsjónarmið sem gengur sem rauður þráður í gegnum allar þær umsagnir sem hér hefur verið vitnað til, bæði af mér og öðrum varðandi frv. sem fyrir liggur.

Því segi ég enn: Sá grundvöllur sem hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn standa á í þessum málatilbúnaði sínum er hæpinn, hann er veikur og hann er rangur. Og eins og Sigurður Blöndal sagði í sinni umsögn: Þetta meginsjónarmið má ekki rjúfa ef ekki á illa að fara. Og það væri glapræði að taka þær stofnanir sem annast verndun og ræktun náttúruauðlinda á landi hér undan því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn landnýtingar.

Í hinni ágætu grein Sveinbjörns Dagfinnssonar í Morgunblaðinu 18. nóv. er rakið hvernig stjórnvöld, þ.e. landbrn. og stofnanir á vegum þess ásamt bændum og samtökum bænda, hafa unnið að gróðurbótum og verndun lands á undanförnum árum og hversu mjög aukinn skilningur er á milli aðila um þessi efni. Það er samdóma álit Sveinbjörns Dagfinnssonar og Sigurðar Blöndals að ef þetta samstarf væri rofið væri hætta á að stríðsástand skapaðist. Eftir að slíkt umhverfisráðuneyti hefði tekið að sér þessi málefni og starfað í einhver ár væri ekki vafamál að það þyrfti að skipa á Íslandi nýja nefnd, eins konar Brundtlandnefnd til þess að stoppa upp í götin og reyna að greiða úr þeim mistökum sem gerð hefðu verið undir slíkum kringumstæðum.

Sveinbjörn Dagfinnsson leggur áherslu á fræðslu og það gerði hann einnig í umsögn landbrn. til þeirrar nefndar hæstv. forsrh. sem stýrt er af Jóni Sveinssyni. Og hann leggur áherslu á að mál þurfi að vinnast með samstarfi en ekki beinum tilskipunum. Ég held að ástæða sé til þess að lesa hér eina málsgrein sem sýnir nokkurn hluta af þessu sem hér kemur fram, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir Sveinbjörn Dagfinnsson svo:

„Það tekur tíma að breyta aldagömlum venjum þjóðar án átaka og yrði vart talinn góður kostur að valda illdeilum og ófriði meðal manna fyrir það að friða land. Landgræðsla ríkisins hefur í gróðurverndar- og uppgræðslustarfi náð góðum árangri og miklir áfangar eru í sjónmáli. Mjög hefur hjálpað í þessu starfi að stofnunin hefur sterk tengsl við landbúnaðinn og bændur landsins almennt. Þann trúnað væri óráð að rjúfa nú."

Ég gæti lesið margt fleira um þessi mál, en það hnígur allt í sömu átt. Það hnígur allt í þá átt að við þurfum að starfa áfram að fræðslu um þessi mál án öfga. Við þurfum að stuðla að samstarfi þeirra aðila sem mesta reynslu hafa í verndun og nýtingu og við þurfum að efla þá þætti í starfi landbrn., að því er lýtur að landbúnaðinum, samstarfi við þær stofnanir sem undir ráðuneytið heyra og við samtök bænda og bændur landsins almennt. Þetta samstarf fer sívaxandi og það er í sífellu að skila meiri árangri.

Ég held að enn sé ástæða til þess að vekja á því athygli að um leið og það frv. sem hér liggur fyrir leggur til að rofin sé yfirstjórn að því er varðar hagnýtingu annars vegar, eftirlit og verndun hins vegar, á náttúruauðlindum landsins er þetta sjónarmið ekki ráðandi varðandi frv. að því er varðar hagnýtingu auðlinda hafsins. Það er vel. En það er þó ekkert samræmi og ætti að sjálfsögðu að láta þá reglu gilda, sem hér gildir um auðlindir hafsins, einnig um auðlindir landsins.

Nú er svo komið í Noregi að þrátt fyrir þann mikla mannafla sem dreginn hefur verið þar að umhverfisráðuneytinu og undirstofnunum þess, sem ég sagði hér áðan að væri á þriðja þúsund manns, þá hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að umhverfismálum sé einnig sinnt af öðrum ráðuneytum og öðrum aðilum en umhverfisráðuneytinu. Á þessu ári eru, skv. fjárlögum norska ríkisins, greidd framlög til 16 ráðuneyta í þágu umhverfismála auk umhverfisráðuneytisins. Heildarfjárveiting í Noregi til þessara mála er nú um 6,5 milljarðar norskra kr. En af þeirri tölu greiðast þó ekki nema 1,7 milljarðar norskra kr. til umhverfisráðuneytisins. Yfirgnæfandi meiri hluti fjárveitinga norska ríkisins til umhverfismála fer um hendur annarra ráðuneyta. Þrátt fyrir það sem hér hefur verið kallaður óskapnaður í umsögnum ýmissa aðila, hversu umhverfisráðuneyti í Noregi og Danmörku og sumum öðrum löndum hafa þanist út, þá sést að þessi ráðuneyti valda ekki verkefni sínu og ná ekki út yfir sviðið þannig að þau eyða auðvitað bróðurpartinum af því fé sem til þeirra rennur í það að viðhalda sjálfum sér, þ.e. þeim mannafla sem í þeim starfar, en stærsti hlutinn af því fé sem gengur til þessa málaflokks, umhverfismála í Noregi, fer um hendur annarra ráðuneyta. Þetta þætti nú hæstv. hagstofuráðherra líklega ekki góð vísindi. Hann mundi kjósa, ef hann væri nú orðinn umhverfisráðherra á Íslandi, að allt þetta fé færi um hans eigin hendur. Þá mundi honum væntanlega líða vel eftir því sem maður hefur heyrt sagt frá ræðuhöldum þessa hæstv. ráðherra með ýmsum hagsmunaaðilum í þjóðfélaginu. En ég endurtek að í Noregi ganga 6,5 milljarðar norskra kr. til umhverfismála, þar af þó einungis 1,7 milljarðar til umhverfisráðuneytisins.

Ég skal, herra forseti, víkja að því frv. sem hér liggur fyrir. Ég sagði í upphafi máls míns að það væri ekki mikið að vöxtum, það er tvær lagagreinar, önnur er ein lína en hin hálf. Síðan er ákvæði til bráðabirgða. Ég skal ekki fara yfir þetta frv. í öllum atriðum. Það hefur verið gert hér í ýmsum greinum. Ég vil þó segja að það hefur auðvitað valdið mjög sterkri andstöðu í þjóðfélaginu og hörðum mótmælum svo sem fram hefur komið í þeim umsögnum sem hér hefur verið vitnað til, hvernig á að leika ýmsar

stofnanir Stjórnarráðsins, kljúfa þær sundur ellegar taka í heilu lagi og færa yfir til umhverfisráðuneytis, ýmist til óþurftar eða, að því er séð verður, í tilgangsleysi og hefur þá ekki annað í för með sér, ef um tilgangsleysi er að ræða, en að auka kostnað.

En áður en þetta frv. var lagt fram bárust af því fréttir að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hefði flutt ræðu á kjördæmisþingi framsóknarmanna á Suðurlandi. Þar lýsti hann því yfir skýrt og skorinort að tvær af stofnunum landbúnaðarins sem fram til þess tíma hafði verið ætlað að fella undir umhverfisráðuneytið yrðu áfram undir landbrn., þ.e. bæði Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins. Hann lýsti því þar skorinort og skýrt yfir að þessar stofnanir yrðu áfram undir umsjá landbrn. Og kjördæmisþing framsóknarmanna á Suðurlandi gerði ályktun þar sem því var lýst yfir að þetta væri stefna framsóknarmanna á Suðurlandi og það þurfti ekki að efast um að mælt væri af heilum hug. Ég hlýt að segja það hér að ég gladdist að heyra þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. og ég hygg að það hafi verið allmargir í þjóðfélaginu sem vörpuðu öndinni léttara að hann skyldi nú átta sig á því að það var glapræði, eins og Sigurður Blöndal segir, að taka þessar stofnanir undan landbrn., kljúfa þær í herðar niður og færa þær að meginhluta undir umhverfisráðuneyti. Ég varp öndinni léttara satt að segja og það gerðu fjölmargir aðrir landsmenn. Og ég var tilbúinn að standa hér upp á Alþingi til þess að færa hæstv. forsrh. þakkir fyrir það að hann skyldi á þennan hátt skipta um skoðun.

En tveimur eða þremur dögum seinna var þetta frv. lagt fram hér á hinu háa Alþingi. Þá kom í ljós að hæstv. ráðherra hafði sagt ósatt á kjördæmisþingi Framsfl. á Suðurlandi, ellegar að hann hefði aftur skipt um skoðun á tveimur eða þremur dögum eftir að hann gaf sína yfirlýsingu meðal flokksbræðra sinna á Suðurlandi og þangað til frv. var prentað og því útbýtt hér á hinu háa Alþingi. Ég veit ekki hvort heldur er, en mér er sama hvort er. Frv. sýnir sig. Í þessu frv. segir m.a. að við endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt skuli eftirtalin málefni verða á verksviði umhverfisráðuneytis:

1. Gróðureftirlit og gróðurrannsóknir.

2. Gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu án þess að búist verði við að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar.

Á verksviði landbrn. verði eftirtalin málefni:

1. Ræktun ógróins eða lítt gróins lands með það í huga að fá af því beinar nytjar, t.d. að rækta beitilönd og tún.

2. Breytingar á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og renna þannig fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga.

Þetta segir í athugasemdum með frv. Enn segir í frv. til l. um breytingu á lögum um náttúruvernd, um Siglingastofnun o.s.frv.:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965, og laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, með síðari breytingum, getur umhverfisráðherra að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs fyrirskipað sérstakar friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 4. og 5. mgr."

Í þessum þingskjölum er það alveg ljóst að meginhluti af allri starfsemi Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins fer skv. þessu undir umhverfismálaráðuneyti þvert ofan í orð hæstv. forsrh. með flokksbræðrum sínum á Suðurlandi. Það segir að á verksviði landbrn. verði ræktun ógróins eða lítt gróins lands, t.d. að rækta beitilönd og tún. Ræktun túna og hagarækt hefur aldrei verið á verksviði Landgræðslu ríkisins utan það sem Landgræðslan hefur ræktað tún heima hjá sér í Gunnarsholti. Þannig að þessar setningar gefa til kynna að Landgræðslan fari í heild undir umhverfisráðuneytið. Sömu sögu er í raun að segja um Skógræktina þó að það sé gefið í skyn að skógrækt, það sem í lögum er kallað nytjaskógar á bújörðum, verði áfram hjá landbrn. Með þessum hætti eru þessar stofnanir færðar að meginhluta til yfir til umhverfisráðuneytis en að miklu leyti klofnar í herðar niður. Ég veit ekki hvort heldur er hjá hæstv. forsrh. að tilhneiging hans til að tala á hverjum stað það sem þeir sem þar eru vilja heyra er svo rík að hann gerir sér ekki grein fyrir því hvað stendur í lagafrv. sem hann sjálfur flytur, ellegar það að hann skiptir svo ört um skoðun að það tekur ekki nema 2–3 daga frá því að hann er á kjördæmisþingi með framsóknarmönnum á Suðurlandi og þangað til hann flytur frv. hér á Alþingi að skoðun hans hefur snúist við. Ég veit ekki hvort heldur er. En hvort tveggja er jafnaumkunarvert. Ég segi, það er aumkunarvert að þannig skuli ástatt með forsrh. landsins, hvað þá um hinar veigameiri ákvarðanir þegar svo er um mál eins og þessi, sem sannarlega eru þó veigamikil.

Ég held það hljóti að vera að þeim mönnum sem sóttu kjördæmisþing Framsfl. á Suðurlandi hafi brugðið í brún þegar þeir komust að hinu sanna. Og ég held að það hljóti að vera að þeim mætu mönnum sem þar hafa setið á þingi með hæstv. forsrh. verði hugsað til orða manna eins og Sigurðar Blöndals, Sveins Runólfssonar, Jónasar Jónssonar búnaðarmálastjóra og Sveinbjarnar Dagfinnssonar, ráðuneytisstjóra í landbrn., og annarra þeirra sem vara sterklega við og lýsa andstöðu sinni við þessa meðferð mála. Andstöðu sem byggist á meginreglu sem á sér stoð í ítarlegu alþjóðlegu samstarfi um stefnumótun. Ofan í allt þetta kemur svo þessi hæstv. forsrh., ofan í sínar eigin yfirlýsingar tveimur eða þremur dögum áður en frv. er flutt og flytur þetta frv. hér þvert ofan í yfirlýsingar allra þessara manna, gegn reynslu, þekkingu um áratuga skeið hjá þeim mönnum sem best hafa unnið að þessum málum fyrir íslenska þjóð. Hæstv. ráðherra kemur svo hér og situr hér og hristir hausinn (**Forsrh.:** Já, það er ekki hægt annað.) og gerir lítið úr þeim mönnum sem að þessum málum hafa starfað á undanförnum árum og áratugum og kallar þá íhaldsmenn. (**Forsrh.:** Nei, ég er ekki að líkja hv. þm. ...) Í mínum augum er orðið íhaldsmaður ekki skammaryrði, en ég þykist vita að það hafi verið köpuryrði eða hæðiyrði í munni hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. (**Forsrh.:** Sumir

eru ágætir íhaldsmenn en aðrir ekki.) Og hæstv. forsrh. sem hér er nú að gera tilraun til að hefja við mig samtal til þess að reyna að sleikja úr orðum sínum hér fyrr undir minni ræðu bregður vitaskuld ekki þeim háttum sínum að tala í hvert sinn svo sem hann heldur að hver vilji heyra. Það er ömurleg niðurstaða með þennan mæta mann sem nú gegnir þessu starfi að hann skuli hafa fallið í þessa gryfju að láta það ganga fyrir öðru að haga svo málum eins og hér hefur verið lýst. (**Forsrh.:** Mætur maður ... Ég átti ekki von á að heyra það.)

Ég er alveg tilbúinn að segja það að ég hef haft þekkileg kynni af hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni. Ég hef átt við hann samstarf og hann er lipurlegur maður í umgengni og persónulegum samskiptum. En það sem hér hefur verið rakið um yfirlýsingu hans á kjördæmisþingi sinna flokksmanna örfáum dögum áður en þetta frv. er flutt, þar sem hann lýsir því yfir skýrt og skorinort að þær stofnanir landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, verði áfram undir yfirstjórn landbrn. og flytja svo tveimur eða þremur dögum seinna, frv. sem sannar hið gagnstæða, það er ómerkilegt. (**Forsrh.:** Var hv. þm. þarna?) Nei, ég var þar ekki. En ég á ekki von á því að þeir fréttamenn sem fluttu fregnir af þessu kjördæmisþingi, þar á meðal lásu gallharðar yfirlýsingar og ályktanir flokksþingsins, hafi farið með rangt mál. Kannski kemur hæstv. ráðherra hér í ræðustólinn á eftir og segir að fréttir fjölmiðla hafi verið rangar. Ekki skal ég um það segja, hvernig hann hyggst smeygja sér út úr þessu máli. En hitt skiptir þó enn meira máli, hvernig að þessu máli öllu er staðið, fyrst í undirbúningi þar sem kvaddir eru til reynslulitlir menn, pólitískir menn án atbeina fulltrúa stjórnarandstöðunnar, án atbeina þeirra sem hafa reynslu af starfsemi Stjórnarráðsins, reynslu af starfsemi íslenska stjórnkerfisins og reynslu í þeim málaflokkum sem um er fjallað og ganga þar þvert á meginsjónarmið sem viðurkennd eru, ekki einungis í örfáum löndum hér í nágrenni við okkur, heldur af aðilum sem starfað hafa á vegum Sameinuðu þjóðanna. Gegn þessum sjónarmiðum gengur hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra og íslenska ríkisstjórnin. (**Hagstofuráðherra:** Hefur þm. lesið skýrsluna? Veit hann hvað hún heitir?) Ég hef lesið ýmislegt úr skýrslunni. (**Hagstofuráðherra:** Það seldust ekki nema þrjár bækur hérna á Íslandi.) Það er nóg. Það þarf ekki fleiri til þess að komast yfir þessa skýrslu. En sjálfsagt eru þær ekki fleiri en það að hæstv. hagstofuráðherra hefur ekki lesið og sennilega ekki heyrt um það.

Ég hefði svo sem gjarnan viljað minnast hér á fleiri atriði þó að ég hafi komið að þeim meginmálum sem mér þykja máli skipta við þennan hluta í fyrstu umræðu um málið. Vel má vera að ástæða verði til síðar í þessari umræðu og við síðari umræður málsins. Ég get t.d. tekið undir það sem fram kom afar glöggt hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni að það er harla einkennilegt, sem þeir aðilar sem reynslu hafa af málum hafa auðvitað lýst andstöðu við, að flytja heilbrigðiseftirlit, t.d. matvælaeftirlit, undir yfirstjórn einhvers umhverfisráðuneytis. Og það er harla einkennilegt að flytja Veðurstofu Íslands undir umhverfisráðuneyti. Forstöðumaður þeirrar stofnunar lýsti andstöðu við þá ráðstöfun, bæði á fundi þar sem ég var staddur með honum í dag og það kom glöggt fram í þeim umsögnum sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson vitnaði til hér áðan. Svo að ég nefni fleiri atriði í sambandi við landbúnaðinn, þá er það harla einkennilegt að taka t.d. embætti veiðistjóra og setja það undir umhverfisráðuneyti. Embætti veiðistjóra hefur með höndum að halda dýrum í skefjum sem vinna ella tjón á starfsemi er varðar atvinnurekstur landsmanna í landbúnaðinum, ekki einungis ref og mink heldur einnig vargfugli. Þetta varðar veiði, búfénað og aðra þætti í náttúrufari sem beint kemur við þessum atvinnuvegi landsmanna og á þess vegna skilyrðislaust að heyra undir það ráðuneyti sem fer með málefni atvinnuvegarins. Og það kemur hér alveg eins og skollinn úr sauðarleggnum eins og ýmislegt fleira í þessum málum að fara að troða þessu embætti og þessari starfsemi undir eitthvert umhverfisráðuneyti.

Ég held að það sé ástæða fyrir hæstv. ráðherra að hugsa aðeins sitt ráð. Ég er þó vonlítill um að það beri einhvern árangur að hann hugsi sitt ráð í þessum efnum. Það er annað en eðlilegar starfsaðferðir sem ráða þar ríkjum og það er annað en skynsamleg markmið og skynsamleg sjónarmið sem ráða ríkjum hjá hæstv. forsrh. Það er allt annað. Það eru pólitísk markmið, það eru þau markmið að halda ríkisstjórn við völd, veikri ríkisstjórn, sundurlausri ríkisstjórn sem hæstv. ráðherra er í forsvari fyrir. Breytingar á Stjórnarráði Íslands eiga ekki að mótast af slíkum markmiðum. Breytingar á Stjórnarráði Íslands eru ópólitískar í sjálfu sér og eiga ekki að hafa stundarpólitísk markmið að leiðarljósi. Það er í raun óhæfa að standa á þann veg að málum og gersamlega í andstöðu við það sem áður hefur verið gert. Ég nefndi hér áður tvo af fyrri forustumönnum þjóðarinnar og raunar þrjá, Bjarna heitinn Benediktsson, Ólaf Jóhannesson og Hermann Jónasson sem allir voru forsætisráðherrar þessarar þjóðar og fóru að með allt öðrum hætti en sá sem nú gegnir þessu embætti.

Ég skal stytta mál mitt, hæstv. forseti, þó mér sé enn mikið í hug um þetta mál. Ég held að ekki verði hjá því komist að þessi mál verði rædd allítarlega, ekki einungis í dag heldur fleiri daga hér á hinu háa Alþingi ef hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að leitast við að troða þessu máli í gegnum Alþingi nú fyrir jól. Og ég held að það sé ástæða fyrir þá sem mundu eiga undir högg að sækja eftir að þetta frv. væri orðið að lögum að snúast til varnar með enn skipulegri og ríkulegri hætti en gert hefur verið þó vasklega sé að verki staðið hjá þeim ýmsum. Þetta er slíkt óþurftarmál að það þarf án efa að grípa til þeirra ráða, þeirra röksemda sem tiltækar eru í þessu máli til þess að koma í veg fyrir að það verði samþykkt. Ég hlýt að skora á ýmsa af þeim sem kallast vera stjórnarsinnar

hér á Alþingi, að þeir skoði hug sinn áður en þeir ganga í það óþurftarverk með hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra að samþykkja þetta frv. Ég beini máli mínu til þeirra, þótt þeir séu ekki hér viðstaddir í salnum, að þeir athugi vel sinn gang því það mun verða *tekið eftir hver afstaða þeirra verður.*

Ég ætla svo að ljúka máli mínu með því að vitna til þess, sem ég gerði í upphafi, að stefnumál okkar sjálfstæðismanna eru þau að við viljum auka starfsemi á sviði umhverfismála. Við viljum gæta enn betur en verið hefur að verndun og eftirliti með náttúruauðlindum landsins, bæði á landi og í sjó. Við viljum kosta kapps um að koma í veg fyrir mengun og þar er okkur allra nauðsynlegast að gæta að hafinu í kringum landið og á nálægum hafsvæðum þar sem við eigum meira undir og meira í húfi en nokkur önnur þjóð hér á norðurslóð. En við viljum ekki gera það með því að setja á laggir nýtt ráðuneyti af þessum toga. Við viljum gera það með því að ein stjórnarráðsdeild annist samræmingu á starfi þeirra ráðuneyta ýmissa og þeirra félagasamtaka og einstaklinga sem að þessum málum vinna. Við viljum fara að í samræmi við þá meginreglu sem mótuð hefur verið á alþjóðavettvangi góðu heilli og við teljum að á þann veg einn megi meðferð þessara mála vera í farsælum farvegi. Nái sú stefna fram að ganga sem hæstv. ríkisstjórn er hér að beita sér fyrir, er að líkum, eins og fram kemur í sumum umsögnum þeirra mætu manna sem hér hefur verið vitnað til, verið að efna til ófriðar, óeindrægni og skaða í þessum málum. Glapræði, segir Sigurður Blöndal. Á þann hátt skulum við ekki standa að verki, heldur fara með friði en ekki ófriði.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu um þessi mál þó að þau séu stór og viðamikil og miklu máli skipti hvernig til tekst. Það hefur verið talin pólitísk nauðsyn á að setja á stofn umhverfisráðuneyti og það af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi að það sé önnur staða hjá íslenskri ríkisstjórn að sá maður sem fer með slík mál í samskiptum erlendis sé ráðherra, umhverfisráðherra. Auðvitað má deila um þetta eins og annað. En það er ekki þar með sagt að hann geti ekki haft fleiri ráðuneyti en þetta eina ráðuneyti, enda mun svo verða.

Í öðru lagi hefur verið talin og er pólitísk nauðsyn að halda þessu máli fram vegna þess samkomulags sem varð þegar mynduð var síðari ríkisstjórn Steingríms *Hermannssonar.* En þó ég segi þetta, þá er margt hér eða töluvert sem ég hef athugasemdir við.

Hér er ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. sem er hér til umræðu. Þau eru að vísu tvö og hafa aðrir rætt það þannig. Það er frv. til l. um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og frv. til l. um breytingu á lögum um náttúruvernd o.s.frv. Það sem ég nem staðar við eru fyrst og fremst ákvæðin til bráðabirgða. Með leyfi forseta stendur hér:

„Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frv. til l. um umhverfisvernd."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hagstofuráðherra, að því hvort þetta verði embættismannanefnd eða hvort þetta verði pólitísk nefnd þannig að það sé hægt að reyna að hafa áhrif á það hvernig þessi lög verða. Enn fremur er sagt í 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða:

„Fyrir 1. nóvember 1990 skal umhverfisráðherra í samráði við viðkomandi ráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglum sem tengjast verksviði umhverfisráðuneytis."

Það er auðvitað mjög mikið mál hvernig frá þessu verður gengið. Í umræðum sem urðu um þetta málefni utan dagskrár hér á dögunum spurði ég hæstv. ráðherra, vegna þess að samtök sem ég er fulltrúi hér fyrir gerðu miklar athugasemdir við vissa liði þessa umhverfismálafrv., sérstaklega í sambandi við náttúruvernd, landgræðslu og skógrækt, ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort ekki væri rétt skilið hjá mér að það væri aðeins eftirlitsþátturinn sem heyrði undir umhverfismálaráðuneyti, hitt allt mundi heyra undir landbrn. Okkar stefna hefur verið sú og ég hef skilið ráðherrann þannig að hann vildi skoða það að það yrðu náttúruverndar- eða umhverfismálanefndir úti í kjördæmunum og það væri fyrst og fremst þeirra mál og landbrn. að fylgjast með þessum málum, eftir verði aðeins eftirlitsþátturinn. Þetta er aðalatriði í mínum huga.

En þá rekur maður sig á annað í frv. til l. um breytingu á lögum um náttúruvernd o.s.frv. Þá stendur hér í 1. gr., þ.e. síðasta mgr., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965, og laga um skógrækt nr. 3 6. mars 1955, með síðari breytingum, getur umhverfisráðherra að fengum tillögum Náttúruverndarráðs fyrirskipað sérstakar friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 4. og 5. mgr."

Hér er um verulega breytingu að ræða miðað við það sem við höfum talað um og fulltrúi okkar, dr. Bjarni Guðleifsson, taldi sig hafa fengið þegar hann ákvað að samþykkja að Landgræðslan og Skógræktin væru undir eftirliti umhverfisráðuneytisins og að standa að því að þetta frv. yrði lögfest. Það væri hægt að lesa upp úr greinargerðinni máli mínu til staðfestingar þar sem er bókað eftir Bjarna Guðleifssyni, en það ætla ég ekki að gera. Ég vil eindregið óska eftir að hæstv. hagstofuráðherra svari þessum spurningum.

Eitt er það líka sem er svolítið undarlegt og ég hef tekið undir með síðasta hv. ræðumanni. Það er að þarna eigi að færa yfirstjórn mála er falla undir lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 23. ágúst 1988, frá heilbr.- og trmrn. til umhverfisráðuneytis. Ég skil eiginlega ekki þessa breytingu, ég bara skil hana ekki. Og ég vil einnig fá tækifæri til að ræða um þetta efni við ráðherrann.

Sem sagt, ég ætla að láta þetta nægja til að tefja ekki þetta mál. En ég óska eindregið eftir því að það komi fram hjá hæstv. hagstofuráðherra hér á eftir hvort *minn skilningur sé ekki réttur á þessum atriðum. Og*

þegar verður farið að fjalla um að semja þessi frumvörp, bæði frv. til laga um umhverfisvernd og þau sem ég talaði um og eru nefnd hér í ákvæðum til bráðabirgða, hvort það verði ekki hægt að koma að því á einhvern hátt til þess að reyna að hafa áhrif á það hvernig þessi lög verða úr garði gerð.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það var vissulega fróðlegt að heyra síðasta ræðumann, hv. 6. þm. Norðurl. e., lýsa tilurð þessa frv. Hv. þm. er einn af aðstandendum þessarar ríkisstjórnar. Hann, og sá flokkur sem hann er fulltrúi fyrir hér á hv. Alþingi, styður þessa ríkisstjórn og hefur tekið þátt í undirbúningi mála á hennar vegum. Hann lýsti því yfir að þetta mál væri til komið vegna pólitískrar nauðsynjar og sú pólitíska nauðsyn markaðist af tvennu:

Í fyrsta lagi að það væri nauðsynlegt að samræmi væri í samskiptum við útlönd á sviði umhverfismála.

Í öðru lagi vegna samkomulags sem gert var þegar síðari ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð.

Það er auðvitað mjög fróðlegt fyrir hv. Alþingi að fá slíka skilgreiningu á því hver er grundvöllur að jafnstóru og afdrifaríku máli og hér um ræðir. Þetta frv. fjallar um mjög umtalsverðar breytingar á okkar stjórnkerfi, það fjallar um stofnun nýs ráðuneytis. Það fjallar um að flytja fjöldamarga málaflokka frá öðrum ráðuneytum undir þetta nýja ráðuneyti. Og allt er þetta gert, að mati hv. 6. þm. Norðurl. e., allt er þetta gert af pólitískri nauðsyn til þess að tryggja reglu í samskiptum við útlönd og til þess að standa við samkomulag sem gert var þegar mynduð var síðari ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

Það er ekki hátt risið á þessu máli þegar maður hefur fengið slíka skilgreiningu frá einum af máttarstólpum þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Við Íslendingar erum oft dálítið seinheppnir. Tískustefnur frá útlöndum ná oft ekki að ströndum Íslands fyrr en þær eru búnar að ganga sér til húðar í öðrum löndum. Þegar fánýti þeirra er að verða fólki í öðrum löndum ljóst þá grípa Íslendingar þær oft fegins hendi og taka til við að framkvæma þær í gríð og erg. Við höfum oft upplifað þetta. Ég nefni t.d. ýmsar stefnur í menntamálum. Það eru ekkert mjög mörg ár síðan að það var mikil tíska hér á Íslandi að kenna reikning eftir svokallaðri mengjaaðferð. Við tókum þetta upp þegar aðrar þjóðir voru að láta af þessari stefnu. Þetta barst seint að okkar ströndum en við tókum hins vegar að framkvæma þetta í gríð og erg og niðurstaðan af því er sú að hér er heil kynslóð gangandi sem ekki kann að reikna. Auðvitað hurfu menn frá þessu þegar þeir áttuðu sig á fánýti þessarar kenningar en þá var löngu búið að leggja hana af í öðrum löndum.

Eitt slíkt tískufyrirbæri speglast í þessu frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. um stofnun sérstaks umhverfismálaráðuneytis. Ég get alveg tekið undir allt það sem aðrir hafa sagt hér um mikilvægi umhverfismála. Á þann málaflokk ber vissulega að leggja þunga áherslu og Sjálfstfl. hefur vissulega gert það, bæði með sérstöku frv. sem hér hefur verið lagt fram og aðrir gert að umtalsefni í þessari umræðu, þ.e. 4. mál þessa þings, frv. til l. um samræmda stjórn umhverfismála en 1. flm. þess er hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen.

Ég vil líka benda á að Sjálfstfl. gerði mjög ítarlega ályktun um umhverfismál á nýafstöðnum landsfundi flokksins sem haldinn var nú í byrjun október. Í almennri stjórnmálaályktun þess landsfundar voru nokkrir málaflokkar sem flokkurinn vildi leggja sérstaka áherslu á teknir út úr og umhverfismálaþátturinn var einn af þeim málaflokkum. Um hann sagði í landsfundarályktun flokksins, með leyfi forseta:

„Vernda verður umhverfið og græða landið. Setja þarf almenn lög um umhverfismál og fela samræmingu þeirra einu ráðuneyti án þess að stofnað verði nýtt ráðuneyti um þessi mál. Mengunarvarnir verði efldar og endurvinnsla aukin. Íslendingar hafi frumkvæði að samstarfi þjóða á norðurslóðum um mengunarvarnir í hafinu. Um það og önnur hafréttarmál hefur Sjálfstfl. haft frumkvæði."

Þetta er úr hinni almennu stjórnmálayfirlýsingu landsfundarins þar sem tekinn er út úr einn af tiltölulega fáum málaflokkum og gerð sérstök skil í almennu ályktuninni. Að auki var samþykkt ítarleg ályktun um umhverfis- og skipulagsmál sem ég ætla að gera hér aðeins að umtalsefni.

Í þessari ályktun segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sérstöðu Íslands í umhverfismálum og mótar stefnu sína eftir henni. Hafið er mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Varnir gegn mengun sjávar og skynsamleg nýting fiskistofna og sjávarspendýra eiga að njóta forgangs í umhverfismálum.

Gróðurlendi Íslands er aðeins lítill hluti þess sem var. Náttúrulegar aðstæður bjóða upp á mikla möguleika til að efla landkosti og fegra umhverfið. Náttúra Íslands er viðkvæm. Því þarf að stórefla mengunarvarnir opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga.

Í samræmi við þessar forsendur mótar Sjálfstæðisflokkurinn framsækna stefnu þar sem lögð er áhersla á athafnir og framfarir og leitast er við að virkja einstaklingana og samtök þeirra til að takast á við höfuðviðfangsefni umhverfismálanna."

Þetta var bein tilvitnun í upphaf ályktunar landsfundar Sjálfstfl. um umhverfis- og skipulagsmál en síðan eru áherslupunktar sem Sjálfstfl. vill leggja áherslu á í þessum málaflokki raktir í ellefu töluliðum og ég ætla að gera hvern þeirra að umtalsefni fyrir sig.

„Skógrækt, landgræðsla og gróðurvernd verði stóraukin. Einstaklingar og samtök þeirra verði styrkt með beinum framlögum til landgræðslu og skógræktar. Bændastéttin verði efld til aukinnar þátttöku í uppgræðslustarfi. Þannig verði viðurkennt í verki að þessir aðilar eru styrkasta framfaraafl sem hægt er að virkja til að efla gróðurlendið." — Þetta var fyrsti töluliður þessarar ályktunar.

Eins og næstsíðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Norðurl. v., rakti í mjög ítarlegri ræðu sinni hér áðan, þá er

í því frv. sem hér liggur fyrir gengið þvert á þessar hugmyndir. Það er ekki verið að boða samstarf við þá sem helst nýta landið, þ.e. bændur, við uppgræðslu skóga eða lands eða gróðurvernd, heldur verið að efna til illinda og stríðsástands þeirra á milli eins og hv. þm. rakti mjög rækilega. Þess vegna held ég að þar sem fjallað er um þennan þátt mála í þessu frv. sé illa að málum staðið.

Annar töluliður í þessari ályktun er svohljóðandi:

„Rannsóknir á mengun sjávarins kringum Ísland verði efldar. Íslendingar hafi frumkvæði að samstarfi þjóða á norðurslóðum um varnir gegn mengun sjávar og ferskvatns og um málefni er varða viðhald vistfræðilegs jafnvægis í hafinu og eðlilega nýtingu auðlinda þess."

Hér er vikið að mjög mikilvægum þætti þar sem er mengun sjávar hér á norðurslóðum. Þrátt fyrir að samþykkt hafi verið þáltill. um þetta mál hér á hv. Alþingi fyrir allnokkrum árum síðan — mig minnir að flutningsmenn hafi verið þeir Pétur Sigurðsson sem þá sat hér á þingi og núv. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson — sérstaklega um mengunarvarnir í hafinu og samstarf við aðrar þjóðir, þá hefur það komið í ljós þegar spurst var fyrir um framgang þessarar tillögu að nákvæmlega ekki neitt hafi verið gert í því að hafa frumkvæði að samstarfi þjóða á norðurslóðum um varnir gegn mengun sjávar.

Það virðist sem allur áhugi þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr beinist að því að koma upp flóknu og umfangsmiklu stjórnkerfi í kringum mengunarmálin í stað þess að grípa á málunum sjálfum og þar með hefur verið vanrækt allt frumkvæði í jafnmikilvægum þætti eins og þarna er á ferðinni.

Í þriðja lagi var ályktað svo: „Sjálfstæðisflokkurinn telur að mengunareftirlit sé best komið í höndum sveitarfélaganna. Efla þarf mengunarvarnir og stuðla að endurnýtingu úrgangs. Eftirlit með notkun og förgun hættulegra efna verði aukið. Gera þarf stórátak í frárennslis- og sorpeyðingarmálum."

Hér er sem sagt vikið að mengunareftirliti og það er eindregin skoðun Sjálfstfl., samkvæmt þessari ályktun, að slíkt eftirlit sé best komið í höndum sveitarfélaganna sjálfra. Það þurfi ekki og það eigi ekki að miðstýra þeim þætti með því að setja yfirstjórn þeirra undir eitthvert sérstakt nýtt ráðuneyti.

Ég hygg að þessi þáttur sé svo samofinn málefnum sveitarfélaganna sjálfra að miklu skynsamlegra og æskilegra sé að hafa hann áfram í því ráðuneyti sem fjallar um sveitarstjórnarmál, þar sem viss samræming þarf að eiga sér stað, en að setja hann í sérstakt umhverfismálaráðuneyti.

Í fjórða tölulið þessarar ályktunar er fjallað um löggjöf á þessu sviði og þar segir: „Sett verði almenn lög um umhverfisvernd og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. Umhverfismál eru flókin og samofin flestum öðrum málaflokkum. Stjórn umhverfismála fléttast því inn í málefni sem heyra undir mörg ráðuneyti. Forðast ber að líta svo á að stjórnun sé forgangsverkefni í umhverfismálum. Þess ber sérstaklega að gæta að aukin framlög til umhverfismála fari til framkvæmda en ekki til að koma upp dýru stjórnkerfi."

Í þessum orðum er fólgin hver er afstaða Sjálfstfl. til stjórnunar þessara mála og sú afstaða kemur að sjálfsögðu fram í því frv. sem ég gat um áðan og flutt hefur verið um samræmda stjórn umhverfismála. Þar er gert ráð fyrir því að umhverfismál heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti, þ.e. aðallega þrjú ráðuneyti, félmrn. sem skuli fara með skipulagsmál, heilbr.- og trmrn. sem fari með málefni sem snerta mengunarvarnir aðrar en varnir gegn mengun sjávar og samgöngu- og umhverfisráðuneyti sem fari með málefni er snerta varnir gegn mengun sjávar, alhliða náttúruvernd og friðun villtra dýra. Síðan er gert ráð fyrir að samgöngu- og umhverfisráðuneyti fari einnig með stjórn þeirra umhverfismála sem önnur ráðuneyti fari ekki með og að það ráðuneyti fari með erlend samskipti á sviði umhverfismála í samráði við stjórnarnefnd umhverfismála.

Ég held það sé mikill misskilningur hjá hæstv. ríkisstjórn að sú miðstýring, sem nú er verið að gera ráð fyrir með stofnun þessa umhverfisráðuneytis, eigi eftir að skila betri árangri. Þvert á móti er hér verið að koma upp dýru og kostnaðarsömu stjórnkerfi sem á örugglega ekki eftir að skila þeim árangri sem að er stefnt miðað við þá reynslu sem nú þegar er komin af slíkum ráðuneytum erlendis. Og það er líka mikill misskilningur að hafa það sem forgangsverkefni í umhverfismálum, eins og þessi hæstv. ríkisstjórn virðist gera, að koma upp flóknu stjórnkerfi. Hún virðist líta svo á, þessi hæstv. ríkisstjórn, að stjórnun sé forgangsverkefni í umhverfismálum.

Fimmti töluliðurinn í landsfundarályktun Sjálfstfl. um þennan málaflokk hljóðar svo: „Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að árangur í umhverfismálum byggist á skilningi almennings og áhuga á náttúru landsins. Almenningur þarf því að hafa greiðan aðgang að nútímalegum upplýsingum um landið og náttúru þess. Fræðsla um náttúruvernd og umhverfismál verði aukin í skólum og meðal almennings. Horfið verði frá miðstýringu í náttúruvísindum, stutt verði dyggilega við það frumkvæði á sviði náttúrufræði sem dafnað hefur utan höfuðborgarsvæðisins. Náttúrugripasöfn og náttúrufræðistofnanir um land allt verði efldar til að mynda þann almenna þekkingargrunn sem náttúruvernd og áhugi á umhverfismálum byggjast á."

Hér er sem sagt lögð áhersla á samstarf við almenning í þessum málum og á fræðslu í skólum landsins og meðal almennings og að stuðlað verði að því að efla þær stofnanir sem sinna náttúru landsins og umhverfi landsins víða um landið. Ég vil t.d. sérstaklega nefna í þessu sambandi Náttúrufræðistofnunina á Norðurlandi sem hefur unnið mjög gott starf í sambandi við öflun upplýsinga um náttúru landsins og umhverfismál.

Sjöundi töluliðurinn fjallar um ferðamál. Þar segir: „Við uppbyggingu og skipulag ferðamála verði þess gætt að hlífa viðkvæmum landsvæðum, ekki síst á hálendinu, svo komið verði í veg fyrir alvarleg um-

hverfisspjöll af völdum ferðamanna á viðkvæmum og fjölsóttum stöðum."

Þetta er auðvitað eitt af þeim vandamálum sem mjög steðja að okkur, þ.e. hvernig við eigum að koma í veg fyrir alvarleg umhverfisspjöll á viðkvæmum og fjölsóttum stöðum, ekki síst á hálendi landsins sem er einstaklega viðkvæmt fyrir allri umferð.

Mér finnst satt að segja að við höfum ekki sinnt því nægilega vel hvernig við eigum að gera það. Auðvitað kemur til mála í því sambandi að friðlýsa miklu stærri hluta af miðhálendi landsins og hafa miklu meira eftirlit með því hverjir fara inn á það og hvernig gengið er um þessi svæði. Og í rauninni sé ég ekkert koma í veg fyrir að hægt verði að taka gjald fyrir að fara inn á þessi svæði til þess að fá tekjur til að standa undir eftirliti og aðgerðum til að endurbæta þessi svæði en það tíðkast auðvitað alls staðar erlendis þar sem um slík svæði er að ræða að ferðamenn þurfa að standa að einhverju leyti sjálfir undir slíkum kostnaði.

Í áttunda lagi segir: „Íslendingar taki aukinn og virkan þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi til verndar umhverfinu og til þess að vinna gegn umhverfisspjöllum í lofti, á láði og í legi. Umhverfisvernd verði einn af grundvallarþáttum í utanríkisstefnu þjóðarinnar."

Það er hugmynd okkar samkvæmt þessu frv. sem ég gat um hér áðan, um samræmda stjórn á sviði umhverfismála, að það verði samgrn. sem breyti um nafn og heiti samgöngu- og umhverfisráðuneyti, sem fjalli um og hafi með höndum alþjóðleg samskipti á þessu sviði.

Í níunda lagi segir í ályktun landsfundarins: „Sjálfstfl. vill efla sjálfstæði sveitarfélaga og samtaka þeirra í skipulags- og umhverfismálum og gera þeim kleift að annast þessi mál með breytingum á skipulagslögum er miða að því að draga úr afskiptum ríkisvaldsins."

Hér er tekið á mjög mikilvægum þætti, þ.e. skipulagsmálum sveitarfélaga. Mér sýnist að þetta frv. sem hér er á ferðinni gangi þvert á þá stefnu. Hér eigi nú að flytja skipulagsmálin frá félmrn. í sérstakt umhverfismálaráðuneyti og allur sá hugur sem þar er að baki stefni í þá átt að tök ríkisvaldsins verði miklu sterkari eftir það á skipulagsmálum sveitarfélaganna. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sjálfan sig að því: Hvort eru skipulagsmál nátengdari umhverfismálunum eða sveitarstjórnarmálunum? Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því. Skipulagsmálin eru nátengdari sveitarstjórnarmálunum og eiga því að vera í því ráðuneyti sem sveitarstjórnarmál almennt eru frekar en umhverfismálin.

Ég hef lesið með athygli nýlegt erindi sem flutt var á ráðstefnu sem haldin var í Norræna húsinu þann 22. okt. 1989 undir titlinum „Við erum gestir og hótel okkar er jörðin. Ný lífssýn. Hvar stöndum við? Hvert stefnum við?" Á þessari ráðstefnu voru flutt allmörg erindi og m.a. flutti Bjarni Reynarsson, sem er doktor í skipulagsfræðum, erindi sem hann kallar „Forsjárhyggja eða frelsi í skipulagi byggðar." Í þessu glögga erindi rakti hann nokkuð hvernig við höfum stjórnað okkar skipulagsmálum á undanförnum árum og hvatti til breytinga á þeim. Í erindi hans segir m.a.:

„Á seinustu 10–15 árum hafa áherslur í skipulagsmálum á Norðurlöndum sem og í flestum löndum Vestur-Evrópu nema á Íslandi færst frá þessari fastbundnu skipulagsáætlun yfir í opnara, einfaldara og sveigjanlegra skipulagskerfi. Skýringarnar á þessari þróun erlendis eru aðallega þrjár:

1. Þjóðfélagsgerðin er orðin mun opnari og valddreifing hefur því aukist almennt.

2. Sveitarfélög hafa verið stækkuð og fengið um leið aukna ábyrgð og völd í mörgum málaflokkum, t.d. skipulagsmálum.

3. Uppbygging borga hefur ekki verið jafnhröð seinasta áratuginn og á 5. og 6. áratugnum og því ekki jafnmikil þörf fyrir stranga stýringu í skipulagi. Frekara skipulag sé unnið til að hvetja til uppbyggingar, t.d. í niðurníddum miðborgum."

Hann rekur síðan nokkuð hinar íslensku aðstæður, hvernig þróun byggðar hefur verið hér á landi frá fámenni til þéttbýlis, hverjar helstu hugmyndir hafa verið í skipulagsmálum hér, en segir svo, með leyfi forseta:

„Seinustu árin hefur verið mikil umræða um skipulagsmál meðal fagmanna á Norðurlöndunum. Í framhaldi af þessari umræðu hafa komið fram breyttar áherslur í meðferð skipulagsmála, m.a. í nýjum skipulagslögum. Aðalvaxtarstefnan í þjóðfélagsþróun á Norðurlöndunum seinustu tvo áratugina hvað varðar stjórnun og skipulag hefur verið frá miðstýringu til valddreifingar, sem leitt hefur til einföldunar á lögum og stjórnkerfi."

Hér er sem sagt verið að fara í öfuga átt. Hér er verið að fara frá valddreifingu til miðstýringar, því, eins og ég segi, með því að slíta skipulagsmálin úr tengslum við sveitarstjórnarmálin almennt, fela þau sérstöku ráðuneyti, er alveg ljóst að hugmyndafræðin á bak við er strangari tök ríkisins á skipulagsmálum sveitarfélaganna, meira eftirlit og minna sjálfstæði sveitarfélaganna til að ráða sínum eigin málum.

Í tíunda lagi segir í ályktun landsfundar Sjálfstfl.: „Fræðsla um skipulagsmál, umhverfismótun og byggingarlist verði efld í skólum landsins og fjölmiðlum og meira tillit verði tekið til séríslenskra aðstæðna en gætt hefur í þessum málum."

Í ellefta lagi segir: „Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á varðveislu fornminja og menningarverðmæta og vill vernda þau eldri mannvirki sem öðrum fremur eru til marks um sögu og sérkenni hvers byggðarlags."

Ég hef hér rakið, herra forseti, stefnu Sjálfstfl. í umhverfismálum og ég hef talið nauðsynlegt að gera það, bæði vegna þess að hér er um mjög nýlega stefnumótun að ræða eftir mjög vandaðan undirbúning á landsfundi Sjálfstfl. og einnig til þess að undirstrika að ágreiningurinn í þessu máli er ekki um mikilvægi umhverfismála eða umhverfisverndar. Ég hygg að um það sé ekki ágreiningur hér á hv. Alþingi að hér er um einn mikilvægasta málaflokk að ræða

sem við þurfum um að fjalla og þýðing umhverfisverndar fer vaxandi frá ári til árs. Ágreiningurinn er hins vegar um það hvort við eigum nú að fara að fylgja tískustefnum sem hafa verið uppi í okkar nágrannalöndum, en menn eru farnir að hafa miklar efasemdir um og hafa ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt í upphafi.

Stofnun umhverfismálaráðuneyta hafa verið mjög í tísku, sérstaklega á fyrri hluta þessa áratugs, jafnvel að einhverju leyti á þeim síðasta. Þetta hefur verið gert á Norðurlöndum, þetta hefur verið gert í Þýskalandi og víðar og með þeim afleiðingum að nú eru komnar upp miklar efasemdir um gagnsemi slíkra ráðuneyta. Þessi ráðuneyti hafa reynst mikil skrifinnskubákn. Hv. 2. þm. Norðurl. v. rakti það mjög ítarlega í sinni ræðu hér áðan hversu þau hafa dregið til sín þúsundir starfsmanna. Þetta er langstærsta ráðuneytið í Danmörku og þetta eru orðin mikil skrifræðisbákn.

Gagnrýnin sem nú er farið að bera mjög mikið á og er orðin allhávær á Norðurlöndunum er að ráðuneyti þessi hafa einangrað umhverfismálin sem málaflokk. Mörg önnur ráðuneyti, eins og t.d. þau ráðuneyti sem fjalla um atvinnumál í viðkomandi löndum, líta orðið á umhverfismálaráðuneytin sem andstæðing sinn en ekki sem samstarfsaðila. Jafnframt verður æ meira vart tilhneigingar til þess að varpa allri ábyrgð af umhverfismálunum yfir á umhverfismálaráðuneytið. Þetta er þeirra mál en ekki okkar, er hugsunarháttur sem er kominn upp og orðinn allsráðandi í fjöldamörgum ráðuneytum á Norðurlöndum og mörgum stofnunum sem fjalla um mál sem snerta umhverfi mannsins. Þetta álit mitt byggi ég m.a. á samtölum við marga stjórnmálmenn á Norðurlöndum sem segja að þetta hafi verið rangt skref sem stigið var á sínum tíma. Þeir sjá eftir því að þetta skref hafi verið stigið og vara við því að við Íslendingar förum að apa þetta eftir. Mér er hins vegar alveg ljóst að þegar rætt er við starfsmenn þessara ráðuneyta og þeir eru kallaðir til ráðlegginga um þennan málaflokk, hvort sem það er að halda fyrirlestra hér á Íslandi eða þeir spurðir, einhverjir af þessum þúsundum sem hafa orðið atvinnu af því að sinna þessum störfum í þessum ráðuneytum og hafa lifað góðu lífi á því, ég er alveg viss um að ef þeir eru spurðir, þá er þetta hið besta mál og þeir hvetja til stofnunar slíkra ráðuneyta sem víðast. En ef menn tala við stjórnmálamenn, þá sem reyna að vega og meta árangurinn af þessum störfum utan frá, þá eru efasemdirnar mjög sterkar. Hefur umhverfismálaráðuneyti í Danmörku t.d. skilað árangri? Hefur þetta fjölmennasta ráðuneyti í Danmörku komið í veg fyrir mengun þar? Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig af því að Danmörk er það Norðurlandanna þar sem mengun er hvað mest og umhverfisspjöllin og umhverfisvandamálin hvað mest. Það er alveg ljóst að þetta einangraða umhverfismálaráðuneyti hefur á engan hátt getað komið í veg fyrir mengun og maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Hefði ekki náðst betri árangur þar með annars konar stjórnunaraðgerð?

Hugmyndir um eitt umhverfismálaráðuneyti byggir á miðstýringarhugmyndum og miðstýringarhugmyndir hafa alltaf reynst illa í framkvæmd. Ég hygg að það sé miklu farsælla í þessum málaflokki eins og öðrum að dreifa ábyrgðinni og mér sýnist að í þessum efnum ætli íslenskir vinstri menn nú að verða enn kaþólskari en páfinn.

Brundtland-skýrslan hefur komið til umræðu hér í þessari umræðu og ýmsir rætt um hana. Mér skilst nú reyndar á hæstv. ráðherra Hagstofu að hún hafi einungis selst hér í þremur eintökum. Ef svo er þá er ég svo heppinn að hafa eitt þeirra hér í höndunum. Þessi skýrsla heitir: „Our Common Future, the World Commission on Environment and Development". Ýmsir hafa vitnað í þessa skýrslu hér. Skýrslan er hið merkasta plagg. Ég vil t.d. geta þess að ég hafði ánægju af því að lesa kaflann um hafið sem sameiginlega auðlind því að þar er sérstaklega rætt um hafréttarsáttmálann, efni hans rakið og hvatt til þess að sem flest ríki staðfesti þennan sáttmála. Á það hefur skort að ýmis ríki, ekki síst ýmis voldugri iðnríki vilji staðfesta þennan sáttmála, sérstaklega vegna deilna um auðæfi á hafsbotni. En ég verð auðvitað að viðurkenna að ég hef ekki lesið þessa skýrslu frá orði til orðs, enda er hún rúmlega 360 blaðsíður, þéttskrifuð með tiltölulega smáu letri. En það sem ég hef þó lesið í þessari bók er ein samfelld aðvörun gegn miðstýringu í þessum málaflokki, gegn tilhneigingu undanfarinna ára til að loka þennan málaflokk inni í ákveðnum stofnunum. Það er rakið víða í þessari skýrslu að umhverfismálin séu svo víðfeðmur málaflokkur en jafnframt svo samofinn og samþættur fjöldamörgum málaflokkum í þjóðfélaginu að þar verði ekki greint í sundur. Ég bendi t.d. sérstaklega á lokakafla Brundtland-skýrslunnar. Fyrirsögnin er í lauslegri þýðingu: „Í átt til sameiginlegra aðgerða, tillögur um breytingar á stofnunum og löggjöf." Þetta er XII. kafli skýrslunnar.

Í þessum kafla er það ítarlega rakið, eins og ég gat um áðan, að viðfangsefni á sviði umhverfismála séu svo samofin og samþætt öðrum málaflokkum að meðhöndlun þessara málaflokka í dag, bæði hjá alþjóðastofnunum og hjá ráðuneytum í einstökum ríkjum sé í algeru ósamræmi við þá staðreynd hversu þessi málaflokkur er samofinn öðrum málum. Það skín út úr hverri einustu blaðsíðu í þessari skýrslu að ekki megi rífa stjórnun umhverfismála úr tengslum við aðra málaflokka og það er rakið í ítarlegu máli hvernig þetta hefur gerst, bæði hjá alþjóðastofnunum og í ráðuneytum, sjálfstæðum umhverfismálaráðuneytum og það er alls staðar varað við þessu.

Hvað er verið að gera hér á Íslandi? Við erum að taka upp gamla tískustefnu. Með því að samþykkja þetta frv. er verið að stíga langt skref til baka aftur í tímann í átt til fyrirkomulags sem aðrar þjóðir eru nú hvattar til að losa sig við í þessari Brundtland-skýrslu sem ég hef verið að vitna til. Og það er sárgrætilegt til þess að vita að ástæðan fyrir þessu sé, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði í sinni ræðu, pólitísk nauðsyn, í fyrsta lagi vegna þess að tryggja þurfi samskipti við

útlönd, eins og hann orðaði það og í öðru lagi vegna samkomulags sem varð þegar síðari ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð. Það er hin pólitíska nauðsyn sem rekur til þess að við erum nú að ræða þetta frv. um nýtt umhverfismálaráðneyti. Það er ekki vegna umhyggju fyrir þessum málaflokki sjálfum. Það er verið að grípa gamla tískustefnu sem allir vara nú við að sé sett í framkvæmd, grípa þessa gömlu stefnu í skammtímahagsmunapoti einstakra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka hér á Íslandi. Þess vegna hlýtur Alþingi að taka þetta mál til mjög rækilegrar meðferðar, bæði hér í þessari umræðu og svo í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál því það er alveg ljóst að stjórn þessa málaflokks verður slæm ef þetta frv. verður að lögum. Þá er verið að stíga skref til baka. Við erum að láta eins og vind um eyrun þjóta aðvaranir alþjóðlegra stofnana um það hvernig eigi að stýra þessum málaflokki.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Þetta frv. er tiltölulega einfalt. Það felst eingöngu í því að bæta einu ráðuneytinu við með því að setja inn í 1. mgr. 4. gr. á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti": umhverfisráðuneyti. Það má því segja að þetta frv. láti lítið yfir sér og menn gætu haldið að það þyrfti ekki langar umræður um svo einfalt mál sem þetta. En þegar skyggnst er á bak við tjöldin, aðdragandi málsins skoðaður, kemur í ljós að þetta er mál sem auðvitað þarf að ræða rækilega hér á hinu háa Alþingi og mun ég taka þátt í þeim umræðum þótt ég hafi ekki hugsað mér að flytja hér mjög langt mál.

Á undanförnum árum og áratugum hefur skilningur vaxið á umhverfisvernd og mengunarvörnum og ég held að óhætt sé að fullyrða að allir stjórnmálaflokkar sem hér starfa hafi fullan skilning á þýðingu þessa mikilvæga málaflokks. Á hinu háa Alþingi hafa oftsinnis farið fram umræður sem tengjast umhverfismálum og mengunarvörnum. Ég minni á það hér að á sínum tíma var rætt um ósonlagið og nú þegar hafa Íslendingar gerst aðilar að sáttmálum og bókunum er varða það mál en tildrögin voru þau að á vegum iðnrn. var á sínum tíma sett á laggirnar nefnd til þess að kanna hvernig Íslendingar ættu að bregðast við því, sem öllum er ljóst orðið, að ósonhjúpurinn hefur verið að eyðast, a.m.k. á suðurhveli jarðar, jafnvel einnig að verulegu leyti yfir norðurhveli jarðar. Auðvitað liggur engin sönnun fyrir því af hverju þetta stafar en líkur benda til þess að ýmis efni sem mannkynið hefur tekið í sína þjónustu valdi því að ósonlagið eyðist. Ég fagna því að sjálfsögðu að íslenska ríkið hefur nú, með tilstuðlan Alþingis í formi þál., tekið af skarið fyrir Íslands hönd í þessu mjög svo veigamikla máli. Reyndar er það þannig að allt frá því snemma á síðasta áratug og jafnvel lengur hafa farið fram mælingar hér á landi á þykkt ósonlagsins. Úrvinnsla þeirra mælinga hefur ekki átt sér stað hér en Veðurstofan hefur haft samstarf við erlenda aðila, fyrst og fremst kanadíska. Þessi málaflokkur hefur verið ofarlega á baugi í Kanada og jafnframt í Bandaríkjunum en þar hafa umræður verið einna mestar um þetta og eins um annað atriði sem er kannski nátengt í umræðunni en það eru gróðurhúsaáhrifin svokölluð.

Ég minni jafnframt á viðbrögð íslenskra stjórnmálamanna og stjórnvalda varðandi hugmyndir sem uppi hafa verið um að stækka og breyta endurvinnslustöðinni í Dounreay. Íslensk stjórnvöld, þar á meðal hæstv. núv. ríkisstjórn, hafa brugðist hart við ákvörðunum um að stækka og endurreisa þá stöð. Sama gildir um fyrri ríkisstjórnir og ég minnist þess þegar ég starfaði í iðnrn. að hafa hitt að máli starfsbróður í breska iðnrn., Cecil Parkinson, og fært þetta í tal við hann. Lofaði hann á sínum tíma að koma þeim sjónarmiðum til skila til breskra stjórnvalda annarra. Ég minnti þá á frumkvæði Íslendinga, þá einkum þáverandi samgrh. Matthíasar Bjarnasonar, sem í Cardiff stuðlaði að því að fá samþykkta tillögu um bann við því að úrgangsefni frá slíkum landstöðvum rynnu til sjávar. Fundurinn í Cardiff byggðist á svokölluðu Parísarsamkomulagi sem menn kannast við. Ýmislegt fleira mætti tína til, svo sem endurvinnslu á ýmiss konar úrgangsefnum sem mikið hefur verið til umræðu, notkun á einnota umbúðum í okkar umbúðaþjóðfélagi og fleira í þeim dúr. Öll þessi mál hafa verið til umræðu hér á hinu háa Alþingi og ég held að engum blandist hugur um að það er mikill áhugi á þessum málum, vaxandi áhugi, þótt auðvitað megi ávallt gera betur.

Fyrir þessu Alþingi, og reyndar einnig á síðasta þingi, var frv. sem sjálfstæðismenn hafa flutt og í því frv. koma fram hugmyndir sjálfstæðismanna um það hvernig eigi að samhæfa og mynda samstarfsgrundvöll fyrir þau málefni sem við teljum eðlilegt að um sé rætt þegar til samræmdra aðgerða þarf að grípa í umhverfisvernd og mengunarvörnum.

Allt þetta rifja ég upp hér til þess að það blandist engum hugur um það að allir stjórnmálaflokkar, hvort sem þeir styðja að hér verði sett á laggirnar umhverfisráðuneyti eða stjórnkerfið bregðist öðruvísi við, allir þessir flokkar eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til þess að við náum betri tökum á þessum málum en áður.

Það sem skyggir hins vegar nokkuð á er að það frv. sem hér er til umræðu, og reyndar það frv. sem er næsta mál á dagskrá, er undirbúið í tengslum við mál allt, allt annars eðlis en það sem snertir umhverfismál og mengunarmál. Það er ljóst að frv. er lagt fram í miklum flýti, fyrst og fremst til þess að bjarga núverandi hæstv. ríkisstjórn sem, áður en Borgfl. kom til liðs við ríkisstjórnina, hafði ekki haldbæran meiri hluta á Alþingi.

Það er raunar ákaflega merkilegt að rifja upp þá sögu þegar núv. hæstv. ríkisstjórn var að fara á fjörurnar við Borgfl., rifja það upp að til stóð að Alþfl. og Alþb. létu af hendi eitt ráðuneyti hvor flokkur, til þess að geta innlimað Borgfl. í núverandi stjórnarsamstarf. Það sýnir kannski heilindi þessara

flokka að hvorugur flokkurinn vildi leggja neitt af mörkum. Alþb. neitaði að leggja til samgrn., sem lá þó beint við, og Alþfl. neitaði að leggja til iðnrn. eða viðskrn. eins og farið hafði verið fram á. Hins vegar brást Framsfl. öðruvísi við, lét af hendi dómsmálin og síðan var annar af fulltrúum Borgfl., hæstv. ráðherra Júlíus Sólnes, dubbaður upp og gerður að hagstofuráðherra en það er nýmæli í íslenskri stjórnmálasögu að einn ráðherra fari með það ráðuneyti eitt.

Ástæðan fyrir því að nú á að húrra þessu máli sem hér er til umræðu í gegnum þingið er auðvitað engin önnur en sú að þegar núv. ríkisstjórn var mynduð fyrr í haust var því lofað að hæstv. ráðherra Júlíus Sólnes fengi umhverfisráðuneyti. Og það lá svo mikið á að breyta heiti hæstv. ráðherra að því var lofað í þokkabót að nýtt umhverfismálaráðuneyti tæki til starfa um næstu áramót, alveg burtséð frá því hvort undirbúningur málsins væri með eðlilegum hætti eða ekki.

Það er þess vegna ljóst að þessi frv. sem hér er verið að ræða eru táknræn fyrir þá hugmynd hæstv. ríkisstjórnar að nauðsynlegt sé að hún haldi lífi, að nauðsynlegt sé að fresta kosningum eins lengi og hægt er. Í raun má segja að óttinn við kosningar haldi þessari ríkisstjórn saman og óttinn við kosningar hefur gert það að verkum að Borgfl. hefur gengið til liðs við þá stjórnarflokka sem sátu í fyrri ríkisstjórn hæstv. forsrh. sem hann myndaði fyrir rúmu ári síðan.

Þetta þarf að koma fram, ítrekað og aftur, í þessum umræðum til þess að öllum sé ljóst að það er ekki áhugi á umhverfismálum sem slíkum sem er ástæðan fyrir því að þetta mál er hér til umræðu, heldur er fyrst og fremst verið að finna leið til þess að festa Borgfl. í sessi með þeim hætti sem talið er mannsæmandi fyrir slíkan flokk, þannig að hæstv. ráðherra Júlíus Sólnes þurfi ekki að sitja uppi með það að vera einungis hagstofuráðherra það sem eftir lifir af lífstímabili hæstv. ríkisstjórnar.

Að áliti Sjálfstfl. hefði verið nær að taka fyrsta skrefið í þessum efnum með þeim hætti að samræma aðgerðir í umhverfismálum með því að setja upp stjórnardeild í einu af þeim ráðuneytum sem nú starfa og láta síðan tímann leiða í ljós hvort nýtt ráðuneyti sé heppilegt eða hvort áfram yrði haldið á þeirri braut að samhæfing og samstarf ætti sér stað í einu ráðuneyti en ábyrgðin yrði á vegum margra ráðuneyta. Slíkt hefði auðvitað verið miklu nærtækara ef menn hefðu viljað dreifa valdinu í þessum efnum og koma í veg fyrir miðstýringu. Fyrri ræðumenn hafa gert grein fyrir því hvers vegna Sjálfstfl. er á móti þessu frv. og hvers vegna hann kýs ekki að styðja þær miðstýringarhugmyndir sem koma fram í þessu frv. og því frv. sem er til umræðu næst á dagskránni.

Það skiptir mjög miklu máli að átta sig á því að grundvöllur stefnu Sjálfstfl. er sá að hann telur að það þurfi að gæta þess að ábyrgðin á þessum málum sé sem allra víðast. Það er álit Sjálfstfl. að það sé óheppilegt, málefnisins vegna, að slíta ábyrgðina af umhverfisspjöllum frá þeirri starfsemi sem hugsanlega getur spillt umhverfinu. Við höfum sýnt fram á með ærnum rökum að erlendis þar sem umhverfisráðuneyti hafa verið sett á laggirnar hafi það orðið til þess að árekstrar hafi orðið á milli umhverfisráðuneytisins annars vegar og hins vegar annarra ráðuneyta sem hafa yfir ýmissi starfsemi að segja sem eðli máls samkvæmt getur mengað og spillt umhverfinu. Við sjálfstæðismenn teljum að það sé afar nauðsynlegt að ábyrgðin og starfsemin fari saman en skiljum það til hlítar að til þess að ná skjótvirkum árangri þegar á þarf að halda og til þess að móta framtíðarstefnu sé eðlilegt að slíkt gerist í einu af starfandi ráðuneytunum og þá séu til kallaðir þeir aðilar sem hafa með ábyrgð á starfseminni að gera í öðrum ráðuneytum.

Það hefur verið rakið mjög rækilega í þessum umræðum að skilningur á þessu virðist vera mjög mikill, t.d. hjá þeim sem sömdu Brundtland-skýrsluna, en þótt auðvitað megi deila um hvernig túlka eigi heildarniðurstöðu hennar er ljóst að í henni kemur fram það sjónarmið, og gengur í gegnum skýrsluna eins og rauður þráður, að efnahagsmál og umhverfismál megi aldrei aðskilja.

Það er einmitt þessi grundvöllur sem er jafnframt grundvöllur stefnu Sjálfstfl., að þeir sem fara með efnahagsstarfsemina, fara með atvinnustarfsemina, eigi að bera ábyrgð á sínum gjörðum og það sé einungis til bölvunar að taka þessi mál, umhverfismálin, ábyrgðina á mengunarvörnum og umhverfisspjöllum frá þeim sem stunda viðkomandi starfsemi í landinu.

Við viljum þess vegna að það sé fyrst og fremst samræming og samstarf sem eigi sér stað og það eigi að koma í stað stofnunar sérstaks ráðuneytis. Og við höfum bent á frv. sem liggur í nefnd og var flutt af hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen og öllum öðrum þm. Sjálfstfl. í neðri deild.

Við teljum jafnframt að það hefði verið nær fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn að beina kröftum sínum að því að breyta stjórnarráðslögunum með þeim hætti að fækka ráðuneytum. Ég vil til að mynda benda á að það hefði verið lag nú að sameina iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í eitt ráðuneyti, ekki síst vegna þess að sami maðurinn fer með bæði ráðuneytin. Ég tel, og tel mig hafa nokkra reynslu af starfi í öðru ráðuneytinu, að það sé mjög heppilegt að steypa þessum ráðuneytum saman, ekki síst með tilliti til þess að iðnaðar- og viðskiptastefna eru samofnar og starfsemi þessara ráðuneyta er nokkuð með öðrum hætti en starfsemi annars vegar landbrn. og hins vegar sjútvrn. þar sem opinber afskipti eru mun meiri en í verslun og iðnaði.

Stefna Sjálfstfl. byggist jafnframt á því sem við getum kallað sérstöðu Íslands. Við bendum á að við lifum hér á sjávarfangi. Við höfum bent á að eyðing gróðurs og landkosta sé helsta umhverfisvandamál þjóðarinnar. Við höfum bent á, sem allir vita, að hér á landi er loftslag kalt og öll endurnýjun í náttúrunni tekur miklu lengri tíma en í öðrum löndum. Þess vegna þurfum við að beina spjótum okkar að þessum málum umfram það sem aðrar þjóðir þurfa að gera.

Og loks höfum við bent á að lega landsins, fjarri helstu iðnríkjum, veitir okkur nokkra sérstöðu í þessu máli.

Aðalatriðið fyrir okkur, sem lifum fyrst og fremst á sjávarfangi, er að snúa okkur að hafinu í kringum landið og sjá til þess í samningum við aðrar þjóðir að sjórinn verði ekki mengaður og þess gætt að þessi auðlind Íslendinga verði sem allra hreinust á komandi árum.

Við höfum jafnframt bent á, og það er okkar skoðun, að það hefði verið nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að leggja áherslu á aðgerðir í umhverfismálum fremur en yfirbygginguna utan um þennan málaflokk. Það hefði kannski mátt nota þá fjármuni, sem nú eiga að fara í að steypa saman nokkrum stofnunum undir umhverfisráðuneyti, til þess að endurheimta landgæði á næstu árum og spara þannig fé og nýta það til umhverfismálanna sjálfra og aðgerða í þeim fremur en að byggja upp nýtt ráðuneyti.

Við höfum gagnrýnt það í þessum umræðum, ásamt fulltrúum Frjálslynda hægriflokksins, að þegar undirbúningur þessa frv. átti sér stað var einungis leitað til tveggja þáverandi stjórnarandstöðuflokka, annars vegar Borgfl. og hins vegar Kvennalista og skiljum ekki hvers vegna ekki var leitað til annarra stjórnmálaflokka ef það hefur verið hugmynd hæstv. ríkisstjórnar að ná þessu máli fram á tiltölulega skömmum tíma á yfirstandandi þingi. Mér er nær að halda að menn hafi ætlað sér að taka nokkurn tíma í málið en eftir að Borgfl. tengdist ríkisstjórninni hafi verið sett í þriðja gír til þess að þvinga málið fram af stjórnmálalegum ástæðum en ekki umhverfislegum ástæðum.

Ég bendi á að í grg. frv. kemur skýrt fram að ekki var samstaða í nefndinni og kemur það sérstaklega fram af hálfu Bjarna Guðleifssonar náttúrufræðings sem hefur fyrirvara um vissa þætti málsins. Segir það auðvitað sína sögu um að um málið eru miklar deilur og þær deilur ná auðvitað inn í raðir stjórnarflokkanna sem eðlilegt er.

Í frv. eru boðaðar tilfærslur á mörgum stofnunum og málaflokkum. Það mál verður auðvitað hv. allshn. að skoða mjög rækilega. Sérstaklega þarf að skoða vel hvar þeirri starfsemi sem í hlut á sé best fyrir komið í stjórnkerfinu og það hlýtur að vera meginreglan að meiri tengsl og stærri hluti starfsemi ráði staðsetningu fremur en að senda heilar stofnanir eða málaflokka til umhverfisráðuneytisins þótt lítið brot af því sem stofnunin fer með heyri undir umhverfisráðuneytið verði frv. að lögum.

Þá virðist ekki vera gætt samræmis í meðferð málefna í hliðstæðum ráðuneytum og kemur það fram í greinargerðinni enda myndaðist ekki samstaða í hópnum sem undirbjó frv. Samkvæmt frv. er t.d. starfsemi sjútvrn. undanþegin en hluti af starfi landbrn. færður til umhverfisráðuneytis. Ég hygg að það hafi fyrst og fremst verið ráðherra sjávarútvegsmála sem hafi ráðið því að ekki var snert við Hafrannsóknastofnun. Hins vegar hafi hæstv. landbrh. talið að hann — fyrst hann ekki gat látið af hendi og séð á eftir samgrn. — gæti séð á eftir nokkrum málaflokkum sem nú heyra undir landbrn. til umhverfismálaráðuneytis eða þá að hann hafi gert það í trausti þess að ýmsir aðrir þingmenn úr stjórnarherbúðunum mundu koma í veg fyrir að það gerðist, enda er ljóst að ýmsir af þingmönnum t.d. Framsfl. hafa lýst því yfir að þeir telji að farið sé rangt að þegar verið er að skipta landbrn. upp og senda vissan hluta af þeirri starfsemi sem heyrt hefur undir það ráðuneyti yfir í umhverfisráðuneytið.

Í frv. er gert ráð fyrir að umhverfisráðuneytið sé mjög víðtækt, það taki til margra málaflokka, og á sumum sviðum er jafnvel gengið lengra en meðal okkar nágrannaþjóða, eins og t.d. hjá Dönum og Norðmönnum þótt þar séu mjög stór umhverfismálaráðuneyti. Dæmi um starfssvið sem gert er ráð fyrir að flytjist til umhverfisráðuneytisins en eru ekki í þessum löndum eru t.d. geislavarnir, heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit, enda hafa komið fram mótmæli af hálfu þeirra sem starfa við þessa málaflokka og þessi starfssvið þegar rætt hefur verið um frv. og umsagnir gefnar, bæði óumbeðnar og umbeðnar.

Við höfum lagt á það mikla áherslu, og enn á ný hlýt ég að koma að því, að frv. boðar aukna miðstýringu í stað valddreifingar. Við höfum bent á að tilfærslur á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga úr heilbrmrn. í umhverfisráðuneyti hlýtur að þýða það að leita verður samþykkis og samkomulags við sveitarfélögin í landinu enda snertir þetta mál verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Það er þess vegna eðlilegt að þessi mál þurfi að skoða mjög vel. Það er eðlilegt að þeir sem ekki hafa fengið tækifæri til þess að fjalla um málið á undirbúningsstigi vilji nú við 1. umr. málsins leggja mikla áherslu á þessa þætti sem ég hef nefnt.

Ef litið er á greinargerð með fyrirliggjandi frv. má benda á, sem ég hef áður gert, að það er nokkuð sérkennilegt að sumum stjórnarandstöðuflokkum hafi verið boðin þátttaka við undirbúninginn en ekki öðrum. Slíkur undirbúningur flýtir að sjálfsögðu ekki fyrir máli eins og þessu. Í öðru lagi má benda á að í nefndinni sem vann að undirbúningnum varð ágreiningur eins og rækilega er lýst á bls. 10 og reyndar á bls. 2 einnig. Það er hins vegar kannski merkilegast að lesa kafla á bls. 5 í grg. með þessu frv. sem heitir: Helstu röksemdir fyrir stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis. Þar kemur nefnilega glöggt í ljós á hve veikum grunni frv. er flutt hér í sali Alþingis.

Í fyrsta lagi segir, með leyfi forseta: „Með því að sameina helstu þætti umhverfismála undir eitt ráðuneyti ætti afgreiðsla, og stefnumótun, að ganga greiðar en ella. Mál lenda síður í ágreiningi milli ráðuneyta eða sérstofnana þeirra." Þetta er auðvitað alrangt. Það mætti vel hugsa sér að samhæfing og samræming í einu af starfandi ráðuneytum næðu sama markmiði, og hvað varðar síðari þáttinn, um það að mál lendi síður í ágreiningi milli ráðuneyta og sérstofnana þeirra, hefur það komið í ljós og er þekkt í umræðu erlendis að hið gagnstæða hefur gerst. Þarf ég ekki annað en að minna á ræðu síðasta hv. ræðumanns og

þær áhyggjur sem koma fram m.a. í Brundtlandskýrslunni þegar menn reyna að einangra umhverfisvernd og mengunarvarnir í sérstökum hólfum, sérstökum skápum og kirnum eða ráðuneytum, og ræna þannig menn sem starfa við hluti, sem auðvitað gætu mengað, þeirri ábyrgð sem hlýtur að vera hjá þeim aðilum. Það má þess vegna miklu fremur halda því fram að með því að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti sé verið að opna leið fyrir því að ágreiningur verði á milli ráðuneyta og sérstofnana.

Í öðru lagi, og það er önnur röksemdin sem kemur fram, segir: „Ýmis áætlanagerð um umhverfismál yrði hægari í höndum aðila sem horft gæti óhlutdrægt á sjónarmið mismunandi hagsmunahópa. Ábendingar ættu að koma fyrr fram þegar ábyrgð á afgreiðslu skyldra mála er í meginatriðum á einni hendi." Í fyrsta lagi er út í bláinn að tala um óhlutdrægni því að auðvitað er það hlutdrægt þegar menn horfa á þessi mál úr væntanlegu umhverfisráðuneyti, en þó er ekki verið að halda því fram að það sé verri afstaða en önnur. Hún er hlutdræg af því að horft er á málin frá fyrst og fremst einum sjónarhóli. En látum það vera. Ef menn hefðu ætlað að ná þessum markmiðum fram hefði verið auðvelt að gera það í ráðuneyti sem hefði með samræmingu þessara málaflokka að gera.

Í þriðja lagi, og það er þriðji þátturinn í röksemdunum í grg. frv. fyrir því að setja á stofn sérstakt ráðuneyti, segir orðrétt, með leyfi forseta: „Dregið yrði úr þeim hagsmunaárekstrum sem fylgja því að atvinnuvegasjónarmið og tengd friðunar- og verndunarsjónarmið heyra undir sama ráðuneytið eins og nú er algengast." Þetta er auðvitað alrangt eins og margoft hefur verið sýnt fram á. Það er verið að búa til ný vandamál, vandamál þess efnis að slagsmál geti orðið á milli ráðuneyta og það er auðvitað grundvallaratriði að ábyrgðin á mismunandi starfsemi sé hjá þeim sem stunda slíka starfsemi. Það er hins vegar augljóslega til bóta ef samræmingin á aðgerðunum heyrði til einu ráðuneyti. Af þessum ástæðum er hægt að hafna þeim rökum sem koma fram í þessum þriðja lið.

Í fjórða lagi segir svo, með leyfi forseta, þegar verið er að rökstyðja það að setja þessi mál í sérstakt ráðuneyti: „Á alþjóðavettvangi er afar mikilvægt að ímynd Íslands sé hreint og óspillt land, m.a. með hliðsjón af útflutningi á matvælum og vaxandi ferðamannaþjónustu. Sterkar líkur eru á að í vaxandi mæli verði lögð áhersla á hin samofnu tengsl umhverfisverndar og auðlindanotkunar og jákvætt samhengi umhverfisverndar og hagvaxtar þegar til lengri tíma er litið. Umhverfisráðuneyti, sem markaði stefnu á þessu sviði og hefði nauðsynlega yfirsýn, er líklegra til árangurs en mörg ráðuneyti hvert á sínu sviði." Hafi einhvern tíma verið seilst langt í röksemdafærslu er það gert í þessum 4. lið. Það hlýtur að vera í verkahring hæstv. forsrh., forsrn., en forsrh. hæstv. er mikill áhugamaður um þetta atriði, að ímynd Íslands sé hreint og óspillt land. Það hlýtur að vera í verkahring hæstv. ríkisstjórnar allrar að móta stefnu í þessum málum, og það er meiri hætta á því að til árekstra komi ef umhverfismálin eru sett í eitt ráðuneyti en ef hæstv. forsrh. og forsrn. tækju þetta mál að sér og samræmdu þannig átak í þessum efnum sem næði til allra ráðuneyta en það væri ekki einungis horft á þessi mál með augum umhverfisráðuneytis. Það má því segja að þessi 4. liður sé fremur röksemd gegn frv. en ekki.

Loks er í fimmta lagi, virðulegur forseti, sagt til þess að rökstyðja það að það eigi að setja á laggirnar nýtt ráðuneyti, orðrétt: „Nauðsynlegt er að einn aðili hafi yfirumsjón með vaxandi erlendum samskiptum á sviði umhverfismála." Ég spyr: Gæti ekki starfandi ráðuneyti, sem hefði sérstaka stjórnardeild eða samræmdi aðgerðir á þessu sviði, sinnt erlendum samskiptum alveg eins og sérstakt ráðuneyti? Að sjálfsögðu liggur svarið í augum uppi: Það er mjög auðvelt og þetta þekkist í stjórnkerfinu mjög víða. Auðvitað heyra margir málaflokkar undir hin og þessi ráðuneyti. Ég vil t.a.m. benda á mengun í hafinu sem heyrir undir Siglingamálastofnun, Siglingamálastofnun heyrir undir samgrn. og ég veit ekki betur en að það hafi verið leyst með ágætum hætti, að hæstv. samgönguráðherrar á hverjum tíma hafi beitt sér fyrir aðgerðum á þessu sviði og sinnt erlendum samskiptum þannig að til fyrirmyndar hefur verið. Nýtt ráðuneyti breytir engu í því sambandi.

Að öllu samanlögðu, virðulegur forseti, sýnist mér vera augljóst að þau rök sem hér eru sett á borð séu falsrök. Það er lítill vandi að sýna fram á það að í raun og veru mætti með sömu rökum og hér eru dregin upp komast að þeirri niðurstöðu að óheppilegt væri að setja sérstakt ráðuneyti upp um umhverfismálin.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, hvetja þá hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar til þess að kanna það og skoða mjög rækilega. Ég tel, vegna þess hvernig að þessu máli hefur verið staðið, nauðsynlegt að þingnefndin sjálf vinni þá vinnu sem undirbúningsnefndin gerði ekki. Það er mikið starf fyrir höndum hjá hv. nefnd. Það þarf að kalla til fjölda aðila og ræða þetta mál með opnum hætti og það má allra síst villa nefndarmönnum sýn. Sú röksemd að það þurfi að keyra þetta mál fram fyrir áramót til þess að bjarga hæstv. ríkisstjórn: Í raun og veru þá má færa rök fyrir því, og það er afar einfalt, að það besta sem gæti komið fyrir væri að hæstv. ríkisstjórn færi frá. En nú er það svo að hæstv. ráðherrar og stuðningslið þeirra hér á hv. Alþingi ætla sér að sitja áfram hvað sem það kostar. Óttinn við þjóðina, óttinn við kosningar er svo mikill að það er nánast alveg sama hvað skeður, ríkisstjórnin ætlar sér að sitja.

Hæstv. ríkisstjórn sem leggur fram fjárlagafrv., eins og þessi ríkisstjórn hefur gert, ríkisstjórn sem kaupir til liðs við sig flokk sem þorir ekki að ganga til kosninga vegna fylgisleysis; sú ríkisstjórn ætlar sér að sitja hvað sem tautar og raular. Það er þess vegna engin hætta á því þótt frv. verði ekki að lögum fyrir áramót að upp úr slitni milli hæstv. ráðherra eða milli stjórnarflokkanna. Það er alveg ljóst — og það er kannski ágætt að spyrja hæstv. hagstofuráðherra að því hvort það sé ekki alveg ljóst, til þess að firra

hæstv. forsrh. áhyggjum, að Borgfl. mun ekki fara úr hæstv. ríkisstjórn þótt frv. verði ekki að lögum í næsta mánuði.

Ég skil vel áhyggjur hæstv. forsrh. að hann þori ekki annað en að reyna að efna þau loforð sem gefin voru við upphaf stjórnarsamstarfsins. Ég teldi það hins vegar vera mjög gott ef hæstv. hagstofuráðherra gæti staðfest það í þessum umræðum að í raun og veru sé þetta hégómamál, að setja upp sérstakt ráðuneyti, það sé ekki svo mikilvægt, að auðvitað muni ekki hæstv. hagstofuráðherra segja sig úr ríkisstjórninni eða Borgfl. segja sig úr lögum við ríkisstjórnina þótt málið yrði skoðað með þeim hætti sem eðlilegt er.

Ég tel, virðulegur forseti, ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég hef reyndar verið mjög stuttorður um frv. Ég hefði getað flutt hér miklu lengra mál og komið að miklu fleiri þáttum sem snerta frv. en hef kosið, þar sem nú er orðið nokkuð framorðið, að ljúka hér ræðu minni og gefa hæstv. ráðherrum þannig tækifæri til að svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint og tækifæri til að svara þeirri röksemdafærslu sem hér hefur komið fram í dag frá öllum þeim ræðumönnum sem hafa gagnrýnt frv. og undanskil ég þá ekki þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. og telst hann þó víst enn í liði stjórnarsinna.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér liggja fyrir til umræðu um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1959, um Stjórnarráð Íslands, og fylgilög með því varðandi umhverfismálaráðuneyti eru stór og mikill málaflokkur.

Í umræðum hér í dag og fyrir nokkrum dögum hefur verið varpað fram allmörgum spurningum varðandi þessi mál og það er ekki að ástæðulausu að umræður hafa teygst á langinn.

Nú er það svo að umhverfismál eru tískumál álfunnar, tískumál heimsins í dag. Menn hafa gert sér grein fyrir þeirri þörf að saman fari umhverfi sem er sem allra minnst mengað og hvar sem er á hnettinum því að þetta er ekki bundið við eitt þjóðland. Þó nokkuð margar ráðstefnur hafa verið haldnar um þessi mál undanfarin ár. Hér hefur verið vitnað allmjög til skýrslu Brundtland. En það eru fleiri aðilar sem hafa fjallað um þetta, m.a. Norðurlandaráð og Evrópuráðið, og hafa gert viðamiklar skýrslur um þessi mál. Það sem fyrst og fremst vefst hér fyrir mönnum er með hvaða hætti á að skipa þessum málum. Í fyrsta lagi hvort í rauninni sé þörf á umhverfismálaráðuneyti. Við frjálslyndir hægrimenn teljum að svo sé ekki og teljum að besta skipan þessara mála sé þannig að umhverfismálin verði samræmd og falli undir þau ráðuneyti þar sem eðlilegt má telja að þau séu. Ég nefni sem dæmi hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem sannarlega eiga best heima undir heilbrrn. Um fleiri málaflokka hefur verið rætt hér þegar og vil ég ekki lengja mál mitt með því sérstaklega. En það eru þessi atriði sem er ágreiningur um. Menn eru ekki sammála um að í rauninni þurfi sérstakt ráðuneyti til að fara með þessa málaflokka.

Við höfum þegar fengið að sjá fyrstu tölur um kostnað við ráðuneytið. Ég vil þakka hæstv. hagstofuráðherra og jafnframt hæstv. forsrh. fyrir það að láta fylgja með kostnaðaráætlum, því það er auðvitað til mikilla bóta. Þar kemur fram að fyrstu drög að þessu ráðuneyti kosta tæpar 30 millj. kr. En þetta ráðuneyti hefur ekki orðið að lögum enn þá og áður en svo er hafa okkur borist fregnir af því að í morgun hafi verið lögð fram umsókn um aðrar 30 millj. kr. til samnorræns verkefnis á þessu sviði eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. kom hér inn á fyrr í dag og skýrði þingheimi frá að komið hefði fram í fjvn.

Það er þá auðsætt að þetta er þegar komið í 60 milljónir. Við erum ekki stór þjóð og þjóðartekjur hafa dregist saman, ráðstöfunartekjur fólksins hafa dregist saman. Á sama tíma hafa útgjöld ríkisins vaxið stig af stigi með þeim ógnarhraða að þau eru nánast orðinn hryllingur. Það er því ekki á bætandi þegar menn ætla að fara að bæta hér við einu bákninu í viðbót.

Ég nefndi hér áðan að allmargir aðilar hafa fjallað um þessa málaflokka. Fyrir skömmu síðan hélt Norðurlandaráð ráðstefnu um mengun sjávar. Sú ráðstefna var sótt af þingmönnum héðan. Þeir stóðu þar að samþykktum — nú hefði verið nauðsynlegt að fá þessa þingmenn hér til umræðu um þessi málefni, m.a. hv. 1. þm. Norðurl. v., hv. 2. þm. Austurl. og einhverjir fleiri munu hafa verið þar sem stóðu að þessum ályktunum.

Nú er það svo að þessar ályktanir og þetta lokaskjal sem var samþykkt á ráðstefnu Norðurlanda eru ekki bindandi fyrir þjóðþing. Þrátt fyrir það sýnir það ákveðinn vilja. Þeir þingmenn sem voru á þessari ráðstefnu voru frá Belgíu, Kanada, Tékkóslóvakíu, Danmörku, Vestur-Þýskalandi, Finnlandi, Austur-Þýskalandi, Írlandi, Hollandi, Noregi, Póllandi, Sviþjóð, Sviss, Sovétríkjunum, Bretlandi, Færeyjum, Grænlandi, Álandseyjum auk Íslendinga. Lokaskjal ráðstefnunnar er alllangt og ber þess glögg merki að þessir hv. þingmenn hafa mikinn áhuga á þessum málaflokki. Þess vegna vekur það furðu að hv. þingmenn sem sátu þessa ráðstefnu eru löngu farnir úr þingsal, horfnir til heima sinna og hafa ekki meiri áhuga á þessum málaflokki en svo að þeir sýna ekki stjórnarandstöðunni þá virðingu að hlusta á hana.

Á þessari ráðstefnu voru lagðar fram mjög merkar skýrslur. Þar má t.d. minna á sérstakt skjal sem hét „Mengun af völdum landbúnaðar". Það hefði því verið býsna fróðlegt að fá hér hv. 1. þm. Norðurl. v. til að segja þingheimi hvað stendur í þessu skjali sem hann hefur, eftir því sem manni skilst, tekið gott og gilt. Þar er rætt mjög ítarlega um mengun af völdum landbúnaðar, svo sem af völdum tilbúins áburðar og ýmsar hliðarverkanir af völdum hans og sýnt fram á hvernig tilbúinn áburður berst til sjávar með ánum, hvernig efni eins og bæði fosfór og nítrogen berst til sjávar og í vötn og hefur þau áhrif á lífríkið að það er stór hætta af því.

Hér í þinginu eru miklu hæfari menn til þess að fjalla um þetta, menn sem hafa í mörg ár sérhæft sig á þessum sviðum, en eru nú fjarri góðu gamni og hafa lítið talað um þessar skýrslur sem eru lagðar þarna fram. Hefði verið fróðlegt að fá að heyra hvað þeir segja um þær.

Það kemur m.a. fram í skýrslu um mengun af landbúnaði að það er mikil mengun í ánum sem falla í Norður-Atlantshafið, í Ermarsundið og þar að auki verður töluverð loftmengun af völdum landbúnaðarins. Þessi skýrsla er þó fyrst og fremst miðuð við Norðursjó. En eins og við vitum og komið hefur fram á þessu þingi berst mengun um hafsvæðin frá Skagerrak, Kattegat og þeim hafsvæðum, hingað út á Atlantshafið. Straumarnir taka hana og bera hingað til Íslands. Þess vegna er það mjög mikilsvert að við fengjum svör við nokkrum spurningum um það. Ég þykist vita að umræddir þingmenn hafi kynnt sér þessar skýrslur sem eru mjög fróðlegar og gætu svarað spurningum okkar um það hvernig þeir hygðust stemma stigu við þessari mengun.

Mengun og náttúruvernd er einn stærsti málaflokkurinn á Íslandi í dag. Almenningur hefur gríðarlegan áhuga á þessum málum og þar sem mest bjátar á hjá okkur er vissulega í landvernd og gróðurvernd. Hér hafa farið fram margháttaðar tilraunir og rannsóknir á gróðurlendi og hvernig við eigum að vinna okkar gróðurlendi til baka. Með þeim hætti sem það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að búta þessa starfsemi í sundur, er gengið skref aftur á bak. Það er gengið í átt að því að gera þessa starfsemi óvirkari. Gera hana með þeim hætti að fjármagn sem rennur til slíkra mála nýtist ekki.

Ég vil sérstaklega minnast á þetta og þá ekki síður á það að ef þetta frv. um umhverfismálaráðuneyti nær fram að ganga tel ég að það sé verr af stað farið en heima setið. Það er vafalaust svo að skipan þessara mála var á sumum sviðum orðin allgóð. Ég minni á ráðstefnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem var haldin fyrir skömmu, þar sem var flutt erindi um þetta. Þar var bent á það með mjög sterkum rökum að það frv. sem lægi hér frammi væri ekki til bóta, það væri verra að láta það ná fram að ganga á mörgum sviðum. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki að það sé rétt að betra sé að skipa málum þannig að árangur náist en að vera að byggja upp bákn til að koma hagstofuráðherranum í ráðuneyti.

Ég tel að þær tillögur sem hér liggja fyrir stefni alveg augljóslega í þá átt að kerfið muni verða óskilvirkara, verra, það muni verða togstreita milli ráðuneyta um málaflokka sem eðlilega ættu að heyra undir önnur ráðuneyti. Nær hefði verið að ráða einn starfsmann, eitt stöðugildi hjá forsrn., sem hefði séð um að samræma störf á þessu sviði og séð um að það væru haldnir reglulegir fundir með ráðuneytum um þessi mál og samráð væri haft milli ráðuneyta. Það er t.d. alveg ljóst að varnir gegn mengun sjávar verða hvergi betur komnar en undir Siglingamálastofnun ríkisins. Þær heyra að sjálfsögðu ekki undir annað og þyrftu að vera í samhengi við sjávarútveginn sem væri miklu nær en að skipta þessu enn upp á nýtt.

Í áðurnefndri ályktun frá ráðstefnu sem var haldin á Norðurlöndunum segir að ráðstefnan samþykki skilgreiningu Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjávarmengun. Að menn setji beint eða óbeint í hafrými, m.a. árósa, efni eða orku þannig að líklegt sé að það hafi skaðvænleg áhrif, skaði t.d. lífrænar auðlindir og sjávarlíf, stofni heilsu manna í hættu, hindri starfsemi á sjó, m.a. veiðar og önnur lögmæt not hafsins, spilli vatnsgæðum sjávar með tilliti til notkunar og fækki þokkafullum svæðum.

Þessi ályktun ber það með sér að við verðum að taka mun fastara á þessum málum og með öðrum hætti. Eins og ég kom hér inn á áðan var á þessari ráðstefnu skjal um mengun frá landbúnaði t.d., og það hefði verið eðlilegra að þau mál heyrðu undir landbrn. og síðan væru samræmd sjónarmið á þessu sviði. Ég verð að segja það eins og er að þegar maður sér hvernig þessum ráðuneytum er skipt upp þá vakna þær spurningar sem hefur verið spurt hér reyndar í þessum umræðum áður. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. 11. þm. Reykn., hvort hann geti lokið ræðu sinni á næstu 2–3 mínútum, eða hvort hann kýs að fresta henni til næsta fundar þegar sama mál verður tekið á dagskrá?) Hæstv. forseti. Ég kýs heldur að fresta ræðunni.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

21. fundur, miðvikudaginn 29. nóv., kl. 1.15 miðdegis.

Málsókn á hendur Magnúsi Thoroddsen.

Fsp. SV, 182. mál. — Þskj. 205.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist fyrirspurn sú frá hv. 6. þm. Norðurl. e. sem prentuð er á þskj. 205. Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að í gær óskaði hv. fyrirspyrjandi eftir því að fyrirspurnin yrði prentuð upp með þeirri breytingu einni að í stað þess að í fyrri tölul. fyrirspurnarinnar var áður vísað í 2. mgr. 11. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er nú vísað í 8. gr. þeirra laga. Fyrirspurnin hljóðar svo eftir endurprentunina:

„1. Hvað veldur því að mál Magnúsar Thoroddsens hefur ekki verið rannsakað að hætti opinberra mála eins og boðið er í 8. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og full tilefni virðast hafa verið til ef marka má kvartanir lögmanns Magnúsar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.?

2. Hvað veldur því að aðeins er höfðað mál á

hendur Magnúsi Thoroddsen vegna áfengiskaupa hans sem einum af handhöfum forsetavalds vegna fjarveru forseta, en ekkert gert í áfengiskaupum annarra sem virðast þó sambærileg að verulegu leyti?"

Forseti hefur efasemdir um að fsp. þessi sé í anda þeirra reglna sem þingið hefur sett sér og starfað eftir varðandi fyrirspurnir til ráðherra. Forseti óskaði því eftir því við hv. fyrirspyrjanda þegar hann lagði fsp. fram að hann félli frá henni en hann varð ekki við því. Þess vegna kaus forseti að vísa málinu til hv. þingheims og verður fyrirspurnin nú borin undir atkvæði umræðulaust skv. 2. mgr. 31. gr. þingskapa, en þar segir:

„Forseti ákveður samdægurs hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi."

Stefán Valgeirsson *(um þingsköp):*

Virðulegi forseti. Ég verð nú að spyrja að því hvað veldur því að hæstv. forseti sameinaðs Alþingis skrifar formönnum þingflokkanna trúnaðarbréf út af þeim fyrirspurnum sem hæstv. forseti var að lesa upp hér áðan. Ég hitti hæstv. dómsmrh. að máli sólarhring áður en þessi fyrirspurn var lögð fram og spurði hann að því hvort hann sæi nokkuð athugavert við það að þessi fyrirspurn yrði lögð fram. Ég óskaði enn fremur eftir því að hann ráðfærði sig við dómsmrn. Sólarhring síðar hitti ég hæstv. dómsmrh. og hann sagði að hann sæi ekkert athugavert við að leggja þessa fyrirspurn fram. Mig eiginlega undrar þessi málsmeðferð og man ekki eftir því á 23 ára þingferli mínum að formönnum þingflokka hafi verið skrifað út af fyrirspurn.

Það var hringt í mig norður í land og óskað eftir því að ég drægi fsp. til baka sem ég auðvitað neitaði eftir að hafa talað við dómsmrh. Síðan var mér sent póstfax til Raufarhafnar og m.a. stendur í þessu (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að virða að það er ekki leyfð efnisumræða um málið.) Ég er að lesa upp hvaða forsendur hæstv. forseti gefur sér sem eru alveg fáránlegar. (**Forseti:** Ég bendi á að umræður um efniságreining og efni almennt eru ekki leyfðar í þessum ...) Mér þykir nú þetta alveg orðið með ólíkindum, þessi stjórn hér á þinginu. Ég verð nú bara að segja það. Ég mun samt virða þetta. En ég endurtek það að mér þykir þetta með ólíkindum. Og svo er annað. Það er víst stuðst við einhverja greinargerð sem einhver lektor í Háskólanum hefur tekið saman fyrir hæstv. forseta og formönnum þingflokkanna var afhent þetta skjal, þessi skýrsla en mér ekki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 6. þm. Norðurl. e. vill forseti leiðrétta: mál af þessu tagi sem forseti er í vafa um þótti mér vera of flókið til þess að ætlast mætti til af þingflokkum að þeir gætu tekið afstöðu til þess nema fá ítarlegar röksemdir fyrir áliti forseta. Þess vegna var formönnum þingflokka sent umrætt bréf og hv. fyrirspyrjanda að sjálfsögðu einnig.

Forseti leitaði sér lögfræðilegs álits á málinu og geta það varla talist slæm vinnubrögð í þessu máli.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp):*

Virðulegur forseti. Þetta er ekki mjög mikilvæg athugasemd, en þó. Hún er þessi: Finnst hæstv. forseta ekki ástæða til að hæstv. dómsmrh. sé viðstaddur þegar málið er tekið fyrir með tilliti til orða hv. þm. sem vísaði til samtals síns við hæstv. dómsmrh. Ég sé að enginn er hér úr hæstv. ríkisstjórn utan hæstv. forsrh. Mér hefði fundist vera ástæða til þess að hinkra aðeins við og bíða eftir því að hæstv. dómsmrh. geti tekið hér þátt í þessari atkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem vitnað var til samtals hans við hv. þm. sem biður um að fyrirspurnin verði leyfð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem ekki fara fram neinar efnisumræður um málið telur forseti það ekki neitt skilyrði að hæstv. dómsmrh. sé viðstaddur þessa atkvæðagreiðslu og mun freista þess að ljúka henni nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Fyrirspurnin leyfð með 34:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, KrP, MálmS, ÓE, ÓÞG, RA, RH, SalÞ, SkA, SV, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AS, AÓB, ÁHE, BÍG, DS, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GHG, GGÞ, GA, HBl, HG, IBA.

nei: PP, ÁrnG, GuðnÁ, JE, JBB, JHelg, JK, GHelg.

RG, StH, SJS, SvG, JGS, JóhS greiddu ekki atkv.

15 þm. (KSG, KE, MF, MB, MÁM, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, GB, HÁ, HJ, JónS, JSS, JúlS) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þingkonur Kvennalistans telja að vandlega athuguðu máli rétt að leyfa að þessi fyrirspurn verði borin fram. Það er þó matsatriði hvort viðeigandi sé að efna til umræðna á Alþingi um mál sem er á mjög viðkvæmu stigi fyrir dómstólum. Hins vegar verður að virða rétt þingmanna til að bera fram fyrirspurnir ef þær brjóta ekki í bága við lög eða varða ekki málefni sem leynt þarf að fara vegna hagsmuna ríkisins eða einstakra manna þó þeir hafi ekki verið sóttir til saka. Þm. segir já.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Afstaða hæstv. forseta til synjunar á að fyrirspurn þessi verði leyfð sýnist byggð á því að óeðlilegt sé að stofna til umræðna á Alþingi um mál

sem beint eða óbeint tengist dómsmáli sem er nú til meðferðar fyrir Hæstarétti. Að minni hyggju er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við að Alþingi ræði slík mál, slíkt hefur áður gerst. Nægir þar að minna á svonefnt Hafskipsmál.

Það sem mér þykir hins vegar óeðlilegt er að hæstv. forseti sameinaðs þings virðist hér vera að taka afstöðu til málsins. Því sýnist mér rétt að leyfa fyrirspurnina þannig að hæstv. dómsmrh. fái tækifæri til þess að svara því sem um er spurt. Ég segi já.

Ragnar Arnalds:

Ég vil fyrst minna á að sá sem leyfir fyrirspurn er ekki með því á nokkurn hátt að taka undir þau sjónarmið sem fram koma í fyrirspurninni. Hann er einungis að leyfa viðkomandi þm. að koma máli sínu á framfæri. Alþingismenn hafa stjórnarskrárbundinn rétt, rétt skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar, til að bera upp erindi við ráðherra og óska svara við þeim. Og þessi réttur er staðfestur í 31. gr. þingskapa, en þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Það er viðurkennt að þessar fyrirspurnir heyra undir viðkomandi ráðherra. Ég sé því ekki betur en fyrirspurnin uppfylli öll þau skilyrði sem lög setja. Ég held að það þurfi æðiþung rök til þess að meina alþm. að bera upp fyrirspurn á Alþingi og ég segi því já.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér er komið fram að mjög nauðsynlegt er að þingmenn hafi víðtæka heimild til að bera fram fyrirspurnir. Hins vegar tel ég afar óeðlilegt að hér séu rædd mál sem eru á viðkvæmu stigi fyrir dómstólum og hefði verið æskilegra að svona fyrirspurn væri rædd eftir að Hæstiréttur kveður upp sinn úrskurð. Aftur á móti hefur hæstv. dómsmrh. sagt að hann sé reiðubúinn að svara fyrirspurninni og því ætla ég ekki að greiða atkvæði.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Fyrri hluti þessarar fyrirspurnar gengur að mínu mati þvert á þau markmið sem felast í aðskilnaði löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdarvalds og Alþingi á sérstaklega að halda í heiðri og tryggja að séu virt. Með því að samþykkja fyrri hluta fyrirspurnarinnar er Alþingi að hafa óeðlileg afskipti af dómsmáli sem Hæstiréttur fjallar nú um. Ég segi ákveðið nei.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Mjög ríkar og gildar ástæður verða að liggja til grundvallar ef neita á þingmanni um að flytja fyrirspurn á Alþingi. Málfrelsi á Alþingi er einn af hyrningarsteinum lýðræðisins. Ég tek enga afstöðu efnislega til þeirra sjónarmiða sem fram koma í fyrirspurninni. Ég segi já.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég tek ekki þátt í því að koma í veg fyrir að þm. fái notið fullra réttinda. Því segi ég já.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég segi, eins og margir aðrir hafa sagt hérna fyrr, ég tek enga efnislega afstöðu til þessarar fyrirspurnar. Ég tel hins vegar mjög óeðlilegt að Alþingi sé beint eða óbeint að blanda sér í umræður um mál sem er á viðkvæmu stigi fyrir dómstólum og tel rétt að slík fyrirspurn ætti þar af leiðandi að bíða uns úrskurður er fenginn í Hæstarétti þar sem málið liggur fyrir og er þess trúlega ekki langt að bíða að því verði lokið þar. Ég segi nei.

Jón Bragi Bjarnason:

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem hér er til umræðu fjallar um mál sem hefur verið dómfest. Það er búið að flytja málið fyrir Hæstarétti og það er búið að dómtaka það fyrir Hæstarétti. Málinu lýkur þar innan nokkurra daga skilst mér. Ég tel að það sé hægt að bera þessa fyrirspurn upp þegar málinu er lokið fyrir Hæstarétti. Ég segi því nei.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þingheimur hefur nú skorið úr þessum vanda forseta og hefur leyft fyrirspurnina og verður hún því tekin á dagskrá og svarað í fyrirspurnatíma.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umræðu í deildinni var umræðu frestað vegna óska um að hv. utanrmn. kæmi saman til fundar til að ræða með hvaða hætti Ísland ætlaði að taka þátt í samningaviðræðum á grundvelli þeirrar skýrslu sem fyrir liggur og í ljósi íslenskra hagsmuna. Það var orðið við þessari beiðni og hv. utanrmn. kom saman til fundar. Það liggur fyrir að hér í umræðunum hafa komið fram þrjár meginhugmyndir um það hvernig standa skuli að framhaldi viðræðna af Íslands hálfu. Engin ein þessara hugmynda sýnist hafa öruggan meiri hluta hér í þinginu. Það hefur á hinn bóginn komið fram að talsmenn fjögurra þingflokka með 34 þm. hafa lýst því yfir að þeir telji eðlilegt og nauðsynlegt að hafnar verði formlegar tvíhliða viðræður til að gæta íslenskra hagsmuna sem fyrst og fremst snúast um sölu á sjávarafurðum á markaði Evrópubandalagsins. Svo virðist því sem þingmeirihluti sé fyrir þessu þó að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafi ekki fallist á slíka málsmeðferð í umræðunum.

Mér er ekki kunnugt um að hv. utanrmn. hafi lokið störfum eða að þar hafi komið fram einhver niður-

staða um það hvernig tillaga eigi að vera um áframhald viðræðna, um umboð og stefnumörkun í viðræðunum af Íslands hálfu. Ég tel nauðsynlegt að þessari vinnu hv. utanrmn. ljúki. Ég tel að með því að fallist var á fund í hv. nefnd hafi hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn í hv. utanrmn. fallist á að nauðsynlegt væri að sú umræða færi fram og þar fengist einhver niðurstaða. Ég óska því eindregið eftir því að hv. utanrmn. fái tækifæri til þess að ljúka sínum störfum og skila einhverri niðurstöðu áður en þessari umræðu verður haldið áfram.

Ég tek einnig eftir því að hæstv. utanrrh. er ekki hér í þingsalnum og þegar af þeirri ástæðu sé ég ekki að unnt sé að halda umræðunni áfram að svo stöddu. En aðalatriðið er að nauðsynlegt er að hv. utanrmn. fái lokið sinni umfjöllun og sínu starfi. Ég óska eftir að umræðunni verði frestað þar til niðurstaða af nefndarstarfinu liggur fyrir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að greina frá því nú í upphafi þessarar framhaldsumræðu að ríkisstjórnin hefur afgreitt þetta mál fyrir sitt leyti á fundi sínum í morgun og gert bókun sem ég vil nú lesa, með leyfi virðulegs forseta:

„Utanríkisráðherra hefur gert ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir sameiginlegum könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið um víðtækara samstarf ríkjanna 18 sem aðilar eru að EFTA og EB. Utanríkisráðherra mun áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram. Jafnframt því sem fylgt verður eftir í þessum viðræðum sameiginlegri kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir innan hins væntanlega evrópska efnahagssvæðis verður haldið áfram tvíhliða viðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið og aðildarríki þess með það að markmiði að tryggja tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og stöðu íslensks sjávarútvegs að öðru leyti. Náið samráð verður haft innan ríkisstjórnarinnar og við utanrmn. Alþingis á öllum stigum málsins."

Ég þarf, virðulegi forseti, ekki að fara mörgum orðum um þessa afgreiðslu ríkisstjórnarinnar. Þó vil ég endurtaka eða vísa til þess sem ég sagði á föstudaginn, að á það er lögð mjög mikil áhersla af hálfu ríkisstjórnarinnar að hafa náið samráð við utanrmn. á öllum stigum þessa máls. Það er að sjálfsögðu afar nauðsynlegt að við séum öll vel upplýst um framgang málsins og það verður vitanlega gert.

Ég vil vekja athygli á því að þær viðræður sem fram undan eru eru eins og hér kemur fram. Fyrst eru undirbúningsviðræður og þar verða dregin fram hin fjölmörgu atriði sem þarf að taka afstöðu til. Í raun kemur þó ekki í ljós hvernig okkar málum miðar áfram fyrr en töluvert seint á næsta ári að öllum líkindum. En þá kemur að fjölmörgum ákvörðunum sem vitanlega verður að taka hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna þarf Alþingi að fylgjast mjög vel með hvernig þetta mál gengur.

Hér er vísað til þeirra tvíhliða viðræðna sem eru í gangi nú og hafa staðið yfir verið bæði með viðræðum við stjórn Evrópubandalagsins í Brussel og sömuleiðis á milli íslenskra ráðherra og fjölmargra ráðherra aðildarríkjanna. Það er dálítill munur á því að halda þeim viðræðum áfram eða óska eftir formlegum tvíhliða viðræðum sem að mínu mati getur því miður ekki orðið af. Í fyrsta lagi eftir að við fáum EFTA-ríkin til þess að taka inn frjálsa verslun með fisk gegn því að við tökum þátt í þessum sameiginlegu viðræðum EFTA-ríkjanna við EB. Við værum þá í raun og veru að draga okkur til baka úr þessum sameiginlegu viðræðum. Ég vek athygli á því að þegar málið var afgreitt í Osló drógu Austurríkismenn sig út úr eða hættu við þá viðleitni sína að ná tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Auk þess hefur Evrópubandalagið hvað eftir annað sagt að það sé ekki reiðubúið til þess að taka upp formlegar tvíhliða viðræður við einstök ríki, heldur vilji það fyrst láta reyna á viðræður við EFTA-ríkin sem slík. Og ég tel satt að segja að það gæti orðið afar hættulegt fyrir okkur Íslendinga að draga okkur þannig nánast út úr þessum sameiginlegu viðræðum EFTA-ríkjanna og ganga gegn yfirlýstri stefnu Evrópubandalagsins. Við kynnum að verða skildir eftir úti í kuldanum, ef ég má orða það svo, þar til þessum sameiginlegu viðræðum er lokið. Ég tel afar mikilvægt að á það fái að reyna hvort þessi sameiginlega krafa EFTA-ríkjanna með fríverslun með fisk nái fram að ganga. Til þess var leikurinn gerður, að fá þetta tekið inn hjá EFTA-ríkjunum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta. En mér finnst sjálfsagt að utanrmn. fái tíma til þess að koma saman og fjalla um þetta og þá verði einhver frestur gerður á umræðu hér.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Sú bókun sem hæstv. forsrh. hefur gert hér grein fyrir um hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst taka á málinu er allsendis ófullnægjandi frá mínum bæjardyrum séð. Í fyrsta lagi tel ég nauðsynlegt að Alþingi álykti sjálft um hvernig halda eigi málinu áfram, en það verði ekki ákveðið með einhliða bókun í ríkisstjórn. Í öðru lagi tel ég efnisatriði vera allsendis ófullnægjandi. Ég tel ekki nægilega skýrt kveðið á um tvíhliða viðræður og tel það vera rangt og hættulegt fyrir íslenska hagsmuni að ætla að geyma þar til síðast samningana um mikilvægasta hagsmunamál Íslendinga (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli á því að hér fer fram efnisleg umræða um þetta mál.) og í þriðja lagi tel ég að hér verði að fara fram umræða um ályktun af þessu tagi og Alþingi sjálft að taka hér ákvörðun.

Ég fagna því svo að hv. utanrmn. gefst tækifæri til þess að fjalla um þessa ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar og ég vænti þess að þar myndist meiri hluti fyrir því að annar háttur verði hafður á þannig að Alþingi sjálft fái tækifæri til að fjalla um málið og taka ákvarðanir og það mál komi til meðferðar í hv. utanrmn. en

fagna því að hæstv. forsrh. hefur á það fallist að umræðunni verði frestað og hv. utanrmn. komi saman.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að minna hv. þm. á að hér fer fram umræða um EFTA og Efnahagsbandalagið og menn verða að leyfa þeim sem á mælendaskrá eru að halda ræður sínar. Þess vegna biður forseti um að ekki séu hafnar hér efnislegar umræður undir þeim formerkjum að menn séu að tala um þingsköp.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég fékk nú ekki betur heyrt en að sú ræða sem hv. 1. þm. Suðurl. flutti hér fjallaði í hæsta máta um meðferð málsins og um slíkt er fjallað sem þingskapaumræðu.

Það sem ég ætla að ræða er atriði sem er algerlega nýtt fyrir mér, um meðferð málsins. Nú er það svo að blað allra landsmanna, Morgunblaðið, flytur okkur á degi hverjum margháttaðan fróðleik. Á fyrstu síðu er frétt um viðræður EFTA og EB: „Ályktun samin í samráði við Íslendinga" o.s.frv., upplýsingar um störf embættismanna sem eru mikil og góð og starf utanrrh. og ég mun ekki vitna til þess sérstaklega eða lesa það upp. Þetta er okkur vel kunnugt. En í síðari dálki fréttarinnar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fimmtudag eiga fulltrúar utanríkisnefnda þjóðþinga EFTA-landanna fund með fulltrúum utanríkisnefndar Evrópuþingsins en EB-þingið verður að samþykkja væntanlega EFTA-EB-samninga þegar þar að kemur."

Það er út af fyrir sig önnur saga, niðurlag þessarar setningar. En þetta atriði, fulltrúar utanríkisnefnda þjóðþinga EFTA-landanna eiga fund með fulltrúum utanríkisnefndar Evrópuþingsins. Ég spurði að sjálfsögðu formann utanrmn. Alþingis, hv. þm. Jóhann Einvarðsson, um það hvað liði fundarboði á þennan fund. Hv. þm. kannaðist ekki við þetta. Ég spyr: Hvað hefur hér gerst? Hér hlustum við á ræðu hæstv. forsrh. og hann nefnir fimm sinnum frekar en fjórum sinnum í ræðu sinni að náið samstarf skuli haft við utanrmn. Og hvað lesum við sama morgun í Morgunblaðinu? Að fulltrúar utanríkisnefndanna á þjóðþingum EFTA-landanna, allra nema Íslands, eigi fund á morgun með fulltrúum utanríkisnefndar Evrópuþingsins. Þetta er samráðið við utanrmn. Íslands. Og þó að okkur hafi verið sýnd mikil lítilsvirðing í utanrmn. Alþingis í meðferð þessa máls þar til nú á seinasta klukkutíma sólarhringsins í fyrradag og fyrsta klukkutíma sólarhringsins í gær þá vænti ég þess að við fáum skýringu á því hvað hér er um að vera.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Af gefnu tilefni vil ég taka fram eftirfarandi: Fundur sá sem haldinn verður á morgun og hv. fyrri ræðumaður vitnaði til er með þessum hætti: Það er fundur fulltrúa í utanríkismálanefnd Evrópuþingsins með fulltrúum af hálfu EFTA sem sæti eiga í þingmannanefnd EFTA. EFTA hefur tvær fastanefndir að störfum. Önnur er ráðgjafarnefnd fulltrúa vinnumarkaðar og atvinnulífs. Hin er skipuð fulltrúum þjóðþinganna, þ.e. þingmannasamtaka EFTA og meðal annarra sem þennan fund munu sækja af hálfu EFTA-ríkjanna er t.d. fyrrv. hæstv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen. Ég hef að vísu ekki lesið þessa frétt þannig að ég veit ekki hvernig frá þessu er skýrt en þetta eru réttar upplýsingar um þennan fund.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýringu sem var mjög nauðsynleg og ég leyfi mér að fara fram á það að hæstv. utanrrh. óski eftir birtingu á þessum upplýsingum í þeim fjölmiðli sem flutti fregnina um að það séu fulltrúar utanríkismálanefnda þinganna sem sitji þennan fund því ég hygg að margir hafi reiknað með að rétt væri. Sú er e.t.v. staðreyndin að því er varðar margar EB-nefndirnar. En ég held að þetta þurfi að liggja fyrir af hálfu hæstv. utanrrh. þannig að alveg óyggjandi sé.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hér sé spurt af þessu tilefni eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gerði. Hæstv. utanrrh. hefur greint frá því hvernig að þessum viðræðum er staðið. Ég held að það væri rétt af þessu tilefni að hæstv. forseti upplýsti þingheim um það hvernig er valið í þingmannanefnd EFTA, hverjir skipa hana.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun sjá svo til að þeir fulltrúar verði öllum kunnugir. — Umræðum um þingsköp er lokið. (**EKJ:** Það er ekki hægt annað en að fá meira um orðið.) Um þingsköp? Forseti hlýtur að vekja athygli á því að það er með öllu óeðlilegt að hér séu umræður um efnisatriði þess máls sem á dagskrá er undir formerkinu að menn séu að tala um þingsköp. Ég vil biðja menn að hafa þetta í huga.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn sem stendur hér bað um orðið um þingsköp og ætlar að tala um þingsköp. Það stendur nefnilega í þingskapalögum og þar með landslögum að utanrrh. eða ríkisstjórnum beri að hafa samráð við utanrmn. um utanríkismál almennt, hvað þá um stærstu málin. Ef það á að skilja við utanrmn. á þann hátt sem gert var í fyrrinótt, allt í uppnámi, með þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. hér var að gera, þá er það hvorki meira né minna en lögbrot, vísvitandi lögbrot. Utanrmn. ber að koma saman nú þegar og hafa allan þann tíma sem nauðsynlegur er til að ræða málið í botn.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er í framhaldi af þeim ummælum hæstv. forsrh. hér áðan að honum þætti eðlilegt

að hv. utanrmn. fengi tækifæri til þess að ræða þessa bókun ríkisstjórnarinnar sem hann kynnti hér áðan. Það er í framhaldi af þeim ummælum sem ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann ætli ekki að gera hlé á fundum þingsins til þess að utanrmn. gefist færi á að koma saman og ræða málin.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti er fús til þess að íhuga það. Umræðum um þingsköp er lokið og til máls tekur hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka hér langan tíma ef hv. þm. eru óþolinmóðir. Í þessum umræðum hefur komið fram að á landsfundi Alþb. var gerð ítarleg samþykkt um málefni Evrópu og hagsmuni Íslands. Í þeirri ályktun er lögð rík áhersla á það að gæta þurfi þess mjög rækilega í samskiptum Íslands við Evrópubandalagið að hagsmunir Íslendinga séu tryggðir og að forræði okkar yfir auðlindum og atvinnulífi sé virt í hvívetna. Í þessari samþykkt landsfundar Alþb. er einnig vakin rækileg athygli á því að á næstu mánuðum þurfi að fara fram í okkar landi mjög ítarlegar umræður um allt þetta mál. Ég held að við getum orðið sammála um það að við erum hér að fjalla um eitt stærsta mál sem Íslendingar þurfa að fást við á næstu missirum og árum og það er mjög mikilvægt að þjóðin öll, ekki bara þingið, embættismenn eða ríkisstjórnin heldur þjóðin öll, fái mjög ítarlegar upplýsingar um eðli þessa máls.

Ég er þeirrar skoðunar, og hún kemur einnig fram í samþykkt landsfundar Alþb., að meðal Íslendinga ríki mjög breið samstaða um það að við viljum að íslenska þjóðin hafi sjálf forræði yfir auðlindum okkar, bæði auðlindum hafs og fallvatna, og að atvinnulíf landsmanna sé þannig búið að þjóðin hafi fullt forræði á þróun þess og stjórn. Okkar þjóð barðist í heila öld fyrir efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði og það er eitt af því mikilvægasta sem hún hefur áunnið að þetta sjálfstæði verði ekki aðeins eign okkar, þeirra kynslóða sem hér hafa búið síðan lýðveldið var stofnað, heldur einnig þeirra sem byggja þetta land á eftir okkur.

Í ályktun landsfundar Alþb. er einnig vikið rækilega að því að sérstaklega þurfi að skoða á hvern hátt breytingar á fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra landa kunna að hafa áhrif á forræði okkar yfir atvinnulífi og efnahagsmálum, á möguleika okkar til þess að reka sjálfstæða efnahagsstefnu og hafa eignaleg og stjórnunarleg tök á atvinnuvegum þjóðarinnar. Það er einnig vakin rækileg athygli á því að óheftar fjármagnshreyfingar geti haft það í för með sér að fjármagn streymi frá ýmsum jaðarsvæðum, og Ísland er í reynd jaðarsvæði innan Evrópu, og slík þróun geti haft mjög neikvæð áhrif á möguleika okkar þjóðar í atvinnu- og efnahagsmálum í framtíðinni.

Á undanförnum mánuðum hafa farið fram könnunarviðræður milli EFTA og Evrópubandalagsins. Það er nokkuð langt í land með að ljóst sé hvað kann að taka við að þessum könnunarviðræðum loknum hvað einstaka efnisþætti snertir. Þar er margt enn mjög óljóst og það á eftir að ræða fjölmörg efnisatriði. Sú spurning sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir nú er hvort við eigum að halda áfram að taka þátt í þessum viðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins jafnhliða því sem við metum á hverju stigi þess máls hvort áframhald þess þjóni hagsmunum Íslendinga og þeim fyrirvörum og skilyrðum sem við teljum nauðsynlegt að sett séu. Þessir fyrirvarar og skilyrði snerta fyrst og fremst efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, þátttöku og fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Þingflokkur Alþb. gerði samþykkt í morgun sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþb. samþykkir fyrir sitt leyti að Ísland verði áfram þátttakandi í viðræðum EFTA og EB, en áður en til þátttöku í beinum og formlegum samningaviðræðum komi verði málið tekið til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Þingflokkurinn ítrekar þá stefnu Alþb. varðandi samninga EFTA og Efnahagsbandalagsins að fullur fyrirvari verði hafður um þátttöku og fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Alþb. hefur því almennan fyrirvara við málið á þessu stigi.

Þingflokkurinn telur enn fremur brýnt að tryggt verði að stjórnarflokkarnir eigi beinan aðgang að meðferð málsins á hverju stigi á næstu mánuðum. Þingflokkurinn telur óhjákvæmilegt að utanrrh. geri viðmælendum sínum grein fyrir fyrirvörum ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna varðandi fjárfestingu útlendinga og þátttöku þeirra í íslensku atvinnulífi. Þingflokkurinn leggur áherslu á að áfram verði haldið tvíhliða viðræðum við forustumenn einstakra ríkja Evrópubandalagsins, sérstaklega um fríverslun með sjávarafurðir."

Þetta, virðulegur forseti, er sú samþykkt sem þingflokkur Alþb. gerði í morgun. Á ríkisstjórnarfundi sem haldinn var í hádeginu samþykktu ráðherrar Alþb. þá bókun sem forsrh. kynnti hér áðan með sérstakri tilvísun til þeirrar samþykktar sem þingflokkurinn gerði í morgun og kynnt var rækilega á ríkisstjórnarfundinum.

Ég tel mikilvægt að það komi hér fram að Íslendingar hafa á undanförnum mánuðum sett fram margvíslega fyrirvara og þeir hafa birst með margvíslegum hætti. Þeir hafa komið fram í þeim könnunarviðræðum sem fram hafa farið. Þeir hafa komið fram í stefnuræðu forsrh. Íslands, á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í Osló og þeir hafa komið fram af hálfu stjórnmálaflokkanna á Íslandi, bæði flokkanna innan ríkisstjórnar og utan. Það er þess vegna viðmælendum Íslendinga fyllilega ljóst að hér í landinu eru uppi margvíslegar efasemdir og fyrirvarar um fjölmörg þau efnisatriði sem eftir er að fjalla um í þessum viðræðum.

Það er einnig ljóst að samstarf EFTA-ríkjanna er með þeim hætti að sérhvert EFTA-ríkjanna getur hvenær sem það óskar dregið sig út úr EFTA-ferlinu

og viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins ef það ríki telur að hagsmunum sínum sé betur þjónað með öðrum hætti, hvort sem það eru tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið eða með öðrum leiðum. Það er engin skuldbinding í því af hálfu Íslands þó að við höldum áfram um sinn í þessu samstarfi að halda því áfram til loka. Við getum líkt og hver önnur EFTA-þjóð hvenær sem við teljum hagsmunum Íslands betur borgið með þeim hætti ákveðið að fara aðrar leiðir.

Það er einnig nauðsynlegt að það komi hér skýrt fram að samstarf EFTA-ríkjanna er með þeim hætti að hvert og eitt þeirra hefur neitunarvald um þau sameiginlegu efnisatriði sem sett verða fram af hálfu EFTA í þessum viðræðum. Þar með hafa Íslendingar algjörlega í sinni hendi hvað þeir kjósa að sett verði fram sameiginlega í EFTA-viðræðunum og hvað þeir kjósa að setja fram með öðrum hætti sjálfir í öðrum samskiptum við einstök ríki Evrópubandalagsins eða Evrópubandalagið sjálft.

Með því að halda áfram þátttöku í hinu svonefnda EFTA/Evrópubandalagsferli eru Íslendingar því ekki á neinn hátt að afsala sér forræði yfir málinu. Við höfum alla möguleika til þess að taka nýjar ákvarðanir á hverju stigi þess fyrir sig. Það er þess vegna lykilatriði í bókun ríkisstjórnarinnar að á öllum stigum málsins verði haft náið samráð innan ríkisstjórnarinnar og við utanrmn. Alþingis um hvert skref fyrir sig.

Ég tel einnig mikilvægt að utanrrh. hefur ákveðið að beita sér fyrir þeim vinnubrögðum á vettvangi ríkisstjórnarinnar að í þeim vinnuhópum sem starfa með samningamönnum og viðræðuaðilum Íslands verði fulltrúar fjölmargra ráðuneyta sem taki þátt í því að móta stefnuna af Íslands hálfu þannig að nánast öll ráðuneyti Stjórnarráðsins munu taka virkan þátt í mótun málsins á hverju stigi. Þar með er ljóst að stjórnarflokkarnir allir sem og ráðherrar ríkisstjórnarinnar í heild hafa margvísleg tækifæri til þess að móta afstöðu Íslands og áherslur á öllum stigum þessa máls.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að kynna þessa samþykkt þingflokks Alþb. hér og lýsa í stuttu máli þeim megináherslum sem við teljum mikilvægar í málinu á þessu stigi. Ég hefði kosið að geta haft lengri tíma til þess að fjalla um málið í heild sinni og á breiðari grundvelli, en vegna tilmæla sem hér komu fram áðan vil ég ekki lengja umræðuna nú en áskil mér rétt til þess að koma inn í hana síðar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þm. hafa farið fram á það að nú verði gert hlé á fundinum til þess að hv. utanrmn. geti komið saman. Fundinum er því frestað til ... (Gripið fram í.) Forseti hlýtur að endurskoða ákvörðun sína um að fresta fundinum ef menn virðast vera horfnir frá því.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er margt sérkennilegt í sambandi við málsmeðferð hér varðandi það stóra mál sem hér er rætt. Hér koma ráðherrar upp til þess að kynna samþykktir og hafa ekki fyrir því að greina frá því hverjir að þeim standa. Ég tel rétt að fram komi að ég er ekki aðili að þeirri samþykkt þingflokks Alþb. sem kynnt var hér af formanni áðan á sama tíma og hann hafði ekki fyrir því að lesa grundvallarsamþykktir landsfundar sem kaus hann sem formann flokksins. Þetta tel ég rétt að fram komi. Ég mun gera grein fyrir mínu sjónarmiði hér síðar við umræðuna.

Guðrún Agnarsdóttir *(um þingsköp)*:

Aðeins örstutt, hæstv. forseti, til að tefja ekki fyrirætlanir forseta um frestun á fundi. En mér fannst nauðsynlegt að leggja áherslu á það áður en fundur í hv. utanrmn. hefst að það hefur komið fram hér bæði í máli hæstv. fjmrh. nú síðast, í máli hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. áður að þeir líti fyrst og fremst á þetta mál sem mál ríkisstjórnarinnar, þó að þeir ætli náðarsamlegast að hafa samráð við utanrmn. Á sama tíma hafa þeir og aðrir undirstrikað það að þetta sé eitt mikilvægasta mál sem komið hafi inn á Alþingi í lengri tíð og kunni að varða sjálfstæði og afkomu Íslands í framtíðinni.

Það er náttúrlega ljósara en taki að skýra það að um slíkt mál hlýtur Alþingi allt að fjalla, reyna að ná sáttum og móta stefnu. Þetta getur ekki verið mál einnar ríkisstjórnar sem hefur skamma ævi og hver veit hversu lengi hún lifir (Gripið fram í.) og þær skiptast á. Það getur ekki verið. Ég vil leggja þetta erindi á fund utanrmn. Það er Alþingi allt sem hlýtur að móta stefnu í þessum málum. Þetta er ekki einkamál einnar ríkisstjórnar.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég ætlaði að vísu fyrst og fremst að ítreka ósk mína um að gert yrði hlé á fundum þingsins til þess að hv. utanrmn. geti komið saman. Mér sýnist af þeim yfirlýsingum sem hér hafa verið gefnar að nauðsynlegt sé að þingflokkar fái ráðrúm til þess að koma saman því að yfirlýsing hæstv. fjmrh. sýnir enn betur fram á að hér eru mál í svo mikilli óvissu og svo mikil óeining innan ríkisstjórnarinnar í raun og veru að ljóst er að enn sem komið er er enginn meiri hluti fyrir raunverulegri málsmeðferð af hálfu Íslands og þess vegna er nauðsynlegt að fá ráðrúm til þess að ræða þetta. Það kom til að mynda fram í ræðu hæstv. fjmrh. að Alþb. hefur ekki fallist á að Ísland gangist undir þátttöku í sameiginlegum og formlegum viðræðum svo sem fram kemur í inngangi að skýrslu utanrrh. að á að ákveða á ráðherrafundinum 19. des. nk. Þess vegna og enn fremur í ljósi ræðu hv. 2. þm. Austurl. er þetta mál komið í slíka upplausn að nauðsynlegt er að þingflokkar fái ráðrúm til að koma saman áður en fundur hefst í utanrmn. og ég vænti að forseti gefi svigrúm til þess.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill fara þess á leit við hæstv. þingheim að meðan hv. utanrmn. situr á fundi komi þingflokkarn-

ir saman. Þessi dagur verður að fara í þessa umræðu og forseti leyfir ekki nema eftir að hafa kallað til sín þingflokksformenn til ráðslags neitt hlé vegna þingflokksfunda að svo komnu máli heldur verður fundi nú frestað til klukkan korter yfir þrjú. (**Gripið fram í:** Þingsköp.) Forseti hefur þegar frestað fundi. — [Fundarhlé.]

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Í ljósi þess að hv. utanrmn. situr enn á fundi og er að ræða það mál sem hér er á dagskrá þá þykir mér einsýnt að fara fram á að fundi verði frestað þar til nefndin hefur lokið störfum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ef hv. ræðumenn sem á mælendaskrá eru kjósa að flytja mál sitt mun forseti ekki meina þeim það.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:
Frú forseti. Það var fallist á að fresta fundi í sameinuðu þingi til þess að hv. utanrmn. gæti fjallað um það mál sem hér er til umræðu og lagt til með hvaða hætti málið yrði formlega afgreitt héðan frá Alþingi og það er útilokað af augljósum ástæðum að halda þessari umræðu áfram fyrr en fundi utanrmn. lýkur. Það liggur í augum uppi að með því að þessi frestur var veittur og hv. utanrmn. gefið færi á að koma saman til fundar verður að fresta fundi í sameinuðu þingi þar til þeim fundi er lokið og niðurstaða er fengin í störfum hv. utanrmn. sem er einmitt nú að fjalla um það mál sem hér er til umræðu. Ég vil því ítreka þá ósk sem hér hefur komið fram um að fundi verði frestað enn um sinn og veit og treysti því að hæstv. forseti fallist á þá eðlilegu beiðni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Vegna ræðu hv. 1. þm. Suðurl. vill forseti taka fram að það hefur margoft komið fyrir að nefndir þingsins hafi setið að störfum á þingtíma og þinghaldi verið haldið áfram þrátt fyrir það. Forseti gaf frest til klukkan korter yfir þrjú og formaður hv. utanrmn. tilkynnti mér að hann mundi reyna að takmarka fundinn við þann tíma. Ég á því von á að nefndin birtist hér á hverri stundu en vitaskuld getur málflutningur haldið hér áfram í þessu mikilvæga máli eftir sem áður.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Það er greinilegt að það nægir ekki að hæstv. ríkisstjórn — hæstv. forsrh. er nú að ganga úr salnum. Ég óska eftir að hann verði viðstaddur þegar ég tala núna.

Það nægir greinilega ekki hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn að reyna að brjóta niður þingræði á Íslandi og meina þingmönnum að komast að niðurstöðu um mál sem varðar framtíðarörlög þessarar þjóðar í gjörbreyttum heimi heldur á einnig að brjóta á hv. þm. af hæstv. forseta og meina þeim að heyra niðurstöður af fundi utanrmn. Þær niðurstöður hljóta að hafa áhrif á umræður hér á eftir. Ég er einn af þeim sem eiga eftir að tala hér í þessu máli og ég óska eindregið eftir að fundi verði frestað þar til utanrmn. hefur skilað sinni niðurstöðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að skoðanir allra hv. þm. eru jafnmikilvægar og vega jafnþungt þannig að með allri virðingu fyrir utanrmn. hafa aðrir þingmenn skoðanir á þessu mikilvæga máli og ég vil spyrja hæstv. ráðherra Hagstofu hvort hann óski eftir að flytja mál sitt. (**Hagstofuráðherra:** Já.) Það liggur fyrir að ráðherrann óskar eftir að flytja mál sitt og forseti mun ekki meina honum það.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Ég hygg að við getum verið sammála um að a.m.k. sumir hv. nefndarmenn í utanrmn. taka störf sín þar svo alvarlega að þeir telja að nauðsynlegt sé að fá að hlýða á þann málflutning sem fram fer hér í deildinni varðandi það mikilvæga mál sem nú er til umræðu. Það er auðvitað réttur þingmanns að fá að gera það þó svo að hann sitji í nefnd. Hæstv. forseti sagði áðan að komið hefði fyrir að nefndarfundir væru samtímis fundum í deildum eða fundum á Alþingi. Ég hygg að hæstv. forseti geti flett upp í þingtíðindum, leitað fordæmis, og ég giska á að sú verði niðurstaðan að ekki hafi verið haldinn formlegur fundur í nefnd sem mál heyrir undir samtímis því sem fundur er haldinn í deild eða sameinuðu þingi. Það mál sem hér er til umræðu heyrir undir utanrmn. og af þeim sökum er það í anda þingsins, samkvæmt gamalli þingvenju, að það mál er ekki til umræðu á sama tíma hér í hinu sameinaða þingi. Hitt er hins vegar rétt að stjórnarandstaða hefur stundum hliðrað til þannig að fundir hafa verið haldnir í nefndum um óskyld mál meðan þingfundur er haldinn.

Nú hittist svo á að hæstv. forsrh. gerði það að tillögu sinni hér fyrr í dag að fundum yrði frestað meðan rabbað yrði um þetta mál í utanrmn. — ég held ég muni það rétt að hæstv. forsrh. hafi notað orðið „að rabba". (Gripið fram í.) Við getum flett upp á því hvort rétt er. Það væri kannski rétt, hæstv. forseti, að fá útskrift af ræðunni sem fyrst til þess að hægt sé að fletta upp á því. Mér þykir vænt um ef hæstv. forsrh. hefur notað annað orð og ég man þetta rangt en það er rétt að athuga það. Það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að hæstv. forsrh. gerði sér grein fyrir að það er í senn óþinglegt og óviðeigandi að umræður um Evrópubandalagið og EFTA haldi áfram á sama tíma og fundur er í utanrmn.

Ég óska eftir því að hæstv. forseti ráðfæri sig við þá sem kunnastir eru þingvenjum um þetta mál og vil mælast til þess að gert verði hlé á þessum fundi þannig að hann geti ráðfært sig við formenn þingflokka eins og venja er til þegar ágreiningur kemur upp af þessu tagi. Nóg er ringulreiðin í ríkisstjórninni þó að sú ringulreið komi ekki hingað inn í sali Alþingis.

Ég hlýt einnig að vekja athygli á því undir þessum

kringumstæðum að við tveir þingmenn Sjálfstfl. sátum lengst af með formanni fjh.- og viðskn. á fundi í morgun og gat þó annar okkar ekki verið nema hluta af þeim fundi þar sem hann var bundinn við önnur störf fyrir Alþingi og á þessum fundi var fullt samkomulag um það milli mín og formanns fjh.- og viðskn. Ed. að ekki yrði boðað til nýs fundar í nefndinni fyrr en í næstu viku sem olli því að ég gerði ráðstafanir til þess að verja þeim tíma með öðrum hætti í fyrramálið. Eftir sem áður er boðaður fundur í þessari nefnd í fyrramálið og auðvitað spurði ég formann fjh.- og viðskn. Ed. hvort hann væri búinn að kynna sér það að stjórnarsinnar gætu setið fundi nefndarinnar í fyrramálið, hefðu tíma til þess. Það er auðvitað mjög vafasamt að stjórnarsinnum eigi að haldast það uppi að láta gesti utan úr bæ koma á fundi nefndar til viðræðu, verja sínum dýrmæta tíma til þess, og síðan sjá stjórnarþingmenn ekki ástæðu til þess að hlýða á mál þeirra í þeim nefndum sem viðkomandi mál heyra undir. Þessir erfiðleikar sem þessu nefndarstarfi urðu samfara ollu því að við þingmenn Sjálfstfl. óskuðum eftir því við fulltrúa Ríkisútvarpsins að þeir kæmu til fundar við nefndina síðar þannig að þeirra erindi við nefndina gæti fengið sómasamlega meðferð og auðvitað voru þeir beðnir afsökunar á þeirri snuðferð sem þeir fóru hingað til fundar við fjh.- og viðskn. Ed.

Ég ítreka, virðulegi forseti, mína beiðni. Hæstv. forseti vísaði til þinghefðar. Hæstv. forseta er það fullkunnugt að undir kringumstæðum eins og þessum hefur það verið viðtekin venja þeirra forseta sem vilja halda uppi góðum aga og góðri reglu í þingsölum að verða við beiðni stjórnarandstöðu um það að gera stutt hlé á fundi til að hægt sé að ræða við formenn stjórnarandstöðu um málsmeðferð. Ég get ekki látið mér detta í hug eitt andartak að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands, svo mikilvægt sem það ráðherraembætti annars er, hafi á móti því að þinglega sé haldið á þessu máli.

Ég hlýt líka, hæstv. forseti, að gagnrýna það mjög alvarlega að eftir að hæstv. forsrh. hafði óskað eftir því héðan úr ræðustól í dag að fundi yrði frestað til þess að utanrmn. gæti komið saman á fund skuli hæstv. forseti brjóta gegn þessu sem allir þingmenn héldu að yrði orðið við til þess að gefa formanni Alþb. tækifæri til að koma hér upp í ræðustól á Alþingi, brjóta þannig venju, einungis af því að þessi maður átti í hlut, láta sína sérhagsmuni sem alþýðubandalagsmaður sitja fyrir skyldum sínum sem forseti sameinaðs Alþingis. Ekki þarf að hafa mörg orð um það að hæstv. fjmrh. hafði gefið í sér til þess að koma hér upp í ræðustól undir þessum kringumstæðum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að sérhverjum ráðherra sem beðið hefði um að fá að halda ræðu sína eftir að forsrh. hefði talað hefði verið veitt sú heimild þannig að engu máli skipti hver í hlut átti. Það vil ég leggja mikla áherslu á.

Forseta væri ljúft og skylt að kalla saman formenn þingflokka til ráðslags en nú eru einir fjórir eða fimm hv. þm. búnir að biðja um orðið um þingsköp og forseti mun að sjálfsögðu reyna að nota þennan hálftíma sem eftir er af þessum fundi fram að þingflokksfundum til þess að leyfa þeim að tala.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég ætlaði aðeins að ítreka þá ósk sem hér hefur verið fram borin, fyrst af hv. 5. þm. Vesturl., að fundum verði frestað. Ég hygg að það sé svo augljóst að það er ekki hægt að halda áfram fundum í sameinuðu þingi þar sem verið er að fjalla um mikilvægustu samninga sem Ísland stendur frammi fyrir síðan Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið á meðan hv. utanrmn. er að fjalla um það mál. Ég varpa þessu bara hér fram: Hverjum dytti í hug að halda áfram umræðum í sameinuðu þingi um fjárlög ef fjvn. og fjmrh. sætu á fundi? Engum lifandi manni. Og nákvæmlega sama á við hér. Þess vegna ítreka ég enn spurningu mína, frú forseti: Er ekki unnt að fallast nú þegar á að þingfundum verði frestað þar til utanrmn. hefur lokið störfum eða þingfundi eftir atvikum slitið með því að ekki er efnislega unnt að halda þingfundi áfram meðan nefndin er að störfum?

Birgir Ísl. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér er í rauninni að gerast alveg einstakur atburður. Ég hef setið á þingi síðan 1979. Ég minnist þess ekki að nokkur þingforseti hafi ætlað að beita slíku ofbeldi og núv. virðulegi forseti hyggst beita þingið og þá einkum stjórnarandstöðuna. Mér þykir leitt að bera fram þessar ásakanir við mína gömlu, góðu skólasystur, virðulegan hæstv. forseta, en ég hlýt að gera það vegna þess að einstakur atburður er að gerast.

Við skulum aðeins athuga hver er aðdragandi þessarar beiðni. Hér hafa farið fram ítarlegar og langar umræður um þennan mikilvæga samning sem fyrir dyrum stendur. Utanrrh. er á leið til samningafundar með EFTA-ráðherrum til þess að ræða við ráðherra Evrópubandalagsins um samning milli þessara aðila og Ísland hyggst taka þátt í þessum samningi. Það hefur komið fram í þessum umræðum að utanrrh. hefur verið umboðslaus. Það hefur enginn getað upplýst, svo glöggt sé, hvert sé umboð hæstv. ráðherra í þessum viðræðum, um hvað hann ætli að semja. Hann hefur sjálfur lagt fram ítarlega skýrslu um gang þessara viðræðna og um stöðu viðræðnanna sem fram hafa farið innan EFTA milli ráðherra EFTA-ríkjanna. Hann hefur dregið þar saman í 15 punkta sem komu fram í niðurstöðunni í hans ræðu hér, hans frumræðu. Það kom strax í ljós þegar þessi umræða hélt áfram að skoðanir innan ríkisstjórnarinnar og skoðanir innan stjórnarflokkanna voru mjög skiptar um þetta mál. Við höfum krafist þess að ráðherrann hefði umboð frá Alþingi til að fara í þessar viðræður og að Alþingi fylgi þar með fordæmi annarra þjóðþinga eins og t.d. þjóðþings Finnlands sem hefur gefið sínum utanrrh. mjög skýrt og ákveðið umboð í þessum viðræðum.

Það hefur komið í ljós að um þetta er bullandi ágreiningur innan stjórnarflokkanna. Þegar þetta kom fram varð niðurstaðan sú að það var fallist á það að hv. utanrmn. kæmi til fundar til þess að vera til samráðs við utanrrh. og til þess að taka þátt í því að móta umboð utanrrh. í þessum umræðum. Því starfi er ekki lokið. Þrátt fyrir neitun hæstv. forseta í upphafi fór hæstv. forsrh. fram á það að utanrmn. yrði kölluð saman. Og utanrmn. vinnur að því nú að freista þess að ná samstöðu um orðalag þess umboðs sem hæstv. utanrrh. á að fara með í þessar viðræður. Ég skal ekkert um það segja hvort það tekst eða ekki. En á sama tíma og utanrmn. situr að þessu verki, á sama tíma og hæstv. utanrrh., frummælandinn í þessu máli, skýrslugjafinn sem verið er að fjalla um í þessu máli, situr á þessum fundi, á sama tíma og flestir utanríkismálanefndarmenn, sem jafnframt eru meðlimir í svokallaðri Evrópunefnd Alþingis og því þeir sérfræðingar sem við höfum valið úr okkar hópi til þess að fjalla um þetta mál, sitja á fundi, á að halda áfram þessari umræðu, efnisumræðu um málið. Hér er um slíkt ofbeldi að ræða af hálfu hæstv. forseta að ætla að knýja fram þessar umræður að það er algerlega dæmalaust. Það er rangt hjá forseta að vitna í að það tíðkist stundum að fram fari umræður hér á Alþingi meðan nefndafundir standa yfir. Það er að því leyti rétt að stjórnarandstaðan hefur einstaka sinnum hliðrað til og fallist á að haldnir séu nefndarfundir um önnur mál en eru á dagskrá. En ég fullyrði að síðan ég kom á þing á það sér engin fordæmi að haldinn sé fundur hér um jafnmikilvæg mál meðan viðkomandi nefnd situr að störfum og er að reyna að ná samkomulagi í málinu. Þess vegna skora ég á hæstv. forseta að skoða nú hug sinn og fallast á það að efnisumræðum um þetta mál verði frestað þar til utanrmn. hefur lokið sínum störfum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Einmitt vegna áður nefndra tengsla minna og hv. 2. þm. Reykv. undrast ég þau stóryrði sem hér hafa verið látin falla. Það var a.m.k. fyrir tveimur eða þremur ræðum um þingsköp sem forseti lýsti því yfir að hún væri fús til að leita ráðslags við formenn þingflokka um hvort ekki bæri að fresta fundinum. Meðan menn hafa verið að hella hér yfir hv. þingheim stóryrðum og vægast sagt ósanngjörnum orðum hafa þessar ráðsleitanir farið fram. Og forseti mun að sjálfsögðu verða við ósk gamals og góðs skólabróður og hv. 2. þm. Reykv. og frestar nú fundi þar til kl. 6, að þingflokksfundum lýkur. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið samkomulag milli þingflokkanna að þessari umræðu verði nú frestað.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

22. fundur, fimmtudaginn 30. nóv., kl. 8 síðdegis.

Vantraust á ríkisstjórnina (útvarpsumræður).

Þáltill. ÞP o.fl., 199. mál. — Þskj. 231.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur sem skiptast í tvær umferðir, 15–20 mínútur í fyrri umferð og 10–15 í þeirri síðari.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Kvennalisti, Alþfl., Frjálslyndir hægrimenn, Alþb. og Borgfl. Stefán Valgeirsson talar síðastur í fyrri umferð og hefur 15 mínútur til umráða.

Ræðumenn fyrir Sjálfstfl. verða Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð en Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson forsrh. í fyrri umferð en Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., í seinni. Fyrir Kvennalista talar Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., og Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., í fyrri umferð og Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., í síðari. Ræðumenn Alþfl. verða Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Jón Sigurðsson viðskrh. í fyrri umferð, en Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., í seinni. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., talar af hálfu Frjálslyndra hægrimanna í fyrri umferð en Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., í síðari. Af hálfu Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. og Svavar Gestsson menntmrh. í fyrri umferð, en Steingrímur J. Sigfússon landbrh. í þeirri síðari. Ræðumenn Borgfl. verða í fyrri umferð Júlíus Sólnes, ráðherra Hagstofu, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 11. þm. Reykv., og Óli Þ. Guðbjartsson dómsmrh. en Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., og Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., í þeirri síðari. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð.

Hefst þá umræðan og tekur fyrstur til máls 1. flm. þáltill., Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa sameiginlega borið fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar. Ástæðan er hringlandaháttur ríkisstjórnarinnar sem er að leiða einn allsherjarglundroða yfir íslenskt samfélag.

Ríkisstjórnin hefur að sönnu keypt sér óruggan þingmeirihluta en hefur stjórnarfarið batnað við það? Er meiri festa í stjórnarháttum eftir en áður? Eru framfarir í atvinnumálum? Er bjartara fram undan? Er hægt að tala um gróanda í þjóðlífi? Horfum við fram á batnandi kaupmátt og bætt lífskjör? Svarið við þessum spurningum öllum á

hverju heimili í landinu er eitt stórt nei. Stjórnarflokkarnir eru svo heillum horfnir að þeir þurfa nú á kostnað skattborgaranna að efna til funda víðs vegar um land til þess að leita að stefnu í atvinnumálum. Allir viðurkenna, ýmist upphátt eða í hljóði, að ríkisstjórnin er bæði vonlaus og áttavillt. Og þeir eru margir þingmenn stjórnarliðsins sem hafa verið að þvo hendur sínar undanfarnar vikur og mánuði. Þeir hafa lýst eftir nýrri efnahagsstefnu. Þeir hafa lýst andstöðu við grundvallaratriði í skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þeir hafa sagt forsendur fjárlaga vera einhvers staðar úti í himinblámanum og sumir þeirra hafa jafnvel hafnað því að kaupmáttur eigi að rýrna fimmfalt meir en nemur rýrnun landsframleiðslu eins og hæstv. ríkisstjórn stefnir nú að.

Stjórnarandstaðan ein kemur auðvitað ekki fram vantrausti, en það er ástæða til þess að láta þá þingmenn stjórnarliðsins, sem hafa verið að gera sig góða í augum almennings með því að lýsa andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar, standa nú frammi fyrir þjóðinni og axla ábyrgð hér í þinginu með atkvæði sínu. Þess vegna er þessi vantrauststillaga m.a. flutt.

Varnarræður stjórnarliðsins verða auðvitað fólgnar í afsökunum og útúrsnúningum um tíma liðinna og genginna ríkisstjórna. Ég get sagt hlustendum og áheyrendum fyrir fram að hv. talsmenn Framsfl. munu auðvitað hér eftir sem hingað til gera svo lítið úr sjálfum sér að halda því fram að þeir hafi engu ráðið í öllum þeim ríkisstjórnum sem þeir hafa setið í undanfarin 20 ár. Og talsmenn Alþb. munu auðvitað halda því fram að þjóðarsáttin sem gerð var 1986 hafi falið í sér mestu mistök í stjórnmálasögu landsins. En sagan *mun dæma þjóðarsáttina sem eitt mesta framfaraspor* í samskiptamálum stjórnvalda og launþegahreyfingarinnar í landinu. Og sagan mun sýna að krafa Sjálfstfl. haustið 1988 í fyrrv. ríkisstjórn um raungengisbreytingu var bæði rétt og nauðsynleg og tímabær. Vandi atvinnuveganna nú stafar fyrst og fremst af því að raungengisbreytingin kom heilu ári of seint.

Halldór Ásgrímsson sjútvrh. tók haustið 1988 pólitíska hagsmuni Alþfl. fram fyrir hagsmuni sjávarútvegsins í landinu. Núv. ríkisstjórn byrjaði þá að beina erlendum lánum í gegnum millifærslusjóði og gengisfölsunarsjóði með alvarlegum afleiðingum fyrir sjávarútveginn því að þrátt fyrir raungengisbreytinguna að undanförnu er lítil von til þess að sjávarútvegurinn geti staðið undir greiðslubyrði af þessum lánum þegar þau falla í gjalddaga því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að þann vanda eigi næsta ríkisstjórn að leysa.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur ekki verið að batna á þessu ári. Ég hef undir höndum greinargerð frá Seðlabankanum sem enn hefur ekki verið birt. Þar kemur fram að raunvextir af lánum sjávarútvegsins miðað við innlent verðlag hafa hækkað frá árinu 1988 úr 10,8% í 13,3% á þessu ári. Og hvernig ætlar svo hæstv. forsrh. að gera grein fyrir öllum fullyrðingum sínum um það að handleiðsla hans hafi leitt til lægri raunvaxta fyrir sjávarútveginn í landinu? Ég vil gjarnan hlýða á þær útskýringar hans í varnarræðunni hér á eftir.

Sannleikurinn er auðvitað sá að núv. ríkisstjórn hefur sett Íslandsmet í söfnun erlendra skulda. Þær höfðu farið lækkandi á árunum 1985–1987, en núna verða Íslendingar að taka fimmtu hverja krónu af útflutningstekjunum til þess að endurgreiða erlend lán. Auðvitað hefur hin mikla kaupmáttarrýrnun dregið úr innflutningi og gert vöruskiptajöfnuðinn hagstæðari en áður. En heildarstaða Íslands gagnvart útlöndum kemur fram í viðskiptajöfnuðinum og hann er enn jafnóhagstæður sem fyrr, hefur heldur verið að aukast á síðari hluta ársins og engra marktækra breytinga að vænta í þeim efnum. Efnahagsstefnan hefur leitt til þess að kaupmáttarrýrnunin hefur verið margfalt meiri en rýrnun landsframleiðslu. Og í stað þjóðarsáttar boðar núv. hæstv. forsrh. afskiptaleysi af kjarasamningum.

Undanfarna daga hefur svo komið skýrt fram að ríkisstjórnin ræður ekki við að koma til framkvæmda lögum sem Alþingi samþykkti í tíð fyrrv. ríkisstjórnar um virðisaukaskatt. Hver höndin hefur verið upp á móti annarri í ríkisstjórnarliðinu í þessu efni. Það hefur verið ein skoðun í dag og önnur á morgun.

Og nú á að flytja Alþingi síðustu útgáfuna af stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Hún verður fólgin í því í fyrsta lagi að Alþfl. verði beygður til þess að falla í annað skiptið frá kröfu sinni um að fresta virðisaukaskattinum. Í öðru lagi verður hún fólgin í því að hafna kröfu þingmanna Framsfl., gjörvallrar launþegahreyfingarinnar í landinu, kröfu þingflokka stjórnarandstöðunnar um að virðisaukaskatturinn verði í tveimur þrepum. Og í þriðja lagi verður svo gráu bætt ofan á svart með því að stórhækka tekjuskattinn. Þetta er sá boðskapur sem á að flytja þjóðinni um nýjustu útgáfu af stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

Eina staðreyndin sem liggur fyrir í þessu efni er sú að í núv. söluskattskerfi er söluskatturinn á brýnustu lífsnauðsynjum eins og mjólk og kjöti að fullu endurgreiddur. En hvernig svo sem endanleg útkoma verður á virðisaukaskatti ríkisstjórnarinnar, þá á aðeins að endurgreiða hann að hálfu á þessar brýnustu lífsnauðsynjar. Það er staðreyndin um stefnu núverandi hæstv. ríkisstjórnar.

Gegn þessu ráðleysi hefur Sjálfstfl. markað og kynnt skýra, frjálslynda umbótasinnaða stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Hann hefur þegar hafið flutning þingmála til að fylgja þessari stefnu eftir og mun halda því starfi áfram á þessu þingi.

Frú forseti. Alvarlegasta málið sem við stöndum frammi fyrir í dag eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í samningum við Evrópubandalagið. Engum vafa er undirorpið að þessir samningar eru mikilvægustu samningar um alþjóðleg samskipti sem Íslendingar hafa tekið þátt í um áratuga bil. Niðurstaða þeirra mun ráða miklu um framtíðarhagsmuni þjóðarinnar og lífskjör fólksins í landinu. Þrátt fyrir mikilvægi málsins hefur ríkisstjórnin ekki þorað að leggja stefnu sína í samningamálunum fyrir Alþingi Íslendinga. Fyrir þá sök er ekki unnt á þingræðislegan hátt að taka ákvörðun um afstöðu Íslands. Þetta hafa aðrar þjóðir þó gert eins og til að mynda Finnar.

Í Finnlandi hefur vel útfærð stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í samningamálunum við Evrópubandalagið verið lögð undir atkvæði í þinginu. En eðlilegri þingræðiskröfu af þessu tagi hefur ríkisstjórn Íslands hafnað. Hvers vegna hafnar ríkisstjórnin þessari kröfu? Vegna þess að hún hefur ekki komið sér saman um marktæka stefnu. Alþb. hefur enn ekki fallist á að Ísland tilkynni um formlega þátttöku í samningaviðræðum Fríverslunarsamtakanna og Evrópubandalagsins. Það hefur aðeins fallist á að halda könnunarviðræðum áfram. Og Alþb. hefur krafist þess hér á Alþingi að utanrrh. geri viðmælendum sínum grein fyrir þessari sérstöðu. Ríkisstjórnin hefur sett fram almenna fyrirvara án þess að gera Alþingi og íslensku þjóðinni grein fyrir því hversu víðtækir þeir eru. Reyndar hefur hæstv. forsrh. sagt að þeir geti nánast þýtt hvað sem er. Og utanrrh. á að fara á sameiginlegan ráðherrafund EFTA og Evrópubandalagsins án þess að hafa formlegt umboð frá Alþingi um stefnu Íslands í þessum efnum. Veganesti hæstv. utanrrh. er bókun sem gerð var í pukri og í skyndi í ríkisstjórn án samráðs við Alþingi og utan á þá bókun eru hengdar yfirlýsingar Alþb. um allsherjarfyrirvara. Þetta á formaður EFTA-ráðsins að tilkynna viðsemjendum sínum.

Auðvitað veikja vinnubrögð af þessu tagi stöðu Íslands og draga úr möguleikum á að ná fram hagsmunamálum sínum. Formaður Alþfl., núv. hæstv. utanrrh., metur meira að halda Alþb. í ríkisstjórn en að leita samstöðu ábyrgra afla á Alþingi í þessu mikilvæga máli. Sjálfstfl. var reiðubúinn til slíkra viðræðna og svaraði fyrirspurn hæstv. utanrrh. jákvætt þar um. En hæstv. utanrrh. hafnaði slíku samstarfi. Honum hefur því mistekist að ná fram breiðri samstöðu á Alþingi Íslendinga í þessu mikilvægasta hagsmunamáli þjóðarinnar nú um stundir. Og það er broslegt að hlýða á hæstv. utanrrh. með 37 atkvæða þingmeirihluta reyna að koma ábyrgð af vandræðagangi hæstv. ríkisstjórnar yfir á stjórnarandstöðuna.

Alvarlegast er þó að ríkisstjórnin hefur með öllu hafnað að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um hindrunarlausan útflutning á íslenskum sjávarafurðum inn á markað Evrópubandalagsins. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir hér í þinginu að ríkisstjórnin hafi undirgengist það með Oslóaryfirlýsingunni í byrjun þessa árs að gera engar slíkar kröfur um tvíhliða viðræður um sérmál Íslands. En íslenskur sjávarútvegur getur ekki beðið eftir því að krafan um að Evrópubandalagið hætti styrkjum til sjávarútvegsins nái fram að ganga. Þá þyrftum við að bíða fram á næstu öld. Það er einfaldlega of mikil áhætta að geyma höfuðkröfu Íslendinga þangað til síðast í almennum viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Með því móti látum við viðsemjendurna króa okkur af í meginhagsmunamáli Íslendinga.

Samtök sjávarútvegsins hafa krafist þess að undanförnu að hafnar verði tvíhliða viðræður. Allir flokkar stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi hafa fylgt þessari kröfu eftir. En hæstv. forsrh. segir að við getum ekki borið fram kröfu um tvíhliða viðræður af því að Evrópubandalagið muni einfaldlega neita okkur um slíkar viðræður. En ég spyr: Hvað haldið þið að yrði um formann í verkalýðsfélagi sem byrjaði undirbúning samningaviðræðna með því að segja við félaga sína á fundi: Við skulum ekki bera fram kröfuna um kauphækkun að þessu sinni. Við skulum tala um eitthvað allt annað við vinnuveitendur því að annars vilja þeir ekki tala við okkur? Hvað yrði gert við slíkan verkalýðsleiðtoga? Hann yrði settur af samstundis. Og ég spyr enn: Hvað á að gera við ríkisstjórn sem ber fram sömu rök þegar semja á um mestu hagsmuni Íslendinga í alþjóðlegum samningum sem við höfum staðið í um langt skeið?

Frú forseti. Svarið er einfalt: Slíka ríkisstjórn setjum við af. — Góðar stundir.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Það er ekki að ósekju að vantraust er flutt á ríkisstjórnina. Það er eitt af því fáa sem ríkisstjórnin stendur undir að henni sé ekki treystandi. Við heyrðum hvernig utanrrh. talaði með skætingi um samningana við Evrópubandalagið í kvöldfréttum, ráðherrann sem ekki skeytir um umboð frá Alþingi. Framkoma hans vekur hvorki traust hér á landi né erlendis. Þegar ég horfði á hann í sjónvarpinu fann ég að það er glæfraspil að hafa samningsumboðið í hans höndum.

En það eru fleiri en þingmenn stjórnarandstöðunnar sem ekki treysta þessari ríkisstjórn. Árni Gunnarsson er í þeim hópi. Hann skrifaði í Morgunblaðið 20. ágúst: „Núverandi ríkisstjórn á þann einan rétt til áframhaldandi setu að henni takist að lækka verð á helstu nauðþurftum almennings, matarverðið, og að henni reynist unnt að lækka verulega fjármagnskostnað frá því sem nú er. Að öðrum kosti geta engir stjórnmálamenn með snefil af samvisku stutt hana."

Ekki hefur matarverðið lækkað síðan þetta var skrifað, ekki fjármagnskostnaðurinn heldur. Eftir er að sjá hvort þessi þingmaður hefur þann snefil af samvisku sem dugir til þess að hann segi já við þeirri vantrauststillögu sem hér liggur fyrir.

Í umræðum í Ed. sl. þriðjudag sagði Karvel Pálmason: „Mín afstaða hefur legið fyrir gagnvart þessari hæstv. ríkisstjórn. Ég gerði grein fyrir því á flokksstjórnarfundi Alþfl. að ég mundi taka afstöðu til málefnanna hverju sinni eins og þau lægju fyrir þannig að ef menn vilja geta þeir haldið áfram að telja mig utan eða innan stjórnarliðsins." Þingmaðurinn lýsir þannig yfir að hann hafi þvegið hendur sínar á flokksstjórnarfundi Alþfl. En hvað gerir hann í kvöld? Segir hann já eða nei við þeirri vantrauststillögu sem hér liggur fyrir?

Í Tímanum í dag eru þessi ummæli höfð eftir Hjörleifi Guttormssyni um könnunarviðræður EFTA og Evrópubandalagsins: „Ég vil ekki hleypa utanrrh. til þessara sameiginlegu samningaviðræðna og tel að það sé í andstöðu við íslenska hagsmuni." Nú er för utanrrh. ráðin. Skyldi það vera Hjörleifi Guttormssyni nóg til að greiða atkvæði með van-

trausti á ríkisstjórn að hann telur að hún vinni í andstöðu við íslenska hagsmuni á erlendum vettvangi? Við bíðum og sjáum og heyrum hvað þingmaðurinn segir þegar vantrauststillagan kemur til atkvæða.

„Hið rauðgula hnoða sem rennur á undan mér fylgir engri átt." Svo glögg er lýsing Steins Steinarrs á þeim sem fer villur vegar. Hið rauðgula hnoða minnir á kratarós sem er farin að fölna og svo mikið getur lánleysið verið að ekki sé lengur hægt að tala um sjálfstæðan vilja. Ég held að engum manni detti lengur í hug að segja að þessi ríkisstjórn hafi markmið, að hún sjái fyrir sér nánustu framtíð eins og hún vill hafa hana, hvað þá að hún sjái svo langt fram fyrir íslenska þjóð að hún geti orðið leiðsögumaður eða leiðtogi annarra.

Rifjum upp: Hvernig hefur ganga þessarar ríkisstjórnar verið í virðisaukaskattsmálinu? Hefur hún komið hreint fram, lagt spilin á borðið? Hefur hún gefið fyrirtækjunum í landinu kost á að undirbúa sig fyrir kerfisbreytinguna um áramót? Hvað vill forsrh. og hvað vill Stefán Valgeirsson? Vilja þeir hafa skattþrepin eitt eða tvö, í bili eða til langframa? Hvað vildu þeir í gær? Hvað í fyrra? Hvað á morgun? Númer hvað er samkomulagið sem þeir gerðu í ríkisstjórninni í dag og hvað heldur það lengi? Geng ég og geng, segir forsrh., geng beint, heyrist fjmrh. muldra, geng í boga, Jón Baldvin, geng í hring, bætir Júlíus Sólnes við og eru allir jafnrammvilltir og sauðamaðurinn í kvæði Jóhannesar úr Kötlum sem varð úti. Þess vegna var það að stjórnarandstaðan hlaut að leggja fram þessa vantrauststillögu.

Staðreyndirnar eru þessar segi ég eins og formaður Alþfl.:

1. Sumarið 1988 kaus Halldór Ásgrímsson að halla sér að krötum fremur en að standa með okkur sjálfstæðismönnum og leiðrétta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Síðan hafa lífskjör hrapað, atvinnuleysi farið vaxandi, byggðaröskun blasir við í mörgum héruðum, vegaframkvæmdir eru skornar niður við trog sem tekur milljarð, loðdýrabændur hafðir að leiksoppi, hagsmunir fiskeldis sitja á hakanum.

2. Utanrrh. er nú á förum að taka þátt í samningaviðræðum EFTA og Efnahagsbandalagsins. Þessar viðræður geta orðið okkur Íslendingum örlagaríkar. Okkur ríður á að sjávarútvegshagsmunum okkar verði borgið. Að slíkum samningum verður að ganga svo fljótt sem auðið er. Þess vegna er nauðsynlegt að tvíhliða viðræður verði teknar upp með formlegum hætti þegar í stað milli okkar og Evrópubandalagsins um niðurfellingu á tollum af fiski. Ég efaðist aldrei um að Halldór Ásgrímsson mundi standa með okkur sjálfstæðismönnum í þessu máli. En hann kýs heldur að vera með krötum og forsrh. sem sagði hér í þinginu í gær að ekki gæti orðið af slíkum formlegum tvíhliða viðræðum. Forsrh. gaf sér niðurstöðuna fyrir fram þótt hann vissi að hún skaðaði íslenska hagsmuni. Það er með þessu hugarfari sem utanrrh. heldur nú utan á vit Evrópubandalagsins.

3. Við höfum verið að heyra uggvænleg tíðindi varðandi ástand fiskstofna. Við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir að ganga til þess verks að ákveða hvernig stjórn fiskveiða skuli háttað með það að markmiði að nýta fiskstofna til fulls, en forðast ofveiði. Sjútvrh. getur ekki gengið til þessa verks með okkur af því að hann metur það meir að vera í ríkisstjórn með krötum en sjá hagsmunum sjávarútvegsins borgið. Í ríkisstjórninni er hver höndin upp á móti annarri í þessu máli. Það er gengið beint, gengið í boga, gengið í hring en ekki gengið til verks.

Skuggi hvílir yfir landinu. Forustumenn í verkalýðsfélögum og sveitarstjórnum hafa þungar áhyggjur af næstu mánuðum. Því er spáð að atvinnuleysi í janúar og febrúar taki til þúsunda. Þótt erlendur gjaldmiðill hafi á síðustu tveimur árum hækkað fimmtungi meir en kaupgjald í landinu hefur sjútvrh. lýst yfir að ekkert svigrúm sé fyrir launahækkanir á næsta ári.

Góðir Íslendingar. Framsóknarmenn hittust á miðstjórnarfundi í Reykjavík um helgina og ályktuðu að leita yrði nýrra leiða til hagvaxtar. En þeim varð hugsað til forustu sinnar og héldu vondaufir heim á leið sem von var. Þeim var svipað innanbrjósts eins og þér, hlustandi góður, þú veist af nálægð ríkisstjórnarinnar. „Þú horfir út í myrkrið og hvíslar: Hver ert þú? Og holur rómur svarar: Ekkert, ekkert."

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Því verður ekki neitað að vantrauststillaga þessi er lögð fram á mjög viðkvæmum tímum í utanríkismálum íslensku þjóðarinnar. Utanrrh. átti að halda utan í morgun til að ræða við forustumenn EFTA og EB um það gífurlega mikla starf sem hefur verið unnið upp á síðkastið og við höfum haft forustu um. Það er nokkuð einkennilegt að sjálfstæðismenn skuli þá hlaupa til og fá aðra stjórnarandstæðinga með sér. Er það gert til þess að koma í veg fyrir þessa skyldu utanrrh.? hlýtur þjóðin að spyrja.

Að öðru leyti fagna ég því að tillagan er komin fram því að hún gefur tækifæri til að ræða um mjög mikilvæg þjóðmál og gera það nú frammi fyrir alþjóð en ekki hér á Alþingi þar sem sjálfstæðismenn hafa, þegar ekki er útvarpað eða sjónvarpað, hagað sér á þann máta að allir hljóta að undrast og sannarlega er þingræðinu til skammar. Ég veit ekki hvers vegna sjálfstæðismenn hafa hagað sér svo, hvort það er til þess að vekja athygli á formanni sínum sem hefur verið þar í forustu. Ég vil ráðleggja þeim að leita annarra leiða til þess. Það er síðan von mín að þegar tillaga þessi er felld, þá muni sjálfstæðismenn og aðrir stjórnarandstæðingar gera sér ljóst að ríkisstjórnin hefur traustan meiri hluta að baki.

Ég hlustaði vandlega eftir því hvaða rök hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefði fyrir vantrauststillögunni og fann heldur lítið. Hann ræddi umn glundroða sem, ef einhver hefur verið, má rekja til þess hvernig sjálfstæðismenn hafa hagað sér hér á þingi. Hann tók að sér sögulega skýringu og ég vil taka það fram enn einu

sinni að við framsóknarmenn höfum svo sannarlega aldrei neitað því að við tókum þátt í ýmsu sem ekki hefur reynst vel. Við tókum þátt í því 1964 að hækka vexti um 2% og töldum að það yrði þar með hámark. Ég viðurkenni að þar með hleyptum við frjálshyggjudraugnum af stað og erum nú að vinna okkur út úr þeim vandræðum. Hann magnaðist um allan helming í stjórnartíð Þorsteins Pálssonar 1987–1988. Ég held að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefði átt að spara sér það að fara að segja þjóðinni hvað við ætlum að segja hér á eftir og hefði satt að segja átt að halda sig að hinu, að rökstyðja þessa furðulegu tillögu.

Ekki skildi ég hvað hv. þm. Þorsteinn Pálsson átti við þegar hann hélt því fram að Halldór Ásgrímsson sjútvrh. hefði borið hagsmuni Alþfl. meira fyrir brjósti 1984 en þjóðarhag. Ég vona að þarna hafi verið um einhver mismæli að ræða, en þá var nú ræðan það að mestu leyti. Ég skil það þó svo að þeir hv. sjálfstæðismenn og aðrir sem flytja þessa tillögu séu þar með að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir meðferð hennar á málum eins og EFTA-EB málum og virðisaukaskatti. Hann nefndi að vísu lítillega efnahagsmál sem hv. sjálfstæðismenn hafa varla nefnt á þessu þingi.

Í málefnum Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna las ég hér á hinu háa Alþingi bókun 29. nóv. sl. sem ég ætla að endurtaka hér, með leyfi forseta:

„Utanríkisráðherra hefur gert ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir sameiginlegum könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið um víðtækara samstarf ríkjanna 18 sem aðilar eru að EFTA og EB. Utanrrh. mun áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram. Jafnframt því sem fylgt verður eftir í þessum viðræðum sameiginlegri kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir innan hins væntanlega evrópska efnahagssvæðis verður haldið áfram tvíhliða viðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið og aðildarríki þess með það að markmiði að tryggja tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og stöðu íslensks sjávarútvegs að öðru leyti. Náið samráð verður haft innan ríkisstjórnarinnar og við utanríkismálanefnd Alþingis á öllum stigum málsins."

Ég hélt að þessi bókun ríkisstjórnarinnar og sú augljósa samstaða sem var um hana, mikill meiri hluti þingsins, mundi róa þá hv. sjálfstæðismenn en hún gerði það alls ekki. Þvert á móti ruku þeir til og fluttu vantrauststillöguna sem nú er hér til umræðu. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér jafnframt að lesa hér smávegis úr Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson um samninga við önnur ríki. Þar segir á bls. 373, með leyfi forseta:

„Aðalreglan er sú að Alþingi veitir samþykki sitt til fulltingis ákveðins samnings sem þegar liggur fyrir. Ekki er þó útilokað að samþykki sé gefið fyrir fram, áður en endanlega hefur verið gengið frá samningi eða jafnvel áður en byrjað er á samningaviðræðum, en þá má samningurinn ekki ganga lengra en ályktun Alþingis. Slíka almenna heimild yrði að skýra þröngt."

Í þeim tillögum sem hv. sjálfstæðismenn hafa flutt í utanrmn. er samningsheimildin sannarlega ekki skýrð þröngt. Ég vil líka geta þess að þegar ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar, sem ég veit að hv. sjálfstæðismenn eins og aðrir meta mjög mikils, ekki síst sem lögfræðing, þá var ekki leitað fyrir fram heimildar Alþingis.

Könnunarviðræður við Evrópubandalagið byrjuðu 24. nóv. 1970 án þess að leitað væri heimildar Alþingis og samningurinn var undirskrifaður 22. júlí 1972, að vísu þá með nýrri ríkisstjórn, en án þess að enn hefði verið leitað heimildar Alþingis. Samningurinn er ekki lagður fyrir Alþingi fyrr en í janúar 1973, þá undirritaður og leitað fulltingis Alþingis til að fullgilda samninginn. Svipaður háttur var á í viðræðunum við EFTA þótt þar gegni nokkuð öðru máli því að þar var ákveðið að leita aðildar.

Ég trúi nú varla öðru en að við nánari athugun hljóti hv. sjálfstæðismenn að vera samþykkir þeim ágætu mönnum sem þannig hafa lýst meðferð utanríkismála, Bjarna Benediktssyni og Ólafi Jóhannessyni. Ég hef varað mjög við þeirri tillögu sem liggur fyrir utanrmn. og hef gert það af ýmsum ástæðum. Ég þarf ekki að rekja nánar þann þátt tillögunnar sem gerir ráð fyrir því að samþykki Alþingis komi til til þess að þessum viðræðum verði haldið áfram. En ég vara ekki síður við síðari hluta tillögunnar sem gerir ráð fyrir því að leitað verði án tafar formlegra viðræðna við Evrópubandalagið um bókun 6 eða útvíkkun á bókun 6. Ég minni á að á leiðtogafundinum í mars í Osló lögðum við Íslendingar alla áherslu á að fá fríverslun með fisk og sögðum að við tækjum ekki þátt í sameiginlegum viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið án þess að hafa fengið fríverslun með fisk innan Evrópubandalagsins. Það mál leystist ekki fyrr en á síðustu 5 mínútum þess fundar og við sögðum að þar með, þar sem EFTA-ríkin væru tilbúin að krefjast fullrar fríverslunar með fisk, ekki síst og raunar eingöngu fyrir okkar hönd, Norðmenn hafa þar nokkurra hagsmuna að gæta, þá mundum við taka þátt í þessum sameiginlegu viðræðum. Þetta eitt út af fyrir sig ætti að útiloka flesta drengskaparmenn frá því að snúa nú við blaðinu og segja: Þótt þeir hafi fallist á þessa kröfu okkar ætlum við samt að krefjast beinna formlegra viðræðna við Evrópubandalagið.

Það eru líka fleiri ástæður til þess að þannig er ekki hægt að halda á málum. Evrópubandalagið hefur sjálft sagt, þeirra æðsti maður, Mr. Delors, sagði á fundi 17. jan. í ár að Evrópubandalagið kysi og legði eindregið til að viðræður yrðu sameiginlegar við EFTA-ríkin öll. Í raun hafnaði hann því að hafa viðræður við einstök EFTA-ríki. Hafnað var umsókn Austurríkis um sérstakar viðræður og Austurríki kom aftur inn og ákvað að semja með EFTA-ríkjunum. Þetta hefur einnig komið fram í þeim fjölmörgu viðræðum sem við Íslendingar höfum átt við ráðherra

meðlimaríkja Evrópubandalagsins og við stjórnarmenn Evrópubandalagsins í Brussel. Og eigum við nú að segja við þessa menn eins og Mitterand og marga fleiri: Ja, þótt þið hafið ráðlagt okkur eindregið að leita sérsamninga ef við fáum ekki fríverslun með fisk í sæmilegum samningum, leita þá sérsamninga eftir á, eigum við að segja við þá: Ja, samt sem áður ætlum við nú að krefjast sérstakra, formlegra viðræðna? Hættan er vitanlega sú að við yrðum eftir úti í kuldanum og EFTA-ríkin mundu að sjálfsögðu ekki leggja þá áherslu sem þau hafa nú heitið og hafa gert hingað til á fríverslun með fisk. Ég verð að segja það að mér þykir þessi málflutningur hjá sjálfstæðismönnum allur hinn furðulegasti og veit ég ekki af hvaða rótum hann er sprottinn.

Auk þess má vitanlega búast við því að slík framganga yrði til þess að krafa EB-ríkjanna um fiskveiðiheimildir hér kæmi fram formlega og mjög hörð. Ég vil þá vekja athygli á því að svo sannarlega hafa viðræður farið fram um útvíkkun á bókun 6 þótt þær hafi ekki verið formlegar að því leyti til að um þær hafi verið formlega beðið af ríkisstjórninni. Sjútvrh. hefur nokkurn veginn stöðugt átt í viðræðum við fulltrúa Evrópubandalagsins um þessi mál og orðið afar mikið ágengt, eins og m.a. hefur komið fram í yfirlýsingu sjávarútvegsráðherra Vestur-Þjóðverja sem kom hingað til lands. Utanrrh. hefur gert það sama, eins og fram hefur komið í yfirlýsingum, m.a. aðstoðarutanríkisráðherra Vestur-Þjóðverja sem kom hingað til lands. Og ég hef gert það í hvert sinn sem ég hef hitt fulltrúa þessara ríkja. Við höfum hlotið mikinn góðvilja og ég vil leyfa mér að segja að á þessari stundu hefur meira unnist með þessum viðræðum en nokkru sinni fyrr og vonandi skilar það sér.

Hv. þm. minntist á virðisaukaskattinn. Hann flutti að vísu einhvern tíma frv. um 24% virðisaukaskatt og ekki með lægra þrepi á matvæli. En honum hefur snúist hugur, það er alveg rétt, og okkur framsóknarmönnum einnig, við nánari athugun. Hins vegar hefur öll vinna miðað við það sem lögin gera nú ráð fyrir. Ríkisstjórnin hefur talið sér skylt að hlusta á þær fjölmörgu áskoranir sem komið hafa frá ýmsum félagasamtökum hér í landinu og þess vegna hafa stjórnarflokkarnir tekið málið mjög ítarlega til meðferðar nú síðustu vikurnar. Ríkisstjórnin afgreiddi málið fyrir sína hönd í morgun og ég vil leyfa mér að fara yfir þá ákvörðun sem ríkisstjórnin tók.

Ríkisstjórnin ákvað að virðisaukaskattur komi til framkvæmda um næstu áramót. Þá var ákveðið að skattþrepið verði 24,5% en lægra þrep eða ígildi lægra þreps 14% með endurgreiðslu á mikilvægustu matvælum. Þetta þýðir tekjutap fyrir ríkissjóð frá fjárlagafrv. upp á 1900 millj. kr. Til að mæta þessu var ákveðið að hækka tekjuskattinn um 2%. Það gæfi 2800 millj. kr. En jafnframt var ákveðið að verja helmingi af þeirri upphæð, þ.e. 1400 millj. kr., til að hækka skattleysismörkin og barnabætur og koma þá 1400 millj. kr. til tekna hjá ríkissjóði. Þá var ákveðið að orkufyrirtæki greiði tekjuskatt eins og bankar og fyrirtæki í landinu almennt gera og er áætlað að það þýði 250 millj. kr. tekjur. Loks var ákveðið að sérstakur skattur verði settur á bifreiðar, þ.e. kílóaskattur sem gefi 350 millj. kr. Samtals eru þetta tekjur upp á 2 milljarða sem mæta fyllilega og 100 millj. betur því tekjutapi sem verður.

Það er mjög margt sem mælir með þessari lausn. Í fyrsta lagi er 26% skattur of hár. Því verður varla neitað og m.a. mundi verða nauðsynlegt að lækka þann skatt þegar fram í dregur og samræma virðisaukaskatti í Evrópulöndunum. Með þessari breytingu á tekjuskattinum lækkar auk þess skattur þeirra hjóna sem eru með 150 þús. kr. eða minna á mánuði en hækkar hjá þeim sem eru með meira og þetta þýðir jöfnun. Þá er jafnframt ákveðið að á næsta ári verði kannað hvernig beita megi virðisaukaskattinum til þess að lækka enn framfærslukostnað. Annars vegar verður kannað að taka inn tveggja þrepa virðisaukaskatt þar sem matvæli fara í lægra þrepið. Athugað verður hvernig vega megi upp tekjutap ríkissjóðs vegna lægra þreps í virðisaukaskatti m.a. með því að draga úr ríkisútgjöldum. Hins vegar verði kannaður undanþágulaus virðisaukaskattur í einu þrepi þar sem skatthlutfallið verði mun lægra en það sem nú er gert ráð fyrir. Í þessum könnunum verði við það miðað að nýtt skattkerfi bæti samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og tryggi bætt skattskil. Jafnframt verði höfð hliðsjón af áformum um samræmingu virðisaukaskatts við helstu viðskiptalönd okkar.

Um þetta ríkir að sjálfsögðu full samstaða innan stjórnarflokkanna. Ég hef ekki tíma til að ræða hér ítarlega um efnahagsmálin þó það væri æskilegt. Furðulegt var að heyra hv. þm. lýsa og vísa í skýrslu Seðlabankans um hækkun vaxta. Í skýrslu Seðlabankans, sem liggur að sjálfsögðu á borði ríkisstjórnarinnar og hefur þar verið rædd, kemur fram að lækkun raunvaxta miðað við framfærsluvísitölu er um helmingur frá því sem hún var í stjórnartíð Þorsteins Pálssonar. Um helmingur, um u.þ.b. 6% samtals. Þetta er gífurlega mikil lækkun þó ég viðurkenni að ekki er búið að ná til baka öllu sem frjálshyggjan færði íslenskri þjóð í fjármagnskostnaði.

Fjölmörg önnur batamerki eru. Þjóðhagsstofnun upplýsir að nú sé frystingin rekin með hagnaði upp á 5,2% og hefur þá afkoma frystingarinnar batnað um samtals 10,4%. Allt bendir til þess að vöruskiptaafgangur verði hvorki meiri né minni en um sex milljarðar kr. og er það gífurleg umbreyting frá því sem áður var. Það hlýtur öllum að vera ljóst.

Ég sagði það áðan að ég hef ekki tíma til að rekja þessa þætti ítarlegar. En allt bendir til þess að við séum að ná botni í þeim erfiðleikum sem við höfum verið í og ný framfarasókn geti hafist á næsta ári. Það eru vissulega erfiðleikar og því miður óvæntir sem komið hafa í ljós t.d. nú þessa dagana. Ef loðnuveiðin bregst þá er það afar mikill biti fyrir íslenska þjóð að kyngja. Því verður vitanlega að mæta. Engu að síður bendir allt til þess að öruggt framfaraskeið geti hafist, ný framfarasókn fyrir þessa þjóð. Það bendir allt til þess að við séum að vinna okkur út úr hörmungum frjálshyggjunnar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það þarf í raun ekki að koma neinum á óvart að nú hefur verið lögð fram tillaga um vantraust á ríkisstjórnina. Atburðir undanfarinna daga hafa sýnt svo ekki verður um villst að ríkisstjórnin ræður ekki við verkefni sitt. Allt er í uppnámi. Nú er öllum orðið ljóst, nema e.t.v. ríkisstjórninni, að fjárlagafrv. er ónothæft pappírsgagn, virðisaukaskatturinn er orðinn að marghöfða þurs, atvinnumálin hafa aldrei verið í meiri ólestri og málefni landsbyggðarinnar eru í ömurlegu horfi. Það eina sem ríkisstjórnin virðist nú vera sammála um er að gefast upp fyrir efnahagsvandanum innan lands og leita skjóls í svokölluðu evrópsku efnahagssvæði. Það er hið evrópska gull sem ríkisstjórnin mænir nú á, ekki síst formaður Alþfl.

Í gær veitt ríkisstjórnin utanrrh. fullt og óskorað umboð til að taka upp samningaviðræður með öðrum EFTA-ríkjum við Evrópubandalagið. Í þeim viðræðum er Íslandi ætlað að tala einni röddu með þjóðum eins og Svíþjóð og Austurríki sem hafa allt annarra hagsmuna að gæta. Ríkisstjórnin ætlar því að leysa heimavandamálin sem hún er að gefast upp á að glíma við með því að gefa Ísland á vald stórrar efnahagsheildar þar sem fjármagnið eitt situr í fyrirrúmi. Á máli viðskrh. heitir það „að fá aukið aðhald að innlendri hagstjórn". Ég vona að viðnámsþróttur þjóðarinnar sé ekki alveg þrotinn og hún rísi upp gegn þessum áformum.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hve milliríkjaviðskipti eru okkur Íslendingum mikilvæg. Okkar þýðingarmestu markaðir eru í Evrópu og Bandaríkjunum. En markaðir í Austur-Evrópu, Asíu og e.t.v. víðar geta ekki síður orðið mikilvægir í framtíðinni. Þess vegna er þýðingarmikið fyrir okkur að binda okkur ekki við einn stórmarkað sérstaklega, ég tala nú ekki um ef múrarnir í kringum hann gera viðskipti við önnur svæði illmöguleg. Með aðild að slíkri heild er hætt við að möguleikar okkar til að hafa eðlileg viðskipti við aðrar þjóðir minnki verulega.

Samningur Íslands við Evrópubandalagið sem gerður var árið 1972 var báðum aðilum hagstæður. Vegna breyttra aðstæðna, m.a. vegna stækkunar bandalagsins, er þessi samningur orðinn okkur mun óhagstæðari en þegar hann var gerður. Það er því eðlileg krafa af Íslands hálfu að áður en farið verður að ræða önnur atriði verði hagsmunir Íslands tryggðir að því er varðar útflutning á sjávarafurðum. Það er í fyllsta máta furðuleg og óábyrg niðurstaða af hálfu ríkisstjórnarinnar að hafna að teknar verði upp slíkar viðræður. Ríkisstjórnin er í raun svo hrokafull í sinni afstöðu að hún leggur ekki eyru við því sem samtök aðila í sjávarútvegi hafa um málið að segja. Enn furðulegri er þessi afstaða í ljósi þess að EB hefur lýst því yfir að fríverslun með fisk komi ekki til greina sem almenn regla af þeirra hálfu. Því er eðlilegt að fara fram á útvíkkun á viðskiptasamningi okkar við bandalagið að því er varðar fisk og fiskafurðir. Í stað þess að taka á stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar hefur ríkisstjórnin markað þá stefnu að fara í flókna samninga með öðrum EFTA-ríkjum um allt aðra hluti og láta okkar mál mæta afgangi. Hverra hagsmuna telur ríkisstjórnin sig vera að gæta?

Ef litið er aðeins nánar á fjórfrelsið svonefnda, sem er kjarninn í EFTA-viðræðunum, kemur fljótlega í ljós að málið er ekki eins einfalt og margir vilja vera láta. Hömlulausir fjármagnsflutningar til og frá Íslandi og erlend fjármálaþjónusta munu fljótt leiða til þess að erlendir aðilar nái tökum á íslensku atvinnulífi, einnig sjávarútvegi og fiskvinnslu. Auk þess er hætta á að þeir innlendu aðilar sem ráða yfir mestu fjármagni telji sér hag í því að flytja það úr landi fremur en ávaxta það og leggja í fyrirtæki hér á landi. Reynslan ætti að hafa kennt okkur eitthvað í þessum efnum. Nærtækt er að líta á hvernig straumar peninganna hafa legið hér innan lands þar sem verulegt fjármagn hefur flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Hvernig halda menn að það gangi að koma í veg fyrir fjárstreymi frá Íslandi til Evrópu-stórríkisins, þar sem fjármagnið er alfa og omega? Á ég að trúa því að allir þingmenn stjórnarflokkanna styðji ríkisstjórnina í að spila þannig með hagsmuni þjóðarinnar? Ef við gerumst þátttakendur í evrópsku efnahagssvæði afhendum við um leið hluta af sjálfstæði okkar til yfirstjórnar úti í hinum stóra heimi. Það kemur raunar greinilega fram í þeirri skýrslu sem utanrrh. hefur lagt fyrir Alþingi. Þar birtist sá grundvöllur sem áframhaldandi viðræður byggja á með örfáum fyrirvörum. Og um leið er tekið fram að grundvallarhagsmunir okkar séu samningsatriði.

Hvernig er hægt annað en vantreysta slíkri ríkisstjórn? Hvernig geta talsmenn stjórnarliðsins horft hér framan í myndavélarnar án þess að skammast sín?

Þessi vegferð hófst í Osló á útmánuðum þar sem forsætisráðherrar EFTA-ríkjanna samþykktu að hefja undirbúningsviðræður um þátttöku í innri markaði Evrópubandalagsins. Íslenski forsrh. segist hafa gert fyrirvara í ræðu við upphaf fundarins. En utanrrh., sem fer með umboð ríkisstjórnarinnar í viðræðunum, svo og viðskrh. hafa margsinnis sagt að Ísland hafi skrifað undir yfirlýsinguna í Osló án fyrirvara.

Það eru líka, sem kunnugt er, alþýðuflokksráðherrarnir sem eru ákafastir í EFTA-EB trúboðinu og erfitt að sjá að þeir eigi sér nokkurt föðurland. Á undanförnum mánuðum höfum við orðið vitni að umbyltingu í Austur-Evrópu þar sem hið miðstýrða kerfi, sem kennt hefur verið við Marx og Lenín, hefur hrunið til grunna. En annað og ekki síður sögulegt hefur verið að gerast í Vestur-Evrópu, en með öðrum formerkjum. Þar á ég við allsherjar uppgjöf sósíaldemókratísins eins og það leggur sig fyrir fjármagninu og veldi fjölþjóðahringa. Þar er í uppsiglingu ekki síður miðstýrt kerfi en það sem mest hefur verið fordæmt í Austur-Evrópu en er nú sem betur fer að falli komið.

Krataflokkurinn íslenski er hér að sjálfsögðu kaþólskari en páfinn, með Jónana í broddi fylkingar.

Þessa kratastefnu hefur ríkisstjórnin nú skrifað upp á. Það vekur óneitanlega nokkra furðu að ráðherrar Alþb. og framsóknar gera ekkert með samþykktir flokksstofnana sinna að því er varðar samningaviðræðurnar. Hvers vegna telja ráðherrar Alþb. t.d. líklegt að utanrrh. taki nokkurt minnsta mark á fyrirvörum sem ekki standa skýrt og skorinort í því umboði sem ríkisstjórnin hefur gefið honum? Þessi sami utanrrh. hefur farið létt með að horfa fram hjá fyrirvörum forsrh., sem enn einu sinni hefur látið plata sig.

Í morgun sendi utanrrh. þau boð til EFTA-fundarins í Genf að stefna hans sjálfs væri stefna ríkisstjórnarinnar hvað sem fyrirvörum samstarfsflokkanna liði. Enda telur hann sig vera kominn með skothelt umboð.

Ég vænti þess að þið, áhorfendur góðir, áttið ykkur á hvílíkt glæfraspil það er sem þessi marghöfða ríkisstjórn stendur fyrir í þessu örlagaríka máli.

Kvennalistinn telur að leita beri beinna samninga um samskipti okkar við Evrópubandalagið. Nú þegar ætti að óska eftir samningum við bandalagið um útvíkkun á viðskiptasamningi með sjávarafurðir. Um það efni hefur verið lögð fram þáltill. hér á Alþingi í dag og standa að henni Kvennalistinn og Sjálfstfl. Um þennan afmarkaða þátt eru Kvennalistinn og Sjálfstfl. sammála. Að öðru leyti er regindjúp á milli afstöðu okkar og Sjálfstfl. til Evrópubandalagsins. Forusta Sjálfstfl. styður eindregið EFTA-leiðina og fjórfrelsið þó heyra megi efasemdir frá einstökum þingmönnum flokksins. Við kvennalistakonur teljum hins vegar fráleitt að tengjast Evrópubandalaginu á þeim forsendum sem felast í Oslóaryfirlýsingu forsætisráðherra EFTA-ríkjanna. Við viljum að Íslendingar gæti hagsmuna sinna með því að taka upp beinar viðræður við Evrópubandalagið um framtíðarsamskipti okkar og bandalagsins. Þar eigum við að halda fast og ákveðið á okkar málstað með tilliti til sérstöðu okkar sem fámennrar þjóðar. Við hljótum hins vegar að hafa áhyggjur af stöðu mála og spyrja okkur hvort virkilega sé ekkert viðnám að finna í hinu gróna flokkakerfi. Er að koma í ljós það sem margir, m.a. við kvennalistakonur, hafa haldið fram, að rödd almennings nái ekki til þeirra sem með völdin fara? Hlusta þeir hinir sömu bara á fjölmiðla og sjálfa sig? Hver er framtíðarsýn þeirra manna sem halda þannig á málum? Eru þeir búnir að gefa upp á bátinn að á Íslandi geti lifað sjálfstæð þjóð með eigin menningu og tungu?

Það er nöturlegt til þess að vita að nú þegar enn er ekki hálf öld liðin frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi skuli valdamiklir menn í þjóðfélaginu mæla með því að Ísland gerist aðili að stórri heild, hinu svokallaða evrópska efnahagssvæði. Sumir, eins og nýbakaður varaformaður Sjálfstfl., ganga jafnvel svo langt að gera ráð fyrir að Ísland gangi í Evrópubandalagið með húð og hári.

Góðir hlustendur. Á morgun er 1. desember, dagurinn þegar Íslendingar náðu langþráðu takmarki í sjálfstæðisbaráttu sinni árið 1918. Þá bjó hér bjartsýn en fátæk þjóð sem síðan hefur komist í álnir. Við ættum að vera minnug þess að í frelsi felast gæði sem ekki spretta af efnislegum þáttum einum saman. Við skulum því ekki mæna á hinar stóru heildir þó þar sé veifað nokkrum prósentum í auknum hagvexti, minnug þess að ekki er allt gull sem glóir.

Það er sama hvað flokkarnir heita sem standa að baki ríkisstjórnar sem metur gullkálfinn meira en arf og menningu Íslendinga. Slík ríkisstjórn verðskuldar ekki traust Alþingis. Þess vegna á Kvennalistinn hlut að þeirri tillögu sem hér er til umræðu í kvöld. Í raun eruð það þið, hlustendur góðir, sem eigið að kveða upp dóminn. Ef Alþingi ber ekki gæfu til þess að samþykkja tillöguna verður ykkar að fylgja henni eftir við fyrstu hentugleika. — Góðar stundir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð fyrir rúmu ári í miklum flýti. Svo miklum flýti að menn leyfðu sér að ganga þvert á reglur lýðræðisins og settust í ráðherrastóla án vissu um það hvort stjórnin hefði meirihluta á þingi. Í þá daga teystu menn á álfakónginn. Hann fullvissaði þá um að þegar mikið lægi við myndi huldufólkið ganga úr björgunum. Það gekk eftir. Í verðlaunaskyni fengu tveir þm. Borgfl. sinn ráðherrastólinn hvor nú í haust. Eftir að huldufólkið var allt orðið sýnilegt í mannheimum var engin þörf fyrir álfakónginn lengur og hann settur til hliðar. Markmið ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar voru m.a. þau að leysa bráðan efnahagsvanda, treysta grundvöll atvinnulífsins og stöðu landsbyggðarinnar. Það er þó löngu orðið ljóst að ekki var það getan til að takast á við þessi vandamál, hvað þá hugmyndaauðgi þeirra að leita nýrra lausna sem knúði menn til að taka sæti í ríkisstjórninni. Ekki var það heldur hugsjónaólgan. Ríkisstjórnin hefur frá upphafi staðið ráðvillt á krossgötum og síðustu daga hefur komið æ betur í ljós að nú ætlar hver sína leið — hvað sem tautar og raular. Því er ærin ástæða að staldra nú við, meta verk hennar, meta hvort henni er yfirleitt treystandi til að takast á við það sem fram undan er.

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. vill til Evrópu til mikilvægra viðræðna. Lætur hann sér í léttu rúmi liggja hver hugur Íslendinga er og ekki kærir hann sig um skýrt umboð frá sinni eigin ríkisstjórn, enda hefur hann það ekki. Undirstrikar þetta í raun hugmyndir hans um lýðræðisleg vinnubrögð og þá ábyrgð sem utanrrh. á hverjum tíma hlýtur að bera gagnvart þjóðinni. Honum er því ekki treystandi.

Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. og fyrrv. „verkalýðssinni" vinnur kappsamlega að því að koma matarskattinum endanlega á og vill fá til þess frið. Lætur hann því önnur mikilvæg verk bíða. Nú eru fjórar vikur til áramóta og enn ríkir alger óvissa um það hvernig og hvenær ríkið ætlar að greiða skuldir sínar við sveitarfélögin í landinu. Enga áætlun um uppgjör er að finna í fjárlagafrv., engar reglugerðir liggja fyrir og fjvn. fær ekki nauðsynlegar upplýsingar til að geta sinnt starfi sínu. Fjmrh. hefur engar áhyggjur af stöðu

þess starfsfólks sem um áramót fer að vinna sambærileg störf hjá ríki og áður voru unnin hjá sveitarfélagi. Vílar hann ekki fyrir sér að lækka fólk í launum, „verkalýðssinninn" fyrrverandi.

Innan ríkisstjórnarinnar er engin samstaða um með hvaða hætti og hvenær virðisaukaskattur á að taka gildi þó yfirlýsingar hafi verið gefnar um það hér í dag. Eitt eiga þeir þó sameiginlegt. Í upphafi voru þeir á móti hugmyndinni um virðisaukaskatt. En nú ætlar fjmrh. að koma fram áformum sínum um virðisaukaskatt og hækkun tekjuskatts eftir því sem okkur hefur verið sagt. Þegar þessu verður lokið verður enginn tími aflögu til að fjalla um málefni ríkis og sveitarfélaga. Hann mun fara sínu fram þar eins og annars staðar. Er ástæða til að treysta honum?

Steingrímur Hermannsson er maður skammtímaminnis og teygjanlegra svara. Flokkur hans hefur átt aðild að ríkisstjórn í næstum tvo áratugi. Sjálfur hefur hann setið í stóli forsrh. síðustu sex árin að einu undanskildu. Hverjar eru afleiðingarnar af forræði Framsfl. í öll þessi ár? Ýmis eru verk þeirra en á þessari stundu stendur þó eitt ofar öðru. Þegar Framsfl., með bróðurlegu samkomulagi við Sjálfstfl., gaf vextina frjálsa. Nú fórnar forsrh. höndum yfir háum fjármagnskostnaði og man greinilega ekki fyrri gjörðir sínar.

Hvaða framtíðarmynd blasir við fólki til sjávar og sveita? Hverjar eru lausnir þeirra sem líta á sig sem bjargvætti þjóðarinnar? Eftir að fjármunum Atvinnutryggingarsjóðs hafði verið deilt út stóðu mörg útgerðarfyrirtæki sem fyrirgreiðslu höfðu hlotið í sömu sporum, nema hvað skuldahalinn hafði lengst nokkuð vegna björgunaraðgerðanna. Enginn veit enn hversu traustur rekstrargrundvöllur þeirra er þrátt fyrir aðgerðirnar. Í öðrum atvinnugreinum blasir við hnignun, jafnvel hrun. Hundruð kvenna um land allt hafa misst vinnu sína þegar sauma- og prjónastofur hafa orðið að leggja upp laupana ein af annarri. Bygginga- og trésmíðaverkstæði verða gjaldþrota, hrun blasir við í skipasmíðaiðnaði og samdráttur í öðrum atvinnugreinum. Ef svo fer sem horfir verða það ekki einungis einstaklingar og fjölskyldur sem missa lífsviðurværi sitt. Þjóðin öll glatar þeirri verkþekkingu sem er til staðar í landinu.

Í landbúnaðarmálum ríkir mikil upplausn og hafa bændur orðið að láta ýmislegt yfir sig ganga hin síðari ár. Tölur sýna að 40% búa eru svo smá að þau bera aðeins eitt ársverk. Hjón reka þó flest búin. Flest hafa börn á framfæri sínu eða jafnvel unglinga sem sækja þurfa nám fjarri heimabyggð með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. Þó er það viðurkennd staðreynd að tvo þarf til að framfleyta fjölskyldum. Atvinnuleysi fer vaxandi og bitnar harðast á konum sem eru í miklum meiri hluta atvinnulausra. Þar að auki er alltaf nokkuð um dulið atvinnuleysi kvenna. Hvorki sveitakonur né heldur þær konur sem um þessar mundir eru búnar að koma upp börnum sínum og væru tilbúnar til að fara á vinnumarkaðinn láta skrá sig atvinnulausar. Hvað veldur þeirri hnignun sem hvarvetna má sjá í atvinnulífinu og hvað um batamerki? Það er greinilegt að innan ríkisstjórnarinnar er engin samstaða um atvinnustefnu og úrræði. Því skal hún víkja.

Vegna bágrar stöðu kvenna á vinnumarkaðnum verður að grípa til sérstakra aðgerða í þeirra þágu. Ekkert bólar á slíku framtaki hjá ríkisstjórninni þrátt fyrir fögur fyrirheit. Kvennalistakonur hafa frá upphafi verið ötular við að ræða atvinnumál kvenna, ekki síst konurnar í dreifbýlinu. Það vekur athygli hversu hugmyndaríkar konur eru og hvernig þær hugsa sér atvinnuuppbyggingu sem hefur í fyrirrúmi samvinnu og tillit til aðstæðna kvenna. Árangurinn af umræðum okkar hefur m.a. birst í till. um að stofnuð verði sérstök deild við Byggðastofnun sem hafi það hlutverk eingöngu að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Sjálfsagt er að konur hafi frumkvæði en hvatning, ráðgjöf og bætt skilyrði eru nauðsynleg. Sköpun starfa fyrir konur í dreifbýli er mikilvægur liður í að koma í veg fyrir óæskilega byggðaröskun og að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Ríkisstjórnin hefur ekki gert sér grein fyrir nauðsyn þess að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um atvinnulíf og búsetuþróun. Það er ein mikilvæg ástæða þess að kvennalistakonur treysta þessari ríkisstjórn ekki. Framvinda mála á landsbyggðinni til sjávar og sveita er stórhættuleg.

Nú ganga stjórnvöld fram blinduð af draumum um stóriðju á suðvesturhorni landsins. Þeir draumar koma undarlega fyrir sjónir. Ekki leysir stóriðja atvinnuvanda kvenna í byggðarlögum landsins. Hún mun kosta okkur ómældar erlendar skuldir og hún mengar umhverfið. Stóriðja á suðvesturhorninu mun hafa í för með sér enn frekari byggðaröskun en orðin er. Síðast en ekki síst er erlend stóriðja síst til þess fallin að örva frumkvæði og efla trú okkar á eigin getu og þær auðlindir sem við eigum. Hvað varð um stefnu Alþb. í stóriðjumálum og erlendum fjárfestingum hér á landi?

Þegar búvörulög voru sett á síðasta kjörtímabili undir forustu Framsfl. voru bændur óspart hvattir til að draga úr heföbundnum búskap og snúa sér að nýjum bjargráðum. Lausnarorðin voru loðdýrarækt og fiskeldi og skyldi stærri hluti fjárveitinga til landbúnaðarins renna til þeirra. Allir vita hvernig staða þessara búgreina er í dag og stjórnvöld hljóta með nokkrum hætti að bera ábyrgð á því hvernig komið er. Bæði vegna þess ofurkapps sem stjórnvöld lögðu á uppbyggingu þessara búgreina og skilningsleysis á því hvaða skilyrði þarf að skapa atvinnurekstri í landinu til þess að hann sé samkeppnisfær. Þar komum við enn og aftur að vöxtunum. Þær aðgerðir sem nú eru fyrirhugaðar vegna loðdýraræktar hljóta því að vekja hneykslun og undrun á ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar. Hreinlegra hefði verið fyrir stjórnarflokkana að segja: Hingað og ekki lengra, í stað þess að láta þm. Alþfl. ákveða langa hengingu. Hvar eru nú sjálfskipaðir málsvarar bænda, Framsfl.? Hvaða stefnu ætla þeir að taka í þessu máli? Eru bændahjörtu þeirra farin að slá í takt við landbúnaðarhjarta Alþfl.? Hér sem í öðrum málum ná stjórnar-

flokkarnir ekki saman um aðgerðir og útkoman úr þessu dæmi verður óskapnaður.

Sagt hefur verið að Steingrímur Hermannsson sé hagleiksmaður við smíðar. Í haust lofaði hann Júlíusi Sólnes að smíða handa honum nýtt ráðuneyti og nýjan stól. Svo virðist sem hann hafi gleymt að hugsa fyrir efniviði í stólinn og teikningin hefur ekki verið samþykkt enn. Það er enn eitt dæmið um óleyst verkefni og má mikið vera ef forsrh. sleppur með óskaddaða fingur frá smíðinni. Vegna skipulagsleysis, fyrirhyggjuleysis og samstöðuleysis ríkisstjórnarinnar eru litlar líkur á því að Júlíus Sólnes fagni nýju ári í mjúku hægindi umhverfisráðuneytis.

Slík vinnubrögð sem þau er ég nú hef lýst eru konum ekki eiginleg. Þær skipuleggja verk sín með hliðsjón af framtíð barna sinna, tillitssemi til annarra með samstöðuna að leiðarljósi, vitandi það að án hennar fæst engu framgengt. Verk ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar einkennast af hugmyndafátækt, bráðabirgðalausnum og algerum skorti á samstöðu um framtíðarstefnu. Þetta hefur þegar valdið þjóðinni ófarnaði og því ber stjórninni að víkja. — Góðar stundir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég átti satt að segja von á því að vera annars staðar á þessari stundu til þess að tala máli ykkar, þings og þjóðar, sem talsmaður EFTA-ríkjanna, til þess að tala þeirra máli í viðræðum við talsmenn Evrópubandalagsins. Á dauða mínum átti ég von en ekki því að ég stæði hér til þess að verja íslenska hagsmuni fyrir forustu Sjálfstfl. Af þessu tilefni langar mig til þess að nota þær fáu mínútur sem ég hef hér til þess að beina máli mínu til þess ágæta fólks sem stutt hefur Sjálfstfl. í trausti þess að það sé trausts verður flokkur undir núverandi forustu.

Við vorum hér þessa daga að ræða skýrslu utanrrh. um mikilvægasta og vandmeðfarnasta utanríkishagsmunamál íslensku þjóðarinnar. Fyrir því er áratuga hefð, reyndar allan lýðveldistímann, að þegar býður þjóðarsómi, þegar þjóðarhagsmunir eru í veði, þá snúum við bökum saman og látum þagna dægurþras og ríg um minni háttar mál. Aðrar þjóðir, bandalagsþjóðir okkar og vinaþjóðir, höfðu treyst Íslendingum til þess að hafa á hendi verkstjórn og forustu í þessum vandasömu málum og það er ekkert launungarmál, meira að segja viðurkennt af formanni Sjálfstfl., að Íslendingum hefði farist það verk nokkuð vel úr hendi þótt við séum fáliðaðir. Þá bregður svo við að hin unga og reynslulausa forusta Sjálfstfl. velur sér stað og tíma til þess að flytja vantrauststillögu í miðjum klíðum þessarar umræðu.

Þeir sem hafa fylgst með fréttum hafa séð hver viðbrögðin hafa orðið hjá viðsemjendum okkar og hjá bandalagsþjóðum okkar eða forustumönnum þeirra, að sendiherra Íslands í Brussel hefur orðið að standa upp á þessum fundi til þess að biðjast nánast velvirðingar en eyða ótta manna og óróa um það að þetta upphlaup sjálfstæðisforustunnar tákni að Íslendingar séu horfnir frá þeirri stefnu sem mótuð hefur verið undir þeirra verkstjórn. Þeir sjálfstæðismenn, þeirra á meðal hinn ungi formaður, spyrja mikið um umboð. Ég spyr mikið um umboð. Ég spyr ykkur, sjálfstæðisfólk, sem mál mitt heyrið: Hafið þið gefið Þorsteini Pálssyni umboð til þessara verka? Hafið þið gefið Þorsteini Pálssyni umboð til þess að breyta sjálfri Snorrabúð Sjálfstfl. frá gullaldarskeiði í þennan stekk þar sem ofstækið og barnaskapurinn eru í sandkassaleik með það sem einu sinni var kallað fjöregg þjóðarinnar?

Sjálfstæðismenn hafa gefið hinum unga formanni sínum hvert tækifærið öðru betra. Hann var kvaddur til stjórnarforustu á erfiðleika- og samdráttarskeiði og bauðst þar gullið tækifæri til þess að sýna hvað er spunnið í hina ungu kynslóð sem komin var til valda. Allir vita hvernig fór um sjóferð þá.

Landsfundur Sjálfstfl. gaf hinum unga formanni annað tækifæri en ég spyr: Til hvers? Til þess að breyta Sjálfstfl. í ábyrgðarlausan upphlaupsflokk eins og þeir kölluðu Alþb. forðum daga? Hver eru skilaboð þessarar sjálfstæðisforustu til unga Íslands sem nú virðir fyrir sér agndofa og í aðdáun þau tækifæri sem eru að skapast í hinni nýju Evrópu? Eru það hugmyndir Sjálfstfl. að breyta Íslandi í einhvers konar Árbæjarsafn á meðal þjóða á sama tíma og múrar ófrelsisins eru að hrynja um þvera og endilanga Evrópu? Eru það hugmyndir sjálfstæðismanna að breyta Íslandi í einhvers konar Albaníu norðursins? Er þetta framtíðarsýn þessara manna? Hver hefur gefið Þorsteini Pálssyni umboð til þess að gera Sjálfstfl. að málsvara einangrunar og kotungssjónarmiða? Ætla sjálfstæðismenn að fylgja Þorsteini Pálssyni á kúskinnsskóm Kvennalistans út í þessa vitleysu?

Ég biðst ekki vægðar undan hörðum árásum sjálfstæðismanna á mig og ég erfi það ekki við þá satt að segja, þessa ungu forustukynslóð, þó að hún fari með málefnabaráttu íslenskra stjórnmála niður í göturæsin í skipulögðum herferðum til þess að níða æru af einstökum andstæðingum sínum. Við skulum ekki erfa það. Það kann að henda og það hljóta að hafa verið mistök. En þegar þeir svífast einskis í þessu ofstæki sínu og láta það ekki hindra sig í því að gera mikilvægustu utanríkishagsmunamál íslensku þjóðarinnar að hráskinnaleik í taugaveiklunarkasti, þá spyr ég ykkur, sjálfstæðisfólk: Ætlið þið að fyrirgefa þeim þetta? Því að þessir dagar eru svartir dagar í sögu Sjálfstfl. Ég er sannfærður um að hinir stóru leiðtogar liðinnar sögu, þeir Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors, mundu snúa sér við í gröfinni ef þeir mættu nú horfa á tiltektir þessara angurgapa.

Það eru merkileg söguleg þáttaskil þegar það gerist á einum og sama deginum að Sjálfstfl. rýfur áratuga hefð í utanríkismálum um samstöðu lýðræðisafla í slíkum málum, en á sama tíma verður maður að játa að það er eins og Alþb. sé að vaxa og þroskast, komast af pólitísku gelgjuskeiði á sama tíma og Sjálfstfl. er genginn í pólitískan barndóm undir barnungri forustu sinni. Ég spyr: Hver hefur gefið Þorsteini Pálssyni umboð til þess að leggja nafn flokks

Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar við þvílíkan pólitískan hégóma? Aldrei hefur nokkur formaður Sjálfstfl. í gervallri sögu hans verið svo umboðslaus og viðskila við lífsviðhorf, sannfæringu og sjónarmið meginþorra þess fólks sem stutt hefur Sjálfstfl. til valda. Og svo þykist hann vera þess umkominn að bera vantraust á aðra. Það er kominn köttur í ból Bjarna, Halldór Blöndal.

Þeir segja að utanrrh. skorti umboð. Og þeir flytja tillögu um að taka þegar í stað upp formlega samninga við Evrópubandalagið og afhjúpa þar með svo ótrúlega vanþekkingu sína á því sem er að gerast í þessum málum, vitandi t.d. ekki eða látandi eins og þeir viti ekki að við höfum á sl. tveimur árum kappsamlega stundað tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið á tveimur stigum, við pólitíska leiðtoga þess og við sjálft Evrópubandalagið og fiskimáladeild þess. Halldór Ásgrímsson sjútvrh. hefur gert það. En þeir segja: Umboðslausir. Lögfræðisveitin í forustu Sjálfstfl. kann nú ekki lengur fræði Bjarna, þekkir ekki stjórnarskrána, veit ekki að utanrrh. hefur skv. stjórnarskrá og lögum stöðuumboð til þessara mála, þekkja ekki skýringar Ólafs Jóhannessonar sem forsrh. vitnaði til áðan, þekkja ekki fordæmi um að það hefur aldrei verið gert í sögu lýðveldisins að leita slíks umboðs fyrir fram, neita skýringunum á því vegna þess að það kynni að skaða hagsmuni Íslands að skrá þar upp á punkt og prik hvert einasta skilyrði áður en við göngum til mikilvægra hagsmuna, blekkja fólk með því að í öðrum löndum sé þetta gert. Ekki í einu einasta EFTA-landi hefur þetta verið gert með einni undantekningu, Finnlandi. Og svo láta þeir eins og það sé hið stóra fordæmi, en allir Norðurlandabúar vita hver er skýringin á því þó við segjum ekki um það mörg orð. Þannig vildum við kannski skapa fordæmi í framtíðinni. Ég held að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera. Og þetta gerist á sama tíma og Alþb. í ríkisstjórn kveður upp úr um að það er fullkomin samstaða innan ríkisstjórnarinnar um að halda áfram, ekki bara þessum viðræðum, heldur halda áfram undirbúnings- og samningaviðræðum, talað í nafni meiri hluta stjórnar. Síðan tala þeir um þessa sértillögu sína sem ég hef satt að segja beðið flm. í einlægni og vinsemd að draga til baka því það eitt að birta hana er skaðlegt fyrir íslenska hagsmuni.

Forsrh. vék að því hvernig við settum það að skilyrði áður en við gengum til þessa samstarfs með EFTA-löndunum að EFTA-löndin viðurkenndu grundvallarregluna um fríverslun með fisk. Og hún var viðurkennd og það var mikill ávinningur.

Við sækjum fram á tvennum vígstöðvum í þeim málum að gæta hagsmuna Íslands að því er varðar málefni sjávarútvegsins. Við róum á bæði borð eins og vönum sjómönnum er tamt. En ef núna væri farið eftir þessari tillögu, að taka upp formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið sjálft, kommissjónina sjálfa, þá værum við á þessari stundu — og þetta vita mennirnir — að framkalla óhjákvæmilega formlega kröfu Evrópubandalagsins um fiskveiðiréttindi en um leið og það yrði nefnt á nafn, þá mundu þeir hrópa: Landráð, landráð! Að þetta skuli vera flokkur Bjarna að fjalla um utanríkismál með þessum hætti.

Þeir ættu að spyrja sjálfa sig þegar þeir bera okkur á brýn að hafa vanrækt hagsmuni sjávarútvegsins, geri þeir samanburð við Norðmenn: Hvor okkar hefur betri fríverslunarsamning og betri viðskiptakjör í viðskiptum við Evrópubandalagið án þess að við höfum orðið að opna landhelgina og selja okkar frumburðarrétt? Þessu verður svarað betur, en ég bið alla þjóðina að fylgjast með þessum málum.

Þeir sem segja á hinn bóginn að við höfum vanrækt að setja fyrirvara, gæta fyrirvara og sérstöðu íslensku þjóðarinnar hljóta að tala gegn betri vitund því að hver einasti af þeim fyrirvörum og þeirri skilgreiningu og sérstöðu íslensku þjóðarinnar sem forsrh. skilgreindi á Oslóarfundinum er nákvæmlega tíundaður í samningsstöðu Íslands í þessum samningum.

Virðulegi forseti. Því miður gefst mér ekki tími til þess að fjalla hér um önnur mikilvæg mál eins og t.d. virðisaukaskattsmálið. Ég vona og treysti því að talsmenn Alþfl. hér aðrir víki að því. Ég ætla aðeins að lokum að segja eitt. Það mun henda stundum innbyggja Ástralíu þegar þeir beita vopni sínu sem heitir „boomerang" að það hittir þá fyrir sjálfa. Þannig er með þessa vantraustsumræðu. Hún er okkur kærkomið tækifæri til þess að flytja vantraust á reynslulitla forustu Sjálfstfl. sem kann sér ekki hóf í pólitík og varla mannasiði heldur og það vantraust verður samþykkt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Hlutverk stjórnarandstöðu í lýðræðisríki er að veita ríkisstjórninni aðhald og koma með ábendingar um önnur úrræði en ríkisstjórnin leggur til eða framkvæmir í mikilvægum málum. Núverandi stjórnarandstaða hefur gersamlega brugðist þessu hlutverki. Hún flytur ekki rökstuddar tillögur um framfaramál heldur stundar hún helst ómerkileg upphlaup hér í þinginu og loddarabrögð til að ná athygli fjölmiðla og slá ryki í augu fólks. Hún virðist í alvöru álíta að hlutverk stjórnarandstöðu sé að mótmæla öllu en mæla ekki fyrir neinu. Þetta á við um alla stjórnarandstöðuna en þó sérstaklega forustumenn Sjálfstfl. Það hefur verið dapurlegt að hlýða á mál þeirra hér í kvöld við þessa umræðu um vantrauststillögu á ríkisstjórnina.

Lítum aðeins á rökstuðning þeirra fyrir vantraustinu. Í fyrsta lagi hafa þeir haldið því fram að ríkisstjórnin og sérstaklega utanrrh. hafi vanrækt mikilvægustu hagsmuni Íslendinga í viðræðum við Evrópubandalagið undanfarna mánuði og að ekki sé samstaða innan ríkisstjórnarinnar um framhaldsaðild Íslendinga að Evrópuviðræðunum sem fyrir dyrum standa. Í öðru lagi hafa þeir haldið því fram að engin samstaða sé um það í ríkisstjórninni hvernig standa eigi að framkvæmd virðisaukaskatts nú um áramótin. Í þriðja lagi hafa þeir haldið því fram að ríkisstjórninni hafi mistekist stjórn efnahagsmála. Þetta er allt saman fjarstæða. Lítum aðeins á þessi þrjú atriði í öfugri röð.

Hefur ríkisstjórninni mistekist hagstjórnin? Svarið er nei. Sannleikurinn er sá að tekist hefur óvenjulega vel að bregðast við þeim vanda sem steðjað hefur að þjóðarbúinu. Tekist hefur að bæta afkomu atvinnuvega og þar á meðal treysta atvinnuöryggi um allt land þrátt fyrir versnandi árferði. Einnig hefur tekist á þessu ári að draga úr erlendri skuldasöfnun og halda aftur af verðbólgu. Þá hafa raunvextir að jafnaði lækkað verulega frá því sem þeir voru í fyrra. Þetta er túlkun Seðlabankans sjálfs hvað sem líður fullyrðingum hv. 1. þm. Suðurl. Allt þetta hefði einhvern tíma þótt tíðindum sæta við slíkar aðstæður. Og það er mikilvægt að menn átti sig á því að þessi árangur hefur náðst einmitt af því að ríkisstjórnin hafnaði strax þeirri gengisfellingarkollsteypu sem Sjálfstfl. hefur boðað. Markviss stefna stjórnarinnar hefur skilað þeim árangri að taprekstri fiskvinnslunnar hefur verið snúið í afgang og auk þess hefur verið lagður grundvöllur að nýrri framfarasókn, m.a. með eflingu iðnaðar á grundvelli orkulindanna við hlið sjávarútvegsins. Þá er hafið sérstakt átak á vegum iðnaðarráðuneytisins til þess að rétta við hag skipaiðnaðarins. Samkeppnisiðnaður hefur fengið bættan hag. Ullariðnaðurinn hefur verið endurskipulagður. En auðvitað hefur kaupmátturinn rýrnað að undanförnu. Því hefur ekki verið mótmælt. Það er hins vegar fullkomið ábyrgðarleysi og lýðskrum að halda því fram að kaupmátturinn gæti verið eitthvað meiri einungis ef önnur ríkisstjórn sæti hér að völdum. Ég bið áheyrendur að hugleiða hver kaupmáttur þeirra væri ef kollsteypuleið Sjálfstfl. hefði verið farin. Svarið liggur í augum uppi. Hann væri mun minni.

Þá kem ég að því hvort óeining sé í ríkisstjórninni um framkvæmd virðisaukaskattsins. Svarið er aftur nei. Eins og forsrh. greindi hér frá fyrr við þessa umræðu er samstaða um það meðal stjórnarflokkanna að virðisaukaskattur verði tekinn upp um áramótin. Hann verður í einu þrepi með 24,5% skatthlutfalli, en til þess að ná fram verðlækkun á helstu matvælum, sem er mikilvægt markmið stjórnarinnar, verður tæpur helmingur hans endurgreiddur af nokkrum tegundum matvara sem þýðir lækkun matarverðs í byrjun næsta árs.

Þá kem ég að þriðju spurningunni. Hefur ríkisstjórnin með utanrrh. í fyrirsvari vanrækt að gæta hagsmuna sjávarútvegs í viðræðum við Evrópubandalagið eða er ríkisstjórnin sundruð í Evrópumálinu? Svarið er enn og aftur nei. Utanrrh. hefur fyrir hönd Íslands veitt EFTA-ríkjunum öfluga forustu í viðræðum við Evrópubandalagið undanfarna mánuði. Áður hafði hann ásamt forsrh. knúið það fram að ákveðin væri fríverslun með fisk og fiskafurðir á öllu EFTA-svæðinu frá og með miðju næsta ári og, sem mikilvægt er, að fríverslun með þessar helstu útflutningsvörur Íslendinga yrði meginkrafa EFTA-ríkjanna í sameiginlegum viðræðum þeirra við Evrópubandalagið. Samruni Vestur-Evrópu í eitt markaðs- og efnahagssvæði varðar lífshagsmuni okkar allra. Þetta er líka menningarmál því Ísland er hluti af *hinni evrópsku menningarhefð*. Sameiginlegar viðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins eru nú og verða á næstunni helsti vettvangur samninga milli Íslands og Evrópubandalagsins. Við þurfum og eigum að taka þátt í þessum viðræðum.

Sjálfstfl. hefur haldið því fram að þessar sameiginlegu viðræður skipti litlu máli og að við ættum heldur að leita eftir formlegum tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið til að tryggja sjávarútveginum aðgang að mikilvægustu mörkuðum hans. Utanrrh. hefur rækilega um þetta fjallað. Hér eru sannarlega höfð endaskipti á staðreyndum, endaskipti á hlutunum, hjá stjórnarandstöðunni.

Í fyrsta lagi er ólíklegt að Evrópubandalagið ljái að svo stöddu máls á tvíhliða samningaviðræðum af þessu tagi. Í öðru lagi er um fleira að tefla í þessu máli en hagsmuni sjávarútvegsins sem auðvitað eru ríkir. Það er í raun umhugsunarefni fyrir forustumenn fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum og allan almenning hverra erinda Sjálfstfl. gengur í þessu máli. Sú langa leiksýning sem Sjálfstfl. hefur sett á svið um þetta mál getur ekki orðið til neins annars en að spilla málstað okkar meðal samstarfsríkjanna í EFTA og Evrópubandalaginu. Þeir skyldu hugleiða það.

Tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið og málefni sjávarútvegsins sérstaklega hafa hins vegar alls ekki verið vanrækt. Mikið hefur verið unnið að því að skapa skilning meðal forustumanna í Evrópubandalaginu á sérstöðu Íslendinga. Ég nefni að utanrrh. hefur að undanförnu hitt að máli flesta forustumenn Evrópubandalagsins. Forsrh. hefur verið óþreytandi að kynna málstað Íslendinga erlendis og sjútvrh. hefur náð mjög góðu sambandi við starfsbræður sína í ýmsum Evrópubandalagsríkjum. Sú leið sem ríkisstjórnin hefur orðið sammála um að fara í þessu máli á eftir að gagnast íslenskum hagsmunum vel í framtíðinni, enda er mikið í húfi. Málatilbúnaður sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu skiptir hins vegar í besta falli engu máli en í versta falli hefur hann skaðlegar afleiðingar fyrir okkar hagsmuni.

Virðulegi forseti. Allt ber þetta að sama brunni. Vantrauststillaga stjórnarandstöðunnar er fálm í myrkri og málflutningur hennar er í öfugmælastíl. Vantrauststillaga sjálfstæðismanna minnir svo sannarlega, eins og utanrrh. komst hér að orði áðan, á kastvopn frumbyggja Ástralíu, „boomerang", í höndum kunnáttulausra kastara. Þegar vopnið hæfir ekki það sem því er að skotið snýr það við og getur lemstrað þann sem skaut því. Sjálfstæðismenn hafa hér flutt tillögu sem hittir engan nema þá sjálfa. Hér á eftir verður samþykkt traustsyfirlýsing á ríkisstjórnina en aftur á móti vantraust á Sjálfstfl. og allan hans málatilbúnað. Aldrei hefur nokkur forusta Sjálfstfl. átt vantraustið fremur skilið en þessi.

Góðir áheyrendur. Ég heiti á ykkur að hafna hinum neikvæða málflutningi stjórnarandstöðunnar. Ríkisstjórnin vinnur nú að mikilvægum framfaramálum sem varða framtíð allra Íslendinga. Hún veit að hún á ykkar stuðning vísan til þeirra verka.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þessi ríkisstjórn er sú óvinsælasta sem hér hefur verið sem er eðlilegt því að hún hefur gengið fram með þeim hætti að hún hefur gjörsamlega ofboðið þjóðinni. Ástæða þess að mikill meiri hluti þjóðarinnar vantreystir ríkisstjórninni er engin ein heldur nánast öll verk hennar. Hæstv. fjmrh., sá málglaði og yfirlýsingaglaði maður, kallar efnahagsstjórn næstsíðustu ríkisstjórnar ga-ga-stjórn. Það er rétt hjá honum en hæstv. fjmrh. ferst ekki. Hvernig getur nokkur maður, sem er með allt jafnrækilega niður um sig í fjármálastjórn íslenska ríkisins, leyft sér að nota svona orðbragð, maður sem er að keyra allt atvinnulíf landsins í strand með síauknum skattbyrðum og miðstýringu, maður sem hefur leitt slíka skattpíningu yfir heimilin í landinu að stór hluti þjóðarinnar lifir við hin verstu kjör? Nánast ekki nokkur maður getur framfleytt fjölskyldu sinni á dagvinnu, heldur þarf til tvö störf og allvíða verða bæði hjónin að vinna úti og það sem meira er, bæði tvöfalda vinnu. Þessi maður leyfir sér að tala um ga-ga-efnahagsstjórn. Það er alveg ljóst að það er ekki heilt gler í húsi hæstv. fjmrh. eftir allt hans steinakast.

Og ég spyr ykkur sem á mig hlýðið: Munið þið eftir því að fyrir réttum tveimur árum skoraði hæstv. fjmrh. Ólafur Grímsson á þáv. fjmrh. að mæta sér í kappræðum í versluninni Miklagarði til þess að takast á við hann um matarskattinn? Munið þið það? Ef ekki skal ég rifja það upp fyrir ykkur. Í stuttu máli mætti þáv. fjmrh. ekki til fundarins þannig að núv. fjmrh. hélt sinn einkafund með viðskiptavinum Miklagarðs. Hann stóð þar uppi á kassa og gagnrýndi álagningu matarskattsins harðlega, svo harðlega að hann sagði síðar að Jón Baldvin Hannibalsson yrði brennimerktur maður svo lengi sem matarskatturinn stæði.

Nú er þessi sami maður fjármálaráðherra og hvað hefur hann gert, þessi fulltrúi alþýðunnar í landinu? Hefur hann aflétt matarskattinum? Nei, það hefur hann ekki gert, heldur hefur hann brennimerkt sjálfan sig. En kom þá ekki fulltrúi Alþb. til móts við þjóðina á annan hátt? Lækkaði hann ekki aðra skatta til að lina þjáningar þess fólks sem hann skildi svo vel árinu áður? Nei, þvert á móti. Hér höfum við einhvern mesta skattakóng allra tíma. Aldrei í sögu lýðveldisins hefur íslensk alþýða og íslenskur atvinnurekstur verið eins skattpínd og nú.

En það er ekki nóg með það. Þessi ríkisstjórn lætur sig hafa það að svíkja fé út úr fólki, að skattleggja þegnana á fölskum forsendum og það á margan hátt. Tökum eitt dæmi, þjóðarbókhlöðuskattinn. Menn voru reiðubúnir að greiða sérstakan skatt til þess að þjóðin gæti eignast þjóðarbókhlöðu og voru þeir peningar sérstaklega eyrnamerktir þessari framkvæmd og skyldu ekki samkvæmt lögum notast í annað. Þessum peningum hefur þessi og reyndar aðrar ríkisstjórnir hreinlega stolið af þjóðinni. Fyrir árin 1987, 1988 og 1989 voru teknar af okkur 445 millj. kr. í þennan skatt en aðeins 206 millj. var skilað í verkefnið þannig að 239 millj. kr. var stungið undan í hítina, í bruðlið og óráðsíuna.

Alþt. 1989. B. (112. löggjafarþing).

Á þessu ári hefur innheimtur þjóðarbókhlöðuskattur verið upp á 166 millj. kr. Af þeirri skattheimtu hafa aðeins 82 millj. kr. skilað sér í verkefnið eða ekki helmingur. Afgangurinn fór í sukkið. Þetta er hreinn þjófnaður og verður til þess að þessi skattur verður á okkur lagður lengur en nauðsyn krefur.

Þessi ríkisstjórn stórjók líka skattheimtuna af íbúðarhúsnæði. Hún kom á sérstökum eignarskattsauka sem hefur nú þegar orðið til þess og mun áfram valda því að fjöldinn allur af ekkjum og ekklum verður að selja húsnæði sitt. Á þennan hátt sýnir ríkisstjórnin öldruðum þakklæti sitt. Þetta eru þakkirnar fyrir vel unnið dagsverk til handa hinum eldri. Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld eru einkunnarorð sem okkur ber að fara eftir. Við eigum að heiðra og þakka þeirri kynslóð sem rutt hefur veginn fyrir okkur en ekki skattpína hana og reyta af henni eignirnar. Hér er um ekkert annað að ræða en eignaupptöku og mannvonsku af áður óþekktri stærðargráðu.

Fjárlög ársins 1990 liggja nú frammi. Þau gera ráð fyrir um þriggja milljarða halla á ríkissjóði á því ári. Gott og vel. Segjum nú að þetta sé óhjákvæmilegt sem ég tel reyndar ekki vera, en segjum svo. Hvaða heilvita maður getur treyst fjmrh. sem fyrir aðeins einu ári kom fram fyrir alþjóð og kynnti fjárlög sín fyrir árið 1989 sem fjárlög sem væru í fyrsta sinn raunhæf og mundu standast? Niðurstöðutala þess fjárlagafrv. var tekjuafgangur upp á rúmar 600 millj. kr. Hver er svo hin raunverulega niðurstaða? Hún liggur reyndar ekki fyrir enn. Þó er ljóst að hallinn á hallalausum fjárlögum Ólafs Grímssonar verður ekki minni en 5 milljarðar, sennilega þó nær 10 milljörðum en 5. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir stórauknar skattaálögur svo milljörðum skiptir. Svo eru þessir menn hissa þegar talað er um óstjórn í ríkisrekstrinum. Og nú, eins og ég sagði hér fyrr í ræðu minni, leggur þessi sami stolti ráðherra fram fjárlög með þriggja milljarða halla. Samkvæmt hans eigin verklagi má því ætla að hallinn á ríkissjóði næsta árs verði einhvers staðar á bilinu 10–20 milljarðar kr.

Það er skoðun Frjálslynda hægriflokksins að íslenska þjóðin, sjálfstæði okkar, þolir ekki þennan fjmrh. lengur. Hann verður að víkja sem og ríkisstjórnin öll. Þjóðin þolir ekki lengur þessa óstjórn í peningamálum. Þjóðin þolir alls ekki verkstýringu Framsfl. og formanns þess flokks sem hefur setið í ríkisstjórn á annan tug ára og ber því öllum stjórnmálamönnum fremur ábyrgð á því ástandi mála sem hér ríkir. Verkstjórn hans hefur verið með eindæmum. Hefur þó þjóðin ýmsu kynnst í þeim efnum.

Ágreiningurinn innan ríkisstjórnarinnar við að koma fram virðisaukaskattinum er dæmi um óviðunandi hringlandahátt og slappleika. Það eru slappir stjórnmálamenn sem láta hrekja sig til breytinga nokkru fyrir gildistöku laganna og er nú svo komið að þeir hefðu frekar átt að fresta gildistökunni og skoða málið upp á nýtt. Þessi hringlandaháttur hefur þegar stórskaðað atvinnulífið í landinu sem ætti að kalla ríkisstjórnina til ábyrgðar. Þetta er orðið nokkurs konar langavitleysa, ein stefna í dag, önnur á morgun.

Og nú er svo komið að færustu menn segja að ekki sé hægt að koma virðisaukaskattinum í framkvæmd fyrr en í fyrsta lagi á miðju næsta ári. Þrátt fyrir það hefur nú náðst samstaða um gildistöku laganna um áramót og ber í sjálfu sér að fagna því. Af þessu hefur hæstv. forsrh. engar áhyggjur haft. Hann hefur ósköp einfaldlega sagt að það sé hans álit að það eigi að stökkva í þetta. Haldið þið, hlustendur góðir, að svona eigi að koma frá ábyrgum aðila? Bara stökkva í þetta. Þarna er nákvæmlega komin fram stefna hæstv. forsrh. og Framsfl., „bara að stökkva í"-stefnan. Svo má laga málin eftir því sem vandkvæðin koma í ljós. Þetta er talandi dæmi um algerlega óábyrga stjórnun.

Þessi stefna Framsfl. kemur hins vegar ekkert á óvart þegar litið er til atvinnustefnu þeirra því að hún er nákvæmlega eins, stökkvum út í þetta eða stökkvum út í hitt. Svo reddast þetta einhvern veginn. Við köfum bara dýpra í vasa skattborgaranna. Þurfa menn nokkur dæmi? Ég held ekki en við getum samt nefnt loðdýrarækt og laxeldi. Það er einmitt þessi stjórnun sem hefur leitt þær hörmungar yfir þjóðfélagið sem raun ber vitni. Lífskjör hafa stórversnað og atvinnuleysi hefur stóraukist og hefur ekki verið meira í langan tíma. Kaupmáttur hefur verið stórskertur og rekstrarlegur grundvöllur fyrirtækja hefur verið nánast lagður í rúst.

Það besta sem hæstv. forsrh. gæti gert fyrir þessa þjóð ef hann í raun ber hag hennar fyrir brjósti væri að hvetja til samstöðu um þessa þáltill. þannig að hún fengist samþykkt og þar með fengi þjóðin að kveða upp sinn dóm. Vilji þjóðin áfram slappa forustu kýs hún hana en vilji hún breytingar kýs hún þær.

Frjálslyndi hægriflokkurinn er tilbúinn til að leggja sín verk og stefnu undir dóm kjósenda. Öðru máli gegnir um þessa háu herra hér og ástæðan er einföld. Þeir meta eigin hag meir en þjóðarhag. Þeir meta stöðuna svo að þeirra flokkar mundu tapa miklu fylgi ef kosið yrði fljótlega. Og því er það sameiginleg niðurstaða þeirra allra að betra sé að þjóðin þjáist en að þeir missi fylgi, að ég tali nú ekki um stólana. Ég spyr ykkur, áheyrendur góðir: Eru það menn með slíkt hugarfar sem þið viljið að stjórni landinu? Svo mjög þykir þeim vænt um stólana sína að þeir keyptu leifarnar af Borgfl. til liðs við sig. Og þó að margir kunni að álíta að Borgfl. hafi ekki kostað mikið er það alrangt. Hann kostaði að vísu ekkert málefnalega, enda skipta málefnin þann flokk nákvæmlega engu. Nei, hann kemur til með að kosta okkur, mig og þig, stórauknar skattaálögur og það segi ég vegna þess að í þeim kaupsamningi sem gerður var við Borgfl. var ein greiðslan stofnun nýs sjálfstæðs ráðuneytis fyrir formann Borgfl. Þetta ráðuneyti á eftir að verða okkur þungt í skauti eins og reynsla annarra þjóða af slíku ráðuneyti er víðast hvar. Innan fárra ára verður hér komið hið mesta bákn og sennilega eitt af dýrustu ráðuneytum þjóðarinnar. Rekstur þessa ráðuneytis kemur úr vösum okkar, skattborgaranna, og þá skulið þið muna hverjir stofnuðu til þeirra útgjalda. það voru framsóknarmenn, alþýðuflokksmenn, alþýðubandalagsmenn og dánarbú Borgfl.

Í upphafi tryggði Steingrímur Hermannsson stjórn sinni starfsgrundvöll með því að kaupa Stefán Valgeirsson til liðs við sig. Þau kaup kosta okkur skattgreiðendur einnig mikla peninga. En Steingrímur þurfti að kaupa og það var keypt. Fyrst Stefán Valgeirsson, þá Borgaraflokkurinn og hvað skyldi hann kaupa næst til að halda völdum? En gleymum því ekki að það er ekki hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson sem greiðir reikninginn. Það er ekki hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sem greiðir reikninginn. Og það er ekki hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson sem greiðir reikninginn. Nei, það erum við skattborgararnir sem megum greiða. Við eigum að gjöra svo vel að axla kostnaðinn af valdafíkn þessara manna.

Á síðustu dögum hefur mikið verið rætt um komandi viðræður EFTA-ríkjanna og EB-ríkjanna og þátttöku okkar Íslendinga í þeim viðræðum. Þetta mikilvægasta mál okkar Íslendinga í langan tíma hefur verið í einum allsherjar graut hjá stjórnarliðum undanfarið og alls ekki eining innan stjórnarflokkanna hvernig staðið skuli að þessum málum. Stjórnarandstaðan hefur krafist þess að jafnhliða þessum viðræðum eigi Ísland að taka upp viðræður við EB um þann þátt mála sem snýr að sjávarútvegi til þess að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem eru á vegi okkar í viðskiptum við þessar þjóðir. Á þetta má ríkisstjórnin ekki heyra minnst og vill miklu fremur halda sér við einhliða viðræður í gegnum EFTA-samstarfið þó að þeim sé fyllilega ljóst að þetta mesta hagsmunamál okkar Íslendinga verði þar mjög aftarlega á merinni.

Þetta höfum við gagnrýnt og krafist þess að utanrrh. færi út í viðræður með skýran vilja Alþingis í málinu sem ekki hefur verið skýr fram að þessu. Þessari kröfu hefur verið hafnað. Það er ekki síst vegna slíkra óábyrgra vinnubragða sem vantrauststillaga þessi er fram borin.

Ýmsir stjórnarliðar hafa verið að berja sér á brjóst innan þings sem utan. Þeir hafa ítrekað sagt fólki að þeir séu nú ekki par hrifnir af þessari ríkisstjórn og gagnrýnt hana á marga vegu. Það verður afar fróðlegt að fylgjast með þeim í atkvæðagreiðslunni hér á eftir að lokinni umræðu og ég hvet ykkur sem fylgist með þessari útsendingu til að taka nú vel eftir hvað þeir gera. Hvað gerir til að mynda hv. þm. Skúli Alexandersson? Hvað gerir hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson? Hvað gerir hv. þm. Karvel Pálmason? Hvað gerir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson? Takið vel eftir því.

Siðferði íslenskra stjórnmálamanna hefur nokkuð verið í umræðunni að undanförnu. Þar eru ráðherrarnir ekki barnanna bestir og hafa þeir verið staðnir að ýmsu sem betur hefði mátt fara. Þó tók nú út yfir allan þjófabálk þegar það uppgötvaðist að einn tiltekinn ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur tekið upp þann miður góða sið að undirrita bréf sín til erlendra aðila með hvaða starfsheiti sem honum sýnist muni helst ganga í augu þess sem bréfinu er ætlað. Þetta er mikill háskaleikur og þarf ekki að fjölyrða um hvaða áhrif það getur haft á okkar annars góða orðstír ef það kemst í hámæli erlendis að

varhugavert sé að taka mark á hinum ýmsu bréfum sem undirrituð eru af íslenskum ráðherrum því það sé í fyrsta lagi ekkert gefið að viðkomandi sé ráðherra þess málaflokks sem hann þó undirritar fyrir og einnig vegna þess að það er ekkert víst að ráðuneytið sé yfir höfuð til á Íslandi. Margir hafa siðferðisbrestir íslenskra ráðamanna verið í gegnum tíðina, en ég hygg að þarna séu öll fyrri met slegin.

Góðir áheyrendur. Eins og ég sagði hér fyrr í ræðu minni eiga heimilin og atvinnulífið í landinu nú afar erfitt uppdráttar. Það þarf ekki annað en fletta upp í dagblöðum til þess að sjá stöðuna. Langir listar yfir nauðungaruppboð og gjaldþrot bæði heimila og fyrirtækja orðið daglegt brauð. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Kjaraskerðing með tilheyrandi kaupmáttarrýrnun ásamt vaxtastefnunni er að yfirkeyra heimilin í landinu að ógleymdri skattpíningunni sem ríkisstjórnin skellir yfir okkur með bros á vör. Atvinnurekstrinn fær ekki að búa við eðlileg rekstrarskilyrði, vaxta- og fjármagnskostnaður er að drepa allt frumkvæði manna. Eigið fé fyrirtækja er nú víðast að verða upp urið og ekki nokkrum heilvita manni dettur í hug að leggja fé sitt í hlutabréf þegar í fyrsta lagi er arðbærara að vista fé í næsta banka og í öðru lagi þarf að greiða skatt af arði. Þannig er ljóst að hvatinn til þess að leggja fé í fyrirtæki í formi hlutabréfakaupa, og þar með að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins, er ekki til staðar. Enda er stefnt að því leynt og ljóst af ríkisstjórninni að knésetja atvinnurekstrinn í landinu, gera hann allan meira eða minna háðan ríkisvaldinu þannig að þeir geti síðan deilt og drottnað eins og í fyrirheitna ríkinu, Sovétríkjunum. Öllu skal miðstýrt og allt frumkvæði skal drepið.

Frjálslyndi hægriflokkurinn vill sjá nýjan hugsanagang í íslenskum stjórnmálum. Íslenska þjóðin hlýtur að vera búin að átta sig á því að það þarf ferska vinda inn í íslensk stjórnmál. Þessir herrar hér og þeirra flokkar eru gjörsamlega úr takt við tímann. Þeir hafa fengið að prófa sig, hafa sjálfsagt átt sína góðu tíma, en mínir ágætu herrar: Ykkar tími er liðinn. Hann er löngu liðinn og það er kominn tími til þess að þið áttið ykkur á því.

Frjálslyndi hægriflokkurinn hafnar því að fjárlög skuli afgreidd með halla. Við mótmælum því að yfirfæra vanda dagsins í dag yfir á börnin okkar. Við viljum vera menn til þess að takast á við vandann en ýta honum ekki á undan okkur eins og núverandi valdhafar gera. Hæstv. fjmrh. segir þetta einmitt mjög oft, að hann vilji ekki að börnin okkar þurfi að standa undir greiðslum af gjörðum okkar. Mér liggur nú við að spyrja ráðherrann að því hverjir hann haldi að komi til með að greiða óráðsíu hans í fjármálastjórn landsins. Það verða börnin okkar.

Við skulum hins vegar vona að börnin okkar hugsi betur til okkar í ellinni heldur en þessir háu herrar hugsa til aldraðra í dag. Hér líður mörgum illa, sligaðir af fjármagnsáhyggjum, sligaðir af vinnu, eðlilegt heimilislíf nánast úr sögunni og fólk flýr land í meira mæli en um langan tíma. Þessu er hægt að breyta en það kostar átak. Við erum tilbúnir í það og við hvetjum ykkur sem á þessa umræðu hlýðið að leggja ykkar lóð á vogarskálarnar. Verðum samferða inn í nýja tíma. Fyrsta skrefið í þá átt er að losna við þessa ríkisstjórn.

Hæstv. forseti. Það er krafa meginþorra landsmanna að þessi ríkisstjórn víki. Undir þá kröfu tek ég heils hugar. Meginástæðan er sú að allur almenningur í landinu vantreystir þessari ríkisstjórn og það geri ég einnig.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þegar Þorsteinn Pálsson og Sjálfstfl., sem skildu eftir sig mesta efnahagslega stórslys á þjóðbraut okkar Íslendinga, flytja nú vantraust á þessa ríkisstjórn, sem staðið hefur með miklum árangri í björgunarstarfinu miðju, þá er einna helst hægt að líkja því við það þegar brennuvargarnir sjálfir kjósa að flytja vantraust á slökkviliðið. Sjálfstfl. lét eld hinnar hörðu peningahyggju fara um íslenskt efnahagslíf. Hann skapaði hér brennu vaxta í íslenskum atvinnufyrirtækjum. Hann skapaði hér bál hugsanlegs atvinnuleysis og slíka byggðaröskun að íbúar landsbyggðarinnar líktu því helst við það að landið væri að sporðreisast.

Fyrir rösku ári síðan voru allir forustumenn atvinnulífsins á Íslandi sammála um þann dóm að atvinnulíf Íslendinga væri að stöðvast, að fjöldaatvinnuleysi 10–20 þúsund landsmanna blasti við, að gjaldþrot væri það sem fram undan væri í flestum atvinnugreinum okkar Íslendinga. Þetta var dómur forustumanna atvinnulífsins, þess kjarna sem Sjálfstfl. hefur helst byggt tilveru sína á. Og nú, rösku ári síðar, koma þessir sömu menn hingað í þennan sal og flytja vantraust á ríkisstjórnina, sem hefur snúið þessari þróun við, og segja við þjóðina: Er ekki tími til kominn að við fáum á nýjan leik að fara eldi um efnahagslíf Íslendinga? Brennuvargarnir vilja fá að taka við af slökkviliðinu þegar okkur hefur tekist að slökkva þeirra elda, hreinsa til í rústunum og flytja nýtt timbur á brunastaðinn til að reisa þar annað og traustara hús.

Við skulum aðeins víkja að því fáeinum orðum hver er munurinn á því sem við blasti og því sem blasir við í dag. Í stað þess fjöldagjaldþrots sem blasti við sjávarútvegi og fiskvinnslu á Íslandi eru nú allir forsvarsmenn sjávarútvegsins í landinu sammála um að það hafi tekist að snúa þróuninni við. Í fyrsta skipti í langan tíma sýnir fiskvinnslan hagnað og atvinnurekendur í sjávarútvegi, fólkið í sjávarplássunum getur treyst því að fyrirtækin gangi á næstu mánuðum og árum. Vaxtabálið sem geisaði með 15–20% raunvöxtum á gráa markaðnum hefur verið slökkt. Vextirnir á gráa markaðnum hafa hrunið, raunvextirnir í bankakerfinu eru 4–5% lægri en þeir voru þegar stjórnin tók við. Þensluæðið í hagkerfinu öllu hefur verið slökkt og í staðinn er kominn nýr stöðugleiki sem birtist í jafnvægi á peningamarkaðnum, betri stöðu í bankakerfinu en um langan tíma og þeirri umtalsverðu staðreynd að vöruskiptajöfnuður okkar

Íslendinga verður í ár í fyrsta skipti síðan 1986 hagstæður, jákvæður um hvorki meira né minna en 5–8 milljarða kr. Við flytjum nú í fyrsta skipti í þrjú ár meira út en við flytjum inn. Í stað eyðslustefnunnar er komin sóknarstefna í atvinnulífi og útflutningi.

Það mætti lengi fara yfir þetta svið. Það mætti lengi telja fram þær umtalsverðu breytingar sem nú eru að skapa þau þáttaskil að í reynd stöndum við Íslendingar í dag í þeim sporum að í fyrsta skipti á þessum áratug getum við sagt með sanni að það hafi tekist að skapa hér raungengisstöðu sem gæti staðist á næsta ári með óbreyttu raungengi, stöðugleika í verðlagi, lítilli verðbólgu, 5–6% verðbólgu, jákvæðum viðskiptum við útlönd, lágum vöxtum í samræmi við það sem tíðkast í viðskiptalöndum okkar, jafnvægi í hagkerfinu í heild. Þann möguleika höfum við nú, rösku ári eftir að við tókum við mesta efnahagslega stórslysi í hagstjórn Íslendinga í langan tíma.

Verk þessarar ríkisstjórnar tala því sínu máli. Hún getur óhrædd lagt þau undir dóm hverra sem er, hvar sem er. En verkin eru rétt byrjuð. Nú blasir við okkur það að hefja víðtæka endurreisn í íslensku efnahagslífi á hinum nýja grunni sem ríkisstjórnin hefur lagt. Og það er mjög mikilvægt að við þau þáttaskil skuli við næstu áramót verða framkvæmd hér víðtækasta skattkerfisbreyting sem Íslendingar hafa upplifað um langan tíma þegar virðisaukaskatturinn leysir söluskattinn af hólmi. Virðisaukaskatturinn mun styrkja útflutningsgreinar Íslendinga, sjávarútveginn sérstaklega og samkeppnisiðnaðinn allan. Hann mun hafa í för með sér lækkun á verðlagi vegna þess að skatturinn hefur þann innbyggða eðliseiginleika að leiða jafnt og þétt til lækkandi vöruverðs.

Ríkisstjórnin hefur í dag tekið þá mikilvægu ákvörðun að virðisaukaskatturinn mun taka gildi um næstu áramót og verða 24,5% eða lægri en sá söluskattur sem hér hefur verið við lýði um langan tíma. Þessi ákvörðun ein og sér mun hafa það í för með sér að frá og með næstu áramótum lækkar allt matvöruverð í landinu um rúmlega 2% en verð á algengum innlendum matvælum lækkar sérstaklega, um 8–9% vegna þess að ígildi 14% lægra þreps verður á hinum algengu matvælum okkar Íslendinga. Þessi breyting verður þess vegna mikilvægt framlag til þess að stíga það skref að um leið og hinn efnahagslegi stöðugleiki heldur innreið sína, þá verði lækkandi vöruverð á öllum matvælum í landinu.

En ríkisstjórnin hefur um leið ákveðið mikilvægt skref til tekjujöfnunar í okkar landi vegna þess að hún hefur ákveðið í dag að fjármagna þessa breytingu með því að breyta tekjuskattinum á þann hátt að hækka prósentuna en breyta um leið barnabótum og skattfrelsismörkum og persónufrádrætti á þann veg að skattbyrði lágtekju- og miðlungstekjufólks mun ýmist léttast eða standa óbreytt, en skattbyrði hátekjufólks mun aukast. Eða með öðrum orðum: Það eru fyrst og fremst þeir sem betur eru settir í þjóðfélaginu sem munu bera þessar byrðar, en barnmargar fjölskyldur, lágtekjufólk, þeir sem búa við heimili þar sem maturinn er ríkur þáttur í heimilisútgjöldunum, munu styrkja sína efnahagslegu stöðu. Þannig sýnir þessi ríkisstjórn í verki að hún er tekjujöfnunarstjórn, hún er stjórn sem beitir skattkerfinu til þess að styrkja hag almennings í landinu á sama tíma og hún stígur fyrstu skrefin í að flytja áherslurnar frá hinu allt of háa hlutfalli óbeinna verðlagsskatta hér á Íslandi yfir í sanngjarnara og skynsamlegra hlutfall beinna skatta, en það er breyting sem allir helstu efnahagsráðgjafar, sem um eðli íslenska hagkerfisins hafa fjallað, hafa eindregið ráðlagt íslenskum stjórnvöldum í langan tíma að framkvæma.

Sjálfstfl. hefur á undanförnum vikum leikið mikinn skollaleik í kringum þennan virðisaukaskatt. Sjálfstfl. stóð hér í þingsalnum fyrir nokkrum dögum síðan og sagði það rangt hjá mér að Sjálfstfl. hefði gert tillögu um 25% virðisaukaskatt. Og Halldór Blöndal, sem hér fór upp fyrr í kvöld, krafðist þess utan dagskrár á Alþingi að ég bæðist opinberlega afsökunar á því að leyfa mér að fara með þá rangfærslu, sem hann kallaði svo og formaður Sjálfstfl. kom síðan í kjölfarið, að Sjálfstfl. hefði gert tillögu um 25% virðisaukaskatt. En viti menn, í dagblaðinu Pressunni í dag viðurkennir þessi sami Halldór Blöndal að það hafi verið rétt hjá mér að Sjálfstfl. flutti á haustdögum tillögu um 25% virðisaukaskatt eða með öðrum orðum: Sjálfstfl. hefur flutt þá stefnu að hafa hér hærri virðisaukaskatt en ríkisstjórnin mun leggja til í því frv. sem ég flyt hér á Alþingi eftir helgina. Það er því stefna Sjálfstfl. að hafa hér á Íslandi það sem þeir hafa kallað sjálfir hæsta virðisaukaskatt í veröldinni.

Það er okkar hlutverk hins vegar að lækka söluskattinn með lægri virðisaukaskatti, stuðla að lækkun vöruverðs með skattkerfisbreytingu og flytja skattbyrðarnar yfir á herðar þeirra sem hæstar hafa tekjurnar og meira bera úr býtum í okkar þjóðfélagi. Þannig sýnir þessi stjórn í verki að hún er jöfnunarstjórn. Þannig sýnir hún í verki að hún er félagshyggjustjórn. Þannig sýnir hún í verki að henni er treystandi fyrir efnahagslegum stöðugleika. Þannig sýnir hún í verki að hún getur ráðið við eitthvert mesta erfiðleikatímabil í efnahags- og atvinnusögu Íslendinga. Og þannig sýnir hún í verki að hún ein getur endurreist atvinnulíf Íslendinga á nýjan veg og skapað grundvöll fyrir bættum lífskjörum í okkar landi.

Það á ekki að hleypa brennivörgunum aftur að. Það á ekki að lofa þeim að fara á ný með eldfærin um íslenskt efnahagslíf. Þess vegna er þessi ríkisstjórn aðeins rétt að byrja sitt verk. Hún á lengi eftir að halda áfram að bæta kjör fólksins í landinu og treysta stoðir okkar efnahagslega sjálfstæðis. — Góða nótt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það er nokkuð sérkennilegt að hlusta hér á talsmenn stjórnarandstöðunnar tala í kvöld. Þeir tala um það að lífskjör hafi versnað. Já, kaupmáttur hefur minnkað. Þeir tala um að það sé vandi víða í byggðarlögunum og í fyrirtækjunum. Já, það er víða um að ræða vandamál

af ýmsu tagi þrátt fyrir það að margt hafi vel tekist í tíð núv. ríkisstjórnar. En þegar þessir talsmenn stjórnarandstöðunnar eru að ráðast á ríkisstjórnina, þá er engu líkara en að þeir hafi í raun og veru lausn á öllum þessum vandamálum. Þeir belgja sig út með þeim hætti að maður gæti haldið að þeir gætu á svipstundu hækkað kaupið, á svipstundu leyst vanda ríkissjóðs, á svipstundu lækkað skuldir þjóðarbúsins, á svipstundu aukið samneysluna í landinu, á augnabliki leyst úr vanda bænda, byggðarlaga, loðdýraræktar og laxeldis.

En hvað kemur svo í ljós í þessari umræðu hér í kvöld þar sem þrír stjórnmálaflokkar, Sjálfstfl., Kvennalisti og Frjálslyndi hægriflokkurinn, flytja vantrauststillögu á ríkisstjórnina? Hvað er það sem kemur í ljós? Það eru engar tillögur af neinu tagi, engar hugmyndir af neinu tagi um það hvernig eigi að takast á við þann vanda sem um er að ræða í íslensku efnahagslífi, enda kemur það út af fyrir sig ekki á óvart.

Ég fór vandlega yfir málalista Sjálfstfl. frá yfirstandandi þingi. Þar eru engar tillögur um lausn á þeim erfiðleikum sem núv. ríkisstjórn er að takast á við. Engar tillögur. Þar er moð af fyrirspurnum um allt á milli himins og jarðar, en engar raunverulegar tillögur til að takast á við vanda af neinu tagi. Einu tillögurnar sem Sjálfstfl. hefur flutt hér í vetur og í fyrra eru þær að það eigi að fella gengið enn frekar en þó hefur verið gert. Eina tillagan er í raun og veru sú að það þurfi að skerða lífskjörin enn frekar og ég spyr: Er það þannig að stjórnarandstaðan sameinist um þessa stefnu enn frekari lífskjaraskerðingar í þessu landi? Telja menn ekki að staðan sé þegar orðin nógu erfið víða? Nei, auðvitað er það ekki svo að þessi tillöguflutningur sem hér liggur fyrir sé trúverðugur að neinu leyti, þvert á móti.

En meðan þessu moldviðri er þyrlað hér upp liggur það fyrir að ríkisstjórnin hefur á ýmsum sviðum á síðustu missirum verið að ná margvíslegum árangri. Fjmrh. rakti þar nokkra þætti áðan. Ég get í þeim efnum bent á atriði eins og ákvarðanir um álagningu skatta á fjármagnstekjur, eins og ákvarðanir um lægri skatta af algengustu matvælum heimilanna, lægri skatta af menningu. Ég get nefnt í því sambandi frá undanförnum mánuðum átak sem gert var til að stórherða og bæta innheimtu söluskatts. Ég get nefnt átak í samgöngumálum, jarðgangagerð. Ég get nefnt þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í landbúnaðarmálum til að stuðla að samstöðu neytenda og bænda í þessu landi. Ég get nefnt ákvarðanir um stofnun umhverfisráðuneytis og ég get nefnt hér líka þætti eins og þá staðreynd að fyrir liggur nú í meginatriðum ný íslensk skólastefna sem hefur verið að myndast með stuðningi kennara og uppeldisstétta í öllu landinu. Skólastefna sem tekur til allra skólastiganna: leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskólastigs. Ég get í þessu sambandi líka bent á átak í uppbyggingu menningarstofnana sem er auðvitað líka hluti af stefnu þessarar ríkisstjórnar. Í því sambandi get ég bent á að á þessu ári og því næsta verður varið meira fjármagni til uppbyggingar Þjóðarbókhlöðunnar þrátt fyrir erfiðleikana en nokkru sinni hefur verið gert.

Með þessum áherslum í menningarmálum og í menntamálum er verið að leggja grunninn að því að treysta stolt íslensku þjóðarinnar þannig að hún geti betur sem menningarþjóð, sjálfstæð íslensk menningarþjóð, ráðið við þau verkefni sem fram undan eru.

Þess er hollt að minnast einmitt nú þegar 1. des. fer í hönd. Þess er hollt að minnast einmitt nú þegar ný heimsmynd blasir við, þegar múrarnir eru að hrynja. Það er hollt að fara yfir stöðuna einmitt við þessar aðstæður og minna á þá staðreynd sem fram kemur í stefnu okkar alþýðubandalagsmanna að við hljótum við núverandi aðstæður að leggja á það megináherslu að treysta og tryggja á öllum sviðum sjálfsforræði íslensku þjóðarinnar. Við þessar aðstæður, sem nú eru í heimsmyndinni sem blasir við, væri fráleitt að reyra Íslendinga fasta inn í erlend efnahagsbandalög af hvaða tagi sem þau eru. Við þurfum þvert á móti að leggja á það áherslu að nýta það svigrúm sem hin nýja heimsmynd skapar til þess að Íslendingar geti nýtt sérstöðu þessarar þjóðar. Og ég vil af þessu tilefni, virðulegi forseti, góðir landsmenn, fagna því auðvitað alveg sérstaklega að svo virðist sem Alþfl. sé í þessum málum að mörgu leyti að vitkast. Hann er að losa sig við eilífðarsamfylgdina með íhaldinu sem hefur staðið um nokkurra áratuga skeið. Það er auðvitað sérstakt fagnaðarefni.

Ég held að miðað við þær aðstæður sem nú liggja fyrir þá sé brýnast af öllu fyrir þjóðina að hún eigi ríkisstjórn og hún eigi forustu sem er tilbúin til þess að vinna sig út úr þeim vanda sem blasir við, eigi forustu sem gerir sér grein fyrir því að vandinn er í meginatriðum tvíþættur: Annars vegar er um að ræða utanaðkomandi vanda, hins vegar er um að ræða þann vanda sem blasir við vegna stjórnarstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og vegna ákvörðunarinnar um alfrjálsa vexti 1984. Þetta eru meginvandamálin sem við er að glíma í íslenskum efnahags- og atvinnumálum. Til þess hins vegar að ríkisstjórnin ráði við þennan vanda til frambúðar, sem hún verður að gera, verður að vera unnt að skapa samstöðu, víðtæka samstöðu, ekki aðeins þeirra stjórnmálaafla sem að ríkisstjórninni standa, heldur líka launamannahreyfingarinnar í þessu landi. Þá mun okkur takast að leysa úr þessum vandamálum. Þá mun okkur takast ekki einasta að kolfella þessa vantrauststillögu heldur að þessi stjórn starfi með farsælum hætti út þetta kjörtímabil og líka það næsta.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Þessi vantrauststillaga sem hér er til umræðu er furðuleg. Að stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar skuli sýna slíkt ábyrgðarleysi að flytja till. um vantraust á ríkisstjórnina vegna ímyndaðs ágreinings innan hennar um afstöðu til viðræðna EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins er alveg ótrúlegt. Þetta upphlaup hefur valdið samstarfsaðil-

um okkar bæði í Brussel og í Genf hugarangri og gert þátttöku okkar Íslendinga í hinum sameiginlegu viðræðum tortryggilega. Það getur orðið erfitt fyrir Íslendinga að endurheimta það traust sem við höfðum áunnið okkur. Hér er verið að vinna gegn hagsmunum Íslands vegna þess eins að Sjálfstfl. unir hag sínum illa utan ríkisstjórnar. Flokkurinn kann ekki að vera í stjórnarandstöðu þar sem málefnaleg gagnrýni skal höfð í fyrirrúmi. Flokkurinn er því í raun að flytja vantraust á sjálfan sig.

Fyrir hönd Borgfl. vil ég lýsa yfir fyllsta trausti á hæstv. utanrrh. og hvernig hann hefur haldið á málum í þeim flóknu og erfiðu viðræðum milli EFTA- og Evrópubandalagsríkjanna sem hann hefur leitt sem formaður ráðherranefndar EFTA-landanna. Við erum ánægð með þann farveg sem þessar viðræður hafa verið í og hvernig fyrirhugað er að halda þeim áfram. Þær hafa þegar skilað miklum árangri og eru sögulegur viðburður í langri sögu Evrópuríkja.

Á það má minna að sl. vor heyrðust efasemdarraddir frá Svíum en einhverjir þar töldu að Íslendingar mundu ekki valda þessu forustuhlutverki. Nú heyrist að Svíar hafi af því nokkrar áhyggjur að þegar þeir taka við formennsku í ráðherranefnd EFTA um næstu áramót muni þeim veitast það erfitt að fylgja fordæmi okkar.

Ein höfuðkrafa sjálfstæðismanna á þingi þessa dagana er að heimta tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um fisk. Hafa þeir á þennan hátt reynt að halda því fram að hagsmunir Íslands hafi ekki verið nægilega vel tryggðir. Ég get kannski rifjað það upp að sl. vetur sat ég við hliðina á háttsettum embættismanni úr utanríkismáladeild Evrópubandalagsins í hádegisverðarveislu sem Henning Christophersen, einn af varaforsetum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins í Brussel, hélt nokkrum íslenskum þingmönnum sem þar voru á ferð. Talið barst að útflutningi á íslenskum fiskafurðum til Evrópubandalagsins og þeim tollamúrum sem t.d. saltfiskverkendur eiga við að stríða. Embættismaðurinn hljómaði eins og slitin grammófónplata sem hjakkaði í sama farinu: Fyrir frjálsan innflutning á fiskafurðum verða Íslendingar að láta Evrópubandalagsríkjunum í té fiskveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu. Þannig hljómaði grammófónplatan. Tillaga sjálfstæðismanna gengur því væntanlega út á það að þeir vilja eiga tvíhliða viðræður við slitnar grammófónplötur.

Að undanförnu hafa nefnilega farið fram slíkar tvíhliða viðræður við æðstu ráðamenn Evrópubandalagsins. Nægir að minna á að fyrir þremur vikum síðan kom sjálfur Mitterrand Frakklandsforseti í stutta heimsókn hingað til lands. Var honum gerð grein fyrir sérstöðu Íslendinga í sambandi við verslun með fisk og þeirri lífsnauðsyn sem það er þjóð okkar að halda óskertum yfirráðarétti yfir helstu auðlind okkar. Sömuleiðis hefur hæstv. sjútvrh. átt í tvíhliða viðræðum við sjávarútvegsráðherra Evrópubandalagsríkjanna um kröfur Íslendinga um frjálsan aðgang að mörkuðum þeirra fyrir fiskafurðir okkar. Hafa þeir sýnt málum okkar mikinn skilning og þar þokast í rétta átt. Síðast en ekki síst má minnast á það samkomulag meðal EFTA-ríkjanna að frjáls verslun með fisk væri sameiginleg krafa þeirra í viðræðum við Evrópubandalagið. Ætli hagsmunum Íslands sé ekki betur borgið með þessum viðræðum en viðræðum við slitnar grammófónplötur.

Eftir er svo að sjá hvernig þessar viðræður þróast næstu mánuðina. Það er full samstaða um það í ríkisstjórninni að halda þeim áfram enda hefur öllum fyrirvörum sem við Íslendingar viljum gera verið komið rækilega til skila. Ekkert skref verður stigið í þessum viðræðum án samráðs bæði við ríkisstjórn og Alþingi. Þannig er hvenær sem er hægt að grípa til ráðstafana ef mál þróast þannig að okkur mislíki.

Borgfl. vill leggja áherslu á eitt atriði í sambandi við þessar viðræður. Við viljum ekki undir neinum kringumstæðum lokast inni í einhverju tollavarnarbyrgi í Evrópu sem komi til með að hindra eðlileg viðskipti okkar við aðra heimshluta. Við viljum þvert á móti rækta þau viðskiptasambönd sem við höfum þegar náð í Japan og öðrum Austurlöndum fjær. Viðskipti okkar við Bandaríkin og Kanada, Rússland og önnur Austur-Evrópulönd, eru okkur afar mikilvæg og mega ekki undir neinum kringumstæðum líða fyrir hugsanlega samninga við Evrópubandalagið. Við erum hins vegar ekki í neinum vafa um að við erum á réttri leið, eins og Sjálfstfl. orðar það stundum, í þessum viðræðum og treystum því að þær muni skila miklum árangri fyrir land og þjóð um langa framtíð.

Á fundi ríkisstjórnarinnar í dag náðist samkomulag um endanlega útfærslu á virðisaukaskattskerfinu sem mun taka gildi um næstu áramót. Það er okkur borgaraflokksmönnum mikið gleðiefni að þar með er fyrsta skrefið stigið til að lækka skatt á matvælum. Enn fremur er því lýst yfir að unnið verði að því að kanna tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi sem gæti tekið gildi um áramótin 1990–1991 þar sem matvæli verði í lægra skattþrepi.

Borgfl. vakti fyrstur máls á tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi á þingi sem leið til að koma matvælum undan allt of mikilli skattlagningu. Nú er árangur þessarar baráttu að koma í ljós. Fimm þingmenn Borgfl. hafa þannig fengið meiru áorkað í þessu efni en átján þingmenn Sjálfstfl. sem gátu ekki hreyft við matarskattinum og urðu að hrökklast úr ríkisstjórn.

Nú er lag. Allar aðstæður í efnahagslífinu eru þannig að hægt er að ná verðbólgunni niður fyrir 10% á næstu mánuðum ef friður fæst um þær aðgerðir í efnahagsmálum og atvinnumálum sem verið er að vinna að til ómældra hagsbóta fyrir atvinnulífið og fólkið í landinu. Við megum ekki missa af þessu tækifæri. Við skulum því vona að stjórnarflokkarnir beri gæfu til að standa fast saman svo þetta takist. Ef tækist að knýja fram kosningar á næstu mánuðum mundi allt fara úr böndum og verðbólgan rjúka upp á nýjan leik. Það gæti liðið langur tími, mörg ár, þangað til annað eins tækifæri sem þetta kemur aftur. Því þótti mér það afar athyglisvert þegar ég heyrði

mektugan sjálfstæðismann segja við mig á dögunum: Þið verðið að komast fram úr þessu. Mér þykir nefnilega vænna um kassann í fyrirtækinu mínu en kjörkassa Sjálfstfl.

Frú forseti. Þessi þáltill. um vantraust á ríkisstjórnina er hreint rugl. Hún hefur við engin rök að styðjast. Hún er beinlínis skaðleg hagsmunum Íslendinga. Hana ber að fella.

Ég þakka áheyrnina.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Sú vantrauststillaga sem hér liggur fyrir verður varla tekin alvarlega af þeim sem þekkja til vinnubragða hv. stjórnarandstöðu á þessu þingi. En áður en ég ræði það hverf ég til sumarsins 1987 þegar ríkisstjórn var mynduð undir forsæti formanns Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar.

Sú stjórn tók við völdum eftir mikið góðæri. Góðæri, sem gekk þó fram hjá mörgu vinnandi fólki en blómstraði á borðum braskaranna eftir að fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins gáfu vextina frjálsa. Þetta vaxtafrelsi frjálshyggjunnar leiddi af sér hrun atvinnuveganna og ómældar þjáningar einstaklinga og fjölskyldna sem misstu eigur og æru. Þó allir ættu að sjá hvert stefndi ýtti Þorsteinn Pálsson vandanum frá og þegar allt var komið í strand sigldi hann líka í strand og gaf allt frá sér.

Við þessar erfiðu aðstæður var fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar mynduð, án þess að hafa meiri hluta í báðum deildum. Hún byrjaði, eins og kunnugt er, með að reyna að rétta við undirstöðuatvinnugreinarnar og forða með því alvarlegri byggðaröskun og stórfelldu atvinnuleysi. Þetta tókst með aðstoð Borgfl. Seinni ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem mynduð var í haust með þátttöku Borgfl. byggir á svipuðum grunni en með auknum liðstyrk.

En hvað hefur stjórnarandstaðan lagt fram í atvinnu- og efnahagsmálunum? Ekkert. Hreint út sagt ekkert. Stærsti stjórnmálaflokkurinn á þingi leggur ekkert fram. Sá flokkur, sem hefur hælt sér af því að vera í nánustu sambandi við atvinnuvegina, hefur eiginlega ekkert að segja nú í efnahags- og atvinnumálum. Að þvælast fyrir málum með endalausum uppákomum, utandagskrárumræðum um allt og ekkert, og ef það tekst ekki nógu vel er eins og hálfur þingheimur sé á puttaferðalagi, talandi um þingsköp í tíma og ótíma, að því er virðist oftast í þeim tilgangi að tefja afgreiðslu mála. Þetta er þeirra tillegg til þjóðfélagsmála.

Er þetta nú til að auka virðingu Alþingis? Voru þingmenn kosnir til þessara verka? Og um hvað vilja þeir kjósa? Má maður spyrja um úrræðin? Ef leggja á í kosningar nú glatast sá árangur sem orðið hefur. Öryggisleysið eykst og verðbólgan leikur lausum hala. Ef svo fer eftir þann slag á frjálshyggjan leikinn. Þá verður þröngt fyrir dyrum hjá alþýðu manna.

Nú fara í hönd erfiðir kjarasamningar. Það veltur mikið á hvernig þeir eru leiddir á báðar hliðar. Launabilið í landinu er orðið að þjóðarböli. Það er rétt sem haft er eftir Þórarni í Vinnuveitendasambandinu: Vinnuveitendur hafa aldrei litið á það sem hlutverk sitt að jafna launamisréttið. Það er hlutverk launþegasamtakanna. Enn hefur þó mikið vantað á að þau væru nógu samstillt og það hefur orðið æ meira áberandi að hver vill skara eld að sinni köku.

Verkalýðshreyfingin virðist nú vera að ná betur saman. Nú þarf að halda dampinum: Vinna að lækkandi kostnaði heimilanna, auknum félagslegum umbótum og lækkun vaxta sem eru að sliga heimili unga fólksins ekki síður en atvinnuvegina.

Sú stjórn sem nú situr er líklegri til að taka þeim málum vel en sú sem e.t.v. tæki við undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Berum við ekki gæfu til þess að vinna saman nú getur verið langt í annað tækifæri.

Íslenska þjóðin er þrautseig og vinnufús. Hún hefur unnið sig út úr verri erfiðleikum en nú blasa við. Ég hlýt því að trúa að það takist einnig nú. Með þeim orðum kveð ég ykkur, góðir hlustendur, og býð góða nótt.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Rösklega ár er síðan 1. flm. þeirrar vantrauststillögu sem hér er til umræðu baðst lausnar sem forsrh. fyrir sig og ráðuneyti sitt. Öllum þingheimi og raunar þjóðinni allri er í fersku minni hvernig sá viðskilnaður var. Sjaldan eða aldrei hefur ríkisstjórn hvellsprungið með jafnhrikalega stöðu atvinnulífsins um gjörvalla landsbyggðina. Rekstrarstöðvun blasti hvarvetna við og ástæðan var öllum sem vita vildu fullkomlega ljós. Hún lá í augum uppi. Mistök í ríkisstjórn, mistök í verkstjórn, mistök við það sem mestu skipti: Að búa atvinnulífinu lífvænleg skilyrði.

Flutningur þessarar þáltill. sem hér er til umræðu er álíka stjórnviska.

Eftir þrotlaust viðreisnarstarf allt sl. ár er árangurinn greinilegastur í rekstrarstöðu margra sjávarútvegsfyrirtækja. Sem dæmi má nefna að sjö fyrirtæki í útvegsbæ á landsbyggðinni, sem voru með nálega 460 millj. kr. tap 1988, skila tæplega 200 millj. kr. hagnaði miðað við milliuppgjör nú síðsumars. Breyting til batnaðar um 660 millj. kr. Hver maður getur sagt sér sjálfur hvaða áhrif til batnaðar slík breyting hefur í þeim bæ.

Annað dæmi: Um 32 fyrirtæki sem voru með 1260 millj. kr. tap árið 1988 en skila nú 160 millj. í hagnað í milliuppgjöri. Batinn er 1 milljarður og 460 millj. kr.

Vitaskuld eru hér margar samverkandi ástæður en ein þó sýnu þýðingarmest: Breytt stjórnarstefna. Og þegar svo tekst til um undirstöðuatvinnuveginn lætur árangurinn á öðrum vígstöðvum ekki á sér standa. Vöruskiptajöfnuður við útlönd hefur snarbatnað. Við flytjum nú meira út en inn í landið sem nemur 6800 millj. kr. fyrstu níu mánuði þessa árs. Staðan í þessu efni í fyrra var aðeins 100 millj. kr. Batinn er því 6 milljarðar og 700 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er botnfiskvinnslan nú rekin með 2,4% hagnaði en var

með 4,8% tapi árið 1988. Flest bendir til þess að við séum að ná því jafnvægi í efnahagsmálum sem öllu skiptir fyrir atvinnulíf þjóðarinnar á næstu missirum. Sá árangur, sem þegar hefur náðst, er nánast undraverður og mjög óvenjulegur þegar tillit er tekið til þess óhjákvæmilega samdráttar sem hefur orðið í þjóðartekjum vegna minnkandi afla. Álíka árangur hefur líklega aldrei fyrr náðst hér á samdráttarskeiði og það án þess að verðbólga hafi aukist meira en raun ber vitni.

Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru hér nýlega á ferð og luku lofsorði á þann árangur sem hér hefur náðst. En þýðingarmest er þó í þessu sambandi að þessi árangur, ásamt miklu betri stöðu atvinnumála almennt en spáð var, hefur náðst fyrst og fremst vegna samstöðu stjórnvalda um meginmarkmið. Og einmitt þess vegna geta menn á ýmsum sviðum horft til bjartari framtíðar og umfram allt betri vígstöðu til þess að takast á við marghátttuð vandamál sem auðvitað eru í sjónmáli eins og oftast áður. Samstaða um meginmark þar sem hagsmunir hinna fáu þoka fyrir hagsmunum heildarinnar er það leiðarljós sem áfram þarf eftir að sigla. Og þegar það svo við bætist að flm. þessarar till. til þál. sem hér er til umræðu eiga ekkert eða a.m.k. fátt annað sameiginlegt en niðurrifs- og sundrungaráhugann, þá er augljóst hvaða tilgangi flutningur hennar þjónar.

Hvergi örlar á samstöðu um úrræði meðal stjórnarandstöðunnar í þeim þýðingarmiklu málum sem nú brenna á þingi og þjóð. Engan grunar á þessari stundu hvílíkt óhappaverk það yrði atvinnulífinu og þar með þjóðarheildinni ef þessi þáltill. um þingrof yrði samþykkt. Hér er um svo mikið alvörumál að ræða að jafnvel flm. sjálfir hefðu trúlega aldrei borið hana fram ef nokkur von til samþykkis hefði verið fyrir hendi. Trúa mín er því sú að þá hefði á annan veg verið á málum haldið.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og býð góða nótt.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þessi tillaga sem hér er til umræðu um vantraust á ríkisstjórnina er auðvitað ekkert annað en frumhlaup og getur ekki gert neitt annað en að skaða okkur út í frá. Þetta hlutu flm. að vita fyrir fram. Þeim hefur ekki dottið í hug að hún yrði samþykkt. Það getur ekki verið. Flm. tillögunnar virðast sammála um eitt, að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sé sú lakasta ríkisstjórn sem hefur setið að völdum. Þeir eru sammála um þetta.

En við hverju tók þessi ríkisstjórn? Hún tók við strönduðu skipi. Áhöfnin hljóp í land. Fjármagnskostnaðurinn tvöfaldaðist eða meira en tvöfaldaðist á fyrstu mánuðum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og það segir enn til sín.

Það er dálítið undarlegt að hlusta á þennan málflutning sem hér er. Hvar eru tillögurnar til úrbóta? Það er ekki það að allt sé í lagi, það er langt í frá. En það er rétt að sjávarútvegurinn, a.m.k. þeir sem verst eru settir þurfa ekki að borga í fjármagnskostnað nema sennilega, ja, ekki helming á við það sem áður var, þeir sem hafa fengið aðstoð í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina. En aðrir vextir eru nú nefndir lægri í þjóðfélaginu heldur en þeir eru í raun og veru. Það er eitt sem þarf að taka á og það er leyfi Seðlabankans við bankana að leggja 2% til viðbótar þegar skuldbreytt er. Þarna verður ríkisstjórnin að taka á.

Menn verða líka að athuga að það er víða verið að gefast upp. Það eru víða gjaldþrot. Það er afleiðingin af þeirri vaxtastefnu sem var í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og hefur því ekki enn tekist að lækka þessa vexti eins og þarf. Og það eru líka minni tekjur sem fólk hefur því að yfirvinnan hefur brostið þannig að þeir sem gerðu áætlanir fyrir tveimur til þremur árum um sína greiðslugetu sjá að þær hafa ekki staðist. En það þarf enginn að halda það að þingmenn muni samþykkja þessa tillögu.

Það má minna á það að á landsfundi Sjálfstfl. fyrir skömmu var lögð fram skýrsla frá svokallaðri aldamótanefnd Sjálfstfl. Þar var lagt til að stefnt yrði að fullri aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Á þessum sama fundi var varaformaður flokksins kosinn einmitt sá sem stjórnaði þessu verki, stjórnaði þessari skýrslu, þessum tillögum.

Ég held að það sé ekki vilji meiri hluta þjóðarinnar að gerast aðili að Efanahagsbandalagi Evrópu og ég sakna þess mjög í þeim fyrirvörum sem eru á minnismiða frá hæstv. utanrrh. að það er enginn fyrirvari um einn liðinn, þ.e. vöruinnflutninginn. Það er ekki hægt að sjá á þessum fyrirvörum að það eigi að hindra innflutning t.d. á landbúnaðarvörum og þeir sem þekkja til í þessu þjóðfélagi vita hvað það þýðir fyrir landsbyggðina í heild ef svo fer. Hins vegar er það líka vitað að þetta eru viðræður EFTA við Efnahagsbandalagið, þetta eru könnunarviðræður. Og það verður ekki fyrr en 1992 sem gengið verður formlega frá þeim samningi þannig að það verður búið að kjósa til Alþingis áður en slíkur samningur verður gerður. Það er því nægur tími til þess að fylgjast með hæstv. utanrrh. ef það er svo að stjórnarandstaðan treystir honum ekki til þess að standa fyrir þeim samningum og halda áfram þar sínu verki.

Það var í viðtali við Stefán Jón Hafstein, einn af okkar bestu útvarpsmönnum, að þegar talið barst að fjölmiðlafárinu sem beint er að stjórnmálaflokkum og einstaklingum og minnst á gróusögurnar, níðið og skáldskapargerðina, sem æðioft fela í sér ærumeiðingar, þá spurði Stefán Jón viðmælanda sinn: „Er þetta ekki bara pólitík?“ Er það tilfellið að fjölmiðlafólk og e.t.v. einhver hluti almennings sé farinn að trúa því að slík skrif, slíkur málflutningur sé bara pólitík? Gerir fólk sér ekki grein fyrir því hvað er átt við með orðinu pólitík? Ég hef skilið það orð svo að þeir sem eru pólitískir hafi mótaðar skoðanir á því hvernig eigi að breyta og bæta þjóðlífið, leggja grunninn að atvinnuuppbyggingu, minnka launamun, jafna lífsaðstöðu. Við sem viljum styrkja einstaklinginn og fjölskylduna með öllum tiltækum ráðum vitum hvað

pólitík er. Það sem hér hefur verið upp talið eru áhersluatriði þeirra samtaka sem ég er fulltrúi fyrir. Margir hafa aðrar skoðanir og sumir hafa gagnstæðar skoðanir og auðvitað er það líka pólitík.

Í mínu ungdæmi var misferli kallað misferli en ekki hrossakaup eins og nú er. Þá var líka talið að skattsvik væru ekki undanskot eins og nú er. Þá var líka talað um okur en ekki markaðsvexti. Þessar áherslubreytingar verða til þess viljandi eða óviljandi að menn gera sér ekki grein fyrir hvað er verið að tala um í raun og veru. Í þá daga var það talið drengskaparbrot ef það ekki stóð sem menn lofuðu enda var þá sagt: Orð skulu standa. Nú er víst þetta liðin tíð.

Það sem hefur verið að gerast á milli austurs og vesturs er að það er verið að brjóta niður múrana. Á sama hátt verður okkar þjóð að brjóta múrana í sambandi við það að fjármagnið deili og drottni eins og nú er. Í grein í Morgunblaðinu sem Ólafur M. Jóhannesson skrifaði fyrir skömmu segir m.a.: „Maður, líttu þér nær, stendur skrifað og er nú komið að því að Íslendingar geri upp við flokksvaldið sem hefur ráðskast hér með flesta hluti í skjóli þeirrar kenningar að öll þjóðin sé innan vébanda flokkanna sem er svipuð lygi og að þjóðir Austur-Evrópu hafi gengið af fúsum vilja undir kommúnismann."

Þetta stendur í Morgunblaðinu eftir Ólaf M. Jóhannesson. Ég vil vekja athygli á þessum orðum vegna þess að í okkar þjóðlífi, okkar gamla flokkakerfi er það þannig að flokkarnir þykjast eiga fólkið og stjórna samkvæmt því. En fólkið finnur yfirleitt ekki til þess að það eigi flokkana. Þess vegna er ekki um neitt að ræða fyrir fólkið annað en láta hlusta á sig og ef það ekki gengur, þá verða þeir að velja aðra forustu en hefur verið valin fram að þessu.

Það eru mörg mál sem þyrfti að ræða í svona umræðu. Ég er á þeirri skoðun að það sé ekki hægt að komast út úr verðbólgunni nema með því móti að fella niður lánskjaravísitöluna. Það sé blátt áfram ekki hægt. Þess vegna verða stjórnarflokkarnir að skoða það mál niður í kjölinn. Ég stend líka í þeirri trú að kvótafyrirkomulagið í sjávarútvegi standist ekki öðruvísi en að byggðirnar fái einhvern hluta af þessum kvóta og þetta verður að skoða. Það verður líka að íhuga það vel og nákvæmlega hvernig á að fara að því að breyta grundvellinum í þjóðfélaginu á þann veg að þeir geti greitt eðlilega vexti. Það er ekki í dag. Vextirnir mega aldrei vera hærri en það sem atvinnureksturinn þolir á hverjum tíma og ef til þess er ætlast að þessir vextir séu greiddir, þá verður að breyta öllum grundvellinum.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að launamunurinn er ógnvekjandi og það verður að taka á þeim málum á annan veg en hefur verið gert fram að þessu. Það er ekki hægt að líða það að hátekjustéttirnar geti komið í kjölfar kjarasamninga og fengið prósentvís í sumum tilvikum það sama og lágtekjustéttirnar. Það verður að fara að stjórna þessu þjóðfélagi. Það verður að líta á það að stjórna meira af réttlæti en gert hefur verið.

Ég fagna þessari breytingu með tekjuskattinn. Þeir sem eru með hærri tekjur eru ekkert of góðir til þess að borga hærri skatt. En mér líst ekkert á þetta eina þrep í virðisaukaskattinum. Ég vantreysti því að sumir af þeim sem styðja þessa ríkisstjórn verði tilbúnir að lækka hann. Sannleikurinn er sá að það ætti ekki að vera neinn virðisaukaskattur eða skattur á brýnustu nauðþurftum þegnanna. Lágtekjufólkið þolir það ekki og það verður að taka tillit til þess. — Góða nótt.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ágætu áheyrendur. Sá maður sem var að víkja hér úr pontu, Stefán Valgeirsson, vitnaði þannig til framtíðarstefnu Sjálfstfl. að maður gæti haldið að hann hefði ekki lengur mann á launum til að lesa fyrir sig skjöl, svo ranglega fór hann með tilvitnun í það plagg sem hann kallar aldamótaplagg.

Á síðustu dögum hefur sífellt betur komið í ljós að ríkisstjórnin veldur ekki verkefnum sínum. Sundurþykkja stjórnarflokkanna og hringlandaháttur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til óvissu og upplausnar í þjóðfélaginu.

Aðeins einum mánuði áður en lögin um virðisaukaskattinn eiga að taka gildi hafa stjórnarflokkarnir ekki komið sér saman um framkvæmd málsins. Forsrh. og aðrir ráðherrar hafa að vísu gefið það út nú að þeir hafi komið sér saman um 24,5% í virðisaukaskatt, það eigi að hækka tekjuskattinn en enginn veit um framkvæmdina enn. Og nú á að kanna málin frá ýmsum hliðum.

Misvísandi samþykktir stjórnarflokkanna valda því að enginn getur treyst því að ákvarðanir stjórnvalda standi nema stundarbil. Eitt er þó alveg víst: Skattkerfisbreytingin sem nú kemur til með að eiga sér stað um áramótin verður notuð til þess að hækka skattana.

Glundroðinn á stjórnarheimilinu að undanförnu hefur einnig leitt til þess að ríkisstjórnin þorir ekki að afla umboðs Alþingis til að geta tekið af fullri alvöru þátt í viðræðum við Evrópubandalagið. Í stað þess að leita víðtæks samstarfs á Alþingi og virða þannig þingræðið kaus ríkisstjórnin að þrengja umboð utanrrh. með fyrirvarabókun Alþb. í ríkisstjórninni. Þessi deila snýst um eðlilegt samráð. Hún snýst ekki um lögfræði eins og forsrh. hélt fram í sinni ræðu hér áðan.

Það var nokkuð dapurlegt að horfa á utanrrh. setja sig í hlutverk hálfgrátandi píslarvotts og kenna Sjálfstfl. um það að hann hefði ekki komist til útlanda til að sinna skyldustörfum sínum. Nú vita allir, ekki einungis þingmenn, heldur fjölmargir aðrir, að ástæðan fyrir því og eina ástæðan fyrir því að Jón Baldvin Hannibalsson er staddur hér á landi í dag er sú að hann og ríkisstjórnin höfðu ekki komið sér saman um það hvernig þeir ætluðu að leggja á virðisaukaskattinn um áramótin. Það voru fundir í gær í ríkisstjórn og þingflokkum, það voru aftur fundir í dag, það voru fundir í nótt og a.m.k. tveir ríkisstjórnarfundir í dag. Það er af þessum ástæðum og þessum ástæðum einum sem hann er hér staddur í

dag en ekki af þeim sem hann sjálfur hefur verið að reyna að halda fram. Þessu til staðfestingar má líta hér á DV í dag. Þar er mynd af tveimur herrum sem hafa verið að funda, síðast í morgun, til þess að reyna að ná saman um virðisaukaskattinn. Þessi með hattinn er Jón Baldvin Hannibalsson, þessi með skattinn er fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson. Svo kemur þessi maður hér upp og heldur því fram hálfgrátandi að það sé Sjálfstfl. að kenna að hann komist ekki úr landi.

Nú gæti einhver sagt: Já, en aumingja maðurinn verður að vera hérna til að verja sig. Hann verður að koma hingað til að greiða atkvæði. Er það svo? Nei, það er ekki einu sinni svo vegna þess að fyrir tveimur dögum síðan tók hann inn varamann hér á Alþingi, Jón Braga Bjarnason, sem hefur atkvæðisréttinn og þið komið til með að sjá það, áheyrendur góðir, þegar þið sjáið atkvæðagreiðsluna hér á eftir, að það verður ekki Jón Baldvin Hannibalsson sem verður spurður álits á tillögunni heldur Jón Bragi Bjarnason. Það hlýtur að vera alvarlegt, virðulegur forseti, þegar menn seilast til skröksins til að bjarga eigin skinni frá því sem þeir hafa sjálfir kallað yfir sig.

Það er fróðlegt að skoða loforðalista ríkisstjórnarinnar og bera loforð saman við efndirnar. Þegar ríkisstjórnin tók við völdum lofaði hún að treysta atvinnuöryggi í landinu. Hver er niðurstaðan? Hún er *mesta atvinnuleysi í tvo áratugi. Ríkisstjórnin sagðist* mundu verja kjör hinna lægst launuðu. Niðurstaðan er mesta kjaraskerðing sem hér hefur orðið um árabil. Ríkisstjórnin ætlaði að stuðla að stöðugleika í gengismálum. Niðurstaðan er stöðugt gengissig og sífelldar gengislækkanir. Ríkisstjórnin setti sér það mark að afgreiða fjárlög yfirstandandi árs með tekjuafgangi. Hvernig gekk það eftir? Jú, niðurstaðan er 5 milljarða kr. halli. Og nú á að afgreiða fjárlög næsta árs með meiri halla en áður hefur þekkst. Svo kemur fjmrh. hér í ræðustól, ber sér á brjóst og talar um árangur. Hver trúir þessum manni eftir að hafa fylgst með því hvernig hann hefur staðið sig í fjármálum ríkisins?

Ríkisstjórnin sagðist mundu lækka vexti verulega. Niðurstaðan er sú að vextir fara hækkandi miðað við lánskjaravísitölu vegna ríkissjóðshallans sem hefur myndast, þrátt fyrir stóraukna skatta. Þetta er afleiðing handstýringar í vaxtamálum.

Ríkisstjórnin boðaði jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Niðurstaðan er sú að erlendar skuldir hafa aldrei verið meiri og fara enn vaxandi.

Ríkisstjórnin sagðist ætla að fækka ráðuneytum til að gera stjórnkerfið einfaldara. Niðurstaðan er sú að nú á að stofna nýtt ráðuneyti fyrir Borgfl. sem var keyptur til fylgilags við ríkisstjórnina.

Þannig hefur ríkisstjórnin svikið flest þau loforð sem hún gaf í upphafi. Hún hefur nú setið í 14 mánuði og getur ekki lengur kennt neinum öðrum um. Sannleikurinn er sá að ríkisstjórnin hefur gefist upp.

Í lok þessarar umræðu fer fram atkvæðagreiðsla um þá tillögu hvort rjúfa skuli þing og efna til kosninga sem fyrst. Það verður athygli vert fyrir ykkur, áheyrendur góðir, að fylgjast með atkvæðagreiðslunni í ljósi yfirlýsinga þeirra stjórnarþingmanna sem hafa lýst yfir andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar í ýmsum málum.

Árni Gunnarsson sagði í haust að stjórnin væri ekki á vetur setjandi ef matarverð og fjármagnskostnaður lækkaði ekki. Nú stefnir í hærra matarverð og aukinn fjármagnskostnað. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig þingmaðurinn greiðir atkvæði hér á eftir.

Karvel Pálmason hefur marglýst yfir andstöðu sinni við ýmsar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hvað skyldi hann gera?

Hjörleifur Guttormsson hefur talað digurbarkalega um alla þá fyrirvara sem hann hefur í stjórnarsamstarfinu. Þorir hann að segja álit sitt í atkvæðagreiðslunni?

Skúli Alexandersson var á móti núverandi stjórnarsamstarfi í upphafi. Ætlar hann að standa við það álit sitt þegar hann fær tækifæri til þess með atkvæði sínu?

Ólafur Þ. Þórðarson hefur í skeleggri ræðu staðhæft að ríkisstjórnin fótum troði mannréttindi. Styður hann ríkisstjórnina þrátt fyrir það?

Guðmundur G. Þórarinsson, Alexander Stefánsson og Stefán Guðmundsson hafa allir lýst óánægju með aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum og lagt fram frjálslyndar tillögur sem ganga þvert á stjórnarstefnuna. Það verður fróðlegt að sjá hvorum megin hryggjar þeir liggja hér á eftir.

Það er auðvitað ósköp auðvelt að firra sig ábyrgð á óvinsælum verkum ríkisstjórnarinnar í ræðu og riti. Það þarf hins vegar kjark og þor til að standa við orð sín þegar það skiptir máli. Þess vegna hljótum við að fylgjast vel með því hvernig þessir þingmenn greiða atkvæði í lok umræðunnar. Þeir hafa nú tækifæri til að fylgja sannfæringu sinni. Kjósi þeir hins vegar að verja stjórnina og koma í veg fyrir kosningar er ljóst að þeir bera fulla ábyrgð á ríkisstjórninni og geta ekki þvegið hendur sínar af gerðum hennar.

Góðir áheyrendur. Á hverjum einasta degi erum við minnt á það í fréttum hvernig aðrar þjóðir auka *einstaklingsfrelsi, athafnafrelsi og viðskiptafrelsi til* að öðlast betri lífskjör, meiri farsæld og lífshamingju. Á meðan þessir atburðir eiga sér stað situr hér á landi ríkisstjórn sem skilur ekki kall tímans. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er óvinsælasta ríkisstjórn sem hefur verið við völd frá því að mælingar hófust. Ríkisstjórnin situr í óþökk þorra þjóðarinnar og getur ekki veitt þá forustu sem nauðsynleg er ef við viljum njóta vinda frjálsræðisins sem nú leika um norðurálfu. Það sem heldur stjórninni saman er óttinn við frelsið og óttinn við kosningar. Það eina sem sameinar ríkisstjórnina er því óttinn við þjóðina sem vill kosningar og frjálslyndari ríkisstjórn.

Forsenda þess að hægt sé að takast á við þau mikilvægu verkefni sem við blasa er að losa þjóðina við ríkisstjórnina. Það er kominn tími til að efla með þjóðinni þá bjartsýni og þann framtaksþrótt sem í henni býr. Til þess að svo geti orðið verður stjórnin víkja og kosningar að verða sem allra fyrst. — Góðar stundir.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það eru að flestu leyti góð tíðindi, frá mínu sjónarmiði, að sjálfstæðismenn skyldu bera fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina og velja til þess einmitt þessa daga. Það er ríkisstjórn og stjórnarflokkum kærkomið tækifæri til þess að gera þjóðinni grein fyrir málefnum sínum og stefnu og það eflir samstöðu og samhug stjórnarliðsins innbyrðis. Samstaða okkar stjórnarliða er að vísu góð og hefur verið allt síðan sjálfstæðismenn hurfu úr Stjórnarráðinu, en það var fallega gert hjá sjálfstæðismönnum að efla hana enn frekar svo að það verði lýðum ljóst að núv. ríkisstjórn hefur öflugan meiri hluta og mun stjórna út a.m.k. þetta kjörtímabil.

Miðað við hagsmuni Sjálfstfl. held ég hins vegar að þessi tími fyrir flutning vantrauststillögu hafi verið klaufalega valinn. Það kemur kannski ekki á óvart því að það er nú frekar orðin regla að forusta Sjálfstfl. beri sig klaufalega að fremur en það sé undantekning. Það er ámátlegt þegar Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal, hv. þm., koma hér upp í ræðustól og sperra sig upp út af meintum vandræðagangi hjá núv. ríkisstjórn. Sjálfstæðismenn hér í þinginu eru vænsta fólk en þeir ættu ekki að koma mikið að landsstjórninni.

Ég man þá tíð þegar Þorsteinn Pálsson var forsrh. Ég var einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnar hans og ber mína ábyrgð á því sem sú ríkisstjórn gerði. Ég ber hins vegar tamarkaða ábyrgð á því sem sú ríkisstjórn lét ógert en ég átti hlut að að ráðleggja henni að gera. Þorsteinn Pálsson átti sem forsrh. að hafa verkstjórn á hendi fyrir ríkisstjórn sinni og forustu um úrræði í efnahagsmálum. Það lét hann hins vegar hvort tveggja ógert. Hann gat ekki tekið leiðbeiningum samstarfsflokka sinna. Hann gat ekki komið með haldbær úrræði og þessir 14 mánuðir sem Sjálfstfl. bar höfuðábyrgð á stjórn landsins liðu í eintómum vandræðagangi. Þegar loksins sjálfstæðismenn hurfu úr Stjórnarráðinu var atvinnulífið í rjúkandi rúst og fjárhagur ríkisins og framleiðslufyrirtækjanna sömuleiðis.

Síðan hefur verið unnið markvisst endurreisnarstarf. Núv. ríkisstjórn hefur tekist að koma í verk mörgu af því sem hún hefur þurft að gera og henni hefur tekist að halda flestum útflutningsgreinum gangandi og standa margar þeirra nú orðið traustum fótum aftur og í allt annarri stöðu en fyrir rúmu ári síðan. Og svo koma þessir herrar sem settu hér allt í strand og þykjast hafa efni á því að gagnrýna núv. ríkisstjórn og bera fyrir sig orð eins og Þorsteinn Pálsson gerði hér áðan þar sem hann talaði um glundroða, hringlandahátt og vandræðagang hjá núv. ríkisstjórn. Heyr á endemi.

Það er einkum tvennt sem gagnrýni sjálfstæðismanna hefur beinst að hér í kvöld. Í fyrsta lagi meðferð Evrópumálefna og í öðru lagi tekjuöflun ríkisins. Evrópumálin eru langmikilvægustu viðfangsefni íslenskra stjórnmála í dag og verða það um næstu framtíð. Þar ber að hafa tvennt í huga. Ísland getur ekki og má ekki ganga í Evrópubandalagið um fyrirsjáanlega framtíð. Á hinn bóginn er tilvist Evrópubandalagsins staðreynd sem við fáum ekkert að gert. Við Íslendingar erum Evrópuþjóð og ætlum að halda áfram að vera það. Við höfum og viljum hafa mikil viðskipti við Evrópubandalagið og þess vegna er okkur mjög brýnt að koma á góðum samskiptaháttum við það.

Ég sagði áðan að það kæmi ekki til greina fyrir okkur Íslendinga að ganga í bandalagið. Við megum með engu móti játast undir forræði þess eða hið yfirþjóðlega vald sem það hefur tekið sér yfir bandalagsþjóðunum. Ef við fórnum sjálfstæði okkar og sjálfræði í hendur þess setjum við einnig í hættu tungu okkar, þjóðmenningu og þjóðerni. Við getum heldur ekki deilt með bandalaginu fiskimiðum okkar eða auðlindum. Við þurfum sjálfir á að halda öllu því sjávarfangi sem hafið innan fiskveiðilögsögu okkar getur gefið af sér með skynsamlegri nýtingu. Við þörfnumst allra okkar auðlinda fyrir okkur sjálfa og um þessa stefnu hafa allir ábyrgir stjórnmálaflokkar á Íslandi verið sammála fram undir þetta.

Nú hefur því miður hluti Sjálfstfl. söðlað um. Aldamótanefnd flokksins lagði til á síðasta landsfundi að Ísland sækti um aðild að bandalaginu til þess að síðan yrði samningurinn metinn þegar hann hefði verið gerður. Þetta er röng og þjóðhættuleg stefna sem mundi leiða til mikils ófarnaðar. Við þurfum að finna bærilega viðskipta- og samskiptahætti við bandalagið. Það eru tvær leiðir sem hafa einkum verið hér til umræðu. Önnur er sú að taka þátt í viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Hin er sú að Íslendingar óski eftir tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Á fundi forsætisráðherra EFTA-ríkjanna í Osló sl. vor var ákveðið að taka boði Evrópubandalagsins um könnunarviðræður um framtíðarsamskipti þessara bandalaga. Ísland gerðist aðili að þessum viðræðum með ákveðnum fyrirvörum. Ísland vill verslunarfrelsi og þar með fríverslun með fisk og fiskafurðir sem er reyndar grundvallaratriði. Ísland hefur hins vegar fyrirvara um óhefta flutninga fjármagns, ótakmarkað streymi vinnuafls og óhindruð þjónustuviðskipti. Fámenni okkar og þjóðfélagsgerð gefur ekki skynsamlegt svigrúm til þess að opna landið og þjóðfélagið upp á gátt. Þessum fyrirvörum verðum við að standa fast á. Þá er okkur rétt að gerast þátttakendur með öðrum EFTA-ríkjum í viðræðum við Evrópubandalagið.

Að sjálfsögðu verður Alþingi að fylgjast vel með framvindu viðræðnanna og Íslendingar geta dregið sig út úr þeim hvenær sem ríkisstjórn eða Alþingi þykir sem frekari samningaviðræður leiði ekki til ásættanlegrar niðurstöðu eða þjóni hagsmunum Íslands.

Sjálfstæðismenn hamra þessa dagana á því að Íslendingar eigi að draga sig út úr EFTA-viðræðunum og óska eftir tvíhliða viðræðum, beinum viðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið. Þetta er ekki hægt eins og stendur jafnvel þótt okkur þætti það skynsamlegt sem það reyndar ekki er. Evrópubandalagið hefur ekki viljað taka upp tvíhliða viðræður við

Austurríki og það er barnaskapur að vonast til þess að Evrópubandalagið vilji frekar eyða tíma í tvíhliða viðræður við Íslendinga nú á þessum tíma. Það er spaugilegt þegar Þorsteinn Pálsson, vinnuveitandinn sjálfur, er allt í einu farinn að bregða sér í gervi verkalýðsforingjans og kenna fólkinu hvernig verkalýðsforingjar eigi að haga sér. Bandalagið er ekki til viðtals um tvíhliða viðræður eins og stendur fyrr en EFTA-sporið hefur verið rakið til þrautar. Þetta hefur margkomið í ljós. Sú stund getur hins vegar runnið upp að aðstæður skapist til þess að taka upp tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins. Sú leið er hins vegar lokuð nú. EFTA-leiðin er ein fær sem stendur og hana ber okkur að kanna. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar og með því að fella vantrauststillögu sjálfstæðismanna er það lýðum ljóst að sú stefna nýtur meirihlutafylgis á Alþingi. Kröfur sjálfstæðismanna um sérstaka álvktun frá Alþingi eru náttúrlega algjörlega óþarfar, sérstaka álvktun um umboð frá Alþingi til samningaviðræðna, óþarfar fyrir utan það að vera óþinglegar.

Það tók ekki betra við þegar Þorsteinn Pálsson og Friðrik Sophusson fóru að gagnrýna skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Við stjórnarliðar höfum komið okkur saman um skynsamlega aðferð við það að koma á virðisaukaskatti. Við höfum á prjónunum fleiri mikilvægar endurbætur á skattakerfinu eins og komið hefur fram hér í kvöld. En hver var skattastefna sjálfstæðismanna þegar Þorsteinn Pálsson hafði tækifæri til að móta hana? Skattastefna Þorsteins Pálssonar var sú að berjast á móti flestallri tekjuöflun ríkisins í því skyni að kaupa sér vinsældir kjósenda, en Þorsteinn Pálsson hafði ekki þrek til að reyna að draga úr ríkisumsvifum heldur þöndust þau náttúrlega út undir hans stjórn. En það verður auðvitað að draga úr umsvifum ef menn afsala sér tekjunum. Þess vegna yfirgaf hann ríkissjóð með stórfelldari halla en við þekkjum fyrr eða síðar og í lok hins mesta góðæris. Ég ætla ekkert að fara að rifja þá raunasögu upp hér. Ég finn sem samstarfsmaður Sjálfstfl. þá til ábyrgðar og fyrirverð mig fyrir að hafa sýnt allt of mikið langlundargeð í því stjórnarsamstarfi. Við framsóknarmenn áttum auðvitað að slíta samstarfi við sjálfstæðismenn þegar við komumst að raun um það að sjálfstæðismenn voru gagnslausir og ráðlausir.

Sjálfstfl. hefur haft alla forustu um flutning þessarar vantrauststillögu og ber höfuðábyrgð á henni, en það er furðulegt að horfa upp á Kvennalistann. Þingmenn Kvennalistans líma sig upp að Sjálfstfl. Ég átti ekki von á því að þingmenn Kvennalistans mundu velja þann kost að setjast í kjöltu sjálfstæðismanna og taka þannig ábyrgð á Evrópubandalagsstefnu þeirra, m.a., og gera hana að sinni.

Eins og ég sagði í upphafi er ég að sumu leyti ánægður með að sjálfstæðismenn skyldu velja þessa daga til þess að flytja vantrauststillögu á ríkisstjórnina. Við höfum fengið tækifæri hér í þessum umræðum til þess að gera alþjóð grein fyrir stefnumálum ríkisstjórnarinnar og okkur hefur verið gefið tækifæri til þess að koma fram sem órofa heild. Yfir þessu er ég ánægður. Hins vegar er þessi tillöguflutningur að einu leyti til verulegs tjóns. Sjálfstæðismönnum hefur tekist að veikja álit Íslands í Brussel og þeim hefur tekist að kasta rýrð á verk utanrrh. og veikja stöðu hans og álit sem foringja EFTA-ríkjanna í viðræðum við Evrópubandalagið. Þetta kann að vera þeim sjálfstæðismönnum til einhverrar svölunar á þessum haustdögum en það er þjóðinni til tjóns og því er slæmt að þeir skyldu grípa til þessa ráðs. Við munum hér á eftir fella þessa vantrauststillögu og endurnýja þar með umboð ríkisstjórnarinnar og utanrrh. Síðan væri það ágætt, síðar í vetur, ef stjórnarandstaðan vildi bera fram vantrauststillögu eins og einu sinni í mánuði til að þjappa okkur saman stjórnarliðum og gefa okkur tækifæri til þess að greina frá afrekum okkar og fyrirætlunum. — Góðar stundir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Hlutverk stjórnarandstöðu er mikilvægur þáttur þess þingræðis sem við búum við. Það felur í sér lýðræðislegan rétt stjórnarandstöðunnar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í því skyni að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku ríkisstjórnar. Því miður reynist slík viðleitni oft árangurslítil og yfirgangur og óvirðing ríkisstjórna við Alþingi í krafti meiri hluta með endemum, þannig að fremur líkist valdbeitingu en lýðræði. Hlutverk stjórnarandstöðu er jafnframt ábyrgðarhlutverk sem krefst þess að hún sé vakandi á verði, veiti ríkisstjórninni aðhald, krefjist þess að hún standi við loforð sín og vinni þjóðinni gagn. Það kemur því oft í hlut stjórnarandstöðu að gagnrýna það sem er gagnrýni vert. Hlutverk gagnrýnandans getur hins vegar verið erfitt og leiðigjarnt og getur verið þjakandi þegar vondar stjórnir ríkja. Mikilvægt er þó að gagnrýnin sé málefnaleg, en ekki notuð til að koma höggi á pólitíska andstæðinga.

Hér í kvöld er rætt vantraust á ríkisstjórnina og er óhætt að segja að það sé ýtrasta form gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðu. En á slík gagnrýni rétt á sér? Er þessi ríkisstjórn þá alvond, hefur hún ekkert gott gert? Víst er hún ekki alvond og vissulega hefur hún eitthvað gott gert. Enda höfum við kvennalistakonur stutt hana til þeirra mála sem okkur hafa fundist góð og hefur ekki staðið á málefnalegum stuðningi okkar við hana fremur en aðrar ríkisstjórnir þegar stefnumál fara saman. En þrátt fyrir aukna og, að mati hæstv. forsrh., endurbætta útgáfu þessarar ríkisstjórnar í september sl. hafa mál samt þróast á þann veg á stuttu æviskeiði hennar að sundurþykkja og skoðanaágreiningur meðal stjórnarflokkanna beinlínis tefja eða koma í veg fyrir ákvarðanatöku í veigamiklum málum eins og virðisaukaskatti og hvernig skuli staðið að viðræðum við Evrópubandalagið. Þetta eru raunar aðeins dæmi um þá dropa sem fyllt hafa mæli umburðarlyndis Kvennalistans gagnvart þessari stjórn en hún hefur á rúmlega árslöngum ferli sínum ekki beinlínis náð að festa rætur í hjörtum fólksins ef marka má skoðanakannanir.

Ágreiningur ríkir um fleiri mikilvæg mál eins og umhverfisráðuneyti, aðgerðir vegna loðdýraræktar, gerð varaflugvallar og fleira mætti telja. Ekki verður heldur séð hvernig þessi ríkisstjórn ætlar að koma sér saman um að afgreiða fjárlögin en forsendur þeirra eru löngu brostnar.

Það liggur í hlutarins eðli að sýna nýliðum umburðarlyndi, gefa þeim tíma og tækifæri til þess að spjara sig í stað þess að skera viðleitni þeirra niður við trog. Þá skulum við gæta að því að flestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru vanir menn, menn með fortíð. Og hæstv. forsrh. hefur skipað sex ráðherraembætti á sl. ellefu árum, en flokkur hans verið í ríkisstjórnum nær samfellt síðustu tvo áratugi. Hans ábyrgð er því talsverð á forsögu mála. Þó segist hæstv. forsrh. glaður og feginn að fá vantraust á sig og sína menn. Það minnir á annan formann stjórnmálaflokks sem varð æ glaðari á landsfundi hér á dögunum því harðar sem var að honum gengið og meira að honum þrengt. Það er þó sannarlega ekki öllum gefinn sá eiginleiki að geta séð ljósið í myrkrinu. En ekki er nóg að eygja ljósið ef menn hafa ekki rænu á því að fylgja því og láta það leiða sig til góðs. Það kemur ekki á óvart að ríkisstjórnin hafi átt í miklum vandræðum með að koma sér saman um þá umdeildu og miklu kerfisbreytingu sem virðisaukaskattur er. Mörg samtök hafa kvartað yfir hiki þeirra og óvissan valdið vandræðum enda leggja margir til að skattinum verði frestað.

Þessi vantrauststillaga hefur væntanlega knúið stjórnarliða nú til að komast að niðurstöðu í málinu. En þvílík niðurstaða. Enn er um að ræða eina hæstu skattprósentu í Evrópu. Hér leggst hún ofan á matvælaverð sem þegar er hærra en gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Og hvernig á að framkvæma þessar endurgreiðslur sem talað er um? Hvernig á í raun að tryggja að þær skili sér þangað sem þeirra er mest þörf? Það fylgdi nefnilega ekki sögunni. Síðan má ekki gleyma því að skatturinn leggst á allar vörur og þjónustu en endurgreiðslurnar fara aðeins fram af fáeinum tegundum matvæla.

Ekki veitir nú af að minna ríkisstjórnina á að kjör fjölskyldnanna í landinu hafa rýrnað um allt að 13–14% á sl. ári, skv. rannsóknum kjararannsóknarnefndar. Og allt útlit er fyrir að verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts og samdráttar í sjávarútvegi muni, ásamt öðru, enn auka þar á. Ég trúi ekki á þessi loforð. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að virðisaukaskattur hækkar framfærslukostnað og breytir tekjuskiptingunni hinum efnaminni í óhag, þrátt fyrir allar uppbætur, en þeir eyða meiri hluta tekna sinna til matvælakaupa.

Virðisaukaskattur heyrir undir fjmrn. og það er undrunarefni hve fúslega ráðherrar Alþb. hafa kyngt öllum stóru orðunum og andstöðunni við þann skatt eftir að þeir settust í ráðherrastóla. Þó börðust þeir ákaflega hart í stjórnarandstöðu eins og við kvennalistakonur og á svipuðum forsendum gegn þessum illræmda skatti á nauðþurftir, eins og matvæli og menningu. Töluðu hér langt mál og mikið og fjmrh. stóð meira að segja einn á kassa eins og trúboði inni í Miklagarði. Þar með hélt ég að þeir viðurkenndu að það væri grundvallaratriði í stjórnmálum hvort skattlagðar væru nauðþurftir eins og matvæli eða ekki. Ég hélt líka að þeir væru þar með á móti því. Ætla þeir nú að kyngja 24,5% virðisaukaskatti með einu þrepi jafnt á matvæli sem annað og óljós loforð um endurgreiðslu sem ekki er víst að skili sér?

Þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson mælti fyrir nær sömu skattprósentu á virðisaukaskatti í desember 1986 sagði hv. þm. Páll Pétursson að gæta þyrfti þess að skattkerfisbreytingarnar rýrðu ekki hag þeirra sem minna mega sín, því tekjujöfnuður væri það sem á þyrfti að halda. Alþb. var þá á móti þessum skatti á þeim forsendum að frv. fæli í sér meiri skattheimtu hjá lágtekjufólki, hliðarráðstafanir væru óákveðnar og óljósar, innheimta og endurgreiðslukerfi dýrara en nú er og engin trygging fyrir því að virðisaukaskattur skili sér betur en söluskattur.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði sinn þingflokk ekki styðja frv. vegna þess að álagningarprósentan væri of há. Tekjuauki ríkissjóðs vegna virðisaukaskatts væri vanmetin, verðhækkunaráhrif af svo hárri prósentu yrðu of mikil og loks mundi Alþfl. ekki sætta sig við þær niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum sem hliðarráðstafanir gera ráð fyrir. En hvað hefur breyst hv. þingmenn? Röksemdir ykkar eru nefnilega enn í fullu gildi. Hvers vegna hefur ykkur orðið hughvarf? Hvaða epli hafið þið bitið í?

Einu stjórnmálasamtökin sem ekki hafa breytt um skoðun á virðisaukaskatti og standa enn gegn matarskattinum eru Kvennalistinn. Réttmæti þeirra forsendna sem við leggjum og lögðum til grundvallar, og nokkrar þeirra hef ég þegar nefnt, hefur ekki verið hrakið. Matarskatturinn og hátt verð á matvælum íþyngir nú þegar verulega heimilum fólks í landinu. Það eru þau skilaboð sem við kvennalistakonur höfum af ferðum okkar í sumar og haust um landið.

Kvennalistakonur eru mótfallnar þeirri óréttlátu hugmynd að leggja skatt á nauðþurftir eins og matvæli. Hún er aðför að þeim sem hafa minnstar tekjurnar og fjölmennastar fjölskyldurnar. Við treystum því ekki og það er full ástæða til að efast um að endurgreiðslur skili sér þangað sem þeirra er mest þörf, eða þá að þær verði nægilegar.

Það er einnig full ástæða til að benda hæstv. ríkisstjórn á það að afnám matarskattsins mundi ekki þýða minnkun tekna um nákvæmlega þá upphæð sem hann er nú talinn skila í ríkissjóð. Stór hluti hans mundi skila sér á annan hátt, í annarri neyslu. Afnám matarskattsins hefði bætt áhrif á afkomu heimilanna og þau áhrif mundu skila sér út í þjóðfélagið allt, bæta t.d. afkomu í vænlegri atvinnugrein eins og ferðaþjónustu og draga úr verðbólguhraða svo nokkuð sé nefnt. Því segi ég: Burt með matarskattinn. Það er full ástæða til að vantreysta ríkisstjórn sem ber ekki betra skynbragð á þarfir þegnanna, en gerir sig seka, eins og aðrar ríkisstjórnir á undan henni, um stjórnvaldsaðgerðir sem í sífellu raska áformum almenn-

ings og fyrirtækja. Þá duga ekki áætlanir sem gerðar eru innan ramma efnahagslegrar getu með viðmiðunum við reglur og lög hins opinbera. Reglum og lögum er sífellt breytt og óstöðugleiki og óvissa gera menn ráðvillta og kippa grundvellinum undan framkvæmdum þeirra. Þeir sem áður voru ábyrgir um sín mál eru gerðir að óskilamönnum og heilu fjölskyldurnar bíða félagslegt og fjárhagslegt tjón. Í raun eru reiknimeistarar og stjórnmálamenn að gera stórfelldar tilraunir þar sem manneskjur, fjölskyldur, eru tilraunadýrin. Það versta er að þeir virðast ekki læra af reynslunni og eru óragir við að vaða út í næstu kerfisbreytingu þótt undirbúningur sé takmarkaður og áhrif ófyrirséð. Slík vinnubrögð eru að verða regla hér á þinginu fremur en undantekning þegar um stórmál er að ræða.

Eitt stærsta tilefni þess vantrausts sem hér er til umræðu er meðferð ríkisstjórnarinnar á því mikilvæga máli sem viðræður okkar við Evrópubandalagið er. Margir hafa haft orð á því að hér sé á ferðinni eitt veigamesta mál sem rætt hefur verið á Alþingi á lýðveldistímanum. Mál sem varðar í raun sjálfstæði Íslands og afkomu í framtíðinni. Mönnum hefur orðið starsýnt á næstu skrefin í ferlinu og margir virðast eygja draumaland í túngarði Evrópubandalagsins. Minna hefur verið rætt um annað samhengi, hugmyndafræðina sem liggur til grundvallar Evrópubandalaginu, stórveldisdraumana, hagvaxtarkröfur þessa markaðar, þar sem frelsi stórfyrirtækja ríkir og fjármagnið streymir frjálst en félagslegar og menningarlegar þarfir þjóðanna sitja á hakanum. Þessar kröfur hafa þegar gengið svo nærri náttúru Evrópu að trén fella lauf sín og vötnin deyja og við neyðumst til að breyta lífsháttum okkar og áherslum í efnahagsstefnum þjóðanna. Þjóðum Austur-Evrópu verður því boðið að borði neysluveislunnar um það leyti sem veislunni er að ljúka.

Fjöregg okkar Íslendinga og grundvöllur lífs okkar í landinu eru fiskimið okkar, verndun þeirra og hófleg nýting. Þeir sem fara með okkar mál mega ekki gleyma þessu eitt andartak og mega aldrei framselja það fjöregg, hversu hrifnir sem þeir sjálfir kunna að vera af Evrópubandalaginu.

Við óskum flest fjölbreyttra samskipta við aðrar þjóðir og ekkert okkar getur óskað Íslandi þess að verða áhrifalaust jaðarsvæði þangað sem allir Evrópubúar sækja til að veiða sinn fisk eftir þörfum, í krafti yfirþjóðlegra ákvarðana. Verstöð á hjara veraldar, fámennisþjóð sem líður fyrir atgervisflótta en heldur dauðahaldi í tungu sína og menningu í baráttu sem getur brugðið til beggja vona. Svo mikið getur verið í húfi og svo stórt mál getur aldrei verið fyrst og fremst í höndum einnar ríkisstjórnar sem á takmarkaða lífdaga. Þetta er mál þjóðarinnar allrar, þetta er mál sem allir fulltrúar hennar á Alþingi þurfa að ná sáttum um, vera einhuga, og hæstv. utanrrh. verður því að hafa vel skilgreint umboð frá Alþingi til viðræðna sinna. Ef ríkisstjórn sem ekki getur komið sér saman tekur sér hrokafullt sjálfdæmi í slíku stórmáli sýnir hún ekki einungis Alþingi óvirðingu, heldur býður hættunni heim. Slíkri ríkisstjórn ber að vantreysta.

En ég vil skila því til hæstv. utanrrh. að ef sjálfstæðismenn ganga í kúskinnsskóm frá Kvennalistanum þá væri það ekki í fyrsta skipti sem konur hefðu léð lúnum mönnum skó og er sómi að því að ganga í kúskinnsskóm ef það megi breyta þeirri stefnu og því sem hann er að teyma okkur út í.

Þótt þessi ríkisstjórn hafi ekki orðið vinsæl meðal fólksins kann þó margur að spyrja: Er boðið upp á eitthvað skárra? Kvennalistinn lofar hvorki gulli né grænum skógum, en við bjóðum hins vegar fram stefnu okkar og vinnubrögð sem við höfum stundað staðfastar. Við erum, eins og áður, reiðubúnar að leggja okkar til málanna. Það er ekki rétt sem komið hefur hér fram, því Kvennalistinn hefur lagt fram margvíslegar tillögur á þingi, bæði í atvinnumálum og öðrum málum.

Hvítur kjóll reynsluleysis er ekki versta flíkin við stjórnvölinn, dökkur kufl gamalla synda og hagsmunatengsla er verri. En dýrmæt reynsla kvenna er eftir sem áður nær ónýtt við stjórn þessa þjóðfélags og umræðurnar hér í kvöld hafa fært mér heim sanninn um það að án hennar má þjóðin ekki lengur vera.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur.

Hvaða rökum er sú till. um vantraust studd sem hér er nú til umræðu? Þau virðast mér einkum vera þrenn. Stjórnarandstaðan segir: Það er upplausn og órói í þinginu. Sé það mat manna þá er sannarlega ekki við ríkisstjórn eða stjórnarflokkana að sakast. Staðreyndin er sú að fulltrúar stjórnarandstöðunnar láta ekkert tækifæri ónotað til að spilla vinnufriði þingsins, tefja og trufla þingstörfin. Hafi einhver órói verið í þingstörfunum um sinn þá er það fyrst og fremst vegna þess ásetnings þeirra sjálfstæðismanna að skapa glundroða og ringulreið með einhvers konar stuttbuxnastríði og það er ekki uppbyggilegt stjórnmálastarf. Sjálfstfl. reyndist ónothæfur í ríkisstjórn. Á hann var ekki að treysta. Nú er komið í ljós að hann er líka ónothæfur í stjórnarandstöðu. Svo segir mér hugur um að ef þeir mörgu sem gjalda nú Sjálfstfl. jáyrði í skoðanakönnunum hefðu haft tækifæri til að fylgjast í nærmynd með forustuliði flokksins í þingsölum þá væri útkoman úr skoðanakönnununum ærið mikið önnur.

Hlutverk stjórnarandstöðu er að veita aðhald, setja fram málefnalega gagnrýni, benda á önnur úrræði. Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að eyðileggja vinnufriðinn á Alþingi. Það eru skemmdarverk. Ef Sjálfstfl. lítur á þetta sem meginhlutverk sitt í íslenskum stjórnrmálum þá er það auðvitað hans mál en ekki er hlutverkið stórmannlegt.

Stjórnarandstaðan segir: Stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um framkvæmd virðisaukaskatts. Stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um þessa viðamiklu skattkerfisbreytingu sem til framkvæmda

kemur um áramótin. Sú ákvörðun er vissulega með seinni skipunum, það ber að viðurkenna, en hún liggur fyrir og um hana er samstaða. Virðisaukaskatturinn á að standa undir næstum ⅔ hlutum af heildartekjum ríkissjóðs og varðar verð á nær allri vöru og þjónustu í landinu.

Upptaka virðisaukaskatts er mikil breyting sem ég hygg að allir flokkar styðji í grundvallaratriðum nema kannski Kvennalistinn sem er á móti sköttum, eins og kom mjög greinilega fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur hér rétt áðan. Þær eru hins vegar býsna flinkar við að búa til útgjaldatillögur og ef mönnum finnst það sannferðug pólitík þá er það umhugsunarefni út af fyrir sig. Niðurstaða er fengin í þessu máli þannig að það eru ekki rök fyrir því að flytja vantraust á ríkisstjórnina.

Grundvallarsjónarmið okkar alþýðuflokksmanna í þessu máli eru þrenn:

Í fyrsta lagi að skattkerfisbreytingin leiði ekki til hækkana á verði matvæla, heldur fylgi henni lækkun matvælaverðs.

Í öðru lagi að skattkerfisbreytingin leiði til betri skattskila og minni undandráttar.

Í þriðja lagi eru nú fram undan kjarasamningar og skattkerfisbreytingin má ekki með neinum hætti torvelda að þar fáist skynsamleg niðurstaða.

Sjálfstfl. stóð að samþykkt laga um virðisaukaskatt í einu þrepi vorið 1988 en talar nú fyrir virðisaukaskatti í tveimur þrepum sem töfralausn til að lækka matvælaverð sem allir vita nú að er ekki rétt, eftir að Alþfl. knúði fram réttar upplýsingar um málið og fékk því ráðið um leið að skatthlutfallið var lækkað úr 26% í 24,5%.

Þriðja og aðalröksemd sjálfstæðismanna, Kvennalista og þeirra félaga Inga Björns Albertssonar og Hreggviðs Jónssonar, hv. þingmanna, er sú í þessu vantrauststsmáli að svo illa sé haldið á málum af Íslendinga hálfu í samtölum EFTA og Evrópubandalagsins að ríkisstjórninni beri að víkja. Stjórnarandstaðan segir: Hagsmuna Íslands er illa gætt í þessu mikla máli.

Þetta er mikið mál. Þetta, ásamt nýrri sókn í orkufrekum iðnaði og virkjun vatnsfalla, mun ráða úrslitum um lífskjör íslensku þjóðarinnar, atvinnumál og afkomu á þeim árum sem nú fara í hönd. Af mörgu frumhlaupi þeirra sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu er það óskiljanlegast að þeir skuli hafa flutt tillögu í utanrmn. um að við eigum nú að óska eftir formlegum, tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Þessi tillaga er ekki aðeins einstaklega óskynsamleg, heldur er hún líka byggð á ótrúlegri vanþekkingu og er beinlínis óhagstæð hagsmunum Íslendinga. Hvers vegna? Fyrir því eru þessi rök: Við erum aðilar að EFTA. EFTA-ríkin hafa komið sér saman um að ræða sameiginlega við Evrópubandalagið. Af hálfu Íslendinga var það gert að algjöru skilyrði fyrir þátttöku okkar í þeim viðræðum að þar yrði upp tekin krafan um fríverslun með fisk. Á það féllust hin EFTA-ríkin en það kostaði harðan slag eins og fram hefur komið í þessum umræðum. Á þetta var fallist og það er meginatriði. Þess vegna erum við EFTA-ríkjunum samferða og formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., stýrir nú þeim viðræðum sem fram fara á þessum vettvangi. Evrópubandalagið undirbýr nú innri markað þar sem veggir og múrar falla brott. Ný aðildarríki hafa bæst í hópinn, aðlögun þeirra að reglum og starfi bandalagsins er mikið og tímafrekt verkefni. Eitt EFTA-ríki, Austurríki, hefur sem kunnugt er sótt um aðild að Evrópubandalaginu og fengið afsvar í bili. Málið geti komið til umræðu eftir einhver ár.

Staðreyndin er sú að Evrópubandalagið er ekki tilbúið til formlegra tvíhliða viðræðna við einstök ríki nú næstu árin. Það liggur fyrir ljóst og skýrt, enda þótt Sjálfstfl. sjái það ekki eða skilji það ekki. Auðvitað getum við óskað formlega eftir slíkum tvíhliða viðræðum. En svarið sem við fáum verður nei, það er deginum ljósara og öllum ljóst sem hafa kynnt sér þessi mál. Er það það sem við viljum? Bætir það stöðu okkar? Svar mitt er nei. Það gerir stöðu okkar verri. Sem þátttakendur í viðræðum EFTA-ríkjanna getum við ekki samtímis óskað eftir formlegum tvíhliða viðræðum. Því yrði hafnað og þá væri verr farið en heima setið.

Óformlegar tvíhliða viðræður standa yfir. Ráðherrar og embættismenn hafa kynnt málstað okkar í samtölum við forustumenn Evrópubandalagsins. Það hefur skilað árangri og vaxandi skilningi á sérstöðu okkar og mikilvægi sjávarútvegs og því verki verður haldið áfram.

Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá, um það er samstaða. Fiskimiðin eru ekki föl og það sem ekki er til skiptanna fyrir okkur, því er ekki hægt að deila með öðrum. Þessi mál eru í réttum farvegi. Það hefur verið skynsamlega og vel haldið á málum af Íslands hálfu. Hagsmuna okkar hefur verið gætt og gætt vel. Við erum á réttri leið en ferðin er rétt að hefjast. Það er ekki aðeins rétt að hafa samflot með hinum EFTA-ríkjunum, það er einfaldlega eina færa leiðin nú um stundir í þessu máli sem varðar íslensku þjóðina svo miklu. Ég fullyrði að hér hefur verið vel að verki staðið, mjög vel og ég er ekki einn um þá skoðun. Í Morgunblaðinu í gær skrifar Víkverji og ég vitna hér til orða hans, með leyfi forseta:

„Víkverji varð þess áþreifanlega var í samtölum við menn í höfuðstöðvum Evrópubandalagsins fyrir nokkru að forusta Íslendinga þykir hafa tekist frábærlega vel. Sagt var að Svíar hefðu efasemdir um hæfni Íslendinga til að takast á við þetta verkefni. Nú hafa sumir sænskir embættismenn áhyggjur af því að það sé ekki auðvelt að feta í fótspor Íslendinga."

Þetta, góðir áheyrendur, eru orð að sönnu. Í öllu þessu máli hefur verið haft náið og ítarlegt samráð við Alþingi, Evrópustefnunefnd þingsins og utanrmn. Alþingis. Það er svo sem vera ber.

Það eru nákvæmlega engin rök til þess að flytja vantraust á ríkisstjórnina vegna þessa máls. Þvert á móti hefur hér verið vel unnið að hagsmunagæslu fyrir hönd lands og þjóðar. Rökin fyrir þessari vantrauststillögu fyrirfinnast ekki. Þau eru ekki til. Rík-

isstjórnin er á réttri leið. Það er að greiðast úr vanda atvinnulífsins. Víst er þó enn við vanda að etja, t.d. í skipasmíðaiðnaði þar sem við bættist í dag að þorra starfsmanna Þorgeirs og Ellerts á Akranesi var sagt upp störfum. Við þessu verður að bregðast með viðunandi hætti og það verk hefur Jón Sigurðsson iðnrh. þegar hafið. Nú þurfum við að vinna að lækkun matvælaverðs og frekari lækkun vaxta í takt við minnkandi verðbólgu.

Fyrir þessari vantrauststillögu eru engin rök. Hún er enn eitt vanhugsað upphlaup vanstilltrar stjórnarandstöðu sem ekki veit sitt rjúkandi ráð og hefur engin úrræði og engar tillögur fram að færa. Vantrauststillöguna ber því að fella. — Góðar stundir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Við þingmenn Frjálslynda hægriflokksins viljum með vantrausti freista þess að koma þessari alræmdu nýfélagshyggjustjórn frá völdum, getuleysisbandalaginu eins og hún er nefnd. Hver einasti maður sem hittir mig að máli segir: Er þessi ríkisstjórn ekki að fara frá? Eða: Hvenær fer þessi ríkisstjórn frá völdum? Þetta er vilji þjóðarinnar, þetta er vilji almennings. Fólk þráir frjálslynda hægristjórn.

Í Austur-Evrópu fellur hver ríkisstjórnin á fætur annarri. Þar skilja menn nú að vilji almennings verður ekki sniðgenginn til lengdar. Jafnvel ofbeldið dugar ekki. Hér hímir hnípin ríkisstjórn, getu- og ráðalaus. Aðeins óttinn við kosningar heldur henni saman. Ágreiningur er um öll helstu mál. Meðferð virðisaukaskattsins er dæmigerð fyrir þessa ríkisstjórn.

Framsfl. og Alþfl. slitu stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. þegar þeir lögðu fram tillögu um tvö söluskattsþrep og kölluðu það að stinga rýtingi í bakið á sér. En hvað gerist nú? Framsfl. segir: Ekki ég. Alþfl. segir: Ekki ég. Borgaraflokkurinn segist ánægður með grófa brauðið góða. Alþb. segist vilja eitt þrep, enda hafi það lagt til tvö þrep í stjórnarandstöðu. Formaður þess flokks, hv. varaþm. og nú hæstv. fjmrh., sagðist vilja konu sem varaformann í flokki sínum nýlega en fékk hæstv. landbrh. í staðinn. Og þegar hæstv. fjmrh. lék karlinn á kassanum í Miklagarði forðum og taldi núv. hæstv. utanrrh. óalandi og óferjandi fékk hann embættið í staðinn. Nú biður þjóðin hæstv. fjmrh. um að óska ekki eftir meiru því að hún er búin að fá meira en nóg.

Hæstv. forseti. Ég rakst á athyglisverða grein í Morgunblaðinu föstudaginn 24. nóv. sl. sem skrifuð er af Ólafi M. Jóhannessyni og fjallar hún m.a. um atvinnuleysisvofuna. En í greininni segir, með leyfi forseta:

„Atvinnuleysisvofan er komin á stjá. Guðni Jónsson er rekur samnefnda ráðningarstofu lýsir vofunni í athyglisverðu viðtali er birtist í nýjasta Viðskipta- og atvinnulífsblaði Mbl. en þar segir Guðni m.a.: „... í þessum sameiningum og endurskipulagningu fyrirtækja þá er það gjarnan fólk með mikla og langa starfsreynslu sem missir atvinnuna og það fólk lendir iðulega í vandræðum. Oft er þetta fólk með 20–25 ára starfsreynslu, t.d. í bókhalds-, sölu- og skrifstofustörfum og það er auðvitað mikið áfall fyrir sjálfstraust þess þegar það verður þess skyndilega áskynja að vinnuveitandinn metur ekki langa reynslu og ræður fremur yngra fólk með minni starfsreynslu en e.t.v. meiri menntun."

Hvernig stendur annars á því að ekki er efnt til samverustunda í sjónvarpssal þar sem menn ræða um atvinnuleysisvofuna? Það hafa verið smíðaðir þættir um ýmsa óværu samfélagsins en það er eins og atvinnuleysið sé feimnismál. Fullfrískt fólk sem hefur unnið hörðum höndum fær skyndilega uppsagnarbréf. Þetta fólk á bágt því það er fórnarlamb pólitísks afturhalds er þumbast gegn því að opna landið fyrir ferskum straumum erlends hugvits og fjármagns. Eins og það sé eitthvað verra að vinna í frystihúsi sem er í eigu alþjóðlegrar fiskvinnslukeðju en fiskvinnslustöð sem er rekin af jólasveini sem setur allt á hausinn? Sumir menn líta á land okkar sem óspillta jómfrú er skal varðveita meyjarblómann hvað sem það kostar. Þessir menn ganga ekki atvinnulausir um götur. Það á enginn maður að þurfa að skammast sín fyrir að vera atvinnulaus svo fremi sem hann leitar sér að vinnu."

Þetta greinarkorn Ólafs M. Jóhannessonar á erindi til þeirra sem stjórna landinu. Það á erindi til allra landsmanna. Atvinnuleysi hvers og eins einstaklings er alvarlegur hlutur og það er jafnalvarlegt hvar sem hann býr á landinu. Í síðasta mánuði voru um 1900 menn taldir vera atvinnulausir og líkur eru á að sú tala sé þegar mun hærri. Þetta þýðir að 1,4% af vinnufærum mönnum eru atvinnulaus og svo gæti farið að sú tala hækkaði upp í 2% áður en þessi vetur er allur sem væri þá álíka mikið vandamál og Norðmenn hafa verið að glíma við á undanförnum mánuðum.

Jafnframt atvinnuleysi hefur kaupmáttur farið dvínandi í vaxandi dýrtíð. Samkvæmt frétt í Politiken 19. nóv. sl. þar sem kvartað er undan lágu tímakaupi danskra iðnaðarmanna í samanburði við margar aðrar þjóðir kemur fram að tímakaup hér á landi er miklu lægra eða 65% lægra en í Vestur-Þýskalandi, 63% lægra en í Noregi, 46% lægra en í Svíþjóð og 36% lægra en í Danmörku og samt bera fyrirtækin sig ekki. Það skyldi þó ekki vera svo að jólasveininn sé í stjórn í allt of mörgum fyrirtækjum hér á landi?

Almenningi eru kynntar tölur um gjaldþrot eins og um væri að ræða einn pott af mjólk. Einn milljarður hér og annar milljarður þar. Og jólasveininn heimtar bara meiri opinbera styrki úr nýfélagshyggjusjóðum þessarar ríkisstjórnar. Hvað á þetta að ganga lengi? Er enginn þessara manna ábyrgur? Hvað skyldi til að mynda efnahagsráðgjafi hæstv. forsrh. segja honum og ráðleggja? Á þeim bæ ætti ekki að vanta ráð. Jólasveinarnir eru nefnilega víða á ferðinni og alltaf skulu þeir fá fullar hendur fjár úr nýfélagshyggjusjóðunum. Svo eru vandaðir, starfsamir og glöggir menn með áralangan glæsilegan starfsferil látnir róa sinn sjó. Það er m.a. þetta sem er

að fara með atvinnulífið í mestu góðærum Íslandssögunnar.

Þá verður að minna á gífurlega skattheimtu þessarar ríkisstjórnar sem hefur dregið fjármagnið til ríkisins í allt of miklum mæli. Eignarskattar á íbúðarhúsnæði eru þeir hæstu sem sögur fara af og sérstaklega þegar um einhleyping er að ræða. Á Norðurlöndunum mundi líða jafnvel yfir jafnaðarmenn ef þeir vissu um eignaupptöku þá sem fer fram undir handleiðslu þessarar ríkisstjórnar. Í svari við fyrirspurnum mínum um þessi mál hér á þinginu kemur þetta glöggt fram. Eftir því sem ég kemst næst mundi þorri þeirra sem nú greiða eignarskatta vera skattfrjálsir á Norðurlöndunum. Í Danmörku byrja menn að greiða eignarskatta af eignum umfram 11 millj. 781 þús. Í Finnlandi greiða menn 7396 kr. af fyrstu 14 millj. 781 þús. kr., með ýmsum frádráttarliðum. Í Noregi og Svíþjóð er eignarskatturinn nokkuð hærri en of flókið að skýra það hér. Þá er á það að líta að fasteignaskrár eru ekki endurmetnar jafnhratt og með sama hætti og hér og í byrjun hvíla allt að 80–90% lána til langs tíma á eignunum. Það er því meginniðurstaðan að skattar af íbúðarhúsnæði á Norðurlöndunum eru nær engir. Og nú ætlar þessi ríkisstjórn að þyngja tekjuskattinn. Það er eins og ríkisstjórnin sé nú með 40 stiga hita og óráð.

Frjálslyndir hægrimenn taka undir kröfu fólksins um að þessi ríkisstjórn fari strax frá völdum. Hún fari og komi aldrei aftur.

Góðir áheyrendur. Við þingmenn Frjálslynda hægriflokksins þökkum áheyrnina. Guð geymi ykkur öll. Ég óska ykkur góðrar nætur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þið hafið nú heyrt hér í kvöld sýnishorn af málflutningi Sjálfstfl. og stjórnarandstöðunnar og ég verð að segja það að þó að ekki kæmi annað til held ég að þessar vantraustsumræður hafi þjónað tilgangi sínum með því að sýna í gegnum málflutning Sjálfstfl. og stjórnarandstöðunnar það einstaka hugmynda- og úrræðaleysi þeirra sem fyrir þeirra hönd hafa talað hér í kvöld.

Það hefur ekki farið mikið fyrir tillögum Sjálfstfl. hér í kvöld og það er rétt að menn hafi það í huga að hér hafa talað fyrir Sjálfstfl. þeir hinir sömu menn og stóðu svo gott sem á rústum íslensks atvinnulífs í fyrrahaust fyrir rétt rúmu ári. Hér talaði sá hinn sami formaður Sjálfstfl. og þá sprengdi sína eigin ríkisstjórn í tætlur. Nú þykjast þessir menn hins vegar hafa ráð undir rifi hverju. Reyndar vil ég taka það fram að ég tel að það hafi verið ein mjög sérstök undantekning á málflutningi Sjálfstfl. hér í kvöld. Tvímælalaust besta ræðan sem af þeirra hálfu var flutt var ræða Halldórs Blöndals af þeim sökum að hann fór með talsvert af kveðskap eftir aðra en sjálfan sig og tókst sá flutningur nokkuð vel. Það er nefnilega þannig að þeir standa fyrir sínu, Steinn Steinarr og Jóhannes úr Kötlum, og það er enginn vafi á því og kom glöggt fram hér í kvöld að ekki geta þeir sjálfstæðismenn varið ræðutíma sínum betur en að fara með verk þeirra. Því meira, því betra.

En hitt verð ég að segja að málflutningur Sjálfstfl. í Evrópumálinu bæði hér í kvöld og undanfarna daga er auðvitað forkastanlegur og hneyksli. Vissulega er hér á ferðinni vandasamt mál og vissulega er öll meðferð þessa máls ábyrgðarhlutverk. Á hverju stigi og dag frá degi verður að vaka hér yfir íslenskum hagsmunum og það er einmitt grundvöllur afstöðu þingflokks Alþb. hvað næstu skref málsins varðar. En að kjósa að meðhöndla þetta viðkvæma hagsmunamál íslensku þjóðarinnar af því ábyrgðarleysi og með þeim loddaraskap sem forusta Sjálfstfl. hefur gert er til skammar. Ég held að það væri skynsamlegt fyrir þá talsmenn Sjálfstfl., einkum og sér í lagi formanninn, að leyfa gleymskunni að hylja betur hans eigin spor í forustu fyrir stjórn landsins áður en hann upphefur sig með slíkum málflutningi og gorgeir sem gert var hér í kvöld.

Nú býður formaður Sjálfstfl. á báðar hendur launafólki hærra kaup en sjávarútveginum samtímis lægra gengi. Og maður spyr sig að því: Skyldi þetta nýtilkomna örlæti Sjálfstfl. vera í einhverjum tengslum við þá staðreynd að flokkurinn er kominn í stjórnarandstöðu, gæti það rétt hugsast?

Sú ríkisstjórn sem tók við völdum haustið 1988 tók sannarlega við erfiðu búi og fékk í hendur snúið verkefni. Um það er óþarft að fjölyrða og segja má að framhaldið hafi mjög markast af því erfiða endurreisnarstarfi og þeim björgunaraðgerðum sem fóru í hönd og hafa meira og minna varðað framhaldið fram til þessa dags. Til viðbótar því hafa áframhaldandi erfiðleikar bjátað á í formi versnandi ytri skilyrða og hefur það gert starfið að mörgu leyti harðsóttara en ella. Einmitt í þessu ljósi er rétt að skoða aðstæður nú á haustmánuðum og í byrjun vetrar. Og það er ástæða til að gleyma ekki þeirri ánægjulegu staðreynd sem stjórnarandstöðunni af einhverjum ástæðum yfirsást hér í kvöld að nú loksins eru fyrstu jákvæðu afkomutölur, til að mynda í okkar höfuðútflutningsatvinnuvegi, sjávarútveginum, að líta dagsins ljós. Fiskvinnslan er í fyrsta sinn um margra missira skeið rekin með hagnaði og horfur allsæmilegar hvað framhaldið snertir. Ýmsar aðrar stærðir í okkar efnahagsmálum og ýmis önnur hlutföll hafa og breyst til hins betra og ber þar hæst þann árangur sem náðst hefur í glímunni við viðskiptahallann en það sem af er þessu ári hefur vöruútflutningur landsmanna verið 6–7 milljörðum kr. meiri en vöruinnflutningurinn og er það mikil breyting til hins betra frá því sem áður var. Við erum sem sagt enn þá, góðir áheyrendur, að róa okkur út úr erfiðleikunum. Sá róður hefur kostað fórnir. Fyrst og fremst hefur almennt launafólk í landinu orðið að sætta sig við lakari kjör þótt reynt hafi verið að verja kaupmátt hinna lægst launuðu.

Fjölmargar breytingar í skattakerfinu sem ýmist eru fram komnar eða í undirbúningi ganga til réttrar áttar með því að lækka óbeina skatta á brýnustu lífsnauðsynjar, matvæli og menningu. Ég er þeirrar skoðunar að verði þeim breytingum síðan fylgt eftir

og þær festar í sessi með upptöku lægra þreps í virðisaukaskatti á öll mikilvægustu matvæli sé stór sigur unninn í baráttunni fyrir því að hlífa mikilvægustu nauðsynjum almennings við háum óbeinum sköttum.

Í landbúnaði er við ýmis vandamál að etja. Þar hefur borið hæst í umræðum að undanförnu erfiðleika nýrra búgreina, loðdýrarækt og fiskeldis. Og þrátt fyrir margvíslegar ráðstafanir og mikla vinnu að vandamálum þeirra á undanförnum mánuðum sér ekki enn fyrir endann á þeirri glímu. Í hinum hefðbundnu greinum er það fyrst og fremst staða sauðfjárræktarinnar sem er alvarlegust og áhrifa hins mikla samdráttar sem þar hefur orðið á undanförnum árum og nálgast 35–40% gætir víða í byggðum landsins. Fram undan eru og mikilvæg verkefni í íslenskum landbúnaði, skipulagsmálum og rekstri öllum. Þar ber hæst að leita verður allra tiltækra ráða til að lækka á öllum stigum framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarkostnað búvara með það að markmiði að lækka þær í verði og auka þannig samkeppnishæfni þeirra við aðrar vörur og gera þær aðgengilegri og ódýrari fyrir neytendur. Ég held að stór hluti af þeirri vinnu hljóti óumdeilanlega að vera gagnger endurskoðun á öllu verðmyndunar- og verðlagningarkerfi búvaranna og tenging þeirra hluta við aðra þætti í stjórnun búvöruframleiðslunnar. Þá er og mikilvægt að ekki verði lengur látið sitja við orðin tóm hvað snertir ýmis skipulagsbundin atriði landbúnaðarins og mér er þar efst í huga svæðaskipting framleiðslunnar, þar sem meira tillit verði tekið til landkosta og aðstæðna en áður hefur verið gert.

Það gefur auga leið að svigrúm til framkvæmda í samgöngumálum markast nokkuð af þeim ytri aðstæðum í efnahags- og atvinnulífi sem hér ríkja og hafa margoft komið til umræðu í kvöld og er því þrengra en ákjósanlegt væri. Engu að síður eru á sviði samgöngumála á ferðinni ýmis stórátök og önnur í undirbúningi. Nægir að nefna þar að fljótlega upp úr áramótum verða þau tímamót að jarðgangamenn í Ólafsfjarðarmúla ná endum saman og opnast þá lengstu veggöng á Íslandi. Sú framkvæmd hefur gengið vel og lofar góðu um þær framkvæmdir sem vonandi hefjast í framhaldinu við stórátök á sviði jarðgangagerðar á Vestfjörðum og Austurlandi.

Sú hugmynd hefur komið fram að gera tíunda áratuginn að áratugi samgangna og fjarskipta á Íslandi með það að markmiði að um aldamót búi Íslendingar hvar sem er á landinu við þær allra bestu samgöngur og fjarskipti sem efnahagslega er framast kostur.

Góðir áheyrendur. Tíminn leyfir ekki ítarlegri umfjöllun um málefni þessara greina, en ég hef leyft mér að fara um þessi verkefni nokkrum orðum til að það gleymist ekki með öllu í því hanaati og því moldviðri sem hér er þyrlað upp um ekki neitt af hálfu stjórnarandstöðunnar að samtímis er unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum og eins þótt ýmsir erfiðleikar gangi yfir er verið að þoka áfram brýnum hagsmunamálum vinnandi fólks til sjávar og sveita.

Góðir áheyrendur. Þessi vantrauststillaga sem hér er borin fram undir forustu Sjálfstfl. og með fylgispekt Samtaka um kvennalista og hins tvíeina þingflokks Frjálslyndra hægrimanna er vindhögg. Hér er á ferðinni enn eitt máttvana upphlaup af hálfu forustu Sjálfstfl. sem er jafnófær um það nú, þrátt fyrir allar sínar aldamótanefndir, og hún var í fyrrahaust að leiða landsstjórnina þegar ríkisstjórn undir forustu Þorsteins Pálssonar hrökklaðist frá, leystist upp í beinni útsendingu og beið hörmulegri dauðdaga en flestar aðrar ríkisstjórnir Íslandssögunnar hafa gert.

Sú ríkisstjórn sem tók við völdum þá um haustið 1988 tók, eins og ég sagði, við erfiðu búi. Það lætur nærri að segja megi að skipið hafi verið hálffullt af sjó og það má enn fremur til sanns vegar færa að enn sé róið á móti nokkrum straumi. En það er róið samt. Það er mín trú að nú dragi senn að fallaskiptum í efnahags- og atvinnulífi okkar Íslendinga og þegar kemur fram á útmánuði og daginn tekur að lengja muni birta til. Þá muni mestu erfiðleikarnir að baki og senn ljúka því langvinna samdráttarskeiði sem við höfum búið við. Þá eru til þess allar forsendur, og raunar betri forsendur en oft áður vegna þess jafnvægis sem hægt og bítandi hefur verið að skapast í okkar efnahagsmálum og vegna bættra rekstrarskilyrða okkar höfuðatvinnugreina, að við getum sótt fram á við til traustara atvinnulífs og betri lífskjara en við höfum mátt búa við um skeið. Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Gott kvöld, góðir áheyrendur. Það ætti að varða við lög að taka hefðbundna sjónvarpsdagskrá úr umferð á þennan hátt á fallegu fimmtudagskvöldi til þess að koma með pólitíska umræðu inn í stofurnar hjá fólki sem á sér einskis ills von. Það er búið að rjúfa kvöldfriðinn og heimilisfriðnum er stefnt í voða. Það má aldeilis vera brýnt tilefni sem knýr menn til þess að fara fram á umræður af þessu tagi á fallegu fimmtudagskvöldi og kalla fólk að skjánum langt fram á nótt. Það má aldeilis vera brýnt tilefni.

En hvert var tilefnið? Tilefnið var að ræða vantraust á ríkisstjórnina. Og hvar er málshefjandinn? Hvar er málshefjandinn? **(Gripið fram í:** Hann er að horfa á Stöð 2.) Málshefjandinn er líklega að horfa á Stöð 2, og sannast þá betur en orð fá lýst hvað ég var að segja áðan. En það er búið að kalla úlfur, úlfur, og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur mínum gamla skólafélaga, Þorsteini Pálssyni. Ég vil gjarnan fá að ræða þessi mál aðeins við hann sem gamlan skólafélaga, spjalla um þessi mál, láta hann vita að það er ekkert fararsnið á þessari ríkisstjórn. Þorsteinn gat vel vitað það. Ef hann var í einhverjum vafa í gær gat hann spurt mig þegar ég hitti hann niðri í kaffi. Ég hefði getað sagt honum það strax.

Þetta er eins og að kalla landsliðið í knattspyrnu út um miðja nótt bara til þess að láta það staðfesta að það sé enn þá í liðinu. **(Gripið fram í:** Er það Valsliðið?) Í Valsliðinu. Þetta er úlfur, úlfur. Auðvitað eru allir áfram í liðinu. Við erum það allir. Við

lýsum trausti á stjórnina í nótt og um leið, því miður, vantrausti á minn gamla skólafélaga, Þorstein Pálsson. Því miður. Ég vona að dagskrá Stöðvar 2 sé senn á enda runnin og Þorsteinn birtist í salnum.

Í skóla var Þorsteinn tvímælalaust ábyrgðarfullur ungur maður og það datt hvorki af honum né draup. Þegar við hinir áttum það til að hanga aftan í bílum og vorum að stelast til þess að reykja vindla og vorum stundum þreyttir á nánudagsmorgnum var Þorsteinn þessi vatnsgreiddi fyrirmyndarunglingur, fullur af ábyrgð. En í dag hefur dæmið snúist við. Nú kemur Þorsteinn fram af fullkomnu ábyrgðarleysi þegar hann byrjar þessa umræðu, þessa vantraustsumræðu á viðkvæmu stigi fyrir íslenska þjóð sem stendur í stórfelldum samningum við aðrar þjóðir. Núna tekur Þorsteinn minn út sitt gelgjuskeið á miðjum aldri í stað þess að gera það með okkur hinum þegar við vorum að hanga aftan í bílunum í Þingholtunum.

En úr því að Þorsteinn vildi ná athygli og trufla með því hefðbundin þingstörf, raska með því fjárlagagerð og halda þjóðinni við skjáinn, af hverju sagði hann þá ekki fólkinu eitthvað sem það hefði frekar viljað heyra en að hlusta á tal um vantraust? Af hverju sagði hann ekki fólkinu hvernig það gæti losnað undan matarskattinum sem hann lagði á það, hann og sautján sjálfstæðismenn? Átján sjálfstæðishendur voru á lofti þegar matarskatturinn var samþykktur. (**Gripið fram í:** Það dugar ekki til.) Af hverju hjálpaði Þorsteinn ekki fólkinu að losna? (**Gripið fram í:** Það eru 63 á þingi.) Af hverju sagði Þorsteinn ekki fólkinu hvernig það gæti losnað undan okurvöxtunum sem frjálshyggjan hefur kallað yfir þjóðina? Fólkið hefði hugsanlega viljað sitja lengur fram eftir kvöldi við skjáinn til þess að fá einhver ráð sem mundu duga til þess að losna úr þeim greipum sem matarskattur og okurvextir frjálshyggjunnar hafa haldið fólkinu í.

Ólafur Thors sagði einhvern tímann fyrir langalöngu að það væri tvennt sem formaður Sjálfstfl. mætti aldrei vera. Hann mætti ekki vera þingmaður úr landbúnaðarkjördæmi og hann mætti ekki vera fjármálaráðherra. (**Gripið fram í:** Hann var það nú sjálfur samt.) Ólafur Thors hefði sjálfsagt líka sagt hvernig menn ættu ekki að bera sig að þegar samningar standa yfir við aðrar þjóðir ef honum hefði dottið í hug að nokkur maður mundi gera það á þann hátt sem arftaki hans hefur gert hér í kvöld.

Góðir áheyrendur. Ég held fast við þá skoðun mína að þjóðin eigi annað skilið en að fá stjórnmálamenn inn á sig á fallegu fimmtudagskvöldi. Það ætti að varða við lög. Ég býð ykkur góða nótt.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við samstjórn ólíkra flokka er það höfuðatriði að þeir samningar sem gerðir eru haldi. Því mun Borgfl. standa að því að tekið verði upp virðisaukaskattskerfi í stað söluskatts um áramótin, í einu þrepi. Við myndun núv. ríkisstjórnar hinn 10. sept. sl. náðum við því miður ekki fram kröfunni um tvö þrep í virðisaukaskatti þrátt fyrir tilraunir í þá veru. Höfnuðu þáv. ríkisstjórnarflokkar slíku fyrirkomulagi en samkomulag varð um að matarverð skyldi lækka með endurgreiðslu virðisaukaskatts af frumframleiðslu þannig að um ígildi tveggja þrepa væri að ræða á helstu matvælategundir. Féllst Borgfl. á að ganga til samstarfs á þessum grunni, gegn því að ríkisstjórnin lýsti jafnframt yfir að það yrði meginmarkmið hennar að lækka verð á helstu lífsnauðsynjum og tekið yrði á hinum óheyrilega fjármagnskostnaði sem sligar heimilin og fyrirtækin í landinu. Ég vil að þetta komi fram í upphafi ræðu minnar svo að ekki verði um villst hverjar áherslur Borgfl. eru í þessu stjórnarsamstarfi.

Till. sem hér hefur verið lögð fram og er nú til umræðu um vantraust á ríkisstjórnina kemur í sjálfu sér ekki á óvart en vekur furðu engu að síður. Hún endurspeglar málflutning stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi síðustu daga og hvað þessir þrír flokkar sem stjórnarandstöðuna mynda eru orðnir órólegir vegna góðs gengis ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsu málaflokkum og þá sérstaklega í efnahagsmálum. Hvenær hefur það gerst í sögunni að verðbólgan hafi minnkað þrátt fyrir samdrátt? Hvenær hefur það gerst að undirstöðuatvinnuvegirnir hafi verið reknir með hagnaði þrátt fyrir samdrátt? Ég minnist þess ekki að sú hafi orðið raunin, a.m.k. ekki síðustu áratugi.

Það er rétt að almennur kaupmáttur hefur rýrnað og aukning hefur orðið í gjaldþrotum. Af hverju skyldi það annars stafa? Er það vegna stjórnarstefnu núv. ríkisstjórnar eða stjórnarstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem skildi við atvinnulífið í rjúkandi rúst? Afleiðingar Þorsteinsstjórnarinnar hafa verið að koma í ljós á þessu ári. Það gerist ekki á einni nóttu hér á landi að verða gjaldþrota, heldur hefur það sinn aðdraganda. Sú pólitík, að benda á þann sem næst stendur og kenna honum um ófarirnar, er bæði röng og blekkjandi og sæmir ekki mönnum sem vilja láta taka sig alvarlega í stjórnmálum. Að kenna þessari ríkisstjórn um ógæfu þeirra sem lent hafa í gjaldþroti er gert gegn betri vitund því upplýst hefur verið að stóraukinn fjármagnskostnaður og stórfelldur taprekstur árin 1987 og 1988 eru meginskýringar gjaldþrotanna. Sjálfstfl., sem innleiddi vaxtaokrið og kom þannig vaxtapúkanum upp á fjósbitann, þvær nú hendur sínar gagnvart þessu fólki og almenningi í landinu. Stjórnarandstaðan er nú ekki merkilegri en það að hún skilur ekki muninn á orsök og afleiðingu. Auðvitað hefði margt mátt betur fara í þessari ríkisstjórn og samstaðan innan þingflokka hefði mátt vera meiri um ýmis grundvallaratriði í stjórnarstefnunni. Það verður hins vegar ekki fram hjá því litið að árangur hefur náðst og meiri en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Það er aðalatriðið. Það sem hefur verið tínt til af stjórnarandstöðunni í þessari umræðu um einstök mál eða málaflokka eru reyksprengjur og hrein aukaatriði í samanburði við árangurinn.

Í samsteypustjórnum, hvort sem flokkarnir eru tveir eða fleiri, er eðlilegt að flokka greini á um mikilsverð málefni eins og þau sem rætt hefur verið

um hér í kvöld. Hver flokkur vill marka sína sérstöðu og ekki henda orðalaust frá sér einkennum sínum. Það er ekki þar með sagt að ekki náist samstaða og málamiðlun er taki tillit til hinna ólíku sjónarmiða. Byggist það á verkstjórninni og vilja manna til að starfa saman. Þessi ríkisstjórn hefur borið gæfu til að virða og taka tillit til skoðana og lagt sig í líma við að ná saman eins og vitnast hefur hér í kvöld. Þar skilur á milli þessarar ríkisstjórnar og ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem einmitt féll á slælegri verkstjórn og viljaleysi til að ná saman um að vinna að lausn aðkallandi vandamála.

Hvað hefur stjórnarandstaðan annars að bjóða þjóðinni komi til kosninga? Ef loforðin eru tekin saman í eina setningu eru þau þessi: Lækka skatta og lækka útgjöld til velferðarmála. Göfug markmið en ekki samræmanleg og ekki trúverðug. Í það eina ár sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd hækkuðu skattar um 50%, úr 44 milljörðum í 66 milljarða, og bitnuðu harðast á alþýðu manna með matarskattinn illræmda í broddi fylkingar. Með kosningum nú er hætta á að við köllum yfir okkur mestu ógæfu í íslenskum stjórnmálum, Sjálfstfl. sem sýnt hefur og sannað að hann er alls óhæfur til þess að stjórna og er miskunnarlaus þegar hagur almennings er annars vegar.

Góðir áheyrendur. Nú er komið að lokum þessarar umræðu og tími minn senn á þrotum. Ég vil þakka ykkur sem sýnduð mér þá kurteisi að vaka eftir ræðu minni og vona að hún hafi verið þess virði. Ég vil minna á að flokkur minn, Borgfl., gekk ekki til stjórnarsamstarfs til að koma í veg fyrir kosningar, heldur hafði hann þá trú að þátttaka hans mætti verða til þess að auðvelda þeim sem minna mega sín og þeim öðrum sem eiga undir högg að sækja betri lífdaga, efla atvinnulífið með markvissri uppbyggingu og nýsköpun og undirbúa þjóðina undir breytta tíma í heiminum. Ég býð ykkur góða nótt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. felld með 36:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GA, HBl, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, PJ, RH, SalÞ, ÞP.

nei: AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, JGS, GHelg.

2 þm. (JSS, MÁM) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Ég átti þátt í því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist á stóla 1988. Ég varð fyrir vonbrigðum með störf þeirrar stjórnar, einkum í byggðamálum. Ég greiddi atkvæði gegn því að breytt yrði um ráðuneyti á sl. hausti og því olli staða mála í þeirri stjórn sem áður sat. Samkennd mín með núverandi ríkisstjórn hefur farið minnkandi síðan vegna þess hvernig hún heldur á stórum málum og hvernig einstakir ráðherrar haga störfum sínum.

Það er ekki ríkisstjórn að mínu skapi þar sem utanrrh. vill láta hefja framkvæmdir við nýjan herflugvöll þegar öll heimsbyggðin talar um afvopnun. Ég finn ekki til samkenndar með ríkisstjórn þar sem helsta nýbreytnin í atvinnumálum er að koma upp erlendu risaálveri við bæjardyr Reykjavíkur. Á afdrifaríkustum villigötum er hins vegar ríkisstjórnin í svonefndum Evrópumálum þar sem verið er að strekkja inn í evrópskt efnahagssvæði, inn í fordyri Evrópubandalagsins. Um það stóra mál er rætt hér af einstökum ráðherrum með lítilli virðingu fyrir staðreyndum og þess utan af stráksskap eins og heyra mátti í málflutningi utanríkisráðherrans. Ég hlýt að nefna það hér að sjálfur lýsti hann því yfir opinberlega í september sl. að hann teldi nauðsynlegt að leita umboðs Alþingis áður en gengið yrði til formlegra samningaviðræðna. Ég er andvígur þeirri stefnu sem ríkisstjórnin markaði í gær í þessu stóra máli og tel hana ekki aðeins varhugaverða heldur hættulega.

Hér í þingsalnum sitja þingmenn Sjálfstfl. Ætli þeir vilji ganga skemur en utanrrh. í að nálgast Evrópubandalagið? Nei. Ætli löngunin sé ekki álíka eða kannski meiri að komast inn úr fordyrinu á Evrópubandalaginu.

Virðulegur forseti. Málstaður sá sem Alþb. hefur lengst af staðið fyrir á í vök að verjast í þessari ríkisstjórn. Það hefur hallað undan í vaxandi mæli. Aðild þess flokksins að þessari ríkisstjórn hlýtur að mínu mati að ráðast af því hvernig tiltekst á næstu mánuðum í þeim stóru málum sem stuðningsfólk Alþb. ber mest fyrir brjósti.

Ég tel ekki rétt nú af tilefni þessarar tillögu sem Sjálfstfl. hefur hér frumkvæði að að lýsa mig frá ábyrgð á þessari ríkisstjórn. Ég mun enn um sinn leitast við að styðja ráðherra flokksins í erfiðri stöðu þeirra í ríkisstjórninni. Verði breyting á þessari afstöðu minni mun það ekki fara fram hjá neinum hér á hv. Alþingi. Ég segi nei.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Þegar núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð gerði ég þá grein fyrir afstöðu minni að ég væri á engan hátt skuldbundinn við hana en mundi láta málefni ráða í afstöðunni til hennar og greiða atkvæði hér á Alþingi samkvæmt sannfæringu minni eins og stjórnarskrá íslenska lýðveldisins gerir ráð fyrir að hv. þingmenn virði og því mun ég halda áfram.

Mér er ljóst að ýmislegt hefur farið úrskeiðis nú og ekki síður áður í stjórn landsins og valdið mörgum vonbrigðum, þar á meðal mér, en sú tillaga sem hér er til afgreiðslu frá oddvitum Sjálfstfl., Kvennalista og frjálslyndum hægrimönnum um að demba þjóðinni nú, á þessum árstíma og í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, út í kosningar er ekki bara dómgreindarleysi heldur líka algjört ábyrgðarleysi og nánast

tilræði við þjóðfélagið. Slíkt er gert í tilfinningalegu uppnámi og eigin vanmati. Það er öllum ljóst að þessir aðilar hafa á engan hátt, nema síður sé, vitkast í baráttunni gegn þeim vanda sem sumir af þeim sjálfum hafa skapað og þjóðin á við að glíma. Í ljósi þessara staðreynda segi ég nei.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki ánægður með það hvernig tekist hefur til síðustu 14 mánuði með málefni okkar aðalatvinnuvega og landsbyggðarinnar hjá núv. og fyrrv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Óánægja mín er þó ekki svo mikil að ég taki undir með þeim sem telja góða lausn að fara nú út í kosningar að ósamþykktum fjárlögum fyrir árið 1990, ófrágengnu nýju en þó löngu ráðgerðu og samþykktu skattakerfi, virðisaukaskattinum og í miðjum mjög mikilsverðum viðræðum um framtíðarviðskiptahagsmuni okkar hjá EFTA og Efnahagsbandalaginu. Ég segi nei við því ráðleysi sem uppi kæmi ef þessi vantrauststillaga Sjálfstfl., Kvennalistans og Frjálslynda hægriflokksins yrði samþykkt. Ég segi nei.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Í trausti þess að allar upplýsingar um viðræður á milli EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu er Ísland varða verði látnar í té jafnóðum og eitthvað gerist og að tekið verði á málefnum landbúnaðarins og landsbyggðar í samræmi við gefin heit, þá segi ég nei.

Efnisskrá.

Fiskveiðasjóður Íslands (180. mál, þróunardeild og Fiskimálasjóður) 1356.
Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (96. mál, hámark frádráttar o.fl.) 1385.
Greiðslujöfnun fasteignaveðlána (127. mál, launavísitala) 1381.
Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið (158. mál) 1301, 1328, 1448.
Málsókn á hendur Magnúsi Thoroddsen (182. mál) 1444.
Námsgagnastofnun (167. mál, heildarlög) 1370.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 1386.
Sóttvarnalög (173. mál, heildarlög) 1376.
Tekjuskattur og eignarskattur (95. mál, fjárfestingar í atvinnurekstri o.fl.) 1385.
Tekjuskattur og eignarskattur (106. mál, eignarskattsútreikningur) 1385.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 1301.
Um þingsköp 1299 (fyrirspurn um framfærsluvísitölu); 1381 (forgangur mála á dagskránni).
Umræður utan dagskrár 1293 (löggæsla í Reykjavík); 1318 (gildistaka virðisaukaskatts).
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (179. mál, heildarlög) 1342.
Vantraust á ríkisstjórnina (199. mál, útvarpsumræður) 1462.
Varamaður tekur þingsæti 1293.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 1293, 1301, 1318, 1325, 1342, 1444, 1445, 1446, 1448, 1451, 1452, 1453, 1455, 1456, 1457, 1458, 1459, 1461, 1462.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 1384, 1386.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1324, 1339, 1342, 1447, 1449, 1468.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 1294, 1498.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 1319, 1453, 1490.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 1299, 1324, 1494.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 1376.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 1517.
Menntmrh. Svavar Gestsson 1370, 1374, 1492.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1342, 1356, 1364, 1369.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 1320, 1451, 1479.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 1482.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 1497.
Alexander Stefánsson 1297.
Árni Gunnarsson 1447.
Ásgeir Hannes Eiríksson 1298, 1520.
Birgir Ísl. Gunnarsson 1295, 1304, 1425, 1460.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 1346, 1360, 1476.
Eiður Guðnason 1512.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1452.
Friðrik Sophusson 1323, 1381, 1384, 1385, 1433, 1446, 1502.
Geir H. Haarde 1326, 1383.
Guðmundur Ágústsson 1324, 1351, 1521.
Guðmundur H. Garðarsson 1293, 1298, 1352, 1457.
Guðmundur G. Þórarinsson 1383, 1447.
Guðrún Agnarsdóttir 1296, 1325, 1372, 1456, 1508.
Halldór Blöndal 1369, 1458, 1466.
Hjörleifur Guttormsson 1452, 1455, 1523.
Hreggviður Jónsson 1441, 1515.
Ingi Björn Albertsson 1299, 1300, 1322, 1384, 1386, 1387, 1448, 1457, 1485.
Jóhann Einvarðsson 1448.
Jón Bragi Bjarnason 1448.
Jón Kristjánsson 1311.
Karl Steinar Guðnason 1346, 1354.
Karvel Pálmason 1348, 1355, 1363, 1368, 1524.
Kristín Einarsdóttir 1322, 1473.
Málmfríður Sigurðardóttir 1446.
Ólafur G. Einarsson 1327, 1446, 1452.
Páll Pétursson 1301, 1505.
Pálmi Jónsson 1399.
Ragnar Arnalds 1447.
Ragnhildur Helgadóttir 1314, 1328, 1451, 1452.
Salome Þorkelsdóttir 1296, 1373.
Skúli Alexandersson 1344, 1350, 1362, 1525.
Stefán Valgeirsson 1321, 1423, 1445, 1499, 1526.
Þorsteinn Pálsson 1318, 1327, 1341, 1342, 1386, 1448, 1450, 1456, 1457, 1460, 1462.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1359, 1367.

SAMEINAÐ ÞING

23. fundur, mánudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.
Afstaða Sjálfstfl. til virðisaukaskatts.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkru kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár hér í Alþingi vegna þess að hæstv. fjmrh. hafði farið með ósannindi í sjónvarpsþætti í sambandi við tillögusamþykktir okkar sjálfstæðismanna um virðisaukaskatt. Í vantraustsumræðum nú sl. fimmtudagskvöld endurtók hæstv. fjmrh. ósannindin með mjög ósmekklegum hætti og vitnaði í því sambandi til ummæla sem voru höfð eftir mér í Pressunni hinn 30. nóv. sl. Ummælin í Pressunni eru svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„„Ég álít að ummæli Ólafs Ragnars hafi verið hálfur sannleikur. Í sjónvarpinu sagði hann að Sjálfstfl. hefði lagt til flatan virðisaukaskatt upp á 25%. Okkar samþykkt var um virðisaukaskatt í tveimur þrepum, 15% og 25%. Á þessu tvennu er mikill munur," segir Halldór Blöndal."

Í þessu sjónvarpsviðtali ítrekaði hæstv. fjmrh. að við sjálfstæðismenn hefðum samþykkt að hér skyldi verða flatur skattur upp á 25% en gat þess í engu að í samþykktum okkar var talað um tvö þrep og engrar hlutfallstölu getið eins og ég tók fram hér í sölum Alþingis á sínum tíma. Ég hafði í morgun samband við þann blaðamann sem skrifaði þessa grein, Pál Vilhjálmsson, og benti honum á að hann hefði farið rangt með ummæli mín og spurði hann að því hvort hann ætti þessi ummæli til á segulbandi þannig að við gætum hlustað á þau saman, en því miður hafði hann ekki haft svo mikið við. (**Forseti:** Má ég benda hv. þm. á að hæstv. fjmrh. er ekki í salnum og forseti hefur efasemdir um að þessi athugasemd geti heyrt undir umræður um þingsköp.) Ég sé að það hefur tekið hæstv. forseta langan tíma að taka eftir því hvort fjmrh. sé í salnum eða ekki.

Ég hafði samband við blaðamann í morgun og hann bauð mér að sjálfsögðu að leiðrétta þessi ummæli sem hér voru höfð eftir mér innan gæsalappa og þótti leiðinlegt að hafa farið rangt með þetta atriði.

Ég tel nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þetta komi fram um leið og ég bið eftir því að hæstv. fjmrh. biðjist afsökunar hér í þessum stóli fyrir það að hann hefur farið tvívegis með ósannindi um þessi mál. Og það sem verra er, í bæði skiptin í beinni sjónvarpsútsendingu þannig að greinilegt er að fjöldi manns, sá hluti þjóðarinnar — sem er að vísu ekki stór — sem trúir orðum hæstv. fjmrh., stendur í þeirri meiningu að samþykktir Sjálfstfl. séu eins og hann hefur sagt.

Ég vil líka nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til að taka það fram að ég hafði tekið rangt eftir í sambandi við eitt lítið orð í ræðu hæstv. forsrh. í síðustu viku þegar mér heyrðist hann nota orðið „rabba", en athugun hefur leitt í ljós að hann notaði orðið „að fjalla" sem er auðvitað miklu betra og ég bið hann hér með velvirðingar á því að hafa farið rangt með hans ummæli og vænti þess og mun koma því persónulega til skila þegar hann kemur til landsins.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Nú undir lok þessarar löngu umræðu um skýrslu utanrrh. um könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið vil ég þakka þeim þm. sem hér hafa talað fyrir framlag þeirra til skoðanaskipta og þar með samráð um framgang þessa örlagaríka máls sem skipt getur sköpum um framtíð okkar. Ég vil líka þakka utanrmn. og Evrópustefnunefnd þingsins fyrir mikilsvert framlag til þessa máls á undanförnum missirum. Síðast en ekki síst vil ég þakka starfsliði utanríkisþjónustunnar og annarra ráðuneyta sem þátt hafa tekið í þessum mikilvægu undirbúningsstörfum. Þessi störf hafa verið vel af hendi leyst og eru góð undirstaða fyrir það mikla verk sem við eigum nú fyrir höndum.

Markmiðið með þátttöku Íslendinga í þessum viðræðum og þeim sem fram undan eru er að sjálfsögðu að tryggja að íslenska þjóðin geti haldið til jafns við aðrar um lífskjör í framtíðinni. Við megum alls ekki einangrast frá öðrum þjóðum, hvorki í efnahagslegu, félagslegu né menningarlegu tilliti. Út frá þessu almenna markmiði má greina nokkur önnur. Ég nefni fyrst:

1. Að tryggja íslenskum atvinnuvegum hindrunarlausan aðgang á jafnréttisgrundvelli að innri markaði Evrópubandalagsins sem verður stærsta fríverslunarsvæði heims, hvort sem er á mælikvarða umsvifa eða tekna þeirra sem það landsvæði byggja.

2. Að fá viðurkenningu á grundvallarreglunni um fríverslun með fiskafurðir. Afurðir íslenska fiskiðnaðarins eru okkar iðnaðarvörur. Engin raunveruleg gagnkvæmni getur náðst í viðskiptum okkar nema þær afurðir fái aðgang að markaði í Evrópu.

3. Að tryggja Íslendingum þátttökurétt á grundvelli jafnréttis í samstarfsverkefnum Evrópuþjóða á sviðum mennta og menningar, umhverfisverndar og félagslegra réttinda.

4. Að öðlast viðurkenningu á sérstöðu Íslendinga í samfélagi Evrópuþjóða.

Ríkisstjórnin hafði þessi markmið fyrir augum þegar hún fjallaði um Evrópuviðræðurnar á fundi sínum 29. nóv. sl. eins og forsrh. gerði grein fyrir hér í umræðunum þann dag. Í bókun ríkisstjórnarinnar um málið var staðfest að utanrrh. muni áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum EFTA og

EB á grundvelli sameiginlegra niðurstaðna könnunarviðræðnanna. Þar með var einnig vísað til þeirra fyrirvara um sérstöðu Íslands sem fram hafa verið settir í þeim viðræðum.

Í framhaldsviðræðunum verður að sjálfsögðu fylgt eftir sameiginlegri kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir, en jafnframt haldið áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið og aðildarríki þess með það að markmiði að tryggja tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og til þess að tryggja stöðu íslensks sjávarútvegs að öðru leyti. Það þarf naumast að taka það fram, svo sjálfsagt sem það er, að náið samráð verður haft um framvindu þessara umræðna innan ríkisstjórnarinnar og við utanrmn. Alþingis á öllum stigum málsins. Virðulegi forseti. Ég tel vafalítið að um þessi markmið og málsmeðferð sé víðtæk samstaða.

Í máli nokkurra þeirra sem talað hafa við þessar umræður virðist mér gæta misskilnings á eðli og möguleikum tvíhliða viðræðna við Evrópubandalagið og aðildarríki þess um málefni sjávarútvegs sérstaklega. Slíkar viðræður hafa farið fram og eru í gangi með ýmsum hætti og verður haldið áfram. Mikið hefur verið að því unnið að efla skilning meðal forustumanna í Evrópubandalaginu á sérstöðu Íslendinga. Ég nefni að utanrrh. hefur hitt að máli flesta forustumenn Evrópubandalagsins á undanförnum mánuðum. Forsrh. hefur verið framtakssamur og óþreytandi að kynna málstað okkar erlendis og sjútvrh. hefur tekið upp mjög gott samband við starfsbræður sína í helstu Evrópubandalagsríkjunum. Ég hef sem viðskrh. og iðnrh. átt gagnlegar viðræður við ýmsa ráðamenn Evrópubandalagsins um sérmál Íslands og hef reyndar þegar ákveðið framhald slíkra viðræðna. Mun ég fara til fundar við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í boði Henning Christophersens, varaforseta framkvæmdastjórnarinnar, í janúarmánuði nk. Sjútvrh. hefur fyrr á þessu ári átt viðræður við Manuel Marin sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og stendur fyrir dyrum heimsókn hans hingað til Íslands. Auk þess hefur sjútvrh. átt og mun eiga fundi með sjávarútvegsráðherrum Evrópubandalagsríkja. Þessi óformlega aðferð er á þessu stigi máls án alls efa vænlegasta leiðin til þess að þoka okkar málum nær höfn jafnframt því sem við tökum þátt í EFTA-samstarfinu.

En vegna þeirrar miklu umræðu um það hvort ráðlegt sé að óska nú eftir formlegum tvíhliða viðræðum um málefni sjávarútvegs langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins frá í gær, en þar segir svo:

„Skoðanamunur um það, hvort óska ætti eftir tvíhliða viðræðum um sjávarútvegsmál samhliða viðræðum EFTA og EB, setti töluverðan svip á vantraustsumræðurnar í þinginu sl. fimmtudagskvöld og var augljóst að þetta atriði ásamt spurningunni um umboð til utanrrh. var orðið helsta deiluefni manna um EFTA-EB-mál.

Það er auðvitað sjálfsagt að ræða hér heima fyrir, hvort óska eigi eftir tvíhliða viðræðum um sjávarútvegsmál við Evrópubandalagið samhliða EFTA-EB-viðræðum. En afstöðu verða menn að lokum að taka og þá með hliðsjón af heildarhagsmunum þjóðarinnar. Í samtölum, sem höfundur þessa Reykjavíkurbréfs átti fyrir skömmu við embættismenn í höfuðstöðvum Evrópubandalagsins kom skýrt fram, að óski Íslendingar eftir tvíhliða viðræðum um sjávarútvegsmál, muni sjávarútvegsdeild Evrópubandalagsins annast þær viðræður, ef á annað borð yrði á þær fallist, sem ekkert liggur fyrir um. Sjávarútvegsdeildin mundi ganga að því samningaborði með þröng sjávarútvegssjónarmið EB-ríkjanna í huga. Innan þessarar deildar er krafan um aðgang að fiskimiðum okkar Íslendinga hörðust. Þar sitja menn, sem hafa þeim skyldum að gegna að framfylgja fiskveiðistefnu bandalagsins til hins ýtrasta. Í slíkum viðræðum er talið afar erfitt fyrir okkur Íslendinga að fá fram þær undanþágur, sem við þurfum á að halda.

Í þessum samtölum kom jafnframt fram, að nái Íslendingar samningum um undanþágur, sem teljast fullnægjandi fyrir okkur, innan ramma heildarsamkomulags milli EFTA og Evrópubandalagsins, sem hafi jafnframt að geyma undanþágur fyrir aðrar EFTA-þjóðir á öðrum sviðum, svo sem fyrir Finna varðandi skóga, Austurríkismenn og Svisslendinga varðandi Alpasvæðin o.fl., séu meiri líkur á því en ella, að hægt verði að fá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og ráðherranefnd til þess að fallast á slíkar undanþágur, sem hluta af heildarsamkomulagi. Með öðrum orðum að það sé hyggilegt út frá hagsmunum okkar Íslendinga sjálfra að láta á það reyna í heildarsamningum, hvort við náum ekki fram þeim undanþágum, sem máli skipta fyrir okkur og að það gæti beinlínis verið skaðlegt fyrir málstað okkar að lenda í klónum á sjávarútvegsdeild Evrópubandalagsins. Það er nauðsynlegt fyrir íslenska stjórnmálamenn að hafa þessar röksemdir í huga, þegar þeir fjalla um spurninguna um tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið samhliða heildarviðræðum."

Ég tel að það mat sem kemur fram í þessari tilvitnun sé bæði raunsætt og skynsamlegt í flestum greinum og vona reyndar að flestir þm. geti tekið undir það.

Í málflutningi fulltrúa Sjálfstfl. í þessari umræðu, og reyndar einnig nokkurra annarra þm., hefur verið sett fram sú krafa að utanrrh. fái sérstakt umboð frá Alþingi með þál. til þátttöku í áframhaldandi undirbúnings- og samningsviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Það er ekki þörf fyrir slíka ályktun á þessu stigi máls. Reyndar væri slík ályktun án fordæma. Bókun ríkisstjórnarinnar um málið sem forsrh. kynnti 29. nóv. lýsir samstöðu ríkisstjórnarinnar og staðfestir stöðuumboð utanrrh. í málinu. Ég vil taka fram að umboðs Alþingis var hvorki leitað þegar samið var um aðild að EFTA né þegar fríverslunarsamningurinn var gerður við Evrópubandalagið. Þessir samningar voru lagðir fyrir Alþingi í formi þingsályktunar þegar þeir höfðu verið gerðir og var

þá leitað heimildar til að staðfesta þá fyrir Íslands hönd. Þegar sú heimild var fengin staðfestu forseti og utanrrh. samninginn fyrir hönd Íslands. Þá og þá fyrst voru þeir bindandi samningar. Reyndar tel ég vafalaust að nú hafi verið haft nánara samráð við þingið og ítarlegri kynning á forstigum málsins en þá var. Önnur EFTA-ríki hafa flest gert það sama og við erum nú að gera, þ.e. kynnt þingum sínum niðurstöður könnunarviðræðnanna. Ekkert þeirra, engin ríkisstjórn hefur leitað eftir formlegu umboði á þessu stigi þótt þingmeðferðin sé nokkuð mismunandi. Engin ríkisstjórn hefur leitað eftir formlegu umboði. Það er nokkuð sérstök meðferð á málinu í finnska þinginu. Þar stendur nú yfir umræða og þar hefur verið lögð fram frásögn og kynningarskýrsla. Það má vel vera að um hana gangi atkvæði, líklegast þannig að atkvæði gangi um að þingið hafi fengið til kynningar þá skýrslu sem um ræðir. Formleg umboð tíðkast ekki fyrr en komið er að lokastigi og gera á niðurstöður samninganna bindandi. Það er vert að hafa í þessu sambandi í huga 21. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til."

Utanrrh. fer samkvæmt stöðu sinni með samningagerð við önnur ríki, þ.e. hann hefur stöðuumboð til samningagerðarinnar ásamt forseta Íslands í samræmi við 13. gr. stjórnarskrárinar, en þar segir:

„Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt."

Takmarkanir á þessu valdi eru sem kunnugt er í 21. gr. stjórnarskrárinnar. Utanrrh. mun að sjálfsögðu bera hver þau samningsdrög sem endanlega liggja fyrir undir Alþingi til staðfestingar eða synjunar. Samráð verður einnig haft innan ríkisstjórnarinnar og við utanrmn. Alþingis á öllum stigum samningaviðræðna þegar rétt virðist að fá umsögn um einstaka þætti þeirra. Ég vil einnig, með leyfi forseta, vitna í ritið Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, en þar segir einmitt um þetta efni: „Samþykki Alþingis er fólgið í heimild til fullgildingar. Það er nægilegt að Alþingi samþykki samninginn áður en fullgilding hans á sér stað. Þess er ekki krafist að efni samningsins sé borið undir Alþingi og að það veiti fyrir fram samþykki sitt til samningagerðar, hvorki meðan á samningsviðræðum stendur né áður en samningurinn er undirritaður af utanrrh." Og enn fremur segir í þessu grundvallarriti, með leyfi hæstv. forseta: „Aðalreglan er sú að Alþingi veiti samþykki sitt til fullgildingar ákveðins samnings sem þegar liggur fyrir. Ekki er þó útilokað að samþykki sé gefið fyrir fram, áður en endanlega hefur verið gengið frá samningum eða jafnvel áður en byrjað er á samningsviðræðum, en þá má samningurinn ekki ganga lengra en ályktun Alþingis. Slíka almenna heimild yrði að skýra þröngt."

Virðulegi forseti. Það er einmitt ekki síst á þessu lögfræðilega áliti sem sú afstaða er byggð að umboð á þessu stigi máls sé ekki íslenskri hagsmunagæslu til framdráttar, fremur hið gagnstæða.

Þá vík ég, virðulegi forseti, að ýmsum beinum spurningum sem fram hafa komið í þessari umræðu um skýrslu utanrrh. og mun ég reyna að svara þeim helstu. En við verðum að hafa í huga að engar raunverulegar samningaviðræður eru hafnar og því ekki unnt að gefa svör við sumu af því sem um var spurt á þessu stigi máls.

Fyrsta slík spurning sem fram var borin er þessi: Hvernig getum við gert strangari kröfur um heilbrigði og hollustu t.d. varðandi lyf og litarefni í matvælum o.s.frv.? Svarið er að innan Evrópubandalagsins er aðildarríkjunum heimilt að gera strangari kröfur um heilsu, öryggi og umhverfi en gilda hjá öðrum, enda sé þar ekki um dulbúnar viðskiptahindranir að ræða. Þarna má því segja að sönnunarbyrðinni sé snúið við. Í könnunarviðræðum hafa EFTA-ríkin tekið skýrt fram að varðandi sumar vörur geri þau ítarlegri og strangari kröfur en EB sem þau geti ekki slakað á. Það er því ljóst að í komandi viðræðum verður farið nákvæmlega ofan í þessi mál og leitað lausna sem aðilar geti sætt sig við. Í því sambandi er rétt að geta þess að Evrópubandalagið stefnir nú sjálft að strangari kröfum á hollustusviðinu en þar eru nú í gildi, þótt sú þróun gangi þar raunar hægara en í ýmsum ríkjum EFTA. Samningaviðræðurnar kunna að flýta þeirri þróun, þ.e. að EFTA-ríkin hafi áhrif á það sem Evrópubandalagsríkin koma sér saman um innan sinna vébanda.

Í öðru lagi var spurt hvort áunnin lífeyrisréttindi einstaklinga muni geta flust milli landa. Svarið er að innan Evrópubandalagsins gildir þessi regla um almannatryggingar og einnig er unnt að flytja eftirlaun og fjölskyldubætur milli landa. Hvort samningur verður gerður milli EFTA- og EB-ríkjanna um þessi málefni fer að sjálfsögðu eftir því hvort samningar nást í öllum atriðum. En að sjálfsögðu er hér um atriði að ræða sem snertir réttinn til frjálsra búferlaflutninga milli ríkja.

Í þriðja lagi var spurt hvort niðurgreiðslur og ríkisstyrkir verði ekki lögð niður innan evrópska efnahagssvæðisins. Svarið er að á sviði iðnaðarvöru hefur það verið stefna Evrópubandalagsins undanfarin ár og hefur nokkuð miðað í áttina. Hins vegar á þetta fyrst og fremst við þá styrki sem aðilar eru sammála um að séu þess eðlis að þeir hafi áhrif á eðlileg og venjuleg viðskipti og samkeppni. Ég tel vafalaust að áfram verði við lýði styrkir sem eru réttlættir sem byggðastyrkir til að halda við búsetu á einstökum svæðum, þar sem að fáu öðru er að hverfa. Landbúnaður og sjávarútvegur munu vafalaust áfram njóta fyrirgreiðslu og styrkja innan Evrópubandalagsins þar sem það virðist almennt samkomulag um að færa þessar atvinnugreinar í heild í undanþáguflokk, yfirleitt vegna byggðasjónarmiða.

Í fjórða lagi var spurt hvort samkeppnisreglur

breytist mikið frá því sem nú tíðkast. Svarið við þessari spurningu er að það er ætlunin að stefna að samræmdum reglum eins og rakið er á bls. 14 og 15 í skýrslu utanrrh.

Í fimmta lagi var spurt hvort ekki þurfi að leggja niður einkasölur ríkisins eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Svarið er að sú tilhögun yrði eflaust heimil áfram. Hins vegar yrði þá að gæta þess að framleiðendum sé ekki mismunað og veita öllum sama tækifæri til að sanna að eftirspurn sé eftir þeirri vöru sem þeir bjóða. Að sjálfsögðu verður heimildin óskoruð til að leggja áfram gjöld á vörusölu Áfengis- og tóbaksverslunar.

Í sjötta lagi var spurt hvort einföldun landamæraeftirlits gæti ekki takmarkað möguleika til annars konar eftirlits, t.d. varðandi ólöglega flutninga og smygl á eiturlyfjum. Svarið er að ekki er stefnt að afnámi eftirlits með þeim samningum sem nú eru í undirbúningi. Annars vegar er rætt um að draga úr skriffinnsku við flutning varnings milli landa og hins vegar að formsatriði við ferðir fólks yfir landamæri verði t.d. sambærileg við norræna vegabréfasvæðið. Ekki er til umræðu að fella niður farangursskoðun eða annað slíkt öryggiseftirlit. Einkum verður ekki séð að það sé á dagskrá varðandi lönd eins og Ísland sem ekki á sameiginleg landamæri með öðrum Evrópuríkjum.

Í sjöunda lagi var spurt um undirboð og aðgerðir í því sambandi. Þar má gefa sem stutt svar að af hálfu Evrópubandalagsins hefur verið beitt aðgerðum gegn undirboðum með því að leggja á sérstakan viðbótartoll, jafnan þeirri fjárhæð sem talið er að varan sé seld undir venjulegu framleiðsluverði. EFTA-ríkin hafa á hinn bóginn talið að Evrópubandalagið væri að misnota slíka reglu sem væri eðlileg út af fyrir sig til að vernda einstök, lítt samkeppnishæf fyrirtæki eða iðngreinar fyrir samkeppni fyrir betur reknum fyrirtækjum í ríkjum Evrópubandalagsins eða EFTA. Reynt verður að semja um að ekki verði gripið til slíkra undirboða eða skyldra aðgerða framvegis.

Í áttunda lagi var spurt um ábyrgð framleiðenda eða seljanda vöru. Svarið er að innan Evrópubandalagsins verður sú regla gildandi að framleiðandi vöru á bandalagssvæðinu ber ábyrgð á henni hvar á bandalagssvæðinu sem hún er seld eða hennar neytt. EFTA-ríkin telja nauðsynlegt að þessi regla verði tekin upp á öllu evrópska efnahagssvæðinu, ef til kemur, þegar af þeirri ástæðu að annars valdi reglur Evrópubandalagsins því að innflytjendur í Evrópubandalagsríki velji fremur vörur frá öðrum Evrópubandalagsríkjum ef ábyrgð framleiðenda er þar ríkari.

Frumvarp um ábyrgð á skaðlegum eiginleikum framleiðsluvöru er reyndar í undirbúningi hjá viðskrn. eins og nú stendur, einmitt til þess að tryggja að við getum tengst slíkri framleiðendaábyrgð.

Í níunda lagi var spurt hvort tollskrá verði samræmd. Svarið er að fyrir nokkrum árum var tekin upp samræmd tollheitaskrá sem nú gildir í flestum ríkjum heims, þar á meðal í Evrópubandalaginu og EFTA. Það þýðir hins vegar ekki að tollarnir séu þeir sömu. Slíkt samræmi næst ekki milli ríkja nema tekið sé upp tollabandalag líkt og Evrópubandalagið er. Sá möguleiki, þ.e. að myndað verði tollabandalag milli EFTA og Evrópubandalagsins, er nú til frekari athugunar sem einn af þeim kostum um samstarfið sem reyna þarf á hvort um getur samist. Hver sem niðurstaðan verður í þessu virðist mér líklegt að reynt verði að samræma tolla þessara ríkja eftir föngum og reyndar er slík viðleitni þegar uppi í viðræðum innan GATT.

Í tíunda lagi var spurt hvað það þýði að eftir samninga um atvinnu- og búseturétt, ef af þeim yrði, megi ekki mismuna ríkisborgurum frá öðrum Evrópubandalagsríkjum eða evrópskum efnahagssvæðisríkjum varðandi húsnæði. Svarið er einfaldlega að ekki megi með lögum eða stjórnvaldsaðgerðum ákveða að ríkisborgarar eins ríkis skuli njóta forgangs um leigu eða kaup á íbúðarhúsnæði.

Í ellefta lagi var spurt hvort heimild til að veita þjónustu á sviði samgangna þýði ekki aukna samkeppni við íslenska aðila. Svarið er að erlendum samgöngufyrirtækjum er nú heimilt að stunda fólks- og vöruflutninga til og frá landinu. T.d. er gagnkvæmni í öllum loftferðasamningum Íslands við önnur lönd. Það sem við óskum að forðast er að frekari samruni ríkja Evrópubandalagsins leiði til þess að siglingar og flug til fleiri en eins ríkis innan Evrópubandalagsins í sömu ferð flokkist undir innanlandssiglingar eða innanlandsflug á því svæði og mæti hömlum sem ekki eru til staðar í dag. Þetta er að mínu áliti mjög mikilvægt fyrir okkar flugfélög og skipafélög.

Í tólfta lagi var spurt hvort samningar, ef af þeim yrði, mundu leiða til þess að erlendur lögfræðingur eða ökukennari gæti tekið upp starf hér á landi. Svarið er já. Það er hins vegar ljóst að tungumálið yrði þá þarna veruleg hindrun. Það er þó minni hindrun fyrir ökukennarann en lögfræðinginn af augljósum ástæðum. Með gagnkvæmri viðurkenningu prófa er stefnt að því að auðvelda fólki að notfæra sér menntun sína í öðrum löndum. Lögfræðingur þarf því að kunna rétt búsetulandsins til þess að starfa þar að almennri lögfræðiþjónustu. Erlendur lögfræðingur yrði vitaskuld að taka próf í íslenskum lögum og réttarfari og íslenskur lögfræðingur sömuleiðis erlendis. Þegar um er að ræða alþjóðlega tæknigrein eins og verkfræði eða tækniteiknun eru hins vegar takmarkanirnar vitaskuld minni á gagnkvæmum atvinnurétti. En hér er eins og fyrr tungumálið nokkur trafali.

Í þrettánda lagi var spurt: Hvað þýðir hugtakið Evrópa fólksins? Svarið er að hér er um andsvar að ræða við því hugtaki sem mjög hefur verið haldið á lofti og er líka tvö orð: Evrópa fyrirtækjanna. Með Evrópu fólksins er vísað m.a. til félagsmálasáttmála Evrópubandalagsins en tillaga um hann er nú til umfjöllunar hjá stofnunum bandalagsins. Hugmyndin er að auka samkennd allra íbúa Vestur-Evrópu og tryggja félagslegt og efnahagslegt jafnrétti þeirra.

Í fjórtánda lagi var spurt um ferðamálaár Evrópu árið 1990. Svarið er að þarna er um átak að ræða til að fá fólk frá öðrum heimsálfum til að ferðast meira til Evrópu en áður og gefa hugtakinu Evrópa meiri svip af sameiginlegum einkennum í hugum fólks utan álfunnar en áður hefur verið. Ísland tekur þátt í þessu átaki og verður samgrh. reyndar þátttakandi í formlegu upphafi þess í Strasbourg þann 11. febrúar.

Í fimmtánda lagi var spurt hvort Íslendingar þurfi ekki að greiða verulegar fjárhæðir í sjóði Evrópubandalagsins. Svarið er að við þurfum ekki að hugleiða það mál að svo stöddu. Við erum ekki að semja um aðild að Evrópubandalaginu og þar af leiðandi heldur ekki að sjóðum þess. Hins vegar er það ljóst að við verðum að greiða hlutfallslegt framlag okkar til að reka þær sameiginlegu stofnanir sem kann að verða komið á fót og til þeirra vísindaverkefna og hverra þeirra verkefna annarra sem við viljum eiga hlut í.

Hæstv. forseti. Eftir að hafa reynt að gefa nokkur svör við beinum spurningum sem til utanrrh. var beint í umræðunni ætla ég aftur að víkja nokkuð að almennum atriðum og fara hér nokkrum orðum um það sem kalla mætti samningsstöðu Íslands við upphaf undirbúnings- og samningsviðræðna sem ég geri ráð fyrir að hefjist eftir fund EFTA- og EB-ráðherranna 19. des.

Hér er m.a. um það að ræða sem oft eru nefndir fyrirvarar af Íslands hálfu, eða viðurkenning á sérstöðu Íslands. Ég vil leyfa mér að halda því fram að samningsstaða Íslendinga sé nú góð, einmitt vegna þess að þeir hafa tekið virkan þátt í könnunarviðræðunum. Ég ætla að nefna nokkur atriði til að skýra þetta. Fyrst er þess að geta að í þessum viðræðum er samkomulag um að nokkrar varanlegar undantekningar frá samningnum um fullkomið frelsi á hinum fjórum sviðum, sem oftast eru nefnd, verði ætíð nauðsynlegar vegna lífshagsmuna einstakra ríkja. Slíkir fyrirvarar eða undantekningar verða þá í sjálfum sér ekki samningsatriði. Hér nefni ég kröfu Íslendinga um óskoruð yfirráð yfir auðlindum sjávar innan fiskveiðilögsögunnar. Þá eru einnig gefnar almennar yfirlýsingar um nauðsyn tímabundinna sérákvæða sem verða að sjálfsögðu samningsatriði. Undir slík ákvæði fellur margt sem varðar tímasetningu og forgangsröð í breytingum t.d. að því er varðar aukið frelsi til fjármagnshreyfinga. Með vísan til þessa hafa Íslendingar þegar skilgreint sérstöðu sína og sett fram kröfur um fyrirvara á ýmsum sviðum og ég ætla að nefna þau helstu hér til upprifjunar.

Ég nefni í fyrsta lagi fríverslun með fisk. Varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir lýstu EFTA-ríkin því yfir að samningurinn ætti að tryggja fríverslun með þær afurðir. Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins lýstu því yfir, að því er bandalagið varðaði, að fríverslun með fisk væri tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. Fulltrúar EFTA hafa lagt áherslu á að slík tenging í hverjum þeim samningaviðræðum sem síðar fari fram mundi ganga gegn grundvallarsjónarmiðum þeirra. Báðir aðilar viðurkenndu að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald þeirra ákvæða sem sett yrðu á þessu sviði augljóslega samningsatriði.

Ég nefni í öðru lagi á sviði þjónustu- og fjármagnshreyfinga og þar undir þessa fimm fyrirvara helsta:

1. Vegna brýnna þjóðarhagsmuna mundi Ísland jafnan gera fyrirvara varðandi fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi.

2. Fyrirvari var gerður varðandi fjárfestingu erlendra aðila í orkuvinnslu.

3. Lýst var hömlum á rétti erlendra banka til að stofnsetja og reka banka á Íslandi.

4. Bent var á takmarkanir varðandi rekstrarheimildir erlendra vátryggingafélaga hér á landi.

5. Minnt var á að aðlögunartími á þessu sviði, þ.e. fjármagns- og þjónustusviðinu innan Evrópubandalagsins fyrir einstök ríki þess, væri allt að 10 árum.

Um þriðja meginsviðið, atvinnu- og búseturétt, vil ég nefna að sá fyrirvari var settur af Íslands hálfu að Ísland muni þurfa sérákvæði til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna smæðar vinnumarkaðarins. Hvað varðar sjálfstætt starfandi fólk og rétt þess til að hefja hér atvinnustarfsemi verður einnig að gera vissa fyrirvara í sambandi við nýtingu á auðlindum sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á.

Þá má einnig nefna að bent var á núgildandi löggjöf um takmarkanir á rétti erlendra aðila til atvinnu og búsetu á Íslandi. Þá var bent á að í núgildandi lögum eru lagðar hömlur á rétt erlendra aðila til að eiga fasteignir á Íslandi. Þá var bent á vandamál varðandi söfnun lífeyrissjóðsréttinda einstaklinga milli ríkja og bent á að skilyrði til bótagreiðslna hér á landi væri að skráning atvinnulausra manna færi fram vikulega. Þá var bent á að sjálfstætt starfandi fólk þyrfti á sérstakri löggildingu og eða viðurkenningu á starfsréttindum að halda.

Þá kem ég mjög stuttlega að fjórða sviðinu sem varðar réttarreglur og stofnanir. Þar var bent á að bindandi gildi bráðabirgðaúrskurða frá hugsanlegum sameiginlegum dómstól gæti mætt stjórnarskrárvanda hér á landi og þyrfti því að kanna betur hvaða leiðir væru þar færar, t.d. hvernig nota mætti rökstudd álit frá slíkum sameiginlegum dómstól sem ekki væru bindandi fyrir dómstóla aðildarríkjanna. Enn var vakin á því athygli að tímabundin sérákvæði eru mörg í gildi innan Evrópubandalagsins, rökstudd með vísan til sérstöðu ýmissa landa og hafa í mörgum tilvikum allt að tíu ára gildistíma. Þannig fengu t.d. bæði Spánn og Portúgal aðlögunartíma allt að tíu árum með vísan til sérstakra aðstæðna í þessum löndum.

Utanrrh. rakti hér í ræðu sinni við upphaf umræðunnar ýmsa málsþætti varðandi réttarreglur og skipulag stofnana, hugsanlegs nánara samstarfs EFTA og Evrópubandalagsríkja. Hann lagði að lokum áherslu á það að ef vilji er til staðar að ganga til samninga um sameiginlegar reglur um frelsi á hinum fjórum sviðum og um jaðarmálefnin sem svo eru nefnd, verður ugglaust hægt að finna lausnir á lagalegri hlið málsins og varðandi skipulag sameiginlegra stofnana. Þær

reglur sem sniðnar verða um efnisinnihald slíkra samninga, ef þeir nást, munu hafa að leiðarljósi að skerða ekki sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Um það eru EFTA-ríkin sammála. Ég tel að undirstaða hafi þannig verið lögð sem einmitt tryggir vel hag og rétt smáþjóða eins og Íslendinga.

Virðulegur forseti. Fram undan er mikil undirbúningsvinna, bæði í utanrrn. og og öðrum ráðuneytum varðandi þátttöku og framlag Íslands til væntanlegra framhaldsviðræðna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Þá verður einnig haldið áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið og aðildarríki þess.

Við höfum hér í þessum umræðum verið að fjalla um einhverjar þær mikilvægustu viðræður og ákvarðanir um tengsl Íslands við umheiminn sem við höfum staðið frammi fyrir á lýðveldistímanum. Ég er sannfærður um að þetta starf og þetta samstarf við Evrópuríkin verður Íslendingum til góðs ef við höldum rétt á málum. Ég vona að þjóðareining náist um þessar örlagaríku ákvarðanir eftir þeim leiðum sem ríkisstjórnin hefur valið og vonandi helst áfram gott samstarf og samráð milli ríkisstjórnar og Alþingis í þessu máli.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Umræður um skýrslu utanrrh. vegna EB-EFTA viðræðnanna hafa nú staðið hátt á aðra viku. Vera má að fyrir fram hafi utanrrh. ekki vænst svo mikillar umræðu um skýrsluna né þeirra ákveðnu viðbragða sem dregið hafa umræðurnar á langinn. Þess hefur verið freistað að fá utanrrh. til að líta á fleiri sjónarmið en þau sem hann virðist staðráðinn í að fylgja. Það kom honum þó á óvart að komast ekki til áframhaldandi viðræðna að lokinni eins til tveggja daga umræðu. Þessi afdráttarlausu viðbrögð hefðu þó ekki átt að koma á óvart því hér er um að ræða viðamikið mál, flókið og vandasamt í meðförum og stórháskalegt sjálfstæði okkar ef ekki verður rétt á málum haldið.

Margir hafa orðið til að gera grein fyrir þeim mismunandi sjónarmiðum sem eru til viðræðnanna, hvort halda eigi áfram á sömu braut nú eða sækja fast beinar samningaviðræður Íslendinga við Evrópubandalagið og fara að tala um það sem einkum snýr að okkur, fiskinn. Flestir virðast a.m.k. geta verið sammála um að sala sjávarfangs sé okkar stærsta hagsmunamál í viðræðum við EB. Það sem menn greinir á um er hvernig best sé staðið að útvíkkun á bókun 6 þannig að saltfiskurinn komist inn fyrir tollamúrana og að sjálfsögðu hafa umræður ekki síst snúist um hvernig fiskafurðir okkar komast sem greiðast inn á innri markaðinn í Evrópubandalaginu. En í afstöðu minni vil ég einnig vísa til ræðu hv. 12. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur í upphafi þessarar umræðu, svo og ræðu hennar í vantraustsumræðunni sl. fimmtudagskvöld.

Auk þessa hafa einnig heyrst mismunandi blæbrigði af ótta eða óttaleysi við það að tengjast Evrópubandalaginu of nánum böndum. Menn hafa einkum beint sjónum sínum að hinu yfirþjóðlega og andlýðræðislega valdi þess. En það fylgja fleiri bögglar skammrifi og félagsleg málefni eru að miklu leyti óleyst stærð þegar sameiginlegur vinnumarkaður Evrópu verður endanlega kominn á. Staða okkar gagnvart honum er því meira en einungis spurning um samræmingu á skólaprófum og starfsréttindum og verður ekki leyst með fyrirvörum einum saman. Hún getur skipt sköpum um afkomu einstaklinga og því nauðsynlegt að halda vel á málum. Svör hæstv. iðnrh. nú áðan um fáein atriði er varða sameiginlegan vinnumarkað eru hvergi nærri fullnægjandi.

Það er engin tilviljun að margir hafa orðið til að benda á hve mikla gætni þarf að sýna í samskiptum við það veldi sem Evrópubandalagið er nú að verða. Ég tel viðræður okkar við Evrópubandalagið varhugaverðar í samfloti við aðrar EFTA-þjóðir, þjóðir sem eiga hagsmuna að gæta sem eru í flestu gerólíkir hagsmunum okkar og sumar þessar þjóðir eru á leið til fullrar aðildar að bandalaginu. Því miður virðast ekki allir skynja áhættuna á sama hátt. Hæstv. utanrrh. tók af skarið í ræðu sinni í upphafi þessarar umræðu og hafnaði allri gætni og undantekningum. Hann metur það greinilega svo að eina leiðin til að bera höfuðið hátt í samskiptum þjóða sé að setja engin skilyrði heldur ganga að flestu eða öllu sem þær leggja fyrir okkur. Óðruvísi var ekki hægt að skilja orð ráðherra. Tækifærið er núna, sagði hann, hvort það kemur aftur getur enginn verið viss um.

Hve margir hafa ekki misstigið sig og hrasað í asanum við að missa ekki af neinu? Raddir þeirra sem segja okkur að flýta okkur hægt eru vissulega margar. Háværari en ekki endilega fleiri eru þó þeir sem telja að við séum að missa af strætisvagninum ef við hellum okkur ekki út í samstarf eða aðild að Evrópubandalaginu, nánast upp á hvaða býti sem það gæti nú orðið fyrir okkur. Eitthvað virðist hafa farið úrskeiðis í kynningu á því hvað slíkt mundi þýða fyrir Íslendinga. Aðild að innri markaði Evrópubandalagsins eða einhvers konar evrópskri efnahagsheild getur þýtt að við göngum inn í kerfi sem mundi þýða stórt skref aftur á bak í ýmsum réttindamálum sem nú þykja sjálfsögð, t.d. hvað varðar félagsleg réttindi, ef ekki með beinum hætti þá með óbeinum.

Menn vísa gjarnan til þess að ekkert eigi að breytast í réttindamálum hvers lands fyrir sig heldur njóti fólk á vinnumarkaði réttinda þeirra sem nú gilda á hverjum stað. Þar eru þó óleyst ágreiningsmál enn. En hvers virði eru okkar félagslegu réttindi ef við förum að standa í beinni samkeppni við ríki sem bjóða atvinnurekendum upp á að fá að færa starfsemi sína til landa þar sem kostnaður er lægri en hér á landi, einmitt vegna þess að vinnuafl er þar ódýrt, fólk lágt launað og réttlítið. Það er hæpið að meiri hluti þjóðarinnar vildi beina aðild að EB ef það lægi skýrt fyrir hvaða áhrif það hefði t.d. á réttindi fólks á vinnumarkaði.

Því miður hefur skort mjög á umfjöllun um vinnumarkað og félagsleg réttindi og þau hafa ekki vegið þungt í umræðu um sameiginlega fundi um EB og EFTA. Menn hafa frekar beint sjónum að öðrum

þáttum hins fjóreina frelsis, einkum fjármagni og öðrum viðskiptum. Ríkisstjórnin hefur gert fyrirvara vegna vinnuaflsflutninga milli landa vegna smæðar vinnumarkaðarins hér, lágværri röddu í hinum samhljóma EFTA-kór. Þar er aðeins hluti vandans. Um annað er lítið rætt. Samt hefur sú litla umfjöllun sem orðið hefur dugað til að vekja fleiri spurningar en hún svarar.

Í stórum dráttum má segja að við stöndum nú frammi fyrir því að þurfa að taka afstöðu til meira eða minna sameiginlegs vinnumarkaðar Evrópu. Í skýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 23 segir, með leyfi forseta:

„EFTA-ríkin hafa jafnframt orðið þess áskynja í viðræðunum undanfarna mánuði að Evrópubandalagið telur að ekki sé hægt að skilja að frjálsan atvinnurétt og frelsi á öðrum samstarfssviðum og komi samningar um önnur svið því ekki til greina nema samningar náist um þennan þátt."

Og síðar í sömu skýrslu segir, með leyfi forseta, að „ríkisborgari eins aðildarríkis má fara til annars aðildarríkis og dvelja þar í ákveðinn tíma til að leita eftir atvinnu og hann má dvelja í landinu ef hann hefur fengið þar atvinnu. Hann á jafnframt að njóta sömu kjara og aðbúnaðar við vinnu og ríkisborgarar þess lands þar sem atvinna fer fram auk þess sem hann á að hafa sömu aðstöðu til starfsþjálfunar. Enn fremur er óheimil mismunun er varðar húsnæði.

Launþegar sem flytjast á milli landa eiga að njóta sömu félagslegra réttinda og ríkisborgarar þess aðildarríkis þar sem þeir starfa hvort sem þau réttindi eru beint tengd atvinnunni eða ekki. Þannig njóta þeir m.a. almannatryggingaréttinda og lífeyrisréttinda til jafns við innlenda aðila auk þess sem þeir hafa jafnan rétt til þátttöku í stéttarfélögum."

Vissulega má greina ákveðinn ótta EFTA-þjóðanna í skýrslu utanrrh. Í viðræðunum gera þau ráð fyrir að sums staðar þurfi aðlögun og eins og ég drap á áðan gerðu fulltrúar Íslands sérstakan fyrirvara vegna smæðar landsins miðað við sameiginlegan vinnumarkað Evrópu, auk þeirrar hættu að auðlindir okkar, t.d. fiskimið, komist í hendur erlendra manna. En því miður er þetta ekki nóg um þann þátt innri markaðarins sem minnstur gaumur hefur verið gefinn af þeim sem ráðið hafa ferðinni innan EB.

Fáum blandast hugur um að málefni vinnumarkaðarins og félagsleg réttindi eru veiki hlekkurinn í þeirri heildarkeðju umræðna sem átt hafa sér stað árum og áratugum saman um sameiginlegan Evrópumarkað. Handhafar fjármagns og aðstöðu knýja á um frelsi og það er frelsi án tillits til þess að frelsi annarra og réttindi mæta afgangi.

Í nýútkomnum bæklingi stærstu launþegasamtaka Norðurlanda, sem m.a. kom út hér á Íslandi, er fjallað um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til félagsmálefna Evrópubandalagsins og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á grundvelli álits efnahags- og félagsmálanefndar EB og Evrópuþingsins um grundvallarréttindi í vinnumarkaðs- og félagsmálum lagði framkvæmdanefndin snemma sumars 1988 fram drög að tillögum um hvernig hún álítur mögulegt að koma á svokallaðri félagslegri undirstöðu lágmarksréttinda. Framkvæmdanefndin lagði til að þessum réttindum yrði að hluta hrundið í framkvæmd með svokallaðri hátíðlegri yfirlýsingu frá forsætisráðherrum um kjarna réttindanna og að hluta með starfsáætlun um ákveðna framkvæmd í aðildarríkjum."

Og enn fremur: „Evrópsk verkalýðshreyfing hefur tekið hugmyndum um hátíðlega yfirlýsingu með miklum efasemdum vegna þess að erfitt getur verið að meta hversu skuldbindandi hún er. Þar að auki virðist dagsetning á samþykkt starfsáætlunarinnar fela í sér enn meiri seinkun þess að félagslega hliðin fái ákveðið innihald á þessu mikilvæga sviði."

Og loks: „Norræn verkalýðshreyfing getur ekki sætt sig við að velferðarkerfi okkar verði skorið niður vegna skatta- og gjaldasamræmingar í EB. Það útilokar þó ekki nauðsyn þess að fjalla ítarlega um þróun og endurskipulagningu opinbera geirans. Slík endurskipulagning verður að fara fram með þátttöku opinberra starfsmanna og samtaka þeirra. Samtímis ráðleggur norræn verkalýðshreyfing öllum Evrópuríkjum að tryggja launafólki og íbúum aðgang að öflugu og þróuðu velferðarkerfi."

Í ritinu er ekki lagt mat á hugsanlega þróun sameiginlegs vinnumarkaðar Evrópu heldur fyrst og fremst lögð áhersla á að koma með hugmyndir og tillögur norrænu verkalýðshreyfingarinnar um hvernig þessi þróun ætti að vera. Markmið þau sem koma fram í ritinu eru mjög góð og vel unnin. Á hinn bóginn er því ekki að neita að víða á Norðurlöndum eru miklar efasemdaraddir um að þessi sjónarmið muni ráða gangi mála. Á Norðurlöndum er lögð mikil áhersla á að ef sameiginlegir vinnumarkaðir eigi að geta verkað án þess að um beina afturför verði að ræða í löndum þar sem félagsleg réttindi eru mest verði að samræma þessi réttindi innan Evrópu. Bæklingur þessi er uppskrift að því hvernig þau eigi að vera og þar með tilraun norrænna stéttarfélaga til að hafa áhrif á þróunina í framtíðinni. Bæklingurinn er einnig ætlaður að vera öðrum evrópskum launþegahreyfingum stuðningur þar sem þær eiga undir högg að sækja.

Séu vinnumarkaðsmál og félagsleg réttindi óljós á hinum fyrirhugaða innri markaði Evrópu, þá gætir jafnvel enn meiri óvissu ef litið er á málið út frá mismunandi sjónarmiðum karla og kvenna. Hreyfanlega vinnuaflið, sem margir sjá sem kost á sameiginlegum vinnumarkaði, er í reynd mjög vafasamur ávinningur. Aðalhættan er sú að þessi sameiginlegi, hreyfanlegi markaður verði talinn allsherjarlausn þegar á bjátar í einu landi en næga atvinnu er að hafa annars staðar. Reynslan hefur kennt okkur að það eru karlarnir sem flytjast fyrst milli landa og ef eða þegar konur og börn fylgja á eftir hefur oft komið upp sú staða að fjölskyldurnar einangrast í gettóum farandverkafólks. Er það þróunin sem við æskjum? Oft er litið á konur sem varavinnuafl. Hætta er á að þeirrar tilhneigingar gæti jafnvel enn meira ef vinnu-

markaðurinn fer á fulla ferð, konurnar einfaldlega sitja eftir.

Á öðrum Norðurlöndum er andstaða kvenna gegn aðild að Evrópubandalaginu mun meiri en andstaða karla. Í skoðanakönnunum í Noregi í fyrra voru helmingi fleiri konur andvígar aðild að EB en karlar. Erfitt er að ráða í íslenskar skoðanakannanir þar sem þær lýsa fyrst og fremst ótrúlega lítilli þekkingu þjóðarinnar á EB og EFTA. Einungis 14% landsmanna gera þokkalega greinarmun á þessum bandalögum svo að það er hæpið að reyna að nýta niðurstöður íslenskra kannana. Þeim mun brýnna er að taka upp ábyrga umfjöllun og fræðslu um málefni Evrópu.

Vissulega hefur verið reynt að fjalla um jafnréttismál í viðræðum um félagsleg réttindi fólks sem aðild á að innri markaði Evrópu. Þar eru ýmsar hugmyndir á kreiki, t.d. um að í jafnlauna- og jafnréttismálum verði sönnunarbyrði gerð öfug. Í stað þess að konur þurfi að sanna að þær séu beittar misrétti þurfa þá þeir sem þær kæra að sanna að þær hafi ekki verið beittar órétti. Þetta eru athyglisverðar hugmyndir og geta án efa verið liður í að bæta stöðu kvenna.

Virðulegi forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég hef kosið að víkja í ræðu minni einkum að þeim málum sem mér finnast hafa orðið út undan í umræðunni um sameiginlegan innri markað EB og EFTA. Mér sýnist að EFTA-löndin stefni hraðbyri inn í einhvers konar innri markað Evrópu þar sem félagsleg málefni eru óleyst vandamál og staða fólks á vinnumarkaði óljós. Ég tel okkar hagsmuna ekki gætt í þeim viðræðum sem ríkisstjórnin virðist nú stefna að undir forustu hæstv. utanrrh. Hagsmunir EFTA-ríkjanna varðandi fjórfrelsið svonefnda eru svo ólíkir okkar hagsmunum að þar eigum við ekki samleið. Beinar samningaviðræður eru miklu líklegri til að skila þeim árangri sem við leitum eftir, að tryggja viðskiptahagsmuni okkar og sölu sjávarfangs án þess að við leyfum sjónarmiðum annarra þjóða með ólíka hagsmuni að teyma okkur gagnrýnilaust í sameiginlegan Evrópumarkað. Engum dyrum hefur verið lokað og því megum við ekki láta bráðlæti leiða okkur í gönur.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði talið rétt að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur vegna ábendingar sem ég ætla að gefa hér um þingsköp. (**Forseti:** Ég skal sjá til þess. Hér kemur hann í salinn.)

Ég tel rétt, virðulegur forseti, vegna þessarar umræðu sem hér stendur yfir að benda á að blöð sem hingað hafa borist frá Norðurlöndum og það er raunar sennilega VG, Verdens Gang hið norska sem ég hef handa á milli hér frá miðvikudeginum 29. nóv. 1989. Þar er greint frá því á tveimur síðum að í umræðum í norska Stórþinginu og í utanrmn. þingsins hafi verið bent á það að ákveðið málsgagn sem snertir viðræður milli EFTA og Evrópubandalagsins hafi ekki fengist fram lagt fyrir þingið í umræðunum. Um er að ræða málsgagn frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sem hafði ekki fengist opinberað og sem leiði í ljós að af hálfu Evrópubandalagsins sé gengið út frá allt öðrum forsendum varðandi viðræðurnar og málsmeðferð 19. des. og framvegis heldur en fram hefur komið. Ég vil inna hæstv. ráðherra, án þess að fara að rekja hér frekar það sem þarna kemur fram, eftir því hvort hann hafi þessa skýrslu handa á milli. Ég kannast ekki við að slík skýrsla hafi komið fram í utanrmn. nú síðustu vikurnar frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og tel það furðu sæta ef það getur gerst, sem ég vil ekki fullyrða án þess að málið sé athugað frekar, að slíku málsgagni sé skotið undan. Og síðan er annað mál það hvort halda eigi slíkum gögnum utan við seilingu þingsins þegar jafnmikilvægt utanríkismál og það sem hér er um að ræða er til umræðu.

Ég hef ekki, virðulegur forseti, kannað þetta mál sjálfstætt utan það sem fram kemur í þessum blaðafréttum frá hinum Norðurlöndunum, en taldi rétt áður en lengra er komið í umræðunni að fá þetta upplýst og skýrt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. spyr hvort mér sé kunnugt um að í fórum utanrrn. sé málsskjal frá ráðherranefnd Evrópubandalagsins sem lýsi allt annars konar viðhorfum til þeirra undirbúnings- og samningsviðræðna sem ræða skal á fundinum 19. des. í Strasbourg. Mitt svar við þeirri spurningu er að mér er ekki kunnugt um slíkt skjal og tel að það hafi ekki ríkt yfir því nein leynd sem hér var að orðum vikið. Ég vil taka það fram að ég hef ekki lesið þessar fréttir í Verdens Gang sem til var vitnað, en mun að sjálfsögðu kanna það mál.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka viðbrögð hæstv. ráðherra og treysti því að hann geri gangskör að því nú hið fyrsta að kanna tilvist og eðli þessarar skýrslu sem ég minnist ekki að hafi komið inn á borð utanrmn. nema hún sé þá gömul og ekki þess eðlis sem ætla má af þessum blaðafréttum. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra upplýsi það sem fyrst hér við umræðuna hvað hér er um að ræða og sjái til þess, ef hér er um málsgagn að ræða sem varðar þetta efni, að það berist utanrmn. hið fyrsta, enda hafi nefndin ekki fengið það í sínar hendur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ef hér er um að ræða, sem mér heyrist og virðist að hér sé um að tefla, skjal frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins til ráðherranefndar Evrópubandalagsins, þá hefur EFTA-samstarfið eða EFTA-ríkin hvert um sig engan sjálfsagðan aðgang að slíkum skjölum. Ég mun að sjálfsögðu kanna það hvort í samningaferlinu hafi verið lagður fram pappír af þessu tagi eða hvort hans sé að vænta, en meiru get ég að sjálfsögðu ekki lofað.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli hæstv. viðskrh. á því að þegar hann talar um það í ræðu sinni hér rétt áðan að um lok umræðu um þetta örlagaríka mál sé að ræða jafnframt því sem hann þakkar hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir að hafa gert það með þeim hætti sem hér hafi gerst, þá er það misskilningur hjá hæstv. ráðherra að verið sé að ljúka þessari umræðu. Það er algjör misskilningur. Þessari umræðu er ekki lokið. Því fer víðs fjarri. Umræðunni verður haldið áfram af hv. þingmönnum því að hér er um eitt mesta mál að ræða sem hv. Alþingi hefur fjallað um frá því að lýðveldi Íslands var stofnað. Mun ég víkja nánar að því hér á eftir í minni ræðu. Auk þess hlýtur þingheimur að óska eftir því að þegar hæstv. ráðherrar, þ.e. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., koma aftur til landsins — ég á von á því að hæstv. forsrh. komi fyrr og þá muni hann skýra frá þeim viðræðum sem fram hafa farið í sambandi við þetta mál þannig að þingheimur sé rétt upplýstur á hverjum tíma eins og hér hefur verið lofað. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, taka mjög skýrt fram svo að enginn misskilningur sé hér á milli hæstv. ráðherra annars vegar og okkar hv. þm. hins vegar. Ég veit að virðulegur forseti gerir sér grein fyrir þessu.

Það var einnig atriði í ræðu hæstv. iðnrh., sem er settur utanrrh. nú, sem ég vildi víkja nokkrum orðum að. Það var í sambandi við upplestur hæstv. ráðherra upp úr Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sl. sunnudag. Ég sem vinur Morgunblaðsins hlýt auðvitað að fagna því þegar hæstv. ráðherrar og hv. þm. lesa upp úr Morgunblaðinu hér í sölum Alþingis vegna þess að þetta er vandað og gott málgagn. Það var hins vegar eitt sem hæstv. ráðherra tók ekki fram sem er það að Reykjavíkurbréf mun nú vera skrifað af ritstjórum Morgunblaðsins og þótt margt gott megi nú segja um skoðanir þeirra getur verið að þeir þurfi ekki endilega að hafa alltaf rétt mat á því sem er að gerast. Við metum auðvitað þetta mál út frá þeirri þekkingu sem við höfum á því og þeir svo aftur út frá sinni þekkingu og einnig þeim viðræðum sem þeir kunna að hafa átt við t.d. embættismenn í Brussel. Það kom mjög áberandi fram einmitt í þessu Reykjavíkurbréfi að sá ritstjóri sem hafði skrifað þetta bréf hafði rætt mikið við embættismenn í Brussel. Mér fannst eiginlega eins og sjónarmið embættismanna í Brussel hafi birst mjög skýrt í þessu Reykjavíkurbréfi og því fer víðs fjarri að sjónarmið embættismanna í Brussel eigi að ráða stefnunni í þessum málum. Hæstv. ráðherra gat því sparað sér það að lesa svona upp úr Reykjavíkurbréfi og draga þær ályktanir sem hann dró af því sem stóð í bréfinu.

En það er annað. — Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir allar tafir sem verða hér undir þessum umræðum vegna þess að þær gefa mér tækifæri til að vera lengur í ræðustól. Ég sé að hæstv. iðnrh. er upptekinn í einkasamtölum þetta augnablik. Ég ætla nefnilega að víkja að öðru atriði í sama blaði sem hæstv. ráðherra las ekki upp sem er raunverulega miklu þýðingarmeira en allt það sem stendur í Reykjavíkurbréfi, alla vega fyrir Alþingi Íslendinga.

Eins og hv. þm. muna fór fram mikil umræða um það í síðustu viku hvort ástæða væri til þess að Alþingi ályktaði eða kæmist að niðurstöðu um það hvort utanrrh. ætti að hafa umboð Alþingis eða ekki. Við sjálfstæðismenn og stjórnarandstæðingar vorum þeirrar skoðunar að í þessu máli, sérstaklega, bæri Alþingi að samþykkja umboð til handa utanrrh. í sambandi við þær umræður og undirbúning að viðræðum við Evrópubandalagið sem fram undan eru. Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og einnig nú hæstv. iðnrh. töldu þetta algjörlega óþarft og meira að segja vitnuðu hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. í lögfræðileg atriði máli sínu til stuðnings og vísuðu þar í álit Ólafs Jóhannessonar, fyrrv. prófessors, sem fram kemur í Stjórnskipun Íslands. Það sem hæstv. iðnrh. gerði ekki — því hér er ekki aðeins um það að ræða hvort þetta sé stjórnskipunarlega rétt eða ekki, heldur er það spursmál um það hvernig Alþingi metur sjálft hvernig það á að fjalla um þetta mál, og það er Alþingi sem hlýtur að ákveða það en ekki álitsgerðir úti í bæ þótt lögfræðilegar séu — þegar hann las upp úr Reykjavíkurbréfi frá 3. des. var að lesa frétt sem var á forsíðu Morgunblaðsins sama dag. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp þessa frétt sem staðfestir og styður það sem við sjálfstæðismenn höfum sagt hér í þessum umræðum og einnig kvennalistakonur og aðrir sem hafa viljað láta samþykkja hér umboð til hæstv. utanrrh. Það er frétt um Noreg. Yfirfyrirsögnin er: „Útiloka ekki lengur tollabandalag". Þetta er frá fréttaritara Morgunblaðsins í Osló og segir hann, með leyfi forseta:

„Norska ríkisstjórnin hefur fallist á að halda möguleikanum á því að Fríverslunarbandalag Evrópu (EFTA) geri tollabandalag við Evrópubandalagið (EB) opnum. Það voru Verkamannaflokkurinn og Framfaraflokkurinn sem knúðu ályktun þar að lútandi í gegnum Stórþingið á föstudagskvöld [þ.e. 1. des.], en ríkisstjórn borgaralegu flokkanna hafði hafnað tollabandalagi fram til 1993 a.m.k. Stórþingið hefur nú fyrir sitt leyti rutt öllum hindrunum úr vegi fyrir samningaviðræðum EFTA og EB."

Þarna kemur skýrt fram að Stórþingið hefur veitt ákveðið umboð til þeirra sem mæta á viðræðufundum EFTA og EB. Það fer ekki á milli mála.

Hvað felst í þessu? Jú, samhliða því sem EFTA- og EB-viðræðurnar fara fram gera Norðmenn ráð fyrir að þurfa að fjalla við Evrópubandalagið um hugsanlegt tollabandalag milli þessara tveggja ríkja a.m.k. til ársins 1993. Það er þess vegna ekki heldur rétt að það sé aðeins finnska þingið fyrir utan Alþingi Íslendinga sem vill fjalla um þessi mál með þeim hætti sem við höfum krafist hér í þessum umræðum, sjálfstæðismenn og einnig hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ég bið hann afsökunar á því að ég skyldi ekki nefna hann hér áðan þegar ég talaði um óskir og kröfur þingmanna um það að Alþingi Íslendinga taki ákveðna afstöðu til þessara umræðna sem fram undan eru.

Ég held að hæstv. ráðherrar verði að fara að átta

sig á því að þeir eru hér að fótumtroða þingræðið á Íslandi með mjög óviðeigandi hætti svo að ekki sé meira sagt.

Það er annað atriði sem mér finnst nauðsynlegt að ræða um áður en farið er út í efnisleg atriði um stöðu Íslands í EFTA/EB-viðræðum og einnig þegar menn reyna að meta innri stöðu okkar sjálfra, bæði efnahagslega og stjórnmálalega, sem og það þegar við reynum einnig að meta hver er raunveruleg staða Íslands vegna þeirra breytinga og þeirrar nýju heimsmyndar sem birtist okkur nú þessa dagana. Það hefur vantað mikið í umræðuna að hæstv. ráðherrar, sem eiga að leiða þetta, alla vega fyrir ríkisstjórnina, ræddu nægilega um það hvað hefur verið að gerast undanfarnar vikur og mánuði, ekki aðeins í Vestur-Evrópu, heldur einnig hvaða viðhorf hafa verið að skapast t.d. í Bandaríkjunum, Japan og víðar, þessu tengd. Allt hefur þetta auðvitað áhrif á stöðu okkar og afstöðu og alla umræðuna um EFTA og Evrópubandalagið.

Áður en ég vík að því og einnig að stöðu sjávarútvegsins sem mér finnst ekki hafa verið rædd nægilega mikið, alla vega ekki af hálfu hæstv. ráðherra — hins vegar hafa stjórnarandstæðingar komið allítarlega inn á það hvað það er brýnt að menn taki það föstum tökum að tryggja stöðu sjávarútvegs og útflutningshagsmunanna — þá er það enn eitt atriði sem mér finnst vanta inn í umræðuna, virðulegi forseti, og það er þetta: Mér finnst eins og hæstv. ráðherrar hafi aldrei staðið í samningum. Nú vil ég að vísu undanskilja hæstv. iðnrh. en hann hefur bara ekki fengið svigrúm til þess að fjalla um þetta með þeim hætti sem ég tel að hæstv. utanrrh. hefði átt að gera og einnig hæstv. forsrh., þ.e. að gera okkur hv. þm. grein fyrir því hvernig þeir byggja upp sína samningsstöðu, þ.e. samningsstöðu Íslands. Hvað felst í því að byggja upp samningsstöðu? Hvað felst í því að taka þátt í samningum? Hvernig er aðdragandinn að samningum? Hvenær koma efnisatriði inn í samningsstöðuna?

Við höfum hér fyrir framan okkur skýrslu hæstv. utanrrh. um öll helstu efnisatriðin. Hæstv. utanrrh. hefur fjallað um það sem hann kallar könnunarviðræður. Ef við skoðum hins vegar skýrslu hæstv. utanrrh. og ef við skoðum einnig ummæli hæstv. ráðherra og afstöðu til þessara mála hljóta vanir samningamenn að gera sér grein fyrir því að við erum komin miklu lengra í þessari umfjöllun og umræðu en snýr aðeins að könnunarviðræðum. Við erum raunverulega, og þar með hæstv. utanrrh. með þátttöku sinni í ráðherranefnd EFTA — formennska skiptir þar raunverulega engu máli, heldur aðildin — komin í óbeinar viðræður um ákveðin efnisatriði sem menn hafa forðast að ræða hér í þessari umræðu þótt hv. þm. geri sér grein fyrir því að raunverulega erum við komin það langt að það er búið að móta öll meginatriðin sem ráðherrar munu taka afstöðu til, EFTA-ráðherrar, 19. des. því að það sem gerist auðvitað í þessu er eins og í öllum öðrum samningum. Undirbúningur og aðdragandi felur það í sér að menn mynda kröfur, raða upp efnisatriðum. Það er nú fyrsta atriðið. Í því sem hér er til umfjöllunar er um að ræða nokkrar þjóðir sem þurfa að koma sér saman um innri mótun þeirra krafna eða samningsatriða af hálfu EFTA sem geti sameinað aðilana. Það er tilgangslaust að vera alltaf að vísa hér til sérbókana eða sérstöðu í sambandi við þessi mál vegna þess að ef þær ættu að gilda hljótum við náttúrlega að túlka það þannig að hæstv. utanrrh. sé raunverulega umboðslaus.

Bókun Alþb., eins og hún birtist manni alla vega, eins og hæstv. forsrh. kynnti hana hér fyrr í umræðunum, felur það raunverulega í sér að hæstv. utanrrh. er gjörsamlega umboðslaus gagnvart helstu efnisatriðum sem hafa verið mótuð og lögð fyrir gagnaðila þótt ekki sé með formlegum hætti. Þessir aðilar, þ.e. utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna, hafa raunverulega komið sér saman um öll meginatriðin. Það sem eftir er er að ákveða það formlega hvenær þessar formlegu viðræður skulu fara fram um þau efnisatriði sem ekki verður snúið til baka með, sem þegar liggja fyrir. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt að hv. þingmenn ræði um þetta mál í víðara samhengi en aðeins í tengslum við formsatriði vegna þess að við erum þegar komin á ákvörðunarstig varðandi ákveðin efnisatriði. Alla vega hefur hæstv. ríkisstjórn þegar mótað sína stefnu nema það eigi að gilda að Alþb. hafi neitunarvald í þessu máli eins og öðrum með sínum sérbókunum. Þá hljótum við hv. þm. náttúrlega að óska eftir því strax og utanrrh. kemur heim þann 19. des. að hann geri grein fyrir á hvaða grundvelli hann hyggst leggja til að Íslendingar eigi samstöðu með EFTA-ríkjunum í væntanlegum viðræðum við Evrópubandalagið.

Þá vil ég víkja að því, virðulegi forseti, að það er þá einnig rétt að vekja athygli á því að skoðanir og afstaða í þessu mikla og mikilsverða máli fara ekki endilega eftir flokksböndum nema síður sé. Það hefur komið vel fram í þessum umræðum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er aldeilis ekki sammála núv. ríkisstjórn um mörg atriði. Hið sama má segja um kvennalistakonur sem hafa talað hér í þessari umræðu. Ég verð hins vegar að segja það, virðulegi forseti, að það er brot á grundvallarreglum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að Alþingi Íslendinga skuli ekki fá að inna af hendi og gegna þeim skyldum sem því ber samkvæmt stjórnarskránni. Það hefur þeim meiri hluta sem stendur að baki núv. hæstv. ríkisstjórn tekist að hindra í sambandi við afstöðu þingsins til viðræðna við Evrópubandalagið. Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa báðir talið óþarft að Alþingi móti þá stefnu. Þetta er auðvitað alrangt og mjög óþingræðislegt svo að ekki sé meira sagt vegna þess að þetta mál sem hér er til umræðu snertir stöðu landsins í ljósi nýrrar þróunar sem felur í sér myndun ríkjabandalaga þar sem þjóðleg sjónarmið eru víkjandi og það hlýtur að vera sérstaklega erfitt fyrir smáþjóð að meta stöðu sína í þeirri þróun. Það að reyna að meina eða koma í veg fyrir að hv. alþm. geti sameinast í þessu máli með hliðstæðum hætti og gerðist þegar Íslendingar færðu út fiskveiði-

lögsöguna á sínum tíma, svo að ég tali nú ekki um þegar Íslendingar sameinuðust um stofnun lýðveldisins Íslands, er þess vegna mjög hættulegt fyrir stöðu þjóðarinnar og sjálfstæði.

Ég vil þá, virðulegi forseti, víkja hér nokkuð að ræðum einstakra ráðherra fyrr í umræðunni, en það er nú þannig að þótt hæstv. iðnrh. liti þannig á að þessu væri að ljúka er það mikill misskilningur eins og ég hef sagt hér fyrr í minni ræðu. Þessi umræða er raunverulega að hefjast. Hæstv. ríkisstjórn ákveður ekki með hvaða hætti hv. alþm. fjalla um þetta *sjálfstæðismál Íslendinga. Þeir ákveða ekki* og skerða ekki tíma hv. þingmanna til þess að fjalla um þetta mikilvægasta mál þjóðarinnar. Þess vegna hef ég litið þannig á að við værum svona rétt að byrja umræðuna og þótt sumir hæstv. ráðherrar hafi talað tvisvar, eins og hæstv. iðnrh. hefur gert, ef ekki þrisvar, hefur hæstv. sjútvrh. sýnt þá kurteisi og áttað sig á því í stöðunni að þessari umræðu er ekki lokið og því fer víðs fjarri. Þess vegna mun hæstv. ráðherra, sem hefði getað talað hér á undan mér, hafa ákveðið það að bíða og tala síðar í umræðunni sem er auðvitað háttvísi og eðlilegt.

Í fyrri ræðum hæstv. ráðherra, og þá vík ég fyrst að Jóni Sigurðssyni hæstv. iðnrh. — sagði hæstv. ráðherra m.a. að að loknum könnunarviðræðum mundu eiga sér stað framhaldsviðræður, þ.e. samningaviðræður, samningaviðræður um þau efnisatriði sem aðrir ráðherrar EFTA-ríkjanna gera ráð fyrir að íslenski ráðherrann, utanrrh., hafi umboð til að fjalla um, mundu hefjast 19. des. með formlegri ákvörðun um það að samningaviðræður skuli verða milli EFTA og EB. Þegar þessar framhaldsviðræður, sem eru samningaviðræður, koma til skjalanna sagði hæstv. *iðnrh. að þær mundu taka langan tíma og áður en* niðurstaða fengist væru ýmsar hindranir í veginum sem þyrfti að ryðja úr vegi. Þarna kom hæstv. ráðherra ... Þetta er allt í lagi. Ég á alveg feikinógan tíma. (Gripið fram í.) Mjög góðan tíma, já. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi það líka (**Viðskrh.:** Hann hefur alltaf nógan tíma.) því að þetta er stærsta mál þjóðarinnar. Þetta er miklu, miklu stærra en hæstv. ráðherra hefur gert sér grein fyrir, enda las hæstv. ráðherra upp úr Reykjavíkurbréfi rétt áðan sem sýnir það hvað ritstjórar Morgunblaðsins bregðast skjótt við. Þeir bregða sér út fyrir landsteinana og eru þegar búnir að skrifa heilt Reykjavíkurbréf og ég spái því að það eigi eftir að koma mörg, mörg Reykjavíkurbréf um þetta efni. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra lesi upp úr næsta Reykjavíkurbréfi þar sem fjallað verður um þessi mál vegna þess að þetta var aðeins fyrsta bréf.

Það sem ég vildi víkja nú að er atriði sem ekki hefur fyrr verið fjallað um: Þegar hæstv. iðnrh., sem talaði snemma í umræðunni — sem er eðlilegt, þetta er ráðherra atvinnumála sem skipta mjög miklu máli í allri þessari umræðu — kemur inn á að það þurfi að ryðja ýmsum hindrunum úr vegi þá kom hann einmitt inn á þetta atriði og sagði að það mundi taka langan tíma, ég bið hv. þm. að taka eftir því, hann sagði að það mundi taka langan tíma — einmitt inn á atriði sem við höfum ekki fjallað mikið um í þessari umræðu sem er tímaþátturinn. Eins og hæstv. iðnrh. veit, sem er vanur samningamaður — og ég harma það að hann skuli ekki hafa verið meira með í ráðum hjá hæstv. utanrrh. þegar hæstv. utanrrh. hefur verið að undirbúa þessi mál, en hæstv. iðnrh. er aftur á móti vanur samningamaður, hefur greinilega ekki nýst sem skyldi í hæstv. ríkisstjórn í þeim efnum og ég hlýt auðvitað að harma það — er tímaþátturinn með því mikilvægasta í allri samningagerð. Ég sé á hæstv. *ráðherra að hann er mér sammála, enda er hann* þekktur fyrir að vera snjall í tímasetningu þegar hann hefur tekið þátt í samningum. Það er tímaþátturinn sem skiptir nefnilega þessa litlu smáþjóð höfuðmáli og *ég mun víkja mjög ítarlega að því síðar í minni* ræðu. Það er vegna þess að fyrir 250 þús. manns sem eiga allt sitt undir sjávarafla hefur tímaþátturinn í öllum þessum umræðum, og öllum þessum viðræðum, alveg geysilega mikla þýðingu, afkomulega séð fyrir íslenska þjóð.

Staðreyndin er sú að við höfum ekki ráð á að bíða eftir þeirri niðurstöðu sem EFTA- og EB-viðræðurnar eiga eftir að hafa í för með sér, svo að ekki sé talað um áhættuna, hver niðurstaðan verður fyrir Íslendinga. Þetta er grundvallaratriði, afkomulega séð. Ég mun víkja nánar að því hvernig við höfum, því miður, Íslendingar, verið leiddir í ákveðna tímagildru í þessum málum, og því miður er nú hæstv. forsrh. ekki viðstaddur í dag, þ.e. Steingrímur Hermannsson, þótt staðgengill hans sé hér, hæstv. sjútvrh. Við höfum því miður látið erlenda aðila leiða okkur í þá verstu tímagildru sem Íslendingar gátu gengið inn í með tilliti til þess að við erum svo afkomulega háðir *öllu sem lýtur að útflutningi sjávarafurða að við* höfum ekki ráð á því svigrúmi sem aðrar EFTA-þjóðir hafa í þessum viðræðum. Við höfum ekki ráð á því að bíða eftir niðurstöðu um það hvort tollar séu lækkaðir á íslenskum sjávarafurðum í þrjú, fjögur, fimm eða jafnvel tíu ár. Og í þeirri stöðu, þar fyrir utan, að við þurfum að draga úr fiskveiðum við Ísland er þessi tímaþáttur enn þá mikilvægari. Það er enn þá mikilvægara að reyna að meta það hvernig við getum nýtt tímann sem best og hvernig við verðum að nýta hann, og það hefur þessari ríkisstjórn gjörsamlega mistekist. Hún hefur ekki áttað sig á tímaþættinum og hún hefur ekki áttað sig á því hvað þetta mun hafa hrikalegar afleiðingar í versnandi afkomu fyrir íslenska þjóð. Hins vegar skynjar iðnrh. hæstv. það að tímaþátturinn hefur þýðingu þegar hann bendir á það strax í upphafi sinnar ræðu að það geti tekið langan tíma að fá niðurstöðu í þessu máli og mun ég koma að mínu mati í þeim efnum hér á eftir.

Ég sakna þess nú, virðulegi forseti, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli ekki vera inni þegar ég fjalla um þann þátt í ræðu hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar hér fyrr í umræðunni þar sem hann fjallaði um frjáls þjónustuviðskipti, en þar kom hann inn á það að í frjálsum þjónustuviðskiptum væri m.a. frelsi fjármagnsins á milli landa. Það er mjög mikilvægt

atriði í þessum viðræðum öllum. Hæstv. ráðherra sagði að hin frjálsu þjónustuviðskipti mundu skapa mikla möguleika en einnig ákveðin ný vandamál. Nú vil ég ekki vera að ræða um vandamálin — hæstv. ráðherra getur skýrt það betur hvað hann átti við þar — en auðvitað hlýt ég að taka undir það að á þessu sviði geta hugsanlega skapast nýir möguleikar sem geta bætt kjör íslensku þjóðarinnar.

Hann vék einnig að því að með hinu sameiginlega markaðssvæði Evrópu, eins og það mun koma til með að líta út, mun skapast ákveðin samkeppni sem ætti að gefa Íslendingum tækifæri. En í sambandi við fjármálaþjónustuna, frelsi fjármagnsins, vakti hæstv. ráðherra athygli á því að það væri þegar komið ákveðið frelsi í sambandi við verðbréfasjóði, verðbréfaþing og sameiningu banka, þ.e. hér innan lands, og undirstrikaði í sinni ræðu að þróunin gengi í átt til aukins frelsis.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hafi átt við með því þegar hann talar um það að þróunin hafi gengið í átt til aukins frelsis frá því sem við þekkjum í dag. Er það kannski væntanlegt frá hæstv. viðskrh. að það verði gefið frelsi til þess að versla með erlend verðbréf, þ.e. kaupa erlend verðbréf, hlutabréf t.d. í erlendum fyrirtækjum. Það á að opna fyrir slík frjáls viðskipti á næstunni. Ég veit að hæstv. viðskrh. hefur verið með þetta á döfinni í 2–3 ár ef ég man rétt. Það væri fróðlegt að vita hvort það sé í vændum að hann, með reglugerðarútgáfu, muni opna fyrir á þessum sviðum. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir t.d. ávöxtun á fjármunum lífeyrissjóðanna eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Eignir lífeyrissjóðanna eru að verða, um næstu áramót, um 100 milljarðar ísl. króna. Það er svona svipað og fjárlögin, og það náttúrlega gengur ekki lengur að þessir sjóðir skuli ekki fá að dreifa áhættunni, m.a. með því að kaupa trygg erlend skuldabréf. Þannig tíðkast það í vestrænum ríkjum þar sem það er viðurkennt — svo ég víki nú nokkuð að tryggingum — að lífeyrissjóðir, söfnunarsjóðir, séu grundvallaratriði í tryggingakerfi viðkomandi þjóða, þ.e. vestrænna ríkja. Það á bæði við um Bandaríki Norður-Ameríku, Kanada, sem og Vestur-Evrópuþjóðirnar. Þá er það viðurkennt að til þess að hægt sé að hafa samfellt og sterkt kerfi sé nauðsynlegt að hafa söfnunarsjóðskerfi jafnframt því sem til viðbótar kemur ákveðið, persónubundið tryggingakerfi þar sem viðbótartryggingin er í eigu viðkomandi einstaklinga. Þannig að söfnunarsjóðskerfið, lífeyrissjóðakerfið, er grunntryggingarkerfi. Almenna tryggingakerfið eins og við þekkjum það og höfum þekkt það í fortíðinni er víkjandi hjá vestrænum þjóðum. Hins vegar eru söfnunarsjóðirnir að koma sem grunntryggingakerfi ásamt því að persónubundnir samningar einstaklinga eða hópa í stórum fyrirtækjum koma til skjalanna sem viðbótartrygging.

Þetta vildi ég láta koma fram, en hvað sem því líður hefur þetta mikla söfnunarkerfi lífeyrissjóða í vestrænum ríkjum haft það í för með sér að til þess að dreifa áhættunni hafa ríkisstjórnir viðkomandi landa og þjóðþing heimilað það að ákveðinn hluti af þessu söfnunarfé geti farið í það að eiga viðskipti á milli ríkja. Ég er því sammála hæstv. ráðherra í því að það má ekki dragast lengur að þessar heimildir verði gefnar út sem hann raunverulega hefur á valdi sínu og þá kemur önnur spurning til hæstv. viðskrh.: Hvernig stendur á því að hann er ekki enn þá búinn að gefa út þessa reglugerð? Er hugsanlegt að einhverjir samráðherrar hans komi í veg fyrir þetta?

Nú heyrir maður talað um það að á sama tíma og Austur-Evrópa er að opnast og frelsi er að verða meira í Austur-Evrópu sé eins og að Ísland sé að færast nær því sem var í austrinu hér áður fyrr, viðhorf ýmissa ráðherra séu innhverf. Þeir vilji loka Íslandi, einangra það frá þeirri þróun, frelsisþróun, sem á sér stað í löndunum hér í kringum okkur.

Hæstv. viðskrh. talaði um hið háa verð á íslensku fjármagni, og vissulega er það hátt, því miður. Ég er ekki alveg sammála því hvernig hann ályktar að hægt sé að leysa þetta. Hann virðist helst líta þannig á að með því að fá erlenda banka og erlent fjármagn inn í landið með þeim hætti sem hann lýsti í ræðu sinni muni það gerast af sjálfu sér að vextir fari lækkandi og fjármagnið verði ódýrara á Íslandi. Ég held að þetta sé ekki alveg rétt ályktað hjá hæstv. ráðherra vegna þess að á meðan við ráðum ekki við ofþensluna í ríkisgeiranum, sem virðist hafa óseðjandi þörf fyrir fjármagn, á meðan við getum ekki skorið niður ríkiskerfið og eyðslu hins opinbera, held ég að erlent fjármagn muni ekki leysa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Hins vegar gæti of mikið erlent fjármagn inn í þetta þensluþjóðfélag, eins og það hefur verið, leitt til stóraukinnar verðbólgu. Ég held þess vegna að hæstv. ráðherra verði nú að líta fyrst til þess að við þurfum að leysa okkar mál hér innan lands fyrst ef við ætlum að koma niður vöxtum, og þá auðvitað verðum við að draga úr umsvifum ríkisins og lækka skatta þar af leiðandi því að þegar allt er lagt saman, tekjuskattar, eignarskattar, útsvör o.s.frv. o.s.frv., bensíngjald og hvað það heitir, kemur í ljós að það er svo að þrengt hjá þeim sem reka fyrirtæki og fjölskyldum að afskaplega lítið er eftir til eigin nota.

Hæstv. ráðherra, Jón Sigurðsson, sagði: Ég sé enga þörf á formlegu umboði fyrir utanrrh.

Ég vakti athygli á því áðan að bæði finnska þingið og Stórþingið hafa samþykkt stefnumörkun sem felur í sér ákveðið umboð til utanríkisráðherra viðkomandi ríkja, þannig að ég tel að þessi yfirlýsing hæstv. viðskrh. um það að ekki sé þörf á formlegu umboði af Íslands hálfu til hæstv. utanrrh. sé röng.

Þá gat hæstv. ráðherra um það, eins og fleiri ráðherrar í þessari umræðu, að ýmsir ráðherrar hafi átt í tvíhliða viðræðum við erlenda þjóðhöfðingja. En það er náttúrlega grundvallarmunur á því hvort menn eru í formlegum viðræðum eða óformlegum. Þess vegna er það auðvitað rétt ályktað hjá hæstv. sjútvrh. að þrátt fyrir það að menn hafi átt í tvíhliða viðræðum, óformlegum, er ekki hægt að vænta þess að niðurstaða verði út af fyrir sig þó að skilningur sé

skapaður, sem er náttúrlega afar mikilsvert. Þess vegna hlýtur maður að álykta það og ég efast ekki um það og það veit alþjóð að hæstv. sjútvrh. hefur lagt sig mjög fram um að þróa raunverulega tvíhliða viðræður þannig að ég mundi álíta að það sé bara framkvæmdaratriði út af fyrir sig að reyna að fá niðurstöðu í hvort þessar óformlegu tvíhliða viðræður, sem hann sérstaklega hefur átt við vinveittar þjóðir, geti ekki leitt til þeirrar niðurstöðu sem við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á sem er að fá viðbót við bókun 6. Ég held því að vinir okkar í EFTA mundu ekki styggjast mikið þótt það væri gert með formlegum hætti að ræða við þær viðskiptaþjóðir Evrópubandalagsins sem meginmáli skipta fyrir Íslendinga.

Hæstv. viðskrh. kom einnig í ræðu sinni að styrkja- og niðurgreiðslustefnu Evrópubandalagsins í sjávarútvegi og sagði m.a. að það væri erfiður hjalli. Og það voru orð að sönnu. Ég mun víkja að því mjög ítarlega hér á eftir. Við nefnilega leggjum mikla áherslu á það, sjálfstæðismenn og kvennalistakonur, alveg sérstaka áherslu, að vanda okkur í málflutningi í þessu máli og koma að öllum þáttum þess og ekki hvað síst þeim sem hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki gert nægilega góð skil, hvorki hér á hinu háa Alþingi né úti í þjóðlífinu. Þetta er alveg grundvallaratriði í sambandi við meðferð okkar sjálfstæðismanna á þessu máli.

Þetta atriði, sem hæstv. viðskrh. tæpti á í ræðu sinni, styrkja- og niðurgreiðslustefna Evrópubandalagsins, er einmitt þeirrar gerðar að Íslendingar verða að fá tvíhliða viðræður strax við Evrópubandalagið og ef embættismennirnir í Brussel hafa þá afstöðu sem kom m.a. fram í títt nefndu Reykjavíkurbréfi eiga Íslendingar ekkert að vera að eyða tíma sínum í það að fara til Brussel og ræða við embættismenn Evrópubandalagsins. Við erum ekki fyrsta og eina þjóðin sem hefur þurft að ganga fram hjá býrókrötunum í Brussel. Það eru ekki heilagar kýr nema síður sé. Ég vil minna á það, sem hefur kannski farið fram hjá hæstv. ráðherrum, að sömu dagana og við vorum að ræða um þetta mál í síðustu viku, sama dag og hér fer fram vantraustsumræða, þ.e. sl. fimmtudag, er Evrópubandalagið að ganga frá sérstökum samningum við Sovétríkin varðandi tolla. Þá er Evrópubandalagið að ganga frá sérstökum samningum til þess að auðvelda Sovétríkjunum að komast sem fyrst og sem skjótast í frjáls viðskipti við Evrópubandalagið og styrkja þar með stöðu umbótasinna í Sovétríkjunum. Um þetta höfum við, nokkrir hv. þm., staðfestar upplýsingar sem munu koma hér nánar fram í umræðunum síðar. Svo standa menn hér bísperrtir á Alþingi Íslendinga og segja: Tvíhliða viðræður skaða stöðu EFTA-ríkjanna og Íslands í sameiginlegum viðræðum EFTA og EB. Þetta er fáránlegt og broslegt. Spursmálið er: Eru hæstv. ráðherrar embættismenn eða nálgast þeir þessa umræðu og þessa hagsmuni út frá sjónarmiðum embættismannsins en ekki út frá sjónarmiðum stjórnmálamannsins, svo ég tali nú ekki um út frá sjónarmiði athafnamannsins, útgerðarmannsins, útgerðarmannanna, útgerðarhagsmunanna, útflutningshagsmunanna? Það veit ég að hæstv. sjútvrh. skilur.

Auðvitað eigum við að nálgast þetta út frá þeim grundvallarhagsmunum sem snúa að íslenskri þjóð. Við erum öll sammála um það að Ísland ætlar ekki og gengur ekki í Evrópubandalagið. Þegar sú afstaða liggur fyrir þá er næst að skoða það hvernig við reynum að semja um hagsmuni Íslands. Og það er ekki í fyrsta skipti sem Íslendingar standa frammi fyrir því að þurfa að segja við aðrar þjóðir: Við höfum ákveðna sérstöðu. Það var gert þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Þá var það skýrt undirstrikað, m.a. í ræðu þáv. utanrrh., Bjarna Benediktssonar, þegar hann ávarpaði samkunduna í Washington í apríl 1949. Þá var það skýrt tekið fram í því ávarpi að sérstaða Íslands væri viðurkennd sem hefur komið fram í mörgum myndum síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Að ætla svo að halda því fram árið 1989 að aðrar þjóðir skilji ekki sérstöðu Íslands og séu ekki reiðubúnar til að bregðast skjótt við, ég tala nú ekki um á erfiðleikatímum þessarar þjóðar, að gera viðbótarsamning sem er smáatriði fyrir þessar þjóðir en stórmál fyrir íslenska þjóð. Nei, hv. þm., það er ekki sæmandi Alþingi Íslendinga að menn skuli leggja mál þannig fyrir að þetta komi ekki til greina.

Því miður er hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson ekki hér viðstaddur þannig að ég ætla að sleppa því að fjalla um nokkur atriði í ræðu hans sem ég hefði gjarnan viljað fá nánari skýringu á hjá honum sjálfum. Ég læt það bíða þar til hann kemur heim. Ég á von á því, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. verði kominn til landsins fyrir lok þessarar viku. Ég sé að virðulegum forseta er ekki kunnugt um það, en ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. geti upplýst okkur um það hér á eftir, af því að við höfum haft nægan tíma til að fjalla um þetta, hvort hæstv. forsrh. verði ekki mættur hér. (**Gripið fram í:** Á morgun.) Nú, strax á morgun, ég fagna því, ég kann ágætlega við það að hafa hæstv. forsrh., Steingrím Hermannsson, hérlendis þó ég styðji hann ekki í því embætti sem hann er í í dag. En það er alltaf gott að vita af honum á sínum stað. En þá bíð ég með það að fjalla um þau atriði og þær spurningar sem ég hefði viljað leggja fyrir hæstv. forsrh.

Hins vegar verð ég hér á eftir að ræða nokkuð um það hvernig ég tel að hæstv. forsrh. hafi því miður látið leiða sig og okkur í vissum skilningi — ég undirstrika það — í vissum skilningi inn í það sem ég kalla tímaþáttargildru. Þá á ég við það að við skyldum ekki gæta þess þegar í upphafi 1987 að gera EFTA-ríkjunum grein fyrir því að við yrðum að vera í tvíhliða viðræðum út af okkar meginútflutningshagsmunum samhliða því sem við værum reiðubúnir að vera í sameiginlegum EFTA- og EB-viðræðum. (**Sjútvrh.:** Hann var nú ekki forsrh. þá.) Hann var utanrrh. Einmitt. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þessa athugasemd. (**HBl:** 1987 var hann bæði forsrh. og utanrrh.) Já, einmitt. Það var það sem ég ætlaði einmitt að koma með. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir

þessa athugasemd. Hann var nefnilega hvort tveggja, þannig að hann réði miklu um mótun þeirrar stefnu sem ég tel að hafi falið í sér ákveðna gildru fyrir okkur Íslendinga sem er sú — og ég mun koma mjög rækilega að hér á eftir — að við tökum þá ákvörðun að fara í sameiginlegar EFTA/EB-viðræður í ársbyrjun 1987 á forsendu fríverslunar með fisk, fyrst innan EFTA sem allir vissu að skipti engu máli fyrir okkur því útflutningur okkar á sjávarafurðum til EFTA-ríkjanna er svo lítill, það vigtar ekki í afkomunni, því að í framhaldi af því segja hinir erlendu aðilar — og ég mun lesa það hér upp á eftir, með leyfi forseta — að þá muni það auðvelda Íslendingum að þeir fá í gegnum sameiginlegar viðræður EFTA við EB fríverslun á fiski innan Evrópubandalagsins. En fríverslun á fiski er bara ekki á dagskrá í Evrópubandalaginu og var enn síður þá. Það gengur nefnilega ekki upp að tala annars vegar um fríverslun á fiski gagnvart þjóðum utan Evrópubandalagsins á sama tíma sem Evrópubandalagið rekur styrkjastefnu upp á hundruð milljarða kr. á 10 ára tímabili sem hófst 1987 og lýkur árið 1997. Það gengur ekki upp.

Hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson flutti að minni hyggju skikkanlegustu ræðuna af þessum hæstv. ráðherrum sem hafa talað hér um þetta mál, enda gerir hann sér grein fyrir því, eins og við hinir sem erum að gagnrýna málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar, hverjir eru grundvallarhagsmunir íslenskrar þjóðar og skilst mér að það hafi farið fram skoðanakönnun sem mun birtast væntanlega núna í dag eða í kvöld og hæstv. sjútvrh. mun vera þar ofarlega á vinsældalistanum. Það skil ég vegna þess að hann er raunverulega sammála okkur sjálfstæðismönnum. (**EKJ:** Nei.) Ja, hann er raunverulega sammála okkur í því að það þurfi að fara fram tvíhliða viðræður, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Hann er okkur sammála um að það þurfi að fara fram tvíhliða viðræður. Hann er okkur sammála um að það þurfi að koma viðbót á bókun 6. (Gripið fram í.) Já, það eina sem vantar er að hæstv. ráðherra taki nú af skarið og láti þessa ríkisstjórn samþykkja það fyrst hún situr að það skuli vera formlegar viðræður. Og þá er spursmálið hvað umboðið á að vera víðtækt. Ég mundi segja að umboðið ætti að vera það víðtækt að það ættu að vera formlegar viðræður við Evrópubandalagið sem slíkt en einnig ætti það að fela í sér umboð til þess að hæstv. sjútvrh. geti tekið upp formlegar viðræður við ákveðin ríki innan Evrópubandalagsins á stjórnmálalegum grundvelli, þ.e. að hann fái svigrúm til að ræða við þessa herra sem stjórnmálamaður og tala um hin stjórnmálalegu viðhorf þessara mála en ekki hin tæknilegu. Því við komumst ekki í gegnum styrkjastefnu Evrópubandalagsins eða þá hagsmunahópa sem þar eru fyrir, alls ekki í gegnum EFTA/EB-viðræðurnar og mjög ólíklegt að við komumst í gegnum einhliða/tvíhliða viðræður EB, en það þarf að láta á það reyna.

Mín skoðun er sú að leið Íslands í þessum málum liggi ekki í gegnum Brussel. EFTA getur rætt við Brussel og við getum verið í þeim hópi. Mín skoðun er sú að leið Íslands liggi í gegnum Bonn, París og London. Þar eru Íslendingar viðurkenndir. Það skiptir höfuðmáli að gera sér grein fyrir því hver af viðræðuaðilum vigtar og ræður og hefur skilning á stöðu gagnaðilans.

Að mínu mati erum við Íslendingar í vissum skilningi leiksoppar býrókratanna sem hvorki virða sérstöðu né vilja viðurkenna sérstöðu Íslands né Íslendinga. Þeir hafa ekki vilja til þess. Það er mikill munur á því hvort sá maður sem maður semur við er sá sem tekur ákvörðun, hefur vald til þess að ákveða, eða hvort hann er ráðinn til að útfæra ákvarðanir og tilskipanir. Ég lít þannig á að þeir sem eru í Brussel séu þeir sem eiga að útfæra þegar teknar ákvarðanir og taka tilskipunum en ekki að móta stefnu né ákveða fyrir okkur hina.

Hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson sagðist vera sammála utanrrh. í sinni ræðu í meginatriðum en leggur þó áherslu á tvíhliða viðræður. Þetta kom skýrt fram í ræðu hæstv. sjútvrh. Þótt nú séu fjórir dagar liðnir síðan hann flutti þessa ræðu þá kom þetta fram. Og ég tek undir það að ég legg áherslu á tvíhliða viðræður.

En ég er ekki sammála hæstv. utanrrh. eins og hann hefur fjallað um þetta mál nema síður sé. Ég tel hann afskaplega — ja, ég segi nú ekki vanhæfan, jú, raunverulega ætti að segja það. Ég tel að hann fullnægi ekki þeim kröfum sem ég geri til góðra samningamanna. Og hvernig eiga góðir samningamenn að vera? Fyrsta skilyrðið er það að góðir samningamenn séu í góðu jafnvægi og greini aðalatriði frá aukaatriðum. Þá verða þeir auðvitað að sýna mikla þolinmæði. Samningar taka langan tíma og krefjast mikils úthalds. Það þýðir ekkert bráðlæti eða upphrópanir. Þetta eru ekki formsatriði eða upptalningar. Það er mjög vandasamt að standa í samningum. Og því miður verð ég að segja það að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson uppfyllir ekki þær kröfur sem ég geri til góðra samningamanna. Hér erum við að tala um það, undir þessari umræðu, að það er verið að fjalla um könnunarviðræður, samningaviðræður, ákvörðunartöku um það hvenær þær skuli hefjast o.s.frv. þannig að það er auðvitað mjög alvarlegt mál ef sá sem á að vera oddamaður Íslendinga í slíkum viðræðum hefur ekki tiltrú — ég vil segja helst allra hv. þm., alla vega sem flestra. Ég ætla nú ekki að ræða það frekar og alls ekki það hvernig það birtist hv. þingheimi og þjóðinni hér sl. fimmtudagskvöld.

Hæstv. sjútvrh. vísaði í þá ræðu sem hann flutti á aðalfundi LÍÚ fyrir skömmu um þessi mál og er allt gott um það að segja. En ég verð að segja í framhaldi af því — ég las ræðuna og hef fylgst vel með hæstv. sjútvrh. í gegnum tíðina — að það er ekki nægilegt að hann hafi góðan vilja í þessum efnum. Hann er bara í félagsskap með mönnum í hæstv. ríkisstjórn sem útilokar það að hans hæfileikar nýtist sem skyldi í þágu okkar Íslendinga. Því miður. Ég sé að hæstv. ráðherra heldur að ég sé eitthvað að spauga, en því miður gaf hæstv. ráðherra mér ekki kost á því eða þjóðinni að skipta um ríkisstjórn og efna til kosninga.

Auðvitað felst ekki endilega í þessu fyrirheit um að hæstv. sjútvrh. eigi að vera í næstu ríkisstjórn. Alls ekki. Því það veit enginn hver verður niðurstaða kosninga. En alla vega hefði verið gott að vita af hæstv. ráðherra sem stuðningsmanni þeirrar stefnu sem við sjálfstæðismenn berjumst fyrir. Og ég sé það á honum að hann er mér innilega sammála um þetta. Hann mundi ekki síður vera það sem þingmaður þótt hann væri ekki í ríkisstjórn í næstu umferð sem allt virðist stefna til.

Um gagnkvæmar veiðiheimildir held ég að ég fari ekki nánar út í en ég verð að segja það að hæstv. sjútvrh. þyrfti nú að vinna með hæfari mönnum en hann gerir þessa stundina því það er verulegur hemill á það að hann geti fylgt því eftir sem við sjálfstæðismenn leggjum megináherslu á.

Hæstv. utanrrh., sem er fjarverandi núna að gegna fundarstjórastörfum — og að vissu marki hlýtur hann að reyna að gæta hagsmuna Íslendinga, ég krefst þess og ætlast til þess af honum þó að ég telji hann ekki hafa eiginleika góðra samningamanna, þá eru náttúrlega með honum hæfir menn til þess að aðstoða við það, enda hefur það komið fram í fréttum að þeir íslenskir embættismenn, sem hafa fjallað um undirbúning þessara mála, hafa reynst mjög hæfir. Erlendir kollegar þeirra og jafnvel stjórnmálamenn hafa lýst því yfir að verk þessara embættismanna — og þar mun sérstaklega vera um að ræða Hannesar Hafstein ráðuneytisstjóra, Sverris Hauks Gunnlaugssonar, fyrrv. sendiherra Íslands í Genf, og Einars Benediktssonar ambassadors — að þeir hafi unnið mjög vel að undirbúningi þessara mála hvað formið áhrærir. Þeir, embættismennirnir leggja auðvitað ekki mat á efnisatriði en þeir framkvæma það og útbúa það sem máli skiptir í hendur erlendra aðila. Og þeir hafa greinilega staðið mjög vel að verki og ber að þakka það, að sjálfsögðu. Þessir menn eru sem betur fer til staðar þar sem umræðan um stöðu Íslands í sameiginlegum viðræðum EFTA og EB fer fram og það er auðvitað mjög þýðingarmikið.

Ég hafði hugsað mér að víkja hér að nokkrum atriðum í ræðu hæstv. utanrrh. en þar sem hann er fjarverandi getur verið erfitt að leggja fyrir hann spurningar. En það sem mér fannst einkennandi í upphafsorðum ráðherrans hér fyrr í umræðunni var þegar hann sagði: Við eigum ekki val. Við verðum að láta þessa umræðu fara fyrst fram í gegnum EFTA og síðan verðum við að sjá til. Hann taldi einnig að Íslendingar mundu ná meiri árangri í viðræðum EFTA og EB heldur en tvíhliða viðræðum. Þarna eru þeir ekki sammála, hæstv. ráðherrar, annars vegar sjútvrh., sem gerir sér grein fyrir því að tvíhliða viðræður eru lífsspursmál fyrir Íslendinga, og hæstv. utanrrh. sem gerir lítið úr þessu atriði.

Þá vil ég víkja nokkuð að því vanmati hæstv. utanrrh. sem hann hefur á tímaþættinum. Hann virðist ekki skynja það að tímaþátturinn er, eins og ég gat um hér fyrr í minni ræðu, mjög mikilvægur og getur ráðið úrslitum um árangur í samningum og niðurstöðum.

Ég fór nokkrum orðum um það hér í upphafi míns máls að tímaþátturinn væri mjög mikilvægt atriði fyrir Íslendinga, bæði með tilliti til þess hvað við erum fáir og einnig með tilliti til þess um hvaða hagsmuni er að ræða sem eru útflutningshagsmunirnir, en það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvað þeir eru mikilvægir. Það hefur komið fram og kemur fram í skýrslu svonefnds SAS-hóps, sem eru samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi, að þeir meta tímaþáttinn nákvæmlega eins og við höfum gert hér hv. þm. sem höfum gagnrýnt það hvernig ríkisstjórnin stendur að þessum málum. Ef við lítum á þetta bara út frá sjónarmiði tolla, þá liggur það ljóst fyrir að á þessu ári sem nú er að líða höfum við tapað um 1100 millj. í óhagstæðari tollum EB á sjávarafurðum sem eru seldar innan Evrópubandalagsins, þ.e. sjávarafurðum sem eru seldar frá Íslandi innan Evrópubandalagsins.

Ef við lítum bara á þetta, hina óhagstæðu tolla, ef við hugsum svo til þeirra ummæla sem hafa komið fram hjá bæði hæstv. viðskrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að EFTA/EB-viðræðurnar muni taka langan tíma og það geti liðið kannski eitt, tvö eða þrjú ár áður en það verður niðurstaða í þeim, þá sjáum við fram á það að ef ekki eiga sér stað tvíhliða viðræður strax munu Íslendingar tapa á ári þetta frá svona 1100–1400 millj. kr. Á aðeins þrem til fjórum árum erum við kannski að tala um 4–5 milljarða fyrir utan það atriði að það verður auðvitað erfiðara fyrir Íslendinga að selja sína vöru við þessar aðstæður. Það kallar á aukinn sölukostnað. Jafnframt því sem við höfum ekki fengið svigrúm til að tala við Evrópubandalagið um hin skaðlegu áhrif þeirrar styrkjastefnu sem Evrópubandalagið rekur í sínum eigin sjávarútvegi og gerir okkur enn erfiðara fyrir. Þannig að ef maður vill mæla þetta rétt þá á maður að skoða þetta í miklu víðara samhengi heldur en bara út frá því hvað Íslendingar tapa í sambandi við óhagstæðari tolla. Það þarf líka að skoða þetta út frá því hvað Íslendingar standa markaðslega miklu verr að vígi eins og nú er að hnútunum búið. Við höfum ekki fengið tækifæri til þess að ræða við Evrópubandalagið um þessi atriði. Þannig að tímaþátturinn einn, það að taka ekki upp tvíhliða viðræður, kostar Íslendinga milljarða króna. Fleiri milljarða. Við skulum hafa það í huga að 75% af öllum vöruútflutningi Íslendinga eru sjávarafurðir. Rúmlega 60% af þessum sjávarafurðum fara árlega til EB-landanna, þ.e. saltfiskur, ísfiskur, niðurlagðar afurðir, lýsi, mjöl o.s.frv.

Núv. ríkisstjórn hefur ekki verið með réttar áherslur ef litið er á það út frá beinum efnahagslegum hagsmunum Íslendinga. Aðilar atvinnulífsins, þ.e. sjávarútvegs og fiskiðnaðar, svonefndur SAS-hópur hefur nýlega undirstrikað það með útgáfu sérstakrar skýrslu sem skýrt hefur verið frá í fjölmiðlum. Sú skýrsla hefur nú ekki verið mikið til umfjöllunar í þessari umræðu. Og það verður að segjast eins og er að einhvern tímann hefði hið háa Alþingi fjallað í ítarlegra máli um niðurstöður jafnmerkilegrar skýrslu, um stöðu og horfur í grundvallaratvinnu-

grein þjóðarinnar, sem er sjávarútvegur. Sjávarútvegur og fiskiðnaður er sem fyrr undirstaða íslensks efnahagslífs og raunveruleg forsenda þess að við getum lifað hér í þessu landi. Það er allt of sjaldan minnst á þetta. Við sem hér erum inni, hv. þm., lítum á þetta sem svo sjálfsagðan hlut að það þurfi ekki að vera að tíunda það. Hv. þm. eru yfirleitt fólk sem hefur starfað einhvern tíma um ævina við þessa atvinnugrein. En það eru þúsundir, það eru tugir þúsunda ungra Íslendinga sem skynja það ekki með sama hætti og við gerum. Þess vegna er ekki vanþörf á því að þetta sé rifjað upp til þess að fólk geri sér grein fyrir á hvaða forsendum það býr hér á Íslandi.

SAS-skýrslan, sem hv. þm. munu allir hafa fengið, segir mikla sögu um stöðu þessara mála. Þeir sem að skýrslunni standa eru aðilar sem hafa sérþekkingu á þessum málum og ég efast um að aðrir þekki þar betur til. Það hefur komið fram, og ég mun skýra frá því hér á eftir, að það hefur ekki verið haft nægilegt formlegt samband við þessa aðila í undirbúningi málsins, því miður, og hef ég hér skjalföst gögn þar um.

Í minnispunktum um helstu atriðin í SAS-skýrslunni koma fram atriði sem eru þess eðlis að ég tel nauðsynlegt að árétta það hér í minni ræðu til að undirstrika mikilvægi þess að tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið fari fram hið fyrsta. Hv. Alþingi hlýtur að geta þrýst þannig á hæstv. ríkisstjórn að hún sjái sig knúna til þess að verða við vilja alþingismanna og þjóðarinnar um það að hagsmunir hennar séu tryggðir, þ.e. raunverulegir hagsmunir ekki hvað síst með tilliti til þess að ráðherrar hafa sjálfir undirstrikað það hér að það má ekki búast við niðurstöðu úr EFTA/EB-viðræðunum sem getur skilað jákvæðum árangri hvað afkomu snertir fyrr en eftir nokkur ár. Við getum ekki horft aðgerðarlausir upp á það að ekkert sé gert til þess að tryggja það að afkoma þjóðarinnar verði betri í sambandi við tekjur af útflutningsvörum hennar. Það hlýtur að vera frumskylda okkar að reyna að koma í veg fyrir það að enn frekari kjaraskerðing eigi sér stað.

En það hefur ekki komið fram, virðulegi forseti, nægilega skýrt hér undir umræðunni, ýmis helstu atriðin um þennan svonefnda SAS-hóp, þar á meðal hverjir það eru sem mynda Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi. Þessir aðilar eru, virðulegur forseti: Landssamband ísl. útvegsmanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Félag Sambandsfiskframleiðenda, Samtök fiskvinnslustöðva, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þetta eru þeir aðilar sem eru með, ég vil segja, meginábyrgðina í sjávarútvegi og fiskiðnaði á Íslandi og þeir eru í mjög nánu samstarfi við sjómannasamtökin. Ég hef ekki ástæðu til að halda annað en að sjómannasamtökin og sjómenn almennt séu sömu skoðunar og þessir fulltrúar þeirra samtaka og fyrirtækja sem ég las upp áðan, um það hvað það sé mikilvægt að taka upp tvíhliða viðræður við EB og tryggja hagstæða samninga við EB, útvíkkun eða viðbót við bókun 6, sem felur í sér að lækka og fella niður tolla á sjávarafurðum til Evrópubandalagslandanna.

Markmið þessara aðila, SAS-hópsins, er að móta sameiginlega afstöðu íslensks sjávarútvegs til þeirrar þróunar sem á sér stað innan Evrópubandalagsins. Þeir segja að ástæða þess sé sú að Evrópubandalagið sé mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslendinga. Árið 1988 fóru 59% af heildarvöruútflutningi Íslendinga til bandalagsins og sama ár fóru 63% af útflutningi sjávarafurða þangað.

SAS-hópurinn hefur fjallað alveg sérstaklega um þessar svonefndu könnunarviðræður EFTA og EB. Hann gerir sér grein fyrir því að markmið þessara viðræðna er að reyna að aðlaga EFTA-ríkin að innri markaði EB, þ.e. svonefndu auknu frjálsræði og þar með yrði það gert á grundvelli útvíkkunar á fríverslunarsamningi EFTA og Evrópubandalagsins.

Í þessum viðræðum er, eins og hv. þm. vita, einnig fjallað um frjáls vöruviðskipti, en SAS-hópurinn vekur alveg sérstaka athygli á því, sem hefur nú komið fram hér í umræðunni en ekki mjög sterkt, að í könnunarviðræðum EFTA og EB er afskaplega lítið fjallað um sjávarútvegsmál, þ.e. þann þátt sem skiptir höfuðmáli fyrir íslenska þjóð. Einmitt þetta atriði kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur þegar hún talaði hér fyrr í umræðunni.

Staðreyndin er nefnilega sú að Brussel, þ.e. þeir sem halda á málum Evrópubandalagsins frá aðalstöðvunum í Brussel, hafa mjög takmarkaðan eða lítinn áhuga fyrir því að semja um fríverslun með fisk í tvíhliða viðræðum við EFTA. Þetta er mjög ríkjandi skoðun hjá þeim sem hafa kynnt sér þetta annars staðar en í Brussel. Þeir hafa fengið þetta í gegnum fulltrúa annarra þjóða sem eiga samskipti við sína menn, sína fulltrúa í Brussel. Þess vegna harma ég það nú út af fyrir sig að vinir mínir á Morgunblaðinu skyldu ekki líka fara til Bonn og Parísar og London og víðar áður en þeir fóru að móta sína skoðun með jafnákveðnum hætti og kom fram í Reykjavíkurbréfi 3. des. En ég veit að það mun allt standa til bóta því Morgunblaðið er nú þeirrar gerðar að þeir hafa víða sambönd og afla sér víða heimilda og gagna þannig að Morgunblaðið verður ekki lengi að átta sig á því.

Þá er það staðreynd, sem ég veit að hæstv. sjútvrh. veit, að EB hvorki vill né getur breytt sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins frá árinu 1983 vegna þess að í ársbyrjun 1987, á sama tíma sem hæstv. þáv. forsætis- og utanrrh., Steingrímur Hermannsson, var að leiða okkur inn í EFTA-gildruna, horfði ekki nægilega langt fram í tímann, þá eru þeir að ganga frá styrkjastefnu til sjávarútvegs Evrópubandalagslandanna sem bindur hendur Evrópubandalagsins fram til ársins 1997. Þetta er staðreynd.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég sé ekki hvernig hægt er að komast hjá því. Ég sé ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn getur neitað því að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið eða reyna það og takist það ekki í Brussel þá verður að gera það beint. Það þýðir ekkert að segja eins og hæstv. forsrh. sagði

hér í umræðunum um daginn: „Það er allt of mikil áhætta í því með tilliti til EFTA-viðræðnanna.“ Hvar hefðum við Íslendingar staðið ef við hefðum hugsað um það, svo ég segi það nú sem NATO-stuðningsmaður, hvað hefði þýtt að hugsa þannig þegar við vorum að færa út fiskveiðilögsöguna í 200 mílur? Hvað hefði þýtt fyrir okkur hérna með NATO-hjartað, eins og það var kallað á þeim tíma, að hugsa sem svo: Nei, við megum ekki færa út í 200 mílna fiskveiðilögsögu, það gæti skaðað svo samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins? Auðvitað vildum við ekki skaða samstarfið við Atlantshafsbandalagið en við gerðum okkur grein fyrir grundvallarhagsmunum Íslendinga og við vorum í Atlantshafsbandalaginu sem Íslendingar þannig að aðrar þjóðir innan bandalagsins urðu að taka tillit til okkar sem þær gerðu að lokum. Ef menn ætla því að fara að hugsa þannig að það megi ekki troða þessum ágætu vinum okkar innan EFTA eitthvað um tær í sambandi við það að við þurfum að haga okkur með dálítið öðrum hætti en þeir, þá er það hinn mesti misskilningur og flótti, flótti frá því að standa á meginhagsmunum Íslendinga. *Þess vegna má ekki hugsa eða tala eins og* hæstv. forsrh. gerði hér fyrr í umræðunni.

Það var oft teflt á tæpasta vaðið í sambandi við 200 mílna útfærsluna. En þeim sem þá stjórnuðu þjóðinni tókst að sameina Íslendinga á bak við þá útfærslu og grundvallarhagsmuni Íslendinga sem fólust í yfirráðum yfir fiskimiðum. Það hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekist í sambandi við þetta mál, nema síður sé. Hún hefur frekar sundrað íslensku þjóðinni í því, og ég segi því miður. En sem betur fer eru stjórnarandstæðingar það afl að íslenska þjóðin veit að þrátt fyrir það viljaleysi, og ég vil segja geðleysi sumra hæstv. ráðherra — ég er ekki að tala um hæstv. sjútvrh., hann þarf ekki að nótera þetta sín vegna — þá mun hér taka við völdum fólk sem mun standa á hagsmunum Íslendinga í þessum málum. Og okkur mun takast að knýja fram að tvíhliða viðræður verði hafnar hvað sem líður yfirlýsingum hæstv. ráðherra um að það sé ekki á hættandi vegna EFTA/EB-viðræðnanna. Þetta skilja forustumenn annarra þjóða. Það er bara spursmálið um það að þora, geta og vilja.

Eins og hv. þm. vita er það eitt meginmarkmið EFTA og EB að auka frjálsræði í viðskiptum, efla samkeppni, en það væri hægt að víkja mörgum orðum að því er lýtur að samkeppninni ef maður lítur á þetta allt saman út frá sjónarmiði heimsviðskipta. Stundum les maður það í erlendum ritum að þar sé talað um vígið Evrópu. Það eru Bandaríkjamenn sem stundum skrifa um þetta í þessari merkingu og þá er átt við það að Evrópulöndin, og þá væntanlega við ef við erum í nánum tengslum við þau síðar, að við séum að hlaða upp múra um hagsmuni Evrópu í alheimssamkeppni. Það má segja að í vissri merkingu sé um það að ræða að við séum að reyna að búa okkur til ákveðið virki til að standa betur að vígi í þeirri miklu samkeppni sem er í heiminum. En hvað sem því líður þá er þetta nú samt eitt af meginatriðunum, að auka frjálsræði og samkeppni í alþjóðaviðskiptum og ekki hvað síst að auðvelda mönnum að eiga frjáls viðskipti meðal Evrópuríkja, og einnig er það auðvitað meginmarkmið að auka samstarf þessara þjóða með það í huga að auka hagvöxt og velferð. En til þess að það takist þá vitum við Íslendingar, það er loks orðið viðurkennt sem var nú meginstefna Sjálfstfl. og er þótt ýmsir berðust nú á móti henni á sínum tíma, að það á sér ekki stað hagvöxtur og velferð batnar ekki nema frjálsræði sé aukið og það eigi sér stað ákveðin samkeppni í viðskiptum með vörur, þjónustu og fleira.

Í umfjöllun sinni um þessi mál undirstrikar SAS-hópurinn sérstöðu Íslendinga. Þar segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Í viðræðum EB og EFTA verður einungis rætt um frelsi í viðskiptum með iðnaðarvörur, ekki sjávarafurðir og landbúnaðarvörur. Sjávarafurðir eru iðnaðarvörur Íslendinga. Þær eru 70–75% af vöruútflutningi Íslands. Hjá Norðmönnum er þetta aðeins 6% og Kanada, sem að vísu er ekki Evrópuríki, aðeins 2%.“

Forsvarsmenn SAS leggja áherslu á það og segja að það eigi að vera markmið okkar Íslendinga — og þar *er ég þeim innilega sammála* — að við eigum að fá viðurkennda sérstöðu okkar og frjálsan aðgang að mörkuðum EB. Sem sagt, þessir greindu og ég vil segja ötulu forustumenn samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, sem eru viðurkenndir bæði af okkur sem og öðrum sem eiga við þá samskipti, leggja áherslu á það að menn geri sér grein fyrir að við þurfum að fá viðurkennda sérstöðu.

Stundum hafa ýmsir stjórnmálamenn talið það vera eitthvert skammaryrði að tala um það að menn þyrftu að fá viðurkennda sérstöðu. En þetta er ekkert nýtt. Þetta er nákvæmlega hliðstætt við það sem gerðist þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Þá var sérstaða Íslendinga viðurkennd með ákveðnum hætti sem við þekkjum allir sem hér erum inni. Í þessum efnum eigum við Íslendingar þess vegna að standa mjög fastir á þessu atriði.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum, virðulegi forseti, að því sem ég mundi flokka undir afstöðu EB til sjávarútvegsmála. Það hefur ekki verið fjallað mikið um það hér í umræðunni, ekki í ítarlegu máli. Margir hv. þm. hafa auðvitað komið inn á þetta atriði, að sjálfsögðu. En ég vil, virðulegi forseti, fá að víkja nokkrum orðum að þessu atriði því að þetta er auðvitað meginmál. Ef maður lítur fyrst á það sem við mundum kalla vandamál Evrópubandalagsins í sambandi við sjávarútveg liggur það í augum uppi að *sjávarútvegur EB hefur átt við og á við mikil vandamál* að stríða. Útfærsla fiskveiðilögsögu í 200 mílur skapaði auðvitað þessum þjóðum mikinn vanda og á ég þar einkum við Breta, Vestur-Þjóðverja, Spánverja og Portúgala. Þetta gerði það auðvitað að verkum að fiskafli þeirra sjálfra, þ.e. bandalagsríkjanna, minnkaði á sama tíma og þau missa fiskveiðiheimildir í lögsögum annarra ríkja. Á sama tíma og þetta gerist, m.a. við strendur Íslands, Noregs og Kanada, gerist það að það verður aflabrestur í Norðursjónum og fiskveiðar dragast mikið saman á þeim

fiskimiðum sem liggja næst Evrópubandalagsríkjunum. Allt þetta, og ótal, ótal mörg önnur atriði, skapaði auðvitað mikið vandamál í sambandi við mótun sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsríkjanna og það leiddi til þess að þau komu sér upp miklu og flóknu kerfi og má segja að í vissum skilningi sé það skylt því sem menn þekkja í landbúnaði, en eins og hv. þm. vita er rekið mjög öflugt styrkjakerfi í sambandi við landbúnaðarvörur innan Evrópubandalagsins. Er það mun stærra í sniðum en við Íslendingar getum ímyndað okkur þegar við lítum á styrkjastefnu okkar gagnvart okkar eigin landbúnaði. Þetta hefur allt skapað Evrópubandalaginu mikil og hrikaleg vandamál. Vegna vondrar stöðu sjávarútvegs ákváðu EB-ríkin að taka upp öfluga styrkjastefnu. Þessi styrkjastefna er náttúrlega verndarstefna í orðsins fyllstu merkingu. Þeirra vandi er m.a. sá að þeir eru með of stóran fiskiskipastól en hann hefur stækkað í EB þrátt fyrir áætlanir um minnkun. Það þýðir það einnig, vegna tæknibreytinga og annars, að veiðigeta meðalskips hefur aukist og má m.a. kenna þar um auknum styrkjum frá bandalaginu og aðildarríkjunum. Í stuttu máli sagt, virðulegi forseti, einkennist sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins af því að þar er ætlað að vernda og styrkja sjávarútveg bandalagsríkjanna til frambúðar. Þar er ekki tjaldað til einnar nætur.

Styrkjastefnan sem rekin er í Evrópubandalaginu er mjög flókin. Þar er um að ræða innflutningstolla, verndartolla, beina styrki í sambandi við rekstur skipa, styrki til þess að byggja upp fiskiðnaðarfyrirtæki, styrki til þess að laga hafnaraðstæður. Það eru styrkir jafnvel til þess að koma á hagræðingu í sambandi við vörudreifingu o.s.frv. o.s.frv. Þetta er auðvitað mjög skaðlegt og á ekkert skylt við frjálsræði eða frjálsa samkeppni nema síður sé. Þetta kemur sér einkar illa fyrir þjóð eins og Íslendinga sem eiga jafnmikið undir sjávarútvegi og utanríkisviðskiptum og raun ber vitni.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því hvernig styrkir EB eru, virðulegi forseti, en eins og ég sagði áðan er um að ræða styrki samkvæmt tíu ára áætlun. Þessir styrkir koma til framkvæmda á tímabilinu 1987–1997 og ganga auðvitað þvert á allar hugmyndir um fríverslun. Það þarf engan hagfræðing til að sjá það. Þessi tíu ára áætlun lýtur að endurskipulagningu sjávarútvegs EB-ríkjanna og er um að ræða tvö fimm ára fjárhagstímabil. Heildarupphæðin á hvoru tímabili er 800 millj. ECU, þ.e. rúmlega 55 milljarðar íslenskra króna á fimm ára tímabili eða 11 milljarðar á ári. Þetta eru gífurlegar fjárhæðir. Trúa menn að þeir stjórnmálamenn innan Evrópubandalagsins sem fjalla um þetta á þessum grundvelli, því að þessar tölur verða ekki til í Brussel, viti ekki hvað í þessu felst? Hvaða skuldbindingar. Þetta er ákveðið af valdamönnum þjóðþinga þeirra ríkja sem mynda Evrópubandalagið. Trúa menn því virkilega hér á hinu háa Alþingi að þeir menn sem ákveða þessa stefnu hafi ekki skilning á stöðu Íslendinga í tvíhliða samningaviðræðum eða þeir láti það þvælast fyrir sér að gera samkomulag við Íslendinga um það sem skiptir okkur meginmáli í þessari stöðu bara vegna formsatriða sem flokkast undir það að Íslendingar eru í sameiginlegum viðræðum í gegnum EFTA við EB um önnur mikilsverð atriði? Trúa menn þessu virkilega? Allt það sem sagt er hér í þessari umræðu er skráð og það mun fara inn í söguna sem slíkt. Ég segi fyrir mitt leyti: Ég vorkenni þeim mönnum sem eru að reyna að draga úr eða jafnvel hindra að Íslendingar geti farið í tvíhliða viðræður með formlegum hætti. Þeir skilja bara ekki þá aðila sem eru við völd og ráða þessum ríkjum og þar með Evrópubandalaginu. Einhvern tíma hefði verið sagt að þeir væru ekki hæfir. Sá sem ekki skilur sína stöðu, sá sem kann ekki að útfæra sína stöðu, ekki hvað síst í samskiptum við aðrar þjóðir, er ekki hæfur til að hafa forustu fyrir þessari þjóð. Í reynd er um hærri upphæðir að ræða en þessa 11 milljarða á ári sem best sést á því að á árinu 1989 er 27 milljörðum kr. varið til þessara styrkja en það er jafngildi útflutningsverðmæta frystra og ferskra sjávarafurða frá Íslandi til Evrópubandalagsins árið 1988.

Hér er aðeins verið að tala um framlag bandalagsins sjálfs en það er venjulega 25–50% af umbeðnum styrk og framlag aðildarríkjanna 10–30% þannig að við erum að tala hér um miklu, miklu hærri upphæðir. Við erum ekki að tala um 100–110 milljarða á tíu ára tímabili. Við erum að tala um yfir 200 milljarða kr. Þetta eru gífurlegar upphæðir. Eins og ég sagði áðan fara þessir styrkir í fjárfestingar í fiskiskipum, fiskvinnslu, hagræðingarverkefni, svo sem til þess að bæta geymslur, spara orku og bæta löndunar- og hafnaaðstöðu. Þessir styrkir fara í markaðssetningu á sjávarafurðum, auglýsingar og kynningu á sjávarafurðum. Þeir fara í sameiginleg verkefni á sviði fiskveiða og vinnslu, fiskirækt og tilraunaveiðar. Þeir fara einnig í það að bæta sjómönnum og útgerðarmönnum aflatap vegna utanaðkomandi breytinga, t.d. vegna tapaðra veiðiréttinda í lögsögu annarra ríkja og einnig er styrkjunum varið í það að gera mönnum kleift að leggja skipunum.

Virðulegi forseti. Ég vildi koma með þessar tölur, þennan kafla, inn í mína ræðu vegna þess að ég held að margir hv. þm. hafi ekki áttað sig á því að þegar við erum að tala um samninga Íslands, hvort sem það er í gegnum EFTA eða EB eða beint, erum við raunverulega að tala um atriði sem eru þess eðlis að valdamenn þeirra ríkja sem ráða Evrópubandalaginu gera sér grein fyrir því að í ljósi þeirrar styrkjastefnu sem þeir sjálfir hafa ákveðið innan Evrópubandalagsins er hér um smámuni að ræða í sérsamningum við Íslendinga. Og við eigum sjálf að gera okkur grein fyrir því. Einnig skulum við gera okkur grein fyrir því að þessi styrkjastefna Evrópubandalagsins hefur skuldbundið Evrópubandalagið sem slíkt og einstök ríki gagnvart sjávarútvegshagsmunum viðkomandi ríkja fram til ársins 1997. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti: Spursmálið er: Vilja EB-ríkin gera samning við Ísland í ljósi sérstöðu og í ljósi þess hvernig þeir hafa sjálfir búið að sínum eigin sjávarútvegi? Ég fyrir

mitt leyti þori að fullyrða það að það tæki ekki langan tíma að fá viðbótarsamning við bókun 6 við þau ríki sem ráða ferðinni innan Evrópubandalagsins ef menn beittu sér að því, sneru sér að því með formlegum hætti. Það verður auðvitað að gerast með formlegum hætti. Það er alveg rétt sem hefur komið fram hjá ýmsum þingmönnum. Það nægir ekki að eiga viðtöl við vinsamlega stjórnmálamenn sem annaðhvort koma til Íslands eða íslenskir stjórnmálamenn hitta erlendis. Það þarf að setja þetta niður með formlegum hætti og ganga frá því.

Mikið hefur verið rætt um það hvort Norðmenn mundu styðja Íslendinga eða hvort Norðmenn mundu koma við hliðina á Íslendingum í sambandi við ósk okkar um tvíhliða viðræður. Ég óttast það ekki út af fyrir sig að Norðmenn mundu gera það. Norðmenn eiga ekki það ríkra hagsmuna að gæta í sambandi við útflutning sjávarafurða að þeir mundu gera neitt það sem gæti skaðað Íslendinga í því að reyna að ná betri tollasamningi en við höfum í dag. Það er staðreynd að þó að Norðmenn keppi við okkur í sambandi við fisksölumál hafa þeir alltaf gert sér grein fyrir því og viðurkennt þegar á átti að herða að Íslendingar hafa alveg ákveðna og klára sérstöðu í sambandi við útflutning sjávarafurða.

Ég hef, virðulegi forseti, rakið nokkuð þau atriði sem SAS-hópurinn leggur áherslu á og við sjálfstæðismenn höfum tíundað í okkar ræðum. Við vitum það og þjóðin öll veit að hér er um grundvallarhagsmuni að ræða og við tölum auðvitað út frá þeim staðreyndum og því umhverfi sem við lifum í. Það hefur ekkert það komið fram frá hæstv. ráðherrum í viðræðunum sem bendir til þess að í gegnum EFTA/EB-viðræðurnar eins og hæstv. ríkisstjórn hugsar sér þær komi það hagræði eða komi sú staða að hægt sé að bæta og tryggja afkomu Íslendinga betur á næstu árum eða tryggja það að tollar Evrópubandalagsins gagnvart íslenskum sjávarafurðum verði lækkaðir og felldir niður. Ég vildi óska þess að hér lægju fyrir ákveðnar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um einhverjar nýjungar í atvinnulífi þjóðarinnar sem gæfu manni vonir um að fram undan væri eitthvað nýtt sem þessi ríkisstjórn hefði reynt að hafa frumkvæði um á atvinnusviðinu en svo er ekki. Það verður þess vegna auðvitað að líta á það út frá því sjónarmiði einnig að þó að EFTA/EB-viðræðurnar séu nauðsynlegar þegar litið er til lengri tíma í því samhengi sem menn verða að horfa á hlutina eins og þetta er að breytast liggur ekki fyrir neitt sem réttlætir það að menn segi að það eigi að fara í gegnum EFTA/EB-viðræðurnar og bíða.

Í sambandi við þessar umræður allar hefur það einnig komið fram að hæstv. utanrrh., sem nú er því miður fjarverandi, Jón Baldvin Hannibalsson, hefur ekki lagt sig neitt sérstaklega formlega — ég endurtek, formlega — fram um það að eiga viðræður við þá aðila sem mynda samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi í sambandi við allan málatilbúnað út af EFTA-viðræðunum og væntanlegum samningum. Ég endurtek: Hann hefur ekki haft formlegt samband við þá sem skyldi. Því hefur verið mótmælt hér af sumum stjórnarliðum undir umræðum. En ég vil þá geta þess að það kom m.a. fram frá einum áhrifamesta talsmanni sjávarútvegs á Íslandi á nefndarfundi í EB-nefnd, og ég held ég brjóti ekki trúnað þó að ég segi það, að í fyrsta lagi hefðu menn þungar áhyggjur af því að hagsmunir Íslendinga yrðu látnir sitja eftir í viðræðum EFTA og EB. — Ég sé það, virðulegi forseti, að einn af stjórnarliðum, borgaraflokksþingmaður, hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson, hefur sest í ráðherrastól. Ég vildi spyrja virðulegan forseta hvort búið sé að skipta um einhvern ráðherra, hvort búið sé að skipta út. (**ÁHE:** Þetta var mitt eigið frumkvæði. Ég skipti . . .) Ég sagði þetta vegna þess að ég sá það að hæstv. iðnrh. og hv. þm. voru í innilegum samræðum þarna. Var kannski hv. þm. að skýra hæstv. ráðherra frá skoðanakönnun sem mun birtast núna á þessum degi, gleðja hann með því? (Gripið fram í.) Var hann kannski að gleðja hæstv. ráðherra með því hvernig skoðanakönnunin væri? En ég vildi spyrja virðulegan forseta hvort fundi þeirra sé lokið þarna úti í sal. (**Forseti:** Nú er forseti ekki fær um að gefa svar við slíkum óformlegum fundum milli manna úti í sal. Hins vegar er hv. þm. kunnugt um að ekki eiga að fara fram fundir í salnum þegar umræður fara fram úr ræðustóli.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir þetta. Eins og fram hefur komið í ræðum okkar þm. Sjálfstfl. og þingkvenna Kvennalistans leggjum við alveg sérstaka áhersla á að hér fari fram vönduð og ítarleg umræða um það stórmál sem þetta er fyrir íslenska þjóð sem er staða Íslands í breyttum heimi, nýrri heimsmynd. Hæstv. ráðherrar hafa verið fastir í því að ræða tæknileg atriði EFTA-EB könnunarviðræðna. Það hefur ekki komið fram í máli þeirra neitt mat á því hver sé raunverulega staða Íslands í breyttum heimi. Þeir hafa verið svo fastbundnir, límdir við EFTA.

Ég ætla nú, virðulegi forseti, ekki að fara að óvirða EFTA. En ég verð þó að segja það eins og ég sagði í ræðu á síðasta þingi, ég sat í 15 ár í ráðgjafarnefnd EFTA fyrir hönd Alþýðusambands Íslands og það var afskaplega lærdómsríkt svo að ekki sé meira sagt. Í þessari ráðgjafarnefnd sátu, virðulegi forseti, fulltrúar atvinnulífsins ásamt fulltrúa ríkisvaldsins. Þar fer fram mikil skýrslugerð um stöðu mála og að sjálfsögðu umræða, en afar sjaldgæft að þar væru samþykktar ályktanir sem meginmáli skipta. Umræða um atvinnu- og efnahagsmál viðkomandi ríkja er mikil og það er mjög gagnlegt, eins og hv. þm. vita, að hitta ágæta forustumenn annarra þjóða og fræðast um atvinnulíf þessara landa og gera sér grein fyrir stöðu þeirra og Íslands í samfélagi þjóðanna. En ég hef átt aðild að fleiri stofnunum en ráðgjafarnefnd EFTA. Ég tók á sínum tíma töluverðan þátt í störfum Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu — það er nú svo langt um liðið, það var á árunum 1956–1961 — sem fulltrúi viðskrn. sem hafði þá mikið með þessi mál að gera. Það var einnig mjög gagnlegt. Þetta eru opnar stofnanir. Þar koma menn saman, embættismenn, fulltrúar vinnuveitenda, verkalýðsins og þar

skiptast menn á skoðunum o.s.frv. En ég ætla ekki að fara að gera lítið úr þessu.

Við þetta hefur svo einnig bæst ein stofnun í viðbót sem heitir Þingmannasamband EFTA. Hér eru inni þm. sem hafa tekið þátt í þeirri samkundu. Ég vona að menn fyrirgefi mér það að stundum finnast mér þessir fundir frekar svona spjallfundir en hitt. En ég verð nú samt að segja það að ekki var þungavigtin afskaplega mikil í ráðgjafarnefnd EFTA eftir að Danir og Bretar fóru úr EFTA á sínum tíma. Umræðan snerist aðallega um stöðu Svía. Norðmenn voru einnig að reyna að gæta sinna hagsmuna, þ.e. skoðanalega. Ég hef ekki orðið var við það, en ég verð þá leiðréttur, að Þingmannasamband EFTA hafi verið neitt þungavigtarsamband eða félagsskapur í samskiptum Íslands og þessara ríkja sem mynda EFTA. Það var verið að reyna að gera mál úr því í umræðu hér um daginn að hæstv. utanrrh. skyldi ekki komast utan til þess að sitja sem formaður á sameiginlegum fundi ráðgjafarnefndar EFTA, Þingmannasambands EFTA o.fl. Ég vona að virðulegir þm. fyrirgefi mér það en mér fannst nú dálítið spaugilegt hvað hann lagði mikla áherslu á að hann þyrfti endilega að sitja þarna sem formaður, vegna þess að ég þekki það af fenginni reynslu að það ræður ekki úrslitum hvort formaður er mættur eða ekki. Venjulegast eru það framkvæmdastjórarnir eða háembættismennirnir sem sjá um þetta. Að vísu situr ráðherra þarna og stjórnar fundinum en allt sem gert er, sem vigtar, kemur fram í ræðum og skýrslum þessara háembættismanna sem vinna verkin. Þetta vildi ég bara láta koma fram svo það væri skjalfest. Þannig að þetta var nú vindur í vatnsglasi þótt ráðherra kæmist ekki út, en hann vildi halda því fram að það væri vegna vondra verka sjálfstæðismanna að hann hefði ekki komist. En það var vel upplýst hér að það var vegna þess að þá voru stjórnarflokkarnir að koma sér saman um að auka skattálögur á íslenskri þjóð og gekk það misjafnlega vel ofan í kokið á mönnum eftir því í hvaða flokkum þeir voru.

Virðulegi forseti, ég var ekki alveg búinn að ljúka því að vitna hér í einn af helstu áhrifamönnum sjávarútvegs og fiskiðnaðar, þ.e. ég var að vísa í álit hans um það hvernig hann mæti stöðu okkar í sambandi við þessar EFTA- og EB-viðræður. Þessi ágæti talsmaður, sem nýtur mikils álits og er óumdeildur forustumaður í sjávarútvegi, sagði m.a., með leyfi forseta: „... að menn hefðu þungar áhyggjur af því að hagsmunir Íslendinga yrðu látnir sitja eftir í viðræðum EFTA og EB. Íslendingar eiga ekki mikla samleið með hinum EFTA-ríkjunum og ef svo fer að við stöndum eftir með mikla sérhagsmuni gagnvart EB undir lok samninga væri óvíst um niðurstöður. Hann taldi rétt að nýta sér þá velvild sem Íslendingar nytu sýnilega meðal ráðamanna í EB-löndunum."

Virðulegi forseti. Án þess að ég vilji gera lítið úr góðum verkum og ráðleggingum íslenskra embættismanna, þá hlýt ég að segja að ég hlýt að taka meira tillit til sjónarmiðs þessa manns sem ber allt aðra, ég vil segja raunverulega, ábyrgð á því hvernig okkur reiðir af. Þetta er sá maður sem veit betur en flestir aðrir hvað það kostar okkur Íslendinga afkomulega að ná ekki sérsamningum við Evrópubandalagið. En ég vil, virðulegi forseti, einnig láta koma fram það sem kom fram á þessum fundi Evrópunefndar 21. nóv. hjá einum af fulltrúum SAS, þ.e. samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, þessu máli skylt. En hann sagði m.a. þetta, virðulegi forseti:

„Hann sagðist telja að Íslendingar nytu slíks velvilja meðal erlendra ráðamanna að þetta væri mögulegt [þ.e. að fá viðræður] og að tvíhliða leiðin væri líklegust til árangurs. Enn fremur væri talið að ekki hefði verið lokið við viðræður milli EB og Íslendinga sem fram fóru 1976. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við að utanrrh. hefði leitað eftir samráði við LÍÚ eða SAS [þ.e. við Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi]."

Hér mun vera átt við það að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson hafi ekki haft formlegt samband við þessa aðila sem skyldi og er það vissulega ámælisvert og mjög alvarlegt svo ekki sé meira sagt.

Þótt íslenskir stjórnmálamenn telji sig hafa vit á mörgu, þá er það nú einu sinni þannig að þeir geta ekki gengið fram hjá þeim aðilum sem hafa grundvallarþekkingu á því sem þeir eru að fjalla um í svo viðkvæmum og þýðingarmiklum málum sem þessi mál eru. En sem sagt, hæstv. utanrrh. er nú ekki staddur hér svo að ég held að ég fari ekki frekar út í þetta en ég hefði hins vegar talið fulla ástæðu til þess að ræða við hann persónulega um þessi atriði og fleiri og krefja hann sagna, en það verður að bíða þess að hann komi til landsins aftur.

Ég hef, virðulegi forseti, talað hér í rúman klukkutíma og er svona hálfnaður í minni ræðu. Það verða kaflaskipti bráðlega í þessari ræðu minni þannig að ég vildi spyrja virðulegan forseta hvað fundurinn á að standa lengi yfir. Ég sé að klukkuna vantar 10 mínútur í 5. (**Forseti:** Forseti getur svarað því til að hefðbundnum fundartíma þessa fundar á að ljúka kl. 5, en nú mun standa yfir fundur með forsetum og formönnum þingflokka þar sem væntanlega er þá verið að taka ákvörðun um framhald þessa fundar og koma þau skilaboð væntanlega inn á fundinn fyrir kl. 5 svo að hv. 14. þm. Reykv. getur haldið áfram ræðu sinni a.m.k. þessar 10 mínútur sem eftir eru af fundartíma.) Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir þessi svör.

Eins og fram hefur komið bæði í minni ræðu og öðrum ræðum okkar sjálfstæðismanna og kvennalistakvenna er þetta mál þess eðlis að það er ekkert sem heitir að hér séu menn að flýta sér í fundarstörfum eða menn sýni einhverja óþolinmæði. Það er óhjákvæmilegt að ræða þessi mál mjög ítarlega. Ég veit að virðulegur forseti hefur skilning á því og ég sé það og virði það alveg sérstaklega við hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson hvað hann hefur setið vel undir ræðum manna hér í umræðunum, ekki aðeins í dag heldur einnig í síðustu viku. (**Sjútvrh.:** Mér er nú farið að leiðast þetta.) Þetta var nú ekki alveg nægilega gott hjá hæstv. ráðherra vegna þess að þó að

hann hafi mikinn skilning og þekkingu á sjávarútvegsmálum, þá hefur þetta ekki komið nægilega fram. Ég veit að hann hefur nú ekki neina ánægju af því vegna þess að hann þekkir nú margt af því (**Sjútvrh.:** Það verður að vera eitthvað um efnið.) Já, ég veit það, ráðherrann hefur líka hlustað á þetta með athygli. En það er nú einu sinni þannig að auðvitað get ég ekki talað svo að honum líki vel að öllu leyti. Hann er að verja ríkisstjórn sem meginþorri þjóðarinnar hefur hafnað mjög rækilega og á eftir að koma enn betur í ljós þannig að ég skil það vel. En þetta er hið eina ráð sem þjóðin hefur og við sem höllumst að lýðræði og þingræði, að tjá okkur hér á hinu háa Alþingi í mikilsverðum málum. Því þótt valdið sé mikið hjá ríkisstjórnum og meiri hluta er lokavaldið hjá fólkinu. Enn ríkir hér tjáningarfrelsi. Enn mega menn tjá sig um allar hliðar þessa máls. Og ekki hvað síst þau atriði sem eru gagnrýnisverð varðandi störf og afstöðu núv. hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli, svo að ég tali nú ekki um rangar áherslur sem skaða hagsmuni Íslendinga.

Það er öllum ljóst nema e.t.v. stjórnarsinnum að núverandi ríkisstjórn hefur ekki verið með réttar áherslur ef maður lítur á það út frá beinum, efnahagslegum hagsmunum Íslendinga. Eins og ég skýrði frá hér áðan kemur þetta mjög skýrt fram hjá aðilum atvinnulífsins, þessum svonefnda SAS-hópi. Sá hópur er ópólitískur þannig að ekki verður sagt að *umfjöllun hans eða afstaða til þessa máls sé af* pólitískum toga spunnin eða að á bak við þeirra sjónarmið sé eitthvað annarlegt. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegi forseti, að þegar hæstv. sjútvrh. var að svara hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni eitthvað um það, þegar hv. þm. hafði lokið sínu máli að hann skildi ekki þessa kúvendingu Sjálfstfl. Hann sagði eitthvað á þessa leið: „Stefnubreyting Sjálfstfl. kemur mér á óvart." Það hefur ekki orðið nein stefnubreyting hjá Sjálfstfl. í þessu máli. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki skilið hvað hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að segja í sinni fyrstu ræðu hér fyrr í umræðunni. Það hefur aldrei verið nein stefnubreyting hjá Sjálfstfl. í þessu máli. Okkar stefna hefur alltaf verið sú að gæta sem best hagsmuna Íslendinga. Sú stefna helgast af því að gera það sem rétt er og best fyrir íslenska þjóð og það er okkar mat og hefur verið allan tímann. Við höfum lýst því margsinnis yfir og það hefur komið fram og kom fram í ræðu formanns Sjálfstfl. Sjálfstfl. styður viðræður EFTA og EB og Íslands og aðild að því og einnig ýmis atriði sem þegar eru komin á það stig að þau eru rammi að samningsgrundvelli. Við styðjum ýmis af þessum atriðum. Það hefur ekki farið á milli mála. En við höfum lagt áherslu á tvíhliða viðræður formlega. Það er ekkert nýtt. Hins vegar hefur það komið fram margsinnis að núv. ríkisstjórn stendur ekki á neinu föstu. Það gerir bókun Alþb. og afstaða í ríkisstjórninni.

Sem sagt, afstaða okkar sjálfstæðismanna og aðila atvinnulífsins fer saman og er hin sama. (**Sjútvrh.:** Þetta er rangt.) Því segir hæstv. ráðherra þetta? (**Sjútvrh.:** Þetta er bara rangt.) Því segir hæstv. ráðherra það? Hæstv. ráðherra getur (Gripið fram í.) ja, eitt ætla ég nú að segja hæstv. ráðherra. Þó að hann sé búinn að vera lengi sjútvrh. þá á hann ekki íslenskan sjávarútveg. Hann einn hefur ekki rétt til þess að tjá sig og tala fyrir hönd íslensks sjávarútvegs. (**Sjútvrh.:** Það hefur enginn.) Nei, það hefur enginn. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Hann verður þá að þola það að aðrir hafi skoðun á því hvað komi íslenskum sjávarútvegi best og íslenskum útflutningshagsmunum og einnig íslensku þjóðinni, fólkinu sem starfar í sjávarútvegi. Og það kemur þessum aðilum best og þjóðinni að ná samningum um lækkun tolla, um útvíkkun á bókun 6. Það er sameiginleg skoðun okkar allra.

Við leggjum áherslu á að samhliða EFTA- og EB-viðræðunum fari fram tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um viðbótarsamning við bókun 6. Til þess að þetta geti orðið raunverulegt þarf að taka ákvörðun um að óskað verði eftir formlegum viðræðum við EB á fyrsta stigi. Ef í ljós kemur að þeir sem völdin hafa og ráða í Brussel vilja ekkert við okkur ræða eigum við Íslendingar ekki um annað að velja en reyna að ná upp tvíhliða viðræðum við einstök ríki innan Evrópubandalagsins. Þá verður það að vera á þeim grundvelli að rætt sé við stjórnmálamenn þessara ríkja, þ.e. ráðamenn þessara ríkja. Þetta höfum við gert áður. Þetta var gert í landhelgisviðræðunum. *Endanlegir samningar voru ekki gerðir á hinum* formlegu fundum. Það var nákvæmlega eins með þá samninga og með aðra samninga að gengið var frá meginatriðum og unnið að meginatriðum á milli funda og það sama hlýtur að gerast í þessu máli. En til þess að það geti gerst verða að eiga sér stað formlegar viðræður. Við eigum auðvitað að eiga samflot með öðrum EFTA-ríkjum um almenn atriði. Hæstv. *viðskrh. taldi upp þau atriði mörg sem við sjálfstæðis*menn styðjum. (**Forseti:** Nú vill forseti upplýsa hv. ræðumann að þessum fundi mun eiga að ljúka klukkan fimm þannig að ef hann á eftir langa ræðu, eins og fram kom hér fyrr í umræðunni, þá er líklega ekki um annað að gera en fresta henni.) Já virðulegi forseti, ég hef góðan skilning á því. Sem betur fer verður hæstv. forsrh. kominn til landsins á morgun en ég er einmitt kominn að þeim kafla þar sem ég ætla að rekja hvernig hann lét leiða Íslendinga í þá gildru sem þeir eru komnir í núna í sambandi við EFTA- og EB-viðræðurnar þannig að hæstv. ríkisstjórn fæst ekki til þess núna að tryggja að Íslendingar geti tekið upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég innti hæstv. utanrrh. Jón Sigurðsson eftir því hér fyrr við umræðuna undir þingsköpum, hvort hann gæti upplýst þingheim um tilvist skýrslu sem komin væri frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins til ráðherranefndar Evrópubandalagsins og send hefði verið ríkisstjórnum EFTA-landanna. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra komi í þingsal ef hann er í þinghúsi til að ég geti

beint máli mínu til hans. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að biðja hæstv. utanrrh. að koma hér í salinn. Ég vænti þess að hv. þm. hafi tekið eftir því að þessum fundi er að ljúka núna.) Að sjálfsögðu, virðulegur forseti, ég vildi aðeins ítreka fsp. mína til hæstv. utanrrh. um þá skýrslu sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sendi ráðherraráði Evrópubandalagsins þann 22. nóv. Hún er dagsett degi áður en hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson mælti hér fyrir skýrslu sinni til Alþingis um könnunarviðræður EFTA og Evrópubandalagsins og hefur orðið umræðuefni í norska Stórþinginu og e.t.v. víðar í þingum Norðurlanda. Ég hef kynnt mér það með samtali við sendiherra í utanrrn. að þessi skýrsla liggur þar dagsett 22. nóv. sl. og varðar mat framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á samningsstöðunni gagnvart EFTA. Þessi skýrsla hefur verið send ríkisstjórnum landanna til athugunar og utanríkismálanefndum annars staðar en á Íslandi. Henni hefur, að mér skilst, ekki verið dreift neitt frá utanrrn. Þar sem hér er um mikilsvert málsgagn að ræða sem snertir mat á þeirri stöðu sem varðar hugsanlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið tel ég óhjákvæmilegt að óska eftir því að utanrmn. fái þessa skýrslu í hendur hið fyrsta og gefist kostur á að funda um málið áður en þessari umræðu er fram haldið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel enga ástæðu til að tefja þessa umræðu með umfjöllun um þessa skýrslu. Skýrslan sem hér er nefnd er innanhússskjal í Evrópubandalaginu. Hún hefur borist utanrrn., ég hef gert ráðstafanir til þess að hún verði send utanríkismálanefnd og Evrópustefnunefnd þingsins og það verður gert þegar í stað. Í henni eru eðli málsins samkvæmt upplýsingar sem Evrópubandalagið hefur ekki látið birta opinberlega og ég mun þess vegna biðja þá sem við henni taka að fara með hana sem trúnaðarmál.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég tel auðsætt eins og raunar kom fram í máli hæstv. ráðherra að mál þetta snertir það meginmál sem rætt er hér í sameinuðu þingi, hugsanlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið, þar sem um er að ræða mat gagnaðilans, Evrópubandalagsins, á samningsstöðu gagnvart EFTA. Og ef það er ekki málsgagn sem á að liggja fyrir til mats, ekki bara í nefndum þingsins, heldur væntanlega í ríkisstjórn landsins áður en vegið er og metið hvernig haldið skuli á máli, þá er ég nú ekki læs á eðlileg vinnubrögð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er þetta skjal, eins og mjög mörg önnur, tengt þessu máli og kann að skipta máli í þessari málsmeðferð allri. En eins og hér hefur ítrekað komið fram mun verða haft náið samráð við stofnanir þingsins, nefndir þess og þingið sjálft á öllum stigum þessa máls. Það er þess vegna engin ástæða til að tefja þessa umræðu með vísun til þess að þetta ákveðna skjal, dagsett 22. þ.m., hafi ekki fengið þá meðferð sem hv. 2. þm. Austurl. taldi æskilega. Með því er ég alls ekki að draga úr því að þetta efni og annað það sem varðar samningsstöðu Íslands og gagnaðila í þessu máli verði sem skipulegast og skilmerkilegast kynnt utanríkismálanefnd þingsins og Evrópustefnunefnd þess. Að sjálfsögðu verður málið og er rætt á vettvangi ríkisstjórnar. En ég vil vekja athygli á því að það er margt skjalið í þessu máli og mundi æra óstöðugan að tengja framhald umræðna í þinginu eða í málinu öllu við meðferð einstakra skjala af þessu tagi.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega mjög alvarlegt fyrir okkur hv. þm. og Íslendinga alla að verða vitni að því að jafnvel stjórnarþingmenn hafi ekki aðgang að nauðsynlegum og mikilsverðum skjölum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson telst vera stjórnarþingmaður eftir að hann greiddi atkvæði gegn vantrausti hér sl. fimmtudagskvöld. Þetta sýnir hvað hæstv. ríkisstjórn er veik, þetta sýnir að það er ekki samstaða um eitt eða neitt í þessari hæstv. ríkisstjórn. Hún er raunverulega ekki hæf til að hafa það umboð sem hún hefur til að fjalla um þetta mikilvæga og viðkvæma utanríkismál sem EFTA- og EB-viðræðurnar eru.

Ég segi fyrir mitt leyti: Hér hefur verið upplýst að norska Stórþingið hefur tekið ákveðna afstöðu til þróunar mála í tengslum við EFTA/EB-viðræðurnar. Það er auðvitað gert á grundvelli upplýsingaplagga. Það er lágmarkskrafa að Alþingi Íslendinga hafi aðgang að þeim gögnum og skjölum sem skipta máli í ákvarðanatöku í sambandi við stöðu Íslands gagnvart Evrópu. Það er lágmarkskrafa og vítavert að gera ekki ráðstafanir til að tryggja að þessi plögg liggi fyrir.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að eftir 22. nóv. hafa verið haldnir æðimargir og sérstaklega strangir fundir í hv. utanrmn. Mér sýnist alveg einsætt að nefndin eigi að sjá þetta plagg og það strax og þó fyrr hefði verið. Það ætti að vera unnt að senda nefndarmönnum það strax í kvöld og hafa þá fund í utanrmn. á morgun ef nefndarmönnum sýnist að plaggið sé þannig vaxið að þörf krefji.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það vekur auðvitað furðu að sú skýrsla sem hér hefur verið gerð að umtalsefni skuli ekki hafa verið lögð fyrir utanrmn. Alþingis þegar upplýst hefur verið að hæstv. ríkisstjórn hafði hana undir höndum áður en þessi umræða hófst hér. Nú get ég auðvitað ekkert um það sagt hvort efni hennar er með þeim hætti að það kunni að hafa áhrif á skýrsluna en hitt er auðvitað óeðlilegt að hæstv. ríkisstjórn

sitji ein að slíkum upplýsingum áður en jafnmikilvægar umræður fara hér fram.

Aðaltilefni þess að ég kvaddi mér hér hljóðs, frú forseti, um þingsköp er hin smekklausa yfirlýsing hæstv. viðskrh. hér í upphafi umræðunnar þar sem hann tilkynnti af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að þessari umræðu væri að ljúka, eins og það væri ákvörðunarvald ríkisstjórnarinnar en ekki Alþingis sjálfs hvenær umræðum lýkur hér. Auðvitað eru þessi smekklausu ummæli að engu hafandi og marklaus eins og ýmislegt annað sem frá hæstv. ráðherra kemur.

En ég vildi í framhaldi af þessu inna hæstv. sjútvrh., sem gegnir störfum forsrh. hér í dag, eftir því hvort það sé ætlan hæstv. ríkisstjórnar að virða Alþingi svo lítils að hér eigi að ljúka umræðu um þetta mál án þess að hæstv. utanrrh. sé við. Ég geri mér fulla grein fyrir því að svo gat ekki verið í dag og engar athugasemdir gerðar við að þessi umræða fór hér fram án þess að hann væri hér staddur. Við gerum okkur grein fyrir því að hann sinnir á þessum degi mikilsverðum trúnaðarstörfum erlendis, svo sem utanrrh. þurfa á stundum að gera. En ég get ekki séð að það sé unnt og það sé hægt að bjóða Alþingi að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur. Hér eiga eftir að koma upp ýmis þau atriði sem hæstv. ráðherra verður sjálfur að svara fyrir um bæði vegna ummæla opinberlega um málsmeðferð og eins óformlegra málaleitana um málsmeðferð sem óhjákvæmilegt er að komi hér frekar til tals í þessari umræðu. Þess vegna vil ég ítreka þá spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort það sé í raun og veru ætlan ríkisstjórnarinnar að misbjóða Alþingi svo að þessi umræða fari fram og henni ljúki án þess að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur. Ég trúi því tæpast en það hefur spurst og því óska ég eftir að fá skýr svör þar um frá hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það hefur verið gert ráð fyrir því að þessari umræðu ljúki án þess að utanrrh. sé hér viðstaddur, einfaldlega vegna þess að utanrrh. þarf að sinna skyldum sínum út af þessu máli nú á næstunni og kemur ekki til starfa aftur fyrr en eftir miðjan desember.

Ég tel enga ástæðu til að bíða þess að hæstv. utanrrh. komi hér heim. Ég vænti þess að aðrir ráðherrar séu fullfærir að svara þeim fyrirspurnum sem koma upp og sinna þeim skyldum sem utanrrh. hefur hér gagnvart þinginu. Það er mjög mikilvægt að hann sinni þessum störfum sínum nú á næstunni og hafi til þess gott ráðrúm. Það er að vísu eðlilegt að hér sé spurt af hv. 1. þm. Suðurl. vegna þess að komið hefur fram að stjórnarandstaðan er þeirrar skoðunar að afgreiða eigi formlegt umboð frá Alþingi en skoðun ríkisstjórnarinnar er hins vegar að slíkt beri ekki að gera. Málið sé ekki enn á því stigi að það sé rétt að afgreiða málið hér með þeim hætti. Það hefur m.a. verið vitnað hér til afgreiðslu mála í Finnlandi en eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur ekkert verið afgreitt enn þá í finnska þinginu og jafnframt uppi þar skiptar skoðanir á sama hátt og hér eru á Alþingi um það hvort slíkt skuli gert. Þannig að það mun ekki vera rétt að finnska þingið hafi afgreitt þáltill. með þeim hætti sem hér hefur verið haldið fram.

En spurningunni svara ég þannig, að það hefur ekki verið ætlunin að hæstv. utanrrh. væri frekar viðstaddur þessa umræðu en við aðrir ráðherrar munum gegna skyldum hans hér gagnvart Alþingi í þessari umræðu.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Mér þykja það ill tíðindi sem hæstv. sjútvrh. flytur hér og þau lýsa furðu mikilli vanvirðu hæstv. ríkisstjórnar gagnvart Alþingi Íslendinga. Ég þarf ekki að vitna til annarra ummæla en hæstv. utanrrh. sjálfs um mikilvægi þessa máls. Auðvitað hefur þessi umræða dregist nokkuð. Ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að hún hefði getað tekið skemmri tíma ef hæstv. utanrrh. hefði lagt sig fram um það að leita eftir samstarfi og freista þess að tryggja samstöðu hér á hinu háa Alþingi en það gerði hann ekki. Þvert á móti hefur hann gert það sem í hans valdi stendur til þess að sundra samstöðunni hér á Alþingi í þessu mikilvæga máli. Því harma ég þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar og tel að hún geti og hljóti því miður að hafa þau áhrif að umræðan verði snarpari í framhaldinu.

Vegna þeirra ummæla hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin sé þeirrar skoðunar að þetta mál eigi ekki að afgreiða með formlegum hætti vil ég minna á að hæstv. utanrrh. hefur opinberlega lýst því yfir áður að svo væri og málið ætti að afgreiða með formlegum hætti frá Alþingi. Í óformlegu samtali sem hæstv. utanrrh. hafði frumkvæði að sl. þriðjudag ræddi hann við mig um hvort hugsanlegt væri að samstaða gæti tekist við Sjálfstfl. um formlega afgreiðslu þessa máls. Þannig að ég vísa því á bug að þetta hafi aldrei komið til greina af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Mér sýnist það liggja í augum uppi fyrst að sú var niðurstaðan að eina ástæðan fyrir því sé sú að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki getað komið sér saman um efni þáltill. þar að lútandi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Út af þeim ummælum hv. 1. þm. Suðurl. vil ég einfaldlega vísa til bókunar sem ríkisstjórnin hefur gert um þetta mál sem er vitni um það og margoft hefur komið hér fram að ríkisstjórnin hefur komið sér saman um meðferð málsins og allt annað er rangt.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

16. fundur, þriðjudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Námsgagnastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 127. mál (launavísitala). — Þskj. 131.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, 2. umr.

Stjfrv., 52. mál (sáttatilraunir). — Þskj. 52, n. 230.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til breytinga á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands og Dómarafélagi Íslands og höfðu þessir aðilar ekkert við frv. að athuga.

Það kom fram við 1. umr. málsins að sifjalaganefnd vinnur nú að heildarendurskoðun laganna um stofnun og slit hjúskapar. Þess vegna voru nefndarmenn sammála um að samþykkja þessa breytingu án þess að athuga fleiri atriði þó að vissulega sé ýmislegt í þessum lögum sem eðlilegt er að endurskoða. En það hefði tekið lengri tíma og til þess að hraða þessari æskilegu breytingu leggur nefndin einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið skrifa auk mín Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Skúli Alexandersson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Salome Þorkelsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 219.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar. Þetta er 194. mál á þskj. 219.

Erfiðleikar loðdýraræktarinnar eru flestum hv. þm. ugglaust vel kunnir og þarf ekki að fjölyrða um þá hér. Mönnum er væntanlega einnig kunnugt að undangengið ár og sl. tvö ár hafa stjórnvöld gripið til margvíslegra ráðstafana til að reyna að draga úr þeim miklu erfiðleikum sem að loðdýrabændum hafa steðjað af ýmsum ástæðum nú sl. tvö til þrjú ár. Kemur þar margt til, einkum það að greinin er ung og hefur verið í uppbyggingu og er rétt í þann veginn að komast í framleiðslu þegar mikið verðfall á afurðum hélt innreið sína sem helst enn. Þetta, samhliða miklum fjármagnskostnaði, óhagstæðri gengisskráningu fyrir útflutningsgreinar og fleira, hefur allt saman borið að sama brunni að gera aðstæður þessarar búgreinar næsta erfiðar og nánast vonlitlar hefðu sérstakar ráðstafanir ekki komið til.

Áður en ég mæli sérstaklega fyrir efni frv. vil ég gera lauslega grein fyrir því sem gert hefur verið í því skyni að reyna að styðja við greinina á undanförnum árum og tek þá sérstaklega til áranna 1988 og ársins í ár. Ég nefni það helsta.

1. Á árinu 1988 var í fyrsta lagi ákveðin frestun afborgana stofnlána. Óskað var eftir því við Stofnlánadeild landbúnaðarins að hún frestaði í nokkrum tilvikum afborgunum stofnlána fóðurstöðva af lánum einstakra bænda. Þá var á sama ári ákveðið að afskrifa 30% af áhvílandi búralánum hjá refabændum. Samtals munu þessar ráðstafanir hafa numið um 30 millj. kr. hvað snertir léttari greiðslubyrði á árinu.

2. Stofnlánadeild samþykkti að lána refabændum til skuldbreytinga lausaskulda vegna refaræktar. Þessi lán voru veitt gegn veði í jörðum viðkomandi bænda og gátu þar af leiðandi einungis nýst þeim sem veð höfðu. Um 100 millj. kr. munu hafa verið veittar til þessara skuldbreytinga.

3. Framleiðnisjóður landbúnaðarins ákvað að veita refabændum óverðtryggð og vaxtalaus lán til 6 ára vegna framleiðslu refaskinna, 550 kr. á hvern hvolp. Námu þessar hagstæðu lánveitingar Framleiðnisjóðs vegna þessa verkefnis tæpum 47 millj. kr. á árinu.

4. Í kjölfar þess áhuga sem fram kom á aðalfundi Sambands ísl. loðdýraræktenda á árinu 1988 á að breyta búskap loðdýrabænda úr refarækt yfir í minkarækt ákvað stjón Framleiðnisjóðs að aðstoða við þessa búháttabreytingu og verja til þess allt að 60 millj. kr.

Þessari framkvæmd eða þessum búháttabreytingum lauk að mestu á árinu 1988 og að einhverju leyti á árinu 1989. En tekið hefur þó fyrir þær að mestu núna upp á síðkastið að ég hygg af skiljanlegum ástæðum þar sem erfiðleikar minkaræktar hafa reynst miklu minni en hinum megin.

5. Stjórn Byggðastofnunar heimilaði að verja allt að 50 millj. kr. á árinu 1988 til að leggja fram sem hlutafé við fjárhagslega endurskipulagningu reksturs fóðurstöðva. Veitti stofnunin þá lán til hlutafjárkaupa. Byggðastofnun hefur með þeim hætti tekið þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu a.m.k. þriggja fóðurstöðva og átt einhverja aðild að málum fleiri stöðva.

Á árinu 1989 má nefna eftirfarandi aðgerðir:

1. Frestun afborgana stofnlána og lengingu lána. Stofnlánadeild landbúnaðarins samþykkti að fresta afborgunum stofnlána fóðurstöðva og einstakra bænda um allt að tvö ár. Jafnframt var ákveðið í Stofnlánadeild að lengja búralán úr átta ára lánum í tólf.

2. Framleiðnisjóði landbúnaðarins var falið að lána loðdýrabændum til lausaskuldbreytinga allt að 60 millj. kr. Skilyrði þessara lánveitinga voru undangengin könnun á afkomu bænda og var sérstakri nefnd falið að framkvæma þá könnun. Hún skilaði sjóðnum áliti í byrjun júní. En minna hefur orðið úr að þessar heimildir nýttust en skyldi, fyrst og fremst vegna þess að þær ráðstafanir hafa strandað á því að loðdýrabændur hafa almennt ekki veð til að tryggja slíkar skuldbreytingar.

3. Tvívegis á árinu 1989 hefur verið ákveðið að greiða jöfnunargjald til að lækka fóðurkostnað í loðdýrarækt. Í lok janúarmánaðar var samþykkt að greiða 3 kr. á hvert kíló fóðurs vegna framleiðslu ársins 1989. Í kjölfar þeirrar könnunar á afkomu loðdýrabænda sem ég áðan nefndi var skilað áliti í júnímánuði og ákveðið að hækka þetta jöfnunargjald í um 2,50 kr. frá og með 1. ágúst og út árið. Er samtals ætlað að þessar greiðslur á jöfnunargjaldi fóðurs verði tæpar 90 millj. kr. eða 89,5 millj. kr. á árinu. Byggðastofnun samþykkti jafnframt að greiða sérstaka rekstrarstyrki til fóðurframleiðenda, samtals 20 millj. kr. á mánuðunum ágúst til október.

5. Sérstaklega hefur verið hraðað greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til loðdýraræktarinnar vegna fyrri ára og yfirstandandi árs. Þannig háttaði til í þessu tilviki að endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts í loðdýrarækt hafði fallið niður um nokkurt árabil eða frá og með árinu 1986 að telja ef ég man rétt og hafði því myndast allverulegur hali. Núverandi og síðasta ríkisstjórn ákváðu að reyna að greiða hann upp með tilliti til erfiðleika greinarinnar og þrátt fyrir þær aðstæður sem eru í okkar ríkisfjármálum og hefur á síðustu mánuðum fyrra árs og á þessu ári verið varið samtals 58,3 millj. kr. til þessa verkefnis.

6. Ákveðið hefur verið í samráði við Búnaðarfélag Íslands að veita loðdýrabændum sérstakan forgang hvað varðar uppgjör jarðræktarstyrkja vegna framkvæmda sem þeir hafa ráðist í á undanförnum árum. Fengu loðdýrabændur þannig einir gerðar upp þær framkvæmdir ársins 1988 sem þeir höfðu ekki fengið greiddar og var greiðslum á tæpum 12 millj. kr. flýtt sérstaklega í þessu skyni. Það má því segja að samtals hafi runnið úr ríkissjóði, aðallega í formi aukafjárveitinga, á síðustu mánuðum ársins 1988 og það sem af er árinu 1989 rétt tæpar 160 millj. kr. til loðdýraræktarinnar. Má þar greina á milli annars vegar þeirra endurgreiðslna á uppsöfnuðum söluskatti og jarðræktarframlögum sem loðdýrabændur áttu að sjálfsögðu inni eða áttu að fá greiddar frá ríkissjóði en fengu nokkurn forgang til og hins vegar þeirra jöfnunargjalda á fóður eða lækkunar á fóðurverði upp á tæpar 90 millj. kr. sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Ég held, herra forseti, að það sé ástæða til að gera grein fyrir þessum ráðstöfunum áður en ég mæli efnislega fyrir því frv. sem hér er svo að síðustu til meðferðar og kynni þær ráðstafanir og ákvarðanir aðrar sem ríkisstjórnin hefur núna fyrir nokkrum dögum ákveðið í tengslum við þetta mál. Ég vil geta þess líka að tvær nefndir hafa starfað að þessu máli á árinu og unnið mjög mikið og mjög gott verk að mínu mati. Hin fyrri var skipuð í febrúarmánuði sl. og lauk störfum í júní. Hana skipuðu Magnús B. Jónsson, kennari á Hvanneyri, sem var formaður, Jón G. Guðbjörnsson, starfsmaður Framleiðnisjóðs, og Leifur Kr. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar. Það var m.a. í kjölfar starfs þeirra að ákvarðanir voru teknar um viðbótarráðstafanir á sl. sumri.

Síðari nefndin var svo skipuð í haust í framhaldi af umræðum um málið í ríkisstjórn. Hana skipaði Magnús ásamt fulltrúum Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar, þeim Eyjólfi Sverrissyni og Guðmundi Guðmundssyni. Þessum nefndum báðum hafa verið til aðstoðar og ráðuneytis fulltrúar þingflokka stjórnarliðsins. Ég kann þessum mönnum öllum sem þarna hafa lagt hönd á plóginn hinar bestu þakkir fyrir þeirra störf. Ég held að hvað sem öðru líður hafi þær upplýsingar sem þarna hefur verið safnað saman og liggja fyrir, og eru auðvitað grunnforsenda þess að unnt sé að taka á málum með einhverjum hætti, verið mikilvægar og nauðsynlegt í öllu falli að menn geri sér grein fyrir því hvernig aðstæðurnar eru. Það held ég að þessi vinna hafi leitt mjög rækilega fram í dagsljósið og betur en áður lá fyrir.

Ég vil svo, herra forseti, rekja meginefni þessa frv. sem hér er til umræðu og er nú ekki langt en jafnframt

kynna í tengslum við það þá samþykkt sem ríkisstjórnin gerði og er í raun hluti af þessum ráðstöfunum eða fylgifiskur frv. og er fskj. 1 með þessu frv., birtist á bls. 3 því að lengra er nú frv. ekki.

Frv. felur í sér í fyrsta lagi heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem loðdýrabændur taki hjá sínum lánardrottnum í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989. Samtals má ábyrgð þessi nema allt að 280 millj. kr. Síðan er nánar í 1. gr. fjallað um lánsskilmálana og þar er m.a. kveðið á um að lánin megi ná til allt að 60% af lausaskuldum hvers bónda sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., þ.e. að þau séu vegna loðdýrabúskaparins, enda breyti þá viðkomandi lánardrottnar því sem eftir stendur af nefndum lausaskuldum í lán til a.m.k. 8 ára. Jafnframt er vikið að því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins skuli hafa á hendi umsjón með þessum skuldbreytingum og nánar á um þær kveðið í reglugerð.

2. gr. frv. fjallar síðan um að þrátt fyrir ákvæði um tryggingar og fleiri skilmála lána í lögum nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sé Stofnlánadeildinni ótvírætt heimilt að fella niður allt að 40% höfuðstóls veðskulda fóðurstöðva og einstakra loðdýrabænda, enda, eins og segir þar, „skapi það samhliða öðrum ráðstöfunum viðkomandi aðila viðunandi rekstrarstöðu og hagsmunum Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði talið betur borgið með þeim hætti."

Síðan segir í greinargerð eða athugasemdum að frv. þetta sé samið með hliðsjón af skýrslu vinnuhóps sem ég gerði grein fyrir áðan og skipaður var hinn 6. sept. og skilaði áliti sínu í nóvember. Ég hygg að hv. alþm. hafi allir fengið þá skýrslu senda fyrir nokkrum dögum síðan og þeim er þá það efni væntanlega nokkuð kunnugt. Einnig er lögð til grundvallar samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 28. nóv. Sú samþykkt, eins og hún er birt í fskj. 1, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Ríkisstjórnin samþykkir að fela Byggðastofnun að greiða jöfnunargjald á loðdýrafóður á árinu 1990 og fái hún til þess fyrst um sinn 25 millj. kr. framlag. Síðan segir: „Haldi það mörg loðdýrabú áfram rekstri að útgjöld verði meiri en 25 millj. kr. skal tekið á því sérstaklega og Byggðastofnun útvegað viðbótarfjármagn. Loðdýrabændur verða að sækja um að fá greitt jöfnunargjald og skal Byggðastofnun í samráði við landbrn. leggja mat á umsóknir og ákveða hverjir fái slíkar greiðslur. Verði við það mat tekið mið af aðstæðum á hverju fóðurstöðvarsvæði auk rekstrarmöguleika viðkomandi bús."

2. Lagt er til að Framleiðnisjóður taki þátt í þessari fjárhagslegu endurskipulagningu eða skuldbreytingu hjá þeim sem hafa stundað loðdýrarækt og verji til þess eftirstöðvum þeirra 60 millj. kr. sem teknar voru frá í sambærilegu skyni hjá sjóðnum sl. vetur eða sl. vor. Jafnframt geti Framleiðnisjóður ráðstafað allt að 20 millj. kr. til viðbótar þeirri fjárhæð ef þörf krefur og lætur þá nærri að 60–65 millj. kr. ættu að geta verið til ráðstöfunar í þessu skyni.

3. Jarðeignum ríkisins verði gert kleift að aðstoða loðdýrabændur með yfirtöku eigna ábúenda á ríkisjörðum þar sem slíkt getur komið í veg fyrir að búseta leggist af á viðkomandi jörðum. Eins og kunnugt er búa nokkrir loðdýrabændur á ríkisjörðum og ákvæði laga eru þannig að láti þeir af búskap sínum kemur til kasta Jarðeigna ríkisins hvort sem er að gera upp við þá og yfirtaka eignir þeirra og skuldir á jörðunum. Einnig verði Jarðasjóði gert mögulegt að kaupa jarðir í sambærilegum tilvikum. Þau útgjöld sem af þessu kunna að stafa, fyrst og fremst í fyllingu tímans með greiðslu af lánum sem yfirtekin væru, verði síðan sérstaklega metin og tekin inn við afgreiðslu fjárlaga.

4. Ríkisstjórnin samþykkti, sem sjálfsagt má vera, framlagningu þessa frv. sem hér er nú mælt fyrir og gerð grein fyrir.

Nokkuð hefur verið um það rætt síðan þessar ráðstafanir litu dagsins ljós eða sú samþykkt ríkisstjórnarinnar sem ég hef hér kynnt sem og þetta frv. að þessar ráðstafanir gengju of skammt og væru ónógar. Að hluta til hygg ég að það hafi byggst á þeim misskilningi að sú 25 millj. kr. tala sem nefnd er sem fyrsta framlag til Byggðastofnunar sé endanleg og óumbreytanleg. En eins og orðanna hljóðan er þá er svo ekki, heldur er ætlunin að það verði metið í framhaldi af því hver áhugi manna er á því að halda áfram loðdýrarækt, bæði hversu margir vilja í raun, á grundvelli umsókna um slíka fyrirgreiðslu, halda áfram og jafnframt verði það á grundvelli mats á aðstæðum og þá liggur það í orðanna hljóðan að stjórnvöld áskilji sér rétt til að meta hvort skynsamlegt sé í hverju tilviki að veita slíka aðstoð.

Ég hef síðan fengið hér í hendur, reyndar nú fyrir fáeinum mínútum síðan og ég hygg að það sé væntanlegt á borð hv. þm., niðurstöður úr könnun sem Samband ísl. loðdýraræktenda hefur fengið búnaðarsamböndin til að gera. Þar var aflað fyrstu upplýsinga meðal loðdýrabænda um áformaðan ásetning þeirra á árinu 1990 og áhuga á að halda áfram loðdýrarækt ef þeim stæði til boða jöfnunargjald á fóður af tiltekinni upphæð sem þar var 5,50 kr. á kg fóðurs og þá væntanlega miðað við allt árið. Það væri þá nokkru hærri upphæð en ráðstafað hefur verið í þessu skyni á þessu ári þar sem fyrri hluta ársins voru greiddar 3 kr. en síðari hluta ársins 5,50. Mér sýnist þessi bráðabirgðakönnun, sem auðvitað jafngildir ekki endanlegum niðurstöðum eða endanlegum umsóknum sjálfkrafa um aðstoð, gefa til kynna að fullir ¾ hlutar loðdýrabænda í landinu hefðu hug á því að halda áfram stæði þeim slík aðstoð til boða.

Ég hef síðan rætt við forstjóra Byggðastofnunar og ég geri ráð fyrir að þar verði á allra næstu dögum unnið að því að móta viðbrögð og vinnureglur Byggðastofnunar í þessu sambandi samhliða því að frv. þetta verður til afgreiðslu. Ég bind miklar vonir við að þessar ráðstafanir geti þjónað þeim tvíþætta tilgangi annars vegar að auðvelda þeim sem stundað hafa loðdýrarækt á undanförnum árum að koma fjárhag sínum í betra horf, koma einhverjum böndum á sínar lausaskuldir frekar en verið hefur, í raun

burtséð frá því hvert verður síðan framhald á þeirra búskap, en í öðru lagi megi þetta verða til þess að styðja við bakið á þeim sem vilja sjálfir reyna að halda áfram loðdýrarækt og taka þannig þátt í því að koma í veg fyrir að þessi tilraun með nýja búgrein hér í landinu leggist af. Ég held að flestir eigi að geta samþykkt að það væri mikill skellur og mikið tjón eftir allt sem á undan er gengið og allt það sem búið er að leggja í þessa uppbyggingu, bæði efnislega, þ.e. í formi fjárfestinga og vinnu, en þó ekki síður allt það sem viðkomandi einstaklingar hafa á sig lagt í þessu sambandi. Deilan stendur kannski um það og mismunandi skoðanir eru aðallega uppi um hvað sé raunhæft og hvað ekki í þessum efnum, hversu mikið sé skynsamlegt að rifa seglin við þessar aðstæður og í ljósi þeirra erfiðleika sem loðdýraræktin hefur gengið í gegnum og standa yfir og ekki er kannski með einföldum hætti hægt að segja fyrir um hversu lengi standi enn.

Ég held þá, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara um þetta mikið fleiri orðum. Það væri vissulega hægt og mætti hafa um alla þessa sögu nokkuð langt mál. Ég hef stundum sagt það á undanförnum dögum að ég hafi varla kynnst öðru máli þar sem jafnmargir hafa orðið jafnmikið vitrir eftir á eins og í þessu tilviki. Nú þykjast allir sjá að hér hafi verið óskynsamlega að málum staðið og ógætilega fram gengið. Því var ekki að heilsa fyrir nokkrum árum þegar nánast allir stjórnmálamenn sem tóku til máls um aðstæður í sveitum, búháttabreytingar og annað slíkt, hvöttu til þess að bændur sneru sér að loðdýrarækt. Sama gerði gervöll forusta bænda, leiðbeiningaþjónustan og aðrir sem hlut áttu að máli. Ég held að ræðuhöld sem ganga út á það að vera vitur eftir á í þessu tilviki þjóni ekki miklum tilgangi. Hitt þjónar tilgangi að ræða þá stöðu sem uppi er og það sem fram undan er og þær ráðstafanir sem menn geta vonandi sameinast um að grípa til til þess að reyna að leysa a.m.k. að einverju leyti úr þessum bráða vanda.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. landbn. Ég veit að hv. landbn. Ed. vinnur vel og treysti því að hún vinni rösklega að málinu því að það liggur nokkuð við að framgangur þess megi verða sem greiðastur í gegnum hv. Alþingi vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru og þess tíma sem fyrir hendi er í þessu skyni í loðdýraræktinni.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þá er nú loðdýraræktin komin á dagskrá hér í þessari virðulegu deild og er á vissan hátt vonum seinna. Ég veitti því eftirtekt að hæstv. landbrh. hafði orð á því að mörg orð hefðu fallið um þá grein og menn hefðu bundið við hana miklar vonir í sambandi við breytingar á framleiðsluháttum í íslenskum landbúnaði. Það er hárrétt og kem ég að því síðar í ræðu minni.

Eins og hæstv. landbrh. tók fram hafa menn um nokkurra ára skeið staðið frammi fyrir miklum vanda í þessari grein. Í stað þess að hafa uppi væntingar um hvernig væri hægt að færa heföbundinn búrekstur til þessarar greinar hefur farið fram barátta um að viðhalda henni í landinu. Ég hef alveg nýlega farið yfir ummæli hæstv. landbrh. eins og þau hafa verið í blöðum síðan hann tók við þessu embætti og verður ekki annað séð en hæstv. landbrh. hafi haft miklar meiningar um að bæta úr og lagfæra stöðu þessarar greinar. Ég tala nú ekki um, ef til væri á myndbandi það sem hefur komið fram af hendi ráðherrans í sjónvarpi eða þá þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar í útvarpi. Og ekki efa ég að hæstv. landbrh. hafi gengið gott til, það efa ég ekki. En hitt er allt annað mál að þessi umræða af hans hálfu hefur farið fram við mjög erfiðar aðstæður í þessari grein og hún hefur vakið vonir með því fólki sem þennan búskap hefur stundað um aðgerðir af hendi ríkisvaldsins langt umfram það sem nú er ljóst að áform eru uppi um. Á þessu vek ég sérstaka athygli vegna þess að þeir sem hér eiga hlut að máli hafa barist harðri baráttu, unnið meira og minna kauplaust. Ég veit þess meira að segja dæmi að fóðurkaup hafa verið fjármögnuð með aðfenginni vinnu eftir því sem mögulegt hefur verið. Það er satt að segja mjög eftirtektarvert að hafa fylgst með því hvað þetta fólk hefur lagt mikið á sig.

Það er líka vert að geta þess að hér er yfirleitt um að ræða ungt fólk sem hefur lagt æðimörg ársverk að baki í þessari grein og vill gjarnan að stórum hluta berjast enn. Þetta mál er þess vegna afar sérstætt. Það er ekki einungis efnahagslegs eðlis, það er ekki einungis byggðalegs eðlis, heldur er hér um að ræða siðferðislega umræðu og siðferðislegar skyldur gagnvart þessu fólki.

Það má segja að í allri þessari miklu orðræðu hæstv. landbrh. hafi orðið nokkur skil á sl. sumri. Þá komst ríkisstjórnin að þeirri niðurstöðu að málinu skyldi frestað þar til Alþingi kæmi saman. Í lokaafgreiðslu ríkisstjórnarinnar sem var gefin út sem fréttatilkynning í sjö liðum 19. júlí 1989 segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 5. lið:

„Undirbúnar verða heildartillögur um þessar aðgerðir, þar með taldar ábyrgðir vegna skuldbreytinga og framhald málsins og þær tillögur lagðar fyrir Alþingi ef með þarf á komandi hausti. Tryggt verði, eftir því sem kostur er, með þeim ráðstöfunum sem að ofan greinir að ekki komi til stöðvunar hjá fóðurstöðvum eða einstökum bændum meðan þessar tillögur verða unnar."

Hér voru vissulega gefin skýr fyrirheit. Lánasjóðum og viðskiptaaðilum loðdýrabænda var tilkynnt og um það gert samkomulag að allri aðför að þeim skyldi frestað þar til búið væri að afgreiða málið á Alþingi og fá niðurstöður í viðskipti þessara aðila.

Í 6. lið segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Staða málsins verði kynnt fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna." Um það var tekin ákvörðun 19. júlí sl. En fyrir þremur eða fjórum dögum barst væntanlega öllum alþm. skýrsla um þessi mál og hafði það tekið sem sagt þennan tíma frá 19. júlí þar til núna fram undir mánaðamótin nóvember–desember að

kynna stjórnarandstöðunni þessi mál, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hefði gert um að samþykkt. Svo segir enn fremur hér í 7. og síðasta lið, með leyfi forseta: „Allri þessari vinnu verði hraðað sem frekast er kostur."

Menn geta reyndar lagt mat á það hvort þessi tími er langur eða skammur en miðað við aðstæðurnar í þessari grein og þar sem núna fer fram förgun þessara dýra hlýtur að vera ljóst að hér eru menn sannarlega komnir á elleftu stundu. Síðan hefur það gerst á grundvelli þessara yfirlýsinga, sem m.a. felast í tilkynningum frá ríkisstjórninni og væntanlega þeirri skýrslu sem fyrir liggur um afkomu loðdýrabænda og ég mun nú víkja hér að á eftir, að fram kemur frv. um þetta efni.

Ég vil segja það strax að þetta frv. hlýtur að valda miklum vonbrigðum sem raunar er staðfest. Aðalfundur Félags ísl. loðdýraframleiðenda ályktaði um málið. Það er ekki ástæða til þess að tefja umræðuna með því að lesa þá ályktun sem er í þremur liðum en þar kemur skýrlega fram að aðalfundurinn telur þessar aðgerðir ófullnægjandi og að þær valda fundarmönnum greinilega miklum vonbrigðum. Ég vek athygli á að fleiri aðilar hafa fjallað með sama hætti um málið. Ég get t.d. nefnt í þeim efnum stjórn Stéttarsambands bænda sem komst að sömu niðurstöðu. Þessir aðilar, sem eru að sjálfsögðu kunnugir þessari grein, hafa m.a. verið þátttakendur í henni og eru og skilja því og vita flestum öðrum betur hvar skórinn kreppir, hafa tekið af öll tvímæli um hvað hér er um ófullkomna aðgerð að ræða. Ég mun e.t.v. síðar minnast fáum orðum á efni frv.

Ég gat þess hér fyrr í ræðu minni að nýlega hefði alþm. borist skýrsla um úttekt á stöðu loðdýraræktarinnar. Og ég verð að segja það eins og er að ég man ekki eftir því að ég hafi farið yfir skýrslu tengda landbúnaði sem hefur verið betur rökstudd og unnin. Það er mikil ástæða til að vekja athygli á því hverjir eru höfundar þessarar skýrslu. Formaður fyrir þeirri nefnd var Magnús B. Jónsson, fyrrum skólastjóri á Hvanneyri, sem er trúlega sá maður sem hefur mesta reynslu og besta þekkingu á loðdýrabúskap. Aðrir nefndarmenn voru fulltrúi Þjóðhagsstofnunar, Eyjólfur Sverrisson, og fulltrúi Byggðastofnunar, Guðmundur Guðmundsson. Hér er þess vegna ekki um að ræða að sérstakur landbúnaðarhópur hafi fjallað um þessi mál, heldur fulltrúar frá bæði Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun. Þetta er mjög sannfærandi fyrir þær niðurstöður og þá framsetningu sem hér er lýst.

Það er svo annað mál að niðurstöðunni svipar nokkuð til þess sem fram hefur komið í öðrum skýrslum eða álitum sem hafa verið meira samansettar af þeim sem tengdari eru landbúnaðinum, eru meira landbúnaðarlega sinnaðir, en þeir heiðursmenn sem hér eiga hlut að máli. Þess vegna hefði maður getað álitið að niðurstöður úr þessari skýrslu og ábendingar yrðu býsna góður grunnur að tillögugerð í þessum efnum. Auk þess hafa þingmenn stjórnarliðsins að sjálfsögðu fylgst með málinu.

Það sem mesta athygli vekur þegar ég fletti þessari skýrslu er hvernig markaðsaðstæður eru að breytast. Það er athyglisvert að því er varðar mink og ref er áætlað að á næsta ári verði framleiðslan, skinnaframleiðslan, minni en salan var á þessu ári. En það sem hefur einmitt gerst er að framleiðslan undanfarin tvö ár í minkaræktinni og þrjú ár í refaræktinni hefur verið verulega mikið meiri en salan. Og ef litið er til áætlaðrar framleiðslu refaskinna á næsta ári þarf að fara allt aftur til ársins 1981 til að finna sambærilega, raunar aðeins lægri tölu. Öll ár síðan hefur framleiðslan verið meiri en áætlað er að hún verði á næsta ári.

Þetta gefur það til kynna, eins og kemur hér fram í skýrslunni, að því offramboði sem hefur verið á þessari vöru á heimsmarkaðnum sé nú senn að linna. Það breytir hins vegar ekki því að hefur áhrif á markaðinn. Ég vil vekja athygli á því, svo það valdi ekki misskilningi, að um það er skýrlega talað í þessari skýrslu, áhrif veðurfars, efnahags og annarra þeirra þátta sem hér eiga hlut að máli og valda nokkru um með hvaða hætti markaðurinn þróast. Það er líka afar eftirtektarvert að sjá hvernig verðlagið hefur breyst með aukinni framleiðslu og allt er þetta sýnt með mjög skýrum hætti.

Þá er í skýrslunni gerð nákvæm grein fyrir samkeppnisstöðu íslenskrar loðdýraræktar. Ég verð nú að segja eins og er að það kom mér á óvart hvað hlutur íslenskra bænda í þeim efnum er góður. Reyndar er það svo að í flestum tilvikum hafa horfið til þessarar framleiðslu menn sem hafa reynslu á öðrum sviðum í meðferð búfjár og er það ein skýringin. Það er líka eftirtektarvert að ýmsar ytri aðstæður hér á landi eru ákjósanlegri en t.d. á Norðurlöndunum. Þannig er t.d. fóðurverð lægra hér en á hinum Norðurlöndunum og kemur það m.a. til af ódýrara hráefni. Og þetta gerist þrátt fyrir að þessi grein býr við meiri fjármagnskostnað hér en gerist í þeim löndum.

Það er eftirtektarvert að Ísland er þannig með þó nokkuð lægri framleiðslukostnað en í hinum Norðurlöndunum, en hins vegar fæst hér minna fyrir skinnin sem sýnir að enn hafa menn ekki ræktað þennan bústofn eins vel og annars staðar gerist. Vera má að inn í þetta blandist líka að eins og ástandið hefur verið þá hefur viðleitni manna til þess að keppa hér til hæstu verðmæta ekki verið eins rík og verið hefði ef um betri og traustari markað hefði verið að ræða.

Það er að sjálfsögðu margt fleira sem kemur fram í þessari skýrslu, m.a. nákvæm úttekt á því hvar tjónið muni lenda ef þessi búgrein hrynur. Það er eftirtektarvert að fari svo að loðdýraræktin geti ekki haldið hér áfram starfsemi sinni muni t.d. Stofnlánadeild landbúnaðarins tapa 1,1–1,2 milljörðum kr. Það eru þannig ýmsir fleiri aðilar en bara bændur landsins, en bara þær fjölskyldur sem eiga hér lífsframfæri, sem eiga mikið undir því að þessi grein geti haldið áfram og eflst á nýjan leik m.a. til þess að standa skil á þeim skuldbindingum sem hún er nú í.

Niðurstöður nefndarinnar eru einkar skýrar og

skýrt fram settar. Er það að sjálfsögðu það langmikilvægasta við þá vinnu sem hér hefur verið lögð fram hvað niðurstöðurnar eru skýrar og hvað þær byggja á traustum grunni miðað við það sem hægt er að tala um í þessu sambandi. Það fer ekki fram hjá neinum sem fer yfir þessa skýrslu að aflað hefur verið mjög víðtækra upplýsinga bæði erlendis og hérlendis og á því byggir niðurstaðan. Það er einkum í þremur greinum sem nefndin leggur til að ráðist verði til atlögu við þennan vanda.

Það er í fyrsta lagi rekstrarstyrkur vegna framleiðslu áranna 1990–1991. Settir eru fram útreikningar um hvað hann þurfi að verða mikill til þess að endar nái saman. Það vill nú svo til að komnar eru um þetta betri upplýsingar. Eins og hæstv. landbrh. vitnaði til hefur verið gerð skyndikönnun á því hvað það eru margir loðdýrabændur sem eru tilbúnir að halda baráttunni áfram. Samkvæmt því má ætla að loðdýrabændum fækki, þó reyndar miðað við það að tilsettar aðgerðir verði gerðar, úr 206 niður í 162 og liggur þá enn fremur fyrir hver bústofninn er þannig að það ætti ekki að valda neinum vandræðum að komast að niðurstöðu í þeim efnum. Er það reyndar enn eitt atriði sem vekur mikla eftirtekt hvað þessar tölur eru samhljóða því sem kemur fram í skýrslunni og reyndar í samræmi við það sem Magnús B. Jónsson, fyrrum skólastjóri, upplýsti á fundi hjá landbn. Ed.

Önnur ábendingin er skuldbreyting á lausaskuldum. Sú fyrsta sem ég hef getið hér um, þ.e. rekstrarstyrkurinn, er sú leið sem valin er til þess að finna grundvöll fyrir þessum rekstri. Og númer tvö er svo að skuldbreyta sem að sjálfsögðu er nauðsynlegt til að koma þessum málum í betra horf. Og í þriðja lagi er það frestun á afborgunum langtímalána. Þetta er allt saman afar vel rökstutt og ég sé ekki sérstaka ástæðu til að fara ofan í þessi efni í einstökum atriðum með því að mér er það fullkomlega ljóst að það verður gert við yfirferð málsins í landbn. Ed. Alþingis og þá verður að sjálfsögðu hægt að fjalla um það með nákvæmari hætti en ástæða er til að gera hér að þessu sinni.

Það er þá spurningin hvers vegna það frv. sem hér hefur verið lagt fram er jafnófullkomið og raun ber vitni. Það minnir mig í mörgun greinum á umræðuna sem fram hefur farið af hendi hæstv. landbrh. að undanförnu. Efni frv. er einvörðungu um ríkisábyrgð á tilteknum hluta lausaskulda og síðan kemur yfirlýsing frá ríkisstjórninni. Ég fæ ekki séð til hvers verið er að leggja fram þetta frv. Ríkisábyrgðina sem hér er sérstaklega fjallað um hefði að sjálfsögðu bæði verið hægt að fella inn í lánsfjárlög og líka 6. gr. fjárlaga alveg eins og ríkisstjórnin er að gera bókun um að það eigi að útvega fjármagn til þess að greiða niður fóður með fjárveitingu, trúlega af fjárlögum. Ég fæ þannig ekki séð hvers vegna hæstv. landbrh. er að flytja þetta frv.

Það hefði haft og hefur grundvallarþýðingu fyrir afstöðu þeirra bænda sem stunda þennan búskap hvernig málið verður afgreitt frá Alþingi. Ég er sannfærður um að menn munu ekki taka einhverjar yfirlýsingar í þeim efnum sem heilagan bókstaf. Þar búa menn við reynslu a.m.k. frá 19. júlí og ég er alveg sannfærður um það að á slíka hluti treysta menn ekki. Það er þess vegna alveg augljóst mál að ef afgreiða á þetta mál með sannfærandi hætti, þá verður að gera á þessu frv. miklar breytingar og hafa það svo skýrt að það fólk sem hér á hlut að máli viti hvers það má vænta þannig að það geti tekið sínar ákvarðanir út frá því.

Þá er það spurningin: Fyrir hverju eru menn að berjast hér? Hvers vegna láta menn ekki þessa búgrein fjúka eins og reyndar sumir vilja? Það er hárrétt sem kom hér fram í ræðu hæstv. landbrh. að í rauninni var loðdýrabúskapurinn sá þáttur sem menn horfðu helst til, jafnvel einvörðungu um það leyti sem teknar voru ákvarðanir um það að breyta búskaparháttum í landinu. Við stöndum núna frammi fyrir því að umfram innanlandsneyslu í kindakjöti er framleiðslan væntanlega eitthvað yfir 2000 tonn. Við stöndum frammi fyrir því að framleiðsluréttur hefur verið á útleigu sem getur hæglega komið inn í þessa framleiðslu að tveim árum liðnum. Við stöndum frammi fyrir því að það hefur átt sér stað mikill niðurskurður á sauðfé vegna útrýmingar á riðuveiki sem auðvitað dregur tímabundið úr kindakjötsframleiðslunni en kemur inn síðar. Allt eru þetta staðreyndir. Og menn verða auðvitað að horfa á þetta mál í samhengi við það sem er að gerast í landbúnaðinum að öðru leyti.

Það er líka eftirtektarvert hve mikill áhugi er fyrir þessari búgrein og hvað trú bænda er mikil á henni. Mér hefur t.d. verið sagt frá því að öll námskeið sem haldin eru á bændaskólunum eru yfirfull þegar fjallað er um þessi mál. Skólastjórinn á Hvanneyri hefur sagt mér að sumt fólk komi aftur og aftur. Dæmi eru til þess að sama fólkið hefur sótt þessi námskeið fjórum eða jafnvel fimm sinnum. Og með mörgum hætti er hægt að færa rök fyrir því að áhuginn er býsna mikill á þessari grein þótt svona hafi blásið á móti.

Það er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, fari svo að loðdýraræktin sé látin fjúka, að taka afstöðu til þess hvernig menn ætla að vinna sig út úr vandanum í sauðfjárræktinni því að það vill svo til að margir þeir bændur sem hér er um að ræða eiga framleiðsluréttindi í sauðfjárrækt. Og þegar hæstv. landbrh. ávarpaði aðalfund Sambands ísl. loðdýrabænda þá tók hann það sérstaklega fram og hvatti menn til þess að sitja áfram á jörðunum og nota byggingarnar til einhverrar framleiðslu er hentaði. Það verður ekkert skilið öðruvísi en að framleiðsluréttindum, sem þessir menn eiga, verði komið fyrir í þessum húsakosti. Og eins og ég sagði hér í upphafi, þá er hér um að ræða mál sem er mjög siðferðislegs eðlis. Menn hafa verið hvattir til þess að breyta sínum búskaparháttum á grundvelli þeirra raka sem ég hef tilgreint og það voru ekki hafðir fyrirvarar á því að það gæti komið til verðfalls á þeirri framleiðslu sem hér var sérstaklega um að ræða.

Ég minnist þess t.d. þegar ég fór nýlega yfir þessi

mál afar varlega að þá var hægt að finna góð rök fyrir því að með því að byggja upp 400–500 loðdýrabú — við höfum nú verið með hálfa þá tölu þrátt fyrir allar þessar hörmungar — væri hægt að koma þar fyrir framleiðslu sem samsvaraði þeirri kindakjötsframleiðslu sem við þurftum að losna við. Og einmitt með því væri hægt að breyta útflutningi í framleiðslu, útflutningi sem við höfum haft í dilkakjöti í framleiðslu sem gæti skilað miklu betra verði. Allt eru þetta staðreyndir sem áttu fyllilega við rök að styðjast á þeim árum sem þessar ákvarðanir voru teknar.

Virðulegi forseti. Ég hef aðstöðu til þess að fjalla um þetta mál í landbn. Ed. og þess vegna þarf ég ekki að tala hér mikið lengur. En með tilliti til ýmissa annarra aðgerða í þjóðfélaginu, þá er út af fyrir sig vert að minna á það að hlutur þessara loðdýrabænda er ekkert sérstaklega góður. Við höfum t.d. nýlega fengið tölur inn á borð hjá okkur sem sýna að greiðslur vegna ríkisábyrgða á laun sem koma til vegna gjaldþrota í fyrirtækjum munu verða um 270 millj. kr. á þessu ári og hafa þrefaldast á einu ári. Og ég segi: Hamingjunni sé lof fyrir að slíkur réttur skuli vera til staðar fyrir það fólk sem lendir í því að missa atvinnu sína og lífsviðurværi í gjaldþrotum. Og það er ætlað að á þessu ári muni atvinnuleysistryggingar hækka, þrefaldast, verða einhvers staðar nálægt einum milljarði og stóraukast á næsta ári. Inn í þessi réttindi geta loðdýrabændur ekki sótt. Þeir eiga engin slík réttindi. Sem betur fer eiga það aðrir sem þetta bitnar á. Ég vil minna á að þó að farið sé fram á nokkrar fjárupphæðir til stuðnings við loðdýrabændur þá eru þær meira að segja lægri en það sem hæstv. landbrh. tók af sauðfjárbændum á sl. hausti í samkomulagi við Stéttarsamband bænda. Þar var kippt út úr verðlagsgrundvellinum 160 millj. kr. Líðlega 60 millj. af því fjármagni á ekki að skila bændum aftur, en afganginum á að skila vaxtalausum í janúar og apríl. Það væri nú engin ofrausn þó að loðdýrabændur fái ámóta greiðslu og af sauðfjárbændum var tekin við verðlagningu sauðfjárafurða á sl. hausti.

Það er líka býsna eftirtektarvert að þær fyrstu fréttir sem ég hef fengið um afkomu sauðfjárbænda á þessu ári eru með þeim hætti að þeir hafa sannarlega ekki verið aflögufærir. Ég hygg að sauðfjárbændur eigi núna í meiri þrengingum efnahagslega heldur en verið hefur um margra ára skeið. Samt sem áður láta menn sig hafa það að taka af sauðfjárbændum um 160 millj. eins og ég hef áður sagt þannig að þegar litið er til þeirra aðgerða sem menn hafa verið að grípa til á þessu hausti gagnvart bændum landsins, reyndar bæði sauðfjárbændum og kúabændum, þá er ekki verið að fara hér fram á neitt hærri tölur en nemur þeim skerðingum. Bændastéttin hefur þess vegna býsna góð rök fyrir því að hér verði gengið til liðs við loðdýrabændur af meiri myndarskap en raun ber vitni um.

Það er fyllilega ástæða til að minna á það, með tilliti til þeirrar umræðu sem hefur verið um Stofnlánadeild landbúnaðarins og aðild hennar að hugsanlegum aðgerðum í þessum efnum, að þá er trúlega rúmur ¼ hluti af varasjóði Stofnlánadeildarinnar, sem var í árslok 1988 líðlega 1,2 milljarðar kr., tilkominn vegna viðskipta við loðdýrabændur. Og það mundi nú duga til þess að rétta kúrsinn í þeim viðskiptum ef sú hlutdeild varasjóðsins gengi yfir til þessarar greinar í þeirri endurskipulagningu sem hér hlýtur nú að fara fram.

Það er afar mikilvægt fyrir framgang þessa máls að vel takist til við störf landbn. Ed. og ekki efa ég að það geti orðið góð vinnubrögð þar og kannski líka samkomulag. Enda eru fyrir því fordæmi frá sl. vetri þar sem landbn. beggja deilda höfðu forustu um samkomulag, ekki einungis milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur líka ... (Gripið fram í.) Búfjárræktarlögin voru þar. (**SkA:** Búfjárræktarlögin? Það held ég ekki.) (**KP:** Nei.) (Gripið fram í.) Þau voru reyndar þar líka. (**EG:** Hv. þm. er farið að förlast.) Það væri ekki neitt einkennilegt miðað við það að vera í svona mikilli nálægð við hv. 3. þm. Vesturl. Ég held að það komist fáir menn óskemmdir út úr þeirri návist.

Það er svo annað mál að þrátt fyrir það samkomulag sem þá var gert og yfirlýsingar gefnar um sem ég hef m.a. farið yfir, þá hefur bara ekki verið staðið við það í nokkru einasta tilviki. Ekki í nokkru einasta tilviki. Og mér sýnist á ýmsu að það eigi ekki að gera það frekar nú við þessa fjárlagaafgreiðslu en áður. Mér sýnist að við fjárlagagerð verði heldur ekki tekið tillit til þessa samkomulags og ætli það séu ekki í uppsiglingu ákvarðanir um að koma inn í lánsfjárlög sams konar ákvæðum og verið hafa um skerðingu á framlögum til landbúnaðarins. Það kæmi mér ekki mjög á óvart. Þannig að það getur út af fyrir sig verið ágætt að gera samkomulag og komast að sameiginlegri niðurstöðu sem allir alþingismenn styðja en virða það svo ekki að neinu þegar búið er að undirskrifa lögin. Þessi sára reynsla hlýtur náttúrlega að verða höfð til hliðsjónar við afgreiðslu þessa máls í landbn. Ed. Nú sé ég að hv. formaður landbn. hristir höfuðið og veit ég ekki hvað það á að merkja, en á því fást nú skýringar væntanlega síðar.

Ég endurtek svo, virðulegi forseti, að vegna þess að mér gefst tími til þess að fjalla um þetta mál í meðferð þingsins, þá sé ég ekki ástæðu til að fara ítarlegar yfir það hér núna. Þar hef ég kost á að koma sjónarmiðum mínum skýrar á framfæri.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrst vildi ég geta þess að það var ekki alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. landbrh. áðan að allir hefðu orðið vitrir eftir á í þessu máli. Vil ég í því sambandi benda á lög sem sett voru um loðdýrarækt árið 1981. Þar voru ýmsir þingmenn sem höfðu efasemdir þó að þeir styddu lagasetninguna. Þeir vöruðu við að of geyst yrði farið í þessa nýju atvinnuuppbyggingu. Þeir höfðu ýmsar efasemdir og nefndu fiskeldið sem dæmi um atvinnugrein sem var verið að fara út í þá og þeim þótti hratt farið þar. Þess vegna vildi ég benda á þetta hér í upphafi máls míns, en hæstv. landbrh. sagðist líka ekki ætla að tefja

umræðuna með því að fjalla um greinina yfirleitt eða þá sögu sem hún á að baki. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að við lítum aðeins yfir farinn veg.

Á þessum áratug, þ.e. frá 1980 og núna til 1989, hefur farið töluvert fyrir umræðu um málefni loðdýraræktarinnar bæði í þjóðfélaginu og hér á Alþingi og ekki síst fyrir það að e.t.v. hefði átt að hlusta á varnaðarorð þeirra þingmanna sem tóku þátt í umræðunni hér 1981. Þegar þau lög voru sett voru starfandi í landinu fimm minkabú og átta refabú, en vegna samdráttar í landbúnaði jókst um þær mundir áhugi manna á að reyna fyrir sér í öðrum búgreinum og eins og hér hefur komið fram í umræðunni var það reyndar ekki síst fyrir tilstilli stjórnvalda og hvatningu af þeirra hálfu að bændur voru reiðubúnir til að taka loðdýraræktina upp sem aukabúgrein. Þeir ýmist leigðu eða seldu búmark sitt og síðar fullvirðisrétt en aðrir lögðu heföbundinn búskap alveg af. Sú spurning kemur því auðvitað upp, eins og heyrst hefur frá fundi Sambands íslenskra loðdýraræktenda: Hver er réttarstaða þeirra sem hafa selt fullvirðisrétt sinn í þeirri stöðu sem nú er upp komin?

Eins og ég minntist á í upphafi þá fór hér fram töluverð umræða þar sem komu fram glæstar vonir um bjarta framtíð varðandi þessa búgrein, en eins og svo oft áður gleymdist að huga að framtíðarsýninni. Ég held að það sé ekki vanþörf á að rifja það upp hér vegna þess að hv. þm. sitja mislengi á þinginu, sumir sitja mjög lengi, allt upp í 20–30 ár og hafa þess vegna tekið mikinn þátt í að móta stefnuna í langan tíma og það er rétt sem fram kom hjá hæstv. landbrh. rétt í þessu að e.t.v. sitja sumir of lengi. Það hefur oft borið á góma hér að Framsfl. hefur átt aðild að ríkisstjórn í næstum því tvo áratugi og gjarnan verið í forustu fyrir ríkisstjórnum á þessu tímabili þannig að ábyrgð þess stjórnmálaflokks hlýtur auðvitað að vera nokkur í þessu máli.

En það sem ég vildi líka minnast á, og það snertir einnig það atriði að vera vitur eftir á, er að þegar farið var út í loðdýrarækt var ekki gerð nein krafa um kunnáttu eða þekkingu fólks á greininni. Eina skilyrðið var það að fólk væri að leggja af heföbundinn búskap. Vil ég taka fram að kvennalistakonur vöruðu við því á sínum tíma og fjölluðu um það þegar rædd var hér á Alþingi till. til þál. um annað mál sem snertir loðdýraræktina. Það hvernig staðið var að málum í upphafi hefur að mínu mati orðið okkur afar dýrkeypt. En eins og allir vita og hefur komið fram hér hefur orðið gjörbreyting til batnaðar hvað þetta síðasta atriði varðar, þ.e. menntun og þekkingu. Fræðslustarfsemi og ráðgjöf hefur verið efld og loðdýrabændur hafa nýtt sér hana í stórum stíl og kunnátta og þekking þeirra hefur aukist og þar með hafa gæði skinnanna farið batnandi. Eftir sem áður ætti það að vera stjórnvöldum víti til varnaðar, og ég vil leggja áherslu á það, að leggja ekki út í slíka uppbyggingu án þess að huga fyrst að þeim kröfum sem þarf að uppfylla og með hvaða hætti best verður staðið að nýjum atvinnugreinum í landinu.

Ég vil einnig benda á að árið 1985 voru sett lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og í grg. með því frv. er tekinn kafli úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem þá var við völd og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nýjar búgreinar svo sem loðdýrarækt, fiskeldi og fleira verði efldar og stærri hluti fjárveitingar til landbúnaðar renni til þeirra.“ — (**SkA:** Hvaða ár var þetta?) Þetta var 1985 þegar búvörulögin voru sett.

Svarið við spurningunni um það hvað nú á að gera hlýtur að mótast af því hvernig stjórnvöld hafa staðið við fyrirheit sín og hvernig hefur verið staðið að þessari nýju búgrein. Eins og aðrir atvinnurekendur hafa loðdýrabændur búið við vonlaus rekstrarskilyrði síðustu árin, rangt skráð gengi og himinháa vexti. Það segir sig auðvitað sjálft hversu erfitt hlýtur að vera að standa í uppbyggingu, þurfa að leggja í stofnkostnað og hefja rekstur við slík skilyrði. Ég vil leggja áherslu á að hér nær ábyrgðin yfir lengri tíma. Eins og þingheimur veit hefur núv. hæstv. landbrh. ekki setið í þeim stóli mörg ár. En ég vil undirstrika mikilvægi þess að menn finni til þeirrar ábyrgðar sem á þeim hlýtur að hvíla í þessu máli.

Áður en ég lýk þessu sögulega yfirliti yfir þennan áratug vil ég minna á tvær till. til þál. sem samþykktar voru samhljóða hér á Alþingi og fjölluðu um loðdýraræktina. Það var á síðasta kjörtímabili og felur sú fyrri í sér áskorun á ríkisstjórnina, eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta, „að láta fullvinna og hrinda í framkvæmd áætlun um skipulag loðdýraræktar með hliðsjón af hagkvæmni í fóðuröflun, bústærð og stofnkostnaði“. Þessi tillaga var samþykkt árið 1986 skömmu eftir að heföbundinn búskapur hafði verið dreginn saman með skipulegum hætti og ég þykist þess fullviss að á þeim tíma hefði verið mun sársaukaminna að gera eitthvað slíkt með skipulegum hætti varðandi loðdýraræktina heldur en eins og málin líta út í dag.

Síðari tillagan felur í sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að skipuð verði nefnd, eins og þar segir orðrétt, með leyfi forseta, „til þess að kanna og gera tillögur um með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðskinnamörkuðum“ og var hún samþykkt árið 1987. Væri nú fróðlegt að heyra frá hæstv. landbrh., ef hann getur þá gefið upplýsingar um þessar tillögur, hvernig þeim hefur verið fylgt eftir. Mér virðist ekkert í stöðunni nú benda til þess að farið hafi verið að þeim og væri gott að fá um það upplýsingar ef mögulegt er. Mér sýnist einnig að ef þeim hefði verið fylgt eftir hefði e.t.v. verið hægt að einhverju leyti að koma í veg fyrir þann vanda sem nú er uppi.

Ég vil, eins og reyndar hv. fyrri ræðumaður gerði, 4. þm. Austurl., þakka fyrir þá ágætu skýrslu sem okkur hefur borist í hendur. Hún er unnin af vinnuhópi landbrh. undir forustu Magnúsar B. Jónssonar á Hvanneyri. Hún er mjög aðgengileg og sýnir skýrt og glögglega þá óáran sem loðdýrabændur hafa mátt búa við á heimsmarkaði ofan á þau vandamál sem við er að etja heima fyrir. Sveiflurnar í skinnaverðinu eru ótrúlegar á þessum örfáu árum, 1980–1989, og ég tel

það í raun ótvírætt merki um þrautseigju loðdýrabænda og vilja til að reyna að halda áfram að þeir skuli svo margir sem raun ber vitni enn þá stunda þessa búgrein. Á síðustu tveim blaðsíðum skýrslunnar eru tillögur vinnuhópsins um aðgerðir vegna rekstrar- og greiðsluvanda loðdýraræktar og vekja þær nokkra undrun ef þær eru síðan bornar saman við frv. ríkisstjórnarinnar og ekki síst fyrir þá sök að fimm þingmenn, allir fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, áttu þátt í störfum vinnuhópsins og því hljóta þetta að vera þeirra tillögur líka.

Í skýrslu vinnuhópsins er lögð meginhersla á að aðgerðirnar séu almennar fyrir greinina en ekki er gert ráð fyrir sértækum aðgerðum í því skyni að leggja niður loðdýrarækt á ákveðnum svæðum eða landshlutum. Í frv. ríkisstjórnarinnar er hins vegar snúið af braut almennra aðgerða. Hverjum og einum bónda er ætlað að leggja inn umsókn og opinberum stofnunum falið að fjalla um mál þeirra. Langar mig í þessu sambandi að spyrja hæstv. landbrh. hvaða megingalla ríkisstjórnin sá við þá tillögu vinnuhópsins sem lúta að þessu atriði, þ.e. almennar aðgerðir eða sértækar.

Varðandi 2. gr. frv. langaði mig líka að bera fram spurningu til hæstv. landbrh. Það er um niðurfellingu 40% höfuðstóls veðskulda fóðurstöðva og einstakra loðdýrabænda. Tel ég nauðsynlegt að fá staðfest hvort hér er átt við að 40% af skuldum allra loðdýrabænda verði afskrifaðar eða einungis þeirra sem lenda í nauðasamningum. Þá er auðvitað líka nauðsynlegt að ljóst sé hver á að ákveða þessa heimild.

Síðan langaði mig aðeins að víkja að þessu gula blaði sem við fengum hér inn úr dyrunum rétt áðan og með tilliti til 1. liðarins í fskj. frá fundi ríkisstjórnarinnar 28. nóv. Þar er gert ráð fyrir 25 millj. kr. framlagi sem jöfnunargjald á loðdýrafóður, og þar segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Haldi það mörg loðdýrabú áfram rekstri að útgjöld verði meiri en 25 millj. kr. skal tekið á því sérstaklega og Byggðastofnun útvegað viðbótarfjármagn."

Það er auðvitað nauðsynlegt að vita hvaðan það fjármagn á að koma til Byggðastofnunar. Á fundi landbn. kom fram ótti forstjóra Byggðastofnunar um að hér yrði gengið á eigið fé stofnunarinnar. Samkvæmt bókun ríkisstjórnarinnar stendur til að afgreiða jöfnunargjald eftir umsóknum og okkur hefur borist frumkönnun á því hversu margir ætla að halda áfram. Það verður svo væntanlega mat Byggðastofnunar hversu margir teljast til þess hæfir samkvæmt skilningi mínum á þessum texta, en þá er spurningin: Mun verða veitt fjármagn til allra þeirra sem geta haldið áfram ef bændur uppfylla þau skilyrði sem Byggðastofnun og landbrn. setja? Er hægt að treysta því að allir þeir sem samkvæmt þeirra forsendum geta haldið áfram geti það í raun?

Þá vildi ég einnig spyrja um eitt atriði hér að lokum og það er einnig varðandi þær sértæku aðgerðir sem nú er gert ráð fyrir. Það mun væntanlega hafa í för með sér að loðdýrabú geta lagst af óskipulega ef farið verður eftir þeirra efnahag og skuldastöðu eingöngu. Mig langar til að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann óttist ekki að við þær ráðstafanir verði margir bændur sem eru í þokkalegri stöðu að hætta vegna þess að allir í kringum þá neyðast til að hætta og þar með er brostinn grundvöllur fyrir rekstri fóðurstöðvar í því tiltekna héraði.

Þar sem ég mun fá tækifæri til að fjalla nánar um þetta mál í landbn. þessarar hv. deildar ætla ég ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð núna en vil enn og aftur minna á þá ábyrgð sem ég tel stjórnvöld bera gagnvart því fólki sem var att af ofurkappi út í þessa atvinnugrein og þeim fjötrum sem það fólk og ættingjar þess og venslamenn eru komnir í vegna veðsetninga. Ég held að við verðum að horfa á málið í samhengi og átta okkur á því hvað það kostar ef allt þetta fólk hrökklast frá búum sínum og vinir og ættingjar missa húsnæði og allar sínar eignir. Hversu mikið kostar það þjóðfélagið?

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega mikill vandi á höndum þegar fjallað er um vanda loðdýraræktarinnar. Það er ljóst að hér er við erfið mál að eiga og það er líka ljóst að sú lausn sem hér liggur fyrir er millileið þar sem mörgum þykir of skammt gengið og að ónóg sé hér að gert.

Það er ekki nokkrum minnsta vafa undirorpið að þegar farið var af stað í þessari búgrein þá var það gert nánast skipulagslaust og fyrirhyggjulítið og oft með þeim hætti að nauðsynleg þekking og kunnátta var engan veginn fyrir hendi. Þarna hafa verið gerð hrikaleg fjárfestingarmistök, ekki bara staðsetning búanna og stærð, heldur ekki síður staðsetning eða stærð og afkastageta fóðurstöðva. Þetta viðurkenna nú þeir menn sem gerst þekkja og mest vita um málið, að sumar stöðvarnar, t.d. á Sauðárkróki, að sú fjárfesting var glórulaus vitleysa frá upphafi. Þetta hefur komið fram á fundum í hv. landbn.

Hv. 4. þm. Austurl. Egill Jónsson flutti hér afar langa ræðu en kannski ekki alveg að sama skapi merkilega, en það er auðvitað álitamál. Hann taldi þessa lausn valda miklum vonbrigðum. Hér væri um ófullkomnar aðgerðir að ræða og væri hvergi nærri nægilega langt gengið til aðstoðar við loðdýrabændur. Það má kannski til sanns vegar færa en hins vegar hlýtur ætíð að vera álitamál hversu langt á að ganga í þessum efnum eftir það sem búið er að gera og ég mun víkja að hér síðar.

Hv. þm. Egill Jónsson er höfundur bæklings eða rits sem heitir „Til nýrra tíma", höfundur og útgefandi: Egill Jónsson, stendur hér skilmerkilega á forsíðu og á þriðju síðu er mynd af höfundi þessu til staðfestingar. Á bls. 20 í þessum bæklingi er fjallað um atvinnuuppbyggingu í sveitum, innan sviga 450 loðdýrabú. Þetta er gefið út að ég hygg (**EgJ:** 1987.) 1987. Það kemur nú reyndar ekki fram í ritinu svo sem skylda mun vera samkvæmt lögum að ég hygg. Hér er greint frá áætlun um uppbyggingu loðdýrabúskapar til mótvægis í hefðbundnum landbúnaði og þar segir, með leyfi forseta:

„Athygli vekur hvað hér er um hagnýtt verkefni að ræða. Samkvæmt áætluninni væri kominn á jöfnuður

milli stofnkostnaðar og tekna á árinu 1988. Á síðasta ári aðlögunartímabilsins nema árlegar tekjur svipaðri upphæð og nýsköpunarfé samtals yfir allt tímabilið. Síðan þessi áætlun var gerð hafa málefni loðdýraræktarinnar skýrst enn betur, m.a. með skýrslu Byggðastofnunar um loðdýrarækt. Það auðveldar mat á aðstæðum og aðgerðum til að efla þessar nýgreinar."

Nú skulum við líta hér á þetta súlurit í þessu merka hugverki hv. þm. Egils Jónssonar. Árið 1988 eru tekjur af loðdýraræktinni samkvæmt því hátt í 700 millj. en stofnkostnaður 600 millj. Árið 1989, þ.e. yfirstandandi ár, eru tekjur af loðdýrarækt — og takið nú eftir, hv. þm. — hátt í 1 milljarður kr., næstum einn milljarður kr., en stofnkostnaður um eða í kringum 100 millj. Á næsta ári, árið 1990, eiga tekjurnar eftir þessu súluriti að vera 1 milljarður kr. og stofnkostnaður enginn. Og nú spyr ég: Hverjum er farið að förlast?

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi dreift þessu riti til bænda í sínu kjördæmi með þessum spádómum og þeim upplýsingum sem hér er að finna. Þetta er umhugsunarefni.

Hv. þm. Egill Jónsson vill að miklu lengra sé gengið. Það hefur komið skýrt fram hjá hæstv. landbrh. að hér er um samkomulagslausn að ræða. Mér er það alveg ljóst að ýmsir í ríkisstjórninni hefðu viljað ganga eitthvað lengra en landbrh. hefur lýst þessu sem samkomulagsmáli og ekki farið um það fleiri orðum. Þetta er það sem er samkomulag um að gera núna. Vel má vera að á einhverjum síðari stigum reynist nauðsynlegt að grípa til annarra aðgerða.

Af *málflutningi* hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur, sem talaði hér síðast fyrir hönd Kvennalistans, varð heldur ekki annað skilið en að hér væri of skammt gengið og gera þyrfti meira. Hún gerði sérstaklega að umtalsefni þá sem hafa skrifað upp á veðsetningar eða skuldabréf eða víxla vegna þessara mála. Það er sjálfsagt rétt að það eru ýmsir sem munu eiga í erfiðleikum vegna þess. En þá ber auðvitað að hafa í huga að þegar menn skrifa upp á slíkar skuldbindingar hljóta þeir um leið að gera sér grein fyrir því og vera við því búnir að standa skil á skuldinni geti greiðandi ekki innt hana af höndum. Það er eðli máls í öllum fjármálaviðskiptum. Ég hef vissulega samúð með því fólki sem svona er ástatt um en svona er bara ástatt á mörgum fleiri sviðum eins og t.d. að því er varðar öflun íbúðarhúsnæðis hjá fjölmörgum aðilum.

Það er satt að segja furðulegt að hlusta á talsmenn stjórnarandstöðunnar, hvort sem þar er um að ræða Kvennalistann eða Sjálfstfl., klifa hér á því sífellt í hverju málinu á fætur öðru að ekki sé nóg um fjárútlát úr ríkissjóði, gera þurfi betur, greiða þurfi meira, hækka framlög, jafnframt því sem talað er um að skattáþjánin sé orðin með þeim ólíkindum að við það verði ekki unað og þess vegna verði að lækka skatta. Þetta er kjarninn í málflutningi, ekki bara Kvennalistans og hefur verið lengi, heldur líka í málflutningi hv. sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu. Og ég spyr: Hvernig getur þetta gengið upp? Svarið er: Það getur ekki gengið upp. Svo einfalt er það. Eða þegar hv. þm. Sjálfstfl., bæði í þessari deild og hv. Nd., leggja til að framlög ríkissjóðs og greiðslur úr ríkissjóði verði auknar, jafnframt því sem skattar verði stórlega lækkaðir, hvað vilja þeir þá skera niður? Á að byrja á heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, þeirri félagslegu þjónustu sem byggð hefur verið upp í þessu samfélagi? Er það vilji Sjálfstfl.?

Ef menn gera tillögur um stóraukin útgjöld úr ríkissjóði þá hvílir á þeim sú siðferðilega skylda að gera grein fyrir því hvernig á að afla tekna til þeirra útgjalda. Það dugar ekki að gera samtímis tillögur um skattalækkanir. Það er satt best að segja alveg einstaklega ómerkilegur málflutningur. Alveg einstaklega. En þetta er svo sem ekki nýtt.

Hér er sagt að allt of skammt sé gengið varðandi aðstoð við loðdýraræktina. Í skýrslu þeirri sem vikið hefur verið að hér oftar en einu sinni, úttekt á stöðu loðdýraræktar, eru taldar upp sérstakar aðgerðir vegna loðdýraræktar 1988 og 1989. Og með leyfi forseta nefni ég hér nokkur atriði:

Óskað var eftir því við Stofnlánadeild landbúnaðarins að hún frestaði afborgunum stofnlána fóðurstöðva og í nokkrum tilvikum afborgunum af lánum einstakra bænda. Þá var ákveðið að afskrifa 30% af áhvílandi búralánum hjá refabændum, samtals um 30 millj. kr.

Skuldbreyting lausaskulda. Stofnlánadeild landbúnaðarins samþykkti að lána refabændum til skuldbreytinga lausaskulda vegna refaræktar. Þegar hafa verið veitt lán að upphæð um 100 millj. kr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitti refabændum óverðtryggð og vaxtalaus lán til sex ára vegna framleiðslu refaskinna, 550 kr. á hvern hvolp. Alls nam lánveiting Framleiðnisjóðs vegna þessa 46,9 millj.

Stjórn Byggðastofnunar heimilaði stofnuninni að verja allt að 50 millj. kr. til að leggja fram sem hlutafé við fjárhagslega endurskipulagningu reksturs fóðurstöðva. Þá veitti stofnunin lán til hlutafjárkaupa. Varið var 60 millj. kr. til aðstoðar við búháttabreytingu úr ref í mink, eins og það er orðað hér. — Þetta er allnokkuð.

Á árinu 1989 eru eftirfarandi aðgerðir: Frestun afborgana stofnlána, lenging lána, skuldbreyting lausaskulda. Heildarfjárhæð þessi nam 60 millj. kr. Jöfnunargreiðsla á fóður.

Það hefur mjög margt verið gert og það er alveg ljóst að ef mæta ætti ýtrustu kröfum þeirra sem fást við þessa búgrein yrði um of seilst í vasa skattgreiðenda vegna þess að þaðan koma peningarnir, en ég heyri að það er það sem hv. þm. Egill Jónsson og jafnvel hv. þm. Kvennalistans, sem ekki þykir nóg að gert, vilja að gert verði. Og það er eins gott að það liggi alveg skýrt og ljóst fyrir að þetta er þeirra vilji.

Hér er komið til móts við loðdýrabændur. Mér er fyllilega ljóst að mörgum þykir sem ekki sé nóg að gert. Hér er um samkomulagsleið að ræða á þessu stigi máls. Ég áskil mér allan rétt til þess að skoða

þetta mál að nýju í ljósi nýrra kringumstæðna síðar, en það er alveg ljóst að hér var of mikið gert með lítilli fyrirhyggju, lítilli skynsemi, nær engu skipulagi og af því eru menn að súpa seyðið núna. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að það komi við einhvern en þær aðgerðir, sem hér eru á döfinni, eru hugsaðar til hjálpar og aðstoðar. Þær mættu að margra mati verða meiri en þetta er það sem samkomulag varð um og því lýsi ég stuðningi við þetta mál eins og það hér liggur fyrir.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Sú saga hefur flogið fyrir að það hafi verið braskað með málefni loðdýrabænda í þessari ríkisstjórn. Nú skal ég ekki fullyrða um að sú saga sé rétt en hún flaug, að hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. hefðu gert með sér það samkomulag að landbrh. sætti sig við ófullnægjandi aðgerðir vegna loðdýrabænda en á hinn bóginn féllist utanrrh. á að falla frá fyrri hugmyndum um það að gefa út leyfi fyrir því að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins yrði gefin heimild til að kanna hvar hagstæðast væri að leggja varaflugvöll hér á landi.

Nú fer mér ekki eins og hæstv. forsrh. að trúa öllu sem mér er sagt en með hliðsjón af þeim kulda sem gætti í ræðu síðasta ræðumanns til loðdýrabænda er greinilegt að landbrh. hefur verið aðframkominn í viðskiptum sínum við Alþfl. vegna þessarar atvinnugreinar. Á hinn bóginn væri fróðlegt að fá um það upplýsingar frá hæstv. landbrh. hvort eitthvað kunni að vera til í þessari sögu sem ýmsir loðdýrabændur hafa skotið að mér. (**Landbrh.:** Það er nei.) Landbrh. segir að svarið sé nei og er ánægjulegt til þess að vita ef honum hefur kannski snúist hugur í sambandi við Mannvirkjasjóðinn og þá er það upplýst mál, en ég vænti þess að hæstv. utanrrh. muni þá standa við orð sín um það að Mannvirkjasjóðnum verði gefin heimild til þess að kanna hvar rétt sé að gera hagkvæmnisathugun á varaflugvelli hér á landi og hlýt því að líta svo á að sú yfirlýsing utanrrh. standi sem er út af fyrir sig ánægjulegt. (**Landbrh.:** Telur þingmaðurinn málið skilið?) Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort það sé frágengið mál í ríkisstjórn að við afgreiðslu fjárlaga nú og við afgreiðslu þessa máls í landbn. verði látið við það sitja, sem fram kemur í því frv. sem hér er til umræðu og sem fram kemur í fskj. 1 með þessu frv., að á fjárlögum verði ekki gert ráð fyrir því að hærra framlag en 25 millj. kr. renni til Byggðastofnunar til að greiða jöfnunargjald á loðdýrafóðri. Ég held að þetta hljóti að vera sú grundvallarspurning sem menn standa frammi fyrir nú og alveg ljóst að eftir því verða viðbrögð annarra úti í þjóðfélaginu, hvernig Alþingi tekur á þessu máli við afgreiðslu fjárlaga.

Eins og þetta frv. hér horfir við — ég veit ekki hvort ég á að gera athugasemd við það strax, en lánardrottinn er skrifað með erri. Þetta er gamalt eignarfall, til lánar, beygist eins og fé, féar og væri kannski æskilegt, hæstv. forseti, ef hægt væri að koma þeim upplýsingum um málið til prófarkalesara landbrn. hvernig þetta orð beygist, lánardrottinn. (**Gripið fram í:** Þeim hefur a.m.k. tekist að beygja „bændur".) Það er rétt, þeim hefur tekist að beygja bændur, bæði rétt og rangt og samtímis og er það nú allvel gert.

Spurningin hlýtur að vera þessi í fyrsta lagi: Ber að líta svo á að engar hugmyndir séu uppi um það að koma til móts við þá bændur í greininni sem hyggjast leggja niður loðdýrabúskap nú á þessu hausti? Ég skil frv. svo að það sé afgerandi í þessum efnum og vil vísa í þeim efnum, hæstv. forseti, til 3. mgr. 1. gr. frv., en þar stendur:

„*Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs skal því aðeins veitt* að með henni reynist unnt að koma rekstri viðkomandi bús í viðunandi horf eða forsendur séu fyrir hendi fyrir lántakanda að greiða af skuldum sínum með öðrum hætti."

Og í 2. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, „enda skapi það samhliða öðrum ráðstöfunum viðkomandi aðila viðunandi rekstrarstöðu og hagsmunum Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði talið betur borgið með þeim hætti."

Það er þess vegna að minni hyggju ljóst að þessar ráðstafanir miðast við það að viðkomandi bændur haldi áfram sínum búrekstri, haldi loðdýraræktinni áfram. Ef hugsun ráðherra hefur verið önnur er nauðsynlegt að hann komi þeim skýringum á framfæri við þá nefnd sem hefur málið til umfjöllunar.

Ég varð ekki undrandi á því að hv. 3. þm. Vesturl. skyldi vera hornóttur í garð loðdýrabænda hér í deildinni. Þeir kratar eru svona til skiptis, eftir því sem þeir telja sér betur henta, vinsamlegir eða fjandsamlegir bændum. Fyrir síðustu kosningar til að *mynda var það áberandi í þeim sveitakjördæmum þar* sem þeir bjuggust kannski við því að einstaka bændur kysu sig að þeir röðuðu einhverjum manni í annað sætið sem þeir teldu kannski að gæti villt um fyrir bændum, villt þeim sýn, talað elskulega við þá eins og Alþfl. þættist vera sá flokkur hér á landi sem helst bæri landbúnaðinn fyrir brjósti. Og má kannski segja að það hafi verið smekklegt af Alþfl. að sá maður skyldi heita Dýrfjörð sem það var látinn gera í Norðurl. v. En það var líka smekklegt hjá Alþfl. í Norðurl. e. að kalla til einhvern fremsta leikara norðan fjalls til þess að fara með þetta hlutverk fyrir Alþfl. og verður að segja að honum fórst það vel úr hendi eins og að leysa önnur þau skrípahlutverk sem honum hafa verið falin.

Hv. þm. ræddi hér um það að við sjálfstæðismen værum að klifa á því að hækka útgjöld fjárlaga en vildum ekki lækka skatta. (**EG:** Vilduð lækka skatta.) Vildum lækka skatta, ég bið afsökunar á þessum mismælum, en vildum lækka skatta. Þetta er gömul klisja hjá þessum hv. þm. Ég man eftir honum og leikbræðrum hans þegar þeir komu hér inn á þing til að byrja með og hömpuðu mjög tillögu sem fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, hafði flutt um það að nauðsynlegt væri að afnema tekjuskatta í þessu þjóðfélagi og yfirbuðu nú Sjálfstfl. mjög myndarlega með tekjuskattinum. Ef maður mundi tala í stíl Alþfl., þá mundi maður kannski spyrja með hliðsjón

af því frv. um tekjuskatt, sem nú er verið að leggja fram á þinginu í dag væntanlega, hvernig þingmenn Alþfl. haldi að þessum fyrrv. formanni þeirra, Gylfa Þ. Gíslasyni, lítist nú á þegar hann sér arftaka sína hér á Alþingi velta því fyrir sér svona hvernig fyrrv. forustumönnum Alþfl. lítist nú á þetta, hvernig fyrrv. forustumönnnum Alþfl. lítist á það að Alþfl. er að reyna að ná hagstjórn hér á landi, annars vegar með því að stilla atvinnureksturinn inn á verulegan taprekstur og hins vegar með því að efna viljandi til meira atvinnuleysis en við höfum þekkt um árabil. Skyldi nú þetta vera í anda fyrrv. formanns Alþfl.? Skyldi Gautlendingurinn Haraldur Guðmundsson hafa gert stefnu af þessu tagi að sérstöku baráttumáli sínu? Gæti verið að það hafi verið orsökin fyrir því að Hannibal Valdimarsson sagði sig úr Alþfl. að Alþfl. á þeim tíma vildi kannski berjast fyrir atvinnuleysi?

En það er auðvitað öldungis rétt og kom fram í ræðu hv. þm. að það kostar ríkissjóð nokkur útgjöld nú að reyna að tryggja það að rekstrargrundvöllur þessarar atvinnugreinar geti haldist á næsta ári. Og það er auðvitað rétt hjá þessum hv. þm. að ef það verður ekki gert verður í staðinn nauðsynlegt að veita auknu fjármagni til þess sem hefur verið kallað félagslegar þarfir fyrir allt það fólk sem af þeim sökum missir atvinnu sína, hverfur allslaust frá sínum búum og verður með einhverjum hætti eftir félagslegum leiðum að hjálpa til að ná fótfestu á nýjan leik þar sem það vill setjast að annars staðar á landinu.

Því er spáð í þeirri þjóðhagsáætlun sem nú liggur fyrir að atvinnuleysi á tveim fyrstu mánuðum ársins 1990 leiki öðru hvoru megin við 6000 manns. Því er jafnframt spáð að þetta atvinnuleysi muni halda áfram, kannski ekki svo mikið, það mun kannski minnka yfir hávertíðina, en því er spáð að verulegt atvinnuleysi verði hér á landi fram á vordaga. Ég skal ekki segja hvort það vaxi jafnmikið frá ári til árs eins og frá árinu 1988 til 1989, að vöxturinn verði hlutfallslega sá sami frá 1989 til 1990, en hitt liggur ljóst fyrir eftir því frv. til lánsfjárlaga sem nú liggur fyrir og eftir þeim áætlunum sem uppi eru og komu síðast fram í morgun þegar forstjóri Þjóðhagsstofnunar gekk á okkar fund, að því er spáð að á næsta ári muni fjárfesting detta niður í 18% og atvinnustigið verða mjög lélegt. Raunar þekki ég ekki til þess eins og nú standa sakir hér á landi að nokkur maður, sem hefur velt fyrir sér ríkisfjármálum, geti látið sér detta í hug að ástæða sé til þess einmitt núna með aðgerðum í ríkisfjármálum að auka á erfiðleika í þeim atvinnugreinum sem fyrir eru.

Hv. þm. talaði um það hér áðan að það hefði kostað okkur Íslendinga töluvert fé að hefja loðdýrarekstur hér á landi og mátti skilja ræðu hans á þann veg að hann væri undrandi á því að við hefðum átt við byrjunarörðugleika að etja og að þeir menn sem hófu loðdýraræktina skyldu ekki vera betur uppfræddir í þeirri atvinnugrein en raun bar vitni. En á móti kemur það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði hér áðan að allur obbinn af þessu fólki var vanur því að umgangast búskap, kunni að því leyti til verka, enda hygg ég að það sé rétt hjá hv. 4. þm. Austurl. að árangur íslenskra loðdýrabænda er síst minni en vænta mátti þegar ráðist var út í þessa atvinnugrein.

Ég hef orðið var við það, hæstv. forseti, þegar stjórnarsinnar eru að réttlæta það að þeir vilji leggja á 500 millj. kr. jöfnunargjald á næsta ári, sem þeir höfðu þó lofað að leggja af á miðju þessu ári, að réttlæting þeirra er sú að við Íslendingar erum afskekkt þjóð og réttlæting þeirra er líka sú að hér eru margar afskekktar byggðir þar sem verulegir erfiðleikar eru á því að reka atvinnurekstur að öllu leyti með sama árangri og þar sem allir hlutir eru eins jákvæðir og verða má í rekstrarlegu tilliti.

Við Íslendingar höfum haft af því þungar áhyggjur með hvaða hætti við getum breikkað þann grundvöll sem er fyrir okkar útflutningsframleiðslu. Ég veit ekki hvort ástæða sé til að minna hv. 3. þm. Vesturl. á það að í Egilssögu er minnst á góðbóndann Skallagrím og gerð rækileg grein fyrir því hversu víða hann sótti fanga í sínum búrekstri og lýkur þeirri lýsingu á þessum orðum: „Stóð þá mörgum fótum fjárafli Skallagríms.“ Eins hygg ég að sé um okkur sem erum að velta því fyrir okkur hvernig við getum treyst undirstöður okkar Íslendinga. Við erum að velta því fyrir okkur hvernig við getum treyst undirstöður okkar útflutningsframleiðslu. Það hlýtur auðvitað að vera mikilvægt verkefni fyrir þá þingmenn sem koma utan af landi ekki síst, en reynslan hefur kennt okkur að það er einkum í útflutningsframleiðslunni sem byggðin hefur blómstrað og byggst upp í þeim héruðum.

Við stóðum frammi fyrir því, eins og rækilega hefur verið gerð grein fyrir í ítarlegri og góðri ræðu hv. 4. þm. Austurl., að vera komnir í sjálfheldu með okkar hefðbundna búskap og meðan verð á loðdýraskinnum voru viðunandi eða mjög góð á hefðbundnum mörkuðum töldum við rétt að freista gæfunnar með því að efna hér til loðdýraræktar. Og ekki þarf lengi að skoða tölur um markaðsverð til að gera sér grein fyrir að við höfum nú verið í þvílíkum öldudal að óhætt er að fullyrða að enginn gat séð það fyrir. Á hinn bóginn bendir margt til þess að verð á mörkuðum kunni að hækka, kannski á næsta ári, kannski á þar næsta. Þá er spurningin: Höfum við úthaldið til þess að bíða þess að markaðsaðstæður fari batnandi?

Ef ég mundi spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig hann leit á það haustið 1988 hvort það ætti að halda áfram að veiða hörpudisk og spreyta sig á því að koma honum í sæmilegt verð á erlendum mörkuðum hefði hann sagt á þeim tíma: Auðvitað eigum við að standa á bak við þessa framleiðslu. Eins er auðvitað um loðdýrin. Við hljótum að standa á bak við loðdýrabændur enn um skeið. Spurningin hlýtur á hinn bóginn að vera: Með hvaða hætti viljum við gera það? Hvaða markmið viljum við setja okkur með þeirri aðstoð? Og með hvaða hugarfari gengur hæstv. ríkisstjórn til verks þegar hún kynnir sínar tillögur?

Ég hef átt marga fundi um erfiðleika loðdýrabænda. Á vissu skeiði lá það í loftinu t.d. að ríkið mundi verja verulegum fjármunum til þess að kaupa

jarðir af loðdýrabændum og með þeim hætti létta á skuldastöðu þeirra eins og dæmi eru um að gert hefur verið, einkanlega þó gagnvart sauðfjárbændum en einnig þeim bændum sem hafa verið í mjólkurframleiðslu. Mér er ekki kunnugt um hvernig það mál stendur, en fróðlegt væri að fá upplýsingar um það frá hæstv. landbrh. hvort það sé víða sem slíkar umsóknir liggja fyrir. Raunar er gert ráð fyrir því hér í tölul. 3 á fskj. 1 að Jarðeignum ríkisins verði gert kleift að aðstoða loðdýrabændur að þessu leyti. Ég verð að biðja hæstv. landbrh. afsökunar á því að ég hafði vegna annars fundar ekki tök á að hlusta á hans frumræðu en ef þessa er getið þar, þá get ég auðvitað kynnt mér það í þingtíðindum. (**Landbrh.:** Spyr þingmaðurinn um fjölda umsókna í þessu sambandi?) Um fjölda umsókna og hversu miklu fé er talið að þurfi að verja til þess arna. Ég held að það sé mjög fróðlegt að fá um það upplýsingar.

Ég hlýt líka að minna á það að margir þeir menn sem fóru út í loðdýrarækturn hættu sauðfjárbúskap þó svo að þeir ættu samkvæmt sínum fullvirðisrétti rétt á að halda honum áfram sem hefði vitaskuld kostað þjóðarbúið útgjöld, bæði við framleiðslu þessara kjötvara og einnig vegna þeirra háu útflutningsuppbóta sem eru á sauðfjárafurðir. Það er þess vegna venjulegur krataútúrsnúningur þegar því er haldið fram að þeir styrkir sem farið hafa til loðdýraræktar hafi verið til viðbótar við það sem eytt hefur verið til landbúnaðar. Að sumu leyti kom það í staðinn fyrir það. Ég vil líka minna á það að á sínum tíma þegar framleiðsluráðslögin voru sett hér á Alþingi voru gerðir sérstakir samningar um það að úr Framleiðnisjóði yrði varið verulegum fjármunum einmitt til nýbúgreina eins og loðdýraræktar og fiskeldis.

En nú er spurningin: Skyldi það nú vera rétt hjá þingmanni Alþfl., hv. 3. þm. Vesturl., að sjálfstæðismenn vilji fremur en kratar seilast djúpt í vasa skattborgara? Skyldi það vera svo? Skyldi hafa staðið á sjálfstæðismönnum eftir að Alþfl. kom inn í ríkisstjórn að tryggja sjávarútveginum þá rekstrarstöðu sem nauðsynleg var? Eða skyldi það nú vera svo að þeir erfiðleikar sem þar eru og hafa komið víða út í þjóðfélagið eigi rætur að rekja til þingflokksherbergis Alþfl.? Og gæti verið að það sé rétt þegar litið er yfir þróun t.d. í sjávarútvegi á sl. ári að erfiðleikarnir hafi orðið mestir á síðasta ársfjórðungi ársins eins og upplýst var í fjh.- og viðskn. Ed. af Gunnari Hilmarssyni, formanni Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina? Það skyldi nú ekki vera. Og það skyldi nú ekki vera svo einnig að þingmönnum Alþfl. þyki ekki nóg um og hafi það fyrir sérstakt markmið nú á þessari jólaföstu að haga svo stjórn landsmála að sú kjaraskerðing sem orðin er í landinu haldi áfram? Og það skyldi ekki vera að hv. þm. Alþfl., hv. 4. þm. Reykn., beiti sér sérstaklega fyrir því innan verkalýðshreyfingarinnar að hún sæki ekki þær kjarabætur sem nauðsynlegar verða að teljast til þess að fólk geti haft fyrir helstu nauðþurftum nú á vetri komanda?

En hæstv. forseti, kjarninn í því sem ég er að segja er þessi: Bar að skilja ræðu formanns þingflokks Alþfl. svo að stjórnarflokkarnir séu búnir að gera um það bindandi samkomulag að aðstoð við loðdýrabændur verði ekki meiri en lýst er í þskj. 219? Ætla stjórnarþingmennirnir að ríghalda sér við þær tölur sem þar eru og megum við búast við því, hæstv. landbrh., að það sé rétt að á fjárlögum sjáum við ekki hærri tölu en 25 millj. kr. vegna jöfnunargjalds á loðdýrafóður?

Ef þetta er tilfellið, ef ríkisstjórnin er búin að setja handjárn á allt liðið sem veitti henni traustsyfirlýsinguna núna um daginn og ef ekkert þýðir að tala við þingmenn stjórnarandstöðunnar um þessi mál skiptir í sjálfu sér engu höfuðmáli hvort þetta frv. verður samþykkt eða ekki. Þetta frv. er „resept" upp á svik. Ef ríkisstjórnin ætlar ekki að gera meira en þetta hefði henni verið nær að gera loðdýrabændum grein fyrir því fyrir einu ári að hugur hennar stæði ekki til þess að koma fótunum undir þessa búgrein.

Ég veit satt að segja ekki hvaða bakhryggur er í hæstv. landbrh. Ég veit ekki hvort hann getur ráðið við kratana í þessu máli. Ég veit ekki einu sinni hvort hann er sammála þeim. Það má vel vera að þetta frv. sé nákvæmlega eins og landbrh. vill, að hann vilji ekki ganga lengra til móts við þessa bændur en felst í þessu frv. Hugur hans standi ekki til annars. Það má vel vera. En það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að 2. gr. þessa frv. skiptir í augnablikinu engu máli fyrir þá rekstrarerfiðleika sem loðdýrabændur standa í vegna þess að Stofnlánadeildin hefur ekki verið að innheimta árgjöld sín af lánum til loðdýrabænda þannig að það er auðvitað málinu til frambúðar og framtíðar hvernig staðið verður að þeim þætti málsins. Hitt skiptir höfuðmáli: Er hæstv. landbrh. reiðubúinn til að hækka ábyrgðarheimild ríkissjóðs sem getið er í 1. gr.? Og er hæstv. landbrh. reiðubúinn til að sjá um það að sú fjárhæð sem getið er um í fskj. 1, 25 millj. kr., verði þrefölduð í fjárlögum? Eða mundi kannski vera vegur að hæstv. landbrh. léti það afskiptalaust ef þeir stjórnarþingmenn, sem þrátt fyrir allt skilja þá erfiðleika sem þessi búgrein stendur í, fá heimild til þess einu sinni að ráða atkvæði sínu sjálfir og geta þá sýnt hvaða hug þeir beri til þessa atvinnurekstrar?

Það var auðvitað rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði hér áðan í mjög gagnorðri ræðu að hagsmunir Stofnlánadeildar eru mjög verulegir í þessu máli og auðvitað miklar áhyggjur yfir því hvernig því reiðir af. Auðvitað hefur verðþróunin á mörkuðum erlendis valdið mönnum vonbrigðum nema kannski einum. Nema kannski hv. 3. þm. Vesturl. sem talaði hér áðan eins og hv. þm. Egill Jónsson hefði það í hendi sér hvernig verðlag þróaðist á erlendum mörkuðum. Auðvitað hljótum við í okkar áætlunum að miða við það verð á okkar afurðum sem verið hefur um eitthvert árabil og gera okkar áætlanir út frá því.

Loks hlýt ég, hæstv. forseti, að minna á að það er víðar en á Íslandi sem einstakar útflutningsgreinar þurfa á nokkurri aðstoð að halda til að byrja með. Auðvitað gefur ræða hv. 3. þm. Vesturl. mér tilefni til að ræða hér allítarlega þau vettlingatök sem núverandi ríkisstjórn hefur t.d. á málefnum fiskeldis,

svo dæmi sé tekið. Auðvitað væri rétt að fara almennt í þessi mál og auðvitað er líka rétt að minna á það að í löndum Evrópubandalagsins er um verulega styrki að ræða, t.d. í sambandi við sjávarútveginn, sem gerir það m.a. óhjákvæmilegt, eins og ég veit að hæstv. sjútvrh. er mér sammála um, að teknar verði upp beinar samræður, formlegar samræður á pólitískum grundvelli um það hvernig við *gætum bætt samkeppnisstöðu okkar í Evrópubandalaginu*. Það er auðvitað hreint tollamál og auðvitað óhjákvæmilegt fyrir okkur að ræða um það. Ég mun aftur spyrja hæstv. sjútvrh. nánar út í þau mál, væntanlega á fimmtudaginn þegar áfram verður talað um málefni EFTA og Evrópubandalagsins í sameinuðu þingi, sem ég trúi ekki öðru en forseti þingsins sé áfram um að ljúki með sómasamlegum hætti.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki óeðlilegt að umræður hafi spunnist um þetta mál. Það brennur mjög á í dag. Ég verð að byrja á því að segja að ég varð fyrir sárum vonbrigðum með ræðu hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan og það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem ég er kominn hér upp. Einnig verð ég að segja að það kom mér margt einkennilega á óvart í ræðu hv. 6. þm. Vesturl., fulltrúa Kvennalistans í þessu máli. Ég átti von á því að hjá báðum þessum hv. þm. mundi eitthvað vitrænt koma fram um það hvert við vildum fara í þessum málum, ekki þessi eilífi eltingaleikur um það að finna einhvern sökudólg. Við erum hér til þess að leita lausna á vandamáli. Við erum hér til þess, en ekki til þess að finna einhvern einn aðila eða helst flokk sem ber hér öðrum fremur ábyrgð á.

Það var rétt sem hv. 6. þm. Vesturl. sagði að framsóknarmenn bentu á þessa atvinnugrein sem álitlegan atvinnukost vegna þess vanda sem var við að fást í hefðbundnum landbúnaði. (**Gripið fram í:** Og er enn.) Og er enn því miður. Við biðjumst ekki afsökunar á því.

Það er jafnfráleitt hjá þessum hv. þm. báðum að koma hér í þennan ræðustól og fullyrða að nánast allt sem gert hafi verið í þessari atvinnugrein hafi verið gert skipulagslaust og vitlaust. Röng fjárfesting alls staðar. Þessir ágætu þingmenn hefðu haft gott af því að kynna sér aðeins þessi mál áður en þeir fóru hér upp og ég tala nú ekki um ef svo vill til að þeir eiga báðir sæti í landbn., a.m.k. annar þeirra. Þá væri það nauðsynlegra vegna þess að málið er einmitt þar. Staðreyndin er sú að þetta mál var í upphafi mikið á hendi bæði Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Byggðastofnunar. Báðar þessar stofnanir höfðu mjög mikið um þessi mál að segja frá upphafi.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að einn maður sem hefði komið til viðtals við landbn., ég skildi það svo að hann hefði þá setið fund landbn., hefði sagt það að fjárfestingin í Melrakka, fóðurstöðinni á Sauðárkróki eins og hann orðaði það nákvæmlega, væri glórulaus vitleysa. Nú veit ég ekki hvort þessi þingmaður á eftir að koma hér upp aftur og tala en skelfilega hefði ég gaman af því að fá að vita hvaða maður það var sem sagði þessa hluti.

Veit hv. þm. hvernig ástandið var þegar þessi fóðurstöð var byggð? Veit hv. þm. það? Veit hv. þm. Eiður Guðnason það að fóðurstöðin Melrakki á Sauðárkróki er ekki aðeins byggð upp til þess að þjóna Skagafirði öllum? Hún er líka byggð upp til þess að þjóna Austur-Húnavatnssýslu, hún er líka byggð upp til þess að þjóna loðdýrabúskap í Vestur-Húnavatnssýslu og hún var líka byggð upp til þess að þjóna fóðurvöruframleiðslu fyrir hluta af Strandasýslu. Þannig hugsuðu loðdýrabændur á þessu stóra svæði sér að standa saman að því að byggja upp eina fóðurstöð í staðinn fyrir margar. Ef ég hefði litið austur fyrir Tröllaskaga og skyggnst um í Norðurlandskjördæmi eystra, þá held ég að ég muni það rétt að á þessum tíma voru reknar fjórar fóðurstöðvar í því kjördæmi. Menn tala gjarnan um þessa einu fóðurstöð. Vissulega er það rétt að fóðurstöðin Melrakki á Sauðárkróki er dýrt mannvirki. Það er rétt. En hugmyndir manna voru miklar á þessum tíma um það að þessi atvinnugrein væri komin til þess að vera og ég get sagt það enn og aftur úr þessum ræðustól, ég hef sagt það áður hér í Alþingi, að ég trúi því að loðdýrarækt sé komin til að vera. Ég trúi því.

Hv. þm. og raunar einnig hv. 6. þm. Vesturl. töluðu um þessa brjáluðu fjárfestingu í þessari atvinnugrein. Ég ætlast til þess að þessir ágætu þingmenn hafi kynnt sér það hver voru afkomuskilyrði þessarar atvinnugreinar þegar lagt var af stað. Hver voru afkomuskilyrði þessarar greinar þegar lagt var af stað? Rétt að taka eitt dæmi: Menn telja að meðalverð refaskinna í dag sé á bilinu 1500–1600 kr. En hvað ætli verðið hafi verið 1984–1985 þegar bændur fóru út í þessa starfsemi og menn voru að byggja fóðurstöðina Melrakka? 4500–5200 kr. skinnið. (*Gripið fram í.*) Hver halda menn að afkoman hefði verið í þessari atvinnugrein ef þetta verð hefði staðið eitthvað lengur?

Við erum í þessari starfsemi ekki aðeins að keppa á heimsmarkaði í verði heldur á grjóthörðum tískumarkaði einnig, þannig að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þarna verður alla tíð um sveiflur að ræða. Við vorum hins vegar óheppnir. Við lentum í toppnum og fórum síðan niður. Auðvitað hefði verið ákjósanlegra ef það hefði verið öfugt. En ég vil trúa því, enda kemur það hér glögglega fram í skýrslu sem hv. 4. þm. Austurl. vék að í sinni ágætu ræðu hér áðan hverjar spár þeirra manna eru sem ítarlega hafa fjallað um þessi mál — ekki til þess að koma einhverju höggi á pólitíska andstæðinga heldur til þess að reyna að leysa úr vandamáli sem við þingmenn stöndum frammi fyrir að reyna að leysa. Spár þessara manna eru hverjar? Þær eru að það eru meiri líkur á því að við séum búin að ná lægðinni og séum að fara upp á við. Þess vegna á ekki að hlaupa frá þessum vanda nú.

Mér er líka spurn þegar menn eru að tala um stærðir á þessum fyrirtækjum, fóðurstöðvunum.

Hvernig er ástandið hjá okkur í sjávarútveginum? Af því að þetta eru nú tveir hv. þm. Vesturl., gæti það ekki verið — a.m.k. segir Kvennalistinn okkur gjarnan frá ferðum sínum um landið í sumar í góða veðrinu — gæti það verið að þær hafi einhvers staðar rekist á frystihús úti á landsbyggðinni í góða veðrinu í sumar sem væri of stórt miðað við það hráefni sem má draga úr sjó í dag? Eru þeir menn dregnir til ábyrgðar sem stóðu fyrir þeim fjárfestingum þá í þeirri góðu trú að menn gætu dregið meira sjávarfang úr sjó en nú er heimilt? Ég held að menn ættu að spara stóru orðin í þessu máli.

Hv. 3. þm. Vesturl. benti einnig á það að þegar menn væru að biðja um aukið fjármagn til einhverra hluta þyrftu menn einnig að benda á tekjurnar. Þetta ætla ég að biðja hv. þm. að hafa mjög skýrt í huga þegar við fjöllum um fjárlögin bráðlega. Það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur stjórnarþingmenn að gefa þessu gaum. Það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur stjórnarþingmenn, hv. þm. Eiður Guðnason, að gera okkur grein fyrir þessu og þarna er þín ábyrgð nokkru meiri en mín vegna þess að þú stýrir heilum þingflokki og það þarf vissulega að vanda sig við fjárlagagerðina þannig að menn detti ekki í það sama og þú ert að vara okkur við hér, í viðleitni okkar til að leiðrétta þann vanda sem við er að fást í þessari atvinnustarfsemi.

En þegar þú biður um að við nefnum tölur á móti langar mig til að spyrja, og þá sem um þetta mál fjalla í landbn.: Hvað kostar það okkur að þessir menn, sem þá verða að hætta í loðdýrabúskap, sæktu að nýju þann rétt sem þeir hafa til framleiðslu í hefðbundinni búvöru sem þegar er nægilega mikið af í dag? Ef ég man rétt hafa verið seld eða leigð um 6300 ærgildi. Gæti það ekki verið rétt hjá mér, svona nokkurn veginn, hæstv. ráðherra? — Það er rétt, já. Það væri fróðlegt að menn veltu því upp og reiknuðu það út hvað það kostaði ríkið ef þessir menn sæktu þennan rétt sinn. Það væri fróðlegt að fá það upp og vita hvar við stæðum þá í jöfnuðinum.

Við skulum líka vera minnug þess að það er ekki bara um þennan rétt að ræða. Hvert er tap Stofnlánadeildar landbúnaðarins? Það kom hér fram að mig minnir í ágætri ræðu hv. 4. þm. Austurl. áðan að Stofnlánasjóður mundi tapa hvorki meira né minna en 1,1–1,2 milljörðum kr. Hvað ætli að Byggðastofnun muni tapa miklu? Hvað ætli að aðrir sjóðir muni tapa miklu? (Gripið fram í.) Og hvað halda svo menn að fjölskyldur, einstaklingarnir sem í þessu hafa verið og fjölskyldur þeirra muni tapa mikIu fé? Eigum við ekki að biðja landbúnaðarnefndina að hugsa um þetta áður en hún afgreiðir málið á þann hátt sem lagt er til í því frv. sem hún er að fjalla um? Eigum við ekki að biðja nefndarmenn góðfúslega að skoða þetta áður en þeir gera það?

Það kom upp í hug minn þegar menn voru að tala um þessa atvinnugrein að mér fannst ég kannast við hljóðið í hv. 3. þm. Vesturl. Það var eins og ég kannaðist við að við hefðum fyrir ekki mörgum dögum síðan verið að ræða um ákveðna atvinnustarfsemi hér á landi sem ætti í vanda og væri búin að eiga nokkuð lengi. Við vorum að ræða um það hér fyrir nokkrum árum, það hefur verið árvisst hér í þinginu að ræða vandamál þeirrar atvinnustarfsemi og hvernig hefur miðað? (**Gripið fram í:** Er það í skipasmíðinni?) Já, það er í skipasmíðinni. Við þurfum einhvern tímann að klára þessa hluti sem við erum að fást við. Við þurfum að hjálpa mönnum til að komast eitthvað meira en á hnén. Nema það sé vilji manna að hafa menn alla tíð á hnjánum. Það er ekki að nínu skapi að svo sé gert.

Menn mega ekki heldur sleppa því, og það kom fram í ræðu hv. 6. þm. Vesturl. áðan og einnig skýrlega fram í máli hæstv. ráðherra þegar hann talaði hér áðan, sem við megum ekki gleyma þegar *við tölum um kostnaðinn og hvernig komið er í* þessari atvinnugrein. Og hvað er það, hvað skyldi það vega þungt? Það verður gaman að vita hvernig landbúnaðarnefndin skoðar það. Það er fjármagnskostnaðurinn og röng gengisskráning. Var það nú bændunum að kenna sem voru í þessari atvinnustarfsemi? Var það bændunum að kenna? Nei, en þeir eiga að gjalda þess. Ég segi nei, þeir eiga ekki að gjalda þess. Þetta voru stjórnvaldsaðgerðir sem þeir gátu ekki varast.

Þekkinguna hefur skort í þessari atvinnustarfsemi, sagði hv. 6. þm. Vesturl. (Gripið fram í.) Við gætum átt orðastað um það hvort þekkinguna hafi skort. Vissulega er það að nokkru leyti rétt. Þó komu hér menn til starfa sem voru búnir að vera við nám erlendis og hófu störf hjá ákveðnum búum í þessari atvinnugrein. Ég verð að segja að ég er undrandi á því hvað *íslenskir bændur hafa náð langt í* þessari atvinnugrein á stuttum tíma og miðað við þær leiðbeiningar sem þeir hafa fengið. Ég tel að hér hafi vel miðað. Staðreyndin í málinu er að meðalverð skinna frá Íslandi er svipað og samkeppnislanda. Þó að á síðustu uppboðum hafi eitthvað hallað á okkur þá eru vissar ástæður til þess. Þær eru fyrst og fremst mikil fjölgun í greininni og að mönnum varð það á að selja og þá jafnframt að kaupa of léleg lífdýr. Eftirlitið var ekki nægilega gott. En staðreyndin er þessi: Við eigum stofn, fyllilega samkeppnishæfan við það sem gerist hjá okkar samkeppnisaðilum. Við eigum líka mjög frjósaman stofn og við eigum annað sem er kannski dýrmætast af öllu og við ættum að hugleiða áður en stofninn er skorinn niður, við erum með ósýktan stofn. Þannig að menn skulu því fara með gát í þessu máli.

Ég skal nú stytta mál mitt, virðulegur forseti, í þetta sinn, en ég kem hér sjálfsagt upp aftur til þess að ræða þetta, því hér er um mjög brýnt mál að ræða.

Nú liggur fyrir ásetningur manna á lífdýrum, það hefur verið unnið mjög rösklega að því og ber að þakka að upplýsingar eru komnar upp á borðið og þess vegna er hægt að taka mjög heilstætt á þessu máli og skipulagslega. Ég vil líka að menn horfi til þess sem segir í títt nefndri skýrslu sem hér hefur verið vitnað til, hverjar séu spár þeirra manna sem kvaddir voru til að vinna í þessu máli um horfur í greininni.

Það liggur skýrt fyrir. Ég sé að hv. 5. þm. Reykv., formaður fjh.- og viðskn. — þetta er nú ekki í fjh.- og viðskn., þetta er í landbn., en hann kemur hér skyndilega inn í umræðurnar og bendir niður. Við verðum að sjá til þess að formanni fjh.- og viðskn. verði send þessi skýrsla. Ég vildi mælast til þess við hv. formann landbn. deildarinnar að formanni fjh.- og viðskn. verði send þessi skýrsla. Ég held að það væri gott fyrir fjh.- og viðskn. að hún hefði skýrsluna hjá sér.

Mín lokaorð eru þessi: Ég ber það mikið traust til þeirra aðila sem sitja í landbn. þessarar deildar að ég trúi því að þeir lagi það frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef trú á því að það sé meirihlutavilji Alþingis (**Gripið fram í:** Já, já.) að frv. verði lagað og að það komi aukið fjármagn og að það liggi alveg ljóst fyrir hvaðan það fjármagn á að koma sem menn eru að gefa í skyn að hugsanlega þurfi til viðbótar. Ég beini því mjög til landbn. að við þingmenn fáum það fram og ég trúi því að þið reynið að ná samstöðu um slíkt, að það liggi fyrir hversu mikið fjármagn þarf í greinina til viðbótar og hvaðan og hvernig það kemur til greinarinnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um afstöðu mína til þessa máls og ég skal reyna að gera það í stuttu máli. Þá ætla ég að koma fyrst að ræðu hv. 3. þm. Vesturl. áðan. Hún olli mér verulegum vonbrigðum. Ekki síst tilefnislausar árásir á hv. 4. þm. Austurl. sem þar komu fram. Ég efast ekkert um góðan vilja hv. 4. þm. Austurl. Egils Jónssonar í þessu máli, þó svo að ég hafi verið farinn að óttast um tíma að hann ætlaði að viðhafa málþóf í málinu en ég veit nú að var ekki.

Varðandi ræðu hv. 3. þm. Vesturl. var ég líka mjög hissa þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. ýjaði að því í stefnuræðu sinni sem hann flutti hér áðan og kom víða við, allt frá fiskeldi og upp í EFTA-EB, að til væru bændur sem hugsanlega mundu kjósa Alþfl. Aldrei hefur mér dottið það í hug.

En örfáir punktar um það hvernig málið horfir við mér.

1. Ekkert bendir til annars en að loðdýrarækt verði áfram öflug atvinnugrein í heiminum.

2. Við munum búa við verðsveiflur á heimsmarkaði. Eins og það horfir við mér eftir að hafa lesið loðdýraskýrsluna, þá er líklegt að það séu 1–2 ár þangað til verð fer hækkandi á loðdýraskinnum, 2–3 þangað til það fer hækkandi á minkaskinnum.

3. Í títt nefndri skýrslu loðdýranefndar kemur fram að íslenskir bændur eru að verða fullkomlega í stakk búnir til að keppa við samkeppnisaðila í öðrum löndum, jafnvel þó borið sé saman við Dani sem standa hvað fremst í heiminum í dag.

4. Það er að mínu mati ódýrara að fleyta loðdýraræktinni yfir verðfallið núna en að kasta á glæ þeirri fjárfestingu í mannvirkjum — mannvirkin standa að vísu áfram — en miklu frekar þeirri fjárfestingu í þekkingu og reynslu sem búið er að leggja út í.

5. Forsaga málsins er slík að bændur voru mjög hvattir til þess að fara út í loðdýrarækt, ekki síst af stjórnvöldum, reyndar af öðrum aðilum líka. Þessi forsaga gerir það að verkum að stjórnvöld bera hér verulega ábyrgð sem þau geta ekki vikist undan.

Ég ætla að nefna til viðbótar að þetta kemur upp á einhverju viðkvæmasta skeiði í byggðaþróun þessa lands, kannski frá því að við hurfum frá sjálfsþurftarbúskap yfir í tæknivætt þjóðfélag. Ég vil segja í framhaldi af þessu að ég treysti því, þó svo ég geti tekið undir það sem ræðumenn hafa sagt hér á undan að ég varð fyrir vissum vonbrigðum með það hvernig þetta mál bar fyrir okkur, en ég treysti því að landbn. Ed. muni ná saman til þess að við getum unnið okkur út úr þessu máli og fundið á því lausn sem verður viðunandi fyrir alla aðila út frá þeim punktum sem ég nefndi hér áðan.

Ég vil sérstaklega nefna varðandi þetta að ég held að við verðum að fá breytingu á greinina um Stofnlánadeildina þar sem verði kveðið ákveðnara á. Eins og hún er núna hljóðar hún þannig að Stofnlánadeildinni beri að grípa til annarra aðgerða, þar á meðal bjóða upp eigur manna, ef hún telji að hagsmunum sínum sé betur borgið þannig en með niðurfellingu á hluta af skuldum.

Ég ætla einnig að víkja að bókun ríkisstjórnarinnar og ég tek undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. að það verður að fá það á hreint hvernig menn ætla að fjármagna þær viðbótargreiðslur sem þar eru tilteknar. Sú könnun sem kom upp á borð til okkar nú rétt áðan um hug loðdýrabænda til áframhaldandi rekstrs bendir til þess að það muni verða nokkuð stór hluti þeirra sem heldur áfram rekstri. Ég held að vísu að hann verði ekki eins stór og þar kemur fram og að ekki muni þurfa 80 millj. Ég held að það fjármagn sem við þurfum í fóðurniðurgreiðslurnar sé líklega í kringum 60 millj. á næsta ári. Og við getum ekki horfið svo frá þessu máli að við sjáum ekki fyrir endann á því hvernig við leysum það.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins smá viðbót í þær umræður sem hér hafa farið fram. Mér finnst nú reyndar sjálfri eins og ég hafi staðið hér og talað, hv. þingmenn hafi hlustað en ekki heyrt það sem ég sagði hér áðan. Því ætla ég aðallega að leiðrétta ýmislegt af því sem fram kom í máli hv. 3. þm. Norðurl. v.

Fyrst vil ég víkja að því sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan þegar hann minntist á þá sem hefðu skrifað upp á lán og víxla fyrir loðdýrabændur. Auðvitað hafa ættingjar og vinir skrifa upp á fyrir fólk vegna ýmissa annarra skulda. En ég vil benda á að einmitt vegna ákvarðana stjórnvalda hafa loðdýrabændur ekki getað gert áætlanir sem standast. Þeir hafa orðið að sæta fastgengisstefnu og okurvöxtum einmitt á þeim tíma sem þeir voru að byggja upp loðdýraræktina í landinu. Þá grípa stjórnvöld til þessara aðgerða sem setja mjög stórt strik í þeirra reikninga. Þetta kom reyndar einnig fram í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Hann minntist á þessi sömu atriði hér áðan í máli sínu varðandi rekstrarskil-

yrði loðdýraræktarinnar. Ég minntist á það og undirstrikaði í máli mínu að einmitt um sömu mundir og loðdýrabændur eru að reisa bú sín og þurfa að leggja fram gífurlegt fjármagn í stofnkostnað búa þeir við þessi rekstrarskilyrði. Það er ekki síst þess vegna sem þetta fólk lendir í vandræðum núna og um leið þeir sem hafa lánað því veð eða skrifað upp á víxla og önnur lán. Loðdýrabændur hafa, í skjóli sinna eigin áætlana, einmitt fengið annað fólk til þess að skrifa upp á fyrir sig í trausti þess að þeir gætu staðið við sínar skuldbindingar.

Þá vildi ég aðeins víkja að því sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði hér áðan. Ég var ekki í sökudólgaleit, ég minntist sennilega á Framsfl. vegna þess að ég vitnaði til stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á síðasta kjörtímabili. Þá fór reyndar Framsfl. með landbúnaðarmálin ef ég man rétt. Í upphafi var aðeins eitt skilyrði sett fyrir því að hefja búskap með loðdýr og það var að viðkomandi hætti hefðbundnum búskap. Í því sambandi minntist ég á þekkinguna og menntunina. En ég tók það líka fram í máli mínu áðan að síðan hefði þetta allt breyst enda hefðu gæði skinnanna batnað og (**Gripið fram í:** Sjóðirnir settu reglur.) já, að þetta hefði breyst og ég sagði líka, og það kom reyndar einnig fram í máli hv. þm. Egils Jónssonar ef ég man rétt, að loðdýrabændur hafa verið sérlega ötulir við að sækja þau námskeið sem þeim standa til boða.

Síðan hafa þeir hv. 3. þm. Vesturl. og 3. þm. Norðurl. v. skilið mig greinilega hvor á sína vísu. Annar skildi það svo að ég teldi að hér væri gengið of skammt og annar heyrðist mér skilja mig þannig að hér væri gengið of langt. (**Gripið fram í:** Hvert gengur þá þingmaðurinn?) Ég verð að velja mér braut. En ég held að það hafi alveg mátt skilja það á máli mínu hér fyrr í dag að mér sýnist, eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið í nefndinni, þessi aðstoð sem er boðið upp á í frv. engan veginn nægja nema e.t.v. til þess að halda örfáum á floti. Það mun að sjálfsögðu þýða hrun greinarinnar og það sagði ég líka í dag. Vegna þessa spurði ég einmitt hæstv. landbrh., og ítreka þá spurningu: Hvað verður um þá menn sem efnahagslega gætu haldið áfram ef allt hrynur í kringum þá og engar fóðurstöðvar bera sig í þeirra héraði lengur, hver er réttur þeirra ef þeir neyðast til að hætta einungis þess vegna?

Það voru svo lokaorð hv. 3. þm. Vesturl. sem ég vildi aðeins minnast á í sambandi við skattamál og andúð kvennalistakvenna á skattamálum og eyðslutillögur og því um líkt. Þetta er auðvitað eitthvað sem við fáum að heyra oft. En ég vil benda hv. þm. á að við höfum lagt fram tillögur sem kosta enga peninga. T.d. er hér frv. á dagskrá í dag sem er ríkissjóði algjörlega útgjaldalaust. Við höfum líka lagt fram tillögur um það hvernig á að fjármagna aðrar tillögur sem við höfum lagt fram og þar að auki leggjum við áherslu á breytta forgangsröð og í breyttri forgangsröð kemur fram sparnaður sem gæti nýst til þeirra verkefna sem við vildum leggja áherslu á fyrir fólkið í þessu landi.

Ég held að ég hafi hér með svarað því helsta sem fram hefur komið varðandi málflutning minn hér fyrr í dag og vona að það hafi heyrst núna. (**Gripið fram í:** Þetta er allt önnur ræða.)

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Ég skal vera mjög, mjög stuttorður. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir þarf ekkert að vera hissa á því þó þær kvennalistakonur fái oft að heyra að þær séu flinkar að gera útgjaldatillögur þó þær fáist ekki til að standa að mikilli skatttheimtu til þess að standa undir þeim útgjöldum sem þær gera tillögur um. Þær fá auðvitað oft að heyra þetta vegna þess að þetta er eins og málin eru. Þetta er bara eins og við höfum upplifað tillöguflutning hv. þingmanna Kvennalistans á hinu háa Alþingi og þær þurfa því ekkert að vera hissa á því.

Það er mikill misskilningur hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að í minni ræðu hafi ég verið að koma höggi á pólitíska andstæðinga. Ég held ég hafi ekki nefnt einn eða neinn sökudólg þar til sögunnar. Mér er ljóst að mistök voru gerð, — eins og okkur Íslendingum hættir til að gera þegar við erum að ráðast í nýjar fjárfestingar, þá ætla allir að grafa gull úr jörðu og verða ríkir á því sama á sama tíma og sjást ekki fyrir í fjárfestingaráformum. Við þekkjum þetta úr ákaflega mörgum greinum en okkur gengur illa að læra af reynslunni, því miður.

Ég held að öllum sé ljóst að það verða engar þær aðgerðir upp teknar sem bjargi öllum þeim sem fást við loðdýrarækt. Ég held að það sé öllum ljóst og ég endurtek það sem ég sagði áðan, hér er verið að fara milliveg og mörgum finnst þar allt of skammt gengið. Ég skil það ákaflega vel og er ekkert hissa á þeirri umræðu sem hér á sér stað.

En að lokum, herra forseti, varðandi það sem ég sagði um ákveðna fóðurstöð í Norðurlandskjördæmi vestra, þá hygg ég að efnislega hafi ég haft rétt eftir það sem fram kom á fundi landbn. í gærmorgun án þess að ég tíundi það öllu nánar. En þetta mál á eftir að ræða í landbn. Ég á ekki sæti þar þótt ég hafi setið fund nefndarinnar í gærmorgun og ég veit að þar munu menn ræða þetta æsingalaust og ná samkomulagi. Það samkomulag hlýtur auðvitað að verða mjög nálægt því sem hér hefur verið um talað og samkomulag er um í ríkisstjórninni að gera á þessu stigi máls.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð, ekki til að fara út í efnislega umræðu. Ég get þó ekki látið hjá líða að segja hér nokkur orð vegna ummæla hv. 3. þm. Vesturl.

Ég veit ekki hvaðan honum komu þær hugmyndir að Kvennalistinn hafi verið tregur við skattheimtu. Ég held að við höfum verið skattglaðari en mörgum hefur þótt gott. Hins vegar fagna ég því að sterk andstaða okkar við matarskattinn alveg frá fyrstu skuli hafa skotið svo rótum í huga hans að hann muni vel eftir því. Það er fyrst og fremst matarskatturinn sem við höfum verið á móti alla tíð og gegn honum

höfum við mælt af ákafa. Ýmsum öðrum skattliðum í innheimtu höfum við ekki verið mjög mótfallnar. Hins vegar hefur okkur þótt öllu máli skipta hvernig er skattlagt þannig að reynt sé að heimta skatta af þeim sem þola að borga fremur en af þeim sem geta það mjög illa. Að jöfnuður sé hafður í huga þegar skattheimta er ákveðin. En það er alveg rétt hjá hv. þm., við höfum komið með ýmsar tillögur sem hafa kostað nokkurt fé. Ef litið er á fjárlög íslenska ríkisins, þá eru þar ýmis ævintýri sem hafa orðið þjóðinni ansi dýrkeypt og hafa ekki orðið til þeirra þjóðþrifa sem þeim var ætlað. Og það kostar nokkuð að breyta þjóðfélaginu. Þó að meginbreytingarnar hljóti að vísu að felast í breyttu hugarfari, a.m.k. að mati Kvennalistans, þá kostar það eitthvert fé að breyta því í átt til betra þjóðfélags og meira jafnaðarþjóðfélags og það veit ég að hv. þm. veit.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég skal reyna að svara hér í örstuttu máli helstu fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint og vík þá að þeim í þeirri röð sem menn töluðu hér á undan.

Fyrstur talaði hv. 4. þm. Austurl. Hann vék nokkuð að blaðaummælum og rakti aðdraganda þessa máls og orðlengi ég ekki um það fyrir mitt leyti að öðru leyti en því að ég hlýt að mótmæla því að í ummælum mínum eða fréttatilkynningum eða öðru slíku efni sem frá mér eða landbrn. hafi borist á undanförnum mánuðum eða missirum hafi falist efni sem vakið hafi hjá loðdýrabændum eða fólki almennt falskar vonir um ráðstafanir sem í vændum væru. Ég hlýt að mótmæla þessu, sérstaklega vegna þess að ég hef reynt á öllum stigum málsins að taka það mjög skýrt fram að ekkert væri sjálfgefið um framhaldið. Það gerði ég í janúarmánuði sl. þegar fyrst var ákveðin greiðsla jöfnunargjalds á fóður, frestun afborgana og fleiri ráðstafanir. Þá sagði ég jafnframt að menn gætu ekki vænst og þaðan af síður treyst á að til frekari ráðstafana yrði gripið á þessu ári, einmitt vegna þess að þá var enn sá tími uppi að menn hefðu *getað látið af búskapnum og fellt bústofninn án* þess að tapa á því í miklum mæli hvað skinngæðin snerti, þ.e. þegar þessar ráðstafanir voru tilkynntar hinn 20. jan. sl.

Sömuleiðis var það í júlí á sl. sumri þegar ákvarðaðar voru frekari ráðstafanir. Þá var mönnum gerð skýr grein fyrir því að það sem í þeim fælist væri fyrst og fremst að reyna að ljúka yfirstandandi framleiðsluári þannig að ekki kæmi til þess sem þá virtist blasa við að menn færu jafnvel að skera niður bústofninn á miðju sumri. Um framhaldið, þar með talið þær ráðstafanir sem hugsanlega yrðu gerðar í nágrenni við lok þessa framleiðsluárs var að sjálfsögðu óvissa uppi og aldrei hægt að gefa sér þá niðurstöðu fyrir fram og það átti mönnum að vera fyllilega ljóst. Ég tel að við það sem í þessum ráðstöfunum og afgreiðslu á hverju stigi hafi falist hafi verið staðið að öðru leyti en því, og það er sjálfsagt mál að viðurkenna og harma, að þessi vinna hefur dregist meira en góðu hófi gegndi og tekið lengri tíma en ætlunin var og ég skorast ekki undan því að axla minn hluta af ábyrgðinni á því. Ég hefði að sjálfsögðu viljað sjá þetta koma hér til umfjöllunar þannig að meiri tími væri til stefnu.

Um þetta að öðru leyti og ýmis ummæli, ekki bara hv. 4. þm. Austurl. sem var tiltölulega hógvær í sínum málflutningi heldur ýmislegt sem sagt hefur verið í fjölmiðlum að undanförnu um frammistöðu mína í tengslum við þessar síðustu ráðstafanir, læt ég mér allt í mjög léttu rúmi liggja. Fái menn einhverja útrás í því fyrir bældar tilfinningar sínar að berja á landbrh. og fullyrða að hann hafi staðið sig illa í þessu máli, þá er hann tilbúinn að taka á móti því og verða mönnum þannig að liði, að leyfa mönnum að skamma sig. Það er alveg sjálfsagður hlutur. Ég mun ekki láta það breyta neinu um eindreginn vilja minn til að reyna að aðstoða loðdýrabændur eftir því sem ég hef aðstæður til í þeirra erfiðu stöðu. Hitt þykir mér ekki mjög stórmannlegt satt best að segja að menn skuli velja sér þetta ákaflega erfiða og snúna mál, sem vissulega er nánast harmsaga ef farið er ofan í það í smáatriðum, til þess að reyna að berja á einum landbrh. og taka sér þetta tilefni til að gerast nú bæði hugrakkir og orðhvatir eins og ýmsir ónefndir menn úti í þjóðfélaginu og jafnvel hér inni á Alþingi hafa gert og á ég þá ekki við þá sem fjallað hafa um málið hér í þessari umræðu.

Menn geta síðan að sjálfsögðu haft sínar skoðanir um þessar ráðstafanir og að þær gangi ekki nógu langt eða menn hefðu viljað sjá þær ganga lengra. Það er svo annað mál hvað hægt er að gera, til hvers menn treysta sér og um hvað er hægt að ná samstöðu. Það þarf ekki að ræða það frekar við þrautreynda stjórnmálamenn að þannig er nú einu sinni veruleikinn. Óskhyggjan ræður ekki alltaf ferðinni eða vilji þess sem lengst vill ganga í hverju máli og við gætum gert okkur í hugarlund hvernig störfum væri almennt háttað í þjóðfélaginu eða á þjóðþinginu ef sú yrði niðurstaða í hverju máli. Það er auðvitað ekki þannig. Menn verða að taka þátt í málamiðlunum. *Menn verða að skoða umhverfið, menn verða* að horfa til þess hvaða kjörum aðrir hópar verða að sæta á sama tíma o.s.frv. Svona mál eru eðli sínu samkvæmt aldrei einangruð, heldur taka mið af umhverfinu og þeim aðstæðum sem uppi eru á hverjum tíma og þarf ekki fleira um það að segja.

Hv. 4. þm. Austurl. vék að því að markaðsaðstæður væru vonandi vænlegri hvað framhaldið snertir en við höfum horft á í þessari grein um hríð og það er rétt. *En því miður er það mat færustu sérfræðinga* að enn megi vænta þess að 1–2, jafnvel fleiri ár séu í það að markaðsverðið lyfti sér þannig að einhverju verulegu nemi. Þess vegna er ljóst að menn geta þurft að búa sig undir það að þreyja enn þorrann og góuna við erfiðar aðstæður í þessari grein, svo skipti 1–3 árum, og væntanlega þá lengur í minkarækt en refarækt.

Í fjórða lagi vék hann að rekstrarstöðunni í greininni og þar verða menn auðvitað að horfast í augu við *hlutina eins og þeir eru. Þær skýrslur sem unnar hafa*

verið sýna svo að ekki verður um villst að rekstrarhlutföllin eru afar óhagstæð, svo óhagstæð að menn hafa varla séð annað eins í heilli atvinnugrein hygg ég í lengri tíma. Það vantar mikið upp á að tekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði, svo að ekki sé minnst á afskriftir, fjármagnskostnað og annað slíkt. Þessa staðreynd verða menn að hafa í huga. Það er jafnvel talið að sú beina rekstraraðstoð sem greinin fær á þessu ári rétt dugi til þess að tekjur og rekstrargjöld nái saman þannig að þá sé ekki eftir sem áður króna upp í vexti og afborganir af fjárfestingum. Þessi hlutföll verða menn auðvitað að horfa á eins og þau eru. Þau eru afar óhagstæð, enda má nærri geta þegar markaðsverð framleiðsluvörunnar hefur hrunið. Það hefur í raun og veru lækkað margfalt á undanförnum árum.

Hv. þm. spurði hvers vegna flutt væri sérstakt frv. en ekki tekin heimild til þessara ábyrgða inn í lánsfjárlög eða fjárlagafrv. Því svara ég þannig til að mér sýndist það vera góð venja samkvæmt þeim fordæmum sem ég hef fundið frá undanförnum árum, m.a. í lagasafninu, að þegar gripið er til sérstakra ráðstafana af þessu tagi, sérstakra ríkisábyrgða eða skuldbreytingaábyrgða af þessu tagi, þá er gjarnan flutt um það sérstakt frv., sett um það sérstök afmörkuð lög og viðkomandi ráðstafanir kynntar hinu háa Alþingi í leiðinni. Nægir að fletta upp í lagasafninu til að finna sambærilegar ráðstafanir í lagaformi til sannindamerkis.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þessar ráðstafanir eða það sem á undan er gengið, en ég hlýt að minna á það, ekki síst þegar hv. stuðningsmenn fyrrv. ríkisstjórnar tala hér, að þessi ríkisstjórn og sú næsta á undan henni, þ.e. þær tvær sem setið hafa að völdum frá því haustið 1988 hafa auðvitað gert umtalsverða hluti til þess að reyna að mæta þessum erfiðleikum. Ég bendi á að það er ekki fyrr en ríkisstjórnin sem sest að völdum haustið 1988 tekur um það ákvörðun að hefja endurgreiðslu á uppsöfnuðumn söluskatti í loðdýrarækt að það er gert. Fyrri ríkisstjórnir, næstu tvær þar á undan, og hygg ég að hv. 4. þm. Austurl. og fleiri sem hér hafa talað hafi nú átt einhverja aðild að þeim, höfðu ekki greitt greininni þennan uppsafnaða söluskatt þrátt fyrir erfiðleika sem hún var sjáanlega komin í á árunum 1987 og 1988. Þessi ríkisstjórn hefur samtals greitt líklega um 60 millj. kr. vegna fyrri ára og yfirstandandi árs í þessu skyni.

Ég nefni þann beina rekstrarstyrk sem greinin hefur fengið í formi jöfnunargjalds á fóður upp á rétt tæpar 90 millj. kr. Það er fyrsta aðgerðin sinnar tegundar sem er af því tagi að ekki er verið að ýta vandanum á undan sér eða fresta honum með skuldbreytingum eða lengingu lána heldur er komið með beint rekstrarframlag til stuðnings greininni í yfirstandandi erfiðleikum. Ég held að menn verði að viðurkenna það að menn hafa þegar nokkuð á sig lagt og vilji menn fjalla um málin af sanngirni ber að taka það með í reikninginn þegar þessar ráðstafanir eru ræddar. Síðan er það rétt sem hér kom fram og verður auðvitað að hafa í huga að vandi okkar væri minni í þessu máli og auðleystari ef þetta væri einstakt og einangrað vandamál í íslensku atvinnulífi eða efnahagslífi og hvergi annars staðar við sambærilega hluti að kljást. Þá hygg ég að það stæði ekki í hv. alþm. og hæstv. ríkisstjórn að leysa þetta ef þetta væri nánast það eina sem við hefðum við að glíma af þessum toga. En svo er ekki, því miður og þarf ekki að fjölyrða um það. Ég hef að sjálfsögðu heyrt það, bæði frá samráðherrum og frá ýmsum öðrum aðilum innan þings og utan að mönnum þyki þá sem ýmsir aðrir eigi rétt á fyrirgreiðslu. Menn nefna vandamál húsgagnaiðnaðarins, menn nefna vandamál skipasmíðaiðnaðarins, menn nefna íbúðakaupendur og byggjendur, menn nefna jafnvel bændur í öðrum búgreinum sem vissulega eru líka að lenda í erfiðleikum, jafnvel missa jarðir sínar. Auðvitað hljóta menn að horfa til þessa einnig og það setur eitthvað mark sitt á það hversu langt menn treysta sér til að ganga til aðstoðar einni grein.

Ég ætla að geyma mér orðræður við hv. 4. þm. Austurl. um hluti sem hann kom hér aðeins inn á varðandi verðlagningu sauðfjárafurða eða landbúnaðar sl. haust og það samkomulag sem var gert þá við bændur um ráðstafanir til að draga úr þeim miklu hækkunum sem ella hefðu orðið. Sömuleiðis þegar hann vék hér að ágætum störfum landbn. og samstöðu sem náðist á sl. vetri. Það er ýmist búið að eða verið að vinna að því að efna þau fyrirheit sem þar voru gefin og það mun takast. Ég lofa hv. þm. því að það mun takast. Það hefur þegar verið gert að sumu leyti. Að öðru er verið að vinna.

Síðan spurði hv. 6. þm. Vesturl. nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi um þáltill. um loðdýrarækt og hvað gert hefur verið í framhaldi af þeim. Ég veit ekki hvað forverar mínir kunna að hafa gert gagnvart þeirri tillögu sem komin var fram nokkru áður en ég settist í stól landbrh. En ég get hreinskilnislega viðurkennt að þær hafa ekki verið mikið uppi á borðinu í þeim lífróðri og þeim björgunaraðgerðum sem hafa verið eina viðfangsefni mitt hvað loðdýrarækt snertir allt sl. ár. Aðstæður hafa einfaldlega verið þannig að menn hafa ekki komist til þess að tala nánast um aðra hluti en hvernig eða hvort væri hægt að halda þessari búgrein við lýði. Auðvitað hefur öll uppbygging stöðvast og skipulagning uppbyggingarinnar sem menn voru að tala um fyrir nokkrum árum síðan, þær umræður eiga í raun ekki við í dag þar sem ekki er lengur um neina nýfjárfestingu í greininni að ræða.

Svo spurði hv. þm. um jöfnunargjaldið og hvers vegna hefði verið horfið frá almennum aðgerðum yfir til sértækra aðgerða í því formi að menn þyrftu að sækja um þetta jöfnunargjald. Svarið er: Það varð niðurstaðan að hafa afgreiðslu þessarar aðstoðar ekki sjálfvirka eða sjálfkrafa heldur þyrftu menn að sækja um hana sérstaklega og m.a. þannig lýsa sig sjálfa reiðubúna til þess að halda áfram, til þess að menn gætu þó a.m.k. ekki sagt á næsta ári að þeir hafi verið ginntir eða narraðir til þess að halda áfram. Ég held að það sé út af fyrir sig mikilvægt og öllum fyrir bestu að málið gerist upp með þeim hætti að menn taki sjálfir þá ákvörðun, sjálfviljugir, beri sig eftir því

að fá þessa aðstoð og axli þar með ábyrgðina jafnframt af því að þeir haldi áfram svo að menn geti þá a.m.k. í framhaldinu verið lausir við endalausar umræður um að menn hafi verið ginntir eða narraðir til þess á fölskum forsendum að halda áfram. Ég hef satt best að segja ekki mikinn áhuga á því að slíkt haldi áfram.

Um lagaheimildir Stofnlánadeildar svara ég þannig að það er fyrst og fremst verið að gefa stjórn Stofnlánadeildar ótvíræða lagaheimild. Það má fyrst halda því fram að það orki tvímælis hvort stjórn Stofnlánadeildar væri að óbreyttu um of bundin af ákvæðum laga um tryggingar fyrir lánum og annað sem þar er. Í öllu falli varð það niðurstaða sérfróðra manna að það væri skynsamlegt að gefa stjórn Stofnlánadeildar alveg ótvíræðar og sérstakar lagaheimildir til að fella niður skuldir í þessu sambandi og ég hygg að því verði ekki á móti mælt að það sé betra. Ég túlka þetta þannig að stjórn Stofnlánadeildar sjálf geti síðan farið með þessa heimild og beitt henni hvort sem heldur er samhliða nauðungarsamningum eða þessi heimild í raun og veru gerð að einhverri reglu sem hún styðst við. Ég lít svo á að það muni falla undir verksvið stjórnar Stofnlánadeildar og ákvæði laganna að öðru leyti að hún fari með þessa lagaheimild og þetta lagaákvæði. Og ég get fyrir mitt leyti, vegna þess að landbrh. staðfestir útlánareglur Stofnlánadeildar, lýst því yfir að ég mundi að sjálfsögðu samþykkja það að stjórn Stofnlánadeildar beitti þessari reglu, þessari lagaheimild, með almennum hætti, yrði það þar niðurstaðan.

Ég tel hins vegar, vegna þessarar spurningar eða ábendingar, að þetta sé eitt af þeim atriðum sem ástæða væri til að hv. landbn. ræddi sérstaklega við einhverja fulltrúa stjórnar Stofnlánadeildarinnar.

Síðan spurði hv. þm., og það gerðu reyndar fleiri, hvort veitt yrði viðbótarfjármagn til að standa við greiðslur jöfnunargjalds ef fleiri sæktu og fengju jákvæð svör. Að sjálfsögðu verður það gert. Verði það niðurstaðan að fleiri fá jákvæð svör um það að þeim standi þessi fyrirgreiðsla til boða verður að sjálfsögðu að uppfylla þau fyrirheit. Annað kemur að sjálfsögðu ekki til greina.

Ég hef fyrst og fremst litið svo á að fram fari mat á því í fyrsta lagi á grundvelli staðfestra umsókna hversu margir vilji reyna að halda áfram og í öðru lagi hvað sé raunhæft í þeim efnum út frá aðstæðum sem kunna að koma upp og síðan komi til kasta stjórnvalda að svara því hvort þau vilja leggja fram það viðbótarfé sem til þarf og þá er hægt að svara umsækjendum í ljósi þeirra fjármuna sem fyrir liggja. En það er ekki hægt að gefa sér nákvæma tölu fyrir fram af ýmsum ástæðum, augljóslega, og það má segja að mönnum finnist þessi tala fulllág en hún er líka sérstaklega orðuð sem fyrsta upphæð sem í þetta fari.

Ég held hins vegar að einfaldast sé að svara því hreinskilnislega að andi þessara ráðstafana er ekki sá að ýta sérstaklega á menn eða hvetja menn til að halda áfram séu þeir hikandi við það. Ég held að það væri óskynsamlegt af stjórnvöldum eftir það sem á undan er gengið að ganga fram með þeim hætti. Vilji menn hins vegar reyna það er það svo aftur annað mál, að reyna að koma málum þannig fyrir, sjá til þess að það sé hægt.

Hv. 6. þm. Vesturl. spurði líka hvernig færi ef grisjun í loðdýrarækt á einhverju svæði yrði svo mikil að fóðurstöð yrði ekki lífvænleg við þær aðstæður. Hvað gerist þá? Gæti komið til þess að einhverjir bændur sem hefðu sjálfra sín vegna þokkalegar aðstæður til að halda áfram yrðu að hætta? Svarið er já, ósköp einfaldlega vegna þess að ég sé ekki hvernig í ósköpunum menn komast fram hjá þessu vandamáli sem augljóslega er þarna fyrir hendi og skýtur upp kollinum nema viðkomandi bændur, einn eða fleiri, geti sjálfir leyst þau vandamál sem þar með koma upp, tekið fóðurframleiðslu í sínar eigin hendur eða með einhverjum öðrum hætti leyst úr því. Þetta er auðvitað vandamál sem alltaf hefur verið fyrir hendi. Þessi áhætta hefur alltaf verið fyrir hendi og verður áfram og ég sé ekki í fljótu bragði að við getum í þessum ráðstöfunum sneitt fram hjá þessum möguleika frekar en endranær. Það þarf auðvitað ákveðinn fjölda til þess að mynda rekstrarhæfa einingu ef t.d. fóðurframleiðslan á að fara fram í stórri fóðurstöð. Það eru hins vegar þó nokkur dæmi um að menn leysi þetta með öðrum hætti, að fáeinir bændur taki sig saman um fóðurframleiðslu í minni mæli eða jafnvel á einstökum búum og slíkir möguleikar verða þá fyrir hendi þar sem það á við.

Hv. þm. Halldór Blöndal kom hér með heldur leiðinlega spurningu sem mér þykir nú verra, virðulegur forseti, að þurfa að svara, ekki vegna þess að ég sé feiminn við að svara henni heldur vegna þess að mér þykir leiðinlegt að þurfa að svara svona vondri spurningu. Hv. þm. spurði hvort það væri satt að átt hefði sér stað brask um þetta mál, með öðrum orðum hrossakaup, eins og það heitir á almennilegri íslensku, og niðurstaða þessa máls hefði verið seld af landbrh. fyrir algjörlega óskylda hluti. Svarið er nei. Svarið er nei og mér þykir það heldur til vansa fyrir annars þennan ágæta þm., hv. 2. þm. Norðurl. e., að ganga í hóp þeirra manna sem taka Gróu á Leiti í þjónustu sína með þessum hvimleiða hætti. Ég bendi hv. þm., sem að vísu er fjarstaddur og nær ekki að heyra svarið en hann les það kannski í þingtíðindunum, á að Gróa á Leiti hefur reynst mörgum varasamur förunautur því að þegar menn taka hana einu sinni upp á arm sinn og fara að spásséra með henni, eins og hv. þm. Halldór Blöndal hefur hér gert, vill það stundum henda að sú gamla vilji ekki skilja við menn. Mér þætti það heldur leiðinlegra að sjá félaga minn, Halldór Blöndal, lenda varanlega í samfylgd þessarar konu.

Svarið er nei og mér þykir það til skammar þeim mönnum sem taka upp þessa kviksögu sem er tilhæfulaus með öllu. Ég hef ekki áður á mínum stjórnmálaferli orðið fyrir því að vera borinn svona sökum og ég hlýt að bera það rækilega af mér vegna þess að það er ósanngjarnt, ómaklegt og tilhæfulaust.

Það kann að vera að hv. þm. hafi fengið efniviðinn í söguna lánaðan einhvers staðar utan veggja Alþingis. Ég hef eitthvað orðið var við að þar hafi mönnum þótt viðeigandi að vera uppi með slíkar getsakir, en það er ekki betra fyrir það.

Þau mál sem hv. þm. nefndi eru auðvitað fullkomlega óskyld eins og allir vita og með öllu fráleitt að þau hafi blandast saman.

Ég hygg að ég hafi þegar svarað hv. þm. Halldóri Blöndal varðandi það sem hann spurði um efnislega hvað jöfnunargjaldið snertir. Ég legg þann skilning í texta lagafrumvarpsins, og ég held að það sé mikilvægt að hann liggi fyrir, að allir þeir sem stundað hafa loðdýrarækt á árunum 1986–1989 geti sótt um aðild að þessum skuldbreytingarráðstöfunum. Ég undirstrika það. Það er í mínum huga alls ekki ætlunin að menn séu dregnir í sundur út frá því hvort þeir hafa nýlega hætt loðdýrarækt, hvort þeir hætti henni um þessi áramót eða haldi henni eitthvað lengur áfram. Lausaskuldir manna sem hafa komið til vegna loðdýrabúskapar á þessum árum eru gjaldgengar inn í þessa skuldbreytingaraðgerð — svo einfalt er það — allra þeirra sem í hlut eiga og árabilið 1986–1989, að svo miklu leyti að sjálfsögðu sem þessar skuldir eru vegna loðdýraræktarinnar.

Ég get ekki svarað hv. þm. Halldóri Blöndal nákvæmlega um jarðeignir og jarðasjóð, hver kostnaðurinn verður, en ég hygg að á milli tíu og fimmtán aðilar hafi sýnt því áhuga að fá þar einhverja fyrirgreiðslu með sín mál, fleiri þó hjá Jarðeignum ríkisins, þ.e. ábúendur á ríkisjörðum sem stundað hafa loðdýrarækt.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. og fleiri spurðu um möguleikana á því að breyta þessu frv., að það taki breytingum í meðferð þingsins. Það gerði einnig hv. þm. Jóhannes Geir. Við því er ósköp einfalt svar sem ég hélt að reyndir þingmenn kynnu. Það er þannig að þegar frv. eru lögð fram sem stjfrv. hafa samstarfsflokkar að viðkomandi ríkisstjórn samþykkt þau sem slík, eins og þau þar liggja fyrir. Venjan er hins vegar sú að í meðförum þingsins er að sjálfsögðu heimilt að leita samkomulags um breytingar á frv. og er iðulega og oftast gert að frv. eða mál taka einhverjum efnislegum breytingum, þá venjulega til lagfæringar eða bóta eftir því sem samkomulag getur tekist um. Það liggur í eðli málsins, og að sjálfsögðu geri ég því skóna að hv. landbn. muni fara vandlega yfir frv. og skoða hvort samkomulag geti orðið um einhverjar lagfæringar eða breytingar á því. Það er hins vegar erfiðara mál takist ekki samkomulag um slíkar lagfæringar og þá kann að reyna á það hvernig menn halda á málum þar sem samkomulag stjórnarflokkanna byggist á tiltekinni niðurstöðu áður en málið er lagt fram sem stjfrv. Það á ekki að þurfa að vera að lesa þetta gagn og gaman þingræðisins og meirihlutasamstarfs upp fyrir hv. þingmenn en ég leyfi mér að gera það vegna þess að menn spurðu um þetta trekk í trekk eins og þetta væri einhver alveg óupplýst speki sem hlyti náttúrlega að þurfa að ákveða alveg sérstaklega í meðförum þessa máls. Hér gilda eingöngu hinar almennu reglur.

Ég ætla þá að leyfa mér að svara líka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Jóhannesi Geir og þó kannski meira ýmsum ákveðnum félögum þeirra sem eru svona skyldir Framsfl. og hafa látið í sér heyra um þetta mál í fjölmiðlum undanfarið. Svar mitt er þetta: Ég fékk þau skilaboð að þingflokkur Framsfl., endilangur eins og hann legði sig, stæði að því að þessi málamiðlun yrði lögð fram sem stjfrv. Mér hafa ekki verið kynntir neinir fyrirvarar þingflokks Framsfl. hvað það snertir að standa að þessu frv. sem stjfrv. Formaður Framsfl., hæstv. forsrh., bar mér þau skilaboð að Framsfl., þingflokkur Framsfl., stæði að þessu frv. sem stjfrv. Það nægði mér. Þau skilaboð nægðu mér. Þau duga mér yfirleitt í svona tilvikum. Sambærileg skilaboð fékk ég frá hinum samstarfsflokkum Alþb. í ríkisstjórninni og engir fyrirvarar fylgdu.

Þetta segir auðvitað allt sem segja þarf um stöðu þessa máls og hef ég ekki um það fleiri orð. (Gripið fram í.) Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um möguleikana á því að ná samkomulagi um einhverjar efnisbreytingar á málinu.

Jóhannes Geir vék hér reyndar líka að orðalagi 2. gr. og taldi að það fæli það í sér að Stofnlánadeild svo gott sem þyrfti að bjóða menn upp vegna þess að þar stæði að hagsmunum Stofnlánadeildar landbúnaðarins væri talið betur borgið. Þetta orðalag á sér eðlilegar skýringar, sem sagt þær að það er ósköp einfaldlega í lögum og reglum allra þeirra bankaráða og stjórna sjóða sem sitja í landinu að þeim beri að gæta hagsmuna sinna sjóða. Það væri andstætt eðli bankalaga og laga um fjárfestingarlánasjóði almennt að setja annað orðalag en þetta í svona plögg. Það er svo síðan hið vandasama verk stjórnar Stofnlánadeildar og annarra sambærilegra aðila í svona tilvikum að meta hvernig hagsmunum þeirra er best borgið, með hvaða ráðstöfunum. Hér fær stjórn Stofnlánadeildar ótvíræðar lagaheimildir til þess að taka þátt í eða gera það að reglu að létta einhverjum hluta fjárfestingarlánaveðskulda af í loðdýraræktinni og meta það út frá því að þannig sé þá hagsmunum deildarinnar og greinarinnar best borgið. Sambærilega má mín vegna mjög gjarnan skoða þetta orðalag og ræða við fulltrúa stjórnar Stofnlánadeildar í hv. landbn., en meginskýringar á því að þetta er svona orðað eru þessar sem ég hef hér gert grein fyrir.

Herra forseti. Ég vona að mér hafi tekist, á eins skömmum tíma og ég hef mögulega getað, að svara öllum helstu fyrirspurnunum sem til mín var beint. Ég biðst velvirðingar á því að hafa tekið til þess nokkurn tíma. Það tókst einfaldlega ekki á skemmri tíma en þetta. Ég legg svo áherslu á það og veit að hv. landbn. deildarinnar mun vinna þetta mál af þeirri kostgæfni sem henni er lagið og í ljósi þeirrar góðu reynslu sem varð af störfum hennar á sl. vetri og því víðtæka samkomulagi sem yfirleitt náðist þar leyfi ég mér að vona að svo geti einnig orðið tilfellið í þessu máli.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég á ekki neitt sérstaklega mikið erindi hér upp í pontuna að þessu sinni. Ég vildi þó vekja athygli á nokkrum atriðum.

Mér er þá nærtækast að snúa mér að orðum hæstv. landbrh. þar sem hann vildi vefengja það sem ég sagði í fyrri ræðu minni um glanslegar yfirlýsingar hans oft á tíðum um gildi loðdýrabúskapar og aðgerðir í þeim efnum. En nærtækast í þessum efnum er fréttatilkynning ríkisstjórnarinnar sem ég vitnaði til áður og það er hárrétt sem kom fram hjá ráðherranum að þær ákvarðanir sem voru teknar fyrripart sumars miðuðu að því að tryggja rekstur loðdýrabúskaparins fram á haust. Þetta er í tveimur fyrstu töluliðum fréttatilkynningarinnar. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér þriðja og fjórða töluliðinn þar sem farið er að tala inn til framtíðarinnar. Þar segir:

„Gerð verði á grundvelli þeirra upplýsinga sem loðdýranefndin og fleiri hafa dregið saman nákvæm úttekt á afkomumöguleikum greinarinnar og þeim hagræðingaraðgerðum sem unnt væri að grípa til, þar með talið hvernig samdrætti í greininni, sem óumflýjanlegur virðist að einhverju marki, verði best fyrir komið."

Og í fjórða lið segir enn fremur: „Allir helstu hagsmunaaðilar, sjóðir, bankar, stofnanir og samtök, verði boðaðir til fundar um framhald málsins og vinnu sem miði að því að létta greiðslubyrði (skuldabreyting, niðurfelling) og bæta starfsskilyrði þeirra sem halda áfram loðdýrarækt á næstu árum."

Skyldu nú ekki einhver fyrirheit felast í þessu orðalagi? Bankar, stofnanir, sjóðir eiga að koma saman til þess að finna ráð til þess að létta greiðslubyrði þeirra sem ætla að halda áfram í þessari grein, með niðurfellingu eða skuldbreytingu, og bæta rekstrarskilyrði þeirra sem halda áfram loðdýrarækt á næstu árum.

Ég get ekki séð annað en að þarna hafi verið með afar ótvíræðum hætti gefið í skyn hvað verða mundi og ég fullyrði að það sem fyrir liggur núna er ekkert í samræmi við það sem hér kemur fram.

Það er ekki til þess að deila um hvort það hafi verið fyrst í tíð núv. ríkisstjórnar sem söluskattur til loðdýragreinarinnar hafi verið endurgreiddur. Mitt minni stefnir nú til þess að svo hafi verið. Ef rangt er með farið bið ég landbrh. fyrir fram afsökunar. (Gripið fram í.) Hvort sem það er eftir langt eða skammt hlé. Það er ekki heldur þar með sagt að allt hafi verið dans á rósum í þeirri ríkisstjórn. Ég hafði það ekki á orði, og ég hygg að það hafi ekki dugað t.d., ekki í öllum tilvikum, þótt þingflokkarnir hafi komist að samkomulagi. Ég hygg að það megi finna rök fyrir því að það hafi þá strandað uppi í fjmrn. Þannig er það, að það er engu treystandi í þeim efnum, ekki orðum né yfirlýsingum, og ég bara undirstrika það sem ég sagði í fyrri ræðu minni um þau efni. Ég trúi því að það séu fleiri en stjórnarandstöðuþingmenn sem eru hvekktir á slíkum yfirlýsingum.

Hér hefur verið vikið nokkuð að fortíðinni í þessum efnum. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur svarað því og það er óþarfi að tefja þessa umræðu við slíka þætti í liðnum tíma, en vegna þess sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar, þar sem hann gerði að umtalsefni áætlun sem ég vann líklega árið 1986 og er reyndar þakklátur honum fyrir að hafa vakið athygli á, hygg ég að þar sé um að ræða hófsamari framsetningu en oftast var um þessi efni, í þessu dæmi. Reyndar var þetta nú dæmi en ekki áætlun til þess að skýra ákveðnar breytingar í landbúnaði. Þá var miðað við að á ákveðnu árabili yrðu byggð upp 450 loðdýrabú, þ.e. að um 10% af bændum landsins mundu stunda loðdýrabúskap í lok þessa áratugar. Og ég held að það hafi verið mjög hóflega gert því að enn þá eru það um 5% bænda sem stunda þessa búgrein. Eins og hér hefur komið fram var skinnaverð þrefalt hærra en það er núna þegar þessi áætlun var gerð og hafði raunar verið enn hærra sum árin þar á undan. Hér var hóflegu dæmi stillt upp sem sýndi með ótvíræðum hætti að með því að byggja upp þessa grein eins og aðstæður voru þá væri hægt að komast út úr vandamálum í öðrum greinum landbúnaðarins og þá sérstaklega sauðfjárræktinni. Menn verða auðvitað að muna vel eftir því þegar fjallað er um þessi mál núna, eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, að þær ákvarðanir sem voru teknar í sambandi við loðdýrabúskapinn voru í fullum tengslum við aðrar ákvarðanir sem teknar voru í landbúnaði og þá sérstaklega að leggja af framleiðslu í sauðfjárafurðum umfram það sem innlendur markaður gæti tekið á móti. Ég hygg að það muni ekki auðvelda þau áform, sem ég geri ráð fyrir að menn séu nú nokkuð sammála um, ef loðdýrabúskapur leggst af í landinu eins og verða mun ef ekki verður gripið til frekari ráða en frv. landbrh. um þessi efni gerir ráð fyrir.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar og ég get sagt það strax að ég verð ekki til þess að tefja framgang þessa máls í landbn. Ed. Það liggja fyrir skýrar og ótvíræðar upplýsingar þannig að það er afar aðgengilegt að taka ákvarðanir um þetta mál. Þar af leiðandi get ég lofað formanni landbn. því að þess vegna er hægt að ganga rösklega til verka og afgreiða málið sem fyrst, enda held ég að á því sé mikil þörf. Það hefur grundvallarþýðingu fyrir þá bændur sem eru í þessari grein að fá vitneskju um hvort loðdýrabúskapnum verður með afgreiðslu frv. á Alþingi rétt náðarhöggið eða gefið líf áfram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, 1. umr.

Frv. GA og DS, 139. mál. — Þskj. 143.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir 139. máli þessa þings á þskj. 143 sem er frv. til l. um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna en með flm. minn er hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Þetta frv. var fyrst flutt á 109. löggjafarþinginu og var flm. þess þá hv. þingkona Kvennalistans Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Frv. var að loknum umræðum og umfjöllun í nefnd vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún beitti sér fyrir þessu réttindamáli. Hins vegar hafðist ríkisstjórnin ekkert að í málinu, því miður. Frv. var því endurflutt á síðasta þingi af hv. þingkonum Kvennalistans í Nd. og mælti Kristín Halldórsdóttir fyrir því þar. Þar fékkst það reyndar ekki afgreitt úr nefnd.

Nokkrar umsagnir bárust um málið til félmn. Nd. sem fjallaði um frv. og voru flestar jákvæðar en úrdráttur úr þeim fylgir í greinargerð eða sem fskj. í greinargerð með þessu frv. sem nú er lagt fyrir Alþingi í þriðja sinn. Ég vil nú lesa greinar frv., með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Foreldri, sem óskar leyfis frá starfi sínu til þess að annast barn sitt, á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins. Sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða framlengist þessi réttur um eitt ár til viðbótar.

2. gr. Foreldri skal hafa starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í 18 mánuði áður en að leyfistökunni kemur. Foreldri skal tilkynna vinnuveitanda með þriggja mánaða fyrirvara hvort óskað er leyfis skv. ákvæðum 1. gr. og þá jafnframt hvenær foreldri hyggst hefja störf að nýju.

3. gr. Ákvæði þessara laga skerða í engu ákvæði gildandi laga um fæðingarorlof.

4. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. kveður þannig á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns og ganga að starfi sínu aftur á sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Það tekur ekki til efnalegrar afkomu foreldra ungra barna en bent er á að í þeim efnum er lenging fæðingarorlofs án launaskerðingar og auknar greiðslur barnabóta ákaflega brýnar. Frv. beinist eingöngu að atvinnuöryggi foreldra ungra barna og tryggir þeim ákveðinn lágmarksrétt í því efni.

Umönnun og uppeldi barna fyrstu æviár þeirra hafa lengstum verið í höndum kvenna. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega eins og við flest vitum en hún er yfir 90% hjá þeim konum sem eru á barneignaraldri og þessi þátttaka nálgast atvinnuþátttöku karla. Á sama tíma hafa kröfur atvinnulífsins til starfsfólks aukist og hefur foreldrum ungra barna reynst erfitt að samræma þær kröfur þeim sem umönnun og uppeldi ungra barna leggur þeim á herðar. Tilgangur þessa frv. er að koma til móts við breyttar aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö árin í ævi barnsins án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra.

Þrátt fyrir mikla sókn kvenna inn á vinnumarkaðinn vantar enn mikið á að þær standi jafnfætis körlunum hvað tekjur varðar. Skv. niðurstöðum í ritinu Tekjur karla og kvenna sem Þjóðhagsstofnun gaf út í janúar á þessu ári voru tekjur kvenna sem hlutfall af tekjum karla aðeins 60,7% árið 1986. Er hér átt við meðalatvinnutekjur í fullu starfi. Munurinn er enn þá meiri ef litið er á tekjur giftra kvenna sem hlutfall af tekjum kvæntra karla eða 54,7%.

Þessi mikli munur á meðaltalslaunum kvenna og karla á sér margar orsakir. Ein þeirra er sú að atvinnuferill kvenna er iðulega rofinn þegar þær eignast börn því að margar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir til að sinna börnum og heimili. Vilji þær síðan hefja störf utan heimilis á nýjan leik hafa þær oftast enga tryggingu fyrir því að geta gengið að starfi sínu aftur og eru því oftar en ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðinum. Þetta veldur því að konum reynist erfiðara en körlum að byggja upp atvinnuferil sinn og það hefur, ásamt öðru, í för með sér skerta tekjumöguleika þeirra og er því ein orsök lágra meðallauna kvenna. Frumvarpið miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum, konum sem körlum, kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að rjúfa atvinnuferil sinn og skerða með því tekjumöguleika sína síðar meir.

Það er staðreynd að þörfin fyrir vinnuafl kvenna á vinnumarkaði hefur jafnan ráðið því hvort og hvaða úrræði hafa verið fundin af samfélagsins hálfu til að leysa brýnasta vanda heimilanna varðandi umönnun og uppeldi barna. Það fer svo vitanlega eftir menningarstigi þjóðarinnar í víðasta skilningi hvaða úrræði hún býður börnum sínum. Allt of oft hefur þó heimilinu og þá fyrst og fremst mæðrunum verið látið eftir að leysa þessi mál en þau verið álitin persónulegt mál hverrar konu. Sjálfsvitund kvenna og skilningur hefur aukist á því að persónulegt hlutskipti þeirra hverrar og einnar er jafnframt félagsleg staðreynd sem löngu er orðin að pólitísku afli, víða á Vesturlöndum a.m.k. Kröfurnar hafa því breyst. Almenn menntun kvenna er nú meiri en áður. Má sem dæmi taka að árið 1974 brautskráðust álíka margir piltar og stúlkur með stúdentspróf en árið 1987 voru piltarnir 675 og stúlkurnar 990. Það er einnig vert að geta þess að nú innritast fleiri konur í Háskóla Íslands en karlar og fleiri konur öðlast starfsnám af einhverju tagi nú en áður.

Menntunin hefur að vísu því miður ekki reynst sá lykill að jafnrétti sem mæðurnar og ömmurnar vonuðu því að konur fá samt lægri laun en karlar þrátt fyrir aukna menntun. En hvað sem öllum launamálum líður þá sætta konur sig ekki lengur við að nýta ekki starfsmenntun sína, og vera þokað til hliðar eða heltast úr lestinni vegna kynhlutverks síns. Flestar

konur vilja ekki fórna móðurhlutverki sínu fyrir starfið en kjósa helst að sameina bæði hlutverkin svo vel fari. Þó er vert að geta þess að víða í Bandaríkjunum og einnig sums staðar á Vesturlöndum eru ýmsar konur sem hafa valið þá leið að hafna móðurhlutverkinu og jafnvel hjúskaparhlutverki í því skyni að öðlast starfsframa í hörðum samkeppnisgreinum karla. Þetta er hlutskipti sem mjög fáar konur í raun sætta sig við. Konur vilja ekki lengur vera hornrekur. Síðan má auðvitað líta til þess hvort þjóðfélagið hefur hreinlega efni á því að nýta ekki betur menntað og sérmenntað vinnuafl.

Ég vil í þessari umræðu benda hv. þm. á þá staðreynd að enn eru mjög fáar konur sem sitja í borgar- og bæjarráðum en þar eru dæmi um ákveðin störf þar sem kvenna gætir allt of lítið. Þær eru ekki nema 13% fulltrúa sem gegna slíkum störfum, en hins vegar er engin kona borgar- eða bæjarstjóri. Um 27% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum borgar- og bæjarstjórna eru konur.

Nú alveg nýlega gerði Jafnréttisráð könnun meðal þeirra kvenna sem sitja í bæjar- og sveitarstjórnum. Þá kom í ljós, að um 47% að mig minnir, þeirra kvenna sem eru aðalmenn ætluðu ekki að gefa kost á sér aftur og rúm 60% þeirra sem eru varamenn ætla heldur ekki að gefa kost á sér aftur. Meginástæðurnar sem þessar konur gáfu fyrir þessari dræmu þátttöku sinni voru fyrst og fremst þær að álagið væri of mikið á þeim, vinnuálagið bæði heima fyrir, á vinnustað utan heimilis og eins í þeim fulltrúastörfum sem þær höfðu tekið að sér. Þetta gefur örlitla mynd af því vinnuálagi sem á konum hvílir og því hve lítið tillit er tekið til þess almennt í þjóðfélaginu hverjar þarfir heimila og barna eru í raun.

Ég gæti líka nefnt annað dæmi, sérstaklega fyrir hv. þm. í tilefni af þessu máli. Það er viðtekin venja að þeir sem gegna störfum hjá hinu opinbera en verða þingmenn fá ákveðið leyfi frá störfum til þess að gegna þingmennsku og geta síðan flestir gengið til sinna starfa aftur. Það kann að vera að það skipti máli hversu lengi þingseta varir í þessum efnum. Þó ku vera dæmi um allverulegan árafjölda, en í flestum tilvikum er þetta viðtekin venja að þeir sem gegna opinberum störfum geta fengið launalaust leyfi til þess að gegna ábyrgðarstarfi sem þeir hafa valið sér eins og þingmennsku. Það má svo velta því fyrir sér hvort er meira ábyrgðarstarf og mikilvægara fyrir þjóðfélagið, þingmennskan eða móðurhlutverkið án þess að mér detti í hug að fara að bera það saman.

Það er vert að minnast á það sem aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum og eins og ég vék að áðan geta verið sveiflur í þörfum þjóðfélagsins fyrir vinnuafl, enda hafa konur verið kallaðar sveiflujafnarar á vinnumarkaði því þær hafa verið stærsti hluti hins hreyfanlega vinnuafls, verið kallaðar út af heimilunum þegar þeirra er þörf en reknar fyrstar heim aftur ef vinnu þrýtur. Þrátt fyrir atvinnuleysi í Bretlandi á undanförnum árum sem hefur ekki síst bitnað á konum og ungu fólki er þar nú búist við meiri háttar skorti á vinnuafli á 10. áratugnum, einkum til framleiðslustarfa í iðnaði en einnig í öðrum atvinnugreinum. Þetta stafar ekki síst af því að árgangar ungs fólks undir 25 ára aldri eru mun fámennari en áður var. Barneignum hafði sem sagt fækkað á þessu árabili. Þetta mun gera kröfur um aukna atvinnuþátttöku kvenna og eldri borgara og krefjast þess að gripið verði til aðgerða til að þjálfa og endurmennta fólk til þátttöku í starfi. Mjög mörg fyrirtæki í Bretlandi, t.d. verslunarkeðjur og bankar hafa þegar gert ráðstafanir til að mæta þessari þörf fyrir aukningu í mannafla, t.d. með því að koma upp barnaheimilum á vinnustað eða hvetja þá sem eru 50 ára eða eldri til að koma út á vinnumarkaðinn. Jafnréttisráðið breska hefur fagnað þessu. Nú þegar vinnuveitendur þarfnast kvenna verulega má velta því fyrir sér hvort markaðslögmálin muni finna þær lausnir til að leiðrétta misrétti það sem konur hafa þurft að þola og jafnréttislöggjöfin hefur ekki getað fært þeim. Barnaheimili tengd vinnustað eru auðvitað rökrétt viðbrögð vinnuveitenda sem vilja fá konur til starfa en aðstæður fyrir gæslu barna yngri en 5 ára hafa verið og eru enn í raun afar bágbornar í Bretlandi og jafnvel sýnu verri en hér og er þá mikið sagt. Huga þarf þó að því að þetta frumkvæði vinnuveitenda er víða litið á sem forréttindi starfsfólksins og skattlagt samkvæmt því.

Mig langar til þess að vitna hér, með leyfi forseta, lauslega í grein sem birtist í Morgunblaðinu í október á sl. ári og fjallaði einmitt um þessi mál. Hún var þá lauslega þýdd úr breska dagblaðinu Financial Times. Það kom í ljós í þeirri athugun sem þar er skýrt frá að allar spár varðandi vinnumarkaðinn sýna fram á það að eftirsóknarverðasta uppspretta vinnuafls fyrir fyrirtæki í nánustu framtíð verða konur á ýmsum aldri. Reynslan sýnir hins vegar að mun erfiðara reynist að fá það sem talað er um í greininni sem „þroskaðar konur", en væntanlega er átt við konur á miðjum aldri, til starfa en þær sem yngri eru. Kröfurnar um fullan vinnudag, erfiðleikarnir í að snúa aftur út á vinnumarkaðinn eftir barneignir og skortur á barnagæslu á vinnustað eða utan hans gera mæður mjög fráhverfar því að fara aftur út að vinna. En eins og ég minntist lauslega á áður hafa fyrirtækin sjálf reynt að bæta úr þessu. Ýmsar athuganir hafa verið gerðar til að auðvelda þeim að þróa áætlun um hvernig skuli fá mæður aftur út á vinnumarkaðinn. Áætlanir þessar byggjast m.a. á því að setja upp barnaheimili á vinnustöðum, gefa konum kost á því að fara í langt launalaust leyfi, koma á sveigjanlegri vinnutíma sem felur einnig í sér hlutastörf og vinnuskipti sem kallað er og jafnvel að gefa konum kost á því að vinna inni á heimilunum.

Þó að mörg fyrirtæki hafi gert tilraunir með að setja upp barnaheimili á vinnustað segja sum að kostnaður við það sé of mikill. Þó fer þessi viðleitni heldur í vöxt. Algengara er að bjóða konum upp á langt launalaust leyfi, allt að fimm árum og með þá tryggingu í farteskinu að svipað starf eða sama bíði þeirra að loknu leyfi. Sömu réttindi geta einnig átt við um karlmenn. Að vísu er þetta oft bundið við háttsettari störf í fyrirtækjunum en ekki við hina almennu

verkakonu eða þær sem minna eru menntaðar og lægra launaðar. Þetta eru enn fyrst og fremst aðgerðir sem miða að því að endurheimta það vinnuafl sem hefur hlotið einhverja sérþjálfun eða menntun. Þess má vænta að fyrstu skrefin verði stigin þannig í þessari réttindabaráttu og síðan komi aðrar á eftir.

Launalausu leyfin bætast í sumum tilvikum ofan á fæðingarorlofið. Sem dæmi er tekið að Barclay's-bankinn býður upp á tvo valkosti fyrir konur í fyrirtæki sínu sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár. Þeim er boðið að taka annaðhvort allt að tveggja ára launalaust leyfi eða að vinna hlutastarf á tímabilinu. Það er eftirtektarvert að í þeim tilvikum þar sem konur taka launalaust leyfi er lögð mikil áhersla á að konur komi annaðhvort til vinnu um tvær vikur á ári til að halda sér við eða gerðar eru ráðstafanir til að halda sérstöku sambandi við konurnar, sambandi milli kvennanna og vinnustaðarins, þannig að þær fá stöðugar upplýsingar frá fyrirtækinu, þeim er boðið á skemmtanir fyrirtækisins ef einhverjar eru og þær hvattar til að halda tengslunum. Þau skilaboð koma einmitt frá félagi breskra iðnrekenda að mikilvægasta forsenda þess að launalaust leyfi heppnist sé að viðkomandi starfskraftur haldi sambandi við fyrirtækið og finnist hann ekki vera gleymdur. Flestar konur velja hlutastarf þar sem þess er krafist að stunduð sé að lágmarki 14 klst. vinna á viku og á móti halda þær fullum réttindum eins og um fullt starf væri að ræða.

Síðan er tekið dæmi af British Council sem Íslendingar þekkja af góðu þar sem sú stofnun hefur veitt Íslendingum ýmsa styrki til náms og annarra verkefna. Þar er iðkaður sveigjanlegur vinnutími og leyfir British Council um 1750 starfsmönnum sínum vinnuskiptingu af einhverju tagi. Eina krafan sem gerð er er að tveir starfsmenn sem skipta vinnu með sér vinni a.m.k. 36 klst. á 14 dögum. Um er að ræða 16 stöður þar sem vinnuskipti fara fram og allir 32 starfsmennirnir eru konur. Þessi stofnun býður einnig langt leyfi frá störfum vegna fjölskylduaðstæðna og þau réttindi ná til allra starfsmanna. Þetta tryggir það að starfsfólk geti snúið aftur til vinnu innan fimm ára.

Ég hef nú tekið nokkur dæmi og minnst á ýmsar aðgerðir sem vinnuveitendur og stofnanir í Bretlandi hafa gripið til vegna þarfa sinna fyrir starfskraft kvenna. Auðvelt væri eflaust að taka dæmi af öðrum nágrannalöndum okkar, en þetta efni var mér handhægt og þess vegna nýtti ég þessar upplýsingar til að gefa hv. þingmönnum hugmynd um það hvað væri tíðkað í öðrum löndum sem við höfum samskipti við.

Þó að markaðslögmálin kunni að vera hvati til þeirra breytinga í þágu barna og mæðra sem ég hef minnst á er þó fyrst og fremst um réttindamál þessara einstaklinga að ræða, réttindi barna til að njóta umönnunar og mæðra til að veita hana og njóta samskipta við börn sín án þess að eiga það á hættu að missa starf sitt. Við hljótum einnig að hugleiða hvaða réttlæti liggur til grundvallar þeirri staðreynd að þrátt fyrir það að konur séu ríflegur helmingur þjóðar og virkir þátttakendur á vinnumarkaði og börn séu sem betur fer líka drjúgur hluti þjóðarinnar, þá gildir hér á landi eins og annars staðar að hagræðing vinnumarkaðarins og atvinnulífsins hefur hingað til miðast fyrst og fremst við kröfur og þarfir minni hlutans, þ.e. karlanna.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þetta frv. hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér. Ég vil einnig taka það fram að félag háskólamenntaðra manna hefur lagt sérstaka áherslu á þessi réttindi í launabaráttu sinni, gerði það á sl. vori, og það var ítrekað nú nýlega á fundi um kjaramál uppi í Sóknarsal og kom það mjög skýrt fram. Ég veit ekki hvort önnur stéttarfélög eða verkalýðsfélög hafa lagt áherslu á þessi réttindi, en þessi tilhneiging er tvímælalaust vaxandi meðal nágrannalanda okkar og líka hérlendis, bæði vegna þarfar vinnumarkaðarins og einnig vegna þess og ekki síður að þetta er mikið réttindamál og velferðarmál fyrir fjölskyldur og þá ekki síst fyrir börnin og mæður þeirra þó að réttindin nái að sjálfsögðu til beggja foreldra.

Að lokinni umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til hv. félmn. deildarinnar og 2. umr.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól til að lýsa stuðningi mínum við frv. Þetta er gott mál og það þarf að samþykkjast. Ég minni á að verkalýðshreyfingin hefur lagt á það mikla áherslu að konur fái frí til að annast sjúk börn sín. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er, að það hefur gengið hægt í því. Þó hafa unnist nokkur skref og ég hef samið um svona frí fyrir starfshópa. Það eru reyndar allt karlmenn sem eru í þeim starfshópum en það eru að ég held sex mánaða frí á vissu árabili. Það stóð nokkuð í mönnum að semja um þetta í upphafi en síðan kom í ljós að þetta reyndist alveg prýðilega, og ég held að hægt sé að koma þessu við með góðum skilningi, góðum vilja. Reyndar á ég von á því að varðandi þann þátt í 1. gr. sem fjallar um tvö ár komi e.t.v. til einhverra erfiðleika í framkvæmdinni. Þetta er það langur tími og líklegt er að þær konur sem fyrir eru og eru búnar að starfa í tvö ár í ákveðnu starfi verði ekkert ánægðar með það að vera síðan vikið til hliðar af þeim sem í fríi voru. Þetta eru vandkvæði sem ég á von á að komi upp ef þetta yrði svona. En auðvitað fylgja breytingum alltaf einhverjir erfiðleikar og einhvers staðar verða mörkin að vera.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þessi mál, en ég ítreka það að ég tek undir það sem hv. fyrri flm. sagði, að kynhlutverk kvenna er erfiðara en margan grunar. Álagið er meira og við verðum að finna leiðir til þess að jafna þarna til.

Það frv. sem hér liggur fyrir er ein tilraunin til þess að gera svo. Vænti ég þess að frv. fái góða meðferð í nefnd og samþykki í deildum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins í örfáum orðum lýsa stuðningi við grundvallarhugmynd frv. Það fjallar um mikilvægt atriði, þ.e. að koma til móts við breyttar

aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö ár í ævi þess án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra eins og fram kemur í greinargerð frv.

Hv. 1. flm. gaf hér ítarlegt yfirlit um réttindastöðu foreldra hvað þessi mál varðar og þá aðallega kvenna, af eðlilegum ástæðum sem ekki ætti að þurfa að fjölyrða frekar um. Við þekkjum það öll í hvaða stöðu foreldrar og þá fyrst og fremst mæður eru hvað það varðar að geta sinnt störfum úti á vinnumarkaðinum með ungbörn á framfæri.

Eins og kom réttilega fram í máli hv. þm. hefur þróun gengið mjög hægt, t.d. varðandi setu kvenna í sveitarstjórnum eins og hún sagði réttilega frá. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að nú sé þátttaka kvenna í sveitarstjórnum aðeins 13% á landinu öllu. Það rifjar upp fyrir mér að fyrir tveimur áratugum, ef ég fer rétt með tölur, hafi innan við 2% af sveitarstjórnarfulltrúum verið konur. Þetta var á þeim tíma þegar ég, kornung að árum náttúrlega, var að byrja þátttöku mína í sveitarstjórnarmálum. Og ef ég man rétt voru þær ekki búnar að ná 3% svona áratug seinna, en nú eru þær komnar í 13%. Þessi þróun gengur að sjálfsögðu allt, allt of hægt vegna þess að á þessum tíma, sérstaklega kannski síðasta áratug, hefur þróunin verið miklu hraðari hvað varðar þátttöku eða fjölgun kvenna úti á vinnumarkaðinum, þ.e. við störf utan heimilis.

Ég ætla ekki að fara neitt ítarlegar út í þessi mál. Hv. 1. flm. gerði þeim góð skil og það er hægt að taka undir hennar orð hér. Það kemur fram í umsögnum um frv. að það hefur fengið stuðning, ýmist einróma eða gerðar hafa verið athugasemdir, aðallega við framkvæmdina. Efasemdir koma fram hjá Jafnréttisráði, en þar er lögð áhersla á, sem ég vil taka undir, að það er mikilvægt að hugmyndir um á hvern hátt megi aðlaga vinnumarkaðinn betur að fjölskyldunni verði þróaðar í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Það kom hér fram í máli hv. 4. þm. Reykn. að hann taldi að það væri brýnt að afgreiða frv. og samþykkja það. Það var vissulega gott að heyra það frá þingmanni sem þekkir vel inn á vinnumarkaðsmálin og hann lýsti því að hann hefði jafnvel sjálfur samið um slík launalaus leyfi hjá starfsfólki sem hann hefur haft með að gera og er gott til þess að vita. Manni dettur nú í hug hvort ekki væri eðlilegt t.d. að opinberir aðilar gengju þarna á undan með góðu fordæmi. Meginmálið hlýtur hins vegar að vera að aðilar vinnumarkaðarins taki þessi atriði inn í kjarasamninga.

Í grundvallaratriðum vil ég lýsa stuðningi við frv. og vænti þess að hægt verði að finna leiðir til þess að afgreiða það hér úr hv. deild.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls fyrir stuðning þeirra við frv. og erindi þess. Varðandi athugasemdir sem fram komu hjá hv. 4. þm. Reykn. tek ég það fram að þar sem kostur hefur verið á slíku leyfi hafa a.m.k. ekki enn þá mjög margar konur nýtt sér þessi réttindi og geta verið ýmsar ástæður til þess. Og þó að ég telji, og við kvennalistakonur, þetta vera mjög mikilvæg réttindi óttumst við jafnframt að því miður verði það líka þannig hér að það verði ekki á færi allt of margra að geta nýtt sér slíkt launalaust leyfi vegna þess að krafan um framfærslu heimilis hvílir í raun á báðum foreldrum. Hætt er því við að þetta geti orðið efnahagslega erfitt fyrir foreldra því miður. En í von um að það breytist og hagur heimilanna batni er nauðsynlegt að tryggja þessi réttindi þannig að þeim sem geta nýtt sér þau eigi völ á þeim.

Varðandi réttindi þeirra sem ráða sig í staðgenglisstöðu hljóta þeir að vita það þegar þeir ráða sig að einungis er um að ræða tímabundna ráðningu. Ég veit um tilvik, svo að ég taki nú dæmi af hv. þm., þar sem menn hafa gerst þingmenn en gegnt stöðu hjá ríkinu. Þá hefur verið ráðið tímabundið í stöðu þeirra, aðrir hafa gegnt því starfi meðan þingmennskan varir en vitað að kannski yrði um tímabundið starf að ræða. Ég held þess vegna að það hljóti að vera hægt að leysa þann vanda sem kynni að blasa við þeim sem gengju í staðgengilsstarf ef gert væri ráð fyrir því þegar frá byrjun. Auðvitað þarf að tryggja þeirra réttindi jafnt og þeirra sem víkja úr starfi um ákveðinn tíma.

Þetta er mál sem þarf að leysa líka í kjarasamningum en ég tek undir með hv. 6. þm. Reykn. að þetta er að sjálfsögðu líka mál þar sem hið opinbera þarf að ganga á undan með góðu fordæmi. Og ég vona, eins og þau tóku bæði fram, hv. þm., að þetta mál fái jákvæða og skjóta meðferð hér í þinginu þannig að það megi verða að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysaforvarnir). — Þskj. 200.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem er á þskj. 200, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Þetta frv. er örstutt. Það er tvær greinar. 1. gr. fjallar um þá breytingu, sem lagt er til að gerð verði á lögunum og varðar 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, um að við hana bætist nýr tölul., sem verður 5.16, og orðist svo: „Slysaforvarnir".

2. gr. varðar gildistöku þessarar breytingar, þ.e. 1. jan. 1990, og er þá miðað við sömu gildistöku og frv. sem nú þegar hefur verið mælt fyrir um breytingu á þessum sömu lögum og er komið til heilbr.- og trn.

Til frekari skýringar vil ég leyfa mér að lesa 19.

gr. laganna, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.

2. Lækningarannsóknir.

3. Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.

4. Heimahjúkrun."

Síðan kemur 5. liður sem mín breytingartillaga varðar. Hann hljóðar svo:

„5. Heilsuvernd.

Aðalgreinar heilsuverndar eru:" og síðan koma þessir liðir frá 5.1 og upp í 5.15: heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi, mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd, heilsugæsla í skólum, ónæmisvarnir, berklavarnir, kynsjúkdómavarnir, geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir, sjónvernd, heyrnarvernd, heilsuvernd aldraðra, hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit, félagsráðgjöf, þar með talin fjölskyldu- og foreldraráðgjöf, umhverfisheilsuvernd og atvinnusjúkdómar. Síðan legg ég til að þarna bætist við 5.16: Slysaforvarnir.

Á undanförnum árum hafa áherslur í heilbrigðisþjónustu verið að breytast og má m.a. rekja það til breyttra aðstæðna í samfélaginu og nýrra og bættra meðferðarmöguleika. Heilbrigði Íslendinga hefur gjörbreyst og er nú talið með því besta sem gerist meðal þjóða. Áherslan er nú lögð á heilsuvernd og forvarnarstarf.

Á þingi 1987 lagði þáv. hæstv. heilbrrh. Ragnhildur Helgadóttir fram til kynningar drög að landsáætlun um íslenska heilbrigðisáætlun. Hún hefur nú verið endursamin og flutt af núv. hæstv. heilbrrh. Þessi landsáætlun um íslenska heilbrigðisáætlun er samin með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO sem nefnd er „Heilbrigði allra árið 2000" í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum ásamt örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeirra völdum. Stefna alþjóðaheilbrigðisáætlunarinnar er í 38 liðum og markmið 11 er að fækka slysum um 25% fyrir aldamót.

Í þeirri till. til þál. um heilbrigðisáætlun sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nýlega mælt fyrir í Sþ. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Heilbrigðismarkmiðið er sett fram til að stuðla að og bæta heilbrigði einstaklingsins. Þessu höfuðmarkmiði má skipta í þrjá þætti:

Að bæta árum við lífið. Þetta þýðir að ótímabærum dauðsföllum fækki og lífslíkur aukist.

Að bæta heilbrigði við lífið. Þetta þýðir að fólkið í framtíðinni eigi fleiri ár heilbrigði og starfsemi, fólk fái færri sjúkdóma og verði sjaldnar fyrir slysum en áður.

Að bæta lífi við árin. Þetta þýðir að heilbrigði aukist og fleira fólki en nú finnist það vera hraust og stjórni starfsdegi sínum þannig að því finnist lífið ríkt af reynslu og breytilegum verkefnum.

Heilbrigði er hluti af vellíðan einstaklingsins. Menning og fjárhagur getur haft mikil áhrif á heilsufar einstaklinganna. Sjúkdómar eru hluti af lífi hvers manns og fötlun er hluti af lífi margra en hinir sjúku og fötluðu geta einnig notið ánægju lífsins.

Heilbrigði er að hluta til ákvörðunaratriði einstaklings og fjölskyldna og fullkomin heilbrigðisþjónusta næst aðeins með því móti að þjóðfélagsþegnarnir nýti hana og geri til hennar kröfur.

Í heilbrigðisþjónustunni á fólkið ekki að líta á sig eingöngu sem neytendur. Hugmyndin er að maðurinn verði þátttakandi og honum sé ljóst hvað hann getur gert fyrir sjálfan sig og hvað heilbrigðisþjónustan getur gert fyrir hann.

Heilbrigðisþjónustan getur veitt mikla hjálp en án samvinnu við einstaklinginn er hún lítils virði og einstaklingurinn verður að gera sér ljóst að hann er samverkamaður og ekki aðeins neytandi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið um heilbrigði allra árið 2000.

Þau þrjú markmið, sem eru hornsteinar í þessu sambandi, eru:

Að stuðla að heilbrigðu líferni.

Að draga úr hættum sem valda heilsutjóni.

Að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf, auk heilbrigðisstjórnar, samspil margra þátta, svo sem löggjafar, fjármála, stjórnunar, menntamála, upplýsinga og rannsókna, og árangurinn þarf að meta."

Það má segja að slysin séu orðin farsótt í nútímaþjóðfélagi. Þau gera yfirleitt ekki boð á undan sér gagnstætt því sem gerist með ýmsa sjúkdóma sem flestir eiga aðdraganda, stuttan eða langan. Slys og afleiðingar þeirra eru einn alvarlegasti þáttur í heilbrigðisvandamálum okkar Íslendinga því að árlega verður fjöldi fólks fyrir miklum andlegum og líkamlegum þjáningum af þeirra völdum auk þess sem kostnaður þjóðfélagsins er gífurlegur vegna slysa. Orsakir slysa eru yfirleitt þekktar. Greining er einföld og með markvissu forvarnarstarfi er unnt að koma í veg fyrir slys og þar með fækka þeim.

Til þess að ná slíkum árangri er nauðsynlegt að höfða til hvers einstaklings í því umhverfi sem hann lifir og hærist í. Það gerist best með því að unnið sé markvisst að slysavörnum í hverju byggðarlagi fyrir sig eftir því sem þörf krefur. Heilsugæsluumdæmin eru mikilvægur vettvangur til að vinna að slíku forvarnarstarfi heima í héraði í samvinnu við aðra þá aðila sem vinna að slysavörnum. Til þess að taka af öll tvímæli um að slysaforvarnir heyri undir verksvið heilsugæslustöðva er frv. flutt.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Þetta er hið ágætasta mál. Það er sjálfsagt að slysavarnir eða slysaforvarnir séu m.a. hlutverk heilsugæslustöðvanna. Ég var að velta því fyrir mér

hvort menn hefðu þegar lögin voru samin e.t.v. gert ráð fyrir þessu sem einhverjum sérstökum þætti, t.d. undir heilbrigðisfræðslunni. En einmitt með tilliti til þess sem hv. flm. frv. gat um í sinni framsögu hér, með tilliti til þess hversu slys eru orðin alvarlegur og snar þáttur af daglegu lífi okkar allra, bæði umferðarslys og heimaslys, tel ég sannarlega ríkar ástæður til þess að greina þetta sérstaklega sem eitt af hlutverkum heilsugæslustöðva eða atriði sem heyri undir verksvið þeirra.

Ég hef í raun og veru ekkert fleira um málið að segja annað en að ég tel að þetta sé mjög gott mál og styð það einhuga. „Forvarnir" hefur mér samt aldrei þótt gott orð og ég veit að það er mikill vandi að finna eitthvað annað betra. Ég er svo oft og lengi búin að hugsa um það sjálf. „Fyrirbyggjandi aðgerðir" og „forvarnir" eru hvort tveggja óþjál og ekki falleg orð, en ég hef gefist upp á því að finna eitthvað betra. Slysavarnir væri kannski styttra, en hv. flm. hefur eflaust hugleitt þetta. Þetta er eitthvað sem auðvitað þarf að ræða bara í nefndinni. Erindi frv. finnst mér hins vegar vera afar mikilvægt og brýnt og tek eindregið undir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. SalÞ, 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem er á þskj. 216 og varðar breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. Það er nátengt frv. sem ég hef nú mælt fyrir og varðar breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það er eins með þetta frv. að það er aðeins tvær greinar. Fyrri greinin varðar breytingu á 6. gr. sveitarstjórnarlaga um að við 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr liður, svohljóðandi: „varnir gegn slysum."

Og 2. gr. er um hvenær þessi lög skuli öðlast gildi. Gert er ráð fyrir 1. júní 1990, og er það vegna þess að nú verða sveitarstjórnarkosningar á næsta vori og því þótti mér eðlilegt að ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vona, þá taki þau gildi á sama tíma eða strax eftir þær kosningar.

Ég vildi nota þetta tækifæri hér til þess að flýta fyrir og svara því sem hv. 6. þm. Reykv. kom inn á við umræðuna um heilbrigðisþjónustu. Það var þetta orð, „forvarnir" eða „slysaforvarnir". Það er alveg rétt sem hún gat um að þetta er ekki sérstaklega skemmtilegt orð og ég hafði hugleitt þetta nokkuð. Eins og fram kemur er í þessu frv. gert ráð fyrir að þetta heiti „varnir gegn slysum", en ég hafði þarna ráð læknis um þetta heiti, „slysaforvarnir". Það má segja kannski að „slysavarnir" sé svo víðtækt hugtak í þjóðfélaginu að það sé svolítið annars eðlis þegar um er að ræða heilbrigðisþjónustu eða heilsugæslustöðvar, að með því sé verið að leggja áherslu á hvað átt er við. Hv. þm. nefndi réttilega að þessi þáttur er ekki í upptalningu 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hvort það er vegna þess að gert er ráð fyrir því undir öðrum heitum held ég satt að segja að sé fremur vegna þess að áherslan var ekki orðin eins mikil hér áður eins og hefur gerst á undanförnum árum, að slysavarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna slysa hafa aukist mjög mikið eins og við þekkjum.

Ég vil leyfa mér til frekari skýringar að lesa hér það sem talið er upp í 6. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðal verkefna sveitarfélaga eru:" og svo kemur 1. liður sem varðar þessa breytingu: „Félagsmál, þar á meðal framfærslumál, aðstoð við aldraða og fatlaða, barnaverndarmál, varnir gegn notkun vímugjafa, rekstur dagvista fyrir börn, rekstur dvalarheimila aldraðra, rekstur heimilishjálpar" og síðan legg ég til að þarna verði bætt inn í „varnir gegn slysum." Og það er eins með það eins og í lögum um heilbrigðisþjónustu að ég tel að þetta sé áhersluatriði til að minna á að það þurfi sérstaklega að taka á þessum málum heima í héraði.

Það kemur fram í grg. með þessu litla frv. að sveitarfélögin eru þær stjórnsýslueiningar sem best þekkja þarfir þegnanna á hverjum stað og því er lagt til með frv. að lögfesta það sem eitt af verkefnum þeirra að vinna að slysavörnum. Rétt er að taka það fram að að sjálfsögðu er það á valdi hverrar sveitarstjórnar hvort og hvernig unnið verður að slysavörnum, enda aðstæður mismunandi, t.d. í þéttbýli og dreifbýli, svo að dæmi séu tekin. En telja verður meiri líkur á skipulegu forvarnarstarfi ef sveitarstjórn hefur yfirstjórn á slíkum málum heima í héraði með því t.d. að sameina krafta þeirra sem að þessum málum vinna beint eða óbeint. Má í því sambandi nefna fulltrúa heilsugæslustöðva, lögreglu, — ekki síst vegna umferðarslysa eða umferðaröryggis — skipulagsyfirvalda, — þá er ég með í huga gatnagerð og annað skipulag sem snýr að öryggi íbúanna — skóla, foreldra, íþróttasamtaka, félagasamtaka og klúbba sem hafa slysavarnir á stefnuskrá sinni, en eins og kunnugt er eru fjölmargir klúbbar og félagasamtök sem taka upp einstaka þætti, t.d. eitt ár í senn, einhver mál sem varða slysavarnir.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. Ég held að það skýri sig að öðru leyti sjálft.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð. Ég tek undir erindi þessa frv. eins og hins sem á undan fór og tel þetta hið ágætasta mál og vona að það fái skjótan og öruggan gang í gegnum þingið eins og það hið fyrra málið.

En mér dettur í hug vegna umræðu okkar um orðalag hvort megi ekki bara nota í báðum tilvikun-

um „varnir gegn slysum.“ Ég veit alveg að þetta er rétt sem hv. 6. þm. Reykn. sagði. Slysavarnir er kannski ekki bara almennt orðalag heldur tengist það líka svo mjög Slysavarnafélaginu sem hefur ákveðin verkefni. Það eru kannski hugrenningatengsl sem hafa mótast af nafni félagsins. Varnir gegn slysum finnst mér svo miklu betra. En við getum auðvitað rætt þetta nánar í nefndinni. Hins vegar held ég að erindi frv. sé hið besta og tek eindregið undir það.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir stuðning og undirtektir við bæði frv. Það má segja að ég hafi lagt þetta fram hvort með sínu orðalagi sem nokkurs konar valkost. Ég get alveg tekið undir það með henni að mér þætti ekki verra að það væri „varnir gegn slysum“ í hinu frv. einnig svo að ég held að auðvelt sé að breyta því í nefndinni ef því er að skipta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

15. fundur, þriðjudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 185, n. 210, brtt. 211, 243.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Málið hefur verið afgreitt frá Ed. og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á þskj. 211. Einnig er flutt brtt. á þskj. 243, en nefndin ákvað á fundi sínum í gær að taka inn umsókn sem kom eftir að nefndin hafði skilað inn brtt. Þess má geta að Guðni Ágústsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi þá afgreiðslu nefndarinnar, en þessi brtt. er flutt af formanni nefndarinnar.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 243 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 211, svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (meðdómsmenn). — Þskj. 161, n. 223.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og hefur nefndin rætt frv. og fengið til viðtals Hrafn Bragason, formann réttarfarsnefndar, Gest Jónsson, formann Lögmannafélags Íslands, Birgi Kjartansson, formann Verndar, Davíð Þór Björgvinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmrn., og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það á þskj. 161, en þrír nefndarmenn undirrita álitið með fyrirvara.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, með fyrirvara, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson, með fyrirvara, Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara, og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef undirritað þetta nál. með fyrirvara og mun gera stutta grein fyrir honum.

Frv. þetta virðist tilkomið vegna tiltekins máls sem höfðað hefur verið fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum. Löggjafanum er ætlað að setja almenn lög um dómstólaskipun og dómsköp en naumast er eðlilegt að efnt sé til lagasetningar í tilefni af einstökum dómsmálum.

Lög nr. 74/1974 gera ráð fyrir að þrír sakadómarar geti skipað dóm í sakadómi Reykjavíkur ef sérstaklega stendur á, sbr. 3. mgr. 5. gr. Utan Reykjavíkur er eigi um samsvarandi heimild að ræða að því er opinber mál varðar og sama mun eiga við um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum sem skipaður er einungis einum dómara. Ef rétt þykir að breyta þessu fyrirkomulagi er eigi minni ástæða til að breytingin taki einnig til dómstóla utan Reykjavíkur. Benda má á að sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum getur eins og aðrir dómarar kvatt til sérfróða meðdómendur, einn eða tvo, ef hann telur sérkunnáttu þörf, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974. Þá er enn heimild í 2. mgr. sömu greinar til þess að skipa umboðsdómara ef mál þykir ofvaxið hinum reglulega dómara.

Löggjöf um meðferð opinberra mála er nú í heildarendurskoðun, enda verða ný lög að hafa verið sett og taka gildi um leið og breyting verður á dómstólaskipuninni 1. júlí 1992. Meðan á undirbúningi löggjafar þessarar stendur er tæpast nauðsynlegt að fást við einstakar breytingar á núgildandi reglum.

Þessar athugasemdir vildi ég láta koma hér fram en mun að öðru leyti styðja frv. svo að það nái sem fyrst

fram að ganga til að tefja ekki fyrir nauðsynlegri málsrannsókn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 184.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir og komið er til þessarar hv. deildar frá Ed. felur í sér breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1989 sem fyrst og fremst miða að því að auka heimildir til innlendrar lántöku í því skyni að fjármagna halla ríkissjóðs á árinu 1989 að mestu eða öllu leyti hér innan lands. Auk þess er í frv. gert ráð fyrir því að heimildir til erlendrar lántöku verði auknar í því skyni að endurlána þá upphæð til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina í samræmi við þá skilmála og áform sem sjóðurinn starfar eftir.

Áætlað er að 11,3 milljarða kr. innlend lánsfjárþörf á árinu 1989 verði uppfyllt þannig að spariskírteini verði seld fyrir 6 milljarða kr., að ríkisvíxlar verði seldir fyrir 3,8 milljarða umfram innlausn og að önnur innlend lántaka nemi um 1,5 milljörðum kr. Hvað síðasta þáttinn snertir kemur helst til álita sérstök lántaka hjá lífeyrissjóðunum en viðræður standa nú yfir við lífeyrissjóðina, m.a. um þátttöku þeirra í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Í lok septembermánaðar höfðu spariskírteini verið seld fyrir 3,2 milljarða kr. en auk þessa hefur almenningur með mjög virkri þátttöku í hinu nýja áskriftarkerfi spariskírteina skráð sig fyrir nokkur hundruð millj. kr. fram til áramóta til viðbótar.

Í byrjun október komu til lokainnlausnar spariskírteini sem með vöxtum og verðbótum námu 2,5 milljörðum kr. og það er mjög brýnt að ríkissjóði takist að selja ný spariskírteini í ríkum mæli á móti þessari innlausn og hefur það gengið nokkuð vel.

Í lok september höfðu verið seldir ríkisvíxlar fyrir um 4,1 milljarð kr. umfram innlausn frá áramótum. Vil ég í því sambandi sérstaklega vekja athygli á svari við fsp. frá hv. þm. Geir Haarde sem ég vænti að sé komin á borð þingmanna en í því svari kemur fram að vextirnir á ríkisvíxlunum hafa verið lægri heldur en bankavextir á öllu þessu tímabili, jafnvel á ákveðnu tímabili hækkað minna og hægar heldur en bankavextirnir hækkuðu. Vek ég í því sambandi sérstaklega athygli á bréfi frá Seðlabankanum sem birt er með þessu svari.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1989 eins og þau voru samþykkt í upphafi þessa árs var veitt heimild til innlendrar lántöku fyrir 5,3 milljarða kr. Enn fremur er almennt ákvæði í lögum um að heimilt sé að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

Innlend lántaka ríkissjóðs er því um þessar mundir að fara fram úr þeim heimildum sem í lánsfjárlögum voru og þess vegna óhjákvæmilegt að leita eftir staðfestingu Alþingis um að geta aukið þessa innlendu lánsfjáröflun meira.

Ég vænti þess að hv. Nd. muni líkt og hv. Ed. reyna að hraða afgreiðslu þessa máls þar eð brýnt er að hafa fullkomnar lagalegar heimildir fyrir þeirri innlendu lánsfjáröflun sem hér er fyrst og fremst farið fram á. Takist ekki að afla ríkissjóði þess lánsfjár á innlendum markaði sem hér er stefnt að mun verða yfirdráttur á reikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum í árslok. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt ákvæðum skuldabréfa ríkissjóðs í Seðlabankanum á ríkissjóður að greiða 900 millj. kr. til bankans í ár. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að það er vissulega álitamál hvort rétt sé miðað við árferði í okkar þjóðarbúskap um þessar mundir að ríkissjóður sé að bæta stöðu sína í Seðlabankanum frá því sem áður var. Verði hins vegar yfirdráttur á reikningnum í lok ársins mun ríkissjóður eins og hv. þm. er kunnugt þurfa að greiða hann fyrir lok mars á næsta ári með innlendri eða erlendri lántöku.

Að því er varðar Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina hefur verið ákveðið að hann hætti að taka við lánsumsóknum um áramót og er stefnt að því að hann ljúki afgreiðslu umsókna á fyrstu mánuðum næsta árs. Í framhaldi af því mun stjórn sjóðsins hætta störfum og sjóðnum verður komið til vörslu í starfandi banka eða lánastofnun. Á þann hátt verður staðið við það fyrirheit að starfsemi Atvinnutryggingarsjóðsins væri aðeins tímabundin ráðstöfun. Til að Atvinnutryggingarsjóðurinn geti lokið lánveitingum og skuldbreytingum er nauðsynlegt að honum verði tryggt sem fyrst viðbótarfjármagn en ekki þykir rétt að aukið verði við framlag ríkissjóðs frá því sem ákveðið var við stofnun sjóðsins þar sem starfsemi sjóðsins felst fyrst og fremst í lánveitingum og skuldbreytingum hjá atvinnufyrirtækjum. Ástæðan fyrir því að ríkissjóður er takandi þess láns sem hér um ræðir og endurlánar það til Atvinnutryggingarsjóðs er eingöngu sú að með þeim hætti er hægt að tryggja skjótari afgreiðslu og hagstæðari lánskjör á erlendum mörkuðum.

Hvað varðar aukna lántökuheimild fyrir Byggðastofnun er þess að geta að sl. vor heimilaði ríkisstjórnin Byggðastofnun erlenda lántöku að fjárhæð 100 millj. kr. til að endurlána eigendum smábáta sem lent höfðu í greiðsluerfiðleikum. Hér er leitað staðfestingar Alþingis á þeirri heimild.

Virðulegi forseti. Ég mælist til þess að að lokinni þessari 1. umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. þar sem svör við spurningum sem nefndarmenn kynnu að bera fram verða að sjálfsögðu veitt í samræmi við meðferð málsins í Ed.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að afgreiða þetta mál hratt og vel í gegnum hv. deild. Málið er þess eðlis að það er eðlilegt að leitað sé heimilda þingsins. Hins vegar verður auðvitað að leita upplýsinga hjá hæstv. fjmrh. og betra hefði verið ef hæstv. ráðherra hefði getað sagt nákvæmar frá stöðu málsins en hann kaus að gera í sinni ræðu. Það kemur í ljós í þessu frv. hve gífurlegur halli það er sem hefur orðið á fjárlögum yfirstandandi árs en það gerir að verkum að lánsfjárþörf ríkissjóðs er mun meiri en ætlast var til þegar samþykkt voru fjárlög og lánsfjárlög á sínum tíma.

Í athugasemdum við þetta lagafrv. stendur að útlit sé fyrir að gjöld verði um 4,7 milljarðar umfram tekjur. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi tala standist nú nokkrum vikum eftir að frv. hefur verið lagt fram og einkum og sér í lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað kostaði sú ákvörðun sem tekin var í hæstv. ríkisstjórn nú ekki alls fyrir löngu vegna aukinna niðurgreiðslna og hvort sú tala rúmast innan þessa mismunar sem hér er nefndur eða hvort um hækkun sé að ræða? Jafnframt vildi ég gjarnan heyra hæstv. ráðherra segja hér við 1. umr. málsins frá því, ef hann hefur um það upplýsingar, hvað fleira gæti komið til en það sem þegar var ljóst þegar þetta frv. var lagt fram.

Varðandi lántökur ríkissjóðs hér á landi er tvennt sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um. Annars vegar langar mig til þess að fá nákvæmari tölur um sölu spariskírteina. Við munum það að vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru lækkaðir á sínum tíma, þó þannig að áður en lækkunin átti sér stað auglýsti hæstv. ráðherra það mjög rækilega þannig að talsverður kippur kom í sölu bréfanna. Síðan datt salan að verulegu marki niður. Þá greip hæstv. ráðherra til þess ráðs að hækka vexti af bréfum fyrir þá sem keyptu bréf en voru að leysa inn sín bréf sem þeir áttu áður. Mig minnir að þeir fengju betri kjör sem nam um 1%. Mig langar til þess að heyra hæstv. ráðherra segja frá árangrinum af því og jafnframt að segja hér í hv. deild hvernig gengið hefur að selja spariskírteinin á öðrum kjörum en þarna buðust, þ.e. hvernig hefur sala spariskírteina ríkissjóðs gengið til annarra en þeirra sem eru fastir áskrifendur á gömlu kjörunum og til annarra en þeirra sem innleystu sín bréf en keyptu strax önnur bréf á betri vöxtum en aðrir geta fengið. Það hefur verulega þýðingu að átta sig á því hvernig hreyfing er á þessum bréfum.

Þá langar mig til þess að fá upplýsingar um ríkisvíxlana. Hæstv. ráðherra vitnaði hér til skriflegs svars sem borist hefur vegna fsp. hv. 17. þm. Reykv., sem ég hygg að muni taka hér til máls nú á eftir. Ég fæ ekki betur séð, þó hef ég nú ekki alveg nýlega lesið það svar, en að í svari Seðlabankans komi það skýrt fram sem auðvitað skiptir öllu máli, og það er að hinn mikli halli sem er á ríkissjóði leiði til þess að vextir muni haldast uppi. Með öðrum orðum, og það er kannski það sem er mikilvægast í þessu: Það er álit Seðlabankans eins og auðvitað allra hagfræðinga og þeirra sem hafa kynnt sér þessi mál náið að hinn mikli halli sem hefur orðið á ríkissjóði veldur því auðvitað að vextir á innlenda fjármagnsmarkaðnum eru hærri en ella. Það kemur að sjálfsögðu til af því að það er aukin samkeppni um það takmarkaða fjármagn sem í boði er á íslenska lánsfjármarkaðnum.

Það er full ástæða til þess, virðulegur forseti, að rifja það upp að fyrir um það bil ári síðan stóð hæstv. fjmrh. hér í ræðustól á Alþingi og gaf nánast vikulega skýrslu um hinn mikla halla sem þá hafði myndast á ríkissjóði. Hann talaði um milljarða mistök og milljarða skatta sem hefði verið fráfarandi ríkisstjórn að kenna. Hæstv. ráðherra lagði síðan á nýja skatta. Þegar allt var talið kom mönnum saman um það að skattarnir sem lagðir voru á eða áformað var að leggja á hefðu verið um 7 milljarðar kr. á verðlagi yfirstandandi árs. Þrátt fyrir alla þessa nýju skatta hefur nú komið í ljós að ríkissjóður er rekinn með verulegum halla. Í þessu frv. er þess getið að það séu 4,7 milljarðar. Ég hef óskað eftir því að hæstv. ráðherra svaraði því hér og nú hvort það geti verið að hallinn verði enn meiri, m.a. vegna nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar.

Ég held að það sé full ástæða til þess að benda á að nú hefur hæstv. ráðherra ekki komið hér í ræðustól og talað um milljarða mistök í ríkisfjármálum og finnst manni það skjóta svolítið skökku við þegar hægt var að tala um milljarða mistök á sl. ári vegna verulegs halla. Síðan er fyllt upp í gatið með mjög mikilli skattaaukningu og enn koma fram um það bil 5 milljarðar í halla á yfirstandandi ári og maður spyr sjálfan sig að því: Ef hallinn í fyrra voru milljarða mistök, af hverju er þá hallinn í ár ekki milljarða mistök jafnframt?

Að endingu vil ég segja þetta: Hæstv. ríkisstjórn sem leggur fram fjárlagafrv. með 3 milljarða halla eftir það sem á undan er gengið er að sjálfsögðu ríkisstjórn sem hefur gefist upp við verkefni sitt. Að það skuli geta gerst að ríkisstjórn skuli leggja fram fjárlagafrv. með þessum hætti og til viðbótar sé auðvelt að sýna fram á að hallinn verði mun meiri eins og jafnvel sjálfur formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hefur nefnt sýnir auðvitað að hæstv. ríkisstjórn veldur ekki þeim verkefnum sem henni hafa verið falin. Ég ætla ekki að hafa jafnstór orð um þetta eins og ég veit að hæstv. fjmrh. mundi hafa væri hann í stjórnarandstöðu. Það er óþarfi. Verkin munu auðvitað dæma hæstv. fjmrh. en það er full ástæða til þess við 1. umr. þessa máls, án þess að þetta mál sé tafið með nokkrum hætti, að benda á að þetta frv. er ein helsta sönnun fyrir þeim mistökum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert á sínum stutta ferli.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að lagt skuli fram hér sérstakt frv. um þær viðbætur sem þörf er á fyrir ríkissjóð að taka að láni á þessu ári, eins konar lánsfjáraukalagafrv. Það er út af fyrir sig ágæt framför að slík mál komi hér til umfjöllunar á árinu

áður en fjármál ríkisins fyrir yfirstandandi ár eru gerð upp.

Þannig er að í þessu frv. er verið að fara fram á nýjar lántökuheimildir fyrir sem nemur 6 milljörðum kr. sýnist mér og er það að sjálfsögðu vegna þess að áætlanir fjmrh. og ríkisstjórnarinnar um afkomu ríkissjóðs á þessu ári hafa engan veginn staðist.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um þau efni og þá staðreynd að þetta frv. eins og frv. það til fjáraukalaga sem hér er til meðferðar fyrir árið 1989 og ýmsar aðrar upplýsingar sem borist hafa þingheimi sýna það að fjármálastjórn ríkisins á þessu ári hefur mistekist, hefur verið í molum og þær áætlanir sem gerðar voru um það efni hér á sl. vetri hafa ekki staðist.

En mig langar, virðulegi forseti, að koma lítillega að málefni sem hæstv. fjmrh. gerði hér að umtalsefni og varðar lántökur ríkissjóðs á innlendum lánamarkaði, ekki síst á markaði hinna svokölluðu ríkisvíxla. Þannig háttar til, eins og ráðherra gat um, að ég hef óskað svars við nokkrum spurningum um þetta efni og því svari var útbýtt hér skriflegu til þingmanna í gær.

Nú er það reyndar þannig að ýmsir þingmenn hafa sýnt ríkisvíxlum áhuga áður og ég tel mér skylt að geta þess að einn af helstu máttarstólpum ríkisstjórnarsamstarfsins og maður gjörkunnugur í efnahags- og atvinnulífi hér, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hefur í blaðagrein gert því skóna að ríkisvíxlar og vextir af þeim séu einhver mikilvægasta hagstærðin í okkar efnahagskerfi. Þannig segir hann til að mynda, með leyfi forseta, í grein sem hann ritar í Morgunblaðið 25. ágúst sl. og fjallar um störf efnahagsráðgjafa ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar að vextir á ríkisvíxlum hafi leitt til meira en tvöföldunar á öllum vöxtum í landinu og þetta sé aðalástæðan fyrir því að „mestur hluti framleiðslunnar og fjöldi einstaklinga lenti í skuldaklöfum".

Þetta er einkar athyglisverð kenning hjá helsta efnahagssérfræðingi ríkisstjórnarinnar, að vextir af ríkisvíxlum á árunum 1987 og 1988 séu helsta undirrót alls þess sem illa hefur farið hér í efnahagsmálum síðan. (**SV:** Var það.) Var það, skaut hv. þm. inn í mér til leiðbeiningar. En ég vil þá geta þess að á þessum tíma voru viðskipti með ríkisvíxla innan við fjórðungur þess sem þau eru í dag. Viðskipti með ríkisvíxla voru mestan part ársins 1987, alla vega síðari hluta ársins, um 1 milljarður kr. í hverjum mánuði. Útistandandi víxlar námu sem svaraði um það bil 1 milljarði kr. Um þessar mundir er staða útistandandi víxla ekki 1 milljarður heldur 4–5 milljarðar, reyndar á bilinu 3–5 milljarðar, þannig að kenning hv. þm. sem hann varpaði hér fram úr sæti sínu um að það hafi verið svo er að sjálfsögðu fallin um sjálfa sig þegar af þeirri ástæðu að viðskipti með þessa víxla eru margfalt meiri nú en þau voru fyrir tveimur árum síðan. Hafi þessir vextir skipt máli um efnahagsþróun á árunum 1987–1988, þá skipta þeir væntanlega síst minna máli nú í ljósi þess hversu þessir víxlar eru nú mun stærri þáttur bæði í fjármögnun ríkissjóðs og á almennum peningamarkaði.

Nú hef ég ekki staðið hér upp til þess að taka undir skoðanir hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það er fjarri því. Hans kenning í Morgunblaðinu (Gripið fram í.) 25. ágúst var að sjálfsögðu fjarstæða. En engu að síður er það spurning sem er eðlilegt að lögð sé fram hver séu áhrif vaxta á ríkisvíxlum á hið almenna vaxtastig í landinu og hvort í viðskiptum með ríkisvíxla geti leynst ábatavon fyrir þá sem þessa víxla kaupa umfram það sem annars er á peningamarkaðnum. Við skulum aðeins huga að þessum málum vegna þess að í svarinu við fsp. minni koma fram ýmsar fróðlegar upplýsingar og sömuleiðis er að finna í greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum, sem útbýtt hefur verið til þingmanna og samin er í Seðlabanka Íslands, margháttaðar upplýsingar um þetta efni, m.a. þær tölur um umfang þessara viðskipta sem ég var að fara með hér fyrir augnabliki síðan.

En áður en ég legg út af þessum tölum vil ég segja að það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að markaður með þessi bréf, þessa ríkisvíxla skuli vera þó kominn þetta á veg og skuli geta þrifist hér í landinu. Þessi viðskipti fóru tiltölulega hægt af stað fyrir nokkrum árum síðan. En auðvitað er það ríkissjóði mjög nauðsynlegt og ómetanlegt að geta með þessum hætti á almennum markaði fjármagnað þær sveiflur sem verða í viðskiptum ríkissjóðs innan ársins með svona skammtímabréfum. Þess vegna eru þessir víxlar annars eðlis heldur en hin almennu skuldabréf ríkissjóðs, spariskírteini ríkissjóðs sem eru til lengri tíma og eru til að fjármagna viðvarandi halla á ríkissjóði. En það er gott mál að markaður með þessa víxla skuli hafa náð að þroskast og að ríkissjóður eigi auðvelt með að fá fjármagn að láni til skamms tíma.

Það kemur hér fram í þeim upplýsingum sem birtast í þeirri skýrslu er ég nefndi frá Seðlabanka Íslands að helstu kaupendur þessara víxla eru innlánsstofnanir, að langstærstum hluta, en einnig fjárfestingarlánasjóðir og í mjög litlum mæli lífeyrissjóðir, tryggingafélög og nokkrir aðrir aðilar, væntanlega einnig einstaklingar. Þannig að í stað þess að þurfa að leita til Seðlabanka Íslands um fjármögnun getur ríkissjóður með þessum hætti leitað út á almennan peningamarkað og aflað sér skammtímalánsfjár eins og kunnugt er, 45–120 daga lán. Þetta tel ég vera jákvætt.

Og ég tek undir það með fjmrh. að það er full ástæða til þess að reyna að efla viðskipti á þessum markaði og þróa þau með nýjungum. Sama er auðvitað að segja um viðskipti með hin almennu spariskírteini. Auðvitað er aukin markaðsverslun með verðbréf almennt til bóta og heilla í hagkerfinu og þess vegna er það sérstakt fagnaðarefni ef augu Alþb. hafa lokist upp fyrir slíkum staðreyndum sem eru löngu viðurkenndar í öllum nálægum löndum.

Það er ekki ástæða til þess að hafa þennan formála um ríkisvíxla lengri. Ég ætla að víkja aðeins, herra forseti, að því svari sem mér hefur borist við fsp. minni um vexti á ríkisvíxlum á þessu ári því að þar kennir óneitanlega margra grasa og það er ljóst að það eru mjög miklar sveiflur í þessum vöxtum, þ.e. í raunvöxt-

um ríkisvíxla. Og af hverju stafar það? Það stafar af því að verðbólgan er breytileg milli mánaða, vegna þess að nafnvextirnir á víxlunum eru forvextir sem eru fastákveðnir fyrir fram og hin raunverulega ávöxtun sem kaupandi hefur upp úr krafsinu kemur ekki í ljós fyrr en eftir á þegar vitað er hver verðbólgan hefur verið á tímabilinu. Það er hins vegar alveg ljóst að þeir aðilar sem eru glúrnir í þessum viðskiptum, sem kunna á þennan markað og sem hafa möguleika og hæfileika til þess að spá í bæði þróun verðbólgu og almennra vaxta geta hagnast stórkostlega á því að kaupa ríkisvíxla af hæstv. fjmrh.

Það er líka ljóst að í hópi þeirra sem þessa möguleika hafa og sem yfir þessari getu búa eru auðvitað ekki síst innlánsstofnanir sem hinn 5. nóv. sl. áttu rúmlega 3,4 milljarða af þeim 4,2 milljörðum sem útistandandi voru í þessum víxlum. Með öðrum orðum: Yfirgnæfandi hluti þessara víxla er keyptur af innlánsstofnunum og þar liggur auðvitað þekkingin um þessi mál, markaðsþekkingin sem gerir aðilum kleift að beina fjármagni sínu þangað sem það gefur mest af sér hverju sinni. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það að bankarnir hafa ígrundað þessi mál mjög vandlega og séð hvenær var heppilegast að kaupa ríkisvíxla og hvenær var heppilegast að losa sig við þá þannig að þar liggur auðvitað sú markaðsgeta sem er nauðsynleg til að geta spáð í þessa hluti af viti fyrir fram.

Í töflu sem borist hefur sem hluti af því svari sem ég óskaði eftir frá fjmrh. getur að líta hverjir raunvextir þessara víxla hafa verið, annars vegar miðað við framfærsluvísitölu og hins vegar miðað við lánskjaravísitölu. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs voru raunvextirnir neikvæðir, á öðrum ársfjórðungi voru þeir lítillega jákvæðir en á þriðja ársfjórðungi voru raunvextir á bilinu 11,4–12,2% að meðaltali af þessum ríkisvíxlum. Það held ég að flestum þættu dágóðir raunvextir þó til skamms tíma sé. Og til þess að láta hér örlítið meiri upplýsingar koma fram, þá má sjá af þessari töflu að í júlímánuði sl. voru raunvextir af ríkisvíxlum á bilinu 21,5–22,5%, þ.e. þeim tegundum víxla sem hér eru taldir upp. Í ágúst voru þeir á bilinu 15–16%, raunvextir til skamms tíma að vísu. Hins vegar kemur líka fram að þessir vextir geta verið mjög lágir og allt niður í það að vera neikvæðir á köflum ef verðbólgumælingin í þeim mánuði hefur verið mjög há en vextirnir aftur ekki breyst, nafnvextirnir, þannig að hér eru auðvitað sveiflur og fyrir þá sem kunna eitthvað fyrir sér í þessum málum gildir að kaupa víxlana á réttum tíma og selja þá á réttum tíma.

Þannig sýnist mér, virðulegi fjmrh., miðað við það hvernig þessi mál hafa þróast í september og október og miðað við það hvernig lánskjaravísitalan er nú í byrjun desember, að þá hafi menn og bankastofnanir, væntanlega fyrst og fremst, með því að kaupa sér ríkisvíxla hinn 1. nóv. og eiga þá eitthvað fram í þennan mánuð, hugsanlega til áramóta, getað krækt sér í um það bil 13% raunávöxtun. Með því að kaupa ríkisvíxla 1. nóv. sl. og eiga þá fram til 15. des. eða til áramóta. Þetta held ég að þætti nú feitt á stykkinu fyrir hv. þm. Stefán Valgeirsson, að Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. býður hér mönnum og aðilum úti á markaðnum ríkisvíxla með slíkum vöxtum. Hvar er nú allt vaxtaokrið og hvar er nú allt talið um vaxtaokrið hjá þessum mönnum sem mest hafa talað um það í sambandi við þessa vexti?

Fjmrh. birtir myndir af sjálfum sér í blöðunum þessa dagana í líki James Bond og býður fólki spariskírteini með góðum kjörum vegna þess að hann hefur lagt svo háa eignarskatta á samkeppnisbréfin að hann getur þvingað niður vextina á spariskírteinum. Ég held að það þættu ekki eðlilegir viðskiptahættir svona almennt séð. En eitthvað held ég að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi ruglast í fræðum sínum varðandi ríkisvíxla og farið út af sporinu í sínum rannsóknum og fræðimennsku ef hann hefur ekki fylgst með þróun ríkisvíxlanna það sem af er þessu ári og fram á þennan dag er þeir voru þó aðalatriðið í því að hleypa efnahagsstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar á villigötur ef marka má hans skrif um þetta efni.

Nei, virðulegi forseti. Auðvitað er varhugavert að draga of miklar ályktanir út frá vöxtum á svona skammtímapappírum. Það er auðvitað alveg ljóst og það á enginn að gera það, hvorki í pólitískum tilgangi né öðrum. En það er gagnlegt að hafa þessa hluti fyrir framan sig til þess að geta áttað sig á því hvernig þessir hlutir hafa þróast. Og það er alveg ljóst að með kunnáttu og hæfileikum til þess að vega og meta annars vegar vextina og hins vegar verðbólguþróunina er hægt að ná mjög háum raunvöxtum á þessum markaði. Þetta eru sennilega einhverjir hæstu raunvextir sem hægt er að fá nokkurs staðar um þessar mundir.

Ef menn hafa keypt t.d. ríkisvíxla 1. júlí og átt þá í tvo mánuði, 60 daga víxla, þá er alveg ljóst að menn hafa haft af því raunvexti á bilinu 17–18%. Það kemur glöggt fram hér á þessari töflu. Og ég spái því við lauslegan útreikning að maður sem hafi keypt víxla 1. nóv. og hyggist eiga þá til áramóta geti fengið svona 13% ávöxtun á sitt fé á þeim stutta tíma.

En ég ítreka það að þetta er ekki algilt og það eru miklar sveiflur í þessu og miklar breytingar vegna þess hversu sveiflukennd verðbólgan er og hve einstakar mælingar hennar milli mánaða eru breytilegar.

Þetta held ég, virðulegi forseti, að sé gagnlegt að komi fram í þessum umræðum þó svo að ég ítreki enn að markaður með þessa víxla er mikilvægur, hvað sem líður hugmyndum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um það efni, og það er nauðsynlegt að efla hann og halda þar uppi viðskiptum á hverjum tíma til þess, eins og ég sagði áðan, að auðvelda ríkissjóði að fjármagna sveiflur milli tekna og gjalda innan ársins.

Í þeim skýringum sem fram koma með svari við fsp. minni annars vegar frá fjmrn. og hins vegar Seðlabanka er lögð áhersla á það að vextir ríkisvíxla hafi fylgt öðrum vöxtum frekar en verið leiðandi. Ég verð nú að segja, herra forseti, að ég tel að þetta sé mjög hæpin fullyrðing vegna þess að auðvitað er ekki

við öðru að búast en að vextir á skuldaviðurkenningum ríkissjóðs séu ævinlega lægri en annarra. Ríkissjóður er almennt talinn vera besti lántakandi í landinu — og sem betur fer er nú ekki búið að eyðileggja það orðspor hans — og þess vegna er auðvitað eðlilegt og engar sérstakar ályktanir hægt að draga út frá því að vextir á ríkisvíxlum séu lægri en vextir á víxlum almennt. Það er ekki málið. Málið er auðvitað það að vextir á ríkisvíxlum, eins og öðrum skuldaviðurkenningum ríkissjóðs, setja ákveðið gólf og aðrir ekki niður fyrir ákveðið mark frá því gólfi. Ákveðið þrep þar fyrir ofan er lágmarkið sem aðrir mundu treysta sér til. Eins og kemur reyndar glöggt fram á línuriti því sem birt er með þessu, þá er náttúrlega alltaf ákveðinn munur, tiltölulega lítt breytilegur, milli vaxta á víxlum ríkissjóðs og 60 daga víxlum almennt í bankakerfinu.

Því finnst mér, með fullri virðingu fyrir þeim starfsmönnum þessara stofnana sem hafa skrifað þessi svör, og auðvitað gert það af bestu samvisku, ekki hægt að taka undir þá fullyrðingu að vextir á víxlum ríkissjóðs fylgi öðrum vöxtum fremur en að vera leiðandi. Þetta fer auðvitað dálítið eftir því um hvað menn eru að tala. Og það kemur fram í svari fjmrn. að það er auðvitað lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs fyrst og fremst sem hefur þarna stærstu þýðinguna. En auðvitað skiptir líka máli hvort einstök tilboð ríkissjóðs á skuldaviðurkenningum eins og ríkisvíxlum eru þannig að til að mynda bankastofnanir hlaupa gráðugar á eftir til þess að krækja sér í þær og ná þeim vöxtum sem þar er boðið upp á og hafa þar af leiðandi ekki á boðstólum lánsfé fyrir hinn almenna mann eða fyrir atvinnuvegina í landinu. Auðvitað er þarna líka ákveðið samhengi þegar boðnir eru slíkir rausnarvextir eins og dæmi eru um þó að það sé ekki almenna reglan, þó að það sé ekki alltaf svo, þá eru þessir rausnarlegu raunvextir, sem ég hef tínt hér dæmi um, til þess fallnir að soga lánsfé frá bönkunum, draga úr möguleikum annarra á að fá þar fyrirgreiðslu og toga þar með upp vaxtastigið þeim megin frá.

Að öðru leyti ætla ég ekki, herra forseti, að gera lítið úr þeim svörum sem hér hafa borist. Ég tel að þau séu vel af hendi leyst og ég vil þakka fjmrh. fyrir að hafa svarað þessari spurningu með þessum hætti og hans starfsmönnum í fjmrn. og starfsmönnum Seðlabanka sömuleiðis fyrir að hafa lagt vinnu í að útbúa þetta svar sem nú liggur fyrir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til l. sem hér liggur fyrir um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1989 er að sönnu góð nýjung og rétt að leggja hér fram. En þetta frv. er jafnframt sönnun á því að svipta ætti þessa ríkisstjórn fjárræði. Og jafnframt sýnir frv. að nafn það sem þessari ríkisstjórn hefur verið gefið, Getuleysisbandalagið, er rétt. Hér er verið að leggja fram frv. þar sem óskað er eftir 7 milljörðum í aukið lánsfé. Hvað þýða þessi lög? Þau þýða að að halli ríkissjóðs er a.m.k. 12 milljarðar á þessu ári. Þau þýða að hæstv. fjmrh. hefur sannað að fjármálastjórn hans hefur brugðist og hefði hann nú heldur betur tekið upp í sig hefði hann verið hér í stjórnarandstöðu, eins og hann gerði á því fyrsta þingi sem ég sat.

En hvað þýða þessi lög jafnframt? Hv. 17. þm. Reykv. hefur haldið langa tölu um ríkisvíxla og komið hefur fram hver áhrif ríkisvíxla eru á þann markað sem kallaður er fjármagnsmarkaður. Hann hefur líka upplýst að vextir á ríkisvíxlum eru um 13% raunvextir. Þegar maður lítur til þess að ríkissjóður býður bréf sín auk þess eignarskattsfrjálst sem þýðir 3–3,5% vaxtahækkun í raunvöxtum þá erum við að tala um 16–17% raunvexti sem eru dágóðir vextir fyrir það eitt að lána peninga. Þessi lög þýða líka að enn er verið að auka skuldasöfnun ríkissjóðs.

Þessi skuldasöfnun fer fram í samkeppni við atvinnuvegina og einstaklingana í landinu sem þegar greiða allt of háa skatta og sem þegar greiða allt of háa vexti. Þetta þýðir auðvitað að rekstrarstaða heimilanna og fyrirtækjanna verður verri. Maður getur leyft sér að spyrja hver staða unga fólksins sé. En það er einmitt unga fólkið sem kemur til með að greiða þennan halla ríkissjóðs í framtíðinni. Og það greiðir hann með versnandi lífskjörum, lægri tekjum, hærri sköttum og jafnvel meiri dýrtíð.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur komið hér upp í ræðustól margoft og leikið tveimur skjöldum. Þegar hann tar úr þessum ræðustól gæti manni dottið í hug að hann væri víxlari í skriftastól og segði nú prestinum sínum iðrandi frá því hvað hann hefði verið vondur. Því að þá eru vextirnir af hinu illa. En svo fer hv. 6. þm. Norðurl. e. niður í Búnaðarbanka og alla sjóðina sína. Þá er allt í lagi með vextina. Svo fer hann og lætur bankann sinn kaupa ríkisvíxlana og þar með á bankinn hans ekki peninga til að lána fyrirtækjunum vegna þess að þeir taka það auðvitað fram yfir í bankanum að kaupa víxla með 16–17% vöxtum, en lána ekki út með 7–9% vöxtum. Ég skil það vel. En svona geta menn leikið tveimur skjöldum. Og það verður fróðlegt að sjá framhaldið af þessu.

Það er mjög fróðlegt að lesa skýrslu þá sem kom hér um ríkisvíxlana. Hún segir að bankarnir hafi notað töluvert af fé sínu til að kaupa víxlana eins og ég kom hér inn á áðan sem þýðir að í stað þess að lána peningana á lægri vöxtum á almennum markaði eru þeir að fjárfesta í tapi ríkissjóðs sem þeir fá miklu meira fyrir. Þetta stjórnleysi í ríkisfjármálum hefur alvarlegar afleiðingar og hæstv. fjmrh. ætti að vita það best.

Og það er annað sem þetta hefur áhrif á. Núna eru um 1900 menn víða um land atvinnulausir. Það má leiða líkur að því að ef ríksstjórnin hefði staðið sig í rekstri ríkisfjármála, lagt á lægri skatta og rekið ríkissjóð hallalausan, án þess að taka lán og með því þanið upp vaxtamarkaðinn, þá væru allir þessir menn í vinnu. Haldi ríkisstjórnin áfram að verðlauna sjálfa sig með skattaívilnunum á eigið fjármagn þá fer illa. Þá fer eins fyrir okkur og bandamönnum hæstv. fjmrh. fyrir austan járntjald. Atvinnuvegir hafa þá ekkert fjármagn og geta ekki framkvæmt það sem þarf að gera og fólkið verður á lágum launum og atvinnulaust.

Það verður að snúa þessu dæmi við. Það verður að snúa frá þessari stefnu. Við hljótum að taka mark á því sem nú er að gerast í heiminum þar sem menn eru að snúa til vestræns hagkerfis. En fjmrh. veit ekki hvað það er, hann hefur eitthvað misskilið það sem hann boðaði hér í ræðu fyrir skömmu á Alþingi, hvað það þýðir en það þýðir ekki aukna skatta. Svíar sem hafa verið þó nokkuð seigir á þessu sviði eru að snúa af þessari braut. Og það hefur þegar haft áhrif í Svíþjóð. Þar er nú í fyrsta skipti í fjölda ára næga vinnu að fá og það þýðir jafnframt að hjól atvinnulífsins snúast þar hraðar og það þýðir betri afkomu fyrir fólkið. Þess vegna er þetta litla frv., sem lítur sakleysislega út, staðfesting á að þessi ríkisstjórn á ekki að hafa fjárráð.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég kem nú aðallega upp í stólinn til þess að leiðrétta hv. þm. Geir H. Haarde, þegar hann er að tala um það að ég sé aðalráðgjafi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Það er að snúa hlutunum alveg við. Það er hv. þm. Geir H. Haarde sem var og er aðalefnahagssérfræðingur — eða þykist vera það — Sjálfstfl., stjórnarandstöðunnar. Ég vil að það komi alveg greinilega fram að ég tel mig engan sérfræðing í þessu efni. Hins vegar fylgist ég með og það þýðir náttúrlega ekkert fyrir hv. þm. Geir H. Haarde að bera á móti því að á árinu 1987, frá því að stjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð og fram í desember, hækkuðu ríkisvíxlarnir úr 20% í 41,2%. Og af því — það fór eftir, vextirnir jafnt — það var boðið í þrepum, fjórum þrepum, sífellt hærra og hærra og auðvitað fóru allir vextir eftir. Það er (**Gripið fram í:** Það voru .....) alveg eins og — það voru ríkisvíxlar. (**FrS:** Á ekki þingmaðurinn við nafnvexti, veit þingmaðurinn hvað hann er að tala um?) Ég veit vel hvað ég er að tala um en ég vona það að hv. 1. þm. Reykv. geri sér grein fyrir því hvað hann er að tala um, en það virðist ekki vera. Það er eins og þessir menn skilji ekki að það eru allt aðrar aðstæður nú í þjóðfélaginu, nú eru flestir bankarnir með mikið af lausu fé, mikið af lausu fé flestir þeirra. Áður var keppst um að fá fé inn í bankana, það er kannski enn þá en það var fyrst og fremst á þessum tíma vegna þess hvernig þenslan var. Nú er þenslan minni, eftirspurnin er minni, en samt sem áður eru t.d. raunvextir hjá bönkunum, sumum hverjum, ja, allt upp í 9,5%, ef um skuldbreytingu er að ræða. Ætli hv. þm. Geir H. Haarde geri sér grein fyrir því? Og í sumum tilvikum eru þessir vextir hærri.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson var að tala hér áðan um mína afstöðu í sambandi við vexti í bönkunum. Þessi hv. þm. er náttúrlega dæmi um það þegar menn eru að ræða um hluti sem þeir hafa ekki hugmynd um, ekki nokkra hugmynd um. Ég óska eftir því að hv. þm. nefni þess dæmi að ég hafi samþykkt vaxtahækkun í Búnaðarbankanum eða annars staðar. (Gripið fram í.) Að ég hafi gert, sagði ég. (**Gripið fram í:** Ég sagði það.) Og ég var að segja að ef menn athuga vaxtatöflur að undanförnu, hvaða banki hefur verið yfirleitt lægstur? Og einkabankarnir alltaf hærri en ríkisbankarnir, undantekningarlítið, og eru enn.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða það frv. sem hér er. Ég ætlaði aðeins að svara þessum hv. þingmönnum og benda þeim á að lesa bækur sínar betur.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lánsfjárlögum fyrir þetta ár og gerir ráð fyrir að hækka heimild ríkissjóðs til erlendrar lántöku á þessu ári, að hún verði aukin um 900 millj., og jafnframt að innlend lántökuheimild verði aukin um 6 milljarða. Það er jafnframt gert ráð fyrir því að af þeirri erlendu lántöku, viðbótarlántöku sem frv. gerir ráð fyrir, verði lánað Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, en aftur aukin lántaka innan lands til þess að jafna hallann á ríkissjóði á þessu ári. Út af fyrir sig má flytja hér langt mál um af hverju þetta er og hvað hefur gerst. Ég dreg ekki í efa þörf Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina fyrir þessa upphæð en manni verður á að spyrja: Var þörf á því að atvinnulífið og útflutningsatvinnuvegirnir færu svo langt niður sem raun ber vitni að til þessa hefði þurft að koma? En það er annað mál. Ég geri ekki á nokkurn hátt lítið úr þeim lánveitingum sem Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hefur afgreitt og er að afgreiða. Það hefur verið fullkomin þörf fyrir þá afgreiðslu á þessu tímabili.

Ég tel til góðs að flytja frv. sem þetta til að afla heimildar til aukinnar lántöku á því ári sem lántakan á að eiga sér stað. Það ber að þakka og meta að slík breyting er gerð og vildi ég gjarnan að sá háttur verði almennt í heiðri hafður. Ed. Alþingis gerði brtt. við þetta frv. þess efnis að Byggðasjóði væri heimiluð erlend lántaka upp á 350 millj. kr. Byggðasjóður hafði farið fram á að auka lántökuheimild um 550 millj. kr. Það sem hér ber á milli í þeirri samþykkt sem ríkisstjórnin gerði og þeirri samþykkt sem stjórn Byggðastofnunar gerði eru 200 millj. til smábátalána, en Byggðastofnun tók að sér úthlutun á því fjármagni að tilhlutan og beiðni ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin veitti þá heimild fyrir 100 millj. kr. erlendri lántöku í þessu skyni. Byggðastofnun benti á að þetta mundi engan veginn nægja ef fara ætti út í þessar lánveitingar á annað borð. Enda kom það á daginn við afgreiðslu þessara mála að sú tala sem Byggðastofnun benti á að mundi þurfa var mjög nærri lagi miðað við þær reglur sem voru í gildi við úthlutun þessara lána. Það má því segja að ríkisstjórnin hafi skorið þessa upphæð niður, sem hún hafði þó forustu um að óska eftir við Byggðastofnun að veitt yrði. Mér finnst miður að til þessa hafi ekki verið tekið fullt tillit, en einhvern veginn verður þetta að bjargast út þetta ár, enda er lítið eftir af árinu og Byggðastofnun verður því að sætta sig við að þessi 350 millj. kr. hækkun verði framkvæmd.

Ég tel brýna nauðsyn bera til þess að hraða afgreiðslu þessa frv. og mun ekki láta mitt eftir liggja að svo verði. Menn spyrja: Ja, hvað hefur gerst, af

hverju þarf stofnun eins og Byggðastofnun á þessari aukningu að halda? Ég hef þegar nefnt smábátalánin sem var farið í eftir fyrirmælum og óskum ríkisstjórnarinnar. Þar við bætist að innheimta er lélegri af lánum, gjaldþrot eru mjög tíð og mikill kostnaður við kaup á eignum til að bjarga því sem bjargað verður í hagsmunum stofnunarinnar. Stofnunin hefur tekið þátt í kaupum á hlutdeildarskírteinum bæði A- og B-lána sem kosta mikið. Fiskeldislánin hafa hér aukist töluvert og vanskil í þeim. Allt hefur þetta orðið til þess að stofnunin hefur þurft á meira fjármagni að halda. Þrátt fyrir það hefur hún orðið fyrir áfalli því að eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar lækkaði á sl. ári úr 30% í 24% í lok júní, og heldur hefur það lækkað síðan og hafa menn eðlilega áhyggjur af því. Það verður aldrei verulega myndarleg stofnun sem lætur eigið fé sitt brenna upp í tapi, þá á hún ekki framtíð vísa. Því ber auðvitað að líta á að eftir því sem áhætta lána verður meiri, eftir því sem atvinnulífinu gengur verr, sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum sem þessi stofnun hefur lánað mest til, hefur þessi hætta aukist verulega.

Það er full ástæða til þess að ræða hér ríkisfjármálin í heild og þá væntanlega fjárlagaafgreiðslu en ég sé ekki ástæðu til að eyða tíma í það hér við afgreiðslu og meðferð þessa frv. um breytingu á lánsfjárlögum fyrir þetta ár. Það gefst tækifæri til þess bæði við afgreiðslu fjárlaga og eins við afgreiðslu og umræðu um lánsfjáráætlun fyrir árið 1990.

Ég vil aðeins endurtaka og láta koma hér skýrt fram að ég vil standa að því að greiða fyrir afgreiðslu þessa frv., sér í lagi vegna þess ástands sem er núna hjá Byggðastofnun. Þar er raunar gjörsamleg stöðvun á afgreiðslu lána og því er nauðsynlegt að þetta verði að veruleika þannig að hægt verði að ganga frá erlendri lántöku, í síðasta lagi í næstu viku og afgreiðsla verði með eðlilegum hætti það sem eftir er af þessu ári. Ég vil því gera mitt besta til þess að hraða afgreiðslu þessa máls.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem hafa komið fram hjá ræðumönnum að lýsa vilja sínum til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins hér í þinginu. Það er rétt sem hefur komið fram að það er nýjung að leggja fram frv. um breytingu á lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Það er einn þátturinn af þeim breytingum á meðferð ríkisfjármála sem ég hef ákveðið að beita mér fyrir. Hinn þátturinn er það frv. um fjáraukalög sem væntanlega kemur til afgreiðslu hér í þinginu síðar í þessari viku eða í byrjun þeirrar næstu.

Vegna fsp. sem komu fram hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni vil ég taka það fram að í framsöguræðu minni fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989, rakti ég nokkuð ítarlega flesta þá efnisþætti sem hann vék að hér í sínu máli. Þar kom m.a. fram að ekki eru horfur á að halli ríkissjóðs verði meiri í ár en áætlað var fyrir nokkrum mánuðum síðan, eða á bilinu 4,5–5 milljarðar kr. Það eina sem gæti hugsanlega skekkt þessa tölu er innheimta á söluskatti á síðustu vikum þessa árs vegna þess að skilaaðilar í söluskatti hafa ekki gert sér nægilega vel grein fyrir því að í nóvembermánuði er reiknað með að farið verði með skilin öðruvísi en aðra mánuði ársins. Þar er hins vegar ekki um raunverulegt tekjutap að ræða heldur hugsanlega frestun einhverra greiðslna um fáeinar vikur en þó ætla ég ekki að svo verði.

Hér hefur nokkuð komið til umræðu, bæði í fsp. frá hv. þm. Friðriki Sophussyni og eins í ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde, þróun spariskírteinamarkaðarins og ríkisvíxlamarkaðarins á þessu ári. Vissulega væri tilefni til að fara yfir þau mál ítarlega. Ég vil þó vekja athygli á því að skömmu eftir að ég tók við embætti fjmrh. sögðu viðskiptabankarnir upp því samkomulagi sem fyrirrennari minn hafði gert varðandi sölu viðskiptabankanna á spariskírteinum ríkissjóðs. En sölukerfið hafði verið í höndum viðskiptabankanna eingöngu og ríkissjóður hafði um nokkuð langa hríð verið tiltölulega afskiptalítill á þeim markaði. Við í fjmrn. stóðum þess vegna frammi fyrir því í upphafi þessa árs að þurfa að þróa að nýju markað fyrir spariskírteini ríkissjóðs í samkeppni við viðskiptabankana og ýmsar aðrar fjármálastofnanir. Mér finnst sérstaklega ánægjulegt að geta lýst því nú við lok ársins að þessi markaðsþróun fjmrn. hefur tekist mjög vel og það fólk sem unnið hefur að henni, og þá sérstaklega forstöðumaður hinnar nýju söluskrifstofu spariskírteina ríkissjóðs, hefur skilað mjög góðum árangri. Það er hins vegar ljóst að þegar ríkissjóður fer að beita sér á þessum markaði hlýtur hann að taka upp ýmsar aðferðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja sölu spariskírteina á hverjum tíma í samræmi við þá samkeppni og þá stöðu sem er á peninga- og verðbréfamarkaðinum hverju sinni. Ég bið menn nú að gagnrýna ekki ríkissjóð fyrir það því mér finnst það þvert á móti sýna að ríkissjóður hefur sveigjanleika til að laga sig að markaðnum og beita ýmsum þeim viðurkenndu aðferðum á markaðnum sem nauðsynlegar eru. Þess vegna er staðan sú við lok ársins að við höfum hér miklu sterkari og þróaðri markað fyrir spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvíxla en við höfðum í upphafi ársins. Og peningakerfið í landinu í heild sinni hefur vanist því og að mínum dómi er tiltölulega ánægt með þá markaðssveigju sem ríkissjóður hefur sýnt í þeim efnum. Ég get hins vegar vel skilið að það komi mönnum dálítið á óvart að fjmrh. Alþb. skuli hafa haft forustu um þessa markaðsþróun á verðbréfapappírum ríkisins en það er ekki neitt feimnismál af minni hálfu nema síður sé. Ég tel það satt að segja eitt af því sem ánægjulegast er í meðferð ríkisfjármála á þessu ári hvað vel hefur tekist að þróa þennan markað fyrir innlenda lánsfjáröflun.

Ég tel sjálfsagt að í nefndinni eða við 2. umr. verði veittar nýjustu upplýsingar til að svara spurningum hv. þm. Friðriks Sophussonar nákvæmlega um sölu spariskírteina nú á þessum síðustu vikum. Ég tel einnig að sú aðferð sem ríkissjóður ákvað að beita fyrir skömmu þegar nokkuð stór hluti spariskírteina

kom til innlausnar, að bjóða eigendum þeirra spariskírteina hagstæðari kjör ef þeir keyptu ný, vera eðlilega aðferð á markaðinum og ég er viss um að henni verður beitt til frambúðar vegna þess að hún sýnir vilja ríkissjóðs til að koma sérstaklega til móts við, eða verðlauna ef menn vilja kalla það svo, þá einstaklinga eða stofnanir sem hafa tekið þátt í sparnaðarkerfi ríkisins, spariskírteinunum um langt árabil, og eru reiðubúnir að gera það áfram. Mér finnst þess vegna fullkomlega eðlilegt að bjóða slíkum einstaklingum, sjóðum eða fyrirtækjum betri kjör en almennt eru boðin, líkt og fyrirtæki telja það réttlætanlegt að bjóða traustum viðskiptavinum betri kjör en almennt eru boðin.

Það er hins vegar rétt að hafa það í huga að þar er eingöngu um að ræða mjög afmarkaðan hluta þessa markaðar og felur ekki í sér fordæmi um almenna vaxtahækkun. Staðreyndin er þvert á móti sú að spariskírteini ríkissjóðs hafa verið leiðandi í vaxtalækkuninni allt þetta ár. Ávallt hafa spariskírteini ríkissjóðs verið á undan þegar vaxtalækkunarskref hafa verið stigin og það er mjög merkileg staðreynd að það hefur ekki haft áhrif í neikvæða átt á sölu spariskírteina ríkissjóðs. Þvert á móti hefur það styrkt markaðinn.

Mér finnst það líka sýna að það hefur verið rétt mat að markaðurinn þyldi þessa lágu vexti, þetta vaxtagólf, að ekkert bendir til þess nú við lok ársins að hækka þurfi vexti á spariskírteinum ríkissjóðs. Það lá alls ekki ljóst fyrir á miðju ári, hvað þá heldur í upphafi árs, og að þessu leyti er dómur markaðarins á þessu vaxtastigi sem boðið var á þann veg að það hafi verið rétt og eðlilegt.

Það er nú þess vegna með nokkru stolti, ef ég má segja það hér, að ég sem fjmrh. og starfsmenn fjmrn. líta yfir þennan farna veg og að markaðsmat okkar hafi reynst jafnfarsælt eins og þessar tölur sýna. Hins vegar er nokkuð ljóst að það eru ekki miklir möguleikar á að fara með þessa vexti mikið neðar eða í jafnstórum stökkum og gert var á þessu ári. (Gripið fram í.) Ég ætlaði nú að koma að því, hv. þm., en ég vék að því hér áðan áður en þm. kom í salinn að fyrir þeim þætti málsins hef ég gert mjög ítarlega grein í framsöguræðu minni fyrir frv. til fjáraukalaga sem ég mælti fyrir fyrir nokkrum vikum síðan og kemur aftur til umræðu hér á Alþingi væntanlega eftir fáeina daga. Ég gat þess þá, hv. þm., að ekkert benti til þess að hallinn yrði meiri í ár en þeir 4,5–5 milljarðar sem ég taldi fyrir nokkrum mánuðum síðan að hann mundi verða.

Ég var þar staddur í máli mínu að lýsa þeirri skoðun að ekki væru fram undan möguleikar til þess að stíga jafnstór skref til vaxtalækkunar eins og gert var á þessu ári, m.a. vegna þess að þeir raunvextir sem boðnir eru á spariskírteinunum og mynda hið eðlilega vaxtagólf í peningakerfi landsins eru senn orðnir og reyndar eru nú þegar orðnir sambærilegir við það sem tíðkast í helstu viðskiptalöndum okkar og óraunhæft er að ætla að vextir á slíkum verðbréfum séu til lengdar öðruvísi en samkeppnisvextir í helstu viðskiptalöndum okkar. Einkum og sér í lagi ef menn ætla að opna fyrir aukið fjármagnsstreymi milli Íslands og þessara landa verða menn auðvitað að taka nokkuð mið af því í vaxtaákvörðunum á næstunni hvert er vaxtastigið í helstu viðskiptalöndum okkar og líkleg þróun þess á næstunni. Staðreyndin er sú að á sama tíma og vextir hafa lækkað hér á Íslandi hafa þeir farið hækkandi í helstu samkeppnislöndum okkar.

Hér fór fram mjög athyglisverð umræða um ríkisvíxla. Mér finnst niðurstaða Seðlabankans í því bréfi sem ég birti í svari við fsp. hv. þm. Geirs H. Haarde vera alveg skýr. Þar kemur fram að þótt ríkisvíxlar geti í sjálfu sér leitt til vaxtahækkunar hefur það ekki gerst á þessu ári heldur hafa ríkisvíxlarnir þvert á móti verið undir bankavöxtum og hækkað hægar en bankavextirnir þannig að ekki er hægt að leiða að því rök að ríkissjóður hafi í gegnum ríkisvíxlamarkaðinn haft áhrif til vaxtahækkunar á þessu ári.

Það er hins vegar alveg ljóst þegar við lítum til baka að sveiflur á þessum markaði hafa verið með þeim hætti að stundum hafa verið neikvæðir raunvextir og stundum hafa þeir verið jákvæðir og einstaka sinnum mjög háir. Þetta er markaður sem í eðli sínu er spámarkaður og það er eðli slíks markaðar að þeir sem annaðhvort hafa heppnina með sér eða eru miklir kunnáttumenn í spádómum geta hagnast vel. Sá möguleiki er drifkraftur markaðarins, sú hagnaðarvon. Og það væri vonlaust að byggja hér upp öflugan ríkisvíxlamarkað ef ekki væru í eðli hans slíkir möguleikar á verulegum hagnaði ef menn hafa reynst spá rétt um þróun markaðarins.

Hv. þm. Geir H. Haarde sagði að þeir sem hefðu verið glúrnir hefðu hagnast vel og það er rétt. Þeir sem voru hins vegar ekki eins skarpir töpuðu nokkru og það er einmitt eðli markaðarins og fram hjá því verður aldrei komist að sætta sig við slíkar sveiflur af því að þessi hagnaðarvon er, eins og ég sagði áðan, helsti drifkraftur markaðarins. Hins vegar finnst mér ekki rétt að við hér og nú, sem höfum þróun ársins fyrir augunum, setjum okkur í þær stellingar að það hafi verið tiltölulega auðvelt verk að segja fyrir um það hvenær menn mundu hagnast og hvenær ekki. Það er hins vegar auðvelt að gera það í dag með tölur ársins fyrir framan sig en það var ekki eins auðvelt fyrr á árinu eða um miðbik ársins þegar menn þurftu að spá um framtíðina. (**Gripið fram í:** Er það þá búið þetta að þeir tapa sem eiga?) Þeir tapa sem eiga? Nei, það er auðvitað ekki búið að þeir tapi sem eiga. Það er nú eðli markaðarins að einhvern tíma tapa þeir sem eiga og það þekkjum við vel hv. þm. Matthías Bjarnason og ég og það þekkir líka hv. þm. Friðrik Sophusson sem kynnst hefur þeim sjónarmiðum sem vestra eru talin góð og gild.

Ég gæti sagt hér ýmislegt fleira um þetta mál en ég held ég hafi komið að flestum þeim efnisþáttum sem hér voru raktir. Kjarni málsins er sá að okkur hefur tekist á þessu ári að treysta mjög markað fyrir spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvíxla. Það er kjarninn vegna þess að það mun auðvelda hagstjórn á næstu

árum og eitt hið mikilvægasta er auðvitað sú mikla þátttaka almennings í áskriftarkerfi spariskírteina ríkissjóðs því það er mikilvæg traustsyfirlýsing sem almenningur í landinu hefur látið í té á markaðnum sjálfum þar sem enginn segir almenningi fyrir verkum. Þess vegna held ég að þeim sem meta mikils eðliskosti markaðarins hljóti að finnast þróun þessara mála á þessu ári mjög athyglisverð.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til þeirra þm. sem hafa lýst því yfir við þessa umræðu að þeir telji nauðsynlegt að greiða fyrir afgreiðslu málsins í þessari hv. deild. Við höfum síðan ýmis önnur tækifæri við mörg önnur mál sem hér eiga eftir að koma til umræðu fyrir jól að fara nánar yfir þau efnisatriði sem hér hafa verið rædd.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra þau svör sem komu fram í síðari ræðu hans hér í dag. Ég skal ekki vera með málalengingar um þetta frv. frekar, en sér í lagi þótti mér gott að heyra útlistanir hans og skýringar á því sem við köllum stundum markaðsvexti og vænti ég þess að hæstv. ráðherra flytji þennan boðskap og komi þessum sjónarmiðum til skila til þeirra sem hafa efast um gildi markaðsvaxta og frjáls markaðskerfis, ekki síst þeirra sem lítið hafa látið sjá sig í dag en eru úr herbúðum hæstv. ríkisstjórnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 178. mál. — Þskj. 201.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um veiðieftirlitsgjald. Eins og flestum er kunnugt hafa um langt skeið verið innheimt gjöld, þó lítil séu, af leyfum til fiskveiða með sama hætti og gilt hefur um gjöld vegna annarra opinberra leyfa. Gjöld þessi hafa verið ákveðin árlega af fjmrh. á grundvelli laga um aukatekjur ríkissjóðs. Þau hafa runnið í ríkissjóð og námu samtals 6,3 millj. kr. á árinu 1988.

Í þessu frv. er lagt til að gjöld af veiðileyfum renni ekki ósérgreind í ríkissjóð heldur gangi sérstaklega til að standa undir kostnaði við rekstur veiðieftirlits sjútvrn. Jafnframt er lagt til að sjútvrh. ákveði veiðieftirlitsgjaldið árlega og miði ákvörðun sína við að það beri uppi allan kostnað við eftirlit.

Í frv. til fjárlaga ársins 1990, sem nú liggur fyrir þinginu, er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu úr ríkissjóði til að standa undir rekstrarkostnaði veiðieftirlitsins. Þess í stað er sértekjum af veiðieftirlitsgjöldum ætlað að standa að fullu undir rekstri þess. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að verja 57 millj. kr. til þessa verkefnis á árinu 1990. Skv. þessu þurfa heildartekjur af veiðieftirlitsgjöldum rúmlega að nífaldast frá því sem var á árinu 1988. Fyrir hækkun þessari hafa verið færð fram þau rök að eðlilegt sé að þeir aðilar sem fá leyfi til að nýta fiskstofna þjóðarinnar greiði þann kostnað sem hlýst af eftirliti með veiðunum.

Upphaf veiðieftirlits sjútvrn. má rekja til þess tíma þegar fyrirsjáanlegt var að fiskveiðilögsaga okkar yrði 200 mílur og Íslendingar einir bæru ábyrgð á nýtingu auðlinda sinna. Þá var ákveðið að gera átak til að verna fiskstofna okkar m.a. með stækkun möskva í veiðarfærum og banni á veiðum á uppeldis- og hrygningarsvæðum smáfisks. Þegar hin svokallaða svarta skýrsla var birt lá fyrir að ástand fiskstofnanna væri svo bágborið að nauðsynlegt þótti að setja víðtækar veiðitakmarkanir í því skyni að koma í veg fyrir ofveiði helstu nytjastofna. Þá var tekið upp svokallað skrapdagakerfi, en frá árinu 1984 leysti hið svokallaða kvótakerfi það af hólmi. Enn fremur voru af hálfu ráðuneytisins settar frekari reglur um gerð veiðarfæra t.d. möskvastærð, merkingar þeirra og búnað fiskiskipa. Þá voru ákveðnar tegundir veiðarfæra bannaðar á vissum svæðum og árstímum. Einnig er fjöldi þeirra neta sem hverju skipi leyfist að leggja í sjó takmarkaður svo fátt eitt sé nefnt.

Allar þessar reglur miða að því að koma í veg fyrir veiðar sem skaðað geta fiskstofnana hér við land. Fiskveiðistjórnunaraðferðir sem þessar skila því aðeins árangri að eftirlit sé haft með að lög og reglur séu virt. Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands frá árinu 1976 var fyrst heimilað að ráða veiðieftirlitsmenn til að fylgjast með veiðum og veiðarfærum. Nú starfa 17 menn við veiðieftirlit í sjútvrn. Starf þeirra fer fram með þeim hætti að eftirlitsmennirnir fara í veiðiferðir með fiskiskipum og ferðast milli verstöðva til að fylgjast með þeim afla sem berst á land. Á grundvelli upplýsinga frá veiðieftirlitsmönnum eru veiðar oft bannaðar tímabundið á ýmsum svæðum. Þá fer mikið starf í að gefa út veiðileyfi, halda utan um skýrsluskil og fylgjast með að einstakir aðilar veiði ekki umfram aflaheimildir. Verkefni veiðieftirlitsins hafa stóraukist á undanförnum árum vegna nauðsynlegra takmarkana á veiðiheimildum fiskiskipa. Kemur hér margt til. Má þar t.d. nefna að þegar núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett bættist við eftirlit með 800–1200 smábátum. Landanir smábáta eru tíðari en stærri skipa, og veldur það aukinni eftirlitsþörf á löndunarstað. Þá hefur reynst nauðsynlegt að stórauka eftirlit um borð í fiskiskipum, einkum togurum, til að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski. Þá hefur frystitogurum sem krefjast aukins eftirlits fjölgað allverulega.

Miðað við umfang og mikilvægi verkefna veiðieftirlitsins er kostnaður af rekstri þess ekki mikill. Í fjárlagafrv. næsta árs er, eins og áður sagði, gert ráð fyrir að 57 millj. kr. renni til þessa verkefnis. Þess má geta að aflaverðmæti landaðs afla var nálægt 30.700 millj. kr. árið 1988. Miðað við úthlutuð þorskígildi á

árinu 1988 og áætlanir í fjárlagafrv. næsta árs lætur nærri að gjaldið nemi 11–12 aurum á hvert kíló þorskígildis.

Á tímum mikilla erfiðleika í ríkisfjármálum, og jafnvel þótt miklir erfiðleikar séu jafnvel í sjávarútvegi, verður að telja það réttlætismál að þeir sem fá heimild til að nýta fiskveiðiauðlindina standi öðrum fremur undir því eftirliti sem nauðsynlegt er að viðhafa til verndar auðlindinni. Langflest veiðileyfi kveða nú orðið á um hámark þess afla sem heimilt er að veiða. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að öll skip, stærri en 10 brúttólestir, greiði veiðieftirlitsgjald er verði miðað við heimilað aflamagn. Velji skip sóknarmark við botnfiskveiðar skal veiðieftirlitsgjaldið miðast við það aflamark sem skipið átti kost á, enda felst takmörkun sóknarmarksins fyrst og fremst í fækkun sóknardaga og ekki er kveðið á um hámarksafla af öllum tegundum. Þá er lögbundið að veiðieftirlitsgjaldið megi aldrei nema hærra hlutfalli en 0,5% af áætluðu verðmæti þess afla sem viðkomandi skip hefur leyfi til að veiða. Með þessu móti setur löggjafinn hámark á þá fjárhæð sem framkvæmdarvaldinu er heimilað að innheimta í veiðieftirlitsgjald.

Í 3. gr. er lagt til að bátar undir 10 brúttólestum greiði fast veiðieftirlitsgjald með sama hætti og nú er. Sama á við um önnur leyfi sem ekki kveða á um leyfilegan hámarksafla eins og t.d. leyfi til grásleppuveiða og ýmissa tilraunaveiða. Fast gjald yrði einnig ákveðið vegna leyfa til veiða með einstök veiðarfæri eins og t.d. dragnót. Gjald fyrir þessi leyfi taki mið af líklegu meðalaflaverðmæti.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að útgerðinni beri að sjá veiðieftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir sinna skyldustörfum sínum um borð í fiskiskipum. Engin breyting felst í þessu ákvæði. Það er í samræmi við þá tilhögun sem verið hefur hingað til. Það þykir hins vegar rétt að kveða á um þetta atriði í lögunum til að taka af allan vafa.

Þörf á veiðieftirliti um borð í veiðiskipi sem fullvinnur afla um borð er ríkara en í öðrum fiskiskipum. Frystiskipum sem fullvinna afla um borð hefur fjölgað mikið. Þau koma ekki með hráefni að landi heldur unna vöru. Hefðbundin vigtun fer því ekki fram á afla þeirra. Í stað vigtunar er framleiðsla um borð bakreiknuð miðað við fasta nýtingarstuðla. Á grundvelli þess er aflamagn þeirra metið. Þannig er augljóslega ekki trygging fyrir því að frystiskip nýti afla á sama hátt og frystihús í landi gera. Af þessu má sjá að aðgangur frystihúss og frystiskips að hráefni er ekki sá sami. Frystiskip með lélega nýtingu getur bætt sér hana upp með aukinni veiði. Þessi aðstöðumunur þykir eðlilega óréttlátur og skapar tortryggni sem kallar á aukið eftirlit með veiðum þessara skipa. Hefur sjútvrn. reynt að sinna því eftir mætti og meðal annars hefur nú alveg nýlega farið fram ítarleg athugun á nýtingu allmargra frystiskipa sem mun væntanlega leiða til nokkurra breytinga á nýtingarstuðlum þeirra.

Sömu sjónarmið eiga jafnframt við í fleiri tilvikum. Sem dæmi má nefna þegar heimilaðar eru undanþágur frá almennum reglum til veiða í tilraunaskyni. Það þykir því eðlilegt í slíkum tilfellum sem þessum að gera ráð fyrir að innheimta megi sérstakt gjald til viðbótar almennu veiðieftirlitsgjaldi af vinnslu um borð eða ef veiðar krefjast umfangsmeira eftirlits en almennt gerist. Það verður að telja eðlilegt að útgerðir þeirra skipa standi sérstaklega undir þeim tilkostnaði en hann sé ekki borinn uppi af viðbótargjaldi eða hærra gjaldi á önnur skip í flotanum. Það verður að teljast eðlilegt að það sem lagt er á skipin sé í einhverju samræmi við þann tilkostnað sem felst í eftirliti með þeim. Til þess að tryggja það í meira mæli eru þessi ákvæði í 4. gr. Að öðrum kosti yrði að leggja það á allan flotann, sem verður að teljast óeðlilegt og óréttmætt.

Sá kostnaður sem hér um ræðir er fyrst og fremst laun og ferðakostnaður veiðieftirlitsmanna.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Ég vænti þess að frv. þetta fái sem skjótasta meðferð og vek athygli á því að það er gert ráð fyrir þessu gjaldi í forsendum fjárlaga ársins 1990.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. sem fjallar um veiðieftirlitsgjald felur í sér í meginatriðum að láta þá sem nýta auðlindina, fiskveiðiauðlindina, standa undir þeim kostnaði sem er af veiðieftirlitinu. Út af fyrir sig er ég því alveg sammála. Ég tel að þetta frv. eigi fullan rétt á sér. En það er eins og með annað að vitaskuld getur verið álitamál hvernig á að byggja þetta eftirlit upp. Það má heldur ekki verða of smásmugulegt og of margir við það. Það hljóta að vera takmörk fyrir því hvaða mannafli getur verið í þessu eftirliti og aldrei getur það orðið sá mannafli að hann geti fylgst með löndun hjá hverjum einasta bát og hjá hverri einustu trillu. Það má líka benda á að að sjálfsögðu má færa betur saman starfsemi veiðieftirlits og Landhelgisgæslu sem hefur eftirlit með veiðarfærum og fleiru, að nýta betur þann mannafla og skip sem þar eru starfandi. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að gera og sömuleiðis að byggja nokkuð upp hvernig á að hafa veiðieftirlitið frá ári til árs. Það er nauðsynlegt, þó að hér sé sett á ákveðið hámarksgjald af áætluðu verðmæti sjávarafla, að byggja það upp á fjárhagsáætlun, svo að ekki verði of ítarlega farið út í þetta eftirlit, þannig að það verði mönnum eiginlega ofvaxið. Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar er ég fyrir mitt leyti hlynntur því að hraða afgreiðslu þessa máls, enda er nauðsynlegt að það verði að lögum fyrir jól. Starfsemi veiðieftirlitsins byggist á því þar sem þetta er í þeim forsendum sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Því mun ég ekki leggjast gegn því að afgreiða þetta mál og mun reyna að greiða fyrir afgreiðslu þess. En nauðsynlegt er auðvitað að fá hjá nefndinni nokkrar breytingar og svör við spurningum sem fram kunna að koma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. FrS. o.fl., 185. mál (eignir og tekjur barna). — Þskj. 208.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, Inga Birni Albertssyni og Sigríði Lillýju Baldursdóttur að flytja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem er 185. mál þingsins. Jafnframt er flutt annað frv. sem næst er á dagskránni og er 186. mál þingsins og hefur að geyma samsvarandi breytingu við lög nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Það er óþarfi, virðulegur forseti, að rekja einstakar greinar frv. Ég vil þó benda á að ég hef leyft mér að setja þetta frv. upp með nokkuð sérstökum hætti. Greinargerðin er stutt og einnig athugasemdir við einstakar greinar, enda er frv. tiltölulega auðvelt aflestrar og ekki flókið, en með frv. er fskj. þar sem prentaðar eru allar þær greinar sem frv. snerta og skáletraðar þær breytingar sem verða ef frv. nær fram að ganga. Þetta er gert til að auðvelda hv. þm. að átta sig á hverjar breytingarnar yrðu á lögunum ef frv. yrði samþykkt, en oft kemur það fyrir að einstakar greinar í frumvörpum hljóða þannig að þessi og hin lagagreinin skuli orðast svo — og síðan er ekki nokkur leið að átta sig á því hvað hefur breyst nái frv. eða frvgr. fram að ganga. Þetta vil ég benda á, virðulegur forseti, vegna þess að það kynni að vera öðrum fordæmi, ekki síst þegar verið er að breyta lögum á borð við lögin um tekjuskatt og eignarskatt, en slík lög ganga menn jafnan ekki með í kollinum, enda er þeim breytt mjög oft á þingi.

Það kom mjög vel í ljós þegar eignarskatturinn hækkaði vegna lagabreytingar fyrir rúmu ári síðan að hann lenti með miklu meiri þunga á ýmsa þá sem síst skyldi. Því verður varla trúað að hæstv. ríkisstjórn hafi t.d. ætlast til þess að fólk sem tekið hefur að sér börn, jafnvel óskyld börn, þyrfti að gjalda þess með gífurlegri hækkun eignarskatta í efra þrepi, ekki síst þegar um er að ræða börn þar sem fjárhaldsmaðurinn er allt annar, jafnvel tiltekinn lögfræðingur sem fengið hefur fjárráð barnanna í sínar hendur, en vandalaust fólk hefur tekið að sér uppeldi barnanna. Því miður er löggjöfin þannig að enginn sveigjanleiki er til þess að börnin geti talið fram sérstaklega eða fjárhaldsmaður fyrir þeirra hönd. Með þessu frv. er komið til móts við þau sjónarmið að gera lögin sveigjanlegri til að hægt sé að telja sérstaklega fram fyrir börn. Þetta eru heimildarákvæði og ég hygg að einungis séu örfá tilvik þar sem til slíks verður gripið.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta frv. Það hefur ekki verið borið undir fulltrúa af skattstofum, en hins vegar eru frumvörpin samin annars vegar af endurskoðanda og hins vegar lögfræðingi sem þekkja til þessara mála.

Þar sem ég á sæti í hv. fjh.- og viðskn. Nd. gefst mér auðvitað þar kostur á að leita upplýsinga hjá skattstofunum, ríkisskattstjóra og hugsanlega skattstjóranum í Reykjavík, og ef upp koma atriði í viðtölum við þá aðila sem valda því að breyta þurfi þessu frv., þá tel ég að slíkt verði að sjálfsögðu að gera. Aðalatriðið er að ekki líði þetta þing fram yfir jól án þess að tekið verði tillit til þessara sérstöku óska hvort sem það verður gert með því að samþykkja þetta frv. sérstaklega eða taka tillit til þeirra atriða sem hér eru nefnd í heildarafgreiðslu frv. til breytinga á tekjuskatts- og eignarskattslögunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað að verði lagt fram í dag eða á næstu dögum.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, mælist ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. FrS, 186. mál (tekjur barna). — Þskj. 209.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Þetta mál sem hér er til umræðu er sama efnis og það sem við vorum að ræða rétt áðan. Ég vísa því til fyrri ræðu minnar. Málin eiga samleið en þó ber að geta þess að þetta frv. fjallar um breytingu á lögum nr. 73/1980, en þau lög falla úr gildi um áramótin. Það hefði þess vegna hugsanlega þurft að taka það fram að ætlunin er, ef samþykkt verður, að frvgr. verði jafnframt í nýju lögunum sem taka gildi um næstu áramót. En slík tæknileg atriði getur hv. fjh.- og viðskn. að sjálfsögðu rætt þegar hún fær málið til meðferðar. Mér þótti eðlilegra að flytja tillöguna til breytinga á gildandi lögum, enda er hér verið að ræða hluti sem horfa til breytinga á framkvæmd vegna álagningar útsvars fyrir árið 1989.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en mælist til þess að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

24. fundur, miðvikudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá forseta Nd., dags. 6. des. 1989:

„Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á Alþingi taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Þóra Hjaltadóttir, formaður Alþýðusambands Norðurlands, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd.“

Samkvæmt þessu bréfi og skv. 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Þóru Hjaltadóttur, 2. varamanns Framsfl. í Norðurl. e. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Þóru Hjaltadóttur, sem er 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Fyrsti varamaður hefur þegar tekið sæti hér á Alþingi, en Guðmundur Bjarnason er fjarverandi og kemur því Þóra Hjaltadóttir, 2. varamaður, í hans stað.

Kjörbréfanefnd sér ekkert við kjörbréfið að athuga og mælir með því að það sé tekið gilt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Þóru Hjaltadóttur samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Þóra Hjaltadóttir, 1. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þóra Hjaltadóttir hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hún er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

17. fundur, miðvikudaginn 6. des., að loknum fundi í Sþ.

Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, frh. 1. umr.

Frv. GA og DS, 139. mál. — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysaforvarnir). — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. SalÞ, 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, 3. umr.

Stjfrv., 52. mál (sáttatilraunir). — Þskj. 52.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 241.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Tilgangur þessa frv. er að leggja til breytingar á

gildandi lögum í samræmi við þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur tekið varðandi framkvæmd virðisaukaskattsins frá og með næstu áramótum.

Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp að í nefndarálitum fjh.- og viðskn. beggja deilda þingsins um virðisaukaskattsfrv. þegar það var upphaflega samþykkt kom fram að löggjöf um virðisaukaskatt hlyti að vera viðamikil og flókin og nauðsynlegt væri að skoða nánar ýmsa þætti í löggjöfinni og framkvæmd hennar. Af þeim sökum skipaði þáv. ríkisstjórn sérstaka nefnd embættismanna og fulltrúa þáv. stjórnarflokka til að fylgjast með undirbúningi og taka til umfjöllunar þau áhorfsmál sem upp kynnu að koma. Þessi nefnd starfaði undir forustu Kjartans Jóhannssonar og lauk hún störfum í septembermánuði 1988 og skilaði skýrslu sem var á ábyrgð nefndarformannsins, þáv. þm. Kjartans Jóhannssonar.

Síðastliðið vor skipaði ég síðan samráðsnefnd með fulltrúum allra þingflokka til að gefa fulltrúum þingflokkanna tækifæri til þess að ræða við embættismenn og aðra um þau álitamál sem nauðsynlegt var að fjalla um sem og taka til skoðunar ýmsa aðra þætti málsins.

Í því frv. sem ég mæli fyrir nú hefur í mörgum efnum verið tekið tillit til þess starfs sem fram hefur farið í báðum þessum nefndum og frv. mótast raunar einnig, og kannski ekki síður, af þeirri víðtæku umræðu sem farið hefur fram um virðisaukaskattinn og um skattamál almennt, sérstaklega á síðustu mánuðum en reyndar einnig á undanförnum árum.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frv. varða sérstaklega skattahlutfall annars vegar og þar með áhrif þess á matvælaverð í landinu og hins vegar rýmri undanþágur, sérstaklega á sviði mennta og menningar, heldur en gert var ráð fyrir í gildandi virðisaukaskattslögum. Auk þess eru í þessu frv. ýmsar aðrar tillögur um breytingar sem fyrst og fremst eru í eðli sínu skattatæknilegar og miða að því að tryggja betur framkvæmd virðisaukaskattsins.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að skattahlutfallið verði 24,5% eða 0,5% lægra en er í gildandi lögum um söluskatt og 1,5% lægra en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. og 2,5% hærra en gert er ráð fyrir í gildandi virðisaukaskattslögum.

Í frv. er einnig sú breyting að nokkrar helstu tegundir innlendra matvæla, svo sem nýmjólk, dilkakjöt, fiskur og grænmeti, bera ígildi 14% virðisaukaskatts með sérstakri endurgreiðslu sem fest verður inn í virðisaukaskattslögin sjálf og heldur þannig gildi sínu hvað svo sem gerist varðandi niðurgreiðslur eða aðrar aðgerðir stjórnvalda til að hafa áhrif á verð þessara vara. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að undirstrika það að þessi breyting, ígildi 14% virðisaukaskattsþreps á þessar helstu tegundir innlendra matvæla, verður hluti af virðisaukaskattslögunum og framkvæmd þeirra og mun halda gildi sínu og hafa varanleg áhrif þar til lögunum verður breytt hér á Alþingi, en er ekki hluti af tímabundnum ákvörðunum stjórnvalda hvað snertir breytingar á niðurgreiðslum eða öðrum slíkum þáttum.

Virðulegi forseti. Það hlutfall sem hér er lagt til, 24,5% virðisaukaskattur, er nokkuð sögulegt vegna þess að það er í fyrsta sinn síðan söluskattskerfið var mótað hér á Íslandi að skatthlutfall í almennum neysluskatti er lækkað. Það hefur ekki áður gerst í sögu óbeinna verðlagsskatta á Íslandi að stjórnvöld beiti sér fyrir því hvað framkvæmdina snertir að lækka hlutfallið. (**HBl:** Af hverju hafið þið ekki skattprósentuna bara óbreytta?) Einfaldlega vegna þess, eins og fram hefur komið á öðrum vettvangi, að það hefur verið nokkuð breið samstaða flokka um það að óraunhæft væri að fara með hlutfallið niður í 22%, enda hefur hv. þm. sjálfur, Halldór Blöndal, kynnt á opinberum vettvangi þá hugmynd Sjálfstfl. að efra þrepið verði 25% um leið og Sjálfstfl. beitir sér fyrir því að lægra þrep verði einnig. (Gripið fram í.) Það er von mín að sú lækkun á framkvæmd skattanna sem hér er boðuð verði fyrirboði frekari breytingar á samsetningu skatta á Íslandi.

Það er ljóst að óbeinir skattar, verðlagsskattar, eru hér miklu hærri miðað við beina skatta en í öllum viðskiptalöndum okkar og hefur margsinnis verið á það bent, sérstaklega af erlendum sérfræðingum á vegum alþjóðlegra efnahagsstofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD, að það væri mjög óheppilegt frá sjónarmiði almennrar hagstjórnar og nauðsynjar þess að hafa stöðugleika í efnahagslífinu að hlutfallið milli verðlagsskatta annars vegar og beinna skatta hins vegar væri í jafnríkum mæli bundið við algjöran forgang verðlagsskattanna. Þetta sjónarmið hinna alþjóðlegu sérfræðistofnana fer reyndar saman við almennar hugmyndir jafnaðarmanna um að hlutverk og eiginleiki skattkerfisins eigi að vera í ríkum mæli tæki til tekjujöfnunar. Það fer þess vegna saman bæði það sjónarmið jafnaðar að beita skattkerfinu til aukins jöfnuðar í þjóðfélaginu og ráðleggingar hinna erlendu og innlendu fagmanna að nauðsynlegt sé að draga úr verðlagssköttunum en auka í sama hlutfalli beinu skattana.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 var áætlað að innheimtar tekjur af virðisaukaskatti yrðu 40,5 milljarðar kr. Þar var gengið út frá eins og áður greinir að skatthlutfallið yrði 26%. Með því að lækka hlutfallið er áætlað að innheimtar tekjur af sölu- og virðisaukaskatti verði 38,6 milljarðar á næsta ári eða tæpum 2 milljörðum kr. lægri en áður var reiknað með. Áhrif þeirra breytinga sem felast í þessu frv. á tekjur ríkissjóðs eru þrenns konar:

1. Áætlaður kostnaður við endurgreiðslur á virðisaukaskatti af matvælum er tæplega 1 milljarður kr. miðað við heilt ár. Á næsta ári er hins vegar áætlað að um 900 millj. kr. komi til greiðslu í þessari framkvæmd.

2. Undanþágur frá virðisaukaskattinum eru rýmkaðar. Þar vega innlendar bækur þyngst en þó er lagt til að sú breyting komi ekki til framkvæmda fyrr en 16. nóv. á næsta ári, á síðasta tímabili virðisaukaskattsins, og hefur breytingin þess vegna ekki áhrif á fjármál ríkisins á komandi ári, en mun gera það á árinu 1991. Samanlagt má segja að rýmkunarákvæðin í heild sinni kosti ríkissjóð um hálfan milljarð kr. á heilu ári.

3. Lækkun skatthlutfallsins felur það í sér að meðalskatthlutfall í virðisaukaskatti samanborið við söluskatt lækkar úr 24,3% í 23,8% þegar tillit hefur verið tekið til endurgreiðslu vegna matvæla.

Þær breytingar sem felast í fyrirliggjandi frv. hafa það í för með sér að skattstofn virðisaukaskattsins er orðinn rúmlega 5 milljörðum kr. lægri en söluskattsstofninn. Sama skatthlutfall og í söluskatti mundi því skila minni tekjum en söluskatturinn gerir og til viðbótar kemur sú lækkun meðalskatthlutfallsins sem ég gat um áðan.

Að öllu samanlögðu er því niðurstaðan sú að virðisaukaskatturinn mun skila 2 milljörðum kr. minna í ríkissjóð en söluskatturinn gerir í dag eða 37,8 milljörðum kr. Það er nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á þessari breytingu vegna þess að hún felur í sér þá raunverulegu framkvæmd stefnunnar að tekjur ríkissjóðs af verðlagssköttum verða 2 milljörðum kr. minni á næsta ári en í ár eða hefðu orðið að óbreyttu. Hins vegar er rétt að hafa nokkurn fyrirvara á öllum áætlunum um áhrif virðisaukaskattsins þar sem umfang skattkerfisbreytingarinnar skapar óhjákvæmilega talsverða óvissu á flestum sviðum áætlanagerðarinnar. Þetta á bæði við um heildaráhrifin á tekjur ríkissjóðs og ekki síður innheimtuþróunina innan ársins, enda blandast inn í hana mismunandi uppgjörstímabil, áhrif endurgreiðslu og margt annað.

Upptaka virðisaukaskatts hér á landi um næstu áramót hefur margvísleg áhrif á almennt verðlag í landinu. Samkvæmt áætlunum fjmrn. mun gildistaka virðisaukaskattsins ein og sér leiða til 0,5–1% lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Þessi lækkun ætti að mestu leyti að skila sér í janúarmánuði á næsta ári en eitthvað gæti flust yfir á febrúarmánuð. Samkvæmt fyrirliggjandi verðlagsspám mundi framfærsluvísitalan þá hækka um 1–1,5% í janúar í stað þess að hækka um 2% eins og hún mundi gera að óbreyttu. Þessi verðlækkun stafar bæði af beinni verðlækkun ýmissa matvæla, svo sem nýmjólkur, dilkakjöts og annarra slíkra um allt að 8,5%, en einnig vegur 20% lækkun bílatrygginga þungt í þessu mati. Þá ber einnig að hafa í huga að skatthlutfallið verður lægra en í söluskattinum og á þess vegna að skila sér í verðlækkunum. Matvælaliðurinn í heild gæti þess vegna orðið um 2% lægri en hann yrði ella. Nánar tiltekið eru áhrifin eftirfarandi:

Í fyrsta lagi til lækkunar eru áhrif lægra skatthlutfalls í virðisaukaskatti en í söluskatti. Á móti vegur það hins vegar að í einstaka tilvikum hækkar skatthlutfallið úr 12% eða jafnvel 0% upp í 24,5%, sérstaklega á ýmsum þjónustusviðum sérfræðinga.

Í öðru lagi er lækkun til áhrifa vegna þess að vörur og þjónusta sem í dag bera fullan söluskatt verða undanþegnar í virðisaukaskattskerfinu. Þar ber auðvitað hæst tryggingagjöldin.

Í þriðja lagi er lækkun vegna áhrifa sérstakra endurgreiðslna á virðisaukaskatti af ýmsum nauðsynjavörum sem ég gat um áðan.

Í fjórða lagi er lækkun óbein vegna þess að virðisaukaskatturinn er í eðli sínu öðruvísi en söluskatturinn þannig að uppsöfnun söluskattsins í framleiðslukostnaði og þar með í vöruverði verður úr sögunni.

Ég tel mjög mikilvægt að gera hv. alþm. grein fyrir þessum þáttum því að það frv. sem hér er mælt fyrir mun þess vegna í sjálfu sér verða verulegt framlag til verðlækkunar á framfærslukostnaði heimilanna á nýju ári. Það felur þess vegna eitt og sér í sér töluverðar kjarabætur fyrir launafólk í landinu, sérstaklega láglaunafólk og barnmargar fjölskyldur þar sem matarkostnaðurinn er hlutfallslega stærsti liðurinn í heimilisútgjöldunum.

Auk þess er rétt að minna á það að þegar fram í sækir er metið að hin óbeinu áhrif af auknu hagræði vegna upptöku virðisaukaskattsins skili sér jafnt og þétt í lægra vöruverði og þessi áhrif geti haft í för með sér 1–1,5% lækkun til viðbótar þeirri lækkun sem ég rakti hér á undan.

Áhrifin á vísitölu byggingarkostnaðar eru óhagstæðari fyrst í stað þar sem breikkun á skattstofninum mun að öllum líkindum valda um 1,5% hækkun á fyrstu mánuðunum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að í þessum áætlunum hefur verið reiknað með sérstakri endurgreiðslu af álögðum virðisaukaskatti á vinnu manna við íbúðarbyggingar. Með þessari endurgreiðslu verður áhrifum skattsins á vinnuþáttinn, sem er aðalhækkunarvaldurinn, mætt að fullu en annars hefði það leitt til 9% breytingar á byggingarvísitölunni. Hins vegar er rétt að árétta það að líkt og í framfærsluvísitölunni munu töluverð óbein áhrif til lækkunar á verði í byggingarstarfsemi hafa áhrif á byggingarvísitöluna á fyrstu einum til tveimur missirunum eftir að skatturinn tekur gildi. Það er mat sérfræðinga að þessi óbeinu áhrif muni fela í sér 1–1,5% lækkun þannig að heildaráhrifin á byggingarvísitöluna yfir t.d. hálfs árs tímabil væru engin, skattbreytingin sem slík hefði ekki áhrif til hækkunar á byggingarvísitöluna.

Að öllu samanlögðu má meta áhrif virðisaukaskattsins á verðlag á þann hátt að hann stuðli að töluverðri lækkun á vísitölu framfærslukostnaðar þegar allt er talið með en lítils háttar hækkun fyrst í stað á byggingarvísitölu sem síðan mun jafnast út þegar líður á árið.

Á hinn bóginn er rétt að vekja athygli á því að verðlagsáhrifin hljóta einnig að verulegu leyti að ráðast af rekstrar- og samkeppnisstöðu einstakra atvinnugreina. Í sumum tilvikum gætu þau skilað sér út í verðlagið fljótlega hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Í öðrum tilvikum kæmu þau fram í bættri rekstrarstöðu fyrirtækjanna sjálfra. Þetta er óhjákvæmilegur þáttur í eðli þess markaðskerfis sem við búum við þar sem einstaklingar og fyrirtæki í rekstrinum taka sjálf ákvarðanir um það hvernig þau verðleggja sína vöru og hvort þau kjósa að hækka eða lækka verðið eftir mati þeirra á hvort slíkar hækkanir koma til með að veikja eða styrkja rekstrarstöðu fyrirtækjanna.

Ljóst er hins vegar að þau verðlagsáhrif sem allur

almenningur verður fyrst var við þegar frv. verður samþykkt og tekur gildi um næstu áramót er sú verðlækkun á algengum innlendum matvælum sem felst í frv. sjálfu.

Ég tel rétt eins og ég gerði hér áðan að vekja enn á ný athygli á því að það er eðlismunur á þeirri endurgreiðslu varðandi innlendu matvælin sem lagt er til að verði bundin hér í lögunum um virðisaukaskatt og hinum hefðbundnu niðurgreiðslum á búvörum sem hér hafa tíðkast um langan tíma. Ýmsum hefur sést yfir þennan mun í umræðum á undanförnum vikum og er þess vegna nauðsynlegt að árétta hann sérstaklega. Reynslan sýnir að niðurgreiðslur, sem eru ákveðnar af ríkisstjórn frá einum tíma til annars og taka oft breytingum frá einu þriggja mánaða tímabili til annars og stundum frá einum mánuði til annars, geta verið með ýmsum hætti og geta falið í sér margvíslegar breytingar milli hinna einstöku vörutegunda. Endurgreiðslurnar eru hins vegar bundnar í virðisaukaskattslögunum sjálfum og þær halda sínu gildi óbreyttar þar til á Alþingi myndast meirihlutavilji til þess að breyta lögunum um virðisaukaskatt. Hér er þess vegna með þessum tillögum verið að leggja til varanlegan grunn að verðlækkunum á þeim vörum sem um ræðir: nýmjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti. Með þessu frv. er þess vegna komið til móts við þá miklu almennu kröfu í okkar samfélagi að ná fram verðlækkun nauðsynlegustu matvæla.

Í aðdraganda þess að virðisaukaskatturinn taki gildi hafa verið töluverðar umræður um það hvort virðisaukaskatturinn ætti að vera í einu eða tveimur þrepum. Það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar að leggja til það frv. sem hér er mælt fyrir og athuga síðan á næsta ári kosti og galla þess að vera með virðisaukaskattskerfi í tveimur þrepum og hins vegar virðisaukaskattskerfi í einu þrepi á víðtækari grunni en lægra hlutfalli.

Virðulegi forseti. Þegar núgildandi lög voru samþykkt var ljóst að taka þyrfti til gagngerrar athugunar og gera breytingar á ýmsum þáttum þeirra í samræmi við þróun efnahagsmála og pólitískar aðstæður. Einnig var ljóst að fram að gildistöku laganna yrði að athuga vel fjölmörg atriði sem varða skattskylduna sjálfa. Eins og ég sagði í upphafi ber frv. merki þessarar athugunar og þessarar umræðu sem fram hefur farið, bæði innan þeirra nefnda sem ég rakti í upphafi að hefðu starfað og eins í þjóðfélaginu í heild.

Ýmis menningarstarfsemi er í gildandi lögum skattskyld. En samkvæmt frv. verður menningarstarfsemi ýmist undanþegin virðisaukaskatti, með núllskatti skv. 12. gr. eða utan skattkerfisins skv. 2. gr. Gert er ráð fyrir að leikhús hvers konar og tónleikastarfsemi falli undir 2. gr. laganna á sama hátt og t.d. heilbrigðisstarfsemi, söfn og félagslegar stofnanir. Einnig er lagt til að útgáfa tímarita verði undanþegin skv. 12. gr. á sama hátt og dagblöð og héraðsfréttablöð.

Það er ljóst að sú ákvörðun þingsins á sínum tíma að setja tímarit í 2. gr. frv. féll ekki vel að þeim tilgangi sem þeirri breytingu var ætlað að þjóna og þess vegna er hér lagt til að flytja útgáfu tímaritanna yfir í 12. gr. Þá er í frv. einnig lagt til að útgáfa íslenskra bóka, hvort heldur frumsaminna íslenskra verka eða bóka þýddra á íslensku, beri ekki virðisaukaskatt frá og með 16. nóv. á næsta ári.

Eftir þá ítarlegu umræðu um varðveislu íslenskrar menningar sem fram hefur farið í okkar þjóðfélagi á undanförnum mánuðum og missirum tel ég óþarfa að rekja hér hin ítarlegu menningarlegu og þjóðernislegu rök fyrir því að leggja til þessar breytingar á virðisaukaskattslögunum. Ég vil þó vekja sérstaka athygli á því að verði frv. samþykkt þá yrði lokið þeirri skattalegu mismunun sem lengi hefur tíðkast gagnvart prentuðu máli á Íslandi. Með samþykkt frv. yrði þess vegna lokið því skeiði að skattalög bókaþjóðarinnar geri ráð fyrir fullri skattlagningu á bækur á meðan dagblöð, fréttablöð af ýmsu tagi, vikurit og nær öll tímarit væru sérstaklega undanþegin. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að allt prentað mál á íslensku sitji við sama borð.

Með því að afnema neysluskatta á bókaútgáfu er verið að styðja við grundvallarþátt íslenskrar þjóðmenningar á tímum þegar fjölbreytt og lifandi útgáfa bóka á íslensku er frumforsenda þess að við getum varðveitt og eflt sjálfstæði okkar og þjóðernisvitund í heimi þeirra miklu breytinga sem við lifum nú. Smáþjóð á ætíð undir högg að sækja þegar alþjóðleg fjölmiðlun geysar yfir með þeim ofurkrafti sem hún hefur gert á undanförnum árum og mun halda áfram að gera. Við þau skilyrði er mikilvægt að styrkja grundvöll þess sem íslensk menning hvílir fyrst og fremst á sem er þjóðtunga okkar, skáldskaparrit, fræðirit og aðrar bókmenntir á íslenska tungu.

Virðulegi forseti. Það meginsjónarmið að beinar undanþágur frá virðisaukaskatti eigi að vera sem allra fæstar er vissulega mikið og mikilvægt sjónarmið varðandi virðisaukaskattinn. Það er staðreynd að ýmsar undanþágur, og reyndar aðrar undanþágur en þær sem virðisaukaskattskerfið gerir beinlínis ráð fyrir, geta valdið miklum og auknum erfiðleikum við skattaeftirlit og skattaskil. Þess vegna hefur verið leitast við það varðandi þær breytingar sem hér eru lagðar til að þær hafi ekki í för með sér aukna erfiðleika hvað varðar skattaeftirlit eða skattaskil.

Í frv. er einnig lögð fram sú tillaga að undanþága verði frá virðisaukaskatti hvað varðar hitun íbúðarhúsnæðis hvort heldur er með vatni, rafmagni eða olíu, en um þetta eru engin ákvæði í gildandi lögum. Það kom vissulega til greina að endurgreiða virðisaukaskattinn af kostnaði við upphitun íbúðarhúsnæðis á reikningunum sjálfum en talið var einfaldara að undanþiggja hitunarkostnaðinn í heild sinni.

Af öðrum breytingartillögum sem skattskylduna varða má nefna undanþágu vegna ökukennslu. Sú undanþága á sér bæði skattatæknilegar forsendur og einnig félagslegar. Þá er undanþágugreinin vegna íþrótta rýmri í frv. en í gildandi lögum og þar með tekið tillit til þess að þær breytingar hafa orðið á

íþróttastarfsemi hérlendis að hún hefur í allnokkrum mæli flust til sérstakra íþróttastöðva, heilsuræktarstöðva eða til húsnæðis sem rekið er af öðrum en íþróttafélögum eða sveitarfélögum. Það var þess vegna talið rétt að öll íþróttaiðkun sæti við sama borð hver svo sem rekstraraðilinn væri.

Í frv. eru, eins og ég gat um áðan, ákvæði um heimild til að endurgreiða íbúðarbyggjendum virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað. Um þetta hefur verið rætt frá upphafi, enda var ekki ætlun stjórnvalda að íþyngja húsbyggjendum með skattbreytingunni eða stórhækka byggingar- eða lánskjaravísitölu þegar lögin tækju gildi. Í þessu frv. eru tekin af öll tvímæli í þessum efnum og verður sett sérstök reglugerð um endurgreiðsluna þar sem miðað verður við að kostnaðurinn verði endurgreiddur í samræmi við reikninga og eins oft á ári og unnt er, alla vega ekki sjaldnar en ársfjórðungslega.

Í þessu sambandi hefur verið haft samráð við fjölmarga aðila, bæði fyrirtæki og rekstraraðila í byggingariðnaði og enn fremur stjórnstofnanir eins og Hagstofu Íslands. Í ljósi þeirra viðræðna er gert ráð fyrir því að endurgreiðslureglurnar verði sem hér segir:

1. Endurgreiða skal húsbyggjendum sem byggja íbúðarhúsnæði á eigin kostnað þann virðisaukaskatt sem þeir greiða vegna vinnu manna á byggingarstað við íbúðarbygginguna.

2. Endurgreiðslan skal ná jafnt til þeirra sem byggja íbúðarhúsnæði til eigin nota og þeirra sem byggja íbúðarhúsnæði til útleigu eða sölu.

3. Endurgreiðslan fari fram a.m.k. ársfjórðungslega. Skýrslu og sundurliðun á vinnureikningum skal skila í hvert sinn. Í árslok komi síðan byggingarskýrsla ásamt afriti af launamiðum. Hækka skal endurgreiðslu með hliðsjón af hækkun byggingarvísitölu miðað við endurgreiðslumánuð og annan mánuð uppgjörstímabilsins. (**HBl:** Hvað er ráðherrann að lesa upp?)

4. Á reikningum frá byggingarverktökum skal vinnuþáttur tilgreindur sérstaklega. (**HBl:** Hvar er ráðherrann að lesa upp?) (**Gripið fram í:** Bls. 9.) — Til upplýsingar fyrir þingmanninn skal ég endurtaka það sem ég sagði áðan. (**Gripið fram í:** Hvaða þingmann?) Hv. þm. Halldór Blöndal sem ég met mikils og er mikill kunnáttumaður um virðisaukaskatt og mikil synd að hann skyldi missa af því að fá nákvæma lýsingu á því hvað það væri sem hér væri verið að lesa upp og skal það hér þess vegna endurtekið að það voru þær meginreglur sem endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað mun miðast við. En það er viðfangsefni sem hv. þm. er nokkuð kunnugt vegna starfa hans í tveimur nefndum sem um þetta hafa fjallað. Fyrst nefnd sem sett var upp af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og síðan nefnd sem sett var upp af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. En hv. þm. hefur starfað dyggilega í báðum nefndunum. Er það ekki skýrt? (**Gripið fram í:** Það hlýtur að vera.)

Til viðbótar skal ég geta þess að það er einnig gert ráð fyrir því, sem er nokkur nýjung, að endurgreiðslan taki til endurbóta á húsnæði eða viðgerða og viðhalds, enda séu slíkar endurbætur viðamiklar í samræmi við ákveðnar meginreglur sem settar verða. Sú verður helst að við slíkar endurbætur og viðhald skal miða við að heildarkostnaður við framkvæmdir á einu almanaksári nemi a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar eins og það er í byrjun þess árs sem um ræðir. Með þessu ákvæði er tryggt að ekki verði mismunun milli þeirra sem kjósa að hefjast handa við nýbyggingar og hinna sem kjósa að gera við sitt eigið húsnæði eða annað eldra húsnæði. Gert er ráð fyrir að þessar endurgreiðslur taki einnig til verksmiðjuframleidds íbúðarhúsnæðis þannig að endurgreiddur verði virðisaukaskattur vegna þeirrar verksmiðjuvinnu sem unnin hefur verið á byggingarstað við smíði hússins á hefðbundinn hátt.

Í frv. er lagt til að fjmrh. hafi heimild til að ákveða með reglugerð að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum.

Ljóst er að samkvæmt gildandi lögum um virðisaukaskatt munu sveitarfélögin greiða neysluskatta af mun breiðari stofni en í dag vegna þess m.a. að vinna manna á byggingarstað verður skattskyld eftir áramót.

Í nýútgefinni reglugerð, nr. 561 1989, um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, eru settar reglur um að sveitarfélög, fyrirtæki þeirra og stofnanir skuli greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni. Eins og kunnugt er gera lögin um virðisaukaskatt ráð fyrir því að skattlagning samkvæmt þeim raski ekki samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem eiga viðskipti við sveitarfélög eða aðra óskráða aðila er geta sjálfir veitt sér þessa þjónustu. Þessi ákvæði varðandi sveitarfélögin eru þess vegna mikilvæg í því skyni að tryggja jafnrétti í samkeppnisstöðu bæði milli sveitarfélaga og eins milli ýmissa atvinnufyrirtækja annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Því er nauðsynlegt að skattleggja eigin not óskráðra aðila og/eða endurgreiða þeim þann skatt sem þeir greiða við kaup af öðrum. Gert er ráð fyrir því að báðar þessar leiðir verði farnar eftir atvikum.

Ég tel, virðulegi forseti, að ekki sé ástæða til að rekja hér í mikið lengra máli ýmsar af þeim breytingum sem í þessu frv. felast, m.a. vegna þess að sumar þeirra, eins og ég gat um áðan, stafa fyrst og fremst af skatttæknilegum ástæðum og e.t.v. er skynsamlegra að fara nánar yfir það þegar hv. nefnd deildarinnar hefur haft tækifæri til þess að skoða bæði frumvarpið og eins þær reglugerðir sem hafa verið gefnar út og kynnast þeim reglugerðum sem ætlunin er að gefa út á næstu dögum.

Ég tel þó rétt að víkja að því í lokin að undirbúningur skattkerfisbreytingarinnar hefur gengið samkvæmt áætlun og starfsmenn hjá ríkisskattstjóra og á skattstofum allt í kringum landið eiga miklar þakkir skildar fyrir að hafa unnið það stórvirki sem það er í reynd fyrir fámennt starfslið íslenska skattkerfisins

að hrinda svo viðamikilli breytingu í framkvæmd. Það er nú ekki aðhlátursefni, hv. þm. Halldór Blöndal, vegna þess m.a. að þegar hv. þm. átti aðild að ríkisstjórnarmeirihluta, þá veigraði hann sér við því að tryggja nægilega starfskrafta í skattkerfinu til þess að það væri fært um að sinna þessu verkefni. Það er einnig ljóst að sú samvinna sem ríkisskattstjóraembættið hefur átt við fjölmörg samtök í atvinnulífinu hefur verið mjög góð og það kynningarstarf sem unnið hefur verið í fyrirtækjunum sjálfum hefur borið mikinn árangur. Gefið hefur verið út vandað kynningarrit í um 40 þús. eintökum og von er á fleiri slíkum kynningarritum sem og að þær reglugerðir um bókhald og annað sem gefnar hafa verið út hafa verið kynntar sérstaklega sem og þau tölvuforrit sem fyrirtækin munu beita við uppgjör sín í hinu nýja kerfi. Um það bil 70–80 kynningarfundir hafa verið haldnir með starfsmönnum fyrirtækja og hafa um það bil 4000 manns sótt þessa kynningarfundi. Auk þess hefur verið efnt til umræðna og kynningar víða úti um land þar sem haldnir hafa verið smærri fundir eða fyrirtæki heimsótt án þess að tölu væri á það komið hverjir hafi beinlínis tekið þátt í því kynningarstarfi.

Virðulegi forseti. Efnislegar forsendur þeirrar skattkerfisbreytingar sem hér um ræðir eru á þann veg að ég vænti að um þær eigi að geta tekist, a.m.k. flestar, víðtæk pólitísk samstaða. Þeir kostir sem virðisaukaskattskerfið hefur fram yfir söluskattinn eru verulegir ef vel tekst til, þótt auðvitað beri að vara við því, sem stundum ber kannski nokkuð á, að með því að taka upp virðisaukaskatt séu menn búnir að leysa öll helstu vandamál í íslensku efnahagslífi. Það er hins vegar mikilvægt að árétta hér að við höfum um rúmt ár unnið að því að reyna að styrkja grundvöll atvinnulífsins í landinu og gildistaka virðisaukaskattsins um næstu áramót verður auðvitað mikilvægt framlag til þess að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsgreina og íslenskra iðnfyrirtækja í samkeppni við erlenda framleiðslu.

Skattkerfisbreytingin frá söluskatti til virðisaukaskatts er einhver umfangsmesta breyting sem gerð hefur verið á íslenska skattkerfinu í mjög langan tíma. Á undanförnum árum hafa verið gerðar aðrar breytingar sem í eðli sínu eru þættir í markvissri áætlun sem miðar að því að breyta íslenska skattkerfinu til samræmis við þau skattkerfi sem gilda í helstu viðskiptalöndum okkar. Staðgreiðslan var á sínum tíma mikilvægt skref í þessa átt. Virðisaukaskatturinn er annað slíkt skref og breytingar á skattlagningu fjármagnstekna, á skattlagningu hlutafjár og atvinnufyrirtækja, sem unnið verður að á næsta ári, eru næstu skrefin á þessu sviði.

Það er von mín, virðulegi forseti, að þessi breyting muni ásamt þeim sem þegar hafa verið gerðar og öðrum sem væntanlegar eru á næsta ári verða mikilvægt framlag til þess að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og bæta þar með um leið lífskjörin í landinu í heimi harðnandi alþjóðlegrar samkeppni þar sem við þurfum að búa svo um hnútana að íslensk framleiðsla geti skapað þjóðinni vænleg lífskjör til frambúðar.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, setja fram þá ósk að þetta frv. fái góða og örugga meðferð í hv. nefnd og þingheimur geti sameinast um að afgreiða það fyrir hátíðar. Það er alveg ljóst að á undanförnum árum hafa mjög margir komið að þessu verki. Það eru margar ríkisstjórnir sem hafa tekið þátt í því að móta og undirbúa þessa breytingu þó að það komi í hlut núv. ríkisstjórnar að hrinda henni í framkvæmd.

Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ríkissjónvarpið efndi til kynningar á virðisaukaskatti 22. nóv. þar sem hæstv. fjmrh. sat fyrir svörum. Þar sagði hann að sjálfstæðismenn hefðu samþykkt að virðisaukaskattur skyldi vera ein flöt prósenta, 25%. Hæstv. fjmrh. sagði í þingræðu hinn 24. nóv. sl. af þessu tilefni, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi afstöðu Sjálfstfl. þá minnist ég þess, en vildi gjarnan fá að fletta því upp og hafa til þess nánari tíma, að í sumar eða haust hafi þingflokkur Sjálfstfl. gert þá samþykkt að hann vildi virðisaukaskatt með 25% efra þrepi og 15% lægra á matvælum. Þetta las ég nú í blöðum hér síðla sumars eða haust. Sé þetta rangminni hjá mér, þá er ég alveg tilbúinn að leiðrétta það, en við skulum bara fletta því upp og skoða það, ef Sjálfstfl. vill ekki nú kannast við þessa afstöðu."

Ég las þá upp þá samþykkt sem Sjálfstfl. gerði um þessi mál á sl. hausti. Þar kom fram að Sjálfstfl. gerði samþykkt um það að þrepin í virðisaukaskatti skyldu verða tvö.

Síðan gerðist það að maður frá Pressunni hringdi í mig og spurði mig um einstök atriði í sambandi við þessi mál og hafði eftir mér „þau ummæli" að Sjálfstfl. hefði samþykkt að þrep í virðisaukaskatti skyldu vera tvö, 25% og 15%. Hæstv. fjmrh. sagði í útvarpsumræðum sl. fimmtudag að hann hefði haft rétt fyrir sér í sjónvarpi og ítrekaði þar að ég hefði sagt í þessu viðtali að Sjálfstfl. hefði samþykkt að virðisaukaskatturinn yrði 25%. Hann lét þess að engu getið að í þessu viðtali var talað um að þrepin væru tvö.

Ég hafði samband við fjmrh. eftir að hann sagði þetta í sjónvarpinu og greindi honum frá því að þetta væru ósannindi. Jafnvel þótt rétt væri haft eftir í Pressunni, þá væru ósannindi að segja að Sjálfstfl. hefði samþykkt 25% virðisaukaskatt. Það var talað um tvö þrep í Pressunni. „Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi." Aftur fór hæstv. fjmrh. viljandi rangt með.

Ég talaði við þennan blaðamann og spurði hann að því hvort hann hefði tekið þetta viðtal upp á segulband og ef svo væri, þá bað ég hann um að við hlustuðum á það saman. En blaðamaðurinn hafði ekki fyrir því, bað mig hins vegar afsökunar á því að

hafa farið rangt með og bauð mér að birta leiðréttingu í Helgarpóstinum á þeim ummælum sem voru rangt höfð eftir. (**KP:** Helgarpóstinum?) Pressan eða Helgarpósturinn, það er nú sama tóbakið. (Gripið fram í.) Ég bið þingmann Vestf. afsökunar á því, það heitir Pressan núna, það er aukablað Alþýðublaðsins, er gefið út á ábyrgð Alþfl. og með ríkisstyrk.

Ég sagði fjmrh. frá þessu í einkasamtali þannig að honum var fullkunnugt um það áðan, þegar hann vék enn einu sinni að þessu, að þessi ummæli í Pressunni voru röng. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Er hann reiðubúinn að taka það opinberlega til baka að Sjálfstfl. hafi samþykkt 25% virðisaukaskatt? Það nægir að segja já, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Ég er ekki tilbúinn til þess vegna þess að það var vitnað í þig alveg skýrt í einu helsta blaði þjóðarinnar þar sem þú viðurkennir það að Sjálfstfl. hafi lagt til 25% efra þrep.) Ráðherrann sagði ekki 25% efra þrep í sjónvarpsumræðunum. Hann er svo ofurlítið farinn að hopa? En af hverju vill hæstv. fjmrh. ekki segja satt? (**Fjmrh.:** Af því að ég trúi Halldóri Blöndal þegar ég les eftir hann úr Morgunblaðinu . . .) Ég er búinn að segja ráðherranum að þetta hafi verið rangt haft eftir. Og af hverju *vill ekki ráðherrann trúa því?* (**Fjmrh.:** Þú hefur bara verið skammaður af flokksforustunni og þér hefur verið skipað að terrorísera blaðamanninn.) (Gripið fram í.) Finnst hæstv. ráðherra að þetta sé sómasamlegt fyrir mann í hans stöðu? (**Gripið fram í:** Nei, það er það ekki.) Finnst þingheimi þetta vera sómasamlegt? Af hverju var ráðherrann að bjóðast til þess í sinni ræðu að taka til baka ósannindin ef hann hefur ekki verið tilbúinn til þess nú? (**Fjmrh.:** Vegna þess að það kom í ljós að þetta var satt.) Það er sami hringlandinn í sannleiksást þessa hæstv. ráðherra eins og í því hversu hátt þrepið í virðisaukaskattinum á að vera. (**Fjmrh.:** Þetta er náttúrlega þjóðhagslegt viðkvæmt mál fyrir Sjálfstfl.) (Gripið fram í.) Auðvitað má segja að ráðherrann sé orðinn ruglaður í þessu öllu saman því að ég man ekki betur en að hann sé eini maðurinn á Íslandi sem hefur séð til þess að lýsa því yfir opinberlega eftir að Berlínarmúrinn var brotinn niður að hann væri ekki sósíalisti. (**Gripið fram í:** Hann er ekki sósíalisti.) Nú kannast hann ekki við það lengur? Nú þykist hann vera jafnaðarmaður, markaðshyggjujafnaðarmaður. (**Gripið fram í:** Nei, markaðshyggjusósíalisti.) En gistivinir hæstv. forsrh. verða nú að sætta sig við það núna þarna fyrir austan að láta af völdunum vegna þeirra ósanninda sem þeir hafa haft uppi og kúgunar og eins og þeir hafa hagað sér. Það verður líka skammt í það að þessi hæstv. ráðherra, sem menn treysta ekki, verði líka að láta af embætti og með þeim mun meiri sneypu en hinir sem maðurinn (**Menntmrh.:** Er virðisaukaskattur þarna fyrir austan?) Ja, mér þykir nú vænt um að hæstv. menntmrh. skuli taka til máls og hlakka til að sjá hann greiða atkvæði með virðisaukaskattinum. Það má segja að það sé svolítið skemmtilegt fyrir okkar sjálfstæðismenn að upplifa það nú á þessu kjörtímabili að knýja fyrst formann Alþfl. til þess að vera í sæti fjmrh. þegar virðisaukaskatturinn var lögfestur. Þessi formaður Alþfl. hafði lýst yfir andstöðu sinni við virðisaukaskattinn í prinsippi þegar við sjálfstæðismenn bárum það frv. fram hér fyrr í þinginu. Og nú skuli það koma í hlut formanns Alþb. í sæti fjmrh. að hrinda virðisaukaskattinum í framkvæmd. Auðvitað ferst honum það klaufalega, auðvitað er það illa undirbúið og auðvitað var það rétt hjá ráðherra að taka það fram áðan að virðisaukaskattur yrði mikil bót fyrir efnahagslífið ef framkvæmdin yrði góð. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. fjmrh. En við því er ekki að búast.

Jafnmikil ósannindi og það voru hjá fjmrh. sem hann viðhafði áðan í sambandi við samþykktir Sjálfstfl. og mín ummæli eru hin ósannindin sem hann sagði hér í þessari ræðu sinni að undirbúningur hefði gengið samkvæmt áætlun í sambandi við virðisaukaskattinn. Í fréttatilkynningu sem við þingmenn fengum í dag stendur að a.m.k. fjórar reglugerðir bíði þess að Alþingi afgreiði stjfrv. um breytingar á lögunum um virðisaukaskatt. A.m.k. fjórar reglugerðir. Þetta er dagsett 4. des. Ráðherranum er enn ekki ljóst hvort það eru fjórar eða fimm eða sex eða sjö. A.m.k. fjórar. Ekki er nú áætlun fjmrh. nákvæmari um þetta atriði og það sem er kannski ömurlegast af þessu öllu er að sú reglugerð sem bíður þess að vera samin er reglugerð um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af matvöru, en það er vitaskuld óhjákvæmilegt að sú reglugerð liggi fyrir nú vel fyrir afgreiðslu fjárlaga og ætti raunar löngu að vera komin fram vegna þess að það er hreint fjárlagaatriði hversu miklar niðurgreiðslurnar verða á næsta ári eins og ég mun víkja að síðar.

Í öðru lagi minni ég á að reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarbyggingar liggur ekki fyrir, er ekki tilbúin. Hæstv. fjmrh. sagði hér í ræðu áðan að þessir menn úti í þjóðlífinu sem ættu að vinna samkvæmt þessum lögum um virðisaukaskatt strax um áramót væru kunnugir því í hverju skattkerfisbreytingin er fólgin og það var svo að heyra á honum að þeir væru bara vel inni í þessu og menn væru bara ánægðir með undirbúning ráðherrans. En það er eins um þetta og sannleikskorn ráðherrans hér áður. Annaðhvort hafa atvinnurekendur, t.d. byggingariðnaðarmenn ekki haft uppburði í sér til að tala við ráðherrann eða þá að þeir vita að það er vitaþýðingarlaust að tala við ráðherrann eða þá hitt að ráðherrann segir enn einu sinni ósatt því að ekki trúi ég því að allir þeir menn sem hafa haft samband við mig, t.d. í morgun, segi ósatt en ráðherrann segi satt.

Ég talaði líka við menn í fiskvinnslunni og spurði þá um viss framkvæmdaratriði. Ráðherrann hafði heldur ekki látið þeim í té upplýsingar um hvernig þeim yrði háttað svo að óyggjandi sé. En það má kannski líka vera að þeir hafi sagt mér ósatt og að ráðherrann segi satt.

Þetta er svona álíka meðhöndlun á málefnum eins og maður gæti búist við af formanni Alþfl. og má kannski segja að þeir draga dám hvor af öðrum eftir hina dæmalausu hringferð sem þeir áttu um landið

sem var auðvitað þess eðlis að traust þessara manna meðal þjóðarinnar hefur farið dagminnkandi æ síðan.

Herra forseti. Hér voru í hólfi mínu í morgun tvær fréttatilkynningar. Ég veit ekki hvort fréttatilkynning um virðisaukaskattslög hafði borist okkur þingmönnum fyrr og ég ekki athugað að gá í hólfið, en þessar tvær fréttatilkynningar fjmrn. komu mér fyrir augu nú fyrst dag. Önnur fréttatilkynningin fjallar um frv. um breytingu á virðisaukaskattslögum og kjarninn í þessari breytingu er sá að þar er lagt til að hækka virðisaukaskatt úr 22% í 22,4%. Hin fréttatilkynningin fjallar um breytingar á tekju- og eignarsköttum og hún fjallar um það að hækka tekjuskatt um 4% frá núgildandi lögum.

Það sýnir svo aftur siðferði fjmrh. að hann skuli birta hér töflu sem á að sýna þær breytingar sem verða á tekjuskatti einstaklinga 1990 samkvæmt lögunum og samkvæmt þeirri breytingu sem frv. felur í sér. Þar er hins vegar hvergi vikið að því einu orði að hækkun tekjuskattsins á næsta ári verður helmingi meiri en hér segir því að í þeim lögum sem nú gilda um tekjuskatt var það ákveðið að hin sérstaka tekjuskattshækkun sem lögfest var um síðustu áramót skyldi einungis gilda þetta eina ár. Það er kannski dæmigert fyrir þá ringulreið sem var í herbúðum krata sl. fimmtudag að þeir ekki aðeins féllust þá á að hækka tekjuskattinn um 2%, hafa hann óbreyttan á næsta ári frá því sem nú er, með lögum, heldur féllust þeir á að tvöfalda hækkun virðisaukaskattsins frá næstu áramótum. Þó munum við það að formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hafði stór orð um það að slík hækkun tekjuskatts kæmi ekki til greina. Ég man að vísu ekki hvort hv. þm. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., hefur verið sérstakur talsmaður skattahækkana hér á Alþingi, en það vakti á hinn bóginn athygli, þegar vantraustið var til umræðu í Sþ. sl. fimmtudag og þegar ríkisstjórnin hafði þann eina boðskap að flytja þjóð sinni að virðisaukaskattur skyldi vera í einu þrepi og matvæli ekki lækka í verði, að þessi hv. þm. skyldi sjá ástæðu til þess að greiða atkvæði á móti vantrauststillögu á ríkisstjórnina. Gildir auðvitað engu þótt þessi hv. þm. hafi það eins og frægur þingmaður Framsfl. á 7. áratugnum að þykjast alltaf hafa sjálfstæðar skoðanir þegar ekki skiptir máli, þegar um smáatriði er að ræða, en hanga svo aftan í stjórnarmeirihlutanum í hvert skipti sem ríður á hver hans afstaða sé. Ég hygg að það verði alveg augljóst að þegar þetta mál kemur til afgreiðslu hér í deildinni, til atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga, þá mun þessi hv. þm. greiða atkvæði á móti því að virðisaukaskatturinn verði í tveim þrepum og mun standa fullkomlega á bak við þá miklu skattheimtu sem frumvörp ríkisstjórnarinnar fela í sér. Auðvitað er það öldungis ljóst að þau almennu mótmæli sem verkalýðshreyfingin hefur látið í ljós vegna þeirra skattafyrirætlana sem ríkisstjórnin hafði uppi með 26% virðisaukaskatti og tekjuskatti eins og þá var hugsað af fjmrh., hann hækkaði um 2% — auðvitað mun verkalýðshreyfingin standa jafnfast á móti þessum breytingum nú vegna þess að þær fela ekki í sér neina lagfæringu á þeirri lífskjaraskerðingu sem ákveðin var og boðuð í ræðu fjmrh. við 1. umr. fjárlaga. Það liggur fyrir, það er deginum ljósara, að lífskjör fara mjög versnandi. Það liggur jafnframt fyrir að þungavigtarmaður ríkisstjórnarinnar hefur lýst því yfir að nýjar launahækkanir á næsta ári muni tafarlaust kalla fram gengisfellingu.

Það liggur fyrir að ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að kaupgjaldið megi ekki hækka á næsta ári. Í þeirri þjóðhagsáætlun sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að kjararýrnunin verði 4,5% á næsta ári borið saman við árið í ár og vita menn þó hvernig lífskjörin eru núna og hversu erfitt er að ná endum saman. Það liggur þess vegna auðvitað alveg á borðinu að frv. sem hér liggja fyrir eru staðfesting á þeirri miklu og ranglátu skattastefnu sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.

Það er líka eftirtektarvert að í þeim fræga sjónvarpsþætti þar sem hæstv. fjmrh. þóttist vera að kynna virðisaukaskatt upp á 26% hélt hann því fram að þetta væri í raun skattalækkunarskattur. Það væri ekki hægt að tala um að þessi skattur fæli í sér þyngingu borið saman við þann söluskatt sem áður var. Nú er smátt og smátt að koma í ljós, þegar virðisaukaskatturinn er lækkaður í 24,5%, að það sem hann hefur fyrr gefið í skyn en aldrei fengist til að staðfesta með útreikningi er rétt. Fullyrðing okkar sjálfstæðismanna var rétt, að þessi hæstv. fjmrh. ætlaði að misnota skattkerfisbreytinguna til þess að ná í ríkissjóð tveimur milljörðum a.m.k., sumir segja þremur, umfram það sem verið hefði ef söluskattskerfið hefði verið áfram í gildi. Og eins og ég mun færa rök fyrir síðar er ósvífni hæstv. fjmrh. slík að um leið og hann lætur sér ekki duga að hækka virðisaukaskattinn um 2,5% boðar hann eða flytur ýmis frv. önnur sem fela í sér þá skattheimtu sem munar 1½ þrepi í virðisaukaskatti.

Ég verð að segja, herra forseti, að það er mikil vinna fram undan í fjárhags- og viðskiptanefndum, en það er ekki að sjá að fulltrúar meiri hl. í fjh.- og viðskn. telji sér nauðsynlegt að vera viðstaddir þessa umræðu.

Ég vil vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. talaði um að það væri í anda jafnaðarstefnunnar að hafa tekjuskatta sem hæsta. Sá maður núlifandi sem með mestri sannfæringu hefur skýrt jafnaðarstefnuna og skrifaði um hana heila bók, Gylfi Þ. Gíslason prófessor, flutti um það þingmál á sínum tíma — ég hygg að það hafi verið þáltill. — að tekjuskattur af almennum launatekjum yrði felldur niður. Og hann sýndi það í verki á meðan hann var í samvinnu við okkur sjálfstæðismenn á viðreisnarárum að hann var þessarar sömu skoðunar því að um leið og sú stjórn var mynduð fólst m.a. í þeim efnahagsráðstöfunum sem þá voru gerðar að fella tekjuskatt niður af almennum launatekjum. Hins vegar hafa margir aðrir formenn Alþb. verið þessarar sömu skoðunar, að tekjuskatturinn væri jöfnunarskattur. Við munum eftir því þegar hv. þm. Ragnar Arnalds var fjmrh., og má mikið vera ef hann var ekki formaður Alþb. þá líka, a.m.k. fyrrv. for-

maður Alþb., sendi hann út frá skattaframtölum láglaunabætur um allt land til þess að þeir sem verst væru settir gætu fengið láglaunabæturnar og varð að athlægi um allt land vegna þess að við vitum að skattskýrslur eru ekki óyggjandi mælikvarði á lífskjör manna.

Við getum t.d. bara tekið hæstv. fjmrh. Auðvitað eru það ekki sérstakar launatekjur þegar hann fer til útlanda. Samt sem áður er það svo að hann fær greidda sérstaka dagpeninga og þó allan kostnað líka. Hæstv. fjmrh. hefur t.d. sérstakan bíl sér til ráðstöfunar og einkabílstjóra ef hann vill. Mér er ekki kunnugt um að sú breyting hafi verið gerð á tekjuskattslögunum á síðasta þingi að einkabíll ráðherrans væri talinn honum til tekna og þótt til þess væri ætlast af mönnum í einkarekstri að þeir teldu slík hlunnindi til tekna. Það eru auðvitað margvísleg hlunnindi önnur sem maður eins og ráðherra hefur sem auðvitað drýgja tekjur hans. Og það eru auðvitað ýmsir aðrir menn í þessu þjóðfélagi sem hafa margvíslegar tekjur og geta haft aðstöðu til þess að láta fyrirtæki eða stofnanir greiða fyrir sig margvísleg útgjöld sem falla með fullum þunga á hinn almenna launamann í landinu.

Það er þess vegna fullkomlega rangt, fullkomlega út í hött, að halda því fram að tekjuskattur í þjóðfélagi eins og við búum í núna sé einhver sérstakur launajöfnunarskattur, algjörlega út í hött. Enginn maður hefur gert gleggri grein fyrir þessu en Ólafur Björnsson prófessor sem skrifaði um það mjög, ég vil segja skemmtilegar greinar í Morgunblaðið á sínum tíma þar sem hann vakti athygli á þessari litlu spurningu: Eigum við að bera saman þær tekjuskattsgreiðslur sem einstaklingarnir hafa og eigum við svo að athuga hverjir það eru sem fara í sólarlandaferðir? Og skyldi það nú vera svo að algjört samræmi sé að þessu leyti milli þeirra ráðstöfunartekna sem viðkomandi menn hafa og þeirra beinu launa sem talað er um? Auðvitað er það ekki svo. Auðvitað liggur það ljóst fyrir að þessi háa skattheimta, sem ekki síst felst í hækkun tekjuskattsins, kemur mjög illa niður og kannski ekki hvað síst á því unga fólki sem er að berjast við að koma undir sig fótunum vegna þess að það er ekki nóg með að nú eigi að hækka skattprósentuna heldur stendur hugur hæstv. fjmrh. til þess að takmarka vaxtafrádrátt með þeim hætti að þeim sem vilja leggja á sig mikla vinnu til þess að eignast þak yfir höfuðið á að refsa. Venjulegri fjölskyldu hér á landi, þessu millistéttarfólki — því á að refsa. Í því felst hin nýja skattastefna þessarar ríkisstjórnar. Það er þetta sem við horfum fram á og það er þetta sem við horfum framan í þegar við sitjum andspænis ráðherrastólunum og horfum upp á þá þarna.

Í almennum athugasemdum við þetta lagafrv. stendur að síðan lögin voru samþykkt hafi starfað tvær nefndir, skipaðar fulltrúum þingflokkanna, við undirbúning virðisaukaskatts. Fyrri nefndin hafi starfað undir forustu Kjartans Jóhannssonar og hætt störfum í september 1988. Síðari nefndin hefur starfað undir forustu fjmrh., stendur hér. Það ætti með réttu lagi að segja: hætti að starfa undir forustu fjmrh., ef hann vildi vera nákvæmur því að þessi nefnd hefur ekki verið kölluð saman svo vikum skiptir. Það er meira að segja þvílík ósvífni sem þessi hæstv. fjmrh. sýnir að þegar drög að virðisaukaskattsfrv. lágu fyrir hér á dögunum sendi hann upplýsingar m.a. upp í Verslunarráð og gaf fjölmiðlum margvíslegar upplýsingar, birtist í sjónvarpi, en honum datt ekki í hug að senda þeim þingmönnum sem voru í þessari undirbúningsnefnd undir hans forustu upplýsingar af neinu tagi, engu tagi. Og svo var þessi maður hér að tala um það áðan að mark hafi verið tekið á nefndinni. Þessi maður var meira að segja svo ósvífinn í Alþingi á dögunum að segja að ég hefði í einkasamtali óskað eftir því að nefndin hætti störfum. Þetta var auðvitað rangt haft eftir og billegt. Það er mjög billegt, þegar ráðherra er að afsaka sig, að vitna í einkasamtal sem enginn heyrir og það er auðvitað fullkominn útúrsnúningur þó svo að ég hafi fallist á það með ráðherra að það væri til lítils að vera að ónáða okkur á nefndarfundi þegar ríkisstjórnin vissi ekki sitt rjúkandi ráð, hefði ekkert fram að leggja, vissi ekki hvað hún ætlaði að gera. Þá sagði ég auðvitað við ráðherrann: Ég nenni ekki að vera að fara þarna upp eftir bara til að gapa framan í embættismenn.

Það sem við áttum að gera í þessari nefnd var það að við áttum að fá upplýsingar um það hvernig undirbúningurinn gengi og við áttum að fá upplýsingar um það á hvaða stigi málið væri á hverjum tíma hjá ríkisstjórninni. Og það átti að gefa okkur kost á því að og koma að okkar athugasemdum. Það er auðvitað eðlilegt að ráðherrann segi núna þegar kominn er 6. des.: Ja, ég er nú loksins kominn með frv. mitt. Það eru a.m.k. fjórar reglugerðir sem þarf að gefa út til viðbótar, ég veit ekki hve margar. En samt sem áður getið þið nú afgreitt þetta fyrir mig fyrir jólin — kannski án þess að þessar reglugerðir liggi fyrir, kannski án þess að maður fái nokkra hugmynd um það hvernig þetta eigi að vera. En auðvitað lætur hann sér það í léttu rúmi liggja. Hann lýsti því yfir þessi ágæti maður, þegar hann settist fyrst í þessa ríkisstjórn og var spurður um það hvert hlutverk hann teldi sig hafa í ríkisstjórninni, að hann hefði fyrst og fremst það hlutverk að breyta atvinnulífinu hér í landinu, umskapa atvinnulífið, og honum hefur sannarlega tekist það því að meiri samdráttur hefur ekki verið hér um langan tíma en einmitt núna og svo vesælt er ástandið orðið að því er spáð að fjárfesting í atvinnurekstri verði um þriðjungi minni en hún hefur verið að meðaltali undanfarin ár, verði ekki nema 18%, verði orðin svo hættulega lítil að óhjákvæmilegt er að það mun fyrsta kastið valda því að við munum sitja eftir í okkar fyrirtækjum. Vöruþróun mun sitja eftir. Fyrirtækin hafa ekki sömu burði og áður til þess að undirbúa markaðsátök, hvað þá að fyrirtækin hafi burði til þess nú að búa sig undir betri framleiðsluhætti. Má vera að nauðsynlegt sé að víkja að þessum þætti málsins síðar því að eins og kom fram í máli ráðherrans: Skatturinn er búinn að kynna sér þetta

mál lengi og þá er undirbúningnum lokið. Hitt skiptir engu máli hvað þeim líður sem eiga að vinna eftir lögunum, sem eiga að innheimta skattinn í gegnum sín viðskipti.

Í 2. gr. laga um virðisaukaskatt er fjallað um skattskyldusvið laganna og felur frv. í sér nokkra breytingu á lögunum. Ég er sáttur við sumt af því. Það er auðvitað rétt að hæstv. utanrrh. var of þröngsýnn í þessum efnum á meðan hann var fjmrh. og af þeim sökum urðu þingnefndir að bregða á það ráð að skrifa minnislista um ýmis þau atriði sem yrði að ákveða nánar og taka ákvörðun um áður en virðisaukaskatturinn kæmi til framkvæmda. Þess vegna er ég sammála sumu sem þar kemur fram en annars sakna ég. Sérstaklega hlýt ég þó að vekja athygli á þeirri breytingu sem hér er lagt til að gerð verði við 3. tölul. 3. mgr. Þar er talað um að rekstur skóla og menntastofnana skuli undanþeginn útskatti og bætt við: „svo og ökukennsla." Ég er alveg sáttur við að ökukennsla sé undanþegin virðisaukaskatti. En á hinn bóginn hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh. hvað valdi því að flugkennsla var ekki tekin með og óska eftir að hann færi fyrir því rök að hann sleppir henni hér í þessari upptalningu.

Hæstv. iðnrh. bar einmitt þetta mál mjög fyrir brjósti og ég vil líka skýra frá því að ég spurði sérstaklega um þetta atriði á þeim fundum sem voru haldnir í undirbúningsnefndinni og þá var mér lofað að þetta atriði yrði tekið til sérstakrar athugunar. Ég minnist þess á hinn bóginn ekki að ég hafi fengið neinar upplýsingar um hvernig virðisaukaskatti yrði háttað í sambandi við flugkennslu, hef ekki haft tíma til að lesa allar þær reglugerðir sem ég fékk sendar úr fjmrn. nú skömmu fyrir þennan fund. Má vera að flugkennsla sé annaðhvort samkvæmt 2. eða 12. gr. undanþegin virðisaukaskatti og væri þá mjög gagnlegt að fá um það upplýsingar.

Ég vil líka vekja athygli á því að ég talaði í undirbúningsnefndinni um að rétt væri að lögfræðiþjónusta félli undir 2. gr., væri undanþegin útskatti í virðisaukaskatti. Fyrir því eru mjög skýr rök. Ef lögfræðiþjónusta er unnin fyrir fyrirtæki, þá fellur sjálfkrafa á hana virðisaukaskattur þó svo að lögfræðiþjónustan yrði undanþegin skv. 2. gr., það er augljóst mál. En þá er spurningin, af hverju tel ég að ekki eigi að falla útskattur á lögfræðiþjónustu? Hæstv. fjmrh. eru kunnug mín sjónarmið þannig að ég er ekki að segja hér neitt nýtt. Ég er einungis að skýra frá því að hæstv. fjmrh. hefur hafnað þeim sjónarmiðum sem ég lagði þessari skoðun minni til grundvallar.

Við Íslendingar búum í réttarríki og þeir sem leita lögfræðiþjónustu, þeir einstaklingar sem ekki hafa atvinnurekstur með höndum en leita lögfræðiþjónustu, gera það í höfuðdráttum af tveim sökum. Annars vegar vegna þess að þeir eru að leita réttar síns eða verja rétt sinn og hins vegar vegna þess að þeir hafa lent í greiðsluerfiðleikum og þurfa af þeim sökum að greiða háan innheimtukostnað sem er auðvitað mjög — ég veit ekki hvort ég á að segja sársaukafullur eða sem mikið finnst fyrir hjá því fólki sem hvort sem er getur ekki staðið í skilum. Og þá er auðvitað mjög hæpið, finnst mér, að ríkið geti haft erfiðleika þessa fólks af féþúfu. Ef maðurinn er í atvinnurekstri, þá kemur virðisaukaskatturinn af lögfræðiþjónustunni hvort eð er til frádráttar, þannig að sá maður greiðir ekki virðisaukaskatt af lögfræðiþjónustunni. Við getum tekið t.d. fyrirtæki sem er gjaldþrota eða á í greiðsluerfiðleikum eða fyrirtæki sem þarf á ráðgefandi lögfræðingi að halda. Skiptir engu máli hvers eðlis sú lögfræðiþjónusta er. Það fyrirtæki fær endurgreiddan lögfræðikostnaðinn af þessari þjónustu í gegnum sitt uppgjör við ríkissjóð. En hverjir eiga að bera hann, hæstv. fjmrh.? Það er þeir menn sem eru skuldum hlaðnir, geta ekki staðið í skilum og verða af þeim sökum að bera ekki aðeins þessa háu dráttarvexti sem menn verða að bera nú um stundir, heldur líka 24,5% virðisaukaskatt af lögfræðiþjónustunni.

Hins vegar maður sem er að leita réttar síns. Hugsum okkur t.d. ekkju, sem ég veit dæmi um, sem á þrjú börn. Ég hef séð hennar skattframtal. Tekjur hennar eru rúm 900 þús. og henni er gert að greiða rúmlega 300 þús. kr. í skatta. Segjum að vegna þeirra miklu skattahækkana sem hæstv. fjmrh. lét koma fram á þessu ári hafi þessi kona ástæðu til að ætla að hún geti vefengt þessa miklu skattheimtu fjmrh. og leitað réttar síns. Á hún þá að borga líka ofan í kaupið virðisaukaskatt af þeirri viðleitni sinni til þess hins sama ráðherra? Ég vil vænta þess að þeir menn sem eiga sæti með mér í fjh.- og viðskn. skilji sanngirni þessa máls. Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram að Margaret Thatcher leggur ekki virðisaukaskatt á lögfræðiþjónustu og auðvitað viljum við hafa hana sem víðast til fyrirmyndar og þessi þjónusta sömuleiðis. Af þeim ástæðum að þarna er verið að skattleggja eymdina annars vegar og hins vegar verið að skattleggja það í réttarríkinu að maður geti leitað réttar síns. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hæstv. fjmrh., hversu miklar tekjur hann telur sig muni hafa t.d. af því fólki sem er að missa heimili sín. Það verður fróðlegt að sjá það.

Í 11. gr. þessa frv. er ákvæði þess efnis að það eigi að hækka um helming, um 100% svo að maður sé skýr, tvöfalda þá prósentu sem þar um ræðir.

Þá vil ég gera 12. gr. laganna að umræðuefni. Ég vil fyrst vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir því í 5. tölul. 12. gr. sem ég hygg að sé best að ég lesi yfir til að skiljist sem best, með leyfi hæstv. forseta: „... vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþágа þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara." Það sem ég geri hér fyrst að umræðuefni er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fullur virðisaukaskattur skuli leggjast á flugsamgöngur hér innan lands, að eldsneyti af flugvélum í innanlandsflugi skuli bera virðisaukaskatt. Ég veit að þetta er réttlætt með því að farþegaflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti skv. 2. gr. sem þýðir að ekki er greiddur útskattur af

slíkum atvinnurekstri en á hinn bóginn er greiddur fullvirðisskattur. Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég tel nauðsynlegt að þetta komi til endurskoðunar er sú að eftir því sem vegir hafa batnað hér á landi, ég tala nú ekki um ef skipt yrði um ríkisstjórn, þá mundu frekari framfarir ganga fljótt fyrir sig. Samt sem áður þykjumst við sjá fram á það á næstu árum að t.d. verði komið bundið slitlag og búið að byggja upp leiðina Reykjavík-Akureyri sem er fjölfarnasta leiðin hér innan lands þannig að 40–45% þeirra farþega sem koma á Reykjavíkurflugvöll fljúga til Akureyrar. Auðvitað gefur það auga leið að eftir því sem vegir batna freistast fleiri til þess að fara landleiðina, aka á milli, ef flugfargjöld verða óeðlilega há. Þau eru nú milli Reykjavíkur og Akureyrar milli 10 og 11 þús. kr. Ef við tökum þá sem fjær búa, tökum t.d. fólk á Vopnafirði, Þórshöfn, Raufarhöfn, þá hækkar þessi kostnaður enn um 5–6 þús. kr. ef þetta fólk þarf að bregða sér til Reykjavíkur. Þetta eru auðvitað umtalsverðir fjármunir og veruleg hætta á því, ef við komum ekki til móts við þarfir í innanlandsflugi með því að undanþiggja reksturinn skv. 12. gr., að þessar flugleiðir verði óhagkvæmari vegna þess að fólk reynir að forðast, koma sér hjá því, hliðra sér við því að fara á milli í flugvélum. Í þessu er hættan fólgin. Meðan vegasamgöngur voru mjög erfiðar urðu menn auðvitað að grípa til flugvélarinnar. Nú sjáum við fram á það með bættum vegasamgöngum að hlutfallslega verður flugið dýrara og dýrara, en það dregur á hinn bóginn ekki úr nauðsyn þess að fólk geti farið milli landsfjórðunga í einkaerindum. En það gildir hið sama um þetta og lögfræðikostnaðinn. Auðvitað verða fyrirtækin að greiða virðisaukaskatt af allri sinni veltu þannig að það sem við erum að tala um hér er fyrst og fremst spurningin um það hvort við eigum að koma til móts við einstaklingana sem búa á fjarlægustu stöðunum. Þetta kemur ekki mikið við Reykvíkinga eða Reyknesinga. Þetta varðar þá ekki sérstaklega miklu sem búa á Akranesi eða í Flóanum. En ef við hugsum til Vestmannaeyja, Ísafjarðar, Akureyrar, Raufarhafnar, Egilsstaða, þá fer þetta að skipta verulegu máli fyrir þá einstaklinga sem þar búa. Hæstv. fjmrh. var líka kunnugt um viðhorf mitt í þessu máli og ég sé á frv. eins og það liggur fyrir að hann hefur ekki samúð með þessum sjónarmiðum mínum.

Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig farið sé með virðisaukaskatt í sambandi við ferjuloftför, flugvélar sem eru ferjaðar milli landa. Með hvaða kjörum geta þær fengið eldsneyti hér á landi og hversu verður því háttað ef skemmtibátur eða einkaloftfar þarf á þjónustu að halda, viðgerðarþjónustu af einhverju tagi eða ef íslensk skipasmíðastöð t.d. næði samningum um að ráðast í verulegt verkefni á einhverri skemmtisnekkju, má þá búast við því að slík starfsemi verði undanþegin virðisaukaskatti?

Ég læt í ljós ánægju yfir því að í þessum brtt. er gert ráð fyrir því að sala tímarita, dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða svo og afnotagjöld útvarpsstöðva skuli skv. 12. gr. undanþegin virðisaukaskatti. Ég hlýt líka að láta í ljós ánægju yfir því að sala bóka á íslenskri tungu skuli undanþegin virðisaukaskatti eftir 1. nóv. En ég minni á annað. Hvaða bókamarkaður er það sem verið er að hlaupa þarna yfir? Hverjir eru það sem einkum kaupa bækur í byrjun september og byrjun október? Hvaða fólk skyldi það vera? (**Gripið fram í:** Námsfólk.) Af hverju er ekki miðað við 1. sept.? Í hvaða peninga er verið að ná? Það skyldi þó ekki vera að hæstv. fjmrh. væri að ná í sumarhýruna hjá þessu fólki sem er í framhaldsskólunum ef fólkið fær þá nokkra vinnu á næsta sumri, ef atvinnuleysið verður ekki orðið þvílíkt. Auðvitað er það siðlaust með öllu að miða niðurfellingu virðisaukaskatts við þann tíma að öruggt sé að börnin séu búin að kosta til öllu því sem þau þurfa í sambandi við skólastarfið. Og auðvitað er það óhjákvæmilegt, ef það er einhver snefill af samvisku í þeirri fjh.- og viðskn. sem var kosin hér í þessari deild á sl. hausti að þessi undantekning verði látin ná til unglinganna, til skólabarnanna. Og við sjálfstæðismenn munum beita okkur fyrir því af alefli í nefndinni að börnin sleppi við virðisaukaskattinn á næsta hausti. (Gripið fram í.)

Svo þýðir lítið fyrir þennan hæstv. ráðherra að koma hér upp og tala menningarlega. Hvað er menning? Er hún eitthvað sem tekur við eftir tvítugt? Er menning jólagjafir? Ætli menningin sé kannski ekki m.a. fólgin í því að létta sem mest róðurinn fyrir þá sem vilja reyna að mennta sig í skólum landsins? Eigum við þá ekki að reyna að koma til móts við þá og ætli ríkissjóður hafi ekki efni á því að tapa þessum skildingum sem börnin greiða í virðisaukaskattinn á næsta hausti eins og frá frv. er gengið? Ætli ráðherrann verði ekki að finna sér eitthvað annað til að spara? Hann ætti að afnema ríkisskattana á þessum sneplum eins og Þjóðviljanum og láta börnin í friði. Ég held að það væri meiri menning yfir því. (**Fjmrh.:** Hvernig var þetta hjá Þorsteini Pálssyni?) Hjá Þorsteini Pálssyni var það þannig, hæstv. ráðherra, að virðisaukaskatturinn er eins og hér liggur fyrir og við náðum fram, 22%, og það liggur fyrir. (**Fjmrh.:** Alla skattana?) Eitthvað er nú ráðherrann órólegur, eitthvað finnur nú ráðherrann til. Er ráðherrann að reyna að gefa það í skyn að þetta hafi verið handvömm, að hann hafi ætlað að skrifa 1. sept.? (**Fjmrh.:** Nei.) En ég er búinn að heyra það margar ræður frá honum að ég veit að það er alls ekki svo. Ég veit að þetta er af ásetningi, þetta er af vilja sem þessi gjalddagi miðast við 1. nóv. og það var skýrt tekið fram í þeim greinargerðum sem ráðherrann hefur látið frá sér fara í fjölmiðlum og víðar að ríkissjóður hefði ekki efni á því að tapa peningunum. (**Fjmrh.:** Hafðu þetta nú rétt.) Ráðherrann er órólegur, ráðherrann finnur að hann gerði rangt. Hann er eins og vél sem er farin að hökta, alltaf það sama. En kannski það sé einhver veikleiki þarna hjá ráðherranum, kannski við getum snúið ofan af honum. Við skulum athuga gangverkið. Hann sagði í sjónvarpsviðtalinu að hann ætlaði að fínstilla eftir áramótin, fínstilla og mér heyrist það þurfa. Það er svolítil truflun í þessu.

(**Fjmrh.:** Ég var bara að leiðrétta rangfærslur ...) Svolítið farið að lagast, það er mildara svolítið, það er svolítið búið að smyrja ráðherrann. En ég er hræddur um að við verðum að hjálpa honum að fínstilla alveg, ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við verðum *að hjálpa honum að fínstilla alveg.* (**Fjmrh.:** Þú ferð aldrei rétt með.) Fer ég ekki rétt með? Stendur það ekki hér fullum fetum að það eigi að leggja virðisaukaskattinn á skólabækurnar? Ætlar ráðherrann ekki að ná í það? Hvað skyldi það vera há upphæð, hæstv. fjmrh., sem *Mál og menning* selur skólabörnunum á ári? Hvað skyldu það vera háar upphæðir? Það væri nú fróðlegt að fá veltuna. Kannski við getum fengið í nefndinni veltuna á skólabókunum þannig að við sjáum hvaða peningar þetta eru. Við getum þá kannski sannfært ráðherrann um að þetta eru smáaurar í allri þessari skattpíningu sem hann er að leggja á okkur núna. Hvað er það mikið í þessum tveim fréttatilkynningum sem er umfram það sem er í gildandi lögum? Hvað er með tekjuskattana? Er það 2% eða 4%? Hvað eru þeir annars staðar? (**Fjmrh.:** Við skulum tala um þetta ...) Við skulum tala um þetta, já. Við skulum sjá til, við skulum horfa — til allrar hamingju hefur ráðherrann ekki atkvæðisrétt í þinginu þannig að það er kannski von til þess að við náum þessu fram með skólabækurnar, að þær verði undanþegnar virðisaukaskattinum. Við sjáum til. Það má vera.

Mér þykir vænt um það, herra forseti, að svolítið hef ég hruggað við ráðherranum. En hvernig ætlar ráðherrann að fara með annað sem mér datt í hug, hvernig hugsaði ráðherrann sér t.d. kynningarbæklinga sem gefnir eru út? Þeir verða með virðisaukaskatti ef þeir eru á erlendri tungu þó að það séu íslenskir útgefendur. Er það ekki rétt skilið hjá mér? (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu er það þannig já, ekki að spyrja að því. En það standa vonir til þess að ráðherrann hafi í sinni geðshræringu nú áðan áttað sig á því að nauðsynlegt sé að breyta þessu ákvæði og ég bendi honum á það, það er hægt að ná peningunum á móti bara með því að hætta að styrkja Þjóðviljann og Alþýðublaðið og Tímann og Dag og væri ekki vonum seinna. (**Fjmrh.:** Og Sjálfstfl. Hvað fær Sjálfstfl. mikið í ríkisstyrk?) Ja, ætli Sjálfstfl. fái hlutfallslega jafnmikið og Alþb. Segðu mér, hæstv. fjmrh., ætli Sjálfstfl. eigi kost á því að láta greiða úr ríkissjóði svona fundaherferðir eins og ríkisstjórnin er nú að kosta um atvinnumálin um allt land, á Akranesi um daginn? Hver kostar þessar ferðir ríkisstjórnarinnar um atvinnumál núna? Fundarhöldin? Er það ríkissjóður? (**Fjmrh.:** Sjálfstfl. ...) Er það ríkissjóður sem kostar þetta? Það væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um það. En Sjálfstfl., þingflokkur Sjálfstfl. fær peninga, það er rétt, til að standa undir *sinni starfsemi en hann fær ekki jafnmikið á hvern* þm. og þm. Alþb. eða Alþfl. Og það er alveg rétt að Sjálfstfl. fær til útgáfustarfsemi fé af fjárlögum. Það er líka rétt að ég hef í hvert einasta skipti og margir sjálfstæðismenn, þorri þeirra, greitt atkvæði gegn *þessum lið. Á hinn bóginn höfum* við ekki gengið svo langt að skila peningunum og teljum að úr því að ríkið með þessum hætti styrkir vinstri flokkana, þá sé ekki óeðlilegt að Sjálfstfl. fái að njóta þess að nokkrum hluta. En ég er hins vegar alveg til viðræðu um að ræða þetta ofan í kjölinn við fjmrh. Við skulum hætta þessum styrkjum. Við skulum láta Alþýðublaðið klára sig sjálft. Við skulum láta Þjóðviljann klára sig sjálfan. Við skulum láta Tímann klára sig sjálfan. Við skulum bara láta þá menn sem styðja stjórnmálaflokkana standa undir svona sneplum. En ef við erum *á hinn bóginn* að tala um góð blöð eins og Morgunblaðið, þá þarf það enga styrki því að það ber sig og stendur undir sér, er heilbrigt, það er lesið með morgunkaffinu, það vilja allir fá inn á sitt heimili. Ég tala nú svo ekki um þá erfiðleika sem því eru samfara *að reyna að fylgjast með því hvort maður fær með* skilum þessi eintök af Alþýðublaði og Þjóðvilja sem Alþingi greiðir fyrir mann. Ég held að það sé upp og ofan og maður tekur nú satt að segja lítið eftir því og saknar þess ekki þó að þau berist ekki. (**Forseti:** Ég þarf því miður að biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni þar sem komið er að þingflokksfundartímum. Er því fundi frestað til kl. 6, en við munum halda áfram milli 6 og 7, en síðan þá aftur að loknu matarhléi.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég spurði hæstv. fjmrh. í ræðu minni hér fyrr í dag hversu mikinn auglýsingakostnað hann hefði greitt fyrir stjórnarflokkana nú upp á síðkastið vegna fundahalda um atvinnumál sem kallast „Mótun atvinnustefnu" af því gefna tilefni að hann hafði orð á því að Sjálfstfl. nyti mikilla ríkisstyrkja. Ég er hér fyrir framan mig með Alþýðublaðið frá 2. des. Hér er mjög skrautleg auglýsing í tveim litum um mótun atvinnustefnu í Alþýðublaðinu og tekur yfir hálfa síðu. Má kannski spyrja hæstv. ráðherra hvað hann haldi að séu margir kaupendur Alþýðublaðsins í Vesturlandskjördæmi því að það er auðvitað mikil spurning hversu margir menn í því ágæta kjördæmi fá nokkurn tíma að sjá þessa auglýsingu? Ég hygg að flestir séu sammála um að þetta sé „spandans"-kostnaður og hljóti að verða að líta á þetta sem styrk við Alþfl. og Alþýðublaðið.

Það sem vekur athygli er að hér flytja ræður Júlíus Sólnes, ráðherra Hagstofu, Jón Sigurðsson, iðnrh. og viðskrh., Þorsteinn Ólafsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar. Auglýsing af þessu tagi var í öllum dagblöðum og eflaust víðar. Ég er ekki það góður auglýsingalesari eða hlustari að ég geri mér grein fyrir því hversu víða auglýst hefur verið en vegna þeirra þungu áhyggja sem hæstv. fjmrh. hefur af þeim peningum sem renna til þingflokks Sjálfstfl. væri ekki úr vegi að hann upplýsti hér við umræðuna hver borgi þessa auglýsingu. Er til í dæminu að ríkissjóður greiði þvílíkar auglýsingar sem þessar? Og ef svo er, eftir hvaða heimild á fjárlögum fara þá slíkar greiðslur fram? Það er auðvitað gjörsamlega út í hött að reyna að halda því fram að þetta sé eitthvað í samræmi við þá skiptingu á opinberum fjármunum sem eru á milli einstakra stjórnmálaflokka.

Við erum hér að ræða um frv. til l. um hækkun á

virðisaukaskatti um 2,5%. Ég var hér síðast að ræða um 12. gr. laganna og liggur þá beint fyrir að ræða næst um skatthlutfallið eða 14. gr. Hæstv. fjmrh. var svo — ég vil segja ósmekkvís hér áðan að halda því fram að í því fælust sérstakar kjarabætur að flytja hér frv. um hækkun á virðisaukaskatti um 2,5% sem er skattþynging um 4 milljarða kr. eða eitthvað á því bili.

Í því frv. sem hér liggur fyrir er lítil tafla á bls. 6 sem ber yfirskriftina: „Skattstofn söluskatts og virðisaukaskatts skv. frumvarpi“ og er látið í veðri vaka að þessi tafla gefi einhverjar upplýsingar um samanburð á því hvað þessir tveir tekjupóstar gefi af sér, annars vegar söluskattur og hins vegar virðisaukaskattur.

Nú er fyrst frá því að segja að það eru ósannindi sem hér stendur efst í töflunni að söluskatturinn núgildandi gefi af sér í tekjur fyrir ríkissjóð nettó 39,8 milljarða kr. og er náttúrlega makalaust að þau vinnubrögð skuli viðhöfð af hæstv. fjmrh. að gefa jafnrangar og villandi upplýsingar til þingdeildar og fjölmiðla, auðvitað algert siðleysi. Lágmarksnauðsynlegar leiðréttingar sem verður að gefa eru t.d. endurgreiddur söluskattur af fiski, sjávarútvegi, loðdýrum, fiskeldi o.s.frv. Þar erum við að tala um upphæð sem er einhvers staðar kringum 1,5 milljarðar kr. og við verðum auðvitað líka að taka tillit til þess að söluskatturinn hefur verið niðurgreiddur, skv. því kerfi sem nú er, um 4,1 milljarð kr. Niðurgreiðsla rafhitunar er 0,2 milljarðar kr. og jöfnunargjald nettó er 200 millj. kr. þannig að söluskatturinn skilar nettó um 34,3 milljörðum kr. Þetta er auðvitað sú tala sem ég hef ritað hér upp og fengið upplýsingar um. Ég er ekki að segja að öll kurl séu komin til grafar en hitt gefur auga leið að skekkjan eða þær villandi upplýsingar sem fjmrn. gefur nema um 5 milljörðum kr. og 500 millj. kr., eða hálfum milljarði, betur.

Það má auðvitað spyrja sig að því úr því að Alþingi er að leggja verulegt fjármagn til þess að reka nýja deild sem heitir hagdeild fjmrn. hvort einhver ástæða sé til þess á fjárlögum að verja fé til deildarinnar ef hún á að vera einhvers konar svikamylla fjmrh., ætluð til þess að gefa þm. rangar upplýsingar. Það er auðvitað með öllu ólíðandi og getur ekki gengið upp.

Ég skil á hinn bóginn að uppsetningin eins og hún er sett hér í þessari töflu, þegar talað er um að söluskatturinn hefði gefið af sér 39,8 milljarða og virðisaukaskatturinn 37,8, er með þeim hætti að sú niðurstaða er gefin fyrir fram að mismunurinn verði 2 milljarðar kr. í nettóinnkomu fyrir ríkissjóð og af þeim sökum þurfi að bæta ríkissjóði upp þessar tekjur. Þetta er formúla sem hæstv. fjmrh. var nauðsynlegt að finna upp af þeim ástæðum að hann hefur nú, með samþykki Alþfl. í óðagotinu sl. fimmtudag þegar Alþfl. var ekki með sjálfum sér, ákveðið og fengið Alþfl. til að skrifa upp á þrenns konar nýja skattlagningu, tekjuskatt upp á 1,4 milljarða, orkuskatt upp á 250 millj. og bílaskatt upp á 350 millj. Það eru einnig 2 milljarðar kr. Þetta er það sem blasir við.

Annað sem blasir við er að hæstv. fjmrh. og talsmenn hans höfðu, meðan þeir voru uppi með hugmyndir um að hafa virðisaukaskattinn í einu þrepi, 26%, mjög við orð og létu í veðri vaka að skattkerfisbreytingin mundi ekki gefa af sér auknar tekjur í ríkissjóð. Hæstv. fjmrh. lét í veðri vaka að það væri alls ekki hugmyndin með skattkerfisbreytingunni að ná nýjum tekjum í ríkissjóð. Nú er á hinn bóginn komið í ljós að þetta hefur ekki reynst rétt vegna þess að þegar búið er að taka tillit til hinna ýmsu liða inn og út í sambandi við virðisaukaskatt og í sambandi við söluskatt virðist vera sem virðisaukaskatturinn, jafnvel enn þann dag í dag, gefi eilítið meira af sér en 25% söluskattur hefði gefið. Ég skal ekki fullyrða hvort við séum þar að tala um 200 millj. kr., kannski 700 millj. Þetta fer eftir því hvernig dæmið er reiknað, en það er náttúrlega augljóst mál að fjh.- og viðskn. mun fara rækilega ofan í saumana á því og hagdeild fjmrn. verður krafin sagna um það hvernig hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að nettótekjur af óbreyttu söluskattskerfi hefðu verið 39,8 milljarðar fyrir ríkissjóð.

Herra forseti. Þessi tafla á að vera til upplýsingar. Hér er látið eins og ekki hafi verið um neinn uppsafnaðan endurgreiddan söluskatt að ræða. Þetta eru fjórar tölur sem eiga að gefa heildarmynd af því hvernig tekjum af þessum tveimur ólíku sköttum sé háttað, engin útfærsla, engar skýringar. Ástæðan fyrir því er auðvitað sú að hæstv. fjmrh. kærir sig ekki um að leggja spilin á borðið. Kannski er mesta falsið í því sem fjmrh. segir sú uppsetning hans að matvæli muni á næsta ári lækka mjög verulega. Hann talaði um 10% einhvern tíma. Ég man ekki hvort hann er kominn niður í 8% núna. Óhjákvæmilegt er að lesa úr fréttatilkynningu dags. 5. des. þar sem vikið er að þessu atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Skatturinn er í einu þrepi að því er varðar smásölu og allan útreikning. Helstu tegundir innlendra matvæla munu þó vegna endurgreiðslunnar lækka við skattkerfisbreytinguna um áramót um 8–9%. Þess er vænst að almennt vöruverð lækki sem nemur um 1%, bæði vegna þessarar matvælalækkunar, vegna þess að skatthlutfallið lækkar frá söluskattinum, og vegna almennra lækkunaráhrifa nýja kerfisins.“

Ég hef flett því upp í fjárlagafrv. hversu miklar niðurgreiðslur hafi verið á þessu ári og þær eru um 4,1 milljarður kr. Í greinargerð stendur að niðurgreiðslur á þessu ári séu um 4,1 milljarður kr. Sama talan er síðan í fjárlagafrv. fyrir næsta ár til niðurgreiðslu. Niðurgreiðsla á vöruverði: 4 milljarðar 53 millj. Hækkun 0%. Ég hygg að öllum hv. þdm. sé kunnugt að fjmrh. er óheimilt að verja frekari fjárhæðum til niðurgreiðslu en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Síðan segir í þessari fréttatilkynningu: „Vert er að vekja athygli á því að eðlismunur er á þeirri endurgreiðslu sem hér er lögð til og hefðbundnum niðurgreiðslum á búvörum. Niðurgreiðslur hafa á hverjum tíma verið ákveðnar af ríkisstjórninni, í fjárlögum og með sérstökum hætti, og hafa þær verið mjög breytilegar á milli ára og árstíða. Endurgreiðslurnar yrðu hins vegar bundnar í virðisaukaskattslögunum sjálfum og allar breytingar á þeim eru háðar meirihlutavilja Alþingis.“

Hér lýsir fjmrh. því yfir í yfirlýsingu sem hann sendir

fjölmiðlum að kveðið sé skýrt á um það í lagafrv. að niðurgreiðslan sé á hverjum tíma bundin í lögunum um virðisaukaskatt. Ef hins vegar texti lagafrv. er skoðaður kemur í ljós að þetta er uppspuni, hreinn uppspuni, og auðvitað mjög alvarlegur hlutur þegar embættismenn fjmrn., á ábyrgð fjmrh., senda frá sér plögg af þessu tagi. Nú skal ég lesa upp þann texta, með leyfi hæstv. forseta, sem fjallar um þetta atriði, en hann hljóðar svo:

„Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur samtals af þessari matvöru, að teknu tilliti til endurgreiðslunnar, verði sem næst 14% í stað 24,5%. Fjmrh. ákveður með reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein, svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar."

Nú vill svo til að Ríkisendurskoðun er ekki lengur undir fjmrh., heldur vinnur Ríkisendurskoðun á ábyrgð Alþingis og ég mun að sjálfsögðu, til þess að tryggja það að sú niðurgreiðsla á þessum matvörum nái fram að ganga sem er vilji ríkisstjórnarinnar, óska eftir því að Ríkisendurskoðun komi á fund fjh.- og viðskn. og svari þessari beinu spurningu: Hvort er ráðandi sú fjárhæð sem Alþingi samþykkir til niðurgreiðslu á búvörum eða óljóst orðalag af þessu tagi: sem verði sem næst 14% í stað 24%? Ég hef margsinnis komið að löggjöf í fjh.- og viðskn. og hef setið í þeirri nefnd um margra ára bil og var um skeið formaður þeirrar nefndar. Ég fullyrði að lagatúlkun af þessu tagi, að almenn viljayfirlýsing í sérlögum sé ráðandi um fjárútlát Alþingis, er röng. Hún er röng. Og það er auðvitað siðlaust af hæstv. fjmrh. að gefa annað í skyn í fréttatilkynningu til fjölmiðla. Á hinn bóginn liggur það alveg ljóst fyrir og við sjálfstæðismenn getum hjálpað honum að orða þá tillögu, og hún er einfaldlega þannig að virðisaukaskatturinn verði tvö þrep. Annað þrepið sé 14% og hitt þrepið sé 25%. *Það er sá eini rétti texti sem hægt er að hafa í* skattalögum til þess að tryggja að framkvæmdin sé með þeim hætti sem hér hefur verið talað um.

Ég vil sérstaklega spyrja hv. 5. þm. Norðurl. e. sem sæti á í fjh.- og viðskn. hvort hann sé ekki opinn fyrir því að við reynum að ná því orðalagi til þess að ná þessum markmiðum sem tryggi tilganginn, að við leitum eftir því við Ríkisendurskoðun hvort þetta sé fullnægjandi orðalag, spyrjum hana ef hún telur að svo sé ekki hvaða breytingar þurfi að gera á lögunum til að ná þessu fram. Ég veit auðvitað svarið hjá þessum hv. þm. Hann kom hingað inn í þingið ungur og óreyndur og tók þátt í umræðum utan dagskrár og var þá að reyna að standa uppi í hárinu á hæstv. fjmrh. og segja: Við í Framsfl. viljum tvö þrep. Ég er búinn að sjá í gegnum þetta og þetta eru allt saman blekkingar. Eins og þetta mál er lagt upp af hæstv. fjmrh. lækka matvörur ekki um eina einustu krónu. Þetta voru ummæli hans hér í Sþ. þegar hann gætti ekki að því að spyrja þá reyndari þingmenn Framsfl. um það hvað hann mætti segja. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Fumið og fátið kom á ríkisstjórnina á fimmtudaginn var, kratar urðu vitlausir, og nú liggur það fyrir að það er búið að setja handjárn á þennan ágæta þingmann að norðan. Og hann mun vitanlega ekki treysta sér til þess að standa með okkur sjálfstæðismönnum og Kvennalista um það að hafa þrepin í virðisaukaskattinum tvö, að tryggja það að verð á þessum matvörum sem hér um ræðir verði í samræmi við þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið og í samræmi við þær yfirlýsingar sem hafa komið frá verkalýðshreyfingunni.

Ég get ekki skilið — að vísu ber að játa það að í þeirri ágætu grg. sem fylgir fjárlagafrv. er svona einhver ógreinilegur orðavaðall um niðurgreiðslur sem enginn maður skilur og allra síst hæstv. fjmrh. En þessum ógreinilega orðavaðli er ætlað að gefa það í skyn að niðurgreiðslurnar á næsta ári verði 5 milljarðar í staðinn fyrir 4 eins og mér er sagt að eigi að skilja hin undarlegu ummæli í reglugerðinni. Eftir sem áður liggur það fyrir vegna þess að það er talað um það í áætlun ríkisstjórnarinnar sjálfrar, þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem við vitum að auðvitað stenst ekki — auðvitað verður verðbólgan meiri en þar er talað um — að verðbólguvöxturinn núna á milli ára sé í kringum 24%, frá 1989–1990. Ég mun að sjálfsögðu biðja um það í fjh.- og viðskn. að fjmrn. stilli nú upp dæmi, láti okkur þingmenn í stjórnarandstöðunni fá upplýsingar um það hvernig þetta er hugsað, hversu mikið af þessari fjárhæð á að falla til á fyrsta ársfjórðungi, hversu mikið á öðrum ársfjórðungi, hversu mikið á þriðja ársfjórðungi, hversu mikið á fjórða. Einmitt þetta atriði stendur hér í þessari ágætu yfirlýsingu sem er mjög merkilegt: „Reglugerð um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts á matvöru, en drög að henni verða lögð fyrir þingnefndir samhliða afgreiðslu frv." Og nú reynir á þetta hjá hæstv. ráðherra: ætlar hann að standa við þetta? (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Ætlar hann að gera okkur grein fyrir þessu? (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Og þá reynir á það hjá t.d. *þingmanni Norðlendinga* sem álpast að styðja Framsfl. hvort hann muni ekki standa að þessu með mér að við fáum fullnægjandi skýringu á þessu máli. (**JGS:** Því miður, Halldór, sit ég ekki í þeirri nefnd með þér sem þú ert margbúinn að brýna mig á.) Nú, ég bið afsökunar á því, en Valgerður sat þar. Já, það er þingmaður Suðurnesja. Ég vona að hv. þm. geti haft áhrif á Suðurnesjamanninn þó að það sé rétt að því hafi fæstir spáð síðan hann frelsaðist þar.

En ég vil um leið, af því að við erum hér að ræða sérstaklega um þessar a.m.k. fjórar reglugerðir sem bíða þess að Alþingi afgreiði stjórnarfrv., geta þess við fjmrh. að ég tek hann alvarlega þegar hann segir að þetta hafi allt saman gengið eftir áætlun, allur undirbúningurinn, og ég tek hæstv. fjmrh. alvarlega þegar hann segir að það hafi verið í áætlunum hans í maímánuði sl. að hann mundi ekki vita 6. sept. hvort hann væri alveg búinn að gera upp við sig hversu margar reglugerðir yrði að gefa út fyrir áramót. Auðvitað veit ég að ráðherra ætlaði í vor að geyma svo afdrifaríkar ákvarðanir til aðfangadags. Dugleg ur á aðfangadag, hæstv. ráðherra, þó að ég segi nú

kannski ekki að jólaljósið sé í kringum hann. En ég held að nauðsynlegt sé að þessi hæstv. ráðherra láti okkur fá, bara núna fyrir helgina — það væri ágætt, það verður að vísu fundur í fjh.- og viðskn. bæði í fyrramálið og sennilega á föstudagsmorgun og ég kvarta ekkert undan því þó að við fáum ekki þær reglugerðir sem eru óútkomnar fyrr en á föstudaginn, en það er nauðsynlegt að við fáum allar þessar reglugerðir í nefndina og það er nauðsynlegt að við fáum nákvæman útreikning á því hvað virðisaukaskatturinn gefur af sér, hvernig þetta er hugsað og líka að við förum alveg yfir það hvort þetta sé rétt mat sem fjmrn. hefur þarna sett fram um nettótekjur söluskattsins því að ef það skyldi nú vera svo að söluskatturinn gefi minna af sér en sagt er hér í þessari áætlun fjmrn. þykist ég vita að hæstv. fjmrh. muni reiðubúinn til þess að lækka virðisaukaskattinn sem því nemur og þá gæti þar orðið um 1–2 þrep að ræða.

Það er auðvitað alveg ljóst að útgjöld úr ríkissjóði, niðurgreiðsluútgjöld úr ríkissjóði, eru óheimil nema Alþingi samþykki í fjárlögum. Það eiga menn að vita þó að þeir séu ekki prófessorar í stjórnmálafræði.

Í 26. gr. laganna, í þeim kafla sem fjallar um uppgjörstímabil gjalda o.fl., er í frv. gerð tillaga um að umorða 3. mgr. Þar er gert ráð fyrir að hin nýja grein hljóði svo:

„Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu." Það er náttúrlega slíkt ofríki sem felst í þessari mgr. að mér dettur ekki eitt andartak í hug að þetta fái meirihlutafylgi þingmanna. Ég held raunar að þingmenn stjórnarinnar hafi ekki áttað sig á því hvað hér er um að ræða og heldur ekki því sem stendur í 11. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að sú breyting verði gerð á 27. gr. að álag skuli vera 2% af þeirri fjárhæð sem *vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga* og þó ekki hærri en 20%. Mér dettur ekki í hug eitt andartak að hæstv. fjmrh. hafi sýnt stjórnarþingmönnum þessi ströngu ákvæði sem ganga svo nærri atvinnurekstrinum að engu tali tekur og þá allra síst af fjmrh. sem hefur svo mismunað fyrirtækjum að sum fyrirtæki hafa fengið víkjandi lán hjá þessum sama fjmrh. til þess að greiða sínar skuldbindingar. (Gripið fram í.) Og ég spyr: Ef við trúum þeim verðbólgumarkmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér, *dettur þá einhverjum í hug að hægt sé vera með* 2% dráttarvexti á dag, að á 10 dögum sé hægt að taka 20% dráttarvexti af virðisaukaskatti? Hvað haldið þið að yrði sagt um annað eins og þetta í nálægum löndum? Menn geta rétt ímyndað sér það. Annars vegar segir ríkið að það megi skuldajafna hvaða skatti sem er á móti virðisaukaskattinum, endurkröfunni, og hins vegar segir fjmrh.: Við ætlum að taka okkur 2% á dag í refsivexti — 2% á dag. Ríkisstjórn sem er enn að þyngja skattbyrðina og ræðst að fólki bókstaflega *hvarvetna*. Auðvitað er það með öllu óhugsandi að stjórnarþingmenn hafi gengið inn á þetta. Það ber á hinn bóginn vott um hugsunarhátt þessa ágæta ráðherra, sem við þekktum best þegar hann skrifaði mest í Þjóðviljann, að geta aldrei þolað að neinn atvinnurekstur sé í sæmilegu lagi, sé rekinn með hagnaði, og stendur á móti því að eðlileg rekstrarskilyrði séu í fyrirtækjum hér á landi.

Hann var að tala um mikilvægi markaðarins í Evrópubandalaginu hér áðan í lok ræðu sinnar, og hann var að tala um að virðisaukaskatturinn væri mikilsvert þrep til þess að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja ef framkvæmdin gengi vel. (**GHG:** Þeir töluðu ekki svona á sínum tíma þegar þeir voru á móti virðisaukaskattinum.) Ég var búinn að minna hann á það. Ég er búinn að minna formann Alþb. á að það sé ánægjulegt fyrir okkur sjálfstæðismenn að sjá að þeir verða að framkvæma það sem við réðum að var lögfest þó að við á hinn bóginn höfum lýst því yfir að við berum kvíðboga fyrir framkvæmdinni vegna þess að hann skattleggur of mikið og vegna þess að undirbúningurinn er í molum. Og þetta er einmitt eitt dæmið um það lögregluríki sem þennan mann fýsir að stofna hér á Íslandi og ágætir menn eins og Bolvíkingar eru að reyna að standa á bak við. En alltaf er nú Bolvíkingurinn órólegur þegar maður minnir hann á það, ekki getur hann orða bundist og tautar með sjálfum sér: Hvernig í ósköpunum stendur á þessu?

Þessi refsiákvæði eru fráleit og út úr öllum hlutföllum og geta auðvitað ekki gengið upp.

Í X. kafla laganna er fjallað sérstaklega um landbúnað. Mér er ókunnugt um hvort einhver reglugerð hefur komið út um það atriði. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. fjmrh. að því tilefni hvenær hann hugsi sér að virðisaukaskatturinn falli í gjalddaga. Nú er það svo að bændur leggja dilka sína inn í septembermánuði, inn í sláturhúsið til sláturleyfishafa. Það þýðir að endurgreiðsla ríkissjóðs á virðisaukaskatti á sláturafurðum fellur í gjalddaga 5. des. vegna þess að virðisaukaskatturinn fellur allur í gjalddaga af sauðfjárafurðum um leið og dilkarnir eru leiddir í sláturhúsið. Og ég vil spyrja hann að því hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að endurgreiðslan á virðisaukanum til sláturleyfishafanna fari fram þennan dag. Ég vil jafnframt spyrja hann að því hvenær hann ætlist til þess að bændur skili þeim virðisaukaskatti sem þeir fá í hendur.

Nú vitum við að t.d. á þessu ári hefur dregist að bændur fái sömu skil og vant er vegna þess að hæstv. *fjmrh. stóð ekki í skilum með niðurgreiðslur eins* og honum bar að gera og spurningin hlýtur þá að vera sú: Hvenær ætlast hann til að sauðfjárbændur skili ríkissjóði þessum virðisaukaskatti?

Sláturleyfishafar eru mjög misjafnlega settir. Sumir eru fjárhagslega sterkir, aðrir ekki. Ætlar hann að halda uppi virðisaukaskattskröfunni á sauðfjárbóndann þó svo að fyrir liggi að hann hafi ekki fengið nema lítinn hluta dilkverðsins greiddan?

Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri þessu máli *rækileg skil hér á eftir. Það mundi mjög flýta fyrir* vinnu í fjh.- og viðskn. en það hittist svo á að við höfum einmitt beðið Stéttarsamband bænda um að

hitta okkur í fyrramálið og þá væri gagnlegt ef hæstv. ráðherra sýndi nú lit og kæmi til móts við nefndina og gæfi skýringu á þessu.

Í sambandi við 34. gr. vil ég aðeins segja að þar er gert ráð fyrir að fjmrh. geti gefið greiðslufrest á virðisaukaskatti á innflutning. Nú hef ég ástæðu til að ætla að hæstv. fjmrh. hafi ekki í hyggju að gefa þennan greiðslufrest og vil ég nú spyrja hann þeirrar spurningar hvort það sé rétt. Er það virkilega svo að hæstv. fjmrh. ætli ekki að gefa greiðslufrestinn? Ef hann gefur ekki greiðslufrestinn þá þýðir það að fjárbinding verslunarinnar mun leiða til hækkunar á vöruverði sem nemur 1–2% og auðvitað liggur það ljóst fyrir ef innkaupsverð á smávöru, til að mynda, hækkar á einum degi um 26%, þá mun það valda samsvarandi hækkunum á þessari smávöru og gerðist þegar vinstri stjórn Gunnars Thoroddsens afnumdi núllin tvö og þessi hv. þm. barðist sem mest fyrir. Þá munum við eftir því að í janúarmánuði 1982 reið mikil hækkunaralda yfir þjóðfélagið og það sama mun auðvitað gerast núna ef það á að leggja 24,5% virðisaukaskatt á allan innflutning. Það mun verða mikil tilhneiging til að leggja prósentuhækkun á, sömu prósentuhækkun og núna, og auðvitað þarf meiri álagningu til að standa undir fjárbindingu sem hefur kostnað upp á 1–2% í för með sér. Spurningin er hins vegar, var það svo þegar fjmrn. var að reikna út lækkunina á framfærsluvísitölunni að þeir gleymdu að reikna með því að þetta þýddi útgjöld fyrir verslunina? Þess hefur oft orðið vart hjá ráðherranum að hann skilur ekki að ef ríkissjóður tekur peninga frá atvinnurekstrinum, þá þýðir það að atvinnureksturinn tapar því sama fé.

Um þetta þurfum við að fá skýr svör, bæði vegna verslunarinnar og ekki síður vegna iðnaðarins.

Þá vil ég aðeins minnast á reglugerð sem ég hef að vísu ekki kynnt mér nægilega til að ég þori að fara um hana mörgum orðum. Mér sýnist reglugerðarsmíðin út af fyrir sig vera í lagi, það er reglugerð um hversu farið skuli með sjávarafla. Í því kynningarviðtali sem hæstv. fjmrh. átti í sjónvarpinu fyrir viku kom fram að hann væri, þrátt fyrir sínar áætlanir, ekki undir það búinn og ríkissjóður væri ekki undir það búinn að endurgreiða fiskvinnslunni eftir þeim reglum sem hér er gert ráð fyrir, að þeir geti fengið endurgreiðslu á þeim virðisaukaskatti sem þeir greiða útgerðinni. Eftir viku, stendur í reglugerðinni, en ráðherra talaði um það í þessum sjónvarpsþætti að það mundi taka ríkissjóð hálft ár að aðlagast þessu nýja kerfi. Hann rökstuddi það með því að ríkissjóður hefði ekki ráð á því að taka þessar byrðar á sig. Nú spyr ég hann: Ef ríkissjóður sem hefur skattlagningarvaldið og beitir því ótæpilega hefur ekki ráð á því að taka byrðarnar á sig, heldur hann virkilega að fiskvinnslan í landinu hafi ráð á því? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra gefi skýr svör um það hvort endurgreiðslufyrirkomulagið varðandi fiskvinnsluna muni ganga í gildi strax um áramótin eða hvort hann gerir ráð fyrir því að það eigi að dankast svona eitthvað fram eftir ári. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, mín spurning er mjög skýr.

Ég vil í sambandi við endurgreiðslur á virðisaukaskatti í byggingariðnaði taka tvennt fram: Annars vegar nær það náttúrlega engri átt að jafnflókið kerfi og þetta skuli ekki þegar liggja fyrir, að reglugerð skuli ekki komin út. Það er nauðsynlegt að þetta kerfi sé skýrt og einfalt í framkvæmd, ekki aðeins vegna þeirra iðnaðarmanna sem vinna við byggingariðnaðinn heldur líka vegna þeirra einstaklinga sem eru með framkvæmdir og þurfa að greiða jafnharðan þann kostnað sem þeir leggja í.

Hér er talað um að reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarbyggingar þurfi að bíða þess að Alþingi afgreiði stjfrv. Ég skil ekki alveg í hvaða samhengi það er. Er hæstv. ráðherra ekki búinn að jafna liðið? Stendur eitthvað til að einhverjir stjórnarsinnar fari að prjóna upp? Er ekki ráðherrann búinn að ákveða hvernig lögin eiga að líta út og hefur hann þá ekki allar forsendur til þess að senda frá sér reglugerðina undir eins? Eða dettur honum í hug að við í fjh.- og viðskn. sættum okkur við að okkur sé synjað um að fá fyllstu upplýsingar um þetta atriði?

Það liggur þegar fyrir og það er viðurkennt í þessu frv. hér að breytingin mun hafa í för með sér 1% hækkun á byggingarkostnaði, sem er verulegt, að mati fjmrn. En hvað haldið þið að verði svo þegar til stykkisins kemur?

Hitt er kannski enn þá verra, en þar var áður við formann Alþfl. að etja, þegar lögin voru sett, nú er það formaður Alþb., að hér er gert ráð fyrir því að til þess að virðisaukaskattur verði endurgreiddur við viðhald og endurbætur þurfi heildarkostnaður á einu almanaksári að vera a.m.k. 7% af fasteignamati. Það er verulegur kostnaður, mjög verulegur kostnaður. Af sæmilegri íbúð, góðri íbúð, sem kostar 10 millj., erum við að tala um 700 þús. Ef íbúðin kostar 5 millj. erum við að tala um 350 þús. Til þess að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan þarf að leggja í 350 þús. kr. fjárfestingu, sem skatturinn viðurkennir sem endurbætur. Það er alls ekki allt, öll viðgerðin er ekki viðurkennd sem endurbætur af skattinum þannig að heildarkostnaður yrði talsvert meiri. Við sjáum að þetta er í algjörum undantekningartilvikum sem um slíkt yrði að ræða. Auðvitað þýðir þetta ekki annað en það að svartur markaður í sambandi við viðhald og endurbætur á húsum mun aukast, auðvitað þýðir það það, ef núna á fara að láta fólkið, sem ekki fær viðhaldskostnaðinn frádráttarbæran við álagningu tekjuskatts ofan á aðra skattheimtu í landinu, borga 24,5% refsigjald af þeirri vinnu sem á að fara fram við það að halda húsunum sæmilega við, þegar einmitt ríður á að halda utan um þær eignir sem til eru í landinu og hið opinbera ætti frekar að reyna að stuðla að því að fólk héldi húsum sínum sæmilega við. Þetta atriði verður líka rætt rækilega í nefndinni og ég trúi ekki öðru en því að menn muni almennt fordæma svo fáránlegt ákvæði sem þetta. Og að reyna að halda því fram að þetta stuðli að betri skattheimtu en ella er náttúrlega út í hött. Þetta þýðir einfaldlega að ríkið verður ekki aðeins af virðisaukaskattinum af vinnu þessa fólks sem vinnur við endurbæturnar, heldur líka

tekjuskattinum. Það er óhjákvæmilegt. Menn borga ekki svona þegjandi og hljóðalaust. Þetta er rangt.

Það er auðvitað alveg rétt hjá ráðherranum að það hefur nokkra lækkun í för með sér að tryggingariðgjöld bera ekki virðisaukaskatt og kom heldur aldrei til greina. Fáránlegt hins vegar að leggja söluskatt á tryggingariðgjöld. En þetta er nú ekki neinn nettósparnaður fyrir fólkið í landinu vegna þess að ráðherrann ætlar um leið og hann gefur þarna — ég ætla nú ekki að segja drottinn gaf og drottinn tók, því ég auðvitað líki þeim ekki saman — en ráðherrann tekur og ráðherrann tekur og hann ætlar að gefa pínulítið eftir í sambandi við tryggingarnar en hann ætlar í staðinn að leggja 350 millj. á umferðina. Nú þýðir ekki fyrir hann að vísa til þeirra talna sem eru í fjárlagafrv. í sambandi við það sem tekjustofnar umferðarinnar gefa af sér, þeir renna í Vegasjóð, vegna þess að samgrh. er búinn að skýra frá því eða láta sína menn skýra frá því í fjvn. að það hafi aldrei staðið til að skera vegalögin niður um milljarð. Það hefur bara staðið til að skera vegalögin niður um 450 millj. Þannig að þar er ráðherrann með nýjan skatt í vasanum, 550 millj., sem hann ætlar að leggja á samkvæmt þeim heimildum sem hann hefur í þeim lögum en er að reyna að draga úr skattheimtunni núna með því að segja: Af því að ég ætla ekki að gera þetta þá verðið þið núna að borga 350 millj. í ríkissjóð af umferðinni, svo kemur hitt á eftir, í sambandi við vegáætlun.

Þarna er því um hreina þyngingu að ræða ef eitthvað er að marka það sem varaformaður Alþb. segir að formaður Alþb. ætli að gera. Að vísu var það nú svo á fundinum að samkomulagið og trúnaðurinn var ekki allt of mikill milli þessara tveggja manna. Hæstv. fjmrh. er í svona pínulítilli fýlu yfir því að samgrh. skyldi verða varaformaður Alþb., pínulítilli fýlu. Og það getur vel verið að hann reyni þess vegna pínulítið að standa á móti því að samgrh. fái eðlilegar fjárveitingar. Það er búið að dusta og bursta landbrh., hann þorir nú varla að fara einsamall um sveitir landsins upp á síðkastið. En það getur vel verið að hann reyni að koma til móts við hann eitthvað í þessu. Þarna liggur sem sagt fyrir ákveðin skattheimta til viðbótar við það sem við höfum núna, upp á hálfan milljarð, 500–550 millj., þannig að ráðherra kemur ekki beint fram í þessu máli.

Ef ég fer með rangt mál þá lýsir fjmrh. því náttúrlega yfir á eftir að það standi að vegalögin verða skorin niður um milljarð. En þá vorkenni ég nú samgrh. að fara út á land, ég held hann þori þá ekki að fara út á land sem samgrh. Ég held hann verði þá bara að vera í Reykjavík. Ég held það sé þá best fyrir hann að vera þar.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að fara frekar í þessi mál. Ég hef gert hér grein fyrir því í stuttu máli að í þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka virðisaukaskatt um 2,5%, það er fjárhæð sem leikur á fjórum milljörðum króna. Það liggur ekki fyrir og hefur ekki verið gerð nein grein fyrir því hvaða peninga eigi að nota til þess að lækka matarverðið en fjmrh. er alltaf að reyna að vera snjallari en hann sjálfur og er alltaf jafnhissa eftir á þegar hann er það ekki. Hann er að reyna að lækka almennt vöruverð í landinu og almenna þjónustu með skatti sem í krónutölu gefur ívið meira af sér til ríkisins en sá skattur sem fyrir var. Auðvitað er ekki hægt að lækka almennt vöruverð í landinu og þjónustu í landinu ef það sem ríkið hefur út úr skattinum er það sama. Hver er það sem ber skattheimtuna? Er það ekki fólkið í landinu? Ef ráðherrann kemur hér með skatt og hann gefur ríkissjóði sömu tekjur og söluskatturinn, hvernig í veröldinni getur hann þá lækkað vöruverð í landinu? Það stendur sem við höfum sagt, þessi breyting hefur í för með sér að heildarskattheimtan í landinu hækkar um tvo milljarða. Þegar öll kurl eru komin til grafar, tekið tillit til jöfnunargjaldsins sem er upp á ½ milljarð og alls þess sem vantar á vegna söluskattsins, þá þýðir þessi breyting að tekjurnar verða þær sömu, þýðir að byrðar þjóðarinnar af þessu verða þær sömu og þýðir að það sem hæstv. ráðherra hefur sagt um annað eru blekkingar. — [Fundarhlé.]

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að segja nokkur orð í þessari 1. umr. um frv. til l. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, en þó verð ég að hafa hér fyrst af öllu nokkur orð um vinnubrögð. Það er undarlegt lögmál — ég vil ekki segja náttúrulögmál — sem ríkir hér á Alþingi fyrir hvert þinghlé, fyrir jól og eins á vorin, að það skuli þurfa að viðhafa þetta vinnulag, að veigamiklar breytingar á lögum eins og hér er um að ræða eða þá yfirgripsmiklar kerfisbreytingar skuli ekki vera reiðubúnar fyrr en svo stutt lifir eftir af þinghaldi. Mér skilst að við eigum í vændum fjöldann allan af málum sem beðið er um að afgreiða fyrir jólaleyfi þingmanna. Í þau sex ár sem ég hef starfað hér hefur þetta orðið raunin á hverju einasta ári. Auðvitað hlýtur skipulag vinnunnar að ráða því hvenær tekin eru fyrir svona veigamikil mál, hvenær þessi stóru mál eru tekin fyrir. Þrásinnis höfum við lent í því að þurfa að kasta höndum til verka af því að allt of lítill tími gefst til þess að sinna þessum málum og bæði ráðherrar og þm. vita að þeir eru að afgreiða mál sem hafa marga lausa enda og síðan þarf að senda t.d. í milliþinganefnd þar sem þarf að lagfæra þau áður en þau verða nothæf sem lög til framkvæmda. Þetta er náttúrlega óviðunandi. Ég hlýt að lýsa yfir furðu á því að jafnvel þegar ríkisstjórnirnar yngjast og í þær koma menn sem ættu að hafa lært annað vinnulag, þá virðast þeir viðhafa sömu vinnubrögð. Það væri áhugavert að heyra bollaleggingar hæstv. ráðherra um það hvers vegna þetta þurfi að vera. Það er skiljanlegt að sumu leyti því þarna er um stóran vinnuhóp að ræða. Ríkisstjórnin er ekki lítill hópur og eflaust misjafnlega auðveldur viðfangs. Það þarf að koma sér saman um hluti og þá vík ég að því sem hæstv. ráðherra minntist á í upphafi máls síns að nefnd hefði verið skipuð þar sem stjórnarandstöðu hefði gefist kostur á að ræða þær breytingar sem fyrirhugaðar voru á virðisaukaskatti. En ég vil gagn-

rýna að á síðari stigum þess máls, þegar einmitt var um mjög viðkvæm ágreiningsatriði að ræða eins og t.d. ákvörðun um það hvort skattur yrði á matvælum og þá, ef hann yrði, hversu hár hann yrði, hvort skatturinn yrði yfirleitt í tveim þrepum og hversu há prósenttala skattsins yrði. Þetta eru auðvitað mjög veigamikil mál en stjórnarandstaðan var ekki með í ráðum þegar þessi atriði voru til umfjöllunar og ég vil leyfa mér að gagnrýna það.

Hæstv. ráðherra minntist á að það hefði ekki áður gerst að skatthlutfall lækkaði þegar gerðar væru breytingar á skatti eins og þessum. En þá vil ég minna hæstv. ráðherra á að enn er þessi virðisaukaskattur með þeim hæstu sem gerast meðal Evrópulanda þannig að þó að hann hafi lækkað ívið frá því sem honum var upphaflega ætlað að vera, þá er hann samt enn mjög hár. Það vil ég minna bæði hæstv. ráðherra á og vekja athygli hv. þm. á. Þetta er mjög hár virðisaukaskattur. (**Gripið fram í:** Það var ekki verið að lækka hann, það var verið að hækka hann frá lögunum.) Já, það er verið að hækka hann frá þeim lögum sem samþykkt voru á Alþingi og áttu að taka gildi nú um áramótin. Í þeim er honum ætlað að vera 22% þannig að hér er í raun og veru um hækkun að ræða upp í 24,5%. En núverandi söluskattur er 25%. (Gripið fram í.) Já, en hins vegar hafa hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hamrað á því að skatthlutfallið hafi lækkað. Það er náttúrlega til þess að gera þennan skatt girnilegri og þolanlegri í augum þjóðarinnar því að hér er auðvitað um óvinsælan skatt að ræða.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hér væri um að ræða, ef ég man rétt, „umfangsmiklar skattkerfisbreytingar sem sköpuðu óvissu á mörgum sviðum" og það er víst alveg rétt. Í raun og veru má ráða það bæði af máli hans, af frv. sjálfu og af því sem sagt hefur verið um þessar breytingar að menn vita í raun ákaflega lítið hver áhrif þessar breytingar munu hafa í þjóðlífinu. Það hefur t.d. verið reiknað út að lækkanir verði á ákveðnum atriðum og hækkanir e.t.v. á öðrum. En þetta eru í raun og veru allt saman ágiskanir. Þetta eru allt saman spár sem enginn veit hvernig munu rætast. Í þessu eru margar breytur og mjög margir óvissir þættir.

Ég lýsi yfir mikilli óánægju okkar kvennalistakvenna með að enn skuli hér í þessum virðisaukaskatti vera skattur á matvæli. Okkur finnst þetta eftir sem áður vera afar óréttlátur og heimskulegur skattur. Hann er óréttlátur gagnvart heimilunum þrátt fyrir þær endurgreiðslur sem fyrirhugaðar eru. Og ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra hefur enn ekki í raun upplýst okkur um hvernig þessar endurgreiðslur munu fara fram. Við höfum enn ekki fengið í hendur reglugerð. Að vísu stendur í athugasemdum um 13. gr. að frádrátturinn verði á söluverði matvörunnar á heildsölustigi hvað mjólk og dilkakjöt varðar, en að mestu á smásölustigi þegar fiskur og innlent grænmeti á í hlut. En ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra og hv. þm. á því að einungis er um að ræða ákveðnar, tilteknar tegundir matvæla. Skatturinn er í raun tekinn af öllum öðrum tegundum matvöru og af öllum öðrum tegundum vöru nema þar sem tekið er fram um undanþágur og þær eru ekki margar. Þess vegna er miklu líklegra að skatturinn leiði í raun til almennra hækkana og verði íþyngjandi fyrir heimilin vegna þess að einungis er um takmarkaðan fjölda matvara að ræða. En í 13. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. ákveður með reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa mgr. svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar."

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra, er von á einhverjum fleiri tegundum matvöru? Því einungis eru tilteknar neyslumjólk, dilkakjöt, neyslufiskur og ferskt innlent grænmeti. Hvað er átt við með því að fjmrh. ákveði með reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa mgr.? Eru það ekki allar tegundir þessarar matvöru sem taldar eru upp þarna? Er verið að veita hér heimild til takmörkunar eða er von á einhverjum fleiri?

Síðan vil ég benda hæstv. ráðherra á það að ferskt innlent grænmeti er yfirleitt ekki á boðstólum nema takmarkaðan tíma ársins, því miður. Það þýðir að það grænmeti sem fólk neytir á vetrarmánuðum, utan einstaka tegunda suma vetrarmánuðina, er yfirleitt erlent og það þýðir í raun að nær helming ársins greiðir fólk fullan virðisaukaskatt af grænmeti sem er bæði holl og veigamikil matvara.

Ég tel í raun að það sé mikil óskhyggja í máli hæstv. ráðherra. Ég tel að hann viti í raun ekki fyllilega né samstarfsmenn hans hvernig þessi veigamikla skattkerfisbreyting muni verka þegar til kastanna kemur. Hann er búinn að kynna fyrir okkur spár sínar um það að matvara muni að öllum líkindum lækka eitthvað, væntanlega í janúar og jafnvel e.t.v. í febrúar. En hann hefur hins vegar ekkert sagt okkur um hvað verður í mars, apríl, maí, júní og það sem eftir lifir ársins. Það er nefnilega mjög líklegt að eins fari hjá okkur og öðrum þjóðum sem tekið hafa upp virðisaukaskatt að hækkun verði á vísitölu, hækkun verði á verðlagi. Það er ýmsum spurningum enn ósvarað í sambandi við upptöku á virðisaukaskatti sem hefur orðið til þess að margir aðilar í þjóðfélaginu hafa farið fram á frestun hans um að minnsta sex mánuði eða jafnvel eitt ár. Það er enn óljóst hver áhrif þetta muni hafa á fyrirtæki, t.d. í framleiðslu og iðnaði. Það er t.d. spurning hvort hægt sé að greiða þessum fyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt með sama hætti í núverandi kerfi og í virðisaukaskatti. Ekki hefur verið svarað spurningum um þá galla sem eru á þessu kerfi, sem varða skattsvikin t.d. Hvort ekki verði í raun jafnmiklir möguleikar á að svíkja undan skatti í virðisaukanum eins og í núverandi kerfi. Því hefur heldur ekki verið svarað hvort allt eftirlit verði ekki flóknara vegna innskattsins og fjölgunar fyrirtækja þannig að það verði í raun miklu dýrara og erfiðara að koma í veg fyrir skattsvik en ætlað er. Það má vænta þess að um mikla aukavinnu verði að ræða hjá fyrirtækjum í byrjun, það verði erfitt fyrir þau og valdi auknum kostnaði að sinna almennu eftirliti í virðisaukaskatti. Þessi kostnaður

gæti haft þau áhrif á fyrirtækin að þau yttu honum út í verðlagið. Það gæti hækkað rekstrarkostnað þeirra og þar með e.t.v. lækkað laun. Og hvaða áhrif hefði það t.d. á ráðstöfunartekjur heimilanna? Ekki síst þegar litið er til vafasamrar stöðu þjóðarbúsins nú.

Hvaða áhrif hefur það t.d. á fyrirtækin og innheimtuna, álagninguna á virðisaukaskatti fyrir ríkissjóð ef kaupgeta launafólks í landinu heldur áfram að lækka eins og hún hefur gert á undanförnum mánuðum og lækkar enn við upptöku skattsins? Hvaða áhrif hefur það t.d. á byggðir landsins, vegna hinna smáu rekstrareininga sem þar eru og eiga í vandkvæðum með að koma þessum skatti til skila þrátt fyrir þá 70–80 fundi sem hæstv. ráðherra segir að haldnir hafi verið auk annarra funda úti á landi? Og hvaða áframhaldandi stuðning hyggst ríkisstjórnin gefa fyrirtækjum og einstaklingum sem ber að skila þessum skatti? Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn og þá hæstv. fjmrh. að styðja fyrirtæki og einstaklinga til þess að standa að skilum í sambandi við þennan skatt? Ef þessi aðgerð reynist í raun mjög illa, því hæstv. ráðherra veit auðvitað ekkert frekar en aðrir hæstv. fjmrh. á undan honum hvernig til muni takast. Þetta er tilraun. Ef hún reynist illa og á eftir að valda miklum mistökum víða vegna óvissu og erfiðleika í framkvæmd, hækkandi vöruverðs, lækkandi launa og verri skilum á skatti, hvað mun hæstv. ráðherra þá taka til bragðs? Hefur hann hugleitt það, eins og maður verður yfirleitt að gera þegar maður gerir tilraunir? Hefur hann hugleitt hvernig hann muni mæta þeim vanda og hvenær hann muni ákveða að gera upp reynsluna af skattinum til þess að meta hver áhrif hann hefur og hvenær honum og ríkisstjórninni beri að grípa inn í til þess að reyna að hafa áhrif til leiðréttingar eða bóta? Hver er hans ábyrgð og annarra stjórnmálamanna í raun sem hafa komið skattinum á? Og það má líka spyrja: Hve miklu eru stjórnvöld tilbúin að fórna vegna þessa skatts? Hvaða ávinningur er það mikill fyrir svona fámennt þjóðfélag sem við Íslendingar byggjum að réttlæti allar þær umbyltingar sem verða vegna hans í þjóðfélaginu?

Ég vil leyfa mér að setja spurningarmerki og koma með miklar efasemdir enn í sambandi við þessa skattkerfisbreytingu og tel að þó að meira sé talað um kosti kerfisins þá hafi alls ekki verið sýnt fram á hvernig eigi að mæta stærstu göllum þess sem engan veginn er ljóst hver áhrif muni hafa í framkvæmdinni.

Ég vil þó víkja lítillega að því sem kemur hér strax fram í 1. gr. frv. og ég tel að sé mjög jákvætt. Þar er tilgreind undanþága frá skattskyldu í eftirtalinni vinnu og þjónustu: Rekstri skóla og menntastofnana og ökukennslu, starfsemi safna, bókasafna, listasafna, náttúrugripasafna og hliðstæðrar menningarstarfsemi, aðgangseyri að tónleikum, leiksýningum og leikhúsum. Ég tel að þetta sé til mikilla bóta. Þegar söluskatturinn var ræddur hér á þingi og matarskatturinn var settur á og einnig þegar virðisaukaskatturinn var ræddur og síðan samþykktur þá báru kvennalistakonur fram brtt. sem vörðuðu það sem við álitum vera nauðþurftir, eins og mat og menningu. Við álitum þetta vera atriði sem bæri að taka tillit til við undanþágu. Þarna hefur menningunni verið skotið inn og er það vel. Síðan hefur verið bætt við hér í 2. gr., breytingar á 4. gr., skólamötuneytum. Ég tel einnig að það sé vel. Sömuleiðis sala tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða, afnotagjöld útvarpsstöðva og ekki síst sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra. Svo og sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis.

En ég hlýt að spyrja, eins og hér hefur áður verið spurt: Hvernig stendur á því að þessi gjalddagi, 16. nóv. árið 1990, er valinn til undanþágu fyrir bækur? Í fyrsta lagi er þarna um að ræða frestun um eitt ár, til þess að reyna að ná meira fé inn í ríkissjóð væntanlega. En þetta er atriði sem vekur strax upp hugsanir hjá öllum þeim sem láta sig skólafólk einhverju varða. Það er svo augljóst mál fyrir alla þá sem þekkja skólafólk að bókakaup þeirra fara fram í það minnsta mánuði eða tveim mánuðum áður og ég hlýt að benda hæstv. ráðherra á það að bókakaup unglinga í skólum eru verulega fjárfrekur liður þegar tekið er tillit til þeirra peninga sem þau geta aflað sér yfir sumartímann. Og ég hlýt að spyrja eins og hér hefur verið spurt áður: Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki fært fram a.m.k. um mánuð eða tvo og tekið sérstaklega tillit til þeirra? Þarna er um mjög veigamikið atriði að ræða, einkum vegna þess að bækur hafa verið mjög dýrar og þau hafa yfirleitt þurft að kaupa nýjar bækur á hverju hausti vegna þess að oft er skipt um kennslubækur, í framhaldsskólum sérstaklega. Ég vil vekja athygli á því að einmitt þegar þessi mál voru til umræðu, þ.e. söluskatturinn, fluttu kvennalistakonur frv. til laga hér á þinginu um að söluskattur yrði sérstaklega felldur af námsbókum til þess að koma til móts við þessar þarfir nemenda og draga úr þeim kostnaði sem þeir þurfa að mæta við bókakaup.

Þetta hlýtur að vera eitthvað sem hægt er að breyta, þetta hefur trúlega verið aðgæsluleysi hjá hæstv. ráðherra og embættismönnum hans og ég trúi ekki öðru en því fáist breytt í nefndinni svo sjálfsagt mál sem það er.

Hér í þessari 1. umr. tel ég ekki ástæðu til að orðlengja mjög um einstakar greinar frv. annað en það sem er meginefni þess og ég hef þegar minnst á. En ég hlýt samt að lýsa yfir megnustu óbeit á og mikilli andstöðu við þá aðgerð að skattleggja matvæli þrátt fyrir þær endurgreiðslur sem hér er boðið upp á. Þær eru einungis af mjög fáum tegundum matvæla, þær eru ekki af þorra þeirrar neyslu sem er stærsti kostnaðarliður efnalítilla fjölskyldna og þeirra sem eru barnmargar. Ég veit að ríkissjóður á bágt um þessar mundir, það þarf að draga til hans meira fé, en það eru aðrar aðferðir til þess. Þetta er ekki skattheimtuleið sem við kvennalistakonur mælum með eða kjósum að fara. Það er eitt sem hæstv. ráðherra sagði í sínu máli og kemur reyndar fram á bls. 6 í frv. Hann talar um að hækkunin verði mun minni á verðlagi t.d. í janúar. Hann talar um að hún verði 1–1,5% í stað 2%. Hann talar um að matvörur muni

lækka í janúar. En þá langar mig til að spyrja hann: Lækka miðað við hvað? Lækka þær miðað við það sem þær eru nú eða lækka þær miðað við það sem þær hefðu hækkað ef skatturinn hefði verið 26% og lagst á matvæli í einu þrepi? (**Gripið fram í:** Það hækkar allt saman.) Nei, ég vil fá svör nákvæmlega við þessari spurningu. Auðvitað reynir hæstv. ráðherra að gylla þetta fyrir hv. þingmönnum (Gripið fram í.) *Já, ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra svari þessu í ræðustól á eftir.* Ég tel það afar mikilvægt að við fáum að vita: Lækkun miðað við hvað? Því hæstv. ráðherra reynir auðvitað að gylla þetta mál og fegra og láta það líta eins vel út og hægt er. Ég hef hins vegar mjög sterkar efasemdir um að endurgreiðslurnar séu jafnveigamiklar og komi til með að skipta jafnmiklu máli og hann vill vera láta fyrir matarreikning heimilanna, fyrir búreikning heimilanna, fyrir rekstrarkostnað heimilanna. Þetta er að vísu viðleitni, ég hlýt að segja það. Þetta er viðleitni hæstv. ráðherra. En auðvitað leggur hann megináhersluna á að fegra þessa viðleitni sína og gera meira úr henni en e.t.v. efni standa til. *Ég leyfi mér að efast stórlega um að þetta breyti eins miklu og hann vonar.* Ég vil ítreka spurningu mína: Lækka miðað við hvað? Er það núverandi verð eða er það miðað við 26% sem áttu að leggjast á? Er það miðað við 25% söluskatt sem hefði haldið áfram að vera? Ég vil gjarnan fá svör við þessu. Síðan vænti ég þess að okkur gefist meiri tími til að fara í gegnum þetta mál og athuga ýmis atriði þess en okkur hefur gefist hér áður en málið er tekið í umræðu.

Annríki þingmanna fer vaxandi nú þó að þingið hafi verið rólegt framan af í haust. Nú eru nefndafundir á hverjum morgni og flest þessi plögg sem við eigum að ræða í málinu berast okkur afar seint. T.d. þær fréttatilkynningar til dagblaða og fjölmiðla sem hæstv. ráðherra var svo vinsamlegur að láta okkur þingmönnum í té hér um miðjan dag. Það var fjarskalega fallega hugsað af honum að við fengjum nú að sjá þetta eins og fjölmiðlarnir. Mér finnst það sjálfsögð kurteisi af honum. En það hefði kannski mátt vera aðeins fyrr. Og það hefði jafnvel mátt vera sérstök tilkynning til þingmanna, starfsfélaga hans á þinginu sem eiga að fjalla um þessi mál, alveg eins og honum er auðvitað skylt og rétt að senda þetta til fjölmiðla og fréttamanna.

Ég vona að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum. Þær eru fremur einfaldar og ætti ekki að vera erfitt fyrir hann að svara þeim. Ég mun ekki hafa fleiri orð um málið í 1. umr., en áskil mér rétt til þess að hafa lengra mál og gera breytingar við málið eftir umfjöllun nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka þær góðu undirtektir sem fjölmargt í þessu frv. hefur hlotið við þessa umræðu. (**GHG:** Það eru engar góðar undirtektir.) *Það er rangt, hv. þm.* (**GHG:** *Ég mótmæli því,* það eru undantekningar að það séu einhverjar góðar undirtektir.) Mér þykir nú afar leitt ef hv. þm. hefur ekki skilið þetta á sama veg og ég, en ég hlustaði mjög grannt á ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals hér áðan þar sem hann tók undir og lýsti yfir stuðningi við ýmislegt í þessu frv. Fagnaði m.a. sérstaklega þeirri ákvörðun að ekki yrði virðisaukaskattur á bókum og að ekki yrði virðisaukaskattur á tímaritum, svo ég nefni nú bara eitt atriði. (**GHG:** Það er ekki tryggt með bækurnar.) Það er auðvitað alveg tryggt með bækurnar. Mér þykir leitt ef hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson kann ekki að meta það að ég sýni þá sjálfsögðu kurteisi að þakka fyrir þær góðu undirtektir sem margt í þessu frv. hefur fengið. Það er ekkert óeðlilegt að ýmislegt í því fái góðar undirtektir vegna þess að margt af því er auðvitað byggt á viðhorfum sem komið hafa fram, ekki aðeins hjá þeim flokkum sem nú eru í ríkisstjórn, heldur hjá ýmsum öðrum flokkum og samtökum í landinu. Sem betur fer er það nú þannig að þó við deilum um ýmislegt hér á Alþingi getum við orðið sammála um annað.

Það er einnig ljóst að margt af því sem menn hafa nefnt hér í umræðunni er betur fallið til þess að taka til nánari umræðu við 2. umr. þegar nefndarmenn í fjh.- og viðskn. og aðrir þingmenn hafa haft aðgang að þeim gögnum sem nauðsynlegt er að menn hafi við höndina þegar þau atriði eru metin. Ég tel þess vegna skynsamlegt að við geymum okkur ítarlega umræðu um þau efnisatriði þar til hv. alþm. hafa haft sambærilegan aðgang að þeim gögnum og frsm. með frumvarpinu, annað fyndist mér ekki sanngjarnt hér við þessa umræðu.

Ég ætla þess vegna aðeins að víkja hér að fáeinum atriðum og stikla kannski á þeim stærstu í þeim efnum. Ég vil fyrst ítreka það sem kom fram í framsöguræðu að endurgreiðslukerfið á þessum tegundum innlendra matvæla er bundið í virðisaukaskattslögunum og virðisaukaskattskerfinu og niðurgreiðslustigið hefur á engan hátt áhrif á þetta endurgreiðslukerfi. Fjármagn til endurgreiðslunnar kemur af tekjum virðisaukaskattsins sjálfs og endurgreiðslurnar eru framkvæmdar af innheimtumönnum ríkisins, gjaldheimtum og sýslumönnum, sem bæði taka við virðisaukaskattinum og endurgreiða hann, bæði í formi þess innskatts sem endurgreiddur er rekstraraðilum og eins þessara sérstöku endurgreiðslna. Það endurgreiðslukerfi til lækkunar á verðlagi matvæla sem jafngildir 14% virðisaukaskatti á þessar tegundir stendur alveg sjálfstætt og óháð öllum öðrum þáttum í verðlagningu þessara vörutegunda í landinu. Það er mikilvægt að menn átti sig á þessu vegna þess að með samþykkt frv. hér á Alþingi verður komið á föstu, varanlegu verðlækkunarkerfi á þessum vörutegundum sem eingöngu meiri hluti Alþingis getur breytt með því að breyta lögunum um virðisaukaskatt. Aftur á móti hvað niðurgreiðslurnar snertir geta stjórnvöld breytt þeim allverulega frá einni vörutegund til annarrar, eins og hv. alþm. er kunnugt, og frá einum mánuði til annars ef stjórnvöld kjósa að gera svo. Þetta skýrist væntanlega betur í meðferð málsins í nefnd og ég vil árétta að í þeirri nefnd sem starfaði í sumar og haust voru lögð fram fyrir allnokkru síðan drög að reglugerð um þetta efni. Því miður mun

fulltrúi Kvennalistans ekki hafa verið á þeim fundi, en fulltrúar annarra þingflokka hafa haft þau drög undir höndum um nokkuð langan tíma.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal voru mörg þessara mála sem hann vék að rædd í nefndinni og eins og kom fram hjá honum var mér, vegna þeirra ágætu umræðna sem þar fóru fram, kunnugt um flest af þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá hv. þm., bæði hvað snertir virðisaukaskatt á lögfræðiþjónustu, á eldsneyti til flugvéla og margt annað sem hann nefndi. Eins og fram kom á fundum nefndarinnar var talið að verðáhrifin af virðisaukaskattinum á eldsneyti flugvéla væru það lítil að á þeim grundvelli væri ekki réttlætanlegt að fella hann niður. Mig minnir að áhrifin hafi verið á flugmiða til Akureyrar í kringum 50 kr. Hvað lögfræðiþjónustuna snertir þá réði það sjónarmið að öll þjónusta sérfræðinga, hvort sem það væru lögfræðingar, endurskoðendur eða aðrir sérfræðingar, væri skattlögð með sambærilegum hætti. Þar er auðvitað hægt að reiða fram þau sjónarmið sem hv. þm. Halldór Blöndal gerði og færa fyrir þeim ýmis rök, þau eru athyglisverð. Á móti kemur það samræmingarsjónarmið sem er höfuðeinkenni virðisaukaskattsins að hann eigi ekki að vera mismunandi skattur á sambærilega starfsemi.

Hér hefur einnig nokkuð verið spurt um það hvers vegna dagsetningin 16. nóv. sé valin hvað snerti afnám skattlagningar á íslenskum bókum. Svarið við þeirri spurningu er mjög einfalt. Mér var ljóst að sú tillaga sem ég flutti í ríkisstjórninni, að virðisaukaskattur yrði ekki á íslenskum bókum, fól í sér mestu tekjurýrnun fyrir ríkissjóð sem nokkur ein breyting á skattlagningu einnar vöru hefur haft í för með sér um langt árabil. Tekjutap ríkissjóðs af þessari ákvörðun einni saman nemur a.m.k. um 400 millj. kr.

Ég taldi mér ekki kleift sem ábyrgðarmaður ríkisfjármála að leggja til slíkar breytingar á forsendum fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að með einni ákvörðun yrði tekin út úr tekjudæmi fjárlagafrv. svo há upphæð. Það hefði að mínum dómi verið ábyrgðarleysi af mér sem fjmrh. að gera það miðað við núverandi aðstæður. Þess vegna kaus ég að sameina þetta tvennt, leggja til að með lögum yrði skattlagning af bókaútgáfu íslenskra bóka afnumin, en þó þannig að það hefði ekki áhrif á það fjárlagafrv. sem ég hafði þegar lagt fram á Alþingi, en kæmi til framkvæmda og hefði áhrif á fjárlagafrv. fyrir árið 1991. Dagsetningin 16. nóv. er valin vegna þess að það er upphafsdagur síðasta uppgjörstímabils virðisaukaskatts á komandi ári sem hefur ekki áhrif á ríkisfjármálin á því ári heldur á árinu 1991.

Þeir sem vilja leggja til aðra dagsetningu eru þess vegna um leið að leggja til breytingar á tekjuforsendum fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Menn geta auðvitað haft á því skoðanir að allt í lagi og eðlilegt sé að breyta þeim tekjuforsendum, en ég tel ekki, miðað við erfiðleikana í okkar þjóðfélagi og það efnahagsástand sem við búum við, að ég eða ríkisstjórnin geti haft forgöngu um slíkar breytingar.

Ég vek athygli á því að þetta er mjög há upphæð. Þetta er stærsta upphæðin sem ákveðin hefur verið hvað snertir fjárframlög til menningarstarfsemi á Íslandi. Það hefur engin ein slík veigamikil breyting verið gerð hér sem þessi og það tel ég mikilvægasta þátt málsins þótt dagsetningin kunni hins vegar að vera með þeim hætti að sumum finnist hún eiga að vera fyrr. Ég vek þó athygli á því að allur þorri bókaútgáfunnar á næsta ári sem er bókaútgáfan á síðustu sex vikum ársins mun njóta þessarar breytingar.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. Halldórs Blöndals á því að í þeirri reglugerð um framkvæmd virðisaukaskatts hjá fiskvinnslu og sjávarútvegsfyrirtækjum sem gefin hefur verið út kemur skýrt fram að það uppgjörskerfi sem þar er lagt til tekur gildi frá og með 1. jan. nk.

Það er auðvitað rétt sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði að við hér á Alþingi og í Stjórnarráði Íslands gætum margt lært hvað snertir breytingar á vinnubrögðum. Ég hef hins vegar sannfærst um það að vilji menn koma sér hjá þessari miklu örtröð mála fyrir jól, þá sé óhjákvæmilegt að gera annað tveggja: hefja þingstörfin fyrr, í septembermánuði t.d. líkt og margar þjóðir gera eða lok ágústmánaðar, eða þá að flytja fjárlagaárið eins og ég hef lagt til þannig að fjárlagaárið verði ekki almanaksárið heldur t.d. frá miðju ári til miðs árs þannig að Alþingi þurfi ekki á sömu tæpum tveimur mánuðum að afgreiða fjárlög, afgreiða fjáraukalög, afgreiða tekjuöflunarfrv. auk fjölmargra annarra frv. Meðan þingið kýs að koma saman 10. okt. og starfa fram að jólum en heldur allri annarri skipan óbreyttri held ég að það sé því miður óhjákvæmilegt að mikil örtröð verði í afgreiðslu mála á síðustu vikum fyrir jól.

Hvað snertir þær lækkanir á verðlagi á nokkrum algengum innlendum matvælum sem ég hef gert hér að umtalsefni eru það að sjálfsögðu lækkanir frá því verði vörunnar sem það er við lok ársins. Með nýju ári tekur þessi breyting á verðlagningunni, sem felst í þessum ákvæðum virðisaukaskattslaganna, gildi. (**Gripið fram í:** ... að hækka mjög mikið verð á matvöru?) Það er eins og ég hef vakið athygli á við önnur tækifæri og ætti að vera ljóst öllum þeim sem telja markaðinn hið ákjósanlegasta hreyfiafl hagkerfisins að vald stjórnvalda yfir verðlagningu er mjög takmarkað. Vara getur hækkað í verði á Íslandi af ýmsum orsökum. Það getur gerst vegna þess að verslunin hækkar álagningu sína. Það getur verið vegna þess að innkaupsverðið hækkar. (Gripið fram í.) Ja, búvörurnar eru ekki allar með fastri álagningu. Það er frjáls álagning á mörgum tegundum búvara (**Gripið fram í:** Mjólk?) og þess vegna geta stjórnvöld ekki í okkar hagkerfi tryggt það hvert verðlag á matvælum verður marga mánuði fram í tímann, hvað þá heldur heilt ár. Þau stjórnkerfi sem hafa ætlað sér að tryggja með stjórnvaldsákvörðunum varanlegt verðlag eru nú sem óðast að hrynja og ég vænti þess ekki að hér í salnum séu menn sem óski sérstaklega eftir því að íslensk stjórnvöld taki sér slíkt vald. (**HBl:**

Er þetta formaður Alþb. sem talar?) Já, já, það er formaður Alþb. sem talar og menn þurfa ekkert að verða neitt hissa á því vegna þess að Alþb. hefur um langa hríð talið eðliskosti markaðarins og frjálsrar samkeppni vera einmitt þá að geta tryggt með heilbrigðri samkeppni lágt vöruverð ef stjórnvöld haga hagstjórninni þannig að þensla er ekki svo að eðliskostir samkeppninnar fái að njóta sín til hins ýtrasta. Ég verð þess vegna að minna á að það er fyrst og fremst markaðurinn sem ræður hinu endanlega verði á vörunum en hvorki stjórnvöld eða einstakir aðrir valdhafar.

Ég vænti þess að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Ég geri mér grein fyrir því að ég hef ekki svarað þeim öllum, en ég held að ýmsar þeirra, sérstaklega þær sem snerta meiri tæknilega útfærslu og krefjast ítarlegri svara og æskilegt væri fyrir alla viðstadda að hafa þá við höndina viðkomandi gögn, væri betra að fjalla um í viðkomandi nefnd og taka þá síðan til umræðu hér síðar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. fjmrh. talaði um að það mundi valda 400 millj. kr. tekjutapi fyrir ríkissjóð á næsta ári ef sú ákvörðun yrði tekin nú að virðisaukaskattur af bókum felli niður frá og með 1. jan. nk. Og hann talaði um að ástand í þjóðmálum væri svo erfitt nú um stundir að hann gæti ekki sem ábyrgðarmaður ríkissjóðs lagt til slíka skerðingu á tekjustofni ríkisins af þeim sökum. Nú liggur fyrir þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar og þar kemur raunar fram að næsta ár mun verða þriðja árið í röð sem landsframleiðsla fer minnkandi og því er síður en svo spáð að atvinnuhorfur verði betri hér á landi að einu ári liðnu en það er nú. Á hinn bóginn vekur athygli að hæstv. ráðherra grunar e.t.v. að feigsmerki séu á ríkisstjórninni og það muni koma í annars hlut en hans að bera ábyrgð á þeirri tekjurýrnun á árinu 1991 sem niðurfelling á virðisaukaskatti af bókum hefur í för með sér.

En það var annað sem hæstv. ráðherra sagði í þessu sambandi sem nauðsynlegt er að fá hans hugmyndir um nú og það er hvernig hann hugsar sér þessi skil. Nú verður það þannig á næsta ári að öll aðföng til bóka verða virðisaukaskattsskyld. Þær bækur sem unnið verður að á næsta ári, sú vinna öll og aðföng til þeirrar vinnu verður virðisaukaskattsskyld, það liggur í augum uppi. Og þá er spurning sem nauðsynlegt er að fá svör hæstv. ráðherra við: Hugsar hann sér að sú breyting verði gerð 1. nóv. á næsta ári að sá virðisaukaskattur sem fallið hefur til á árinu, frá 15. jan. til 15. nóv., komi til endurgreiðslu eftir að virðisaukaskattur verður felldur niður á bókum? Með öðrum orðum, verða þær bækur sem prentaðar eru fyrir 15. nóv. og efnt hefur verið til fyrir 15. nóv. látnar sitja við sama borð að þessu leyti og þær bækur sem unnið verður að og prentaðar verða eftir 15. nóv.? Ég held að við fjmrh. hljótum að verða sammála um að þannig verður að ganga frá þessum málum að sú vinna við bókagerð sem til fellur fyrir þennan tíma komi til endurgreiðslu, sá virðisaukaskattur sem bókaútgefendur hafa greitt til 15. nóv. komi til endurgreiðslu um leið og sú ákvörðun er tekin að bækur verði undanþegnar virðisaukaskatti. Annars verður slík örtröð á þessum skamma tíma sem þá er til jóla að erfitt er að sjá hvernig það endar og efnt til ringulreiðar í þessari atvinnugrein. Ég þykist vita að fjmrh. og fulltrúar hans í fjmrn. muni vinna að því með nefndinni að taka af öll tvímæli um það að við meinum það að eftir 15. nóv. verði þær bækur sem seldar eru í landinu undanþegnar virðisaukaskatti hvenær sem vinnan við þær hefur verið innt af hendi, hvort sem pappírinn í bækurnar hefur verið keyptur í september, janúar eða nóvember, þannig að virðisaukaskatturinn komi til endurgreiðslu á þeim tíma. Ég vildi gjarnan fá svar hæstv. ráðherra um það hvernig hann hugsar sér þessa hluti. Með öðrum orðum, er þess að vænta að sá virðisaukaskattur sem bókaútgefendur hafa innt af hendi á greiðslutímabilunum fram til loka októbermánaðar verði endurgreiddur í desembermánuði, eða er hugmynd ráðherrans sú að bókaútgáfa eigi að standa skil á virðisaukaskatti af öllum kostnaði til 15. nóv. og að sá skattur verði ekki endurgreiddur?

Orð ráðherra gáfu mér tilefni til að spyrja mjög beint um þetta atriði vegna þess að mér er kunnugt um að rithöfundar og aðrir þessir menningarmenn sem hafa fagnað þessari ákvörðun hafa allir skilið það svo að virðisaukaskatturinn sem fellur á framleiðslu bókanna muni koma til endurgreiðslu í desembermánuði. Ef málið er ekki þannig vaxið, þá er náttúrlega um undanbrögð að ræða því þá á ráðherrann við það að jólabækurnar á næsta ári eigi að bera fullan virðisaukaskatt af öllu nema einungis álagningu bóksalans. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þetta mál verði skýrt og helst hér í deildinni.

Í annan stað vil ég aðeins lýsa vonbrigðum mínum yfir því að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa skilning á nauðsyn þess að hætta skattheimtunni á skólabækur. Ég ber auðvitað mikla virðingu fyrir því að hægt sé að lækka verð á ljóðabókum og yrði allra manna kátastur og glaðastur ef verð á ljóðabókum lækkaði um 20% sem nemur skattinum. En ég held þó að hitt sé þýðingarmeira að við getum lækkað námsbækurnar um 20% og þess vegna vil ég nú endilega biðja hæstv. ráðherra að hugsa það nú með sjálfum sér, íhuga það með sjálfum sér, hvort hann geti ekki fallist á það með okkur þm. hér í deildinni. Ég þekki satt að segja engan óbreyttan þm. hér í deildinni sem getur hugsað sér virðisaukaskatt á námsbækur á næsta hausti úr því að það á að afnema virðisaukaskatt á bókum 15. nóv.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði um hið fasta, varanlega endurgreiðslukerfi sem hann segir innbyggt í frv. í sambandi við 14% virðisaukaskatt af matvörum held ég raunar að nauðsynlegt sé að fjh.- og viðskn. gefi ráðherranum leiðbeiningu um hvað nefndin hugsar í þessu sambandi, til hvaða vöruflokka þessi niðurgreiðsla eigi að ná því að ég treysti ráðherranum ekki alveg í þeim efnum. En eftir hinu

tók ég að ráðherrann er ákveðið þeirrar skoðunar og vilji hans stendur til þess að þannig sé frá lögunum gengið að í útsölu falli ekki nema 14% virðisaukaskattur á þær vörutegundir sem við erum hér að ræða. Ef ég fer út í kjörbúðina og kaupi mér kjötbita, kaupi mér lundir, kaupi mér súpukjöt, kaupi mér hrygg, þá sé það tryggt að ríkið taki ekki nema 14% virðisaukaskatt af þessari matvöru. Um þetta erum við tveir sammála. Nú segi ég við ráðherrann eins og ég sagði áðan, ég tel að ekki sé nógu tryggilega frá þessu gengið í lögunum. Og ég vil endilega leggja mig fram um það, af því að nú er ég sammála ríkisstjórninni, að reyna nú að tryggja að þetta litla gott sem ríkisstjórnin vill gera fyrir okkur gangi fram. Ég er alls ekki svo illa þenkjandi að ég vilji að ríkisstjórninni mistakist alltaf. Og nú vil ég endilega frétta að hæstv. fjmrh. takist þetta nú, að þegar við förum út í kjötbúðina, þegar við förum út í grænmetisbúðina, þá sé þetta alveg tryggt að Ólafur Ragnar taki ekki nema 14%. Hann vilji ekki meira. Þá skulum við bara tryggja að hann fái ekki meira. Og ef það skyldi nú koma í ljós að þeir útreikningar sem gerðir hafa verið í fjmrn. um að vöruverðið lækki kannski ekki um 8%, það vanti pínulítið upp á niðurgreiðslurnar, þá skulum við fara yfir þetta allt saman með fulltrúum hans í fjmrn. Við skulum kalla til okkar verðlagsstjóra í nefndinni og við skulum fara yfir þetta með fulltrúum Alþýðusambandsins og fulltrúum vinnuveitenda í verðlagsnefndinni lið fyrir lið, sjá áætlun ráðherrans um hvenær hver niðurgreiðsla falli til, á hvaða stigi vörunnar hún falli til, þannig að við vitum það alveg fullkomlega að allar matvörur sem hér eru upp taldar lækki um 8% 1. jan., súpukjötið, hryggurinn, lundirnar, allt um 8%. Það verður fróðlegt að sjá þetta og ég skal gera allt sem ég get í þessari nefnd til þess að tryggja að þessi vilji ráðherrans nái fram að ganga.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að ég fékk einhvern tíma í hendur reglugerð um endurgreiðslu á matvörur. Hins vegar benti ég nefndarmönnum á að þær tölur sem þar var miðað við voru tilbúnar. Og þegar ég spurði embættismenn fjmrn. við hvaða rök þær tölur sem þar voru teknar styddust svaraði fulltrúi fjmrh. að þetta væru bara tölur sem væru tilbúnar. Þær væru ekki byggðar á athugunum á verði landbúnaðarvara né neinu öðru heldur giskuðu þeir á að þetta væri kannski svona. Þá bað ég fulltrúa fjmrh. um nánari útskýringu á þessum reikningsfræðilegu atriðum sem þarna voru lögð fyrir mig. Ég hef ekki fengið neina skýringu síðan, hæstv. fjmrh., á þessum útreikningum. Ég hef beðið rólegur eftir upplýsingunum en þær upplýsingar sem ég bað um í nefndinni hafa ekki borist mér. Nú má vera að þær hafi misfarist í pósti. Nú má vera að ég hafi týnt bréfinu frá hæstv. fjmrh. Þá bið ég afsökunar á því og bið um að fá kópíu af bréfinu því ég veit að bréf fjmrn. eru í góðri hirðu.

Mér þótti líka vænt um að heyra að innanlandsflugið félli undir 12. gr., kostaði ekki nema 50 kr. á farþega. Nú vil ég bjóða hæstv. fjmrh. að innanlandsflugið verði undanþegið virðisaukaskattinum, það má þá kannski bara hækka flugvallagjaldið um 50 kr. í staðinn. Þá fær ríkissjóður sitt, þá standa flugfélögin betur að vígi, enginn tapar, allir ánægðir, en þá sjá menn það svart á hvítu að ráðherrann segir satt að þetta er ekki nema 50 kr. tap fyrir ríkissjóð á hverjum þeim manni sem flýgur milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ég veit líka að ráðherrann vill koma til móts við okkur þarna, vill sýna með því að hann segir satt og skilur að þessi breyting hefur ekki í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

Mér þótti vænt um að heyra að hæstv. fjmrh. hefur staðið sig betur en hann gaf í skyn í sambandi við útgerð og fiskvinnslu. Við munum auðvitað fara í gegnum það mál eins vel og við getum í nefndinni og mér þykir vænt um ef það mál er komið í viðunandi horf.

Að síðustu, hæstv. forseti, út af örtröðinni. Ég veit það nú satt að segja ekki hvort það hefði munað miklu fyrir okkur nú fyrir þessi jól hvort við hefðum komið saman í janúarmánuði á sl. ári og setið æ síðan, í febrúarmánuði, maímánuði, septembermánuði eða hvenær sem var. Málið liggur einfaldlega þannig fyrir að þessi tekjuöflunarfrumvörp eru lögð fram í dag og í gær. Það liggur þannig fyrir í sambandi við frv. til lánsfjárlaga að það var gert hlé á fundum í fjh.- og viðskn. einmitt um það frv. af því það liggur ekki fyrir hvernig ríkisstjórnin vill standa að því máli. Það er búið að fresta 2. umr. fjárlaga, hún átti að fara fram 6. des. samkvæmt þeirri áætlun sem lögð var fyrir. Nú er talað um að hún fari fram á mánudaginn. Fjáraukalögin sem hæstv. ráðherra hrósaði sér svo mjög af og lagði fram — ég man ekki hvort það var í byrjun nóvember eða í október — þau eru enn einhvers staðar að dúlla í einhverjum nefndum og það var fyrst í dag sem talað var fyrir frv. til breytinga á lánsfjárlögum fyrir þetta ár í Nd. Þó afgreiddum við það frá Ed. fyrir hálfum mánuði. Það lá nú ekki meira á. Það er verið að búa til örtröð. Það skiptir engu máli hversu lengi við höfum setið hér á þingfundum í október og nóvember. Við hefðum getað verið hér með kvöldfundi á hverjum degi. Það hefði ekki flýtt um einn einasta dag því að þessi tekjuöflunarfrv. voru lögð fram. Það var fyrst eftir að ruglið kom á kratana og þeir gættu ekki að sér og féllust á það að hækka tekjuskattinn og hvað sem var sem það gekk hjá ráðherranum að ná skattpíningunni fram og formaður Alþfl. flýtti sér til útlanda nóttina eftir og hefur boðað að hann láti ekki sjá sig hér næstu þrjár vikur. Ég held þess vegna að þetta sé svona eins og draumur vetrarrjúpunnar þegar ráðherrann er að ímynda sér að hann hefði orðið eitthvað fyrr með frv. þó við hefðum byrjað í septembermánuði, það tekur enginn maður mark á slíku.

Ég skal ekki, hæstv. forseti, svo telja upp þau frv. öll sem ríkisstjórnin sendi stjórnarandstöðunni í dag og sagði að hún þyrfti að fá afgreidd fyrir áramótin. Eitt frv. var um nýtt ráðuneyti, það er ný eyðsla, umhverfisráðuneyti. Það var ekki hægt að taka það fyrir í Nd. í fyrradag, þá var forsrh., sem á að tala fyrir málinu, erlendis. Í dag var umhverfisráðherrann, sem svo titlar sig erlendis þó hann heiti hagstofuráð-

herra á Íslandi, floginn út í lönd þannig að þetta gengur nú ekki vel. En annars sakna ég þess pínulítið að hæstv. menntmrh. skuli ekki taka til máls við þessa umræðu. Það hefði verið mjög skemmtilegt að heyra hvað hann hefur um þetta mál að segja. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu og það er fyrst og fremst fyrir það að hv. 2. þm. Norðurl. e. var búinn að brýna mig hér í ræðustólnum að ég tel mér skylt að segja hér nokkur orð. Nú er sá hv. þm. ekki í þingsalnum en ég vona að hann geti þá lesið það í þingtíðindum.

Fyrir það fyrsta ræddi hann mikið um það hvort ég mundi ekki aðstoða hann í meðferð málsins í fjh.- og viðskn. Nú er það svo að ég fékk ekki að sitja í þeirri nefnd og það urðu mér mjög mikil vonbrigði því ég var satt að segja búinn að hlakka mikið til þess alveg frá því að ég vissi að ég mundi sitja hér inni á þingi í vetur að fá að sitja í fjh.- og viðskn. með hv. þm. Halldóri Blöndal og hafði reyndar heyrt mikið af því látið hversu skemmtilegt það væri.

Í öðru lagi þá ræddi hann mikið um mitt reynsluleysi. Það er alveg rétt, ég hef ekki langa þingreynslu sem sýnir sig m.a. í því að ég hef ekki enn þá lært að flokka póstinn minn með tilliti til þess að nota hann til þess að lesa úr ræðustól en ég vona að það standi nú til bóta.

Ef ég kem að því efnisatriði sem hv. þm. Halldór Blöndal spurði hér um, þ.e. afstöðu mína til eins eða tveggja þrepa í virðisaukaskatti, þá er því til að svara að ef við förum í forsögu málsins þá hafa þeir flokkar sem hér eru núna og taka þátt í þessari umræðu, aðrir en Kvennalistinn, tekið þátt í mótun þeirrar skattastefnu þar sem lokastigið átti að vera að koma á virðisaukaskattinum um þessi áramót. Það hefur ekkert farið á milli mála þegar þessi mál eru skoðuð núna að til þess að setja á tvö þrep í virðisaukaskattinum þurfum við, hv. þm. Halldór Blöndal, að vinda ofan af heilmörgu sem okkar flokkar ásamt Alþfl. hafa unnið að að koma á í skattamálum.

Ég sagði hér í utandagskrárumræðu í Sþ. fyrir hálfum mánuði síðan að ég hefði á sínum tíma varið þá ákvörðun að söluskattur yrði settur á öll matvæli. Ég sagði líka að reynslan hefði kennt mér að það væri röng ákvörðun. Ég segi til viðbótar að við sem bárum ábyrgð á þessari ákvörðun á sínum tíma þurfum kannski eilítinn tíma til að vinda ofan af þessu aftur. Og ég ber fullt traust til þeirrar bókunar sem gerð var í ríkisstjórninni í síðustu viku um að að þessu yrði unnið á næsta ári. Ég ber fullt traust til þess vegna þess að ég trúi því að sá sameiginlegi málstaður okkar hv. þm. Halldórs Blöndals, að það eigi að vera tvö þrep á virðisaukaskattinum, sé það góður að hann muni sigra í þeirri endurskoðun.

Kannski fell ég hér aftur á mínu reynsluleysi og þetta séu bara klókindi í þeim sem vilja hafa eitt þrep í skattinum, hvað sem raular og tautar og þessu verði aldrei breytt. En ég segi aftur: Ég trúi því að þessi málstaður, sameiginlegi málstaður okkar hv. þm. Halldórs Blöndals, sé það góður að hann muni sigra í þeirri endurskoðun sem hefur verið boðað að fari fram á næsta ári. En þá vænti ég þess líka að hv. þm. Halldór Blöndal aðstoði mig og aðra sem viljum vinna að þessu máli við að færa þá skattlagningu af matvælum og yfir á aðra þætti. Það er nú einu sinni svo þrátt fyrir góð orð og stór orð sjálfstæðismanna hér á hv. Alþingi um skattpíningu og að þeir vilji lægri skatta, þá hef ég ekki orðið var við það, hvorki í störfum fjvn. né málatilbúnaði þingmanna hér á hinu háa Alþingi, að sjálfstæðismenn væru eftirbátar annarra við að búa til útgjaldaliði sem ríkissjóður verður að standa við.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði líka að eflaust mundi fara svo að sá hinn reynslulitli þingmaður sem hér talar yrði handjárnaður þegar kæmi að afgreiðslu málsins. Það getur vel verið að hv. þm. Halldór Blöndal vilji hafa þessi orð um það að í okkar þingræði sem byggist á stjórnmálaflokkum er það einu sinni svo að það kemur að þeirri stundu að menn verða að gera upp hug sinn hvort menn vilja fylgja sínum flokki eða fara út í það stórræði að láta á sér brjóta. (**Gripið fram í:** Það gerum við stundum.) *Það gerum við stundum, það er alveg rétt.* Ég lýsti því hins vegar hér áðan að ég tryði því að við kæmum þessu fram í gegnum þá endurskoðun sem nú hefur verið boðuð.

Ég gæti haft um þetta langt mál en ég ítreka aftur það sem ég sagði áðan að ég trúi því þá að hv. þm. Halldór Blöndal vilji með starfi sínu hér í deild og í fjh.- og viðskn. aðstoða okkur við að færa skatttheimtuna aftur af matvælunum yfir á hærri tekjur og yfir á þá liði sem skattheimtan var flutt í burtu af, af aðflutningsgjöldum, af vörum sem við erum væntanlega sammála um að flokkist undir lúxusvarning. Þetta var allt saman unnið í þeirri ríkisstjórn sem við hv. þm. Halldór Blöndal bárum báðir ábyrgð á.

Þetta eru nú þau efnisatriði málsins sem ég vildi koma á framfæri á þessu stigi. Ef til vill til viðbótar að ég er alveg sannfærður um að það endurgreiðslukerfi sem hér er boðað heldur ekki til lengdar. En ég er líka sannfærður um að það er ekki svo bráðónýtt að það dugi okkur ekki í eitt ár, það dugi okkur ekki það ár sem stjórnarflokkarnir eru sammála um að nota til að endurskoða þessa skattlagningu. Þar eru miklu fleiri þættir sem þarf að endurskoða en bara álagningin á matvæli. Ég held við þurfum að fara ofan í málið, lið fyrir lið, á næsta ári og að fenginni reynslu sjá hverju við viljum breyta og hverju ekki.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er vegna þess að hér er ekki farið rétt með. Þegar tekin var sú ákvörðun að söluskattur skyldi útsölulagður á öll matvæli þá var söluskatturinn að fullu endurgreiddur af sumum matvælum eins og kindakjöti og mjólk. (Gripið fram í.) Hv. þm. fer ekki rétt með þetta atriði en hins

vegar heyrðu þingdeildarmenn að handjárnin síðan í vantrauststillögunni, þeirri atkvæðagreiðslu, falla vel að úlnlið hins unga þingmanns.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti, aðeins örstutta athugasemd í lokin. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hann svaraði ekki öllum mínum spurningum enda held ég að hann eigi ekki svör við þeim enn þá. Reynslan verður að skera úr um það. Hins vegar væri fróðlegt að leggja fyrir hann afskaplega einfalda spurningu og vita hvort hann kann svör við henni.

Hæstv. fjmrh. segir að það muni engu máli skipta þótt virðisaukaskattur verði ekki lagður á matvæli vegna þess að þau muni ekki lækka. (**Fjmrh.:** Sagði ég?) Nei, fyrirgefið, sagði ég hæstv. fjmrh., nei, hæstv. núv. utanrrh. og fyrrv. fjmrh., hann hefur haldið þessu fram lengi og vel (**Gripið fram í:** Það er ekkert að marka hann.) hann hefur lengi og vel sagt þetta, bæði þegar hann var fjmrh. og einnig nú þegar hann er orðinn utanrrh. Það hefur ekkert þurrkast úr minni hans. Hann er náttúrlega í sömu stjórn enn þá og hæstv. fjmrh. og þeir hafa nýlega komið sér saman um virðisaukaskattinn.

Þessi hæstv. utanrrh., í hvaða landi sem hann er nú staddur, hefur haldið því þrásinnis fram hér í ræðustól að matvæli muni ekki lækka þó að þau væru virðisaukaskattslaus. Nú ætlar hæstv. fjmrh. að leggja á þau sem svarar 14% virðisaukaskatt og segir að þau muni samt lækka. Hvernig fara þessar tvær staðhæfingar saman? Er hæstv. utanrrh. bara að bulla, skilur hann ekki málið, eða liggur þarna einhver leyndardómur að baki? Hvernig geta virðisaukaskattslaus matvæli ekki lækkað en þau sem hafa 14% þau lækka? Hver er galdurinn?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er bara örstutt athugasemd. Fyrir það fyrsta, varðandi athugasemd hv. 2. þm. Norðurl. e. hér áðan þegar hann sagði að hér væri ekki um sambærilega hluti að ræða varðandi virðisaukaskattinn núna og álagningu söluskatts á öll matvæli þegar það var gert. Þetta er nákvæmlega það sama. Þær endurgreiðslur sem þá voru ákveðnar eru nákvæmlega í sama formi og nú er verið að tala um. Í öðru lagi varðandi að handjárnin falli vel að úlnliðunum, ég vil nú ekki taka undir það. En hann nefndi vantrauststillöguna í síðustu viku og víst er það rétt að sá glundroði sem var þá í herbúðum Sjálfstfl. og endaði með þeirri vantrauststillögu var það sem við þurftum á að halda, stjórnarliðar, til þess að ná samkomulagi í þessu máli og ber að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal og öðrum þeim sem stóðu að þessari till. að hafa lagt stjórninni lið á þann hátt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að rétt sé, með tilliti til þess að allt sem hér er sagt og gert er skrásett, að það komi fram að áhugi stjórnarliða fyrir þessu frv. er ekki meiri en svo að þeir eru ekki viðstaddir, hvorki til þess að hlusta á umræður né greiða atkvæði um framgang frv.

Það lýsir nokkuð áhuga og einnig því hvernig stjórnarliðar standa að frv. Það er vitað og alþjóð veit að þessi ríkisstjórn hefur ekki öruggan stuðning á bak við frv. og það sem hér er að gerast í kvöld undirstrikar það enn frekar. Ég held að það sé rétt að fjölmiðlarnir skýri þjóðinni frá því að áhugi stjórnarliða fyrir framgangi frv. er raunverulega enginn. Þeir geta ekki einu sinni mætt til að gegna þeim skyldustörfum sínum að fjalla um frv. né greiða því atkvæði.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að flytja hv. 14. þm. Reykv. sérstakar þakkir fyrir þann áhuga sem hann sýnir framgangi þessa máls sem hér er á dagskrá og tel einnig ástæðu til að þakka honum fyrir að hann skuli setja ofan í við stjórnarliðið og þannig geti þeir, hann og hæstv. fjmrh., sameinast um að knýja þetta mál í gegn og ná þar eðlilegri niðurstöðu því að nauðsynlegt er að hafa góða stjórn en það er líka mjög nauðsynlegt að hafa árvökula og öfluga stjórnarandstöðu.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. menntmrh. vek ég athygli hans á því að hvorki hann né sá sem hér talar hafa verið sérstakir stuðningsmenn þess að virðisaukaskattskerfi væri tekið upp á Íslandi. Ég vísa til þeirra ræðna sem hæstv. ráðherra flutti á sínum tíma þegar hann var þingmaður. Þá lagðist hann hart gegn því að frv. til laga um virðisaukaskatt væri flutt hér á þessu þingi. Ég, virðulegi forseti, greiddi því þá ekki atkvæði eins og hæstv. menntmrh. man.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er líka til að nota tímann að ég kveð mér hljóðs um þingsköp. Það er athyglisvert og verður ekki á móti mælt að í þessari hv. deild hafa stjórnarsinnar aldrei mætt eins illa og nú í vetur og samt er liðsauki, tveggja manna liðsauki. Hvar er liðsaukinn? Hvar er ráðherrann, hæstv. ráðherrann? (**Gripið fram í:** Hagstofuráðherrann.) Hvar er hann, ráðherra Hagstofunnar að sjálfsögðu, nýliðinn. Og hvar er formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar? Það er ekki hægt að ætlast til þess að við stjórnarandstæðingar jafnvel drögum úr ræðuhöldum, semjum um það kannski við sjálfa ráðherra að fresta til 2. umr. að taka svona einhverja rispu til þess að greiða fyrir framgangi mála og koma þeim til nefnda og síðan er ekki hægt að fá nema kannski í hæsta lagi ⅓ af stjórnarsinnum til að mæta á fundum. Þetta er auðvitað ekki viðunandi og það er nauðsynlegt að vekja á þessu athygli. Þetta hefur ekki þekkst áður. Þegar mjög naumt hefur verið á þinginu, kannski eins atkvæðis munur í hvorri deild, hafa

menn gjarnan sýnt tillitssemi, en þegar mætir ekki nema helmingur stjórnarþingmanna á fundum í mikilvægustu málum er auðvitað engin ástæða til að við stjórnarandstæðingar séum að hjálpa til.

Eiður Guðnason *(um þingsköp):*

Herra forseti. Samkvæmt viðverutöflu þingsins hérna frammi á gangi eru núna í húsi 8 stjórnarliðar og 6 stjórnarandstæðingar, þannig að ég held að menn hljóti að koma í leitirnar áður en langt um líður og verði hægt að láta atkvæðagreiðsluna fara fram. Ég hygg hins vegar að skýringin á því að nokkur vanhöld eru hér í deildinni núna sé kannski fyrst og fremst sú að menn hafa átt von á því að þessar umræður stæðu verulega miklu lengur fram á kvöldið en raunin er og það er ágætt að þeim skuli hafa lokið með svo ágætum hætti sem raun ber vitni.

Það var spurt um hæstv. hagstofuráðherra. Ég hygg að hann hafi farið til útlanda í morgun í embættiserindum. (**GHG:** Sem umhverfisráðherra?) Mér er ekki kunnugt um það, hv. þm. Það var spurt um formann fjh.- og viðskn., hv. þm. Guðmund Ágústsson. Hann er á leiðinni hingað í húsið og svo hygg ég að muni vera um fleiri þingmenn. En fyrst stjórnarandstaðan var svo elskuleg að stytta sínar umræður, eins og hér hefur komið fram, og greiða fyrir framgangi málsins vona ég að menn hafi bíðlund svolitla stund þangað til verður hægt að láta þessa atkvæðagreiðslu fara fram og koma málinu til nefndar.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það er hálfspaugilegt að sjá hvernig smalamenn ríkisstjórnarinnar hafa hlaupið til eftir að hv. 14. þm. Reykv. bað um nafnakall til að vekja athygli á því hversu fáir stjórnarsinnar væru mættir. Þeir hafa verið að týnast. Það er verið að leita að einum hv. þm., 5. þm. Reykv. sem er formaður fjh.- og viðskn., í bílasíma um allar trissur. Þeir eru ekki alveg klárir á því hvar bíllinn muni vera. Þetta minnir mig á það þegar hæstv. forseti Sþ., frú Guðrún Helgadóttir, týndist einu sinni og lögreglunni var gert aðvart og hún látin leita að þingmanninum um alla Reykjavíkurborg til að hann gæti greitt atkvæði hér í þinginu. Þetta rifjar upp góðar og gamlar endurminningar.

Hitt þykir mér líka skemmtilegt að nú skuli komin játning frá fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. hvernig á því standi að hann skuli ekki hafa tekið þátt í þessum umræðum. Hann hélt að við hin mundum tala lengur, og það er eflaust skýringin á því að hann mætti ekki fyrr hér í kvöld til að útskýra hvernig stóð á því að Alþfl. ruglaðist í síðustu viku og hefur nú greitt mjög fyrir því að hvers konar skattaálögur séu þyngdar á þjóðinni með hvers kyns hætti. Það á að hækka tekjuskattinn um 4% um áramótin, síðan á að hækka virðisaukaskatt um 2,5%. Það á að leggja sérstakan skatt á bifreiðar. Það á að skattleggja orkufyrirtækin í landinu. Er ekki einhver hugmyndanefnd á vegum forsrh. sem skrapp út til að hitta hann núna í síðustu utanferð? Er hún búsett í Englandi eða hvar er hún aftur búsett, hugmyndanefndin sem er að finna upp skatta fyrir ríkisstjórnina?

Kannski ég veki athygli á því, herra forseti, að ef maður kemur til Hollands tekur maður eftir því að þar er óvenjulítið um gluggatjöld fyrir gluggum húsa. Ástæðan er sú að á 19. öldinni var ríkisstjórn sem var komin í sérstök vandræði með skattheimtuna og lagði sérstakan skatt á gluggatjöld í því landi sem veldur því að þau hafa síðan selst lítið og menn vilja losa sig við slíkan lúxus. Kannski við upplifum gluggatjaldaskattinn þegar umhverfisráðherrann kemur næst, það verði nýjasta uppfinningin.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það var eingöngu til að spyrjast fyrir um það hvort einhver gæti upplýst hvort hæstv. ráðherra Hagstofu mundi ætla sér að vera lengi í útlöndum eða hvort það sé búið að jarða umhverfisfrv. sem átti að gera hann að alvöruráðherra — það hlýtur að mega fjalla um það í nokkra daga áður en það er samþykkt úr því að það átti að taka gildi fyrir áramót, ég get ekki séð að það geti orðið ef ráðherrann er fjarstaddur — eða hvaða erindagerðum hann er í yfirleitt. Það kemur flatt upp á mann að nýr ráðherra sem vantar raunar ráðuneyti skuli ekki vera á landinu þegar um það er verið að ræða. Að vísu er það mál víst lagt fram í Nd., skilst mér, og eitthvað hefur verið rætt um það þar. Breyting á stjórnskipunarlögum ætti að fá gaumgæfilega athugun a.m.k. í þessari deild sem lætur nú ekki bjóða sér það að stjórnskipunarlögum landsins sé breytt í einhverju fljótræði og athugunarlaust. E.t.v. gæti einhver upplýst um þetta.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Hér áðan var beðið um að það yrði nafnakall. Ég tók svo eftir að hv. 14. þm. Reykv. hefði beðið um nafnakall áðan. (**GHG:** Nei, ég bað ekki um það. Það er misskilningur.) Þá hygg ég að ég biðji um nafnakall.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HBl, JE, KSG, MF, SalÞ, SkA, StG, SvG, JGS, DS, EG, EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, JHelg.

4 þm. (JúlS, KP, ÞK, EgJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

16. fundur, miðvikudaginn 6. des., að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 185. mál (eignir og tekjur barna). — Þskj. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 186. mál (tekjur barna). — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 244.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (meðdómsmenn). — Þskj. 161.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 246).

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er nú töluvert um liðið síðan 1. umr. fór hér fram og mun ég því ekki hafa mitt mál mjög langt að þessu sinni þó full ástæða hefði verið til þess. Ég vil þó benda á örfá atriði. Það er í fyrsta lagi það að þau mál sem hér eru til umræðu eru auðvitað mjög mikilsverð og við hljótum að fagna því sem slíku að sú umræða sem hér er skuli fara fram.

Eitt af þeim atriðum sem hefur orðið mikil aukning í og hefur valdið verulegum vanda er svokölluð umbúðamenning. Við sjáum það að með tilkomu einnota umbúða hefur það vaxið mjög að menn notuðu þær umbúðir ekki aftur. Þetta hefur út af fyrir sig aukið hagvöxt en ekki haft að öðru leyti jákvæð viðhorf nema með því safnast upp verulegt sorp og vandi. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem heyra undir þetta væntanlega ráðuneyti þó að það sjáist ekki enn sem komið er hversu mikið umfang slík starfsemi mundi þýða.

Ég get nefnt hér ýmis önnur mál sem hér heyra undir en ætla ekki að gera það að svo stöddu en mörgum spurningum er enn ósvarað og hæstv. hagstofuráðherra skilst mér að sé nú ekki hér á landinu því að hann mun taka ráðstefnur erlendis fram yfir það að ræða um þessi mál hér þrátt fyrir það að hæstv. hagstofuráðherra eigi eftir því sem mér skilst að gegna störfum hæstv. umhverfismálaráðherra þegar þessi lög yrðu samþykkt. Það veldur manni auðvitað vonbrigðum að hæstv. hagstofuráðherra skuli ekki hafa meiri áhuga á þessu málefni heldur en þetta og verður að segjast eins og er að það segir manni það að þetta ráðuneyti er auðvitað alveg óþarft fyrst hæstv. tilvonandi ráðherra hefur ekki áhuga á því að hlusta á umræður eða kynna sér málið betur. Ég ætla að vona að okkur gefist tækifæri til að ræða við hæstv. hagstofuráðherra þegar að því kemur að hann hefur tíma til að sinna umræðum um þetta verkefni sem heitir umhverfismál. En hann mun hafa fengið umboð til þess að verða umhverfismálaráðherra. Hæstv. hagstofuráðherra mun að vísu hafa farið út til að hlusta á einhverri erlendri ráðstefnu um umhverfismál að sagt er, en það sýnir auðvitað að hæstv. ráðherra hefur ekki þann áhuga á málinu sem maður mundi ætla að hann hefði og er leitt til þess að vita að við skulum vera að ræða þetta mál hér í þinginu án þess að hæstv. ráðherra sé hér. Það sýnir hvað þetta er einskis vert ráðuneyti. Það þarf ekkert að setja það á laggirnar. Þeim málum er vel skipað undir önnur ráðuneyti og það liggur ljóst fyrir eftir þessa niðurstöðu í dag að það má alveg bíða með að ræða þetta töluvert lengi og helst þarf aldrei að samþykkja þetta ráðuneyti sem sérstakt ráðuneyti og má vel koma því fyrir í skrifstofu einhvers annars ráðherra.

Að öðru leyti ætla ég ekki að segja mikið meira núna en ætla að vona að næst þegar við tökum til umræðu um þetta mál verði hæstv. hagstofuráðherra hér svo að hægt verði að ræða við hann og bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra þannig að við megum vænta svara.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill taka fram vegna umræðunnar um 6. dagskrármálið að það hefur orðið að samkomulagi að ljúka ekki umræðu um málið hér í dag heldur fresta henni þar til hæstv. hagstofuráðherra getur verið

viðstaddur og svarað spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar.

Hins vegar hafði það verið ætlun forseta að hafa hér kvöldfund svo að ljúka mætti þessari umræðu, en þar eð þetta samkomulag hefur tekist þá telur forseti litlar líkur á því að nauðsyn sé á kvöldfundi en mun halda áfram með þau dagskrármál sem á dagskránni eru. Það er enginn á mælendaskrá í 6. dagskrármálinu eins og sakir standa og mun forseti hér með fresta umræðunni um þetta mál og verður hún þá væntanlega tekin upp aftur í næstu viku.

Umræðu frestað.

Starfslaunasjóður leikhúslistafólks, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 101. mál. — Þskj. 103.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um starfslaunasjóð leikhúslistafólks. Meðflm. eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Málmfríður Sigurðardóttir. — Virðulegi forseti. Er menntmrh. staddur í húsinu? Ég óskaði eftir að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur þessa umræðu ef hann væri staddur í húsinu en ég mun þó ekki bíða með að hefja mál mitt. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til að athuga hvort ráðherrann er í húsinu.)

Innihald þessa frv. gengur út á það að stofna sérstakan starfslaunasjóð fyrir leikhúslistafólk. Það er gert ráð fyrir því að til þess verði varið 15 meðalárslaunum lektors við Háskóla Íslands og greiðist úr ríkissjóði. Þeir einir eiga rétt á starfslaunum sem eru fullgildir félagar í Félagi ísl. leikara og Félagi leikstjóra á Íslandi ásamt nokkrum öðrum skilyrðum og vert er að taka það fram strax að þó að til séu sjóðir sem veiti starfslaun og ritlaun á þetta fólk yfirleitt ekki aðgang að þeim sjóðum.

Það er mikilvægt að efla sjálfstæði þessa listafólks sem yfirleitt á starf sitt undir því komið að aðrir kalli það til starfa og þá helst þær stofnanir sem hafa yfir einhverjum fjármunum að ráða. Ákaflega stór hluti þessa fólks vinnur ekki innan þessara stofnana og gengur því ekki fyrir um verkefni þar og hefur þar af leiðandi hverfandi lítil tök á því að koma sínum hugmyndum á framfæri eða vinna að þessum málum því að það er takmarkað hvað áhugi endist fólki ef engin fjárráð eru fyrir hendi.

Það er líka vert að benda á að íslenskar leiklistarstofnanir eru afskaplega miðstýrðar stofnanir og því á hendi mjög fárra að útdeila þar verkefnum. Þegar þær eru ekki fleiri en raun ber vitni er alltaf talsverð hætta á því að sama fólkið sé kallað til starfa aftur og aftur og fær þá auðvitað visst forskot vegna þess að það öðlast reynslu umfram aðra og situr því kannski sjálfkrafa að næstu verkefnum.

Það er aðeins lítill hluti þess fólks sem vinnur að leiklistarmálum sem nýtur nokkurs starfsöryggis. Aðeins ¼ þeirra sem útskrifast hafa úr leiklistarskóla eru fastráðnir við störf. Einhver álíka fjöldi mun að vísu koma við sögu á hverju ári en þá mjög stopult. Og í Félagi ísl. leikstjóra, sem í eru um það bil 70 manns, eru einungis þrír sem ráðnir eru til þess að sinna leikstjórastörfum. Nú veit þetta fólk svo sem sjálft hvaða áhættu það tekur með því að leggja stund á þessi störf og starfsöryggi þess er ekki höfuðmálið heldur hve starfskraftar þess nýtast illa og hve fá tækifæri gefast fyrir það til að nýta sína menntun og getu.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að íslenskt leiklistarlíf líði mjög mikið fyrir hve stöðluð starfsemin er og lítið svigrúm fyrir nýjungar og breytingar. Ekki síst fyrir ný vinnubrögð, nýjar aðferðir, tilraunastarfsemi af ýmsu tagi sem ekki rúmast innan stofnana. Þær hafa alltaf tilhneigingu til að taka sem minnsta fjárhagslega áhættu — og ekki er ég svo sem að álasa þeim fyrir það — en tilhneigingin er oft að sigla tiltölulega lygnan sjó, bæði hvað varðar verkefnaval og val á listafólki til að vinna þær sýningar.

Við eigum óþrjótandi brunn sagna og efnis, fróðleiks sem mætti koma í leiklistarform og flytja mjög víða. Innan stofnana sem gætu þá keypt fullbúin verkefni og ekki síður utan þeirra, bæði á einhvers konar frjálsum markaði og eins í skólastarfi. Því miður hafa meira og minna fallið niður heimsóknir nemenda í leikhús eða leikhúss til nemenmda og væri þetta kjörinn vettvangur fyrir fólk sem ekki nýtur neinna launa eða er við fast starf. Sama máli gegnir um ferðalög út um land.

Það hefur margoft sýnt sig að þegar byggt er á íslensku efni, ekki síst ef það er sótt í okkar mikla sagnabrunn, þá er það líklegt til þess að falla fólki vel í geð og held ég að aðsóknartölur sýni að svo er. Einnig er það mikilsvert í því skyni að viðhalda og auka áhuga á menningararfinum og íslenskri menningu að honum sé haldið lifandi, m.a. í leikhúsi.

Nú er það þannig að einungis einn rithöfundur nýtur starfslauna við Þjóðleikhús Íslendinga og mér er ekki kunnugt um að neinn annar en þessi eini — sem ekki er sá sami ár eftir ár, þessu er úthlutað árlega — hafi af því starf að skrifa fyrir íslenskt leikhús. Ég hef vikið að því hér áður að þegar ekki er gefið svigrúm til tilraunastarfsemi og nýjunga ýmiss konar í vinnubrögðum og efnismeðferð er mikil hætta á stöðnun og þess sér vissulega merki í íslensku leikhúsi að lítið er um slíka endurnýjun. Það er fljótt að segja til sín í raunverulegum árangri hvort þessi síbreytileiki er fyrir hendi. Tilraunum geta flestir aðrir listamenn sinnt tiltölulega kostnaðarlítið þó að þeir taki auðvitað áhættu með því að ganga ótroðnar slóðir. Sá böggull fylgir alltaf skammrifi fyrir leiklistarfólk að það er mikill kostnaður því samfara að koma verkum á framfæri og því hefur það fremur en flestir aðrir þörf fyrir einhvers konar stuðning í undirbúningi slíkra verkefna.

Nú hefur húsakostur íslensks leikhúss tekið miklum stakkaskiptum. Það er kunnara en frá þurfi að

segja að nýbúið er að opna Borgarleikhús í Reykjavík með tveim sviðum og þó að til standi að loka Þjóðleikhúsi Íslendinga bráðlega, þá líður nú varla á löngu þangað til þar verður opnað aftur með bættri aðstöðu þannig að það hefur enn aukist þörfin fyrir ný verkefni innan þessara stofnana.

Mér er vel kunnugt um að það mun vera í gangi nefnd sem endurskoðar alla tilhögun mála í sambandi við starfslaun og aðra styrki til listastarfsemi og byggir hún að mér skilst að einhverju leyti á tillögum sem Bandalag ísl. listamanna gerði á sínum tíma um tilhögun þessara mála. Ég átti sjálf sæti í þeirri nefnd hjá Bandalagi ísl. listamanna og mikinn hlut að því máli þannig að mér er vel kunnugt um þær tillögur. Í þeim var einmitt lagt til að stofnaðir yrðu ýmsir sérsjóðir fyrir listgreinar. Nú veit ég ekki hvort því er fylgt eftir í væntanlegum tillögum núverandi nefndar, en það er þó ákaflega heppilegur máti að hver listgrein hafi sinn sjóð sem hún getur gengið í og listamenn þurfi ekki að bítast innbyrðis um þær því miður allt of fáu krónur sem eru til skiptanna hverju sinni. Þegar um er að ræða sameiginlega sjóði hefur það held ég sýnt sig að leiklistarfólk hefur yfirleitt alltaf borið þar mjög skarðan hlut frá borði. Það kann að stafa að einhverju leyti af því að það virðist vera álit margra að þeir njóti starfsöryggis, og séu sá hópur listamanna sem e.t.v. hafi mest starfsöryggi en eins og ég greindi frá áðan gildir það aðeins um lítinn hluta þess fólks sem hefur til þess menntun að leggja stund á leiklistarstörf.

Annað kann líka að ráða, sem sé það að leikhúslistafólk sé einungis það sem menn hafi viljað kalla túlkandi listamenn. Ég vara nú stórlega við þessari skiptingu í skapandi og túlkandi listamenn, enda er sá skilningur mjög á undanhaldi.

Þar sem þetta frv. er endurflutt, var einnig flutt á síðasta þingi, ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð núna. En ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 102. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 104.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það gildir það sama um þetta frv. sem ég mæli nú fyrir um breytingu á grunnskólalögum og það fyrra að það er endurflutt. Flm. með mér eru hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Árni Gunnarsson.

Frv. þetta hlaut nokkuð ítarlega umfjöllun hér í þinginu í fyrra og var sent til umsagnar og hlaut mjög jákvæðar viðtökur, bæði hér í þinginu og eins í þeim umsögnum sem bárust.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að við 43. gr. grunnskólalaga bætist þrjár nýjar málsgreinar. Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst að styrkja stöðu íslenskrar menningar innan íslenska skólakerfisins og efla tengsl grunnskóla við stofnanir lista og fræða í landinu ásamt því fólki sem stundar lista- eða fræðistörf. Í 43. gr. grunnskólalaga er fyrst og fremst fjallað um félags- og tómstundastarf og ekki óeðlilegt að starfsemi af þessu tagi flokkaðist undir slíkt.

Í vor var samþykkt hér á Alþingi aðalnámsskrá fyrir grunnskóla og þó að langt sé frá því að allt í þeirri aðalnámsskrá sé komið til framkvæmda, þá eru þar þó a.m.k. markmiðslýsingar, eitthvað sem vinna ber að, og ég ætla, virðulegi forseti, að vitna hér til þess kafla í aðalnámsskrá sem fjallar um menningarmál. Þar segir:

„Kjölfesta hverrar þjóðar er menning hennar. Í menningararfi íslensku þjóðarinnar frá landnámi til samtímans teljast tengsl við landið og hafið umhverfis það, náttúru þess og auðlindir, sögu lands og þjóðar, þjóðtunguna, bókmenntir, verkmenningu, listir, vísindi, lýðræði, kristinn sið, trú og þjóðhætti.

Grunnskóli þarf að efla vitund um menningararfleifð þessa og standa traustan vörð um menningu þjóðarinnar. Mikilvægt er að í skólastarfi sé stuðlað að þátttöku nemenda við framvindu og mótun menningar."

Í sama kafla segir líka, með leyfi forseta: „Til þess að nemendur finni tilgang með námi sínu þurfa að vera skýr tengsl milli þess náms sem fram fer í skólanum og þeirrar reynslu sem þeir fá utan skóla."

Þarna er nú kannski mergurinn málsins og þetta frv. sem hér er lagt fram er í rauninni útfærsla á því sem segir til um í aðalnámsskrá.

Hér hafa iðulega orðið umræður um stöðu íslensks skólakerfis og svokallað menningarástand í skólum og þá jafnframt í landinu öllu. Því meir sem tengsl okkar aukast við aðrar þjóðir, á hvaða sviði sem það nú er, þeim mun meiri þörf er á að styrkja íslenska menningu. Það er ekki hægt að ætlast til að börn eða unglingar finni það upp hjá sjálfum sér að hafa áhuga á því sem íslenskt er og áhuga á sinni fortíð, sínum menningararfi og landi sínu þegar fátt eitt sem að þeim er haldið gefur tilefni til þess. Ég vil af því tilefni vísa til fsp. sem ég hef gert hér ítrekað á Alþingi um barnaefni í hljóðvarpi og sjónvarpi. Svör við þeirri fsp. leiða það mjög skýrt í ljós að sannarlega er það ekki í íslenska sjónvarpið sem börn geta sótt sér nokkurn fróðleik um íslenska menningu eða sína fortíð og væri auðvitað þörf á að ráða þar bót á. En ég hygg að svo sé málum komið að það verði ekki undan því vikist að skólakerfið sinni þessum málum betur en hingað til. Því miður hefur líklega nú síðari ár orðið þó nokkur afturför frá því sem áður var. Á því eru sjálfsagt margar skýringar. Helst er kannski sú að lítið fé er til umráða til slíkrar starfsemi sem hér er kveðið á um en einnig segir mér svo hugur um að eitthvað hafi stirðnað samstarf skólanna og þeirra stofnana eða fólks sem áður heimsótti skóla og lítill stuðningur virðist vera við það inni í skólakerfinu að

hvetja nemendur til þess að sækja þá menningarviðburði sem þó bjóðast.

Ég ætla ekki að fara út í hvernig hægt væri að framkvæma þetta eða nánari útfærslu. Ég nefndi í grg. þó nokkrar hugmyndir um hvernig að þessu mætti standa og vísa til hennar án þess að halda því fram að hún sé á nokkurn hátt tæmandi. Einhverjir höfðu skilið það svo við umfjöllun um frv. í fyrra að það væri verið að fara fram á að listamenn eða fræðimenn sem til væru kallaðir ættu að vinna launalaust. Það var alls ekki ætlun mín. Ég þori að fullyrða að í hópi listamanna sé að finna það fólk sem er hvað fúsast til að vinna án þess að þiggja laun fyrir, en ég ætlast nú ekki til þess að skipulegt samstarf við skóla fari fram með þeim hætti. En vegna þess hve ég hafði undirstrikað að með útsjónarsemi, hagræðingu, hugarflugi og samvinnu við menningarstofnanir og stéttarfélög mætti halda kostnaði í lágmarki og skírskota til ábyrgðar allra einstaklinga, félaga og stofnana á uppeldi nýrrar kynslóðar og varðveislu menningar okkar og tungu skildu einhverjir það svo að ég ætti við að ekki yrðu þegin laun fyrir þessa starfsemi, en svo er sem sagt ekki.

Að öðru leyti vísa ég til þeirrar umræðu sem hér fór fram í fyrra sem þó nokkrir tóku þátt í og var nokkuð ítarleg og jákvæð. Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hafa endurflutt þetta mál hér í þessari virðulegu deild og skýra frá því að til meðferðar er hjá stjórnarflokkunum og hefur verið síðan um miðjan október frv. til nýrra grunnskólalaga. Í þeim drögum er að vísu ekki tekið nákvæmlega eins á þessu máli og hv. þm. leggur til en ég tel einboðið með hliðsjón af því hversu mikinn skara flm. hún hefur með sér og hversu víðtækan stuðning má ætla að þeir hafi að baki sér hér á Alþingi, þá sé nokkurn veginn alveg einboðið að þau sjónarmið sem hún flytur í frv. eigi hér verulegan stuðning og geti komið inn við afgreiðslu grunnskólafrv. þegar það kemur hér til meðferðar á hv. Alþingi. Ég hafði reyndar hugsað mér að leggja það fram í þessari deild þannig að það gefst kostur á því að bera saman efni frv. sem hv. þm. var að mæla fyrir og frv. til nýrra grunnskólalaga.

Ég vil einnig leyfa mér, virðulegi forseti, í tilefni af næstsíðasta dagskrármálinu að geta þess sem drepið var á í ræðu hv. 18. þm. Reykv. að í gangi er endurskoðun á reglum öllum um listamannalaun, hvaða nafni sem þau nefnast, hvort sem um er að ræða heiðurslaun, starfslaun eða önnur listamannalaun. Sú nefnd, sem starfað hefur að þeirri endurskoðun undir forustu Ragnars Arnalds alþm., hefur skilað bráðabirgðaáliti sem verður til meðferðar í stjórnarflokkunum núna á næstu vikum og í framhaldi af því geri ég ráð fyrir að samið verði frv. á grundvelli þessa nefndarálits sem kæmi þá til kasta þingsins síðar í vetur. Ég tel einnig eðlilegt að frv. um starfslaunasjóð sem hér var mælt fyrir í næstsíðasta dagskrármáli verði tekið til athugunar um leið og farið er yfir listamannalaunin í heild.

Ég vildi leyfa mér, virðulegi forseti, þrátt fyrir það að annað mál sé nú á dagskrá að skjóta þessu máli hér inn í umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggðastofnun, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 184. mál (kvennadeild). — Þskj. 207.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á síðustu áratugum hefur staða kvenna í þjóðfélaginu tekið stórfelldum stakkaskiptum einkum þó með tilliti til atvinnu. Heimilið er ekki lengur aðalstarfsvettvangur þorra kvenna. Þá staðreynd verður að viðurkenna hvaða augum sem sú breyting er litin. Konur hafa hópast út á atvinnumarkaðinn bæði til sjávar og sveita. Ekki væri rétt að segja að það sé alfarið þeirra eigin ósk. Oft hafa þjóðfélagslegar aðstæður knúið þær til þess, svo sem það hve dýrt er að koma upp húsnæði, kröfur um aukna menntun almennings sem kostar fé og kröfur atvinnumarkaðarins til vinnuframlags þeirra.

Nú er staðan nokkuð að breytast. Samdráttur í landbúnaði veldur fólksfækkun í sveitum landsins, nýbúgreinarnar loðdýrarækt og fiskeldi berjast í bökkum og sú staða bitnar á heimilum og þá jafnt á konum sem körlum þar sem þær eru líka í fyrirvinnuhlutverkinu. Atvinnuleysi er nú meira í þorpum og þéttbýlisstöðum en áður hafa sést tölur um og ekki er fyrirsjáanlegt að úr því rætist á næstu mánuðum. Á mörgum sveitaheimilum, einkum þar sem ekki eru ung börn, hefur konan, þó hún sé ein um heimilisforsjá innan stokks, oft tíma aflögu sem hún kysi að nota fyrir sjálfa sig til að læra eitthvað, til að endurhæfa sig eða beinlínis til vinnu heima eða utan heimilis í þeim beina tilgangi að drýgja tekjurnar. Þetta síðast talda er oftar en ekki af brýnni nauðsyn þó svo að efnahagslegar aðstæður bændakvenna séu afar mismunandi.

En hvað er svo í boði fyrir sveitakonu til að mæta þessum þörfum? Innan flestra landbúnaðarbyggðarlaga hafa myndast þéttbýliskjarnar og sums staðar eru sjávarpláss í nánd. Þéttbýlisstaðir til sveita eru í kringum ylrækt eða gróðurhús, þar sem konur leggja fram drjúga vinnu, eða þá umhverfis skóla, hótel, elliheimili eða þjónustu af einhverju tagi. Sveitakonur sem þurfa að drýgja tekjur heimilisins leita í störf á þessa staði, sem kennarar, sem leiðbeinendur eða starfsstúlkur og í mörgum sveitum eru þetta einu atvinnutækifæri kvenna utan heimilis en hafa flest þá ókosti að vera árstíðabundin, óviss og illa launuð. Konur á sveitabæjum í námunda við sjávarpláss leita

einnig nokkuð í vinnu þangað. Í sumum tilfellum við svipuð störf og ég hef nefnt, en auk þess í nokkrum mæli til fiskvinnu. En í þeirri grein er yfirleitt litið á þær sem varavinnukraft og dragi úr atvinnu eru það þær sem fyrst er sagt upp.

Það sem ég hef nú sagt undirstrikar mikilvægi þess máls sem hér er til umræðu en það eru varanlegar úrbætur til að treysta atvinnuöryggi kvenna á landsbyggðinni. Konur vantar vinnu.

Atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar einhæft. Sums staðar stendur byggðarlagið og fellur með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki. Þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsháttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilis. Er löngu orðið tímabært að taka mið af þeirri staðreynd.

Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa áttað sig á því hversu nauðsynlegt það er að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um búsetuþróun. Þar eins og hér bitnar aukið atvinnuleysi og skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Hefur því víða verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu atvinnu með tilliti til hugmynda og aðstæðna kvenna.

Finnar hafa t.d. ráðunaut um atvinnuuppbyggingu kvenna í dreifbýli og það hefur skilað umtalsverðum árangri og á öllum Norðurlöndunum er eitthvað í gangi einmitt í þá veru að byggja upp þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Fyrir skömmu var gerð sameiginleg könnun í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi á atvinnuháttum dreifbýlisins og því hvernig best mætti snúa af vegi fólksfækkunar og auðnar, styðja landsbyggðina og byggja þar upp heilbrigt og gróandi mannlíf. Þessi könnun leiddi til þeirrar niðurstöðu að við mótun nýs atvinnulífs og atvinnutækifæra væri þátttaka kvenna höfuðnauðsyn. Áhrifum þeirra yrði að koma að við atvinnureksturinn vegna þess að þær hafa aðra sýn og aðrar viðmiðanir. Þær yrðu að vera með þar sem ráðum væri ráðið og vegna vinnuframlags þeirra yrði að taka tillit til hagsmuna þeirra. Ráðamenn í Noregi hafa látið í ljós að við uppbyggingu atvinnu í dreifbýli skuli þessar niðurstöður hafðar að leiðarljósi. Vonandi vitrast ráðamönnum hér þessi sannleikur sem okkur konum finnst reyndar augljós.

Árið 1986 var atvinnuþátttaka kvenna hér á landi 90,1%. Þátttaka giftra kvenna í atvinnu utan heimilis hafði aukist úr um 20% árið 1960 í 84% árið 1986. Nú fer atvinnuleysi hins vegar vaxandi og kemur harðar niður á konum en körlum. Skráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, en þar að auki er vitað mál að dulið eða óskráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, einkum í dreifbýli. Vert er að benda á að 40% lögbýla í landinu bera aðeins eitt ársverk eða minna. Allt ber því að sama brunni. Það vantar ný störf fyrir konur.

Ætla mætti að einhverjir ráðamenn hafi komið auga á fyrrnefndar staðreyndir, sbr. eftirfarandi setningu í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar: „Sérstakt átak verður gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni." Efndir á því fyrirheiti eru hins vegar engar enn og því höfum við þingkonur Kvennalistans lagt hér fram á þskj. 207 frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun, sem hljóðar svo:

„1. gr. Við II. kafla laganna bætist ný grein, er verði 13. gr., og orðist þannig:

Við Byggðastofnun starfar deild sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Til starfsemi deildarinnar skulu renna a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar og skal þeim varið til reksturs deildarinnar, ráðgjafar, lána, styrkja og annarrar fyrirgreiðslu vegna atvinnustarfsemi kvenna.

Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar setur ráðherra með reglugerð.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Í 3. gr. laga um Byggðastofnun segir:

„Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Stofnun sérstakrar deildar við Byggðastofnun, sem eingöngu fjalli um málefni kvenna, er ein leiðin til að fást við þann vanda sem leiðir af núverandi fábreytni og skorti á störfum fyrir konur.

Eðlilegt er að konur hafi frumkvæði í þessum efnum, en hvatning, ráðgjöf og bætt skilyrði eru nauðsynleg. Konur skortir sjálfstraust á þessum vettvangi. Þær hafa lítið sótt í atvinnuþróunarsjóði. Eignaleysi kvenna hindrar þær í að stofna til skulda.

Fyrsta verkefni kvennadeildar Byggðastofnunar yrði að efla frumkvæði hjá konum, t.d. með fræðslufundum, hugmyndasamkeppni, almennri fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu og námskeiðum fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Þannig má minnka það forskot sem karlar hafa í þessum efnum. Tryggja þarf skilning á sérstöðu kvenna. Þess vegna er nauðsynlegt að við deildina starfi eingöngu konur sem hafa reynslu af kvennaráðgjöf og jafnréttismálum.

Fræðsla fyrir konur þarf að miðast við reynslu þeirra og þá staðreynd að konum henta betur vinnu- og kennsluaðferðir sem byggjast á hópvinnu og óformlegum samskiptum og efla frumkvæði og áræði. Það er ekki nóg að breyta „hann" í „hún". Á óþekktu sviði eiga konur sérstaklega erfitt með að meta hvað þær geta og hvað ekki og hverjar eru þeirra veiku og sterku hliðar.

Kvennadeild Byggðastofnunar er hreint byggðaverkefni. Þess vegna teljum við flutningskonur mikilvægt að hún hafi aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins og við bendum á Akureyri sem kjörinn stað í því efni.

Rökin fyrir því eru þau að þar hefur á undanförnum árum verið unnið að samnorræna verkefninu „BRYT" eða „Brjótum múrana" sem er þróunarverkefni á sviði jafnréttismála. Þá er á Akureyri útibú frá Byggðastofnun, hið eina á landinu. Á sama stað er svo aðsetur Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar sem unnið hefur markvisst að atvinnuþróun á Eyjafjarðarsvæðinu.

Flutningskonur leggja því til að sett verði ákvæði í reglugerð um að kvennadeildin starfi við útibú Byggðastofnunar á Akureyri. Enn fremur verði í reglugerð ákvæði um að við deildina starfi eingöngu konur með reynslu af jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf sem hafi með höndum rekstur deildarinnar, meti umsóknir um aðstoð, veiti ráðgjöf og handleiðslu og annist námskeið fyrir konur. Einnig komi fram í reglugerð ákveðin stefna þar sem t.d. þær hugmyndir fái forgang sem stuðla að nýjungum í atvinnurekstri byggðarlagsins eða byggjast á hráefni eða annarri auðlind byggðarlagsins. Einnig væri hugsanlegt að veita þeim konum forgang sem fara út í óhefðbundinn atvinnurekstur, annaðhvort óhefðbundinn fyrir byggðarlagið eða óhefðbundinn fyrir konur.

Átak til eflingar atvinnu fyrir konur í dreifbýli getur vissulega fallið undir almenna starfsemi Byggðastofnunar. Reynslan hefur þó sýnt að hætt er við að önnur verkefni fái sjálfkrafa forgang. Þess vegna þarf að marka kvennadeild sérstakan sess með lögum, deild sem vegna sérstöðu sinnar ætti auðveldara með að tileinka sér og tryggja ný vinnubrögð sem eru aðgengileg konum.

Fyrir rúmu ári héldu kvennalistakonur ráðstefnu á Hvanneyri um atvinnumál kvenna í dreifbýli. Ýmsar athyglisverðar niðurstöður komu þar fram en athyglisverðast þótti mér að heyra hugmyndaauðgi kvennanna um möguleika á margvíslegri atvinnustarfsemi fyrir konur og langsamlega athyglisverðast hvernig þær hugsuðu sér uppbyggingu þess. Hugmyndir þeirra byggjast allar á samvinnu kvenna. Atvinnureksturinn taki mið af börnum og heimili og því að störfum skuli hagað þannig að konur séu ekki knúðar til að varpa frá sér ábyrgð á fjölskyldunni.

Við getum að gamni litið á á móti hvernig karlar byggja upp atvinnufyrirtæki. Þar eru konur, börn og þarfir þeirra ekki inni í myndinni þó að gengið sé út frá því að vinnuframlag kvenna sé nýtt. Þó er ávallt vísað til karlanna sem hinna ábyrgu aðila. Konur miða við að byrja smátt en efla reksturinn hægt og örugglega. Karlar vilja byrja stórt, verða ríkir strax og sorglegar afleiðingar þess hugsunarháttar blasa allt of víða við.

Landsbyggðinni er nú bráður og stórkostlegur vandi á höndum um atvinnumál og atvinnuuppbyggingu sem ég fæ ekki séð að verði leystur nema með aðstoð stjórnvalda í einhverjum mæli. En heimamenn verða sjálfir að eiga frumkvæði, hugmyndir og tillögur um hvað gera skuli og þar verða konur að hafa frumkvæði að sínum hluta og hugmyndirnar skortir þær ekki. Það skiptir öllu máli um framtíð landsbyggðarinnar að tillit sé tekið til þess að þannig þarf að búa að konum að þær geti komið inn í atvinnulífið á eigin forsendum, að atvinnuuppbyggingin taki mið af því hvað hentar konum því án þátttöku kvenna verður ekki um neinar raunhæfar úrbætur að ræða í atvinnumálum dreifbýlisins.

Og með tilvitnun til þeirra orða í stjórnarsáttmálanum „að sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni" skora ég á hæstv. ríkisstjórn að láta nú athafnir fylgja orðum, tryggja þessu frv. framgang.

Í stjórnarsáttmálanum eru einnig fyrirheit um að taka fyllsta tillit til byggðamála við uppbyggingu atvinnulífsins og einnig um það að stuðlað verði að æskilegri byggðaþróun sem hlýtur að þýða það að vilji ráðamanna sé að byggð haldist sem víðast um landið. Til þess að svo verði þarf nýja strauma og stefnur í atvinnulífinu og að því miðar þetta frv. Það skiptir meira máli um byggðafestu en margir gera sér ljóst að konur um landið allt, til sjávar og sveita, eigi kost á atvinnu sem miðast við þarfir þeirra. Konur vantar vinnu.

Að loknu máli mínu vil ég vísa þessu frv. til fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisbókhald, ríkisreikningur og fjárlög, 1. umr.

Frv. GHH og PJ, 202. mál (fjáraukalög). — Þskj. 235.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum. Hér er um að ræða löggjöf sem allt er varðar ríkisbókhald, fjárlög, ríkisreikning og skyld málefni lýtur. Þessi lög eru 23 ára gömul og margt hefur breyst á þeim tíma og að mínum dómi fyllsta ástæða til að endurskoða þau lög í heild sinni. Hygg ég að einhver undirbúningur kunni að vera hafinn að slíkri endurskoðun á vegum þeirra aðila sem mesta ábyrgð bera í þessu efni. Eigi að síður hefur flm. þessa frv. þótt ástæða til að endurflytja nú í lítið breyttri mynd frv. sem hér var flutt á síðasta þingi og kveður á um að sett verði ákveðin tímamörk að því er varðar framlagningu hér á Alþingi á ríkisreikningi og fjáraukalögum og sömuleiðis afgreiðslu þeirra mála hér í þinginu.

Eins og þingmenn rekur eflaust minni til frá síðasta þingi þá var þar lagður fram nokkur bunki af ríkisreikningum og fjáraukalögum eldri ára sem dregist hafði úr hömlu að leggja hér fyrir Alþingi og afgreiða. Búið er að koma nokkurri reglu á þessi mál nú og vissulega var það framfaraspor þegar hæstv. fjmrh. lagði fram á þessu þingi í fyrsta sinn um áratuga skeið frv. um fjáraukalög fyrir yfirstandandi fjárlagaár.

Eigi að síður telja flm. rétt að kveðið verði á um afgreiðslu þessara mála í lögum þannig að í framtíðinni verði ekki um það að ræða að óeðlilegur dráttur geti orðið á framlagningu þessara mikilvægu skjala, þessara mikilvægu þingmála. Þannig verði bæði það aðhald að handhöfum framkvæmdarvalds í þessu efni sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir og sömuleiðis verði þessi skjöl þinginu sjálfu til þess gagns sem þau geta orðið ef eðlilega og rétt er að málum staðið.

Í þessu frv. er, herra forseti, lagt til í fyrsta lagi að endurskoðaðan ríkisreikning skuli leggja fyrir Alþingi svo skjótt sem verða megi á næsta ári eftir fjárlagaárið og afgreiða hann þá. Einnig segir að eigi megi samþykkja ríkisreikning fyrr en lokið sé afgreiðslu fjáraukalaga fyrir viðkomandi ár.

Í öðru lagi segir svo, virðulegi forseti, í 2. gr., að frv. til endanlegra fjáraukalaga skuli lagt fram og afgreitt á vorþingi eftir fjárlagaárið.

Þriðja breytingin er svo sú, virðulegi forseti, að gert er ráð fyrir því að fyrirsögn laganna breytist og í hana komi orðið fjáraukalög, enda er hér þá í fyrsta sinn í þessari löggjöf ákvæði um þau lög sem síst eru réttminni eða virðingarminni heldur en fjárlög og ríkisreikningur þó að hvergi sé kveðið á um þau í lögum annars staðar en í stjórnarskrá. En fjáraukalögin eru sem kunnugt er millistig milli fjárlaganna og hins endanlega ríkisreiknings.

Það sem segir hér um frv. til endanlegra fjáraukalaga er breyting frá því sem var í þessu frv. í fyrra vegna þess að nú hefur fjmrh. lagt fram fjáraukalagafrv. fyrir þetta ár og má vænta þess að svo verði í framtíðinni að fram komi á fjárlagaárinu frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi fjárlagaár.

Hins vegar er jafnframt ljóst að slíkt frv., eins og nú háttar til til að mynda, mun ekki segja fyrir um endanlegar niðurstöður fjárlagaársins og þess vegna verður áfram þörf á sérstöku fjáraukalagafrv. eftir að árið er liðið til þess að gera upp reikningana og fá heimildir fyrir þeim útgjöldum sem hugsanlega hafa staðið út af og öðru því um líku sem kemur til skjalanna þegar árið er gert upp í heild sinni.

En rétt þykir í þessu frv. að kveða á um að slíkt frv. skuli lagt hér fram á hv. Alþingi og það afgreitt á vorþinginu eftir fjárlagaárið, þ.e. að það skuli þá við venjulegar aðstæður hafa hlotið hér fullnaðarafgreiðslu á innan við hálfu ári frá því að árinu sem um er fjallað er lokið.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara um þetta mikið fleiri orðum. Ég tel að frv. sem þetta sé ákveðinn liður í því að koma hér á frekari umbótum í öllu er varðar verklag og vinnubrögð í sambandi við fjárlög, ríkisreikning, fjáraukalög og fleiri slík málefni, sem og endurskoðun og eftirlit með útgjöldum. Það hafa orðið ákveðnar breytingar á þessum málum á undanförnum missirum sem allar horfa til bóta og til nútímalegra horfs og ég tel að þetta frv. sem hér er flutt geri það líka.

Það er ljóst að hér er ekki um pólitískt ágreiningsefni að ræða heldur ákveðnar umbætur sem snúa að formi mikilvægra mála. Þess vegna vænti ég þess að um þetta mál geti orðið samstaða þó að ég taki líka fram að vissulega er þörf á víðtækari endurskoðun þeirra laga sem gerð er tillaga um að breyta með frv. þessu.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. þessu verði að 1. umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

25. fundur, fimmtudaginn 7. des., kl. 10 árdegis.

Listskreytingasjóður ríkisins, ein umr.

Fsp. GHelg, 85. mál. — Þskj. 86.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef á þskj. 86 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um framkvæmd laga um Listskreytingasjóð ríkisins og fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig hefur ákvæði um listskreytingar opinberra bygginga verið fylgt frá setningu laganna um Listskreytingasjóð?

2. Hvert hefur framlag ríkisins verið: a. 1983, b. 1984, c. 1985, d. 1986, e. 1987, f. 1988, g. 1989?

3. Hve miklu hefur verið veitt úr sjóðnum og til hvaða listaverka?

4. Hvað líður endurskoðun á lögunum sem fara átti fram að fimm árum liðnumn frá setningu þeirra?"

Þegar þessi lög voru sett 7. maí 1982 þóttu það nokkur tíðindi að búið væri að lögfesta listskreytingar opinberra bygginga. Samkvæmt 3. gr. laganna áttu tekjur sjóðsins að vera árlegt framlag ríkisins. Framlagið nemur, eins og þar segir, „1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o.s.frv.), sbr. 4. gr."

Síðan segir í 4. gr. laganna:

„Framlag ríkissjóðs skv. 1. tölul. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingadeild menntmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun."

Nú má öllum vera ljóst að þessi lög hafa ekki verið framkvæmd eins og ætlast var til og tvímælalaust hefur verið um að ræða miklu lægri fjárframlög en gert var ráð fyrir. Það er nú einu sinni svo að hv. stjórnvöld virðast taka lítt alvarlega ýmislegt sem tilheyrir menningarmálum þjóðarinnar og ómögulegt er annað en að leyfa sér að halda því fram að heldur sígi á ógæfuhliðina í þeim efnum. Mitt í öllu efnahagsamstri daganna held ég að hv. þingheimur verði að hafa auga á því að menningarmálin séu ekki algjörlega sett til hliðar.

Til þess að fá upplýsingar um hvernig þessi mál standa og þá ekki síst umrædd endurskoðun laganna hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp., hæstv. forseti.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir að bera fram þessa fsp. og vekja þannig athygli á málefnum Listskreytingasjóðs.

Listskreytingasjóður hefur verið starfandi allt frá árinu 1983. Fsp. er nokkuð viðamikil og verð ég þess vegna að bregða á það ráð að afhenda hv. þm. skriflega nokkuð af þeim upplýsingum sem ég hef hér undir höndum um sjóðinn til að svara fsp. hennar.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hvernig hefur ákvæðum um listskreytingar opinberra bygginga verið fylgt frá setningu laganna um Listskreytingasjóð?" Svarið er: Illa. Það hefur vantað verulega á á hverju einasta ári að framlög til sjóðsins væru í samræmi við lagaákvæðin sem gera ráð fyrir 1% af stofnverði þeirra bygginga sem upp eru taldar í lögunum.

T.d. á árinu 1988 var framlagið 5 millj. kr. en hefði átt að vera 25 millj. Árið 1987 var framlagið 4 millj. kr., hefði átt að vera 19. Árið 1989 er framlagið 6 millj. kr. en í fjárlagafrv. ársins 1990 er gert ráð fyrir að þetta framlag verði 10 millj. kr. Það hefur sem sagt vantað verulega upp á það að sjóðurinn fengi það sem hann hefði átt að fá samkvæmt gildandi lögum öll árin frá því að hann var stofnaður. Ég mun afhenda hv. þm. yfirlit yfir það hvað sjóðurinn hefur fengið og hvað sjóðurinn hefði átt að fá sundurliðað ár fyrir ár.

Í annan stað spyr hv. þm.: „Hvert hefur framlag ríkisins verið?" Framlag ríkisins hefur verið, ef ég rek mig hratt í gegnum það í tölum, 1983 2 millj., 1984 4 millj., 1985 3,7 millj., 1986, 1987 og 1988 4 millj. öll árin, eða óbreytt krónutala í þrjú ár, og síðan næsta ár þar á eftir 5 millj. og svo í ár 6 millj., og í fjárlagafrv. ársins 1990 10 millj. kr.

„Hve miklu hefur verið veitt úr sjóðnum og til hvaða listaverka?" Svarið er sem sagt að á árinu 1983 voru 7 verk styrkt með framlögum úr sjóðnum, samtals 738 þús. kr., 1984 6 verk, 968 þús. kr., 1985 14 verk, 4 millj. 262 þús. kr., 1986 12 verk, 4 millj. 882 þús. 500 kr., 1987 11 verk, 6 millj. kr., 1988 19 verk, 11,6 millj. kr., og 1989 12 verk, 8 millj. kr., þ.e. til 31. okt. sl.

Ég hef hér undir höndum yfirlit yfir öll þau verk sem veitt hefur verið fé til frá upphafi, stofnun sjóðsins, og mun afhenda það hv. fyrirspyrjanda hér á eftir.

Ég get aðeins nefnt árið 1989 sem dæmi, það sem af er þessu ári. Það er Borgarspítalinn í Reykjavík til fullhönnunar myndverks við aðalinngang hússins. Það er verk eftir Jón Gunnar Árnason. Það er Garðaskóli í Garðabæ vegna kaupa á höggmynd eftir Sigurjón Ólafsson. Það er Fjölbrautaskólinn í Breiðholti til listskreytingar á gafli íþróttahúss með myndverki eftir Sigrúnu Guðjónsdóttur og Gest Þorgrímsson. Það er Bændaskólinn á Hvanneyri til listskreytingar í aðalbyggingu með veflistarverkum eftir Ingibjörgu Styrgerði og Þorbjörgu Þórðardóttur. Það er Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði, vegna listskreytingar utan húss, myndverks eftir Steinunni Þórarinsdóttur. Það er heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi til kaupa á fjórum listaverkum eftir Guðbjörgu Lind, Jón Óskar Hafsteinsson, Sigurð Örlygsson og Þorlák Kristinsson. Það er Heilsugæslustöðin á Húsavík vegna hugmyndasamkeppni um listskreytingu í skála. Það er Glerárskóli, Akureyri, til veggskreytingar úr keramikflísum. Höfundur er Soffía Árnadóttir. Það er Menntaskólinn á Akureyri til að láta gera stækkaða afsteypu af höggmynd eftir Ásmund Sveinsson og koma myndinni fyrir á lóð skólans. Það er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Keldnaholti, vegna listskreytingar í tilraunaskála. Það er myndverk eftir Elísabetu Haraldsdóttur. Það er stjórnsýsluhús á Ísafirði vegna listskreytingar í miðrými, myndverks eftir Steinunni Þórarinsdóttur, viðbótarframlag og það er verndaður vinnustaður á Vesturlandi, Dalbraut 10–12, Akranesi, til kaupa á tveimur höggmyndum eftir Guttorm Jónsson. Þetta var yfirlit yfir framlögin til þessa á árinu 1989.

Og síðan spyr hv. þm. að lokum:

„Hvað líður endurskoðun á lögunum sem fara átti fram að fimm árum liðnum frá setningu þeirra?" Sem sagt, endurskoðunin hefði átt að fara fram á árinu 1987. Þessari endurskoðun er nú lokið og frv. um endurskoðuð lög fyrir Listskreytingasjóð verður lagt fyrir ríkisstjórnina eftir áramót.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau ítarlegu svör sem hann hefur sett fram hér og þakka sérstaklega hinn skriflega hluta sem ég tel mjög gagnlegan og mun sjá til þess að allir þingmenn fái að hafa undir höndum.

Það er auðvitað ljóst að þarna hefur ekki verið vel að framkvæmd staðið og sorglegt til þess að vita að eftir að þessi lög fengust samþykkt, lög um Listskreytingasjóð ríkisins, eftir töluvert langa baráttu þar sem menn höfðu lagt mikið á sig til þess að koma þeim í gegnum þingið, skuli að svo litlu leyti vera eftir þeim farið. Það er nú einu sinni svo að list er nauðsynleg eins og aðrar mannanna þarfir og við megum ekki gleyma þessum hluta þjóðlífsins, og ég held að enginn deili um það að fagurt umhverfi manneskjunnar sé henni jafnnauðsynlegt og ýmislegt annað. Það er satt að segja heldur lítið ris yfir hinu háa Alþingi þessi síðustu ár varðandi þessi mál. Ég vona svo sannarlega að hæstv. núv. menntmrh. hafi þegar séð það og skilið og muni beita sér fyrir því að þessum málum verði sinnt í meira mæli.

Ég vil minna á að hér fyrir nokkrum árum urðu töluverð átök um einn þátt þessara mála sem var till. til þál. um að ríkið aðstoðaði við listskreytingu Hallgrímskirkju. Það mál var síðan samþykkt og nefnd sett til þess að framkvæma tillöguna, en síðan hefur sú nefnd lognast út af vegna innri erfiðleika og málið er nú í algerri kyrrstöðu. Það gladdi mig hins

vegar að hv. 6. þm. Vesturl. hefur borið fram fsp. um framkvæmd þingsályktunartillagna sem er vissulega efni sem þingmenn þyrftu að taka til umræðu vegna þess að þar er sama á ferðinni. Mikið vantar á að það sem samþykkt er hér í þinginu sé framkvæmt.

Ég vil því skora á hæstv. menntmrh. og ekki síður hæstv. fjmrh. að einblína ekki í allt of miklum mæli á ákveðna þætti í þjóðfélaginu og gleyma gjörsamlega þeim sem e.t.v. er fallegastur og bestur, sem er listin í landinu. Það er okkur ekki sæmandi og um hana verðum við að standa vörð.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. menntmrh. og gleðst sérstaklega yfir því að nú skuli vera lokið endurskoðun á lögum um Listskreytingasjóð ríkisins því að eigi að halda áfram á þessari braut er miklu nær að laga lögin þannig til að við þurfum ekki að standa uppi með árangur eins og þennan að nokkrum árum liðnum. Lögin væru þá a.m.k. raunhæfari, ef menn vilja ekki leggja fé í listskreytingar opinberra bygginga. En ég vil ítreka þakkir mínar fyrir svörin.

Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands, ein umr.

Fsp. JGS, 151. mál. — Þskj. 156.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. fyrir hæstv. menntmrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða hlutverki er nýstofnaðri Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands ætlað að þjóna?"

Tilefni fsp. er það að á síðasta sumri var stofnuð sjávarútvegsbraut við Háskóla Íslands og nú á haustdögum fer Háskólinn fram á það við fjvn. Alþingis að veitt sé fjárveiting til þess að koma á fót við þá stofnun tveimur stöðum.

Það er líklegast ekki tilviljun að þetta ber upp á sama tíma og verið er að koma upp sjávarútvegsbraut við nýstofnaðan háskóla á Akureyri. Það er ekki tilviljun að mínu mati heldur að þetta gerist á sama tíma og verið er að koma sjávarútvegsbrautinni upp á Akureyri sem menn binda vonir við að verði í fararbroddi við að byggja Háskólann á Akureyri upp sem akademíska stofnun. En það er alger forsenda fyrir því að Háskólinn á Akureyri komist á fæturna að þar starfi í það minnsta ein deild sem sé byggð upp á akademískan hátt.

Ég hef einnig öruggar heimildir fyrir því að sterk öfl innan Háskóla Íslands berjast fyrir því með oddi og egg að Háskólinn á Akureyri komist ekki á lappirnar. Ég held að það væri mun stórmannlegra fyrir aðstandendur Háskóla Íslands að aðstoða við þetta þjóðþrifamál, að koma upp háskóla á Akureyri.

Öll ber þessi umræða mjög keim af þeim málflutningi sem haldið var á lofti fyrr á þessari öld í þá veru að ekki væri hægt að reka menntaskóla annars staðar en í Reykjavík. Nú er sagan algjörlega að endurtaka sig hvað þetta snertir nema nú er því haldið á lofti að háskólanámi á akademískum grunni sé ekki hægt að halda uppi annars staðar en í Reykjavík.

Ég vil taka það fram að ég hef heimildir fyrir því að háskólarektor hafi sýnt full heilindi í þessu máli. Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Hvaða hlutverki er sjávarútvegsbrautinni ætlað að þjóna og hvernig á að fjármagna hana?

Að lokum: Menntmrh. skrifaði undir reglugerð um stofnun þessarar stofnunar Háskóla Íslands nú í sumar. Ég tel að þetta mál sé þess eðlis að hér hefði átt að koma til sterk pólitísk leiðsögn og að menntmrh. hefði átt að leiðbeina háskólamönnum við Háskóla Íslands í þessu máli og beina kröftum þeirra í þá veru að aðstoða við að koma upp sjávarútvegsbrautinni á Akureyri frekar en að koma upp samkeppnisstofnun hér við Háskóla Íslands.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka nú ekki fyrir þessi síðustu orð hv. fyrirspyrjanda vegna þess að hér er ekki um neina samkeppnisstofnun að ræða og ég kannast ekki við annað en að núv. menntmrh. hafi gert það sem í hans valdi stendur til þess að tryggja að framkvæmd verði lagaákvæði sem Alþingi stendur frammi fyrir varðandi Háskólann á Akureyri. Það er síðan fjárveitingavaldsins að ganga frá því með hvaða hætti verður hægt að koma þeim hlutum fyrir.

Varðandi fsp. þá er hún á þessa leið: „Hvaða hlutverki er nýstofnaðri Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands ætlað að þjóna?" Hún heitir ekki sjávarútvegsbraut heldur sjávarútvegsstofnun.

Málið er þetta: 8. júní sl. staðfesti ráðuneytið reglugerð um Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands í samræmi við tillögur háskólaráðs. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar er Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands rannsóknastofnun á sviði sjávarútvegs og fiskeldis og lýtur yfirstjórn háskólaráðs. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru markmið stofnunarinnar skilgreind á eftirfarandi hátt:

1. Að efla og samhæfa rannsóknir í sjávarútvegsfræðum við Háskóla Íslands.
2. Að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði sjávarútvegsfræða.
3. Að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í sjávarútvegsfræðum.
4. Að veita upplýsingar og ráðgjöf í sjávarútvegsmálum.
5. Að styðja kennslu og þjálfun í sjávarútvegsfræðum, einkum til meistaraprófs.
6. Að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í sjávarútvegsfræðum.

Rannsóknir sem fram hafa farið í sjávarútvegsfræðum við Háskóla Íslands, og þær hafa farið fram í mörg, mörg ár, hafa til þessa verið mjög víða innan Háskólans. Í raun og veru í flestum deildum Háskólans. Sjávarútvegsstofnunin mun samræma þessar rannsóknir hjá þeim deildum sem hér um ræðir en þær eru: Raunvísindadeild, verkfræðideild, viðskipta- og hagfræðideild og félagsvísindadeild.

Í bréfi sem ég undirritaði til Háskóla Íslands 9. júní var greint frá því að reglugerðin um deildina hefði verið staðfest. En 4. apríl dagsetti verkfræðideild Háskóla Íslands bréf til menntmrh. út af þessu máli þar sem óskað var eftir því að sjávarútvegsstofnun yrði sett á fót, þ.e. hún er fyrst og fremst samræmingar- og samstarfsaðili þeirra deilda sem eru þarna til, þeirrar starfsemi sem þarna er í gangi. 20. apríl skrifaði ég á þetta erindi þessi orð: „Fellst á tillögurnar enda greiði Háskóli Íslands þann kostnað sem á kann að falla."

Með öðrum orðum, hér hefur ekki af hálfu menntmrn. verið gert ráð fyrir einni einustu krónu til viðbótar við aðrar fjárveitingar Háskólans í þessa stofnun.

Varðandi þær fjárlagatillögur sem legið hafa fyrir frá ráðuneytinu m.a. nú og eru til meðferðar í fjvn. hefur menntmrn. ekki gert tillögur um eina krónu í þessa stofnun á árinu 1990. Þar á móti hefur menntmrn. hins vegar lagt á það áherslu að reynt verði að halda eins þétt utan um málefni sjávarútvegsbrautarinnar á Akureyri og frekast er kostur.

Ég tel að það sé hins vegar hárrétt hjá hv. þm. og fyrirspyrjanda að aðalatriðið sé að Sjávarútvegsstofnunin við Háskóla Íslands, og þær rannsóknir sem þar eru unnar, og sjávarútvegsbrautin við Háskólann á Akureyri vinni saman. Og það er rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að háskólarektor hefur lagt á það mjög mikla áherslu og það hef ég einnig gert með ítrekuðum hætti, bæði á opinberum vettvangi og eins á ráðstefnum sem haldnar hafa verið um þróun háskólastigsins en nú er unnið að stefnumótun um háskólastigið í heild á vegum menntmrn. í samráði við allar háskólastofnanir.

Ég get reyndar sagt það að sú stefnumótun er vonum seinna á ferðinni. Ég held að betra hefði verið fyrir þjóðina og fjárveitingavaldið og þingið og háskólasamfélagið á Íslandi að menn hefðu komið sér að því fyrr að móta heildarstefnu í málefnum háskólastigsins hér á landi.

Ályktanir Alþingis í þessum efnum hafa t.d. verið fjarska misvísandi, að ekki sé meira sagt, og það er útilokað að sjá að Alþingi hafi einhvern einn vilja í þessum efnum. Þar virðist margt stangast á. En varðandi sjávarútvegsnám við Háskóla Íslands þá hefur Alþingi aftur og aftur gert samþykktir um að fela ríkisstjórninni að undirbúa sjávarútvegsnám við Háskóla Íslands. Fyrst árið 1981, 1982 skipaði Ingvar Gíslason sérstaka nefnd til að undirbúa sjávarútvegsnám við Háskóla Íslands. Árið 1983 skilaði sú nefnd áliti. Árið 1984 bað Háskólinn um fjárveitingu til að geta hafist handa um kennslu í sjávarútvegsfræðum. Árið 1985 bað Háskólinn enn um fjárveitingu í þessu skyni. Árið 1987 var 15 manna hópur starfsmanna Háskólans að störfum til að undirbúa háskólarannsóknir í sjávarútvegi og fiskvinnslu og þannig mætti lengi telja. Það er því ekki svo að Háskóli Íslands hafi, vegna þess að Háskólinn á Akureyri var settur á stofn, allt í einu fundið það út að hann þyrfti núna á árinu 1989 að fara að sinna sérstaklega sjávarútvegsrannsóknum. Málin hafa tekið þessa stefnu. Alþingi hefur ákveðið með lögum að stofna Háskólann á Akureyri. Við höfum lagt á það áherslu í samræmi við vilja Alþingis á síðasta þingi að sjávarútvegsbrautin verði burðarásinn í Háskólanum á Akureyri. Þannig vil ég framkvæma málið.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að draga í efa góðan vilja hæstv. menntmrh. gagnvart Háskólanum á Akureyri. Það dettur mér ekki í hug. Hins vegar ítreka ég það sem ég sagði hér áðan að mér finnst þessa stofnun sjávarútvegsstofnunar við Háskóla Íslands bera að á eilítið einkennilegum tíma, að Háskóli Íslands skyldi hafa tekið á sig rögg einmitt núna. Ég skil það þannig að þær ályktanir sem Alþingi hefur gert í málinu og það sem hefur verið unnið að á vegum menntmrn. áður við að koma á fót sjávarútvegskennslu við Háskóla Íslands sé allt gert áður en hugmyndir um að sjávarútvegskennsla verði uppistaðan í námi og þungamiðjan í námi Háskólans á Akureyri.

Ég get hins vegar tekið undir það heilum huga með hæstv. menntmrh. að löngu er tímabært að taka til endurskoðunar kennslu á háskólastigi hér á landi. Við líðum fyrir það núna að það var ekki gert samhliða uppbyggingu framhaldsmenntunarinnar. Nú er svo komið að það er ekkert samræmi milli þarfa okkar þjóðfélags fyrir háskólamenntað fólk og þess sem verið er að gera á háskólastigi hér á landi.

En ég ítreka þakkir mínar til hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og vona að þessi umræða komi enn frekari hreyfingu á að við getum komið Háskólanum á Akureyri á góðan rekspöl.

Tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta, ein umr.

Fsp. DS. 146. mál. — Þskj. 150.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi voru sett lög um húsbréfakerfi og jafnframt um vaxtabætur. Tilgangurinn með vaxtabótafrumvarpinu var að styðja við bakið á hinum efnaminni við kaup á húsnæði og var það ein meginforsenda þess að Kvennalistinn studdi frv. til laga um húsbréf. Í samkomulagi Kvennalistans við ríkisstjórnina vegna húsbréfamálsins var m.a. gert ráð fyrir að þingflokkur Kvennalistans tæki þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins sem hann og gerði. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. segir orðrétt um vaxtabótafrumvarpið, með leyfi forseta:

„Meiri hl. þykir einboðið að vísa frv. um vaxtabætur einnig til þeirrar milliþinganefndar og óskar eftir því að hún taki sérstaklega til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta."

Er þetta eitt af þeim skilyrðum sem hv. fjh.- og

viðskn. setur fyrir samþykkt frv. um vaxtabætur. Nú hefur milliþinganefnd lokið störfum og húsbréfakerfið tekið gildi án þess að nefndin fjallaði um málið og fékk fulltrúi Kvennalistans í nefndinni þau svör að málið væri og yrði í höndum fjmrn. Nú hefur borist til þingmanna fréttatilkynning sem var send fréttastofum og dagblöðum í gær um breytingar á tekju- og eignarsköttum og kemur það m.a. fram að breytingar hafa verið gerðar á vaxtabótalögum.

Þessi vinnubrögð teljum við bera vott um virðingarleysi við vinnu þingmanna hér á Alþingi en það var auðvitað ætlun fulltrúa í fjh.- og viðskn. með því að vísa málinu til milliþinganefndar um húsbréfamál að fá að taka nánari þátt í þessum störfum. Í ljósi þessa hef ég beint eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh. sem ég les hér, með leyfi forseta:

„Hvers vegna var ekki farið að fyrirmælum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar um að vísa frumvarpi um vaxtabætur til milliþinganefndar um húsbréfamál með þeim sérstöku tilmælum að taka „til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta“, sbr. nefndarálit á þskj. 1033 á 111. löggjafarþingi?“

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fulltrúi fjmrn. lagði á einum fyrsta fundi framkvæmdanefndar um húsbréf sl. sumar fram lögin um vaxtabætur og þar var frv. rætt og farið í gegnum útreikninga á áhrifum þess og reifaðar ýmsar hugmyndir um breytingar. Þessi gögn voru síðan lögð fram aftur í samráðshópi um undirbúning húsbréfakerfisins þar sem fulltrúar þingflokkanna áttu sæti. Það er þess vegna ljóst að þessi mál voru tekin til umfjöllunar á þessum vettvangi, bæði í framkvæmdanefndinni og í undirbúningshópnum, þar voru vaxtabótalögin rædd, þar voru reifaðar ýmsar breytingar á þeim og málið tekið til meðferðar. Ýmsar af þeim hugmyndum sem þar komu fram voru síðan lagðar til grundvallar við þá endurskoðun sem nú hefur birst hv. alþm. í því frv. sem lagt hefur verið hér fram á Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér þykir hæstv. fjmrh. segja mér tíðindi. Mér er kunnugt um að fulltrúi Kvennalistans sat alla þessa fundi og málið var ekki tekið fyrir. Vil ég beina á að aðalástæða þess að fjh.- og viðskn. vildi fá að fjalla nánar um málið hér á síðasta þingi og fá að taka það inn í störf þessarar nefndar var einmitt sú að nefndin taldi að sérfræðingar fjmrn. væru alls ekki óskeikulir. Þeir gætu gengið út frá öðrum forsendum en breiðari nefnd kynni að gera sem miðaði vinnu sína fyrst og fremst við að tryggja hag einstaklinganna. Á fundum í fjh.- og viðskn. í fyrra er mér kunnugt um að sýnd voru dæmi frá fjmrn. um vaxtabætur til fólks sem óhugsandi var að gæti lagt út í íbúðakaup. Þess vegna verkuðu þau dæmi alls ekki trúverðug og juku á efasemdir nefndarmanna um að ráðuneytismenn væru í nægum tengslum við fólkið í landinu sem er að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið. Ég undrast þessi svör miðað við það að ég veit til þess að fulltrúi Kvennalistans hefur sótt alla fundi milliþinganefndarinnar og þetta mál hefur alls ekki verið tekið fyrir þar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég má til að koma hér upp og óska eftir því að hæstv. fjmrh. endurtaki þessar fullyrðingar sínar vegna þess að mér finnst þetta með ólíkindum. Kristín Jónsdóttir, fulltrúi Kvennalistans í húsnæðismálastjórn, lagði fram bókun í húsnæðismálastjórn sem hljóðar svo, nokkur orð, með leyfi forseta: „Undirrituð situr í milliþinganefnd og þar hefur þetta ákvæði aldrei verið tekið til umfjöllunar.“ — Þar er hún að tala um þetta ákvæði sem hér var lesið upp áðan um að ákvörðun um ákvæði um tekju- og eignarviðmiðun í vaxtabótafrumvarpinu skyldi tekið upp í þessari milliþinganefnd og hún segir hér: „Það hefur ekki verið tekið þar til umfjöllunar.“ Mér þykir það því með ólíkindum að hæstv. fjrmh. geti komið hér upp og fullyrt að svo hafi verið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess að þær upplýsingar sem ég flutti hér eru frá þeim starfsmönnum ráðuneytisins sem þetta mál hafa annast. Þeir hafa fullvissað mig um að þeir hafi lagt þetta frv. fram snemma í sumar á fundum nefndarinnar. Það hafi síðan einnig verið tekið til umfjöllunar í undirbúningshópi undir húsbréfakerfi. Ég hef enga ástæðu til að rengja þær upplýsingar sem ég hef fengið frá þeim.

Um þingsköp.

Röð mála á fundinum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill geta þess að nokkur óreiða er á röð mála sem fyrir eru tekin á þessum fundi. Sú er ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherrar eru mjög önnum kafnir þessa dagana og hafa farið þess á leit við forseta að haga fyrirspurnaröð þannig að þeir komist til annarra starfa. Ég vænti þess að hv. þm. fyrirgefi það á þessum fundi að röð sé illa haldið og verði því ekki mótmælt hyggst ég taka fyrir næst 11. mál á dagskrá.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er lögð dagskrá fyrir þingfund og það er eðlilega ætlast til þess að þm. sem bera fram fsp. séu viðstaddir, á sama hátt væntanlega hæstv. ráðherrar. Ég legg áherslu á að dagskrá sé haldið hér eftir föngum og hef þegar rætt við forseta um að 4. fsp. t.d. sem ég ber hér fram við hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. svarar fyrir hans hönd. Hún er hér fjórða mál á dagskrá og ég óska eftir því að hér verði haldið röð varðandi fsp. Það eru fleiri sem þurfa að sinna verkum en hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. mun ég fara að ósk hans og taka fyrir fjórða mál á dagskrá. Það er brot á samkomulagi sem ég hef áður gert við hæstv. fjmrh. en ég mun verða við óskum þm.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum, ein umr.

Fsp. HG, 122. mál. — Þskj. 126.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að verða við ósk minni og ég hef borið hér fram á þskj. 126 fsp. til hæstv. utanrrh. um kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvernig hefur miðað störfum vinnuhóps utanríkisráðuneyta Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum og hvenær er þess að vænta að hann skili niðurstöðum?"

Í skýrslu hæstv. utanrrh. til Alþingis í apríl sl. er kafli sem snertir þetta mál þar sem greint var frá störfum þessa vinnuhóps eins og þau stóðu þá. Síðan hefur margt gerst í sambandi við afvopnunarmál og þar á meðal mál sem snerta kjarnorkuvígbúnað. Þar sem hér er mjög mikilsvert mál á ferðinni sem hafin var vinna við þegar á árinu 1987 hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. ráðherra og vænti þess að það skýrist hér við umræðuna hvenær sé að vænta skila frá þessum vinnuhópi utanrríkisráðherra Norðurlanda.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fá þetta tækifæri til að gera grein fyrir störfum vinnuhóps utanríkisráðuneyta Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum, en í mars á næsta ári verða liðin þrjú ár frá því þessi hópur var settur á laggirnar.

Svo ég komi strax að kjarna málsins tel ég að vinnu þessa hóps hafi miðað með fullnægjandi hætti. Þrátt fyrir það er enn ekki tímabært að segja fyrir um hvenær endanlegar niðurstöður kunni að liggja fyrir. Áður en ég skýri þessi orð mín nokkru nánar er rétt að ég rifji upp í stuttu máli hvernig hópurinn hagar störfum sínum.

Í hópnum sjálfum eiga sæti forstöðumenn stjórnmáladeilda utanríkisráðuneyta Norðurlandanna. Skömmu eftir að þessi hópur var settur á fót varð þó um það samkomulag að yfirmenn þeirra deilda í utanríkisráðuneytunum sem fjalla um afvopnunarmál skyldu kallaðir til starfa fyrir hann. Deildarstjórar afvopnunarmála hafa komið reglulega saman til undirbúnings fundum forstöðumanna stjórnmáladeildanna sem eru haldnir að meðaltali tvisvar milli funda norrænu utanríkisráðherranna. Sú venja hefur myndast að forstöðumennirnir geri ráðherrunum grein fyrir störfum vinnuhópsins á reglulegum fundum þeirra. Utanríkisráðherrar Norðurlanda hlýddu síðast á greinargerð starfshópsins á fundi sínum á Ísafirði 15.–16. ágúst sl. Vitna má í þessu sambandi í yfirlýsingu Ísafjarðarfundarins þar sem fjallað er um störf vinnuhópsins frá næsta ráðherrafundi á undan. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að vitna í þessa skýrslu.

„Á þessu tímabili hefur vinnuhópurinn unnið stöðugt að ýmsum undirstöðuatriðum um hugsanlegt fyrirkomulag á slíku [þ.e. kjarnorkuvopnalausu svæði]. Nú hafa menn því sem næst lokið við þann kafla sem fjallar um hliðarráðstafanir og skyldur þeirra ríkja sem hlut eiga að máli. Enn fremur hefur verið haldið áfram að vinna að þeim kafla þar sem fjallað er um skipulag svæðisins í tengslum við önnur Evrópuríki. Auk þess hefur verið hafin vinna við kafla um stöðu Eystrasalts."

Við þetta er síðan því að bæta að deildarstjórar afvopnunarmála hafa komið saman tvisvar það sem af er vetri. Kafladrög sem þegar liggja fyrir hafa verið endurskoðuð og grunnur lagður að nýjum köflum skv. þeim efnisramma sem unnið hefur verið eftir. Það var ráðgert að forstöðumennirnir hittust síðan 28. nóv. og veit ég ekki betur en þeir hafi gert það. Óhætt er því að fullyrða að vinnunni hafi miðað í jöfnum takti áfram. Ég tel hins vegar eins og ég sagði í byrjun ógerlegt að slá því á þessu stigi föstu hvenær vænta megi endanlegrar niðurstöðu af starfi hópsins. Ástæður fyrir þessu eru einkum tvær.

Í fyrsta lagi er atburðarásin í alþjóðamálum nú með þeim hætti eins og hv. fyrirspyrjandi minntist á að erfitt er að einangra einstök viðfangsefni í öryggismálum og leiða þau til lykta án tillits til pólitískra aðstæðna í víðara evrópsku, og reyndar alþjóðlegu, samhengi. Verkefni vinnuhópsins er að kanna forsendur fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á norðurslóðum. Með því að samskipti austurs og vesturs hafa afgerandi áhrif á forsendur kjarnorkuvopnalauss svæðis er augljóslega varhugavert að reyna að draga saman niðurstöður af starfi hópsins fyrr en séð er fyrir endann á þeim miklu breytingum sem nú eru í gerjun. Á þessari stundu skal hins vegar ósagt látið hvort hinar öru breytingar í alþjóðastjórnmálum sem heimurinn verður vitni að þessa dagana muni hafa áhrif til þess að flýta eða tefja störf vinnuhópsins um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í öðru lagi er skylt að taka tillit til þess að í erindisbréfi hópsins er kveðið á um að hann skuli í störfum sínum m.a. taka mið af skuldbindingum Norðurlandanna þriggja í Atlantshafsbandalaginu annars vegar og hinna tveggja sem hlutlaus eru hins vegar. Af þessu leiðir að þræða þarf mjóan stíg milli ólíkra sjónarmiða í öryggis- og varnarmálum sem útheimtir hvort tveggja, tíma og þolinmæði. Þrátt fyrir að vel hafi miðað í störfum hópsins til þessa vil ég þó alls ekki gera lítið úr þeim úrlausnarefnum sem enn eru óleyst. Þegar á heildina er litið treysti ég mér því ekki til að nefna ákveðin tímamörk fyrir verkalok hjá hópnum.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, bæta því við að utanrrh. hefur lagt á það áherslu að embættismenn utanrrn. sem sæti eiga í vinnuhópnum taki mið af ákvæðum ályktunar Alþingis um vígbúnaðar- og afvopnunarmál frá í maí 1985, en í erindisbréfi vinnuhópsins kemur skýrt fram að störfum hans skuli hagað í samræmi við viðeigandi ályktanir þjóðþinga Norðurlandanna í þessu efni. Á þennan hátt hefur utanrrh. gert sér far um að tryggja að Alþingi geti síðar sameinast um endanlegar niðurstöður starfshópsins.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. svör hans við fsp. Mér þykir leitt að heyra að ekki liggur enn fyrir hvenær gera má ráð fyrir að þessi vinnuhópur ljúki störfum. Starfandi er norræn þingmannanefnd undir forustu Ankers Jörgensen, fyrrv. forsætisráðherra Danmerkur, og fjallar nefndin um þetta mál. Þátttöku í þeirri nefnd eiga þingflokkar á Norðurlöndum til vinstri í stjórnmálunum, á miðjunni og yfir í hægri flokka. T.d. í Finnlandi munu allir flokkar eiga aðild að þessari nefnd og hún kemur saman nokkuð reglubundið einu sinni til tvisvar á ári.

Á fundi sínum í Kaupmannahöfn 1. nóv. sl. ályktaði nefndin um þetta efni og segir þar m.a. í ályktun nefndarinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Norræna þingmannanefndin um að koma á kjarnorkulausu svæði á Norðurlöndum sem kom saman til fundar í Kristjánsborgarhöll hinn 1. nóvember 1989 skorar eindregið á ríkisstjórnir Norðurlanda að ljúka fljótt störfum embættismannanefndarinnar varðandi svæðið." Einnig segir þar: „Auk þess eru ríkisstjórnirnar hvattar til að hafa sem fyrst frumkvæði á alþjóðavettvangi um að koma á viðræðum um afvopnun á höfum úti, einkum hvað varðar skammdræg kjarnavopn með sérstöku tilliti til aðstæðna á öllum norrænum miðum", — „norrænum miðum" stendur nú hér í þýðingu, „hafsvæðum" kannski réttara, — „þar með töldu Eystrasalti. Nefndin bendir einnig á þá hættu sem kjarnaknúin farartæki hafa á umhverfi sjávar sérstaklega."

Ég vísa til þessara orða sem þarna liggja fyrir og á blaðamannafundi kom fram af hálfu Ankers Jörgensen að áhersla væri lögð á að þessu starfi lyki á næstu mánuðum. Fylgi er mikið við hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus svæði innan Norðurlanda. T.d. kom fram í skoðanakönnun 1987 að 76% svarenda hér sem voru í úrtaki svöruðu spurningu játandi, sögðust hlynntir kjarnorkuvopnalausu svæði þar sem Ísland væri þátttakandi. Ég tel einmitt að á tímum eins og nú, þegar mikil hreyfing er á afvopnunarmálum, þá sé sérstök ástæða til þess að vinnu embættismanna að þessum málum ljúki hið fyrsta þannig að stjórnmálamenn sem eiga að marka stefnu og taka ákvarðanir hafi þá greiningu fyrir framan sig sem æskileg er hverju sinni, ekki síst þegar mikil hreyfing er á málum eins og hæstv. utanrrh. vék að. Þess vegna skora ég á hæstv. utanrrh. að hlutast til um að af Íslands hálfu verði ýtt á eftir um þetta. Ég held að það sé fyrst og fremst spurning um pólitískan vilja að ljúka þessu starfi fyrr en seinna.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera þetta brýna mál hér inn og vil í framhaldi af orðum hans, þar sem hann gat um að fylgi við þessa hugmynd væri mikið, benda á að á fundum Vestnorræna þingmannaráðsins undanfarin tvö ár hefur einmitt verið ályktað um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og afvopnun á höfunum. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa hér eina setningu úr þskj. sem liggur núna fyrir þinginu og er til umfjöllunar í utanrmn., en þar segir:

„Ráðið skorar því á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi."

Ég vildi aðeins gera þessa athugasemd og undirstrika að þetta mál er mjög þýðingarmikið. Vil ég um leið benda á að í Vestnorræna þingmannaráðinu eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi þannig að víðtæk samstaða virðist um málið hér í Alþingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram vegna þeirra orða sem hér hafa fallið af hálfu hv. fyrirspyrjanda og hv. 6. þm. Vesturl. að utanrrh. leggur á það mikla áherslu að starfshópurinn starfi að þessu verkefni af athygli, árvekni og að fyllsta áhersla er á það lögð að störfum hans verði lokið í samræmi við erindisbréfið. En ég endurtek að hér er um ákaflega vandasamt verkefni að ræða sem annars vegar hlýtur að taka mið af hinni alþjóðlegu framvindu í þessum mikilvægu málum og hins vegar af því að löndin fimm sem þarna starfa saman hafa nokkuð ólík sjónarmið þótt fyrir öllum vaki að stuðla að afvopnun á sem öruggastan og farsælastan hátt.

Opinbert eftirlit með lífeyrissjóðum, ein umr.

Fsp. AS, 126. mál. — Þskj. 130.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 130 hef ég borið fram fsp. til hæstv. fjmrh. um opinbert eftirlit með lífeyrissjóðum. Ég vil segja það í upphafi að eins og kunnugt er er engin heildarlöggjöf í gildi hér á landi um lífeyrissjóði. Fjmrh. þarf aðeins að gefa lífeyrissjóði starfsleyfið.

Lífeyrissjóðir í landinu munu vera 85–90 talsins. Eignir lífeyrissjóða í árslok 1988 eru taldar nema um 75 milljörðum. Þetta eru þó bráðabirgðatölur frá Seðlabanka þar sem ekki hafa enn borist upplýsingar frá allmörgum lífeyrissjóðum. Á sama tíma voru eignir bankakerfisins um 133 milljarðar.

Útlán lífeyrissjóða eru áætluð í árslok 1988 um 67

milljarðar kr. Eins og sjá má af þessum tölum eru lífeyrissjóðirnir með verulegan hluta af fjármagni á innlendum lánamarkaði sem fer árvaxandi. Því hljóta að vakna spurningar hvers vegna opinbert eftirlit með þessum þýðingarmiklu sjóðum virðist vera af skornum skammti. Lífeyrissjóðirnir starfa að mestu eftirlitslaust. Skipulag þeirra er ekki samræmt og réttindi einstaklinga með aðild að sjóðunum í mörgum tilfellum óljós. Upplýsingar um ýmsa rekstrarþætti sjóðanna virðast vera óljósar og liggja seint fyrir, sbr. upplýsingar Seðlabanka Íslands.

Í fjárlögum og lánsfjárlögum eru upplýsingar um ráðstöfunarfé sjóðanna byggðar á áætlunum sem hafa nú síðari árin í fæstum tilfellum staðist. Árið 1989 er ráðstöfunarféð talið nær 20 milljarðar en var áætlað 16 milljarðar. 1990 er áætlunin 24–25 milljarðar. Þessar áætlanir byggja ekki á reikningsskilum allra sjóðanna. Óánægja með skort á reikningsskilum og upplýsingum lífeyrissjóðanna fer vaxandi, ekki síst hjá sjóðfélögum sem gengur erfiðlega að fá stöðu sína í sjóðunum upplýsta. Það hlýtur því að vera eðlileg krafa að opinbert eftirlit þurfi að koma til með þessum fyrirferðarmiklu og þýðingarmiklu peningastofnunum sem lífeyrissjóðir í landinu eru sem stunda útlánastarfsemi í stórum stíl og hafa þannig víðtæk áhrif á efnahagskerfið og ekki síst á hlutverk þeirra að tryggja sjóðfélögum lífeyri. Þess vegna legg ég þessa fyrirspurn fram til hæstv. fjmrh.:

„1. Hvernig er háttað opinberu eftirliti með starfsemi og fjárreiðum lífeyrissjóða?

2. Telur fjármálaráðherra að núverandi eftirlit, þar með taldar fjárreiður sjóðanna, sé fullnægjandi?

3. Er þörf á lagabreytingu hvað þetta varðar?"

Ég vænti þess að fá svar við þessari fyrirspurn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í dag eru engin sérákvæði í lögum um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða nema hjá þeim lífeyrissjóðum sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Er því í reynd ekkert sérstakt eftirlit með öðrum lífeyrissjóðum af hálfu opinberra aðila. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þessi skipan sé á engan hátt fullnægjandi og mjög brýnt sé að henni sé breytt.

Eins og hv. alþm. er kunnugt var unnið fyrir nokkrum árum síðan frv. til l. um endurskoðun lífeyriskerfisins. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að tekið verði upp eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðanna og hún verði háð skýrum og ítarlegum lagaákvæðum. Fyrirrennarar mínir í starfi, sem gegnt hafa embætti síðan nefndin skilaði áliti, hafa ekki flutt þetta frv. hér inn á Alþingi en eins og ég hef greint frá áður á þessu þingi, þá hef ég, og ríkisstjórnin síðan staðfest þá ákvörðun, ákveðið að flytja frv. á yfirstandandi þingi. Þá mun hv. Alþingi hafa tækifæri til þess að taka á þessu brýna verkefni að tryggja að eftirlit sé með starfsemi lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir eru orðnir það stór þáttur í okkar fjárhagskerfi, í félagslegu öryggi fólksins í landinu og það er mjög nauðsynlegt að fyllsta öryggi sé tryggt í starfsemi þeirra, bæði hvað snertir hagsmuni sjóðsfélaga og eins fyrir almenna stýringu fjármálastofnana af þessu tagi. Ég er sammála því sem kemur fram hjá hv. fyrirspyrjanda að mjög brýnt er að óvissunni í þessum efnum sé eytt.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og tel að þau séu jákvæð í þá átt sem fyrirspyrjandi er að reyna að fá fram. Það er alveg ljóst að mikilvægi lífeyrissjóðanna er óumdeilanlegt. Þeir eru orðnir svo fyrirferðarmikið afl í lánakerfi þjóðarinnar og efnahagskerfinu í heild að útilokað er annað en taka fullt tillit til þess. Við höfum eftirlit með bönkum og sparisjóðum og Seðlabankinn hefur annast það og hvað sem um það má segja, þá er alveg ljóst að það hefur sín áhrif en eftirlit með lífeyrissjóðunum er ekkert.

Ég hef aflað upplýsinga um að í löndunum í kringum okkur, bæði á Norðurlöndunum og í Evrópu er mjög strangt eftirlit með slíkum sjóðum og talið nauðsynlegt, einmitt til þess í fyrsta lagi að tryggja öryggi sjóðfélaganna sjálfra og þeirra réttinda sem lífeyrissjóðirnir eiga að tryggja og skapa. Þess vegna er alveg ljóst að það þarf að vera.

Ég get aðeins minnt á það í leiðinni að nýlega hefur Lífeyrissjóður Vesturlands verið undir sérstöku eftirliti og ýmislegt hefur komið í ljós eftir opinbera rannsókn sem þar fór fram. Þar var ekki eðlilega að hlutum staðið og hefur verið gert þjóðinni kunnugt með opinberri skýrslu sem sérstakur aðili annaðist af opinberra hálfu. Þetta leiðir hugann að því, þegar einn lítill sjóður er þannig tekinn til athugunar sérstaklega vegna óska verkalýðsfélaga, að ef í ljós kemur ýmislegt óeðlilegt í meðferð slíkra fjármála hjá einum litlum sjóði, þá gæti ýmsu verið ábótavant yfir heildina þar sem hér er um tugi milljarða að ræða á hverju einasta ári.

Ég þakka hæstv. fjmrh. og ég vænti þess að þetta mál komi hér fyrir síðar.

Gjaldheimtan í Reykjavík, ein umr.

Fsp. SGH, 156. mál. — Þskj. 165.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þessa fsp. bar fram hv. þm. Sveinn G. Hálfdánarson er hann átti sæti hér á Alþingi í nóvember. Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1988 kemur fram að gjaldheimtur skulduðu ríkissjóði 74,5 millj. kr. í árslok 1988. Þar af nam skuld einnar gjaldheimtu, þ.e. Gjaldheimtunnar í Reykjavík, 52,2 millj. kr. Við umfjöllun yfirskoðunarmanna upplýsti Ríkisendurskoðun að þessi skuld hefði myndast vegna þess að rekstrarkostnaður Gjaldheimtunnar í Reykjavík væri ekki gerður upp jafnóðum þannig að allur rekstrar-

kostnaður var dreginn af innheimtufé ríkissjóðs allt árið 1988.

Í samningi ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar og Sjúkrasamlags Reykjavíkur frá 26. maí 1962 eru ákvæði um svohljóðandi skiptingu kostnaðar: „Ríkissjóður og Reykjavíkurborg beri 42,5% af kostnaðinum hvor aðili en Sjúkrasamlag Reykjavíkur 15%." Og enn fremur segir í 7. gr. þessa samnings, með leyfi forseta: „Samningur þessi er gerður til 5 ára, uppsegjanlegur með árs fyrirvara en sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn."

Þessum samningi mun aldrei hafa verið sagt upp og hann hefur verið í gildi í rúm 27 ár þrátt fyrir ýmsar breyttar forsendur á þessum tíma. Því hlýtur að teljast eðlilegt að þessum reksturskostnaði sé skipt upp milli rekstraraðila nokkurn veginn jafnharðan. Ef þessi uppgjörsmáti hefur átt sér stað eins og raun ber vitni, þ.e. Reykjavíkurborg greiði ekki sinn hlut fyrr en komið var fram á yfirstandandi ár, þá hlýtur að vakna spurning um vaxtalega meðferð þessarar innheimtu þar sem öll önnur sveitarfélög verða að greiða sinn hluta jafnharðan. Í ljósi þess sem að framan greinir er borin fram eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 165:

„1. Er það rétt að Reykjavíkurborg hafi ekki greitt sinn hluta af rekstrarkostnaði Gjaldheimtunnar í Reykjavík fyrir árið 1988 fyrr en nú á yfirstandandi ári?

2. Ef svo er, hvers vegna fór slíkt uppgjör ekki fram mánaðarlega? Og hvernig var hagað vaxtareikningi við uppgjörið?

3. Hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því að gerður verði nýr samningur milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar um rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Við upptöku staðgreiðslu í ársbyrjun 1988 jukust verkefni Gjaldheimtunnar í Reykjavík verulega. Auk nýrra innheimtuaðferða hafði kerfisbreytingin í för með sér mikla aukningu á innheimtu þar sem 60% af allri staðgreiðsluinnheimtu í landinu fer fram hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Það fór fram umræða í stjórn Gjaldheimtunnar um hvernig ætti að standa að þessum nýju verkefnum og þar var m.a. rætt um það að fé frá staðgreiðslukerfinu yrði látið standa undir rekstrarkostnaðinum. Málið var hins vegar ekki leitt til lykta á árinu 1988 og stafaði það m.a. af því að á því ári var skiptigrundvöllur staðgreiðslufjárins í óvissu langt fram eftir ári vegna ýmiss konar byrjunarörðugleika við skráningu upplýsinga. Réttur hvors aðilans fyrir sig, í þessu tilfelli Reykjavíkurborgar og ríkisins, til innheimtu fjárins varð því miður ekki ljós fyrr en á seinni hluta ársins. Þegar þær upplýsingar lágu fyrir og kostnaðurinn af rekstrinum var ljós þá gerði Reykjavíkurborg þennan kostnað upp sem í hennar hlut féll í janúar og febrúarmánuði á þessu ári, árinu 1989.

Hins vegar var við uppgjör á skilum og rekstrarkostnaði ekki beitt vaxtareikningi og á undanförnum árum hefur það oftsinnis komið fyrir hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík sem og annars staðar að það hefur hallað á annan hvorn aðilann, ríki eða sveitarfélag, í skilum á innheimtufé. Stafar það m.a. af mismunandi áætlunum sem gerðar eru um innheimtuna og hina endanlegu álagningu. Það hefur þess vegna ekki verið venjan að innheimta vexti í þessum tilvikum sem fyrst og fremst stafa af óvissu í áætlanagerðinni en jafna hins vegar stöðuna eins fljótt og unnt er.

Það er rétt að árétta í þessu sambandi að Gjaldheimtan er sameiginleg þjónustustofnun eignaraðilanna og hagar störfum sínum í samræmi við sameiginlegar ákvarðanir og samkomulag þeirra.

Varðandi nýjan samning hefur það komið fram, m.a. af hálfu Reykjavíkurborgar, að hún telur að á sig hafi hallað í kostnaði við Gjaldheimtuna eftir tilkomu staðgreiðslunnar. Þess vegna hefur verið ákveðið að skipting á greiðslu rekstrarkostnaðar verði tekin til endurmats og munu fara fram viðræður í stjórn Gjaldheimtunnar um það efni og gengið frá endanlegri niðurstöðu þess innan tíðar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem voru skýr og ótvíræð. Það hafa sem sé komið fram nokkrar skýringar á því hvers vegna þetta uppgjör dróst. Auðvitað er þetta óeðlilegt en kann að eiga sér skýringar þær sem fjmrh. hefur hér gefið vegna þeirra skattkerfisbreytinga sem áttu sér stað.

Það er rétt og eðlilegt að þessi samskipti verði öll endurskoðuð í ljósi breyttra aðstæðna og í rauninni held ég að það hljóti að verða afleiðing slíkrar endurskoðunar að uppgjör fari oftar fram og að þær upphæðir sem dregst að greiða séu vaxtareiknaðar eins og gengur og gerist í eðlilegum viðskiptum og þá sé alveg sama á hvorn aðilann hallar. Ég held að slíkt hljóti að vera góðir viðskiptahættir og eðlilegir. Að öðru leyti þakka ég ráðherranum fyrir svörin og tel mikilvægt að fram hefur komið að þessi samskipti ríkisins og Gjaldheimtunnar í Reykjavík verða nú endurskoðuð.

Samræmt lífeyriskerfi, ein umr.

Fsp. SGH, 154. mál. — Þskj. 163.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er einnig um að ræða fsp. sem fram var borin af hv. þm. Sveini G. Hálfdánarsyni í nóvember varðandi samræmt lífeyriskerfi allra landsmanna og að nokkru hefur raunar undir annarri fsp. komið svar við því sem hér er um spurt.

Eitt mesta ranglætið sem í dag viðgengst í íslensku þjóðfélagi er tvímælalaust misrétti í lífeyrismálum, þegar sumir þegnar þjóðfélagsins hafa verðtryggðan lífeyri sem ríkissjóður og sveitarfélög ábyrgjast og verðtryggja, en á meðan brennur lífeyrir annarra á báli verðbólgu.

Á fyrsta þingi eftir kosningar 1987 lagði þáv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, fram til kynningar frv. um lífeyrissjóði og samræmingu lífeyrisréttinda. Í stefnuyfirlýsingu þáv. ríkisstjórnar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn á grundvelli fyrirliggjandi frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða."

Í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar Framsfl., Alþfl., Alþb., Borgfl. og Samtaka jafnréttis og félagshyggju segir m.a., með leyfi forseta:

„Komið verði á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn."

Í þessum tveimur stjórnarsáttmálum sem hér hefur verið vitnað til má segja að sex stjórnmálaflokkar af átta sem fulltrúa eiga á þingi eða samtals 55 þingmenn hafi gefið þjóðinni fyrirheit um samræmt og réttlátt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, að koma á lífeyriskerfi sem færði þjóðinni trú á að löggjafarvaldið meinti eitthvað með loforðum sínum um betra þjóðfélag og meiri jöfnun og koma á lífeyriskerfi sem skæri niður við trog það misrétti sem nú viðgengst í þessum málum og jafnaði aðstöðu landsmanna á þeim árum sem þeir hafa lokið ævistarfi sínu og að koma á lífeyriskerfi sem afnæmi þann frumskóg sem nú er í þessu fjölsjóðakerfi.

Í dag er engin heildarlöggjöf um lífeyrissjóði á Íslandi. Í ljósi þess og í ljósi loforða 55 þingmanna í tveimur stjórnarsáttmálum er borin fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 163:

„Hvað líður framlagningu frumvarps um samræmt lífeyriskerfi allra landsmanna, sbr. málefnasamning ríkisstjórnarinnar?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram hef ég ákveðið að leggja fyrir núv. Alþingi það frv. sem hér er spurt um. Alþingi mun þess vegna í vetur fá tækifæri til þess að fjalla ítarlega um þetta mikilvæga mál. Reyndar erum við hér að ræða eitt af stærstu málum okkar þjóðfélags ef við horfum til næstu ára og áratuga. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi gefi sér góðan tíma til þess að fjalla um þetta mál og sinni því verki vel. Ég hef einnig ákveðið að beita mér fyrir umræðu utan þings um þessi mál, viðræðum við hagsmunaaðila og samtök launafólks og annarra um þetta efni.

Ég hef orðið mjög var við það á undanförnum mánuðum að það er mikill áhugi á því víða í þjóðfélaginu að taka þessi mál til nýrrar umræðu. Síðan frv. var samið hafa komið fram ýmsar nýjar hugmyndir. Það er ekki víst að þær leiði til breytinga á frv. en þær knýja á um nýja umræðu að nokkru leyti og mikilvægt er að stjórnvöld, Alþingi og ríkisstjórn, og þau samtök sem hér eiga hlut að máli og reyndar allur almenningur í landinu geti á nýju ári rætt mjög ítarlega hvaða framtíðarskipan við viljum hafa á þessu mikilvæga öryggisneti í okkar samfélagi.

Ég get þess vegna fullvissað fyrirspyrjanda um að það er fullur pólitískur vilji á bak við þá ákvörðun núv. ríkisstjórnar að beita sér fyrir þinglegri meðferð þessa máls.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin og vona að það verði sem fyrst sem þetta frv. um samræmt lífeyriskerfi verði lagt fram hér á Alþingi því það er rétt sem hann segir að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Hér er um mál að ræða sem varðar bókstaflega alla landsmenn. Einnig er ljóst að hér er um mjög vandmeðfarið mál að ræða sem ýmsar skoðanir eru uppi á en það er mikilvægt að hæstv. ráðherra skuli hafa lýst því yfir að þetta frv. verði nú lagt fram, og ég segi því fyrr því betra, þannig að góður tími gefist til umræðu og athugunar málsins, bæði hér á hinu háa Alþingi og eins í þjóðfélaginu almennt. Það er líka fagnaðarefni að ráðherra skuli lýsa því yfir að hann muni beita sér fyrir sérstakri umfjöllun um málið á öðrum vettvangi en hér á Alþingi vegna þess að það skiptir líka miklu máli í þessu sambandi.

Eignaskrá ríkisins, ein umr.

Fsp. SGH, 155. mál. — Þskj. 164.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Á þskj. 164 er fsp. frá hv. þm. Sveini G. Hálfdánarsyni sem ég fylgi hér úr hlaði. Hún varðar eignaskrá ríkisins.

Það er svo að hverju fyrirtæki í landinu er skylt og nauðsynlegt að telja fram eignir sínar bæði að því er varðar fasteignir og lausafé. Það vekur því nokkra furðu að Alþingi, sjálft fjárveitingavaldið, skuli geta unað því að ríkissjóður hafi ekki fyrirliggjandi fullnægjandi og aðgengilegar upplýsingar um eignir ríkisins.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1988 er réttilega á það bent að verulegur eðlismunur sé á bókhaldi ríkissjóðs annars vegar og venjulegra bókhaldsskyldra aðila í þjóðfélaginu hins vegar. Þess vegna segir svo í þeirri skýrslu á bls. 3, með leyfi forseta:

„Vegna þessarar sérstöðu ríkisins er einmitt brýnt að fyrir hendi sé heildaryfirlit yfir eignir þess. Yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun hafa þráfaldlega bent á nauðsyn þess að lokið verði við gerð eignaskrár ríkisins. Þessu verki hefur enn ekki verið lokið og lýsa yfirskoðunarmenn yfir vonbrigðum sínum vegna þess. Telja verður eðlilegt að uppfærð eignaskrá sé lögð fram árlega með ríkisreikningi."

Fyrirspyrjandi telur að skipta megi þessari eignaskrá í fjóra meginflokka: Í fyrsta lagi jarðaskrá, í öðru lagi fasteignaskrá, í þriðja lagi farartæki og vélar og í fjórða lagi húsgögn og skrifstofuvélar, áhöld og þess háttar, eins og gert er í ríkisreikningi 1988 á bls. 200–204.

Í landbrn. mun nú unnið að fullvinnslu jarðaskrár og í fjmrn. að skrá yfir fasteignir. Stefna þyrfti að því að ljúka þessari vinnu sem allra fyrst, helst þannig að þær skrár gætu fylgt næsta ríkisreikningi. Öðru máli gegnir hins vegar um skrá yfir það sem kallað er lausafé, þ.e. farartæki, vélar, húsgögn, skrifstofuvélar, áhöld og fleira. Væntanlega þarf eitt til tvö ársverk til að koma þeirri skrá í viðunandi horf. Þeim fjármunum mundi vel varið ef heimild yrði veitt fyrir slíkri vinnu.

Fsp. er borin fram í þeim tilgangi að viðkomandi ráðherra staldri við og beiti sér fyrir því að gera fullkomna eignaskrá ríkisins og hún liggi fyrir sem fyrst. Því er spurt hvernig þeirri vinnu miði.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Um mitt ár 1988 var hafin endurskoðun á eignaskrá ríkisins og þær eignaskrár fyrir ráðuneyti og stofnanir sem eru í vörslu fjmrn. hafa verið athugaðar og lagfærðar og yfirfarnar sérstaklega, einkum fyrir ýmsar stofnanir sem ekki höfðu áður skráð eignir sínar í tölvu Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Fyrsta útskriftin úr þessari skrá var gerð í maí sl. og er nú verið að endurskoða hana. Henni verður síðan dreift til ráðuneytanna til yfirferðar. Má ætla að það taki tvo til þrjá mánuði héðan í frá að ljúka því verki.

Eignaskrá ríkisins er frábrugðin eldri skrám að því leyti að hún er skráð í tölvu Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar og tengist skrá Fasteignamatsins og notar sömu talnalykla til aðgreiningar eignanna. Það er þess vegna hægt að skrifa þessa skrá út með litlum fyrirvara og nota hana eftir þörfum ríkisstofnana á hverjum tíma og annarra þeirra aðila sem um þessi málefni þurfa að fjalla.

Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að það er mjög nauðsynlegt að fyrir liggi ítarlegt yfirlit yfir eignir ríkisins. Ég lagði fram hér á Alþingi fyrir nokkrum vikum síðan nákvæma skrá yfir starfsmenn ríkisins sem ekki hafði verið gefin út um nokkurt árabil. Ég taldi að það væri skylda mín að sinna upplýsingakvöð sem á stjórnvöldum hvílir hvað snertir starfsmenn, fjölda þeirra í einstökum stofnunum, kjarasamningaákvæði og önnur starfsskilyrði sem snerta viðkomandi starfsmenn. Á sama hátt er ég þeirrar skoðunar að ítarleg og tæmandi skrá yfir eignir ríkisins þurfi að liggja fyrir í aðgengilegu formi.

Fjmrn. er að vísu þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að öll eignaskráning verði í fjmrn. svo að hægt sé að tryggja samhæfingu hennar og ítarlegt yfirlit. Því miður er það þannig nú að önnur ráðuneyti hafa með nokkurn hluta eigna ríkisins að gera og það hefur ekki tekist nægilega vel að tryggja samhæfingu í skrásetningu allra þessara eigna.

Ég tel að það skipulag sé farsælast að fjmrn. sé samræmingaraðilinn varðandi allar eignir ríkisins, þar fari skráningin fram og eftirlitið með eignunum.

Ég vænti þess að það geti tekist góð samvinna við önnur ráðuneyti og Alþingi til að tryggja það að á nýju ári getum við í sameiningu haft ítarlegt og tæmandi yfirlit yfir eignir ríkisins og síðan skoðað með reglubundnum hætti þær breytingar sem verða á eignastöðu og eignasamsetningu íslenska ríkisins.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör. Það er fagnaðarefni að þetta verk skuli í fullri vinnslu og að eignaskrá muni liggja fyrir. Ég hygg að ekki þurfi að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að til sé rétt og aðgengilegt yfirlit yfir allar eignir íslenska ríkisins, fastar og lausar. Eins og kom fram í upphafsorðum mínum er það talið nauðsynlegt í öllum fyrirtækjum og auðvitað hlýtur ríkinu að vera það nauðsynlegt líka að hafa yfirlit yfir eignir sínar. Svo segir mér hugur um að ýmislegt muni þar kannski koma í ljós sem mönnum var ekki alveg ljóst áður.

Ég tek undir það sjónarmið sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. að ég tel eðlilegt að þessi eignaskráning sé á einum stað og í fljótu bragði sýnist ekki óeðlilegt að það sé fjmrn. sem annist hana en að þessu sé ekki dreift til hinna ýmsu ráðuneyta. Þannig sé tryggt fyllsta samræmi og rétt skráning og að þetta sé allt aðgengilegt á einum stað. Ég þakka svarið.

Lækkun eignarskatta, ein umr.

Fsp. GHH, 198. mál. — Þskj. 229.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það má e.t.v. segja að hér sé óvenjuleg fsp. á ferðinni vegna þess að það er spurt hvort hæstv. fjmrh. hyggist beita sér fyrir lækkun tiltekinna skatta á næsta ári. Tilefnið er það að fyrir skömmu var flutt í hv. Nd. frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem gert var ráð fyrir að eignarskattar væru færðir í sama horf og þeir voru í fyrir ári síðan. Fjmrh. fékkst hins vegar ekki til að svara einu eða neinu um afstöðu sína til þess máls og þess vegna er gripið til þess að bera þetta mál hér upp í fyrirspurnarformi. Hins vegar hefur í millitíðinni, virðulegi forseti, verið lagt hér fram frv. þar sem sýnt er að hæstv. ráðherra hyggst beita sér fyrir ákveðnum breytingum og þær yrðu til lækkunar að því er mér sýnist í flestum tilvikum. Hins vegar var frv. ekki lagt fram fyrr en í morgun þó að gerð hafi verið grein fyrir því í fréttatilkynningu hér í pósthólfum þingmanna í gær.

Í fjárlagafrv., virðulegur forseti, kemur ekkert fram um það að ætlunin hafi verið að lækka eignarskatta öðruvísi en þá sem lið í þeirri aðgerð að taka upp skatta á fjármagnstekjur, þannig að þetta frv. er þá nýtt innlegg af hálfu ríkisstjórnarinnar, að beita sér fyrir einhverri lækkun eignarskatta sem sjálfstæðri aðgerð. Ég hlýt að fagna því þótt ég telji að vísu að allt of skammt sé gengið, og ég hlýt jafnframt að fagna þeirri viðurkenningu sem í því felst af hálfu

fjmrh. á þeim mistökum sem hér voru gerð í fyrra í þessu efni og sem hann ber höfuðábyrgð á. En fsp. er látin standa og ég vænti þess að hæstv. ráðherra fari um hana nokkrum orðum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hér er borin fram svohljóðandi fsp.:

„Hyggst fjmrh. beita sér fyrir einhverri lækkun eignarskatta sem komi til framkvæmda á árinu 1990?"

Svarið við þessari spurningu er mjög einfalt. Það er já.

Í gær var lagt á borð þingmanna frv. um tekju- og eignarskatt þar sem kemur fram að ríkisstjórnin leggur til við Alþingi að tvíþættar breytingar verði gerðar á eignarsköttum til lækkunar. Annars vegar lækki hærra þrepið í eignarskatti um helming, úr 1,5% í 0,75%. Í þessu felst að skattur á skuldlausa eign hjá einstaklingi yfir 8 millj. kr. lækkar úr 2,7% í 1,95%.

Í öðru lagi er ákveðið að taka upp tekjuviðmiðun hvað þetta hærra þrep snertir. Þessi tekjuviðmiðun felur það í sér að einstaklingar sem eiga þessa skuldlausu eign en hafa undir 70.000 kr. í mánaðartekjur af launatekjum og sambærilegum tekjum — ekki fjármagnstekjum, ég tek það skýrt fram — greiða ekki þennan eignarskatt og hann er greiddur í ákveðnu hlutfalli stig af stigi á bilinu 70.000 kr. mánaðartekjur upp í 140.000 kr. mánaðartekjur hjá einstaklingi og 280.000 kr. hjá hjónum en kemur ekki til greiðslu að fullu fyrr en hjá hjónum sem hafa yfir 280.000 kr. í mánaðartekjur og hjá einstaklingum sem hafa yfir 140.000 kr. í mánaðartekjur. Með þessari breytingu lækka eignarskattar að raungildi um 20% miðað við gildandi lög og kemur breytingin sérstaklega til góða einstaklingum sem eru með lágar tekjur eða eru undir þeim tekjumörkum sem hér er lýst. Hjá þeim getur lækkunin numið 35% að raungildi.

Það er hins vegar ljóst samkvæmt opinberum upplýsingum að það er nokkur fjöldi fólks í okkar þjóðfélagi sem á gífurlega miklar eignir og hefur jafnframt mjög miklar tekjur, sem nemur mörg hundruð þúsund krónum á mánuði af venjulegum launatekjum. Vek ég þá athygli á því að fólk getur til viðbótar haft allverulegar tekjur af fjármagnseign án þess að þær komi nú til skatts. Mér finnst, og það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé eðlilegt sjónarmið á erfiðleikatímum að slíkt hátekju- og stóreignafólk greiði ákveðið framlag til hins sameiginlega sjóðs landsmanna.

Svarið við spurningunni er þess vegna skýrt og við höfum tækifæri til þess að ræða breytinguna nánar þegar ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á tekju- og eignarskatti.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er svo að ríkisstjórnin er að reyna að friða sína svörtu samvisku gagnvart eignarsköttunum með því að setja upp nýtt kerfi sem er hvergi notað á byggðu bóli með svokölluðum tekjutengdum eignarsköttum sem þýðir auðvitað að það verður aukin svört starfsemi hér í landinu í framtíðinni. Hitt er annað mál að þessi breyting er miðuð við 8 millj. 50 þús. og er hækkun á eignarsköttum einstaklinga um 2% á milli ára í því þrepi. Það er því náttúrlega verið að plata fólk. Það er verið að hækka eignarskattana á mönnum sem eru fullvinnandi og hafa reynt að eiga sínar íbúðir sem flestir, því að þetta er fyrst og fremst skattur á íbúðir. Þetta er fyrst og fremst skattur á þá sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu, eins og komið hefur fram í svörum fjmrh. við þessu. Það er því verið að blekkja fólk með þessu frv. vegna þess að persónufrádrátturinn hækkar ekki nema um 13% á milli ára sem þýðir þá að heildarskattálagning á eign sem er 8 millj. 50 þús. hækkar um 2% á milli ára. Ég á eftir að líta aðeins nánar á þessi mál og mun taka þá umræðu upp þegar að frv. sem hér liggur fyrir kemur.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör við þessari fsp. Ég hyggst ekki taka upp efnislegar umræður um frv. sem hann gat um fyrr en það kemur hér á dagskrá með venjulegum hætti. Ég vil þó vekja athygli á tvennu. Í fyrsta lagi því að með því að leggja þetta frv. fram í þessum búningi hefur ráðherrann og ríkisstjórnin viðurkennt að þeim hafi orðið á mjög alvarleg mistök í þessu efni á síðasta þingi eins og við þingmenn stjórnarandstöðunnar bentum ítrekað á og eins og fjöldi aðila úti í þjóðfélaginu hefur margítrekað bent á. Ég hlýt að fagna því að ráðherrann skuli sjá að sér og þó koma þetta til móts við þau sjónarmið sem uppi hafa verið þó, eins og ég sagði áðan, þetta sé of skammt gengið að mínum dómi og reyndar allt of skammt. Í öðru lagi hlýt ég að benda á að þó að hér sé rætt um einhverja lækkun frá því sem nú er þá er það auðvitað lækkun sem tilkomin er eftir að búið er að margfalda þessa skatta eins og gert var núna í ár. Og það er auðvitað einn partur af þeirri blekkingariðju sem því miður hefur allt of oft verið höfð uppi í sambandi við þessi mál. Fyrst eru hlutirnir hækkaðir um heil lifandis ósköp og síðan eru þeir lækkaðir eitthvað smávegis og menn hreykja sér síðan af því að hafa lækkað þá um einhverja tugi prósenta. Þetta er náttúrlega ekki góð aðferðafræði og við skulum ekki gleyma því að svona er farið að hlutunum stundum.

Ég hyggst ekki lengja þetta, virðulegi forseti, en mun taka þetta mál upp við ráðherrann í betra tómi í umræðum um þetta mál í hv. Nd.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna fullyrðingar hv. þm. Hreggviðar Jónssonar um að með þessum breytingum væri verið að hækka eignarskatt á einstaklingum vil ég láta þess getið sérstaklega sem dæmis um þessar breytingar að hafi einstaklingur sem á skuldlausa eign upp á 14 millj. kr. — sem er reyndar meðaleign einstaklinga sem lentu í hærra þrepinu á árinu 1989,

þannig að hér er um meðaleinstaklinginn að ræða sem í þessu sérstaka háeignarskattsþrepi lenti — minna en 70.000 kr. tekjur á mánuði lækkar eignarskatturinn um 7400 kr. á mánuði eða um 36% að raungildi. Hafi þessi sami einstaklingur 100.000 kr. mánaðarlaun lækkar eignarskatturinn um 5200 kr. á mánuði eða um 25% að raungildi og fari þessi sami einstaklingur yfir 140 þús. kr. í mánaðarlaun lækkar eignarskatturinn engu að síður um 3700 kr. á mánuði eða um 18% að raungildi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt um þetta. Þessi talnaleikur sem hæstv. fjmrh. fór hér með er alrangur og mun ég taka hann upp síðar við umræður um þetta mál.

Valddreifing og flutningur stofnana út í héruð, ein umr.

Fsp. DS og GA, 107. mál. — Þskj. 111.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hefur orðið alvarleg búseturöskun í landinu og sífelldur straumur fólks frá byggðarlögunum til höfuðborgarsvæðisins, misþungur að vísu en óstöðvandi. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni bæði vegna byggðarlaganna og borgarinnar því að höfuðborgin hefur staðið frammi fyrir vandamálum af þessum sökum og öll þjóðin mun standa frammi fyrir enn stærri vandmálum ef svo fer sem horfir.

Sl. 30–40 ár hefur ekki setið ríkisstjórn sem ekki hefur haft í stjórnarsáttmála fyrirheit um að efla byggð í landinu og að styðja atvinnuþróun á landsbyggðinni. Þetta eru stór loforð en hvernig hefur verið staðið við þau? Sitjandi ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa skipað nefndir til að fjalla um þessi mál og með hvaða hætti megi auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni, en svo virðist sem harla lítið hafi verið unnið áfram úr þeim skýrslum sem nefndirnar skiluðu.

Fyrir 17 árum var skipuð nefnd til að kanna staðarval ríkisstofnana og hvaða breytingar kæmu helst til greina í því að flytja ríkisstofnanir frá höfuðborginni út um landið.

Nefndin skilaði viðamiklu, vönduðu og greinargóðu áliti fyrir rúmum 14 árum þar sem hún lagði til heildarflutning 25 ríkisstofnana, deildaflutning 12 stofnana, stofnun 36 útibúa frá ríkisstofnunum og eflingu 11 útibúa. Einnig lagði hún til að Alþingi kysi sjö manna flutningaráð til að framkvæma þessar tillögur en það ráð var aldrei kosið. Ekkert var gert með álit og tillögur nefndarinnar en samkvæmt áætlun hennar átti framkvæmd tillagnanna að ljúka 1982. Byggðanefnd þingflokkanna sem var skipuð 1984 skilaði einnig áliti þar sem segir m.a. að meginforsenda þess að ná fram markmiðinu um aukið lýðræði og aukna valddreifingu sé að setja á stofn stjórnsýslustig milli ríkis og sveitarfélaga. Ýmsar fleiri ábendingar komu fram í skýrslunni en hvergi sjást þess merki að tillit hafi verið tekið til þeirra. Tillögur staðarvalsnefndar sem ég nefndi áðan stefndu að því að efla búsetu menntaðs og sérhæfðs fólks vítt og breitt um landið. Menn sáu ekki aðeins fyrir sér aukna grósku í mennta- og menningarlífi í sambandi við það heldur einnig aukinn fjölda atvinnutækifæra sem í dag gæti skipt sköpum fyrir mörg byggðarlög þar sem stórir hópar fólks, sérstaklega konur, eru nú atvinnulausir.

Eitt af meginatriðunum í stefnu Kvennalistans er að dreifa valdi og ábyrgð til landshlutanna og fólksins. Er því að okkar mati afar mikilvægt að losa um þá fjötra miðstýringar sem landsmenn búa við með nánast allar lykilstofnanir ríkisins hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur það sama markmið og margar fyrri, að flytja stofnanir út í héruð. Hef ég því leyft mér á þskj. 111 að beina fsp. til hæstv. forsrh. Fsp. er borin fram af mér ásamt hv. þingkonu Guðrúnu Agnarsdóttur. Spurt er hvernig ríkisstjórnin hyggist ná markmiði sínu til þess að dreifa valdi á þennan hátt sem þar er kveðið á um út til landshlutanna.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að fólksflutningar af dreifbýlinu til þéttbýlisins, og sérstaklega til Reykjavíkursvæðisins, eru miklir og valda áhyggjum. Ég er þeirrar skoðunar að langmikilvægast til að sporna gegn þessum fólksflutningum sé að atvinnulíf í dreifbýlinu sé traust, tekjur góðar, og því hef ég talið að sú viðleitni ríkisstjórnarinnar að skapa sjávarútveginum, m.a., öruggan starfsgrundvöll sé einhver mikilvægasti þátturinn í því að sporna gegn þessum fólksflutningum. Þegar bornir eru saman fólksflutningar og staða sjávarútvegsins yfir árin og áratugina kemur fylgnin þar mjög glöggt í ljós.

Hins vegar hefur ríkisstjórnin einnig talið nauðsynlegt að skoða fleiri atriði. Ríkisstjórnir hafa viljað skoða t.d. atriði eins og það sem nefnt var af hv. fyrirspyrjanda, að setja á fót þriðja stjórnsýslustigið. Um það eru mjög skiptar skoðanir, ekki endilega á milli stjórnmálaflokka, heldur innan stjórnmálaflokka og mjög innan samtaka sveitarfélaganna. Það er búið að ræða það þar aftur og aftur og hefur ekki náðst samstaða um það.

Ég get greint frá því að ég lýsti mínu fylgi við þessa hugmynd þegar hún kom fram frá þeirri nefnd sem hv. fyrirspyrjandi gat um og þetta hefur iðulega verið rætt á stöðum þar sem ég hef verið, en skoðanir eru afar skiptar. Þetta verður ekki gert nema með breiðri samstöðu og vilja samtaka sveitarfélaganna. Ég tel hugmyndina enn þá mjög athugandi.

Síðan kem ég að því sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, flutningi ríkisstofnana. Það er rétt að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar stendur að hugað skuli

að því. Það vill svo til að tveir af þeim sem sömdu umrædda skýrslu um mikla flutninga sitja í ríkisstjórninni svo að hæg eru heimatökin, má segja. Og þetta hefur vissulega verið tekið upp af fleiri ríkisstjórnum en mætt mikilli andstöðu. T.d. minni ég á Byggðastofnun sem margir töldu eðlilegt að flytja. Þar kom í ljós að ekki fékkst nema einn starfsmaður til að flytja með stofnuninni. Menn geta náttúrlega sagt að menn eigi að láta slíkt sem vind um eyru þjóta en margar þessar stofnanir eru lítið annað en starfsmennirnir og suma þeirra er a.m.k. slæmt að missa.

Ég get getið þess að þegar það var á dagskrá komu m.a. menn úr öðrum landshlutum sem mótmæltu því mjög ef flytja ætti þessa mikilvægu stofnun til Akureyrar því að þá þyrfti að gera fleiri ferðir til þess að sinna ýmsum mikilvægum málum. Þannig að um *þetta voru vissulega skiptar skoðanir.*

Byggðastofnun, m.a. fyrir mikla hvatningu stjórnvalda og ákveðna framfylgni ákveðinna manna þar, ákvað hins vegar að fara þá leið að setja upp stjórnsýslustofnanir í landshlutunum. Sú fyrsta er á Akureyri og verið er að ganga frá, að því er ég best veit, kaupum á húsnæði á Ísafirði og fleiri stofnanir slíkar eru í burðarliðnum. Ég tel þetta út af fyrir sig, miðað við það að stofnunin fór ekki öll, nokkuð viðunandi lausn. Að því er stefnt að sem flestir aðilar sem annast þjónustu við landsbyggðina hafi skrifstofur og það vonandi sem sjáfstæðastar skrifstofur í slíkum stjórnsýslustöðvum. Ég minni á að ákveðið hefur verið að flytja Skógræktina austur á land og Hagþjónusta landbúnaðarins verður á Hvanneyri. Þó þetta séu ekki stórir liðir eru þeir þó spor í áttina.

Til undirbúnings því að skoða þetta nánar hef ég beðið Byggðastofnun um álit og ég hef fengið frá henni álit um þetta mál sem er allt of langt til að lesa hér. Ég get þó aðeins drepið á það að Byggðastofnun telur að í þessu sambandi eigi að velja ákveðna staði, ekki marga, heldur fáa ákveðna staði, og leggja áherslu á að þeir verði stjórnsýslumiðstöðvar. Auk þess bendir Byggðastofnun á slíka möguleika eins og t.d. að í sambandi við fjölgun ríkisstarfsmanna verði leitast við að þeir verði fyrst og fremst á landsbyggðinni. Fleira kemur hér fram sem er út af fyrir sig ekki rætt en verður tekið til athugunar af ríkisstjórninni.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það er rétt sem fram kom í máli hans að það eru *eflaust mjög skiptar skoðanir um gildi þriðja stjórnsýslustigsins.* Það tók að mig minnir tvo áratugi að koma á lögum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þannig að e.t.v. er hugmyndin nú komin af stað og hver veit hvað verður í framtíðinni. Ég vil hins vegar benda á að hann talaði um að margar stofnanir væru lítið annað en starfsmennirnir og andstaða þeirra stæði í veginum fyrir flutningi. Í því sambandi vil ég benda á þá lausn, þegar settar eru á laggirnar nýjar stofnanir, eins og hæstv. forsrh. nefndi t.d. með Hagþjónustu landbúnaðarins, að huga þá að því strax í upphafi að ekki sé nauðsynlegt að þær séu staðsettar hér á höfuðborgarsvæðinu, að möguleiki sé á að koma þeim fyrir annars staðar.

Mér sýnist á svörum hæstv. forsrh. að það standi svo sem ekki mikið meira á bak við þessi fyrirheit en í stjórnarsáttmálum fyrri ríkisstjórna. Vil ég nú brýna þá hæstv. ráðherra sem áttu sæti í staðarvalsnefnd að dusta rykið að þeim tillögum sem þeir stóðu að á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Hverjir voru það?) Það voru hæstv. núv. utanrrh. og hæstv. fjmrh.

Þá vil ég einnig minna á í þessu sambandi að hér liggur fyrir þinginu till. til þál. frá þingkonum Kvennalistans um að kanna möguleika á að nýta fjarskiptatækni og tölvutækni til þess að flytja verkefni ríkisstofnana út fyrir höfuðborgarsvæðið og vil segja það að lokum að það hefur aldrei skipt minna máli en nú hvar hinar ýmsu stofnanir eru staðsettar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur nokkuð verið vikið að þeirri nefnd sem ég veitti forstöðu og sett var upp af ríkisstjórninni 1971–1974. Þessi nefnd hefur stundum gengið undir heitinu staðarvalsnefnd og hún skilaði mjög ítarlegri skýrslu og margvíslegum tillögum um flutning ríkisstofnana frá Reykjavík og til landshlutanna. Bæði var þar um að ræða tillögur um flutning heilla stofnana, hluta af stofnunum og stofnsetningu útibúa.

Ég verð hins vegar að lýsa því hér að það voru mér mikil vonbrigði eftir þá margra ára vinnu sem lögð var í þetta verk af hálfu nefndarinnar og þeirra sem með henni störfuðu að verða þess áskynja að í reynd var ekki sá stuðningur meðal sveitarfélaga og landshlutasamtaka við þessar tillögur sem ég hafði vænst. Það kom í ljós í reynd að þrýstingurinn frá samtökum sveitarfélaga, frá einstökum sveitarfélögum eða landshlutasamtökunum til þess að tryggja framkvæmd þessa máls var mun minni en maður hafði búist við og þess vegna skapaðist ekki í þjóðfélaginu sá nauðsynlegi bakhjarl til þess að hrinda þessari breytingu í framkvæmd sem við margir, sem vörðum til þessa verks miklum tíma, höfðum búist við. Kannski vegna þess að í reynd vilja margir forustumenn sveitarfélaganna allt í kringum landið frekar geta gengið að höfuðstöðvum ríkisstofnana á einum stað eða þá, eins og ærið mikið bar nú á í störfum nefndarinnar og í viðbrögðum við tillögum hennar, að héraðarígur milli einstakra landshluta eða milli einstakra sveitarfélaga var of mikill til þess að samstaða gæti náðst um tillögurnar. Þess vegna vil ég óska þess að við í þessari ríkisstjórn sem viljum gjarnan vinna að þessu máli fáum meiri stuðning sveitarfélaganna og landshlutasamtakanna í landinu við að framkvæma tillögur á þessu sviði heldur en staðarvalsnefndin fékk við þær tillögur sem hún lagði fram á síðasta áratug.

Jón Bragi Bjarnason:

Frú forseti. Mig langar til að taka undir með hv. flm. fsp. og ráðherrum um nauðsyn þess að flytja stofnanir til landsbyggðarsvæða og styrkja atvinnulíf

þar. Þó vil ég benda á að þetta þarf að gera með myndarlegum hætti og e.t.v. ekki á þann hátt sem gert hefur verið með Háskólann á Akureyri þar sem sú stofnun virðist að hluta til vera óþörf að því leyti að þar er boðið upp á sama nám og annars staðar er kennt.

Þegar þetta kom til umræðu í Háskóla Íslands lagði ég til að það sem ætti að gera í slíkum tilvikum væri að flytja Háskóla Íslands allan norður á Akureyri. Það er hins vegar að ýmsu leyti óraunhæf tillaga þar sem búið er að byggja yfir Háskóla Íslands margar og dýrar byggingar hér. En annað kemur til greina í þessu tilliti og það er að flytja Tækniskóla Íslands norður á Akureyri, allan sem slíkan. Það er ekki búið að byggja yfir Tækniskóla Íslands. Tækniskóli Íslands er skóli á háskólastigi og framhaldsskólastigi og gæti að þessu leyti sameinast Háskólanum á Akureyri, m.a. þeirri braut sem nú er fyrirhugað að þar verði sett á laggirnar. Ég vil nefna þetta sem framlag í þessu máli og tillögu til umhugsunar fyrir þingheim.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Út af því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan sem formaður staðarvalsnefndarinnar um vinnuna þar og viðbrögð sveitarfélaga og landshlutasamtaka við þeim hugmyndum sem þar komu fram, þá væri nú fróðlegt að fá um það upplýsingar hvaða sveitarfélög og hvaða landshlutasamtök voru andvíg þeim hugmyndum sem þar komu fram um breytingar.

Þegar skýrt er frá slíku, að aðilar úti um land hafi verið andvígir því að breyta til frá því sem verið hefur og menn hafa talið að yrði að breyta til vegna þess hversu landsbyggðin stendur illa, þá er auðvitað nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hverjir og hvaðan þeir voru sem beittu sér gegn því sem staðarvalsnefndin lagði til að gert yrði.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég get ekki sagt að ræða alþýðuflokksmanns sem hér talaði fyrir skömmu úr þessari pontu komi mér sérstaklega á óvart. Hann hefur áður líkt Háskólanum á Akureyri við loðdýrabú og hefur lítinn skilning á því hvaða þýðingu sá háskóli gegnir. Annars vegar er Háskólinn á Akureyri auðvitað mjög merkilegt byggðamál, merkilegasta byggðamál sem hér hefur komið upp á undanförnum áratugum. Á hinn bóginn bætir Háskólinn á Akureyri úr brýnni þörf. Í fyrsta lagi var talið nauðsynlegt og ég hef ekki heyrt það vefengt að hjúkrunarfræðibraut verði tekin upp við Háskólann á Akureyri til þess að reyna að bæta úr þeim skorti sem er á hjúkrunarfræðingum og breikka grunn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem er brýn nauðsyn. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er varasjúkrahús fyrir landsmenn. Í öðru lagi held ég að menn séu sammála því að nauðsynlegt sé að koma upp kennslu í viðskiptafræðum, styttri braut en hér er í Reykjavík og praktískari. Í þriðja lagi er sjávarútvegsbraut á Akureyri betur staðsett þar en annars staðar á landinu vegna þess umhverfis sem þar er.

Ég get fullvissað hæstv. forseta um það að ég hitti prófessor úr Háskóla Íslands í gær sem hafði allt aðrar skoðanir á þessu máli en sá fulltrúi Háskólans sem nú situr á Alþingi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Karvels Pálmasonar vil ég geta þess þó að rúmur áratugur sé nú liðinn síðan nefndin skilaði sinni skýrslu að þau viðbrögð, sem ég lýsti hér áðan að hefðu orðið mér vonbrigði, birtust ekki síst í almennu áhugaleysi, almennu stuðningsleysi og skorti á því að mynduð væri breið samstaða og öflug um tillögurnar til þess að vinna gegn þeirri tregðu sem eðlilega var hjá ríkisstofnunum sjálfum að takast á hendur það verk að flytja sig og þar með starfsfólkið allt.

Það komu líka fram í ýmsum tilvikum þau sjónarmið að tillögur nefndarinnar um að flytja tiltekna ríkisstofnun á ákveðinn stað væru ekki skynsamlegar, annaðhvort ætti að flytja hana í einhvern annan landshluta eða þá að láta hana vera áfram í Reykjavík.

Hins vegar er nú orðið nokkuð langt um liðið. (**KP:** Hvaðan komu þær?) Þær komu nú fram úr ýmsum áttum. Ég mætti t.d. á fjórðungsþingum landshlutasamtakanna þar sem ýmsar skoðanir komu fram hjá einstökum sveitarstjórnarmönnum í þessum efnum og ég mætti á kynningarfundum af ýmsu tagi þegar þetta kom fram. Ég var nú ekki að skrá niður á þeim tíma hverjir voru ræðumenn eða þátttakendur í þeim fundum.

Ég vil hins vegar lýsa því yfir hér af því að nefnt hefur verið að tveir ráðherrar í ríkisstjórninni áttu sæti í þessari nefnd að þriðji ráðherrann í þessari ríkisstjórn, hæstv. dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson, var einn af þeim sem sýndu þessari tillögugerð hvað mestan áhuga og efndi til sérstaks fundar á Selfossi á sínum tíma til að reyna að vinna tillögunum fylgi.

Ég væri svo sem reiðubúinn að setjast yfir það verk að rifja upp þessa sögu þó rúmur áratugur sé liðinn síðan, en ég taldi óhjákvæmilegt vegna þess að störf þessarar nefndar komu hér til umræðu að lýsa þessari reynslu sem urðu mér og nefndarmönnum og öðrum áhugamönnum um þetta efni mikil vonbrigði.

Jón Bragi Bjarnason:

Virðulegi forseti, örstutt athugasemd. Ég vil leiðrétta þann misskilning, þann leiða misskilning sem hefur komið fram greinilega, að ég hafi kallað Háskólann á Akureyri refabú. Svo var alls ekki. Ég talaði um byggðastefnu í menntamálum og notaði hið óheppilega orð refabúastefnu og mér þykir fyrir því að það hafi misskilist á þennan hátt og sært menn. Ég vil taka það skýrt fram.

Hins vegar held ég að menn verði að spyrja sig hvort þingið hafi ákveðið að stofna og styðja myndarlega við Háskólann á Akureyri sem er vissulega nauðsynlegt að gera ef þar á að rísa öflug menntastofnun. Þess vegna kom ég fram með þá hugmynd að það ætti frekar að flytja norður sterka og myndarlega og nauðsynlega stofnun eins og Tækniskóla Íslands og sameina þeirri starfsemi sem nú er hafin við Háskólann á Akureyri.

Endurgreiðsla söluskatts af tryggingaiðgjöldum, ein umr.

Fsp. IBA, 170. mál. — Þskj. 193.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 193 leyfi ég mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Með hvaða hætti verður ofgreiddur söluskattur af tryggingaiðgjöldum endurgreiddur, skv. yfirlýsingu fjármálaráðherra á þingi 13. nóv. síðastliðinn? Fá tryggingatakar endurgreiðsluna með vöxtum og verðbótum, eða verður fylgt endurgreiðslureglum 121. gr. tekjuskattslaga?"

Þannig hljóðar fsp. og þarf í rauninni ekki að hafa fleiri orð um hana. Hún er einföld. Hins vegar tel ég það rétt að greiðendur þessara iðgjalda fái það hreint út hvernig að þessu verður staðið og hvort þeir fái andvirði sinnar greiðslu fyllilega endurgreitt.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Á árinu 1989 hafa tryggingafélögin yfirleitt gefið út vátryggingaskírteini með hefðbundnum hætti og innheimt söluskatt af iðgjöldum þótt vátryggingatímabilið hafi náð að hluta yfir á árið 1990.

Eins og fram hefur komið hér á hv. Alþingi skrifaði ég bréf 10. nóv. sl. og heimilaði endurgreiðslu söluskatts af vátryggingaiðgjöldum sem greidd hafa verið fyrir tryggingatímabilið eftir 1. jan. 1990 þegar virðisaukaskatturinn kemur í stað söluskatts.

Í þessu bréfi er óskað eftir því að embætti ríkisskattstjóra sjái um framkvæmd þessarar ákvörðunar. Hún felur það í sér að hluti iðgjaldaskírteina sem út verða gefin á árinu 1989 eða hafa verið gefin út og tilheyra vátryggingatímabili á árinu 1990 verði án söluskatts.

Nánar hefur verið kveðið á um það að endurgreiðslum verði hagað sem hér segir:

1. Að söluskattur af þeim hluta iðgjalda sem er vegna tímabilsins er nær til ársins 1990 skal reiknaður út og bakfærður hafi hann áður verið reiknaður og færður. Hin reiknaða fjárhæð söluskattsins skal annars vegar færð vátryggingatökum til tekna og hins vegar til lækkunar á söluskattsskuld vátryggingafélaga. Endurgreiða skal vátryggingatökum inneignir þeirra vegna þessarar bakfærslu eigi síðar en 15. des. 1989.

2. Vátryggingafélög skulu haga skilum á söluskatti á árinu 1989 og 1990 eftir þeim reglum sem í gildi eru, sbr. bréf fjmrn. um það efni frá 7. maí 1976. Við skil á söluskatti fyrir októbermánuð 1989 með gjalddaga í desember er vátryggingafélagi heimilt að draga þann söluskatt sem bakfærður hefur verið skv. 1. tölul. frá þeim skatti sem skila ber vegna októbermánaðar. Ógreiddur söluskattur miðað við októberlok eftir þessi skil verður því söluskattur á óinnheimtum iðgjöldum eftir að skattur vegna iðgjalda ársins 1990 hefur verið bakfærður. Reynist hinn bakfærði söluskattur hærri en sá skattur sem innheimtur er í október skal ríkissjóður greiða vátryggingafélagi mismuninn eigi síðar en 20. des. 1989.

Berist vátryggingafélagi greiðsla á söluskatti af iðgjöldum vegna ársins 1990 eftir söluskattsskil samkvæmt því sem hér hefur verið sagt skal skatturinn endurgreiddur tryggingartaka svo fljótt sem við verður komið og skal endurgreiðslan jafnframt dregin frá söluskatti á næsta gjalddaga.

Það er enn fremur spurt um það hvort á endurgreiðslurnar verði reiknaðar verðbætur eða vextir. Svarið við því er að það verður ekki gert í samræmi við þá viðteknu venju sem verið hefur þegar endurgreiðslur af þessu tagi koma til framkvæmda.

Að öðru leyti en ég hef hér greint skulu vátryggingafélög haga bókhaldi sínu þannig að innheimta söluskattsins, skil á honum, bakfærsla hans og endurgreiðslur verði á þann veg að skattyfirvöld geti á hverjum tíma rakið þær fjárhæðir sem tilgreindar eru á söluskattsskýrslum og yfirlitum til bókhaldsins og þeirra bókhaldsgagna hjá vátryggingafélögunum sem þessar endurgreiðslur eru byggðar á.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Þau voru greinargóð og ég ætla engar athugasemdir að gera við þá aðferð sem bakfærsla felur í sér. Hins vegar harma ég það að ekki á að endurgreiða þessa upphæð verðtryggða með vöxtum heldur virðist ríkið ofan í alla skattpíninguna ætla að hirða af fólkinu verðbólgumuninn og vaxtamuninn. Tel ég það reyndar fyrir neðan allar hellur því það eru vinnubrögð sem sjálft ríkið temur sér ekki ef fólk á hinn kantinn skuldar því einhverja peninga. Sem sagt, vaxtamunurinn og verðbólgan á að renna í hítina.

Ég hlýt að harma þetta og ég hlýt að biðja hæstv. ráðherra að endurskoða hug sinn í þessu og koma fram við fólkið eins og hann vill að fólkið komi fram við ríkið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt vegna orða hv. þm. að það komi skýrt fram að samkvæmt gildandi landslögum var tryggingafélögunum ljóst að virðisaukaskattur tæki gildi 1. jan. Það var þess vegna ekki í samræmi við gildandi landslög að vátryggingafélögin kysu að innheimta söluskatt af þessum iðgjöldum eftir 1. jan. 1990. Ég gat þess hér á Alþingi þegar ég svaraði annarri fsp. að það hefði verið ljóst samkvæmt gildandi lögum að söluskattur rynni út við árslok. Ég tel þess vegna ekki rétt að beina þeim spjótum að ríkisvaldinu sem hér var beint í síðustu ræðu hv. þm.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Þessi fsp. er borin fram í nokkru framhaldi af umræðu sem ég vakti hér á hv. Alþingi fyrir nokkru síðan um endurgreiðslu söluskatts af tryggingaiðgjöldum. Þá var þetta mál búið að velkjast í kerfinu í allmarga mánuði og staðreyndin er sú að

tryggingafélögin gerðu sér að sjálfsögðu ljóst að lögin áttu að falla úr gildi um áramót. En trú þeirra á kerfinu var nú ekki meiri en svo að þau upphófu strax bréfaskriftir og viðtöl við hæstv. ráðherra og ríkisskattanefnd og fengu aldrei svör við þessu þegar fyrirspurnir þeirra voru lagðar fram.

Í mínum huga er það alveg ljóst að það er ekki hægt að varpa sökinni yfir á tryggingafélögin í þessu tilfelli og í mínum huga er það líka ljóst að þeir aðilar sem hafa ofgreitt, ólöglega að mínu viti og vegna þess að svara var vant frá ríkisvaldinu, eiga rétt á sömu kjörum á sinni inneign og ríkið tekur af skattskuld þegnanna í þjóðfélaginu. Það þýðir ekki að varpa þessari sök yfir á tryggingafélögin. Þau gerðu það sem fyrir þau var lagt. Munnlega af báðum þessum aðilum var sagt: Það er ekki ljóst hvernig með þessi mál verður farið. Endurgreiðslan á að sjálfsögðu að fara fram fullverðtryggð og með vöxtum á sama hátt.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að söluskattur var innheimtur umfram þörf og skilað inn í ríkissjóð. Það losar engu að síður ríkisvaldið ekkert undan því að endurgreiða ofgreiddan söluskatt. Ef um ofgreiddan söluskatt er að ræða þá á viðkomandi aðili sem hann greiðir rétt á að fá hann endurgreiddan til baka. Og ef hann liggur inni í ríkissjóði á þeim vöxtum sem hann getur ávaxtað það fé, þá ber honum að skila því öllu til baka með vöxtum og verðbótum. Það hlýtur að vera réttmæt krafa. Mismuninn ætlar hæstv. fjmrh., eins og ég sagði áðan, að setja í eigin vasa.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka þá kröfu hv. þm. Inga Björns Albertssonar að fjmrh. svari því hvort hann ætli ekki að endurgreiða fólki réttmætar eigur þess sem eru núna í vörslu ríkisins. Hér er um mjög alvarlega spurningu að ræða, sérstaklega í ljósi þess sem stjórnarstuðningsmaður, hv. þm. Jóhann Einvarðsson, upplýsti hér áðan þar sem hann sagði að hæstv. fjmrh. virti menn, þ.e. fólkið í landinu, ekki svars. Þetta eru alvarlegar ásakanir, sérstaklega þar sem hér er um stjórnarstuðningsmann að ræða, einn vandaðasta þingmann í því liði. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari því hvort hann ætli ekki að virða þá aðila svars sem hafa ritað bréf til hans með þeirri kröfu sem hér er til umræðu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég veit nú ekki hvort hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var hér í salnum þegar ég svaraði fsp. í upphafi. Það liggur alveg ljóst fyrir, eins og ég gerði reyndar grein fyrir hér á Alþingi fyrir nokkrum vikum síðan, að fjmrn. hefur ákveðið að beita sér fyrir því að þessar endurgreiðslur verði framkvæmdar og ákveðnu kerfi verði komið á það mál. Og tryggingafélögin sem beindu þessum fyrirspurnum til yfirvalda hafa fengið alveg skýr svör í þeim efnum. Ég hef hins vegar lýst þeirri skoðun minni að ég varð dálítið undrandi á því að tryggingafélögin skyldu ekki gera sér grein fyrir því að gildandi lög eru gildandi lög og samkvæmt gildandi lögum á ekki að innheimta söluskatt fyrir tímabilið eftir 1. jan.

Málsókn á hendur Magnúsi Thoroddsen, ein umr.

Fsp. SV, 182. mál. — Þskj. 205.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir fsp. á þskj. 205. Þetta er í annað sinn sem ég beini fsp. til hæstv. dómsmrh. vegna svokallaðs áfengiskaupamáls sem tengt er Hæstarétti. Á síðasta þingi lagði ég fram fsp. í nokkrum liðum til þáv. hæstv. dómsmrh., Halldórs Ásgrímssonar. Hún var þá ekki samþykkt sem munnleg fsp. hér á Alþingi, en nokkrum mánuðum seinna þegar ég var í veikindaleyfi fékk ég skrifleg svör sem mér fundust ófullnægjandi.

Sú fsp. sem hér er mælt fyrir er tvíþætt. Í fyrri liðnum er spurt hvers vegna mál Magnúsar Thoroddsens, fyrrum forseta Hæstaréttar, hafi ekki verið rannsakað sem opinbert mál eins og lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, gera ráð fyrir, sbr. ákvæði 8. og 11. gr. Þessi greindu lagaákvæði eru ótvírætt auk þess sem verjandi Magnúsar hefur ítrekað kvartað yfir að fá málið ekki nægilega upplýst. Ég þekki málið ekki nógu vel, en ég tel mikilvægt að alþingismenn og almenningur fái að vita á hvaða ákvæðum það er byggt að forseti Hæstaréttar geti keypt áfengi á sérkjörum. Einnig á hverju það er byggt að hann megi ekki kaupa 2160 flöskur á tveimur árum og ef hann má það ekki, hvað mátti maður sem forseti Hæstaréttar þá kaupa mikið og hvað máttu aðrir kaupa mikið magn af áfengi sem fengu það á sérkjörum? Þá er mikilsvert að upplýsa hvers vegna Magnús taldi rétt að skila um 1200 vínflöskum aftur og hvað varð um þessar 900 flöskur sem hann keypti en skilaði ekki. Ítarleg og glögg upplýsing máls er höfuðatriði málsmeðferðar.

Hinn þáttur fsp. lýtur að því að fleiri fyrrum forsetar Hæstaréttar keyptu líka áfengi með sérkjörum. Er óskað skýringa á því hvers vegna Magnús einn sætir málshöfðun og embættismissi en ekki hinir fyrrum forsetar Hæstaréttar.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Fsp. þessi á þskj. 205 er í tveimur liðum eins og fyrirspyrjandi tók fram og hljóðar sá fyrri þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað veldur því að mál Magnúsar Thoroddsens hefur ekki verið rannsakað að hætti opinberra mála eins og boðið er í 8. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og full tilefni virðast hafa verið til ef marka má kvartanir lögmanns Magnúsar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.?“

Hin tilvitnaða lagagrein hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu. Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar."

Í máli því er dómsmrh. fyrir hönd ríkisvaldsins höfðaði gegn Magnúsi Thoroddsen var kveðinn upp dómur í bæjarþingi Reykjavíkur þann 26. júní sl. Í niðurstöðu dómsins í aðalsök segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/1954 skal mál ríkisstarfsmanns, sem hefur verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til.

Samkvæmt 12. tölul. 2. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, fer fram eftir þeim lögum rannsókn eftir sérstöku boði dómsmrh.

Ekki verður sagt að tilefni þess að stefnda var veitt lausn um stundarsakir séu misfellur í starfi. Þegar mál þetta var höfðað voru öll atvik varðandi háttsemi stefnda, þá er mál þetta snýst um, fullljós og enginn ágreiningur um staðreyndir að því leyti. Önnur atvik málsins hafa að mati dómsins verið nægilega upplýst undir rekstri þess og verður ekki talið að skortur rannsóknar standi því í vegi að lagður verði efnisdómur á málið."

Og enn fremur segir í þessum undirréttardómi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 8. gr. starfsmannalaganna, sbr. 7. gr. og 28. gr. sömu laga, virðist rétt að veita ríkisstarfsmanni lausn að fullu ef framkoma hans eða athafnir í starfi eða utan þess þykja ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. Þessi regla gildir samkvæmt framansögðu um hæstaréttardómara að svo miklu leyti sem aðrar réttarheimildir mæla ekki á annan veg."

Í hinum tilvitnuðu orðum úr dómi undirréttar felst í raun það eina svar við þessari fsp. sem hægt er að gefa á þessu stigi. En ég vil þó taka skýrt fram að með þessari tilvitnun er ég ekki að taka efnislega afstöðu til þessa þáttar málsins.

Seinni liður fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað veldur því að aðeins er höfðað mál á hendur Magnúsi Thoroddsen vegna áfengiskaupa hans sem einum af handhöfum forsetavalds vegna fjarveru forseta en ekkert gert í áfengiskaupum annarra sem virðast þó sambærileg að verulegu leyti?"

Ég vil minna á að hv. fyrirspyrjandi lagði fram fsp. á Alþingi í jan. sl. um áfengiskaup handhafa forsetavalds sem beint var til dómsmrh. Forveri minn í dómsmálaráðherraembætti svaraði fsp. þessari skriflega þann 16. febr. sl. Einn liður fsp. var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur dómsmrh. veitt einum hæstaréttardómara lausn til bráðabirgða úr starfi vegna áfengiskaupa. Upplýst hefur verið að fleiri hafa notað þennan meinta rétt til áfengiskaupa í verulegum mæli. Hvað verður gert í málum þeirra?"

Svarið var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti Íslands hefur samkvæmt tillögu dómsmrh. veitt Magnúsi Thoroddsen lausn um stundarsakir frá embætti hæstaréttardómara. Jafnframt hefur dómsmrh. falið ríkislögmanni að höfða mál á hendur Magnúsi Thoroddsen til embættismissis skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki eru uppi ráðagerðir um aðrar aðgerðir."

Við þetta svar hef ég í sjálfu sér litlu að bæta. Málið er í raun óbreytt frá þeim tíma. Ég vil þó taka fram að fsp. Stefáns Valgeirssonar nú er víðtækari þar sem spurt er almennt um handhafa forsetavalds. Ég vil í því sambandi taka fram að ég er ekki réttur aðili til að svara fyrir um aðgerðir gagnvart öðrum handhöfum forsetavalds en forseta Hæstaréttar.

En ég vil enn fremur taka fram að ég greiddi atkvæði með því að fsp. þessi yrði leyfð og fengi hér þinglega meðferð. Það gerði ég vegna þess að ég tel þann rétt þingmanna það mikilsverðan að fram hjá honum verði varla gengið. Hins vegar er ljóst að það er erfitt og tæpast rétt að ræða mjög ítarlega um þessi mál á Alþingi meðan beðið er dóms Hæstaréttar í máli ríkisvaldsins gegn þeim sem hér á hlut að máli.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör þó að ég hefði að mörgu leyti viljað að hann hefði svarað þessu dálítið ítarlegar, seinni spurningunni, en ég skil vel hans stöðu í þessu og vonast til þess að það verði athugað nánar.

Alvara málsins er sú að hér er um að ræða mál sem tengist svo Hæstarétti Íslands að enginn hinna skipuðu hæstaréttardómara getur um það fjallað þegar það kemur til dóms. Þá er Hæstiréttur ein æðsta stofnun lýðveldisins og sú sem mótar dómsvaldið í landinu og hefur síðasta orð í málum sem til hans er vísað.

Þá er ástæða til þess að benda á að þjóðfélagið allt er í kreppu sem kemur fram í mörgum myndum, t.d. þeirri að allsherjarvaldið, ef svo má að orði komast, getur illa rekið stofnanir sínar vegna fjársveltis og þröngrar stöðu á ríkissjóði og fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hefur lent í erfiðleikum og gjaldþrotum og menn finna þannig til að þeir séu ekki jafnir fyrir lögunum.

Við slíkar aðstæður og raunar alltaf þarf að vera fullur trúnaður milli þjóðar og dómstóla. Sá trúnaður næst ekki nema mál tengd Hæstarétti verði upplýst til fulls og menn þar sem annars staðar séu háðir sömu lögum og reglum.

Ég vil að lokum minna á að ég sem alþingismaður beindi að sjálfsögðu fyrirspurnum mínum hér á Alþingi til hæstv. dómsmrh. sem rekur málið gegn Magnúsi Thoroddsen. Dómsmrh. sækir vald sitt til Alþingis, raunar þess meiri hluta sem ég á hlut að og

ég tel mér bæði rétt og skylt að bera fram þessar spurningar því allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum. Annars stendur okkar þjóðfélag ekki undir því nafni að heita réttarsamfélag. Það skulum við muna öll.

Tryggingasjóður fiskeldis, ein umr.

Fsp. HBl, 132. mál. — Þskj. 136.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Byggðastofnun hefur látið gera athugun á rekstrarlánum í fiskeldi og er niðurstaða þeirrar athugunar þessi og er þetta orðrétt tilvitnun sem ég les hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Erfitt hefur reynst fyrir fiskeldisfyrirtæki að fá eðlilega rekstrarlánafyrirgreiðslu og komast í bankaviðskipti. Til að bæta úr þessu var settur á stofn Tryggingasjóður fiskeldis. Með þátttöku Tryggingasjóðsins geta afurðalánin orðið allt að 75% af tryggingaverðmæti fisksins á hverjum tíma. Afurðalánin með þátttöku Tryggingasjóðs eru mjög dýr og vandséð að nokkurt fyrirtæki geti haft gagn af slíkri fyrirgreiðslu. Kostnaður við þessa lántöku skiptist sem hér segir: Bankavextir, gengistryggt lán 12%, iðgjald Tryggingasjóðs 6%, áhættuvíxill Tryggingasjóðs 6%, fiskeldistrygging 5%. Samtals 29%.

Fiskeldistrygging er reiknuð inn í kostnaðinn við lántökuna þar sem skilyrt er af hálfu Tryggingasjóðs og banka að fiskurinn sé tryggður. Venjulega eru ákvæði um 25% sjálfsáhættu í tryggingaskilmálum þannig að oftast er lítið hald í tryggingunni ef tjón verður. Flestir fiskeldismenn mundu vilja sleppa kostnaðarsömum tryggingum ef þess væri nokkur kostur. Fiskeldistrygging kostar 3,5–7,5% af tryggingamati fisksins.

Hér er borinn saman kostnaður fyrirtækis við afurðalán, annars vegar með þátttöku Tryggingasjóðs, en hins vegar er miðað við það sem kallast getur eðlileg afurðafyrirgreiðsla og er þar miðað við gengistryggt lán með 12% vöxtum. Miðað er við að fyrirtækið framleiði 500 tonn af laxi á ári og stærð seiða við sjósetningu sé 60 g. Áætlað er að laxinn nái þriggja kílóa meðalþyngd eftir 21 mánaðar eldi í sjó. Verðmæti afurðanna á hverjum tíma er miðað við verðmætaskrá íslenskra tryggingafélaga á laxi. Hér er reiknað með að tryggingin kosti 5% af verðmæti afurðanna.

Síðan er gerður samanburður á því sem heitir afurðalán með þátttöku Tryggingasjóðs fiskeldis, sem þýðir að á þessu tímabili séu vextir á afurðalánum á framleiðslutímabilinu 9,9 millj., tryggingar 5,5 millj., iðgjald Tryggingasjóðs 5 millj., áhættuvíxill Tryggingasjóðs 5 millj. Samtals 25,4 millj., en það sem Byggðastofnun kallar eðlilega afurðalánafyrirgreiðslu er 9 millj. 650 þús. kr.

Af þessum tölum má sjá að afurðalán til fiskeldis eru á þessu tímabili 263% hærri en eðlilegt getur talist. Þetta er niðurstaða Byggðastofnunar.

Ég minnist þess að á þeim stutta tíma sem Alþingi kom saman í byrjun janúarmánaðar lá fyrir frv. um Tryggingasjóð fiskeldis sem við sjálfstæðismenn óskuðum þá eftir að fá að athuga nánar. Hins vegar fylgdi mikill þrýstingur því að frv. yrði afgreitt þá á þessum fáu dögum sem við komum saman og féllumst við á það enda vorum við fullvissaðir um að framkvæmdin yrði með þeim hætti að fullnægjandi gæti talist og örvandi fyrir fiskeldi hér á landi.

Af þessum sökum hef ég spurt hæstv. landbrh.: „Hvaða reynsla hefur orðið af framkvæmd laga um Tryggingasjóð fiskeldis?“

Eftir að þessi fsp. var lögð fram skilst mér að búið sé að semja nýtt frv., stjfrv., sem felur í sér að Ríkisábyrgðasjóður taki yfir þessa baktryggingu á lánum til fiskeldis og er það vel. Má vera að þessi fsp. hafi flýtt því að niðurstaða fékkst í það mál. Um það skal ég ekki fullyrða en nauðsynlegt fyrir Alþingi að fá nokkrar skýringar á því hvernig þetta mál stendur nú.

Við vitum, hæstv. forseti, að fiskeldi á í mjög miklum erfiðleikum. Erlendis, eins og í Noregi, er það til að mynda svo að afurðalán eru reiknuð inn í stofnkostnað til að byrja með. Afurðalánin eru í þeim skilningi langtímalán meðan fiskeldið er að fara af stað og ná jafnvægi í sínum rekstri þannig að tekjur komi inn á móti gjöldum. Því miður var þessi leið ekki farin hér á landi heldur horft á stofnkostnað *eingöngu sem felst í mannvirkjum og öðru þvílíku* en ekki höfð hliðsjón af því að rekstrarkostnaður er auðvitað mjög verulegur í þessum stöðvum meðan fiskeldið er að fara fyrsta snúninginn ef það má orða það svo.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda. Ekki er nema vonlegt að hreyft sé málefnum fiskeldisins hér á hinu háa Alþingi nú við þá erfiðleika sem þar er að etja. Hv. þm. spyr: „Hver er reynslan af framkvæmd laga um Tryggingasjóð fiskeldis?“

Reynslan er sú að það hefur bæði tekið meiri tíma og verið meiri erfiðleikum bundið en menn ætluðu fyrir um ári síðan að koma á því sem menn hafa kallað eðlilega rekstrar- eða afurðalánafyrirgreiðslu til fiskeldisins. Það á við um starfsemi Tryggingasjóðs fiskeldislána. Þar kemur margt til, ekki bara hvernig lög og reglur um þann sjóð eru úr garði gerðar, heldur og kannski miklu fremur þær erfiðu aðstæður sem fiskeldið býr við, þeir miklu erfiðleikar sem þar er við að eiga, sú áhætta sem hefur orðið mönnum ljósari með hverju árinu sem líður eða hverjum mánuðinum sem líður í þessari grein. Nægir að vitna til óhappa og gjaldþrota sem orðið hafa á undanförnum mánuðum. Allt hefur þetta lagst á sömu sveif að gera það meiri erfiðleik-

um bundið en áður var talið að koma á fullnægjandi fjármögnunarkerfi.

Rétt er að minna á að Tryggingasjóður var settur á laggirnar í samráði við forsvarsmenn fiskeldisins og fjármálastofnana sem töldu, á því stigi málsins, að tilkoma slíkra ábyrgða af hálfu ríkisins ofan við fyrirgreiðslu banka mundi duga til að unnt væri að veita fullnægjandi fyrirgreiðslu rekstrarafurðalána og fyrirgreiðslu til fyrirtækjanna. Síðan hafa aðstæður breyst, bankarnir hafa m.a. breytt sínum vinnureglum í þessu sambandi, hafa tekið til við að krefjast meiri trygginga frá fyrirtækjunum fyrir þeim hluta afurðalánanna sem þeir veita og bera ábyrgð á vegna þess að þeir meta nú áhættuna meiri en áður var talið. Allt hefur þetta haft sín áhrif.

Engu að síður er rétt að upplýsa að Tryggingasjóðurinn hefur þegar afgreitt ábyrgðir sem komnar eru til framkvæmda. Fé sem komið er til fyrirtækja út á ábyrgðir Tryggingasjóðs nemur núna tæpum 400 millj. kr. Síðustu upplýsingar sem ég fékk, sem kunna að vísu að vera orðnar eitthvað úreltar, voru upp á 380 millj. til 13 fyrirtækja sem höfðu verið afgreidd og voru búin að fá fyrirgreiðslu út á ábyrgðirnar. Síðan koma nokkur fyrirtæki til viðbótar með allmikla upphæð sem hafa fengið afgreiðslu frá sjóðnum en hverra ábyrgðir eru ekki komnar til framkvæmda.

Samtals hafa Tryggingasjóði borist umsóknir frá rúmlega 30 fyrirtækjum, en talið er að ekki séu nema um 35 fyrirtæki í afurðalánaviðskiptum hjá bönkum, þannig að nær öll þau fyrirtæki í landinu sem á annað borð eiga innangengt í þetta kerfi eins og það er uppbyggt hafa þegar sótt um fyrirgreiðslu og tæpur helmingur þeirra hefur þegar fengið afgreiðslu og nokkur til viðbótar eru í vinnslu eða á leið í gegnum kerfið.

Það er síðan rétt sem hv. þm. sagði að menn hafa verið að skoða það núna upp á síðkastið hvort nauðsynlegt sé, vegna þessara aðstæðna sem ég hef gert grein fyrir og vegna þess sérstaklega að reynst hefur miklum annmörkum bundið að fá bankana til að veita afurðalán upp að þeim mörkum sem lög og reglur um Tryggingasjóð gera ráð fyrir, þess vegna er það til umræðu að breyta þessu fyrirkomulagi og heimila beinar sjálfskuldarábyrgðir ríkisins á afurðalán til einstakra fyrirtækja án þess að gera sambærilegar kröfur til fjármögnunar frá bönkum áður og gert er í sambandi við Tryggingasjóð. Þetta er til skoðunar og verður vonandi leitt til lykta með ákvörðun um hvort og þá hvernig þessu verði breytt núna á næstu sólarhringum.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. hans svör. Það var að vísu ekki fullt samkomulag um hvernig frá reglum Tryggingasjóðs yrði gengið. Skal ég ekki fara neitt út í þá sálma en það sem okkur og þeim ber á milli í því efni er smávægilegt. Aðalatriðið er hitt að gera ráðstafanir til að fiskeldi komist yfir þá byrjunarörðugleika sem það á við að stríða nú. Auðvitað er fiskeldi hér á landi enn sem komið er meira og minna tilraunastarfsemi og ég tel nauðsynlegt að við reynum að standa á bak við þessa nýju útflutningsgrein með það í huga. Ég held líka að það hljóti að koma verulega til athugunar, þegar þessi mál eru stokkuð upp nú, hvort rétt sé að hafa sama háttinn á og ég skýrði frá að væri í Noregi, að fiskeldisfyrirtækjum yrði gefinn kostur á því, í stað rekstrarlána, að fá lán til nokkurs tíma. Sú leið yrði athuguð og er ég þá vitaskuld ekki að tala um neitt gjafafé í því sambandi. Það sem ég er að tala um er að hið opinbera reyni að standa þannig að þessum rekstri að einstaklingarnir geti með góðri samvisku lagt sitt áhættufé í rekstrinn þannig að hann geti haldið áfram.

Það er auðvitað rétt að bankarnir eru búnir að herða reglurnar vegna þess að áhættan við þennan rekstur er meiri en menn héldu. Sumir eru mjög bölsýnir um framtíð þessa rekstrar hér á landi. Þess vegna held ég að betra sé að gefa sér kannski 2–3 dögum lengri tíma til að ná niðurstöðunni en að hlaupa að einhverju sem er ófullnægjandi til að þessi atvinnugrein geti náð þroska og blómstrað svo hún verði enn ein stoðin undir okkar útflutningsframleiðslu.

Ég held ég fari rétt með að mörg undanfarin ár hefur framboð á eldisfiski á mörkuðum Evrópu, ferskfiskmörkuðum Evrópu, tvöfaldast, þannig að við erum að tala hér um atvinnugrein sem er í miklum vexti hvarvetna í kringum okkur.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hér hjá hæstv. ráðherra að þetta hefur ekki náð fram eins og stefnt var að. Það er af þrennum ástæðum. Í fyrsta lagi eru sum þessara fyrirtækja með það miklar skuldir að bankarnir vilja ekki lána þeim afurðalán nema hafa fullar tryggingar þar á bak við. Í öðru lagi hefur reynst mjög torsótt að fá nægar upplýsingar hjá hinum ýmsu aðilum og það hefur tafið fyrir. En sú tala sem hæstv. ráðherra minntist á hér áðan er raunar mikið hærri, það vantar t.d. aðeins vátryggingaskírteini og um leið og það kemur verður ábyrgðin gefin út. Og það munar verulegum upphæðum, þó ég hafi það ekki í kollinum hér og nú. — Bara eina setningu, virðulegi forseti, í viðbót. Ef það er rétt sem ég hef heyrt um þetta frv. sem liggur fyrir vil ég segja þetta við ráðherrann: Það leysir ekki þessi mál nema fyrir örfáa.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. 2. þm. Norðurl. e. um að okkur ber að reyna að standa við bakið á fiskeldinu á vaxtarskeiði þess hér og gefast ekki upp þó þar blási nokkuð á móti. Vissulega hafa mörg fyrirtæki lent í miklum erfiðleikum og horfurnar eru dökkar, hjá a.m.k. þeim hluta fyrirtækjanna sem eru með mestan fjármagnskostnaðinn og eru þannig á hvað erfiðustum tíma í sinni uppbyggingu samhliða því að verðfall hefur orðið á framleiðslunni og fleira. Hér eru engu að síður í sjónmáli miklir verðmæta-

sköpunarmöguleikar, það er alveg ljóst, verulegar útflutningstekjur í sjónmáli ef okkur tekst að nýta þær og það væri hrapallegt við þær aðstæður sem við búum við að öðru leyti í okkar efnahags- og atvinnulífi ef við reyndum ekki að gera það sem við getum til að nýta þessa miklu möguleika.

Ég tek undir það og það hefur sérstaklega verið rætt og skoðað og reyndar vann starfshópur að því að gera tillögur í haust um svonefnd bústofnslán. Það er alveg ljóst að eitt af því sem er fiskeldinu mjög mótdrægt, þ.e. þeim fyrirtækjum sem ekki hafa þá fengið uppbyggingu bústofnsins í stöðvunum að einhverju leyti viðurkennda sem stofnfjárfestingu eða langtímafjárfestingu, það er þeim mjög mótdrægt að vera með alla uppbyggingu þriggja ára eldisferlis á skammtímalánum og er í raun og veru andstætt öllum skynsamlegum venjum í rekstri að standa þannig að málum. Afurðalán á slíkum kjörum ættu að mínu mati fyrst og fremst að eiga við e.t.v. um síðasta ár eldisferlisins eða síðustu mánuði og þann tíma sem líður frá slátrun og þangað til birgðum er komið í verð. Þetta hefur verið sérstaklega til skoðunar en ekki komin niðurstaða í því enn þá.

Eitt af þeim alvarlegu vandamálum sem ætlunin er að reyna að leysa með breytingum á þessu fyrirkomulagi er að opna þeim fyrirtækjum, u.þ.b. helmingi fiskeldisfyrirtækjanna í landinu, sem liggja enn utan alls sem hægt er að kalla afurðalánakerfi, opna þeim leið inn og breytingarnar eiga sérstaklega að miða að því að gera það mögulegt. Ég vona að það takist en vil að öðru leyti ekki tjá mig meira efnislega um það mál sem ekki er enn útrætt eða niðurstaða komin í milli stjórnarflokkanna.

Hundar til fíkniefnaleitar, ein umr.

Fsp. DS, 161. mál. — Þskj. 174.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 174 hef ég leyft mér að bera fram tvær fsp. til hæstv. dómsmrh. Á síðasta kjörtímabili urðu oft umræður hér á Alþingi um fíkniefnamál en þá var hæstv. þáv., og reyndar einnig núv., forsrh: beðinn um skýrslu af núv. hæstv. félmrh. um ástand í fíkniefnamálum. Þessari skýrslubeiðni var svarað og henni fylgdi ítarleg grg. um ástand í fíkniefnamálum, í hinum ýmsu þáttum þeirra mála. Jafnframt fylgdi í kjölfarið skipun nefndar sem hæstv. þáv. forsrh. setti á laggirnar þann 15. maí 1986. Var nefndinni ætlað að samræma aðgerðir stjórnvalda til úrbóta í þessum málum. Í henni áttu sæti fulltrúar alls sjö ráðuneyta, auk fulltrúa biskups Íslands. Nefndin hafði fremur stuttan tíma til að vinna skýrsluna en vann ötullega og skilaði af sér skýrslu í apríl 1987. Eitt af viðfangsefnum hennar var að kanna hvernig háttað væri löggæslu og tollgæslu í fíkniefnamálum því það er að sjálfsögðu veigamikill liður í því að hafa einhverja stjórn á þessum málum. Því miður virðist straumur fíkniefna til landsins vera stöðugur og efnin sem berast hingað gerast æ hættulegri.

Það kom fram í þessari skýrslu, sem ég nefndi, um fíkniefnamál að starfsemi fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafi vaxið á undanförnum árum og sé mikilvægur þáttur í starfi lögreglunnar. Það kom einnig fram að skipulag þessara mála hefði riðlast vegna manneklu í lögreglunni og einnig vegna þess að húsnæði deildarinnar væri talið of lítið. Mér er kunnugt um að milli löggæslu og tollgæslu hefur verið náin og góð samvinna á sviðum fíkniefnamála. Það kemur fram í þeirri skýrslu sem ég vitnaði til áðan, og reyndar í fleiri skýrslum sem fyrir liggja um varnir gegn fíkniefnum, að alls staðar er tekið fram að þörf sé á að þjálfa fleiri hunda, og menn þá auðvitað með þeim, til að leita fíkniefna og koma í veg fyrir að þau berist til landsins. Hef ég því leyft mér á þskj. 174 að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„1. Hve margir hundar til fíkniefnaleitar eru nú í eigu lögregluyfirvalda annars vegar og tollyfirvalda hins vegar? Hve margir slíkir hundar hafa verið í eigu þessara embætta síðastliðin tíu ár?

2. Telur dómsmálaráðherra þann fjölda hunda, sem nú er fyrir hendi til fíkniefnaleitar, fullnægjandi? Ef svo er ekki, hvenær má búast við að þeim verði fjölgað og hve mörgum nýjum hundum er ætlunin að bæta við?“

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur beint til mín tveimur fyrirspurnum, þeirri fyrri um fjölda hunda til fíkniefnaleitar sem nú eru í eigu lögregluyfirvalda annars vegar og tollyfirvalda hins vegar.

Tollyfirvöld á Íslandi hafa aldrei sjálf verið með sérstaka hunda til fíkniefnaleitar. Segja má að hundar lögreglunnar hafi jöfnum höndum verið til afnota fyrir tollyfirvöld og lögregluna. Og ekki eingöngu í Reykjavík, heldur hvarvetna á landinu. Lögreglan í Reykjavík hefur síðan 1971 verið með fíkniefnaleitarhunda og lögreglumann eða menn til að stjórna leit með þeim hundum.

Eins og stendur starfar einn lögreglumaður með einn leitarhund og er jafnframt með annan hund í þjálfun sem búist er við að ljúki áður en langt um líður. Fyrstu árin starfaði einn lögreglumaður með einn leitarhund en síðan 1975 hafa tveir menn stjórnað hundum til fíkniefnaleitar, ýmist með einn eða tvo hunda hvor. Tveir leitarhundar hafa verið fengnir erlendis frá, annar frá Englandi 1971, sem gefinn var af Kiwanisklúbbnum Kötlu, en hinn var keyptur frá Danmörku. Aðrir hundar, fimm talsins, hafa hlotið þjálfun sína og uppeldi á Íslandi.

Á sl. ári fékk annar lögreglumannanna, er stjórnaði leitarhundum, leyfi frá störfum. Var þá ekki fenginn maður í hans stað og hundinum er hann stjórnaði var ráðstafað brott. Ekki er talin ástæða til þess að rekja í nákvæmari talningu fjölda lögreglumanna og leitarhunda ár fyrir ár.

Seinni fsp., um það hvort dómsmrh. telji þann fjölda hunda sem nú er fyrir hendi til fíkniefnaleitar fullnægjandi og ef svo er ekki, hvenær megi búast við að þeim verði fjölgað og hve mörgum nýjum hundum sé ætlunin að bæta við, vil ég svara á þennan hátt: Fjöldi hunda til fíkniefnaleitar hefur verið fullnægjandi að mínu mati allt fram á sl. ár, þ.e. á vegum lögregluyfirvalda. Þá voru uppi áætlanir um að tollyfirvöld fengju sér leitarhund en af því varð ekki. Því má segja að nokkurt skarð hafi myndast því illkleift er að ætla einum manni og einum hundi að sinna húsleitum, fíkniefnaleit í farangri Íslendinga og ferðamanna við komu til landsins, í bögglapósti, bréfapósti o.s.frv. Ég hef því ákveðið að beita mér fyrir því að heimild fáist til þess að ráða að nýju lögreglumann til að stjórna leitarhundi og fé verði einnig veitt til að kaupa hund erlendis frá, svo og til reksturs slíks leitarhunds. Á þessu stigi er nægjanlegt að mínu mati að þessi lögreglumaður fái einn hund sem verður þá fenginn erlendis frá, enda mun sá lögreglumaður þá væntanlega eiga fullt í fangi með hann fyrst í stað. Þá er við það miðað að sá hundur sem hinn lögreglumaðurinn er að þjálfa verði orðinn hæfur til leitarstarfa innan tveggja mánaða.

Að lokum vil ég taka fram að ég tel nauðsynlegt að tollyfirvöld hafi hins vegar sjálf yfir leitarhundum að ráða því að þjálfun vegna leitar t.d. í skipum er hagað með allt öðru móti en vegna leitar í húsum. Þannig að þó að þær aðgerðir og þó að þau áform sem ég hef gert hér grein fyrir komist í framkvæmd tel ég enn nokkuð óunnið á þessum vettvangi til að viðunandi geti talist.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Eins og fram kom í máli hans hefur þessum hundum fækkað nú hin seinni ár. Síðasta ár hefur aðeins einn lögreglumaður verið með hund til þessa verkefnis og ekki hefur verið fenginn maður í stað þess sem hvarf frá störfum í fyrra. Ég vona að fljótt verði af þeim áformum dómsmrh. sem fram komu í máli hans um að fá hund strax nú á næstunni fyrir lögregluna. Vil ég taka undir það sem fram kom í máli hans að auðvitað þurfa tollyfirvöld líka að hafa hund fyrir sig. Skip og farþegar koma til hinna ýmsu staða á landinu og þó að samtarf lögreglu og tollyfirvalda hafi gengið mjög vel í þessum efnum er auðvitað ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að alltaf sé hægt að nota þennan eina hund sem til boða stendur nú um þessar mundir.

Ég vil benda á eitt atriði sem fram kemur í þessari skýrslu hér. Árið 1985 voru 427 vöruflutningaskip afgreidd í Reykjavík en 433 annars staðar á landinu. Og það þarf auðvitað ekki að tíunda að oft hefur komið upp að einmitt með slíkum skipum er verið að reyna að koma ýmsum efnum til landsins. Á sama ári voru afgreidd 86 fiskiskip í Reykjavík en 286 annars staðar á landinu þannig að það blasir við að auðvitað þarf að auka möguleika tollyfirvalda og lögreglu til að hafa upp á efnum sem hugsanlega berast hingað til landsins. Vil ég reyndar benda á það líka að grannar okkar á Grænlandi munu hafa 15 hunda til fíkniefnaleitar. Ýmsar aðstæður eru náttúrlega öðruvísi þar en hér, meiri einangrun og erfiðara að ferðast á milli staða, sérstaklega á veturna, en þó er greinilegt að þeir eru mun betur í stakk búnir til að sinna þessu.

Ég ítreka að ég vænti þess að hundum verði fjölgað hið allra fyrsta og að tollyfirvöld hafi líka hund til þessa því að þetta er mjög brýnt verkefni. Þó að forvarnarstarfið sé auðvitað mikilvægast þá er þetta einn mikilvægasti liðurinn í því að hindra að fíkniefni berist til landsins.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda að náttúrlega er fáránlegt að það eigi að duga fyrir eina þjóð að hafa ekki nema 1–2 hunda til þessara starfa. Fullljóst er að t.d. vöruinnflutningur fer í gegnum flugfrakt, sjófrakt og tollpóst, þannig að þarna eru þegar komnir þrír staðir, fyrir utan náttúrlega farþegaflutning og annað slíkt.

Ég vil hins vegar inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvort ekki sé réttur skilningur, sem kom reyndar fram hjá landbrh. á síðasta þingi við fsp. frá mér um hundamál yfirleitt, að slíkir hundar yrðu þá að fara í sóttkví úti í Hrísey í þrjá mánuði?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Út af þessari fsp. frá hv. 5. þm. Vesturl. þá tel ég það alveg einsýnt að þessir hv. hundar sem hér eiga hlut að máli hljóti sömu meðferð og aðrir.

Netaveiði göngusilungs í sjó, ein umr.

Fsp. JSS, 188. mál. — Þskj. 213.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Til mín hafa borist yfir 340 undirskriftir fólks af Norður- og Vesturlandi þar sem mótmælt er setningu reglna nr. 348/1989, um netaveiði göngusilungs í sjó, frá 2. ágúst sl. Undirskriftir þessar eru ritaðar undir áskorun til hæstv. landbrh. sem hljóðar svo:

„Við undirrituð lögráða karlar og konur með heimilisfestu í Norðurlandskjördæmi vestra og í Vesturlandskjördæmi skorum hér með á yður, herra landbúnaðarráðherra, að fella úr gildi ofangreinda reglugerð eða gera á henni verulegar breytingar í samráði við eigendur og ábúendur sjávarjarða í kjördæmunum. Það er samdóma skoðun okkar sem styðst við álit kunnáttumanna að gætt hafi ólögmætra sjónarmiða við setningu þessara reglna. Án efa hafið þér við setningu reglnanna látið undan

áróðri hagsmunaaðila að ræktun laxfiska í ám og fiskeldisstöðvum um stórfelldar veiðar bænda á sjávarjörðum á laxi í silunganet sem þeir hafa lagt undan jörðum sínum frá ómunatíð.

Reglum þessum má í flestum efnum jafna við bann á veiðum á sjógöngusilungi í netalögum sjávarjarða. Hér er því um að ræða ólögmæta skerðingu á hlunnindum og þá um leið dýrleika viðkomandi jarða sem viðkomandi er ætlað að þola bótalaust. Þrengingar bænda eru ærnar fyrir þótt ekki bætist við þær skerðingar á nýtingu hlunninda þessara jarða sem reglurnar hafa óhjákvæmilega í för með sér."

Með þessari áskorun fylgdi bréf þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

Ekki verður séð að nema hluti af reglum þessum eigi lagastoð þar sem tiltekin atriði í þeim mundu raska rétti veiðiréttarhafa í sjó í netlögum ábýlisjarða. Í 1. tölul. segir að við veiðar göngusilungs megi einungis nota lagnet. Þarna er um að ræða skerðingu á lögmætum rétti veiðiréttareigenda skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 og á sú skerðing því enga lagastoð. Í upphafi þeirrar lagagr., þ.e. 15. gr. laga nr. 76/1970 segir:

„Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet." En í reglunum er einungis tekið til um lagnet.

Í 2. tölul. reglnanna segir að lagnet skuli vera landfast og eigi lengra en 50 metra frá efsta fjöruborði á hverjum tíma að stjóra sjávarmegin. Eins og kunnugt er eru aðstæður við strendur landsins, þ.e. flóðhæð og aðdýpi, mismunandi. Hjá mörgum veiðiréttareigendum mundi slík regla útiloka netaveiði í sjó vegna aðstæðna. Slík takmörkun á rétti til veiða í netlögum jarðar væri eignaupptaka auk þess sem ekki verður séð að hún eigi lagastoð.

Í 3. tölul. reglnanna segir að lagnet skuli fljóta á flotlínu í sjó og að óheimilt sé að kafleggja. Beri að skilja þetta svo að óheimilt sé að leggja þannig að ytri hluti netsins fari á kaf í flóði eru netin nánast óvirk þar sem munur flóðs og fjöru er mikill eins og t.d. þar sem munur getur verið oft um og yfir 4 metra. Þarna er því raskað rétti veiðieigenda. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu ef ég má fá svo sem tvær mínútur til viðbótar.

Skv. tilskipun frá 20. júní 1849, sem eru gildandi lög, segir svo: „Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli og eru það netlög hans."

Í vatnalögum nr. 15/1923 segir í 4. gr., 3. tölul.: „Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði. Þá fylgir vatnsbotn landi sem þurrt land væri." Og í 5. tölul. sömu greinar segir: „Jafnan skal miða við lágflæði í vatni." Ekki við stórstraumsfjöru eins og talað er um í reglunum.

Í 4. tölul. reglnanna er svo fyrir mælt að girnisþykkt í lagneti megi ekki fara yfir 0,3 mm. Þetta mundi leiða til þess að allur sæmilega vænn göngusilungur sem í netið kæmist sliti möskvana og færi sína leið. Jafnframt mundi það vænlega leiða til þess að öll silunganet sem nú eru í notkun í sjó við landið yrðu ólög. Ekki verður séð að nein lagaheimild sé til að setja slíkar reglur sem leiða mundu til þess að mikil verðmæti ónýttust og vænsti fiskurinn slyppi úr netunum.

Það sem ég hef vitnað hér í eru landslög og geta engar reglur settar af ráðherra náð fram yfir þau. Því spyr ég: „Var ætlunin með setningu reglna um netaveiði göngusilungs í sjó hinn 2. ágúst sl. að koma í veg fyrir slíkan veiðiskap?"

Og í öðru lagi, vegna þess sem fram hefur komið: „Má búast við að nýjar reglur verði settar og þá í samráði við eigendur og ábúendur sjávarjarða?"

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að minna hv. þm. á að aðeins tvær mínútur eru ætlaðar til fyrirspurna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það væri nú nærtækast að svara hv. fyrirspyrjanda þannig að segja að svarið við fyrri fsp. væri nei, svarið við síðari fsp. væri já og láta það duga. En vegna þeirrar ræðu sem hv. þm. hélt hér, og ég get ekki kallað annað en ræðu, vil ég taka fram að nefndar reglur eða reglugerð um netaveiði göngusilungs í sjó eru settar á grundvelli laga nr. 76 frá 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði. Beinlínis er gert ráð fyrir því í þeim lögum að ráðherra setji reglur um netaveiði göngusilungs í sjó og vísast í því sambandi til 1. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 14. gr. laganna þar sem beint er gert ráð fyrir slíkum reglum.

Það eru þegar fordæmi fyrir því að beita þessum heimildum. T.d. má nefna reglur um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, reglugerð nr. 454 frá 24. júlí 1980, og reyndar eru fleiri dæmi um slík staðbundin ákvæði.

Tilgangur með setningu þessara reglna nr. 368 frá 2. ágúst 1989 var hins vegar ekki að koma í veg fyrir netaveiði göngusilungs í sjó heldur þvert á móti að leiða í lög ákvæði um slíkar netaveiðar þannig að þær færu fram og fylgdu settum reglum. Lax- og silungsveiðilögin hafa ekki að geyma skýr ákvæði um þetta atriði, silungsveiði í sjó, og markmiðið með reglunum var að bæta úr því. Alls ekki að vega að veiðirétti einstakra landeigenda eða takmarka hann með neinum óeðlilegum hætti umfram það sem efni þóttu standa til að mati þeirra manna sem tillögur gerðu um reglurnar.

Í öðru lagi er spurt: „Má búast við því að nýjar reglur verði settar og þá í samráði við eigendur og ábúendur sjávarjarða?" Svarið er já. Ég lofaði fulltrúum veiðibænda eða bænda á sjávarjörðum því þegar í sumar að ég mundi láta fara yfir þessar reglur og þetta mál í heild sinni í vetur, nota tímann til þess og við það verður staðið. Ráðuneytinu bárust þegar á síðasta sumri ýmiss konar ábendingar og viðbrögð vegna þessara reglna. Því hefur öllu verið haldið

saman og komið til veiðimálastjóra og þeirra manna sem með þessi mál fara og jafnframt verið óskað sérstaklega eftir umsögn og greinargerðum frá honum og fleiri aðilum um það mál.

Ég geri ráð fyrir því að þessar reglur verði endurskoðaðar á grundvelli þessara ábendinga og reynt verði að taka tillit til þeirra eins og talið er kleift og réttmætt er. Verður að sjálfsögðu í því sambandi rætt við hina ólíku hagsmunaaðila sem í þessu dæmi eru ekki bara veiðiréttareigendur við sjávarjarðir heldur fleiri, eins og hv. þm. er væntanlega ljóst. Hér er því um það að ræða að reyna að finna farsæla málamiðlun og lausn milli ólíkra hagsmuna og ólíkra sjónarmiða sem vissulega eru uppi í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég þykist hafa sýnt fram á að reglurnar sem settar voru í sumar hafi þrengt allverulega gildandi lög. En mér dettur ekki í hug að fara að elta ólar við slíkt, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra lýsti yfir að fyrirhugað sé að nýjar reglur verði settar og þá í samráði við eigendur og ábúendur sjávarjarða og alla þá sem málið varðar. Ég fagna þessari yfirlýsingu og þakka enn og aftur hæstv. landbrh. fyrir góð svör.

Niðurskurður á riðufé, ein umr.

Fsp. JSS, 189. mál. — Þskj. 214.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar fsp. eru aðstæður aldraðs bónda að Sauðanesi við Siglufjörð. Meiningin er ekki að stuðla á nokkurn hátt að því að dregið verði úr baráttunni við sauðfjársjúkdóma eða að nauðsynlegar aðgerðir verði hafðar í frammi þegar þær eiga við. Spurningar sem hér um ræðir beinast að því atriði hvort stundum ráði e.t.v. frekar kapp en forsjá í þessum efnum.

Í 42. gr. sauðfjársjúkdómalaga, nr. 23 frá 10. mars 1956, segir, með leyfi forseta:

„Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um.“ — Síðan er áframhald í þessari grein og þar er alltaf talað um svæði og aðgerðir á svæðum. Þess vegna er fyrri fsp. mín svohljóðandi:

„1. Er lagaheimild til niðurskurðar á fjárbústofni bónda ótvíræð þegar einstaka bæir á sama stað sleppa við niðurskurð?“

Trausti Magnússon, bóndi á Sauðanesi við Siglufjörð, sá í fjárhjörð sinni haustið 1983 eina kind sem honum þótti vera í óeðlilega slæmum holdum. Að sögn Trausta kom honum til hugar að kindin væri smituð af riðu enda möguleiki á samgangi á fjalli við fé úr Fljótum í Skagafirði þar sem riða hafði verið viðvarandi. Kindin var send í sláturhús á Siglufirði og hausinn af henni síðan sendur suður að Keldum til greiningar á því hvort um riðu væri að ræða eða ekki. Áður hafði hausinn verið frystur í sláturhúsinu.

Samkvæmt þeim aðferðum er þá voru notaðar var ekki hægt að greina hvort kindur væru smitaðar eða ekki ef búið var að frysta viðkomandi haus. Á þetta benti m.a. Sigurður Sigurðsson, sérfræðingur sauðfjárveikivarna, þegar hann á þessum tíma ræddi riðumál við bændur og fleiri og varaði menn við því að frysta hausa sem taka átti sýni úr.

Bær Trausta, Sauðanes við Siglufjörð, er afskekktur bær sem blandar vart bústofni við aðra bæi þótt Fljótin séu næsta sveit. Trausti er aldraður maður og mun hætta búskap mjög bráðlega. Það eru því þrjú atriði sem skipta máli varðandi seinni spurninguna. Staðfesting á riðusýkingu er ekki ótvíræð og sú staðfesting átti sér stað fyrir sex árum. Fjárstofn og bær eru einangraðir og í þriðja lagi þá er Trausti Magnússon, bóndi á Sauðanesi, kominn nokkuð á aldur og mun ekki stunda búskap nema nokkur ár til viðbótar og ekki hægt að sjá að smithætta stafi af bústofni hans. Því er spurt: „Er ástæða til að skera bústofn á slíkum bæ þegar riða hefur ekki fundist þar í meira en hálfan áratug?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Spurt er í fyrra lagi: „Er lagaheimild til niðurskurðar á fjárbústofni bónda ótvíræð þegar einstaka bæir á sama stað sleppa við niðurskurð?“

Fyrirspyrjandi á væntanlega við þau tilvik þegar niðurskurður er fyrirskipaður af landbrh. Í 42. gr. laga nr. 23 frá 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 12 frá 1967, er gert ráð fyrir að landbrh. geti fyrirskipað niðurskurð sauðfjár telji sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði. Ákvæðið gerir ráð fyrir að ákvörðun ráðherra að þessu leyti byggi á rökstuddri tillögu sauðfjársjúkdómanefndar. Í baráttunni við útrýmingu á riðuveiki hefur verið farin sú leið og unnið hefur verið samkvæmt þeirri vinnureglu mörg undanfarin ár að skera niður allt sauðfé á staðfestum riðubæjum á ákveðnum svæðum landsins. Slík svæði eru að sjálfsögðu sýkt eða grunuð um að þar sé sjúkdómur í merkingu nefndrar 42. gr. laganna.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi um einstakt tilvik, þ.e. á bænum Sauðanesi við Siglufjörð og fsp. er svohljóðandi:

„Nú er Sauðanes við Siglufjörð afskekktur bær, sem blandar vart bústofni við aðra bæi, þótt Fljótin séu næsta sveit. Er ástæða til að skera bústofn á slíkum bæ þegar riða hefur ekki fundist þar í meira en hálfan áratug?“

Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að ég ræði mjög ógjarnan einstök tilvik af þessu tagi og hefði kosið að þurfa ekki að gera það en úr því að hv.

fyrirspyrjandi hefur tekið málið upp með þessum hætti sé ég mig að sjálfsögðu knúinn til að svara því, og svara því svohljóðandi:

Á árinu 1988 var skorið niður allt sauðfé í Siglufirði með samningum við fjáreigendur að undanskildu sauðfé hjá tveimur aðilum sem ekki náðist samkomulag við um niðurskurðinn. Því kom til þess að beitt yrði heimild nefndrar 42. gr. laganna um fyrirskipun um niðurskurð vegna riðuveiki. Það liggja fyrir frá fundum sauðfjársjúkdómanefndar tillögur frá árunum 1986, 1987 og 1988 um niðurskurð á þeim bæjum öllum þar sem riðuveiki hefur verið staðfest á árinu 1983 eða síðar. Þessi vinnuregla hefur verið fest í sessi og unnið hefur verið á grundvelli hennar undanfarin ár. Ég hef ekki talið forsendu til þess né það vera skynsamlegt að hverfa nú frá þessari reglu sem mótuð var af sauðfjársjúkdómanefnd í upphafi þessara aðgerða eða snemma í þessum aðgerðum og fylgt hefur verið eftir af forvera mínum í landbrn. Nú á síðasta ári aðgerðanna teldi ég óskynsamlegt, hvað sem um þessa reglu má annars segja, að hverfa frá henni og breyta þannig vinnureglu, grundvallarvinnureglu aðgerðanna á lokastigi. Þá kæmu auðvitað upp ýmsar spurningar um mismunun gagnvart þeim aðilum sem þegar hafa orðið að sæta niðurskurði vegna þessara vinnureglna og væntanlega væri það erfið ákvörðun að taka að veita undanþágur frá þessari reglu, væri nokkur minnsta hætta á að með því væri tekin áhætta gagnvart árangri aðgerðanna sjálfra.

Það er líka rétt að nefna að í þessar aðgerðir hafa runnið hundruð milljóna króna, þannig að hér er ekki um neitt smámál á ferðinni.

Svona snýr þetta að þessu tiltekna tilfelli sem hv. fyrirspyrjandi nefnir, bænum Sauðanesi við Siglufjörð. Þar var riðuveikin staðfest árið 1983. Unnið hefur verið samkvæmt þeirri reglu að haustið 1989 yrði síðasta niðurskurðarhaustið og þetta síðasta stóra árið í þessum framkvæmdum og síðan yrðu eingöngu teknar þær hjarðir hjá einstökum bændum þar sem veikin kynni að koma upp og verða staðfest á næstu árum ef til slíks kemur.

Ég vona að þetta skýri hvers vegna bærinn Sauðanes við Siglufjörð er, ásamt þó nokkuð mörgum öðrum sem svipað háttar til um, með í þessum aðgerðum af þeim ástæðum sem ég hef sem sagt gert grein fyrir. Hér eru að sjálfsögðu erfið og óskemmtileg mál á ferðinni sem engum þykir gaman að þurfa að standa að. En hér er mikið í húfi, það þekkja þeir sem búið hafa við þessa veiki eða séð hvaða afleiðingar hún hefur á búfé og ég held að ljóst sé að það er svo mikilvægt atriði að takist að stemma stigu við veikinni og helst útrýma henni í kjölfar þessara aðgerða að ekki er réttlætanlegt, hversu mjög sem menn mundi langa til þess, jafnvel hugsanlega landbrh. einnig, að geta gert undantekningar í einstökum tilvikum. Að fara út á þá braut væri, held ég, mjög erfitt að réttlæta eftir það sem á undan er gengið og í ljósi þess hversu mikið hagsmunamál allra sauðfjárbænda í landinu er hér á ferðinni.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að hvergi má slaka á í baráttunni við riðuna. Ég tek líka undir með honum að það eigi að skera niður á staðfestum riðuveikibæjum. En það er kannski einmitt það sem málið snýst um hér, að þessi tiltekni bær, sem ráðherrann vill nú ógjarnan ræða, þar sem hann vill ekki ræða einstök tilfelli, þessi bær, Sauðanes við Siglufjörð, er einn af þeim bæjum þar sem ekki er staðfest tilfelli um riðu. Það kom mjög glögglega fram í máli fyrirspyrjanda hér áðan að sýni hefði verið tekið árið 1983 og það í rauninni skemmt. Það var fryst og staðfest af sérfræðingi að ef haus er frystur, eins og var gert í þessu tilfelli, er ekki hægt eftir það að greina riðu. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að riða hefur ekki verið staðfest á þessu svæði. Ráðherrann má ekki taka svo grófan sjens að ráðast til atlögu við aldraðan bónda á áttræðisaldri og ætla að skera niður bústofn hans, verandi í vafa um hvort riða er yfir höfuð til staðar. Það hlýtur að vera krafa þess bónda að sýni verði þá tekið og sá grunur sem virðist nú vera til staðar verði þá staðfestur. Hitt er svo annað mál að þessi tiltekni bóndi hefur aldrei fengið neina tilkynningu í raun og veru um að riða væri í hans bústofni. Hann hefur fengið eitthvað eitt símtal um það en ekkert annað. Það virðist því vera ýmislegt gruggugt í þessu máli. Ég vil nú beina því til ráðherrans að hann endurmeti hug sinn og láti þá fara fram könnun á því hvort riða er raunverulega til staðar áður en hann ræðst kannski til atlögu við heilan og ósýktan bústofn.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu hér áðan var ekki meiningin með þessari fsp. að stuðla að því á nokkurn hátt að dregið verði úr baráttunni gegn sauðfjársjúkdómum. Ég veit að hæstv. landbrh. er einarður í baráttunni gegn sauðfjársjúkdómum og ég ætla ekki að letja hann í þeirri baráttu. Hann hefur mitt fyllsta traust til allra góðra verka í þeim efnum.

Mér gekk einungis til að kanna hvort sérstaða þessa bæjar, Sauðaness við Siglufjörð, sé ekki slík að tala mætti frekar um kapp en forsjá í þessum efnum með tilliti til allra aðstæðna sem þegar hafa komið fram, bæði í mínu máli og í máli hv. 5. þm. Vesturl. Að öðru leyti vil ég þakka hæstv. landbrh. fyrir greinargóð svör.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég hef litlu við að bæta, ég tek það fram að hvað fagleg atriði snertir eða sérfræðileg styðst ég að sjálfsögðu við álit dýralækna og fer eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar í þessu máli og þessum efnum almennt og ég tel mig þess ekki umkominn, ég tel mig ekki hafa til þess þekkingu að hverfa frá því að fylgja ráðleggingum sérfræðinga á þessum sviðum og það á líka við um þetta tilvik. Ég held að það liggi í hlutarins eðli þegar farið er út í slíkar almennar aðgerðir eins og hér var gert, á grundvelli sérstakrar ríkisstjórnarsamþykktar um

þessa aðgerð, verði að setja sér almennar vinnureglur sem síðan verði að fara eftir. Að láta túlkun eða mat á aðstæðum ráða í hverju einstöku tilviki yrði í fyrsta lagi óhemjulega vandasamt og flókið verk. Í öðru lagi er ég ansi hræddur um að upp kæmu ekki minni, og sennilega miklu meiri og erfiðari, vandamál sem yrðu þá fullyrðingar um eða ákærur um að menn hefðu verið beittir mismunun af slíkum toga. Ég held því að að öllu samanlögðu skoðuðu sé heppilegast að reyna að setja sér, eins og sauðfjársjúkdómanefnd og ráðuneytið hafa í raun og veru gert að tillögum dýralækna í þessum efnum, ákveðnar almennar reglur sem farið verði eftir og verði grundvöllur aðgerða. Það eru líka fordæmin sem við styðjumst við í þessum efnum af þeim toga sem skást hafa gefist í þessum vandasömu málum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem hæstv. landbrh. var hér að segja, að hann vilji hlíta ráðum sérfræðinga. Þá vil ég minna hann á það sem hv. fyrirspyrjandi kom hér inn á að það er einmitt álit Sigurðar Sigurðssonar, sérfræðings sauðfjárveikivarna, að af því sýni sem tekið var og fryst væri ekki hægt að greina, með þeim aðferðum sem þá voru, hvort það væri smitað eða ekki. Nú hvet ég ráðherra einfaldlega til að fara eftir þeim orðum sem hann sagði hér áðan og hlíta ráðleggingum sérfræðinga.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þolinmæðina. Ég held að hér hljóti eitthvað að hafa skolast til því samkvæmt upplýsingum sauðfjársjúkdómanefndar og sauðfjárveikivarna er þetta tilvik staðfest riðuveikitilvik og mér er ekki kunnugt um að álit sérfræðinga gangi í aðrar áttir. Hér hefur því einhver misskilningur orðið. Þetta mál er ósköp einfaldlega svo statt sem raun ber vitni vegna þess að samkvæmt upplýsingum sem sérfræðingar telja áreiðanlegar er hér um staðfest riðuveikitilvik að ræða, sambærilegt við mjög mörg önnur sem greind voru og staðfest á þessu árabili sem um ræðir.

SAMEINAÐ ÞING

26. fundur, fimmtudaginn 7. des., að loknum 25. fundi.

Varnargarðar sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 115. mál. — Þskj. 119.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Steinataka í náttúru Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 116. mál. — Þskj. 120.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsskip, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 117. mál. — Þskj. 121.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg, fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 192. mál. — Þskj. 217.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Forsetar Alþingis hafa á þskj. 217 lagt fram till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg. Þetta er 192. mál þingsins. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eða öðru húsnæði í næsta nágrenni við Alþingishúsið, ef hagkvæmara þykir, og láta gera nauðsynlega lagfæringu á húseigninni ef af kaupunum verður.

Við ákvörðun um kaup og umfang endurbóta á húsnæði skal hafa samráð við fjárveitinganefnd."

Þetta orðalag er í samræmi við þá breytingu sem gerð var þegar málið var til umfjöllunar á síðasta löggjafarþingi í hv. fjvn.

Greinargerðin með þessari tillögu hljóðar svo, með leyfi forseta, hún er örstutt:

„Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Henni var eftir fyrri umræðu vísað til fjárveitinganefndar. Tillagan var af-

greidd í nefndinni 6. maí sl. og mælti meiri hl. hennar með samþykkt tillögunnar með breyttu orðalagi. Tillagan er nú endurflutt með þeim breytingum sem meiri hl. fjárveitinganefndar lagði til, sbr. brtt. á þskj. 1080 og nál. á þskj. 1079 á síðasta þingi.

Eftir viðræður forseta Alþingis við borgarstjóra nýlega er ljóst að borgaryfirvöld hafa hvorki í hyggju að kaupa Hótel Borg né stuðla fjárhagslega að rekstri þess sem hótels.

Flutningsmenn telja eðlilegt að tillaga þessi hljóti afgreiðslu nú á haustþingi áður en fjárlög næsta árs verða samþykkt."

Við höfum í dag látið dreifa áliti því sem sérstök nefnd, sem sett var á laggirnar á síðasta ári, skilaði um ástand hússins og hugsanlega nýtingu og vænti ég þess að sú skýrsla liggi nú á borðum hv. þm. Hún var okkur send á síðasta þingi sem trúnaðarmál en við höfum ákveðið að upphefja þann trúnað, og ég vil taka það fram að sú skýrsla er öllum aðgengileg sem hana vilja sjá.

Nokkur umræða hefur orðið um þessar hugmyndir forseta þingsins um að kaupa Hótel Borg og sýnist vitanlega sitt hverjum um það. Það hefur hins vegar lengi verið ljóst að það er erfiðleikum bundið að reka þingið í átta húsum, bæði eigin húsnæði og leigðu húsnæði, og nauðsynlegt að gera einhverjar aðgerðir til að sameina rekstur þingsins undir færri þök. Ýmislegt hefur komið á óvart í sambandi við þessi mál. Um tíma var talað um að hugsanlegt væri að Reykjavíkurborg kæmi að einhverju leyti inn í rekstur Hótel Borgar þannig að þar væri hægt að halda áfram hótelrekstri. Nú er það alveg ljóst að af slíku verður ekki, enda get ég ekki hugsað mér hvernig það hús gæti nýst borgarstjórn og borgaryfirvöldum.

En annað hefur e.t.v. komið meira á óvart. Nú hefur komið í ljós að einhverjum erfiðleikum kann að verða bundið að fá að byggja hér á þessari torfu vegna þess að menn hafa miklar áhyggjur af því að til niðurrifs komi á húsaröðinni hér við Kirkjustræti. Kann það að valda nokkurri furðu þar sem skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar og borgaryfirvöld fylgdust grannt með þeim fyrirætlunum sem í gangi voru þegar verið var að efna til samkeppni og teikna það hús sem um tíma var talað um að byggja og enginn hefur enn þá ákveðið að ekki skuli byggt. Ákvörðun um það hefur einfaldlega aldrei verið tekin. Sú ákvörðun ein var tekin að efna til samkeppni um þinghús og lengra var það mál ekki komið. Samþykki fyrir byggingunni var ekki komið þar sem byggingartillögur voru ekki tilbúnar og málið því ekki tækt til meðferðar í byggingarnefnd. En ljóst er að húsfriðunarnefnd og áhugafólk um gömul hús hér í Kvosinni er mjög mótfallið því að þessi hús verði rifin. Það má kannski segja að ekki liggi á að taka ákvörðun um það á meðan ekki er tekin ákvörðun um að byggja hér við hliðina á Alþingishúsinu, en hitt er hins vegar ljóst að það er þinginu til mikils vansa í hversu bágbornu ástandi þessar húseignir þess eru. Sú var ástæðan til þess að forsetar fóru að tala um að reyna að snyrta til hér á þeirri landareign sem þingið hefur yfir að ráða hér. Alþingi hefur þegar fengið leyfi til að rífa húsið nr. 5 við Tjarnargötu. Ég hygg þó að það verði flutt á annan stað í bænum í stað þess að það verði rifið. Afgreiðsla hefur ekki fengist á Tjarnargötu 3c sem er litla húsið sem Indriði skáld Einarsson eitt sinn átti heimili í, og hefur það nokkuð tafið aðgerðir þingsins við að ganga frá þessu svæði. Hugmyndir okkar voru bæði að auka bílastæði á lóðinni og jafnframt setja þar niður gróður þannig að þetta svæði væri ekki eitt hið ljótasta í borginni eins og það er nú og þinginu til — ja, svo að það sé snyrtilega orðað, háborinnar skammar. Annað verður ekki um það sagt eins og það er nú.

En hvað sem öllu þessu líður er hér auðvitað um viðkvæm mál að ræða og sjálfsagt að huga vel að þeim öllum. Hitt er svo staðreynd að þetta gamla og virðulega hús, Hótel Borg, er að mínu viti og okkar forseta þannig að allri gerð að það hæfir vel hinu háa Alþingi. Þetta er gamalt, fallegt og virðulegt hús sem er til sölu. Það er alveg ljóst að hótelrekstur leggst þar niður. Við það ræður hvorki Alþingi né aðrir, og sennilega er Alþingi ein stofnana um það að geta haft verulegt gagn af þessu húsi með tiltölulega litlum breytingum. Þegar kæmi til þess að gera húsið sem þægilegast fyrir rekstur þingsins ræður auðvitað Alþingi sjálft hversu miklu fé er eytt í það og á hve löngum tíma þannig að óþarfi er að gera því skóna að þar fari allt úr böndunum og menn fari að eyða þar og spenna langt umfram það sem vitrænt má teljast.

Í stuttu máli teljum við forsetar þingsins að þarna sé einstakt tækifæri til þess að fá mjög góða húseign á tiltölulega lágu verði þar sem nú virðist vera svo komið að önnur hver húseign hér í Kvosinni er til sölu. Það má segja að búið sé að bjóða til sölu næstum allt það húsnæðismagn sem í kringum Austurvöll er, og það er eðli markaðarins að því meira framboð sem er, því lægra getur verð orðið.

Ég vænti þess að Alþingi sjái sér nú fært að afgreiða málið. Það er auðvitað ekkert við því að segja ef Alþingi vill ekki nýta þetta tækifæri. Ég vil hins vegar taka fram að ýmsir sem telja sig hafa nokkurt vit á þessum málum telja það mikið óráð að festa ekki kaup á húsinu, og ég leyfi mér að nefna þar sjálfan ríkisendurskoðanda sem telur þarna um einstakt tækifæri fyrir þingið að ræða. Vilji hv. þm. hins vegar ekki kaupa Hótel Borg nær það auðvitað ekki lengra, en það er mjög mikilvægt að málið komist nú að nýju til hv. fjvn., fái þar afgreiðslu og við greiðum um það atkvæði vegna þess að hvort tveggja er að það er auðvitað ekki þolandi að halda núverandi eigendum lengur í óvissu um hvort Alþingi hyggst kaupa húsið eða ekki auk þess sem það er nú vart sæmandi hinu háa Alþingi að geta ekki kveðið upp úr um það hvort vilji er fyrir hendi til að kaupa húsið eða ekki. Við munum ekki á nokkurn hátt reyna að þröngva því upp á hv. þingheim og óskum einungis eftir því að hv. þm. greiði fyrir því að málið komist núna fyrir jólin til hv. fjvn. svo að unnt sé að afgreiða það sem allra fyrst. Hv. fjvn. hefur þegar fjallað um þetta mál, en þó hefur orðið breyting á nefndinni frá síðasta lög-

gjafarþingi, þannig að vænta má að þar verði að fara fram nokkur umræða að nýju. En sá er vilji okkar forseta að hv. þm. sýni þann velvilja að greiða fyrir því að málið komist til nefndar og hljóti þar þá afgreiðslu sem það verðskuldar og síðan taki menn ákvörðun um hver vilji þeirra er í þeim efnum.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er ekki mikil að vöxtum en hún varðar mál sem er mjög víðtækt og mér þykir rétt að víkja að hinu víðara samhengi þessa máls í fáeinum orðum.

Á undanförnum áratugum hafa öðru hverju komið fram hugmyndir og orðið umræður um húsakost Alþingis hér á þessum stað. Margar hugmyndir hafa komið fram, hvernig ætti að leysa húsnæðisvandamál Alþingis, og þar inn í hefur komið umræðan um það hvar Alþingi ætti að vera staðsett. Menn hefur greint á um flesta hluti í þessum efnum og m.a. um það hvort Alþingi ætti að vera á þessum stað, jafnvel í Reykjavík eða annars staðar, og þá hefur verið átt við Þingvöll. Það var mjög bagalegt að ekki var tekin nein ákveðin stefna í þessum málum. Bagalegt vegna hvers? Vegna þess að Alþingi bjó við mikinn vanda í húsnæðismálunum. Alþingishúsið hafði um langt skeið verið ófullnægjandi, of lítið fyrir starfsemi Alþingis.

Það var þess vegna í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins sem Alþingi samþykkti þáltill. 1981 um að fram skyldi fara samkeppni um gerð og skipulag nýbyggingar hér við Alþingi. Þetta var hugsað þannig, menn lögðu þetta þannig niður fyrir sér, lausn á vandamálinu, að það væri um tvennt að velja: Annaðhvort að byggja nýtt Alþingishús eða að koma upp húsakosti í næstu nálægð við Alþingishúsið þannig að í Alþingishúsinu og hinu nýja húsi væri rúm fyrir þá starfsemi sem undir eðlilegum kringumstæðum ætti að vera í einu og sama húsi, í Alþingishúsi. Hafnað var að fara þá leið að byggja nýtt alþingishús en í þess stað valinn sá kostur að koma upp nýbyggingu sem væri þess eðlis að hægt væri að nota þetta hús sem við nú stöndum í til frambúðar. Samkeppni fór síðan fram um gerð og skipulag nýbyggingar. Menn þekkja sögu þessa máls síðustu missirin og skal ekki í mínum takmarkaða tíma fara að fjölyrða um það.

Ég vil að gefnu tilefni sérstaklega víkja að því sem hæstv. forseti, 13. þm. Reykv., sagði um húsin hér við Kirkjustræti. Ég vil biðja menn að hafa í huga að þó að Alþingi gæti ekki mótað heildarstefnu í þessum málum voru menn samtaka um langan aldur, um langt árabil, að skapa aðstöðu til þess að Alþingi réði yfir ferhyrningnum milli Kirkjustrætis, Vonarstrætis, Templarasunds og Tjarnargötu til þess að þar væri hægt að koma upp nýjum byggingum og aðstöðu sem væri fullnægjandi fyrir Alþingi. Það var alltaf gert ráð fyrir því, þegar samkeppnin fór fram, að húsin við Kirkjustræti, sem eru hérna í næstu nálægð við Alþingishúsið, þyrftu að fara. Það kom aldrei nein rödd fram um annað, aldrei mótmæli við slíku, — það kom aldrei í tíð fyrrverandi forseta þingsins, aldrei. Það voru engir erfiðleikar taldir á því að húsin við Kirkjustræti yrðu látin víkja. Allt sem gert var af hálfu Alþingis og framkvæmd samkeppninnar um nýtt hús var gert í samráði við borgaryfirvöld, allt, og til þess að tryggja sem nánasta samstöðu þarna á milli var sú skipan á að forstöðumaður borgarskipulagsins var einn af dómnefndarmönnum í þessari samkeppni.

Nú er farið að gera þetta að einhverju höfuðmáli og það kemur upp eftir að umræðan um Hótel Borg kemur. Það kemur ekki fyrr upp. En þetta hlýtur að vera mál sem Alþingi verður að hafa í hendi sinni, að geta skapað innan ferhyrningsins sem ég nefndi áðan þá aðstöðu sem Alþingi þarf til þess að hægt sé að hagnýta þetta hús þar sem við nú stöndum. Og það væri auðvitað sönnu nær, ef menn vilja kaupa einhver hús núna, að kaupa Oddfellowhúsið sem nú er til sölu og er á þessum ferhyrningi en að dreifa starfsemi Alþingis út fyrir þennan ferhyrning. Þessi umræða hefði sjálfsagt ekki komið til nema vegna þeirrar tilviljunar að Hótel Borg er til sölu og ég verð að segja að mér finnst að þessi tilviljun eigi ekki að ráða sköpum um stefnu Alþingis í þessum þýðingarmiklu málum sem var mótuð með þingsályktuninni 1981.

Ég vil aðeins segja um hugmyndina um kaup á Hótel Borg að frá mínu sjónarmiði getur það ekki verið framtíðarlausn. Það leiðir af því sen ég hef áður sagt. Það hús er ekki í þeirri nálægð við Alþingishúsið að hægt verði að líta svo á að um eitt hús sé að ræða fyrir alla starfsemi sem undir venjulegum kringumstæðum er höfð í einu og sama húsi þegar um þjóðþing er að ræða. En ef á að líta á þetta sem bráðabirgðalausn tel ég að hún sé ekki hagkvæm og of dýr og þess vegna eigi líka að hafna þessari tillögu á þeirri forsendu.

Hæstv. forseti. Ég hef hér lýst afstöðu sem ég lýsti á síðasta þingi þegar þessi tillaga kom fram. Ég hef talið rétt að ítreka þetta, sérstaklega með tilliti til þess að vekja athygli á viðfeðmi þessa máls og því sem Alþingi hefur ákveðið áður og hefur verið um langan aldur hugmyndir manna innan veggja Alþingis. Ég hef viljað vekja athygli á þessu til að undirstrika þá afstöðu mína að vera á móti þessari tillögu.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Till. til þál., nær samhljóða þessari, var flutt á síðasta þingi og kom þá til athugunar í hv. fjvn. Forsetar Alþingis komu á fund nefndarinnar og kynntu þau sjónarmið sín að með þessum fyrirætlunum um kaup á Hótel Borg væri meiningin að leysa húsnæðisvanda Alþingis til bráðabirgða. Það bráðabirgðaástand átti að vara, að þeirra dómi, í 10–12 ár. Það var skoðun mín og er enn að kaup á þessu húsnæði fyrir Alþingi sé of dýrt til að leysa slík mál til bráðabirgða.

Í greinargerð sem hefur verið dreift á borð þingmanna segir að vinnuhópur sem athugaði þetta mál fyrir einu ári hafi komist að þeirri niðurstöðu að ætla

megi að kaupverð fasteignarinnar ásamt lagfæringum geti kostað um 200 millj. kr. á þágildandi verðlagi. Það er kunnugt að húsið Hótel Borg er byggt 1930 og tekið þá í notkun. Þetta er því 60 ára gamalt hús. Ég held að það þurfi mikla varfærni í tillögugerð til þess að ætla að viðgerðir á slíku húsi og breytingar, miðað við þá starfsemi sem ætlað er að taka upp í húsinu eftir að Alþingi hefði eignast það, kosti einungis 60 millj. kr. Það þarf ábyggilega mikla varfærni til, enda segir í greinargerð vinnuhópsins: „Vinnuhópurinn telur að heildarkostnaður við kaup og endurbætur á fasteign Hótel Borgar megi ekki verða hærri en um 200 millj. kr." og við það er áætlunin miðuð. Þessi kostnaðaráætlun er því eins lausleg og varfærin og skilmálum háð sem mest má verða.

Ef við hugsum okkur að við þurfum að leysa húsnæðisvandamál Alþingis til bráðabirgða er það kunnugt að ýmsar aðrar leiðir eru til. Það er til húsnæði hér í grennd Alþingishússins, bæði til sölu og til leigu, og ef um bráðabirgðaaðgerðir er að ræða eigum við að athuga þær leiðir einnig áður en ákvörðun er tekin um kaup á því mikla húsnæði sem Hótel Borg er. Ég veit ekki til þess að hæstv. forsetar Alþingis hafi látið neina slíka athugun fara fram og það kemur ekki til greina af minni hálfu að ráðast í kaup á húsnæði til bráðabirgða fyrir Alþingi án þess að allar aðrar leiðir séu athugaðar, þar á meðal um leigukjör á húsnæði sem er hér falt í grennd þinghússins.

Ég vil svo aðeins segja það í sambandi við þetta mál og skal ekki lengja mál mitt mikið að nú er sú tíð að það er verið að berjast við að koma saman fjárlögum fyrir íslenska ríkið á næsta ári. Það er kunnugt að þetta verk er nú erfiðara en nokkru sinni fyrr. Það er kunnugt að skattar voru hækkaðir í tengslum við fjárlagaafgreiðslu fyrir þetta ár um yfir 7 milljarða kr., og það var gert í því skyni að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Allir vita að þrátt fyrir þessa miklu skattahækkun verður a.m.k. um 5 milljarða halli á fjárlögum ríkisins á þessu ári.

Fjárlög fyrir næsta ár eru ekki afgreidd enn en þar stefnir í gífurlega mikinn halla, hvort sem það verður viðurkennt í fjárlagaafgreiðslunni sjálfri eða ekki. Frv. er lagt fram með nær þriggja milljarða halla og mér kæmi ekki á óvart þótt það yrði afgreitt með 5 milljarða halla ef ekki verða skilin eftir þeim mun stærri göt í afgreiðslunni sjálfri og væri þá kannski nær að nefna 6 milljarða en 5. Víst er þó að þar verður ekki, þrátt fyrir það að þannig verði á málum haldið, tekið til greina allt það sem ríkið ætlar sér að halda gangandi í starfsemi sinni og rekstri á næsta ári. Þannig er staðan þrátt fyrir það að enn eigi að stórauka skatta til ríkisins. Er nú sú tíð að það sé tilefni til þess af hálfu forseta Alþingis og meiri hlutans sem hér ræður að efna til húsakaupa á vegum Alþingis til bráðabirgðanota fyrir 200 millj., svo sem segir í þessari varfærnu kostnaðaráætlun sem var á verðlagi síðasta árs, en gæti eins orðið tvöföld sú fjárhæð eða meira miðað við reynslu af ýmsum slíkum áætlunum um kaup og lagfæringar á gömlum byggingum og þessi bygging er 60 ára gömul? Er nú sú tíð að þetta sé heppilegt? Er nú sú tíð að það sé ákjósanlegt fyrir þá sem ráða hér ferðinni og það sé álitlegt fyrir fólkið í landinu að auka nú enn á fjárlagahallann, auka nú enn á skattbyrðina til þess að leysa þessi mál til bráðabirgða með þessum hætti? Ég segi nei. Ég er andvígur því að þannig sé á málum haldið, en ég vil leggja til, hæstv. forseti, að ef forsetum sýnist nauðsynlegt að bæta úr í húsnæði Alþingis, þar á meðal skrifstofur nokkurra alþingismanna sem vissulega búa þar við skrifstofuhúsnæði sem mætti vera betra, er auðvitað álitlegt að athuga þá kosti sem eru fyrir hendi hér í grennd þinghússins um leigumála ellegar kaup á hæfilega stóru húsnæði til þess að leysa þessi mál. Og það er ekkert annað en reikningsdæmi hvort það er hyggilegra, hvort það er hagkvæmara að kaupa ellegar leigja húsnæði til bráðabirgðanota í þessu skyni. Það er aðeins reikningsdæmi sem auðvelt er að leggja niður fyrir sér og hæstv. forsetar gætu fengið menn til þess að vinna fyrir sig því að þeir hafa sjálfsagt öðrum hnöppum að hneppa.

Tillagan eins og hún liggur fyrir er að mínum dómi síst betri en í fyrra. Hún er síst tímabærari. Í rauninni hefðu hæstv. forsetar átt í millitíðinni, frá því hún var fyrst flutt, að láta fara fram þá athugun sem ég er hér í raun að gera tillögu um að fram fari. Aðeins þegar sú athugun hefur farið fram og allir þeir kostir liggja fyrir sem geta verið fyrir hendi er tímabært að koma með málið til Alþingis til ákvörðunar, en ekki fyrr.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Virðulegi forseti sameinaðs Alþingis — ég sé hana nú ekki hér í salnum. Jú, hún er þarna, sú sem er 1. flm. að þessari þáltill. Mér skildist að ein af höfuðrökum fyrir því að leggja til að Alþingi keypti Hótel Borg væru þau að ekki mundu vera aðrir kaupendur að húsinu, það væri eini aðilinn sem væri líklegur kaupandi að húsinu. Mér fannst í þessum orðum liggja að það væri verið að gera eitthvert gustukaverk á eigendum Hótel Borgar eða a.m.k. mátti skilja það svo.

Mér hefði fundist vera nær fyrir hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að þolandi væri að vera inni í þessum sal vegna þess að það er hvorki boðleg loftræsting eða lýsing. Það er nú komið á annað ár síðan ég hef kvartað yfir því að það er varla líft stundum hér í húsinu, bæði vegna þessara ljóskastara sem hér eru, og þegar maður er í þessum ræðustól beinast þeir beint í augu á fólki, og það hafa margir fleiri en ég rætt um þetta, og svo er loftið yfirleitt kyrrt þegar er á annað borð logn úti og illt að vera inni í húsinu. Þetta þyrfti áreiðanlega að sitja í fyrirrúmi fyrir því að flytja svona tillögu.

Ég lít á þetta þannig, og skal endurtaka það sem ég sagði fyrir rúmu ári síðan, að það er alveg sýnilegt að hér verður ekki Alþingi Íslendinga nema um stutta framtíð. Þess vegna er það alveg rétt sem kom hér fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. áðan að það á að skoða þessi mál öll. Það hljóta allir að sjá sem

eitthvað sjá á annað borð að af þeirri byggingu sem var fyrirhuguð hér vestan við getur aldrei orðið. Það er alveg ljóst og af fleiri en einni ástæðu. Eftir að ráðhúsið var reist hér í Tjörninni og menn gerðu ekki ráðstafanir til þess að gera það í tíma upp við Reykvíkinga sem ég tel alveg vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, að það hafi ekki verið gengið þar blátt áfram á rétt Alþingis með þeirri byggingu, enda stendur það í gömlum skjölum að Alþingi eigi alveg að Tjörninni. Það er ekki við virðulegan forseta að sakast sem nú er hér forseti. Þetta var frá öðrum tíma. Ég er sem sagt alveg sammála því að reynt verði að fá frekar leigt húsnæði, þessi mál verði öll skoðuð vandlega. Hæstv. forseti Sþ. sagði í ræðu sinni áðan að menn sem segðust hafa vit á verðinu segðu að það væri mjög gott verð. Hér segir í þessari skýrslu, þó að ég hafi ekki lesið hana vandlega því að ég var rétt að fá hana, á bls. 8, með leyfi forseta:

„Vinnuhópurinn telur að heildarkostnaðurinn við kaup og endurbætur á fasteignum Hótel Borgar megi ekki verða hærri en um 200 millj. kr. miðað við hefðbundna skilmála sem í grófum dráttum eru þessir.“ Sem sagt, ramminn er hér gefinn og síðan eru tölurnar miðaðar við þann ramma. Eftir reynslu manna held ég að það sé alltaf þannig með svona gömul hús, 60 ára hús, sem á að breyta vegna sérstakra þarfa Alþingis, að þá verði kostnaðartölur ekki hinar raunverulegu tölur þegar á reynir.

Að öllu þessu athuguðu mun sá sem hér stendur greiða atkvæði á móti þessari þáltill. Ég vil bara endurtaka það að ég óska mjög eftir því að athugað verði um loftræstingu hér í sölum Alþingis þannig að það sé boðlegt, það tel ég ekki, og eins að gera ráðstafanir til þess að dempa eitthvað þá ljóskastara sem hér eru og að athuga þau mál, hvaða möguleikar eru á því að byggja hér þannig að þetta geti orðið framtíðarstaður, ég skil það rétt. Og þá þarf að huga að því hvar framtíðarstaður fyrir Alþingi á að verða. Ég hef áður bent á t.d. Álftanesið sem æskilegan stað. Það geta ýmsir aðrir staðir komið til greina. **(Gripið fram í:** Þingvellir.) Varla Þingvellir vegna þess að þingið þarf að vera í nálægð við stjórnkerfið.

Ég skal ekki hafa þetta lengra, en ég held að menn verði að staldra við og hugsa málið upp á nýtt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Húsnæðismál Alþingis hafa æðilengi verið á döfinni og miklar umræður verið um þau. Ég er einn þeirra sem hafa tekið þátt í þeim umræðum, að vísu ekki haldið miklar eða langar ræður, heldur reynt að setja í fremur stuttu máli fram mín sjónarmið. Að því er varðar stóra húsið sem teiknað hefur verið hef ég lýst andstöðu minni við byggingu þess og ég hygg að það hús muni aldrei verða byggt eða vona a.m.k. að svo verði ekki. Það mundi yfirgnæfa þessar lóðir hér og ekki vera í samræmi við umhverfið. Það tel ég vera alveg ljóst.

Hitt finnst mér eiginlega hálfu fáránlegra og stappar nærri gríni að fara að flytja nú aftur tillögu um það að Alþingi eignist Hótel Borg. Það er áreiðanlega í andstöðu við vilja meginþorra Reykvíkinga og ég held í andstöðu við álit meginþorra landsmanna, a.m.k. að gera það akkúrat á þessum tímum þegar allir atvinnuvegir eru komnir á vonarvöl og ríkisvaldið raunar að eignast atvinnufyrirtæki beint og óbeint um land allt, þá skuli ríkið ætla að fara að sölsa undir sig þessa byggingu sem flestum landsmönnum og alla vega Reykvíkingum þykir auðvitað vænt um og það með þeim rökum að það sé ekki annar kaupandi.

Það er nú komið svo að það eru yfirleitt ekki til kaupendur að atvinnufyrirtækjum á Íslandi, hvorki atvinnuhúsnæði í hótelrekstri eða á öðrum sviðum, nema ríkisvaldið. Og hvers vegna ríkisvaldið? Af því að það hefur hirt peningana af borgurunum og atvinnufyrirtækjunum og ætlar að seilast lengra í því efni. Ég frábið mér að taka þátt í slíkri aðför að atvinnulífinu. Og að það geti aldrei orðið arðvænlegt að reka hótel þar sem Hótel Borg er nú — sú bygging sómir sér vel og það eru til byggingar við hliðina samtengdar Hótel Borg sem má breyta í hótelherbergi. Það er líka mjög auðvelt að byggja ofan á salinn þar. Það má auka hótelrými þar mjög mikið. Og við sjáum það í öllum borgum, held ég, þeir sem ferðast hafa, að gömlu hótelin í miðborgunum hafa ekki verið lögð niður. Þau hafa verið aukin og efld, bætt við byggingum, samtengdum, þar sem ... (Gripið fram í.) Ekki í Osló? **(Gripið fram í:** Þar keypti þingið nýlega hótel við hliðina á þinghúsinu.) Grand hefur nú heldur betur fært út ... **(Gripið fram í:** Það var annað hótel, var það ekki?) Það er ekki annað hótel, það er samtengt. Það eru fleiri hótel í Osló sem eru samtengd þannig að það eru þar kannski 200 herbergi sem áður voru innan við 100 og þess vegna eru þau orðin arðvænleg eining. Ég held að það sé í öllum þeim borgum sem við þekkjum til. Fólkið vill auðvitað hafa möguleika á því — ferðamenn sem þurfa ekki endilega á bílum að halda vilja fá að vera í miðhverfunum til verslunar og til dægrastyttingar og skemmtunar. Og við vitum hvað er að gerast í Reykjavík. Það er að verða dauður bær — og þó, ógnvænlega lifandi þegar ráðist er að fólki eins og gerist hér og lögreglan ræður ekki við neitt. Vegna hvers? Vegna þess að það er ekki hið eiginlega heilbrigða líf í miðborginni. Það þurfum við að efla og auka. Til þess eru margar leiðir en sú síst að ráðast að þeim fyrirtækjum sem þó eru rekin enn og hindra að þar verði um umbætur að ræða.

Það hafa komið fram margar tillögur miklu betri en þessi, t.d. um að leigja. Og ég skal játa að endurbæturnar á Þórshamri hafa tekist mjög vel. Þar er gott að vera. Kirkjuhvoll er ágætis húsnæði. Skjaldbreið mætti auðvitað eitthvað bæta ef menn vildu það, en það er til leiguhúsnæði líka. Það eru engin húsnæðisvandræði hjá Alþingi, engin. Og ég vil segja að eftir að farið var að fjölga hér stórlega fólki og svokölluðu aðstoðarfólki — ég tala nú ekki um allt fólkið úr Stjórnarráðinu sem er að ráðleggja okkur og leiðbeina alla daga á nefndarfundum og annars staðar — hefur löggjöf stórversnað í þessu þingi og vinnubrögð öll. Ég held að við ættum að staldra við og athuga það

hvaða ofvöxtur er að færast í Alþingi eins og stjórnkerfið allt saman þar sem hvarvetna er verið að kaupa hús úr einkaeign eða leigja, þenja báknið út alls staðar. Og Alþingi gengur kannski lengst í því að auka kostnað sinn að óþörfu.

Annar kostur er sá auðvitað að kaupa Oddfellowhúsið og meira að segja hefur borgarstjórinn í Reykjavík lýst því yfir að hann mundi leggja til að borgaryfirvöld gerðu það ef Alþingi telur sig ekki geta það. Það hús getur fengist fyrir miklu minni peninga er ég sannfærður um. Það hentar ekki öðru en fyrir skrifstofur. Það er kannski ekkert sérlega hagstætt fyrir Alþingi, en miklu, miklu meira en nóg. Það er nógu stórt, það hús. Ég hef sett fram þá hugmynd sem mér þess vegna, auðvitað, finnst hin besta að annaðhvort ríkið eða Reykjavíkurborg kaupi Oddfellow. Þeir eru að byggja og húsið er falt. Þeir vilja ekki lengur vera í því húsi eða það hentar þeim ekki. Það hús er falt.

Ráðhúsið er auðvitað staðreynd. Það er komið, og það er fallegt hús, finnst mér. Um það verður sjálfsagt deilt einhvern tíma hvort það sé fallegt eða ljótt eða á réttum stað, en það er svo með flestar byggingar og það er auðvitað ekkert nema gott um það að segja að mönnum þyki það vænt um umhverfi sitt, ekki síst hjarta Íslands, hjarta borgarinnar, að þeir rífist um það, deili um það. Ég leyfi öllum mönnum að hafa sínar skoðanir og ég má þá hafa mína og hún er sú að annaðhvort ríkið eða Reykjavíkurborg kaupi einfaldlega Oddfellowhúsið. Alþingi gæti fengið þar afnot, þau sem það telur sig þurfa. Ég tel ekki að það þurfi mikið meira og kannski alls ekkert meira en þegar er. Það er búið vel að öllum þingmönnum. Þeir hafa góðar skrifstofur og þjónusta er mikil en ekki lítil. Þetta hús á svo auðvitað að fjarlægja, Oddfellow. Það er miklu ódýrara að brjóta niður steinhús en að rífa rammgert timburhús. Þetta hús hefur enga byggingarsögulega þýðingu af neinu tagi. Það á auðvitað að fjarlægja. Og það kemur ráðhústorg við hliðina á Austurvelli.

Ef menn vilja varðveita eitthvað af húsunum hér við Kirkjustræti, eitt þeirra, skilst mér, má vitanlega færa það um set ef því er að skipta og þar er miklu meira en nóg pláss til að byggja fyrir Alþingi, fyrir þingflokksfundi og vistarverur þingmanna líka. Það er yfirdrifið pláss til að byggja hér vestur undir Tjarnargötunni og svo hér að austanverðu líka eru hús sem má nýta, bæði í eigu Alþingis og annarra. Þetta er sem sagt hið mesta frumhlaup. En ég skal ekki halda uppi neinu málþófi.

Ég hygg að það sé alveg rétt hjá hæstv. forseta að það sé ágætt að ganga til atkvæða um þetta og málið fari til hv. fjvn. Þar verður um það fjallað eins og í fyrra og þá verði líka gengið til atkvæða um þetta. Það kemur þá í ljós hverjir vilji fara þessa ólánsleið og hverjir ekki í óþökk a.m.k. mikils meiri hluta Reykvíkinga og ég held landsmanna flestra. En þá er það líka rétt, hæstv. forseti, að ganga til atkvæða. En hvað gerðist á liðnu vori? Hver tók málið út af dagskrá? Það var forseti sjálfur. Hvers vegna? Ég ímynda mér það eða tel mig vita, hvort sem menn vilja hafa, að andstaðan hafi verið nægilega mikil til þess að forseti sjálfur tók þetta kappsmál sitt út af dagskrá. Það var ekki þar síðustu dagana. Það var ekki svo að það stæði á dagskrá en væri ekki rætt. Það var hreinlega tekið út af dagskránni, væntanlega með samþykki flutningsmannanna, forsetanna sjálfra. Öðruvísi hefði það nú ekki gerst.

Hæstv. forseti. Ég skal hætta, en aðeins ein ósk: Hugsið þið þetta mál. Hugsum þetta mál öll áður en við förum að grípa til slíkrar endaleysu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að ég er nokkuð tvístígandi í afstöðu minni til þessarar tillögu. Ég skil auðvitað að mörgu leyti vel nauðsyn á hagræðingu í húsakosti Alþingis og kæmi eflaust flestum betur að við værum flest stödd undir sama þaki ásamt annarri starfsemi Alþingis. Eflaust eru þau kjör sem nú bjóðast á kaupum á Hótel Borg góð kjör, en mér segir nú svo hugur um að þetta sé ekki síðasta húsið á þessu svæði bæjarins sem bjóðist til sölu á góðum kjörum eins og nú er ástatt um þær byggingar í miðbænum sem hugsanlega gætu komið til greina fyrir Alþingi. En í þessu máli eins og flestum öðrum er þetta spurning um forgangsröð.

Ríkið þarf að standa straum af kostnaði margra bygginga, bæði nýbygginga og viðhaldi bygginga, og er þar mjög víða pottur brotinn. Nægir að nefna þær þrjár byggingar sem hvað mest hafa verið til umræðu, þ.e. Þjóðarbókhlaðan, Þjóðminjasafnið og Þjóðleikhús. Það þarf ekkert að tíunda hér þær harmsögur, bæði byggingarsögur og viðhaldssögur, en nú er svo komið að það á að leggja í endurbætur á Þjóðleikhúsi í vetur. Það eru hundruð milljóna sem þangað fara. Og enn dregst bygging Þjóðarbókhlöðu þó að eitthvað sé lagt til á hverju ári og ekki mun vandinn á Þjóðminjasafninu vera minni. Það er spurning hvort það sé meira áríðandi að alþingismenn og starfsfólk Alþingis fái góða aðstöðu en þau þjóðarverðmæti, óbætanleg, sem geymast í Þjóðminjasafni og liggja þar undir skemmdum.

Það er vert að geta þess að á fjárlögum sér þess stað að menn líta sjálfum sér nær þegar verið er að ákvarða í hvað skuli ráðstafa peningum. Ráðuneytin, t.d., virðast eiga hvað auðveldast með að ná skilningi á sínum vanda, sínum málum, bæði hvað varðar húsakost og mannahald. Og það er stór spurning hvort það mundi auka virðingu Alþingis að leysa eigin vanda þegar ástandið í helstu menningarstofnunum þjóðarinnar er eins og raun ber vitni. Ef til væru nægir peningar til allra hluta væru kaupin á Hótel Borg eða einhverju viðlíka húsnæði í mínum huga ekkert álitamál, en þegar raða þarf í forgangsröð er ég ekki sannfærð um að setja eigi húsakostsvanda Alþingis svona framarlega á lista.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umræðu mjög, enda sagði ég mitt álit á þessari tillögu-

gerð á síðasta þingi og kom þar mjög berlega í ljós að ég er mjög ósammála þessari hugmynd. Ég tel að hér sé verið að fara fram á nánast óútfylltan víxil. Þó að sagt sé að samkvæmt þeim tölum sem reiknaðar voru út fyrir sex mánuðum ætti þetta að kosta um 200 millj. er það nokkuð ljóst, eins og allir vita með reynslu af slíkum útreikningum, að nær væri sennilega að tala um tvöfalt meira eða 400 millj.

Tillagan gerir ráð fyrir að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg, en í sjálfum tillögutextanum er síðan sagt: „eða öðru húsnæði í nágrenni við Alþingishúsið". Þetta þykir mér reyndar æði loðið og reyndar má segja að alveg eins megi túlka þetta sem fleiri en eitt húsnæði ef menn kjósa að líta þannig á það.

Þar sem segir hins vegar í grg. að eftir viðræður forseta Alþingis við borgarstjóra nýlega sé ljóst að borgaryfirvöld hafi hvorki í hyggju að kaupa Hótel Borg né stuðla fjárhagslega að rekstri þess sem hótels er manni nú spurn: Hvað í ósköpunum kemur það yfir höfuð Alþingi við hvað borgarstjórnin í Reykjavík ætlar sér að gera? Er það hlutverk Alþingis að hlaupa upp til handa og fóta ef eitthvert fyrirtæki er hér að fara á hausinn í bænum, að grípa þar inn í og kaupa það húsnæði? Mér þykir þessi röksemd í grg. alveg fyrir neðan allar hellur og alls ekki eiga við.

Hins vegar finnst mér það skjóta verulega skökku við að á sama tíma og verið er að skattpína hér allan almenning og þrengja allverulega að fyrirtækjum í landinu ætli sjálft Alþingi að koma fram fyrir skjöldu með útgjöld upp á fleiri hundruð millj. kr. sem hlýtur náttúrlega einhvers staðar að verða að taka. Það hlýtur að verða að spyrja 1. flm. að því hvernig forsetar Alþingis hugsi sér að fjármagna þessi kaup. Ég spyr: Á að setja kannski nýja skattlagningu á, svipaða og þjóðarbókhlöðuskattinn? Á að setja borgarskattinn hér á? Mér finnst þetta algjörlega fyrir neðan allar hellur. Það væri þá nær, ef Alþingi er reiðubúið að eyða hér fleiri hundruð millj., að eyða þeim í að laga stöðu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Ég skal taka undir það að eyða 400 millj. kr. í að lækka matarskattinn. Er Alþingi til í það? Svari hver sem getur.

Varðandi hins vegar þetta húsnæði sjálft tel ég *persónulega að það sé mjög óhentugt undir þessa* starfsemi. Það segir sig sjálft, eftir því hvernig það er byggt og hvernig herbergjaskipan þar er, og ég tel reyndar að sé einhver alvara að baki þessu máli ætti að fara bara með þingflokkana út og sýna þeim þetta hús og þá held ég að menn kæmust fljótlega að þeirri niðurstöðu að það hentaði alls ekki þeirri starfsemi sem við erum að tala um. Ég tek hins vegar fyllilega undir með hv. þm. Pálma Jónssyni að auðvitað á að gera nákvæma könnun á þessum málum áður en þetta mál er sett hér inn í þingið. Það er fjöldi annarra möguleika í myndinni og hefur verið bent á það hér í umræðunni.

Ég vil hins vegar gagnrýna það að þeirri skýrslu, sem hæstv. forseti lyfti trúnaði af, eins og hæstv. forseti sagði hér áðan, var dreift hér fyrir rúmum klukkutíma síðan og hv. þm. hafa alls ekki haft tíma til þess að kynna sér innihald þeirrar skýrslu. Bara af þeirri einni ástæðu væri rétt að fresta þessari umræðu þannig að menn hefðu nú tíma til þess að skoða málið niður í kjölinn og ræða það þá með hliðsjón af þeirri þekkingu sem sú skýrsla veitir okkur.

Ég veit reyndar til þess, af því að menn hafa áhyggjur af því hvað verður rekið í þessu húsnæði, sem ég tel reyndar að komi okkur ósköp lítið við hér í þessum sal, að þeir sem eru með rekstur þar í dag hafa áhuga á því að halda þeim rekstri áfram. Þeir hafa að vísu ekki bolmagn til að kaupa þessa eign en þeir hefðu áhuga á að halda þessum rekstri sem þar er núna áfram, enda tel ég, þó ekki væri nema bara fyrir borgarlífið, að við ættum frekar að stuðla að því að þarna yrði einhvers konar samkomuhús eða veitingastaður eða hótel eða hvað sem menn vilja kalla það, því að nóg hefur nú þrengt að miðbæjarlífinu þó að við förum ekki að stuðla að því að það steindrepist nú í eitt skipti fyrir öll, og þarf væntanlega ekki að færa rök fyrir því þó að að sjálfsögðu megi nefna Kringluna sem hefur tekið alla verslun í burt frá miðbæjarkaupmönnum.

Það er líka spurning: Hvað er hið raunverulega kaupverð? Hver er raunverulegur viðgerðarkostnaður? Hafa menn í rauninni gert sér grein fyrir því? Ég hef upplýsingar um að þetta hús er meira og minna gallað og það þurfi verulegar viðgerðir á því, bæði á heitavatnspípum og þaki, til að mynda, að allur breytingarkostnaður yrði því mikill, þannig að þegar ég slæ hérna fram tölum eins og 400 millj. held ég að það sé langt frá því að vera út í hött.

Menn hafa komið hér aðeins inn á framtíðarskipan húsnæðis fyrir Alþingi og þá teikningu sem hefur verið gerð að nýju Alþingishúsi. Það liggur ljóst fyrir mér að ef við förum út í það að kaupa Hótel Borg verður þeim áformum um að reisa nýtt þinghús fyrir Alþingi frestað um ókominn tíma, sennilega alllangan, og þá má allt eins spyrja í ljósi þess að við höfum eytt tugum milljóna bara í þá hönnun: Erum við þá að staðfesta þá sóun á peningum sem þar hefur átt sér stað? Það liggur ekki fyrir nein samþykkt um það að fara yfir höfuð út í byggingu nýs þinghúss, einungis hönnunin. Þar hefur Alþingi af örlæti sínu spreðað tugum milljóna út í loftið og nú ætlum við að setja það í hættu. Þar með er ég reyndar ekki að tala fyrir því ákveðna þinghúsi. Ég hef ákveðna skoðun á því hvar Alþingi Íslendinga eigi að vera þó að sumir mundu segja að það væri kannski gamaldags hugsun. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að eiga höfuðsetur á Þingvöllum. Þó að ekki væri nema vegna sögunnar tel ég það rétta staðinn og hef engar áhyggjur af staðsetningunni gagnvart veðri eða öðru slíku eins og hér var komið inn á áðan. En það eru nú kannski aðrir sálmar.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að eyða tíma þingsins í þetta. Ég ræddi þetta ítarlega á síðasta þingi en vil ítreka andstöðu mína við þáltill.

Guðni Ágústsson:

Það gerist auðvitað í þessu máli, eins og svo oft áður hjá okkur hér í þessu blessuðu þingi, að umræðan fer út á vettvang kannski lengra frá efninu en við sjálfir kysum og væri þessari stofnun heppilegt. Þeir sjálfstæðismenn sem hér hafa talað hafa talað í sparnaðartón en þó hefur maður fundið að á bak við sparnaðartóninn er auðvitað hinn möguleikinn að ganga til enn meiri eyðslu á þessu sviði. Og konurnar í Kvennalistanum eru nú farnar að tvístíga í þessu máli. En ég held að mjög mikilvægt sé að við gerum okkur grein fyrir stöðu þessa máls.

Við vitum að umfang starfsemi Alþingis hefur vaxið á síðustu árum eins og svo margt annað en þó kannski ekki í jafnmiklum mæli og ýmislegt annað hjá ríkinu. Ég held að það sé öllum ljóst sem hér starfa að starfsaðstaða þingmanna og ekki síður starfsfólks er með þeim hætti að vart verður við unað. Ég held að enn fremur geri allir þingmenn sér grein fyrir því að á næstu árum verða þeir að taka ákvörðun í þessu máli með einhverjum hætti og þá þurfa menn að hafa tvennt í huga, í fyrsta lagi hagsmuni Alþingis sjálfs og þá mikilvægu aðstöðu sem þingið þarf að hafa fyrir starfsemi sína. Í öðru lagi verða menn að hugleiða: Hvernig verja menn sem minnstum peningum í að ná þessari mikilvægu ákvörðun?

Þegar ég kom hér inn í þetta þing sem ungur maður fyrir tveimur árum lágu fyrir teikningar að miklu húsi sem ég ætla ekki í þessari ræðu að gagnrýna. Ég geri mér grein fyrir því að þessi þjóð hefur ekki efni á að byggja slíkt hús yfir sitt þing og er með öllu óþarft. Það er bygging upp á 1½–2 milljarða að lágmarki. Það er hús sem kallar á slíkt umfang í búnaði að það getur ekki einu sinni haft aðstöðu hér á þessum stað sem Alþingi hefur starfað á svo lengi. Þess vegna tel ég að sú hugmynd sé of dýr og það sé skynsamlegra með búmannlegum hætti að líta í kringum sig á þessum stað og spyrja: Getum við með einföldum hætti og ódýrum leyst húsbyggingarvanda Alþingis? Við sjáum í þessari greinargerð að í dag er Alþingi komið í sjö eða átta hús með verkefni sín. Starfsemi þingsins er að færast á marga staði. Það hlýtur að vera dýrt og við sjáum bara það eitt í þessari skýrslu að það er mikill hagnaður að hætta að leigja þessi hús og það er fljótt að skila sér. Kannski skilar kaupverðið á Hótel Borg sér, sem menn ræða nú um svona á 120 millj., á 10 árum, bara með sparnaði á leigutekjum. Hver er leigan sem Alþingi greiðir fyrir þessi leiguhús? Hér kemur það fram að menn greiða 8 millj. kr. í húsaleigu og með hagræðingu geta menn sparað 5 millj. í viðbót eða 13 millj. Á 10 árum verða þetta 130 millj. eins og sagt er að Hótel Borg muni kosta. Og ég trúi því að Hótel Borg sé í það góðu standi að þar þurfi í sjálfu sér ekki mikið að gera til þess að húsið verði nothæft fyrir skrifstofur þingmanna í næstu 5–10 ár. Ég sé því í þessu sparnað.

Ég virði þetta hús sem er Hótel Borg og tel að það eigi mikla sögu að baki og það er í nánd við þetta hús. Hér kom það fram í umræðunni að norska Stórþingið hefur leyst sín húsnæðisvandræði með því að kaupa Hótel Astor sem er í álíka fjarlægð frá þeirra þingi og Hótel Borg hér þannig að fjarlægðin skiptir engu máli, enda sjáum við hér bara í gegnum gluggann yfir að Hótel Borg. Það eru engin rök að halda því fram að fjarlægðin sé óviðráðanleg.

Menn geta selt eignir þegar sem þingið á og eru metnar upp á 20 millj., þannig að ég sé fyrir mér að þetta er sparnaðartillaga og ég skammast mín ekkert fyrir það í þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir, að þurfa að leysa vandræði Alþingis, að vilja styðja það að kaupa Hótel Borg sögunnar vegna og vegna þess að þetta er lang-, langódýrasti kosturinn sem Alþingi á til þess að leysa sín húsnæðismál í eitt skipti fyrir öll. Þess vegna lýsi ég yfir fullum stuðningi við þá þáltill. sem hér er sett fram og bið menn um að tala ekki tveimur tungum í þessu máli, að vera bæði að tala um sparnað en meina kannski eyðslu.

Ég geri mér grein fyrir því að nýja húsið sem menn ræða um kostar 1½–2 milljarða. Á því hefur þjóðin ekki efni. Ég geri mér grein fyrir því að þjóðin og þingið munu nokkuð sammála um að Alþingi skuli vera staðsett hér á þessum stað í framtíðinni og þess vegna vil ég með búmannlegum hætti leysa þetta mál, með þessum einfalda hætti að ganga til kaupa á Hótel Borg, og sé í því mikinn peningalegan sparnað og auðvitað allt aðra aðstöðu til framtíðar, bæði fyrir þingmenn og starfsfólk þingsins.

Tvennt verða menn aldrei ásáttir um. Í fyrsta lagi næst aldrei samstaða um að byggja nýtt hús á allt öðrum stað. Í öðru lagi er það þrengt að hér að staðsetning á nýju húsi á lóð Alþingis gengur ekki upp. Hótel Borg er því eina leiðin fyrir Alþingi til að komast með skjótum og ódýrum hætti út úr vanda sínum.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Ég fer að efast um að samstaða sé um nokkurn skapaðan hlut þegar við erum að ræða um lausn á húsnæðismálum Alþingis, hvorki hjá þingi né þjóð. Ég hef grun um að ótrúlega mörgum þyki sem Alþingi búi alveg við nægilega góðan kost og að það þurfi ekkert að gera — ja, nema þá að fækka þingmönnum eins og við heyrum oft að muni leysa allan vandann.

Mín skoðun er sú að við þurfum að finna lausn á húsnæðisvanda Alþingis, en við skulum ekki vænta þess að um þá lausn, hver sem hún verður, náist einhver allsherjar samstaða. Þótt þingið næði kannski samstöðu um að byggja nýtt hús ættum við eftir deilurnar um það hvernig það hús skyldi verða, hversu stórt og annað í þeim dúr. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þessum vanda og kostirnir eru tveir: Annaðhvort er það nýbygging eða kaup á húsum hér í grenndinni.

Ég hef verið fylgjandi því að við byggðum nýtt hús og reyndi að greiða því götuna þegar var verið að veita fé á fjárlögum til undirbúnings verkefna, hönnunar og þess háttar, en ég verð að viðurkenna það að mér hefur þótt afstaða borgarstjórnar Reykjavíkur skipta máli í öllu þessu sambandi og þar hefur

ýmislegt komið upp sem hefur áhrif á mína skoðanamótun í þessu máli. Í fyrsta lagi fannst mér það hljóta að hafa áhrif á ákvarðanir Alþingis í þessu efni þegar Reykjavíkurborg ákvað að byggja ráðhúsið hér í Tjarnarhorninu. Það hefur haft áhrif á mig í þá veru að ég hef efasemdir um að sú bygging sem teiknuð var á sínum tíma geti risið þar sem henni var ætlaður staður eftir að ráðhúsið var ákveðið þar sem er nú verið að byggja það.

Mér hefur líka þótt sem afstaða borgarstjórnar hefði áhrif á mína skoðanamótun varðandi Hótel Borg. Þegar fyrst var rætt um Hótel Borg komu mótmæli frá borgarstjórn Reykjavíkur. Borgin skyldi rekin sem gistihús. Það væri ómögulegt annað en að í hjarta höfuðborgar væri rekið hótel. Nú hefur það komið fram, ef ég skil málið rétt, að borgarstjórn hyggst hvorki kaupa Hótel Borg né stuðla að því að þar verði rekið gistihús eða hótel. Og ég hef einnig skilið það að enginn áhugaaðili hafi komið fram sem vill reka þarna hótel. Það finnst mér að eigi að auðvelda mönnum ákvörðunina hér í þinginu, hvort þeir eru fylgjandi kaupum á Hótel Borg eða ekki fyrir Alþingi.

Ég viðurkenni það fúslega að mér finnst auðveldara að taka ákvörðunina eftir að þessar yfirlýsingar frá yfirvöldum Reykjavíkurborgar liggja fyrir. Mér finnst auðveldara fyrir okkur að taka ákvörðunina um kaup á Hótel Borg, ef við erum þá búnir að leggja fyrir róða hugmyndir um nýbyggingu. Ég verð að viðurkenna að mér finnst einhvern veginn landið liggja þannig að ekki muni nást nein samstaða á Alþingi í fyrirsjáanlegri framtíð um að verja því fé sem sýnilega þarf til þess að byggja nýtt hús. Ég sé það ekki, en kannski er rétt að láta reyna á það áður en ákvörðun um kaup á nærliggjandi húsum er tekin. Kannski er rétt að láta reyna á það.

Til viðbótar hefur svo komið fram tillaga í borgarstjórn um að Alþingi standi ekki fyrir niðurrifi á húsalengjunni hér meðfram Kirkjustrætinu, þessari húsalengju sem er auðvitað eiganda hennar til skammar. En ef það er skoðun borgaryfirvalda Reykjavíkur að þessi hús eigi að vernda finnst mér einhvern veginn að það sé frekar í verkahring borgaryfirvalda að kosta endurbyggingu þessara húsa, væntanlega í þeirri mynd sem þau eru í dag. Og þá held ég að það væri nokkuð snjallt hjá Alþingi að gefa borginni þessi hús þannig að hún geti þá hresst upp á útlitið ef borgaryfirvöld telja að þetta sé sú götumynd sem menn vilja hafa hér í hjarta borgarinnar. Það gafst vel þegar Alþingi gaf Reykjavíkurborg Viðey og Viðeyjarstofu. Reykjavíkurborg tók mjög myndarlega á því máli, myndarlegar en ég held að ríkisvaldið hefði nokkurn tíma gert. Kannski er þetta þá leiðin, ef sem sagt borgaryfirvöld ætla að standa í vegi fyrir því að Alþingi fái að byggja á þessum stað.

Við getum svo í þessu samhengi velt því fyrir okkur hvað er fullnægjandi fyrir Alþingi. Ég verð að segja það alveg eins og er, miðað við að ekki sé líklegt að menn sameinist um að byggja nýtt og myndarlegt hús á þeim reit sem Alþingi á, með niðurrifi þeirra húsa sem þar eru fyrir, að það geti vel verið fullnægjandi um fyrirsjáanlega framtíð að kaupa Hótel Borg og með það þá fyrir augum að fleiri hús verði keypt þarna í þeirri lengju. Jafnframt verði litið á þetta mál í dálítið öðru samhengi og frá öðru sjónarhorni en gert hefur verið. Menn hafa alltaf verið að tala um þetta sem bráðabirgðalausn. Ég held að þetta sé of dýrt sem bráðabirgðalausn. Þess vegna velti ég þessu fyrir mér, hvort menn geti ekki horft á þetta sem lausn til lengri tíma litið og þá í friði við borgaryfirvöld. Ég tel mjög óheppilegt að fara inn á þessa leið í einhverju stríði við yfirvöld Reykjavíkurborgar. Það tel ég að Alþingi eigi ekki að gera. En sem sagt, mér sýnist eftir þessum síðustu yfirlýsingum frá borginni að það yrði engin styrjöld á milli Alþingis og borgaryfirvalda ef þessi leið yrði farin.

Ég ætla ekki — enda tími minn búinn — að fara að velta upp öðrum kostum sem kunna að vera fyrir hendi sem þó hefur aðeins verið nefnt, þ.e. að Alþingi flytji starfsemi sína á einhvern allt annan stað. Ég hef verið þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að vera hér, en ef þrengt er að því þannig að það megi ekki byggja og ekki kaupa hús í nágrenninu kann það að vera eini kosturinn. Hugmyndin sem hv. þm. Stefán Valgeirsson hreyfði hér áðan, að flytja Alþingi út á Álftanes, kann vel að vera mjög góður kostur. Garðaholtið er einhver allra fallegasti staður hér á höfuðborgarsvæðinu. Þaðan er mjög víðsýnt og þar eru ekki margar byggingar. (**Gripið fram í:** Í hvaða kjördæmi er það?) Það er í kjördæmi þingmannsins sem spurði, en það er ekki von að hann viti það. Við gætum svo einnig velt fyrir okkur Þingvöllum og stærstu spámennirnir kynnu að verða þeir sem segðu hér úr þessum ræðustól að sá dagur komi auðvitað að Alþingi verði flutt þangað.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það þjóni ekki verulegum tilgangi að lengja þessa umræðu. Aðalatriðið er það að þingheimur skeri úr um hvort hann vill kaupa það hús sem hér er til umræðu, Hótel Borg, eða ekki.

Ég skal játa það að ég var nokkuð með böggum hildar um það að vera meðflm. á þessari tillögu, þ.e. að leggja til kaup á þessu húsi í því efnahagslega árferði sem nú ríkir. Hins vegar eftir vandlega íhugun og eftir að hafa skoðað málið eins og mér var unnt sannfærðist ég um það, þvert gegn því sem margir hafa sagt hér, að þetta væri sá ódýrasti kostur sem þingið ætti völ á um þessar mundir.

Ég bendi á það að ef þetta hús yrði keypt væri í fyrsta lagi hægt að greiða það á nokkrum árum þannig að þingið þyrfti ekki að punga út með allt kaupverðið á einu ári. Í öðru lagi getur þingið selt á móti húseignir sem kæmu þá upp í kaupverðið á Hótel Borg og ég hygg að þar með værum við í raun búin að leysa húsnæðisvanda þingsins um ófyrirsjáanlega framtíð. Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að þingið mun ekki fara úr því húsi sem það er í núna. Það mun verða hér áfram. Þetta munu verða fundar-

salir þingsins þar sem við erum núna og á því verður ekki breyting í fyrirsjáanlegri framtíð.

Ég er sannfærður um það að menn hafa gert allt of mikið úr því að hér væri verið að sólunda fjármunum almennings. Ég er sannfærður um það að þegar til lengri tíma er litið er þetta langsamlega ódýrasta aðferðin til þess að bæta húsakost þingsins. Þingið er nú í átta húsum á þessari torfu hér, ýmist leiguhúsnæði eða húsnæði sem þingið hefur fest kaup á og staðan og ástandið í þeim efnum er auðvitað eins óhentug og getur verið. Ég vil líka benda á það að starfsaðstaða fyrir starfsfólk í þessu gamla húsi hér er orðin mjög slæm. Ég vil benda hv. þm. á skrifstofuhúsnæðið, á skjalageymsluna, á matstofuna. Á þessu þyrfti að verða breyting og kaupin á Hótel Borg mundu gera það kleift að breyta þessu mjög til batnaðar.

Ég er, eins og síðasti ræðumaður, sannfærður um það að við munum aldrei ná samkomulagi um framtíð þingsins. Hins vegar er ég sannfærður um að það líða mörg ár og áratugir þangað til fyrsta skóflustunga verður tekin að því húsi sem teiknað hefur verið hér við Kirkjustræti af þeirri einföldu ástæðu að húsið það er allt of dýrt. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að Alþingi fari út í fjárfestingu upp á 1½–2 milljarða hér í næsta nágrenni hins gamla þinghúss og standi auk þess frammi fyrir því að að þau hús sem þingið á við Kirkjustræti eru vernduð hús og það veit í raun enginn hvort unnt verður að flytja þau á brott eða ekki.

Þess vegna, virðulegi forseti, án þess að lengja þessa umræðu, sem ég sagði að þjónaði engum verulegum tilgangi, vil ég bara láta þá klára skoðun mína koma í ljós að ég hygg — og ég hygg ekkert, ég er sannfærður um það — að kaupin á Hótel Borg séu langskynsamlegasta lausnin á húsnæðisvanda þingsins eins og sakir standa. Kaupverð á þessu stóra húsi er ótrúlega lágt og sá möguleiki er fyrir hendi að þingið geti bætt við sig húsum í húsaröðinni norður af Hótel Borg sem væri verulega góður kostur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég styð þessa tillögu sem hér er til umræðu, þ.e. að Alþingi álykti að „heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eða öðru húsnæði í næsta nágrenni við Alþingishúsið, ef hagkvæmara þykir, og láta gera nauðsynlega lagfæringu á húseigninni ef af kaupunum verður", og að „við ákvörðun um kaup og umfang endurbóta á húsnæði" skuli „hafa samráð við fjvn." Ég er sammála þessari málsmeðferð og tel að hún sé skynsamleg. Ég tel að hún sé skynsamleg vegna þess að ég tel að ekki megi eyða í þetta einhverju stórfé. Ég held að hér sé um bráðabirgðalausn að ræða en nauðsynlega bráðabirgðalausn. Við verðum að búa okkur undir það að flytja starfsemi þingsins héðan úr miðborginni. Eftir að ráðhúsið er risið er náttúrlega ekki svigrúm til þess að byggja nýbyggingu þá sem menn dreymdi um fyrir nokkrum árum. Sú hugmynd er að mínu mati orðin úrelt og var sett á laggirnar undir öðrum formerkjum. Þá var ekki komið hér neitt ráðhús. Nú er það staðreynd.

Borgarstjórn hefur uppi andmæli gegn því að við kaupum Hótel Borg. Andmæli eru uppi gegn því að rífa hús hér við Kirkjustræti og þingið er greinilega ekki velkomið hér í miðborginni. Við eigum að búa okkur undir það að fara héðan. Þetta hús sem við erum í, Alþingishúsið, er fallegt og góðra gjalda vert. Það má hugsa sér hér ýmsa aðra virðulega starfsemi en þinghald. Ég held að við eigum að fela forsetum að leita eftir því við borgaryfirvöld að fá lóðir sem gætu þjónað þörfum Alþingis til frambúðar og þá á svæðum þar sem ekki er farið að byggja.

Ég er nú ekki eins stórtækur og og hv. þm. Stefán Valgeirsson að vilja fara á Álftanes. Ég held að eðlilegt sé að við höfum þinghaldið í höfuðborginni en mér fyndist koma til greina land á Korpúlfsstöðum eða e.t.v. annars staðar hér í borgarlandinu. Ég tel að það þyrfti að tryggja þinginu stað þar sem hægt væri að ráðast í framtíðaruppbyggingu einhvern tíma á næstu 20 árum og byggja þingstað sem þjónaði þörfum þingsins til nokkurrar framtíðar, þar sem hægt væri að koma fyrir bifreiðastæðum ofan jarðar og ekki þyrfti að eyða stórfé í að grafa þau niður í jörðina og hægt væri að koma við eðlilegu nútímaskrifstofuhaldi og eðlilegri starfsemi þings.

Ég er sem sagt sammála því að fara svo fram sem tillagan leggur til, sem bráðabirgðalausn, en vara við því að verið sé að ausa peningum í endurbætur á Hótel Borg, en hvet jafnframt forseta þingsins til að hafa framsýni til þess að taka upp samninga við borgina um hentugar lóðir handa þinginu annars staðar í borgarlandinu.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Nokkur orð til viðbótar í þessa umræðu um kaup á Hótel Borg. Ég er fylgjandi þeirri hugmynd og hef verið það frá því að ég kom fyrst inn á þing. Ég tel að þó að aðstaða þingmanna og starfsliðs hafi skánað mikið á síðustu árum með leiguhúsnæði hér í nágrenninu og kaupum á húsnæði sé það óhæft, eins og það er núna, að skipta þessu niður í svona marga staði og hefur það í för með sér ýmislegt óhagræði. Ég er sannfærður um það, eins og hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum, að við munum ekki ná samstöðu um það að halda áfram með nýbyggingu þá sem búið er að teikna, og menn hafa nefnt hér tölur allt upp í tvo milljarða sem það kosti, plús það, eins og fram hefur komið, að auðvitað hefur nýbygging ráðhússins veruleg áhrif á hvernig þessi torfa hér í nágrenninu lítur út og umferðaröngþveitið sem henni fylgir mun mæða mjög á þessu svæði.

Ég held að ljóst sé að engir aðilar eru í raun í stakk búnir til þess núna að reka Hótel Borg áfram sem hótel. Húsið er gamalt og á sína sögu og yrði þess vegna Alþingi til sóma að vera þar með aðstöðu fyrir þingmenn og aðra starfsemi. Ég held að verðið sé heldur ekki það sem ætti að stíga okkur til höfuðs og ég tek undir það að hægt er að skipta niður í áfanga nauðsynlegum endurbótum.

Ég legg líka á það áherslu að með því væri heldur ekki verið að taka neina endanlega ákvörðun um það

hvort við ætlum að ráðast í nýbyggingu á þessu svæði eða einhvers staðar annars staðar. Hótel Borg, eða það hús, verður ávallt söluvara þegar við getum náð samstöðu um nýbyggingu eða kaup á öðru húsnæði þannig að ég tel að það sé ekki verið að gera annað en að tryggja sómasamlega rekstraraðstöðu næstu 10–15 árin eða liðlega það. Ég held líka að nauðsynlegt sé að átta sig á því að aðrir möguleikar sem hafa verið ræddir hér, eins og t.d. var minnst á hér áðan, Oddfellow-húsið, að Oddfellow-reglan væri að byggja yfir starfsemi sína. Það er rétt. Mér er kunnugt um að það er að hefjast undirbúningur að því, en það hús mundi þar af leiðandi ekki losna fyrr en í fyrsta lagi eftir 5–6 ár og á þeim tíma sem fram að því líður yrði að leysa þennan vanda þannig að Hótel Borg er auðvitað skásti kosturinn.

Menn hafa talað mikið um að hafa opið bæjarlíf og líflegt hér í miðborginni áfram. Það verður ekki bara með því að reka gistihús þó að einhver fjöldi manna sofi þar. Það er þá frekar veitingaaðstaðan sem skapar umferð fólks í því nágrenni, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að veitingareksturinn í húsinu, í þeirri væntanlega annexíu frá Alþingishúsinu, yrði boðinn út og væri opið fyrir hinn almenna borgara að koma inn á kaffistofuna. Ég sé ekkert á móti því að íbúar borgarinnar og aðrir landsmenn komi þangað og drekki kaffi við næsta borð við okkur þingmenn. Ef menn vilja tala saman um eitthvað í friði sem menn vilja ekki láta bera mikið á er hægt að fara til hliðar og ræða það í lokuðum herbergjum sem ábyggilega skapast nægileg aðstaða til.

Það verð sem minnst hefur verið á er það lágt að sá sparnaður sem kemur fram í rekstri og leigu á því húsnæði sem Alþingi á og leigir í dag mundi að verulegu leyti dekka þann rekstrarkostnað sem af þessu húsi verður. Og eins og ég sagði áðan er ekki þörf á að taka alla bygginguna gagngert í gegn endilega fyrsta árið. Húsgögn eigum við trúlega öll í flest herbergin. Flestir þingmenn eru með skrifstofur í dag og ágæta tækjaaðstöðu, þ.e. húsgögn og það sem því fylgir, þannig að sá kostnaður ætti ekki að þurfa að verða mikill. Ég lýsi því þess vegna að lokum yfir að ég styð þessa tillögu og treysti fjvn. til þess að kanna það til hlítar í samráði við forseta Alþingis hvort hér er um jafnáhugaverð kaup að ræða og ég tel vera.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær ræður sem hér hafa verið fluttar, hvort sem þær hafa verið til stuðnings málinu eða ekki, og tel mjög mikilvægt að þessi umræða hafi farið fram. Ég vil þó aðeins leyfa mér, hæstv. forseti, að víkja að örfáum atriðum sem fram komu í ræðum manna.

Fyrst af öllu vil ég leiðrétta þann misskilning eða biðjast afsökunar á að ég hafi orðað það klaufalega sem vitnað var í ræðu mína að ég teldi það vera rök í málinu að ekki væri annar kaupandi. Það var auðvitað ekki það sem ég ætlaði að segja, hvort sem mér mistókst að koma hugsunum mínum á framfæri, heldur það að húsið, Hótel Borg, einfaldlega hentar Alþingi ákaflega vel og það eru mjög fáar stofnanir sem þurfa einmitt á að halda allt að 42, og þó fleiri væru, tiltölulega litlum herbergjum. Allt það húsnæði sem okkur hefur verið boðið hér í grenndinni er að því leyti óheppilegt að þar er um að ræða að mestu leyti stórar skrifstofur og jafnvel verslanir sem gjörsamlega þyrfti að innrétta að nýju með þar af leiðandi miklum kostnaði.

Í öðru lagi vil ég taka fram, og það finnst mér skipta meginmáli, að það kemur mér alltaf jafnmikið á óvart hvað jafnvel hv. þm. tala af lítilli virðingu um þessa stofnun. Menn tala hér í þá veru að síst af öllu skuli Alþingi Íslendinga vera forgangsverkefni. Fyrir mér er það forgangsverkefni að Alþingi Íslendinga hafi þá aðstöðu sem því sæmir og starfsfólki þess sé gert eins auðvelt og hægt er að vinna hér vel. Og ég vil nú biðja menn að líta í kringum sig hér í húsakynnum hins háa Alþingis. Menn ættu að leggja leið sína, sem ekki hafa þangað komið, út í gömlu Hótel Skjaldbreið og spyrja sjálfa sig hvort þetta sé húsnæði sem sæmir þessari stofnun. Hafa menn gengið hér niður í húsnæðið þar sem fólkið sem í eldhúsinu vinnur starfar? Ég held að það hljóti að vera leitun á annarri eins starfsaðstöðu. Og ég er sannfærð um það að langflest fólk sem væri boðið upp á slíkar aðstæður í hvaða fyrirtæki sem er í landinu færi samstundis í verkfall. Ég held að við ættum að reyna að líta að nýju og öðruvísi augum á þessa stofnun sem við vinnum við.

Ég minnkast mín ekki fyrir að vera alþingismaður og vinna á hinu háa Alþingi og ég minnkast mín heldur ekki fyrir það að heimta að þjóðin sjái svo til að Alþingi Íslendinga hafi þá aðstöðu til að starfa sem best og farsælast, sem það þarfnast. Ég vil leggja á þetta mikla áherslu.

Hv. 4. þm. Vestf. talaði um að e.t.v. væri Hótel Borg ekki hentugt húsnæði vegna þess að það væri í raun og veru ekki nógu nálægt sjálfu þinghúsinu. Ég held að úr því mætti bæta með tíð og tíma. Og ég vil minna menn á, eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vesturl., að líta til Oslóborgar þar sem einmitt hefur verið gripið til nákvæmlega sömu ráða. Þar var keypt gamalt og virðulegt hótel vegna þess að það var gamalt og virðulegt og þótti sæma norska Stórþinginu. Síðan eru þeir að vísu efnaðri en við þeir vinir okkar Norðmenn og hafa nú gert undirgöng yfir í hitt húsið, vissulega með ærnum tilkostnaði, ásamt bílageymslum og öðru og finna nú fæstir fyrir því að þarna sé um verulega fjarlægð að ræða. Og slíkt gæti auðvitað vel komið til greina með tíð og tíma. En ég skal taka það fram að við mundum sennilega ekki leggja í þann kostnað að svo komnu máli.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. talaði í sífellu um annað húsnæði hér í kring. Ég vil varpa fram þessari spurningu: Hvers vegna ekki einmitt Hótel Borg sem, eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar sem húsin skoðaði, hæfir einmitt Alþingi Íslendinga betur en annað húsnæði hér í nágrenninu. Hins vegar er það svo alveg rétt að vel gæti komið til greina með tíð og tíma að festa kaup á húsinu við hliðina á Hótel Borg

sem Reykjavíkurborg á nú og sjálfsagt á eftir að tæma. Vel gæti verið að það húsnæði kæmi að notum þó síðar yrði.

Menn hafa talað um að þetta væri 60 ára gamalt hús. Ég vil minna á að 60 ára gömul hús eru til minni vandræða en hús sem byggð voru síðar. Sjálf bý ég í næstum 60 ára gömlu húsi. Það eru ekki steypugallar í því húsi. Það eru ekki sprungur í því húsi. Það eru heldur ekki steypugallar eða sprungur í Hótel Borg. En ég er ansi hrædd um að auðvelt sé að finna slíkt í hverfum sem byggðust síðar þannig að ég er óhrædd við ástand hússins sjálfs. Hér er um mjög vandað hús að ræða og ein ástæðan fyrir því að erfitt hefur verið að aðlaga Hótel Borg nútímanum, svo það mætti teljast nútímalegt hótel, er að það eru nánast allir veggir burðarveggir. Það er því afar erfitt að rífa neitt niður af veggjum í húsinu. Og í því tilviki þar sem við erum að hugsa um húsið held ég að það sé til mikilla bóta.

Svo að ég taki nú ræður manna í réttri röð gagnrýndi hv. 6. þm. Norðurl. e. yfirstjórn þingsins fyrir of mikla lýsingu hér í sal og vont loft hér í þingsölum. Um þetta höfum við margsinnis talað, svo að því sé nú skotið inn hér, og beðið embættismenn þingsins að kanna þetta mál. Hér voru fyrir nokkrum árum lagðir miklir peningar í að byggja mikið loftræstingarkerfi. Það virðist einhvern veginn aldrei hafa unnið eins og það átti að gera og mun ég nú enn og aftur taka þetta mál upp.

Varðandi hina miklu lýsingu hef ég sterkan grun um að hún sé kannski gerð af tillitssemi við okkur hv. þm. Það mun nefnilega vera þannig, eftir því sem ég hef skilið, að því betri birta, því fegurri verða þingmenn í sjónvarpi. Og ég á nú dálítið erfitt með að berjast fyrir því að við förum öll að ófríkka til mikilla muna, en það er kannski af því að ég þoli þessi ljós greinilega miklu betur en margir hér. En allt skal þetta tekið til athugunar. Jafnframt talaði hv. 6. þm. Norðurl. e. um að breyta Hótel Borg með tilliti til sérstakra þarfa Alþingis. Sannleikurinn er sá að við teljum að þess gerist sáralítil þörf. Húsið er hentugt fyrir Alþingi að öllu öðru leyti en því að sennilega mundum við setja einhverja milliveggi á neðstu hæðina því að eins og segir í skýrslu nefndarinnar sem skoðaði húsið, með leyfi hæstv. forseta, í kaflanum um nýtingu húsnæðisins fyrir starfsemi Alþingis:

„Á jarðhæð má koma fyrir mötuneyti Alþingis og fimm fundaherbergjum er gætu rúmað 60–70 fundarmenn. Þá yrði aðstaða fyrir afgreiðslu og ritara.“ Síðan segir að á 2., 3., 4. og 5. hæð yrðu skrifstofur fyrir alþingismenn, og þær eru þarna og þeim þarf ekkert að breyta. Það eina sem þyrfti sennilega að gera væri að leggja stokka fyrir tölvuleiðslur. Þó man ég ekki alveg — eitthvað er af þeim á neðstu hæðinni, en það kynni að þurfa að setja slíkt á efri hæðirnar, en það er ekki sá kostnaður sem ekki rúmast innan þeirrar fjárhæðar sem hér er talað um. Síðan er talað um að efstu hæð hússins, sem er 240 fermetrar, mætti nýta fyrir lestrar- og fundaaðstöðu Alþingis eða aðra sameiginlega þjónustu. Og bent hefur verið á að turnherbergið hentaði afar vel fyrir t.d. blaðamannafundi og aðrar slíkar samkomur. Ég vil því ítreka það enn og aftur að við teljum einmitt að þessi kostur sé góður vegna þess hve lítið þyrfti að breyta húsinu.

Einhver orðaði það að hér væri um frumhlaup að ræða. Ég held að það hafi verið hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég vísa því til föðurhúsanna því að ég tel að hér hafi verið farið mjög varlega af stað. Fjórum mönnum var falið að skoða vel þennan kost og valdir menn úr hinum ýmsu sérfræðilegu deildum þessa máls svo sem maður sem kunnugur er fasteignasölu, annar verkfræðingur sem kunnugur er húsbyggingum og ástandi húsa, síðan starfsmaður Ríkisendurskoðunar og svo loks sá maður sem annast húseignir þingsins. Þeir skiluðu mjög skýrri og skorinorðri skýrslu og við töldum að hér hefði málið verið undirbúið að verulegu leyti.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði mikið um að þessi hugmynd væri í andstöðu við Reykvíkinga sjálfa. Ber að skilja það þannig að Reykvíkingar geti ekki hugsað sér að hús sem þeim þykir vænt um hýsi Alþingi? Næsta spurning hlýtur þá að vera: Vill Reykjavíkurborg yfirleitt að Alþingishúsið og starfsemi Alþingis sé í Reykjavík? Mér er ekki kunnugt um neitt stríð á milli Reykjavíkurborgar og Alþingis. Ég veit ekki hvaða líf legðist niður þó að Alþingi flytti inn á Hótel Borg, nema ef vera skyldi hávaðasamar samkomur unglinga í bænum eitt eða tvö kvöld í viku og margumræddur hádegisbar sem hingað til hefur nú verið talinn heldur blettur á borgarlífinu en hitt. Ég hef aldrei orðið vör við annað en að starfsemi Alþingis fylgdi einmitt töluvert mannlíf. Mér er þess vegna alveg ósliljanlegt að þetta geti verið hugur Reykvíkinga, enda áttum við fund með borgarstjóranum í Reykjavík ekki alls fyrir löngu, og það var mjög góður og þarfur fundur þar sem hann skýrði sjónarmið borgaryfirvalda. Borgin hefði athugað málið og komist að þeirri niðurstöðu að þarna yrði varla rekið hótel mikið lengur og borgin sæi sér engan hag í að nýta sér húsið á nokkurn hátt. Ég tel því að við höfum algjörlega komist að samkomulagi við borgarstjórann í Reykjavík, og einmitt á þessum fundi lofaði hann að sjá AA-samtökunum, sem hafa verið hér í tveimur húsum þingsins, fyrir nýju húsnæði þannig að við gætum farið að nýta þau hús öðruvísi og hreinsa til hér á svæðinu því að auðvitað var hann sammála okkur um að útlitið á þessu svæði væri til stórvansa.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki lengja þetta mikið. Ég vil taka undir með hv. 5. þm. Suðurl. Þessi till. er sparnaðartillaga. Þetta er tvímælalaust langódýrasti kostur sem þingið á til þess að leysa þann vanda sem ég tel að okkur beri skylda til að leysa, sem sagt, að aðstaða, hvort sem er hv. þm. eða starfsmanna við þessa virðulegu stofnun, sé í þá veru að sómi sé að.

Hv. 2. þm. Reykn. minntist á hugmynd sem mér hafði ekki til hugar komið og ég held engum okkar út af efasemdunum sem komnar eru upp vegna húsanna við hliðina á okkur hér í Kirkjustræti. Hann minntist á það að Alþingi gæfi Reykjavíkurborg þessi hús á svipaðan hátt og ríkið gaf borginni Viðeyjarstofu.

Þetta þykir mér áhugaverð hugmynd og koma mjög vel til greina. En ég hlýt að koma því hér á framfæri í sambandi við þau hús, vegna ræðu hv. 4. þm. Vestf. og hv. forvera míns, að einhverjar efasemdir hljóta allan tímann að hafa verið um þessi hús vegna þess að hér er ég með í höndunum minnispunkta varðandi Alþingishúsið frá borgarskipulagi Reykjavíkur, dags. 23. nóv. 1989. Þar segir Þorvaldur S. Þorvaldsson: „Deiliskipulag Kvosarinnar var samþykkt í borgarstjórn 1. okt. 1987 og staðfest af ráðherra 22. febr. 1988." Ég legg áherslu á dagsetninguna 1. okt. 1987. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Í samþykkt borgarstjórnar kemur m.a. fram að hún áskilur sér „rétt til sérstakrar umfjöllunar um skipulag Alþingisreits" og tekur fram að með samþykki sínu nú „er ekki verið að samþykkja byggingarmagn og form þinghúss á reitnum".

Í 3. gr. segir hann: „Í greinargerð og skipulagsuppdrætti Kvosarskipulagsins er fyrsta verðlaunatillaga úr samkeppni um nýbyggingu Alþingis sýnd en tekið fram að hún hafi ekki verið lögð fram fyrir borgaryfirvöld til samþykktar." Svo heldur hann áfram: „Á skýringarteikningu bls. 16 í greinargerð Kvosarskipulagsins eru sýnd þau hús sem verða að víkja samkvæmt skipulagstillögunni." Samkvæmt kortinu á húsaröðin við Kirkjustræti nr. 8, 8b og 10 að víkja, svo og hús nr. 5b og 3c við Tjarnargötu. Síðan kemur hérna fram að athugasemdir hafi borist þegar skipulagstillagan var auglýst og ég hef einnig undir höndum bréf frá þjóðminjaverði, sem er formaður húsfriðunarnefndar, sem lagðist mjög gegn því að þessi hús yrðu að víkja. Það lá því aldrei ljóst fyrir að húsin mættu víkja vegna þess að það var aldrei gengið þannig frá teikningu að hægt væri að leggja hana fyrir byggingarnefnd, svo að samþykki hefur aldrei fengist. Það er alveg óumdeilanlegt. Ég býst við að það sé rétt hjá hv. 4. þm. Vestf., að hefði komið til þessarar miklu byggingar hefði borgin ekki sett sig á móti því að húsin yrðu að víkja.

En ég skal nú, hæstv. forseti, ekki lengja þessa ræðu, enda tími minn útrunninn. Ég þakka þessar umræður og treysti því að hv. þm. greiði fyrir því að þessi till. fari nú til hv. fjvn. og fái afgreiðslu þaðan nú fyrir þessi áramót því ég held að nái hún ekki fram að ganga hljótum við að verða að líta til annarra kosta sem ég er því miður hrædd um að kunni að verða ærið kostnaðarsamari.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það hefur margt borið á góma í þessum umræðum og ég vildi mjög gjarnan koma að mörgu, en ég verð að neita mér um það. Það er ekki tími til þess að gera slíkt. En kannski stóð ég aðallega upp til þess að leiðrétta ákveðinn misskilning sem hér hefur komið fram í þessum umræðum.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. kom fyrst inn á þetta atriði. Hann sagði að það gæti ekki orðið af nýbyggingu þeirri sem teikning hefur verið gerð að hér í nágrenni Alþingishússins vegna ráðhússins. Og hv. þm. bætti við: „Það er ekki að sakast við núv. forseta. Þetta er frá öðrum tíma," eins og hann orðaði það.

Já, það er nú langur tími sem við þyrftum að rekja. Það eru nokkrar staðreyndir sem við verðum að hafa í huga í sambandi við þetta mál og við megum ekki neita staðreyndum og ég ætla engum að gera slíkt. Það hefur verið gert ráð fyrir ráðhúsi á aðalskipulagi Reykjavíkur við norðurenda Tjarnarinnar frá 1967. Þannig var það 1981 þegar Alþingi samþykkti sína þingsályktunartillögu sem ég hef hér áður gert grein fyrir. Þá var gert ráð fyrir ráðhúsi á þessum stað. Og þegar fram fór samkeppni um teikningu af nýbyggingunni eins og Alþingi mælti fyrir um stóð málið þannig að gert var ráð fyrir ráðhúsi við norðurenda Tjarnarinnar. Mér er ekki kunnugt um að það hafi nokkurn tímann allan þennan tíma komið fram nokkur formleg mótmæli af hálfu Alþingis við þessu. Mér er ekki kunnugt um það.

En snemma árs 1988 skrifuðu þáv. forsetar Alþingis borgaryfirvöldum út af þessu máli og í því bréfi segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir að núv. Alþingishús verði notað til frambúðar, en til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að byggja hús í nálægð Alþingishússins fyrir þá starfsemi sem rúmast ekki þar. Þeim húsum er ætlaður staður á landspildunni sem Alþingi hefur til umráða, annars vegar milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis og hins vegar milli Templarasunds og Tjarnargötu.

Alþingi leggur áherslu á að tekið verði fullt tillit til þarfa þess við ráðstöfun byggingarlóða í næsta nágrenni Alþingishússins."

Þetta var skrifað snemma árs 1988. Og mér er ekki kunnugt um neinar slíkar hliðstæðar orðsendingar fyrr eða síðar út af staðsetningu ráðhúss, slíkar orðsendingar frá Alþingi.

Ég nefndi hv. 6. þm. Norðurl. e. í þessu sambandi en hann er hvorki lakari né betri en aðrir í þessu efni. Hann gerði ekki athugasemdir við staðsetningu ráðhússins fyrr en hann kom með málið inn á síðasta þing, eins og menn muna, og er ég ekki að setja út á það.

Hér eiga hlut að máli, í sambandi við þennan misskilning sem ég er að leiðrétta, fleiri en hv. 6. þm. Norðurl. e. Sami misskilningur kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn., hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. og hjá 8. þm. Reykn. Ég tel mig hafa leiðrétt þennan misskilning, að tilkoma ráðhússins geri útilokað að byggja eftir teikningu þeirri sem kom út úr samkeppninni um nýtt hús. Það var allan tímann gert ráð fyrir þessum möguleika. En það var sá munur í framkvæmd á byggingu ráðhússins frá því sem áður var reiknað með að áður var gert ráð fyrir að ráðhúsið stæði fyrir miðjum norðurenda Tjarnarinnar en nú stendur það ekki þar heldur í norðvesturhorninu og þykir það hentugri staður með tilliti til Alþingis.

Hv. 13. þm. Reykv., hæstv. forseti Sþ., las upp úr fundargerð byggingarnefndar, að ég hygg, varðandi

þetta mál. Það sem þar kom fram breytir í engu því sem ég er að segja. Og ég legg áherslu á það, eins og kom fram í máli hæstv. forseta, að það var ekki búið að leggja neinar tillögur af hálfu Alþingis fyrir byggingarnefnd þegar fráfarandi forsetar létu af störfum og það hefur ekki verið gert síðan. Þetta var ekki gert vegna þess að það þótti nauðsynlegt að fá fyrst ákvörðun Alþingis fyrir því að það ætti að leggja í þessar framkvæmdir, eins og fyrirhugaðar voru, og þá ákvörðun var ekki búið að fá. Þetta er eina ástæðan fyrir því, að það var ekki búið að fá samþykki byggingarnefndar, og það var alla tíð gengið út frá því að það væri auðsótt mál og sjálfsagt. Það var haft slíkt náið samband við borgaryfirvöld og skipulagsyfirvöld borgarinnar að það var ekki gert ráð fyrir öðru, enda vék ég að þessu fyrr í ræðu minni.

Það hafa ýmsir hér haft ánægju af því að fara hörðum orðum um þá verðlaunateikningu sem kom út úr samkeppninni um teikningu á nýju húsi fyrir Alþingi. Ég ætla ekki að fara að deila hér um smekksatriði. Ég minni hins vegar á að það var mjög góð þátttaka í þessari verðlaunasamkeppni. Það komu á milli þrjátíu og fjörutíu tillögur og það er talið að milli 200 og 300 arkitektar hafi unnið að þessari samkeppni.

Sl. haust, rétt áður en Alþingi kom saman, var málum svo komið að frágengin var áfangaskýrsla um framkvæmdir sem viðkomu nýbyggingu Alþingis. Þá var einnig búið að gera sérstakt líkan af þessu húsi og það var ætlan fyrrv. forseta að þetta líkan yrði til sýnis alþingismönnum hér í Alþingishúsinu og það yrði kynnt þjóðinni þannig að menn gætu sem best séð hvernig byggingin mundi líta út og með sérstöku tilliti til nálægra bygginga.

Það hefur ekkert orðið af þessu. Þessu líkani hefur verið stungið undir stól og núv. forsetar hafa ekki sýnt það. Ég vil nú skora á núv. forseta að gera bragarbót og gefa alþingismönnum kost á að sjá þetta verk.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það eru bara nokkur orð. Hv. 4. þm. Vestf. hefur misskilið mín orð. Ég var ekki að ásaka neinn sérstakan. Ég var bara að tala um að það var orðið of seint að grípa í málið þegar hæstv. núv. forseti tók við. Þá var byrjað að byggja húsið þarna. Og það er alveg rétt að þetta er lengri saga en frá 1967, eftir því sem ég veit best, en kem ekkert inn á hér. En það réttlætir ekki sofandahátt margra fyrrverandi forseta Alþingis í þessu máli því að ég held að það sé að verða útbreidd skoðun meðal þingmanna að þetta hús verði aldrei byggt, og það er fyrst og fremst út af ráðhúsinu. Það er bara þessi staðreynd sem ég var að tala um.

Ég ætla ekki að ræða það meira en ég vil bara, vegna þess að ég hef ekki verið alveg aðgerðalaus í sambandi við að afla mér upplýsinga um Hótel Borg og ég veit ekkert hvort ég hef fengið réttar upplýsingar heldur, segja hér og nú: Ég hef talað við menn sem þekkja þarna til og eru byggingameistarar, bæði trésmíðameistarar og pípulagningameistarar, og þeir tjá mér að það sé mjög hætt við því að það þurfi að athuga alla raflögn í húsinu og hitalögn. Ég vil koma þessu hérna á framfæri þó að ég hafi bara sögusagnir annarra, en það þarf auðvitað að líta á öll þessi mál. 60 ára gömul hús eru 60 ára, og hús sem eru byggð fyrir 20–30 árum hafa reynst þannig að það þurfti að skipta bæði um hitalagnir og raflagnir þannig að það er ekki ótrúlegt að þetta sé einmitt svona.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér áðan í umræðunum kom það mér mjög á óvart að hv. 1. flm. þessarar þáltill. sagði efnislega, vonandi hef ég skilið það rétt, að það væri a.m.k. sæmileg sátt á milli Alþingis og borgaryfirvalda og að þar væri ekki um þann ágreining að ræða sem áður hefði verið. Um hann vitum við. Borgarráð samþykkti einróma að andmæla þessum fyrirætlunum á sínum tíma. Af þessu tilefni hafði ég samband við borgarstjórann í Reykjavík og hann staðfesti það að sú ályktun stæði óhreyfð en hins vegar hefði verið spurt á fundi, væntanlega þeim sama sem hæstv. forseti Sþ. sagði hér frá áðan, hvort Reykjavíkurborg hygðist kaupa Hótel Borg og því hefði verið svarað að engin ályktun lægi fyrir um það efni. Þetta væri það efnislega í þessu: annars vegar mótmæli og athugasemdir borgarinnar standa óbreytt, borgin er á móti þessu og getur auðvitað stöðvað það vegna þess að það má ekki breyta atvinnuhúsnæði í skrifstofuhús eða hóteli í skrifstofuhúsnæði nema með samþykki borgarinnar. Borgarráð í heild sinni hefur andmælt þessum fyrirætlunum, og hitt er líka rétt að borgin hefur ekki ákveðið að kaupa hótelið. Þetta er mergurinn málsins og ég vona að þessi leiðrétting komist rétt á framfæri, enda efa ég ekki að borgarstjóri hefur það rétt og ef einhver misskilningur hefur þá verið milli borgarstjóra og hæstv. forseta verða þau að útkljá það.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti, athugasemdin skal vera örstutt. Ég sé ekki að neinn misskilningur sé á milli borgarstjórans í Reykjavík og okkar forseta sem áttum með honum fund, og ég harma nú að samforsetar mínir skuli ekki vera hér í salnum til að vera vitni um þann fund. Þó vil ég taka fram að hæstv. forseti hér í Sþ. var, ef ég man rétt, á þeim fundi. Það var einmitt þetta sem fram kom að engin ályktun lægi fyrir um það að borgin hygðist kaupa Hótel Borg. Síðan var einmitt rætt um þetta atriði, að auðvitað yrði Alþingi að sækja um breytingu á nýtingu hússins til byggingarnefndar og borgarstjóri sagði þá, og ég hef ótal vitni að þeim ummælum, að borgin mundi ekki leggja stein í götu Alþingis ef til þess kæmi. Jafnframt kom fram á þessum fundi að allir viðstaddir voru sammála um það að dagar þessa húss sem hótels væru taldir. Það getur vel verið rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að borgaryfirvöld vildu gjarnan að þetta væri ekki svona, en niðurstaða þessa fundar var sú að um það væri ekkert að ræða að bjarga húsinu fyrir hótelrekstur. Og síðan

gerðist það, og það er atriði sem kom til eftir þennan fund og í framhaldi af honum, og ég bið hv. 8. þm. Reykv. að hlusta vel á það: Skrifstofustjóri Alþingis kom til forseta Sþ. með skilaboð frá Jóni Tómassyni borgarlögmanni, því að við höfðum beðið borgarstjóra að láta okkur vita hvort eitthvað nýtt kæmi fram sem hindraði frekari framgang málsins. Og skrifstofustjóri Alþingis bar þau skilaboð frá Jóni Tómassyni, allnokkuð löngu síðar, að það mundi ekkert nýtt koma fram. Þannig stæðu þessi mál. Borgin hygðist hvorki kaupa né styrkja neinn rekstur í húsinu og ekki fremur en um var talað leggja stein í götu Alþingis þegar til kæmi umsókn um breytta nýtingu hússins, þannig að ég tel að við höfum haft töluvert fyrir okkur í því að borgaryfirvöld mundu ekki beita sér í þessu máli gegn hinu háa Alþingi. Ég vænti þess að hæstv. forseti Nd. staðfesti þessi orð mín því við vorum öll saman í þessum málarekstri, þannig að ég sé ekki að þar sé um neinn misskilning að ræða. Ég skal svo sjá til þess að borgarstjórinn í Reykjavík fái afrit af þeim orðum sem hér hafa fallið af minni hálfu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað örstutt athugasemd. Ég ætla ekkert að deila um þessi orðaskipti. Ég var ekki viðstaddur. Ég var eingöngu að hafa það eftir sem borgarstjóri sagði mér að ég mætti hafa eftir sér og það kemur auðvitað heim og saman við það þegar spurt er hvort einhver breyting hafi orðið af hálfu borgaryfirvalda. Þá liggur það fyrir, mótmælin standa óbreytt. Allt borgarráð er andvígt þessu. Það hefur engin breyting orðið á því. Hvort viðhaft hefur verið eitthvert orðalag um að borgin mundi ekki leggja stein í götu Alþingis o.s.frv. eða það að dagar þess væru taldir að það yrði hótelrekstur í þessu húsi, að slík ummæli hafi fallið af hálfu borgarstjóra — það kemur þá á daginn hvort hann ... (**GHelg:** Ég var ekki að vitna orðrétt í borgarstjóra.) Nei, sameiginlegt álit eða hvað, en alla vega er eitthvað málum blandað í þessu öllu saman. Það sem stendur eftir er þetta: borgin er andvíg þessu. Sú ályktun stendur, alls borgarráðs. Og hitt er það að auðvitað fer borgin ekki að gera tilboð í hús sem ekkert er sérstaklega boðið henni því að borgin ætlar sér auðvitað ekkert að taka þátt í hótelrekstri, en það lá auðvitað fyrir að borgin ætlaði að gera það sem hún gæti til þess að tryggja að þarna yrði áfram hótelrekstur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:

Bolli Héðinsson hagfræðingur (A),
Sigríður Lillý Baldursdóttir (B).

Varamenn:

Elín Jóhannsdóttir kennari (A),
Guðrún Agnarsdóttir alþm. (B).

Kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég vík beint að þeirri till. til þál. sem hér er til umræðu vil ég vekja athygli á því að eitt af forgangsverkefnum núv. ríkisstjórnar í utanríkismálum er að afla hugmyndinni um afvopnun á höfunum fylgis á alþjóðavettvangi. Þetta kemur skýrt fram í skýrslu utanrrh. sem lögð var fyrir Alþingi í apríl sl. og í fjölmörgum yfirlýsingum síðar.

Ég vek sérstaka athygli á því skrefi sem stigið var á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í lok maí sl. þar sem Ísland varð fyrst aðildarríkja til að lýsa formlega áhuga sínum á þessu máli og því að Íslendingar vildu vinna að framgangi þess innan bandalagsins. Við þá yfirlýsingu hefur verið staðið með virkum málflutningi í tvíhliða viðræðum utanrrh. við ýmsa fulltrúa bandalagsríkjanna og almennt af hálfu utanríkisþjónustunnar. Til utanrrn. hefur verið ráðinn sérstakur sérfræðingur til að sinna þessum málaflokki og í störfum fastanefndar Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu hefur málið verið forgangsverkefni.

Á nýafstöðnum leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins var einnig fjallað um þessi mál í framhaldi af fundi leiðtoga stórveldanna undan ströndum Möltu. Á þeim fundi náðist mikilvægur árangur og vonir voru vaktar um stóran áfanga á sviði afvopnunarmála á næsta ári. Á þeim grundvelli ætti að vera unnt að byggja einnig síðar afvopnun á höfunum. Við teljum nauðsynlegt og skynsamlegt að hefja nú þegar undirbúning að slíkum viðræðum, ekki síst vegna þess hversu flókið og tiltölulega lítt kannað þetta málefni er. Höfin eru að langstærstum hluta alþjóðlegt svæði og falla ekki undir yfirráð einstakra ríkja. Það er ekki síst þessi staðreynd sem veldur því að afvopnun á höfunum þarf að nálgast að ýmsu leyti á annan veg en afvopnun á landi. Því fer víðs fjarri að fullljóst sé hvernig leysa á ýmis vandamál sem þessu er samfara. M.a. af þessum sökum höfum við lagt áherslu á að undirbúningur hefjist fyrr en síðar. Það eru á því sterkar líkur að samningar um niðurskurð hefðbundinna vopna í Evrópu takist á næsta ári. Samningavið-

ræður ganga hratt og fremur greiðlega um þessar mundir. Reyndar svo greiðlega að ýmis ríki, einkum smærri ríkin, eiga fullt í fangi með að inna af hendi alla þá vinnu sem fylgir því að vera beinir aðilar að þessum viðræðum. Það kann að koma að því á síðari hluta næsta árs að ákveða framhaldið og við teljum brýnt að afvopnun á höfunum verði þar ofarlega á blaði.

Á leiðtogafundinum undan ströndum Möltu tókst því miður ekki að ná samkomulagi um að taka afvopnun á höfunum á dagskrá í viðræðunum milli austurs og vesturs. Þrátt fyrir þetta leyfi ég mér að fullyrða að á því er vaxandi skilningur að þegar til lengdar lætur er tæpast mögulegt að skilja að land og haf í afvopnunarmálum. Utanrrh. vakti athygli á þessu í ræðu sinni hjá Sameinuðu þjóðunum í okt. sl. og frá þeim tíma hefur það komið enn skýrar í ljós. Við erum þess vegna bjartsýnir á að okkar málstaður nái fram að ganga. Það er óhætt að fullyrða að tíminn vinnur með okkur í þessu máli, ekki síst þegar höfð er í huga hin hraða þróun í átt til bættra samskipta milli austurs og vesturs sem við verðum vitni að nánast á hverjum degi um þessar mundir og á undanförnum mánuðum. Þótt höfin séu ekki viðfangsefni samningaviðræðna um afvopnun milli austurs og vesturs enn sem komið er er ástæða til að minna á að líkur benda til þess að samningar um langdræg kjarnorkuvopn, svonefndir START-samningar, takist á næsta ári. Með START-samningi mundi langdrægum kjarnorkuvopnum á höfunum fækka verulega. Eins og utanrrh. vakti athygli á í ræðu sinni hjá Sameinuðu þjóðunum í október teljum við fulla ástæðu til þess að hinn mikli fjöldi annarra kjarnavopna sem ætluð eru sjóherjum verði einnig viðfangsefni samninga. Í því sambandi er þó rétt að vekja athygli á að Bandaríkjamenn hafa einhliða ákveðið verulegan niðurskurð kjarnorkuvopna í bandaríska flotanum eða sem nemur um 1100 kjarnavopnum. Eftir stendur þó að mikið magn kjarnavopna er ætlað sjóherjum og staðreyndin er að enginn floti er í jafnríkum mæli útbúinn til notkunar kjarnorkuvopna og sovéski flotinn. Hér á ég ekki við fjölda vopna heldur hversu stór hluti flotans er útbúinn með kjarnavopnum eða getur beitt þeim.

Höfin hafa einnig komið við sögu að öðru leyti í samskiptum austurs og vesturs að undanförnu. Bandaríkin og Sovétríkin gerðu með sér samning í júní sl. um aðgerðir til að koma í veg fyrir að hætta stafaði af ýmiss konar starfsemi herafla. Þessi samningur nær ekki eingöngu til land- og flughernaðar heldur einnig til sjóhernaðar. Hvað höfin varðar má líta á samninginn sem frekari útfærslu á samningi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna til að koma í veg fyrir hættuleg atvik á höfunum, en hann er, eins og kunnugt er, talinn hafa dregið mjög úr slysum á höfum úti. Árangur þessa samnings hefur leitt til þess að fleiri þjóðir hafa gert tvíhliða samninga við Sovétríkin um sama efni, m.a. Bretar, Frakkar, Vestur-Þjóðverjar og Kanadamenn. Norðmenn hafa jafnframt hafið samningaumleitanir um þetta efni.

Slys af því tagi sem við urðum vitni að í norðurhöfum fyrr á þessu ári, þegar sovéskir kafbátar urðu í þrígang fyrir áföllum, hljóta að vera þjóð, sem byggir sína afkomu á fiskveiðum, mikið áhyggjuefni. Með samningum verður þó ekki unnt að koma í veg fyrir slík slys af því tagi. Samningarnir, sem gerðir hafa verið fram til þessa, hafa ekki beinst að því að draga úr slysahættu. Slysin verða yfirleitt ekki vegna árekstra eða annarra atvika sem leiða af starfsemi milli sjóherja frá mismunandi þjóðum heldur vegna bilunar í útbúnaði eða vegna mannlegra mistaka. Könnun á því hvernig hugsanlega mætti draga úr mengunarhættu vegna slysa af þessu tagi leiddi til þess að utanrrh. lagði til í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í okt. sl. að sem fyrsta skref setti Alþjóðakjarnorkumálastofnunin alþjóðlegar reglur um öryggi kjarnavopna á höfunum. Það er ætlunin að fylgja þessu máli eftir frekar af hálfu Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ég hef hér bent á nokkur meginatriði sem lúta að afvopnun á höfunum á alþjóðavettvangi og málflutningi Íslendinga í þeim efnum og vík þá beinlínis að efni þeirrar þátill. sem hér er til umræðu.

Það liggur fyrir og hefur gengið fram af því sem ég hef sagt til þessa hversu jákvæðum augum ríkisstjórnin lítur á afvopnun á höfunum og hversu brýnt hún telur að undirbúningur að slíkum viðræðum hefjist. Ég tel jafnframt æskilegt að sem víðtækust umræða um þessi mál fari fram, hvort sem er á sérstökum ráðstefnum eða úti í þjóðfélaginu. Ég hlýt því að líta á efni þessarar þáltill. með jákvæðum huga. En því miður á það sama við nú og fyrr á þessu ári þegar utanrrh. svaraði fsp. hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á höfunum að það er enn ekki tímabært að mínu áliti að halda slíka ráðstefnu. Ástæðan er einfaldlega sú að afvopnun á höfunum er nú á því stigi að verið er að knýja á um að undirbúningur að samningaviðræðum hefjist sem fyrst. Með öðrum orðum, að skapa vilja fyrir því að slíkur undirbúningur hefjist. Við getum ekki kallað saman ráðstefnu til undirbúnings samningagerð fyrr en við höfum þann áfanga að baki. Það hefur litla þýðingu að standa að slíkri ráðstefnu ef þeir aðilar eða ríki sem eiga fulltrúa á henni eru ekki sammála um það hvort efnt skuli til samningaviðræðna um afvopnun á höfunum. Eins og ég sagði áðan er ég nú bjartsýnn á að okkur takist fyrr en síðar að koma málinu á dagskrá og þá getur vel komið til greina að huga að því hvort við Íslendingar eigum að kalla saman ráðstefnu af því tagi sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ég tel það hins vegar ekki tímabært á þessari stundu. Slíkt kynni fremur að skaða okkar málstað en verða honum til framdráttar. Af þessum sökum sé ég mér ekki fært að styðja tillöguna. Til þess að enginn misskilji mig, þá vil ég undirstrika áhuga ríkisstjórnarinnar í þessu máli og það starf sem unnið er á hennar vegum til að eiginlegur undirbúningur að viðræðum um afvopnun á höfunum hefjist sem fyrst. En við megum ekki rasa um ráð fram í svo mikilvægu máli og það er ekki sama hvaða leiðir við förum.

Segja má að tillagan sé ekki tímabær nú en það kynni að hafa breyst að svo sem einu ári liðnu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessari umræðu var frestað að ég hygg einhvern tíma í októbermánuði vegna þess að þá var hæstv. utanrrh. staddur erlendis og ráðgert var að halda áfram umræðunni þegar hann yrði næst staddur hér á landi og gæti svarað fyrirspurnum sem fram komu í umræðunni og beint var til hans. Nú hefur það hvort tveggja gerst að hæstv. utanrrh. hefur komið heim og farið út aftur án þess að koma því við að taka þátt í umræðu um þetta tiltekna mál. Ég vil af því tilefni ítreka þá spurningu sem ég bar fram þegar umræðan hófst hér á sínum tíma til hæstv. starfandi utanrrh.

Það er að sönnu svo að umræður um afvopnun á höfunum hafa staðið um nokkur undangengin ár. Það var Geir Hallgrímsson, sem utanrrh., sem hóf umræður á alþjóðavettvangi af Íslands hálfu um þetta mikilvæga viðfangsefni og um nauðsyn þess að fiskveiðiþjóðir væru á varðbergi, m.a. vegna hættu á kjarnorkuslysum. Hann hafði með öðrum orðum frumkvæði af Íslands hálfu að þeirri umræðu sem nú fer fram. Ég tel að við þurfum á næstunni að gefa þessu viðfangsefni aukinn gaum. Miklar breytingar eiga sér stað í þesum efnum og eðlilegt að við leggjum á þetta viðfangsefni sérstaka áherslu þegar Vínarviðræðunum lýkur. En um leið verðum við auðvitað að gæta þess að viðhalda áfram því jafnvægi sem öðru fremur hefur þrýst á að sú gleðilega þróun hófst sem við erum nú vitni að varðandi afvopnun svo að ég ekki tali nú um hrun sósíalismans í Austur-Evrópu.

En hvernig hugum við, út frá íslenskum varnarhagsmunum, að þessum breytingum? Auðvitað munu þessar breytingar leiða til þess að menn þurfa að endurmeta sitthvað í vörnum landsins og þeim áherslum sem þar verða helstar. Ekki er ólíklegt að eftirlitshlutverk varnanna verði meira eftir en áður þegar þessar breytingar eru orðnar að veruleika og við höfum náð árangri m.a. með samningum um afvopnun í höfunum, sem ég er sannfærður um að við munum ná.

Það hefur vakið upp spurninguna um svonefndan varaflugvöll. Ég hygg að eftirlitshlutverk varnarliðsins verði þýðingarmeira ef við náum þessum breytingum fram, en það hefur jafnvel verið fram að þessu. Einmitt nýr varaflugvöllur geti haft þýðingu í því efni, geti styrkt það hlutverk varnarliðsins að hafa eftirlit með vopnaviðbúnaði í höfunum og þá um leið að gæta þess að hugsanlegum samningum um afvopnun verði viðhaldið.

Ég geri ráð fyrir því að varaflugvöllur sem um hefur verið talað geti haft veigamikla þýðingu einmitt að því er varðar aukið eftirlit með vopnaviðbúnaði og hugsanlegri afvopnun. Það var upplýst af hálfu Alþb. í vor sem leið að það hefði komið í veg fyrir að hæstv. utanrrh. tæki ákvörðun um forkönnun varaflugvallar. Hæstv. utanrrh. gerði lítið úr þeirri yfirlýsingu. Enn sem komið er hefur hann hins vegar ekki tekið neina ákvörðun þar að lútandi. Og nýlega samþykkti landsfundur Alþb. að þetta yrði stjórnarslitamál. Hæstv. forsrh. hefur á hinn bóginn lýst því yfir að þetta sé ekki ríkisstjórnarmál heldur alfarið ákvörðunarmál utanrrh. Og formaður utanrmn., fulltrúi Framsfl. þar, lýsti því í fyrri hluta þessarar umræðu að hans flokkur sæi ekkert og hefði ekkert á móti því að utanrrh. tæki ákvörðun um að þessi forkönnun vegna varaflugvallar færi fram. Ég hygg því að það sé öruggur meirihlutastuðningur fyrir því á Alþingi að tekin verði ákvörðun um forkönnun varaflugvallar á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Það virðist hins vegar vera svo að Alþfl. hafi í reynd falið Alþb. húsbóndavald að því er varðar þetta atriði í utanrrn. þó að fyrir liggi yfirlýsing frá hæstv. forsrh. þess efnis að hér sé um að ræða ákvörðunarvald utanrrh. en ekki ríkisstjórnarmál. Og það er einsdæmi að Alþb. hafi verið fengið slíkt áhrifavald um utanríkismálefni og varnarmálefni eins og í þessu tilviki.

Ég vil þess vegna ítreka fsp. mína til hæstv. utanrrh.: Ætlar hann með einhverjum hætti að sýna fram á að annað sé upp á teningnum en það sem nú blasir við, að Alþb. hafi í raun verið fengið ákvörðunarvald í þessu efni? Þorir hæstv. utanrrh. ekki að taka þessa ákvörðun, vegna hótana Alþb. um stjórnarslit? Mér sýnist að flest bendi til þess að sú staða sé uppi og vil ítreka að ég lít svo á að þá sé um mjög alvarlega staðreynd að ræða, alveg nýja stöðu sem aldrei hefur komið upp áður í íslenskum stjórnmálum. Þó að í einstökum tilvikum hafi verið samið um takmörkun varnarliðsframkvæmda þegar Alþb. hefur átt aðild að ríkisstjórn hefur það aldrei fengið það áhrifavald að geta hindrað ákvarðanir sem fyrir liggur að eru alfarið á valdi utanrrh. en eru ekki ríkisstjórnarmál.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég vildi vekja athygli hv. 1. þm. Suðurl. á því að hér er ekki til umræðu spurningin um forkönnun á því hvort hyggilegt sé að byggja fullkominn varaflugvöll á Íslandi. Það er að sönnu rétt sem kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. að það mun skipta afar miklu máli hvernig staðið verður að eftirliti með hugsanlegu samkomulagi um afvopnun á höfunum sem við öll vonum að náist. En að tengja það þessu tiltekna máli á þessu stigi tel ég alls ekki tímabært. Eftirlitshlutverkið verður vandasamt og vel er hugsanlegt, og má telja næsta víst, að þar hljóti Ísland að koma við sögu, einfaldlega af því að landið er þar í veröldinni sett sem raun ber vitni, á miðju Atlantshafi. Og ég gæti hugsað mér að spurningar um aðstöðu eins og þá sem hér er nefnd kynnu að koma þar við sögu. En málið er núna alls ekki því tengt og ég tek það fram, eins og margoft hefur verið sagt, þá verða ákvarðanir teknar um það mál á rökum þess máls og á þeim tíma sem það er hentugt vegna þeirra málavaxta. Forkönnun eða ekki, ákvörðun um hana er að sjálfsögðu á forræði utanrrh. eins og fram hefur komið. Það er alveg sjálfsagt mál að staðfesta það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Tilefni þess að ég tek hér til máls er ræða 1. þm. Suðurl. hér áðan, sem mér fannst, eins og hæstv. utanrrh., vera svolítið á skjön við það mál sem hér er til umræðu.

Það er þá fyrir það fyrsta að persónulega sé ég ekkert því til fyrirstöðu að gerð verði forkönnun varðandi varaflugvöll hér á landi. Hins vegar tel ég að það beri að virða þær ákvarðanir sem um það mál hafa verið teknar í stjórnarsáttmála og ég efa ekki að stjórnarflokkarnir muni komast að samkomulagi um þá túlkun.

Það er hins vegar einn hlutur í þessu máli og í málflutningi sjálfstæðismanna sem ég á erfitt með að skilja. Það er spurning um orsök eða afleiðingu og hvort sá þrýstingur sem nú er um aukna afvopnun er til kominn vegna þess ógnarjafnvægis sem menn hafa viljað starfa undir á alþjóðavettvangi undanfarin ár eða einhvers annars. Ég reyndar lít þannig á að drifkrafturinn í afvopnunarviðræðum núna sé þörf austantjaldsríkjanna til þess að geta beitt sínu afli og sínum fjármunum nú um sinn, og vonandi um langa framtíð, til þess að byggja þar upp efnahagslega sjálfstæð, lýðræðisleg ríki að fyrirmynd vestrænna þjóða. Um þetta finnst mér umræðan í utanríkismálum að verulegu leyti snúast núna. Ég er að vísu ekki mjög fróður um utanríkismál en tilfinning mín segir mér að þetta sé nánast einsdæmi í afvopnunar- og utanríkismálaumræðu á Vesturlöndum í dag að ein þjóð eða stjórnarflokkur hjá einni þjóð berjist fyrir aukinni hernaðaruppbyggingu, sbr. umræðu um varaflugvöll nú.

Ég ætla síðan að koma að því sem ég hef aldrei skilið í röksemdafærslunni fyrir varaflugvellinum en sem mundi væntanlega koma í ljós ef þar yrði gerð forkönnun. Það er að menn segja: Þetta getur haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna varðandi eftirlitshlutverk okkar Íslendinga á norðurhöfum. Nú vil ég ekki draga úr því hlutverki og þar munum við, meðan við tökum þátt í samstarfi NATO-þjóðanna, hafa hlutverki að gegna. Í hinu orðinu segja menn: Varaflugvöllurinn verður ekki til nokkurra hernaðarnota á friðartímum, hann verður eingöngu þar til staðar ef á þarf að halda. Og lái mér nú hver sem vill þó ég skilji það ekki hvaða tilgangi hann þjónar þá í eftirlitshlutverkinu ef í hinu orðinu er hafður uppi sá málflutningur að hann skuli ekki, og engar undantekningar gefnar á því, nýttur í hernaðarlegum tilgangi á friðartímum. Þetta er að mínu mati einhver mesta rökleysa sem ég hef heyrt hafða uppi í stjórnmálaumræðunni hér á seinni árum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Guðmundur H. Garðarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Hæstv. settur utanrrh. hafði tjáð mér það að hann þyrfti að víkja af fundi. Það væri ekki vegna þess að hann væri að flýja það að sitja hér undir ræðum hv. þm. heldur er það þessu máli skylt sem hér er á dagskrá þannig að ég skil að hann muni væntanlega koma fljótt aftur á þennan fund.

Virðulegi forseti. Það er mál ýmissa hér að hv. þm. eyði miklum tíma í að ræða um það mál sem hér er á dagskrá. Samt viðurkenna allir sem hér taka til máls, hvort sem það eru hæstv. ráðherrar eða hv. þm., að hér sé verið að fjalla um það stærsta mál sem hv. Alþingi hefur haft til meðferðar frá því að lýðveldið Ísland var stofnað. Það er auðvitað rétt vegna þess að þótt hér sé verið að fjalla um skýrslu utanrrh. undir því forheiti að verið sé að ræða um könnunarviðræður og þau efnisatriði sem könnunarviðræður hafa fjallað um, þá erum við raunverulega að hefja hér umræður um, ég vil segja mál sem varða grundvallaratriðin í réttarstöðu þess þjóðríkis sem lýðveldið Ísland er. Það er því engin furða þótt hv. þm. vilji eyða góðum tíma í að ræða þau atriði sem helst koma til greina af þessu tilefni.

Ég tók skýrt fram, virðulegi forseti, þegar ég hóf mitt mál á sínum tíma að ég mundi koma víða við í minni ræðu af skiljanlegum ástæðum. Þetta mál er ekki einfalt. Þegar maður les þau gögn og þau skjöl sem EB-nefnd Alþingis hefur fengið til meðferðar gerir maður sér fullkomna grein fyrir því að við erum raunverulega að fjalla um að hér gæti hugsanlega komið upp sú staða í sambandi við viðræður EFTA og EB að hið háa Alþingi þyrfti að fjalla um ákveðin atriði í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það kann að vera að sumum liggi það í léttu rúmi hvort Ísland heldur sínu sjálfstæði á grundvelli þess að vera þjóðríki í hinni hefðbundnu merkingu þess orðs eða eitthvað nýtt taki við sem hefur aðra merkingu. Fyrir mér, virðulegi forseti, og flestöllum öðrum hv. þm. sem hér hafa talað, er meginatriðið að ræða þetta út frá hugtakinu Þjóðríki lýðveldisins Íslands og þeirrar stjórnarskrár sem við búum við.

Í fyrri ræðu minni, virðulegi forseti, fjallaði ég um nokkur meginatriði eins og í fyrsta lagi málsmeðferð af hálfu ríkisstjórnar og gagnrýndi mjög hvernig á hefði verið haldið. Í öðru lagi vakti ég athygli á klofningi í röðum stjórnarflokkanna í þessu mikilsverða máli. Í þriðja lagi deildi ég mjög á þær samningsaðferðir sem hæstv. utanrrh. hefur notað. Einnig taldi ég að hæstv. utanrrh. væri ekki þeim kostum búinn sem ég geri kröfu til sem samningamaður fyrir hönd Íslands.

Í fjórða lagi gagnrýndi ég í hvaða röð áherslur eru af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í EFTA- og EB-viðræðunum. Einnig gerði ég mjög alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli hafa verið teknar upp tvíhliða

viðræður eða þegar í stað ákveðið að gera slíkt í samráði við hið háa Alþingi.

Í fimmta lagi kom ég nokkuð inn á efnisatriði og ræddi m.a. um það sem menn kalla „frelsin fjögur" sem er auðvitað ekki góð íslenska. En það sem átt er við þegar menn tala um „frelsin fjögur", sem er auðvitað merkingarleysa eins og menn hafa notað það, eru þau atriði sem eru alger skilyrði af hálfu EB til viðræðna við EFTA, að upp verði tekin frjáls vöruviðskipti, frjáls þjónustuviðskipti, frjáls fjármagnsviðskipti og vinnumarkaðurinn verði frjáls. Í þessu felst auðvitað að þegnar viðkomandi ríkja, þ.e. EB-ríkjanna og EFTA-ríkjanna hafi fullt frelsi til að stofna til atvinnurekstrar í viðkomandi ríkjum.

Í sjötta lagi fór ég mjög ítarlega út í svonefnda SAS-skýrslu. Það er skýrsla Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi en það eru þeir aðilar sem hafa forustuna fyrir stærstu atvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveginum, og túlka málstað þeirra sem eru úti á vettvangi sem atvinnurekendur og ábyrgðarmenn þeirra fyrirtækja sem þar er um að ræða, þ.e. útgerðinni, fiskiðnaðinum. Einnig vakti ég athygli á því að sjómenn fylgdu þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið af hálfu þessara forustumanna Samtaka atvinnurekanda í sjávarútvegi.

Í sjöunda lagi fjallaði ég einnig mjög ítarlega um styrkjastefnu EB í sjávarútvegi tímabilið 1987–1997 og vakti athygli á því, virðulegi forseti, að sú stefna á ekkert skylt við fríverslun með sjávarvörur nema síður sé. Mér finnst við hæfi að við stöldrum örlítið við og hugleiðum hvað felst í þessari umræðu, um hvað er verið að ræða raunverulega. Að minni hyggju er verið að ræða um stöðu Íslands sem sjálfstæðs þjóðríkis eins og ég sagði hér í upphafi. Spursmálið *er, viljum við eða neyðumst við til að breyta stöðu* okkar stjórnskipulega með sama hætti og EB-ríkin hafa undirgengist og viss EFTA-ríki stefna þegar að? Þetta er kjarni málsins. Um þetta snýst málið. Þess *vegna segi ég, og endurtek, að ekki er of miklum tíma* eytt í það á þessu stigi að gera sér grein fyrir því hvert við kunnum að stefna. Ég vil fullyrða að könnunarþættinum svonefnda, sem er forsenda þeirrar skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði fram, var lokið þegar framkvæmdastjórn EB sendi bréf dags. 22. nóv. til ráðherraráðs EB um þau skilyrði varðandi efnisatriði sem Evrópubandalagið, þ.e. framkvæmdastjórnin, lagði áherslu á að væru sett fram í fyrirhuguðum viðræðum EB og EFTA þann 19. des. Í stuttu máli sagt hefur teningunum verið kastað af hálfu EB í þessu máli. Evrópubandalagið hefur alveg skýra stefnu um það hvernig það ætlar að nálgast þessar viðræður.

Ég sagði og vísaði til þess að út hefði verið gefin skýrsla framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins til ráðherraráðs EB um niðurstöður þeirrar aðalnefndar sem fjallaði um þessi mál fyrir hönd bandalagsins. Þessi skýrsla mun hafa legið fyrir þegar umræðan hófst um þetta mál hér á hinu háa Alþingi fyrir tæpri viku. Skýrslan er þess eðlis að hún mun vera trúnaðarmál en skýrslan er hins vegar ekki trúnaðarmál gagnvart ríkisstjórnum viðkomandi ríkja né utanríkismálanefndum þinga þeirra þjóða sem um ræðir, þ.e. EFTA-ríkjanna, sem best sést af því að þessi skýrsla framkvæmdastjórnar EB til ráðherraráðsins hafði borist utanríkismálanefnd Stórþingsins í síðustu viku og hafði greinilega haft þar mikil áhrif á umfjöllun þessa máls í Stórþinginu norska með þeirri niðurstöðu m.a. að Stórþingið tók þá ákvörðun að ef ekki næðist samkomulag í þeim viðræðum sem núna eiga sér stað á sameiginlegum grundvelli EFTA-ríkjanna gagnvart EB, þá heimilar það fyrir sitt leyti að umræður gætu hafist milli Noregs og EB um tollabandalag. Nú ætla ég ekki að fara út í þær umræður sem voru í norska Stórþinginu enda þekki ég ekki til þess nægilega, en það er greinilegt að Norðmenn virðast gera ráð fyrir því að þessar viðræður á sameiginlegum grundvelli EFTA-ríkjanna annars vegar og EB-ríkjanna hins vegar geti endað þannig að ekki verði samkomulag. Þá ætla Norðmenn að vera reiðubúnir til að fjalla um þetta á þeim grundvelli sem ég gat um áðan.

Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvað hentar Norðmönnum eða ekki en ég hlýt hins vegar að leggja dóm á það hvort hér á hinu háa Alþingi fáist umfjöllun um með hvaða hætti við viljum nálgast þetta, t.d. við hliðstæðar aðstæður, þ.e. ef ekki næst samkomulag á heildargrundvelli milli þessara tveggja aðila. Sú niðurstaða er ekki enn þá komin fram, alla vega ekki hér á hinu háa Alþingi. Og ég leyfi mér að segja og hef ástæðu til að ætla að hæstv. ríkisstjórn hafi heldur ekki komist að niðurstöðu hvað þetta atriði varðar.

Ég hef fengið þetta plagg sem trúnaðarplagg sem aðili að EB-nefnd Alþingis þannig að ég get ekki fjallað um það hér í minni ræðu. (**Gripið fram í:** Það er búið að aflétta trúnaði.) Hver aflétti trúnaðinum, hv. þm.? (**Gripið fram í:** Tilkynning.) Hvenær kom hún? Hún hefur ekki borist til þm. með formlegum hætti. — Hæstv. forsrh. er að ganga úr salnum. Ég vil *leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., með leyfi virðulegs* forseta: (**Sjútvrh.:** Forsrh. er ekki hér.) Ert hæstv. sjútvrh. ekki settur ... (Gripið fram í.) Er hann kominn? (**Gripið fram í:** Hann er í landinu.) Nei. Já, hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson er þá kominn heim. Menn verða þó að virða ræðumanni það til vorkunnar að hann fylgist ekki með því hvernig fuglarnir fljúga, en ég vildi óska eftir því að hæstv. forsrh. staðfesti það hér að búið sé að aflétta þagnarskyldu af þessu plaggi vegna þess að ef svo er, þá mun ég lesa upp úr því og þýða það jafnharðan eftir því sem hentar í minni ræðu (**Forseti:** Forseti mun leita eftir því að hæstv. forsrh. komi hér í salinn.) auk þess sem ég hlýt að álykta að bæði aðrir hv. þm. og fjölmiðlar hljóti að leggja áherslu á að fá þetta plagg strax. Í því eru mjög þýðingarmikil atriði sem sanna í fyrsta lagi að það var rangt af hæstv. utanrrh., sem því miður er erlendis, hann vissi um þetta plagg því það var komið til landsins, það var rangt af honum að gera hinu háa Alþingi ekki grein fyrir þessu plaggi þó að hann gæti ekki farið út í það í einstökum efnisatriðum þá. Og í öðru lagi er það ekki síður rangt

gagnvart hv. þm. að þessu plaggi skuli ekki hafa verið dreift til þeirra. Í þriðja lagi hefði auðvitað átt að láta fjölmiðla vita að þetta mikilsverða plagg væri hér til ráðstöfunar og upplýsinga fyrir fjölmiðlana um þetta mikilsverða mál og þýðingarmikla. Ég segi þetta sérstaklega vegna þess sem ég mun víkja að hér á eftir, sérstaklega með tilliti til þess sem hæstv. utanrrh. lét eftir sér hafa í Alþýðublaðinu 5. des. sl. Að vísu er Alþýðublaðið ekki það blað sem ég les mikið en ég neyddist nú til þess að gera það hér áðan og tók þá eftir ýmsum atriðum sem nauðsynlegt er að koma hér inn á á eftir.

En það er rétt að það komi fram að í þessu plaggi sem er enn þá á ensku — ég bíð eftir því að hæstv. forsrh. staðfesti að ... (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er ekki hér í húsinu.) Þá er bara að láta hann koma hingað vegna þess að ég vil, virðulegi forseti, gjarnan geta skýrt alþjóð frá því hvað stendur í þessu plaggi. Það er mjög þýðingarmikið, eða hæstv. utanrrh., þannig að ég bíð þá með að vitna í það. (**Forseti:** Forseti sér að hæstv. utanrrh. mun vera í húsinu og verður gerð tilraun til þess að ná sambandi við hann.) Já, hann kemur þá rétt strax.

Þetta var mjög athyglisvert í þessari umfjöllun málsins að þetta skuli vera svona. Ég mun koma nánar að skýrslunni hér á eftir þar sem ekki er búið að dreifa henni til þingmanna. Ég vænti þess að utanrrh. staðfesti að það megi birta hana. Hér á eftir hafði ég hugsað mér að víkja að sjö meginatriðum, virðulegi forseti.

Í fyrsta lagi ætla ég að fjalla hér um rangfærslur hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar

a. í sambandi við það er varðar afstöðu Sjálfstfl. til þessara mála;

b. um rangar fullyrðingar hans um SAS-skýrsluna og hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði;

c. um þetta atriði sem varðar þá leynd fyrir okkur hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn og utanrmn. og ég gat um áðan í sambandi við skýrslu framkvæmdanefndar Evrópubandalagsins.

Í öðru lagi hafði ég hugsað mér að kynna þm. afstöðu sérfræðings ASÍ varðandi EFTA og EB. Það er mjög merkilegt atriði sem ekki hefur komið fram hér á hinu háa Alþingi.

Í þriðja lagi ætla ég að rekja nokkuð stefnu hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar í sambandi við hvernig hann hefur þróað þessi mál hvað Ísland varðar inn í það sem ég kalla tímagildru EFTA-EB-viðræðna. Þá er ég með grundvallarhagsmuni íslenskrar þjóðar í huga sem eru útflutningshagsmunir íslensks sjávarútvegs, fiskiðnaðar.

Í fjórða lagi hafði ég hugsað mér að ræða nokkuð um þróun mála í Evrópu undanfarnar vikur og mánuði en hún mun hafa gífurlega mikil áhrif á alla þróun Evrópubandalagsins. Um það hefur ekkert verið fjallað af hálfu hæstv. ráðherra hér, sem raunverulega er skylda þeirra vegna þess að það sem hefur verið að gerast í Evrópu undanfarið er þess eðlis, eins og ég mun víkja að hér á eftir, að þegar menn eru að tala um að allt sem snýr að Íslandi hljóti að gerast í gegnum Evrópubandalagið, þá er það að minni hyggju misskilningur.

Í fimmta lagi mun ég ræða um stöðu Íslands eins og hún kemur mér fyrir sjónir í þróun þessara mála.

Í sjötta lagi mun ég fjalla hér nokkuð um ákveðin áhersluatriði til viðbótar því sem áður hefur verið sagt.

Í sjöunda lagi ætla ég að fjalla hér um framtíðarspár um ríkjaskipan Evrópu. Ég held að það sé líka hollt fyrir hv. þm. að skoða þau mál almennt séð.

Ég sé að hæstv. utanrrh. er mættur í salinn. Eins og ég gat um áðan þá þurfti hann að víkja frá í bili. Það sem ég vildi fá staðfest hjá hæstv. utanrrh. þar sem hann situr er eftirfarandi: Það var upplýst hér áðan, hæstv. utanrrh., þegar þú varst ekki í salnum, að búið væri að aflétta þagnarskyldu af skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins til ráðherraráðs EB um niðurstöður HLSG-nefndarinnar en þessi skýrsla var innanhússskýrsla EB og í bréfi utanrrn. dags. 4. des. til okkar sem fengum þessa skýrslu sem trúnaðarmál segir svo, með leyfi forseta:

„Þetta er innanhússskýrsla EB og þar sem ekkert liggur fyrir um að hún hafi verið birt opinberlega óskast farið með efni hennar sem trúnaðarmál.“ Ég vil spyrja og fá það staðfest hjá hæstv. utanrrh., þó að það hafi nú láðst að undirrita þetta bréf til okkar, hvort þetta sé rétt eða ekki. Hvort það sé rétt að það sé búið að aflétta þagnarskyldu af þessari skýrslu? (**Viðskrh.:** Það er rétt.) Það er rétt. Það er gott að vita það. Þá geta bæði hv. þm. aðrir en þeir sem eru í hv. utanrmn. og fjölmiðlar fengið hana og kynnt sér efni hennar og ég mun þá vísa í þessa skýrslu eftir því sem hentar í minni ræðu hér á eftir.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja nokkuð að þætti hæstv. utanrrh., þ.e. ekki þess sem hér er mættur og er settur, heldur Jóns Baldvins Hannibalssonar, þótt hann sé ekki hér viðstaddur. Hann hefur látið birta við sig viðtal í Alþýðublaðinu, sem var tekið áður en hann hvarf af landi brott„ sem er þess eðlis að við sem sitjum þar undir rangfærslum, svo að ekki sé meira sagt, getum ekki unað því.

Þann 5. des. tekur Alþýðublaðið mjög ítarlegt viðtal við hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Þetta viðtal fjallar um utanríkismál vítt og breitt og einnig fjallar það sérstaklega um það sem hér hefur farið fram á Alþingi Íslendinga varðandi EFTA-EB-viðræðurnar. Ég verð að segja það strax, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson er meistari í útúrsnúningum og hann virðist líka vera meistari í því að fara með rangt mál eins og ég mun víkja að hér á eftir, því miður. Þess vegna er óhjákvæmilegt að svara ýmsum fullyrðingum sem komu fram í þessu viðtali.

Ég nefni sem dæmi, virðulegur forseti, og les upp úr viðtalinu, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn hafði rofið samstöðu lýðræðisaflanna um eitt mikilvægasta og vandmeðfarnasta utanríkismál lýðveldistímans og fann sér einkum bandamenn á þingi með Kvennalistanum og Hjörleifi Guttormssyni.“

Í þessu felst náttúrlega algjör þversögn vegna þess að ég veit ekki annað en að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi verið að votta hæstv. utanrrh. *hollustu sína með því að greiða atkvæði með því að Jón* Baldvin Hannibalsson héldi áfram að vera utanrrh. Það gerðist hér þegar atkvæðagreiðsla fór fram um vantrauststillöguna. Þannig að þetta er auðvitað þvættingur.

Hins vegar hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fjallað hér um þessi mál út frá sínu sjónarmiði og ég vil segja með mjög faglegum hætti og er það virðingarvert. Það er því fyrir neðan allar hellur að hæstv. ráðherra sé með skæting við þá menn sem af einlægni fjalla um þessi mál út frá einhverju öðru sjónarmiði en hentar þessum hæstv. utanrrh.

Síðan segir í sama viðtali, sem sýnir hvað farið er hér með rangt mál, til viðbótar því sem þegar hefur komið fram, með leyfi forseta, í blaðinu:

„Á sameiginlegum fréttamannafundi Jóns Sigurðssonar" — þetta segir hæstv. utanrrh. í viðtalinu — „og Christophersens kom fram að þeir litu svo á að viðræður væru þegar hafnar um viðskipti Íslands og EB t.d. með heimsókn Christophersens hingað til lands. Einnig stæði til að Manuel Marin sem fer með sjávarútvegsmál innan framkvæmdastjórnar EB kæmi hingað til viðræðna við Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra."

Þarna fullyrðir hæstv. utanrrh. að um formlegar viðræður sé að ræða. Ég spyr hæstv. ráðherra sem hér eru mættir: Hvar eru opinberar nótur um þetta sem staðfesta að fram hafi farið og fram fari formlegar viðræður við þessa aðila? Ég óska eftir því að þær verði birtar hér, á hv. *Alþingi, bréfin eða nóturnar með* dagsetningum. Það eru ekki formlegar viðræður nema það sé staðfest. Þetta eru óformlegar viðræður. Þarna er beinlínis farið með rangt mál af hæstv. utanrrh.

Sumir segja og halda að allt sé leyfilegt í stjórnmálum. Ég er ekki sömu skoðunar. Þó að menn beiti pólitískum fantabrögðum til þess að koma sér til valda þá réttlætir það ekki gjörðir þeirra nema síður sé.

Síðan segir í þessu umrædda viðtali, virðulegur forseti. Blaðamaður spyr, með leyfi forseta:

„Þú ert með öðrum orðum að saka forustu Sjálfstæðisflokksins og talsmenn flokksins um hreina vanþekkingu þegar flokkurinn setur fram tillögur um formlegar viðræður við EB annars vegar og tvíhliða viðræður við forystumenn einstakra ríkja hins vegar." — Og þá svarar hæstv. utanrrh. — því miður verð ég vegna þeirra forma sem þingið setur manni að segja „hæstvirtur" alltaf fyrir framan ráðherra. Ég vildi nú helst, virðulegi forseti, vera leystur undan þeirri skyldu. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, hv. þm. Ég veit að hann er einnig þjakaður af því, hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason, sem greip fram í fyrir mér, en það er því miður þannig að þingið krefst þess að þessum formum sé við haldið. En satt að segja eiga þau ekki við um alla og væri æskilegt og óskandi að það væri hægt að leysa þm. undan þessari skyldu.

Já, svo ég vísi nú í það sem hæstv. utanrrh. segir og svarar þessari spurningu blaðamannsins, þá er það svo:

„Já, þessar viðræður eru í gangi og „sjávarútvegsráðherra" framkvæmdastjórnarinnar" — að vísu í gæsalöppum en það er Manuel Marin, hann er ekki ráðherra — „Já, þessar viðræður eru í gangi og „sjávarútvegsráðherra" framkvæmdastjórnarinnar er væntanlegur hingað til viðræðna. Það er þess vegna algjör fásinna og afhjúpar ótrúlega fáfræði að halda því fram að ekki séu í gangi tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið svo ekki sé talað um að flytja tillögu um að skora á íslensk stjórnvöld að taka upp tvíhliða viðræður sem hafa staðið yfir í tvö ár."

Ég spyr nú, virðulegi forseti, er hægt að ganga lengra — sumir mundu segja í lyginni, en það er svo ljótt orð að ég mun strika það út úr minni ræðu. Ég segi bara, er hægt að ganga lengra að skrökva en gert er þarna? Þarna er beinlínis verið að segja að svart sé hvítt og hvítt sé svart. Ég bið hv. þm. að minnast þess, þó ekki væri nema af tillitssemi við unga fólkið í landinu sem enn þá er óspillt, það er meira en sagt verður um suma af þessum eldri stjórnmálamönnum, að reyna að hafa það í heiðri að segja sannleikann og koma heiðarlega fram við aðra þó þeir séu ekki sammála þeim. Það er lágmarkskrafa. Þeir geta óvirt hver annan í einkaherbergjum, þessir herrar, en þeir geta látið vera að óvirða þá sem þeir umgangast. Óvirða ég vil segja starfsheitið alþingismaður og ráðherra. Það gera þeir með því að segja ekki sannleikann. Og þetta er eitt gott dæmi um hvernig menn eiga ekki að haga sér.

Síðan segir þessi hæstv. ráðherra Jón Baldvin *Hannibalsson, með leyfi forseta:*

„Hitt er verra að helsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálum og fulltrúi flokksins í utanríkismálanefnd er eini maðurinn sem er uppi núna í veröldinni sem hefur þá prívatskoðun að hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins sé ekki til og neitar því í þingræðu eftir þingræðu. Það er alvarlegt mál þegar stærsti flokkur þjóðarinnar hefur þá stefnu eina að leiðarljósi að afneita staðreyndum."

Ég spyr: Undir hvað flokkast svona ummæli? Hér á hinu háa Alþingi fór m.a. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson mjög ítarlega yfir fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Ég gerði það einnig í minni ræðu hér fyrir tveimur dögum. Fiskveiðistefna Evrópubandalagsins er annað og meira en hugmyndir embættismanna í Brussel um það hvort þeir þurfi að stilla því upp í viðræðum við Íslendinga að þeir vilji að EB fái veiðiheimildir á Íslandi. Fiskveiðistefnan er svo miklu, miklu víðtækari, eins og hefur komið fram hér í ræðum manna að ekki þarf að hafa orð um það. En hvers konar menn eru komnir til valda og hvers konar menn sitja sem ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sem tala og hugsa svona? Það eru ekki menn sem geta talað fyrir hönd þessarar þjóðar við alvörumenn erlendis.

Við sem höfum starfað erlendis og unnið þar vitum að svona þýðir ekki að umgangast sannleikann og svona þýðir ekki að haga sér fyrir þá sem vilja vera marktækir á erlendum vettvangi nema síður sé.

Ég þarf ekki að taka upp neina vörn fyrir þann ágæta talsmenn okkar sjálfstæðismanna sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er, verkin tala fyrir hann. Þar sem hann hefur farið í sambandi við utanríkismál og sérstaklega í sambandi við það baráttumál Íslendinga að standa fastir fyrir í því gagnvart Evrópubandalaginu að hér sé um engar veiðiheimildir að ræða þó svo að einhverjir embættismenn EB kunni að óska eftir því og vilja það. Það hafa fáir eða engir staðið betur að því að hafna slíkum hugmyndum en hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það þýðir því ekkert fyrir hæstv. ráðherra að haga sér og tala eins og hann gerir í umræddu viðtali.

Þetta eru auðvitað marklausar yfirlýsingar manns þó hann sé ráðherra. Hann segir það sem honum hentar á þeim stað sem honum passar best, sem er í blessuðu Alþýðublaðinu, málgagni Alþfl. Við því er auðvitað lítið að segja nema að menn hljóta að mótmæla svona vinnubrögðum og svona hugsunarhætti.

Síðan fullyrðir hann, hæstv. utanrrh., í sama viðtali, með leyfi forseta:

„Tollfríðindi eru ekki veitt nema gegn veiðiheimildum eða aðgangi að veiðiheimildum." — Hvað segir nú ágæt skýrsla sem framkvæmdastjórnin samdi fyrir ráðherranefnd EB um þetta? Í einum kafla á bls. 5 er fjallað sérstaklega um sjávarútveginn eða fiskveiðarnar. Þeir segja eitthvað á þessa leið varðandi sjávarútveg:

„Það þarf að láta á það reyna meðan á samningum stendur hversu langt er mögulega hægt að komast." — Hversu langt er unnt að komast.

„EFTA-ríkin vilja að í samkomulaginu felist fríverslun með sjávarafurðir. Nefndin hefur sett fram í viðræðunum að spurningin um fríverslun með fisk sé tengd öðrum atriðum í sambandi við fiskveiðistefnu EB, þar á meðal innflutningi í sambandi við aðgang að náttúruauðlindum." — Síðan kemur setningin sem skiptir máli fyrir okkur í þessu plaggi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins:

„Af hálfu EFTA hefur verið lögð áhersla á að slík tenging mundi brjóta í bága við grundvallarþjóðarhagsmuni."

Ég mundi túlka þetta þannig að framkvæmdastjórn EB sé raunverulega búin að gera upp við sig að ekkert þýði að vera með þetta sem samningsatriði. Ef svo er, spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvers vegna er ekki hægt að ganga frá þessu strax með formlegum hætti í tvíhliða viðræðum? Mér finnst felast í þessum texta þannig ábending að það ætti ekki að þurfa að valda neinum vandkvæðum. Það skiptir auðvitað miklu máli fyrir okkur Íslendinga að fá þessa viðbót við bókun 6 eða sérstakan samning um niðurfellingu tolla.

Hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. munu örugglega koma báðir hér upp á eftir og svara þessu. Þeir hafa þá sinn skilning á því hvernig ber að skilja þetta. Ég hef minn. Við getum alveg hiklaust, samhliða því sem við erum í EFTA-EB-viðræðunum um önnur mikilsverð atriði sem ekki skal dregið úr, farið í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið án þess að það skaði nokkuð þær viðræður sem fara fram á sameiginlegum heildargrundvelli um önnur atriði, þ.e. þar á ég við sérstakan tollasamning vegna okkar sérhagsmuna.

En það er ekki nóg að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson beini nú spjótum sínum að Sjálfstfl. Hann hefur fullkomlega rétt á því að ráðast á þá sem hann telur sína höfuðandstæðinga eins og honum sýnist og við munum auðvitað svara á móti. En það er auðvitað illa farið fyrir Alþfl. að formaður flokksins skuli telja Sjálfstfl. sinn höfuðandstæðing. Það er aftur annað atriði sem er nú umhugsunarefni fyrir gott alþýðuflokksfólk svo ekki sé meira sagt.

Hæstv. ráðherra leyfir sér að segja í þessu sama blaði, Alþýðublaðinu, 5. des. að stjórnarandstaðan misnoti pólitískt skýrslu sjávarútvegsmanna um Evrópubandalagið. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þetta hér vegna þess að það verður að koma inn í þingsöguna hvernig þessi hæstv. ráðherra hefur hagað sér í þessum málum, til að öll atriði þessa máls komi fram í rökréttu samhengi. Það er nefnilega atriði sem hv. þm. hafa oft ekki áttað sig á, að þessir æðu fjölmiðlamenn, eins og m.a. þessi hæstv. ráðherra er, hafa lært það og kunna mörgum öðrum betur að slíta úr samhengi mál með þeim hætti að allur almenningur heyrir raunverulega ekki nema þau atriði sem þeir vilja láta koma til skila og þá víkja þeir oft frá því sem er meginatriði, sér í hag. Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson lætur hafa þetta eftir sér og fréttin er svohljóðandi, með leyfi forseta, á forsíðu Alþýðublaðsins 5. des. Með leyfi forseta ætla ég að lesa það upp:

„Jón Baldvin Hannibalsson fullyrðir í viðtali við Alþýðublaðið í dag að skýrsla Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi um íslenskan sjávarútveg og Evrópubandalagið hafi verið misnotuð í pólitískum tilgangi af stjórnarandstöðunni í umræðunni um málefni EFTA og EB á Alþingi og í umræðum um vantrauststillöguna.

Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að aðeins hafi vakað fyrir hagsmunaaðilum í sjávarútvegi að leggja áherslu á að hafnar yrðu viðræður um viðauka við bókun 6 í fríverslunarsamningi Íslands við Evrópubandalagið.

Rök stjórnarandstöðunnar og Sjálfstæðisflokksins sérstaklega fyrir því að ríkisstjórnin hafi ekki staðið sig sem skyldi við að gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs, í vantraustsumræðum á Alþingi í síðustu viku, voru m.a. þau að skýrsla gefin út af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi gæfi ótvírætt til kynna að ríkisstjórnin hefði ekki gætt hagsmuna sjávarútvegsins nægilega vel. Kristján Ragnarsson segir að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi ekki fjallað neitt um tillögur stjórnarandstöðunnar um tvíhliða viðræður við EB. Þeir leggi aðeins áherslu á að fá fram viðræður um viðbót við bókun 6, vegna þess hversu margt hefur breyst frá því hún var gerð.

Kristján segir að þeir skipti sér ekkert af því hvernig slíkar viðræður fari fram, þeir skipi ekki stjórnmálamönnum fyrir verkum, hvorki við hverja á

að ræða né hvenær. „Við leggjum enga dóma á formlegu hliðina á málinu," segir Kristján."

Þá spyr blaðamaður enn fremur og vitna ég í þessa frétt Alþýðublaðsins, með leyfi forseta:

„„Má tala um pólitíska misnotkun?""

Þá svarar Kristján: „Það vil ég ekkert um segja. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það. Séu þeir að taka undir með okkur er það af hinu góða. Ég ætla bara að vona að allir sjái að þetta er málefnalega unnið hjá okkur og enginn pólitískur hanaslagur."

Þá spyr blaðamaður: „„En þegar skýrslan er tekin upp og notuð með þeim hætti sem gert var?""

„„Þá verða menn að ræða það á þeim vettvangi og það látum við afskiptalaust og getum aldrei haft áhrif á það," sagði Kristján Ragnarsson við Alþýðublaðið í gær."

Sem betur fer er Alþýðublaðið ekki eins útbreitt og Morgunblaðið þannig að þessi skreytni berst ekki til margra. Það eru tvö atriði sérstaklega sem standa upp úr. Sumum kann að finnast þetta afskaplega ómerkilegt, þ.e. sumum sem eru þannig gerðir í stjórnmálum að þeir haga orðum sínum eftir því sem passar og láta sér í léttu rúmi liggja þótt einhverjir fari með rangt mál. Ég var nú einu sinni alinn upp þannig að lögð var áhersla á að það sem er satt og rétt sé í heiðri haft. Ég vil þess vegna í fyrsta lagi, virðulegi forseti, undirstrika það sem kemur fram hjá SAS-hópnum, sem Kristján Ragnarsson er aðili að, varðandi EB-viðræðurnar og hver er afstaða nefndarinnar, þ.e. SAS-nefndarinnar, til þess hvernig eigi að haga málum. Í nefndinni segir m.a. í samantekt:

1. SAS vill að allar leiðir verði nýttar til þess að ná viðbótarsamningi við EB.

2. Tvíhliða viðræður Íslands og EB verði reyndar ásamt EFTA-leiðinni.

3. Tvíhliða viðræður jafnvel vænlegri til árangurs því EFTA-leiðin gæti tekið fjölda ára.

Síðan er undirstrikað eftirfarandi af hálfu þessara manna sem mynda SAS-hópinn, og þar með er Kristján Ragnarsson, þannig að Alþýðublaðið fer með alrangt mál í sinni frétt og ég tala nú ekki um það sem hæstv. ráðherra lætur eftir sér hafa í þessari frétt, varðandi stefnuna og hvernig eigi að fjalla um þetta:

Þjóðarleiðtogar velviljaðir eru Kohl kanslari, Thatcher, forsætisráðherra Breta, von Gelden, — sem mun vera sjútvrh. Vestur-Þýskalands — Ordanez og Mitterrand, forseti Frakklands. Þessir aðilar eru velviljaðir. Einnig benda þeir á og undirstrika persónuleg kynni hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. við forustumenn í stjórnmálum og innan EB. Ég sé að þarna hefur þeim orðið dálítið á í messunni. Þeir hefðu átt að segja: Persónuleg kynni hæstv. sjútvrh. og forsrh. en ég held mig við plaggið eins og það er mér birt. Síðan segir:

Hver væri staða íslensks sjávarútvegs ef ekki næst árangur þar, þ.e. í EFTA-viðræðunum. Ganga þá Norðmenn í bandalagið? Ekki mundi það auka líkurnar á viðskiptaívilnun. Íslendingar hafa ekki efni á að bíða. Tíminn vinnur gegn hagsmunum okkar. Í viðræðum við EB þarf að undirstrika sérstöðu Íslendinga, að sjávarafurðir eru iðnaðarvarningur okkar og að sömu lögmál eigi að gilda um þær og iðnaðarvarning Evrópuríkja. Ekki er farið fram á að EB kollvarpi fiskveiðistefnunni heldur veiti Íslendingum aðgang að mörkuðunum.

Ég vil undirstrika að hæstv. utanrrh. hefur ekki farið með rétt mál, enda kemur það fram í Morgunblaðinu 7. des., þ.e. í dag, þar sem er athugasemd Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi sem ég verð, virðulegi forseti, að fá að lesa yfir þingheimi vegna þess að þar er hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson rækilega afhjúpaður hvað áhrærir rangfærslur, bæði í umræddu viðtali og umræddri frétt. (Gripið fram í.) Sagði hæstv. sjútvrh. vitleysa? (**Sjútvrh.:** Ég tala aldrei við mann í ræðustól.) Ég vona að hæstv. ráðherra hafi ekki sagt það, hans vegna því að þó að menn komist efst á vinsældalistann, þá geta þeir líka hrapað hratt niður. Ef það er, virðulegi forseti, vitleysa að þingmenn leiðrétti hér það sem ranglega er sagt um þá, m.a. sem talsmenn síns flokks í viðkvæmum og veigamiklum málum, þá er það auðvitað mjög alvarlegt mál og ber vott um lítilsvirðingu á því meginatriði í þingræðinu að menn virði skoðanir hvers annars og hafi þolinmæði og umburðarlyndi til þess að heyra að menn eru ekki alltaf á sama máli. Ef svo er komið fyrir íslenskum valdamönnum sem hafa setið lengi í ráðherrastólum að þeir geta ekki sýnt öðrum umburðarlyndi sem hafa gagnstæðar skoðanir, þá er illa komið fyrir íslensku þingræði og íslensku lýðræði. Sem betur fer eru Íslendingar vel upplýstir og fylgjast miklu betur með okkur hv. þm. en sumir ætla, — ég segi sem betur fer. *Og sem betur fer geta þeir með atkvæði sínu gert nauðsynlegar ráðstafanir til að hreinsa út af Alþingi þá menn sem óvirða lýðræðis- og þingræðisvenjur og hefðir.* En með leyfi forseta ætla ég að lesa athugasemd Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi en þeir sáu sig greinilega knúna til að gera þessa athugasemd eftir þessa dæmalausu framkomu hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Hún er sem hér segir. Í fyrirsögn segir: „Fullyrðing utanríkisráðherra á sér enga stoð." Síðan segir:

„Morgunblaðinu hefur borist eftirfarandi frá Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi (SAS):

„Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi (SAS) biður Morgunblaðið að birta eftirfarandi athugasemd við viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., sem birtist í Alþýðublaðinu sl. þriðjudag, þar sem Alþýðublaðið kemur ekki út í dag. Jón Baldvin ræðir þar um fund sem fulltrúar SAS áttu með Halldóri Ásgrímssyni sjútvrh. sl. föstudag og segir: „Niðurstaða fundarins varð sú að því miður hefði skýrsla þeirra verið misnotuð í pólitísku áróðursskyni af hálfu Sjálfstæðisflokksins."

Þessi fullyrðing utanrrh. á sér enga stoð í veruleikanum.

Utanrrh. segir enn fremur í viðtalinu: „Sjálfstæðismenn hafa reynt að halda því fram, að við höfum ekki tíma til að bíða eftir því, að við fáum botn í það í viðræðum með hinum EFTA-ríkjunum, hvernig

verði háttað fríverslun með fisk. Tvíhliða viðræður myndu skila árangri fyrr. Þetta er enn eitt öfugmælið hjá þeim. Þeir meira að segja gengu svo langt að halda því fram, að þessi krafa væri sett fram vegna þess að hún nyti stuðnings samtaka sjávarútvegsins og að innan þeirra samtaka væri uppi hörð gagnrýni á stjórnvöld og þau teldu að ríkisstjórnin hefði vanrækt hagsmuni íslensks sjávarútvegs.""

Þetta er það sem utanrrh. segir. Síðan segir í athugasemd SAS: „Í skýrslu SAS segir m.a. á bls. 49: „Líklegt má telja að vandamál íslensks sjávarútvegs í samskiptum við EB verði ekki leyst í bráð nema í tvíhliða viðræðum milli Íslands og bandalagsins, þannig að viðbótarsamningur verði gerður."

Á sömu bls. segir ennfremur, að síðustu ár hafi verið unnið mikið starf við að kynna sérstöðu Íslands í samskiptum við Evrópubandalagið og hafi árangur af því starfi verið að koma í ljós á síðustu misserum og velviljaðar yfirlýsingar ýmissa þjóðarleiðtoga í Evrópubandalaginu og skilningur þeirra á sérstöðu Íslendinga gefi ástæðu til að ætla að nú sé rétti tíminn til að leita eftir varanlegum lausnum á þessum vandamálum. Í stjórnmálum sé gengið fallvalt og því mikilvægt að nota tækifærið áður en verulegar breytingar á forystu ríkisstjórna innan Evrópubandalagsríkjanna eigi sér stað.

Af tilvitnunum má ráða, að skoðun SAS er, eins og fram kemur í lokaorðum skýrslunnar á bls. 51: „Ljóst er að Íslendingar þurfa að leita eftir viðbótarsamningi við fríverslunarsamninginn við EB ef tollar bandalagsins eiga ekki að hafa varanleg áhrif á lífsafkomu á Íslandi, atvinnu- og byggðaþróun. Neyta þarf allra ráða til þess að tryggja hagsmuni okkar, bæði í væntanlegum viðræðum EFTA og EB og í tvíhliða viðræðum Íslendinga og bandalagsins."

Það er því augljóst, að stefna SAS er sú, að samhliða viðræðum EB og EFTA sem SAS styður, verði óskað eftir tvíhliða viðræðum við EB að innflutningstollar verði afnumdir á sjávarafurðum frá Íslandi. Það má hverjum manni ljóst vera, að slíkar tvíhliða viðræður hljóta að vera formlegar. Undirbúningur þeirra er þegar hafinn með óformlegum viðræðum íslenskra ráðherra við þjóðarleiðtoga EB; honum þarf að halda áfram, en að sjálfsögðu hlýtur tímasetning formlegra viðræðna að vera samkomulagsatriði á milli Íslands og EB."" Tilvitnun er lokið í frétt Morgunblaðsins og athugasemd SAS, virðulegi forseti.

Hvað segir þessi athugasemd okkur umfram það að þarna er náttúrlega hæstv. utanrrh. sannur að því að segja ósatt? Hún segir okkur einnig tvennt annað sem menn hafa kannski ekki áttað sig eins vel á. M.a. segir þarna að í stjórnmálum sé gengið fallvalt og því mikilvægt að nota tækifærið áður en verulegar breytingar á forystu ríkisstjórna innan EB eigi sér stað. Hvað skyldi felast í þessu, virðulegi forseti? Ég mun víkja að því hér enn nánar á eftir þegar ég ræði um hina nýju þróun í Vestur-Evrópu. Þetta er afskaplega einfalt og auðskiljanlegt. Þessir menn gera sér grein fyrir því, eins og við ýmsir aðrir sem höfum komið nálægt þessum málum í gegnum árin, að ekki er alveg sama hver er við völd í Vestur-Þýskalandi þegar um þessi mál verður fjallað. Það vitum við af fenginni reynslu og nægir að vísa til þess hvernig okkur gekk m.a. að leysa ágreining við Vestur-Þjóðverja í fiskveiðideilunni um 200 mílna útfærsluna árið 1975 þegar samningar tókust milli Íslands og Vestur-Þýskalands á undan samningum við Breta, en sá samningur sem gerður var við Vestur-Þjóðverja réð úrslitum um það að Íslendingar unnu þann sigur í 200 mílna útfærslunni sem raun varð á.

Þess vegna er þetta alveg rétt hjá þeim mönnum sem mynda SAS-hópinn sem eru hinir hæfustu menn. Sumir hafa áratuga reynslu á þessu sviði, þ.e. samskiptum við Evrópuþjóðirnar í sambandi við sölu sjávarafurða í Evrópu. Þeir vita hvað þeir eru að segja, þeir þekkja þetta af eigin raun.

En tökum svo hitt atriðið. Það kemur fram hjá þessum vísu og greindu mönnum, það sem er augljóst, sem sýnir skreytnina hjá hæstv. utanrrh. í Alþýðublaðinu þegar hann heldur því fram að það séu formlegar viðræður við EB. Þeir gera sér grein fyrir því að þetta eru engar formlegar viðræður. Þess vegna er ekki aðeins að þeir leggi áherslu á það í sinni skýrslu heldur einnig í sínum athugasemdum sem birtust í dag. Ég spyr enn: Hvers konar ráðherrar eru að fjalla um okkar mál á erlendum vettvangi, menn sem geta ekki sagt satt og rétt frá hlutunum? Hvernig er það þá þegar þeir eru að skýra frá viðræðum sínum við erlenda menn?

Nei, virðulegi forseti. Þeir sem ráðast að öðrum með ósönnum orðum, fullyrðingum og leyna hv. þm. eða þá sem hlut eiga að máli mikilvægum upplýsingum um stöðu mála eru ekki traustsins verðir. Þeir eiga ekki að vera í forustu fyrir þessari þjóð. Þessu gerir fólkið sér grein fyrir og vísa ég í niðurstöður skoðanakannana um það efni. Þó ekki sé endilega hægt að segja að skoðanakannanir segi allan sannleikann gefa þær ákveðna vísbendingu um hvernig fólkið hugsar.

Ég hef vikið svona ítarlega að þessum atriðum, virðulegi forseti, til þess að leiðrétta það sem hefur verið ranglega sagt í sambandi við þessi mál hér á hinu háa Alþingi og einnig í fjölmiðlum af hálfu ákveðinna ráðherra.

Þá vil ég víkja hér að öðru atriðinu sem er afstaða sérfræðings Alþýðusambandsins í EB- og EFTA-málum til þessara mála. Lítið hefur verið fjallað um hana hér. Mér finnst það sem fram kemur hjá sérfræðingi Alþýðusambandsins, Ara Skúlasyni hagfræðingi, þess eðlis að það er að vissu leyti sögulegt að skýra frá því. Hér áður fyrr áttum við, fylgismenn vestrænnar samvinnu, oft við ramman reip að draga innan Alþýðusambandsins þegar við vorum að fjalla um málefni Íslands og Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku sérstaklega. En mjög mikil afstöðubreyting virðist hafa átt sér stað og er að eiga sér stað innan Alþýðusambandsins til þessara mála. Ég vil taka fram áður en ég held lengra að ég er ekki endilega að segja að það séu mínar skoðanir sem komi fram í

þessu. Hins vegar er það mjög athyglisvert hvernig hagfræðingur Alþýðusambandsins fjallar um þetta mál. En eins og hv. þm. vita er Alþýðusambandið fjölmennustu fjöldasamtök á Íslandi, mjög áhrifamikil og sterk samtök sem ber auðvitað að taka ákveðið tillit til. Alþýðusambandið hefur nú á síðari árum lagt aukna rækt við utanríkismál og er það af hinu góða. M.a. er Alþýðusambandið aðili að samstarfsnefnd alþýðusambanda Norðurlandanna og þar hittast menn reglulega og skiptast á skoðunum. Einnig er Alþýðusambandið aðili að Evrópusambandi alþýðusambandanna, sem heitir á ensku European Trade Union Confederation. Það var stofnað árið 1973 og voru Íslendingar eða Alþýðusambandið m.a. meðal stofnaðila. Á þeim tíma, árið 1973, þóttu það nokkur tíðindi þegar Alþýðusambandið gerðist stofnaðili að þessu sambandi. Við það urðu ákveðin straumhvörf í samskiptum íslenskrar verkalýðshreyfingar við Vestur-Evrópu sem ég tel að hafi orðið af hinu góða. Það opnaðist og gerði menn víðsýnni og þeir fóru nú að umgangast sína skoðanabræður, þ.e. verkalýðinn í Vestur-Evrópulöndum, með öðrum hætti en áður hafði verið. En fram til 1970 má eiginlega segja að fulltrúar Alþýðusambandsins hafi helst ekki farið nema á austurveg, þ.e. til Austur-Evrópu, Sovétríkjanna, sérstaklega Austur-Þýskalands. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. velvirðingar, en ég tel skyldu mína að segja hv. þingheimi frá því að samkomulag hefur náðst um að þessari umræðu ljúki núna kl. 18.30 og málinu verði þá frestað. Það er ljóst að það verður erfiður, langur fundur á morgun og vegna þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið gegn því að tveir kvöldfundir verði í röð, hefur verið ákveðið að ljúka þessum fundi kl. 18.30. Svo bið ég hv. 14. þm. Reykv. að halda ræðu sinni áfram.)

Virðulegi forseti. Hvenær byrjar fundur svo aftur? Í kvöld? (**Forseti:** Nei, það sem ég var að segja er að ákveðið hefur verið að hafa ekki kvöldfund.) Já, virðulegi forseti. Ég heyrði hvað forseti sagði. En það breytir ekki þeirri staðreynd að þetta er ekki aðeins málefni núverandi stjórnarflokka einna, meiri hlutans né hæstv. ráðherra. Ríkisstjórnin hefur fjöldann allan af sínum sérfræðingum til að fjalla um þessi mál og þeir geta teflt fram sínum rökum og þeir hafa nægan tíma og betri aðstöðu en aðrir hv. þm. og ég verð nú að segja það, virðulegi forseti, að þekkingarbanki okkar hv. þm. er nú kannski ekki jafnmikill og þeirra þannig að auðvitað hljótum við hv. þm. að fjalla um þetta með þeim hætti sem við teljum nauðsynlegt.

Ég var að koma að þeim kafla í ræðu minni, virðulegi forseti, þar sem ég ætlaði að fara að skýra sjónarmið sérfræðings Alþýðusambands Íslands í þessu mikilsverða máli. Ég minnist þess ekki að einn einasti hæstv. ráðherra hafi minnst á það að verkalýðurinn, Alþýðusambandið, hefði skoðun á þessu mikilsverða máli. Það hefði einhvern tímann verið saga til næsta bæjar að þeir menn sem telja sig í ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju hirtu nú ekkert um það hver væri skoðun þessa fólks. Ég ætla að vera minni fortíð trúr. Ég sat í miðstjórn ASÍ í tíu ár og átti gott samstarf þar við margar góðar manneskjur. Ég ætla að koma með þær skoðanir hér fram á þingi sem ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að heyra.

Sérfræðingur Alþýðusambandsins, Ari Skúlason hagfræðingur, flutti á sambandsstjórnarfundi ASÍ 27. sept. 1989 mjög athyglisvert erindi um þessi mál. Þar rekur hann nokkuð hver afstaða verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu er til þessara mála og segir m.a., með leyfi forseta: „Þó að innri markaðnum fylgi margir jákvæðir hlutir þá er einnig um neikvæða þróun að ræða á mörgum sviðum. Það njóta ekki allir kostanna á sama hátt og stórfyrirtækin. Það er ljóst að með stóraukinni samkeppni á fjöldi fyrirtækja og launafólks á ýmsum svæðum eftir að lenda í erfiðleikum af ýmsu tagi. Ráðamenn EB hafa gert sér þetta ljóst og þess vegna hafa t.d. svokallaðir þróunarsjóðir verið efldir mikið í því augnamiði að styrkja svæði sem verða undir í þeirri samkeppni sem á eftir að fara fram." Enn fremur segir, með leyfi forseta, um stöðu verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu: „Verkalýðshreyfingin í Evrópu hefur krafist þess að lögð verði fram heildaráætlun um nauðsynlegar hliðarráðstafanir í tengslum við tilkomu innri markaðarins. Það er ekki hægt að sætta sig við að staða fyrirtækjanna verði stórbætt og markaðsöflunum sleppt lausum á kostnað launafólks og vanþróaðra svæða. Slíkt getur ekki gengið, enda yrði þá aldrei um að ræða einingu í Evrópu. Verkalýðshreyfingin hefur krafist þess að það verði tryggt efnahagslegt og félagslegt samræmi í Evrópu framtíðarinnar. Efnahagslegar framfarir eru útilokaðar án þess að á sama tíma verði um að ræða félagslegar framfarir. Það verður að dreifa ágóðanum af innri markaðnum réttlátlega á milli þjóðfélagsþegnanna. Einn liður í þeirri baráttu var útgáfa rits norrænu verkalýshreyfingarinnar," sem þeir höfðu undir höndum þarna á fundinum.

Síðan segir þessi sérfræðingur ASÍ eftirfarandi, með leyfi forseta:

„EB er stóri bróðir og segir við EFTA: Ef þið eruð til í að láta þær reglur sem við höfum ákveðið fyrir sameiginlegan markað okkar gilda fyrir ykkur líka, þá er mögulegt að við viljum gera við ykkur samninga. Eins og þið í EFTA vitið þá hefur það tekið okkur 30 ár að koma okkur saman um það hvernig þetta á að vera hjá okkur og þess vegna erum við alls ekki til viðræðna um að breyta skilyrðunum. Við skulum fyrst athuga hvort þið getið gengið að þeim og svo sjáum við til hvað við getum gert.

Af hverju eru EFTA-ríkin til í að ræða málin með þessum skilyrðum? Jú, þau sjá kosti innri markaðar, aukinn hagvöxt og aukna atvinnu. Þau eru hrædd við að þau dragist aftur úr EB-ríkjunum ef þau ná ekki upp sams konar þróun innan eigin landamæra. Sum þessara landa, eins og t.d. Svíar, horfa nú upp á stóran hluta fjárfestinga eigin fyrirtækja fara til EB-landanna. EFTA-ríkin vilja tengjast EB til þess að lenda ekki fyrir aftan þau.

Nú er nýlokið" — Takið þið eftir þessu orðalagi,

þetta er sagt 27. sept. sl. Ég bið hv. þm. að taka eftir þessu orðalagi hjá hagfræðingi Alþýðusambandsins: „Nú er nýlokið könnunarviðræðum EFTA og EB um frelsin fjögur.“ Nýlokið að þeirra mati. Og hér erum við nú 7. des. að ræða þetta, að hæstv. utanrrh. fjarverandi sem heldur því fram að enn fari könnunarviðræður fram, sem er auðvitað tóm vitleysa. Þeim er löngu lokið. Það vitum við allir hv. þm.

„Nú er nýlokið könnunarviðræðum EFTA og EB um frelsin fjögur. Sérhvert EFTA-ríki hefur þurft að svara því hvort það er tilbúið til þess að ganga að skilyrðum EB um frjálsa flutninga á vörum, fjármagni, þjónustu og vinnuafli á sameiginlegu evrópsku efnahagssvæði. Ísland hefur gefið svör til EFTA sem síðan hefur svarað fyrir EFTA-ríkin gagnvart EB [segir hagfræðingur ASÍ]. Ísland hefur sett tvo fyrirvara í sambandi við sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði. Í fyrsta lagi teljum við okkur ekki geta tekið fullkomlega þátt í sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði. Við bendum á að vinnumarkaðurinn hér sé mjög lítill á evrópskan mælikvarða og þess vegna verðum við að hafa möguleika á því að takmarka innstreymi erlends vinnuafls í ákveðnar greinar eða svæði með tilliti til smæðar vinnumarkaðarins. Hinn fyrirvarinn af Íslands hálfu tengist nýtingu útlendinga á náttúruauðlindum. Við segjum sem svo að við byggjum lífsafkomu okkar á nýtingu fiskimiðanna við landið. Þess vegna getum við ekki leyft að útlendingar taki þátt í atvinnurekstri sem byggir á nýtingu þessara náttúruauðlinda. Að öðru leyti en þessu hefur ríkisstjórnin lýst sig reiðubúna til viðræðna við EB í samvinnu við hin EFTA-ríkin.“

Ég vil vekja athygli virðulegs þingheims á því að Ari Skúlason situr í ráðgjafanefnd EFTA fyrir Alþýðusambandið. Ég sat í þessari nefnd til skamms tíma en lét af störfum fyrir tveimur árum. Ari Skúlason tók við þessu sæti. Hann hefur mætt á fundi með ráðgjafanefnd. Hann hefur verið á fundum með íslenskum embættismönnum og erlendum og væntanlega ráðherrum. Þetta er niðurstaða þessa ráðgjafa Alþýðusambandsins um það hvernig málin stóðu 27. sept. Þetta er mjög athyglisvert undir þessari umræðu allri að hann, þessi, ég vil segja vandaði hagfræðingur og skarpgreindi maður, kemst að þessari niðurstöðu 27. sept. En það er annað atriði. Hann talar um það að settir séu fyrirvarar aðeins um tvö atriði, þ.e. vinnumarkaðinn og einnig að útlendingar fái ekki aðgang að náttúruauðlindunum. Hann minnist ekki á neinn fyrirvara í sambandi við frjálsa fjármagnsflutninga. Og þá er spursmálið: Hver segir satt? Eða hverjir segja satt hér undir þessari umræðu af hálfu ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh., hæstv. fjmrh. eða hæstv. forsrh.? Er raunverulega enginn fyrirvari við þessu atriði? Ef svo er ekki get ég ekki séð annað en að ekki sé samstaða í hæstv. ríkisstjórn í þessu máli. Í stuttu máli sagt: Hæstv. utanrrh. situr þarna ekki aðeins umboðslaus hvað varðar Alþingi Íslendinga, heldur veit hann ekki hvernig hann stendur gagnvart hæstv. ríkisstjórn í umfjöllun þessara mála. Nema hann sé búinn að undirgangast það þegar hann kemur heim, 19. des., að stefna Alþb. sé sú sem gildi, en það er ekki minnst á þennan fyrirvara af t.d. þessum fulltrúa ASÍ í ráðgjafanefndinni, þ.e. varðandi frjálsan fjármagnsinnflutning.

Ég skal ekki lesa mikið meira upp úr þessu en þó verð ég að segja það að ég hlýt að verða að skýra þingheimi frá þessari miklu afstöðubreytingu sem virðist vera hjá Alþýðusambandinu og íslenskri verkalýðshreyfingu, sem bendir til þess að hún sé miklu opnari fyrir því að vilja nálgast Evrópu með svipuðum hætti og tíðkast hjá öðrum þjóðum. Ari Skúlason segir svo, og ég hef ekki orðið var við það að þessari skoðun hafi verið mótmælt innan íslenskrar verkalýðshreyfingar, með leyfi forseta:

„Er ekki nauðsynlegt að við lítum í kringum okkur á gagnrýninn hátt áður en við förum að svara spurningum um hvað við viljum gera í sambandi við væntanlega samninga milli EFTA og EB? Er það þjóðfélag sem við erum að tala um að vernda fyrir erlendum áhrifum til í dag? Þótt það hafi verið til fyrir 20 árum er það kannski ekki alveg víst að svo sé í dag.“

Síðan segir: „Við verðum auk þess að horfast í augu við það að það verður kannski lokað að einhverju leyti fyrir möguleika okkar til náms og vinnu í öðrum Evrópulöndum ef við ætlum okkur að hafa aðrar reglur hér á landi um atvinnu- og búseturéttindi en gilda í öðrum löndum. Við erum einfaldlega vön því að valsa um allan heiminn án þess að hafa þurft að hafa áhyggjur af réttindum útlendinga hér á landi. Það sem við verðum fyrst og fremst að hugsa um þegar við tökum afstöðu til allra þessara spurninga eru lífskjörin. Hlutverk okkar er að tryggja okkar félögum, þ.e. Alþýðusambandsfélögunum, lífskjör sem eru ekki lakari en gerast í löndunum í kringum okkur. Ef okkur tekst það ekki erum við alvarlega stödd. Ef lífskjör hér á landi verða mun lakari en annars staðar verður sjálfstæði þjóðarinnar líka í hættu áður en varir. Íslendingar munu ekki sætta sig lengi við að lífskjör séu lakari hér en í nálægum löndum.

Er ekki nauðsynlegt að íslensk verkalýðshreyfing verði tiltölulega opin og jákvæð í sambandi við aðlögunina að Evrópu? Ef við verðum neikvæð og á móti öllu er hætta á að það verði einfaldlega ekkert á okkur hlustað. Verðum við ekki að reyna að sjá það jákvæða í þróuninni og reyna að hafa áhrif á stjórnvöld í þá átt sem við viljum fara? Getum við vænst þess að njóta alls þess sem jákvætt er án þess að þurfa að gera eitthvað í staðinn?“ Þetta segir hagfræðingur ASÍ.

Í lokaorðum sínum segir Ari Skúlason, sem er mjög athyglisvert að heyra frá þessum talsmanni Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Í síðustu viku heyrði ég setningu sem hljómaði einhvern veginn svona: Einangrun okkar frá Evrópu getur eflaust kostað okkur nokkrar krónur og aura, en er ekki betra að vera Íslendingur. — Þetta er eflaust afstaða margra hér á landi. En hefur ASÍ efni

á því að vera á þessari skoðun? Eru krónurnar og aurarnir ekki allt of há upphæð til þess að við getum leyft okkur það?"

Þetta er, virðulegi forseti, sjónarmið hagfræðings ASÍ í þessu mikilsverða máli. Ég hef tekið eftir því að félagshyggjuflokkarnir hafa ekki flaggað mikið með skoðanir Alþýðusambandsins hér á hinu háa Alþingi sem er ekki von því að þeir eru að verða fylgissnauðir þar. Forseti ASÍ er ekki stuðningsmaður núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það vita allir. Það er með hann eins og flesta aðra, þeir styðja ekki þessa ríkisstjórn.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að því hvernig ég lít á það hver sé staða Íslands gagnvart EB. Ég tel að við verðum auðvitað að líta á þetta svið í heild, en í rökréttu samhengi við þann raunveruleika sem við búum við og nú blasir við. Þá vaknar spurningin: Hefur ekki atburðarás síðustu mánaða og vikna á meginlandi Evrópu verið með þeim hætti að það sem var fyrir einu eða tveimur árum hefur gjörbreyst vegna þessara atburða, þ.e. hefur ekki opnun Austur-Evrópu breytt heimsmyndinni í einni svipan?

Það er stundum sagt að Evrópubandalagið sé að byggja upp múra gagnvart ríkjum utan bandalagsins, og það fer ekki á milli mála. Það liggur í augum uppi. Með tengslum okkar innan EFTA viljum við reyna að komast inn fyrir þessa múra sem þarna hafa verið byggðir vegna þess að það er efnahagslegur ávinningur fólginn í því að ná samningum við þetta bandalag. En við skulum jafnframt gera okkur fulla grein fyrir þeirri staðreynd að EB-ríkin eru að byggja upp múra í kringum sína hagsmuni og þegar ég er að tala um múra þá á ég við í þeim skilningi að Evrópubandalagsríkin eru að styrkja stöðu sína, sérstaklega gagnvart Bandaríkjum Norður-Ameríku og Japan. Það er augljóst mál. Þessi ríki hugsa í allt öðrum stærðum og með allt öðrum hætti en við Íslendingar gerum. Það má segja að ef þeir geta byggt sig svona sterkt upp inn á við nýtist þeim betur innri styrkur sem felst auðvitað í sterkri, samhentri og auðugri efnahagsheild, framleiðsluheild. En þegar til lengri tíma er litið getur þetta hugsanlega skaðað frjáls viðskipti á heimsmælikvarða. Bandaríki Norður-Ameríku og Japan munu mæta þessari takmarkandi samkeppni EB-ríkjanna með viðeigandi hætti. Það er þessum þjóðum, þ.e. Bandaríkjamönnum og Japönum, efnahagsleg nauðsyn. Vanmat á styrkleika Bandaríkjanna og Japans tel ég vera mjög hættulegt. Og það ber að hafa í huga, ekki hvað síst fyrir íslenska þjóð sem hlýtur að viðurkenna að vegna landfræðilegrar stöðu sinnar og fámennis verður hún að nálgast þróun bandalaga með allt öðrum hætti en flestar aðrar þjóðir, ef við viljum vernda og tryggja þjóðlegt sjálfstæði.

Nú kann það að vera að sumir geri lítið með það sem kallað er þjóðlegt sjálfstæði, og enn aðrir segja: Við þurfum að endurmeta hvað í því felst. En hvað sem því líður skulum við gera okkur grein fyrir því að þó að margt gott megi um það segja að nálgast Evrópu megum við ekki vera svo blindaðir af því að við sjáum ekki önnur atriði sem hér koma til greina og einnig að við séum ekki blinduð af því að Evrópubandalagið eða Evrópa er að taka gífurlegum breytingum bæði innbyrðis og út á við.

Í umræðu sem hér fór fram á hinu háa Alþingi 9. mars um afstöðu Íslands vegna funda EFTA-landanna vék ég að því að ég teldi að við ættum ekki að binda of miklar vonir við EFTA í sambandi við stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu og ég teldi að staða Íslands gagnvart Evrópubandalaginu væri best styrkt þegar Ísland sjálft, sem lítið þjóðríki norður í Atlantshafi, reyndi að ná sínum samningum og að það gæti hugsanlega veikt okkur að treysta of mikið og eiga allt of mikið undir EFTA-samstarfinu. Nú er ég ekki með neinar hrakspár um niðurstöður þeirra viðræðna sem fara fram milli EFTA- og EB-ríkjanna hvað Ísland varðar. Hins vegar verð ég að segja það að ég tel að vegna þess hve núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á þessa leið hafi það og sé það að skaða hagsmuni Íslands.

Ég vil halda því fram að sú stefna, að halda sig svona þétt að EFTA í sambandi við hagsmuni okkar í utanríkismálum, á því sviði sérstaklega sem hér er til umræðu, því við erum auðvitað ekki að tala um öryggis- og varnarmál heldur efnahagsmál og samstarf á öðrum þeim sviðum sem tengjast því, sú stefnumörkun sem var mótuð árið 1987 af þáv. hæstv. utanrrh. Steingrími Hermannssyni, hafi skaðað mjög stöðu okkar og raunverulega leitt okkur í það sem ég vil kalla ákveðna EB-gildru.

Ég geri ráð fyrir og gef mér það að hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson, sem er því miður ekki hér viðstaddur, hafi gert þetta óafvitandi, hann hafi ekki gert sér nægilega vel grein fyrir því hvert var verið að leiða hann og íslenska þjóð í sambandi við þróun þessara mála. Ég vil þess vegna, með leyfi forseta, fá að lesa upp úr ræðu hæstv. núv. forsrh. um þetta atriði sem felur í sér þá stefnumörkun sem hefur leitt okkur til þeirra atburða sem við nú stöndum frammi fyrir og erum að ræða hér um í dag. Ég ætla að lesa upp úr ræðu hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar í Sþ. 9. mars 1989 í umræðum utan dagskrár um afstöðu Íslands á fundi EFTA-landanna, en hann segir, með leyfi forseta:

„Ég verð að geta um eitt atriði enn sem hefur verið okkur mjög mikið kappsmál og það er frjáls sala á sjávarafurðum öllum. Þetta mál ræddi ég t.d. sem utanríkisráðherra við framkvæmdastjóra, de Clercq sérstaklega, Evrópubandalagsins í desember 1987 og leitaði þá eftir því sem hafði verið gert oft á undan mér en sérstök áhersla lögð á eftir að Spánn og Portúgal urðu aðilar. Ég leitaði eftir því að víkka mætti út þann samning sem við höfum þannig að hann næði til saltfisks, alveg sérstaklega og næði yfir ófryst flök og aðrar unnar sjávarafurðir.

Það svar sem ég fékk á þessum fundi var" — það var í des. 1987 — „að það þýddi ekki að leita eftir þessu á meðan innri markaðurinn væri í mótun og á þessum fundi var mjög eindregið ráðlagt að leita eftir því að fyrst fengist fullkomið frelsi fyrir fiskafurðir

innan EFTA-ríkjanna. Það var sem sagt ráð þeirra að við stæðum sterkar og betur að vígi ef við kæmum saman með EFTA-ríkjunum til Evrópubandalagsins og þá hafandi náð fullu frelsi með sjávarafurðir innan EFTA-ríkjanna. Á það höfum við aldrei lagt sérstaka áherslu því þau eru ekki svo mikilvæg í okkar útflutningi á sjávarafurðum. Þess vegna tók ég það mál upp sérstaklega á fundi utanríkisráðherra" — en hann var þá einnig utanrrh. — „EFTA-ríkjanna í Tampere í fyrrasumar og þá náðist samkomulag um að setja á fót sérstaka ráðuneytisstjóranefnd sem átti að undirbúa fullkomið frelsi með sjávarafurðir innan EFTA-ríkjanna." (**Forseti:** Leyfist forseta að spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni því auðvitað vildi forseti þá leyfa honum að ljúka henni ef um nokkrar mínútur er að ræða, en ef um lengri málflutning er að ræða verður því ekki við komið því að ég hef lofað að fresta umræðunni klukkan hálfsjö.)

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki búinn með mína ræðu en ég vil fá að ljúka niðurlaginu er lýtur að þessu atriði, en annars er ég ekki búinn með mína ræðu vegna þess að hér er verið að fjalla raunverulega um þann grundvöll og þær meginforsendur fyrir því að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson er núna erlendis að ganga frá uppkasti að þeim samningsatriðum sem utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna munu taka afstöðu til þann 19. des. Ég verð nú að segja, virðulegur forseti: Skilja hv. þm. það ekki á hvaða örlagastundu Alþingi Íslendinga stendur í dag og íslensk þjóð í þessu máli? Ég verð að segja og endurtek það: Sem betur fer, sem betur fer er ég fulltrúi þess flokks sem heitir Sjálfstæðisflokkurinn. Sá flokkur hefur oft verið umdeildur og hart að honum vegið af hálfu vinstri stjórnmálamanna fyrir það að hann hefur verið mjög opinn og jákvæður gagnvart samstarfi við vestrænar þjóðir, svo ekki sé minnst á varnar- og öryggismálin. Þetta er sá flokkur, og ég er fulltrúi þess flokks, sem leggur sérstaklega vandaða vinnu í það mál sem hér um ræðir ásamt Kvennalistanum og títtnefndum þm. Hjörleifi Guttormssyni, þótt ég sé nú ekki sammála honum í öllum atriðum. En hvað sem því líður... (Gripið fram í.) Já, hæstv. iðnrh. Gera hv. þm. sér ekki grein fyrir því eða er þetta mál sem hér er verið að fjalla um kannski ekki meira mál en þetta í augum þeirra? Hér er verið að reyna að fjalla um grundvallaratriðin er lúta að því hver á að vera staða þjóðríkisins Íslands í framtíðinni í þeirri þróun og atburðarás sem á sér stað í heiminum og í okkar næsta nágrenni.

Ég er að undirstrika það að núv. hæstv. forsrh. og þar með núv. hæstv. ríkisstjórn er á rangri braut í sambandi við það að tryggja stöðu Íslendinga. Mér er þetta óskiljanlegt og ég segi: Sem betur fer er ég fulltrúi Sjálfstfl. í þessari umræðu. Það er sá flokkur sem virðir frelsi einstaklingsins til þess að tjá sig. Það þýðir ekki endilega það að hver einasti maður innan flokksins þurfi að ganga í takt og allra síst í svona málum, en þó vil ég segja það að í því sem ég hef sagt hér í þessu máli tala ég máli meginþorra sjálfstæðismanna og Sjálfstfl. um þau atriði sem ég fjallaði um. Það er grundvallaratriði og grundvallarstefna þess flokks að tryggja sjálfstæða stöðu Íslendinga þótt við þurfum að vera í nánu samstarfi við aðrar þjóðir þannig að við leggjum mikla og vandaða vinnu í það sem er verið að gera. Við látum ekki erlenda aðila leiða okkur út í viðræður eða umræður sem geta skaðað stöðu þessarar þjóðar.

En ég skal ljúka þessu, virðulegur forseti. Ég vil aðeins ljúka þessari tilvitnun í hæstv. forsrh., í það sem hann sagði 9. mars.

Ég tel það klókt hjá hinum erlenda aðila, þ.e. de Clercq, — vitandi það að fríverslun með fisk yrði ekki á dagskrá EB næsta áratuginn því hann var einmitt þá og þeir að ganga frá 10 ára áætlun um styrkjastefnu Evrópubandalagsins fyrir sjávarútveginn, fyrir næstu 10 árin — sem hafði enga sérstaka skyldu við okkur Íslendinga að hafa gert þetta með þessum hætti. En þar með, með þessari stefnu, var samningsstaða Íslands gagnvart EB stórlega sköðuð. Við vorum leiddir inn í gildru sem við erum fastir í í dag hvað sjávarútveginn áhrærir, sem er grundvallaratvinnuvegur á Íslandi. Við vorum leiddir inn í gildru og bundnir þessum EFTA/EB-viðræðum.

Þetta er vissulega mjög alvarlegt mál. Ég vil ekki gera hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni það upp að það sé viljandi gert en alla vega þá var þetta niðurstaðan.

Ég er ekki, virðulegi forseti, búinn með mína ræðu þannig að þess vegna má fresta fundi. Ég mun þá taka til máls þegar fundi verður fram haldið.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

18. fundur, föstudaginn 8. des., kl. 1 miðdegis.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjármögnun útgjalda og verðbætur). — Þskj. 258.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 50 frá árinu 1984 en efni þess er umfjöllun um Lífeyrissjóð bænda.

Það frv. sem ég mæli fyrir nú er flutt í tengslum við frv. til l. um breytingu á lögum nr. 2/1985, um eftirlaun aldraða, sem heilbr.- og trmrh. leggur fram á Alþingi. Þau lög gilda til ársloka 1989 en í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar við gerð almennra kjarasamninga á liðnu vori er nú gert ráð fyrir framlengingu þeirra um tveggja ára skeið. Á þeim tíma verða þau tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna lífeyrissjóðanna en ég gerði grein fyrir þeim áformum í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær.

Í frv. um Lífeyrissjóð bænda er lagt til að tímabundin ákvæði laga um Lífeyrissjóð bænda um fjármögnun útgjalda skv. II. kafla laganna og verðbætur á lífeyri verði framlengd til ársloka 1991, en skv. núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út í árslok 1989.

Þegar samið var um stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða árið 1969 gaf ríkisstjórnin þáverandi fyrirheit um sérstök réttindi aldraðra félaga í stéttarfélögum, þ.e. manna sem fæddir voru árið 1914 eða fyrr og skyldu útgjöldin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði. Þessar ráðstafanir voru síðan lögfestar árið 1970. Sama ár voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda en í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um réttindi aldraðra bænda og voru þau hliðstæð þeim réttindum sem öldruðum launþegum voru veitt með lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Skyldu útgjöld vegna þessara réttinda aldraðra bænda borin af Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóði.

Árið 1976 var verðtrygging lífeyrisgreiðslna skv. lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum stóraukin og útgjöld vegna hinnar auknu verðtryggingar borin af lífeyrissjóðum á samningssviði Alþýðusambands Íslands. Var þá Lífeyrissjóður bænda látinn taka á sig útgjöld vegna hliðstæðra verðbreytinga lífeyrisgreiðslna skv. II. kafla laga sjóðsins en vegna aldursskiptingar bændastéttarinnar urðu þessi útgjöld sjóðnum afar þungur baggi. Með lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, var þeirri skipan komið á að Lífeyrissjóður bænda skyldi, eins og aðrir lífeyrissjóðir, leggja ákveðinn hundraðshluta iðgjaldatekna sinna til þessa eftirlaunakerfis sem nú var ekki lengur takmarkað við félaga í stéttarfélögum en á hinn bóginn skyldi útgjöldum til hinnar sérstöku uppbótar á lífeyri skv. II. kafla sjóðsins af honum létt og þau greidd af framlagi skv. 25. gr. laga nr. 97/1979, sem nú eru lög nr. 2/1985.

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram er þetta frv. í beinum tengslum við það frv. um eftirlaun til aldraðra sem hæstv. heilbr.- og trmrh. leggur fram á Alþingi og eru hliðstæð ákvæði, tímatakmörk og annað í báðum þessum frumvörpum. Ég tel því ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstök efnisatriði í frv. en vísa til greinargerðar með því þar sem málin eru lögð fram á afar ljósan hátt.

Ég skora á hv. alþm. að veita þessu frv. brautargengi og afgreiða það hér fyrir áramót og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, ein umr.

Stjfrv., 53. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 244.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Við meðferð þessa frv. í hv. Nd. var bætt inn nokkrum nýjum einstaklingum. Það var gert í samráði við allshn. Ed. og hafði hún þegar fjallað um sumar þessara umsókna. Umsóknir þeirra eru í samræmi við þær reglur sem miðað er við og mælir allshn. Ed. með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í Nd.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég er að sjálfsögðu sammála þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. til laga um ríkisborgararétt sem hér er lagt fram eins og það breyttist í meðferð Nd. Ég vakti máls á hugsanlegri breytingu við 1. umr. hér í deildinni á sínum tíma, þ.e. að viðræður færu fram við þá aðila sem sækja um ríkisborgararétt. En í framhaldi af því og vegna upplýsinga sem mér hafa borist er dálítið forvitnilegt að velta fyrir sér hvað skeður eftir að viðkomandi aðili hefur fengið ríkisborgararétt. — Það hefði nú verið nauðsynlegt í reynd að dómsmrh. væri hér í húsinu eða utanrrh. en hvorugur þeirra er nú til staðar og ég fer ekki fram á að umræðunni verði frestað þess vegna. Ég vil vekja athygli á því að skv. upplýsingum sem ég hef fengið mun, a.m.k. í sumum tilfellum, utanrríkisráðuneyti þess lands sem maðurinn kemur frá sem fær ríkisborgararétt hér á landi verða tilkynnt um það. Það hefur a.m.k. í einu tilfelli sem ég veit um orðið til þess að nákvæm rannsókn og húsleit var gerð á heimili þess aðila, sem var að flytjast hingað til lands og hafði fengið ríkisborgararétt, í því landi sem hann afsalaði sér ríkisborgararétti. Það er nú svo að í sumum löndum er gerræði mikið og sumir koma hingað hálfgert sem flóttamenn og jafnvel algerlega sem flóttamenn. Í sumum löndum, og m.a. þessu sem ég miða við núna og ætla ekki að nefna í ræðustól, eru viss trúarbrögð bönnuð. Í þessu tilfelli gerðist þetta og þess vegna ætlaði ég að bera fram fyrirspurn til dómsmrh. hvort það sé tilfellið að viðkomandi ríki sé tilkynnt um nýjan ríkisborgararétt aðila. Ég tel að það sé mjög varhugavert að gera slíkt. Við gerum kröfu til þess að viðkomandi aðili afsali sér ríkisborgararétti annars lands þegar hann fær ríkisborgararétt hér á landi og það á í sjálfu sér að vera nóg að mínu viti. Þetta getur orsakað ýmiss konar vandkvæði hjá fjölskyldum viðkomandi, einkum og sér í lagi í ríkjum þar sem lögregluvaldi er beitt á ótæpilegan hátt.

Á þessu vildi ég vekja athygli hér, hæstv. forseti, og mun að sjálfsögðu koma athugasemdum eða fyrirspurn minni og ábendingum til hæstv. dómsmrh. og utanrrh. þegar ég næ sambandi við þá en vildi samt að þetta kæmi hér fram að gefnu tilefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 265).

EFRI DEILD

19. fundur, föstudaginn 8. des., að loknum 18. fundi.

Laun forseta Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um laun forseta Íslands. Í þessu frv. eru tvær breytingar. Önnur breytingin er sú að fellt er burt ákvæði um að forseti skuli hafa náð 65 ára aldri eða vera öryrki til þess að geta tekið eftirlaun og er þá vísað til þess að það ætti að vera metnaðarmál þjóðarinnar að forseti Íslands þurfi ekki nauðsynlega að leita sér annarrar vinnu þegar hann lýkur forsetastörfum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ef forseti kýs að taka við öðru starfi, þá lækki þessi eftirlaun að sjálfsögðu sem slíkum launum nemur.

Jafnframt er tekið fram að fyrrv. forseti njóti tiltekins hluta launa forseta Íslands. Kemur þetta fram í 2. mgr. 5. gr. frv., 60%, 70%, 80% eftir því hve forseti hefur starfað lengi.

Þá er hér breytt ákvæði frv. eða laga í 6. gr. þar sem fjallað er um eftirlifandi maka í stað „ekkju" forseta eins og í núgildandi lögum og er þar um sjálfsagða leiðréttingu á gildandi lögum að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langa framsögu, herra forseti, og læt þetta nægja. Ég held að málið sé það einfalt, skýri sig það vel og leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Úreldingarsjóður fiskiskipa, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 222.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem flutt var á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt.

Það misræmi sem hefur verið milli afrakstursgetu fiskistofnanna og afrakstursgetu fiskiskipaflotans hefur verið meginvandamál íslensks sjávarútvegs til langs tíma. Þetta ósamræmi hefur dregið úr hagkvæmni veiðanna og m.a. valdið því að nauðsynlegt hefur reynst að setja víðtækar reglur um stjórn fiskveiða og takmarkanir á veiðiheimildir einstakra skipa. Því var á sínum tíma lagt algert bann við innflutningi á fiskiskipum. Það bann rann formlega úr gildi árið 1984.

Þær reglur gilda nú um endurnýjun flotans að ný og nýkeypt skip koma því aðeins til greina við veitingu veiðileyfa að þau komi í stað sambærilegra skipa er hverfi úr rekstri. Hins vegar hefur tækni í hönnun og smíði fiskiskipa ásamt þeim sveigjanleika sem verið hefur í lögum um stjórn fiskveiða leitt til þess að endurbyggð eða ný skip sem koma í flotann eru oft og tíðum afkastameiri en þau sem úrelt hafa verið.

Er stjórn fiskveiða hófst með svokölluðu kvótakerfi árið 1984 voru miklar vonir bundnar við fækkun fiskiskipa. Nokkur árangur hefur náðst í þeim efnum en gæti þó verið mun meiri. Stafar það einkum af því hversu skammur gildistími laga um stjórn fiskveiða hefur verið hverju sinni og gert útgerðarmönnum erfiðara fyrir að sjá fyrir framvindu mála næstu ár.

Með samþykkt núgildandi laga til þriggja ára, 1988–1990, skapaðist fyrst grundvöllur fyrir útvegsmenn til að sameina veiðiheimildir fiskiskipa. Á grundvelli núgildandi laga hafa veiðiheimildir rúmlega 30 skipa verið sameinaðar heimildum annarra skipa. Engu að síður má búast við að hvati til slíkrar sameiningar komi til með að þverra eftir því sem skemmri tími lifir eftir af gildistíma laganna. Sjútvrn. hefur jafnan hvatt til að lög um stjórn fiskveiða hefðu sem lengstan gildistíma en þær tillögur hafa mætt harðri andstöðu, bæði á Alþingi og hjá einstökum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Fyrstu ár kvótakerfisins var unnt að beita umframafkastagetu flotans að nokkru leyti að sókn í áður vannýtta stofna, til að mynda úthafsrækju og grálúðu. Hins vegar er nú svo komið að sókn í þessa stofna hefur einnig verið takmörkuð að tillögu fiskifræðinga. Á næsta ári verður dregið úr þorskveiðum þriðja árið í röð. Frá árinu 1987 til 1990 mun heildarkvóti í þorski alls hafa lækkað um meira en 20%. Þá hefur sóknardögum þeirra togara sem velja sóknarmark verið fækkað. Eru þeir 245 á yfirstandandi ári og gert er ráð fyrir því að þeim muni enn fækka á árinu 1990. Það hefur í för með sér að sóknarmarkstogarar verða með öðrum orðum að liggja bundnir við bryggju rúmlega fjóra mánuði á næsta ári.

Að beiðni sjútvrn. gerði Þjóðhagsstofnun sl. vor lauslega athugun á áhrifum þess á afkomu útgerðar að fækka fiskiskipum. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að fækki fiskiskipum um 10% og veiðiheimildir þeirra verði sameinaðar öðrum skipum sem eftir verða í flotanum megi gera ráð fyrir að afkoma útgerðar geti batnað um allt að 5% af heildartekjum. Þótt hér sé aðeins um lauslega athugun að ræða er ljóst að hún gefur góða vísbendingu um hvaða áhrif það getur haft á afkomu útgerðarinnar takist að fækka fiskiskipum.

Í því frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að

veiðiheimildir þeirra skipa sem sjóðurinn kaupir verði seldar. Það mun leiða til þess að fyrrnefndur afkomubati verður nokkru minni, enda er vandséð hvernig hægt væri að fjármagna slíkan sjóð án þess að til sölu veiðiheimilda komi sem hann eignast.

Með hliðsjón af þessu og þeirri skoðun sérfræðinga að unnt sé að ná sama aflamagni á okkar miðum með jafnvel 70–80% af núverandi flota er nú hér lagt fyrir Alþingi frumvarp að nýjum Úreldingarsjóði fiskiskipa sem hefur það verkefni að glíma við þetta vandamál. Frv. er rökrétt framhald af hinni viðamiklu endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins sem lauk vorið 1986. Nefnd sú sem vann að endurskoðuninni lagði til að gamli Úreldingarsjóður fiskiskipa sem stofnaður var árið 1980 yrði lagður niður. Ástæða þess var einkum sú að nefndin lagði til að útflutningsgjald af sjávarafurðum yrði fellt niður og við það hvarf aðaltekjustofn sjóðsins. Eins taldi nefndin þörf á að gera starfsemi Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs fiskiskipa markvissari en verið hafði. Þótti sjóðurinn hafa unnið gegn upprunalegum tilgangi sínum því styrkveitingum úr sjóðnum var oftast ráðstafað til kaupa á nýjum og afkastameiri skipum í stað þeirra sem úrelt voru. Gerði nefndin ráð fyrir að síðar yrðu sett ný lög um starfsemi sjóðsins og jafnframt yrðu ákvæði um Aldurslagasjóð endurskoðuð.

Hinum nýja Úreldingarsjóði er ætlað það hlutverk að kaupa fiskiskip sem eru til sölu á frjálsum markaði, eyða þeim eða selja úr landi. Í frv. er gert ráð fyrir að sjóðurinn ráðstafi veiðiheimildum þeirra skipa sem hann kaupir gegn endurgjaldi og standi með þeim hætti undir frekari skipakaupum. Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði eignir eldra Úreldingarsjóðs fiskiskipa auk eigna Aldurslagasjóðs fiskiskipa. Eignir þessara tveggja sjóða nema samtals tæplega 400 millj. kr.

Þá er sjóðnum markaður tekjustofn sem Aldurslagasjóður hefur nú. Sú tillaga er gerð hér að gjaldið verði árlega 1200 kr. á hverja brúttórúmlest skips en þó aldrei hærra en 370 þús. kr. fyrir hvert skip. Gjaldið hefði skilað Úreldingarsjóði um það bil 90 millj. kr. á þessu ári en til samanburðar er rétt að benda á að gjald til Aldurslagasjóðs er á þessu ári nálægt 60 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái tekjur af sölu veiðiheimilda sem hann eignast við kaup á fiskiskipum. Lagt er til að sjóðnum verði heimilað að yfirtaka áhvílandi lán á þeim fiskiskipum sem hann kaupir eða að öðrum kosti að taka lán fyrir allt að 80% af kaupverðinu. Þetta er gert til að skapa möguleika fyrir sjóðinn að hafa raunveruleg áhrif á stærð fiskiskipaflotans strax á fyrstu starfsárunum. Við kaup á fiskiskipum skal gætt tveggja meginsjónarmiða. Annars vegar að skipakaupunum sé hagað á þann veg að sem hagkvæmust samsetning náist í fiskiskipaflotanum þannig að líklegt sé að afli dreifist á þá árganga nytjastofna sem hámarksafrakstur gefa. Hins vegar skal stefnt að betri aflameðferð með því að kaupa einkum þau skip sem ekki fullnægja nýjustu kröfum um meðferð afla.

Í frv. er gert ráð fyrir að sjóðurinn ráðstafi gegn endurgjaldi veiðiheimildum þeirra skipa sem hann eignast. Það er gert til að sjóðurinn geti staðið undir greiðslum afborgana og vaxta og síðar aflað fjár til frekari skipakaupa. Við ráðstöfun á veiðiheimildum verður útgerðum þeirra skipa sem tilteknar veiðar stunda gefinn forkaupsréttur á veiðiheimildum skipsins. Sjóðsstjórn verður falið að ákvarða verð á veiðiheimildunum miðað við markaðsverð slíkra heimilda. Verði forkaupsréttur ekki nýttur verða veiðiheimildirnar seldar hæstbjóðanda. Þá er gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilað að semja við seljanda skips um tímabundinn forkaupsrétt hans á aflaheimildum þess eftir kaupin. Með þessu ákvæði er útgerðaraðilum auðveldað að laga rekstur sinn að breyttum aðstæðum.

Auk þess sem sjóðnum er ætlað að kaupa fiskiskip sem til sölu eru á almennum markaði er jafnframt heimilt að veita styrki úr sjóðnum til úreldingar fiskiskipa. Er ráð fyrir því gert að slíkir styrkir verði ekki veittir nema til komi raunveruleg úrelding, að skipi sé eytt án þess að skip komi þess í stað. Jafnframt sé óheimilt að nýta endurnýjunarrétt þess til stækkunar annarrar nýsmíði eins og núgildandi reglur heimila. Styrkjunum er einkum ætlað að hvetja útgerðarmenn til að sameina veiðiheimildir úreltra skipa veiðiheimildum annarra skipa í flotanum. Styrkir þessir mega að hámarki nema 1/10 af húftryggingarmati viðkomandi skips.

Í frv. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm manna stjórn yfir sjóðnum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn verða tilnefndir af helstu hagsmunaaðilum í fiskveiðum og tveir tilnefndir af tveim opinberum lánastofnunum er mestu máli skipta við lánveitingar til fiskiskipa. Þá er lagt til að formaður stjórnar verði skipaður af sjútvrh. án tilnefningar.

Hér skal áréttað að sjóðnum verður í upphafi ekki úthlutað aflaheimildum. Mun sjóðurinn ekki hafa yfir að ráða öðrum veiðiheimildum en þeim er fylgt hafa þeim skipum sem hann hefur keypt og úrelt. Hlutverk sjóðsins er afmarkað við að fækka fiskiskipum. Því eru sett takmörk á þær aflaheimildir sem sjóðurinn má eiga. Er honum ekki ætlað að kaupa aflaheimildir umfram það sem nauðsynlegt er til að hann nái tilgangi sínum. Sjóðnum eru sett þau takmörk að hann megi ekki öðlast ráðstöfunarrétt umfram 3% heildaraflaheimild af botnfiski eða einstökum tegundum sérveiða. Nái hlutdeild sjóðsins því marki munu aflaheimildir þeirra skipa sem sjóðurinn eignast bætast hlutfallslega við aflaheimildir alls flotans og munu þannig stuðla að bættum rekstrargrundvelli hans. Þannig að í reynd mun sjóðurinn, þegar 3% markinu er náð, vinna fyrir flotann í heild og þess vegna er þetta takmark sett. En auðvitað má hugsa sér að þetta takmark verði lægra eða hærra eftir því hvað menn vilja að sjóðurinn sé sterkur og hversu langt hann getur náð að minnka flotann.

Sjútvrh. er heimilað að lækka þetta hámark, þ.e. 3% hámarkið, með reglugerð. Ákvæði þetta er nauðsynlegt því skapist betra samræmi milli stærðar flota og fiskstofna en nú er má draga úr starfsemi sjóðsins

með lækkun þessa hámarks. Ég nefni þetta hámark sérstaklega af því að margir hafa haldið því fram að hér sé í reynd stigið fyrsta skref að svokölluðum auðlindaskatti. Ég tel það mikið öfugmæli vegna þess að hér er sett af stað starf sem vinnur fyrir allan flotann og það hámark sem sett er er mjög lágt miðað við allar þær aflaheimildir sem íslenski fiskiskipaflotinn fær, eða einungis 3%.

Herra forseti. Í ljósi þess ástands sem menn nú horfa til varðandi ástand og hegðun loðnustofnsins verður nauðsyn þess að fækka skipum einn augljósari. Aðrar veiðiheimildir en þær sem loðnuskipin hafa eru nú fullnýttar, þannig að þessum skipum verður ekki skapaður viðunandi rekstrargrundvöllur ef loðnan bregst án þess að gengið sé verulega á veiðiheimildir annarra.

Verði frv. þetta að lögum gæti Úreldingarsjóður keypt skip útgerðaraðila loðnuskipa sem vilja, við aðstæður sem þessar, hætta útgerð. Þetta sýnir glöggt að með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til verði stuðlað að aukinni hagkvæmni í rekstri flotans án þess að gengið sé á rétt eða hagsmuni þeirra sem fyrir eru í útgerð.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu frestað.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 219, n. 263, brtt. 264.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. hefur rætt þetta frv. og fengið til viðræðna Magnús B. Jónsson, búvísindakennara á Hvanneyri, Eyjólf Sverrisson frá Þjóðhagsstofnun, Leif K. Jóhannesson, forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Inga Tryggvason, stjórnarmann í Stofnlánadeild, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Jón Ragnar Björnsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. loðdýraræktenda, og Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru till. um á sérstöku þskj. Þá leggur nefndin jafnframt til að ríkisstjórnin geri ákveðnar breytingar á samþykkt sinni frá 28. nóv. sl., um loðdýrarækt. Ég get upplýst deildina um að slík samþykkt hefur þegar verið gerð hjá hæstv. ríkisstjórn.

Fyrri brtt. nefndarinnar er við 1. gr. frv. og felur í sér að hámark ríkisábyrgðar hækki úr 280 millj. kr. í 300 millj. kr. Sú breyting er gerð til að mæta því að þeim 20 millj. kr. sem Framleiðnisjóði, skv. bókun ríkisstjórnarinnar frá 28. nóv. sl., er ætlað að leggja fram til fjárhagslegrar endurskipulagningar, verði varið til lækkunar fóðurverðs. Það framlag kemur til viðbótar þeim 25 millj. sem verða veittar skv. bókun ríkisstjórnarinnar og fyrirheiti því sem þar er gefið um útvegun viðbótarfjármagns.

Í fskj. 1 með frv. segir þetta:

„Haldi það mörg loðdýrabú áfram rekstri að útgjöld verði meiri en 25 millj. kr. skal tekið á því sérstaklega og Byggðastofnun útvegað viðbótarfjármagn."

Nú liggja fyrir upplýsingar um áhuga loðdýrabænda á því að halda bústofni sínum. Með þeirri breytingu sem hér er lagt til vill nefndin tryggja að eftir áramót haldi jöfnunargjald á fóður verðgildi yfirstandandi árs enda telur nefndin það grundvallaratriði til að aðgerðir þessar nái tilgangi sínum. Nefndin beindi þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að Framleiðnisjóður annist þessa framkvæmd í stað Byggðastofnunar. Nefndin leggur áherslu á að Framleiðnisjóður mun halda áfram fjárhagslegri endurskipulagningu og skuldbreytingum með því fjármagni sem óráðstafað er af þeim 60 millj. kr. sem ákveðnar voru til þess í febrúar sl. Til að sinna því verkefni og vinnu við framkvæmd ákvæða 1. gr. frumvarpsins þurfa Framleiðnisjóður og landbrn. að veita bændum sérfræðilega þjónustu við samningagerð.

Nefndin leggur sérstaka áherslu á þennan þátt, að Framleiðnisjóður annist þarna sérstaka sérfræðiþjónustu fyrir bændur, svo að hver og einn bóndi þurfi ekki jafnvel að ráða sér lögfræðing til þessa starfs. Þetta verði gert á sameiginlegan hátt gagnvart hverri lánastofnun og hver bóndi sem þess óskar fái aðstoð.

Seinni brtt. nefndarinnar er við 2. gr. frv. og felur í sér að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði heimilt að fella niður verðtryggingu og vexti og fresta greiðslu afborgana af lánum til bænda vegna loðdýrabúra á næstu fimm árum, sem og hluta höfuðstóls annarra veðskulda einstakra loðdýrabænda, enda verði hagsmunum Stofnlánadeildar betur borgið með þeim hætti. Með breytingu nefndarinnar er hins vegar fellt niður ákvæði um fóðurstöðvar þar sem nefndin telur, eftir viðræður við forstjóra Byggðastofnunar, að stofnunin taki að sér sambærilega aðstoð við þær og Stofnlánadeild veitir bændum, enda vinnur Byggðastofnun að fjárhagslegri endurskipulagningu fóðurstöðvanna.

Það skal tekið fram í sambandi við brtt. nefndarinnar gagnvart Stofnlánadeild og um að fella niður verðtryggingu og vexti og frestun afborgana af búralánum svokölluðum, að svo getur farið í einstaka tilfellum að þarna eigi sér einhver mismunun stað. Þá er seinni grein brtt. ætlað að ná yfir það og nefndin ætlast til að við þær aðstæður komi sá hluti greinarinnar til framkvæmda, þ.e. „þá er Stofnlánadeild heimilt, þegar hagsmunum hennar er betur borgið með þeim hætti, að fella niður hluta höfuðstóls annarra veðskulda loðdýrabænda". Þetta getur átt við í þeim tilfellum þegar um einhverja mismunun

hefur verið að ræða í sambandi við þessa fyrirgreiðslu sem beinist eingöngu að búralánunum svokölluðu.

Til viðbótar þessum brtt. beindi nefndin þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún breyti 1. og 2. tölul. í bókun sinni frá 28. nóv. sl. varðandi loðdýrarækt, sbr. fskj. 1 með frv. Nefndin leggur til að í 1. tölul. komi Framleiðnisjóður landbúnaðarins hvarvetna í stað „Byggðastofnunar" þar sem kveðið er á um síðarnefndu stofnunina. Í 2. tölul. verði kveðið á um að þeim 20 millj., sem Framleiðnisjóður eigi að verja til fjárhagslegrar endurskipulagningar og skuldbreytinga, verði þess í stað varið til greiðslu jöfnunargjalds á loðdýrafóður á árinu 1990.

Eins og ég sagði hér í upphafi hefur samþykkt sem lýtur að þessu þegar verið samþykkt hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég vil þakka hv. landbn. fyrir mjög gott starf að framgangi þessa máls. Ég held að okkur hafi tekist í þessari nefnd að vinna þetta mál á þann veg að loðdýrabændur megi sæmilega vel við una og hef ég heyrt frá forustumönnum þeirra að svo sé. Magnús Jónsson, búvísindakennari á Hvanneyri, sem nefndur hefur verið hér á undan og er einn þeirra sem á undanförnum mánuðum hafa verið að vinna að skýrslugerð og útreikningum vegna loðdýrabúgreinarinnar hefur sagt við mig að hann telji að þessi lausn muni að sínu mati tryggja að rekstur loðdýrabúa í landinu sé tryggður á því tímabili sem þessi ákvörðun nær yfir. Og það held ég að sé líka mat nefndarmanna allra.

Ég vil svo þakka öllum nefndarmönnum í landbn. fyrir gott samstarf.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það er nú skammt um liðið frá því að hér fór fram mikil efnisleg umræða um málefni loðdýrabúskapar hér í landi og afkomu þeirra bænda sem þann búskap stunda. Ég gat þess þá að við umfjöllun í nefnd væri hægt að fjalla nánar um málið. Sú umfjöllun hefur nú farið fram og hefur leitt til þess að landbn. Ed. hefur komist að samkomulagi um afgreiðslu málsins. Eins og hv. formaður nefndarinnar gat um hér áðan þá liggur það alveg ljóst fyrir af þeim fregnum sem við höfum haft af skoðunum forustumanna loðdýrabænda, og reyndar einstakra bænda þar einnig, að hér er um lausn að ræða sem gerir það að verkum að loðdýrabændur geta haldið áfram að berjast fyrir tilverurétti þessarar búgreinar. Það er að sjálfsögðu afar mikilvægt.

Eins og ég lýsti hér við fyrri umræðuna verður þessi búskapur að sjálfsögðu ekki neinn dans á rósum, eins og stundum er orðað, langt frá því. Ég fæ ekki séð að hann skili t.d. miklum launagreiðslum við þær aðstæður sem nú eru. En menn eru að sjálfsögðu í þessari grein vegna þess að menn treysta á betri tíð í framtíðinni. Þess vegna vilja menn enn um sinn þreyja þorrann og góuna. Þær ráðstafanir sem þessar till. fela í sér eins og þær eru nú lagðar fram gera þetta kleift. Það er aðalatriðið.

Eins og formaður landbn. hefur lýst hér í skýru máli fela þær í sér þrjú grundvallarmarkmið. Í fyrsta lagi er ríkisábyrgð hækkuð um 20 millj. Sú ábyrgð var 280 millj., er núna 300 millj. Það fjármagn sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins átti að leggja til þessa verkefnis hefur nú verið fært til að greiða niður fóður, þannig að þar hefur verið tryggt fjármagn að upphæð 45 millj. kr. Það er staðfastlega tekið fram í nál. að sú niðurgreiðsla sem viðhöfð hefur verið á þessu ári eigi að halda verðgildi sínu, raungildi sínu á næsta ári. Og það liggja líka fyrir um það skýrar yfirlýsingar að ef til þess þarf meira fjármagn en hér er til ráðstöfunar verði úr því bætt. Hér er því séð fyrir á hóflegan hátt en fullnægjandi.

Þriðja atriðið, sem skiptir nú ekki hvað minnstu máli, er að till. nefndarinnar kveða á um heimild til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að draga úr fjármagnskostnaði þessarar búgreinar í viðskiptum við deildina næstu fimm árin með því að láta höfuðstólinn standa þar óbreyttan en vexti og verðtryggingu falla niður. Þeir sem kunna að óttast að hér gæti orðið um misræmi að ræða milli loðdýrabænda geta verið áhyggjulausir að því leyti, eins og kom hér fram hjá hv. frsm., að síðari hluti 2. gr. veitir heimild til að mæta slíku misræmi er fram kynni að koma. Þ.e. fyrri hlutinn er einvörðungu bundinn við þessi svokölluðu búralán sem geta auðvitað haft misjafnlega stóran höfuðstól að baki sér þannig að ýmsir bændur hafa e.t.v. ekki tekið þau lán í sama mæli og aðrir, kannski jafnvel búnir að greiða þau upp en búa við sömu erfiðleika í viðskiptum við deildina. Þá er vert að leggja á það sérstaka áherslu að síðari hluti 2. gr. gerir einmitt ráð fyrir því að hægt verði að mæta þeirri þörf með öðrum hætti. Hér er sem sagt um að ræða mjög hóflegar breytingar, en sem gera það aftur kleift, eins og ég sagði áðan, að vonandi sem allra flestir geti áfram tekist á við þessa búgrein og þann búskap sem henni fylgir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Mér finnst mikil ástæða til þess að færa landbúnaðarnefndarmönnum Ed. þakkir fyrir samstarfið og þá ekki síst forustumanninum fyrir nefndinni, hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Ég hygg að það muni nú kannski vekja nokkra eftirtekt að menn skuli komast hér að sameiginlegri niðurstöðu en það styrkir þetta mál náttúrlega afar mikið í augum bændastéttarinnar, ekki einungis þeirra sem stunda loðdýrabúskap heldur bændastéttar landsins almennt. Ég met það mikils að bændur fái slíkar fréttir þegar fjallað er um störf þeirra hér á Alþingi og er það vissulega nokkuð með öðrum hætti en almennt hefur gerst í umræðunni um landbúnaðarmál. Þetta sýnir með ótvíræðum hætti eins og fram kom á sl. vetri að skilningur alþingismanna og vilji til að standa við hliðina á íslenskum bændum er miklu meiri en álitið er og pólitísk viðbrögð í landinu eru. Þetta finnst mér sérstök ástæða til að undirstrika svo að menn hafi það til athugunar hvað þessi stuðningur er mikilvægur fyrir landbúnaðinn í heild sinni.

Ég ætla svo ekki að tefja þessa umræðu frekar. Það er afar þýðingarmikið hvað hér hefur verið hratt og

vel unnið og ég endurtek þakklæti mitt til samnefndarmanna minna í Ed. fyrir það starf og þá niðurstöðu sem hér hefur fengist.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls kaus ég að rifja aðeins upp sögu þeirrar atvinnugreinar sem við erum hér að fjalla um og taldi reyndar ekki vanþörf á til að minna okkur öll á þá ábyrgð sem stjórnvöld bera varðandi uppbyggingu greinarinnar og ég vil endurtaka það hér. Nú hafa þeir tveir hv. nefndarmenn sem hér hafa talað á undan mér gert mjög vel grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á þessu frv. við umfjöllun í landbn. Eins og fram kom í máli mínu hér við 1. umr. taldi ég þetta frv. á því stigi hvorki vera fugl né fisk og benti þráfaldlega á þá ábyrgð sem ég tel stjórnvöld bera í þessu máli. Sú lausn sem við komum okkur saman um er að mínu mati ásættanleg. Frv. hefur nú tekið á sig þá mynd að allir hv. nefndarmenn hafa getað sameinast um það.

Saga þessarar atvinnugreinar ætti reyndar að verða stjórnvöldum víti til varnaðar í framtíðinni og það vil ég minna á enn og aftur. En það er eftir sem áður mikilvægt að halda þeirri þekkingu og reynslu sem þegar er fyrir hendi í landinu til þess tíma þegar betur árar og vona ég nú að óhætt sé að vera bjartsýnn varðandi framtíð loðdýraræktar. Það er auðvitað líka mikilvægt að fyrir liggur samþykkt og yfirlýsing ríkisstjórnar um áframhald á þessu máli og sömuleiðis sú yfirlýsing sem fram kemur um viðbótarfjármagn til niðurgreiðslu á fóðri vegna þess að eins og fram kemur í nál. hafa bændur þegar sýnt töluverðan áhuga fyrir að halda þessum búskap áfram og þeir hafa verið mjög ötulir við að sækja þau námskeið sem í boði hafa verið.

Þá vil ég eins og aðrir þakka hv. nefndarmönnum fyrir ágætis samstarf og vona að þessi sameiginlega niðurstaða okkar verði loðdýrabændum til velfarnaðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 264,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 264,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

20. fundur, föstudaginn 8. des.,
að loknum 19. fundi.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 3. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 267.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Úreldingarsjóður fiskiskipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 222.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Mér hefur þótt rétt þegar við 1. umr. að tjá mig nokkuð um það frv. sem hér er til umræðu og hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir.

Hér er frá mínu sjónarmiði um mikið mál að ræða og mikilvægt og það snertir fiskveiðistefnuna. Hæstv. ráðherra vék að því að þegar núverandi fiskveiðistefna var upp tekin í ársbyrjun 1984 hafi verið bundnar vonir, eins og hann orðaði það, við að hún stuðlaði að fækkun skipa. Hæstv. ráðherra sagði að nokkur árangur hefði orðið í þessu efni en ekki eins og efni hefðu staðið til vegna þess að löggjöf um fiskveiðistefnuna hefði verið sett á hverjum tíma til skamms tíma. Og svo er að skilja að betri árangur hefði náðst í þessu ef löggjöfin hefði verið sett til lengri tíma og hægt væri að ganga út frá lengri gildistíma laga um fiskveiðistefnu.

Ég hef ýmislegt við þessi ummæli hæstv. ráðherra að athuga. Lítum á þann vanda sem hér er um að ræða og hæstv. sjútvrh. vill meina að núverandi fiskveiðistefna hafi stuðlað að að leysa. Vandinn er sá, eins og glögglega kom fram hjá hæstv. ráðherra og allir hljóta að gera sér grein fyrir, að fiskveiðiflotinn er of stór. Það er staðreynd og þá er spurningin hvernig á að snúast við þeim vanda. Það eru tvær leiðir í því efni. Önnur er sú að takmarka fjárfestingu í fiskiskipum þannig að með því móti verði stuðlað að jafnvægi milli sóknargetu fiskiskipaflotans og veiðiþols fiskstofnanna. Hin leiðin er sú að takmarka notin af fiskiskipaflotanum, takmarka nýtingu þeirrar fjárfestingar sem hefur verið lagt í.

Ég hygg að þegar grannt er skoðað geti naumast nokkur verið í vafa um að þjóðhagslega sé skynsamlegra að takmarka fjárfestinguna þannig að ekki sé fjárfest umfram það sem þörf er fyrir frekar en að fara hina leiðina, að fjárfesta of mikið og takmarka síðan notin af fjárfestingunni.

Þrátt fyrir að þetta ætti að vera augljóst þá er það svo að núverandi fiskveiðistefna er í ætt við síðari leiðina. Í raun og veru beinist hún ekki í framkvæmd að því að takmarka fjárfestingu í fiskiskipum heldur að takmarka nýtingu þeirra fiskiskipa sem fyrir eru.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta en ákaflega þýðingarmikið er að menn geri sér grein fyrir þessu. Til að stytta mál mitt vil ég láta staðreyndirnar tala.

Það vill svo til að hæstv. ráðherra kom einmitt inn á þau atriði sem eru staðreyndir í þessu máli og ég vildi benda á. Ástandið er þannig núna að sóknardagar þeirra togara sem eru á sóknarmarki eru ákveðnir þetta ár 245. Með öðrum orðum, þessum framleiðslutækjum er gert að vera ónotuð í 120 daga á árinu. Hæstv. ráðherra benti líka á, og ég vil undirstrika það, að álitið er samkvæmt athugunum sérfræðinga að hægt væri að ná sama aflamagni með 70–80% af þeim fiskiskipaflota sem til er í landinu. Þetta segir mikið og við getum hugsað okkur hvaða baggi það er á þjóðarbúinu að við skulum búa við þetta ástand. Því til áréttingar leyfi ég mér að vísa til skýrslu frá Þjóðhagsstofnun sem ég hef hér í höndum um áhrif fækkunar fiskiskipa og afkomu botnfiskveiða. Þarna er fjallað um árið 1987 og niðurstaða þessarar skýrslu er sú að hagur útgerðar gæti að öllu samanlögðu batnað um nálægt því einn milljarð króna eða um nálægt 5% í hlutfalli við tekjur ef fiskiskipum yrði fækkað um 10%. Þetta eru harla alvarlegar upplýsingar og menn geta þá reiknað út eða séð nokkuð hvað þetta er stórt mál þegar við höfum í huga það sem hæstv. ráðherra sagði, að við gætum komist af með 70–80% af fiskiskipaflotanum til að ná sama aflamagni og við nú höfum.

Ég hygg að ekki þurfi að fara fleiri orðum til að benda á hvað þýðingarmikið er að við höfum fiskveiðistefnu sem stuðlar að minnkun fiskiskipaflotans þannig að náð verði sem mestu jafnvægi milli sóknargetunnar og veiðiþols fiskstofnanna. En nú er það svo að það er einmitt þetta sem núverandi fiskveiðistefna gerir ekki. Ég fæ ekki séð hvernig sú fullyrðing hæstv. sjútvrh. fær staðist að miðað hafi í rétta átt í þessu efni fyrir þá fiskveiðistefnu sem fylgt hefur verið. Ég bið menn að líta á staðreyndir í þessu efni og ég þykist vita að menn neiti ekki staðreyndum. Til glöggvunar skulum við gera samanburð á þróuninni áður en kvótakerfið var tekið upp og þróuninni eftir að kvótakerfið var tekið upp. Við getum tekið fimm ára tímabil. Á fimm árum eftir að kvótakerfið var tekið upp hefur þróunin orðið sú varðandi stærð fiskiskipastólsins að á þessu fimm ára tímabili hefur fiskiskipunum samtals fjölgað um 121 skip og smálestatala aukist um 9879 smálestir. Eru þá ekki meðtaldir opnir vélbátar en þeim fjölgaði um 162 og smálestatala þeirra jókst um 1725 lestir á þessum tíma. Þetta er þróunin sem hefur orðið í þessum efnum eftir að tekin var upp núverandi fiskveiðistefna með kvótakerfinu í ársbyrjun 1984.

Ég talaði um samanburð og þá skulum við taka til samanburðar næstu fimm ár á undan. Hvað skyldi þar koma í ljós? Í staðinn fyrir að eftir að kvótakerfið kom til og skipum fjölgaði um 121, þá fækkaði skipum um 71 áður en kvótakerfið kom til. En þetta segir ekki alla söguna. Á fimm árum eftir að kvótakerfið var upp tekið jókst smálestatalan um tæpar 10 þús. smálestir eða 9879, eins og ég sagði áðan, en á jafnlöngum tíma áður en þessi fiskveiðistefna var upp tekin þá jókst smálestatalan um 5357 smálestir.

Mér sýnist að þessar staðreyndir séu eins glöggar og hægt getur verið. Stækkun fiskveiðiflotans er nær helmingi meiri eftir að kvótakerfið er tekið upp miðað við það sem var áður en kvótakerfið kom til.

Ef við höfum þetta í huga verð ég að segja að ég skil ekki þá fullyrðingu hæstv. sjútvrh. að núverandi fiskveiðistefna hafi skilað árangri í þessu efni sem mestu varðar fyrir stjórn fiskveiða í landinu. Ég skil það ekki.

Það er ekki önnur leið fær í þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir með allt of mikinn fiskveiðiflota en að gera ráðstafanir til að minnka hann. Það er aðeins spurningin um hvernig við förum að því að minnka hann. Ef það væri hægt að ná í þessum efnum árangri með kvótakerfinu, þá verður það ekki gert nema með meiri miðstýringu, meiri ríkisafskiptum en hafa verið viðhöfð fram að þessu. Það kann að vera að þá gæti kvótakerfið skilað árangri í þessum efnum. En þetta merkir í framkvæmd að komið verði á ströngu skömmtunarkerfi þar sem stjórnvöld ákveði hvað fiskiskipastóllinn skuli vera stór, hvaða skip skuli úrelda, hve mörg ný skip megi koma til, hvaða skip skuli endurbyggð, hver skuli vera eigandi að hverju skipi og frá hvaða verstöð skuli gera það út.

Með þannig framkvæmd kvótakerfisins má hugsa sér að hægt sé að forðast ofnýtingu fiskstofnanna. En þessi leið yrði dýrkeypt. Þá væri ekki lengur fyrir hendi sú frjálsa samkeppni í fiskveiðum landsmanna sem hefur skapað þá eindæma framleiðni sem hefur verið undirstaða velmegunar þjóðarinnar. Fyrirmæli stjórnvalda fela ekki í sér neina tryggingu fyrir hagkvæmum rekstri sjávarútvegsins. Þvert á móti skortir þessa aðferð það sem nauðsyn krefur til að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni. Engin miðstýring eða ríkisforsjá getur í eðli sínu verið fær um að gæta þess. Og samkvæmt eðli málsins hljóta ákvarðanir stjórnvalda í þessum efnum að vera að meira eða minna leyti geðþóttaákvarðanir.

Þessi leið er ófær fyrir okkur Íslendinga. Þessi leið er ófær fyrir undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Það kann að vera að slík leið sem þessi geti einhverjum dugað þar sem sjávarútvegur er ekki nema eitt, tvö eða þrjú prósent af þjóðarframleiðslu. En það er útilokað að njörva undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveg okkar Íslendinga, í slíka fjötra. Og hvað er þá til ráða? Það er að hverfa frá kvótakerfinu sem er fólgið í því að aflatakmarkanir séu bundnar við skip og leyfa að hverju einstöku skipi sé frjálst að afla og flytja þá björg í bú sem það er fært um.

Ég skal neita mér um að fara að útfæra þessa hugsun í löngu máli. Ég held að flestir ættu að skilja þetta og gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu þetta hefur. Það hefur þá þýðingu að skip með góðan rekstrargrundvöll fá að skila þeim arði í þjóðarbúið sem efni standa til. Úrelding bíður þeirra skipa sem haldið hefur verið á floti einungis vegna kvótakerfisins. Kaup og sala skipa verður óhindruð af kvótahagsmunum og verstöðvar fá að njóta aðstöðu sinn-

ar til fiskimiðanna þannig að stuðlað sé að hagkvæmri verkaskiptingu í atvinnulífi landsmanna eftir byggðarlögum og með því eflt þjóðhagslegt gildi og heildarafrakstur fiskveiða.

Þessi skipan felur í sér það úrval sem þarf að fara fram til þess að fiskiskipum verði fækkað. Þannig að sóknargetan fari til samræmis við það sem nægir til þess að fullnýta fiskistofnana. Ég legg áherslu á að slíkt úrval geta engar stjórnvaldsákvarðanir gert. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða. Þeir halda velli sem kunna best til verka, hinir falla úr. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem óhagkvæm eru og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Og þannig gæti sóknargetunni miðað, þegar til lengdar lætur, í átt til jafnvægis við fiskistofnana svo beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum.

Það er grundvallaratriði að við höfum almenna fiskveiðistefnu sem stuðlar að minnkun fiskiskipaflotans og getur leitt smám saman og þegar til lengdar lætur til nauðsynlegs jafnvægis milli sóknargetunnar og veiðiþols fiskstofnanna. En auðvitað gerist þetta ekki allt umsvifalaust þó að þetta sé grundvallaratriði. Einmitt vegna þess er nauðsynlegt, eins og ég veit að okkur kemur öllum saman um, að gera sérstakar ráðstafanir til að flýta þessari þróun. Það er einkum með tvennum hætti sem við gerum það. Annars vegar með reglum í sambandi við endurnýjun fiskiskipastólsins. Á meðan sóknargetan er of mikil þá leiði endurnýjunin, sem alltaf þarf að vera, ekki til aukinnar sóknargetu. Hin leiðin er sú að gera sérstakar ráðstafanir til þess að úrelda skip.

Þetta frv. sem við hér ræðum fjallar einmitt um þetta efni. Frv. er, eins og ég sagði þegar í upphafi, mikilvægt og tilgangur þess er slíkur að það skyldi ekki gert lítið úr honum. En það verða ekki þau áhrif af Úreldingarsjóði hvernig sem hann er byggður upp, hvort sem það er með þeim hætti sem er í þessu frv. eða á einhvern annan hátt, það næst ekki sá árangur sem við erum að sækjast eftir með Úreldingarsjóði, vegna þess að hið almenna skipulag, hin almenna fiskveiðistefna vinnur í þveröfuga átt. Þess vegna er það svo að í mínum huga er þetta frv. þversögn í sjálfu sér. Það er vegna þess að því fylgir ekki annað frv. sem breytir fiskveiðistefnunni á þann veg sem nauðsynlegt er til að stuðla að jafnvægi milli sóknargetunnar og veiðiþols fiskstofnanna heldur þvert á móti þá gerir þetta frv. ráð fyrir því að haldið verði áfram við þá fiskveiðistefnu sem fylgt hefur verið frá ársbyrjun 1984. Og þetta er í mínum huga að sjálfsögðu alvarlegasti hluturinn við þetta frv. sem við nú ræðum.

Það ákvæði að ráð skuli vera gert fyrir að Úreldingarsjóðurinn geti keypt veiðileyfi þeirra skipa sem úrelt eru og selt öðrum byggir á því að við höldum kvótakerfinu sem nú er. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að takmarkanir yrðu settar fyrir því hvað þessi viðskipti með kvótaleyfi mega vera mikil. Hæstv. ráðherra sór fyrir það að þetta þýddi að gengið væri inn á hugmyndir um auðlindaskatt. Ég læt mér ekki til hugar koma að gera ráðherra það upp að hann sé talsmaður auðlindaskatts og tali um hug sér í þessum umræðum. En ég fullyrði að bein hætta er á því að kvótakerfið leiði fyrr eða síðar til auðlindaskatts, enda vitum við að sumir, og ekki fáir, styðja þetta kerfi einmitt á þeim grundvelli að svo verði. Það er rétt að þetta er ekki nema lítið skref sem stigið er með sölu veiðileyfa til tekjuöflunar fyrir Úreldingarsjóð. Það er rétt sem hæstv. ráðherra lagði áherslu á. En allar leiðir hefjast á einu skrefi hvort sem það er leiðin til ljóssins eða helvegur. Þess vegna er þetta ákvæði mjög alvarlegt hvernig sem á það er litið. Það getur verið túlkað síðar sem vegvísir til auðlindaskatts og það gerir þetta frv. óraunhæft vegna þess að það er þversögn í sjálfu sér af því að gert er ráð fyrir kvótakerfinu til frambúðar.

Þetta eru aðalatriðin í því sem ég vildi segja um þetta mál og vekja athygli á þegar við 1. umr. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál. Þar fær þetta frv. að sjálfsögðu ítarlega meðferð. Fyrir utan það sem ég hef hér rætt, og er aðalatriðið í mínum huga, þarf að sjálfsögðu að líta á önnur atriði frv., 3. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir stofnfé Úreldingarsjóðs. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta ítarlega. Ég er, eins og marka má af máli mínu, eindreginn stuðningsmaður þess að Úreldingarsjóður sé við lýði og stofnaður. Mér finnst ekkert athugavert og eðlilegt það sem segir í 1. tölul. 3. gr. að eftirstöðvar af eignum hins eldri Úreldingarsjóðs fari í hinn nýja sjóð. Hins vegar orkar meira tvímælis það sem segir í 2. tölul. ef það fær staðist að eignum Aldurslagasjóðs fiskiskipa verði ráðstafað á þennan veg, vegna þess að sá sjóður er annars eðlis en eldri Úreldingarsjóðurinn og heyrir í raun og veru undir tryggingastarfsemi þar sem hinir tryggðu hafa greitt sín iðgjöld.

Ég hef aðeins hugsað um þá leið sem gert er ráð fyrir að verði farin skv. 4. gr. frv. um tekjuöflun í Úreldingarsjóð, að árlega skuli greiða gjald til Úreldingarsjóðs og að eigendum fiskiskipa sé það gert. Í raun og veru er það svo að þegar öll kurl koma til grafar þá verður ekki staðið undir svona kostnaði nema af sjávarútveginum sjálfum vegna þess eðlis sjávarútvegsins að hann getur ekki orðið styrktur, það er hann sem styrkir allt annað sem byggt er á í efnahagslífi okkar. En það kann að vera spurning hvort það sé heppilegra að leggja þetta gjald á miðað við smálestatölu fiskiskipa fremur en t.d. smálestatölu afla. Ég skal ekkert fullyrða í því efni en held að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar þurfi að athuga þessar tekjuöflunarleiðir gaumgæfilega eins og annað efni.

En allt er þetta hjóm, allt er þetta hjóm og frv. algerlega tilgangslaust í mínum huga nema því sé breytt þannig að það byggi ekki á þeirri fiskveiðistefnu sem nú er fylgt, kvótakerfinu, og að horfið verði, sem er aðalatriðið, frá þeirri fiskveiðistefnu

sem fylgt hefur verið frá ársbyrjun 1984 og tekin upp önnur fiskveiðistefna með þeim hætti sem ég hef lýst hér.

Ég hef leitast við að draga fram staðreyndir sem varða fullyrðingar mínar í þessu efni og ég ætla að þær séu öruggari leiðarvísir, staðreyndirnar í þessu efni, en sú fullyrðing hæstv. sjútvrh. í upphafi hans framsöguræðu að nokkur árangur hefði náðst af núverandi fiskveiðistefnu í því efni sem mestu máli skiptir, að minnka fiskveiðiflotann og stuðla að jafnvægi milli sóknargetu fiskveiðiflotans og veiðiþols fiskstofnanna.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þetta frv. er búið að vera til skoðunar a.m.k. hjá stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar, bæði í haust og á síðasta þingi og mun líkast til hafa verið lagt fram hér í hv. deild á síðasta þingi. Það er að mínu mati tímaskekkja í dag, eftir að samtök sjávarútvegsins, þing sjávarútvegsins, Landssambands ísl. útvegsmanna og fiskiþing og þing Farmanna- og fiskimannasambandsins hafa lýst því yfir að þau standi ekki að úreldingu á þeim grunni sem hér er lagt til. Mér finnst því harla ótrúlegt að hv. þm. séu tilbúnir að standa að samþykkt frv. vitandi að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi leggist gegn því.

Það er sjálfsagt breytilegt af hverju hver félagseining beitir sér gegn þessu eða er andstæð þessu frv., en þó hugsa ég að það sé þó eitt atriði sem þau eru öll sammála um. Það er að í þessu frv. felist svo aukin miðstýring á þessum vettvangi að þessir aðilar telji að það sé ekki við bætandi, það sé þegar orðið yfirdrifið nóg sem sjútvrn. hafi á höndum í sambandi við stjórnun fiskveiða og ýmislegt eftirlit í sambandi við þær þó ekki bætist við að ráðuneytið hafi undir höndum ákveðinn hluta þeirra veiðileyfa sem til úthlutunar verða á hverjum tíma.

Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér í ræðu sinni, gagnmerkri ræðu sem hann flutti hér á undan mér, um að meinsemdin, vandræðin í sambandi við uppbyggingu og stærð fiskiskipaflotans sé að meira eða minna leyti og kannski aðallega vegna þeirrar fiskveiðistjórnunar sem við höfum búið við frá því í upphafi árs 1984.

Það er rétt að rifja upp hvaða markmið það voru sem sú fiskveiðistefna átti fyrst og fremst að vinna að. Í fyrsta lagi átti að sjá til þess að ekki yrði sótt meira í fiskstofnana en svo að þeir endurnýjuðu sig og kannski í sumum tilfellum meira en endurnýjuðu sig, heldur styrktu sig og byggðu sig upp.

Í öðru lagi að í tengslum við stefnuna, fiskveiðistefnuna, kvótakerfið, kæmi fram aukin hagkvæmni í rekstri fiskiskipaflotans.

Og í þriðja lagi að flotinn mundi minnka. Þessi stefna, þ.e. aflamarkið og sóknarmarkið, mundi verða þess valdandi að þessir þættir allir mundu sýna sig á því tímabili sem þetta kerfi væri við lýði. Fiskstofnarnir mundu vaxa og styrkjast, hagkvæmni mundi aukast í sjávarútvegi og fiskiskipaflotinn mundi minnka.

Staðreyndin er sú, hvað sem þeir segja sem eru þessu kerfi hlynntir, að ekkert af þessu hefur tekist. Og þetta frv. er beint afkvæmi þessarar stefnu. Vegna þeirra vandræða sem íslenskur sjávarútvegur er kominn í, vegna þess að flotinn er stöðugt að stækka þá reynir ráðuneytið nú að koma með eina miðstýringartillöguna enn þá í því augnamiði að reyna með valdboði, eða ginningum má segja kannski, með peningatilboðum, að minnka flotann. Ég held að það sé kannski það allra síðasta sem við ættum að reyna til að ná þessu markmiði, að beita þeim ráðum sem er lagt til í þessu frv.

Það er gaman að því að taka undir það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér áðan, benda á að á árunum fyrir kvóta, ef má orða það svo, í skrapdagakerfinu var flotinn ekki að stækka heldur sýndi ákveðin merki um að hann væri að minnka. Ef við rifjum upp, förum svolítið aftur í tímann og tengjum það þeirri fullyrðingu stuðningsmanna núverandi fiskveiðistefnu, og sjálfsagt stuðningsmanna þessa frv. sem hér liggur fyrir, að flotinn muni halda áfram að stækka ef eðlilegt frelsi sé í sambandi við sjósókn. Ef þetta kerfi verði ekki áfram viðloðandi. Ef við lítum aftur í tímann, ef við förum allar götur — ja, það er kannski rangt að bera sig saman við tímabil styrjaldaráranna, 1939–1945, líkast til mun flotinn hafa verið að minnka á tímabilinu 1930–1939 og hann minnkaði mikið á stríðsárunum. Síðan er hann byggður upp, stækkar mjög mikið í lok stríðsins, á tímabili nýsköpunarstjórnarinnar og fram undir 1950. Svo gerist það, þó að það sé algert frelsi í fiskveiðisókn og frelsi til að kaupa skip, að á næstu árum, alveg fram undir 1960, dregst flotinn frekar saman en hitt. Við höfðum ekkert kvótakerfi til þess að koma því til leiðar og engan Úreldingarsjóð. Og á næstu árum, á tímabilinu milli 1960 og 1970, er togaraflotinn okkar að minnka, minnkar ár frá ári og úreldist. Það var ekkert kvótakerfi og enginn Úreldingarsjóður sem gerði það að verkum. Það var að vísu ákveðin efnahagsstefna á því tímabili sem kom því til leiðar. En þessi dæmi sýna að ekki þarf endilega eitthvert kerfi til að það eigi sér stað, ja við getum kannski sagt eðlileg minnkun eða eðlileg endurnýjun, í atvinnutækjum. Og síst af öllu miðstýring á einhvern þann veg sem hér er lagt til.

Það eru svo sem falleg fyrirheit í frv. Það er byggt upp á því að fyrir hvert eitt skip sem sjóðurinn kaupir komi ekki nýtt skip í fiskiskipaflotann og að afkastageta flotans aukist ekki, „með öðrum hætti", er reyndar sagt en það er ekki útlistað frekar. Síðan er í frv. lagt til að mynduð verði allöflug stjórn í kringum þetta fyrirtæki. Og svo í 3. gr. eru taldar upp tekjuleiðir til þess að byggja upp sjóðinn. Í fyrsta lagi skal leggja undir sjóðinn fé fyrra Úreldingarsjóðs og í öðru lagi Aldurslagasjóð fiskiskipa og í þriðja lagi söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum. Það stendur nú ekki í frv., og ég held að það standi ekki í skýringunum heldur, hvað hér er sérstaklega átt við. Og því miður fylgdist ég nú ekki það vel með ræðu hæstv. ráðherra að ég heyrði skýringar hans á þessum

þriðja lið. En þarna gæti verið átt við söluandvirði t.d. fyrirtækis eins og Síldarverksmiðja ríkisins. Við getum deilt um það hvort á að selja Síldarverksmiðjur ríkisins eða ekki, það kemur þessu máli kannski ekki við, en eru einhver rök fyrir því að það fjármagn sem fengist fyrir slíkt fyrirtæki ætti að fara í sjóð sem þennan? Ég tel það vera alveg af og frá að ef til þess kæmi, sem ég vona að ekki verði, að Síldarverksmiðjur ríkisins verði seldar, þá yrði þeim fjármunum sem frá þeirri sölu kæmu varið til þess að byggja upp sjóð sem þennan.

Í 4. gr. er síðan tíundað hvernig á að skattleggja sjávarútveginn. Það á að leggja 1200 kr. skatt á hverja brúttórúmlest skips en þó aldrei hærri en 370 þús. kr. á skip. Hvers skyldu þeir nú eiga að gjalda sem eru með minni skipin? Það er skoðun margra að nú á síðustu árum, undir kvóta, hafi þróunin í uppbyggingu flotans verið neikvæð, þ.e. keypt hafa verið stærri og stærri skip. Keyptir hafa verið stærri og stærri togarar en bátaflotinn hefur verið að minnka. Er nú réttlætanlegt að skattleggja þann flota umfram stóru skipin sem hafa verið að bætast við flotann á undanförnum árum? Ef fram heldur sem horfir og þessi fiskveiðistefna heldur áfram, þá verða ekki aðeins þúsund tonna skip heldur verða þau mikið stærri. T.d. er talað um að verksmiðjutogararnir sem við eigum núna séu of litlir. Ekki sé hægt að sinna þeim verkefnum sem þar þarf að vinna í þessari stærð skipa. Það þurfi að stækka þau enn þá meira.

Er þetta réttlætanleg skattlagning þegar verið er að tala um úreldingu? Ég vil nú ekki segja að alvaran sé ofboðslega mikil bak við þetta frv. og ég geri ekki ráð fyrir því að það verði samþykkt hér á Alþingi, en hugmyndirnar sem liggja á bak við þessa skattlagningu finnst mér vera alveg fráleitar. Ég hef þá skoðun að stærsta slysið sem hefur orðið á undanförnum árum í uppbyggingu fiskiskipaflotans séu verksmiðjutogararnir. Þegar verið er að flytja atvinnu og vinnslu sjávarfangs út á haf, frá fiskvinnslustöðvunum í landi, og flytja svo framleiðsluna beint á erlendan markað, varla hægt að segja að hún komi við í íslenskum höfnum. En með þessari skattlagningu er verið að ívilna þessum flota á kostnað hinna smærri skipa.

Það liggur náttúrlega á ljósu, hvað sem menn segja um að hverju þetta frv. mundi stefna ef að lögum yrði, að verið er að taka fyrstu skrefin að auðlindaskatti. Hér er verið að komast yfir nokkurn hluta af þeim afla sem úr sjó má draga og hann á að vera seldur hæstbjóðanda eins og stendur í frv. Opinber stjórnvöld hafa umráð yfir þessu og þar með er fyrsta skrefið að ráðum opinberra aðila yfir auðlindinni tekið og verið að selja það þeim sem býður hæst.

Ég tók eftir því sem hv. 4. þm. Vestf. sagði að sumir styðji núverandi fiskveiðistefnu fyrst og fremst út frá því að hún stefni að auðlindaskatti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. tali þar af reynslu umræðna á landsfundi Sjálfstfl. um þessi mál, að stuðningsmenn auðlindaskattsins töldu og telja undirstöðu þess að hægt sé að koma honum á, að hann byggi á fiskveiðistefnu, fiskveiðistjórn, svipaðri þeirri sem við erum með, kvótakerfinu. Sá meiri hluti sem í sumum samtökum styður þá stefnu byggist að hluta á þeim aðilum sem stefna að því og telja auðlindaskatt bestu lausnina í sambandi við fiskveiðistjórnina. Þá er nú lítið hægt að gera úr því þó að ráðamenn og málsvarar fiskveiðistefnunnar sem við búum við núna segi: „Ja, við erum ekkert að hugsa um auðlindaskatt og við erum á móti auðlindaskatti," — ef stefna þeirra og tilvera fiskveiðistefnunnar byggist á því að það séu þeir aðilar sem stefna að auðlindaskatti sem skapi þeim meiri hluta.

Ég tel að þetta frv. eigi í rólegheitum að fá að gufa hér upp. Sjálfsagt er að líta á það eitthvað í sjútvn. en, eins og ég sagði áðan, ég held að ekki sé stuðningur fyrir því í þjóðfélaginu, jafnvel þó hugsanlega mætti finna einhvern stuðning hér á hv. Alþingi fyrir því að koma þessu í gegn, sem ég efast þó um að sé.

Ég held að auðveldasta leiðin til að leysa þetta mikla vandamál okkar í sambandi við þann stóra fiskveiðiflota sem kvótakerfið hefur byggt upp hjá okkur sé að hverfa frá þeirri stefnu og taka upp annað kerfi í fiskveiðistefnunni, skrapdagakerfið okkar gamla og góða, endurbætt frá því sem það var með auknum tengingum við gæði og hagkvæmni í rekstri.

Ég var hissa á því að heyra hæstv. ráðherra koma með það sem rök fyrir því að flotinn þyrfti að minnka að nú bærust vondar fréttir um loðnustofninn. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherra né flestir þm. séu alveg búnir að missa vonina um að loðnan eigi eftir að koma á þessu ári þó það sé vitaskuld allt mjög óljóst. En sá floti sem hefur verið tiltölulega verklítill á undanförnum mánuðum norður í höfum, hann á verk að vinna ef svo vel skyldi fara, sem við vonum öll, að loðnan komi af vestursvæðinu inn á hið hefðbundna veiðisvæði fyrir Norður- og Austurlandi. Sá floti verður ekki of stór þá, ef allt gengur upp, miðað við þá áætlun um hvað mætti veiða mikið úr stofninum ef hann skilar sér á svipaðan máta og fiskifræðingar búast við. Loðnuflotinn okkar er ábyggilega ekki of stór til þess að sækja þann afla sem við þurfum að sækja í loðnustofninn ef hann skilar sér á annað borð á miðin.

Umræðan um stóran flota tengist því ekki alltaf því að veiðibrestur verði þetta eða hitt árið. Hún tengist hinu líka að við getum nýtt fiskistofnana þegar þeir gefa sig til. Það eru mikil vandamál sem koma upp hjá okkur ef svo fer að loðnan kemur ekki. En lausnin er ekki sú að ráðast á flotann og minnka hann. Vegna þess að það koma tímar og þó að þetta færi svona í ár þá hljótum við að búast við því að eiga svipaðan flota á næsta ári til þess að sækja loðnu í hafið. Það eru engar líkur fyrir því að sagan þurfi að endurtaka sig á næsta ári þó að svo illa fari að það gerist í ár að við fengjum ekki loðnu á miðin eins og við gerðum ráð fyrir.

Ég endurtek svo að ég tel að þetta frv. hafi frekar lítið að gera til umfjöllunar hér á hv. Alþingi. Það hefði mátt bíða með að leggja það fram í ár og sjá m.a. hverju fram vindur um samþykkt nýrrar fisk-

veiðistefnu og hvort ekki væri hægt að breyta þessu frv. á þann máta að aðilar í sjávarútvegi væru tilbúnir að standa að samþykkt þess. Ekki að leggja það fram núna þegar fyrir liggja samþykktir frá helstu hagsmunasamtökum um að þau treysti sér ekki til að styðja þetta frv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Andstætt þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa tekið til máls ætla ég að lýsa yfir stuðningi okkar kvennalistakvenna við þá meginhugmynd sem fram kemur í þessu frv.

Það er ljóst að stjórn fiskveiða eins og hún er nú hefur ekki innbyggðan hvata til hagræðingar og hagkvæmni og það hefur orðið til þess að menn eru með skip sín miklu lengur en þeim er jafnvel stætt á. Skipin eru stækkuð og afkastagetan aukin og hefur að stórum hluta mistekist að vernda fiskstofna og haga veiðum í samræmi við afrakstursgetu þeirra. Að þessu leyti hefur mistekist hingað til í kvótakerfinu að fylgja yfirlýstum markmiðum um fækkun fiskiskipa og verndun fiskstofna.

Segja má að meginatriðin í þessu frv. séu þrjú: Að draga úr afkastagetu fiskiskipastólsins, að koma í veg fyrir að úrelt og gömul skip séu endurnýjuð og að sjóðurinn eignist kvóta fiskiskipa sem þó eru ákveðin takmörk sett. Þetta eru allt markmið sem Kvennalistinn fellir sig vel við og telur reyndar bráðnauðsynleg. Ég vil aðeins koma að einu varðandi verndun fiskistofna og minnast á það sem veldur okkur miklum áhyggjum þessa dagana sem er einmitt loðnan. Það er ekki víst að við getum treyst á bjartsýnina eina varðandi loðnustofninn og við höfum reyndar reynslu af því fyrr að hafa gengið um of á fiskistofnana hér í höfunum í kring.

Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta hér við 1. umr. en mun kynna mér nánar einstakar greinar frv. þar sem ég á sæti í hv. sjútvn. þessarar deildar og áskil mér auðvitað rétt til að skoða þær í samræmi við þær umsagnir sem berast eða ábendingar þeirra gesta sem við fáum á fundi okkar og gera brtt. ef mér sýnist svo.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Byggðastofnun, 1. umr.

Frv. HBl, 174. mál (stimpilgjöld af lánsskjölum). — Þskj. 197.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Byggðastofnun hefur þá sérstöðu að hún hefur frá stofnun fengið framlög á fjárlögum til þess að standa undir rekstri sínum enda er Byggðastofnun öðrum þræði þjónustustofnun fyrir sveitarfélög úti á landi og fyrir einkaaðila. Nú á síðustu mánuðum, ég tala ekki um nú upp á síðkastið, hefur það færst æ meir í vöxt að ríkisstjórnin hefur sent ýmis erindi til Byggðastofnunar til að hún vinni úr þeim og reynir með þeim hætti að lækka þann rekstrarkostnað sem er af störfum ráðuneytanna. Hlýtur raunar að koma til athugunar hvort rétt sé að Byggðastofnun sendi einstökum ráðuneytum reikning fyrir þá vinnu sem hún innir af hendi fyrir ráðuneytin ef svo fer fram sem horfir að með fjárlögum og sérstökum stjórnvaldsákvörðunum sé stöðugt verið að binda fleiri og þyngri bagga á Byggðastofnun, en hins vegar dregið úr þeim framlögum sem ríkið veitir stofnuninni.

Eins og ástandið var í Byggðastofnun á öndverðu þessu ári á meðan 6% lántökugjald var greitt af erlendum lánum stóðu sakir þannig, skv. áætlun Byggðastofnunar, að búist var við að þessi skattur mundi nema um 70–80 millj. kr. Þar af var gert ráð fyrir því að vegna lána til verkefna skipasmíðastöðva yrðu greiddar 12 millj. kr. og hefur sá kostnaður að verulegu leyti fallið á Byggðastofnun sjálfa. Bæði vegna þess að þessi lán hafa greiðst út með jöfnum hætti allt árið og eins vegna hins að hæstv. viðskrh. lýsti því yfir hér í deildinni á sl. vori að þessi lán skyldu undanþegin lántökugjaldi og verður þá að átelja að sú vitneskja hefur ekki borist fjmrn. eða Seðlabanka þannig að sérstakri samþykkt ríkisstjórnarinnar um þau efni hefur ekki verið sinnt.

Ég hef fyrir allnokkru lagt fram fsp. hér á hinu háa Alþingi um það hversu sé háttað endurgreiðslu á lánum vegna þessa lánaflokks en af einhverjum undarlegum ástæðum hefur mér ekki verið boðið að tala fyrir þeirri fsp. og hlýtur þó að vera auðvelt fyrir ríkisstjórnina að gefa upplýsingar við henni.

Þeim sem taka lán hjá Byggðastofnun er ætlað að greiða 2% í stimpilgjald af skjölum vegna skulda Byggðastofnunar, hlutabréfa og skuldabréfa, og enn fremur er lagt 0,25% ríkisábyrgðargjald á erlend lán frá stofnuninni sem verður að teljast mjög hæpið í heild sinni þegar á það er litið að skv. síðustu fjárlögum og lánsfjárlögum var gert ráð fyrir því að skattar á Byggðastofnun næmu samtals 118 millj. kr., en ríkisframlag var á hinn bóginn ekki nema 125 millj. kr. Það er því augljóst að lántakendur standa nánast undir öllum rekstri þessarar stofnunar, þar með talið þjónustu við hið opinbera, þróunarstarf og þátttöku í nýjum hlutafélögum.

Ríkissjóður hefur ekki treyst sér til þess að leggja neitt til stofnunarinnar af þessum sökum ef borið er saman annars vegar þær tekjur sem ríkissjóður áskilur sér af þeim lánveitingum sem afgreiddar eru í gegnum Byggðasjóð og hins vegar litið á svokallað framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar. Það er óhjákvæmilegt að átelja þessi vinnubrögð, sérstaklega vegna þess að vaxtamunur hjá þessari stofnun hefur verið mjög lágur að meðaltali og einnig og ekki síður vegna hins að mjög sterk fyrirmæli og stundum kannski óljósar óskir hafa verið sendar stjórn stofnunarinnar frá einstökum ráðherrum um að hún veitti styrki til eins og annars. Nefni ég þar sérstaklega t.d.

loðdýrarækt og eins hitt að stofnunin tapar helmingi þess fjár sem hún hefur varið til kaupa á svokölluðum aðildarbréfum í Hlutabréfasjóði. En þessi lán eru til sex ára og vaxtalaus, að vísu verðtryggð en sú vaxtaskerðing sem þarna verður nemur um hálfum höfuðstól.

Ég veit ekki hvort það væri rétt, herra forseti, að setja hljóðdempara á neðri deild.

Ég vil í þessu samhengi vekja athygli á því að samkvæmt lögum um Fiskveiðasjóð er hann undanþeginn stimpilgjaldi af skjölum viðvíkjandi lánum sem Fiskveiðasjóður tekur og veitir skv. 19. gr. laga nr. 44/1976, en á árinu 1988 námu heildarútlán sjóðsins 2,2 milljörðum kr. Ef gert er ráð fyrir því að stimpilgjöld af þessum lánum hefðu að meðaltali numið 1,5% kemur í ljós að áætlaður tekjumissir ríkissjóðs vegna þessarar undanþágu hefur numið 33 millj. kr. á árinu 1988.

Þá vil ég vekja athygli á því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, gælusjóður hæstv. ríkisstjórnar, nýtur ekki aðeins undanþágu frá stimpilgjaldi af skjölum viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn tekur eða veitir heldur er einnig ákveðið í lögum að skjöl viðvíkjandi útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaskjöl vegna lána sem Hlutabréfasjóður Byggðastofnunar kann að veita eða taka eru undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum.

Ég hef ekki í höndum upplýsingar um hversu háar fjárhæðir hér er um að ræða en þær eru verulegar. Ég get ekki séð, herra forseti, að sá eðlismunur sé á starfsemi Byggðasjóðs skv. þeim markmiðum sem honum eru mörkuð í lögum og Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina eða Fiskveiðasjóði að með hliðsjón af þessum tilgangi sé réttlætanlegt að leggja 2% stimpilgjöld á þau lán sem Byggðasjóður tekur eða veitir. Ég þykist þess fullviss að þingdeildarmenn séu mér sammála um það atriði, a.m.k. er við því að búast að alþm. utan af landi skilji þá þýðingu sem það hefur að lánum úr Byggðasjóði sé ekki mismunað með þessum hætti. Hef ég í trausti þess lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun, þess efnis að við 19. gr. laganna bætist ný málsgr.:

„Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem stofnunin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum."

Það er kannski álitamál hvernig réttast væri að orða þetta frv., hvort rétt væri að setja þessa undanþágu inn í lög um stimpilgjöld nr. 36/1978, en með hliðsjón af því að undanþáguákvæðið um Fiskveiðasjóð er í lögunum um Fiskveiðasjóð og með hliðsjón af því að undanþáguákvæði um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina er í lögum um þá stofnun, lögum um efnahagsaðgerðir nr. 9/1989, taldi ég eðlilegast að fella undanþáguákvæðið inn í lög um Byggðastofnun, nr. 64/1985.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. svo einfalt sem það er að formi til, einfalt að efni og sanngjarnt að eðli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

17. fundur, föstudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en gengið verður til dagskrár vill forseti geta þess að hér verða nú fundir til kl. 3, en þá verður gefið klukkustundar hlé til þingflokkafunda og fundi verður fram haldið aftur kl. 4. Hér verður kvöldfundur ef þurfa þykir vegna umræðna um þau mál sem á dagskrá fundarins eru.

Starfslaunasjóður leikhúslistafólks, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 101. mál. — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 102. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Byggðastofnun, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 184. mál (kvennadeild). — Þskj. 207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, ríkisreikningur og fjárlög, frh. 1. umr.

Frv. GHH og PJ, 202. mál (fjáraukalög). — Þskj. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (heildarlög). — Þskj. 76, n. 242 og 249, brtt. 250, 253.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem er 75. mál þingsins. Í nál. meiri hl. nefndarinnar segir að nefndin hafi fjallað um frv. og leggi meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt. Við fengum til fundar við okkur Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, og ræddum efni frv. við hann.

Ég þarf ekki að hafa langan formála fyrir nál. því að hér er um framlengingu á gamalkunnu máli að ræða. Undir nál. skrifa auk mín Ragnar Arnalds, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Þess ber að geta að því miður féll niður úr nál. að geta þess að fulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, var fjarstödd afgreiðslu málsins en ég geri ráð fyrir að hún geri grein fyrir afstöðu Kvennalistans til málsins síðar í umræðunni.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni klofnaði nefndin í afstöðu sinni til málsins. Minni hl. nefndarinnar, en hann skipar auk mín hv. 1. þm. Vestf., skilar séráliti. Í því áliti kemur fram að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var fyrst lagður á árið 1979 og átti þessi skattur þá að vera tímabundin tekjuöflun ásamt svokölluðu nýbyggingargjaldi. Helstu röksemdir þessara beggja skatta voru þær að með álagningu þeirra væri hægt að ná til þeirra sem notið hefðu verðbólgugróðans en einmitt á þessu ári var mikið rætt um verðbólguna hér í sölum Alþingis og það var einmitt þetta ár sem sett voru lög sem verðtryggðu ýmsa hluti, svokölluð Ólafslög. Má segja að frá þeim tíma sé vart hægt að tala um að mikill verðbólgugróði hafi runnið til atvinnustarfseminnar frá sparifjáreigendum.

Þetta breytti hins vegar ekki því að þessi skattur var árlega endurnýjaður þótt nýbyggingargjaldið félli niður en álagningarhlutfallinu var breytt. Það var í upphafi 1,4% en frá árinu 1984, ef ég man rétt, var skatthlutfallið lækkað í 1,1%. Það gerðist svo fyrir rúmu ári síðan að tilhlutan hæstv. ríkisstjórnar að þessi skattur var tvöfaldaður þrátt fyrir mikil mótmæli sem þá komu fram. Hæstv. ríkisstjórn breytti hins vegar afstöðu sinni sl. vor og lækkaði fyrirhugaðan skatt niður í 1,5% og þannig var hann innheimtur á yfirstandandi ári. Nú er þetta frv. flutt og gert ráð fyrir því að skattprósentan verði 1,5%.

Í nefndinni var nokkuð rætt um þetta mál og eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni kom til fundarins fulltrúi Vinnuveitendasambandsins, Þórarinn V. Þórarinsson, og gaf nefndinni ýmsar upplýsingar. Það er ljóst nú að þessi skattur er ákaflega ósanngjarn og gerir upp á milli atvinnugreina og byggir á þeim misskilningi að skrifstofurekstur og verslunarrekstur séu einhvers konar óæðri atvinnugreinar sem eigi að borga meira til ríkissjóðs en aðrar greinar.

Þá liggur jafnframt fyrir að stjórnskipuð nefnd hefur að undanförnu fjallað um vanda landsbyggðarverslunarinnar og án þess að ég hafi séð niðurstöðu nefndarinnar er mér sagt að hún sé á þá leið að landsbyggðarverslunin eigi við verulega örðugleika að stríða, m.a. vegna stefnu hæstv. ríkisstjórnar, og við bætist að á næsta ári muni sveitarfélögin í landinu hafa frjálsari hendur um álagningu fasteignagjalda sem almennt er búist við að stórhækki fasteignagjöld sem rekstur af þessu tagi, í þjónustu og verslun, þarf að greiða til sveitarfélaganna. Þetta kemur m.a. fram í viðtölum sem nú eru í Ríkisútvarpinu á morgnana við hina og þessa bæjar- og sveitarstjórnarfulltúa á landsbyggðinni þar sem þeir hugsa sér gott til glóðarinnar að styrkja hag sveitarfélaganna með því að leggja hærri fasteignagjöld á þennan rekstur og að sjálfsögðu annan rekstur jafnframt.

Af þessari ástæðu væri full ástæða til þess hér og nú að óska eftir upplýsingum um það hjá hæstv. ráðherra, annaðhvort hæstv. fjmrh. eða öðrum hæstv. ráðherra sem hefur með málið að gera, hver sem það er, það getur hæstv. fjmrh. upplýst, hver hafi verið niðurstaða þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem fjallaði um vanda landsbyggðarverslunarinnar. Það er full ástæða til þess hér við 2. umr. þessa máls að fá þær upplýsingar hér á borðið þannig að hv. þm. gangi vitandi vits til atkvæðagreiðslu um þetta mál, vitandi um það að þeir eru að hækka álögur á þennan atvinnurekstur sem berst í bökkum. Ég hygg að ýmsir hv. þm. sem eru fulltrúar fyrir byggðarlög úti á landi geti staðfest þetta og það væri vissulega fengur í því ef einhver þeirra fengist til að koma hér í ræðustól og staðfesta það sem kemur fram í niðurstöðu þessarar nefndar og jafnframt að staðfesta það að fyrirhugað sé af hálfu sveitarstjórnanna að leggja nú hærri gjöld á atvinnurekstur, þar á meðal þann sem hér er verið að skattleggja sérstaklega.

Þess ber auðvitað að geta að þessi skattur leggst á alla atvinnustarfsemi, einnig þá sem er í frumgreinunum, þ.e. þann þátt sem er skrifstofuþáttur þeirrar starfsemi, þannig að það er áætlað fyrir því hve stór hluti húsnæðisins sem fyrirtækin nota í sinn rekstur fer undir skrifstofuhúsnæði og sá stofn er síðan notaður til þess að reikna þennan skatt af.

Það er af þessum ástæðum, m.a., sem við í minni hl. leggjum til að frv. verði breytt. Við höfum fullan skilning á því að ríkissjóður þarf á tekjum að halda, en við teljum að það sé út í bláinn að staðfesta þá hækkun sem varð á yfirstandandi ári og höfum þess vegna flutt brtt. þess efnis að skatthlutfallið verði lækkað í það hlutfall sem hér var í gildi á árunum 1984–1988. Þess vegna höfum við á sérstöku skjali, sem er þskj. 250, leyft okkur að flytja brtt. sem er þess efnis að í stað 1,5% komi 1,1%. Í nál. lýsum við jafnframt því yfir að verði þessi brtt. ekki samþykkt leggjum við til að skatturinn verði aflagður og munum greiða atkvæði gegn frv. eins og það kemur frá hæstv. ríkisstjórn.

Ég á von á því að hv. þm. Frjálslynda hægriflokksins muni taka til máls og gera grein fyrir sínum sjónarmiðum, en þeir hafa flutt till. er varðar þetta efni.

Virðulegur forseti. Megintillaga okkar er sú að skatturinn verði í sama hlutfalli og hann var á árunum 1984–1988. Við viljum ekki staðfesta þá hækkun sem varð á þessu ári og ef hæstv. ríkisstjórn daufheyrist við niðurstöðum nefndar sem hæstv. ríkisstjórn hefur sjálf skipað um landsbyggðarverslunina sjáum við ekki ástæðu til annars en að koma til móts við fyrirtækin úti á landi sem nú berjast í bökkum og munum greiða atkvæði gegn frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Því miður gat ég ekki verið viðstödd afgreiðslu þessa frv. í fjh.- og viðskn. en þar sit ég nú fyrir hönd Kvennalistans og vil því gera grein fyrir afstöðu Kvennalistans til frv.

Við munum styðja frv. og fyrir því eru tvær ástæður. Önnur er sú, og hún er kannski ekki veigameiri þó að ég nefni hana fyrst, að það telst nú til nýmæla í því moldviðri skattbreytinga ýmiss konar sem þyrlað er upp á þessum síðustu dögum þingsins að einhvers staðar skuli þó vera staðfesta.

Saga þessa skatts var að vísu óvenju fjölbreytt og skrautleg sl. ár. Hann var hækkaður til muna fyrir réttu ári og síðan þegar þurfti að grípa til efnahagsráðstafana, einu sinni sem oftar, var hann lækkaður aftur og er því gott dæmi um það óðagot og það flaustur sem einkennir þingstörf hér á síðustu dögum þings fyrir jól.

Við gerum okkur vel grein fyrir því að mörg fyrirtæki eru illa stödd. Um það vitna bæði gjaldþrot og umkvartanir. Svo er þó auðvitað ekki um öll fyrirtæki, og við efumst reyndar um að þessi skattur einn skipti sköpum í afkomu fyrirtækja en viljum þó vekja athygli á því að það eru ekki bara fyrirtæki sem eru gjaldþrota. Það eru líka heimili og einstaklingar sem eru gjaldþrota eða standa mjög höllum fæti og því finnst okkur ekki verjandi annað en að styðja þennan skatt sem er þó óbreyttur á sama tíma og verið er að leggja til hækkun á tekjuskatti á einstaklinga.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að ég skildi ekki almennilega rök hv. síðasta ræðumanns sem bar hag heimilanna fyrir brjósti því það er ljóst að skattlagning sú sem hér er verið að ræða um veldur hækkuðu verðlagi í landinu sem að sjálfsögðu bitnar fyrst og fremst á heimilunum í landinu. Ég hygg því að Kvennalistinn geti endurskoðað afstöðu sína til þessa máls.

Þetta mál sem hér er til umræðu er náttúrlega margrætt mál og menn kannski farnir að endurtaka sig ár frá ári en eins og fram kom hér hjá 1. flm. minni hl. var þessi skattur settur á fyrst 1979 og þá til eins árs, en það er eins og með aðra skatta sem settir eru á tímabundið að þeir virðast festast og ekki nokkur einasta leið að losna við þá. Sá skattur sem hér er til umræðu er hins vegar mjög óréttlátur og mismunar verulega atvinnugreinum og gerir mjög upp á milli þeirra. Hér ætti hins vegar að vera hlutlaust skattkerfi sem ekki er hægt að segja að sé þegar um slíka skattlagningu er að ræða sem leggst þyngst á eina tiltekna atvinnugrein umfram aðrar.

Það er alveg ljóst, eins og ég sagði fyrr, að þessi skattur fer út í verðlagið og þó sérstaklega hér á Reykjavíkursvæðinu. Möguleikar dreifbýlisverslunar eru ekki eins ríkir til að yfirfæra skattinn út í verðlagið, nógu dýrt er það nú samt þar fyrir.

Það er reyndar einkennilegt að ríkisstjórn sem hefur það að markmiði, eins og segir í málefnasamningi hennar, að unnið verði að því að bæta aðstöðu verslanafyrirtækja í dreifbýli — og undir þeim orðum, þegar vitnað er í málefnasamninginn, flýr hæstv. fjmrh. úr sal — skuli standa að framlengingu á slíkri skattlagningu sem hér er um að ræða.

Þessi skattur leggst þó fyrst og fremst á Reykjavíkursvæðið eða Stór-Reykjavíkursvæðið, eins og fram kemur í svari við fsp. sem hv. þm. Hreggviður Jónsson lagði fram hér fyrr í vetur þar sem hann spurði hvernig þessi skattur skiptist eftir kjördæmum. Þá kemur það glögglega í ljós að að 88% leggst skatturinn á Stór-Reykjavíkursvæðið.

Mér er ómögulegt að sjá að verið sé að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli. Ég sé ekki styrkinn í því að íþyngja þeim atvinnuvegi með skattlagningu sem þessari og mætti reyndar spyrja þá landsbyggðarþingmenn hér sem bera hag kaupfélaganna fyrir brjósti hvort þeir telji að þetta verði þeim verslunarrekstri til framdráttar. Nógu erfitt hélt ég að það væri fyrir hjá mönnum á þeim bæ.

Hæstv. forseti. Ég hefði nú gjarnan viljað hafa hæstv. fjmrh. hér í salnum þegar ég fer í einn ákveðinn punkt. Ég ætla ekki að krefjast þess að hann sitji hér undir, eins og ég sagði áðan, miklum endurtekningum sem óneitanlega verða ár frá ári, en það er ákveðinn punktur sem ég vil gjarnan hafa ráðherrann hér í salnum til að svara fyrir. Reyndar hefði ég óskað einnig eftir hæstv. viðskrh. því hann lýsti því hér fyrr í vetur í umræðum um þennan ákveðna skatt að hann væri því fylgjandi að hann yrði felldur niður og tekinn af, þannig að nauðsynlegt er

að fá sjónarmið hæstv. viðskrh. einnig. Og talandi um þá sem ég, persónulega, hefði viljað heyra í hér úr ræðustól þá var líka ítrekað reynt að fá álit Borgfl. á þessum skatti. Eins og menn vita voru þeir andvígir honum að miklum meiri hluta á síðasta þingi nema hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, og það væri vissulega athyglisvert að heyra þeirra skoðun í dag og hvort hún er ekki sú sama og hún var á síðasta þingi. Reyndar á ég ekki von á öðru en að svo sé enda mjög stefnufastur flokkur þar á ferð.

Það er ljóst að á tímum eignarskatta og hárra fasteignagjalda leggst þessi skattur þar ofan á einnig, þannig að það er ekki nóg að verið sé að ræða um skattlagningu af einu tagi á eignir heldur er hún af þrennu tagi, eignarskattar, fasteignagjöld og verslunar- og skrifstofuhúsnæðisskattur. Þá er líka rétt að benda á að þessi skattur veldur hækkun á húsaleigu sem kemur náttúrlega þeim verst sem minnstar hafa tekjurnar.

Úr því að hæstv. fjmrh. heiðrar deildina með nærveru sinni langar mig að víkja beint að þeirri spurningu sem ég ætlaði að leggja fyrir hann vegna þess að ég geri ráð fyrir að hann staldri ekki lengi við.

Í fjárlögum sl. árs, fyrir árið 1989, var gert ráð fyrir að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði mundi gefa ríkissjóði 425 millj. kr. í tekjur. Af góðmennsku sinni og til að liðka fyrir kjarasamningum lækkaði hæstv. fjmrh. skatthlutfallið úr 425, og í fyrsta þingskjali þessa árs, fjárlögunum, segir um þennan skatt, með leyfi forseta: „Miðað við sömu verðforsendur og í áætlun um eignarskatta gætu tekjur af þessum gjaldstofni numið 400 millj. kr. á árinu 1990, samanborið við 330 millj. kr. á þessu ári."

Hæstv. ráðherra ætlaði sem sagt að fara úr 425 millj. niður í 330 millj. samkvæmt því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir. Engu að síður svarar hann fsp. hv. þm. Hreggviðs Jónssonar um þennan skatt og hvernig hann skiptist á kjördæmin á þá lund að heildarinnheimta skattsins sé um 464 millj. kr. á þessu ári. Nú óska ég að sjálfsögðu eftir skýringum á þessu, á skatti sem átti að lækka úr 425 millj. niður í, eins og fjárlagafrv. í ár segir, um 330 millj. en raunveruleikinn er 464 millj. Sem sagt, aukin skattheimta um 40 millj. frá frv. sl. árs en aftur munur upp á einar 130 millj. samanborið við fjárlög ársins í ár. Ég veit að það vefst ekkert fyrir ráðherra að útskýra fyrir þingheimi í hverju þetta liggur. Hins vegar er þarna mikið ósamræmi á ferðinni og ég vona að það sé ekki rauði þráðurinn í gegnum frv. hæstv. ráðherra, þ.e. fjárlagafrv. fyrir árið 1990.

Ég óskaði eftir því, hæstv. forseti, að viðskrh. tæki þátt í þessum umræðum. Nú hef ég ekki heyrt frá forseta um hvort ráðherra er í húsinu eða ekki eða hvort von er á honum. (**Forseti:** Hann er í húsinu.)

Það hefur glögglega komið fram í umræðum undanfarinna ára að kratar eru í sjálfu sér á móti þessari skattlagningu og hafa lýst því yfir ár eftir ár en engu að síður ætíð greitt síðan atkvæði með honum. Hins vegar, eins og ég sagði fyrr, lýsti ráðherra því yfir að hann hefði talað fyrir því í ríkisstjórninni að þessi skattur yrði lagður af og væri fróðlegt að heyra hvernig honum gangi í þeirri baráttu sinni.

Ég ætla hins vegar ekki að hafa langt mál um þetta. Ég tel að í ljósi þeirra aðstæðna sem eru í þjóðfélaginu í dag, í ljósi yfirlýsinga hæstv. forsrh. um stöðu verslunar og þjónustu, sé engan veginn verjandi að leggja slíkan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Með þetta allt í huga höfum við, ég og hv. þm. Hreggviður Jónsson, lagt fram tillögu til rökstuddrar dagskrár sem hljóðar svo:

„Þar sem þessi skattur mismunar verulega atvinnugreinum í landinu og í ljósi erfiðrar rekstrarstöðu fyrirtækja samþykkir deildin að vísa þessu máli frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Og nú ákalla ég samvisku manna, krata sem annarra, að taka undir þessa tillögu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi skattur er dæmigerður fyrir þá hugsanavillu sem ríkir hér á landi í skattamálum. En hvað er verslun? Er verslun af hinu góða eða er verslun af hinu illa? Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann telur. (Gripið fram í.) Hann telur verslun af hinu góða.

Jón Sigurðsson var heldur ekki í nokkrum vafa um hvort væri. (**Fjmrh.:** Viðskrh.?) Sá eini sanni. Hann gerði sér manna best grein fyrir því hvað blómleg verslun þýðir fyrir landsmenn. Góð afkoma fyrirtækja í verslun og viðskiptum er hagur allrar þjóðarinnar og þá um leið ríkissjóðs.

Sú skattheimta er vanhugsuð sem felst í því að leggja sérstakan skatt á atvinnutækin í landinu, starfsvettvang þeirra sem geta bætt lífskjör almennings með lægra verði og ódýrari þjónustu á fjölmörgum sviðum.

Nú undanfarið hefur fjöldi fyrirtækja og einstaklinga orðið gjaldþrota. Jafnframt eru nú fleiri menn atvinnulausir í landinu en nokkru sinni fyrr, og í fyrsta skipti í fjölda ára eru menn nú atvinnulausir úr verslunarstétt. Fram að þessu hefur atvinnuleysi fyrst og fremst verið tengt þeim atvinnugreinum sem hafa átt við árstíðabundnar sveiflur að stríða. Þau gjaldþrot og greiðslustöðvanir fyrirtækja í verslun og viðskiptum sem hafa átt sér stað á þessu ári eru aðeins staðfesting á að fyrirtækin þola ekki alla þessa skattheimtu núv. ríkisstjórnar.

Í tillögu til rökstuddrar dagskrár í þessu máli frá okkur hv. 5. þm. Vesturl. kemur það og greinilega fram að við teljum að vísa eigi þessu máli frá, enda er þetta skattur sem við getum ekki sætt okkur við að eigi að leggja á fyrirtækin og mismuna með þeim hætti fyrirtækjum í landinu.

Hæstv. forseti. Í fsp. minni til hæstv. fjmrh. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði kemur mjög glögglega fram hvað þetta þýðir í raun og veru. Af þeim skatti eru 88,3% greidd á Stór-Reykjanessvæðinu eða 409 millj. Þessi skattur er sem sagt fyrst og fremst settur á fyrirtæki hér á Stór-Reykjanessvæðinu og hann hefur orðið þess valdandi að dýrtíðin hefur vaxið í landinu. En hann leggst líka á

fyrirtæki úti á landi, þó í minna mæli sé, vegna þess að fasteignamat úti á landi er miklu lægra. Í nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem voru samþykkt hér á sl. vetri, og ég einn þingmanna gerði athugasemd við það, eru ákvæði um það að sveitarstjórnir úti á landi geti hækkað allverulega fasteignagjöldin á húsnæði um allt land. Má reikna með því að fasteignagjöld á þessum fyrirtækjum úti á landi hækki um u.þ.b. 30% á næsta ári að meðaltali. Þó getur sú hækkun orðið allmiklu hærri eftir því í hvernig sveitarfélögum þau eru en reikna má með að þetta sé ekki undir þessu. Við erum því að ræða hér að þessi sérstaki eignarskattur og fasteignagjöld geti numið samtals í kringum 619 millj. á 2224 fyrirtækjum. Þetta eru gífurlega háar tölur þegar haft er í huga að þetta eru ekki fleiri fyrirtæki sem lenda í þessum skatti. Það liggur alveg ljóst fyrir að með því að fella þennan skatt niður væri hægt að skapa mörg störf í þjóðfélaginu og af þessum störfum rynnu skattar til ríkisins, þannig að það er örvandi fyrir atvinnulífið að lækka skattana.

Ég veit ekki til þess að slíkur skattur sé lagður á fyrirtæki neins staðar í heiminum með þessum hætti. Þegar til viðbótar kemur að það er lagður á fyrirtæki á landinu rúmlega 1 milljarður í öðrum eignarsköttum eru lögð á fyrirtæki í landinu með þessum sköttum rúmlega 1600 millj. sem felast fyrst og fremst í því að verið er að draga fé úr heilbrigðum atvinnurekstri og setja það í rekstur ríkisins sem er kominn langt úr böndum. Hæstv. fjmrh. ætti frekar að snúa sér að því að leyfa fyrirtækjunum að ráðstafa þessum tekjum sem væru nálægt því að allir þeir menn sem nú er á atvinnuleysisskrá gætu fengið vinnu hjá þessum fyrirtækjum fyrir andvirði þeirra.

Ég skora á hv. þm. að snúa þessu við því að ríkið fær engar tekjur ef atvinnufyrirtækin í landinu hætta að starfa. Þá getum við hætt. Hæstv. fjmrh. ætti að snúa sér að því að minnka skattana en ekki hækka þá eins og hann hefur gert.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu hefur þessi skattur verið endurnýjaður árlega í áratug. Núv. hæstv. ríkisstjórn greip hins vegar til þess ráðs fyrir ári að knýja fram hér í þinginu mjög verulega hækkun á þessum skatti. Þá komu fram hér mjög gild rök gegn þessari skattheimtu. M.a. var á það bent að hún kæmi niður á versluninni í landinu, óréttlátlega, fyrst og fremst vegna þess að landsbyggðarverslunin þarf í ríkari mæli en dreifbýlisverslun að bera þennan skatt sjálf. Í þéttbýli, þar sem verslun og viðskipti eru meiri, er auðveldara að velta skattinum út í almennt verðlag eins og almennt hefur tíðkast. Í raun er þetta því neytendaskattur. Eins og hér hefur komið fram í umræðunni er mjög algengt að þessi skattur sé sérstakt efni í leigusamningum þar sem leigjendum er gert að standa skil á skattinum og þess vegna mjög augljóst að skattheimta af þessu tagi kemur fyrst og fremst niður á leigjendum.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau rök sem hér voru flutt fyrir ári síðan gegn þeirri miklu hækkun sem hæstv. fjmrh. beitti sér þá fyrir. Um leið og Vinnuveitendasambandið á vordögum lýsti því yfir að það skrifaði ekki undir kjarasamninga nema gerð yrði leiðrétting hér á tók hæstv. fjmrh. þá ákvörðun að hlýða því kalli og lækkaði skattinn nokkuð. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og fram hefur komið frá talsmanni minni hl. hv. fjh.- og viðskn., að eðlilegt sé á þessu stigi að færa skattinn niður í fyrra horf og síðan er eðlilegt að lækka hann stig af stigi þangað til hann verður úr sögunni.

Tilefni þess að ég kveð mér hér hljóðs er hins vegar sú skýrsla sem hér hefur verið minnst á, um vanda dreifbýlisverslunar, sem sérstök nefnd sem hæstv. ríkisstjórn skipaði hefur skilað. Ég óska þess, herra forseti, að hæstv. viðskrh. og hv. formaður fjh.- og viðskn. verði viðstaddir þessa umræðu, enda sé ég ekki mikinn tilgang í að halda henni áfram ef hvorki hæstv. viðskrh. né formaður hv. fjh.- og viðskn. sjá ástæðu til þess að vera viðstaddir umræðuna. Við svo búið geri ég ekki ráð fyrir að mikill áhugi sé af hálfu stjórnarflokkanna á að þetta mál nái fram að ganga. (**Forseti:** Má ég spyrja ræðumann: Bað hann um fjmrh. eða viðskrh.?) Ég bað um hæstv. viðskrh. og formann fjh.- og viðskn. sem genginn er í salinn, enda lipur í snúningum.

Það kom hér fram í umræðunni að sú nefnd sem hæstv. ríkisstjórn skipaði til að fjalla um vanda dreifbýlisverslunarinnar hefur skilað áliti. Svo virðist hins vegar sem það álit hafi ekki verið kynnt í hv. fjh.- og viðskn. og þar hafi ekki verið gerð grein fyrir því. Ekki veit ég hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera það ekki og vildi inna eftir því hvort hæstv. ríkisstjórn hefur í hyggju að stinga þeirri skýrslu undir stól og fela hana. Sé það feimnismál í ríkisstjórninni eða hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. var það ekki feimnismál í dagblaðinu Tímanum sem greindi frá niðurstöðum þessarar skýrslu og samkvæmt frétt Tímans um niðurstöður skýrslunnar er það ein helsta tillaga skýrslunnar að þessi skattur verði ekki einasta lagður af, heldur endurgreiddur sérstaklega til dreifbýlisverslunarinnar. Er það kannski af þessum ástæðum sem hv. formaður fjh.- og viðskn. hefur ekki kynnt nefndinni þessa skýrslu? Og ég vil inna eftir því, í fyrsta lagi, hvort það er ekki ætlunin að kynna þessa skýrslu í hv. fjh.- og viðskn. Ég vil inna formann nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., eftir hvaða afstöðu hann hefur tekið til þessara tillagna, hvort hann er þeim samþykkur eða hvort hann er þeim andvígur, hvort hann ætlar í einhverju að taka tillit til þeirra þegar þetta mál er afgreitt hér. Ég get ekki séð að unnt sé að afgreiða frv. hæstv. ríkisstjórnar um þetta efni á sama tíma og fyrir liggur nefndarálit nefndar sem hæstv. ríkisstjórn sjálf hefur skipað þar sem lagt er til að þessi skattur verði endurgreiddur án þess að bæði sú skýrsla og frv. sjálft verði rædd í samhengi og ríkisstjórnarflokkarnir greini frá afstöðu sinni til þessarar skýrslu.

Ég óska eindregið eftir því að formaður nefndar-

innar komi hér upp og geri grein fyrir sinni afstöðu og hvernig hann ætlar að fara með þessa skýrslu gagnvart fjh.- og viðskn. og hvernig niðurstaðan verður síðan tengd áframhaldandi meðferð þessa frv. hér í þinginu, en ég get ekki séð að unnt sé að slíta þessi mál í sundur. Ég get ekki séð að stætt sé á því að stinga þessari skýrslu undir stól rétt á meðan verið er að afgreiða frv. og fara síðan að fjalla um niðurstöður skýrslunnar. Fyrst hún er komin fram er óhjákvæmilegt að um þetta sé fjallað hér í samhengi. Og ég ítreka ósk mína til hv. formanns nefndarinnar að hann geri hér nánari grein fyrir þessu máli í umræðunni.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta sem talsmaður minni hl. fjh.- og viðskn. sagði hér áðan, en mér þykir rétt að minna á það að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð 28. sept. á sl. ári var nokkuð ítarlegur kafli í þeirri stefnuskrá um byggðamál og m.a. segir þar í lokakaflanum um byggðamál að sérstakt átak verði gert til að unnið verði að því, það er næstsíðasta atriðið, að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli.

Í framhaldi af því skipaði viðskrh. nefnd til þess að gera álitsgerð um aðgerðir til að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í strjálbýli. Þessi nefnd var skipuð snemma á þessu ári eða nánar tiltekið 22. febr., skipuð af viðskrh. Í nefndinni sat ráðuneytisstjóri viðskrn. ásamt fimm öðrum mönnum, m.a. Eyjólfi Sverrissyni, endurskoðanda frá Þjóðhagsstofnun, Magnúsi E. Finnssyni, framkvæmdastjóra Kaupmannasamtakanna, Ólafi Friðrikssyni, framkvæmdastjóra hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Ólafi Gunnarssyni, viðskiptafræðingi frá Verðlagsstofnun, og Sigurði Guðmundssyni, skipulags- og áætlunarfræðingi, sem tilnefndur var af Byggðastofnun.

Dagblaðið Tíminn hefur skýrt allítarlega frá starfsemi þessarar nefndar og hvað hún lagði til. Nefndin leggur til að endurgreiddur verði sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem lagður var á verslunarhús í strjálbýli, þ.e. á verslunarsvæðunum þar sem íbúafjöldi er um eða innan við 1500 íbúar og hefur verið það undanfarin fimm ár. Þessir verslunarstaðir sem hér koma til greina eru svo sýndir með í nefndarálitinu og þar er miðað við að íbúar verslunarsvæðis hafi ekki styttri og auðveldari kost á að sækja verslun. Nefndin telur rétt að endurgreiðslan verði byggð á umsóknum viðkomandi aðila og nefndin telur að miðað við álagningu á þessu ári sé hér um að ræða upphæð sem nemi rétt innan við 10 millj. kr. Og það sem meira er um vert er að nefndin leggur til að á fjárlögum þessa árs, fyrir árið 1990, verði í tilraunaskyni sérstök fjárveiting að upphæð 25 millj. kr. og verði Byggðastofnun falin ráðstöfun hennar í framangreind verkefni að fengnum tillögum þriggja manna nefndar sem viðskrh. skipar.

Og nú spyr ég: Hvað er um þetta? Á að framfylgja þessu stefnuskráratriði ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. sept. 1988? Á að framfylgja því með því að taka þessar 25 millj. inn í fjárlagafrv. Þá á eftir að afgreiða það. Nefndin gerir jafnframt að sinni tillögu að fjárhæðinni verði varið þannig að allt að 10 millj. renni til þess að borga fyrir ráðgjafarþjónustu við verslunarfyrirtæki í strjálbýli, allt að 10 millj. kr. verði varið til þess að greiða fyrir sameiningu verslunarfyrirtækja og hagræðingu í verslunarþjónustunni og allt að 5 millj. kr. samtals verði varið til þess að veita styrki til breytinga og endurbóta á verslunarhúsnæði og til rekstrarstyrkja vegna verslunarþjónustu sem býr við sérstaklega erfið skilyrði.

Það verður að mínum dómi að vera samræmi í því hvað ríkisstjórnin er að fara í þessum efnum. Ég hef ekki heyrt að sú ríkisstjórn sem var mynduð á sl. hausti hafi fallið frá þessum atriðum svo að þau hljóta að vera í fullu gildi. Því spyr ég: Hvers vegna er svo mikil ánægja af því að endurnýja þennan skatt og þá með þessum hætti ef ekki fást nein svör við hinu? Á að standa við gefin fyrirheit í málefnasamningi og með hvaða hætti á að standa við þau? Á að taka undir álitsgerð þeirra aðila sem hafa fjallað um þessi mál og hefur verið falið að fjalla um þau með skipun viðskrh. á þessari nefnd? Það er því ekki óeðlilegt sem fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl., að spurt sé um þessi mikilvægu atriði. Og það er ekki hægt fyrir hvorki fjmrh. né viðskrh. að sitja hér undir þessu og svara ekki jafnsjálfsögðum spurningum og hér hafa komið fram í dag. Þingið á kröfu til þess að þessir herrar svari þessum spurningum afdráttarlaust. Ætla þeir að standa við gefin fyrirheit? Meintu þeir eitthvað með því að skipa nefnd á þessu sviði? Ætla þeir að taka mark á því sem þessi nefnd leggur til eða ætla þeir að hunsa það og halda áfram þessari skattlagningu og það með þessum ósanngjarna hætti?

Umræðu frestað.

Námslán og námsstyrkir, 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (skipunartími stjórnar Lánasjóðs). — Þskj. 91, n. 251, brtt. 252.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um námslán og námsstyrki. Frv. er tiltölulega einfalt. Það gerir ráð fyrir að sú breyting verði gerð á varðandi stjórnarmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna að þeir séu almennt skipaðir til tveggja ára, en þeir sem ráðherrar skipa skuli hvað skipunartíma snertir fylgja embættistíð ráðherrans.

Nefndin hefur sent frv. til umsagnar og fengið umsagnir frá Bandalagi ísl. sérskólanema, Lánasjóði ísl. námsmanna, Sambandi ísl. námsmanna erlendis og Stúdentaráði Háskóla Íslands. Allir þessir aðilar

mæla með samþykkt frv. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt, að vísu með smábreytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali. Það er ekki efnisbreyting, einungis orðalagsbreyting sem miðar að því að gera orðalag greinarinnar skýrara.

Nefndin mælir sem sagt eindregið með samþykkt frv. og undir þetta nál. rita auk mín Birgir Ísl. Gunnarsson, Árni Gunnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Guðmundur G. Þórarinsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 251, þ.e. síðari útgáfu þess eins og það var prentað upp, ritaði ég undir það með fyrirvara og vil nú, varðandi þann fyrirvara, að miklu leyti vísa til þess sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Mér hefur þótt að aðdragandi þessa máls væri óeðlilegur. Hæstv. menntmrh., sem frv. flytur, hefur oft vikið að því í fjölmiðlum og fullyrt að stjórn Lánasjóðsins og þá einkum formaður hennar hafi staðið í pólitísku stríði við ráðherrann, en bréfaskipti sem ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir hér við 1. umr. sýna að stjórnin, og þá einkum formaður hennar, hefur ekki á eindæmi viljað taka ákvarðanir sem beinlínis stefna fjárhag sjóðsins í hættu. Þeir hafa viljað hafa vaðið fyrir neðan sig og viljað þá að hæstv. ráðherra sjálfur tæki þá ábyrgð á sig sem fæli í sér fjárútlát sem ekki væri gert ráð fyrir í fjárlögum og ekki séð hvernig leyst yrðu. Þetta er raunverulega eina ágreiningsefnið sem fram hefur komið á milli hæstv. ráðherra og stjórnarinnar og þess vegna er óeðlilegt að bera það fyrir sig nú þegar hæstv. ráðherra vill skipta um stjórn í Lánasjóði ísl. námsmanna.

Ég vil hins vegar víkja nokkuð að fjárhag Lánasjóðsins, og ber nú vel í veiði að bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. skuli vera hér við þessa umræðu, og rifja upp í því sambandi að í byrjun þessa árs gerði hæstv. menntmrh. samninga við námsmenn um hækkanir á námslánum í þremur áföngum, 7,5% frá byrjun mars, 5% frá byrjun september og 6,4% þann 1. jan. Hins vegar er í fjárlagafrv. ekki gert ráð fyrir að staðið verði við þetta samkomulag. En í grg. með fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Sú fjárhæð," þ.e. útlánafjárhæð sjóðsins, „miðast við það að við ákvörðun úthlutunarreglna fyrir skólaárið 1990–1991 verði heildarútlán sjóðsins miðuð við útlán í forsendum fjárlaga 1989 að teknu tilliti til breytinga á verðlagi, gengi og fjölda lánþega. Að því leyti sem útlán sjóðsins á fyrri hluta árs árið 1990 verða umfram áðurnefndar forsendur verður að mæta þeim með lántöku. Hækkanir á framfærslugrunni námslána umfram breytingu á verðlagi rúmast ekki innan þess fjárlagaramma sem hér er gengið út frá."

Þetta var tilvitnun í grg. með fjárlagafrv. Með öðrum orðum, sú hækkun sem átti að koma til framkvæmda 1. jan. rúmast ekki innan ramma fjárlaganna. Og ekki nóg með það, sú hækkun sem þegar hefur komið til framkvæmda, bæði 1. apríl og 1. sept., rúmast heldur ekki innan ramma þess fjárlagafrv. sem fyrir liggur.

Það liggur nú fyrir að það vantar í fjárlagafrv. 595 millj. kr. til þess að Lánasjóðurinn geti staðið við sínar skuldbindingar á árinu 1990 og að auki 180 millj. kr. ef standa á við samninginn við námsmenn þann 1. jan. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. um hvað sé fyrirhugað í þeim efnum, hvort fyrirhugað sé að standa við samninginn þannig að námslán hækki um þessi 6,4% þann 1. jan.

Ég vil líka benda á hvernig staðan er á yfirstandandi ári, þ.e. á árinu 1989, því að þar er um verulega fjárvöntun að ræða einnig. Það liggur fyrir að til þess að ljúka árinu 1989 vantar í Lánasjóðinn 380 millj. kr. Um helmingur þeirrar upphæðar er vegna verðbreytinga, þ.e. breytinga sem hafa orðið umfram þær forsendur sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. eða um 190 millj. kr., þar koma gengisbreytingar einnig inn í, en hinn helmingurinn er vegna þeirra sérstöku hækkana sem hæstv. menntmrh. beitti sér fyrir og samdi um við námsmenn, þ.e. um 190 millj. kr. Upp í þessa fjárhæð, þ.e. 380 millj. kr., má sjá að í frv. til fjáraukalaga er gert ráð fyrir 180 millj. kr. þannig að það vantar 200 millj. kr. á þessu ári til þess að sjóðurinn geti staðið við þessar skuldbindingar sínar. Þetta mál virðist alveg vera óafgreitt því að Lánasjóðnum hafa ekki borist þessir peningar enn. Námslán á að greiða út nú þann 15. des. Í síðasta lagi nk. þriðjudag, 12. des., verður þessi fjárhæð að hafa borist til Lánasjóðsins ef á að vera unnt að greiða þessi lán út í samræmi við loforð.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir opinberlega að ábyrgðin af þessari ákvörðun, þ.e. að hækka námslánin, eigi að vera Alþingis og hann lýsti því yfir í fjölmiðlum að hann mundi ekki samþykkja aukafjárveitingu í þessu skyni. Nú liggur fyrir að það er ekki búið að afgreiða hér lánsfjárlög og þau verða örugglega ekki afgreidd fyrir þriðjudag, og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef reynt að afla mér liggur fyrir að þá þurfi að taka nýja ákvörðun í þessu máli, að þessi hækkun rúmist ekki innan fjárlaga og því þurfi sérstaka ákvörðun, annaðhvort sem sagt í fjáraukalögum eða sérstaka aukafjárveitingu sem þurfi að berast upp í ríkisstjórn. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh. að því hvernig hann hyggst leysa þetta mál núna á næstu tveimur vinnudögum.

Ég taldi nauðsynlegt nú við þessa umræðu um Lánasjóðinn að bera upp þessar spurningar við hæstv. menntmrh. og vonast til þess að hann sé reiðubúinn að svara þeim hér.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara almennt í það að ræða um stöðu Lánasjóðsins, get þó kannski í nokkrum orðum rakið þann vanda sem þar er um að ræða. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. að stjórn Lánasjóðsins og starfsmenn telja að miðað við núverandi útlánaforsendur geti vantað í sjóðinn á næsta ári, eins og það dæmi lítur út, 595 millj. kr. Þar af er um að ræða 50 millj. kr. vegna verðlagsbreytinga erlendis, erlendrar verðbólgu, og um 100 millj. kr. vegna tekjufalls, þ.e. rauntekjulækkunar námsmanna milli

áranna 1988 og 1990. Fyrir utan þetta er um að ræða sérstakan vanda upp á hvorki meira né minna en 300 millj. kr. sem á rætur að rekja til þess að námsmönnum fjölgar milli áranna 1988/1989 annars vegar og 1989/1990 hins vegar um 9,8%. Það eru 300 millj. kr.

Hér er auðvitað um að ræða hrikalega stórt dæmi og alvarlegt og mjög erfitt og leiðir það hugann að því að samkvæmt spám sem gerðar hafa verið, m.a. í svokallaðri framtíðarnefnd forsrn. sem menn þekkja frá fyrri árum, margir í salnum, er talað um að námsmönnum á háskólastigi og í skólum á mörkum háskóla og framhaldsskóla muni fjölga úr u.þ.b. 7000, eins og talið er að þeir séu í dag, upp í kannski 12–14 þúsund á tíu ára bili eða svo. Það er þess vegna augljóst mál að hér er um ærið flókið verkefni að ræða, að leysa fram úr þessum vandamálum námsmannanna og Lánasjóðsins, og að því er nú unnið af sérstakri nefnd sem ég skipaði fyrir nokkrum vikum og á að fjalla sérstaklega um framtíðarvandamál Lánasjóðsins. Það er ljóst að vandinn á árinu 1990 er verulegur og það er einnig ljóst, og ríkisstjórninni er það ljóst fyrir sitt leyti, að fjárlagafrumvarpstölurnar fyrir árið 1990 duga ekki.

Varðandi árið 1989 er um að ræða aukavanda hjá Lánasjóðnum sem ég tel að nemi 250 millj. kr. Það er vandi umfram það sem lá fyrir þegar stjórn Lánasjóðsins gekk frá sínum fjárlagatillögum í ágúst/september. Þessi vandi stafar fyrst og fremst af tvennu: Í fyrsta lagi því að um er að ræða rauntekjulækkun hjá námsmönnum milli áranna 1988/1989 um 18% sem þýðir það að réttur þeirra til framfærslulána eykst að sama skapi, eins og reglurnar eru, og talið er að þetta tekjufall námsmanna kosti sjóðinn í nýjum framfærslulánum 150 millj. kr.

Í öðru lagi liggur það fyrir að sú fjölgun námsmanna um 9,8% frá síðasta námsári sem ég gat um áðan þýðir aukna útlánaþörf sjóðsins upp á 101 millj. kr. Það stafar af því að heildarútlán sjóðsins á þessum hluta námsársins sem við lifum núna eru eitthvað liðlega 1 milljarður kr. og af því sjá menn að tæplega 10% fjölgun gerir rétt um 100 millj. kr. Þetta er vandi upp á 250 millj. sem lítur svona út og mig minnir að hv. þm. hafi reyndar talað um 200 millj. að frádregnum verðbótunum. Ég skil alveg af hverju hann er með þá tölu. Það er vegna þess að hann tekur þær tölur sem komið hafa m.a. frá Lánasjóðnum og hann hefur undir höndum, en vandinn er í raun og veru 250 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti tekið um það ákvörðun, gerði það á fundi sínum í morgun, að tryggja Lánasjóðnum þessa fjármuni þannig að útlán Lánasjóðsins á þriðjudaginn kemur verða með eðlilegum hætti, svo sem laga- og reglugerðarforsendur gera ráð fyrir og auðvitað verður tillögu um það efni komið á framfæri við viðeigandi nefndir Alþingis, þ.e. fjh.- og viðskn., að svo miklu leyti sem hér er um að ræða lánsfjáraukalög, og fjvn., að svo miklu leyti sem hér er um að ræða framlag í fjáraukalög. Þannig liggur það mál og hefur í raun og veru verið afgreitt, þannig að þessi einu vinnudagur sem hv. þm. benti á að væri til þriðjudagsins getur a.m.k. hjá Lánasjóðnum farið í að undirbúa það að menn borgi út lánin eins og til hefur staðið.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör og ég fagna því auðvitað sérstaklega að námsmenn þurfi ekki lengur að bíða milli vonar og ótta um það hvort lán verði greidd út í næstu viku eða ekki eins og þeir hafa þurft að gera alveg fram á þennan dag. Okkar tölum ber að vísu ekki alveg saman. Sá vandi sem stjórn Lánasjóðsins telur að sé fyrir hendi til að ljúka árinu 1989 er samtals upp á 380 millj. kr., þannig að mér sýnist nú að vandinn sé ekki með öllu leystur þó að ríkisstjórnin hafi nú samþykkt 250 millj. kr. (**Menntmrh.:** ... samkvæmt fjáraukalögunum.) Já, þetta er þá umfram það sem er í fjáraukalögunum. Já, þá skil ég tölur hæstv. ráðherra.

Varðandi vanda sjóðsins er það vissulega rétt að vandi Lánasjóðsins er mikill og sá vandi hefur legið fyrir í alllangan tíma því að námsmönnum fjölgar. Ég held að hæstv. ráðherra hefði átt að leiða hugann að vanda Lánasjóðsins fyrr, þegar hæstv. ráðherra gaf sínar yfirlýsingar fyrir kosningar 1987 þar sem hann taldi engan vanda að hækka lánin um 20% og gekk svo langt að lofa því að Alþb. mundi ekki taka þátt í ríkisstjórn nema vandi Lánasjóðsins og hækkun á lánum yrði sérstaklega tekið upp í stjórnarsáttmálann. Við vitum hvernig það fór. Sú ríkisstjórn sem nú situr var mynduð og ekki orð um það í stjórnarsáttmála.

Mér sýnist að það sé alveg ljóst að hæstv. ráðherra ætli ekki að standa við þann samning sem hann gerði við námsmenn í upphafi þessa árs. Af þeim upplýsingum sem hann gaf hér um vanda sjóðsins á næsta ári og nefndi þar þessar 595 millj., að til viðbótar við þær þarf 180 millj. til þess að standa við hækkunina sem búið var að lofa þann 1. jan., þannig að hæstv. ráðherra svaraði þessu að vísu ekki beinum orðum en óbeint má ráða það af svörum hans að þessi hækkun 1. jan. 1990 muni ekki koma til framkvæmda eins og hæstv. ráðherra hefur lofað námsmönnum og gert sérstakan samning við þá um það. Og námsmenn hafa að sínu leyti tekið á sig byrðar vegna þessa samnings þar sem tekjuviðmiðun hefur verið breytt.

Til viðbótar við þennan vanda varðandi næsta ár er ekki gert ráð fyrir í fjárlögunum og ekki inni í þessari tölu, 595 millj. kr., þeim hækkunum sem þegar hafa komið til framkvæmda, bæði í mars og september, þannig að það dæmi er líka óleyst. Og yfirlýsingar starfsmanna fjmrn. og hæstv. fjmrh. benda til þess að þær hækkanir eigi ekki að haldast út árið 1990. Þetta finnst mér alveg nauðsynlegt að draga fram í þessum umræðum því að mér sýnist að hæstv. ráðherra hafi lent á nokkrum villigötum með þetta mál, bæði með sínum stóru yfirlýsingum árið 1987, lent svo í vandræðum með að standa við loforð sín á þessu ári, gert svo samkomulag til þess að reyna að klóra í bakkann en verði svo að heykjast á því að standa við það samkomulag.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Af því að hv. 2. þm. Reykv. kaus að fara yfir málin í heild ætla ég að gera það líka.

Í fjárlagafrv. ársins 1990 er um að ræða verulegar hækkanir umfram verðlagsforsendur til Lánasjóðs ísl. námsmanna, mjög verulegar. Og miðað við óbreyttan námsmannafjölda og miðað við óbreyttar rauntekjur námsmanna milli áranna 1989/1990 eða milli námsáranna 1988/1989 annars vegar og 1989/1990 hins vegar rúmuðust þær hækkanir sem gert var ráð fyrir í áliti vinnuhópsins, sem hv. þm. nefndi, fullkomlega innan þess ramma sem þar er gert ráð fyrir. Það sem hefur hins vegar síðan gerst er þetta: Námsmönnum hefur fjölgað frá árinu 1988/1989 til ársins 1989/1990 um 10% eftir að námsmannatalan hefur staðið í stað í þrjú ár. Hún hefur verið óbreytt í þrjú ár. Og t.d. var í forsendum fjárlaga fyrir árið 1989, sem ég kom að haustið 1988, gert ráð fyrir því að námsmönnum fækkaði um 1% á milli ára. Til viðbótar við þessa fjölgun upp á 10% er um það að ræða að tekjufall verður hjá námsmönnum eins og öðrum sem þýðir hjá þeim sjálfkrafa rétt til hækkaðra framfærslulána upp á 18–19% þannig að vandi sjóðsins bara af þessum tveimur ástæðum er á næsta ári ekki minni en 400–500 millj. kr., sennilega um 500 millj. kr., og það er alveg augljóst mál að á þessum vanda verður að taka með sérstökum hætti og horfa á hann opnum augum og menn þurfa að gera sér grein fyrir því hvernig hann liggur með hliðsjón af heildarstöðu sjóðsins að öðru leyti.

Ég kann ekki ráð til þess að galdra út úr þjóðarbúinu ½ milljarð í viðbót, í viðbót við þá viðbót sem þegar liggur fyrir upp á 400 millj. eða svo í Lánasjóðnum á næsta ári, að ná þar ½ milljarði enn í viðbót á árinu 1990 til þess að tryggja það að sjóðurinn skili sér með þeim hætti sem gert hafði verið ráð fyrir áður en þessar hremmingar fóru að ganga yfir okkur.

Í þessum efnum kemur auðvitað margt til og höfuðatriðið í mínum huga er það að ræða við námsmennina og námsmannahreyfingarnar um þennan vanda og það erum við að gera. Og ég hef orðið var við það að hjá námsmannasamtökunum er staðan þannig að menn gera sér auðvitað grein fyrir sínum rétti og halda honum fast fram eins og vera ber, en þeir gera sér líka grein fyrir þeim vanda sem hér er um að ræða, bæði fyrir þá og þjóðarbúið og þeir spyrja auðvitað þessarar spurningar: Hvernig getum við tryggt með nokkru öryggi að við höfum þó þann rétt sem við þrátt fyrir allt höfum haft samkvæmt lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna, námslán og námsstyrki.

Það er rétt hjá hv. þm. að í áliti vinnuhóps sem ég skipaði seint á síðasta ári og skilaði snemma á þessu ári er gert ráð fyrir að um verði að ræða 6,4% hækkun til viðbótar á framfærslugrunnninum frá 1. jan. nk. Og það er líka rétt hjá hv. þm. að á móti því lögðu námsmennirnir það til að svokölluðu tekjutilliti eða tekjuviðmiðun yrði breytt frá því sem áður var í þessu efni. Það var þeirra framlag inn í þetta dæmi. Og ég segi: Með hliðsjón af því að mun örðugra mun reynast að ná þessu marki með 6,4 prósentin en við höfum gert ráð fyrir tel ég koma fyllilega til greina í þeim viðræðum sem nú standa yfir að breyta tekjuviðmiðuninni til samkomulags við námsmannasamtökin ef það getur styrkt stöðuna að einhverju leyti um leið. Ég tel að það eigi að horfa á þetta opnum augum og halda þannig á málum að niðurstaðan geti orðið eins nálægt samkomulagi og kostur er.

Síðan þurfa menn að lokum að fara yfir það með hvaða hætti á að halda rekstri sjóðsins áfram til næstu ára. Það er greinilegt að það er hægt að reka sjóðinn miðað við núverandi kjör með 35–40% lánsfé. Það stenst. Endurgreiðslur skila sér núna betur en menn höfðu gert ráð fyrir. Þær skila sér ekki illa. Menn þurfa hins vegar að átta sig á því að hve miklu leyti er staða til þess að gera ráð fyrir að þjóðarbúið og þeir sem eiga aðild að Alþingi Íslendinga þá og þá séu reiðubúnir til þess að halda gangandi jafngóðu lánakerfi og við þrátt fyrir allt höfum hér í dag eftir að námsmannafjöldinn er kannski orðinn tvisvar sinnum stærri en hann er núna. Ef hv. þm. vill ásaka mig fyrir að hafa ekki séð þetta fyrir í einstökum atriðum má hann gjarnan gera það, en hann verður líka að líta í eigin barm.

Lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna, námslán og námsstyrki voru eins konar þjóðarsáttarlög, satt að segja. Ég man ekki betur en að allir flokkar sem þá áttu sæti á Alþingi hafi átt fulltrúa í þeirri nefnd sem undirbjó lögin. Í nefndinni átti sæti hv. 1. þm. Reykv. fyrir hönd Sjálfstfl. og þekkir hann þessi mál mjög vel þannig að það er auðvitað alveg augljóst mál að hérna hafa allir komið nærri og geta allir í sjálfu sér litið í eigin barm og sagt: Þetta eru mál sem við þurfum að skoða. Ég bendi á að frá því að lögin voru samþykkt, sem ég hygg að hafi verið 1982–1983, hefur námsmönnum fjölgað mjög verulega, ég hygg á þeim tíma frá líklega um 4500–5000 upp í núna um 7 þús. Svona lítur þessi vandi út í hnotskurn. Við skulum horfast í augu við hann og við skulum reyna að ná þarna lendingu sem er eins skapleg og kostur er fyrir alla aðila. Ég hef lagt á það áherslu að í þessum efnum horfi menn á stöðuna í heild, bæði hina almennu pólitísku stöðu. Það er auðvitað ekki nokkur vafi á því að það væri auðvelt verk að ráða við lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna í framkvæmd núna ef við hefðum verið með hagvöxt eins og þann sem sóað var á árunum 1986 og 1987 og jafnvel fram á árið 1988. Það væri auðvelt verk. Það væri satt að segja létt verk og löðurmannlegt. Eftir að þjóðarbúið hefur hins vegar tapað 20 þús. millj. kr., frá árinu 1988 til ársins 1990, er málið snúnara. Það vita allir og viðurkenna, hvað sem þeir annars kjósa að segja.

Mér láðist áðan að þakka nefndinni fyrir greiða afgreiðslu á þessu máli og geri það hér með.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta og geri hér aðeins örstutta athugasemd.

Hæstv. ráðherra sagði að það hefði verið álit hans

að þær hækkanir sem hann samdi um við námsmenn fyrri hluta þessa árs rúmuðust innan ramma fjárlaga og þess fjárhagsramma sem Lánasjóðurinn að öðru leyti starfar eftir. Þetta segi ég að sé rangt, og ástæðan er sú að þetta er einmitt deiluefnið sem varð á milli hæstv. ráðherra og stjórnar Lánasjóðsins. Þegar hæstv. ráðherra gerði samkomulagið um þessar hækkanir á lánunum skrifaði stjórn Lánasjóðsins hæstv. ráðherra bréf og varaði hann við og það voru þessar deilur sem hæstv. ráðherra kallaði pólitískar árásir stjórnar Lánasjóðsins. Stjórn Lánasjóðsins kom til hæstv. ráðherra og sagði: „Þetta rúmast ekki innan ramma fjárlaga, við viljum ekki bera ábyrgð á þessari hækkun. Hæstv. ráðherra verður sjálfur að taka um hana ákvörðun." Það var þetta sem varð tilefni til þess að nú vill hæstv. ráðherra losna við þessa stjórn. Það lá því alveg kristaltært fyrir í áliti stjórnar Lánasjóðsins að þessar útgjaldaaukningar, þessar hækkanir, rúmuðust ekki innan fjárhagsramma Lánasjóðsins. Þetta er alveg nauðsynlegt að fram komi vegna yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Að öðru leyti hefur hæstv. ráðherra nú staðfest að 6,4% hækkunin mun ekki koma til framkvæmda 1. jan. heldur verður leitað eftir einhverju samkomulagi um að breyta að nýju tekjuviðmiðuninni.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ræða hæstv. menntmrh. var býsna skondin. Hér kom sá maður sem gefið hefur mest loforð og stærstar yfirlýsingar um námslánin, gefið hefur námsmönnum mest fyrirheit um það að enginn vandi sé á höndum og auðvelt sé að uppfylla allar óskir þeirra. Hann kemur svo hér í hv. deild og segir: Ég kann auðvitað engin ráð. Ég á auðvitað engar lausnir — eftir að hafa gefið öll loforðin og segir svo: Eigum við ekki að ræða þetta í sameiningu? Eigum við ekki að fjalla um þetta í sameiningu því að ég kann engin ráð til þess að uppfylla loforð mín og yfirlýsingar og samninga.

Það er auðvitað ástæða til þess af þessu tilefni, herra forseti, að ræða ítarlega og í löngu máli feril hæstv. ráðherra í þessum efnum, loforð hans og efndir og sérstaklega þá stóru játningu sem hér hefur verið gefin, að hann kunni engin ráð og eigi engar lausnir, en hann skýtur því svona til meðþingmanna hvort þeir vilji ekki hugsa málið í hans stað. Aumkunarverðari getur einn ráðherra ekki verið og aumari frammi fyrir Alþingi og námsmönnum í þessu landi.

Hæstv. menntmrh. fór hér á haustdögum hamförum vegna ákvarðana og yfirlýsinga stjórnar Lánasjóðsins. Ég minnist ekki annarra eins ofsókna, pólitískra ofsókna, af hálfu ráðherra gagnvart undirmönnum sínum vegna þess að þeir höfðu gert það eitt að rækja þá skyldu sína að taka ákvarðanir í samræmi við það sem Alþingi hafði ákveðið í fjárlögum og lánsfjárlögum um ráðstöfunarfé Lánasjóðsins. Og var býsna eðlilegt að stjórn og starfsmenn Lánasjóðsins hefðu þau sjónarmið í huga því að hæstv. fjmrh. hafði gefið um það sverar og miklar yfirlýsingar á öndverðu ári að haldnar yrðu yfirheyrslur yfir forstöðumönnum ríkisstofnana, ráðuneyta og einstakra fyrirtækja og stofnana, í þeim tilgangi að tryggja að þeir færu í einu og öllu eftir þeim ákvörðunum sem teknar voru í fjárlögum og lánsfjárlögum. Þegar stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna áréttaði að hún ætlaði að fylgja ákvörðunum Alþingis hófst herferð hæstv. menntmrh. Hann sakaði stjórn Lánasjóðsins um pólitíska afstöðu í málinu af því að hún var einvörðungu að fylgja fram ákvörðun Alþingis. Það væri nauðsynlegt, herra forseti, að fá álit hæstv. fjmrh. á framkomu hæstv. menntmrh. í þessu máli. Á hvern veg stóð hæstv. menntmrh. að því að styðja hæstv. fjmrh. í því að fylgja fram yfirlýsingunum um að hafa aga og hemil á einstökum ríkisstofnunum? Nei, þvert á móti, hæstv. menntmrh. gekk fram fyrir skjöldu í að ráðast á þá sem ætluðu að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis, gera það að pólitísku árásarefni á þá menn sem þannig stóðu að verki. Það væri fróðlegt að fá álit hæstv. fjmrh. á þessum vinnubrögðum hér í umræðunni.

Hitt vekur líka athygli að hæstv. menntmrh. kemur hér og segist ekki eiga neinar lausnir og lýsir því yfir, varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins á næsta ári, að enn sé þar allt á huldu. Það er óhjákvæmilegt að inna eftir því hvort það sé ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að hafa þau mál í lausu lofti fram eftir næsta ári, hvort það sé ekki ætlun hæstv. ríkisstjórnar að hafa mótað afstöðu og tekið ákvarðanir nú fyrir jólaleyfi samhliða því sem Alþingi tekur ákvarðanir með samþykkt fjárlaga og lánsfjárlaga um ráðstöfun opinberra fjármuna á næsta ári. Á að skilja þetta mál eftir? Á þetta að verða enn eitt dæmið um að fjárlög og lánsfjárlög sem hér á að afgreiða fyrir jól verði pappírsgagn eitt, marklaust pappírsgagn? Eða ætlar hæstv. ráðherra að lýsa ákvörðunum og niðurstöðu í tæka tíð þannig að unnt verði að afgreiða þessi mikilvægu frv. og mikilvægu lög, fjárlög og lánsfjárlög, í ljósi endanlegrar niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar um þessi efni? Eða á að láta reka á reiðanum og hafa þessi mál óleyst fram eftir öllu ári eða sér hæstv. ráðherra kannski ekkert fram úr þessum málum þannig að allt verði í óefni meðan hann situr í stól sínum?

Jón Bragi Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér eru nú umræður um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þó að síðari hluti umræðnanna hafi e.t.v. orðið um of pólitískur fremur en faglegur. Það er hins vegar ljóst að það þarf að taka á vanda Lánasjóðsins á mjög faglegan hátt. Það hefur komið fram hér í umræðunni að vandinn er allverulegur og hefur verið það enn frekar á þessu ári. Það hefur komið fram að námslán voru hækkuð nokkuð á árinu 1989 en á móti var tekjutillitið hækkað úr 35% í 50%, þ.e. að námsmenn máttu núna hafa lægri tekjur áður en farið var að taka tillit til þeirra til frádráttar námslána.

Þegar farið var út í þessar aðgerðir var talið að þetta mundi nokkurn veginn vega hvort upp á móti öðru. Raunin varð önnur og að því að mér skilst er

ástæðan fyrst og fremst sú að námsmönnum hafi fjölgað um u.þ.b. 10% hvort sem hún var nú óvænt eða fyrirséð. Það er alla vega ljóst að nefndin sem fjallaði um það mál sá þá fjölgun ekki fyrir eða gerði sér ekki grein fyrir henni. Ég sat í þeirri nefnd fyrir núv. menntmrh. Ég hef einnig setið í nefnd um þetta mál fyrir fyrrv. menntmrh. og þar var unnið ötullega að tillögugerð um vanda sjóðsins. Þegar hann er skoðaður núna hygg ég að það þurfi að taka tillit til allra hliða þessa máls og skoða það allt saman, bæði lána- og úthlutunarreglur og endurgreiðslureglur.

Það er nú þannig að fjárhagsvandinn er það mikill, að mér skilst, að ef lántökur eru 40% af fjármögnun sjóðsins þá þarf ríkissjóður að leggja til á næstu árum tvo til þrjá milljarða og líklega nær þremur en tveimur. Þeir leiðrétta mig sem vita tölur nákvæmar í þessum málum. Afgangurinn þarf að koma frá ríkissjóði, núna tveir til þrír milljarðar. Í erfiðum árum þurfa allir aðilar málsins að gera sér grein fyrir því að vandasamt er að leggja fram þá upphæð og ég hygg að námsmenn geri sér grein fyrir því. Þeir telja að þessi sjóður sé góður. Hann veitir þeim rétt og fjárhagslega getu til að stunda nám, það nám sem hugur þeirra stendur til og veitir þannig þjóðfélaginu menntað fólk í ríkum mæli sem við hyggjum að það þurfi á að halda í framtíðinni.

Ef vandi sjóðsins á þessu ári og fram á það næsta, sem virðist vera vegna þess að námsmönnum fjölgar nú um 10% eða þar um bil, er púls, ef svo mætti segja, sem er að ganga í gegnum kerfið sem safnaðist upp á undanförnum árum, þá er þetta tímabundinn vandi sem hægt er að leysa. Kannski með skammtímaaðgerðum, með frestun á greiðslum eða samningum um slíkt. En ef það er rétt sem hæstv. ráðherrann nefndi áðan, að fjölgun námsmanna næstu 10 árin verði úr 7000 námsmönnum í 12–14 þús. þá er vandinn hins vegar miklu meiri. Það mun þá vera næstum því tvöföldun á tíu árum og er u.þ.b. 6–7% fjölgun á ári. Þá kemur tvennt til athugunar, eða þrennt raunar. Það er að lækka lánin, að auka framlög ríkissjóðs eða að auka og hraða endurgreiðslum námsmanna. Það er ekki margt annað sem kemur til greina, dæmið hefur ekki fleiri breytur út af fyrir sig en þessar.

Í þeirri nefnd sem fyrrv. hæstv. menntmrh. og núv. 2. þm. Reykv. skipaði fyrir um tveimur og hálfu ári síðan var tekið á þessum endurgreiðslureglum og ég hygg að menn þurfi aftur að huga að þeim málum. Það er hægt t.d. að hækka eitthvað tekjuhlutfallshámarkið í þeim tilgangi að ná hraðar inn endurgreiðslum. Það er einnig unnt að stytta endurgreiðslutíma námslána og er ástæða til þess að skoða hvorn tveggja þessara möguleika. Engu að síður verður að hafa í huga að sú kynslóð sem nýtur þessara námslána nú er einnig fyrsta kynslóðin sem þarf að endurgreiða námslán með verðtryggingu. Þó svo endurgreiðsluhlutfallið sé ekki 100%, þá er það miklu, miklu hærra en það var fyrir 1974 þegar námslán voru verðtryggð.

Að sama skapi er þetta sú kynslóð sem í fyrsta sinn í marga áratugi þarf að endurgreiða húsnæðislán að fullu og með vöxtum og frá því í fyrradag með 4,5% vöxtum af húsnæðislánum. Þannig að endurgreiðsla lánsfjár þessarar kynslóðar leggst mjög þungt á hana og það verður að hafa í huga þegar þessar reglur eru skoðaðar. Það er m.a. af þessari ástæðu, þ.e. hvað hin unga kynslóð sem kemur úr skólum, framhaldsskólum, háskólum, á næstu árum og hefur gert á þessum áratug raunar, kemur til starfa, hvað greiðslubyrðin leggst þungt á aðila þessarar kynslóðar sem ég sætti mig við tiltölulega háan eignarskatt sem framlag fyrri kynslóða sem margar hverjar greiddu ekki til baka sín lán, hvorki námslán né húsnæðismálalán. Það er þess vegna sem við verðum að fara mjög varlega í sakirnar þegar við endurskoðum reglur um Lánasjóð ísl. námsmanna. (**Forseti:** Forseti vill að gefnu tilefni vekja athygli á því að hér er til umræðu brtt. sérstaklega um námslán og námsstyrki sem fjallar um stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna.)

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa efnislegu áminningu sem flutt er úr forsetastóli og skal þess vegna ekki lengja mál mitt verulega. Hér kom forusta Sjálfstfl. og hafði eitt og annað að segja um námslán og námsstyrki og ber að þakka sérstaklega fyrir það. Sérstaklega af því að hún afhjúpaði sig náttúrlega eins og fyrri daginn og hafði ekkert um málið að segja.

Í fyrsta lagi hélt hún ræðu um það hvílíkur vesalingur menntmrh. væri að draga ekki inn í sjóðinn hálfan milljarð í viðbót, rétt si svona, vegna þess nýja vanda sem um er að ræða, fjölgun, það eru 300 millj., og 200 millj. vegna tekjufalls. Forusta Sjálfstfl. taldi að þetta væri auðvitað hreint smámál að ná þessu upp. Ég spyr hana og óska eftir að sjá þær tillögur við afgreiðslu fjárlaga: Hvar verða þessir peningar teknir? Hvar verða þeir nákvæmlega teknir?

Ég býst ekki við að það komi neitt frá þeim vegna þess að í næstu setningu segir formaður Sjálfstfl.: Ja, ráðherrann fer illa með fé Lánasjóðs ísl. námsmanna og eyðir í raun og veru allt of miklu úr sjóðnum. Það stendur sem sagt ekki steinn yfir steini, hann snýr sér 180 gráður í þessum ræðustól í afstöðu sinni til sama málsins. Minnir þess vegna meira en nokkuð annað á tiltekna persónu sem skemmtir landsmönnum einu sinni í viku og er einhver mesti snillingur sem birtist á sjónvarpsskermi reglulega í þessu landi og skiptir ævinlega um afstöðu 180 gráður í sömu ræðunni — hann heitir Ragnar Reykás. Ég vissi ekki að hann væri genginn í Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Ætlar ráðherrann ekki að standa við loforðin?)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 252 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (heildarlög). — Þskj. 76, n. 242 og 249, brtt. 250, 253.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Suðurl. vil ég taka fram að þessi skýrsla sem hann spurði um, þ.e. álitsgerð um afkomu verslunarfyrirtækja í strjálbýli og aðgerðir til að bæta aðstöðu þeirra frá í nóvember 1989, er svo sem góðra gjalda verð og ég efa það ekki að nefndarmenn hafa lagt sig fram við að gera skynsamlega skýrslu. Því miður var ekki hægt vegna hinna miklu fjárþarfa ríkissjóðs að verða við þessum tillögum að svo komnu máli, enda var búið að undirbúa fjárlög þegar skýrslan birtist og gera í stórum dráttum áætlun um tekjuöflun ríkissjóðs og m.a. ákveðið að halda áfram eða framlengja þennan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem reyndar hefur nú stundum verið með hærri prósentu en við leggjum til núna.

Ég vil taka fram að þessi skýrsla var ekki rædd sérstaklega í fjh.- og viðskn. þegar þetta mál var til meðferðar þar enda fór enginn nefndarmaður fram á það og engin ósk kom fram um að taka hana sérstaklega til umræðu. Ég vil hins vegar beita mér fyrir því að nefndarmenn fái þessa skýrslu senda og geti kynnt sér efni hennar sem er fróðlegt og góðra gjalda vert, eins og ég sagði áðan, þó að við getum því miður ekki orðið við þeim tilmælum sem fram koma í skýrslunni að þessu sinni.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., formaður þingflokks framsóknarmanna, kom hér í ræðustól og sagði m.a. að þessi skattur, sem nú er veri að endurnýja, hefði áður verið hærri. Þar kom hann dálítið upp um sig vegna þess að skatturinn hefur aldrei verið hærri en nú. (**PP:** Það hafa verið sett lög um hann hærri.) Það er allt annað mál, þau lög voru dregin til baka á miðju ári án þess að hafa samráð við Alþingi og þess vegna finnst okkur vel við hæfi hér nú þegar við erum að ræða um þennan skatt enn einu sinni, að Alþingi fái um þetta mál að segja, ekki síst þegar fyrir liggur sú skýrsla sem hv. þm. vitnaði til. Það er dálítið sérkennilegt að heyra hv. formann þingflokks framsóknarmanna segja að skýrslan sé góðra gjalda verð en því miður hafi hún komið svo seint fram að ekki hafi verið hægt að taka tillit til hennar við gerð fjárlaga.

Má ég minna hv. þm. á að á miðju sl. ári var þessum skatti, sem við erum nú að ræða, breytt án samráðs við Alþingi vegna þess að upp komu þær aðstæður í þjóðfélaginu að slíkt þótti nauðsynlegt. Nú, áður en við afgreiðum fjárlög, áður en við afgreiðum þennan skatt kemur hv. þm. hér í ræðustól og segir: „Niðurstaða skýrslunnar er góðra gjalda verð, en það er ekki hægt að taka mark á henni vegna þess að hún kom of seint fram.“ Má ég spyrja hv. þm.: Er búið að afgreiða fjárlög? Hefur það farið fram hjá okkur hinum að fjárlög hafi verið afgreidd hér á Alþingi í ár fyrir næsta ár? Hafa verið haldnir einhverjir leynifundir hér og fjárlög afgreidd? Ég veit ekki betur en fjárlagafrv. liggi núna hjá hv. fjvn. og sé til umræðu þar. Ég veit ekki betur en meiri hluti fjvn. sé núna að fást við svona eins og 2–3 milljarða sem vantar í fjárlagafrv. vegna þess að það var svo vitlaust saman sett. Og svo kemur hv. þm. hér upp og segir: „Niðurstaða þessarar nefndar“ — og hann var einn þeirra sem settu þessa nefnd á laggirnar — „er góðra gjalda verð en hún kemur of seint fram.“ Ég held að hv. þm. verði að átta sig á því að þau atriði sem skipta máli eru enn til meðferðar á hinu háa Alþingi. Fjárlagafrv. hefur ekki verið afgreitt að því er ég best veit. Meira að segja hefur 2. umr. ekki enn farið fram né heldur sú 3. og ég get ekki séð annað en það sé fullt tilefni til þess að ræða þessa skýrslu. Þess vegna fer ég fram á það að milli 2. og 3. umr., til þess að við tefjum nú ekki hér þingstörf, fari fram í nefndinni umræða um þessa skýrslu, ekki síst vegna þess að það er niðurstaða stjórnskipaðrar nefndar að taka skuli þennan skatt sem hér er verið að fjalla um og nota hann á sérstakan hátt.

Ég er ekki með þessu, þar sem ég hef ekki fengið skýrsluna í hendur, að lýsa því yfir að ég sé þeirrar skoðunar að fara beri að niðurstöðum nefndarinnar. En það er út í bláinn að koma hér í ræðustól og segja að skýrslan hafi komið of seint fram þegar ljóst er að þau mál sem við erum nú að ræða hér og enn fremur fjárlagafrv. eru aðeins stutt á veg komin í meðferð Alþingis.

Það hefði líka, virðulegur forseti, vissulega verið fengur að því ef einhver af hv. þm. Borgfl. hefði verið viðstaddur þessa umræðu til þess að gera þjóðinni grein fyrir því hvernig á því stendur að Borgfl., þ.e. meginþorri hans því hann var auðvitað klofinn í málinu, hefur skipt um skoðun á þeim skatti sem hér er til umræðu. Það er ljóst að á síðasta þingi studdi a.m.k. einn þm. eða sat hjá við afgreiðslu málsins til þess að bjarga ríkisstjórninni. Þá sögu þekkja allir. Aðrir hv. þm. Borgfl. greiddu atkvæði gegn skattinum, meira að segja þeir sem nú sitja í ráðherrastól. Nú sést enginn þeirra hér í dag til þess að gera grein fyrir því hvernig á því standi að Borgfl. hefur skipt um skoðun. Og þó hefur Borgfl. og talsmenn hans lýst því yfir að þeir beri nánast ekki ábyrgð á fjárlagafrv., enda hafi það verið tilbúið áður en þeir komu í ríkisstjórnina. Það hefði verið fengur að því, forseti, ef einhver þeirra hefði komið hér upp og gert grein fyrir því hvort um sinnaskipti sé að ræða hjá hv. þm. Borgfl. En þeir kjósa að þegja. Og þeir gera meira, þeir láta ekki einu sinni sjá sig hér í þessum þingsal, sjálfsagt af ótta við að nú sjáist hvers konar skopparakringlur þar eru á ferðinni. Menn sem snúast út og suður valdanna vegna.

Aðalatriði málsins er þetta og það hefur komið fram hér í þessari umræðu: Stjórnskipuð nefnd skilar áliti. Formaður þingflokks stærsta stjórnarflokksins kemur í ræðustól og segir: Niðurstaðan er góðra

gjalda verð, en ég ætla bara ekkert með hana að hafa núna, jafnvel þó að eftir sé að afgreiða fjárlög og eftir sé að afgreiða þau skattalög sem nú eru til meðferðar. Og hér inni, beint fyrir framan mig, situr hv. 6. þm. Norðurl. e., sá maður sem mest hefur baðað sig í því sviðsljósi að vera sá sem ávallt hefur landsbyggðina fremsta í flokki þegar verið er að setja hluti í forgangsröð. Ætlar hann, hv. þm. Stefán Valgeirsson, að sitja undir því sem stjórnarþingmaður, berandi fulla ábyrgð á öllum gerðum ríkisstjórnarinnar, maður sem átti kost á því að segja já við vantrauststillögu en sagði nei til þess að lengja líf þessarar ríkisstjórnar, nú situr hann og þegir þegar formaður stærsta stjórnarþingflokksins kemur í ræðustól og segir: Við ætlum ekkert á þessu stigi málsins að gera fyrir landsbyggðarverslunina. Þetta eru athygli verð tíðindi (Gripið fram í.) í ljósi þess að þessir hv. þm. fara síðan í sín kjördæmi og segja: Við erum á Alþingi til þess að berjast fyrir landsbyggðina. Við ætlum okkur að gera þar allt sem við getum gert. En svo þegar tillögur koma frá nefndum sem þeir skipa, þá er sagt: Niðurstöðurnar eru góðra gjalda verðar, en við ætlum bara ekki að taka mark á þeim að sinni. Og það er gert á fölskum forsendum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umræðu en ég lagði hér eina spurningu fyrir hæstv. fjmrh. og ég hlýt að óska þess að hann svari þeirri spurningu. Hún var sú að í fjárlögum líðandi árs er gert ráð fyrir 425 millj. kr. tekjum af skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Eins og alþjóð veit var í kjarasamningum samið um að lækka þetta hlutfall úr 2,2% niður í 1,5% og þar með væntanlega lækka tekjur ríkisins í því hlutfalli. Engu að síður kemur það í ljós, þrátt fyrir þessa lækkun, að tekjur ríkisins af þessari skattlagningu hafa aukist um 40 millj. kr. Það hlýtur að vera krafa til hæstv. fjmrh. að hann skýri fyrir þingheimi hvað þarna er á ferðinni, hvað hefur skeð. Og það hlýtur einnig að vera krafa að hann segi okkur hvað þessi tekjulind hefði þá í raun orðið ef þessi 2,2% hefðu verið tekin eins og áætlað var því það verður ekki annað séð en forsendur þessara fjárlaga hafi verið alrangar miðað við það sem nú kemur í ljós.

Ég sé að hæstv. fjmrh. hefur beðið um orðið og væntanlega skýrir hann þá þingheimi frá því hvað þarna hefur skeð.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið áður í umræðum hér á Alþingi er sú tala sem innheimtist af þessum skatti, og reyndar sumum öðrum einnig, á hverju ári saman sett á þann veg að annars vegar er sá skattur sem lagður er á á því ári og hins vegar eftirstöðvar af vangoldnum skatti frá fyrra ári og fyrri árum.

Sú tala sem hv. þm. vék að er þannig til komin að það er annars vegar álagning skattsins á því ári sem um ræðir og innheimta af honum og svo hins vegar greiðsla á vangoldnum útistandandi skuldum vegna þessa skatts frá fyrri árum. Ég er ekki með nákvæmlega þessa sundurliðun hér við höndina en skýringin á því hvers vegna hinn innheimti skattur er hærri en álagður skattur ársins er að sem betur ber hefur tekist að innheimta vangoldna skatta frá fyrri árum.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. Ég verð nú að hryggja hv. þm. með því að það er ekki búið að afgreiða fjárlög og hann hefur verið hér með fullri meðvitund undanfarna daga og hefði átt að geta sagt sér það sjálfur að fjárlög eru enn óafgreidd. Hitt er svo annað mál að það er búið að vinna talsvert að gerð fjárlaga þannig að meginrammminn er nú þegar skapaður og satt að segja gengur okkur nú ekki of vel að ná endum saman. Og má segja að útgjöldin eru enn þá talsvert meiri en þær tekjur sem lagt er til að ríkissjóður fái og þar af leiðir að okkur þykir búmannlegra að fara hægt í að skera niður tekjur.

Það er út af fyrir sig gott að það rifjast upp fyrir hv. þm. Friðriki Sophussyni að þessi skýrsla skuli vera til. Úr því að hann hefur svona mikinn áhuga á henni, þá hefði hann átt að biðja um að fá hana til umræðu í nefndinni því að við höfðum þetta frv. til umræðu á a.m.k. tveimur talsvert löngum fundum og hann hafði ýmislegt við það að athuga en ekki óskaði hann eftir að þessi skýrsla væri tekin til umræðu.

Ég átti satt að segja ekki von á því að hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson væri tilbúinn að fallast á tillögur þessarar nefndar. Það er kannski misskilningur minn og ég harma það mjög ef svo er, að Sjálfstfl. er tilbúinn að innágangast þessar hugmyndir sem hér er um að ræða. Ef Sjálfstfl. er eindregið fylgjandi því að farið sé eftir tillögum nefndarinnar, þá finnst mér nú ástæða til þess að stinga við fótum og skoða málið upp á nýtt. Hér leggur nefndin til í nokkrum atriðum breytingar til bóta fyrir dreifbýlisverslunina og 1. liður er þessi:

„Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði felldur niður af verslunarhúsnæði í strjálbýli. Nefndin telur að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé verslunarþjónustu í strjálbýli þungbær enda arðsemi verslunarhúsa í lágmarki. Nefndin er sammála um að æskilegt sé að komið verði á endurgreiðslu álagðs skatts á verslunarhús í strjálbýli þar sem verslunarsvæðið nær til um 500 íbúa eða færri. Kort um þessa verslunarstaði fylgir álitsgerð þessari. En sums staðar er matsatriði hvað telja beri til verslunarsvæðis hvers staðar. Erfitt er að áætla nákvæmlega hvað hér yrði um háa fjárhæð að ræða en nefndin áætlar að á yfirstandandi ári nemi hún rétt innan við 10 millj. kr. Hér er um að ræða tiltölulega lága fjárhæð ...“ o.s.frv.

Síðan leggur nefndin til að leyfð verði hækkuð álagning á landbúnaðarvörur í smásölu, sem sagt að létta 10 millj. af þessum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, síðan að hækka smásöluálagningu á landbúnaðarvörum. Veittir verði hagræðingarstyrkir

til strjálsbýlisverslana sem m.a. kosti rekstrarráðgjöf þeirra. Þetta finnst mér vel geta komið til greina og er alveg góðra gjalda vert.

Síðan kemur 4. liður: „Veittir verði styrkir til þess að greiða fyrir sameiningu verslunarfyrirtækja og hagræðingu verslunarþjónustu í strjálbýli. Nefndin hefur rætt nauðsyn þess að nokkru fjármagni sé veitt til þess að auðvelda sameiningu verslunarfyrirtækja og til að stuðla að hagræðingu í verslunarþjónustu í strjálbýli. Sums staðar háttar þannig til að nokkur fyrirtæki keppa á smáum markaði þannig að markaðshlutdeild hvers og eins stendur ekki undir kostnaði. Með sameiningu fyrirtækja og jafnvel aðstoð við að leggja niður fyrirtæki þannig að viðskipti þeirra færist til annars aðila á staðnum er hægt að koma upp styrkari rekstrareiningum sem þjónað geti markaðnum á hagkvæman hátt, jafnt fyrir rekstraraðila sem viðskiptavini." Þetta finnst mér nú góðra gjalda vert. Þarna vil ég taka höndum saman við hv. þm. Friðrik Sophusson.

Í mínu kjördæmi hagar þannig til með þessa staði að þarna yrðu kaupmannaverslanirnar lagðar niður og undir kaupfélögin. Mér finnst þetta virkilega vera til athugunar og mundi verða til mikillar hagræðingar. Að sjálfsögðu yrði nú það lífvænlegasta látið lifa. Kaupmannaverslanirnar yrðu bara lagðar undir kaupfélögin. Það er fyrrv. varaformaður Sjálfstfl. sem er að leggja til að leggja niður kaupmannaverslanirnar á þessum smáu stöðum og leggja þær undir kaupfélögin. Ég er alveg tilbúinn að taka saman höndum við hv. 1. þm. Reykv. um þetta markmið. Þetta finnst mér ágæt hugmynd.

Og 5. liður: „Stuðlað verði að tengingu verslunarþjónustu við aðra þjónustu." Þessi þjónusta er m.a. að í þessi kaupfélög verði sett lyfjaafgreiðsla. Þetta finnst mér líka geta vel komið til greina. Ég veit ekki hvernig hv. 1. þm. Reykv. gengur að sannfæra apótekarana fyrir norðan um að heldur ætti að selja lyfin í kaupfélögunum en ef hann tekur það að sér, þá vil ég gjarnan njóta atbeina hans við það og taka höndum saman við hann um að hrinda því máli í framkvæmd.

6. liður er að Byggðastofnun veiti lán eða stofnstyrki til uppbyggingar verslunarþjónustu. Þetta líkar mér vel. Þetta finnst mér ágætt og góðra gjalda vert. Og 7. liður: „Veittir verði rekstrarstyrkir til strjálbýlisverslunar." Þetta finnst mér góðra gjalda vert líka. (Gripið fram í.) Enda eru þetta valinkunnir menn sem nefndina skipa og hafa komist að skynsamlegri niðurstöðu. Og það er svo einkennilegt að hv. 1. þm. Reykv. skuli hafa séð að þetta var skynsamlegt því það er sannarlega ekki á hverjum degi sem hann rekur augun í hvað er skynsamlegt. Þetta þykja mér mikil og góð tíðindi og ég hefði gjarnan viljað gera mitt til að hann fái hrint þessum hugsjónum sínum í framkvæmd. Ég sé að samvinnuhreyfingunni í landinu er hinn mesti fengur að fá þennan vaska liðsmann, hv. 1. þm. Reykv. Mér finnst þetta nú dálítið gróft, satt að segja, en ef fyrrv. varaformanni Sjálfstfl. ofbýður þetta ekki, þá er ég til í að reyna að greiða svolítið fyrir samvinnuhreyfingunni. Ég væri alveg til með að taka málið til skoðunar fyrir 3. umr. ef hv. 1. þm. Reykv. heitir því hér í ræðustól eða í prívatviðtali að styðja mig við að hrinda þessum tillögum nefndarinnar í framkvæmd.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég held að mikið gagn hafi orðið af þessari umræðu hér í dag þótt ekki væri talið nema það að hv. 1. þm. Norðurl. v. skuli nú í fyrsta skipti hafa lesið þær tillögur (**PP:** Og 1. þm. Reykv. líka.) sem komu fram hjá stjórnskipaðri nefnd sem fjallar um landsbyggðarverslunina. Það mátti heyra hér á stauti hans að hann þekkti ekki tillögurnar. Nú er hann þeim kunnugur og hann býður upp á að haft verði samráð um þau atriði sem þar koma fram. Ég skal fúslega verða við því í nefndinni að ræða þessar skýrslur og taka hv. þm. á orðinu, enda lofi hann hinu sama um önnur þau frumvörp sem lögð verða fram bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu stjórnarandstöðunnar og skal þá ekki standa á mér að við vinnum saman og finnum sameiginlega lausn. Hitt efast ég hins vegar um að hv. þm. hafi rétt fyrir sér þegar hann telur að kaupfélögin muni taka yfir kaupmannsverslanirnar, a.m.k. sýnir það sig þegar skoðaðir eru reikningar kaupfélaganna að mörg þeirra tapa verulegum upphæðum og Sambandið kannski sýnu mest ... (**ÓÞÞ:** Hárrétt.) Hárrétt, kallar flokksbróðir hv. 1. þm. Norðurl. v. og má þá kannski búast við því að á sumum stöðum verði kaupfélögin færð undir kaupmennina en ekki öfugt eins og hv. þm. hélt að yrði aðalreglan. (Gripið fram í.) En hv. þm. kom hér með tilboð og ég segi: Ég er tilbúinn að taka því tilboði með þeim skilyrðum að við vinnum þá saman og eigum samráð um allar þær tillögur sem koma fram frá stjórn og stjórnarandstöðu í hv. fjh.- og viðskn. og ég er sannfærður um það að við frændur munum komast þar að góðri og gagnlegri niðurstöðu fyrir land og þjóð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 253 (rökst. dagskrá) felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, BÍG, FrS, GHH, HJ, IBA.

nei: JK, KE, MálmS, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, StH, ÞÞ, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, ÞH, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBB, ÁrnG.

16 þm. (JónS, JSS, KrP, MB, MÁM, ÓÞG, PJ, RH, SV, SJS, ÞP, AðB, EH, FÞ, GGÞ, HG.) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:2 atkv.

2.–5. gr. samþ. með 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, KE, MálmS, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, StH, ÞÞ, AS, AÓB, GeirG, ÞH, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBB, ÁrnG.

nei: HJ, IBA.

15 þm. (JónS, JSS, MB, MÁM, ÓÞG, PJ, RH, SV, SJS, ÞP, AðB, EH, FÞ, GGÞ, HG) fjarstaddir.

KrP, ÓE, ÁHE, BÍG, FrS, GHH greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 250 felld með 16:7 atkv.

6.–10. gr. samþ. með 18:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 247.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í frv. er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á gildandi lögum. Þessar breytingar þarf annars vegar að skoða í tengslum við breytingar á öðrum þáttum skattkerfisins sem nú er í endurskoðun og hins vegar í samhengi við þá viðleitni að draga úr skattlagningu á almennum neysluvörum heimilanna.

Samsetning skatta á Íslandi er talsvert frábrugðin því sem gengur og gerist víða erlendis, sérstaklega í Vestur-Evrópu og helstu viðskiptalöndum okkar. Á Íslandi bera óbeinu skattarnir, verðlagsskattarnir, ½ hluta tekjuöflunarinnar en beinir skattar innan við fimmtung. Í öðrum löndum sem við eigum einkum viðskipti við er skiptingin mun jafnari milli beinna og óbeinna skatta, raunar víða nálægt því að vera helmingaskipti. Það hefur margsinnis verið á það bent, m.a. af sérfræðingum viðurkenndra alþjóðastofnana á sviði hagfræði og viðskipta, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD, að óheppilegt væri frá sjónarhól almennrar hagstjórnar að leggja svo mikið upp úr skattlagningu á neysluvörum að verðlagsskattar hefðu mun stærra hlutfall í heildarskattheimtunni en beinir skattar. Skynsamlegt væri að dómi hinna erlendu sérfræðistofnana og viðurkenndu fjármálastofnana að færa tekjuöflunina meira yfir á beinu skattana Slíkt væri mikilvæg forsenda þess að stöðugleiki gæti skapast í íslensku efnahagslífi. Ástæðurnar eru einkum tvær:

Í fyrsta lagi hafa óbeinir skattar, verðlagsskattarnir, mun sterkari áhrif á verðlag og þar með vísitölur heldur en beinir skattar. Skattahækkanir sem stundum eru nauðsynlegar til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika valda þannig beinni hækkun verðlagsins ef skattarnir eru fyrst og fremst óbeinir.

Í öðru lagi sveiflast beinir skattar ekki eins mikið með hagsveiflunni og óbeinir skattar þar sem inn í þá eru byggð alls kyns krónutöluframlög og frádrættir eins og persónuafsláttur og barnabætur. Skattbyrði beinna skatta hefur þannig tilhneigingu til að lækka á samdráttartímum en aukast á þenslutímum og vinnur þannig gegn hagsveiflunni og er mikilvægt tæki til þess að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Hins vegar er auðvitað álitamál hversu langt á að ganga í því að hafa innbyggða sveiflujöfnun í skattkerfinu þar sem hagsveiflur á Íslandi eiga yfirleitt rætur að rekja til breytinga í afla og ytri skilyrðum en ekki til breytinga í innlendri eftirspurn eins og algengt er í stórum iðnríkjum. Það er því mjög mikilvægt að menn geri sér skýra grein fyrir þessum mun sem er á hagsveiflum á Íslandi og í þróuðum vestrænum iðnríkjum.

Það mælir einnig með því að auka hlutdeild beinna skatta að við álagningu þeirra er hægt að taka tillit til efna og ástæðna hvers og eins og beita þannig skattkerfinu markvissara til tekjujöfnunar og félagslegs stuðnings en hægt er við álagningu óbeinna skatta.

Með þessu frv. er stigið skref í þessa átt. Þannig tengjast fyrirhugaðar breytingar á tekjusköttum einstaklinga gildistöku virðisaukaskattsins sem ég hef nú þegar mælt fyrir í hv. Ed. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að virðisaukaskattur skuli vera 24,5% eða 0,5% lægri en gildandi söluskattur. Á móti vega breytingar á tekjuskatti. Annars vegar 2% hækkun á skatthlutfallinu úr 30,8% í 32,8%, hins vegar sérstök 4% hækkun á barnabótum og persónuafslætti umfram forsendur fjárlaga til að koma í veg fyrir aukna skattbyrði hjá tekjulágum barnafjölskyldum.

Heildaráhrif þeirra breytinga sem koma fram í þessu frv. og virðisaukaskattsfrv. sem ég mælti fyrir í Ed. fyrir tveimur dögum síðan eru þríþætt:

1. Lægra hlutfall í virðisaukaskatti en söluskatti, en það leiðir til allt að 1% lækkunar á framfærslukostnaði heimilanna. Matvæli lækka meira eða um 2% að jafnaði og einstakar tegundir matvæla um 8–9%.

2. Veruleg lækkun eignarskatta sem snertir fyrst og fremst fólk með lágar tekjur þar sem það verður undanþegið hærra þrepinu.

3. Breytingar á tekjusköttum sem hafa í för með sér léttari skattbyrði hjá barnafjölskyldum með lágar tekjur, einkum einstæður foreldrum, en nokkra þyngingu hjá hátekjufólki.

Tekjuskattar hjá tekjulágum barnafjölskyldum lækka að meðaltali milli áranna 1989 og 1990. Þetta kemur yfirleitt þannig út að endurgreiðsla ríkisins til einstæðra foreldra og tekjulágra hjóna með börn hækkar í krónutölu þar sem þessir aðilar greiða almennt ekki tekjuskatt. Hjá hjónum munar þessi hækkun á endurgreiðslum upp undir 1% af tekjum sem skattbyrðin lækkar en hjá einstæðum foreldrum allt upp í 2% af tekjum og rúmlega það. Þessi breyting felur þess vegna í sér verulegan tekjuauka hjá einstæðum foreldrum.

Hvað snertir eignarskatta einstaklinga þá lækka þeir verulega á næsta ári. Annars vegar lækkar háþrepið um helming, úr 1,5% eins og það er í dag í 0,75%. Jafnframt verður það tengt tekjum viðkomandi þannig að háþrepið fellur alveg niður hjá einstaklingum með undir 70 þús. kr. í skattskyldar tekjur á mánuði. Með þessari breytingu einni fækkar þeim einhleypingum sem lentu í háþrepinu í ár um helming eða úr 1600 í 700–800. Á bilinu frá 70 þús. kr. mánaðartekjum til 140 þús. kr. mánaðartekna fer

háþrepið síðan smátt og smátt að virka og kemur inn að fullu hjá einstaklingum þegar mánaðarlaunin eru orðin yfir 140 þús. kr. á mánuði. Samsvarandi tekjur hjóna væru 280 þús. kr. á mánuði.

Í frv. eru einnig nokkrar breytingar gerðar á gildandi lögum um vaxtabætur vegna íbúðarkaupa en sl. vor voru sett lög um vaxtabætur í tengslum við upptöku húsbréfakerfisins. Þær miða einkum að því að rýmka rétt þeirra einstaklinga sem hafa lágar tekjur á kostnað hinna tekjuhærri.

Í þessu frv. eru heimildarákvæði um frádrátt vegna fjárfestingar einstaklinga í atvinnurekstri rýmkuð, m.a. til þess að stuðla að aukinni eiginfjármyndun fyrirtækja með sölu hlutabréfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að skoða þennan þátt enn frekar í tengslum við samræmda skattlagningu fjármagnstekna og almenna endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Í frv. eru þar að auki breytingar varðandi skattfrelsi húsbréfa þannig að þau fái sömu skattalega meðferð og spariskírteini ríkissjóðs. Með þessu er bæði stuðlað að lægri vöxtum á húsbréfum en ella og lægra útborgunarhlutfalli við íbúðarkaup í húsbréfakerfinu. Að lokum eru í frv. nokkrar breytingar á skipan og starfsháttum ríkisskattanefndar, m.a. í því skyni að flýta afgreiðslu mála.

Virðulegi forseti. Ég mun þá víkja nánar að einstökum efnisatriðum frv. og gera stutta grein fyrir þeim breytingum sem í því felast ásamt því að taka hér nokkur dæmi sem sýna ljóslega þá skattalækkun hjá tekjulágu fólki, sérstaklega barnmörgum fjölskyldum og einstæðum foreldrum, sem frv. felur í sér. Vík ég þá fyrst að tekjuskatti einstaklinga.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 var gengið út frá þeirri meginforsendu að heildarskattbyrði ríkissjóðstekna yrði svipuð og áætluð er fyrir þetta ár. Þetta sjónarmið var einnig lagt til grundvallar hvað snertir álagningu tekjuskatta á einstaklinga. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að virðisaukaskattur skuli vera 0,5% lægri en söluskattur hafa þessar forsendur breyst. Til að fjármagna þessa lækkun var ákveðið að hækka tekjuskattshlutfallið en verja helmingi af þeirri hækkun til þess að hækka persónuafslátt og barnabætur sérstaklega. Það er því aðeins helmingurinn af tekjuaukanum sem kemur til ríkissjóðs. Hinn helmingurinn er notaður til þess að auka jöfnunaráhrif tekjuskattsins. Þannig er miðað við að persónuafsláttur og barnabætur hækki um tæplega 7,5% um áramótin í stað 3,5% eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þar með hækka skattleysismörkin í 52.466 kr.

Ef við tökum dæmi um áhrif breytinganna á tekjusköttum á einstætt foreldri með 80 þús. kr. tekjur á mánuði, en 80 þús. kr. eru einmitt meðaltekjur einstæðra foreldra, og á heimilinu eru tvö börn, annað yngra en sjö ára, þá fela þessar breytingar í sér að viðkomandi einstætt foreldri fær endurgreiðslu frá ríkinu í formi barnabóta og barnabótaauka sem nemur 14.500 kr. eftir breytingarnar að meðaltali á mánuði á næsta ári en var að meðaltali á árinu 1989 12.673 kr. Meðaltalshækkunin milli ára er því 14,5% eða 3% umfram forsendur fjárlagafrv. Meðalskattbyrði þessa einstæða foreldris lækkar þannig um 0,5% af heildartekjum. Með öðrum orðum: Þrátt fyrir hækkun á skatthlutfallinu fela breytingarnar í sér lækkun á skattbyrði með því að endurgreiðslan frá ríkinu hækkar vegna hærri barnabóta og persónuafsláttar sem gera meira en að vega upp hærra hlutfallið. Það er ekki fyrr en mánaðartekjur einstæðra foreldra eru komnar upp undir 100 þús. kr., sem er töluvert yfir meðaltekjum einstæðra foreldra, um það bil 25% yfir meðaltekjum einstæðra foreldra, að skattbyrðin fer að þyngjast hjá þessum þjóðfélagshópi.

Ef við tökum annað dæmi af hjónum með tvö börn þar sem annað barnið er yngra en sjö ára og hjónin hafa 150 þús. kr. tekjur á mánuði, þá mundi þessi fjölskylda samkvæmt gildandi lögum greiða í tekjuskatt 1.735 kr. á mánuði eða um 1,2% af tekjunum. Eftir breytinguna eykst skattbyrðin lítillega eða um 0,4% af tekjum sem svarar til tæplega 700 kr. hækkunar á mánuði. Hins vegar er rétt að hafa í huga í þessu samhengi að um leið er verið að gera breytingar á neysluskattinum, verðlagsskattinum sem fela í sér að framfærslukostnaður þessa heimilis verður allt að 1% lægri en annars hefði orðið eftir áramótin. Matvælin lækka enn meira eða um 2% í heild og einstök matvæli um 8–9%. Þess vegna verður að bera saman þá breytingu sem verður á skattbyrði tekjuskattsins við þá lækkun sem verður á skattbyrði verðlagsskattanna sem sérstaklega kemur til góða fjölskyldum þar sem börnin eru mörg í heimili og þar sem matarreikningurinn er hlutfallslega stór þáttur í heimilisútgjöldunum. Þetta er enn eitt dæmið sem sýnir að með því að lækka neysluskatta en hækka í þess stað tekjuskatta á hálaunafólki er verið að koma í framkvæmd verulegum kjarabótum til fjölskyldna með lágar tekjur eða meðaltekjur, sérstaklega fjölskyldna þar sem börnin eru mörg í heimili. Þannig endurspeglast jafnaðarstefna þessarar ríkisstjórnar og félagshyggja hennar í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram.

Við skulum einnig taka til fróðleiks þriðja dæmið og skoða hjón með tvö börn og tekjur sem samsvara 120 þús. kr. í dag, en það eru tekjur nokkuð undir meðallagi, og skoða breytinguna á skattbyrði þessa lágtekjuhóps á árunum 1988, 1989 og 1990.

Árið 1988 varð skattbyrði þessara hjóna af tekjuskatti neikvæð sem samsvaraði 9,5% af meðaltekjum ársins. Með öðrum orðum, fjölskyldan fékk greitt úr ríkissjóði í formi barnabóta og barnabótaauka um 9500 kr. á mánuði.

Árið 1989 var skattbyrði þessarar lágtekjufjölskyldu lækkuð sérstaklega um 0,6% af tekjum eða með öðrum orðum, greiðslan úr ríkissjóði hækkaði upp í 10,1% af tekjum. Og nú með þessu frv. fyrir árið 1990 er lagt til að stíga enn frekara skref til þess að lækka skattbyrðina hjá þessari lágtekjufjölskyldu. Skattbyrðin lækkar enn á ný í kjölfar lækkunar á skattbyrði þessarar lágtekjufjölskyldu á síðasta ári um 0,6% af tekjum. Greiðslan frá ríkissjóði verður 10,7% af mánaðartekjum eða 13.300 kr. að meðal-

tali. Á árinu 1988 var greiðslan úr ríkissjóði hins vegar eingöngu 9,5% af meðaltekjum.

Þetta dæmi sýnir betur en mörg orð hvernig barnafjölskyldur með tekjur umdir meðallagi hafa farið út úr þeim tekjuskattsbreytingum sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. Þessi dæmi sýna greinilega, hvað sem líður öllum tölum sem jafnvel samtök launafólks kunna að birta, að þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir umtalsverðri lækkun á skattbyrði lágtekjufólks, barnafjölskyldna með lágar tekjur og lágar miðlungstekjur. Skattbyrði þessara fjölskyldna hefur beinlínis lækkað um 1,2% af tekjum þrátt fyrir að skatthlutfallið hafi verið hækkað um 4,3%. Skýringin liggur í þeirri jöfnunarstefnu þessarar ríkisstjórnar að breyta skatthlutfallinu milli barnabóta og persónuafsláttar barnabótunum og persónuafslættinum í hag og hækka þessa liði til þess að verja, og í sumum tilvikum beinlínis bæta, kjör láglaunafólksins. Þetta er það sem ég hef kallað jöfnunarstefnu í skattamálum þessarar ríkisstjórnar.

Við skulum taka fleiri dæmi. Ég nefni hér sams konar dæmi um tvo einstaklinga þar sem annar er með tekjur undir meðallagi en hinn talsvert fyrir ofan meðallag. Þessi dæmi gefa svipaða mynd af þróuninni. Sá tekjulægri kemur mun betur út úr skattkerfisbreytingunum en hinn tekjuhærri. Í fyrra tilvikinu eykst skattbyrðin úr 0,2% af tekjum ársins 1988 í 1,4% 1990. Í því síðara, hjá hinum tekjuháa, eykst skattbyrðin úr 14,4% 1988 í 17,1% á árinu 1990.

Áður en ég skil við þessa umræðu um tekjuskattinn vil ég þess vegna ítreka sérstaklega að þær fullyrðingar sem birst hafa á opinberum vettvangi á þann veg að hinir lægst launuðu fari verst út úr þessari skattkerfisbreytingu eru alrangar. Þær standast á engan hátt faglega og sanngjarna skoðun á því frv. sem hér er lagt fram og því skattkerfi sem gilt hefur, bæði á árinu 1988 áður en breyting varð á ríkisstjórn né heldur á árinu 1989.

Því hefur líka verið haldið fram að í slíkum samanburði sé um að ræða óraunhæfar launa- og verðlagsforsendur. Um það skal ekkert fullyrt fyrir fram enda eru samningamálin eins og kunnugt er að mestu leyti í höndum aðila á hinum frjálsa vinnumarkaði. Hitt er svo annað mál að jafnvel þótt launahækkanir verði meiri á næsta ári en reiknað er með í þeim forsendum sem ég hef hér rakið þá eru áhrifin engu að síður þau að hinir lægst launuðu koma mun betur út en hinir tekjuhærri skv. því frv. sem ég mæli hér fyrir miðað við að óbreytt lög hefðu gilt.

Ef breytingarnar á tekjuskatti eru síðan skoðaðar í stærra samhengi, vegna þess að þær tengjast lækkun á óbeinum sköttum, verðlagssköttunum, er ljóst að breytingarnar á heildarskatttekjum ríkisins fela í sér mjög óverulega breytingu eða aðeins um 100 millj. kr. Megináhrif þessara breytinga eru því ekki að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs heldur eingöngu að jafna dreifingu skattbyrðanna meðal landsmanna. Styrkja stöðu þeirra sem lág hafa launin, beinlínis auka kaupmátt þeirra með skattkerfisbreytingum, en leggja byrðarnar fyrst og fremst á herðar þeirra sem hærri hafa tekjurnar.

Virðulegur forseti. Ég mun þá víkja nokkrum orðum að þeim breytingum sem gerðar eru á eignarsköttum einstaklinga. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að í tengslum við upptöku skatts á fjármagnstekjur mundi eignarskattur lækka á næsta ári. Þrátt fyrir að skattlagning fjármagnstekna komi ekki til framkvæmda á næsta ári, m.a. vegna þess að ekki reynist kleift af tæknilegum ástæðum og vegna vinnuálags á starfsmönnum skattkerfisins að breyta í senn frá söluskatti yfir í virðisaukaskatt og taka um leið upp staðgreiðslu á skattlagningu fjármagnstekna, ákvað ríkisstjórnin að haga framkvæmd mála á þann veg að þrátt fyrir að skattlagning fjármagnstekna bíði í eitt ár, þótt frv. verði lagt fram um það efni hér eftir áramótin, þá yrði engu að síður hrint í framkvæmd lækkun eignarskatta á næsta ári. Sú breyting er tvíþætt. Annars vegar, eins og ég gat um áðan, lækkar hærra þrepið í eignarskatti úr 1,5% í 0,75% eða um helming. Í þessu felst að skattur á skuldlausri eign einstaklinga sem er yfir 8 millj. 50 þús. kr. lækkar úr 2,7% í 1,95%. Hins vegar var ákveðið að tekjutengja hærra þrepið í eignarskattinum og gera ráð fyrir því, eins og ég áður rakti, að einstaklingur með minna en 70 þús. kr. í skattskyldar tekjur á mánuði og hjón með minna en 140 þús. kr. í skattskyldar tekjur greiði ekki þennan sérstaka háa eignarskatt og að hann komi ekki að fullu til greiðslu hjá þessum þjóðfélagshópum nema mánaðartekjur einstaklinganna séu yfir 140 þús. og mánaðartekjur hjónanna yfir 280 þús. kr.

Með þessum breytingum lækka eignarskattar í heild um 20% að raungildi miðað við gildandi lög. Áhrifin eru hins vegar enn meiri hjá þeim einstaklingum sem í ár lentu í hinu sérstaka háþrepi í eignarskattinum en þeir voru samtals 5000. Lækkunin hjá þeim nemur 35% að raungildi þegar miðað er við einstaklingana sem lenda undir þeim tekjumörkum sem ég gat um áðan.

Sem dæmi um áhrif þessarar lækkunar má nefna eignarskatt einstaklings sem á skuldlausa eign upp á 14 millj. kr., en það er einmitt sú meðaleign sem einstaklingar áttu sem lentu í hærra þrepinu í ár. Og hafi þessi einstaklingur minna en 70 þús. kr. á mánuði lækkar eignarskattur hans um 7.400 kr. á mánuði eða um 36% að raungildi. Hafi þessi sami einstaklingur 100.000 kr. mánaðarlaun lækkar eignarskattsgreiðslan um 5.200 kr. á mánuði eða um 25% að raungildi. Og fari hann yfir 140 þús. kr. tekjur lækkar eignarskatturinn engu að síður um 3.700 kr. á mánuði eða um 18% að raungildi. Lækkunin hjá hjónum er svipuð og jafnvel meiri þar sem persónuafsláttur beggja nýtist að fullu.

Í fylgiskjölum með frv. eru, auk þessara dæma sem ég hef hér lýst, birtar til fróðleiks upplýsingar úr skattframtölum um fjölda þeirra framteljenda sem lentu í hærra þrepi eignarskattsins á þessu ári, meðaltekjur þeirra, dreifingu eftir tekjubilum, eignir o.s.frv.

Virðulegur forseti. Þriðja stóra breytingin sem felst í þessu frv. er um greiðslu vaxtabóta til íbúðar-

byggjenda og íbúðarkaupenda. Ég hef orðið var við að ýmsir misskilja þetta nýja kerfi og halda að í því felist mikil skerðing frá þeim endurgreiðslukerfum sem nú eru í gildi. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að víkja nokkuð að vaxtabótakerfinu sjálfu sem og þeim breytingum sem felast í þessu frv.

Eins og hv. alþm. er kunnugt taka um næstu áramót gildi þau ákvæði tekju- og eignarskattslaganna sem varða vaxtabætur vegna íbúðarkaupa en lög um vaxtabætur voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Samhliða því falla úr gidli ákvæðin um vaxtaafslátt og húsnæðisbætur. Þó er rétt að vekja athygli á því að þeir sem þegar hafa fengið úrskurð um húsnæðisbætur halda þeim rétti að fullu til ársins 1993. Þeim er hins vegar gefinn kostur á því að koma inn í vaxtabótakerfið á næsta ári. Enda þótt vaxtaafsláttarkerfið sem verið hefur í gildi, falli úr gildi um áramót, munu þeir sem fengu endurgreiðslu samkvæmt því gamla kerfi flytjast yfir í hið nýja vaxtabótakerfi svo framarlega sem þeir uppfylla öll almenn skilyrði þess. Í vaxtabótakerfinu felst enn fremur sá ávinningur fyrir húsbyggjendur og íbúðarkaupendur að vaxtabótakerfið er ekki takmarkað við tiltekinn árafjölda. Þetta er mjög mikilvægt atriði vegna þess að endurgreiðslur skv. gömlu vaxtaafsláttar- og húsnæðisbótakerfunum hafa verið takmarkaðar við 4–7 ár. Nú eru þessi tímatakmörk hins vegar afnumin og þeir sem ganga úr gamla kerfinu yfir í nýja kerfið munu ávinna sér þau réttindi að geta haldið þeim um ótakmarkaðan tíma svo lengi sem þeir uppfylla hin almennu skilyrði. Skv. gamla kerfinu hefðu þeir hins vegar dottið út eftir 4–7 ár. Þá er einnig rétt að vekja athygli á þeirri endurbót að vaxtabætur eru ekki takmarkaðar við þá sem eru að byggja og kaupa í fyrsta skipti eins og húsnæðisbæturnar.

Megineinkenni vaxtabótakerfisins og helstu frávik frá þeim tveimur kerfum sem nú eru í gangi eru:

1. Hugsunin á bak við vaxtabótakerfið er í meginatriðum sú sama og í vaxtaafsláttar- og húsnæðisbótakerfinu, þ.e. að létta undir með húsbyggjendum og íbúðarkaupendum með einhvers konar endurgreiðslum í gegnum skattakerfið.

2. Sá grundvallarmunur er þó á þessum kerfum að í vaxtabótakerfinu, hinu nýja kerfi, er jafnframt leitast við að koma til móts við almenn jöfnunarsjónarmið með því að fjárhæð vaxtabóta skerðist í hlutfalli við hækkandi tekjur. Jafnframt fá einstaklingar sem eiga miklar eignir skertar vaxtabætur og jafnvel engar. Þannig birtist jöfnunarhugsjón núv. ríkisstjórnar í framkvæmd í þeim tillögum og í þeim lögum sem snúa að vaxtabótakerfinu. Þetta þýðir að fjárhæð vaxtabóta er mjög misjöfn, allt eftir vaxtabyrði, eftir tekjum og eftir eignum viðkomandi. Húsnæðisbæturnar hafa hins vegar verið ákveðnar sem sama krónutala til allra.

3. Greiðsla vaxtabótanna er ekki takmörkuð við tiltekinn árafjölda eins og ég hef áður vikið að. Einstaklingar geta þá komið til álita um greiðslur vaxtabóta hvenær sem er svo framarlega sem þeir uppfylla önnur skilyrði vaxtabótakerfisins.

4. Greiðsla vaxtabóta er, eins og ég vék að áðan, ekki takmörkuð við þá einstaklinga sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti líkt og gilt hefur um húsnæðisbæturnar.

Þá er að lokum rétt að vekja athygli á því að aðeins þeir einstaklingar koma til greina við endurgreiðslur vaxtabóta sem sannanlega bera vaxtagjöld. Það er breyting frá því kerfi sem gilt hefur frá árinu 1986, húsnæðisbótakerfinu, en þar gátu einstaklingar fengið húsnæðisbætur jafnvel þótt þeir bæru engin vaxtagjöld.

Ég mun nú, virðulegur forseti, víkja að þeim breytingum sem gerðar eru á vaxtabótakerfinu í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Veigamesta breytingin snýr að hækkun á eignarmörkunum. Upplýsingar úr skattframtölum ársins 1989 benda til þess að nokkrar breytingar hafi orðið á eignarstöðu framteljenda frá árinu áður, en gildandi lög um vaxtabætur tóku mið af skattframtölum áranna 1987 og 1988. Þannig er meðaleign fjölskyldna nokkru hærri í dag en gert hafði verið ráð fyrir þegar eignamörk laganna voru sett. Þá virðist líka hafa dregið talsvert úr mun á eignarstöðu einstaklinga og einstæðra foreldra annars vegar og hjóna hins vegar undanfarin tvö ár.

Í ljósi þessara nýju upplýsinga er lagt til að þau eignarmörk sem áður voru sett verði hækkuð um 30% að raungildi hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum og um 6–7% hjá hjónum. Skv. till. í frv. verður munurinn á eignamörkum einstaklinga og einstæðra foreldra annars vegar og hjóna hins vegar þriðjungi minni en hann er í gildandi lögum. Þessi breyting er því tvímælalaust einstæðum foreldrum og einstaklingum í hag.

Það er rétt að vekja sérstaka athygli á því að í umræðunni undanfarna mánuði hefur komið fram að draga ætti kannski sérstaklega fram einstæða foreldra umfram aðra einstaklinga. Hins vegar er það ekki gert hér, vegna þess að upplýsingar úr framtölum sem unnar hafa verið sýna að eignarstaðan hjá einstæðum foreldrum og hjá einstaklingum er mjög svipuð. Þess vegna er ekki ástæða til að gera greinarmun á þessum tveimur þjóðfélagshópum í frv. Skýringin á þessu, sem kemur kannski sumum nokkuð á óvart, er sú að þótt einstæðir foreldrar búi í stærri íbúðum en einstaklingar þá kemur þetta ekki fram í eignarstöðunni sjálfri þar sem þeir skulda jafnframt meira. Nettóeignin er því mjög svipuð. Þess vegna er ekki ástæða til að gera greinarmun á milli einstaklinga og einstæðra foreldra í þessu tilviki. Á hinn bóginn er vaxtabyrði einstæðra foreldra þyngri en einstaklinga sem er hin hliðin á meiri skuldabyrði. En til þessa er tekið tillit við ákvörðun á hámarksgreiðslu vaxtabóta, sem er 140 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum skv. ákvæðum þessa frv., en 107 þús. hjá einstaklingum. Þar sem tölur sýna að munur er í reynd hjá einstæðum foreldrum er gerð breyting einstæðum foreldrum til hagsbóta.

Önnur breyting á gildandi lögum um vaxtabætur snýr að skilgreiningu á eignaviðmiðuninni við

ákvörðun vaxtabóta, en það er eignarskattsstofn framteljandans. Þetta þýðir að skattfrjálsar eignir, verðbréf o.fl. skerða ekki rétt til vaxtabóta. Þar eru húsbréf og ríkisskuldabréf meðtalin. Með þessu frv. er hins vegar stefnt að víðari skilgreiningu á eignaviðmiðuninni við ákvörðun vaxtabóta þannig að hún nái til allra framtalsskyldra eigna að frátöldum skuldum. Með því yrði aðstoðin við íbúðarkaupendur gerð markvissari, þ.e. þeir sem helst þurfa á henni að halda munu njóta hennar fremur.

Þriðja breytingin gerir ráð fyrir hækkun á hlutfalli tekjuskerðingar úr 5% í 6%. Hér er annars vegar verið að mæta því tekjutapi sem hlýst af hækkun eignamarkanna en hins vegar er með þessu gengið enn lengra í átt til tekjujöfnunar en felst í gildandi lögum.

Fjórða breytingin felst í því að sett er þak á þau vaxtagjöld sem geta komið til álita við ákvörðun vaxtabóta. Er það gert til þess að koma í veg fyrir að tekjuháir einstaklingar með óeðlilega mikil vaxtagjöld hagnist meira á vaxtabótakerfinu en hinir tekjulágu.

Loks er lagt til að það ákvæði eignarskattslaga er varðar skattlagningu eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi gildi einnig við ákvörðun vaxtabóta en til þessa atriðis er ekki tekið tillit í gildandi lögum. Ég vil svo vísa hv. þm. á nokkur dæmi um greiðslur vaxtabóta sem birtast í fylgiskjölum með frv.

Ef við lítum yfir þær breytingar sem ég hef hér gert grein fyrir, þá væri fróðlegt að velta fyrir sér þeirri spurningu: Hver er niðurstaðan af þessu víðtæka samspili breytinga á beinum og óbeinum sköttum á skattbyrði heimilanna? Í grófum dráttum má segja að þær breytingar sem ýmist eru boðaðar í frv. eða tengjast því séu þríþættar. Í fyrsta lagi lægra hlutfall í virðisaukaskatti en í söluskatti. Í öðru lagi veruleg lækkun eignarskatta, sérstaklega hjá tekjulægra fólki og í þriðja lagi breyting á tekjusköttum með hækkun skatthlutfalls og sérstakri hækkun barnabóta og persónuafsláttar. Þessar breytingar allar ganga í tekjujöfnunarátt og fela, hver fyrir sig, í sér víðtæka undirstöðu undir þær jöfnunaraðgerðir sem núv. ríkisstjórn beitir sér fyrir að taki gildi um næstu áramót. Heildaráhrifin af þessum breytingum eru aukinn jöfnuður í þjóðfélaginu en ekki auknar tekjur ríkissjóðs vegna þess að tekjudæmi ríkissjóðs stendur óbreytt miðað við það sem áður var.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum víkja fáeinum orðum að nokkrum öðrum atriðum sem er að finna í þessu frv. Í frv. er gert ráð fyrir að heimildir til frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri verði auknar sérstaklega umfram verðlagshækkanir. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem kynnt hefur verið við mörg tækifæri hér á hv. Alþingi, að leita leiða til þess að örva viðskipti með hlutabréf og styrkja stöðu atvinnulífs í landinu. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja það til við Alþingi að stimpilgjald af útgáfu hlutabréfa verði lækkað og getur komið til greina að það verði gert með þeim hætti að samþykkja í einu formi eða öðru það þmfrv. sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi um þetta atriði. Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir því að ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg að kostnaður við verðbréfakaup viðskiptavaka myndi ekki stofn við útreikning aðstöðugjalds. Fyrri breytingin felur í sér að stimpilgjald af hlutabréfum verði a.m.k. helmingi lægra, og jafnvel ríflega það, en af skuldabréfum. Viðskiptavakar með verðbréf munu þurfa að kaupa og selja verðbréf í miklu magni. Það getur hins vegar orðið hemill á þessi viðskipti ef greiða þarf af þeim aðstöðugjald og aðstöðugjald af þessum stofni mundi fyrst og fremst renna til stærri og betur stæðu sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins. Ríkisstjórnin áformar einnig að stíga enn frekari skref til þess að bæta skattalega stöðu hlutafjáreignar miðað við aðrar fjáreignir og framkvæma þær breytingar í tengslum við fyrirhugaða skattlagningu raunvaxtatekna. Þannig munu þegar á næsta ári og í framhaldi af þeim breytingum sem ég hef hér kynnt verða leiddar í lög víðtækar breytingar sem stuðla að því að styrkja stöðu atvinnulífsins með því að laða fjármagn frekar inn í atvinnulífið heldur en aðra farvegi í okkar þjóðfélagi. Með því að skattleggja raunvaxtatekjur af skuldabréfaeign og innistæðum í bönkum væri stigið stórt skref til jöfnunar á skattalegri stöðu hlutabréfa- og skuldabréfaeignar.

Í tillögum nefndar um skattlagningu fjármagnstekna er einnig gert ráð fyrir að greiddur arður verði að fullu frádráttarbær hjá fyrirtækjum en skattlagður eins og aðrar tekjur hjá einstaklingum. Þetta felur í sér fulla samræmingu á skattlagningu tekna af hlutafjáreign og öðrum fjáreignum og öll tvísköttun tekna af hlutafjáreign verður úr sögunni. Eignarskattlagning hlutabréfa verður á næstunni skoðuð sérstaklega m.a. með tilliti til skattamats. Ég tel ekki ástæðu til að víkja nánar að þessum efnisatriðum hér, en það mun gefast tækifæri til þess síðar á þessu þingi, þegar ríkisstjórnin leggur önnur frumvörp sín um þetta efni fram á Alþingi, að fjalla ítarlegar um hvernig við hyggjumst beita skattkerfinu til að styrkja fjárhagsgrundvöll atvinnulífsins.

Í þessu frv. er einnig að finna ákvæði um eignarskattsfrelsi húsbréfa. Reyndar er einnig að finna breytingu varðandi eignarskattsfrelsi skuldaviðurkenninga ríkissjóðs og mun ég fyrst víkja að því. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem eingöngu eru myndaðir af eignarskattsfrjálsum skuldaviðurkenningum ríkisins verða undanþegin eignarskatti. Þegar eignarskattsfrelsi spariskírteina ríkissjóðs var ákveðið voru verðbréfasjóðir ekki komnir til sögunnar. Það þykir því eðlilegt að ekki sé gerður greinarmunur á því með hvaða hætti einstaklingar fjárfesta í spariskírteinum og öðrum ríkispappírum. Vænti ég að þessi breyting verði til þess að örva eðlileg viðskipti verðbréfasjóðanna með spariskírteini ríkissjóðs og aðra verðpappíra ríkisins. Getur slíkt stuðlað að enn frekari styrkingu markaðarins fyrir spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvíxla og aðra ríkispappíra sem nokkuð kom til umræðu hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum síðan.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir því að húsbréf fái sömu skattalega meðferð og spariskírteini ríkissjóðs. Þetta er í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar voru sl. vor í tengslum við upptöku húsbréfakerfisins. Ég hef orðið var við að þetta ákvæði hefur vakið nokkra athygli og tel þess vegna rétt að leiða hér fram helstu röksemdirnar fyrir eignarskattsfrelsi húsbréfa.

Í fyrsta lagi auðveldar það eldra fólki að losa sig við of stórar íbúðir og gerir því kleift að breyta þeim að hluta yfir í eignarskattsfrjálsar eignir. Þetta stuðlar þannig að þeirri innri fjármögnun sem að er stefnt með húsbréfakerfinu en hún felst í því að íbúðaseljendur lána stærri hluta við sölu og auka sparnað sinn með því að halda að einhverju marki í þau húsbréf sem þeir fá við söluna.

Í öðru lagi stuðlar eignarskattsfrelsi húsbréfa að því að samkeppnisstaða spariskírteina ríkissjóðs raskast ekki. Eignarskattlagning húsbréfa mundi valda því að þau bæru hærri vexti en spariskírteini. Þar sem lífeyrissjóðir verða hins vegar að öllum líkindum helstu kaupendur húsbréfa, en þeir greiða eins og kunnugt er ekki eignarskatta, mundi áhugi þeirra á spariskírteinum verða lítill sem enginn svo lengi sem húsbréf eru í boði.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég víkja að þeim breytingum sem lagðar eru til á starfsháttum ríkisskattanefndar. Ástæða þess að þær breytingar eru lagðar til er að á síðari árum hefur afgreiðsla skattamála eigi verið nægilega greið. Tafir hafa orðið á uppkvaðningu úrskurða bæði af hálfu skattstjóra og ríkisskattanefndar. Umsagnir ríkisskattstjóra og kærur hafa borist ríkisskattanefnd seint. Til að ráða bót á þessu ástandi þykir nauðsynlegt að gera skipulagsbreytingar á starfsháttum ríkisskattanefndar svo og skipan hennar. Samhliða því er nauðsynlegt að ríkisskattstjóri geri sérstakt átak til að flýta afgreiðslu umsagna um einstök kærumál til ríkisskattanefndar. Er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri fái heimild til að verkefnaráða starfsmann í eitt ár til að sinna þessu verki svo að unnt verði að koma ástandinu í viðunandi horf.

Þá hefur að frumkvæði fjmrn. verið unnið verulegt starf í skipulagsmálum skattstjóra. Fyrir liggur skýrsla nefndar þar að lútandi og hefur fjmrn. sent skattstjórum nýtt skipurit og í ráði er að efla starfsmenntun starfsmanna skattkerfisins. Skattstjórum hefur verið fenginn í hendur tölvubúnaður sem ætlað er að auðvelda þeim störf sín og fyrirhugað er að ljúka tölvuvæðingunni á árinu 1990. Þá hefur starfsmönnum skattkerfisins einnig verið fjölgað til að styrkja það vegna upptöku staðgreiðslunnar og virðisaukaskattsins. Hins vegar hefur skipan ríkisskattanefndar verið óbreytt frá árinu 1980 sem og það fyrirkomulag sem mótar starfshætti hennar. Í núgildandi lögum eru aðeins tveir menn skipaðir í ríkisskattanefnd sem hafa það starf að aðalstarfi en auk þess eru fjórir menn í ríkisskattanefnd sem gegna því starfi samhliða öðrum störfum. Veigamikil rök eru að dómi fjmrn. fyrir því að þessu fyrirkomulagi verði breytt og heppilegra sé að nefndin verði eingöngu skipuð mönnum sem hafa þau störf að aðalstarfi. Ætla má að meðferð mála verði greiðari ef nefndarmenn sinna ekki öðrum störfum samhliða nefndarstörfunum og einnig er óeðlilegt að þeir menn sem starfa í ríkisskattanefnd að hlutastarfi séu jafnframt að reka ýmis önnur deilumál í skattkerfinu og vinna sem fulltrúar fyrirtækja sem eiga í útistöðum við skattkerfið eða í málaferlum við skattyfirvöld. Getur slíkt leitt til óeðlilegra hagsmunaárekstra eða grunsemda um stöðu mála. Þótt engin ástæða sé til að væna þá einstaklinga sem nú hafa starfað í ríkisskattanefnd um það atriði er að mörgu leyti heppilegt að þessu sé ekki blandað saman. Þá er einnig í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 gert ráð fyrir fjölgun á skrifstofu ríkisskattanefndar um tvo starfsmenn.

Það er ljóst að verkefni ríkisskattanefndar munu aukast frá því sem verið hefur með upptöku á virðisaukaskatti. Enn fremur er ríkisskattanefnd ætlað með þessu frv. að ákveða sektir vegna brota á lögum um staðgreiðslu. Sérstök sektanefnd sinnir nú þessu hlutverki en ekki þykir ástæða til annars en að öll refsimeðferð hjá skattayfirvöldum sé hjá sama aðila. Samhliða þessu frv. sem ég mæli hér fyrir hefur þess vegna verið lagt fram á Alþingi annað frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda varðandi refsimeðferðina þar sem ríkisskattanefnd tekur við hlutverki sektanefndar. Má ætla að ef þessar breytingar verða lögfestar mundu þær hraða mjög gangi mála hjá ríkisskattanefnd þó þær séu í sjálfu sér ekki beint tengdar þeim breytingum á tekju- og eignarskatti sem hér eru lagðar til.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þetta mál fái vandaða og örugga meðferð hér á Alþingi og þingheimur geti sameinast um að ljúka afgreiðslu þess fyrir áramót. Ég vona svo að hv. fjh.- og viðskn. fái tækifæri til að fjalla um málið og fá þær upplýsingar sem hún óskar eftir og legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill greina frá því að ætlunin er að fresta þessari umræðu um kl. 7 og slíta þá fundi. Síðan verður boðað til nýs fundar kl. 8.30 í kvöld samkvæmt dagskrá sem þá mun liggja fyrir og þá verður m.a. leitað afbrigða vegna tveggja stjórnarfrumvarpa sem forseti hyggst koma til Ed. Umræðu um tekjuskatt og eignarskatt verður þá haldið áfram.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vil taka fram strax hér í upphafi máls míns.

1. Við erum hér í dag að ræða frv. til l. um breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögum en þær breytingar sem yrðu ef þetta frv. verður samþykkt munu leiða til þess að í nafni jafnréttis og félagshyggju munu skattar hækka á meðalfjölskyldu í landinu, svokallaðri vísitölufjölskyldu, um um það bil 5 þús. kr. á mánuði og ef við tökum virðisaukafrv. með og þá skattahækkun sem því fylgir má gera ráð fyrir því að þessi meðalfjölskylda, sem oft er vitnað til og

notuð er til viðmiðunar, þurfi að borga á næsta ári yfir 7 þús. kr. á mánuði eingöngu vegna þeirra breytinga sem nú er verið að leggja til.

2. Ég vil taka fram hér í upphafi máls míns að ég mun í ræðu minni hér á eftir gera að umtalsefni þá vaxtahækkun sem varð á húsnæðisstjórnarlánum og ég hef óskað eftir því að hæstv. félmrh. verði viðstaddur umræðuna þess vegna svo að hæstv. ráðherra gefist kostur á því að svara þeim fyrirspurnum sem ég mun til hennar beina.

3. Mér finnst ástæða til þess strax við upphaf máls míns að fagna því sérstaklega að hæstv. fjmrh. skuli hafa sagt í ræðu sinni að meira en hugsanlegt sé að afgreiða þmfrv. frá sjálfstæðisþingmönnum sem nú er til meðferðar í fjh.- og viðskn. Efni þess frv. er að koma til móts við atvinnureksturinn í landinu með ýmsum hætti og þó einkum og sér í lagi skattalegum aðgerðum. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli með þeim hætti taka í útrétta hönd þannig að okkur gefist tækifæri, áður en til jólaleyfis kemur, til að bæta hag fyrirtækjanna og gera ráðstafanir sem líklegar eru til þess að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í landinu.

Fyrir um það bil ári síðan, þegar við höfðum nýjan hæstv. fjmrh., þá kom hann stundum hér í ræðustól á Alþingi og sagði að mikill halli hefði orðið á fjárlögum hæstv. utanrrh. sem áður hafði verið fjmrh. Hann talaði um halla fyrrv. ríkisstjórnar í því sambandi og lét í það skína að nú væri kominn til sögunnar nýr fjmrh. sem ætlaði að gera mun betur og sýna fyrirrennara sínum það svart á hvítu hvernig reka skyldi ríkissjóð. Hæstv. fjmrh. hafði skömmu áður en hann tók sæti í ríkisstjórninni skrifað grein í Þjóðviljann sem reyndar var að stofni til yfirlýsing eða greinargerð frá honum sem formanni Alþb. og hann kallaði „Milljarða mistök í ríkisfjármálum". Það kann að vera athyglivert nú ári síðar að rifja nokkur atriði upp úr þessari grein, einkum og sér í lagi með tilliti til þeirrar reynslu sem við nú höfum af hæstv. fjmrh.

Hann sagði að afleiðingar óbreyttrar stjórnarstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar yrðu á næstu mánuðum í fyrsta lagi vaxandi verðbólga og verulegar vaxtahækkanir. Nú vitum við að verðbólgan var þegar hæstv. ríkisstjórn tók við á milli 10 og 15% en er um þessar mundir líklega um 20%. Við höfum líka orðið vitni að því að vextir hafa ekki lækkað. Þvert á móti bendir flest til að vextir gætu hækkað, einkum og sér í lagi vegna þess að ríkissjóður er rekinn með dúndrandi halla.

Í öðru lagi sagði hæstv. fjmrh. í þessari grein, sem skrifuð var um miðjan júlí, rúmum tveimur mánuðum áður en hann kom til samstarfs við Alþfl. og Framsfl. í núverandi hæstv. ríkisstjórn: „Hrikaleg mistök og milljarða gat í ríkisfjármálum." Nú, ári síðar, horfum við upp á það að þessi hæstv. ráðherra tilkynnir okkur að halli á ríkissjóði verði á yfirstandandi ári líklega tæpir 5 milljarðar kr. Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðherra koma hér upp og tala um hrikaleg mistök í því sambandi, þ.e. hann hefur ekki komið hér upp og notað sömu ummæli um sig eins og hann notaði um forvera sinn.

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðherra í þessari grein sem ég vitna hér til: „Þriðja gengisfelling ársins er á leiðinni." Sú gengisfelling átti sér reyndar stað um leið og hæstv. ráðherra kom í ríkisstjórnina því það var fyrsta verk núv. hæstv. ríkisstjórnar að fella gengið. Síðan hefur gengið verið fellt a.m.k. fimm ef ekki sex sinnum og verðbólgan hefur auðvitað ætt upp og nú er ekki hægt að kenna laununum eða launahækkunum um það.

Í fjórða lagi sagði hæstv. ráðherra í þessari grein: „Viðskiptahalli eykst um 30% og erlendar skuldir fara yfir 100 milljarða." Hver er niðurstaðan á þessu ári sem hæstv. ráðherra hefur setið í ríkisstjórn? Niðurstaðan er sú að á yfirstandandi ári megum við gera ráð fyrir því að viðskiptahallinn verði a.m.k. 8 ef ekki 9 milljarðar og auðvitað eru skuldirnar komnar langt yfir 100 milljarða.

Og í fimmta lagi sagði hann: „Alda nýrra skattahækkana og enn frekari kjaraskerðing verða innan tíðar dagskrárefni ríkisstjórnarinnar." Þetta sagði hæstv. ráðherra fyrir rúmu ári síðan og honum varð að ósk sinni, enda var það hann sjálfur sem settist í ráðherrastól, gerðist fjmrh. íslenska ríkisins og sá til þess að sú ríkisstjórn sem tók við lét ríða yfir öldu nýrra skattahækkana. Það er gert ráð fyrir að skattahækkanir á þessu ári hafi numið þegar allt var talið um það bil 7 milljörðum og það er talið að á undanförnum missirum hafi kjaraskerðing orðið um það bil 14% þannig að hæstv. ráðherra varð að ósk sinni þegar hann mælti þessi orð fyrir rúmu ári síðan eða síðsumars 1988.

En það er athyglivert að lesa áfram í þessari grein sem hæstv. ráðherra skrifaði rétt áður en hann tók sæti sjálfur í ríkisstjórninni því að hann segir þar, með leyfi forseta:

„Á undanförnum áratugum er ekki hægt að finna hliðstæðu slíkrar óstjórnar í efnahagsmálum. Þessi niðurstaða er enn dapurlegri fyrir þá sök að áfram ríkja óvenjulega hagstæð ytri skilyrði í efnahagslífi Íslendinga."

Þetta sagði hæstv. ráðherra þá. Síðan hafa allar hans ræður verið því marki brenndar að hann hefur sífellt klifað á því að ytri skilyrðum sé um að kenna. Auðvitað ber að fagna því þegar menn komast til vits og nokkurs þroska. En það er athyglivert hvernig hæstv. ráðherra talaði rétt áður en hann kom í ríkisstjórnina og hvernig síðan þetta hefur orðið að koma yfir hann sjálfan.

Mig langar til þess, virðulegur forseti, að vitna örlítið meira í þessa merku grein hæstv. ráðherra sem var skrifuð rétt áður en hann fór sjálfur í ráðherrastól. Hann segir orðrétt: „Það eru ekki óhagstæð ytri skilyrði sem skapa hinn mikla efnahagsvanda. Þau eru áfram Íslendingum í hag. Vandinn er algjörlega heimatilbúinn." Síðan segir hann orðrétt síðar í þessari grein, ekki í beinu framhaldi: „Það er því ljóst að hrikaleg mistök sem nema mörgum milljörðum hafa orðið í meðferð á stjórn ríkisfjármála. Grundvöllur fjárlaganna er hruninn og óbreytt stefna mun leiða til þess að í árslok verður stórt gat á fjármálum

ríkisins." Og síðan kemur feitletrað: „Í stað þess að ríkissjóður væri tæki til að draga úr verðbólgunni hefur hann í höndum núv. fjmrh. orðið hreinn verðbólguvaldur." — Hér lýk ég þessum lestri í bili og ég spyr: Hvernig hefur hæstv. ráðherra tekist til? Hefur hann hagað sínum gjörðum á þann veg að ríkissjóður sé ekki verðbólguvaldur? Hefur hann stoppað í gatið? Er enginn halli á fjárlögunumn? Auðvitað eru svörin augljós. Hæstv. fjmrh. hefur haldið þannig á ríkisfjármálunum að ríkissjóður er mesti verðbólguvaldurinn í íslensku þjóðfélagi.

Í lok greinarinnar segir hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta: „Það er því nauðsynlegt að ráðherrarnir horfist í augu við veruleikann. Ríkisstjórnin á að biðjast lausnar og síðan þarf að efna til kosninga svo að þjóðin geti veitt nýrri ríkisstjórn umboð til að hefja hið mikilvæga viðreisnarstarf." — Hér lýkur þessari grein.

Í raun og veru, virðulegur forseti, gæti ég sagt stopp hérna, spurt hæstv. ráðherra að því: Er hann tilbúinn til þess að horfast í augu við veruleikann? Finnst honum árangur stjórnarstefnunnar og árangur sinn sem fjmrh. vera á þann veg að hann geti horfst í augu við veruleikann og treyst sér til að sitja en ekki fara? Ég veit auðvitað hvert svarið er. Þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra hafi fylgt nákvæmlega sömu stefnu varðandi ríkisfjármálin og forveri hans, sem hann skoraði á að segja af sér, mun auðvitað hæstv. ráðherra sitja eins lengi og hann mögulega getur. Hver er ástæðan? Ástæðan er sú að hæstv. ráðherra er einn þeira manna sem mynda það hræðslubandalag sem hér kallast hæstv. ríkisstjórn. Það er hræðslubandalag þeirra flokka sem þora ekki að leggja verk sín í dóm þjóðarinnar og þessi ótti þeirra við þjóðina veldur því að þeir þora ekki að efna til kosninga. Þeir vilja sitja — sitja svo lengi sem sætt er.

Þegar hæstv. ráðherra kom hér í ræðustól fyrir ári síðan sagði hann að ráðið væri að efna til nýrrar skattheimtu. Hann viðurkenndi það, stóð hér í pontu, barði sér á brjóst og sagði: Ég viðurkenni það að það þarf að hækka skattana. En það mun ég gera nú til þess að stoppa upp í fjárlagagatið, því að mér finnst, sagði ráðherrann, að fjárlögin þurfi að verða raunhæf. Og honum varð að ósk sinni. Skattahækkanir dundu yfir, fjárlögin urðu svo raunhæf að nú, ári síðar, kemur í ljós að það eru 5 milljarðar sem skeikar, og reyndar hærri upphæð því að hann skildi þannig við fjárlagafrv. rétt um síðustu áramót að það varð afgangur upp á 685 millj. kr., ef ég man rétt. Nú ári seinna kemur hæstv. ráðherra í ræðustól hér á Alþingi — ja, þið haldið kannski til þess að biðjast afsökunar á hallanum, þið haldið kannski að hann hafi komið hingað til þess að viðurkenna milljarða mistökin sem hann sagði að hæstv. utanrrh. hefði staðið fyrir? Nei, hæstv. ráðherra kom ekki til þess. Hann kom hér í ræðustól til þess að boða það að fjárlög verði áfram rekin með halla á næsta ári og hann kom hér í ræðustól með frv. sem gerir ráð fyrir því að enn hækki skattarnir og er auðvelt að sýna fram á það enda hafa ýmsir gert það nú þegar. Þetta er kannski sú mesta viðurkenning á uppgjöf hæstv. ríkisstjórnar sem maður hefur séð í langan tíma.

Sú ríkisstjórn sem leggur fram fjárlög með 3 milljarða halla, sú ríkisstjórn sem nú er að berjast við það að koma saman fjárlögum, þó það vanti líklega 3 milljarða inn í frv. til þess að það sé rétt upp sett, er ríkisstjórn sem auðvitað hefur þegar gefist upp við verkefni sitt. En samt ætlar hún að sitja vegna þess að hæstv. ráðherra þorir ekki að horfast í augu við veruleikann, eins og hann orðar það svo prýðilega sjálfur, og hann þorir ekki að ganga til kosninga því að hann óttast dóm þjóðarinnar.

Nú er það svo að hæstv. ráðherra talar gjarnan um tekjur ríkissjóðs og ber þær saman frá ári til árs. Ef hann hins vegar tæki útgjöldin, þá sæjum við strax að hæstv. ráðherra hefur á mælikvarða vergrar landsframleiðslu sett Íslandsmet í ríkisútgjöldum. Og það er auðvitað það sem skiptir langsamlega mestu máli þegar fjallað er um tekjur og gjöld íslenska ríkisins eins og við hljótum óhjákvæmilega að gera þegar við ræðum þetta skattafrv. ríkisstjórnarinnar. Það alvarlegasta af öllu er þó það að hæstv. ráðherra gerir hér tilraunir til þess að blekkja fólk, blekkja þjóðina með því að segjast vera að lækka skatta þegar hann er að hækka þá. Við skulum skoða þetta aðeins betur.

Ef við lítum fyrst eingöngu á tekjuskattinn, þá kemur í ljós að fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafa sent frá sér hugleiðingar og sýnt þar fram á að í raun og veru standist ekki fullyrðingarnar sem settar eru fram af hálfu fjmrn. Ég ætla ekki að lesa allt það sem hagdeild ASÍ hefur sent frá sér, en það er ástæða til að lesa sumt. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér orðrétt úr plaggi sem kemur frá hagdeild Alþýðusambands Íslands. Og það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að þeir menn sem skrifa þetta eru ekki pólitískir andstæðingar ráðherrans. Ég er ekki að segja að þeir séu samherjar hans endilega, enda er hann í klofnum flokki og maður veit ekki hver liggur hvoru megin hryggjar í þeim flokki, en þetta eru ekki menn sem verða sakaðir um það að vera pólitískir andstæðingar hæstv. ráðherra. Í þessum hugleiðingum segir m.a.:

„Fram kemur í töflunum [en þær birtast með þessum hugleiðingum ASÍ] að skattbyrðin er yfirleitt hærri í janúar 1990 en í júlí 1989 og í sumum tilfellum munar mjög miklu. Greinilega kemur í ljós hvernig skattbyrðin þyngist við launahækkanirnar í september og nóvember. Ef halda ætti skattbyrðinni óbreyttri yrði hún að verða aftur svipuð í janúar eins og hún var í júlí en svo er greinilega ekki.

Töluvert hefur verið rætt um hvort eðlilegt sé að hækka persónuafslátt og barnabætur samkvæmt lánskjaravísitölu í stað þess að miða við forsendur fjárlaga eða aðrar ákvarðanir skattyfirvalda." — Þetta er kannski aðalatriði málsins og ég skýt því hér inn í, því þetta er kjarni þess máls sem hér er verið að fara með. Og held ég hér áfram lestrinum:

„Núverandi tekjuskattskerfi var tekið upp í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í tengslum við gerð kjarasamninga. Í upphaflegum ákvæðum um

þetta kerfi var gert ráð fyrir því að persónuafsláttur og barnabætur skyldu hækka miðað við lánskjaravísitölu. Rétt er að minna á að sú lánskjaravísitala sem þá var notuð var kostnaðarvísitala í meira mæli en nú er og hefði því hækkað meira á þessu ári þegar kaupmáttur hefur fallið. Að sú aðferð að miða við lánskjaravísitölu sé ekki raunhæf er einkaskoðun þeirra sem ráða í fjmrn. Miðað við að sífellt þurfi að sækja fleiri krónur í vasa skattborgaranna er eðlilegt að aðferðin teljist ekki raunhæf. En væri miðað við að skattbyrði þróist eðlilega miðað við aðrar stærðir í þjóðfélaginu hlýtur viðmiðun við lánskjaravísitölu að teljast fullkomlega eðlileg."

Þetta — og það er tekið dæmi síðar í þessu plaggi — er dómur Alþýðusambands Íslands, hagdeildarinnar, og samsvarandi dómur hefur komið frá BSRB um þessa blekkingarstarfsemi sem hér er höfð í frammi.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að skjóta sér undan því að með því að nota ekki lánskjaravísitöluna er hann auðvitað að auka skattbyrðina á öllum venjulegum fjölskyldum og einstaklingum þótt það sé auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru ákveðnar tilfærslur sem eiga sér stað innan kerfisins frá þeim sem hærri hafa tekjur og færri börn eða engin til hinna sem lægri hafa tekjur og fleiri börn á framfæri. Það er út af fyrir sig alveg rétt og hefur enginn borið brigður á það.

Í DV er reiknað út dæmi um einstakling sem hefur 80 þús. kr. á mánuði og þar er sagt, og ég held að enginn treysti sér til að mótmæla því, að skatturinn hækki núna annað árið í röð þannig að á tveimur árum þarf viðkomandi aðili sem hefur ekki ýkja háar tekjur að borga 18 þús. kr. meira í skatta heldur en hann hefði gert að óbreyttum skattalögum.

Það er ástæða til þess hér að minnast einnig á virðisaukaskattinn. Þessi mál eru tengd eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Ég tel það auðsætt að virðisaukaskatturinn sem hefur skatthlutfallið 24,5% mun sjá ríkissjóði fyrir meiri tekjum heldur en söluskatturinn upp á 25%. Á sínum tíma var þetta dæmi reiknað. Þá var talið að 23,5% í virðisaukaskatti mundu jafngilda 25% í söluskatti. Nú hafa að vísu verið gerðar lítils háttar breytingar á frv. en eigi að síður má gera ráð fyrir því að ríkissjóður hagnist um 1000–1200 millj. bara á þeirri breytingu, ekki síst ef jöfnunargjaldinu verður haldið inni sem tekjupósti hjá ríkissjóði sem auðvitað er ósiðleg athöfn og fer í bága við samninga Íslands við önnur ríki. En ég geri nú ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hiki við að fara þá leið.

Tekjuskatturinn gefur ríkissjóði mun meiri tekjur heldur en ef lögin hefðu verið óbreytt og lánskjaraviðmiðunin verið óbreytt. Þannig er innbyggt í sjálft fjárlagafrv. líklega tekjuauki upp á 1700 og jafnvel 1750 millj. Þessu til viðbótar ætlar ráðherra nú að ná 1400 millj. með því að hækka enn tekjuskattinn. Og þó að hann dreifi helmingnum til baka, þá hirðir hann 1400 millj. í ríkissjóð. Þegar þetta er lagt saman fáum við rúma 3 milljarða eða nánar tiltekið um 3,1 milljarð.

Nú gætu menn spurt: Er ekki nóg komið? Nei, það er ekki nóg komið. Til viðbótar ætlar hæstv. ráðherra að leggja á orkuskatt sem enginn veit hvernig á að vera, a.m.k. ekki stjórnarandstaðan og ekki þjóðin, kannski örfáir útvaldir gæðingar sem styðja ríkisstjórnina, og í öðru lagi á enn á ný að ráðast á bíleigendur — ekki til að gera vegina betri, ekki til þess að byggja upp umferðarmannvirki. Nei, til þess að styrkja *ríkissjóð vegna* þess að hæstv. ráðherra ætlar að ná sömu tekjum og hann ætlaði sér í upphafi hvað sem það kostar.

Það er mikilvægt að átta sig á því að þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp í víðtæku samráði við aðila vinnumarkaðarins o.fl. var innbyggt í kerfið að skattbyrðin þyngdist ef tekjur hækkuðu umfram verðlag en skattbyrðin léttist ef tekjur hækkuðu ekki eins mikið og verðlagið. Þetta var gert vitandi vits. Þetta var gert í fullu samráði við alla hagsmunaaðila vegna þess að menn töldu að ef tekjur hækkuðu meira en verðlagið væri ástæða til þess að ríkissjóður nyti þess að einhverjum hluta. Hins vegar, ef tekjur einstaklinga lækkuðu í raun, ætti ríkissjóður ekki að níðast á þeim sem hefðu það verr en áður. Nú er búið að finna upp algjörlega nýja aðferð og hún er sú að það er nákvæmlega sama hvort tekjurnar hækka eða lækka í raun. Ríkissjóður skal fá meira. Þetta er sú regla sem núv. ríkisstjórn fylgir. Þetta er sú regla sem hæstv. *fjmrh. er höfundur að* og þetta er sú regla sem er sett án þess að talað sé einu orði við hagsmunaaðilana í þjóðfélaginu og allra síst við launþegasamtökin sem reyndar hafa fordæmt þetta, þar á meðal í því plaggi sem ég vitnaði til áðan. Það er alvarlegur hlutur, hæstv. fjmrh., þegar þannig er farið að. (**Forseti:** Forseta langar að inna hv. ræðumann eftir því hvort hann getur lokið ræðu sinni fyrir kl. 7 eða hvort hann kýs frekar að fresta henni til seinni fundar í kvöld.) Ef ég má í nokkrar mínútur halda fram og síðan fresta ræðu minni. Ég sé að það eru 5 mínútur eftir.

Ég ætla að nefna hér og fara í einstakar greinar frv. sem hér er til umræðu og skal fara hratt yfir sögu.

Í 1. gr. eru gerðar breytingar á hámarki skattfrádráttar vegna arðs og hámarki frádráttar vegna kaupa á hlutabréfum sem menn geta fengið frádreginn þegar um er að ræða tekjuskatt. Í þessu sambandi vil ég segja það að hér er náttúrlega allt of skammt gengið. Í raun og veru nær þessi hækkun varla lánskjaravísitöluhækkun þó að hún sé hærri en það sem laun hafa hreyfst.

Ég vil hins vegar vegna orða hæstv. ráðherra um það að hann sé tilbúinn til að stuðla að því að afgreiða frv. sem liggur til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. fagna því. (**Fjmrh.:** Það var ekki frv. frá sjálfstæðismönnum. Það er misskilningur hjá hv. þm.) Ég tók það svo og gat ekki heyrt annað en að hann væri að tala um þmfrv., og ég vitna til þess að hér um daginn var rætt um það að senda mál til nefndar, mál sem hæstv. ráðherra var að ræða, en samkomulag hafði orðið um það þá að hæstv. ráðherra félli frá orðinu, málið færi til nefndar til þess að það fengi þar ítarlega

umfjöllun og ég taldi að það væri vegna þess að menn væru tilbúnir til þess að skoða málið, enda höfðu einstakir stjórnarþingmenn lýst áhuga sínum á því. (**Fjmrh.:** Það var byggt á misskilningi.) Sé það byggt á misskilningi, þá er það vegna þess að samkomulag það sem gert var hafi verið byggt á misskilningi. (**Fjmrh.:** Ég átti við frv. sem Guðmundur G. Þórarinsson o.fl. fluttu.) Ég hef orð hæstv. forseta fyrir því að hæstv. fjmrh. hafi fallið frá orðinu til að koma málinu til nefndar. (**Fjmrh.:** Ég var bara að gera skýrt að ég átti við frv. sem Guðmundur G. Þórarinsson og fleiri hafa flutt svo að það valdi ekki neinum misskilningi.) Sé svo harma ég það að hafa hælt hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra fyrir það. (**Fjmrh.:** Já.) Ég hélt satt að segja að það örlaði á því eitt andartak að hann hefði skilning á því hvað kæmi atvinnulífinu til góðs. Og ég trúi því ekki, ég segi það alveg eins og er, því að hæstv. viðskrh. hefur í Alþýðublaðinu og í Morgunblaðinu hælt sér af því að hann sé tilbúinn með hugmyndir sem komi til móts við atvinnulífið, að þetta sé það eina sem eigi að gerast núna í desembermánuði. Svo aumir geta varla þessir hæstv. ráðherrar verið að þeir ætli að bjóða upp á þetta og segja að þetta sé það sem þeir eru með. Ég segi bara alveg eins og er að þetta gerir mig yfirmáta hlessa. Og ég harma það og tek til baka öll þau hólyrði sem ég hef sagt um hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Það er bara svona.) Ég hélt satt að segja að hæstv. ráðherra væri að tala um eitthvað af viti. En ég biðst afsökunar á því að hafa gefið það í skyn. (**Fjmrh.:** Þetta frv. er af viti.)

Nú hef ég verið truflaður í ræðu minni, hæstv. forseti, og veit að nú verð ég að gera hlé á máli mínu. Ég hafði hugsað mér að víkja orðum mínum til hæstv. félmrh. og mun gera það í síðari kafla ræðu minnar sem mun þá væntanlega verða fluttar í upphafi fundar kl. 8.30 í kvöld.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill taka fram vegna ummæla hv. ræðumanns að fundurinn kl. 8.30 í kvöld hefst með atkvæðagreiðslu og hefur það verið kunngert þannig að það mun standa. Þessari umræðu er nú frestað nema hvað hv. 1. þm. Reykv. hefur beðið um að fá að tala um þingsköp.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. flutti hér langa ræðu áðan, miklu lengri ræðu en sá ræðustúfur var sem ég er hér hálfnaður í. Mér finnst það vera lágmarkskurteisi að hæstv. forseti gefi í beinu framhaldi af ræðu hæstv. ráðherra, fulltrúum þingflokkanna sem óska eftir því að tala tækifæri til að tala í beinu framhaldi af ræðu ráðherrans. Ég mun mótmæla því ef ekki verður að þessu farið strax við upphaf framhaldsfundarins í kvöld af þeirri ástæðu að það sýnir sig hér í dag að þingmenn stjórnarinnar hafa engan áhuga á að hlusta á sannleikann í tekjuskatts- og eignarskattsmálinu hérna. Það er, mér liggur við að segja gott á þá að vera boðaðir hér í atkvæðagreiðslu og fá tækifæri til þess að hlusta á ræður stjórnarandstæðinganna sem hafa minni skilyrði til þess að koma frá sér sínum viðhorfum og ef ekki verður orðið við mínum óskum um að það verði byrjað á ræðu minni hér í kvöld og að fulltrúar Kvennalistans og Frjálslynda hægriflokksins fái að tala í framhaldi af því mun ég gera við það verulega athugasemd því að ég sé ekki hvernig á að fara að því að slíta í sundur umræðuna með þessum hætti. Ef stjórnarþingmenn hafa áhuga á því að koma sínum málum áfram ber þeim auðvitað skylda til þess að sitja þingfundi og vera viðstaddir. Ég minni hæstv. forseta á að það var fyrir velvilja stjórnarandstöðunnar, þar á meðal Sjálfstfl. sem var gegn því frv. sem var verið að afgreiða hér fyrr í dag, að það mál komst áfram. Og ég hika ekki við að biðja hæstv. forseta um að taka tillit til þessarar réttlætiskröfu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara síðustu orða vill forseti taka það fram að honum er nokkur ami að hótunum af þessu tagi. Hann mun ræða þetta mál við þingflokkaformenn í því hléi sem nú verður gert til kl. 8.30 og málið mun væntanlega leysast á farsælan hátt.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

18. fundur, laugardaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Svo sem hv. deildarmönnum mun kunnugt gat ekki orðið af þeim fundi sem fyrirhugaður var í gærkvöld í deildinni vegna fámennis.

Um þinghaldið í dag vill forseti taka fram eftirfarandi: Forseti hyggst fyrst taka fyrir frv. um tekjuskatt og eignarskatt, en hv. 1. þm. Reykv. varð að hætta í miðri ræðu um þau mál þegar fundi var slitið í gær. Samkomulag hefur orðið um að hann ljúki ræðu sinni nú á eftir og síðan verði tekin fyrir 1., 2. og 3. dagskrármálið og þess freistað að ná fram atkvæðagreiðslu um þessi þrjú mál kl. 4. Að því loknu verður aftur tekið til við frv. um tekjuskatt og eignarskatt og önnur dagskrármál. Stefnt er að því að fundi ljúki kl. 5, en næsti fundur í deildinni er kl. 2 á mánudag.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 247.

Friðrik Sophusson (frh.):

Virðulegur forseti. Það er söguleg stund að sjá svo marga þingmenn í salnum. Ég lýsi ánægju minni með það að svo margir hv. alþm. hafi haft tækifæri til þess nú að koma til þingfundar, en eins og öllum er kunnugt var ekki hægt að halda fund hér í gærkvöld sökum fámennis þrátt fyrir það að slíkur fundur hafi verið boðaður stjórnarþingmönnum sérstaklega.

Í gær sýndi ég fram á það í fyrri hluta ræðu minnar að skattkerfisbreyting sú sem hæstv. ríkisstjórn stendur að leiðir til verulegrar íþyngingar á skattbyrði. Gera má ráð fyrir því, ef saman er lagt það sem kemur út úr virðisaukaskattinum annars vegar og hins vegar breytingum sem gerðar verða væntanlega á tekju- og eignarskattinum, að meðalfjölskyldan, fjölskylda á stærð við vísitölufjölskylduna sem oft er notuð til viðmiðunar, þurfi að borga u.þ.b. 7 þús. kr. hærri skatta á mánuði en er á yfirstandandi ári. Þeir skattar koma fram í auknum tekjusköttum, orkuskatti, skatti á bifreiðar og hækkun á virðisaukaskatti umfram það sem kemur fram í söluskatti.

Þar var komið ræðu minni að ég ætlaði að lýsa einstökum greinum frv. frá mínum sjónarhóli. Mér varð það á í messunni að hæla hæstv. ráðherra í gær í ræðu minni þar sem ég misskildi hann og hélt að hann hefði lýst því yfir að hann væri tilbúinn til samstarfs við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu á frv. í hv. fjh.- og viðskn., en það frv. fjallar um það hvernig rýmka má frádráttarliði frá skatti til þess að treysta betur eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í landinu. Frammíkall hæstv. ráðherra benti þó til þess að það hefði ekki verið hugmynd hans að koma til móts við þessi vitrænu sjónarmið, og það er athygli vert, þegar til þess er litið að hæstv. viðskrh. hefur mjög gumað af *því að hann vilji bæta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna*, að þá skuli það eina sem kemur fram í þessu frv. vera lítils háttar hækkanir á nokkrum liðum, hækkanir sem vart ná þeirri hækkun sem orðið hefur á lánskjaravísitölu. Um þetta fjallar m.a. 1. gr. frv. þar sem greint er frá hámarki arðs og hlutafjárkaupa sem draga má frá tekjum. Í 2. gr. er lítils háttar hækkun á gjaldfærslu sem má reikna á kaupárinu jafnvel þótt fyrningartíminn sé lengri og er það vissulega til bóta. En ég vil vekja sérstaka athygli á 3. gr. því að hún er dæmigerð fyrir það hvernig hæstv. ráðherra leikur sér að tölum og hvernig hann reynir að blekkja menn með frumvarpsgreinum.

Í 3. gr. frv. stendur nú:

„1. tölul. 1. mgr. 67. gr. orðist svo:

Af tekjuskattsstofni reiknast 32,8%."

Þessi grein er orðuð allt öðruvísi en aðrar greinar í frv., en þær orðast þannig að í stað ákveðinnar tölu komi önnur tala og allar þær tölur hækka yfirleitt þó að þær hækki ekki eins mikið og lánskjaravísitalan hefur hækkað. En hvernig skyldi nú standa á því að þessi 3. gr. orðast svo? Jú, það er vegna þess að í lögunum segir nú að af tekjuskattsstofni reiknist 28,5% en ekki 30,8%.

Þannig vill nefnilega til að núv. hæstv. ríkisstjórn, undir forustu hæstv. fjmrh., beitti sér fyrir breytingu á þessum lögum fyrir ári síðan og hækkaði tekjuskattshlutfallið, en það átti einungis að gilda í eitt ár. Það mun hafa verið hv. þm. Karvel Pálmason, þingmaður Alþfl., sem kom í veg fyrir það að þetta skatthlutfall yrði hærra til langframa, enda hefur það verið mikið baráttumál Alþfl. að halda tekjuskattinum í 28,5%. Í stað þess að orða þessa frumvarpsgrein með þeim hætti sem aðrar frumvarpsgreinar eru orðaðar kýs ráðherra að fara svona að til að það sjáist ekki hve mikil hækkunin er í raun. Minnir þetta óneitanlega á vinnubrögð hæstv. ráðherra þegar hann var að breyta eignarskattinum fyrir ári síðan sem hann gerði með þeim hætti að margir hv. stjórnarþingmenn skildu ekki út á hvað breytingin gekk.

Í 4. gr. er persónuafsláttur hækkaður en ekki nándar nærri því eins og hann hefði gert að óbreyttum lögum. Sjómannaafsláttur er hækkaður í 5. gr., í 6. gr. barnabætur og í 7. gr. er fjallað um barnabótaauka.

Þá kem ég að 8. gr. frv. Ég tel að sú grein sé til bóta. Það er greinin um vaxtabætur. Í tengslum við húsbréfakerfið og breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á sl. vori kom inn í tekju- og eignarskattslögin ákvæði um vaxtabætur. Nú er verið að breyta því ákvæði.

Ég skal viðurkenna það að ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í þessa frumvarpsgrein en mér sýnist hún, eins og henni hefur verið lýst, vera til bóta og fagna ég því að eitthvað skuli vera til bóta í þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar. En þegar rætt er um vaxtabætur kemst ég ekki hjá því að nefna þá hækkun sem varð á vöxtum húsnæðismálastjórnar nú fyrir skömmu. Og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir.

Þau tíðindi gerðust að hæstv. ríkisstjórn hækkaði *vexti af óteknum lánum húsnæðismálastjórnar fyrr í* þessari viku. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt gefur húsnæðismálastjórn út bréf til þeirra sem taka lán, skuldabréf, og í skuldabréfunum eru ákvæði um það að vextir skuli vera breytilegir. Öll þessi skuldabréf eru eins, bæði þau sem nú eru notuð, í þessari viku, og hin sem voru notuð í síðustu viku, nákvæmlega eins bréf, enda styðjast þessi bréf og þessi lán við nákvæmlega sömu lögin frá 1986. Reyndar hefur slíkt ákvæði verið í öllum bréfum a.m.k. frá 1984 og líklega frá 1980, þó að ekki sé textinn endilega nákvæmlega sá sami.

Í lögum sem hv. Alþingi samþykkti 1986 stendur skýrum stöfum að ríkisstjórnin hafi heimild til þess að hækka vexti í hverjum lánaflokki fyrir sig á hverjum tíma. Ég vil halda því fram að sá lagatexti þýði það að það hafi verið hugsun löggjafans að ef vextir yrðu hækkaðir væri einungis hægt að hækka vextina á öllum lánaflokknum frá upphafi. Og ég vek sérstaka athygli á þessu. Ég tel með öðrum orðum að þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar brjóti í bága við lög og skal rökstyðja það frekar.

Það er skylda samkvæmt lagagreininni að leita álits stjórnar Húsnæðisstofnunar annars vegar og Seðlabanka Íslands hins vegar. Stjórn Húsnæðisstofnunar felldi hækkun á vöxtum eins og frægt er orðið, en

Seðlabanki Íslands lagði til að vextir á teknum lánum yrðu hækkaðir um 0,5% en vextir af óteknum lánum yrðu hækkaðir um 1%. Með öðrum orðum, Seðlabanki Íslands viðurkenndi það að sjálfsögðu að hægt er að hækka vexti af þeim lánum sem þegar er búið að taka.

Mér er kunnugt um að innan hæstv. ríkisstjórnar var mikið deilt um þetta mál. Margir hæstv. ráðherrar töldu eðlilegra að láta jafnt yfir alla ganga. Og ég segi það hér og bið fólk um að hlusta á að vöxtum hefur aldrei verið breytt í lánaflokkum nema samfara lagabreytingu. Það er því nýmæli að hækka vexti með þessum hætti. Nú tek ég það skýrt fram að ég er hér ekkert að dæma um það hvort eðlilegt sé að hækka vextina eða ekki. Ég er einungis að tala um það hvort það sé löglegt — það er alla vega siðlaust — að hækka eingöngu vexti af óteknum lánum. Ég tel að hér sé um að ræða grundvallarbrot á jafnræðisreglunni. Það sé ljóst að öll bréfin séu eins. Það sem er alvarlegast er að þeim sem hafa notið mest í kerfinu er sleppt. Hinum, sem hafa orðið að bíða lengst, hafa keypt íbúðir, orðið að greiða háa markaðsvexti á biðtímanum, jafnvel í 2–3 ár, er síðan gert að greiða hærri vexti fyrir hina sem hafa notið þess að hafa lánin á lágum vöxtum þegar vaxtamunurinn var mestur.

Ég tel að hæstv. félmrh. þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli, hann þurfi að skýra það út með haldbærum hætti hvort þetta sé hægt, því að ef þetta er hægt, og nú bið ég menn um að hugleiða þetta mjög vel, þýðir þetta það að hægt er að hækka vexti á hvaða hópi sem er í þessum lánaflokki og þá jafnt hópi sem er búinn að taka lán fyrir löngu síðan. Ef þetta má gera með þessum hætti getur hæstv. ráðherra í næstu viku hækkað vexti sérstaklega af lánum sem tekin voru t.d. frá 25. jan. til 25. mars á þessu ári og réttlætt það t.d. með því að þá hafi vaxtamunur verið meiri. Í raun og veru er þetta algjörlega óskiljanleg ráðstöfun sem hér hefur verið gerð.

Ég hef leitað eftir því hvernig á þessu standi. Og nú skulum við aðeins átta okkur á því hvernig staðan í þinginu er. Framsfl. hefur lýst því yfir að hann sé á móti þessari vaxtahækkun. Borgfl. hefur lýst því yfir að hann vilji að vextirnir séu jafnháir af öllum lánum í lánaflokknum. Með öðrum orðum, það er enginn meiri hluti á Alþingi fyrir því að hækka vextina með þessum hætti. Sá meiri hluti er ekki til. Þetta er gerræði sem byggir á minni hluta Alþingis og þegar maður spyr einstaka hæstv. ráðherra að því hvernig á þessu standi kemur eitt svar: Þetta er samningur við Kvennalistann. Með öðrum orðum, hæstv. ráðherrar, hver um annan þveran, hafa sagt: Auðvitað er það rétt. Þetta er siðlaust. Auðvitað ætti að hækka vextina. Ef þarf að hækka vextina þarf að hækka í öllum lánaflokkum. En það er Kvennalistinn sem kemur í veg fyrir það að þetta réttlæti náist fram.

Ég hlýt þess vegna að spyrja fulltrúa Kvennalistans sem hér talar í umræðunni hvort rétt sé að Kvennalistinn hafi gert það að skilyrði að þessir hlutir gengju fram sem hafa gerst með þessum hætti sem er grundvallarbrot á jafnræðisreglunni. Getur það verið að Kvennalistinn hafi gert það að skilyrði, þegar hann átti í hrossakaupum við hæstv. ríkisstjórn um húsnæðismálin á sl. vori, að ekki ætti jafnt yfir alla að ganga heldur skyldu þeir sem hafa orðið verst úti, þeir sem hafa orðið að bíða lengst, þeir sem hafa orðið að greiða hæstu vextina meðan þeir biðu, borga síðan hærri vexti en aðrir til þess að borga þann mun sem hefur orðið og ríkissjóður að standa undir, líka fyrir þá sem njóta lægri vaxtanna?

Mér er auðvitað kunnugt um að ýmsir hv. þm. Kvennalista hafa tekið að sér störf fyrir hæstv. félmrh. Það kann vel að vera að eitthvert samband sé þar á milli. Því hefur verið haldið fram. Ég trúi því ekki en Kvennalistinn hlýtur að þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum því að ég get staðfest hér að ráðherrar úr öllum stjórnarflokkunum hafa haldið því fram að ekki hafi verið farið að með eðlilegum hætti af því að Kvennalistinn hafi krafist þess í sérstökum samningum sínum við hæstv. ríkisstjórn til að koma húsbréfakerfinu fram. Þetta er alvarlegur áburður ef Kvennalistanum er kennt um þetta.

Ég ætla að segja meira. Í fyrramorgun hringdi til mín kona, sjómannskona hér úr Reykjavík sem átti peninga hjá Húsnæðisstofnun. Á þriðjudaginn átti hún að sækja þessa peninga en barnið hennar var veikt og hún komst ekki. Þessi kona komst ekki til að taka út peninga sem hún átti, sem voru tilbúnir og lágu þar hjá gjaldkeranum í veðdeild Landsbankans af því barnið hennar var veikt, maðurinn var úti á sjó. Hún frestaði því um eina nótt, kom daginn eftir og var nokkrum tugum ef ekki hundrað þúsundum fátækari og þetta skrifast á reikning Kvennalistans.

Ég geri þetta að umtalsefni hér, herra forseti, vegna þess að það hlýtur að þurfa að koma því á hreint hvort verið geti að Kvennalistinn ráði því að farið sé að með slíkum ósiðlegum hætti og það sé einungis minni hluti alþm. sem styðji þetta. Framsfl. hefur sagt nei. Borgfl. hefur sagt nei. Það er ekki stuðningur við það frá Sjálfstfl. og ég kannst ekki heldur við að stuðningur sé við það hjá Frjálslynda hægriflokknum og fæ það staðfest hér. Með öðrum orðum, minni hluti Alþingis ræður þessu og Kvennalistanum er kennt um. Ég bið þess vegna hæstv. félmrh. að segja það hér skýrt hvort rétt sé að sá skilningur hafi verið staðfestur af lögfræðingum að hægt sé að hækka lán með þessum hætti. Því það þýðir aðeins eitt. Það þýðir að hvaða ríkisstjórn sem er, hvenær sem er, getur hækkað á hvaða hópi sem er innan lánaflokksins svo framarlega sem jafnræði sé út frá því sjónarmiði að þeir sem fengu lán frá tilteknum degi til tiltekins dags. Ég verð að segja að ég hef sjaldan vitað um svívirðilegri athöfn en þessa. Ég tel að tími sé kominn til að hæstv. ráðherra geri hreint fyrir sínum dyrum. Í Morgunblaðinu í dag er bókun hæstv. Borgaraflokksráðherranna í ríkisstjórn og dálítið merkilegt kemur fram í þeirri bókun, þar á meðal að ekki hafi þurft að hækka vextina nema um 0,5% hjá öllum til að ná meiri árangri fyrir ríkissjóð eða Húsnæðisstofnun en að hækka um 1% hjá þeim

sem ekki hafa þegar tekið lánin. Og svívirðan er mest vegna þess að þeir sem hafa notið mestu fríðindanna, verið fyrstir í röðinni, ekki þurft að taka markaðsvextina, eiga áfram að njóta 3,5% en hinir sem nýir eru, hafa þurft að bíða lengst, hafa farið verst út úr þessu, þeir eiga að borga brúsann. Ef það er hægt, þá getur hvaða hæstv. ráðherra sem stýrir félmrn., hvenær sem er, hækkað vexti eftir „behag", svo að ég sletti dönsku, af hvaða hópi sem er innan þessa kerfis. Og nú spyr ég: Hvernig stendur á því að menn leyfa sér að leiða slíka réttaróvissu yfir fólk?

Menn verða að átta sig á því að í kaupsamningum um íbúðir fara stundum fram makaskiptasamningar. Menn verða líka að átta sig á því að sá maður sem nú hættir við að taka lán af því að vextirnir eru 4,5% og kaupir íbúð sem er með 2 millj. kr. áhvílandi skuld hjá Húsnæðisstofnun og heldur að hann sé að græða á því, auðvitað hækka þær íbúðir í verði núna, sá maður getur átt von á því að í næsta mánuði sé vöxtunum breytt af sjóðnum. Það er nákvæmlega það sem er að gerast með þessu athöfn. Þetta mál hef ég kannað og ég veit að ef það er rétt að þessi athöfn sé lögleg, þá er jafnlöglegt að hækka þann hóp sem tók lán hvenær sem er af því að eina lögskýringin sem kemur til greina er að nota hugtakið „á hverjum tíma." Ég bið hv. þm. að hugleiða í hvers konar ógöngur er komið, og ég er að ræða þetta vegna vaxtabótanna sem auðvitað geta tekið einhvern kúf af, í hvers konar ógöngur er komið þegar minni hluti Alþingis gengur svona fram hjá meiri hlutanum. Það er gert vegna þess að einn lítill þingflokkur er talinn hafa sett pressu á málið með þessum hætti.

Og hvað fær svo Kvennalistinn í staðinn í þessum hrossakaupum á sl. vori? Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Kvennalistans að því. Hvað fékk Kvennalistinn í staðinn? Og hefur verið staðið við það? Mér er kunnugt um að Kvennalistinn gerði kröfu til að fá einhver hundruð millj. í Byggingarsjóð verkamanna, til félagslegra íbúðaframkvæmda, sumt á næsta ári. Takið eftir því, þetta er flokkur sem hefur staðið að vantraustsumræðu í ríkisstjórninni og ætlar að fá útborgað á næsta ári. — Á næsta ári. Ég held að tími sé kominn til að hv. þm. Kvennalistans komi upp í ræðustól og geri hreint fyrir sínum dyrum og segi alþjóð frá því hvort það sé rétt sem margir hæstv. ráðherrar hafa sagt að þeir hafi verið nauðbeygðir til að grípa til þessa óyndisúrræðis vegna þess að Kvennalistinn hafi krafist þess í samningum. (Gripið fram í.) Bankaráð Seðlabankans? (**Fjmrh.:** Nei, hún er að spyrja um bankaráðin, samkomulag Sjálfstfl. og Kvennalistans um bankaráðin.) Já, já, það er fullt samkomulag um það. (**Fjmrh.:** Milli Sjálfstfl. og Kvennalistans?) Ekki veit ég betur. (**Fjmrh.:** Um bankaráðin?) Ekki veit ég betur. (**Fjmrh.:** Já, hvernig er það samkomulag?) Hæstv. forseti. Leyfir forseti að ég svari fyrirspurnum um bankaráð hérna úr ræðustól í þessari umræðu eða finnst forseta að það ætti að bíða til betri tíma? (**Forseti:** Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að hv. þm. svari þessum spurningum, en það mundi hins vegar lengja þessa umræðu sem ég hef áhuga á að stytta.)

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé fullt samkomulag milli stjórnarandstöðuflokkanna um kosningar í bankaráð. Ég hef hins vegar efasemdir um að fullt samkomulag sé milli stjórnarflokkanna og ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvort hann hafi spurt hv. þm. Stefán Valgeirsson hvort hann sé sáttur við þá niðurstöðu sem verið er að reyna að berja í gegn af fjmrh. Þegar hann hefur svarað þeirri spurningu þá skal ég svara hinni.

Í 9. gr. (**Fjmrh.:** Ég er búinn að svara því.) — ef ég fengi nú smáhljóð, forseti, þá gengi þetta greiðar. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að gefa ræðumanni nú gott hljóð.) Ég ætla aðeins, áður en ég vík frá málinu sem ég var að tala um áðan, að tala um eitt hugtak, hugtakið „afturvirkni." Mjög er nauðsynlegt að tekið sé á því. Ég hef heyrt suma halda því fram, auðvitað af fullum misskilningi, að ekki megi hækka lán afturvirkt og að það þýði að ef þeir sem þegar hafa tekið lán þurfi að greiða nýja vexti þá sé það afturvirkt. Þetta er auðvitað alrangt. Þetta er ekki til nema í kollinum á þeim sem ekki vita hvað afturvirkni er. Afturvirkni þýðir að reikna eigi vexti aftur á bak. Afturvirkni í skattamálum þýðir að reikna eigi skatta af tekjum sem þegar er búið að vinna fyrir. Hins vegar er það ekki afturvirkni þó að bankar, húsnæðisstjórn eða hver sem er ákveði, af því að í skjali stendur að vextir séu breytilegir, að vextir skuli hækka frá tilteknum degi sem er að líða. Þetta vita allir nema sumir og það skiptir máli. Það eru þeir sem hafa flutt ræðu í vor, sem hægt er að fletta upp á, og töluðu um afturvirkni í því sambandi og þar á meðal sá þingmaður sem kallaði hér fram í. Þá var ég að lesa mér til í gærkvöld og get staðfest það hvenær sem er.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir notaði hugtakið afturvirkni í þessu sambandi í ræðu sem hv. þm. flutti sl. vor og ég skal vísa hv. þm. á þessa ræðu sína þegar ég hef lokið minni ræðu hér. Vona ég að þessi kennslustund hafi nægt í því sambandi.

Í 9. gr. er talað um frádrátt vegna hlutabréfaeignar og annarra bréfa. Þessa grein tel ég vera til mikilla bóta, en tel þó að hv. nefnd eigi að skoða hvort ekki eigi að gera þessa grein víðtækari en hún er.

Í 10. gr. er fjallað um eignarskattinn. Ég fagna því vissulega með öðru að hæstv. ráðherra skuli hafa séð að sér og vilji nú lækka eignarskattinn. Ég hef hins vegar efasemdir um hvort rétt sé í grundvallaratriðum að tekjutryggja eignarskatt. Það er auðvitað heil brú í því sem hæstv. ráðherra hefur stundum sagt að leggja eigi skatta á fjármagnstekjur eða eignartekjur. En það er ekki að sama marki jafnvíst að eðlilegt sé að leggja á eignarskatta og miða við allt aðrar tekjur en þær sem koma af eignuum. Ég hef efasemdir um það. Ég ætla ekkert að segja. Ég ætla að skoða þetta mál í nefndinni, en ég hef efasemdir um að þetta sé rétt í grundvallaratriðum.

Í 11. gr. og 12. gr. er fjallað um ríkisskattanefnd og kærur. Ég tel að þessi atriði séu mjög nauðsynleg en tel að þau eigi ekki heima í þessu frv. Tel að ekki sé ástæða til að afgreiða þessar greinar með frv. nú. Það

sé hægt að taka það fyrir í janúar og frekar beri að líta á töluleg atriði og atriði sem skipta máli vegna áramótanna, en taka sér tíma til að ræða þessar greinar svo við getum náð betri árangri í skilum ríkisskattanefndar. Ég er fyllilega sammála hæstv. ráðherra að það beri að gera.

Nú hef ég talað í tæpan hálftíma, virðulegi forseti, eins og um var samið og skal ég ekki brjóta á því samkomulagi, jafnvel þótt það gerist nú rúmum hálfum sólarhring síðar en ég hugði. Mig langar til þess að biðja hæstv. félmrh., taki hann til máls hér, að segja þingheimi frá því hvort hann telji að Alþfl. standi óskiptur að því að hækka tekjuskattana eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég vísa þessari spurningu til hæstv. félmrh. sem tekur til máls væntanlega á eftir vegna þess að mér er kunnugt um að einstakir þm. Alþfl. féllust ekki á að hækka tekjuskattana í fyrra, þar á meðal hv. þm. Karvel Pálmason. Það hefur verulega þýðingu fyrir þetta mál að vita hvort Alþfl. stendur við sína fyrri skoðun á þessu máli eða hvort hann ætlar að haga sér eins og skopparakringla í þessum málum sem þó hæstv. utanrrh. hefur hælt sér mest af að hafa gert, þ.e. að setja tekjuskatts- og eignarskattsmálin í það horf sem þau eru núna og talið það til sinna afreka. Nú er verið að brjóta þá stefnu, sem hann studdi, á bak aftur með þessu frv.

Að lokum, virðulegi forseti, mun ég skoða þetta mál mjög vandlega í nefnd. Við höfum fengið fjölmargar athugasemdir frá hinum og þessum aðilum í þjóðfélaginu sem er full ástæða til að rannsaka náið. Þar á meðal hlustaði ég á leiðinni hingað niður eftir á rökræður milli fulltrúa fjmrn. og fulltrúa Alþýðusambands Íslands. Það er fullkomlega eðlilegt að nefndin kanni það mál, þá útreikninga og þær forsendur sem báðir aðilar gefa sér til þess að hægt sé að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem Alþingi er til sóma.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir að standa svo kyrfilega við samkomulagið og er þetta mjög til eftirbreytni.

Umræðu frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (heildarlög). — Þskj. 76.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

Námslán og námsstyrkir, 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (skipunartími stjórnar Lánasjóðs). — Þskj. 269.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Erfðafjárskattur, 2. umr.

Stjfrv., 56. mál (tvísköttunarsamningar). — Þskj. 56, n. 270, brtt. 271.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. vegna frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, frá félmn.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. á nokkrum fundum og var Ragnar H. Hall borgarfógeti nefndinni til aðstoðar við athugun málsins.

Í gildandi lögum um erfðafjárskatt er ákvæði þess efnis í 2. mgr. 1. gr. að ekki skuli innheimtur erfðafjárskattur af fasteignum hér á landi úr dánarbúum sem skipt er erlendis ef greiddur er sambærilegur skattur í því ríki þar sem búskiptin fara fram. Ákvæði þetta mun hafa komið í lögin við síðustu endurskoðun þeirra árið 1984. Skv. því er komist hjá tvísköttun erfðafjár með því að íslenska ríkið gefur eftir sinn erfðafjárskatt af fasteignum hérlendis þegar sambærilegur skattur er lagður á í ríkinu þar sem dánarbúi er skipt. Dæmi um að dánarbú erlendis eigi fasteignir hérlendis munu vera fá en alls ekki óþekkt. Áður en lagabreytingin varð árið 1984 voru þó dæmi þess að mjög stór hluti af verðmæti fasteigna í eigu dánarbús, sem svona háttaði til um, rann til að greiða erfðafjárskatta í báðum ríkjunum, ekki síst þegar um var að ræða fjarskylda arftaka.

Frv. gerir í raun ráð fyrir að ákvæðið frá árinu 1984 verði fellt niður og aftur tekin upp skattlagning hérlendis í þessum tilfellum, nema þar sem sérstakir samningar um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti geri ráð fyrir öðru. Slíkur samningur hefur þegar verið gerður milli Norðurlandaþjóðanna og í frv. er heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda þann samning og aðra sem síðar kunna að verða gerðir. Nefndin taldi hins vegar óeðlilegt að um leið og heimild til slíkra samninga er veitt skuli þrengdur réttur þeirra er búa í ríkjum þar sem slíkur gagnkvæmur samningur er ekki fyrir hendi, þ.e. annarra ríkja en Norðurlanda. Vegna þessa flytur nefndin brtt. á sérstöku þskj. og er þar lagt til að bætt verði inn nýrri mgr. við 2. gr. frv., 25. gr. laganna. Brtt. er ætlað að koma í veg fyrir verulega ósanngjörn málalok gagnvart aðilum sem ekki njóta þess hagræðis sem fylgir tvísköttunarsamningum á þessu sviði.

Þetta nýja ákvæði er hliðstætt 3. mgr. 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Er ráðgert að við álagningu erfðafjárskatts í slíkum tilvikum fylgi skiptaráðendur sams konar verklagsreglum og skattstjórar við álagningu í áþekkum tilvikum.

Nefndin leggur á það áherslu að hagur skattaðila í slíkum tilvikum verði ekki verri en skv. núgildandi lögum. Í þessu sambandi bendir nefndin á að heimild til lækkunar erfðafjárskatts getur jafngilt því að hann verði felldur niður.

Undir nál. skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Geir H. Haarde, Alexander Stefánsson, Eggert Haukdal, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Jón Kristjánsson.

Brtt. sem vísað er til í nál. er svohljóðandi:

„Við 2. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun verðmæta, sem lög þessi taka til, og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af sömu verðmætum, sem skattskyld eru hér á landi, og er skiptaráðanda þá heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila, að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 271 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 247.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Áður en forseti gengur úr sal langar mig aðeins að minnast á að það kom mér nokkuð spánskt fyrir sjónir hvernig dagskráin var rofin núna til að koma öðrum málum að. Það var ekki í samræmi við það sem á áætlun var hér á fundi í gærkvöldi, þeim fundi sem var síðan frestað vegna þess hve þingmenn mættu illa, og mér leikur forvitni á að vita hvern var verið að ... (Gripið fram í.) já, enda er ég bara að spyrja. Ég veit ekki hvernig þessi ákvörðun var tekin. (**ÁrnG:** Það var rætt við formann ...) Já, það er nefnilega það.

Þá sný ég mér að þessum virðulega forseta. (**Forseti:** Hann er hér.) Það eina sem virðist öruggt varðandi skattamál hér á landi er að öll umfjöllun um þau gerist í óðagoti og flaustri. Sú staðfesta sem menn sýna í því að draga til elleftu stundar framlagningu frumvarpa um skatta og álögur mætti gilda víðar. Það verður því enn einu sinni að hefja umræður með því að gagnrýna harðlega vinnubrögð. Það er einkennilegt að þeir sömu menn og gagnrýna flumbruganginn og álagið sem af þessu vinnulagi leiðir, ár eftir ár, skuli svo taka upp námvæmlega sömu vinnubrögð þegar þeir setjast í þessa eftirsóttu og margumræddu stóla. Það meira en hvarflar að manni að þetta sé með ráðum gert, sem sé að það þjóni hagsmunum þeirra sem hafa veg og vanda af því verki sem ræður svo miklu um afkomu heimila og fyrirtækja að menn nái ekki að átta sig á afleiðingum gerða þeirra í tíma. Það aftur vekur grunsemdir um að niðurstöður verði ekki eins heillandi og þeir vilja vera láta þegar öll kurl eru komin til grafar. Enda hefur það sýnt sig æ ofan í æ að stjórnvöld falla á eigin bragði, hafa sjálf ekki séð fyrir endann á afleiðingum verkanna. Er skemmst að minnast breytinga á eignarskattslögum sem gerðar voru fyrir réttu ári og eru reyndar afturkallaðar að hluta núna. Þá mátti hæstv. fjmrh. ekki heyra á það minnst að þær breytingar kynnu að leiða til óréttlætis sem kæmi ósæmilega niður á ýmsum.

Þau óþægindi sem skapast hér á þinginu vegna fyrrnefndra vinnubragða eru ótvíræð en kannski ekki aðalatriðið heldur hitt að þetta er hrein móðgun við skattgreiðendur þessa lands, henda yfir þá breytingum sem allflestir vita nú orðið að hafa ekki fengið þann undirbúning og ígrundun sem sjálfsagt er. Sífelldar hækkanir og breytingar sem menn eiga svo alltaf að gleypa hrátt að séu raunverulega til hagsbóta. Þó vita auðvitað allir að ríkissjóður stendur höllum fæti, jafnvel hallari en viðurkennt er og það er því verið að reyna að stoppa í gatið. Til þess er verið að breyta, ekki til þess að bæta hag launþega, enda eykst skattabyrði með hverju ári þrátt fyrir rýrnandi laun og kaupmátt. Enginn trúir lengur fögrum útreikningum. Hvernig eiga skattgreiðendur að skipuleggja sín fjármál? Það er þýðingarlaust í raun og veru þegar áformum er kollvarpað jafnóðum. Á heimilum venjulegs launafólks eru ótal atriði sem verið er að reyna að skipuleggja. Þess gerist þörf þar sem halda þarf vel á. Flest áform byggja að einhverju leyti á fjárhagsáætlunum sem standast svo ekki. Forsendur breytast, eins og það heitir, en skilaboð ríkisvaldsins eru ótvíræð. Skipuleggið ekki, umfram allt engar langtímaáætlanir. Skammtímaáætlanir eru skömminni skárri. Skipulagsleysi er auðvitað aldrei til fyrirmyndar, en sá er þó munur á skipulagsleysi ríkisins og heimilis að hið fyrrnefnda getur aukið tekjur sínar á kostnað hins síðarnefnda, hefur því betri möguleika á því að útvega sér stoppugarn til þess að staga með í götin. Heimilin verða bara að gjöra svo vel að borga og aðeins eitt úrræði er til þjargar, ef það er þá fyrir hendi — að vinna meira.

Einnig er vert að nefna hve óþægilegt þetta óðagot hlýtur að vera fyrir þá embættismenn sem eiga að sjá um framkvæmd síbreytilegra laga. Hvaða undirbúning fá þeir? Hversu mikið eykur tímaskorturinn ekki líkurnar á rangri framkvæmd eða mistökum af ýmsu tagi? Og hvað skyldi þetta kosta í raun og veru í beinhörðum peningum? Hve mikla yfirvinnu? Það segir sig sjálft að kerfisbreytingar ganga ekki átaka-

laust fyrir sig. Ekki þýðir að bæta við nýliðum til að mæta auknu álagi og því hljóta síðbúnar breytingar fyrst og fremst að koma fram í auknu vinnuálagi starfsfólks sem er þó kvartað yfir að sé ærið fyrir. Það kostar fé og eykur hættu á mistökum og því að mönnum yfirsjáist eitthvað. Það er því sama hvert litið er, alls staðar er þetta vinnulag til óþæginda og auðvitað kostnaðarauka.

En það er eins og valdsmenn séu óforbetranlegir. Upptöku virðisaukaskatts var frestað til að betri tími gæfist til undirbúnings. En hvað gerðist? Nákvæmlega sama sagan endurtók sig. Ákvarðanir teknar í hasti, sem hafa svo keðjuverkandi afleiðingar. Erfist þetta vinnulag frá manni til manns í embætti fjármálaráðherra? Eða hvað veldur? Ef einhver hagnast á þessum vondu vinnubrögðum, hver gerir það þá?

Að þessu sögðu, virðulegi forseti, sný ég mér að frv. sem hér er til umræðu.

Það má segja að um sé að ræða þrjá meginþætti. Það er í fyrsta lagi hækkun tekjuskatts, í öðru lagi nokkur leiðrétting þess óréttlætis sem varð niðurstaða meiri hlutans við ákvörðun eignarskatts í desember sl. og í þriðja lagi vaxtabæturnar sem nú koma í stað vaxtaafsláttar og húsnæðisbóta. Sem fyrr látum við kvennalistakonur okkur miklu varða afkomu heimila og fjölskyldna í landinu og því nefni ég þessa þrjá þætti. Hvað viðkemur fyrirtækjum eru flest ákvæði frv. sem þau varða til hagsbóta fyrir atvinnurekstur en það sama gildir því miður ekki fyrir heimilin.

Staldra ég fyrst við hækkun á álagningu tekjuskatts. Hlutfallið á nú að hækka úr 30,8% upp í 32,8%. Það hefur sem sagt ekki tekið nema tvö ár að hækka álagningu um 4,3% frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp og er þá ótalin sú hækkun sem varð í raun við upptöku þess.

Helstu rök hæstv. fjmrh. fyrir þessari hækkun er sú að virðisaukaskattur verður 24,5% í stað 25% í söluskatti. Við það er áætlað að tekjur ríkissjóðs minnki um tæpa 2 milljarða frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Á móti vega — eins og segir orðrétt í athugasemdum með frv., með leyfi forseta: „Á móti vega breytingar á tekjuskatti.“ Þarna segir beinum orðum að hækkun á tekjuskatti eigi að bæta tekjumissi vegna virðisaukaskatts. Til þess að breiða yfir þessa staðreynd er bætt við að hins vegar eigi að hækka barnabætur og persónuafslátt. En þarna stendur einmitt hnífurinn í kúnni. Er sú hækkun raunveruleg? Maður fyllist efasemdum því viðmiðanir virðast skekktar. Með öðrum orðum, staðreyndum er hagrætt. Það heyrir nú að vísu varla til tíðinda í þessu hanaati lýðræðisins. Barnabætur og persónuafsláttur ættu hvort eð er að reiknast upp 1. jan. og er þeirri staðreynd sleppt úr dæminu. Annars kæmu líklega ekki út fjórir. Barnabætur og persónuafsláttur miðast nú við skattavísitölu sem er í botni í desember en janúartölur eru uppreiknaðar. Þarna mætist sem sagt til samanburðar það versta annars vegar og það besta hins vegar. Dálagleg tilraun það.

Í tilkynningu sem hagdeild ASÍ sendi frá sér er bent á að forsendur þessara útreikninga og samanburður séu afar hæpnar og þeirri fullyrðingu að skattbyrði minnki harðlega mótmælt. Mig langar því aðeins að vitna í þessa tilkynningu, með leyfi forseta, eins og hún birtist í Morgunblaðinu í gær. Þar segir að þessar fullyrðingar séu byggðar á samanburði á skattbyrði í desembermánuði 1989 og janúarmánuði 1990. Þessi samanburður gefi hins vegar alls ekki rétta mynd af raunverulegri skattbyrði. Til að gera raunhæfan samanburð við skattbyrði í janúar 1990 verði að bera hana saman við skattbyrði í júlí 1989 vegna þess að þá breyttust persónuafsláttur og barnabætur. Hagdeild ASÍ segir að samanburður á skattbyrði ýmissa tekjuhópa sýni að hlutfallsleg skattbyrði sé yfirleitt hærri í janúar 1990 en í júlí 1989 og einnig komi greinilega í ljós að skattbyrði þyngist við launahækkanir í september og nóvember. Hagdeildin segir síðan að töluvert hafi verið rætt um hvort eðlilegt sé að hækka persónuafslátt og barnabætur samkvæmt lánskjaravísitölu í stað þess að miða við forsendur fjárlaga eða aðrar ákvarðanir skattayfirvalda. Síðan fjallar tilkynningin að mestu leyti um útreikninga á persónuafslætti og barnabótum og við hvað skuli miðað.

Í ljósi þess er fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi á reiðum höndum — og ég vona að hann sé að hlusta. (**Fjmrh.:** Ég hlusta alltaf. Já, já.) Hann getur sem sagt bæði lesið og hlustað. (**Fjmrh.:** Já, já, já, já.) Gott. (**Gripið fram í:** Hann getur allt.) Hann getur allt. Gott er að vita það — útreikning á því hvernig dæmið liti út ef tekið hefði verið mið af júlí í stað desember og hverjar væru þá niðurstöður þess dæmis.

Í DV eru mótmæli ASÍ frá í gær ítrekuð og BSRB hefur bæst í hópinn. Þar kveður við sama tón. Forsendur útreikninga dregnar í efa. Nokkur dæmi eru rakin um mismunandi niðurstöður eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Að því eru leidd rök að verið sé enn og aftur að hækka skattbyrði verulega. Ég ætla ekki að rekja þessi dæmi hér því að niðurstöðutölum ASÍ og BSRB ber heldur ekki saman, en þær eiga það þó sameiginlegt að vefengja útreikninga fjmrn. og að útkoma dæmanna er skattgreiðendum verulega óhagstæð. Eftir stendur það að það breytir dæmum stórlega að barnabætur og persónuafsláttur miðast ekki lengur við lánskjaravísitölu. Um það var þó samið. Lánskjaravísitalan er að vísu breytt núna og launþegum sýnu óhagstæðari en hún var og er enn eitt dæmi um breytingar sem skerða hag launþega, allt undir flaggi hagsbóta, en flaggið falskt eins og oft áður. Ofan á nýjar forsendur og nýjar viðmiðanir bætist að búið var að margfalsa, eða það heitir líklega að hagræða, útreikningum áður.

Kvennalistakonur lögðu á það mikla áherslu við upptöku staðgreiðslukerfisins og í milliþinganefndinni sem átti að fara yfir það frv. að persónuafsláttur yrði reiknaður út mánaðarlega. Það náði ekki fram að ganga. Ef sú tillaga hefði verið samþykkt litu málin talsvert öðruvísi út í dag. Þá þyddi ekki fyrir hæstv. fjmrh. að bera þær tölur á borð fyrir fólk sem

hann gerir í dag og kalla það hækkun. Fróðlegt verður að reikna dæmið núna út frá þeim forsendum sem kvennalistakonur lögðu til. En í stað þess að reikna mánaðarlega var reiknað á þriggja mánaða fresti. Jafnvel þar var bellibrögðum beitt. Má minnast á þegar persónuafsláttur var uppreiknaður vorið 1988. Það var gert í júní í stað júlí eins og til stóð. Háv. hæstv. fjmrh. lét í veðri vaka að það væri gert með hag launþega í huga, til að þeir nytu hækkananna fyrr! Lét þess ógetið, og hélt líklega að enginn kæmi auga á það, að fyrsta júlí voru forsendur aðrar og hækkun persónuafsláttarins hefði orðið meiri.

Við afgreiðslu tekju- og eignarskattsfrv. í desember sl. notaði núv. hæstv. fjmrh. sömu blekkingaraðferðina og nú, tók ekki fram hversu mikið persónuafslátturinn hefði átt að hækka ef launa- og verðhækkunarbannið hefði ekki komið til, sló svo um sig með tölum um stórhækkaðan persónuafslátt. Og hvernig dettur honum í hug að hann geti komist upp með sömu blekkingaraðferðina ár eftir ár?

Barnabætur vil ég ekki tala um í sömu andránni og skatta. Barnabætur eru framlag hins opinbera til uppeldis og viðurværis barna og koma því sköttum ekki við. Auðvitað hækkar framfærsla barna eins og annar framfærslukostnaður. Dagvistargjöld hafa hækkað mikið, svo eitthvað sé talið. Forsendur hækkana barnabóta nú eru jafnskekktar og forsendur persónuafsláttarins og því ekki marktækar fremur en hækkun hans. Auk þess eiga ekki allir börn, allra síst þau tvö börn sem alltaf er gert ráð fyrir, þar sem annað er undir sjö ára aldri.

Fyrst ég minnist nú á þetta verð ég að geta þess að fyrst verið er að taka barnabætur inn í skattareikningsdæmið í fegrunarskyni má spyrja hvers vegna aldrei sjást nein dæmi þar sem ekki er gert ráð fyrir tveim börnum og öðru undir sjö ára aldri. Það skyldi þó aldrei vera vegna þess að þannig lítur dæmið best út? Miklu betur en ef börn eru tvö, annað 17 ára og hitt 15 ára, eða ef barnið er eitt eða ef börnin eru fjögur eða fimm eða ekkert? Það verður fróðlegt að vita hve margar fjölskyldur sem njóta barnabóta eru rétt saman settar. Um það munum við kvennalistakonur vilja fá upplýsingar í hv. fjh.- og viðskn.

Að öllu þessu töldu verður það að teljast enn eitt dæmið um þá ótrúlegu ósvífni og kokhreysti sem jafnan einkennir málflutning og framkomu hæstv. fjmrh. að hann skuli henda þessu frv. framan í launþega svona útlítandi. Væri ekki heiðarlegra að reyna ekki með svo gagnsæjum hætti að breiða blæju velvildar og jöfnuðar yfir raunverulegt inntak frv. heldur standa við þau orð sem hann tiltekur fyrst í athugasemdum með því. Það er verið að auka tekjur ríkisins til að bæta upp fyrirhugað tap vegna virðisaukaskatts. Hve mikið langlundargeð telur hæstv. fjmrh. að launþegahreyfingin hafi? Er hann kannski að greiða fyrir samningum við opinbera starfsmenn? Er það sáttasemjarahlutverkið sem hann er að leika núna?

Virðulegur forseti. Það er margt sem þarf að athuga varðandi frv. og segir mér svo hugur um að ýmsar forsendur þess verði gjörbreyttar þegar það kemur til 2. umr. í þessari hv. deild. Ég get þó ekki skilið við þennan þátt frv., þ.e. tekjuskattinn, án þess að minnast á fleiri forsendur sem lagðar eru til grundvallar og eru hæpnar. Þar er ég þó ekki að tala um falsaða útreikninga, heldur forsendur sem standast ekki raunveruleikann, en það eru skattleysismörkin. Skattfrjálsar tekjur eru nú, eða eiga að vera samkvæmt frv. 63.567 kr. á mánuði. Forsendur skattfrelsismarka hljóta, ef rétt er að staðið, að gera ráð fyrir því að ofan þeirra sé fólk aflögufært. Hæstv. fjmrh. telur sem sagt að hafi umræddar tekjur náðst geti einstaklingar með góðu móti framfleytt sér og séu því aflögufærir. Að baki þessari upphæð liggur hjá þúsundum einstaklinga, aðallega konum, mikil vinna því það er kunnara en frá þurfi að segja að grunnlaun flestra þeirra eru langtum lægri, þ.e. flestra kvenna, þrátt fyrir tekjujöfnunarsamninga.

Fjölyrðum ekki um vinnuálagið og margvíslegar afleiðingar þess en víkjum aftur að skattleysismörkunum. Í fyrra fengum við kvennalistakonur, eftir langa bið, útreikninga Hagstofunnar á framfærslu einstaklings, eitthvað í svipuðum dúr og hv. þm. Stefán Valgeirsson er nú að biðja um í þáltill. og verður fróðlegt að fá niðurstöður þeirrar ályktunar. Framfærsla einstaklings reyndist í fyrra vera rúmlega 84 þús. kr. á mánuði. Var sá einstaklingur þó ekki þurftarfrekur. Þvert á móti var hann lítillátur í alla staði og ráðdeild hans til fyrirmyndar. Ekki hafa aðstæður þessa fyrirmyndareinstaklings batnað á heilu ári og því engar meiri líkur til þess að hann sé aflögufær nú en þá. Því er það fullkomlega óraunsætt að telja fólk aflögufært, svo framarlega sem það hefur, oft með ómældu erfiði og álagi, krækt sér í 63.567 kr. á mánuði.

Við reifuðum þá skoðun í fyrra að ná mætti upp tapi ríkissjóðs sem hlytist af því að hækka skattleysismörk með hátekjuþrepi í tekjuskatti. Hæstv. fjmrh. sagði í fyrra að löngun sín stæði til þess að koma á öðru þrepi í tekjuskatti. Hann mundi snúa sér að því verkefni um leið og færi gæfist. Enn stendur löngun hans til þess en líklega hefur ekki gefist tími. Ekki getur þó ástæðan verið annríki við undirbúning virðisaukaskatts. Þar var ekki tekið til hendinni fyrr en nýlega. Er það kannski af tillitssemi við starfsfólk skattheimtu sem hann vill ekki leggja á það aukna vinnu? Það er þá nýtilkomin tillitssemi.

Á fundi nú í haust um skattlagningu fjármagnstekna voru rök kvennalistakvenna fyrir frestun þeirrar skattlagningar léttvæg fundin. Okkar rök voru einmitt þau að ekki væru aðstæður til þess núna að bæta svo stórfelldri breytingu við aðrar sem í bígerð væru. Sammála þessu virtust ýmsir embættismenn sem áttu að hafa á hendi framkvæmd skattbreytinganna. Hæstv. fjmrh. fannst þetta beinlínis hlægileg rök. Hann hlær ekki eins hátt núna. Það er búið að fresta þeirri skattlagningu. Ég býð hann velkominn í hóp þeirra sem vildu fresta þessari skattlagningu, þann hóp sem fannst frestunin skynsamleg. En hann er búinn að hafa langan tíma til að

undirbúa að hrinda í framkvæmd hátekjuþrepi því það er svo sannarlega ekki nýtilkomin hugmynd. Það var áhugamál Alþb. áður en það komst í ríkisstjórn. Hvað dvelur orminn langa? Hefur hæstv. fjmrh. e.t.v. fallist á þau rök vina sinna í ríkisstjórn að það séu svo fáir aflögufærir í þjóðfélaginu að það svari ekki kostnaði að ná til þeirra? Velur þann kost heldur að hækka tekjuskatt á öllum í nafni jafnréttis og félagshyggju.

Virðulegur forseti. Það hefur ekki verið siður okkar kvennalistakvenna að minnast ekki líka á það sem vel er gert. Þær breytingar sem hér eru boðaðar á álagningu eignarskatts virðast tvímælalaust til bóta. Vona ég einungis að forsendur þeirra útreiknuðu dæma sem við blasa í fylgiskjölum frv. reynist traustari en þær sem ég hef gert hér að umtalsefni. Ef þær reynast réttar er stigið stórt skref í þá átt að bæta það óréttlæti sem lögfest var í fyrra. Þó næðist vegna baráttu Kvennalistans að mýkja örlítið afleiðingar eignarskattsins við missi maka voru held ég allir sammála um, þegar afleiðingar skattsins komu í ljós, að þær væru í mörgum tilfellum harkalegar. Kom þar margt til. Eignarskattsálagningin var hækkuð úr 0,95% í 1,2%. Fasteignagjöld hækkuðu verulega og við bættist svo háþrep eignarskatts. Þar gætti þess verulega að forsendur útreikninga leiddu ekki allan sannleika í ljós. Eignaviðmiðunin var of lág og allt of mikill munur var á leyfilegum eignum hjóna annars vegar og einstaklinga og einstæðra foreldra hins vegar. Í öllum tilfellum máttu hjón eiga helmingi stærri skuldlausa eign en einstaklingar og einstæðir foreldrar. Nú hefur þetta verið fært til betri vegar en ég verð þó að játa að ég skirrist við að lýsa hrifningu minni of mikið þar til fullsannað er hvernig útkoman verður í raun og veru. Mistökin sem urðu í álagningu eignarskatts í fyrra voru einmitt afleiðingar óðagotsvinnubragða. Ekki skoðað til enda hverjar afleiðingar yrðu. Nú þarf að vinda ofan af og ekki í eina skiptið. Nóg er nú annríkið hér síðustu daga fyrir hátíðir þó ekki fari verulegur tími í að leiðrétta fyrri mistök. Því hefðu menn óskað að stórfelld mistök í álagningu eignarskatts yrðu mönnum víti til varnaðar en svo varð ekki, því miður. Vil ég þó gjarnan enda umfjöllun um þennan þátt frv. með jákvæðum orðum og vona því að uppskeran verði eins og sáð virðist til. Get ég þó ekki stillt mig um að geta þess að heildarendurskoðun á eignarskattslögum væri að mati okkar kvennalistakvenna þörf aðgerð.

Virðulegi forseti. Sný ég mér nú að þriðja þætti frv. sem ég nefndi áðan, þ.e. vaxtabótunum. En nú er þörf að víkja til baka og rifja aðeins upp söguna.

Frv. um vaxtabætur sem samþykkt var sl. vor var fylgifiskur húsbréfafrv. Fulltrúi Kvennalistans í nefnd þeirri sem samdi húsbréfafrv. í fyrra gerði þegar í skýrslu nefndarinnar athugasemdir um vaxtabæturnar. Hún efaðist um forsendur útreikninga þeirra og gerði ýmsa fyrirvara þar að lútandi. Setti þá fram þá skoðun að afstaða til húsbréfafrv. markaðist af því hvernig til tækist með útfærslu vaxtabóta. Þegar svo vaxtabótafrv. var til umfjöllunar á þinginu tóku kvennalistakonur þráðinn upp að nýju, gerðu það að skilyrði fyrir stuðningi við vaxtabótafrv. að sérstaklega yrði tekin til umfjöllunar tekju- og eignaviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta. Þetta var skjalfest í nál. fjh.- og viðskn., og þar segir, með leyfi forseta:

„„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk.“

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%.

Frv. þetta er flutt í tengslum við frv. til laga um húsbréf, 344. mál. Við afgreiðslu þess máls varð að ráði að fela milliþinganefnd að athuga nánar ýmis atriði húsbréfamálsins og móta útfærslu þess. Meiri hl. þykir einboðið að vísa frv. um vaxtabætur einnig til þeirrar milliþinganefndar og óskar eftir því að hún taki sérstaklega til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignaviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta.“

Nú er skemmst frá því að segja að við þetta var ekki staðið. Ég ætla ekki að dæma um hvers vegna það var. Kannski vegna þess að pappírar, komnir fram í þingi, eru lagðir til hliðar og e.t.v. ekki lesnir nógu vel því að enginn virtist vita hvað hafði staðið í þessu nál. Það kom jafnflatt upp á alla að vaxtabótafrv. hafði ekki verið tekið til meðferðar í nefndinni. Þar af leiðandi og m.a. vegna þess greiddi fulltrúi Kvennalistans ekki atkvæði með vaxtahækkun í húsnæðismálastjórn. Önnur ástæða var líka að ekki er alveg sami skilningur á því hvort staðið hafi verið við þau framlög sem lofað var. Í samkomulagi Kvennalistans við stjórnina segir að á árinu verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum. Á þessu er kannski nokkuð mismunandi skilningur, hvað „raunaukning á framlögum“ þýðir. Við kvennalistakonur álítum ekki að kaup á bréfum frá lífeyrissjóðunum séu framlög.

Varðandi orð hv. 1. þm. Reykv. um hlut Kvennalistans að þessu máli vil ég aðeins nefna eftirfarandi:

Í fyrsta lagi brigslar hv. þm. Kvennalistanum, en um leið er hann náttúrlega að brigsla allri ríkisstjórninni og væntanlega öllum þingheimi, um að skilja ekki orðið „afturvirk“. Það má vel vera að til séu einhverjar lögfræðilegar útskýringar á því hvernig það orð er notað samkvæmt strangasta skilningi. En maður verður að líta svo á að einhver almenn tilfinning fyrir íslensku máli sé í fullu gildi enn þá á Alþingi Íslendinga, og afturvirkni þýðir held ég í hugum allra Íslendinga það sama, eitthvað sem virkar aftur fyrir sig. Í orðabók Menningarsjóðs stendur: „Afturvirkur: sem verkar aftur fyrir sig.“ Ég held að hv. þm. sé fullkunnugt um þann skilning sem að baki lá, þ.e. ekki yrðu teknar ákvarðanir um breytingar á vöxtum þess fólks sem þegar hafði tekið lán og undirskrifað þar með skuldbindingar um einhverja ákveðna tiltekna vexti, mismunandi á hverjum tíma. Sú var hugsun okkar kvennalistakvenna að ekki væri sífellt komið aftan að fólki með breyttum stjórnvaldsaðgerðum þannig að fólk hefði smámöguleika á því að skipuleggja fjárhag sinn og útgjöld í samræmi við þær skuldbindingar sem það hafði á sig tekið.

Annað orð tók hv. þm. sér nokkuð oft í munn og það var orðið „hrossakaup". Margur heldur mig sig og það hefur iðulega vafist fyrir þingmönnum að skilja einmitt þá afstöðu Kvennalistans að standa ýmist með, eins og þeir kalla, stjórn eða stjórnarandstöðu eftir því hvernig málin horfa við hverju sinni. Það virðist vera fullkomlega ofvaxið skilningi margra hv. þm. að þau vinnubrögð séu viðhöfð og dettur þeim sömu hv. þm. aldrei neitt annað í hug en að eitthvað búi að baki og þá örugglega eigin hagur. Vil ég bara endurtaka að margur heldur mig sig. Í orðabók Menningarsjóðs segir um orðið „hrossakaup" fyrir utan þá merkingu að selja hross (**Gripið fram í:** Eða kaupa.) eða kaupa — versla með hross: „óheiðarleg viðskipti", og sem dæmi um þá orðanotkun er tekið: „hrossakaup þingmanna: þegar A styður B til þess eins að B styðji A í öðru". (**FrS:** Þetta er nákvæmlega það sem ég var að segja.) Já. Nú langar mig til að biðja um rök fyrir því að Kvennalistinn hafi haft eitthvað upp úr þessum viðskiptum. (**FrS:** Hann er búinn að hafa eitthvað upp úr þeim eða á eftir að hafa eitthvað upp úr þeim . . .) Ja, ef við eigum að tengja einhverjar aðgerðir sem gerðar eru á vissum tíma við alla framtíð efast ég ekki um að hv. þm. muni geta krækt sér í ýmiss konar rök. Mér þætti hins vegar gaman ef hann gæti bent á eitthvert eitt ákveðið atriði þessara samninga sem réttlætir fullyrðingar hans um hrossakaup eða hvort hann álítur að samningar séu alltaf hrossakaup og hvort andstæð öfl í stjórnmálum geti aldrei samið um nokkurn skapaðan hlut nema að baki liggi einhverjar annarlegar hvatir, von um ábata eða annað sem varðar eigin hag.

Svo að ég víki aftur að vaxtabótunum og þeirri áherslu sem við kvennalistakonur lögðum á það að vaxtabæturnar yrðu teknar til endurskoðunar, þá var það auðvitað vegna þess að við vorum þess fullmeðvitaðar að húsbréfakerfið væri ekki til bóta fyrir þá sem minna höfðu umleikis. Það auðveldaði fleirum sem á því höfðu efni að kaupa húsnæði fyrr, en við ítrekuðum þráfaldlega að einmitt þess vegna legðum við áherslu á það að allt félagslega húsnæðiskerfið yrði endurskoðað. Til þess yrði sett sérstök nefnd. Það hefur þegar verið gert. Og við lögðum líka áherslu á það að vaxtabæturnar væru byggðar á tekju- og eignaviðmiðum sem stæðist raunveruleikann á sama hátt og ég talaði áðan um skattfrelsismörk, að þau miðuðu ekki við einhvern ímyndaðan raunveruleika, þ.e. að búið væri til dæmi sem síðan stæðist í raun og veru ekki.

Því er það svo, þar sem þessi endurskoðun fór ekki fram, að við efumst nokkuð um réttmæti þeirra dæma sem hér eru tekin. Þar er fyrst og fremst verið að ræða um húsnæðiskaup fólks sem við getum ekki með nokkru móti séð að geti yfir höfuð keypt húsnæði. Það gefur auga leið að þau dæmi sem tekin eru um vaxtabætur og líta best út, þ.e. dæmi af fólki sem fær verulegar vaxtabætur til að mæta vaxtagjöldum vegna húsnæðiskaupa, eru í raun aðeins dæmi og ætla ég að taka aðeins eitt til marks um það.

Dæmi II í fskj. 5 með frv. er um einstætt foreldri, ég kalla það nú einstæða móður. Tekjuskattsstofn er 1 millj. kr. Það þýðir að þessi einstaklingur hefur um 83 þús. kr. á mánuði í laun. Aftur væri freistandi að víkja að því hvað það hefur tekið hana langan tíma að vinna fyrir þessum 83 þús. kr., en látum það nú bíða. Hún á að greiða 175 þús. kr. á ári, þ.e. 14.600 kr. á mánuði í vaxtagjöld og eru þá afborganirnar sjálfar ótaldar. Vaxtabætur hljóða upp á 115 þús. kr. Mismunurinn er 60 þús. kr., þ.e. um það bil 5000 kr. á mánuði. Þetta lítur ekki sem verst út. En ósvarað er: Hvernig fór hún að því að eignast þessa íbúð? Það er gert ráð fyrir skuldlausri eign að upphæð 1½ millj. kr. Hvernig tókst henni að eignast þann hluta með 83 þús. kr. á mánuði til framfærslu. Ég tel ekki barnabæturnar með því að þær eru ætlaðar börnunum og nægja þó engan veginn til framfærslu þeirra.

Ég vísa aftur til dæmisins um fyrrnefndan fyrirmyndar hagstofueinstakling. Hann sýnir ráðdeild og sparnað í hvívetna en þarf ekki að láta sig dreyma um að geta keypt sér íbúð. Þetta er einmitt það sem við kvennalistakonur höfum efasemdir um varðandi vaxtabótakerfið.

Það er til bóta að það skuli ekki vera tímamörk á hve lengi fólk getur fengið vaxtabætur. Það er líka ágætt að tekju- og eignaviðmiðun sé beitt og að vaxtagjöldin tengist óvefengjanlega húsnæðiskaupum. En þessi ágætu ákvæði eru lítils virði ef matið á þörfum fólks er ekki raunsætt. Það er einmitt það sem maður óttast við tekjuviðmiðun, ekki bara í tekjuviðmiðun vaxtabóta heldur í ýmiss konar tekjuviðmiðun sem verið er að tala um núna, þ.e. að tekjubinda alls konar bætur — það er einmitt það sem maður óttast að viðmiðunin sé ekki raunsæ. Matið á hvað séu lágar tekjur, hvað miðlungstekjur og hvað háar tekjur sé byggt á röngum forsendum.

Ef talið er að einstaklingur sem hefur 63.567 kr. á mánuði sé þar með aflögufær til skattgreiðslu er von að álitið sé að einstaklingur með 83 þús. kr. á mánuði eigi fé afgangs til íbúðakaupa. Síðan reiknast dæmið áfram á sömu forsendum.

Kvennalistakonur munu fara fram á upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga sem sótt hafa um lán til íbúðakaupa og falla undir tiltekin dæmi sem tekin eru í fylgiskjölum þar sem vaxtabætur er útskýrðar. Ég á ekki von á því að hæstv. fjmrh. geti upplýst þær tölur nú en ef hann gæti það væri það að vísu ágætt.

Virðulegi forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Eins og fram hefur komið verður af nógu að taka og nóg um að tala í hv. fjh.- og viðskn. Hætt er við að fólki gefist varla sá tími til íhugunar og athugunar sem vert hefði verið. Helgast það augljóslega af þeim tímaskorti sem nú hrjáir þingheim og ekki batnaði ástandið við það sem gerðist hér í gærkvöldi. Ég á fastlega von á því að það hefði verið boðað til fundar í fjh.- og viðskn. núna í morgun hefði verið fundarfært hér í gærkvöldi en svona rekur hvað annað.

Ég vona þó að frv. rati ekki aftur inn í þessa deild fyrr en afdrifaríkum spurningum hefur verið svarað og efasemdum um forsendur eytt. Þá verður hægara fyrir kvennalistakonur og þingheim allan að taka

afstöðu til frv. en þangað til verður manni hugsað til vísunnar sem svo oft er rauluð rétt fyrir jólin:

„Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega . . .“

og ég lýk tilvitnun. Botninn kemur seinna.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að taka þetta frv. til umræðu. Það er búið að gera það að verulegu leyti, en það er athyglivert að hæstv. fjmrh. segir að skattar léttist á þeim sem eru með lægri tekjur en þyngist á þeim sem eru með hærri tekjur. Síðan kemur forusta Alþýðusambandsins og segir þetta ekki rétt. Loks kemur forusta BSRB og segir það heldur ekki rétt en er þó með aðra útreikninga.

Ég fyrir mitt leyti tel að það sé nauðsynlegt að fjh.- og viðskn. verði þess umkomin að kafa í þetta mál því að það má ekki koma fyrir að verið sé að þyngja byrðar á þeim sem eru á nauðþurftartekjum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði hér áðan að þessi mörk sem þarna eru sett eru nauðþurftartekjur. Ég harma það að sú þáltill. sem ég flutti hér í fyrra um að kanna þetta til hlítar hafi ekki enn fengið hljómgrunn í þinginu því að það hlýtur að verða undirstaðan, að sú úttekt verði gerð, til þess að hægt sé að ákveða lágmarkslaun og aðrar fjármagnsstærðir þá eftir því. Það á að vera grunnurinn. Ég harma það að ekki hefur komist í framkvæmd að taka annað þrep í tekjuskatti, þ.e. hátekjuþrep sem við, mín samtök, höfum lagt þunga áherslu á að verði gert.

Hitt er svo annað mál að ríkið verður að láta enda ná saman, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið. Það verður að fá með einhverjum hætti tekjur fyrir þeim útgjöldum sem menn standa frammi fyrir til þess að halda uppi velferðarríkinu, til þess að geta framkvæmt þannig að það sé a.m.k. ekki neðan við lágmark sem menn geta hugsað sér og tekið afstöðu til. Og þá er einmitt þetta að finna það út með hvaða hætti er hægt að skipta byrðunum af réttlæti. Það er málið.

Það var verið að tala hér áðan um vaxtahækkun sem var ákveðin á lánum þeirra sem eru að fá lán nú eftir margra mánaða eða jafnvel ára bil. Ég verð nú að segja það að það er eiginlega ofvaxið mínum skilningi hvernig stóð á því að þessi ákvörðun var tekin eins og hún var tekin. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að athuga það mál og það kann að vera að það hafi verið nauðsyn, eins og allt þjóðfélagið er, að hækka eitthvað þessa vexti yfirleitt. En að hækka þá á þann veg sem gert var er forkastanlegt, hvorki meira né minna. Þeir sem eru búnir að bíða eftir lánum og eru að tapa sínum íbúðum annars vegar og hinir sem jafnvel hafa notið þess, eru búnir að kaupa, var þá ekki réttara að setja 0,5% á alla? Er það ekki frekar í átt til jafnréttis heldur en að níðast á þeim sem eru kannski búnir að bíða í fleiri mánuði og jafnvel ár með lausaskuldir, jafnvel á dráttarvöxtum? A.m.k. er það mín afstaða. Og ég bara trúi því ekki að þetta nái fram að ganga. Ég vil þá spyrja: Hvar er réttlætið orðið í þessu þjóðfélagi? Eða er fólk ekki í sambandi, er hæstv. ráðherra ekki í sambandi við fólk? Hvað hefur gerst?

Í sambandi við húsbréfamálið þá hefur það farið alveg eins og ég hef gert ráð fyrir, eins og ég sagði fyrir. Mér datt ekki í hug að standa að þessu máli þegar ég var búinn að tala við hæstv. ráðherra og átta mig á hvað var verið að gera. Og vera hissa á því að það hafi ekki kannski farið alveg eftir einhverju samkomulagi. Ég held að ég hefði verið jafnvel enn þá meira hissa ef það hefði staðið. Nei, við þurfum að vera raunsæ á hvernig hlutirnir eru. Sannleikurinn er sá að það verður ekki hægt að ná tökum á þjóðfélaginu, tökum á efnahagslífinu, það verður ekki hægt í raun og veru hvorki fyrir fyrirtæki né einstaklinga að gera neinar áætlanir á meðan lánskjaravísitalan er í gildi því ef verðlag hækkar erlendis þá hækka skuldirnar, t.d. á húsnæðisstjórnarlánum, á öllum lánum. Og á meðan þetta vitleysisfyrirkomulag er, sem er alveg merkilegt að menn sem þykjast vera langskólagengnir telja að það sé ekkert annað hægt, að það skuli vera svona ár eftir ár og setja þjóðina í þann vanda sem hún stendur í fyrir þessum málum. Og að vera að gefa ákveðnar forsendur fyrir því að það skuli vera nægt að ná þessu niður jafnvel í 5%, ja, ég veit ekki á hverju þetta er byggt. Það er náttúrlega hægt að setja sér forsendur sem eru svo langt frá raunveruleikanum og geta aldrei ræst. Það er hægt. Og margir hafa reiknað sig á þann hátt hálfvitlausa.

En ég ætla bara að endurtaka það að ég vonast til þess að fjh.- og viðskn. hv. deildar taki þessi mál alvarlegum tökum, komi með niðurstöðu hér við 2. umr. hvernig þetta verkar í raun og veru og hvaða forsendur nefndin þá gefur sér. Ég sé það að aðilar vinnumarkaðarins gefa sér allt aðrar forsendur en hæstv. ríkisstjórn og fjmrh. Þetta þarf að kanna. Ég fyrir mitt leyti vil ekki sætta mig við annað en það komi berlega í ljós áður en þetta er afgreitt að það þyngist á þeim sem hafa hærri tekjur en það sé létt á hinum sem eru á nauðþurftartekjum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Í sambandi við þetta lagafrv. sem hér liggur fyrir um breytingu á tekjuskatti og eignarskatti þá ætla ég ekki að hafa efnisumræðu um það frv. Við í þingflokki Framsfl. vorum búnir að fallast á að þetta frv. yrði lagt fram og auðvitað er ekkert um annað að ræða en að það verði afgreitt hér á hv. Alþingi miðað við það sem stefnir að í fjármálum ríkisins og dugar lítið til. En það sem fékk mig til að koma hér upp var í fyrsta lagi ræða hv. 1. þm. Reykv. sem kom hér inn á nokkur alvörumál sem hafa verið í gangi í þjóðfélaginu og verið afgreidd með allfurðulegum hætti að mínu mati, þ.e. þessi einhliða hækkun félmrh. á húsnæðislánum sem er gerð með sérstökum hætti sem ekki hefur áður tíðkast. Það er gengið gegn ákvörðun húsnæðismálastjórnar sem lögum sam-

kvæmt á að leggja til þær vaxtahækkanir sem húsnæðismálakerfið á að fjalla um eða fellur á það.

Ég vil aðeins segja frá því hér vegna þess að um þetta var rætt að afstaða mín gegn þessu var mjög ákveðin. Hún byggist fyrst og fremst á því að ég tel að það hefði þurft að gera úttekt á því hvernig vaxtakerfið virkar í húsnæðismálakerfinu í heild og gefa sér tíma til þess að skoða það í samráði við aðila vinnumarkaðarins sem vissulega eru framkvæmdakrafturinn í þessum málum þar sem aðilar vinnumarkaðarins leggja til raunverulega mest af því fjármagni eða raunar allt fjármgn sem húsnæðiskerfið byggir á. Það hefði átt að gefa sér tíma til að taka þarna sameiginlega afstöðu og skoða það í hvaða formi þessi vaxtabreyting hefði átt að vera í húsnæðiskerfinu í heild. Auðvitað er það fáránlegt að fara ekki þá leið þar sem ljóst er að þarna er um stórt og viðamikið kerfi að ræða. Það hefði verið miklu eðlilegra að gera vaxtabreytingu í einu lagi á allt húsnæðiskerfið, þar á ég bæði við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, og skoða þá í leiðinni hvort um væri að ræða að nýta þá heimild í húsnæðislögum að hafa mismunandi vexti eftir lánaflokkum. Það er hægt þó að ég sé ekki hér með að mæla með því. En mín afstaða var fyrst og fremst að menn gefi sér tíma til þess að endurskoða þetta mál frá grunni í samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðra þá aðila í þjóðfélaginu sem um þessi mál fjalla. Þetta var ekki gert og þess vegna var samþykkt í þingflokki framsóknarmanna að mæla algjörlega gegn þeirri kröfu félmrh. inni í ríkisstjórn að taka þessa einhliða ákvörðun um það að hækka vexti aðeins frá Byggingarsjóði ríkisins *á þessum málaflokki og miða það við daginn í dag*, þ.e. frá þeim degi sem þessi ákvörðun er ákveðin og láta það gilda eingöngu um þá sem eftir eru að taka lán.

Það mætti halda langa ræðu um það að þetta náttúrlega kemur dálítið skondið fyrir þegar um er að ræða fólk sem er búið að pína sig í þeirri frægu biðröð og hefur orðið að taka alls konar aukalán hingað og þangað í kerfinu, bæði hjá bönkum og verðbréfaaðilum, til þess að fleyta sér yfir biðtímann og sæta svo þessari meðferð eins og þessi ákvörðun er í raun og veru. Það sem mér finnst fyrst og fremst óskiljanlegt er hvers vegna svona ákvörðun er tekin með því fororði að vitað er um andstöðu allra þingflokka sem að ríkisstjórninni standa eða a.m.k. flestallra og gegn Húsnæðisstofnun sjálfri sem á fyrst og fremst að fjalla um þessi mál og vega og meta gildi þeirrar hækkunar og meðferð sem á að framkvæma. Ég er búinn að heyra það í áraraðir að það megi ekki líða einn eða tveir eða þrír mánuðir þangað til húsnæðiskerfið hrynur vegna þessa vaxtamunar en samt sem áður er eiginfjárstaða byggingarsjóðanna slík að það eru engin rök fyrir því að það þurfi að gera þessa breytingu í skyndi því að meðan sú staða er fyrir hendi er a.m.k. engin ástæða til annars en að gefa sér einhvern tíma til þess að gera þessa heildarendurskoðun áður en ákvörðun er tekin. Og nú er ég ekki með þessum orðum að mæla gegn því að vextir yrðu hækkaðir, alls ekki. Mér finnst alveg sjálfsagður hlutur að gerð sé vaxtabreyting, en hún á að ná yfir allt kerfið og að undangenginni þeirri athugun sem ég minntist hér á.

Það sem ég vildi aðeins ræða hér var það sem kom fram í ræðu hv. 18. þm. Reykv. og það var í sambandi við meðferðina á þessum málum. Þegar húsbréfafrv. svokallaða var samþykkt hér á hv. Alþingi sl. vor ásamt með breytingu á lögum um vexti, þ.e. vaxtabætur, var einmitt rætt um þetta og menn höfðu uppi ýmsar efasemdir um það að þetta ákvæði í vaxtalögun, þ.e. þessar vaxtabætur, væru nægjanlega útskýrðar, að menn lentu ekki þarna sjálfkrafa í blindgötu eins og oftast hefur komið fyrir í sambandi við meðferð vaxta sem eiga að vera til frádráttar tekjum o.s.frv. Við vitum það að í fyrri skattalögum voru frádráttarbærir vextir í sambandi við húsnæðismál það flóknir í framtölum að menn völdu heldur einfaldari leiðina, að taka 10% frádrátt sem heimilt var í skattalögum, en að fara út í útskýringar á vaxtakerfinu eða réttara sagt framreiða fyrir skattayfirvöld þau vaxtaútgjöld sem menn höfðu orðið fyrir. Og þannig tapaði fjöldi einstaklinga í kerfinu raunverulega réttbærum frádrætti í sambandi við meðferð skattamála. Það var reynt að bæta úr þessu en samt sem áður er óvissa enn og ég er í engum vafa um það að hvað sem líður fullyrðingum og útreikningum og töflum um þessar svokölluðu vaxtabætur, að þær eigi að skila sér, tek ég undir það með hv. 18. þm. Reykv. að hér er enn um spádóm að ræða sem í flestum tilfellum er ekki í samræmi við raunveruleikann þegar skattframtöl manna eru tekin til meðferðar. Það á eftir að *sannast þó að síðar verði, því miður.*

En það sem aðallega vakti athygli mína var það að hv. þm. minntist hér á milliþinganefndina sem var skipuð í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþingi og átti að athuga málið, bæði afstöðuna, áhrif húsbréfakerfisins miðað við markaðinn, miðað við þá aðstöðu sem er í okkar þjóðfélagi, hvaða þýðingu það hefði á peningamarkaðnum, og einnig í sambandi við vaxtabæturnar og skila um þetta skýrslu og niðurstöðu hér í byrjun þessa þings sem nú stendur yfir þannig að hægt væri að taka afstöðu til þess hvort ætti að fresta eða breyta þessari lagasetningu og gefa um það nákvæma skýrslu til þingsins. Hvar er sú skýrsla? Ég hef spurt fulltrúa okkar þingflokks í þessari nefnd um þessa niðurstöðu. Og auðvitað hefur þessi hv. þm. okkar sagt: „Ég veit ekki neitt" af þeirri einföldu ástæðu að það hefur aldrei verið afgreitt neitt í þessari milliþinganefnd. Það er ekki aðeins um húsbréfakerfið sjálft heldur einnig um vaxtabæturnar. Það er engin niðurstaða komin. Þetta hlýt ég að undirstrika hér og benda á það um leið og ég tek undir með hv. 18. þm. Reykv. Ég spyr þess vegna alveg sérstaklega Kvennalistann: Hvernig hefur Kvennalistinn þolað það að láta fara svona með sig miðað við alla sögu þess flokks í sambandi við hið svokallaða húsbréfakerfi? Eru þær orðnar svona skaplausar eða hvað? Ég átti von á öðru.

Þetta er atriði sem mér fannst ástæða til að koma

að hér og undirstrika að algjörlega hefur verið brotin sú sjálfsagða skylda þegar Alþingi setur milliþinganefnd, alþingismenn, sem fyrir fram er ákveðið að eigi að gefa skýrslu um ákveðið mál í byrjun þings til að taka ákvörðun um það hvort það á að taka gildi samkvæmt lögunum sem samþykkt voru á þeim tíma eða hvort á að breyta þeim. Allt í lagi, ef nefndin hefði komist að þeirri niðurstöðu að það væri allt í lagi að breyta engu, og þar með þyrfti ekki að ræða um málið frekar. En svo komu bara þingmenn sem hafa átt aðild að milliþinganefndinni og segja: Við vissum bara ekki neitt og vitum ekki neitt. Þetta er nokkuð sem ætti ekki að heyrast úr þessum virðulega ræðustól hér í Alþingi, að þingmenn sem ætla að vinna málin upp milli þinga láti sig hafa það að koma hér upp þegar gildistími er löngu liðinn og lögin hafa tekið gildi og segja svo: Við bara vitum ekki neitt og erum áhyggjufullir o.s.frv. o.s.frv. Þess vegna verð ég að nota tækifærið og lýsa því yfir hér að ég harma það að þessi lög, um húsbréf og vaxtabætur, skyldu hafa verið látin taka gildi án þess að þessi mál væru skoðuð í kjölinn um leið og ég hlýt að endurtaka mótmæli mín gegn því að þessi vaxtaákvörðun var tekin, sem er röng vegna þess að það hefði átt að láta þetta ná yfir allt kerfið, og hafa þá lægri prósentu, og stutt af þeim rökum sem heildarathugun á þessu hefði leitt í ljós. Ég tel að ríkisstjórnin hafi sett niður við það að fallast á kröfu eins ráðherrans í ríkisstjórninni þegar vitað var að það var ekki heildarstuðningur við þessa ákvörðun. Og það þýðir ekkert að koma hér upp eða í fjölmiðla og segja: Ja, vaxtabæturnar, vaxtabæturnar eiga að bjarga þessu. Það veit enginn hvernig þær virka þó að þær séu settar upp á þennan hátt. Það á eftir að koma í ljós. Aðgerðin er hins vegar röng og þess vegna hlýt ég að fordæma hana.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Til máls tekur hv. 12. þm. Reykv. og vill forseti fara þess vinsamlega á leit við hv. þm. að hafi hann ekki lokið máli sínu kl. 4 geri hann hlé á ræðu sinni svo að sú atkvæðagreiðsla sem þá á að fara fram geti farið fram.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um frv. sem hér er til umræðu en sé mig knúna til að víkja örlítið að þeim þætti sem fjallar um vaxtabætur og kannski þá sérstaklega þau orð sem hér féllu af hálfu hv. 1. þm. Reykv. þar sem hann ræddi um orðnotkunina „afturvirk", fyrst og fremst, sem hann virtist skilja á annan hátt en margir aðrir. Það má vel vera að hans skilningur á því orði sé réttur, en það breytir ekki því að þeir sem fjölluðu um vaxtabótafrv. og húsnæðisfrv. í fyrra, þar sem rætt var um húsbréfakerfið, höfðu annan skilning á því orði en kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. Hann vitnaði til orða minna í umræðum um þetta mál frá 8. maí sl., að því er ég held, þegar talað var um þetta ákvæði og sagði ég m.a. um hækkun vaxta og vitnaði til orða hv. 17. þm. Reykv. sem fjallaði um þetta mál þá, með leyfi forseta:

„Það kom fram í máli hv. 17. þm. Reykv. hér annaðhvort á föstudag eða laugardag að hann taldi þetta mjög misráðið og fannst mikið óréttlæti að vextir á lánum til þeirra sem væru nú þegar búnir að fá lán mundu ekki hækka einnig ef vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins mundu hækka. Því er til að svara að auðvitað er aldrei hægt að fullnægja öllu réttlæti í þessum efnum, en það verður að muna eftir því að fólk er nú þegar búið að gera áætlanir miðað við þá vaxtabyrði sem það hefur nú, 3½% vexti, og það væri að koma aftan að fólki ef vextirnir væru hækkaðir afturvirkt. Þannig að auðvitað verður það meiri greiðslubyrði sem kemur á það fólk sem fær lán núna, en ég tel alveg ófært og Kvennalistinn taldi það ófært að vera að hækka vexti á þegar teknum lánum."

Þetta voru þau orð sem ég reikna með að hv. 1. þm. Reykv. hafi verið að vitna til þegar hann taldi mig hafa misskilið orðið „afturvirkt". Það er ekki rétt, eins og hann hélt fram, að ég hafi skilið það þannig að ef vextir hækkuðu á þegar teknum lánum þyddi það að fólk þyrfti að greiða vexti mörg ár aftur í tímann. Það hefur hvergi komið fram og ég skil ekki að nokkur maður hafi skilið þetta þannig. Alla vega gerði ég það ekki og ég vona að hv. 1. þm. Reykv. hafi ekki haldið það því að það kom a.m.k. ekki fram í umræðunni í fyrra og að hann sé að uppgötva það fyrst núna hvað þetta samkomulag okkar fól í sér. Í samkomulaginu, 3. lið, stendur, með leyfi forseta:

„Vextir af lánum sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins verða ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd."

Og í nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 1033 frá síðasta löggjafarþingi stendur: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk," þannig að ég held að enginn hafi skilið þetta á þann veg sem hv. 1. þm. Reykv. virtist halda eftir orðum hans hér áðan. Þetta vildi ég leiðrétta.

Það má vel vera að fólk telji það siðlaust að hækka ekki vexti á öllum lánum eins og fram kom í máli þeirra sem hér hafa talað, hv. 1. þm. Reykv. fyrst, en síðan hafa fleiri komið hér á eftir og tekið undir það álit. Við höfum litið þannig á að það væri verið að koma aftan að fólki sem búið er að gera sínar áætlanir miðað við ákveðnar vaxtagreiðslur. Ég vil vekja athygli á því að í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að fólk komi til Húsnæðisstofnunar og leggi fram sínar áætlanir um það hvernig það ætlar að greiða af lánum. Það er talað um það að fólk verði að koma til ráðgjafarstöðvarinnar og leggja fram áætlun um það hvernig það hyggist greiða af þessum lánum og þar hlýtur að vera tekið tillit til ýmissa þátta, svo sem tekna. Síðan á skyndilega annar aðilinn, Húsnæðisstofnun, að hækka vextina einhliða. Hvað gerist þá með allar áætlanir fólks? Þær hljóta náttúrlega að hrynja til grunna auk þess sem það hefur komið fram hér áður á Alþingi að ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar hefur neitað fólki um lán á þeim forsendum að það muni ekki ráða við afborganir af lánunum og þar af leiðandi hlýtur að gerast nákvæmlega það sama núna. Ef vextir eru hækkaðir á lánum þar sem fólk hefur gert sínar áætlanir hlýtur það að leiða af sér að þetta fólk geti hugsanlega ekki ráðið við

lánin. Við kvennalistakonur metum það því þannig að þó að sjálfsögðu sé það óréttlæti að einhverjir þurfi að greiða hærri vexti af sínum lánum sé það meira óréttlæti af hálfu húsnæðismálastjórnar eða ríkisvaldsins að hækka vexti einhliða af lánum sem þegar eru tekin. Ég vil benda á að eldri húsnæðislán eru sum með 2,25% vöxtum og það er ekki ætlunin að breyta þeim. Það er ekki hægt samkvæmt skuldabréfunum að hækka þau lán. Það virðist vera mismunandi skilningur fólks á því hvernig þessu skuli háttað. Okkar skilningur er þessi. Og þá er ég ekki að tala um að ég skilji það þannig að fólk þurfi að greiða vexti af lánum frá því 1984 og þurfi þá e.t.v. að greiða hundruð þúsunda í vexti þó vextir hækki af þegar teknum lánum, eða „afturvirkt" eins og margir kalla það.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegur forseti, í þessari umræðu, en af því að spurt var einnig um hversu vel ríkisstjórnin hefði staðið við það samkomulag sem gert var vil ég aðeins víkja að því. Ef við víkjum að árinu í ár því það er nú að verða liðið og þar af leiðandi er auðveldara að taka á því, þá stendur, með leyfi forseta: „Á árinu 1989 verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum auk þess sem felst í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tengslum við kjarasamninga 1. maí 1989," en ég bendi á að þar var gert ákveðið samkomulag. Mig minnir að það hafi falist í því að það ætti að byrja á 200 íbúðum á þessu ári og þetta var sem sagt aukning auk þess. Í endurskoðaðri áætlun í frv. til fjárlaga frá 1989 er ríkisframlagið óbreytt þannig að það hefur greinilega ekki verið staðið við þetta atriði. Síðan er líka talað um í samkomulaginu að árið 1990 verði 500 millj. kr. raunaukning á framlögum til félagslega íbúðalánakerfisins. Þar er einungis talað um að það verði raunaukning á framkvæmdafé. Ekki er búið að fjalla um fjárlagafrv. þannig að það er erfitt að meta nákvæmlega núna hverjar efndirnar verða, en samkvæmt fjárlagafrv. er framlag ríkisins í Byggingarsjóð ríkisins einungis 150 millj. en í félagslega íbúðalánakerfinu — samkvæmt fjárlagafrv., ég tek það fram, — er lækkun á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna, en það verður aukning á framkvæmdafénu samkvæmt frv., þannig að það er spurning hver niðurstaðan verður.

Í sambandi við einn punkt enn þá er talað um að fyrir 1. nóv. verði lokið endurskoðun á félagslega húsnæðislánakerfinu. Sú nefnd hefur að því er mér skilst ekki enn lokið störfum þannig að það hefur alla vega ekki orðið fyrir 1. nóv. hvernig svo sem þeirri nefnd líður. Mér er kunnugt um að hún starfar enn. Það er því alveg rétt að það hefur ekki að öllu leyti verið staðið við þetta samkomulag. Það er ákaflega erfitt fyrir kvennalistakonur að standa upp og rífa hár sitt út af því. Ég veit ekki hvaða aðferð við eigum að beita. Ég reyni kannski að fara í smiðju til hv. 1. þm. Vesturl. til að læra hvaða aðferðum á að beita til að fá sínu framgengt, en það er ákaflega erfitt þegar verið er að gera samkomulag þar sem um er að ræða — ja, hvað á maður að kalla það, gagnkvæmt traust þegar síðan er gengið á svig við það sem samið er um.

Hins vegar vil ég vekja athygli hv. 1. þm. Reykv. á því að við höfum ekki staðið að né samþykkt hækkun vaxta. Fulltrúi Kvennalistans í húsnæðismálastjórn greiddi atkvæði gegn því þannig að sjómannskonan sem hv. þm. minntist á áðan þurfti ekki að greiða hærri vexti vegna þess að Kvennalistinn hefði samþykkt hækkun vaxtanna. Mér finnst það ósanngjarnt að fullyrða hér úr þessum ræðustól að það hafi verið vegna samþykktar Kvennalistans við ríkisstjórnina að hún hafi þurft að greiða hærri vexti núna af sínu láni en annars hefði verið. — [Fundarhlé.]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund mikið. Það er búið að ræða þetta mál allítarlega bæði í gær og í dag þannig að það er kannski ekki mjög miklu við að bæta. Hins vegar er hér verið að ræða frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem sett er fram í skjóli þeirra ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að hafa virðisaukaskatt í einu þrepi, 24,5%, og þá að sjálfsögðu grípur hæstv. fjmrh. tækifærið og leggur fram íþyngjandi skattafrv. á allan meginþorra almennings í landinu.

Það er búið að fara allítarlega yfir það hér úr þessum ræðustól að tekjuskattsbyrðin mun aukast allverulega á meginþorra alls almennings í landinu. Hefur verið sýnt fram á það með dæmum útreiknuðum af sérfræðingum bæði ASÍ og BSRB og reyndar fleiri sérfræðingum sem allir virðast sammála um það að skattbyrði alls meginþorra almennings eykst verulega. Hins vegar komast sérfræðingar fjmrn. að annarri niðurstöðu, en það er nú eins og fyrri daginn með þá ágætu sérfræðinga að þeirra verk hrósa þeim ekki í gegnum tíðina. Og verður að segjast að ef maður ætti að velja þarna á milli þessara aðila þá er ekki spurning í mínum huga að hagfræðingar ASÍ og BSRB fara örugglega öllu nærri sanninum heldur en sérfræðingar fjmrn.

Þetta frv. skiptist í fjóra meginliði. Það er tekjuskatturinn, það er eignarskatturinn, það er vaxtaþátturinn og það er þáttur fyrirtækja. Ég get í sjálfu sér fagnað því sem snýr að fyrirtækjunum, þar er vissulega skref í rétta átt. Ég hafna hins vegar vaxtaþættinum sem hér hefur verið allítarlega komið inn á og kemur mjög ójafnt niður á fólki. En það sem ég vildi aðallega fá sagt hér við þetta tækifæri, og mun reyndar fá að fjalla nánar um þetta mál í fjh.- og viðskn. þar sem Frjálslynda hægriflokknum hefur nú verið veittur þar áheyrnarfulltrúi, er eignarskattsdæmið. Að vísu er Frjálslyndi hægriflokkurinn svarinn andstæðingur allra eignarskatta og vill helst ekki sjá þá en það er engu að síður nauðsynlegt að ræða þá. Og vissulega, ef hægt er að lina þær þjáningar sem sá skattur veldur, þá erum við reiðubúnir að taka þátt í því þó við viljum helst sjá á bak þeirri skattlagningu, enda mun flokkurinn leggja fram till. þess eðlis á þingi fljót-

lega. En það sem ég er að velta fyrir mér varðandi þennan þátt í frv. er tekjutenging eignarskatta. Ég sé ekki almennilega hvernig því verður við komið og óska eftir að hæstv. fjmrh. útskýri það fyrir þingheimi og tel reyndar nauðsynlegt fyrir hv. fjh.- og viðskn. að vita hvernig á að standa að þessari skattlagningu.

Það er spurning t.d. með álagningu næsta árs. Á hún að byggja á tekjum ársins 1989? Og það má eins spyrja þá um álagningu ársins 1991. Á hún að byggjast á tekjum ársins 1990? En það þýðir þá væntanlega að það er ekki hægt að innheimta þennan skatt fyrr en vel er liðið á árið 1991. Eða á hinn bóginn, á að fara að áætla tekjur á fólk og taka hér upp enn eitt endurgreiðslukerfið?

Ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. útskýri þetta fyrir þingheimi, ef hann yfir höfuð veit hvernig hann ætlar sér að framkvæma þetta. Þetta lítur fallega út á prenti sjálfsagt fyrir einhverja en ég óska eftir því að það verði útskýrt fyrir þingheimi hvernig í ósköpunum ríkisstjórnin ætlar sér að standa að innheimtu þessa skatts.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, hef ég ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Ég mun gera nánari grein fyrir skoðun Frjálslynda hægriflokksins við 2. umr. eftir að málið hefur fengið umfjöllun í þeirri nefnd sem ég á nú sæti í.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu sem hér hefur farið fram um tekjuskatt og eignarskatt hefur nokkuð borið á góma sú ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið um hækkun vaxta á húsnæðislánum. Um það mál mætti raunar hafa mörg orð í ljósi þeirra orða sem hér hafa fallið, en tímans vegna skal ég reyna að stytta mál mitt. Ég hlýt þó að fara um þetta nokkrum orðum, ekki síst í ljósi alvarlegra ásakana sem fram komu í máli hv. 1. þm. Reykv. um einstaka þætti þessarar ákvörðunar.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt því m.a. fram að þessi ákvörðun bryti í bága við ákvæði húsnæðislaganna og ákvæði laganna þýði raunverulega að hækka hefði átt vexti á öll lán.

Í öðru lagi gerði þingmaðurinn athugasemd við það að vextir hefðu ekki verið hækkaðir á þegar tekin lán. Í ljósi þess má reyndar spyrja hv. þm. hvort það sé afstaða Sjálfstfl. að það hefði átt að hækka vextina á þegar tekin lán.

Í þriðja lagi dró þingmaðurinn í efa að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefði meiri hluta hjá stjórnarflokkunum.

Ég vil fyrst, virðulegi forseti, ræða um þá fullyrðingu þingmannsins að þessi ákvörðun brjóti í bága við lög, hafi ekki lagastoð og sé þess vegna ómerk. Ég hef leitað álits nokkurra lögfræðinga á þessari ákvörðun, þ.e. að hún gildi bara á lán frá ákveðnum tíma sem ekki hafa verið greidd út, og hef m.a. fengið skriflegt álit eins lögfræðings sem ég ætla að lesa kafla úr, með leyfi virðulegs forseta. Þar kemur fram m.a. eftirfarandi:

„Það vandamál sem hér er til álita er framkvæmd vaxtahækkunar á lánum Byggingarsjóðs ríkisins, þ.e. sú ákvörðun að öll lán úr sjóðnum sem komu til útborgunar fyrir ákveðið tímamark beri áfram 3,5% vexti en öll þau lán sem komu til greiðslu eftir þennan tíma beri 4,5% vexti.

Í fyrsta lagi verður að kanna hvort telja megi stjórnvöldum heimilt að láta mismunandi vexti gilda á lánum Byggingarsjóðs ríkisins yfirleitt. Í lögum segir það eitt að vextir skuli vera breytilegir. Á það væntanlega bæði við mismunandi vexti eftir lánaflokkum og felur einnig í sér heimild til að breyta vöxtum eftir á, enda er það tekið fram í útgefnum skuldabréfum að vextir séu háðir ákvörðunum ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Hvergi er þó að finna neitt ákvæði sem leggur skyldu á stjórnvöld til að breyta vöxtum með ákveðnum hætti, hvorki á ákveðnum tímamörkum, einstökum lánaflokkum né einstökum lánveitingum.

Húsnæðisstofnun ríkisins og lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins hafa verið undirstaða almennra fasteignaviðskipta í landinu. Fjár í Byggingarsjóð ríkisins er í grófum dráttum aflað með tekjum af eigin fé, fjárframlagi ríkissjóðs og sölu skuldabréfa til lífeyrissjóðanna. Lánskjör á skuldabréfum til lífeyrissjóðanna miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði. Beint framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins fer því í að jafna þann mun sem er á vöxtum útlána úr sjóðnum, ákveðnum sérstaklega af ríkisstjórninni hverju sinni, og þeim vöxtum sem Byggingarsjóður ríkisins greiðir til lífeyrissjóðanna.

Sú vaxtahækkun sem nú á að koma til framkvæmda er til þess að leiðrétta að einhverju þann mun sem þarna er á. Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins eru þannig niðurgreiddir af ríkissjóði með ákveðnum hætti og eru sjónarmið við vaxtaákvörðun ekki þau sömu og á almennum fjármagnsmarkaði eða þau sömu og notuð eru við almenna vaxtaútreikninga. Þetta má t.d. sjá glöggt á því hversu lengi útlánsvextirnir hafa verið óbreyttir þrátt fyrir að á þeim tíma hafi orðið töluverðar breytingar á fjáröflun til sjóðsins, m.a. með samningum um kaupskyldu lífeyrissjóðanna á skuldabréfum.

Með sjónarmiðum sem þessum má færa rök fyrir þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin sé ekki bundin af neinum sérstökum reglum um það hvernig og hvenær hækka megi vextina af einstökum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Að sjálfsögðu verður að gera þá kröfu að ríkisvaldið láti fagleg og málefnaleg sjónarmið ráða því hverjir skuli greiða hærri vexti en aðrir. Hér er valin sú leið að láta ákveðna reglu gilda um hóp manna sem eins er ástatt um, þ.e. þau lán sem koma til greiðslu eftir ákveðið tímamark bera öll sömu vexti. Hins vegar gildir önnur regla, a.m.k. enn um sinn, um þau lán sem þegar hafa komið til

útborgunar og má segja það sama hér að aftur gildir ein regla fyrir alla þá sem eins er ástatt um að þessu leyti.

Það eitt sér, að breyta reglum um vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins miðað við ákveðið tímamark, má því segja að sé eðlilegt og brjóti engan veginn í bága við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar."

Þessari afstöðu lögfræðingsins sem ég hef hér lesið og afstöðu nokkurra annarra lögfræðinga sem ég hef leitað til ber saman. Niðurstaða þeirra er á einn veg: Að ríkisstjórnin hafi ekki brotið gegn ákvæðum húsnæðislaganna með ákvörðun sinni. Hitt er aftur á móti ljóst að ríkisstjórnin hafði heimild til þess að hækka vexti á þegar tekin lán.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fram komi í þessari umræðu að sú ákvörðun sem var tekin nú um vextina er ekki ný af nálinni. Hún lá þegar fyrir á síðasta þingi, sl. vor þegar þessi hv. deild fjallaði um húsbréfakerfið og frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem fól í sér vaxtabætur.

Með upptöku húsbréfakerfisins og upptöku vaxtabótanna sérstaklega lá það að baki að gjörbreyta því fyrirkomulagi sem hefur verið og gilt hefur á niðurgreiðslu vaxta. Sem sagt að taka það raunverulega allt inn í einn farveg sem er vaxtabótakerfið. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar á sl. vori sem er bókuð í ríkisstjórninni og sem ríkisstjórnin stóð öll að og fram kom í þingskjölum hér á Alþingi, þ.e. í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, var að ríkisstjórnin stefndi að því að vaxtamunur af teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1%. Og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.

Á þeim tíma þegar þetta lá fyrir sl. vor stefndi í það að vextirnir sem ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðunum yrðu 5%. Hv. fjh.- og viðskn. lét bóka sína afstöðu í þessu efni og hún var á þann veg sem fram kemur í nál. meiri hlutans: „Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%." Það lá því alveg ljóst fyrir að þegar húsbréfakerfið tæki gildi 15. nóv. sl. mundu vextirnir hækka upp í a.m.k. 4,5%. Ríkisstjórnin tók líka aðra ákvörðun þessu samhliða, þ.e. að vextir á þeim tíma mundu ekki hækka á þegar teknum lánum. Því ætti auðvitað engum að koma það á óvart að þessi ákvörðun er tekin nú.

Og ef fyrir liggur samþykkt í þingflokki Framsfl., eins og hv. 1. þm. Vesturl. greindi hér frá, þá hlýtur það auðvitað að vera brot á því samkomulagi sem gert var sl. vor ef ákvörðun þingflokks Framsfl. er á þann veg að standa ekki að þessari vaxtahækkun. Þessi ákvörðun var samþykkt í ríkisstjórninni af ráðherrum allra flokka nema ráðherrum Borgfl., enda stóðu þeir ekki að því samkomulagi sem var gert sl. vor um meðferð vaxtanna þegar húsbréfakerfið yrði tekið upp.

Það er nokkuð athyglisvert í þessari umræðu að það virðist eiga verulegt fylgi hér í þingsölum að hækka vexti á þegar teknum lánum. Það hefur komið fram í máli nokkurra hér og er það auðvitað athyglisvert út af fyrir sig. Meira að segja kom það fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. að hann telur að gera eigi úttekt á vaxtakerfinu og vaxtabreytingar, þegar þær verði gerðar, eigi að ná jafnt yfir allt kerfið, bæði Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins. Ná yfir allt kerfið, sagði hv. þm. Það hlýtur þá að þýða það að hv. þm. er tilbúinn að ljá máls á því að hækka vexti t.d. á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum á hv. 1. þm. Vesturl. Það er auðvitað orðin regla en ekki undantekning að hann er á móti öllum tillögum sem ég flyt og lúta að húsnæðismálum, og gerir bókanir út og suður þegar þær koma fram. Ég hefði út af fyrir sig ekki orðið hissa þó að hann hefði líka gert bókun og athugasemd við það ef tillaga mín hefði verið um að lækka vexti á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins.

En það er líka áhugavert að skoða hvort þetta sé í fyrsta skipti sem þannig hefur verið staðið að vaxtaákvörðunum á húsnæðislánum. Við skulum rifja upp hvernig staðið var að vaxtahækkun í Byggingarsjóði ríkisins 1984 þegar Framsfl. og Sjálfstfl. fóru með völd og gátu þá auðvitað haft áhrif á framkvæmd þeirrar ákvörðunar. Þá, árið 1984, voru vextir 2,25%. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að hækka þá vexti upp í 3,5%, um 1,25% en ekki 1% eins og nú er gert. Var þá sú ákvörðun í samræmi við það sem nú er gagnrýnt, t.d. af fulltrúum Sjálfstfl. og Framsfl., að hækkunin yrði lægri og kæmi á þegar tekin lán? Nei, þeir völdu ekki þá leið þá að hafa hækkunina lægri og láta hana gilda á þegar tekin lán.

Þá lá fyrir álit lögfræðings Húsnæðisstofnunar um að þetta væri heimilt. Þar kemur fram: „Húsnæðismálastjórn er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að hækka vexti svo og dráttarvexti af lánum." Og síðar kemur fram: „Í 4. gr. segir enn fremur að lánakjör, þ.e. vextir, þóknun og verðtrygging, séu breytileg og er lánveitanda heimilt að breyta þeim án samþykkis lántaka, enda verði slík breyting kynnt opinberlega áður en hún tekur gildi." — Þá er hann að ræða um lán sem voru tekin á tímabilinu 1980–1984.

Átti hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem nú gagnrýnir þessa ákvörðun, ekki aðild að ríkisstjórn þá og gat haft áhrif á þessa ákvörðun? (**SV:** Ég var á móti því þá.) Mér sýnist því að framkvæmdin sé raunverulega með alveg sama hætti og var 1984 og þar var reyndar gengið ögn lengra. Þar kemur t.d. fram að 12. júlí 1984 tekur ríkisstjórnin þessa ákvörðun að hækka vexti um 1,25%, úr 2,25 í 3,5%, og skyldi sú ákvörðun vera framkvæmd á lánin frá 1. júlí. Það þýðir að þeir, sem höfðu fengið sín lán útgefin þá með vaxtaákvæði inni í sínum samningi um 2,25%, bjuggu við það 12 dögum seinna að ríkisstjórnin hafði hækkað vextina um 1,25% á þeirra láni einnig. Þessi ákvörðun var tekin, að hækka vextina á þegar tekin lán 12 daga aftur í tímann.

Það sem ég hef hér kynnt liggur fyrir skjalfest í

bréfi sem ég er hér með í höndunum frá Húsnæðisstofnun. Þar segir:

„Framkvæmd vaxtahækkunarinnar 1984 var með sama hætti og nú, þ.e. öll lán sem voru greidd úr veðdeild Landsbanka Íslands frá og með 1. júlí 1984 bera 3,5% vexti og 1% vexti.“ (**FrS:** Það er framkvæmdin.) Þetta er framkvæmdin. Og af því að hv. þm. Friðrik Sophusson dró upp dæmi af sjómannskonunni sem kom degi of seint og þarf því að bera 1% hærri vexti, þá var framkvæmdin 1984 með nákvæmlega sama hætti. Allir þeir, sem höfðu lagt inn sín gögn fyrir 12. júlí og jafnvel fyrir 1. júlí, þó að þau biðu bara eftir afgreiðslu hjá veðdeildinni, þurftu að bera þessa vaxtahækkun. Þar var engum hlíft við því. Þetta var ákvörðun sem var tekin og frá þeim degi báru allar greiðslur, sem komu út eftir þennan dag, þessa vexti.

Og hér segir: „Í skuldabréfum sem gerð voru frá 1. júlí 1984 til 12. júlí 1984 voru lægri vextir skráðir. Hins vegar þegar kom að fyrsta gjalddaga var reiknað með þeim vöxtum sem tóku gildi hinn 1. júlí 1984.“ Og hér er sagt orðrétt: „Framkvæmdin þá var því með nákvæmlega sama hætti og nú er.“ Ég vil því segja það, virðulegi forseti, að mér þykir þeir þingmenn, sem koma hér nú og gagnrýna þessa framkvæmd, nota sterk orð. Hv. þm. Friðrik Sophusson sagðist sjaldan hafa vitað um svívirðilegri athöfn en þessa. Hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði um forkastanlega ákvörðun. Þetta er nákvæmlega sama ákvörðun og var tekin 1984 þegar Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu þessi mál í sínum höndum. Og þá var framkvæmdin í höndum hv. þm., páv. félmrh., Alexanders Stefánssonar. Hann notaði ekki tækifærið þá að hafa lægri vextina og láta þá ná yfir öll þegar tekin lán.

Virðulegi forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. En ég vil endurtaka það að ákvörðun um vaxtahækkun lá fyrir þegar í vor. Það mátti því öllum vera ljóst að vaxtahækkun yrði þegar húsbréfakerfið tæki gildi og ég hef lýst því hér að fyrir þessari framkvæmd eins og að henni var staðið eru fordæmi frá 1984.

Ég vil líka bæta því við í lokin, virðulegi forseti, þar sem verið er að tala um að þessi ákvörðun íþyngi — ja, sumir tala um láglaunahópana og fólk með miðlungstekjur. Svo er ekki. Það er einmitt vaxtabótakerfið sem á að taka upp nú um áramótin sem er jöfnunaraðgerð, sem skilar því sem við höfum svigrúm til að veita til niðurgreiðslu betur til láglaunafólksins og fólks með miðlungstekjur. Þeir sem vilja viðhalda óbreyttum vöxtum í núverandi kerfi, 3,5% vöxtum, fyrir hverju eru þeir að tala? Þeir eru að tala fyrir því að viðhalda vöxtum, niðurgreiddum vöxtum, einnig til hátekjuhópanna, fólks sem fer í biðraðirnar bara til að sækja sér niðurgreidd lán.

Ég fæ ekki annað séð en þeir sem tala fyrir niðurgreiddum vöxtum séu einmitt að tala fyrir hátekjufólkið. Og meðan við greiðum niður vextina svo mikið fyrir hátekjufólkið, hvernig tökum við peninga fyrir því? Við þurfum þá að hækka skatta. Eru menn tilbúnir að standa að því? (**ÞP:** Hverjir eru hátekjumenn?) Það liggur fyrir, hv. þm., að fólk með 150–170 þús. kr. bruttóheimilistekjur fær þessa vaxtahækkun, þessa 1% vaxtahækkun bætta gegnum vaxtabótakerfið.

Ég get einmitt tekið dæmi af því hvernig þetta vaxtabótakerfi kemur út t.d. gagnvart fólki með lágar tekjur og hvernig það kemur út gagnvart fólki með háar tekjur. Við skulum taka dæmi af fjölskyldu sem á ekki neitt, hvorki neina eign eða neitt framlag sem hún getur sjálf lagt fram. Hún kaupir sér 6 millj. kr. eign, fær 4 millj. kr. að láni í húsbréfakerfi. Hún er með 1500 þús. í heimilistekjur. Hún er með vaxtagjöld vegna þessa upp á 260 þús. Útborgaðir vextir hjá þessari fjölskyldu eru 170 þús. kr. Þessi fjölskylda greiðir því sjálf 90 þús. kr. Raunvextir hjá þessari fjölskyldu eru 2,8% og hún fær vaxtabætur greiddar nánast allan lánstímann, í 25 ár. Staðreyndin er einmitt sú að fólk með lágar og miðlungstekjur greiðir raunverulega ekki með upptöku vaxtabótakerfisins nema 2–3% raunvexti. Og þá getum við tekið samanburð einnig af fjölskyldu með 4 millj. í árstekjur sem kaupir sér 11 millj. kr. eign og fær 8 millj. lánaðar í gegnum húsbréfakerfið. Vaxtagjöld þessarar fjölskyldu eru 520 þús. Hún fær greitt í vaxtabætur svipað og láglaunafjölskyldan, 173 þús. en vaxtabyrðin er 347 þús. á móti 90 þús. hjá lágtekjufjölskyldunni. Það sem er munurinn er að raunvextir þessarar hálaunafjölskyldu eru 4,4% vextir á móti því að raunvextir lágtekjufjölskyldunnar eru ekki nema 2,8%. Ég held að þetta dæmi sýni nokkuð vel að vaxtabótakerfið er til hagsbóta fyrir láglaunafjölskyldur, fólk með miðlungstekjur og er miklu meira jöfnunarkerfi fyrir láglaunafólk heldur en það kerfi sem við nú búum við þar sem allir fá sömu niðurgreiðslu, hálaunafólk sem láglaunafólk.

Í lokin, virðulegi forseti, af því að spurt var: Af hverju var ekki tekin ákvörðun um 0,5% vaxtahækkun á þegar tekin lán, þá alveg frá 1984, sem hefði gefið ríkissjóði sömu upphæð? Þá vill svo til að þegar dæmið er skoðað lengra fram í tímann þá gefur 1% hækkun á lán sem eru tekin frá ákveðnum degi, í þessu tilfelli frá 6. des. en virkar ekki á þegar tekin lán, hún gefur meira til lengri tíma litið. (**FrS:** Þeir eiga að borga fyrir hina.) Hún gefur meira til lengri tíma litið og munar þar verulegu. Munar þar t.d. upp undir 100 millj. hvað 1% vaxtahækkun á lán frá þessum ákveðna tíma gefur ríkissjóði t.d. á árinu 1993 heldur en ef þetta hefði verið ákveðið á þegar tekin lán frá 1984 sem mér finnst margir tala fyrir við þessa umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls sérstaklega vegna þess frv. sem hér er til umræðu, en ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var sú umræða sem hér hefur farið fram í hv. deild undir þessum dagskrárlið varðandi húsnæðismál og vaxtaákvarðanir varðandi húsnæðismálin. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þau efni, það er ekki ástæða til þess af minni hálfu. En vegna þess að ég tók

nokkurn þátt í umræðum um þessi mál á síðasta þingi þegar til umræðu var frv. um húsbréfakerfi og um vaxtaákvarðanir, þá sé ég ástæðu til að nefna nokkur atriði.

Sú vaxtaákvörðun sem nú hefur verið ákveðin á húsnæðisstjórnarlánum er auðvitað tilfinnanleg, felur í sér mjög verulega hækkun á vöxtum þeirra sem taka lán í almenna húsnæðislánakerfinu. Sú hækkun nemur ekki minna en þriðjungi miðað við það að vextirnir hefðu haldist óbreyttir. Og það þarf auðvitað ekki neina spekinga til þess að sjá það að hér er um verulegar upphæðir að ræða fyrir þá aðila sem þurfa að greiða þessa hærri vexti.

Það ber hins vegar að minna á það jafnhliða að það er vegna þess hvernig staðið var að ákvörðunum hér á síðasta þingi um þessi mál að ekki hefur farið verr heldur en þetta í sambandi við vaxtaákvarðanir á húsnæðislánum.

Ég stóð hér í þessum ræðustól oftar en einu sinni varðandi umræður um þessi efni og átti hlut að því að það var neglt niður í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. að vextir af húsnæðislánum vegna þeirra breytinga sem til umræðu voru færu aldrei yfir 4,5% hið hæsta. En það er ekki rétt að mínu mati sem haldið var fram hér af hæstv. félmrh. að slík ákvörðun, um að nýta þessa heimild, hafi verið tekin þá. Hún var ekki tekin á þeim tíma heldur var verið að taka hana nú alveg nýverið. Svigrúmið sem ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra höfðu varðandi þetta mál var að hámarki 4,5% en ekki að minnsta kosti 4,5% eins og hæstv. ráðherra orðaði það hér í ræðu sinni áðan, enda hefur ríkisstjórnin virt þetta hámark við ákvörðun sína og ekki gengið gegn þingviljanum, enda hefði það þótt tíðindum sæta. Það er hins vegar rétt að nefna það að af hálfu hæstv. ráðherra og af hálfu Alþfl. var hugmyndin að standa að þessu máli með allt öðrum hætti. Ef hæstv. félmrh. hefði komið vilja sínum fram hér gagnvart þinginu sl. vor hefðu menn ekki staðið frammi fyrir þriðjungs hækkun á húsnæðisstjórnarlánum heldur einhverjum öðrum og hærri tölum því að það var hugmyndin að ekkert þak yrði á þessari vaxtaákvörðun og engin binding að öðru leyti en því að vextirnir yrðu ekki hærri en sem svaraði að vaxtamunur gagnvart raunvöxtum væri 0,5–1%.

Hvað ætli raunvextir séu um þessar mundir, almennt? Ég hef það ekki nákvæmlega fyrir mér hér, en ég efast um að þeir séu fjarri því að liggja á bilinu 6,5–7% eða þar um bil. Og þá sjá menn það hver niðurstaðan kynni að hafa orðið ef hæstv. félmrh. hefði getað knúið fram þá stefnu sína sem hann boðaði hér og reyndi að fá samþykkta sl. vor í sambandi við svigrúm til vaxtaákvarðana í húsnæðismálum.

Ég tel að þessi ákvörðun sem nú liggur fyrir sé óskynsamleg miðað við allar aðstæður og alveg sérstaklega miðað við það að ekki er búið að ganga frá því verðbótakerfi sem við á að taka og hæstv. ráðherra gerði hér að umtalsefni hvernig það verður útfært í einstökum atriðum. Og það sem ég hlýt að gagnrýna í þessu efni er að það er ekki samfella í ákvörðunum. Það er ekki stillt saman um þessar ákvarðanir sem réttmætt væri þannig að ljóst sé hvað er verið að gera á hverjum tíma. Verðbótakerfið sem á að taka gildi um áramót en vaxtaákvarðanir þegar teknar. Milliþinganefnd sem átti að fara ofan í þessi efni hefur ekki skilað af sér til þingsins. Þetta eru ekki vinnubrögð við hæfi í svo stórum málaflokki sem varðar jafnmarga miklu eins og húsnæðismálin. Á þetta er skylt að benda.

Ég hlýt líka að nefna hér við þessa umræðu það samkomulag sem Kvennalistinn stóð að við ríkisstjórnina varðandi húsbréfakerfið sl. vor. Þær hjálpuðu hæstv. félmrh. til að fá það kerfi lögfest hér í þinginu og raunar tryggðu framgang þess eins og ljóslega kom fram á þeim tíma. Það er viðurkennt hér af talsmanni Kvennalistans að í dag vildu þær gjarnan reyta hár sitt ef það mætti verða til þess að tryggja það að við þetta samkomulag væri staðið en viðurkennt að það yrði kannski til heldur lítils. Þess vegna sitja þær ósköp prúðar hér í þingsölum. Mér finnst það ósköp dapurlegt Kvennalistans vegna, vegna þess að eflaust var þetta samkomulag gert í góðri trú, að þær standa nú frammi fyrir þessari niðurstöðu, og það er virðingarvert að þær viðurkenna það að sú hefur reyndin á orðið. En þær voru varaðar við í umræðum hér í þinginu að það samkomulag sem þær stóðu að á þessum tíma tryggði ekki framkvæmd þeirra mála sem þær voru að reyna að fá fram í sambandi við félagslegar íbúðabyggingar og fleira. Þær gengu ekki frá þessu samkomulagi þannig að þær gætu haft það í hendi að eftir gengi. Ég kalla það hraustlega að verið hjá hv. 12. þm. Reykv. að standa hér fyrir máli sem varðar þetta samkomulag á þessum tíma vegna þess að það var alveg ljóst að hv. þm. hafði ekki mikinn hug á því eða var ekki mjög bjartsýnn í þessum efnum að því er húsbréfakerfið varðaði þegar það mál var hér til umræðu upphaflega í þinginu, líklega í marsmánuði.

Auðvitað gat ekkert tryggt framgang þessara mála varðandi félagslegar íbúðabyggingar og magnaukningu í þeim efnum nema aukin framlög til þeirra mála af ríkisins hálfu, en það var ekki það sem Kvennalistinn samdi um. Og nú er það í mikilli óvissu hvað verður um frangang þess máls út af fyrir sig og sjálfsagt seint úr því skorið hvað verður rakið til þess samkomulags sem þarna var gert á sínum tíma sem gerði félmrh. kleift að ná fram og lögfesta frv. um húsbréf, breytingu á húsnæðisstjórnarlánunum þar að lútandi sl. vor. Það sem snýr að Kvennalistanum skiptir þó ekki mestu máli í þessum efnum þó að hann beri ábyrgð á lagasetningunni, fyllstu ábyrgð á þeirri lagasetningu, heldur hitt að það tókst að fá hér niðurneglda ákvörðun meiri hl. fjh.- og viðskn. í nál. um það að svigrúm til vaxtahækkana væri takmarkað, þar væri sett á þak, en í því þaki fólst engin ákvörðun um það að vextir skyldu hækka á tilsettum tíma, einhverjum ákveðnum tíma eins og hæstv. félmrh. var að láta liggja að hér. Það er sjálfstæð ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur nú tekið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Þessar umræður sem hér hafa farið fram um frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt hafa nú á síðustu mínútum nokkuð snúist um vaxtabætur og einnig um nýlega hækkun á lánum frá Húsnæðisstofnum ríkisins, lánum Byggingarsjóðs ríkisins og réttmæti og lögmæti þeirrar hækkunar. Jafnframt hefur verið rifjuð upp sagan í þessu máli og ýmis sjónarmið komið fram sem eru ákaflega athyglisverð. Það hefur t.d. gerst nú að síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Austurl., hefur rifjað það rækilega upp að ákvörðun um vaxtahækkunina nú var ekki tekin sl. vor. Þvert á það sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan kemur það skýrt fram í meirihlutanál. fjh.- og viðskn. Nd., en þar segir, með leyfi forseta:

„Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4,0–4,5%." Þetta þýðir ekki að það skuli hækka vextina. Það er bara verið að setja þak á vaxtahækkanir yfir höfuð af því að menn höfðu ótta af því að þeir yrðu hækkaðir enn meira. Og það er algjörlega út í bláinn að gagnálykta frá þessu með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur gert. Og auðvitað er það rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni og hefur reyndar verið sagt hér áður, að þessi ákvörðun var ekki tekin þá.

Þá kem ég að því sem hefur verið leitt inn í þessa umræðu sem menn hafa talið að skipti máli og það er að ósanngjarnt sé að koma aftan að fólki sem hefur tekið lán því það hafi gert áætlanir. Auðvitað er það svo að fólk gerir áætlanir, a.m.k. margir, ekki allir. En fólkið hefur skrifað undir skuldaviðurkenningu með breytilegum vöxtum og það er enginn munur á því hvort fólkið var búið að fá lánið í hendurnar eða búið að fá lánsloforðið og hafði beðið kannski í þrjú ár, verið búið að kaupa íbúð fyrir tveimur árum, hvor tveggja hópurinn gerði auðvitað áætlanir þannig að þessi rök eru engin rök í þessu máli. Báðir hóparnir hljóta að gera áætlanir. Áætlunin verður að miðast við það að vextir séu breytilegir.

Ég mun koma að því hér á eftir og skýra það að það vill svo til að ég var formaður félmn. í Nd. þegar lögin voru sett 1986 og þá sat í nefndinni hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir.

Það er annað. Áður en ég kem að því vil ég þó segja frá því sem mér finnst vera merkilegt að hér hafa aðrir hv. þm. komið upp og bæst í hópinn, þar á meðal hv. 6. þm. Norðurl. e., sem staðfestir það að það er mikill meiri hluti Alþingis á móti þeirri framkvæmd sem hefur orðið á vaxtahækkunum (**SV:** Það lá fyrir í vor.) og hefur legið fyrir í lengri tíma, bætir hann við. Þetta hlýtur að vera íhugunarefni fyrir hæstv. ráðherra, þegar hann framkvæmir hluti með þessum hætti, þegar honum er sagt að sá samningur sem hæstv. ríkisstjórn gerði við Kvennalistann 1. maí sl. hafi ekki byggst á þeim stjórnarmeirihluta sem þá var fyrir hendi. Það hefur verið staðfest hér í umræðunni. Það er búið að staðfesta það af hv. þm. Framsfl. að þeir standi ekki að þessu og fleiri hafa bæst í hópinn þannig að það er ljóst að hæstv. ráðherra er á mjög hálum ís þegar hann tekur fram fyrir hendur á þingmeirihlutanum vegna þess að hann telur sig bundinn af samningi við örfáa þingmenn úr einum stjórnarandstöðuflokki. Þá kem ég að þeim samningi og ég vil fyrst segja það að ég hlýt að fagna því sem kom fram í ræðum hv. þm. Kvennalistans sem hér töluðu í umræðunni.

Í fyrsta lagi kom það fram að Kvennalistinn segir að afstaða listans til þessarar vaxtahækkunar hafi komið fram í atkvæðagreiðslu í stjórn Húsnæðisstofnunar þar sem fulltrúi Kvennalistans greiddi atkvæði gegn vaxtahækkuninni. Það er mjög mikilvægt að þetta komi fram því að þar bætist við að jafnvel þeir sem sömdu við hæstv. ráðherra telja sig ekki hafa verið að semja um vaxtahækkun. Þeir sömdu ekkert um slíkt, og það er mjög mikilvægt að þetta komi fram með þessum hætti. Þeir hv. fulltrúar Kvennalistans sem hér hafa talað hafa sagt að það hafi m.a. verið gert, ef ég hef skilið þá rétt, vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við sinn hluta samningsins. Og það er ósköp einfalt að sjá hvaða hlutir það eru. Það hefur verið rifjað hér upp. Samningurinn er í fjórum liðum. Það hefur komið fram í þessum umræðum að við 1. liðinn hefur ekki verið staðið, við 2. liðinn hefur ekki verið staðið. 3. liðurinn fjallar um það mál sem við höfum verið að ræða hér í dag, þ.e. að vextir af þeim lánum sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd. Við hann hefur verið staðið af hálfu ríkisstjórnar með því að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun gegn Kvennalistanum í málinu en þó með þeim hætti að Kvennalistinn getur ekki annað sagt en að staðið hafi verið við samninginn. Þetta er athygli vert. Í fjórða lagi er í samningnum sagt að þingflokkur Kvennalistans taki þátt í undirbúningi gildistökunnar á grundvelli hinna þriggja atriðanna.

Mér finnst þetta mál vera svo stórkostlegt og svo nauðsynlegt að almenningur í landinu fái að kynnast því hvernig að þessu er staðið að þessum tíma hér í dag hafi verið mjög vel varið því að það kemur í ljós að ábyrgðin á þessu atriði hvílir eingöngu á hæstv. ríkisstjórn og þó einkum og sér í lagi á hæstv. félmrh. Það er ekkert leyndarmál, og ég get upplýst það hér, að ég hef átt tal við nokkra hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni og þeim hefur öllum borið saman um að þeir hefðu kosið að hafa annan hátt á, en hæstv. félmrh. hafi sífellt borið fyrir sig að slíkt væri ekki hægt því að hann væri bundinn af því að hækka lánin einungis á þeim sem hefðu beðið lengst og væru núna fyrst að fá útborgað í desemberbyrjun. Nú hefur Kvennalistinn staðfest það hér í umræðunum að hann sé á móti þessari vaxtahækkun sem hæstv. ráðherra hefur sagt að hann bæri ábyrgð á framkvæmdinni á. Þetta kann að hljóma dálítið flókið en þetta er nú niðurstaðan í þessu máli.

Ég sé í sjálfu sér ekki mikinn tilgang í því að vera að munnhöggvast við Kvennalistann um það hvað orð þýði. Ég tek satt að segja mark á orðabók Menningarsjóðs eins og fleiri ágætir hv. þm. Það er þó að mínu

mati alveg kristaltært að afturvirkni vaxta þýðir það að vextir séu reiknaðir aftur á bak en ekki það að þeir komi ekki á þá sem þegar eru búnir að taka lán. Á sama hátt er það alveg kristaltært í venjulegu máli, og reyndar staðfestir orðabókin það, að það sama eigi við þegar rætt er um afturvirkni skatta. Það þýðir ekki, ef skattar eru hækkaðir um 2%, eins og hæstv. ríkisstjórn er núna að gera, að þá eigi sú skattahækkun eingöngu að koma á nýja skattgreiðendur, þá sem eru 16 ára í ár, heldur þýðir það allt, allt annað. Ef talað er um afturvirkni í sköttum þýðir það að verið sé að leggja aukaskatta á tekjur til að mynda, sem þegar hafa orðið til, aftur í tímann. Þannig er talað um afturvirkni í því sambandi. Og mér er fullkomlega ljóst að fulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, þegar hún flutti ræðu hér í hv. Nd. hinn 8. maí sl. og ræddi um afturvirkni í þessu sambandi, var að sjálfsögðu að tala um það sem hún lýsti hér ágætlega í sinni ræðu. En hún notaði hugtakið „afturvirkni" og ég er að reyna að reka það til baka að slíkt hugtak sé notað hér í umræðum því að það gefur til kynna að fólk sem hefur tekið lán gæti haldið að nú eigi að reikna vexti á þann tíma sem það hefur haft lánið á undanförnum mánuðum eða árum, en auðvitað hefur aldrei verið rætt um annað en það að vextirnir reiknast af láninu frá tilteknum tíma, annaðhvort þegar ákvörðun er tekin eða síðar. Og það er það sem skiptir öllu máli því að það er talsverður misskilningur uppi í þjóðfélaginu einmitt um þetta hugtak. Ástæðan fyrir því að ég nefndi það sérstaklega var einmitt sú.

Um hrossakaup get ég verið stuttorður. Ég er líka sammála orðabókinni, einmitt um það dæmi sem tekið er af þingmönnum. Það eru kaup um það þegar einn þingmaður semur við annan og ábatinn kemur fram með þeim hætti sem lýst er í orðabókinni. Ábatinn sem Kvennalistinn taldi sig fá af þessu samkomulagi var auðvitað að Kvennalistinn gat sagt: Við fengum það út úr þessu fyrir fólkið sem er í félagslega húsnæðiskerfinu. Við fengum út úr því og það er okkur að þakka að þetta fólk í félagslega kerfinu fær núna frekari framkvæmdir í húsbyggingum en áður. Þetta er það sem Kvennalistinn ætlaði að hæla sér af. En þá gerist það að hæstv. ríkisstjórn platar Kvennalistann, nákvæmlega eins og hv. síðasti ræðumaður sagði: Hæstv. ríkisstjórn eykur framkvæmdamagn fjármagnsins en það fjármagn kemur ekki úr ríkissjóði heldur er tekið að láni og rýrir þess vegna fé sjóðsins án þess að framlög komi. (**HG:** Það var ekkert um það samið.) Það var ekkert um það samið, það er hárrétt. En ég trúi því ekki að Kvennalistinn hafi verið að semja um annað en það að ríkið legði til aukna fjármuni í þessu skyni. Ég held hins vegar að hæstv. ríkisstjórn hafi kosið að skilja samninginn með þessum hætti og notfært sér þannig orðalag samningsins út í hörgul og hefur ekki einu sinni staðið við það sem í samningnum var.

Nú langar mig til að koma hér að hinu lögfræðilega atriði málsins. Árið 1986 var ég formaður í félmn. Nd. ef ég man rétt. Hv. þm. og hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sat í nefndinni og á örfáum dögum kýldum við í gegn, þ.e. meiri hlutinn sem þá var við völd, þessar breytingar í kjölfar kjarasamninga. Ég stjórnaði því verki ásamt formanni nefndarinnar í Ed. Það var ekki vinsamleg athöfn, hæstv. ráðherra man það. Þetta var gert á löngum fundi sem var haldinn í Rúgbrauðsgerðinni. Ég segi það hér og staðhæfi að þegar talað var um breytilega vexti í þessari grein, þá var það alveg ljóst að það byggðist á því að Húsnæðisstofnun ríkisins, Byggingarsjóðurinn, var að fá nýja fjármögnunarleið, átti að taka lán hjá lífeyrissjóðunum sem hlutu að vera skv. samningi ríkisins við lífeyrissjóðina. Hugmyndin var sú að þeir sem síðan fengju lán úr Byggingarsjóðnum greiddu lægri vexti, en ríkið borgaði muninn. Breytilegir vextir áttu síðan, og það var kannski meginhugmyndin, að geta breyst í takt við þá samninga sem ríkið gerði við lífeyrissjóðina. Með öðrum orðum, ef ríkið hefði orðið að semja við lífeyrissjóðina um 8% vexti hefði átt að hækka útlánavexti Byggingarsjóðs ríkisins í þessum lánaflokki. Ef hæstv. fjmrh. hefði náð samningum um 4% eða 5% þá átti að lækka vextina samsvarandi til þess að hinn mikli vaxtamunur sem þarna myndaðist lenti ekki á ríkinu á örskammri stundu. Um þetta höfum við, ég og hæstv. félmrh., rætt, þar á meðal í síðustu ríkisstjórn, þ.e. um þann mikla vaxtamun sem þarna skapaðist.

Þetta er mergurinn málsins. Þetta er kjarninn í því sem við erum að tala hér um. Það er hreint brot á jafnræðisreglunni og mjög óréttlátt og ósiðlegt að hækka vexti með þessum hætti. Þegar hæstv. ráðherra minnist á 1984, þá gerðist það í kjölfar lagabreytingar sem þá átti sér stað. Nú er ekki um það að ræða. Þetta er beinhörð ákvörðun á grundvelli gildandi laga um breytilega vexti í lögunum um Húsnæðisstofnun.

Nú kem ég að einu atriði sem ég held að skipti mjög miklu máli að alþjóð veiti eftirtekt. Ef hæstv. ráðherra gerir álit lögfræðingsins, sem hún minntist hér á, að sínu er hún að segja það hér að hvaða hæstv. félmrh. sem er getur, í nafni ríkisstjórnar, hækkað vexti á hvaða tilteknum hóp sem er í þessum lánaflokki eftir að hafa fengið álit stjórnar Húsnæðisstofnunar og Seðlabanka Íslands. Með öðrum orðum, það er staðfest hér að það sé ekki brot á þessum lögum ef hæstv. félmrh. ákveður að hækka vexti sérstaklega á lánum sem tekin voru t.d. á árinu 1988, öllu sl. ári. (**Gripið fram í:** Má maður skilja þetta sem staðfestingu?) Það eina sem ég segi, ef æðsta stjórnvaldið, hæstv. félmrh., gerir tillögur eða hugmyndir lögfræðingsins að sínum er hann að segja við allt það fólk sem stendur í því að selja og kaupa eignir á markaðinum að það sé hvenær sem er hægt að hækka vexti þannig að tiltekin lán, t.d. öll lán sem voru greidd út 1988, beri hærri vexti en önnur lán í þessum flokki um óákveðinn tíma. Það er nákvæmlega það sem kemur fram í þessu lögfræðilega áliti. Og nú spyr ég hv. þm.: Finnst ykkur þetta vera góð ákvörðun? Ég tek dæmi: Ákveðinn aðili hverfur frá því að taka lán á 4,5% vöxtum og ákveður að kaupa íbúð sem er

með áhvílandi lánum sem eru 3,5%. Þessi íbúð hefur hækkað í verði af því að hún er núna með háum lánum á lægri vöxtum. Sá aðili getur átt von á því í næstu viku eða á næsta ári að vextir verði hækkaðir af þessum lánum af því að þau eru frá einhverjum tiltekna tíma. Lögfræðilega álitið staðfestir þetta. Það er þetta sem mér þykir vera óréttlátt og ég tel að ef á annað borð hefði átt að hækka vexti, sem ég ætla ekki að leggja neinn dóm á en veit að hæstv. ríkisstjórn hefur rétt til, ef hæstv. ríkisstjórn hefur ætlað að gera það eins og mönnum er sæmandi og ef hæstv. ríkisstjórn hefur viljað gera það í takt við meiri hluta Alþingis, hefði vaxtahækkunin átt að vera lægri og ná til alls hópsins. Það er hið eina sem ég hef verið að segja. Það hef ég verið að gagnrýna og undir þá gagnrýni hafa allir þeir tekið sem hér hafa talað nema hv. þm. Kvennalistans. Þeir hafa hins vegar staðfest að brotið hefur verið á samkomulaginu við þá hv. þm. og þeir beri enga ábyrgð á þessari vaxtahækkun og greitt atkvæði gegn henni í stjórn Húsnæðisstofnunar. Þannig stendur hæstv. félmrh. berstrípaður frammi fyrir þjóðinni í þessu máli.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég ætlast að sjálfsögðu til þess að hæstv. ráðherra taki til máls og svari því sem til hans hefur verið beint, hvort sem það gerist nú í dag eða á mánudaginn. Ef hæstv. ráðherra hefur ekki tekið eftir einu eða neinu sem hér hefur verið sagt, þá get ég rifjað upp eitt atriði fyrir hann. Það er að segja hér skýrt og skorinort frá því hvað hann átti við þegar hann sagði í sinni ræðu að hann væri tilbúinn til að greiða fyrir að ákveðið þmfrv. næði fram að ganga í hv. fjh.- og viðskn. Ég hélt, sjálfsagt af misskilningi, að hæstv. ráðherra væri að taka í útrétta hönd þm. Sjálfstfl. í því máli. En af frammíkalli ráðherrans mátti ráða að um misskilning væri að ræða og ég kýs að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því sjónarmiði sínu.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Byggðastofnun (174. mál, stimpilgjöld af lánsskjölum) 1845.
Byggðastofnun (184. mál, kvennadeild) 1714, 1848.
Drengskaparheit unnið 1655.
Eignaskrá ríkisins (155. mál) 1738.
Endurgreiðsla söluskatts af tryggingaiðgjöldum (170. mál) 1749.
Erfðafjárskattur (56. mál, tvísköttunarsamningar) 1902.
Gjaldheimtan í Reykjavík (156. mál) 1734.
Greiðslujöfnun fasteignaveðlána (127. mál, launavísitala) 1575.
Grunnskóli (102. mál, kynning á menningarstarfsemi) 1711, 1848.
Heilbrigðisþjónusta (177. mál, slysaforvarnir) 1626, 1656.
Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg (192. mál) 1770.
Hundar til fíkniefnaleitar (161. mál) 1759.
Kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum (12. mál) 1798.
Kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum (122. mál) 1729.
Kosning í tryggingaráð 1797.
Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið (158. mál) 1530, 1804.
Laun forseta Íslands (130. mál, heildarlög) 1827.
Lánsfjárlög 1989 (74. mál, lántökuheimild ríkissjóðs) 1633.
Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna (139. mál) 1619, 1656.
Listskreytingasjóður ríkisins (85. mál) 1720.
Lífeyrissjóður bænda (216. mál, fjármögnun útgjalda og verðbætur) 1824.
Lækkun eignarskatta (198. mál) 1740.
Málsókn á hendur Magnúsi Thoroddsen (182. mál) 1752.
Námsgagnastofnun (167. mál, heildarlög) 1575.
Námslán og námsstyrkir (90. mál, skipunartími stjórnar Lánasjóðs) 1858, 1902.
Netaveiði göngusilungs í sjó (188. mál) 1762.
Niðurskurður á riðufé (189. mál) 1765.
Opinbert eftirlit með lífeyrissjóðum (126. mál) 1732.
Rannsókn kjörbréfs 1655.
Ríkisbókhald, ríkisreikningur og fjárlög (202. mál, fjáraukalög) 1718, 1848.
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum (125. mál, meðdómsmenn) 1632, 1707.
Samræmt lífeyriskerfi (154. mál) 1736.
Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands (151. mál) 1723.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (75. mál, heildarlög) 1849, 1869, 1901.
Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar (194. mál) 1576, 1831, 1835.
Sóttvarnalög (173. mál, heildarlög) 1575.
Starfslaunasjóður leikhúslistafólks (101. mál) 1709, 1848.
Steinataka í náttúru Íslands (116. mál) 1770.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 1707.
Stofnun og slit hjúskapar (52. mál, sáttatilraunir) 1575, 1656.
Sveitarstjórnarlög (191. mál, slysavarnir) 1629, 1656.
Tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta (146. mál) 1726.
Tekjuskattur og eignarskattur (185. mál, eignir og tekjur barna) 1653, 1707.
Tekjuskattur og eignarskattur (210. mál, skattstigi o.fl.) 1875, 1894, 1903.
Tekjustofnar sveitarfélaga (186. mál, tekjur barna) 1654, 1707.
Tilhögun þingfunda 1848, 1894.
Tryggingasjóður fiskeldis (132. mál) 1755.
Um þingsköp 1529 (afstaða Sjálfstfl. til virðisaukaskatts); 1728 (röð mála á fundinum).
Úreldingarsjóður fiskiskipa (197. mál) 1827, 1836.
Valddreifing og flutningur stofnana út í héruð (107. mál) 1743.
Varnargarðar sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar (115. mál) 1769.
Veiðieftirlitsgjald (178. mál) 1649.
Veiðieftirlitsskip (117. mál) 1770.
Veiting ríkisborgararéttar (53. mál, fyrra stjfrv.) 1631, 1707, 1826.
Virðisaukaskattur (208. mál, skatthlutfall o.fl.) 1656.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 1655, 1720, 1722, 1728, 1729, 1770, 1789, 1796.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 1708, 1786, 1848, 1886, 1893, 1894, 1901, 1917.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1744, 1827.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 1752, 1760, 1762.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 1921.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 1633, 1645, 1656, 1693, 1727, 1729, 1733, 1735, 1737, 1739, 1741, 1742, 1746, 1748, 1749, 1750, 1751, 1824, 1871, 1875.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 1576, 1609, 1756, 1758, 1764, 1766, 1768, 1769.
Menntmrh. Svavar Gestsson 1704, 1713, 1721, 1724, 1860, 1863, 1868.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1573, 1574, 1649, 1827.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 1530, 1544, 1571, 1729, 1732, 1798, 1802.
Alexander Stefánsson 1732, 1734, 1913.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 1539.
Birgir Ísl. Gunnarsson 1859, 1862, 1864.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 1588, 1606, 1726, 1728, 1732, 1743, 1745, 1759, 1761, 1835, 1845.
Egill Jónsson 1581, 1617, 1833.
Eiður Guðnason 1592, 1608, 1705, 1734, 1736, 1738, 1740.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1572, 1704, 1706, 1777, 1796, 1797.
Friðjón Þórðarson 1632.
Friðrik Sophusson 1635, 1649, 1653, 1654, 1849, 1869, 1874, 1886, 1893, 1895, 1930.
Geir H. Haarde 1636, 1718, 1742.
Guðmundur H. Garðarsson 1545, 1572, 1704, 1740, 1751, 1804.
Guðni Ágústsson 1783.
Guðrún Agnarsdóttir 1608, 1619, 1625, 1628, 1630, 1688, 1703.
Halldór Blöndal 1529, 1595, 1666, 1697, 1702, 1705, 1706, 1747, 1755, 1757, 1845.
Hjörleifur Guttormsson 1543, 1544, 1570, 1571, 1728, 1729, 1731, 1926.
Hreggviður Jónsson 1641, 1707, 1741, 1743, 1854.
Ingi Björn Albertsson 1749, 1750, 1751, 1762, 1769, 1780, 1852, 1871, 1920.
Jóhann Einvarðsson 1750, 1788, 1826.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 1605, 1701, 1703, 1723, 1726, 1803.
Jón Bragi Bjarnason 1746, 1748, 1866.
Jón Helgason 1575, 1826.
Jón Kristjánsson 1631, 1632.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 1762, 1765, 1768.
Karl Steinar Guðnason 1624.
Karvel Pálmason 1747.
Kristín Einarsdóttir 1729, 1917.
Matthías Bjarnason 1644, 1652, 1655, 1857.
Málmfríður Sigurðardóttir 1714.
Ólafur G. Einarsson 1784.
Páll Pétursson 1787, 1849, 1869, 1872.
Pálmi Jónsson 1774.
Ragnar Arnalds 1858.
Rannveig Guðmundsdóttir 1902.
Salome Þorkelsdóttir 1624, 1626, 1629, 1631, 1764.
Skúli Alexandersson 1831, 1841.
Stefán Guðmundsson 1601.
Stefán Valgeirsson 1643, 1752, 1754, 1758, 1776, 1795, 1910.
Þorsteinn Pálsson 1572, 1574, 1801, 1855, 1865.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1773, 1793, 1836.
Þórhildur Þorleifsdóttir 1709, 1711, 1780, 1851, 1903.

Leiðréttingar í 7. hefti:

Í 1469. dálki, 3. línu að ofan: fyrir „1964" komi: 1984.

Í 1471. dálki, 6. línu að ofan: fyrir „sæmilegum" komi: sameiginlegum.

EFRI DEILD

21. fundur, mánudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Byggðastofnun, frh. 1. umr.

Frv. HBl. 174. mál (stimpilgjöld af lánsskjölum). — Þskj. 197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 127. mál (launavísitala). — Þskj. 131, n. 268.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. Nál. er á þskj. 268 og fjallar um frv. til laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Nefndin skilar sameiginlegu áliti og nál. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Til viðræðna kom Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, en frv. var flutt af fjh.- og viðskn. neðri deildar að beiðni Hagstofu Íslands. Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. skrifa Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Skúli Alexandersson og Halldór Blöndal, en Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þetta frv. sem hér er til umræðu er eins og segir í nál. flutt að beiðni Hagstofu Íslands í samráði við félmrh. og ég vil til útskýringar lesa hér upp það sem fram kemur í grg., en þetta frv. er einkum tæknilegs eðlis. Í grg. segir svo:

„Í gildandi lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga, er í 6. gr. kveðið á um „launavísitölu til greiðslujöfnunar". Þessi vísitala skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Launavísitala til greiðslujöfnunar er metin mánaðarlega og nýtt til greiðslujöfnunar opinberra húsnæðislána en ekki í öðru skyni. Undanfarin tvö ár hefur ekki verið hægt að reikna þessa vísitölu í samræmi við fyrirmæli laganna þar sem mánaðarlegar áætlanir um vísitölu atvinnutekna og meðalkauptaxta hafa ekki verið tiltækar. Hagstofan hefur því reist vísitölu þessa á áætlunum um breytingar greiddra launa, einkum dagvinnulauna, að teknu tilliti til samningsbundinna breytinga annarra launaþátta.

Á sl. vori voru sett almenn lög um launavísitölu, nr. 89/1989. Við umfjöllun málsins í fjárhags- og viðskiptanefndum Alþingis var á það bent af hálfu Hagstofunnar að eftir gildistöku nýrra laga um launavísitölu væri æskilegt að færa ákvæði um gerð launavísitölu til greiðslujöfnunar til samræmis við ný lög um launavísitölu. Hér kemur tvennt til. Annars vegar hefur eins og áður segir ekki verið unnt að fullnægja þeim fyrirmælum um útreikning launavísitölu til greiðslujöfnunar sem fram koma í núgildandi 6. gr. laga nr. 63/1985 og hins vegar er ekki heppilegt að beitt sé mörgum opinberum launavísitölum. Af þessum ástæðum er frv. þetta flutt.

Frv. þarfnast ekki sérstakra skýringa, en um gerð hinnar nýju launavísitölu vísast til þeirra skýringa sem fram komu í frv. til laga þar að lútandi."

Ég held að þessi orð í grg. lýsi því sem þarf að lýsa í þessu sambandi og voru menn almennt sammála um að þar sem lög um launavísitölu hefðu verið lögð fram, þá sé þetta fylgifrv. nauðsynlegt, enda allir nefndarmenn sammála.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (skipunartími stjórnar Lánasjóðs). — Þskj. 269.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér er um að ræða fjallar um breyting á lögum frá 1982 um námslán og námsstyrki og lýtur að breytingum á 4. gr. laganna. Breytingin eins og hún hefur verið samþykkt samhljóða í hv. Nd. er á þessa leið:

„Stjórnin [Lánasjóðs ísl. námsmanna] skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntmrh. og fjmrh. skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur."

Þetta orðalag og þetta fyrirkomulag sem hér er gerð tillaga um er nákvæmlega eftir tillögu núverandi stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vænti þess því að um málið geti náðst full samstaða hér í hv. deild eins og í hv. Nd. og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

22. fundur, mánudaginn 11. des., að loknum 21. fundi.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 127. mál (launavísitala). — Þskj. 131.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 277).

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Stjfrv., 56. mál (tvísköttunarsamningar). — Þskj. 273.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984. Til þess að hægt sé að ganga með formlegum hætti frá samningi milli Norðurlandaþjóðanna og komast hjá tvísköttun arfs þarf að gera þá breytingu á lögum um erfðafjárskatt sem hér er lögð til, en fulltrúar Norðurlandaþjóðanna hafa nýlega undirritað samning til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár.

Í núgildandi lögum um erfðafjárskatt er ekki sérstök lagaheimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda slíka samninga svo sem er í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í frv. er lagt til að ríkisstjórnin fái almenna heimild til að gera slíka samninga við önnur ríki.

Framkvæmdin nú á þessu ákvæði er þannig að ef eigandi fasteignar á Íslandi er búsettur erlendis og búskipti verða þar á ríkissjóður ekki tilkall til erfðafjárskatts af eigninni. Breytingin sem nú er gerð felst í því að skattlagningarrétturinn verður hjá því ríki þar sem fasteignin er staðsett, óháð því hvar búskipti fara fram. Stefnt er að því að aðildarríki Norðurlandasamningsins fullgildi tvísköttunarsamninginn um erfðafjárskatt þannig að honum verði beitt um dánarbú þeirra sem falla frá 1. jan. 1990 og síðar.

Hv. Nd. hefur lagt til að til viðbótar þeim ákvæðum sem frv. gerir ráð fyrir bætist við nýtt ákvæði til að komast hjá tvísköttun í ríkjum þar sem gagnkvæmur samningur er ekki fyrir hendi, þ.e. annarra ríkja en Norðurlandanna.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (heildarlög). — Þskj. 76.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Enn á ný er flutt hér frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessi skattur hefur verið við lýði nú í um það bil áratug, en honum hefur verið valið það form að á hverju ári er flutt að nýju frv. til staðfestingar álagningu hans á næsta ári.

Þær tölur sem lagðar eru til í þessu frv. eru óbreytt hlutfall frá því sem lagt var á á árinu í ár og þess vegna felur frv. í sér þá fyrirætlan að skatturinn haldi óbreyttu gildi sínu á næsta ári.

Í sjálfu sér er ekki mikið um þennan skatt að segja. Þetta er gamall kunningi hv. alþm. Það munu allir flokkar sem nú eiga sæti á Alþingi hafa greitt skattinum atkvæði utan hinn nýi flokkur frjálslyndra hægrimanna þannig að það eru kannski fáir skattar sem jafnbreið samstaða hefur skapast um hér á þessum áratug eins og sá sem ég mæli hér fyrir nú þó hann hafi nú í upphafi verið ætlaður til skemmri tíma þegar við hv. forseti deildarinnar sátum í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar veturinn 1978–79 og fjölluðum um fyrstu útgáfuna af þessum skatti.

Það hefur nokkuð verið vikið að því í umræðum í Nd. að verslun í dreifbýli ætti í sérstökum erfiðleikum og ríkisstjórnin hefur fengið skýrslu um þann vanda. Þær tillögur eru til meðferðar hjá ríkisstjórninni eins og kynnt var í hv. Nd. þegar um þetta mál var fjallað þar og formaður fjh.- og viðskn. þeirrar deildar kynnti þær tillögur sem nefndin hafði lagt til og kæmi einnig til greina að þær yrðu einnig kynntar hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt fyrir skattafrv. og er það ekki í frásögur færandi. Hitt er það að hann nefndi hér að á þinginu 1978–1979 hefði hann verið kominn til þó nokkurra áhrifa í íslenskum stjórnmálum. Það er líka rétt. Hvort það var nú af hinu góða að fá þann ágæta mann, hæstv. fjmrh.,

til mikilla áhrifa í þessu þjóðfélagi, það ætla ég að láta liggja á milli hluta. Það hlýtur hver og einn að dæma um. En hitt er ljóst að enginn er annar eins skattheimtumaður og hann. Það hefur ekki þekkst í sögu landsins. (Gripið fram í.) Jón Baldvin? Nei, nei, hann komst nú ekki í hálfkvisti við hæstv. núv. fjmrh. (Gripið fram í.) Jú, jú, Jón Baldvin ... (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Jón Baldvin, hæstv. núv. utanrrh., lagði hér á skatta þegar hann hafði verið ráðherra í um það bil þrjá mánuði haustið 1987. (**Gripið fram í:** Var það ekki í tíð Sjálfstfl.?) Þetta var haustið 1987. Þá lagði sá hæstv. ráðherra á mikla skatta, ógæfusamlega skatta, rétt aðeins um það bil tveim eða þrem mánuðum eftir að hann varð fjmrh. Þá var sagt að það væri gat á fjárlögunum sem jafnvel nálgaðist 3 milljarða kr. Það væri svo gífurlegt gat á fjárlögum að þau mundu verða með kannski allt upp í 3 milljarða kr. halla á árinu 1988, komandi ári. Og ráðið var þetta: Dengja yfir sköttum og hafa þá svona 5 eða 6 milljarða í staðinn fyrir 2–3 til að hafa borð fyrir báru, sagði sá hæstv. fyrrv. fjmrh.

Menn vita nú hver niðurstaðan af því varð. Okkur var sagt þá þegar líða tók fram á haust að það gæti orðið 1 milljarður í halla á þeim fjárlögum, fjárlögum hæstv. þáv. fjmrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar. Úr því að spurt er um hans afrek, þá er rétt að vara því. Síðan var upp staðið og þá voru reiknimeistararnir komnir með tölvurnar sínar í gang og reyndu nú að reikna rétt. Þeir stungu ekki í vitlausum spólum eins og lengst af er nú gert hjá þessum embættismönnum sem telja það meginhlutverk sitt að vernda ráðherrana, hve slæmir sem þeir eru og svikulir og lygnir. Þá voru nú sagðar nokkurn veginn (Gripið fram í.) Þetta er gott íslenskt orð. Þá var nú reiknað — við skulum segja rétt þó alltaf sé hægt að deila um það hvað sé rétt varðandi halla á fjárlögum og það veit hv. formaður fjh.- og viðskn. nú. Hann er að kynnast því hvernig fjárlög eru saman sett og fjáraukalög og sérstaklega lánsfjáráætlanir, hvað satt er mikið af þeim tölum sem þar eru settar inn og samþykktar af mér og honum venjulega. Þá kom talan ef ég man rétt, og áreiðanlega muna þeir hæstv. ráðherrar það sem sitja nú hér inni okkur til heiðurs — það er ekki of oft sem við sjáum þá, við viljum gjarnan sjá þá oftar — en þeir muna sjálfsagt hvort niðurstaðan varð ekki sú þegar upp var staðið eftir fjárlög hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar að það væri 7,4 milljarðar sem hallinn var. Getur það passað? Það er nokkuð nærri? Á árinu 1988. (**Fjmrh.:** Það er nokkuð nærri.) Það er nokkuð nærri, já.

Síðan gerist það á því herrans ári 1988 að það kemur nýr fjmrh. og hann var nú hálfu verri en sá fyrri sem skilaði ríkissjóði með 7,4 milljarða kr. halla, Jón Baldvin Hannibalsson, flokksbróðir hv. þm. Karvels sem er að grípa hér fram í nú (**KP:** Hann var ekki góður.) Hann var ekki góður, nei, en þá kom annar hálfu verri og sá heitir Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh. Hann er nú örugglega methafi. Hann byrjaði, sagði hann hér áðan, að leggja á þennan skatt sem nú er til umræðu á þinginu 1978–1979. Hann hafði ítök í að leggja á miklu fleiri skatta þá. Og hann var einn mesti ráðamaður í þeirri stjórn sem við tók af minnihlutastjórn Alþfl. sem skotið var þarna inn í bili, 1979 eins og menn muna, þá kom nú önnur stjórn sem hefur verið versta stjórnin fram undir þennan dag, fram á þetta ár skulum við segja. En nú er komin stjórn sem auðvitað slær öll heimsmet eða a.m.k. Íslandsmet í skattlagningu. Hún er miklu, miklu hærri en samanlagðar skattlagningar þessarar uppáhaldsstjórnar hæstv. ráðherra Ólafs Ragnars Grímssonar á árunum 1980–1983. Þá var nú aldeilis gaman að lifa. Þá var nú maðurinn í essinu sínu, hæstv. fjmrh. Það var skattur á skatt ofan, verðbólga á verðbólgu ofan, launaskerðing á launaskerðingu ofan, mánuð eftir mánuð. Þessi stjórn var að vísu sæmilega vinsæl fyrsta árið meðan enginn vissi hvað hún ætlaði að gera en það fór heldur að fara af henni skrautið þegar kom fram á annað ár, þegar hún var álíka gömul og núv. ríkisstjórn er. (Gripið fram í.) Hún varð allt of gömul, já, já, hún varð allt of gömul. Þessi er líka orðin allt of gömul. (Gripið fram í.) Já, já, það er allt í lagi, herra forseti, að gripið sé fram í, bara að einn grípi fram í í einu, ég vil það mjög gjarnan, ég skal alltaf stoppa um leið og einhver vill segja eitthvað.

Þessi stjórn er náttúrlega orðin óvinsælli, það er rétt hjá hæstv. ráðherra menntamála. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Hann sagði það, hæstv. ráðherra menntamála, að stjórnin á árunum 1980–1983 hafi alltaf verið mjög vinsæl. Hún var vinsæl í upphafi en vinsældirnar fóru nú af henni. Ef þessi hæstv. ráðherra heldur að sú stjórn hafi alltaf verið vinsæl, þá er nú rétt að líta svolítið til baka, að hann geri það sjálfur. Hvernig fór hans flokkur t.d. út úr því ævintýri öllu saman? Ætli hann hafi beðið þess bætur? Ég held ekki. Þessir tveir herramenn urðu ekki neinir sérstakir einkavinir upp úr því öllu saman og ég held nú að ástandið í því bandalagi alþýðunnar sem þeir kalla sig hafi ekki borið sitt barr enn þann dag í dag, eftir þau ævintýri öllsömul. En sé því haldið fram að sú stjórn hafi verið vinsæl til síðasta dags, sem ég held nú ekki, þá er kannski von að þessir hæstv. ráðherrar ætli sér að halda áfram, helst út kjörtímabilið. (Gripið fram í.) Var hann að minna á sig já? Já, nýliðinn? (Gripið fram í.) Já, þegar þeir komu? Æ, ég nenni ekki að eyða orðum að því, af því að ég er að tala við valdamenn, a.m.k. fyrrverandi og enn verandi.

Sannleikurinn er nú sá og — ja, í gríni, það hefur nú enginn verið beint að grínast, þetta hefur verið ágætis og skemmtileg umræða — að þessi stjórn sem hæstv. ráðherra minntist hér á, vitnaði til, sem fyrst lagði á þennan skatt, hún var ólánssöm stjórn. Henni gekk illa. Ég hafði raunar þá um sumarið lagt henni til, ég vissi nú ekki hvaða stjórn kæmi, en ég skrifaði þá grein þar sem ég vildi leggja hverri þeirri stjórn, sem við tæki, til heilræði og það væri veruleg skattalækkun, sérstaklega neysluskatta. Að stöðva verðbólguna með því að lækka verulega neysluskatta. Hefði sú stjórn gert það, jafnvel sú

stjórn með þeirri samsetningu sem á henni var, held ég að við byggjum nú við allt annað þjóðfélagskerfi. Þjóðfélagskerfi réttlætis og vaxandi velmegunar, því að verðbólgan hefði þá að líkindum stöðvast. Það hefði mátt stöðva hana líka mun síðar en þá fór hún á fleygiferð. Þegar stjórn Ólafs Jóhannessonar sagði af sér var hún komin á ferð. Síðan kom þarna millibilsástand sem allir þekkja og síðan kom stjórn Gunnars Thoroddsens og þá keyrði um þverbak. Að vísu ekki svo mjög fyrsta árið og sú stjórn var vinsæl út eitt ár. Þessi var það eiginlega aldrei, núverandi ríkisstjórn, og síst nú.

Mér finnst vera farið mjög svipað að og gert var á þessum árum nema hraðinn er bara meiri núna. Nú er þessi ríkisstjórn rúin öllu trausti, einkum og sér í lagi láglaunafólks og þeirra sem berjast í bökkum. Svo ekki sé nú talað um atvinnuleysið og það heyrðu menn í fréttum í útvarpi nú í morgun og í hádeginu, hygg ég að hafi verið, að atvinnuleysi væri meira á Íslandi núna, í jólamánuðinum sjálfum. Það verður glatt og bjart hjá sumum fjölskyldum eða hitt þó heldur. Því miður. (**Gripið fram í:** Það kemur ekki heim og saman við yfirlýsingar fjmrh.) Jú, þetta kom nú meira að segja frá einhverjum opinberum aðila að atvinnuleysi á Íslandi núna í þessum mánuði, jólamánuðinum, er meira en nokkru sinni áður síðan farið var að halda skrá yfir atvinnuleysi á Íslandi. Meira atvinnuleysi, verri kjör en nokkru sinni áður. — Ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundsson tekur þessum fréttum ekki vel. Hann er ekki hrifinn af því að standa að stjórn sem þannig heldur á málum. En það eru aðrir sem eru hrifnir og segja: Allt er í blóma. Kjör láglaunafólksins batna. Skattalagabreytingin þýðir að kjör láglaunafólksins, hinna lægst launuðu, fara batnandi. Virðisaukaskatturinn sem á að koma á núna bætir kjör, sérstaklega láglaunafólks og lágtekjufólks og einkum og sér í lagi þeirra sem eru atvinnulausir eða eru að missa atvinnuna. Þessi hæstv. ráðherra segir það og hv. þm. Karvel Pálmason leiðrétti hann hér fyrir ekki löngu síðan þegar hann hélt þessu fram. Og hann gerir það enn, í hvert einasta skipti sem maður sér hann á skjánum. Ég loka nú helst fyrir eða horfi út í horn. (**KP:** Mig?) Nei, nei, nei, hæstvirtan ráðherra.

En ég kemst ekki hjá því að hlusta á það sem maðurinn er að segja hér í þinginu og annars staðar. Og inntakið er þetta: Aldrei hefur láglaunafólkið haft það eins gott og nú. Hafa menn ekki heyrt það? Tekjuskattinum er þannig hagað að kjör láglaunafólksins batna. Kjör fólksins sem er með 60–70 þús. kr. á mánuði fara batnandi. Ég tala nú ekki um þegar virðisaukaskatturinn kemur með fullum þunga á allar vörur, þá batna nú fyrst kjör láglaunafólksins. Og þegar atvinnuleysið er orðið meira en nokkru sinni áður í sögunni, þeirri sem atvinnuleysi hefur verið skráð í, því þess vegna höfum við það skráð niður. Auðvitað hefur einhvern tímann áður, fyrir stríð t.d., það veit ég, verið meiri og alvarlegri kreppa en sú sem nú er verið að búa til. En það er ekkert langt í að þessi kreppa, þessi heimatilbúna kreppa, geti orðið eins og var fyrir stríðið. Og hvernig er þessi kreppa tilbúin? Ég skal segja ykkur það rétt strax en fyrst ætla ég að halda áfram hinni sögunni með núv. hæstv. ráðherra.

Hver var hallinn á fjárlögunum hjá honum, hver verður hann á þessu fyrsta heila ári hans? Hver verður hann? Hann er eitthvað að tala um svona fimm, sex, sjö milljarða, er það ekki? Ætli þeir geti ekki orðið tíu, tólf, fimmtán, þegar upp verður staðið. Og hverju spáir hann svo sjálfur að verði á næsta ári? Fyrst á að taka að láni sex milljarða eða svo hjá fólkinu í landinu. Ætli þeir geti ekki orðið tíu? Það er halli samkvæmt þessum útreikningsdæmum þeirra. Á hverjum degi er verið að bæta við nýjum sköttum en á hverjum degi heyrum við líka að hallinn sé að aukast á fjárlögunum. Formaður fjvn. segir t.d. á forsíðu Alþýðublaðsins fyrir viku: Hallinn verður miklu meiri en spáð er í fjárlagafrv. Það á víst að ræða fjárlögin hér í þinginu á morgun. Ætli við fáum þá ekki einhverjar upplýsingar um að samhliða öllum þeim gífurlegu skattaálögum sem dynja yfir á hverjum einasta degi, alls staðar og alltaf, aukist hallinn á fjárlögunum álíka mikið, um sömu prósentutölu? Hvers vegna fara menn þá ekki að átta sig á því að samfara skattahækkunum, samfara ríkisútgjöldum, vex hallinn á fjárlögum en minnkar ekki. Menn segja: Það er halli á fjárlögunum. Hvað ætlar þú að skera niður? spyr þessi hæstv. ráðherra. Hvar á að skera niður? Bentu á það. (Gripið fram í.) Þessi hæstv. ráðherra og margir aðrir, þeir segja: Hvar á að skera niður? Hvar ætlar þú að skera niður? Þeim dettur ekki í hug að horfa til baka, bara síðustu árin, og átta sig á því að þeim mun meira sem heimt er af sköttum, þeim mun meiri verður hallinn. Leiðin er auðvitað sú að lækka skatta verulega þannig að fólkið haldi eftir aflafé sínu svo það geti komið undir sig fótunum, einstaklingarnir, bæði húsnæði og eins auðvitað atvinnurekstri, til þess að fyrirtækin haldi nægilega miklu eftir til að geta aukið framleiðsluna, fjárfest, bætt aðstöðu sína og borgað skatta. Þá geta fyrirtækin borgað skatta en gjaldþrota fyrirtæki borga enga skatta. Maður sem er orðinn gjaldþrota, búinn að missa húsnæði sitt, hann borgar hvorki skatta né getur lifað mannsæmandi lífi eða yfirleitt framfleytt fjölskyldu, yfirleitt verið sá þegn sem hann vill vera. Honum eru ekki búin þau skilyrði í þessu þjóðfélagi að geta verið heilbrigður þegn með fjárhagslegt sjálfstæði og atvinnuöryggi. Og þeir brosa, þessir kallar. Finnst þetta bara voða gaman.

Ég skal svo sem ekkert endilega vera að fara núna á þessu augnabliki út í langa, efnahagslega umræðu en vildi þó gjarnan koma þessum sjónarmiðum á framfæri sem menn ættu að vera farnir að skilja.

Við höfum auðvitað, hæstv. ráðherra og ég, oft og mörgum sinnum haft svona kappræðu hér í þingsölum og víðar um mismunandi skoðanir okkar á efnahags- og fjármálum. Auðvitað má hann hafa sína skoðun og hann kom sínum sjónarmiðum frekar á framfæri en flestir menn aðrir í þeirri stjórn sem við tók af stjórn Ólafs Jóhannessonar og minnihluta-

stjórn kratanna, þess tímabils sem þá var í mótun, tímabils ofstjórnar og ofsköttunar og meiri og minni falsana á öllum tölum. Þar sem reynt var að telja öllu láglaunafólki trú um að það væri alltaf að græða á kostnað auðmannanna. Þar sem atvinnulífið var meira og minna lagt í rúst. Það tókst að vísu að rétta það nokkuð við á árunum næstu þar á eftir þegar Sjálfstfl. var í stjórn. (Gripið fram í.) 1988? Ég skal segja hv. þm. hvernig var umhorfs haustið 1988. Lífskjör hafa líklega aldrei verið betri á þessu landi en á árinu 1988. Hagur fyrirtækja var slæmur, það er rétt. En þá flutti Sjálfstfl. tillögu um gengisfellingu og lækkun, stórfellda lækkun á öllum sköttum á allri matvöru, brýnustu nauðsynjum fólksins. Þegar sú tillaga var flutt fóru formenn tveggja stjórnmálaflokka í sjónvarpssal og slitu stjórnarsamstarfinu þar. Þeir slitu því vegna þess að bæta átti hag útflutningsframleiðslunnar með gengisfellingu, sem kannski hefði verið nægilega stór þá, 12% held ég að hafi verið talað um. Líklega hefur hún samt verið of lítil, hefði þurft að vera meiri. En til að vega upp verðlagsáhrif af þessari gengisfellingu þá var gerð tillaga um að lækka skatta á matvörur, til að þær lækkuðu beinlínis í verði eða hækkuðu a.m.k. ekki.

Nú get ég til fróðleiks sagt hv. þm. sem var að spyrjast hér fyrir um hvernig ástandið hafi verið, að 12–13% gengisfellingu mundi að fullu vera hægt að vinna upp með u.þ.b. 5% lækkun, hvort heldur er á virðisaukaskatti eða söluskatti. Og á því ári, 1988, flutti ég raunar tillögur, oftar en einu sinni í mínum þingflokki, um að gengið yrði lækkað um u.þ.b. 12% og söluskattur lækkaður í 20% til að vega að fullu og öllu upp verðhækkanir af gengisbreytingunni og stöðva jafnvel verðbólguna. Kannski þyrfti að bæta einhverju meiru við og þá helst því að fara með matarskattinn eða skatta, söluskatt eða virðisaukaskatt á matvæli, brýnustu nauðsynjar, t.d. niður í helming af þessu, 10%. Það er nefnilega ekki meiri vandi að stöðva verðbólguna en felst í þessum tölum. En hvað gera menn, þessir spekingar nauðsynjarinnar á því að hafa ríkissjóð alltaf hallalausan, sem aldrei verður auðvitað hallalaus heldur vex ár frá ári og alveg endalaust með svona gífurlegum skattahækkunum? Það er sagan búin að sýna. Þeir fara auðvitað þveröfuga leið, spenna verðlagið upp með hækkun á neysluskattsköttum og svo auðvitað tekjusköttum og öllu því í leiðinni. Það eru fyrst og fremst neysluskattarnir sem keyra verðbólgu áfram. Lækkun á tekjuskatti er auðvitað sjálfsögð við núverandi aðstæður enda er það fullkomið brjálæði sem er að gerast nú þessa dagana eins og á öllum sviðum skattamála yfirleitt. En lækkun tekjuskatts gerir mönnum auðvitað léttara að geta komist áfram á sínum launakjörum, millistéttarfólkinu. (Gripið fram í.) Það er nú meira og minna blekking sem ráðherra setur þar fram og það veit hv. þm. Karvel Pálmason alveg eins vel og ég.

Ef ég held þessari sögu áfram, um lækkun tekjuskatta og allra mögulegra skatta annarra. Menn verða að hafa það vel í huga og ég veit að allir hér inni gera sér grein fyrir því að allir skattar, hverju nafni sem nefnast, eru í eðli sínu eignaupptaka, færsla á eignarrétti frá borgurunum og fyrirtækjunum yfir til ríkisins. Auðvitað verðum við að hafa einhverja skatta, það er ljóst. En ef menn lækka t.d. tekjuskatt, þá verkar það þannig að auðveldara er fyrir fólkið á öllum tekjustigum að draga fram lífið. Það verkar þannig. Lækki maður hins vegar neysluskatt, þá verkar það í sjálfu sér tvöfalt. Það bæði lækkar beinlínis verðlag miðað við það sem ella hefði orðið, á ákveðnum vörutegundum, helst á öllu, að hann sé lækkaður það mikið. T.d. ef virðisaukaskatturinn yrði 20% í staðinn fyrir 25% eða 24,5%, þá mundi verðbólga beinlínis stöðvast vegna þess að skattarnir, þessir neysluskattar, hár söluskattur og nú komandi virðisaukaskattur leggjast á á svo miklu breiðari grundvelli en gengisbreyting. Ef gengið væri fellt um 12–13% mundi vöruverð hækka um 5%. Það þýddi að verðlag mundi gegnumsneitt lækka um ca. ⅔ af því sem gengisfellingin aftur leiddi af sér.

Mergurinn málsins er sá að þá mundi verðlagið lækka beinlínis og þar með mundi fólkið líka geta betur lifað af sínum launakjörum. Þannig eru neysluskattarnir miklu meira hvetjandi til verðbólguaukningar en tekjuskattarnir. Þess vegna, ef menn hafa það að meginmarkmiði að stöðva verðbólgu, þá gerist það auðvitað í gegnum neysluskattana. Að lækka beinlínis verðlagið það mikið að bæði þjónusta og vörukaup, öll útgjöld sem virðisaukaskattur og söluskattur leggst á, mundi hafa a.m.k. núll-áhrif og helst eitthvað negatíft, þannig að verðbólgan beinlínis stöðvaðist á einum degi. Þetta er nú galdurinn. Þannig ættum við auðvitað að halda á okkar málum og þannig verður haldið á málum. Ég held nærri því, þó að einhverjir núverandi flokkar yrðu við stjórnvölinn þegar næsta stjórn verður mynduð, að þá hafi menn lært það af reynslunni sem er núna að koma í ljós, kreppunni sem er heimatilbúin, erfiðleikum atvinnuveganna og náttúrlega fjöldaatvinnuleysi og gjaldþrotum, bæði fjölskyldna, einstaklinga og fyrirtækja, að lengra verður ekki haldið á þessari braut. Auðvitað verður uppspretta skattanna alltaf þeim mun minni sem minna er framleitt og tekjurnar eru minni, bæði tekjuskatta og líka náttúrlega skatta á neysluvörum, innflutningsvörum o.s.frv. Þetta er nú svona einfalt í mínum huga.

Um þetta höfum við deilt og ég hef haft mjög gaman af að deila í rólegheitum við hæstv. fjmrh. um þessa hluti. Og við höfum deilt um annað. Það er um hallann á fjárlögunum. Hæstv. ráðherra var hér í gamla daga og er enn að leggja áherslu á hallalaus fjárlög. Hann gat ekki komið þeim saman nú á þessu ári og ekki heldur á komandi ári hallalausum og mun aldrei geta. Hvers vegna? Vegna þess að hann er alltaf að leggja á nýja skatta sem knýja áfram verðbólgu og knýja áfram kauphækkanir og gengisfellingar. En einnig deildum við um hvort þjóðin yrði skuldugri ef ríkissjóður tæki lán. Það hefur verið sagt að komandi kynslóðir þurfi að borga þau innlendu lán sem ríkissjóður tæki til þess að fjármagna fram-

kvæmdir t.d. Við deildum um það á tímabili en vorum orðnir nokkuð sáttir fyrir allmörgum mánuðum um að þetta væri reginmisskilningur vegna þess að ef ríkið væri skuldari að kannski 105 milljörðum kr., eitthvað svoleiðis, eftir að hafa tekið lán hjá borgurunum árum saman eins og Bandaríkjamenn hafa gert alla öldina. — Tvö ár, 1928 þegar Hoover kom af stað heimskreppunni og þegar Carter kom af stað verðbólgunni, kom henni upp í 12–14%, það eru einu tvö árin á þessari öld sem Bandaríkin hafa verið með hallalaus fjárlög. Þau hafa alltaf tekið peninga að láni hjá borgurunum til að fjármagna rekstur ríkisins og framkvæmdir. — Ég spurði hæstv. ráðherra hvort þetta væri rétt, hvort þjóðin yrði skuldugri fyrir það og komandi kynslóðir yrðu að borga ef ríkið hefði tekið lán, t.d. 100 milljarða kr., stórar upphæðir, *væri sem sagt skuldari, ríkissjóður*inn okkar. Við værum skuldari. Þá hlyti einhver kröfuhafi að vera og hver væri hann? Og um það er lauk svaraði hæstv. ráðherra þessu í fjórða skiptið sem ég spurði hann, þá svaraði hann því. Fyrst sagði hann: Þú veist það, það er eitthvað svona, en í fjórða skipti sagði hann þegar ég spurði: Hver er kröfuhafinn ef þjóðin er skuldari? Hann sagði: Þjóðin sjálf. Hann sagði að hún væri það og ég var að vona að hann læri núna eitthvað af því sem ég er að segja við hann um fjármálin almennt og skattheimtustefnuna. Það er nefnilega kominn tími til að fara að læra vegna þess að hann réð ferðinni í þessari stjórn Gunnars Thoroddsens mjög lengi. Hann var mjög duglegur eins og allir vita, getur verið það, útsmoginn og hafði gaman af að vefja mönnum um fingur sér, láta þá gera eitthvað sem þeir vissu ekki að þeir voru að gera, blekkja svolítið, plata svolítið, sumir láta plata sig eins og menn vita. Hann var snillingur í þessu. Ég fylgdist með honum. Við vorum saman í fjh.- og viðskn. Einu sinni lét hann t.d. stilla upp fjh.- og viðskn. allri inni og sjónvarpið tók mynd af okkur, við vorum voða kát að komast í sjónvarpið. Svo var þetta sýnt um kvöldið. En hvað haldið þið að hafi verið á undan? Það var sagt frá því að hæstv. núv. *fjmrh.*, sem þá var formaður fjh.- og viðskn. Ed., þessarar virðulegu deildar, hefði lýst því yfir að fjh.- og viðskn. væri að ræða um skuldamál Flugleiða og lét að því liggja að þar væru nú skúrkar á ferð og lítið að marka upplýsingarnar sem fram hefðu komið. Og í baksýn var svo nefndin, við öll. Það leyndi sér ekki að við áttum öll að hafa verið þessi skotmörk. Ég gerði mér reyndar lítið fyrir og hringdi niður í sjónvarp — ég bý rétt hjá sjónvarpinu — og sagði að ef það yrði ekki leiðrétt hér og nú og sagt skýrt og skorinort að allt sem Ólafur Ragnar Grímsson hefði sagt áðan væru ósannindi, þá mundi ég koma, hlaupa inn í salinn og segja það þar sjálfur. Sjónvarpið varð við þessari ósk minni, *þetta var bæði vélritað upp* og sett á skerminn og sagt. Morguninn eftir var hann algerlega eins og lamb. Þeir komu þarna skúrkarnir og þá var hann nú ekki mikill fyrir mann að sjá á þeim fundi.

Þetta kunni hann og þetta kann hann enn þá og nú ætlar hann sem sagt að halda áfram. Við vorum á fundi að ræða virðisaukaskattinn rétt einn ganginn nú í morgun og það eru nú heldur betur aðfarir sem á að hafa, loka bara eftir 30 daga. Fyrst að skuldajafna allar skuldir sem ríkið getur hugsað sér. Svo má ríkið skulda fyrirtækjunum í hálf og heil ár án þess að borga svo mikið sem vexti, hvað þá dráttarvexti, þannig að ef einhver lendir í erfiðleikum (Gripið fram í.) jú, það er möguleiki á því, hv. þm. Stefán Guðmundsson, ef einhvers staðar í útgerð eða fiskvinnslu, og reyndar alls staðar, ef menn lenda í erfiðleikum með að standa skil á þessu öllu saman, (Gripið fram í.) að standa skil á þessu öllu í svona 30 daga, ef þeir nú gera það ekki og innan 30 daga, þá skal loka. Það er nefnilega það sem á að láta þig og aðra samþykkja, þá skal loka fyrirtækjunum. En það *er þó til ein undantekning* sem þeir gera sem hafa að rekstri staðið, en það hefur enginn þessara manna sem á toppinum eru gert. Þeir hafa ekki hundsvit á neinum rekstri, ráðherrarnir, enginn þeirra. Ekki vit á því, og hafa aldrei þurft að standa í rekstri eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson þurfti að gera. Jú, það er eitt leyfilegt og það er að fá bankaábyrgð bara í hvelli, svona út um allt land og þá er þetta allt saman klappað og klárt.

Nei, allt er þetta á sömu bókina lært, líka þessi skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem er kannski ekki verri en aðrir skattar. En það er verið að taka skatta af þjóðinni í heild og fyrst og síðast auðvitað af lágtekjufólkinu sem á erfiðast með að láta endana ná saman. Auðvitað eru skattarnir fyrst og fremst lagðir á það. Þeir eru lagðir á allar neysluvörur, þeir eru lagðir á helstu lífsnauðsynjar hvar sem þær er að finna. Náttúrlega á svona ofboðslegan lúxus eins og þann að eiga Trabant. Það á nú aldeilis að *skattleggja það rétt einn ganginn. Fólk má ekki* einu sinni eiga einhverja bíltík, það á víst að vera lúxus. Það er alls staðar drepið niður hvar sem nokkur lifandi leið er. Það er nefnilega lítið sem hundstungan finnur ekki. Það er alls staðar verið að þefa og neyða sköttum upp á fólk.

Þetta getur ekki endað nema með skelfingu. Það endar með því sem við sjáum fyrir augunum, fjöldaatvinnuleysi, minnkandi framleiðslu, gjaldþroti fyrirtækja í bókstaflegri merkingu. Og hver á þá að borga skattana í framtíðinni? Auðvitað fer hallinn vaxandi. Hann vex í réttu hlutfalli við aukna skatta alveg eins nú og í fyrra og hittiðfyrra. Og hann gerir það á næsta ári og þar næsta ef þessi stjórn verður við lýði. Þetta er mergurinn málsins. Fram hjá þessu komast stjórnarherrarnir ekki neitt. Þetta eru tölurnar sem þeir sjálfir sýna okkur, vinstristjórnarmennirnir, þegar upp er staðið.

Í öllum öðrum ríkjum, a.m.k. í Evrópu og er þar *meðtalin Austur-Evrópa, eru núna undirstraumar* að brjótast upp á yfirborðið. Og hverjir eru þeir? Þeir eru minnkun ofbeldisvalds og skattheimtuvalds. Þeir eru aukið frjálsræði og einkarekstur, frjálst eigið fjármagn. Þegar alls staðar er verið að brjóta þetta ofurvald niður, þá færist allt þess háttar í aukana á

Íslandi. Á öllum sviðum skal flokka fólkið og gera því sem erfiðast að lifa og gera atvinnulífið þannig að það geti ekki skilað þeirri auðlind sem þarf til þess að skattar geti vaxið í framtíðinni, að framlagið til sameiginlegs ríkissjóðs geti vaxið. Til þess þarf auðvitað einhver að vera sem getur borgað. En það á að hindra hér. Þegar öll önnur ríki í Evrópu a.m.k., og eins og ég sagði líka í Austur-Evrópu, eru að reyna að brjótast til frelsis, þá er lagt á okkur — þá er ekki frelsi hér heldur helsi þessara manna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga). — Þskj. 272.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar Alþingi samþykkti hér á síðasta þingi ný lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru ýmis mál enn þá ófrágengin. Eitt af þeim var meðferð samningamála hjá þeim starfsmönnum sveitarfélaga sem yrðu starfsmenn ríkisstofnana þegar búið væri að flytja þeirra starfsvettvang frá sveitarfélagi yfir til ríkisins.

Í sumar og í haust hefur verið unnið nokkuð ítarlega að því í fjmrn. að greiða úr ýmsum þeim erfiðleikum sem komið hafa upp við þessa verkaskiptingu. Í fyrirspurnatíma í hv. Sþ. fyrir nokkru síðan gerði ég grein fyrir ýmsu af því sem ákveðið hefur verið.

Í þessu frv. sem ég mæli fyrir nú er verið að leggja til við hv. Alþingi að breytt verði lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna á þann veg að starfsmenn þeirra ríkisstofnana sem áður voru á vettvangi sveitarstjórna, en eftir gildistöku laganna um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verða starfsmenn ríkisstofnana, geti engu að síður verið áfram í bæjarstarfsmannafélögunum sem þeir hafa starfað í um langt skeið og eru margir hverjir búnir að vera þar virkir þátttakendur. Þó er nauðsynlegt, til að tryggja ákveðið samræmi og ákveðið öryggi í meðferð samningamála, að búa þannig um hnútana að sérstaklega sé frá því gengið að þessir starfsmenn ríkisins myndi sérstaka samningseiningu þótt þeir verði áfram félagar í viðkomandi starfsmannafélögum bæjarfélaganna þar sem þeir búa.

Þær tillögur sem mótaðar eru í þessu lagafrv. hafa ítarlega verið ræddar við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og það er samkomulag milli fulltrúa fjmrn. og forustumanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þá skipan sem hér er lögð til. Ég vona að hún muni reynast ákjósanlegur farvegur til að tryggja að sem minnst félagsleg röskun verði við tilflutning starfsmanna sveitarfélaga yfir til ríkisins. Séstaklega er mikilvægt að í minni bæjarfélögum og sveitarfélögum verði ekki slík röskun á þeim félögum sem starfað hafa um langan tíma. Hins vegar er líka nauðsynlegt að ákveðið samræmi sé í þeim kjarasamningum sem ríkið gerir alls staðar á landinu. Með því að mynda þann vettvang sem hér er lagt til í frv. á að vera tryggt að viðkomandi einstaklingar geti verið áfram í þeim félagsskap sem þeir kjósa helst að vera í, en samræmis sé gætt í samningum og samningaundirbúningi af hálfu ríkisins.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þessi hv. deild geti stutt þetta frv. og afgreitt það fljótt og vel því mikilvægt er að við gildistöku laganna um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skapist farvegur fyrir samningamálin sem allir aðilar geta sætt sig við.

Það er þess vegna tillaga mín að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það gerist nú margt skjótt hér á hv. Alþingi og trúlega gefst þm. ekki öllum kostur á að fylgjast með því sem hér er verið að gera.

Ég skal ekki tefja umræðu um þetta mál og skal á engan hátt gagnrýna meðferð þess. Mér hefur hins vegar ekki gefist kostur á að kynna mér það nægjanlega til að geta myndað mér skoðun á málinu. Ég held að nauðsynlegt sé að velta því mjög fyrir sér hvort, og þá með hvaða hætti ef af yrði, þetta hefði áhrif á hin almennu verkalýðsfélög á hinum dreifðu svæðum sem hafa að mörgu leyti samið við sveitarfélög fyrir ófaglært fólk. Það hefur verið mikil togstreita annars vegar á milli BSRB-félaga og hins vegar hinna almennu félaga innan Alþýðusambandsins, ekki bara um að halda félögunum inni heldur ná í þá sitt á hvað hvort frá öðru. Það kæmi mér ekki á óvart, án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða, en vildi gjarnan beina því til hv. nefndar sem fær málið til umfjöllunar hvort þetta kynni að geta raskað eitthvað þeirri stöðu sem er í þessum málum frá því sem nú er. Mér er það ljóst að hún er ekki nægilega trygg milli þessara aðila eins og er og ekki væri það til hins betra ef henni væri raskað enn frekar frá því sem hún er núna.

Ég held að nauðsynlegt væri að ræða við fulltrúa Alþýðusambandsins og kanna með hvaða augum þeir líta á þetta mál. Það er út af fyrir sig ágætt ef BSRB hefur samþykkt þessa hluti, en ég held að það þurfi að líta til fleiri átta en verið hefur í þessum efnum því að þetta kann að geta skarast á fleiri en einn eða tvo vegu. Það gætu t.d. hugsanlega komið upp tvenns konar eða þrenns konar samningsaðilar á vissum svæðum. Um þetta vil ég ekki fullyrða, en kannski hefur hæstv. fjmrh. látið skoða þetta mál, hvernig það horfir við félögum innan Alþýðusam-

bandsins. Ef svo er ekki, þá vildi ég beina því til hv. nefndar að hún leitaði eftir áliti fulltrúa Alþýðusambandsins á því hvort og þá með hvaða hætti þetta mál kynni að hafa áhrif á áframhaldið er varðar samningsréttinn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 183. mál (áfengisveitingar á vegum ríkisins). — Þskj. 206.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, Skúla Alexanderssyni og Karvel Pálmasyni. Efni þess kemur fram í 1. gr. frv. þar sem segir að við 9. gr. laganna bætist ný mgr., svohljóðandi:

„Afhending eða veitingar áfengis á vegum ríkisins eða ríkisstofnana eru óheimilar hérlendis."

Hin gífurlegu áhrif áfengisneyslunnar á okkar þjóðfélag blasa við öllum sem hafa opin augun og hafa aldrei verið skýrari en einmitt vegna atburða og umræðna síðustu daga. Ég mun því hér við þessa 1. umr. aðeins stikla á örfáum atriðum sem mér eru efst í huga í þessu sambandi.

Þjóðfélagið skapar æskunni þau skilyrði sem hún elst upp við á hverjum tíma og þá einnig að því er varðar viðhorfið til áfengisneyslu. Við þær aðstæður sem ríkja hér í dag er augljóst að sú hætta vofir yfir hverju barni að áfengisneysla kippi fyrr eða síðar fótunum undan því á göngu þess eftir þeim auðnuvegi sem við hljótum öll að óska að hverjum einstaklingi takist að fara. Slík slys geta gerst á hvaða aldri sem menn eru á lífsleiðinni. Sum börn alast upp, þegar frá bernsku, án þess að njóta nauðsynlegrar umönnunar eða eðlilegs heimilislífs vegna áfengisneyslu foreldranna og lenda því fljótt í hrakningum og á meiri eða minni útigangi.

Þeir sem um langt skeið hafa fengist við að reyna að hjálpa slíkum ógæfuheimilum segja að þeir geti of oft af fenginni reynslu fullyrt að börn sem alast upp við slíkar aðstæður lendi á sömu ógæfubrautum og foreldrarnir þegar á unglingsárum. Leiðin liggur þá oft fyrr eða síðar inn fyrir veggi fangelsanna. Og því miður byrja sum börn áfengisneyslu þegar ung að aldri, jafnvel í svo ríkum mæli að nærri fjörtjóni liggur. Með hverju ári sem bætist við aldurinn fjölgar svo þeim, a.m.k. langt fram eftir ævi, sem áfengið leikur grátt. Unglingar hætta að sinna námi og hverfa úr skóla, slegið er slöku við vinnu og fjárhagur hrynur í rúst. Gripið er til þess ráðs að afla fjár, í sumum tilvikum með ólögmætum hætti svo að leiðin liggur inn í fangelsin. Aðrir bíða tjón á sálu sinni og lenda á sjúkrastofnunum til meðferðar sem veitir sem betur fer sumum varanlegan bata en hjá allt of mörgum verður það að göngu þar út og inn. Hjá öðrum, bæði áfengisneytendum og fórnarlömbum þeirra, liggur leiðin líka inn á sjúkrahúsin vegna limlestinga af völdum ölvunaraksturs og annarra ölæðisáverka. Síðan sundrast fjölskyldan því að áfengisneyslunni fylgir takmarkalaus eigingirni neytendanna og á hakanum situr að hugsa um þjáningar maka, barna eða annarra ástvina. Í kjölfarinu fylgir að togast er á um forræði barnanna með þeim sálarkvölum sem það veldur þeim.

Á undanförnum árum hefur þeim farið fjölgandi sem glapið hafa dómgreind sína með áfengisneyslu og látið leiðast út í neyslu annarra vímuefna og orðið þannig að bráð þeim sem vilja græða á slíkri sölu þrátt fyrir hinar ömurlegu afleiðingar sem hún hefur. Athuganir hafa sýnt að áfengisneysla er nærri undantekningarlaust undanfari að slíkri vímuefnaneyslu og auk annarra afleiðinga veldur þetta vaxandi ofbeldishneigð.

Sífellt fer fjölgandi tilraunum til nauðgunar, líkamsárása og annarra níðingsverka. Og ofan á allt þetta sem blasir við augum og löngu er vitað er nú sannað að áfengisneysla barnshafandi kvenna jafnvel í litlum mæli geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir andlegt og líkamlegt atgjörvi komandi kynslóða.

Þannig væri hægt að halda áfram í löngu máli að rekja sorglegar afleiðingar áfengisneyslunnar en hér verður látið staðar numið. En á þessa ömurlegu þróun hefur ríkisvaldið horft undanfarin ár án þess að gera annað en auka framboð áfengis og þá um leið hvetja til aukinnar áfengisneyslu. Ég tel að alþingismenn geti ekki samvisku sinnar vegna horft lengur á þessa ömurlegu þróun án þess að aðhafast nokkuð annað en að kalla á meiri löggæslu, fleiri meðferðarstofnanir, fleiri sjúkrarúm og stærri fangelsi, þó að vissulega sé það óhjákvæmileg nauðvörn við ríkjandi ástand.

Í nýútkomnu fréttabréfi foreldrasamtakanna Vímulaus æska segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn vill stuðla að því að barn hans misnoti áfengi eða önnur vímuefni. Þvert á móti verður að telja að foreldrar vilji forða börnum sínum eins og kostur er frá slíku hlutskipti. Með hvaða hætti það verður best gert eru skiptar skoðanir um. Margir foreldrar álíta best að börn séu vanin á tilvist áfengis heima. Þar séu foreldrarnir til staðar og geti betur fylgst með og leiðbeint en ella. Þar sem hætta sé á að það sem er bannað veki áhuga sé betra að afhjúpa leyndardóma hins forboðna. Ef marka má rannsóknir er þessu alls ekki þannig varið.

Í Svíþjóð hafa verið gerðar tvær rannsóknir á áfengisneyslu meðal unglinga og hafa niðurstöðurnar vakið mikla athygli. Af þeim unglingum sem segja að þeim sé boðið áfengi heima er rúmlega helmingur svokallaðir stórneytendur. Með því er átt við að þeir

drekki meira en sem svarar til hálfrar flösku af víni í hverri viku. Af þeim sem aldrei er boðið áfengi heima drekka 65% ekki áfengi en 10% eru stórneytendur. Auk þess kom í ljós að þeir unglingar sem boðið er áfengi heima drekka sig oftar útúr en aðrir. Og þeir unglingar sem aldrei er boðið áfengi heima drekka sig sjaldnar ölvaða en aðrir.

Tilraun var gerð á Gotlandi þar sem foreldrar hættu að gefa börnum sínum áfengi. Áhrifin urðu þau að stórneytendum fækkaði meðal unglinganna."

Í línuriti sem fylgir með þessari grein kemur fram að í hópum þar sem foreldrar bjóða börnum sínum oft áfengi er enginn sem ekki neytir þess.

Af þessari könnun og mörgum fleirum sést hversu gífurleg áhrif fordæmið og þrýstingur frá umhverfinu hefur og á sama hátt fordæmi ríkisvaldsins í þjóðfélaginu eins og foreldranna á heimilunum. Það mundi því tvímælalaust hafa mikil, bæði bein og óbein áhrif ef ríkið hætti vínveitingum. Það er erfitt að skilja viðhorf þingmanna sem ekki vilja styðja þessa einföldu og kostnaðarlausu en áhrifaríku ákvörðun fyrir þá sem eiga í vanda vegna áfengisneyslunnar.

Alþingismenn mega ekki láta þykka veggi Alþingishússins einangra sig frá hinum ömurlegu staðreyndum þjóðlífsins sem m.a. blasa við á sumum tímum sólarhringsins hér út um glugga þess og að verulegu leyti eiga rætur að rekja til siða og siðleysis trúnaðarmanna ríkisvaldsins við meðferð áfengis.

Að sjálfsögðu yrði þetta aðeins fyrsta skrefið sem taka þarf og fylgja verður eftir með fleiri árangursríkum aðgerðum, en reynslan hefur sýnt að skipun nefnda og örfáar krónur mega sín lítils gegn áróðri þeirra sem ætla sér að græða á aukinni áfengisneyslu og óhamingju annarra.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og allshn. og mun þar óska eftir að það verði sent til umsagnar allra þeirra aðila sem standa í því vonlitla og þrotlausa starfi að bjarga þeim sem eru að farast í flóðbylgju áfengisneyslunnar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil segja okkur orð um þetta mál. Frv. tekur á brýnu málefni og ég get tekið undir erindi þess að verulegu leyti.

Annars vegar varðar það ábyrgð og skyldur ríkisins til að standa við skuldbindingar sínar, þær sem það hefur gert með aðild að heilbrigðisstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000 og hins vegar með stefnumótun íslenskra heilbrigðisyfirvalda í íslenskri heilbrigðisáætlun sem nú þegar hefur verið mælt fyrir á þinginu og er til umfjöllunar í nefnd. Báðar þessar áætlanir hafa það að stefnumarki sínu að draga úr áfengisneyslu um fjórðung fram að árinu 2000. Til þess að þessu stefnumarki verði náð þurfa stjórnvöld ekki síst að ganga á undan með góðu fordæmi, þurfa að auðvelda þegnunum að framfylgja þessari stefnumörkun og sækjast eftir því og flestar rannsóknir hafa sýnt að eitt af því sem er virkast í þeim efnum er að draga úr framboði á áfengi.

Það má sannarlega segja að um tvískinnung sé að ræða hjá ríkisvaldinu. Á sama tíma og óteljandi vandamál verða viðfangsefni stjórnvalda einmitt í kjölfar of mikillar neyslu áfengis og annarra vímuefna, sem oft fylgja í kjölfar mikillar áfengisneyslu, hefur ríkisvaldið áfengi á boðstólum, oft óspart og veitir það auk þess sem það selur það og er einokunaraðili í þeim efnum.

Við kvennalistakonur brugðumst við opnu bréfi til ríkisstjórnarinnar og alþingismanna sem hingað var sent árið 1986 af hópi lækna sem vildu leggja áherslu á þetta erindi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í greinargerð sinni lögðu þeir áherslu á þau vandamál og þær hættur sem tengjast notkun áfengis og vaxa margfalt með aukinni heildarneyslu. Þar kom fram einmitt margt af því sem hv. 1. flm. frv. hefur minnst á í sínu máli og ætla ég ekki að endurtaka það hér. Þó er ástæða til að leggja áherslu á þann þátt sem getið er í hans greinargerð og varðar áhrif áfengis á barnshafandi konur því að sú vitneskja er tiltölulega nýleg, má segja. Það eru ekki mjög mörg ár síðan læknar gerðu sér grein fyrir því hve skaðvænleg áhrif mikil áfengisneysla getur haft á fóstur í móðurkviði og þarf oft ekki mikla áfengisneyslu móður til.

Við kvennalistakonur tókum það ráð, í viðbragði okkar við því bréfi sem ég minntist á áðan, að leggja það til að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess að ekki væru veittir sterkir drykkir í veislum á vegum hins opinbera. Okkur fannst það mundi vera raunhæft. Það væri til of mikils mælst að ætlast til þess að það fengist í einu vetfangi að ríkið legði alveg niður veitingar alls áfengis. Við litum fremur á þetta sem þróunarverkefni, ef svo mætti segja, sem yrði náð í áföngum. Þess má geta hér að það var Kristín Halldórsdóttir, þáv. þingkona Kvennalistans, sem flutti þetta mál ásamt þrem þingmönnum úr öðrum flokkum. Málið fékkst þó ekki samþykkt.

Þetta var fyrsti þátturinn sem ég vildi minnast á. Annar þátturinn, sem snýr að stjórnvöldum, er sá tvískinnungur og þau óljósu mörk sem hafa verið á heimildum manna til þess að nota áfengi og veita það á vegum ríkisins og það á kostnaðarverði. Er skemmst að minnast þeirra mála sem hafa legið fyrir dómstólum og snert ýmsa fulltrúa stjórnkerfisins á nýliðnum mánuðum. Það er því sannarlega kominn tími til þess að bregðast við með einhverjum hætti, einfalda þessar reglur, gera þær mjög skýrar og skírskota til fordæmishlutverks stjórnvalda um að draga úr eða hætta að veita áfengi á sínum vegum.

En ég vil bara í örfáum orðum leggja áherslu á að ég tel að erindi þessa frv. sé brýnt. Þarna sé um málefni að ræða sem alþingismenn geti ekki komist hjá að veita athygli og veita brautargengi, annaðhvort í þeirri mynd sem það liggur fyrir nú eða þá gera einhverjar breytingar þar á sem þó gangi ekki á svig við meginerindi þessa frv.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta mál í 1. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

19. fundur, mánudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Erfðafjárskattur, 3. umr.

Stjfrv., 56. mál (tvísköttunarsamningar). — Þskj. 273.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (tannlæknaþjónusta). — Þskj. 260.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fjarveru heilbr.- og trmrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Í tengslum við sparnað í ríkiskerfinu hefur verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að draga úr kostnaði við sjúkratryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar varðandi kostnað við sérfræðihjálp, lyfjakaup og tannlæknakostnað. Hefur verið rætt um að ná fram sparnaði sem nemur 10% af þessum útgjöldum á yfirstandandi ári eða sem samsvarar 500 millj. kr.

Áætlað er að ná fram sparnaði í lyfjakostnaði sem nemur 300 millj. kr. og er unnið að tillögum þar að lútandi á vegum nefndar sem fengið hefur það hlutverk að vinna úr skýrslu um sparnaðarleiðir sem skilað var til heilbr.- og trmrh. fyrir skömmu. Ekki er reiknað með að gera þurfi lagabreytingar til þess að ná fram sparnaði í lyfjakostnaði.

Enn fremur hefur verið reiknað með 100 millj. kr. sparnaði vegna sérfræðihjálpar lækna og er á vegum Tryggingastofnunar ríkisins unnið að samningum við lækna um þann þátt þannig að lagabreytingar eru ekki nauðsynlegar til þess að ná fram þeim sparnaði að mati ráðuneytisins.

Auk þess þarf að ná fram 100 millj. kr. sparnaði vegna tannlæknakostnaðar ríkisins á næsta ári og er frv. það sem hér er mælt fyrir fram komið í tengslum við þær sparnaðarhugmyndir.

Í ágúst sl. skipaði heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason nefnd sem falið var að semja frv. til laga um skipulag tannlæknaþjónustu. Í þessari nefnd eiga sæti Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, skrifstofustjóri heilbr.- og trmrn., sem jafnframt er formaður, dr. med. Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Magnús R. Gíslason, yfirtannlæknir í heilbr.- og trmrn.

Nefndinni er ætlað að gera tillögur um frv. til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu með það fyrir augum að litið verði á tannheilbrigðisþjónustu eins og hverja aðra heilbrigðisþjónustu og að framkvæmdin verði með svipuðum hætti. Hér er um að ræða verkefni sem viðbúið er að geti tekið nokkurn tíma að vinna og telur nefndin ekki raunhæft að reikna með tillögum fyrr en á næsta þingi.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa fól heilbr.- og trmrh. nefndinni að gera tillögur um það með hvaða hætti mætti ná fram áðurnefndum sparnaði í útgjöldum ríkisins vegna tannlæknakostnaðar á næsta ári. Það hefur fyrst og fremst verið starf nefndarinnar undanfarnar vikur að gera tillögur um lausn þessa verkefnis og hefur nefndin haft að leiðarljósi að ekki verði minnkuð sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi í tengslum við tannlæknaþjónustu við börn og unglinga. Samkvæmt nýjustu upplýsingum er reiknað með að kostnaður hins opinbera við tannlækningar samkvæmt lögum um almannatryggingar nemi um 1 milljarði kr. á yfirstandandi ári. Hefur þessi kostnaður farið ört vaxandi á síðustu þremur árum og má rekja aukninguna fyrst og fremst til tannréttinga. Þessi kostnaður skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga í dag, þannig að ríkið greiðir sem næst 70% og sveitarfélögin 30%.

Frá og með nk. áramótum leggst þessi kostnaður allur á ríkið, þ.e. á sjúkratryggingar, í samræmi við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er skoðun nefndarinnar að hægt sé að ná fram verulegum sparnaði með því að breyta 44. gr. almannatryggingalaga þegar í hlut eiga greiðslur vegna kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð, tannréttingar barna og unglinga, 6–18 ára, en frá og með nk. áramótum greiða sjúkratryggingar 50% af þessum aðgerðum verði lögin óbreytt. Og það sem meira er, þá virka þessi ákvæði laganna nánast sjálfvirkt þannig að það er ákvörðun hlutaðeigandi og tannlæknis hvort til þátttöku sjúkratrygginga kemur. Þannig þarf hvorki að liggja fyrir í þessu tilviki umsókn né samþykki greiðsluaðila.

Það er skoðun nefndarinnar að lagaákvæði eins og það sem stendur í dag sé beinlínis hvetjandi til tannréttinga, án þess að læknisfræðileg nauðsyn liggi ætíð að baki. Fyrir því er lagt til að sé um að ræða krónu- og brúargerð, gullfyllingar og tannréttingar verði ekki um skylduafgreiðslu eða sjálfvirkar greiðslur að ræða, heldur heimildargreiðslur þannig að heimilt sé að greiða allt að 50% kostnaðar skv. 44. gr. þegar í hlut eiga gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar barna og unglinga á aldrinum 6–18 ára.

Þykir eðlilegt að þátttaka hins opinbera sé mest í þeim tilvikum þar sem um er að ræða aðgerðir í

lækningarskyni og allt niður í enga sé um að ræða tannréttingar sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegu skyni. Í þessu tilviki er rétt að benda á að í dag er talið að tæpur helmingur barna og unglinga njóti tannréttingarþjónustu hér á landi og má reikna með að kostnaður hins opinbera vegna þessarar þjónustu nemi ekki undir 125 millj. kr. á yfirstandandi ári. Sé hins vegar miðað við framkvæmd tannréttinga í Noregi, þar sem heilbrigðisástand er hvað líkast því sem hér gerist, er talið að þriðjungur barna og unglinga þarfnist slíkrar þjónustu. Verði sama framkvæmd hér á landi og í Noregi, miðað við þær reglur sem hér fylgja með um tannréttingar, flokkun þeirra og greiðsluþátttöku hins opinbera, má reikna með um 60 millj. kr. sparnaði vegna tannréttinganna einna, nái lögin fram að ganga, þ.e. þegar þau eru að fullu komin til framkvæmda.

Eins og áður segir fylgja með frv. tillögur að reglum um flokkun tannréttinga með hliðsjón af nauðsyn og þátttöku hins opinbera, bæði skv. c-lið 39. gr., en þar er um að ræða fulla greiðslu og skv. 44. gr. en þar er um að ræða 50% greiðslu og 30% greiðslu samkvæmt drögum.

Í frv. er enn fremur lagt til að því aðeins komi til greiðslna samkvæmt þessum ákvæðum, þ.e. skv. c-lið 39. gr. og 44. gr. varðandi gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar, að fyrir liggi sérstök umsókn hlutaðeigandi, þar sem tannlæknir flokkar aðgerðina í samræmi við áðurnefnda flokkun, og jafnframt samþykki sjúkratrygginga. Á því að fara fram mat á nauðsyn aðgerðar áður en til greiðslu kemur.

Með þessu er ekki verið að leggja til að annarri sérfræðiþjónustu fyrir aldurshópinn 6–18 ára, svo sem vegna skurðaðgerða o.s.frv., verði breytt. Hún verður með óbreyttum hætti eins og almenn tannlæknaþjónusta fyrir þennan aldurshóp. Því er með frv. þessu þegar í hlut á 44. gr. eingöngu tekið á gullfyllingum, krónu- og brúargerð og tannréttingum og í reynd fyrst og fremst á tannréttingum þar sem með fylgja ákveðnar reglur sem talið er rétt að settar verði, m.a. til að henda reiður á þessu máli. Reglur um flokkun og þátttöku sjúkratrygginga í gullfyllingum og krónu- og brúargerð yrðu settar síðar að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Það er skoðun nefndarinnar sem áður hefur verið vitnað til að verði framkvæmd tannréttinga með svipuðu sniði og gerist í Noregi muni tannréttingum fækka, m.a. vegna þess að ekki sé talin ástæða til að greiða fyrir tannréttingar nema þær séu framkvæmdar í læknisfræðilegu skyni.

Flestir ættu að geta tekið undir þessi sjónarmið því víða má leggja til fé ef fallist verður á að heilbrigðiskerfið eigi að standa undir kostnaði við ýmiss konar aðgerðir sem sannanlega eru ekki framkvæmdar í læknisfræðilegum tilgangi, jafnvel þótt læknar og tannlæknar framkvæmi aðgerðirnar. Mætti hér benda á mörg atriði, jafnvel atriði sem nær væri að greitt væri fyrir eins og í sambandi við ýmiss konar tannholdsaðgerðir þeirra sem ekki njóta endurgreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum og viðkomandi aðilar verða að bera að fullu.

Það er mat ráðuneytisins að til þess að ofangreindar breytingar nái tilætluðum árangri sé nauðsynlegt að efla eftirlit með framkvæmd þeirra þátta almannatrygginga sem snerta tannlækningar og er því lagt til að tryggingaráð ráði sérstakan tannlækni til þess starfa. Er reiknað með að hann beri ábyrgð gagnvart tryggingaráði en starfi ekki á vegum tryggingayfirlæknis án lagafyrirmæla eins og nú tíðkast.

Benda má á að þegar á heildina er litið er reiknað með að um 60 millj. kr. sparnaði verði náð með ofangreindum breytingum þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Enn fremur hljóta að sparast verulegar fjárhæðir vegna ferðakostnaðar, en hann er áætlaður á yfirstandandi ári vegna tannréttinga einna um 40 millj. kr. Má því reikna með að heildarsparnaður þar geti numið 20 millj. kr. þegar til framkvæmda kemur. Enn vantar um 20 millj. kr. svo náð verði þeim 100 millj. kr. sem um er rætt og í því tilviki skal bent á að sem stendur er unnið að gerð samninga við tannlækna um þessa þjónustu og er fyllsta ástæða til þess að sérfræðingar innan tannlæknisfræðinnar fallist á að lækka sérfræðiálag en það er í dag 32% og ættu því að vera möguleikar á að ná þessum 20 millj. sem á vantar með samningum. Aðrar leiðir koma enn fremur til greina eins og fram kemur í athugasemdum við frv.

Varðandi gildistöku laganna vísa ég til ákvæðis til bráðabirgða þar sem fjallað er um rétt þeirra sem þegar eru í meðferð vegna tannréttinga.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta og vísa til ítarlegra athugasemda en vil leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til heilbr.- og trn. með þeirri beiðni að nefndin hraði störfum því mikilvægt er að frv. þetta nái fram að ganga fyrir 1. jan. nk. þar sem hér er um mikilvægan sparnað að ræða sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Herra forseti. Ég vil endurtaka þá tillögu mína að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Frv. þessu er ætlað að ná fram sparnaði á ákveðnum liðum sjúkratrygginga, þ.e. þeim er snerta útgjöld vegna tannréttinga og annars mjög sérhæfðs tannlækningakostnaðar. Þetta mun liður í víðtækari sparnaði innan almannatryggingakerfisins, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, m.a. er gert ráð fyrir að spara hundruð milljóna í lyfjakostnaði og um hundrað milljónir á sérfræðikostnaði almennra lækna.

Það er athyglisvert að núv. ríkisstjórn skuli leggja til sparnað á þessu sviði — og áður en hæstv. menntmrh. gengur úr salnum vildi ég gjarnan mega rifja upp að vorið 1983 breytti hann reglugerðum sem heilbr.- og trmrh. í þá átt að stórauka útgjöld ríkisins vegna tannlækningakostnaðar. Nú er hann sem sé aðili sem ráðherra í hæstv. ríkisstjórn að tillögum um að draga hér verulega úr og ná sparnaði upp á 100 millj. kr. að því er sagt er og ber þá nýrra við að Alþb.

er farið að gera tillögur um skerðingar á framlögum til almannatrygginga.

Auðvitað var ákvörðun hæstv. ráðherra 1983 ekkert annað en lýðskrumið eitt, enda neyddist viðtakandi heilbrrh. vorið 1983, Matthías Bjarnason, til að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að afnema þá reglugerð. Og kom á daginn að fyrir stórauknum framlögum á þessu sviði var ekki fjárhagslegur grundvöllur.

Eins og nú háttar til um afkomu ríkissjóðs er auðvitað skylt að skoða alla liði þegar horft er til sparnaðar og minnkunar útgjalda og auðvitað hljóta allir ábyrgir aðilar og allir sem vilja láta taka sig alvarlega í umfjöllun um þau mál að viðurkenna nauðsyn þess og jafnframt að fallast á að það séu engir liðir sérstaklega undanþegnir í því. Ég hef ekki staðið hér upp til þess að halda því fram að þessir sérstöku liðir sem ráðherra gerði að umtalsefni séu einhverjar heilagar kýr sem ekki megi skerða. Það er fjarri því. Ég tel þvert á móti að eins og nú háttar til í ríkisbúskapnum sé skylt að leita allra hugsanlegra leiða til þess að ná sparnaði og lækkun útgjalda.

Spurningin í máli sem þessu er hins vegar sú hvort hér er um að ræða raunhæfar tillögur, hvort hér er um að ræða framkvæmd sem gæti staðist og hvort hinn reikningslegi grundvöllur undir þessum tillögum sé þannig úr garði gerður að hann standist. Ég leyfi mér að hafa ákveðnar efasemdir um að svo sé varðandi þetta frv., herra forseti.

Í grg. með frv. er fullyrt að tæplega helmingur barna og unglinga hér á landi njóti tannréttingarþjónustu. Ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum að þessi tala sé hrein ágiskun. Það sé hrein ágiskun hvað þarna er um að ræða mikinn fjölda. En á þessari tölu byggist síðan útreikningurinn á þeim sparnaði sem hér er um að ræða. Það er sagt að þessi kostnaður sé 125 millj. kr. á þessu ári og að það megi sem sé helminga hann og spara hugsanlega um 60 millj. og að auki 20 millj. vegna minni ferðarkostnaðar. Og afganginn, 20 millj., með samningum um minnkaðar álagsgreiðslur til læknanna. Það er hins vegar mjög gagnrýnivert að mínum dómi að ekki skuli liggja fyrir alveg nákvæmar upplýsingar og nákvæmar tölur um þetta efni í þessari grg. vegna þess að reikningar læknanna sem hér um ræðir eru skýrir og ótvíræðir og það á að vera hægt að afla þessara gagna þannig að ótvírætt sé hvað hér er um að ræða mikinn fjölda barna og unglinga sem hagnýta sér þessa þjónustu.

Mér er tjáð að þarna skakki verulegu og sömuleiðis er rétt að benda á að í grg. frv., sem ráðherra reyndar sagði að væri ítarleg og vel unnin, gætir ósamræmis í meðferð talna um þetta efni því í lok athugasemdar við 3. gr. frv. segir að í ár megi vænta þess að kostnaður ríkisins verði 700 milljónir, sem sé mikil hækkun frá árunum 1983–1986 og síðan segir: „Þessar hækkanir virðast fyrst og fremst til komnar vegna aukinna tannréttinga.“ En tannréttingar eru hins vegar sagðar vera 125 millj. kr., þannig að mismunurinn ætti að vera 575. Einhverjar hafa nú tannréttingarnar verið fyrir þessar breytingar sem hér er vikið að áður en samningur við lækna var gerður árið 1987, sem tók gildi í janúar 1988. Þessar tölur standast því ekki gagnrýna athugun að mínum dómi. Ég hygg að þarna sé einhver ónákvæmni á ferð sem ég skal þó ekki gera meira mál úr á þessu stigi málsins. Ég hygg að nefndin sem um þetta fjallar þurfi að fara vel í saumana á þessum atriðum, til að sjá hvort þarna er ónákvæmni eða villur á ferð. Því hafi kostnaðurinn aukist úr 400 millj. kr. í 700 millj. kr. og tannréttingarkostnaðurinn verið 125 millj. kr. þá er ljóst að það er eitthvað meira þarna með sem ekki kemur þó fram hvað er.

Ég vil hins vegar, herra forseti, vekja athygli á því að í fskj. 2 með frv. er bréf frá stjórn Tannlæknafélags Íslands þar sem bent er á ýmsar leiðir til hagræðingar á þessu sviði og sparnaðar. M.a. segir hér, með leyfi forseta:

„Rétt er að höfuðreglan sé sú að sjúklingar beri jafnan sjálfir eitthvert hlutfall kostnaðar tannlækningaþjónustu sinnar. Hluti barna og unglinga, 6–15 ára, af almennum tannlækningum gæti verið 10%. Við það mundi kostnaður ríkisins lækka um 50 millj. kr.“

Og mér er spurn þegar þeir menn sem hér eiga e.t.v. stærstan hlut að máli, tannlæknarnir sjálfir, leggja til með þessari hugmynd sparnað sem gæti numið 50 millj. kr. með því einu að hlutur sjúklinga þarna yrði 10%, hvers vegna ríkisstjórnin tekur ekki slíkri hugmynd fegins hendi. Eða jafnvel bara 5% og næði þar 25 millj. kr. sparnaði. Ég hygg að það sé nefnilega rétt sjónarmið sem þarna kemur fram að það er skynsamlegt að í verkefnum sem þessum, þó að það sé auðvitað eðlilegt að ríkisvaldið standi undir langstærstum hluta kostnaðar fái sjúklingurinn nasasjón af því hvað verið er að borga og hvað hlutirnir kosta, hvað sú þjónusta kostar sem verið er að veita honum. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert, en á hinn bóginn er farið hér út í tiltölulega sérhæfðar ráðstafanir sem margt bendir til að muni ekki skila þeim peningum sem hér er um talað, þ.e. þessum 60–100 millj. eftir því hvernig á það er litið.

Auðvitað er það alltaf þannig, og ég tek undir það með hæstv. ráðherra, að það er hætta á því að aðilar misnoti heimildir þegar um það er að ræða að þriðji aðilinn greiðir allan kostnað, þegar sjúklingur og læknir, í þessu tilfelli tannlæknir, geta tekið ákvörðun um útgjöld sem ríkið á síðan að borga og aðrir koma ekki að. Þá er auðvitað hætta á því sem kalla mætti „ofmeðferð“, hætta á því að menn gangi eða seilist fulllangt í þann vasa sem greiðir kostnaðinn. Ég tel því að allar tillögur sem geta spornað við slíkri misnotkun séu jákvæðar og að því marki sem þær koma fram í þessu frv. þá leyfi ég mér að taka undir þær.

Hins vegar var eitt atriði sem fram kom í ræðu ráðherra sem ég vil sérstaklega spyrja um og það eru þessar aðgerðir sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegu skyni eins og það er kallað, aðgerðir sem ekki er brýn læknisfræðileg ástæða til þess að framkvæma, heldur er samkomulag á milli sjúklings og tannlæknis um að gera, hugsanlega í útlitsbætandi tilgangi, í fegrunar-

tilgangi eða af öðrum ástæðum. Ef það er stefna ríkisstjórnarinnar að láta menn nú í auknum mæli greiða fyrir slíkar aðgerðir úr eigin vasa gildir það þá líka, er það þá stefna stjórnarinnar líka, að yfirfæra þessa hugsun yfir á aðgerðir á öðrum sviðum læknisfræðinnar? Því nú er vitað að slíkar aðgerðir fara fram á sviði lýtalækninga m.a. og á öðrum sviðum læknisfræðinnar, þar sem eingöngu er um það að ræða að fegra útlit viðkomandi, en ekki það sem kalla mætti brýnan læknisfræðilegan tilgang. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því, án þess að ég sé að gera neina tillögu um það frá minni hendi, hvort ríkisstjórnin hafi tekið upp þá stefnu að láta sjúklinga greiða kostnaðinn af slíkum aðgerðum. Hér getur verið um að ræða margháttaðar aðgerðir eins og ég veit að öllum hv. þm. er kunnugt. Ég held að það væri afar gagnlegt að fá það upplýst hvort hér hefur orðið stefnubreyting af hálfu núv. ríkisstjórnar í þessu efni.

Að öðru leyti hyggst ég ekki fjölyrða um þetta frv., herra forseti. Ég vil að endingu aðeins ítreka það að við þær aðstæður sem nú ríkja í ríkisfjármálum verður ekkert undan því vikist að skoða alla liði með tilliti til þess hvar hægt er að bera niður til sparnaðar. Út af fyrir sig fagna ég því að til að mynda Alþb. leggur hér fram tillögur um breytta stefnu í þessum málum þvert gegn því sem heilbrrh. Alþb. aðhafðist vorið 1983.

En að því er þetta frv. varðar þá hef ég mínar efasemdir um að þær reikningsforsendur sem þar eru til grundvallar lagðar standist. Ég tel að hv. heilbr.- og trn. þurfi að kanna það mál rækilega og eins hvort hægt er að ná fram sparnaði með öðrum og auðveldari og jafnvel réttlátari hætti heldur en hér er lagt til, til að mynda með þeirri aðferð sem lögð er til í bréfi Tannlæknafélags Íslands sem hér fylgir með sem fskj. 2.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef afar litlu við það að bæta sem hv. síðasti ræðumaður hefur gert hér að umræðuefni. Ég tek undir hans orð að það er nauðsynlegt að spara í heilbrigðiskerfinu sem og á öðrum sviðum og þá ekki síst í því sem þetta frv. fjallar um. En það kemur kannski illa við suma sem hafa lagt trúnað á að það eigi alltaf að auka útgjöld hins opinbera til einstaklinga, m.a. með því sem gert var í ársbyrjun 1983, m.a. sem var lofað að gera þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð, 28. sept. 1988, en þar segir í einum kaflanum um heilbrigðismálin að fyrirkomulag á tannlæknaþjónustu verið endurskoðað í því skyni að lækka tilkostnað heimila og hins opinbera án þess að dregið verði úr þjónustu. Mér sýnist nú allt fara öruvísi í þessu frv. Hér er auðvitað verið að draga verulega úr þjónustu og koma meiru yfir á heimilin, þvert ofan í það sem var yfirlýsing þeirrar ríkisstjórnar sem er nú enn við lýði þó að tveimur hafi verið bætt við.

Þetta finnst mér vera að koma aftan að fólki. Þetta eru háar og miklar upphæðir. Með þessu frv. eru prentuð fylgiskjöl, m.a. frá stjórn Tannlæknafélags Íslands og þar er sagt að þeir fái þær upplýsingar í Tryggingastofnun ríkisins að ferðakostnaður á sl. ári hafi numið hvorki meira né minna en 48,8 millj. kr. og þar af er áætlað að 55% eða 26,8 millj. tilheyri tannréttingaferðum einum. Þetta eru ekki neinar smáupphæðir sem hér er um að ræða. En nú á að leggja þetta niður. Er þá ekki verið að draga úr þjónustu, sérstaklega landsbyggðarinnar í þessum efnum? Þá eiga landsbyggðarmenn að standa undir kostnaði því að allir verða að koma hingað suður til að fá þessa þjónustu. Hér er auðvitað fyrst og fremst verið að draga úr því sem það opinbera hefur verið að greiða til landsbyggðarinnar. Það er enn þá einu sinni verið að mismuna fólki. Ekkert af þessari þjónustu er komið úti á landi þó að talið sé líklegt að á næstunni komi þjónusta á fjórum stöðum á landinu, þar af á einum stað í þriggja kortera keyrslu héðan frá Reykjavík. Þetta finnst mér nú vera ósamræmi miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Hér er aðeins um eitt atriði að ræða og ég tel að það þurfi að taka á þessu, ég er alveg sammála því. En það á ekki enn að auka bilið á milli strjálbýlis og þéttbýlis eins og verið er að gera þarna. Það er alveg merkilegt hversu sumir þingmenn, sem eiga ekki til orð a.m.k. fyrir kosningar að lýsa yfir ástúð sinni á jafnrétti á milli landshluta, eru tilfinningalausir þegar slíkar breytingar eru gerðar eins og hér er lagt til. Þá er eins og það dofni alveg yfir þeim og þeir hafi ekki nokkra tilfinningu fyrir þessu, rétta upp höndina með þeirri breytingu en spyrja ekki einu sinni: Hvað kemur þá í staðinn? Hvað verður gert til þess að jafna þennan mismun? Það er kominn tími til að þessir þingmenn öðlist alveg fullkomna meðvitund og viti hvað þeir eru að gera, jafnvel í jólaösinni.

Mig langar líka til þess að spyrja hæstv. starfandi heilbr.- og trmrh. að því: Hvað líður heildarendurskoðun laganna um almannatryggingar og skipulag Tryggingastofnunar ríkisins? En í sömu stefnuyfirlýsingu og ég vitnaði til hér áðan segir að endurskoðun laga um almannatryggingar og skipulag Tryggingastofnunar ríkisins verði lokið um mitt ár 1989. Það er löngu liðið þetta miðja ár 1989 samkvæmt okkar dagatali því að í dag er 11. des. og ekki eftir nema 20 dagar af þessu ári. En það bólar ekkert á þessari endurskoðun. Hins vegar hafa verið uppi mikil ræðuhöld hingað og þangað á haustmánuðum um stórfelldar breytingar á heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Jafnvel að fara 40–50 ár aftur í tímann og afnema það sem þá vannst.

Mér finnst þetta nú ekki bera vott um það að hér sé ríkjandi félagshyggjustjórn eins og var mikið talað um og var mjög fagnað af því fólki öllu þegar þessi stjórn var mynduð í lok september 1988. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari endurskoðun? Hvað hefur tafist? Því hér er alveg afdráttarlaust tekið fram að þeirri endurskoðun verði lokið um mitt ár 1989. Fyrst verið var að semja um þetta við stjórnarmyndun og marka þessu svona afdráttarlausan tíma þá á auðvitað að standa við það. Og hver er þá ástæðan fyrir því að þetta er ekki búið? Var þessu ekki sinnt? Fylgdi hæstv. heilbr.- og trmrh. þessu

ekki eftir? Það kemur ekkert fram um það og við þingmenn eigum rétt á því að fá að vita hver ástæðan er fyrir því að þetta liggur ekki fyrir og þetta er ekki gert.

Annars vil ég segja það að ég vil taka á því af fullkominni alvöru að draga úr kostnaði hins opinbera. Það þarf víða að gera það og hafa betra taumhald á, en þá verða menn líka að vera sjálfum sér samkvæmir. Það á ekki að byrja á því að lofa því að það eigi ekki að draga úr neinu og síðan eftir rúmt ár að koma með aðgerðir sem eiga að draga stórkostlega úr þvert ofan í það sem þessir sömu menn segja. Síðan er beðið eftir heildarendurskoðun langt umfram þann tíma sem þessir sömu menn ákváðu að gera. Og svo aftur þetta, sem er stórt atriði og mikið, að það er alltaf verið að mismuna fólkinu sem býr í þessu landi. Og það virðast ekki vera nein takmörk fyrir því hvað á að leggja á herðar þeirra sem búa fjærst höfuðborginni. Þar vantar að sýna meiri sanngirni heldur en þessi ríkisstjórn hefur gert þrátt fyrir sín loforð.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það eru einkum tvær spurningar sem hér hafa komið fram. Í fyrsta lagi hvort ríkisstjórnin hafi áform um það að breyta reglum að því er varðar aðrar lýtalækningar. Það hafa verið uppi hugmyndir um það að gera breytingar í þeim efnum þannig að viðkomandi greiði hluta af þeim kostnaði sem af því hlýst, en það liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða í því máli. Hér er að sjálfsögðu ekki um einfalt mat að ræða hvenær á að gera þá kröfu að viðkomandi aðili greiði hluta af þeim kostnaði. Hins vegar er talið nauðsynlegt við þær aðstæður sem nú eru að slík athugun fari fram og að því hefur verið unnið af heilbr.- og trmrn.

Að því er varðar endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni, sem hv. 1. þm. Vestf. spurði hér um, þá hefur farið fram mjög viðamikið starf í þessari nefnd og hún haldið mjög marga fundi eins og gengur og gerist í svo umfangsmiklu starfi. Hins vegar liggur ekki niðurstaða þar fyrir. M.a. er beðið eftir útreikningum á ýmsum tillögum sem hafa komið fram í nefndinni, en ég vænti þess að betur sé hægt að upplýsa um málið í meðferð nefndar á þessu máli hér fyrir Alþingi.

Ég get verið sammála hv. þm. með það að það er óheppilegt að vera að setja fram alveg ákveðnar dagsetningar í máli sem þessu en hann veit það jafn vel og ég að það er nú oft erfitt að áætla tíma nákvæmlega í þessu efni. Ég get hins vegar verið því algjörlega sammála að menn ættu að gera minna af því að ákveða alveg ákveðnar dagsetningar í málum sem þessum.

En hitt er svo annað mál að það er mjög brýnt að þessi endurskoðun fari fram og það er mjög brýnt að draga úr kostnaði hins opinbera í þessum málaflokki eins og svo mörgum öðrum vegna þess að það hefur verið stöðug útgjaldahækkun í þessum málaflokki og ýmsum öðrum um margra ára skeið og ríkissjóður ræður ekki lengur við þessa miklu útgjaldahækkun. Menn eiga engan annan kost en að draga úr útgjöldunum ef standa á við þau fyrirheit flestra ef ekki allra stjórnmálaflokka að auka ekki skattheimtu í landinu.

Hins vegar er þetta aðeins brot af því sem gera þarf og því finnst mér að sjálfsögðu að skoða eigi allar þær hugmyndir sem upp koma, m.a. þá hugmynd hv. þm. Geirs Haarde að hver og einn greiði hluta af tannlækningakostnaði. Hitt er svo annað mál að það er nauðsynlegt að það sé nokkurt samræmi í greiðslu á slíkum kostnaði og öðrum kostnaði í heilbrigðiskerfinu en ég er honum sammála í því að það þarf að leita hér allra leiða. Og ég bendi á þá staðreynd að heilbr.- og trmrh. skipaði sérstaka nefnd, eins og vitnað er hér til í athugasemdum með frv., þann 22. ágúst sl. til þess að semja frv. til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu. Honum var hins vegar falið að koma með tillögur að sparnaði í heilbrigðiskerfinu, þ.e. að því er varðar lyfjakostnað og sjúkratryggingarnar sem nemur 500 millj. kr. Hann hefur komið með þær tillögur og mun að sjálfsögðu gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja framkvæmd þeirra. Ég get tekið undir það með hv. þm. Geir Haarde að það er ekki minna mál að hafa nokkra vissu fyrir því að slík framkvæmd sé möguleg og hægt sé að fylgja sparnaðartillögunum eftir.

Herra forseti. Ég vil annars þakka fyrir góðar undirtektir við þetta mál og þann vilja þeirra sem tekið hafa til máls að taka til hendinni í sparnaði í ríkiskerfinu og vonandi verður sá vilji ríkur hjá öllum hv. þm. hér á Alþingi þó að stundum hafi nokkuð skort á þann vilja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fjarveru heilbr.- og trmrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um framlengingu á lögum nr. 2 1985, um eftirlaun til aldraðra. Þetta frv. er flutt í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar þess efnis að framlengja beri lög nr. 2/1985, um eftirlaun til aldraðra, næstu tvö árin þannig að þau gildi í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en því er snertir iðgjaldshlutfall sem lífeyrissjóðir greiða til þessa lífeyriskerfis.

Í þessu tilviki er rétt að rifja aðeins upp gang mála á undanförnum árum. Fyrstu lög um eftirlaun til aldraðra, sem reyndar hétu lög um eftirlaun fyrir aldraða félaga í stéttarfélögum, voru sett árið 1970, sbr. lög nr. 18/1970. Var það gert í framhaldi af kjarasamningum árið 1969 og stofnun hinna svonefndu al-

mennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með þeim lögum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið.

Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samninga 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ hlutum og ríkissjóði að ¼ en síðan var ætlunin að hlutaðeigandi lífeyrissjóðir tækju við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna var fjárhagsgrundvöllurinn og því var gert ráð fyrir að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Lögunum var síðan breytt með lögum nr. 97/1979, sem þá hétu lög um eftirlaun til aldraðra. Var enn gert ráð fyrir því að eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögunum féllu niður í árslok 1984. Þegar þar að kom þótti ekki koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar féllu niður án frekari ráðstafana af hálfu stjórnvalda og voru því ákvæði laganna um eftirlaunagreiðslur framlengd til 1. jan. nk.

Nú er ljóst að þær lífeyrisgreiðslur sem hér um ræðir mega ekki falla niður frá og með 1. jan. nk. þar sem þær skipta miklu um fjárhag og afkomu þess fólks sem nýtur þeirra í dag. Það var af þessum sökum sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við lausn kjarasamninga í lok aprílmánaðar sl. fyrirheit um að hún mundi beita sér fyrir framlengingu laganna. Heilbr.- og trmrn. fól umsjónarnefnd eftirlauna sem starfar samkvæmt lögunum að kanna málið. Í greinargerð nefndarinnar frá 9. júní sl. kemur fram að hún telur einkum þrjá kosti koma til greina um framlengingu laganna:

Í fyrsta lagi að framlengja enn um sinn núgildandi lög í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en snertir það iðgjaldshlutfall sem lífeyrissjóðir greiða til þessa lífeyriskerfis.

Í öðru lagi að framlengja greiðslur með yfirtöku hins opinbera á þeim.

Í þriðja lagi að framlengja greiðslur samkvæmt lögunum en breyta kostnaðarskiptingu milli lífeyrissjóða annars vegar og hins opinbera hins vegar.

Umsjónarnefndin taldi síðasta kostinn álitlegastan og lagði síðan fram formlega tillögu þar að lútandi.

Það er hins vegar skoðun ríkisstjórnarinnar — og er það reyndar í samræmi við fyrirheit hennar — að framlengja beri lögin næstu tvö árin með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þeim kosti sem fyrstur er nefndur hér á undan. Á þeim tíma verði þau tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna lífeyrissjóðanna með hliðsjón af þeim tillögum umsjónarnefndar sem áður er getið. Þetta felur í sér að lífeyrissjóðir greiða verðtryggð réttindi eftir reglugerðum sínum og í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma en hið opinbera það sem á vantar full réttindi samkvæmt gildandi lögum.

Með þessari tveggja ára framlengingu og breytingu á iðgjaldshlutfalli sem lífeyrissjóðunum er gert skylt að greiða til þessa eftirlaunakerfis og gert er ráð fyrir í þessu frv. gefst bæði ráðrúm til að kanna lögin í tengslum við mótun framtíðarstefnu í málefnum lífeyrissjóða og jafnframt fá núverandi greiðsluaðilar tóm til aðlögunar að breyttri kostnaðarskiptingu. Þykir heppilegra að framlög sjóða verkalýðsfélaga til greiðslu verðtryggingar skv. I. kafla laganna og framlög annarra sjóða til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla verði lækkuð í áföngum á tveim árum heldur en að þau verði felld niður þegar í stað eins og tillögur umsjónarnefndarinnar gerðu ráð fyrir. Samkvæmt ofanrituðu eru efnisatriði frv. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Gert er ráð fyrir tveggja ára framlengingu laganna og að á þeim tíma verði lögin tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun lífeyrissjóðsmála.

Í öðru lagi. Framlög lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna, þ.e. verðtryggingin, en þær eru bornar af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum sem hundraðshluti af iðgjaldstekjum, sbr. 24. gr. laganna, verður 2% á árinu 1990 og 1% á árinu 1991 í stað 3% eins og verið hefur frá 1986. Árin 1980–1984 var hlutfallið 5% og 4% árið 1985.

Hlutfallið hefur því farið lækkandi enda fækkar þeim sem njóta réttar samkvæmt lögunum í samræmi við það sem gengur og gerist í lífinu. Verði sama prósentutala, þ.e. 3%, látin gilda áfram hefði það í för með sér að lífeyrissjóðirnir stæðu að öllu leyti undir greiðslu verðtryggingarinnar, en á árinu 1988 var hlutfallið 78% og á árinu 1989 um 90%. Lækkun iðgjaldshlutfalls sem hér er gert ráð fyrir hefur í för með sér að iðgjaldsframlög hlutaðeigandi lífeyrissjóða dygðu að líkindum fyrir greiðslu um það bil 65% af kostnaði af verðtryggingu skv. I. kafla laganna á árinu 1990 og um 35% af kostnaðinum á árinu 1991. Í þessu tilviki er rétt að benda á að í upphafi var gert ráð fyrir að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóða dygði fyrir greiðslu 50–60% af útgjöldum vegna verðtryggingarinnar og hefur svo verið lengst af þar til 1988 eins og áður hefur komið fram. Það liggur því ljóst fyrir að hlutfall iðgjaldatekna sem nú gildir, 3%, sem lífeyrissjóðirnir leggja fram til greiðslu verðtryggingar eftirlauna, er orðið miklum mun hærra en upphaflega var stefnt að. Ástæðurnar fyrir því að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóðanna hefur farið vaxandi sem hlutfall af kostnaði af greiðslu verðtryggingar eftirlauna eru nokkrar, en þó vegur þungt að hlutfallið ræðst að nokkru af þeim mun sem er á launum á hverjum tíma og á því fimm ára meðaltali sem grunnlífeyrir er miðaður við samkvæmt lögunum. Dragi úr þessum mun lækkar hlutdeild verðtryggingarinnar í eftirlaunum en hlutdeild sjálfs grunnlífeyrisins mundi þá aukast. Þetta gerist ef dregur úr verðbólgu og þar með hækkun peningalauna frá því sem áður var.

Auk þess mætti nefna að iðgjaldsstofn lífeyrissjóða hefur verið víkkaður í áföngum undanfarin þrjú ár þannig að hann miðast ekki lengur við dagvinnulaun

heldur við heildarlaun. Sú breyting kemur að fullu til framkvæmdar á næsta ári og hefur hún valdið og mun valda aukningu iðgjaldatekna umfram launabreytingar.

Í þriðja lagi hafa iðgjaldstekjur aukist umfram launabreytingar vegna fjölgunar greiðenda og allt þetta hefur í för með sér að framlög lífeyrissjóðanna eru orðin miklu hærri en að var stefnt í upphafi eins og áður hefur komið fram.

Ef litið er til kostnaðarins liggur ljóst fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna eftirlauna skv. II. kafla laganna vegna verðtryggingarinnar mun aukast úr 18 millj. í 28 millj. kr. á næsta ári en kostnaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs hvors um sig mun aukast úr 14 millj. í 21 millj. kr. Rétt er að benda á að verði lögin ekki framlengd yrði óhjákvæmilegt að hið opinbera tæki á sig allan kostnað af þeim eftirlaunum sem nú eru greidd skv. II. kafla laganna sé ætlunin að bæta hlutaðeigandi aðilum lífeyrinn vegna verðtryggingarinnar. Verði sama prósentutala látin gilda áfram, þ.e. þessi títtnefndu 3%, liggur hins vegar ljóst fyrir að lífeyrissjóðirnir muni greiða allan þennan kostnað á næsta ári.

Ekki er ástæða til þess að fara um frv. þetta mikið fleiri orðum og vil ég vísa til ítarlegra athugasemda við frv. þar sem gerð er grein fyrir aðdraganda og efni laga um eftirlaun til aldraðra, ýmsum þáttum sem snerta eftirlaun, bæði almenn eftirlaun og til aldraðra félaga í stéttarfélögum og til aldraðra bænda. Enn fremur vil ég vekja athygli á þeim upplýsingum sem fram koma í athugasemdum við frv. um fjölda eftirlaunaþega og réttindi þeirra, um framreikning á fjölda lífeyrisþega, áætlaðan fjölda lífeyrisþega 1. janúar ár hvert til 2003 o.s.frv. Enn fremur vísa ég sérstaklega til þess sem fram kemur í lok athugasemdanna þar sem gerð er grein fyrir breytingum þeim sem fólgnar eru í frv. Ég vek enn fremur athygli á því að til viðbótar þarf að breyta lögum um Lífeyrissjóð bænda til samræmis við áðurnefndar breytingar í lögum um eftirlaun til aldraðra. Fjmrh. hefur nú þegar kynnt slíkt frv.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til heilbr.- og trn. og jafnframt endurtaka þau tilmæli mín að reynt verði að hraða afgreiðslu þessa máls með tilliti til eðlis þess.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Varðandi það mál sem hér er til umfjöllunar langar mig aðeins að vekja athygli á að stjórn Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar hefur sent frá sér greinargerð varðandi þetta mál. Þar koma fram sjónarmið sem ég treysti að verði athuguð gaumgæfilega í heilbr.- og trn. deildarinnar, en í henni á ég sæti og mun þá fá tækifæri til að fjalla ítarlegar um málið og þær spurningar og álitaefni sem eru og svara þarf.

Fram kemur í nefndri greinargerð að þessi löggjöf hafi veruleg áhrif á starfsemi og fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar sem og allmargra annarra lífeyrissjóða. Mikilvægt er að kannaðar verði allar hliðar þessa máls og afstaða tekin samkvæmt því. Að svo komnu máli teysti ég mér að sjálfsögðu ekki til þess að taka afstöðu til málsins í heild.

Skipan lífeyrismála og eftirlauna aldraðra er fjarri því að vera einföld og því bráðnauðsynlegt að fá gleggri upplýsingar um forsendur þeirrar framlengingar sem hér er lögð til og með hvaða hætti sú framlenging er, hvaða áhrif lögin geti haft á afkomu einstakra sjóða og þar með lífeyrisþega innan þeirra í þeirri mynd sem lagt er til að þessi lög verði framlengd.

Upplýsingar sem staðgengill heilbr.- og trmrh. flutti hér í framsögu eru góðra gjalda verðar en einhverjum spurningum mun ósvarað enn.

En ég ítreka: Þetta mál er hægt að kanna vel í nefnd og taka að því búnu þá afstöðu sem sanngjörnust er og leggja fyrir 2. umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Yfirstjórn umhverfismála, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir er fylgifrv. með frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, eða með öðrum orðum frv. um að setja á fót umhverfisráðuneyti. Þegar ég mælti fyrir því frv. rakti ég, með leyfi forseta, einnig efni þess bandorms sem í því frv. er sem ég nú formsins vegna mæli fyrir. Þar er um að ræða breytingu á fjölmörgum lögum til þess að þau verkefni megi flytjast til væntanlegs umhverfisráðuneytis sem lýst er í grg. með frv. til laga um Stjórnarráð Íslands. Ég sé því ekki ástæðu til að vera að endurtaka það sem ég sagði þá og lengja þessa umræðu þannig og vísa til þess sem fram kom þá í allítarlegri framsöguræðu minni.

Ég vil því leyfa mér að leggja nú til, herra forseti, að frv. verði eins og því fyrra vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þegar þessari umræðu var frestað síðast var einn hv. þdm. á mælendaskrá. Mér var ekki ljóst hvort þdm., sem er hv. 3. þm. Reykv., hafði fallið frá

orðinu eða ekki, en það er greinilegt að þingmaðurinn hefur ekki gert það og tekur hann nú til máls.

Ragnhildur Helgadótir:

Herra forseti. Það mál sem við fjöllum hér um og hefur nú þegar verið ítarlega rætt og það ekki að ástæðulausu er tvíþætt og um það verður í raun og veru ekki fjallað nema vikið sé einnig að því frv. sem var á dagskránni nú rétt á undan. Þessi mál eru órjúfanlega samantengd og því verður nokkuð vikið að þeim báðum. Málið er tvíþætt á þann veg að hér er verið að stofna nýtt ráðuneyti og ég mun leyfa mér að fjalla lítils háttar um þá ætlan hæstv. ríkisstjórnar í máli mínu hér á eftir og ástæðu til þess, hina pólitísku ástæðu, eins og hún lítur út frá sjónarmiði okkar margra. Hins vegar mun ég fjalla um efnislegar ástæður sem kunna að liggja til þess að stofnað sé sérstakt umhverfisráðuneyti og rekja rök bæði með því og móti og loks minnast á þá málaflokka sem taldir eru upp í frv. sem við fjöllum um nú undir þessum dagskrárlið, hvort nauðsyn beri til að þeir falli undir hið nýja væntanlega ráðuneyti.

Nú er það auðvitað öllum ljóst að ástæðan til þess að gert er ráð fyrir að breyta stjórnarráðslögum nú er sú að áður hafði hæstv. ríkisstjórn samið um það við Borgfl., sem þá var utan ríkisstjórnar, að sá flokkur skyldi fá tvo ráðherra og breyta þar með andliti hinnar eldri ríkisstjórnar sem ríkti hér sl. vor. Að launum skyldi hann m.a. fá nýtt ráðuneyti sem heita skyldi ráðuneyti umhverfismála. Í ljós hefur komið, eins og bent hefur verið á hér í fjölmörgum ræðum, að mál þetta var í raun og veru hvorki efnislega athugað til fulls né heldur formlega. Það lá ekki fyrir þegar þessi ákvörðun var tekin að hæstv. ráðherrum væri ljóst að lagabreytingu þyrfti til. Kom þetta m.a. fram í fjölmiðlum. Síðan kom það fram að vitanlega yrði horfið að því ráði. Auðvitað getur það verið eðlilegt í miklum önnum að mönnum yfirsjáist það hvað sé í löggjöf okkar og hvað ekki og ekki nema þakkarvert ef menn vilja þar um bæta eins og vafalaust er verið að gera með því að leggja fram frv.

Engu að síður er það afar sérkennilegt nú á dögum ef horfið verður að þessu ráði hér á landi því að hvaða rök liggja til þess að nú eigi að einangra umhverfismálin með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. sem við erum að fjalla um? Ætla menn að umhverfismálum verði betur stjórnað með því móti að færa þau inn í nýjar skrifstofur? Eða hafa menn hugsað sér að veita umhverfismálunum raunverulega meiri forgang en gert hefur verið og að verja raunverulega meira fé til þeirra, ýmiss konar mælinga, rannsókna og aðgerða sem gera þarf til þess að unnt sé að sinna ýmsum aðkallandi verkefnum á sviði umhverfismála?

Ég óttast það að mönnum hafi farið svo um þetta mál eins og stundum áður að menn telji það hljóma mjög smekklega og aðlaðandi og gefi til kynna að menn hafi uppi stór áform ef menn segja að best sé að taka þessi mál nýjum tökum, skoða þau í heild og búa til nýtt ráðuneyti. Vandinn liggur ekki í þessu. Vandinn liggur ekki í þessu heldur allt öðrum hlutum. Það er vissulega hægt að samræma ýmsar aðgerðir á sviði umhverfismála án þess að búa til sérstakt umhverfisráðuneyti. Það sem mestu skiptir er auðvitað þetta: Er umhverfisverndin í betra horfi eftir stofnun nýs ráðuneytis eða ekki? Mönnum verður það ljósara með hverjum mánuðinum, næstum hverjum deginum sem líður að umhverfismál tengjast þeim þáttum í lífi manna sem hafa mesta þýðingu, sem varða öll skilyrði til þess að lifa góðu og hamingjusömu lífi. Umhverfismálin eru órjúfanlega tengd ýmsum öðrum þáttum sem skipað er með sérstökum lögum undir stjórn þeirra sem fara með ráðuneyti þau sem nú starfa og hafa lengi starfað.

Á sjöunda áratugnum var töluvert um það að menn töldu það í ýmsum löndum mikið snjallræði að stofna sérstök umhverfisráðuneyti. Menn tala um að til sannindamerkis um mikilvægi umhverfismálanna sé það, að þessi ráðuneyti hafi þanist út öðrum ráðuneytum fremur. Ja, við værum kannski ekki illa sett ef vandinn lægi einungis í því, en svo er að sjá sem hæstv. ríkisstjórn sé þeirrar skoðunar því auðvitað er þetta frv. útþenslufrv. Það er ný silkihúfa sem við höfum í raun og veru ekkert að gera með.

Við skulum líta á seinasta fundinn sem haldinn var á vegum evrópskra heilbrigðisyfirvalda og fjallaði um umhverfismál, fund sem byggði á ítarlegum athugunum fjölmargra sérfræðinga, meðal bestu sérfræðinga í sínum greinum í álfunni og þó víðar væri leitað. Þetta var fundur sem Evrópuskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar gekkst fyrir og fjallaði um umhverfi og heilbrigði. Fundurinn var haldinn í Frankfurt nú í síðustu viku, sl. fimmtudag og föstudag, og var sameiginlegur fundur heilbrigðisráðherra og umhverfisráðherra þeirra landa sem eiga aðild að Evrópusvæðisskrifstofunni. Þau lönd eru 32 þannig að aðild eiga öll Vestur-Evrópuríkin og Austur-Evrópuríkin. Með öðrum orðum, allt það svæði sem við erum að laða til samstarfs, öll þau lönd sem er verið að laða til samstarfs um mikilvæg efni, allir þessir aðilar tóku þátt í þessum fundi enda eiga þeir aðild að Evrópusvæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Ég átti þess kost að taka þátt í þessum fundi vegna þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bauð þingi Evrópuráðsins að senda einn fulltrúa frá viðkomandi nefnd sem var heilbrigðis- og félagsmálanefnd ráðsins og það féll í minn hlut að sinna því verkefni. Mér finnst þess vegna við eiga að skýra Alþingi frá ýmsu mikilvægu sem kom fram á þessari ráðstefnu því að það skiptir verulegu máli í sambandi við það efni sem við erum nú að fjalla um.

Ástæðan til þess að þessi ráðstefna var haldin með þessum hætti var vinna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að því að tengja sem allra nánast störf að heilbrigðismálum og störf að umhverfisvernd. Það var grunntónninn í þessum fundi að heilbrigði og

umhverfi væru órjúfanlega tengd hvar sem við lítum í kringum okkur og einnig að því er varðar rannsóknir og stjórnun. Það kom meira að segja fram hjá sumum að þeir teldu að þessir málefnaþættir ættu að vera undir einni og sameiginlegri stjórn.

Nú var auðvitað tækifæri til þess að heyra ýmis sjónarmið um þetta efni frá öllum þessum löndum. Flest löndin sendu heilbrigðisráðherra sína, og ég held öll, nokkur þeirra sendu umhverfisráðherra líka og þegar ég las þátttakendalista sem lá í fundargögnum þegar ég kom til fundarins sl. miðvikudagskvöld blasti við mér listi yfir þátttakendur frá Íslandi. Þar stóð Guðmundur Bjarnason heilbrrh., Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrrn., og Júlíus Sólnes umhverfisráðherra.

Þeir sem ég hafði áður hitt á ýmsum fundum og ég ræddi við fyrir upphaf fundar næsta morgun, eins og gengur, voru mjög forvitnir að sjá herra ráðherra Sólnes eins og þeir sögðu. „Hvar er herra Sólnes? Gætuð þér sýnt mér hann," sögðu þessir samstarfsmenn okkar. Og það gat ég vel því að ráðherra Sólnes sat á ráðherrabekk við hlið Guðmundar Bjarnasonar og þar sáu þeir þann ráðherra sem hafði á þessari þátttakendaskrá titilinn umhverfisráðherra Íslands. Ég var jafnvel spurð um það hvort lögunum hefði verið breytt þennan dag — ég kom ekki fyrr en mjög seint um kvöldið til fundarins — eða hvort það stæði til daginn eftir. Þarna voru þátttakendur sem fylgdust það vel með störfum þjóðþinga í aðildarlöndunum að þeir vissu að þessi mál voru til umfjöllunar hér á Alþingi. Ég sagði að svo væri ekki og fór síðan að sinna einhverju öðru því að, eins og skiljanlegt er, *kærði ég mig ekki um að ræða það mikið meir á* þessu stigi málsins því að það var sannast sagna ekki alveg á hreinu fyrir mér hvernig heimildum var háttað að þessu leyti. Og mér þætti vænt um að fá það skýrt frá hæstv. forsrh. hvernig reglur gilda að þessu leyti til. Þetta er dálítið óþægileg aðstaða þegar maður sér í erlendum fundargögnum að kominn er umhverfisráðherra á Íslandi, og ekki nóg með það, þar var tekið fram hvar þetta ráðuneyti væri til húsa því undir stóð: Sölvhólsgötu 4. Nú hef ég ekki komið þar afar lengi, ekki síðan ég kom á vinnustaðafund fyrir kosningar í starfsmannahóp Sambandsins. Það er búið að breyta þessu húsi mikið, er mér sagt, og hvort búið er að innrétta þar umhverfisskrifstofu það skal ég ekki segja, en það væri auðvitað gott að fá það upplýst.

En það er auðvitað ekki aðalatriði málsins hvaða titil menn skrifa í slíkar skrár því að hið rétta kemur auðvitað ævinlega fram á sínum tíma og vel má vera að þetta eigi einhvern tímann eftir að leiðréttast af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það sem er hins vegar aðalefni þessa máls er það sem þessi fundur fjallaði um sem er tengsl heilbrigði og umhverfis og þetta skiptir svo miklu máli að ég tel afar örðugt að ræða þetta mál að hæstv. heilbrrh. fjarverandi því að það var hann sem flutti aðalræðuna af Íslands hálfu á þessum fundi. Hæstv. hagstofuráðherra flutti örstutta ræðu eftir að hæstv. heilbrrh. hafði lokið sinni ræðu en það var eina landið þar sem tveir ráðherrar voru á mælendaskránni. Frá hinum löndunum talaði einn ráðherra fyrir hvert og yfirleitt heilbrigðisráðherrann nema í lokin talaði umhverfisráðherrann fyrir hönd Austurríkis, eins og óundirbúinn, eftir að heilbrigðisráðherrann hafði lokið sínu máli.

Hæstv. forseti sér af þessu sem ég hef nú verið að segja að á þessum fundi var fjallað um umhverfismálin fyrst og fremst frá heilbrigðissjónarmiði. Það er alveg ljóst að það er sá þáttur sem varðar einstaklingana mestu, líf hvers og eins, heilsu hans, starf og leik. Þess vegna vil ég nú spyrja hæstv. forseta hvort það muni vera hægt að fresta þessari umræðu þar til hæstv. heilbrrh. er við. Ég á von á því að hann hafi áhuga á að tjá sig um þetta mál á þessu stigi þar eð nú á þessum fundi kom samstarf yfirvalda heilbrigðismála um þessi efni mjög greinilega fram. Þar var gerð ný samþykkt, sáttmáli nánast, þessara sömu ráðherra um heilbrigði og umhverfi í Evrópu. Ég veit ekki hversu mikið hefur verið sagt frá þessum sáttmála í fjölmiðlum hér á Íslandi en hann vakti mikla athygli í fjölmiðlum erlendis, sérstaklega í Þýskalandi, enda skipta þessi mál mjög miklu þar, að því er varðar heilbrigði manna, og þess vegna er það að ég leyfi mér að fara fram á það að umræðunni verði frestað þar til hæstv. heilbrrh. getur verið við. Ég hygg að hann verði á fundi á miðvikudaginn án þess að ég hafi nú umboð til að skýra frá því. En ég vissi það að hæstv. heilbrrh. þurfti að sinna erindi ráðuneytisins í Lúxemborg nú í dag og hefði ég ætlað að hann kæmi í kvöld eða á morgun þannig að ef fundur er í Sþ. á morgun mundi e.t.v. vera hægt að halda áfram *umræðunni á miðvikudag* eða í kvöld ef hæstv. ráðherra kemur síðdegis í dag. (**Forseti:** Heilbrrh. hefur fjarvistarleyfi og er með varamann í þinginu. Ég beini því til ræðumanns hvort staðgengill heilbrrh. getur gegnt skyldum hans í hans fjarveru.) Herra forseti. Það held ég að sé alveg útilokað því að það sem ég ætlaði að ræða byggist á ráðstefnunni sem fram fór í síðustu viku og þætti heilbrigðisyfirvalda í henni. Varamaður ráðherrans getur auðvitað ekki svarað um þetta atriði á neinn hátt né heldur geri ég ráð fyrir að hæstv. sjútvrh. hafi náð að setja sig inn í það efni sem þarna var rætt. (**Forseti:** Forseti telur eftir atvikum rétt að gera stutt hlé á umræðu um þetta mál og biður ræðumann að gera hlé á ræðu sinni en vill gefa hæstv. hagstofuráðherra færi á að svara þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint í þessari umræðu ef hann óskar eftir því. Sá forseti sem hér er mun ekki taka endanlega ákvörðun um dagskrá þessa fundar en vill verða við tilmælum um að gera hér hlé á þangað til honum hefur gefist tækifæri til að ráða betur ráðum sínum.) Ég þakka fyrir það og ég skil það. Ég hef ekki tilhneigingu til þess að tefja málið þess vegna. Það hefur þegar dregist nokkuð. Ég hygg hins vegar allt að því óviðurkvæmilegt að hæstv. heilbrrh. sem var á þessum mikilvæga ráðherrafundi í síðustu viku og stóð að nýjum sáttmála um heilbrigði og umhverfi í Evrópu fái ekki tækifæri til þess að taka þátt í þessari umræðu áður en málið fer til nefndar.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni það sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir byrjaði að nefna í upphafi ræðu sinnar, hver væru launin sem Borgfl. fengi fyrir að hafa myndað nýja ríkisstjórn með fyrrv. stjórnarflokkum. Ég held að það þurfi ekki að fjalla neitt frekar um það því að ákvörðun um að mynda nýtt umhverfisráðuneyti er náttúrlega því algerlega óviðkomandi.

Ég ætla aðeins að víkja að því sem hv. þm. talaði um undir lok máls síns, þ.e. þar sem hún fjallaði um ráðstefnuna sem var haldin í Frankfurt nú í síðustu viku. Ég vil geta þess að ég tilkynnti reyndar framlag mitt til þeirrar ráðstefnu undir því heiti að ég væri ráðherra sem færi með málefni umhverfismála eða ég væri ábyrgur fyrir umhverfismálum í núverandi ríkisstjórn Íslands. Það er ákaflega erfitt að skýra út fyrir ráðherrum annarra landa þetta sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa gert að aðalumtalsefni við þessa umræðu, að það þurfi flókna lagabreytingu til þess að það megi mynda nýtt ráðuneyti og að til komi ráðherra með þessu heiti. Í flestum löndum Evrópu mun það vera þannig að það er algjörlega frjálst við myndun nýrrar ríkisstjórnar að búa til öll þau ráðuneyti sem mönnum sýnist og tilnefna ráðherra með hvaða starfsheiti sem mönnum sýnist. Þannig má t.d. geta þess að þegar nýja norska ríkisstjórnin var mynduð nú fyrir skömmu var myndað nýtt ráðuneyti og til kom nýr ráðherra sem er kallaður þróunarmálaráðherra Noregs. Slíkt ráðuneyti var ekki til áður í Noregi og hefur ekki verið til. Þess vegna hefur það reynst mér mjög erfitt að skýra út fyrir útlendingum að flókna lagabreytingu þurfi til þess að koma á nýju ráðuneyti og nýrri verkaskipan innan nýrrar ríkisstjórnar, en ég hef reynt að gera það eins vel og ég get alls staðar þar sem ég hef komið. Því miður hefur það stundum ekki tekist því að menn hreinlega skilja þetta ekki. Í þessu tilviki þarna, eins og ég segi, sagði ég einfaldlega að ég væri sá ráðherra sem færi með og væri ábyrgur fyrir umhverfismálum innan ríkisstjórnarinnar samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem ég hef fengið í hendurnar. Meira þarf ég væntanlega ekki að fjalla um þetta atriði sérstaklega.

Varðandi sjálfa ráðstefnuna í Frankfurt var hún mjög athyglisverð og lærdómsrík og ég verð að segja eins og er að ég hafði af því mikið gagn að sækja þessa ráðstefnu eins og ég efa ekki að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er mér sammála um.

Það var hins vegar mjög fróðlegt að ræða við aðstandendur þessarar ráðstefnu. Þeir töldu að að sumu leyti hefði þeim mistekist ætlunarverk sitt, en það var að leiða saman umhverfismálaráðherra Evrópulandanna og heilbrigðisráðherra til þess að ræða þessi mál sameiginlega. Það olli þeim nokkrum vonbrigðum að það komu ekki eins margir umhverfismálaráðherrar til þessarar ráðstefnu eins og þeir höfðu vænst. Þeir urðu reyndar 11 talsins en heilbrigðisráðherrar urðu helmingi fleiri eða 22 talsins. En 32 þjóðir eiga aðild að svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu.

Það er rétt að það voru aðeins tvær þjóðir sem nýttu sér það frelsi að láta tvo fulltrúa sína taka til máls. Annan þá fyrir svið heilbrigðismála og hinn fyrir svið umhverfismála. Í lokaorðum sínum, þegar þýski umhverfismálaráðherrann, sem reyndar var forseti ráðstefnunnar, sleit ráðstefnunni, lýsti hann yfir nokkrum vonbrigðum sínum með þetta atriði, þ.e. að það hefði heyrst í of fáum umhverfisráðherrum. Hann tilgreindi sérstaklega sem lofsvert að Ísland og Austurríki hefðu þar skorið sig úr með því að láta fulltrúa beggja þessara málaflokka taka til máls.

Í ræðu minni sagði ég einfaldlega frá því að á Íslandi væri í vændum stofnun nýs umhverfisráðuneytis, þannig að hafi hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir haft af því einhverjar áhyggjur að ég væri að reyna að villa á mér heimildir, sem ég tel að ekki hafi verið, gerði ég mjög rækilega grein fyrir því í þeirri ræðu sem ég flutti á þessari ráðstefnu að íslenska ríkisstjórnin væri að undirbúa stofnun nýs ráðuneytis sem tæki til starfa eftir áramót og það væri ákvörðun Íslendinga að vinna að því að koma upp nýju umhverfismálaráðuneyti. Það fór því ekkert fram hjá neinum að slíkt ráðuneyti er ekki til í íslenskri ríkisstjórn. Það er hins vegar verið að undirbúa það. Þetta var nánast innihald minnar ræðu til þess að ítreka þetta enn frekar. Þar með held ég að ég hafi svarað hvað þetta atriði varðar.

Að lokum vil ég aðeins geta þess að ég sé ekki í sjálfu sér að þó svo að málefni sem var tekið til umræðu á þessari merkilegu ráðstefnu, sem var haldin í Frankfurt, í síðustu viku hafi verið afar athyglisvert og mjög merkilegt mál sem slíkt og sjálfsagt að ræða það til þrautar síðar ef tækifæri gefst, þ.e. samband heilbrigðis- og umhverfismála, þá tengist það því máli sem hér er til umræðu ekki nema lítillega þannig að ég sé enga ástæðu til þess að það þurfi að tefja þessa umræðu til þess eins að bíða eftir að hæstv. heilbrrh. komi heim til þess að segja álit sitt á þessum málum. Bæði treysti ég vel hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur til að segja hvers hún varð áskynja á þessari ráðstefnu og enn fremur treysti ég mér til þess að fjalla í nokkru um það sem þar fór fram, þ.e. hvernig heilbrigðis- og umhverfismálin blandast saman. Ég held að við tvö, ég og hv. þm., séum fullfær um að segja þingheimi frá því sem þarna fór fram.

Umræðu frestað.

Stofnun og slit hjúskapar, 1. umr.

Stjfrv., 52. mál (sáttatilraunir). — Þskj. 52.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr.

60 frá 29. maí 1972, sem hér er flutt á þskj. 52. Samkvæmt 44. gr. 1. mgr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, verður hvorki skilnaður að borði og sæng né lögskilnaður veittur nema leitað hafi verið um sættir með hjónum og á sáttatilraun að hafa átt sér stað á síðustu sex mánuðum. Gegnir hér einu hvort skilnaðar er leitað hjá yfirvaldi eða dómsmrn. eða dómstólum.

Samkvæmt þessu ákvæði leitar sáttanefnd um sættir ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi. Endranær leitar prestur eða forstöðumaður trúfélags um sættir með þeim.

Með lögum nr. 28/1981 voru sáttanefndir lagðar niður. Eftir það hafa hjón leitað til presta í þessu efni eða forstöðumanna trúfélaga. Dómsmrn. telur rétt að tveggja kosta sé völ, sátta hjá presti, eða forstöðumanni trúfélags, og svo hjá borgaralegu yfirvaldi. Sifjalaganefnd vinnur að heildarendurskoðun laga nr. 60/1972, en þar sem nokkurn tíma mun taka að ljúka því verki telur dómsmrn. nauðsyn bera til að breyta 1. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972 sem yrði þó aðeins til bráðabirgða. Hér er lagt til að yfirvald leiti um sættir í stað sáttanefnda, þ.e. bæjarfógetar og sýslumenn, yfirborgardómari og borgardómari í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, en auk þess eftir venju og lögum héraðsdómarar þar sem þeir starfa og löglærðir fulltrúar þeirra embættismanna sem nefndir voru. Dómsmrn. fer ekki með störf yfirvalds í þessu sambandi.

Að því er varðar heimild hjóna til að leita atbeina yfirvalds er þess sérstaklega getið að þetta eigi við ef annað eða bæði hjóna standi utan trúfélaga. Þar sem hér er aðeins stofnað til breytinga á 44. gr. laga nr. 60 1972 til bráðabirgða er frv. einskorðað við óhjákvæmilega breytingu á 1. mgr. greinarinnar. Bíður heildarendurskoðun greinarinnar eftir frv. sem sifjalaganefnd vinnur að svo sem áður greinir.

Að lokinni þessari umræðu vildi ég fara þess á leit, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ekki skal ég orðlengja mikið um þetta litla frv. Vissulega ber að virða það að fólki sé gert að hugsa vel sinn gang áður en til hjúskaparslita kemur og ekkert finnst mér óeðlilegt að það fólk sem hefur gott samband við sóknarprest sinn leiti ásjár þegar slíkur vandi steðjar að. En ég hlýt að draga aðeins í efa að svokallað yfirvald, þ.e bæjarfógetar, sýslumenn, yfirborgardómari og borgardómarinn í Reykjavík og lögeglustjórinn á Keflavíkurflugvelli séu sérstaklega hæfir til þess að tala milli hjóna. Ef meiningin er að þessi ráðgjöf sé einungis um hina lagalegu hlið málsins er það auðvitað fullkomlega eðlilegt, en hingað til hef ég nú skilið þessa ráðgjöf svo, að hún sé kannski einnig um tilfinningamál og þann vanda sem steðjar að fjölskyldu sem stendur frammi fyrir því að leysast upp, vandamál barna og raunar miklu fleiri aðila sem koma inn í málið þegar um hjúskaparslit er að ræða, einmitt það fólk sem oft gleymist, ömmur og afa og fjölskyldu utan heimilisins.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Úr því að verið er að breyta þessum lögum, og vissulega var ég sammála því á sínum tíma þegar sáttanefnd svokölluð var lögð niður sem var mjög vandræðalegur aðili í þessum málum, hvers vegna förum við þá ekki yfir í það að hjón sem hyggjast slíta samvistum eða sjá ekki aðra leið snúi sér til fólks sem hefur einhverja faglega menntun í þessum málum? Þá á ég við félagsráðgjafa eða þær stofnanir á vegum félagsmálaráða sem ég tel miklu líklegri til þess að vera færar um að veita þessa ráðgjöf. Mér er alveg fyrirmunað að skilja að bæjarfógetar og sýslumenn séu sérdeilis vel til þess hæfir.

Ég vildi nú bara skjóta þessu hér inn vegna þess að þetta kemur mér satt að segja dálítið spánskt fyrir sjónir.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Þessi athugasemd hv. 13. þm. Reykv. er sjálfsagt hin besta og í sjálfu sér hef ég lítið við hana að athuga. Ég býst við því að sú breyting sem hér er lögð til hafi fyrst og fremst komið til vegna þess að sáttanefndir eru af lagðar og ýmsum hafi þótt nokkur — ég veit ekki hvort á að segja einsýni í því að eingöngu væri hægt að leita til presta í þessu efni eða forstöðumanna trúfélaga og þess vegna hafi það verið lagt til sem frv. gerir ráð fyrir. Út af fyrir sig hefði ég ekkert við það að athuga í frekari vinnslu sifjalaganefndar í þessu efni að athugasemdir hv. þm. yrðu þar teknar til greina.

En eins og ég gat um fyrr í máli mínu er hér aðeins um bráðabirgðabreytingu að ræða frá ástandi sem ekki er talið alveg viðunandi í dag.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er aðeins út af orðum hv. 13. þm. Reykv. að sáttanefndir hafi verið mjög „vandræðalegur aðili" í þessum málum eins og þm. orðar það. Ég sé ekki ástæðu til að kasta steini að sáttanefndum sem á undanförnum árum og áratugum, jafnvel öldum, hafa unnið vel að þessum málum, náttúrlega með misjöfnum árangri. Vil ég þess vegna taka upp hanskann fyrir þær. En það er kannski eðlilegt að lögum sé breytt eftir því sem árin líða. Öll löggjöf ber keim og eim síns aldarfars eins og sagt hefur verið. Þá dregur sami hv. þm. það í efa að valdsmenn, þ.e. bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórar séu hæfir til þess að sinna þessum málum. Það má vera að þeir séu misjafnir eins og aðrir menn, en ég vildi ekki skipta á þessum mönnum sem margir hverjir eru lífsreyndir og öðlast mikla lífsreynslu með hverju ári sem við bætist í þeirra störfum. Ég held að ég vildi ekki skipta á þeim í þessu tilviki og einhverjum sálfræðingum eða slíkum mönnum sem lærðir eru á nútímavísu. Ég tel að aðalatriði málsins sé að þeir menn sem fjalla um sáttastörf séu vinsamlegir, lífsreyndir menn sem vita nokkuð hvað klukkan slær í umhverfinu. Og ég get ósköp vel bætt því við — og vona að það verði ekki virt mér til

sjálfshóls — að sjálfur hef ég sætt hjón sem lögðu fram árangurslaust sáttavottorð frá presti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hér var í miðri ræðu hv. 3. þm. Reykv. sem hafði óskað eftir því að viðstaddur umræðuna yrði hæstv. heilbr.- og trmrh. og vildi láta fresta umræðunni væri ekki unnt að ná í hann. Forseti getur með engu móti fallist á að umræðunni verði frestað vegna fjarvistar hæstv. heilbr.- og trmrh. sem á enga beina aðild að þessu máli. En hv. 3. þm. Reykv. getur haldið áfram ræðu sinni.

Ragnhildur Helgadóttir (frh.):

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa talið ástæðu til að styðja hæstv. forseta í því að fresta umræðunni þar til hæstv. heilbrrh. gæti tekið þátt í henni. Mér þótti ekki hlýða að halda áfram ræðu minni hér áðan og fjalla um það málefni sem hann átti svo ríkan hlut að í síðustu viku án þess að fara fram á að hann væri viðstaddur.

En mér þykir það auðvitað gagnrýnivert að áfram sé haldið því að við erum ekki að tala hér um málefni sem á að hrista af eða afgreiða stofnun heils ráðuneytis rétt eins og að rétta pappír yfir borð heldur erum við að fjalla hér um þau mál sem verða meðal stærstu pólitísku mála í framtíðinni og fá æ meiri forgang í öllum stjórnmálum. Áður en ég kem að efnisþáttum um það get ég ekki komist hjá að fjalla örlítið um svar hæstv. hagstofuráðherra.

Hæstv. ráðherra sagði að auðvitað væri erfitt að útskýra fyrir útlendingum að lagabreytingu þyrfti til að stofna ráðuneyti og hægt væri að vera ráðherra tiltekinna mála án þess að til væri ráðuneyti. Það vefst nú fyrir Íslendingum, held ég, ekki síður en útlendingum hvernig það má vera. Það þarf engar útskýringar til ef lagabreytingu þarf, þá er bara um það að ræða að bíða eftir þeirri lagabreytingu. Ráðuneytið er ekki stofnað fyrr en sú breyting er orðin á lögum hvort sem mönnum líkar það betur eða verr nema þá að hæstv. ríkisstjórn láti sér í léttu rúmi liggja hvaða lög gilda í landinu. En ég vil nú ekki trúa því, enda sýnir framlagning þessara mála og formhlið þeirra að svo er ekki. Hæstv. ríkisstjórn vill auðvitað reyna að ganga frá þessum málum með lögmætum hætti.

En það breytir því hins vegar ekki að ég tel margt í þessu frv. afar óskynsamlegt svo að ekki sé meira sagt. Sérstaklega að nú, þegar nýr áratugur fer senn að hefjast, skulum við vera að taka upp siði sem menn tóku upp í tilraunaskyni á miðjum 7. áratugnum. Þegar menn eru óðum að sýna fram á, um öll lönd sem einhverjum framförum hafa tekið, að sameina beri sem allra mest stjórnun umhverfismála og heilbrigðismála, þá erum við að aðskilja þetta og búa til nýtt ráðuneyti. Hæstv. hagstofuráðherra fór um það orðum að þetta væri einkennilegt frá sjónarmiði margra annarra þjóða séð. Það væri t.d. svo í Noregi að þar væri bara hægt að stofna ráðuneyti t.d. þróunarmála rétt si svona án lagabreytngar. Mér er ekki kunnugt um það en sinn er siður í landi hverju. Ég vil bara um það segja þetta: Það væri þokkalegt hér á voru landi, með möguleika fjárlaganna eins og þeir eru, ef hægt væri, án lagabreytinga, að stofna hvert ráðuneytið af öðru. Ef nauðsynlegt er að stofna nýtt ráðuneyti tel ég að þetta sé ekki heppilegt val hjá hæstv. ríkisstjórn, að tína umhverfismálin út úr ýmsum ráðuneytum og það ráðuneytum þar sem starfsmenn, bæði embættismenn og sérfræðingar búa yfir verðmætri þekkingu til að fjalla um þau mál af mikilli reynslu. Mér sýnist það þjóna lítilli skynsemi að flytja þau mál þaðan og í nýja skrifstofu og undir nýja stjórn í hendurnar á allt öðrum embættismönnum, jafnvel þótt góðir séu. Mér þykir þetta afar óskynsamleg nýting á þekkingu og mannafla. Ég held að við þurfum hér á landi á öllu okkar að halda í því efni.

Önnur röksemd fyrir því að tengja fastar heilbrigðisþáttinn og umhverfisþáttinn er bókstaflega sú að sú hætta fer vaxandi sem heilbrigði manna víða um lönd er búin af ýmiss konar aðgerðum og breytingum í umhverfinu. Vaxandi þekking manna hefur gert þeim fært að verja heilbrigði, líkamlega, andlega og félagslega, með því að beita ýtrustu þekkingu í þessu skyni. Þess vegna var það að nú á fundinum í síðustu viku sem ég ræddi um var samþykkt ný yfirlýsing Evrópuráðherranna um umhverfi og heilbrigði. Ég ætla að leyfa mér að rekja hana að nokkru leyti. Í formálanum segir að í yfirlýsingunni sé tekið mið af þeim þætti í stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem venjulega er kallaður Heilbrigði allra árið 2000. Mið er tekið af þeim kafla í þeirri stefnuyfirlýsingu sem fjallar um umhverfið. Í fyrsta þætti rökstuðningsins fyrir hinni nýju yfirlýsingu ráðherranna segir að þeir viðurkenni hvernig heilbrigði manna sé háð stórum þáttum í umhverfinu. Þeir leggi áherslu á lífsnauðsyn þess að afstýra heilsutjóni með því að vernda umhverfið. Þeir viðurkenni hversu mikils virði fyrir heilsu og vellíðan hreint umhverfi sé. Þeir hafi fengið hvatningu vegna margra dæma um hvaða árangur hefur náðst í baráttunni gegn mengun og fyrir endurreisn heilsusamlegs umhverfis og þeir minni á hvernig skynsamlegt þróunarkerfi getur bætt heilsu og aukið vellíðan. Þeir hafi áhyggjur af hinni lítt hugsuðu nýtingu náttúruauðlinda og líka framleiðslu sem menn hafa unnið að, á hvern hátt þessir þættir skemma umhverfið og stofna heilsu manna í hættu. Þeir hafi í huga hið alþjóðlega eðli

margra umhverfis- og heilbrigðisþátta og hvernig þjóðir eru gagnkvæmt háðar hver annarri að þessu leyti til. Og þeir geri sér ljósa þá staðreynd að nauðsynlegt er að stofna til samvinnu í sem stærstum hluta heimsins vegna þess hvaða hætta þróunarríkjum er búin af umhverfisþáttum. Vegna hinna sérstöku aðstæðna á Evrópusvæðinu, séstaklega vegna mannfjölda þar, mikillar og hraðrar iðnvæðingar og mikillar umferðar, vilji þeir taka sérstakt tillit til alþjóðlegra aðgerða til að vernda umhverfi og heilsu, eins og t.d. samþykktir um vernd ósonlagsins. Þá gefa þeir yfirlýsingar um það sem þeir telja að eigi að vera grundvallarréttindi einstaklinga í þessu sambandi og hverjir eigi að vera meginþættir í hinni opinberu stjórnun eða stefnumörkun stjórnvalda.

Út frá þessum sjónarmiðum, sem ég áður gat, er það orðað í fyrsta sinn með miklu ákveðnari hætti en áður í samtökum Evrópuríkjanna hversu mikilvægt heilbrigt umhverfi er fyrir þá heilbrigði sem hver og einn maður getur framast notið og hvernig upplýsingar og ráðgjöf um þessa þætti eru hlutir sem hver og einn einstaklingur á að eiga rétt á og hvernig einstaklingar eiga að hafa möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um þessi efni.

Það er líka lögð áhersla á ábyrgð hvers einstaklings til að taka þátt í vernd umhverfisins, bæði að því er varðar sína eigin heilsu og einnig vegna annarra. Ekki aðeins vegna samtímamanna heldur að við förum þannig með umhverfi okkar að við eyðileggjum ekkert fyrir komandi kynslóðum heldur bætum það og skilum næstu kynslóðum betra umhverfi en við sjálf búum við. Það er ekki svo langt síðan menn fóru að verða sér meðvitandi um mikilvægi þessa og um það hvað hver og einn lifandi maður getur gert í þessu skyni og hvernig við getum með samræmdum aðgerðum okkar bætt það umhverfi sem við búum í, bæði landið og auðlindir þess, og hagnýtt þekkingu til að vernda heilsu barna okkar og okkar sjálfra gegn ýmiss konar hættum sem frá umhverfinu stafa.

Að því er varðar þennan þátt og rétt einstaklinganna geta ráðherrarnir sérstaklega um mikilvægi fjölmiðlanna í þessu sambandi, hvernig fjölmiðlarnir gegni lykilhlutverki í því að vekja menn til vitundar og varkárni og jákvæðrar afstöðu til verndunar heilbrigði og umhverfis. Þeir segja að fjölmiðlarnir eigi rétt á því að fá sanngjarnar, skynsamlegar og nákvæmar upplýsingar og hvetja ætti þá til að koma þessum upplýsingum með áhrifamiklum hætti til skila til almennings. Loks geta þeir um mikilvægi áhugamannasamtaka á þessu sviði en um það þarf ekki að fara mörgum orðum hér á landi svo glæsilegan árangur sem við höfum séð á mörgum sviðum heilbrigðis- og umhverfisverndar vegna samtaka áhugamanna. Þó hefur það ekki gerst enn, mér vitanlega, að menn hafi stofnað til samtaka sem sérstaklega miði að því að tengja saman þessa tvo þætti, heilbrigði og umhverfi. Um það snerist þessi ráðstefna, að tengja saman þessi svið með miklu nánari og virkari hætti en áður hefur verið. Segja má að þessi yfirlýsing og ráðstefnan þar sem hún var samþykkt komi í kjölfar Brundtland-yfirlýsingarinnar að því leyti til að í báðum yfirlýsingunum er varað við því með mjög eindregnum hætti að einangra umhverfismálin. Einmitt vegna mikilvægis þeirra skiptir það höfuðmáli að þeir umhverfisþættir sem tengjast starfi, þekkingu og reynslu í ýmsum stjórnunardeildum ríkjanna eða ráðuneytum að þeir séu hafðir þar í stað þess að einangra þá í sér stofnunum eða ráðuneytum. Hæstv. ráðherra Hagstofu gat þess einmitt áðan hve fáir umhverfisráðherrar hefðu, þrátt fyrir allt, tekið þátt í þessari ráðstefnu sem var þó verið að stofna til með ærinni fyrirhöfn og mikilli vinnu hinna hæfustu manna til þess að tengja saman þessi málefni. Ég óttast nefnilega að staðreyndin sé sú að harla lítill skyldleiki sé milli ýmissa hluta sem gera þyrfti í umhverfisráðuneyti eins og t.d. þess að í umhverfisráðuneyti væru teknar ákvarðanir sem tækju mið af því hvaða plöntutegundir hæfðu best fyrir tiltekna tegund af jarðvegi og svo aftur á móti hins að rannsaka gerlainnihald í matvælum. Þetta eru gjörólík verkefni og gjörólík störf og ólík menntun sem til greina kemur ef halda á uppi góðum mælingum og rannsóknum á þessum sviðum.

Þetta kann e.t.v. að vera ein ástæða þess hve umhverfismálunum virðist hafa hætt til að einangrast þegar þau eru í sérstökum ráðuneytum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og byggi á því sem ég heyrði marga fjalla um í máli sínu, að hreinlega hafi betur og betur komið í ljós áhugi manna á því að sameina þessi verkefni. Einmitt til þess að mannaflinn sem að þeim ynni skilaði betri árangri ef ég má svo segja, og að sú vitneskja sem vísindamenn á þessum sviðum öllum búa yfir skili sér út í umhverfi manna og hafi áhrif á líf þeirra með áhrifaríkari hætti en verið hefur.

Vissulega er það svo þegar ég segi þetta að ég á vitanlega ekki við að allar rannsóknir á umhverfinu hljóti umsvifalaust að skila niðurstöðum sem yrðu grundvöllur að skjótum ákvörðunum fljótlega eftir að rannsóknir væru framkvæmdar. Vitanlega er það ekki svo heldur á það einungis við um sumar rannsóknirnar. Það er staðreynd að það eru ótrúlega mikilvægir þættir sem engar mælingar liggja fyrir um í mörgum landanna, ótrúlega mikilvægir þættir sem við erum einmitt oft að ræða um að setja þurfi reglur um því að við vitum að heilbrigðishætta fylgir þessum þáttum. Við vitum að mengunin er fyrir hendi en við vitum ekki hve mikil brögð eru að heilsutjóni af sumum þessara þátta. Þess vegna var það að ráðstefnan í síðustu viku lagði mikla áherslu á að nauðsynlegt væri að efla rannsóknir á þessu sviði í þeim tilgangi að ákvarðanir yrðu teknar á enn traustari grunni og mælingar yrðu gerðar og fylgst með framvindu og árangri betur en gert hefur verið.

Í yfirlýsingu fundarins segir í ábendingum um opinbera stefnumörkun, sem eru reyndar ekki ábendingar heldur grundvallarreglur, "principles for public policy", ef mér leyfist að lesa þetta á því máli sem skjalið er á.

Í fyrsta lagi er skýrgreint hvernig sambandið er á milli umhverfis og góðrar heilsu. Góð heilsa og

vellíðan þarfnast hreins umhverfis, þar sem líkamleg, andleg, félagsleg og fagurfræðileg tillit eru ríkjandi eða fá að njóta sín. Umhverfið ætti að vera talið uppspretta betri lífsskilyrða og fyrir batnandi líðan fólks.

Í öðru lagi er lögð áhersla á forvarnir.

Í þriðja lagi er lögð sérstök áhersla á tillit til þeirra sem eru sérlega viðkvæmir eða í mikilli áhættu vegna starfa eða annarra aðstæðna og að sérstakt tillit sé tekið til þeirra sem hafi lítil efni.

Í fjórða lagi er áhersla lögð á að allar aðgerðir í vandamálum vegna umhverfis og heilsu séu byggðar á hinum bestu vísindalegum upplýsingum sem fáanlegar eru.

Í fimmta lagi er bent á að tengja þurfi vel hina nýju stefnumörkun, hina nýju tækni og þróun, möguleikum umhverfisins, þannig að við förum ekki fram yfir það sem umhverfið ber. Með öðrum orðum að við sjáum um að tæknin spilli ekki umhverfinu. Þess vegna ber hið opinbera ábyrgð á að sýnt sé fram á að slíkar aðgerðir séu ekki hættulegar heilsu eða umhverfi.

Í sjötta lagi er sagt í þessari yfirlýsingu að heilbrigði einstaklinga og samfélaga eigi að hafa skýran forgang fram yfir tillit til efnahags- og viðskiptamála.

Í sjöunda lagi. Á öllum hliðum efnahagsstjórnunar í þjóðfélaginu þurfi að taka tillit til áhrifa umhverfis á heilsu og vellíðan.

Í áttunda lagi er tekið fram að stjórna verði notkun ýmiss konar efna, efnasambanda, framleiðslu og úrgangs á þann hátt að unnt sé að ná hinum besta árangri í nýtingu náttúruauðlinda og valda svo lítilli mengun sem unnt er.

Loks er yfirlýsing um að hinir ýmsu stjórnunaraðilar, ríkisstjórnir og opinber yfirvöld sem og einkaaðilar skuli stefna að því að koma í veg fyrir og draga úr slæmum áhrifum hættulegra efna og aðgerða og spillts umhverfis þannig að það smiti ekki út frá sér.

Í tíunda lagi er lögð áhersla á að samræma þurfi grundvallarkröfur sem gerðar eru í þessu sambandi, eða staðlana öllu heldur, að þá þurfi að samræma. Og að stöðugt þurfi að endurskoða og taka mið af nýrri þekkingu um umhverfið og heilbrigði.

Í ellefta lagi segir að sá sem orsakar tjón skuli bera á því fjárhagslega ábyrgð til þess að unnt sé að bæta tjónið eða koma í veg fyrir það eins og mögulegt er.

Í tólfta lagi er talað um að efla þurfi mælingar og mat á hættulegum áhrifum umhverfisins fyrir heilsuna og einnig að það þurfi að framkvæma miklu nákvæmari mælingar og mat á tjóni í umhverfinu sem og á heilsunni.

Þá er vikið að því að taka þurfi tillit til allra þessara þátta í viðskiptum við önnur lönd og að forðast beri að flytja á milli landa tjón á umhverfi og heilsu, ef orða má það svo.

Í fjórtánda lagi er bent á að í þróunaraðstoð þurfi að vinna að þróun, vernd og umbótum í heilbrigðismálum. Þar með eru upptalin þau atriði sem í yfirlýsingunni voru nefnd um opinbera stefnumörkun.

Og loks er bent á nokkur atriði sem í felast hugmyndir um hvernig koma beri þessum hugmyndum á framfæri við þá sem ákvarðanir þurfa að taka og annast þær aðgerðir sem á er bent. Inngangssetningin í þeim kafla er þessi: Umhverfinu ætti að stjórna sem jákvæðri uppsprettu heilbrigði og vellíðanar manna.

Ég játa það, herra forseti, að þessi þýðing er nú ekki sem allra best, ég bið velvirðingar á því en ég held að hún sé nokkurn veginn eftir orðanna hljóðan. Betra er auðvitað að segja: „Umhverfinu ætti að stjórna sem uppsprettu fyrir góða heilsu og vellíðan."

Í þessum kafla er vikið að því að til þess að koma þessum hugmyndum á framfæri svo það verði til að bæta umhverfi og heilsu þurfi að vera mjög greinilega skýrt fyrir almenningi og einkaaðilum hvaða ábyrgð þeir beri á því að koma í framkvæmd reglum sem á er bent. Á það er bent hvaða þýðingu ýmiss konar aðrir þættir í stjórnkerfinu hafi þannig að það tengist heilsuverndinni. Hvernig meðferð lands og atvinnutækja og skipulagsmál hafi þýðingu til að tryggja að umhverfið verði heilsusamlegt.

Um þetta eru talin upp miklu fleiri atriði og það gefst kostur á því síðar að koma þeim á framfæri. Ég mun ekki fara út í það hér, vafalaust verður þessi yfirlýsing þýdd og birt. Og ég tel að það þurfi að gerast hið allra fyrsta því að hún á mikið erindi við þá sem stjórna okkar þjóðfélagi ekki síður en aðra og hún á erindi þegar við erum að fjalla um það að hverfa frá þeirri stefnu sem allir eru núna að hverfa til. Okkur hættir svo til á okkar kæra landi að taka okkar ákvarðanir í einhvers konar tímaskekkju. Því miður. Við höfum ef til vill ekki haft tök eða bolmagn til að fylgja eftir skrefum annarra og stærri þjóða þegar þær stigu þau. Þegar þær svo hafa komist að þeirri niðurstöðu að betra hafi nú verið að stíga jafnvel ekki þetta skref, a.m.k. ekki að halda áfram eftir þeirri braut sem þá var mörkuð, þá ætlum við að byrja á sama hlutnum og þær gripu til fyrir a.m.k. 25 árum.

Ég held því að það væri afar skynsamlegt að endurskoða þetta. Það er kannski ekkert einfalt mál fyrir þingmann úr Sjálfstfl. að setja sig í spor hæstv. ríkisstjórnar eða hæstv. forsrh. en ég get vel skilið, ef það var ætlunin að bæta ráðherra í ríkisstjórnina, að þá þyrfti sá hinn sami hæstv. ráðherra að hafa ráðuneyti. En ég vil eindregið beina því til hæstv. forsrh., sem ég veit að lætur sér annt um umhverfið og hefur skilning á málum til heilsuverndar, aðgerðum til verndar heilbrigði manna, að hann endurskoði þessa afstöðu sína og hætti við að stofna til sérstaks umhverfisráðuneytis. Það skyldi þó aldrei vera að það væru til aðrir þættir í stjórnkerfi okkar sem væri fullt eins mikil ástæða til að hafa í sérstöku ráðuneyti og öllu fremur.

Ég óttast það með öðrum orðum að við séum hér að stofna til kostnaðar að óþörfu og við séum því miður að draga úr líkum á góðum árangri í því máli sem við erum að tala um. Því miður. Og ef við samþykkjum þessa gerð þá erum við líka að skella skollaeyrum við því sem er verið að benda á í öllum mikilvægustu skýrslum, a.m.k. í Evrópu ef ekki víðar

um lönd, annars vegar um heilbrigði og hins vegar um umhverfismál. Við erum að skella skollaeyrum við því með því að taka umhverfismálin og setja þau í sérstakt ráðuneyti. Ég vil því eindregið skora á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða þetta og ég hygg að það sé enn þá tími til þess að svo verði gert.

Þó að við lítum bara á hrein og bein fyrirkomulagsatriði og stjórnaratriði og hagræðingu þá sé ég ekki nokkra minnstu ástæðu til að minnka heilbrrn. Ég sé það ekki. Heilbrrn. getur mætavel sinnt þeim efnum sem því eru falin samkvæmt lögum núna, enda fái það til þess bolmagn að gera t.d. Hollustuvernd betur kleift að sinna sínum verkefnum. Og sem betur fer hefur aðstaða margra þátta sem tengjast Hollustuverndinni stórbatnað. Það eru núna möguleikar á mun betra eftirliti með hættulegum mengunarþáttum sem skipta miklu fyrir heilsu manna. Það er nóg að benda á geislamælingarnar í því sambandi. Mér er það ofarlega í huga vegna þess að fyrir örfáum dögum hitti ég fólk að máli sem bjó í héraði í Austur-Evrópu sem hafði orðið fyrir ótrúlegu tjóni vegna Tsjernóbílslyssins og þetta land býr enn við afleiðingarnar af því tjóni. Þar var um að ræða hérað sem lifði á terækt en uppskera langs tíma í þessu héraði er ónýt. Þetta er eitt dæmi af mörgum. Og það hefði ekki mikið þurft að gerast til þess að við hefðum beðið mikið tjón einmitt af því slysi ef vindur hefði staðið dálítið öðruvísi. Það er því mjög mikils virði að aðstaða sé til þess, bæði tækni og þekking, að framkvæma reglulegar mælingar á slíku og svo er um marga þætti í umhverfi okkar.

Nú er það ekki svo að það sé nýuppfundið að nauðsyn sé að tengja saman aðgerðir til heilsuverndar og stjórn þeirra mála og stjórn umhverfismála, það er ekki eins og það hafi verið fundið upp í síðustu viku þó að þessi mikilvægi fundur og þessi Evrópuyfirlýsing hafi þá verið samþykkt og gefin út. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur unnið mikilsvert starf á þessu sviði, bæði í sérfræðilegu starfi sem unnið var vegna fundar sem haldinn var í Vínarborg um þetta efni árið 1983, og 1984 var samþykkt stefnumörkunin um heilbrigði fyrir alla. Hún var reyndar kynnt almenningi fyrst á fundi hér á Íslandi. Þess vegna er það atriði mörgum okkar enn ofar í huga. Í þeirri yfirlýsingu er sérstakur kafli, einn af níu, einmitt um heilsusamlegt umhverfi. Þar eru þessir hlutir dregnir fram með mjög áhrifaríkum hætti, með upplýsingum um hina ýmsu þætti heilbrigðismála sem tengjst óhjákvæmilega umhverfisverndarmálunum. Þá þegar er lögð áhersla á það hvernig hinir ýmsu þættir stjórnkerfisins verða að starfa saman. Í því kemur fram að í raun og veru er ekki talið æskilegt að einangra umhverfismálin. Þar er eitt af aðalmarkmiðunum að vernda umhverfið þannig að ekki hafi í för með sér hættu fyrir heilbrigði, að tryggja árvekni þjóðfélagsborgaranna og þátttöku í þessum aðgerðum og að styðja alþjóðlegar aðgerðir til þess að vernda heilsu manna gegn þeim þáttum í umhverfinu sem hættulegir eru. Þetta er aðalatriðið í því markmiði og að minna á hvernig þessir þættir renna saman, annars vegar heilsa manna og svo umhverfið.

Það er hins vegar ótrúlegt hvaða atriði það voru sem bent er á að væru raunveruleg vandamál í ríkjunum þegar sú samþykkt var gerð. Þetta var 1984. Þá bar þar eiginlega allt að sama brunni, að það væri skortur á tengslum milli þáttanna. T.d. segir hér: Nú er skortur á því að hinar ýmsu greinar nálgist sameiginlega það að stjórna heilsusamlegu umhverfisþáttunum og það skortir samræmingu sem nær árangri til þess að tryggja að efnahagsstjórnunin í þjóðfélaginu hafi ekki afleiðingar sem draga úr hollustu og heilbrigði. Bent er á hver brögð eru að því að hinar ýmsu greinar starfi ekki nægilega vel saman að þessu máli. Og hafa menn getað leyst þetta með sérstökum umhverfisráðuneytum? Aldeilis ekki. Þeir komast að hinni þveröfugu niðurstöðu.

Það má segja að allt frá því að ráðstefnan um manninn og umhverfi hans var haldin í Stokkhólmi árið 1972 hafi árvekni manna farið vaxandi í öllum löndum Evrópusvæðis Heilbrigðismálastofnunarinnar um áhrif umhverfisþátta á heilsu manna. Samt eru menn ekki komnir lengra en raun ber vitni.

Ég held þess vegna að það séu afar þungvæg rök sem liggja til þess að við tökum þátt í því að efla einmitt umhverfisþættina í ráðuneytunum. Ég held reyndar að umhverfismálin væru betur komin í öðru ráðuneyti heldur en sérstöku umhverfisráðuneyti. Og ég held að menn komist meir og meir á þá skoðun að flestir þættir umhverfismála tengist mjög heilbrigðismálunum. Þó eru vissir þættir sem gera það ekki og þeir eiga best heima í þeim fagráðuneytum þar sem sérfræðingar eru á þeim sviðum.

Ég held, herra forseti, að ég láti senn lokið þessu máli. Mér virðist mörgu ósvarað í sambandi við það sem við erum hér að fjalla um. Ég hef mest rætt um tengsl heilbrigðis og umhverfis og það er af þeim eðlilegu ástæðum að þar eru að gerast mikilvægir hlutir nú þessa dagana sem ég tel skipta miklu fyrir okkur Íslendinga að við séum þátttakendur í. Ég hef ekki vikið að hinum mikilvægu þáttum sem varða þá umhverfisvernd sem nauðsynleg er vegna náttúru landsins og nýtingar náttúruauðlinda án þess að það tengist með jafnbeinum hætti heilbrigði manna eins og margt af því sem ég hef hér verið að ræða um. Þó er í víðara samhengi hægt að færa að því rök að svo sé. Ef ekki líkamlegu heilbrigði, þá a.m.k. andlegu og félagslegu.

Ég tel að á það verði ekki of mikil áhersla lögð að við umgöngumst okkar land með þeim hætti að við skilum því betra í hendur komandi kynslóða heldur en við tókum við því. Ég held að það sé mikill misskilningur þegar menn telja þjóðlega menningu felast í því að gera landið sem líkast því sem var á einhverjum fyrri öldum nema þá að menn vilji fara aftur til landnámsaldar og gera það skógi vaxið milli fjalls og fjöru. En þeir forfeður okkar, sem þurftu að yrkja jörðina sér til lífsviðurværis og þurftu að byggja húsin sín úr því sem til féll af landinu, þurftu að kynda húsin sín með því sem til féll af landinu, höfðu hvorki ráð né þá þekkingu sem nútíminn býr yfir til þess að bæta landið í staðinn, til þess að bæta fyrir það sem þeir tóku. Um þetta vitnar e.t.v. ekkert með sorglegri hætti heldur en

gamlar jarðabækur. Ef við flettum í gegnum gamlar jarðabækur frá ýmsum þeim héruðum sem hafa frá margra sjónarmiði bestu bithaga landsins fyrir sauðfé, þá er lýsing jarðanna með þeim hætti að það er yfirleitt tekið fram að þar hafi verið skógur til eldiviðar. Verðmætamatið virtist miða við það hvort hægt var að höggva einhver sprek í eldinn. Og ef við lesum þessar jarðalýsingar þá sjáum við að víða þar sem slíkar lýsingar áttu við fyrir nokkur hundruð árum eru núna rofabörð og melar og enginn skógur. Þetta er e.t.v. sú auðn og sú eyðilegging sem hrópar á okkur, fólk sem nú er uppi, til að gera hvað við getum til þess að bæta land okkar. Ekki einungis að planta einhverjum hríslum einhvers staðar á auða bletti, heldur að gera það allt með forsjá og byggja á þeirri þekkingu sem við höfum eða eigum aðgang að, þannig að við eigum það líklegt að árangur sjáist af því starfi. Því að fátt er eins unnið fyrir gýg eins og tilraunir til að byggja upp áhuga á þessu sviði án þeirrar forsjár að menn geri sér grein fyrir með hvaða hætti bæði land og nýr gróður þarf að vinna saman til þess að að skógi verði. Ef menn sjá árangur erfiðis síns verða að dauðum og visnum trjám, þá hverfur þessi áhugi.

Við höfum gengið í gegnum slíkt tímabil, a.m.k. bæði hæstv. forsrh. og ég. Við höfum upplifað það bæði að það hefur verið mismunandi mikill almennur áhugi manna á slíku. Þess vegna held ég að hið — ef ég má svo segja — uppeldislega atriði í þessu sambandi verði ekki ofmetið og það er að á það sé lögð áhersla að hér þarf mikla þolinmæði. Það að klæða landið skógi er eins og fjallganga. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að við þurfum að sækja á brattann og við dettum mörgum sinnum, hnjótum í urð og grjóti, svo tekin séu orð úr frægu kvæði. En þetta eru hlutir sem menn verða að gera sér grein fyrir áður en lagt er af stað í slíka göngu.

Við vitum að markmiðið sem við eigum fyrir höndum er ekki ný búgrein sem skilar arði eftir eitt eða tvö ár. Þetta er vinna sem er fyrir framtíðina og þetta er vinna fyrir fólk sem núna er kannski að ganga sín fyrstu skref eða er ekki einu sinni fætt. Þess vegna er þetta vinna sem á eftir að breyta köflum í sögu okkar og það er stórt verkefni fyrir þessa kynslóð að vinna þetta verk og sjá um að það sé gert og hvetja fólk til þess og veita því hugrekki þegar mistekst. Gefa því aðgang að leiðbeiningum til þess að unnið sé með þeim hætti að árangur sé líklegur til að verða góður. Að þessu leyti til erum við að tala um verk sem eru eins og að byggja upp fiskistofnana. Það þarf að hlífa vissum svæðum, líka á landi, leyfa þeim að byggjast upp og hleypa þar að nýju lífi, veita þangað nýju lífi.

Allt eru þetta þættir sem eru ómetanlegir og ég hef ekki rætt um í þeim kafla ræðu minnar þar sem ég talaði um tengsl heilbrigðis og umhverfis. Þetta eru samt þættir sem geta átt eftir að hafa áhrif á náttúrufar landsins og á þann veg á heilbrigði og lífsafkomu manna þótt síðar verði. En til þess að við getum náð árangri á þessu sviði verðum við að ná árangri á þeim sviðum sem kalla að í dag.

Ég sé það að hv. þm. sem í dyrunum stendur er mér innilega sammála og það gleður mig mjög því ég hygg að hann sé meðal yngstu þingmanna. Það er einmitt sá hópur sem þarf að skilja þetta best. Þess vegna bið ég hv. þm. Guðmund Ágústsson líka að skilja það að þetta leysum við ekki með nýju ráðuneyti. Þetta leysum við ekki með nýju ráðuneyti. Þetta leysum við með huga og höndum verkfærs fólks í landinu. Og þetta leysum við með upplýsingum frá þeim sem byggja á þekkingaröflun og rannsóknum. Þetta leysum við með aðstoð Háskóla Íslands, sem hér á sinn fulltrúa á varamannabekk í þingsalnum, hv. þm. Jóns Braga Bjarnasonar, og fleiri manna úr hans hópi, fleiri manna með sambærilega þekkingu. Þetta er fólkið sem á að leiðbeina okkur um það hvernig við byggjum upp umhverfi okkar á þann veg að það auki hreysti þjóðarinnar, þar með dugnað hennar og gleði. Og um leið og umhverfið er heilsusamlegra og fegurra þá eykur það líka andlega hreysti fólksins, bókstaflega talað, hamingju þeirra sem búa í þessu landi.

Þetta frv., herra forseti, fjallar auðvitað ekki um hamingjuna en ég ætla að vona það að hæstv. forsrh. — sem ég veit að er það ekki um megn að skipta um skoðun ef hann telur annað skynsamlegra, sem ég veit að hefur einlægan áhuga á umhverfismálum — ég vonast til þess að hæstv. ráðherra skoði hug sinn á nýjan leik. Ég vonast til þess að hann ráðfæri sig við hæstv. heilbrrh. og ég vonast til þess að hann ráðfæri sig við ýmsa þá sem sérstaka þekkingu hafa einmitt á ýmsum þáttum umhverfisins, bæði þeim er tengjast vernd auðlinda landsins og uppbyggingu þeirra svo og auðlind hafsins. Ég vonast líka til að hann ráðfæri sig við þá aðila sem hafa verið að berjast fyrir því að tryggja heilsusamlegt umhverfi á vinnustöðum.

Hvað um launþegasamtökin í landinu? Telja þau að heilsusamlegu umhverfi á vinnustöðum sé betur borgið með því að umhverfisráðuneyti sé stofnað? Telja þau að það dragi úr vinnuslysum eða vinnusjúkdómum ef sérstakt umhverfisráðuneyti er stofnað? Ég hygg að svo sé ekki. Hitt er sönnu nær að þeir hópar eiga mikið undir því, og ekki aðeins þeir hópar heldur við öll eigum mikið undir því að framfylgt sé þeim grundvallarhugmyndum sem staðfestar eru, m.a. í félagsmálasáttmála Evrópu sem tók gildi 1965, að hver og einn eigi rétt á vinnuumhverfi sem spilli ekki heilsu hans.

Í þessu efni hefur verið unnið ótrúlega gott verk sem ég held að mörg fyrirtæki hafi getað notfært sér en því miður mörg hafa ekki fengið aðstöðu til þess. (**Forseti:** *Forseta langar til að spyrja hv. ræðumann hvort hann* geti lokið máli sínu á næstu þremur mínútum eða svo eða hvort hann vill fresta máli sínu því hér hafði verið fyrirhugað að láta ganga fram atkvæðagreiðslu um þrjú dagskrármál áður en þingflokksfundir hefjast klukkan fimm.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir ábendinguna en ég get ekki neitað því að ég á svolítið meira eftir en þrjár mínútur. En með tilliti til kaflans um heilsusamlegt vinnuumhverfi geri ég mér ljóst að það skiptir máli að sjá til þess að hv. þm. sitji ekki of lengi í senn yfir ræðum þótt um umhverfismál séu. Það mun auðvitað bæta vinnuþrek okkar að við fáum hlé nú á

eftir klukkan fimm og ég geri mér ljóst að mál þurfa að ganga fram, atkvæðagreiðslur, og mun þiggja það að fá að gera hlé á máli mínu.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Framhald umræðu um umhverfismál.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hafði ekki alveg lokið ræðu minni hér í dag þegar gert var hlé vegna afgreiðslu og atkvæðagreiðslna og síðan þingflokksfunda. Ég átti að vísu ekki langt mál eftir, en mér þykir afar slæmt að það verði sundurslitið nú og einkanlega vegna þess, og sú er ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs um þingsköp, að það er enn ríkari ástæða til þess en ella að óska eftir því að fá að halda þeirri umræðu áfram nú, eða a.m.k. ljúka þeirri ræðu. Ástæðan er sú að það kom fram í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að verið væri að athuga um stofnun alþjóðlegrar umhverfisrannsóknastöðvar á Íslandi. Mér skildist á fréttinni að þar væri um að ræða sjávarrannsóknir fyrst og fremst. Það er auðvitað of seint að segja það nú en það hefði verið viðeigandi að þingmönnum hefði verið skýrt frá þessu hér í dag fyrst málið er komið svo langt að skýrt er frá því í fjölmiðlum og það af þeim ráðherra sem málið heyrir ekki undir að því er ég best veit. Ég veit ekki betur en að sjávarrannsóknir, hafrannsóknir og slíkt heyri undir hæstv. sjútvrh. En ég tel að þingmenn eigi kröfu á því að jafnstórt mál og þarna var hreyft verði upplýst hér fyrir hv. alþm. og við fáum að vita hvað hér er á ferðinni.

Ég tel að við séum höfð að fíflum — ég bið hæstv. forseta afsökunar á orðbragðinu en ég verð að segja það, þegar hæstv. forsrh. og sá hæstv. ráðherra sem kallar sig ráðherra umhverfismála þó að hann sé ekki orðinn það tjá sig báðir hér í umræðum í dag um umhverfismál og nefna ekki þetta mál einu orði sem mér skilst svo að hafi verið rætt á fundum með erlendum aðilum síðdegis í dag. Ég veit ekki til að utanrmn. eða neinir þingmenn hafi fengið neitt um þetta að vita. Mér þætti mjög nauðsynlegt... (**Gripið fram í:** Hvaða mál er á dagskrá?) Þetta er ræða um þingsköp sem þingmaðurinn er að halda nú vegna þess að það átti að taka fyrir allt önnur mál en að leyfa þingmanninum að ljúka ræðu sinni sem hér stóð yfir í dag, ég átti að vísu skammt eftir af henni, en það kom upp þetta nýja tilefni til þess að æskja skýringa frá þeim hæstv. ráðherrum sem tóku hér þátt í umræðum í dag og þá sérstaklega hæstv. sjútvrh. sem mætti gerst um þetta mál vita, hvað fyrirhugað er að gera í athugun á og stofnun alþjóðlegrar umhverfisrannsókna- eða mengunarrannsóknastöðvar sem fyrst og fremst veit að rannsóknum í sjó. Ég tel að hér sé um svo stórt mál að ræða að Alþingi eigi rétt á að því sé skýrt frá því. Ef það gerist ekki þá er hér enn eitt hrópandi dæmið um nýstárleg viðhorf þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem er þingræðisstjórn. Hún nýtur meirihlutastuðnings Alþingis en hún sýnir aftur að móti Alþingi takmarkaða virðingu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 3. þm. Reykv. vill forseti taka fram að það mál sem hv. þm. ræddi um mun vera tillaga sem komin er frá sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi um stofnun vísindastöðvar eða rannsóknastöðvar vegna mengunarrannsókna á Norður-Atlantshafi og hefur sáralítið verið rædd, hefur verið kynnt nokkrum þingmönnum og mun hafa verið kynnt einhverjum ráðherrum og vísindamönnum í dag.

Varðandi það að forseti ákveði að halda áfram umræðu um annað dagskrármálið skal þess getið að þetta er samningsatriði. Um þetta var samið í dag á fundi formanna og forseta að þessi háttur yrði hafður á og formanni Sjálfstfl., m.a., var kunnugt um þetta áður en hann fór úr húsi hér í dag.

Ragnhildur Helgadóttir:

Vel má það vera, herra forseti, að formanni Sjálfstfl. hafi verið um þetta kunnugt, en það var ekki formaður Sjálfstfl. sem stóð hér í ræðustól í dag og var beðinn að gera hlé á ræðu sinni og hæstv. forseti deildarinnar hefur ekki látið svo lítið að nefna það við þann ræðumann sem var beðinn að gera hlé á ræðu sinni. Þetta tel ég gagnrýniverð vinnubrögð.

Og að því er varðar upplýsingar hæstv. forseta um hugmyndir um stofnun alþjóðlegrar mengunarrannsóknastöðvar tel ég að vísu ekki skort á sjálfboðaliðum í stjórnarliði til þess að ræða um og gefa upplýsingar um umhverfismál eða mengunarmál, en þeir sem hér eiga um að fjalla samkvæmt lögum og stjórnarskrá landsins hafa ekki hirt um að gefa Alþingi þessar upplýsingar sem nú hafa verið gefnar í Ríkisútvarpinu, né heldur að skýra málið frekar fyrir þinginu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill enn fremur láta þess getið að hæstv. forsrh. og hæstv. ráðherra Hagstofu geta ekki verið hér á fundi í kvöld vegna anna annars staðar og þess vegna hefði forseti talið að æskilegra væri, m.a. af þeim ástæðum, að taka fyrir annað dagskrármálið sem nú verður gert.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram um grundvallaratriði varðandi stjórn þingsins áðan tel ég eðlilegt að segja hér örfá orð.

Ég er þeirrar skoðunar að þingflokksformenn hafi ekkert umboð til að semja um það við forseta hvort gert sé hlé á ákveðnu máli sem ræðumaður hefur samþykkt að gera hlé á í deildinni. Ég tel að það sé grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að sjálfstæði þingmanna í störfum helgast af rétti sem er skjalfestur í stjórnarskránni og þingsköpum og birtist

í ýmsum myndum, m.a. þeirri ákvörðun að hlutað er um sæti hér í þinginu þegar menn mæta til þings til að undirstrika að allir þingmenn eru jafnir að rétti á Alþingi Íslendinga. Þess vegna vil ég taka undir það að ég tel að þegar slíkt á sér stað sé eðlilegt að það sé rætt við þann þingmann sem hlut á að máli.

Þessu vildi ég koma á framfæri um leið og ég veit að núv. hæstv. forseti hefur á því fullan hug að stjórna neðri deild Alþingis í vetur í sátt við þá þingmenn sem hér eru.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. síðasta ræðumanns vill forseti segja eftirfarandi:

Á fundi með formönnum þingflokka í dag og forsetum lagði forseti Nd. til að umhverfismál yrðu tekin til umræðu á fundi sem lyki kl. 5. Þá kom fram sú hugmynd þingflokksformanna tveggja flokkanna, þ.e. Framsfl. og Sjálfstfl., að heldur yrði tekin upp hér á fundi síðdegis í dag umræða um frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Reynt var að koma á samkomulagi um að svo mætti verða, sem ekki tókst, og var horfið aftur að því ráði að taka upp umræðuna um umhverfismál á fundinum síðdegis í dag og ljúka henni fyrir kl. fimm svo að þá gæti farið fram atkvæðagreiðsla um þau mál sem þá voru útrædd. En það varð að samkomulagi við þingflokkaformenn að umræðan um tekjuskatt og eignarskatt yrði tekin upp á seinni fundinum eða framhaldsfundinum sem hæfist kl. hálfníu.

Forseti telur sig hafa gert þarna nákvæmlega það sama og forverar hans í starfi hafa gert áður, að ná samkomulagi við þingflokkaformenn um mál af þessu tagi og hafi því haldið á málum með þeim hætti sem reglur segja fyrir um.

Það kann að vera að forseti hefði átt að heimila hv. 3. þm. Reykv. að ljúka máli sínu um umhverfismálafrv. í upphafi þessa fundar og sem samkomulagsleið er forseti tilbúinn núna ef hv. þm. vill þiggja það, í fjarveru hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra, að ljúka máli sínu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég mótmælti því alls ekki í dag að gera hlé á ræðu minni. Mér þykir það sjálfsagt að stjórnarandstaða taki þátt í því að reyna að semja um gang mála á annatíma eins og rétt fyrir jól og við viljum vissulega standa að því. Það sem hér hefur hins vegar gerst er að boðleiðir upplýsinga hafa eitthvað verið krókóttar og því var það að ég taldi mér skylt, þrátt fyrir það, satt að segja, að ég þyrfti að vera annars staðar, að koma hér og ljúka því litla sem ég átti eftir af ræðu minni, enda hafði það ekkert verið nefnt að hæstv. ráðherrar sem hér tóku þátt í umræðunum í dag yrðu að vera fjarverandi og því yrði umræðunni frestað. Ég hefði alveg að sjálfsögðu fallist á það. Mér þykir það afar óeðlilegt að halda áfram þessari umræðu að þessum hæstv. ráðherrum fjarstöddum, sérstaklega vegna þess sem ég skýrði frá þegar ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp, að ég tel að það sé nauðsynlegt að þingheimur fái frá ráðherrum upplýsingar um annað eins stórmál og hugleiðingar og fundi með ráðamönnum frá erlendum ríkjum um stofnun alþjóðlegrar mengunarrannsóknastöðvar hér á landi og það er vitanlega alveg gagnslaust að ræða þau mál og biðja um upplýsingar að þessum hæstv. ráðherrum fjarstöddum.

Ég ætla því að þakka hæstv. forseta gott boð og segja: Nei, þökk fyrir, ef ég mætti heldur ljúka því litla sem ég á eftir í annan tíma þegar þeir hæstv. ráðherrar sem láta sig málið varða eru við. Það er reynar óljóst hvort sá hæstv. ráðherra sem málið stjórnskipulega heyrir undir hefur verið með í þessum umræðum um þessa alþjóðlegu stofnun í dag. Það er mér alls ókunnugt um og ég hef ekki hitt neinn hv. þm. sem hefur getað sagt mér það. Með öðrum orðum, ég tel ekki unnt að ræða málið að svo stöddu en mun hins vegar óska eftir að fá að gera það á næsta reglulegum fundi eða þegar hæstv. forseti ákveður, en mér þætti vænt um að fá að vita um þá ákvörðun. Það er einungis þetta.

Ég segi alls ekki að forseta sé óheimilt á neinn hátt að semja um framgang mála. Það er auðvitað sjálfsagt af hans hálfu og ég tel að hæstv. forseti stjórni fundum hér ágætlega og gagnrýni mín beinist alls ekki að því heldur hinu að ef samið er um framhald mála, og þá þess heldur þegar þingmenn eru í miðjum ræðum og hafa fúslega fallist á að fresta þeim, viti þeir þá a.m.k. ef á að gera allt annað í upphafi næsta fundar. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að málinu liggi nokkrn skapaðan hlut á svo ég fellst alveg fyllilega á að fresta því.

Ég vildi aðeins koma því á framfæri að ég tel ekki að þetta hafi verið óheimilt á neinn hátt af hálfu hæstv. forseta, og við viljum að sjálfsögðu fúslega taka þátt í því að greiða fyrir málum en viljum auðvitað fá tækifæri til að fá allar upplýsingar sem við eigum rétt á.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti þakkar hv. 3. þm. Reykv. fyrir lipurð í samstarfi og hlýleg orð og tekur þar með fyrir fimmta dagskrármálið.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 267.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í fjarveru hæstv. landbrh. hef ég verðið beðinn um að mæla hér fyrir frv. til laga um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar. Frv. hefur þegar fengið meðferð í hv. Ed. og hlaut þar samhljóða afgreiðslu.

Efnisatriði frv. eru glöggt greind í athugasemdum með frv. og það má segja að þau séu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989 og í frv., eins og það lítur nú út eftir meðferð hv. Ed., er gert ráð fyrir að hámarkstala þessara sjálfskuldarábyrgða geti numið 300 millj. kr. en í upphaflegri gerð frv. var gert ráð fyrir 280 millj. kr. í þessu skyni.

Í frv. er gert ráð fyrir að lánin verði til 15 ára, þau verði verðtryggð með lánskjaravísitölu og 5% vöxtum og endurgreiðslutími lánanna verði 12 ár.

Þá er sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs bundin því skilyrði að hún verði því aðeins veitt að með henni reynist unnt að koma rekstri viðkomandi búsí viðunandi horf eða forsendur séu fyrir hendi fyrir lántakanda að greiða af skuldum sínum með öðrum hætti. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir því að fyrirgreiðslan megi ná til allt að 60% af þeim lausaskuldum hvers bónda sem uppfylla skilyrði 1. mgr. þessa frv., enda breyti viðkomandi lánardrottnar því sem eftir stendur í lán til a.m.k. 8 ára gegn þeim tryggingum sem þeir meta gildar.

Í frv. er gert ráð fyrir að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafi á hendi umsjón með þessum skuldbreytingum og í 2. gr. frv. er Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilað að fella niður verðtryggingu og vexti og fresta greiðslu afborgana af lánum til bænda vegna loðdýrabúa á næstu fimm árum. Enn fremur er deildinni samkvæmt frv. eins og það lítur nú út heimilt, þegar hagsmunum hennar er betur borgið með þeim hætti, að fella niður hluta höfuðstóls annarra veðskulda loðdýrabænda.

Í grg. með frv. kemur það fram hvernig til þess er stofnað, að það byggist að nokkru leyti á skýrslu vinnuhóps sem landbrh. skipaði 6. sept. 1989 og enn fremur byggist það á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 28. nóv. 1989 sem kveður á um greiðslujöfnunargjald á fóður, þátttöku Framleiðnisjóðs í fjárhagslegri endurskipulagningu og skuldbreytingum og möguleika Jarðeigna ríkisins og Jarðasjóðs til að aðstoða við endurskipulagningu loðdýraræktar. Þessi nefndarsamþykkt ríkisstjórnarinnar er birt sem fylgiskjal með frv. þessu.

Með hliðsjón af því að málið er kunnugt, bæði af umræðum í fjölmiðlum svo og meðferð þess í hv. Ed., tel ég ástæðulaust að fjölyrða frekar um það á þessu stigi, hæstv. forseti, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni yfir því að landbn. hv. Ed. náði saman um þetta mál þó að það sé að vísu ekki séð hvernig þessari atvinnugrein reiðir af þrátt fyrir þetta frv. En mitt erindi hér í ræðustól er fyrst og fremst það að í umræðum í Ed. sagði hv. þm. Egill Jónsson að aðild loðdýraræktar væri trúlega rúmur ¼ hluti af varasjóði Stofnlánadeildarinnar sem var í árslok 1988 liðlega 1.2 milljarðar kr., miðað við viðskipti þeirra við Stofnlánadeild. Þetta er auðvitað afskaplega mikill misskilningur. Það er eiginlega sárt að hlusta á það að menn, sem ætti að vera kunnugt um hvernig þessi viðskipti hafa verið, skuli kasta svona fram hér á Alþingi. Sannleikurinn er sá að þessi lán til loðdýraræktar, eins og annarra bænda, eru með niðurgreiddum vöxtum og ef tekið væri tillit til þess held ég að loðdýraræktin hafi ekki lagt neitt til í sambandi við að byggja upp eigið fé Stofnlánadeildar. En þetta kemur raunar ekki málinu við. Þetta er hluti af bændastéttinni sem vinnur við loðdýrarækt og það er siðferðileg skylda stjórnvalda, vegna þess hvernig þetta fór af stað sem öllum er kunnugt um, að reyna að koma þessari atvinnugrein út úr þeim vanda sem menn standa frammi fyrir.

Ég ætla mér ekki að koma fram með brtt. við frv. þó að ég væri búinn að láta að því liggja þegar málið kom hér inn á þing og þó að ég telji kannski að sumt orðalag sé ekki nógu skýrt, þá er það í heimildarformi. Ég vona að þetta mál fari hratt í gegnum þingið vegna þess að komið er fram yfir þann tíma sem bændur þyrftu að hafa haft til þess að geta ákveðið sig um það hvernig þeir standa að þessum búskap á næsta ári.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AS, AÓB, ÁHE, EH, GeirG, ÞH, GuðnÁ, HG, HJ, IBA, JóhS, JBB, JK, KE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SV, ÁrnG.

KrP greiddi ekki atkv.

20 þm. (StH, SJS, ÞP, AðB, BÍG, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, GHelg, JónS, JSS, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RA, RH, SighB) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 247.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Næstur er á mælendaskrá hv. 17. þm. Reykv., en í þingsal er ekki kominn hæstv. fjmrh. sem hér þarf að vera við þessa umræðu og mun nú forseti gera hlé á fundi þar til fjmrh. kemur í salinn. Fundi er frestað um óákveðinn tíma. — [Fundarhlé.]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Um þetta leyti fyrir ári síðan urðu hér miklar umræður og deilur á Alþingi um þau skattalagafrv. sem hæstv. fjmrh. lagði þá fyrir Alþingi. Þar var um að ræða einhverjar mestu skattahækkanir, samanlagðar, sem komið hafa til meðferðar á Alþingi á einu bretti ef svo mætti segja. Það sem hins vegar er um að ræða nú er eilítið annars eðlis vegna þess að hér er að nokkru leyti verið að afturkalla mistök sem gerð voru í fyrra og viðurkenna þau þar með.

Því verður hins vegar ekki neitað að hér er líka á

ferðinni, í þessu frv. sem hér um ræðir, frv. til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, umtalsverðar skattahækkanir. Raunar er það svo að sá pakki sem nú er til meðferðar á hv. Alþingi, annars vegar þetta frv. og hins vegar frv. til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, sem er til meðferðar í hv. efri deild, leiðir til mjög mikilla hækkana á sköttum frá því sem nú er. Og það breytir engu þótt hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn reyni að beina umræðunni frá þessari staðreynd og yfir í samanburð á því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. annars vegar og þessum frv. hins vegar. Það er ekki það sem er aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er að að hér er verið að hækka skatta með þessum tveimur frv. frá því sem gildandi lög gera ráð fyrir um 2–3 milljarða kr. a.m.k. Síðan geta menn skipst á skoðunum um það, á þeim nótum sem hæstv. fjmrh. hefur lagt upp með, hvort hér er um að ræða að þessu sinni eitthvað örlítið meira eða örlítið minna en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir stórfelldum skattahækkunum. Þess vegna er sú umfjöllun sem orðið hefur í þjóðfélaginu og fjölmiðlar hafa, því miður, alveg gagnrýnislaust tekið við, að því er virðist, um breytingarnar frá því sem er í fjárlagafrv. aukaatriði. Aðalatriðið er það, hvort sem litið er til fjárlagafrv. eða þeirra mála sem nú eru til meðferðar, að hvort tveggja gerir ráð fyrir miklum hækkunum á sköttum þó svo að nú sé búið að taka ákvörðun um að gera tillögu til þingsins um að flutt verði á milli úr óbeinum yfir í beina skatta.

Hæstv. fjmrh. fylgdi þessu máli hér úr hlaði fyrir nokkru síðan og kom einmitt að þessu atriði, nauðsyn þess hér á Íslandi að flytja skattbyrði úr óbeinum sköttum yfir í beina skatta, og ég hygg að hann hafi gert mikið mál úr því, kannski ekki síst í efri deild, að það væri einmitt í anda hinnar nýju jafnaðarmannastefnu Alþb. að beina sköttum úr hinu óbeina formi yfir í beina skatta. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni við 1. umr. að þetta væri í samræmi við allt sem erlendar sérfræðistofnanir og hinar viðurkenndu fjármálastofnanir víða um lönd hefðu lagt til við okkur Íslendinga í sambandi við þeirra ráðgjöf um hagstjórn. Og ber þá nýrra við, herra forseti, þegar Alþb. er farið að taka að sér að túlka og flytja hér mál stofnana sem þessara sem hafa ekki hingað til verið í neinni sérstakri náð hjá Alþb. eða skoðanabræðrum þess víða um lönd, hvorki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn né aðrar sambærilegar efnahags- og fjármálastofnanir.

Hitt er annað mál að þó svo að uppbyggingin í sköttum hér á landi sé nokkuð frábrugðin því sem annars staðar er að því leyti til að skattar í hinu óbeina formi vega þyngra en beinir skattar þá er það auðvitað ekki tilviljun. Það er vegna þess að hér hefur sú stefna verið mörkuð, vitandi vits, að skattleggja frekar eyðsluna og neysluna en öflun teknanna. Það hefur verið mörkuð sú stefna hér á undanförnum árum og áratugum að viturlegra væri að hamla ekki gegn því með sköttum að menn öfluðu sér tekna en hins vegar eðlilegra að afla nauðsynlegra tekna í ríkissjóð með því að skattleggja eyðslu manna eða neyslu.

Það sem hér er lagt til gengur þvert gegn þessari stefnu. Og það er auðvitað alveg skýrt og ljóst að hér er verið að fara inn á aðrar brautir en þær sem hafa verið tiltölulega viðteknar hérlendis til þessa. Reyndar er það nú ekki svona einfalt vegna þess að um þessar mundir er verið að leggja til hækkanir á hvoru tveggja. En það sem fjmrh. bendir réttilega á er það að í því sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til er ákveðinn tilflutningur úr óbeinum sköttum yfir í beina skatta. Það þýðir það að skattur manna af tekjum á næsta ári, af hverri viðbótarkrónu sem er umfram skattleysismörk, verður næstum því 40%, heildarskattur til ríkis og sveitarfélags. Og ég leyfi mér að fullyrða að við þær aðstæður sem hér eru og við það skattkerfi sem menn eru vanir að búa við, og við þann vinnumarkað sem hér er til staðar, hefur þetta vinnuletjandi áhrif á menn þó svo að fjmrh. geti bent á dæmi þess víða um lönd að jaðarskatthlutfall sé miklu hærra en 40%. En menn þurfa ekki annað en að horfa í eigin barm og gera sér í hugarlund hvort þeir telja taka því að bæta við sig einni yfirvinnustund þegar þeir halda ekki eftir nema 60 kr. af hverjum 100 kr. sem þeir fá fyrir þá stund. Það segir sig sjálft að þessi stefna, stefna hærri beinna skatta í staðgreiðslu, hefur vinnuletjandi áhrif á almenning og þar af leiðandi leiðir hún til minni verðmætasköpunar því að vinnufúsar hendur verða ekki jafnfúsar til þess að vinna þegar eftir er haldið einungis 60% af því sem upp er gefið að menn fái í laun.

Ég hef ekki sannfæringu fyrir því, herra forseti, að þetta sé rétt stefna. Engu að síður var það auðvitað fásinna af hæstv. fjmrh. og hinni virðulegu ríkisstjórn að ætla sér að leggja hér fyrir þingið tillögur um 26% virðisaukaskatt, hærri en nokkurs staðar þekkist á byggðu bóli. Hæsti virðisaukaskattur sem mér er kunnugt um er á Írlandi, 25%, og það hefði auðvitað verið út í bláinn að ætla að taka hér upp 26% hlutfall á Íslandi, eins og ríkisstjórnin var um tíma búin að koma sér saman um.

Ég lét þess getið í upphafi, herra forseti, að í frv. væru nokkur atriði þar sem fram kæmi iðrun ríkisstjórnarinnar vegna gerða sinna í skattamálum á síðasta þingi. Þar er um að ræða tvö atriði sem ég hyggst nú koma að áður en ég kem að meginefni frv. sem er að sjálfsögðu tekjuskattshækkunin sjálf og þær afleiðingar sem hún hefur og þeir útreikningar sem gerðir hafa verið af fjmrn. og öðrum aðilum um það efni. En það eru tvö atriði þar sem ríkisstjórnin er að draga í land frá því í fyrra, tvö atriði þar sem stjórnin sér að sér, viðurkennir þá gagnrýni sem fram kom, m.a. hér á Alþingi í fyrra en einnig hjá almenningi í landinu, og ákveður sem sé að draga nokkuð í land með breytingar sem voru alveg úr hófi fram hér í fyrra.

Þar er í fyrsta lagi um að ræða breytingarnar á eignarskattinum sem hér eru lagðar til og í öðru lagi breytingar á skattlagningu á nokkur atriði sem snerta fyrirtækin í landinu. Hvort tveggja er að sjálfsögðu til

bóta. Ef ég nefni síðara atriðið fyrst er þar um að ræða það sem fram kemur í 1. og 2. gr. frv., sem og breytingar við nokkur önnur atriði sem ég hyggst ekki tína til, en þarna er m.a. um það að ræða að auka þær heimildir sem menn hafa til frádráttar vegna fjárfestinga, til flýtiafskrifta og vegna kaupa á hlutabréfum umfram það sem verðbólgan ein hefði fært mönnum. Hér er um að ræða atriði í 9. gr. auk 1. og 2. gr. frv. Þetta er auðvitað allt til bóta. Þetta er í samræmi við tillögur sem við sjálfstæðismenn höfum flutt hér á Alþingi og sjálfsagt að taka undir slíkar tillögur.

Þó verð ég að undrast eitt atriði, herra forseti, að því er varðar 9. gr., svo ég haldi mig við þessi atriði fyrst, en í henni segir, með leyfi forseta: „Auk heimildar í 1. mgr. er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins svo og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi."

Það sem hér er um að ræða, herra forseti, er að hér er ekki lengur um þá kvöð að ræða gagnvart eignarskattsfrelsi skuldaviðurkenninga ríkissjóðs, að þær séu umfram skuldir. En eins og kunnugt er þá er það svo í núgildandi skattalögum að ríkisskuldabréf og aðrir sambærilegir ríkistryggðir pappírar eru aðeins skattfrjálsir að því marki sem þeir eru umfram skuldir. Þetta á reyndar við um sparisjóðsinnistæður og hlutafjáreign í hlutafélögum og fleira í þeim dúr, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða skyldri starfsemi.

Ég tel það til bóta, hæstv. forseti, að fella niður ákvæði um að þessar eignir verði að vera umfram skuldir. Ég er að því leyti til sammála þessu nýja ákvæði í frv. Ég held að það sé mjög til að skýra málið og auðvelda öll viðskipti með þessi mikilvægu bréf að fella þetta ákvæði niður og ég tek undir það sem segir í grg. frv. um þetta. Hins vegar er mönnum kannski kunnugt um að fjmrh. liggur undir kæru hjá Verðlagsstofnun fyrir að hafa auglýst sinn varning, skuldabréf ríkissjóðs, án þess að láta þess getið að eignarskattsfrelsi þeirra væri háð þessari takmörkun sem nú stendur til að fella niður. Skal ég ekkert um það segja hver niðurstaða verður af þeirri kæru. En auðvitað er mönnum það kunnugt að í þeim auglýsingum sem birst hafa, a.m.k. til skamms tíma, um ríkisskuldabréfin hefur farið mjög lítið fyrir þessari takmörkun þegar verið er að hampa eignarskattsfrelsi þessara bréfa.

En látum þetta nú allt vera, herra forseti. Það sem mér finnst óeðlilegt í tengslum við þessa breytingu er að láta hana þá ekki gilda yfir allt annað sem upp er talið í núgildandi 78. gr. laganna, þ.e. innistæður í innlendum bönkum og sparisjóðum, innlánsdeildum og stofnsjóðsreikningum samvinnufélaga, sem og verðbréf sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum og hlutafjáreign í hlutafélögum. En um þetta gilda í dag sömu ákvæði og um ríkisskuldabréfin.

Hver er þá ástæðan fyrir því, hvaða rök hníga til þess að taka þarna ríkisskuldabréf og önnur markaðsverðbréf sem gefin eru út á vegum ríkissjóðs út úr? Það getur ekki verið nema ein ástæða fyrir því og hún er sú að auka enn það forskot sem þessir pappírar hafa á önnur sparnaðarform í landinu gagnvart sköttum og það er óeðlilegt. Alveg eins og hin vemmilega auglýsing fjmrh. í blöðum um eignarskattsfrelsi ríkisskuldabréfa er óeðlileg vegna þess að þar er um það að ræða að ríkissjóður, fjmrh., beitir sér fyrir gríðarlegum hækkunum á eignarsköttum sem hann síðan telur sér til tekna í auglýsingum sem þessari, að bitni ekki á hans eigin pappírum. Hann þvingar niður vextina á sínum eigin verðbréfum með því að leggja háa eignarskatta á samkeppnisformin eða réttara sagt hann knýr samkeppnisformin til þess að bjóða miklu hærri vexti en ella væri til þess að ná upp þessum mun sem eignarskatturinn skapar.

Ég sé ekki betur en að með þessari breytingu í 9. gr. séi verið að stíga eitt skrefið enn í að auka forskot verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs og annarra markaðsverðbréfa ríkissjóðs umfram hina almennu aðila á sparifjármarkaðinum og það er ekki eðlilegur hlutur. Þessi breyting hins vegar, í 9. gr., væri að mínum dómi ágæt ef hún væri víðtækari og næði til þeirra hluta sem ég var að telja hér upp og sem upp eru taldir í 78. gr. Þar með væri kominn enn frekari hvati til sparnaðar í landinu fyrir alla, óháð því í hvaða formi menn kjósa að spara og þar með er útrýmt óvissu og ákveðnum framkvæmdarerfiðleikum sem þessu fylgja í dag, enda kemur það glöggt fram í grg. með frv. að enginn heilvita maður tekur nú bankalán til þess að kaupa sér spariskírteini, vegna þess að nú þarf hann að borga fulla vexti af sínu bankaláni og það svarar ekki kostnaði. Sama er auðvitað að segja og jafnvel enn frekar um aðra sparnaðarmöguleika sem hér eru raktir þannig að ég tel að hér sé verið að skapa óeðlilegt forskot fyrir ríkissjóð.

Þetta voru þau atriði, herra forseti, sem varða 1., 2. og 9. gr. frv. en meginefni þeirra er sem sagt að bæta um betur gagnvart fyrirtækjunum í landinu og létta aðeins á því gríðarlega óhagræði sem skattbreytingarnar í fyrra ollu fyrirtækjunum.

Hin breytingin, sem er þessa eðlis, er í 10. gr., og varðar eignarskatta manna. Það atriði er reyndar nátengt því sem ég hef nýlokið við að tala um og varðar þær breytingar sem koma fram í 9. gr. og snerta eignarskattsfrelsi markaðsverðbréfa ríkissjóðs.

Í fyrra beitti fjmrh. sér fyrir gríðarlegum eignarskattshækkunum. Meiri hækkunum á sköttum á fasteignum og eignarskattsskyldum verðmætum en nokkru sinni hafa hér verið upp teknar. Það er óumdeilt og af öllum viðurkennt. Þessi breyting hafði það m.a. í för með sér að ranglæti gagnvart einstaklingum, þeim sem standa einir að heimilishaldi, m.a.

ekkjum og ekklum og einstæðum foreldrum, margfaldaðist miðað við það sem áður var. Þarna var ákveðinn munur í eldri skattalögum þessum aðilum í óhag, en í stað þess að geta að hámarki verið 20–30% í krónum talið, þá jókst þessi munur upp í 145% ef viðkomandi var í hinu nýja og hærra skattþrepi með sínar eignir. Þ.e. mismunurinn annars vegar á einstaklingi og hins vegar á hjónum með sömu eignastöðu.

Það hefur ekkert farið dult hversu gríðarleg óánægja hefur verið í landinu með þessar breytingar og hversu ósanngjörn þessi mikla hækkun var í fyrra. Ég hygg að mörgum hér inni sé kunnugt um ýmis dæmi þessa þar sem einstaklingar sem fyrir þessu hafa orðið hafa jafnvel þurft að taka bankalán til að geta staðið í skilum með þessar gríðarlegu hækkanir á eignarsköttum.

Sjálfstæðismenn hér í Nd. hafa flutt frv. um að flytja eignarskattana aftur í það horf sem þeir voru hér fyrir ári síðan, í eitt þrep með 0,95% skatthlutfalli.

Hér er hins vegar gerð tillaga um að viðhalda aðalskatthlutfallinu í 1,2% en lækka háeignaþrepið úr 1,5% niður í 0,75% en þó þannig að þar komi til sögunnar ákveðin tekjutenging sem að vísu hefur ekki tíðkast hérlendis áður og er það nýmæli hér í lögum að eignarskattur sé tekjutengdur.

Það er um þetta að segja, herra forseti, að viðurkenna ber það að hér er auðvitað komið til móts við þau sjónarmið og þá gagnrýni sem haldið hefur verið uppi á þær eignarskattshækkanir sem hér dundu yfir í fyrra. Það ber að fagna því, en það ber jafnframt að benda á að með þessari breytingu er viðurkennt að þessar miklu hækkanir hafi komið afar illa niður, þær voru ósanngjarnar og óréttlátar og fengu ekki staðist. Hins vegar er rétt að gjalda jafnframt varhug við því að þær tölur um lækkanir sem hæstv. fjmrh. hefur látið sér um munn fara í þessu sambandi eru auðvitað lækkanir eftir að búið er að taka tillit til þeirra gríðarlegu hækkana sem hér urðu í fyrra, þannig að þetta frv. felur auðvitað í sér umtalsverða hækkun frá því sem hér var fyrir ári síðan, þeim eignarskatti sem hér var í gildi fyrir nákvæmlega 12 mánuðum síðan. En það er rétt að þetta er lækkun frá álagningunni nú í ár og þeim lögum sem nú eru í gildi. Og hverjir svo sem það hafa verið í stjórnarliðinu sem þetta hafa knúið fram, þá er það út af fyrir sig þakkarvert en ekki er mér kunnugt um hvort það er fyrir forustu fjmrh. sjálfs eða annarra stjórnarliða sem þessi breyting hefur náðst fram.

Hér er jafnframt um það að ræða að eignarskattsfrelsið er hækkað í samræmi við vísitölur en lægra þrepið er látið vera óbreytt í 1,2% sem var reyndar hið almenna þrep fyrir nokkrum árum, en það var áður en hinn svokallaði eignarskattsauki til Þjóðarbókhlöðunnar kom til sögunnar. Þannig að það er ekki hinn rétti samanburður. Ef menn segja að skatturinn hafi verið 1,2% fyrir nokkrum árum þá er hann 1,45% í ár vegna eignarskattsaukans.

Ég hef miklar efasemdir, virðulegi forseti, þó ég vilji taka viljann fyrir verkið í þessu efni hjá hæstv. ráðherra, um að tekjutenging þessa skatts geti gefið góða raun. Og ég hef líka miklar efasemdir um að slík tekjutenging sé rökrétt og standist, þegar grannt er skoðað, almenn rök í þessum efnum. Það hefur verið margbent á það að eignir sem ekki gefi af sér tekjur séu lítils virði í raun þó þær kunni að vera hátt skrifaðar á fasteignamatsseðlum. Ekki er heldur þar með sagt að þó að einhver einstaklingur hafi töluverðar tekjur stafi þær af eign sem hann kann að eiga. En samkvæmt þessu frv. getur maðurinn þurft að borga fullan eignarskatt vegna tekna sem hann hefur af einhverju allt öðru, til að mynda og væntanlega í flestum tilfellum launum sínum. Þannig að hér er auðvitað verið að blanda saman ákveðnum hlutum sem ekki er alltaf rétt að blanda saman. Ég hef líka efasemdir um að sá grundvöllur sem hér mun byggt á varðandi tekjur manna muni skila réttri eða eðlilegri niðurstöðu og ég hygg að þetta fyrirkomulag muni því miður hvetja einhverja aðila til þess að greina ekki satt og rétt frá í sambandi við þessi mál.

En væntanlega mun sú niðurstaða sem hér er fengin í þessu frv., ef hún verður samþykkt sem lög óbreytt, lina þjáningarnar í þeim tilfellum sem við höfum ýmis orðið vör við eftir breytingarnar hér í fyrra, hjá því fólki sem hefur litlar eða engar tekjur en situr af sérstökum ástæðum í stærri eignum en ýmsir telja nauðsynlegt fyrir viðkomandi. Það er fullt af slíku fólki hér í bænum sem af tilfinningalegum ástæðum til að mynda vill búa í því húsnæði sem það hefur átt alla ævi og vill geta leyft sér það þó að tekjurnar séu litlar. Og vissulega mun þetta ákvæði hjálpa slíku fólki. Því dettur mér ekki í hug að neita og auðvitað er það ánægjuefni ef með frv. tekst að lina þrautirnar sem núverandi ríkisstjórn hefur kallað yfir þetta fólk. En ég hygg, engu að síður, að á þessu fyrirkomulagi, þessari tekjutengingu eignarskattsins séu veigamiklir annmarkar, bæði fræðilega og það muni sömuleiðis koma í ljós í framkvæmdinni.

Þetta voru, herra forseti, þau tvö atriði sem heldur horfa til bóta í þessu frv., þ.e. annars vegar breytingar sem snúa að atvinnurekstrinum og hins vegar lækkun eignarskattsins frá því sem nú er og hyggst ég ekki eyða frekari tíma í þessi atriði en snúa mér hins vegar að því meginefni frv. sem er sjálf hækkun skatthlutfallsins, sem er í 67. gr. núgildandi laga, en í 3. gr. frv. Það hefur verið látið í veðri vaka, herra forseti, að hér sé eingöngu um að ræða 2% hækkun skattsins eða hækkun skattsins um 2 prósentustig, en þá eru menn sem því halda fram búnir að gleyma því hvernig 67. gr. núgildandi laga hljóðar. En hún er svo, með leyfi forseta:

„Tekjuskattur þeirra manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. sem hér segir:

1. Af tekjuskattsstofni reiknast 28,5%." — Síðan er lítil tilvitnun í neðanmálsgrein a, en þar segir svo, með leyfi forseta: „Sjá þó ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 97/1988 en þar segir svo: „Þrátt fyrir

ákvæði 1. tölul. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.“„

Þannig hljóða lögin í dag. Með öðrum orðum, herra forseti, hækkunin sem hér er lögð til er alls ekki 2%, hún er 4,3%, vegna þess að lögin eins og þau hljóða nú gera ráð fyrir því að skatthlutfallið lækki um næstu áramót úr 30,8% í 28,5%. En frv. gerir ráð fyrir því að tekjuskattshlutfallið verði 32,8%. Og munurinn á 32,8% og 28,5% er 4,3%.

Einhverjir ráku augun í þetta hér fyrir nokkru og reyndust minnugir þess að það mun hafa verið fyrir forgöngu einhverra þm. Alþfl. á síðasta þingi sem ákvæðið um 2,3% hækkun tekjuskatts í fyrra var ekki sett inn í lögin með varanlegum hætti, heldur bundið við eitt ár, árið sem nú er að líða, 1989. Og þeir menn sem eftir þessu mundu inntu forkólfa þessa máls í fyrra, þá sem höfðu frumkvæði að því að þetta var aðeins tímabundið, eftir því hvort þeir hefðu fallist á að þessi hækkun yrði áfram í lögunum. Að lögunum yrði breytt á þann veg að þessi hækkun úr 28,5 í 30,8% yrði varanleg. En þá kvað nú aldeilis við hljóð í strokknum úr þingflokki Alþfl. hér á baksíðu DV þann 24. nóv. Það var nú ekki aldeilis að þessir forsprakkar væru búnir að kyngja því að láta það yfir sig ganga að skattahækkunin í fyrra héldi óbreytt áfram á næsta ári, það var nú aldeilis ekki. Ekki sögðu þeir hv. þm. Karvel Pálmason og Sighvatur Björgvinsson það. En margt er nú skrýtið í þessum kýrhaus, þingflokki Alþfl., hæstv. forseti, með fullri virðingu fyrir uppruna forsetans hér. Nú er nefnilega eins og Bibba á Brávallagötunni segir komið annað „kjöt í stokkinn“. Nú er þingflokkur Alþfl. að því er virðist ekki bara búinn að samþykkja þessa 2,3% bráðabirgðahækkun á tekjuskatti til eins árs heldur búinn að bæta við tveimur prósentustigum í viðbót upp í 4,3% og það án þess að drekka vatn, það án þess að láta sér bregða.

Ég vænti þess að sjálfsögðu fastlega að einhver af ábyrgðarmönnum Alþfl. hér í hv. deild útskýri fyrir þingheimi með hvaða hætti þessi myndbreyting hefur orðið, þessi „metamorphosa“ á Alþfl. í þessu máli, að flokkkurinn sem krafðist þess í fyrra að hér yrði eingöngu um að ræða bráðabirgðahækkun í eitt ár á þessum 2,3% er nú allt í einu búinn að samþykkja — ekki bara það, heldur 2% í viðbót. Og það ekki einu sinni til eins árs, heldur um alla framtíð. Því frv. gerir ekki ráð fyrir því að þetta verði með neinu bráðabirgðaákvæði eins og í fyrra. Þetta á að vera svona um alla framtíð samkvæmt þessu frv.

Það er rétt sem bent hefur verið á í blöðum og víðar upp á síðkastið að núna fer býsna lítið fyrir þingflokknum þeim sem eitt sinn ætlaði að afnema tekjuskattinn, Alþfl. sem eitt sinn ætlaði að afnema tekjuskattinn og afla tekna í ríkissjóð fyrst og fremst með óbeinum sköttum og öðrum slíkum álagningaraðferðum. Og það fer lítið fyrir formanni Alþfl., sem er að vísu önnum kafinn á öðrum vettvang, en sem hefur einna helst talið það sér til tekna að hafa framkvæmt lagabreytingar þær sem fjmrh. Sjálfstfl. beitti sér fyrir hér vorið 1987 um upptöku á staðgreiðslu skatta og tengdum breytingum.

Nei, þetta er auðvitað, herra forseti, afar ræfilslegt fyrir þennan stjórnmálaflokk. Ég ætla ekki að lesa hér upp tilvitnanir í það sem hv. þm. Karvel Pálmason og Sighvatur Björgvinsson sögðu við DV dagana 24. og 25. nóv. sl. vegna þess að þeir eru ekki hér og menn geta flett þessu upp sjálfir. Ég ætla ekki að tefja tímann á því en þeir láta það auðvitað þar koma glöggt fram að þeir hafi ekki samþykkt að breytingin frá í fyrra verði varanleg og látin ganga áfram, hvað þá meir. En það sem í þessu frv. felst er sem sagt ekki 2% hækkun á tekjuskattinum, tveggja prósentustiga hækkun, heldur hækkun um 4,3% frá gildandi lögum. Þannig er nú það.

Þessari breytingu tengjast að sjálfsögðu breytingar á persónuafslætti, sjómannaafslætti, barnabótum og barnabótaauka. En það hefur verið ein helsta vörn fjmrh. í þessu máli gagnvart tekjuskattshækkuninni að hann hefði ákveðið að hækka þessa liði líka, einkanlega persónuafslátt og barnabætur. Rétt eins og það hafi nú aldrei staðið til, eða rétt eins og engum manni hafi dottið það í hug sem um þessi mál hafa vélað, að þarna væru þrjár stærðir innbyrðis tengdar sem hafa auðvitað mikil áhrif hver á aðra og sem verður að skoða allar í sérstöku samhengi.

Þannig var nú frá þessu máli gengið upphaflega, herra forseti, að hækkanir á þessum liðum sem ég taldi upp, persónuafslætti, sjómannaafslætti, barnabótum og barnabótaauka voru tengdar lánskjaravísitölu. Það var til þess gert að skattbyrðin minnkaði þegar kaupmáttur minnkaði, þ.e. laun hækkuðu minna en lánskjaravísitala, en jafnframt að dæmið snerist við þegar kaupmáttur hækkaði, þá hækkaði skattbyrðin vegna þess að laun hækkuðu meira en lánskjaravísitalan. Þetta er nú gamalt mál og flestum kunnugt hér inni, enda var fjallað um þetta rækilega hér úr þessum stól fyrir ári síðan þegar fjmrh. reyndi með lymskulegum hætti að koma þeirri breytingu inn í lögin að viðmiðun við lánskjaravísitölu skyldi úr þeim tekin án þess að nokkur tæki eftir því. Honum tókst hið fyrrnefnda, þ.e. að koma því í gegn að viðmiðun við lánskjaravísitölu var afnumin, en honum tókst ekki að gera það án þess að nokkur tæki eftir því. Bæði var stjórnarandstaðan það vel á verði að það uppgötvaðist hér innan dyra en síðast en ekki síst voru það samtök almennings úti í bæ, samtök launþeganna og þeirra sérfræðingar sem þetta uppgötvuðu og bentu á með rækilegum hætti hvernig skattalagabreytingin í fyrra kom út fyrir almenning, hvernig skattleysismörk voru lækkuð í því frv. sem upphaflega var lagt fram og hvernig hækkun skatta var þeim mun meiri eftir því sem tekjurnar voru lægri. Þetta orsakaði það á sínum tíma að ríkisstjórnin sá sitt óvænna og hækkaði persónuafsláttinn upp í það sem hann hefði orðið samkvæmt eldri lögum en skattfrelsismörkin lækkuðu eigi að síður vegna þeirrar hækkunar sem varð á skatthlutfallinu um 2,3%. Og nú er

þessum leik haldið áfram og enn á ný á fjmrh. og hin svokallaða hagdeild fjmrn. í útistöðum við samtök launþega um þessa útreikninga.

Nú er það auðvitað þannig eins og í öllum útreikningum, að niðurstaðan fer auðvitað eftir því hvaða forsendur menn gefa sér og hvaða tölur eru notaðar þegar byrjað er að reikna. Það má e.t.v. til sanns vegar færa að allir þeir aðilar sem hér hafa verið nefndir til sögunnar hafi nokkuð til síns máls eftir því hvernig á þessi mál er litið. En það verður hins vegar ekki sagt um fjmrh. eða hans starfsmenn að þeir hafi gert þessa mynd dekkri en hægt var eða þeir hafi reynt að draga upp allar skuggahliðar þessa frv. eins og þó hefði ekki verið óeðlilegt.

Oss þingmönnum hefur borist, herra forseti, nýjasta fréttatilkynning fjmrn. sem er reyndar dags. 8. des. sl. en var í pósthólfum þingmanna nú seinni partinn í dag. Þar er spurt þessarar grundvallarspurningar í heiti fréttatilkynningarinnar: Eru skattaútreikningar fjmrn. villandi? Og greinilegt er að það sem fram hefur verið reitt af hálfu launþegasambandanna í landinu hefur eitthvað komið við kaunin á fjmrh. og starfsmönnum hans fyrst ástæða er talin til að gefa út sérstaka fréttatilkynningu um útreikninga annarra aðila. Það má bæta því við um þá aðila sem hér hafa birt útreikninga að bæði DV og Morgunblaðið hafa sjálfstætt reiknað út þessa hluti, þessar skattbreytingar, og sýnist mér að einnig þar komi fram verulegur munur frá því sem fjmrn. gefur upp. Þannig að það eru fjórir aðilar sem hafa sjálfstæða burði í þessum efnum, sem hafa — ég vil ekki segja rengt útreikninga fjmrn. heldur varpað öðru ljósi á þetta frv. en ráðuneytið gerir sjálft og reynt með því að sýna fram á, og tekist það bærilega að mínum dómi, að vissulega eru þessir útreikningar að einhverju leyti villandi.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að hlaupa á þessari fréttatilkynningu í stuttu máli vegna þess að ég tel það óhjákvæmilegt með tilliti til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á upplýsingar ráðuneytisins um þessi mál. En fyrst vil ég taka undir það sem hér segir, að menn verða að gera greinarmun annars vegar á breytingum þeim sem skattkerfistillögurnar hafa í för með sér og hins vegar þeim breytingum sem mismunandi forsendur um kaupmátt á næsta ári hafa í för með sér. En það er einmitt á þeim forsendum að ég hygg sem BSRB hefur gagnrýnt þessa útreikninga. Þeir vilja reikna með öðrum forsendum um kaupmátt á næsta ári en fram kemur í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar og þar af leiðandi í þessum frumvörpum sem hér eru til meðferðar. Þetta er eitt og þetta er rétt. Annars vegar er um að ræða áhrif af skattkerfisbreytingum, hins vegar er um að ræða áhrif af mismunandi forsendum varðandi launaþróun og kaupmátt á næsta ári. En eins og ég gat um áðan hefur ríkisstjórnin rofið hið beina samhengi þarna á milli með því að afnema viðmiðun skattanna við lánskjaravísitölu.

Hér á 1. bls. er talað um lægri virðisaukaskatt en áður var gert ráð fyrir og talað um að þessi hækkun tekjuskatts komi í staðinn. Þetta er nákvæmlega það atriði sem ég gerði að umtalsefni í upphafi að hér er verið að snúa þessari umræðu um hækkun skatta eða eftir atvikum lækkun einhverra skatta inn á þær brautir hvort um sé að ræða hækkun eða lækkun frá fjárlagafrv. Það er bara ekki það sem um er að ræða. Það sem um er að ræða er: Hvað eru hér samtals miklar hækkanir á ferðinni frá gildandi lögum? Og gildandi lög eru lög um söluskatt og lög um virðisaukaskatt með 22% þrepi, sem eiga að taka gildi um næstu áramót og svo hins vegar þau skattalög sem ég var hér að lesa upp áðan, herra forseti. Það eru ekki gildandi lög það sem ríkisstjórnin lagði til með fjárlagafrumvarpi sínu og það hefur ekkert með það að gera hvað fólkið í landinu þarf að borga í skatta á næsta ári, hvað lagt var til í fjárlagafrv. fyrir tveimur mánuðum síðan og er nú hvort eð verið að breyta í stórum stíl.

Á bls. 2 í þessu skjali er sömuleiðis talað um að í mörgum tilvikum sé beinlínis um lækkun að ræða miðað við gildandi lög. Þetta er bara rangt, herra forseti. Gildandi lög eru þau lög sem ég var að lesa með þessu bráðabirgðaákvæði í eitt ár. Og það er ekki rétt og það er ekki sanngjarnt, jafnvel þó menn vilji miða við skattkerfið eins og það er í desember, að tala um það sem gildandi lög. Það hefði þá verið rétt að bæta inn dálki um hvað gildandi lög gerðu ráð fyrir að skatturinn yrði í janúar þegar menn eru að bera saman desember og janúar.

Hér er spurt, herra forseti, á bls. 2 í fréttatilkynningu ráðuneytisins í nokkrum vandlætingartón: „En um hvað snýst málið? Er hagfræðin svona óútreiknanleg? Eða er vísvitandi verið að blekkja fólk, og ef svo er, hver er að blekkja hvern?" Það var góð spurning úr þessum herbúðum, herra forseti. Og það var tímabært að fjmrn. spyrði sjálft sig þessarar spurningar, hvort í útreikningum þess nú eða fyrir ári síðan hafi verið fólgnar einhverjar blekkingar. Ég tel að blekkingarnar í fyrra hafi verið rækilega afhjúpaðar. En málið snýst ekkert um það hvort hagfræðin sem vísindagrein sé svona óútreiknanleg, enda er þetta engin hagfræði sem hér er verið að tala um. Þetta eru bara ósköp venjulegir skattaútreikningar sem hafa ekkert með hagfræði sem slíka að gera. Bara þetta orðalag, sá hroki sem fram kemur í þessum orðum er auðvitað til þess fallinn að reyna að villa mönnum sýn og gefa í skyn að þessi mál séu eitthvað miklu flóknari og fræðilegri en þau eru í raun og veru.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Hvað sýna útreikningar fjmrn.? Þeir sýna samanburð á skattbyrði launafólks annars vegar miðað við núgildandi lög, þ.e. forsendur fjárlagafrv., og hins vegar miðað við forsendur tekjuskattsfrv." Hér er enn á ný verið að fullyrða að forsendur fjárlagafrv. séu núgildandi lög. Hvers lags fjarstæða er þetta, virðulegi ráðherra? Nú má svara úr sæti sínu ef ráðherrann vill. Nú þarf ekki að grípa fram í til að trufla ræðumann. Ef ráðherrann vill svara þessu úr sæti sínu, þá er það velkomið. Hvernig stendur á því

að það er fullyrt hér að forsendur fjárlagafrv. séu núgildandi lög, jafngildi þeim? Ég er alveg undrandi á þessu og ég sé að ráðherrann er það líka, en hann ber engu að síður ábyrgð á þessu skjali, hefur eflaust lesið það vel og vandlega yfir. Ég get alveg unnt ráðherranum þess í sanngirni að það megi gera ágreining við útreikninga Alþýðusambandsins og BSRB vegna þess að menn geta þar deilt um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar. Gott og vel. En ég hlýt að hafna tilhæfulausri staðhæfingu eins og þessari, um að forsendur fjárlagafrv. jafnist á við núgildandi lög, sem hreinni vitleysu.

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Í fylgiskjölum með frv. er þetta gert með tvennum hætti [þ.e. útreikningarnir] annars vegar með samanburði á skattgreiðslum í desember 1989 og janúar 1990, sem sýnir stöðuna rétt fyrir og eftir áramót en gefur ekki heildarmynd af kerfisbreytingunni. Þess vegna er jafnframt gerður annars konar samanburður sem sýnir meðalbreytingar milli áranna 1989 og 1990. Um leið felst í þessu samanburður á skatti á næsta ári miðað við gildandi lög annars vegar og samkvæmt frv. hins vegar því að forsendur fjárlagafrv. miðuðust við það að skattbyrðin yrði óbreytt milli 1989 og 1990." Hér er enn á ný sami misskilningurinn á ferðinni. En þarna kemur inn í ágreiningurinn við BSRB um kaupmáttarþróun á næsta ári sem ég ætla ekki að blanda mér inn í vegna þess að þar hafa menn ekki annað en þær forsendur sem þeir gefa sér.

En með fullri virðingu fyrir þeim aðilum sem hér hafa lagt hönd á plóg og hafa komið að þessu máli þá tel ég að þessi fréttatilkynning sé óforsvaranleg og að hún sé síst til þess fallin að fegra málflutning ráðuneytisins í þessum efnum. Síst til þess fallin. Því miður.

Ég ætla ekki að fara með þá reikninga sem aðilar hafa gert um þetta efni vegna þess að þeir liggja fyrir frá BSRB, frá ASÍ, í DV og Morgunblaðinu. En ég vildi bara segja það eins og reyndar er tekið undir í þessari greinargerð, þessari fréttatilkynningu, að samanburður á milli annars vegar desember 1989 og hins vegar janúar 1990 er ekki raunhæf aðferð til þess að meta þær breytingar sem verða á sköttum með þessu frv. ef það verður að lögum. Og það er rétt sem blaðamaður DV hefur ítrekað bent á að annaðhvort verða menn að bera saman þá mánuði þegar persónuafsláttur inn hefur mest vægi eða þá mánuði þegar hann hefur minnst vægi. En ekki annars vegar einn mánuð þegar hann hefur lítið vægi og hins vegar annan mánuð þegar hann hefur mikið vægi.

Það er rétt að það má mæta þessu með því að bera saman meðalskattbyrði áranna, en þá eru menn bara á þeim hála ís að þeir vita ekkert um það hver launaþróun verður á næsta ári eða kaupmáttur. Þeir hafa ekkert fyrir sér í því, hvorki fjmrn. né BSRB, um það hver launaþróun og kaupmáttur verður á næsta ári, þannig að menn eru auðvitað strax í vanda með það eins og fram hefur komið í þessum deilum um útreikninga. Þannig að þó svo ráðuneytið taki undir það að samanburður milli desembermánaðar og janúarmánaðar sé varhugaverður þá er svar ráðuneytisins, það að birta meðalskattbyrði milli þessara tveggja ára, ekki besta svarið vegna þess að menn vita ekkert um árið 1990 annað en einhverjar lauslegar ágiskanir og spár. En menn geta hins vegar borið saman til að mynda júlí á sl. ári þegar persónuafslátturinn hafði mest vægi og svo janúar á næsta ári miðað við frv.

Ég verð því að segja, herra forseti, að því miður hefur fjmrn. enn á ný fallið í þá gryfju að gefa ekki tæmandi upplýsingar um mál og að því leyti til villandi upplýsingar. En mér dettur auðvitað ekki í hug að staðhæfa að reiknimeistarar ráðuneytisins reikni rangt og enn þá síður að þeir geri það viljandi. Þetta er hins vegar staðreynd, sem ég tók hér fram, og sem ýmsir hafa orðið til að benda á á undan mér. Við höfum reynsluna frá í fyrra um nokkur atriði þegar sýnt var fram á að greinargerð fjmrn. um sambærilegt frv. var mjög villandi bæði að því er varðaði lánskjaravísitöluna, að því er varðaði hærra skattþrepið í eignarskattinum og reyndar fleiri atriði eins og upp komst á þeim tíma.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég held að þetta séu aðalatriði málsins varðandi meginefni frv., að menn hafa verið hér í ríkum mæli að tala um vitlausa hluti, tala um samanburð á þessu frv. og fjárlagafrv. í stað þess að tala um samanburðinn á þeim báðum og núgildandi sköttum.

En það er fleira í frv., herra forseti, og skal ég nefna tvennt en vera stuttorður um hið fyrra, þ.e. þann þátt frv. sem varðar vaxtabætur, enda kom hv. 1. þm. Reykv. ítarlega inn á það atriði í sinni ræðu hér fyrir hönd Sjálfstfl. síðast þegar málið var á dagskrá. Ég skal ekki blanda mér í þær umræður sem þá urðu um vexti á lánum Húsnæðisstofnunar en vissulega var sú ákvörðun, sem tekin var 5. des. í ríkisstjórn, nátengd þeim vaxtabótum sem hér eru til umfjöllunar. Og auðvitað var öllum ljóst það samhengi sem þar er á milli. Þess vegna var það mjög hryggilegt að ríkisstjórnin skyldi hafa tekið þá ákvörðun sem var langsamlega óskynsamlegust af þeim sem stóðu til boða í þessu efni.

Og vegna þess að einn af ráðherrum Borgfl. er nú hér, sem ég hygg að hafi misst af umræðum um þetta mál á sínum tíma hér á föstudaginn og laugardaginn, þá er rétt að það komi fram að sú tillaga, sem ráðherrar Borgfl. fluttu í ríkisstjórninni, hefur að því er mér sýnist mun víðtækari stuðning hér á Alþingi heldur en sú niðurstaða sem félmrh. knúði fram í ríkisstjórninni og er að sögn tilkomin vegna áhrifa Kvennlistans eða samkomulags við Kvennalistann frá því á síðasta vori. — Ég verð að fá að skjóta því hér inn að mér finnst það ekki verðugur minnisvarði um afskipti Kvennalistans eða störf hans á síðasta þingi að þetta skuli vera það sem eftir stendur: afar óskynsamleg ákvörðun um þessa vexti á lánum húsnæðismálastjórnar sem tekin var í ríkisstjórn 5. des. sl.

En að því er varðar efnisatriðin hér um vaxtabætur þá var auðvitað margbent á það á síðasta vori og á

það hefur verið bent á þessu þingi, af einmitt talsmönnum Kvennalistans, að það er mikilli óvissu undirorpið hverjar þessar vaxtabætur verða í raun og hvað ríkissjóður kemur til með að þurfa að bera mikinn kostnað þeirra vegna því að menn renna nokkuð blint í sjóinn með þessi atriði. Þetta hefði auðvitað þurft að vera mun betur undirbúið á síðasta vori eins og var krafa okkar sjálfstæðismanna þegar við lögðum til að málinu yrði frestað, ekki til þess að stoppa það heldur til þess að seinka því um nokkra mánuði.

Ég vil ekki segja annað um þessi ákvæði í 8. gr. frv. en það að ég vona að þau leysi eitthvað af þeim vandamálum sem fyrirsjáanleg voru og geti þar af leiðandi orðið til þess að þetta vaxtabótakerfi geti þjónað tilgangi sínum samhliða húsbréfakerfinu. Þó svo menn hafi greint á um það hér í vor hvenær ætti að taka upp húsbréfakerfi þá hljóta allir sanngjarnir menn að vona að það kerfi gangi upp og þjóni sínum tilgangi. Auðvitað liggur það í augum uppi þó að á hinn bóginn sé komið á daginn, eins og spáð var af okkar hálfu hér á síðasta vori, að á meðan núverandi húsnæðiskerfi starfar eins og það gerir við hliðina á húsbréfum þá verður mun minni áhugi á þeim valkosti heldur en ella væri og heldur en æskilegt væri að mínum dómi.

Það er rétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér í ræðu sinni sl. laugardag, herra forseti, að upphafleg áform um vaxtabreytingar í núverandi húsnæðislánakerfi hnigu auðvitað að því að hækka vextina mun meira en nú hefur verið gert vegna þess að í upphaflegum tillögum um þetta mál var auðvitað alltaf gert ráð fyrir því að vextirnir af þessum eldri tegundum húsnæðislána hækkuðu upp í það sama og húsbréfin bjóða upp á, þ.e. *markaðsvexti, en í staðinn — og það var* auðvitað lykilatriðið í því efni — í staðinn kæmu vaxtabætur til þeirra sem lægri hefðu tekjurnar og minni ættu eignirnar. Þessa stefnu tek ég undir. Þetta er sú stefna sem ég vil gjarnan stuðla að vegna þess að ég tel að það sé ástæðulaust að borga niður hér í stórum stíl fasteignalán til manna sem geta vel staðið undir markaðsvöxtum. En um þetta náðist ekkert samkomulag á síðasta vori, eins og menn rekur minni til, vegna þess að félmrh. og ríkisstjórnin vildu frekar semja við aðila sem voru á móti þessum grundvallaratriðum eins og til að mynda Alþb., heldur en að ganga til samstarfs við þá sem þessu voru fylgjandi.

Niðurstaðan liggur nú fyrir. Hún er klúður, herra forseti, hún er m.a. sú vaxtaákvörðun sem birtist hér 5. des. og er hið versta mál, svo maður vitni nú í góðkunnan aðila úr sjónvarpi sem sagður er hvísla í eyra *fjmrh. vinsamlegum ábendingum. En hún er ekki* bara sú vaxtaákvörðun. Þetta klúður lýsir sér jafnframt í þeirri staðreynd að það eru ekki nema nokkrir tugir aðila sem, a.m.k. enn sem komið er, hafa óskað eftir því að taka lán í húsbréfakerfinu. En til samanburðar má geta þess að það voru 2200 eða 2300 manns sem flykktust inn í húsnæðiskerfið á einum mánuði, í september 1986, þegar það kerfi hóf göngu sína.

Vitaskuld er þarna ekki alveg sambærilegum hlutum saman að jafna. Ég viðurkenni það. En engu að síður er ljóst að húsbréfakerfið, vegna þessara aðstæðna og vegna þess hvernig um það var samið við andstæðinga málsins, siglir mun hægar úr vör heldur en ella hefði verið og þar af leiðandi væntanlega verða kvaðir ríkissjóðs og skuldbindingar vegna þessara mála þyngri í lengri tíma heldur en ella hefði verið. Því það hefði væntanlega verið hægt að lina skuldbindingar og fjárútlát ríkissjóðs fyrr ef staðið hefði verið að þessu máli eins og upphaflega var lagt til. Og því hélt ég nú satt að segja að sérhver fjmrh. mundi taka fegins hendi. En þannig er nú þetta, herra forseti. — Og það ber nú vel í veiði að hv. 2. þm. Austurl. situr á forsetastóli. — En þannig standa þessi mál.

Að mínum dómi er eina jákvæða atriðið við þetta allt saman það að ég hygg að það sé að mörgu leyti skynsamlegt að húsbréfakerfið fari hægt af stað þó það hafi kannski ekki átt að vera svo hægt að það rétt sigldist úr vör. En það voru auðvitað bundnar inn í þetta alls kyns kvaðir eins og þær að þarna mættu ekki aðrir fá lán en þeir sem væru í biðröðinni margumtöluðu o.s.frv. En nóg um það.

Ég vil bara segja það um þessa 8. gr., herra forseti, að ég vona að hún þjóni sínum tilgangi og að þessar vaxtabætur sem þar er talað um gegni því hlutverki sem þeim er ætlað. Það hljóta auðvitað allir sanngjarnir og velviljaðir menn að vona. Alveg eins og þeir hljóta að vona að það sem nú er búið að setja á laggirnar í sambandi við húsbréf þjóni sínum tilgangi og verði til þess að auðvelda fólki í landinu að komast yfir eigið húsnæði, a.m.k. þeim sem ekki þurfa neina sérstaka opinbera aðstoð. Því það er rétt hjá hv. 2. þm. Austurl. og hv. 18. þm. Reykv. að þetta kerfi húsbréfa er auðvitað fyrst og fremst til þess fallið að liðsinna *þeim sem ekki þurfa sérstaka aðstoð til þess að komast* yfir húsnæði. En við hliðina á því eru að sjálfsögðu vaxtabætur til þeirra sem eiga erfiðara um vik og svo má ekki gleyma því að Byggingarsjóður verkamanna hefur auðvitað miklu og ríku hlutverki að gegna eftir sem áður.

Þá kem ég að lokaatriði þessa frv., herra forseti, sem ég vil gera að umtalsefni og það eru þær breytingar á ríkisskattanefnd sem hér eru lagðar til. Ég hyggst ekki að svo stöddu gera miklar efnisathugasemdir við þær tillögur. En ég vil benda á að það kann að vera varhugavert að ætla að hafa eingöngu menn í ríkisskattanefnd sem hafa það allir að fullu starfi og að þar séu ekki starfandi til að mynda endurskoðendur eða lögmenn sem auðvitað koma inn í þennan dómstól sem ríkisskattanefnd er með eilítið önnur sjónarmið en þeir sem þetta hafa að atvinnu. Og þó að það sé rétt *sem fjmrh. lét koma hér fram í framsögu sinni* að það er hugsanlegt að menn geti legið undir ámæli vegna hagsmunaárekstra — þó hann gæti hins vegar ekki nefnt slík dæmi og tók það fram að enginn hefði borið slíkt á þá menn sem í nefndinni starfa núna — þá er þessi leið engu að síður notuð hérlendis. Þetta er aðferð sem beitt er í ákveðnum tegundum dómsmála hér á Íslandi þegar kallaðir eru til sérhæfðir dóms- eða matsmenn. Það er auðvitað alkunna, t.d. í sjórétti,

verslunarrétti og við ýmsar aðrar aðstæður, að til eru kvaddir menn sem hafa sérstaka fagþekkingu á málunum. Ég vil benda á þetta og láta það koma fram að þótt vissulega sé hægt að færa rök fyrir því sjónarmiði sem ráðherra hafði hér uppi um þetta, þá er hitt sjónarmiðið ekki síður mikilvægt, sem sé að sjónarmið þeirra, sem starfa við þetta dagsdaglega og eru í nánum tengslum við atvinnulíf og fyrirtæki, komist einnig að.

Hitt er auðvitað til bóta að reyna að stytta meðferð mála hjá ríkisskattanefnd frá því sem nú er eins og þetta frv. stefnir að. Ég tek undir það, og að gera þar alla starfshætti greiðari en nú hefur verið samkvæmt lögum, þ.e. stytta úrskurðarfrest þann sem ríkisskattanefnd hefur um helming o.s.frv., eins og hér er gert ráð fyrir.

Hins vegar vildi ég sagt hafa um þetta, herra forseti, að ég tel óeðlilegt að gera síkar tillögur um breytt skipulag í ákveðnum farvegi skattkerfisins, að gera slíkar tillögur í frv. sem er fyrst og fremst og í eðli sínu tekjuöflunarfrv. Ég tel óeðlilegt að blanda saman þeim greinum frv. sem ég hef þegar vikið að og snerta tekjuöflunarhlið málsins og ýmsa slíka þætti, eignarskattshlutfall, tekjuskattshlutfall, frádráttarliði ýmsa sem við höfum fjallað um — að tengja þetta þessari skipulagsbreytingu sem hér er gerð tillaga um í 11. og 12. gr. frv., jafnvel þó að þær breytingar ættu fullan rétt á sér. Og ég sé satt að segja ekki hvaða brýnu nauðsyn ber til að knýja fram þær breytingar sem felast í 11. og 12. gr. nú, samhliða þeim hækkunum á sköttum sem ríkisstjórnin er að flytja þetta frv. til að ná í gegn. Ég sé ekki, hvaða brýnu nauðsyn ber til þess. Þess vegna vildi ég beina því til ráðherra, en ekki síst til hv. fjh.- og viðskn., hvort ekki væri nú ráð að gefa sér betri tíma til að fjalla um þetta efni, þessar greinar sem snúa að ríkisskattanefnd, en vera ekki að ana að skipulagsbreytingum á þessu sviði núna á einni viku rétt fyrir jólahlé, jafnvel þó að hægt sé að knýja fram hér sjálfar skattahækkanirnar á þeim tíma, eins og gera verður ráð fyrir að ríkisstjórnarmeirihlutinn geti gert.

Ég tel að það séu varhugaverð vinnubrögð þegar um er að ræða dómstól af þessu tagi, ríkisskattanefnd, skipulag þess dómstóls, skipan hans og vinnubrögð, að mönnum sé boðið upp á það að afgreiða slíkt mál hér á einni viku á hv. Alþingi. Ég tel það bara ekki boðleg vinnubrögð og það segi ég alveg burtséð frá því hvað stendur í þessum greinum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að fjh.- og viðskn. gefi sér betri tíma til þess að fara yfir þessar greinar en meginefni frv. og fari rækilega yfir þetta mál með færustu kunnáttumönnum á þessu sviði, en það vill nú þannig til að þeir eru langflestir önnum kafnir við að undirbúa skattkerfisbreytingarnar sem fyrir dyrum standa um áramótin, og þar er ég að sjálfsögðu að tala um starfsmenn ríkisskattstjóraembættisins, ríkisskattstjóra, og hina ýmsu skattstjóra í landinu fyrir utan að sjálfsögðu ríkisskattanefndarmenn og ýmsa aðila, sem þurft hafa að skipta við þá nefnd fyrir hönd sinna umbjóðenda, endurskoðendur, lögmenn og aðra slíka.

Ég tel ekki rétt að breytingar sem þessar séu knúnar í gegn með þeim hætti sem fjmrh. leggur til. Þeim er kastað hér inn fyrirvaralaust. Það er ekkert á þær minnst í til að mynda þeirri skrá um þingmál sem ríkisstjórnin hyggst fá samþykkt fyrir jól eða á upphaflegum lista sem fylgdi stefnuræðu forsrh. í upphafi þings. Það er hvergi vikið að þessu til að mynda í tengslum við fjárlagafrv. þegar talað er um skattamál, þannig að ég tel að ekki sé eðlilega að þessu staðið og kem þessari ábendingu sem sagt á framfæri við hv. fjh.- og viðskn. en áskil mér rétt til þess að fjalla nánar um efnisatriði málsins ef það verður knúið fram með þessum hætti.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, láta það koma fram að ég fagna því að ríkisstjórnin hefur fallið frá eða a.m.k. frestað áformum sínum um skattlagningu fjármagnstekna, en það kom ekki fram fyrr en með þessu frv. að ríkisstjórnin væri tilbúin að lækka eignarskatta öðruvísi en sem aðgerð í tengslum við upptöku fjármagnsskatta að öðru leyti. Þetta er breytt afstaða sem hér kemur fram. Hér er gerð tillaga um að lækka eignarskatta án þess að taka upp þá skattlagningu fjármagnstekna sem ráðgerð var og ég hlýt að fagna því. Ég tel að það sé afar mikilvægt að rasa ekki um ráð fram í því efni vegna þess að slíkar breytingar geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á sparnað landsmanna. Og ég tel að það verði að velja þann tíma mjög vel og vandlega þegar slík breyting kemur til framkvæmda, ef í hana verður ráðist, og það megi ekki ráðast af því einvörðungu hvernig standi í bólið hjá ríkissjóði þá og þá stundina. Þess vegna fagna ég því að frá þessu hefur verið fallið með þessu frv. hér.

Ég sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir, herra forseti, við síðustu greinar frv., 13., 14. og 15. gr., enda eru þær ekki þess eðlis.

Að endingu vil ég eingöngu segja það, herra forseti, að batnandi mönnum er best að lifa og vissulega er það svo að fjmrh. stendur hér í öðrum sporum nú en hann gerði fyrir ári síðan þegar hann er að leggja hér á þjóðina einhverja mestu skattpíningu sem elstu menn muna. Þau ákvæði frv. sem viðurkenna að þar voru mistök eru til bóta þó að vissulega hefði mátt ganga lengra, ekki síst í sambandi við eignarskattsákvæðin. En hitt er rétt að hafa í huga að í heild sinni er þessi pakki allur, sem nú er til meðferðar, bæði hér í Nd. og Ed., ávísun á gríðarlegar skattahækkanir frá því sem nú er í gildi. Um það verður ekki deilt. Undan því getur hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn ekki vikist og það er kjarni þessa máls hvað sem líður útreikningságreiningi við hina og þessa aðila í þjóðfélaginu. Hér er um að ræða miklar skattahækkanir og því mega menn ekkert gleyma þegar þeir eru að bera saman þetta frv., virðisaukaskattsfrv. í Ed. og fjárlagafrv. frá því í haust.

Þóra Hjaltadóttir:

Virðulegi forseti. Eins og margoft hefur komið fram í ræðum manna hér eru helstu tekjuliðir ríkissjóðs beinir og þó einkum óbeinir skattar og sýnist sitt hverjum, hvor tegundin sé réttlátari. Skipting þessara

skatta innbyrðis á fólkið í landinu er alltaf umdeild og þá er ekki síður deilt um hver niðurskurður ríkisútgjaldanna skuli vera. Tilhneiging manna er að lækka alla skatta en hvergi má draga saman í opinberri þjónustu eða hætta við fjárfestingar. Menn virðast slíta úr samhengi tengslin á milli þessara þátta, kannski af ásettu ráði. Þessi óábyrga afstaða er eilítið kyndug þegar tekið er tillit til þess að þeir hinir sömu tala við hvert tækifæri um það að þeir sem við lakari kjörin búa verði að fá meira til sín en hinir sem meira hafa. Fólk verður þó að gera sér grein fyrir að fjárlagahallinn er versti óvinur launafólksins þar sem hallinn kyndir upp verðbólguna og rýrir þar með kaupmáttinn og kemur þannig verst við lægra launað fólk sem ekki hefur aðstöðu til að skammta sér sjálft vinnu og laun.

Tekjuskatturinn er ekki það jöfnunartæki í reynd sem mörg okkar hefðu kosið, en þar til við höfum fundið og komið okkur saman um aðra betri tekjuöflunarleið fyrir sameiginlega kassann sem nefnist ríkissjóður verðum við að reyna að láta skattheimtuna koma sem réttlátast niður á þegnana. Það er erfitt að taka afstöðu til fram kominna breytinga á tekjuskattinum þar sem ekki einu sinni hagfræðingar stærstu launþegasamtakanna koma sér saman um hvar þeir komi verst niður. Síðustu mánuði hefur kaupmáttur launafólks rýrnað allverulega og ekki er fyrirsjáanlegt, með hliðsjón af umræðunni um komandi kjarasamninga, að þeir breyti þar miklu um til hækkunar, a.m.k. ekki með beinum kauphækkunum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé fullt tilefni til að endurskoða fram komið frv. um tekju- og eignarskatt með það að markmiði að hækka skattleysismörk allverulega. Einnig tel ég að það þurfi að breyta reglum um persónuafsláttinn þannig að hann sé reiknaður út fjórum sinnum á ári en ekki tvisvar eins og nú er.

Til að ná fram sparnaði á móti vil ég nefna tekjutengingu barnabóta líkt og gert er með barnabótaaukann. Hækka þarf eflaust skattaprósentuna eitthvað, enda væru laun undir framfærslumörkum skattfrjáls og réttlætismál tel ég vera að hafa tvö skattþrep. Enn fremur vil ég nefna eignarskattinn. Ég er alfarið á móti þeirri lækkun sem er boðuð í framlögðu frv. Tekjutenging eignarskatts er mjög til bóta, en álagsprósentan á að vera sú hin sama og var. Tekjutengingin tekur fullt tillit til eldra fólks sem er tekjulítið. Þannig á að vera búið að setja undir þann leka að fólk neyðist til að selja eigur sínar vegna skattbyrðar. Eignarskatturinn er réttlátari en margar aðrar tekjuöflunarleiðir þar sem gjaldstofninn er skuldlaus eign. Af hverju á ekki að leita til þeirra sem hafa haft betri möguleika en aðrir til eignaaukningar, svo að ekki sé talað um þá sem komist hafa yfir miklar eignir vegna niðurgreidds fjármagns og neikvæðra vaxta? Ef menn vilja í alvöru gæta hagsmuna efnaminna fólks sem jafnvel er að koma sér upp húsnæði, fjármagnað með miklum og dýrum lánum, skulu menn veðja á eignarskattinn en tekjutengdan.

Að lokum vil ég nefna enn eina tekjuöflunarleið en það er erfðafjárskatturinn. Erfingjar hafa sjaldnast aflað eignanna sem þeir erfa og flest okkar þurfa á aukinni samfélagslegri aðstoð að halda á efri árum en þá þjónustu væri með auknum tekjum hægt að auka. Vegna þessa tel ég að þennan skatt megi nota í ríkara mæli og lækka tekjuskatt á móti.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér liggur fyrir um skatta á næsta ári, tekjuskatta og eignarskatta, kemur ekki á óvart. Sú ríkisstjórn sem nú situr við völd hefur hækkað skattana gífurlega og nú boðar hún enn frekari hækkanir. Það er því ekki vanþörf á spurningu sjálfs fjmrn. en í fréttatilkynningu sem við fengum í hólfin okkar í dag segir eins og hefur komið fram áður: Eru skattaútreikningar fjmrn. villandi? Það er auðvitað ekki von á öðru en því að hæstv. fjmrh. spyrji að þessu því að útreikningar fjmrn. á sköttum eru villandi. Þeir gefa ranga hugmynd um hvað er að gerast og með hvaða hætti.

Ég vil ekki segja að hæstv. fjmrh. fari alveg rangt með í útreikningum sínum, en hann setur þá fram með þeim hætti að það er villandi. Og þegar við komum að útreikningum á eignarsköttum sem hæstv. fjmrh. segir að lækki, hverjar eru þá niðurstöðurnar? Niðurstöðurnar eru þær að eignarskattar hækka á milli ára miðað við þær forsendur sem hæstv. fjmrh. gefur sér. Og hver skyldi ástæðan vera fyrir því, hæstv. fjmrh.? Hæstv. fjmrh. er nefnilega að leika sér með tölur. Hann fer ekki rétt með þær og það er raunhækkun á eignarsköttum. Og hver skyldi aðalástæðan vera fyrir því? Hæstv. fjmrh. heldur því fram að eignarskattar lækki og hann kemur hér fram með dæmi um lækkun eignarskatta. En hvað gerir hæstv. fjmrh.? Og nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hver er skattaprósentan á eignarsköttum? Í útreikningum hæstv. fjmrh. hefur hann gleymt og ekki reiknað út sérstaka eignarskatt upp á 0,25% sem breytir allri myndinni. Hann hefur heldur ekki hækkað persónufrádrátt á eignarsköttum miðað við hækkun á fasteignaverði, þannig að heildarútkoman er sú að miðað við þau þrep sem eru gefin í eignarsköttunum þá er raunhækkun. Ef við miðum við þrepið upp í 4 millj. 250 þús. kr. þar sem byrjað er að leggja á sérstaka eignarskattinn er raunhækkun á milli ára upp á 10%. Ef við miðum við þrepið þar sem eru 8 millj. 50 þús. er raunhækkun upp á 5,3% og ef við miðum við 14 millj. er raunhækkun upp á 3,2%. Og hæstv. fjmrh., sem nú er hlaupinn úr salnum því að hann hefur ekki áhuga á að heyra það að hann sé að reyna að leika sér að tölum (**Fjmrh.:** Jú, jú, jú, jú. Ég hef virkilegan áhuga á því.), hefur gleymt og hefur ekki hækkað verðbótaþáttinn í frádráttarliðum til eignarskatts og útkoman er sú að það er raunhækkun á eignarsköttum. Þrátt fyrir lækkun á hæsta skattþrepi upp á 0,75 er raunhækkun. Og aðeins með því að persónufrádrátturinn hækki til samræmis við hækkun á eignum er um lækkun að ræða.

En hvað skyldu nú þessir með tekjutenginguna segja? Hverjar eru nú líkurnar til þess að hún komi

einhverjum að notum? Miðað við þær forsendur sem hér liggja fyrir má reikna með því að lækkun á einhleypingum verði sáralítil í hæsta þrepi. En það er svo að mestur fjöldi þeirra er undir því þrepi og það má efast um að tekjutengdir eignarskattar séu vel framkvæmanlegir og kosti ekki meiri vinnu en þeir gefa. Hæstv. fjmrh. hefur þar með sett upp voðalega falleg dæmi þar sem hann sýnir fram á lækkun sem er í rauninni hækkun, og heildarskattbyrðin á þorra fólks af eignarsköttum hækkar miðað við persónufrádrátt sem er núna ætlaður í lögunum og miðað við það að sérstaka eignarskattsstigið er látið vera óbreytt á milli ára. Það var 4 millj. 250 þús., hefði þurft að hækka upp í 5,1 millj. Sama má segja um persónufrádrátt upp á 2,5 millj. sem hækkar upp í 2 millj. 875 þús., hefði þurft að hækka upp í 3 millj. Sama gildir um háskattþrepið sem er hér ætlað að verði 8 millj. 50 þús. en hefði þurft að hækka upp í 8,4 millj. til þess að halda í við verðhækkanir sem hafa orðið milli ára. Þess vegna er hér um hækkun á eignarsköttum að ræða. Það er niðurstaðan og allt annað er blekking. Þegar hins vegar kemur að einhverjum eignum sem fara upp í 33 millj. eða yfir 28 millj., sem eru nú sárafáir sem eiga, þá fer að koma fram lækkun. En það sem venjulegt fólk á, þar er um hækkun að ræða þannig að þetta er náttúrlega blekking og er verið að plata fólkið í landinu.

Ég fagna því hins vegar að það skuli þó vera viðleitni til þess að slæva þessa ljótu samvisku sem ríkisstjórnin virðist haldin út af þessu. Þeir skuli reyna að láta líta svo út að það eigi að lækka þó að raunin sé ekki sú. Hins vegar er vafalaust svo og það getur vel verið að það séu einstaklingar sem eigi eign í hæsta þrepi og séu undir 70 þús. í launum. Þá er það að sjálfsögðu af hinu góða að þeir þurfi ekki að greiða skattinn. En með alla skatta er svo að miklu betra er að það sé almenn regla sem tekur til allra en ekki sé verið að mismuna fólki.

Þegar kemur að samanburði á milli landa liggur *það einnig ljóst fyrir að með núverandi kerfi eru hér* enn þá hæstu eignarskattar í heimi. En ég sé þó að hæstv. fjmrh. hefur löngun til þess að taka upp sama fyrirkomulag og í Danmörku, þ.e. 2,2% eignarskatt umfram 11 millj. Ég ætla að vona að hann hjálpi okkur til þess því að það væri út af fyrir sig allt í lagi. En mjög er mikilvægt að íbúðareignir séu undanþegnar eignarsköttum því að hér á Íslandi er meiri þörf fyrir stærri íbúðir og stærra húsnæði en í nokkru öðru landi. Ég verð að segja að það sem ég heyrði hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. þótti mér ekki af hinu góða. Hv. þm. fannst lítið til um ef einhver hefði nú haft hug á því að spara aðeins meira, borga af sínum eignum og eiga þær skuldlausar. Hann vildi heldur stuðla að því að menn færu út í svartamarkaðsbrask og ýmsar tilfæringar sem er hægur vandi að gera þannig að það verði enginn eignarskattur.

Hæstv. fjmrh. birti í blöðunum í dag auglýsingar um hvað ríkisskuldabréfin séu nú góð fjárfesting því að þau bæru enga eignarskatta. Og það er alveg rétt. Það að fjárfesta í tapi ríkissjóðs er greinilega það sem hæstv. fjmrh. vill. Hann telur að það sé af hinu góða að fjárfesta í tapinu, í óráðsíunni. Þessi stefna er boðuð af ríkisstjórninni.

Um tekjutenginguna vil ég segja að ég hef miklar efasemdir um hana. Hún er enn ein mismunun fyrir fólk í landinu. Hún verður til þess að svartamarkaðsvinna mun fara vaxandi hér því allir sjá það í hendi sér að það er náttúrlega alveg tilgangslaust að vera að vinna fyrir tekjum upp að ákveðnu marki þegar þær hafa áhrif bæði á eignarskatta og tekjuskatta. Það er þá miklu betra að vinna svart og það verður aukin svört starfsemi hér í landinu. Það er það eina sem gerist.

Hvað varðar tekjuskattana þá er ljóst að þeir munu hækka eins og hér hefur komið fram mjög skýrt. Það er áhyggjuefni og fólkið í landinu er örvæntingarfullt því að jafnframt því sem skattarnir eru hækkaðir með þessum hætti hafa lífskjörin versnað og fólk verður að borga bæði vexti og af lánunum, t.d. í húsbyggingum. Og þá komum við að þessu ágæta vaxtabótakerfi sem var samþykkt á síðasta þingi og miðar að því að auka enn óréttlætið í þjóðfélaginu með þeim hætti að allir menn sem standa sig eru órétti beittir. Þetta er ósköp einfalt reikningsdæmi. Miðað við þær tillögur sem hér liggja fyrir er verið að auka á þetta misrétti. Þeir sem fóru út í byggingar og gerðu ráð fyrir því að þeir nytu þess kerfis, sem hv. 1. þm. Vesturl. kom á, standa núna uppi þannig að þeir fá ekki úr húsnæðiskerfinu það sem þeir áttu von á. Húsnæðisbæturnar, sem voru hér áður en vaxtabæturnar komu, voru miklu víðtækari og hjálpuðu fólki fyrstu árin eftir að það fór út í húsnæðiskaup eða húsbyggingar. Ég hefði heldur viljað sjá það frv. endurbætt en þetta vaxtabótakerfi sem er miklu verra og nær ekki til þess fólks sem það hefði átt að ná til. Ég sé fyrir mér í framtíðinni að þessi lög öllsömul bjóða upp á að fólk fer að leika á kerfið. Það borgar sig ekki að vera tekjuhár. Það borgar sig ekki að eiga neitt. Það borgar sig ekki að skara fram úr. Þessi lög miða að því að sekta, hegna þeim sem vilja standa sig betur.

Ég tel því að þessi skattafrumvörp séu af hinu vonda. Það er kominn tími til að dæminu verði snúið við, skattar lækkaðir og útgjöld ríkisins lækkuð. Það er ljóst að taka verður á því dæmi. Það verður að fara gaumgæfilega gegnum alla þætti ríkisútgjalda með það í huga að lækka þá því að sú fjármálastjórn sem núna er og hefur verið með þeim hætti að ríkisstjórnin, fjmrh. segir: Okkur vantar tekjur upp á þetta marga milljarða. Við hækkum bara skattana. Það skiptir engu máli hvers vegna útgjöld hafa orðið til eða hvort þau eru nauðsynleg. Hæstv. ríkisstjórn stendur ábyrgðarlaus, eykur skattana og eykur lántöku erlendis og býður svo fólki að fjárfesta í tapi ríkissjóðs með skattfrjálsum skuldabréfum. Ef þetta er ekki leiðin til að koma íslenska ríkinu á hausinn, þá veit ég ekki hvort nokkur leið er til þess. Það er svo mikil heimska sem ríkið sér í þessari fjármálastjórn og þessu skattafargi að það er með ólíkindum. Við erum að sigla inn í svartnætti.

Síðast þegar ég kom hér í ræðustólinn voru 1,4%

atvinnulausir hér á landi. Nú, nokkrum dögum síðar, eru komnar nýjar tölur. Þær eru orðnar 1,9% eða 2500–2600 menn. Og ríkisstjórnin áttar sig ekki enn þá á því að ein aðalorsökin er röng fjármálastjórn ríkisins, of mikil skattheimta sem þýðir að fleiri og fleiri fyrirtæki fara á hausinn og fleiri og fleiri menn verða atvinnulausir. Þetta eru staðreyndir sem ekki verður gengið fram hjá og sá blekkingarleikur sem hér hefur verið framkvæmdur af hæstv. fjmrh. sem nær náttúrlega hápunkti núna með þessari fréttatilkynningu: „Eru skattaútreikningar fjármálaráðuneytis villandi?“ Það er von að hæstv. fjmrh. spyrji vegna þess að þeir eru villandi og eru ekki réttir. Ég vona að þegar hv. nefnd fær þetta frv. til meðhöndlunar muni hún fara gaumgæfilega í gegnum þessa þætti og reikna út nákvæmlega hvað eignarskattarnir og breytingarnar á þeim þýði og breyta þeim til þess sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að segja fólkinu núna, en vera ekki að villa um fyrir því með þeim hætti sem hér er gert. Það er ekki rétt ef eignarskattur er 1,45% að segja að hann sé 1,2%. Og það er ekki heldur rétt ef eignarskatturinn er 2,2% eins og í hæsta þrepinu að segja að hann sé 1,95%. Þetta er rangt farið með tölur og ég ætla að vona að hæstv. fjmrh. sjái að sér og láti samþykkja lækkun á þessum sköttum eins og hann er búinn að boða.

Ég ætla ekki á þessu stigi að hafa öllu lengra mál um þetta en gæti að vísu talað allmjög lengi og er búinn að gera það æðioft. En ég ætla að vona að skattarnir verði lækkaðir og til bóta fyrir fólkið í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (ríkisskattanefnd). — Þskj. 257.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er flutt í tengslum við frv. til laga um breytingu á tekju- og eignarskatti sem hv. deild var nú að vísa til fjh.- og viðskn.

Samkvæmt því frv. er gerð tillaga um nokkra breytingu á skipan og starfsháttum ríkisskattanefndar eins og fjallað hefur verið um í umræðunni um frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt. Í því frv. er stefnt að því að efla og styrkja starfsemi ríkisskattanefndar og hraða mjög gangi mála í nefndinni.

Ég hef hlustað á þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram við fyrri umræðu, að ýmsir hv. þm. telja nauðsynlegt að skoða þann þátt frv. um tekju- og eignarskatt nokkuð nánar og skal ég ekki setja mig gegn því að menn velti því máli rækilega fyrir sér í hv. nefnd. Enda er rétt að það tengist efnislega ekki beint þeim tekjuöflunartillögum sem hér eru lagðar fram þótt fjmrn. hafi þótt rétt að leggja þessar tillögur fram sem lið í því að styrkja innheimtukerfið sem og réttaröryggi og réttarmeðferð á deilumálum varðandi skattlagningu. Vegna þessara tillagna í frv. til laga um tekju- og eignarskatt, þá er lagt hér fram frv. sem miðar að því að verkefni sektarnefndar, skv. 31. gr. laganna um staðgreiðslu, verði flutt til ríkisskattanefndar og jafnframt verði sektarnefndin lögð niður.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að rekja efni þessa stutta frv. en mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. svo að hún geti skoðað það í tengslum við frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

27. fundur, þriðjudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Þingstörf og þinghlé.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Nú nálgast óðum hefðbundin jólaleyfi þingsins og ráðgert er samkvæmt starfsskrá að það hefjist 20. þessa mánaðar. Nú er ljóst að eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar, þ.e. stofnun umhverfisráðuneytis, muni ekki nást fram fyrir áramót og því athyglisvert að inna hæstv. forseta eftir því hvernig störfum þingsins verður hagað á næstunni í ljósi viðtals sem var við hæstv. hagstofuráðherra í dagblaðinu Tímanum í dag, þar sem hann segir undir yfirfyrirsögninni, með leyfi forseta: „Júlíus Sólnes tilvonandi umhverfisráðherra segir sjálfstæðismenn tefja framgang lagabreytinga er heimila stofnun umhverfisráðuneytis.“ Og undir aðalfyrirsögn: „Tilburðir sjálfstæðismanna eru aumkunarverðir.“ En þar segir hæstv. ráðherra þar sem blaðamaðurinn spyr, með leyfi forseta: „En hvað verður gert ef ljóst er að umhverfisráðuneyti kemst ekki á laggirnar fyrir áramót?“ Þá svarar hæstv. ráðherra: „Við höldum áfram þingi eins lengi og þarf í janúar til þess að klára öll mál sem við þurfum að ljúka fyrir þinghlé.“ Og seinna: „Júlíus sagði að þetta hefði ekki annað í för með sér en að þinghlé drægist fram til 10.–12. janúar.“

Nú kannast ég ekki við að slíkt samkomulag hafi verið gert milli þingflokka og óska þess að hæstv. forseti skýri fyrir þinginu hvort það sé rétt sem

ráðherrann segir að ákveðið hafi verið að þing standi hér fram eftir janúarmánuði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að þetta er tilhæfulaust með öllu. Forsetar miða við að þinghaldi ljúki hér á tilsettum tíma og þeim málum sem brýnt er að koma gegnum þingið verði lokið fyrir jól. Vera kann að það dragist 1–2 daga fram yfir gerða starfsáætlun, en að öðru er ekki stefnt en að þinghaldi ljúki með eðlilegum hætti áður en þingmenn fara heim til að halda jólahátíð.

Fjárlög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 278 og 280, brtt. 279.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. Alþingis hefur nú lokið störfum fyrir 2. umr. fjárlagafrv. Nefndin flytur brtt. sínar við 2. umr. og eru þær á þskj. 279.

Í fskj. með nál. meiri hl. fjvn. eru að venju ítarlegar skýringar við sérhvern lið brtt. Brtt. á þskj. 279 eru fluttar af fjvn. allri, en fulltrúar minni hl. í fjvn., þau Pálmi Jónsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Friðjón Þórðarson og Egill Jónsson, hafa að sjálfsögðu eðlilegan fyrirvara um þann tillöguflutning. Áður en ég vík að brtt. vil ég ræða lítið eitt vinnubrögð fjvn. og þau meginatriði sem fyrir nefndinni hafa vakað í vinnu hennar að þessu sinni.

Fjvn. Alþingis kom saman til nokkurra funda í þinghléinu í sumar eins og vani hefur verið og hefur nefndin gert það jafnvel þó svo fjvn. Alþingis sé formlega ekki til frá því að þingslit fara fram að vori og þangað til ný fjvn. er kosin að hausti. Á fundum nefndarinnar í sumar hafa verið rædd ýmis mál tengd fjárlagavinnunni og einnig hefur nefndin á þeim fundum sinnt eftirlitshlutverki sínu og auk þess átt fundi með fjmrh. um nokkur viðfangsefni.

Reglulegir fundir fjvn. til undirbúnings fjárlagaafgreiðslunnar hófust hins vegar þann 2. okt. sl. eða nokkru áður en Alþingi var kvatt saman. Þótt nefndin sé formlega ekki til fyrr en hún hefur verið kosin á haustþingi eru þetta óhjákvæmileg vinnubrögð og þyrfti fjárlagavinnan á vegum fjvn. raunverulega að hefjast allnokkru fyrr ef vel ætti að vera. Á fundum fjvn. frá því að þeir hófust með reglubundnum hætti þann 2. okt. sl. og þar til fjárlagafrv. var lagt fram eftir að þing kom saman vann nefndin við að veita viðtöku erindum sveitarstjórna og veita sveitarstjórnarmönnum viðtal. Að venju gengu á fund nefndarinnar fulltrúar fjölmargra sveitarfélaga, því sem næst allra hinna stærri sveitarfélaga í landinu, og auk þess fjölmargir fulltrúar kaupstaðahreppa og sveitahreppa.

Að loknum fundunum með sveitarstjórnum hófst fjvn. svo handa um yfirferð frv. og eftir að hafa yfirfarið frv. kallaði nefndin fyrir sig ráðuneyti og stofnanir. Þar að auki voru fjölmargir aðilar sem óskuðu eftir fundum með nefndinni til þess að koma á framfæri beiðnum, ýmist um leiðréttingar á áætlunum frv. eða beiðnum um aukið umfang í rekstri eða stofnkostnaði.

Í þessum viðtölum hefur fjvn. haft þann háttinn á að hafa viðstadda fulltrúa þess fagráðuneytis sem þau viðfangsefni heyra undir sem rædd eru hverju sinni, og auk þess eru viðstaddir á fundum fjvn. fulltrúar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem unnið hafa tillögurnar um meðferð mála í fjárlagafrv. og fulltrúi Ríkisendurskoðunar, en sú stofnun fylgist með framkvæmd fjárlaga og gefur skýrslur þar um til Alþingis.

Öll þessi vinna nefndarinnar hefur verið hefðbundin en þó hefur umfang þessara viðtala og fjöldi erinda sem nefndinni berast stöðugt verið að aukast. Meiri og meiri tími fer í að sinna þessum viðtölum og til þess að ráða við það viðfangsefni hefur fjvn. skipt sér í undirhópa, bæði að því er varðar viðtöl við aðila og eins við vinnu að tillögugerð um skiptingu fjárveitinga til stofnkostnaðar. Þrátt fyrir þetta verða viðtölin við stofnanir ríkisins og þá aðila sem óska viðtals við nefndina stöðugt tímafrekari og afleiðingarnar eru þær að sífellt skerðist sá tími sem nefndin hefur til ráðstöfunar til þess að undirbúa tillögugerð um afgreiðslu fjárlaga eftir að viðtölum lýkur.

Þrátt fyrir það að menn sætu yfir þessu verkefni lon og don og fjvn. skipti sér upp í undirnefndir til að flýta þessari vinnu lauk viðtölum nefndarinnar ekki fyrr en um mánaðamótin nóvember/desember og voru þá aðeins fáir dagar eftir fyrir nefndina til að vinna að tillögugerð. Þegar fjvn. lauk við þennan þátt í störfum sínum, þ.e. viðtölum við stofnanir, samtök og einstaklinga, hafði hún veitt viðtöku erindum frá 530 aðilum og rætt við þá allflesta, suma oftar en einu sinni og oftar en tvisvar.

Í þessum 530 erindum var alls fjallað um afgreiðslu á 1403 viðfangsefnum og samanlögð fjárhæð beiðna um fjárveitingar umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. nam 10 milljörðum 293 millj. kr. Námu erindin til nefndarinnar því tífalt hærri upphæð en þeirri sem fjvn. nú leggur til að afgreidd verði.

Þá hafa nefndinni einnig nú á síðustu dögum borist fjölmörg erindi frá einstökum ráðuneytum og þau erindi hafa verið að berast nefndinni allt fram á síðasta afgreiðsludag og varða sum hver mjög verulegar fjárhæðir. Þessi erindi eru ekki meðtalin í þeim upplýsingum um fjölda erinda og samanlagðan fjárhag beiðna sem ég gat um hér áðan.

Þessi hefðbundna vinna fjvn. sem fer ört vaxandi ár frá ári skapar stöðugt aukið vinnuálag á nefndina og starfsmenn hennar. Ofan á þessa hefðbundnu vinnu bættist svo það að í upphafi haustþings var ríkisreikningur fyrir árið 1988 lagður fram á Alþingi og auk hans skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings með athugasemdum er varða rekstur ríkisins og stofnana þess á því ári.

Samfara hinni hefðbundnu fjárlagavinnu hafa ríkisreikningurinn fyrir árið 1988 svo og athugasemdir

Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna verið tekin til sérstakrar meðferðar hjá fjvn. og hefur sú skoðun leitt til ýmissa athugasemda og frekari eftirgrennslana hjá nefndinni. Þessu til viðbótar lagði hæstv. fjmrh. svo fram eins og kunnugt er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 og er það nýmæli og markar tímamót í fjárlagavinnu á Alþingi Íslendinga. Fjvn. hefur einnig haft þetta frv. til meðferðar og hefur það verið tekið til mjög rækilegrar skoðunar hjá nefndinni. Það er ásetningur fjvn. að ljúka einnig meðferð þessa máls fyrir jólaleyfi þingmanna og leggja fyrir þingið tillögur sínar um afgreiðslu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 þannig að Alþingi geti afgreitt það mál á tilsettum tíma fyrir jólaleyfi eins og ég tel að því beri skylda til að gera.

Þegar þessi vinna hefur bæst við stöðugt vaxandi verkefni fjvn. vegna hefðbundinnar afgreiðslu fjárlagafrv. hafa afleiðingarnar orðið þær að fjárveitinganefndarmenn hafa verið bundnir við störf í nefndinni í allt haust — svo bundnir að þeir hafa vart komið því við að sinna öðrum viðfangsefnum á Alþingi. Þannig hafa nefndarmenn ekki getað mætt á fjölmörgum fundum í þinginu, bæði í sameinuðu þingi og deildum, og hafa losnað meira og minna úr tengslum við þá umræðu og þær afgreiðslur sem hér hafa farið fram. Er þetta að sjálfsögðu ekki gott, hvorki fyrir þá þingmenn sem sitja í fjvn. og vilja taka þátt í öðrum störfum Alþingis né heldur fyrir Alþingi sjálft að níu þingmenn skuli vera svo bundnir við þau störf sín. Er vinnuálagið á nefndinni raunar orðið svo mikið að lítið sem ekkert má út af bera til þess að nefndin fái lokið störfum sínum við gerð fjárlaga, yfirferð ríkisreiknings og afgreiðslu fjáraukalaga með sæmilegum hætti og á tilsettum tíma.

Það er einkum tvennt sem veldur því að þetta getur tekist þrátt fyrir allt. Það er í fyrsta lagi að fjvn. hefur á að skipa mjög góðu starfsliði og samstarfsfólki sem lagt hefur sig fram um að vinna fyrir nefndarmenn. Er hér um að ræða það starfsfólk Alþingis sem unnið hefur með nefndinni og þá ekki síður starfsfólk Ríkisendurskoðunar undir forustu vararíkisendurskoðanda og starfsfólk Fjárlaga- og hagsýslustofnunar undir forustu hagsýslustjórans. Þetta fólk hefur unnið nótt með degi nú undanfarna sólarhringa og varla vikið af vinnustað. Vil ég fyrir hönd nefndarinnar færa þessu fólki sérstakar þakkir og vil ég þar sérstaklega nefna til starfsfólk Alþingis í Austurstræti, Indriða Þorláksson hagsýslustjóra og starfsfólk hans, Sigurð Þórðarson vararíkisendurskoðanda og starfsfólk Ríkisendurskoðunar og síðast en ekki síst Sigurð Rúnar Sigurjónsson, starfsmann fjvn., en segja má að hann hafi haft aðsetur á skrifstofum fjvn. undanfarna sólarhringa.

Störf fjvn. Alþingis eru mjög yfirgripsmikil og tímafrek og þar veltur á öllu að nefndin hafi aðgang að þeim aðilum sem vinna annars vegar við fjárlagagerðina á vegum framkvæmdarvaldsins og sinna hins vegar eftirlitshlutverki og skýrslugerð um framkvæmd fjárlaga á vegum Alþingis. Í þessum stofnunum tveimur, Fjárlaga- og hagsýslustofnum og fjmrn., annars vegar og Ríkisendurskoðun hins vegar er það fólk sem mesta og besta þekkingu hefur á hinum einstöku viðfangsefnum ríkisins og stofnana þess og mesta heildaryfirsýn yfir þau viðfangsefni.

Þegar fjvn. þarf að kalla eftir upplýsingum og svörum við fyrirspurnum nefndarinnar eða einstakra nefndarmanna á þeim nauma tíma sem nefndin hefur skiptir það öllu máli að fá svörin fljótt og greiðlega og frá þeim aðilum sem bestar upplýsingar hafa og er enginn vafi á því að þeir aðilar eru Fjárlaga- og hagsýslustofnun annars vegar og Ríkisendurskoðun hins vegar.

Það er afdráttarlaus skoðun mín og að ég held allra nefndarmanna í fjvn. að án náinnar og daglegrar samvinnu við þessar tvær stofnanir geti fjvn. Alþingis ekki unnið sín verk og verður það samstarf seint metið að verðleikum. Það er þess vegna eindregin skoðun þeirra þingmanna sem nú sitja í fjvn. að það beri að efla og styrkja þetta samstarf jafnframt því sem athuga beri með hvaða hætti Alþingi sjálft getur treyst og aukið sjálfstæði sitt og sjálfræði í stjórnkerfinu.

Hitt atriðið sem úrslitum ræður um hvort fjvn. takist að ljúka störfum á jafnskömmum tíma og hún hefur nú orðið til ráðstöfunar er að gott samstarf takist innan nefndarinnar á milli meiri hl. og minni hl. Slíkt samstarf hefur tekist. Vissulega eru skiptar skoðanir og ágreiningur um stefnumál á milli fulltrúa meiri hl. annars vegar og minni hl. hins vegar. En sá ágreiningur hefur aldrei torveldað störf fjvn. með einum eða neinum hætti heldur hafa fulltrúar minni hlutans í nefndinni þvert á móti gert sér far um að greiða fyrir störfum hennar og reynt að auðvelda hennar störf og oft lagt margt gott til mála. Vil ég fyrir hönd okkar í meiri hl. þakka nefndarmönnum í minni hl. fjvn. fyrir ágætt samstarf og góð samskipti og mikinn skilning á því erfiða hlutverki sem nefndin hefur þurft að sinna við þröngar aðstæður.

Eftir þá reynslu sem menn hafa nú fengið af störfum nefndarinnar eftir að við hefðbundin viðfangsefni hennar bætist yfirferð yfir ríkisreikning liðins árs og umfjöllun fjárlaga yfirstandandi árs, en á því verður efalaust framhald hér eftir, þá er óhjákvæmilegt að menn hugi að breytingum á starfsemi nefndarinnar. Tími er nú til þess kominn að sú breyting verði gerð á lögum um þingsköp Alþingis að fjvn. verði gerð að heilsársnefnd eins og utanrmn. er þannig að nefndin geti starfað með formlegum hætti á milli þinga.

Þá ber þess einnig að geta að á þeim tímum þegar fjölmiðlar virðast eiga greiðan aðgang að trúnaðarupplýsingum, þá hafa trúnaðarmál verið sérstaklega vel varðveitt í fjvn., enda byggist samstarfið í nefndinni á því að fullur trúnaður ríki innan hennar.

Jafnhliða því sem fjvn. yrði gerð að heilsársnefnd þyrfti að kveðja nefndina fyrr til starfa á haustin en gert er og veita henni þá aðgang að ýmsum atriðum í undirbúningi stjórnvalda að fjárlagatillögum þannig að þegar fjárlagafrv. væri lagt fram á Alþingi væri fjvn. lengra komin í vinnu sinni við að skoða meginat-

riði í fjárlagatillögunum en getur gerst með því fyrirkomulagi sem ríkt hefur til þessa. Forsenda fyrir slíkum breytingum er auðvitað sú að fjvn. fái trúnaðarupplýsingar á meðan frv. til fjárlaga er í vinnslu og að nefndin varðveiti þann trúnað.

En það er ekki bara svo að framlagning frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár og framlag ríkisreiknings auki á vinnu fjvn. heldur auðveldar það nefndinni einnig vinnu hennar við fjárlagagerðina og gerir jafnframt meiri kröfur til nefndarinnar um vönduð vinnubrögð og vinnuframlag.

Ef spurt er um hvort fjárlagaafgreiðsla á Alþingi sé marktæk og traust er fyrst og fremst verið að spyrja um hvort grunnur áætlunargerðarinnar í fjárlögum sé rétt lagður. Sá grunnur í frv. til fjárlaga, þ.e. spá um útgjöld ríkisins á komandi ári miðað við óbreyttan rekstur, kemur auðvitað hvergi betur fram en í þeim upplýsingum sem fást úr nýjasta ríkisreikningi og fjáraukalögum yfirstandandi árs um rekstrarumfang stofnana og kostnað viðfangsefna. Á þeim upplýsingum eiga menn að byggja áætlun fjárlaga um útgjöld ríkisins og stofnana þess. Slíkt kemur í veg fyrir þá hættu sem vissulega hefur verið og er fyrir hendi að vanáætlanir um launagjöld eða rekstrarumfang stofnana gangi aftur ár eftir ár í fjárlagagerðinni og komi svo stöðugt fram sem halli þegar ríkisreikningur er gerður upp í árslok. Til þess að leiðrétta slíkar innbyggðar skekkjur er því nauðsynlegt að menn byggi áætlunargerðina um útgjöld ríkisins og stofnana þess á niðurstöðum reynslunnar, en til frásagnar um þá reynslu eru ríkisreikningar þess árs sem síðast leið og upplýsingar úr ríkisbókhaldi um framvinduna á því ári sem er að líða. Með þeirri breytingu sem hæstv. fjmrh. hefur gert með því að leggja fyrir Alþingi í upphafi haustþings bæði ríkisreikning sl. árs og frv. til fjáraukalaga líðandi árs, þá hefur ráðherrann gerbreytt aðstöðu fjvn. og Alþingis til þess að áætla réttar en gert hefur verið.

Við þessa yfirferð fjárlagafrv. fyrir árið 1990 sem nú hefur átt sér stað hefur fjvn. eftir föngum reynt að viðhafa slík vinnubrögð. Áður en til afgreiðslunnar var gengið í nefndinni hafði hún farið vandlega yfir ríkisreikninginn fyrir 1988 og athugasemdir yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar þar við og einnig hafði nefndin skoðað mjög vandlega frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 og aflað ýmissa viðbótarupplýsinga umfram það sem þar kemur fram um líklega afkomu ríkisins og stofnana þess á því ári. Út frá þeim upplýsingum sem þar komu fram reyndi nefndin svo í samvinnu við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun að gera þær leiðréttingar á fjárlagafrv. miðað við óbreyttan rekstur sem nefndin taldi að gera þyrfti með hliðsjón af upplýsingum úr ríkisreikningnum og fjáraukalagafrv. Ekki verður hér neitt um það fullyrt hvernig nefndinni hefur tekist það ætlunarverk sitt en það var og er stefna hennar og sannleikurinn er sá að þó að nefndin geri nú tillögur um allverulegar hækkanir frá frv. er meginhlutinn af þeim hækkunum tilkominn vegna leiðréttinga á launaliðum, leiðréttinga á verðuppfærslum og öðrum rekstrargjöldum sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur staðfest að séu réttmætar leiðréttingar á grundvelli nýjustu upplýsinga sem fyrir liggja.

Ef litið er á heildartillögur nefndarinnar um viðbótarútgjöld, þá nema þær við 2. umr. 1 milljarði 182 millj. 262 þús. kr. Þar af eru tillögur nefndarinnar um hækkun rekstrarliða 570 millj. 205 þús. kr. og er sú fjárhæð svo til öll vegna lagfæringa á áætlunum frv. um útgjöld vegna launa, vegna verðuppfærslu eða vegna annarra rekstrargjalda.

Nefndin gerir síðan tillögu um lækkun sértekna upp á 259 millj. 716 þús. kr. og er það sama um þessar tillögur að segja og hinar fyrri að svo til öll þessi fjárhæð er vegna leiðréttingar sértekna sem staðfest hefur verið í fjmrn. og af Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin gerir hins vegar tillögur um hækkun stofnkostnaðar um 342 millj. 341 þús. kr. frá frv. Þessar hækkunartillögur eiga allflestar uppruna sinn hjá fjvn. og eru fyrst og fremst vegna tillagna nefndarinnar um hækkaðan stofnkostnað vegna hafnarmála, sjúkrahúsa og heilbrigðismála og varðandi framhaldsskóla.

Auðvitað má segja að hækkunartillögur fjvn. í krónum mældar við þessa umræðu séu meiri en gengur og gerist. Spurningin er hins vegar ekki sú hvort tillögurnar séu um meiri eða minni hækkun en oftast áður. Spurningin er hvort líklegt sé að sú áætlun um rekstrarútgjöld ríkisins og stofnana þess sem fjárlögin eru geti orðið réttari á árinu 1990 en áður hefur verið.

Við eigum nú að baki nokkur ár þar sem mjög verulegur halli hefur orðið á rekstri ríkisins. Fyrir þeim halla var ekki áætlað við gerð fjárlaga heldur þvert á móti var áætlun fjárlaganna reist á spá um bæði rekstrar- og greiðsluafgang og stundum hefur sú áætlun um afgang numið verulegum fjárhæðum. Niðurstaðan að árinu loknu hefur hins vegar oftast nær orðið þveröfug. Og þá hefur hallinn ekki mælst í hundruðum milljóna heldur þúsundum.

Sérhver sá sem lítur á þessa þróun af sanngirni hlýtur að gera sér ljóst að þessi mikli umsnúningur ár eftir ár á áætlunargerðinni um rekstur ríkisins og stofnana þess annars vegar og rauntölum hins vegar er engin tilviljun. Það er engin tilviljun þegar útgjöld umfram áætlanir reynast verða á níunda milljarð á sama tíma og tekjur umfram áætlanir verða á annan milljarð og það er engin tilviljun þegar slíkar tölur sjást ár eftir ár. Hér er svo miklu sem munar að munurinn verður ekki skýrður með ófyrirséðum áföllum eða ófyrirséðum breytingum. Menn hljóta að sjá að það er fleira sem til kemur, nefnilega það að í tilraunum til þess að ná jöfnuði við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni er ekki gert ráð fyrir raunverulegum útgjöldum, bæði til launagreiðslna og annarra rekstrargjalda sem umfang ríkisstofnana og ríkisins sjálfs gefur tilefni til. Áhrif kjarasamninga og lagabreytinga sem kalla á útgjöld úr ríkissjóði eru ekki til fulls metin. Sparnaður og niðurskurður sem áformað var að ná en ekki náðist nema að hluta til kann að vera

framlengdur án breytinga frá ári til árs og skapar þannig viðvarandi mun á áætlun og útkomu.

Þá er einnig oft reynt að áætla í frv. til fjárlaga fyrir niðurskurði útgjalda er kalla á verulegar breytingar, annaðhvort á hefðbundnum starfsháttum eða á lögum, án þess að sá stjórnarmeirihluti sem þannig áætlar sé í raun réttri búinn að taka þær oft á tíðum erfiðu pólitísku ákvarðanir sem slík áætlanagerð um niðurfærslu útgjalda krefst eigi hún að vera raunsönn. Fjölmörg dæmi um þetta má að sjálfsögðu nefna og hirði ég ekki um að telja þau upp hér, en það er um þetta að segja eins og svo margt annað að góð ætlun gerir litla stoð ef menn hafa ekki gert upp við sig til hvaða aðgerða þarf að grípa svo hin góðu áform komist til framkvæmda.

Verst allra blekkinga er sjálfsblekkingin. Þegar gerðir eru kjarasamningar um launahækkanir sem ekki er tekið tillit til við gerð fjárlaga þá er eðlilegt að halli myndist á ríkisrekstri. Í viðtölum við fjölmarga forstöðumenn stofnana sem til fjvn. hafa komið á þessu hausti hefur komið fram að þar hafa verið gerðir launasamningar eða samningar um greiðslu launa sem ekki eru á vitorði launadeildar fjmrn. en eru engu að síður tilheyrandi föstum launaútgjöldum ríkisins. Þar er greidd ómæld yfirvinna fyrir það t.d. að menn lesi sér til í blöðum og fræðiritum. Þar hefur komið fram að menn greiða sem fasta yfirvinnu í þessum stofnunum allt upp í 40 stundir á viku og síðan kemur sú yfirvinna sem unnin er þar umfram. Á þessu vandamáli verða menn að taka, annaðhvort með breytingum á grunnlaunasamningum ellegar með því að fella slíka samninga niður. Þá hefur Alþingi sjálft einnig afgreitt lög án þess að gera ráð fyrir því hvort hægt væri að standa við þær greiðslur sem lögin kalla á. Dæmi um það eru fjölmörg og nú á síðasta þingi afgreiddi Alþingi t.d. ný lög um þjóðminjavernd án þess að gera sér það ljóst að ekki voru til peningar til þess að greiða þann kostnað sem þau lög kölluðu á.

Miðað við reynslu undanfarinna ára gæti ég trúað að fastaútgjöld ríkisins og stofnana þess umfram tekjur kunni að vera á bilinu í kringum 3 milljarða kr. Þar við bætast svo áhrif ytri aðstæðna í efnahagsmálum þannig að á samdráttartímum aukist þessi innbyrðis halli en dragi svo úr honum í góðu árferði með vaxandi kaupgetu og hækkun tekna ríkissjóðs. Sé þetta rétt, eins og reynslan virðist benda til frá mörgum sl. árum, reynsla frá öllum þeim ríkisstjórnum sem þá hafa starfað, má ætla að þessi innbyggði halli sé kominn á bilið 3–5 milljarðar eftir aðstæðum í þjóðfélaginu hverju sinni og þar við bætast svo ákvarðanir sem teknar kunna að vera eftir afgreiðslu fjárlaga, svo sem eins og í tengslum við kjarasamninga þar sem aðilar vinnumarkaðarins sammælast um að leysa vandamál sín með því að ávísa þeim á ríkissjóð og fé sem ekki er til. Sé þetta rétt, sem ýmislegt kann að benda til, þá er hættan á að menn séu farnir að fást við það meginviðfangsefni í fjárlagagerðinni að hve miklu leyti eigi að taka tillit til slíks sjálfkrafa halla við fjárlagagerðina sjálfa og að hve miklu leyti eigi að vísa honum til fjáraukalaga og niðurstaðna ríkisreiknings. Séu menn að festast í þessu fari sem ekki er glæsilegt, þá rífa menn sig ekki upp úr því nema með því einu að horfast í augu við þetta vandamál og gera sér fulla grein fyrir því að á því eru ekki til nema tvær lausnir. Önnur er sú að auka verulega skattheimtu frá því sem orðið er og þar virðast fá ráð góð um þessar mundir. Hin leiðin er sú að gera verulegar breytingar á þjónustu og umfangi ýmissa kostnaðarsömustu útgjaldaliðanna og þá er óhjákvæmilegt að nefna til sögunnar þá útgjaldaliði sem stærstum fjárhæðum velta því enginn getur sparað á því sem ekkert kostar.

Þegar við nú stöndum í þeim sporum, alþingismenn, að við kunnum að vera að gera upp við okkur hvað mikið af þeim halla sem við höfum byggt inn í ríkisreksturinn á undanförnum árum, í valdatíð allra þeirra ríkisstjórna sem þá hafa starfað, við eigum að viðurkenna við afgreiðslu fjárlaga hve miklum hluta af þessum vanda við eigum að ávísa á fjáraukalög og ríkisreikning — með öðrum orðum, hversu mikið tillit við eigum að taka til vandans við áætlanagerðina og að hve miklu leyti við eigum að vísa honum á uppgjörið — þá ætti að vera kominn tími til þess að alþingismenn hugleiddu í alvöru hvort ekki sé óhjákvæmilegt að við Íslendingar verðum eins og fjölmargar aðrar þjóðir að neita okkur um ýmislegt sem er ósköp æskilegt að fá að njóta ef við værum reiðubúin til að greiða fullt verð fyrir sem við erum ekki. Og það er einnig kominn tími til að menn geri sér grein fyrir því að í fámennum samfélögum eins og hjá okkur gjalda menn sjálfstæði, sjálfsforræði og sérstöðu oft með því að verða að neita sér um sitthvað af lífsins gæðum sem fjölmennar stórþjóðir geta boðið tilteknum hópum þegna sinna.

Við slíkar aðstæður er eðlilegt að menn hugi að sparnaði og samdrætti þó að það sé takmarkað sem hægt er að skera niður og spara nema eftir langan undirbúning sem krefst verulegra breytinga á þjónustuumfangi ríkisins og stofnana þess. Þessir möguleikar til sparnaðar og samdráttar hafa verið athugaðir rækilega af ríkisstjórninni og er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði í frv. Þannig gerir frv. t.d. ráð fyrir að sérstöku sparnaðarátaki verði beitt af hálfu menntmrn. Er áformað að menntmrn. spari 200 millj. kr. og var sú fjárhæð tilgreind á einum fjárlagalið í frv. án sundurliðunar á viðfangsefni.

Fjvn. hefur síðan fengið í hendur tillögur menntmrn. um niðurfærslu gjalda á einstök verkefni og námu þær tillögur samanlagt um 170 millj. kr. Nefndin lagði mat sitt á tillögurnar og samþykkti allflestar þeirra, þ.e. allar aðrar tillögur en þær sem lutu að viðfangsefnum sem nefndin var búin að fjalla um og taka afstöðu til áður en tillögur ráðuneytisins bárust.

Tillögurnar sem fjvn. afgreiddi á lista menntmrn. námu u.þ.b. 120 millj. kr. samanlagt og dreifast á niðurskurð og sparnað á hin ýmsu viðfangsefni skóla og menntamála. Að hve miklu marki þessar niðurskurðartillögur ná tilætluðum árangri fer að sjálf-

sögðu eftir því hvaða áætlanir um breytingar á rekstrarumfangi og meðferð einstakra viðfangsefna búa að baki tillagnanna og mun þar reyna á framkvæmd menntmrn. Eitt atriði í tillögum ráðuneytisins varðaði lækkun á rekstrarkostnaði Þjóðleikhússins. Það erindi hefur enn ekki hlotið afgreiðslu í fjvn. heldur bíður umfjöllunar um Þjóðleikhúsið sem fara mun fram á milli 2. og 3. umr. fjárlaga eins og vanalegt er.

Þá taka frá og með næstu áramótum gildi ný lög er breyta hefðbundinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ýmis viðfangsefni sem áður voru sameiginleg þeim flytjast um áramótin alfarið yfir til sveitarfélaganna. Má þar nefna framkvæmdir á sviði grunnskólabygginga, þar með talin íþróttahús, á sviði dagvistunar og á sviði íþróttamála á vegum sveitarfélaganna. Einnig fellur nú niður sérstakur fjárstuðningur ríkisins við vatnsveitur og við félagsheimili. Í staðinn tekur ríkið við nokkrum rekstrarviðfangsefnum af sveitarfélögunum og má þar nefna rekstur heilsugæslustöðva og rekstur fræðsluskrifstofa. Fjárlagafrv. er að sjálfsögðu reist á þessum forsendum um breytta verkhætti. Þær breytingar hafa verið gerðar á frv. frá fyrstu gerð þess hvað þessi viðfangsefni varðar að áætlun um útgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar fræðsluskrifstofa og heilsugæslustöðva voru í frv. óskiptar fjárhæðir á sérstökum safnliðum, en fjvn. hefur nú fengið tillögur um sundurliðaðan kostnað vegna þessara verkefna og gerir þær tillögur að sínum þannig að kostnaðurinn sundurliðist nú niður á fræðsluskrifstofurnar, hverja einstaka fræðsluskrifstofu í umdæmi, og eins er því varið um heilsugæslustöðvar og rekstur þeirra.

Þá gera verkaskiptalögin auk þess ráð fyrir því að skuldir ríkisins vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga við grunnskóla, dagvistunarstofnanir og vegna félagsheimila og íþróttamála verði gerðar upp og ógreiddur hluti ríkissjóðs greiddur á fjórum árum. Í fjárlagafrv. eins og frá því var gengið var ekki gerð tillaga um sérstaka fjárveitingu vegna þessa uppgjörs og var ástæðan sú að í ljós kom að kostnaður ríkissjóðs við yfirtöku þeirra verkefna frá sveitarfélögum sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður yfirtæki var vanáætlaður um hundruð milljóna kr. Koma þar einkum til vanáætluð útgjöld vegna yfirtöku á rekstri heilsugæslustöðva og þá ekki síst vegna reksturs heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Fjvn. hefur farið vandlega yfir áætlanir menntmrn. um stöðu framkvæmda um nk. áramót sem áður voru sameiginleg með sveitarfélögunum. Sjálfsagt eru einhver atriði þar sem sveitarfélögin greinir á við ríkisvaldið um fjárhæðir skulda þó að ljóst sé um heildarfjárhæðir vangreiddra skulda ríkisins vegna þessara framkvæmda en þær nema á bilinu 1200–1400 millj. kr. Fjvn. hefur hins vegar ekki enn gert tillögu um hvernig að þessum uppgjörsmálum skuli staðið við afgreiðslu fjárlaganna, en nefndin mun gera tillögu um það fyrir 3. umr.

Þá hefur það tafið störf nefndarinnar í þessari vinnu að reglugerðir varðandi verkaskiptingu lágu ekki fyrir og liggja raunar ekki fyrir enn að því er varðar reglugerð um uppgjör við sveitarfélögin vegna framkvæmda á sviði skólamála, dagvistunar og íþrótta. Þá hefur fjvn. ekki heldur getað gert tillögur um hvernig staðið skuli að skiptingu fjárframlags á fjárlögum til íþróttamála samkvæmt hinum breyttu verkaskiptingarlögum. Nú falla niður greiðslur úr ríkissjóði til íþróttaframkvæmda á vegum sveitarfélaga en haldast hins vegar áfram hvað varðar greiðslur úr Íþróttasjóði til íþróttaframkvæmda á vegum frjálsra félagasamtaka. Fyrir örfáum dögum fékk nefndin í hendur reglugerð hvað þennan nýja Íþróttasjóð varðar og hefur hún ekki haft ráðrúm til þess fyrir þessa umræðu að ganga frá tillögum sínum um skiptingu á því fé. Mun það bíða 3. umr.

Þá bíða einnig 3. umr. nokkur önnur mál. Þar má nefna tillögur um Háskólann á Akureyri, um Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur og um launagreiðslur vegna Flugmálastjórnar en öll þessi mál eru í sérstakri skoðun. Þá bíður 3. umr. afgreiðsla á samkomulagi menntmrh. og Háskóla Íslands varðandi ráðstöfun happdrættisfjár. Fyrir utan þessi mál bíða svo 3. umr. mál sem venjulega eru afgreidd þá, en það eru málefni eins og B-hluta stofnanir, heimildaákvæði í 6. gr. fjárlaga og endurskoðuð tekjuspá. Þeirri endurskoðun tekjuspár tengist síðan ákvörðun um framlag til vegagerðar og svo tengjast að sjálfsögðu lokaafgreiðslu fjárlaganna þau áform ríkisstjórnarinnar um tekjuöflun sem breyst hafa frá því að frv. til fjárlaga var lagt fram og gerð hefur verið grein fyrir hér á Alþingi.

Það er því ljóst að enn eru eftir mörg og stór viðfangsefni fjárlagagerðarinnar sem jafnan bíða 3. umr. og auk þess þrjú eða fjögur úrlausnarefni sem æskilegt hefði verið að hægt hefði verið að afgreiða nú en verða að bíða, og er það ekkert óvanalegt að slíkt komi fyrir.

Áður en ég vík að brtt. sem fluttar eru af nefndinni allri, eins og fyrr sagði, en með fyrirvörum minni hl. er rétt að fara nokkrum orðum um skiptingu þessara tillagna. Samtals nema þessar tillögur hækkunum upp á 1 milljarð 182 millj. 262 þús. kr. Hækkun launa nemur þar 260 millj. og er sú hækkun 0,9% af heildarlaunagreiðslum ríkisins. Fjárhæðin er há ef á hana eina er litið, en ef litið er á hlutfallshækkunina, sem er innan við 1% af heildarlaunafúlgunni, komast menn að nokkuð annarri niðurstöðu, ekki síst þegar þess er getið að áætlað er að lenging fæðingarorlofsins ein út af fyrir sig, sem kom til framkvæmda á yfirstandandi ári, valdi launahækkunum hjá einstökum stofnunum, eins og t.d. ríkisspítulum og sjúkrahúsum, um 1%. Það verða menn að hafa til hliðsjónar þegar menn meta þessar hækkunartillögur og er því ljóst, eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn., að hækkkunartillögur nefndarinnar vegna launabreytinga eru því sem næst einvörðungu leiðréttingar sem nefndin hefur talið óhjákvæmilegt að gera á áætlunum um launaútgjöld samkvæmt nýjustu upplýsingum.

Hækkunartillögur nefndarinnar er varða önnur rekstrargjöld nema 311 millj. kr. og er það tillaga um

0,5% hækkun á þeim útgjaldalið. Einnig er þar um að ræða að nær öllu leyti leiðréttingar vegna verðuppfærslu sem í flestum tilvikum hafa verið yfirfarnar og staðfestar af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Sértekjurnar lækka svo um 261 millj. kr. eða um 0,57% samkvæmt tillögum nefndarinnar og á sama við um þau mál eins og hin fyrri að hér er fyrst og fremst um að ræða leiðréttingar. Heildarhækkunartillögur fjvn. á þessum rekstrarliðum öllum nema 832 millj. kr. eða um 1%. Fjárhæðin er stór en hún smækkar þegar hún er borin saman við heildarútgjöldin eins og þau eru í frv. upp á 82 milljarða 881 millj. kr.

Tillögur fjvn. er varða stofnkostnað og viðhald gera hins vegar ráð fyrir 350 millj. kr. hækkun á öllum stofnkostnaðarliðum í frv. og nemur sú hækkun um 3,4%. Er það vissulega allnokkur hækkun og eiga þær hækkunartillögur eins og áður segir að mestu leyti uppruna sinn hjá nefndinni sjálfri. Ef litið er síðan á töflu 3 á bls. 6 í nál. meiri hl. sést hvernig þessar hækkunartillögur nefndarinnar skiptast á einstök ráðuneyti og æðstu stjórn ríkisins. Sú tafla, eins og hún er þar sýnd, er að sjálfsögðu ekki endanleg því í afgreiðsluna núna vantar enn tillögur sem fluttar verða við 3. umr. og munu raska verulega þeim samanburði sem reynt er að gefa. Vilji menn hins vegar reyna að gera sér grein fyrir því hvernig tillögur fjvn. um hækkanir skiptast á einstök ráðuneyti er ekki nóg að líta bara á fjárhæðina heldur er rétt að líta á umfang hvers ráðuneytis í heildarútgjöldum ríkisins og bera það rekstrarumfang saman við þær tillögur sem fjvn. gerir nú til hækkunar.

Sé sú viðmiðun tekin kemur í ljós að tillaga er gerð um hlutfallslega mesta hækkun á viðfangsefninu Æðsta stjórn ríkisins. Þessi hækkun skýrist m.a. af því að í tillögum fjvn. er gert ráð fyrir að hvað Alþingi varðar verði höfð hliðsjón af rauntölum síðustu ára um rekstrarkostnað Alþingis en áætlun um rekstur Alþingis í fjárlögum hefur um margra ára skeið verið víðs fjarri raunveruleikanum og er löngu kominn tími til að gerð sé leiðrétting þar á. Næstmesta hækkun fær samkvæmt tillögum fjvn. samgrn. en hækkunartillögur vegna þess ráðuneytis nema 3,1%. Þriðju mestu hækkunina hlutfallslega fær dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2,7%. Fjórðu mestu hlutfallshækkunina fær utanrrn., 2,6%, og þá fimmtu mestu menntmrn. eða 2%. Minnsta hækkun fær fjmrn. eða 0,4%, svo og heilbr.- og trmrn. sem fær aðeins 0,9% hækkun til viðfangsefna sinna samkvæmt tillögum fjvn. Gefur þetta til kynna hversu varhugavert það er að horfa aðeins á fjárhæðirnar sjálfar í tillögum nefndarinnar án tillits til umfangs þeirrar starfsemi sem þeim er tengd. Þannig fær heilbr.- og trmrn. samkvæmt tillögum nefndarinnar í sinn hlut langstærstu fjárhæðina í hækkunartillögunum eða alls 358 millj. 581 þús. kr. og sjá sjálfsagt margir ofsjónum yfir því. Sé hins vegar litið á umfang þeirrar starfsemi sem á vegum heilbr.- og trmrn. er kemur í ljós að hækkunartillögur vegna þess ráðuneytis nema aðeins eins og ég áðan sagði 0,9% og fær það í sinn hlut næstminnstu hækkun allra ráðuneyta.

Þessar tölur eru kannski ekkert sérstaklega merkilegar út af fyrir sig, en fyrir þá sem hafa gaman af því að vera í samanburðarleik og prósentureikningi eru þær þó fullrar athygli verðar og segja kannski eilítið aðra sögu en menn vilja vera láta.

Virðulegi forseti. Ég vil nú víkja að einstökum brtt. nefndarinnar á þskj. 279, en þær tillögur eru alls 180 talsins með mörgum undirliðum. Í skýringum við brtt. sem fylgja sem fylgiskjal með nál. meiri hl. eru nánari deili á þeim sögð og ég ætla að leitast hér við með vísan til þeirra skýringa að fara eins hratt yfir og unnt er.

Ber ég þá fyrst niður á 1. brtt. hvað varðar Alþingi. Þar er tekið mið af gerðum launasamningum og úrskurðum kjaradóms varðandi þingfararkaup og starfskostnað og engu við bætt. Skrifstofu- og alþingiskostnaður hefur verið lækkaður nokkuð frá tillögum Alþingis, svo og rekstrarkostnaður fasteigna og gerir fjvn. ráð fyrir að sú lækkun geti náðst fram með aðhaldi og sparnaði, ekki síst eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á fjármálastjórn þingsins, en fjármálastjóri hefur nú verið ráðinn til starfa við Alþingi. Þó fellst fjvn. ekki á allar tillögur Alþingis um aukinn stofnkostnað. Nefndin telur að ekki eigi að svo stöddu að leggja í frekari kostnað við öryggis- og eftirlitskerfi sem menn hafa verið að byggja upp fyrir mikið fé og ekki nýtist nema að óverulegu leyti. Þá fellst nefndin ekki heldur á tillögu um auknar framkvæmdir við gerð hljóðvarps- og sjónvarpsaðstöðu í Alþingishúsinu en nefndin fellst hins vegar á tillögur um smávegis endurnýjun húsbúnaðar og um frágang lóðar og stækkun bílastæða. Þá er í tillögum fjvn. gert ráð fyrir að dregið verði allverulega úr útgáfukostnaði Alþingis en sá kostnaður hefur vaxið hröðum skrefum. Þá er einnig ástæða til að minna á að í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir nokkrum breytingum er varða setu alþingismanna á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Með afgreiðslum Alþingis á fjárlögum yfirstandandi árs var frá því gengið að Alþingi tæki við af utanrrn. greiðslu kostnaðar vegna þátttöku fulltrúa þingflokkanna á þingi Sameinuðu þjóðanna. Sú breyting hefur tvennt í för með sér: Í fyrsta lagi að Alþingi er óheimilt að greiða kostnað vegna annarra en alþingismanna er sækja þing Sameinuðu þjóðanna. Í öðru lagi að alþingismenn þeir sem sækja þing Sameinuðu þjóðanna eru ekki lengur starfsmenn utanrrn. og sendiráðs Íslands í New York heldur áheyrnarfulltrúar Alþingis á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Í tillögum fjvn. nú er enn gert ráð fyrir nokkrum breytingum. Í tillögunni er lagt til að viðfangsefnið Þátttaka þingmanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna lækki um 1 millj. kr. og er við það miðað að dvalartími fulltrúa þingflokkanna á þingi Sam-

einuðu þjóðanna styttist af þeim sökum úr þremur vikum í tvær og að heimsóknirnar eigi sér stað á þeim tíma þegar þjóðarleiðtogar flytja ræður sínar á þingi Sameinuðu þjóðanna og ríkust ástæða er fyrir alþingismenn að fylgjast með málflutningi þar en ekki eftir að þessum ræðum lýkur eins og tíðkast hefur til þessa.

Að lokum skal þess getið varðandi Alþingi og þær tillögur um hækkanir sem þar eru nú gerðar að horfur er á að útgjöld Alþingis á yfirstandandi ári vegna rekstrar- og launagreiðslna fari tæplega 70 millj. kr. fram úr áætlun og gerist það þrátt fyrir að mjög verulegt átak hafi verið gert af hálfu Alþingis til sparnaðar og lækkunar á útgjöldum. Sýnir þetta hversu víðs fjarri áætlanir um útgjöld Alþingis hafa verið í fjárlögum undanfarinna ára og er tími kominn til að menn leiðrétti það og taki mið af þeim rekstrarútgjöldum sem á ríkissjóð munu óhjákvæmilega falla vegna starfsemi þingsins hvaða tala svo sem sett er inn í fjárlagafrv. þar um.

Að lokum skal tekið fram að á sl. ári var gerður nýr kjarasamningur við starfsmenn Alþingis þar sem það fyrirheit var m.a. gefið af forsetum að starfsmenn Alþingis gætu fengið aðgang að orlofsheimilum með sama hætti og starfsmenn annarra ríkisstofnana hafa getað um margra ára skeið. Gerð var tillaga til fjvn. um fjárveitingu í þessu skyni, þ.e. til kaupa á orlofshúsi. Fjvn. hefur rætt þetta erindi og niðurstaða hennar er sú að tími sé nú til þess kominn að Alþingi taki á ný til umsjár þær húseignir í Gjábakkalandi innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem um margra ára skeið hafa verið lánaðar sem orlofsheimili til Orkustofnunar, og nýti þá aðstöðu m.a. fyrir starfsmenn Alþingis. Er eðlilegt að á þeim stað sé gert ráð fyrir orlofsaðstöðu, enda er þar um að ræða svæði sem er í umsjá Alþingis Íslendinga og nokkur húsakostur er þar fyrir sem nýta má þótt sjálfsagt þurfi að lagfæra eitt og annað.

Næst er ástæða til að staðnæmast við tillögu 3. Sú tillaga skýrir sig sjálf en rétt er að benda á að þar er gert ráð fyrir sparnaði hjá aðalskrifstofu menntmrn. að fjárhæð 2 millj. kr. og er það í samræmi við tillögur menntmrn. um niðurskurð og sparnað á viðfangsefnum þess ráðuneytis. Fjórða brtt. varðar Háskóla Íslands. Skipuð var sérstök nefnd um málefni þess skóla sem m.a. fulltrúar úr menntmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun áttu aðild að. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að þar væru umtalsverðir rekstrar- og launaliðir vanáætlaðir í frv. og hafa raunar verið í fjárlögum yfirstandandi árs einnig. Þessar leiðréttingar koma hér fram og varða ferðakostnað í rannsóknaleiðöngrum, rekstur fasteigna, tilfærslur sértekna, leiðréttingu gjalda, leigu íþróttaaðstöðu og leiguaðstöðu fyrir kennslu í matvælafræði. Þessir liðir allir eru leiðréttingar vegna vanáætlana og skýra svo til alla þá hækkun sem lögð er til í tillögum fjvn. varðandi Háskóla Íslands.

Þar að auki leggur fjvn. að eigin frumkvæði fram nokkrar tillögur, m.a. vegna aukningar á stundakennslu vegna fjölgunar nemenda og fjölgunar um nokkur stöðugildi af sömu ástæðu. Stöðugildin sem fjvn. leggur til eru dósentsstaða í hagnýtri rekstrarhagfræði, dósentsstaða í eðlisfræði og ráðning íþróttakennara, en á móti gerir nefndin ráð fyrir lækkun áætlana um útgjöld vegna stundakennslu vegna fjölgunar á föstum stöðum. Tillögur fjvn. um þetta efni eru byggðar á óskum Háskólans sjálfs sem rökstuddar eru með fjölgun nemenda, en þó er í tillögum nefndarinnar ekki tekið tillit til nema lítils hluta af þeim tillögum sem Háskólinn gerði.

Fimmta tillagan varðar Tilraunastöð Háskólans á Keldum. Er annars vegar um að ræða hækkun vegna fæðingarorlofs og samninga um greiðslur dagpeninga, og er það leiðrétting, og hins vegar lækkun sértekna um 4,5 millj. Er það einnig leiðrétting sem stafar af því að ekki eru líkur til að þær sértekjur náist sem áætlað var fyrir í frv. vegna mikillar fækkunar sauðfjár í landinu sem leiðir til minnkandi tekna af sölu bóluefnis.

Sjötta tillaga varðar Raunvísindastofnun. Þar eru tekin inn tvö ný hálf stöðugildi að tillögu fjvn. Er annars vegar um að ræða dósent í stjarnvísindum sem gert er ráð fyrir að ráðinn verði frá miðju ári og hins vegar vegna stöðu dósents í hagnýtri stærðfræði sem einnig er gert ráð fyrir að verði ráðinn frá miðju ári.

Sjöunda tillagan varðar Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Er þar m.a. lögð til lækkun á kostnaði við bókaútgáfu samkvæmt sparnaðartillögu frá menntmrn.

Áttunda tillagan varðar Kennaraháskóla Íslands og er þar um leiðréttingar að ræða.

Níunda tillagan varðar Rannsóknasjóð og er þar enn ein af tillögum menntmrn. um sparnað.

Tíunda og ellefta brtt. varða tillögur menntmrn. um sparnað í menntaskólum. 12. brtt. er skýrð í athugasemdum nema hvað misritast hefur hvað varðar Menntaskólann á Ísafirði að tillagan um framlag til íþróttahúsbyggingar sé til að hefja hönnun og framkvæmdir vegna byggingar íþróttahúss. Hér er ekki um það að ræða, enda hófst bygging umræddds húss fyrir tveimur árum og var hönnun þá að sjálfsögðu löngu lokið. Framkvæmdir við byggingu hússins hafa verið í fullum gangi bæði árin sem liðin eru og eru enn. Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarframkvæmdum verði haldið áfram.

Tillaga 13 er leiðrétting og varðar tillögu menntmrn. um sparnað.

Tillaga 14 varðar Flensborgarskóla og er um kostnaðarauka vegna yfirtöku starfsmannahalds samkvæmt verkaskiptalögum og er leiðrétting sem staðfest er af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Sama máli gegnir um 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21. og 22. brtt. Allar þessar brtt. varða kostnað vegna yfirtöku ríkisins á öllum rekstri þessara skóla og eru þetta tillögur menntmrn. þar um staðfestar af Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem nefndin gerir að sínum.

Tillaga 23 varðar lækkun samkvæmt sparnaðartillögum menntmrn. og sama máli gegnir um tillögu 24.

Tillaga 25 varðar Tækniskóla Íslands. Þar er um að ræða leiðréttingu vegna launagjalda í samræmi við

álit sérstakrar nefndar sem skipuð var til að yfirfara rekstur Tækniskóla Íslands og gert hefur tillögur um nokkrar breytingar sem leiða munu til þess að draga mun úr kostnaði við rekstur skólans en kostnaður við rekstur Tækniskólans hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum. Liður í tillögum nefndarinnar sem skoðar málefni Tækniskólans var sú breyting sem tillaga er gerð hér um og hefur sú afgreiðsla verið borin undir Fjárlaga- og hagsýslustofnum og það er sú tillaga sem fjvn. gerir.

Tillaga 26 varðar sparnaðartillögur menntmrn. Sömuleiðis tillaga 27. Tillaga 28 einnig að öllu öðru leyti en b-lið, en þar er gert ráð fyrir að á safnlið er var 25 millj. kr. og óskiptur í frv. fái Iðnskólinn í Reykjavík 15 millj. kr. til kaupa á tækjum og búnaði.

Tillaga 29 varðar áframhaldandi hönnunarframlag vegna verknámshúss á Ísafirði en verið er að vinna að þeirri hönnun og var veitt á sl. ári 1,5 millj. kr. til þess viðfangsefnis og er ekki um nýtt viðfangsefni að ræða.

Tillaga 30 varðar Íþróttakennaraskóla Íslands. Er þar gert ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi til endurnýjunar á sundlaug skólans en kennslusundlaug skólans er orðin ónýt og að falli komin og er nauðsynlegt að hefja endurbyggingu á henni svo að hægt sé að sinna áfram sundkennslu við Íþróttakennaraskólann.

Tillaga 31 varðar Héraðsskólann á Reykjum. Er þar lagt til samkvæmt tillögum menntmrn. að kostnaður verði lækkaður um 1 millj. kr. Sama máli gegnir um tillögur 33–41. Tillaga 42 tengist einnig tillögum menntmrn. um lækkun kostnaðar og sparnað. Tillaga 43 er hins vegar um að við bætist nýr liður, Einholtsskóli, til almenns rekstrar 11 millj. 312 þús. og er það sameiginleg tillaga menntmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um afgreiðslu þessara erinda og hefur fjvn. fallist á að gera þá tillögu að sinni.

Tillaga 44 varðar lækkun á rekstrarkostnaði Heyrnleysingjaskólans og er þar um að ræða tillögu menntmrn. um sparnað.

Tillaga 45 er leiðrétting á almennum rekstri og sértekjum og er það tillaga sem menntmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun gera sameiginlega og fjvn. hefur tekið upp á sína arma.

Tillaga 46 skýrir sig sjálf, svo og tillaga 47.

Tillaga 48 varðar Þjóðminjasafn Íslands. Á síðasta þingi voru sett ný þjóðminjalög. Samkvæmt þeim lögum er stefnt að mjög verulega auknum kostnaði vegna aukinnar starfsemi Þjóðminjasafnsins og við þjóðminjavörslu. M.a. er gert þar ráð fyrir allverulegum mannaráðningum. Þá gera þessi lög einnig ráð fyrir að Húsfriðunarsjóður fái fast framlag á fjárlögum sem nemi 100 kr. á hvern íbúa landsins og ætti það að nema um 25 millj. kr. Í fjárlagafrv. er hins vegar aðeins gerð tillaga um að til sjóðsins fari sama upphæð og í fyrra eða 3,2 millj. kr. Ástæðan er sú að ríkisstjórnin hefur ákveðið að flytja í tengslum við lánsfjárlög tillögu um að þrátt fyrir ákvæði þjóðminjalaganna skuli framlag til Húsfriðunarsjóðsins takmarkast við þá upphæð sem hér var nefnd.

Fjvn. óskaði eftir því að Fjárlaga- og hagsýslustofnun og menntmrn. gæfu álit sitt um kostnaðaráhrif hinna nýju þjóðminjalaga hvað varðar Þjóðminjasafnið og rekstur þess. Fjvn. fékk um þetta tvö álit, annað frá menntmrn. þar sem gerð var tillaga um að gengið yrði nokkuð til móts við kostnaðaráhrif hinna nýju laga en þó ekki til fullnustu. Hin tillagan kom frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun um alger lágmarksútgjöld vegna hinna nýju laga og var fallist á þá tillögu og gerði fjvn. þá tillögu að sinni.

Nefndinni er fyllilega ljóst að með þessu móti er ákvæðum hinna nýju þjóðminjalaga alls ekki fylgt nema að mjög óverulegu leyti og að sú starfsemi sem þau lög gera ráð fyrir mun ekki hefjast á árinu 1990, en hins vegar verður unnt á því ári að hefja nokkur undirbúningsstörf að því að þau lög geti tekið gildi á næsta ári þar á eftir verði þá fyrir fjármunum séð.

49. tillagan varðar Þjóðskjalasafn, leiðréttingu á launalið, og hefur um þá tillögu verið haft samráð við Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Sama máli gegnir um 50. tillöguna. Sú tillaga er einnig gerð að höfðu samráði við Fjárlaga- og hagsýslustofnun eftir yfirferð þeirrar stofnunar og fjvn. á málefnum Listasafnsins.

51. brtt. er tillaga frá menntmrn. um nokkra lækkun á almennum rekstri Kvikmyndasafns Íslands.

52. brtt. varðar Blindrabókasafn Íslands. Annars vegar er þar lögð til hækkun í almennum rekstri um 800 þús. kr. og er sú hækkun til þess að fullnægja samningi sem fjmrn. hefur gert við Blindrabókasafnið og er skuldbindandi um greiðslur úr ríkissjóði. Liðurinn varðar tækjakaup og er þar lagt til að Blindrabókasafninu verði heimilað að kaupa nýjan blindraleturs prentara í stað annars sem er ónýtur og fær safnið þannig einn nothæfan prentara fyrir blindraletur í stað eins ónýts prentara sem safnið á. Þessi hækkunartillaga á rætur sínar að rekja til fjvn.

53. brtt. varðar liðinn Listir, framlög og skýrir sig sjálf.

54. brtt. er vegna verðuppfærslu.

55. brtt. varðar mótframlag Íslands vegna kynningar á norræna umhverfisárinu, en það verkefni hefur verið samþykkt af norrænu ráðherranefndinni sem skuldbindandi fyrir aðildarlöndin.

56. tillagan er flutt af hálfu fjvn. svo að standa megi við fyrirheit sem gefið hefur verið forráðamönnum Félagsheimilis tónlistarmanna en það fyrirheit hefur m.a. orðið til þess að forsvarsmenn félagsheimilisins hafa lagt fram verulega fjármuni úr eigin vasa og af eigin launatekjum í trausti þess að við umrætt fyrirheit yrði staðið og er lagt til að það verði gert hér.

57. og 58. brtt. þarfnast engra sérstakra skýringa.

59. brtt. varðar húsafriðun. Er þar lagt til að Húsafriðunarsjóður, sem samkvæmt nýsamþykktum þjóðminjalögum hefði átt að fá 25 millj. kr. en fær ekki, fái verðuppfærslu frá því í fyrra um 500 þús. kr. þannig að hann fái sömu meðhöndlun og önnur sambærileg tilfærsluverkefni. Á hinn bóginn leggur fjvn. til að liðurinn Byggða- og minjasöfn verði hækkaður um 3 millj. kr. og í hátt við það sem fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir þannig að hægt verði

að sinna þessum söfnum með svipuðum hætti og gert var á yfirstandandi ári eftir að fyrir liggur að ekki verður hægt að standa við ákvæði hinna nýju þjóðminjalaga um eflingu þessarar starfsemi.

60. brtt. þarfnast ekki sérstakra skýringa né heldur sú 61. og 62., en sú brtt. varðar Þróunarsamvinnustofnunina og er þar gert ráð fyrir framlagi til hennar sem nemur þeim skuldbindingum sem viðurkennt er að stofnunin hafi tekið á sig fyrir Íslands hönd. Er ekki í þessari tillögu gert ráð fyrir neinum nýjum verkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Bliður tillögunnar varðar hins vegar jarðhitadeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Fyrir liggur að Háskóli Sameinuðu þjóðanna sem hefur aðalstöðvar í Japan mun ekki geta greitt hærra framlag til jarðhitadeildarinnar en hann gerði í fyrra, en gert var ráð fyrir því að slíkt gerðist eins og frá málum er gengið í fjárlagafrv. Fjvn. telur óhjákvæmilegt að þessi starfsemi Jarðhitaskólans haldi áfram og er því brýnt að gera tillögu um nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði á móti því að hækkun fæst ekki eins og ráð var fyrir gert frá aðalstöðvum Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Japan.

63. tillagan varðar nýtt viðfangsefni, framlag til Rauða krossins vegna móttöku flóttamanna 15 millj. 368 þús. kr. og er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar Íslands þar um sem er skuldbindandi um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

64. töluliður þarfnast ekki skýringa.

65. töluliður varðar embætti veiðistjóra. Tillagan gerir aðeins ráð fyrir því að staðið verði við ákvæði laga um greiðslur úr ríkissjóði vegna eyðingar refa og minka, en á líðandi ári vantaði rúmlega 11 millj. upp á að staðið yrði við lögbundin framlög af þessum sökum og verður að takast á við það vandamál í fjáraukalögum. Þar sem ekki eru fyrirætlanir um að breyta þessum skyldum ríkisins verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir að fyrir fjármunum sé séð til þess að hægt sé að standa við lögformlegar skuldbindingar. Þá er einnig gert ráð fyrir í þessari tillögu að veiðistjóri geti tekist á við tvö sérstök verkefni, þ.e. er varðar eyðingu máva og hrafna í Landeyjum en þar er komið upp mjög alvarlegt salmonellusmit sem verður tafarlaust að bregðast við og auk þess hefur veiðistjóra verið falið að taka að sér sérstakt rannsóknarverkefni á fjölgun sílamávs við suðvesturströndina vegna mikillar mengunarhættu án þess þó að gert væri ráð fyrir að sú rannsókn þyrfti nokkuð að kosta. Er hér lagt til að áætlað verði að sú rannsókn kosti fé eins og óhjákvæmilegt er og að sá kostnaður verði greiddur sem einnig hlýtur að teljast vera óhjákvæmilegt.

Brtt. 66 þarfnast ekki frekari skýringa.

Brtt. 67 varðar Skógræktina og er þar m.a. um tillögu til lækkunar að ræða og enn fremur er viðfangsefnið Skógræktarátak í Fljótsdalshéraði fellt hér brott en það kemur annars staðar sem sjálfstætt viðfangsefni á fjárlögum, enda er hér mikið mál á ferðinni þótt aðeins sé fitjað upp á því til hálfs og ekki einu sinni það í tillögum frv.

Þá er komið að tillögu 68 er varðar Rannsóknastöðina að Mógilsá. Er þar lagt til að tekið sé kostnaðarlegt tillit til sérstakra rannsóknarverkefna sem búið er að skuldbinda stöðina fyrir en að öðru leyti er einvörðungu um að ræða leiðréttingu á framlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Þá komum við að Landgræðslu ríkisins. Þar er gerð tillaga um lækkun sértekna að höfðu samráði við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjvn. gerir síðan tillögu um 1 millj. sérstaklega vegna landgræðsluframkvæmda í Mývatnssveit og um 3 millj. til að bæta aðstöðu Landgræðslunnar í Gunnarsholti en sú aðstaða er allsendis óviðunandi.

Tillaga 70 þarfnast ekki frekari skýringa.

Tillaga 71 varðar búnaðarsamböndin. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir sérstakri greiðslu, 9 millj. kr., til búnaðarsambandanna. Landbrh. hefur komið til fundar við fjvn. og tjáð henni að á hans vegum sé nú verið að vinna að frv. sem tryggja muni búnaðarsamböndunum sérstakar tekjur til starfsemi þeirra. Er það frv. unnið af nefnd sem Stéttarsamband bænda á aðild að og að sögn landbrh. eru allar horfur á að fullt samkomulag takist í nefndinni. Tillaga þessi um framlag að fjárhæð 6 millj. kr. er gerð til að tryggja búnaðarsamböndunum óbreytta stöðu frá fjárlögum yfirstandandi árs. Nái sú breyting sem landbrh. ræddi við fjvn. um hins vegar ekki fram að ganga munu málefni búnaðarsambandanna verða teki ı til skoðunar síðar.

Tillaga 72 hefur áður verið skýrð.

Tillaga 73 og 74 varða bændaskólana á Hvanneyri og Hólum og eru fullnægjandi skýringar gefnar í nál.

Tillaga 75 varðar samstarfsverkefni á vegum sjávarútvegs og iðnaðar og er gerð tillaga um að til þess samstarfsverkefnis verði varið 6 millj. kr. undir þessum lið á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins en síðar verður gerð tillaga um jafnháa fjárhæð á vegum Iðntæknistofnunar Íslands en auk þess munu fjölmargir aðilar leggja þessu verkefni lið. Þess skal getið að bæði ráðuneytin sóttu um mun hærri fjárveitingu en hér er gerð tillaga um.

Tillaga 76 varðar sjóvinnu- og rannsóknabátinn Mími. Þessi bátur hefur verið gerður út bæði sem kennsluskip við sjóvinnu víðs vegar um land og eins sem rannsóknabátur í þágu Hafrannsóknastofnunarinnar. Fram til þessa hefur Hafrannsóknastofnun greitt hluta kostnaðar við útgerð bátsins, en nú hefur stofnunin tilkynnt að hún treysti sér ekki lengur til að greiða hlut í rekstri bátsins. Væri við svo búið látið sitja mundi þessi starfræksla leggjast niður, enda hefur áhöfninni verið sagt upp störfum. Fjvn. telur ekki réttlætanlegt að leggja niður rekstur þessa báts, enda er hér um að ræða sjóvinnslunámskeið fyrir unglinga, svo til það eina sem mörgum ungum Íslendingum býðst. Nefndin gerir því tillögu um að framlag ríkisins vegna reksturs bátsins verði hækkað um 4 millj. kr. og vill jafnframt að fram komi að þá er ekki gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi áfram aðgang að bátnum til rannsóknastarfa nema þá að stofnunin greiði leigu fyrir þau afnot sem hún telur sig þurfa að hafa af bátnum.

Brtt. 77 varðar lögreglustjórann í Reykjavík. Málefni lögreglustjórans fengu sérstaka skoðun í fjvn. og einnig í dómsmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Niðurstaðan varð sú að Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagði til endurmat á afleysingaframlagi vegna afleysinga og orlofa lögreglumanna í Reykjavík er næmi fjölgun er svaraði til tíu stöðugilda og auk þess lagði stofnunin til að fjölgað yrði hjá lögreglunni í Reykjavík um átta stöðugildi umfram þau sex sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv.

Fjvn. gerði þessa tillögu að sinni með þeirri breytingu að hún leggur til að viðbótarstöðugildin verði tíu í stað átta þannig að alls verði fjölgað í lögreglunni í Reykjavík umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir um 20 stöðugildi. Mun þá fjölga í lögreglunni í Reykjavík alls um 26 stöðugildi þegar þau sex stöðugildi eru talin með sem gert var ráð fyrir í frv. Er það alls tveimur stöðugildum meira en Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagði til.

Það skal fram tekið að lögreglustjórinn í Reykjavík hefur náð mjög góðum árangri í sambandi við lækkun rekstrarútgjalda og niðurskurð á yfirvinnu. Lögreglustjórinn gaf fjvn. Alþingis hins vegar þær upplýsingar að útilokað væri að skera yfirvinnu lögreglunnar meira niður en hann hefur þegar gert, m.a. vegna mikillar stækkunar á löggæslusvæði hans og vegna alkunnra atburða sem gerst hafa í miðborg Reykjavíkur og kalla á aukna löggæslu. Fór lögreglustjórinn þess vegna fram á auknar fjárveitingar til mannaráðninga og er hér lagt til að fallist verði á erindi hans að hluta. Að sögn lögreglustjórans í Reykjavík mun þessi afgreiðsla tryggja það m.a. að löggæsla verði aukin í miðborg Reykjavíkur þannig að hægt verði að draga úr og helst afstýra atburðum á borð við þá sem þar hafa gerst á undanförnum helgum og sagt hefur verið frá í blöðum, útvarpi og sjónvarpi.

Tillögur 78 til og með tillögu 103 varða svo bæjarfógeta og sýslumannsembættin. Um þessar tillögur almennt má segja eitt og hið sama. Annars vegar er þar um að ræða tillögur Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem byggjast á mati þeirrar stofnunar og dómsmrn. á þörfum löggæslunnar og sýslumannsembætta í landinu til þess að mæta raunkostnaði vegna löggæslustarfa en fram kemur bæði í ríkisreikningi fyrir árið 1988 og úr ríkisbókhaldi fyrir yfirstandandi ár að útlagður kostnaður vegna löggæslu er miklum mun meiri en fjárlögin áætla og að mati dómsmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að ekki er ástæða til að ætla að bæjarfógetar og sýslumenn nái öllum þeim árangri um niðurskurð yfirvinnu og launagjalda sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Við tillögugerð fjvn. um viðbrögð við þessum niðurstöðum er í því sem næst einu og öllu farið að tillögum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um afgreiðslu málsins. Í öllum þessum tillögum sem þarna eru gerðar eru aðeins tvær afgreiðslur sem runnar eru undan rifjum nefndarinnar sjálfrar og varða þær lítils háttar lagfæringar á yfirvinnugreiðslum vegna tveggja sýslumannsembætta. Allt annað í tillögunum er byggt á endurskoðuðum tillögum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Annar þáttur í þessum tillögum er svo mat sömu stofnunar á auknum kostnaði og útgjöldum sýslumanna og bæjarfógeta vegna yfirtöku á sjúkratryggingum sem áður voru verkefni sveitarfélaga. Fjvn. hefur alfarið fallist á þá tillögu sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur gert um afgreiðslu þeirra mála og engu þar breytt né við bætt.

Tillaga 104 varðar Landhelgisgæslu Íslands. Þar er lögð til leiðrétting á launum vegna tveggja stöðugilda og yfirvinnu samtals að fjárhæð 6 millj. 700 þús. kr. og er sú leiðrétting gerð að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Einnig er lögð til hækkun á launum vegna nætur- og helgidagavaktar og stöðugildis vaktstjóra og er það einnig gert að fengnu áliti Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Sama máli gegnir um þá tillögu nefndarinnar að þyrluvaktarkostnaður vegna þyrluvaktar lækna verði hækkaður. Nefndin hefur hins vegar að eigin frumkvæði fjallað um áform Landhelgisgæslunnar um kaup á tækjum og búnaði. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 10,7 millj. og var þeirri fjárveitingu ætlað að greiða kostnað við endurbætur á fjarskiptatækjum Landhelgisgæslunnar. Í viðtali við forráðamenn gæslunnar kom hins vegar fram að þeir leggja meiri áherslu á að keypt verði leitarratsjá í flugvél Landhelgisgæslunnar TF-Syn, en sú leitarratsjá gerir flugvél Landhelgisgæslunnar fært að sinna leitar- og eftirlitsskyldum á öðrum tímum en þeim þegar mestrar dagsbirtu nýtur. Slíkar ratsjár hafa hingað til verið mjög dýrar, en nú telur Landhelgisgæslan sig geta fengið þannig ratsjá fyrir samtals um 36 millj. kr. með kostnaði við kaup og uppsetningu og jafnframt að mætavel sé unnt að fá samkomulag um að greiða þennan kostnað á 2–3 árum.

Fjvn. féllst fyrir sitt leyti á þetta erindi Landhelgisgæslunnar og leggur til að fjárveiting til tækja- og búnaðarkaupa verði hækkuð úr 10,7 millj. í 20 millj. og að þeirri fjárhæð verði varið til að kaupa leitarratsjá í flugvélina TF-Syn á árinu 1990 og að leitarratsjáin verði sett í vélina á því ári en mun jafnframt gera tillögu um að í 6. gr. fjárlaga verði sett heimildarákvæði þess efnis að heimilt verði að semja um greiðslu á afgangi af fjárhæðinni á næstu tveimur árum þar á eftir.

105. brtt. skýrir sig sjálf og 106. brtt. er um einfalda uppfærslu á launalið.

Um 107. brtt. er það að segja að þar er gert ráð fyrir að greiddur verði óhjákvæmilegur kostnaður vegna vistunar öryggisgæslufanga sem vista verður með sérstökum hætti og er þar um tiltekna fanga að ræða. Sama máli gegnir um tillögu fjvn. um sérstaka fjárveitingu vegna vistunar fanga á meðferðarstofnunum. Að áliti nefndarinnar er óhjákvæmilegt, eins og málið er í pottinn búið, að fyrir þessum fjárveitingum sé séð, enda munu þær undir öllum kringumstæðum falla á ríkissjóð sem greiðslur hvort sem fyrir þeim er áætlað í fjárlögum eða ekki.

Í 108. brtt. leggur fjvn. til að biskupi Íslands verði heimilað að ráða í sérstaka tímabundna stöðu vegna

safnaðaruppbyggingar en fram hefur komið hjá biskupi Íslands að hann leggur áherslu á slíkt uppbyggingarstarf meðal safnaða landsins á síðustu 10 árum fyrir 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi.

109. brtt. þarfnast ekki skýringar.

110. tillagan er leiðrétting og 111. tillagan varðar tilfærslur.

112. brtt. varðar vistheimilið á Skálatúni og skýrir hún sig sjálf og sama máli gegnir um 113., 114., 115., 116. og 117. brtt. Allar þessar brtt. varða málefni fatlaðra og er fullnægjandi skýring gefin á þeim í fylgiriti með nál. meiri hl. fjvn.

118. brtt. varðar Vinnueftirlit ríkisins. Þar er um að ræða að fallist er á erindi forstjóra stofnunarinnar um kaup á bifreið, tækjum og tölvubúnaði, svo og hækkun launa og annarra rekstrargjalda vegna öryggiseftirlits sem óhjákvæmilegt er að Vinnueftirlitið sinni. Ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi úr ríkissjóði vegna þessara umsvifa, enda liggur fyrir yfirlýsing um að þeir sem þjónustunnar njóta, þ.e. vinnuveitendur, munu greiða fyrir hana fullt verð. Hins vegar er ekki fallist á erindi forstjóra Vinnueftirlitsins, sem stofnunin á sammerkt með öðrum sambærilegum stofnunum, að fallið verði frá þeim fyrirætlunum í frv. að stofnunin sem kostar allan sinn rekstur með sértekjum standi ríkissjóði skil á útgjöldum ríkisins vegna fullrar verðtryggingar á lífeyri starfsmanna.

119. brtt. þarfnast ekki skýringa.

Um 120. brtt. er það að segja að þar er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota hækki um 30 millj. kr. frá tölum frv. Miðað við óbreytt lög og reglur um ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota er líklegt að þessi liður hefði þurft að hækka um 80–100 millj. kr. frá áætlun frv. Á bak við þá tillögu að hækka þennan lið um aðeins 30 millj. kr. býr sú ákvörðun að leggja fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á þessum reglum sem m.a. takmarki ríkisábyrgð á launum við eðlileg laun eins og greidd eru á vinnumarkaði en nokkur brögð hafa verið að því að gerðar hafa verið launakröfur vegna gjaldþrota sem ekki teljast í neinu samræmi við þær almennu launagreiðslur sem eiga sér stað fyrir sambærileg störf á hinum almenna vinnumarkaði. Er ætlunin að taka á þessu vandamáli með breyttum lögum án þess þó að með því sé á neinn hátt skertur réttur launafólks til ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota fyrirtækja, enda séu launin þá í átt við það sem gera má ráð fyrir að greitt sé á hinum almenna vinnumarkaði fyrir þau störf sem unnin eru.

Tillaga 122 varðar heilbr.- og trmrn., aðalskrifstofu. Þar er gert ráð fyrir að heimilað verði að ráða einn viðskiptafræðing á skrifstofuna, en þegar rekstur heilsugæslustöðva flyst nú yfir til ríkisins um nk. áramót mun mjög mikil aukning verða á starfsemi aðalskrifstofu heilbr.- og trmrn. Ráðuneytið óskaði sjálft eftir tveimur stöðugildum vegna þessa. Álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar var að óhjákvæmilegt væri að heimila aðra stöðuna sem sótt var um og gerir fjvn. þá niðurstöðu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að sinni.

Þá kemur tillaga 123 er varðar lækkun á kostnaði sjúkratrygginga. Lækkunin stafar af því að síðar er gerð tillaga um að hjartaskurðlækningar verði auknar á Íslandi, m.a. með því að ráðið verði í stöður tveggja sérfræðinga og hálfa að auki. Með aukningu hjartaskurðlækninga á Íslandi er stefnt að tvöföldun þeirra aðgerða. Þá mun að sama skapi fækka utanferðum hjartasjúklinga til aðgerða erlendis og mun það draga úr kostnaði sjúkratrygginga sem þessu nemur.

Ekkert sérstakt þarf um 124. brtt. að segja, né heldur um næstu tillögu þar á eftir og frá og með tillögu 125 til og með tillögu 139 er það að segja að samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að svokallaðar álagsgreiðslur á spítulum, þ.e. greiðslur umfram grunnlaun vegna vakta, yfirvinnu o.s.frv. nemi 66–68% af heildargrunnlaunagreiðslum spítalanna.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1988 og í þeim upplýsingum sem fjvn. hefur úr ríkisbókhaldi fyrir líðandi ár kemur hins vegar fram að þessar greiðslur nema ekki 67% ofan á grunnlaun, eins og áætlað er í fjárlögum, heldur 75–77% og hefur þó náðst nokkur árangur í lækkun launagjalda hjá spítulunum eins og stefnt var að. Er hér því um að ræða allmikinn mun á áætlunum og rauntölum um launakostnað. Fjvn. óskaði eftir því að heilbrrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun skoðuðu þessi vandamál sérstaklega. Niðurstaða heilbrrn. varð sú að það lagði til að álagsgreiðslur á spítulum yrðu hækkaðar um 2%. Niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar varð sú að stofnunin lagði til að álagsgreiðslurnar yrðu hækkaðar um 1%. Jafnframt var upplýst á fundi fjvn. að áhrif lengingar fæðingarorlofs sem til kom á yfirstandandi ári næmi sem samsvaraði 1% álagsgreiðslna og að ekki væri reiknað með áhrifum þeirrar lengingar í fjárlagafrv. Fjvn. treysti sér því ekki til að gera tillögu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um 1% hækkun álagsgreiðslna að sinni þar sem séð væri að slík hækkun mundi aðeins sjá fyrir þeirri hækkun á álagsprósentu sem stafaði af lengingu fæðingarorlofsins einu saman og væri því ekki líkleg til þess að jafna muninn á milli áætlunar og reynslu eins og sá munur kemur fram annars vegar í fjárlagafrv. og hins vegar í ríkiskreikningi.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að leggja til að álagsprósentan hækki um 1,5% eða hálfu prósenti meira en Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerði tillögu um. Er sú afgreiðsla útfærð fyrir sjúkrastofnanirnar í brtt. 125 til og með brtt. 138. Þá er einnig í þessum tillögum lagt til að fallist verði á leiðréttingu á verðlagsuppfærslu launagjalda gagnvart nokkrum sjúkrahúsum, þ.e. sjúkrahúsinu á Húsavík, Seyðisfirði, Neskaupstað, Selfossi, í Vestmannaeyjum, Keflavík og Hafnarfirði en þetta endurmat var framkvæmt af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Nefndin leggur til að á þá niðurstöðu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar verði fallist.

Þá erum við komin að málefnum ríkisspítala. Á fundi sem fjvn. átti með stjórn ríkisspítala kom fram að nú stefnir í hallarekstur hjá ríkisspítulum að fjárhæð 102 millj. kr. á árinu 1989 en í fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár var því spáð að hallarekstur ríkisspítala mundi verða um það bil 50 millj. kr. þannig að ljóst

er að hallareksturinn stefnir í tvöfalda þá fjárhæð á árinu sem ráð var fyrir gert í fjáraukalagafrv. Miðað við upplýsingar ríkisspítalanna um óbreyttan rekstur nemur fjárvöntun á næsta ári, eins og frá málum er gengið í frv., 398 millj. kr. til að unnt verði að greiða laun og önnur rekstrargjöld ríkisspítalanna miðað við óbreyttan rekstur þeirra á næsta ári.

Fjvn. bað um sérstaka skoðun á þessu erindi af hálfu heilbrrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagði til eftir þá skoðun að sértekjur spítalanna yrðu lækkaðar um 100 millj. kr. og gerir fjvn. þá tillögu að sinni.

Í öðru lagi var lagt til við nefndina að fjölgað yrði um tvö og hálft nýtt stöðugildi við hjartaskurðlækningar. Á móti lækkuðu sjúkratryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins um 7 millj. kr. Þessar tillögur gerir fjvn. að sínum. Þá kom fram að heilbrrh. og fjmrh. höfðu gert með sér samkomulag um tvö ný stöðugildi við K-byggingu sem þó var ekki gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Fjvn. gerir tillögu um 4 millj. kr. er nægi til að greiða kostnað vegna þessara tveggja nýju starfsmanna sem samið hafði verið um.

Þá var lögð fyrir fjvn. tillaga Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um að liðurinn Viðhald undir umsjá stjórnarnefndar ríkisspítala hækki um 10 millj. kr. og gerir fjvn. þá tillögu að sinni. Þá var lögð fyrir fjvn., eins og áður hefur komið fram, niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um 1% hækkunarþörf á álagshlutfalli vegna launagreiðslna, en eins og áður hefur fram komið treystir nefndin sér ekki til að gera þá tillögu að sinni en leggur til 1,5% hækkun. Er sú hækkun hér uppfærð á hinar ýmsu deildir ríkisspítalanna. Þá gerir nefndin einnig sjálfstæða tillögu um að stofnkostnaður vegna stjórnarnefndar hækki um 10 millj. kr.

Þá er komið að Borgarspítalanum. Sá spítali sinnir sérstaklega málefnum alnæmissjúklinga. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja hefur fólki sem smitað er af alnæmisveirunni fjölgað mjög á Íslandi á skömmum tíma og er Ísland nú áttunda efsta land í röðinni hvað varðar fjölda eyðnismitaðra í hlutfalli af fólksfjölda og eru þá ekki meðtaldir í þeirri tölu þeir Íslendingar sem hafa smitast af veirunni og dveljast í útlöndum. Þessi fjölgun alnæmissmitaðra kallar á sérstök viðbrögð og var mikil áhersla á það lögð við nefndina að við því yrði brugðist, m.a. með ráðningu hjúkrunarfræðings og félagsráðgjafa sem sérstaklega helguðu sig málefnum þeirra sem smitaðir eru af þessum sjúkdómi. Fjvn. leggur til að fallist verði á fjölgun um eitt stöðugildi hjúkrunarfræðings og eitt stöðugildi félagsráðgjafa vegna sjúkdómsins eyðni.

Eins og kunnugt er var nú fyrir nokkrum dögum tekin í notkun ný deild við B-álmu Borgarspítalans. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að sú deild verði starfrækt á næsta ári og samkvæmt grg. frv. er í frv. gert ráð fyrir nauðsynlegu mannahaldi á Borgarspítalanum vegna þeirrar starfrækslu. Við nánari athugun reynist svo ekki vera. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir stöðum sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga vegna þessarar deildar. Á þessari nýju deild sem opnuð var fyrir nokkrum dögum er hins vegar m.a. gert ráð fyrir að fari fram bæklunarskurðlækningar. Ljóst er að ekki nægir að gera aðeins ráð fyrir þjónustu sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga vegna slíkra bæklunarsjúklinga auk þess sem opnun nýrrar deildar hlýtur óhjákvæmilega að kalla á aukið álag á aðra en bara þá sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga sem þar starfa.

Heilbrrn. gerði ráð fyrir því í viðræðum við fjvn. að til þess að hægt væri að fullnægja starfsmannaþörfum hinnar nýju deildar þyrfti að ráða í sex til sjö stöður til viðbótar við stöður sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga sem frv. gerir ráð fyrir. Fjvn. leggur til að ráðið verði í tvær af þessum sex stöðum og að Borgarspítalinn fái sjálfur að ráða því hvaða stöður hann velur af þeim sex eða sjö sem hann lagði sérstaka áherslu á. Þá er einnig lagt til í þessari tillögu að álagshlutfall Borgarspítalans vegna launa verði hækkað um 1,5% eins og álag annarra spítala.

Þá er komið að Landakoti. Spítalinn sendi fjvn. inn beiðnir sínar eins og aðrar sjúkrastofnanir og fór nefndin þess á leit við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að hún tæki erindi hans til skoðunar. Niðurstaðan varð að sértekjur spítalans þyrftu að lækka um 10 millj. kr. og gerir fjvn. Alþingis þá niðurstöðu að tillögu sinni. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir hækkun á álagslið launa til samræmis við aðrar sjúkrastofnanir.

Rétt er að geta þess hér að eins og frá tillögum fjvn. er gengið er ekki gert ráð fyrir að neinir nýir verkáfangar verði hafnir, hvorki við K-byggingu á Landspítalalóð né við B-álmu Borgarspítala. Fjárveitinganefndarmenn gera sér fulla grein fyrir því að þar er þröngur stakkur skorinn og ekki síður að fjárveitingar til tækjakaupa og búnaðar á þessum spítulum eru mjög skornar við nögl og varla hægt að sinna þeim störfum sem þessar stofnanir telja vera lágmarksþarfir. Hvað varðar ríkisspítalana telur fjvn. þó að með þeirri hækkun sem hún hefur lagt til á viðhalds- og stofnkostnaði verkefna sé unnt að sinna þeim viðfangsefnum sem óhjákvæmileg eru. Hvað varðar Borgarspítalann á að vera unnt af fjárveitingum þess spítala að halda áfram þeim nauðsynlegum verkum við betrumbætur á eldvarnakerfi spítalans og endurnýjun á rafkerfi hans í framhaldi af því að ný varaaflstöð hefur verið tekin í notkun í samræmi við afgreiðslu Alþingis á fjáraukalögum yfirstandandi árs.

Ástæða er til að minna á í þessu sambandi að í ráði er hjá ríkisstjórninni að samræma rekstur sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu, m.a. þannig að aðgerðaþjónusta þeirra verði endurskipulögð og höfð hliðsjón af mikilli þörf fyrir aukið langlegurými og öldrunarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Brýna nauðsyn ber til að þeirri athugun verði hraðað, m.a. vegna þess að áform um endurnýjun og endurbyggingu á aðgerðaaðstöðu í sumum spítalanna hljóta að tengjast niðurstöðum þeirra athugana og tillögugerð heilbrrn. um samhæfingu í rekstri og starfrækslu sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

143. tillaga varðar byggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Þar leggur fjvn. til hækkun um 35,2 millj. kr. og skiptingu eins og fram

kemur á þskj. 279 og er sú skipting gerð í samráði við þingmenn kjördæmahópanna eins og vani er.

144. tillaga varðar leiðréttingu sem fjvn. fékk frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og gerir nefndin þá leiðréttingu að tillögu sinni.

Tillaga 145 til og með tillögu 153 eiga það sameiginlegt að hér er aðeins um það að ræða að breyta launaliðum um tilteknar fjárhæðir vegna tillagna um hækkun álagshlutfalls á laun sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Tillaga 154 varðar heilsugæslustöðvarnar, en nú yfirtekur ríkið rekstur þeirra af sveitarfélögum frá og með næstkomandi áramótum. Í fjárlagafrv. var fjárhæð vegna þessa á einum safnlið, en gert var ráð fyrir að í meðförum nefndarinnar væri þessum safnlið síðan skipt niður á hinar einstöku heilsugæslustöðvar í héruðunum. Hefur það nú verið gert. Heilbrrn. vann þær tillögur og Fjárlaga- og hagsýslustofnun fór yfir þær og varð niðurstaðan sú sem lýst er í tillögum 155 til og með 162. Þessar niðurstöður heilbrrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur fjvn. tekið upp óbreyttar og gert að sínum. Niðurstöðutala samkvæmt þessari skiptingu er 2 millj. 880 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir í frv. Þá gerir tillaga 154 einnig ráð fyrir að útgjöld á heilsugæslustöðvar vegna 5. gr. laga nr. 87 frá 1989 falli út og sértekjur að fjárhæð 89 millj. kr. falli út á móti og eru sértekjur færðar inn á hvert hérað eins og sést nánar af tillögunum. Ég ítreka að hér er enn alfarið stuðst við sameiginlega niðurstöðu heilbrrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um meðferð þessara mála.

Tillaga 163 varðar Lyfjatækniskóla Íslands. Fjvn. leggur til að fjárveiting til skólans verði hækkuð um 500 þús. kr. vegna viðhaldsverkefna í húsnæði skólans.

Þá er komið að tillögu 164. Í a-lið er lögð til hækkun um 2 millj. kr. á Gæsluvistarsjóði og í b-lið er lagt til að framlag til samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið sem í frv. var 10 millj. kr. verði hækkað í 15. Er það í samræmi við yfirlýsingar um að samtökum áhugamanna um áfengisvandamálið verði tryggðar 15 millj. kr. í árlegt framlag úr ríkissjóði í fjögur ár og er árið 1990 þriðja og næstsíðasta árið sem slíku framlagi hefur verið heitið.

Tillaga 165 þarfnast ekki skýringa.

Tillaga 166 varðar húseignina Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, en þar er fyrirhugað að verði skrifstofur Fasteignamatsins og fræðslustjórans á Vesturlandi. Samkvæmt niðurstöðum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar vantar 17 millj. 800 þús. kr. til þess að sú framkvæmd verði unnin eins og til stendur og gerir fjvn. þá niðurstöðu að tillögu sinni. Þá er í b-lið lagt til að 1 millj. kr. verði varið til áframhaldandi hönnunar stjórnsýsluhúss á Akranesi. Verði það að ráði að keypt verði hús á staðnum í stað þess að byggja nýtt mun þessi fjárveiting að sjálfsögðu falla niður.

Tillaga 167 varðar Vita- og hafnamálaskrifstofuna. Var óskað eftir umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um erindi Vita- og hafnamálastofnunar sem fjvn. barst og eru niðurstöður Fjárlaga- og hagsýslustofnunar gerðar að tillögum fjvn. um meðferð málsins.

Till. 168 varðar tilfærslu vegna kostnaðar við yfirtöku sveitarfélaga á landshöfnum.

Till. 169 varðar svo fjárlagaliðinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur og er gert ráð fyrir að þær hækki um 125 millj. kr. samtals og er sá fjárlagaliður sundurliðaður á hinar ýmsu framkvæmdir í brtt. 169 á þskj. 279. Við þá ákvörðun hefur verið haft samráð við þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu milli hafnamannvirkja í þeirra kjördæmum eins og vani er.

Virðulegi forseti. Þau mistök hafa gerst að vegna þess að tillögur þingmanna Austurl. bárust nokkuð seint hafa þær ekki verið færðar inn í skiptinguna eins og þeir gerðu tillögu um. Þarf því að gera þá leiðréttingu á þeirri skiptingu sem hv. þm. Austurl. leggja til og ekki breytir heildarfjárhæðum. Kemur sú leiðrétting fram í endurprentun skjalsins sem lagt verður fram síðar. Eins og ég segi breytir það ekki heildarfjárhæðum og ekki skiptingu milli kjördæma.

Þá er í brtt. 172 gerð tillaga um að framlag til Hafnabótasjóðs hækki um 27,5 millj. kr.

Tillaga 173 varðar Siglingamálastofnun ríkisins. Þar er í fyrsta lagi gerð tillaga um hækkun á launalið um 4,5 millj. kr. og var í því sambandi haft samráð við bæði samgrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þá gerir fjvn. einnig tillögu um sérstaka fjárveitingu, 1,5 millj. kr. vegna mælinga á stöðugleika skipa og aðgerða til þess að tryggja aukinn stöðugleika og er þar einkum átt við hina smærri báta. Það skal fram tekið að það er rangt sem segir í skýringum við nál. á þskj. 278 að þetta framlag sé ætlað til stöðugleika- og hávaðarannsókna. Hér er aðeins um framlag að ræða til stöðugleikarannsókna og er til þess ætlast að þessu framlagi sé varið til að auka rannsóknir og aðgerðir til að tryggja aukinn stöðugleika fiskiskipa, en þær aðgerðir hafa nú þegar borið verulegan árangur til að auka öryggi sjófarenda.

Tillaga 174 kemur næst. Þar er sérstök ástæða til að minnast á tvö atriði. Í fyrsta lagi b-lið, Norrænar jarðskjálftarannsóknir. Þar er lögð til hækkun um 1440 þús. kr. og er það til að unnt sé að standa við þegar gert samkomulag um samnorrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi. Í d-lið er síðan fjallað um Öryggismálaskóla sjómanna. Er þar gert ráð fyrir að hækka fjárveitingu um 4 millj. kr. og á það að tryggja að Öryggismálaskóla sjómanna sem starfræktur er um borð í fyrrverandi varðskipinu Þór verði tryggð nægileg fjárveiting til þess að hægt sé að sinna öryggismálakennslu í sjávarþorpum og fiskibæjum um landið í allt að þrjá mánuði á ári í stað tveggja mánaða eins og gert hefur verið á yfirstandandi ári. Miðast þessi tillaga einnig við að auka öryggi sjófarenda, enda hefur mikil aðsókn verið að Öryggismálaskóla sjómanna og enginn vafi er á því að hann getur gert og mun gera verulegt gagn til að auka öryggi sjómannastéttarinnar.

Tillaga 175 þarfnast nokkurra skýringa. Samkvæmt a-lið er gerð tillaga um 2,6 millj. kr. hækkun á liðnum 610 Ferðamál. Ætlast er til að 2 millj. af

þessari fjárhæð fari til að greiða fyrir þróunarverkefnum í ferðaþjónustu hjá Ferðaþjónustu bænda en sú ferðaþjónusta hefur nú verið í mjög örri uppbyggingu og eru þar möguleikar á mjög blómlegri atvinnugrein í sveitum landsins sem rétt er að gera sérstakt kynningarátak fyrir. Þá er gert ráð fyrir því að 600 þús. kr. gangi til Ferðafélags Íslands til að greiða að nokkru kostnað sem Ferðafélagið hefur af gerð snyrtiaðstöðu fyrir ferðafólk í óbyggðum landsins.

Í b-lið er gerð tillaga um að liðurinn 620 Hótel, framlög hækki um 5 millj. kr. Af þessum lið eru greiddar þær skuldbindingar sem Ferðamálasjóður hefur verið látinn taka á sig vegna sérstaks vanda hótela. Samkvæmt athugun sem fjvn. lét gera á þessum lið nægja 20 millj. kr. ekki til að Ferðamálasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar og tekist á við þau verkefni sem til hans hefur verið beint. Gerir nefndin því tillögu um að þessar 20 millj. kr. verði hækkaðar í 25 og mun það tryggja að Ferðamálasjóður geti gegnt þeim hlutverkum sem honum hafa verið falin.

Í c-lið er síðan lagt til að settur verði á fót nýr liður, 630 Ýmislegt, og til hans verði veittar 4,6 millj. kr. Ástæðan er sú að fjvn. hefur nú um tveggja ára skeið kynnt sér sérstaklega þau vandamál sem upp eru risin vegna skorts á snyrtiaðstöðu fyrir ferðafólk við Gullfoss og miklum ágangi ferðafólks á því svæði en sá ágangur spillir nú gróðurfari og gönguleiðum í nágrenni Gullfoss. Fram hafa komið ýmsar hugmyndir um úrbætur, þar á meðal um lagningu stíga og frágang bílastæðis, auk þess sem uppi hafa verið hugmyndir um byggingu snyrtiaðstöðu og jafnvel um uppbyggingu aðstöðu til sölu á vöru og þjónustu fyrir ferðamenn. Ýmis áhorfs- og álitamál eru í þessu sambandi, bæði um hvort hús skuli reist á þessu svæði, hvar þau skuli reist og hversu viðamiklar þær byggingar eigi að verða.

Fjvn. leggur þá tillögu fyrir Alþingi að stuðlað verði nú að því að nauðsynlegar lagfæringar verði gerðar á aðstöðu ferðamanna við Gullfoss án þess þó að þar verði stigin einhver þau skref sem erfitt yrði að stíga til baka og umdeilanleg kynnu að verða. Tillaga fjvn. hér um 4 millj. kr. byggist m.a. á því að ónotuð er fjárveiting fyrra árs upp á 1,6 millj. kr. og fyrir þær fjárveitingar, samtals að upphæð 5,6 millj. kr., sem væru til ráðstöfunar væri tillaga þessi samþykkt væri unnt að ganga snyrtilega frá bílastæðum við Gullfoss og leggja göngustígi og göngustiga um svæðið þannig að umferð ferðamanna yrði beint eftir stígunum í stað þess sem nú er, að allt gróðurlendi í kring er meira og minna sparkað sundur vegna átroðnings fjölmargra fóta. Næsta ár yrði síðan notað til þess að gaumgæfa betur þær hugmyndir sem menn hafa um gerð og byggingu snyrtiaðstöðu og hvernig fyrirkomulagi og rekstri á slíkri þjónustu við ferðamenn væri best fyrir komið. Þá er einnig undir þessum lið gert ráð fyrir 600 þús. kr. framlagi til þess að koma á fót snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn við Látrabjarg.

Þá er komið að tillögu 176 en sú tillaga varðar Veðurstofuna. Hún er reist á niðurstöðum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á breytingum er varða Veðurstofuna sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagði fyrir fjvn. og nefndin gerði að sinni.

Um brtt. 177 hefur áður verið rætt í tengslum við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þar er einnig um að ræða leiðréttingar, annars vegar vegna vanáætlunar yfirvinnu og hins vegar vegna ofáætlunar sértekna. Var einnig í þessu sambandi stuðst við álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og það álit gert að tillögum fjvn. Sama máli gegnir um tillögu 179 og tillögu 180 sem er síðasta tillagan á þessu þskj. Um báðar þessar tillögur hafði fjvn. samráð við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og studdist við niðurstöður úr athugun hennar á þessum viðfangsefnum við gerð þeirra tillagna sem hér eru fram settar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að rekja nokkuð tilefni þeirra tillagna sem fjvn. leggur til. Ég geri mér það ljóst að ég hef tekið til þess nokkurn tíma en ég held að það hafi verið nauðsynlegt svo að þeir sem höfðu þolinmæði til að fylgjast með þeirri greinargerð geti gert sér það fyllilega ljóst að þó svo að mönnum finnist tillögur þessar kannski nokkuð háar er meginhlutinn af þeim til kominn vegna leiðréttinga á launaliðum vegna verðuppfærslu og vegna vanáætlana. Þær breytingar hafa allar verið bornar undir Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. og eru flestallar staðfestar af þeim aðilum og fluttar hér að fyrirlagi þeirra. Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að gæti komið fram í mínu máli svo að menn þyrftu ekkert að velkjast í vafa þar um.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. fjvn. á þskj. 279. Ég legg til að þessar brtt. verði síðan samþykktar eins og þær koma fram.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegur forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1990, sem hér er komið til 2. umr., er að ýmsu leyti sérkennilegt. Sjaldan hefur frv. hlotið eins mikið lof frá aðalhöfundi sínum eins og þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu frv. til fjárlaga við 1. umr. og þegar hann kynnti það fyrir fjölmiðlum eftir að frv. var lagt fram. Þá skorti ekki hástemmdar lýsingar og faguryrði um það hversu hér væri mikið tímamótaverk á ferðinni. Frv. átti að valda þáttaskilum, það átti að vera traustur hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar, það átti að mynda traustan ramma um efnahagslífið, ramma sem allir aðilar í þjóðfélaginu áttu að laga sig að. Þarna var komin kjölfestan sem íslensku þjóðina hafði vantað til þess að rífa sig upp úr öldudalnum.

Þeir sem vanir eru að lesa fjárlagafrv. sáu fljótt að hér var málum blandið. Og þeir sem þekkja hæstv. fjmrh. voru ekkert hissa á því þó að hér kynni eitthvað að vera ofsagt.

Sama daginn og frv. var lagt fram lýsti ég nokkrum einkennum þess í örstuttum viðtölum við fjölmiðla. Og við 1. umr. fjárlaga þann 26. okt. sl. gerði ég og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar grein fyrir skoðunum okkar á þessu frv. Ástæðulaust er að rifja upp þau orð sem þá voru sögð, en þau voru mjög á annan

veg en sú lofgjörð sem málskrúðsmaðurinn mikli, hæstv. fjmrh., hafði flutt um þetta afkvæmi sitt.

Á undanförnum vikum hefur fjvn. haft þetta mál til meðferðar. Við nákvæma athugun á frv. hefur komið í ljós að það er óvenjuleg hrákasmíð. Frv. er svo götótt að furðu sætir. Rekstrarliðir þess eru víða hvar vanmetnir. Sömuleiðis launaliðir, jafnvel svo skakkar tugum milljóna króna hjá miðlungsstórri stofnun og hvort tveggja án þess að til þess sé ætlast að dregið verði úr starfsemi þessara stofnana. Sértekjur höfðu á hinn bóginn verið hækkaðar hjá ýmsum stofnunum úr öllu samhengi við möguleika þeirra til að afla sér þessara tekna. Frv. er löðrandi í slíkum villum. Frv. sem átti að vera hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu og veita traustan ramma utan um efnahagslífið var þegar til kastanna kom eins og gatasigti.

Mér þykir nauðsynlegt að draga þetta fram þegar í upphafi ræðu minnar vegna þess að í þessu er fólgin skýringin á þeim mikla fjölda brtt. sem fjvn. flytur við þessa umræðu. Þó að þetta hafi verið sagt með öðrum orðum í ræðu hv. formanns fjvn. hér áðan, þá máttu allir skilja að skoðun hans var hin sama. Fjvn. flytur þessar brtt. sameiginlega. En svo hefur oftast verið með brtt. við 4. gr. Að sjálfsögðu erum við fulltrúar minni hl. í fjvn. mismunandi ánægðir með þessar tillögur og hefðum í sumum þeirra a.m.k. lagt aðrar áherslur. Við höfum því fullan fyrirvara um afstöðu til einstakra tillagna og áskiljum okkur rétt til að hafa frjálsar hendur til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Að þessum orðum mæltum vil ég flytja nefndarmönnum í fjvn. þakkir fyrir ágætt samstarf við þá vinnu nefndarinnar sem nú er að baki. Ég vil einnig taka undir orð formanns nefndarinnar um þakkir til þeirra starfsmanna sem unnið hafa fyrir nefndina og til þeirra embættismanna ríkisins sem nefndin hefur haft mest samskipti við. Þá vil ég einnig flytja þakkir til starfsfólksins alls í húsakynnum Alþingis að Austurstræti 14. Ég vil þó sérstaklega flytja formanni nefndarinnar, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, þakkir fyrir röggsamlega verkstjórn á fundum nefndarinnar og lipurð í samskiptum við okkur, sem erum fulltrúar stjórnarandstöðunnar.

Við afgreiðslu mála fyrir þessa umræðu hefur formaðurinn leitt starf meiri hl. nefndarinnar á þann hátt sem við í minni hl. teljum rökrétt, hann hefur leitast við að leiðrétta að hluta sem flestar villur frv. í hinum smærri útgjaldaliðum, þótt ekki verði séð fyrir hvernig fer um hin stærri vandamálin sem flest bíða 3. umr. Þessi afstaða byggist á sömu sjónarmiðum, sem væntanlega koma bráðlega fram í frv. á vegum nefndarinnar í heild, þar sem gerðar verða tillögur um fastari skipan á meðferð og framkvæmd ríkisfjármála. Til þess að sú skipan geti orðið virk er nauðsynlegt að fjárlög verði raunhæfari en þau hafa oft verið, sérstaklega nú hin síðustu árin.

Engum meiri hl. í fjvn. er það létt verk að flytja svo margar brtt. sem nú hefur verið gert, tillögur sem hækka útgjöld ríkissjóðs um nálega 1200 millj. kr. Sá hluti þessara brtt. sem fluttur er til þess að leiðrétta augljósar vitleysur frv. er þó í rökréttu samhengi við þau sjónarmið nefndarinnar í heild að til þess að hægt sé að veita einstökum stofnunum ríkisins eðlilegt aðhald þurfi þær að búa við fjárlög sem séu sæmilega raunhæf.

Áður en ég vík frekar að fjárlagafrv. þykir mér rétt að rifja upp að nú eru liðnir 14 mánuðir síðan ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist á valdastóla. Ég kalla það svo að enn sitji sama ríkisstjórnin, þótt í september sl. hafi verið skotið undir hana fleiri brauðfótum með þátttöku Borgfl. Í raun var einungis um formbreytingu að ræða vegna þess að Borgfl. hafði stutt hæstv. ríkisstjórn að meira eða minna leyti frá því að hún var mynduð. Það var auðvitað gert í von um umbun, sem að lokum fékkst með tveimur ráðherrastólum, þótt annar þeirra væri einungis að nafninu til og án raunverulegra verkefna.

Yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar frá því fyrir 14 mánuðum eru þjóðinni enn þá í fersku minni. Í fyrstu voru ýmsir sem trúðu því að hæstv. ríkisstjórn mundi standa við þær yfirlýsingar sem hún hafði gefið. Allir vita nú að þetta hefur farið á annan veg. Í 14 mánuði hefur þjóðin orðið vitni að vanefndum. Í 14 mánuði hafa atvinnuvegirnir barist í bökkum með samfelldum hallarekstri og gjaldþroti fjölda fyrirtækja. Í 14 mánuði hefur verið þrengt að afkomu heimilanna með minnkandi kaupmætti almennings og gífurlegum skattaálögum. Landsbyggðin hefur átt í vök að verjast og atvinnuleysi hefur haldið innreið sína. Ríkissjóður safnar skuldum vegna rekstrarhalla og þjóðarbúið safnar skuldum erlendis vegna halla á viðskiptum við útlönd. Millifærslukerfi ríkisstjórnarinnar hefur ekki náð að ráða bót á þessum vanda. Þótt með því hafi tekist að forða nokkrum fyrirtækjum frá gjaldþrotsbrúninni er um að ræða frestun á vanda sem kemur til greiðslu af fullum þunga á árinu 1991. Smáskammtalækningar í formi gengisfellinga hæstv. ríkisstjórnar hafa komið of seint og verið þess vegna of litlar. Ef svo sem helmingurinn af þessum gengisfellingum hæstv. ríkisstjórnar hefði komið fyrir 14 mánuðum væri staðan nú önnur.

Í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 280 eru dregin fram í töluliðum nokkur einkenni efnahagslífsins um þessar mundir. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Erlendar skuldir stórhækka á þessu ári eða úr 41,3% af landsframleiðslu 1988 í rúmlega 50% 1989.

2. Greiðslubyrði af erlendum lánum hækkar úr 16,6% af útflutningstekjum 1988 í 19% 1989.

3. Halli á viðskiptum við útlönd fer vaxandi og því spáð að hann verði 9,9 milljarðar á næsta ári og eru þá ekki teknar til greina alvarlegar horfur í loðnuveiðum. Þessi halli á einu ári samsvarar 200 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

4. Halli á ríkissjóði stefnir í 5–6 milljarða kr. á þessu ári og varlega áætlað í 6–8 milljarða kr. á næsta ári.

5. Spáð er yfir 2000 gjaldþrotum í Reykjavík á þessu ári. Ekki liggja fyrir tölur eða spár fyrir landið í heild en staðan er geigvænleg.

6. Talið er að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði

að meðaltali 8% lægri en 1988 og að hann lækki enn um 5% á næsta ári. Kaupmáttur tryggingabóta frá Tryggingastofnun ríkisins er talinn hafa lækkað á þessu ári um 4–9% eftir tegundum trygginga.

7. Atvinnuleysi var þrisvar sinnum meira fyrstu átta mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra og gert er ráð fyrir að allt að 6 þús. manns gangi atvinnulausir í upphafi næsta árs, eða meira en einn og hálfur árgangur af þeim hluta þjóðarinnar sem nú er á besta starfsaldri.

8. Skattheimta til ríkisins er nú meiri en nokkru sinni fyrr, á sama tíma sem laun fólksins fara lækkandi að raungildi og fjöldi fyrirtækja riðar til falls.

9. Verðbólga hefur á þessu ári hækkað um 25% og raunvextir útlána í bankakerfinu eru að meðaltali tvöfalt hærri en 1987 samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar.

10. Eigið fé heilla atvinnugreina er á þrotum eða þrotið. Eftir ítrekaðar gengisfellingar ríkisstjórnarinnar er fiskvinnslan, sem rekin hefur verið með háskalegum halla síðustu missirin, nú talin réttu megin við strikið að meðaltali, en á sama tíma er bátaflotinn rekinn með ískyggilegum halla og sömu sögu er víðast að segja um þann hluta togaraflotans sem aflar fyrir frystihúsin."

Sú lýsing sem hér er gefin af ýmsum þáttum efnahagsmála er öll dregin fram úr gögnum sem komið hafa frá hæstv. ríkisstjórn sjálfri, mest úr þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Það vekur því sannarlega furðu að hæstv. ríkisstjórn virðist nú telja að hinu ákjósanlega jafnvægi sé náð. Allt sé komið í besta lag hjá heimilunum í landinu, atvinnuvegunum, ríkissjóði og í þjóðarbúskapnum.

Á þessum nótum flytja forustumenn hæstv. ríkisstjórnar nú hverja ræðuna á fætur annarri. Þannig talaði t.d. hæstv. fjmrh. á Alþingi þann 23. okt. sl. þegar hann var að lýsa því fyrir hv. þm. hvernig hæstv. ríkisstjórn hefði skapað þessi eftirsóknarverðu skilyrði fyrir það sem hann kallaði, með leyfi hæstv. forseta: „nýjan grundvöll að varanlegri umsköpun í íslensku efnahagslífi, nýjan grundvöll í sjávarútvegsmálum, nýjan grundvöll í landbúnaðarmálum, nýjan grundvöll í byggðamálum, nýjan grundvöll í ríkisfjármálum, nýjan grundvöll í velferðarkerfinu og tryggingakerfi ríkisins, nýjan grundvöll í samskiptum Íslands við umheiminn".

Þetta er ekki eina ræðan sem hæstv. fjmrh. hefur flutt af þessum toga. Þær eru margar. Og hæstv. fjmrh. er ekki eini ráðherrann í núverandi hæstv. ríkisstjórn sem talar með þessum hætti. Ýmsir fleiri hæstv. ráðherrar æfa sig í ræðuhöldum af þessu tagi.

Þeir sem þannig tala virðast ekki þekkja raunveruleikann. Þeir þekkja ekki afkomu heimilanna eða atvinnuveganna. Þeir þekkja ekki gjaldþrotin. Og þeir þekkja sjálfsagt ekki skattbyrðina. Eða er það kannski svo að þeir séu aðeins að snúa staðreyndunum við með blekkingavaðli?

Hverri ríkisstjórn er það afar mikilvægt að eiga sæmilegt traust þjóðar sinnar. Núverandi hæstv. ríkisstjórn á víst ekki þessu láni að fagna. Það þykir fáum undarlegt sem hlusta á ræður af þeim toga sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni.

Að sjálfsögðu liggur ekkert endanlega fyrir um það hver verður niðurstaðan í ríkisbúskapnum á þessu ári. Ljóst er þó að ríkissjóður verður rekinn með alvarlegum halla sem líklega nemur um 5 milljörðum króna, þrátt fyrir að fjárlög væru afgreidd með rekstrarafgangi.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári fluttum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar harða gagnrýni á veilurnar og skekkjurnar í fjárlögunum eins og þau voru afgreidd. Öll atriði þeirrar gagnrýni okkar, sem voru fjölmörg, hafa nú hlotið staðfestingu reynslunnar. Þegar ég lýsti því t.d. hvernig forsendur fjárlaganna væru í lausu lofti og úr öllu samhengi við veruleikann svaraði hæstv. fjmrh. því til að það skipti ekki miklu máli. Í fjárlögunum væri sem sagt „innbyggt samhengi" á milli tekna og gjalda. Ef gjöldin færu fram úr því sem fjárlögin gerðu ráð fyrir mundu tekjurnar vaxa sjálfkrafa, þ.e. jöfnuðurinn mundi haldast. Þessi snilldarlega kenning hæstv. fjmrh. hefur nú sannað gildi sitt á þann veg að samkvæmt spám fjmrn. er gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs á þessu ári fari 1700 millj. kr. fram úr fjárlögum, en útgjöldin um 8100 millj. Sú tala mun þó væntanlega hækka, m.a. vegna hækkunar á útgjöldum fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989, sem nú er til meðferðar hjá fjvn.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að kenning hæstv. fjmrh. um innbyggt samhengi í fjárlagadæminu hefur reynst álíka haldgóð og ýmsar aðrar fullyrðingar eða yfirlýsingar þessa hæstv. ráðherra.

Í upphafi máls míns rakti ég í örfáum orðum þær einkunnir sem hæstv. fjmrh. gaf fjárlagafrv. þegar hann fylgdi því úr hlaði við 1. umr. Ég lýsti því einnig hvernig frv. hefur staðist þá athugun sem fram hefur farið í fjvn. á undanförnum vikum. Í nál. minni hl. nefndarinnar á þskj. 280 eru rakin nokkur megineinkenni frv. og vankantar þess, eins og þeir liggja fyrir hér við 2. umr. Þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„1. Frv. er lagt fram með nálega þriggja milljarða kr. halla sem sýnir uppgjöf ríkisstjórnarinnar við að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins. Stærri vanda er þó leynt með feluleik í frv.

2. Frv. boðar áform ríkisstjórnarinnar um að þyngja til muna skattbyrði almennings, bæði með tekjuskatti einstaklinga og veltusköttum. Tekjuhliðin er þó næsta óábyggileg vegna margvíslegra breytinga á tekjuöflunarkerfi ríkisins sem óvíst er hvort allar komast fram.

3. Eins og frv. lítur út við 2. umr. felur það í sér verulega þenslu í ríkiskerfinu á næsta ári með á þriðja hundrað nýjum starfsmönnum og aukningu rekstrarútgjalda um allt að 2% að raungildi. Í heild er því spáð að samneysla vaxi á næsta ári um 1% meðan þjóðartekjurnar dragist saman um 1,4%.

4. Framlög til fjárfestingar, viðhalds og ýmissa tilfærslna eru á hinn bóginn skorin harkalega niður, svo að hafa mun veruleg áhrif á atvinnumöguleika fólks á næsta ári.

5. Frv. er hroðvirknislegt. Engar líkur eru til að

forsendur þess, sem eru afar óljósar, fái staðist. Frv. er löðrandi í vísvitandi eða handahófskenndum vanáætlunum sem ekki styðjast við fyrirætlanir um að draga úr rekstri. Meiri hlutinn af hækkunartillögum fjvn. við þessa umræðu er fluttur til þess að stoppa í þau göt.

6. Nokkur stórmál, sem geta skipt a.m.k. 3 milljörðum í útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári, eru ekki afgreidd við þessa umræðu heldur bíða til 3. umr.

7. Við þessa umræðu er því algjör óvissa um lokaniðurstöðu fjárlagafrv. en ljóst er að það verður afgreitt með hrikalegum halla sem vafalaust verður þó dulinn að hluta.

8. Þetta frv. verður seint talið með réttu „hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu“ eða grundvöllur að nýju jafnvægi í efnahagsmálum. Þess í stað er það ein allsherjaryfirlýsing um ráðleysi og uppgjöf ríkisstjórnar sem rúin er trausti þjóðarinnar.“

Á þessu ári hefur orðið nokkur samdráttur í efnahagskerfinu og því er spáð að sá samdráttur haldi áfram á næsta ári. Það er þó rangt að þessi samdráttur sé svo mikill að hann megi telja meðal mestu ytri áfalla þjóðarbúsins í samanlagðri sögu lýðveldisins. Aðeins tvisvar sinnum á þessum áratug hafa þjóðartekjur verið hærri en á þessu ári, en það var á árunum 1987 og 1988, sem voru sérstök veltiár. Hér er því ekki um jafnstórkostleg ytri áföll að ræða og hæstv. ríkisstjórn hefur viljað halda fram. Þrátt fyrir þetta er sjálfsagt að líta á það með fullu raunsæi að nokkur samdráttur hefur orðið í efnahagskerfinu á síðustu tveimur árum. Þessum samdrætti í efnahagskerfinu hefur á hinn bóginn ekki verið mætt með því að stöðva vöxt ríkisútgjalda eða útþenslu ríkiskerfisins. Rekstrarumsvif ríkissjóðs hafa haldið áfram að vaxa á síðustu tveimur árum af fullum þunga og á næsta ári stefnir hæstv. ríkisstjórn að því að auka enn ferðina.

Í fjárlagafrv. er byggt á því að verðlag hækki um 16% en rekstrarútgjöld ríkisins eiga að hækka um 24,7% og launaútgjöldin um 25,2%. Þetta þýðir að samkvæmt frv. var gert ráð fyrir að rekstrarútgjöldin hækkuðu um 1,8% að raungildi og þegar frv. er komið til 2. umr. er þetta hlutfall komið í eða yfir 2%.

Ef til vill kemur það einhverjum á óvart að hækkun útgjalda er langmest hjá fjmrn. sjálfu eða 51% frá því sem var á þessu ári ofan á þá miklu hækkun til fjmrn. sem var í fjárlögum yfirstandandi árs. Þar næst kemur svo æðsta stjórn ríkisins með hækkun um 35,7%. Eins og áður sagði byggir frv. á því að meðalhækkun verðlags á næsta ári verði 16%.

Eins og kunnugt er stefnir hæstv. ríkisstjórn að því að stofna nýtt ráðuneyti á næsta ári, umhverfismálaráðuneyti. Það er skoðun mín að það ráðuneyti sé gjörsamlega óþarft og sé raunar í óþökk mikils þorra þjóðarinnar. Víst er að ef það ráðuneyti kemst á laggirnar á það eftir að auka ríkisútgjöldin og rekstrarumsvif ríkisins að miklum mun. Í því efni nægir að vitna til þeirrar reynslu sem fengist hefur af slíkum ráðuneytum hjá öðrum þjóðum. Meðan hæstv. ríkisstjórn sker niður við trog framlög til hinna nauðsynlegustu framkvæmda, svo sem til skólamála, vegagerðar, atvinnuvega og enn fremur til ýmissa samfélagslegra þarfa, skal eyðslan og útgjöldin taka stökkbreytingum hjá ríkisstjórninni sjálfri og þó umfram allt í ráðuneyti hæstv. fjmrh. sjálfs. Þegar svona er haldið á málum er ekki von að vel fari. „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það“, eru bæði gömul og ný sannindi. Þegar þeir sem ráða ferðinni, hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn, auka í sífellu kostnaðinn, eyðslu og sóun við sín eigin ráðuneyti og aðalskrifstofu sinna ráðuneyta er tæplega mikils árangurs að vænta annars staðar í ríkiskerfinu. Þegar svona er haldið á málum skortir ráðherra alla burði til þess að fást við ríkiskerfið í heild og ná þar sæmilegu aðhaldi eða sparnaði. Árangurinn lýsir sér í þeirri upplausn í fjármálum ríkisins sem nú blasir við.

Með nál. minni hl. fjvn. er birt eitt fylgiskjal, sem er tafla úr þjóðhagsáætlun hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel rétt að vitna í þessa töflu til að sýna fram á í hvaða ófæru stefnir í fjármálum ríkisins. Í töflunni er sýnt, samkvæmt spá fyrir árið 1990, að þjóðarframleiðslan vaxi á árabilinu 1980–1990 um 4% og þjóðartekjurnar um 8%, en á sama tíma vaxi samneyslan um 37%. Þrátt fyrir þessar ískyggilegu upplýsingar leggur hæstv. ríkisstjórn til í fjárlagafrv. að rekstrarumsvif ríkissjóðs vaxi um 2% að raungildi á næsta ári. Verði framhald á þessari þróun sem hæstv. ríkisstjórn skellir skollaeyrunum við erum við á leið út í efnahagslegt kviksyndi.

Við sem erum fulltrúar minni hl. í fjvn. lýsum því í okkar nál. að við teljum óhjákvæmilegt að bregðast við þessari þróun. Við teljum að það verði að gera á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að skapa atvinnulífinu þau skilyrði að hagvöxtur geti tekið við af hnignun og samdrætti. Í öðru lagi að stöðva útþenslu ríkiskerfisins og ná raunverulegum sparnaði. Til þess að mögulegt sé að ná árangri á þeim vettvangi verða ráðherrarnir sjálfir að ganga á undan og æðsta stjórn ríkisins. Það er þó allra nauðsynlegast fyrir hæstv. fjmrh. sjálfan, og raunar hvern þann sem gegnir því starfi, að láta það ekki henda sig ár frá ári að útgjöld vaxi meira í hans eigin skrifstofu en annars staðar í ríkiskerfinu.

Hæstv. fjmrh. og raunar fleiri hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafa þar ofan í kaupið misbeitt valdi sínu með því að ráða fleiri pólitíska aðstoðarmenn í sínar ráðuneytisskrifstofur en lög og reglugerð um Stjórnarráðið veitir þeim heimild til. Það er enda fullljóst að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur hvorki vilja né getu til þess að taka á málum með þeim hætti sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. telja nauðsynlegt.

Ég óskaði eftir því fyrir rúmu ári að Ríkisendurskoðun tæki saman skýrslu um útgjöld og mannafla á aðalskrifstofum ráðuneyta á árabilinu 1982–1988. Skýrslu sem sýndi breytingar sem orðið hafa á þessu tímaskeiði. Þetta verk var unnið og birtist með skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í maímánuði sl. Í nál. minni hl. fjvn. er birt ljósrit af þremur töflum úr þessari skýrslu. Þar kemur m.a. fram að kostnaður við aðalskrifstofur allra ráðuneytanna hefur aukist á

föstu verðlagi á árunum 1982–1988 um 66,7%. Hækkunin er misjöfn eftir ráðuneytum, mest í sjútvrn. 180% og hjá Hagstofu Íslands 134,8%. Þar á eftir kemur fjmrn. með 87%. En félmrn., heilbr.- og trmrn., dóms- og kirkjumálaráðuneyti og landbrn., ásamt Fjárlaga- og hagsýslustofnun, eru öll með hækkun yfir 70%. Skýringin á gífurlegri hækkun sjútvrn. er sú að ráðuneytið flutti sig á milli húsa og fjárfestingarkostnaður við að laga til skrifstofu fyrir hæstv. sjútvrh. og 14 eða 15 starfsmenn hans var hvorki meiri né minni en 36 millj. kr.

Breyting á starfsmannahaldi aðalskrifstofanna á þessu árabili, 1982–1988, er mjög misjöfn en að meðaltali er um aukningu að ræða sem nemur 35,3%. Mest aukning á starfsmannahaldi er einmitt í því ráðuneyti sem ég stjórnaði árið 1982. Þá voru þar, í landbrn., 7 1/2 starfsmaður en 1988 eru þeir 16. Eitthvað hefur þeim fjölgað síðan. Þetta er fjölgun um 113%. Næstmest er fjölgun starfsmanna hjá Hagstofu Íslands og var þó ekki kominn neinn hagstofuráðherra árið 1988. Fækkun er í einu ráðuneyti, það er viðskrn., um 8,9%.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þeim töflum sem birtar eru í nál. minni hl. um aðalskrifstofur ráðuneytanna er sýna ótrúlega mikla fjölgun starfsmanna og aukningu kostnaðar. Þó hefur kostnaður við ýmsar þeirra aukist mjög á þessu ári og stefnir í sömu þróun á hinu næsta.

Ég tel einnig ástæðu til að vekja athygli á töflu D í nál. minni hl. fjvn., sem sýnir yfirlit um þróun útgjalda í A-hluta ríkissjóðs og fjölgun stöðugilda á árabilinu 1980–1990. Þar kemur fram að útgjöld A-hluta ríkissjóðs hafa aldrei verið hærra hlutfall af landsframleiðslu en 1989, það er í ár, eða 28,8%, meðan þetta hlutfall var 23,8% 1980 og 22,8% 1984. Þó að hlutfallið sé nokkru lægra, eða 27,6% 1990, þá er það óraunhæft hlutfall vegna þess að enn er ekki búið að ganga frá fjárlögum og eftir að taka mjög þunga kostnaðarliði inn á A-hluta ríkisjóðs ef allt fer að líkum. Og þó að það verði ekki gert, þá munu þau útgjöld koma fram í ríkisreikningi, þannig að þetta hlutfall er ekki marktækt.

En það er athyglisvert einnig að magnaukning útgjalda A-hluta ríkissjóðs á þessu árabili, 1980–1990, er nærri 21%. Á þessu sama tímabili hefur starfsmönnum hjá A-hluta ríkissjóðs fjölgað um 38,7% eða 3328 starfsmenn. Þessar upplýsingar sýna skýrum stöfum þá útþenslu sem er í ríkiskerfinu og hefur verið allan þennan áratug. Það er þó ljóst að útgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu eru langsamlega mest á árinu 1988, árið 1989 enn meira og síðan 1990. Þó að hæstv. ríkisstjórn hafi beitt niðurskurði í þeim þáttum ríkisútgjaldanna sem varða fjárfestingu, framlög til atvinnuvega og til ýmissa tilfærslna, þá hefur hvergi verið spyrnt við fótum og þenslan aukist í umfangi ríkiskerfisins, í sjálfum rekstrinum og þó einkum eftir því sem nær dregur hæstv. ráðherrum sjálfum, á aðalskrifstofum þeirra. Þetta verður að telja megineinkenni á þeim hlutanum í fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar er varðar útgjöld.

Hæstv. ríkisstjórn lagði einnig upp með þá stefnu, þegar hún settist á valdastóla, að þetta væri hægt að fjármagna og ná jöfnuði einfaldlega með því að hækka skatta. Hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt mikla hugmyndaauðgi í því að finna nýja og nýja skatta til þess að leggja á þjóðina. Það virðist ekki hafa hvarflað að hæstv. ríkisstjórn að á meðan atvinnuvegirnir berjast í bökkum hallarekstrarins og gjaldþrot fyrirtækja er daglegt brauð, launafólk býr við minnkandi kaupmátt og öryggisleysi um atvinnu, þá sé þessi stefna dæmd til að mistakast.

Hæstv. ríkisstjórn hefur talið vorkunnarlaust fyrir alemnning í landinu að greiða meira til ríkisins heldur en nokkru sinni fyrr, þó að flestir hafi minna handa á milli en áður. Ríkissjóður skal taka meira í sinn hlut en áður. Hæstv. ríkisstjórn horfir bara á glansmynd sína af afkomu fólksins, af afkomu atvinnuveganna, sem hún lýsir í hverri ræðunni á fætur annarri og segir: Þeim er vorkunnarlaust að borga meira.

Tekjuhlið frv. bíður, eftir venju, til 3. umr. Segja má að hún sé nú mikilli óvissu háð vegna þeirra skattkerfisbreytinga sem hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að koma fram hér á hinu háa Alþingi. Sé miðað við fjárlagafrv. og þær breytingar á sköttum sem nú hafa verið boðaðar, verður samkvæmt upplýsingum fjmrn. lækkun á tekjum af virðisaukaskatti frá því sem frv. gerði ráð fyrir um 1900 millj. kr. Á móti ætlar hæstv. ríkisstjórn að hækka tekjuskattinn um 2800 millj. en reiknar með að endurgreiða af því í formi barnabóta og persónuafsláttar 1400 millj. kr. Enn fremur að lagður verði mengunarskattur á bifreiðar sem gefi 350 millj. og tekjuskattur á orkufyrirtæki sem gefi 250 millj. kr. Þetta dæmi á sem sagt að koma út nálega á sléttu eða með 100 millj. kr. auknum tekjum fyrir ríkissjóð. Væntanlega fást nákvæmari áætlanir um þessi atriði og tekjuhliðina alla fyrir 3. umr., þar á meðal hvort hæstv. ríkisstjórn hyggst standa við þær fyrirætlanir sem boðaðar eru í fjárlagafrv. að leggja 600 millj. kr. skatt á sparifé landsmanna.

En hæstv. ríkisstjórn hefur fleiri járn í eldinum. Gerðar eru í fjárlagafrv. mjög harðar kröfur á hendur ýmissa stofnana ríkisins um að afla sértekna, sem þýðir það að þær selja þjónustu sína mun hærra verði en áður hefur tíðkast. Það er viðurkennt að sumar þessara stofnana verða beinlínis að velja sér viðskiptamenn eftir því hvort þeir geti borgað eða ekki. Þannig er það t.d. um rannsóknastofnanir og aðrar stofnanir sem eiga að þjóna atvinnulífinu, að það getur ráðið úrslitum um hvort þjónustan er veitt eða ekki, hvort litið sé svo á að atvinnufyrirtækin hafi bolmagn til þess að borga. Hinir, sem eru verr staddir, verða settir hjá. Þessi stefna hæstv. ríkisstjórnar gengur svo langt að nokkrar stofnanir í A-hluta ríkissjóðs eiga að innheimta meira fyrir þjónustu sína en þær þurfa á að halda og skila sem tekjum í ríkissjóð. Þessar stofnanir á sem sagt að nota sem innheimtumenn fyrir ríkissjóð beint til þess að afla skatta. Þannig er það með stofnanir eins og Húsameistara ríkisins, Brunamálastofnun, Vinnueftirlit,

lyfjamál og Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Allar þessar stofnanir eiga að innheimta af landslýðnum meira fé heldur en þarf til þess að standa undir rekstri þeirra og skila sem skatttekjum í ríkissjóð samtals 58,8 millj. kr.

Ýmsar stofnanir B-hlutans eru undir sömu sök seldar. Þannig á t.d. Póstur og sími að innheimta með hækkuðum póstburðargjöldum og símgjöldum um 350 millj. kr. umfram það sem stofnunin þarf sjálf á að halda. Símgjöldin og póstburðargjöldin eru þannig notuð til þess að ná sköttum af fólkinu í landinu beint í ríkissjóð.

Í töflu E sem birt er í nál. minni hl. fjvn. sést að skattbyrðin á næsta ári á að verða meiri en nokkru sinni fyrr, eða 27% af vergri landsframleiðslu. Vegna þeirrar óvissu sem er um tekjuhlið fjárlagafrv. kann sú tala að sjálfsögðu að breytast. Á þessu ári er gert ráð fyrir að þetta skatthlutfall sé 26,6% af landsframleiðslu. Til samanburðar má geta þess að tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 voru 23,6% af landsframleiðslu. Mismunurinn á milli þessara tveggja ára er talinn nema um 8,8 milljörðum kr. á föstu verði sem innheimtur ríkissjóðs eru meiri á árinu 1989 heldur en var á árinu 1987.

Þessi tafla, ásamt þeim skýringum sem fylgja, sannar vel þá miklu aukningu sem orðið hefur á skattbyrðinni og innheimtum ríkissjóðs í heild. Þar kemur m.a. fram að matarskatturinn svokallaði hafi aukið tekjur ríkissjóðs um 6,7 milljarða á árinu 1988 og um 8,2 milljarða á árinu 1989. Á móti kemur að niðurgreiðslur höfðu aukist um 1,5 milljarða árið 1988 en áætlað að þær hafi aukist á þessu ári um 1,7 milljarða kr.

Hæstv. fjmrh. hefur ráðið sérstakan upplýsingafulltrúa til fjmrn., að sjálfsögðu án allra heimilda. Sagt er að þessi upplýsingafulltrúi eigi að hafa það verkefni m.a. að kenna landsmönnum að borga skattana með bros á vör. Svo virðist sem þessum vildarmanni hæstv. fjmrh. sé falið það hlutverk að útbúa gögn sem sífellt er dreift í fjölmiðlana er eigi að sýna fram á hvernig endalausar skattahækkanir hæstv. ríkisstjórnar feli í sér lækkun skatta. Skattgreiðendur fá síðan að borga allan þennan blekkingavaðal. Sem dæmi um þennan fjölmiðlaleik hæstv. fjmrh. eru yfirlýsingarnar um það að með þessum skattkerfisbreytingum lækki skattbyrði láglaunafólksins. Minni hl. fjvn. hefur komist að því í sínum athugunum, eins og aðrir, að þetta sé rangt. Skattbyrðin þyngist þvert á móti á láglaunafólki, eins og á öðrum landsmönnum.

Upplýst er að samkvæmt reglugerð hæstv. fjmrh. muni virðisaukaskatturinn fela það í sér að sveitarfélög greiði 500–800 millj. kr. meira til ríkissjóðs en þau greiddu áður með söluskatti. Á þennan hátt er tekinn af þeim ávinningurinn sem talið var að þau hefðu af breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Virðisaukaskatturinn leggst einnig á fleiri þætti í sölu og þjónustu heldur en söluskatturinn gerði áður og hefur þannig áhrif á verðlag, sem á tímum rýrnandi kaupmáttar bitnar á fólki með vaxandi þunga og veldur um leið minnkandi veltu og rýrari gjaldstofni. Allt ber þetta að sama brunni.

Ég hef kallað árið í ár skattaárið mikla. Með nýju ári, á árinu 1990, ætlar þessi hæstv. ríkisstjórn að slá nýtt met í skattaálögum. Slík skattaáþján á samdráttartímum hlýtur að hafa þau áhrif að magna kreppuna.

Fjárlagafrv. er í mörgum greinum þannig úr garði gert að það gengur þvert á yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar eða einstakra hæstv. ráðherra. Nefna má sem dæmi hátíðlegar yfirlýsingar hæstv. samgrh. og ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu vegáætlunar fyrir þetta ár en þá var um verulegan niðurskurð að ræða á fé til vegamála á árinu 1989. Gefnar voru afdráttarlausar yfirlýsingar um að með vegáætlun, sem afgreidd var á Alþingi 20. maí sl., væri stefnan mörkuð og við hana yrði staðið. Síðan kemur fjárlagafrv., sem hér er til umræðu, og þar vantar yfir 1 milljarð til þess að við þetta sé staðið.

Nefna má enn fremur afdráttarlausar yfirlýsingar hæstv. landbrh. og stjórnarliða um greiðslu á fé sem bændur landsins eiga inni hjá ríkissjóði. Þessar yfirlýsingar verða væntanlega gerðar að umtalsefni hér af öðrum og ég fer ekki nánar út í þær. En enn þá eru ekki merki þess að við þessar yfirlýsingar verði staðið.

Afgreiðsla á þessum málum bíður að vísu til 3. umr. og þau hljóta að verða tekin til athugunar fyrir þann tíma. Til 3. umr. bíða einnig fleiri stórmál, sem ekkert er vitað um á þessari stundu hvaða afgreiðslu hljóta. Meðal annarra mála eru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna, almannatryggingar, niðurgreiðslur, uppgjör við sveitarfélögin vegna nýrra laga um verkaskiptingu og vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Enn fremur má nefna í þessum lið mál eins og Háskólann á Akureyri, launalið hjá Flugmálastjórn, Þjóðleikhúsið og ýmis fleiri mál.

Í nál. minni hl. fjvn. er dregið fram að óleystur vandi vegna þessara mála sé eigi minni en fullir 3 milljarðar kr. Um ýmis þessara mála hafa einnig verið gefnar yfirlýsingar. Nefna má sem dæmi Háskólann á Akureyri. Í fjárlögum þessa árs er lítil fjárveiting til þess að hefja undirbúning að stofnun sjávarútvegsdeildar fyrir skólann. Síðastliðið sumar kom svo hæstv. menntmrh. og lýsti yfir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja kennslu við sjávarútvegsdeild skólans á næsta ári. Þetta er að sönnu mjög mikilvægt mál. En svo kemur fjárlagafrv. og þá kemur í ljós að til þess að hægt sé að standa við yfirlýsingar og ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar vantar um 100–120 millj. kr.

Hæstv. menntmrh. er líka annað veifið að gefa yfirlýsingar um starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna. Stjórn Lánasjóðsins telur að inn á fjárlög næsta árs vanti 500 millj. kr. til þess að halda óbreyttri starfsemi sjóðsins og óbreyttu lánahlutfalli. En þá kemur hæstv. menntmrh. og lýsir yfir ákvörðunum sínum um aukningu útlána sem fara fram úr áætlunum stjórnar sjóðsins. Og þessar yfirlýsingar hæstv. menntmrh. kosta 200 millj. kr. til viðbótar á næsta

ári. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að standa við yfirlýsingar hæstv. menntmrh. um starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna þá vantar á næsta ári 700 millj. kr. Nú verður fróðlegt að sjá við 3. umr. hvort yfirlýsingar hæstv. menntmrh. hafa einungis verið ábyrgðarlaust rugl ellegar hvort hæstv. ríkisstjórn og meiri hl. hér á hinu háa Alþingi ætlar að útvega fé til þess að við þær verði staðið.

Í málefnum almannatrygginga er einnig óleystur vandi sem er eigi minni en 700 millj. kr. Í fjárlagafrv. er gefið í skyn að breyta eigi lögum um lífeyristryggingar á þann veg að þær verði skertar um 200 millj. kr. Þá er einnig gefið í skyn að lagabreytingar eigi að verða er varða sjúkratryggingar þannig að þær verði einnig skertar um 500 millj. kr. Ákjósanlegt væri að það tækist að ná þar sparnaði. En það bólar hvergi á aðgerðum. Og komist þær ekki í framkvæmd renna þessir peningar viðstöðulaust út úr ríkissjóði.

Enn liggur ekkert fyrir um það hvernig uppgjör við sveitarfélögin vegna nýju verkaskiptalaganna verður framkvæmt. Það er fordæmanlegt hversu dregist hefur úr hömlu hjá menntmrn. og félmrn. að setja reglugerðir við lögin þannig að það lægi ljóst fyrir hvernig þessari yfirfærslu verður háttað sem á að taka gildi á næstu áramótum. Það er þess vegna ekki einvörðungu við meiri hl. fjvn. að sakast. Hitt liggur ljóst fyrir að hér er um stórar fjárhæðir að tefla og óvissan um öll þessi mál er sveitarfélögunum ákaflega bagaleg.

Ég skal fara fljótt yfir sögu um aðra af þeim málaflokkum sem hér bíða 3. umr. Samkvæmt áliti Fjárlaga- og hagsýslustofnunar vantar um 540 millj. kr. í niðurgreiðsluliðinn og það liggur fyrir að í launalið einnar stofnunar vantar milli 60 og 70 millj. kr., en það er hjá Flugmálastjórn. Allt er það vegna vanáætlunar hæstv. fjmrh. vegna þess að ekkert hefur heyrst eða komið fram þess efnis að það eigi að skerða starfsemi þeirrar stofnunar til þess að þannig megi draga úr launaútgjöldum.

Sá gífurlegi halli sem fyrirsjáanlega verður á fjárlögum á þessu ári og við blasir á næsta ári felur það í sér að vaxtaliðurinn í fjárlagafrv. er stórlega vantalinn. Ég ætla hér ekki að nefna tölur, en þær eru býsna stórar. Samanlagt er það því gífurlegur vandi sem er óleystur og bíður 3. umr. Ég skal á engan hátt um það segja á þessari stundu hversu mikið af þessum óleysta vanda verður tekið beint inn á fjárlög næsta árs. Hitt er líklegra að hluti af þessum vanda verði geymdur uppi í fjmrn. og brjótist þar fram þegar líður á árið í auknum útgjöldum ríkissjóðs, svo sem verið hefur á þessu ári og hinu síðasta og raunar stundum áður.

En vandinn hverfur ekki fyrir þetta. Og menn verða að gera sér hér ljóst að nú er hann margfalt meiri en ég man eftir nokkru sinni í annan tíma. Fyrir liggur að hallinn á fjárlagadæminu er þegar orðinn 4 milljarðar kr. miðað við það að brtt. fjvn. verði samþykktar, sem fluttar eru við þessa umræðu. Ég hef leyft mér að áætla að fjárlög verði afgreidd með eitthvað í kringum 6 milljarða halla að þessu sinni ef ekki kemur til að hæstv. ríkisstjórn teygi verulega úr tekjuáætlun fjárlagafrv.

Þá liggur það jafnframt fyrir að verulegur hluti hallans verður geymdur í einhverjum af skúffum hæstv. fjmrh. þangað til síðar á árinu að hann kemur til greiðslu hjá ríkissjóði. Raunverulegur halli á fjárlagadæminu er því drjúgum meiri heldur en hér hefur verið talið eða varlega áætlað 7–8 milljarðar kr. Þetta sýnir að staðan er hrikaleg og fjárlagadæmið allt í uppnámi. Og það er tilgangslaust fyrir hæstv. ríkisstjórn og hv. Alþingi að loka augunum fyrir því að vandinn er af þeirri stærðargráðu sem ég hef hér lýst. Þetta liggur nokkuð ljóst fyrir.

Það sem hér hefur verið rætt að framan sýnir algert skipbrot hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins. Það sýnir að sú stefna hæstv. ríkisstjórnar að leyfa rekstrarumfangi ríkiskerfisins að vaxa í sífellu og ætla sér síðan að innheimta í sköttum meira og meira af fólkinu í landinu á samdráttartímum, þegar greiðslugetan er þverrandi, sú stefna er komin út í ógöngur. Fjárlagafrv. sem átti að vera hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu og móta traustan ramma um alla þætti efnahagslífsins hefur reynst eitthvert óvandaðasta fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Hæstv. ríkisstjórn ætti sjálf að velja sér einkunnarorð við hæfi í ríkisfjármálum. Þau gætu verið sjálfbirgingsháttur, úrræðaleysi og sóun. Fjármálastjórn sem starfar undir slíkum einkunnarorðum er þjóðinni hættuleg.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls þakka formanni fjvn., Sighvati Björgvinssyni, fyrir góða fundarstjórn og gott samstarf svo og öllum nefndarmönnum. Sérstaklega vil ég þakka starfsfólki Ríkisendurskoðunar og starfsfólki fjvn. fyrir einstaka lipurð í samskiptum svo og öllu starfsfólki í Austurstræti 14.

Virðulegi forseti. Á fjárlögum hverju sinni birtist hugur stjórnvalda, þar sést stjórnarstefnan í raun. Þar sést á borði það sem haft hefur verið í orði eða það skyldi maður ætla. Hvernig til hefur tekist, hvort breyta á forgangsröð, hvort það eru breyttar áherslur, þá með þeim hætti að fjárlagafrv. endurspegli málefnasamning og yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar, er hennar sjálfrar að dæma. Niðurstöðurnar sem koma fram mun almenningur dæma síðar. En það verður að segjast eins og er að við kvennalistakonur eigum erfitt með að greina stórbreytta áherslu eða forgangsröð frá því sem verið hefur. Enn sem fyrr höfum við lítið á málið út frá sjónarhóli kvenna fullvissar þess að hagur kvenna og þeirra sem í skjóli þeirra standa sé einnig þjóðarhagur. Því munum við kvennalistakonur hér á eftir mæla fyrir nokkrum brtt. sem varða konur og eru þær prentaðar á þskj. 287. Mun ég ekki tíunda frekar í byrjun máls míns þessar tillögur, einungis undirstrika að ótalmargt annað hefðum við kosið að sjá með öðrum hætti en viljum með táknrænum hætti benda á hve konur, kjör þeirra og þarfir eru oftast víðs fjarri í hugum þeirra sem málum ráða.

Þegar þetta frv. til fjárlaga var lagt fram fyrir sex vikum ræddi ég nokkuð um að forsendum þess væri

ekki treystandi. Ég skírskotaði til fjárlaga yfirstandandi árs sem nú eru komin úr öllum böndum og benti á hástemmdar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. þá um að með raunhæfum fjárlögum með tekjuafgangi væri brotið blað í sögu fjárlagagerðar. Þó að endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir enn um afkomu ríkissjóðs á þessu ári er ljóst að tekjur ríkissjóðs fara 1,7 milljarða fram yfir fjárlög. Þegar liggur fyrir að hallinn verður a.m.k. 6 milljarðar og ekki kæmi á óvart þó niðurstaða fjáraukalaganna sýndi hallann nær 7–8 milljörðum. Þannig blasir við okkur í dag hvernig raunin hefur orðið um tímamótafrv. frá því í fyrra.

Þegar svo horft er til framtíðarinnar með hliðsjón af reynslu þessa árs og með hliðsjón af þeirri áætlun um ríkisfjármál sem fjárlagafrv. boðar hljóta menn að hafa uppi efasemdir. Engar af forsendum fjárlaga þessa árs um gengi, verðlag, lán og laun stóðust. Er ástæða til að treysta forsendum þessa frv. betur? Fjmrh. fullyrti að í fjárlögum þessa árs væri séð fyrir þeim launahækkunum sem yrðu á árinu. Hvert barn getur séð að sú varð ekki niðurstaðan.

Nú eru samningar lausir og þegar hefur orðið umtalsverð kaupmáttarrýrnun á árinu og spáð er enn frekari rýrnun á næsta ári. Eigum við því að treysta því að fyrirsjáanlegum og óumflýjanlegum launahækkunum sé mætt í fjárlögum næsta árs? Skoðun mín er sú að í ljósi fyrri reynslu sé það hæpið. Sú reynsla staðfestir í raun að stjórn efnahagsmála á þessu ári hefur gersamlega mistekist. Því til sönnunar eru eftirfarandi staðreyndir:

Viðskiptahalli við útlönd hefur aukist á þessu ári og er spáð að á næsta ári kunni hann að verða allt að 10 milljörðum sem getur þó orðið meira ef loðnuveiðin bregst. Erlendar skuldir hafa stórhækkað á þessu ári og sömuleiðis greiðslubyrði af erlendum lánum sem verður trúlega um 19% af landsframleiðslu. Hallinn á ríkissjóði í ár verður ekki undir 6 milljörðum, verðbólga er 25% og raunvextir af bankalánum hafa að meðaltali tvöfaldast á árinu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur rýrnað verulega á árinu og spáð er að hann muni enn dragast saman á næsta ári. Atvinnuleysi hefur aukist stórkostlega á þessu ári og fyrirsjáanlegt er að eftir áramót munu þúsundir manna verða án atvinnu. Slíkar tölur hafa ekki sést í áratugi og ég vil ítreka að þessar staðreyndir eru sönnun þess að ríkisstjórninni hefur ekki tekist það yfirlýsta ætlunarverk sitt að ná tökum á efnahagsmálunum. — Forseti. Má ég spyrja hvar ráðherrar eru staddir? (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að láta hæstv. ráðherra vita að nærveru þeirra sé óskað hér í salnum. Þá geri ég ráð fyrir að átt sé við hæstv. fjmrh.) Fyrst og fremst.

Þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu frv. lýsti hann því yfir að það væri hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu og traustur rammi um efnahagslífið sem þjóðin ætti að laga sig að. Nú þegar við 2. umr. er komið í ljós að lítið mark er takandi á þessum yfirlýsingum þó auðvitað megi halda þeim fram svo fast og lengi að einhverjir fáráðlingar fáist til að trúa þeim. Raunin er sú að frv. var illa unnið, moraði af augljósum vanáætlunum og villum sem í meðferð fjvn. hafa fengið umtalsverðar leiðréttingar, greinilega í fullkominni óþökk hæstv. fjmrh. Spurningin er hvort honum þykir ákjósanlegra að fá leiðréttingarnar í bakið í lok næsta árs en að reyna að byrgja brunninn í tíma. — Það bólar lítið á ráðherra. (**Gripið fram í:** Það verður bara að fresta fundi.)(**Forseti:** Forseti hefur þegar beðið um að hæstv. fjmrh. komi hér í salinn.) Ég mun nú halda áfram máli mínu þó að hæstv. fjmrh. þyki það sýnilega ekki við hæfi að vera viðstaddur.

Við gerð fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var allt kapp lagt á að það sýndi tekjuafgang. Niðurstaðan liggur nú fyrir. Auknar álögur á landsmenn upp á 1,7 milljarða og aukin gjöld 6–9 milljarðar. Geta þessir menn ekkert lært af reynslunni? Við 1. umr. lýsti ég efasemdum um að áætlanir frv. stæðust. Þó að eitt og annað hafi breyst til batnaðar í meðferð fjvn. er augljóst að margir þættir bæði varðandi tekjur og gjöld eru vafasamir. Hæstv. ríkisstjórn, sem er nú fjarstödd öll eins og hún leggur sig, (**Fjmrh.:** Nei, nei.) ég býð hæstv. fjmrh. velkominn. — Ríkisstjórnin hefur haft hugann við það umfram annað að finna nýja skatta til að leggja á þjóðina. Á þann hátt hefur hún sagst stefna að því að ná endum saman í ríkisbúskapnum. Auðljóst er þó að meðan atvinnuvegirnir fá ekki að komast úr fjötrum hallarekstrar og gjaldþrota og launafólk býr við skertan hlut og öryggisleysi er þessi stefna dæmd til að mistakast.

Þegar ríkisstjórnin hvarf frá fyrirætlunum um 26% virðisaukaskatt þannig að prósentan skyldi verða 24,5% jókst halli á tekjuhlið frv. sem nam 1900 millj. kr. Við því var brugðist með því að leggja fram frv. um breytingar á tekju- og eignarskatti sem á að skila ríkissjóði 2,8 milljörðum kr. Helmingi þess skal verja til aukinna barnabóta og hækkaðs persónuafsláttar. Þeim 500 millj. sem þá vantar til að fylla gatið á tekjuhliðinni á svo að ná með hækkuðum þungaskatti á bifreiðar upp á 350 millj. kr., með 250 millj. kr. skatti á orkufyrirtæki og eru þá 100 millj. eftir til að mæta öðrum gjöldum. Við þessa skattlagningu bætist síðan fleira sem kannski liggur ekki eins í augum uppi. Gerðar eru í fjárlagafrv. mjög harðar kröfur til stofnana á vegum ríkisins um auknar sértekjur og eru áætlanir um starfsemi þeirra byggðar á því að þær kröfur nái að ganga fram. Þá er í fjárlagafrv. tekin upp sú nýstárlega aðferð við skattheimtu að láta stofnanir í A-hluta ríkissjóðs innheimta meira fyrir þjónustu sína en þær þurfa á að halda. Afganginum á svo að skila í ríkissjóð eða samtals 58,8 millj. kr. Sömu sögu er að segja af nokkrum stofnunum B-hluta, t.d. á Póstur og sími að innheimta 350 millj. kr. í póstburðar- og símgjöldum beint til ríkisins. Allt eru þetta álögur á almenning.

Við upptöku nýs skattkerfis er rétt að skoða hvort líklegt sé að áætlanir um tekjur af því muni standast. Upplýst hefur verið að sveitarfélög muni greiða 500–800 millj. kr. hærri virðisaukaskatt en þau greiddu áður í söluskatt. Virðist þá langt til uppurinn sá ávinningur sem þau höfðu af verkaskiptingunni við ríkið.

Virðisaukaskatturinn leggst einnig á fleiri þætti í sölu og þjónustu en söluskatturinn gerði og hlýtur því að hækka verðlagið. Á tímum rýrnandi kaupmáttar bitnar þetta hart á fólki og hlýtur að leiða til minnkandi veltu sem rýrir gjaldstofninn. Vafasamt er því að þessi skattur skili þeim tekjum sem ætlað er.

Í nýju frv. til laga um tekjuskatt er gert ráð fyrir að tekjuskattur hækki á næsta ári um 2% þannig að staðgreiðsluprósentan verði 39,74%. Frádráttarliðir eiga að hækka um 7,36% frá því þeir hækkuðu síðast en á sama tíma hefur lánskjaravísitala hækkað meira eða um 9,98%. Í útskýringum fjmrn. um niðurstöður þessa dæmis er greinilega farið með blekkingar. Byggt er á röngum forsendum þar sem borinn er saman persónuafsláttur á tímabilum sem ekki eru sambærileg. Hið rétta er að maður sem hafði 50 þús. kr. í laun í des. 1988 greiðir 73,5% hærri skatt í janúar 1990 en í jan. 1988 meðan laun hafa hækkað um 29,7%. Sömuleiðis lækkar skatthlutfallið eftir því sem tekjur hækka þannig að sá sem hafði 120 þús. kr. í laun 1. des. 1988 greiðir 49,5% hærri skatt í janúar 1990 en hann hefði gert í janúar 1989. Það er því alrangt að þessi skattbreyting komi einkum láglaunafólki til góða. Þvert á móti leggst hún þyngra á það og barnabótaaukinn gagnast ekki einhleypingum og barnlausu fólki. Það er vert að leggja áherslu á að barnabætur og barnabótaauki eru til barnanna sjálfra og framfærslu þeirra en ekki skattaívilnanir né endurgreiðslur á sköttum. Skattar á almenning munu þyngjast verulega og fyrirhuguð breyting veldur ekki tekjujöfnun eins og haldið er fram.

Ítreka skal enn að óbeinu skattarnir sem felast í hækkun á gjaldskrám fyrirtækja og virðisaukaskattur sem leggst á þætti sem ekki voru gjaldskyldir áður munu hækka verðlag og þrengja kost almennings. Aukin skattlagning á sveitarfélög leiðir til minnkandi framkvæmda og lakari þjónustu. Og þessir þættir draga úr veltu í sölu og þjónustu. Minnkandi kaupmáttur verkar á sama hátt og skattpíningarstefna ríkisstjórnarinnar rýrir gjaldstofninn smám saman og því gagnast hún ekki þegar fram í sækir. Þegar til lengdar lætur hlýtur hún að lama hagkerfið.

Þá vil ég enn ítreka vantrú mína á að tekjuhlið frv. standist af þessum sökum. Auk þess væri fróðlegt að vita hversu mikið af gróðanum af virðisaukaskattinum ést upp vegna þess hversu kostnaður við mannahald og eftirlit og innheimtu eykst. Það er vafamál hvort réttlætanlegt er á samdráttartímum að þyngja skattbyrði almennings svo sem gert hefur verið tvö síðustu árin og enn á að bæta í á komandi árum. Það hefur að vísu ekki vantað neitt á að fyrrv. og núv. fjmrh. færi á kostum við reikningskúnstir til að telja landsmönnum trú um að í rauninni þyngdist skattbyrði þeirra alls ekki neitt þó að tekjur ríkissjóðs af þeim hækkuðu. Fyrrv. fjmrh. komst jafnvel svo langt að hann reiknaði út að fólk greiddi engan matarskatt. Þar tók hann Sölva Helgasyni fram og er þá langt jafnað. Upplýst er nefnilega að matarskatturinn einn sér jók tekjur ríkissjóðs um 6,7 milljarða á árinu 1988. Þá voru niðurgreiðslur á móti 1,5 milljarðar. Áætlað er að matarskatturinn skili ríkissjóði 8,2 milljörðum í ár en niðurgreiðslur lækka hlutfallslega og verða 1,7 milljarðar. Auðvitað fyrirverða ráðherrar sig fyrir þessa siðlausu tekjuöflun og vilja ekki við hana kannast. Það breytir ekki staðreyndinni. Þarna er hún svört á hvítu og matarskatt munu menn borga enn sem fyrr í virðisaukaskatti þó að kjöt, mjólk og innlent grænmeti sé niðurgreitt.

Um langan tíma hafa niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum tíðkast í þeim tilgangi að auðvelda fólki að kaupa þær. Að taka af þeim greiðslum til að greiða niður þessar sömu vörur í virðisaukaskatti þýðir ekki að virðisaukaskatturinn sé ekki lagður á þær. Í daglegu tali heita þessar aðgerðir millifærslur. Síðan verður skólabörnum og öðru námfólki gert að greiða virðisaukaskatt af námsbókunum næsta haust og sjálfsagt verður enginn hissa þó að leitað verði leiða til að komast hjá því að fella þá undanþágu niður sem ætlað er að hafa á bókum eftir 16. nóv.

En ég vil koma að því að í umræðum um virðisaukaskattinn hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar ítrekað lofað að landbúnaðarvörur lækki í verði um allt að 10% eftir jól. Ég vil aftur á móti fullyrða að ef krónutala á niðurgreiðslum á að haldast óbreytt í fjárlögum frá því sem hún er í frv., þá er enginn grundvöllur fyrir þeim verðlækkunum sem boðaðar eru. Haldi menn sig samt sem áður við að lækka verðið þá er vanáætlað í frv. upp á 300–400 millj. kr.

Ég nefndi fyrr í máli mínu hvernig ríkisstjórninni hefur mistekist að efna heit sín um að ná tökum á efnahagsmálunum. Afleiðingar þess eru augljósar hvert sem litið er. Vaxandi viðskiptahalli þrátt fyrir samdrátt í innflutningi. Halli á ríkissjóði sem leiðir til aukinnar lántöku þar sem varla verður gengið lengra í álagningu skatta, hvorki á fólk né fyrirtæki. Verðbólga fer hækkandi, bátaflotinn er rekinn með halla og sömuleiðis hluti togaraflotans. Fiskvinnslan er núna réttu megin við núllið en ekki verður séð nú hver framvinda þeirra mála verður. Gamalgróin iðnfyrirtæki riða til falls. Eigið fé fjölda fyrirtækja, jafnvel atvinnugreina, er þrotið eða á þrotum. Og þrátt fyrir skuldbreytingar og lán til fyrirtækja svo milljörðum skipti er engan veginn séð hvort náðst hefur að tryggja rekstrargrundvöll þeirra varanlega meðan ekki tekst að ná fjármagnskostnaði niður.

Það er ekki rétt sem fjmrh. heldur fram að við höfum orðið fyrir hrikalegum áföllum vegna ytri skilyrða. Ytri skilyrði, svo sem viðskiptakjör, olíuverð og fleiri þættir, eru betri en oft hefur verið áður. Það eru innlend skilyrði sem eru erfiðari, verðbólga og okurvextir. Halli ríkissjóðs á undanförnum árum hefur leitt til þess að síðan á árinu 1985 hafa vaxtagjöld ríkissjóðs tvöfaldast og nema nú 10 milljörðum.

Enn er ríkissjóður rekinn með halla og verður svo greinilega enn um sinn. Við erum nú að gjalda fyrir gamlar syndir, ofveiði, sóun á fjármunum, offjárfestingar, fastgengisstefnu og okurvexti.

Varfærni og gát í stjórnun efnahagsmála á uppgangstímum er ekki síður nauðsynleg þá en þegar harðnar á dalnum og nú fær þjóðin að finna fyrir

timburmönnunum eftir fjárfestingarveisluna. Jafnvel þegar sá tími var kominn að sjá mátti fyrir að fiskveiðar hlytu að dragast saman var engin tilraun gerð til að móta skynsamlega stefnu í uppbyggingu frystihúsa og fiskvinnslustöðva. Byggð voru sífellt fleiri og stærri hús, jafnvel mörg í sama bæjarfélaginu, sem nú standa hálfnýtt eða jafnvel ónýtt. Það er ótvíræð skylda stjórnvalda á hverjum tíma að hafa skynsamlega stefnu í atvinnumálum, atvinnuuppbyggingu og fjárfestingarmálum. Á það hefur skort og skortir enn. Áköf leit stendur nú yfir að atvinnustefnu fyrir núverandi ríkisstjórn. Máttleysið og ráðaleysið í þeirri viðleitni er átakanlegt. Ráðherra geysist um landið og fundar um atvinnumál, hefur hvergi neitt til mála að leggja og hlustar tæpast á það sem heimamenn segja. Atvinnumál kvenna minnist hann ekki á og hlustar ekki á raddir þeirra og hefur reyndar engar áhyggjur af né heldur skilning á þeim málum. Allt er þetta ferðaflangs ráðherra einber sýndarmennska. Auðvitað verður að reyna að finna manninum eitthvað að dunda við.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar voru gefin ákveðin fyrirheit um eflingu byggðanna um landið, einkum þó eflingu atvinnulífsins. Ég hef þegar nefnt hvernig horfir um sjávarútveg og fiskvinnslu, en vandi þeirra greina stefnir afkomu margra byggðarlaga í voða. Landbúnaður á mjög í vök að verjast og er víða vegið að honum. Ekki er staðið við lögboðnar greiðslur til bænda þrátt fyrir lagasetningu á sl. vetri. Allir vita svo hver staðan er í sambandi við loðdýr og fiskeldi sem á sínum tíma áttu að koma bændum til góða þegar kreppti að í hefðbundnum búgreinum og leysa allan þeirra vanda í bráð og lengd.

Nú er í uppsiglingu enn ein töfralausnin til lausnar vanda landbúnaðarins. Nú er það skógrækt sem er lausnarorðið. Enginn má taka orð mín svo að ég sé mótfallin skógrækt. En ég bið menn um að flýta sér hægt og huga vel að málinu. Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði er verkefni sem ætlað er að tugum eða jafnvel hundruðum milljóna verði varið til á næsta ári. En ég bið menn um að athuga vel hvernig á að standa að þeirri framkvæmd, athuga hvað verið er að samþykkja. Engar áætlanir hafa enn litið dagsins ljós um hvernig staðið verði að þessari framkvæmd þó að kvisast hafi að þarna eigi að reisa enn eitt ríkisbáknið sem myndi þá gleypa bróðurpartinn af framkvæmdafénu, í stað þess að láta bændurna sjálfa um framkvæmdina, veita þeim ráðgjöf og aðstoð, færa ræktunina til þeirra en eyða ekki milljónatugum í gróðrarstöð.

Skógrækt skapar ekki mikla vinnu. Hún er ekki mannfrek og getur aldrei komið í stað annars búskapar. Það hefur sannast bæði í Noregi og Skotlandi svo dæmi séu nefnd. Aftur á móti er hún vel fallin til þess að styrkja annan búskap á jörðum sem henta til skógræktar og auka möguleika á nýtingu jarðanna. Því verður að athuga vel hagkvæmni þess að færa ræktunina sem mest til bænda áður en ráðist er í kostnaðarsamar byggingar. Og umfram allt verða menn að fara af gætni í þessi mál. Þriðja slysið má ekki henda.

Ég get ekki skilið við landbúnaðarmálin án þess að minnast á hve mjög er að þeim þrengt. Tilraunastöðvar lagðar niður án skýringa, nema helst þeirra að þær geri ekkert gagn. Um gagnsemi þeirra má auðvitað deila en hitt vita allir sem vilja vita að þessar stofnanir hafa um árabil búið við algert fjársvelti sem hefur hamlað störfum þeirra. Ég man ekki betur en hæstv. landbrh. lýsti því yfir í fyrra að efling rannsóknastarfsemi væri landbúnaðinum höfuðnauðsyn. Ekki sér áhrifa þeirra orða stað. En frekari umfjöllun um landbúnaðarmál bíður 3. umr.

Víða í frv. er illa staðið að málum sem eru landsbyggðinni mikilvæg. Framlög til vegamála eru skorin niður um rúman milljarð og er þá vegáætlun, sem samþykkt var síðastliðið vor, hrunin.

Framlög til hafna eru í engu samræmi við þarfir. Breytt flutningatækni kallar á breytingu á höfnum eigi þær að svara kröfum nútímans en framlag til hafna nægir tæpast fyrir nauðsynlegu viðhaldi. Þó sums staðar sé ráðist í brýnar nýframkvæmdir kostar það oftast að viðhaldi er sleppt. Að vísu var þetta framlag hækkað nokkuð, að vonum. Annað var ekki ásættanlegt. En þessir tveir liðir, hafnir og vegamál, eru meðal mikilvægustu framkvæmdaþátta á landsbyggðinni.

Sparnaðarráðstafanir eru hafðar uppi í frv. og eru sumar þeirra næsta einkennilegar. Ekki er sparað á aðalskrifstofum ráðuneyta. Þar hækkar umfangið. En það sem konur hnjóta um er sparnaður í kennslu í grunnskólum upp á 56 millj. sem síðan er ekki skilgreindur frekar. Á að fækka kennslustundum og þá í hvaða námsgreinum? Hvernig á yfirleitt að framkvæma þetta? Þessi aðgerð verður varla skilin á annan veg en sem tilræði við grunnuppbyggingu námsferils barna og unglinga og er með öllu óverjandi á sama tíma og hæstv. menntmrh. boðar nýtt átak í skólamálum. Niðurstöður úr könnun um forgangsverkefni í skólum, sem framkvæmd var sl. vor, sýna að námsgögn, aukin lista- og verkmenntakennsla og einsetinn skóli eru þau atriði sem þar eru efst á blaði. En þetta eru bara orð á blaði en það sem eftir stendur er að framlög eru hækkuð til glímukennslu í skólum. Er þetta ekki nokkuð undarleg forgangsröð? Hvernig á eiginlega að skilja svona ráðstafanir?

Í framhaldi af þessu vil ég minna á það að í kennarastéttinni eru konur í meiri hluta. Allir vita að kennaralaun eru smánarlega lág og hefur það að hluta verið réttlætt með því að þeir, sem aðrir opinberir starfsmenn, byggju við betri lífeyriskjör en almenningur. Kennarar, sem aðrir ríkisstarfsmenn, mega nú búa við að skert verður framlag í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna upp á 500 millj. Rök hagsýslustjóra fyrir þessari aðgerð eru nánast óskiljanleg. Hann heldur því fram að þetta skipti engu máli fyrir sjóðinn. Augljóst er þó að með þessari skerðingu er verið að fella niður lögbundnar

greiðslur til sjóðsins og stíga fyrsta skrefið í þá átt að skerða lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

Ég fer ekki mikið lengra út í það að ræða einstaka þætti frv. og er þó af nógu að taka. Til dæmis má minna enn einu sinni á hve Ferðamálaráð er grátt leikið, í rauninni gert óstarfhæft á sama tíma og ferðamannaþjónustan er ein af fáum atvinnugreinum sem er vaxandi og skilar verulegum arði og gjaldeyristekjum í þjóðarbúið og byggist að verulegu leyti á vinnu kvenna. Ég vil einnig benda í þessu sambandi á hve vaxandi gistiþjónusta bænda er. Þar er ein af mikilvægustu hliðarbúgreinum sem nú eru uppi. Þessum málum hefur ekki verið lagt lið af opinberri hálfu.

Í þessum efnum sem fleirum í sambandi við ferðamálin haga stjórnvöld sér á sama hátt og þeir sem éta karföfluútsæðið sitt. Uppskeran verður þá í samræmi við það.

Að undanförnu hefur allmikið verið rætt um hve ofbeldi fer vaxandi, bæði ljóst og leynt. Óhugnanlegir atburðir gerast, jafnvel um hábjartan dag í höfuðborginni og víðar um land. Viðbrögð hafa helst verið þau að efla löggæsluna sem vitaskuld er full þörf á, og ekkert hefur staðið á framlögum til þess. Minna er hins vegar rætt um ofbeldi sem fram fer á heimilum *og í afkimum þar sem minna* ber á, nauðganir, kynferðisafbrot gegn konum og gegn unglingum, jafnvel börnum. Viðbrögð við þess konar afbrotum af opinberri hálfu eru harla lítil. Konur hafa séð sig knúðar til að mynda samstarfshópa til fræðslu um þessi mál, til varnar og til aðstoðar og aðhlynningar fórnarlömbum. Konur hafa lagt fram gífurlegt starf í *sjálfboðavinnu, undir miklu álagi, því átakanlegra er* en orð fá lýst að vera vitni að afleiðingum slíkra afbrota, ekki síst þar sem börn eiga í hlut. Þessar konur hafa sótt um fjárstuðning til starfsemi sinnar og vissulega hafa þær fengið nokkra fyrirgreiðslu en ekki neitt í námunda við það sem þörfin er þegar borið er saman við löggæsluna.

Löggæslan er efld, en fyrirbyggjandi störf, fræðsla og aðhlynning við þá sem horfa á líf sitt í rústum, situr á hakanum. Slík er forgangsröðin hjá þeim sem málum ráða. Er sannarlega kominn tími til að augu manna opnist fyrir því að hér er þörf að breyta um áherslur.

Gjaldþrot á landinu skipta nú þúsundum og fyrirsjáanlegt atvinnuleysi á næsta ári er geigvænlegt. Fjöldi fólks er þannig staddur nú, þegar líður að jólum, að réttur þess til atvinnuleysisbóta er útrunninn. — Hverfur nú fjmrh.? Nei, segir hann, gott er að heyra það. — Í þeim hópi eru konur fjölmennastar, konur á miðjum aldri sem ekki eiga auðvelt með að fá störf, jafnvel þótt næg atvinna væri í boði, konur sem eru fyrirvinnur. Hvað blasir við þessum heimilum? Hvaða ráð hafa stjórnvöld til úrbóta nú þegar við blasir stórfelldur niðurskurður í opinberum framkvæmdum, í þjónustu og yfirleitt hvar sem við verður komið, nema á skattstofunum, sem þenjast út eins og tilberar?

Ég vil minna á orð eins stjórnarliða í sjónvarpinu á Alþingi á dögunum þar sem hann lét svo mælt að ekki væri þörf á að taka sérstaklega á vanda loðdýrabænda sem þá var til umræðu þar, það ættu svo margir við svipaða erfiðleika að búa og yrðu bara að hafa það. Er þarna verið að tala fyrir munn ríkisstjórnarinnar?

Hæstv. forseti. Eins og þingmenn vita er sá háttur jafnan hafður á við afgreiðslu fjárlaga að stjórnarmeirihlutinn ræður stefnu og fjárframlögum að mestu leyti en stjórnarandstaða fær litlu ráðið. Þó sameinast nær öll fjvn. um ýmsar till. og stjórnarandstaðan styður þær oftast þó hver og einn geti haft sína fyrirvara. Að öðru leyti styður stjórnarandstaðan einungis það sem hún getur sætt sig við en tekur þó ekki ábyrgð á fjárlögunum í heild sinni og situr hjá við lokaatkvæðagreiðslu. Hún greiðir því fjárlagafrv. í heild sinni ekki mótatkvæði, þó hún geri svo við einstaka þætti frv. Þetta er vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðu hafa átt þátt í vinnu fjvn. og standa oftast að sameiginlegum till. hennar eins og áður segir.

Því eru þessir sjálfsögðu hlutir gerðir að umræðuefni hér og nú að hæstv. menntmrh. hefur ítrekað vísað ábyrgð á niðurskurði stjórnvalda í menntamálum á Alþingi allt og þar með stjórnarandstöðuna. Þetta hefur hann gert í fjölmiðlum og á fundum. Hann hefur vísað til mótatkvæðalausrar samþykktar síðasta fjárlagafrv. þar sem greidd voru atkvæði um niðurskurð ríkisstjórnarinnar og gefið þeim villandi upplýsingar sem ekki þekkja til. Það er auðvelt að skilja að hæstv. menntmrh. skuli þykja erfitt að geta ekki framkvæmt hugmyndir sínar í menntamálum. Hins vegar eru þessi vinnubrögð ekki til fyrirmyndar *og væri honum og hæstv. ráðherrum öllum nær* að axla sín skinn og sýna hlutdeild í ábyrgðinni á gerðum ríkisstjórnarinnar en varpa henni ekki yfir á aðra.

Fyrir 14 mánuðum tókust þessir hæstv. ráðherrar á hendur þá ábyrgð að stjórna landinu. þeir virtust óðfúsir að axla þá ábyrgð og töldu sig þá eiga ráð undir rifi hverju en úrræðin hafa látið á sér standa.

Viðvíkjandi atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni, sem algert ráðleysi ríkir um þrátt fyrir fyrirheit í stjórnarsáttmálanum, hefur Kvennalistinn komið til liðs við ríkisstjórnina og lagt fram frv. um hvernig hefja megi framkvæmdir um þau mál. Má nú ríkisstjórnin fagna því að henni er lagt lið í hugmyndafátæktinni.

Að lokum vil ég segja þetta: Þetta frv. ber þess vott að algert ráðleysi ríkir innan ríkisstjórnarinnar um hvernig taka skuli á ríkisfjármálunum. Engin forgangsröð, engin framkvæmdaáætlun. Ekki getur verið að þessu ráði ótti við óvinsælar ákvarðanir því enginn hörgull er á þeim. Það sem stjórnina berlega skortir er samstaða, samvinna og pólitísk stefna sem *vilji og þrek er til að framkvæma.* Meðan þetta skortir er engin von til þess að verk hennar verði annað en hálfkák eitt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er tæpast umræðuhæft eins og viðurkennt er af nefndar-

mönnum í fjvn. Hér við 2. umr. um fjárlagafrv. liggur fyrir að mjög veigamiklir liðir eru enn óafgreiddir og hafa ekki fengið eðlilega umfjöllun í fjvn. Þar sem frv. er með þessum hætti vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þau vinnubrögð sem tíðkast við setningu fjárlaga.

Þann tíma sem ég hef setið á Alþingi hefur það verið árviss viðburður að ríkisstjórn hefur verið svo sein að ganga frá sínum hlutum að umræður og afgreiðsla fjárlaga verður aldrei fyrr en síðustu daga þingsins fyrir jólafrí og þinginu jafnvel gert að starfa lengur vegna þess að umræðunni er ekki lokið. Fjvn. afgreiðir frv. ekki út úr nefndinni fyrr en nokkrum dögum fyrir jólafrí þingmanna. Venjulegum þingmönnum er síðan gert að kynna sér og fjalla um þetta mikilvægasta frv. sem Alþingi afgreiðir árlega á handahlaupum og það á sama tíma og ríkisstjórnin hamast við að breyta Alþingi í afgreiðslustofnun fyrir þingmál þau sem hún ungar út rétt fyrir þinghlé. Þannig á að gera allt í einu á nokkrum dögum í desember.

Þessi vinnubrögð eru óviðunandi og lítt til þess fallin að auka virðingu Alþingis. Við megum ekki gleyma því að okkar hlutverk sem þingmanna er að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og veita því nauðsynlegt aðhald. Það er því ekki okkar hlutverk sem þingmanna að taka við frv. ríkisstjórnarinnar og afgreiða þau á færibandi. Okkar hlutverk er að stunda vandaða löggjafarstarfsemi og við gerum það ekki með þessum starfsháttum.

Ég lít líka á hlutverk mitt sem þingmanns að vera málsvari fólksins gagnvart ríkisvaldinu þannig að það er mitt hlutverk að gæta þess að borgararnir þurfi ekki að þola óhóflegt harðræði skattpíningar. Það er líka mitt hlutverk sem þingmanns að gæta þess að framtíðin sé ekki veðsett vegna þess að við erum ekki tilbúin að taka á vandamálum líðandi stundar.

Ég hef þá skyldu líka sem faðir að börnunum mínum sé ekki gert að greiða bruðl og óráðsíu hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar, hafi ég nokkur tök á að afstýra því. Ég hef horft upp á það með vaxandi gremju hvernig stjórnvöld hafa talið eðlilegt að sólunda peningum borgaranna. Það virðist stundum skorta á að menn athugi hina hliðina á málunum. Þeir peningar sem ríkið eyðir eru ekki tíndir af trjánum, þeir eru ekki grafnir úr jörðu. Þeir verða ekki til með tilfærslum og auknum ríkisafskiptum. Peninganna er aflað með því að taka þá af borgurunum sem hafa unnið fyrir þeim.

Ég hef talað við nokkra sem hafa með innheimtu á þessum skattpeningum að gera. Þeir hafa sagt mér með hvaða harmkvælum þessir peningar eru oft á tíðum slitnir út úr fólki, fátæku fólki. Það er komið á heimili þar sem er mikil ómegð og innheimtumaður ríkissjóðs skrifar upp sjónvarpstækið eða önnur mikilvæg heimilistæki. Síðan koma menn og rífa þessi tæki af fólki og selja á uppboði. Þetta er hin hliðin á málunum. Á meðan erum við að afgreiða 100 millj. hér og 200 millj. þar.

Nú má enginn skilja orð mín svo að ég sé á móti því að borgararnir greiði lögmæt gjöld sín. Það er hins vegar ekki sama með hvaða hætti kerfið er útbúið. Það er ekki sama hvar skattleysismörkin eru sett. Það er ekki sama hve stór hluti er tekinn í neysluskatta og þjónustugjöld. Hvernig gengur einstæðu foreldri sem hefur 100 þús. kr. í laun á mánuði og þarf að eiga bifreið að draga fram lífið? Hvað þarf það að greiða til ríkis og sveitarfélaga mánaðarlega af þessum 100 þús. kr. þegar allt er talið? Gæti það verið 50 þús. kr. eða meira? Það væri ekki úr vegi að fá svör hæstv. fjmrh. við því og heyra síðan viðhorf ASÍ og BSRB til þess á eftir.

Þegar þetta fjárlagafrv. er skoðað sést að engin breyting verður á neinu, nái það fram að ganga. Að því þó undanskildu að skattheimta vex og óráðsíuskuldir verða meiri og þeim verður hlaðið upp hraðar en verið hefur að undanförnu og finnst þó mörgum nóg um. Ekki er gerð tilraun í þessu fjárlagafrv. til að marka neina sérstaka stefnu í ríkisfjármálum aðra en þá að stjórna frá degi til dags.

Einu sinni var konungur í Frakklandi sem hét Loðvík, og hafði að ég hygg tölustafinn 15. Hann þótti eyðslusamur og tók við af eyðslusömum föður. Hann hafði þá stefnu í ríkisfjármálum að það gengi meðan hann lifði. Annað kom honum ekki við. Þau orð sem eftir honum eru höfð og helst hafa lifað eftir hann eru: „Það lafir meðan ég lifi.“

Það var líka þannig að byltingin í Frakklandi varð ekki fyrr en í tíð barnsins hans. Þetta „lafir líka“ meðan hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson situr í sæti þess embættis. En hlutirnir verða ekkert betri. Það leysast ekki nein vandamál, vandamálin magnast. Og á þeim munu börnin okkar þurfa að taka.

Það sem er verst í þessu og fyllir menn nokkru vonleysi, er að það virðist ekki skipta máli þó að skipt yrði um ríkisstjórn og t.d. flokkur ráðdeildar og sparnaðar, eins og hann kallar sig stundum, sjálfur Sjálfstfl., kæmist í valdaaðstöðu. Til marks um það má benda á að formaður þess flokks hafði örlítið fitlað við fjárhirslur ríkisins en ekki lækkuðu skattarnir. Hvorki lækkuðu útgjöld ríkissjóðs né var ríkissjóður rekinn hallalaus.

Viðbrögð þingmanna flokksins, þegar upp koma gæluverkefni, sýna það síðan ótvírætt að þessi flokkur mun ekki valda neinun straumhvörfum í íslenskri pólitík. Flokkurinn virðist hafa glatað hugsjónum sínum. Eini möguleiki þess flokks er að hann beri gæfu til að mynda meirihlutahægristjórn með Frjálslynda hægriflokknum sem mundi vafalaust verða til þess að flokkurinn kæmist á ný á beinu brautina.

Ég fæ því miður ekki séð annað en að við munum áfram fljóta að feigðarósi í ríkisfjármálum. Við munum áfram auka skattheimtu og hallarekstur ríkissjóðs. Ég sé engin merki þess að fjvn. sé reiðubúin til að taka á málum eins og nauðsyn er ef unnt á að vera að sigla hjá þeim skerjum sem fram undan eru og það eru ekki blindsker. Hver og einn sæmilega skynsamur maður á að sjá þetta. En af hverju er ekki brugðist við? Hvað veldur því að það sama gerist ár eftir ár?

Á hverju hausti er dustað rykið af gömlu fjárlögun-

um og sagt: Hvað fengu nú þessir mikið og er ekki eðlilegt að hækka þá um það sem nemur verðbólgu?

Árlega segir fjmrh. að stefnt sé að einhverju í ríkisbúskapnum sem síðan stenst aldrei. Af hverju ekki? Er hann með svona slaka ráðgjafa eða hvað veldur? Væri e.t.v. lausn fólgin í því að setja eitt hagfræðingagengið í viðbót við þau sem fyrir eru eða væri e.t.v. betra að hafa bara eitt hagfræðingagengi og vita hvernig það gengi? Varla getur það orðið verra.

Þetta leiðir til þess að við getum í raun gert okkur sæmilega grein fyrir því hvert stefnir og þurfum ekki að hlusta á ruglandann í ríkisstjórninni. Við vitum að fjárlagahallinn verður í kringum 6–8 milljarðar í ár og líklega á bilinu 10–20 milljarðar næsta ár. Hvað ætlum við að gera í því? Afgreiða fjárlög svo sem verið hefur og láta síðan gera lítið úr okkur sem fjárveitingarvaldi með því að heimila í raun viðbótarútgjöld eftir á upp á fleiri, fleiri milljarða?

Meðan svona er ástatt, er þá umræða á Alþingi Íslendinga um fjárlög og afgreiðslu þeirra nokkuð annað en léleg skrýtla? Er hér nokkuð annað að gerast en að við komum með einhverja tillögu um smáatriði sem síðan ná yfirleitt ekki fram að ganga og síðan er málið afgreitt í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar? Enda ekki óeðlilegt þegar í það stefnir að meiri hluti stjórnarþingmanna sitji í ríkisstjórn.

Hvað geta þm. gert annað en að koma með einhverjar smáathugasemdir þegar málið liggur ekki fyrir umræðuhæft fyrr en í lok desember? Til hvers er hægt að ætlast? Að þingmenn komi með einhver töfraorð á tveim, þrem dögum sem fjmrh. hefur ekki fundið á heilu ári og finnur aldrei?

Það sem hægt er að gera við þessa umræðu og ég vil leggja áherslu á er að ræða með hvaða hætti megi koma í veg fyrir að við keyrum það öngstræti á enda sem við erum komnir langt á veg með að gera. En hvernig? Það gerum við ekki með því að samþykkja þessi fjárlög. Það gerum við ekki með því að beita sömu gömlu vinnubrögðunum ár eftir ár. Við gerum það einungis með því að beita fyrir okkur róttækum niðurskurði á kerfinu og sparnaði á öllum sviðum. Ríkisstjórnir hafa sýnt að þær eru nánast ófærar til að gangast fyrir sparnaðartillögum. Svo virðist sem þingmenn almennt líti ekki á það sem hlutverk sitt. Hugsanlega gæti þó verið fólgin lausn í því að Alþingi og eða stjórnmálaflokkarnir tilnefndu menn til að fara ofan í ríkisfjármálin og beita sér fyrir tillögum um róttækan niðurskurð.

Ef menn eru ekki tilbúnir að spara vefst þeim oft tunga um tönn. Alþjóð fékk að sjá sem dæmi um slíkt um daginn hvernig fyrrv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson var leikinn þegar hann reyndi að fara í sparnaðarfötin. Hann gat það ekki, getur það ekki og mun ekki geta það. Til þess er flokkur hans of hallur undir sérhagsmuni vítt og breitt í þjóðfélaginu. Þeir sem vilja berjast fyrir sparnaði verða að gera það í einlægni, vitandi að stórir hópar sérhagsmuna munu reyna að gera þá tortryggilega og draga úr öllu sem til er lagt í sparnaðarskyni. Þrátt fyrir þetta vil ég leyfa mér að geta um nokkur atriði sem mér sýnist einsýnt að þurfi að taka á í sparnaðarskyni.

Ég nefni aðeins nokkur dæmi en vil jafnframt geta þess að innan míns flokks er hafin markviss vinna í þessum málaflokki. Þeirri vinnu verður ekki lokið í bráð og við erum tilbúnir til samstarfs við alla þá sem vilja beita sér fyrir samdrætti í ríkisbúskapnum. Við lítum á málin með þeim hætti að hér sé um þvílíka þjóðarvá að ræða að nauðsynlegt sé að ná sem víðtækastri samstöðu til að ná sem fyrst árangri í baráttu fyrir niðurskurði ríkisútgjalda.

Eins og ég gat um áðan er varla hægt að ætlast til þess af þingmönnum að þeir geti í einu vetfangi fundið það sem fjmrh. átti að leita að frá því hann tók við embætti. En það er samt hægt að gera grein fyrir nokkrum meginlínum sem frjálslyndir hægrimenn telja nauðsynlegt að fylgt verði til að ná niður skattbyrðinni og reka ríkissjóð án halla.

Nauðsynlegt er að draga úr almennum rekstrarkostnaði ríkissjóðs á öllum sviðum, m.a. með ströngum takmörkunum í starfsmannahaldi og nýtingu vinnutíma. Fækka verður starfsmönnum með því að ráða ekki nýtt fólk til starfa en flytja það fólk sem fyrir er úr þeim störfum sem lögð verða niður í þau störf sem þörf verður á að manna. Gera verður yfirvinnuramma fyrir hvert ráðuneyti og hverja stofnun. Endurskoða þarf mötuneytismál og við það miðað að ríkið reki ekki mötuneyti. Vel má hins vegar hugsa sér að afhenda starfsmönnum núverandi mötuneyti til áframhaldandi starfrækslu, ef þeir óska, á sína ábyrgð og kostnað.

Skipulagsleysi í fjárfestingum hefur verið einkennandi hjá ríkisvaldinu. Þannig getur jafnan að líta fjölda hálfkláraðra bygginga sem nýtast ekki svo árum skiptir. Hálfkláraðar hafnir, vegi og brýr. Nauðsynlegt er að hætta að þjóna lund einstakra stjórnmálamanna með þessum hætti og raða verkefnum í forgangsröð og ljúka þeim áður en ráðist er í önnur hliðstæð. Þá verði líka við það miðað að verk verði fullhönnuð áður en í þau er ráðist. Með skipulagi á þessu sviði mætti spara verulega fjármuni.

Nauðsynlegt er að einfalda stjórnkerfið, fækka þarf alþingismönnum allt að því um helming og nú er ljóst að setja þarf skorður við fjölda ráðherra. Fjöldi þeirra í dag fer eftir því hversu sterk ríkisstjórn er. Ráðherrar ættu ekki að þurfa að vera fleiri en fimm en hægt væri að hugsa sér að hámarkstala gæti verið sjö til átta. Þá þarf einnig að einfalda stjórnkerfið á öðrum sviðum með sameiningu og fækkun í stjórnum og ráðum.

Við höfum byggt upp stjórnkerfi sem er mörgum sinnum of stórt, fjölmennt og flókið fyrir jafnfátt fólk og hér býr. Með þessum hætti verður stjórnkerfið dýrara og óskilvirkara en það þyrfti að vera ef miðað væri við þarfir þjóðarinnar og hætt að þjóna einhverjum sérsjónarmiðum eins og duttlungum einstakra kjördæma og landshluta. Á sama tíma og við erum að dreifa og sundurlima stjórnkerfið eftir kjördæmum á fjölmörgum sviðum, sennilega í þágu einhvers sem sumir kalla byggðastefnu, en er það ekki og þjónar

engum öðrum tilgangi en að gera stjórnkerfið stærra og flóknara, er fólkið utan þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa að sýna fram á hversu fáránlegt þetta er með því að hagnýta sér nútíma samgöngutækni sem skipuleggjendur ríkiskerfisins virðast ekki hafa gert sér grein fyrir að hefur þróast verulega mikið síðustu árin.

Þannig er ekki þörf á því í dag að hafa sérstakar fræðsluskrifstofur í hverju kjördæmi, að hafa sérstakar skattstofur í hverju kjördæmi, sérstakar svæðisstjórnir í hinu og þessu í hverju kjördæmi o.s.frv. Hvers vegna er þetta svona og hvaða tilgangi þjónar það? Skiptir það einhverju máli fyrir íbúa á Patreksfirði hvort hann fær skattseðilinn sinn sendan frá Hafnarfirði eða Hnífsdal? Skiptir það skólastjóra í Stykkishólmi einhverju máli hvort hann þarf að sækja ráð til Akraness eða Reykjavíkur?

Frjálslyndir hægrimenn telja nauðsynlegt að einfalda stjórnkerfið m.a. með því að fækka stjórnsýslustofnunum eins og að framan greinir. Slíkt er, auk þess að spara mikla fjármuni, til þess fallið að auka jafnræði borgaranna þannig að þeir sitji frekar við sama borð hvað afgreiðslu yfirvalda varðar en nú er.

En það er fleira. Stundum er talað um að laun alþingismanna séu há. Við sem hér sitjum vitum að laun alþingismanna er ekki hár liður í fjárlögum en þau mættu samt lækka með því að þingmönnum yrði fækkað, sem sjálfsagt er að gera. Þá finnst mér eðlilegt að stjórnmálaflokkarnir greiði sjálfir fyrir sérfræðiaðstoð sér til handa en krefji ekki skattgreiðendur um það. Litlar 23 millj. ganga til þessa. Þá er og einn liður sem heitir Uppbætur á lífeyri starfsmanna stjórnmálaflokkanna. Þetta er að mínu viti algjört siðleysi. Það eru engin rök til annars en að stjórnmálaflokkarnir greiði sjálfir þær uppbætur á lífeyri sem starfsmenn þeirra kunna að eiga rétt á. Vilji menn gangast fyrir verulegum sparnaði þá getum við þingmenn gengið á undan með því fordæmi að hætta tímabundið kynnisferðum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og getum með þeim hætti gefið tóninn gagnvart ferðabruðli ríkisins.

Einu sinni sagði ágætur maður sem starfaði við ferðamannaiðnaðinn við mig, en þessi maður þarf vegna starfs síns að ferðast mikið: Þegar ég kem í flugstöðina á Keflavíkurflugvelli þegar helsta ferðamannatímanum er lokið, t.d. yfir vetrarmánuðina, þá bregst það ekki að í hvert skipti er stór hópur pólitíkusa að fara á ráðstefnu, fundi eða eitthvað þess háttar. Skyldu nú allir þessir fundir og allar þessar ráðstefnur vera ómissandi? Væri ekki fróðlegt að sjá skýrslu yfir allar ferðirnar og yfirlit um hvað út úr þeim kom?

Ég hef oft velt því fyrir mér af hverju þurfi að vera sérstök Þjóðhagsstofnun. Af hverju má ekki sameina Þjóðhagsstofnun og Hagstofuna í sparnaðarskyni? Nú hefur Hagstofan fengið sérstakan ráðherra. Væri það ekki gott fyrir hann, svo hann hefði nú eitthvað að gera í ráðuneyti sem ekki er til, að vinna að því að sameina þessar tvær stofnanir?

Frjálslyndir hægrimenn telja að bein framlög til lánasjóða eigi ekki að eiga sér stað. Í samræmi við það teljum við að lánasjóðir eigi að fjármagna sig sjálfir og lána peninga á því verði að endurgreiðslur dugi fyrir starfrækslu sjóðanna. Í samræmi við þessa skoðun teljum við óeðlilegt að leggja fram af skattpeningum almennings t.d. til Atvinnutryggingarsjóðs og Byggðasjóðs svo eitthvað sé nefnt. Ef tillit væri tekið til þeirra hugmynda mundu útgjöld ríkissjóðs lækka verulega, sennilega um hálfan eða heilan milljarð. Væri miðað við þessa stefnu hvað Lánasjóð ísl. námsmanna áhrærir mundu sparast rúmlega tveir milljarðar til viðbótar. Ef einungis þannig væri fylgt þeirri stefnu frjálslyndra hægrimanna að lánasjóðir standi undir sjálfum sér, bæði í rekstri og útlánum, þeir yrðu að fjármagna starfsemi sína með því að taka fé að láni til endurlána þegar þess þyrfti með, þá mundi það lækka ríkisútgjöld um tæpa þrjá milljarða. — Hvað eru svo þrír milljarðar? Það er sama fjárhæð og öll innflutningsgjöld á bensíni. Það er hærri fjárhæð en eignarskattar, erfðafjárskattar og sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði samanlagt.

Fræðslu-, skóla- og heilbrigðismál þarf að skoða sérstaklega í sparnaðarskyni. Við erum með mjög góða heilbrigðisþjónustu og við erum með skólakerfi sem er að mörgu leyti gott. Við viljum ekki fórna því að búa við gott skóla- og heilbrigðiskerfi. En þó við fórnum engu er þá ekki hægt að spara í þessum greinum? Spyrja má: Hvers vegna eru íslenskir nemendur tveimur árum lengur að ná þeim almenna áfanga í námi sem stúdentspróf heitir en félagar þeirra í nágrannalöndum okkar? Ég er sannfærður um að það er ekki vegna þess að okkar unglingar séu verr gefnir eða að öðru leyti verr af guði gerðir en jafnaldrar þeirra erlendis. Hér er um skipulagsleysi að ræða sem kemur fyrst og fremst niður á unglingunum og tefur þá í námi en veldur ríkinu líka gífurlegum tilkostnaði.

Forustumenn íslenskra menntamála hafa verið óskaplega íhaldssamir að mörgu leyti. Mér finnst mál til komið að öðrum sjónarmiðum verði beitt og fremur hugsað um hagsmuni nemenda en kennara. Þá er nauðsynlegt að nýta í auknum mæli kosti nútímafjölmiðlunar, t.d. sjónvarps, með því að vera með gott skólasjónvarp. Má t.d. auka jafnræði með borgurunum og draga úr þeim mun sem óhjákvæmilega hlýtur að verða á milli þéttbýlis og dreifbýlis í aðstöðu til menntunar. Auk þess að draga úr aðstöðumun mætti spara verulega fjármuni með þessum hætti og koma upp góðu fræðslusafni sem mætti nota í einhver ár.

Sumir halda að stjórnmálamenn eigi að kunna skil á öllum hlutum og vita ráð við öllu. Ég kom það snögglega inn í stjórnmálin að ég hef ekki lært að tileinka mér þetta. Mér finnst því betra að segja hlutina eins og þeir eru. Þannig geri ég mér grein fyrir því að mjög mikla vinnu þarf að leggja í skoðun á skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu sem og dómstólakerfinu áður en hægt er að leggja fram raunhæfar tillögur til sparnaðar. Þá vinnu verður hins vegar að vinna og ég og mínir flokksmenn erum staðráðnir í

því að vinna að þessu á næstu missirum með eða án aðstoðar annarra, en þó helst með.

Frjálslyndir hægrimenn telja það siðleysi að niðurgreiða matvæli ofan í útlendinga. Við viljum að þegar í stað verði hætt að greiða niður útfluttar afurðir. Með því að hætta því sparast — ja, rúmlega hálfur milljarður, ég man nú ekki töluna nákvæmlega. Niðurgreiðslur á vöruverði eru áætlaðar um 4 milljarðar. Af hverju má ekki afnema niðurgreiðslur á vöruverði með þessum hætti og lækka þess í stað virðisaukaskatt á matvæli sem því nemur og þá á öll matvæli? Ég vil benda á þetta atriði vegna þess að mér finnst það skjóta svolítið skökku við að skattleggja þegnana með annarri hendinni og rétta þeim síðan til baka með hinni eftir geðþótta stjórnmálamanna. Niðurgreiðslur á vöruverði hafa verið notaðar til að mismuna framleiðendum. Þær hafa verið notaðar af stjórnvöldum í því skyni að stjórnvöld réðu matarkörfu heimilanna. Það er þvingun og neyslustýring sem frjálslyndir hægrimenn geta ekki sætt sig við. Slíkt viðgengst líkast til enn í ríkjum Austur-Evrópu en er þar sjálfsagt líka á hröðu undanhaldi eins og annað í stirðnuðu stjórnkerfi þeirra landa. Væri nú ekki eðlilegt að við byrjuðum á því hér að taka upp leikreglur frelsisins í þessum málum og leyfðum neytendum að ráða hvað þeir vilja helst kaupa í matinn? Af hverju ættum við ekki að gera það?

Með því að afnema niðurgreiðslurnar getum við unnið margt. Við getum hætt að mismuna framleiðendum. Við hættum að stjórna innkaupum neytenda, við hættum að stuðla að óhagkvæmni í framleiðslu og við getum lækkað virðisaukaskattinn á öllum matvælum verulega. Það mundi vera betri búbót fyrir láglaunafjölskyldur í landinu en niðurgreiðslurnar.

Hæstv. forseti. Áður en ég sný mér að nál. frá meiri hl. fjvn. get ég ekki látið hjá líða að gagnrýna harðlega formann nefndarinnar, hv. þm. Sighvat Björgvinsson, fyrir þá óviðunandi vanvirðu er hann sýndi Alþingi og alþm. í gær þegar hann lét hafa viðtal við sig á báðum sjónvarpsstöðvunum til að kynna niðurstöður vinnu fjvn. sem við erum hér að ræða. Fjölmiðlasýki einstakra þingmanna og ráðherra er slík að ef þingmenn vilja í raun fylgjast með þeim málum sem væntanleg eru inn á þing og jafnvel störfum þingnefnda þá er öruggara að setjast fyrir framan sjónvarpið en að sitja hér í þessum sal. Slíkum vinnubrögðum vil ég harðlega mótmæla og vona að slíkt endurtaki sig ekki.

Hv. formaður fjvn. hefur verið iðinn við að telja þjóðinni trú um að nú hafi í fyrsta sinn verið tekin upp heilbrigð vinnubrögð með nýjum hætti og sé það ekki síst að þakka því að nú hafi hv. fjvn. ríkisreikning undanfarins árs sér til hliðsjónar. Hér er auðvitað verið að slá ryki í augu fólks því að eftir því sem ég kemst næst hafa nauðsynlegar upplýsingar alltaf verið til staðar og því ekkert nýtt hér á ferðinni annað en sjónhverfing. Annars er það hlálegt að tala um ný vinnubrögð en segja svo strax í fyrstu setningu nál., með leyfi forseta: „Afgreiðsla fjárlaga í fjvn. hefur að þessu sinni verið með hefðbundnum hætti.“ Nýju vinnubrögðin felast sem sé í því að starfið var með hefðbundnum hætti. Já, það er margt skrýtið í kýrhausnum. Annars er nál. í sjálfu sér ekki merkilegt plagg og ekki mikið á því að græða nema e.t.v. það sem vekur nokkra athygli að allhressilega er sett ofan í við hæstv. fjmrh. í áliti meiri hl. Þar segir m.a. á bls. 3, með leyfi forseta:

„Ef litið er á heildartillögur nefndarinnar um viðbótarútgjöld sem nema nú fyrir 2. umr. 1 milljarði 182 millj. 262 þús. kr., þá eru tillögur hennar um hækkun rekstrarliða þar af um 570 millj. 205 þús. kr. og er sú fjárhæð svo til öll vegna lagfæringa á áætlunum frv. um útgjöld vegna launa miðað við óbreyttan rekstur, vegna rangrar verðuppfærslu í frv. eða vegna vanáætlana um önnur rekstrarútgjöld.“

Þarna er sagt berum orðum að frv. hæstv. fjmrh. hafi verið svo illa unnið að á stórum liðum hafi orðið að gera veigamiklar breytingar vegna lagfæringa á áætlun frv., vegna rangrar verðuppfærslu í frv. og vegna vanáætlana. Það virðist svo sannarlega ekki vanþörf á því að endurskoða frá grunni fjárlagavinnuna í ár.

Þá er einnig í álitinu á sömu bls. sýnt fram á óvönduð vinnubrögð menntmrn. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í frv. var áformað sérstakt sparnaðarátak af hálfu menntmrn. að fjárhæð 200 millj. kr. og var sú fjárhæð tilgreind á einum fjárlagalið án sundurliðunar á viðfangsefni. Fjvn. fékk sundurliðaðar tillögur ráðuneytisins um niðurfærslu gjalda og námu þær tillögur samanlagt um 169 millj. kr. eða nokkru lægri fjárhæð en áform voru um í frv.“

Þarna kemur skýrlega fram að ráðuneytið hefur hér aðeins kastað fram einhverri tölu svona til málamynda, en þegar að því kemur að gera grein fyrir henni, þá koma vinnubrögðin í ljós. Ég vil þó hrósa fjvn. fyrir slík gagnrýnin vinnubrögð og tel að nefndin mætti að ósekju gera meira af slíku því ekki virðist veita af.

Á bls. 4 kemur enn fram hörð gagnrýni á ráðamenn en þar segir, með leyfi forseta: „Fjárveitinganefnd Alþingis hefur farið mjög vandlega yfir áætlanir menntmrn. um stöðu framkvæmda, sem áður voru sameiginlegar með sveitarfélögum, miðað við nk. áramót. Sjálfsagt eru einhver atriði þar sem sveitarfélögin mun greina á við ríkisvaldið um fjárhæðir þó að nokkuð ljóst sé um heildarfjárhæðir vangreiddra framlaga ríkisins vegna þessara framkvæmda, en þær munu nema á bilinu 1200–1400 millj. kr. Nefndin hefur hins vegar enn ekki gert tillögu um hvernig að þessum uppgjörsmálum skuli staðið við afgreiðslu fjárlaga, en mun gera tillögu um það fyrir 3. umr. Hefur það nokkuð tafið störf nefndarinnar í þessari vinnu að reglugerðir lágu lengi vel ekki fyrir og liggja raunar ekki fyrir enn að því er varðar reglugerð um uppgjörið við sveitarfélögin vegna framkvæmda á sviði skólamála, dagvistunar og íþróttamála. Þá hefur fjvn. ekki heldur getað við þessa umræðu gert tillögur um hvernig staðið skuli að skiptingu fjárfram-

lags á fjárlögum til íþróttamála skv. hinum breyttu verkaskiptingarlögum. Falla nú niður greiðslur úr ríkissjóði til íþróttaframkvæmda á vegum sveitarfélaga en haldast hins vegar áfram hvað varðar greiðslur úr ríkissjóði til íþróttaframkvæmda á vegum frjálsra félagasamtaka. Það var fyrst nú fyrir örfáum dögum sem nefndin fékk í hendur reglugerð hvað þennan nýja íþróttasjóð varðar og hún hefur ekki haft ráðrúm til þess fyrir þessa umræðu að ganga frá tillögum sínum þar um."

Hér staðfestist enn einu sinni að slóðaháttur ríkisstjórnarinnar í viðbót við slæm vinnubrögð veldur verulegum töfum á starfi fjvn. Reglugerðir lágu ekki fyrir og liggja ekki enn fyrir allar.

Hvað varðar íþróttirnar væri hægt að hafa langt mál sem ég ætla þó ekki að gera að sinni. Hins vegar vil ég ítreka það sem ég margsagði og varaði við þegar verið var að ræða frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að íþróttamálin áttu ekki að færast yfir á sveitarfélögin. Hv. þm. munu verða varir við þau mistök innan fárra ára. Hvað varðar Íþróttasjóðinn fyrir frjáls félagasamtök, þá er hann ekkert nema nafnið eitt því ljóst er að honum er svo naumt skammtað fé að hann er í raun til einskis. Um nál. meiri hl. ætla ég ekki að hafa mikið fleiri orð en vil í lokin geta þess að skýringar við brtt. eru afar fátæklegar og allvíða engar.

Hæstv. forseti. Það er nú ljóst eftir meðferð hv. fjvn. að ekki stendur steinn yfir steini í frv. hæstv. fjmrh. og þegar ljóst að enn frekari björgunaraðgerða er þörf. Það er því í raun til lítils að vera að eyða miklum tíma í að ræða aðeins hálfunnin fjárlög, fjárlög sem fyrst og fremst útheimta vinnu við að lagfæra eitthvert verst unna frv. sem litið hefur dagsins ljós. Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir tæpum þriggja milljarða halla. Hann er nú þegar kominn upp í rúma 4 milljarða og stefnir jafnvel í um 6 milljarða. Af þeirri reynslu sem við höfum af fjármálastjórn hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar má vera nokkuð ljóst að halli á ríkissjóði árið 1990 verður umtalsvert meiri en þær tölur sem ég hef hér nefnt. Yrði ég ekki undrandi þó að hallinn yrði í kringum 10 milljarðar eða jafnvel meiri, enda ljóst að mætra manna mati að í frv. leynist meiri vandi.

Frv. boðar harkalegan niðurskurð á fjölmörgum sviðum. Skattpíning heimila og fyrirtækja eykst stöðugt, atvinnuleysi er enn að aukast, kaupmáttarránið heldur áfram og gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja sömuleiðis. Alls staðar birtist kreppan okkur, öllum er gert að axla byrðar. En þeim byrðum er ójafnt skipt og hafa reyndar fjölmargir orðið að láta undan. En hafa stjórnendur þessa lands axlað byrðar? Nei og aftur nei. Sjálfur æðsti prestur fjármálanna gerir þveröfugt. Hann hækkar fjárveitingu til fjmrn. um 51%. Þetta ber vott um þvílíka vanvirðingu fyrir þegnunum að með ólíkindum er. En það sem meira er er að þetta kemur ekki nokkrum manni á óvart úr þessari átt því hér er á ferðinni hinn ókrýndi skattakonungur Íslandssögunnar. Og hann er ekki aldeilis hættur, enda liggur nú fyrir þm. frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem mun auka allverulega skattbyrði meginþorra vinnandi fólks. Fyrir þinginu liggur einnig frv. til laga um nýjar álögur á bifreiðaeigendur þar sem gert er ráð fyrir að hækka kílóagjald á almenningsbifreiðir upp í 5,20 kr. pr. kg sem er aðeins 90% hækkun á þeim skatti. Þær munar víst lítið um það, barnafjölskyldurnar. Og svona sem jólaglaðning, sérstaklega fyrir landsbyggðina, verður lagður á orkuskattur, þar sem fjmrh. er ljóst að orka víða um land þolir vissulega að hækka til neytenda.

Alla þessa nýju skatta sem ég hef hér nefnt vantar að sjálfsögðu inn í frv. Þeir eru þó taldir eiga að skila ríkissjóði nettó 100 millj. kr. tekjum þegar reikningslegt tekjutap ríkissjóðs vegna ákvörðunar um upptöku virðisaukaskattsins var ákveðið og fært úr 26% niður í 24,5%. Á sama tíma og ríkisstjórnin leggur allar þessar álögur á fólk og fyrirtæki er ljóst að ríkisbáknið mun halda áfram að þenjast út og er sýnilegt að fleiri hundruðum nýrra starfsmanna verður bætt á jötuna. Með sama áframhaldi verður leitun að launþega sem ekki vinnur hjá hinu opinbera. Takmark sósíalista færist nær.

Hæstv. forseti. Meginforsendur frv. eru í meira lagi vafasamar. Skv. því er til að mynda gert ráð fyrir því að verðlag hækki aðeins um 16%. Gott er ef satt væri en því miður sjást ekki merki þess á þessari stundu. Við í Frjálslynda hægriflokknum sjáum ekki ástæðu til að leggja fram brtt. nú við 2. umr., enda sennilega til lítils að gera slíkt þar sem okkar tillögur mundu snúast um það að gera öllu venjulegu fólki lífið í þessu landi skattpíningar. Á slíkt mundu stjórnarliðar ekki geta fallist, enda væru þeir þá að brjóta gegn stjórnarstefnunni.

Hæstv. fjmrh. mætti íhuga eftirfarandi lokaorð sem eiga vel við hann og fólkið í landinu sem allt er tilbúið að greiða sína skatta og skyldur innan eðlilegra marka, en þau eru:

> Að setja skatta auðvelt er,
> en að greiða skatta, guð hjálpi mér.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að fundahöld hér í dag verða með þeim hætti að fundi verður frestað kl. 7 og fram haldið kl. 9. Atkvæðagreiðsla fer fram kl. 1 á morgun um fjárlög. En svo er ástatt um brtt. á þskj. 287 að þær þarfnast afbrigða til þess að þær megi á dagskrá koma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 287, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á hv. 5. þm. Vesturl. ljúka máli sínu hér áðan og af því svo margir eru komnir hér í salinn sem ekki heyrðu hans ræðu, þá langar mig til að rifja aðeins upp. Hv. þm. sagði: Ekki fræðslustofur í kjördæmum, ekki skattstofur í kjördæmum, ekki svæðisstjórnir í kjördæm-

um, ekki framlag í Byggðasjóð, ekki framlag í Lánasjóð ísl. námsmanna, mennta dreifbýlisfólk gegnum skólasjónvarp og lánasjóðir yrðu ekki til og hætta svo útflutningsbótum. Mér þótti þetta hugvekja sem vekur athygli og af vinsemd við félaga minn í þingmannaliði Vesturl. þótti mér ástæða til að rifja þetta upp um leið og ég kem hér í ræðustól til þess að sem flestir heyri boðskapinn frá frjálslyndum hægrimönnum.

Við þessa 2. umr. fjárlaga skal ég reyna að stytta mál mitt, hæstv. forseti. Ég vísa að sjálfsögðu til ítarlegrar ræðu formanns fjvn. sem mælti fyrir áliti meiri hl. nefndarinnar. Þar komu fram mjög miklar upplýsingar og skýringar sem ég trúi að einstaka þingmenn hafi ekki talið nægjanlegar en að mínu mati er þar að finna mjög ítarlegar upplýsingar. Ég vil um leið benda á að fjvn. hefur skilað hér till. sem eru í meira magni í raun og veru en nokkurn tímann hefur áður verið við afgreiðslu fjárlaga og eru skýringar við það sem kom fram í ræðu hv. formanns nefndarinnar.

Ég vil byrja mál mitt með því að þakka meðnefndarmönnum fyrir ágætt samstarf í fjvn. við erfiðar aðstæður og einnig endurtaka það sem hér hefur komið fram, þakkir til starfsfólks og embættismanna sem þar hafa að máli staðið. Mér finnst nauðsynlegt að rifja hér upp aðstæður við þessa fjárlagagerð. Ég þarf ekki að endurtaka það sem kom fram við 1. umr. fjárlaga, það er skjalfest. Þar vakti ég athygli á ýmsum þáttum í fjárlagagerðinni sem mundu verða óvenjulegir. Mér finnst ástæða til að leggja áherslu á að við þessa yfirferð fjárlagafrv. eru óvenjulegar aðstæður. Aðstæður sem við margir hverjir höfum óskað eftir að fá fram í sambandi við meðferð fjárlaga. Þar á ég í fyrsta lagi við ríkisreikning fyrra árs sem hefur verið til meðferðar og er til meðferðar. Einnig það sem er nýtt í sögunni, eins og kom hér fram við 1. umr. fjárlaga, að nú í fyrsta sinni í áratugi liggja fyrir fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár, þ.e. fyrir árið 1989, jafnhliða til afgreiðslu og meðferðar. Þetta gerir það að verkum að í fyrsta sinn hefur fjvn. Alþingis möguleika á því að sannreyna, eftir því sem mögulegt er, allar tölur í sambandi við gerð fjárlaga. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum sem nærri þessum málum hefur komið að hér eru einhverjar þýðingarmestu framfarir í sambandi við afskipti Alþingis af fjárlagagerð sem komið hafa fram í áratugi.

Hins vegar er alveg ljóst að þetta leiðir í ljós að fjvn. Alþingis á að starfa allt árið. Hún hefur, með þessari breytingu sem er orðin á fjárlagakerfinu, möguleika til þess að grípa inn í og hafa bein afskipti af fjárlagagerðinni á hverjum tíma sem hún hefur ekki haft miðað við núverandi þingsköp. Þetta er atriði sem ég vil endurtaka hér og leggja áherslu á miðað við það sem fram hefur komið nú á þessu hausti þegar fjvn. hóf störf sín í byrjun október. Og miðað við að hafa öll þessi mál undir höndum núna á tiltölulega skömmum tíma í meðferð fjárlagafrv. kemur einmitt þetta enn þá betur í ljós en nokkurn tímann áður. Þess vegna var það auðvitað augljóst mál að fjvn. þarf að skoða grunn fjárlaga, hvort þessi grunnur byggði á áætlunum, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, þar sem tekið er tillit til hækkana milli ára og menn áætla gjarnan á auðveldan hátt slíkar tölur, eða á raunverulegum staðreyndum eins og ríkisreikningi fyrra árs og fjáraukalagafrv. sem við höfum undir höndum. Þess vegna er eðlilegt að menn rækju upp stór augu sumir, og eiga kannski eftir að verða meira hissa þegar kemur að 3. umr., þegar fram koma beinar hækkanir á rekstrarliðum í gegnum vinnu fjvn. eins og raunin er í því þskj. sem hér liggur fyrir með brtt. nefndarinnar.

Fjárlagagerðin hefur með þessu móti tekið á sig nýjan svip sem stefnir að því að reyna að leiða fram raunveruleikann í þessum málum. Við höfðum sem sagt ríkisreikninginn, við höfðum fjáraukalögin til að kanna það sem er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og eðlilega var ljóst að við yrðum að kanna hvort þær tölur sem eru í fjárlagafrv. stæðust þessar staðreyndir eða ekki. Því miður hefur komið í ljós að grunnur fjárlagafrv. byggir ekki á raunverulegum staðreyndum í allt of mörgum tilfellum. Þess vegna verður að leiðrétta bæði fjárlagafrv. við 2. umr. og jafnhliða að gegnumlýsa fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989 miklu meira en menn hafa e.t.v. gert sér grein fyrir áður. Og þetta sýnir ljóslega um leið gildi þess að herða reglur um meðferð fjárlaga, með því m.a. að draga úr heimildum til að greiða úr ríkissjóði umfram samþykkt fjárlög og ef nauðsyn krefur að þá verði að leggja fram fjáraukalög. Í þessari meðferð allri kemur að sjálfsögðu upp á borðið nauðsyn þess að endurskipuleggja fjárlagagerð þannig að það séu rammafjárlög til lengri tíma sem falla inn í þessa umgjörð sem hér hefur verið lýst.

Mér finnst ástæða til að fagna því, þrátt fyrir alvöru þess að sú staðreynd liggi fyrir að það skuli þurfa að hækka fjárlagafrv. um hundruð milljóna. Vegna þess að staðreyndirnar í sambandi við raunverulegar rekstrartölur, bæði frá ráðuneytum og stofnunum, eru þessar sem hér hafa komið fram, þá finnst mér nauðsynlegt að rifja hér upp að fjvn. hefur haft og hefur til meðferðar ákveðnar till. til úrbóta á þessu sviði. Ég á von á því að áður en margir dagar líði komi hér fram frv. um breytingar og þá þarf um leið að taka ákvörðun um breytingu á þingsköpum Alþingis þannig að fjvn. komi meira inn í þessi mál allt árið eins og ég áður sagði.

Mér finnst ástæða til að geta þess í þessu sambandi, af því að það hefur komið fram áður bæði í umræðum hér á Alþingi og eins í fjölmiðlum, að á vegum Framsfl. starfaði nefnd þingmanna í sumar og haust sem lagði fram ákveðnar tillögur í efnahagsmálum og fjármálum þjóðarinnar. Hluti af þeim tillögum sem samþykktar voru á miðstjórnarfundi flokksins gengu yfir á þetta svið. Til staðar hefur verið um nokkurt skeið ákveðin þáltill. um þetta mál, sem ég hef ekki viljað að lögð verði fram fyrr en sýnt væri hvort fjvn. afgreiðir þau lagafrv. sem gert er ráð fyrir, eftir vinnu nefndarinnar í haust, að komi fram.

Mér finnst ástæða til, virðulegur forseti, að fá heimild til þess að lesa hér upp ákveðna liði í þessum

tillögum sem skýra mál mitt e.t.v. betur. Þær hljóða þannig:

„Starfsmarkmið ríkisstofnana verði endurmetin og þau markmið sem til grundvallar eru lögð við rekstur skilgreind að nýju og afnumin sjálfvirkni í útgjöldum. Þetta verði gert í samstarfi og samvinnu við forstöðumenn viðkomandi stofnana. Þannig verði hlutverk stofnana endurskilgreint og mat lagt á hagkvæmni í rekstri þeirra. Stofnanir verði sameinaðar, starfsemin einfölduð og hagræðingu komið á. Lagðar verði niður stofnanir þar sem færa má starfsemina undir aðrar stofnanir. Flestar ríkisstofnanir fái sjálfstæðan fjárhag og stjórnendur beri ábyrgð á að halda stofnuninni innan fjárlagarammans. Gerð verði úttekt á ýmsum þáttum í rekstri ríkisstofnana sem bjóða má út og haldið verði áfram athugun á sölu ríkisfyrirtækja. Verkaskipting starfsmanna verði ekki eins afmörkuð og nú er en gert er ráð fyrir tilfærslum innan stofnana eftir álagi. Stjórnkerfi ríkisstofnana verði gert virkara og við það miðað að stjórnendur þeirra geti lagað reksturinn að fjárlögum. Miðað verði við að fækka ríkisstarfsmönnum um 1,5–2% á næstu þremur árum." Og til að móta þetta starf, þessa hagræðingu og uppskurð í ríkiskerfinu, verði skipaðir vinnuhópar sem taki mið af þessum og öðrum atriðum sem fram koma til að ná þessu markmiði.

Ég held að það sé alveg ljóst að sú mikla ofþensla sem er í okkar þjóðfélagi umfram þjóðartekjur gengur ekki öllu lengur. Það verður að kryfja þessi mál til mergjar og taka upp ný vinnubrögð. Um þetta mætti að sjálfsögðu færa fram ýmis rök og halda um það langa ræðu sem sýnir staðreyndir sem þjóðinni allri væri hollt að horfast í augu við. Ég held að það sé komið að því að ábyrg stjórnvöld taki upp aðrar skýringar og aðrar orðræður um þennan mikilvæga vanda sem okkar litla en háþróaða þjóðfélag á í raun og veru við að stríða.

Það er ljóst að útgjöld eru komin langt fram úr tekjum ríkissjóðs og það er einfalt að vísa í staðreyndir þar um. Ef ég tek þróun ríkisútgjalda t.d. á ákveðnu árabili þá er það alveg ljóst. Við getum tekið árabilið 1984–1989. Ríkisútgjöld A-hluta ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa aukist frá því að vera árið 1984 22,8% í 28,7% árið 1989. Aukningin nemur á verðlagi ársins 1989 hvorki meira né minna en 17 milljörðum kr. Og ef litið er á þá þætti sem aukning hefur orðið mest í kemur eftirfarandi í ljós:

Vaxtagjöld hafa aukist um 6,6 milljarða, aukning í mannahaldi um 3 milljarða og félagsmál hafa aukist um 7 milljarða kr. Aukning vaxtakostnaðar stafar fyrst og fremst af tvennu. Hið fyrra er að hallarekstur ríkissjóðs á undanförnum árum hefur leitt til aukinna vaxtagreiðslna bæði vegna fjárþarfar innan ársins og síðan vegna lántöku ríkisskulda. Hið síðara að ríkissjóður hefur yfirtekið skuldir orkugeirans t.d. sem nú eru áætlaðar um 10 milljarðar króna.

Ef við skoðum í hverju aukning mannaflans er fólgin sem hægt er að heimfæra undir þetta dæmi um 3 milljarða kr., þá er aukningin á árabilinu 1984–1989 um 2000 manns, á árabilinu 1980–1989 er aukningin um 3300 manns. Hluti af þessari aukningu er vegna félagsmála, þ.e. málefna fatlaðra, sjúkrahúsa og nokkur vegna bættrar talningar á starfsmönnum. Ef við færum ofan í þessi mál og gerðum grein fyrir þeim á aðgengilegan hátt fyrir almenning í landinu er ég í engum vafa um að hægt er að fá næman skilning fyrir því hvernig þjóðfélag okkar stendur í þessum málum og um hvaða aðgerðir væri hægt að ná samkomulagi til að forða okkur frá því að stefna í ógöngur í sambandi við næstu framtíð.

Ég held í þessu sambandi, þegar við tölum um fjárlög og fjármál yfirleitt og þær staðreyndir sem blasa víðs vegar við í efnahagskerfi þjóðarinnar, að ekki sé hægt að komast hjá því að undirstrika það sem raunar hefur komið hér fram áður í þessum umræðum, og að nokkru leyti í máli hv. formanns fjvn., að Alþingi sjálft á vissa sök á því hvernig þessi þensla er. Það er hægt að heimfæra það undir lagasetningu sem kemur frá Alþingi. Það ætti í raun og veru að vera regla að engin lög ætti að samþykkja frá Alþingi nema áður hafi verið gerð nákvæm könnun á fjárhagsáhrifum slíkra laga. Og að fjármagn væri tryggt til að framkvæma lögin. Það sama ætti að gera í sambandi við breytingar á kjarasamningum. Það ætti strax eftir slíka samninga eða um leið og þeir eru gerðir að gera nákvæma útreikninga á því hvað þeir þýða í sambandi við þjóðarútgjöldin. Þetta kemur auðvitað á okkur hér þegar við erum að ræða um fjárlagagerðina og afgreiðslu fjárlaga. Núna fáum við áhrifin af kjarasamningum aftur á bak, sem ekki hafa legið fyrir, akkúrat núna á lokastigi fjárlaga fáum við langan lista um þessi áhrif sem ekki hafa verið reiknuð inn. Við þurfum að taka ákvörðun um hvort það á að hækka fjárlög til þess að framkvæma samþykkt lög frá Alþingi, sem alls ekki lá fyrir þegar lögin voru samþykkt. Ekki er um neitt annað að ræða í þessari stöðu en að fresta framkvæmd slíkra laga um eitt ár, tvö ár eða hvað það verður. Auðvitað er þetta til þess að skapa óróa í meðferð þessara mála en þetta eru staðreyndirnar.

Ég vil segja það hér og nú að mér finnst að á sama hátt ætti að taka til hendi í sambandi við lánsfjárlög. Lánsfjárlögin eru slitin úr sambandi við fjárlögin sjálf. Þau fara í gegnum fjh.- og viðskn. Alþingis. Og hvað gerist? Innibyggðar í lánsfjárlögum eru ýmsar ákvarðanatökur sem eru ekki í takt við fjárlögin sjálf sem verið er að fjalla um og oftar en ella hafa valdið miklum erfiðleikum í sambandi við meðferð fjármála þegar þau hafa verið samþykkt á þennan hátt sem ég gat um hér áðan. Sama er með 6. gr. fjárlaga. Þar þarf að taka upp ný vinnubrögð. Það er alveg ljóst að slík meðferð sem við höfum viðhaft hér á Alþingi á undanförnum árum gengur ekki upp. Í 6. gr. er alltaf mikið af opnum heimildum sem eru nýttar á þann hátt að menn standa frammi fyrir gífurlegum útgjöldum sem staðreynd, ef þess er ekki gætt að það þurfi að vera í takt við það markmið sem viðkomandi fjárlög hafa hverju sinni.

Ég vil aðeins segja í sambandi við þessar hugleiðingar mínar að lokum að ég tel að þessi nýja aðstaða sem í fyrsta sinni í áratugi hefur komið upp í sambandi við meðferð fjárlaga, þ.e. fjáraukalögin jafnhliða fyrir yfirstandandi ár, tengist ákaflega vel því sem áður var búið að gera til framfara, þ.e. að Ríkisendurskoðun kemur nú undir Alþingi og getur verið virkur aðili að upplýsingum í sambandi við fjárlagameðferðina. Það hefur sennilega sýnt sig enn betur nú en áður hvaða gildi Ríkisendurskoðun hefur í sambandi því þessi mál öll. Hún tengist upplýsingum sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur og er vissulega mikilvægt að þessar tvær stofnanir séu virkar í fjárlagagerðinni.

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að koma hér að örfáum atriðum í sambandi við frv. sjálft og þá vil ég byrja á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er alveg augljóst mál að þessi mikla kerfisbreyting, ef það má orða það svo, að færa verkefni til sveitarfélaga og frá sveitarfélögum yfir á ríkið, hefur e.t.v. komið meira á óvart í kerfinu heldur en eðlilegt hefði verið. Þegar til þessa er litið þá er náttúrlega augljóst mál að í viðkomandi ráðuneytum hefur ekki verið tekist á við þessi mál eins og skyldi eftir gildistöku laganna á síðasta Alþingi. Það er alveg ljóst að það þyrfti að hefja miklu markvissari vinnu í sambandi við framkvæmd þessara laga heldur en staðreyndir sýna. Og þar eiga stjórnvöld ekki ein sök heldur einnig stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga eða forusta sveitarfélaganna í þessum málum. Það segir sig náttúrlega sjálft að slíkar stórbreytingar geta varla gerst á einum degi þegar komið er fram í desember, nema eitthvað bjáti á, þegar ekki hafa legið fyrir neinar reglugerðir eða ákvarðanir um það hvernig á þessum málum skyldi haldið.

Ég tel í sjálfu sér að þetta þurfi kannski ekki að vera svona mikið vandamál því að auðvitað þarf að ganga í gegnum vissa erfiðleika í upphafi til að leysa svona mál. Það er ekkert við því að segja, en ég er alveg viss um að það hefur komið fram sem ég hafði efasemdir um þegar þessi lög voru til meðferðar hér á hv. Alþingi. Ég hafði efasemdir um að rétt hefði verið í þessari lotu að taka heilbrigðisþáttinn yfir í meðferð mála. Sá þáttur var miklu minna undirbúinn á vegum þeirra aðila sem fjölluðu um þessi mál þar sem gert var þá ráð fyrir að heilsugæslustöðvar yrðu áfram undir stjórn sveitarfélaganna og þau bæru á vissan hátt áfram ábyrgð á rekstrinum. En þessi meðferð hér á Alþingi varð samt staðreynd og er ekkert um það segja. Eg er í sjálfu sér ekkert hissa þó að hæstv. fjmrh. sé hikandi nú þegar hann sér tölur eins og í sambandi við sjúkrasamlögin sem eru í dag miðað við ár komnar í rúmlega 2 milljarða og tölur í sambandi við yfirtöku heilsugæslustöðva sem eru á stærðargráðunni rúmlega 800 millj. Þetta er náttúrlega efnislega séð mikil breyting sem hlaut að valda því að staðan í þessum málum er allt önnur fyrir ríkissjóð. Eigi að síður er ekki ástæða til þess að gera ráð fyrir því að ríkissjóður falli frá því að standa við þau lög sem sett hafa verið. Ég tel að það sé útilokað að ganga aftur á bak í sambandi við þetta mál, en það verður eigi að síður að skoða framhaldið í sambandi við þær tölulegu staðreyndir sem hér liggja fyrir. Og guð hjálpi sveitarfélögunum ef þau hefðu verið áfram með greiðslur í sjúkrasamlögin miðað við þær gífurlegu hækkanir sem hafa orðið á þeim lið undanfarið eitt og hálft ár og hann heldur áfram að hækka hröðum skrefum að sjálfsögðu.

Það sem mér finnst aðalatriðið nú er að það sé eigi að síður staðið við þau verkaskipti sem lög gera ráð fyrir og uppgjörsmálið sé til lykta leitt á eðlilegan máta. Og eins og stendur í þeirri grein laganna sem miðað er við, þá eru það nokkuð skýrar línur að skv. 75. gr. laga um verkaskiptinguna er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs um byggingu dagvistunarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja, svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki. Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum sem unnar eru á árinu 1989 skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989. Þetta ákvæði er mjög skýrt og greinilegt en hins vegar er slæmt að um þetta skuli ekki vera komnar reglugerðir þannig að menn þurfi ekki að vera í vafa um hvað við er átt eins og virðist vera hjá mörgum aðilum.

Fjvn. hefur, eins og kom fram í máli formanns hennar, tekið þetta mál til ítarlegrar skoðunar í samráði við ráðuneytið. Við höfum fengið öll þau gögn frá viðkomandi ráðuneyti sem um þessi mál þarf að hafa í höndum. Frá menntmrn. komu upplýsingar um verkstöðuna í öllum þessum málaflokkum og niðurstöðurnar liggja fyrir í töflum sem eru eins aðgengilegar og þær hafa verið á undanförnum árum við uppgjör á byggingarkostnaði þessara framkvæmda og fjárveiting undanfarinna ára hefur verið miðuð við skiptingu.

Samkvæmt þessari verkstöðu skuldar ríkið grunnskólum 875 millj. og miðað við ¼ af því, það deilist á fjögur ár, þá eru það 218 millj. sem grunnskólarnir eiga að fá. Íþróttasjóður er með 220 millj. miðað við verklok núna í árslok sem þýðir að framlag til sveitarfélaga úr Íþróttasjóði þarf að vera 55 millj. Félagsheimilasjóður skuldar félagsheimilum um 60 millj. kr. Það þýðir 15 millj. kr. framlag. Varðandi dagvistunarstofnanir er skuld ríkisins við sveitarfélögin 176 millj. kr. sem gerir 45 millj. Þessi heildarskuldastaða miðað við verkþáttalok er því 1 milljarður 331 millj. sem þýðir að það sem vantar inn í fjárlögin til að standa við þetta uppgjör eru 333 millj. sem þurfa að koma inn við 3. umr. fjárlagafrv.

Það er eitt atriði sem mér finnst ástæða til að nefna hér við 2. umr. vegna þess að margir þingmenn og sveitarstjórnarmenn spyrja mjög stíft núna um þessi mál og það eru atriði í sambandi við samninga. Það eru sjö sveitarfélög á Íslandi sem hafa notið þeirra

forréttinda á undanförnum árum að hafa fastan greiðslusamning við ríkissjóð í sambandi við skólamannvirki. Þessi sveitarfélög eru Kópavogur, Bessastaðahreppur, Akranes, Reykholtsdalshreppur, þ.e. Hvanneyri og Kleppjárnsreykir, Stykkishólmshreppur, Ísafjörður og Akureyri. Ef þessir samningar ættu að vera í gildi og tækju ekki tillit til verkstöðu mannvirkja hjá þessum sveitarfélögum, þá þyrfti að greiða þessum sveitarfélögum á næsta ári 101 millj. kr. miðað við samningana. Hins vegar ef tekin er verkstaðan og ekki tekið tillit til samninganna að öðru leyti, þá þarf að greiða þessum sveitarfélögum 40,7 millj. kr. sem er innifalið í þeim tölum sem ég nefndi hér þaðan, þ.e. um 218 millj. Hins vegar kemur þetta þannig út að sum sveitarfélögin, sem þarna eiga hlut að máli, geta ekki fengið raunverulega neina fjárhæð í uppgjörið vegna þess að verkstaðan er núll eða það lítil að það dregur ekki vegna þess að sum þessi sveitarfélög ætluðu ekki að hefja áfanga sem er á bak við þennan samning fyrr en á næsta ári og treystu þá á að fá samninginn náttúrlega að fullu uppi borinn. Þess vegna þarf hér að reikna með því að ef þessir samningar falla úr gildi vegna verkaskiptalaganna, sem má gera ráð fyrir, þá komi upp sú staða að þessi sveitarfélög muni gera athugasemdir og krefjast þess að halda þeim rétti sem þau höfðu samkvæmt þessum samningum. Og það sem verra er og mér þykir ástæða til að nefna hér af því að það hefur valdið misskilningi líka, það eru aðeins örfá af þessum sveitarfélögum sem falla undir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hér eftir. Það eru ekki nema þau sveitarfélög sem eru með 2000 íbúa og færri þannig að það eru aðeins þrjú af þessum sjö sem geta fallið undir Jöfnunarsjóð hér eftir með fullum rétti, með 50% þátttöku í skólamannvirkjum, en hin ekki.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en vil aðeins geta þess hér vegna þeirra fyrirspurna sem alltaf eru að koma um þessi mál að það verður náttúrlega að fara eftir lögunum og ég vek athygli á því, hæstv. menntmrh., að það sem menn spyrja mest um núna og þarf að koma úrskurður um í sambandi við reglugerðina er það sem stendur hér: „Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja, svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.“ Sumir leggja þann skilning í þessa setningu í þessari lagagrein að hún þýði það að samningarnir séu í gildi. En hitt er svo aftur annað mál að fyrr segir í þessu að miða skuli við verkstöðu. Svo að ég taki t.d. Akranes sem er stór aðili að þessum samningi og hefði átt að fá yfir 20 millj. á næsta ári, þá fær hann ekki nema 1100 þús. vegna þess að verkstaðan er þannig að þeir eru aðeins með hönnunarkostnað en ætla ekki að hefja framkvæmdir fyrr en e.t.v. á næsta ári. Ég vek þess vegna athygli á því að það þarf að skoða þetta mál, en fjárhæðin er óbreytt miðað við það að taka tillit eingöngu til verkstöðu, án þess að líta á samningana að öðru leyti, þá er það innifalið í þessum 330 millj. sem augljóslega þarf til þess að standa við skiptinguna á mismun við ráðuneytin eins og málið stendur í dag.

Ég held að það sé líka ástæða til og hefði e.t.v. verið ástæða til hjá formanni fjvn. að nefna hér frekar ýmis atriði í sambandi við landshafnirnar. Það er náttúrlega alveg ljóst að lögin gera ráð fyrir að landshafnirnar séu ekki lengur til eftir 1. jan. nk. og þess vegna er ekki nokkur ástæða til að láta eina krónu í framkvæmdir við landshafnir á árinu 1990. En það þarf, og hefur komið í ljós, að vinnan við að semja við landshafnirnar og sveitarfélögin sem eiga að taka við hlutverki landshafna hefur verið ákaflega lítil, svo að ekki sé meira sagt, þannig að fulltrúar landshafnanna koma á fund fjvn. og segja að þeir eigi eftir að fá upplýsingar um það hvernig þeirra mál standa og þeir gera kröfu til þess að þeir taki ekki við höfnum þó að þær heiti landshafnir sem þeir geta hvorki komist inn í eða út úr með eðlilegum hætti með þann skipastól sem þangað sækir. Þar af leiðandi vildu þeir fá skýr svör um það hvaða framkvæmdir þeir fengju í sambandi við landshafnir áður en þetta gengur í gildi. Og það verður að segjast eins og er að það er nokkuð seint hugsað til þessara hluta, þar sem um er að ræða tugi milljóna, þegar aðeins eru nokkrar vikur eftir til áramóta. Þess vegna er það að fjvn. gerir ráð fyrir 50 millj. kr. til uppgjörs við landshafnir í fjáraukalögin 1989. Þannig yrði gengið í það að gera upp stöðu landshafnanna og ganga frá því dæmi bæði framkvæmdalega séð og rekstrarlega þannig að viðkomandi sveitarfélög gætu unað við þessi skipti.

Þetta er mál sem var því miður ekki unnið eins og hefði átt að gera og tíminn hjá samgrn. alls ekki notaður á réttan hátt til að koma þessum málum þannig fyrir að ekki þyrfti að vera að ræða það á síðustu stundu í sambandi við meðferð fjárlaga og fjáraukalaga.

Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér farið að stytta mál mitt. Það er alveg ljóst að það er óvenjulegt nú, sem tengist því sem ég sagði í upphafi, hve mikið er af atriðum eftir til 3. umr. umfram B-hluta stofnanir. Ég vil þó í leiðinni áður en ég kem að því — og ég vil að það komi hér fram í umræðunni um fjárlög — ég vil fagna samstöðu í fjvn. um Háskóla Íslands, samstöðu um það að ekki verði skert sjálfsforræði Háskólans til ráðstöfunar á því aflafé sem hann hefur, þ.e. happdrættisfé, og ég tel að hafi reynst þjóðinni ómetanlega við uppbyggingu æðstu menntastofnunar á Íslandi sem þjóðin er að sjálfsögðu öll stolt af. Ég held að mikilvægt sé að það náðist samstaða um lausn á þessu máli og hæstv. menntmrh. á heiður skilið fyrir að hafa tekið myndarlega á því miðað við þá aðstöðu sem upp var komin eftir að búið var að leggja mikla vinnu í það að átta sig á stöðu þessara mála. Það hefur einnig orðið til góðs fyrir Háskólann og þeir sem þar ráða ríkjum hafa sjálfsagt áttað sig betur eftir þessa yfirferð á því hlutverki og þeirri ábyrgð sem þeir raunverulega bera um leið á málefnum Háskólans.

Mér finnst einnig ástæða til að fagna sérstaklega samtöðu í fjvn. um nýtt verkefni sem var ákveðið í sambandi við framhaldsskóla, þ.e. byggingu á sund-

laug við íþróttamannvirkin á Laugarvatni. Þó að þetta sé ekki stór upphæð þá er þetta gífurlega mikilvægt mál því að ástandið þar er þannig á þessu fjölbreytta menntasetri sem þar er, bæði menntaskóla og íþróttakennaraskóla og héraðsskóla, að þar er engin sundlaug. Hún var byggð 1928 og hún er hrunin. Þetta er líka verðugt atriði í sambandi við uppbyggingu á íþróttamiðstöð sem er að rísa og er raunverulega að hluta til risin á Laugarvatni. Ég sé ástæðu til að fagna sérstaklega þeirri samstöðu sem náðist um þetta atriði. Einnig vil ég nefna annað af því að það komu fram einhverjar efasemdir hjá hv. 5. þm. Vesturl. Það tókst samstaða um það í nefndinni að auka fé til Íþróttasjóðs til úthlutunar á árinu 1990 um 100%, þ.e. í staðinn fyrir 7 millj. í fjárlagafrv. fær sá sjóður nú í tillögum nefndarinnar allrar 7 millj. í viðbót, þ.e. 14 millj. alls, sem er alla vega annað andlit á hlutverki þessa sjóðs heldur en hefði verið með 7 millj.

Ég vil einnig þakka samstöðu í sambandi við Iðnskólann í Reykjavík sem er einn fjölmennasti skóli landsins en hann hefur orðið að búa við það árum saman að hafa allt að 40 ára gömul kennslutæki í sambandi við iðngreinar. Það náðist samstaða í nefndinni um það að sérmerkja Iðnskólanum 15 millj. í tækjakaup á árinu 1990 sem er ábyggilega mikilvægt fyrir framtíð skólans. En það hefur verið mjög gagnrýnt af þeim sem eru að læra prentiðn að tækjabúnaður skólans hefur ekki staðist þær kröfur sem nútíminn gerir til þessarar kennslu en vonandi verður úr því bætt með þessu.

Það mætti, virðulegi forseti, tala mikið meira um þessi mál en ég skal reyna að stytta mál mitt. Ég ætla ekki að fjölyrða um Þjóðleikhúsið. Þar eru ýmsar hugmyndir uppi sem vert væri að tala um hér. Ég tel ástæðu til að þær tillögur verði vel skoðaðar. Frá mínum bæjardyrum séð er útilokað að ljúka viðgerðum á Þjóðleikhúsinu innan dyra, sem óhjákvæmilegar eru, á nokkrum mánuðum. Það tekur a.m.k. eitt til eitt og hálft ár að gera Þjóðleikhúsið að innan að því musteri sem það á skilið að vera og verður að vera. Þó að ekki sé tekið tillit til þeirra gífurlegu umbóta sem vissir aðilar hafa lagt til, þá hlýtur að vera sjálfsagt mál að gera þetta myndarlega. En alla vega þarf að átta sig á því hvort þá sé eðlilegt að halda uppi rekstri Þjóðleikhússins eins og ekkert hafi í skorist og gera það annars staðar, utan veggja þess. Það er mál sem þarf að taka afstöðu til.

Í sambandi við landbúnaðarmálin vil ég aðeins nefna það hér, af því að þau hafa verið til umræðu hér áður við fjárlagagerð á sl. ári, að það verður náttúrlega ekki lengur hjá því komist að gera þau mál hreint upp. Og ég vil aðeins endurtaka það að við samþykktum ný jarðræktarlög og ný búfjárræktarlög á sl. vori á Alþingi með því fororði að ná nýjum tökum á þessum málum og um leið var ákveðið að gera upp eldri skuldir samkvæmt eldri lögum og koma þessum málum í það form að ekki þyrfti sífellt að vera að deila um það hér á hv. Alþingi við fjárlagagerð eða á annan hátt hvað væri útistandandi, hvað væri óbreytt o.s.frv. Ég treysti á það að við 3. umr. takist að ganga frá þessum málum eins og samkomulag hefur verið um og í samræmi við ákvæði í gildandi lánsfjárlögum þannig að ekki verði lengur vafi á því hvernig þessi mál standa. Við höfum fengið í hendur í fjvn. fyrir 3. umr. nákvæmlega skuldastöðuna í þessum málum og það er ekki ágreiningur lengur í sambandi við jarðræktarframlögin og búfjárræktarlögin. Vegna ársins 1987 eru enn samkvæmt jarðræktarframlögum 8 millj. ógreiddar og búfjárræktarlögum 37 millj. eða samtals 45 millj. Þessi fjárhæð verður öll að fara eins og hún leggur sig inn í fjáraukalögin fyrir 1989. Síðan eru jarðræktarframlögin 1988 162 millj. og búfjárræktarframlög 60 millj. eða samtals 222 millj. kr. Og 1989, sem er áætlað, jarðræktarframlög 125 og búfjárræktarframlög 60 eða 185 millj. kr.

Hér þarf að ganga frá málum þannig að gerður verði um það samningur e.t.v. með skuldabréfaútgáfu sem tryggir uppgjör á þessum ógreiddu framlögum á næstu tveimur til þremur árum, hvernig sem það verður endanlega. En við skulum bara fá þetta í hendur að það sé ekki ágreiningur um að gera þetta upp. Ég held síðan að vegna ársins 1990, sem fer eftir nýjum búfjárræktar- og jarðræktarlögum, verði að liggja fyrir hvernig uppgjör á þeim fjárhæðum á að fara fram en ég þykist sjá í þessu dæmi að það þarf að hækka framlagið í fjárlögum 1990 til að standa við þessi ákvæði.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti hér staðar numið. Það hefði verið ástæða til að fara yfir fleiri þætti, eins og t.d. húsnæðismál, vegagerðarmál og annað slíkt, en ég ætla að sleppa því við þessa umræðu vegna þess að við eigum eftir að koma að þessum málum við 3. umr. og vinna í þeim á milli umræðna.

En í sambandi við húsnæðismálin vil ég aðeins endurtaka að það vakti furðu mína sem kom hér fram í ræðu hv. 18. þm. Reykv. í sambandi við vaxtabætur o.fl., þar sem hún upplýsti að milliþinganefndin, sem átti að gera tillögur eða taka ákvarðanir í sambandi við húsbréfin og þar með vaxtabæturnar og átti að skila af sér áliti til Alþingis í þingbyrjun til þess að Alþingi gæti ákveðið hvort gera þyrfti breytingar á lögunum miðað við þær rannsóknir sem viðkomandi nefnd hafði átt að gera eða breytingar á öðrum þáttum, hefur ekki starfað nema mjög lítið og kom aldrei með neinar tölur um þetta mál sem vissulega hefði getað skýrt hér mál í meðferð sem ganga einnig inn á fjárlögin. Þetta er nokkuð sem hefði verið hægt að taka sem sérstakan þátt í fjárlagaumræðunni einni. Ég geri það ekki hér en ég minni aðeins á það að ekki hefur verið staðið við það sem var ákveðið í sambandi við þetta mál á sl. vori.

Virðulegi forseti. Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til meðnefndarmanna fyrir það mikla starf sem við höfum átt saman og vona að okkur takist í framhaldinu að gera fjárlög fyrir árið 1990, miðað við allar þær upplýsingar sem við höfum, raunhæfari en áður hefur tekist.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Við höfum hlýtt á formann fjvn. flytja mál sitt og kann ég honum bestu þakkir fyrir greinargóðan málflutning. Við höfum líka heyrt nokkra af bústjórum í þrotabúi stjórnarandstöðunnar taka til máls og sannast á þeim málflutningi gömul samlíking: Stjórnarandstaðan er áfram of löt til að berjast og of feit til að flýja. Bústjórar hennar þrír minna mig á öfugmælaútgáfu af þrem forfeðrum mannkynsins sitjandi í frægri stellingu hlið við hlið, haldandi um viðkomandi skilningarvit, nema þessir segja: Heyrum allt bölvað, sjáum allt bölvað og segjum allt bölvað.

Álit minni hl. í fjvn. liggur fyrir og er það með hefðbundnum hætti eins og vænta mátti þegar minni hl. heldur áfram að umgangast tölur af fullkomnu ábyrgðarleysi. Þar eru talin upp ýmis áföll í þjóðarbúskapnum sem flest eiga það sameiginlegt að orsakanna má leita til efnahagsráða hjá síðustu stjórn, síðustu ríkisstjórn, sem sat hér undir forsæti Sjálfstfl. og þess tímabils þegar talsmaður minni hl., hv. þm. Pálmi Jónsson, vinur minn, var sjálfur í formannssæti í fjvn. Þannig fjölgar í dag gjaldþrota fólki um sex á hverjum sólarhring vegna þeirra vaxta sem frjálshyggja Sjálfstfl. hefur lagt á þjóðina. Þannig sligast nú heimilin í dag undan þeim matarskatti sem ríkisstjórn Sjálfstfl. lagði á þjóðina. Og þannig heldur vofa fortíðar áfram um efnahagslífið og spor þessarar ríkisstjórnar hræða enn þann dag í dag, þó tvö ár séu liðin frá því að hún fór frá völdum, enda hafa kröfur bústjóra stjórnarandstöðunnar hér í þessari umræðu einkum lotið að því að bæta við útgjöldum, auka á útgjöldin, án þess að bent sé á nokkra raunhæfa tekjustofna í staðinn til þess að greiða mismuninn. Dæmi: Dvergkafbátur fyrir tvo. Byggðastofnun fyrir konur — og má því vel spyrja af hverju er ekki stungið upp á sérstakri veðurstofu fyrir konur sem einungis boðar milt veður. Og viðkvæðið hjá þremur félögum mínum, hæstv. fulltrúum Sjálfstfl. í fjvn., er ætíð það sama þegar málefni landbúnaðarins ber á góma: Er þetta nóg? Má ekki bjóða ykkur meira, piltar?

Hv. þm. Pálmi Jónsson flutti einnig hefðbundna ræðu í kansellítölustíl hér áðan. Ég heyrði ekki betur en þar væri komin sama ræðan og hann flutti við 1. umr. um fjárlögin og minnisgóðir þingmenn hér á ganginum sögðu mér að hér væri líklega um sömu ræðu að ræða og þingmaðurinn flutti þrisvar við fjárlagagerðina í fyrra. Og ættfróður starfsmaður þingsins taldi að þannig mætti rekja ættir þessarar ræðu aftur til gamla íhaldsflokksins að langfeðgatali. Hafi maður heyrt eina svona ræðu þá hefur maður heyrt þær allar. Aðrir hv. bústjórar hafa haldið áfram að berja lóminn í þessum dúr og notast við þessa gömlu og góðu en gjörnýttu ræðu.

Sjálfur fæ ég yfirleitt höfuðverk af tölum þannig að ég ætla ekki að tala mikið um tölur hér heldur ætla ég að minnast aðeins á málefni sem snerta lifandi fólk því það hefur verið tekið á góðum málum við gerð þessara fjárlaga og það eru mörg góð mál sem eru tekin fyrir í þeim brtt. sem meiri hl. fjvn. leggur fyrir hér í dag.

Í fyrsta lagi er þetta í fyrsta skipti sem lögð eru fram fjáraukalög á Alþingi og þar með er vandanum ekki sópað undir teppið heldur standa menn upprétttir og reyna að horfast í augu við vandann. Ég vil nefna hér nokkur dæmi um mál sem mér þykir þess virði að séu talin til sögunnar.

Fyrst er að nefna tæki og búnað hjá Iðnskólanum sem fjármagni á að veita til þannig að framvegis verður hægt að halda sveinspróf í skólanum sjálfum í þeirri gömlu og virðulegu iðngrein sem prentlistin er. Það þarf ekki lengur að fá lánaðar vélar úti í bæ til þeirra hluta. Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni hefur nú fengið framlag í frv. svo að endurbyggja megi sundlaugina sem þar er og er að falli komin og á þó að þjóna þessu mikla íþróttasvæði og skólunum sem þar eru. Blindrabókasafnið fær framlag til þess að kaupa blindraletursprentara. Íþróttasjóðurinn er tvöfaldaður. KFUM og KFUK, Íþróttasamband Íslands, Ólympíunefndin og fleiri félög fá meiri framlög en þeim voru ætluð. Rauði krossinn fær framlög til þess að taka á móti flóttamönnum. Lögreglustjórinn í Reykjavík fær framlög til þess að ráða nýja lögregluþjóna til að mæta þeim vanda sem blasir við í miðborginni. Og meira að segja sýslumaðurinn á Blönduósi fær ofurlítið framlag sem mundi kannski hjálpa honum að standa í skilum við ríkissjóð í framtíðinni. Þá eru framlög vegna kaupa Landhelgisgæslunnar á leitarratsjá. Þá má nefna framlög til dómsmála, til fangamála, sem eru löngu brýn. Vil ég þar sérstaklega nefna framlög til öryggisgæslu fanga sem hafa verið vistaðir áratugum saman í fangelsum í trássi við gildandi lög, þó að dómstólar hafi komist að þeirri niðurstöðu að þeir eigi að sæta vist á viðeigandi stofnunum. Verður núna hægt að taka myndarlega á þessum vanda sem hefur verið þjóðarskömm áratugum saman. Eins er í frv. veitt peningum til vistunar ungra fanga sem eiga við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða þannig að þeim megi koma fyrir á viðeigandi meðferðarstofnunum í stað þess að senda þá hvern á fætur öðrum í afplánun á Litla-Hraun. Þá er hér tillaga um ráðningu fulltrúa hjá Þjóðkirkjunni því að kirkjan vill minnast á næstu árum 1000 ára kristni í landinu með því að efla lifandi safnaðarstarf í stað þess að reisa minnismerki úr steinsteypu. Og þau eru fleiri málin sem vert er að minnast á eins og framlög til SÁÁ, Flugbjörgunarsveitar, Öryggismálaskóla sjómanna og Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Virðulegi forseti. Síðast en ekki síst vil ég nefna framlög, fyrstu framlögin fyrir væntanlegt umhverfismálaráðuneyti. En umhverfismálaráðuneytið er eitt stærsta og jafnframt bjartasta mál framtíðarinnar á Íslandi og því er ekki nema von að þetta nýja ráðuneyti mæti fjandskap hjá stjórnarandstöðunni, hjá bústjórum í þrotabúi stjórnarandstöðunnar og henni allri sem er því miður að verða myrkari í málflutningi sínum en sjálfur Svarti skógur.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það þykir gjarnan góður siður að geta þess sem vel er gert og því þykir mér ástæða til að minnast á það hér í upphafi að formaður fjvn. hefur lagt meira á sig og meiri vinnu í að sansa þetta fjárlagafrv. heldur en áður hefur verið gert og hefur sýnt mikla viðleitni í þá átt að hafa það sem raunhæfast. Þetta er að sjálfsögðu góður kostur því það hefur legið fyrir, sérstaklega við síðustu fjárlagagerð, að stórir útgjaldabálkar stóðu út af við fjárlagagerðina eins og við sjálfstæðismenn bentum á fyrir ári síðan en hafa síðan komið að sjálfsögðu til greiðslu á árinu. *Það er náttúrlega grundvallaratriði að hafa fjárlög* eins rétt talnalega séð og nokkur kostur er á.

Það veitir vissulega heldur ekki af því að gera hér bragarbætur á því að ég hygg að það sé ekkert dæmi til um það að fjárlagafrv. sé sett saman með sama hætti og það sem nú er til umræðu. Það úir og grúir af villum í þessu frv. þannig að það má ætla að þeir sem hafi farið um það höndum kynnu hvorki samlagningu né frádrátt, enda á niðurstaðan eftir að vitna um það hverjar leiðréttingarnar munu verða.

Það var líka vissulega athyglisvert að fylgjast með ræðu hv. varaformanns fjvn. Alþingis og þá ekki síst vegna þess að hann dró nú upp úr rassvasanum efnahagstillögur Framsfl. sem hann taldi að væri hinn besti kostur til þess að laga fjárlagagerðina.

Það hlýtur að vekja nokkra eftirtekt að forustuflokkurinn í ríkisstjórn er sífellt að boða efnahagstillögur og betri vinnubrögð á grundvelli þeirra. Það hlýtur að vekja nokkra eftirtekt að þessar tillögur skuli ekki vera notaðar í ríkisstjórninni, að Framsfl. skuli bara vera með þær í rassvasanum (**Gripið fram í:** Já, það er rétt hjá þér.) og að þjóðinni skuli ekki vera bjargað. Það séu bara fjórir þingmenn Framsfl. sem hafa nú öll ráð þjóðarinnar í hendi sér og lausn á þeim vanda, að forustuflokkurinn skuli bara vera með þessar tillögur allar í rassvasanum. Ég held að það væri gott ráð fyrir ríkisstjórnina að fara að færa þetta eitthvað til og beita þessum góðu tillögum til betri farnaðar fyrir íslensku þjóðina.

Það sem er að sjálfsögðu efst í huga manns um þessar mundir er hvernig ríkissjóði hefur reitt af á undanförnum næstliðnu árum. Það er vert að vekja á því athygli hér að í ágústmánuði árið 1988, þegar hæstv. utanrrh. var fjmrh., komst hann að þeirri niðurstöðu að ríkissjóðshallinn mundi verða á því ári 700 millj. kr. Þetta þótti reyndar há tala og auðvitað var það í allri túlkun þáv. fjmrh. landbúnaðinum að kenna. Þegar búið var að skipta um stýrimann á skútunni og hæstv. núv. fjmrh. gerði upp dæmið um síðustu áramót var hallinn hins vegar ekki 700 millj. heldur 7 milljarðar kr. *Ekki skakkaði nú meiru en því* á þessum síðustu mánuðum síðasta árs. Og þá var farin hin fræga leið: að hækka skattana og leggja fram trúverðugt frv. til fjárlaga sem sérstaklega var miðað við það að ná fram hallalausum ríkisrekstri og það gengu út skýrar tilkynningar um það frá hæstv. fjmrh. að öllum veisluhöldum væri lokið. Nú yrði þjóðin að skila reikningum á sléttu um þau áramót sem nú eru að fara í hönd. Og hvað hefur nú komið í ljós? Það er ætlað að halli ríkissjóðs á þessu ári muni verða a.m.k. 5 milljarðar kr. þrátt fyrir að ýmsum greiðslum sé skotið yfir í fjáraukalög. Og reyndar má alveg eins búast við því að þessi tala eigi eftir að hækka. Þetta gerist þrátt fyrir það að skattar hafi í upphafi þessa árs verið stórlega hækkaðir.

Og nú er komið að fjárlagafrv. og þá eru menn hættir við að koma með fjárlagafrv. sem á að sýna greiðslujöfnuð. Því er skilað inn til umræðu í Alþingi með 2,8 milljarða í greiðsluhalla. Og núna þegar 2. umr. fer fram hefur þessi halli þegar hækkað upp í 4 *milljarða kr. og eru þá einungis lagfærðar brýnustu* reikningsskekkjur frv. Það er áreiðanlega óhætt að fullyrða það að halli á fjárlögum við þessa fjárlagagerð verði yfir 5 milljarða kr. eða helmingi meiri en fjárlagafrv. sjálft gerir ráð fyrir. Þetta er vissulega mikil ástæða til að leggja áherslu á og bera saman við þau orð og þau fyrirheit sem voru gefin hér fyrir einu ári síðan um nýja tíma í fjárlagagerð þar sem öllum veisluhöldum yrði lokið og fjárlagadæmið og ríkissjóðsdæmið gert upp á sléttu eða öllu fremur með nokkrum afgangi.

Ekki er þó því til að dreifa að tekjur hafi ekki verið auknar á allra síðustu árum. Um þá hluti kom greinileg frásögn í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar og er ekki ástæða til að endurtaka það hér að neinu marki. Þó vil ég minna á að á árinu 1987 voru tekjur ríkissjóðs 25,3% af landsframleiðslu en á þessu ári er áætlað að sambærileg tala muni nema 27%. Aukning á milli þessara ára nemur þannig rétt um það bil 9 milljörðum kr.

Það er vissulega mikil ástæða til að benda á það hvaðan þessi skattheimta kemur því það er sú viðleitni sem núv. ríkisstjórn hefur í frammi, þ.e. að smala saman sköttum án *tillits til þess hvernig* þeir snerta fólkið í landinu eða atvinnulífið. Þar vega að sjálfsögðu langsamlega þyngst skattarnir á fjölskyldurnar í landinu, á fólkið í landinu, en áætlað er að matarskatturinn nettó, þ.e. að frádregnum niðurgreiðslum, hafi numið á árinu 1988 5,2 milljörðum kr. og á þessu ári er áætlað að þessi skattur muni nema 6 milljörðum kr. Það er af þessari ástæðu sem menn hljóta að hrökkva við þegar enn á að ná fram auknum tekjum, sérstaklega með því að höggva áfram í þennan knérunn, heimilin í landinu.

Hæstv. fjmrh. hefur haft um það mörg og stór orð að hann væri búinn að ná árangri í að bæta innheimtu ríkissjóðstekna og gott ef hæstv. menntmrh. hafði ekki orð á þessu í ræðu þegar vantraust var flutt hér á dögunum. Niðurstaðan er hins vegar allt önnur. Innheimta ríkissjóðstekna hefur stórversnað á seinni árum. Sé miðað við lok ársins 1988 þá voru 11 milljarðar útistandandi af tekjum ríkissjóðs. Og þessi tala hafði tvöfaldast frá árinu 1986. Ríkissjóðsdæmið hefði auðvitað litið öðruvísi út ef þessir 5–6 milljarðar, sem hafa bæst við í óinnheimta skatta í tíð tveggja síðustu fjmrh., þ.e. Jóns Baldvins Hannibalssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar, hefðu komist til skila inn í ríkissjóð. Það má að sjálfsögðu finna skýringar á

þessu, en ég hygg að þar muni mestu um valda þær yfirlýsingar sem fyrrv. fjmrh. gaf í ágústmánuði 1988 þar sem hann lýsti yfir að hann ætlaði að hætta að hegna þeim sem ekki greiddu skatta og skyldur til ríkissjóðs. Auðvitað varð þetta til þess að innheimta á þessum sköttum drósl stórlega saman þar sem menn fengu vitneskju um það að þeir þyrftu ekki að greiða aukinn kostnað þótt þeir væru í vanskilum við ríkissjóð.

Það heyrðist háum rómi frá því sagt við myndun núv. ríkisstjórnar að málefni hinna dreifðu byggða væru komin í hendur Alþb. að stórum hluta. Og það er vissulega athyglisvert að leggja það niður fyrir sér hvernig Alþb. hefur farnast í þeim efnum. Það er þó betri kostur að bíða eftir 3. umr. með að ræða þau mál nákvæmar bæði vegna þess að hæstv. landbrh. er hér ekki við þessa umræðu, ekki í landinu að ég hygg, og líka vegna þess að hvorki vegamálin né landbúnaðarmálin eru að fullu afgreidd í fjvn. Alþingis. En ég má þó til að minna á það að eins og fjárlagafrv. birtist er í raun og veru þar tekin ákvörðun um að leggja af vegaframkvæmdir í landinu miðað við það sem áætlað var í vegáætlun. Þar er um að ræða svo stórkostlega skerðingu á vegaframkvæmdum að til nýrra framkvæmda og bundinna slitlaga er nálega ekkert fjármagn til.

Eins er um landbúnaðarmálin. Þar hefur í rauninni ekkert heyrst annað en yfirlýsingar — og ég sakna nú þess að formennirnir, formaður fjvn. og varaformaður nefndarinnar, skuli ekki vera staddir hér að þessu sinni því að fyrir einu ári síðan voru landbúnaðarmálin afgreidd hér við fjárlagagerð með yfirlýsingum. Ef þær hefðu staðist þá hefði vissulega náðst bærileg niðurstaða í þau málefni. En þau gerðu það ekki. Ég veit ekki um eitt einasta atriði í þessum yfirlýsingum sem hefur verið staðið við. Ekki eitt einasta atriði. Ég er hér með þessar yfirlýsingar fyrir framan mig og það er auðvelt að sjá hvernig þau mál hafa þróast.

Hér talaði á undan mér fyrr í þessari umræðu varaformaður fjvn. og enn þá var hann að gefa yfirlýsingar. Fjáraukalögin og 3. umr. — þar áttu stóru hlutirnir að ske. Ég vil í þessu sambandi minnast alveg sérstaklega á það sem kom reyndar fram í hans ræðu og hefur flogið fyrir að nú eigi að fara að gera upp jarðræktar- og búfjárræktarframlög með skuldabréfum. Hvers vegna í ósköpunum tekur ekki hæstv. fjmrh. upp nýja mynt eða nýja viðskiptahætti? Því í ósköpunum greiðir hann ekki sínar skuldbindingar eða ríkissjóðs með skuldabréfum eða víxlum? Hvers vegna skyldi það vera að þetta ætti alveg sérstaklega við í sambandi við landbúnaðinn? Ég verð að segja það alveg eins og er að ég trúi nú ekki öðru en menn sýni vilja til að ganga frá þessum málum með eðlilegum hætti, sérstaklega vegna þess að eins og ég hef reyndar oft bent á áður, þá er hér ekki um að ræða nema afar smáar upphæðir. Eins og eðlilegt er hafa áherslur í þessum efnum breyst og útgjöld vegna t.d. jarðræktar- og búfjárræktarlaga hafa stórlega dregist saman með breyttum áherslum í landbúnaði.

Eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, þá ætla ég að láta nánari umfjöllun um þessi efni bíða. Kannski fá menn betri fréttir við 3. umr. fjárlaga og þá verða menn að sjálfsögðu fljótir að gleyma því sem miður hefur farið í þessum efnum hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. Ég ætla þess vegna að geyma mér þann þátt umræðunnar, virðulegi forseti, og ljúka máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það skal tekið fram að hv. 2. þm. Norðurl. e. óskaði eftir að fá að taka til máls í fimm mínútur vegna þess að hann er upptekinn við nefndarstörf í kvöld og forseti ákvað að verða við þeirri beiðni. Að ræðu hans lokinni verður síðan fundinum frestað til kl. 9.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem mig langar til að gera sérstaklega að umræðuefni við 2. umr. fjárlaga. Annað atriðið víkur að Háskólanum á Akureyri. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar brtt. komu fram og það mál hafði ekki verið afgreitt. Vil ég vænta þess að það mál fái viðunandi afgreiðslu í fjvn. þannig að Háskólinn geti starfað. Ég tel auk þess eðlilegt að smáræði verði varið til stúdentagarða á Akureyri eins og gert hefur verið undir slíkum kringumstæðum í sambandi við Félagsstofnun stúdenta hér í Reykjavík. Ég þarf ekki að ræða þýðingu Háskólans á Akureyri. Þetta er merkasta byggðamál sem tekið hefur verið upp hér á landi á síðustu áratugum og einsýnt að sjávarútvegsdeildin á vel heima norður í Eyjafirði þar sem matvælaiðnaður á sér langa sögu í hjarta þess fjarðar þar sem 10% þjóðarinnar hafa bólfestu á svæðinu frá Ólafsfirði til Húsavíkur.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að víkja að er mjög annars eðlis. Í grg. með frv. um virðisaukaskatt sem er til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Ed. kemur fram á bls. 6 að heildaráhrif skattkerfisbreytingarinnar séu þau að ríkissjóður tapi 2 milljörðum í tekjum. Nú fengum við í fjh.- og viðskn. í morgun nýja útreikninga frá fjmrn. eftir að Verslunarráðið hafði lagt sín skjöl fram og við höfðum beðið hagdeild fjmrn. að bera saman útreikninga Verslunarráðs og þá útreikninga sem okkur voru látnir í té af hagdeild fjmrn. Í þessum útreikningum kemur fram að heildaráhrif á afkomu ríkissjóðs, eins og þau eru nú metin af fjmrn., eru nánast engin. Eins og þetta er skrifað upp af hagdeild fjmrn. er gert ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti verði 37,8 milljarðar, tekjur af söluskatti 39,8 milljarðar og þar skakki 2 milljörðum kr. Endurgreiddur söluskattur samkvæmt gamla kerfinu var 1,6 milljarðar, bætt innheimta er hér áætluð 400 millj. en síðan segir að innheimta jöfnunargjalds verði hálfum milljarði minni en vænta mætti ef söluskattskerfið væri áfram við lýði. Það sem vekur athygli m.a. í þessum upplýsingum fjmrn. er að í grg. með frv. til laga um breytingar á virðisaukaskatti sem fyrrv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, lagði fram var

gert ráð fyrir því að bætt innheimta vegna skattkerfisbreytingar næmi 1 milljarði kr. Nú hefur þessi fjárhæð lækkað í 400 millj. — 600 millj. kr. Samt sem áður er það mat fjmrn. að skekkjan sé 500 millj. kr. með því að talið er að ríkissjóður tapi 500 millj. kr. á jöfnunargjaldi sem ég tel út af fyrir sig hæpið og minni á að ríkisstjórnin hafði skuldbundið sig til þess í maímánuði sl. að leggja jöfnunargjaldið niður.

Ég vil svo að síðustu aðeins taka það fram, hæstv. forseti, að það skakkar einhverjum hundruðum milljóna hvaða áhrif hagdeild fjmrn. eða þá Samband ísl. sveitarfélaga telur að skattkerfisbreytingin hafi á afkomu sveitarfélaganna. Eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja frá sveitarfélögunum, ef þær eru réttar, má segja að sú nettóskattheimta, sem hæstv. fjmrh. ætlar að ná fram með skattkerfisbreytingunni, með frv. um tekjuskatt upp á 1,4 milljarða, með því að leggja á nýjan bensínskatt, 350 millj., og með því að leggja 250 millj. á orkufyrirtæki, nemi 2 milljörðum nettó. Eins og skattkerfisbreytingin var hugsuð upp á 26% og lögð fyrir er öldungis ljóst að ekki var um neinn jöfnuð að ræða. Það er komið í ljós að svo alvarlegar villur eru í tekjuútreikningum hagdeildar fjmrn. að óhjákvæmilegt er fyrir fjvn. og fyrir fjh.- og viðskn. að afla sem fyllstra gagna áður en 3. umr. fjárlaga fer fram og áður en frv. um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, tekjuskatt og aðra slíka skatta verður lagt fram. Þessi eina skekkja sem hér liggur fyrir, sem viðurkennd er af hagdeild, upp á 1,5 milljarða kr. er nægileg til þess, úr því að skekkjan fannst, að hæstv. fjmrh. getur stungið tekjuskattsfrv. í vasann og staðið jafnréttur eftir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er nú mjög freistað að ljúka þessum fundi nú fyrir kl. 8. Tveir hv. þm. eru á mælendaskrá og hæstv. ráðherra mun að öllum líkindum taka til máls. Verði því ekki mótmælt.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það var boðað hér að fundi yrði frestað kl. 7 og hæfist aftur kl. 9 og þingmenn gera að sjálfsögðu ráð fyrir því þannig að það er óhjákvæmilegt að þingmönnum gefist kostur á því að hlusta á lokaræðu hæstv. fjmrh. Ég held að það gangi ekki að breyta þeirri fundaráætlun sem hefur verið tilkynnt úr forsetastóli.

Danfríður Skarphéðinsdóttir *(um þingsköp)*;

Virðulegi forseti. Vegna tilkynningar hér á fundinum fyrr í dag um að hér yrði gert hlé kl. 7 hafði ég, sem er víst næst á mælendaskrá að því er mér skilst, gert ráðstafanir og búist við að þessi tími væri laus. Ég vil því einnig mælast til þess að það hlé sem fyrirhugað var verði gert núna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti tók fram: verði því ekki mótmælt. Að sjálfsögðu verður orðið við þessum beiðnum. Fundinum er því frestað til kl. 9. — [Fundarhlé.]

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Fulltrúi Kvennalistans í fjvn., Málmfríður Sigurðardóttir, gerði í dag grein fyrir afstöðu Kvennalistans til þessa fjárlagafrv. og mun ég ekki endurtaka það hér. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa því enn og aftur að hvorki sú forgangsröð né þær áherslur sem í því birtast eru konum að skapi.

Það er t.d. andstætt hugsunarhætti kvenna að þrengt sé að börnum með þeim hætti sem fyrirhugað er í þessu frv. Kvennalistakonur skilja hins vegar mætavel þá erfiðu stöðu sem nú er uppi en konur eiga þar litla sök á. Þær hafa ekki verið eyðsluklærnar sem hafa farið höndum um ríkiskassann hér á landi ferkar en víðast annars staðar í heiminum.

Trúlega hafa fáir betri skilning og meiri reynslu af tómum pyngjum en einmitt konur sem búa við hróplegt misrétti í þessu þjóðfélagi. Fyrst og fremst hvað varðar beinharðar launagreiðslur sem eru auðvitað stór hluti af kjörum kvenna almennt. Í ljósi þess að konur eru svo miklu lægra launaðar en karlar hafa konur þurft að sýna aðgæslu í meðferð þess fjár sem þær hafa til ráðstöfunar hverju sinni. Þær hafa þurft að gera raunhæfar áætlanir, gæta þess að eyða ekki um efni fram en jafnframt að sjá til þess að allir í fjölskyldunni fái sinn skerf og nái að dafna.

Þannig hafa konur í gegnum tíðina oft og einatt staðið í sömu sporum og hún Kráka í sögunni af Ragnari loðbrók. Hann vildi vita hvort hún væri jafnvitur og hún var fögur. Lagði hann því fyrir hana þrautir þrjár sem virtust með öllu óleysanlegar. Tókst henni með hugmyndaflugi sínu og útsjónarsemi að leysa hið ómögulega með því að fara óhefðbundnar leiðir. Þótt sagan af Kráku sé gömul og yfir henni viss ævintýrablær er hún okkur konum alltaf ný.

Konur standa frammi fyrir hinu óleysanlega á degi hverjum. Þeim eru ætluð mörg hlutverk í einu, uppeldi og umönnun barna, atvinnuþátttaka, heimilisstörfin hvíla á þeirra herðum og konur eru duglegar að bæta við menntun sína, m.a. í von um að aukin menntun bæti kjör þeirra. Í þeim tilgangi að bæta kjör sín, annarra kvenna og barna í þjóðfélaginu taka konur þátt í félagsstarfi af ýmsu tagi ofan á allt saman. Hafa konur lagt fram ómælda sjálfboðavinnu í þágu ýmissa samtaka til hagsbóta fyrir konur og börn. Má í því sambandi m.a. minna á ýmsa kvennahópa sem hafa tekið saman höndum og stutt við bakið á Kvennaathvarfinu í Reykjavík og staðið saman í baráttunni gegn ofbeldi í þjóðfélaginu. Konur hafa í samtökum sem þessum sýnt hug sinn til annarra kvenna og barnanna í þjóðfélaginu. Þær hafa einnig sýnt vilja og hæfileika til að taka á málum með nokkuð öðrum hætti en venjan hefur verið hingað til. Ég nefni þetta hér í tengslum við fjárlagafrv. vegna þess að ef einhvers staðar birtist stöðnun, sjálfvirkni og forgangsröðun sem konur ekki geta sætt sig við er það í plaggi þessu.

Því fer víðs fjarri að fjárlagafrv. beri með sér kvenlegt yfirbragð. Niðurskurður er ákveðinn sem hlutfall af rekstrarkostnaði stofnana á síðasta ári án þess að minnsta tillit sé tekið til hvers konar starfsemi

fer fram innan veggja þeirra. Það virðist algjörlega hafa farið fram hjá höfundum að stofnanir þessar eru til fyrir fólkið í landinu. Í þeim eru einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir og getur skipt sköpum um alla framtíð þeirra hvernig til tekst að koma til móts við þær. Nefni ég í því sambandi niðurskurðinn í skólakerfinu sem við kvennalistakonur erum algjörlega andvígar.

Það er dapurlegt að horfa upp á forgangsröð sem m.a. birtist í niðurskurði til skólamála. Konur bera nú uppi heilar starfsstéttir sem þjóðfélagið getur ekki verið án. Burtséð frá lágum launum er þeim boðið upp á stöðugt öryggisleysi fyrir börn sín vegna skorts á dagvistarplássum og stutts skóladags sem er í engu samræmi við vinnudag foreldranna. Með þessu frv. á að bjóða kennurum, sem að stórum hluta eru konur, upp á aukið álag vænti ég með niðurskurði í frv. Væntanlega verður að venju farin sú leið að fjölga í bekkjum og fækka kennslustundum. Varðandi skólamálin birtist sá skortur á framtíðarsýn sem allt of lengi hefur hrjáð stjórn þessa lands.

Enn er það dæmigert fyrir viðhorf þjóðfélagsins til kvenna að nú þegar illa árar og atvinnuleysi eykst bitnar það harðast á konum. Í yfirliti Vinnumálaskrifstofu félmrn. fyrir nóvember kemur fram að nú eru skráðir atvinnuleysisdagar fleiri en þekkst hefur hér á landi síðan skráning var tekin upp árið 1975. Alls staðar nema á höfuðborgarsvæðinu eru konur í miklum meiri hluta atvinnulausra og hefur svo verið allt árið.

Hæstv. ríkisstjórn hefur nú hafið leit að eigin atvinnustefnu með því að senda hæstv. hagstofuráðherra í fundaferð um landið — að því að sagt er til þess að gera grein fyrir stefnunni og hlusta á heimamenn á hverjum stað. Ekkert bólar á stefnunni, ekki hefur hæstv. ráðherra séð ástæðu það sem af er til að gefa konum of mikla hlutdeild í þeim fundum og vísar spurningum um atvinnumál kvenna frá sér.

Kvennalistakonur hafa verið ötular við að ræða atvinnumálin á fundum sínum og ráðstefnum að undanförnu og hafa komið fram margar hugmyndir og tillögur um hvernig bæta megi stöðu kvenna í atvinnulífinu, ekki síst úti á landsbyggðinni. Það vekur athygli hvernig konur hugsa sér atvinnuuppbyggingu sem tekur tillit til aðstæðna kvenna, hve hugmyndaríkar þær eru og hvernig þær hugsa sér að vinna sameiginlega úr hugmyndum sínum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur samkvæmt stjórnarsáttmálanum í hyggju „að framfylgja árangursríkri byggðastefnu sem komi betra jafnvægi á byggðaþróun í landinu", eins og segir orðrétt í stjórnarsáttmálanum, með leyfi forseta. Sömuleiðis leynist enn setningin margnefnda, um sérstakt átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni, í stjórnarsáttmálanum hinum nýja. Enn bólar ekkert á efndum þess fyrirheits.

Ein af þeim hugmyndum sem fram hafa komið á fundum Kvennalistans er að stofnuð verði sérstök deild innan Byggðastofnunar sem einungis hafi það hlutverk að vinna að atvinnuuppbyggingu kvenna. Þingkonur Kvennalistans í Nd. hafa nú borið þessa hugmynd inn í þingsali í formi frv. sem gerir ráð fyrir að 20% af framlagi ríkisins til Byggðastofnunar verði varið til þessa verkefnis. Frv. þetta er nú til umfjöllunar í nefnd og væntum við þess að það hljóti afgreiðslu hið allra fyrsta. Og ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með orð hv. þm. Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar hér fyrr í dag þar sem hann gagnrýndi sérstaklega þessa hugmynd okkar því að þar kemur auðvitað fram að það sé stefna hans flokks að hunsa konur. Hæstv. ráðherra Júlíus Sólnes hefur heldur ekki sýnt þessu máli neinn áhuga né heldur atvinnumálum kvenna almennt. Vona ég að aðrir hv. þm. hafi betri skilning á stöðu kvenna og taki þessu frv. okkar vel.

Brtt. þær sem ég mæli nú fyrir eru auðvitað engan veginn tæmandi. Ef vel hefði átt að vera hefði þurft að stokka frv. alveg upp. Við völdum því þá leið að velja örfá mál sem öll snerta mjög líf kvenna. Þau eru dæmigerð fyrir þær áherslur og þá forgangsröð sem við vildum viðhafa. Eins og konum er tamt tókum við tillit til aðstæðna og því varða tillögurnar aðeins mjög brýn hagsmunamál kvenna sem að sjálfsögðu eru hagsmunamál okkar allra þegar upp er staðið.

Brtt. okkar eru á þskj. 287 og er fyrsta till. sem ég mæli fyrir fyrir hönd þingflokks Kvennalistans um sérstakt framlag til Byggðastofnunar. Við leggjum til að framlag ríkissjóðs til Byggðastofnunar verði hækkað um 20% í samræmi við hugmynd okkar um sérstaka kvennadeild við Byggðastofnun sem ég lýsti hér áðan. Í samræmi við hugmyndina verði þessum peningum sérstaklega varið til atvinnuuppbyggingar fyrir konur á landsbyggðinni.

Þar eð vænta má að frv. hljóti afgreiðslu nú næstu daga teljum við nauðsynlegt að þegar verði mörkuð til þessa sérstök fjárveiting. Atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar einhæft. Sums staðar stendur byggðarlagið og fellur með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki. Þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsþáttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilis. Er löngu orðið tímabært að taka mið af þeirri staðreynd. Hæstv. ráðherrar hljóta að gera sér grein fyrir að lítið verður úr hugmyndinni um „árangursríka byggðastefnu" ef engar konur eru úti í byggðarlögunum.

Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa áttað sig á því hversu nauðsynlegt það er að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um búsetuþróun. Þar eins og hér bitnar aukið atvinnuleysi og skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Hefur því víða verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu atvinnu með tilliti til hugmynda og aðstæðna kvenna. Finnar hafa t.d. ráðunaut um atvinnuuppbyggingu kvenna í dreifbýli og það hefur skilað umtalsverðum árangri og á öllum Norðurlöndunum er eitthvað í gangi einmitt í þá veru að byggja upp þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

Fyrir liggur könnun sem gerð var í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi á atvinnuháttum dreifbýlisins og því hvernig best mætti snúa af vegi fólksfækkunar og auðnar, styðja landsbyggðina og byggja þar upp heilbrigt og gróandi mannlíf. Þessi könnun leiddi til þeirrar niðurstöðu að við mótun nýs atvinnulífs og atvinnutækifæra væri þátttaka kvenna höfuðnauðsyn. Áhrifum þeirra yrði að koma að við atvinnureksturinn vegna þess að þær hafa aðra sýn og aðrar viðmiðanir. Þær yrðu að vera með þar sem ákvarðanir væru teknar og vegna vinnuframlags þeirra yrði að taka tillit til hagsmuna þeirra. Ráðamenn í Noregi hafa látið í ljós að við uppbyggingu atvinnu í dreifbýli skuli þessar niðurstöður hafðar að leiðarljósi. Vonandi vitrast ráðamönnum hér þessi sannleikur sem okkur konum finnst reyndar augljós.

Við teljum eðlilegt, í þessu tilliti, og sérstaklega með tilliti til fyrirheits ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í atvinnumálum kvenna, að stofnuð verði sérstök deild við Byggðastofnun en það er að sjálfsögðu jafneðlilegt að konur hafi frumkvæði í þessum efnum en hvatning, ráðgjöf og bætt skilyrði eru nauðsynleg.

Eignaleysi kvenna hefur hingað til hindrað þær í að stofna til skulda. Konur skortir sjálfstraust á þessum vettvangi og þær hafa lítið sótt í atvinnuþróunarsjóði. Það má e.t.v. segja að þetta verkefni gæti heyrt undir hin almennu verkefni Byggðastofnunar en við gerum ráð fyrir því að fyrst og fremst verði þarna um ráðgjöf að ræða fyrir konur, hvatningu og stuðning í formi lána og styrkja. Það hefur sýnt sig að næstum öll lán Byggðastofnunar fara til fyrirtækja sem karlmenn stjórna.

Við lítum svo á að fyrsta verkefni kvennadeildar Byggðastofnunar yrði að efla frumkvæði hjá konum t.d. með fræðslufundum, hugmyndasamkeppni, almennri fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Þannig mætti minnka það forskot sem karlar hafa í þessum efnum. En til þess að þetta megi ganga verður að tryggja skilning á sérstöðu kvenna. Við teljum því brýnt að þessi tillaga verði samþykkt og tryggt sé að Byggðastofnun geti sinnt þessu verkefni þegar frv. okkar hefur hlotið afgreiðslu hér í þinginu.

Konur um land allt eru reiðubúnar til að taka frumkvæði fái þær til þess hvatningu og stuðning. Þolinmæði margra sem mánuðum saman hafa verið atvinnulausar er reyndar að þrotum komin og því nauðsynlegt að grípa strax til uppbyggilegra ráðstafana.

Ég vil í þessari sömu andrá mæla fyrir tillögu sem er hér nr. 3 á þskj. 287 þar sem lagt er til að ríkissjóður leggi fram 200 millj. til að gera sérstakt átak til uppbyggingar atvinnu fyrir konur.

Sífellt fleiri beina sjónum sínum að frumkvöðlum í atvinnulífinu. Erlendis hefur jafnvel verið talað um nýja fræðigrein í hagvísindum, svokallaða frumkvöðlafræði. Þetta hefur verið eitt af örfáum lausnarorðum fulltrúa hæstv. hagstofuráðherra í hugarflugsnefndinni á fundum um atvinnustefnu. Annarri staðreynd hefur síður verið hampað enda hefur komið í ljós að konur eiga ekki upp á pallborðið hjá hæstv. ríkisstjórn þegar atvinnumál ber á góma.

Víða um lönd beina menn nú ekki síður sjónum sínum að konum, hugmyndum kvenna, aðferðum þeirra og frumkvæði í atvinnulífinu. Þar er öfluga nýsköpun að finna. Hugmyndir kvenna og fersk sýn þeirra eru verðmætur sjóður.

Á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og án efa víðar er nú markvisst leitað til kvenna um frumkvæði og fjárfest í fyrirtækjum þeirra. Séu menn í leit að vænlegri leið í uppbyggingu atvinnulífs gefur auga leið að hlusta á hugmyndir kvenna og skapa þeim skilyrði til að taka frumkvæði. Sérstakt átak til að efla atvinnulíf kvenna mundi án efa skila arði, jafnvel þótt til þess væri ekki varið hærri upphæð en þeim 200 millj. sem kostar að skapa eitt nýtt starf í nýju álveri. Við teljum það enga ofrausn að leggja sem svarar einu starfi í álveri til atvinnuuppbyggingar fyrir konur í landinu. Konur uppfylla yfirleitt þau skilyrði sem er brýnt að setja fyrir lánveitingum eða styrkjum. Þær taka ekki óþarfa áhættu, það eru ekki konur sem eyða hundruðum milljóna í áhættufyrirtæki án þess að blikna. Mál er til komið að taka mið af gjörbreyttum aðstæðum kvenna og læra af þeim þjóðum sem hafa komið auga á þá auðlegð sem hugmyndir kvenna og búhyggindi eru.

Ég minntist fyrr í máli mínu á hin óleysanlegu verkefni sem konur standa frammi fyrir á degi hverjum. Eitt stærsta verkefnið sem við í hinum svokallaða iðnvædda, vestræna heimi stöndum frammi fyrir er hungrið, fátæktin og menntunarskorturinn sem meðsystur okkar og bræður í öðrum heimshlutum búa við. Einhverju sinni lofuðu Íslendingar sjálfum sér að þeir ætluðu að láta hrynja mola af allsnægtaborði sínu, tiltekið hlutfall af hverjum hundrað krónum sem við vinnum okkur inn. Efndir á þessu loforði hafa verið hörmulegar og til skammar fyrir okkur og hafa vakið tortryggni annarra þjóða um raunverulegan hug okkar gagnvart þróunarlöndunum. Kvennalistakonur hafa ævinlega flutt brtt. við fjárlög um hækkun framlaga til þróunarhjálpar. Að þessu sinni reyndum við vegna aðstæðna að finna flöt á hvernig hægt væri að veita hjálp með fáum krónum þar sem hún kæmi sér vel. Völdum við því að leggja til að undir liðinn „Alþjóðastofnanir" komi nýr liður að upphæð 3 millj. 198 þús. til hjálparstarfs fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM er skammstöfunin sem notuð er fyrir samtök þeirra hjá Sameinuðu þjóðunum.

Það kemur væntanlega ekki á óvart að við veljum að beina þessari litlu upphæð til kvenna. Sem viðmiðun höfðum við að konurnar í UNIFEM fái 20% af þeirri heildarupphæð sem í fjárlagafrv. er ætluð til þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Styðjumst við þar við sömu reglu og varðandi kvennadeild Byggðastofnunar enda að ýmsu leyti um sambærilegt verkefni að ræða.

Í iðnríkjum lætur nærri að konur séu eini framfærandi eins þriðja hluta allra fjölskyldna. Í þróunar-

löndunum eru tveir þriðju hlutar allra fjölskylda á framfæri kvenna. Það er því ljóst að hjálp til kvenna er hjálp sem nær til miklu fleiri einstaklinga. Aðalmarkmið UNIFEM-samtakanna er að gefa konum tækifæri til að þróa hæfileika sína, veita þeim fræðslu og kenna þeim að búa til vélar af ýmsu tagi sem henta þeirra aðstæðum. Sá tími sem afgangs verður þegar konur hafa fengið ýmis tæki í hendurnar, eins og t.d. vatnsdælu eða myllu, nýtist þeim til fjölbreytilegra annarra starfa, t.d. framleiðslu matvæla, sauma, vefnaðar, auk þess sem tími gefst til að njóta fræðslu um ýmis mikilvæg málefni svo sem heilbrigði, getnaðarvarnir, meðferð matvæla og fleira. Þannig skapast svigrúm til að hjálpa konunum til sjálfshjálpar sem hlýtur að eiga að vera okkar mikilvægasta markmið með aðstoð við þróunarlöndin. Það er ljóst að sú upphæð sem við gerum tillögu um er í raun aðeins táknræn fyrir það að við viljum ekki gleyma systrum okkar sem búa við enn verri kjör en við. Við vitum hins vegar líka að þó upphæðin sé ekki há þá munu konur nýta hana vel og þær munu ekki sitja að henni einar.

Þá kem ég að öðrum atriðum sem við kvennalistakonur höfum ætíð borið fyrir brjósti. Í upphafi máls míns minntist ég á hvernig konur hafa séð sig knúnar til þess á undanförnum árum að bindast samtökum til að styðja og styrkja þær konur sem verða fyrir ofbeldi. Vil ég fyrst nefna Kvennaathvarfið sem er hér undir fjórða lið á þskj. 287. Kvennaathvarfið í Reykjavík var stofnað 6. des. 1982 fyrir konur og börn þeirra sem flýja þurftu heimili sín vegna andlegs og eða líkamlegs ofbeldis. Því miður hefur komið í ljós að tilvera Kvennaathvarfsins er nauðsynleg. Það sem af er ársins hafa 156 konur leitað til Kvennaathvarfsins með börn sín, jafnmargar og þangað leituðu allt árið í fyrra. 30% kvennanna komu frá byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins. Það er ljóst að ofbeldi fer vaxandi og það er einn svartasti blettur á þjóðfélagi okkar. Á síðasta ári hringdu 200 manns til Kvennaathvarfsins til að biðja um upplýsingar og aðstoð. Fólk spyr um sifjaspell, kvennaráðgjöf og allt mögulegt. Flestir hringja bara til að tala og fá ráð og huggun. Nú í ár hafa hringt 794 á móti 200 í fyrra og segir það sína sögu.

Á erfiðum tímum í efnahags- og atvinnulífi má, samkvæmt reynslunni, búast við að ofbeldi færist enn í vöxt. Sá styrkur sem Samtök um kvennaathvarf sækja um til ríkisins nemur 70% af rekstrarkostnaði þeirra. Afgangurinn kemur frá sveitarfélögum eða af frjálsum framlögum einstaklinga. Sá styrkur sem sótt er um til opinberra aðila er einungis til rekstursins, þ.e. laun starfskvenna og launatengd gjöld, matur, hiti, rafmagn, sími og annað sem til daglegs reksturs heimilisins heyrir. Dvalarkonur sjá sjálfar um húshaldið, um matseld, þvotta og þrif. Hús athvarfsins er keypt fyrir frjáls framlög almennings, fyrirtækja og félagasamtaka og sama gildir um allt viðhald hússins sem byggt var skömmu eftir aldamót. Opinberir aðilar hafa ekki lagt fram eina einustu krónu til þess hluta rekstursins sem heyrir til reksturs húsnæðis eða innkaupa og eðlilegs viðhalds og endurnýjunar húsbúnaðar.

Næstum árlega, þegar gjafafé þverr, stendur Kvennaathvarfið frammi fyrir lokun vegna skorts á rekstrarfé og því er mjög brýnt að séð verði til þess að rekstur þess verði tryggður til frambúðar.

Fjárhagsáætlun í Kvennaathvarfinu er hógvær og ljóst er að sú upphæð sem er áætluð á fjárlögum mun ekki nægja, þær fara fram á 70% af rekstrarkostnaði sínum eins og ég gat um áðan og þess vegna leggjum við til að framlag til þeirra verði hækkað þannig að það nái þessum 70%, þ.e. verði 10 millj. 864 þús.

Næsta tillaga okkar er undir þessum sama lið en hún tengist kvennahópum sem vinna gegn kynferðislegu ofbeldi. Nauðsynlegt er að hæstv. ríkisstjórn styðji við bakið á þeim kvennahópum sem hingað til hafa svo til eingöngu unnið í sjálfboðavinnu. Í bréfi til félmrh. kemur fram að mikil og breið samstaða hefur myndast um þessi mál meðal kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og stéttarfélögum. Konur sjá að með því að vinna saman ná þær að veita hver annarri þann stuðning sem er svo nauðsynlegur og ómetanlegur þeim sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Eins og konurnar í Kvennaathvarfinu hafa þessar konur því miður sannreynt að mikil og vaxandi þörf er fyrir þá þjónustu sem þær veita. Sú þjónusta er einkum fólgin í almennri og sértækri ráðgjöf fyrir konur, stuðningi, fræðslu og upplýsingum um kynferðislegt ofbeldi sem beinist með ýmsu móti að börnum og konum. Nú þegar hafa um 1200 konur og börn víða að af landinu leitað til hópsins og hafa konurnar áhuga fyrir að færa starfsemi sína meira út á land en þær hafa getað gert hingað til því þær finna svo sannarlega fyrir þörfinni.

Með leyfi forseta langar mig að lesa stuttan kafla úr bréfi Samtaka kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi til félmrh., en þar segir:

„Það er ljóst að sú þjónusta sem við getum veitt í sjálfboðavinnu er takmörkuð og hvergi nærri fullnægjandi. Allar verðum við jafnframt að sinna launavinnu og flestar gegnum við einnig húsmóðurstörfum. Aðstandendur fundarins í Hlaðvarpanum eru sammála um að koma þurfi á fót upplýsinga-, fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð fyrir konur og börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Nokkurt fjármagn þarf að tryggja til þess að slík starfsemi komist á laggirnar. Lauslega áætlum við að ráða þurfi starfsmenn í fjórar og hálfa stöðu við miðstöðina. Þeir mundu sinna jöfnum höndum ráðgjöf, samningu fræðsluefnis og upplýsingamiðlun. Áætla þarf fé vegna stofnkostnaðar og leigu húsnæðis. Auk þess gerum við ráð fyrir kostnaði við útgáfu á fræðsluefni og almennum upplýsingabæklingum. Við reiknum með að miðstöðin geti fengið einhvern fjárstuðning frá almenningi til sérstakra verkefna en óhugsandi er að reka slíka starfsemi á gjafa- og söfnunarfé einu saman. Það er því ljóst að til þess að takast megi að ráðast í þetta brýna verkefni þarf til að koma stuðningur og trygging frá hinu opinbera fyrir því fjármagni sem þarf til reksturs fyrstu tvö árin. Um framhald slíks stuðnings mundu niðurstöður væntan-

legrar úttektar á starfseminni verða til leiðbeiningar. Fjárhagsáætlun fylgir með erindi þessu á sérblaði."

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 11 millj. og þar eð við vitum að það er varlega áætlað treystum við því að þingheimur samþykki þessa tillögu.

Síðasta brtt. sem ég mæli fyrir fyrir hönd þingflokks Kvennalistans er varðandi kostnað vegna laga nr. 25/1975, sem eru lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Nú eru 14 ár síðan lög þessi voru sett en enn skortir verulega á að lögboðin fræðsla og ráðgjöf sé veitt á viðunandi hátt. Það er þeim mun alvarlegra sem hér er um að ræða grundvöll lagasetningarinnar. Jafnframt eru líkur á því að auðveldara hefði verið að hefta útbreiðslu á eyðni og e.t.v. hefði verið hægt að fækka fóstureyðingum ef fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir hefði ekki verið svo ábótavant sem raun ber vitni. Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglinga sem að mati félagsráðgjafa og annarra sem um þessi mál fjalla virðast afar fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Það má ætla að bein tengsl séu milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana stúlkna á aldrinum 15–19 ára.

Í 73. árgangi Læknablaðsins frá 1987 er grein um fóstureyðingar og notkun getnaðarvarna eftir Þórð Óskarsson og Reyni Tómas Geirsson kvensjúkdómalækna og segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Til að halda fjölda fóstureyðinga sem lægstum þarf að gera átak í þá átt að gera getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir alla aldurshópa, m.a. með stofnun kynfræðsludeildar við heilsugæslustöðvar, ódýrari getnaðarvörnum og aukinni fræðslu táninga."

Vil ég að lokum minna á þáltill. sem þingkonur Kvennalistans fluttu og var reyndar samþykkt í lok síðasta kjörtímabils en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Málið er ekki síður brýnt nú en þá og vænti ég þess að þingheimur afgreiði þessa till. á jákvæðan hátt.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok máls míns ítreka enn og aftur að fjárlagafrv. nú í ár er fjarri því að vera eins og Kvennalistinn vildi sjá það og gildir það reyndar einnig um hin fyrri ár. Ég hef nú mælt fyrir þeim örfáu brtt. sem þingkonur Kvennalistans ákváðu að freista þess að gera. Þær eru dæmigerðar fyrir þau mál sem við berum fyrir brjósti. Þær fjalla allar um sjálfsögð réttlætismál sem fyrst og fremst snerta konur. Vænti ég þess að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir að allt sem kemur konum til góða er til bóta fyrir okkur öll. Í ljósi þeirrar staðreyndar hvet ég hv. þm. til að kynna sér efni brtt. okkar vel og greiða þeim atkvæði sitt.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 hefur verið í meðferð fjvn. undanfarnar vikur. Samstarfið í nefndinni hefur gengið vel og ber að þakka það. En nú hafa verið lögð fram nál. meiri og minni hluta sem gefa til kynna að nokkur ágreiningur er milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga í stórum málum og smáum. Það er margt rétt sem sagt er frá í almennum athugasemdum um störf fjvn. á þskj. 278, nál. meiri hl. Nefndarmenn eru að sjálfsögðu mjög önnum kafnir um þetta leyti árs. Í áliti meiri hl. nefndarinnar er kvartað yfir því að vinnuálag sé nú meira en nokkru sinni áður. Hafi það m.a. orðið til þess að fjárveitinganefndarmenn hafi meira og minna slitnað úr tengslum við önnur störf sem fram fara á Alþingi og orðið að vera fjarverandi frá fundum og umræðum í deildum og sameinuðu þingi. Segir svo í áliti meiri hl. m.a., með leyfi forseta:

„Er þetta vitaskuld mjög bagalegt bæði fyrir nefndarmenn og fyrir þingstörf og gefur auga leið að hér verða menn að rata nýjar leiðir í vinnubrögðum svo þeir þingmenn sem í fjárveitinganefnd sitja geti tekið eðlilegan þátt í öðrum störfum þingsins."

Þetta er auðvitað kórrétt athugasemd svo langt sem hún nær. Úr þessu er reynt að bæta m.a. með því að láta nefndinni í té ágætt aðstoðarfólk frá Hagsýslu og Ríkisendurskoðun og vel þykir mér koma til álita sú hugmynd sem varpað hefur verið fram, að gera fjvn. að heilsársnefnd þannig að nefndin geti starfað með formlegum hætti milli þinga eins og utanrmn. Sýnist mér raunar að þetta sé aðkallandi mál m.a. með hliðsjón af aukafjárveitingum ráðherra sem nauðsynlegt þykir að hafa hönd í bagga með. Með sama hætti er athugandi hvort ekki sé rétt að breyta ákvæðum þingskapa á þann veg að varamenn séu kosnir í fjvn. eins og aðrar þingnefndir.

Eitt er þó sem ég tel rétt að leggja sérstaka áherslu á. Að mínum dómi verða menn að eiga kost á því að koma á fund nefndarinnar og gera grein fyrir málum sínum hér eftir sem hingað til. Á sama hátt er æskilegt að nefndin skoði með eigin augum, eftir því sem við verður komið, opinberar framkvæmdir sem fé er veitt til á fjárlögum um allt land. Í þessu skyni hefur nefndin tekið sér ferð á hendur um einhvern hluta landsins á sumri hverju í allmörg ár að undanförnu til að kynna sér stöðu mála og sjá hvernig spilast úr því fé sem samþykkt er til framkvæmda hverju sinni. Þetta tel ég mjög mikilvægt auk þess sem ómetanlegt er að þingmenn í fjvn. sem og allir þingmenn að sjálfsögðu ferðist um landið og kynnist því af eigin raun.

Okkur þingmönnum er oft legið á hálsi fyrir það að við hugsum eingöngu um eigið kjördæmi, séum uppþembdir af hreppapólitík og þar fram eftir götunum. Þetta kann að eiga við einhver rök að styðjast en má þó ekki ganga of langt eins og hver maður getur séð. Sérhver þingmaður þarf að hafa heildarsýn yfir landið allt og bera alþjóðarhag fyrir brjósti þó að heimabyggðin standi honum næst af eðlilegum ástæðum, svo sem vel kemur fram í þessari alkunnu vísu:

Vel er flest um Vesturland,
vinsemd fest við Norðurland,
sól er mest um Suðurland,
samt er mér best við Austurland.

Þó að stjórnarsinnar ráði ferðinni í fjvn., svo sem lög gera ráð fyrir, er hlutur stjórnarandstöðu nokkur. Tel ég að við megum allvel við una að þessu sinni þar sem sagt er í nál. meiri hl. að minni hl. nefndarinnar hafi lagt sig fram um að greiða vel fyrir öllum störfum nefndarinnar. Hafi hann, þ.e. minni hlutinn, auðveldað það á alla lund að störf hennar gætu gengið vel fyrir sig og lagt ýmislegt gott til mála, eins og þar stendur.

Það er auðvitað þakkarvert að fá svona umsögn. Á hitt er að líta að fulltrúar minni hlutans — og á ég þar fyrst og fremst við okkur sjálfstæðismenn — við erum mjög gagnrýnir á margt sem fjárlagafrv. hefur að geyma, eða þegir yfir, eða tengist því á einn eða annan veg. Við erum einnig áhyggjufullir út af þróun mála á ýmsum sviðum undir því stjórnarfari sem þjóðin á nú við að búa.

Eitt kom fram í ræðu formanns sem e.t.v. er vert að minnast sérstaklega á. Hann gat þess að trúnaðarmál væru sérstaklega vel varðveitt í fjvn. og lýsti ánægju sinni með það sem von var. Ég verð að segja að þetta eru einkar góð og athyglisverð tíðindi á þeim tímum þegar illa gengur að varðveita fréttir innan fjögurra veggja og gæta þagnarskyldu þar sem hún á við.

Um fjárlagafrv. sjálft má margt segja. Það var lagt fram með tekjuhalla upp á tæpa 3 milljarða. Nú hefur sá halli aukist mikið þegar 2. umr. fer fram og stefnir áfram hærra. Það er þó fjarri lagi að skrifa þá hækkun alla á reikning stjórnarandstöðunnar, hvað þá heldur sjálfstæðismanna einna. Sannleikurinn er sá að frv. er þannig úr garði gert, á einn og annan hátt, að tölur breytast og hækka yfirleitt í meðförum áður en tekst að vinna úr því venjulegan fjárlagatexta sem hæfir venjubundinni fjárlagagerð. Kom þetta einkar skýrt fram hjá formanni fjvn. í ræðu hans í dag þar sem hann vék að því að nefndin gerði nú tillögur um allverulegar hækkanir frá frv. Meginhlutinn af þeim hækkunum, sagði hann, er tilkominn vegna leiðréttinga á launaliðum, verðuppfærslum og öðrum rekstrargjöldum sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur staðfest að séu réttmætar leiðréttingar á grundvelli nýjustu upplýsinga sem fyrir liggja úr ríkisreikningi og yfirferð nefndarinnar yfir fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989.

Svo er einnig á hitt að líta sem greinilega hefur komið fram í máli manna og skjölum málsins, að mörgum stórmálum hárra talna er skotið á frest til 3. umr. fjárlaga sem væntanlega fer fram 19. des., nær imbrudögum og vetrarsólhvörfum. Það er fyrst þá sem hægt verður að gera sér full grein fyrir lokatölum fjárlagafrv. og niðurstöðu mála.

Í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 280 er gerð ítarleg grein fyrir afstöðu minni hl. til fjárlagafrv. og þeirrar stefnu eða stefnuleysis sem liggur því til grundvallar. Framsögumaður minni hl., hv. 2. þm. Norðurl. v., hefur og gert þeim meginmálum góð skil í framsöguræðu sinni í dag. Það er því ekki brýn þörf að fara langt út í þá sálma af minni hendi hér í kvöld þó að af nægu sé að taka og umræðuefnin raunar óþrjótandi.

Það er býsna fróðlegt að líta til baka yfir 14 mánaða valdaferil hæstv. ríkisstjórnar um leið og fjárlagafrv. er rætt, en afgreiðsla frv. skiptir mestu máli um alla framvindu, þróun mála og þjóðarhag. Þá blasir alls staðar við augum ríkisbúskapur í vanda. Mikill halli á ríkissjóði í fyrra og enn stefnir í verulegan halla á þessu ári eins og sýnt hefur verið fram á. Ríkisstjórnin hefur gert jafnvægi í ríkisfjármálum að meginmarkmiði og staðið að stórfelldum skattahækkunum sl. tvö ár. En allt kemur fyrir ekki. Og nú hefur verulegt atvinnuleysi gert vart við sig í fyrsta sinn um langt skeið. Aðalatvinnuvegir landsmanna standa höllum fæti til lands og sjávar og gjaldþrotin flæða yfir og þyrma engu. Allt sígur á ógæfuhlið. Efnahagshorfur fyrir árið 1990 benda til áframhaldandi samdráttar í þjóðarbúskapnum, mikil óvissa ríkir um verðlags- og tekjuþróun á næsta ári. Þannig mætti halda áfram lengi dags og vitna í spádóma helstu sérfræðinga okkar sem reyna að skyggnast inn í framtíðina. En horfur í alþjóðaefnahagsmálum eru sagðar góðar. Bjart er nú yfir efnahagsmálum í heiminum, stendur þar. Spár alþjóðastofnana eru flestar á þá lund að framhald verði á því vaxtarskeiði sem staðið hefur hjá þeim þjóðum frá árinu 1982. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, gera ráð fyrir u.þ.b. 3% hagvexti í iðnríkjunum svokölluðu á næsta ári. En hvað um okkur? Kunnum við að stjórna okkar eigin málum? Kunnum við fótum okkar forráð? Höfum við lært að sníða okkur stakk eftir vexti?

Formaður fjvn. benti á í ræðu sinni í dag að mesta hækkun á fjárlagafrv. milli 1. og 2. umr. hefði orðið á útgjaldaliðum þeim sem snerta æðstu stjórn ríkisins. Þar hefði orðið mikil hækkun, sagði hann. Í næstu sætum kæmu ráðuneytin hvert af öðru þó að benda mætti á margt sem tengdist sparnaði, svo sem í menntmrn. Þær niðurskurðartillögur sem eru lagðar fram af því ráðuneyti virðast þó vera með afbrigðum handahófskenndar og óraunsæjar, a.m.k. við fyrstu sýn. Og svo er um margt sem snertir þetta frv.

Fé til opinberra framkvæmda út um landsbyggðina er mjög af skornum skammti. Það er auðvitað sjálfsagt að fara gætilega og rasa ekki um ráð fram, fresta dýrum framkvæmdum þar sem því verður við komið o.s.frv. En stundum verður þessi eltingaleikur allt að því broslegur þegar um lágar fjárhæðir er að ræða. Ég tek sem dæmi: Lagt er til að veita 3 millj. kr. til lendingarbóta sem eiga að skiptast og dreifast um landið. Þetta á að auðvelda mönnum að róa til fiskjar og draga björg í bú. Hætt er þó við að svo lág fjárhæð minnki fljótt við skipti og komi að takmörkuðum notum. Minnir þetta óneitanlega dálítið á landhelgismál aldarinnar sem lýst var í blöðum í gær þar sem tveir gamlir skipstjórar voru að róa á þriggja tonna trilluhorni þegar flaggskipið í flota Landhelgisgæslunnar eyddi átta klukkutímum í að vakta þá og

standa að ólöglegum veiðum, að því er segir í blaðafrétt sem ég hef auðvitað ekki kynnt mér eftir öðrum heimildum og hef því ekki fleiri orð um að þessu sinni.

En það er deginum ljósara að ætlist æðstu valdhafar til þess að þjóðin spari almennt á öllum sviðum verða þeir sjálfir að ganga á undan með góðu fordæmi. Það ber síst að vanmeta allar þær fróðlegu umræður sem farið hafa fram í fjvn. að undanförnu og þær upplýsingar sem fram hafa verið bornar og flæða um borð og bekki, og sjálfsagt er að þakka snemmborið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 sem lagt hefur verið fram til umræðu og afgreiðslu. Ýmsum góðum málum hefur vonandi verið þokað áfram á sæmilegan veg svo að menn fái við unað. En önnur veigamikil mál eru óneitanlega verr á vegi stödd og óvissan meiri um afdrif þeirra. Ekki er kostur að nefna þau öll en þar eru margir óvissuþættir.

Hver verða áhrifin af breyttum verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga? Hvað um Jöfnunarsjóðinn sem á að koma sveitarfélögum til aðstoðar, en hefur svo oft orðið að sæta skerðingaraðgerðum á liðnum árum? Hvað um þá samninga um skólabyggingar milli ríkis og heimaaðila sem gerðir hafa verið á undanförnum árum? Eiga þeir að gilda áfram eða falla úr gildi? Enn hafa ekki fengist svör við því. Hvernig horfir með þær landshafnir sem á að afhenda sveitarfélögum um næstu áramót, t.d. Rifshöfn á Snæfellsnesi? Eru þessar hafnir í söluhæfu ástandi, ef svo má spyrja? Vegamálin eru að sjálfsögðu kapítuli út af fyrir sig. Um þau er þó víðtæk samstaða meðal alþingismanna að því er ég ætla og svo auðvitað allrar þjóðarinnar. Þannig mætti halda áfram að spyrja fram eftir kvöldi, en margt verður að bíða 3. umr.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. fjvn. fyrir hennar mikla starf að því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Það hefur komið fram í framsöguræðu formanns fjvn. að þessar vikur hafa verið óvenjulegur annatími fyrir fjvn. Það stafar af því að á þessum haust- og vetrardögum hefur fjvn. í senn haft til umfjöllunar frv. til fjárlaga fyrir næsta ár og frv. til fjáraukalaga fyrir árið sem nú er að líða. Það eru eins og fram hefur komið hér á Alþingi um 70 ár síðan það hefur gerst. Jafnframt hefur fjvn. haft ríkisreikning liðins árs til hliðsjónar við yfirferð yfir þetta fjárlagafrv.

Ég vil þess vegna í upphafi máls míns árétta það sem ég lýsti yfir fyrir nokkru síðan hér á Alþingi, að það er markviss stefna núverandi ríkisstjórnar að breyta ýmsum vinnubrögðum varðandi fjárlagagerð og stjórn ríkisfjármála til að auðvelda fjvn. að geta á raunhæfan hátt farið yfir framlög til ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja og margvíslegra málaflokka og geta betur metið með sjálfstæðum hætti þau gögn sem lögð eru fram, bæði af hálfu fjmrn. og annarra ráðuneyta og ríkisstofnana. Það er þess vegna ánægjulegur vitnisburður um þessa nýju möguleika að fjvn. hefur þrátt fyrir skamman tíma lagt mikla vinnu í það að fara yfir fjárlagafrv. og meta með sjálfstæðum hætti þau fjölmörgu atriði sem þar koma til álita.

Ég þakka fjvn. sérstaklega fyrir þessa vinnu vegna þess að ég veit að hún er mikið verk við mjög erfiðar kringumstæður. Verkið er enn meira vegna þess að við lifum á miklum erfiðleikatímum í okkar þjóðarbúskap. Árið 1990 verður þriðja samdráttarárið í röð. Slíkt hefur ekki gerst í röskan aldarfjórðung í hagsögu okkar Íslendinga. Það nemur röskum 30 milljörðum sem þessi þrjú ár hafa tekið út úr þjóðartekjum okkar þjóðar svo að það er eðlilegt að það sé snúið og erfitt verk að meta fjárþörf og fjárframlög til margvíslegra verkefna og ríkisstofnana á slíkum erfiðleikatímum. Ég veit af eigin reynslu að það hefur örugglega verið mikill þrýstingur frá fjölmörgum á fjvn. að hækka framlög og bæta inn nýjum liðum eins og fram kom í framsöguræðu formanns fjvn.

Ég vil þess vegna í upphafi míns máls láta í ljósi sérstakar þakkir til fjvn. fyrir það verk sem hún hefur skilað hér inn. Innan fárra daga mun hún einnig skila hér inn frv. til fjáraukalaga til 2. umr. Það verður nokkuð einstakur atburður í okkar þingsögu að fjvn. hafi á sömu vikunum lokið slíku verki.

Ég lýsti í sumar, og síðan í framsöguræðu minni fyrir því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu, að ég teldi að nauðsynlegt væri að breyta tímasetningum og starfsháttum varðandi fjárlagagerð. Ég nefndi í því sambandi annaðhvort breytingar á fjárlagaári frá almanaksári yfir til annars tímabils eða að þingið tæki til starfa fyrr á haustin til að hafa lengri tíma til að fjalla um bæði frv. til fjárlaga og frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár.

Ég er sammála þeirri skoðun sem hefur komið fram, bæði hjá formanni fjvn. og fleiri fjárveitinganefndarmönnum, í þessari umræðu að það sé æskileg skipan að fjvn. starfi allt árið og er reiðubúinn að styðja breytingar á þingsköpum í þá veru. Verk fjvn. er slíkur grundvallarþáttur, ekki aðeins í stjórn ríkisfjármála heldur í hagstjórninni sjálfri, að óhjákvæmilegt er að þeir þingmenn sem í þá nefnd veljast hafi aðstöðu til þess allt árið að vinna úr þeim gögnum og móta þau viðhorf sem þeir vilja fylgja í sínu starfi.

Fjárlagafrv. er grundvallarþátturinn í hagstjórn íslenska ríkisins og það hefur því miður oft borið á því að menn líti á fjárlagafrv. eins og hvert annað þingskjal og spyrji síðan að því samþykktu: Hvenær koma efnahagsaðgerðirnar? En í því hagkerfi sem við viljum stefna að, í þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem við viljum ná, mynda fjárlög og lánsfjárlög fyrir hvert ár kjarnann í efnahagsstefnunni og þess vegna er eðlilegt að sú nefnd sem um það fjallar starfi allt árið.

Ég tel reyndar að það komi líka til álita að gera fleiri breytingar á þingsköpum. Þær gætu falið það í sér að frv. til fjáraukalaga væri einnig afgreitt í sameinuðu þingi svo að sú nefnd sem fjallar um fjárlögin fjalli einnig um frv. til lánsfjárlaga og að lánsfjárlagafrv. sé lagt fyrir í sameinuðu þingi og

afgreitt þar samhliða fjárlagafrv. og verkið unnið af sömu mönnum sem um fjárlagafrv. fjalla.

Enn róttækari breyting á þingsköpum, sem vissulega kæmi einnig til álita, væri að breytingar á skattalögum færu einnig fram í sameinuðu þingi. Það er ekki eðlilegt að meðferð útgjaldahliðar fjárlaganna og meðferð tekjuhliðar fjárlaganna sé skilin svo í sundur eins og gert hefur verið frá því að Alþingi fékk fjárveitingavald. Við sjáum það m.a. á þessari umræðu hér í dag. Hér hefur nánast eingöngu verið vikið að útgjaldahlið fjárlaganna, mjög ítarlega og í löngu máli ræddir margir þættir í útgjöldunum og fjölmargar tillögur í því efni settar fram en næsta lítið, eins og eðlilegt er, vikið að tekjuhliðinni. Þær eru þó tvímælalaust nátengdar því að meðferð um útgjöldin ein saman án þess að gera sér grein fyrir tekjurammanum skekkir alla mynd og getur leitt menn í ógöngur í ríkisfjármálum eins og þróunin á þessum áratug hefur sýnt okkur. Allt frá árinu 1984 hefur þróun ríkisfjármála verið með þeim hætti að útgjöldin hafa farið fram úr tekjunum ár af ári.

Virðulegi forseti. Ég vildi í þessari umræðu víkja nokkuð að þessum þáttum því ég tel að sú umræða sem hér fer fram sé með nokkrum hætti sérstök eins og fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, formanni fjvn., og fleiri þingmönnum í þessari umræðu.

Það er skiljanlegt að í þessari umræðu hafi komið fram fjölmargar tillögur og ábendingar um aukin ríkisútgjöld. Fjvn. hefur lagt fram ýmsar tillögur í þeim efnum og ýmsir ræðumenn hafa vikið að fleiri tillögum. Hins vegar verðum við að horfast í augu við það að mikill samdráttur er í okkar hagkerfi og ef ríkisfjármálin eiga að stuðla að nýjum stöðugleika í íslensku efnahagslífi verðum við að takmarka hallann á fjárlögum ríkisins á næsta ári. Núverandi stjórnarflokkar mótuðu þá stefnu á haustdögum að fjárlagafrv. ætti að afgreiða með um þriggja milljarða halla. Sú stefna stjórnarflokkanna er enn óbreytt. Rökin fyrir henni eru þau að þriggja milljarða halli á fjárlagafrv. eða halli á bilinu 3–3,5 milljarðar sé viðráðanlegur með innlendri lánsfjáröflun á næsta ári. Halli umfram það fari að kalla á erlendar lántökur með þeim afleiðingum sem þær kunna að hafa fyrir efnahagslífið í landinu.

Nú er það ljóst að fjvn. hefur lagt hér fram brtt. sem nema útgjaldaauka um 1100 millj. kr. Margar af þessum tillögum eru sjálfsagðar og eðlilegar. Ýmsar fela í sér að verið er að bæta við útgjöldin skv. óskum ýmissa stofnana og samtaka úti í þjóðfélaginu þótt alltaf megi hafa á því mismunandi skoðanir hvort hafi átt að verða við þeim óskum. Hitt er hins vegar ljóst að milli 2. og 3. umr. verður síðan að móta tillögur til að draga úr útgjöldunum á öðrum sviðum og taka tillit til endurskoðunar nokkurra þátta í tekjuáætlun og tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári svo að niðurstaðan verði halli á ríkissjóði í kringum 3 milljarðar eins og áætlað var. Það er þess vegna sameiginlegt verkefni ríkisstjórnar, meiri hluta Alþingis og vonandi þingsins alls, því ég vænti þess að ekki séu margir hér inni sem vilji auka hallann á ríkissjóði enn meir, að ná samstöðu um það á næstu dögum að skera niður ríkisútgjöld á móti á öðrum sviðum þannig að heildarniðurstaðan verði sú sama sem við ætluðum í upphafi.

Að undanförnu hefur á vettvangi ríkisstjórnar og í samvinnu ráðherra og fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í fjvn. verið unnið að mótun tillagna í þessum efnum og við höfum átt sérstaklega góða samvinnu við formann fjvn. á þessu sviði. Við munum næstu daga kynna þessar hugmyndir og tillögur þannig að við 3. umr. þessa frv. liggi fyrir tillögur til lækkunar á útgjöldum sem nemur röskum milljarði króna ásamt breytingum á tekjuhlið sem geri okkur kleift að vega upp þann útgjaldaauka sem kann að koma við 3. umr. einnig af eðlilegum ástæðum og þann útgjaldaauka sem koma mun við afgreiðslu þeirra tillagna sem nú liggja fyrir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki hér í þessari umræðu að ræða efnahagsmálin vítt og breitt eða þróun ríkisfjármálanna. Ég gæti sagt margt um það sem hér hefur verið vikið að í þeirri umræðu. Það væri mjög fróðlegt að gefa sér góðan tíma hér á Alþingi eftir áramótin til þess að ræða þróun ríkisfjármála á Íslandi. Ég hef haft í huga að leggja fyrir Alþingi skýrslu um þróun ríkisútgjalda á undanförnum árum svo að hægt sé að skoða þá þróun hér í þinginu og draga af henni ályktanir. Þá gefst tækifæri til þess að rýna betur í orsakir þess vanda sem við eigum nú við að glíma.

Ég vildi nota þetta tækifæri hér í fyrsta lagi til að þakka fjvn. fyrir mjög gott starf við erfiðar aðstæður, til þess að lýsa stuðningi við þær hugmyndir um breytt vinnubrögð og breytta skipan og sess nefndarinnar í þingsköpum sem og að bæta nokkrum viðbótarhugmyndum við það tillögusafn. En fyrst og fremst kvaddi ég mér hér hljóðs til þess að lýsa því skýrt og eindregið að milli 2. og 3. umr. verður að móta tillögur um niðurskurð útgjalda a.m.k. á bilinu 1–1½ milljarður og síðan aðra tekjuþætti en við höfum rætt til þessa svo heildarútkoman við afgreiðslu fjárlagafrv. við 3. umr. verði halli sem ekki fari fram úr sem neinu nemur þeirri tölu sem sett var á fjarlagafrv. í upphafi. Ástæðan er skýr og einföld. Fjárlagafrv. má ekki afgreiða með meira en rúmlega þriggja milljarða halla til þess að efnahagslegum markmiðum ríkisstjórnarinnar verði ekki raskað. Ég treysti á góða samvinnu við þingið allt til að ná þessum markmiðum.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði nú ekki að taka hér til máls aftur en ég tel rétt að gera það í kjölfar ræðu hæstv. fjmrh. og þakka honum fyrir það sem hann sagði, taka mér í munn orð annars fjarverandi stjórnmálamanns sem sagði eitthvað á þá leið að það sem þessi hæstv. ráðherra sagði við það tækifæri hefði getað verið eins og mælt af hans munni. Ég held að flest af því sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. nú eigi stuðning a.m.k. þess sem hér stendur. Hann hefur

beitt sér fyrir því, hæstv. fjmrh., að breyta hér mjög vinnubrögðum í fjárlagagerð á Alþingi. Hann hefur rætt um nokkrar hugmyndir til viðbótar um breytingar og endurbætur á þeim vinnubrögðum, tekið undir hugmyndir fjvn. þar um og varpað fram nokkrum öðrum athyglisverðum hugmyndum sem menn hafa einnig rætt. Ég held að flest af því sem hæstv. ráðherra sagði um það efni sé skynsamlegt og flestir ef ekki allir fjárveitinganefndarmenn muni taka undir margt ef ekki allt sem hann gerði að tillögu sinni þar um.

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að vandi fjárlagagerðar er vandi Alþingis en ekki bara ríkisstjórnar. Sé það rétt sem ég var að reyna að draga upp mynd af hér áðan að líkur séu á því að reynsla undanfarinna ára frá tíð fjölmargra ríkisstjórna bendi til þess að viðvarandi hallarekstur sé að skapast í ríkisbúskapnum, þá skulum við hafa það í huga alþm. sem við höfum oft sagt, að fjárveitingavaldið er Alþingis og skattlagningarvaldið er Alþingis og það er Alþingi sem verður að horfast í augu við þetta vandamál en getur ekki vísað því frá sér yfir á ríkisstjórnina. Sé sú niðurstaða rétt sem menn hafa verið að leitast við að draga í þessum umræðum, að um slíkan viðvarandi hallarekstur á ríkissjóði kunni að vera að ræða, þá er það misskilningur ef menn halda að það sé vandi ríkisstjórnar þeirrar sem situr á hverjum tíma. Henni ber auðvitað skylda til að reyna að ná samstöðu um tillögugerð til að leysa þann vanda. Sé það rétt sem þingmenn halda fram, og auðvitað er það rétt, að Alþingi hafi fjárveitingavaldið og Alþingi hafi skattlagningarvaldið, þá er það vandi Alþingis sem Alþingi verður að horfast í augu við hvernig nú kann að vera komið og hvernig mál kunna að hafa þróast á umliðnum árum.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að best fer á því að þeir sem ákvarða útgjöldin séu líka ábyrgir fyrir tekjuöfluninni. Og ef svo væri, þá yrði kannski umræðan um tekjustofna ríkisins hér á Alþingi um annað en undanþágurnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

28. fundur, miðvikudaginn 13. des., kl. 1 miðdegis.

Fjárlög 1990, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 278 og 280, brtt. 279, 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AðB, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GuðmÁ, ÞH, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, SvG, JGS, GHelg.

ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ, GHH, GHG, GA, HBl, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, SalÞ, ÞP greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (ÁHE, FrS, GGÞ, JónS, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegi forseti. Þegar ég mælti fyrir brtt. Kvennalistans á þskj. 287 í gærkvöld voru ekki margir hv. þm. eða ráðherrar viðstaddir. Til þess að gefa bæði þeim og hv. fjvn. svigrúm til að íhuga gaumgæfilega þessar tillögur sem eru mjög mikilvægar og varða hag kvenna vil ég draga þær aftur til 3. umr.

Brtt. 287 kallaðar aftur til 3. umr.

Brtt. 279,1–2 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 279,3–33 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 279,34–41 samþ. með 37:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, SkA, StG, SV, StH, SvG, JBB, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EgJ, EG, GeirG, GuðmÁ, ÞH, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JGS, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RA, RG, GHelg.

nei: ÞÞ, AÓB, DS, GA, KE, MálmS, RH, SalÞ.

ÞP, ÞK, BÍG, EH, EKJ, FÞ, GHH, GHG, HBl, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (SJS, FrS, GGÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Venjan hefur jafnan verið sú að stjórnarandstaðan greiðir ekki atkvæði gegn sameiginlegum brtt. fjvn. vegna þess að fulltrúar hennar hafa tekið þátt í gerð þeirra með störfum sínum í fjvn. Í þessu fjárlagafrv. og þeim brtt. sem hér eru bornar fram er þó um óvenjulega stórfelldan niðurskurð að ræða sem erfitt er að sætta sig við. Kvennalistakonur eru í sjálfu sér ekki mótfallnar sparnaði en telja hann til dyggða. Hins vegar getum við ekki samþykkt sparnað án tillits til aðstæðna og mikilvægis og teljum t.d. að auka þurfi fjárframlög til grunnskólanna og annarra skólamála og þá sérstaklega til kennslu fremur en að skera þar niður eins og hér er lagt til. Við viljum því á táknrænan hátt lýsa andstöðu við þessa sparnaðarleið. Öðrum brtt. munum við ekki greiða atkvæði okkar. Þær fela í sér bæði hækkanir og lækkanir sem við viljum ekki taka ábyrgð á að svo stöddu en vísum þeirri ábyrgð á hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn.

Hæstv. forseti. Við viljum og höfum ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á að slík hjáseta verði ekki

rangtúlkuð sem stuðningur við þessar brtt. Ég segi nei.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eftir venju flytur fjvn. brtt. við 4. gr. sameiginlega. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa, eins og lýst var í gær, fullan fyrirvara um afstöðu til einstakra tillagna og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Þetta þýðir að bæði fjárveitinganefndarmenn stjórnarandstöðunnar og fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar á Alþingi hafa fullan rétt og frjálsar hendur til þess að greiða atkvæði gegn eða sitja hjá við einstakar tillögur í öllum þessum málabunka. Ég tel rétt að þetta sé alveg skýrt hér í þessari atkvæðagreiðslu. Eigi að síður segi ég já við þessum tillögum.

Brtt. 279,42–43 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 279,44 samþ. með 34:12 atkv.
Brtt. 279,45–52 samþ. með 36 shlj. atkv.
Óskað var atkvæðagreiðslu um lið 02-982 1 21.

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegi forseti. Atkvæðagreiðslan fer fram um þær tillögur sem fyrir Alþingi liggja, brtt. á þskj. 279. Atkvæðin eiga að ganga um þær tillögur. Það er ekki hægt að taka upp í þeirri atkvæðagreiðslu atkvæðagreiðslu um tillögu sem ekki er gerð. Fjárlagafrv. liggur ekki fyrir sem tillaga fyrir þessari atkvæðagreiðslu nú heldur aðeins brtt. við það, það er verið að fjalla um þær. Og ég tel að menn geti ekki kallað inn í atkvæðagreiðsluna einstök atriði úr fjárlagafrv.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Það væri rétt að bera fyrst upp brtt. 53,a áður en kemur til þeirrar atkvæðagreiðslu sem ég bað um sérstaklega. Svo væri ég þakklátur ef hæstv. forseti sæi til þess að starfsmenn Alþingis útveguðu formanni fjvn. þingsköp Alþingis svo að hann mætti vita hvernig eigi að greiða atkvæði um frv. til fjárlaga sem er satt að segja lágmark fyrir mann í þeirri stöðu að hann hafi kynnt sér áður en umræðan fer fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vill forseti upplýsa að um þetta má eflaust deila en eitt veit forseti að sú hefð hefur skapast að þessi framgangsmáti sé leyfður.

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Það er verið að greiða atkvæði um brtt. við 4. gr. og við hljótum að ljúka atkvæðagreiðslu um brtt. við greinina. Síðan kemur að því að greiða atkvæði um 4. gr. og þá að sjálfsögðu verður borin upp ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. um sérstaka atkvæðagreiðslu um einstaka liði hennar.

Matthías Á. Mathiesen *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegi forseti. Mig furðar á þeirri umræðu sem hér á sér stað. Við erum að greiða atkvæði um þetta fjárlagafrv. Við greiðum atkvæði um einstakar greinar þess og við greiðum atkvæði um einstaka undirliði greinanna ef þess er óskað. Séu bornar fram brtt. við þessa liði eru þær bornar upp fyrst, síðan liðirnir og svo greinin í heild.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að sá háttur sem hv. 2. þm. Suðurl. vildi hafa á um atkvæðagreiðslu um fjárlög er ekki sami háttur og hann hefur á þegar hann lætur greiða atkvæði um frv. í Ed. Það væri kannski rétt að samræma fundarsköpin hjá hv. þm. og skoðanir hans eftir því hvort hann stýrir deildinni eða er óbreyttur þingmaður.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun nú taka sér fimm mínútna hlé til að fá úr þessu skorið. — [Fundarhlé.]

Forseti vill fyrst upplýsa að sú ráðgjöf sem hv. þm. hafa veitt forseta nú var algjörlega óþörf. Forseti fór hárrétt að að mati vísustu manna. Áður en brtt. við umræddan lið eru bornar upp hefur þingmaður óskað eftir að atkvæði falli um einn lið í sömu grein í fjárlagafrv. og vitaskuld bar að bera hann upp og verður það nú gert.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Ég hef verið upplýstur um að sá sérstaki liður sem ég óskaði eftir að yrði borinn upp sérstaklega verði áfram til skoðunar í fjvn. milli 2. og 3. umr. og fell þess vegna frá því að hann sé borinn upp.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti þakkar hv. þm. fyrir þessa lexíu. Það er ævinlega heppilegt fyrir forseta að fá staðfestingu á kunnáttu sinni í þingsköpum.

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins upplýsa að hefði málið verið borið upp eins og hv. þm. Halldór Blöndal óskaði eftir hefði hann ekki getað gert annað í þeirri atkvæðagreiðslu en annaðhvort greitt atkvæði með þeirri tillögu um fjárveitingu sem í frv. stendur eða á móti henni.

Brtt. 279,53–60 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 279,61–63 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 279,64–74 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 279,75–76 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 279,77–109 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 279,110–121 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 279,122–165 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 279,166 samþ. með 35:1 atkv.
Liður 09-999 118 samþ. með 35:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, SvG, JGS,

AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GuðmÁ, ÞH, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, GHelg.

nei: SalÞ, ÞP, ÞK, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, HBl, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH.

ÞÞ, AÓB, DS, GA, KE, MálmS greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (SJS, GGÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Fjmrh. spyr mig um það hvernig hægt sé að spara í ríkisrekstri. Ég get ekki hugsað mér hollari sparnað en þann að hætta opinberum styrk við sneplana Tímann, Alþýðublaðið og Þjóðviljann. (**Gripið fram í:** Og Morgunblaðið . . .) Ég held að það væri mjög hollt fyrir mannlíf allt í landinu, mikill þrifnaður að því. (**Gripið fram í:** En Morgunblaðið?) Ég segi nei við þvílíkum styrkjum.

Brtt. 279,167–176 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 279,177–179 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 279,180 samþ. með 37 shlj. atkv.

Liður 14-101 samþ. með 35:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GuðmÁ, ÞH, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, GHelg.

nei: ÞP, ÞK, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, HBl, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH, SalÞ.

ÞÞ, AÓB, DS, GA, KE, MálmS greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (SJS, GGÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Sá útgjaldaauki sem hér er verið að mæla fyrir um er fyrst og fremst kominn til vegna þess að hæstv. ríkisstjórn sá ástæðu til að kaupa fimm atkvæði til viðbótar hér í þinginu. Sjálfstæðismenn eru andvígir því að stofna nýtt ráðuneyti, telja fremur vera þörf á fækkun ráðuneyta og sameiningu ráðuneyta. Þeir hafa lagt fram frv. um stjórnskipulega meðferð umhverfismála sem mælir fyrir markvissari yfirstjórn umhverfismála og kostnaðarminni. Fyrir þá sök segi ég nei.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Hæstv. forseti. Jafnframt því sem Kvennalistinn vill lýsa því yfir að hann er samþykkur stofnun umhverfisráðuneytis og hefur reyndar talið það löngu tímabært vil ég taka fram að þær forsendur sem þarna eru gefnar eru okkur að miklu leyti ókunnar og í samræmi við aðra afstöðu okkar til fjárlagafrv. greiðum við ekki atkvæði.

4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins taka það fram að fjvn. hefur enn ekki fjallað um 6. gr. Hún mun gera það á milli 2. og 3. umr. og ég mundi eindregið vilja beina þeim tilmælum til manna að leggja ekki í þær atkvæðagreiðslur sem hér hefur verið gerð tillaga um heldur fallast á að fresta sínum beiðnum þannig að fjvn. geti skoðað 6. gr. fjárlagafrv. en það hefur hún ekki gert.

Birgir Ísl. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegi forseti. Ég hafði óskað eftir sérstakri atkvæðagreiðslu og nafnakalli um liðinn 5.19, en með tilvísun til orða hv. 5. þm. Vestf., formanns fjvn., um að fjvn. eigi eftir að skoða sérstaklega þessa liði dreg ég til baka þessa ósk en fer þess eindregið á leit að nefndin skoði þennan lið sérstaklega og ekki síst það nál. sem liggur fyrir um húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri því að látið er að því liggja að þetta hús eigi að þjóna þeim tilgangi en það mun vera í andstöðu við nál. sem fyrir liggur.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Beiðni mín er mjög skýr. Ef ég drægi þessa atkvæðagreiðslu til 3. umr. þyrfti ég að flytja um það sérstaka brtt. á sérstöku þskj. sem er óþarfa sóun á pappír. Ég tel rétt að á það reyni þegar í stað hvaða hug menn beri til þessa liðar. Þessi atkvæðagreiðsla hefur farið fram við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár og mér finnst rétt að á það reyni enn þá einu sinni hvaða hug menn beri til þess að efnt sé til kaupa á vissum dagblöðum með þessum hætti.

Ingi Björn Albertsson *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Þar sem ég hef verið fullvissaður um að þessi liður, 5.7, verði tekinn til nánari endurskoðunar í hv. fjvn. geymi ég mér athugasemdir við hann til 3. umr.

6. gr., tölul. 1.1–5.24, samþ. með 35 shlj. atkv.

6. gr., tölul. 6.1, samþ. með 36:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, EKJ, GeirG, GuðmÁ, ÞH, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, GHelg.

nei: ÞP, ÞK, BÍG, EH, EgJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, HBl, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH, SalÞ.

ÞÞ, AÓB, DS, GA, KE, MálmS greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (SJS, GGÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér fyrr á fundinum hef ég greitt í nafnakalli atkvæði gegn styrkjum til blaða. Það hef ég ætíð gert. Hins vegar er hér um allt annað mál að ræða og er hreinn misskilningur að það sé einhver sóun á ríkisfé að kaupa þessi 250 blöð og flytja þau t.d. á sjúkrastofnanir og ýmiss konar aðrar stofnanir. Þau blöð mættu vera mun fleiri, annaðhvort þannig að stofnanirnar sjálfar borguðu fyrir þau eða með þessum hætti að Alþingi hefði það á sérstökum lið. Ég segi já.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er rétt og eðlilegt að kaupa dagblöð fyrir sjúkrastofnanir ríkisins eins og tíðkast hefur árum saman, en það er rangt að gera það með þessum hætti. Það er rangt að veita sérstaka heimild á fjárlögum með þessum hætti. Það sem er rétt að gera er að taka þennan kostnað inn á almennan rekstur þessara stofnana eins og allan annan kostnað. Þess vegna er þessi liður óþarfur. Hann er vitleysa. Það hefur verið margbent á þetta hér í þinginu áður. Það var gert hér á síðasta ári og ég undrast tregðuna hjá þeim sem þessum málum ráða í fjmrn. og hjá hv. fjvn. að kippa þessum málum ekki í það eðlilega horf sem öllum á að vera ljóst hvert er. Ég segi nei.

6. gr., tölul. 6.2–6.10, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það hefur svo samist um milli forseta og þingflokksformanna að þingfundur í sameinuðu þingi hefjist á morgun kl. 12. Óskað hefur verið eftir að hv. þm. fái tækifæri til að sitja nefndarfundi fram að hádegi og þess vegna hefst fundur í sameinuðu þingi kl. 12 og væntanlega fara síðan fram kosningar kl. 2. Fyrirspurnir verða milli 12 og 2.

EFRI DEILD

23. fundur, miðvikudaginn 13. des., að loknum fundi í Sþ.

Erfðafjárskattur, 2. umr.

Stjfrv., 56. mál (tvísköttunarsamningar). — Þskj. 273, n. 286.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. um 56. mál, um erfðafjárskatt. Það er neðrideildarmál og er nál. svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 273.

Salome Þorkelsdóttir og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa sá sem hér stendur, Guðmundur H. Garðarsson, Karl Steinar Guðnason, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (fasteignaskattur og aðstöðugjald). — Þskj. 291.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989. Í frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar, ekki efnislegar heldur tæknilegar, á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingarnar í 1. og 2. gr. eru eftir ósk Fasteignamats ríkisins. Þar er lagt til að einfalda meðferð ágreiningsmála að því er varðar gjaldstofn fasteignaskatts með því að fela Fasteignamati ríkisins að úrskurða í slíkum málum á fyrsta stigi í stað yfirfasteignamatsnefndar eins og nú er.

Breytingarnar sem lagðar eru til í 3.–5. gr. eru á aðstöðugjaldskafla laganna. Markmiðið með þeim er að koma í veg fyrir ágreining við framkvæmd laganna. Þessar breytingar eru gerðar í samráði við embætti ríkisskattstjóra.

Í 1. gr. er lagt til að í stað orðsins „matsverð" komi orðið álagningarstofn. Breyting þessi er talin eðlileg með hliðsjón af ákvæðum 3. gr. laganna þar sem er að finna nýmæli um stofn til álagningar fasteignaskatts af húsum og öðrum mannvirkjum um allt land.

Í 2. gr. er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að fela Fasteignamati ríkisins að úrskurða í ágreiningsmálum sem varða gjaldstofn skv. 3. gr. þeirra. Ætlunin með þessu er sú að einfalda meðferð slíkra ágreiningsmála. Úrskurði þessum megi þó ætíð skjóta til yfirfasteignamatsnefndar.

Í 3. gr. er lagt til að tekið verði upp skýrara og ákveðnara orðalag í 34. gr. til að koma í veg fyrir ágreining við framkvæmd laganna.

Í 4. gr. eru lagðar til nákvæmari tilvitnanir en eru í núgildandi ákvæði.

Í 5. gr. er í raun verið að leiðrétta prentvillu sem verið hefur í tekjustofnalögunum allt frá 1980, en allir úrskurðir varðandi þetta atriði hafa að sjálfsögðu verið felldir á grundvelli upphaflegs lagatexta.

Virðulegi forseti. Þó hér sé nánast aðeins um tæknilegar breytingar að ræða er mikilvægt að þær nái fram að ganga og taki gildi um næstu áramót til að auðvelda framkvæmd laganna um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Nefndastörf.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það liggur fyrir að við í fjh.- og viðskn. Ed. þurfum að skila inn nál. og brtt. sem þurfa að vera tilbúnar í síðasta lagi á föstudagsmorgun. Var samkomulag um það í nefndinni í dag að við í stjórnarandstöðu mundum reyna að fylgja þeirri tímaáætlun þó svo að ýmsar upplýsingar hafi ekki borist nefndinni, m.a. útreikningar á því hvaða bagga ríkisstjórnin er að binda sveitarfélögunum eins og frá virðisaukaskattsfrv. er gengið.

Í samræmi við þingvenju þegar um mjög erfitt og flókið mál er að ræða óska ég eftir því að þeir nefndarmenn stjórnarandstöðunnar sem þurfa að skila nál. á morgun, í síðasta lagi á föstudagsmorgun, geti treyst því að ekki verði boðaður fundur í þeim nefndum í fyrramálið sem þeir eiga sæti í. Ég óska eftir því að fundir í þvílíkum nefndum verði allir sem einn afboðaðir. Ef á hinn bóginn verður tregða í þessum efnum, þá er það auðvitað yfirlýsing stjórnarflokkanna um að það eigi að níðast á langlundargeði stjórnarandstæðinga þegar þeir koma til móts við ríkisstjórnina eins og í þessu máli, virðisaukaskattsmáli, sem hefur verið mjög illa undirbúið fyrir þingið. Hefur nánast sagt orðið að draga upp úr stjórnarliðum þær upplýsingar sem áttu að liggja fyrir um leið og frv. var sent deildinni. Ég vil taka sem dæmi að þegar málið var hér til 1. umr. hét hæstv. fjmrh. því að við mundum fá fyllstu upplýsingar og sérstaklega yrði hugað að framkvæmd reglugerðar um endurgreiðslu á matvælum. Þessi reglugerð hefur ekki verið lögð fram í nefndinni enn með endanlegum tölum og við höfum ekki fengið upplýsingar t.d. um það atriði á hvaða vinnu, sem áður var undanþegin söluskatti, hjá sveitarfélögunum virðisaukaskattur verður endanlega lagður og hvenær virðisaukaskattur verður endurgreiddur af slíkri vinnu. Nefndarmenn sem ekki hafa fengið fyllri upplýsingar en þetta í nefndinni hljóta að verða að afla sér þeirra upplýsinga á venjulegum skrifstofutíma embættismanna á morgun. Ég vil því mælast til að forseti sjái til þess að hægt sé að hafa hér þau venjulegu vinnubrögð þegar um stórmál er að tefla að tóm gefist til þess að undirbúa brtt. og tóm gefist til að athuga upplýsingar sem fram hafa komið og skrifa greinargerð um málið.

Forseti (Jón Helgason):

Við hv. 2. þm. Norðurl. e. vorum nú skömmu áður en þessi fundur var settur að fjalla um þennan vanda sem skapast þar sem mikið álag er á nefndum. Við ræddum m.a. við sjútvrh. um möguleika til að koma þar til móts við þessar óskir og mér skildist að það hefði verið gert, a.m.k. eitthvað í áttina. En ég hafði gert ráð fyrir því að nú mundum við ljúka eða hafa mjög skamman fund og ekki halda svo lengur áfram einmitt til þess að hv. deildarmönnum gæfist betra tóm til að fjalla um mál, bæði í nefndum og undirbúning að öðru leyti.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Um þetta ætla ég ekki að hafa mörg orð. En ég hef þá farið villur vegar og misskilið alvarlega það sem fór fram á nefndarfundi í morgun ef ég skildi það ekki rétt að samkomulag var um að halda fund kl. 10 í fyrramálið þar sem fram kæmu, að ósk stjórnarandstæðinga, þær brtt. sem meiri hl. nefndarinnar mun flytja við frv. þannig að hv. stjórnarandstæðingar gætu séð þessar brtt. í fyrramálið. Ég hélt að um þetta hefði verið gott samkomulag og það kemur mér satt að segja svolítið á óvart ef svo er ekki. Mér fannst að vísu eðlilegt að við gætum séð líka hvaða brtt. stjórnarandstæðingar mundu flytja við frv. en það þótti nú ekki eðlileg ósk og um það skal ég ekkert meira segja. En ég fór svo af þessum fundi í morgun að ég skildi að um þetta væri samkomulag, málið kæmist til umræðu á föstudag hér í þessari hv. deild en að nefndarmenn hittust í fyrramálið kl. 10 þar sem fram yrðu lagðar og kynntar þær brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur við frv. En vera má að allt sé þetta mikill misskilningur og ekkert samkomulag hafi verið gert. Það verður þá að koma í ljós.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Ég boðaði til þessa fundar í fyrramálið aðallega til þess að ræða um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989. Mjög líklega verður samþykkt í Nd. í kvöld frv. til lánsfjárlaga 1989. Fjh.- og viðskn. Nd. hafði gert á frv. breytingar og hugsunin var sú ein og aðallega að við gætum afgreitt þetta frv. sem fyrst. Byggðastofnun hefur lagt höfuðáherslu á að þetta frv. nái fram að ganga, eftir því sem mér skildist á þeim, fyrir 1. des. sl.

Ég vildi að nefndin kæmi saman áður en málið kæmi hingað til afgreiðslu á morgun, að við ræddum þetta mál og þær brtt. sem Nd. gerði. Það var höfuðástæðan fyrir því að nefndarfundur verður á morgun. En að sjálfsögðu var það rétt, eins og fram

kom hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, að hugsunin var sú að meiri hl. fjh.- og viðskn. mundi leggja þar fram brtt. við virðisaukaskattsfrv.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stjórnarandstöðu að taka virðisaukaskattsfrv. til 2. umr. á föstudag. Hins vegar man ég ekki eftir því á fundi í hv. fjh.- og viðskn. Ed. í morgun að ákveðið væri að halda þar fund kl. 10 í fyrramálið. Ég hygg að sú tillaga hafi komið fram á fundi meiri hl. eftir á. Ég hef í sjálfu sér ekki mótmælt þeim fundi kl. 10–12 á morgun og vissi reyndar ekki að þar ætti að kynna brtt. Það er í fyrsta skipti sem ég heyri það nú. Ég hygg að þessi tillaga hafi einnig komið upp á fundi meiri hl.

Hins vegar þrengist nú æ meir um þann tíma sem afgangs er til þess að ganga frá málum. Ég hef verið boðuð á fund í fjh.- og viðskn. frá 10–12 í fyrramálið. Kl. 12 er búið að tilkynna að hefjist fundur í Sþ. en á sama tíma er ég líka boðuð á fund í iðnn. Ed. Síðan var mér að berast fundarboð þar sem báðar menntamálanefndir þingsins eru boðaðar á fund kl. 12.30 á morgun. Þetta er kannski allt hægt að kljúfa og skarast ekki um of, en ég verð samt sem áður að vekja athygli á því að iðulega eru boðaðir fundir í nefndum á sama tíma og mér hefur þótt leitt að ég hef þurft að velja á milli heilbr.- og trn., þar sem talsvert ágreiningsmál er á ferðinni til umfjöllunar, og fjh.- og viðskn. þar sem annað stórt ágreinngsmál er til umfjöllunar eða virðisaukaskattur. Þetta er náttúrlega afleitt því að ég get ekki frekar en þið hin verið á tveimur stöðum í einu og verð að velja á milli þingstarfanna.

Það væri heppilegt ef hægt væri að koma því við að ekki væru boðaðir fundir á sama tíma eða þannig að þeir sköruðust þannig að maður gæti í raun sinnt skyldum sínum hér.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. Um það var ekki rætt þegar við skildum að fundur yrði haldinn í nefndinni til að við fengjum að sjá þessar brtt. sem meiri hl. væri með, enda kom það mjög skýrt fram hjá hv. þm. í nefndinni að hann teldi slíkt óeðlilegt. Ég lét í ljós þá skoðun mína að úr því að þetta væri viðkvæmt mál fyrir fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn., að stjórnarandstaðan fengi að kynna sér hvaða tillögur stjórnarmeirihlutinn væri með í skattamálum t.d., væri bara langeðlilegast að slíkum tillögum yrði stungið undir stól og stjórnarandstaðan fengi að sjá tillögurnar hálftíma eftir að fundur hæfist um málið daginn eftir eða eitthvað svoleiðis. Ef á að vera með feluleik af meiri hl. í skattamálum og ef virðisaukaskattsfrv. á allt að vera með sömu endemunum er best að halda því áfram til enda, langbest. Við vitum að eins og ástandið er er ekki tekið neitt tillit til sjónarmiða minni hl.

Nú reynir á. Er það hugmyndin að gefa nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. næði til þess að vinna að undirbúningi málsins fyrir hádegi á morgun í sambandi við mál sem afgreitt var úr sjútvn. í dag? Ég hafði ekki tök á að sitja þann fund. Samkomulag var gert við forseta um að fundur í sjútvn. yrði haldinn þegar í stað eftir að fundi í Sþ. lyki. Þá var settur fundur í Ed. í staðinn fyrir að hefja fund í sjútvn. þannig að um það var ekki hugsað hvort tími stjórnarandstöðunnar væri einhvers virði. Í gærkvöldi gerðist það í Sþ. að hæstv. forseti Sþ. tilkynnti að fundi yrði frestað kl. 7 og hæfist á nýjan leik kl. 9. Síðan tilkynnti forseti upp úr kl. 7 að hann væri að hugsa um að halda bara áfram ef enginn viðstaddra þingmanna hreyfði andmælum en var auðvitað bent á að þingmenn hefðu gengið út og búist við því að fundi yrði frestað kl. 7 eins og boðað hafði verið. En þá átti, í krafti þess að þingmenn höfðu ætlað sér að nýta þann matartíma sem búið var að lýsa yfir að yrði, að stytta umræðuna.

Það er auðvitað hægt að halda svona áfram. Núna, meðan fundur stóð í dag, voru okkur þingmönnum að berast upplýsingar frá Ríkisendurskoðun sem varða frv. um virðisaukaskatt og kemur þar fram að uppsetning í fjárlögum er óeðlileg. Því er auðvitað ærin ástæða til að fylgja þeirri hefð að stjórnarandstaða hafi möguleika til að vinna vel að sínum málum. Ef hins vegar fulltrúar stjórnarflokkanna telja að það muni greiða fyrir þingmálum að boða til funda í óþökk stjórnarandstöðunnar og vilja freista þess hvort það greiði fyrir vinnubrögðum hér í deildinni, þá er ég alveg reiðubúinn til þess að íhuga það. En það sem ég er að fara fram á er að réttur minn til þess að vinna að málum, vinna að framlagningu greinargerðar verði virtur.

Í dag var mál afgreitt úr sjútvn. Í gær hafði ég beðið formann nefndarinnar um að fá þær brtt. skriflega sem hann hugðist flytja við það frv. Nú er búið að afgreiða málið, skilst mér, úr nefndinni án þess að ég hafi séð þessar brtt. Ég mun auðvitað óska eftir því að þetta mál verði tekið upp í nefndinni á nýjan leik þar sem formanni nefndarinnar var fullkunnugt um að ég hafði athugasemdir fram að færa. Þannig að ég held að óhjákvæmilegt sé fyrir okkur, ef tíminn er knappur, að reyna að virða eðlilegar óskir þingmanna. Það hlýtur að vera eðlileg ósk, hæstv. forseti, að stjórnarandstaða eigi rétt á að fá að sjá skriflega á pappír hvernig þær brtt. eru sem meiri hl. ætlar að flytja um hin þýðingarmestu mál.

Forseti (Jón Helgason):

Ég óska eftir því að fulltrúar flokkanna hitti mig hér að máli þegar fundum er lokið í Ed. svo að við getum rætt þetta sem ég held að sé heppilegra að ræða á þann hátt. En vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. að ekki hafi verið staðið við ákvörðun um fund í sjútvn. í dag, þá lagði ég til að fundur yrði boðaður þegar fundi hefði verið frestað í Ed. í dag. Veit ég ekki annað en þannig hafi verið boðað.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Í sjálfu sér þurfum við ekki að vera hissa þó svona umræða fari fram eins og hér er. Ég held að margt þurfi að laga í vinnubrögðum Alþingis. Þetta er nú ekki í fyrsta og sjálfsagt ekki í seinasta skiptið ef ekki verður að gert að við lendum í slíkri kreppu eins og við erum í í dag. Ég hef nú sagt áður og get sagt það hér úr þessum stól einnig að ég held að þessi tími sé býsna dýr fyrir þjóðina þar sem þingmenn þurfa að leika jafnhratt í tímapressu og við þurfum að gera þessa síðustu daga og þurfum ætíð að gera rétt fyrir jól. Það er mikill galli á að svo þurfi að vera.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék hér að störfum sjútvn. Það er erfitt að tala til hans því hann er ekki hér en ég verð þó rétt að skýra a.m.k. þingmönnum frá því sanna og rétta í málinu. Sjútvn. Ed. er ætlaður einn klukkutími á viku til starfa. Ég hef fundið að því að sjútvn. Ed. skuli vera ætlaður tíminn milli kl. 1 og 2 til þess að starfa á miðvikudögum. Ég held að allir menn sem hafa eitthvað verið hér og starfað að sjávarútvegsmálum hljóti að skilja það og vita að slík nefnd þarf miklu lengri tíma en hér er gert ráð fyrir. En nefndartími okkar er sem sé kl. 1 á miðvikudögum og þess vegna var fundur í nefndinni boðaður á þessum tíma. Síðan gerðist það í gær að ákveðið er að boða fund í Sþ. til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu um fjárlög. Þá fór ég fram á að þetta yrði tekið til athugunar og um það varð síðan samkomulag, að þessum fundi yrði seinkað og hann var haldinn kl. 2.30 í dag. Það mál sem þar var á dagskrá og hv. þm. vék hér að var í sambandi við breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð og að ég hefði hafnað því að sýna honum ákveðna tillögu. Það sanna í málinu er að ég gat ekki sýnt honum tillöguna. Ég var alls ekki búinn að ganga frá þessari tillögu og skrifa hana á blað. Ég sagði honum hins vegar hugsunina í tillögunni og hvað við værum að fara. Á þennan fund nefndarinnar mætti annar fulltrúi Sjálfstfl. sem situr í nefndinni með okkur og stendur að því nál. sem við gengum frá í sambandi við þetta mál. Þannig er nú það rétta í þessu máli.

Það má líka segja, eða ég skildi a.m.k. málið svo, að menn hefðu verið aðeins að slaka á þingfundum á morgun í Sþ. Ég skil þá ekki það sem sagt er, ef ég heyrði það ekki rétt, að forseti hefði verið að tilkynna hér í Sþ. áðan að ákveðið hefði verið að fundur í Sþ. byrjaði ekki fyrr en kl. 12 svo nefndir hefðu svigrúm til þess að starfa í fyrramálið. Ég skildi það svo. Það er rétt að sjútvn. hefur þurft að boða fund kl. 8 í fyrramálið til þess að fjalla þar um ákveðið mál og það mun hún gera. Sá fundur hefur verið boðaður. Sjútvrh. kom hins vegar að máli við formenn sjávarútvegsnefnda beggja deilda og óskaði eftir sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda þingsins til þess að kynna þar ákveðið mál og ákveðið var að koma þeim fundi á til þess að nýta þennan tíma sem hæstv. þingforseti var að tilkynna okkur um kl. 11 á morgun, beggja deilda.

Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á og ég held að hæstv. sjútvrh. hafi fallist á það að ósk ákveðinna nefndarmanna að sá fundur yrði ekki haldinn á morgun kl. 11, heldur yrði hann færður til og haldinn á föstudag kl. 9. Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal hafi frekar getað sinnt þessu máli á föstudegi en fimmtudegi og því mun hafa verið orðið þar við ósk hans.

En ég verð, úr því að ég er kominn hér upp, að segja frá því að ég hef áhyggjur af þessum störfum, hvernig þetta gengur. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vék hér áðan að nefndarstarfi í heilbr.- og trn. þar sem við erum með gífurlega stórt og erfitt mál viðfangs. Við erum nánast á hrakhólum þar með tíma hvernig við eigum að koma þeim málum áleiðis. Þess vegna segi ég að hér er um slæmt skipulag á þinginu að ræða. Stórum hópi þingmanna sem starfar bæði í fjh.- og viðskn. deilda og fjvn. er gersamlega kippt út úr störfum annarra nefnda fram að áramótum. (Gripið fram í.) Ja, a.m.k. nefnda. Þetta er auðvitað óviðunandi og ég held nú að þingflokkarnir sjálfir eigi að athuga slíkt þegar fólk er sett til starfa í nefndum. Það sé tekið tillit til þess og sé tekið mið af því. Ég held að ég hafi skýrt þessi sjónarmið hvað viðkemur starfi sjútvn. og hún hefur ekki það sem af er vetri gengið freklega á tíma þingmanna.

EFRI DEILD

24. fundur, miðvikudaginn 13. des., að loknum 23. fundi.

Erfðafjárskattur, 3. umr.

Stjfrv., 56. mál (tvísköttunarsamningar). — Þskj. 273.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 308).

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjármögnun útgjalda og verðbætur). — Þskj. 258, n. 306.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 306 frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda. Þetta frv. er ekki flókið í sniðum. Það er um framlengingu til ársins 1991 á framlögum ríkissjóðs til Lífeyrissjóðsins. Allir aðilar í fjh.- og viðskn. eru sammála frv. Nefndin fékk til viðræðna Hauk Halldórsson, Hákon Sigurgrímsson og Gunnlaug Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda og allir eru, eins og ég áðan sagði, samþykkir því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta og legg til að málið verði þannig samþykkt.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er auðvitað hreyft mjög merkilegu máli þegar rætt er með hvaða hætti hægt sé að styrkja Lífeyrissjóð bænda. Þessi sjóður er mjög veikur og liggur raunar ljóst fyrir að hann getur engan veginn staðið við skuldbindingar sínar. Það fé sem bændur hafa greitt til þessa sjóðs er verulegt. Við vitum að flæði til sjóðsins eða greiðslur í þennan sjóð munu fara minnkandi á næstu árum þar sem bændastéttin er minnkandi stétt. Búast má við því að verulega fækki á næstu 5–10 árum í bændastéttinni þannig að byrðarnar af lífeyrissjóðsgreiðslunum lenda á færri og færri bökum miðað við þá sem njóta greiðslna úr sjóðnum.

Ég hygg af þeim sökum að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin um Lífeyrissjóð bænda eins og raunar lög um ýmsa aðra lífeyrissjóði. Ég verð að segja að auðvitað er ekki gott að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér í deildinni til þess að hægt væri að spyrja hann hvað hann hyggist fyrir í þessum efnum.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því að í ýmsum byggðarlögum er byggð orðin mjög veik. Meðalaldur bænda er sums staðar mjög hár þannig að ástæða er til að óttast að sumar þessara sveita leggist af innan tiltölulega skamms tíma og þá reynir auðvitað á hvað bíður þeirra bænda sem búa á slíkum stöðum.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að ekki standa efni til þess nú að fara út í maraþonumræður um þessi mál. Það væri ástæða til þess að þingdeildin ræddi stöðu bænda og stöðu Lífeyrissjóðsins í því samhengi alveg sérstaklega. En ég verð, vegna fjarveru landbrh., að láta það bíða betri tíma en legg ríka áherslu á að það frv. sem hér liggur fyrir er aðeins lítið skref. Það er óhjákvæmilegt að framlengja lögin nú um áramót og þess vegna sjálfsagt að deildin afgreiði þetta frv. nú en um leið minni ég á nauðsyn þess að hugað verði til lengri framtíðar í þessu sambandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

20. fundur, miðvikudaginn 13. des., að loknum fundi í Sþ.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Um störfin í hv. deild í dag vill forseti geta þess að hér verður fundur til kl. 4 þegar þingflokkafundir hefjast. Síðan verður fundi fram haldið kl. 6 og mun væntanlega standa til kl. 7 og þá er stefnt að því að reyna að hafa kvöldfund sem mundi þá hefjast kl. 9. En á þessum fundi nú verður tekið til við fyrstu fjögur málin og þau rædd svo lengi sem tími leyfir og stefnir forseti að því að reyna að hafa atkvæðagreiðslur um þau mál sem umræðu verður lokið um fyrir þingflokkafundi kl. 4.

Á kvöldfundi yrði þá væntanlega til umræðu bifreiðagjald, stjfrv., og þau tvö frumvörp um umhverfismál sem á dagskrá fundarins eru í dag.

Launaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77, n. 275 og 292.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 275 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fengið þetta frv. til umfjöllunar og fékk til viðræðna Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Meiri hl. skipuðu auk mín Þórhildur Þorleifsdóttir, Jón Bragi Bjarnason, Ragnar Arnalds og Þóra Hjaltadóttir.

Sú lagabreyting sem hér er lagt til að gerð verði er að launaskattur verði framvegis innheimtur í hverjum mánuði líkt og gildir um staðgreiðsluskatta af launum, enda er skattstofninn svo að segja sá sami. Með þessu móti eru gjalddagar launaskatts tólf á hverju ári í stað sex. Þessi breyting á innheimtu launaskatts mun gera hann virkari og jafnframt auðvelda eftirlit.

Það má gera ráð fyrir að við þessa breytingu batni greiðslustaða ríkissjóðs á næsta ári um 200 millj. kr. og jafnframt má benda á að þessi breyting er mikilvægt skref í þá átt að samræma stofn og innheimtukerfi launaskatts við stofn og innheimtukerfi staðgreiðslu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutanefndaráliti hv. fjh.- og viðskn., en ásamt mér skipar

þann minni hl. hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. verður gjalddögum launaskatts fjölgað og greiðslum til ríkissjóðs flýtt. Þess vegna vex fjárbinding þeirra fyrirtækja sem greiða launaskatt. Hér er því á ferðinni enn eitt frv. sem ætlað er að bæta stöðu ríkissjóðs á kostnað atvinnulífsins.

Ríkisstjórninni hefði verið nær að endurskoða lögin um launaskatt með tilliti til þeirrar mismununar sem fyrirtækin þurfa að búa við.

Minni hl. leggur til að frv. verði fellt."

Það kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl. nefndarinnar, að í athugasemdum við lagafrv. segir að gera megi ráð fyrir að þessi breyting bæti greiðslustöðu ríkissjóðs á næsta ári um 200 millj. kr. Jafnframt er sagt í athugasemdunum að þessi breyting sé mikilvægt skref í þá átt að samræma stofn og innheimtukerfi launaskatts við stofn og innheimtukerfi staðgreiðslu.

Minni hl. sýnist það augljóst að batni greiðslustaða ríkissjóðs á næsta ári um 200 millj. kr. hljóti það að gerast vegna þess að greiðslustaða fyrirtækjanna versni að sama skapi, enda gengur dæmið ekki upp öðruvísi. Minni hl. hefur jafnframt fullan skilning á því að samræma þurfi innheimtukerfi launaskatts og innheimtukerfi staðgreiðslu, en sé hins vegar litið til þess að launaskattur leggst aðeins á sum fyrirtæki og ekki önnur, þ.e. launaskattur er lagður með mismunandi hætti á atvinnugreinarnar, sætir það furðu að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki byrja á því að samræma launaskattinn á atvinnugreinunum áður en farið er að stunda samræmingarstörf fyrir ríkissjóð einan. Okkur sýnist sem hugsun ríkisvaldsins nái aðeins til hagsmuna ríkisins. Við teljum að nær hefði verið fyrir hæstv. ríkisstjórn að samræma fyrst skattinn á milli fyrirtækja og síðan hefði verið hægt að ræða um það hvernig innheimta eigi skattinn af fyrirtækjunum. Þess skal jafnframt getið að hér er ekki um að ræða skatt sem innheimtur er af starfsfólki eða af öðrum og þess vegna er staðgreiðslukerfið með allt öðrum hætti. Þegar fyrirtæki þurfa að standa skil á hluta af launum starfsmanna eru fyrirtækin í því hlutverki að heimta innskatt af einstaklingum og greiða til ríkisins. Allt öðru máli gegnir um launaskattinn sem er veltuskattur á laun og leggst með mismunandi hætti á einstök fyrirtæki. Af þessari ástæðu, virðulegur forseti, finnst okkur þessi svokallaða samræming vera ótímabær og ósanngjörn. Okkur finnst sem hæstv. ríkisstjórn sé enn á ný að ráðast að atvinnulífinu í landinu og ætti þó engum að vera kunnugra um að rekstur fyrirtækjanna gengur ekki mjög vel um þessar mundir og allra síst þeirra fyrirtækja sem nú borga launaskatt. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. taki til máls hér við 2. umr. um þetta mál og geri þingheimi grein fyrir hvort það sé hugmynd ríkisstjórnarinnar á næstunni, fyrst hún hefur þegar hafið þessi samræmingarstörf í innheimtunni, að samræma launaskattinn á milli atvinnugreinanna.

Ég vil að lokum láta þess getið að í nefndinni kom fram það sjónarmið af hálfu fulltrúa úr stjórnarliðinu að ástæðulaust væri að eltast við þessa breytingu á lögum með tilliti til þess að þau fyrirtæki sem þarna ættu í hlut væru í miklum rekstrarörðugleikum og þess vegna óþarfi að vera að bæta greiðslustöðu ríkissjóðs um 200 millj. á næsta ári, sem auðvitað gerist aðeins einu sinni, sem eingöngu væri gert til þess að hrella þá sem stæðu í erfiðum rekstri þessara fyrirtækja.

Því miður virðist hæstv. ríkisstjórn ekki hafa tekið mark á þessum ummælum og þessari orðsendingu og óskaði eftir að málið fengi afgeiðslu nú á þessu þingi. Við sem skipum minni hl. teljum það ótímabært, teljum að réttara hefði verið að leiðrétta fyrst misræmið í launaskattsálagningunni á milli einstakra greina atvinnulífsins og síðan hefði verið ástæða til að samræma innheimtukerfið. Og enn á ný ítreka ég það að hér er ekki verið að heimta innskatt af öðrum eins og þegar um staðgreiðsluna er að ræða heldur er þetta veltuskattur á fyrirtækin sjálf.

Við leggjum þess vegna til, virðulegi forseti, að frv. verði fellt.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Kvennalistinn lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls að hann styddi þessa breytingu á innheimtu launaskatts. Við höfum margítrekað að okkur finnst talsverður munur á þeirri tillitssemi sem sýnd er fyrirtækjum annars vegar og heimilum og fjölskyldum hins vegar. Það kæmi sér eflaust oft betur fyrir heimili að geta fengið frest á ýmiss konar greiðslum og ef um er að ræða mismunun gildir það jafnt fyrir heimili þar sem aðstæður geta verið jafnmismunandi og hjá fyrirtækjum. Þessi breyting horfir til samræmingar á innheimtu og teljum við það eðlilegt, og því styðjum við þessa breytingu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. 1. þm. Reykv. og það nál. sem liggur hér frammi frá minni hl. fjh.- og viðskn. Það er kominn tími til að menn hugi í alvöru að því hvað er að gerast í þjóðfélaginu og hverjar eru orsakir og afleiðingar skattheimtu ríkisins. Það misræmi sem er í skattheimtu launaskatts á ekki að eiga sér stað og bitnar mjög á fyrirtækjum og þó að prósentan sem slík sé ekki há þýðir hún auðvitað það að fólkið fær lægri laun og hv. 18. þm. Reykv. hefði átt að skilja það að þetta þýðir minni greiðslugetu fyrirtækja og minni möguleika hjá þeim að greiða hærri laun.

Í DV í gær var endurprentuð tafla um launamismun og vinnustundir iðnaðarmanna úr Politiken sem ég minntist á í umræðu um vantraust nýlega. Í þeirri töflu sést glögglega að launamismunurinn hjá iðnaðarmönnum í Vestur-Þýskalandi og á Íslandi er 65% í tímakaupi og vinnustundir Íslendinga eru með þeim hæstu sem þekkjast. Þetta sýnir það að við erum á rangri leið. Við erum að reyna að koma í veg fyrir að fólkið fái gott kaup með þessari stefnu sem núv. ríkisstjórn rekur. Við erum að koma í veg fyrir að fólkið í landinu njóti góðs af því að fyrirtækin gangi vel.

Í þessu sambandi er rétt að minna á það að góðæri

1987 þar sem verð á þorski var það hæsta sem nokkru sinni hefur verið, margfalt hærra en nokkru sinni fyrr, fór beint í ríkissjóð allt saman og meira til. Og við horfum fram á það að magnaukning á ríkisútgjöldum er 66% frá 1983 sem segir það að verið er að leika sér með peningana í rekstri ríkisins, en það er ekki aukin þjónusta fyrir fólkið. Og það hefur komið harðast niður á heimilunum í landinu. Það er heimska og þekkingarleysi að halda að það að skattleggja fyrirtæki sé til bóta fyrir heimilin í landinu. Það er alveg ótvírætt að hér þýðir þetta það að dregið er fé frá launþegum og það er gert með margvíslegum hætti öðrum. Það er sennilega kominn tími til að það verði litið á öll þau gjöld sem eru lögð ofan á launin og launþegar fá aldrei í vasann, eru tekin í alla vega sjóði og eyðslu sem er ekki af hinu góða. Launaskattinn ætti auðvitað að leggja niður því að hann hefur engum orðið til góðs. Hann verður að leggja niður því að hann er ekki til þess að létta undir með fyrirtækjunum og hann veldur því að fólkið fær lægra kaup en ella væri.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurna frá hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka fram að ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna að endurskoðun á skattlagningu atvinnufyrirtækja og atvinnuvega. Þessi endurskoðun mun miðast við það að skapa samræmda álagningu óháð því í hvaða atvinnugreinum fyrirtækin starfa.

Eins og hér hefur komið fram er það gjald sem hér er til umræðu lagt á með mismunandi hætti og atvinnugreinarnar sitja ekki við sama borð í þessum efnum. Þess vegna hefur sú hugmynd komið fram, bæði nú og áður, að í stað þessa gjalds gæti vel komið til álita að taka upp annað lægra og samræmdara gjald og fella e.t.v. önnur atvinnuvegagjöld einnig að þeirri breytingu. Þar með væri samkeppnisstaða atvinnulífsins orðin jöfn. Þar með væri orðin samræming milli skattlagningar ólíkra atvinnugreina.

Á þessu stigi er ekki hægt að skýra nánar frá þessum hugmyndum né heldur niðurstöðum, en ég taldi rétt að verða við þeirri ósk sem hér hefur komið fram og árétta að á vegum ríkisstjórnarinnar er unnið að slíkri endurskoðun og annaðhvort síðar á þessu þingi eða á næsta þingi verða lagðar fram tillögur um það efni fyrir hv. Alþingi til umfjöllunar og afgreiðslu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að svara þessari fyrirspurn sem til hans var beint og fagna því að hæstv. ríkisstjórn skuli ætla sér að leggja fram tillögur væntanlega í frumvarpsformi um samræmingu á álagningu launaskatts þannig að ekki komi fram munur á fyrirtækjum sem starfa í mismunandi atvinnugreinum. Ég harma það hins vegar að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra skuli þrátt fyrir þetta ætla sér að breyta innheimtuaðferðinni með þeim hætti að sá munur sem nú er fyrir hendi á fyrirtækjum í mismunandi greinum hlýtur að vaxa frá því sem nú gildir þar sem skatturinn er aðeins innheimtur á tveggja mánaða fresti nú en verður innheimtur mánaðarlega á næsta ári verði frv. samþykkt. Ég hélt satt að segja að hæstv. ríkisstjórn hefði séð að sér og farið hefði verið að tilmælum sem komu m.a. frá hv. stjórnarþingmönnum. En svo virðist ekki hafa verið og það liggur fyrir nú að hæstv. ríkisstjórn ætlar að auka enn á þann mun sem fyrir hendi er samkvæmt gildandi lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 20:8 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 184, n. 276 og 297, brtt. 293.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 276 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem leggur til að frv. verði samþykkt.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, kom til viðræðna við nefndina og að nefndarálitinu standa auk mín Ragnar Arnalds, Jón Bragi Bjarnason og Þóra Hjaltadóttir.

Þetta mál var til meðferðar í nefndinni hinn 11. des. og þá var þetta nál. samið. Síðan gerðist það í gær að hæstv. fjmrh. bar fram brtt. við frv. á þskj. 293 og þar er lagt til að hækka heimildir um 250 millj. kr. Þetta er framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem í sjálfu sér kann að vera nauðsynlegt og gott og viðkunnanlegt að reiða af hendi. Þó verð ég að átelja þá málsmeðferð að hafa ekki þessa brtt. fyrr á ferð þannig að hún gæti komið í meðferð frv. á fyrri stigum.

Við tókum málið fyrir á fundi nefndarinnar í morgun og meiri hl. leggur til að brtt. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn., sem við skipum ég og hv. 1. þm. Vestf.

Við viljum greiða fyrir því að þetta mál fái afgreiðslu sem allra fyrst. Það er eftir því beðið, m.a. af Byggðastofnun, sem þarf nauðsynlega að taka erlent lán vegna starfsemi sinnar og eins vegna hins, sem sést á brtt. hæstv. fjmrh., að Lánasjóður ísl. námsmanna þarf að fá 250 millj. kr. til sinna þarfa vegna útlána á yfirstandandi ári. Við teljum reyndar að sú till. hefði átt að koma fram í nefndinni og nefndinni þannig gefinn kostur á að flytja þá till. Hitt er svo

annað mál að þetta er auðvitað matsatriði og smekksatriði hvort hæstv. ráðherra kýs að hafa þennan háttinn á fremur en annan.

Það er athygli vert að í minnisblaði um lánsfjárþörf og lánsfjáröflun ríkissjóðs 1989, sem er dags. 11. des. 1989 og undirrituð af Halldóri Árnasyni sem er starfsmaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, koma fram nýjar upplýsingar sem eru ekki samhljóða þeirri áætlun sem kemur fram í athugasemdum sem birtast með sjálfu frv. eins og það var lagt fram í upphafi.

Það kemur fram í þessu minnisblaði að erlendar lántökur ríkissjóðs hafi verið áætlaðar rúmir 6 milljarðar kr., þar af 5 milljarðar til að greiða yfirdráttarskuld ríkisins í Seðlabankanum vegna ársins 1988 og síðan 900 millj. kr. endurlán til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Efri deild Alþingis fjallaði um það mál og gerði síðan þá breytingu á lagafrv. að fella inn í frv. heimildina til að taka erlent lán fyrir Byggðastofnun. Nú hefur Lánasjóðurinn bæst við og leiðréttist þá frv. sem því nemur.

Það er hins vegar athygli vert að síðar í þessu minnisblaði er því lýst hvað sagði í athugasemdum með frv. og þar kemur í ljós að ætlunin hafi verið að brúa innlenda lánsfjárþörf ríkissjóðs, sem svo er orðað, með þeim hætti að selja spariskírteini fyrir 6 milljarða kr., ríkisvíxla fyrir 3,8 milljarða kr. og síðan yrði önnur lántaka 1500 millj. kr. en samtals gerir þetta 11,3 milljarða á innlendum lánamarkaði.

Nýjustu upplýsingar, sem eru frá 6. des., segja hins vegar að heildarsala spariskírteina ríkissjóðs að nóvember meðtöldum — og er þá einungis reyndar átt við þá sölu sem þegar er uppgerð við ríkissjóð og kann að liggja eitthvað í pípunum — er 4,6 milljarðar en heildarinnlausnin á sama degi er 4 milljarðar og 150 millj. kr. Sala spariskírteina nægir því rúmlega til að mæta innlausn eldri skírteina.

Fulltrúi Fjárlaga- og hagsýslustofnunar segir síðan að erfitt sé að áætla hver salan verði fram að áramótum en getur þess þó í minnisblaðinu að lífeyrissjóðum hafi verið gert tilboð um kaup á spariskírteinum fyrir um 1 milljarð kr. Ég vil þess vegna, virðulegur forseti, fá að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort frá þeim kaupum hafi verið gengið og hvort líklegt sé að lífeyrissjóðirnir eða einhver annar stór kaupandi sé tilbúinn til þess að kaupa spariskírteini ríkissjóðs þannig að 1 milljarður seljist í þessum mánuði en þá mundi skakka mun minna en áætlað er í þessari nýju áætlun.

Þá segir jafnframt í minnisblaðinu, virðulegur forseti, að gert sé ráð fyrir að nettósala ríkisvíxla á árinu nemi 3,8 milljörðum kr., en 7. des. var nettósalan 3,2 millj. og hafði þá lækkað um 800 millj. kr. frá lokum september. Það er einnig ástæða til þess, virðulegur forseti, að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að hægt verði að selja ríkisvíxla nú á síðasta mánuði ársins, hvort staða bankanna, sem hafa verið stærstu kaupendur ríkisvíxlanna, leyfi það.

Síðan segir Halldór Árnason í minnisblaði Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að ljóst sé að erfitt verði að ná fram þeim áformun un innlenda lánsfjáröflun sem nefnd eru fyrr í minnisblaðinu og það sem kunni að vanta á þau áform verði fjármagnað með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands eins og venja hefur verið.

Þetta þýðir með öðrum orðum, virðulegur forseti, að taka verður niðurstöðutölur í frv. með talsverðri varúð. Í raun og veru er hér um áætlanir að ræða og vera kann að nokkrar breytingar verði á þeim tölum sem koma fram í frv. og þá verður gengið frá því sem út af stendur með heföbundnum hætti. Það þýðir jafnframt, virðulegur forseti, að sú nýbreytni að leggja fram lánsfjárlög fyrir árið 1989 til leiðréttingar á lánsfjárlögum sem Alþingi hefur samþykkt fyrr nær ekki fyllilega tilgangi sínum og skilur mál eftir með nokkra lausa enda. Kannski er ómögulegt að setja fram nákvæmari áætlanir, en þó væri gagnlegt að á þessu stigi málsins eða á síðari stigum mundi hæstv. ráðherra upplýsa þetta mál.

Ég vil taka fram að tækifæri gefst til þess, ef brtt. hæstv. ráðherra verður samþykkt, að gera það annaðhvort hér við 2. eða 3. umr. í neðri deild eða þá í þeirri umræðu sem fer fram í efri deild. En vonandi verður sú umræða ekki til þess að málið fái ekki afgreiðslu fljótt og vel eins og minni hl. vonast til að geti orðið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Frv. þetta, sem fjallar um heimildir til aukinnar lántöku ríkissjóðs umfram það sem upphaflega var gert ráð fyrir á lánsfjárlögum, er til vitnis um það vanmat á aðstæðum og óraunsæi sem ríkir í fjármálastjórn. Svo ótraustar eru forsendur sem ætlað var að byggja fjármálastjórn á að þær breytast frá degi til dags. Til vitnis um það er fyrst frv. sjálft en að auki hafa verið lagðar fram stórfelldar brtt. við það tvisvar sinnum.

Í umfjöllun efri deildar var flutt brtt. til hækkunar um 350 millj. kr. vegna heimilda til Byggðastofnunar til lántöku. Í gær lagði svo hæstv. fjmrh. sjálfur fram eina brtt. í viðbót. Mun hún eiga sér rætur í aukinni fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna. Er það skýrt með tekjufalli námslána annars vegar og hins vegar fjölgun námsmanna umfram það sem ætlað var. Það hlýtur að vera undrunarefni að þetta skuli fyrst hafa runnið upp fyrir hæstv. ríkisstjórn nú á allra síðustu dögum ársins.

Ekki drögum við kvennalistakonur í efa fjárþörf Byggðastofnunar vegna gefinna lánsloforða né heldur aukna fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna og munum því ekki standa gegn þessum breytingum á frv. né því í heild þar sem einnig er tekið á málefnum Atvinnutryggingarsjóðs. Hins vegar getum við ómögulega borið ábyrgð á svo óljósu reikningshaldi sem breytist frá degi til dags, né heldur ótraustum áætlunum og vanmati ríkisstjórnar á aðstæðum og munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi geta þess að sú ákvörðun mín að leggja hér fram sérstaka brtt. við frv. byggðist ekki á því að ég vildi sýna hv. fjh.- og

viðskn. sérstaka vanvirðu með því að flytja till. ekki inn í nefndina. Skýringin er einfaldlega sú að hv. fjh.- og viðskn. hafði lokið afgreiðslu sinni á málinu og skilað nál. áður en ég vissi af þeim lokum málsins í nefndinni. Að sjálfsögðu hafði ég ætlað að fylgja þeirri þingvenju að kynna brtt. í nefndinni. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram til að það valdi ekki misskilningi og leitt þykir mér ef nefndarmenn telja að ég hafi af ráðnum huga verið að ganga fram hjá nefndinni.

Ástæða þess að brtt. er flutt er einkum sú að orðið hefur mikil fjölgun námsmanna, um u.þ.b. 10% á yfirstandandi skólaári, og mun það einkum vera vegna þess að á tímum erfiðleika á vinnumarkaði leitar hlutfallslega stærri hluti ungs fólks til náms en áður og svo það að minni tekjur námsmanna breyta fjárþörf sjóðsins.

Það er hins vegar rangt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að áætlanir séu að breytast frá degi til dags. Meginskýringin á því hvers vegna hæstv. ríkisstjórn flytur frv. felst í því að markaður fyrir innlenda lánsfjáröflun hefur verið traustari og öflugri en flestir gerðu ráð fyrir. Og það er ósköp eðlilegt að menn bregðist við þeim markaðsaðstæðum með því að styrkja lánsfjáröflun ríkissjóðs á hinum innlenda markaði. Slíkt er á engan hátt óeðlilegt. Ef stjórnvöld ætla sér að geta spáð fyrir með nákvæmni ár fram í tímann, hverju markaðurinn muni taka við af innlendum spariskírteinum eða ríkisvíxlum, væri annaðhvort eitthvað meira en lítið bogið við markaðinn eða stjórnvöld komin með guðdómlega náðargáfu. Hvorugt er nú hins vegar í eðli málsins svo að það hlýtur ávallt að verða þannig að reynist markaðurinn traustari og taka betur við spariskírteinum ríkissjóðs og ríkisvíxlum en áætlanir gerðu ráð fyrir, þá leiti ríkissjóður heimildar Alþingis til að hagnýta sér þá jákvæðu aðstöðu sem á markaðnum skapast.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði hvaða horfur væru á að lífeyrissjóðir eða aðrir öflugir kaupendur kynnu á þeim dögum sem eftir eru af árinu að kaupa spariskírteini ríkissjóðs fyrir umtalsverðar upphæðir, rúman milljarð eða jafnvel meira. Það er voðalega erfitt að fullyrða það á þessu stigi. Skýringin liggur í því að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna munu meta, þegar líður á mánuðinn, hvort á markaðnum bjóðist betri pappírar en þeir sem ríkissjóður býður.

Ég hef trú á að niðurstaða þeirra verði sú að á markaðnum verði ekki betri pappírar og þeir muni þess vegna á síðustu dögum ársins, jafnvel síðasta dag ársins, kaupa spariskírteini ríkissjóðs í umtalsverðu magni. Ríkissjóður hefur enn fremur skapað þá nýjung að bjóða lífeyrissjóðunum, sem eru stærstu og öruggustu kaupendur spariskírteina ríkissjóðs og ríkispappíra almennt, sérstök hagstæðari kjör vegna þess að við viljum byggja upp varanleg viðskipti við lífeyrissjóðina á þessum markaði, teljum að það þjóni hagsmunum annarra sem á markaðnum eru og stöðugleika í efnahagslífinu þegar til lengdar er litið. Ég get þess vegna ekki frekar en aðrir fullyrt það hér og nú hvað kann að verða á þessum markaði við lok ársins. Ég læt þó í ljósi þá skoðun að það muni ekki skýrast fyrr en á allra síðustu dögum ársins, jafnvel á síðasta degi ársins, eins og ég nefndi áðan, þar sem forustumenn lífeyrissjóðanna kunna að bíða með kaupin þar til árið er að renna út til þess að hafa þá fulla vissu fyrir því að á árinu bjóðist ekki betri kjör.

Ég get þó vísað til þess að reynslan á árinu sýnir að ríkissjóði hefur tekist að selja mun meira af bæði ríkisvíxlum og spariskírteinum ríkisins en bjartsýnustu áætlanir gerðu ráð fyrir. Auk þess er hægt að færa rök fyrir því að á ýmsan hátt kunni að vera skynsamlegt fyrir Seðlabankann að kaupa einnig þó nokkurn hluta af spariskírteinum ríkissjóðs á þeim vikum sem eftir eru á þessu ári. Það helgast bæði af þeirri stöðu sem er í viðskiptum ríkissjóðs og Seðlabankans að öðru leyti og eins með tilliti til þess hvað Seðlabankinn hefur aðhafst að öðru leyti á spariskírteinamarkaðinum, bæði hvað innlausn spariskírteina snertir og önnur viðskipti. Þess vegna er í sjálfu sér ekki hægt að fullyrða á þessu stigi að til þurfi að koma einhverjar umtalsverðar erlendar lántökur vegna þess að þessi viðskipti muni ekki takast. Hins vegar er rétt hjá starfsmanni Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að hafa varann á sér eins og hann gerir hér í sínu áliti, en svarið mun hins vegar fást á markaðnum sjálfum þar sem hann er, eins og ég veit að hv. þm. veit, herra þessara viðskipta.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að svara nánar því sem hér hefur verið spurt um. Ég vil þó aðeins vekja athygli á því að komi til slíkrar lántöku þarf ekki að afgreiða hana fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs og hægt að taka tillit til hennar við afgreiðslu annarra mála. Þar að auki er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði til Seðlabankans, bæði á þessu ári og á næsta ári, umtalsverðar upphæðir svo að það er líka hægt að fara þá leið að fresta einhverju af þeim greiðslum. Auk þess hefur ríkissjóður ekki nýtt allar þær heimildir til erlendrar lántöku sem hann hefur svo að möguleikarnir til að bregðast við þeirri stöðu sem upp kann að koma ef markaðurinn reynist ekki jafnviðtækur fyrir spariskírteinin og ríkisvíxlana eins og við vonum eru mjög margir og ýmsir þeirra fela í sér aðrar leiðir en auknar erlendar lántökur eða sérstakar erlendar lántökur með nýjum heimildum frá Alþingi.

Ég vona að þetta svar mitt varpi nokkuð skýrara ljósi á stöðu þessa máls.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það er auðvitað hárrétt sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. að frv. er spegilmynd vanáætlana ríkissjóðs. Það kemur í ljós að hinn mikli halli á yfirstandandi ári leiðir til þess að fjármagna þarf greiðslur ríkissjóðs með lánum þar sem tekjur koma ekki á móti útgjöldum, fyrst og fremst vegna þess að útgjöld hafa orðið miklu meiri en ráð var fyrir gert á fjárlögum yfirstandandi árs.

Hæstv. ráðherra sagði að það skipti máli hvort

markaðurinn byði upp á betri pappíra sem stærri aðilar sæktust eftir að kaupa fram að áramótum vegna þess að stjórnendur slíkra aðila bíða með ákvarðanir sínar fram á síðasta dag, t.d. vegna þess að fyrir liggur frv. á Alþingi sem gæti orðið til þess að stórir aðilar vildu fremur beina fjármunum sínum annað en í þessi ríkisskuldabréf. Í raun, frá mínum bæjardyrum séð, hefði verið heppilegra að þessir aðilar gætu séð hvað samþykkt yrði fyrir jól og þannig tekið ákvarðanir sínar. Þar á ég við verðbréf eins og t.d. hlutabréf sem gætu verið til sölu og sumir lífeyrissjóðanna hafa leyfi til þess að kaupa. Enn fremur á það við aðra aðila en lífeyrissjóðina og í tekjuskattsfrv. er getið um önnur verðbréf sem reyndar eru ekki komin á markaðinn enn, eins og húsbréf og fleiri slík verðbréf. Það sem auðvitað skiptir samt öllu máli er ekki markaðurinn sem hæstv. ráðherra talaði um því að hann er dómari í þeirri sök, um vextina, spurningunni um hvernig vaxtastigið verður, heldur er miklu stærra atriði að ríkissjóður fylgi sínum áætlunum og það sem hér er verið að fjalla um er það að ríkissjóður hefur eytt langt umfram tekjur sínar og það skapast þess vegna viss hætta á að ríkisskuldabréf seljist ekki eins og ráð hafði verið fyrir gert. Það vantar núna einn og hálfan milljarð upp á það — ég kann ekki að nefna töluna ef tekið er tillit til innlausnanna — og á næsta ári getum við horft upp á það að enn meiri vandræði skapast sem hljóta að leiða til þess að vextir munu hækka, eða a.m.k. ekki lækka, innan lands, en það hefur verið staðfest annars staðar og komið fram í öðrum umræðum og óþarfi að endurtaka það hér í þessari umræðu.

En vegna orða hæstv. ráðherra um kaup Seðlabankans á skuldabréfum, hugsanleg kaup Seðlabankans á skuldabréfum ríkisins má ugglaust hugsa sér einhverja meiri festu í slíkum viðskiptum, en þá þyrfti hæstv. ráðherra að sjá svo til að Alþingi fengi a.m.k. að fjalla um það mál með hliðsjón af því hvað gerist um yfirdráttarheimild ríkisins hjá Seðlabankanum því að það hlýtur að þurfa að setja einhver mörk og ef gerður er samningur við Seðlabankann um kaup á skuldabréfum ríkisins, sem ég ætla ekki að mæla gegn og gæti verið skynsamlegt, er það auðvitað út í bláinn að ríkissjóður geti eftir sem áður gengið í Seðlabankann og reyndar í okkar gjaldeyrisvaraforða þar með og tekið lán eins og ríkissjóði sýnist. Vonast ég til þess að hæstv. ráðherra, ef hann lætur kanna skuldabréfakaup Seðlabankans, taki tillit til þess. Þegar til framtíðar er horft, hins vegar, hlýtur það að vera meginþáttur í starfi Seðlabankans að koma í veg fyrir skammtímasveiflur í genginu og kaup og sala Seðlabankans ætti kannski fyrst og fremst að miðast við það að halda genginu sem allra stöðugustu. Það er eðli seðlabanka hverrar þjóðar.

Fleira var það ekki, virðulegur forseti, sem ég tel ástæðu til að taka fram. Þetta mál þarf að fara fyrir eina umræðu enn í þessari deild og síðan til Ed. og það er beðið eftir þeim heimildum sem verið er að gefa einstökum aðilum til erlendrar lántöku og reyndar innlendrar líka í þessu frv.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki lætur hæstv. fjmrh. deigan síga í djarfmannlegum útskýringum. Auðvitað er verið að leita heimildar Alþingis til aukinnar lántöku ríkissjóðs vegna gífurlegs halla á ríkissjóði, halla sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. Þvert á móti var þar gert ráð fyrir tekjuafgangi. Ef hæstv. fjmrh. væri að leita heimilda til að geta nýtt hagstæð skilyrði til að safna í sjóð, ef eitthvað kynni að fara úrskeiðis, hefði maður gleypt markaðsskýringar hans hráar en ekki nú eins og málum er komið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 293 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, ÞH, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, SV, StH, AS, ÁHE, ÁrnG.

FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MálmS, RH, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, GGÞ, MÁM, ÓE, PJ, RA, SJS, AðB) voru fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, SV, StH, AS, ÁHE, GeirG, ÞH, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, ÁrnG.

KrP, KE, MB, MÁM, MálmS, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (ÓE, RA, SJS, AðB, EH, GGÞ) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 20:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 2. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 186, n. 282 og 294, brtt. 295.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. um frv. til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og þaðan afgreitt með allnokkrum breytingum. Nefndin hefur fjallað um frv. og til viðræðna komu Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár, Jón Thors, skrifstofustjóri í dómsmrn., og Þorgeir Örlygsson sem er formaður tölvunefndar og reyndar annar höfunda að frv.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur skilað séráliti á þskj. 294 og brtt. á þskj. 295. Undir álit meiri hl. skrifa Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson, Guðni Ágústsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Þess má geta í sambandi við afgreiðslu þessa máls að brýna nauðsyn ber til að endurnýja löggjöf um þessi efni fyrir áramót vegna þess að núverandi lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga falla úr gildi þann 31. des.

Frsm. minni hl. allshn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. en þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eftir að hafa athugað frv. sýnist undirrituðum að það hafi að geyma ákvæði sem tryggi viðtæk völd tölvunefndar, en hins vegar sé ekki hugað nægilega að rétti einstaklingsins. Því er lagt til að frv. verði samþykkt með brtt. sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali í 14 liðum. Flestar breytingarnar miða að því að tryggja rétt einstaklingsins og koma í veg fyrir að vissar upplýsingar verði skráðar. Eins er gert ráð fyrir því að tölvunefnd þurfi dómsúrskurð til að fá aðgang að húsnæði skráningaraðila, enda er sú heimild, sem frv. gerir ráð fyrir, brot á meginreglu. Þá er mælt með því að sú grein frv., sem fjallar um markaðs- og skoðanakannanir, verði felld niður en þess í stað verði lagt fram á Alþingi frv. til heildarlöggjafar um þetta efni.

Ef veigamestu brtt., sem minni hl. nefndarinnar gerir, verða ekki samþykktar leggur hann til að það verði fellt."

Þannig hljóðar álit minni hl.

Þær brtt. sem minni hl. leggur fram eru, eins og áður hefur komið fram, í fjórtán liðum og stefna flestar í þá átt að vernda rétt einstaklingsins. Ef ég leyfi mér kannski að fara í stuttu máli yfir þær, en þær eru á þskj. 295, er gert ráð fyrir breytingu við 4. gr., að 3. mgr. falli brott, en í 4. gr. frv. eru taldar upp þær upplýsingar sem óheimilt er að skrá er varða einkamálefni einstaklinga. Þar er um að ræða upplýsingar um kynþátt og stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverknað, upplýsingar um kynlíf og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, um félagsleg vandamál og önnur einkalífsatriði. Þessu er ég öllu sammála, að það á að vera óheimilt að skrá slíkar upplýsingar sem þarna eru tilgreindar í frv., en í síðustu mgr. þessarar frumvarpsgreinar, 4. gr., er þetta í reynd allt tekið til baka og opnað fyrir möguleika á að skrá nákvæmlega allar þessar upplýsingar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt skilyrðum 2. mgr. sé eigi fullnægt getur tölvunefnd heimilað skráningu upplýsinga þeirra er greinir í 1. mgr. ef ótvírætt er að skráningaraðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar. Tölvunefnd bindur heimild til slíkrar skráningar þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni."

Þarna er sem sagt tölvunefnd veitt opin heimild í raun og veru til að skrá hverjar þær upplýsingar sem henni þykir henta og er hún ein um það að leggja mat á nauðsyn þess. Þetta get ég ekki sætt mig við og þess vegna flyt ég brtt. við þessa grein, 4. gr., um að 3. mgr. verði felld brott.

Við það að fella hana brott þarf að fella niður 2. mgr. 5. gr. einnig á sömu rökum og einnig þyrfti, það sem ég sé nú að hefur fallið niður í prentun á brtt., að verða breyting á 6. gr. jafnframt þar sem segir í 3. mgr.: „Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá samtengingarbanni 1. mgr. ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr." Þetta verður þá þar af leiðandi 2.–3. gr.

Við 7. gr. legg ég einnig til breytingu sem er í sjálfu sér, má kannski segja, ómerkileg. Í fyrstu setningu þeirrar greinar segir, með leyfi forseta: „Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, er hefur mann til læknismeðferðar" o.s.frv. Þarna finnst mér nú nánast verið að segja að tannlæknar falli ekki undir lækna og alveg óþarft að taka það sérstaklega fram. Í mínum huga er tannlæknir læknir alveg eins og hver annar læknir þannig að það ætti að vera nóg að þarna stæði: Heimilt er að veita lækni, er hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar o.s.frv. Það er því lagt til að orðin „eða lækni" falli brott úr þessari grein.

Við 8. gr. geri ég einnig tillögu um breytingu sem felur það í sér að ef tölvunefnd þarf að gefa einhverjar viðkvæmar upplýsingar þurfi hún á dómsúrskurði að halda. Í greininni segir:

„Nú sýnir tiltekinn aðili fram á að honum sé þörf á ákveðnum skráðum upplýsingum, er falla undir ákvæði laga þessara, vegna dómsmála eða annarra slíkra laganauðsynja og getur tölvunefnd þá heimilað að þeim er slíka hagsmuni hefur verði látnar upplýsingarnar í té, enda sé þá ótvírætt að þörfin á því að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingunum verði haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum."

Brtt. er í þá veru að greinin orðist svo: Skráðar upplýsingar sem falla undir ákvæði laga þessara má ekki láta í té aðila sem telur sig þurfa slíkar upplýsingar vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja nema hann hafi áður aflað sér dómsúrskurðar þar um.

Þarna er það sem sagt tekið skýrt fram að dómsúrskurð þurfi til að fá þessar upplýsingar fram.

Við 9. gr. geri ég tillögu um að næstsíðasta orðið í 1. mgr. falli brott. Í 1. mgr. segir: „Telji aðili að persónuupplýsingar um hann séu færðar í tiltekna skrá getur hann óskað þess við skrárhaldara að honum sé skýrt frá því sem þar er skráð. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar."

Þarna geri ég tillögu um að orðið „ástæðulausrar" falli brott og að skylt verði að verða við þessum tilmælum án tafar.

Á sömu rökum og ég hef hér áður lýst með fyrstu brtt. er gerð tillaga um að seinni mgr. 9. gr. falli einnig brott.

Í 12. gr. er gerð tillaga um að skrárhaldari skuli verða við tilmælum skráðs aðila um að senda honum „skriflegar upplýsingar" í staðinn fyrir, eins og segir í frumvarpstextanum eins og hann er hér: „Skrárhaldari skal verða við tilmælum skráðs aðila og skýra honum frá því sem um hann er skráð" innan tiltekins tíma. Þannig er það sem sagt gert að valkosti fyrir þann sem skráður er að hann eigi kröfu á að fá skriflegar upplýsingar um stöðu sinna mála.

Það er einnig gert ráð fyrir að síðasta setningin orðist svo: Skrárhaldari skal verða við tilmælum skráðs aðila um skriflegar upplýsingar og skýra honum frá efni upplýsinganna innan tveggja vikna frá því að krafa um slíkt kom fram. Þarna er gerð tillaga um að punktur verði settur og út falli þá „en skýra ella hinum skráða skriflega frá ástæðum þess að tilmælum hans hefur eigi verið sinnt." Þarna er sem sagt farið fram á að þessi setning falli út þannig að í öllum tilfellum eigi hinn skráði rétt á að fá upplýsingar um hvað um hann er skráð hjá tilteknum aðila.

Við 16. gr. er einnig gerð brtt. Þar segir í 2. mgr.: „Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er óheimilt að skrá eða miðla nema ótvírætt sé að viðkomandi upplýsingar hafi verulega þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti hins skráða. Áður en slíkar upplýsingar eru skráðar eða þeim miðlað skal það tilkynnt viðkomandi aðila og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan tiltekins frests frá móttöku tilkynningar. Skal sá frestur að lágmarki vera ein vika frá móttöku tilkynningar. Beri aðili fram andmæli er skráning eða miðlun upplýsinga aðeins heimil að fengnu samþykki tölvunefndar."

Þarna er gerð tillaga um að 2. mgr. verði nánast öll felld út nema hluti af fyrstu setningu og mundi þá orðast svo: „Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er óheimilt að skrá eða miðla." Annað félli út, enda tel ég óeðlilegt að vera að skrá slík mál sem eldri eru en fjögurra ára og eigi menn ekki að þurfa að líða fyrir fortíð sína.

Við 17. gr. er einnig lögð fram brtt. við 1. mgr. sem hljóðar svo:

„Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt kafla þessum aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skrám án þess að skýra hinum skráða frá því."

Þarna er gerð tillaga um að mgr. í heild sinni orðist svo:

„Eigi er heimilt að færa í skrá skv. kafla þessum aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skrám án", það er breytingin: heimildar hins skráða, þannig að út falli „án þess að skýra hinum skráða frá því" og inn komi: án heimildar hins skráða.

Í 2. mgr. 17. gr. er brtt. sama eðlis þannig að sú mgr. mundi orðast svo: Ef önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr. eru tekin á skrá skv. heimild hins skráða. Verið er að bæta því þarna inn í að það þurfi heimild hins skráða til þess að taka þessar upplýsingar inn á skrá.

Við 18. gr. er bara lagfæring á málfari og ég hirði ekki um að útskýra það neitt sérstaklega. Ég hygg að þingmenn sjái það alveg.

Við 19. gr. er gerð tillaga um breytingu á 2. mgr., síðustu setningunni, en hún hljóðar svo í frv.:

„Áður en starfsleyfishafi birtir nafn tiltekins aðila í slíku upplýsingariti skal starfsleyfishafi að eigin frumkvæði tilkynna viðkomandi aðila skriflega um það að upplýsingar um hann muni birtast í næstu útgáfu ritsins."

Brtt. hljóðar upp á að nýr málsliður bætist við sem hljóðar svo: Skal slík tilkynning send viðkomandi fjórum vikum fyrir útgáfudag.

Þarna er einfaldlega verið að gefa viðkomandi aðila ráðrúm til að laga, breyta eða gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar fyrir útgáfu tiltekins rits.

Einnig er gerð tillaga um að 24. gr. í heild sinni verði felld út en hún tekur á markaðs- og skoðanakönnunum. Ástæðan fyrir því að gerð er tillaga um að fella þessa grein út er ekki sú að ég telji ekki nauðsynlegt að hafa lög um þennan þátt. Það er einmitt ástæða fyrir því að ég legg þetta til að ég tel að Alþingi þurfi að semja heildarlög um markaðs- og skoðanakannanir og tel því óþarft að vera með slíka lagasetningu inni í þessum lagabálki ef menn á annað borð fallast á að setja þurfi heildarlöggjöf um þennan þátt.

Við 27. gr. er gerð tillaga um breytingu á 2. mgr. sem orðast svo í frv.:

„Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til." Þarna er gerð tillaga um að fimm síðustu orðin, „nema samþykki tölvunefndar komi til", verði felld út þar sem slíkar upplýsingar eiga ekkert að fara úr landi.

Þá er breytt til fyrra horfs eftir meðferð Ed. á frv. Síðasta mgr. 30. gr. hljóðar svo eins og frv. kemur úr meðferð Ed.: „Tölvunefnd er að höfðu samráði við dómsmrh. heimilt að ráða nefndinni nauðsynlegt starfslið." Hér er gerð tillaga um að breyta því aftur í fyrra horf þannig að síðasta mgr. orðist svo: Starfsmaður dómsmrn. skal vera ritari tölvunefndar.

Þarna sé ég ekki ástæðu til þess að gefa ráðuneytinu opna heimild til að ráða ótiltekinn fjölda starfsmanna, sérstaklega á tímum sparnaðar og þegar við erum öll að berjast við að koma í veg fyrir frekari þenslu í ríkisbákninu.

Síðasta brtt. sem lögð er fram er kannski ekki sú veigaminnsta. Hún er um það að koma í veg fyrir að tölvunefnd geti án nokkurrar heimildar dómsvalda ráðist inn á hvaða fyrirtæki sem er sem með þessa starfsemi fer. En í frv. eins og það liggur hér fyrir hljóðar 2. mgr. svo:

„Tölvunefnd og starfslið hennar hefur vegna eftir-

litsstarfa sinna án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu."

Þetta ákvæði get ég engan veginn fellt mig við og legg til að það verði fellt niður. Það er ekki viðunandi að tölvunefnd geti haft slíka heimild að ráðast inn á fyrirtæki og inn í þeirra gögn, þeirra tölvur án þess að á undan sé genginn dómsúrskurður, enda, eins og reyndar segir í nál., þá er hér um brot á meginreglu að ræða sem Alþingi getur alls ekki, að mínu viti, staðið að að samþykkja.

Hæstv. forseti. Ég flyt hér fjölmargar brtt. við þetta frv. Þær eru flestar í þá veru að vernda rétt einstaklingsins. Ég leyfði mér að kalla þetta frv., eins og það liggur fyrir núna, frv. til laga um persónunjósnir og tel að ef ekki verður gerð breyting á því sé það réttnefni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Í Ed. stóð fulltrúi Kvennalistans í allshn. að þeim brtt. og því nál. sem nefndin gaf út við afgreiðslu þessa frv. frá Ed. Í Nd. á Kvennalistinn ekki fulltrúa í allshn. þannig að okkur hefur ekki gefist tækifæri í þessari deild til að fylgjast með meðferð nefndarinnar á málinu og þar af leiðandi ekki fjalla um þær brtt. eða tillögur sem ég býst við að hv. þm. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., hafi kynnt í nefndinni. Þar sem ljóst er að við hljótum öll að stefna að því að vernda rétt einstaklingsins fer maður að velta fyrir sér hvort margar þær ábendingar og brtt. sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur nú gert grein fyrir þurfi ekki frekari athugunar við.

Ég stöðvast við 1. brtt. á þskj. 295 þar sem talað er um í 4. gr. frv. að tölvunefnd geti heimilað skráningu upplýsinga sem þó er kveðið á um að óheimilt sé að skrá. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að einstaklingurinn sé nokkuð öruggur um að ekki séu skráðar persónulegar upplýsingar. Ef farið er að athuga nánar á bls. 19 í athugasemdum við frv. kemur í ljós að í gildandi lögum er ekki tekið skýrt fram hvaða heimildir tölvunefnd hefur til undanþágu, en í athugasemdum með frv. stendur, með leyfi forseta: „Tölvunefnd hefur frá fyrstu tíð túlkað vald sitt skv. VIII. kafla gildandi laga svo að hún geti veitt slíkar undanþágur." Á þessu sést að tölvunefnd hefur nú þegar veitt undanþágur og mig langaði til að spyrja formann nefndarinnar, eða dómsmrh. eftir atvikum, að því í hvaða tilvikum tölvunefnd hefur veitt undanþágur og þá í hvaða tilfellum miðað er við að undanþágur verði veittar. Hér stendur í þessari grein, síðustu mgr. 4. gr., með leyfi forseta: „... ef ótvírætt er að skráningaraðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingar." Þetta þarfnast nánari skýringa að því er ég tel og mér finnst þær ekki koma nægjanlega fram í athugasemdum við frv.

Sama gildir um 5. gr. Í 2. mgr. 5. gr. er talað um að tölvunefnd sé heimilt að skýra frá upplýsingum, með leyfi forseta orðrétt: „... ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða," — það er kannski eðlilegt að fara eftir hagsmunum hins skráða — „krefjist þess." Og síðan kemur: „Skal þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum." Þetta þarf að vera mjög takmarkað vald, heimild tölvunefndar hlýtur að vera mjög takmörkuð þarna og mig langar enn að spyrja í hvaða tilvikum þetta hafi verið leyft hingað til, af því að mér skilst að það hafi verið gert, og hvernig reglurnar muni þá hugsanlega líta út. Ég tel að eftir orðanna hljóðan sé heimildin þarna mjög rúm. Þó svo talað sé um að það eigi að vera mjög takmarkað vald sem þessi tölvunefnd hefur til að veita heimildir til undanþága, geti það verið mjög misjafnt eftir þeim einstaklingum sem þarna eru ef reglurnar eru ekki skýrar.

Í greinargerð eða athugasemdum með frv. er vitnað í reglur í Danmörku, en ekki er skýrt nánar hvernig þær eru né hvort þær hafi verið notaðar hér.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara yfir fleiri af þeim brtt. við þetta frv. sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur gert grein fyrir. Sumar þeirra sem hann talaði um er ég ekki alveg eins sátt við. Ég geri mér grein fyrir því að nauðsynlegt getur verið að hafa einhverjar undanþáguheimildir en mér finnst heimildir eins og þær líta út í frv. núna allt of rúmar.

Mig langaði að geta brtt. varðandi skoðanakannanir, þ.e. niðurfellingu á 24. gr. frv. Eins og þingmenn vita eru hvorki til lög né reglur svo að teljandi sé um markaðs- og skoðanakannanir en þyrftu þó svo sannarlega að vera til, ég tek undir það. En ég tel að sé betra að hafa eitthvað örlítið um þau mál í þessu frv. meðan ekki er til löggjöf um þau í landinu. En það breytir ekki því að ég tel nauðsynlegt að sett verði lög um skoðanakannanir eins og reyndar oft hefur verið talað um. M.a. hefur verið samþykkt tillaga hér á Alþingi, þáltill. að mig minnir á síðasta löggjafarþingi, um að svo skuli gert og væri fróðlegt að vita hvað þeirri lagasetningu líður.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera þetta frv. frekar að umtalsefni, en ég finn fyrir því að ég hef ekki haft tækifæri til þess að fylgjast með störfum nefndarinnar og vildi þar af leiðandi fá svar við spurningum mínum annaðhvort frá formanni nefndarinnar eða hæstv. dómsmrh., ef upplýsingarnar liggja fyrir.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Fyrstu lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga voru sett árið 1981 og voru síðan endurskoðuð 1985 og aftur nú. Áður höfðu verið fluttar tillögur um þetta efni sem voru skoðaðar og kannaðar. Það var sem sé augljóst að eitthvað þurfti að gera til að vernda einstaklinginn á tækni- og tölvuöld, eins og það er orðað. Ég man eftir því að ég mætti á þing dómsmálaráðherra Evrópu, ég held árið 1980, í Rómaborg. Þá voru tvö meginviðfangsefni sem þingið fjallaði um:

Í fyrsta lagi hvernig ætti að hraða almennri meðferð dómsmála. Þetta er hið eilífa mál sem aldrei hefur verið leitt til lykta til fulls en alltaf er á dagskrá og alltaf er reynt að lagfæra og bæta.

Í öðru lagi hvernig eigi að vernda einstaklinginn á

tækni- og tölvuöld þegar hægt er að skrá um mann alls konar upplýsingar með aðstoð tækninnar og allt að því lesa hugsanir manna. Síðan hafa lög verið sett um þessi efni í flestum eða öllum Evrópulöndum a.m.k., að ég ætla. Við völdum þá leið hér á landi að setja tiltölulega einfalda löggjöf, gæta þess að hún yrði ekki of margbrotin og erfið í meðförum. Og ég held að við höfum valið hina réttu leið. Það er afskaplega vandasamt að setja lagaákvæði um þetta efni svo að þau verði ekki of flókin og vefjist fyrir mönnum. Það var ákveðið að hafa þriggja manna tölvunefnd og þrjá til vara. Sá háttur hefur verið hafður á, að ég ætla öll þessi ár, að varamenn hafa verið kvaddir á alla fundi, þannig að um þessi efni hafa fjallað sex menn, þrír aðalmenn og þrír varamenn. Nefndin hefur starfað í húsnæði dómsmrn.

Ég hygg að þessi mál hafi þróast á mjög heppilegan hátt hjá okkur, svona hægt og rólega. Nefndin hefur unnið sín störf í kyrrþey og ekki lent í neinum sérstökum vanda sem ég man eftir. Hún hefur gefið út bók á ári hverju yfir þau mál sem hafa verið til meðferðar og í heildina held ég að þessi mál hafi þróast mjög vel hér á landi.

Auðvitað eru lögin svo endurbætt að fenginni reynslu og hér er frv. til meðferðar sem nýlega hefur verið gengið frá og verður að öðlast gildi fyrir árslok þar sem núgildandi lög endast ekki lengur. Ný lög verða að taka gildi 1. jan. 1990.

Ég hef að vísu ekki kynnt mér þetta frv. nægilega vel frekar en annað í þessum jólaönnum, en þó litið yfir það. Ég ætla að það sé vel úr garði gert, enda mjög vandaðir og góðir menn sem að þessum málum vinna. Það get ég borið um.

Hv. 5. þm. Vesturl. hefur borið allmargar brtt. fram við þetta frv. Ég hygg satt að segja að margar af þessum tillögum séu byggðar á nokkrum misskilningi. Hann tók réttilega fram að flestar þeirra gengju í þá veru að vernda rétt einstaklingsins. Ég efast ekki um að þessi hugsun vaki fyrir honum og þetta er tilgangur frv. tvímælalaust, að vernda einstaklinginn og sjá til þess að hann sé ekki alveg gegnumlýstur upp við vegg hvenær sem einhverjum dettur það í hug og skráðar um hann alls konar upplýsingar. Þetta er tvímælalaust rétt. En til þess að geta gert þetta þarf löggjöfin að vera þannig saman sett að tölvunefnd sérstaklega hafi víðtækar heimildir. Það er ekki þar með sagt að hún þurfi að nota þessar heimildir. Það er eitt að hafa skráða heimild í lögum eða annars staðar og annað að nota hana, enda er mér ekki kunnugt um að tölvunefnd hafi ofnotað þær heimildir sem í lögunum felast. Þess vegna verð ég að segja að ég er ekki beint hrifinn af þessum brtt. flestum þó ég viti að hv. flm. gengur gott til. Hann er auðvitað vísasti maður til þess að ganga fram í því að vernda rétt einstaklingsins, greiða götu hans.

Það er auðvitað sjálfsagt að skoða þessar tillögur nánar og sumt er að sjálfsögðu rétt. Það er erfitt að setja lög um þetta efni svo öllum líki. Það er t.d. alveg óþarfi að tala um lækna og tannlækna í sömu andrá. Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Vesturl. að því leyti og einnig tel ég að rétt sé að halda áfram að sníða þessari nefnd nokkuð þröngan stakk. Verkefni hennar og vinna er þess eðlis að það er hægt að þenja þetta út endalaust og þess verðum við að gæta og sporna gegn í okkar fámenna þjóðfélagi. Þess vegna er ég líka sammála honum um að rétt sé að hafa ritara nefndarinnar innan veggja dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og að nefndin sé þar til húsa ef eitthvert herbergi er aflögu.

Ég verð að lýsa því yfir, án þess að ætla að fara að gera þetta að lengra umræðuefni, að ég mun styðja þetta frv. í öllum meginatriðum, þó að ég athugi vinsamlega örfáar af brtt. hv. 5. þm. Vesturl.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur gert grein fyrir þeim brtt. sem hann flytur við frv. Veigamestu brtt. eru við 4. og 5. gr. og síðan 32. gr. Það er rétt að þetta frv., eins og það er úr garði gert og eins og það hefur verið samþykkt frá Ed., gerir ráð fyrir allvíðtækum heimildum tölvunefndar en það hefur komið fram í skýrslu nefndarinnar að þessum heimildum hefur verið beitt mjög varlega.

Frv. er að sjálfsögðu í þá átt og það er tilgangur þess að vernda einstaklinginn fyrir þeirri nýju tækni sem komin er. Það er nú svo að sú tækni er komin fram úr okkur að mörgu leyti og heimild tölvunefndar, sem hún fær í 32. gr., til eftirlits án dómsúrskurðar með skráningu er tilkomin vegna þess að afar auðvelt er að eyða gögnum og skrám sem skrásetjarinn hefur undir höndum. Það er afar auðvelt að eyða þeim með einu handtaki og í einu andartaki. Þessi heimild er fyrir hendi í nágrannalöndunum þar sem svipað er háttað um og hún er talin nauðsynleg til aðhalds en þessari heimild hefur mjög lítið eða jafnvel ekki verið beitt. En þetta er talið nauðsynlegt aðhaldsákvæði.

Hv. 12. þm. Reykv. bar fram fyrirspurnir varðandi 4. og 5. gr. um í hvaða tilfellum undanþágur hefðu verið leyfðar. Ég hef ekki undir höndum skrá um sérstök tilvik. Það hafa mjög fáar undanþágur verið leyfðar. Þá hefur það verið í þeim tilvikum að um vísindarannsóknir sé að ræða sem hafi ótvírætt gildi fyrir samfélagið og framfarir, m.a. í læknavísindum. Sem dæmi um slík tilvik má nefna skráningar Krabbameinsfélags Íslands, sem eru þáttur í rannsóknum á þessu sviði m.a. og heyrir það undir 5. gr. Skráningar og rannsóknir Vinnueftirlits ríkisins á heilsufarsástæðum ýmissa starfsstétta hafa verið taldar nauðsynlegur þáttur í framförum og bættum aðbúnaði þessara stétta. Það er eingöngu í slíkum tilvikum sem þessar undanþágur hafa verið leyfðar, en ég ítreka það að ég hef ekki undir höndum ítarlega skrá um einstök tilvik að þessu leyti. En þessar undanþágur eru eigi að síður mjög fáar.

Frsm. minni hl. allshn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem tóku þátt í þessari umræðu og tóku undir nokkrar af þeim brtt. sem við höfum borið hér fram. Ég vil kannski fyrst segja varðandi það sem kom fram hjá hv. 12. þm.

Reykv. Kristínu Einarsdóttur, þ.e. að hún hafi ekki fengið möguleika á að taka þátt í störfum nefndarinnar, að um það var fjallað og því erindi var í raun ekki hafnað en skoðanir manna voru skiptar um áheyrnarfulltrúana yfirleitt. Þar lét ég í ljós þá skoðun mína að það ætti að fylgja þeirri stefnu sem orðið sjálft segir til um, að áheyrnarfulltrúar eigi að vera fyrst og fremst til að fylgjast með störfum nefndarinnar en ekki að taka virkan þátt í þeim störfum og tefja þar með nefndarstörfin. Fyrir minn hlut gæti ég því fallist á að Kvennalistinn fengi áheyrnarfulltrúa í þessari nefnd.

Hv. þm. kom inn á að það væri sjálfsagt eðlilegt að það væru einhvers konar undanþáguheimildir í frv. Ég get alveg tekið undir það en þær heimildir eiga að byggjast á fengnu leyfi hins skráða, þess aðila sem verið er að skrá upplýsingar um. Eins get ég alveg fallist á það með hv. þm. og mér er það ekkert heilagt þó að greinin um skoðanakannanir standi þarna inni á meðan verið er að vinna að nýjum lögum. Hins vegar tel ég það óþarft og það mundi sennilega frekar ýta á eftir löggjafanum að taka á því máli ef þessi grein stæði ekki.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson kom hér aðeins inn á brtt. einnig. Hann bar í fyrsta lagi fyrir sig þau rök að um áramót yrðu lögin að taka gildi. Fyrir mína parta tek ég ekki slík rök góð og gild. Ef að mínu viti er um gölluð lög að ræða eigum við að endurskoða þau og það er enn tími til þess að taka á þeim þáttum og gera þau þá þannig úr garði að viðunandi sé. Að sjálfsögðu tek ég undir með hv. þm. að þeir aðilar sem stóðu að samningu frv. eru vandaðir og góðir menn og hafa sjálfsagt haft góðar meiningar á bak við það sem þeir sendu frá sér.

Það kom einnig fram hjá hv. þm. að tölvunefnd ofnoti ekki heimild sem hún hefur í dag til að fylgjast með störfum þeirra sem leyfi hafa. Það eru í sjálfu sér ekki rök í málinu að nefndin geti fyrirvaralaust ráðist inn í hvaða fyrirtæki sem er sem hefur leyfi frá nefndinni til að starfa að þessum þáttum og skoða þeirra gögn. Varðandi það sagði reyndar formaður nefndarinnar að meginrökin væru þau að það væri ósköp einfalt að eyða upplýsingum með því að ýta á einn takka. Ég get heldur ekki tekið þau rök góð og gild vegna þess að það er afskaplega einfalt að taka allar upplýsingar upp á diskettu og geyma þær einhvers staðar og einhvers staðar þannig að ekki nokkur skapaður hlutur sé í raun inni á tölvunni. Þau rök sem hér hafa verið færð fram fyrir því að veita tölvunefnd jafnvíðtæka heimild og farið er fram á í frv. tel ég að falli um sjálf sig.

Ég sakna þess nú reyndar — eftir því sem mér sýndist fyrr á fundinum, að hæstv. dómsmrh. ætlaði sér ekki að taka þátt í þessari umræðu þrátt fyrir að til hans hafi verið beint spurningum frá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur, en það verður hæstv. ráðherra vitanlega að eiga við sjálfan sig.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Það varð smámisskilningur milli mín og forseta hér áðan við lok síðasta fundar þar sem ég var á leiðinni upp í ræðustól að þiggja ágætt boð forseta.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki mjög miklu við þessa umræðu að bæta sem hér hefur farið fram um þetta frv. og þær brtt. sem hér hafa verið lagðar fram af hv. 5. þm. Vesturl. En varðandi það sem hann sagði hér um fyrirspurnir sem til mín hafði verið beint fyrr í umræðunni, þá er það að vísu ekki alls kostar rétt. Það var allt eins til formanns allshn. Nd. og hann svaraði þeim fyrirspurnum sem hv. 12. þm. Reykv. bar fram varðandi brtt. hv. 5. þm. Vesturl., sérstaklega um 4. gr. frv. og raunar 5. gr. líka, á þá lund að þær undanþágur sem hafa verið veittar í því efni hafa verið vegna vísindalegra kannana, annars vegar fyrir Krabbameinsfélagið og hins vegar vegna Vinnueftirlits ríkisins.

Hins vegar sýnist mér að aðalbrtt. hv. 5. þm. Vesturl. sé í rauninni um lokagreinina í frv. eða raunar 30. gr., ef ég man rétt, þar sem fjallað er um þessa heimild sem tölvunefnd fær. Þegar ég mælti fyrir frv. við 1. umr. lagði ég einmitt á það áherslu að það væri ein veigamesta breytingin sem frv. gerir ráð fyrir sem kemur þarna fram í 2. mgr. 30. gr. þar sem lagt er til að tölvunefnd og starfslið hennar hafi vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða eru til vinnslu án þess að þurfa að afla til þess sérstaks dómsúrskurðar hverju sinni.

Skv. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður húsleit eigi framkvæmd nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild, en þar sem nútímatækni gerir það kleift að eyða upplýsingum á tölvum á mjög skömmum tíma og án þess að slíks sjáist nokkur merki er talið mjög nauðsynlegt að fá einmitt þessa heimild. Með hliðsjón af þessu og þeim hagsmunum sem lögum þessum er ætlað að vernda þykir rétt að leggja það til. Það hefur líka komið fram fyrr og einnig í þessari umræðu að sams konar reynsla er hjá frændþjóðum okkar.

Í máli hv. 2. þm. Vesturl. kom þetta einnig mjög skýrt fram. Hann þekkir þetta mál frá langri reynslu, mun raunar hafa haft forustu um hina fyrstu löggjöf sem um þetta var sett hér á landi. Og það kom líka fram í hans máli að hann telur ákaflega brýnt að fylgja áfram þessari löggjöf með svipuðu sniði og þróast hefur hér á undanförnum árum.

Aðalatriði málsins er þó það að Alþingi beri gæfu til að ljúka þessu máli með nýrri löggjöf nú fyrir þinghlé þannig að menn búi hér við löggjöf af þessu tagi, viðunandi, í byrjun næsta árs. Fyrri löggjöf, bæði 1981 og 1985, var tímabundin. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að löggjöfin verði það ekki og það er auðvitað atriði í málinu líka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaun til aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261, n. 296.

Frsm. heilbr.- og trn. (Geir Gunnarsson):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um eftirlaun aldraðra, nr. 2/1985. Í frv. er gert ráð fyrir að ákvæði laganna um eftirlaunagreiðslur, sem áttu að falla niður um næstu áramót, verði framlengd til 1. janúar 1992 jafnframt því sem kostnaðarskiptingu milli lífeyrissjóða annars vegar og hins opinbera hins vegar verði breytt, þ.e. að framlög sjóða verkalýðsfélaga til greiðslu verðtryggingar skv. I. kafla laganna og framlög annarra til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla laganna verði lækkuð í áföngum á tveimur árum.

Nefndarmenn urðu sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Þó að hér sé lagt til að gildistími laganna verði framlengdur í tvö ár enn eru nefndarmenn sammála um að brýnt sé að ekki þurfi að bíða svo lengi eftir nýrri lagasetningu varðandi heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins og að samræmdu lífeyriskerfi allra landsmanna hafi verið komið á áður en nýr gildistími þessara laga rennur út.

Nefndarmenn leggja því í nál. áherslu á að hraðað verði vinnu við lagafrv. um framtíðarskipan þessara mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓÞÞ, ÓÞG, ÞP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, GeirG, ÞH, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JónS, JSS, ÁrnG.

KE, MB, MálmS, ÓE, ÞÞ, AÓB, BÍG, EH, FÞ, HJ, IBA, KrP greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (MÁM, PJ, RH, ÞP, FrS, GHH, GGÞ, JK) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Eftirlaun til aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261, n. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

21. fundur, miðvikudaginn 13. des., kl. 9 síðdegis.

Launaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1989, 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs.) — Þskj. 309.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 267, n. 302, brtt. 281.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 302 frá landbn. Það er um frv. til laga um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Nefndin kom saman og ræddi þetta mál. Niðurstaðan varð sú að nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það á þskj. 267.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja brtt. er fram kunna að koma.

Undir þetta rita Alexander Stefánsson, Guðni Ágústsson, Eggert Haukdal, Pálmi Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Ragnar Arnalds.

Við leggjum sem sagt til að frv. verði samþykkt eins og efri deild gekk frá því.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu um aðgerðir til aðstoðar loðdýrabændum er góðra gjalda vert en það veitti hins vegar ekki af að fara svipaðar leiðir fyrir aðrar atvinnugreinar sem álíka er statt um, að ég tali nú ekki um heimilin í landinu sem er hins vegar annað mál.

Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég hef lagt fram á þskj. 281 ásamt hv. þm. Kristni Péturssyni sem gerir ráð fyrir að 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

„Lánin skulu veitt til fimmtán ára, verðtryggð með lánskjaravísitölu. Endurgreiðslutími lánanna skal vera tólf ár."

Breytingin felur það í sér að vaxtaþættinum er kippt þarna út og lánin höfð án vaxta og aðeins verðtryggð með lánskjaravísitölu.

Ástæðan fyrir því að við leggjum þetta til er sú að okkur virðist að ríkisstjórnin sé með þessum aðgerðum að viðurkenna vanda þessara greina og viðurkenna þá miklu neyð sem greinin er í í dag og þykir því í raun siðlaust með öllu að ætla sér að hagnast um leið á greininni með því að taka af lánunum vaxtatekjur. Það er skýringin á því að við leggjum þessa brtt. fram og vonumst að sjálfsögðu eftir því að þingheimur og vinir loðdýraræktar í landinu taki undir hana.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa uppi langa umræðu í þessu máli. Ég vil bara lýsa því að afstaða Kvennalistans til þessa máls hefur komið fram í Ed. og á nál. þaðan. Ég lýsi ánægju minni yfir að samstaða hefur náðst um þetta mál sem svo margar fjölskyldur eiga allt sitt undir og ég bendi líka á það að það er ekki einungis verið að taka ákvörðun um það að fjölskyldum sé hjálpað og þeim sem eiga allt sitt undir þessu, eins og ég sagði áðan, heldur er í rauninni verið að marka stefnu um það hvort þessi atvinnugrein skuli lifa eða deyja.

Ég legg áherslu á að strax þegar frv. hefur verið samþykkt verði hafist handa um aðgerðir samkvæmt því.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil bara benda flm. brtt. á að þeir misskilja þetta alveg. Bændur mundu hvergi fá skuldbreytingu ef ekki væru einhverjir vextir og það er verið að reyna að takmarka þetta þó við 5% en yfirleitt eru vextir í bönkum a.m.k. 7,5% með verðtryggingu. Það er verið að ákveða það hér að þessir vextir verði sem sagt 5%, og það verður nógu erfitt til að fá bankana til þess að verða við þessu jafnvel þó að 60% verði með ríkisábyrgð.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það má svo sem vel vera að flm. hafi misskilið þetta en þó kemur það nú skýrt fram að hér sé verið að veita lán með ákveðnum skilyrðum. Ef það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér sé um bankalán að ræða, sýnist mér nú að Alþingi sé komið út á ansi hálan ís að ætla að fara að ákvarða vaxtaprósentuna fyrir bankana í landinu. Ég tel að það sé þá eitt og sér íhugunarefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 281 felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, EH, HJ, IBA, KrP.

nei: ÓÞG, ÞP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, ÞH, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÁrnG.

ÞÞ, AÓB, BÍG, FÞ, GHH, KE, MB, MálmS, ÓE greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (PJ, ÞP, FrS, GeirG, GGÞ, JK, MÁM) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 274.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um bifreiðagjald. Í frv. felst sú breyting að gert er ráð fyrir sérstakri hækkun á bifreiðagjaldi umfram almenna verðuppfærslu samkvæmt heimild í gildandi lögum.

Í gildandi lögum er heimilt að hækka bifreiðagjald í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, og hefði sú heimild haft í för með sér að bifreiðagjaldið mundi hækka nokkuð á næsta ári. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að hækka gjaldið meira, og er það í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar þegar fjárlagafrv. var lagt fram og þegar ákvörðun var tekin um að breyta prósenthlutfalli í virðisaukaskatti og afla tekna á móti eftir öðrum leiðum, að sú hækkun, sem hér er lögð til, veiti ríkinu 550 millj. kr. viðbótartekjur fram yfir það sem ella hefði orðið.

Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs af ýmsum öðrum tekjustofnum tengdum umferðinni, eins og t.d. bensíngjaldi, yrðu minni en heimild væri til samkvæmt lögum. Þess vegna er með frv. verið að breyta nokkuð hlutföllum milli þeirra tekjustofna sem tengjast umferðinni.

Í upphaflegri áætlun var ætlunin að greina þetta gjald í tvennt, annars vegar hið hefðbundna bifreiðagjald og hins vegar sérstakt mengunargjald á bifreiðar sem væri greitt með nokkrum öðrum hætti en hið hefðbundna bifreiðagjald. Röksemdin var sú að víða um lönd er að verða sú breyting í skattamálum að þeir sem valda mengun eru látnir greiða sérstaklega fyrir það og er slíkt skoðað sem mikilvægt tæki til þess að

draga úr áhrifum mengunarvalda í daglegu lífi. Þessi breyting á skattkerfi í okkar heimshluta sem á ensku máli gengur undir heitinu „eco-taxes", eða umhverfisskattar, á örugglega eftir að setja mjög svip sinn á skattaumræðu á næstu árum. Það eru einkum tvenns konar skattar sem menn ræða um í þessum efnum, annars vegar skattar af því tagi að umhverfisspillirinn greiðir hlutfallslega meira en aðrir og svo hins vegar skattar sem eru tekjustofnar vegna umhverfisverndar.

Hins vegar var ákveðið í meðferð þingflokkanna að fara ekki nú inn á þessa braut með því að greina bifreiðagjaldið í slíka tvo hluta, heldur gefa sér lengri tíma til þess að undirbúa nánar breytingar á íslenskri skattalöggjöf sem tæki mið af þeim umhverfisþáttum sem ég vék hér að. Þess vegna er hér lagt til að bifreiðagjaldið breytist með hefðbundnum hætti í þeim tilgangi að skila ríkissjóði 550 millj. kr. í viðbótartekjur á næsta ári.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég ætlaði að hæla hæstv. fjmrh. örlítið en ræða hans breytti því þannig að ég verð eiginlega að láta af því. Ég ætla að hæla hæstv. fjmrh. fyrir það að í athugasemdum með þessu lagafrv. er sagt að frv. geri ráð fyrir sérstakri hækkun á bifreiðagjaldi. Þetta heyrir eiginlega algjörlega til undantekninga, að viðurkennt sé að með frv. sem valda landsmönnum auknum útgjöldum sé verið að hækka gjöld á landsmönnum. Ég ætlaði því að þakka fjmrh. fyrir þessa hreinskilni, að hann hefur brugðið í þessu eina tilfelli út af vananum, að rangfæra með öllu tekjuöflunarfrumvörpin. En svo kom hann að öðru sem er mjög eftirtektarvert, að frv. er ekki flutt til þess að fá peninga í ríkissjóð. Nei, þetta er mengunarskattur. Og þar hitti hann nú naglann á höfuðið, blessaður fjmrh. Þetta er mengunarskattur. Það er kannski von á stórfelldri löggjöf um skatta á alla mengunarvalda og sennilega væri hægt að koma því fram, jafnvel áður en stjórnarráðsfrv. verður að lögum sem veldur nú miklum titringi í hluta af hæstv. ríkisstjórn.

Mig langar að koma aðeins inn á þetta atriði sem frv. fjallar um, efnislega. Það er gert ráð fyrir að hækka bifreiðagjald úr 2,83 kr. í hvorki meira né minna en 5,20 kr. Hins vegar er það rétt sem segir í grg., að ef nýting á þeirri heimild sem er í gildandi lögum hefði verið notuð að fullu hefði þetta gjald farið í u.þ.b. 3,13 kr.

Ríkisstjórnin hæstv. hefur sýnt mikið örlæti á þessu ári. Hún hefur ekki nýtt sér heimildir til að hækka bensín eins og skyldi. Súperbensín mætti vera 21,05 kr. lítrinn en er 19,39 kr. Munurinn er því 1,66 kr. á lítrann. Á blýlausa bensíninu er aðeins minni munur. Það er núna á 17,74 kr. lítrinn en mætti vera 19,27 kr. þannig að mismunur á því er 1,53 kr. á lítra.

Menn spyrja: Hvers vegna eru ekki þessar heimildir notaðar? Er þetta umhyggja fyrir bíleigendum að þessi heimild er ekki notuð eða er þetta vegna þess að með því að nota ekki heimildina er farið inn á þessa braut, að leggja 5,20 kr. skatt á hvert þungakíló í bíl. Það er gert, ekki vegna mengunarvarna, hæstv. fjmrh. — það er gert til þess að leggja á nýjan skatt sem ríkissjóður hirðir. Þessari hækkun á þessu bifreiðagjaldi er ætlað að gefa 550 millj. kr. viðbótartekjur í ríkissjóð á næsta ári. En með því að nota ekki hækkunarheimild á bensínið er verið að hafa af Vegasjóði verulegt fjármagn. Tekjur Vegasjóðs, miðað við að full heimild væri notuð, mundu aukast á einu ári um 260–270 millj. kr. Víða úti um land er uppbygging vega ekki komin það langt að viðunandi sé eins og allir vita. Og mörg aðkallandi verkefni í vegamálum eru orðin brýn nauðsyn hér á höfuðborgarsvæðinu, sem við köllum. Með þessu móti er verið að hafa af Vegasjóði stórfé. Á þessu ári hefur verið haft af Vegasjóði fé sem nemur 130–150 millj. kr. eftir að horfið var frá því að nýta sér þessa heimild.

Ég minni á að Alþingi afgreiddi vegáætlun 20. maí á þessu ári. Þá var mörkuð stefna í vegamálum. Þá var vegafé skipt af Alþingi og reiknað með ákveðnum tekjum. Þetta er stefna sem Alþingi hefur sjálft tekið. Sú stefna sem nú er tekin er í hróplegri mótsögn við stefnu Alþingis sem það markaði með samþykkt vegáætlunar 20. maí. Þess vegna er ég undrandi ef þingmenn stjórnarliðsins sætta sig við svona vinnubrögð, ef þeir sætta sig við að vegamálin séu skorin niður um rúman milljarð frá því í vor, eða 1 milljarð 15 millj., aðallega vegna framkvæmda og viðhalds eins og menn vita glögglega.

Í fjárlagafrv. finnur fjmrh. út að veruleg hækkun verði til vegamála. Og hann hefur alltaf sínar aðferðir við alla útreikninga og virðist hafa haldist þetta nokkuð sæmilega uppi. Hann telur að hækkun hafi orðið með því að miða við fjárlög sem afgreidd voru fyrir ári, draga frá þeim óleyfilegan niðurskurð sem engin heimild var fyrir. Út frá því finnur hann út að hækkun verði til vegamála. Ég held nú að hæstv. fjmrh. verði að eiga það að hann er eini fjmrh. sem hefur haft þessar aðferðir uppi og er eiginlega alveg á sérplani. En hvort mönnum líki þetta svona í framtíðinni, úr því verður sagan að skera þegar þar að kemur. En það eru svona einstaka sérvitringar eins og ég og mínir líkar sem líkar ekki þessir útreikningar og þessar aðferðir.

Ég vil leyfa mér að spyrja, og hefði þá gjarnan mátt vera eitthvað meira inni af stjórnarliðum, ég sé að þeir eru ekki nema tveir og jafnvel ekki nema einn og hálfur þegar maður sér hverjir það eru, þannig að þeir virðast ekki hafa mjög mikinn áhuga á framgangi þessa máls eða hlusta á rök á móti þessu máli og á móti þessari málsmeðferð. En ég ætla samt að leggja fram nokkrar spurningar til allra stjórnarliða og þá ekki síst til þeirra sem eiga heima úti á landi, sem vinna fyrir kjördæmi sem eru skammt á veg komin í vegauppbyggingu. Eruð þið ánægðir með að skera niður til vegamála yfir milljarð frá samþykkt Alþingis 20. maí í vor? Eruð þið ánægðir með að nýta ekki

heimild sem felst í lögum um bensínverð til þess að tryggja meira fjármagn til vegagerðar?

Ég gæti vel skilið hæstv. fjmrh. ef tekjur ríkissjóðs og Vegasjóðs hefðu hrunið eða orðið alvarlegur samdráttur, þá þyrfti að grípa til niðurskurðar. Það gæti ég vel skilið. En því er ekki að heilsa. Með öðrum orðum, með því að nýta ekki heimild af bensínverði á að svipta Vegasjóð 260–270 millj. á næsta ári. En það á ekki að létta á þeim sem bílana eiga og þurfa að aka. Ríkið ætlar að taka 550 millj. til viðbótar á einu bretti með þessu frv.

Mikið er talað um virðingu Alþingis og að hún fari þverrandi. Og mikið skil ég orðið vel það fólk sem þannig talar. *Það er ekki hægt að segja að Alþingi* haldi uppi fullri virðingu, síður en svo. Það eru samþykkt lög, það eru samþykkt áform um að gera þetta og hitt og síðan er samþykkt að fara í kringum lögin og hundsa þau og fólk spyr: Getum við treyst þessum alþingismönnum? Þeir samþykkja þetta í dag og svíkja það á morgun og gerbreyta því sem þeir eru búnir að lýsa yfir. Það er nú gaman að sjá og heyra suma þingmenn þegar þeir eru komnir í kosningabuxurnar sínar út á land og lýsa yfir óskaplegum áhuga á því að byggja vegina upp, alveg óskaplegum áhuga. Þá vantar ekki áhugann. Svo þegar búið er að kjósa þá og þeir eru komnir hér inn í þessa stofnun sem á að vera virðulegasta stofnun þjóðarinnar, þá *gerbreyta þeir um skoðun án þess að færa nokkur gild* rök fyrir slíkum skoðanaskiptum. (**ÞP:** Fjmrh. náði nú ekki kosningu.) Já, og meira að segja þeir sem falla geta gert stórskaða í þessum efnum.

Hvað eru bílar? Eru þetta einhver tæki sem eru óþörf? Er þetta ekki orðin almenningseign, bifreiðar? Þurfa ekki fjöldamargir atvinnu sinnar vegna að eiga bíl? Ég veit að það eru líka margir sem keyra óþarflega mikið og mættu gjarnan keyra minna. Þá á bara að láta þá borga rétt verð á bensíni. Það er þá um leið skattur, hemill á menn en ekki þá sem þurfa atvinnu sinnar vegna að hafa bíl, menn sem eiga langt í vinnu, hafa ekki almenningsfarartæki til að stóla á. Það er verið að bæta hér stórum útgjöldum á þá. Ég *fullyrði, hæstv. fjmrh., í fullri vinsemd að hér eru* fjmrh. og ríkisstjórnin að fara öfuga leið. Meira að segja þó þið ætlið að hirða hverja krónu, og verðið þá að breyta lögum um Vegasjóð, er miklu eðlilegra að nota heimildina á bensínverðið en fara þessa leið, miklu eðlilegra og sjálfsagðara.

Þingflokkur Sjálfstfl. er á móti þessu frv. af þeim ástæðum sem ég hef þegar rakið en þingflokkur Sjálfstfl. er ekki á móti því að heimildir séu notaðar lögum samkvæmt varðandi verðlagningu á bensíni. Við viljum ekki bregða fæti fyrir það. Við viljum að þær heimildir verði notaðar en horfið sé frá því að stórhækka skatta með þessum hætti. Ég skal segja hæstv. fjmrh., líka í fullri vinsemd, að á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun komu fulltrúar launþegasamtakanna, að vísu út af öðru máli eða frv. um tekju- og eignarskatt, og það var ljótt hljóðið. Þeir töldu að hér væri um hækkun skatta að ræða. Þetta er einn liður í því að hækka skatta á almenning í þessu landi. Þetta er einn liðurinn líka í því að gera andrúmsloftið verra í hönd farandi kjarasamningum og það er þetta sem við sjálfstæðismenn erum að vara ríkisstjórnina við. Ei veldur sá er varar.

Nú er það þingmanna að taka ákvörðun og þetta er ekki eingöngu ákvörðun hæstv. fjmrh. Hann kæmi þessari skattahækkun ekki í gegn ef þingmenn héldu vöku sinni og væru allir með fulla meðvitund. Þá væri þetta frv. dautt. Nú ríður á því að þingmenn séu hristir aðeins til og minntir á það sem þeir segja fyrir kosningar og minntir á áhugamál sín í samgöngumálum. Það er kominn tími til að þeir svari til saka. Það er ekki eingöngu fjmrh., hann hefur ekki atkvæðisrétt *hér í þinginu. (Gripið fram í.)* Nei, hann verður nú ekki saklaus, hvorki í þessu máli né mörgum öðrum.

Við erum að fara alltaf meira og meira í aukna miðstýringu í þessu landi. Það er stór breyting að gerast í Búlgaríu. Þar ráku þeir formanninn í kommúnistaflokknum núna og meira að segja son hans líka. Þeir eru óheiðarlegir, sögðu þeir. En við erum að stórauka miðstýringuna hérna og taka upp skömmtun á ýmsum sviðum. Nú má ekki opin trilla fara með nokkra öngla án þess að hún sé tekin af stærsta varðskipi íslenska flotans sem er yfir þessari trillu í 8 tíma. Síðan eru mennirnir fluttir á sakamannabekk og yfirheyrðir og afli og veiðarfæri gerð upptæk, það voru heil 45 kg, og línan var nú unnin heima í stofu hjá öðrum karlinum sem er gamall skipstjóri. Segið þið svo að það sé ekki miðstýring í þessu landi. Á sama tíma og vorvindar geysa víða um Evrópu grúfir myrkur yfir þessu þjóðfélagi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Þessi hækkun sem hér er lögð til kemur svo sem engum á óvart, allra síst þingmönnum sem hafa gert sér grein fyrir því að þessi ríkisstjórn er úrræðalaus þegar um ríkisfjármál er að ræða og einu úrræðin sem hún sér í því stjórnleysi sem ríkir í ríkisfjármálunum er að hækka skatta.

Sú hækkun sem hér er boðuð er að vísu ekki nema 84% og þykir fjmrh. ábyggilega mjög lítið. Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. hefði heldur viljað fara yfir 100% því að allir sjá að 84% er ekkert mjög mikið þegar hæstv. fjmrh. á í hlut. Það er *gleðilegt til þess* að vita að hæstv. fjmrh. skuli hafa skilning á því að auðvitað þarf að passa að fólkið í landinu fari sem allra minnst á milli húsa. Til þess hefur hann þau ráð að skattleggja hest nútímans, bifreiðina, nógu mikið. Nú nema skattar á bifreiðar, skv. þeim fjárlögum sem liggja fyrir og þeim frumvörpum sem liggja hér fyrir, um 7,6% af áætluðum sköttum sem ríkisstjórnin elskuleg er að leggja á þjóðina. Þessi skattur bitnar sem betur fer sérstaklega á láglaunafólkinu og ég veit að það er ætlun ríkisstjórnarinnar. Hún ætlar auðvitað að leggja á láglaunafólkið því að hún ber það alveg sérstaklega fyrir brjósti að láglaunafólkið hafi ekki möguleika á því að eiga bíl. En allir vita að með því að

leggja þetta bifreiðagjald á, sem hækkar hér um 84%, þá leggst það jafnt á þá sem eiga ódýra bíla og þá sem eiga dýra bíla, þá sem eru tekjulágir og þá sem eru tekjuháir og þá sem keyra mikið og þá sem nota bílana lítið. Það er því þversögn í þessum sköttum.

Í fjárlögunum er gert ráð fyrir að þessi skattur verði 940 millj. en í fskj. með þessu frv. telur hæstv. fjmrh. að hann verði 1290 millj. Ekki stemma nú þessar tölur. En raunin er sú að miðað við álagningu á bensíngjaldi í ár þýðir þetta að bensíngjaldið fer í 1480 millj. Er sem sagt að verða 1½ milljarður. Og það er athyglisvert að þessi breyting skuli koma fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi, eins og hv. 1. þm. Vestf. kom hér inn á áðan, er með þessu verið að komast hjá því að þetta fé renni í Vegasjóð. Í öðru lagi hefur þetta vakið tvær spurningar, og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvort og þá hvaða áhrif hefur álagning bifreiðagjalds á vísitöluna? Bið ég hann vel að taka eftir því. Og hvaða áhrif hefur niðurfelling söluskatts eða virðisaukaskatts á næsta ári á tryggingagjaldi bifreiða á útreikning lánskjaravísitölu, þýðir þessi hækkun að lánskjaravísitalan breytist eður ei?

Nú veit ég náttúrlega að hæstv. ráðherra á erfitt með að hlusta. En ég vonast samt til að hann hafi heyrt þetta og gefi skýr svör hvort þetta hefur áhrif á vísitöluna því að mér þykir nokkuð ljóst að hér sé líka einhver vísitöluleikur á ferðinni.

Þá komum við að því að hæstv. ráðherra þykist ætla að draga úr áhrifum mengunar með því að leggja á skatta. Skattlagning hefur að sjálfsögðu engin áhrif á mengunina. Annað mál er að sú spurning hefur vaknað hvort ekki ætti að kalla þessa ríkisstjórn mengunarríkisstjórn sem mengar allt með sköttum og eykur nú skattbyrði, sérstaklega láglaunafólksins, með hverju frv. á fætur öðru.

Það er því ekki á bætandi þegar þetta bifreiðagjald er lagt á því þeir sem eiga ódýrustu bílana standa frammi fyrir því að þeir eru oft einnig töluvert þyngri en sambærilegir bílar frá Japan, t.d. ódýrir bílar eins og Lada, sem er mest selda bifreið landsins, er þung bifreið miðað við stærð og á hana leggst auðvitað meiri skattur en ella. Og það að leggja 84% aukaskatt á einu bretti sýnir að þessi ríkisstjórn hefur hugsað sér að gera fólki nánast ókleift að eiga bifreiðar, sérstaklega lágtekjufólki.

Að lokum vil ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra. Hvaða áhrif hefur niðurfelling söluskatts, væntanlegs virðisaukaskatts, á tryggingagjöld bifreiða, á útreikning lánskjaravísitölu og hvaða áhrif hefur álagning bifreiðagjalds á þessa sömu vísitölu?

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í þessu frv. er lögð til hækkun á bifreiðagjaldi umfram almenna verðuppfærslu og umfram heimildir. Sú sérstaka hækkun sem hér um ræðir mun, ef frv. nær fram að ganga, skila 550 millj. kr. í ríkissjóð. Þetta er einn liður í því að afla ríkissjóði aukinna tekna í því skyni að mæta auknum útgjöldum og rétta af halla.

Í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að hækkun bifreiðagjalds tengdist umhverfisvernd og væri vel ef reynt væri með stýrandi sköttum að stemma stigu við síaukinni bílanotkun með öllu því sem henni fylgir í kostnaði og ekki síður mengun. Nú hefur þeim rökum verið vikið til hliðar. Tilgangurinn var sem sagt aldrei gófugri en sá að ná auknum tekjum þó að annað væri látið í veðri vaka, enda gefur skatturinn sjálfsagt meira með þessu móti.

Það er athyglisvert að í rökum hæstv. fjmrh. eru hækkun tekjuskatts og álagning virðisaukaskatts sífellt spyrtar saman. Er það gert í því skyni að láta í veðri vaka að í raun sé ekki verið að hækka skatta. Hækkun eins skatts sé vegin upp með lækkun annars. Síðan er reiknað fram og til baka þar til hin opinbera útkoma er sú að flestir græði, þ.e. að tekjuskattshækkunin sé í raun lækkun hjá lág- og meðaltekjufólki.

Í raun er blekkingavefurinn í útreikningum fjmrn. svo þunnur að flestir sjá í gegnum hann, en það fer ekki hjá því fyrst verið er að spyrða skatta saman með þessu móti að maður spyrji: Því er þessi bifreiðaskattur aldrei nefndur í því sambandi? Hann er þó hluti af heildarskattbyrði og vegur ekkert smátt þar. Í það minnsta þori ég að fullyrða að það sé í engu fráleitara að áætla að fleiri eigi bíl og muni því bera þennan skatt en að allir einstæðir foreldrar og hjón eigi tvö börn, annað undir 7 ára aldri.

Næst þegar hæstv. fjmrh. gefur út fréttatilkynningu, sem hlýtur að verða mjög bráðlega ef marka má pappírsflóðið sem bylur á pósthólfum þingmanna, væri vel við hæfi að hafa fyrirsögnina: Eru útreikningar fjmrn. villandi? Sýna svo fram á að svo væri með því að taka bifreiðagjaldið inn í útreikninga. Kvennalistinn mun spyrja um það í fjh.- og viðskn. hve mikið þessi hækkun auki á heildarskattbyrði almennings.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er nú eiginlega svo komið að manni fer að verða orðfátt yfir öllum þeim skattahækkunum sem hér dynja yfir og öllum þessum skattaumræðum á hverjum degi. Nýjasti skatturinn er hér til umræðu, það er skattur á bifreiðar. Ef tekjuskattur er ekki hækkaður og virðisaukaskattur hækkaður, þá er það skattur á bifreiðar eða eitthvað annað. Mér finnst þessi skattpíning öll saman orðin hið mesta hneyksli. Ég verð nú eiginlega að segja að mér finnst þetta jaðra við að fara að verða hálfgert skattaofbeldi. Manni blöskraði hér fyrir ári síðan að horfa á allar skattahækkunarhugmyndirnar, horfa á þegar átti að fara að redda atvinnulífinu, að sagt var, og síðan var dengt óheyrilegum hækkunum á sköttum yfir þjóðina upp á 7 milljarða, bæði á launþega og fyrirtæki. Enn keyrir um þverbak. Það er enn verið að hækka skatta. Í fyrra átti að hækka skatta til þess að leysa rekstrarvanda ríkissjóðs og reka hann með 650 millj. kr. tekjuafgangi. Niðurstaðan er ekki orðin ljós enn þá, en það er alla vega ljóst að gatið í ár verður ekki undir 10 milljörðum. Það er nú allur hagnaðurinn, þetta er nú búskapur í lagi. Þeir sem

stjórna landinu um þessar mundir hafa gert sér grein fyrir því að fiskistofnar eru takmörkuð auðlind. En þeir eru ekki enn þá komnir á það stig að gera sér grein fyrir því að á heimilum og í fyrirtækjum er líka um takmarkaða auðlind að ræða. Þessi skattpíning, sem ég kalla skattaofbeldi, er komin á það stig sem kallast rányrkja, hreinræktuð rányrkja. Og nú á að siga fógetanum á fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum. Það mun koma í ljós eftir áramót þegar verður farið að herða allt með enn þá frekari innheimtuaðgerðum, þegar fógetanum verður sigað á peningalaus fyrirtæki og launþegar þeirra fyrirtækja mega labba heim eftir að búið er að innsigla. Það er nú eiginlega alveg stórkostlegt að menn skuli hafa geð í sér til þess að leggja í hann, á þessum vettvangi. Það verð ég að segja.

Eignaupptaka sem kemur í kjölfarið á svona skattahækkunum leiðir náttúrlega óhjákvæmilega til þess að það verður að loka fjölda fyrirtækja og heimili boðin upp. Þetta snýst kannski ekki endilega um að loka þessum fjárlagahalla sem fyrirsjáanlegur er. Ákvörðunin snýst kannski um það hvort á að reka ríkissjóð með meiri halla eða hvort á að reka fyrirtækin með meiri halla og loka þeim í kjölfarið. Það þykir ekki búmannlegt að blóðmjólka kýrnar en það er nú það sem er að gerast hér og verður gert í vaxandi mæli ef svo fer sem horfir.

Auðvitað er hægt að spara og hagræða víða í rekstri hjá ríkissjóði. Það er enginn að tala um að það eigi að gera neitt neikvætt og ég ætla ekki að fara að nefna einhver sérstök dæmi. En þegar kerfið ætlar að fara að skoða sjálft sig til þess að spara, það er það asnalegasta sem maður verður vitni að. Flugleiðir fá sér einkafyrirtæki utan úr heimi til þess að hagræða í sínum rekstri. Þeir eru ekki að naflaskoða sjálfa sig. Það gera engin fyrirtæki sem ætla að spara og hagræða í alvöru. Fyrirtæki sem þora að láta skoða sig fá sér ráðgjafa í vinnu og reyna að ræða við starfsfólkið og taka jákvætt á málunum, auka framleiðni, spara og hagræða á þann hátt með jákvæðum árangri. Það er það sem þarf að gera. Það er nú borin von að það verði gert með svona aðgerðum. Mér finnst bara vera verulegt álag að horfa upp á svona bölvaða vitleysu. Það hlýtur að vera aldeilis mikil orka í þeim mönnum sem hafa geð í sér til þess að leggja í hann, það verð ég að segja. Eða þeir skilja bara ekkert hvað þeir eru að gera. Auðvitað verður maður að gefa sér þær forsendur eins og ég hef sagt hér áður. Það er raunverulega ekki hægt að ætla nokkrum svo illt að þeir hafi hugmynd um hvað þeir eru að gera. Það er alls ekki hægt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. sem hér er til umræðu. Kannski er ekki mjög miklu við það að bæta sem þegar er komið fram. Hins vegar er það mín skoðun að þessi skattur sé mjög óréttlátur og leggist mjög ójafnt niður á fólk eins og bent hefur verið á. Hér er verið að hækka skatt um 84% og leggja kílóagjald á bifreiðar. Ég tel að hér sé fylgt hættulegri stefnu. Það mætti nefna það neyslustýringu. Það er verið að stýra fólki væntanlega út í léttari bifreiðar. Léttari bifreiðar þýða í mínum huga um leið hættulegri bifreiðar og þá vil ég kalla slíka stefnu hættulega stefnu.

Ég fæ ekki séð að þetta komi til móts við barnmargar fjölskyldur. Sjálfur er ég einn af þeim sem teljast eiga vel yfir meðallagi af börnum og þarf allstóran bíl til að rúma mína fjölskyldu. Það þýðir að þessi skattur verður ekki undir 10 þús. kr. á slíkan bíl hvort sem hann er nýr eða gamall, það skiptir að sjálfsögðu engu.

Lögð var fram athyglisverð spurning fyrir hæstv. fjmrh. um hvort þessi skattahækkun spilaði inn í vísitölur, hvort hún kæmi inn í framfærsluvísitölu og þá þar af leiðandi inn í lánskjaravísitölu. Væri athyglisvert að fá svar við þeirri spurningu og ef svo er, hversu þungt skatturinn kæmi til með að leggjast á þær vísitölur. Ég vil hins vegar gæta fyllstu sanngirni og segja að í vissum tilfellum getur þetta náttúrlega leitt til léttari byrðar hjá ákveðnum aðilum. Ef maður horfir til þess að söluskattur er felldur niður af tryggingariðgjöldum, þá getur það í ákveðnum tilfellum leitt til léttari byrðar á fólk. Það er alveg sjálfsagt og sanngjarnt að það komi líka fram að það er kannski ekki allt vont í þessu. Hins vegar er ekki hægt að réttlæta kílóaskatt á bifreiðar. Eins og ég segi eru þær mjög misjafnlega úr garði gerðar nema stefnan sé þá sú að stýra fólki út í léttari og um leið hættulegri bíla.

Ég vil lýsa andstöðu minni við þetta frv. og tel að ekki eigi rétt á sér að fara þessa leið í skattlagningu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Í fyrsta lagi er verið að gera breytingu milli beinna og óbeinna skatta og sú tillaga sem felst í þessu frv. er liður í þeim breytingum. Heildaráhrifin af þeim á bifreiðaeigendur verða þau að skattbyrðin á bifreiðaeigendur verður lægri á næsta ári en í ár. Skýringin er fólgin í því að virðisaukaskattur leggst ekki á tryggingariðgjöld af bifreiðum en söluskattur hefur verið greiddur af tryggingariðgjöldum og það eru, eins og hv. alþm. vita, umtalsverðar upphæðir ef bifreiðar eru t.d. í fullri tryggingu. Í öðru lagi mun bensíngjald ekki hækka eins og fullar heimildir eru fyrir, eins og hér hefur verið gagnrýnt af einum hv. þm. að ekki væri gert. Og svo í þriðja lagi, eins og hér kemur fram, hækkar bifreiðagjaldið á móti. Það er þó alveg ljóst að sú hækkun er minni en þær breytingar sem annars vegar verða frá því að söluskattur er aflagður af bifreiðagjöldum og tryggingariðgjöldum og virðisaukaskattur ekki á þær lagður og breytingarnar í bensíngjaldinu. Það er þess vegna ekki rétt að á næsta ári verði dýrara fyrir einstaklinga að eiga og reka sínar bifreiðar á Íslandi en það er í dag. En það er hins vegar rétt að hutfallið í skattategundunum breytist.

Ég varði nokkru máli til þess að útskýra það hér fyrr í þessari hv. deild að með markvissum hætti er

verið að breyta hlutfalli milli beinna og óbeinna skatta stig af stigi og sú breyting kemur auðvitað fram í því að einstakir beinir skattar hækka. En þá verða menn líka, til þess að gæta allrar sanngirni, að horfa á það að óbeinu skattarnir lækka, verðlagsskattarnir lækka. Og ég veit að þegar hv. þm. skoða þetta í rólegheitum sjá þeir að það er sanngirnismál að líta á þetta í samhengi. Það væri t.d. ekki rétt að halda þannig á málum, ef t.d. virðisaukaskatturinn væri stórlega lækkaður en tekjuskatturinn hækkaður eitthvað á móti, að fara að halda mikla messu hér á Alþingi um einhverja gífurlega skattahækkun ef heildaráhrifin væru skattalækkun á fólkinu í landinu.

Í öðru lagi var spurt að því hvaða vísitöluáhrif þessar breytingar kynnu að hafa. Ég er nú því miður ekki með þau gögn hér við höndina og vil ekki svara því nákvæmlega á þessu stigi. Það er þó ljóst að hækkunin á bifreiðagjaldinu á venjulega bifreið, vísitölubifreiðina, er í kringum 3000–4000 kr. á bifreið eftir því hvaða tegund er nákvæmlega tekin eða sem samsvarar rúmlega 1–2 bensínáfyllingum á viðkomandi bifreið. En ég tel rétt að í nefndinni verði lagðar fram nákvæmar upplýsingar um þetta atriði.

Í þriðja og síðasta lagi var það hér gagnrýnt af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að ekki væru nýttar heimildir að fullu til þess að hækka bensíngjald. Ég vil vekja athygli á því að í tíð ríkisstjórnarinnar sem hér sat 1987–1988 var það langt í frá að möguleikar til þess að hækka bensíngjald væru nýttir þannig að tekjustofnar Vegagerðarinnar voru, með röksemdafærslu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, þar með verulega skertir í tíð þeirrar ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem hér sat 1987–1988.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

Ragnhildur Helgadóttir (frh.):

Herra forseti. Það litla sem ég átti eftir af máli mínu í þessari ræðu var í fyrsta lagi fyrirspurn til hæstv. ráðherra Hagstofu og eftir atvikum hæstv. forsrh., þar sem hvorki hæstv. samgrh. né heldur hæstv. sjútvrh. eru hér staddir.

Ástæðan til þess að ég nefni þá ráðherra er útvarpsfrétt kl. 7 í fyrrakvöld, þar sem hæstv. ráðherra Hagstofu greindi frá því að þann dag síðdegis hefðu átt sér stað viðræður milli hans og sendiherra Bandaríkjanna, og einhverra fleiri væntanlega, um hugmyndir sem Bandaríkjamenn hefðu vakið máls á um stofnun alþjóðlegrar mengunarrannsóknastöðvar hér á landi og virtist af fréttinni sem sú stöð ætti fyrst og fremst að annast rannsóknir í sjó.

Þarna er hreyft stórmáli sem vitanlega getur haft mjög mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga, þar sem við höfum vafalaust tök á því að leggja fram verðmæta vinnu og aðstöðu vegna þess hvernig landið liggur í hafinu. En það einkennilega var að hæstv. ráðherrar sáu enga ástæðu til þess í umræðum um umhverfismál þennan sama dag að greina Alþingi frá þessu.

Ég tel að hér sé um svo stórt og mikilvægt mál að ræða að alþingismenn eigi á því eðlilegan rétt að hæstv. ráðherrar skýri þetta mál fyrir því, greini frá því hvað hér er um að vera og þá þess heldur þegar það kemur upp á þeim tíma sem verið er að fjalla um umhverfismál hér á Alþingi. Þess vegna vil ég nú biðja um skýringar á þessu máli.

Og það leiðir hugann að þeim kafla sem ég átti eftir í ræðu minni og ætlaði reyndar ekki að fara mjög mörgum orðum um þótt mikilvægur væri, en það var einmitt sá þáttur mengunarmála sem varðar eftirlit með mengun í sjó og við strendur landsins og á fiskimiðum og öll þau mikilvægu störf sem við höfum með höndum í því sambandi og höfum líka reyndar skuldbundið okkur til þess að hafa með höndum í alþjóðlegu samstarfi. Allt eru þetta auðvitað þættir sem alls ekki verða ofmetnir að mikilvægi. En engu að síður er það svo að mér virðist augljóst að þeim verður ekki á neinn veg betur borgið þótt stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti. Þeir sem reynsluna hafa af þessum störfum eru í stofnunum sem mestan part heyra undir sjútvrn. og raunar líka undir samgrn. Þátttaka í vissum alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun í sjó, varnir gegn olíumengun og slík atriði hefur skipst milli þeirra ráðuneyta en vitanlega er þar um mjög skyld mál innbyrðis að ræða. Það sem skiptir máli er að gera þeim stofnunum sem þessum störfum sinna betur kleift að sinna verkefnum sínum þannig að árangur verði af. Og það er, þótt hversdagslegt sé að segja það, fyrst og fremst spurning um fjármuni. Þess vegna held ég að það greiði ekki fyrir þeim málum sem þurfa fyrst og fremst aukið fjármagn, að til mengunarmála sé aðallega varið fjármagni til þess að stofna nýtt ráðuneyti og nýjar skrifstofur.

Ég vil því ítreka það sem ég setti fram í ræðu minni, öðrum köflum ræðu minnar um þetta mál, að ég vænti þess að nú þegar málinu hefur verið vísað til nefndar gefist nefndarmönnum tækifæri til að leysa það með öðrum hætti og þá ekki síst stjórnarsinnum sem hafa bundið sér þann bagga að koma þessum málum áfram til þess að tryggja þátttöku tiltekins flokks í ríkisstjórninni. Ef þeir telja þá þátttöku lífsnauðsynlega þá þurfa þeir að finna annað ráð en stofnun sérstaks ráðuneytis umhverfismála.

Hæstv. ráðherra Hagstofu benti sjálfur á það hér í umræðunni í fyrradag að Norðmenn t.d. hugleiddu mjög stofnun sérstaks ráðuneytis þróunarmála. Ég segi ekki að það sé tilefni til þess að búa til sérstakt ráðuneyti af því tagi en það væri auðvitað ekki útilokað að hægt væri að sameina þróunarmál öðrum málum sem hæstv. ráðherra Hagstofu hefur með höndum. Og enn fremur eru sumir ráðherrar í hæstv.

ríkisstjórn sem hafa með höndum tvö ráðuneyti og væri þá sýnu skynsamlegra að skipta einhverju þeirra verkefna í staðinn fyrir að búa til þessa silkihúfu sem síst verður til að þoka umhverfismálum til meira nútímahorfs og er einmitt á þann veg sem flestir núna mæla með að hverfa frá. Það er þetta sem ég tel að skipti mestu máli í þessu sambandi.

Nú veit ég að hæstv. ríkisstjórn hefur vafalaust verið í þeim stellingum að reikna alls ekki með því að við værum að koma með málefnalegar hugmyndir í þessu máli heldur séum við fyrst og fremst að gagnrýna þær aðferðir sem hafðar voru við stækkun ríkisstjórnarinnar. Vissulega erum við að því. Vissulega erum við að setja fram þá gagnrýni, en hér er um svo stórt málefni að ræða, burt séð frá því hvernig ríkisstjórnin er samansett. Hér er ekki verið að tjalda til einnar nætur heldur til langrar framtíðar, ætla ég. Og það er ekkert smámál að breyta lögunum um Stjórnarráð Íslands. Þess vegna er það sem við höfum talið okkur skylt að koma með málefnalegar ábendingar um umhverfismál, um fyrirkomulag umhverfismála og um áhersluatriði og samræmingaratriði. Og þess vegna var það sem ég taldi mér skylt, og þá þess heldur að hæstv. heilbrrh. var fjarverandi þessa umræðu, að greina frá ráðstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Evrópusvæðisskrifstofunnar, sem haldin var með þátttöku heilbrigðismálaráðherra og umhverfisráðherra aðildarríkjanna 32 að tölu. Þar var megináhersluatriðið og ástæðan til þess að sameiginleg ráðstefna með þessum ráðherrum var haldin sú að nauðsyn er talin bera til að sameina þessa tvo málaflokka sem allra mest og helst undir einni stjórn. Það liggja fyrir niðurstöður mikillar vinnu og mikilla athugana á þessum málum og ég leyfi mér að hvetja til þess að hv. nefnd sem fær þetta mál til athugunar skoði þau atriði.

Ég held þess vegna að það kunni að vera rétt sem hæstv. ráðherra Hagstofu sagði í viðtali við dagblaðið Tímann í gær, og haft var eftir honum og vakin var athygli á hér í umræðum utan dagskrár eða um þingsköp af hv. 5. þm. Vesturl., að það kunni að líða og bíða þangað til þetta mál verður afgreitt. En hitt þykir mér alvarlegra að hæstv. sá hinn sami ráðherra virðist ekki hafa af því minnstu áhyggjur, enda hafi hann erindisbréf upp á annað, hann hafi erindisbréf upp á umhverfismálin. Þetta hefur orðið mér dálítil ráðgáta því að ég veit ekki hver gefur út erindisbréf handa ráðherrum. Ég hef ekki enn þá heyrt þann ráðherra nefndan í Íslandssögunni sem starfar upp á erindisbréf. Það eru allt annars konar pappírar sem ráðherrar fá þegar þeir eru skipaðir til starfa sinna. Og erindisbréf ráðherra þykir mér satt að segja frá stjórnlagalegu sjónarmiði, ef ég má svo segja, svo forvitnilegt plagg að mér þætti gaman að sjá ljósrit af slíku skjali. Það gæti kannski orðið til athugunar t.d. ungum stúdentum sem eru að velta fyrir sér stjórnskipunarrétti. Og enn þá meiri ráðgáta hvernig hann getur orðið að lögformlegri aðferð í stjórnskipan ríkisins og í Stjórnarráðinu. Vitanlega er þetta rangt og vitanlega er þetta ekki heimilt þannig að það veiti rétt sem ráðuneyti væri. Þess vegna er það að finna verður lagalega rétta lausn á þessu máli. Við vefengjum það auðvitað ekki að það er ekkert við það að athuga nema síður sé að hæstv. ráðherra sé ráðherra Hagstofu, en okkur þykir það ekki vera rétt umgengni við lögin í landinu að viðkomandi ráðherra sé umhverfismálaráðherra án umhverfisráðuneytis. Það þykir okkur í hæsta máta gagnrýnivert og okkur þykir það sérkennilegt að hæstv. forsrh. skuli láta það viðgangast.

Herra forseti. Ég hef ekki tilhneigingu til að flytja lengra mál um þetta efni að sinni. Ég geri ráð fyrir því að það fái ítarlega og faglega umfjöllun í nefnd og að þá muni umsagnir koma fram um þetta efni. Reyndar hafa einhverjar umsagnir e.t.v. borist óumbeðnar. Og svo mikið er víst að samkvæmt fylgifrv. stjórnarráðsfrv. eru ýmsir þeir sem eiga að heyra undir nýja ráðuneytið, ef frv. verður samþykkt, afar óánægðir með það og telja fyrirkomulagið óráðlegt, enda eru þar mikilvægustu þættirnir í náttúruverndarmálum, í umhverfismálum sem varða ræktun og bætur á landinu sjálfu undanskildir. Og auk þess er afar torskilið hvernig það má verða að eitt ráðuneyti eigi að hafa eftirlit með gerðum annars ráðuneytis. Það hljóta að verða einkennilegar framkvæmdir í því sambandi og hætta á árekstrum. En auðvitað verðum við að gera málin þannig úr garði að svo sem verða má verði komið í veg fyrir árekstra sem gætu orðið þá málunum til tjóns.

En, herra forseti, meginatriðið er þetta: Við viljum leggja stóraukna áherslu á vernd umhverfis og vernd þeirra þátta í umhverfinu sem varða heilsu manna, sem varða gæði þessa lands og auðlindir þess og nýtingu þeirra og afkomu fólksins í landinu. Við teljum að það verði ekki gert með því að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti. Við teljum að það sé miklu skynsamlegra að þessir þættir dreifist inn í allt stjórnkerfið á þann veg að það komi sem allra næst þeim sem málið snertir hverju sinni í stað þess að blanda öllum þessum ólíku þáttum saman og einangra þá í sérstöku ráðuneyti.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að byrja á því að þakka hæstv. ráðherrum fyrir að vera nú loksins viðstaddir þessa umræðu. En eins og öllum er orðið ljóst, bæði þingmönnum og alþjóð, hefur þessi umræða dregist allverulega og fyrst og síðast vegna fjarveru þessara hæstv. ráðherra sem hér heiðra okkur með nærveru sinni. Stjórnarliðar hafa engu að síður verið ansi duglegir við það að reyna að koma sökinni yfir á stjórnarandstöðuna og reyna að telja fólkinu í landinu trú um að stjórnarandstaðan sé hér með málþóf, sem er alrangt. Hér hafa verið fluttar mjög málefnalegar ræður, einstaka ræður kannski nokkuð langar, enda er hér um mjög mikilvægt málefni að ræða sem þarf að fjölyrða um og getur orðið langt mál. Ég vísa því algjörlega á bug fullyrðingum eins og t.d. hæstv. hagstofuráðherra í einu ágætu dagblaði í gær þar sem hann fullyrðir að um málþóf sé að ræða, og jafnframt

því, sem hæstv. forseti Sþ. lýsti yfir að væri með öllu tilhæfulaust, að þing mundi standa hér fram eftir janúarmánuði ef þetta ákveðna mál hefði ekki hlotið afgreiðslu fyrir þann tíma.

Nú skilst mér að það hafi verið viðtal við ráðherrann í sjónvarpinu í kvöld. Ég sá það nú ekki en heyrði að þar hefði ráðherrann lýst því yfir að ef þetta frv. yrði ekki orðið að lögum um áramót, þá mundi hann taka til sinna ráða. Eitthvað á þann veg ku hann hafa svarað fréttamanni og þá er náttúrlega afar forvitnilegt fyrir þingheim að fá upplýsingar um það til hvaða ráða hæstv. ráðherra ætlar að grípa.

Í fyrri ræðu minni fjallaði ég efnislega um þetta frv. og tel mig ekki þurfa að gera það aftur í þessum umgang. Það gefst tækifæri til þess aftur eftir afgreiðslu í nefnd. Í þeirri ræðu fór ég yfir fjölmargar umsagnir sem höfðu borist sem leiddu það skýrlega í ljós að það er verulegur ágreiningur um þetta mál innan stofnana og ekki síður innan ráðuneyta þannig að það er alveg augljóst mál að ekki er samstaða um það, ekki einu sinni hjá stjórnarliðum, að setja þetta ráðuneyti á laggirnar.

Það er hins vegar athyglisvert að verða vitni að því að hér talar ekki einn einasti stjórnarliði. Hér í salnum þessa stundina situr enginn stjórnarliði að undanskildum hæstv. ráðherrum og virðast þeir vera algjörlega múlbundnir og tunguheftir og mega alls ekki tjá sig. Það hefði að sjálfsögðu verið forvitnilegt fyrir þingheim að fá að heyra skoðanir þingmanna annarra flokka, Borgfl. t.d. annarra en hæstv. ráðherra, svo maður minnist ekki á Alþfl., en mér hefur heyrst á samtölum við ýmsa þingmenn að þeir séu ekki par hrifnir af þessu frv., enda ekki von því að hér erum við að ræða sennilega eitt það dýrasta þingskjal sem lagt hefur verið fram í langan tíma, ef ekki bara í þingsögunni. Þarf ekki annað en líta til reynslu annarra þjóða því til vitnis því að umhverfisráðuneytin hafa alls staðar haft tilhneigingu til þess að þenjast út og verða að gríðarlega stóru og dýru bákni. Og það er ekki vafi í mínum huga að svo verður einnig hér. Það er sem sagt ljóst að hér er um sérlega dýrt þskj. að ræða sem á eftir að verða mjög íþyngjandi fyrir alla þjóð og skattþegna landsins, enda er alveg ljóst að það eru miklar umræður eftir um þetta mál þó að þær færist sjálfsagt út úr deildinni núna í kvöld og inn í nefnd. En það er ljóst að nefndin á mikið starf eftir og á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þingi áður en það fer í jólafrí er alveg einsýnt að það næst ekki að afgreiða það þar út. Það er því deginum ljósara að þetta sérstaka ráðuneyti verður ekki komið á laggirnar fyrr en í fyrsta lagi einhvern tíma í febrúar eftir að þing hefur hafið störf að nýju eftir jólaleyfi og þess vegna eitthvað aðeins seinna. Hins vegar er ég í engum vafa um það að hæstv. hagstofuráðherra verður að ósk sinni. Hann á eftir að verða umhverfisráðherra Íslands, sá fyrsti, og þegar að því kemur mun ég verða fyrsti maður til að óska honum til hamingju með það nýja starf og velgengni í því starfi.

Talandi aðeins meira um þá töf sem hefur verið á þessum umræðum, þá er fróðlegt að rifja það upp að í síðustu viku var ekki hægt að halda hér fund vegna þess að hæstv. hagstofuráðherra taldi afar brýnt að fara á fund um heilbrigðismál í Frankfurt þar sem fjalla átti um heilbrigðismál og tengingu þeirra við umhverfismál. Reyndar sagði hæstv. hagstofuráðherra þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var að inna hann eftir þessu atriði og fara fram á að fá hæstv. heilbrrh. hér í umræðurnar að þessi fundur úti í Frankfurt gæfi ekki tilefni til þess að tefja umræðu um þetta mál. Engu að síður hafði hann lýst því yfir að þetta hafi verið afar lærdómsríkur fundur og sjálfur hafði hann þá talið nauðsynlegt að tefja þessa umræðu um nokkra daga með því að fara.

Hæstv. ráðherra vildi ekki deila þessum lærdómi neitt með þingheimi. Hann hlýtur að vera að tala um það að hann hafi verið lærdómsríkur hvað varðar umhverfisþáttinn. Það hlýtur þá einnig að vera krafa okkar hér að við fáum að njóta þess lærdóms sem hæstv. ráðherra drakk í sig úti í Frankfurt um daginn og hann gerir okkur væntanlega grein fyrir því hér á eftir í ítarlegu máli hvað var svona gríðarlega lærdómsríkt í Frankfurt. Að sjálfsögðu skil ég að það er gaman að ferðast og allt slíkt. En ráðherrann hefur ekki neina heimild til þess að sitja einn inni með þennan lærdóm sem við urðum þó að borga fyrir að senda hann út til að sækja. Og ef þar kemur fram jafnáríðandi innlegg í þessa umræðu þá er það skilyrðislaus skylda ráðherra að gera þinginu grein fyrir því.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom hér inn á það erindisbréf sem hæstv. ráðherra virðist hafa upp á vasann. Mér hefur nú virst að það gilti eingöngu erlendis. Margsannað er að við höfum þegar umhverfisráðherra er gegnir sínum skyldum erlendis en það gegnir öðru máli hér heima, enda bregst það ekki að ef samkomulag þarf að hafa við útlönd, þá er undirritað sem umhverfisráðherra, það er farið á mælendaskrár sem umhverfisráðherra og fölsunin virðist halda áfram í hvert skipti sem tækifæri gefst.

Það væri reyndar fróðlegt að heyra svör annarra ráðherra um það hvort þeir séu búnir að afsala sér öllum umhverfisþáttum sinna ráðuneyta yfir til hæstv. hagstofuráðherra út af þessu erindisbréfi. Annað kemur reyndar í ljós þegar umsagnir um frv. eru lesnar. Þá er mikil andstaða við að færa ákveðna þætti yfir til þessa ráðuneytis.

Það var einnig afar athyglisvert að þegar ráðherra steig hér í ræðustól síðast þegar þetta mál var til umræðu þá hafði hann nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut til umræðunnar að leggja, ekkert annað en segja okkur það að hann hefði verið í mjög lærdómsríkri ferð og það er sú ferð sem ég krefst þess að þingið fái að heyra um.

Við 1. umr. þegar ég flutti mína fyrri ræðu, en það er orðið það langt síðan að ég man nú ekki lengur hvenær það var, sennilega fyrir einum fjórum til sex vikum síðan, þá spurði ég báða hæstv. ráðherra spurninga sem ég óskaði eftir að fá svör við. Þær voru byggðar mikið á þeim umsögnum sem höfðu borist. Þannig spurðist ég fyrir um það hvers vegna Ísland

hefði ekki átt fulltrúa á sérstökum fundi sem haldinn var 26. okt. 1987 þar sem mættir voru umhverfisráðherrar EFTA- og EB-landanna á sameiginlegum fundi þar sem öll lönd mættu nema Ísland eitt sem sendi ekki fulltrúa þangað. Þetta er spurning sem væntanlega hæstv. forsrh. getur svarað. Í öðru lagi spurði ég hæstv. forsrh. hvernig samstarfi við sveitarstjórnirnar í landinu hefði verið háttað og hvort frv. þetta væri í fullu samráði vð sveitarstjórnirnar. Og í þriðja lagi, og það sem mér finnst kannski aðalspurningin, eftir að hafa gluggað í umsagnir frá Félagi ísl. náttúrufræðinga sem ég tel að séu aðilar sem ættu að hafa eitthvert vit á umhverfismálum, en þar sagði og ég ætla að fá að vitna í þeirra umsögn á ný, með leyfi forseta:

„Ekki kemur fram í plöggum þeim sem Félagi ísl. náttúrufræðinga hafa borist að umhverfi sé skilgreint í frumvarpi, reglugerð né greinargerð. Þetta þarf þó að gera því að ekki er hægt að taka upp nýtt stjórnsýslusvið nema það hafi skilgreint viðfangsefni. Því fylgir að ekki er á rökrænan hátt hægt að tilgreina málaflokka þá sem undir umhverfisráðuneytið skulu heyra nema umhverfi og umhverfismál séu áður skilgreind á fullnægjandi hátt.

Félag ísl. náttúrufræðinga telur einnig að gera verði grein fyrir öflun og meðferð umhverfisþekkingar, en án hennar verði stjórnun umhverfismála ógerleg."

Þetta þykja mér mjög veigamiklar spurningar og ef hæstv. ráðherra, sem vinnur nú að stofnun þessa ráðuneytis, getur ekki svarað þessum spurningum, þá er hann alls ekki tilbúinn og alls ekki fær um að taka við þessum málaflokki. Þess vegna krefst ég þess að fá svar við því hvort þetta stjórnsýslusvið hafi verið skilgreint. Það er alveg afdráttarlaus skoðun Félags ísl. náttúrufræðinga að það sé ekki hægt að fara út í þetta ráðuneyti án þess að skilgreina það.

Í umsögn félmrn., sem er öll hin jákvæðasta, er bent á að sveitarfélög muni eftir sem áður vilja hafa sjálf forræði yfir skipulagsmálum, enda eru skipulags- og byggingarmál eitt af þeim verkefnum sem talin eru upp sem verkefni sveitarfélaga. Hið nýja ráðuneyti á hins vegar að fara með þennan málaflokk skv. 3. tölul. hinnar nýju 13. gr. Ég vil hins vegar inna hæstv. ráðherra eftir því enn á ný hvernig þeir sjái þennan þátt fyrir sér og á hvern hátt þeir sjái samstarfið við sveitarfélögin í landinu hvað skipulagsmál varðar.

Hæstv. forseti. Ég hef rifjað hér upp aðeins örfáar af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. Ég ítreka það að fá svör við spurningum Félags ísl. náttúrufræðinga og ég ítreka það að þingið á heimtingu á því, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra frestaði hér umræðunni í langan tíma til þess að sækja mikilvægar upplýsingar um umhverfismál til Frankfurt, að hann geri þinginu grein fyrir þessum upplýsingum því að þær hljóta að vera mjög mikilvægar inn í þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa lengra mál um þetta. Ég tel að ekki þurfi að hafa fleiri orð um þetta að þessu sinni, að því tilskildu að hæstv. ráðherrar svari. En ég ítreka að það er mikil vinna eftir í þessu máli og nefndin sem ég á sæti í mun vissulega gefa sér þann tíma, enda ábyrg nefnd þar að störfum og hún mun kalla til alla þá aðila sem til þarf.

Og rétt í lokin áður en ég stíg úr þessum ræðustól minni ég á að það væri afar fróðlegt að vita til hvaða ráða hæstv. ráðherra ætlar að grípa ef ráðuneytið verður ekki komið á laggirnar um áramót.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Manni finnst fjölgun ráðuneyta eins og nú horfir í fjármálum ríkisins vera hálfgert öfugmæli. En það má kannski segja að það sé árangur af þeim hrossakaupum sem hér fóru fram sl. sumar þegar menn keyptu sér ráðherrastóla á kostnað skattborgaranna.

Ég átti sæti í nefnd í fyrra sem fjallaði um þær hugmyndir sem þá voru uppi og þá var hugmyndin að stofna einhvers konar útibú frá forsrn. í einum grænum til þess að umhverfismál mættu stjórnast sem einhvers konar deild úr forsrn. Það komst nú ekki í gegn og átti að gera þetta með miklum göslaragangi eins og oft er. Í þeirri nefnd óskaði ég eftir því að búið yrði til skipurit yfir stjórnkerfið og ætla ég að ítreka þá ósk mína hér að slíkt skipurit verði búið til þannig að það sé alveg ljóst að nýtt umhverfisráðuneyti skarist ekki við starfsemi annarra ráðuneyta og ekki sé verið að búa hér til árekstra í stjórnkerfinu. Nógu rugluð er hún samt, stjórnunin á landsmálum þó að það sé ekki farið að göslast með eitt ráðuneyti sem spannar inn á svið ótal annarra. Hvernig verður þá að stjórna?

Það ætti nú að vera auðvelt fyrir þá tvo hæstv. ráðherra sem hér eru nú að kaupa sér ráðgjafarþjónustu því að þeir eru báðir verkfræðingar og kunna eitthvað fyrir sér á því sviðinu. Hvernig væri að kaupa þjónustu hjá einkageiranum í sambandi við endurskipulagningu á stjórnkerfinu úr því að það á að fara í þetta á annað borð? Það er glöggt gests augað, að sagt er, og mér finnst það hallærislegt þegar kerfið er að naflaskoða sjálft sig. Það er líka brýn ástæða til þess að löggjafar- og framkvæmdarvald efli tengsl sín við atvinnulífið í landinu með því að skipta meira við einkaframtakið og fá þjónustu hjá verkfræðistofum úti í bæ nema menn þori hreinlega ekki að hleypa verkfræðistofum inn í þetta óskipulag, þori ekki að láta það verða uppvíst hvers konar stjórnun það er. Ég held einmitt að það sé brýn ástæða til þess að bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið kaupi meiri þjónustu hjá einkageiranum.

Ég sagði hérna fyrr í kvöld að Flugleiðir hefðu þorað að kaupa ráðgjöf hjá erlendu fyrirtæki til að endurskipuleggja sinn rekstur og þess vegna ætti ríkisstjórnin ekki að vera neitt feimin við að kaupa ráðgjafarþjónustu hjá einkafyrirtækjum. En það er nú einu sinni þannig að kerfiskarlarnir vilja bara ráða þessu og að því er manni virðist er það þeirra lag á löggjafarvaldinu að slengja hérna málum inn rétt fyrir jól, páska eða þingslit á vorin og reyna að troða þeim í

gegn á sem skemmstum tíma til þess að breytingarnar verði sem minnstar þannig að þeir fái nú ráðið öllu og völdin verði örugglega á réttum stöðum. Því eins og nú er fram undan rétt fyrir jól á að fara að troða með offorsi hverri hroðvirkninni á fætur annarri hér í gegnum löggjafarvaldið með því að stjórnarmeirihlutinn er notaður eins og tuskubrúður til þess að rétta upp hönd eftir pöntun.

Ég held að það væri mjög brýnt að nefndir þingsins reyndu að auka sjálfstæði sitt og kaupa ráðgjöf hjá verkfræðistofum, sem eru margar hverjar mjög virtar, til þess að fá hlutlausan aðila til að skoða málin. Það er raunverulega hálfnöturlegt að horfa á það að frumvörp eru samin af kerfiskörlum í ráðuneytum og síðan er þessu vísað til nefndar. Og svo koma umsagnaraðilarnir og hverjir eru það? Það eru sömu mennirnir og sömdu þetta. Hæstv. ráðherrar sem eru verkfræðingar, eins og ég sagði áðan, ættu að kunna skil á því að skoða málin betur þannig að það komi hlutlaus umsögn og höfundarnir séu ekki að gefa umsögn um sjálfa sig undir einhverjum þrýstingi.

Þetta eru óþolandi vinnubrögð og kannski snýst þetta allt um sömu syndarmennskuna, að þykjast vera að gera einhverja sniðuga hluti. En það að vera ráðherra eiginlega án ráðuneytis, fyrir flokk án kjósenda, í ríkisstjórn án fylgis, það er eiginlega varla hægt að komast hærra í metorðastiga syndarmennskunnar. Manni dettur stundum í hug þegar krakkarnir eru að leika sér í þykjustunni að horfa á svona syndarmennsku þegar á að gera allt með gösli. Auðvitað þurfa lög um Stjórnarráð Íslands mikillar vandvirkni við eins og þessum tveimur hæstv. ráðherrum sem hér eru, sem eru báðir verkfræðingar eins og ég áður sagði, ætti að vera vel ljóst. Og með hagræðingu í huga, með tilliti til vandræðagangsins í sambandi við peningamál ríkisins, þá er ekki mikil hagræðing í því að fjölga ráðuneytum og væri nær að fækka þeim.

En ég vil ítreka það að umhverfisverndarmál þarfnast ekki hroðvirkni heldur vandvirkni og ég skora á nefndarmenn í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að hvika hvergi með það að láta gera skipurit af stjórnkerfinu.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum sem ég skal reyna að svara eftir bestu getu. Það er að vísu svo, eins og hefur komið fram hér í máli hv. þm., að þessi umræða er búin að taka langan tíma og kannski sumir farnir að gleyma því um hvað var spurt og hvað var rætt um á hinum ýmsu stigum hennar. En ég hef nú haldið þessu til haga hvað sjálfan mig varðar og vonast til þess að ég geti þrátt fyrir allt gefið fullnægjandi svör við þeim spurningum sem til mín var beint.

Fyrstur talaði í umræðunni hv. þm. Ingi Björn Albertsson. Hann beindi m.a. þeirri spurningu til mín, og reyndar kom hann inn á það aftur í máli sínu nú áðan, hvað væru umhverfismál og hvernig þau skyldu skilgreind, en hann taldi að það væri ekki nægilega vel fjallað um það í frv. Ég er ekki sammála þessu því að ég tel þvert á móti að það sé í raun ákaflega vel skilgreint hver verða helstu verkefni hins nýja umhverfisráðuneytis þegar það er orðið að lögum. Ég vil láta mér nægja að vitna til grg., en á bls. 7 í grg. kemur fram hver eru helstu verkefni umhverfisráðuneytis.

Það er nefnilega svo að það er búið að leggja gríðarlega mikla vinnu í að semja þetta frv. og undirbúa þetta mál í heild sinni. Tel ég að þar hafi verið staðið mjög vel að verki. Það hefur farið fram mjög ítarleg og vönduð vinna við það að kanna málið frá öllum hliðum og mér er til efs að það hafi nokkurn tíma í þeim tilraunum, sem áður hafa verið gerðar til að koma á skipan umhverfismála í Stjórnarráði Íslands, verið lagt út í jafnmikla vinnu og nú var gert við undirbúning þessa máls. Viðfangsefnin eru fyrst og fremst talin upp undir lið A á bls. 7 í grg. og þarf ég varla að fara að lesa þau hér upp því að þau eiga að vera öllum ljós. Ég mundi þó kannski aðeins vilja benda á fyrsta lið undir Viðfangsefni sem heitir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Mál er varða náttúruvernd, þjóðgarða, landgræðslu að því er tekur til gróðurverndar, varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs, verndun, friðun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, jarðrask og efnistöku, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og efling alhliða umhverfisverndar."

Að sjálfsögðu hafa mörg önnur atriði verið rædd og ég held að það vefjist lítt fyrir mönnum hvað málið snýst um, enda má á það minna að gert er ráð fyrir því að Náttúruverndarráð og starfsemi þess færist undir hið nýja umhverfisráðuneyti. Þar hafa þessi mál í sjálfu sér verið ágætlega skilgreind en að sjálfsögðu mun verða lögð í það áframhaldandi vinna að fjalla nánar um hver þessi viðfangsefni eru og nægir þar að minna á ákvæði til bráðabirgða en um þau segir í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta, um 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða:

„Við samningu frv. til laga um umhverfisvernd verður m.a. fjallað um sérstaka umhverfisverndarstofnun. Hún taki að sér þau viðfangsefni á sviði landgræðslu og skógræktar sem heyra undir umhverfisráðuneyti og yfirstjórn þess samkvæmt athugasemdum hér á eftir og drögum að reglugerð í fskj. I."

Eins og þarna kemur fram verður að sjálfsögðu kannski eitt fyrsta verkefni hins nýja ráðuneytis að undirbúa frv. til laga um umhverfisvernd og þar verður að sjálfsögðu farið í vinnu þar að lútandi að skilgreina nánar hver þessi umhverfisverndarverkefni eru.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson kom enn fremur inn á kostnaðaráætlunina sem fylgir með í grg. með frv. og spurðist fyrir um það hvort að mínu mati væri áætlað nægilega fyrir þeim þörfum sem við sjáum fyrir okkur. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óþarfi að fara af stað með mikið bákn og þar get ég tekið heils hugar undir með hv. þm. að það er a.m.k. ekki mín ætlan að hið nýja umhverfisráðuneyti verði stórt

bákn. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að það sé farið rólega af stað og reynt að halda vel utan um ráðuneytið og starfsemi þess á þann hátt að þar verði gætt ýtrasta aðhalds og sparsemi, enda held ég að það megi ná miklum og góðum árangri á sviði umhverfismála án þess að fara út í jafnmikið risabákn og tíðkast hefur, sem réttilega var bent á af hv. þm., í sumum nágrannalanda okkar.

Ég ætla ekki að fara út í einstök verkefni og einstakar stofnanir sem vissulega hefur verið ágreiningur um. Það er ekkert launungarmál að þar eru menn ekki á eitt sáttir og þarf ég ekkert að fjölyrða um það frekar. Ég vil þó aðeins geta þess að varðandi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og heilbrigðisfulltrúa sem starfa á vegum sveitarfélaga, þá hafa komið til mín fulltrúar Félags heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga til að lýsa ánægju sinni yfir stofnun nýs umhverfisráðuneytis og fullvissað mig um það að þeir sjái ekkert því til fyrirstöðu að þeir geti allt að einu starfað undir umhverfisráðuneyti og átt gott samstarf við væntanlegan umhverfisráðherra.

Varðandi skipulags- og byggingarmál er það nú svo að það er að mati flestra talið að skipulags- og byggingarmál séu svo nátengd umhverfismálum að þau verði ekki skilin frá þeim. Það er auðvitað alveg ljóst — og mér finnst hafa gætt dálítið mikils misskilnings hjá mörgum aðilum, að þegar nýtt umhverfisráðuneyti verði að veruleika, þá er eins og þeir telji sig ekki geta haft neitt samstarf við slíkt ráðuneyti. Það hefur gætt nokkurs ótta sumra sem hafa talið sig eiga gott samstarf við ákveðna málaflokka undir ákveðnum ráðuneytum, að flytjist þessir málaflokkar yfir til annars ráðuneytis þá muni þeir ekki geta átt neitt samstarf við það ráðuneyti. Þetta er náttúrlega mikill misskilningur því að að sjálfsögðu er jafnauðvelt að eiga samstarf um skipulags- og byggingarmál hvort sem þau eru í ráðuneyti sem heitir umhverfisráðuneyti eða ráðuneyti sem heitir félagsmálaráðuneyti. Í þessu tilliti skiptir nafnið á ráðuneytinu ekki máli. Það er kannski miklu frekar undir því komið hverjir vinna þar hvernig samstarfinu verður háttað. En ég held að aðalatriðið sé þetta: Að dómi flestra eru skipulags- og byggingarmál svo nátengd umhverfismálum að þau verða ekki þaðan skilin frá.

Þá kem ég að spurningum sem hv. þm. Pálmi Jónsson beindi til mín. Hann lýsti yfir áhyggjum sínum vegna fjárútláta varðandi þátttöku Íslendinga í Norrænu fjárfestingarfélagi á sviði umhverfismála. Það gætir nú nokkurs misskilnings hjá hv. þm. um þann kostnað sem hlýst af þátttöku Íslendinga í þessu fjárfestingarfélagi, en gert er ráð fyrir því að hlutur Íslendinga verði nálægt 26 millj. kr. Hann á að greiðast á sex árum þannig að framlag Íslendinga til þessa félags, þ.e. stofnframlag ef um það verður tekin ákvörðun, mundi þá nema um það bil 5 millj. kr. á næsta ári. Nú vil ég geta þess að þetta fjármögnunarfélag kemur í sjálfu sér stofnun umhverfisráðuneytis á Íslandi ekkert við því ef það mál væri ekkert á dagskrá hér í þinginu þessa stundina, þá mundum við eftir sem áður svo og ríkisstjórnin vera að ræða hvort Íslendingar ættu að gerast aðilar að þessu fjárfestingarfélagi. Það tengist í sjálfu sér ekkert stofnun nýs umhverfisráðuneytis. Ríkisstjórnin mundi að sjálfsögðu yfirvega það hvort hún hygði á þátttöku í norrænu samstarfi á þessu sviði án tillits til þess hvort hér væri fyrirhugað að koma upp umhverfisráðuneyti eða ekki. Ég tel allar líkur á því að Íslendingar mundu kjósa að taka þátt í þessu fjárfestingarfélagi hvort sem við ætluðum að stofna umhverfisráðuneyti eða ekki. Hér er um mjög áhugavert verkefni að ræða.

Hv. þm. Pálmi Jónssn taldi að hér væri um að ræða sérstakt verkefni á sviði mengunarvarna í Austur-Evrópu sem kæmi okkur Íslendingum lítið við. Það nægir í því sambandi að minnast á eitt mjög sérstakt og áhugavert verkefni sem Íslendingar taka nú þegar þátt í sem mundi falla undir verksvið þessa nýja fyrirtækis ef það verður að veruleika, en það er samstarf íslenskra aðila og ungverskra um nýtingu jarðvarma í Ungverjalandi. Það er verkefni sem fellur nákvæmlega undir verksvið þessa fjárfestingarfélags vegna þess að um er að ræða óbeina umhverfisvernd með því að nýta svokallaða hreina orku.

Ég spurði fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans á fundi sem við vorum á á vegum Norðurlandaráðs á Álandseyjum núna nýlega hvort það væri ekki réttur skilningur hjá mér að hér væri um að ræða verkefni sem félli nákvæmlega inn undir ramma þessa fyrirhugaða fjárfestingarfélags. Þeir kváðu svo vera og töldu að hér væri einmitt um eitt slíkt áhugavert verkefni að ræða sem að sjálfsögðu mundi falla innan ramma þessa nýja félags. Það er því greinilegt að við gætum haft mikið gagn af því að vera þátttakendur í þessu félagi.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurðist fyrir um þá fyrirhuguðu nefnd sem gert er ráð fyrir að verði skipuð til þess að semja lög um umhverfisvernd, en það kemur fram í ákvæðum til bráðabirgða eða eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd."

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurðist fyrir um það hvort hér yrði um embættismannanefnd að ræða eða hvort leitað yrði til sérfræðinga og annarra þeirra sem umhverfismál varða til setu í nefndinni. Um það hefur að sjálfsögðu ekki verið tekin nein ákvörðun en ég tel sjálfsagt að þessi nefnd verði á breiðum grundvelli þannig að þar komi fram bæði sjónarmið embættismanna og þeirra sérfræðinga sem starfa á sviði umhverfisverndar.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurðist enn fremur fyrir um landgræðslu- og skógræktarmálin og eftirlitsþáttinn sem þeim tengist. Í grg. með frv. kemur fram að það hefur orðið samkomulag um ákveðna verkaskiptingu milli hins fyrirhugaða umhverfisráðuneytis og landbrn. sem mun áfram annast verkefni á sviði gróðurverndar og skógræktar. Þar er gert ráð fyrir, eins og ég reyndar vék að í upphafi máls míns við þessa umræðu, að umhverfisráðuneytinu er fyrst og fremst ætlað að leggja áherslu á gróðureftirlit og

gróðurrannsóknir. Enn fremur er minnst á að umhverfisráðuneytinu sé ætlað að annast verkefni á sviði gróðurverndar þar með talið hvers konar varnir gegn gróðureyðingu án þess að búist verði við því að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar. En á verksviði landbrn. verði hins vegar fyrst og fremst ræktun ógróins eða lítt gróins lands með það í huga að fá af því beinar nytjar, t.d. með því að rækta beitarlönd og tún, og breytingu á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og renna þannig fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga. Þetta hefur verið misskilið af mörgum með þeim hætti að þarna sé verið að halda því fram að þessar tvær stofnanir landbrn. muni þá þar með ekki lengur fást við gróðureftirlit eða gróðurrannsóknir. Svo er ekki. Hér er eingöngu verið að tala um að efla þennan þátt umhverfismála, þ.e. gróðureftirlit og gróðurrannsóknir og að sjálfsögðu er gert ráð fyrir nánu samstarfi á milli umhverfisráðuneytisins og landbrn. á þessum vettvangi.

Það var fjallað lítillega um Hollustuverndina. Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði enn fremur um Hollustuverndina, að hve miklu leyti það væri skynsamlegt að hún færðist undir umhverfisráðuneytið. Það hafa verið skiptar skoðanir um það og að sjálfsögðu hlýtur að vera erfitt að ákveða nákvæmlega hvaða verkefni það verða, sérstaklega þegar um er að ræða stofnun eins og Hollustuverndina þar sem um er að ræða mjög viðtækt verkefnasvið, hvort það borgi sig að kljúfa hana í sundur og færa ákveðinn hluta verkefna hennar undir umhverfisráðuneytið eða hvort það borgi sig að flytja stofnunina í heilu lagi á þeim grundvelli að það sé heppilegra að hún starfi áfram sem heil stofnun en að hún verði hlutuð í sundur.

Ég kem þá að nokkrum spurningum sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson beindi til mín. Það er kannski ekki rétt að segja að hann hafi beinlínis beint til mín ákveðnum spurningum, heldur fjallaði hann fyrst og fremst um skipulagsmál sveitarfélaga og taldi eðlilegt að þau væru þar áfram eða kannski að skipulagsmálin ættu að færast alfarið til sveitarfélaganna. Ég skil þá hugmyndir hv. þm. þannig að hann telji að ekkert ráðuneyti eigi í raun og veru að fara með skipulags- og byggingarmál. Ég er ekki sammála þessari skoðun. Enda þótt ég sé hlynntur því sjónarmiði að sveitarfélögin hafi sem mest sjálfsforræði í skipulagsmálum, þá tel ég, eins og stjórnkerfi okkar er byggt upp, nauðsynlegt að eitthvert ráðuneyti fari þó með yfirstjórn þeirra mála. Það sé t.d. hægt að skjóta ágreiningsmálum til einhvers ráðuneytis. Ég minni t.d. á eitt dæmi um slík vandamál sem ég hef kynnst persónulega, en það er samstarf á sviði skipulagsmála sem sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu hafa haft með sér. Það hefur nánast allt gengið á afturfótunum. Því miður.

Það var þannig fyrir allmörgum árum, líklega skömmu eftir 1960, að Skipulagi ríkisins þótti orðið erfitt um vik að samræma skipulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og gekkst fyrir því að stofnuð var sérstök svæðisnefnd Reykjavíkursvæðisins á sviði skipulagsmála þar sem öll sveitarfélögin sem mynda höfuðborgarsvæðið áttu tvo fulltrúa hvert. Þessi svæðisnefnd sá um að samræma skipulagstillögur sveitarfélaganna og reyna að koma á heildarskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Þetta gekk ekki sem skyldi. Þessi vinna skilaði þó nokkrum árangri en ekki kannski eins miklum árangri og menn höfðu vonast til. Það var síðan að frumkvæði sveitarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu að sveitarfélögin ákváðu að taka þessi mál í sínar hendur. Með sérstökum samningi varð til Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins árið 1979 og leysti hún smám saman svæðisnefndina af hólmi. Það tókst þrátt fyrir það ekki betur en svo að þetta samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu með Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins rann smám saman út í sandinn og 1986 ákváðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að hætta þessu samstarfi. Nú er aftur komið í sama farið og var fyrir 1960, að samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á sviði skipulagsmála er aldeilis ófullnægjandi. Það má því spyrja þeirrar spurningar hvort nauðsynlegt sé að hafa einhverja yfirstjórn á sviði skipulagsmála, sérstaklega þegar lýtur að samræmdu skipulagi landshluta og stórra svæða sem ríkisvaldið verður þá að hafa frumkvæði að þegar sveitarfélögin koma sér ekki saman um með hvaða hætti skuli hafa slíkt samræmt skipulag.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson beindi til mín þeirri spurningu — eða kannski má segja að hann beindi þeirri spurningu almennt til þingsheims — hvort ekki væri verið að stofna til óþarfa útgjalda með stofnun umhverfisráðuneytis og taldi að heildarkostnaður fyrir árið 1990 yrði 60 millj. kr. vegna þátttöku Íslendinga í þessu svokallaða mengunarvarnafjárfestingarfélagi Norðurlandanna. Þetta er eins og ég gat um áðan á misskilningi byggt þar sem enn þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um það að Íslendingar gerist aðilar að Fjárfestingarfélagi Norðurlandanna á sviði mengunarvarna. Enn fremur, ef ákvörðun um slíkt verður tekin, þá er framlag Íslendinga að vísu 26 millj. kr. en það greiðist á sex árum og framlagið verður því 5 millj. kr. á næsta ári. Svo get ég ítrekað það enn þá einu sinni að þátttaka Íslendinga í þessu Fjárfestingarfélagi Norðurlandanna á sviði mengunarvarna tengist ekki beinlínis stofnun nýs umhverfisráðuneytis og ég ítreka það aftur að að öllum líkindum mundu Íslendingar taka ákvörðun um að gerast þátttakendur í þessu félagi hvort sem hér væri verið að stofna umhverfisráðuneyti eða ekki.

Um varnir gegn mengun sjávar. Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort ekki væri nauðsynlegt að þær yrðu áfram í tengslum við Siglingamálastofnun og þannig í tengslum við sjávarútveginn. Þess má geta að ég hef átt um þetta viðræður við forstöðumann Siglingamálastofnunar og hann telur að þó að mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar heyri undir umhverfisráðuneyti en Siglingamálastofnun að öðru leyti heyri undir samgrn. þá ætti að vera auðvelt að

hafa gott samstarf við bæði umhverfisráðuneyti og samgrn. og stofnunin sem slík gæti eftir sem áður starfað nánast óbreytt. Það þyrfti ekki að verða mikil breyting á starfsháttum stofnunarinnar, a.m.k. ekki fyrst um sinn. Hann telur ekki nein vandkvæði á þessari tilhögun.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir spurðist fyrir um fund sem var haldinn á mánudaginn var með fulltrúum bandarískra sendiráðsins. Reyndar var bandarískri sendiherrann sjálfur hvatamaður að því að þessi fundur var haldinn, en hann var haldinn til að ræða hugmynd sem upp hefur komið um að hér á Íslandi yrði sett á stofn alþjóðleg umhverfisrannsóknamiðstöð sem er ætlað miklu víðtækara hlutverk en hv. þm. taldi. Ég vil hins vegar flýta mér að undirstrika það að hér er um mjög lauslegar hugmyndir að ræða og þessi fundur var haldinn til þess að gefa fulltrúum þeirra stofnana og þeirra vísindamanna, sem tengjast þessu máli beint eða óbeint, tækifæri til að segja hug sinn til þessarar hugmyndar. Hvort þeim virðist þetta vera skynsamleg hugmynd, að hér rísi slík stöð, hvort hún muni eitthvað geta greitt götu þeirra rannsókna sem æskilegt væri að hér færu fram og/eða hvort hún mundi nokkuð rekast á þær rannsóknir sem fara fram nú þegar á vettvangi ýmissa stofnana sem hér eru. Ég vildi þess vegna aðeins skýra frá því hér að verið var að ræða þessar hugmyndir á algeru frumstigi og aldeilis óvíst hvort nokkuð frekar verður úr þessu. Ég tel hins vegar sjálfur að hér sé um mjög áhugaverða hugmynd að ræða.

Mig langar til að lýsa því í örstuttu máli hvernig ég sé þessa hugmynd fyrir mér. Um það er talað að hér gæti risið alþjóðleg umhverfisrannsóknamiðstöð fyrir umhverfi Norður-Atlantshafsins. Þá er bæði talað um hafsvæðið sjálft, þ.e. sjóinn og ekkert síður loftið, þ.e. lofthjúpinn yfir Norður-Atlantshafinu. Því er verið að fjalla t.d. um langtímaveðurathuganir, lofthjúpsmælingar, ósonmælingar, mælingar á hafstraumum og lífríki hafsins, mælingar á geislavirkni í Norður-Atlantshafinu, t.d. af völdum umferðar kjarnorkuknúinna farartækja, getum við sagt, og margt fleira.

Það er kannski ekki hugmynd manna að hér verði einhver hópur vísindamanna sem tengist slíkri stofnun og stundi allar slíkar rannsóknir hér við stofnunina, heldur fái hún fremur samræmingarhlutverk, að stuðla að samstarfi hinna fjölmörgu stofnana sem eru bæði hér á landi, í Bandaríkjunum, í Kanada, í Noregi, í Danmörku og í Englandi, en það eru þau lönd sem helst var talið að kynnu að hafa áhuga á því að slík rannsóknamiðstöð risi hér. Ég tel að hér sé um mjög athyglisvert og fróðlegt verkefni að ræða og sjálfsagt að sinna því með þeim hætti sem hér er verið að stinga upp á að verði gert, þ.e. að menn rannsaki kosti og galla þessarar hugmyndar, en að öðru leyti er þetta eins og ég segi bara fyrstu lauslegu hugmyndir manna um þetta mál og engar ákvarðanir hafa verið teknar um framhaldið.

Það var minnst aftur á það sem ég greindi frá í ræðu minni síðast þegar við ræddum umhverfismálin. Þar sagði ég m.a. frá því að Norðmenn hefðu stofnað sérstakt þróunarmálaráðuneyti. Það var nú til skýringar á því að við höfum rætt töluvert mikið um lagalegan grundvöll þess að hér verði stofnað umhverfisráðuneyti og að hér verði til umhverfisráðherra. Ég er út af fyrir sig sjálfur alveg sammála því að það er mjög hollt og gott fyrir okkur að hafa stranga löggjöf um Stjórnarráð Íslands. Að það þurfi lagabreytingu sem hér er verið að leggja til á stjórnarráðslögunum til þess að mynda nýtt ráðuneyti. Hins vegar er það athyglisvert að þetta er mjög losaralegt hjá öðrum þjóðum. Þannig sögðu Norðmenn mér frá því að í norskum lögum væru engin ákvæði þess efnis að það þurfi lagabreytingu til að búa til ný ráðuneyti. Þeir segja mér, Norðmenn, að það komi nánast fram við myndun nýrrar ríkisstjórnar. Ef mönnum sýnist svo að þeir vilji stofna einhver ný ráðuneyti þá sé það gert í stjórnarsáttmálanum. Það þurfi enga lagabreytingu þar til. Þeir geti búið til ráðuneyti og nýja ráðherra eins og þeim sýnist. Þetta sama segja Danir mér að gildi í Danmörku, að það þurfi engar lagabreytingar til þess að búa til ný ráðuneyti eða nýja ráðherra. Þeir eiga þess vegna svolítið erfitt með að skilja þennan vandræðagang hér hjá okkur Íslendingum. Þrátt fyrir það held ég að við eigum að vera ánægð með að við skulum þó a.m.k. hafa þetta í svona föstum farvegi, að það þurfi vandaðan undirbúning og lagabreytingu til að koma þessu á. Ég held að við getum verið sammála um að við getum verið ánægð með þá tilhögun mála að það sé ekki æskilegt að hafa þetta jafnopið og laust eins og þetta virðist vera víða erlendis, í nágrannalöndum okkar.

Að lokum kom hv. þm. Ingi Björn Albertsson inn á nokkur mál sem ég veit ekki hvort ég á að taka sem spurningar, m.a. varðandi þá ráðstefnu sem var í Frankfurt í síðustu viku þar sem voru til umræðu umhverfismál og heilbrigðismál, ekki heilbrigðismál eingöngu heldur jafnhliða því umhverfismál. Ráðstefnan fjallaði fyrst og fremst um það sem er sameiginlegt með þessum tveimur málaflokkum og með hvaða hætti umhverfið og heilbrigðismálin geta tengst til þess að árangur náist t.d. í heilbrigðismálum. Með því að stuðla að hreinu umhverfi geti það leitt af sér bætt heilsufar. Við ræddum þetta frá ýmsum hliðum og mér fannst hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gera efni ráðstefnunnar og því sem þar fór fram ágæt skil í langri ræðu sem hún flutti hér síðast þegar við ræddum umhverfismálin þannig að ég vísa til þess sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði. Mér fannst hún greina ágætlega frá því sem þarna fór fram. Ég held að hv. þm. hafi kannski ekki alveg farið rétt með hvað var haft eftir mér, reyndar ekki í sjónvarpinu í kvöld heldur í útvarpinu, en þar taldi ég að hér væri um forgangsmál ríkisstjórnarinnar að ræða og það hlyti að sjálfsögðu sem önnur forgangsmál ríkisstjórnarinnar að fá þinglega meðferð áður en við færum í frí sem ég skal ekkert segja um hvenær verður. Það er ekki í mínum verkahring að stjórna þinghaldi hér og ég get þess vegna ekkert

um það sagt, en ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að afgreiða þetta mál því að undirbúningur að því hefur verið mjög rækilegur. Það er búið að leita umsagna allra þeirra aðila sem tengjast þessu máli þannig að í sjálfu sér ætti að vera ofur auðvelt að afgreiða þetta mál ef menn hafa til þess vilja. En það verður auðvitað að fá sína þinglegu meðferð og svo verður að reyna á hvernig til tekst.

Ég held að ég hafi hér í nokkrum orðum reynt að svara þeim spurningum sem til mín var beint og sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð öllu fleiri en að sjálfsögðu mun ég reyna að svara ef til mín verður beint frekari spurningum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hæstv. ráðherra Hagstofu hefur svarað mörgum af þeim spurningum sem fram hafa komið. Þó eru nokkrar sem sérstaklega var beint til mín og skal ég reyna að svara þeim í stuttu máli.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson ræddi um að ekki kæmi fram fullnægjandi skilgreining á „umhverfi" í frv. Það er rétt að hér er fylgt þeirri reglu sem fylgt hefur verið í lögum um Stjórnarráð Íslands að skilgreina ekki í lögum hvað t.d. félagsmál eru eða iðnaðarmál eða heilbrigðismál og fjölmargt fleira. Þetta er vissulega umhugsunarvert en þeir lögfróðustu menn sem létu semja og sömdu lögin um Stjórnarráð Íslands munu ekki hafa talið það rétt. Skilgreining kemur óbeint fram í þeirri verkefnaupptalningu sem er reyndar í sumum tilfellum heldur losaraleg með lögum um Stjórnarráð Íslands en er þó nokkur. Hins vegar er gerð tilraun til að skilgreina þetta í grg. með frv. og ef ég má, með leyfi forseta, lesa úr grg.:

„Ræðst skilgreining því af þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið falla. Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um hvaða málefni eigi að telja til umhverfismála. Tvennt virðast menn þó sammála um, annars vegar að um sé að ræða mál sem snerta hið ytra umhverfi mannsins, hins vegar að markmið lagareglna um umhverfismál sé að stuðla að vernd náttúrunnar og þróun hennar eftir eigin lögmálum, þannig að afskipti mannsins valdi þar sem minnstum spjöllum. Þegar talað er um umhverfi mannsins einskorðast það ekki við náttúrulegt umhverfi, heldur tekur það einnig til þess þáttar umhverfis sem gerður er af mannavöldum. Samkvæmt þessu má segja að meginþættir umhverfismála og umhverfisverndar séu mengunarvarnir, náttúruvernd og skipulagning. Hugtakið ber samkvæmt þessu að skýra mjög rúmt, enda tekur það til líffræðilegra, efnafræðilegra og félagslegra atriða sem geta haft áhrif á heilsu manna."

Mér er kunnugt um það að ýmsir vildu gjarnan reyna að skilgreina þetta ítarlegar eins og Félag ísl. náttúrufræðinga mun hafa bent á, en eftir að um þetta hafði verið allítarlega fjallað varð niðurstaðan sú eins og ég sagði áðan að fylgja þeirri hefð sem er í lögum um Stjórnarráð Íslands en gera þó þessa tilraun hér í grg. Ég veit að um skilgreiningu á umhverfi mætti eflaust gefa vísindalegar skýrslur og hafa eflaust fjölmargar verið skrifaðar. Í þeim tveimur frv. sem hér er um að ræða kemur jafnframt fram mjög ítarleg upptalning á verkefnum þessa fyrirhugaða ráðuneytis og ég leyfi mér að fullyrða töluvert ítarlegri en er að finna um önnur ráðuneyti sem um er getið í lögum um Stjórnarráð Íslands.

Hv. þm. spurði hvort ekki hefði verið haft samráð við sveitarstjórnir. Jú. Þetta var sent einnig til umsagnar hjá samtökum sveitarfélaga. Þaðan barst ekki skriflegt svar, hins vegar munnlegt svar þar sem framkvæmdastjórinn upplýsti að hann sæi ekki ástæðu til að senda inn skriflegt svar og veit ég ekkert nánar hvernig á því stendur en um það getur nefndin náttúrlega aflað sér nánari upplýsinga.

Hv. þm. varpaði fram efasemdum um það hvort Hollustuverndin ætti öll að flytjast undir þetta ráðuneyti. Ég tek undir þessar efasemdir hv. þm. og gat þeirra í framsöguræðu minni. Ég féllst á að leggja málið svona fram þar sem nefndin varð sammála um það enda yrði þetta atriði athugað í þingnefnd. Þarna er um eitt af þeim ýmsu atriðum að ræða þar sem hlutirnir skarast og verður aldrei hægt að fyrirbyggja og er ekki í dag. Það eru fjölmörg atriði hjá framkvæmdarvaldinu sem skarast og kemur iðulega til kasta forsrh. að skera úr um. Þarna er að sjálfsögðu stofnun sem í dag fjallar bæði um ytra umhverfi, mengun þess o.s.frv. en einnig um eiturefni í matvælum og þar með áhrif þeirra á manninn. Þetta þarf að athuga vandlega og mér er kunnugt um að innan Hollustuverndarinnar eru skiptar skoðanir um þetta. Eftir að fram kom það frv. sem ég flutti hér á hinu háa Alþingi í vor varð um þetta töluverð umræða því í því frv. var gert ráð fyrir að skipta Hollustuverndinni og þá voru ýmsir sem andmæltu því og töldu þetta rangt en mér er sagt að það sé kannski að snúast á hinn veginn núna sem sýnir að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða.

Hæstv. ráðherra Hagstofu hefur rætt um skipulagsmálin og skal ég ekki fara mörgum orðum um þau, en ég sé út af fyrir sig ekki að samstarf umhverfisráðuneytis við sveitarfélögin um skipulagsmál þurfi að vera neinum frekari erfiðleikum bundin, ef ég má orða það svo, en samstarf félmrn. við sveitarfélögin. Það sem þetta þýðir er að umhverfisþátturinn kemur ríkari inn í þetta samstarf, er undirstrikaður með því að fela umhverfisráðuneytinu yfirstjórn þessara mála.

Hv. þm. nefndi fundinn frá 1987 og það er rétt að enginn fór á þann fund. Ég var þá utanrrh. og mér var ljóst að ég dekkaði, ef má nota það orð, ekki þau fjölmörgu umhverfisatriði sem þar átti að ræða og þegar litið var á þetta mál, kom í ljós að 3–4 ráðherrar frá Íslandi þurftu að fara til að það væri sæmilega gert. Við erum eina landið innan EFTA sem ekki er með sérstakan ráðherra sem með þessi mál fer. Hins vegar má segja að vitanlega hefði verið hægt að velja einhvern ráðherra til að fara en þetta tók nokkurn tíma og mér varð ekki ljóst fyrr en um seinan að engum ráðherra hafði verið falið að sækja þennan

fund, og það var slæmt. Það var tekið eftir því að Ísland var ekki á þessum fundi. Í mínum huga sannfærði það mig m.a. um að rétt væri að hafa svipaðan hátt á og önnur lönd og fela einum ráðherra yfirábyrgð þessara mála.

Hv. þm. Pálmi Jónsson kom víða við í ítarlegri og athyglisverðri ræðu sinni. Hann er ekki hér staddur og skal ég ekki lengja fundinn mjög með því að ræða margt sem þar kom fram. Þó er eitt atriði sem ég get ekki annað en nefnt. Hann eyddi töluverðum tíma í að skýra frá fundi í kjördæmissambandi framsóknarmanna á Suðurlandi. Hann var að vísu ekki staddur þar en gerði samt ítarlega grein fyrir honum en á þann máta að ég tel nauðsynlegt að leiðrétta. Það er rétt sem hann sagði að ég sagði þar að Skógræktin og Landgræðslan yrðu ekki fluttar frá landbrn. Hins vegar tók ég skýrt fram, eins og ég hef alltaf gert, að umhverfisráðuneyti yrði að hafa möguleika og heimild til að grípa inn í þar sem hætta væri á alvarlegum umhverfisspjöllum, þ.e. gróðureyðingu eða t.d. eyðingu kjarrs. Ég hygg að það hafi verið nokkurn veginn með þessum orðum sem ég greindi frá því. Og ég tel að með þeim leiðarvísi sem er að finna hér í grg. um skiptingu þessara mála sé einmitt leitast við að rata þessa braut.

Nú er eftir að vinna þetta mál mikið og vitanlega er ljóst að, við skulum segja t.d. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er langsamlega stærsta stofnunin með rannsóknir á öllum þessum sviðum og það er engin breyting gerð á henni. Það er eingöngu verið að undirstrika að umhverfisráðuneytið verður að hafa tök á sjálfstæðum athugunum og rannsóknum á því hvernig horfir með þessa mikilvægu auðlind okkar, landið sjálft, til þess m.a. að geta gripið í taumana. Mig minnir að það hafi verið hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sem sagði réttilega að rofabörðin væru einhvers konar minnisvarði eða tákn um það hvað við hefðum gengið óvarlega um landið. Í mínum huga er það stærsta umhverfisverndarmálið hér, þó að mörg önnur séu stór, að koma í veg fyrir að meira fjúki á sjó út af takmörkuðum jarðvegi þessa lands.

Um annað sem kom fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar vil ég aðeins nefna þetta með undirbúning frv., m.a. vegna þess að það kom fram hjá fleiri hv. þm. Það er ekki hægt að segja að þessi mál hafi ekki verið rædd lengi. Þau hafa verið rædd mjög lengi. Á þinginu 1977–1978 mun hafa verið lagt fram frv. sem þáv. forsrh. Geir Hallgrímsson lét undirbúa. Formaður í þeirri nefnd sem það vann var Gunnar Schram prófessor. Í 5. gr. þess frv. segir m.a. að stjórn umhverfismála skuli vera í sérstakri stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands. Þarna er ekki flutt frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands á því stigi heldur farin sú leið sem við hugðumst fara á síðasta þingi, að flytja frv. um umhverfismálin án þess að breyta með sérstökum lögum Stjórnarráði Íslands. Það kæmi þá á eftir. Hins vegar við nánari athugun, og m.a. eftir umræður hér á Alþingi sl. vetur, var ákveðið að breyta þessu í það form sem það er nú og er að sumu leyti miklu heillegra og tekur miklu ítarlegar á þessum málum en nokkurt annað frv. sem samið hefur verið. Ég tek það fram að ég hef farið í gegnum þau öll og þau er mörg mjög athyglisverð. Og eftir að þetta frv. er lagt fram árið 1978 — mig minnir að sú ákvörðun hafi verið tekin í ríkisstjórninni 28. apríl 1978, að flytja þetta frv. — eru síðan samin fjölmörg frv., sem sum hver hafa verið lögð hér fram. M.a. lögðu hv. sjálfstæðismenn fram allt annað frv. en þeir flytja nú fyrir tveimur til þremur árum sem byggir á því frv. sem Gunnar Schram samdi á sínum tíma. Ég ætla hins vegar ekki að fara að lengja umræðuna með því að rekja þetta allt enda hygg ég að ýmsum hv. þm. sem eru hér staddir, a.m.k. þeim sem hafa setið hér lengur, sé þetta nokkuð vel kunnugt.

Töluvert hefur verið um það rætt og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vildi vita nánar um það bréf sem hér hefur verið vísað til þar sem ég skrifaði og fól hæstv. ráðherra Hagstofu að hafa yfirumsjón með umhverfismálum. Heimatökin voru hæg hjá mér því að fordæmið er til í forsrn., bréf sem skrifað er 28. apríl 1978 af Geir Hallgrímssyni þáv. forsrh. þar sem hann felur Gunnari Thoroddsen félmrh. að fara með yfirumsjón umhverfismála og flytja reyndar frv. þaðsem þá hafði verið samið. Ég gekk ekki alveg svo langt því ég flutti frv. sjálfur, enda hafði ég unnið að undirbúningi þess áður. Í þessu bréfi er farið eftir fyrra bréfi og tekið skýrt fram að hæstv. ráðherra sé falin yfirumsjón þessara mála sem ekki eru falin öðrum ráðherrum samkvæmt sérstökum lögum. Þetta er tekið fram. Um alls konar misskilning sem af þessu hefur orðið skal ég ekki fara mörgum orðum, þykir hann ákaflega leiður. Hæstv. ráðherra Hagstofunnar hefur skýrt hvernig hann varð á umræddri ráðstefnu og skal ég ekki fara um það fleiri orðum. Vitanlega er sjálfsagt að fá þetta bréf ef þingmenn óska. Nefndin getur fengið það. Á því eru vitanlega engin vandkvæði.

Hv. 5. þm. Austurl. bað um skipurit af Stjórnarráði Íslands. Hann lýsti því oft að við værum tveir verkfræðingar í ríkisstjórn. Ég held að það sé í fyrsta sinn sem í ríkisstjórn sitja tveir verkfræðingar og fátítt að þar situr enginn lögfræðingur, eins og í þessari og síðustu ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Það sér nú á.) Nei, við höfum ótalmarga góða lögfræðinga til að leita til og höfum gert það í ríkum mæli, marga ágæta lögfræðinga og höfum þá allt í kringum okkur sem betur fer því að þeir eru ómissandi. Ég skal athuga hvort ekki má útvega hv. þm. skipurit. Hins vegar vil ég sem verkfræðingur segja að skipurit eitt sér segir aldrei alla söguna. Það er aðeins ytri ramminn sem skipuritið getur sýnt, nema menn vilji fara út í eitthvað sem þekur alla veggi og meira til, því aldrei er unnt að sýna á skipuriti endanlega hvar hlutirnir skarast að einhverju leyti. Ég sagði áðan að stöðugt koma upp skaranir í Stjórnarráðinu sem aldrei er í raun hægt að fyrirbyggja með neinu skipuriti. En ég skal sjá til hvort ekki er unnt að ná saman svona skipuriti því ég sem verkfræðingur er sammála hv. þm. um að skipurit eru sem ytri rammi mjög þægilegt tæki til að gera sér grein fyrir hvernig hlutunum er skipað, hvernig hlutunum er háttað.

Eins og ég sagði áðan mætti vitanlega flytja mjög

langt mál. Það hefur verið gert. Ég flutti að vísu ekki mjög langa framsöguræðu en ég tel mig hafa nefnt þar flest mikilvægustu atriðin og inn á þau hefur aftur verið komið.

Ég vek athygli á því að þetta mál var sent til umsagnar -- ég man reyndar ekki hvað þeir voru margir — en það voru tugir sem fengu þetta til umsagnar. Fyrir liggja óhemju gögn svo að ég er viss um að áhugasamir nefndarmenn geta fengið mjög mikið að lesa ef þeir hafa ekki lesið það þegar, og það verður áreiðanlega allt til reiðu ef þeir hafa ekki þegar fengið það. Ég held því að þetta þurfi ekki að taka mjög langan tíma, menn eru fljótir að kynnast svona málum og eftir marga fundi um þetta mál og miklar umræður eru þeir sem hér hafa talað augljóslega mjög vel að sér um þetta mál.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson sagði að hann væri að undirbúa sig undir það að óska hæstv. ráðherra Hagstofu til hamingju með að verða umhverfisráðherra og gengur út frá því að það verði að lögum. Það virðist nokkuð ljóst því mikill meiri hluti Alþingis hefur lýst sig fylgjandi þessu máli. Ég vona að sú hv. nefnd sem fær málið til meðferðar hraði því afgreiðslu þess svo að heillaóskir megi komast til skila sem allra fyrst.

Ólafur G. Einarsson:

Það er langt liðið á kvöld og ég skal ekki flytja hér langt mál. Þar fyrir utan höfum við sjálfstæðismenn sérstaklega verið ásakaðir fyrir að vera að tefja þetta mál. Þær ásakanir komu að vísu ekki fram hjá hæstv. ráðherrum sem hér hafa talað í kvöld en þær hafa komið fram við önnur tækifæri og þótt ásakanirnar um tafir af hálfu sjálfstæðismanna hafi ekki verið bornar fram hér og nú ætla ég að nota þennan vettvang til að mótmæla slíkum ásökunum alveg sérstaklega.

Í Tímanum í gær var viðtal við hæstv. ráðherra Hagstofu þar sem haft er eftir honum, með leyfi hæstv. forseta: „Júlíus sagði að sér þættu tilburðir stjórnarandstöðunnar við að tefja og hindra þetta mál í umræðum um umhverfisráðuneyti vera aumkunarverðir. Hann minntist sérstaklega á sjálfstæðismenn í því sambandi og sagði þá í aðra röndina þykjast bera umhverfismál fyrir brjósti sér en á hinn bóginn gerðu þeir allt sem í þeirra valdi stæði til þess að koma í veg fyrir að þessum málaflokki yrði skipað með þeim hætti að einhver árangur hlytist af."

Þessum ummælum hæstv. ráðherra vil ég mótmæla. Það er ekki sök sjálfstæðismanna að þetta mál er ekki komið lengra hér í hv. deild en raun ber vitni. Það var tekið hér fyrst til umræðu þann 8. nóv. og síðan liðu 20 dagar þar til aftur var tekið til við málið í 1. umr. Og ástæður voru ósköp einfaldar: Það voru fjarvistir hæstv. ráðherra, fyrst hæstv. forsrh. og fyrst og fremst þá fjarvistir hæstv. forsrh. Og ég vil taka það fram að ég hef í þessari umræðu ekkert sérstaklega saknað hæstv. ráðherra Hagstofu vegna þess að hann er enginn aðili að þessu máli nema að vísu sem ráðherra í ríkisstjórninni. Ég hef því ekkert kvartað sérstaklega undan því þótt hann hafi verið fjarverandi en það hafa að vísu aðrir gert og reyndar beint til hans fyrirspurnum þannig að það hefur verið eðlilegt að málinu hafi verið frestað vegna fjarvista hans líka. Mér telst svo til að þetta mál hafi verið sjö sinnum á dagskrá. Þetta er áttunda sinnið sem málið er á dagskrá og þetta er í fjórða sinn sem tekið er til við að ræða það. Fjórum sinnum hefur ekki verið hægt að ræða það vegna fjarvista ráðherra. Ég vísa því sem sagt alfarið á bug að ástæður þess að málið er ekki lengra komið séu tafir af hálfu sjálfstæðismanna, og nóg um það.

Hæstv. ráðherra Hagstofu sagði einnig þetta í þessu Tímaviðtali, með leyfi hæstv. forseta: „Það er eiginlega erfitt að átta sig á þeirra afstöðu," sagði Júlíus, „nema þá að þeir telji að umhverfismál séu málaflokkur sem ekki eigi að leggja neina áherslu á og þar af leiðandi ekkert að sinna. Menn geta velt því fyrir sér hvort það sé skýringin á hegðun þeirra, eða er skýringin bara sú að þeir séu hér í einhverju pólitísku upphlaupi að reyna að sprengja stjórnarsamstarfið?"

Mér sýnist nú á öllu að það þurfi eitthvað meira til en að smátafir verði á stofnun umhverfisráðuneytis að þetta samstarf stjórnarflokkanna springi í loft upp. Ég sé ekki nein sérstök merki þess, þannig að menn geta þess vegna verið alveg rólegir þótt menn þurfi aðeins að fara betur yfir þetta frv.

Ég vísa því líka á bug í þessu samtali að sjálfstæðismönnum þyki þetta vera málaflokkur sem ekkert þurfi að sinna. Í því sambandi nægir mér aðeins að vísa til þess að ekki hafa aðrir sinnt þessum málaflokki meira með málflutningi hér á þingi og flutningi frv. en einmitt sjálfstæðismenn. Þegar á árinu 1975 skipaði þáv. forsrh. Geir Hallgrímsson nefnd til þess að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Síðan hafa öðru hverju verið flutt um þetta frv., nú síðast í upphafi þessa þings af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. Það frv. hefur hvílt í allshn. þessarar hv. deildar í góðu samkomulagi við okkur flm. vegna þess að vitað var að frv. um sama efni, þótt allt öðruvísi væri, kæmi frá ríkisstjórninni. Þess vegna hefur það frv. ekki verið til neinnar meðferðar í hv. allshn. Það var einfaldlega samkomulag um að þessi frv. skyldu athuguð í samhengi hvort við annað. Og svo verður gert.

Hæstv. ráðherra Hagstofu þótti ekkert vera því til fyrirstöðu að afgreiða þetta mál hér frá Alþingi fyrir þinghlé. Ég held að hann hafi komist svo að orði: fyrir þinghlé. Nú veit ég ekki alveg hvað menn eiga við með þinghlé. Ef átt er við fyrir jól veit ég að hæstv. ráðherra er alveg ljóst að það getur ekki gengið. Það getur einfaldlega ekki gengið. Ef hann á hins vegar við þinghlé einhvern tímann í janúar má það vel vera. Ég skal ekki fullyrða neitt um það. En mér sýnist málið vera það viðamikið að vinna í þingnefndum hljóti að taka nokkurn tíma. Þar breytir engu þótt umsagnir liggi þegar fyrir frá ýmsum aðilum. Að vísu hef ég ástæðu til að ætla að þær umsagnir eigi ekki nákvæmlega við þetta frv. eins og

það varð í endanlegum búningi, en margt í þeim umsögnum á alveg efalaust við. Það tekur tíma að fara í gegnum þær og auðvitað tekur líka tíma að ræða við fjölda manna sem þetta mál varðar og eiga að búa við þetta skipulag umhverfismála sem hér er lagt til. Það er alveg útilokað annað en að þingnefndir fái tíma til þess að ræða við þá aðila alla.

Ég skil það og veit að þetta er forgangsmál hjá ríkisstjórninni. Því hafa hæstv. ráðherrar skýrt frá og kemur það stjórnarandstöðu ekkert sérstaklega á óvart. En ég ítreka það aðeins að þótt um forgangsmál sé að ræða hlýtur meðferð þess að taka allnokkurn tíma og ef það á að vera forgangsmál númer eitt sýnist mér að ýmis mál sem ég þykist jafnframt vita að ríkisstjórnin leggi áherslu á að nái fram að ganga verði að víkja. Svona einfalt er þetta nú í mínum huga.

Ég skal ekki hafa þessi orð mikið fleiri. Það er að vísu svolítið freistandi að gera málflutning hæstv. ráðherra Hagstofu svolítið að umtalsefni. Hann er að berjast hér fyrir stofnun umhverfisráðuneytis ásamt félögum sínum í ríkisstjórninni. Þetta ráðuneyti kostar nokkra tugi millj. kr. — það er staðreynd — þegar á fyrsta ári. Það vita líka allir sem vilja vita að auðvitað fer þetta alveg nákvæmlega eins hér eins og hefur gerst í nágrannalöndum okkar þar sem umhverfisráðuneyti hafa verið stofnuð, að þetta verður að bákni. Hæstv. ráðherra er hins vegar alveg sammála þeim sem gagnrýna þessi bákn og segist alls ekki geta hugsað sér það að vera að stuðla hér að stofnun einhvers bákns, en svona verður það. Hann tekur sem sagt undir þá gagnrýni. Hæstv. ráðherra var líka sammála því að það þyrfti að gilda ströng löggjöf um Stjórnarráð Íslands. Samt ætluðu þessir háu herrar að gera hæstv. ráðherra Hagstofu að umhverfisráðherra án þess að sett yrði nokkur sérstök löggjöf, voru jafnvel að hugsa um bráðabirgðalög í því sambandi. Nú þýðir ekki að hrista höfuðið. Þetta er allt saman til á blöðum og hefur ekki verið mótmælt. Þeir féllu hins vegar frá því sem betur fer, sem betur fer.

Hæstv. ráðherra Hagstofu minntist hér á hversu einfalt þetta væri í Noregi — honum hafði að vísu verið sagt það og það er vont að fara eftir sögusögnum. Ég hef ekki hér undir höndum neitt sem getur sannað þá fullyrðingu mína að þetta sé ekki svona einfalt í Noregi eins og hæstv. ráðherra vill vera láta. Ég held að ég viti það rétt — og ætla þó ekki að fullyrða neitt — að við myndun síðustu ríkisstjórnar í Noregi var ákveðið að stofna sérstakt ráðuneyti og tiltekin persóna var ákveðin sem ráðherra yfir því ráðuneyti. En ég veit ekki betur en að þeim hafi þar verið alveg ljóst að það yrði að fá um það sérstaka löggjöf og ég held að sú löggjöf sé ekki komin í gegnum Stórþingið og þessi persóna sem á að taka við þessu ráðuneyti hefur ekki tekið sitt sæti í ríkisstjórninni. Þetta er nú eftir því sem ég best veit en þeir hafa kannski ekki átt neina Hagstofu upp á að hlaupa svona á meðan ekki væri búið að koma þessari löggjöf á.

Svona er þetta nú eftir því sem ég best veit, en það er sjálfsagt að hafa það sem sannara reynist. Ef þetta er eins og hæstv. ráðherra segir tek ég þessi orð mín aftur. En þótt það væri svo í Noregi eða Danmörku er það ekki neitt sem við eigum að taka okkur til fyrirmyndar. Ég er alveg sammála því sem hæstv. ráðherra Hagstofu sagði að við eigum að hafa hér skýra og ákveðna löggjöf um Stjórnarráð Íslands og ekkert að vera að framkvæma neitt sem er vafasamt. Þar vona ég að við séum alveg sammála.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Þetta mál fer nú til þingnefndar, hefði mín vegna mátt vera komið þangað fyrir lifandi löngu, og þar verður þetta allt tekið til rækilegrar meðferðar. Þar eru áhugasamir menn eins og hæstv. forsrh. talaði um áðan. Þar eru áhugasamir menn um þessi mál og þeir munu kynna sér rækilega þær umsagnir sem þegar liggja fyrir. Þeir munu afla sér nýrra gagna og hlýða á málflutning þeirra fjölmörgu aðila í þjóðfélaginu sem eiga að búa við þetta skipulag eða annað. Ég er ekki alveg viss um að það verði einmitt þetta sem við komum til með að búa við og vona satt að segja að menn eigi eftir að skoða hug sinn betur vegna þess að ég er sannfærður um að við erum ekki að fara hér inn á rétta braut, þá braut sem ríkisstjórnin vill fara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

29. fundur, fimmtudaginn 14. des., kl. 12 á hádegi.

Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, ein umr.

Fsp. JE, 187. mál. — Þskj. 212.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 212 að leggja svohljóðandi fsp. fyrir hæstv. menntmrh.:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi?"

Þessi ályktun var upphaflega flutt af hv. varaþm. Finni Ingólfssyni og fleiri þm. með honum og niðurstaða Sþ. 11. maí 1988 var að samþykkja svohljóðandi till.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfsemi. Leitað verði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000."

Ég get svo sem haft um þessa fsp. og þál. langt mál en ætla ekki að gera það. Fsp. skýrir sig sjálf og ég vænti þess að fá svar frá hæstv. menntmrh.: Hvað líður framkvæmd á þessari ágætu þál.?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hinn 16. des. 1988 skipaði ég nefnd til að kanna áhrif og mikilvægi íþrótta og æskulýðs- og tómstundastarfsemi fyrir landsmenn og gera tillögu að stefnumótun í þessum málaflokkum til ársins 2000.

Í nefndinni eiga sæti Árni Guðmundsson æskulýðsfulltrúi, Hafnarfirði, formaður, Hermann Sigtryggsson íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, tilnefndur af ÍSÍ, Hólmfríður Garðarsdóttir framkvæmdastjóri, Elís Þór Sigurðsson íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, Unnur Stefánsdóttir verkefnastjóri, Lovísa Einarsdóttir íþróttakennari, Alfreð Gíslason sagnfræðingur, Jóhanna Leópoldsdóttir skrifstofustjóri, sem er ritari nefndarinnar, og Janus Guðlaugsson námsstjóri.

Í tilefni af fsp. hv. þm. fór ég þess á leit við formann nefndarinnar að hann gerði í stuttu máli grein fyrir stöðu mála og mér barst svar frá formanni nefndarinnar sem er dagsett 4. des. sl. og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nú er verið að leggja síðustu hönd á drög að frv. að lögum um æskulýðsmál. Drög þessi voru til umsagnar hjá æskulýðssamtökum innan Æskulýðssambands Íslands og innan Æskulýðsráðs ríkisins frá miðjum september. Upphaflegur frestur var þrjár vikur en vegna eindreginna óska frá ýmsum samtökum, einkum íþróttahreyfingunni, var fresturinn lengdur um fjórar vikur, til 31. okt. Um þessar mundir er verið að vinna úr umsögnum.

Samhliða vinnu við drög þessi hefur nefndin verið að vinna álit hvað varðar almenna stefnumörkun á sviði æskulýðs-, íþrótta- og tómstundamála til ársins 2000. Áætlað er að nefndin skili af sér á næstu vikum."

Aðalbreytingarnar í þeim drögum að breyttum æskulýðslögum sem liggja fyrir eru þær að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Æskulýðsráð ríkisins verði lagt niður og að yfirstjórn æskulýðsmála verði færð til félaganna sjálfra. Í drögum að frv. er gert ráð fyrir að starf æskulýðsfulltrúa ríkisins verði ekki lagt niður en ég tel fyrir mitt leyti að það komi einnig til greina að fella það starf niður og flytja þá starfsemi alfarið til æskulýðshreyfingarinnar í heild.

Varðandi íþróttaþáttinn er svo því við að bæta, virðulegi forseti, að ég hef lagt á það áherslu að unnið verði í nánu samstarfi við stefnumótunarnefnd Íþróttasambands Íslands, sem vinnur einmitt að tillögugerð um aðaláherslur í íþróttamálum til ársins 2000.

Ég vænti þess að hv. fyrirspyrjanda og þingheimi sé ljóst af þessu svari að unnið er að málinu í samræmi við þá þál. sem Alþingi samþykkti og hv. þm. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., vitnaði til í ræðu sinni hér áðan.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég sé að hann hefur brugðið við og skipað nefnd til að vinna að þessum málum og ég vænti þess að hún standi við það að skila af sér núna á næstu vikum. Ég held að hér sé um eitt af mikilvægari málum æskulýðs í þjóðfélaginu að ræða, bæði að því er varðar æskulýðsstarfsemi og íþróttamál og mikið forvarnarstarf og félagsmálastarf er unnið á þessum vettvangi. Ég ætla ekkert að fara að tjá mig um þær hugmyndir sem þegar hafa komið fram um lagabreytingar, við fáum tilefni til þess þegar það kemur inn á þing, en ég vænti þess að ráðherrann fylgi því eftir, strax og nefndin hefur skilað áliti, að taka afstöðu til þeirra tillagna sem frá nefndinni koma og leggja þá nauðsynlegar upplýsingar og gögn fyrir Alþingi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka upp þetta mál sem er vissulega mjög brýnt. Æskulýðs- og íþróttamál eru einn af stórum póstum þjóðfélagsins og framtíðarinnar. Og ég fagna því sem fram kom í svari hæstv. ráðherra en vildi gjarnan inna hann eftir því hvort við megum þá eiga von á því frv. sem hann gerði hér að umtalsefni áðan, eða frumvarpsdrögum, inn á þetta þingár sem nú er að líða.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Svarið er já. Ég mun að sjálfsögðu reyna að stuðla að því og ég tel að hér sé um að ræða mál af því tagi að ég mun gera ráðstafanir til þess að þingmenn geti einnig kynnt sér tillögur nefndarinnar varðandi stefnumótun í íþróttamálum til aldamóta, ekki aðeins frv. Ég hafði gert ráð fyrir því að strax og ég hefði fengið það í hendur mundi ég leggja það fyrir stjórnarflokkana, svo sem venja er, og vænti þess að Alþingi fái málið svo til meðferðar á þessu þingi. Það er ekki eftir neinu að bíða með það núna.

Mengunarvarnir í álverinu við Straumsvík, ein umr.

Fsp. KE, 147. mál. — Þskj. 151.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til heilbrrh. um mengunarvarnir í álverinu við Straumsvík á þskj. 151. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig er nú háttað framkvæmd og eftirliti mengunarvarna í álverinu við Straumsvík samkvæmt samkomulagi milli iðnrn. og heilbrrn. sem greint var frá í fréttatilkynningu 20. júlí 1989?"

Það stendur 1989 en á raunar að standa 1988. Það er prentvilla í skjalinu og ég vona að það hafi ekki valdið neinum misskilningi í ráðuneytinu. Þeir hljóta að hafa áttað sig á því að þarna var um prentvillu að ræða. Ég tók sjálf ekki eftir henni fyrr en núna þannig að ég hafði ekki komið því á framfæri.

Í þessari fréttatilkynningu frá 20. júlí 1988, sem ég vitna til, er talað um að ráðuneytin, þ.e. iðnrn. og

heilbrrn., hafi ákveðið að setja til hliðar ágreining um gildi aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited dags. 28. mars 1966. En það er ekkert launungarmál að lengi hefur verið ágreiningur á milli heilbrigðisyfirvalda og stjórnenda Íslenska álfélagsins um túlkun á aðalsamningnum og hins vegar um gildi íslenskra mengungarvarnalaga gagnvart álverinu.

Það kom greinilega fram í svari heilbr.- og trmrh. þann 27. okt. 1988 þegar ég spurði m.a. hvers vegna fyrirtækinu hefði ekki verið gert að sækja um starfsleyfi eins og öðrum fyrirtækjum og þar talaði hann um m.a., sem allir hafa vitað, að ágreiningurinn hafi í raun staðið allt frá 1972 um það hvaða reglur eiga að gilda um mengunarvarnir frá álverinu. En í þessari fréttatilkynningu var talað um að ráðuneytin hafi ákveðið að setja til hliðar ágreininginn og að heilbrrn. muni í samráði við Hollustuvernd ríkisins gera tillögu til iðnrn. um framkvæmd og fyrirkomulag mengunarvarna.

Það skiptir mjög miklu máli að öllum aðilum sé ljóst hvernig þessum málum er háttað og hver hefur eftirlit og hver ber ábyrgð.

Auðvitað er það sem skiptir máli fyrst og fremst að minnka mengun frá svona verksmiðjum. Það kom fram í fréttatilkynningu frá iðnrn. nýverið að flúormengun frá álverinu var mjög mikil á síðasta ári, árið 1988, og auðvitað hefur maður áhyggjur af því og vonar að hún muni minnka. Það skiptir miklu máli hvernig eftirliti og framkvæmd mengunarvarna er nú háttað og þess vegna spyr ég um framkvæmd þessa samkomulags sem ég hef nú gert að umtalsefni frá 20. júlí 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur beint til mín fsp. á þskj. 151 sem hann hefur nú gert grein fyrir og hljóðar fsp. svo: „Hvernig er nú háttað framkvæmd og eftirliti mengunarvarna í álverinu við Straumsvík samkvæmt samkomulagi milli iðnrn. og heilbrrn. sem greint var frá í fréttatilkynningu 20. júlí 1988?"

Samkomulag iðnrn. og heilbrrn. á sl. ári fól í sér að ráðuneytin settu til hliðar ágreining um gildi aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited. Enn fremur fól samkomulagið í sér eftirfarandi:

1. Mál er varða mengunarvarnir álversins verði leyst innan 12. gr. aðalsamningsins.

2. Heilbrrn. mun að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins gera tillögur til iðnrn. um framkvæmd og fyrirkomulag mengunarvarna.

3. Ráðuneytin eru sammála um að Ísal geri allar eðlilegar ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði.

4. Heilbrrn. tilkynni Hollustuvernd ríkisins og Íslenska álfélaginu þessa skipan mála.

Frá því að þetta samkomulag var gert hefur verið unnið í anda þess. Hollustuvernd ríkisins hefur skilað til heilbrrn. tillögum að starfsleyfi fyrir álverið í Straumsvík, sbr. tölul. 2 sem áður var getið. Heilbrrn. hefur yfirfarið tillögurnar og sent áfram til iðnrn. Sú útgáfa er nú til umræðu í starfshóp skipuðum fulltrúum Íslenska álfélagsins, iðnrn., heilbrrn. og Hollustuverndar ríkisins.

Þar sem málin eru, enn sem komið er, á umræðustigi hefur lítil breyting átt sér stað á eftirliti með mengun frá álverinu í Straumsvík. Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvaða útblástursmörk eða aðrar mengunarvarnakröfur fyrirtækinu verða settar, né hvaða eftirlitsáætlun verður fylgt, en vonast er til að ekki þurfi að líða langur tími þar til ákvarðanir verða teknar.

Óhætt er að fullyrða að þrátt fyrir að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun sé nú unnið markvisst að endurbótum á mengunarvörnum hjá álverinu við Straumsvík í góðri samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar.

Að frumkvæði álversins hefur verið komið á ársfjórðungslegum fundum þessara aðila og Íslenska álfélagsins þar sem sjónarmið eru skýrð, staða mála rædd og framtíðarverkefni undirbúin. Eftirfarandi er dæmi um verkefni sem í gangi eru:

1. Verið er að skipta um kerþekjur. Nýju þekjurnar opnast og lokast sjálfvirkt. Þessi sjálfvirkni gerir það að verkum að unnt á að vera að halda kerunum meira lokuðum en áður var, auk þess sem þekjurnar eru mun þéttari. Þetta skiptir verulegu máli fyrir þá loftmengun sem frá álverinu berst. Á fyrstu fjörutíu kerunum hafa nú verið teknar í notkun nýjar þekjur, en gert er ráð fyrir að lokið verði að búa öll ker nýjum þekjum á árinu 1992.

2. Verið er að gera tilraunir með nýtingu orku sem fólgin er í kerbrotum með því að brenna þau í ofni Sementsverksmiðjunnar á Akranesi.

3. Útskipti á tækjabúnaði sem inniheldur PCB hefur verið í gangi. Öllum slíkum búnaði hefur verið eytt erlendis í viðurkenndum eyðingarstöðvum. Gert er ráð fyrir að þessu verkefni ljúki á næsta ári. Auk þessa hefur verið safnað saman öðrum búnaði sem inniheldur hættuleg efni til þess að farga honum síðar á viðeigandi hátt í stað þess að farga honum á almennum sorphaugum eins og því miður hefur verið of algengt hér á landi.

4. Verið er að kanna endurbætur á hreinsibúnaði álversins í því skyni að auka rekstraröryggið. Könnunin nær m.a. til eftirfarandi: Koma fyrir fleytiboxum til að jafna súrálsstrauminn í hreinsitækjum, jafna loftstraum milli síuhúsa, finna það afsog sem leiðir til bestrar hreinsunar, breyta tækjabúnaði þannig að hvarf milli súráls og útblásturslofts verði fullkomnara, taka í notkun betri mælibúnað til að flýta bilanaleit.

5. Verið er að kanna hvar og hvernig best sé að mæla útblástur frá þaki kerskála til að fá sem öruggastar niðurstöður, m.a. með tilliti til úttektar á virkni hinna nýju kerþekja.

Virðulegur forseti. Ég hef nú reynt að gera grein fyrir því hver staða málsins er. Eins og fram kom í upphafi máls míns er ekki endanlega eða enn þá fullfrágengið samkomulag milli ráðuneytanna en að því unnið og einnig unnið að ýmsum þáttum mengunarvarna sem ég tel alla mjög mikilvæga og vænti þess að við getum fyrr en síðar náð endanlegu samkomulagi um það hvernig að þessu eftirliti verði staðið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli sem oft hefur borið á góma hér í sölum Alþingis. Iðnaðarnefndir þingsins voru í heimsókn hjá álverinu í Straumsvík í síðustu viku og fengu þar upplýsingar á staðnum um stöðu mengunarmála. Ég hef undir höndum erindi frá Hollustuvernd ríkisins til Skipulagsstjórnar ríkisins frá 6. okt. 1989 þar sem vakin er athygli á því að jafnvel þótt miðað sé við erlend mörk fyrir heilsufar og strangari kröfur íslenskar hafi verið settar á blað, bendi útreikningar til að brennisteinsdíoxíð, SO2, verði óviðunandi á Hvaleyrarholti. Það er í grennd Hafnarfjarðar þar sem byggingarframkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í lok þessa erindis segir, með leyfi forseta: „Þar til frekari upplýsingar um loftmengunarálag á Hvaleyrarholti liggja fyrir telja Mengunarvarnir að afgreiðslu á breytingum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í þá veru að hefja þar byggingarframkvæmdir fyrir íbúðarbyggð fyrr en áður hafði verið áætlað beri að fresta og að taka beri afstöðu til íbúðarbyggðar að fengnum niðurstöðum nákvæmari könnunar á svæðinu."

Nú er þetta í næsta nágrenni álversins í Straumsvík og ljóst er að meginmengunin af brennisteinsdíoxíði verður rakin þangað. Hér er stórt og alvarlegt mál á ferðinni og við hljótum að spyrja: Gera heilbrigðisyfirvöld og Hollustuvernd kröfur um að tekin verði upp hreinsun á brennisteinsdíoxíði frá álverinu í Straumsvík?

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra svör hans en ég varð fyrir vonbrigðum með að ekki skuli enn þá vera komið endanlegt samkomulag þarna á milli. Nú er liðið eitt og hálft ár frá því að þetta samkomulag var gert, þannig að þetta verður að teljast mikill hægagangur. Vona ég að nú verði reynt að flýta þessu.

Auðvitað á að fagna öllum þeim bótum á mengunarvörnum sem gerðar eru, og það hefur vissulega verið reynt að gera ýmislegt í álverinu í Straumsvík núna sl. ár til þess að reyna að bæta mengunarvarnir, enda veitti ekki af því auðvitað var til háborinnar skammar hvernig þar var á málum haldið. Mér finnst merkilegt að heyra að ekki hafi enn þá verið ákveðið hver útblástursmörk eigi að vera. Ég hélt að til væru gildandi reglur, ákveðnar reglur og að ekkert ætti að breyta út frá þeim. Ég hefði haldið að í tillögum Hollustuverndar væru settar sömu reglur og giltu um starfsleyfi. Að farið væri með þetta eins og álverið væri að sækja um starfsleyfi.

Ég veit ekki betur en að mengunarreglugerð taki gildi núna um áramótin. Og í henni er gert ráð fyrir ákveðnum útblástursmörkum, bæði að því er varðar flúoríð og eins brennisteinsdíoxíð. Og mig langaði að spyrja, þó það sé ekki innifalið í fsp., hvort ekki sé farið eftir þeim reglum sem er miðað við að taki gildi núna strax á næsta ári, ef ráðherra gætur svarað því hér og nú.

En ég verð að endurtaka það að ég varð fyrir vonbrigðum með að það skuli ekki enn vera búið að ganga frá þessu máli. Ekki síst með tilliti til allrar þeirrar starfsemi sem Hafnarfjarðarbær ætlast til að verði þarna í nágrenni álversins, þar sem talað er um verulega íbúðarbyggð á Hvaleyrarholti sem fólk hlýtur að hafa áhyggjur af. Og enn frekar er ástæða til að hafa áhyggjur ef á að fara að setja niður fleiri álver þarna á þessu svæði, sem ég vona nú að ekki verði neitt úr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Austurl. kom aðeins inn á þá umræðu sem verið hefur um skipulagsmál á því svæði Hafnarfjarðarkaupstaðar sem næst liggur álverksmiðjunni í Straumsvík. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu sérstaklega en reyna að svara honum og hv. 12. þm. Reykv. varðandi frekari kröfur, t.d. um brennisteinsdíoxíð svo og útblástursmörk. Ég verð að svara því að ég vænti þess að um þetta sé fjallað í því samkomulagi sem nú er til umræðu milli ráðuneytanna og Hollustuverndar ríkisins annars vegar og álversins hins vegar en hef því miður ekki tiltækar upplýsingar hér fyrir hv. þm. og fyrirspyrjendur til þess að geta svarað þeim spurningum hér og nú af neinni nákvæmni.

Ég get tekið undir það sem fram kemur hjá hv. 12. þm. Reykv. að þetta hefur tekið langan tíma og auðvitað lengri tíma en æskilegt hefði verið. Það er rétt að ný mengunarvarnareglugerð tekur gildi núna um áramótin og verður auðvitað að skoða málin í því ljósi. En ég vísa þó aftur til þess samkomulags sem gert var í fyrra milli ráðuneyta um að ágreiningsefni skyldu lögð til hliðar og tekið á þeim sérstaklega svo sem áður hefur verið frá greint og hefur komið fram hér í þinginu áður.

Varðandi hugmyndir um fleiri álver vil ég segja það við hv. þm. að ég tel að þá verði að standa öðruvísi að mengunarvörnum en gert var þegar það álver var reist sem við erum nú að fjalla um hér í þessari fsp. Verður þá auðvitað tekið tillit til allra þeirra viðmiðunarmarka sem við hljótum að telja nauðsynleg og eðlileg til þess að tryggja að mengunarvarnir séu fullnægjandi og mengun frá slíku iðjuveri ekki meiri en það sem við getum sætt okkur við skv. gildandi lögum og reglum.

Vernd barna og ungmenna, ein umr.

Fsp. DS, 211. mál. — Þskj. 248.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Á degi Sameinuðu þjóðanna nú í ár urðu ýmsir til að efna til umræðna um mannréttindi barna. Hér á landi voru stofnuð sérstök samtök í haust til að stuðla að vernd og bættum aðbúnaði barna. Þá hafa samtökin Amnesty International einnig á þessu ári vakið sérstaka athygli á slæmri meðferð stjórnvalda á börnum víða um heim. Og á vegum Sameinuðu þjóðanna er unnið að sérstökum barnasáttmála.

Núgildandi íslensk lög um vernd barna og ungmenna eru frá árinu 1966 en að stofni til frá 1947. Frá þeim tíma sem núgildandi lög tóku gildi hafa orðið miklar breytingar á högum og aðstæðum barna og unglinga. Lögin skilgreina t.d. ekki mannréttindi barna og unglinga og gera ekki ráð fyrir sjálfstæðum rétti þeirra í samfélaginu. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að lögin tóku gildi hafa sömuleiðis orðið miklar breytingar á vinnu barnaverndarnefnda og með aukinni tíðni hjónaskilnaða hefur álag á fulltrúa í þeim aukist til muna.

Það er mjög mikilvægt að vel verði vandað til lagasetningar um barnavernd því að hér er fyrst og fremst um að tefla hagsmuni sem tryggja eiga öryggi, velferð og mannréttindi barnanna sjáfra. Á fundi í Sþ. 8. des. í fyrra bar hv. þingkona Guðrún Agnarsdóttir fram fsp. um bann við ofbeldiskvikmyndum og einnig um heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að tvær nefndir unnu á þeim tíma að endurskoðun beggja lagabálkanna og voru nefndirnar á þeim tíma langt komnar í vinnu sinni. Nú er mér kunnugt um að þegar hafa verið samin drög að nýju frv. til barnaverndarlaga og hef ég því leyft mér að beina fyrirspurn á þskj. 248 til hæstv. menntmrh. um það hvort frv. verði lagt fram á þessu þingi og ef svo sé hvenær megi vænta þess.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég hef ekki fengið frv. í hendur frá endurskoðunarnefndinni, mun leggja það fyrir ríkisstjórnina strax og það er tilbúið. Svona er nú svarið í mjög stuttu máli en ég get vikið að fsp. með formlegum hætti og sagt: Það er spurt hvort ég muni leggja þetta frv. fram. Og ég legg það fram strax og ég fæ það í hendur.

Í öðru lagi er spurt hvort ég muni leggja allt kapp á að leggja nýtt frv. til laga fyrir á yfirstandandi þingi? Svarið er auðvitað já.

Ég fékk í hendur í apríl drög að frv. frá þessari nefnd, frumdrög sem nefndin lagði fyrir mig eftir að ég hafði gengið eftir því með talsverðum áýtingi. Nefndin taldið að frumvarpsdrögin eins og þau lágu fyrir þá væru ekki fullbúin af sinni hálfu. Ég óskaði engu að síður eftir því að frumvarpsdrögin yrðu á því stigi send til viðkomandi ráðuneyta til meðferðar, þ.e. félmrn. og dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Nefndin féllst á það fyrir sitt leyti og ég lagði það fyrir ríkisstjórnina 20.–25. maí, eitthvað um það leyti, sl. vor. Ríkisstjórnin féllst á það og málið var sent til félmrn. annars vegar og dóms- og kirkjumálaráðuneytis hins vegar.

Mér barst svar frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti seint í júlí og ráðuneytið gerði margvíslegar athugasemdir við frv. (**HBl:** Nú er kominn annar ráðherra, hefur hann fengið það til umsagnar?) Ég reikna nú fastlega með því, því eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. veit er stjórnkerfið fjarska skilvirkt á flestum sviðum, ekki síst téð ráðuneyti.

Síðan gerist það að formaður nefndarinnar kemur að máli við mig sennilega í septembermánuði og óskar eftir því að nefndin fái að halda áfram. Það var reyndar starfsmaður nefndarinnar, Sigríður Ingvarsdóttir, sem kom að máli við mig, en formaður nefndarinnar er Ingibjörg Rafnar, og þá er óskað eftir því að ráðherrann og ráðuneytið samþykki að nefndin fái að ráða sér starfsmann til að ljúka við þetta sérstaka verk. Þeir starfsmenn sem boðið var að tækju verkið að sér voru nú ekki beint á Dagsbrúnarkaupi, þannig að það vafðist fyrir mér í nokkra daga að afgreiða málið, en ég gerði það samt. Og hef sem sagt lagt á það áherslu aftur og aftur að nefndin fari að skila af sér. Ég hef ekki viljað skipta um nefnd vegna þess að þetta fólk hefur náttúrlega verið að sinna verkinu og nefndarmennirnir hafa kynnt sér málin vel og víða og þess vegna hef ég talið eðlilegt að þrýsta á að hún skilaði til mín sínum endanlegu tillögum og það er enn. Það svar sem ég fæ frá nefndinni núna er að hún muni skila fullbúnum tillögum að frv. til laga um vernd barna og ungmenna í lok janúar. Ég skal svo gjarnan, ef málið verður þá ekki komið fram, svara fsp. enn á ný frá Kvennalistanum um málið í febrúar en ég vona að ekki verði þörf á því.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að ég hafi svarað fsp. eins og kostur er á miðað við aðstæður. Ég tel að hér sé um stórmál að ræða. Það sé mjög brýnt að lausn fáist á þessu máli. Lögin um vernd barna og ungmenna eru úrelt að flestu leyti miðað við þær þjóðfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað. Þau eru frá 1966 og að stofni til frá 1947. Barnaverndarnefndir og það kerfi er í raun og veru afar gallað, afar ófullkomið og ræður ekkert við sín verkefni í mörgum tilfellum. Við fáum fjöldamörg dæmi inn til okkar þar sem barnaverndarnefndir í litlum byggðarlögum ráða ekki við málin af margvíslegum ástæðum, bæði fjárhagslegum ástæðum af því að barnaverndarnefndirnar hafa ekki fjárhagsleg úrræði og líka félagslegum ástæðum vegna þess að barnaverndarnefndirnar eru í návígi við það vandamál sem snertir viðkomandi barn eða fjölskyldu. Þetta er með öðrum orðum algjörlega úrelt kerfi og ég er reyndar sannfærður um það fyrir mitt leyti að það er í rauninni verra en að það sé úrelt og þar með sé þetta ónýtt pappírsgagn eins og lögin eru að talsverðu leyti. Málin eru svo alvarleg að margoft kemur það fyrir að

ekki er hægt að veita viðkomandi börnum og unglingum viðhlítandi úrræði af því að ekki hefur verið tekið á málunum heildstætt með hliðsjón af öðrum lögum og reglum sem til eru í landinu m.a. um stofnanir sem eru til og hafa verið starfandi um nokkurt árabil. Löggjöfin hér á landi að því er varðar þjónustu við unglinga er afar götótt og ósamfelld. Að mínu mati ætti það að vera þannig að ráðuneyti eins og menntmrn., sveitarfélögin, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, heilbrrn., þessir aðilar allir tækju höndum saman varðandi þjónustu við unglinga sem eiga við margvísleg og flókin vandamál að stríða, ekki síst í þéttbýlissamfélaginu. Ég held satt að segja að þetta sé einn versti þátturinn í okkar stjórnkerfi hvað mönnum gengur illa að láta ráðuneyti og stofnanir vinna saman að lausnum sem snerta stóra þjóðfélagshópa. Það sannast vel í þessum málaflokki sem við erum hér að ræða.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. kærlega fyrir greinargóð svör við þessari fsp. minni. Ég vissi reyndar og heyrði nú á máli hans að hann ber þennan málflokk fyrir brjósti. Öll vitum við að það starf sem þessi nefnd vinnur er mjög vandasamt og mikilvægt að til þess sé vandað. Tel ég reyndar að verjandi sé að borga góðum og hæfum starfsmanni laun fyrir að starfa fyrir þessa nefnd þó að hann sé á einhverju rúmlegu Dagsbrúnarkaupi. Ég vona að þetta mál, sem snertir okkur öll og er mikið auðvitað fyrst og fremst velferðarmál fyrir börn, komi hér inn í þingið í vetur. Auðvitað hefði verið allra best ef það hefði verið komið það langt að það hefði verið á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar nú fyrir þessi áramót í staðinn fyrir eitthvað af þeim skattafrv. sem við sitjum uppi með.

Álver við Eyjafjörð, ein umr.

Fsp. HBl, 193. mál. — Þskj. 218.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrsta opinbera ályktunin um nauðsyn þess að álver rísi við Eyjafjörð var gerð á fundi ungra sjálfstæðismanna á Akureyri árið 1965 á mjög vandaðri ráðstefnu sem þá var efnt til um stóriðjumál. Síðan hefur hugmyndinni verið haldið vakandi og ég get t.d. rifjað upp að í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór með málefni iðnaðarmála, var ekki minnst einu einasta orði á þennan möguleika svo að ég tók málið á þeim tíma upp á Alþingi og benti á að þá væri uppi tillaga um kísiljárnverksmiðju við Reyðarfjörð, um pappírsverksmiðju á Húsavík og fleira en Akureyrar var að engu getið á þeim tíma. Var þá fallist á þá hugmynd, ekki vissi ég betur en að víðtækt samkomulag yrði um að ef hugmyndir kæmu á nýjan leik upp um að nýtt álver yrði reist hér á landi yrði kostað kapps um að slíkt álver risi við Eyjafjörð. Að undanförnu hafa verið uppi hugmyndir um að álverið í Straumsvík yrði stækkað og hef ég ekki gert athugasemdir við það. Nú er á hinn bóginn komin upp sú staða að líkur benda til að góðir möguleikar séu á því að hér rísi nýtt álver, um 200 þús. tonn, sem mundi falla vel inn í þá byggð sem nú er við Eyjafjörð. Við Eyjafjörð býr um tíundi hluti þjóðarinnar, frá Ólafsfirði til Húsavíkur. Þar er margvísleg þjónusta fyrir hendi þannig að margföldunaráhrif þeirra verka sem unnin yrðu við álverið mundu njóta sín til fulls. Slíkt álver mundi af þeim sökum hafa mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun á þessu svæði auk þess sem álver við Eyjafjörð mundi staðfesta þá ákvörðun að reynt yrði að efna til þess byggðakjarna við Eyjafjörð að hann gæti boðið Reykjavíkursvæðinu birginn.

Það gladdi mig mjög mikið þegar ég las það í Degi hinn 30. nóv. sl. að einn þeirra manna sem sæti eiga í ráðgjafarnefnd um orkufrekan iðnað, Guðmundur G. Þórarinsson alþm., lýsti því yfir að Eyjafjörður væri besti kosturinn fyrir 185 þús. tonna álbræðslu og gaf mér tilefni til að bera fram þessa fsp. til þess að fá það staðfest að hugur þeirra sem að stóriðjumálum vinna nú, standi til þess að næsta álver rísi við Eyjafjörð.

Spurt er: „Hefur verið unnið að því að nýtt álver rísi við Eyjafjörð?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Stutt svar við spurningu hv. 2. þm. Norðurl. e. er já. Það hefur verið að því unnið að nýtt álver rísi við Eyjafjörð.

Ég ætla að fjalla nokkuð um það sem að því máli hefur verið unnið sl. áratug.

Á árunum 1980–1986 gerði svokölluð staðarvalsnefnd athuganir á vegum iðnrn. á þeim stöðum þar sem helst þótti koma til greina að reisa álver. Ítarlegar athuganir fóru fram á aðstæðum til áliðju í Eyjafirði, m.a. í samstarfi við norska álfyrirtækið ASV. Á árunum 1984 og 1985 var rætt við nokkur erlend álfyrirtæki, m.a. ALCAN og beindust þær viðræður að álveri við Eyjafjörð. Þá kom m.a. fram nokkur andstaða við byggingu slíkrar verksmiðju þar en nú hafa að mínu áliti viðhorf heimamanna breyst í málinu.

Næsti áfangi í þessu máli er að í ársbyrjun 1988 var frumhagkvæmniáætlun unnin af íslenskum stjórnvöldum um nýtt 185 þús. tonna álver við Straumsvík lögð fyrir nokkur álfyrirtæki. Eftir viðræður við allmörg álfyrirtæki undirritaði Friðrik Sophusson þáverandi iðnrh. samkomulag hinn 4. júlí 1988 við fjögur álfyrirtæki um athugun á þessu máli, þ.e. nýju 185 þús. tonna álveri við Straumsvík. Frumhagkvæmniathugunin og samkomulagið var takmarkað við aukna álframleiðslu við Straumsvík.

Þetta samkomulag rennur út í lok þessa árs. Í samtölum við forstjóra álfélaganna Gränges og Hoogovens, sem enn standa að þessum athugunum ásamt íslenskum stjórnvöldum, hef ég kynnt þeim

önnur svæði sem til greina koma og hef þá sérstaklega nefnt Eyjafjörð og Reyðarfjörð. Á fundi sem ég mun eiga með forstjórum þessara fyrirtækja í næstu viku, þar sem framhald álmálsins verður rætt, verður m.a. staðsetning álversins á dagskrá. Ég geri ráð fyrir að nýtt samkomulag um framhald athugana á aukinni álframleiðslu verði undirritað í byrjun árs 1990. Það samkomulag verður ekki formlega bundið við Straumsvík.

En ég tel rétt að ítreka að allar athuganir sem fram hafa farið frá miðju ári 1988 og nú eru komnar á lokastig miðast við aukna framleiðslu á áli í Straumsvík eða þar í grennd. Það er ljóst að önnur staðsetning mundi kalla á viðbótarathuganir og tefði að öllum líkindum málið. Mér er til efs að það sé þessu brýna hagsmunamáli allrar þjóðarinnar til framdráttar að við setjum nú fram nýjar og afdráttarlausar kröfur á þessu stigi máls um aðra staðsetningu en til þessa hefur verið miðað við á grundvelli samkomulagsins sem þáv. hæstv. iðnrh. Friðrik Sophusson gerði um mitt ár 1988.

Ég vil ítreka það sem ég hef sagt opinberlega áður að bygging nýs álvers er landsmál, ekki landshlutamál.

Um Eyjafjörð sérstaklega vil ég taka fram að í byrjun júní sl. komu bæjarstjórar við Eyjafjörð og forustumenn héraðsnefndar Eyjafjarðar til fundar við mig til að ræða áhuga sinn á uppbyggingu orkufreks iðnaðar við Eyjafjörð. Í bréfi til þessara aðila 29. júní sl. vísaði ég til athugana á nýjum hugmyndum um Fljótsdalsvirkjun og lýsti þeirri skoðun að kanna ætti rækilega möguleika á öðrum áfanga í uppbyggingu orkufreks iðnaðar í tengslum við þá virkjun. Í bréfinu tók ég fram að eðlilegt væri að mínu áliti að næsta stóriðjuframkvæmd, eftir aukinni álframleiðslu í Straumsvík, verði utan suðvesturhorns landsins. Þessi sjónarmið ítrekaði ég á fundi á Akureyri 13. sept. sl.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hugsa stórt í þessu máli. Það sé leiðin til að sætta byggðasjónarmiðin. Ég taldi því rétt að hefjast handa sl. sumar um undirbúning að nýju álveri utan höfuðborgarsvæðisins. Ég lét því í haust hefja endurskoðun á hluta af þeim umhverfisathugunum sem staðarvalsnefnd lét gera á áhrifum álvers í Eyjafirði. Norska rannsóknastofnunin NILU í samvinnu við íslensk ráðgjafarfyrirtæki mun ljúka sinni athugun á því máli í febrúar nk. Formlegar viðræður við álframleiðendur, aðra en ATLANTAL-hópinn, sem hugsanlega væru tilbúnir til viðræðna um að reisa hér nýtt álver, eru nú að hefjast, og fulltrúar stórs bandarísks álfyrirtækis koma til viðræðna við mig í byrjun janúar. Í þeim viðræðum mun ég m.a. ræða um staðsetningu í Eyjafirði.

Ég tek það fram að þrátt fyrir ákvæði samkomulagsins frá miðju ári 1988 um að unnið væri fyrst og fremst að því að byggja nýtt álver í Straumsvík, hef ég haft óformlega samband við nokkur álfyrirtæki um aðra staðsetningarmöguleika.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hér á framfæri örfáum sjónarmiðum í þessu máli sem að vísu er miklu stærra en svo að hægt sé að fjalla um það í fyrirspurnatíma. Ég ætla fyrst að vitna til orða hæstv. iðnrh. á fundi sem hann vitnaði til norður á Akureyri í haust þar sem hann lagði málið upp þannig að fyrsta stig yrði stækkun álversins í Straumsvík. Þegar kæmi að sjálfstæðu nýju álveri yrði rætt um aðra staðsetningu og hann nefndi þar sérstaklega Eyjafjörðinn. Ég treysti því að iðnrh. standi við þessi orð sín, að þetta sé sá möguleiki sem verði skoðaður nú þegar forsendur hafa breyst þannig að ekki er lengur verið að ræða um stækkun á álverinu í Straumsvík.

Hæstv. iðnrh. segir að þetta sé fyrst og fremst landsmál. Vissulega er það rétt, við verðum að leita nýrra leiða til að auka okkar landsframleiðslu. Hitt er það að á því viðkvæma byggðaþróunarstigi sem okkar þjóðfélag er núna þá gæti staðsetning nýs 200 þús. tonna álvers í Straumsvík haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í byggðamálum.

Ég ætla að leyfa mér að vitna hér til ummæla eins virtasta sveitarstjórnarmanns á höfuðborgarsvæðinu, Sigurgeirs Sigurðssonar, bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, þar sem hann segir að það sé mesta hagsmunamál, ekki bara landsins heldur höfuðborgarsvæðisins, að það takist á næstunni að efla Akureyri og Norðausturland sem verðugt mótvægi gegn höfuðborgarsvæðinu.

Ég ætla, hæstv. forseti, að leyfa mér að syndga örlítið upp á náðina og minna hér líka á hugmynd sem Guðmundur G. Þórarinsson hefur hreyft í álviðræðunum núna, að við breyttar aðstæður komi Íslendingar inn sem eignaraðili á móti sænsku og hollensku fyrirtækjunum meðan leitað sé nýrra aðila. Það þýðir að mínu mati það að við hefðum meira vald á staðsetningu slíks orkuvers.

Að lokum, virðulegi forseti, þá legg ég á það mikla áherslu að athugunum á umhverfismálum í Eyjafirði, varðandi mengunarvarnir, verði hraðað sem mögulegt er því það er lykillinn að því að við getum rætt um staðsetningu þar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur ekkert þjóðhagslegt mat farið fram á áliðju á Íslandi og tilheyrandi virkjunum, a.m.k. hefur slíkt mat ekki verið kynnt Alþingi. Spurningin í þessu máli nú, eftir að iðnrh. stendur slyppur uppi eftir allar athuganirnar, er sú hvort stjórnvöld, ríkisstjórn Íslands, ætlar að ákvarða nýjar forsendur í þessu máli þar sem leitt verði í ljós hvaða skynsemi væri í því að reisa hér nýtt stórt álver og hvar slíkt álver eigi að reisa. Spurningin um staðsetningu er að sjálfsögðu eitt af þessum stóru atriðum sem eiga að koma inn í þjóðhagslegt mat þessa máls. Það er glórulaus vitleysa, eins og ég hef orðað það áður, að ætla að fara að reisa stóriðjuver hér á Reykjavíkursvæðinu, miðað við aðstæður í byggðamálum í þessu landi. En fyrst þarf að svara hinni almennu spurningu um þjóðhagslegt gildi slíkra

framkvæmda og síðan að fullnægja þeim forsendum sem pólitískt samkomulag getur tekist um. Menn þekkja mínar skoðanir í því máli, ég fjölyrði ekki frekar um það hér.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er nú í raun og veru broslegt að hlusta á þær umræður sem hér fara fram. Þeir sem fylgjast eitthvað með á annað borð vita að ef næsta álver verður byggt þá verður það byggt í Straumsvík. Allar áætlanir sem hafa verið gerðar og athuganir eru miðaðar við það. Það er náttúrlega hægt að ræða um að byggja álver austur á landi eða norður í Eyjafirði. En þeir sem hafa kynnt sér mengunarvald þessara fyrirtækja ættu a.m.k. að gera sér grein fyrir því að síst ætti að setja slíka verksmiðju niður norður í Eyjafirði. Þær upplýsingar sem hæstv. iðnrh. hefur fengið þar eru áreiðanlega ekki tæmandi. Mér finnst það athyglisvert að bóndi norðan úr Eyjafirði er að mæla með því að það sé farið út í slíkar framkvæmdir.

Hæstv. fjmrh. talaði um mengunarskatt á bíla. Ég hefði viljað spyrja hann um hver mengunarskatturinn ætti þá að verða á þessum álverum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda. Ég tel mjög mikilvægt að efla atvinnulíf við Eyjafjörð og vil gjarnan sjá þar miklu blómlegri byggð en þar er, þó að ég telji hana að sjálfsögðu mjög blómlega og mikilvægt það atvinnulíf sem þar er en það hefði mátt efla það mikið meira. En ég get ekki hugsað mér Eyfirðingum svo illt að þar muni rísa álver eða annað stóriðjuver. Það væri mjög miður ef ímynd Eyjafjarðar yrði sú að þar mundi rísa stóriðjuver, kannski fleiri en eitt og fleiri en tvö. Það eru margar ástæður fyrir því að vera á móti stóriðju, að sjálfsögðu mengunarmálin eins og hv. síðasti ræðumaður talaði hér um, auk sjónmengunar og ýmislegs fleira. Mér finnst það mjög einkennilegt mat þegar hæstv. iðnrh. kemur hér fram og telur stóriðjumál vera eitt af brýnustu hagsmunamálum þjóðarinnar.

Þóra Hjaltadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og minna á samþykktir stjórna verkalýðsfélaganna við Eyjafjörð frá því í júnílok þar sem mælst var til þess að þessu yrði sérstakur gaumur gefinn og einnig vil ég minna á samþykktir Alþýðusambands Norðurlands í gegnum árin og nú síðast í september sl. þar sem lögð er áhersla á staðsetningu stóriðju í Eyjafirði.

Hæstv. iðnrh. sagði hér í svari sínu að uppbygging stóriðju væri landsmál en við leggjum ríka áherslu á að atvinnuuppbygging hjá okkur er byggðamál.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra hans svör. Ég leyfi mér að skilja þau svo að hann muni leggja höfuðáherslu á að næsta álver rísi við Eyjafjörð. Ég skildi hann svo að hann ætlaði að taka það mál upp við þá aðila sem nú er verið að ræða við. Ég er líka þakklátur fyrir það að nú skuli önnur athugun fara fram á því hvort mengunarhætta stafi af slíku álveri. Sú fyrri leiddi í ljós að svo sé ekki og ég er ekki í vafa um að hin síðari muni gera það líka.

Til viðbótar því sem síðasti ræðumaður sagði, hv. 1. þm. Norðurl. e., má minna á að bæjarstjórn Akureyrar hefur gert mjög ákveðnar ályktanir um þessi efni og ég fullyrði að vonir Eyfirðinga og Norðlendinga standi nú til þess að næsta álver rísi við Eyjafjörð, ef maður sleppir hv. 6. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, sem er orðinn einfari upp á síðkastið.

En um leið og þýðingarmikið er fyrir okkur að álver rísi við Eyjafjörð — og ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, við stóðum með Reyðfirðingum um það að minni gerð stóriðju, kísilmálmverksmiðja, kæmi við Reyðarfjörð, en töldum á móti að það væri sjálfgert að Austfirðingar stæðu með okkur um svo stórt álver sem nú er verið að tala um, þá tel ég ástæðulaust að vera eitthvað að rugla málið þannig. Um þetta hafði tekist samstaða milli fjórðunganna, óformleg að vísu, þannig að ég hygg að Reyðarfjörður sé ekki í myndinni að þessu sinni. Ég lít svo á.

Þá vil ég minna á að annað mikið hagsmunamál Norðlendinga bíður nú afgreiðslu í ríkisstjórninni. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir fyrr á þessu ári að ákvörðun yrði tekin um það nú fyrir áramót að hagkvæmniathugun yrði leyfð á varaflugvelli hér á landi á kostnað Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins.

Ég geng út frá því að staðgengill hæstv. utanrrh. geti staðfest það hér og nú að þetta leyfi verði veitt nú í desembermánuði. Þessi mál bæði eru mikil hagsmunamál fyrir okkur Norðlendinga og ég lýsi ánægju minni yfir að ég skildi hæstv. iðnrh. svo að full samstaða væri um það innan ríkisstjórnarinnar að álver gæti risið í Eyjafirði ef samningar tækjust um það. Alþb. hefði fallist á það. Ég væri á hinn bóginn mjög þakklátur ef iðnrh. gæti gefið samsvarandi yfirlýsingu varðandi Mannvirkjasjóðinn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Þetta skal vera stutt. Ég tel að staðarval nýs álvers verði að ráðast af arðsemismati og þjóðhagslegu mati og í mínum huga koma þá aðeins tveir staðir til greina, það er annars vegar staðsetning við Straumsvík eða hins vegar við Grundartanga í Hvalfirði. Þar er öll aðstaða fyrir hendi til að taka við slíku álveri og ég tel að ef menn í raun og veru ætla að láta þjóðhagslegt mat og arðsemismat ráða ferðinni þá hljóti þessir tveir staðir fyrst og fremst að koma til greina. Ég get vel skilið í sjálfu sér áhuga kjördæmisþingmanna sem vilja fá álverið upp við Eyjafjörð en það er ekki hlutur sem á að ráða ferðinni í slíku máli sem þessu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. lagði mér hér orð í munn. Ég ætla að stytta það svolítið sem hann vitnaði til mín. Það sem ég lagði höfuðáherslu á

er að nýtt álver rísi. Það er málið. Staðsetningin, svo mikilvæg sem hún er, kemur í annarri röð. Ég get tekið undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram að það sé einnig ákaflega mikilvægt byggðamál hvar slíkt álver verður staðsett. En ég ítreka þá skoðun sem ég lýsti fyrr að í þessu máli þurfi að hugsa stærra, taka meira fyrir til þess að sætta byggðasjónarmiðin í málinu og til þess að ná þeirri breikkun á framleiðslugrundvelli þjóðarbúsins sem við þurfum svo sárlega nú.

Ég hlýddi með athygli á þau sjónarmið sem hér komu fram, m.a. hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. og 1. þm. Norðurl. e., einkum hversu mikilvægt byggðasjónarmiðið er í málinu. Þá eru áskoranir frá verkalýðsfélögum og samtökum við Eyjafjörð vissulega ekki óheyrðar. Á þær er grannt hlustað. En þetta er mál sem við þurfum að nálgast fyrst og fremst með þjóðarhagsmuni fyrir augum. Staðarvalið er þar mjög mikilvægt mál en ekki málið allt.

Ég vildi vegna þess sem fram kom hér hjá hv. 2. þm. Austurl. um þjóðhagslega hagkvæmni þessarar fyrirhugaðrar framkvæmdar geta þess að slíkt mat hefur farið fram, verður senn gert heyrinkunnugt. Þetta mat er reyndar vel þekkt í sínum meginstærðum. Ég ætla ekki að fjölyrða um það hér. Og eins vil ég segja vegna þess sem fram kom í athugasemd hv. 6. þm. Norðurl. e., þar sem hann sagði að það væru ekki tæmandi upplýsingar til um áhrif á umhverfi Eyjafjarðar frá álveri sem þar yrði staðsett, þá er það rétt hjá hv. þm. En það er unnið kappsamlaga að slíkri könnun og ég tók sérstaklega eftir því að hv. 5. þm. Norðurl. e., bóndinn frá Eyjafirði sem réttilega var hér nefndur, lagði á það áherslu í sínu máli.

Endurgreiðsla á sérstöku gjaldi af erlendum lántökum, ein umr.

Fsp. HBl, 175. mál. — Þskj. 198.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þegar lántökugjald var samþykkt á síðasta Alþingi var svo ákveðið að það skyldi ná til viðhaldsverkefna í íslenskum skipasmíðastöðvum og þeirra endurbóta sem unnar yrðu í íslenskum skipasmíðastöðvum. Ég beitti mér þá mjög fyrir því að þetta gjald yrði fellt niður. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. fyrirspyrjanda, 2. þm. Norðurl. e., aðeins að gera hlé á máli sínu þar sem forseta var ekki kunnugt um að hæstv. fjmrh. væri ekki tilbúinn til að svara þessari fsp. í dag og þess vegna verður hún ekki tekin fyrir.)

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þessar fsp. sem ég hef borið fram með þinglegum hætti voru bornar fram í umræðum í Ed. í nóvembermánuði, eftir miðjan nóvember. Þá voru inni í deildinni bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. Þá óskaði ég eftir að fá svar við þeim spurningum sem ég hef nú borið fram með þinglegum hætti. Samtímis óskaði ég eftir því við einn af starfsmönnum Alþingis að hann kynnti sér og gæfi mér upplýsingar um hvernig fyrirheit ríkisstjórnarinnar frá því í vor hefðu verið efnd. Og eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið í fjmrn. hefur verið lagt lántökugjald á þau lán sem tekin voru vegna skipasmíðaverkefna á þessu ári. Með öðrum orðum var ekki staðið við yfirlýsingu viðskrh. frá því í maímánuði.

Ég get ekki sætt mig við það, hæstv. forseti, ef þingmaður við meðferð máls ber fram fyrirspurn til einstakra ráðherra og þeir svara ekki, þá get ég ekki sætt mig við það eftir að ég ber fyrirspurnina fram með þinglegum hætti að henni sé heldur ekki svarað, þá sé hún áfram látin danka. Til hvers eru þá þessar fyrirspurnir? Og af hverju er verið að tala um það í þingsköpum að fyrirspurnir eigi að setja á dagskrá eftir viku ef aldrei á svo að svara þeim? Ég hef beðið það lengi, hæstv. forseti, að ég get vel fallist á það að hæstv. fjmrh. verði gefið tóm til morguns eða til mánudags að afla upplýsinga um fyrirspurnina, reyna að finna svörin í trausti þess að hann muni nota tímann þangað til til að endurgreiða þeim mönnum sem hafa tekið lán vegna viðhalds og endurbóta á skipum, lán vegna framkvæmda af þessu tagi sem unnin hafa verið hér á landi. Ég yrði auðvitað mjög ánægður yfir því ef hann gæti sagt okkur frá því eftir helgina að það hefði verið staðið við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ekki yrði greitt lántökugjald af þessum lánum. En ég get ekki sætt mig við það að þingi ljúki svo fyrir jól að ekki fáist svar við fyrirspurninni, af þessum ástæðum sem ég segi: Ef ráðherrar ekki svara spurningum einstakra þingmanna þegar þær eru bornar fram við umræður, þá verður forseti að sjá til þess ef þingmenn flytja fyrirspurnirnar með þinglegum hætti að þeim fáist svarað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka fram að það er að jafnaði reynt að ýta á eftir að svör berist við fyrirspurnum á tilsettum tíma. Í þessu tilviki hefur, eins og hv. þingheimur veit, verið annasamt í fjmrn. vegna fjárlagagerðar og vinnu í kringum það þannig að hér hefur nokkuð dregist. En forseti skal sjá til þess að þessari fsp. verði svarað fyrir jól ef mögulegt er.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. alþm. geti ekki kvartað undan því að ekki hafi verið reynt af hálfu fjmrn. að greiða fyrir því að svör verði veitt við þeim fsp. sem til fjmrh. hafa borist. Mig minnir t.d. að síðasta fimmtudag hafi fjmrh. svarað tæplega helmingnum af öllum þeim fsp. sem voru teknar á dagskrá þann dag. Það vildi svo til að á þessum degi var ég bundinn á fyrirspurnatíma við önnur verk og ég tel að í gær hafi skrifstofu Alþingis verið tilkynnt að fjmrh. gæti ekki verið hér í dag til þess að svara fyrirspurnum. Hins vegar var hringt til mín fyrir

rúmri klukkustund síðan og mér tjáð að þessi fyrirspurn væri á dagskrá. Það kom mér á óvart vegna þess að ég taldi að þinginu hefði verið gerð grein fyrir því að það væri ógerlegt fyrir mig að vera hér á þessum tíma. Ég kaus þó að rjúfa þau verk sem ég var staddur í vegna þessa misskilnings sem upp var kominn og koma hingað.

Að sjálfsögðu mun ég reyna að greiða fyrir því að þessari fsp. verði svarað við fyrsta tækifæri, en ég vildi koma þessum skýringum á framfæri hér. Þær stafa ekki af því að ég sé að reyna að skjóta mér undan að svara þeirri fsp. sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur borið hér fram.

Hvað snertir þá fsp. frá öðrum þingmanni sem hér er líka á dagskránni í dag, þá skal ég reyna að svara henni núna strax hér á eftir vegna þess að það er einfaldara og þarf ekki að hafa við hendina þau gögn sem ég þyrfti að hafa til þess að svara fsp. hv. þm. Halldórs Blöndals. En ég vildi að þessar skýringar kæmu fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa vegna orða hæstv. ráðherra að það varð ekki ljóst fyrr en eftir að dagskrá hafði verið prentuð að hann ætti í erfiðleikum með að vera hér á þessum tíma. En til þess að enda þessa þingskapaumræðu, þá skal forseti upplýsa að það verður reynt að sjá til þess að þessari fsp. verði svarað.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að starfsmaður þingsins hafði við mig samband í gær um það hvort ég sætti mig við að þessari fsp. yrði ekki svarað í dag og ég sagðist ekki sætta mig við það.

Ég vil í annan stað taka fram að svarið við fsp. á að liggja fyrir í fjmrn. Ég bað starfsmann Alþingis um að afla tiltekinna upplýsinga í fjmrn. Starfsmaðurinn gaf mér þessar upplýsingar. Ég fer fram á það með þinglegum hætti að hæstv. ráðherra staðfesti að upplýsingarnar séu réttar þannig að það er ekki tímaskortur sem veldur þessu. Þessar upplýsingar liggja fyrir í ráðuneytinu. Ég get því miður ekki kallað vitnaleiðslu hér í þingsalinn. Starfsmenn þingsins hafa ekki málfrelsi hér og eru ekki skyldugir til að koma hér í beina yfirheyrslu, en ég hef svarið undir höndum.

En vegna þess að þetta mál varðar tvo ráðherra, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., og af því að ég hef knúið fram yfirlýsingu í Ed. um að þessar greiðslur eigi að endurgreiða samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar og af því að ég hef fengið loforð um það í Ed. að þær verði endurgreiddar, það var hlutur í samkomulagi sem gert var á sl. vori um vinnubrögð í þinginu, þá fer ég fram á það að þessu verði svarað nú fyrir jólin. Ég get ekki séð annað en ef t.d. væri gefið bara 10 mínútna fundarhlé til þess að ráðherrann gæti sent sendisvein upp í ráðuneyti eftir upplýsingunum, þá liggja þær fyrir. Þetta er ekki flóknara mál heldur en það. Ég ítreka því það sem ég sagði: Þá er fokið í flest skjól ef þingmenn geta ekki einu sinni fengið svar við einföldum spurningum með þinglegum hætti.

Umræðu frestað.

Skuldir ríkissjóðs við sveitarfélög, ein umr.

Fsp. DS, 190. mál. — Þskj. 215.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem ég ber hér fram var lögð fram í sameinuðu þingi 28. nóv. og hafði ég reyndar vænst þess samkvæmt reglum í þingsköpum að hún yrði tekin á dagskrá sl. fimmtudag hér í Sþ., þ.e. 7. des. Eins og fram hefur komið í umræðu um fjárlagafrv. eru óvenjumargir og stórir óvissuþættir í því enn þá. Eitt það mikilvægasta er hvernig staðið verður að uppgjörsþættinum í verkaskiptalögunum við sveitarfélögin.

Uppgjörið er ófrávíkjanlegur hluti af heildarsamkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa nú lengi verið í óvissu um þessi mál og flugufregnir hafa borist af því að verið sé að hugleiða lengingu uppgjörstímabilsins og jafnvel að láta það niður falla á komandi ári. Hvorki við 1. eða 2. umr. fjárlaga komu fram neinar tölur um þá fjárhæð sem ætluð er til uppgjörsins og var það ástæða fsp. minnar til hæstv. fjmrh. sem er að finna á þskj. 215.

Nú hefur hv. formaður fjvn. lýst því yfir við 2. umr. um fjárlög að ekkert verði tekið á þessum uppgjörsmálum fyrr en við 3. umr. Ég vil samt spyrja hæstv. fjmrh. hvers vegna tölur varðandi uppgjörið voru ekki birtar á fyrri stigum í umfjöllun fjvn. og þingsins um fjárlagafrv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Svarið við þeirri fsp. sem hér er borin fram er birt á bls. 242 í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990. Á þeirri bls. er að finna ítarlega greinargerð um það hvernig verði farið með fjárhagslegan þátt verkaskiptamálsins. Þar er því lýst yfir að fjmrn. hafi átt í viðræðum við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga um þessa þætti og skýrt tekið fram að hvað varðar Jöfnunarsjóðinn er í fjárlagafrv. staðið við þau fyrirheit sem gefin voru. Í öðru lagi varðandi rekstrarkostnaðinn er staðið við þau áform sem lágu ljós fyrir. Hins vegar hafi komið í ljós að vegna mistaka í áætlanagerð og annarra ástæðna hafi það reynst vera mun meiri kostnaður sem lenti á ríkinu en ætlað var og í þriðja lagi hefði verið ákveðið að bíða með að ganga frá tölunni varðandi uppgjör á skuldum við sveitarfélögin þar til í meðferð og lokaafgreiðslu fjárlaganna.

Hv. þm. hefði þess vegna getað sparað sér fsp. með því að lesa þennan þátt í grg. með fjárlagafrv. þar sem svarið kemur alveg skýrt fram. Það hefur einnig verið hv. fulltrúa Kvennalistans í fjvn. kunnugt að milli 2.

og 3. umr. yrði gengið endanlega frá þeirri tölu sem yrði notuð við uppgjörið í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og sú tala hefur reyndar þegar verið ákveðin af hálfu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarmeirihlutans í nefndinni og mun birtast hér við 3. umr.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa skýringu hæstv. fjmrh. sem var að sjálfsögðu óþörf. Vona ég að allir hv. fulltrúar í fjvn., bæði minni og meiri hl., fái þessa tölu hið fyrsta og auðvitað sveitarstjórnarmenn sem hafa beðið í mikilli óvissu. Þeir verða að fá að vita sem fyrst hvernig málum reiðir af. Það er brýnt að það takist að stíga fyrstu skrefin í þessu uppgjöri og ágreiningur um einstaka verksamninga tefji ekki málið.

Verðlaunalistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, ein umr.

Fsp. GHelg, 92. mál. — Þskj. 93.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 93 til utanrrh. um verðlaunalistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvenær er fyrirhugað að setja upp verðlaunalistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar?"

Mönnum kann e.t.v. að finnast þetta mál meðal þeirra sem minnst eru brýn í þeim umræðum sem nú fara fram um efnahagsmál landsmanna. En miklar umræður urðu á sínum tíma um framkvæmd við byggingu þessarar miklu flugstöðvar og hvað eftir annað hefur orðið að leggja fram miklar fjárupphæðir til þess að ljúka því verki og vantar þó töluvert á að því sé lokið. En einn er sá þáttur sem hefur orðið út undan eins og ævinlega þegar komið er að listum og menningu. Það eru þau listaverk sem átti að setja upp við stöðina.

Veturinn 1986 var haldin samkeppni um gerð listaverka fyrir utan flugstöðina og í samkeppnisgögnum var sérstaklega tekið fram að þarna skyldu vera stór og mikil listaverk. Vorið 1986 hlutu svo verk eftir Magnús Tómasson og Rúrí fyrstu verðlaun. Voru það verkin Þotuhreiður eftir Magnús og Regnbogi Rúríar. Hvor listamaður um sig fékk 200 þús. kr. fyrir hugmyndina.

Í fyrstu var áætlun um að listaverkin skyldu vera fullgerð við vígslu stöðvarinnar en eins og menn rekur minni til lá mikið á að vígja flugstöðina fyrir kosningar sem þá voru fram undan svo að listin gleymdist eins og oft áður. Síðan hefur þetta gengið þannig fyrir sig að svo til ekkert hefur gerst. Þó liggur fyrir samningur við listakonuna Rúrí og er hann án fyrirvara um framlög Alþingis, en í þeim samningi sem loksins var gerður við Magnús Tómasson er fyrirvari um að framkvæmdir séu háðar framlögum Alþingis.

Nú er það vitaskuld ekkert óeðlilegt og listamaðurinn er alveg sáttur við það. Hitt er annað mál að það er auðvitað ekki sæmandi að stjórnvöld efni til samkeppni um svo stór verk sem þarna er um að ræða og haldi síðan listamönnunum sem til verðlauna unnu í algjörri óvissu ár eftir ár um hvenær þessi verk eiga að koma upp. Og í öllum þeim hundruðum milljóna sem hefur verið ausið út til að hreinsa upp ósómann við byggingu þessa húss, þá getur það ekki verið óleysanlegt vandamál að standa við það sem þessum listamönnum var lofað og afla þess fjár sem þarf til að koma þessum listaverkum upp.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er hér um að ræða tvö listaverk sem hlutu fyrstu verðlaun í verðlaunasamkeppni sem var efnt til um útilistaverk við flugstöðina haustið 1985.

Í niðurstöðum starfshóps sem utanrrh. og fjmrh. skipuðu sumarið 1988 var lagt til að bæði verkin yrðu sett upp árið 1989. Þegar til kastanna kom varð að skera niður í lánsfjárlögum 1989 þannig að aðeins var fjármagn til þess að kosta uppsetningu annars verksins, Regnbogans eftir listamanninn Rúrí. Þetta verk er nú í smíðum og gert er ráð fyrir að það muni dragast fram á næsta vor eða næsta sumar að verkinu verði fullokið en fé á að vera til staðar til þess að ljúka því.

Nú er gert ráð fyrir að hitt listaverkið sem til verðlauna vann, Þotuhreiður eftir listamanninn Magnús Tómasson, verði smíðað og sett upp á næsta ári og er til þess ætlað fé en að því tilskildu að Alþingi samþykki lánsfjárheimild til að standa straum af kostnaðinum. Í stuttu máli er þetta svarið. Gert er ráð fyrir því að Regnboginn verði risinn fyrir næsta sumar og að Þotuhreiðrið verði fullgert á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil færa hæstv. utanrrh. þakkir fyrir svörin. Það hlýtur alltaf að koma að því öðru hvoru að það verði skylda Alþingis að minna á að vinna listamanna er vinna eins og annarra manna. Það fer ekki á milli mála að sá dráttur sem orðið hefur á uppsetningu listaverkanna hefur valdið umræddum listamönnum verulegum ama og angri vegna þess að allan tímann hafa þau átt von á að nú yrði farið að vinna að þessum verkum. Þau hafa þar af leiðandi ekki tekið að sér önnur verk til þess að geta verið til staðar þegar vinna við þessi verk hæfist og þess vegna hefur þetta auðvitað verið þeim mjög bagalegt, bæði vegna listar þeirra og afkomu.

Það gleður mig hins vegar að heyra að nú virðist stjórnvöldum alvara með að láta til skarar skríða og koma þessum verkum þangað sem þau eiga að vera og ég þakka þær yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Og ég vona svo sannarlega að Alþingi Íslendinga standi ekki í vegi fyrir því að svo megi verða. Svo þakka ég fyrir svarið.

Um þingsköp.
Aðbúnaður þingmanna í þingsal.

Ásgeir Hannes Eiríksson:
Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég bið um orðið er sú að ég sit hér við hurð sem liggur að reykherbergi þingsins. Reykherbergið er mikið notað, þar er teflt, spjallað og horft. Hurðin er iðulega opin og það leggur þykkan mökk af reyk í þingsalinn. Oft er um að ræða bæði daunillt og ódýrt tóbak og fer þetta mjög fyrir brjóstið á mér þar sem ég hef nánast ofnæmi fyrir tóbaki og mundi gjarnan vilja fá að ráða mínum dauðdaga sjálfur eins nærri því og ég get komist. Þess vegna óska ég eftir því, hæstv. forseti, að þessari hurð verði lokað að staðaldri meðan þingfundir eru þannig að við sem ekki kærum okkur um tóbaksreyk getum fengið að sitja hér í þingsölum í friði, ellegar þá að tóbaksreykingar verði leyfðar í þingsalnum þannig að við getum flúið inn í tóbaksherbergið undan reyknum. Alla vega óska ég eftir því að dyrunum verði lokað á meðan þinghald stendur yfir þannig að þingmenn þurfi ekki að sitja undir þessum reykjarmekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti hefur fulla samúð með þessu vandamáli sem hv. 16. þm. Reykv. var hér að benda á, en getur ekki tekið undir það að upp verði tekinn sá siður að leyfa reykingar hér inni í þingsalnum og vonar svo sannarlega að til þess komi ekki. Hins vegar þykir forseta það eðlileg ábending og ósk að reynt verði að halda þessum dyrum lokuðum og getur tekið undir það að þær eigi að vera lokaðar þegar þingfundir standa yfir og mun koma þessu á framfæri.

SAMEINAÐ ÞING

30. fundur, fimmtudaginn 14. des.,
kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Borist hefur svohljóðandi bréf frá forseta Nd.:

„Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþýðubandalagsins í Norðurlandskjördæmi vestra, Þórður Skúlason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd.“

Þórður Skúlason hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Varnir gegn mengun frá fiskeldi, síðari umr.

Þáltill. HG, 3. mál. — Þskj. 3, n. 298, brtt. 299.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. félmn. Sþ. varðandi 3. mál þingsins, varnir gegn mengun frá fiskeldi. Álit félmn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum aðilum: dýralækni fisksjúkdóma, eiturefnanefnd, fisksjúkdómanefnd, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Líffræðifélagi Íslands, Líffræðistofnun Háskólans, Lyfjaeftirliti ríkisins, lyfjanefnd, Náttúruverndarráði, Skipulagi ríkisins, Veiðimálastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og yfirdýralækni. Einnig fylgdu með þáltill. skrifleg svör þriggja ráðherra á 112. löggjafarþingi, þ.e. heilbr.- og trmrh., samgrh. og landbrh.

Flestir umsagnaraðilar, sem tjáðu sig um efni tillögunnar, telja þörf á að mótaðar verði samræmdar reglur um kröfur varðandi starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar. Nokkrir telja þörf á lagasetningu í því sambandi. Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Líffræðifélag Íslands, Líffræðistofnun Háskólans og Náttúruverndarráð fjalla m.a. um stofnablöndun (erfðamengun) í umsögnum sínum. Nefndin telur að þetta atriði þurfi að rannsaka nánar, ekki síst þar eð skoðanir eru skiptar um umfang og áhrif slíkrar stofnablöndunar.

Nefndin tekur undir meginefni tillögunnar um að móta þurfi samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar. Hins vegar telur nefndin rétt að athugað verði hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu og þá einnig varðandi stofnablöndun (erfðamengun).

Nefndin flytur á sérstöku þskj. brtt. við málið og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.“

Undir nál. rita nefndarmenn í hv. félmn., sá sem hér stendur sem frsm., Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskrifari, Guðni Ágústsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristinn Pétursson, Alexander Stefánsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Á þskj. 299 flytur nefndin brtt. við þáltill. Þar er lagt til að tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim. Jafnframt verði athugað hvort þörf sé á lagasetningu vegna mengunar frá fiskeldi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 299 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 317).

Tæknifrjóvganir, síðari umr.

Þáltill. SLB o.fl., 152. mál. — Þskj. 157, n. 300, brtt. 301.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Félmn. leggur fram svofellt álit varðandi þáltill. um tæknifrjóvganir:

„Nefndin hefur rætt tillöguna og sendi hana til umsagnar landlæknis og Tryggingastofnunar ríkisins (tryggingaráðs). Mæla báðir þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.

Þá hafði nefndin samband við Ólaf W. Stefánsson, formann nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 vegna ályktunar Alþingis frá 25. mars 1986 um réttaráhrif tæknifrjóvgana. Hlé hefur orðið á starfi þeirrar nefndar, en á vegum hennar hefur verið aflað gagna um stöðu mála, m.a. í nágrannalöndum, og álitaefni sem komið gætu að gagni við undirbúning að lagasetningu.

Með hugtakinu „tæknifrjóvgun" er átt við bæði tæknisæðingu og glasafrjóvgun.

Ráðgert er að hefja á árinu 1990 glasafrjóvgun á Landspítalanum, en frá ársbyrjun 1988 hefur verið í gildi samningur til þriggja ára milli Tryggingastofnunar og Bourn Hall Clinic á Englandi um að Íslendingar geti leitað þangað um glasafrjóvganir. Með tilkomu aðstöðu hérlendis má búast við að þeim fjölgi til muna sem leita eftir tæknifrjóvgun. Af þeim sökum m.a. telur nefndin æskilegt að hraðað verði lagasetningu og undirbúningi að reglum um tæknifrjóvganir og að frv. um það efni verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1990.

Nefndin mælir með samþykkt till. með breytingu sem tillaga er um á sérstöku þskj."

Undir þetta rita allir hv. nefndarmenn félmn.

Á þskj. 301 er svofelld brtt. frá félmn. við þáltill. um tæknifrjóvganir:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frv. til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 301 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 318).

EFRI DEILD

25. fundur, fimmtudaginn 14. des., að loknum fundum í Sþ.

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjármögnun útgjalda og verðbætur). — Þskj. 258.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (samruni viðskiptabanka). — Þskj. 307.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég biðst afsökunar á því að koma seinna í ræðustólinn en ég ætlaði mér. Ég flyt þetta frv. um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, í tilefni af samningi sem gerður var 29. júní sl., en í honum var samið um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. til þriggja hlutafélagsbanka, þ.e. Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf. og um sameiningu á bankarekstri kaupendanna í Útvegsbankanum. Síðar var svo nafni Útvegsbanka Íslands hf. breytt á hluthafafundi í Íslandsbanki hf.

Hér er um fyrirkomulag að ræða sem ekki er beinlínis gert ráð fyrir í viðskiptabankalögunum. Þar er gert ráð fyrir sameiningu banka, en ekki beinlínis að bankastarfsemi sé sameinuð án þess að hlutafélög þau sem að bönkunum standa renni saman. Reyndar er að slíkum samruna stefnt í framtíðinni hjá þeim sem að Íslandsbanka standa. En af ýmsum ástæðum þótti heppilegra að framkvæma þessar breytingar, þ.e. samrunann, í áföngum þannig að fyrst verði rekstur bankanna sameinaður en hlutafélög þeirra haldi áfram sem eignarhaldsfélög. Síðar munu svo fara fram hlutabréfaskipti þar sem hluthafar eignarhaldsfélaganna fá hlutabréf í Íslandsbanka í skiptum fyrir sín hlutabréf. Það er til þess að mæta óskum fyrrgreindra banka og kaupenda að hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. að ég hét því í sumar að flytja frv. um þetta efni. Reyndar hafði ég vonast til að geta með því lagt fram skýrslu um sölu hlutabréfa ríkissjóðs til Alþingis en því miður er ekki lokið þeim reikningsuppgjörum sem ég tel nauðsynlegt að fram komi í slíkri skýrslu og verður hún því að

bíða en verður birt þinginu síðar. Mér er tjáð að uppgjörin verði tilbúin á næstu vikum. Um tíma var áformað að leggja í þessu frv. fram tillögur til breytinga á öðrum lögum þar sem nafn Íslandsbanka hf. kæmi í stað nafna Útvegsbanka Íslands og bankakaupenda. Frá því hefur nú verið horfið, a.m.k. í bili. Sum þessara laga eru úrelt og hefur athygli lagahreinsunarnefndar verið vakin á því en önnur fjalla um fjárfestingarlánasjóði og þarfnast breytingar á þeim frekari umfjöllunar og mun ég ræða það mál við forsvarsmenn bankanna þriggja og fleiri aðila á næstunni. Ég hét kaupendum því í vor að ég mundi einnig beita mér fyrir einföldun á þessum lögum eins og sameining bankanna gefur tilefni til. En ég vil jafnframt taka fram að ég hef oft áður lýst þeirri skoðun minni — það gerði ég reyndar einnig við kaupendur hlutabréfanna í vor — að taka ætti löggjöf um fjárfestingarlánasjóðina til endurskoðunar í heild. Ég er enn þeirrar skoðunar að næsta skref í endurskipulagningu á stofnunum íslenska fjármagnsmarkaðarins eigi að vera sameining fjárfestingarlánasjóða í færri og sterkari stofnanir sem ekki séu jafnhólfaskiptar eftir atvinnugreinum og nú er. Tel ég að um leið eigi ábyrgð opinberra aðila á slíkum sjóðum, skattfríðindi þeirra og fleiri atriði að koma til endurskoðunar og fjallað um þau atriði öll í almennri löggjöf.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um einstakar greinar þessa frv. Efnisgreinarnar eru reyndar aðeins tvær og er í hinni fyrri lagt til að litið verði á sameiningu bankarekstrar sem hliðstæðu samruna viðskiptabanka í heild. Hún fjallar einnig um það að viðskiptamenn sameinaðrar bankastarfsemi skuli fá vitneskju um þau atriði sem máli skipta fyrir þá í tengslum við sameininguna og loks eru þar ákvæði sem mæla fyrir um undanþágu á stimpilgjöldum af þeim margvíslegu skjölum sem þinglýsa þarf í tengslum við sameiningu bankanna. Eru mörg fordæmi fyrir slíkri undanþágu og má þar t.d. nefna 9. gr. laganna um stofnun Útvegsbanka Íslands hf.

Síðari lagagreinin sem tillaga er gerð um fjallar um ný bráðabirgðaákvæði við viðskiptabankalögin. Hún tekur mið af því að fyrirkomulag Íslandsbanka hf. er á þann veg að hlutafélög kaupendanna starfa fyrst um sinn áfram sem eignarhaldsfélög sem eiga síðan hlut í Íslandsbanka hf.

Í fyrsta lagi er lagt til að fulltrúum eignarhaldsfélaganna verði veitt atkvæðavald í samræmi við hlutafjáreign og þykir það réttlætanlegt í því tilfelli sem hér er um að ræða, enda má segja að stórir hagsmunahópar og fjöldi eigenda standi að baki stjórnun hvers eignarhaldsfélags um sig. Á það er líka bent að hvert félag um sig hefur starfað skv. hlutafélagsbankalögunum að bankastarfsemi. Öllum má þó ljóst vera að þessi skipan verður ekki til frambúðar enda er tillagan gerð í formi bráðabirgðaákvæðis. Hér er einnig lagt til að ríkissjóður hafi sama rétt og eignarhaldsfélag hvað snertir atkvæðisrétt í hlutafélagsbanka, þ.e. að hann geti nýtt sitt hlutafé þótt það fari fram úr fimmtungi af hlutafénu. Reyndar má segja að þetta ákvæði sé ekki sérlega nauðsynlegt eins og sakir standa. En á það kann að reyna síðar, t.d. ef ríkisbönkum yrði breytt í hlutafélagsform eða ef ríkisbanki og hlutafélagsbanki sameinast.

Í öðru lagi er lagt til að eignarhaldsfélögunum verði áfram heimilt að hafa nafnið banki í heiti sínu, en með orðinu eignarhaldsfélag viðbættu framan við nafn félagsins.

Hæstv. forseti. Þetta frv. er miklu síðar á ferðinni en ég hafði ætlað mér og stefndi að í upphafi. Ástæðurnar fyrir þeirri töf eru margar, m.a. að leita þurfti samkomulags í hópi kaupenda að bankanum, líka þær að lengi hafði verið til þess vonast að gera mætti ítarlega grein fyrir viðskiptunum með hlutabréf ríkisins í Útvegsbankanum. En tíminn er naumur og brýna nauðsyn ber til að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi fyrir 1. jan. nk. til að eyða réttaróvissu, en þá tekur Íslandsbanki hf. til starfa. Ég vil þess vegna mælast til að þetta frv. fái skjóta en jafnframt vandaða meðferð hér í deildinni og því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. viðskrh. um að æskilegt sé að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu í deildinni. Það er, eins og hæstv. ráðherra gat um í ræðu sinni, um að ræða staðfestingu á sameiningu þeirra banka sem hæstv. ráðherra nefndi. Hér er raunverulega um formsatriði að ræða og því vil ég lýsa yfir stuðningi við þetta frv.

Ég vil einnig árétta það, sem er skoðun hæstv. ráðherra og þeirra sem stóðu að sameiningu umræddra banka, að hér er um að ræða mjög þarft verk sem er það að fækka bönkum í landinu og gera allan þennan rekstur hagkvæmari og ódýrari fyrir þá sem þurfa að nýta sér hann.

Það er eitt atriði í þessu frv. sem ég tel að hefði þurft að vera öðruvísi. En ég tek það fram að ég er ekki með athugasemd við það með þeim hætti að ég vilji breyta þessu frv. eins og það liggur fyrir. Það er í sambandi við eignarhaldsfélögin. Ég vil láta það koma fram nú þegar að ég hefði talið æskilegt að eignarhaldsfélögin væru tímabundin, þ.e. fram hefði komið t.d. í sambandi við þetta frv. tímasetning um það hvað eignarhaldsfélögin skyldu starfa lengi. En eins og hæstv. ráðherra kom inn á hér í sinni ræðu þá er um að ræða ákveðin sjónarmið þeirra aðila sem stóðu að stofnun þessa sameiginlega banka sem ráða því að ekki er hægt að koma því við. Það er meira en æskilegt, það er nauðsynlegt, ef þessi banki á að ná þeim árangri sem æskilegt er, að leggja niður eignarhaldsfélögin í því formi sem þau eru og verða, alla vega á næstu árum. Það er æskilegt og einnig er það rökrétt að hluthafar eigi beina aðild að hinum nýja banka, en geri það ekki í gegnum eignarhaldsfélögin. Ég vildi aðeins, virðulegur forseti, láta þetta sjónarmið koma fram jafnframt því sem ég lýsi yfir stuðningi við þetta frv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir undirtektirnar við frv. og vil ítreka það sem ég vona að hafi komið fram í framsöguræðu minni að ég er sömu skoðunar og hv. þm. um að eignarhaldsfélögin sem aðilar að bankafélaginu eigi að vera tímabundin fyrirbæri þótt ekki hafi reynst unnt að setja dagsetningu í tillgr. En eins og ég vék að í minni upphaflegu ræðu þá er þetta í eðli sínu bráðabirgðafyrirkomulag og er enda hér gerð tilla um í bráðabirgðaákvæði við viðskiptabankalögin og mönnum vel kunnugt um að að því sé stefnt að skipt verði á hlutabréfum í eignarhaldsfélögunum fyrir hlutabréf í Íslandsbanka hf. þegar fram líða stundir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Launaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í því frv. um launaskatt sem hér er mælt fyrir er lagt til að innheimtan í launaskattinum verði samræmd öðrum þáttum í staðgreiðslunni, en ósamræmi hefur verið á þessum þáttum síðan staðgreiðslan var tekin upp. Slíkt samræmi er í senn eðlilegra fyrir þá sem skattinn greiða og einnig fyrir ríkissjóð þar eð bein efnisleg tengsl eru milli staðgreiðslunnar og launaskattsins. Þetta frv. hefur fengið hraða og góða meðferð í hv. Nd. og vænti ég þess að svo verði einnig hér í þessari hv. deild og legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

22. fundur, fimmtudaginn 14. des., kl. 2.17 síðdegis.

Eftirlaun til aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bifreiðagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 20:2 atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr með 24 shj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 3. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 267.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 319).

NEÐRI DEILD

23. fundur, fimmtudaginn 14. des., að loknum 22. fundi.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjármögnun útgjalda og verðbætur). — Þskj. 258.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem ég mæli hér fyrir er flutt í tengslum við annað frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lagt hér fram á Alþingi, frv. um eftirlaun aldraðra. Í báðum þessum frv. er eingöngu verið að framlengja gildandi ákvæði og er í þessu frv. kveðið á um að þau verði framlengd til ársins 1991 og 1992.

Eins og hv. alþm. er kunnugt var í tengslum við breytingar sem gerðar voru á lífeyriskerfinu fyrir allnokkrum árum síðan ákveðið að Lífeyrissjóður bænda veitti ákveðnar tryggingar fyrir skuldbindingum vegna hóps aldraðra bænda sem ella hefðu verið utan garðs í lífeyriskerfinu.

Eins og fram hefur komið hér á hv. Alþingi er ætlunin að leggja fyrir þingið eftir jólahlé hin viðamiklu frv. um breytingar á lífeyrissjóðakerfi og lífeyriskerfi landsmanna og gefst þá tækifæri til þess að ræða lífeyrismálin í heild sinni, en með þessu frv. er eingöngu um að ræða framlengingu meðan Alþingi og aðrir gefa sér tíma til að koma á framtíðarskipan í þessum málum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

EFRI DEILD

26. fundur, fimmtudaginn 14. des., að loknum 25. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 1985, sem flutt er á þskj. 261, sbr. nál. frá heilbr.- og trn. Nd. á þskj. 296.

Frv. það sem hér liggur frammi er flutt í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar þess efnis að framlengja beri lög nr. 2/1985, um eftirlaun til aldraðra, næstu tvö árin þannig að þau gildi í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en því er snertir iðgjaldshlutfall sem lífeyrissjóðirnir greiða til þessa lífeyriskerfis. Af því tilefni er rétt að rifja aðeins upp gang mála á undanförnum árum. Fyrstu lög um eftirlaun aldraðra, sem reyndar hétu lög um eftirlaun fyrir aldraða félaga í stéttarfélögum, voru sett árið 1970, sbr. lög nr. 18/1970 og var það gert í framhaldi af kjarasamningum árið 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið.

Skv. fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samninga árið 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ hlutum og ríkissjóði að ¼ hluta en síðan var ætlunin að hlutaðeigandi lífeyrissjóður tæki við, enda væri þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæðis í reglugerðir lífeyrissjóðanna var fjárhagsgrundvöllurinn og því var gert ráð fyrir því að lögin féllu úr gildi í árslok 1984. Lögunum var breytt með lögum nr. 97/1979, sem hétu þá Lög um eftirlaun til aldraðra. Var enn gert ráð fyrir því að eftirlaunagreiðslur skv. lögunum féllu niður í árslok 1984. Þegar þar að kom þótti ekki koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar féllu niður án frekari ráðstafana af hálfu stjórnvalda og voru því ákvæði laganna um eftirlaunagreiðslur framlengd til 1. jan. nk. eða í 5 ár.

Á ný er ljóst að þær lífeyrisgreiðslur sem hér um ræðir mega ekki falla niður frá og með 1. jan. nk. þar sem þær skipta miklu um fjárhag og afkomu þess fólks sem þeirra nýtur. Það var af þessum sökum sem ríkisstjórnin, í tengslum við lausn kjarasamninga í lok aprílmánaðar sl., gaf fyrirheit um að hún mundi beita sér fyrir framlengingu laganna. Fól heilbr.- og trmrn. umsjónarnefnd eftirlauna, sem starfar skv. lögum, að kanna málið. Í greinargerð nefndarinnar frá 9. júní sl. kemur fram að hún telur einkum þrjá kosti koma til greina um framlengingu laganna:

1. Að framlengja enn um sinn núgildandi lög í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en því er snertir það iðgjaldshlutfall sem lífeyrissjóðir greiða til þessa lífeyriskerfis.
2. Að framlengja greiðslur með yfirtöku hins opinbera á þeim.
3. Að framlengja greiðslur skv. lögunum en breyta kostnaðarskiptingu milli lífeyrissjóða annars vegar og hins opinbera hins vegar.

Umsjónarnefndin taldi síðasta kostinn álitlegastan og lagði síðan fram formlega tillögu þar að lútandi.

Það er hins vegar skoðun ríkisstjórnarinnar og er það reyndar í samræmi við fyrirheit hennar að framlengja beri lögin næstu tvö ár með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þeim kosti sem fyrstur er nefndur hér að framan. Á þeim tíma verði þau tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna

lífeyrissjóðanna með hliðsjón af þeim tillögum umsjónarnefndar sem áður er getið. Þetta felur í sér að lífeyrissjóðirnir greiða verðtryggðu réttindin eftir reglugerðum sínum og í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma en hið opinbera það sem á vantar full réttindi samkvæmt gildandi lögum. Með þessari tveggja ára framlengingu og breytingu á því iðgjaldshlutfalli sem lífeyrissjóðunum er gert skylt að greiða til þessa eftirlaunakerfis og gert er ráð fyrir í þessu frv. gefst bæði ráðrúm til þess að kanna lögin í tengslum við mótun framtíðarstefnu í málefnum lífeyrissjóða og jafnframt fá núverandi greiðsluaðilar tóm til aðlögunar að breyttri kostnaðarskiptingu. Þykir heppilegra að framlög sjóða verkalýðsfélaganna til greiðslu verðtryggingar skv. I. kafla laganna og framlög annarra sjóða til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla verði lækkuð í áföngum á næstu tveimur árum en að þau verði felld niður þegar í stað eins og tillögur umsjónarnefndarinnar gera ráð fyrir. Samkvæmt ofanrituðu eru efnisatriði frv. eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir tveggja ára framlengingu laganna og á þeim tíma verði lögin tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun lífeyrissjóðsmála.

2. Framlög lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna, þ.e. verðtryggingin, en þær eru bornar af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum sem hundraðshluti af iðgjaldstekjum, sbr. 24. gr. laganna, verði 2% á árinu 1990 og 1% á árinu 1991 í stað 3% eins og verið hefur frá 1986. Árin 1980–1984 var hlutfallið 5% en lækkaði síðan í 4% árið 1985 og 3% árið 1986 og hefur verið svo síðan. Hlutfallið hefur því farið lækkandi, enda fækkar þeim sem njóta réttar samkvæmt lögunum í samræmi við lífslögmálið. Verði sama prósentutala, 3%, látin gilda áfram hefði það í för með sér að lífeyrissjóðirnir stæðu að öllu leyti undir greiðslu verðtryggingarinnar en á árinu 1988 var hlutfallið 78% og á árinu 1989 um 90%. Lækkun iðgjaldshlutfalls sem hér er gert ráð fyrir hefur í för með sér að iðgjaldsframlag hlutaðeigandi lífeyrissjóða dygði að líkindum fyrir greiðslu um það bil 65% af kostnaði af verðtryggingu skv. I. kafla laganna á árinu 1990 og um 35% af kostnaði á árinu 1991. Í þessu tilfelli er rétt að benda á að í upphafi var gert ráð fyrir því að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóðanna dygði fyrir greiðslu 50–60% af útgjöldum vegna verðtryggingarinnar og hefur svo verið lengst af þar til 1987 eins og áður hefur komið fram. Það liggur því ljóst fyrir að hlutfall iðgjaldstekna sem nú gildir, 3%, sem lífeyrissjóðirnir leggja fram til greiðslu verðtryggingar eftirlaunanna er orðið miklum mun hærra hlutfall en upphaflega var stefnt að. Ástæðurnar fyrir því að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóðanna hefur farið vaxandi sem hlutfall af kostnaði við greiðslu verðtryggingar eftirlaunanna eru nokkrar, en þó vegur þungt að hlutfallið ræðst að nokkru af þeim mun sem er á launum á hverjum tíma og á því fimm ára meðaltali sem grunnlífeyrir er miðaður við samkvæmt lögunum. Dragi úr þessum mun lækkar hlutdeild verðtryggingarinnar í eftirlaununum en hlutdeild sjálfs grunnlífeyrisins eykst.

Auk þess mætti nefna að iðgjaldsstofn lífeyrissjóða hefur verið víkkaður í áföngum undanfarin þrjú ár þannig að hann miðast ekki lengur við dagvinnulaun heldur við heildarlaun. Sú breyting kemur að fullu til framkvæmda á næsta ári og hefur hún valdið og mun valda auknum iðgjaldstekjum umfram launabreytingar.

3. Iðgjaldstekjur hafa aukist umfram launabreytingar vegna fjölgunar greiðenda og allt þetta hefur í för með sér að framlög lífeyrissjóðanna eru orðin miklu hærra hlutfall en að var stefnt í upphafi eins og áður hefur komið fram.

Ef litið er til kostnaðarins liggur ljóst fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna eftirlauna skv. II. kafla laganna, vegna verðtryggingarinnar, mun aukast úr 18 millj. í 28 millj. á næsta ári, en kostnaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs hvors um sig mun aukast úr 14 millj. í 21 millj. Rétt er að benda á að verði lögin ekki framlengd yrði óhjákvæmilegt að hið opinbera tæki á sig allan kostnað af þeim eftirlaunum sem nú eru greidd skv. II. kafla laganna, sé ætlunin að bæta hlutaðeigandi aðilum lífeyri vegna verðtryggingarinnar. Verði sama prósentutalan látin gilda áfram, þ.e. 3%, liggur hins vegar ljóst fyrir að lífeyrissjóðirnir mundu greiða allan þennan kostnað á þessu ári.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um frv. þetta öllu fleiri orðum en vísa til mjög ítarlegra athugasemda við frv. þar sem gerð er grein fyrir aðdraganda og efni laga um eftirlaun til aldraðra, ýmsum þáttum sem snerta eftirlaunin, bæði almenn eftirlaun og til aldraðra félaga í stéttarfélögum og til aldraðra bænda. Enn fremur vísa ég sérstaklega til þess sem fram kemur í lok athugasemdanna þar sem gerð er grein fyrir breytingum þeim sem fólgnar eru í frv.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr. með beiðni um að afgreiðslu þess yrði flýtt þannig að frv. geti orðið að lögum frá og með 1. jan. nk., en nauðsyn þess er brýn eins og áður segir. Og frv. þetta hefur nú þegar verið afgreitt í hv. Nd. óbreytt, samhljóða.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Út af síðustu orðum hæstv. ráðherra vil ég taka fram í sambandi við að þetta hafi verið samþykkt og afgreitt í Nd. samhljóða. Það er alveg rétt, en ég er ekki viss um að allir sem fjölluðu um þetta mál í hv. Nd. hafi gert sér raunverulega grein fyrir því hvað þeir voru að samþykkja að svona lítt athuguðu máli.

Því miður kemur þetta frv. seint fram á þessu þingi með tilliti til þess að hér er um að ræða mál sem þarf að taka afstöðu til miðað við 1. jan. nk., þ.e. með hvaða hætti ætti að tryggja þeim sem fá þær viðbótartryggingabætur sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á því að það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði þegar hann hélt því fram að það hefði verið ákveðið sl. vor, þannig var hægt að skilja ræðu hans, af samningsaðilum á vinnu-

markaðinum að það ætti að framlengja lögin óbreytt. Það er alls ekki rétt. — Ég sé að hæstv. menntmrh. telur vænlegast að flýja salinn meðan ég flyt mína ræðu. Það vill svo til að hæstv. menntmrh. er í flokki með forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundi Stefánssyni, þannig að ég geri ráð fyrir að hæstv. menntmrh. viti vel hvað ég ætla að segja hér á eftir. Það snýr nefnilega, virðulegi forseti, að þeim flokki og þeim mönnum sem eru í forustu verkalýðshreyfingarinnar og hafa fjallað um þetta mál og á ég þar alveg sérstaklega við forseta ASÍ.

Eins og virðulegi forseti veit, þá var hér á sl. vori gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar um nokkur atriði sem ríkisstjórnin lofaði að fullnægja til viðbótar því sem samið var um beint í samningum og þar á meðal var þetta atriði. Nú kann að líta þannig út, svona við fyrstu sýn, að hér sé ekki um stórmál að ræða sem er þetta frv. En ef nánar er að gætt, er hér um miklu, miklu stærra mál að ræða en þingheimur gerir sér grein fyrir.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því áður en ég vík að efni frv. að með þessu frv. og með þeirri greinargerð og á grundvelli þeirrar ræðu sem hæstv. ráðherra flutti hér áðan er raunverulega verið að fresta því um tvö ár að taka lífeyriskerfið í heild til endurskoðunar. Það er ekki lítil ákvörðun út af fyrir sig að taka þessa afstöðu á sama tíma og verið er að halda kerfinu áfram óbreyttu. Þar á ég sérstaklega við að taka ekki afstöðu til þess hvernig á að samræma lífeyriskerfið, þ.e. ef við skoðum lífeyriskerfi opinberra starfsmanna annars vegar og svo það lífeyriskerfi sem aðrir verða að búa við hins vegar, þar á meðal það fólk sem þetta snertir. Maður hafði gert ráð fyrir því að núv. hæstv. ríkisstjórn mundi leggja fram frv. til laga um starfsemi lífeyrisssjóða sem hefur legið í skúffunum hjá fjármálaráðherrum undangenginna ríkisstjórna og liggur þar enn. Þ.e. frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða þar sem tekið er á þessu vandasama máli sem lífeyriskerfið er í heild og einnig það atriði sem þetta frv. snýr að. En það er sem sagt í fyrsta lagi verið að fresta því að þetta komi til umræðu á hinu háa Alþingi. Hér er um stórmál að ræða, miklu stærra en þingmenn yfirleitt vilja viðurkenna, enda sýnist mér flestir þeirra vera fælnir þegar talað er um lífeyrismál vegna þess að menn vilja ekki fá hér inn á borðið umræðu um það misrétti sem tíðkast í lífeyriskerfi þjóðarinnar. Í öðru lagi er verið að skattleggja ákveðna sjóði í sambandi við þær greiðslur sem þetta frv. gerir ráð fyrir að renni í gegnum umsjónarnefnd eftirlauna. Ég vek athygli á því og ítreka að aldrei var um það samið í samningum verkalýðshreyfingarinnar við vinnuveitendur í vor né því lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar að framlengja ætti þessi lög óbreytt enda kemur það hér skýrt og skorinort fram í greinargerð með þessu frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Af þessum sökum gaf ríkisstjórnin í tengslum við lausn kjarasamninga í lok aprílmánaðar sl. fyrirheit um að hún mundi beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra.“ Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Ekki var tiltekið nákvæmlega með hvaða hætti lífeyrisgreiðslum þessum skyldi fram haldið. Heilbr.- og trmrn. fól umsjónarnefnd eftirlauna að kanna þetta mál.“ Síðan kemur fram að umsjónarnefnd hafi fjallað um þetta og leggur fram sínar hugmyndir og í þeim hugmyndum kemur m.a. fram sem segir svo í greinargerð, með leyfi forseta:

„Þykir heppilegra að framlög sjóða verkalýðsfélaga til greiðslu verðtryggingar skv. I. kafla laganna og framlög annarra sjóða til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla verði lækkuð í áföngum á tveimur árum heldur en að þau verði felld niður þegar í stað eins og tillögur umsjónarnefndar gera ráð fyrir.“

Þetta er sem sagt skoðun ráðuneytisins, þ.e. þeirra sem semja greinargerðina og leggja fram þetta frv., að það sé heppilegra að halda þessu áfram með skattlagningu ákveðinna lífeyrissjóða, en umsjónarnefnd sem er framkvæmdaaðili þessara mála, umsjónarnefnd sem stofnuð var á sínum tíma í samningum verkalýðshreyfingarinnar, því þetta byrjar á sínum tíma sem samkomulagsatriði innan verkalýðshreyfingarinnar, leggur til að þessari skattlagningu linni og að það verði gert sem allir aðilar gera ráð fyrir, eins og kemur skýrt fram í frv., að ríkissjóður taki þessar greiðslur að sér. Þ.e. að lífeyrissjóðir á samningssviði aðila vinnumarkaðarins sem flestir eru með öfugan höfuðstól fengju að halda því fé sem þetta frv. gerir ráð fyrir að skattleggja í sjóðunum til þess að styrkja stöðu þessara sjóða og þar með tryggingalegar forsendur þessara lífeyrissjóða. En það er öðru nær. Þessi hæstv. ríkisstjórn ætlar með þessu fyrirkomulagi að skerða enn frekar höfuðstóla þessara lífeyrissjóða sem berjast í bökkum, allflestir.

Nú geri ég mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að það er eins og að tala inn í tóma tunnu að ræða um þessi mál hér vegna þess að hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn — ekki bara þessi heldur fleiri — telja svo sjálfsagðan hlut að ganga á þennan samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar, ganga þannig á höfuðstól verkalýðshreyfingarinnar þótt hann sé orðinn öfugur, þ.e. hann fullnægir ekki sem skyldi tryggingalegum skuldbindingum miðað við 30 ára tímabil, þeim þykir sjálfsagt að halda áfram þessari skattlagningu á sama tíma sem við erum að samþykkja að greiða á annan milljarð með lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Þá skal skattleggja þetta fólk sjálft úti í atvinnulífinu til þess að færa peninga í því tryggingakerfi sem er það veikburða að það getur ekki staðið undir sér sjálft sem slíkt. Þá skal skattleggja innan kerfisins sem er með neikvæðar forsendur á sama tíma sem við samþykkjum hér á hinu háa Alþingi í gegnum fjárlög á annan milljarð til að verðtryggja lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

Nú geri ég mér grein fyrir því að opinberum starfsmönnum hefur fjölgað gífurlega í íslensku þjóðfélagi og það þykir kannski ekki vænlegt til árangurs í stjórnmálum að vekja athygli á þessu. En það skiptir ekki máli. Það er nóg um það hér á hinu háa Alþingi og þeir eru nógu margir hv. þm. sem þegja þunnu

hljóði vegna þess að þeir eru annaðhvort sjálfir opinberir starfsmenn eða vilja ekki koma nálægt málunum og berjast fyrir þeim sem verr eru staddir í þessum málum en þeir sjálfir, þá hentar þessi aðferð. (**KP:** Það er nú ekki alltaf.) Nei, guði sé lof, hv. þm., og ég er feginn því að hv. þm. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., skuli vera hér staddur vegna þess að hann þekkir til þessara mála. Þess vegna segi ég að þótt þetta hafi verið afgreitt samhljóða í Nd., þá er það fyrst og fremst vegna þess að allir hv. þm. í þeirri deild gera sér ekki grein fyrir því hvað þeir voru að afgreiða, enda þori ég að fullyrða að þeir hafi ekki tekið til máls í umræðum þótt þeir hafi afgreitt þetta í gegnum nefndarálit.

Ég vil þess vegna segja, virðulegi forseti, að hér er á ferðinni mál sem er þess eðlis að það er ekki hægt að afgreiða það þegjandi og hljóðalaust. Ég geri þær kröfur til þessarar ríkisstjórnar sem annarra ríkisstjórna að þegar þær vita það að í staðfestum loforðalista — ég man ekki hvaða dag bréf hæstv. forsrh. var til aðila vinnumarkaðarins þar sem talin voru upp þessi atriði. Kannski er hæstv. heilbr.- og trmrh. með þetta bréf hér og gæti lánað mér það. (**Heilbr.- og trmrh.:** Því miður þá er ég ekki með það.) En hæstv. ráðherra man eftir bréfinu. (**Heilbr.- og trmrh.:** Já.) Það kemur skýrt fram einmitt í því bréfi að það er ekki gert ráð fyrir því eins og hér var sagt í ræðu að álögum á iðgjaldatekjur skuli framlengt, heldur er, eins og kemur fram í grg., gert ráð fyrir því að það skuli skoðað með hvaða hætti þessar viðbótarlífeyrisgreiðslur skuli byggðar. Og þá var gert ráð fyrir því af hálfu verkalýðshreyfingarinnar — ég get fengið það staðfest bréflega hjá forseta ASÍ ef þörf krefur — þá var gert ráð fyrir því að þetta yrði ekki með þeim hætti sem þetta frv. gengur út á. Ég mótmæli því að það sé verið að skattleggja lífeyrissjóði á samningssviði vinnumarkaðarins með þessum hætti.

Nú vill svo til að sá sem mótmælir þessu hér og nú tók þátt í því árið 1976 í samningum verkalýðshreyfingarinnar innbyrðis og við vinnuveitendur að vera með þessar greiðslur, þ.e. við tókum það á okkur sem vorum í ábyrgð og í forustu fyrir verkalýðshreyfingunni þá og í forustu fyrir lífeyrissjóðunum að hefja þessar greiðslur í gegnum umsjónarnefnd. Þetta var árið 1976 og það var gert m.a. vegna þess að þá voru lífeyrissjóðirnir flestir ekki nema 6–7 ára gamlir á sama tíma sem nokkrir sjóðir voru þetta 15–20 ára gamlir og voru með þá aldursdreifingu að það var talið rétt á því stigi á meðan sjóðirnir væru að byggja sig upp að þessi tilfærsla fjármuna ætti sér stað. Og þetta var gert þannig að það var gert samkomulag á milli þessara aðila og lagt fyrir aðalfundi og félagsfundi viðkomandi félaga í verkalýðshreyfingunni og fundi hjá vinnuveitendum þannig að það var á hreinu. Hins vegar lá ljóst fyrir að það var aldrei gert ráð fyrir því að þetta fyrirkomulag ætti að vera til frambúðar. Aldrei. Það veit hæstv. ráðherra og það veit hv. þm. Karvel Pálmason. Það var gert ráð fyrir því að þegar þessi sjóðir væru orðnir 15–20 ára þá mundu þeir sjálfir taka að sér þessar greiðslur. Og einmitt með tilliti til þess sem hæstv. ráðherra sagði, það er annars vegar að þá væri sjóðsuppbygging orðin sterkari og einnig með tilliti til þess að þá fækkaði þeim sem greiða þurfti aldursins vegna, þá mundi þetta geta runnið saman með þessum hætti, þannig að það lá alveg ljóst fyrir. Hins vegar kom þetta síðar inn í lög og þá var gert ráð fyrir því að þessu lyki í árslok 1989 eins og fram hefur komið og m.a. kom fram í ræðu ráðherra.

Það kann svo að vera að mönnum þyki það ekki mikið mál að framlengja lögum þar sem gert er ráð fyrir 2% skattlagningu eða álagi á iðgjaldatekjur sjóðanna. Það getur verið að það þyki ekki mikið, en ef menn skoða þetta út frá þeim stærðum sem um er að ræða, þá er hér um að ræða tilfærslur upp á 200–300 millj. kr. og það er allverulegt fé, sérstaklega ef maður hefur það í huga að það eru til fleiri leiðir í þessum efnum og einnig með tilliti til þess að það er nauðsynlegt að sjóðirnir fái að halda því fé sem kemur inn í þá til þess að styrkja sinn eigin grundvöll. Það er ekki hægt að styrkja stöðu hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna lengur með þeim hætti að skattleggja þetta innbyrðis. Þeir sjóðir sem hafa lakari stöðu verða að ná því að laga þá stöðu, m.a. með því að semja um hærri iðgjöld. Það kemur að því hvort eð er fyrr en síðar.

Ég nefni sem dæmi að mismunurinn á því hvaða iðgjöld þyrftu að vera í sjóðum á hinum almenna vinnumarkaði annars vegar miðað við það hvernig staða opinberra starfsmanna er hins vegar, þá yrðu iðgjöldin að vera 25% í stað þess að þau eru 10% í dag til þess að fullnægja sambærilegum tryggingaskilyrðum, miðað við sambærilegt tryggingarmagn ef ég má orða það þannig eins og á sér stað á opinbera kerfinu. Auðvitað gera menn sér grein fyrir því að það er óframkvæmanlegt. En þetta ranglæti gengur ekki.

Til þess að upplýsa hv. þm. um það hvað hér er um að ræða vil ég lesa upp hvernig greiðslur koma út í þessu kerfi. Það er gert ráð fyrir því að árið 1989 séu iðgjaldagreiðslur inn í lífeyrissjóðakerfið, þ.e. þeirra sjóða sem hér um ræðir, um 6 milljarðar. Nú má gera ráð fyrir því að árið 1990 hækki þetta um 20–25% þannig að við erum að tala þarna um 6–7 milljarða, þ.e. við erum að ræða þarna um 210 millj. hið minnsta. — Nei, þetta er ekki alveg rétt hjá mér, það var árið 1988 sem iðgjaldatekjur sjóðanna sem um er að ræða voru 5,8 milljarðar. Það þýðir að á þessu ári má gera ráð fyrir að iðgjaldatekjur miðað við upplýsingar úr sjóðunum sjálfum — ég er hér með töflu yfir iðgjaldagreiðslur inn í sjóðina eins og þeir snúa að umsjónarnefnd eftirlauna — þá má gera ráð fyrir því að iðgjöldin á þessu ári verði rúmlega 6 milljarðar og á árinu 1990 er ekki óvarlegt að áætla að iðgjaldagreiðslurnar geti verið 8–9 milljarðar. Nú er ég að tala um raunhæfar tölur. Það vill svo til að ég sit í stjórn eins lífeyrissjóðs þar sem fylgst er nákvæmlega með þessu. Þannig að ef við gerum ráð fyrir því að iðgjaldagreiðslurnar séu 8–9 milljarðar þá erum við að tala þarna um eins og ég sagði um 200 millj. kr. hið minnsta.

Þeir sjóðir sem borga helst inn í þetta kerfi eru þeir sjóðir sem eru með það sem er kallað hagkvæm aldursdreifing, þ.e. þar sem mikið er um ungt fólk í viðkomandi starfsgrein. Það á við í þjónustugreinum og það á einnig við í sjómannastéttinni þannig að ef við skoðum hvaða skattlagning er hér á ferðinni, þá sést það t.d. að Lífeyrissjóður sjómanna borgaði árið 1988, þá var 3% af iðgjöldum, 25 millj. inn í kerfið. Hann fær sáralítið til baka. Lífeyrissjóður verslunarmanna borgaði árið 1988 37,7 millj. Lífeyrissjóður samvinnustarfsmanna borgaði tæplega 10 millj. o.s.frv. Á sama tíma fá þessir sjóðir ekki til baka þannig að nettógreiðslur þeirra eru gífurlegar inn í þetta kerfi, skattlagningin, á sama tíma og greiðslur inn í sjóð eins og t.d. Lífeyrissjóð Dagsbrúnar til þess að styrkja tryggingagreiðslur þar eru um 28 millj. Um þetta er auðvitað allt gott að segja og við viljum auðvitað halda áfram að tryggja þennan tryggingargrundvöll. En það er ekki hægt að gera það á þeim forsendum sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það eru örfáir sjóðir sem eru látnir axla þessa byrði og það gengur ekki.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að hér hefur verið talað um það eins og hæstv. ráðherra sagði að á næstu tveimur árum verði tóm til aðlögunar. Þetta eru nákvæmlega sömu orð og viðhöfð voru á sínum tíma þegar þau lög voru til meðferðar á hinu háa Alþingi sem nú eru að renna út. Þá var sagt nákvæmlega eins, að það ætti að nota þennan tíma til aðlögunar, en það er nú gert með þessum hætti, þ.e. að halda þessu áfram.

Ég geri ráð fyrir því að það séu ekki margir sem hafa samúð með því fólki sem er í þessum lífeyrissjóðum. Ég hef ekki orðið var við það hér á þessu háa Alþingi að menn hefðu yfirleitt samúð með fólki sem er úti á hinum almenna vinnumarkaði, ekki hér í sölum Alþingis. Þann tíma sem ég hef setið á þingi hef ég sjaldnast orðið var við það að menn hefðu mikinn áhuga eða samúð með þessu fólki. En það er alltaf vilji til þess annaðhvort að binda fjármuni þessa fólks, eins og gert er t.d. í sambandi við húsnæðislánakerfið, 55% af árlegu ráðstöfunarfé og svo einnig með þessari skattlagningu. Þetta, virðulegi forseti, gengur ekki til lengdar. Í þessu felst mikið þjóðfélagslegt ranglæti sem menn vilja annaðhvort ekki taka eftir eða vilja ekki taka á. Ég vil frekar gera ráð fyrir því að menn vilji ekki taka á því því ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt og ekki til vinsælda fallið að þurfa að taka þetta til endurskoðunar. En ég held að hv. þm. komist þó ekki hjá því.

Jafnframt vil ég vekja athygli virðulegs forseta á því að í Sþ. liggur fyrir þáltill. frá nokkrum framsóknarmönnum þar sem þeir gera ráð fyrir því að það sé hægt að leysa upp alla lífeyrissjóði landsmanna og flytja greiðslur, þ.e. iðgjaldagreiðslur á sérreikning þannig að viðkomandi ætti bara sinn sérreikning í banka í stað þess að vera aðili að lífeyrissjóði. Það gefur náttúrlega auga leið að það þýðir ekki að koma með svona hugmyndir á sama tíma sem menn eru að skattleggja þá stofna, þ.e. höfuðstóla sem þeir ráðast á fyrir það að þeir séu ekki nógu burðugir og standist ekki samkeppnina á svokölluðum frjálsum markaði. Framsóknarmennirnir segja að það sé betra að vera með þetta á sérreikningum. Og þegar vikið er að því hvernig eigi þá að tryggja það að menn fái lágmarkslífeyrisréttindi, þá er sagt: Það getum við haft áfram í almenna tryggingakerfinu. Svo geta verkalýðsfélögin séð um að tryggja það að viðkomandi fólk sé með sína sérreikninga í viðkomandi bankastofnunum. Ég vildi nú sjá það í framkvæmd því að ég hef áratuga reynslu í verkalýðshreyfingunni og þekki það vel hversu erfitt er að passa upp á réttindastöðu og rétt einstakra. Og þar á ég ekki við það að verkalýðsfélögin bregðist, heldur eru það aðrir sem bregðast og sjá til þess að verkalýðsfélögin geta oft ekki framkvæmt það nauðsynlega eftirlit sem þetta mundi krefjast ef það yrði útfært. En þetta bíður náttúrlega þeirrar umræðu um þetta mál sem verður þegar það kemur til umræðu á hinu háa Alþingi.

Og þó að blaðinu mínu, Morgunblaðinu, hafi nú orðið fótaskortur á því að rannsaka . . . (**KP:** Ha?) Ég sagði: Þó að blaðinu mínu, Morgunblaðinu, ég held nú alltaf upp á Morgunblaðið eins og hv. þm. veit, hafi orðið fótaskortur á því að kynna þetta frumhlaup, þáltill. þessara framsóknarmanna um það að leysa upp lífeyrissjóðina þá held ég að það verði nú ekki mjög oft endurtekið á síðum þess blaðs þegar þeir eru búnir að átta sig á því að hér eru á ferðinni óraunhæfar hugmyndir. Þær mundu ekki einu sinni ganga upp í háborg kapítalismans í Bandaríkjunum, hvað þá (Gripið fram í.) Var það Velvakandi? (**KP:** Nei, er það?) Var það Víkverji? Nei, Staksteinar. Það var rétt, hæstv. ráðherra. Það var í Staksteinum, með myndum. En ég var að tala um háborg kapítalismans. Meira að segja Wall Street dettur ekki svona í hug. En hér væri þó um það að ræða að auðveldara væri að skattleggja einstaklingana náttúrlega með sína sérreikninga í bönkunum þegar það væri komið út á það svið. Og svo er þetta með grunntryggingarnar eins og alltaf þegar fjallað er um almannatryggingakerfið hér á hinu háa Alþingi. Það er undir hælinn lagt hvernig sú staða er á hverjum tíma. Það fer dálítið eftir því hvað hv. þm. telja sig aflögufæra handa gamla fólkinu til þess að greiða tryggingabætur í gegnum tryggingakerfið. Það þekkjum við. Þannig að verkalýðshreyfingin taldi rétt á sínum tíma að semja um lífeyrissjóðina til þess að tryggja tryggingastöðu launafólks enn betur. En því miður er alltaf verið að ráðast á uppbyggingu lífeyrissjóðanna. Það er ekki verið að leggja drög að því á hinu háa Alþingi að byggja upp lífeyrissjóðakerfi verkalýðshreyfingarinnar eða hins almenna vinnumarkaðar. Það er hins vegar alltaf verið að veikja stöðu sjóðanna. Og það er alltaf verið að fresta því að þeir sem eiga þessa sjóði, þ.e. sjóðina úti á hinum almenna vinnumarkaði, fái réttarstöðu til þess að tryggja það að þeir geti staðið við sínar skuldbindingar. Þessi tilfærsla veikir stöðu þeirra sjóða sem eru þó betur staddir en ýmsir aðrir, um 2% miðað við iðgjaldagreiðslur.

Ég er út af fyrir sig ekki að ásaka hæstv. heilbr.- og

trmrh. fyrir það að hann skuli leggja þetta frv. fram. En ég tel mér rétt og skylt að vekja athygli á þessum atriðum. Einnig vil ég vekja athygli á því að á 17. þingi Landssambands ísl. verslunarmanna — en í því eru eitthvað um 14 eða 15 þúsund manns. Það er ekki bara fólk sem vinnur í verslunum og hjá heildsölum. Það er fólk sem vinnur í þjónustugeiranum, hjá flugfélögunum, tryggingafélögunum og víðar og víðar, sem sagt vítt og breitt um þjóðfélagið, og þar á meðal eru einnig samvinnustarfsmenn að sjálfsögðu — þar var fjallað um þessi mál. Og ég vil, með leyfi forseta, lesa upp ályktun þessa þings þannig að hæstv. ráðherra geri sér ljóst hver er skoðun þeirra sem hér eiga hlut að máli, alla vega þeirra sem eru skattlagðir og hafa staðið með þessu kerfi hingað til en telja að nú sé aðlögunartímanum lokið, þ.e. nú séu hinir almennu lífeyrissjóðir orðnir það gamlir að þeir verði að gera aðrar ráðstafanir til aðlögunar heldur en að halda þessu, ég vil segja innhverfa kerfi áfram þar sem verið er að skattleggja sjóðina með þeim hætti sem hér um ræðir. En ég les upp samþykkt 17. þings LÍV um þetta mál. Hún er svohljóðandi:

„17. þing Landssambands ísl. verslunarmanna haldið í Reykjavík 13.–15. okt. 1989, telur að tímabært sé að endurskoðun fari fram á tryggingalegum forsendum Lífeyrissjóðs verslunarmanna og samvinnulífeyrissjóðsins með það í huga að tryggingagreiðslur verði hækkaðar. Þingið vekur athygli á að í lok þessa árs falla úr gildi lög um greiðslu til umsjónarnefndar eftirlauna. Greiðslur þessar voru millifærslur milli lífeyrissjóða til styrktar þeim sjóðum sem verr voru staddir og höfðu starfað í stuttan tíma. Nú eru flestir þessara sjóða 20 ára og eldri og hafa fengið nægan tíma til eigin aðlögunar lífeyrisþegum viðkomandi sjóða til hagsbóta. Með tilliti til þessa hlýtur því nú að teljast eðlilegt, þar sem Lífeyrissjóður verslunarmanna hættir þessum greiðslum til umsjónarnefndar eftirlauna um næstu áramót, að hækkun eigi sér stað á lífeyrisgreiðslum sjóðsins til eigin félaga sem þessu nemur."

Þetta var samþykkt samhljóða. Þetta frv. til laga gerir þessum tveim sjóðum sérstaklega erfiðara um vik að styrkja enn frekar tryggingalegar greiðslur sinna sjóða. Ég vek athygli hæstv. ráðherra á þessu án þess að ég ætli að gera hann einan persónulega ábyrgan fyrir því. Við höfðum því gert ráð fyrir því og undirbúið það að hækka tryggingargreiðslur alla vega í Lífeyrissjóði verslunarmanna sem nemur þessum mismuni. Nú tel ég að með þessu frv. sé verið að torvelda það ef ekki að koma í veg fyrir það, svo að ekki sé meira sagt.

Ég vil, virðulegi forseti, að lokum segja þetta: Ég harma það að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki geta farið aðrar leiðir í þessum efnum heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel það ekki vera í anda þess samkomulags sem verkalýðshreyfingin gerði við hæstv. ríkisstjórn sl. vor um framkvæmd þessa máls.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég tel hins vegar að ræða hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar sé að miklu leyti mjög athyglisverð, enda er það svo að hv. þm. hefur í gegnum árin fylgst með þessum málum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og veit í sjálfu sér um hvað hann er að tala.

Það er auðvitað alveg rétt að verkalýðshreyfingin sem slík er þeirrar skoðunar, hefur verið og er þeirrar skoðunar að það eigi að vera jöfn lífeyrisréttindi til handa öllum. Og eftir því frv. sem legið hefur í skúffum ráðherra alllengi hefur verið beðið og er beðið enn.

Mig minnir að hæstv. fjmrh. hafi upplýst það í umræðum í Sþ. ekki alls fyrir löngu að hann mundi leggja fram það frv. nú á þingi í vetur. Ég man ekki betur en að það sé rétt eftir haft. (**GHG:** Já, hann sagði það.) Þess vegna er í mínum huga spurning um það hvort æskilegt sé í þessari stöðu að menn séu hér að binda tvö ár. Ég hygg að menn ættu að skoða það hvort það veldur ekki erfiðleikum að menn séu hér fyrir fram að binda tvö ár fram í tímann í ljósi þess að verkalýðshreyfingin, og þá er ég kannski fyrst og fremst að tala um Alþýðusambandshlutann, hefur lengi óskað eftir því að sömu lífeyrisréttindi giltu fyrir alla.

Ég held að það væri gott fyrir hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar að íhuga það — ég er ekki að hafa á móti því ef aðstæður eru þannig að það kunni að þurfa að framlengja þetta í tvö ár. En ég held að menn eigi ekki að taka það undir í einu. Menn vilja fyrst og fremst fá ein lífeyrisréttindi fyrir alla.

Ég tek mjög undir með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, þó það sé kannski ekki vinsælt, að auðvitað er það nánast með ólíkindum að hinn almenni skattþegn skuli borga á annan milljarð á ári í lífeyrissjóð tiltekinna stétta á sama tíma og fjöldi hinna almennu launþega sem býr við mjög slæm kjör og skilyrði nýtur þessa ekki. Þetta er auðvitað óréttlæti sem er vart líðandi í okkar þjóðfélagi. Nú þori ég ekki að fullyrða, ég er ekki með gögnin með mér, hvort hér er verið að fara eftir samkomulaginu sem gert var, ja, aðfaranótt hátíðisdags verkalýðshreyfingarinnar, 1. maí. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera, ég þori ekkert að fullyrða þar um, en það kemur væntanlega í ljós í umræðum í nefndinni hvort hér er verið að framfylgja því loforði eða ekki. En hinu verður heldur ekki neitað að menn komast ekkert fram hjá því úr því sem komið er að framlengja þetta um einhvern tiltekinn tíma. Það hefur gerst núna nokkuð mörg ár í röð að þetta hefur verið gert nánast undir lok þings fyrir hver áramót, að það er framlengt, en það er slæmt að það skuli gerast með þeim hætti.

Út af því sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði að hv. þm. hefðu ekki samúð með hinum almenna launlega (**GHG:** Ýmsir.) já, það hefði verið rétt að taka fram ýmsir. Það hefði átt betur við og hv. þm. mun þá trúlega leiðrétta það í ræðu. (**GHG:** Ég

leiðrétti það hér með.) Já, það er gott, en hins vegar eru þeir allt of fáir. (**Sjútvrh.:** Væri ekki rétt að telja þá upp?) Ja, það væri kannski gott, hæstv. sjútvrh., að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson mundi telja þá upp hér á eftir. Það er ekki löng upptalning að mínu viti. En hitt er svo rétt að ég hugsa að allt of margir hv. þm. geri sér ekki grein fyrir hversu mikið mál þetta er fyrir tiltekna einstaklinga sem þessa njóta. Þetta er eins og annað í jólaflóðinu, þetta flýtur hér inn og út nánast athugunarlítið eða athugunarlaust og menn átta sig ekki alltaf á hlutunum.

Ég ítreka að ég held að menn ættu að skoða það hvort menn eru ekki að taka of stóran bita með tveimur árum ef þeir á annað borð meina það, eins og hæstv. fjmrh. talaði í Sþ. fyrir nokkrum dögum síðan og sagði að hann ætli sér að leggja fram þetta frv. núna eftir áramót. Og ég trúi ekki öðru. A.m.k. er það stefna Alþfl. það ég best veit að komið verði á samræmdum lífeyrisréttindum fyrir alla landsmenn. (Gripið fram í.) Það er búið að vera stefnumál flokksins lengi. Og ég trúi því að hæstv. fjmrh., af því að hann er genginn í salinn, standi við það að leggja þetta frv. fram eftir áramót og raunar að því verði komið í höfn á næsta þingi þannig að hér þurfi ekki að vera að tala um tvö ár eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Menn gætu látið sér nægja eitt ár, þ.e. næsta ár í þessu tilviki ef ekkert sérstakt kemur í veg fyrir það og að menn hafi ekki tekið sinnaskiptum á næsta ári í þessum efnum. Þetta held ég að þurfi að athuga mjög gaumgæfilega og ég ítreka, ég held að hugleiðing hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar hefði átt að ná til fleiri hv. þm. en hér hlýddu á hann nú áðan.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karvel Pálmasyni fyrir það sem hann sagði. Þetta er allt satt og rétt. En varðandi það hvort ætti að framlengja um eitt eða tvö ár, þá vil ég segja fyrir mitt leyti að ég átti aðild að því á sínum tíma ásamt öðrum úr verkalýðsforustunni að fara þessa leið. Og ég tók það skýrt fram hér áðan í minni ræðu að ég hef ekkert breytt um skoðun í þeim efnum. Það verður að halda áfram að styrkja það fólk sem hér um ræðir sem er í þeim sjóðum sem geta ekki axlað þetta sjálfir með þeim hætti efnislega sem frv. gerir ráð fyrir. En ég hefði talið, eins og ég sagði í minni ræðu, og tel að það hefði ekki átt að framlengja þessu lagalega séð í tvö ár, alls ekki. Þar fyrir utan hefði það verið algjör lágmarkskrafa af hálfu okkar sem stöndum í þessu að eitthvað hefði verið við okkur rætt um þessi mál áður en þetta frv. var lagt fram. Það var auðvitað ekki gert. Það var ekki talað við Lífeyrissjóð sjómanna. Það var ekki talað við Lífeyrissjóð verslunarmanna, það var ekki talað við Lífeyrissjóð samvinnustarfsmanna og ég get talið upp 2–3 sjóði í viðbót sem öxluðu 50–60% af allri greiðslubyrðinni. Nei, það var ekki gert. Og þrátt fyrir að menn vita það hér að þetta mál hefur yfirleitt alltaf fengið jákvæða umfjöllun hjá forustumönnum þessara sjóða vegna þess að þeir hafa viljað standa með sínum félögum. — Hæstv. sjútvrh. er nú að færa sig til í salnum. Hann spurði áðan hvort þingmaðurinn vildi telja þá upp, átti ég að skilja það þannig að hann ætti við þá sem hefðu verið vinveittir verkalýðshreyfingunni eða óvinveittir eða tómlátir gagnvart henni? (Gripið fram í). Spursmálið er, hvað fólst í spurningu ráðherra. (Gripið fram í.) Ég skal segja ykkur það, þetta er afskaplega einfalt mál. (**HBl:** 63 nöfn.) Það er að vísu ekki nóg að tala fyrir einhverju máli. Menn verða auðvitað að sinna því líka og fylgja því eftir úti á vettvangi og ég ætla þess vegna að svara þessu óbeint. Svo getur hæstv. sjútvrh. svarað mér ef hann vill: Hvað skyldu vera margir hv. alþm. sem taka þátt í störfum verkalýðshreyfingarinnar og sinna henni með þeim hætti að hægt sé að tala um að þeir séu að tala hér yfirleitt máli verkalýðsins? Þá á ég sérstaklega við það fólk sem er úti á hinum almenna vinnumarkaði. Svo geta menn bara skoðað þingtíðindi og flett upp í málum og svarað sér sjálfir. Ég held að það séu því miður allt of fáir sem tala máli verkalýðshreyfingarinnar, hins almenna launamanns á Íslandi hér á hinu háa Alþingi. Ég stend við það og vísa til þeirra sönnunargagna sem liggja hér fyrir skjalföst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (heildarlög). — Þskj. 202, n. 314.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 314 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. En í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá útvegsmannafélögum Austfjarða, Norðurlands, Reykjavíkur, Snæfellsness, Suðurnesja og Vestfjarða, Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, verkalýðsfélögunum á Snæfellsnesi og Alþýðusambandi Suðurlands. Til viðræðna voru fengnir Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Karl Steinar Guðnason frá Verkamannasambandi Íslands, Logi Þormóðsson frá Fiskmarkaði Suðurnesja og Brynjólfur Bjarnason frá Granda hf.“

Eftir mjög gagnleg skoðanaskipti milli viðmælenda og innan nefndarinnar leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Jóhann Einvarðsson, Halldór Blöndal, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason og Guðmundur H. Garðarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (þróunardeild og Fiskimálasjóður). — Þskj. 203, n. 312 og 316, brtt. 313.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 312. Það er nál. um frv. til laga um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, frá meiri hl. sjútvn. En í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna voru kallaðir Sveinn Finnsson frá Fiskimálasjóði, Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Már Elísson frá Fiskveiðasjóði og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Í viðræðum þessum kom fram sú skoðun að nauðsyn bæri til að lán væru einnig veitt af deildinni til markaðsmála og að deildinni væri markaður ákveðinn tekjustofn til styrkveitinga. Hefur meiri hl. nefndarinnar ákveðið að flytja breytingartillögu þar um."

Þessi brtt. frá meiri hl. sjútvn. liggur fyrir á þskj. 313. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. Greinin orðast svo:

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök þróunardeild er hefur það hlutverk að veita lán til markaðsmála, rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Deildinni er heimilt að veita styrki í sama tilgangi. Í því skyni er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leggja deildinni árlega til allt að 1% af eigin fé sjóðsins."

Meiri hl. nefndarinnar mælir sem sagt með samþykkt frv. með þessum breytingum. Fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. alþm. Halldór Blöndal en hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir skilar séráliti. Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Karvel Pálmason, Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Einvarðsson og Skúli Alexandersson.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hl. sjútvn. á þskj. 316, um frv. til laga um viðauka við lög nr. 44 frá 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Minni hl. tekur undir nauðsyn þess að efla rannsóknir og þróunarstarf í íslenskum sjávarútvegi eins og markmiðið með þessu frv. er.

Í athugasemdum með frv. segir m.a. um hlutverk þróunardeildar Fiskveiðasjóðs: „Deildin veiti lán eða styrki til rannsókna og þeirra nýjunga sem orðið gætu til að efla markaðsstöðu íslensks sjávarútvegs." Minni hl. vill benda á að ekki er síður nauðsynlegt að efla vöruþróun og fræðslu í íslenskum sjávarútvegi jafnframt því að efla markaðsstöðuna.

Á 110. löggjafarþingi fluttu þingmenn Kvennalistans fjölmargar brtt. við frv. til laga um stjórn fiskveiða. Tillögurnar gerðu ráð fyrir að 80% af leyfðum heildarafla yrði skipt milli byggðarlaga eða útgerðarstaða með hliðsjón af lönduðum heildarafla síðustu fimm ára. 20% heildaraflans skyldu renna í sameiginlegan sjóð og verða til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar eftir ákveðnum reglum. Gjald byggðarlaga fyrir kvóta skyldi miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó og tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda varið til eftirtalinna verkefna: Í fyrsta lagi til fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannafræðslu og öryggisfræðslu sjómanna. Í öðru lagi til rannsókna í tengslum við sjávarútveg, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir. Í þriðja lagi til verðlauna til handhafa veiðiheimilda fyrir sérstaka frammistöðu í nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

Tillögur Kvennalistans eru því nokkuð víðtækari en ráð er fyrir gert í frv. þessu. Tekjustofn til þessara verkefna er í tillögum Kvennalistans tryggður með veiðileyfasjóði en frv. þetta gerir einungis ráð fyrir heimild en ekki skyldu til handa Fiskveiðasjóði til að veita þróunardeild lán eða styrki.

Að mati minni hl. er frv. þó spor í rétta átt og mun minni hl. því styðja það."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 313 kölluð aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

27. fundur, fimmtudaginn 14. des., að loknum 26. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (þróunardeild og Fiskimálasjóður). — Þskj. 203, brtt. 313.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 313 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (heildarlög). — Þskj. 202.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

28. fundur, föstudaginn 15. des., kl. 12.30 miðdegis.

Lánsfjárlög 1989, ein umr.

Stjfrv., 74. mál (lántökuheimild ríkissjóðs). — Þskj. 309.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Hér fer nú fram sjöunda umræða um þetta frv. en þessi hv. deild afgreiddi þetta mál fyrir nokkru síðan. Síðan gerði Nd. brtt. við frv. og bætti inn í það einum lið er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Mál þetta var tekið fyrir í fjh.- og viðskn. nú í morgun. Voru menn sammála um afgreiðslu frv. og leggja til að þessi breyting verði samþykkt og málið afgreitt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 335).

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 2. umr.

Stjfrv., 164. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 179, n. 315.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Iðnn. hefur fjallað um málið og fékk á fund nefndarinnar Róbert B. Agnarsson, framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar hf., og Árna Einarsson frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Í viðræðum við þessa menn kom fram ýmislegt áhugavert um framtíðarverkefni Kísiliðjunnar og hugmyndir þeirra um fjárfestingar í öðrum fyrirtækjum. Jafnframt kom fram að rannsóknir á Mývatni eru í fullum gangi en það er ekkert fullyrt um það hverjar niðurstöðurnar verða.

Kjarni frv. er sá að verði það samþykkt tekst fyrirtækinu að koma í veg fyrir að sá arður sem af því skapast flytjist til útlanda en verði notaður til fjárfestingar hér innan lands. Nefndin er sem sagt samþykk því að frv. verði samþykkt og er það samdóma álit.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stend að því nál. sem iðnn. sendi frá sér um þetta mál en hafði þó fyrirvara við stuðning minn og vil ég lýsa honum.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. iðnn. voru kallaðir á fund nefndarinnar framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar hf., Róbert Agnarsson, og Árni Einarsson líffræðingur frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn.

Róbert Agnarsson skýrði frá nokkrum hugmyndum að nýiðnaðarverkefnum, bæði þeim sem nýta kísilgúr sem hráefni og öðrum þeim sem byggjast á nýtingu annarra hráefna en nýta þekkingu starfsliðs verksmiðjunnar. Þessi verkefni eru enn á frumstigi og eru flest unnin í samvinnu við Iðntæknistofnun og aðra aðila hér á landi en engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um framkvæmdir á Mývatnssvæðinu þeirra vegna.

Í máli Árna Einarssonar kom fram að þær rannsóknir sem nú standa yfir á lífríki Mývatns eru á mjög viðkvæmu stigi og hafa ekki enn verið til lykta leiddar. Frekari rannsókna er þörf til að renna traustari stoðum undir þær niðurstöður sem þegar liggja fyrir áður en hægt er að draga af þeim ályktanir. Sá fyrirvari sem ég geri við samþykkt þessa frv. byggist fyrst og fremst á því að nýjar framkvæmdir Kísiliðjunnar hf. beinist ekki að neinum þeim verkefnum sem raskað gætu eða skaðað lífríki Mývatns frekar en orðið er, sérstaklega með tilliti til þess að rannsóknir á því eru á mjög viðkvæmu stigi og skýringar eru ekki enn fengnar á þeirri röskun eða á því hvaða orsakir hafa valdið þeirri röskun sem á því er orðin.

Nú gilda að vísu lög um verndun Mývatns og Laxár og munu þau verða þessum lögum sterkari ef til einhverra framkvæmda kæmi. Ég tel mikilvægt að gæta mjög vel að þessum þætti málsins en jafnframt er nauðsynlegt fyrir Kísilgúrverksmiðjuna að hafa svigrúm og tíma til aðlögunar hvernig svo sem niðurstöður rannsóknarverkefnanna falla, að hún geti nýtt bæði hæfni og þekkingu og reynslu starfsfólks í sem flest arðbær verkefni sem ekki skaða náttúru landsins. Þess vegna styð ég þetta frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

29. fundur, föstudaginn 15. des.,
að loknum 28. fundi.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 3. umr.

Stjfrv., 164. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 179.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Viðskiptabankar, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (samruni viðskiptabanka). — Þskj. 307, n. 331.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 331 um frv. til breytinga á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Nefndarálitið er stutt og undir það rita allir nefndarmenn, en þar segir: „Nefndin hefur fjallað um frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess án breytinga."

Ég tel rétt að gera þingdeildinni grein fyrir efni þessa frv. og lesa upp athugasemdir sem fram koma í frumvarpsdrögunum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er samið í tilefni af samningi dags. 29. júní 1989 um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., en samkvæmt honum sameina kaupendur, sem eru Alþýðubankinn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf. og Verslunarbanki Íslands hf., í áföngum bankarekstur sinn rekstri Útvegsbanka Íslands hf. jafnframt því sem samþykkt hefur verið að breyta nafni hans í Íslandsbanka hf. Er forsenda samningsins að samruna bankastarfseminnar verði að fullu lokið fyrir 1. júlí 1990.

Kaupendur lögðu á það mikla áherslu að hlutafélög þeirra geti fyrst um sinn starfað sem eignarhaldsfélög í hinum sameinaða banka og haldið atkvæðisrétti á hluthafafundum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Var á það fallist, enda leggja félögin allan bankarekstur sinn til hins nýja fyrirtækis og ljóst er að nokkurn tíma mun taka að koma þeirri breytingu á, að hluthafar í félögunum skipti á hlutabréfum sínum í þeim og hlutabréfum í Íslandsbanka hf. eins og stefnt er að. Breytingin er almennt orðuð, en þýðir í raun í því tilviki, sem hér um ræðir, að Íslandsbanki hf. (áður Útvegsbanki Íslands h.f.) tekur við allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þeirra banka sem hætta bankastarfsemi, þ.e. bankastarfsemi, réttindum og skyldum Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf."

Þetta er það sem fram kemur í frv. og eins og ég sagði áðan eru allir nefndarmenn sammála afgreiðslu frv. og leggjum við það til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

30. fundur, föstudaginn 15. des.,
að loknum 29. fundi.

Viðskiptabankar, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (samruni viðskiptabanka). — Þskj. 307.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 241, n. 321, 325 og 332, brtt. 322, 326, 333.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 321.

Áður en ég fer yfir nál. langar mig í fáum orðum að skýra út, sem formaður nefndarinnar, þau álitaefni sem upp komu í nefndinni varðandi frv. og varðandi

virðisaukaskattinn í heild sinni. Frv. var tekið fyrir á sex fundum. Sjöundi fundurinn var nú í morgun eftir að búið var að taka málið út úr nefndinni, en að beiðni stjórnarandstöðunnar var gerð krafa um að ákveðnir menn yrðu kallaðir fyrir nefndina, og var að sjálfsögðu fallist á þá beiðni. Í nál., þar sem tíundað er hverjir komu fyrir nefndina, eru nöfn þessara aðila ekki tilgreind og vil ég hér í upphafi skýra frá því hverjir þetta voru: Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Sigurgeir Sigurðsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Þorleifur Pálsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, en þeir höfðu reyndar komið á fund nefndarinnar áður. Síðan komu tveir aðrir, Árni Ó. Lárusson frá Olíufélaginu Skeljungi og Jón Guðmann Pétursson, fjármálastjóri Hampiðjunnar. Alls telst mér til að um 50 manns hafi komið á fund nefndarinnar til umfjöllunar um frv.

Sitt sýndist hverjum um einstök ákvæði frv. Atvinnurekendur kvörtuðu undan þeim undanþágum sem eru í frv. og gert er ráð fyrir að verði teknar upp ef frv. verður að lögum, en launþegasamtökin hins vegar að það skyldi aðeins vera eitt skattþrep í virðisaukaskattinum. Þá voru ýmsar deilur um áhrif virðisaukaskattsins á tekjur ríkissjóðs og áhrif virðisaukaskattsins á verðlag í landinu. Þá voru lögð fram gögn frá Verslunarráði um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs og kom þar fram að það telur að ríkissjóður komi til með að hagnast um 1,2 milljarða á upptöku virðisaukaskatts. Hagdeild fjmrn. telur hins vegar að ríkissjóður tapi 500 millj. kr. á upptöku virðisaukaskatts miðað við söluskatt. Ekki ætla ég að útkljá þessa deilu á milli þessara tveggja aðila hér, en hins vegar sýnist mér á ýmsu að annað sé byggt á bjartsýni en hitt kannski frekar á svartsýni og báðir aðilar hafa eitthvað til síns máls. Ég tel það samt ekki höfuðatriði í þessari umræðu hvernig hagfræðingar deila um áhrifin. Aðalatriðið er það að upptaka virðisaukaskattsins geti farið fram með sæmilegum friði.

Þá var, eins og ég gat um, deilt um áhrif virðisaukaskatts á verðlag og þá sérstaklega um áhrif skattsins á vöruverð og matvælaverð. Það liggur fyrir og um það er ekki deilt að verð á mjólk og dilkakjöti lækkar um 8,8% í janúar nk. Hins vegar er meiri óvissa um aðrar matvælategundir sem virðisaukaskattur verður endurgreiddur af samkvæmt lögunum, þ.e. innlent grænmeti og fisk. Byggist sú óvissa á því að álagning á þessar vörur er frjáls og þess vegna er ekki hægt að dæma endanlega um það hvort lækkunin skili sér að öllu leyti til neytenda. En það byggist á stjórnvöldum að reyna að fylgja þessari breytingu eftir þannig að neytendur njóti góðs af. Áhrif á unnar kjötafurðir og mjólkurafurðir ættu að vera rúm 5% þar sem endurgreiðslan á mjólkurafurðir og kjötafurðir, sem eru stærsti þátturinn í þessari unnu vöru, hefur þessi áhrif.

Mesta óvissan er um annað vöruverð og þá sérstaklega á innfluttum matvörum, en þar er deilt um hvaða áhrif staðgreiðsla virðisaukaskatts í tolli hefur á verðlagið. Samkvæmt upplýsingum sem Félag stórkaupmanna lagði fyrir nefndina leiðir það að enginn gjaldfrestur er gefinn í tolli til þess að þessar vörutegundir hækka um 2–4%, en hins vegar leiða útreikningar hagdeildar fjmrn. til annarrar og lægri tölu þar sem tekið er tillit til þess hagræðis sem felst í virðisaukaskattinum fyrir smásöluverslunina. Lækkun smásöluverðs vegna uppsöfnunaráhrifa söluskatts er metin 1–1½% og ætti því að jafna upp áhrif á hækkun innflutningsverðs. Og raunar telur hagdeild fjmrn., þegar til lengri tíma er litið, að 24,5% virðisaukaskattur lækki vöruverð almennt um 0,5%.

Um það er í sjálfu sér ekki deilt að virðisaukaskattur hefur í för með sér fjárbindingu fyrir innflytjendur og er innlendum framleiðendum til hagræðis, sérstaklega nú þegar tekin hefur verið ákvörðun um að innlendir framleiðendur fá gjaldfrest í tolli á aðföngum, en í nefndinni var einmitt mikil umræða um gjaldfrest í tolli. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. er lagt fyrir fjmrn. að kanna skuli kosti þess að veita gjaldfrest almennt í innflutningi og teljum við að það eigi að kappkosta að leita gjaldfrests þó svo að aðstæður séu kannski ekki fyrir hendi í dag.

Það urðu töluverðar umræður um endurgreiðslur vegna virðisaukaskatts á matvörur, en samkvæmt frv. á að endurgreiða virðisaukaskatt á dilkakjöti, neyslufiski, mjólk og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur verði sem næst 14% af þessum vörutegundum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að um einum milljarði verði varið í þessu skyni. Umræða var um hvort endurgreiðslan skuli teljast til niðurgreiðslu eða sem sérstakt skattþrep eða eitthvað annað. Í gögnum sem hagdeild fjmrn. lagði fram segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Í tengslum við gildistöku virðisaukaskatts nú um áramótin er gert ráð fyrir að endurgreiða hann að hluta þannig að á tilteknar matvörur leggist ígildi 14% virðisaukaskatts í stað 24,5%. Sá munur er á endurgreiðslum og hefðbundnum niðurgreiðslum að endurgreiðslur eru ákveðnar í lögum um virðisaukaskatt og verður því ekki breytt nema með lagabreytingu. Niðurgreiðslur eru hins vegar ákveðnar með fjárlögum ár hvert og eru breytilegar bæði í heildarfjárhæðum milli ára og milli einstakra vörutegunda."

Ég tel rétt, til þess að það liggi alveg ljóst fyrir hvað hér er um að ræða, að skýra einmitt þennan þátt svo að ekkert fari á milli mála. Þá vitna ég í orðsendingu Ríkisendurskoðunar frá 13. des. sl. til fjh.- og viðskn., en þar segir:

„Hér er ekki um sérstakt skattþrep að ræða að mati Ríkisendurskoðunar og er slíku reyndar hvergi haldið fram í frv. sjálfu. Endurgreiðslan er í eðli sínu skyldari niðurgreiðslu en sérstöku skattþrepi eða hefðbundinni skattundanþágu. Því verður að mati Ríkisendurskoðunar ekki hjá því komist að kveða með einhverjum hætti á um endurgreiðsluna í fjárlögum nái frv. fram að ganga."

Það er sem sagt mat Ríkisendurskoðunar að hér sé ekki um niðurgreiðslu í hefðbundnum skilningi að ræða heldur er hér um að ræða ákveðið atriði, og raunar telja þeir í sínu áliti að það eigi að ákveða það í

fjárlögum ár hvert hvernig með þessar endurgreiðslur skuli fara.

Í sjálfu sér er heitið sem slíkt ekki höfuðatriðið, heldur sú lækkun sem endurgreiðslan hefur í för með sér, en eins og ég rakti áðan leiða endurgreiðslur til 8,8% lækkunar helstu matvæla hinn 1. jan. nk. Áhrif endurgreiðslunnar til frambúðar eru meiri óvissa þar sem áhrif hennar markast einkum af þremur þáttum, þ.e. niðurgreiðslum, verðbólgu og hvernig niðurgreiðslum verði deilt niður á vöruflokka. Vil ég í því sambandi og til skýringar, með leyfi forseta, lesa upp smákafla úr bréfi frá hagdeild fjmrn. til skýringar á því hvernig þetta getur komið út. Þar segir:

„Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á vöruverði héldust óbreyttar í krónum talið milli áranna 1989 og 1990. Þetta kemur m.a. fram í töflu á bls. 240 í fjárlagafrv. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að verja 200 millj. kr. hærri fjárhæð til niðurgreiðslna á næsta ári en reiknað var með í fjárlagafrv. Miðað við forsendur fjárlagafrv. um 16% meðalhækkun verðlags á milli áranna 1989 og 1990 munu niðurgreiðslur lækka um 550 millj. að raungildi á næsta ári. Þessi lækkun niðurgreiðslna mundi að öðru óbreyttu hafa í för með sér hækkun á niðurgreiddum vörum umfram almennar verðlagshækkanir á næsta ári. Á móti þessu vega hinar sérstöku skattendurgreiðslur á tilteknum matvælum sem leiða til verðlækkunar í upphafi næsta árs. Miðað við verðlagsforsendur fjárlagafrv. er áætlað að heildarfjárhæð til þessara endurgreiðslna verði um 1 milljarður á næsta ári."

Síðan segir: „Jafnvel þótt stefnt sé að breytingum á hefðbundnum niðurgreiðslum á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. er á þessari stundu ekki hægt að gefa ákveðin svör við því hvernig búvöruverð kemur til með að þróast í samanburði við verð á öðrum vörum. Það fer eftir því hvernig staðið er að þeim breytingum. Þarna kemur margt til greina. Jöfn lækkun yfir alla línuna eða meiri lækkun á einstökum tegundum, minni á öðrun. Um þetta hefur ekki verið tekin ákvörðun af hálfu stjórnvalda, enda hefur innbyrðis vægi niðurgreiðslna milli einstakra tegunda iðulega verið breytt á undanförnum árum." Það fer sem sagt eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar á næsta ári hvernig þróunin verður á einstökum tegundum.

Fyrir nefndina komu fulltrúar samtaka sveitarfélaga. Þeir lýstu áhyggjum sínum vegna virðisaukaskattsins og töldu skattinn koma niður á sveitarfélögum. Undir þá skoðun má taka. Ýmislegt hefur verið gert til að milda áhrif skattsins á sveitarfélög og er í brtt. meiri hl. m.a. gert ráð fyrir að hitunarkostnaður þeirra verði undanþeginn virðisaukaskatti. Þá hefur fjmrh. í bréfi til samtaka sveitarfélaga lýst því yfir að skatturinn verði endurgreiddur að stórum hluta. Í niðurlagsákvæði bréfsins segir, með leyfi forseta:

„Fjmrh. hefur þegar ákveðið að ef umrædd heimild [þ.e. heimild sem kveðið er á um í frv.] fæst verður henni beitt vegna sorphreinsunar, ræstingar og þjónustu sérfræðinga, þ.e. skatturinn verður endurgreiddur ef þessi þjónusta er aðkeypt og sveitarfélögin þurfa þar af leiðandi ekki heldur að reikna skatt af eigin þjónustu að því er þetta varðar."

Þarna er komið mjög verulega til móts við sveitarfélögin í landinu, en ég vil minna á í þessu sambandi að þegar skatturinn var ákveðinn á sínum tíma og hv. 2. þm. Norðurl. e. mælti fyrir frv. átti virðisaukaskatturinn að koma á sveitarfélögin með fullum þunga þannig að það sem hér er verið að ræða um er ekki nýr skattur á sveitarfélögin heldur er það frv. sem hér er mælt fyrir aðeins brtt. við lög sem þegar hafa verið samþykkt.

Landssamband iðnaðarmanna og aðrir sem starfa í byggingariðnaði hafa áhyggjur af framkvæmd laganna og hvernig endurgreiðsla til íbúðabyggjenda verði framkvæmd. Höfðu þeir af því áhyggjur, höfðu áhyggjur af eigin fólki við framkvæmd virðisaukaskattsins. Ríkisskattstjóri lýsti því yfir í nefndinni að hann mundi beita sér fyrir því að kynna frv. fyrir þessum aðilum og aðstoða aðila í byggingariðnaði, eins og öðrum greinum, við að koma lagi á sitt bókhald og aðstoða við framtalsgerð og ekki fara með því hugarfari til fyrirtækja næstu mánuði að finna að heldur reyna að leiðbeina þeim aðilum sem falla undir það að verða að greiða virðisaukaskatt.

Ég hef hér á undan farið yfir hluta þeirra umræðna sem urðu í nefndinni en vil að það komi skýrt fram að lögin um virðisaukaskatt hafa verið samþykkt og það sem nefndin hefur aðallega fjallað um eru þær tæknilegu breytingar sem upp hafa komið hjá ríkisskattstjóra og hjá fjmrn. við útfærslu ásamt öðrum pólitískum ákvörðunum sem teknar hafa verið.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þennan formála lengri en vil fara yfir nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar koma fram ýmis atriði sem kannski skýra málið að nokkru leyti, en þó svo að ekki séu fluttar brtt. eru í nál. ýmis áhersluatriði sem nefndin leggur til. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp nál. á þskj. 321 sem er, eins og ég áður sagði, frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Það er á þessa leið:

„Með lögum nr. 50/1988 var ákveðið að virðisaukaskattur skyldi tekinn upp í stað söluskatts hinn 1. júlí 1989. Með lögum nr. 110/1988 var ákveðið að fresta gildistöku skattsins til 1. jan. 1990.

Samkvæmt þeim gögnum, sem lágu fyrir við samþykkt laganna, átti virðisaukaskattur að leiða til einföldunar í skattlagningu, réttlátari skattheimtu og skilvirkari innheimtu. Átti skatturinn ekki að mismuna atvinnugreinum þar sem virðisaukaskattur er hreinn neysluskattur sem leggst með sama hætti á alla kaupendur vöru og þjónustu — ríki, sveitarfélög og almenning. Þá var gert ráð fyrir að allt skatteftirlit yrði auðveldara vegna þess eðlis skattsins að í honum felist sjálfvirkt innbyggt eftirlit.

Með frv. því, sem nefndin fékk til umfjöllunar, er kveðið á um ýmsar tæknilegar útfærslur og breytingar, svo og um ýmsar undanþágur, og er sú ákvörðun að undanþiggja bækur virðisaukaskatti viðamest. Til viðræðna um frv. og hvernig breytingarnar falla að lögunum fékk nefndin eftirtalda aðila á sinn fund: Árna Reynisson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna,

Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Ólaf Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Þóri Guðjónsson frá Félagi bókagerðarmanna, Ernu Hauksdóttur og Wilhelm Wessman frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þórarin V. Þórarinsson og Ólaf Hjálmarsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórleif Jónsson, Harald Sumarliðason og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Gunnar Björnsson frá Meistara- og verktakasambandi byggingarmanna, Heiðar Ástvaldsson og Báru Magnúsdóttur frá Dansráði Íslands, Ásmund Stefánsson og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Georg Ólafsson verðlagsstjóra, Sveinbjörn Egilsson og Andra Hrólfsson frá Flugleiðum, innanlandsdeild, Jón G. Tómasson frá Reykjavíkurborg, Sigurgeir Sigurðsson og Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Birgi Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá BHMR, Ögmund Jónasson, Björn Arnórsson og Sigurð Jóhannesson frá BSRB, Pétur Stefánsson, Ólaf Erlingsson og Guðrúnu Zoëga frá félagi ráðgjafarverkfræðinga, Kristin G. Jónsson og Val Þorvaldsson frá Svínaræktunarfélagi Íslands, Bjarna Á. Jónsson frá Félagi kjúklingabænda, Eirík Einarsson og Geir Gunnar Geirsson frá Félagi eggjaframleiðenda, Hörð Bergmann og Torfa Hjartarson frá Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Pálma Kristinsson og Gunnar Birgisson frá Verktakasambandinu, Gest Jónsson frá Lögmannafélagi Íslands, Árna Tómasson og Tryggva Jónsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Hauk Halldórsson, Hákon Sigurgrímsson og Gunnlaug Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Eirík Þorbjörnsson frá Sambandi íslenskra rafveitna, Maríu Jónu Gunnarsdóttur frá Sambandi íslenskra hitaveitna og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva."

Eins og ég sagði áðan var fundur í morgun í tengslum við virðisaukaskattinn. Þá fengum við á fund nefndarinnar nokkra aðila, eins og ég nefndi áðan, þá Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Sigurgeir Sigurðsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Þorleif Pálsson, Landssambandi iðnaðarmanna, en þessir tveir síðarnefndu höfðu áður komið á fund nefndarinnar, Árna Ó. Lárusson frá Olíufélaginu Skeljungi og Jón Guðmann Pétursson fjármálastjóra Hampiðjunnar.

„Nefndinni til ráðuneytis og aðstoðar voru Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson og Ólafur Ólafsson frá embætti ríkisskattstjóra, Snorri Olsen, Bolli Þór Bollason og Maríanna Jónasdóttir frá fjmrn. [þau tvö síðarnefndu frá hagdeild fjmrn.] og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun. Lögð voru fram gögn frá fjmrn. um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs og áhrif á verðlag í landinu, útgefnar reglugerðir, ásamt öðrum gögnum, þar á meðal orðsendingu frá Ríkisendurskoðun.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv.. Meiri hl. nefndarinnar leggur til eftirtaldar breytingar:

Íslenskar kvikmyndir verði undanþegnar virðisaukaskatti til að efla íslenska kvikmyndagerð og menningu. Þar sem gert er ráð fyrir því að útgáfa tímarita og blaða teljist ekki til skattskyldrar veltu álítur meiri hl. að öll blaða- og útgáfustarfsemi skuli einnig falla undir ákvæðið. [Um það er gerð brtt., að orð sem er í a-lið 6. gr., „sambærilegur", falli brott.] Þá telur meiri hl. rétt til einföldunar, og vegna tæknilegra örðugleika, að öll sala á orku til húshitunar verði undanþegin virðisaukaskatti, svo og sala laugarvatns [þ.e. ekki staðarins Laugarvatns heldur vatns til sundlauga]. Meiri hl. telur rétt að endurgreiðsla til húsbyggjenda skuli verðbætt og því leggur meiri hl. til að það komi skýrt fram í ákvæðum laganna. Þá eru tekin af öll tvímæli um skyldu til endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda.

Meiri hl. nefndarinnar hefur farið vandlega yfir athugasemdir þeirra aðila sem fyrir nefndina hafa komið og leggur áherslu á að við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, verði staðið og afgreiðir meiri hl. frv. á þeirri forsendu. Skv. yfirlýsingu fjmrh. skal fara fram vinna við gerð frv. um réttarþjónustu fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa bolmagn til að leita sér lögfræðiaðstoðar. Þá telur meiri hl. mikilvægt að virðisaukaskattur komi ekki með fullum þunga á starfsemi sveitarfélaga. Tekur meiri hl. því undir bréf fjmrh. frá 7. des. 1989 um að virðisaukaskattur sem sveitarfélög greiði af sorphreinsun, ræstingu og þjónustu sérfræðinga verði endurgreiddur þeim. Meiri hl. telur með hliðsjón af því að ríkissjóði er heimilt að beita mjög hörðum aðgerðum vegna vanskila á virðisaukaskatti að nauðsynlegt sé að settar verði um það skýrar reglur að ríkisfyrirtæki og stofnanir ríkisins borgi dráttarvexti af viðskiptaskuldum sínum eftir þeim reglum sem almennt gilda um slík viðskipti. Jafnframt er brýnt að settar verði afdráttarlausar reglur sem komi í veg fyrir að forsvarsmenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja stofni til viðskiptaskulda sem ekki fást greiddar vegna skorts á fjárlagaheimildum. Í tengslum við gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalda í tolli vill meiri hl. taka fram að mikilvægt er að slíkur gjaldfrestur verði veittur að því er varðar aðföng innlendrar framleiðslu og olíuviðskipti. Þá telur meiri hl. brýnt að fjmrn. kanni kosti þess að veita gjaldfrest almennt í innflutningi og gæti sú breyting átt sér stað í nokkrum áföngum til að milda áhrifin á greiðslustöðu ríkissjóðs.

Meiri hl. nefndarinnar vill til áréttingar taka fram að hann lítur svo á að nýsmíði skipa falli undir 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt.

Afar brýnt er í tengslum við þessar miklu kerfisbreytingar sem felast í upptöku virðisaukaskatts að skattyfirvöld leiðbeini fyrirtækjum og einstaklingum fyrst í stað við bókhald og gerð framtala og grípi ekki til harðra refsiaðgerða meðan kerfisbreytingin gengur yfir. Meiri hl. leggur áherslu á strangt verðlagseftirlit við upptöku virðisaukaskattsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem flutt er tillaga

um á sérstöku þskj. Undir nál. skrifa Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð í framsögu um þetta nál. en áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að koma hér upp aftur ef tilefni verður til og til mín verður beint einhverjum spurningum.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þegar hugmyndir um virðisaukaskatt voru kynntar í Ríkissjónvarpinu fyrir hálfum mánuði var hæstv. fjmrh. kallaður til og þar lýsti hann því yfir að stefna Sjálfstfl. væri að þrep í virðisaukaskatti yrði eitt og það yrði 25%. Þetta hefur verið rekið ofan í fjmrh. bæði í ræðustól á Alþingi í Sþ. og einnig hér í Ed. Hæstv. fjmrh. endurtók þessi ósannindi í útvarpsumræðum. Hann lýsti því yfir í Sþ. að hann mundi taka ummæli sín aftur ef í ljós kæmi að hann færi mmeð rangt mál. Í Sþ. las ég upp þá samþykkt sem gerð var af Sjálfstfl. á sl. hausti og eins og hægt er að fletta upp í þingtíðindum kom fram að Sjálfstfl. samþykkti að stefna hans væri að virðisaukaskattur yrði í tveim þrepum. Aðrar samþykktir hefur þingflokkur Sjálfstfl. ekki gert um þessi mál á sl. hausti.

Ég vil nú enn einu sinni beina því til hæstv. fjmrh. að hann standi við orð sín í þessum efnum, að hann biðjist afsökunar á því að hann fór með rangt mál í þessu tilviki. Það er auðvitað óþolandi þegar Ríkissjónvarpið gefur ráðherra tækifæri til að koma einum fram í sjónvarpsþætti og stjórnarandstaðan er ekki til andsvara eins og þó er áskilið í útvarpslögum að hún eigi að fá tækifæri til þannig að bæði sjónarmið geti notið sín, þá skuli hann misnota sína aðstöðu með þessum hætti. Það er auðvitað siðlaust. En því miður er það ekkert einsdæmi um þennan hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Og ég vænti þess satt að segja að hann komi hér við þessa umræðu upp í ræðustólinn og biðji afsökunar á sínum ummælum. Hann yrði maður að meiri ef hann vildi gera það. (**Fjmrh.:** Má ég afhenda þér grein úr Pressunni?)

Hæstv. fjmrh. rétti nú að mér grein sem Páll Vilhjálmsson, blaðamaður í málgagni Alþfl., Pressunni, hefur skrifað hinn 14. des. Í þessari grein kemur fram að hann hafði ekki skrifað niður eina einustu setningu eftir mér orðrétt í því viðtali sem ég átti við hann. Það kemur enn fremur fram að þetta viðtal var ekki tekið upp á snældu eins og nauðsynlegt er til þess að trúnaður geti skapast á milli stjórnmálamanna og blaðamanna. Ef vitnað er til orða manna innan gæsalappa ber að hafa þau nákvæmlega rétt eftir. (**Fjmrh.:** Vill þingmaðurinn ekki lesa þetta?) Ég er á hinn bóginn ekki undrandi á því þó að hæstv. fjmrh. reyni að þráast við að viðurkenna ósannindi sín í þessum efnum. Hann er þannig skapi farinn að hann kýs fremur að dreifa í kringum sig hálfsögðum sögum eða hreinum uppspuna til þess að reyna að fegra sinn málstað. Ég mun ekki, herra forseti, þó ég sjái það á hæstv. fjmrh. að hann langi til að tefja þessa umræðu, víkja frekar að þessu atriði en ég harma að viðbrögð hans nú skuli vera þannig að ekki verður annað lesið út úr þeim en hann sé ekki maður fyrir þeim orðum sínum í Sþ. að hann ætli að leiðrétta það sem missagt var í sjónvarpinu. En á hinn bóginn get ég fullvissað hæstv. fjmrh. um að ég á eftir að minna hann á það að upp á hann stendur að leiðrétta það sem hann fór rangt með, upp á hann stendur að sýna að hann sé maður til þess að viðurkenna þegar hann fer með rangt mál.

Öllum getur skotist. Sumum skýst sjaldan, öðrum oft. Ef menn gera slíkt óviljandi er auðvitað ekkert við því að segja. En ef maður, sem gengur hér fram í meiri og þyngri skattheimtu en áður eru dæmi til í sögunni, er að reyna að réttlæta sjálfan sig með lyginni, þá er satt að segja of langt gengið.

Ég skal svo, herra forseti, ekki víkja nánar að þessu atriði í þessari ræðu en vel má vera að það fari eftir viðbrögðum hæstv. fjmrh. hvaða ástæðu ég telji mig hafa við þessa umræðu til að víkja nánar að hegðun fjmrh. í þessu dæmi. Við höfum séð það oft og tíðum að fjmrh. er svolítið uppstökkur, honum er svolítið órótt og þegar mestur ákafinn er á honum, þá gætir hann ekki að því hvað hann segir. Þetta höfum við oft orðið varir við og er auðvitað bágt fyrir mann í þessari stöðu.

Það fór ekki hjá því við athugun á frv. til breytingu á lögum um virðisaukaskatt, þegar við í nefndinni höfðum talað við fulltrúa fjmrn. og ríkisskattstjóra og aðstoðarmann hans, að við sannfærðumst um það, a.m.k. í stjórnarandstöðunni, að undirbúningur þessa máls hafði ekki farið eftir áætlun. Þó svo hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir hvað eftir annað að allur undirbúningur málsins hafi verið eftir áætlun, nákvæmlega eins og hann vildi, er öldungis ljóst að þar skaust hæstv. ráðherra. Auðvitað veit hann það jafn vel og ég að undirbúningur þessa máls fór ekki eftir áætlun, hvorki tæknilegur undirbúningur né pólitískur undirbúningur. Augljósast er það á því að hann var mjög bjartur í framan á vordögum þegar hann bauð stjórnarandstöðunni upp á að hún skyldi fá að fylgjast með undirbúningi málsins. Fulltrúar hennar yrðu kallaðir til í sérstakri nefnd sem ætti að fjalla um álitamál og stjórnarandstaðan yrði ekki leynd neinu.

Þetta rifjaði ég upp á fundi í fjh.- og viðskn. og fór m.a. fram á það við fulltrúa fjmrn. og formann nefndarinnar að stjórnarandstaðan fengi sem fyllstar upplýsingar um þær athugasemdir sem fjmrh. hefðu borist við einstök atriði þessa máls. Á fundi í morgun kom m.a. í ljós að bréfunum sem olíufélögin höfðu skrifað fjmrh. hinn 25. okt. sl. og ítrekað hinn 27. nóv. sl. hafði verið stungið undir stól og varða þessi bréf þó mjög verulegan þátt í framkvæmd virðisaukaskattsins.

Þetta var ekki eina dæmið um að reynt var að leyna fulltrúa stjórnarandstöðunnar þeim gögnum sem er óhjákvæmilegt að leggja til grundvallar þegar þingnefnd fjallar um jafn viðurhlutamikið mál og hér er til umræðu. Fjallar um hvort tryggilega sé frá því gengið að sú skattkerfisbreyting geti farið vel fram sem er

fólgin í því að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Ef maður reynir að réttlæta hæstv. fjmrh. — því auðvitað veit ég að hann mun ekki koma hér upp í ræðustól og segja: Ég sagði ósatt þegar ég sagði að allur undirbúningur hefði gengið eftir áætlun — er ástæðan fyrir þessu m.a. sú að þvílík ringlulreið hefur verið innan ríkisstjórnarinnar um þetta efni og um ríkisfjármálin í heild að hæstv. ráðherra hafði enga stjórn á atburðarásinni. Það væri kannski fróðlegt, ef hann kemur hér upp á eftir á nýjan leik, að fá upplýsingar um hvort hann telji enn að undirbúningur þessa máls hafi gengið skv. áætlun.

Ég verð líka, herra forseti, að lýsa því yfir að því fer víðs fjarri að þingnefndinni hafi unnist tími til þess að gaumgæfa þá hluti nægilega sem fyrir nefndina voru lagðir. Ég tók eftir því að formaður fjh.- og viðskn. lýsti því yfir að meiri hl. nefndarinnar hefði athugað þessi mál öll mjög rækilega. Efast ég ekki um að hann hafi haldið sérstaka fundi með meiri hl. til að ræða álitamálin og vega og meta hvaða atriði það væru sem meiri hl. teldi sérstaka ástæðu til þess að breyta eða til að leggja áherslu á. Hitt liggur ljóst fyrir að ég vakti máls á því á fundi nefndarinnar í morgun hvort það hefði þýðingu að minni hl. sýndi meiri hl. þær brtt. sem hann vildi fram leggja. Ég fékk það svar að það væri þýðingarlaust, til þess væri ekki tími. Það er með öðrum orðum ekki tóm til þess, í svo viðurhlutamiklu máli sem þetta er sem við tölum um nú, að meiri hl. geti rætt við minni hl., ekki einu sinni lauslega, um þær sérstöku breytingar sem hann hefur áhuga á. Sumar af þeim brtt. sem við í 1. minni hl. höfum lagt fram eru tæknilegs eðlis og verður ekki öðru trúað en a.m.k. tveir eða þrír þingmenn stjórnarmeirihlutans hafi — ég vil segja svo frjálsar hendur að þeir hafi einhver tök á því að rétta upp höndina með brtt. sem fela í sér hreinar leiðréttingar, að handjárnin haldi ekki svo vel að ekki megi einu sinni samþykkja það sem öllum má ljóst vera að horfi til bóta, er til skýringar til að taka af vafa og breytir ekki þeirri yfirlýstu niðurstöðu sem stjórnarmeirihlutinn segist hafa í þessu máli.

Það kom glögglega fram í máli ríkisskattstjóra að hann telur að undirbúningur þessarar skattkerfisbreytingar sé svo í molum að fyrirsjáanlegt sé að ýmsir aðilar úti í atvinnulífinu lendi í erfiðleikum þegar kemur að því að ákvarða með hvaða hætti rétt sé að leggja skattinn á, hvar réttur sé til endurgreiðslu þegar þannig stendur á og jafnvel undir vissum kringumstæðum leikur vafi á því hvenær virðisaukaskatturinn gjaldfellur. Til þess að taka dæmi um hið síðasta vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hvenær hann telji að virðisaukaskattur af sláturfé að hausti gjaldfalli. Telur hann að sláturleyfishöfum beri að standa skil á öllum virðisaukaskattinum á næsta greiðsludegi, hinn 5. des. eða telur hann að eitthvað af virðisaukaskattinum megi kannski greiða eftir áramótin? Gæti hæstv. fjmrh. svarað því úr sæti sínu hvort það er svo að sláturleyfishafar eigi að skila öllum virðisaukaskattinum fyrir áramót, 5. des., án tillits til þess hvernig greiðslum til bænda er háttað? Hvað ætli hæstv. fjmrh. vilji segja um þetta atriði? Ekki eitt einasta orð. Stundum grípur hann fram í. Hann grípur kannski ekki fram í til að skýra mál. Þetta er augljóst dæmi sem gott væri að fá upplýsingar um nú en svarið lætur á sér standa.

Samkvæmt gildandi lögum er virðisaukaskattur 22%. Ríkisstjórnin leggur til að prósentan hækki og verði 24,5%. Þessi hækkun hefur í för með sér að kerfisbreytingin skilar a.m.k. hátt á annan milljarð kr. í viðbótartekjur fyrir ríkissjóð á heilu ári. Það sem er kannski enn þá alvarlegra er að á þeim tíma sem hæstv. fjmrh. hugsaði sér að virðisaukaskatturinn væri 26% hélt hann því líka fram að virðisaukaskatturinn mundi skila jafnmiklum tekjum og söluskatturinn gerir.

Í greinargerð með frv. til laga um virðisaukaskatt er sérstaklega tíundað í milljörðum kr. hver sé skattstofn söluskatts að óbreyttum lögum og hver virðisaukaskatts skv. frv. Og skv. þessu yfirliti kemur fram að virðisaukaskatturinn gefi 2 milljörðum minna til ríkissjóðs þegar allt sé talið en óbreyttur söluskattur.

Nú hefur okkur í fjh.- og viðskn. borist leiðrétting frá fjmrn., þar sem fram kemur að skoðun ráðuneytisins er sú að þarna sé skekkja upp á hálfan annan milljarð, ég vil segja upp á 2 milljarða út frá tölum ráðuneytisins. Þetta er auðvitað mjög fróðlegt en ber á hinn bóginn ekki vott um að undirbúningurinn að því að ákvarða skatthlutfallið hafi verið réttur. En nú vill því miður svo til að þetta er heldur ekki rétt.

Í útreikningum fjmrn., sem birtast í grg. með frv., var aðeins afmarkaður hluti breytingarinnar dreginn fram. En þegar kerfisbreytingin í heild er skoðuð er ljóst að ríkissjóður mun hagnast um allt að 1,6 milljarða kr. Útlistun fjmrn. var eftirfarandi: „Tekjuáhrif skv. fjmrn. í töflu. Tekjur af söluskatti 39,8 milljarðar, tekjur af virðisaukaskatti 37,8 milljarðar." Þegar tekjuáhrif kerfisbreytingarinnar í heild eru metin með hliðstæðum hætti og gert var þegar frv. til laga um virðisaukaskatt var lagt fram í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar kemur þveröfug niðurstaða í ljós, eða hagnaður sem nemur 1,6 milljörðum kr. eins og sést af eftirfarandi tölum:

Tekjur af söluskatti nema 39,8 milljörðum kr., jöfnunargjald, sá hluti þess sem rennur í ríkissjóð, er um 200 millj. kr., endurgreiddur söluskattur 1,6 milljarðar, niðurgreiðslur skv. fjárlögum 4,1 milljarður og 16% álag á niðurgreiðslur vegna verðbólgu 700 millj., sem sýnir tekjuþörf upp á 33,6 milljarða. Skv. frv. nema tekjur af virðisaukaskatti 37,8 milljörðum, niðurgreiðslur skv. fjárlögum eru 4,1 milljarður, niðurgreiðslur á virðisaukaskatti eru áætlaðar 1 milljarður. Jöfnunargjald kemur til tekna upp á 500 millj. og áhrif bættrar innheimtu eru hér áætluð 1 milljarður kr. Tekjur af virðisaukaskattskerfi gefa þannig nettó 35,2 milljarða, tekjuaukning við skattkerfisbreytingu nemur þannig 1,6 milljörðum kr. Inn í þessa mynd eru teknir allir þeir þættir sem breytast eða eru hluti af söluskattskerfinu.

Jöfnunargjald hefur verið lagt á innfluttar vörur sem tollar féllu niður af á sínum tíma með fríverslun-

arsamningum við EFTA og Evrópubandalagið. Hluti af gjaldinu hefur verið notaður til þess að endurgreiða útflutningsiðnaði uppsafnaðan söluskatt. Nú er áformað að halda áfram innheimtu jöfnunargjalds að upphæð hálfum milljarði kr. en hætta endurgreiðslum. Tekjur haldast því uppi skv. fjárlagafrv. en útgjöld sparast. Uppsafnaður söluskattur hefur verið endurgreiddur í sjávarútvegi og landbúnaði og söluskattur hefur verið niðurgreiddur að hluta á neyslufiski. Þessar endurgreiðslur nema samtals 1,6 milljörðum kr. og falla niður í virðisaukaskattskerfinu.

Við upptöku virðisaukaskatts þarf að gera ráð fyrir endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af birgðum fiskvinnslunnar. Skv. upplýsingum frá helstu útflytjendum sjávarafurða má reikna með að birgðir innan lands um næstu áramót verði á bilinu 5,5–6 milljarðar kr. Miðað við það endurgreiðsluhlutfall uppsafnaðs söluskatts sem gilt hefur að undanförnu má gera ráð fyrir að um 100 millj. kr. þurfi til að endurgreiða fiskvinnslufyrirtækjum þann söluskatt sem þau hafa greitt af aðföngum vegna framleiðslu þessara birgða.

Mér er ekki kunnugt um að ráð sé fyrir því gert í fjárlögum að þessar 100 millj. verði greiddar. Ég vil bæta því við að því verði að treysta að séð verði fyrir fjármagni til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts hjá sjávarútveginum á þessu ári en því var heitið við gerð kjarasamninga á sl. vori að samkeppnisstaða sjávarútvegsins yrði treyst og einn liðurinn í því var að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti héldist vegna framleiðslu á þessu ári.

Í söluskattskerfi hefðu niðurgreiðslur á næsta ári orðið svipaðar að upphæð og á yfirstandandi ári að viðbættu álagi vegna almennra verðlagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur talið verða 16% milli áranna 1989 og 1990. Í söluskattskerfi hefðu niðurgreiðslur á næsta ári því orðið um 4,8 milljarðar kr. skv. forsendum fjárlagafrv. Með breytingunni yfir í virðisaukaskatt er hugmynd ríkisstjórnarinnar að hluti niðurgreiðslnanna teljist endurgreiðsla á virðisaukaskatti og til þess hluta þeirra verði varið um 1 milljarði. Að öðru leyti er áformað að niðurgreiðslur verði óbreyttar í krónutölu milli ára. Samtals er því áformað að niðurgreiðslur á næsta ári verði 5,1 milljarður kr. Þá hefur verið flutt á milli endurgreidds söluskatts á neyslufiski og niðurgreiðslna á virðisaukaskatti.

Áhrif bættrar innheimtu eru hér talin vera um 1 milljarður kr. Þetta er sama upphæð í krónutölu og kemur fram í frv. um virðisaukaskatt í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Miðað við verðlagshækkanir ætti þessi tala að vera 1,5 milljarðar kr., en hér er miðað við 1 milljarð vegna þess að innheimta söluskatts hefur batnað frá því sem áður var, m.a. vegna áhrifa af skattkerfisbreytingunni í ársbyrjun 1988.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta og þeir skoðaðir með sama hætti og gert var í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar þegar Jón Baldvin Hannibalsson gegndi embætti fjmrh. er því ljóst að ríkissjóður hagnaðist um 1,6 milljarða kr. ef frv. nær fram að ganga eins og það liggur nú fyrir.

Hæstv. forseti. Ég veit að ráðherrar hafa knappan tíma til að leysa deilumál sín í ríkisstjórninni, sem hefur tekið mjög langan tíma á þessu hausti, en ég vil biðjast undan því að þeir blandi þeim deilum inn í virðisaukaskatt hér í deildinni. (**Fjmrh.:** Ráðherrann er að lesa brtt.) Er fjmrh. orðinn órólegur núna? Á hann bágt með að þegja? (**Fjmrh.:** Nei, nei, ég var bara að skýra málið.) Heldur áfram, já, aumingja fjmrh. að fá ekki að tala. Það eru eiginlega vandræði að það skuli ekki vera settur sérstakur hljóðnemi fyrir munn fjmrh. svo hann geti haldið áfram að tala sem mest. Ég verð eiginlega að taka orð mín aftur, ég vil eiginlega óska þess að hann verði látinn í friði þegar honum er mál, þannig að hann megi tala alveg viðstöðulaust. Sérstaklega ef hæstv. forseti gæti nú komið því til leiðar að fjmrh. talaði þegar hann er beðinn um að segja já eða nei, sem hann gerir ekki. Ef hann er beðinn um að svara spurningum og upplýsa mál þá þegir hann. Það er svo undarlegt hvers eðlis athugasemdir hans eru. Þær eru yfirleitt ekki í þá átt að upplýsa mál. Við áttum orðræðu hér saman, ég og hæstv. fjmrh., um hvort matvæli mundu lækka um 8,8% um áramót. Og því var heitið, bæði héðan úr þessum ræðustóli og sérstaklega tekið fram í fréttatilkynningu sem blöðum var send, að fjh.- og viðskn. mundi fá allar upplýsingar til þess að hún gæti metið hvort þetta stæði nú að vöruverð lækkaði um 8,8% á næsta ári. Nú stóð það að vísu ekki að við fengjum allar upplýsingar, það stóð ekki, það var til of mikils mælst. Ég vil þessu til áréttingar lesa hér bréf sem fjh.- og viðskn. barst hinn 12. des. sl., vinnuskjal, þar sem gerður er greinarmunur á því sem hér stendur: „Munurinn á endurgreiðslum í virðisaukaskatti og niðurgreiðslum af búvörum.“ Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnvel þó stefnt sé að breytingum á hefðbundnum niðurgreiðslum á næsta ári skv. fjárlagafrv. er á þessari stundu ekki hægt að gefa ákveðin svör við því hvernig búvöruverð kemur til með að þróast í samanburði við verð á öðrum vörum. Það fer eftir því hvernig staðið er að þessum breytingum. Þar kemur margt til greina. Jöfn lækkun yfir alla línuna eða meiri lækkun á einstökum tegundum, minni á öðrum. Um þetta hefur ekki verið tekin ákvörðun af hálfu stjórnvalda enda hefur innbyrðis vægi niðurgreiðslna milli einstakra tegunda iðulega verið breytt á undanförnum árum. Til þess að gefa einhverja hugmynd um þetta, hvernig þessi þróun gæti litið út, má taka tilbúið dæmi af verði mjólkurlítra.“ — Tilbúið dæmi. Síðar í bréfinu segir: „Þróun mjólkurverðs á næsta ári ræðst að öðru leyti ekki síst af því hvernig niðurgreiðslum verður skipt niður á einstakar tegundir. Þannig geta stjórnvöld tekið þá ákvörðun að halda verði á mjólkurlítra óbreyttu allt næsta ár með því að færa niðurgreiðslur frá öðrum vörutegundum yfir á mjólk, t.d. frá smjöri. Þetta hefur raunar verið gert í nokkrum mæli á þessu ári. T.d. hafa niðurgreiðslur á rjóma verið felldar niður. Þessi stefna mundi þýða meiri hækkun á smjöri yfir árið en minni hækkun á mjólkurverði. En það má auðvitað hugsa sér ýmsar

aðrar útfærslur á slíku dæmi. Þess vegna er einfaldast að líta á heildarstærðir í þessu samhengi. Þær eru sem fyrr segir, annars vegar 1 milljarður til sérstakra endurgreiðslna á virðisaukaskatti sem leiða til lækkunar á vöruverði, hins vegar lækkun niðurgreiðslna að raungildi um 550 millj. kr., sem leiðir til hækkunar á vöruverði."

Heildargreiðslurnar segja að hin raunverulega niðurgreiðsla hækki um 450 millj. kr. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Var það svar af þessu tagi sem hann hafði í huga þegar hann lofaði hér við 1. umr. málsins að stjórnarandstaðan fengi fyllstu upplýsingar um hvernig niðurgreiðslum yrði háttað á næsta ári? Var það þannig svar? Meinti ráðherrann að hann mundi gefa mér kost á að fara ofan í hvern einstakan þátt þannig að ég fengi upplýsingar um að ekki væri búið að ákveða hvernig yrði staðið að neinu í sambandi við niðurgreiðslur á næsta ári? Hvað meinti hæstv. fjmrh. með því að gefa nefndinni upplýsingar? Hvernig stendur á því að við fáum svona pappír í hendurnar þegar því er lofað hér úr ræðustólnum að við eigum að fá upplýsingar? Ber hæstv. ráðherra enga virðingu fyrir því sem hann segir, enga? Ég er ekki að biðja hann að bera virðingu fyrir þingdeildinni, því ég veit að hann gerir það ekki, en ber hann enga virðingu fyrir sínum orðum? Er honum nákvæmlega sama hvað hann lætur út úr sér hér í stólnum, nákvæmlega sama?

Upplýst er á hinn bóginn í nefndinni að verð á þeim vörum sem tilgreindar eru í frv. í 13. gr., þ.e. endurgreiðsla hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti muni nema nægilegu til að einn dag á árinu, hinn 1. jan., *muni* þessar vörutegundir lækka um 8,8%. Á hinn bóginn var tekið fram af hagdeild fjmrn. að þessar sömu vörur mundu hækka um 6%, ég man ekki hvort hann sagði 5,5–6% (**Gripið fram í:** 5–6%.) umfram verðbólgu á næsta ári og er þá gengið út frá þeim forsendum að verðbólga frá upphafi til loka árs sé 11% sem samrýmist raunar ekki öðrum viðmiðunum sem gerðar eru í sambandi við útreikninga t.d. á persónuafslætti í sambandi við staðgreiðslukerfi skatta, svo ég víki að því. Ef verðbólgan verður minni hækka þessar vörur enn meir umfram verðbólgu og verðbólgan þarf raunar ekki að verða miklu meiri til þess að þessi 8,8% lækkun verði öll tekin til baka á árinu og meira til. Ég mun víkja nánar að þessum þætti síðar þegar ég ræði brtt. 1. minni hl. nefndarinnar.

Við athugun málsins í fjh.- og viðskn. kom í ljós að mikil óvissa ríkir um framkvæmd veigamikilla þátta. Þegar málið var afgreitt úr nefndinni lá ekki fyrir hvernig framkvæmd virðisaukaskatts yrði háttað í sambandi við ýmis útgjöld á vegum sveitarfélaga. Nefndin fékk upplýsingar um að athugun hefði verið gerð á því hvernig virðisaukaskattur kæmi út hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og benti hún til þess að útgjaldaaukning sveitarfélaganna yrði 900 millj. kr. vegna breytingarinnar frá söluskattskerfinu. Í þessu eru að vísu verulegir óvissuþættir þar sem nýjar reglugerðir hafa verið að berast frá degi til dags. Fulltrúi fjmrn. nefndi 400 millj. kr. útgjaldaauka á fundum í nefndinni og mér er sagt að fjmrh. hafi talað um 400–500 millj. kr. útgjaldaauka á fundi með sveitarstjórnarmönnum.

Þetta sýnir að við undirbúning málsins hefur fjmrh. ekki gefið sveitarfélögunum kost á að fylgjast með. Ekki verður betur séð en að forsendan fyrir því samkomulagi sem á sl. vori var gert um nýja verkefna- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé brostin eins og framkvæmd virðisaukaskattsins er hugsuð, svo ekki sé minnst á nýjasta upphlaup fjmrh. Og þegar ég tala um nýjasta upphlaup fjmrh. vísa ég að sjálfsögðu til þess að hann er ekki reiðubúinn í öðrum greinum til að standa við þá samninga og það samkomulag vil ég segja sem gert var á sl. vori, í tengslum við þær breytingar sem þá voru gerðar á verkefna- og tekjuskiptingu ríkisins. Fjmrh. reynir í þeim efnum að verja sig með því að borgarstjórinn galdri enga grýlu úr stjórninni. Ég held að það þurfi ekki að galdra neina grýlu úr stjórninni. Ég held að þessi ríkisstjórn sé orðin grýla fyrir alla landsmenn. Ég held að það sé alveg ljóst. Það er alger misskilningur ef hæstv. fjmrh. heldur að það sé bara borgarstjórinn í Reykjavík og bara bæjarstjórnin á Seltjarnarnesi sem eru óánægð með þetta nýjasta upphlaup hans.

Mér *bárust í dag tvö telexskeyti. Annað er frá* bæjarstjórn Dalvíkur, svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, dagsett í dag:

„Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Dalvíkur þann 14. des. 1989.

Bæjarstjórn Dalvíkur mótmælir fram komnum hugmyndum um frestun á gildistöku laga nr. 87/1989, um breytingar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að hluta eða í heild. Bæjarstjórn Dalvíkur telur fráleitt að deilur ríkisins og Reykjavíkurborgar leiði til slíkrar niðurstöðu og meðferðar á máli sem samið hefur verið um af ríki og sveitarfélögum landsins.

Virðingarfyllst,
Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri,
Dalvík."

Hitt skeytið er dagstt á Akureyri 15. des. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi sínum 14. des. sl. samþykkti bæjarráð Akureyrar að mótmæla harðlega öllum hugmyndum sem fram hafa komið um frestun á framkvæmd laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,
Sigfús Jónsson bæjarstjóri."

Ég held þess vegna að það sé fullbillegt hjá hæstv. ráðherra ef hann heldur að hann sé hér í einhverju einkastríði við borgarstjórn Reykjavíkur. Með yfirlýsingum sínum um það að hann ætli ekki að standa við löggjöfina frá því í vor um nýja tekju- og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur hann brugðist í sambandi við framkvæmd skattkerfisbreytingarinnar eins og hún lýsir sér í reglugerðum og eins og henni hefur verið lýst á fundum í fjh.- og viðskn. Það er

öldungis ljóst að sá nýi tekjuauki sem fjmrh. hyggst ná einungis í gegnum virðisaukaskattinn gerir miklu meira en vega upp á móti því hagræði sem hin breytta verkefnaskipting átti að hafa í för með sér og kom fyrst og fremst til góða hinum minnstu sveitarfélögum.

Ég skal ekki, herra forseti, rekja hér í einstökum atriðum þá glöggu greinargerð sem nefndarmenn hafa fengið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um þessi mál. Ég vil árétta það sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sagði á fundi nefndarinnar að þetta mál hefði verið kynnt fyrir sveitarstjórnarmönnum á þann veg að eingöngu væri um skattkerfisbreytingu að ræða og sveitarfélögunum hefði aldrei dottið í hug að þau þyrftu að hafa uppi einhvern sérstakan þrýsting til þess að tryggja hagsmuni sína í málinu.

Það veldur mér miklum vonbrigðum að meiri hl. fjh.- og viðskn. skuli ekki hafa kjark í sér til þess einu sinni að lýsa því yfir að þetta mál hljóti að koma til athugunar og endurskoðunar milli deilda þannig að við getum þá tekið málið aftur upp hér til Ed. og afgreitt það skjótlega ef lausn fæst á þessu máli. Það er auðvitað mjög sorglegt að meiri hl. nefndarinnar skuli ekki hafa tekið þann kostinn en hins vegar mjög glöggt um þann tímaskort sem þingið hefur verið í, glöggt um það að kastað hefur verið höndunum að undirbúningi þessa máls, að hæstv. fjmrh. skuli ekki við athugun málsins nú á sl. sumri og í haust hafa séð ástæðu til þess að efna til víðtæks samráðs og samvinnu við samtök sveitarfélaga um það hvernig staðið yrði að breytingunni.

Nú er það auðvitað svo að sveitarfélögin hafa greitt ríkisvaldinu skatta af margvíslegri starfsemi. Þannig hefur t.d. verið greiddur skattur af vinnuvélum við framkvæmdir sveitarfélaganna. Nú stendur fyrir dyrum að leggja í mikla framkvæmd á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, nýtt frárennsli, og er búist við að það muni kosta um 2 milljarða kr. Ef söluskattskerfið yrði við lýði meðan þetta verk yrði unnið næmu skattar sveitarfélaganna um 200–250 millj. kr. til ríkisins. Þetta er þekkt stærð og var tekin inn í þá tekjuskiptingu sem var milli ríkis og sveitarfélaga. En með breytingunni eins og hæstv. fjmrh. hugsar sér hana ætlar hann sér að bæta 250 millj. kr. við þessa tölu. Fyrir það að sveitarfélögin ætla að leggja í 2 milljarða kostnað til að eyða mengun á þessu svæði, auka hollustu á Stór-Reykjavíkursvæðinu, á að skattleggja þau alveg sérstaklega um 250 millj. kr. í ríkissjóð til viðbótar því sem er samkvæmt núgildandi kerfi þannig að heildarskattheimtan af þessum sökum verður um hálfur milljarður kr. Mér er sagt að þeim í fjmrn. finnist þau ekkert of góð til að borga þetta. Og ég varð ekki var við að það hreyfðist andlitsdráttur á einum einasta nefndarmanni í meiri hl. meðan verið var að skýra frá þessu í fjh.- og viðskn. í morgun. Þetta þykir bara allt í lagi.

Hluti eins og umhverfismál, mengunarvarnir, landgræðslu, skylduverkefni sveitarstjórna á að nota að féþúfu. Þó tók steininn úr þegar ég spurði ríkisskattstjóra að því hvort fjmrn. gerði ráð fyrir því að unglingavinna yrði undanþegin virðisaukaskatti. Sveitarfélögin hafa í atvinnubótavinnu sumpart og sumpart auðvitað til þess að fegra bæina lagt verulegt fjármagn í svokallaða vinnuskóla. Eftir því sem börnin verða eldri gera þau auðvitað meira gagn og síðustu ár sín í þessum vinnuskólum eru þau í færum um það að ráðast í alls konar verk sem líka gætu verið boðin út á almennum vinnumarkaði. Og þá er það úrlausn ríkisskattstjóra að það eigi að greiða virðisaukaskatt af unglingavinnunni ef hugsanlegt er að bjóða hana út. Þetta er auðvitað alveg forkastanlegt, mjög undarlegt að nefndarmenn meiri hl. skuli ekki hafa tekið af skarið í þessum efnum. Ég er á hinn bóginn ekki í neinum vafa um það vegna þess að ég hef vakið máls á þessari sérstöku skattheimtu að fjmrh. mun gefa eftir í þessu máli. Ég er í engum vafa um það að hann mun haga framkvæmdinni með þeim hætti að vinnuskólinn sleppi, enda má segja að nóg sé lagt á sveitarfélögin samt.

Annað atriði þessu tengt sem fram kom í nefndinni var að meiri hl. hafði ekki uppburði né kjark í sér til þess að flýta því að virðisaukaskattur yrði lagður niður af bókum frá 1. sept. áður en skólarnir byrjuðu eða um leið og skólarnir byrjuðu nú á næsta hausti. Ég hef rætt þetta mál við kennara. Þeir hafa sagt mér að þeir muni reyna að haga kennslunni með þeim hætti á næsta hausti að börnin þurfi ekki að kaupa kennslubækurnar fyrr en eftir 15. nóv. Það verður mikill þrýstingur innan skólanna frá foreldrunum á kennarana að draga í lengstu lög á langinn að skylda börnin til að efna til innkaupanna. Ég hef talað við nokkra stráka, son minn og félaga hans sem eru í Verslunarskólanum og eru markaðshyggjumenn, að vísu ekki sósíalískir markaðshyggjumenn eins og hæstv. fjmrh., en markaðshyggjumenn eigi að síður eins og hann, og þeir kunna á hann, þeir kunna á markaðshyggjuna. Þeir vita að hæstv. fjmrh. hefur gaman af því að lýsa því yfir að hann sé sósíalískur markaðshyggjumaður. Hinn sósíalíski markaðshyggjumaður veit auðvitað að það er góður bisness í september og það er góður bisness í október og markaðshyggjumaðurinn sósíalíski, hæstv. fjmrh., ætlar að nota markaðinn þegar hann gefst og þess vegna ætlar hann ekki að leggja niður söluskattinn af bókunum fyrr en 15. nóv. En þeir sjá við honum, strákarnir, því að þeir hafa líka lært markaðsvit. Og auðvitað munu þeir ekki kaupa bækurnar fyrr en hæstv. fjmrh. er búinn að lækka skattinn þannig að þeir sjá við honum. Og þannig er þetta nú yfirleitt að frjálshyggjumarkaðsmennirnir sjá við hinum sósíalísku markaðshyggjumönnum og hinir sósíalísku markaðshyggjumenn verða því miður alltaf að lúta í lægra haldi þegar þeir eigast við. En burt séð frá öllu gamni, þá hlýt ég að leggja áherslu á það að þetta mál verði að skoða nánar.

Hv. 6. þm. Reykv. hefur ásamt okkur flutt brtt. einmitt um þetta sérstaka atriði. Við erum sammála um það að siðferðilega sé óverjandi að halda til streitu bókaskattinum á skólabörnin. Nú er ég alveg reiðubúinn til þess, hæstv. fjmrh., eða við þingmenn-

irnir erum alveg sammála um það að draga tillöguna um að flýta þessum degi til 1. sept. til baka til 3. umr. ef það mætti verða til þess að stjórnarflokkarnir endurskoðuðu þessa litlu ákvörðun. Efnislega er líka rétt frá almennum sjónarmiðum að miða við 1. sept. fremur en 15. nóv. Bóksala yfir sumarmánuðina er tiltölulega lítil þannig að 1. sept. mundi ekki breyta miklu um rekstur bókaverslana, en á hinn bóginn hafa ýmsir verið að búa í haginn fyrir jólaannirnar, kannski tekið daginn snemma og reynt að kaupa gjafir og bækur í október eða nóvembermánuði. Öll munu þessi bókakaup dragast á langinn. Hins vegar munu bókabúðirnar fyllast sama daginn og virðisaukaskatturinn verður lækkaður. Sama daginn þegar allar bækur í landinu lækka um 20% eða svo.

Ég bið nú hæstv. fjmrh. að athuga hvort hann hafi ekki við höndina lykilinn að handjárnunum þannig að hann geti gefið þingmönnum stjórnarmeirihlutans tækifæri til að greiða atkvæði með okkur í þessu máli. Þó svo hann loki handjárnunum strax á eftir þá væri það nú mikill munur.

Ég hélt líka að hæstv. fjmrh. væri skólamaður. Og það væri fróðlegt t.d. að spyrja álits þá menn sem eru í Háskólanum, það unga fólk sem er í Háskólanum og að því marki sem það getur notað íslenskar kennslubækur hvort því þyki skynsamlegt að pína það til þess að draga slík kaup á langinn. Ég hef verið að spyrjast fyrir um það hversu hárri upphæð þetta nemur. Sumir foreldrar fullyrða að bókakaup geti skipt 15–20 þús. kr. (**GA:** Allt að 30 þús.) fyrir barn og sé ekki óalgengt. Það hafa verið nefndar mun hærri tölur þegar mörg börn eru í heimili, margir unglingar eru hjá sömu fjölskyldunni, þannig að það er enginn vafi á því að við getum hér verið að tala um fjárhæðir sem leika á tugum þúsunda fyrir fjölskyldur.

Ég hygg því að það sé óhjákvæmilegt að biðja hæstv. fjmrh. um það í allri einlægni að hann athugi nú þetta mál og ég yrði mjög þakklátur ef formaður fjh.- og viðskn. vildi kalla nefndina saman milli 2. og 3. umr. til þess að ræða þetta sérstaka atriði. Ef á hinn bóginn kemur í ljós að það er gagnslaust, ef meiri hl. er ákveðinn í því að halda þessu til streitu, þá verður hann að sitja uppi með þann sinn smekk og við því get ég þá ekki gert.

Í því frv. til laga um virðisaukaskatt sem samþykkt var í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var sett inn heimildarákvæði um greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning í 34. gr. laganna. Var gengið út frá því að þessi heimild yrði notuð þegar lögin kæmu til framkvæmda. Mér er ekki kunnugt um að fjmrh. hafi gefið afdráttarlaust svar um það hvort hann hyggist veita almennan greiðslufrest við innflutning eða ekki. Þó hefur legið í loftinu að greiðslufrestur verði veittur á hráefni og rekstrarvörur iðnaðar.

Það kallar á verulega fjárbindingu og óhagræði í öllum greinum atvinnulífsins ef leggja þarf út fyrir virðisaukaskatti við innflutning. Samtök verslunarinnar hafa talið að áhrif fjárbindingarinnar á verðlag yrðu á bilinu 1–2% og jafnvel hærri þegar tekið er tillit til þess að fyrirtæki búa almennt við takmörkuð fjárráð og innkaup á erlendum vörum yrðu stórum óhagkvæmari án greiðslufrests.

Í hverju er nú þetta óhagræði fólgið, hæstv. ráðherra? Það er í fyrsta lagi fólkið í því að fyrirtækin munu freista þess að efna til minni innkaupa í hvert skipti en áður, hafa vörukaup tíðari en áður sem hefur þrennt í för með sér: Það gæti valdið því að innkaupsverð hækkaði nokkuð. Það gæti valdið óhagræði í flutningum til landsins. Og síðast en ekki síst veldur það auðvitað meiri fyrirhöfn og óþægindum og allt þetta hlýtur að valda erfiðleikum.

Það kom fram á fundi nefndarinnar að í Noregi er það almenn regla að greiðslufrestur í tolli er 33 dagar. Það kom enn fremur fram að fulltrúar fjmrn. höfðu gert sér grein fyrir því að þetta atriði skipti máli í sambandi við verðlagninguna. Þeir vildu halda því fram að þetta mundi þýða 0,5–1% hækkun á verði vörunnar en viðurkenndu á fundi með fulltrúum Verslunarráðs Íslands að þeir óttuðust að í sumum tilvikum gæti þessi hækkun orðið enn meiri. Það kom með öðrum orðum fram veruleg óvissa um það hvaða áhrif þetta mundi hafa í einstökum dæmum. Ég held að það sé líka alveg ljóst að þessi breyting muni hafa íþyngjandi áhrif fyrir dreifbýlisverslun þar sem veltuhraðinn er minni.

Ég veit ekki hvort mér leyfist að biðja hæstv. fjmrh. um afdráttarlausa yfirlýsingu um að almennur greiðslufrestur á virðisaukaskatti verði veittur við innflutning. En ef slík yfirlýsing kemur ekki fram er nauðsynlegt að breyta lögunum þannig að skylt verði að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning.

Eins og mig minnir að formaður nefndarinnar hafi tekið fram hér áðan er það grundvallaratriði við álagningu virðisaukaskatts að hann mismuni ekki fyrirtækjum eða hindri eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. En því miður er ekki frítt við hið gagnstæða eins og hæstv. fjmrh. hugsar sér framkvæmd virðisaukaskattsins og í sumum tilvikum stefnir hann að mismunun með opin augun. Ég vil nú nefna dæmi um þetta.

Í reglugerð um frádrátt virðisaukaskatts er kveðið á um að selji skattaðili fæði teljist virðisaukaskattur á hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts, sbr. VII. kafla laganna. Upplýst hefur verið að samkvæmt samningum við opinbera starfsmenn greiðir ríkissjóður allan kostnað við mötuneyti annan en efniskaup. Eðlilegt er af þeim sökum að fyrirtæki megi telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á þá kostnaðarliði sem niðurgreiddir eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins. Annað skekkir samkeppnisstöðu og kemur illa við veitingahúsarekstur og verktakastarfsemi svo að augljós dæmi séu tekin.

Þetta álitamál var rætt í nefndinni. Þá upplýsti ríkisskattstjóri að sú breyting yrði gerð nú við framkvæmd fjárlaga á næsta ári að inn í verðið í mötuneytum hins opinbera yrðu ekki aðeins tekin efniskaup eins og verið hefði heldur líka vinnan við að elda matinn og orkukostnaður og annað þvílíkt og þetta

mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér hærra matarverð en áður. Og hann upplýsti okkur í nefndinni um það að 24,5% virðisaukaskattur yrði lagður ofan á þetta verð svo að okkur skildist á ríkisskattstjóra að verð í mötuneytum ríkisins til starfsmanna ríkisins mundi hækka verulega eftir áramótin. Þessu var m.a. beitt þegar verið var að réttlæta það fyrir veitingahúsaeigendum að þeir yrðu að taka inn í vinnulaun, orkukostnað og annað þegar þeir mætu til virðisaukaskatts þann kostnað sem þeir hefðu af því að gefa því fólki að borða sem vinnur í eldhúsum veitingahúsa eða við framleiðslustörf í veitingahúsum og hótelum. Þetta er auðvitað alveg nýtt. Og auðvitað gat þetta fólk lítið sagt þegar það áttaði sig á því að starfsmenn ríkisins yrðu að hlíta hinu sama.

Síðan komu á fund nefndarinnar fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúar Bandalags háskólamanna og þá var þetta mál tekið upp. Þeir bentu ríkisskattstjóra á að það væri samningsbundið milli ríkis og þessara launþegafélaga að ríkið greiddi niður allan kostnað við matseldina annan en efniskaup. Og þegar ég spurði: Hvernig getur það þá farið saman að fjmrh. hefur ákveðið að reikna inn í matarverð í mötuneytunum orkukostnaðinn og vinnulaunin, aðkeypta þjónustu, og ætlar að reikna ofan á það virðisaukaskatt ef búið er að semja um hið gagnstæða við þessa launþega? Þá sagði fulltrúi fjmrn. að þetta væri mjög einfalt mál. Ríkissjóður mundi þá bara greiða niður virðisaukaskattinn, greiða niður vinnulaunin, greiða niður orkukostnaðinn og greiða niður aðkeyptu þjónustuna hjá hinum opinberu starfsmönnum þannig að þeir fengju matinn á óbreyttu verði eftir sem áður. En einstaklingarnir úti í þjóðfélaginu, það á að nota þetta sem átyllu til þess að auka skattheimtuna á þá. Samt sem áður liggur ljóst fyrir að veitinga- og gistihúsarekstur er í stórum dráttum útflutningsstarfsemi í þeim skilningi að ferðamannaþjónusta aflar hér mikils gjaldeyris og er orðin verulegur þáttur í gjaldeyrisöflun okkar og væri þess vegna eðlilegt að nýta þá starfsemi sem slíka.

Sveitarfélögin verða auðvitað líka að greiða hærri virðisaukaskatt af þessu eða hvað? Á ekki að ná þarna í nokkrar krónur af þeim líka? En svo greiðir ríkissjóður þetta niður fyrir sjálft sig og með hvaða peningum? Með þeim peningum sem koma frá fólkinu í landinu, með peningunum frá fólkinu sem vinnur á hótelunum, með peningunum frá fólkinu sem vinnur í veitingahúsinu, með peningunum frá fólkinu sem vinnur hjá sveitarfélögunum, með peningunum frá fólkinu sem vinnur hjá verktökunum. Allt þetta fólk verður að greiða virðisaukaskatt af þessum þáttum þó svo starfsmenn ríkisins þurfi ekki að gera það.

Ég spurði líka: Hvernig fer þá t.d. um matsveina? Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera í sambandi við matsveina til sjós á fiskiskipum? Gæti ráðherrann upplýst mig um það með jái eða neii hvort hann ætlar að leggja virðisaukaskatt á hlut matsveinsins? Veit hann það? Er horft öðruvísi á það? Á að leggja virðisaukaskatt á þann hluta olíunnar í fiskiskipunum sem fer í að hita matinn? Hvernig á að halda á því máli? Nei, auðvitað dettur engum manni í hug að virðisaukaskattur verði lagður á hlut matsveinsins einfaldlega vegna þess að atvinnurekandinn, í þessu tilviki útgerðin, kaupir ekki efni til matseldarinnar. Það er verkaskipting um borð í bátunum og auðvitað ekki hægt að fallast á það að ríkissjóður seilist í þann vasa. Það sem ég er á hinn bóginn að gera er að benda á ósamræmið. Ég spurði ríkisskattstjóra hvort þetta þýddi uppsöfnun virðisaukaskatts. Hann játaði því.

Hinn 4. des. var gefin út reglugerð um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaganna og annarra opinberra aðila. Í nefndinni kom fram að reglugerðin felur í sér tvísköttun ef hönnunarvinna við byggingu íbúðarhúsnæðis er keypt af sjálfstætt starfandi arkitekt eða verkfræðingi en ekki unnin af byggingaraðila. Slík framkvæmd laganna er andstæð þeirri hugsun sem liggur að baki þeirra og óhjákvæmilegt að taka af skarið í lögunum og er brtt. flutt í samræmi við það. Nú er það að vísu svo í þeirri reglugerð þegar talað er um greiðslu sveitarfélaga á virðisaukaskatti. — Í bréfi sem fjmrh. skrifaði Sambandi ísl. sveitarfélaga 7. des. sl. er tekið fram í lið 10 að endurgreiddur verði virðisaukaskattur vegna þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra stétta er almennt þjóna atvinnulífinu. Samt sem áður kom það fram í máli ríkisskattstjóra í sambandi við sjálfstætt starfandi verkfræðinga og arkitekta að þar er um tvísköttun að ræða samkvæmt reglugerð hæstv. fjmrh. Spurningin er, og það kemur í ljós í atkvæðagreiðslu á eftir, verður fjmrh. reiðubúinn til þess að greiða atkvæði — hann hefur að vísu ekki atkvæðisrétt hér í þinginu — en leyfir hann þeim sem hafa atkvæðisrétt að greiða atkvæði með því að sá tilgangur hans nái fram að ganga að virðisaukaskattur af vinnu þessara manna, seldri vinnu þessara manna fáist endurgreiddur? Um það verður greitt atkvæði. Þá kemur fram hvort ráðherrann vill segja satt um það að þessi vinna sé endurgreidd.

Í þessari sömu reglugerð er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur af ræstingu falli niður. Á hinn bóginn kom fram á fundi nefndarinnar þegar við ræddum við fulltrúa Flugleiða að sá háttur er hafður á t.d. á Hótel Esju að ræstingin er ekki unnin af beinum starfsmönnum hótelsins heldur hefur hún verið boðin út og falin sérstökum verktökum. Það fyrirkomulag hefur leitt til mikillar hagræðingar í rekstri hótelsins og er auðvitað mjög eðlileg verkaskipting milli þessara aðila, hótelsins og þess verktaka sem tekur að sér ræstinguna. Þessu fyrirkomulagi fylgir mikil hagræðing og mikil hagkvæmni. Ég hef rætt þetta mál við þann hótelstjóra á Hótel Esju sem tók þetta upp á sínum tíma og ég man að hann var mjög ánægður með þetta fyrirkomulag. Nú verður framkvæmd virðisaukaskattsins með þeim hætti að Hótel Esja verður að ráða til sín fólk til þess að ræsta hótelið vegna þess að það verður að öðrum kosti að greiða af ræstingunni virðisaukaskatt til ríkisins. Þetta er auðvitað ágalli sem ekki er hægt að líða.

Ef hæstv. fjmrh. hefði gefið sér tíma til að undirbúa

málið, fara ofan í einstaka þætti þess, mundi meinloka af þessu tagi ekki vera inni í framkvæmdinni núna. Þetta er eitt af ótal, ótal dæmum um það, að vísu smátt, hvernig við megum búast við agnúum í framkvæmdinni, agnúum sem hæstv. fjmrh. veit um, agnúum sem valda því að hann er búinn að bjóða Samtökum sveitarfélaga að núna eftir að lögin komast í framkvæmd megi þeir hafa sérstaka samstarfsnefnd með fjmrh. til að ræða um það hvernig eigi að haga virðisaukaskatti af opinberum framkvæmdum og öðrum slíkum, þá langar fjmrh. til þess að fá þá með betlistaf upp í ráðuneytið með einhverju húsbóndavaldi í staðinn fyrir að þeir geti talað við hann á jafnréttisgrundvelli meðan lögin voru í undirbúningi og framkvæmd málsins var í undirbúningi.

Ef eitthvert siðferði væri í þessu mundi fjh.- og viðskn. deildarinnar fá að fylgjast með framkvæmd málsins, fá reglulega skýrslur um það þannig að engum bréfum yrði stungið undir stól og auðvitað eiga fjh.- og viðskn. deildanna að fá bréfasafnið í fjmrn. eins og það leggur sig. Ég fór raunar fram á það en var synjað um það.

Það hefur líka komið fram á fundi sem hæstv. fjmrh. hefur átt með samþingsmönnum sínum á Reykjanesi að ríkisstjórnin virðist ekki hafa hugmynd um hvernig álagningu virðisaukaskatts er háttað í nálægum löndum, virðist ekki hafa haft hugmynd um að undanfarin 15 ár hafa sveitarstjórnarmenn í Danmörku átt í viðræðum við ríkisstjórnina þar um það hvernig hægt sé að draga úr mörgum ágöllum sem hafa verið á framkvæmd þessa skattkerfis þar. Þangað hefði verið hægt að leita fyrirmyndar, þangað hefði verið hægt að fara í smiðju ef hugur hæstv. fjmrh. hefði staðið til þess að sveitarfélögin hefðu staðið jafnrétt eftir skattkerfisbreytinguna.

Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að veruleg vandkvæði eru samfara því að virðisaukaskattur sé innheimtur af veiðarfærum og brennsluolíu til fiskiskipa vegna þeirra fjárbindinga sem slíkum viðskiptum fylgja. Ég tel að eðlilegt sé að með þessa rekstrarvöru verði farið eins og með sambærilegan kostnað í millilandaförum af sömu ástæðum. Við erum hér að tala um gjaldeyrisöflun, við erum hér að tala um farartæki og við erum hér að tala um mjög verulegar fjárhæðir.

Bréf olíufélaganna til fjmrn. hinn 27. nóv. 1989 fjallar um framkvæmd innheimtuskila virðisaukaskatts frá og með 1. jan. nk. o.fl. Þetta er bréf, herra forseti, sem hæstv. fjmrh. sá ekki ástæðu til að sýna fjh.- og viðskn. og það var eingöngu vegna þess að við sjálfstæðismenn óskuðum eftir því í morgun að fulltrúi frá þessum aðilum kæmi á okkar fund til þess að ræða þau sérstöku vandamál sem við vissum að væru tengd einmitt olíukaupum fiskiskipaflotans, sem við fengum vitneskju um bréfið. Á fundinum, ekki fyrr. Þó erum við hér að tala um helsta útflutningsatvinnuveg okkar. Og þó hafði ég beðið um að fá upplýsingar um helstu álitamál sem upp hefðu komið í sambandi við undirbúning þessarar skattkerfisbreytingar. Hversu má það vera að hæstv. fjmrh. gerði ekki þegar ráðstafanir til að við fengjum bréfið í hendur? Þegar hann er spurður svona, þá geispar hann, finnst þetta óþarfi. Menn eiga ekki að fá að fylgjast með. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gasolía og svartolía eru undanþegnar söluskatti. Við upptöku virðisaukaskatts hækkar útsöluverð þessarar vöru um fjárhæð virðisaukaskattsins að fullu. Stærstu notendur þessara vara eru viðskiptamenn sem eru í reikningsviðskiptum við olíufélögin með að jafnaði mánaðarleg uppgjör úttekta. Þeir eru flestir ef ekki allir í þeim hópi lögaðila sem rétt eiga á endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðföngum, þ.e. fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum.

Olía er mjög stór og skýrt afmarkaður hluti kostnaðar flestra fyrirtækjanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja að greiðslufjárstaða þessara fyrirtækja hefur verið erfið. Viðbót virðisaukaskattsins mun enn íþyngja og ljóst er að erfitt verður að sækja þetta viðbótarfé til viðskiptamannsins fyrr en virðisaukaskatturinn fæst endurgreiddur.

Við teljum einsýnt að áhrif þessa verði að skuldir vegna olíuúttekta muni hækka nema tryggt verði að endurgreiðsluféð skili sér til greiðslu þeirrar vöru sem það stofnast af og þá um leið í ríkissjóð aftur.

Með vísan til framanritaðs fara olíufélögin hér með fram á það við hið háa ráðuneyti að mótaðar verði vinnureglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af olíu þannig að endurgreiðsla fari beint til seljenda olíunnar samtímis uppgjöri þeirra á skattinum til ríkissjóðs. Væri æskilegt að viðræður færu fram milli ráðuneytisins og olíufélaganna um framkvæmd þessa. Það hlýtur að vera kappsmál beggja að framkvæmd skila á virðisaukaskattinum verði einföld og hnitmiðuð og leiði ekki af sér fleiri vandamál en hjá verður komist.

Í þessu sambandi viljum við vísa til framkvæmdar sem viðhöfð var meðan olía til fiskiskipa var greidd niður. Við lítum svo á, þar sem annað hefur ekki komið fram, að gildistaka virðisaukaskattslaganna muni ekki breyta gildandi tilhögun uppgjörs á innflutningstolli af bílabensíni, þ.e. að 35% tollsins nýtur tveggja mánaða gjaldfrests.

Að lokum viljum við árétta erindi okkar um greiðslufrest á virðisaukaskatti af innflutningi á öllum olíuvörum og bensíni, sbr. bréf okkar dags. 25. okt. 1989."

Aðspurður sagði Árni Lárusson, sem kom á fund nefndarinnar frá Olíufélaginu Skeljungi — ég vil taka fram að það var einungis vegna tímaskorts sem ekki kom til þess að fulltrúar frá öllum olíufélögunum kæmu á fund nefndarinnar þar sem lögð var á það áhersla að fundur byrjaði hér um þessi efni kl. hálfeitt í dag sem ekki gat orðið vegna þeirra mörgu álitamála sem upp komu á morgunfundinum. — Í máli Árna kom fram að olíufélögin þurfa að liggja með birgðir í þrjá til fjóra mánuði. Það er svolítið mismunandi eftir því hvernig farmar berast til landsins, svolítið mismunandi. Samt sem áður, þó svo að birgðir séu að meðaltali um 3–4 mánuðir kom líka fram hjá formanni þingflokks Alþfl. á nefndarfundinum að stað-

ið yrði við tveggja mánaða greiðslufrest. Mér þótti það út af fyrir sig mjög merkilegt að hann skyldi kunnugur málinu vegna þess að honum var kunnugt um það að stjórnarandstaðan hafði óskað eftir að fá álitamál af þessu tagi upp á borðið hjá sér og við vissum ekki betur en á það hefði verið fallist af stjórnarmeirihlutanum.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. — Herra forseti. Það má vera að hæstv. fjmrh. muni þær spurningar sem ég hef áður beint til hans við umræðuna. Þó hefur það nú oft komið fram hér í deildinni að hann hefur ekki svarað því sem hann hefur verið spurður um, gerði meira að segja í gær tilraun til að svara ekki fsp. sem beint var til hans með þinglegum hætti og svör lágu fyrir um uppi í ráðuneyti, sem væntanlega verður svarað eftir helgina. Ég veit ekki hvort rétt sé að gera ráðstafanir til þess að þingið útvegi honum skrifara til þess að hann geti skrifað niður og komið á blað um hvað hann er spurður. Það gengur auðvitað ekki að haga þingstörfum með þessum hætti. Stjórnarmeirihlutinn hefur verið að biðja um það að við reynum að stytta mál okkar og að við greiðum fyrir þingstörfum en á sama tíma finnum við að það er algjört tómlæti hjá ráðherrunum.

Undirbúningur málsins er enginn, upplýsingar berast ekki nefndinni sem þangað eiga að berast og ef spurt er í þingsal þá hirðir ráðherrann ekki um að setja niður hjá sér um hvað er spurt. Þetta er náttúrlega þannig framkoma að engu tali tekur.

En það er best að spyrja samt ráðherrann, það má þá ítreka seinna, það má ítreka líka í umræðum um önnur mál, það eru mörg frv. eftir að koma og það má safna saman spurningunum og láta þær dynja á honum þó rætt sé um önnur mál: Að hverju stefnir hæstv. ráðherra þegar hann hyggst ná inn í ríkissjóð virðisaukaskatti af olíubirgðum sem liggja hér í landinu í öryggisskyni? Gerir ráðherrann sér það ljóst að ef þessi háttur verður á hafður þá muni það leiða til margvíslegs óhagræðis í olíuinnkaupum? Að þessi aukni fjármagnskostnaður sem þannig leggst á olíufélögin mun valda því að þau muni endurskoða olíuinnkaup sín og þau muni kannski telja sér hagkvæmt að fá olíuna hingað í minni skömmtum en nú er? Og gerir hæstv. ráðherra sér það ljóst að verð á olíu hleypur upp og niður og stundum reyna menn að taka meiri birgðir en ella ef þeir búast við að verð sé hækkandi? En á skattheimtan til ríkisins að vera svo yfirþyrmandi að það skipti kannski ekki máli hvort þessi mikli neysluþáttur í útgerð landsmanna, olían, sé rekinn með hagkvæmu eða óhagkvæmu móti? Hver eru rökin á bak við það að veita olíufélögunum ekki eðlilegan greiðslufrest? Af hverju má ekki greiðslufresturinn á virðisaukaskattinum miðast við þann tíma þegar olían er seld, fer til neytendanna, afgreiðslu olíunnar hér innan lands? Af hverju þarf að seilast í þennan vasa? Var þetta einn liðurinn í því sem þið hétuð útgerðinni á sl. vori, að bæta samkeppnisstöðu hennar gagnvart erlendum fyrirtækjum nú með því að auka á óhagræði í olíuinnflutningi og hækka með þeim hætti rekstrarkostnaðinn sem því nemur? Og er það í anda virðisaukaskatts í einhverju landi í veröldinni að sérstakir baggar séu með þessum hætti lagðir á helstu útflutningsgrein landsmanna, það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. Af hverju er það? Er staða ríkissjóðs svona bág að það verður að fara í þennan vasann líka? Af hverju er þetta, hæstv. fjmrh.?

Ef við tökum svo veiðarfærin. Er það eðlilegt að íþyngja Hampiðjunni sem á í erfiðri samkeppni við veiðarfæragerð erlendis, og ég tala um önnur slík fyrirtæki, er eðlilegt að íþyngja líka þessum fyrirtækjum með virðisaukaskatti?

Á þeim tíma sem Jóhann Hafstein var iðnaðarráðherra man ég eftir að hann flutti eldheitar ræður einmitt um það hvernig við gætum gert sem mest sjálfir í sambandi við okkar veiðarfæraiðnað og þá var með margvíslegum hætti reynt að styðja einmitt að þessari framleiðslu. Nú er þessu snúið við. Við í Sjálfstfl. teljum eðlilegt að veiðarfæri og olía falli undir 12. gr. laganna til þess að eyða þessari óvissu um uppgjörið.

Það er líka annað sem hæstv. ráðherra á að vera kunnugt og það er að viðskipti með veiðarfæri og viðskipti með olíu hafa fallið í fastan farveg. Það er komin ákveðin festa í þessi viðskipti og ákveðin reynsla. Ef ætlast er til þess að virðisaukaskatturinn leggist á þessa þungu, kostnaðarsömu útgjaldaliði útgerðarinnar hlýtur það að skapa óvissu í samskiptum útgerðarmannanna við þá þjónustuaðila sem framleiða eða annast heildverslun með veiðarfæri og sömuleiðis olíuna.

Ég geri mér svo sem grein fyrir því að hæstv. fjmrh. muni ekki fús til þess að liðka þarna til. Eftir því sem gefið hefur verið í skyn í fjh.- og viðskn. virðist hafa verið ákveðið mál að ekki verði veittur greiðslufrestur á virðisaukaskatti í tolli varðandi veiðarfæri. Er það rétt? Hefur það verið rætt að greiðslufrestur í tolli, á virðisaukaskatti verði veittur við innflutning á veiðarfærum? Ekki orð. Ekki eitt orð. Ekki orð.

Ég spurði að því í nefndinni í sambandi við landbúnaðinn. — Nú er það svo að í lögum eru mjög ströng ákvæði um það hvaða skilyrði sláturleyfishafar þurfi að uppfylla. — Og ég spurði að því hver bæri ábyrgðina ef sláturleyfishafi hefði ekki fjármuni til þess að greiða bóndanum fyrir lömbin? Ég fékk það svar að sauðfjárbóndinn ætti að bera ábyrgð á virðisaukaskattinum af þeim dilkum sem hann legði inn að haustinu þó svo hann hefði ekki fengið þá greidda. Hið sama á auðvitað við um veiðarfærasalann og olíufélögin. Ef lögin verða framkvæmd eins og þau eru núna þá verða þessir aðilar að bera ábyrgð á virðisaukaskattinum gagnvart ríkinu af þessum dýru rekstrarvörum.

Nú gerir fjmrh. sér það auðvitað ljóst að fiskvinnslan í landinu — og í 80–85% tilvika á fiskvinnslan þau skip sem gerð eru út — fiskvinnslan í landinu þarf stundum að sitja með miklar birgðir. Það er mjög misjafnlega búið að fiskvinnslunni frá ári til árs af opinberum aðilum og fiskvinnslan á oft í mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Og af því að hæstv.

fjmrh. veit þetta hefur hann lagt hér fram frv. um það að ríkissjóður megi skuldajafna öðrum opinberum gjöldum í uppgjöri sínu við fiskvinnsluna. Fyrirtæki getur með öðrum orðum skuldajafnað við ríkið vegna annarra opinberra gjalda. Kröfum um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum má skuldajafna á móti endurgreiðslu og þetta á að vera forgangskrafa áður en kannski olíufélag eða veiðarfærasali fær endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem þessir aðilar hafa innt af hendi vegna þessarar atvinnugreinar.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að það eru auðvitað viss rök fyrir því út frá hagsmunum ríkissjóðs að 12. gr. gildandi laga verði felld niður og ekkert verði undanþegið virðisaukaskatti. Formaður Alþfl. hefur stundum talað um það — ég held að hann hafi talað um söluskatt — að rétt væri að leggja söluskatt á t.d. heilbrigðisþjónustu, á alla skapaða hluti. Fyrir því eru ákveðin rök. Ef við á hinn bóginn viðurkennum að rétt sé að til skattskyldrar veltu teljist ekki margvísleg vara og þjónusta sem varðar útflutningsgreinar okkar og hægt er að sækja auðveldlega jafnt til innlendra aðila sem erlendra er augljóst að hvort tveggja í senn, eldsneyti vegna fiskiskipa og veiðarfæri, eiga að falla inn í 12. gr.

Ljóst er að nokkur vandkvæði verða við framkvæmd virðisaukaskatts í byggingariðnaði. Gagnstætt þeim fyrirheitum sem gefin voru mun byggingarvísitala hækka um 1% samkvæmt upplýsingum fjmrn. Verst er þó að í frv. er endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu bundin við það að endurbætur nemi a.m.k. 7% af fasteignamati húseignar og falli á sama almanaksárið. Samkvæmt skilgreiningu ríkisskattstjóra fellur meiri háttar viðhald ekki undir endurbætur, svo sem lagning parkets, ný eldhúsinnrétting, nema að hluta. Ef skipt er um glugga, tvöfalt gler í staðinn fyrir tvöfalt gler, fellur það ekki undir endurbætur. Meiri háttar viðgerð á þaki. Augljóst er þess vegna að mikill þrýstingur verður frá húseigendum að öll viðhaldsvinna verði unnin án þess að hún verði gefin upp til skatts sem þýðir 20% lægri fjárhæð. Ríkissjóður mun því ekki aðeins missa af virðisaukaskattinum heldur tekjuskattinum til viðbótar þegar unnið er að meiri háttar viðhaldi íbúðarhúsnæðis.

Nú hafa aðilar byggingariðnaðarins komið á fund nefndarinnar og bent rækilega á þetta. En það var t.d. eitt sem ekki skýrðist til fulls þó þar væru margir fulltrúar fjmrn. mættir. Af hverju þarf að miða endurbótatímann við almanaksárið? Skiptir það einhverju máli í skattalegu tilliti hvort endurbætur eru unnar frá janúar til desember eða frá september til maí? Af hverju við almanaksárið ef sú er hugsunin? Ef á hinn bóginn meiningin er sú að þetta séu 12 mánuðir þá er hér rangt farið með íslenskt mál. Og ég sé raunar ekki heldur að það skipti máli hvort slíkar endurbætur — 7% af 10 millj. eru 700 þús. kr. Mér þætti ekkert óeðlilegt, eins þröngt og endurbætur eru skilgreindar í þessum lögum, þótt það mundi taka venjulegan mann tvö til þrjú ár að efna til endurbóta og viðhalds á sínu húsnæði sem væri upp á 1,5–2 millj. kr. Það væri ekkert undarlegt. Þannig að þetta er með öllu óhugsandi.

Nú hefur hæstv. fjmrh. oft talað um það að hann vilji ekki svarta vinnu. Hann hefur líka talað um það að þessi skattkerfisbreyting eigi ekki að vera íþyngjandi. Samt sem áður ætlar hann nú að þyngja álögurnar á þá sem reyna að halda við húsunum sínum. Þá er spurningin: Er hann að þyngja þannig skattana á því fólki sem sjálft reynir að sjá um sín híbýli af því að hann er að gefa eftir skatta á öðrum stöðum? Verður t.d. rýmra um fólk í tekjuskattinum? Eru einhver ákvæði í huga ráðherrans um það að t.d. vextir yrðu frádráttarbærir ef menn legðu í meiri háttar endurbætur við hús sitt? Nei, ekkert slíkt. (Gripið fram í.) Nei, ekkert slíkt. Ekkert svoleiðis. Eingöngu verið að torvelda fólki að sjá um eigur sínar. (Gripið fram í.) Einungis verið að torvelda því að sjá um eigur sínar, reyna að koma í veg fyrir það að fólk geti búið vel að sínu, séð um sig.

Það verður fróðlegt að sjá hvernig þingmenn stjórnarflokkanna bregðast við þeirri tillögu sem við höfum flutt hér á sérstöku þskj., ég og hv. 8. þm. Reykv., um það að meiri háttar viðhald falli innan þessarar skilgreiningar og um það að endurbæturnar og meiri háttar viðhald megi nema allt að 3,5% af fasteignamati húseignarinnar. Ég treysti mér ekki, herra forseti, til annars en að miða við ár, ég hef það að vísu ekki almanaksár heldur 12 mánuði í minni brtt., vegna þess að ég veit hversu fastur ráðherrann er á smámununum og hann var nú einu sinni búinn að binda sig í þessa 12 mánuði, en vil vænta þess að nægilega margir stjórnarsinnar séu hér í deildinni til þess að brtt. nái fram að ganga.

Reglugerð um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi var gefin út 10. des. og drög að reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis lágu fyrir 12. des. Framkvæmd laganna í samræmi við þessar reglugerðir verður mjög flókin og sýnt að mörg álitamál muni koma upp, en tími knappur fyrir húsbyggjendur og verktaka til að setja sig inn í einstök atriði. Af þeim sökum og þar sem þessar athugasemdir eiga víðar við er sanngjarnt og eðlilegt að gildistöku sektarákvæða skv. 2. mgr. 27. gr. sé frestað til annars gjalddaga virðisaukaskatts eða til 1. júlí 1990.

Jafnframt er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um rétt greiðenda til að fá skýringar eða úrskurð ríkisskattstjóra á álitamálum. Ekki er heldur við það unandi að 7. mgr. 12. gr. frv. sé afdráttarlaus hver sem málsatvik eru. Við Íslendingar viljum kalla þjóðfélag okkar réttarþjóðfélag og þess vegna á ekki að vera heimilt að stöðva atvinnurekstur ef deila um skattskyldu eða skattstofn er til meðferðar hjá ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum og skattaðila verður ekki gefin sök á töfum á efnisúrlausnum deilunnar.

Þessi síðasti kafli sem ég hef nú lesið er lýsing á því ástandi sem atvinnureksturinn mun búa við nú eftir áramótin og það var hreint með ólíkindum og tor-

veldaði mjög störf nefndarinnar hversu fáum álitamálum fulltrúar fjmrn. gátu svarað.

Á sama tíma og ríkisskattstjóri réttlætti þetta með því að hann mundi fyrstu mánuði ársins einkum beita sér að því að reyna að leiðrétta framkvæmd virðisaukaskattsins hjá einstökum fyrirtækjum fer ekki hjá því að hann verður að halda sig við strangan bókstaf laganna um þau refsiákvæði sem eru afdráttarlaus. Þó svo að öll rök hnígi að því að orðalag sé óljóst og þó svo að verktaki, einhver atvinnurekandi, sé í góðri trú liggur samt fyrir að hann verður að gjalda þess sjálfur í sinni pyngju ef hann fer ekki eftir bókstaf laganna í strangasta skilningi og ég get satt að segja ekki skilið hvernig meiri hl. hér í deildinni getur hugsað sér að láta hin ströngu refsiviðurlög öll koma til framkvæmda á fyrsta gjalddaga þar sem hann getur ekki enn þann dag í dag útskýrt það í þingdeild hvernig framkvæmd laganna verður háttað. Það er auðvitað algjörlega óskiljanlegt, í rauninni siðlaust, að ég tali ekki um það þegar hæstv. ráðherra skrifar það á sinn pappír að hann ætli að hækka refsiviðurlög úr 1% í 2% á degi hverjum, úr 10% í 20% að hámarki, ofan á þá dráttarvexti sem eru í landinu. Þetta þýðir með öðrum orðum að ef einhver aðili hefur ekki tök á að greiða virðisaukaskattinn á réttum degi tapar hann um 20% af fjárhæðinni þegar í stað.

Við skulum athuga nokkra þá aðila sem nú eiga að standa skil á virðisaukaskatti. Við skulum nefna t.d. sauðfjárbændur. Þeir fá tekjur einu sinni á ári. Við vitum að margir sláturleyfishafar hafa átt erfitt uppdráttar á síðustu missirum og vitum að sumir sláturleyfishafar hafa því miður orðið gjaldþrota. Eftir sem áður á það að koma í hlut sauðfjárbóndans að standa full skil á virðisaukaskatti á sínu sláturinnleggi til ríkissjóðs á tilteknum degi. Og ef honum tekst þetta ekki í fyrsta skipti sem framkvæmdin er reynd hyggst hæstv. ráðherra vera miskunnarlaus. Hann er ákveðinn í því að innheimta nú með 20% viðurlögum ofan á refsilög þá fjárhæð sem stendur upp á sauðfjárbóndann. Og ekki nóg með það, hann er líka ákveðinn í því að það skuli vera bindandi að búinu verði lokað eftir 30 daga frá greiðsludegi. Nú má segja að ekki varði aðra svo sem mikið um það þótt ákveðið sé í reglugerð að undir öllum kringumstæðum verði að loka rekstri 30 dögum eftir að virðisaukaskattur gjaldfellur.

En tökum annað dæmi. Tökum t.d. fóðureldhús loðdýrabænda. Þessi fóðureldhús hafa átt mjög örðugt uppdráttar og má raunar segja að sumum þeirra hefði verið lokað á þessu ári ef ekki hefði komið til opinber fyrirgreiðsla samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ef slíku fóðureldhúsi yrði lokað, t.d. á Austurlandi, hvað yrði þá um loðdýrin hjá þeim bændum sem staðið hafa í skilum með sína hluti? Þeirra búum yrði lokað um leið. Þeir fengju ekki fæði handa sínum dýrum, en hæstv. ráðherra segir: Undir öllum kringumstæðum, alltaf og ævinlega skal það vera undantekningarlaust að bæjarfógetinn kemur með innsiglið. Og af hverju er hann svona strangur á þessu? Jú, vegna þess að hann fékk áminningu frá Ríkisendurskoðun í upphafi síns ráðherraferils að innheimta söluskatts og staðgreiðsluskatts væri ekki í lagi, annars eða beggja. Ég man nú ekki hvort heldur var.

En hann á ekki að vera svona viðkvæmur fyrir þessu heldur á hann að reyna að sýna sanngirni í þessum málum. Ég geri mér grein fyrir því að við í stjórnarandstöðunni ráðum ekki við refsihörku ráðherrans en ég vona að hann geti fallist á það að viðurlögum verði ekki beitt til fullnustu fyrr en á öðrum reglulegum uppgjörsdegi virðisaukaskatts.

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ber að greiða virðisaukaskatt af eldsneyti í innanlandsflugi. Með bættum vegasamgöngum á þessi atvinnugrein mjög undir högg að sækja þótt hún sé ómissandi. Flugvallarskattur er nú 150 kr. Það er mat fjmrn. að virðisaukaskattur á eldsneyti nemi 96 kr. eða 100 kr. milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ef við tökum minni flugfélögin, eins og t.d. Flugfélag Norðurlands eða flugfélögin á Ísafirði eða Egilsstöðum, er eldsneytiskostnaðurinn enn þá stærra hlutfall af rekstrarkostnaði þannig að búast má við því að hækkun vegna virðisaukaskatts geti farið upp í 200 kr. í ferð. Virðisaukaskattur plús flugvallargjald er þá 350 kr. Á sama tíma vitum við að flugfélög hér innan lands eiga undir högg að sækja vegna bættra vegasamgangna en eru nauðsynleg því fólki sem býr fjærst Reykjavík og ég fullyrði að það sé ærinn tollur og nægur tollur fyrir þá sem búa á afskekktustu stöðunum að þurfa að skipta um flugvél á stöðum eins og Egilsstöðum og Akureyri, ef þeir þurfa að fljúga til Reykjavíkur, þó ríkið sé ekki að hafa þá að féþúfu með þessum hætti.

Einnig er flugfélögunum gert að greiða virðisaukaskatt af pinklum sem fara með flugfélögunum. Kannski er ekkert við því að segja en það er ærinn útgjaldaauki þótt þessu sé ekki bætt við. Það var hálfbroslegt þegar formaður nefndarinnar lýsti því yfir hér áðan að hann skildi eina grein laganna svo, 12. gr., að skipasmíðar væru undanþegnar virðisaukaskatti. Það stendur ekki í lögunum og skiptir engu máli hvað meiri hl. fjh.- og viðskn. finnst um þau efni. Hér stendur í 6. tölul.: „Sala og útleiga loftfara og skipa“ og í 7. tölul. stendur „Viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra svo og efni og vörur sem það fyrirtæki sem annast viðgerðina notar og lætur af hendi við þá vinnu.“ Það er þess vegna óhjákvæmilegt að taka inn í 12. gr. skipasmíðar, hér innan lands. Þetta er auðvitað meinloka. Þetta er auðvitað aðgæsluleysi að orðið skipasmíðar komi ekki inn í greinina strax þegar frv. var samið og mér dettur raunar ekki annað í hug en að meiri hluti þingdeildarinnar muni fallast á þessa leiðréttingu. Leiðrétting af sama tagi er flutt í sambandi við 2. gr. Þar er talað um að undanþegin ytri skatti sé samkvæmt frv. starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, leiksýningum og leikhúsum. Nú er þetta álitamál hvort listdanssýning er leiksýning, og

auðvitað er listdanssýning ekki leiksýning og ekki tónleikar. Ég hef spurst fyrir um það hvort ríkisskattstjóri eða embætti hans telji listdanssýningu falla undir þennan tölulið og hef ég fengið þau svör að sennilega muni svo vera um ballett en hins vegar ekki um djassballett sem er nú líka skemmtilegur og listrænn (**Gripið fram í:** Næsti bær.) og næsti bær eins og sagt er og ég skil ekki túlkun að þessu leyti. Um dans almennt gildir að samkvæmt upplýsingum sem við fengum þá er það opið að dans falli undir þær reglur sem settar eru um meðlimi Íþróttasambands Íslands og um leið og danskennarar hafa sótt um það að ganga í Íþróttasamband Íslands, sem mér skilst að standi þeim opið og það hafi verið samþykkt, fellur niður ytri skattur af danskennslu.

Hér er talað um heilsuræktarstofur. Það er erfitt að skilgreina hvað er heilsuræktarstofa og hvað er dans í sumum tilvikum. Stundum er dansað á heilsuræktarstofum og stundum eru gerðar leikfimiæfingar þar sem kenndur er ballett. Ballettkennari sem kom á fund nefndarinnar sagði okkur að það væri engin heilsurækt jafnmikil og sú að læra ballett. Það þyrfti að hreyfa allan líkamann, alla vöðva líkamans, til þess að vera góður í ballett þannig að erfitt verður að greina þarna á milli og mér dettur ekki annað í hug en að skilgreining ráðherrans í reglugerð verði sú að dans falli undir 2. gr. eins og m.a. er í Danmörku, en það var yfirlýst við meðferð málsins að hér yrði höfð hliðsjón af dönskum lögum í þessum efnum.

Við leggjum til að virðisaukaskattur verði ekki lagður á lögfræðiþjónustu. Það er ekki gert í Noregi samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið og rökstutt með því að lögfræðiþjónusta sem unnin er fyrir atvinnurekstur, fyrir fyrirtæki, falli innan almenna rammans um endurgreiðslu á innskatti og skiptir þá ekki máli, en á hinn bóginn leggst sá virðisaukaskattur sem hér er hugsaður fyrst og fremst á einstaklinga sem leita réttar síns og þá einstaklinga sem búa við mjög bágan fjárhag og verða þess vegna fyrir þeirri ógæfu að lenda í lögfræðilegri innheimtu sem er mjög dýr. Ég vona í lengstu lög að skilningur verði á því í meiri hlutanum að lögfræðikostnaður verði undanþeginn.

Ein brtt. okkar lýtur að hótelrekstri. Það kom okkur á óvart, við höfðum ekki áttað okkur á því, að eðlileg afleiðing af því að hótelrekstur er undir 2. grein laganna er sú, að virðisaukaskattur leggst með fullum þunga á hótelbyggingar en ekki annað atvinnuhúsnæði nema þá banka og tryggingarfélög sem eru annars eðlis. Nú er hótelrekstur og gistiþjónusta útflutningsgrein og löggjafinn leggur svo mikið upp úr því að þessi útflutningsgrein geti gengið sem best að ríkið ver sérstöku fé einmitt til kynningar erlendis og til þess að reyna að standa á bak við þessa starfsemi.

Þetta þýðir að byggingarkostnaður hótela hækkar um 24,5%. Samt vitum við að þessi hótel eiga í harðri samkeppni við Edduhótel og stúdentagarða sem byggðir eru fyrir almannafé og þurfa ekki að standa undir fjárfestingum. Jafnframt á hæstv. fjmrh. að vera kunnugt, og ég tala ekki um fjh.- og viðskn., að á undanförnum árum hefur verulegu fé verið varið úr ríkissjóði til þess að hlaupa undir bagga með hótelrekstri víðs vegar um landið þar sem fjármagnskostnaðurinn hefur orðið þeim aðilum ofviða sem standa fyrir rekstrinum. Í flestum tilvikum eru þetta sveitarfélögin og stundum raunar aðrir aðilar.

Það verður líka að koma fram að það er nauðsynlegt að hótel séu opin allan ársins hring úti á landsbyggðinni til þess að menn geti farið um, menn geti hreyft sig og hægt sé að taka á móti þeim gestum sem koma vegna atvinnu sinnar eða af ýmsum ástæðum til viðkomandi staða.

Ég álít að með hliðsjón af þeirri miklu þýðingu sem hótelrekstur hefur fyrir gjaldeyrisöflun okkar sé þetta nánast leiðrétting, að bygging hótela falli undir 12. gr., og fullyrði að sú var ekki hugsun þeirra sem sömdu frv. að leggja sérstakan 24,5% skatt á byggingu hótela hér á landi.

Ég fullyrði a.m.k. að það kom aldrei til umræðu meðan ég var formaður fjh.- og viðskn. og var á þeim tíma einmitt mikill skilningur í fjh.- og viðskn. á því að sérstaklega yrði að líta til með þessari atvinnustarfsemi. Ferðamannaþjónusta er notað sem punt, m.a. í stefnuskrá Alþb. til margra ára, að það verði að standa á bak við ferðamannaþjónustuna, þannig að ég þykist vita að ráðherrann muni opna handjárnin hjá sínu fólki þegar kemur að því að greiða atkvæði um þetta mál.

Í 1. mgr. a-liðar 13. gr. er fjallað um endurgreiðslu virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla. Það er óhjákvæmilegt að lesa þá grein upp:

„Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur samtals af þessari matvöru, að teknu tilliti til endurgreiðslunnar, verði sem næst 14% í stað 24,5%."

Þessi fyrirmæli laganna eru mjög skýr og það er ekki hægt að lesa þessi fyrirmæli öðruvísi en svo að fjmrh. sé skylt að sjá til þess í sambandi við innheimtu virðisaukaskattsins að þetta standist og það er auðvitað hlægilegt þegar talað er um neyslufisk að hæstv. fjmrh. skuli hafa gefið út reglugerð sem takmarkar þetta við tilteknar fisktegundir en sleppir t.d. silungi og laxi. Það er auðvitað broslegt og hlægilegt. Þessi lagaheimild gefur honum heldur ekki rétt til þess að miða við eitthvert ákveðið vinnslustig þessarar vöru, gefur honum ekki rétt til að segja að t.d. fiskur sem notaður er í fiskrétti falli ekki undir þetta, halda því fram að saltfiskur sé ekki neyslufiskur hér á landi. Auðvitað er hér átt við matvöruna í útsöluverðinu og auðvitað hefur fjmrh. enga heimild til þess að takmarka þessi skýru fyrirmæli laganna. Á hinn bóginn stendur í þessari lagagrein: „Fjmrh. ákveður með reglugerðum nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar." Hér er auðvitað verið að tala um það að vafi getið leikið á um hvort skilgreina beri vissa matvöru sem neyslufisk, sem ferskt innlent grænmeti og þar fram eftir götunum, og um það getur verið nauðsyn-

legt að setja vissar reglur til að fækka álitamálum og það er framkvæmdarvaldsins. En framkvæmdarvaldið getur hvergi komið inn í þá mynd að ákveða að ein fisktegund fremur en önnur eigi að falla undir þetta ákvæði og fráleitt að í reglugerð sé hægt að setja einhver frekari skilyrði um þessa hluti. Ég þykist vita að Neytendasamtökin muni fylgjast grannt með því hvernig framkvæmdinni verður háttað og augljóst er af því sem ég hef lesið hér úr þessu lagaparagrafi að það er mikill misskilningur hjá ráðherranum að halda að hann geti staðið við orð eins og þessi: „Þar kemur margt til greina, jöfn lækkun yfir alla línuna eða meiri lækkun á einstökum tegundum, minni á öðrum. Um þetta hefur ekki verið tekin ákvörðun af hálfu stjórnvalda enda hefur innbyrðis vægi niðurgreiðslna milli einstakra tegunda iðulega verið breytt á undanförnum árum." En þetta bara stenst ekki. Afdráttarlaus lagatextinn er fyrirmæli til fjmrh. um að hann sjái um að öll þau matvæli sem þarna eru séu niðurgreidd um 10,5%, á útsöluverði vörunnar. Ég held að hjá því geti ekki farið. Hins vegar ber fjmrh. að sjá um framkvæmd endurgreiðslunnar og þegar við áttum okkur á því að í þessari lagagrein felast svo afdráttarlaus fyrirmæli til ráðherrans fer maður undir eins að velta þessu fyrir sér: Er þá ekki miklu hreinlegra að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti?

Það var athyglisvert þegar þetta var rætt í morgun að það upplýstist að það er ekki rétt að fullur virðisaukaskattur í þessum skilningi sé innheimtur af matvörum í Danmörku. Það er ekki rétt, eins og haldið hefur verið fram, heldur er þar um niðurgreiðslur með þessum hætti að ræða. Ef ég fer hér með rangar upplýsingar, sem vel getur verið, væri a.m.k. hollt og gott fyrir okkur að fá þetta nákvæmlega hvernig verðið er fundið út á matvælunum þar í Danmörku en ljóst er að önnur ríki Evrópubandalagsins hafa ekki farið inn á þá leið sem Danir gera í þessu efni, að því er okkur skilst. Það er nú að vísu svo að þær upplýsingar sem við fengum voru samkvæmt minni og má vera að formúlan fyrir niðurgreiðslunum þar sé öðruvísi orðuð, ekki skal ég um það fullyrða, en ljóst er að virðisaukaskatturinn kemur ekki með fullum þunga á öll matvæli þar í landi. Þar koma greiðslur úr ríkissjóði á móti.

En vegna þess að miklu einfaldara er að hafa þrepin tvö en standa svona að málunum höfum við sjálfstæðismenn flutt um það brtt. á sérstöku þingskjali að hinn 1. júlí nk. verði tekin upp tvö þrep í virðisaukaskatti og þá höldum við okkur við 14% neðra þrep, eins og hér er í tillögunum, en getum á hinn bóginn auðvitað alls ekki fallist á það að efra þrepið verði 24,5% og hæstv. fjmrh. geti gegnum þessa skattkerfisbreytingu þannig tekið stórfellda fjármuni inn í ríkissjóð. Ég vænti þess að þeir menn sem hafa lýst því yfir að þeir vilji tvö þrep í virðisaukaskattinn veiti þessari till. brautargengi. Ég tek skýrt fram að við hefðum viljað láta öll matvæli falla undir neðra þrepið ef við hefðum haft meiri hl. hér í deildinni en því er ekki að heilsa. Við viljum hins vegar freista þess að koma þessari nauðsynlegu leiðréttingu fram af því að hún er einfaldari í framkvæmd, stuðlar að betri og öruggari skattheimtu og á að tryggja það að tilgangur laganna náist fram.

Við fengum upplýsingar frá fjmrn. um það hvernig verð á einstökum vörutegundum muni þróast á næsta ári. Það voru að sumu leyti broslegar upplýsingar og í engu samræmi við anda laganna. Þar kemur fram að dilkakjöt í heilum og hálfum skrokkum eigi að lækka um 8,8%, unnið dilkakjöt um 5,2%. Fyrir því er engin heimild í lögunum, engin. Ýsa og lúða eigi að lækka um 8% stendur hér, ýsa, lúða o.fl., væntanlega margvíslegur annar fiskur, ekki þó silungur eða lax, og má þá guð almáttugur vita hvers vegna það er ekki neyslufiskur. Það sem maður les út úr þessum upplýsingum — maður sér margvíslegar tölur — er það að þessi lækkun verður ekki til frambúðar. Eftir því sem líður á árið munu þessar vörur hækka í verði á nýjan leik og þar með er það komið fram sem ég fullyrti hér við 1. umr. málsins að framkvæmd virðisaukaskattsins yrði ekki með þeim hætti að þessar vörur lækkuðu um 8,8% í verði. Sú lækkun verður tekin til baka.

Við sjálfstæðismenn höfum mjög fundið fyrir því, innan fjh.- og viðskn., í viðtölum við menn sem standa fyrir atvinnurekstri, við höfum fengið mörg bréf og erindi frá ótal félögum og hagsmunasamtökum, og öllum ber saman um það að aðdragandinn að kerfisbreytingunni sé fyrir neðan allar hellur. Allir eru sammála um það að fjmrn. hafi unnið illa að þessari kerfisbreytingu. Allir eru sammála um það að það nái auðvitað engri átt að um miðjan desembermánuð skuli ekki öll kurl komin til grafar og enn ekki vera ljóst hvernig framkvæmd virðisaukaskattsins verður í þýðingarmiklum atriðum. Af þeim sökum, þó svo að við teljum nauðsynlegt að virðisaukaskattur verði lögfestur hér á landi, teljum við óhjákvæmilegt að leggja til að gildistöku hans verði frestað til 1. júlí þannig að framkvæmd hans megi fara vel fram þegar kerfisbreytingin verður af því að við óttumst að mjög alvarleg mistök verði í framkvæmdinni nú á fyrstu mánuðum næsta árs.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 332 og einnig fyrir brtt. sem fluttar eru af okkur tveimur þingkonum Kvennalistans í Ed. á þskj. 333.

Þær breytingar, sem þetta frv. boðar, varða fyrst og fremst undanþágur frá virðisaukaskatti, hækkun skattprósentu og refsiálags svo og ýmsar tæknilegar útfærslur á framkvæmd skattheimtu og skilum virðisaukaskatts.

Annar minni hl. telur margt gagnrýni vert við frv. og fyrirhugaða gildistöku laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þann 1. jan. 1990. Vegur þar þungt hve vanbúið málið er og ekki síður að enn skuli ætlað að leggja skatt á nauðþurftir eins og matvæli. Því getur 2. minni hl. ekki unað og leggjum við þingkonur

Kvennalistans fram brtt. um að fallið verði frá skattlagningu matvæla. Brtt. er á þskj. 333 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og er við 1. málsl.:

„Við 1. gr. A-liður orðist svo:

1. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. þó 12. gr., nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti."

Ef sú brtt. nær ekki fram að ganga munum við þingkonur Kvennalistans leggja til að frv. verði fellt.

Eins og áður hefur komið fram kom fjöldi manns til viðræðna meðan frv. var til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Voru þar á ferð um 50 fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila sem kynntu erindi sín. Jafnframt bárust nefndarmönnum erindi vegna væntanlegrar gildistöku virðisaukaskatts frá fjölda annarra hagsmunaaðila. Ríkisskattstjóri, fulltrúar frá fjmrn. og frá Ríkisendurskoðun sátu síðan fundi nefndarinnar og veittu nefndarmönnum og gestum nefndarinnar þær upplýsingar sem þeir gátu veitt og óskað var eftir.

Það kom fram hjá nær öllum gestum nefndarinnar að þeim þótti undirbúningur málsins ónógur fyrir þá viðamiklu skattkerfisbreytingu sem í vændum er. Gilti þá einu hvort menn aðhyllast virðisaukaskattinn eða ekki. Það er ljóst að þekkingu á framkvæmd virðisaukaskatts er mjög ábótavant meðal þeirra u.þ.b. 25 þúsund aðila sem verða skattskyldir um áramótin og á það ekki síst við um smærri fyrirtæki og einyrkja. Stærri fyrirtækin hafa eins og aðrir beðið eftir síðbúnum ákvörðunum stjórnvalda og eru almennt ekki farin að breyta t.d. tölvukerfum og forritum sínum í samræmi við gildistökuna en óvissan hefur tafið framkvæmdirnar mjög. Það er reyndar ámælisvert að tefja flóknar og viðamiklar kerfisbreytingar með pólitískri togstreitu um veigamikla þætti en steypa þeim síðan yfir þjóðina í tímaþröng. Og segja má að vantrauststillagan, sem flutt var hér í þinginu nú á dögunum, hafi e.t.v. verið sá hvati sem þessi ríkisstjórn þurfti til þess að koma sér að því að taka ákvörðun í málinu, þó ekki væri nema til að ákveða skattprósentuna.

Það kom fram á fundum nefndarinnar að þekkingu margra þeirra sem kallaðir munu til ráðgjafar og leiðbeiningar, má þar t.d. nefna ýmsar stéttir eins og lögfræðinga og endurskoðendur þó að flestir séu reyndar farnir að undirbúa sig, er almennt einnig ábótavant. Það hefur í raun ekki tekist, að mati flestra sem við töluðum við, að miðla upplýsingum nema að mjög takmörkuðu leyti þrátt fyrir þá rúmlega 70 fundi, eða hvað þeir voru margir sem hæstv. ráðherra gat um að haldnir hefðu verið á vegum ráðuneytisins. Og þrátt fyrir mikið annríki starfsmanna hans, sem ég efa ekki að hafa allir lagt sig fram eftir bestu getu um að fræða menn, er þetta svo viðamikið verk að það verður ekki unnið á nokkrum vikum.

Nú eru reyndar aðeins rétt rúmar tvær vikur til gildistöku laganna og enn eru reglugerðir ekki fullfrágengnar eins og komið hefur fram hér í umræðunum. T.d. vantar enn tölur í reglugerð um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna matvöru sem er endurgreidd að hluta. Margt er einnig óljóst um áhrif þessarar kerfisbreytingar, t.d. á verðlag og þróun niðurgreiðslna búvara á næsta ári, og urmull er enn af óskilgreindum markatilvikum sem varða rétt og stöðu fólks og jafnvel heilla greina gagnvart skattheimtunni.

Það má sem dæmi taka dansinn sem nefndur var hér áðan. Til nefndarinnar komu fulltrúar frá Dansráði Íslands en dansinn er einmitt dæmi um það hversu oft er erfitt að finna mörkin og skilgreina. Ég skil vel vanda þeirra sem þurfa að gera það, en hins vegar er slíkt eitthvað sem þarf að eiga sér stað mun fyrr en það hefur gerst. List er undanþegin virðisaukaskatti að vissu marki, og er það vel, í frv. sem hér er til umræðu. Og það má segja að dansinn sé list, en hann er samt ekki undanþeginn. Íþróttir eru undanþegnar í þessu frv., t.d. almenningsíþróttir, og vissulega ber að lofa það, en segja má að dansinn sé einnig íþrótt en samt er hann ekki undanþeginn. Heilsuræktarstöðvar, líkamsrækt er undanþegin og vissulega er dansinn líka heilsurækt en samt er hann ekki undanþeginn. Þessi iðkun fellur því og verður utanveltu við það undanþágukerfi sem sett hefur verið upp, einungis á þeim forsendum að Dansráð Íslands er ekki meðlimur í Íþróttasambandi Íslands, hefur ekki kosið að vera það. Þetta er dæmi um skilgreiningarvandann sem embættismenn og aðrir standa frammi fyrir og hafa haft mjög nauman tíma til að afgreiða.

Annað dæmi sem taka má er t.d. um endurgreiðslu virðisaukaskatts í sambandi við mötuneyti sem var minnst á áðan, mötuneyti sem rekin eru á vegum vinnuveitenda. Ég tek líka dæmi af lögfræðiþjónustunni. Henni hefur ekki enn verið sinnt þó að ég hafi ástæðu til að ætla að það sé í athugun. Það hefur komið fram í máli manna hér áður að aðrar þjóðir, Norðurlandaþjóðirnar, hafa t.d. við upptöku virðisaukaskatts tryggt það að almenningur eigi aðgang að ódýrari lögfræðiþjónustu fyrir algengustu mál sem fólk þarf að reka fyrir rétti eða leita til lögfræðinga út af. Má sem dæmi nefna að Norðmenn hafa valið þá leið að undanþiggja lögfræðinga algjörlega virðisaukaskatti af þessum sökum. Danir leggja ákveðið fé til hliðar fyrir algeng mál, þ.e. til að kosta rekstur algengra mála í gegnum réttarhjálp sem kölluð er, svo að tryggja megi þessi grundvallarmannréttindi fyrir þá sem eru efnalitlir. Svíar hafa stofnað félagslegar lögfræðistofur þar sem ríkisstarfsmenn hafa unnið að þessum málefnum. Ég tel brýna nauðsyn bera til þess að skilgreina einmitt hvernig á að gefa fólki kost á ódýrari lögfræðiþjónustu fyrir öll algeng mál, sérstaklega þegar um efnalítið fólk er að ræða.

Það er óhætt að segja að í þessu máli séu margir lausir endar og ótal spurningum enn ósvarað þó að ég hafi aðeins tekið hér fáein dæmi. En það er líka mikilvægt að tekið verði tillit til þess hve vanbúinn þorri manna er til að mæta virðisaukaskattskerfinu en refsiákvæði þess eru nokkuð ströng og lögð til herðing á þeim í frv., þau gefa lítið svigrúm. Það er

því nauðsynlegt að leiðbeina mönnum fremur en að refsa þeim meðan byrjunarerfiðleikar eru mestir eða fresta beinlínis refsiákvæðum um nokkra mánuði. Reyndar væri ekki heldur vanþörf á að fresta málinu öllu.

Ég vík nú næst að skattlagningu matvæla. Í frv. eru einungis lagðar til mjög takmarkaðar breytingar á skattlagningu matvæla sem er alvarlegur galli laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Matarskatturinn kemur daglega niður á öllum Íslendingum og verst auðvitað á þeim lægst launuðu. Það er margvitað og margumrætt. En ég vil beina athyglinni að ferðamálunum, sem hér var minnst á áðan, því að ríkisstjórninni hefur einmitt tekist að fæla erlenda ferðamenn frá landinu eða gera þeim erfiðara um vik vegna hins háa matvælaverðs. Ég hef sjálf heyrt um það kvartað og mér hefur borist það til eyrna sérstaklega frá þeim sem sinna ferðamönnum að þeim þyki matur óheyrilega dýr á Íslandi. Þetta hefur einmitt komið sér mjög illa fyrir þá sem stunda veitingarekstur. Það heyrðum við líka á fundum nefndarinnar.

Það er lagt til að endurgreiða skuli hluta virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla, þ.e. neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur verði sem næst 14% í stað 24,5%. Endurgreiðslur á svo að fjármagna með um 900 millj. kr. á næsta ári.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Í athugasemdum með frv. er talað um að reikna megi með að til þessa þurfi um 1000 millj. kr. á heilu ári. Hins vegar er jafnframt sagt í frv. að á næsta ári verði varið 900 millj. kr. Hvernig má það vera að hæstv. ráðherra reikni með lægri tölu fyrsta árið en síðar kunni að verða? Ég fæ það ekki alveg til að ganga upp og vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra. Ég vona að hann stingi þessu bak við eyrað því að hann virðist ekki skrifa það hjá sér.

Jafnvel ígildi 14% virðisaukaskatts er hærri skattlagning á matvæli en gerist hjá allflestum ríkjum Evrópubandalagsins. Og ég vil einmitt vegna þess sem hér hefur verið rætt áður telja upp skattprósentu á matvæli í þessum helstu löndum Evrópubandalagsins.

Það er þá fyrst að nefna að í Belgíu eru nokkur skattþrep og hæsta skattþrepið er 25%, en matvörur eru með 6% virðisaukaskatt. Í Danmörku þar er skattprósentan 22% og matvæli eru skráð með 22% virðisaukaskatti, en vera kann að þar gangi niðurgreiðslur til þess að lækka matvæli eins og minnst var á hér áðan. Í Vestur-Þýskalandi er hæsta skattprósentan 14% en 7% á matvælum. Á Spáni er hún hæst 12% en 6% á matvælum. Í Frakklandi er hún hæst 28% en 5,5% á matvæli. Í Grikklandi er hún hæst 36% og 6% á matvæli. Á Írlandi er hún 25% hæst og ýmist engin eða 25% á matvæli og fer það eftir tegundum. Á Ítalíu eru nokkuð mörg skattþrep, hæst 38% en 4–9% á matvælum. Í Lúxemborg er hæst skattprósenta 12 en 3 eða 6% á matvælum. Í Hollandi er hæst skattprósenta 18,5 og 6% á matvælum. Í Portúgal er hæst skattprósenta 30% en ýmist engin eða 8% á matvælum. Og í Bretlandi er hæst skattprósenta 15 en engin á matvælum. Það eru því Danmörk og Írland sem hafa hæsta skattprósentu en hafa jafnframt niðurgreiðslur eða enga skattprósentu á sumum matvælum. Öll hin löndin hafa ýmist enga eða mun lægri skattprósentu á matvæli. Ég bið menn að íhuga þetta vandlega þegar verið er að taka jafnafdrifaríkar og hættulegar ákvarðanir, að mínu mati, um að skattleggja matvæli hér á landi. Hér leggst þessi skattprósenta nefnilega á matvælaverð sem er hærra en í flestum nágrannalöndum okkar.

Kaupmáttarskerðingin hefur orðið talsverð á sl. ári eða allt að 13–14% og endurgreiðslurnar eru aðeins, og ég legg áherslu á það, af nokkrum tegundum matvæla. Aðrar bera fullan skatt eða 24,5% án tillits til hollustu. Má þar t.d. nefna ávexti og kornmat en vænta má að brauð sé stærri hluti en dilkakjöt af neyslu þeirra sem hafa lægri tekjur og því má gagnrýna þá neyslusamsetningu sem valin hefur verið til undanþágu. Sýna þessi dæmi hve fáránlegt er að velja úr vissar matartegundir til undanþágu en sleppa öðrum. Einnig má gagnrýna þá pólitísku neyslustýringu sem mismunar tegundum kjöts með skattlagningu eins og hér er lagt til. Slíkt getur orðið hvati að kröfum um innflutning á vissum landbúnaðarafurðum, t.d. kjúklingum og svínakjöti, til að lækka vöruverð, sérlega þegar kaupmáttarskerðing blasir við öllum almenningi. Það býður hættunni heim fyrir íslenskan landbúnað að opna þessa gátt og gæti leitt til innflutnings á fleiri landbúnaðarvörum.

Spáð hefur verið verðlækkun á matvörum í janúar, jafnvel fram í febrúar, í kjölfar endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hins vegar má búast við a.m.k. 5–6% hækkun á búvörum, umfram verðlag, vegna lækkunar niðurgreiðslna um 550 millj. á næsta ári. Þróun verðbólgu og margir aðrir óvissuþættir geta svo orðið þess valdandi að þær 900 millj. kr. sem ætlaðar eru í endurgreiðslur nægi ekki á næsta ári, jafnvel heldur ekki þó að þær yrðu 1000 millj. Allt er einnig óljóst um feril niðurgreiðslna á næsta ári og fengust engar áreiðanlegar upplýsingar um það í nefndinni, ekki síst vegna þess að ekki liggja fyrir ákvarðanir stjórnvalda í þessum efnum og öll þróun verðlags mjög óviss. Því er ógerningur að segja nokkuð til um þróun matvælaverðs. Er þess skemmst að minnast að sú niðurgreiðsla sem ákveðin var á söluskatti af fiski hefur alls ekki haldist að raunvirði.

Þegar núv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, var fjmrh. flutti hann frv. til laga um virðisaukaskatt og þá undir slagorðinu „einfalt, réttlátt og skilvirkt". Sú aðferð sem hér er lögð til við skattlagningu og endurgreiðslu hluta skatts af matvælum er ekkert af þessu þrennu. Hún er hvorki einföld, réttlát né skilvirk og má búast við að endurgreiðslur skili sér alls ekki sem skyldi. Mun einfaldara, miklu réttlátara og sýnu skilvirkara væri að sleppa alveg skattlagningu matvæla. Afnám matarskattsins mundi skila sér til ríkissjóðs vegna annarrar neyslu. Það mundi líka létta verulega á heimilum landsins og skila sér þannig á jákvæðan hátt út í þjóðfélagið. Ég hlýt að leggja enn

og aftur áherslu á að neysla matvæla er einn stærsti kostnaðarliður efnalítilla og barnmargra fjölskyldna og því í eðli sínu óréttlátur skattur eins og svokallaðir flatir skattar jafnan eru. Hæstv. fjmrh. má ekki gleyma því að það er ekki hægt að skattleggja hundraðshöfðingjann til jafns við ekkjuna. Það verður ævinlega að taka tillit til aðstæðna. Þetta er grundvallaratriði og einmitt þess vegna gengur skattur á matvæli ekki upp.

Óhætt er að segja að mikil óvissa ríki í raun um heildaráhrif virðisaukaskatts á verðlag þó að ýmsir útreikningar bendi til hreinna lækkunaráhrifa á ákveðnum þáttum. Ekki er víst að þeir verði hemill á verðhækkanir að því marki sem menn áætla. Heildaráhrifin geta því allt eins orðið almennar verðhækkanir, en það hefur einmitt verið reynsla annarra þjóða sem taka upp virðisaukaskatt. Því er t.d. spáð að aukin fjárbinding fyrirtækja í verslun og iðnaði vegna skorts á gjaldfresti við innflutning (t.d. í tolli) muni leiða til hærra vöruverðs, a.m.k. um 2%, og er það viðurkennt bæði af fulltrúum verslunar og iðnaðar og einnig af fulltrúum fjmrn. En sumir spá jafnvel meiri hækkun, allt að 4%, og er ekki laust við að nokkurs kvíða gæti jafnvel og ekki síður hjá þeim sem mest hafa unnið að undirbúningi frv. Ríkisendurskoðun lét í ljós eftirfarandi álit á endurgreiðslu virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla sem ég vil vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er ekki um sérstakt skattþrep að ræða að mati Ríkisendurskoðunar og er slíku reyndar hvergi haldið fram í frv. sjálfu. Endurgreiðslan er í eðli sínu skyldari niðurgreiðslu en sérstöku skattþrepi eða hefðbundinni skattundanþágu. Því verður að mati Ríkisendurskoðunar ekki hjá því komist að kveða með einhverjum hætti á um endurgreiðsluna í fjárlögum nái frv. fram að ganga. Í þessu sambandi sýnist tvennt koma til greina. Annars vegar að greina frá endurgreiðslunni í tekjuhlið fjárlaganna, þ.e. með því að sýna hana sem tiltekna fjárhæð, er dregst frá heildartekjum af skattinum, eða hins vegar að mæla fyrir um endurgreiðsluna á útgjaldahlið fjárlaga með líkum hætti og niðurgreiðslur en sérstaklega tilgreinda þó." *Og fulltrúi Ríkisendurskoðunar segir* áfram, og ég vitna: „Hvernig svo sem framsetningu þessa liðar í fjárlögum yrði háttað er að mati Ríkisendurskoðunar engu að síður ljóst að stjórnvöld gætu ekki án lagabreytinga (verði frv. að lögum) vikist undan því að gera grein fyrir þessum fjárútlátum í fjárlögum með einhverjum hætti og endurgreiða skattinn í samræmi við raunverulega sölu á umræddri matvöru á því stigi þar sem endurgreiðslan fer fram."

Þykir 2. minni hl. mikilvægt að þessi athugasemd verði tekin til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar ef frv. verður samþykkt.

Í frv. er lagt til að sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra, verði undanþegin virðisaukaskatti. Er það vel og geta þingkonur Kvennalistans stutt þá tillögu enda í samræmi við brtt. sem við fluttum við frv. til laga um virðisaukaskatt vorið 1988. Þá er sá galli á gjöf Njarðar að þessu ágæta ákvæði er ekki ætlað að taka gildi fyrr en 16. nóv. 1990. Það kemur illa niður á námsfólki sem þarf að kaupa námsbækur sínar í september eins og margoft hefur komið fram. Að vísu má endurnýta sumar bækur og lána og kaupa á skiptimarkaði. Hins vegar er þó ávallt tekið upp nýtt námsefni og nokkuð ört þannig að hætt er við því að margir nemendur og einkum þá þeir efnaminni bíði með bókakaup þar til eftir miðjan nóvember. 2. minni hl. telur að slíkt muni spilla námi skólafólks og leggur því fram brtt. um að flýta þessu ákvæði fram til 1. sept. 1990. Samkvæmt grófum áætlunum frá fulltrúum fjmrn. má ætla að tap ríkissjóðs vegna þessarar skattheimtu, þ.e. að flýta ákvæðinu fram til 1. sept., verði í mesta lagi 40–50 millj. kr. þó að það sé allsendis óvíst því að ekki liggja fyrir neinar ákveðnar tölur um það hverju þetta nemi í raun á þessum ákveðnu mánuðum. Hins vegar eykst bóksala mjög þegar nær dregur jólum. En við munum draga þessa brtt., eins og aðrar, aftur til 3. umr. í þeirri von að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin íhugi vandlega hvort hún getur ekki komið til móts við þessar hógværu kröfur og sýnt þann skilning að flýta ákvæðinu þannig að skatturinn falli úr gildi 1. sept. 1990.

Í lögum nr. 50/1988 er skatthlutfall virðisaukaskatts 22%. Því er óspart haldið fram að hlutfallið hafi lækkað með þessu frv. þar sem það er 24,5% eins og komið hefur fram. Sannleikurinn er hins vegar sá að hlutfallið hefur í raun hækkað miðað við þann virðisaukaskatt sem samþykktur var og því skulum við ekki gleyma. Þetta skatthlutfall er enn með því hæsta sem gerist meðal Evrópubandalagsþjóða eins og glögglega mátti sjá af þeim tölum sem ég las upp hér áðan. Það er hætta á því að hár virðisaukaskattur leiði til skattsvika og neðanjarðarstarfsemi eða svartrar vinnu eins og hún hefur verið kölluð á slangurmáli. Bentu mjög margir gestir nefndarinnar einmitt á mörg tilvik þar sem bein líkindi væru fyrir því að ákveðin starfsemi mundi færast yfir á svartan markað og yrði þannig svikin undan skatti og er hæstv. fjmrh. örugglega enginn akkur eða ávinningur í því. Þess vegna væri auðvitað mun skynsamlegra að setja viðunandi reglur sem tryggðu það að skattur skilaði sér og mönnum væri gert viðunandi að vinna sín verk á heiðarlegan hátt.

Það hefur einnig komið fram að sú aðferð að nota kostnaðarverð en ekki söluverð bygginga sem skattstofn gerir framkvæmd virðisaukaskatts í byggingariðnaði mjög flókna og stundum nær óframkvæmanlega. Er það ekki síst þegar miðað er við þann stutta tíma sem gefist hefur til undirbúnings þessa máls. Er talið mun skynsamlegra að miða skattstofninn við söluverð húsbygginga en kostnaðarverð. Óljós mörk og skilgreiningar á því hvað er viðhald eða viðgerð og hvað eru endurbætur á húsi munu síðan leiða til vanda sem erfitt er að sjá fyrir endann á. Endurbætur má endurgreiða en viðhald hins vegar ekki samkvæmt þeim reglum sem settar hafa verið. Þó fást endurbætur ekki greiddar nema kostnaður vegna vinnu við þær nemi 7% af fasteignamati, og ég legg

áherslu á að hér er einungis um vinnukostnað að ræða. Algengt fasteignamat einbýlishúsa á Reykjavíkursvæðinu var okkur gefið upp í nefndinni af fulltrúa fjmrn. að væri 9–10 millj. og er fátítt að fólk geri við hús sín fyrir fjárhæðir sem samsvara um það bil 500–700 þús. kr. Það eru því í raun fáir sem geta nýtt sér þessar endurgreiðslur en því er spáð að viðgerðarstarfsemi verði einmitt ein þeirra atvinnugreina sem verða reknar út í svokallaða svarta vinnu eða svartan markað.

Það er einnig hætt við því að svo lítið verði endurgreitt samkvæmt þessari aðferð að það mundi leiða til hækkunar framfærsluvísitölunnar þar sem ekki væri hægt að taka tillit til þessarar endurgreiðslu við úteikning hennar, en þessi atriði koma einmitt inn í útreikning framfærsluvísitölunnar, og þá stuðlar þetta að sjálfsögðu að hækkuðu verði. Því er nauðsynlegt að lækka þessa viðmiðun verulega, t.d. í allt að 3% af fasteignamati. Það er einnig nauðsynlegt að endurgreiða vinnu manna við viðgerðir eða viðhald húseigna til að koma í veg fyrir skattsvikin og flytur einmitt 1. minni hl. brtt. þess efnis.

Margir eru mjög ósáttir við ákvæðið um skuldajöfnun sem felur það í sér að sá sem skuldar ríkissjóði opinber gjöld eða skatta fær ekki endurgreiðslu virðisaukaskatts. Óánægjan er einkum sprottin af því að það eru mörg dæmi þess að ríkissjóður eða ríkisstofnun skuldi fyrirtæki mun hærri upphæð eða dragi greiðslu til fyrirtækis á mun hærri upphæð en viðkomandi fyrirtæki sjálft skuldar ríkinu. Fyrirtækið á þó ekki kost á að skuldajafna skatta sína og fær yfirleitt heldur ekki greidda dráttarvexti þó að því beri að greiða ríkinu dráttarvexti. Þetta þykir mönnum að sjálfsögðu óréttlátt og telur 2. minni hl. að á þessum vanda þurfi að finna sanngjarna lausn. Því flytjum við þingkonur Kvennalistans brtt. þess efnis að í stað þess að skuldajafna skuli, eins og segir í frv., sé heimilt að skuldajafna, enda eigi viðkomandi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfur á ríkissjóð fyrir seldar vörur eða þjónustu.

Það mætti einnig í þessu sambandi víkja að vanda lánsviðskipta af ýmsu tagi sem eru mjög algeng hérlendis og geta valdið alvarlegri keðjuverkun fyrir atvinnu manna víðs vegar. Nægir að nefna dæmið um loðdýraeldhúsið sem hv. 2. þm. Norðurl. e. tók. Þetta er lykilatriði fyrir loðdýraræktina, að búin geti fengið reglubundið og tryggilega fóður frá svokölluðum loðdýraeldhúsum. Ef þessi eldhús geta ekki staðið í skilum með sínar greiðslur jafnvel þó svo að viðkomandi loðdýrabú geri það geta hrunið mjög mörg loðdýrabú einmitt vegna skulda óviðkomandi aðila eins og þessa loðdýraeldhúss. Það er mjög mikilvægt að líta á málin einmitt í þessu samhengi þegar ákveðnar eru reglur um refsiákvæði og hvernig eigi að taka á vanda eins og þessum þar sem keðjuverkun getur orðið. Einnig má vísa til þess sem kom fram í máli frsm. 1. minni hl., hv. 2. þm. Norðurl. e., um olíukaup útgerðarmanna og um skil sláturleyfishafa til bænda. Þetta eru sambærileg dæmi.

Síðan vík ég að atriði sem varðar aukna skattheimtu á sveitarfélög og einnig hefur verið minnst á. Það sem kynnt var fyrir sveitarfélögum á sínum tíma sem skattkerfisbreyting, og þá á ég við virðisaukaskattinn, hefur nú snúist upp í beinan tekjuskatt á sveitarfélögin í þeim mæli sem forsvarsmenn þeirra áttu ekki von á. Þegar fjallað var um tekjustofna sveitarfélaga í nefnd í tengslum við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var ljóst að breytt verkaskipting mundi koma fjárhagslega verst niður á minni sveitarfélögum og var því leitað að leiðum til úrbóta fyrir þau. Ekki virðist þó hafa verið gætt samræmingar við þá skattkerfisbreytingu sem einnig var í undirbúningi, virðisaukaskattinn. Málin virðast beinlínis hafa verið hugsuð og framkvæmd í ólíkum hólfum innan Stjórnarráðsins þannig að forsvarsmenn fjmrn., sem sátu fundi nefndarinnar, treystu sér ekki til að svara um áhrif verkaskiptingarfrv. og sérstaklega áhrif á tekjustofna sveitarfélaga. Það er vissulega mjög ámælisvert að svona veigamiklar kerfisbreytingar skuli vera unnar af aðskildum aðilum án samræmingar, án vitneskju um gerðir hvers annars. Síðan bitnar þetta á almenningi, á sveitarfélögum sem ósamræmdar aðgerðir og leiðir til mun þyngri byrða en þyrfti að vera, einmitt vegna þess að samræmis hefur ekki verið gætt.

Vil ég þá víkja að því sem stjórnvöld hafa á undanförnum árum gert sig sek um æ ofan í æ. Það er að beita stjórnvaldsaðgerðum og oft víðtækum kerfisbreytingum sem í sífellu raska áformum almennings og fyrirtækja eða stofnana. Allar áætlanir breytast, þær sem þegar hafa verið gerðar innan þekktra ramma efnahagslegrar getu sem menn hafa sannanlega miðað við, reglur og lög hins opinbera sem þá gilda. Síðan er reglum og lögum sífellt breytt en óstöðugleikinn og óvissan kippa grundvellinum undan framkvæmdum manna. Þetta er mjög alvarlegt og hefur leitt til þess að einstaklingar sem áður töldu sig ábyrga fyrir sínum málum standa uppi sem óskilamenn og heilu fjölskyldurnar bíða bæði fjárhagslegt og félagslegt tjón. Jafnvel heilu byggðarlögin.

Það má segja að reiknimeistarar og stjórnmálamenn séu sífellt að gera stórfelldar tilraunir á síðustu árum þar sem manneskjur eru í raun viðfangsefni eða tilraunadýr. Það versta er að mennirnir virðast ekki læra af reynslunni heldur ana þeir út í næstu kerfisbreytingu þótt undirbúningur sé takmarkaður og áhrif ófyrirséð. Þetta er einmitt dæmigert mál sem við ræðum hér nú og gæti hentað þeirri mynd sem ég hef dregið upp.

Varðandi sveitarfélögin kemur einmitt í ljós að sá ávinningur sem talinn var mikilvægur fyrir sveitarfélögin þegar verkaskiptafrv. var samþykkt og þau áttu að njóta af því nýja fyrirkomulagi og nýjum lögum um tekjustofna verður í raun mun minni en gert var ráð fyrir og minnstur fyrir smærri sveitarfélögin. Samband ísl. sveitarfélaga áætlar nú allt að 900 millj. kr. í hækkun á rekstri sveitarfélaganna á næsta ári vegna áhrifa virðisaukaskattsins. Um 15 ára reynsla Dana af því að skattleggja sveitarfélögin hefur leitt til þess að lögum þeirra um virðisaukaskatt hefur nú verið

breytt þannig að lögbundin skylduverkefni sveitarfélaga eru undanþegin skatti. Þetta kom fram á fundi nefndarinnar í morgun. Að þessu þarf að huga og ég vil brýna það fyrir hæstv. fjmrh. að alveg ástæðulaust er fyrir okkur að endurtaka, að endurtaka í sífellu mistök og bitra reynslu annarra.

Hér voru til umræðu í fyrra lög um málefni aldraðra. Þar kom í ljós að Íslendingar voru 10, 15, 20 árum á eftir nágrannaþjóðum sínum í stefnumörkun um málefni aldraðra. Við höfum leikið okkur að því að gera sömu skyssurnar og sömu mistökin og aðrir hafa gert á undan okkur, en hefðum þó haft nægan tíma til að læra af þeim. Ekki til að apa eftir þeim vitleysurnar óbrenglaðar heldur einmitt til að stytta okkur leið og varast að falla í sömu gryfjur en aðlaga reynslu annarra að okkar aðstæðum.

Ég vil nú víkja aðeins að þeim brtt. sem meiri hl. bar fram og vil í stuttu máli segja að þær eru allar til bóta og er ánægjulegt að sjá að þær skuli hér bornar fram. 1. brtt., um að bæta íslenskum kvikmyndum við þá liði sem teljast til undanþágu og varða listir og menningu, er auðvelt fyrir kvennalistakonur að styðja. Það er einmitt eitt af því sem við settum á okkar undanþágulista þegar virðisaukaskattur var hér til umræðu. Gild rök liggja til þeirra brtt. sem hér eru gerðar og komu þau fram í nefndinni og hafa þegar verið skýrð.

Það fór ekki mikið fyrir sannfæringu um gildi virðisaukaskatts hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. þegar hann mælti fyrir nál. meiri hl. fyrr í dag. Hann notaði drýgstan hluta tíma síns í ræðustólnum til að lýsa hinum fjölmörgu óvissuþáttum sem uppi eru um áhrif virðisaukaskatts, bæði á efnahagslífið og á almennt verðlag, ekki síst matvæli. En það hlýtur að vera stærsta áhyggjuefni allra í raun, hvernig svo sem þeir gylla, fegra og láta. Í máli hans kom m.a. fram að þær endurgreiðslur sem ætlaðar eru til að lækka verð á nokkrum tegundum matvæla munu e.t.v. alls ekki skila sér sem lækkun til neytandans, eins og ég hef einmitt bent á hér í mínu máli. Jafnframt gat hann þess að mesta óvissan ríkti þó um annað vöruverð, þ.e. á innfluttum matvælum. Hann minntist á að Verslunarráð Íslands hefði reiknað út að ríkissjóður hagnaðist um 1,2 milljarða á meðan hagdeild fjmrn. metur sína útreikninga svo að ríkissjóður tapi 500 millj. við gildistöku virðisaukaskatts. Taldi hv. formaður útreikninga Verslunarráðs byggjast á bjartsýni en hagdeildarinnar á svartsýni. Segir þetta e.t.v. eitthvað um grundvöll útreikninga hæstv. ríkisstjórnar? Eru þeir byggðir á — við getum sagt huglægum gildum og hugtökum eins og svartsýni?

Ég verð að segja að mér blöskrar oft, ekki bara í þessu máli heldur í mjög mörgum öðrum málum og vík ég þá ekki máli mínu til neinna einstakra þingmanna heldur til löggjafarsamkundunnar allrar, mér blöskrar oft hve metnaður löggjafans er stundum óskaplega lítill. Stjórnarþingmenn láta hafa sig í að vera handbendi fyrir framkvæmdarvaldið. Þetta gerist ár eftir ár. Stjórnarliðar hverrar stjórnarinnar á fætur annarrar hlaupa eins og snatar á eftir fjárhópi við að reka mál ríkisstjórnarinnar og jafnvel embættismanna gagnrýnilaust gegnum þingið og virðast oft engin takmörk fyrir því hvað mál mega vera gölluð og vanbúin. Allt skal það í gegn. Að þessu hefur margoft verið fundið og þetta hefur margoft verið gagnrýnt, ekki síst vegna biturrar reynslu, vegna þeirrar reynslu að málin eru svo vanbúin að meiri hluti sumars fer í að reyna að hnýta lausa enda. Jafnvel þó að þeirra bíði það hlutskipti að lenda í einhvers konar millinefnd er ekki almennilega unnið að þeim yfir sumartímann fram að næsta þingi eins og reyndin hefur orðið á um þetta mál. Það er svo vanbúið að jafnvel þeir sem eru að reyna að hrinda því í framkvæmd bera einna stærstan kvíða fyrir áhrifum þess á þjóðlífið og gera sér grein fyrir því að áhrifin eru í raun byggð á spám sem enginn veit hvort munu standast.

Kvennalistakonur voru aldrei þeirrar skoðunar að kostir virðisaukaskatts væru fleiri eða stærri en gallar hans fyrir svo fámenna þjóð sem Íslendinga og greiddu þess vegna atkvæði gegn honum. Engar nýjar forsendur hafa komið fram til að breyta þeirri afstöðu. Honum fylgir meiri skriffinnska. Hann býður upp á dýrara og mun flóknara skattheimtukerfi þannig að ársverkum embættismanna og almennings fjölgar verulega vegna skattheimtunnar. Langt er frá að þetta kerfi bjóði upp á verulega bætt skattskil, heldur eru mörg dæmi nú þegar augljós og eflaust mun fleiri hulin þar sem beinar líkur eru á svokallaðri svartri atvinnustarfsemi. Ekki verður séð að kostirnir, sem m.a. felast vissulega í styrkingu útflutningsatvinnuveganna og ber síst að vanmeta, vegi þyngra, einkum þegar litið er til alvarlegasta og stærsta galla laganna um virðisaukaskatt sem er matarskatturinn illræmdi. En hann er í raun enn til staðar þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar til að milda hann.

Við þingkonur Kvennalistans teljum það hættulegt fyrir afkomu hinna tekjuminni í þjóðfélaginu hve margir virðast hafa misst þrek sitt til andstöðu við þennan skatt og látið yfir sig ganga fremur en sætt sig við þessa óréttlátu skattheimtu af nauðþurftum. Samtök launþega lýsa sig þó enn andvíg matarskattinum og kvennalistakonur hafa aldrei hvikað frá andstöðu sinni við þessa skattheimtuleið. Henni ber að mótmæla og vísa á bug.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég fer ekki dult með það að mig hefði langað til að halda svolitla ræðu og skiptast á skoðunum við hæstv. fjmrh. Við höfðum raunar gert um það „gentlemen's agreement", svo maður noti nú það breska orðatiltæki, að við ræddum almennt nokkuð um skattamál og efnahagsmál við þessa umræðu en ég léti það vera við hina fyrstu. Nú er hins vegar þannig umhorfs í þingstörfunum að menn hafa komið sér saman um að reyna að lengja ekki umræður úr hófi. Í þessum tilraunum til að hindra að þing þurfi að vera hér milli jóla og nýárs og kannski strax

aftur í byrjun janúar, sem ég held nú að engum sé hollt, hvorki þingmönnum né öðrum, þá yrði þessari umræðu og hinni 3. kannski lokið nú í kvöld. Og ekki ætla ég að verða til að spilla fyrir því samkomulagi ef ekkert óvænt kemur upp á.

Mergurinn málsins er sá að nú er verið að leggja á þjóðina langhæstu skatta í hennar sögu. Það líður ekki sá dagur að ekki komi fram eitthvert nýtt skattheimtufrv. og skal ég ekki fara að rekja þau öllsömul. Það er verið, eins og ég sagði, að leggja á langhæstu skatta í sögunni. Á sama tíma er ljóst að fjárlagahalli er meiri og verður meiri á næsta ári, enn þá meiri en á þessu og sá langmesti í sögunni. Það er sem sagt óstjórn á óstjórn ofan og má færa að því sterk rök að einmitt skattheimtan valdi því að ríkissjóðshalli fari vaxandi. Ég skil eiginlega ekki þá menn sem ekki geta komið auga á það að ef ríkissjóður á að geta haft varanlegar tekjur og tekjur í raunpeningum, alvörukrónum, eða kannski væri bara komin einhver allt önnur mynt sem gjarnan mætti þá heita merkur og aurar, til þess að ríkið geti til langframa haft slíkar tekjur sem því nægir, þá verður auðvitað að vera einhver sem getur borgað þær, borgað skattana. Og það er ekki til annarra að leita í skattheimtunni en til einstaklinganna og fyrirtækjanna. Þegar einstaklingarnir verða ýmist atvinnulausir eða kjör þeirra eru skert svo gífurlega að þeir geta hvorki borgað tekjuskatta né verulega neysluskatta, af því að þeir hafa ekki kaupgetu til þess að kaupa þær vörur sem eru hærra skattlagðar en í flestum löndum öðrum, endar þetta auðvitað með skelfingu.

Hæstv. fjmrh. hefur vakið athygli á því hér í þessari hv. deild að hann hafi haft töluverð afskipti af fjármálum á Alþingi á árunum 1980–1983. Það er sú stjórn sem fram að þeim tíma var versta stjórn þessa lands. Nú er önnur komin hálfu verri og hún fetar nákvæmlega í slóð hinnar fyrri. Hæstv. fjmrh. hefur ekkert lært og engu gleymt. Hann vill nákvæmlega sömu stefnu og stjórnin frá 1980–1983 fylgdi, þ.e. sífellda skattheimtu samfara gengisfellingum og óðaverðbólgu. Ég held að enginn sem eitthvað hefur fylgst með stjórnmálum sé svo glámskyggn að hann sjái ekki að nákvæmlega sama stefna er nú rekin og þá var gert.

Mér er alveg sama þó að hæstv. fjmrh. tali á meðan ég segi þetta því hann veit þetta allt saman. Ég hef sagt honum þetta svo oft og hann er ekki svo treggáfaður að hann sé ekki byrjaður að skilja. Engu að síður lætur hann leiðast til að fara nákvæmlega þá göngu sem hann markaði hér fyrir nærri því áratug. Afleiðingin er auðvitað ein og hin sama, þ.e. áframhaldandi, vaxandi atvinnuleysi, vaxandi verðbólga, skattáþján þannig að ríkissjóðshallinn fer vaxandi ár frá ári og öll met verða slegin núna á þessu ári og einkum á því næsta. Það er yfirlýst og liggur fyrir og viðurkennt af stjórnarsinnum sjálfum að hallinn á komandi fjárlögum, á pappírunum er nú þegar orðinn alla vega 7–8 milljarðar og á eftir að tvöfaldast eftir venjunni þegar upp verður staðið. Þannig að við höfum alla vega 15 milljarða halla á næsta ári og verðbólgan verður ekki einhver 11%, hún gæti alveg eins orðið 111%. Við skulum vona að það verði ekki. Hún var 130% á tímum þeirrar stjórnar sem ég var að vitna til og þá hrökklaðist stjórnin auðvitað frá. Þessi á auðvitað eftir að hrökklast frá líka en við skulum vona að ekki þurfi 130% verðbólgu til þess. Allt blasir þetta við þeim sem vilja sjá. Þetta ætlaði ég eiginlega að ræða í nokkru máli við hæstv. fjmrh. af því að ég hef gaman af því að rökræða við hann og ég held að hann hafi stundum gaman af að tala við mig líka, en við verðum þá bara að gera það í einrúmi einhvern tíma milli jóla og nýárs af því að ég vil ekki spilla fyrir því samkomulagi sem hér hefur náðst um að hraða gangi mála.

En ég verð þó að víkja aðeins að nál. okkar í 1. minni hl. og eru einkum tvö atriði þar sem nauðsynlegt er að vekja rækilega athygli á. Í fyrsta lagi kemur það ekki til greina af okkar hálfu að hækka prósentu virðisaukaskatts. Hún skal ekki að okkar mati undir nokkrum kringumstæðum, almenna prósentan, verða hærri en 22% eins og er í þeim lögum sem nú á að breyta. Skömmu áður en fyrrv. stjórn fór frá fluttum við tillögu um að matarskattur skyldi lækkaður niður í 10%. Raunar fluttum við ekki nákvæmlega þá tillögu núna vegna þess að við viljum heldur freista þess að fá samstöðu um það að flytja tillögu um 15% á matvæli og þá bara þau matvæli sem ríkisstjórnin sjálf hefur valið til þess að greiða niður eins og hún kallar það. En eins og fram kom í ræðum beggja þeirra sem hafa talað hér, bæði frá Sjálfstfl. og Samtökum um kvennalista, liggur það fyrir í útreikningum Þjóðhagsstofnunar sjálfrar að miðað við þær niðurgreiðslur sem á að verja til að lækka verð á þessum vörutegundum um 8%, eins og sagt er núna, um leið og lög þessi öðlast væntanlega gildi, muni það allt saman verða upp urið miðað við svona 12% verðbólgu á árinu. Og þá munu matvörur hækka meira en annar varningur vegna þess að þessi svokallaða ívilnun eða niðurgreiðsla, til þess að geta sannfært menn um að í rauninni séu tvö skattþrep, verður horfin, gufuð upp með öllu.

Við viljum þess vegna heldur reyna að hafa áhrif á að þarna verði tekin inn ákveðin prósenta virðisaukaskatts á þessi ákveðnu matvæli þannig að það sé þó tryggt að hér sé ekki einn ganginn enn verið að blekkja menn fyrir allra augum áður en margar vikur eru liðnar því að maturinn á eftir að hækka mun meir en almennu verðlagi nemur skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar sjálfrar. Og verði nú verðbólgan 20% eða eitthvað svoleiðis, aðeins lægri en verðbólguhraðinn hefur verið undanfarna mánuði sem er auðvitað bjartsýnisspá, þá verður maturinn hlutfallslega dýrari þegar líður á árið en hann er í dag fyrir þessa 8% lækkun.

Við viljum freista þess að benda rækilega á þessa viðurkenndu staðreynd hjá öllum þeim sem reikna nú í fínu tölvunum sínum. Þeir eru sammála um þetta hvort heldur eru fulltrúar verkalýðs eða ríkisvaldsins sjálfs. Þessi tillaga er þess vegna mjög mikilvæg, einkum fyrir lágtekjufólkið sem auðvitað þarf að

borða eins og við hin og oft eru nú munnarnir einmitt fleiri hjá fátækum fjölskyldum. Því miður er til fátækt á Íslandi og hefur farið vaxandi að undanförnu og er það nú ekki sæmandi út af fyrir sig, hvorki fyrir mig né aðra alþm. að yfirleitt skuli vera til fátækt á Íslandi. En hún er til og fer vaxandi og þess vegna hefði verið lágmark að tryggt hefði verið að þessi 8% lækkun yrði viðvarandi en ekki tómar blekkingar. Á þessu vek ég sérstaka athygli og í annan stað því sem segir í niðurlagi nál. okkar hv. þm. Halldórs Blöndals, með leyfi forseta, það er örstutt:

„Því miður skortir mikið á að undirbúningur skattkerfisbreytingarinnar sé forsvaranlegur. Það hefur komið rækilega fram í viðtölum fjölmargra þeirra sem nefndin hefur rætt við, svo og í bréfum og álitsgerðum. Fyrir þá sök er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. júlí 1990. Ef sú brtt. verður felld gegn von okkar er ljóst að óhjákvæmilegt verður að sníða vankanta af löggjöfinni á vorþinginu."

Ef stjórnin knýr fram þessa lagasetningu og tekur ekkert tillit til sjónarmiða stjórnarandstöðu eða þeirra fjölmörgu sem komið hafa á fundi hv. fjh.- og viðskn. og verið nokkuð sammála um verulega ágalla á þessari lagasetningu, og ég minnist þess nú varla að heyrst hafi að menn væru í einu og öllu samþykkir þessu og kannski er ekki von að menn séu í einu og öllu samþykkir neinum sköttum. Þeir eru allir í eðli sínu eignaupptaka, eignatilfærsla. En ég hef ekki á löngum ferli í fjh.- og viðskn. fundið aðra eins andstöðu gegn löggjöf og verið hefur á fundum nú að undanförnu, ströngum fundum.

Þetta eru sem sagt þær megintillögur sem við flytjum. Ég ætla ekki að rekja einstaka liði í því sem fram kom á fundum fjh.- og viðskn. eða einstaka liði í okkar brtt. Ég hygg að það skýri sig meira og minna sjálft sem þar er sagt. En meginefnið er að við viljum freista þess að ná samkomulagi um að skattprósentan, hin almenna skattprósenta, verði ekki nema 22% og að raunverulegir skattar á matvörurnar verði ekki hærri en 15%. Eins og áður sagði verður sú lækkun að vísu nokkurn veginn sú í bili, en hverfur um leið því að matvörurnar munu hækka miklu meira, miðað við þær forsendur sem stjórnin gefur sér og það fé sem fer til niðurgreiðslna, en látið er í veðri vaka þannig að þetta mun allt gufa upp á örskömmum tíma.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að brtt. Samtaka um kvennalista og get raunar aðeins sagt að mér líst vel á þær tillögur og mun greiða þeim mitt atkvæði. Þær eru að vísu ekki margar en enn þá færri eru held ég brtt. stjórnarsinna eftir alla þá vinnu sem við höfum lagt í að kynna okkur málin. Þó er óravegur frá því að ég botni í þessu öllu saman. Það skal ég fúslega játa. Þetta er hið mesta torf og ég held að það eigi eftir að verða margir þrándar í götu þess að framkvæma þessi ósköp öll saman. En eftir að við erum búnir að skoða þetta og reyna að hafa áhrif á stjórnarsinna eru hér þrjár örlitlar brtt. frá stjórnarliðum. Þeir eru handjárnaðir algerlega í bak og fyrir. Ég veit ekki hvort þeir ættu að vera fótjárnaðir líka, alla vega eru þeir í kuðung, bæði andlegum og líkamlegum stundum. Það er ekki furða því að ekki geðjast nú öllum þingmönnum að þessu, t.d. ekki þeim sem hér er á móti mér og brosir, hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Ég held að honum sé ekki annt um svona kerfi og alla þessa skatta. (**SkA:** Þetta var samþykkt í Sjálfstfl. og maður verður að búa við þetta.) Jú, jú, við skulum segja það að þetta kerfi í heild sinni hljóti að vera af hinu vonda. Ég er efins um að þetta sé nokkuð betra en söluskattur. Við vitum að Evrópuþjóðir hafa tekið upp virðisaukaskatt. Aftur á móti hafa engilsaxneskar þjóðir lengst af verið með söluskatt rétt eins og við og þannig er það í Vesturheimi og þannig var það í Bretlandi. Þegar Bretar hurfu til virðisaukaskattsins vegna Evrópusamstarfsins reyndu þeir að hafa sinn virðisaukaskatt, ef ég hef skilið það rétt, miklu nær söluskattinum gamla sem var. Það eru ekki bara þessi tvö þrep, heldur eru beinlínis matvörur og barnafatnaður og ýmislegt annað algerlega laust við alla neysluskatta þar sem við höfum hins vegar fetað í þveröfuga átt og aukið skattana á það fólk sem minnst má sín. Það er verið að auka á það núna með alveg gífurlegum hraða. Það þýðir ekkert að segja neinu fólki að lægst launaða fólkið í landinu hafi grætt á þessum skattlagningum eða sé að græða á þeim. Hver einasti maður veit að fólkið er að tapa á þessari stjórn hvern einasta, einasta dag, bæði þeir sem eru fátækir og fyrst og fremst þeir, en líka þeir sem kunna að vera ríkir þannig að sú þróun sést nú hvarvetna.

En ég var búinn að lofa að stuðla að því að samkomulag gæti haldist um þessar afgreiðslur hér og ætla þess vegna ekki að fara út í almenna umræðu um efnahagsmálin frekar en ég þegar hef gert eða skattheimtuna, þá gífurlegu skattheimtu sem er nú verið að kóróna með þessu frv.

Ég vil aðeins geta þess hér að fram hefur komið brtt. við 1. mgr. 20. gr. laganna sem er tæknilegs eðlis og hefur verið rædd skv. ósk hv. þm. Halldórs Blöndals við starfsmenn ríkisskattstjóra og raunar haft samband við endurskoðendur líka. En það eru auðvitað mörg tæknileg atriði sem verða erfið í framkvæmd og það hefði orðið jafnt hvaða stjórn sem hefði verið. Ég geri mér það alveg ljóst að svona mikil breyting hlýtur að verða mjög erfið í framkvæmd fyrstu vikur og mánuði alla vega. Ríkisskattstjóri hefur ekkert farið dult með það í yfirnefndinni og það er þakkarvert að þar munu hans starfsmenn verða fyrst og fremst leiðbeinendur næstu vikur og mánuði en ekki með refsivönd á lofti. Þeir munu líka reyna að skera úr vafaatriðum mjög fljótt með úrskurðum og leiðbeiningum og þakka ég þeim fyrir það og raunar líka auðvitað hæstv. fjmrh. því að varla mundu þeir lofa þessu í nefndinni án þess að þeir hefðu leyfi hans til þess eða a.m.k. vissu um að það væri ekki gegn vilja hans. Ég hef sýnt hæstv. fjmrh. þessa tillögu og við höfum orðið sammála um það að minni hugmynd að við ræddum hana í því hléi sem hlýtur að verða gert fyrir 3. umræðu þannig að nefndin gæti hist. Væntanlega þarf hún ekki langan tíma til þess að fara í gegnum málin. Það verður sjálfsagt knúið fram það

sem meiri hl. ríkisstjórnarinnar vill, í öllum meginatriðum a.m.k. En við verðum alla vega að fara í gegnum nokkrar tillögur sem við leggjum megináherslu á að eitthvert tillit verði tekið til. Meðal þeirra tillagna er sú sem ég var að geta um núna sem víkur að tæknilegu efni og ég hef sýnt hæstv. ráðherra. Niðurstaða okkar varð sú að ef ekki lægi fyrir að til starfsmanna skattstjóra mundi nást og endurskoðenda nú um þetta leyti þannig að það lægi fyrir að það væri góð samstaða um þetta, þá mundi ég ekki leggja tillöguna fram, heldur væri hún þá send neðrideildarnefndinni til athugunar og við getum þá sjálfsagt á einu augnabliki, ef málið kemur aftur til okkar, afgreitt það. En við munum sem sagt ekki láta á því stranda að tillaga þessi hafi ekki verið rædd í botn. Hún er tæknilegs eðlis og ég get ekki séð fyrir endann á áhrifum hennar og sjálfsagt enginn fyrr en búið er að fá útlistingar á því.

En ég vona að það sem ég hef sagt um þann ófögnuð sem þessi skattlagning er, ekki bara þetta sem við erum að ræða nú, heldur öll þessi gífurlega skattaáþján sem dengt er yfir þjóðina, ég vona að það sem ég hef um það sagt og spádómar mínir líka reynist rangir, en ég er sannfærður um að þeir verða nú réttir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu. Ég vísa til þess þegar frv. til laga um virðisaukaskatt var hér til umræðu á hinu háa Alþingi fyrir tæpum tveimur árum. Þá lýsti ég yfir mikilli andstöðu minni við þetta skattform. Ég hef ekki breytt um skoðun í þeim efnum og vísa til þess sem ég sagði á þeim tíma varðandi virðisaukaskattskerfið.

Ég er enn þeirrar skoðunar og enn frekar eftir að hafa farið í gegnum það frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem núv. hæstv. ríkisstjórn mælir með og leggur til að fari hér í gegnum þingið, ég er enn frekar þeirrar skoðunar að með þessari útgáfu sé stefnt í öfuga átt og inn á mjög hættulegar brautir, sérstaklega hvað varðar íslenskt atvinnulíf. Ég er sannfærður um að þetta kerfi, og ekki síður þegar maður skoðar það í höndum þeirra sem nú eru við völd á Íslandi, muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska atvinnuvegi í heild. Hið sama gildir um stöðu einstaklinga sem standa í sjálfstæðum atvinnurekstri og eru að berjast fyrir tilveru sinni.

Þessi útgáfa á virðisaukaskatti mun í fyrsta lagi stórlega skaða stöðu íslensks atvinnulífs. Um það blandast engum hugur sem þekkir eitthvað til íslenskra atvinnuvega og hefur starfað úti í íslensku atvinnulífi. Hvað sem líður skoðunum einstakra aðila þar er ekki nokkur vafi á því að þetta kerfi mun hafa það í för með sér meira eða minna að hver einasti einstaklingur sem reynir eitthvað að bjarga sér og standa á eigin fótum, hvert einasta fyrirtæki sem reynir að standa sig og vera á undan sínum tíma er komið undir strangt eftirlit hins opinbera. Það þýðir á mæltu máli að fyrirtækin verða berskjölduð, öllum opin, hvað sem líður því sem segir í lögum að opinberir embættismenn skuli sýna trúnað í starfi og þegja um stöðu einstakra fyrirtækja hvað varðar stöðu þeirra og getu. Það mun því miður koma í ljós að það mun ekki standa, ég segi því miður. Þannig að með þeim hætti mun samkeppnisstaða margra fyrirtækja og einstaklinga verða stórsköðuð með þessu kerfi.

Í öðru lagi, sem er ekki síður alvarlegt, er ég sannfærður um að virðisaukaskattskerfið mun skerða mjög afkomu launafólks. Á sínum tíma voru Alþýðusambandið og verkalýðshreyfingin nokkuð hlynnt því að virðisaukaskattskerfið væri tekið upp, en eftir því sem menn hafa kynnt sér þetta betur, þ.e. frá því að lögin voru sett á sínum tíma þó þau væru ekki komin til framkvæmda, virðist mér að þeir sem hafa verið og eru í forustu verkalýðshreyfingarinnar séu að gera sér betur grein fyrir því að þarna sé að verða til tæki sem hið opinbera og valdamenn í íslenskum stjórnmálum muni nota miskunnarlaust til að skerða kjör launafólks og halda því niðri eftir því sem valdhöfum sýnist á hverjum tíma og eftir því hvernig þeir koma sér saman um að deila valdi gegnum hið háa Alþingi með stjórnaraðild að ríkisstjórnum.

Í þriðja lagi, og það fer þá ekki á milli mála, mun virðisaukaskattskerfið hafa í för með sér stóraukna skattbyrði, og ætla ég ekki að fara nánar út í það.

Í fjórða lagi mun virðisaukaskattskerfið, eins og ég gat um í upphafi míns máls, virðulegi forseti, auka miðstýringu sem felst í því að nú mun hæstv. fjmrh. og þeir sem bera ábyrgð á þessu kerfi fá tækifæri til að ráða tugi ef ekki hundruð manna til þess að fara ofan í einkahagi fólks með öðrum hætti heldur en áður hefur tíðkast. Ég frábið mér það að það svar komi á móti að vegna þess að menn á Íslandi séu svo miklir skattsvikarar þurfi að innleiða slíkt kerfi. Meginþorri Íslendinga er ekki skattsvikarar og það þýðir ekkert að segja við mann að á þeirri forsendu sé nauðsynlegt að koma upp slíku kerfi sem hér um ræðir. Ég tala fyrir hönd allra þeirra sem telja fram satt og rétt á hverjum tíma og hafa gert í áratugi og það er meginþorri þessarar þjóðar.

Virðisaukaskattur mun þegar til lengdar lætur leggja að velli hundruð smáfyrirtækja og draga úr viðleitni einstaklinga til að standa á eigin fótum framkvæmdalega séð. Tel ég það mjög alvarlegt mál sem mun hafa það í för með sér að lífskjör þjóðarinnar munu versna og framkvæmdir ekki verða með þeim hætti að lyfta undir efnahag bæði þjóðarinnar og einstaklinga. Virðisaukaskattur á matvælum er að mínu mati mesta kjaraskerðing sem launafólk hefur orðið fyrir og mun minnka kaupmátt launa enn meir en orðið er hvað sem líður þeim tillögum eða hugmyndum sem þetta frv. gerir ráð fyrir í sambandi við niðurgreiðslur ákveðinna matvælategunda. Það er rétt sem hefur komið hér fram í ræðum þingmanna að í sumum ríkjum Vestur-Evrópu er enginn skattur á matvælum. Þannig hefði það átt að vera einnig hér á Íslandi. Staðreyndin er nefnilega sú eins og hæstv. fjmrh. veit að meginþorri launþega stendur í sífelldri

varnarbaráttu um kaupmátt launa. Það að leggja svona skatt á matvæli almennt eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., og var einnig í því frv. sem var samþykkt á sínum tíma þó ekki væri búið að útfæra prósentuna, felur í sér gífurlega kjaraskerðingu gagnvart launafólkinu sem er stöðugt í varnarbaráttu við að ná upp lágmarkstekjum til að geta lifað. Við þekkjum það sem höfum verið í verkalýðshreyfingunni hvað erfitt er að ná upp lægstu launum. Lægstu launin eru raunverulega alltaf fyrir neðan það lágmark sem þetta fólk þarf til þess að geta lifað. Og að ætla að koma síðan með virðisaukaskatt með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir mun hafa í för með sér ómælda kjaraskerðingu fyrir láglaunafólk. Allar niðurgreiðslur og millifærslur sem gert er ráð fyrir í sambandi við þetta frv. munu ekki duga til þess að mæta þeirri kjaraskerðingu.

Virðisaukaskatturinn er að mínu mati nútímatæki valdamanna til að halda fólki niðri kjaralega séð og allt tal þessara manna, þ.e. valdamannanna, um að niðurgreiðslur, endurgreiðslur eða einhvers konar millifærslur skuli koma til þeirra sem eru verst settir er ekkert annað en blekking í sambandi við þetta frv. sem hér er til umræðu og skattakerfið almennt því að reynslan sýnir og hefur sannað það að slíkar endurgreiðslur og slíkar niðurgreiðslur koma seint eftir á. Og í þjóðfélagi þar sem menn eru með um 20–30% verðbólgu árlega er það auðreiknanlegt hversu mikil þessi rýrnun er og einnig hvaða smugur valdhafar hafa til að skríða í gegnum til þess að þurfa ekki að standa við þau fyrirheit sem m.a. eru tengd þessu frv.

Ég sagði, virðulegi forseti, hér í upphafi að á sínum tíma greiddi ég ekki atkvæði með virðisaukaskattsfrv. sem var hér afgreitt á þingi 1988. Og ég mun heldur ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt. Enn síður. Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegi forseti, að það kom hér fram í ræðu áðan að þær þjóðir sem hafa tekið upp virðisaukaskatt virðast ekki vera allar jafnánægðar með það því að enn þá er þó einhver mannúð til hjá valdhöfum hinna ýmsu ríkja og ég vonast til þess að það sé einnig hér og verði á Íslandi. En staðreyndin er sú að þessar þjóðir, sem hafa farið í gegnum virðisaukaskattskerfið, hafa upplifað það að það hefur ekki jákvæð áhrif, sérstaklega ekki úti í atvinnulífinu, og það hefur ekki komið réttlátlega niður gagnvart hinum ýmsu hópum launþega eða hinum ýmsu tekjuhópum í viðkomandi þjóðfélögum.

Norðmenn hafa t.d. orðið fyrir áföllum vegna virðisaukaskattskerfisins og núna munu vera uppi umræður í Noregi um það hvort ekki sé rétt að fara aftur yfir í söluskattsfyrirkomulagið eins og þeir höfðu það. Ég vil vekja athygli bæði virðulegs forseta á þessu atriði og einnig hæstv. fjmrh.

Vegna þeirra brtt. sem hér eru fram komnar, þá gefur það auðvitað auga leið að ég styð brtt. þær sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal leggja hér fram. En ég vil einnig taka það fram að ég mun styðja brtt. á þskj. 333 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Ég mun greiða þeim lið atkvæði mitt þar sem segir:

„1. Við 1. gr. A-liður orðist svo:

1. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. þó 12. gr., nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti.“

Þessu mun ég geta greitt atkvæði mitt hér á eftir. Ég vildi láta þetta koma fram. (**EG:** Það vantaði ekki.) Það vantaði ekki, sagði hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason. (Gripið fram í.) Ég er nú að segja þetta til þess að fá þetta inn í þingtíðindi og það er fróðlegt að heyra undirtektir hv. þm. úti í sal við þeim tillögum sem liggja hér fyrir. (Gripið fram í.) Hann var ekki inni hér áðan, hv. þm. Eiður Guðnason, þegar ég lýsti yfir að ég væri á móti virðisaukaskattskerfinu í heild þannig að þetta er bara viðbót. Þar sem ég hef ekki svigrúm til þess að greiða atkvæði nema einu sinni hvað það atriði áhrærir, þá vildi ég láta þetta koma skýrt fram. (**Fjmrh.:** Þú getur greitt atkvæði . . .) Það er að vísu rétt, hæstv. fjmrh. En ég vildi undirstrika þessa afstöðu mína alveg sérstaklega.

Að lokum, virðulegi forseti. Það er oft talað um það að þetta kerfi, virðisaukaskattskerfið, sé nauðsynlegt með tilliti til þess að það þurfi að samræma íslenskt skattakerfi því sem tíðkast í Vestur-Evrópu og þá er sérstaklega vikið að Evrópubandalaginu. En þá vil ég vekja athygli á því að þetta snýst ekki raunverulega um form heldur innihald. Og ef við lítum á það með tilliti til samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja annars vegar gagnvart fyrirtækjum innan Evrópubandalagsins þar sem menn hafa tekið upp virðisaukaskattskerfið, þá er það auðvitað skattbyrðin sem er grundvallaratriði og það sem skiptir meginmáli. Og skattbyrðin hér á Íslandi er orðin svo mikil og óbærileg að þessi form út af fyrir sig munu ekki leysa þann vanda að gera íslenska atvinnuvegi samkeppnishæfari í samkeppninni á mörkuðum Vestur-Evrópu nema síður sé. Þannig að sú röksemd, að það þurfi að breyta íslenska skattkerfinu með tilliti til þess, stenst ekki á meðan skattabyrðin er með þeim hætti, af þeirri ástæðu einni hvað hún er mikil hér á Íslandi borið saman við það sem er erlendis. Það dugar ekki að leggja það þannig fyrir. Það hefði verið nær að hér lægju fyrir hugmyndir um það hvernig ætti að létta á sköttum í íslensku atvinnulífi. Þetta snýst sem sagt ekki um form heldur um innihald og þessi skattabyrði, skattheimta á Íslandi er gjörsamlega óþolandi og dregur niður athafnahvöt og eyðileggur samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja það að þetta frv. eins og önnur frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir þetta þing varðandi skattamál hnígur í sömu átt. Það er verið að efla ríkisvald, ríkiskerfi á kostnað einstaklinga og atvinnulífs.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir mjög mikla vinnu við meðferð þessa frv. á mjög skömmum tíma. Fjh.- og

viðskn. hefur kallað mikinn fjölda fulltrúa fyrirtækja og samtaka vinnumarkaðarins á sinn fund. Ásamt sérfræðingum hafa þessir fulltrúar reifað fjölmörg atriði og hér í ítarlegum ræðum, sérstaklega hv. þm. Halldórs Blöndals og hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur hefur verið vikið að mjög mörgum álitamálum varðandi virðisaukaskatt.

Það hefur alltaf verið ljóst að þegar Íslendingar tækju upp virðisaukaskatt, þá yrðu mjög mörg efnisatriði sem skiptar skoðanir yrðu um. Það stafar sumpart af því að virðisaukaskatturinn er í eðli sínu svo ólíkur öðrum sköttum sem við höfum haft að hann gengur að ýmsu leyti þvert á hefðbundnar hugmyndir manna um eðlilegt samræmi í skattlagningu hér á landi. Ástæðan er einnig sú að hér er á ferðinni kerfisbreyting sem snertir svo marga þætti í þjóðlífinu að það er ósköp eðlilegt að gildisviðhorf einstaklinga, samtaka og flokka gagnvart hinum ólíku þáttum samfélagsins hafi áhrif á afstöðu manna til þess hvort tiltekin atvinnustarfsemi eða tiltekin starfsemi einstaklinga eigi að falla undir skattinn eða ekki.

Ég hef vakið athygli á því áður að reynsla annarra þjóða sýnir að óhjákvæmilegt er að taka mörg atriði í virðisaukaskatti til endurskoðunar á fyrsta ári eða fyrstu árum skattsins í viðkomandi landi. Reynsla t.d. norrænna þjóða af þeirri kerfisbreytingu sem við stefnum að hér um næstu áramót sýnir okkur að umræðan áður en skatturinn tók gildi varð í raun og veru ekki að fullu gagni fyrr en menn höfðu skýra mynd af því hvernig skatturinn í reynd mundi birtast á hinum ýmsu sviðum. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að á næsta ári og reyndar árinu þar á eftir verði mjög náið fylgst með framkvæmd skattsins á ýmsum sviðum og hvernig skattlagningin kemur út.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir ítarlegri athugun á næsta ári á kostum þess að vera með virðisaukaskatt í einu þrepi sem leggst á mörg svið í þjóðfélaginu og hins vegar kostum þess að vera með virðisaukaskatt í tveimur þrepum þar sem lægra þrepið er sérstaklega á matvælum. Um þetta efni verður gerð mjög ítarleg skýrsla sem sjálfsagt er að allir flokkar fái til skoðunar þegar hún hefur verið samin því að örugglega á virðisaukaskatturinn eftir að verða viðfangsefni allra stjórnmálaflokka í landinu um mörg ókomin ár. (**GA:** Þeirra sem lifa það af.) Já, þeirra sem lifa það af, segir hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Ég er nú sannfærður um að það muni margir lifa það af. Ég tel að tilkoma virðisaukaskattsins nú muni styrkja mjög ýmsar atvinnugreinar í okkar landi. Ég er að því leyti ekki sammála því sjónarmiði sem hér kom fram áðan hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni.

Þess vegna eru mörg af þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd þess eðlis að ýmist hefur þegar verið tekin afstaða til þeirra af hálfu stjórnvalda og sú afstaða birtist í því frv. sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi og hér er til umfjöllunar eða þá að menn telja rétt að bíða með að taka nánari afstöðu til þeirra annarra atriða þar til menn fá nánari reynslu af framkvæmd skattlagningarinnar.

Ég ætla þá að víkja að örfáum atriðum sem hér hafa verið nefnd. Margir ræðumenn hafa vikið að því ákvæði að skattlagning á bókum á íslenskri tungu verði afnumin 15. nóv. á næsta ári. Ýmsir hafa lagt áherslu á það að þetta ætti að gerast fyrr. Skýringin á því hvers vegna ég hef ekki viljað fallast á slíkar tillögur er einfaldlega sú að ég taldi mér ekki kleift að hreyfa við tekjuforsendum fjárlagafrv. á næsta ári. Dagsetningin 15. nóv. er valin vegna þess að þá hefst síðasta uppgjörstímabil virðisaukaskatts á þessu ári sem kemur hins vegar ekki til reikningsfærslu fyrr en gagnvart fjárlögum 1991. Það vill hins vegar svo vel til að það fer saman helsta bókavertíð Íslendinga og þessi dagsetning. Hún er ekki valin gagngert með tilliti til bókavertíðarinnar, heldur er hún valin einfaldlega á grundvelli þeirrar forsendu að ég taldi mér ekki kleift að gera tillögu um skattbreytingu sem svipti ríkissjóð tekjum sem nema um 400 millj. kr. a.m.k. á ársgrundvelli og leggja um leið til að það kæmi til frádráttar í því fjárlagafrv. sem ég hef lagt fyrir hv. Alþingi. Ég vona að menn skilji þessa afstöðu. Í henni felst enginn dómur um skólabækur eða annað ritað mál, heldur einfaldlega viðleitni til þess að hafa ákveðið samræmi í þeirri tillögugerð sem ég legg hér fyrir hv. Alþingi.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék einnig að því að það gæti nokkur vafi leikið á því hvort listdans ætti að teljast til þeirra greina sem undanþegnar eru virðisaukaskatti í 2. gr. frv. ef ég man rétt. Ég tel vel koma til álita að breyta texta frv. á þann veg sem hv. þm. leggur til og taka orðið listdans inn í þá upptalningu til að taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Það hefur einnig verið vikið nokkuð að því hvernig yrði með framkvæmd gjaldfrests í tolli. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur nú þegar verið mótuð sú stefna að undanþiggja hráefni til iðnaðar og olíuvörur einnig hvað þetta snertir og veita gjaldfrest strax í tolli. Hins vegar er nauðsynlegt að taka sér aðeins lengri tíma til þess að skoða framkvæmd varðandi aðra þætti í gjaldfresti og gera það þá stig af stigi ef niðurstaðan verður sú að veita gjaldfrestinn á þeim sviðum. Gjaldfresturinn getur auðvitað líka haft áhrif á samkeppnisstöðu einstakra greina. Ég hef orðið var við það að menn vilja að þar sitji í forgangsröð íslenskur iðnaður og hráefni til hans.

Það hafa verið settar fram hér í umræðunum mismunandi skoðanir á því hvort þetta atriði kunni að leiða til verðhækkana eða ekki. Ég hef rætt m.a. við forsvarsmenn stóru matvöruverslananna á höfuðborgarsvæðinu sem ekki telja að þetta muni hafa áhrif á vöruverðið sjálft og þær athuganir sem fram hafa farið á því máli, bæði af hálfu endurskoðanda kaupmannasamtakanna og eins stjórnvalda sýna að ef um það er að ræða, þá eru þau ekki mikil.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kynnti hér einnig brtt. sem er tæknilegs eðlis og kemur vel til álita að skoða. Ég treysti mér ekki hér og nú að taka afstöðu til hennar án þess að hafa lengri tíma til að meta hvað hún kann að fela í sér. Hins vegar deili ég nú löngun með hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni að fá hér tíma í hv. deild til þess að ræða við hann um þau efnahagslegu atriði sem hann vék að í sinni ræðu og við höfum

nokkrum sinnum rætt hér með hléum í þingsölum undir ýmsum dagskrárliðum. Kannski voru það mistök hjá okkur hér fyrr í dag þegar boðað var til fundar kl. hálfeitt og honum síðan frestað til kl. 3 (Gripið fram í.) að bjóðast ekki til þess að tala um þessi efni undir þeim ýmsu dagskrárliðum sem þá voru á dagskránni og hefðu vissulega ... (Gripið fram í.) Já, það er leitt ef hv. þm. hefur verið upptekinn. En mér kom í hug þessi möguleiki og við ættum kannski að hafa hann í huga næstu daga ef hlé skapast af öðrum ástæðum að nota þá tímann til þess að ræða um þessa þætti. Ég tel að þeir séu mjög mikilvægir. Þeir snerta ákveðin grundvallarmál í hagstjórn og líka grundvallarmat á afstöðunni til þess hver vandamálin eru sem við er að fást í íslensku efnahagslífi og ég vona að við getum fundið okkur tækifæri til þess, jafnvel fram að jólum, að halda þeirri umræðu áfram.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til hv. nefndar fyrir mjög vel unnið starf við erfiðar aðstæður. Virðisaukaskatturinn er auðvitað ekki fullkominn frekar en önnur mannanna verk og það er alveg ljóst að svo víðtæk breyting kallar á fjölmörg álitamál. Hins vegar tel ég mikilvægt að nokkuð breið samstaða hefur náðst um það þrátt fyrir að menn hafi haft ólíkar skoðanir á þessari skattlagningu á undanförnum árum að koma henni í framkvæmd hér á landi. Ég hef sannfærst um það að hún sé nauðsynlegur þáttur í aðlögun okkar að efnahagskerfi okkar helstu samkeppnislanda og þess vegna þurfum við að stíga þetta skref.

Það hefur einnig verið vikið nokkuð að því hvernig þessi skattur kynni að koma út gagnvart sveitarfélögum. Ég hef kynnt það sjónarmið forsvarsmönnum Sambands ísl. sveitarfélaga að við munum fylgjast mjög náið með því hvernig skatturinn kemur út á því sviði. Það eru mismunandi skoðanir um það atriði og ég vænti þess að slík sameiginleg athugun geti hafist fljótlega á næsta ári. Það er alls ekki ætlun stjórnvalda að hafa virðisaukaskattinn sem einhverja meiri háttar tekjulind hvað sveitarfélögin snertir.

Það hefur einnig verið vikið að því að virðisaukaskattur kynni að koma nokkuð illa við dreifbýisverslun og verðlag í dreifbýli. Ríkisstjórnin hefur fengið skýrslu frá sérstakri nefnd sem hefur lagt fram ýmsar tillögur til að styrkja dreifbýlisverslunina. Mér finnst að mörgu leyti skynsamlegra að skoða þær tillögur ýmsar og við erum reiðubúnir að framkvæma margar af þeim frekar en að fara að gera almenna breytingu fyrir allt viðskiptalífið í landinu til þess að ná fram sérstakri styrkingu fyrir dreifbýlisverslunina.

Virðulegi forseti. Ég veit að það væri vissulega efni til þess að hafa um þetta lengra mál, en ég vildi þó víkja að nokkrum þeirra atriða, þeim stærstu tel ég vera, sem fram hafa komið hér í ræðum einstakra þingmanna.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ræða hæstv. fjmrh. veldur mér vonbrigðum. Í fyrsta lagi var yfirlýsing hans varðandi sveitarfélögin ekki nógu afdráttarlaus. Ég hafði vænst þess að hann mundi lýsa því hér yfir að hann mundi ekki geta sætt sig við það að skattkerfisbreytingin kæmi þannig út að hún upphæfi með öllu þann árangur sem við þóttumst hafa náð hér í þinginu á sl. vori með því að samþykkja ný lög um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hafði búist við því að hann mundi lýsa því hér yfir að hann mundi beita sér fyrir þeim breytingum á framkvæmd virðisaukaskattsins á næsta ári að sveitarfélögin mundu halda sínum hlut.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í minni ræðu minntist ég á mikla framkvæmd sem verið er að ráðast hér í á Reykjavíkursvæðinu upp á 2 milljarða vegna skolplagnar. Auðvitað er það fáránlegt að ríkið skuli taka til sín hálfan milljarð af framkvæmd eins og þessari og vék ég sérstaklega í því sambandi að ýmsum þeim skyldaframkvæmdum á vegum sveitarfélaga sem lúta að heilbrigðis- og mengunarmálum og hafði vænst þess að hæstv. ráðherra mundi taka undir sjónarmið mín í þeim efnum.

Í öðru lagi fundust mér mjög ófullnægjandi þau orð sem hann lét falla í sambandi við greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli varðandi svo fjárfreka þætti eins og veiðarfæri og olíu, brennsluolíu fyrir fiskiskipaflotann sem hvort tveggja eru rekstrarvörur undirstöðuútflutningsatvinnuvegar okkar, sjávarútvegsins, og get satt að segja ekki skilið hvernig á því megi standa að hæstv. ráðherra getur ekki fallist á að hið sama eigi að gilda um veiðarfæri eins og brennsluolíu, að nokkur greiðslufrestur sé liðinn. Ég gagnrýndi áður að greiðslufrestur á brennsluolíu er svo skammur, aðeins tveir mánuðir, þegar fyrir liggur að olíufélögin liggja með birgðir í þrjá og hálfan mánuð að jafnaði vegna öryggissjónarmiða m.a. Ég get tekið sem dæmi að nú kom ís mjög nærri landinu. Hann var kominn mjög austarlega nú fyrir skömmu sem auðvitað undirstrikar nauðsyn þess yfir veturinn að á þessum þekktu hafíssvæðum séu meiri olíubirgðir heldur en yfir hásumartímann og þá er ekki eðlilegt að birgðahald af því tagi verði að tekjupósti fyrir ríkissjóð sem auðvitað hlýtur að leggjast á aðra olíusölu í landinu.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að undirstrika fleiri atriði í máli mínu nú. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það er kominn jólahugur í menn. Menn hafa nógu að sinna heima hjá sér og af þeim sökum verður umræðan hér í deildinni styttri en ella mundi. Samt sem áður lít ég svo á að hæstv. fjmrh. eigi að svara betur þeirri aðfinningu sem fram hefur komið hér í umræðunni í dag og þá vil ég sérstaklega víkja að einu atriði til viðbótar. Ég hélt því fram í minni ræðu að ákvæði frv. um niðurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna matvæla væri alveg afdráttarlaus og að skilningur ráðherrans á þeirri grein væri rangur. Ég vil ítreka þessa skoðun. Mér þótti satt að segja illt að ráðherrann skyldi ekki gera grein fyrir sínum sjónarmiðum varðandi það atriði, en vænti þess að hann muni búa sig betur undir þá umræðu þegar málið kemur til Nd.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt. Mig langar til þess að inna hæstv. fjmrh. frekar eftir því sem lýtur að gjaldfresti í tolli. Ég óttast að verði það ekki framkvæmt, þá hafi það í för með sér verðhækkanir sem bitna á þeim sem síst skyldi. Í öðru lagi óttast ég líka, verði þetta ekki gert, að það kunni að bitna á verslun í dreifbýli.

Ég held að það væri mjög gott og ég vildi óska eftir því við hæstv. fjmrh. að hann geri betur grein fyrir sínum viðhorfum og hvað hann hyggst gera í þessum efnum heldur en kom fram hér áðan, hann vék að þessu, því að ég tel þetta nokkuð stórt mál. Ef það fer fram með þessum hætti þá sýnist mér að það geti orðið mikill skaðvaldur hér á næsta ári. Ég vildi því mjög gjarnan óska eftir því við hæstv. ráðherra að hann gæfi hér yfirlýsingu um það að ef til þess kæmi að þetta leiddi til verðhækkana og ylli því að verslanir í dreifbýli gyldu þessa, þá yrði því breytt ef hann hyggst framkvæma þetta með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir. Ég vildi hins vegar miklu frekar að hann lýsti því hér yfir að þetta yrði ekki gert á þann hátt sem verið er um að tala, þannig að þetta yrði veitt.

Kannski fer ég fram á allt of mikið, hæstv. ráðherra. Ég er yfirleitt mjög lítilþægur maður en vil samt draga hér fram þetta þó að mér sé líka ljóst að það eru ótal atriði, ótal spurningar sem ekki er svarað í hugsanlegri framkvæmd á þessu frv. vegna þessara breytinga og ég hef trúlega ekki svör við einu eða neinu í þeim efnum. En mér sýnist að þetta geti stefnt í óefni ef ekki verður tekið af skarið með það að þessi breyting valdi ekki verðhækkunum og hún leiði ekki til þess að verslanir í dreifbýli beri skarðan hlut frá borði. Nógu illa eru þær settar fyrir. Ég vil mjög gjarnan að hæstv. ráðherra gefi yfirlýsingu hér við þessa umræðu hvernig hann hyggst breyta í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það væri vissulega gagnlegt að fara yfir þetta mál ítarlega hér því að við höfum unnið mikið að athugun þessa máls á undanförnum mánuðum. Ég vil þó aðeins stikla hér á örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að staða verslunarinnar styrkist á ýmsan hátt við tilkomu virðisaukaskattsins og sérstaklega mun smásöluverslunin standa betur eftir upptöku virðisaukaskattsins en hún gerir í dag. Skýringin felst í því að það verður minni fjárbinding hjá smásöluversluninni í virðisaukaskattinum heldur en í söluskattinum. Ástæðan er sú að fyrirtæki í smásöluverslun, eins og reyndar önnur fyrirtæki, fá nú frádreginn þann virðisaukaskatt, sem þau greiða af margvíslegum aðföngum og rekstrarkostnaði, sem áður bar söluskatt og verslunarfyrirtækin báru þess vegna algjörlega hjá sér.

Við vitum það vel, og ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason er því vel kunnugur, að dreifbýlisverslunin hefur borið hærri kostnaðarhlut af slíkum þáttum heldur en smásöluverslun hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna mun þessi eðlisþáttur virðisaukaskattsins koma dreifbýlisversluninni enn meir til góða heldur en öðrum verslunarfyrirtækjum. Frádráttur hennar verður hærri og meiri því að margvíslegir aðrir kostnaðarþættir lögðust ofan á það sem söluskatturinn síðan bættist við í því kerfi sem við búum nú við hjá smásöluverslunum. Þetta tel ég nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar menn eru að reyna að meta áhrif virðisaukaskattsins í heild á stöðu þessara verslunarfyrirtækja þó að það sé í sjálfu sér óskylt mál greiðslufrestinum. En afleiðingar þessa verða þær að rekstrarstaða og afkoman hjá smásöluversluninni, sérstaklega í dreifbýli, verður vegna þessa munar á virðisaukaskattinum og söluskattinum hagstæðari en áður. Mjög ítarleg athugun hefur farið fram á þessum þætti, m.a. af sérstökum sérfræðingi sem kaupmannasamtökin réðu til sín er kannaði þennan þátt mjög rækilega.

Greiðslufresturinn, sem hér hefur nokkuð verið rætt um, hefur fyrst og fremst áhrif á afkomu heildverslunarinnar, ekki smásöluverslunarinnar og að vísu hugsanlega þeirra fyrirtækja sem eru í blandaðri smásölu og heildsölu. Um þetta atriði hefur líka verið fjallað allítarlega og sjálfstæð athugun sem sérfræðingar kaupmannasamtakanna og Verslunarráðsins framkvæmdu og athugun sem sérfræðingar fjmrn. framkvæmdu leiddu það báðar í ljós að áhrif greiðslufrestsins voru algjörlega háð því hvað viðkomandi verslunarfyrirtæki veittu viðskiptavinum sínum langan gjaldfrest. Við vitum að í íslenskri verslun hefur það verið nokkuð mikið vandamál að heildsölufyrirtæki hafa veitt smásölufyrirtækjum nokkuð langan gjaldfrest. Það hefur leitt til þess, sérstaklega þegar óstöðugleiki ríkir í verslunarrekstri og mikið er um það að verslunarfyrirtæki, sérstaklega smærri verslunarfyrirtæki verði gjaldþrota, að heildverslanirnar hafa tapað miklum fjármunum. Þess vegna hefur verið nokkuð rík tilhneiging til þess að stytta þessa greiðslufresti. Ég vek athygli t.d. á því að í Danmörku, sem menn víkja nú oft að í þessari umræðu, eru það fjórar til fimm stórar heildverslanir sem þjóna allri smásöluverslun í matvælum í Danmörku og þær veita ekki greiðslufrest.

Athugunin leiddi það hins vegar í ljós að ef greiðslufresturinn er styttri en 45 dagar, þá beinlínis verður fjárhagsstaða bæði heildsöluverslananna og smásöluverslananna það hagstæð að heildaráhrifin á verðlagið eru engin, jafnvel beinlínis til lækkunar á verðlagi. Ef aftur á móti sá greiðslufrestur sem heildsalar veita smásölunni er lengri en 45 dagar, þá verða áhrifin til einhverrar hækkunar, þó þannig að hún var metin í kringum 0,5–1% miðað við kringum tveggja mánaða greiðslufrest heildsöluverslunar til smásöluverslunar.

Þessar athuganir finnst mér sýna það að ekki séu sterk efnisrök fyrir því að þessi breyting muni leiða til verðhækkana og hún mun þar að auki styrkja rekstrarstöðu dreifbýlisverslunar umfram rekstrarstöðu verslunarfyrirtækja hér á höfuðborgarsvæðinu. Þau fyrirtæki, sem þetta atriði kann að vera neikvæðast

fyrir, eru sérstaklega smærri heildsölufyrirtæki sem byggja mikið á því að flytja inn litla vöruskammta og eru ekki mjög umsvifamikil. En stærri heildsölufyrirtæki eða fyrirtæki eins og stóru matvælaverslanafyrirtækin hér á höfuðborgarsvæðinu sem eru í senn innflutningsaðilar og smásöluaðilar munu ekki þurfa að bregðast með neikvæðum hætti við þessu atriði.

Ástæðan fyrir því að þetta kemur hins vegar öðruvísi út fyrir iðnaðinn og að það er enn mikilvægara fyrir iðnaðinn að fá þessa greiðslufresti í tolli, er eins og við vitum að það tekur mun lengri tíma fyrir iðnaðinn að vinna úr sínu hráefni. Framleiðsluferillinn og söluferillinn tekur yfir lengri tíma og þess vegna er það mun brýnna fyrir iðnaðinn að fá greiðslufrest í tolli.

Hins vegar munum við fylgjast mjög náið með þessu atriði og skoða það og, eins og hér kom fram í nál. meiri hl., huga að frekari breytingum varðandi þessa greiðslufresti en þegar hafa verið ákveðnir. En að lokinni þessari athugun finnst mér ekki ástæða til að óttast það að þetta leiði til verðhækkana og ég hef sérstaklega fært að því rök hér hvernig virðisaukaskatturinn í heild sinni muni vera til bóta verslunarfyrirtækjum í dreifbýli sem hafa haft hlutfallslega hærri kostnaðarliði sem nú koma til frádráttar en smásöluverslunin á þéttbýlissvæðunum.

Ég vona að þetta veiti nokkra innsýn í þetta mál þótt vissulega hefði verið efni til þess að fjalla um það á lengri tíma.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Í svari sínu gaf hæstv. fjmrh. tilefni til þess að ég stæði upp vegna þess að mér virðist hann tala út frá þeirri forsendu fyrst og fremst að hér muni rísa upp í framtíðinni stór verslunarfyrirtæki eins og í Danmörku þannig að það verði fjórar til fimm stórar heildverslanir. Hann mun eiga þar við heildverslanir á sviði matvæladreifingar.

En það vill nú svo til að það er verslað með fleira en bara matvæli á Íslandi. Ég hef því miður ekki við höndina hver er veltuhraðinn í sölu matvæla hér á Íslandi, þ.e. annars vegar hjá heildsölu og hins vegar hjá smásölu, en ég tók eftir því að þegar hæstv. ráðherra talaði um greiðslufrest þá talaði hann um greiðslufrest miðað við 45 daga annars vegar, þ.e. stuttan greiðslufrest að hans mati, og svo lengri, þ.e. 45 daga og meira, hins vegar. Og hann vildi meta það þannig að þar sem um væri að ræða greiðslufrest sem væri 45 dagar og meir, þá gæti þetta haft óhagkvæm áhrif, frá 0,5–1%. En inn í þetta kemur auðvitað það atriði, hæstv. ráðherra, sem lýtur að veltuhraða. Þótt maður sé bæði heildsali og smásali í senn, þá er það meginatriði í þessu öllu saman hver veltuhraðinn er í sambandi við þá vörusölu sem við erum að tala um. Og ég er hræddur um að hún sé með þeim hætti í íslenskri verslun í dag að veltuhraðinn sé ekki eins og skyldi miðað við þær forsendur sem hið opinbera gefur sér í þeirri skattheimtu sem á að eiga sér stað í gegnum virðisaukaskattskerfið.

Það er því skoðun mín og spá að ekki aðeins þau fyrirtæki sem hér eru þolendur muni eiga í erfiðleikum og muni þurfa að leita út á fjármálamarkaðinn eftir viðbótarlánum til þess að geta mætt virðisaukaskattheimtunni án greiðslufrests, sem auðvitað hefur í för með sér aukinn kostnað sem nemur þeim kostnaði sem er á fjármagninu, heldur muni það einnig koma í ljós að þegar ríkisvaldið ætlar nú að fara að innheimta þetta, þá muni það reynast örðugt. Þess vegna óttast ég það fyrir hönd þeirra sem bera ábyrgð á þessu kerfi sem virðisaukaskattskerfið er að í þeirri kreppu, þeirri lægð sem íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf er í dag muni reynast erfitt að innheimta þennan skatt á fyrstu mánuðum næsta árs ef ekki allt árið. Ég er stórefins í því að þetta kerfi muni skila þeim tekjum sem ríkisvaldið gerir sér væntingar um.

Mér hafa sagt þeir menn — ég veit ekki hvort á að kalla þá sérfræðinga (Gripið fram í.) þessa menn sem verið er að vísa til og hæstv. ráðherra gerði hér áðan. Hvort þetta eru sérfræðingar eða ekki, það ætla ég ekki að leggja mat á. Ég mundi frekar segja að þetta væru kunnáttumenn um þessi atriði sem við erum að fjalla um. — Mér hafa sagt kunnugir menn í verslun að þessi kerfisbreyting muni hugsanlega útheimta það að verslunin í heild þurfi að útvega sér til viðbótar 4–5 þús. millj. kr. til þess að geta raunverulega haldið áfram með svipuðum hætti og hún er rekin í dag og til þess að geta mætt breyttri stöðu vegna þessa kerfis. Ef það er rétt að verslunin þurfi að útvega sér 4–5 milljarða kr. til þess að geta haldið áfram í eðlilegum rekstri, þá er þarna um gífurlegan fjármagnskostnað að ræða sem hlýtur að hafa verðhækkanir í för með sér. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það mun gerast í flestum greinum verslunar vegna þess að veltuhraðinn er ekki eins mikill í íslenskri verslun og þessir svokölluðu sérfræðingar hins opinbera gefa sér í þessum útreikningum.

Ég vil svo segja það, virðulegi forseti, að ég vona það að ég upplifi ekki þann dag að það verði aðeins fjórir eða fimm stórir heildsalar á Íslandi. Ég segi: Guð hjálpi þá íslenskum neytendum. Þá erum við komnir í það kerfi þar sem þessir fjórir til fimm stóru geta notfært sér fámennisvald til þess að haga verðlagningu eftir því sem hentar þeim. Þetta kannast nú hæstv. fjmrh. vel við. Það var hér umræða um það og hann taldi fámennisvald á hvaða sviði sem væri mjög óæskilegt. (**Fjmrh.:** Já.) Hann segir já, hann tekur undir það að ef á að þróa íslenska verslun þannig að hér verði fjórir til fimm stórir heildsalar í sölu og dreifingu á matvælum sé það hið versta mál.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ekki var það mín ætlan að fara að setja hér á neinar lengri umræður. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann fór hér yfir í seinni ræðunni.

Ég hef aldrei verið sérstaklega trúaður á sérfræðinga eða þeirra speki. Brjóstvitið er nú best, hæstv. fjmrh., og þekkingin í lífinu er sú besta sem menn geta, held ég, tileinkað sér. Og hverju sem menn spá, þá óttast ég þetta og ég held, hæstv. ráðherra, að ef

þetta er rétt sem sérfræðingarnir segja, að þetta muni ekki gerast, menn þurfi ekki að hafa ótta af þessu, er þá ekki hægt að segja hér úr ræðustól, hæstv. ráðherra, að komi þetta til, komi til þess að vöruverð hækki vegna þess að það er ekki veittur gjaldfrestur í tolli og að verslun í dreifbýli skaðist við það, er þá ekki hægt að lýsa því yfir hér við umræðu að þá verði gripið í taumana?

Það ætti að vera hægt ef menn eru sannfærðir um að þetta gerist ekki, það er kannski verra að gera það ef menn óttast að hlutirnir komi til. Og ég er einn af þeim sem óttast að þetta kunni að gerast. Ég vil ekki vera með neinar fullyrðingar, ég þekki þetta ekki nógu vel, ég vil ekki vera með neinar hrakspár. Þetta óttast ég og þó að hæstv. ráðherra hafi að mínu viti í seinni ræðunni svona ýjað að þessu, að þetta yrði skoðað, athugað. (**Fjmrh.:** Ég meira en ýjaði að því. Ég sagði að þetta yrði skoðað.) Nú, þá tek ég ræðu hæstv. ráðherra á þann veg að ekki komi til greina að þetta verði gert. Það verði ekki látið yfir ganga að verðhækkanir eigi sér stað vegna þessa og að dreifbýlisverslun skaðist vegna þessa. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra getur haft ástandið eins og það er. Hann getur veitt undanþágur. Það er á valdi stjórnvalda hverju sinni. Það er búið að veita eina fyrir iðnaðinn. Það er líka hægt að veita aðra. Ég tek þá ræðu hæstv. ráðherra á þann veg að hann ætli sér að grípa inn í ef til þessa kemur. Hans svar sé það hér á Alþingi að hann muni beita þá teygjureglustiku til að grípa inn í þessa tvo þætti ef þetta leiðir til þess sem ég er hér að tala um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 333 kallaðar aftur til 3. umr.
Brtt. 322,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 326,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 326,2 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HBl, EgJ, EKJ, GHG.
nei: HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, SkA, SvG, EG, GuðmÁ, JHelg.
DS, GA greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (MF, SalÞ, StG, JGS, ÞK) fjarstaddir.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu):*

Herra forseti. Þar sem nú liggur fyrir að meiri hl. þingdeildarinnar hefur hafnað því að virðisaukaskatturinn verði í tveim þrepum eru þær brtt. aðrar sem lúta að því sjálffallnar, þ.e. 6.–9. tölul. og 17.b.

Brtt. 326,3.a felld með 10:4 atkv.
Brtt. 326,3.b samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 326,3.c felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EKJ, GHG, HBl, EgJ.
nei: GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, SkA, SvG, EG, JHelg.
GA, DS greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (MF, SalÞ, StG, JGS, ÞK) fjarstaddir.
Brtt. 322,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 326,4–5 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 326,6 kom ekki til atkvæða.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 326,7 kom ekki til atkvæða.
7. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 326,8 kom ekki til atkvæða.
8. gr. samþ. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, SkA, SvG, JHelg.
nei: DS, EgJ, EKJ, GHG, GA, HBl.
5 þm. (ÞK, MF, SalÞ, StG, JGS) voru fjarstaddir.
Brtt. 326,9 kom ekki til atkvæða.
9. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 326,10 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EgJ, EKJ, GHG, HBl.
nei: SkA, SvG, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, JHelg.
DS, GA greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (StG, JGS, ÞK, MF, SalÞ) fjarstaddir.
10. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 326,11 felld með 10:4 atkv.
11. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 326,12 felld með 10:6 atkv.
Brtt. 326,13 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: DS, EgJ, EKJ, GHG, GA, HBl.
nei: EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, SvG, JHelg.
SkA greiddi ekki atkvæði.
5 þm. (ÞK, MF, SalÞ, StG, JGS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessi atkvæðagreiðsla er um rétt skattaðila hér í þjóðfélaginu sem eiga í deilum við ríkisvaldið um það hversu háan skatt þeim ber að greiða. Í þessari grein er kveðið á um það að óheimilt sé að stöðva atvinnurekstur ef deila um skattskyldu eða skattstofn sé til meðferðar hjá ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum og skattaðila verði ekki gefin sök á töfum á efnisúrlausn deilunnar. Þetta eru sjálfsögð mannréttindi og raunar ein af forsendum þess að við getum kallað Ísland réttarríki. Það mun vissulega vekja athygli hvaða menn greiða atkvæði gegn þessari brtt. Ég segi já.

12. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 326,14 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: DS, EgJ, EKJ, GHG, GA, HBl.
nei: SkA, SvG, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, JHelg.
5 þm. (StG, JGS, ÞK, MF, SalÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég vísa til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. hér áðan í umræðunum, treysti á að það standist sem þar var sagt og segi því nei.

Brtt. 326,15.a kölluð aftur.
Brtt. 326,15.b felld með 10:4 atkv.
Brtt. 326,15.c felld með 10:4 atkv.
Brtt. 326,15.d felld með 10:6 atkv.
Brtt. 322,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10:6 atkv.
14.–15. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 326,16 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, EgJ, EKJ, GHG, GA, HBl.

nei: KSG, KP, SkA, SvG, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, JHelg.

5 þm. (MF, SalÞ, StG, JGS, ÞK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Athugun málsins í fjh.- og viðskn. hefur staðfest að sú fullyrðing formanns Alþfl. í Sþ. er rétt að hæstv. fjmrh. hefur vanrækt undirbúning þess að skattkerfisbreyting geti orðið með sómasamlegum hætti í byrjun næsta árs. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að einstök efnisatriði séu ígrunduð þar sem á annað borð reynir á álitaefni. Og á fundum fjh.- og viðskn. hafa samtök atvinnuvega ekki fengið fullnægjandi svör við þeim spurningum sem fram hafa verið lagðar í mörgum tilvikum.

Ég legg áherslu á að það er nauðsynlegt með þessum hætti að ítreka hversu hættulegt það er að leggja í svo flókna skattkerfisbreytingu sem hér um ræðir án þess að nægilegur undirbúningur sé fyrir hendi. Þessi skoðun hefur verið staðfest í fjh.- og viðskn. af ríkisskattstjóra þegar hann hefur lagt áherslu á að hann muni verja næstu mánuðum — ekki til eftirlits heldur til leiðbeiningar og hefur falist í orðum hans vegna þess að undirbúningur hefur verið ónógur. Ég segi já við þessari tillögu.

16. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 326,17.a kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 326,17.b kom ekki til atkvæða.
Brtt. 326,17.c felld með 10:5 atkv.
17. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

31. fundur, föstudaginn 15. des., að loknum 30. fundi.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 340, brtt. 326,17.a, 333.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þar sem brtt. á þskj. 322 voru samþykktar við 2. umr. reyndi ekki á hvort þingdeild gæti fallist á að viðmiðun í sambandi við endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu manna við endurbætur á íbúðarhúsnæði yrði lækkuð. Í brtt. sem lá fyrir frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. var viðmiðun 3,5% og jafnframt tekinn inn viðhaldskostnaður.

Í ræðu minni í dag innti ég hæstv. fjmrh. eftir því hvaða skoðun hann hefði á því hvort eðlilegt væri að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna sem ynnu að meiri háttar viðhaldi á húseignum sem gæti skipt hundruðum þúsunda og fékk að sjálfsögðu ekki svar við því, enda kom hann ekki hér upp í stólinn við 2. umr. til þess að svara þeim fyrirspurnum sem einstakir þingmenn beindu til hans nema þegar honum sýndist. En það liggur fyrir að viðmiðunin er svo há og þröng að stjórnarmeirihlutinn gengur fram vitandi vits með opin augun og vill með sínum tillöguflutningi stuðla að því að svört vinna verði almennari hér á landi en verið hefur, vill stuðla að undandrætti frá skatti með tillögu sinni sem er þvert ofan í þann opinbera tilgang sem hæstv. fjmrh. þykist hafa með sinni stjórn á fjármálum ríkisins. (Gripið fram í.) Það er augljóst að almenningur mun ekki sætta sig við það að 24,5% skattur verði nú skyndilega lagður á vinnu þess fólks sem vinnur við endurbætur á híbýlum manna. Fólk mun ekki taka þennan skatt á sig. Fólk mun neita þessu. Og það mun koma fram í því að það verður meira af svokallaðri svartri vinnu hér á landi.

Þetta er auðvitað mjög dapurlegt vegna þess að samtök byggingarmanna hafa lagt á það þunga og ríka áherslu á undanförnum árum að reyna að lagfæra löggjöfina þannig að dragi úr slíkri vinnu. Þeir hafa rökstutt mál sitt mjög glöggum rökum og skýrum og enginn vafi er á því að hæstv. fjmrh. fellst á það sjónarmið mitt að viðmiðunin sé það há að hún stuðli að svartri vinnu. Enginn vafi á því. Það er enginn vafi á því að hann veit að sú breyting að leggja virðisaukaskatt á viðhaldsvinnu í heimahúsum dregur úr því að slík vinna komi fram.

Við í 1. minni hl. gerum litla tilraun til að lækka viðmiðunina, leggjum til að miðað verði við 3,5% og það séu ekki aðeins endurbætur heldur einnig við-

hald sem megi felast í þessari fjárhæð, viðhald eins og að skipta um glugga, viðhald eins og að setja parket á gólf, viðhald eins og að skipta um eldhúsinnréttingu, viðhald eins og að skipta um þak ef nauðsyn krefur, viðhald eins og t.d. að gera ráðstafanir til þess að hús séu betur einangruð og fari betur með fólk o.s.frv., að öll slík vinna verði tekin inn í viðmiðunina. Ég vildi gjarnan fá að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefur um þetta að segja.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Sú viðmiðun sem lögð er til í frv. er sú sama sem notuð hefur verið í annarri skattalöggjöf og er einnig sú sama og lánveitingar Húsnæðisstofnunar hafa miðast við. Það var talið eðlilegt að þegar þessu væri ýtt úr vör væri notuð sú sama viðmiðunartala og fest hefur í sessi á öðrum sviðum.

Ég á nú ekki von á því að þetta leiði til svartrar vinnu. Þvert á móti held ég að sú þróun sé í okkar þjóðfélagi að menn safni viðgerðum og viðhaldi saman á sínu húsnæði í stærri áfanga til þess að fá verkin betur unnin og geta þá tekið meira í gegn. Áður fyrr var það hins vegar þannig að menn voru meira í smærri viðgerðum en húsakostur þjóðarinnar er nú orðinn eldri af eðlilegri ástæðu og þess vegna verða viðgerðirnar stærri og umfangsmeiri nú á næstu árum en þær voru áður fyrr.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. fjmrh. talaði um viðhald í sinni ræðu hér áðan þegar hann var að réttlæta sína grein. En greinin er afdráttarlaus um það að viðhald fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

Ég man ekki hvort í tekjuskattslögum nú sé miðað við 7% endurbætur í sambandi við vaxtafrádrátt. Mér er nær að halda að svo sé ekki. Ég held að engin slík heimild sé fyrir hendi og vildi gjarnan fá upplýsingar um það hvaða skattalög hæstv. fjmrh. á við með 7% viðmiðun. Hvaða skattalög eru það? Ég vildi fá það upplýst hér við umræðuna.

Hitt er auðvitað algjörlega út í bláinn að halda því fram að þetta eigi eitthvað skylt við lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins. Það er auðvitað óeðlilegt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til minni háttar viðhaldsverkefna. Það er auðvitað ekki samkvæmt tilgangi sjóðsins og því eðlilegt að hafa viðmiðun tiltölulega háa þegar um það er að ræða. En hér er allt annað á ferðinni.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. muni beita sér gegn því að nokkur leiðrétting fáist á þessari grein þó svo að hann hafi mismælt sig hér í ræðunni áðan og fundist í augnablikinu sjálfsagt að þessi endurgreiðsla næði einnig til viðhalds á gömulum húsum. En það er alls ekki meiningin. Eðlilegt viðhald á gömlum húsum fellur ekki undir þessa grein samkvæmt skilningi ríkisskattstjóra og laganna bókstaf. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á þessu loksins þegar hann bar sig til við að reyna að svara hér úr stólnum.

Ég legg hér fram skriflega brtt. sem ég óska eftir að komi til atkvæða.

Forseti (Jón Helgason):

Það hefur verið lögð fram skrifleg brtt. sem þarf að leita afbrigða fyrir. Hún hljóðar svo:

„Við 13. gr., a-lið (ný 42. gr.). 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við viðhald eða endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 3,5% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 341, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt út af þeirri brtt. sem hér hefur verið lögð fram. Það er rétt sem fram kemur í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. að auðvitað á að reyna eftir mætti að stemma stigu við svartri atvinnustarfsemi. Spurningin er einungis sú þegar um slíkt er að ræða og það mál sem hér hefur verið til umræðu, hvar mörkin eigi að liggja. Eiga þau að liggja í 5%, 7% eða 10%? Hvenær á að endurgreiða? Ég er nú kominn á þá skoðun að það verði að vera um verulegar viðgerðir að ræða svo að þeirri reglu sem í virðisaukaskattslögunum er verði framfylgt. En það má eflaust deila um þetta eins og margt annað. (**HBl:** Það eru ekki viðgerðir, það eru endurbætur.)

En aðalástæðan fyrir því að ég kom hér upp er sú að þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir atkvæði sínu hér áðan við 2. umr., þá fannst mér hann ráðast að ríkisskattstjóra og halda því fram að undirbúningur allur væri illa á veg kominn. Ég held þvert á móti að embætti ríkisskattstjóra hafi unnið þrekvirki á þeim tíma sem liðinn er frá því að lögin voru samþykkt og fundið leiðir til þess að framfylgja þessum skatti sem við megum vera — kannski ekki stolt af en sem falla vel að íslensku þjóðfélagi. Og það er ekki honum eða embættismönnum í fjmrn. að kenna að ýmislegt hefur farið aflaga heldur frekar okkur þingmönnunum að komast ekki að niðurstöðu á réttum tíma um hvaða ákvarðanir skyldi taka.

Það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði og rangtúlkaði orð ríkisskattstjóra, um það að skatteftirlitið ætti að vera í upphafi næsta árs til þess að leiðbeina en ekki til þess að gagnrýna, verður ekki túlkað þannig að ríkisskattstjóri líti þannig á að hann hafi undirbúið málið illa, heldur er þetta nauðsynlegt til þess að hjálpa aðilum sem eru ekki komnir almennilega inn í kerfið, aðstoða þá í bókhaldi og framtölum. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram. Ég vil einnig lýsa því yfir hér að ríkisskattstjóri og tveir starfsmenn hans sátu með nefndinni í langan tíma og greiddu vel úr þeim spurningum sem fyrir þá voru lagðar. Vil ég lýsa mikilli ánægju með störf þeirra í nefndinni og hve greiðlega gekk að finna og fá gögn frá þeirri stofnun.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð vegna þess að ég vék ítarlega að þessu máli í minni ræðu áðan. Þetta mál er e.t.v. tvíþætt. Í fyrsta lagi er einungis um endurgreiðslu að ræða af endurbótum, ekki af viðgerðum og það er einungis um að ræða endurgreiðslu af kostnaði við vinnu, ekki af efniskostnaði.

Það kom fram í umræðum í nefndinni að algengt fasteignamat á Reykjavíkursvæðinu eru 9–10 millj. á einbýlishúsum. Það kom líka fram í nefndinni að um væri að ræða viðgerðarkostnað fyrir vinnu sem næmi frá 500 og upp í 800 þús. kr. Það kom fram hjá iðnaðarmönnum og fulltrúum byggingariðnaðarins *sem sóttu fund nefndarinnar að slíkar stórviðgerðir* væru fremur fátíðar þannig að mjög fáir ættu í raun kröfu á endurgreiðslu vegna slíkra endurbóta.

Síðan kemur hinn þáttur málsins. Hann er sá að fulltrúum byggingariðnaðarins fannst að þetta fyrirkomulag mundi bjóða upp á svarta vinnu. Sá frumskógur sem fylgir því að reyna að skilgreina og skilja á milli endurbóta annars vegar og viðgerða hins vegar er illur viðureignar. Það væri næstum því ógerlegt að gera slíkt. Nokkur dæmi voru tekin í nefndinni sem gáfu glöggt til kynna hversu erfitt þetta hlýtur að vera. Þeir töldu það víst að þetta mundi reka þessa starfsemi hiklaust yfir í svokallaðan svartan vinnumarkað sem þýðir auðvitað að hæstv. fjmrh. fær ekki skatta af þessari vinnu af því að hún verður falin. Í þessu liggur vandinn aðallega og ég tók einmitt mjög vel fram tölur og dæmi í mínu máli hér áðan. Þetta er raunverulegur vandi. Hins vegar er allt annað mál hvort stjórnvöld kjósa að horfast í augu við hann eða ekki. Ég hélt að hæstv. fjmrh. væri ekki síst að leggja fram þetta frv. til þess að geta tryggt sér örugga skattheimtu, skilvirka hét hún einu sinni. Hvort hún er einföld eða réttlát, það er allt annað mál.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég man ekki þingsköp alveg. Hef ég ekki sem frsm. fyrir nefnd heimild til að tala þrisvar? Ég man það ekki. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að sé það rétt skilið hjá hv. 5. þm. Reykv. að ég hafi sagt að ríkisskattstjóri hafi unnið illa, þá hef ég sagt annað en ég hugsaði. Það var ekki mín meining. Mín meining var að leggja áherslu á að ríkisskattstjóri hefði fundið til þess að geta ekki svarað spurningum frá fulltrúum atvinnuveganna vegna þess að svörin lágu ekki fyrir. Svo einfalt er málið. Og augljósast var þetta að sjálfsögðu þegar við áttum fund með fulltrúum sveitarstjórnarmanna eins og raunar kom glöggt fram í orðum fjmrh. sjálfs hér fyrr í dag því að hann svaraði nánast engu um þau álitaefni sem uppi eru milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélganna. Og slík álitamál voru miklu, miklu fleiri. Hins vegar hafa starfsmenn ríkisskattstjóra og starfsmenn fjmrn. auðvitað lagt sig fram og ég efast ekki um að vilji þeirra standi til þess að framkvæmd laganna verði eins og best verður á kosið.

Alþt. 1989. B. (112. löggjafarþing).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 333,1 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, GHG, GA, DS.

nei: EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, SkA, SvG, JHelg.

EgJ, HBl greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (MF, SalÞ, StG, JGS, ÞK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Við kvennalistakonur vöruðum sérstaklega við hugmyndum um skatt á matvæli fyrir fjórum til fimm árum þegar virðisaukaskattur var til umræðu hér í þinginu. Við mótmæltum harðlega þegar 10% matarskattur var lagður á sumarið 1987 og við börðumst ákaft gegn því þegar hann var svo hækkaður upp í 22% um áramótin 1987–1988 og reyndum til hins ýtrasta ásamt öðrum að koma í veg fyrir þennan óréttláta skatt. Að okkar mati er um aðgerð að ræða sem sannanlega vegur illilega að afkomu heimilanna, einkum þeirra fjölskyldna sem hafa lægstar tekjur og eiga flest börn. Það er óverjandi að skattleggja nauðþurftir eins og matvæli og því segi ég já.

Brtt. 333,2 felld með 10:6 atkv.

Brtt. 341 felld með 10:6 atkv.

Brtt. 326,17.a felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, DS, EgJ, EKJ, GHG, GA.

nei: JE, JúlS, KSG, KP, SkA, SvG, EG, GuðmÁ, HÁ, JHelg.

5 þm. (MF, SalÞ, StG, JGS, ÞK) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið voru margir sem komu til fundar við fjh.- og viðskn. og ýmsir fóru þaðan svona frekar svekktir út, fundu fyrir því að frv. yrði lítið breytt. Þeir sem komu til að spjalla við okkur um þetta málefni bentu reyndar á það að þarna væri æskilegra að hlutirnir væru öðruvísi heldur en lagt er til í frv. En ég tel að þeir hafi ekki farið mjög óánægðir af fundum nefndarinnar fyrir það. Þeir lýstu því yfir að þeir teldu það mikilsvert að skattur af bókum væri felldur niður. Þessi eins mánaðar bið sem er hjá nemendunum er ekki stórkostleg. Ég segi því nei við þessari tillögu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það má vera að það séu enn þá til bjartsýnir menn sem koma á fund hjá hv. fjh.- og viðskn. en það er auðvitað ljóst að kostnaður nemenda vegna bókakaupa er nú þegar óheyrilegur. Hann er mikill baggi á flestum fjölskyldum, ekki síst hjá þeim fjölskyldum sem þurfa að senda börn sín til náms fjarri heimabyggðinni og leggja í allan annan kostnað sem því fylgir. Í þessari grein frv. er fyrst og

fremst gengið út frá hagsmunum kerfisins og ríkiskassans, en hagsmunir fólksins virtir að vettugi. Ég segi því já.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vesturl. að það hafi ráðið úrslitum þegar þessi dagsetning var valin að verið væri að refsa námsmönnum. Það er rangt sem fram kemur að ríkisstjórnin eða við sem myndum meiri hl. í fjh.- og viðskn. séum á einn eða annan hátt að ganga á hlut námsmanna. Ég held þvert á móti að þegar til framtíðar er litið, þá komi einmitt þetta ákvæði til með að styrkja námsmenn og annað hitt að þegar litið er til þess að hingað til og í mörg ár hafa bækur verið með söluskatti, þá er þarna stigið mjög stórt og mikilvægt skref í þágu íslenskrar menningar og einmitt verið að auðvelda þeim sem nám stunda að kaupa námsbækur. Þingmaðurinn segir nei.

Brtt. 333,3 kom ekki til atkvæða.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

24. fundur, föstudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðasjóður Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (þróunardeild og Fiskimálasjóður). — Þskj. 320.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðauka við lög nr. 44 frá 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands. Mál þetta var flutt á hv. Alþingi á sl. vori en náði þá ekki fram að ganga. Nú hefur það fengið meðferð í Ed. Deildin samþykkti samhljóða að mæla með samþykkt þessa máls eftir að gerð var á frv. sú veigamikla breyting að þeirri þróunardeild, sem með þessu frv., ef að lögum verður, verður stofnuð við Fiskveiðasjóð Íslands, eru skapaðir möguleikar til að styrkja rannsóknar- og þróunarverkefni og einnig verkefni á sviði markaðsmála. Deildinni megi leggja til allt að 1% af höfuðstól Fiskveiðasjóðs til styrkja og lána til slíkra verkefna.

Það var einkum þessi þáttur málsins sem varð þess valdandi að mál þetta var allmikið gagnrýnt, en ekki hefur náðst samstaða um að skattleggja sjávarútveginn með t.d. svipuðum hætti og iðnaðurinn er skattlagður með iðnlánasjóðsgjaldi til að nýta í þessu skyni.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður Íslands yfirtaki eignir og skuldbindingar Fiskimálasjóðs sem hefur starfað um áratuga skeið og komið mörgum framfara- og hagsmunamálum sjávarútvegsins í framkvæmd. Með þeim breytingum sem urðu á sjóðakerfinu á sínum tíma þegar útflutningsgjald var lagt niður missti sá sjóður tekjumöguleika sína og hefur þar af leiðandi í reynd verið óstarfhæfur síðan.

Með þessu frv. eru því á ný opnaðir möguleikar til að slíkt starf megi reka. Víða er mikil þörf fyrir það í sjávarútveginum og þó að hér sé vissulega um fjárhæðir að ræða sem skipta ekki sköpum í þeim efnum, þá mun það verða til nokkurs gagns.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það var allmikið rætt hér á síðasta þingi og ég vísa til umræðu og framsögu um það í Ed. Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra var þetta frv. flutt á síðasta þingi og náði ekki fram að ganga. Það var veruleg andstaða við frv., sérstaklega vegna þess að ekki var séð fyrir tekjustofni til þess að annast þau mikilvægu verkefni sem Fiskimálasjóður hefur annast. Ég get sagt það fyrir mitt leyti að ég tel að með þeirri breytingu sem gerð var á frv. í Ed. sé það í raun og veru allt annað og miklu tryggara að hægt sé að sinna þeim verkefnum sem Fiskimálasjóður hefur sinnt á undanförnum áratugum.

Ég hefði að vissu leyti talið betra að framlengja líf Fiskimálasjóðs en þó með þeirri breytingu að afnema algerlega lán sjóðsins til fiskiðnaðar og að hann sinnti þess vegna meira markaðsmálum og tilraunum en ég set það ekkert fyrir mig. Ég hefði talið að mörgu leyti eðlilegra að þingkjörin nefnd stjórnaði þeim málum eins og gert hefur verið með Fiskimálasjóð en ég tel að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. í Ed. sé ekki annað en sjálfsagt að greiða fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (heildarlög). — Þskj. 202.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla sem er í öllum meginatriðum samhljóða núgildandi lögum um sama efni sem voru tímabundin og falla úr gildi um næstu áramót. Þessi lög um uppboðsmarkaði hafa nú verið í gildi í tæplega þrjú ár. Þegar þau voru sett snemma árs 1987 voru skiptar skoðanir um málið og þótti rétt að lögin giltu aðeins tímabundið þannig að af þeim

fengist nokkur reynsla með það í huga að framlengja þau síðar í ljósi reynslunnar. Það verður að telja að þessi nýbreytni hafi gefist vel og stigið hafi verið rétt skref á sínum tíma þegar farið var út á þessa braut.

Mál þetta er hv. deildarmönnum það vel kunnugt með því starfi sem hefur farið fram á þessum mörkuðum sem allir hafa fylgst með að ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að rifja það sérstaklega upp. Ég vildi leggja á það áherslu við sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, að reynt verði að koma því til leiðar að frv. nái fram að ganga fyrir jólaleyfi af þeim ástæðum sem ég áður greindi að lögin falla úr gildi um næstu áramót. Hér er aðeins verið að leggja til að þau verði framlengd en þó án tímamarka í ljósi þeirrar reynslu sem nú er fengin.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Kvennalistinn studdi á sínum tíma að tekinn yrði upp uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla. Það hefur verið fjallað um þetta frv. í Ed. og fulltrúi Kvennalistans í sjútvn. þeirrar deildar studdi frv. Við kvennalistakonur eigum ekki sæti í sjútvn. þessarar deildar en ég vildi lýsa stuðningi mínum við frv. Þó vekur það ýmsar spurningar, eins og t.d. þá að frekar stuttur tími er veittur til leyfis til reksturs.

En það er vegna 2. gr. frv. sem mig langar til að beina fsp. til hæstv. sjútvrh. ef það má trufla hann. Þar er kveðið á um að leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar megi einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum, og fyrsta skilyrðið er að hafa íslenskan ríkisborgararétt og hafa haft fasta búsetu á Íslandi sl. tvö ár. Mér þykir þetta ákvæði mjög eðlilegt, en mig langaði til að spyrja hvort það hafi verið athugað hvort þetta muni samrýmast þeim reglum um evrópskt efnahagssvæði sem nú er talað um að setja og Ísland gerist hugsanlega aðili að. Mig langar sérstaklega til að spyrja að þessu í ljósi þess að íslenska ríkisstjórnin hefur samþykkt að fallast á þær reglur að útlendingar jafnt sem Íslendingar hafi rétt til búsetu og stofnunar fyrirtækja hér á landi. Og þá velti ég því fyrir mér hvort þetta ákvæði í lögum muni halda gagnvart þeim reglum eða hvort við munum þurfa að breyta okkar lögum ef af fyrirætlunum um aðild Íslands að þessu evrópska efnahagssvæði verður. Mig langar til að spyrja ráðherra hvort þetta hafi verið athugað í tengslum við þau mál.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. tel ég, þótt ég vilji nú ekki fullyrða um þetta mál, að í flestum þessum löndum gildi sérstök lög um starfsemi sem þessa þar sem eru sett annars konar skilyrði en um margan annan atvinnurekstur. Þannig að starfsemi sem þessi hefur þar sérstöðu.

Ég vil ekki fullyrða um hvort einhverjar breytingar þurfi að verða þarna á, en það er mín skoðun að ekki komi til greina að slaka á þessum skilyrðum sem ég tel að muni standast í ljósi þess að í hinum löndunum eru jafnframt annars konar skilyrði um uppboðsmarkaði en gilda um atvinnurekstur almennt. Ég lít svo á að að því er varðar samstarf EFTA og Efnahagsbandalagsins og okkar við fríverslunarsvæði í Evrópu, þá sé fyrst og fremst verið að tala um þær reglur sem varða almennan atvinnurekstur en þar séu vissulega undantekningar á eins og um starfsemi sem þessa.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt um það mál sem hér liggur frammi. Þetta frv. til laga um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla er að vísu ekki mikið að umfangi en þetta er mjög mikilvægt mál. Tilkoma uppboðsmarkaðanna hefur breytt hlutum til góðs, sérstaklega hér á Reykjanessvæðinu. Ég nefni markaðinn á Suðurnesjum, ég nefni markaðinn í Hafnarfirði og ég nefni markaðinn hér í Reykjavík. Ég er því mjög fylgjandi að þetta mál fái fljóta og góða afgreiðslu og fagna því að það skuli fram komið þó það hefði mátt koma hér fyrr fram.

Sú reynsla sem er þegar af þessum mörkuðum er til góðs og hefur sýnt sig að aukinn áhugi hefur verið á að nýta sér þessa möguleika í sölu á afla og hefur gefið sjómönnum og útgerðarmönnum hærra verð en þeir fengju annars. Jafnframt hefur oft og tíðum verið hagstæðara að selja fisk hér innan lands en á erlendum mörkuðum beint. Ég fagna því þessu frv. og mun styðja þetta í meðferð nefndarinnar þegar það kemur þangað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

25. fundur, föstudaginn 15. des., kl. 3 síðdegis.

Stimpilgjald, 2. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 21, n. 327, brtt. 328.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er fyrirliggjandi á þskj. 327 álit fjh.- og viðskn. um 21. mál þingsins, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 36/1978.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund um málið Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, og Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjmrn. Mælir nefndin með samþykkt frv. með

breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Breytingin varðar gildistökuákvæði frv. Hér er um að ræða þmfrv. frá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, Alexander Stefánssyni og Ólafi Þórðarsyni um að stimpilgjald af hlutabréfum sem nú er 2% verði eftir að þessi lög öðlast gildi 0,5% af fjárhæð bréfanna. Gildistökuákvæði breytum við og leggjum til að lögin öðlist gildi hinn 1. jan. 1990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 328 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjármögnun útgjalda og verðbætur). — Þskj. 258, n. 329.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Hér er einnig um samkomulagsmál að ræða í fjh.- og viðskn. deildarinnar sem leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir það rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, 2. umr.

Stjfrv., 52. mál (sáttatilraunir). — Þskj. 52, n. 330.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson:
Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar á fundi sínum í morgun og leggur einróma til að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

Guðrún Helgadóttir:
Hæstv. forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í deildinni vakti ég athygli á því að mér kæmi það kynduglega fyrir sjónir að bæjarfógetar, sýslumenn, yfirborgardómarar og borgardómarinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hefðu sérstaka hæfileika til að tala milli hjóna sem stæðu frammi fyrir þeirri alvarlegu ákvörðun að leysa upp heimili sitt. Ég harma að nefndin hefur ekkert tillit tekið til þessara athugasemda. Mér finnst þetta í stuttu máli fáránlegt. Hér held ég að hefði átt að vísa fólki fremur til kunnáttumanna, svo sem félagsráðgjafa og annarra slíkra. Fólk getur haft tilfinningaleg tengsl til sóknarprests síns, en mér þykir það með ólíkindum að menn hafi slíkt samband við sýslumenn og bæjarfógeta að nokkurn mann langi til að ræða viðkvæmustu mál sín við lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli eða sýslumenn og bæjarfógeta.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði hér hins vegar í ræðu að honum hefði tekist að sætta hjón og ber að fagna því. En að vísa fólki nú á tímum með svo alvarlega ákvarðanatöku til yfirvalds finnst mér með ólíkindum og ekki sæmandi hinu háa Alþingi. Og ég skil ekki hvers vegna hv. nefnd gat ekki tekið tillit til þessara athugasemda minna og haft þetta á þann veg að fólk leitaði sér ráðleggingar til fólks sem hefur einhverja yfirsýn yfir þau félagslegu vandamál sem fólk stendur frammi fyrir þegar það leysir upp heimili með börnum og viðkvæmum sárindum milli alls kyns annarra ættingja, sem þessi vandamál blasa við t.d. ömmum og öfum og öðrum ættingjum. Ég tel að það hafi verið gott að leggja niður sáttanefnd á sínum tíma. Hún var svona ámóta vandræðalegt fyrirbæri hvað sem hv. þm. Friðjón Þórðarson segir um það. En hvað þessi erindi eiga að gera til sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, það verð ég að segja að það er með ólíkindum. Ég sé það á svipnum á hæstv. dómsmrh. að hann er mér hjartanlega sammála.

Ég vil biðja hv. nefnd að líta aðeins á þetta mál aftur. Ég held að hver maður hljóti að sjá að þetta er gersamlega fáránlegt.

Hjónaskilnaður er ekkert gamanmál. Það er alvörumál sem þarf að fara vandlega yfir áður en sú stóra ákvörðun er tekin að leysa upp heimili með börnum og öllu því sem því tilheyrir, og ég sé fyrir mér erindisrekstur til umræddra aðila sem algert formsatriði sem enga praktíska þýðingu hefur. Þessi mál eru of alvarleg til að hið háa Alþingi taki svo létt á þeim. Þess vegna bið ég á þessu stigi málsins, þó seint sé, að þetta mál verði skoðað ofurlítið betur og ég vil vísa því til ríkisstjórnarinnar allrar og ekki síst hæstv. félmrh. og ég vil bara leyfa mér að spyrja ráðherrann hvort henni finnist virkilega þarna vera rétt að staðið.

Ólafur G. Einarsson:
Herra forseti. Á fundi nefndarinnar í morgun var lítillega minnst á þær ræður sem voru haldnar hér þegar frv. var tekið til 1. umr. Bæði minntust menn á ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og ekki síður ræðu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar sem var nú að vísu ekki á nefndarfundinum. Við ræddum ekki sérstaklega um hæfileika lögreglustjórans á Keflavík-

urflugvelli til að tala milli hjóna, en okkur þótti ekkert ólíklegt að það fyndust kannski fleiri jafngóðir Friðjóni í stétt dómara og lögreglustjóra sem hefðu þennan hæfileika.

En ég ætla aðeins að nefna það hér að ágætur kennari minn í lögfræði á sínum tíma minntist á það að sennilega væri engin fræðigrein sem tæki eins ríkulegt tillit til mannlegra sjónarmiða og einmitt lögfræðin. Ég er þess vegna ekki sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um að þessir aðilar séu alls vanhæfir til þess að annast þessi viðkvæmu mál.

Ég hef svo sem ekki meira um þetta að segja en sé enga ástæðu til þess að nefndin fari að taka þetta mál til einhverrar nýrrar yfirvegunar.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að ég var kallaður hér fram fyrir dyrnar áðan þannig að ég var ekki viðstaddur þegar mælt var fyrir nál. en hv. 2. þm. Reykn. hljóp í skarðið fyrir mig og hefur lýst þeim sjónarmiðum sem komu fram í nefndinni varðandi þetta mál. Ég er honum sammála um þá röksemdafærslu, og ég skil satt að segja ekki það mikla vantraust á þeim embættismönnum sem eru taldir upp hér í grg. sem kemur fram í máli hv. 13. þm. Reykv. Ég vil benda á það að einnig kemur fram í athugasemdum við frv. að það er unnið að heildarendurskoðun laga þessara þannig að þetta fyrirkomulag verður ekki til langframa og það er náttúrlega sjálfsagt að skoða þessi mál í heild sinni því að auðvitað er ég sammála hv. 13. þm. Reykv. um það að hér er um mjög viðkvæm persónuleg málefni að ræða. Ég held að það sé satt að segja mjög ríkur þáttur í starfi einmitt þeirra löglærðu embættismanna sem hér er um að ræða að fara með viðkvæm persónuleg málefni og jafnvel viðkvæmari en þessi eru þó að ég sé ekki að draga úr því að hér er um mjög vandmeðfarin mál að ræða.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef það á tilfinningunni að menn skilji ekki alveg hvað hér er um að ræða. Hjúskaparslit eru ekki vandamál tveggja manneskja sem hafa búið saman um lengri eða skemmri tíma. Ég held að þegar fólk tekur svo afdrifaríka ákvörðun þá hljóti það að líta til þess hvort börnin þeirra geti borið slíkan atburð. Eiga sýslumenn og bæjarfógetar að meta það? Hvað skyldi geta fengið fólk til þess að halda áfram hjúskap þrátt fyrir e.t.v. erfiðleika milli hjónanna? Skyldi það þá ekki vera tillit til barna á ýmsum aldri? Og vitaskuld hlýtur allt fullvita og fullorðið fólk að líta til þeirra afleiðinga sem hjúskaparslit hafa. Hvað getur yfirvald á borð við bæjarfógeta og sýslumenn gert í þeim málum? Þeir geta rætt, sennilega í allflestum tilfellum og öllum, við þessar tvær manneskjur sem eru að hugsa um hjúskaparslit. Biðja þeir um að fá að tala við börnin? Biðja þeir um að fá að tala við sjúklinga í fjölskyldunni, alls kyns fólk sem slíkt gæti bitnað svo harkalega á að vera kynni að umrædd hjón sæju sér ekki fært að slíta hjúskap sínum? Hér er um svo margflókin mál að ræða að mér finnst það fjarri öllu lagi að ætlast til þess að sýslumenn og bæjarfógetar beri ábyrgð á slíkum ákvörðunum. Það er þetta sem ég er að reyna að segja. Þess vegna held ég að það væri frekar á færi félagsráðgjafa að vísa fólki með börn sín til, við skulum segja barnasálfræðinga, fagfólks, sem eitthvað veit hvað það er að gera í þessum efnum.

Ef hið háa Alþingi tekur ekki alvarlegar á slíkum málum skal ég svo sem ekki að vera að lengja umræður um það, en mér þykir satt að segja heldur gáleysislega farið með hugtakið „fjölskylda".

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst kannski gæta misskilnings í þessu máli, ekki síst hjá hv. 13. þm. Reykv. Mín tilfinning eftir að hafa unnið í nefndinni og hlustað á rök í þessu máli er fyrst og fremst sú að hér eru menn að auka líkurnar á sáttum og breikka möguleikana á þeim því að hér segir í frv. skýrt og skorinort:

„Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða beiðst er leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Prestar leita um sættir með hjónum eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi, og má þá yfirvald leita um sættir."

Eins og ég skildi þetta mál hafa verið lagðar niður sáttanefndir sem skipaðar voru með lögum og menn hafa viljað eiga þarna möguleika og tryggt að í öllum tilfellum væri leitað sátta og telja að dómarar og sýslumenn hafi bæði sýnt það í störfum sínum og skuli leita sátta eins og hér hefur svo glögglega komið fram. Mér finnst málið þess vegna mjög einfalt. Við erum aðeins með þessari lagasetningu að tryggja það að sátta verði leitað. Fyrst eru það prestarnir sem menn munu leita til eins og lög kveða á um í dag. Eigi þeir ekki aðgang að prestinum eða hjónin deila um trúfélag og eru í sitt hvorum söfnuðinum eignast þau þarna möguleika sem eru sýslumenn eða dómarar. Ég treysti þeim vel til að fara með þetta þó að ég sakni þess auðvitað að sáttanefndirnar gömlu séu lagðar niður því að þær unnu oft ágætt starf í þessu sem öðru. Þess vegna styð ég málið eins og það liggur fyrir og hef skrifað undir nál. allshn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég má til að koma hér og taka undir með hv. 13. þm. Reykv. Ég tel að þurft hefði að víkka út þann hóp sem fólk hefur möguleika á að leita til um sættir. Eins og lögin eru núna verður fólk að leita til presta sem mér fannst mjög takmarkað því að það eru margir sem vilja gjarnan leita eitthvað annað. Ég tel að þessi breyting sé til bóta, en ég hefði talið eðlilegra að fólk gæti leitað til annarra, eins og t.d. félagsráðgjafa. Fólk á að geta valið um það hvort það leitar til presta, til sýslumanna og bæjarfógeta eða einhverra annarra. Við kvennalistakonur höfum hins vegar talið rétt að styðja frv. en vonumst til þess að sú

endurskoðun sem er talað um að eigi sér nú stað á þessum lögum verði til þess að sá hópur verði stærri sem fólk hefur möguleika á að leita eftir sáttum hjá.

Ég held ekki að fólk deili yfirleitt um lögfræðileg atriði þegar það er að skilja, heldur önnur atriði, þó ég sé síst að draga úr gildi þess að fólk geti leitað til sýslumanna, og sjálfsagt eru margir sýslumenn ágætir í að sætta hjón og ég efast ekki um að margir hafi gert það. Hv. þm. Friðjón Þórðarson lýsti því hér yfir í fyrri umræðu að hann hefði gert það og ekki efast ég um að það sé rétt. En ég lít ekki á það sem vantraustsyfirlýsingu á þetta fólk þó að maður telji að einhverjir aðrir ættu að vera færari um að sinna þessum málum.

Guðrún Helgadóttir:

Einungis til upplýsinga, hv. þingheimur. Þetta mál er svona eins og hæstv. utanrrh. mundi segja: Sáttanefndirnar gleymdust þegar endurskoðuð voru lög um stofnun og slit hjúskapar fyrir tveimur eða þremur árum. Síðan vaknaði fyrrv. hæstv. dómsmrh. upp við vondan draum og sá að þetta hafði fallið niður. Ég held að öllum hafi verið ljóst að sáttanefndir voru gjörsamlega gagnslaust fyrirbæri og þess vegna var í fljótheitum reynt að finna einhvern annan aðila sem gat tekið þetta yfir. Þessi snilldarlausn var fundin og skal hún nú fram mér að meinalausu, en svona löggjöf á náttúrlega ekki að eiga sér stað, að einn vandræðagangurinn sé lagaður með öðrum vandræðagangi og síðan sagt: En svo á eftir að setja lög um allan bálkinn, endurskoða allan lagabálkinn.

Svona löggjöf þjónar engum tilgangi og hún er lítilsvirðing við svo alvarleg mál sem örlög íslenskra fjölskyldna. Ég vænti þess að menn leggi af lagasetningu sem þessa.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Á Húsavík var lengi sýslumaður sem hét Júlíus Havsteen og sonur hans og fleiri ættmenni hafa komið mjög við sögu stjórnmála hér í þessu landi. Fjölskylduvinur minn einn starfaði hjá Júlíusi sem lögreglumaður á Þórshöfn og sagði mér frá því þegar Júlíus kom þangað í embættiserindum vegna þess að borist hafði kvörtun um mann sem bjó skammt frá bænum og var grunaður um brugg. Lögregluþjónninn og yfirvaldið gengu heim til mannsins. Júlíus spurði konuna sem kom til dyra hvort bóndi væri heima. Hún sagði nei, hann hafði farið frá. Þá bað Júlíus fyrir kveðju til hans, sagði að hann hefði heyrt að það væri einhver orðrómur í gangi í sveitinni að hjá honum væri brugg að finna. Hann sagðist nú ætla inn í dalinn en mundi koma við í bakaleiðinni til þess að leita hjá honum. Þegar þeir gengu burtu, lögregluþjónninn og sýslumaðurinn, spurði lögregluþjónninn sýslumanninn: Var þetta nú klókt af þér að beinlínis vara konuna við að þú mundir koma við í bakaleiðinni að leita? Sýslumaður þagði um stund, leit síðan á lögregluþjóninn og sagði: Elsku vinur. Það leikur sér enginn að því að senda mann frá fjórum börnum í fangelsi.

Þessi setning lýsir yfirvaldi eins og yfirvald á að vera. Svona eiga sýslumenn að vera. Ég vorkenni ekki þeim hjónum sem leita til sýslumanna á borð við Júlíus Havsteen eða á borð við hæstv. þm. Friðjón Þórðarson. A.m.k. er það alveg ljóst í mínum huga að ef prestar og forstöðumenn trúfélaga duga ekki til, ef ættingjar duga ekki til, vinir, kunningjar og annað fólk sem stendur næst hjónum sem eru u.þ.b. að taka þá alvarlegu ákvörðun að slíta hjúskap, ef það dugir ekki til að halda fjölskyldunni saman, þá er yfirvald, þ.e. sýslumenn, ekki lakari kostur en það stóð af sérfræðingum sem komið er til starfa í þjóðfélaginu í dag með þeim misjafna árangri sem raun ber vitni því miður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2. gr. samþ. með 25:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lausafjárkaup, 1. umr.

Frv. JSS o.fl., 209. mál (gallar í steinsteypu). — Þskj. 245.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram frv. til laga um breytingu á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, um að ný svohljóðandi málsgrein bætist við 54. gr. laganna:

„Kröfur vegna galla í steinsteypu, sem keypt var tilbúin frá framleiðanda, fyrnast á tíu árum frá afhendingu vörunnar, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast vöruna lengri tíma eða haft svik í frammi."

Frv. þetta er flutt að frumkvæði Húseigendafélags Reykjavíkur. Það felur í sér að fyrningarfrestur krafna, sem rísa kunna vegna galla í steinsteypu, lengist úr einu ári í tíu ár frá afhendingu. Tilgangur frv. er sá að auka vernd húsbyggjenda og annarra kaupenda steinsteypu gagnvart göllum er leynast kunna í steypunni og auka ábyrgð framleiðenda, verktaka og eftirlitsaðila að sama skapi.

Á síðari árum hefur æ fleirum orðið ljóst að ákvæði 54. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, er kveður á um eins árs fyrningarfrest krafna vegna galla á seldum hlut eða vöru sem meginreglu, er óeðlilegt og fresturinn of skammur hvað varðar galla á vissum vörutegundum, t.d. byggingarefni, þar sem vitað er að gallar, sem voru á vörunni er kaup fóru fram, geta hæglega dulist kaupanda þótt hann hafi beitt eðlilegri árvekni við kaupin og mjög langur tími liðið þar til þeir koma fram. Er þetta því bagalegra þar sem hér er oft um afar mikil verðmæti að ræða og gallinn getur hæglega valdið kaupanda illbærilegu tjóni ef honum reynist ókleift að rétta hlut sinn gagnvart seljanda.

Einkum hefur tilbúin steinsteypa til mannvirkjagerðar komið til umræðu og athugunar í þessu sambandi, ekki síst í tilefni af kunnum málaferlum fyrir nokkrum árum þar sem mjög reyndi á ákvörðun fyrningarfrests vegna alvarlegra galla á keyptri steinsteypu til íbúðarhússbyggingar. Varð niðurstaðan sú í dómi Hæstaréttar frá 27. júní 1983 að krafa húsbyggjandans var talin fyrnd samkvæmt ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922 um árs frest til kröfugerðar frá því að kaup tókust, en mörg ár liðu hins vegar þar til húsbyggjandinn varð gallans var sem hafði í för með sér stórtjón fyrir hann. Vakti þessi niðurstaða m.a. mikla umræðu í fjölmiðlum og kom fram í máli margra að niðurstaða í þessa átt gæti verið óréttlát gagnvart neytendum enda þótt ekki yrði vefengt að Hæstiréttur hefði einungis farið eftir gildandi lögum. Var tillögum til úrbóta jafnframt hreyft á Alþingi án þess þó að þar fengist nein niðurstaða um réttarbætur. Er þessu frv. því ætlað að leysa tiltekinn vanda á umræddu sviði ef að lögum verður.

Þegar hugað er að breytingum á 54. gr. laga nr. 39 1922 í fyrrnefnda átt er ljóst að örðugt getur verið að ákvarða þær vörutegundir sem til álita kemur að setja um sérstakt ákvæði þar sem fyrningarfrestur sé lengdur til muna frá því sem algengast er í lausafjárkaupum. Hefur orðið að ráði að miða hér einungis við tilbúna steinsteypu, sökum þess að þar birtist vandamálið í skýrustu ljósi og ætla má að gallar á því sviði hafi verið og séu allalgengir, sbr. umræðuna sem fram hefur farið um hinar svokölluðu „alkalískemmdir". Er þá miðað við það í 1. gr. frv. að um þessa sérstöku vörutegund gildi tíu ára fyrningarfrestur sem reyndar er hinn almenni fyrningarfrestur samkvæmt lögum nr. 14/1905, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim lögum. Jafnframt þykir eðlilegt að hafa sama fyrirvara og nú er í 54. gr. um sérstaka ábyrgð seljanda til lengri tíma en tíu ára og um svik seljanda, en um svik gildir þá að öðru leyti ákvæðið í 7. gr. laga nr. 14/1905. Rétt þykir hér einnig, til þess að taka af öll tvímæli, að miða upphaf fyrningarfrestsins við afhendingu vörunnar svo sem gert er í 54. gr. laga nr. 39/1922, en reglur laga nr. 14 1905 um það efni eru hins vegar ekki nægilega ljósar. Verður almennt að ætla að ákvæði um tíu ára fyrningarfrest á umræddri vöru muni hvort tveggja í senn verða framleiðendum sérstök hvatning til vöruvöndunar og nákvæms gæðaeftirlits og leiða til fullnægjandi réttarbóta fyrir neytendur í flestum tilvikum, þótt hins vegar séu dæmi þess, svo sem í fyrrnefndu dómsmáli, að frestur sé ekki nægilega langur sökum þess hve gallar í steinsteypu geta verið lengi að koma fram. Á hitt ber þó að líta að seljendur þessarar vöru sem annarrar hafa augljósa hagsmuni af því að reglur um fyrningarfrest séu glöggar og einnig að fresturinn verði ekki ákveðinn mjög langur, t.d. langt umfram tíu ár, því að það mundi skerða réttaröryggi þeirra um of.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða stendur nú yfir endurskoðun hinna almennu laga um lausafjárkaup og hafa sumar þjóðirnar nýlega lögtekið endurskoðaða lagabálka um það efni. Hefur þetta endurskoðunarstarf farið fram í norrænni samvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa haft tækifæri til að fylgjast með þótt ekki hafi þar verið um beina þátttöku að ræða. Hefur verið leitast við að hafa sem mest samræmi milli texta hinna nýju norrænu laga á þessu sviði, en ljóst er þó að um algert samræmi verður þar ekki að ræða. Ætla verður að á næstu árum muni íslensk stjórnvöld hlutast til um endurskoðun núgildandi laga um lausafjárkaup. Má þá telja víst að í flestum efnum verði tekið mið af meginreglum hinna endurskoðuðu kaupalaga grannþjóða okkar, en jafnan verður þó að taka nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna þar sem það á við. Ákvæði það um viðbót við núverandi 54. gr. kaupalaga, sem hér er borið fram í frumvarpsformi, mun tvímælalaust eiga fullan rétt á sér í endurskoðuðum lögum um lausafjárkaup, en ástæðulaust er að bíða þeirrar endurskoðunar hvað þetta ákvæði varðar sökum þess að um brýna réttarbót er að ræða sem verndar hag neytenda á mikilvægu viðskiptasviði.

Flm. gera sér ljóst að ævinlega er vandasamt að kveða í löggjöf á um ábyrgð einstakra aðila að almennum viðskiptum. Verslun með steinsteypu er mjög mikilvægt svið viðskipta hér á landi þar sem iðulega eru ríkir hagsmunir í húfi enda ekki óalgengt að húsbyggjendur leggi aleigu sína að veði þegar ráðist er í húsbyggingu. Því er brýnt að hugað sé að vernd þeirra sem neytenda, en þó þannig að gætt sé eðlilegs jafnvægis milli hagsmuna kaupenda og seljenda. Sala og meðferð steinsteypu er nú mun þróaðri tæknilega en áður var. Ljóst er og að ending steypu er ekki einvörðungu háð gæðum framleiðslunnar sem nú er venjulega dælt í steypumót úr flutningstæki, heldur einnig meðferð hennar á byggingarstaðnum. Því þarf að vega og meta hvernig ábyrgð á hugsanlegum göllum skuli skipt milli framleiðenda og annarra er að verkinu koma sem og eftirlits- og úttektaraðila.

Flm. telja eðlilegt að í þingnefnd verði farið nánar í saumana á þessum atriðum og kallað eftir áliti tæknimanna á þessu sviði.

Þess má að lokum geta að tvö þingmál nátengd þessu málefni voru flutt á Alþingi fyrir nokkrum árum. Annars vegar frv. á 107. löggjafarþingi sem Sighvatur Björgvinsson og fleiri fluttu og hins vegar till. til þál. á 106. löggjafarþingi, en það mál fluttu Birgir Ísl. Gunnarsson og fleiri.

Flm., sem ásamt mér eru Geir H. Haarde, Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Jón Kristjánsson og Þórhildur Þorleifsdóttir, leggja til eftir umræðu í hv. deild að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. ÁHE o.fl, 220. mál (burstar). — Þskj. 266.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Nauðsyn brýtur lög, er sagt, og nauðsyn setur líka lög.

Nú eru verndartollar ekki æskilegir og er það neyðarúrræði þegar þarf að grípa til aðgerða af því tagi. Það er eins konar nauðvörn því að vinnustofa blindra á undir högg að sækja í dag. Það er verulegur halli á rekstri hennar og í rauninni ekki nema þrír möguleikar í stöðunni. Í fyrsta lagi að leggja Vinnustofu blindra niður. Þá missa þeir blindu Íslendingar sem þar hafa starfað atvinnu sína og í rauninni miklu meira því að þessi vinnustaður þeirra hefur verið þeim miklu meira virði en eintóm vinna. Þetta hefur verið meira og minna það sem þeirra líf hefur snúist um. Kostur númer tvö er að fá framlög til þessarar vinnustofu úr sameiginlegum sjóðum og kostur númer þrjú er þessi tollabreyting sem gert er ráð fyrir í samningum okkar við aðrar þjóðir.

Í skýrslu utanrrh. til Alþingis um könnunarviðræður EFTA-ríkjanna sem dreift hefur verið til þingheims er á bls. 87 greint frá bókun nr. 4 um innflutningshöft sem Ísland getur haldið. En þar segir í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Með fráviki frá 13. gr. getur Ísland haldið innflutningshöftum að því er varðar vörur sem hér eru taldar", og í B-lið númeralið 9602: „Burstagerðarvörur, að undanteknum burstum sem eru hlutar í vélum, málningarrúllum, gúmmíþurrkum á skafti eða þurrkum úr öðru sams konar mjúku efni, listmálunarpenslum, tannburstum" o.fl. Það er því gert ráð fyrir þessum verndartollum í samningum okkar við aðrar þjóðir og þörfin, að mínu mati, fyrir þessa meðferð á vanda blindra er brýn. Eins og ég hef áður sagt þá völdu flm. þennan kost til að halda starfsemi hennar við.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Við leyfum okkur að mæla með að frv. verði afgreitt til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

26. fundur, föstudaginn 15. des., að loknum 25. fundi.

Lausafjárkaup, frh. 1. umr.

Frv. JSS o.fl., 209. mál (gallar í steinsteypu). — Þskj. 245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE o.fl., 220. mál (burstar). — Þskj. 266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Stimpilgjald, 3. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjármögnun útgjalda og verðbætur). — Þskj. 258.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 337).

Stofnun og slit hjúskapar, 3. umr.

Stjfrv., 52. mál (sáttatilraunir). — Þskj. 52.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 338).

Viðskiptabankar, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (samruni viðskiptabanka). — Þskj. 307.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86 frá árinu 1985 um viðskiptabanka. Þetta frv. kemur frá hv. Ed. Frv. þetta er flutt í tilefni af samningi sem var gerður 29. júní sl. en í honum var samið um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. til þriggja hlutafélagsbanka, þ.e. Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf. og um sameiningu á bankarekstri kaupenda á Útvegsbanka. Síðar var svo nafni Útvegsbanka Íslands hf. breytt í Íslandsbanka hf. á hluthafafundi í félaginu.

Hér er um fyrirkomulag að ræða sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi viðskiptabankalögum. Þar er vissulega gert ráð fyrir sameiningu banka en ekki að bankastarfsemi sé sameinuð án þess að hlutafélög þau sem að bönkunum standa séu einnig sameinuð. Reyndar er að slíku stefnt í framtíðinni hvað Útvegsbanka Íslands hf. varðar, nú orðinn Íslandsbanka, en af ýmsum ástæðum þótti kaupendum hlutabréfa ríkissjóðs heppilegra að framkvæma þennan samruna í áföngum þannig að fyrst verður rekstur bankanna sameinaður en hlutafélög þeirra halda áfram sem eignarhaldsfélög. Síðar munu svo fara fram hlutabréfaskipti þar sem hluthafar í eignarhaldsfélögunum fá hlutabréf í Íslandsbanka hf. í skiptum fyrir bréf sín í eignarhaldsfélaginu.

Þegar þessi kaup voru gerð á sl. sumri hét ég því að flytja frv. um þetta efni sem tæki af tvímæli um heimild til þess að framkvæma samruna bankastofnana á þennan hátt. Ég hafði reyndar vonast til þess að geta um leið lagt fram skýrslu um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. en því miður er enn ekki lokið þeim reikningsuppgjörum sem nauðsynleg eru til þess að gera því máli viðhlítandi skil. Ég tel nauðsynlegt að slík uppgjör komi fram í skýrslu um sölu hlutabréfanna og verður hún því að bíða eftir því að slík uppgjör hafi verið gerð en mér er nú tjáð að þau verði væntanlega tilbúin á næstu vikum. Um tíma var áformað að leggja í þessu frv. til breytingar á öðrum lögum þar sem nafn Íslandsbanka hf. kæmi í stað Útvegsbanka Íslands og bankanna þriggja sem keyptu bréf ríkissjóðs í Útvegsbankanum en nöfn þessara banka koma að sjálfsögðu fyrir í nokkrum sérlögum.

Ég hef horfið frá þessu a.m.k. í bili. Að hluta er skýringin sú að mörg þessara laga eru úrelt orðin og hef ég vakið athygli lagahreinsunarnefndarinnar á því. Enn önnur fjalla um fjárfestingarlánasjóði og þarfnast breytingar á skipulagi fjárfestingarlánasjóðanna frekari umfjöllunar og mun ég m.a. ræða það mál við forsvarsmenn bankanna þriggja og við fleiri aðila á næstunni. Ég stefni að því að flytja tillögur um skipulag fjárfestingarlánasjóðanna síðar á þessu þingi. Ég hét kaupendum hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbankanum því á sl. sumri að beita mér fyrir einföldum breytingum á þessum lögum eins og sameining bankanna gefur tilefni til, en þær formbreytingar verða þá að bíða raunverulegra og efnislegra breytinga á skipulagi fjárfestingarlánasjóðanna. Ég vil taka það fram að ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, og það gerði ég einnig við kaupendur hlutabréfanna í vor, að taka ætti löggjöf um fjárfestingarlánasjóðina til endurskoðunar í heild. Ég er enn þeirrar skoðunar að næsta skref í endurskipulagningu á stofnunum íslenska fjármagnsmarkaðarins eigi að vera sameining fjárfestingarlánasjóða í færri og sterkari stofnanir sem ekki séu hólfaðar sundur eftir atvinnugreinum. Ég tel að ábyrgð opinberra aðila, einkum ríkissjóðs, á slíkum lánasjóðum, skattfríðindi þeirra og fleiri atriði eigi að vera efni í almennri löggjöf. Að slíkri almennri löggjöf vil ég stefna.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um einstakar greinar þessa frv. Efnisgreinarnar eru aðeins tvær og í þeirri fyrri er lagt til að litið verði á sameiningu bankarekstrar sem fullkomna hliðstæðu samruna viðskiptabanka í heild skv. núgildandi lögum.

Í henni er einnig fjallað um það að viðskiptamenn sameinaðrar bankastarfsemi skuli fá vitneskju um þau atriði sem máli skipta fyrir þá í tengslum við sameininguna og loks eru þar ákvæði sem mæla fyrir um undanþágu á stimpilgjöldum af þeim margvíslegu skjölum sem þinglýsa þarf í tengslum við sameiningu bankanna. Það eru raunar mörg fordæmi fyrir slíkri undanþágu þegar samruni verður í slíkri starfsemi og má t.d. nefna 9. gr. laganna um stofnun Útvegsbanka Íslands hf.

Síðari efnisgrein þessa frv. fjallar um ný bráðabirgðaákvæði við viðskiptabankalögin. Hún tekur mið af því fyrirkomulagi í Íslandsbanka hf. að hlutafélög kaupendanna starfa fyrst um sinn áfram sem eignarhaldsfélög sem eiga hlut í félaginu Íslandsbanki hf. Í fyrsta lagi er lagt til að fulltrúum eignarhaldsfélaganna verði veitt atkvæðamagn í hlutfalli við hlutafjáreign og þykir það réttlætanlegt í því tilfelli sem hér er um að ræða, enda þótt hin almennu ákvæði viðskiptabankalaganna feli í sér takmörkun atkvæðisréttar við fimmtung í félaginu. Enda má segja að á bak við eignarhaldsfélögin standi ákveðnir hagsmunahópar með vissum hætti og reyndar er hér um það að tefla að félög sem eingöngu hafa stundað bankastarfsemi mynda saman rekstur í nýjum banka. Öllum er þó ljóst að þessi skipan með eignarhaldsfélög verður ekki til frambúðar og þess vegna er þetta hér fært í ákvæði til bráðabirgða en ekki í breytingu á 6. gr. viðskiptabankalaga.

Hér er einnig lagt til að ríkissjóður hafi sama rétt og eignarhaldsfélag hvað það snertir að njóta fulls atkvæðisréttar í hlutfalli við hlutafjáreign í hlutafélagsbanka. Reyndar má segja að ekki sé sérstök þörf fyrir þetta ákvæði eins og sakir standa og það sama á við um viðskiptabanka í eigu ríkisins, en á það kann að reyna síðar t.d. ef hlutafélagsbanki sameinast ríkisbanka í rekstri eða ef ríkisbönkunum kynni að verða breytt í rekstur með takmarkaðri ábyrgð eins og í hlutafélagsformi. Þá er í öðru lagi lagt til að eignarhaldsfélögunum verði heimilt að kallast áfram bankar en með orðinu „eignarhaldsfélag" viðbættu framan við nafn félagsins.

Hæstv. forseti. Þetta frv. er nokkru seinna á ferðinni en ég hafði í upphafi ætlað mér. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar, m.a. töfin sem ég nefndi á uppgjöri vegna viðskiptanna með hlutabréf ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf., en einnig hitt að það tók meiri tíma en ætlað var að ná samkomulagi um málið við kaupendur bréfanna. Hins vegar ber nú brýna nauðsyn til þess að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi fyrir áramót, en þá tekur Íslandsbanki hf. til starfa. Ég vil því mælast til þess að þetta frv. fái skjóta en um leið vandaða meðferð hér í deildinni og að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er mál sem hefði fyrir löngu átt að vera komið hér til umræðu í þinginu. Það er vítavert að þetta mál skuli lagt fram núna svo seint fyrir áramót og ætlast til að það sé afgreitt hér með hraði. Það hefur ekki fengið þá umfjöllun sem það hefði þurft. Það er alveg ljóst að hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða. Ekki liggur fyrir hvað ríkið er að borga með bankanum — eða gefa bankann í raun og veru. Þær raddir hafa komið fram og komu fram á síðasta aðalfundi Útvegsbankans sem segja að í raun væri verið að gefa bankann. Með frv. vantar ítarlega greinargerð um söluna, söluverðmæti og yfirtöku skulda ríkisins af bankanum. Sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð er með öllu ótæk. Þegar verið er að selja eignir ríkisins og láta í hendur annarra með þeim hætti sem hér er, þá er verið að afhenda eignir almennings og það verður að vera alveg ljóst að greitt sé fullt verð fyrir það en ekki verið að gefa þessar eignir. Ég vil ítreka það hér að ég óska eftir ítarlegum upplýsingum um kaupverð og þá yfirtöku ríkisins á skuldum og þeim kostnaði sem ríkið hefur af þessu. Jafnframt er það mjög sérstakt ákvæði í 2. gr. um eignarhaldsfélög sem kom fram í máli hæstv. ráðherra. Það hlýtur að vera krafa að slíkur banki sem Íslandsbanki lúti almennum reglum um hlutafélög og þau hlutabréf sem eru keypt og stofnuð í slíkum banka séu til sölu á almennum markaði. Þetta á ekki að vera lokaður klúbbur fyrir einhverja fáa aðila. Og það er mikils um vert að hér sé ekki verið að hygla einhverjum aðilum í þjóðfélaginu með kaupum á þessum banka.

Útvegsbankamálið hefur komið hér til umræðu áður og það hafa verið skiptar skoðanir um það. M.a. minnist ég þess þegar þetta kom til umræðu í sumar að ákveðnir þingmenn og ákveðnir stjórnmálaflokkar sögðu að þetta mundi aldrei fara í gegn. Þeir höfðu allan fyrirvara á um það. Því miður eru þeir menn nú ekki staddir hér í þingsalnum enda eru menn hér út um víðan völl að sinna nefndarstörfum. Því er bagalegt og alls ekki hægt að samþykkja að svona frv. sé lagt fram á síðustu dögum þings fyrir jólaleyfi því að þetta er miklu stærra mál heldur en það virðist vera. Og ég ítreka það hér að miklu, miklu betri upplýsingar verða að fylgja þessu máli en hér koma fram. Það er vítavert hvernig hefur verið unnið að þessu máli. Og fólkið í landinu á kröfu á því að vita hvað raunverulega gerðist.

Við höfum líka séð að Landsbankinn hefur haft áhuga á að kaupa annan banka, Samvinnubankann. Fregnir eru um að þau kaup eigi að ganga til baka vegna þess að þeir hafi boðið of hátt fyrir. Jafnframt hafa komið fram yfirlýsingar frá bankastjórum Landsbankans um að verðið á Útvegsbankanum sé langt yfir því sem eðlilegt geti talist. Þessar upplýsingar verða að liggja hér fyrir og það er krafa þingmanna að svo verði því að á sama tíma og ríkisstjórnin er að skattleggja almenning í landinu með gífurlega auknum sköttum á almenningur kröfu á því að vita hvort ríkið er að gefa einhverjum aðilum úti í bæ í lokuðum klúbb, eins og virðist eiga að stofna um Útvegsbankann, þennan banka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 1. umr.

Stjfrv., 164. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 179.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 179 um breytingu á lögum nr. 80 frá 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Þetta frv. er komið frá hv. Ed.

Í þessu frv. er lagt til að hlutafélaginu verði heimilt að taka þátt í öðrum félögum og öðrum greinum atvinnurekstrar en vera ekki eingöngu bundið við vinnslu kísilgúrs úr botni Mývatns. Skv. núgildandi aðalsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Manville Corporation takmarkast starfsemi Kísiliðjunnar við nám og vinnslu kísilgúrs. Afkoma Kísiliðjunnar hefur verið góð á undanförnum árum og hefur félaginu tekist að greiða niður allar langtíma skuldir sínar og er eiginfjárhlutfall fyrirtækisins orðið yfir 90%. Með tilliti til þessarar sterku efnahagsstöðu félagsins virðist mér eðlilegt að rýmka nú verksvið Kísiliðjunnar á

þann hátt sem lagt er til með þessu frv. Mér finnst skynsamlegt að nýta þann styrk sem samstarfið við Manville-félagið hefur gefið Kísiliðjunni og þá miklu tækni, markaðs- og stjórnunarþekkingu, sem þar er að finna, á þennan hátt. Með því að rýmka verksviðið gæti Kísiliðjan hf. orðið virkari þátttakandi í atvinnurekstri í landinu og reyndar styrkt stoðir atvinnulífsins, ekki síst í sínu heimahéraði og reyndar víðar á Norðausturlandi.

Með samningi sem var undirritaður föstudaginn 23. júní á þessu ári var ákvæði aðalsamnings milli Manville og íslensku ríkisstjórnarinnar breytt með viðauka við samninginn á þann hátt að félaginu var veitt heimild til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Viðaukinn var undirritaður samhliða því að Manville Corporation jók eignarhlut sinn í félaginu úr 39,8% í 48,7% með kaupum á 8,9% hlutafjár í félaginu. Þessi breyting á hlutafjárskiptingunni felur reyndar í sér að aftur er horfið að upphaflegri skiptingu hlutafjárins eins og hún var við stofnun félagsins. En um sinn eftir þau vandræði sem hlutust af Kröflueldum varð ríkið að auka nokkuð framlag sitt til þessa félags og þar með hlut sinn í heildarhlutafé. Ákvæðin um breytt hlutverk Kísiliðjunnar voru undirrituð með fyrirvara um samþykkt Alþingis á þann hátt sem hér er nú gerð tillaga um. Ákvæðin um sölu hlutabréfanna tóku hins vegar gildi þegar við undirritun skv. ákvæðum laganna um Kísiliðjuna.

Á liðnum árum hefur Manville-félagið athugað nokkra kosti hér á landi, m.a. nám og vinnslu perlusteins, kaup á steinull til frekari úrvinnslu í Bretlandi og frekari úrvinnslu kísilgúrs hér á landi. Kísiliðjan hf. hefur gert samstarfssamning við Iðntæknistofnun Íslands um könnun á nokkrum kostum til aukins iðnrekstrar hér á landi og hefur sú könnun einkum beinst að því hvort vinna megi svokallaða zeólíta úr kísilgúr. Markaður fyrir þessa afurð, zeólítana, fer nú mjög vaxandi en þetta efni er m.a. notað sem íblöndunarefni í þvottaefni og ýmis hreinsiefni. Þess skal getið að sérfræðingar frá Manville-félaginu hafa unnið með sérfræðingum Iðntæknistofnunar að sýnatöku úr perlusteini úr Prestahnjúki. Reyndar eru frumniðurstöður þeirrar könnunar þær að perlusteinninn henti ekki sérlega vel til þeirrar framleiðslu, þenslu, sem Manville-félagið hafði í huga.

Samstarfið við Iðntæknistofnun um zeólítaverkefnið lofar hins vegar góðu. Það er til marks um það hversu vel þetta samstarf hefur tekist að Manville-félagið hefur hug á því að fá Iðntæknistofnun Íslands til þess að vinna verkefnið fyrir sig vegna annarrar framleiðslu þeirra, þ.e. í öðrum löndum. En m.a. vegna þessara vænlegu kosta sem Kísiliðjan lætur nú kanna í samstarfi við Manville-félagið er æskilegt og reyndar nauðsynlegt að Kísiliðjan fái heimild til þess að taka þátt í annarri atvinnustarfsemi en þeirri sem hún er bundin við skv. lögunum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að gera frekari grein fyrir þessu frv. en það er sama eðlis og frv. til laga um breytingu á lögum um Járnblendifélagið á Grundartanga sem fram var lagt og samþykkt á sl. vori. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (218. mál, tannlæknaþjónusta) 1955.
Áfengislög (183. mál, áfengisveitingar á vegum ríkisins) 1951.
Álver við Eyjafjörð (193. mál) 2185.
Bifreiðagjald (222. mál, upphæð gjalds) 2144, 2204.
Byggðastofnun (174. mál, stimpilgjöld af lánsskjölum) 1937.
Eftirlaun til aldraðra (219. mál, gildistími og fjármögnun) 1964, 2141, 2142, 2203, 2205.
Endurgreiðsla á sérstöku gjaldi af erlendum lántökum (175. mál) 2191.
Erfðafjárskattur (56. mál, tvísköttunarsamningar) 1939, 1955, 2111, 2118.
Fiskveiðasjóður Íslands (180. mál, þróunardeild og Fiskimálasjóður) 2219, 2220, 2291.
Fjárlög 1990 (1. mál) 2015, 2105.
Greiðslujöfnun fasteignaveðlána (127. mál, launavísitala) 1937, 1939.
Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi (187. mál) 2176.
Kísilgúrverksmiðja við Mývatn (164. mál, fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri) 2221, 2223, 2308.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna (221. mál, breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga) 1949.
Launaskattur (76. mál, gjalddagi) 2120, 2141, 2203.
Lausafjárkaup (209. mál, gallar í steinsteypu) 2300, 2303.
Lánsfjárlög (74. mál, lántökuheimild ríkissjóðs) 2124, 2141, 2221.
Lífeyrissjóður bænda (216. mál, fjármögnun útgjalda og verðbætur) 2118, 2200, 2204, 2295, 2304.
Mengunarvarnir í álverinu við Straumsvík (147. mál) 2178.
Námslán og námsstyrkir (90. mál, skipunartími stjórnar Lánasjóðs) 1938.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (75. mál, heildarlög) 1940.
Skráning og meðferð persónuupplýsinga (51. mál, heildarlög) 2130.
Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar (194. mál) 1990, 2142, 2204.
Skuldir ríkissjóðs við sveitarfélög (190. mál) 2194.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (215. mál, ríkisskattanefnd) 2013.
Stimpilgjald (21. mál, hlutabréf) 2294, 2304.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 1968, 1977, 2153, 2204.
Stofnun og slit hjúskapar (52. mál, sáttatilraunir) 1974, 2295, 2304.
Tekjuskattur og eignarskattur (210. mál, skattstigi o.fl.) 1992.
Tekjustofnar sveitarfélaga (229. mál, fasteignaskattur og aðstöðugjald) 2112.
Tilhögun þingfunda 2111, 2120.
Tollalög (220. mál, burstar) 2303, 2304.
Tæknifrjóvganir (152. mál) 2199.
Um þingsköp 1987 (framhald umræðu um umhverfismál); 2014 (þingstörf og þinghlé); 2113 (nefndastörf); 2197 (aðbúnaður þingmanna í þingsal).
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (179. mál, heildarlög) 2218, 2221, 2292.
Varamaður tekur þingsæti 2197.
Varnir gegn mengun frá fiskeldi (3. mál) 2198.
Verðlaunalistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar (92. mál) 2195.
Vernd barna og ungmenna (211. mál) 2183.
Viðskiptabankar (232. mál, samruni viðskiptabanka) 2200, 2223, 2224, 2305.
Virðisaukaskattur (208. mál, skatthlutfall o.fl.) 2224, 2286.
Yfirstjórn umhverfismála (128. mál, breyting ýmissa laga) 1968, 2204.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 2015, 2072, 2088, 2089, 2107, 2108, 2111, 2192, 2193, 2197.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 2197.
Forseti Ed. Jón Helgason 2114, 2116, 2288.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 1968, 1977, 1988, 1989, 1990, 1992, 2120.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1968, 2169.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 1974, 1976, 2140.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 1939, 2112.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 1940, 1949, 2013, 2101, 2123, 2126, 2144, 2152, 2192, 2194, 2203, 2205, 2274, 2279, 2287.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 1973, 2161.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 2179, 2182, 2205.
Menntmrh. Svavar Gestsson 1938, 1990, 2177, 2178, 2183.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1955, 1963, 1964, 2291, 2292, 2293.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 2186, 2190, 2196, 2200, 2203, 2305, 2308.
Alexander Stefánsson 2072, 2142.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 1967.
Ásgeir Hannes Eiríksson 2083, 2197, 2299, 2303.
Birgir Ísl. Gunnarsson 2110.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 2089, 2090, 2106, 2183, 2185, 2194, 2195, 2219, 2290.
Egill Jónsson 2085.
Eiður Guðnason 2114.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1940, 2111, 2266.
Friðjón Þórðarson 1976, 2098, 2136.
Friðrik Sophusson 2120, 2123, 2124, 2128.
Geir Gunnarsson 2141.
Geir H. Haarde 1958, 1992, 2111.
Guðmundur Ágústsson 1937, 2114, 2119, 2221, 2223, 2224, 2288, 2291.
Guðmundur H. Garðarsson 2202, 2208, 2217, 2271, 2281.
Guðni Ágústsson 2298.
Guðrún Agnarsdóttir 1953, 2106, 2115, 2222, 2256, 2289, 2290.
Guðrún Helgadóttir 1975, 2195, 2196, 2295, 2297, 2299.
Halldór Blöndal 2088, 2089, 2107, 2108, 2109, 2110, 2113, 2115, 2119, 2185, 2189, 2191, 2193, 2231, 2277, 2283, 2284, 2285, 2286, 2287, 2289.
Hjörleifur Guttormsson 2181, 2188, 2198, 2199.
Hreggviður Jónsson 2010, 2122, 2148, 2294, 2307.
Ingi Björn Albertsson 2014, 2062, 2110, 2131, 2138, 2143, 2151, 2156, 2178, 2190.
Jóhann Einvarðsson 2112, 2176, 2177.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 2188.
Jón Helgason 1951, 2107.
Jón Kristjánsson 2130, 2138, 2297.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 2300.
Karl Steinar Guðnason 2221.
Karvel Pálmason 1950, 2216, 2279, 2282, 2285.
Kristinn Pétursson 2150, 2160.
Kristín Einarsdóttir 2135, 2178, 2181, 2189, 2293, 2298.
Matthías Bjarnason 1961, 2145, 2292.
Matthías Á. Mathiesen 2108.
Málmfríður Sigurðardóttir 2054, 2143.
Ólafur G. Einarsson 2173, 2295, 2296.
Ólafur Þ. Þórðarson 1988.
Páll Pétursson 2120, 2124, 2294, 2295.
Pálmi Jónsson 2042, 2107.
Ragnhildur Helgadóttir 1969, 1977, 1987, 1988, 1989, 2153.
Sighvatur Björgvinsson 2015, 2104, 2107, 2108, 2110.
Skúli Alexandersson 2290.
Stefán Guðmundsson 2117, 2218, 2219.
Stefán Valgeirsson 1991, 2143, 2189.
Þorsteinn Pálsson 2109.
Þóra Hjaltadóttir 2008, 2189.
Þórhildur Þorleifsdóttir 2109, 2122, 2126, 2130, 2149.

Leiðrétting í 8. hefti:

Í 1855. dálki, 11. línu að neðan: fyrir „dreifbýlisverslun“ komi: þéttbýlisverslun.

EFRI DEILD

32. fundur, mánudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77, n. 346 og 347.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 346. Nál. er stutt og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, og Ólaf Friðriksson, framkvæmdastjóra verslunardeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. skrifa Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson og Guðrún Agnarsdóttir.

Þetta frv. er um það að breyta gjalddögum launaskatts úr sex í tólf á ári. Ég vil til skýringar lesa aðeins hér úr athugasemdum við frv. en þar segir:

„Samkvæmt núgildandi lögum um launaskatt, nr. 14/1965, með síðari breytingum, er launaskattur innheimtur á tveggja mánaða fresti og þá fyrir tvo mánuði í senn. Samkvæmt þessu eru gjalddagar launaskatts sex á hverju ári. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar og febrúar, er 15. mars, fyrir mánuðina mars og apríl 15. maí, fyrir mánuðina maí og júní 15. júlí, fyrir mánuðina júlí og ágúst 15. september, fyrir mánuðina september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddaga.

Samkvæmt þessu frv. er gerð tillaga um að launaskattur verði framvegis innheimtur í hverjum mánuði líkt og gildir um staðgreiðsluskatt af launum, enda er skattstofninn svo að segja sá sami. Með þessu móti yrðu gjalddagar launaskatts tólf á hverju ári í stað sex. Þessi breyting á innheimtu launaskatts mun gera hana mun virkari og eftirlit jafnframt auðveldara. Einnig fylgir þessu ótvírætt bókhaldslegt hagræði fyrir fyrirtækin, enda þótt mörg þeirra kynnu að sakna þess að hafa skattinn ekki lengur í veltunni. Hins vegar má benda á að það þjónar ekki hagsmunum hins almenna skattborgara að geyma fé ð frekar hjá fyrirtækjunum en ríkissjóði. Gera má ráð fyrir því að við þessa breytingu batni greiðslustaða ríkissjóðs á næsta ári um 200 millj. kr. Jafnframt má benda á að þessi breyting er mikilvægt skref í þá átt að samræma stofn og innheimtukerfi launaskatts við stofn og innheimtukerfi staðgreiðslu."

Þetta er úr grg. frv. og meiri hl. nefndarinnar tekur undir það sem þar kemur fram og skilar nál. um það og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Minni hl. nefndarinnar, við hv. þm. Halldór Blöndal skilum minnihlutaáliti þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. verður gjalddögum um launaskatt fjölgað og greiðslum til ríkissjóðs flýtt. Þess vegna vex fjárbinding þeirra fyrirtækja sem greiða launaskatt. Hér er því á ferðinni enn eitt frv. sem ætlað er að bæta stöðu ríkissjóðs á kostnað atvinnulífsins.

Ríkisstjórninni hefði verið nær að endurskoða lögin um launaskatt með tilliti til þeirrar mismununar sem fyrirtækin þurfa að búa við.

Minni hl. leggur til að frv. verði fellt."

Eins og alkunna er hefur launaskattur verið á lagður um langt skeið, mismunandi eftir atvinnugreinum og hæst í verslun, 3,5%, sums staðar raunar enginn eða mjög lágur. Í eðli sínu er þessi skattur auðvitað eins og allir aðrir skattar eignaupptaka til ríkissjóðs, kemur þó auðvitað þyngst niður á launafólkinu, ekki síst láglaunafólki sem borgar sömu prósentuna og aðrir. Í versluninni t.d. er mikið af allra lægst launaða starfsfólki í þjóðfélaginu. Þetta er auðvitað skerðing á kjörum þessa fólks. Það er beinlínis verið að taka hluta af launum þess í ríkissjóð, enda ber nafnið þess merki að menn voru þó ekki svo forstokkaðir að skíra þetta eitthvað annað en það er þegar það var á lagt. Þetta er skattur á laun og skattur á launamenn. Það er hreinskilni í þessu orðalagi. Það er ekkert verið að dylja launamenn því að ríkið taki líka þarna sinn skerf beint áður en tekjuskattur kemur til o.s.frv.

Og auðvitað á nú heldur að þyngja þennan skatt þannig að í rauninni má segja, enda kom það fram á nefndarfundum, að hér sé verið að hækka launaskattinn um 8%. Það á að taka í ríkissjóð núna 13. mánuðinn með þessum aðgerðum. Auðvitað má líka segja það um aðra þá skatta sem inn eru heimtir og gjöld eins og lífeyrissjóðsgjöld o.s.frv., sem að vísu koma launafólki til góða og tryggja hag þess að vissu marki, að þar sé verið að seilast í launakjörin frá mánuði til mánaðar eða viku til viku. Launatengd gjöld munu nú vera einhvers staðar á bilinu 25–28%. Ef það væri hægt að lækka þessi launatengdu gjöld, þó þau væru nú ekki afnumin því að lífeyrissjóðina vilja menn nú í öllu falli halda í, þá mætti hækka laun manna um sömu upphæðina.

Það er ljóst að hér er um launaskatt að ræða, skatt sem lendir langþyngst á láglaunafólki og er þess vegna sérstakt gleðiefni að hækka hann þótt í litlu sé, mikið gleðiefni núv. ríkisstjórnar sem er sífellt að gera kjör hinna lægst launuðu verri og er þar á enginn bilbugur eins og menn vita.

En þetta er auðvitað margrætt og menn láta sér ekkert segjast, þeir eru handjárnaðir, greiða atkvæði með öllum málunum, þessum skatti í dag, þeim næsta á morgun. Með matarskatti, hækkuðum og hækkuð-

um matarskatti. Með bros á vör fella menn tillögu um að afnema matarskatt eða lækka hann. Og auðvitað er það sérstakt gleðiefni verkalýðsleiðtoga að íþyngja láglaunafólkinu með þeim hætti sem hér er — sýna það í þessu litla sem skiptir ríkissjóð svo sáralitlu máli, en samt að sýna það hver hugurinn er gagnvart launafólkinu, láglaunafólki sérstaklega. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. Karvel Pálmason hafi heyrt þetta en ekki þóst heyra það.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir orð hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar um það að með þessu frv., eins og mörgum öðrum frv. í sambandi við skattamál, er verið að þrengja stöðu láglaunafólks. Ég vil einnig vekja athygli virðulegs forseta á því að hér í sal eru ekki svokallaðir fulltrúar félagshyggjuflokkanna að undanteknu því að hér situr — ja, hv. þm. Jóhann Einvarðsson telst nú til samvinnuhreyfingarinnar, það flokkast ekki undir verkalýðshreyfinguna eða félagshyggjuflokkana. (**JE:** Félagshyggjuflokka.) Ég verð nú að hryggja hv. þm. með því að það er ekki hægt að telja Framsfl. lengur félagshyggjuflokk. Hann er flokkur yfirstéttar stjórnmálamanna á Íslandi og hefur það markmið eitt að tryggja þeirri yfirstétt völd á hverjum tíma. Þannig að ég held að ég afgreiði nú hv. framsóknarmann og þingmann með því.

En það er, virðulegur forseti, eftirtektarvert að hér í þessum þingsal sjást ekki fulltrúar félagshyggjuflokkanna. Ég tel ekki Karvel Pálmason lengur í Alþfl. Það vantar hér fulltrúa Alþfl., ég tala nú ekki um Alþb., til að fjalla um þessi mál því það er, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði, verið að þrengja enn meira stöðu láglaunafólks. Þetta er eitt dæmið um ofsóknir vil ég segja núv. ríkisstjórnar á hendur íslensku atvinnulífi. Staða atvinnulífsins versnar sem nemur þeim skatthækkunum hjá fyrirtækjunum sem m.a. þetta frv. felur í sér.

Þetta frv. skerðir svigrúm fyrirtækjanna enn meir til að tryggja kjör launafólks og mun hafa mjög skaðleg áhrif á stöðu verkalýðsfélaganna, samningsstöðu verkalýðsfélaganna sem nú eru að hefja samningaviðræður við vinnuveitendur. Ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason hlýtur að skilja það að með þessu innheimtufyrirkomulagi á launaskattinum sem birtist í þessu frv. er verið að skaða stórlega samningsstöðu verkalýðshreyfingarinnar í þeim samningum sem fram undan eru.

Ég veit að það er léttvægt hjá hæstv. ráðherrum, hæstv. fjmrh., sem hefur nú engan áhuga fyrir launafólki úti á hinum almenna vinnumarkaði, hann gegnir hér allt öðru hlutverki. (**Fjmrh.:** Það er ekki rétt.) Það er því miður rétt, hæstv. fjmrh. Ég var að fjalla um það frv. ráðherrans sem felur það í sér að þrengja stöðu þeirra fyrirtækja, þ.e. fyrirtækjanna í atvinnulífinu sem verkalýðsfélög á samningssviði ASÍ eiga nú í samningum við. Ef hæstv. fjmrh. skilur það ekki að svona skattheimta gerir samningsstöðu verkalýðsfélaganna lakari, þá segir hann ósatt því ég veit að greind hans er þeirrar gerðar að hann gerir sér fullkomlega grein fyrir því að þetta frv., ásamt fleiri frv. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson nefndi hér áðan, þá var hæstv. fjmrh. ekki viðstaddur, stórskaðar samningsstöðu verkalýðshreyfingarinnar. En það getur verið að hæstv. fjmrh. sé að hugsa um að tryggja stöðu annarra, þ.e. þessarar nútíma íslensku valdastéttar sem hefur hrifsað til sín völdin í nafni félagshyggju en stendur síðan ekki við það sem er ekki von.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara hér mörgum orðum um þetta frv. Ég vildi undirstrika það að ég veit að fenginni reynslu sem forustumaður í verkalýðshreyfingunni að svona frv., svona skattheimta skaðar stórlega stöðu láglaunafólks.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, KP, StG, JGS, JHelg.

nei: EKJ, GHG, HBl, SalÞ, ÞK.

6 þm. (EgJ, GA, MF, SkA, SvG, DS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (heildarlög). — Þskj. 76, n. 348 og 349, brtt. 350.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Nál. er á þskj. 348. Þetta frv. er nú flutt, að ég hygg, í tíunda skipti en gildistími laganna hefur yfirleitt verið eitt ár, þannig að það hefur verið flutt sams konar frv. árlega. Það eina sem hefur munað er mismunandi prósenta á þessum skatti. Það er best að vísa til þess sem segir í athugasemdum um frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 100/1988. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1989 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 330 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari."

Hér er sem sagt verið að ræða um skatt sem verið hefur við lýði undanfarin 10 ár og ekki hefur þótt ástæða til þess að fella niður, en skattprósentan er samkvæmt lögunum 1,5%.

Til að fjalla um frv. fékk nefndin til viðræðna Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, og Ólaf Friðriksson, framkvæmdastjóra verslunardeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og segir í nál.

Það skal tekið fram að ég held að allir flokkar sem eiga eða hafa átt sæti á Alþingi hafi verið með í því að setja þennan skatt á nema Kvennalistinn enda hafa þær ekki setið í ríkisstjórn og nú er það Borgfl. sem á sinn þátt í því að þessi skattur er kominn á eða a.m.k. framlengdur. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er skattprósentan það eina sem hefur breyst frá ári til árs. Hún hefur verið rokkandi á bilinu 1,1–2,4%. Á síðasta ári þegar frv. var lagt fram var hún 2,4% en ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að lækka þessa prósentu nú í 1,5%.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í tengslum við síðustu kjarasamninga var hæstv. ríkisstjórn knúin til þess að lækka skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ástæðan var sú að vinnuveitendum og fulltrúum Alþýðusambandsins tókst að sýna ríkisstjórninni fram á að sá hugsunarháttur væri fyrir löngu úreltur og hafi raunar aldrei haft við rök að styðjast að hægt sé að leggja skatt á verslunina án þess að einhver greiði skattinn. Það er auðvitað hægt að hugsa sér það í eitt skipti eða svo í skamman tíma að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé borinn af eigendum húseignarinnar án þess að þessi skattur fari út í verðlagið. En til frambúðar er því ekki að heilsa. Til frambúðar er málið svo einfalt að verðlagsáhrifin af skattinum eru jafnmikil og þær krónur sem hæstv. ráðherra fær í ríkissjóð í gegnum skattheimtuna. Það eru þau verðlagsáhrif sem við erum hér að tala um.

Hv. 5. þm. Reykv., formaður fjh.- og viðskn., hafði vonda samvisku hér áðan. Hann talaði um það að þessi skattur hefði verið fyrst lagður á árið 1979 og það er auðvitað alveg rétt að Alþfl. bjó til þennan skatt. Þegar ungu mennirnir komust á þing fyrir Alþfl. 1978 og stóðu að þeirri ríkisstjórn, sem var í stjórnarmeirihluta 1978–1979, var þetta ein af mörgum uppfinningum þeirra ungu manna sem komust á þing í þeirri miklu kratabylgju sem fór yfir landið í vorkosningunum 1978.

Þessi kratabylgja og þessi mikli trúnaður sem þeir alþýðuflokksmenn fengu þá hefur verið þeim viðkvæmt mál síðan. Þeir lofuðu þá að lækka tekjuskattinn eða afnema hann en framkvæmdin tókst með þeim hætti að á sumrinu 1978 var í fyrsta skipti lagður á tekjuskattur tvívegis. Fyrst lagði skattstjórinn á á miðju sumri og síðan lagði skattstjórinn á öðru sinni um haustið og hæstv. sjútvrh. sem er mikill sérfræðingur í skattamálum — ég man nú satt að segja ekki hvort hann sat á þingi þá — en eins og hann hefur stundum talað efast ég ekki um að hann hefði greitt þessu atkvæði sitt vegna þess að hann talar mikið um það að menn skilji það ekki að það þurfi skatta til þess að greiða ríkisútgjöldin. En það segir auðvitað ekki að það eigi að taka allar tekjur manna í skatta. Og þó svo hann hafi látið þessi orð einstaka sinnum falla hefur hann samt sem áður ekki fengist til þess að taka þátt í þeirri miklu skattaumræðu sem nú á sér stað hér í þinginu. Hann hefur ekki einu sinni fengist til þess að taka þátt í þeirri umræðu sem orðið hefur í sambandi við t.d. sjávarútveginn, við breytinguna frá virðisaukaskatti yfir í söluskatt. Ekki einu sinni um það. Heldur lætur hann sessunaut sinn, hæstv. fjmrh., um að svara fyrir okið.

En nú skulum við í þessu samhengi, af því hæstv. sjútvrh. er þingmaður fyrir þá á Austurlandi, velta því fyrir okkur hvort þessi skattur sé mjög réttlátur skattur þar fyrir austan. Ætli það sé svo hjá ýmsum kaupfélögum fyrir austan og ýmsum verslunarrekstri fyrir austan að þessi fyrirtæki standi mjög vel? Ætli veltan hjá þessum fyrirtækjum sé jafnhröð í versluninni þar fyrir austan og veltan hér í Reykjavík? Skyldi það geta verið svo að skattur sem lagður er á dauða steinsteypu sé tilfinninga ... (Gripið fram í.) Ég talaði um dauða steinsteypu, hæstv. fjmrh., að fyrir þeim skatti finnist meir ef veltan hjá viðkomandi fyrirtæki er lítil eða mikil. Auðvitað gefur það auga leið þar sem velta er lítil, þar sem fyrirtæki eru rekin með halla og sérstaklega þar sem hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt það hér í stólnum að ástæða sé til að líta sérstaklega með dreifbýlisversluninni og er að tala um það að hann sé að hugsa um að líta til með dreifbýlisversluninni, þá skyldi maður hafa haldið að þeir mundu stilla sig um þennan skatt, þennan rangláta skatt, sem ég man mjög vel að fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga talaði um af mikilli mælsku á fundi fjh.- og viðskn. í fyrra. Fulltrúinn að þessu sinni var að vísu ekki eins mælskur, en niðurstaðan var sú sama.

Hæstv. fjmrh., það stendur í kvæði einu: „Tunga steinsins kviknaði." Það kemur stundum fyrir að jafnvel steinar hafa líf. „Steinar tali og allt hvað er" stendur í ljóðinu. Og það má vel enda svo hjá þessari óvinsælu ríkisstjórn að það verði ekki aðeins hinir lifandi menn sem æpi fullum rómi á móti ríkisstjórninni heldur hollvættir landsins. Það kæmi mér ekki á óvart þótt steinar allir hér á landi fái tungur tvær og tali sama rómi með báðum til þess að fordæma þessa ríkisstjórn, fordæma það miskunnarleysi sem þessi ríkisstjórn sýnir í skattheimtunni og fordæma þá fyrirlitningu sem þessi skattheimta nú sýnir gagnvart þeim mönnum úti í atvinnulífinu sem eru að reyna að ná samkomulagi um það hvernig eigi að mæta þeirri miklu kjararýrnun sem hér hefur orðið án þess að komi til nýrrar verðbólguholskeflu, hvernig á að standa í varnarbaráttu núna þegar þjóðartekjurnar hafa dregist saman frá ári til árs, þriðja árið í röð, og þegar við sitjum uppi með fjmrh. sem segir: Það munar svo sem ekki neinu þó við tökum svo sem 2 kr.

í viðbót úr hægri vasanum á fólkinu, 2 kr. úr vinstri vasanum, seilumst síðan í brjóstvasann og förum líka í þann vasa sem geymir peningana fyrir skólabókunum á næsta hausti.

Það gefur auðvitað auga leið að fólkið í landinu skilur að þeir menn sem þannig stjórna eru ekki að hugsa um það að deila minnkandi þjóðartekjum heldur sitjum við uppi með ríkisstjórn sem kann sér ekki hóf, ríkisstjórn sem ekki skilur að það eitt að hækka tekjuskattinn nú ofan í aðrar álögur um áramótin er það sama og að slá hvern einasta vinnandi mann í landinu utan undir með blautum sjóvettlingi. Og þessi skattur hér er eitt af mörgu.

Formaður fjh.- og viðskn. sagði hér áðan að við sjálfstæðismenn hefðum greitt atkvæði með þessum skatti á sínum tíma. Það er að vísu rétt, okkur tókst að lækka hann niður í 1,1%. Nú verður fróðlegt að sjá hvort formaður fjh.- og viðskn., hvort hæstv. umhverfisráðherrann, sem var mjög mikið á móti þessum skatti í fyrra, hvort þeir vilja standa með okkur um það að koma þó skattinum niður í 1,1%. Það verður fróðlegt að sjá það. Auðvitað munu þeir ekki gera það. Auðvitað vita þeir að þjóðin verður að borga tollinn af því að taka þá inn í ríkisstjórnina og auðvitað verða þeir að taka þátt í hækkunum á sköttum sem því nemur og gott betur því hæstv. fjmrh. selur sig dýrt og þarf ekki að hafa fjölmörg orð um það.

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það er ástæða til að tala öllu lengur um þetta. Það skiptir auðvitað engu máli hvernig talað er hér um þessar nýju álögur sem er verið að leggja á. Það skiptir engu máli hvort hæstv. fjmrh. er spurður efnisspurninga eins og kom fram þegar við ræddum um virðisaukaskattinn, við fáum ekki skýringar. Það skiptir engu máli þótt þingnefnd biðji um upplýsingar um eitt og annað, það er undir hælinn lagt hvort hún fær þessar upplýsingar.

Við sitjum núna uppi með stjórnarmeirihluta sem er svo aðkrepptur að það verður að semja um allt inni í lokuðum herbergjum og best líður þeim ef rafmagnið bilar og það er í kolniðamyrkri sem þeir tala saman. Svo þegar þeir koma hér fram fyrir þessi björtu ljós hér í þinginu og mæta björtum glampa stjórnarandstöðunnar fá þeir ofbirtu í augun og geta ekki sagt eitt einasta orð, þora ekki að hreyfa sig. Þora ekki að hreyfa sig. Auðvitað þýðir ekkert að tala við þessa menn á fundum fjh.- og viðskn. Auðvitað skiptir engu máli með hvaða rök þetta fólk kemur sem við erum að kalla á okkar fundi.

Hvaða máli haldið þið að skipti hvað forseti Alþýðusambands Íslands segir? Hvaða máli haldið þið að það skipti hvað Ögmundur Jónasson segir? Við ætlum að biðja Ögmund Jónasson að koma á fund nefndarinnar á morgun út af þeirri skerðingu sem á að gera á framlögum ríkisins til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Haldið þið, hv. þm., að það skipti einhverju máli hvaða rök fulltrúar opinberra starfsmanna bera fram á þessum fundi? Er einhver hér inni sem heldur að það skipti máli? Er ekki búið að ákveða þetta allt saman niðri í herbergjunum? Eru ekki fulltrúar þessara fimm stjórnarflokka búnir að kreppa svo að sínu fólki að þeir þora ekki að gefa eftir á einum einasta punkti því að þá eru þeir hræddir um að stíflan springi? Og hverjir eru það sem eiga að gefa eftir núna? Hverjir eiga að gefa eftir til þess að þetta geti gengið pínulítið lengur? Það á að svíkja skuldbindingar í sambandi við Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Við munum sjá það þegar kemur að því að afgreiða lánsfjárlög fyrir næsta ár, við 2. umr., hvort kirkjan verður látin í friði. Það mun koma í ljós þá. Ætli það sé einhver hér inni sem heldur að kirkjan verði látin í friði? Mikið blessað barn yrði sá sem héldi að kirkjan fengi að vera í friði. Það er auðvitað ekkert heilagt. Ekkert heilagt nema myrkrasamkomulagið. Og þó það sé svo um sumt sem roðnar á morgnana þá stafar ekki birtu frá fjmrh. þegar hann kemur inn í svarta herbergið. Það verður enn dimmra þar inni á eftir. Og minnst er þó ljósið í fjh.- og viðskn. þegar við erum að reyna að tala við fulltrúa hæstv. fjmrh. um sanngjarna hluti og við finnum að fulltrúum stjórnarmeirihlutans er alveg sama, hjartanlega sama, skiptir engu máli hvað sagt er. Enginn metnaður að reyna að vera sanngjarn eða taka tillit til eins né neins, ekki má breyta stafkrók, ekki einu sinni prentvillum.

Þannig er nú ástandið á þeim bæ. Þess vegna verður það svo að þetta frv. verður samþykkt, þessar skattaálögur verða samþykktar. Hæstv. fjmrh. mun líða eins og honum líður núna, eins og púkanum á fjósbitanum. Hann verður glaðari og glaðari við hvern nýjan pinkil sem hægt er að setja á þjóðina eins og púkinn fitnaði af blótsyrðum fjósamannsins. Svo er nú ástandið hérna.

Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess í sjálfu sér að hafa þessa tölu lengri. Við sjálfstæðismenn munum hittast á fundi fjh.- og viðskn. í fyrramálið. Við munum reyna að hafa áhrif á stjórnarmeirihlutann eins og við getum. Við munum ekki bregðast því. En ég á satt að segja ekki von á að það verði tekið mark á því fremur en orðum Ögmundar Jónassonar eða Ásmundar Stefánssonar eða annarra þeirra sem ganga á fund nefndarinnar.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil ekki halda því fram, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, að ekkert þýði að reyna að tala við þessa herra. Það er einmitt grundvallaratriði að tala við þá og tala þannig við þá að þjóðin skilji betur hvers konar herrar eru á ferðinni. Þ.e. hvers konar valdamenn þetta eru sem hafa hrifsað völdin til sín hér á Íslandi, gerðu það haustið 1988. Þess vegna held ég að það sé brýnt og æskilegt og nauðsynlegt að tala við þessa herra, að segja sannleikann, fara ekki í gegnum sjálfan sig, eins og sumir gera margsinnis þegar þeir koma annaðhvort í sjónvarpið (Gripið fram í.) eða . . . Ég var ekki að tala um hv. þm. Halldór Blöndal, ég var að tala um þá herra sem hrifsuðu völdin til sín á Íslandi haustið 1988, hv. þm. Skúli Alexandersson. Og hv. þm. var ekki allt of kátur yfir því þegar sú ríkisstjórn var

mynduð eins og hv. þm. muna af umræðum hér á þingi haustið 1988. (**SkA:** Það var nú minni ...) Það er annað mál að ég hef fulla samúð með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að þurfa að styðja þessa ríkisstjórn vegna þess að ég veit að í hjarta sínu vildi hann vera laus við það og færi betur að hann framkvæmdi það þannig að greiða ekki þeim frv. atkvæði sem hér eru til umræðu, m.a. þessu frv.

Virðulegur forseti. Ég ætla að koma með fsp. til hæstv. fjmrh., vegna þess að ég geri ráð fyrir því að hann muni skýra satt og rétt frá því sem ég ætla að spyrja hann um núna. En áður en ég kem að minni fsp. ætla ég að ítreka tvennt. Í fyrsta lagi minntist hv. þm. Halldór Blöndal á það hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn ætlar að vega að — ég vil segja samningshagsmunum opinberra starfsmanna í sambandi við lífeyrissjóð þeirra. Þó opinberir starfsmenn búi við betri kjör en aðrir í sambandi við sín lífeyrisréttindi er það á grundvelli samninga og samningar eiga að standa. Í þeim efnum hefur hæstv. fjmrh. gengið of langt að mati formanns BSRB. Hann hefur haldið því fram opinberlega að samningar hafi verið brotnir á opinberum starfsmönnum og ríkisvaldið hafi gengið of langt í því að skerða stöðu lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Fyrir það verður hæstv. fjmrh. auðvitað látinn svara m.a. gagnvart þeim fulltrúum BSRB sem mæta á fundi í fjh.- og viðskn. Ed. á morgun.

En það er hitt atriðið sem er enn þá svívirðilegra og það er að hæstv. ríkisstjórn hefur keyrt hér í gegnum efri deild frv. til laga um að skattleggja iðgjaldatekjur lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambandsins, skattleggja lífeyrissjóði verkafólks, lífeyrissjóði sem eru með öfugan höfuðstól. Það er svívirðilegt athæfi að skattleggja aðila sem þannig er ástatt um og starfa samkvæmt samningum og reglugerðum sem sjálfur hæstv. fjmrh. eða fjmrh. á undan honum hafa undirritað. Ég efast um að það standist fyrir dómstólum að hægt sé að skattleggja aðila sem getur ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar skv. þeim reglugerðum og lögum sem gilda varðandi lífeyrissjóðina í landinu. En þetta hafa nú hv. þm. gert, keyrt hér í gegn þessa skattlagningu, 2% af iðgjaldatekjum lífeyrissjóða þessa láglaunafólks. Það er um 300 millj. kr. árið 1990. Þetta er keyrt í gegn á síðustu stundu þannig að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar eða aðilar fyrir hönd lífeyrissjóðanna fá ekki svigrúm til að láta í ljós skoðun sína vegna þess að þau lög sem nú eru í gildi renna út um áramótin.

Hæstv. fjmrh. hlýtur að gera sér grein fyrir því að ekki er hægt að skattleggja fyrirtæki sem eru gjaldþrota. Í nóvember 1988 lýsti hæstv. fjmrh. yfir því hér í efri deild að Samband ísl. samvinnufélaga yrði gjaldþrota mjög fljótlega eða eigi síðar en eftir 14 mánuði. (**Gripið fram í:** Nei.) Sagði hæstv. ráðherra ekki 14 mánuðir, innan 14 mánaða? (**Gripið fram í:** Yfir 14.) Sagði hæstv. ráðherra ekki 14 mánaða, innan 14 mánaða? Nú er það 14–16 mánaða. (**Gripið fram í:** Yfir 14.) Átta, átján? (**Gripið fram í:** Nei, tíu, tuttugu.) Þetta er ágætt, þetta er alveg í takt við það sem kom fram í sjónvarpi nýlega, virðulegur forseti, þegar þeir voru að ræða saman hæstv. fjmrh. og borgarstjóri. Það var eftirtektarvert að hæstv. fjmrh. breytti bara um skoðun eftir því sem það hentaði honum. Ég minnist þess að hæstv. fjmrh. sagði um 14 mánuði, um 14 mánuði. Ég heyrði hann aldrei segja 18 mánuði. (**EKJ:** ... 10 til 14.) Það minnir mig, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. En við skulum skoða þingskjöl um þetta efni. Það er ágætt einmitt. Nú höfum við loksins alveg sannanleg dæmi um að þegar vísað er til fyrri ræðu hæstv. fjmrh. hér og vitnað í 14 mánuði þá allt í einu breytir hann því í 18. Þetta er mjög gott dæmi um ósannsögli sem ég vona að fjölmiðlamenn kynni sér því þetta er svo augljóst. (**Gripið fram í:** ... sagði átján.)

Hvað sem því líður, hvort sem hann sagði 12, 14 eða 18 mánuði, er það ekki meginatriðið, heldur hitt að þennan skatt á að greiða á næsta ári. Og þá erum við komnir í 18 mánuði hvort sem er. Þá vaknar spurningin: Geta hv. þingmenn samþykkt hér að skattleggja aðila sem verður örugglega orðinn gjaldþrota á næsta ári ef eitthvað er að marka orð hæstv. fjmrh.? Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Hver er staða Sambands ísl. samvinnufélaga í dag? Er hún það örugg, það sterk, að höfuðstóllinn verði jákvæður á næsta ári þannig að hægt sé að skattleggja hann þó ekki sé nema um þetta 1,5% skv. þessu frv.? Hver er staða kaupfélaganna? Er hægt að skattleggja kaupfélög sem eru gjaldþrota? Hver á að greiða það? Á sama tíma sem verið er að fjalla um þetta frv. hér hefur nefnd sem ríkisstjórnin sjálf skipaði til að kanna stöðu verslunar í strjálbýli skilað frá sér áliti. Og hvað segir það álit, hv. þm.? Jú, það segir það einfaldlega að styrkja þurfi verslun í strjálbýlinu. Þetta frv. er náttúrlega gjörsamlega út í hött fyrir utan að það jaðrar við að vera lögbrot að ætla sér að skattleggja fyrirtæki sem svona er statt fyrir.

Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. upplýsi þingmenn áður en þeir greiða atkvæði um þetta frv. hvort eitthvað hafi breyst hjá samvinnuhreyfingunni, Sambandinu og kaupfélögunum sem réttlæti það að þingmenn greiði atkvæði með þessari skattlagningu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni orða hv. þingmanna Halldórs Blöndals og Guðmundar H. Garðarssonar. Það er alltaf gaman þegar Halldór tekur svona smásyrpur hér í ræðustól. Það lífgar aðeins upp á deildina og maður finnur að straumar hláturtauganna fara af stað.

Það sem mér fannst athyglisvert í ræðum þeirra beggja var einmitt það sem ég sagði hér í upphafi ræðu minnar, þeir vilja afnema þennan skatt núna. Í fimm ár höfðu þeir tækifæri og í staðinn fyrir það framlengdu þeir hann á hverju ári og yfirleitt hækkuðu. Þegar þeir fóru frá árið 1988 var skatturinn 1,5%. Þess vegna finnst mér svolítið skrýtið hvað miklar og háværar umræður verða um þennan skatt, ég held að flestir ættu nú að tala sem minnst um þetta.

Þetta er kannski einn af þeim sköttum sem flestir vildu taka af en staða ríkissjóðs knýr menn til að halda áfram með skattlagninguna.

Út af því að vikið var að mínum flokki, Borgaraflokknum, í þessu sambandi vil ég taka fram að það sem við samþykktum þegar við gengum inn í þessa ríkisstjórn var að skattlagning færi ekki upp fyrir 26% af landsframleiðslu á næsta ári, eða að skattprósentan yrði ekki hærri en var árið 1989. Þarna er aðeins spurning hvernig á að skattleggja innan þessara marka. Á að hækka tekjuskattinn meira? Á að hækka virðisaukaskattinn? Eða á að halda áfram með þá skatta sem voru eins og t.d. skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og lækka þá á öðrum á móti? Þetta vildi ég að kæmi fram í tengslum við þessa umræðu út af því, og ég skal alveg viðurkenna það, að við erum ekkert hlynntir þessari skattlagningu sem slíkri frekar en mörgum öðrum sköttum. En þar sem greinilega verður að leggja á skatta til þess að standa undir þeim útgjöldum sem ríkið stendur fyrir verður að taka inn tekjur einhvers staðar. Þetta er einn af þeim tekjustofnum sem verið hafa og sem engin ástæða er núna frekar en vanalega til að afnema.

Þetta vildi ég að kæmi fram til að skýra það sem sagt var um hvernig komið væri fyrir mínum flokki í þessu sambandi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Bara örstutt, virðulegur forseti. Ég hefði nú vænst þess að hæstv. fjmrh. svaraði minni fsp. (**Fjmrh.:** Það er engin ástæða fyrir því að koma hingað með þetta.) Ég vil gjarnan fá það þá skýrt frá honum hvort hann álíti að staða Sambands ísl. samvinnufélaga og staða kaupfélaga og staða verslunar í strjálbýlinu sé þannig í dag að unnt sé að skattleggja hana með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég heyrði það að hæstv. fjmrh. mun svara þessari spurningu hér á eftir. En þetta tengist því sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson sagði hér rétt áðan þegar hann vék að því að hann sagðist ekki skilja það hvers vegna sjálfstæðismenn vildu núna afnema þennan skatt. Ástæðurnar eru augljósar, hv. þm. Það er geysileg breyting á rekstrarstöðu verslunar frá því sem áður var. Staða verslunar er mun lakari en hún hefur verið í áratugi. Verslanir eiga í miklum erfiðleikum, sérstaklega í strjálbýlinu. Þá má minna á það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að þessi skattur mun við þessar aðstæður leggjast á viðskiptavini verslunarinnar. Staða þeirra er mun lakari en hún hefur verið í áratugi. Íslenskt atvinnulíf er í mikilli lægð, þess vegna á að aflétta sköttum eða lækka þá eins og unnt er.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar ég hafði þau ummæli fyrir u.þ.b. ári síðan, sem vitnað hefur verið í hér, var mikið ófremdarástand í íslenskum efnahagsmálum. Það var ljóst að stöðvun atvinnulífsins blasti við að lokinni fimm ára stjórnarsetu Sjálfstfl. og eftir að hin harða peningahyggja hafði farið hér um bankakerfi og efnahagsskipan. (**Gripið fram í:** Var hann einn í stjórninni?) Nei, en hann réð þessari stefnu og núv. formaður flokksins, Þorsteinn Pálsson, lýsti því yfir á miðjum stjórnarferli 1983–1987 að sú stefnubreyting væru mestu tímamót í íslenskri hagsögu síðan 1960. (**Sálþ:** Hefur framsóknaráratugurinn gleymst eða hvað?) Nei, hann hefur ekki gleymst en ég vænti þess að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir vilji við kannast yfirlýsingu formanns Sjálfstfl. um mestu tímamót í íslenskri hagsögu síðan 1960. Og ekki voru þau eignuð Framsfl. í þeirri ræðu.

Síðan ég lét þessi ummæli frá mér fara hafa orðið umtalsverðar breytingar í íslensku efnahagslífi. Ég ætla ekki að lengja mál mitt hér með því að rekja þær, þær eru kunnar. Það er viðurkennt nú af aðilum vinnumarkaðarins að gengisþróunin er komin á það stig að hún þarf ekki frekari breytinga við og þess vegna er verið að ræða hér kjarasamninga með gjörsamlega nýjum hætti vegna þess að allir aðilar vinnumarkaðarins eru þeirrar skoðunar að gengisþróunin sé komin á eðlilegt stig. Það hefur náðst hér gífurleg vaxtalækkun og annað jafnvægisástand í peningamarkaði og vöruskiptajöfnuður er hagstæður. Auk þess hefur á vettvangi samvinnuhreyfingarinnar sjálfrar verið gripið til margvíslegra aðgerða. Þekktust er sjálfsagt sú aðgerð að selja Samvinnubankann og draga mjög úr umsvifum samvinnuhreyfingarinnar á öðrum sviðum, vinna að sameiningu kaupfélaga og hagræða þar í rekstri með margvíslegum hætti. Ýmsar fleiri aðgerðir eru einnig á döfinni hvað það snertir sem fela í sér að staða samvinnuhreyfingarinnar í dag er önnur en hún var fyrir ári síðan. Ég tel þess vegna að góðar horfur eigi að geta verið á því með samstilltara átaki forustumanna samvinnuhreyfingarinnar og landsstjórnarinnar að það takist að snúa þessari þróun við. Ég tel því ekki neina ástæðu til að breyta samþykkt þessa frv. út frá þeim forsendum sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék að hér áðan.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er mjög þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir að gefa mér tilefni til að ræða hér aðeins um atvinnumálin. Það gerir að vísu nauðsynlegt þegar ég kem að seinni hluta ræðu minnar að hæstv. sjútvrh. verði þá viðstaddur umræðuna. Ég held að ég verði þá líka að óska eftir því að hæstv. viðskrh. verði viðstaddur umræðuna svo að við getum rætt aðeins um það ástand sem var hér á landi þegar síðasta ríkisstjórn féll frá. Er mér mjög kærkomið að svara áskorun hæstv. fjmrh. og rifja upp þá atburði sem gerðust á árunum 1987–1988 og þá atburði sem gerst hafa síðan. Ég hafði að vísu ekki búist við því þegar þessi umræða hófst að hún mundi gefa tilefni til þess en mér er það sönn ánægja að svara hæstv. fjmrh. en mun að sjálfsögðu líka ætlast til þess í leiðinni að ráðherrann taki virkan þátt í umræðunni og svari ýmsum skýrum fyrirspurnum sem ég beindi til hans á síðasta fundi deildarinnar þegar hér var rætt um virðisaukaskattinn og við komum þá inn á ýmis atriði

sem sneru beint að atvinnurekstrinum í landinu. Ég skal síður en svo skorast undan því, herra forseti, að við rifjum þetta allt saman upp, förum út í þessi atriði og ég veit að hæstv. fjmrh. mun bregðast vel við.

Í fréttatilkynningu sem hæstv. fjmrh. sendi dagblöðum og fréttastofum hinn 11. okt. 1989, — ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að formaður fjh.- og viðskn. sé viðstaddur þennan kafla ræðu minnar og mun doka við þangað til hann kemur aftur í deildina.

Hv. formaður fjh.- og viðskn. sagði í ræðu sinni hér áðan að Borgaraflokkurinn hefði gengið í þessa ríkisstjórn og sett þá mjög skýr mörk um það hversu há hin nýja skattheimta mætti verða sem tæki við á næsta ári. Mér skildist á formanni fjh.- og viðskn. að hann miðaði við að hlutfall skattheimtu til ríkisins á næsta ári yrði ekki hærra en á þessu. Eru það út af fyrir sig forsendur sem eru mjög skýrar og má segja að út frá hans sjónarmiði séu þær ekki óeðlilegar. Nú vill svo til að í þeirri fréttatilkynningu sem hæstv. fjmrh. sendi fjölmiðlum hinn 11. okt. 1989 er talað um þá veigamiklu kerfisbreytingu sem felist í gildistöku virðisaukaskatts. Það er raunar gott að hæstv. viðskrh. skuli vera hér líka því að spurningin lýtur líka að afstöðu hans til skattheimtu yfir höfuð að tala og hér segir um það, með leyfi hæstv. forseta:

„Veigamesta kerfisbreytingin felst í gildistöku virðisaukaskatts um næstu áramót. Gert er ráð fyrir einu skatthlutfalli á smásölustigi sem verður 26%. Til þess að ná fram verðlækkun á brýnustu matvörum verður skatturinn að hluta endurgreiddur á framleiðslustigi þannig að á mjólk, dilkakjöt, innlent grænmeti og fisk leggist ígildi 13% skatts." Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Virðisaukaskattur skilar svipuðum tekjum í ríkissjóð og söluskattur gerir á þessu ári."

Þetta voru þær upplýsingar sem við fengum í fjh.- og viðskn. og þetta voru þær opinberu upplýsingar sem fjmrn. lét fjölmiðlum í té. Og á grundvelli þessara upplýsinga hæstv. fjmrh. hefur málflutningur hans verið. Nú hefur hins vegar verið tekin ákvörðun um að lækka virðisaukaskattinn úr 26% í 24,5%. Og nú hefur fjh.- og viðskn. fengið pappíra frá fjmrn. sem sýna fram á, og það er skoðun ráðuneytisins, að þessi 24,5% virðisaukaskattur gefi 500 millj. kr. minna í ríkissjóð en söluskatturinn núna. Það er með öðrum orðum yfirlýsing um að 26% virðisaukaskattur, eins og hann var lagður á, hefði skilað mun meiri tekjum en ríkisstjórnin gaf út þegar Alþingi byrjaði, mun meiri tekjum en sent var út til fjölmiðla á þeim herrans degi 11. okt. 1989. Nú getur það verið spurning mín til hæstv. viðskrh., sem er mjög vel að sér í útreikningi á þjóðhagsstærðum og hefur oft komið fram í máli hans að hann er mjög vel að sér: Ef hægt væri að sýna hæstv. viðskrh. fram á það að hinar nýju tölur fjmrn. um það sem virðisaukaskatturinn gefur af sér eru réttar, er þá hugsanlegt að hann muni fallast á að hætta við þá miklu hækkun sem nú er ákveðin á tekjuskattinum? Og má líka spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort tekjuöflunarmál ríkissjóðs hafi verið tekin til umræðu á nýjan leik í ríkisstjórninni eftir að í ljós kom að þeir útreikningar sem fjölmiðlar fengu í þingbyrjun og við fengum í fjh.- og viðskn. voru rangir upp á, að mati ráðherrans, einhvers staðar af stærðargráðunni 2 milljarðar kr.? Ég skal ekki segja nákvæmlega, ég skal ekki segja hvort það vantar — röng niðurstaða upp á 1,8 milljarða, 2 milljarða. Það má spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann hafi fengið nokkra skýrslu frá fjmrh. um þessa reikningsskekkju. Það liggur alveg ljóst fyrir að í þeim pappírum sem við fengum þegar þing var sett var sagt að 26% virðisaukaskattur mundi jafngilda söluskattsinnheimtunni á þessu ári. Og það liggur líka alveg ljóst fyrir að, eins og hæstv. fjmrh. talaði um að hann ætli að framkvæma þær heimildir sem eru í fjárlagafrv. varðandi greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, varðandi undanþágur eða endurgreiðslur á virðisaukaskatti í sambandi við framkvæmdir og aðgerðir sveitarfélaganna, þá ber virðisaukaskatturinn meiri innheimtu af hálfu ríkissjóðs, meiri tekjur en hæstv. viðskrh. gat vænst á meðan hann var í ríkisstjórn með Sjálfstfl. og beitti sér með lögfestingu laganna um virðisaukaskatt. Það kom aldrei upp á borðið hjá okkur að við ætluðum þessari kerfisbreytingu að skila meiri tekjum, aldrei upp á borðið til okkar. Nú er hins vegar komið í ljós að hæstv. fjmrh. ætlaði að ná 2–3 milljörðum aukreitis með skattkerfisbreytingunni vegna þess að hann er búinn að viðurkenna núna með þeim pappírum sem við höfum fengið upp á síðkastið að það eru ósannindi sem hann sagði í þingbyrjun við fjölmiðla. Það eru ósannindi sem hann sagði í þingbyrjun hér í þinginu. Og það eru ósannindi, þau skilaboð sem hann lét starfsfólk sitt bera inn á fundi í fjh.- og viðskn. Ed. Við getum auðvitað á hinn bóginn velt fyrir okkur, er pólitískt siðferði af þessu tagi ekki bara það sem við viljum, Íslendingar? Viljum við ekki bara hafa fjmrh. sem talar ósatt þegar hann er spurður um hversu mikið skatturinn gefur af sér? Og viljum við ekki hafa hér á landi ríkisstjórn með ráðherrum sem er nákvæmlega sama hvort hæstv. fjmrh. segir satt eða ósatt? Hvað varðar hæstv. viðskrh. um það þó að upplýsingum fjmrh. til fjölmiðla skakki upp á 1½ milljarð eða 2 milljarða? Hvað ragar það hann? Getur ekki formaður Alþfl. bara verið í útlöndum á meðan? Eða hæstv. forsrh., var hann ekki bara plataður? Hann er svo vanur því að vera plataður að honum er alveg hjartanlega sama. Ætli Borgaraflokkurinn hafi haft fyrir því að reikna nákvæmlega út hversu mikil skattheimtan verður? Það leyfi ég mér að efast um.

Staðreyndin er auðvitað sú að við stöndum frammi fyrir ósannindum. Við stöndum frammi fyrir því að skattheimtan á næsta ári verður meiri en okkur er sagt að hún verði. Og við stöndum frammi fyrir því að formaður fjh.- og viðskn. segir hér í deildinni við okkur: Ástæðan fyrir því að við viljum leggja á nýja skatta er sú að ég vil halda sömu skattheimtu og á þessu ári. En hann er ekki með neina útreikninga sem neinn vill standa við að séu réttir. Ef ég mundi spyrja í fjh.- og viðskn. í fyrramálið og segja við formanninn: Ertu reiðubúinn að koma með sundurliðun? Viltu

leggja drengskap þinn við að þú trúir því sem þarna stendur, að þetta sé sama skattheimtan? Skyldi hann koma með útreikninginn? Eða skyldi hann láta sér nægja að taka við pappírunum sem hann hefur fengið ofan úr ráðuneyti? Ætli það verði kannski ekki líka sagt að ég sé að væna embættismenn um að fara með rangt mál í haust? Ég var ekki að því vegna þess að það var uppsetning hæstv. fjmrh. sem var röng. Það var vegna þess að hæstv. fjmrh. tók ekki nettótöluna þegar hann var að sýna okkur þetta fyrst. Hann gleymdi uppsafnaða söluskattinum. — Svo geispar hæstv. fjmrh. af því að honum finnst svolítið leiðinlegt að vera minntur á það að hann var að reyna að blekkja. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu?) Geispar blessaður maðurinn. (**Gripið fram í:** Ekki þó golunni.) En það er eðlilegt. Ég vildi að hann gæti kokgleypt öll ósannindin sem hann hefur sagt okkur hér í deildinni. En þá má geispinn vera stór til þess að það takist.

Við getum tekið fleira. Við getum t.d. rifjað upp það sem hæstv. fjmrh. sagði við okkur í sambandi við svo lítið mál eins og það, hvað skyldi það kosta fólk utan af landi í nýjum skatti að fljúga milli Akureyrar og Reykjavíkur ef virðisaukaskattur verður lagður á eldsneyti? Hæstv. fjmrh. sagði ósatt um 50%. Það er ekki hátt. Af því að þetta var lág tala. En hins vegar skiptir þetta allt máli. Og staðreyndin er sú að áhrifin verða mun meiri en hann vill kannast við.

Þegar hv. 14. þm. Reykv. hafði spurt hæstv. fjmrh. um ummæli sem hann hafði hér á þinginu fyrir einu ári, vék hæstv. fjmrh. að því í svari sínu að ástandið í fyrirtækjunum hefði verið mjög alvarlegt og mjög vont á haustinu 1988 og mér skildist hann vilja telja að við sjálfstæðismenn hefðum ekki skilið eins vel við haustið 1988 og efni hafi staðið til. Þetta veldur því að óhjákvæmilegt er að rifja upp þá atburði sem urðu á árunum 1987–1988. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hann ætli að vera hér inni og ég sé að hæstv. sjútvrh. er hér í hliðarsal þannig að ég veit að hann má heyra það sem ég segi, en óhjákvæmilegt verður að víkja nokkrum orðum að hæstv. sjútvrh. af þessu tilefni og athuga hvort hann fáist til að veita svör við ýmsum brennandi spurningum sem liggja á vörum þjóðarinnar til að fá að vita hvað gerðist á þessum tíma.

Nú er það svo að fyrir síðustu kosningar vorið 1987 talaði formaður Alþfl. svo til okkar sjálfstæðismanna og ég hygg líka hæstv. viðskrh., sem þá var að vísu ekki ráðherra, að ómögulegt var að skilja þeirra ummæli öðruvísi en svo að þessir tveir menn vildu í grundvallaratriðum fallast á þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfum haft í efnahagsmálum og atvinnumálum. Og það kom auðvitað skýrt fram í kosningunum þá að þeir töldu sér það helst til gildis að þeir mundu mjög vilja koma til móts við hagsmuni fyrirtækjanna í landinu í sambandi við breytta löggjöf um skattamál. Báðum þessum mönnum lá það orð mjög á tungu að við þyrftum að breyta skattalöggjöfinni hér á landi þannig að hún yrði sambærileg við það sem er í Vestur-Evrópu. Báðir töluðu þessir menn á þeim nótum að við yrðum að búa okkur undir hinn sameiginlega markað í Evrópubandalaginu og auðvitað var ánægjulegt eftir að þeir voru komnir með okkur í ríkisstjórn að finna að þeir vildu reyna að standa með okkur á móti Framsfl. í því að gera t.d. löggjöfina um tekju- og eignarskatt nútímalegri en hún var. Og auðvitað var líka ánægjulegt að finna að þeir vildu lögfesta með okkur lög um virðisaukaskatt þó svo að við gerðum okkur grein fyrir því, bæði þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl., að ýmsum spurningum var ósvarað vorið 1988 sem óhjákvæmilegt var að íhuga betur. Það komu upp mörg álitamál og auðvitað vissum við að það mundi verða pólitískt erfitt að svara þeim spurningum öllum.

Við gerðum okkur grein fyrir því, bæði þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl., að skattkerfisbreyting af þessu tagi yrði að fá mjög nákvæman undirbúning og þess vegna gladdi það mig þegar ég heyrði formann Alþfl. lýsa því yfir fyrir skömmu að það væri rétt að fresta framkvæmd virðisaukaskattsins, gildistökunni, vegna þess að hæstv. fjmrh. hefði látið það undir höfuð leggast að vanda undirbúninginn eins og rétt væri. Þetta var skoðun Alþfl. Og við sem höfum verið í fjh.- og viðskn. vitum að Alþfl. hafði rétt fyrir sér. Það er auðvitað mikill ábyrgðarhluti fyrir einn flokk að standa að skattkerfisbreytingu með þessum hætti og viðurkenna þó fyrir sjálfum sér að allur undirbúningur er í handaskolum. Láta fyrirtækin mæta ýmsu óvæntu sem þau hafa ekki búið sig undir. En Alþfl. lét sig hafa þetta, ekki vegna þess að þeir þingmenn Alþfl. hafi ekki vitað að þetta væri rangt, auðvitað sagði formaður Alþfl. að það ætti að fresta skattheimtunni af því hann vissi að það var rangt að fara út í hana óundirbúið, heldur af hinu að þingmenn Alþfl. vissu að ef þeir ekki samþykktu skattkerfisbreytinguna um áramót stæðu þeir frammi fyrir nýjum kosningum nú á þessum vetri og það var það sem þeir treystu sér ekki til.

Það sorglega í málinu er þetta: Eftir að Alþfl. hafði, eftir samningaþóf á bak við okkur sjálfstæðismenn, slitið síðustu ríkisstjórn á bak við okkur, án þess að láta okkur vita að Alþfl. var að undirbúa nýja ríkisstjórn meðan hann sat með okkur í ríkisstjórn, sem er auðvitað siðlaust eins og upplýst var í Alþýðublaðinu, þá verðum við núna að horfa upp á það að Alþfl. munaði ekkert um það í leiðinni að taka til baka margar þær leiðréttingar á skattalögunum sem hann hafði samþykkt með okkur vorið 1988, fara mörg ár aftur í tímann. Og það sem kannski veldur því að þeirra niðurlæging er enn meiri en ella er að í tengslum við síðustu kjarasamninga skrifaði ríkisstjórnin Vinnuveitendasambandinu bréf þar sem gefin voru margvísleg fyrirheit um skattalagabreytingar og líka fyrirheit um að athuga eitt og annað. M.a. var gefið fyrirheit um að hverfa aftur til þeirrar breytingar sem við samþykktum vorið 1988 um tekjuskattinn, að tekjuskatturinn og eignarskatturinn yrðu í samræmi við það sem við áður höfðum samþykkt. Og okkur skildist það, vorið 1989 var það, á ummælum hæstv. viðskrh., eða iðnrh. var hann víst þegar hann

talaði þau orð, að þá þegar væru uppi viðræður við vinnuveitendur um hvernig ætti að standa að breytingum á tekjuskattslöggjöfinni nú fyrir þessi áramót. Þetta var allt í fullum gangi. Síðan hefur hann upplýst það, hæstv. fjmrh., að engar slíkar viðræður hafi átt sér stað. Þegar við ræddum um fjárlögin við 1. umr. upplýsti hann að alls ekki stæði til að vinnuveitendur fengju neitt um það að vita hvernig ríkisstjórnin mundi haga sínum skattalagabreytingum heldur yrðu vinnuveitendur að standa frammi fyrir gerðum hlut. — Það er verst að hæstv. fjmrh. er svo upptekinn með forseta sameinaðs Alþingis að hann heyrir ekki orð mín, hann gæti þá leiðrétt ef ég fer rangt með. Ég get rifjað þetta upp þegar hann kemur aftur.

Fulltrúar Alþfl. standa nú frammi fyrir því, eða stóðu síðast þegar ég vissi, að engar efnislegar viðræður hafa farið fram um þetta atriði. Ef ég man rétt þá sagði hæstv. iðnrh. að vísu hér í deildinni að svo mikið væri um að vera núna í skattamálunum að þetta yrði að takast til athugunar síðari hluta þessa vetrar. Þá væri auðvitað fróðlegt að fá svar við því hvort búið sé að ákveða að hefja þetta samráð sem lofað var á sl. *vori*.

Alþfl. vill telja sig mikinn verkalýðsflokk. Við upplifðum það hér á föstudaginn að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í Alþfl. greiddu atkvæði á móti því að virðisaukaskattur yrði í tveim þrepum. Auðvitað vakti það athygli en var um leið staðfesting á því að áhrif verkalýðshreyfingarinnar í Alþfl. eru þverrandi. Og auðvitað vitum við að það er laukrétt sem fram hefur komið bæði beint og óbeint í margvíslegum blaðaviðtölum og greinum sem verkalýðshreyfingin hefur skrifað, forustumenn í verkalýðshreyfingunni, að þeir líta ekki hýru auga þær hækkanir sem hafa orðið nú í þessum mánuði, jólamánuðinum og telja að óhjákvæmilegt sé að svara þessum hækkunum með leiðréttingu í kjarasamningum. Ég veit að sá maður sem nú situr í forsetastóli getur staðfest að forustumenn launþegahreyfingarinnar eru ekkert sérstaklega lukkulegir þessa dagana. Þeir gera sér líka grein fyrir því sem hefur komið fram að sú hækkun á tekjuskattinum sem boðuð hefur verið er mun meiri en fjmrh. *vill* viðurkenna. Þessi 2% hækkun er auðvitað kjaraskerðing sem er mjög veruleg þegar um leið er höfð hliðsjón af því að eins og framkvæmd virðisaukaskattsins verður eru allar horfur á að verðhækkunartilefni í byrjun næsta mánaðar verði mun meiri en áður hafði verið talið. Þetta kom m.a. mjög skýrt fram þegar við ræddum við hagdeild fjmrh. í fjh.- og viðskn. og spurðum hana að því hvaða áhrif hún teldi það hafa á verðlag í landinu að ekki stendur til að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Það er auðvitað broslegt að lesa í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. í sambandi við virðisaukaskattinn að hann hyggist athuga hvort ekki sé rétt að slíkur greiðslufrestur í tolli komi smátt og smátt og einhvern tímann síðar. Auðvitað benti framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands á að of seint er að veita greiðslufrestinn þegar hið nýja kerfi er búið að jafna sig. Sú mikla fjárbinding sem verður af virðisaukaskattinum kemur strax nú um áramótin, áður en endurgreiðslurnar fara að skila sér aftur úr ríkissjóði, sem ekki verður fyrr en í aprílmánuði, má ég segja.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að horfa til þess að framkvæmdin á virðisaukaskattinum er ekki eins og þingmenn Alþfl. vildu þegar við vorum að berjast fyrir lögfestingu skattsins á sínum tíma. Ég held að það sé alveg deginum ljósara. Hæstv. viðskrh. getur ekki hrósað sér af því að sjónarmið Alþfl. hafi verið ráðandi varðandi þetta atriði. Nú er sami maðurinn hæstv. iðnrh. og hæstv. viðskrh. Af þessu gefna tilefni, að formaður fjh.- og viðskn. hefur sett það fram sem skilyrði fyrir því að hann vilji styðja þetta frv. að skatthlutfallið á næsta ári verði ekki hærra en á þessu ári, og af því gefna tilefni að hæstv. fjmrh. var hér áðan að tala um að atvinnuvegirnir stæðu vel og allir hlutir væru nú í jafnvægi, væri kannski forvitnilegt að fá að vita hvernig hæstv. viðskrh. lítur á þetta mál, hvort hann telji æskilegt að greiðslufrestur verði veittur á virðisaukaskatti í tolli. Það hefði e.t.v. verið réttara, herra forseti, að ræða þetta mál undir virðisaukaskatti, en ráðherrar hafa nú einu sinni þann sið að vera bara í deildinni stundum.

Ég vil líka vekja athygli á því í þessu samhengi að eins og framkvæmdin er ákveðin á næsta ári mun gjaldfresturinn á virðisaukaskattinum einungis nema tveimur mánuðum í sambandi við olíuna. Olíufélögin verða látin greiða fullan virðisaukaskatt af birgðum tveim mánuðum eftir að olían berst til landsins. Vildi ég gjarnan spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála þessari framkvæmd og hvort þessi ákvörðun hafi verið tekin í samráði við hann. Finnst honum nægilegt að veita einungis tveggja mánaða gjaldfrest á virðisaukaskatti í tolli? Eða er þetta kannski bara smámál? Skiptir þetta kannski engu máli? Er algert aukaatriði hvernig skattar og tollar ríkisins eru tímasettir? Skiptir það bara máli þegar ríkissjóður flýtir sér að taka skattana fyrr, er það bara það sem skiptir máli, ekki hitt hvenær fyrirtækin og fólkið í landinu borga skattana? Það skiptir náttúrlega engu máli.

Nú hlýt ég eins og komið er ræðu minni, herra forseti, og ræða *mín* er að sjálfsögu athugasemd við það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Nú hef ég umborið það að hann sé ekki við um hríð í deildinni. Nú óska ég eftir því að hlé verði gert á fundinum á meðan hæstv. fjmrh. lýkur sínum fundarhöldum annars staðar í húsinu. (**Gripið fram í:** Fundarhlé.) Óska eftir því, ég held að ekki sé nokkur leið að komast hjá því. Ég féllst á að hæstv. fjmrh. viki sér frá smátíma. Já, herra forseti, ég held að það sé óhjákvæmilegt að gera hlé á fundinum, það er ekki hægt að haga sér með þessum hætti. Ég held að þetta gangi ekki, það er alveg lágmark að hæstv. fjmrh. sé hér við. (**Forseti:** Ég vil aðeins upplýsa það að hæstv. fjmrh. var á fundi með forseta sameinaðs þings, sem mér þykir nú eðlilegt að menn uni við. En ég hef gert ráðstafanir til að hann komi hingað nú þegar þannig að ég tel alveg ástæðulaust að fresta fundi á meðan.) Ég sé að aðalforseti er kominn í deildina og vil láta þess getið

að mér finnst eðlilegt ef hæstv. ráðherrar þurfa að eiga fundi annars staðar í húsinu að þá sé gert fundarhlé á meðan. Ég get á hinn bóginn ekki fallist á að þingmenn eigi að standa hér uppi í ræðustól og ætlast sé til af þeim að þeir bíði hér eftir því að hæstv. ráðherrar séu viðlátnir. Mér finnst að það verði að gæta þess. Ég hef sýnt hér ákveðna biðlund (**Forseti:** Fjmrh. er mættur.) og tel að þegar maður hefur gert það þá sé eðlilegt að taka tillit til þess. Það hefur verið talað um að reyna að ná hér ákveðnu samkomulagi um þinghald og ég vona að það takist. En hitt held ég að sé alveg ljóst að það verður að vera einhver gagnkvæm kurteisi að þessu leyti sem ég er nú að lýsa.

Ég var að tala um það, hæstv. fjmrh., að mig minnti að það hefði verið við 1. umr. fjárlaga sem ég spurðist fyrir um hvort einhverjar viðræður væru hafnar milli fjmrn. og vinnuveitenda vegna þess loforðs sem hæstv. forsrh. gaf á sl. vori um að slíkar viðræður færu fram. Og ég var að rifja það upp að hæstv. fjmrh. hefði sagt við þær umræður að vinnuveitendur yrðu að standa frammi fyrir því sem ríkisstjórnin ákvæði. Er þetta ekki rétt munað? (**Fjmrh.:** Nokkurn veginn.) Nokkurn veginn rétt munað, það er ljómandi. Og ég var að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann væri ánægður yfir þessu og fyndist þetta vera rétt afstaða hjá hæstv. fjmrh. Nú er mér ekki kunnugt um hvort hann sér ástæðu til að skýra sitt mál í því, en minnist þess á hinn bóginn að sl. vor talaði hann um að slíkar viðræður væru hafnar af hálfu iðnrn. við iðnrekendur sem mér skildist á hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárlaga að væru umræður sem ekki skiptu máli í þessu sambandi og í þessu samhengi.

Þannig stóðu sakir, hæstv. fjmrh., svo ég víki nú tali mínu að atvinnulífinu, að haustið 1987 féll verð á íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Þá stóðum við frammi fyrir því að kjarasamningar voru lausir um áramót og ýmsir héldu á þeim tíma, ekki aðeins vinnuveitendur heldur ýmsir úr verkalýðshreyfingunni, að það gæti e.t.v. tekist að ná nýjum hóflegum kjarasamningum þá um haustið og sú ákvörðun var tekin af þeim sökum að freista þess að samningar tækjust án þess að ráðist yrði í efnahagsaðgerðir sem m.a. fælust í því að gengi krónunnar yrði breytt og krónan yrði felld. Síðan gerðist það um áramót að m.a. bandaríkjadollar lækkaði mjög í verði og þegar kom fram í febrúarmánuð var ljóst að óhjákvæmilegt var að fella gengið verulega til að koma til móts við atvinnurekendur og greiða fyrir kjarasamningum. Það kom síðan í ljós síðari hluta þess vetrar að mikil upplausn var í verkalýðshreyfingunni og fjölmargir kjarasamningar, sem þó náðist að skrifa undir, voru síðan felldir í almennri atkvæðagreiðslu.

Í janúar á þessu ári fór hæstv. utanrrh. þáv., Steingrímur Steinþórsson, endanlega í stjórnarandstöðu. (**Forseti:** Hermannsson.) Steingrímur Hermannsson, og ég held mér sé óhætt að fullyrða þáv. viðskrh., Jón Sigurðsson, hafi farið í baklás þegar við þingmenn Sjálfstfl. vildum ekki fallast á það að Útvegsbankinn yrði hálfvegis gefinn Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þetta hafði auðvitað afgerandi áhrif á það samkomulag sem við höfðum fram að þeim tíma átt við Alþfl. og þeim þótti þetta svo sárt, alþýðuflokksmönnum, að þeir gátu ekki á heilum sér tekið upp frá því. Samt tókst nú að knýja þá til að samþykkja gengisfellingu í febrúarmánuði, en þáv. utanrrh. hafði kynnst mannkynssögu Grimbergs meðan hann var á ferðalagi erlendis og lært þessa setningu „Róm brennur", en kunni ekki að nota hana í réttu samhengi. Síðan fengum við erfiða kjarasamninga um vorið og vorið 1988 vildum við sjálfstæðismenn grípa til mjög alvarlegra ráðstafana í efnahags- og atvinnumálum. Þá var Framsfl. nýbúinn að halda undarlegt flokksþing og kratar sömuleiðis og mikil spenna var í þjóðlífinu. Að síðustu náðist samkomulag um gengisbreytingu sem þó var ónóg. Menn tóku eftir því að hæstv. viðskrh. tók það sérstaklega fram í tengslum við þessa gengisfellingu vorið 1988 að hún hefði það sérstaklega sér til ágætis að engar hliðarráðstafanir fylgdu gengisbreytingunni. (Gripið fram í.) Ég var sannfærður um það á þessum vordögum vegna þess upphlaups sem efnt var til í þessum samstarfsflokkum Sjálfstfl. daginn áður en formaður Sjálfstfl. átti að ganga á fund forseta Bandaríkjanna að öll heilindi hefðu gufað upp í þessari ríkisstjórn. Þetta átti eftir að reyna á síðar um sumarið. Það var síðan upplýst í Pressunni, blaði Alþýðublaðsins, að fundahöld hefðu orðið í ágústmánuði milli Alþfl., Alþb. og Framsfl. um að mynda nýja ríkisstjórn á meðan ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sat. Þetta hefur síðan verið staðfest í ræðu núv. hæstv. forsrh. og enginn vafi er á því að einn þessara þriggja manna sem tóku þátt í þessum viðræðum á sæti fyrir hönd Alþb. í þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Þetta er auðvitað nýtt siðferði í íslenskri pólitík og lýsir karakter sem ég vildi ekki bera sjálfur.

Það er alveg rétt að þá um sumarið hallaði undan fæti hjá atvinnulífinu vegna þess að Alþfl. stóð á móti því að ráðast í hvers konar aðgerðir til styrktar útflutningsatvinnuvegunum. Og ég veit ekki hvort hæstv. sjútvrh. — er hann nokkurs staðar hér, hæstv. sjútvrh., ég vildi gjarnan fá hann hér í salinn.

Nú stendur svo á, hæstv. sjútvrh., að fjmrh. sá sem situr við hans hlið lýsti því yfir hér áðan að atvinnuvegirnir hafi verið mjög illa farnir haustið 1988. Er það svo, hæstv. sjútvrh., að sjávarútvegurinn hafi ekki átt neinn talsmann í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar? Má vera að sakir hafi staðið þannig að sá maður sem þá gegndi því embætti að heita sjútvrh. hafi kært sig kollóttan um hvernig sjávarútvegurinn yrði leikinn. Hvað gerði hæstv. sjútvrh. á þessum tíma? Finnst hæstv. sjútvrh. að það sé bara málefni okkar sem studdum hann í þetta embætti, sjútvrh., mál mitt, mál þingmanna Sjálfstfl.? Hvaða stefna var í sjávarútvegsmálum hér á landi á árunum 1987–1988? Það væri náttúrlega fróðlegt að fá um það upplýsingar. Auðvitað liggur það fyrir að ráðherrar Alþfl. stóðu gegn því sumarið 1988 að gengi krónunnar yrði fellt. Það liggur fyrir. Ég hygg að hæstv.

sjútvrh. sé líka kunnugt að við sjálfstæðismenn vildum ganga lengra fyrir sjávarútveginn þá um haustið en aðrir flokkar. Hvernig væri að hæstv. sjútvrh. segði sína skoðun á þessu máli? Það væri fróðlegt að fá hana fram.

Það væri líka fróðlegt að fá fram hjá hæstv. sjútvrh. hvort hann telur að þær aðgerðir sem gripið var til haustið 1988 af þeirri ríkisstjórn sem kennd var við Steingrím Hermannsson hafi verið nægar. Það kom fram í fjh.- og viðskn. þegar formaður stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina var spurður að hallinn á sjávarútvegsfyrirtækjum síðasta ársfjórðung 1988 hafi verið mun meiri en menn hafi gert sér grein fyrir. Og það kom fram í máli þessa manns að við því megi búast að ýmis af þessum fyrirtækjum þurfi að leita aftur til sjóðsins. Mér hefur t.d. verið sagt að mjög gróið fyrirtæki á Austurlandi, ég veit ekki sönnur á því, í sjávarútvegi hafi aftur þurft að leita til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina nú á þessu hausti. Ég held að það sé voðalega erfitt að hafa gegnt embætti sjútvrh. jafnlengi og hæstv. ráðherra og hafa ekki þrek til þess að útskýra sjálfur fyrir þingheimi og þjóðinni hvernig haldið var á þessum málum. Eða ætlast hæstv. ráðherra til að við, sem studdum hann í þetta embætti, tökum því þegjandi þegar hann lætur sig engu skipta þótt þeir menn sem vildu styðja hann verði einir fyrir ásökunum út af því hvernig hann hélt á málefnum sjávarútvegsins? Er hæstv. sjútvrh. sama um það hvernig sessunautur hans talar í þessum efnum? Það má vera að hann láti sér það í léttu rúmi liggja.

En ég vil segja meira um þetta mál en bara þetta, herra forseti. Ég vil líka ræða aðeins um stöðu sjávarútvegsins í dag af því að hæstv. fjmrh. vék að því og spyrja hæstv. sjútvrh. líka um það efni. Stendur á þingmönnum Sjálfstfl. eða Sjálfstfl. að marka framtíðarstefnu um stjórn fiskveiða? Höfum við beðið um frest á því máli? Hverjir vilja láta þau mál danka í þeirri nefnd sem er að fjalla nú um framtíðarstefnuna í stjórn fiskveiða? Eru það sjálfstæðismenn? Koma sjálfstæðismenn illa undirbúnir að þessu leyti á þá fundi? Eða má það vera að einhverjir aðrir stjórnmálaflokkar séu ekki reiðubúnir til að ræða þá hluti? Bíða, bíða, bíða, bíða, danka, danka, danka, danka. Ætli það geti verið að flokkur hæstv. fjmrh. sé ekki reiðubúinn að tala efnislega um stjórn fiskveiða á næstu árum? Og skyldi vera að flokkur utanrrh. sé heldur ekki reiðubúinn til þess að tala til frambúðar um stjórn fiskveiða? Og má það vera að Samband ísl. samvinnufélaga sé búið að marka sér sérstöðu í þeim málum sem gengur þvert á þá stefnu sem hæstv. sjútvrh. lét fylgja? Við skulum vel tala um atvinnumálin, hæstv. fjmrh., og ég skal tala við þig um þau. Við skulum tala um þau. Það er vandalaust.

Auðvitað er staðreyndin sú, herra forseti, að ef hér væri heilbrigð stjórn í landinu og hefði verið, þá hefði umburðarlyndi verkalýðshreyfingarinnar verið svo mikið að ástæða er til að ætla að unnt yrði að koma hér á því jafnvægi í landinu sem dygði til þess að atvinnuöryggi væri sæmilegt og lítil verðbólga. En því miður eru sakir ekki þannig. Það hefur verið upplýst að lífskjör hafa versnað mjög mikið á þessu ári og ég hef tekið eftir því að hæstv. fjmrh. talar um það sérstaklega og telur það sér til mikils gildis að honum skuli hafa tekist að skerða launakjörin í landinu. En á hinn bóginn væri kannski fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. fjmrh. telur að það óöryggi sem nú er á vinnumarkaði muni minnka eða aukast við þá miklu skattheimtu sem hér er í landinu. Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar.

Nú þýðir ekki fyrir mig, herra forseti, að bera efnislegar spurningar, ekki einu sinni um skattamál fram við hæstv. fjmrh. af því að hann lítur ekki svo á að hann hafi þingskyldum að gegna, enda ekki þingmaður sjálfur. Það er auðvitað mjög dapurlegt þegar stjórn þingsins er með þeim hætti að ráðherrar komast upp með slík vinnubrögð, mjög dapurlegt. Ég veit að þó ég mundi leggja þinglega fsp. fram sem mundi knýja ráðherrann til að svara þannig, þá yrði samt sem áður reynt í sameinuðu þingi að draga á langinn að ég fengi svarið eins og gert er í sambandi við þær fyrirspurnir sem nú liggja fyrir í sameinuðu þingi og stendur upp á hæstv. fjmrh. að svara. En ég held að ég verði samt að spyrja hann. Og ég held að hann verði, hvað sem öðru líður, að svara þessari spurningu. Hann er búinn að leiðrétta að hann hafi reiknað vitlaust um hálfan milljarð, um tvo milljarða í sambandi við virðisaukaskattinn. Hann er búinn að viðurkenna það með skjali til fjölmiðla sem afhent var 11. okt. — Herra forseti, ég var að hafa orð á því að það væri ein spurning sem ég krefðist þess að hæstv. fjmrh. svaraði hvað sem öðru liði. Ég vil vekja athygli á því. Það gefur auðvitað hæstv. ráðherra tilefni til að hefja umræður um annað. Þetta er náttúrlega ekki stjórn á fundinum og þetta gengur ekki. Þetta var auðvitað alveg siðlaust, algerlega siðlaust, ekki aðeins af hæstv. fjmrh. heldur líka sjútvrh. Og það er lágmark þegar þingmaður snýr sér til fjmrh. og segir að það sé a.m.k. ein lágmarksspurning sem ætlast sé til að hann svari, að hann hlusti rétt á meðan, sé ekki alltaf í leikaraskap, sé ekki alltaf að stilla sér upp, taki alvarlega á því sem honum er trúað fyrir.

Það er viðurkennt í plöggum sem við höfum fengið í fjh.- og viðskn. í sambandi við virðisaukaskattinn að reiknað var vitlaust um tvo milljarða a.m.k. Það stendur hér í þessu plaggi að 26% virðisaukaskattur gefi jafnmikið af sér og 25% söluskattur. Nú hefur verið ákveðið að lækka virðisaukaskattinn um 1,5%. Og enn segir ráðherrann að þetta gefi svipað af sér. Þýðir þetta þá ekki að hægt sé að lækka aðra skatta í staðinn? Eða hvað? Spurning mín er: Ætlar hæstv. fjmrh. að ná í þessa tvo milljarða hvort sem er? Ef svo er að hann ætlar að ná í þessa tvo milljarða hvort sem er er það yfirlýsing um að þetta hér var blekkingarplagg, sett fram í því skyni að glepja stuðningsmenn sína í stjórnarliðinu til að fallast á skattheimtu sem var 2 milljörðum meiri en þeir vildu fallast á. Það er um þetta sem nauðsynlegt er að fá yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. vegna þess að formaður fjh.- og viðskn.

lýsti því yfir í umræðum um þetta sérstaka mál hér að hann hefði fallist á óbreytta skattheimtu. Og það er þessu sem hæstv. fjmrh. verður að svara og við höfum nægan tíma, herra forseti, til að knýja svarið fram á þessum dögum sem eftir lifa til jóla.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Nú verð ég að biðja forseta minn velvirðingar á því að ég var í síma þegar ég átti að fara hér í ræðustól og er það auðvitað ekki sæmandi. En ég vissi ekki nákvæmlega hvenær hv. þm. Halldór Blöndal mundi ljúka sinni ræðu. Í staðinn skal ég þá bara flytja þeim mun styttra mál.

Tilefni þess að ég kem hér nú er það að í ræðu sinni áðan gat hæstv. fjmrh. þess þegar hann var að svara spurningum um hag Sambands ísl. samvinnufélaga að kannski væri merkast í þeim aðgerðum sem þau samtök hafa haft á prjónunum að nú væri búið að selja Samvinnubankann. Þetta voru upplýsingar sem komu mér á óvart. Ég vissi ekki til þess að nein sala hefði farið fram, en ég sagði hæstv. viðskrh. frá því áðan undir ræðu síðasta ræðumanns að ég mundi óska skýringa frá hæstv. fjmrh. núna á þessum ummælum hans og ég skildi það svo að hæstv. viðskrh. mundi þá verða viðstaddur og óska ég nú að honum verði kunngert um það að ég sé stiginn í stól til þess að varpa fram þessari spurningu varðandi Samvinnubankann og sölu hans. Ég veit að hæstv. viðskrh. vill gjarnan hlýða á það sem nú fer okkar á milli, okkar hæstv. fjmrh., og doka þá við þar til hæstv. viðskrh. er hér mættur.

Ég veit, forseti, að hæstv. viðskrh. ber ekki sérstök skylda til að vera hér mættur og er ekki að ásaka hann fyrir það þó að hann hafi þurft að bregða sér frá. (**Forseti:** Ég hef ítrekað óskað eftir að hann sé fundinn og vonast til að hann komi.) Já, en eins og ég tók fram áðan hafði ég orðað það við hann að ég mundi bera fram hér fyrirspurn sem varðaði hann og hans embætti.

Hæstv. viðskrh. er nú genginn í salinn. Ég tók það fram, hæstv. ráðherra, við forseta að ég hefði aðeins sagt þér frá því að ég mundi bera fram fyrirspurn til fjmrh. og óskaði þess þá jafnframt að viðskrh. yrði viðstaddur. Tilefnið er það að hér fyrir stundu ræddi hæstv. fjmrh. um Samband ísl. samvinnufélaga og þau ummæli sem hann viðhafði hér á hinu háa Alþingi, í nóvembermánuði á sl. ári hygg ég að það hafi verið, um að Samband ísl. samvinnufélaga mundi verða gjaldþrota á næstu 10–14 mánuðum ef ekki gerðist þá eitthvað óvænt. Ekki man ég nú orðalagið á því sem á eftir fylgdi. Þetta var sem sagt mat sjálfs hæstv. fjmrh. á þeirri stundu, að stærsta fyrirtæki landsins riðaði á gjaldþrotsbarmi og ætti kannski svo sem eins og eitt ár ólifað. Hæstv. ráðherra bætti því nú við í sinni ræðu að hann hefði mælt þetta á þeim forsendum að þá, þegar orðin voru mælt, hefði allt stefnt í óefni, ekki bara fyrir Sambandi ísl. samvinnufélaga heldur fyrir atvinnuvegum almennt og þess vegna hefði hann talið að miklar breytingar yrðu að verða á til þess að þetta félag gæti lifað en það gæti það kannski með breytingum og vildi segja að sumt af því væri þegar komið fram. Þar á meðal nefndi hann sölu á ýmsum eignum Sambandsins og mikilvægast væri, ég held að það orðalag hafi verið notað, það sem mest um munaði, eitthvað í þá áttina ... (Gripið fram í.) Og nú er komið að því sem mig langaði að hæstv. viðskrh. hlustaði á og það var það að þar munaði mestu um sölu Samvinnubankans. Nú vil ég gjarnan fá að vita hvort það sé rétt að búið sé að selja Samvinnubankann, þá á hvaða verði og hvers virði hann kunni að vera.

Við vitum að einhvers konar óformlegt tilboð var gert, eða samningsdrög, á milli Landsbanka Íslands og Samvinnubankans fyrr á árinu. Nú langar mig að fá upplýsingar um það hvað hæstv. fjmrh. átti við með þessum mikla mun, hvað Samband ísl. samvinnufélaga hefði stórbætt sinn hag mikið með því að selja Samvinnubankann, ef hann er þá seldur, og hvert verðið hafi verið og þá náttúrlega hverjar séu skuldbindingar Samvinnubankans og hverjar séu tryggingar kaupandans o.s.frv. Það liggur fyrir í löggjöf að banki verður ekki seldur eða banki keyptur af ríkisbanka öðruvísi en með samþykki hæstv. viðskrh. Málið er honum þess vegna meira en lítið skylt og hann kemst ekki undan því að svara hvort það sé rétt sem hæstv. fjmrh. segir hér. Ég vil nú halda því fram að hann hafi sagt það berum orðum eða a.m.k. látið að því liggja að Samvinnubankinn sé þegar seldur. Og þá spyr ég þá báða, hvorn í sínu lagi: Er það rétt að þegar á þessari stundu hafi Samvinnubankinn verið seldur? Og ef hann hefur verið seldur hefur einhver keypt hann, og þá spyr ég: Hver keypti hann og á hvaða verði og hvernig eru þessi samningamál öllsömul? Það er ekki hægt að segja það hér í þessum ræðustól á Alþingi, þar sem allir geta heyrt mál manna, um fyrirtæki sem fyrir ári síðan var að dómi hæstv. fjmrh. að verða gjaldþrota og mundi verða það á 10 eða 14 mánuðum nema á yrðu einhverjar verulegar breytingar að þær breytingar sem mest hafi um munað hafi verið sala Samvinnubankans. (Gripið fram í.) Þessi orð voru mælt hér: Það sem mest um munaði, sala Samvinnubankans.

Nú vita menn það og það er upplýst að Samband ísl. samvinnufélaga skuldar eitthvað yfir tug milljarða kr. Það á auðvitað eignir á móti, einhverjar í öllu falli, en það hlýtur að verða tekið eftir því þegar sagt er að búið sé að selja Samvinnubankann og þar með væntanlega þá með í kaupunum öll hutabréf Sambands ísl. samvinnufélaga í Olíufélaginu hf. sem munu vera 54% af Olíufélaginu því að þau munu vera handveð í Samvinnubankanum en alls ekki Landsbankanum. Þá sé sem sagt Landsbankinn eða einhver annar banki, hver sem hann ætti nú að vera, orðinn meirihlutaeigandi í Olíufélaginu hf. því að væntanlega mundu þau bréf sem eru að handveði fyrir gífurlegum skuldum Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaganna við Samvinnubankann, þann banka sem á að selja, fylgja með í kaupunum. Og hvert er andvirði þess banka sem á að selja, hæstv. viðskrh.? Hefur hæstv. viðskrh. heimilað söluna og hefur hann heim-

ilað kaupin? Hefur hann heimilað þá samningsgerð ef samningsgerð skyldi kalla sem mikið var um rætt fyrir nokkrum mánuðum? Það er rétt að þetta komi hér allt fram á hinu háa Alþingi. Það er ekki hægt að bauka með þetta með þessum hætti. Segja hér stórtíðindi, af hæstv. fjmrh. — ekki er hann óábyrgur maður, ekki er embætti hans svo óábyrgt að hann geti sagt hvað sem er í sambandi við mikilvægustu fjármál og viðskiptamál í þessu landi. Það er þó einu sinni stærsta fyrirtæki landsins sem um hefur verið að ræða og við viljum fá að vita það auðvitað og fyrirtækið sjálft og þeir sem að því standa hljóta að eiga heimtingu á að vita hvað það er sem fjmrh. er að segja, hvað það var sem hann sagði í nóv. á sl. ári, að fyrirtækið væri að verða gjaldþrota, og hvað það er sem hann er að segja núna, að mest muni um að það sé kannski ekki gjaldþrota að það hafi selt Samvinnubankann. Á hvað seldi það Samvinnubankann? Hvers virði er hann? Hvernig eru þessir samningar allir útlítandi? Undan svörum við þessu geta þessir hæstv. ráðherrar ekki vikið sér. Það er á allra vitorði að það eru milljarða skuldir við erlenda banka algjörlega ótryggðar. Á kannski að veita erlendu bönkunum ríkisábyrgð en íslensku bankarnir að tapa sínu ef í það færi? Hvernig hanga þessi mál öll saman? Á þetta að vera einhvers konar baktjaldamakk og einhvers konar pukurstarfsemi þegar það er lögbundið að hæstv. viðskrh. verður að leggja blessun sína yfir þetta? Á hæstv. fjmrh. að geta sagt hér án þess að svara því hreint út: Hvað var það sem munaði svona miklu þegar Samvinnubankinn var seldur? Hvernig bjargaðist SÍS? Hvað var það? Voru það 100 milljónir eða voru það kannski 10 milljarðar sem Sambandið rétti hag sinn við með því að selja Samvinnubankann eins og hæstv. ráðherra sagði að gert hefði verið? Mestu munaði um sölu Samvinnubankans.

Ég endurtek spurninguna til þeirra hvers um sig: Hefur Samvinnubankinn verið seldur? Hver er kaupandinn? Hvert er kaupverðið? Hverjar eru raunverulegar eignir Samvinnubankans og hverjar eru skuldirnar? Og hverjir eru skuldararnir og hverjar eru tryggingarnar? Hefur hæstv. viðskrh. heimilað þessa sölu? Hefur hann kynnt sér hana? Ef svo er ekki, þá hefur ekki sala farið fram, en úr því að farið er að hafa orð á þessu hér og nú er auðvitað nauðsynlegt að alþjóð fái að vita hvað þarna hangir á spýtunni. Hvað er að gerast í þessum fjármálaheimi? Það er ekkert grínmál að stærsta fyrirtæki landsins sé gjaldþrota. Og það er heldur ekki grínmál ef á að fara að bjarga því með einhverjum óheiðarlegum ráðum. Ég trúi því ekki að hæstv. viðskrh. hafi samþykkt slík kaup eða slíka sölu óðruvísi en í samráði við Alþingi. Ég vona að hann geri hreint fyrir sínum dyrum. En hæstv. fjmrh. verður líka að segja okkur hvað það er sem hann átti við með því að Samnband ísl. samvinnufélaga hefði bjargað sér með sölu Samvinnubankans þegar allir vita að samvinnufélögin og Sambandið, sjálft eru aðalskuldararnir í Samvinnubankanum. Hvernig er þetta allt saman vaxið? Á að taka erlenda kröfuhafa fram yfir íslenska? Á að veita ríkisábyrgðir fyrir þeirra lánum en láta síðan allar skuldirnar lenda á Landsbankanum ef hann kaupir Samvinnubankann eða hefur þegar gert það? Þessi svör verður þjóðin að fá.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. beindi til mín nokkrum spurningum. Ég vona að ég hafi skilið það rétt. Í fyrsta lagi spurði hann: Hefur Samvinnubankinn verið seldur? Svarið er að hann hefur ekki verið seldur. (**EKJ:** Þá fer fjmrh. ekki með rétt mál?) Ekki enn. Þess vegna er ekki hægt að svara spurningunum um það við hvaða verði hann hafi verið seldur eða hverjum hann hafi verið seldur og ég vil ekki á þessari stundu ræða eignir og skuldir bankans eða tryggingar sem hann hefur fyrir lánum eða aðrir bankar kunna að hafa fyrir lánum en öll þessi atriði fléttuðust saman í spurningum hv. 8. þm. Reykv.

Það er hins vegar rétt að í plaggi sem bankastjóri Landsbanka Íslands, Sverrir Hermannsson, skrifaði undir ásamt forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðjóni B. Ólafssyni, fyrsta dag septembermánaðar var gefin ákveðin viljayfirlýsing um það að kanna kosti þess að af slíkum kaupum yrði þannig að Landsbankinn keypti hlutabréf Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubankanum. Um það mál mætti setja á langa ræðu sem ég ætla þó ekki að gera hér, en skemmst er frá því að segja að það mál er í athugun hjá þeim sem kaupin vildu gera og vilja gera því að ég hef enn ekki heyrt að þeir breyttu þeirri afstöðu sinni. Ég hef gert það alveg skýrt að ég þurfi að fá svör við ákveðnum spurningum, sumum þeirra mjög í ætt við það sem hv. þm. varpaði fram, enda sjálfsagt og eðlilegt að bankamálaráðherrann fái slíkar upplýsingar áður en ákvörðun er tekin á grundvelli 50. gr. viðskiptabankalaganna þar sem áskilnaður er að samþykki viðskrh. þurfi til þess að viðskiptabankar renni saman eða einn banki yfirtaki annan.

Fleiri orð vil ég ekki um þetta mál hafa en þó bæta því við að það er ósæmilegt að drótta því hér að mér og öðrum ráðherrum að það „eigi að fara að bjarga þeim með óheiðarlegum ráðum" sem var það sem hv. þm. sagði. Ég vísa því algjörlega á bug.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni fá að varpa fram spurningu við hæstv. viðskrh. þar sem það hefur komið fram, og hjá honum núna í ræðu hans rétt áðan, að hann hefði lagt ákveðnar spurningar fyrir eigendur Samvinnubankans sem ekki hafa borist svör við. Gæti hæstv. ráðherra upplýst það eftir hvaða upplýsingum hæstv. ráðherra er að sækjast í sambandi við Samvinnubankann þannig að hugsanleg viðskipti geti átt sér stað milli Landsbankans annars vegar og Samvinnubankans hins vegar, þ.e. kaup og sala? Það er mjög þýðingarmikið vegna þess að þetta mál hefur dregist alllengi. Því miður hefur maður ástæðu til að halda að það verði ekki dregið öllu lengur að það uppgjör fari fram er lýtur að Sambandinu og Samvinnubankanum sem hlýtur að verða að

eiga sér stað ef takast á að tryggja það að þarna eigi sér ekki stað hugsanlega stórslys og stórtöp, ekki aðeins fyrir viðkomandi fyrirtæki heldur fyrir þjóðina í heild.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir nú leitt ef þessi langa umræða hefur spunnist út af stuttu svari mínu við fyrirspurn frá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni sem ég kaus að svara hér fyrr í umræðunum og taldi nú að ég hefði ekki þar gefið tilefni til víðtækra umræðna um þróun efnahagsmála á undanförnum árum eða næstu árum. Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, þá var ég beðinn um af hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að veita svar við horfunum á næsta ári þegar þessi skattur kæmi til innheimtu. Hæstv. viðskrh. hefur upplýst það hér, eins og hv. þm. vita, að það hafa farið fram viðræður og verið undirrituð ákveðin viljayfirlýsing varðandi kaup á Samvinnubankanum og ég hlýt að vænta þess, eins og aðrir, að því máli verði lokið það fljótlega að það dragist ekki út næsta ár. En fyrirspurnin sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson beindi til mín vék að horfum á næsta ári.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna beinnar spurningar hv. 14. þm. Reykv. um það eftir hvaða upplýsingum viðskrn. leiti hjá Samvinnubanka Íslands hf. vil ég taka fram að fyrirspurnir þær sem ég hef í frammi gagnvart þeim sem slík kaup vilja gera beinast alls ekki eingöngu að Samvinnubankanum heldur ekki síður hinum aðilanum að kaupunum. Það þarf að gera það ljóst hvernig bankinn sem myndast kann, verði af slíkum kaupum og samruna, stendur gagnvart þeim kröfum sem bankalög og reglur gera til bankarekstrar varðandi eiginfjárstöðu, varðandi lausafjárhlutföll, varðandi tryggingar fyrir skuldum, varðandi stöðu einstakra skuldara gagnvart bankanum. Þetta eru sjálfsögð mál en vafalaust á því eðlilegar skýringar að þeir sem að þessum samningum hafa staðið geta enn ekki gefið þessa mynd. Það skil ég mætavel því kaupin hafa enn ekki verið gerð.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim báðum, hæstv. ráðherrum, fyrir svörin, einkum og sér í lagi þó hæstv. viðskrh. sem segir að hér hafi einungis verið um viljayfirlýsingu að ræða og könnun á því hvort það gæti verið hagstætt fyrir Landsbanka Íslands að kaupa bankann. Hann mundi leita eftir öllum upplýsingum um hag bankans og kanna það væntanlega, og ég efast ekkert um að hann geri það áður en hann beitir, eða lítur til, 50. gr. viðskiptabankalaga, en þar hefur hann ekki bara heimild heldur skyldu til að leggja fram sitt álit á því hvort slík kaup geti farið fram og eigi að fara fram. Ég þakka honum fyrir það.

Hitt held ég að sé á algjörum misskilningi byggt að ég hafi verið með einhver ósæmileg orð og síst þá í garð ráðherranna. Ég var ekki að tala við þá ef þeir hafa skilið það þannig. Ég sagði að ég héldi að það ætti að leita eftir ríkisábyrgð á erlendum lánum, erlendum skuldum Sambands ísl. samvinnufélaga, og það teldi ég óheiðarleg ráð. Þau yrðu þá opinber, en óheiðarleg gætu þau verið samt. Að ráðherrunum dróttaði ég engu mér vitandi. Hafi ég mismælt mig bið ég þá að sjálfsögðu afsökunar. En það hljóta auðvitað að vera óheiðarleg ráð ef svo færi að einhverjir kröfuhafar á ákveðið fyrirtæki ættu að sitja fyrir öðrum með þessum hætti og auðvitað verða íslenskar bankastofnanir að búa við sama rétt og erlendar. Misskilningurinn kann að hafa byggst á þessu.

Að því er varðar orð hæstv. fjmrh., þá viðurkennir hann, með því að víkja ekki sérstaklega að því, að ég heyrði það rétt að mestu munaði um í endurskipulagningu Sambandsins sölu Samvinnubankans. Og þar sem hann sagði það hér að búið væri að selja Samvinnubankann, og ég gat ekki skilið það öðruvísi, var alveg eðlilegt og nauðsynlegt og sjálfsagt að ræða málin hér til botns. Hitt skil ég mjög vel að hæstv. viðskrh. vilji ekki upplýsa um þessar tölur þegar hann segir okkur hér og þar með alþjóð að það sé alls ekki búið að selja bankann og heldur ekki kaupa hann. Það er allt í burðarliðnum ef það verður þá einhvern tíma barn úr þessu sem ég efast um að geti orðið. Mér sýnist nú allt málið vera þannig vaxið og þannig undirbúið að það geti varla til þess komið að Landsbankinn kaupi Samvinnubankann og tel ég það vel farið miðað við allar aðstæður en ekki verr farið ef þessum ósköpum linnir nú og menn horfast í augu við raunveruleikann og við fáum spilin á borð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 350 felld með 10:4 atkv.
6. gr. samþ. með 10:1 atkv.
7.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 336.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

33. fundur, mánudaginn 18. des., að loknum 32. fundi.

Launaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég beindi mjög skýrri fsp. til hæstv. fjmrh. áðan sem hann svaraði ekki, og raunar mörgum, en ég óska eftir að hann svari þeirri fyrirspurn áður en lengra heldur þessum umræðum. Hann hefur tekið upp þann sið að svara ekki og ég held að nauðsynlegt sé að við notum tímann og hann svari, og við fáum hann hingað í deildina. Úr því að hann er ekki mættur óska ég einnig eftir að hæstv. forsrh. komi í salinn.

Ég beindi fyrirspurnum til hæstv. viðskrh. sem hann hefur ekki séð ástæðu til að svara heldur. Svo vakti ég athygli hæstv. sjútvrh. á því að hans embættisferill hefði fengið heldur bága dóma hjá núv. hæstv. fjmrh., en ég sá og heyrði á viðbrögðum hæstv. sjútvrh. að hann ætlar öðrum að verja heiður sinn í því sambandi og má þá kannski segja að heiður hans gæti verið í verri höndum en í höndum okkar sjálfstæðismanna sem reynum auðvitað að bera blak af honum þegar hvað harðast er veist að honum af Alþb. og Alþfl. í sambandi við feril hans sem sjútvrh. fram á haust 1988.

Hæstv. fjmrh. er kominn hér í salinn. Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. áðan hvernig hann hygðist bregðast við því nú þegar komið væri í ljós að hann hefði vanmetið þær tekjur sem kæmu af virðisaukaskattinum. Ég las upp úr fréttatilkynningu sem hann sendi fjölmiðlum hinn 11. okt. sl. þar sem fram kom að miðað við 26% virðisaukaskatt gæfi hann jafnmikið af sér og núverandi söluskattskerfi. Nú hefur komið í ljós að þetta er rangt. Nú hefur hæstv. fjmrh., eða hagdeild hans, sent okkur í fjh.- og viðskn. þessarar deildar yfirlýsingu um að þetta hafi verið vitlaust reiknað, og skakkar um 2 milljörðum a.m.k. Jafnframt liggur það ljóst fyrir að formaður fjh.- og viðskn. hefur lýst yfir að hann samþykki skattahækkanir núna eingöngu vegna þess að hann vilji halda sköttum óbreyttum frá þessu ári. Nú kom ekki fram hjá hæstv. fjmrh. áðan í hans svari af öðru tilefni hvað hann vildi segja um þetta hér í deildinni. Vill hæstv. fjmrh. bregðast við með þeim hætti sem væri karlmannlegt, að hætta við alla aukaskattana sem hann er búinn að ákveða að leggja á, hætta við hækkunina á tekjuskattinum, hætta við hækkunina á bensíngjaldinu og vill hann hætta við að skattleggja orkufyrirtækin? Þessu vildi hann ekki svara, hæstv. fjmrh. Hið sama á við, hæstv. forseti, um viðskrh. Hann svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hans.

Nú er það svo um launaskatt að hann hefur þann eiginleika að leggjast á kostnað og af þeim sökum dregur hann úr samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum þar sem hann er þyngstur og nú er það líka ljóst að mörg verslunarfyrirtæki munu verða fyrir meiri fjárbindingu en áður vegna virðisaukaskattsins og það er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. er með þessari breytingu á launaskattinum enn að auka fjárbindingu atvinnufyrirtækja. Það kom fram í fjh.- og viðskn. að einn af nefndarmönnum úr stjórnarmeirihlutanum hafði á þessu sérstaklega góðan skilning. Var svo að skilja á honum að hann teldi að fyrirtæki í landinu ættu helst öll að greiða sína skatta fyrir fram því það mundi að lokum leiða til þess að þau ættu verulega fjármuni inni hjá ríkinu ef þessi fyrirtæki hættu rekstri og taldi að þetta mundi leiða til mikils stöðugleika í atvinnurekstri og til frambúðar mundi þetta verða léttvægara fyrir fyrirtækið sem er að sjálfsögðu mikill misskilningur og sýnir ekki annað en hversu gott taumhald fjmrh. hefur á sínum mönnum. Vekur líka athygli hversu litlum skilaboðum þingmenn ríkisstjórnarinnar þurfa að koma til sinna stuðningsmanna þegar hér er verið að ræða svo flókna hluti eins og t.d. skattkerfisbreytingu. Maður gæti haldið að þingmenn Alþfl. hefðu t.d. eitthvað um það að segja. Maður hefði getað látið sér detta það hug. En þeir hafa nú minnst um flest að segja nú orðið.

Ég sé að það er mikil atkvæðagreiðsla í Nd. Allt tekur mikinn tíma þó svo að einstakir stjórnarþm. hafi ákveðið að þeir muni vilja greiða fyrir þessum skattafrv. er það nú samt svo að meiri hlutinn er tregur til að fara í stólana. Mér mundi finnast eðlilegast úr því sem komið er að þessari umræðu yrði frestað þannig að forsrh. hefði svigrúm til að koma hingað inn, en nú á sér stað atkvæðagreiðsla í Nd. þannig að e.t.v. er hægt að taka á dagskrá eitthvert mál sem ekki varðar skattheimtu, en þar eru ákveðin atriði sem ég þarf að fá upplýsingar um. Auðvitað tekur þetta lengri tíma þegar ráðherrar svara ekki einföldustu spurningum. (Gripið fram í.) Ég tel einfaldast að fresta fundi meðan atkvæðagreiðslur eru í Nd. Ég ætla að láta á það reyna hvort fjmrh. svarar við umræðurnar núna á eftir. Ef hann er ákveðinn í því að svara ekki, þá skil ég það og þá mun ég láta á það reyna enn þá frekar. Ég sætti mig ekki við að hann svari ekki, það er alveg ljóst og vil að honum sé það alveg fyllilega ljóst. (Gripið fram í.) Það gengur svo. Er ekki hægt að ná í hæstv. aðalforseta og bera það þá undir hann hvort hann telji ástæðu til að ég standi hér öllu lengur án þess að ... (Gripið fram í.) Ég ætla að ljúka ræðu minni fyrst, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Já, já.) Og ég lýk henni ekki á meðan hæstv. fjmrh. svarar. Best að ljúka ræðunni fyrst. Hæstv. fjmrh. hafði möguleika á að svara áðan, en hann gerði það ekki. Ég hafði látið hæstv. fjmrh. vita að nú ætlaðist ég til þess að hann svaraði. Og við skulum hafa það alveg skýrt okkar á milli að ef ég

ætlast til að hæstv. fjmrh. svari, þá mun ég láta á það reyna hvort hann vill svara eða ekki.

Ég spyr enn, hæstv. forseti, hvort ekki sé rétt — það er mikil atkvæðagreiðsla í Nd. um tekjuskattsfrv. Ég óska eftir að þessari umræðu sé frestað. (**Forseti:** Það kann að vera að það sé hyggilegt að fresta þessari umræðu ef þm. getur ekki sætt sig við að ...) Ég get ekki sætt mig við annað. Hæstv. fjmrh. átti kost á að svara áðan. Ég vil ljúka minni ræðu. (**Forseti:** Það væri þá frekar að taka fyrir annað mál sem er hér á dagskrá og fresta umræðu um þetta mál í bili.) Ég hef, hæstv. forseti, ekki athugasemdir við það að gera ef málið heyrir ekki undir fjmrh. En ef málið heyrir undir fjmrh. hef ég athugasemdir við það að gera. (**Forseti:** Forseti hugðist taka fyrir 5. mál á dagskrá um námslán og námsstyrki. Það er ekki beint skattamál.) Ég hef ekki athugasemdir við það.

Umræðu frestað.

Námslán og námsstyrkir, 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (skipunartími stjórnar Lánasjóðs). — Þskj. 269, n. 362.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki og mælir með því að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem á því var gerð í hv. Nd. Hér er efnislega um það að ræða að fjallað er um skipunartíma stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, um að stjórnin skuli skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntmrh. og fjmrh. skuli þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur en tvö ár.

Þetta er ekki ágreiningsmál. Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, skrifar undir með fyrirvara en aðrir sem undirrita nál. eru auk þess sem þetta mælir Guðrún Agnarsdóttir, Jón Helgason, Skúli Alexandersson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, en Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Menntmn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 239. mál (endurgreiðsla virðisaukaskatts). — Þskj. 355.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar nr. 42 30. mars 1987.

Frv. er flutt af fjh.- og viðskn. að beiðni Hagstofu Íslands. Frv. er tvær greinar. Fyrri greinin er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Á eftir ákvæði til bráðabirgða í lögunum komi nýtt ákvæði svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Eftir upptöku virðisaukaskatts hinn 1. jan. 1990 skal Hagstofa Íslands við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar frá og með janúar 1990 taka tillit til endurgreiðslna virðisaukaskatts af byggingu íbúðarhúsnæðis vegna vinnu á byggingarstað, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 59/1988, með áorðnum breytingum, þannig að endurgreiddur virðisaukaskattur sé dreginn frá byggingarkostnaði reiknuðum með fullum virðisaukaskatti."

Og 2. gr. er gildistökugrein.

Til nánari útskýringar kemur eftirfarandi fram í grg. nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er að beiðni hagstofustjóra til að taka af vafa um útreikning og notkun vísitölu byggingarkostnaðar eftir upptöku virðisaukaskatts og endurgreiðslu hans til íbúðarbyggjenda vegna vinnu á byggingarstað.

Í frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt er gert ráð fyrir að byggjendum íbúðarhúsnæðis verði endurgreiddur útlagður virðisaukaskattur af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Þetta ákvæði er samið í samráði við Hagstofuna og telur hún að til þess að endurgreiddur virðisaukaskattur verði dreginn frá byggingarkostnaði við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar þurfi eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

1. að endurgreiðslan verði ekki skilyrt við annað en að um sé að ræða íbúðarbyggingu og vinnu manna á byggingarstað samkvæmt framlögðum reikningum,
2. að ekki líði lengri tími en þrír mánuðir milli endurgreiðslna,
3. að þær verði verðtryggðar.

Enda þótt skilyrðum til þessa frádráttar sé þannig fullnægt er að dómi Hagstofunnar engu síður æskilegt að sett verði um þetta lagafyrirmæli til að taka af vafa og eyða óvissu í þessum efnum. Samkvæmt gildandi lögum um vísitölu byggingarkostnaðar er Hagstofunni falið að ákveða hvernig útreikningi vísitölunnar er háttað en því fylgja jafnframt ríkar skyldur til að sjá til þess að útreikningur vísitölunnar sé eins vandaður

og afdráttarlaus og frekast er unnt. Af þeim ástæðum þykir rétt að kveða sérstaklega á í lögum um ofangreindan frádrátt virðisaukaskatts til þess að taka af allan vafa í þessu efni. Þá skiptir ekki minna máli að vísitölunni er óspart beitt við verðtryggingu, ekki síst í verksamningum, og að hún hefur þriðjungsvægi í lánskjaravísitölu. Mikilvægt er því að ekki skapist óvissa um þessa notkun vísitölunnar og er ákvæðum þessa frv. ekki síst ætlað að koma í veg fyrir það.

Þess skal að lokum getið að Hagstofan hyggst haga útreikningi sínum á vísitölu byggingarkostnaðar í fyrsta sinn eftir upptöku virðisaukaskatts þannig að frádráttarliðir verði tilgreindir sérstaklega. Þannig á að koma fram hvernig vísitalan breytist með fullum virðisaukaskatti annars vegar og eftir frádrátt endurgreidds virðisaukaskatts hins vegar."

Þetta er úr grg. frv. en eins og fram kemur þar er hér aðeins og aðallega um tæknilega útfærslu að ræða en ekki beinar efnisbreytingar frá því sem verið hefur og þetta er til þess að auðvelda Hagstofunni störf sín við útreikning byggingarkostnaðar og hvernig farið skuli með endurgreiðslu í virðisaukaskatti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (fasteignaskattur og aðstöðugjald). — Þskj. 291, n. 358, brtt. 359.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 358 um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, frá félmn. Nefndarálitið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk til viðræðna um það Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félmrn., Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Steinþór Haraldsson, lögfræðing við embætti ríkisskattstjóra.

Nefndin mælir með samþykkt frv. en leggur jafnframt til smábreytingu á 34. gr. laganna til að eyða öllum vafa um það hverjir eru undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu. Breytingartillaga nefndarinnar er flutt á sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. rita sá sem þetta mælir, Guðmundur H. Garðarsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Brtt. sem við flytjum er á þskj. 359. Hún er um það að það komi ný 3. gr. sem taki af öll tvímæli. Þar er tilvitnun í a-lið 34. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og svo er vitnað aftur í tekjuskattslögin, 4. gr., til að taka af öll tvímæli um það hverjir eru undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu.

Þeir sem komu á fund okkar í morgun, eins og getið er um í nál., mæla allir með samþykkt frv. eins og það var lagt fyrir með þessari breytingu, en hér er fyrst og fremst um tæknilegar breytingar að ræða og til að taka af vafaatriði um framkvæmd þessara mála.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að umræðu um þetta mál verði frestað þar til hæstv. félmrh. getur verið viðstaddur umræðuna.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Það skal tekið tillit til þessarar beiðni um frestun.

[Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 359 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

4.–6. gr. (verða 5.–7. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 221. mál (breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga). — Þskj. 272, n. 351 og 364, brtt. 365.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 351 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég mæli hér fyrir hönd meiri hl. fjh.- og viðskn. en í nál. segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Ögmund Jónasson, formann BSRB, Indriða H. Þorláksson hagsýslustjóra, Pál Halldórsson, formann BHMR, og Birgi Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóra BHMR.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Þetta frv. sem lagt var fram og var til meðferðar í nefndinni er um þá breytingu sem verður nú í tengslum við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fjallar einkum um hvað verður um fólk sem starfaði áður hjá sveitarfélögum en færist síðan til starfa hjá ríkinu eftir

gildistöku laganna. En ég tel rétt til þess að upplýsa um hvað frv. þetta fjallar að lesa hér aðeins úr athugasemdum við lagafrv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Með lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, komu fljótlega í ljós ýmsir annmarkar á því er tekur til starfsmannamála. Fram kom mikil andstaða af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gegn því að þeir starfsmenn, er flyttust yfir til ríkisins á grundvelli ofangreindra laga, yrðu þvingaðir til þess að skipta um stéttarfélög. Ótti manna á landsbyggðinni við slík félagaskipti mun ekki hvað síst stafa af því að þeir telji að greind lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga séu aðeins undanfari frekari breytinga er fyrirhugaðar séu á sviði heilbrigðismála. Var þeirri skoðun haldið mjög á lofti að slíkar breytingar hefðu í för með sér hrun bæjarstarfsmannafélaga á landsbyggðinni með öllum þeim afleiðingum er slíkt kynni að hafa í för með sér. Sú breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, sem hér er lögð til, er sett fram til þess að koma til móts við ofangreind sjónarmið. Með 1. gr. þessa frumvarps er því tekin upp sú sérregla að starfsmenn, sem flytjast yfir til ríkisins 1. jan. 1990 á grundvelli laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, og þeir starfsmenn, sem munu gegna störfum þeirra eftirleiðis, geti valið um hvort þeir verði félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur lögum samkvæmt samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Gert er ráð fyrir að þeir starfsmenn, sem kjósa að vera áfram félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum, myndi eins konar ríkisstarfsmannadeild innan þeirra.

Gengið er út frá því að öll ákvæði laganna gildi um þessa nýju viðsemjendur ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði um takmörkun verkfallsréttar ríkisstarfsmanna, tilkynningu vinnustöðvana, framkvæmd verkfalls o.s.frv. Í þessu felst því að einungis ríkisstarfsmenn innan bæjarstarfsmannafélaga eigi atkvæðisrétt í viðkomandi félagi um kjarasamning þess við ríkið og eigi rétt á að taka ákvörðun um boðun verkfalls gagnvart ríkinu."

Þetta er hluti af greinargerð sem fylgdi frv. til skýringar á því sem hér var rætt um og því nál. sem liggur frammi. En undir þetta nál. rita sex af sjö nefndarmönnum, þ.e. Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal, Eiður Guðnason og Skúli Alexandersson.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en fyrir hönd meiri hl. legg ég til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. og brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Það varð ljóst strax og frv. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var til umfjöllunar á Alþingi á sínum tíma að í kjölfar slíkra breytinga mundi fylgja óvissa og röskun á högum og réttindastöðu margra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Því var nauðsynlegt þegar frv. hafði verið samþykkt að grípa til aðgerða með góðum fyrirvara til að koma í veg fyrir slíkt.

Þetta frv. sem hér er til umræðu tekur á takmörkuðum hluta þess vanda sem verður í málefnum fjölmargra starfsmanna víða um land þegar lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taka gildi nú um áramótin. Enn er þó margt ófrágengið í þessum efnum og langt í frá að allt það starfsfólk sem nú kvíðir óljósri eða verri réttarstöðu en áður vegna þessara breytinga hafi fengið úrlausn sinna mála. Er gagnrýni vert hve seint er hér gripið til ráða til að leysa nokkurn hluta þess vanda sem við fólki blasir, nú í annríki síðustu starfsdaga þingsins fyrir jólahlé. Minni hl. skilur mikilvægi þess að finna lausn á þessum vanda og setur sig ekki í meginatriðum á móti þeim aðgerðum sem hér eru boðaðar. Hins vegar kom í ljós við umfjöllun málsins í nefnd að sú lausn sem hér er fundin er einungis takmörkuð bráðabirgðalausn og þarfnast endurskoðunar. Því flytur minni hl. brtt. þess efnis, þ.e. að þetta frv., ef að lögum verður, verði endurskoðað.

Jafnframt kom í ljós að efni frv. varðar grundvallaratriði um leiðir og aðferðir launþegahreyfinga í kjarabaráttu og tengist ágreiningi sem ríkir um þau mál innan allra launþegasamtaka. Í stuttu máli er um að ræða ágreining um það hvort launþegar séu betur komnir í kjarabaráttu sinni með því að standa að kjarasamningum innan fagfélaga, stéttarfélaga, eða hvort þeir séu betur komnir í starfsmannafélögum bæjarfélaga, þar sem þeir eiga samleið með öðrum stéttum. Um þetta ríkir grundvallarágreiningur innan allra launþegahreyfinga, var okkur sagt á fundi í fjh.- og viðskn. af fulltrúum launþegahreyfinganna. Einmitt þess vegna er gagnrýni vert að efni frv. skuli ekki hafa verið rækilega kynnt samtökum launafólks, en það hefur komið í ljós að t.d. Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur athugasemdir við frv. Þær athugasemdir eru einkum sprottnar af því að í kjarasamningi sl. vor var gerð svohljóðandi bókun ef ég má lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningsréttarlögin verði endurskoðuð í samvinnu við öll samtök opinberra starfsmanna. Stefnt verði að því að breytingar þær sem aðilar verða sammála um verði lagðar fram á haustþingi 1989."

Nú hefur BHMR ítrekað óskað eftir viðræðum við fjmrh. og fulltrúa hans í samstarfsnefnd um efni þessarar bókunar en ekki hefur verið orðið við þeim óskum. Hins vegar hefur þetta frv. um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna verið lagt fram. Er það um allt annað efni og án samráðs við BHMR þrátt fyrir ákvæði í ofangreindri bókun og eðli málsins. Þessi samtök hafa því ekki sett sig á móti þessari leið sem hér er farin gagnvart því starfsfólki sem um er að ræða og telur að finna þurfi lausn á málum þess og að fólk eigi að geta valið um í hvaða

stéttarfélagi það er. Hins vegar leggur BHMR áherslu á að sá hópur sem síðan tekur við, þ.e. eftirmenn sem ganga í sömu störf, um þann hóp eigi að gilda forgangsrök 6. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. að stéttarfélag fari með samningsaðild. Þar sem þessi ágreiningur ríkir um efnið hafa þingkonur Kvennalistans valið þá leið að bera fram brtt. við þetta frv. á sérstöku þingskjali sem ég vil mæla fyrir nú, þ.e. á þskj. 365.

„Við 1. gr. 3. efnismgr. orðist þannig:

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal tilkynna fjmrn. fyrir 15. janúar 1990 hverjir starfsmanna óska eftir að vera áfram í viðkomandi félagi og skal það staðfest með yfirlýsingu starfsmanns, ella gildi um félagsaðild ákvæði 4.–5. gr."

Þarna er sem sagt farið fram á að hugur manna til þess að vera áfram í viðkomandi starfsmannafélagi sé kannaður áður en tilkynning fer fram. Síðan er brtt. við 2. gr.

„Greinin orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og falla úr gildi 31. desember 1990."

Ástæðan fyrir þessu sólarlagsákvæði er fyrst og fremst sú að knýja menn til þess að endurskoða þessi lög, eða þetta frv. ef að lögum verður, og tryggja að tekið sé á málunum í heild sinni þar sem launþegasamtökin standa öll saman að lausn þessa vanda sem blasir við starfsfólki. Það er mjög nauðsynlegt að endurskoða þær úrlausnir sem boðið er upp á af hæstv. ríkisstjórn eins seint og hefur verið gripið til þessara ráða og þeirra lausna sem hér hafa verið fundnar. En eins og ég sagði áðan, þá setjum við okkur alls ekki á móti þessari lausn. Það er auðvitað nauðsynlegt að fólk fái að velja hvað það vill, en jafnframt er líka nauðsynlegt að líta til framtíðar og reyna að finna heildarlausnir á málinu.

Til þess að hv. þm. geti íhugað þessar brtt. betur, því þær eru bornar fram tiltölulega seint og málin ganga öll mjög hratt hér nú, munum við kalla þær aftur til 3. umr. til að gefa aukið svigrúm til að gaumgæfa þær.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að þetta samkomulag er á margan hátt sérkennilegt. Það er ljóst að það eru tilfinningar fyrir hendi hjá þeim sem hafa verið í stéttarfélagi í kannski 20, 30, 40 ár og allt í einu er þeim gert, samkvæmt lögum, að skipta um stéttarfélag. Það hefur þó gerst að lög hafa verið sett sem gera það að verkum að ákveðin hreyfing þarf að vera þarna á.

Ég tel mjög óheppilegt að tvö stéttarfélög hafi samningsumboð fyrir sama fólkið. Ekki aðeins gagnvart fólkinu sjálfu heldur líka gagnvart viðsemjandanum, ríkinu, því ekki vitum við hvort menn stilla saman hugina til kjarabaráttu eða til baráttu fyrir félaga sína. Ég tel að almennt eigi svo að vera að það sé einn aðili sem hefur samningsumboðið, annars sé svo mikil hætta á að friðurinn rofni að tilefnislitlu. Hitt er annað að þetta samkomulag hefur verið gert við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Fólkið sem þarna er um að ræða er í þessum heildarsamtökum hvort sem er, en þrátt fyrir það liggur fyrir að með þessu yrðu tvö stéttarfélög innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja með samningsumboðið. Ég tel að þetta hefði átt að leysa öðruvísi en með lögum og tek undir það að þetta hefði mátt kynna betur og fyrr. Og allt finnst mér þetta samkomulag afar sérkennilegt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 365,1 kölluð aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 365,2 kölluð aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

34. fundur, mánudaginn 18. des., að loknum 33. fundi.

Námslán og námsstyrkir, 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (skipunartími stjórnar Lánasjóðs). — Þskj. 269.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 371).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 221. mál (breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga). — Þskj. 272, brtt. 365.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 365,1 felld með 8:5 atkv.

Brtt. 365,2 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, ÞK, DS, EKJ, GHG, GA.

nei: SkA, SvG, JGS, EG, GuðmÁ, JE, KSG, StG, JHelg.
6 þm. (EgJ, HÁ, HBl, JúlS, KP, MF) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karl Steinar Guðnason:
Hæstv. forseti. Ég sagði hér áðan að mér þætti sem þetta samkomulag hefði ekki átt að gera eins og það var gert. Mér er hins vegar ljóst að þetta er samkomulag við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og ekki hefur verið rætt við það um þessa breytingu. Ég tel hins vegar að skynsamlegt hefði verið að fara þessa leið. Ég beygi mig undir það að þetta er samkomulag og ber að ræða við samtökin um það að mínu mati hvernig þessu verður breytt, mér finnst eðlilegt að samtökin viti af því. Ég virði samkomulagið þrátt fyrir að ég sé ekki alveg ánægður með það. Því segi ég nei.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vísitala byggingarkostnaðar, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 239. mál (endurgreiðsla virðisaukaskatts). — Þskj. 355.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

35. fundur, mánudaginn 18. des.,
að loknum 34. fundi.

Vísitala byggingarkostnaðar, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 239. mál (endurgreiðsla virðisaukaskatts). — Þskj. 355.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 368.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á gildandi lögum og eru sumar þessar breytingar gerðar í beinu samhengi við það frv. um virðisaukaskatt sem einnig er til meðferðar hér á hv. Alþingi. Samhengi þessara tveggja frv. skýrist fyrst og fremst af því að með öðru þeirra, þ.e. frv. um virðisaukaskatt, er verið lækka hlutfall óbeinna skatta á Íslandi. En með þessu frv. er að sama skapi verið að breyta hlutfalli beinna skatta.

Íslenska skattkerfið hefur nokkra sérstöðu meðal vestrænna ríkja vegna þess að við erum hér með óvenju hátt hlutfall óbeinna skatta, verðlagsskatta, en í flestum öðrum löndum er hlutfallið milli beinna og óbeinna skatta nokkurn veginn til helminga.

Það hefur lengi verið skoðun erlendra og innlendra sérfræðinga um hagstjórn og efnahagsmál að nauðsynleg forsenda þess að stöðugleiki geti skapast í íslenska hagkerfinu sé að breyta þessu hlutfalli þannig að beinir skattar gegni meira hlutverki í tekjuöflunarkerfi íslenska ríkisins en hlutfall verðlagsskattanna, óbeinu skattanna, verði lækkað. Við þá breytingu verði auðveldara að ná tökum á hagstjórninni og vega upp ýmsar hagsveiflur sem ella kynnu að setja hagkerfið úr skorðum.

Heildaráhrif þeirra breytinga sem koma fram í þessu frv. og frv. um virðisaukaskatt eru í fyrsta lagi lækkun hlutfalls í virðisaukaskatti frá því sem það er í söluskatti sem leiðir til u.þ.b. 1% lækkunar á framfærslukostnaði heimilanna. Í öðru lagi veruleg lækkun eignarskatta sem fyrst og fremst snertir fólk með lágar tekjur sem verður undanþegið hærra þrepinu og í þriðja lagi breytingar á tekjusköttum sem hafa í för með sér léttari skattbyrði hjá barnafjölskyldum með lágar tekjur, einkum einstæðum foreldrum, en nokkra þyngingu hjá hátekjufólki.

Tekjuskattar hjá tekjulágum barnafölskyldum lækka að meðaltali á milli áranna 1989 og 1990. Þetta kemur yfirleitt þannig út að endurgreiðsla ríkisins til einstæðra foreldra og tekjulágra hjóna með börn hækkar í krónutölu þar sem þessir aðilar greiða almennt ekki tekjuskatt. Hjá hjónum munar þetta upp undir 1% af tekjum þar sem skattbyrðin lækkar en hjá einstæðum foreldrum allt upp í 2% af tekjum.

Eignarskattar einstaklinga lækka verulega á næsta ári, annars vegar lækkar háþrepið um helming, úr 1,5% eins og það er í dag niður í 0,75%. Jafnframt verður það tengt tekjum viðkomandi þannig að há-

þrepið fellur alveg niður hjá einstaklingum með 70.000 kr. eða minna í skattskyldar tekjur á mánuði og kemur það þá fyrst að fullu inn ef tekjurnar eru yfir 140.000 kr. á mánuði. Samsvarandi tala hjá hjónum eru tvöfaldar þessar upphæðir.

Einnig eru í þessu frv. gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum um vaxtabætur vegna íbúðarkaupa sem ég mun koma að eftir smástund. Til viðbótar er einnig að finna ýmsar breytingar á skattlagningu fjárfestinga einstaklinga í atvinnurekstri. Þessar breytingar fela í sér að rýmka gildandi heimildir til þess að auka eiginfjármyndun fyrirtækja. Þær breytingar, sem lagðar voru fram í frv. í upphaflegri gerð, voru í meðferð hv. Nd. klæddar í þann búning að þegar frv. birtist hér í hv. Ed. eru þessar heimildir orðnar enn rýmri en þær voru þegar frv. var lagt fram og tókst sú breyting með góðri samvinnu allra þingmanna í hv. Nd.

Einnig er í þessu frv. að finna till. um breytingar varðandi skattalega með ferð spariskírteina ríkissjóðs og enn fremur breytingar varðandi skattfrelsi húsbréfa.

Virðulegi forseti. Í greinargerð með frv. er að finna ýmis dæmi sem sýna hvernig þær breytingar, annars vegar á prósentu tekjuskattsins og hins vegar á persónuafslætti og barnabótum, koma út fyrir hina ýmsu tekjuhópa og þjóðfélagshópa. Ég ætla hins vegar ekki hér í þessari framsögu að fara að rekja þau dæmi ítarlega en þau sýna að mínum dómi það megineinkenni frv. að því er ætlað að virka til tekjujöfnunar frá því skattkerfi sem hefur verið gildandi á þessu ári. Tekjulágar fjölskyldur og barnafjölskyldur með miðlungstekjur munu þurfa að greiða lægra hlutfall af tekjum sínum í tekjuskatt á næsta ári en þær greiða í ár.

Ég tel einnig fróðlegt að skoða áhrif þeirra breytinga sem gerðar voru í fyrra á tekjuskattinum og þeirra breytinga sem hér er lagt til að séu gerðar á skattbyrði hjóna með tvö börn og tekjur sem samsvara 120.000 kr. í dag, eða með öðrum orðum á skattbyrði lágtekjufjölskyldu. Árið 1988 var skattbyrði slíkrar fjölskyldu af tekjuskatti neikvæð um sem svarar 9,5% af meðaltekjum ársins. Fjölskyldan fékk greitt úr ríkissjóði sem samsvarar þessari upphæð. Árið 1989 var skattbyrði þessarar sömu fjölskyldu lækkuð um 0,6% af tekjum og greiðslan úr ríkissjóði hækkuð. Í þessu frv. er lagt til að skattbyrðin á árinu 1990 lækki enn þannig að þessi fjölskylda fái greitt úr ríkissjóði sem samsvarar um 10,7% af mánaðartekjum, en samsvarandi hlutfall var 9,5% árið 1988.

Skattbyrði hefur þess vegna beinlínis lækkað um 1,2% af tekjum þrátt fyrir að skatthlutfallið hafi verið hækkað um 4,3%. Þessar tölur sýna þess vegna glöggt hvernig þær breytingar sem fela í sér hærra skatthlutfall í tekjuskatti en jafnframt hækkun persónuafsláttar og barnabóta geta leitt til aukinnar tekjujöfnunar og bætt kaupmátt lágtekjufólks.

Sú breyting sem lögð er til á gildandi lögum um eignarskatt felur í sér, eins og ég gat um áðan, að hið sérstaka háeignaþrep er lækkað og tekjutenging er enn fremur tekin upp í eignarskattinum. Þar með verður ekki við lýði á næsta ári það einkenni skattsins sem einkum hefur verið gagnrýnt á yfirstandandi ári, að fjölskyldur eða einstaklingar sem búa í stóru húsnæði eða hafa miklar eignir en litlar tekjur beri hinn sérstaka háeignarskatt. Það þurfa að fara saman verulega háar tekjur og verulega miklar eignir til þess að slíkar fjölskyldur eða einstaklingar lendi í hinu sérstaka háa þrepi eignarskattsins.

Í frv. er einnig að finna breytingar á vaxtabótum í húsnæðiskerfinu. En áður en ég kem að þeim breytingum finnst mér rétt að ítreka hér hvert er megineinkenni vaxtabótakerfisins og helstu frávik þess frá þeim tveimur kerfum sem nú eru í gangi.

Í fyrsta lagi er hugsunin á bak við vaxtabótakerfið í meginatriðum sú sama og í vaxtaafsláttar- og húsnæðisbótakerfinu, þ.e. að létta undir með húsbyggjendum og íbúðarkaupendum með einhvers konar endurgreiðslu í gegnum skattkerfið.

Í öðru lagi er þó sá grundvallarmunur á þessum kerfum að í vaxtabótakerfinu er jafnframt leitast við að koma til móts við almenn jöfnunarsjónarmið með því að fjárhæð vaxtabóta skerðist í hlutfalli við hækkandi tekjur. Jafnframt fá einstaklingar sem eiga miklar eignir skertar vaxtabætur eða jafnvel engar. Þetta þýðir að fjárhæð vaxtabóta er mjög misjöfn allt eftir vaxtabyrði, tekjum og eignum viðkomandi. Húsnæðisbætur eru hins vegar ákveðnar sem sama krónutala til alla.

Í þriðja lagi er greiðsla vaxtabóta ekki takmörkuð við tiltekinn árafjölda eins og húsnæðisbótakerfið og vaxtaafsláttarkerfið. Einstaklingar fá því þá réttarbót með þessum breytingum að þeir geta komið til álita um greiðslur vaxtabóta hvenær sem er svo framarlega sem þeir uppfylla önnur skilyrði vaxtabótakerfisins.

Í fjórða lagi er greiðsla vaxtabóta ekki takmörkuð við þá einstaklinga sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti líkt og gildir um húsnæðisbætur. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru þrenns konar. Veigamesta breytingin snýr að hækkun á eignarmörkum. Upplýsingar úr skattframtölum ársins 1989 benda til þess að nokkrar breytingar hafi orðið á eignastöðu framteljenda frá árinu áður en gildandi lög um vaxtabætur tóku mið af skattframtölum áranna 1987 og 1988. Þannig er meðaleign fjölskyldu nokkru hærri í dag en gert hafði verið ráð fyrir þegar eignarmörk laganna voru sett. Þá virðist líka hafa dregið talsvert úr mun á eignastöðu einstaklinga og einstæðra foreldra annars vegar og hjóna hins vegar á undanförnum árum. Í ljósi þessara nýju upplýsinga er lagt til að þau eignarmörk sem áður voru sett verði hækkuð um 30% að raungildi hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum og um 6–7% hjá hjónum. Það er einnig rétt að vekja sérstaka athygli á því sem valdið hefur misskilningi í umræðunum um vaxtabætur og það er sú regla að miða við sömu eignarmörk hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum. Ástæðan er sú að samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum er eignarstaða, þ.e. skuldlaus eign, einstæðra for-

eldra mjög svipuð og hjá einstaklingum, jafnvel heldur lægri. Önnur breytingin á gildandi lögum um vaxtabætur snýr að skilgreiningu á eignarviðmiðuninni við ákvörðun vaxtabóta en það er eignarskattsstofn framteljenda. Þetta þýðir að skattfrjálsar eignir, verðbréf og fleira, skerða ekki rétt til vaxtabóta. Þar eru húsbréf og ríkisskuldabréf meðtalin.

Með þessu frv. er hins vegar stefnt að víðari skilgreiningu á eignarviðmiðuninni við ákvörðun vaxtabóta þannig að hún nái til allra framtalsskyldra eigna að frátöldum skuldum. Með því yrði aðstoðin við íbúðarkaupendur gerð markvissari, þ.e. þeir njóti hennar fremur sem helst þurfa á að halda.

Þriðja breytingin gerir ráð fyrir hækkun á hlutfalli tekjuskerðingar úr 5% í 6%.

Fjórða breytingin felst í því að sett er þak á þau vaxtagjöld sem geta komið til álita við ákvörðun vaxtabóta. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að tekjuháir einstaklingar með óeðlilega mikil vaxtagjöld hagnist meira á vaxtabótakerfinu en hinir tekjulágu.

Í fylgiskjölum með frv. eru rakin nokkur dæmi sem sýna hvernig þetta kerfi kemur út.

Virðulegi forseti. Í frv. er einnig að finna nokkrar aðrar breytingar sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér með tilliti til þess tíma sem við höfum hér til umráða. Hv. alþm. geta séð rökstuðninginn fyrir þeim breytingum sem enn er að finna í frv. í þeirri framsöguræðu sem flutt var í hv. Nd. Ég vona að mér verði fyrirgefið þó ég vísi til þeirrar framsöguræðu hér í þessari hv. deild en geri það vegna tímaskorts. Ég hef hins vegar hér í minni framsögu vikið að þeim helstu atriðum sem einkum skipta máli í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég held að hæstv. fjmrh. þurfi ekkert að afsaka að hann lesi ekki hér upp eitthvað af fréttatilkynningum þeim sem sú hirð sem hann hefur ráðið í veldi sitt í fjmrn. hefur verið að semja og bía út í fjölmiðlum og út um allar jarðir. Það er lítið á þeim að græða annað en að verið er að segja fólkinu að það stórlækki á því skattar, einkum tekjulágu fólki. Það vill nú svo vel til að fólk á Íslandi er sæmilega upplýst og þar að auki á það buddu sem venjulega er nú reyndar tóm, eftir að þessi hæstv. stjórn og þessi hæstv. ráðherra tók við sem fjmrh. Þess vegna er alveg óþarft að þylja enn einu sinni upp þessar tölur sem ráðherrann hefur verið að láta búa til fyrir sig í tölvunum sínum.

Þannig vill raunar til að þetta mál fer til nefndar sem ég á sæti í, hv. fjh.- og viðskn., og við höfum orðið ásáttir um að hafa hér stutta umræðu, 1. umr., það bíður raunar setningar fundar í sameinuðu þingi hér á eftir þannig að ég ætla ekki að vera hér margorður um þetta mál. Það er líka margrætt. Það verður þó að segja hæstv. ráðherra til hróss að um þetta mál, tekju- og eignarskattinn, hefur verið vitað með svona nokkurri vissu um margra vikna skeið. Menn hafa þess vegna getað áttað sig á þeim gífurlegu skattahækkunum sem þetta frv. eitt sér ber með sér og þó auðvitað langmestu hækkununum hjá láglaunafólkinu sem minnst getur borgað og raunar ekkert í neina tekjuskatta. Vegna hinna gífurlegu hækkana á neyslusköttunum og öllum lífsnauðsynjum hefur það fólk enga peninga til að borga með neina tekjuskatta. Það má kannski segja að ef þetta fólk hefði borgað eitt eða tvö þúsund krónur eða eitthvað slíkt þá getur það auðvitað ekkert borgað nú og miklu minna en það.

En samanlagt þá er hér um að ræða mestu aðför að borgurunum í sögu þessa lands. Það hefur aldrei áður verið vegið jafnhrikalega að fjárhagslegu sjálfstæði borgara og fyrirtækja og nú er gert með sköttum út og suður í hverju einasta tilfelli. Þegar verið er að segja að einn skattur sé lækkaður er einhver annar eða einhver hliðargrein sama skatts tvöfölduð eða þrefölduð í hækkunum miðað við það sem á að gefa eftir. Og svo er þessi einstaka kúnst að ógna fyrst með hærri tölu en stjórnarherrarnir sjálfir hafa haft nokkra sannfæringu fyrir, og því síður vissu, að yrði samþykkt og segja svo: Ja, við erum nú búnir að gefa eftir 1% af þessum þrjátíu og eitthvað sem við ætluðum að taka. Og þetta er gert til þess að koma til móts við óskir þessa og hins í hópi borgaranna. Þetta er list sem þessi hæstv. ráðherra kann mjög vel og hún getur gengið svona um eins árs skeið eða eitthvað slíkt. En núna held ég að hæstv. ráðherra sé orðinn uppvís að stórfelldustu skattahækkunum sögunnar á mestu krepputímum sem við höfum lifað síðustu áratugina. Heimatilbúinni kreppu þar sem alls staðar er ráðist að fjárhagslegu sjálfstæði borgara og fyrirtækja og atvinnuleysi skapað, minnkandi tekjur og þar með minnkandi tekjustofnar, sem leiðir til þess að ríkissjóður verður með meiri halla en nokkurn tímann áður í sögunni. Meira að segja fjárlögin verða sýnd með halla og við vitum nú hvernig það hefur farið síðustu árin. Þó þau hafi verið sýnd með töluverðum tekjuafgangi hefur hallinn, þegar upp hefur verið staðið, verið gífurlegur og sívaxandi. Þetta er sú mynd sem blasir við öllum heilvita mönnum vil ég segja, og sem betur fer eru nú Íslendingar það nokkurn veginn upp til hópa, og þeir vita það allir að hér er um skattrán að ræða, stórfellda eignaupptöku, langt umfram það sem eðlilegt er í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Og raunar hefur nú hæstv. fjmrh., t.d. í sjónvarpsviðtölum og ég held hér á hinu háa Alþingi, viðurkennt að þegar allt væri upp talið þá væru nú einhverjar skattahækkanir hjá honum. Þegar þeir skattar sem hafa verið að undanförnu og eru enn, þar til þessi lög hafa þá verið samþykkt, þau taka ekki gildi fyrr en um áramót, þeir viðurkenna þó að skattlagningin nú sé eitthvað hærri, en hún er bara æðimikið hærri.

Þessar tölur er kannski hægt að rífast um í það óendanlega, ég býst við því. Það er hægt að flækja allt í málskrúði, ekki síst í skattamálum. Það er ekkert

einsdæmi á Íslandi, ég skal játa það. Í hinum vestræna heimi, því miður, er búið að flækja mál svo í hinu ógnarlega kerfi sem frjálsar þjóðir búa við. Það er kannski sá styrkur sem lýðræðið getur búið við að skrifstofuveldið er þungt í vöfum. Þó er auðvitað betra að hafa lýðræðislegar ákvarðanir og einhverja kerfiskarla utan í því. Einhver leið til að bjarga sér og komast fram úr flækjunni er þó í lýðfrjálsum löndum sem ekki er í ofstjórnarlöndum. En nú fetum við auðvitað mjög hratt í átt til ofstjórnarríkjanna, ofsköttunarríkjanna. Þau eru hins vegar að velta af sér þessum byrðum, þessari ofstjórn, þessari óstjórn, þessum kjararýrnunum, stanslausu kjararýrnunum í mestu góðærum sögunnar því að aldrei hefur verið fiskað jafnmikið á Íslandi og aldrei hefur fiskur og fiskafurðir, borið saman við önnur matvæli, verið með hærra verði en einmitt nú um þessar mundir. Það er þess vegna algerlega rangt að hér sé eitthvað frá náttúrunnar hendi, einhver óáran. Það er nú öðru nær. Aldrei hefur meiri afli borist á land en á síðustu árum og aldrei hefur fiskverð verið nándar nærri eins hátt á heimsmarkaði og nú borið saman við t.d. kjötvörur o.s.frv.

Þess vegna er þetta allt saman heimatilbúin kreppa og sú afturför sem er að verða á Íslandi nú, á þessu ári sérstaklega, er auðvitað sök þeirra sem stefnunni ráða. Orsökin er ofstjórnin og ofsköttunin og nú á að bæta á þetta svo að um munar. Þetta er sú mynd sem stendur eftir í hugum manna og það vita allir menn að verið er að ráðast, ekki bara að eignum þeirra heldur líka ráðast á eignalaust fólk með ofsköttun, fólk sem sér enga leið til að brjótast til eigna, ekki úr fátækt til bjargálna heldur á að lögfesta með þessum lögum — og nú ætla ég að biðja þessa tvo hæstv. ráðherra sem hlusta aldrei þó þeir sýni sig hér í deildinni — nú er verið að lögfesta að fólkið sem er fátækt á Íslandi er að verða fátækara með hverjum deginum sem líður. Eignalausa fólkið á að borga hærri skatta en nokkru sinni áður og hvar á það að taka þá? Það á að koma í veg fyrir að fólkið á Íslandi, alþýðan á Íslandi, geti brotist frá fátækt til bjargálna. Það skal sko ekki verða, segja þessir herrar. Við skulum taka af þeim hvern eyri þannig að þeir eigi ekki fyrir fiski í matinn og skulum skattleggja fiskinn líka. Við skulum skattleggja trosið.

Þetta er sú mynd sem blasir við alþýðuheimilunum og þetta er vísvitandi gert af þessum herrum. Þeir ætla sér að ráða hér ríkjum með ofbeldi, skattalegu ofbeldi. Þeir taka ekki nokkru sinni undir, þeir viðurkenna ekki það sem við blasir, að ekki bara fyrirtækin eru mergsogin og að verða gjaldþrota hvert um annað þvert. Þó þeir taki kannski ekki undir að það væri neitt sorglegt vegna þess að þeir vilji engan einkarekstur heldur bara sósíalisma og sósíalistarekstur, enda eru báðir viðurkenndir sósíalistar og ég býst ekki við að þeir reyni að bera það af sér. En þeir segja ekki nokkurt einasta orð þó að við blasi að alþýðuheimilin hvert af öðru, dag eftir dag, viku eftir viku í tuga og hundraða tali séu gjaldþrota, einnig fólk sem hefur nurlað saman með því að bæði hjón hafa unnið og reynt að skapa fjármuni, festa þá kannski í fasteignum og reyna að koma húsnæði yfir höfuð sér, það er í tugum, hundruðum og þúsunda tali gjaldþrota.

En þessum herrum líður ekkert illa sem stjórna þessu. Þeir vilja ekki einu sinni hlusta á þetta. Þeir vilja ekki sjá, vilja ekki heyra en þeir vilja böðlast áfram með skattheimtubaukinn á hverjum einasta degi sem yfir okkur gengur. Þetta vita allir menn í þessu þjóðfélagi og þessari stjórn verður þess vegna auðvitað kollvarpað þegar við fáum kosningar. Hvenær það verður get ég ekki spáð. Þessir herramenn ætla sér að stjórna hvað sem á gengur og þeir ætla sér að kaupa, ég segi kaupa sér fylgi, kaupa sér jafnvel flokka til fylgis og versla með völd, ekki frá fólkinu, þeir sækja ekki völd til fólksins. Þeir sækja það til ofurlítillar valdaklíku í þessu þjóðfélagi. Það er það sem við blasir. Það vita allir hér að þessi stjórn er fylgisminni en nokkur önnur ríkisstjórn frá upphafi lýðveldisins a.m.k., líklega frá upphafi fullveldisins eða frá heimastjórn. Líklega hefur engin stjórn verið jafn fylgissnauð hjá öllum öðrum en örlítilli valdaklíku sem þeir sjálfir tilheyra.

Þetta er sú mynd sem við blasir og þess vegna mun illa fara, því miður. En það koma tímar og það koma ráð og það fer hér eins og er að gerast núna t.d. í öðrum sósíalistaríkjum, náttúrlega miklu, miklu verri sósíalistaríkjum en þetta er nokkurn tíma orðið. Það sama gerist hér að fólkið sjálft tekur völdin og hér verður aftur lýðræðisleg stjórn með sanngjörnum sköttum, sanngjörnum málum og fyrst og fremst með þá stefnu að leiðarljósi að allir geti orðið sjálfbjarga menn, þeir séu ekki lengur bónbjargamenn, að einstaklingarnir og fyrirtækin verði frjáls og geti einbeitt kröftum sínum að því að skapa aukna auðlegð sem verður grundvöllur enn meiri auðlegðar, enn meiri velsældar í þessu þjóðfélagi, gagnstætt þeim sósíalisma sem nú er rekinn þar sem undirstaða velmegunarinnar, undirstaða fjármunasköpunar er ekki fyrir hendi. Og það er vísvitandi séð til þess að hún sé ekki fyrir hendi, hvorki hjá fyrirtækjum eða einstaklingum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð í þessari 1. umr. Það væri hægt að hafa hér langan formála að efnisumræðu um málið, um vinnubrögð á þingi þar sem dengt er inn hverju stórmálinu á fætur öðru. Einmitt mætti benda á að í þessu frv. eru leiðréttingar mála sem kastað var til höndunum í fyrra þannig að þar voru mjög margir endar lausir og vandi sem myndaðist vegna þess hversu hroðvirknislega var unnið. Nú er unnið að því að leysa þau mál hér. Ég ætla ekki að eyða tíma deildarinnar í slíka umræðu þó að rík ástæða sé til þess eins og málin standa núna. Í raun gengur þetta svo fram af manni ár eftir ár og mig undrar það alltaf jafnmikið að það virðist vera alveg sama hvaða hópur manna tekur við stjórn. Vinnubrögðin batna ekki neitt. Nú t.d. í morgun þegar minna en vika er eftir af þingi væntanlega, ef við

ætlum að halda jól, þá eru að koma til fjh.- og viðskn. Ed. brtt. við lánsfjárlög og spurning hvort er hægt að ræða þau hér á miðvikudaginn. Sem þýðir að Nd. fær einn, kannski tvo daga í mesta lagi til að fjalla um jafnveigamikinn og flókinn málaflokk sem er jafnóræður og hann er nú. Og þetta er náttúrlega ekkert smámál hvað varðar vinnubrögðin. Það er afskaplega leiðinlegt að standa hér á þessum tíma rétt fyrir jólin og hneykslast í sífellu, en maður getur ekki annað. Þetta er ábyrgðarhluti og að ríkfullorðið fólk skuli láta þetta yfir sig ganga ár eftir ár eins og það sé eitthvert náttúrulögmál, það gengur auðvitað ekki. Þannig að maður hlýtur að mótmæla.

Ég mun fara mjög stutt í efnisumræðu í þessu máli vegna þess að lítill tími hefur gefist til þess að kynna sér málið. Þetta mál hefur þó verið unnið nokkuð vel í fyrri deildinni og þar hefur fulltrúi Kvennalistans skilað sérstöku nál. og vakið þar athygli á, eins og í umræðu um málið, ákveðnum þáttum þess sem okkur finnast vera varhugaverðir.

Það er þá fyrst að nefna að hér er um að ræða aukna skattbyrði. Það er auðvitað skiljanlegt að tómur ríkissjóður og skuldugur ríkissjóður þurfi að ná sér í meira fé, það er mjög skiljanlegt og það er eðlilegt. En hins vegar er hér verið að auka skattbyrði, sérstaklega á lágtekju- og meðaltekjufólki og þetta þykir okkur ekki réttlátt. Þessu höfum við varað við og okkur þykir þetta ekki réttlátt. Við höfum gert brtt. þess efnis að draga úr þessari skattbyrði í þeirri trú að með því að létta byrði af heimilunum verði þau í raun aflögufærari og neysla þeirra, sem þau munu vitanlega stunda, skila sér eftir öðrum leiðum inn í ríkissjóð. Byrðinni verður að létta af heimilunum, sérstaklega lágtekju- og meðaltekjuheimilunum. Í þessu frv. hefur hins vegar ekki frekar en áður, þrátt fyrir yfirlýstan vilja hæstv. fjmrh., verið ráðist í það að koma upp sérstöku hátekjuþrepi og það má spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær verður tíminn þroskaður? Hvenær verður embættismannakerfið tilbúið til að taka á móti því að hanna fyrir hæstv. ráðherra meðan hann situr í þessum stóli slíkan hátekjuskatt eða þrep? Því það er það sem hann hefur ævinlega sagst vilja. Nú er mesta álagið liðið hjá í sambandi við staðgreiðsluna, hlýtur að vera, þannig að bráðum fer þetta að verða tímabært. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvenær það verður.

Það er ekki aðeins Kvennalistinn sem hefur hreyft andmælum við þessari auknu skattbyrði, launþegasamtökin í landinu hafa gert það líka. Auðvitað hljóta þau eins og við að efast um getu fólksins til þess að greiða aukna skatta á sama tíma og kaupmáttur hefur rýrnað, á sama tíma og verið er að lögfesta matarskattinn sem mun verða þyngri byrði á flestum venjulegum heimilum þessa lands. Það er enginn vafi á því, þrátt fyrir endurgreiðslurnar sem hæstv. fjmrh. hefur eflaust af góðum hug reynt að koma á, að finna út aðferðir til að milda þennan slæma skatt. Því hann veit að þetta er slæmur skattur og hann getur ekki — ég bara trúi því ekki, samvisku sinnar vegna, sagt það við nokkurn mann að hann sé stoltur af því að leggja matarskatt á þessa þjóð. Ég bara get ekki ímyndað mér það. Þetta hlýtur að vera af afar illri nauðsyn og auðvitað hefur hæstv. ráðherra reynt að milda og draga úr. En hann veit það jafnvel og ég og eflaust betur að óvissuþættirnir í því endurgreiðsludæmi eru svo margir að hann hlýtur að sitja heima hjá sér með fingurna krosslagða á hverju kvöldi og biðja um að þetta megi nú rætast, ekki bara í janúar, jafnvel líka í febrúar. En þetta eru auðvitað ástæðurnar fyrir því að maður óttast að þessi skattbyrði verði of þung og því höfum við borið fram brtt. til þess að reyna að draga úr henni.

Síðan eru það vaxtabæturnar. Eins og kom fram í umræðum í Nd., og reyndar líka í nál., teljum við að þessar bætur sem nú eiga að leysa af hólmi vaxtaafslátt og húsnæðisbætur séu í raun talsvert óljóst dæmi og þar sé mörgum spurningum ósvarað. Þetta mál var ekki rætt í milliþinganefnd eins og hæstv. fjmrh. hélt að hefði verið og fullyrti í ræðu sinni í Nd. en það var á misskilningi byggt. Fulltrúar Kvennalistans í milliþinganefnd hafa fullyrt að þar var þetta mál aldrei rætt. Hins vegar var meiningin að ræða ætti það þar, það var ætlunin en var bara aldrei gert. Þess vegna hefur vaxtabótamálið í raun aldrei verið endurskoðað sem skyldi. Kvennalistinn studdi húsbréfakerfið með því skilyrði að þessar vaxtabætur yrðu endurskoðaðar og vextir af húsnæðislánum hækkuðu ekki, þ.e. hækkunin yrði ekki afturvirk. Því setjum við miklar spurningar við hugmyndirnar um vaxtabætur.

Ég vil víkja aðeins að því sem hæstv. ráðherra sagði um einstaklinga og einstæða foreldra, að eignarmörkin, á skattskýrslum held ég að hann hafi sagt, væru mjög svipuð. Ég hlýt að vekja athygli hæstv. ráðherra á því, hafi hann ekki hugsað um þá breytu í dæminu, að framfærslubyrði einstæðs foreldris er meiri en einstaklings. Eignastaðan skiptir ekki meginmáli þar vegna þess að framfærslubyrðin er talsvert miklu þyngri. Það er kannski meginefni í þessu frv., þó vissulega séu þarna atriði til bóta, því ekki er rétt að líta yfir það sem vel er gert. Það eru vissulega atriði til bóta í málinu þó að þar séu gallar á. Það skiptir auðvitað verulega miklu máli hver framfærslubyrði einstaklingsins er og til þess hefur ekki verið tekið tillit í þessu dæmi. Þau dæmi sem hafa verið gefin í sambandi við útreikning á þessum skatti eru einhvers konar sígild, sumir mundu segja „týpísk" dæmi um fjölskyldur sem reiknimeistarar virðast hafa augastað á. Þessar fjölskyldur eiga gjarnan tvö börn og annað undir sjö ára aldri. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra kannast við könnun sem Félag einstæðra foeldra lét gera á sínum tíma um hvað það kostaði að eiga barn, þ.e. fjárhagslega. Og þá var allt talið til sem barn þurfti á fyrsta ári sínu, á öðru ári, þriðja ári o.s.frv. Kostnaður við fatnað, kostnaður við t.d. sérstaklega ungabörn, vagn, rúm, vagga o.s.frv. o.s.frv., kerrupoki og hvað eina. Eftir því sem barnið vex, þá kemur í ljós að það er þurftarmeira. Það er nefnilega mun dýrara fjárhagslega heldur en að eiga lítið barn innan sjö ára. Það er miklu dýrara í rekstri,

ekki síst fyrir einstætt foreldri. Ég held að áhugavert væri ef fleiri breytur kæmu, fleiri ólík dæmi um fjölskyldur, inn í þá útreikninga sem stundaðir eru hjá fjmrn., hjá hagsýslu o.s.frv. einmitt til þess að gera sér grein fyrir þörfum fólksins.

Það var vikið að neyslukönnunum, t.d. til að gera sér grein fyrir þörfum einstaklings. Það er dálítið merkilegt einmitt vegna þess að hæstv. ráðherra tók dæmi af einstaklingi. Meðal íslensku þjóðarinnar eru kannski fleiri einstæðir foreldrar en víða gerist, og það er auðvitað ábyrgðarhluti fyrir alla þjóðina að slíkir foreldrar og börn þeirra hafi góðar aðstæður. Það eru kannski 14 þúsund börn, ég man ekki síðustu nýjar tölur, það eru kannski 14–15 þúsund börn sem alast upp undir forsjá einstæðs foreldris á Íslandi í dag. Og meginhlutinn — það þarf ekki að segja hv. þm. það — meginhluti þessara einstæðu foreldra, yfir 90%, eru einstæðar mæður. Og það skiptir auðvitað verulega miklu máli hvernig búið er að þessum börnum og foreldrum þeirra eins og öllum öðrum börnum í samfélaginu. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að tekið sé tillit til þarfa einstaklinga í neyslukönnunum en ekki einhverra tilbúinna dæmigerðra fjölskyldna sem ævinlega eru notaðar sem viðmiðun. Ekki síst vegna þess að oft er dýrara fyrir einstakling eða einstætt foreldri að reka sína fjölskyldu en fyrir stærri fjölskyldur. Og einmitt þess vegna er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um slíka könnun. Kvennalistinn hefur margoft lagt þessa fyrirspurn til Hagstofunnar en alltaf fengið þau svör að svo afskaplega erfitt væri að rannsaka þetta og það hefði ekki verið gert enn þá. En ég hygg að þessi neyslukönnun sé í gangi og það verður verðmætt að fá þær upplýsingar, ekki síst fyrir þá sem eru að reikna út skatta á einstæð foreldri og einstaklinga jafnt sem fjölskyldur. Ég legg það til að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að fleiri og fjölbreyttari dæmi um fjölskyldur verði tekin við slíkan útreikning á skattaálagningu.

En eins og ég sagði ætlaði ég ekki að hafa mjög mörg orð í þessari 1. umr., ekki síst vegna þess að tíminn hefur verið svo naumur til að kynna sér af einhverri kostgæfni og alúð þau mál sem hér þjóta fram hjá manni eins og lauf í vindi og því miður visna þau mörg eins og lauf í haustvindi reynslunnar. Og verða ekki beysnari en slík lauf í raun og veru vegna þess að til þeirra er ekki vandað. Ótal dæmi höfum við um það. Og ef þessi ríkisstjórn lifir til vorsins vil ég biðja hæstv. ráðherra hér og nú, og báða þessa ráðherra sem sitja þarna og stinga saman nefjum, að bera þau skilaboð til annarra ráðherra að gera nú ekki sínum eigin sóma og hinum margumtalaða sóma og virðingu Alþingis það að fleygja yfir okkur stórmálunum í vor, láta okkur böðlast um í þessu, vansvefta, þjótandi milli funda, vitandi tæplega á hvaða fund við erum að fara, reynandi að vera á tveimur fundum í einu. Ég bið hæstv. ráðherra að hlusta á mál mitt og vanda svo undirbúning mála sinna að okkur sé sæmd að því að vinna hérna, en þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir það hversu litla alúð við getum lagt í verkin og mundum ekki vilja vera þekkt fyrir að vinna svona á nokkrum öðrum vinnustað því að við neyðumst til að dragast inn í þessa hringiðu. Það er lögmál vinnustaðarins hvað sem við spyrnum við fótum og mótmælum. Þetta er mjög athugavert háttalag. Og þar sem ég verð ekkert mjög lengi á þingi get ég óhikað sagt það og ég mun endurtaka það aftur og aftur. Þetta er e.t.v. eitt af því sem mest grefur undan virðingu Alþingis, hversu illa er vandað til stórra, afdrifaríkra mála sem hafa áhrif á alla þjóðina meira eða minna. Stórfelldar breytingar sem eru illa undirbúnar og þarf að leiðrétta en hafa í leiðinni kostað ótal fjölskyldur mikinn persónulegan, félagslegan og fjárhagslegan vanda. Það gengur náttúrlega ekki upp.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

27. fundur, mánudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 186, n. 282 og 294, brtt. 295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 295,1 felld með 22:5 atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 295,2 felld með 20:2 atkv.
5.–6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 295,3 felld með 16:9 atkv.
7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 295,4 felld með 25:3 atkv.
8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 295,5 felld með 22:3 atkv.
9.–11. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 295,6 felld með 19:3 atkv.
12.–15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 295,7 felld með 26:2 atkv.
16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 295,8 felld með 23:3 atkv.
17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 295,9 felld með 22:6 atkv.
18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 295,10 felld með 18:8 atkv.
19.–23. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 295,11 kölluð aftur.

24.–26. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 295,12 felld með 23:2 atkv.
27.–29. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 295,13 felld með 20:5 atkv.
30.–31. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 295,14 felld með 23:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HJ, IBA, ÞP.

nei: GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JK, JónS, JSS, KE, MB, ÓE, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, ÞÞ, AðB, AS, AÓB, ÁHE, FÞ, ÞH.

JBB, KrP, RH, BÍG, EH, FrS, GHH, ÁrnG greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (MÁM, MálmS, ÓÞÞ, PJ, SV, SJS, GeirG) fjarstaddir.

32.–40. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 237. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 339.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar flytur frv. á þskj. 339 um breytingu á lögum nr. 9 frá 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Þetta frv. er flutt af nefndinni og byggir að stofni til á frv. sem hv. þm. Friðrik Sophusson og fleiri fluttu á þskj. 97. Í samráði við ríkisskattstjóra og starfsmann fjmrn. hafa verið gerðar ýmsar breytingar á upphaflega frv. og eftir þær breytingar taldi nefndin eðlilegt að flytja málið sem sjálfstætt frv.

Markmið þessa frv. er að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið með því að auka eigið fé fyrirtækja. Með því eru bætt kjör almennings ef hann festir fé sitt í atvinnufyrirtækjum og ekki er síst tekin upp sú stefna að styðja minni fyrirtæki. Þar eru oft ekki síðri möguleikar til nýsköpunar og framfara í atvinnulífinu en í hinum stærri fyrirtækjum. Ákvæði frv. eru helst þessi:

1. Heimild til einstaklinga til frádráttar á tekjum vegna hlutabréfakaupa er aukin og verður fyrir hjón 230 þús. Ef einstaklingur kaupir hlutabréf fyrir meira í einu en sem svarar til árlegrar frádráttarheimildar er heimilt að flytja það sem umfram er milli ára í allt að 5 ár og tekur ónýtt frádráttarheimild hækkunum milli ára skv. 26. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

2. Heimild til frádráttar frá tekjum vegna hlutabréfakaupa er látin ná til minni fyrirtækja en þeirra sem talin eru í gildandi lögum í dag. Skilyrði um lágmark hlutafjár í hlutafélagi og lágmarksfjölda hluthafa er því breytt í þá veru. Líkt og gildir um ný hlutafélög getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum þrátt fyrir að skilyrðum um lágmark hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf þó, líkt og gildir um ný hlutafélög, að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn sem gera það líklegt að mati ríkisskattstjóra að skilyrðunum verði fullnægt innan árs frá því að ákvörðun var tekin um hlutafjáraukningu.

Frv. þetta var flutt af nefnd og nefndin varð sammála um að flytja það. Þar af leiðir, herra forseti, að ég tel ekki ástæðu til að þessu máli verði vísað til nefndar hér í deildinni en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki hafa miklar málalengingar um þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að fagna því að hv. fjh.- og viðskn. skuli hafa sameinast um að flytja þetta frv. sem ég held að sé mjög til bóta.

Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni og frsm. nefndarinnar er hér á ferðinni að stofni til frv. sem var flutt á þskj. 97 sem var og er 96. mál þingsins. Þess skal getið að það frv. var flutt ásamt öðru frv. af hv. þm. Sjálfstfl. í Nd. Því miður náðist ekki samkomulag um að taka bæði frumvörpin inn í tillögur nefndarinnar en 1. minni hl. hv. nefndar í frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt mun gera tillögur sem byggjast á því frv. sem ekki náðist samkomulag um í nefndinni en flutt er af sömu aðilum.

Ég tel að með því að Alþingi samþykki þetta frv. sem hér er sé komið til móts við þau sjónarmið sem við höfum haldið fram að undanförnu, bæði á sl. vetri og eins nú í haust, að treysta þurfi eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Það sé gert m.a. með þeim hætti sem hér er lýst. Ég vil vekja sérstaka athygli á 4. gr. frv., en í henni segir að nú gildi sömu reglur um starfandi hlutafélög og nýstofnuð hlutafélög áður þannig að nú nægir að líkleg áform liggi fyrir, að mati ríkisskattstjóra, og njóta þá slík fyrirtæki þeirra ívilnana sem koma fram í 11. gr. laga nr. 9/1984.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram varðandi þetta frv. en vil þakka meiri hl. fyrir ágæta samvinnu um að koma þessu frv. hér til hv. deildar og síðan til Ed. Væntanlega verður þetta frv. að lögum, mörgum meðalstórum og minni fyrirtækjum til hagsbóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 247, n. 342, 344 og 352, brtt. 343, 345, 353.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 342 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn., þ.e. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, Guðmundar G. Þórarinssonar, Þórðar Skúlasonar og mitt, um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. undanfarna daga og samhliða umfjöllun sinni um stjfrv. á þskj. 247 hefur nefndin fjallað um nokkur þingmannafrumvörp sem hefur verið vísað til hennar. Niðurstaðan af umfjöllun nefndarinnar er sú að hún flytur í heild nokkrar brtt. við stjfrv. þar sem tekið er mið af þmfrv. á þskj. 208 að hluta til.

Við umfjöllun sína hefur nefndin notið ágætrar aðstoðar Ævars Ísbergs, Steinþórs Haraldssonar og Friðleifs Jónssonar frá embætti ríkisskatttsjóra og Snorra Olsens og Maríönnu Jónasdóttur frá fjmrn. Eftirtaldir komu til viðræðna við nefndina um áðurgreind frv.: Þuríður Pálsdóttir, Ingileif Hallgrímsdóttir, Margrét Thorlacius og Kristjana Milla Thorsteinsson frá Húseigendafélaginu, Ari Skúlason og Ásmundur Stefánsson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá VSÍ, Björn Arnórsson og Sigurður Jóhannesson frá BSRB, Þórður Friðjónsson, Jóhann Rúnar Björgvinsson og Stefán Þór Jansen frá Þjóðhagsstofnun, Eiríkur Guðnason frá Verðbréfaþingi Íslands, Sigurður B. Stefánsson frá verðbréfadeild Iðnaðarbankans, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Birgir Björn Sigurjónsson og Páll Halldórsson frá BHMR, Gunnar Jóhannsson, Ólafur H. Ólafsson, Gylfi Knudsen og Guðmundur E. Erlendsson frá ríkisskattanefnd, Grétar Guðmundsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Jón Sigurðsson endurskoðandi og Valgarð Briem hrl.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á þskj. 343. Með brtt. þessum eru í fyrsta lagi heimildir til frádráttar frá tekjum vegna fjárfestingar einstaklinga í atvinnurekstri rýmkaðar frá því sem er í frv., í stað 108 þús. og 216 þús. í a-lið komi 115 þús. og 230 þús.

Í öðru lagi er með 2. og 3. brtt. ætlað að koma í veg fyrir óeðlilega skattlagningu forráðamanns barns þegar barnið hefur erft eignir eftir látið foreldri, foreldra eða aðra vandamenn. Samkvæmt gildandi lögum eru eignatekjur og aðrar tekjur barns en launatekjur nú skattlagðar að fullu hjá foreldri eða hjá þeim sem nýtur barnabóta vegna barnsins en hann getur verið því með öllu óskyldur. Um eignir gildir að þær eru skattlagðar hjá forráðamanni barns og bætast við skattstofn hans og geta valdið því að hann lendi í efsta skattþrepi með eignir sem hann á ekki. Í brtt. er lagt til að heimilt sé í slíkum tilvikum að skattlagning færist frá forráðamanni yfir á barnið sjálft.

Með 4. og 5. brtt., þ.e. að fella brott 11. og 12. gr. frv., eru felld út úr frv. ákvæði sem varða ríkisskattanefnd, en við ákváðum að fresta um sinn, a.m.k. fram yfir áramót, breytingum á skipan á starfsháttum ríkisskattanefndar. Það atriði er raunar ekki tengt breytingum á tekju- og eignarskatti sem nauðsynlegt er að lögfesta fyrir áramót.

Með 6. brtt. er verið að gera nauðsynlegar leiðréttingar sem leiða af öðrum breytingum á frv. Öll nefndin stendur sem sagt að þessum brtt. óskipt og meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Hann samanstendur af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og mér. Það skal tekið fram að nál. sem við höfum gefið út er tiltölulega ítarlegt og verður að benda mönnum á að lesa það og óþarfi að fara mjög nákvæmlega í gegnum öll þau atriði sem þar er að finna.

Það er ljóst, virðulegur forseti, að þetta frv. er skattahækkunarfrv. Það er alveg kristaltært eftir störf hv. nefndar og þá skoðun sem nefndin hefur gert á þessu máli að breytingar sem nú verða gerðar, annars vegar á lögum um virðisaukaskatt sem leiða til þess að virðisaukaskattur verður tekinn upp um næstu áramót og eins sú breyting á tekjuskattinum sem verið er að gera tillögu um í stjórnarfrv. því sem nú er til umræðu, leiða til verulegrar skattahækkunar. Þegar tekið hefur verið tillit til tekjutaps ríkissjóðs vegna breytingar á eignarsköttum má gera ráð fyrir að tekjuauki ríkissjóðs eingöngu af þessum tveimur frumvörpum verði á bilinu 2–3 milljarðar. Ég vek athygli á þessu vegna þess að þetta er þvert á það sem hæstv. fjmrh. hefur haldið fram þegar hann í blekkingarleik sínum hefur látið í það skína að ekki fáist meiri tekjur úr þessari breytingu heldur en efni stóðu til. Ástæðan er auðvitað sú að hæstv. ráðherra miðar við fjárlagafrv. sitt en ekki þær tekjur sem hefðu fengist ef óbreytt lög yrðu í gildi á næsta ári.

Í öðru lagi vil ég taka fram að frv. sem hér er til umræðu og þær breytingar á tekjuskattinum sem því fylgir ef frv. verður samþykkt er skýlaust brot á því óformlega samkomulagi sem gert var með víðtækum hætti þegar staðgreiðslulögin voru samþykkt á sínum tíma. Því hefur verið haldið fram og það þekkja þeir menn sem komu að því máli á sínum tíma að gert hafi verið samkomulag um að skattbyrði tekjuskattsins skyldi minnka þegar kaupmáttur minnkaði eða drægist saman en aukast að sama skapi ef launabreytingar yrðu meiri, þ.e. ef laun hækkuðu umfram verðlag. Þetta samkomulag, sem ég leyfi mér að kalla svo, er brotið í þessu frv. sem hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að verði samþykkt. Nú má segja að

sú regla sé ein í gildi að sama sé hvort tekjur hækka eða lækka, það skipti ekki lengur máli hvort kaupmáttur launa sé meiri eða minni. Hvort heldur er er öruggt mál að ríkissjóður eykur tekjur sínar og skattbyrði einstaklinganna vex. Á þetta ber að leggja áherslu þegar málið er hér til 2. umr. eftir skoðun í hv. nefnd.

Í þriðja lagi vil ég leggja sérstaka áherslu á vaxtabæturnar. Þau viðhorf hafa komið fram að vaxtabæturnar, eins og þær eru nú í lögum, séu þannig útbúnar að þær komi ekki þeim að gagni sem helst skyldi. Vaxtabæturnar séu þannig að þær kæmu helst til þeirra sem hvort sem er hafa ekki efni á því að kaupa sér húsnæði eða byggja yfir sig.

Þá vil ég benda á að þeir fulltrúar sem komu á fundi nefndarinnar frá ríkisskattstjóra hafa miklar efasemdir um framkvæmd fyrirkomulagsins sem vaxtabæturnar byggjast á, og reyndar á það einnig við um svokallaðan vaxtaafslátt. Ég leyfi mér að vísa til fskj. II. með nál. 1. minni hl. en þar kemur glöggt fram að framkvæmdin er mjög erfið, annars vegar fyrir skattayfirvöld sem eiga þess engan kost að kynna sér efni framtalanna og auk þess er kerfið orðið svo flókið að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að aðrir en endurskoðendur geti áttað sig á því hvernig telja skuli fram fyrir þá sem vilja afla sér vaxtabóta. Þetta er mjög mikilvægt atriði í ljósi þess að lög um vaxtabætur voru samþykkt á síðasta þingi eða um mitt þetta ár. Þessi lög hafa enn ekki öðlast gildi. Þess vegna er verið að breyta lögum sem enginn veit hvernig munu verða í framkvæmd. En nú þegar hafa fulltrúar skattayfirvalda lýst efasemdum og ætti það að leiða til þess að hæstv. ríkisstjórn fylgdist vel með því hverju fram vindur í þessu máli og gera þá viðeigandi breytingar þannig að vaxtabæturnar komist til skila til þeirra sem upphaflega var ætlað.

Í fjórða lagi vil ég benda á, og reyndar kom það fram við 1. umr. málsins, að eignarskattsfrelsi það sem um getur í 9. gr. frv. nær eingöngu til ríkisbréfa og gerir það að verkum að vextir geta orðið lægri á bréfum sem ríkið gefur út eða ber ábyrgð á. Það þýðir að vaxtamunurinn mun aukast, annars vegar á þeim bréfum og hins vegar þeim bréfum sem eru á hinum almenna markaði og tryggð með eðlilegum hætti. En það eru einmitt slík bréf sem atvinnureksturinn þarf á að halda þannig að ekki verður lengur neitt að marka vaxtastig þeirra bréfa sem ríkið á aðild að, ef svo má að orði komast, þegar rætt er um vaxtaþróun í landinu. Þetta er vissulega óréttlátt en 1. minni hl. nefndarinnar telur eigi að síður að það sé skref í rétta átt að gefa fólki heimild til að draga þessar eignir frá eignum sínum þegar í framtali, áður en eignarskattur er lagður á, ekki síst þar sem um er að ræða bréf sem geta hvatt til þess að húsbréfakerfið sé notað. En eins og allir vita hefur tilraun hæstv. ríkisstjórnar til að koma húsbréfakerfinu á gjörsamlega mistekist vegna þess að fólk hefur ekki áhuga á bréfum sem seld eru með slíkum afföllum sem gera má ráð fyrir að verði á húsbréfunum á hinum almenna markaði.

9. gr. frv., ef að lögum verður, getur komið til móts við þennan hóp en eftir stendur það óréttlæti að eignarskattsívilnunin nær nánast eingöngu til þeirra bréfa sem ríkissjóður ber ábyrgð á eða gefur út.

Í fimmta lagi vil ég nefna 10. gr. frv. Hv. meiri hl. nefndarinnar gerir ekki tillögu til þess að breyta 10. gr. frv. Þess ber að geta að í nefndinni kom fram að hvorki fulltrúar fjmrn. né fulltrúar ríkisskattstjóraembættisins vissu af nokkru öðru landi í heiminum þar sem slíkur háttur er hafður á, að eignarskattar séu reiknaðir með tilliti til tekna einstaklingsins, a.m.k. þegar um er að ræða aðrar tekjur en þær sem koma af viðkomandi eign. Hér er því um algjöra nýbreytni að ræða. Það hlýtur að vera athugunarefni hvort eðlilegt sé að leggja eignarskatt á með tilliti til heildartekna þegar ljóst er að vandamál margra í þessum efnum er einmitt það að geta ekki losað sig við þær eignir sem um er að ræða. Nefndin fékk upplýsingar um fjölmörg dæmi þess að fullorðið fólk, í mörgum tilvikum ekkjur, býr í húsum þar sem fasteignamat er mjög hátt, getur ekki losað sig við þær eignir og verður að borga fullan eignarskatt af slíkum eignum. Nú er það svo að í frv. er gert ráð fyrir því að efra þrepið sé með þeim hætti að það lækkar eftir því sem tekjur viðkomandi lækka, en samt sem áður fást í ríkissjóð verulega miklu meiri tekjur af þessu kerfi sem hér er bryddað upp á en áður fékkst af eignarskattinum, þ.e. áður en sú breyting varð sem nú er í gildi, en sú breyting var gerð fyrir nákvæmlega ári síðan.

Það er af þessum ástæðum m.a., virðulegur forseti, sem 1. minni hl. nefndarinnar gerir tillögu um að eignarskattur einstaklinga verði færður aftur í fyrra horf og fyrstu 2 millj. 875 þús. kr. í eignarskattsstofni verði skattfrjálsar en eftir það verði eitt þrep, 0,95%, sem leggist á allar eignir sem eru yfir þessum mörkum.

Í því sambandi vil ég vitna til frv. sem sjálfstæðismenn í Nd. undir forystu hv. 17. þm. Reykv. hafa flutt í haust. Minni hl. nefndarinnar tekur upp þá tillögu, hefur reyndar fært skattleysismörkin upp sem nemur verðbólgunni og breytingu á fasteignamati en mun standa að slíkum tillöguflutningi.

Í sjötta lagi ber að geta þess að öll nefndin stendur að tillöguflutningi sem 1. minni hl. telur að sjálfsögðu vera til bóta. Sérstaklega vil ég benda á brtt. nefndarinnar um sérsköttun barna eða heimild til sérsköttunar barna sem misst hafa foreldri en þau atriði eru í fullu samræmi við tillöguflutning nokkurra þingmanna, þar á meðal þess sem hér stendur, nú fyrir nokkrum vikum.

Ég verð að skjóta því hér inn í að því miður gleymdi nefndin að afgreiða annað frv. Það var frv. til breytinga á tekjustofnalögum um sama mál en það kann að skrifast á reikning þess sem hér stendur sem lét vísa málinu til fjh.- og viðskn. en það mál hefði að öllu eðlilegu átt að fara til hv. félmn. Vonandi verður hægt að finna lausn á því áður en þing er úti fyrir jól.

Ég tel sem talsmaður 1. minni hl. að þessar brtt. séu til bóta en auk þess er fyrsta brtt. á þskj. 343, þ.e. brtt. frá fjh.- og viðskn., um hækkun á þeim upphæðum sem einstaklingar geta dregið frá tekjum vegna

hlutabréfakaupa. Vil ég á sama hátt fagna því að þessi upphæð skuli hækka en það er gert til samræmis við það frv. sem hv. nefnd kom sér saman um að flytja og hv. formaður nefndarinnar hefur nýlega mælt fyrir hér í Nd.

Þá vil ég geta þess að 1. minni hl. flytur á þskj. 345 *níu brtt.* Þessar brtt. eiga það flestar sammerkt að vera í samræmi við tillöguflutning sjálfstæðismanna fyrr á þessu þingi. Því miður náðist ekki samkomulag í nefndinni um flutning á slíkum brtt. við lagafrv. en í nál. 1. minni hl. er þess getið hver sé meginstefnan varðandi þessar brtt. og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Helstu brtt. sem koma fram á þessu þskj. eru:

1. Söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls eftir þriggja ára eignarhaldstíma.
2. Tap af sölu hlutabréfa verði frádráttarbært frá söluhagnaði af hlutabréfum.
3. Skattfrelsismörk arðs af hlutabréfum vegna tekjuskatts einstaklinga verði meira en tvöfölduð.
4. Heimilt verði að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við allt að 15% af stofni sem markast af nafnverði ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta samkvæmt almennum verðbreytingum. Hjá fyrirtækjum verði úthlutaður arður frádráttarbær af sama stofni. — Ég skýt því hér inn í lesturinn að við hefðum að sjálfsögðu verið tilbúnir til þess að breyta viðmiðunum og jafnvel upphæðum í þessu frv. ef samstaða hefði náðst um það — og held ég síðan áfram lestrinum.
5. Tekin verði upp almenn heimild til sveiflujöfnunar í atvinnulífinu og fyrirtækjum veitt heimild til þess að geyma allt að 30% af hreinum tekjum á bundnum reikningum.
6. Sú lækkun, sem núv. ríkisstjórn gerði á fyrningarhlutföllum hjá fyrirtækjum fyrir sl. ára.nót, verði tekin aftur og atvinnulífinu gefnir á ný eðlilegir möguleikar til þess að afskrifa eignir.
7. Fyrirtækjum verði heimilt að gjaldfæra strax kostnaðarverð lausafjár með skemmri endingartíma en þrjú ár. — Ég skýt hér inn í að samkvæmt stjfrv. er sú upphæð hækkuð sem snýr að þessu atriði en þar segir nú að kaupi fyrirtæki afskrifanlegan hlut sem kostar minna en 100 þús. kr. megi afskrifa hann á einu ári í stað þriggja og er það vissulega til bóta þótt hvergi sé komið nærri því til móts við sjónarmið sjálfstæðismanna í því máli. — Áfram með lesturinn.
8. Heimild til varasjóðsmyndunar í fyrirtækjum með framlagi í fjárfestingarsjóð verði hækkuð úr 15% í 30%.
9. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja verði lækkað úr 50% í 48%.
10. Lagaákvæðum um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt í því skyni að auðvelda viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.
11. Skattfrelsismörk hlutabréfa við eignarskattsálagningu einstaklinga verði meira en tvöfölduð og nemi allt að 4 millj. fyrir hjón.
12. Eignarskattur fyrirtækja lækki og verði 0,95% eins og áður var.

Þessu til viðbótar flytur 1. minni hl. tvær tillögur. Annars vegar þá sem ég hef þegar gert grein fyrir, að eignarskatturinn verði reiknaður með sama hætti og var áður en núgildandi breyting kom til við lok sl. árs. Hins vegar leggur 1. minni hl. til að sá frestur sem ekkjum og ekklum er gefinn verði lengdur úr fimm *árum í átta ár. Stjórnarandstaðan hér á hv.* Alþingi knúði fram á sl. vori þá breytingu á eignarskattslögunum að fólk sem hefur misst maka sinn geti fengið skattlagningu á eignarsköttum með sama hætti og ef um hjón væri að ræða á næstu fimm árum eftir dauðdaga þess sem féll frá. Nú er lagt til af 1. minni hl. nefndarinnar að þetta tímabil lengist í átta ár. Er það sett fram vegna raka sem komu fram í nefndarstarfinu frá fólki sem býr við slíkar aðstæður.

Það væri vissulega ástæða til þess, virðulegur forseti, að fjalla mjög rækilega um þetta frv. og kalla til hæstv. fjmrh. sem mun því miður vera upptekinn við iðju sína í Ed. Það verður þó að koma hér mjög skýrt fram að þetta frv. er skattahækkunarfrv. og allir forustumenn launþegahreyfingarinnar sem komu til *fundar við nefndina voru sannfærðir um að þetta frv.* mundi í öllum tilvikum leiða til skattahækkunar í tekjuskatti. Þá eru ekki undanskildar einstæðar mæður eða barnmargar fjölskyldur.

Ástæðan fyrir þessu er auðvitað augljós. Hæstv. ríkisstjórn hefur tekið lánskjaravísitöluna úr sambandi sem gat mælt þær frádráttarupphæðir sem eru í lögunum. Þar með hefur hæstv. ríkisstjórn náð stjórn á því hve frádrátturinn getur orðið mikill frá einum tíma til annars. Og hæstv. ríkisstjórn miðar við sínar eigin áætlanir um verðlagsþróun og launaþróun á næsta ári en augljóst er, ef skoðaðar eru spár Þjóðhagsstofnunar á umliðnum árum, að fjarri lagi er að slíkar spár hafi gengið eftir.

Í því sambandi, virðulegur forseti, má ég til með að benda á það sem kemur fram á bls. 3 *í nál. 1. minni hl.* en þar eru birtar annars vegar áætlanir Þjóðhagsstofnunar í þjóðhagsáætlun og hins vegar sú niðurstaða sem fékkst þegar reynslan lá fyrir. Þessar tölur eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun og í ljós kemur að yfirleitt eru verðlags- og tekjutölurnar í raun a.m.k. helmingi hærri en þær áætlanir sem komu fram í þjóðhagsspám á hverjum tíma. Þá er miðað við þjóðhagsspár sem lágu fyrir við upphaf þings og notaðar voru við fjárlagagerðina. Ef sama reynsla verður á næsta ári verður hér um stórkostlega tekjuskattshækkun að ræða og enginn hópur undanskilinn. Ekki einu sinni sá hópur sem hæstv. fjmrh. talaði sem mest um, þ.e. barnmargar fjölskyldur og einstæðar mæður. Um þetta eru allir forustumenn launþegahreyfingarinnar, sem komu á fund nefndarinnar, sammála. Ég vek sérstaka athygli á því að í nál. 1. minni hl. er ítarlega gerð grein fyrir þeim viðræðum, ef ég má nota það orð, sem hafa átt sér stað milli fjmrn. annars vegar í formi útgáfu á fréttatilkynningum og yfirlýsingum sem birst hafa frá launþegahópum eins og ASÍ, BSRB og BHMR. En þeir aðilar eru nánast í öllum atriðum sammála um það sem verða mun, verði þetta frv. samþykkt. Þess vegna má

enginn, virðulegur forseti, samþykkja þetta frv. án þess að sá hinn sami geri sér grein fyrir því að verið er að draga verulega úr ráðstöfunartekjum venjulegs launafólks í landinu.

Með nál. 1. minni hl. birtist fskj. I. sem er blaðagrein eftir hæstv. fjmrh. sem hét „Milljarðamistök í ríkisfjármálum" og var greinargerð hans sem formanns Alþb., skrifuð 14. júlí 1988, u.þ.b. tveimur mánuðum áður en hæstv. ráðherra tók við völdum. Það sem þar stendur er margt ágætt og birtingin á þessari grein verður vonandi til þess að hæstv. ráðherra og stuðningsmenn hans lesa sér til um það hverju þeir héldu fram rétt áður en þeir tóku þátt í núv. hæstv. ríkisstjórn. Þar á meðal er kannski hægt að rifja það upp að hæstv. fjmrh. réðist með heift á forvera sinn, sem nú er hæstv. utanrrh., og sakaði hann um milljarða mistök í ríkisfjármálum þar sem endar næðu ekki saman og lýsti því yfir að í stað þess að ríkissjóður ætti að vera tæki til að draga úr verðbólgunni hefði hann í höndum þáv. fjmrh. orðið hreinn verðbólguvaldur. Má því segja um hæstv. fjmrh. að það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann.

Það eru líka athygli verð lokaorðin í greinargerð formanns Alþb. Eftir að hafa fjallað þannig um ráðherratíð forvera síns að hvert orð getur staðið um hann sjálfan og þá reynslu sem þjóðin hefur haft af fjármálastjórn hans kemst hann að þeirri niðurstöðu sem sést í lokaorðunum sem eru svohljóðandi, með leyfi forseta: „Það er því nauðsynlegt að ráðherrarnir horfist í augu við veruleikann. Ríkisstjórnin á að biðjast lausnar og síðan þarf að efna til kosninga svo að þjóðin geti veitt nýrri ríkisstjórn umboð til að hefja hið mikilvæga endurreisnarstarf." Nú hefur hæstv. ráðherra tækifæri til þess að horfa framan í veruleikann, eins og hann stakk upp á að aðrir gerðu, og getur hann að sjálfsögðu sagt af sér ásamt sinni ríkisstjórn og efnt til kosninga. Mér segir hins vegar svo hugur um að hæstv. ráðherra, eins og aðrir hæstv. ráðherrar, hafi ekki mikinn hug á því. Þeir vilja sitja eins lengi og sætt er vegna þess að þeir þora ekki að efna til alþingiskosninga þar sem þeir óttast dóm íslensku þjóðarinnar.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, lýk ég orðum mínum og þeir sem hafa hlýtt á mitt mál hafa varla farið í grafgötur með það að minni hlutinn leggur til að meginþorri frumvarpsgreinanna verði felldur.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er að finna á þskj. 352.

Þetta nál. er nokkuð ítarlegt og liggur að vísu á borðum þingmanna en í því annríki sem hér ríkir koma viðlíka plögg á síðustu stundu og þess vegna varla að vænta að menn hafi kynnt sér það ítarlega. Því mun ég feta mig í gegnum nál. auk nokkurra orða til viðbótar.

Það er ekki lengra liðið en tvö ár síðan fyrst var farið að innheimta skatta eftir lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í tvígang hefur það gerst að tekjuskattshlutfall einstaklinga hefur verið hækkað, í fyrra skiptið um 2,3% og nú er lagt til að önnur 2% bætist við. Ef heldur fram sem horfir og þetta verður árviss venja, að hækka um 2% á ári, mun það nokkurn veginn fylgjast að að við siglum inn í nýja öld og verðum komin yfir 50% í tekjuskatt. Þar sem ekkert lát virðist vera á fjárþörf er ekki óeðlilegt að maður taki þessa samlíkingu og reyni að benda á hvernig fari ef ekki verður spyrnt við fótum.

Í þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um tekju- og eignarskatt um sama leyti í fyrra, fyrir réttu ári, var sett inn bráðabirgðaákvæði í lögin um tekju- og eignarskatt þar sem kveðið var á um að álagsprósenta skyldi vera 30,8% í stað 28,5%. Þetta ákvæði til bráðabirgða fellur úr gildi 1. jan. nk. og því er ástæða til þess að vekja athygli á því að hæstv. ríkisstjórn er í rauninni að leggja til að tekjuskattshlutfallið hækki um rúm 4% en ekki 2% eins og menn halda fram.

Við kvennalistakonur mótmæltum þessari hækkun í fyrra og vildum að hlutfallið héldist óbreytt en það náði ekki fram að ganga. Jafnframt var stigið það ógæfuspor um sama leyti að hætt var að miða m.a. persónuafslátt og barnabætur við lánskjaravísitölu, heldur skyldi frá og með þeirri breytingu miðað við skattvísitölu, þ.e. þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í fjárlagafrv. hvers árs.

Þetta er eitt af því sem síðan er notað í rökum fyrir því að með þeim breytingum sem nú eru lagðar til af hendi hæstv. ríkisstjórnar sé í raun verið að lækka skatta en ekki hækka sem er náttúrlega undarleg staðhæfing. Þessu til sönnunar, að 2% hækkun sé lækkun, hafa verið tekin dæmi um skattbyrði nú í lok þessa árs og borin saman við væntanlega skattbyrði í janúar. Það hafa auðvitað fjölmargir orðið til þess að benda á að þessir tveir mánuðir eru hreint ekki samanburðarhæfir vegna þess hve skattbyrðin þyngist í rauninni í lok hvers viðmiðunartímabils og er því þar af leiðandi þyngst í desember en léttist í bili aftur í janúar.

Þetta hafa m.a. öll launþegasamtökin bent á en það hefur ekki dugað til. Hæstv. fjmrh. lætur sig þá lítið muna um að láta nánast endurprenta plagg sem hafði birst nokkrum dögum áður, ein af fjölmörgum fréttatilkynningum. Þessi fréttatilkynning var send út í tilefni þess að útreiknuð dæmi verkalýðshreyfingarinnar voru birt í fjölmiðlum. Það eina sem var í nýrri fréttatilkynningu var í rauninni að fyrirsögnin hafði breyst. Nú stóð þar stórum stöfum: „Eru útreikningar fjmrn. villandi?" Síðan fetaði maður sig í gegnum plaggið, og viti menn: hafi útreikningarnir verið villandi í fyrri fréttatilkynningu voru þeir það svo sannarlega enn frekar í þessari.

Það er undan því kvartað í verkalýðshreyfingunni að æ minna samráð sé haft við hana um þær ráðstafanir sem verið er að gera í fjármálum og verða það að teljast undarleg ummæli um þá ríkisstjórn sem a.m.k. lengi vel kenndi sig við einhvers konar jöfnuð. Það heyrist að vísu æ sjaldnar í máli hæstv. ríkisstjórnar eða ráðherra, að vonum, en síst hefði maður nú ætlað

að m.a. hæstv. fjmrh. þyrfti að liggja undir þeim dómi verkalýðshreyfingarinnar að hann hefði minna samráð við launþegahreyfingar en fyrirrennarar hans í starfi. Ein afleiðing þessa skorts á samráði er að menn geta kastað tölum í milli sín án þess í rauninni að takast á um þær í návígi, en ég held að það dyljist engum sem fer af gaumgæfni gegnum dæmin, eins og þau eru reiknuð bæði hjá hæstv. fjmrh. eða fjmrn. annars vegar og launþegahreyfingunni hins vegar, að meiri sannleik sé að finna í dæmum launþegahreyfingarinnar.

Varðandi þessi tvö atriði, þ.e. annars vegar hækkun tekjuskattshlutfallsins og hins vegar útreikning persónuafsláttar og barnabætur, flytur Kvennalistinn brtt. í því skyni að reyna að ná fram einhverri leiðréttingu á þessum málum og mun ég víkja aðeins betur að því í skýringum með brtt.

Um vaxtabætur sem boðaðar eru í frv. ríkisstjórnarinnar og eiga nú að leysa af hólmi vaxtaafslátt og húsnæðisbætur er það að segja að enn er þar ýmsum spurningum ósvarað. Ég vil ítreka að milliþinganefnd sem átti að endurskoða lögin um húsbréfakerfið átti einnig að taka sérstaklega til athugunar ákvæði um tekju- og eignaviðmiðun í nýsettum lögum um vaxtabætur.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að hér í nál. á þskj. 352 hefur prentast: að „endurskoða félagslega hluta húsnæðiskerfisins" en á að vera endurskoða lögin um húsbréfakerfið.

Þessi endurskoðun hefur ekki farið fram og m.a. þess vegna vil ég af gefnu tilefni ítreka að fulltrúi Kvennalistans í húsnæðisstjórn samþykkti ekki hækkun vaxta af húsnæðislánum í 4,5%.

Eins og ég sagði í 1. umr. um frv. um tekju- og eignarskatt líst okkur kvennalistakonum að vaxtabætur muni að mörgu leyti vera til bóta umfram þetta kerfi sem nú er í framkvæmd, en meðan ekki hafa fengist nýjar forsendur, sem hugsanlega verða niðurstöður endurskoðunar, er erfitt að átta sig á því hvort áhrif vaxtabótanna verða þau sem til var ætlast með upptöku þeirra. Látum við því í rauninni enn bíða að lýsa yfir sérstakri hrifningu á þeim eða andúð.

Það er mála sannast að þær brtt. sem Kvennalistinn flytur við áðurnefnt frv. hníga flestar í þá átt að létta skattbyrði af einstaklingum og af því leiða óhjákvæmilega minni tekjur fyrir ríkissjóð. Fyrir þessu eru þó mörg rök og vil ég nú leyfa mér að vitna beint í nál., með leyfi forseta:

„*Í fyrsta lagi ber að nefna að Kvennalistinn telur að* stjórnvöld hafi nú þegar seilst allt of langt ofan í vasa lágtekju- og meðaltekjufólks. Skattbyrði hefur þyngst á sama tíma og kaupmáttur launa hefur rýrnað að mun. Auknum skattaálögum er að sönnu ætlað að auka tekjur ríkisins og þar með að minnka halla ríkissjóðs. En staðreynd er að fjölmörg heimili eru nú þegar rekin með halla og geta hreinlega ekki risið undir meiru."

Það er auðvitað svo að við alla skattlagningu eru tvær hliðar sem þarf að hyggja að. Annars vegar er auðvitað hlið þess aðila sem innheimtir skattinn. Hins vegar og ekki síður þarf að athuga kjör og greiðslugetu þeirra sem eiga að greiða umræddan skatt. Nú er ég ekki að halda því fram að skattinnheimta sé alltaf andstæð hagsmunum þeirra sem greiða skatta, langt í frá, en þarna verða þó að vera einhver hófleg mörk á. Og það er einu sinni svo að það er eins og það hafi vegið miklu þyngra þegar skattar eru lagðir á, þegar skattar eru auknir, hver afkoma ríkissjóðs er en hver afkoma heimilanna er.

Við höfum margbent á það kvennalistakonur að *ríkissjóður hefur marga möguleika til þess að auka* tekjur sínar, og höfum við lagt fram ýmsar tillögur í því sambandi sjálfar. Eins hefur ríkissjóður möguleika til sparnaðar og niðurskurðar í mörgum atriðum. En því er öðruvísi farið með heimilin. Flestir hafa þann eina möguleika til að auka tekjur sínar að vinna hreinlega meira. Nú er málum þannig háttað í íslensku þjóðfélagi að það er ekki alltaf hægt að sækja þá vinnu jafnvel þó að vilji væri fyrir hendi. Og þó að vinnu sé að fá eru takmörk fyrir þreki og vinnugetu hvers einstaklings, og þar hygg ég að við Íslendingar séum komnir á ystu mörk. Það hefur iðulega verið um það rætt hér í þingi hvaða afleiðingar það hefur á heimili, fjölskyldur og einstaklinga þegar vinnuþrælkun er með þeim hætti sem hún er hér á landi.

Í öðru lagi viljum við kvennalistakonur benda á að þær tekjur sem ríkið hugsanlega missti við samþykkt brtt. okkar væru alls ekki með öllu glataður eyrir. Það er auðvitað ljóst að því meira fé sem fólk hefur *milli handanna til ráðstöfunar því hærri upphæðir* skila sér til ríkisins aftur í óbeinum sköttum. Það er gjarnan látið sem svo að þeir peningar sem ríkið verður af ef tekjuskattshlutfall er ekki hækkað, hverfi með öllu og ríkið sjái aldrei tangur né tetur af þeim þó að menn viti auðvitað betur.

Það er vert að benda á núna, þegar samningar ríkisins og BSRB eru lausir, að lækkun skatta og hækkun persónuafsláttar og barnabóta væru verðugt innlegg stjórnvalda í þá kjaramálaumræðu sem fram undan er. Ég hygg að launþegahreyfingarnar hafi ekki skorast undan því hlutverki að taka þátt í þeirri vinnu með ríkisvaldinu að finna leiðir til að stemma stigu við kauphækkunum sem ekki skila sér í raun í vasa fólks og væru, að ég held, fúsar til að taka upp nána samvinnu við ríkisvaldið um að ræða fleiri leiðir til raunverulegrar kaupmáttaraukningar en ekki endilega krónutöluaukningar.

Það má auðvitað benda á að nú við upptöku virðisaukaskatts hefði verið annað gullið tækifæri til að ráðgast við verkalýðshreyfinguna sem öll er á einu máli um það ranglæti sem felst í mikilli skattlagningu matvæla svoleiðis að ef hæstv. fjmrh. hefði tíma eða áhuga á að taka upp raunverulegar viðræður við verkalýðshreyfinguna um öll þessi mikilvægu mál hygg ég að hans tíma væri vel varið.

Auk þess vill Kvennalistinn minna á að ríkisvaldið hefur ekki nýtt þá tekjujöfnunarmöguleika sem ekki bara Kvennalistinn hefur oft bent á heldur þó nokkrir sem nú eiga sæti í hæstv. ríkisstjórn. Þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir breytingum á tekju- og eignarskatti

sl. ár varði hann löngum tíma ræðu sinnar í að tala um hátekjuþrep í tekjuskatti. Ég gat ekki skilið betur en að hann harmaði að það hefði ekki náðst sú vinna sem nauðsynleg væri til undirbúnings slíku þrepi en að það væri forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar eða fjmrn. strax upp úr áramótum, þ.e. í byrjun árs 1989.

Hann tilkynnti jafnframt að þingflokkum yrði gert kleift að fylgjast með þeim undirbúningi og þeirri vinnu þannig að góður tími gæfist til að gaumgæfa málin. Það þarf ekki að orðlengja það að hvorki hefur sést tangur né tetur af slíkum hugmyndum og það sem verra er, þær er ekki lengur að finna á óskalista hæstv. fjmrh. ef marka má athugasemdir með frv. sem hér um ræðir. Þar er að vísu að finna hugmyndir um skattlagningu á fjármagnstekjur sem nú hafa tekið sess hátekjuþreps sem óskaverkefni hæstv. fjmrh. númer eitt.

Við kvennalistakonur höfum marglýst því yfir að við værum sammála því að fjármagnstekjur yrðu skattlagðar ekkert síður en launatekjur. Við létum að vísu í ljósi það álit að ekki væri tímabært að gera það í flýti núna rétt fyrir áramót þar sem svo mörg stór mál væru í undirbúningi og ætti að hrinda í framkvæmd um þessi áramót og ber þá auðvitað hæst virðisaukaskattinn og hyggjum að það eigi eftir að reynast rétt að það verði ærið verkefni fyrir framkvæmdarvaldið að komast yfir þann hjalla. En það breytir því ekki að hæstv. fjmrh. á að geta tekið til hendinni við skipulagningu á skattlagningu fjármagnstekna og hátekjuþreps strax upp úr áramótum ef áhugi er fyrir hendi. Hann benti sjálfur á í ræðu sinni í fyrra að ekki væri úr vegi að innheimta skatt samkvæmt hátekjuþrepi eftir á og því ætti honum að gefast nægur tími til þessa undirbúnings ef hann vill. En þá verður líka að geta þess að Kvennalistinn telur mjög áríðandi, hverjar leiðir svo sem farnar eru til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna, og ekki síst ef þær eru sóttar til þess fólks sem meira má sín í þjóðfélaginu, að þær verði nýttar til jöfnuðar en ekki einungis til þess að staga í göt.

Um fyrstu brtt. Kvennalistans fjölyrði ég ekki meira. Hún gengur út á það að horfið verði til upprunalegrar ákvörðunar um tekjuskattshlutfall og það verði 28,5% í stað 32,8% eins og nú er áætlað.

Í annarri brtt. leggjum við til að persónuafsláttur hækki í 300 þús. kr. í stað 250.200 kr. á ári eins og lagt er til í frv.

Hækkun persónuafsláttar vegur langþyngst hjá lágtekjufólki og síðan æ minna eftir því sem ofar dregur í launastiganum og því er aðgerð sem þessi mjög vel til þess fallin að jafna aðstöðu og gera skattheimtu réttlátari. Við þessa breytingu yrðu skattleysismörk tæplega 63 þús. kr. á mánuði.

Ég vil geta þess í því sambandi að það er vissulega fleira sem við kvennalistakonur höfum áhuga á að breytist í meðferð persónuafsláttar, en í stað þess að flytja það sem brtt. við þetta frv. höfum við ákveðið að leggja fram og höfum reyndar þegar lagt fram frv. sem kom á borð þingmanna í dag, á þskj. 354, þar sem lagt er til að sú heimild sem nú er fyrir hendi í lögum um að hjón geti millifært ónotaðan persónuafslátt annars maka og þar með lækkað tekjuskatt, nýtist líka einstæðum foreldrum, þ.e. að einstæðir foreldrar geti nýtt ónýttan persónuafslátt barns sem á hjá því lögheimili.

Við höfum að vísu áður lagt fram frv. í þessa veru sem fékk því miður ekki nógu góðar undirtektir hér á Alþingi en talsverðar umræður þó, en við leggjum það fram aftur vegna þess að við höfum sannfærst um mikilvægi þess, ekki síst vegna þeirra viðbragða sem við höfum fengið við þessu frv. utan úr þjóðfélaginu.

Í brtt. 3 og 4 eru lagðar til hækkanir á barnabótum, sömu hlutfallshækkanir eins og við leggjum til í hækkun persónuafsláttar. Barnabætur eru ævinlega teknar með í skattadæmið eins og barnabætur séu einhvers konar endurgreiðsla á skatti eða félagslegar bætur. Við kvennalistakonur erum mjög ósammála þessum málflutningi og viljum benda á að barnabætur eru ætlaðar börnunum sjálfum, þó að þær komi ekki til greiðslu til þeirra, til þess að standa straum af uppeldi og umönnun barna og er því skerfur hins opinbera til foreldra til að styðja þá í því mikilvæga hlutverki sem þeir gegna í að endurnýja þetta þjóðfélag, þ.e. leggja því til nýja þegna.

Það hefði verið freistandi að fá reiknuð ýmiss konar dæmi þar sem barnabætur væru teknar með mismunandi hætti inn í dæmin fyrst hæstv. fjmrh. vill hafa það svo. Það vill svo einkennilega til að í öllum dæmum fjmrn. eru fjölskyldur þannig saman settar að það skulu vera tvö börn og annað á að vera undir sjö ára aldri. Í þeim flýti sem er á afgreiðslu mála reyndist ekki kleift að fá reiknuð út fleiri dæmi, þ.e. með mismunandi háum barnabótum og í mismunandi samansettum fjölskyldum, og því báðum við kvennalistakonur um að fá reiknað dæmi eins og við viljum helst sjá það, þ.e. þar sem barnabætur eru ekki teknar inn í skattadæmið og vil ég vísa hér til fskj. II. og benda mönnum á að bera þær tölur um skattbyrði saman við þær tölur sem birtast um skattbyrði í plöggum fjmrn. og reyndar í útreikningum ASÍ sem líka fylgja hér með því þeir taka barnabætur inn í, eflaust til þess að dæmin séu samanburðarhæf við dæmi fjmrn.

Fimmta brtt. okkar stendur í sambandi við eignarskattana, þ.e. álagningu eignarskatts í háþrepi og þann eignarskattsstofn sem lagður er til grundvallar eignarskattsálagningu, bæði í venjulegu þrepi og háþrepi.

Það gætir nokkurs misræmis eða óréttlætis í því að einstaklingar og einstæðir foreldrar skuli ætíð reiknaðir aðeins hálft ígildi hjóna. Þó að eðli málsins samkvæmt sé venjulega einum fleira í heimili þar sem hjón eru eða sambýlisfólk munar nú ekki svo mikið um þennan einstakling að hægt sé að helminga húsnæði ef hann einhverra hluta vegna er ekki hluti af fjölskyldu. Við leggjum því til að einstaklingur eða einstætt foreldri sé 60% ígildi hjóna í samanlögðum eignarskattsstofni þeirra.

Hvað varðar eignarskattsþrepið sjálft héldum við óbreyttum eignarskattsstofni hjóna en hækkuðum

eignarskattsstofn einstaklinga og einstæðra foreldra. Kvennalistinn leggur til að hann verði 3 millj. 450 þús. hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum en héldum honum óbreyttum í 2 millj. 875 þús. hjá hvoru hjóna. Hvað efra þrepið áhrærir fórum við öfuga leið, héldum eignarskattsstofni einstaklinga og einstæðra foreldra óbreyttum, þ.e. í 8 millj. og 50 þús. kr. en lækkuðum eignarskattsstofn hjóna niður í 6 millj. 708 þús. kr. hjá hvoru um sig, þannig að það þrep eignarskattsins kæmi fyrr til framkvæmda hjá hjónum samanlögðum en hjá einstaklingi.

Sjötta brtt. felur það í sér að aflagður verði sá siður að framreikna tölur samkvæmt skattvísitölu, eins og kveður á um í 122. gr. laganna, og horfið til fyrri aðferðar, að einu breyttu þó. Við leggjum til að miðað verði við framfærsluvísitölu en ekki lánskjaravísitölu. Ástæðan er sú að eðli lánskjaravísitölunnar hefur breyst mikið við það hvernig hún er nú útreiknuð. Nú eru laun tekin inn í útreikning lánskjaravísitölu og við það hefur lánskjaravísitalan hækkað minna en efni stóðu til þar sem laun hafa ekki hækkað eins og aðrir þættir sem mældir eru í vísitölunni.

Okkur sýnist að ef persónuafsláttur og barnabætur sérstaklega eiga að einhverju leyti að halda í við verðlagsþróun í landinu sé vænlegasta leiðin sú að miða við framfærsluvísitölu. Þar mælist þó sannanlega framfærsla og kostnaður hverrar fjölskyldu, þó að meðaltali sé, á hverjum mánuði. Auk þess leggjum við áherslu á það hér í þessum brtt. að tvær upphæðir, þ.e. persónuafsláttur og barnabætur, séu reiknaðar upp mánaðarlega til þess að vægið breytist ekki eins og það gerir nú þegar það er reiknað upp einungis tvisvar á ári.

Að lokum vil ég aðeins undirstrika að í brtt. Kvennalistans kemur ljóslega fram stefna hans varðandi skattlagningu einstaklinga og fjölskyldna. Það er nú svo komið að eftir myndun hæstv. ríkisstjórnar, þeirrar sem nú situr, virðist lágtekju- og meðaltekjufólk og svo barnafjölskyldur eiga sér afskaplega fáa málsvara en það er einmitt hagur þessara hópa sem Kvennalistinn leitast við að standa vörð um og breyta til hins betra. Það er í fullu samræmi við stefnu Kvennalistans, forgangsröð hans og verðmætamat að þar skipi fjölskyldan og þeir sem minna mega sín verðugan sess.

Að lokum vil ég taka fram, hæstv. forseti, að 2. minni hl. stendur að sameiginlegum brtt. nefndarinnar sem eru á þskj. 343 en flytur einn brtt. á þskj. 353 sem hefur verið lýst hér að framan. Verði brtt. Kvennalistans samþykktar munu þingkonur hans greiða atkvæði með frv. Að þeim felldum munu þær greiða atkvæði gegn frv. í heild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 360, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þegar rætt er um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, er verið að ræða um hagsmuni almennings í landinu. Það er verið að ræða um þá hagsmuni er snerta hvern og einn vinnandi mann í landinu og menn sem eiga eitthvað smávegis eða mjög mikið. Það er verið að ræða um lífskjörin í landinu. Og núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að skerða lífskjörin. Hún hefur ákveðið að fólkið í landinu eigi að hafa minna á milli handanna en nokkru sinni fyrr á tíu árum. Ríkisstjórnin í landinu hefur ákveðið það að svíkja allt sem hún hefur lofað, bæði í samningum og í ríkisstjórnarsáttmálanum. Hún hefur ákveðið það að auka skattbyrðina í tekjuskatti með þeim hætti að aldrei hafur verið greiddur hærri tekjuskattur á Íslandi. Þegar haft er í huga að núverandi kerfi var sett með svokölluðum staðgreiðsluskattslögum sem þýddi það að greiðslubyrði skatta jókst sem verðbólgunni nam auk þeirra prósentna sem nú hafa verið lagðar á. Þá hafa skattar hækkað með þeim hætti að óviðunandi er.

Og hver skyldi vera skýringin? Skýringin er sú að ríkisstjórn Íslands, ráðherrarnir hæstv., hafa ekki stjórn á fjármálum ríksins. Þeir hafa ekki stjórn á sínum ráðuneytum og þeir hafa ekki stjórn á eyðslunni. Þegar þeir eru búnir að láta ráðuneytin reka stjórnlaus og uppgötva að þau hafa farið langt fram úr því sem áætlað var í fjárlögum hverju sinni, þá segja þeir: „Ríkið þarf, ríkið þarf — að fá auknar tekjur. Við verðum að leggja fram ný tekjuöflunarfrv." En það er ekki þetta sem verið er að gera. Það er verið að leggja meiri skatta á fólkið vegna þess að ríkisstjórnin er liðónýt og öllum gagnslaus og væri best að hún færi frá strax í dag. Hv. þm. Kvennalistans sömdu við hæstv. ríkisstjórn um vaxtabætur til að koma í gegn nýju kerfi í húsnæðislögum. Nú liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur svikið hv. þingmenn Kvennalistans og vaxtabæturnar eru nánast öllum gagnslausar. Jafnframt þessu er verið að taka flóknari og flóknari kerfi í notkun. Tekjutrygging eignarskatts, vaxtabætur, sem er svo flókið í framkvæmd að sérfræðingar þjóðarinnar, skattstjórarnir, vita ekki sitt rjúkandi ráð og þeir vita ekki hvernig á að komast að þessum málum og reikna þetta út. Og það má reikna með að hægt sé með þessum hætti að auka mannaflann í fjmrn. við að reikna út prósentur í tekjutryggingum og vaxtabótum og guð má vita hvað og svo komi hæstv. fjmrh. næsta ár og segi: Ríkið þarf meiri tekjur því það er svo dýrt að reka fjmrn., en fjmrn. hefur vaxið langt umfram það sem eðlilegt er á undanförnum árum.

Sumir hafa rætt um að skattarnir eigi að jafna aðstöðu. Síðan koma sömu menn hér upp og segja að það eigi að fá sömu laun fyrir sömu vinnu og þá vandast nú málið því að eftir því sem skattkerfið verður flóknara þess minni líkur eru á að menn fái sömu laun fyrir sömu vinnu. Það er nefnilega þannig að það er ekki spurningin um hvort hér er um konur að ræða eða karla í vinnu, eða sömu störf, heldur er

spurningin um það hvort menn fá sömu laun fyrir sömu vinnu í raun. En skattakerfið, eins og það nú er, ýtir undir það að launamisréttið aukist í landinu. Menn með sömu menntun er vinna sambærileg störf fá ekki sömu laun vegna þess að það er alltaf verið að búa til flóknari reglur sem mismuna mönnum eftir því hvað ríkisstjórninni finnst hverju sinni að eigi að auka þetta misrétti mikið. Það gleymist hins vegar að einstaklingarnir eigi að bera ábyrgð á sínum gerðum. Öll sú skattheimta sem nú fer fram miðar að því að gera menn sem minnst ábyrga og skattleggja þá sem eru ábyrgir sem allra mest. Og nú væri reyndar fróðlegt að hafa fjmrh. hér í salnum en ég geri ekki ráð fyrir að það breytti neinu hvort hann væri hér eða ekki. Best væri að hann kæmi aldrei í þingsalinn. Ég held að þjóðin mundi síst sakna þess manns.

Nú nýlega lagði hæstv. fjmrh. fram fréttatilkynningu um útreikning á eignarsköttum og tekjusköttum og hefur launþegahreyfingin þegar hrakið útreikninga hæstv. fjmrh. á tekjuskattinum. Það hefur komið fram að skattbyrðin eykst um 4% á milli ára. En hvað með eignarskatta? Hæstv. fjmrh. fullyrti hér að þeir lækkuðu, en hver er raunin? Ef miðað er við eign sem var 3 millj. 540 þús. kr. á síðasta ári og hækkar nú samkvæmt meðaltali um hækkun á fasteignamati upp í 4 millj. 250 þús. kr. hækka eignarskattar á milli ára um 25% sem þýðir að það er 7% aukning á skattbyrði á minnstu eignunum á milli ára. Þetta er nú það sem er kallað hundalógík fjmrh. með þessum útreikningi. Og þegar við skoðum háskattaþrepið sem er 8 millj. 50 þús. kr., þá hefði það verið sambærileg eign fyrir einu ári síðan sem var þá 6 millj. og 825 þús. kr. Með þessu frv. er þessi eign hækkuð í sköttum um 21,6%. Ekki er það lækkun.

Í fréttatilkynningu hæstv. fjmrh. er sýnt fram á lækkun á eign sem var 7 millj. kr. Ef við skoðum 7 millj. kr. eign í fyrra sem verður nú, með þeim breytingum sem eru áætlaðar, 8 millj. 260 þús. kr., þá hækka skattar á þessari eign um 25,2%. Þetta eru lækkanirnar sem hæstv. fjmrh. hefur verið að boða á eignarsköttunum. Og stendur hér glókollurinn sjálfur og boðar þessar lækkanir sem eru ekkert nema rangfærslur með tölur. Ef við skoðum eign sem var 14 millj. kr. fyrir ári og hækkar samkvæmt meðaltali upp í 16 millj. 520 þús. er hækkunin 0,3%. Þá förum við að koma að því að eignirnar lækki þegar þær hækka enn meira. Ef við tækjum hins vegar og skoðuðum þær hækkanir sem voru í fyrra og þær hækkanir sem voru núna, þá hefur enginn skattstofn eða skattar fyrr eða síðar hækkað meira á Íslandi.

Þessar hækkanir vekja upp þær spurningar hvort það sé kerfisbundið verið að koma á sósíalisma og breyta þjóðfélagsgerðinni frá sjálfseignarfyrirkomulagi fólksins á íbúðum í ríkis- og bæjarforsjá. Það bendir margt til þess, m.a. þær breytingar sem voru gerðar á sveitarstjórnarlögunum á síðasta ári sem þýða miklar hækkanir á fasteignagjöldum úti á landi og þýða það að fasteignagjöldin geta hækkað um 25–70%. Allar þessar hækkanir ber að sama brunni. Það er verið að ráðast á fólk sem hefur með dugnaði og ráðdeild reynt að eiga sitt skuldlaust. Nú má það ekki á Íslandi lengur. Það eina sem menn mega eiga er ef þeir fjárfesta í tapi ríkissjóðs, í ríkisskuldabréfunum, ef þeir fjárfesta í skuldum framtíðarinnar, ef þeir fjárfesta í aukinni skattlagningu á æskuna í framtíðinni. Það er það eina sem á ekki að leggja á eignarskatta.

Við hv. þm. Ingi Björn Albertsson og ég höfum lagt fram brtt. á þskj. 360 við frv. um tekju- og eignarskatt og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Íbúðarhúsnæði til eigin nota telst ekki hluti eignarskattsstofns."

Þessi till. er sú eina raunhæfa eins og málin eru. Hún hnígur að því að menn geti búið hér í þessu kalda landi í sínu eigin íbúðarhúsnæði án þess að vera skattlagðir af ríkinu. Ef við tökum samanburð við nágrannalöndin, t.d. Danmörku, sjáum við að Dönum, sem búa þó í landi sem er með miklu mildara loftslag, dettur ekki í hug að leggja á eignarskatta fyrr en eignir hafa náð 12 millj. kr. íslenskum. Og jafnframt eru lánin til húsakaupa svo há að það kemur aldrei til með að leggjast eignarskattur á íbúðarhúsnæði í Danmörku. Fleiri lönd gæti ég nefnt með þessum hætti. En hæstv. ríkisstjórn hefur lagt skattana á því að hún er haldin þeirri firru að enginn megi eiga neitt. Og það sem er athyglisverðast í útreikningum fjmrh. um eignarskattana er að fjmrh., hver sem nú trúir því, hefur gleymt að reikna inn í sína útreikninga þjóðarbókhlöðuskattinn sem er líka eignarskattur. Það væri fróðlegt ef menn almennt í þjóðfélaginu gætu komist upp með slíka útreikninga, að þeir tækju út hluta af dæminu til að reyna að fá hagstæða útkomu.

Þessir skattar sem hér eru eru, eins og ég sagði áðan, árás á fólkið í landinu. Og er nú tími til kominn að hæstv. ríkisstjórn hætti að leika sér, ráðherrarnir sitji heima á næsta ári, hætti að ferðast um heiminn á kostnað ríkisins og vinni og vinni hörðum höndum. Vinni að því að minnka umfang ríkissjóðs og auka hlutdeild almennings og fyrirtækja í þjóðartekjunum því að sú stefna sem núv. ríkisstjórn hefur fylgt, að auka skattana með þessum hætti og auka sjóðakerfið með þessum hætti, leiðir til glötunar, leiðir til sömu niðurstöðu. Og við höfum séð hvernig hefur farið í austantjaldsríkjunum sem núna hafa ákveðið að breyta yfir í vestræna hagstjórn. En hæstv. fjmrh. sem kom hér og þóttist boða vestræna hagstjórn verður ekki tekinn alvarlega í því frekar en mörgu öðru. Útreikningar hans og manna hans á sköttum rýra traust almennings á stjórnmálamönnum. Og þeir rýra það traust sem á að bera til fjmrn. um að þeir reikni rétt og gefi upp réttar upplýsingar. En þær upplýsingar sem hafa komið frá fjmrn. eru ekki réttar og farið er rangt með tölur á nærri öllum vígstöðvum. Það hlýtur að vera krafa að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands standi og falli með því að þær tölur sem þeir gefa upp séu réttar en séu ekki með þeim hætti sem hefur verið

sýnt fram á að blekkja fólkið í landinu, blekkja þingmenn og blekkja fólkið með þeim hætti að teljast verður ógnvænlegt. Ég ætla að vona það að við eigum von á betri tíð í stjórnmálum og þessi ríkisstjórn falli sem allra fyrst því það er það eina sem getur bjargað okkur frá þeim illu örlögum sem þjóðin nú býr við þessar stundir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 345,1 felld með 22:13 atkv.
Brtt. 345,2 felld með 23:14 atkv.
Brtt. 343,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 345,3 felld með 22:13 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 343,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 345,4 felld með 23:14 atkv.
Brtt. 353,1 felld með 23:16 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 21:13 atkv.
Brtt. 353,2 felld með 19:13 atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 353,3 felld með 18:17 atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 353,4 felld með 21:17 atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 345,5 felld með 23:13 atkv.
Brtt. 345,6 felld með 23:13 atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 360 felld með 23:5 atkv.
Brtt. 345,7 felld með 23:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞÞ.

nei: ÁHE, GeirG, ÞH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG.

2 þm. (MálmS, SV) fjarstaddir.

Brtt. 343,3 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 345,8 felld með 23:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RH, ÞP, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE.

nei: PP, ÞSk, RG, SighB, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, GeirG, ÞH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, ÁrnG.

ÞÞ, AÓB, KE greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (MálmS, SV) fjarstaddir.
Brtt. 353,5 felld með 21:15 atkv.
10. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 345,9 felld með 21:17 atkv.
Brtt. 343,4 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 343,5 samþ. með 36 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 353,6.a felld með 22:16 atkv.
Brtt. 353,6.b felld með 22:3 atkv.
14. gr. samþ. með 23:3 atkv.
Brtt. 343,6 samþ. með 35 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

28. fundur, mánudaginn 18. des., kl. 9.26 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 368.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Hér er til 3. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta mál hefur farið óvenjulega fljótt í gegnum hv. fjh.- og viðskn. enda var gott samkomulag í nefndinni sem byggðist m.a. á því að á sama tíma og þetta mál var rætt var jafnframt tekið til við að ræða önnur mál sem varða sömu lög, en nokkur frv. lágu fyrir hjá hv. nefnd. Annars vegar frv. sem snerta atvinnurekstur-inn í landinu og hins vegar frv. sem snýr að því réttlætismáli að hægt sé að telja fram sérstaklega fyrir börn sem misst hafa foreldri sitt, annað eða bæði.

Við sjálfstæðismenn lýstum því yfir í nefndinni að þetta frv. væri fyrst og fremst tekjuskattshækkandi frv. og hæstv. ríkisstjórn kæmist ekki hjá því að viðurkenna, þegar þetta frv. hefði verið samþykkt ásamt virðisaukaskattsfrv. sem er á hraðleið í gegn-um þingið í ágætu samkomulagi, að verið væri að hækka skatta verulega og það þótt aðrar skattahug-myndir ríkisstjórnarinnar næðu ekki fram að ganga svo sem frv. annars vegar um gjald á orkuveitur og hins vegar um bifreiðagjald.

Það er því áskorun mín til hv. stjórnarþingmanna að þeir endurskoði hug sinn varðandi þau tvö frv. sem á eftir að ræða hér, annað í deild og hitt í nefnd, og líti á það, eftir að hafa reiknað áhrif þessara frv. betur út, hvort ekki sé ástæða til að láta þau kyrr liggja það sem eftir er.

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlunin að flytja hér langt mál, heldur aðeins að ítreka það meginatriði að þetta frv., eins og önnur frv. sem hæstv. ríkisstjórn stendur að og snerta skattamál, er fyrst og fremst frv. til þess að hækka álög á allan almenning í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 20:6 atkv. og afgr. til Ed.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 3. umr.

Stjfrv., 51. mál (heildarlög). — Þskj. 186.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 369).

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 237. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 339.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (þróunardeild og Fiskimálasjóður). — Þskj. 320, n. 363.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. um Fiskveiðasjóð Íslands. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum Ed. Geir Gunnarsson og Hreggviður Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Undir þetta nál. skrifa Alexander Stefánsson, Kristinn Pétursson, Matthías Bjarnason, Guðni Ágústsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 340.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt eins og það er nú eftir afgreiðslu í hv. Ed. Eins og hv. alþm. er kunnugt hér í Nd. mun virðisaukaskattur koma til framkvæmda um næstu áramót og á undanförnum mánuðum hafa verið í undirbúningi ýmsar breytingar á gildandi lögum um virðisaukaskatt sem og víðtækur undirbúningur að framkvæmd málsins.

Í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar starfaði sérstök nefnd sem skilaði ítarlegri vinnuskýrslu sem formaður hennar, Kjartan Jóhannsson, samdi. Í henni var gerð grein fyrir ýmsum helstu álitamálum sem eftir var að leiða til lykta þegar gildandi lög voru afgreidd. Í skýrslunni var jafnframt að finna fjölmargar tillögur um það hvernig þessi álitamál skyldu til lykta leidd. Fyrir rösku hálfu ári síðan fengu allir þingflokkar einstak af þessari skýrslu og ég skipaði síðan samráðsnefnd fulltrúa þingflokka til þess að fylgjast með því hvernig með þessi álitamál yrði farið. Í frv. sem hér er lagt fram er að finna afstöðu til þeirra allra þar sem skýrt kemur fram með hvaða hætti ríkisstjórnin leggur til að virðisaukaskatturinn, sem tekur gildi um næstu áramót, verði framkvæmdur. Í frv. er gert ráð fyrir skatthlutfallinu 24,5% og einnig að inn í virðisaukaskattslögin verði tekið fastbundið endurgreiðslukerfi sem felur það í sér að á framleiðslustigi verði ígildi 14% skatts á nýmjólk, dilkakjöt, fisk og innlent grænmeti.

Í umræðum um tekju- og eignarskatt sem hér fóru fram í hv. deild var gerð grein fyrir samhengi þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á virðisaukaskattinum og breytinganna á tekju- og eignarskattinum og tel ég óþarfa að verja tíma hér til þess að reifa þann þátt málsins en er vissulega tilbúinn að gera það verði þess óskað. Heildaráhrifin eru hins vegar þau að vega upp það tekjutap ríkissjóðs sem fólst í því að miða hlutfallið við 24,5% í stað þeirra 26% sem miðað var við í forsendum fjárlaga. Það er hins vegar rétt að árétta það að með þessum breytingum sem eru lagðar til, bæði í frv. um tekju- og eignarskatt og frv. um virðisaukaskatt, er verið að flytja til hlutfallið milli beinna og óbeinna skatta á Íslandi, en það hefur lengi verið álit þeirra efnahagssérfræðinga innlendra og

erlendra sem um íslensk efnahagsmál hafa fjallað að nauðsynlegur þáttur í því að koma á varanlegum stöðugleika í íslenskri hagstjórn væri að draga úr hinu háa hlutfalli óbeinna skatta og auka hlutfall beinna skatta. Ástæðan er sú að á Íslandi er einstaklega hátt hlutfall óbeinna skatta miðað við önnur vestræn lönd. Þetta háa hlutfall gerir okkur erfiðara fyrir að bregðast við hagsveiflum á réttan hátt og koma í veg fyrir að þær valdi varanlegum efnahagslegum óstöðugleika.

Þau áhrif á verðlag sem þessar breytingar sem hér eru lagðar til fela í sér gera ráð fyrir, þegar heildaráhrifin eru metin, að þau muni leiða til 1–1,5% lækkunar á framfærsluvísitölu miðað við það sem ella hefði orðið. Það gerist með mjög margvíslegum hætti, bæði vegna þess að ýmiss konar viðskipti bera nú annan skatt í virðisaukakerfinu en þau gera í söluskattskerfinu og má þar nefna t.d. ýmiss konar tryggingar sem bera í dag söluskatt en munu ekki bera virðisaukaskatt, í öðru lagi hinar sérstöku endurgreiðslur á algeng matvæli og í þriðja lagi hin innbyggðu verðlækkunaráhrif virðisaukaskattsins sem til eru komin af þeirri ástæðu að virðisaukaskatturinn ber ekki í sér þá uppsöfnun sem söluskattskerfið hefur borið í sér. Enn fremur er ljóst að virðisaukaskatturinn mun styrkja samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsgreina og íslensks iðnaðar með margvíslegum hætti.

Ég vil aðeins árétta það hér vegna þess að nokkuð hefur borið á misskilningi í þeim efnum að endurgreiðslan í virðisaukaskattskerfinu varðandi þær tegundir innlendra matvæla sem ég nefndi hér áðan er gerólík því niðurgreiðslukerfi sem við höfum búið við hér um langan tíma. Endurgreiðslan verður fastur hluti af virðisaukaskattinum. Henni verður ekki breytt nema með formlegri lagabreytingu á Alþingi. Hins vegar eru niðurgreiðslurnar eins og menn vita afgreiddar í einni upphæð til ríkisstjórnar í fjárlögum og hún hefur allmikið svigrúm frá einum mánuði til annars, jafnvel frá einum degi til annars, ef hún kýs svo, að breyta niðurgreiðslunum allmikið milli tegunda og reyndar einnig að magni og hafa þannig margvísleg áhrif á verðlag. Aftur á móti verður endurgreiðslukerfið í virðisaukaskattinum stöðugt og óbreytt þar til Alþingi færir það í annan búning með lagabreytingu.

Það er einnig rétt að geta þess hér að það hafa auðvitað lengi verið deilur hér á Íslandi um það hvort virðisaukaskattur ætti að vera í fleiri en einu þrepi. Ríkisstjórnin hefur ákveðið, og það hefur verið tilkynnt hér á hv. Alþingi, að láta fara fram ítarlega athugun á næsta ári. Sú athugun á að beinast að því að kanna annars vegar áhrif þess að vera með virðisaukaskatt í tveimur þrepum og hins vegar áhrif þess að vera með virðisaukaskatt á víðtækara grunni en í einu þrepi sem þá yrði lægra. Hv. Alþingi og þingflokkum verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir þessum þáttum málsins þegar niðurstaða athugunarinnar liggur fyrir.

Eins og ég vék að áðan, virðulegi forseti, var ljóst þegar núgildandi lög voru samþykkt að þau þyrfti að taka til margvíslegrar athugunar og m.a. var talið nauðsynlegt að skoða skattskylduna sjálfa. Ýmis menningarstarfsemi er í gildandi lögum skattskyld en samkvæmt því frv. sem ég mæli hér fyrir verður menningarstarfsemi ýmist undanþegin virðisaukaskatti með núllskatti skv. 12. gr. eða utan skattkerfisins skv. 2. gr.

Gert er ráð fyrir að leikhús hvers konar og tónleikastarfsemi falli undir 2. gr. laganna á sama hátt og t.d. heilbrigðisstarfsemi, söfn og félagslegar stofnanir. Einnig er lagt til að útgáfa tímarita verði undanþegin skv. 12. gr. á sama hátt og dagblöð og héraðsfréttablöð. Þá er lagt til að útgáfa bóka á íslenskri tungu falli undir sömu undanþágugrein frá og með 16. nóv. á næsta ári. Ástæða þess að sú dagsetning var valin er að ekki var talið rétt að láta þessa breytingu hafa áhrif á tekjuforsendur fjárlaga fyrir næsta ár.

Ég vænti þess að ekki þurfi að útskýra það hér í hv. deild að mikilvægt er að íslensk tunga og íslensk menning njóti ákveðinnar stöðu í skattakerfi landsins þar sem þessir tveir grundvallarþættir eru í reynd það sem gerir okkur að sjálfstæðri þjóð. Þess vegna taldi ríkisstjórnin rétt að beita sér fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til á gildandi lögum um virðisaukaskatt.

Í frv., eins og það er lagt hér fyrir hv. deild, er einnig lagt til að undanþágur verði vegna hitunar á húsnæði. Myndaðist nokkuð breið samstaða um það að rétt væri að undanþiggja hitunarkostnað og voru uppi hugmyndir um að gera það með ýmsum hætti, en hér er beinlínis lagt til að tekið verði af skarið með það að kostnaður við húshitun beri ekki virðisaukaskatt.

Þá er einnig tekin hér inn undanþága vegna ökukennslu og enn fremur er undanþágan vegna íþrótta rýmkuð á þann hátt að íþróttastarfsemi, hver svo sem stendur straum af henni, njóti sömu skattameðferðar hvort sem hún fer fram hjá íþróttafélögum eða annars staðar. Einnig er að finna í frv. nokkuð nákvæm ákvæði um endurgreiðslu til íbúðabyggjenda vegna virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað og tekur það bæði til nýbygginga og einnig til verulegra endurbóta á húsnæði. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslurnar verði með eftirfarandi hætti:

1. Endurgreiða skal húsbyggjendum sem byggja íbúðarhúsnæði á eigin kostnað þann virðisaukaskatt sem þeir greiða vegna vinnu manna á byggingarstað við íbúðabygginguna.

2. Endurgreiðslan skal ná jafnt til þeirra sem byggja íbúðarhúsnæði til eigin nota og þeirra sem byggja íbúðarhúsnæði til útleigu eða sölu.

3. Endurgreiðslan fari fram ársfjórðungslega og skýrslu og sundurliðun á vinnureikningum skuli skilað í hvert skipti.

4. Á reikningum frá byggingarverktökum skal vinnuþáttur tilgreindur sérstaklega.

Þá kemur enn fremur fram í frv. að sömu reglur skuli gilda um endurbætur sem nema a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar.

Í frv. er lagt til að fjmrh. verði heimilt að ákveða með reglugerð að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum. Samkvæmt gildandi lögum um virðisaukaskatt var ætlunin að sveitarfélögin greiddu neysluskatt af mun breiðari stofni en í dag vegna þess að vinna manna á byggingarstað verður skattskyld eftir áramót. Hins vegar hefur verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar í fyrsta lagi að beita sér fyrir því að virðisaukaskattur til sveitarfélaga verði endurgreiddur. Í öðru lagi hefur fjmrn. nú þegar tilgreint ákveðna þætti þar sem endurgreiðslan mun gilda í bréfi sem ég sendi sveitarstjórnum og ég hef á fundi með forráðamönnum Sambands ísl. sveitarfélaga lýst því yfir að ekki sé ætlun ríkisstjórnarinnar að hafa framkvæmdir sveitarfélaga að sérstakri tekjulind í þessum efnum og boðið forsvarsmönnum sveitarfélaga upp á nána samvinnu við fjmrn. um að fylgjast með hvernig virðisaukaskatturinn kemur út gagnvart sveitarfélögum og aðlaga framkvæmdina þeirri reynslu. Það hefur tekið nokkurn tíma í ýmsum löndum þar sem virðisaukaskattur hefur verið við lýði að finna honum eðlilegt form varðandi sveitarfélögin. Ég tel eðlilegt að það sé einnig gert hér í góðri samvinnu ríkisvalds og sveitarfélaga. Það er einnig mikilvægt að tryggja að jafnræði gildi milli sveitarfélaganna í þessum efnum vegna þess að ljóst er að virðisaukaskatturinn mun koma nokkuð misjafnt við sveitarfélögin.

Þá hefur verið ákveðið hvað snertir greiðslufrest að í upphafi verði heimilaður gjaldfrestur í tolli á hráefni til iðnaðar og olíuvörur og skoðuð síðan frekari framkvæmd gjaldfrests í ljósi reynslunnar af næstu mánuðum og missirum. Það hefur nokkuð verið um það rætt að það kunni að leiða til verðhækkana að veita ekki þennan greiðslufrest í tolli strax í upphafi á allan innflutning. Það hafa farið fram ítarlegar athuganir í þessum efnum. Sérstakur óháður sérfræðingur sem samtök verslunarinnar fengu til þess að meta þennan þátt komst að þeirri niðurstöðu að ef greiðslufresturinn sem heildverslunin veitti smásölunni væri innan við 45 daga mundi þetta ekki leiða til neinna hækkana, jafnvel beinlínis lækkunar á vöruverði. Það væri ekki fyrr en greiðslufresturinn sem heildsalan veitti smásölunni væri kominn yfir 45 daga að hugsanlega færi að koma inn einhver hækkun sem væri þó mjög lítil, ekki nema um 0,5–1% þegar komið væri yfir um tveggja mánaða frest frá heildverslun til smásöluverslunar.

Það er líka rétt að árétta í þessu sambandi vegna þess að ég hef tekið eftir að það hefur nokkuð farið fram hjá mönnum í umræðunni að smásöluverslunin greiðir í dag töluverðan söluskatt, söluskatt af aðföngum, söluskatt af ýmissi þjónustu og öðru sem smásöluverslanir nota. Hjá smásöluverslun á landsbyggðinni hefur þessi söluskattur verið sérstaklega hár vegna þess að hann hefur lagst ofan á allan tilkostnað. Með virðisaukaskattinum fær smásöluverslunin þennan kostnað frádreginn í formi innskatts þannig að þessum skatti verður létt af smásöluversluninni, og það er alveg ljóst að nettóáhrifin eru þau að smásöluverslunin ber miklu minni fjármagnsbyrði eftir þessa breytingu en áður vegna þess að söluskatturinn íþyngdi smásöluversluninni nokkuð, sérstaklega smásöluverslun landbyggðarinnar, en nú verður allur slíkur skattur í formi innskatts sem viðkomandi fyrirtæki fá frádreginn. Sá sérstaki sérfræðingur sem Kaupmannasamtökin og Verslunarráðið fengu til þess að meta þetta mál og kynnti niðurstöður sínar á morgunverðarráðstefnu þessara samtaka fyrir u.þ.b. tveimur mánuðum síðan benti rækilega á það hvernig fjárhagsstaða smásöluverslunarinnar mundi styrkjast við þessa breytingu. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að hafa þennan þátt í huga þegar menn eru að meta tollkrítina eina og sér vegna þess að það eru heildaráhrifin á fjárhagsstöðu verslunarinnar sem ber að skoða.

Í frv. er einnig að finna ýmiss konar tæknilegar lagfæringar á virðisaukaskattslögunum sem sérfræðingar ríkisskattstjóraembættisins og fjmrn. og ýmsir aðrir sérfræðingar sem fengnir hafa verið til þessara starfa hafa talið nauðsynlegt að yrðu settar inn í lögin.

Ég tel, virðulegi forseti, í ljósi tímans ekki þörf á að reifa þetta mál nánar hér í framsögu. Vissulega væri tilefni til þess að fara ítarlega út í virðisaukaskattinn sem slíkan. Hér er á ferðinni kerfisbreyting í skattamálum sem búið er að ræða um í hálfan annan áratug. Aðdragandi þessarar kerfisbreytingar hefur verið langur. Ýmsar ríkisstjórnir hafa komið að þessu verki og nú blasir það við okkur að láta hann koma til framkvæmda hér á Íslandi. Reynslan frá öðrum löndum kennir okkur það að það eru eðlilega, jafnvel á upphafsárum slíkrar skattbreytingar, ýmsir þættir sem þarf að skoða í ljósi reynslunnar og umræðan í Evrópu um virðisaukaskatt landa Evrópubandalagsins sýnir að menn ná aldrei lokaniðurstöðu í umræðunni um það hvers konar þrep eða hve margskiptur skattur er í sjálfu sér æskilegastur. Þess vegna er það auðvitað alveg ljóst að umræðunni um virðisaukaskatt er ekkert lokið hér á Íslandi þrátt fyrir þessa kerfisbreytingu. Þvert á móti er ég sannfærður um það að reynslan af framkvæmdinni mun á næsta ári leiða af sér margvíslegar umræður um reynsluna af þessum nýja skatti. Ég hef þó sannfærst um að hann feli í sér mikilvæga hagsmunabót fyrir atvinnuvegi okkar Íslendinga, sérstaklega útflutningsgreinarnar og þann iðnað sem á í samkeppni á erlendum mörkuðum og á innlendum markaði. Í því atvinnuástandi og því efnahagsástandi sem nú ríkir hér á Íslandi er mikilvægt að geta nýtt slíka kerfisbreytingu atvinnulífinu í landinu til hagsbóta.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég mun hafa sama háttinn á og hæstv. ráðherra að tala ekki mjög lengi um þetta mál hér við 1. umr., geyma mér það fremur til 2. umr.

eftir að hv. nefnd hefur fengið tækifæri til að skoða málið. Svo vill til að ég á sæti í hv. fjh.- og viðskn. og fæ þess vegna tækifæri til að ræða við þá menn sem eðlilegt er að nefndin ræði við þegar svo umfangsmikið mál er til meðferðar.

Í gildandi lögum um virðisaukaskatt, sem áttu að taka gildi á miðju þessu ári, er skatthlutfallið 22%, en á sínum tíma lagði þáv. fjmrh., sem nú er hæstv. utanrrh., megináherslu á að skatthlutfallið hækkaði ekki úr 22%. Hann er nú fjarri góðu gamni og virðist hafa sætt sig við að skatthlutfallið hækki í 24,5%. Á þeim tíma sem hæstv. utanrrh. var fjmrh. var reiknað út í fjmrn. að virðisaukaskatturinn þyrfti að vera 23,5% til þess að tekjur ríkissjóðs samsvöruðu söluskatti eins og hann er nú, 25%. Í fjárlagafrv. var það hins vegar upplýst að núv. hæstv. fjmrh. hafði í hyggju að hækka skatthlutfallið í 26% og ná þannig inn talsverðum tekjum af skattkerfisbreytingunni sem frestað hafði verið til næstu áramóta. Mér er auðvitað ljóst að ekki er hægt að bera nákvæmlega saman þá útreikninga sem gerðir voru í upphafi árs 1988 og það sem gert hefur verið núna í haust. En eftir að hafa skoðað útreikninga nokkuð vandlega tel ég að ekki sé nokkur vafi á því að kerfisbreytingin, þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar og þá í menningarlegum efnum og fleiri, gefi ríkissjóði viðbótartekjur en rýri ekki tekjur sjóðsins eins og haldið hefur verið fram.

Ég vil til viðbótar segja það að lauslegir útreikningar, ekkert síður en þeir sem liggja fyrir hjá fjmrn., benda til þess að þessi upphæð gæti verið á annan milljarð og bætist sú upphæð við þann tekjuauka sem *allir viðurkenna að verði af tekjuskattshækkuninni*. Þar er gert ráð fyrir að tekjuskattar hækki og útvegi ríkissjóði tekjur að upphæð 1400 millj. og er þá búið að taka tillit til þeirra greiðslna sem fara í gegnum barnabótakerfið og ganga þannig út til þeirra sem eru barnmargir og til einstæðra foreldra. Það er því alveg ljóst að þetta frv. er, eins og önnur þau frumvörp sem þjóðin er að kynnast þessa dagana, fyrst og fremst skattahækkunarfrv.

Þá hefur verið gagnrýnt nokkuð hvernig að undirbúningi hefur verið staðið. Ástæða er til að rifja upp að á sínum tíma, þegar lögin voru samþykkt, var sagt frá því í nefndaráliti að vissir hlutir ættu að skoðast rækilega í nefnd. Hún mun hafa hist framan af en á síðustu vikum og mánuðum hefur heldur farið lítið fyrir samstarfi fjmrn. við þá nefnd sem sett var til þessa verkefnis í upphafi. Raunar hefur því verið haldið fram af æðimörgum að undirbúningur málsins sé allur í skötulíki. Nú, þegar kemur að þeim dögum að taka skuli þennan skatt upp, nálgast undirbúningurinn eins konar óðagot hæstv. fjmrh. og liðs hans.

Það þarf að koma fram hér, og snertir þessi mál auðvitað bæði og þá ekki síst tekjuskattsmálið, að allra nýjustu spár Þjóðhagsstofnunar sem gefnar voru út í kvöld að ég hygg benda til þess að verðlag komi til með að hækka meira frá meðaltali þessa árs til meðaltals næsta árs og laun minna en áætlað var í síðustu þjóðhagsspá sem gefin var út sl. haust en fjárlagafrv. hvílir á þeim forsendum. Þetta er auðvitað óhagstæðara fyrir tekjuskattsgreiðendur eins og reyndar var vitað og við höfum þegar fjallað um, þau sem hafa tekið þátt í umræðum um það mál.

Ég kemst ekki hjá því, virðulegi forseti, að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra um örfá atriði sem snerta það frv. sem hér er til umræðu. Vil ég þá í fyrsta lagi nefna jöfnunargjaldið. Jöfnunargjald var sett á sínum tíma vegna söluskattskerfisins. Það var viðurkennt, ekki eingöngu af okkur Íslendingum, heldur jafnframt af þeim þjóðum sem við eigum helst viðskipti við og erum í bandalagi með, svo sem EFTA og Evrópubandalaginu, að Íslendingum væri heimilt að leggja jöfnunargjald á innfluttar vörur og standa þannig undir kostnaði við endurgreiðslu á svokölluðum uppsöfnuðum söluskatti, en það er sá söluskattur sem leggst ofan á söluskatt í framleiðslunni. Það var algerlega ljóst frá upphafi að þessi skattur, jöfnunargjaldið, hlyti að falla niður um leið og við samræmdum okkar löggjöf löggjöf annarra þjóða í virðisaukaskattsmálum.

Nú bregður svo við að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að þetta gjald verði innheimt áfram og í frv. er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af því verði 500 millj. kr. Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra, og hvet hann til þess að taka hér aftur til máls til þess að gera okkur ljósa grein fyrir þessu máli, að hæstv. ríkisstjórn gerði samning við Vinnuveitendasamband Íslands sl. vor. Í þeim samningi, sem dagsettur er 30. apríl og var gerður í tengslum við kjarasamninga, segir skýrt og skorinort: „Jöfnunargjald af innfluttum vörum verði hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda." Þetta er orðrétt úr samkomulagi hæstv. ríkisstjórnar, sem hæstv. fjmrh. á aðild að, og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Raunar er annað í því samkomulagi sem ekki hefur verið staðið við. Þá á ég við vörugjaldið. Í tengslum við breytinguna sem nú á sér stað um áramótin skuli gerðar breytingar á lögum um vörugjald. Ég ætla ekki að þreyta ráðherrann á spurningum um það atriði, en bráðnauðsynlegt er að hæstv. ráðherra tjái sig hér frekar um jöfnunargjaldið en hann hefur þegar gert. Mér er sagt að hæstv. ráðherra ætli sér að gefa út lista yfir þær vörur sem jöfnunargjald verður ekki heimt af. Þennan lista, ef þetta er rétt, verður auðvitað að sýna hv. nefnd áður en málinu lýkur, ef standa á þannig að málinu. Í öðru lagi er afar nauðsynlegt að hæstv. ráðherra segi frá því hvernig ferill jöfnunargjaldsins á að vera á næsta ári. Það er ljóst að 5% gjald gæti skilað ríkissjóði jafnvel milljarði í tekjur en með því að heimta aðeins um 500 millj. hlýtur að vera gert ráð fyrir því að það fari stiglækkandi á næsta ári. Með einhverjum hætti verður að skýra það hvernig hæstv. ráðherra ætlar að standa að því að fella niður þennan skatt eins og boðið er í samningum okkar við aðra aðila. Allar skýringar hæstv. ráðherra á því að þetta sé skattur sem sé lagður á með samsvarandi markmið í huga og þegar aðrar þjóðir leggja á

einhvers konar byggðaskatta er auðvitað út í hött því að hækkað vöruverð hér á landi styrkir auðvitað kaupmennina í Glasgow í samkeppni við kaupmennina á Íslandi. Niðurstaðan af þessum skatti er þveröfug við það sem hæstv. ráðherra hefur stundum haldið fram, að skatturinn sé lagður á til að styrkja okkur vegna þess hvað við búum hér nánast á mörkum hins byggilega heims. Hæstv. ráðherra verður að laga til rökin sem hann ætlar að nota ef heimta á þennan skatt áfram sem auðvitað er ekki eingöngu siðlaust heldur líka löglaust.

En varðandi jöfnunargjaldið hlýtur maður þá að spyrja jafnframt: Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera vegna endurgreiðslna á uppsöfnuðum söluskatti, vegna framleiðslu á þesu ári? Annars vegar er iðnaðurinn, en auðvitað á að nota hluta af þessu gjaldi til að greiða það sem þar á vantar. Í raun er ekkert í fjárlögunum sem bendir til þess að hæstv. ráðherra ætli að greiða útflutningsiðnaðinum þá fjármuni sem lögboðið er, þ.e. þá fjármuni sem hafa safnast upp vegna þess að skattur leggst á skatt. Hafi hæstv. ráðherra í hyggju að greiða það að einhverju marki af jöfnunargjaldinu verður það að koma fram í fjárlögum gjaldamegin og má ekki undir nokkrum kringumstæðum líta á það sem rétt bókhald af hálfu ríkisins ef sú endurgreiðsla er dregin frá jöfnunargjaldinu teknamegin í fjárlögum. Á þetta legg ég gífurlega mikla áherslu og kýs að spyrja hæstv. ráðherra hvernig farið verður að með þetta atriði.

Þótt ekki gildi nákvæmlega það sama um sjávarútveginn og hæstv. ríkisstjórn hafi kannski frjálsari hendur um hvernig hún ætlar sér að endurgreiða svokallaðan uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi, er þó ljóst að um áramótin munu vera til birgðir í landinu sem enn er eftir að greiða af uppsafnaðan söluskatt. Skv. upplýsingum sem liggja fyrir eru birgðir nú svo miklar að það vantar um 100 millj. í uppsafnaðan söluskatt og gera má ráð fyrir því að sú upphæð a.m.k. tvöfaldist fram að áramótum. Spurning mín til hæstv. ráðherra, sem ég tel eðlilegt að hann svari hér og nú við þessa 1. umr., er: Ætlar hæstv. ríkisstjórn að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, annars vegar í iðnaði eins og lög bjóða, hins vegar í sjávarútvegi? Hvernig hyggst hæstv. ráðherra eyða jöfnunargjaldinu eða hvað þýðir talan 500 millj. þegar ljóst er að 5% gefa talsvert hærri upphæð á heilu ári? Og loks: Er það rétt sem hefur heyrst að hæstv. ráðherra ætli að útbúa lista yfir vörur sem ekki eiga að bera jöfnunargjald? Sé svo þá er fyllsta ástæða til þess að spyrja um það atriði. Reyndar má vera að sá sem benti mér á þetta hafi í sínu máli ruglað saman þessu atriði og öðru sem snýr að gjaldfresti í tolli, en það breytir ekki því að hæstv. ráðherra þarf skýrlega að segja hvernig farið verður með jöfnunargjaldið.

Ég vík ná næst að gjaldfresti í tolli. Ég held það fari ekkert á milli mála að það er samdóma álit allra þeirra sem koma nálægt atvinnurekstri, hvort sem er í iðnaði eða verslun, sjávarútvegi eða landbúnaði, að allir sem standa í atvinnurekstri eru sammála því að gjaldfrestur í tolli á virðisaukaskatti er mjög mikilvægt mál og líklega mikilvægasta málið. Það er alveg ljóst að sú fjárbinding sem mun eiga sér stað ef heimta á virðisaukaskatt strax við tollafgreiðslu mun leiða til þess að gjaldþrotum mun fjölga mjög verulega strax á næsta ári og finnst þó ýmsum nóg það sem gerst hefur á þessu ári og því síðasta.

Ég hef heyrt þá ræðu áður sem hæstv. ráðherra flutti hér áðan um að virðisaukaskatturinn sé til bóta fyrir verslunina. Ég hef hins vegar heyrt þá sem stunda verslun tala gegn því sjónarmiði á fundi sem hæstv. ráðherra var á og ég hygg að til að byrja með og einkum hjá þeim sem minni eru sé alveg ljóst að um verulega fjárbindingu er að ræða sem annaðhvort hlýtur að skila sér í hækkun vöruverðs eða þá skila sér vegna hækkaðra vaxta eða óhagkvæmari innkaupa í því að fyrirtæki sem nú eru við lýði fari á hausinn.

Ég tel að hæstv. ráðherra eigi að standa við það sem forveri hans sagði þegar lögunum var breytt á sínum tíma og tekið var inn ákvæði sem mig minnir að sé í 34. gr. laganna og felur í sér heimild fyrir hæstv. ráðherra til að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Þetta er það mál sem langflestir hamra á að sé stóra málið. Þótt mönnum beri ekki saman um hvað þetta þýði í verðhækkunum, þá telja þeir lágmarkið í hækkunum 0.5%. Það er fulltrúi ráðuneytisins sem spáir því en nefndar hafa verið tölur allt upp í 4% hækkun á vöruverði. Sé svo að í þessu máli sé ætlunin að gera mun á þeim sem fá gjaldfrestinn, sumir eigi að fá gjaldfrest en aðrir ekki, þá er alveg bráðnauðsynlegt að þegar við þessa umræðu, áður en málið fer til nefndar í síðari deild, liggi slíkar upplýsingar fyrir. Það kann að hafa afgerandi þýðingu fyrir það hver afstaða manna verði til málsins.

Næst langar mig, virðulegur forseti, til að víkja að máli sem hefur líka þýðingu og ekki smáa en það er að verulegt niðurgreiðslufé virðist vanta í fjárlagafrv. Bæði Ríkisendurskoðun og eins fjmrn. hafa viðurkennt að vöntunin sé um það bil 550 millj. kr. Menn geta þá spurt: Hvað hefur það með þetta mál að gera? Jú, það hefur með þetta mál að gera vegna þess að það er gert ráð fyrir því að endurgreiða eigi hluta af söluskatti á heildsölustigi eða til þeirra sem versla með vörurnar á heildsölustigi í ákveðnum vöruflokkum, þar á meðal í vöruflokkum sem nú eru niðurgreiddir. Endurgreiðslan er frádráttartala af innheimtum virðisaukaskatti en það hefur auðvitað mikla þýðingu hver niðurgreiðslan verður. Það er samdóma álit ráðuneytismanna og annarra að ef áfram vantar þessar 550 millj. megi gera ráð fyrir því að það leiði til 7–9% hækkana á þessum tegundum, þ.e. dilkakjöti og mjólk. Með öðrum orðum: Langsamlega stærsti hluti þeirrar lækkunar sem verður vegna áforma um að endurgreiða söluskatt á þessum vörum verður aftur tekinn vegna þess að það vantar svo mikla peninga í niðurgreiðslufjármuni ríkissjóðs. Ég hef heyrt ávæning af því að hæstv. ríkisstjórn ætli að laga þetta lítils háttar með því að setja kannski 100–200 milljónir í þessa niðurgreiðsluhít en það dugir ekki til.

Það er alveg ljóst að áform hæstv. ríkisstjórnar eins

og þau birtast í fjárlagafrv. leiða til þess að vöruverð á þessum niðurgreiddu vörum mun hækka verulega þannig að endurgreiðslan skilar sér ekki nema að mjög litlum hluta. Því til viðbótar hafa þeir sem eru í samkeppni við þessar greinar sínar áhyggjur, t.d. þeir sem stunda svína- og kjúklingarækt. Þeir spyrja eðlilega til hvaða ráða eigi að grípa til þess að tryggja það að sú niðurgreiðsla sem þeir fengu á sínum tíma verði ekki af þeim tekin í tímans rás vegna þess að niðurgreiðslurnar eru bundnar í krónutölu. Þetta er auðvitað réttmæt spurning sem verður að leggja fyrir hæstv. fjmrh. þegar við næstu umræðu málsins.

Þá kem ég að mjög mikilvægum þætti sem eru sveitarfélögin. Ég skal nú fara hraðar yfir. Þar liggur það fyrir að gangi frv. fram eins og það stendur nú munu sveitarfélögin í landinu þurfa að borga líklega um 900 millj. kr. umfram það sem þau borga í dag í söluskatt af framkvæmdum og rekstri.

Í dag fengu þingmenn senda frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hugmynd að texta sem mundi vera strax til bóta og það er full ástæða til þess að vekja athygli á þeirri tillögu. Í tillögunni sem er dags. 18. des., þ.e. í dag, segir svo, með leyfi forseta:

Við 2. gr. frv. bætist ein málsgrein, sem verði 5. mgr., svohljóðandi:

„Undanþegin virðisaukaskatti, þ.e. innskatti, er þó lögskyld starfsemi sveitarfélaga sem ekki er rekin í samkeppni við starfsemi á almennum markaði, svo sem bygging og rekstur grunnskóla og dagheimila, gatna- og holræsagerð og viðhald þeirra mannvirkja og unglingavinna."

Með öðrum orðum: Það er ætlun hæstv. ríkisstjórnar að skattleggja holræsagerð þannig að ríkissjóður kemur til með að fitna eftir því sem Reykvíkingar leiða úrganginn úr sér lengra hér út á flóann, þess meira fær ríkissjóður í sinn hlut. Þetta er orðinn tekjustofn fyrir ríkissjóð að leggja gjöld á slíkar framkvæmdir. Og það sama gildir um skóla og dagvistarheimili sem við hér, fjárveitingavaldið, knýjum sveitarfélögin með lögum til að taka að sér. Við krefjumst þess að sveitarfélögin standi fyrir þessari lögboðnu starfsemi og gerum hana síðan að tekjustofni fyrir ríkissjóð.

Ég get upplýst það hér að gengið hefur verið úr skugga um það nú síðast í dag með skeytasendingum til Danmerkur að í Danmörku er slíkur skattur ekki lagður á sveitarfélögin. Sveitarfélögin eru undanþegin virðisaukaskatti. Það liggur fyrir.

Þess vegna fagna ég yfirlýsingu hæstv. ráðherra þegar hannýjaði að því í sinni ræðu að þetta mál þyrfti að leysa en ég tel nauðsynlegt að þetta mál verði leyst áður en frv. er afgreitt frá Alþingi því að ég hef enga trú á lausnum eftir að þetta frv. er orðið að lögum og bendi á að árum saman, a.m.k. í áratug, jafnvel í einn og hálfan áratug gekk hvorki né rak í Danmörku í þessum efnum og ég hygg að einasta ástæðan fyrir því að þetta fór ekki inn í íslensku lögin á sínum tíma hafi verið sú að þegar — ja, ég leyfi mér að segja virðisaukaskattslögin íslensku voru þýdd úr dönsku lögunum, sem er nú kannski ekki alveg sanngjarnt að segja en ég hygg að þau hafi svona að mestu leyti verið þýdd úr dönskum lögum eins og við gerum nú æðioft þegar embættismenn starfa að slíkri lagasmíð, þá hafi slíkt ákvæði ekki verið komið inn í dönsku lögin því að þetta ákvæði kom ekki inn í dönsku lögin fyrr en árið 1985.

Þetta bið ég hæstv. stjórnarsinna um að átta sig á og athuga því að það skiptir auðvitað sveitarfélögin mjög miklu máli að sú kerfisbreyting sem nú á sér stað leiði ekki til þess að sveitarfélögin, sem samkvæmt lögum þurfa að stunda ákveðna starfsemi, séu gerð að féþúfu fyrir ríkissjóð.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að nefna það hér að varðandi byggingar og endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna byggingarframkvæmda hefur verið bent á það að kannski sé eðlilegt að slík endurgreiðsla eigi sér stað á tveggja mánaða fresti, á sama tíma og virðisaukaskatturinn er innheimtur. Það er til samræmis og nákvæmlega sömu rök sem gilda um þetta eins og þegar hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustól fyrir nokkrum dögum síðan og skýrði út fyrir okkur að það væri bráðnauðsynlegt að hafa gjalddaga launaskattsins fleiri til samræmis við staðgreiðsluna. Þess vegna hlýtur að mega með sömu rökum segja að það sé eðlilegt að endurgreiðsla virðisaukaskattsins í byggingarstarfseminni fari fram á sömu tímabilum og skatturinn er heimtur inn af ríkissjóði.

Ég hef jafnframt efasemdir um 7% regluna í frv. og tel að þar sé ekki tekið tillit til þess að fasteignamatsverð er ákaflega misjafnt eftir því hvar á landinu við erum. Ég hef líka efasemdir um það að rétt sé að setja það skilyrði að þessi 7% — og þá á ég við að endurbætur á húsum og viðhald þurfi að vera 7% af fasteignaverði — þurfi að vera bundin almanaksárinu. Það skiptir mun meira máli að heildarendurnýjun húsnæðisins nemi ákveðinni krónutölu en hvaða hraði er viðhafður til þess að koma þeim framkvæmdum í kring eins og ætla má að þurfi að gerast ef lögin verða samþykkt óbreytt.

Það er, virðulegur forseti, nokkuð sérkennilegt að skoða að það er mikill áhugi á því, og hefur komið fram í frv., að herða refsiviðurlögin og tvöfalda þau, dagsektir, á sama tíma og við vitum að það verða miklu fleiri greiðendur sem eiga eftir að greiða virðisaukaskattinn miðað við þann fjölda sem greiddi söluskattinn. Hefði manni fundist að það þyrfti einhverja aðlögun fyrir þann stóra hóp sem lendir án efa í miklum erfiðleikum við að telja fram til þessa skatts, ekki síst vegna þess að hæstv. fjmrh. og starfsfólk hans hefur verið með seinni skipunum að koma frá sér ýmsum reglugerðum sem þetta fólk þarf að búa við.

Það hefði verið, virðulegur forseti, ástæða til þess að fara hér í nokkur atriði, eins og hvort ræsting sé skattskyld eða ekki, t.d. á hótelum, spurninguna um það hvort hæstv. ráðherra telji kartöflur vera grænmeti en samkvæmt öðrum lögum er gerður munur á garðávöxtum og grænmeti og teljast þá kartöflur til garðávaxta. En nú vill svo til að í þessum lögum

teygja skattasérfræðingar og lögfræðingar ríkisskattstjóra sig svo langt að telja kartöflur vera grænmeti og bætist þá við vinnu lögfræðinganna sem þurfa í framtíðinni að segja til um það hvað sé grænmeti og hvað séu garðávextir og hvort kartöflur séu í þessum lögum grænmeti en í öðrum lögum garðávextir.

Það hefði líka verið ástæða til þess að fjalla hér um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til sérfræðinga og benda kannski rækilega á það — og það er ágætt að hæstv. dómsmrh. hlusti á það — að þeir einu sem koma til með að greiða virðisaukaskatt af lögfræðiþjónustu eru fólkið sem hefur lent í einhvers konar erfiðleikum. Fyrirtækin geta varpað af sér skattinum og hið opinbera. Það eru einungis einstaklingarnir sem hafa lent í erfiðleikum, fjárhagserfiðleikum eða einhverjum öðrum, sem munu verða endanlegir greiðendur þessa virðisaukaskatts. Þess vegna er ákaflega eðlilegt að eftir því sé gengið hvort hæstv. ríkisstjórn, þar á meðal hæstv. dómsmrh., ætli sér að gera eitthvað viðlíka og gert hefur verið í öðrum löndum til þess að koma til móts við það fólk sem verst fer út úr virðisaukaskattinum, en það er einmitt þetta fólk því aðrir sitja ekki uppi með skattinn.

Að síðustu, virðulegur forseti, ætla ég hér í þessari stuttu ræðu að minnast á eitt atriði og það varðar skuldajöfnun. Hæstv. ráðherra hefur í stíl við sín tök á ríkisfjármálunum bent á að nú verði þessi skattur, virðisaukaskatturinn, ekki greiddur út nema til þeirra sem eru skuldlausir hjá ríkissjóði. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að skatturinn sé greiddur út til allra. Ef þeir hins vegar skulda ríkissjóði þá hlýtur það jafnframt að vera krafa að kröfur á ríkissjóð eða ríkisstofnanir geti líka komið til móts við hinar kröfurnar og þannig sé skuldajafnað að fullu. Það er óverjandi að ríkissjóður hafi þau forréttindi í þessu þjóðfélagi að hann geti ávallt með vald á bak við sig gengið að fólki og fyrirtækjum, jafnvel þeim sem eiga stórfé hjá ríkissjóði. Það er þess vegna krafa, ekki bara hjá mér sem þessi orð tala hér heldur hjá fjölmörgum öðrum, að sama verði látið yfir alla ganga og ef ríkissjóður eða stofnanir ríkisins skulda viðkomandi fyrirtækjum þá beri jafnframt að taka tillit til þess. Það væri óverjandi að neita að borga út virðisaukaskattinn til fyrirtækja sem skulda ríkissjóði ef þau sömu fyrirtæki eiga síðan inni stórupphæðir hjá ríkinu. En slíkt getur hent og í raun hefur það hent mörg fyrirtæki að eiga inni hjá ríkinu, skulda opinber gjöld á hæstu vöxtum en fá ekki vaxtagreiðslur hjá ríkisstofnunum og slíkt er ekki hægt að þola til lengdar.

Virðulegur forseti. Mér er kunnugt um það að hæstv. ráðherra er að mæla fyrir frv. í hv. Ed. og kannski mun verða einhver bið á því að hann geti svarað þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans. En ég vænti þess að hann geti gert það annaðhvort síðar í þessari umræðu eða látið starfsmönnum sínum þessi svör í té og komið þeim til hv. nefndar sem tekur til starfa í fyrramálið. Ef hann má eigi heyra mín orð þá vildi ég a.m.k. fara þess á leit við flokksbróður hans sem situr í hv. nefnd að ganga eftir því að þessar upplýsingar bærust til nefndarinnar beint. Því að þótt hæstv. ráðherra sé töframaður mikill, þá hef ég skilning á því að hann getur ekki staðið í tveimur ræðustólum í einu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Svo ég taki nú upp þráðinn þar sem hv. 1. þm. Reykv. sleppti þá finnst mér ekkert furðulegt að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta verið í tveimur ræðustólum í einu. En mér þykir nokkuð furðulegt að verkslag skuli vera slíkt að hann skuli í raun vera að mæla fyrir tveim stórmálum, málum sem varða alla þegna þessa lands, á einum og sama tíma. Sú ráðstöfun sýnir ekkert annað en þá fyrirlitningu og þá lítilsvirðingu sem þessari samkundu er sýnd og þeim sem hér vinna. Enda segir mér svo hugur um að það að ekki aðeins hæstv. fjmrh. er fjarstaddur heldur og allir aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar og flestir hv. þm. sé einmitt dæmi um þá veiku stöðu sem þingið er í.

Það eru líklega allir sér þess vel meðvitandi að hér er málum ekki ráðið. Hingað eru mál aðeins send formsins vegna en allt vald er í höndum framkvæmdarvaldsins. Það er helst þegar kemur að einhverjum minni málum sem þingmenn fá hugsanlega einhverju ráðið eða einhverju um breytt. Fjarvera hæstv. fjmrh. undirstrikar þetta með þeim hætti að það verður ekki hjá því komist að nefna þessa staðreynd. (**Forseti:** Vegna orða hv. ræðumanns vill forseti taka fram að hann er tilbúinn að fresta þessari umræðu um sinn. Slíta þessum fundi sem nú er haldinn, boða nýjan fund að fimm mínútum liðnum og taka þar fyrir atkvæðagreiðslur í fjórum málum, ef heimilt verður, til þess að reyna að hafa hæstv. fjmrh. á þessum fundi þegar fram verður haldið umræðunni um virðisaukaskatt.) Virðulegur forseti. Ég þakka þetta boð en ég hef ekki farið fram á að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur og mun ekki gera það, ég lýsi einungis furðu minni á þessu verklagi. Ég ásaka ekki virðulegan forseta þessarar deildar en vil aðeins ítreka að ég held að þetta vinnulag sé einmitt til marks um stöðu þessa þings og valdajafnvægi framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Það sést einmitt líka með þeim hætti að jafnvel þegar stórmál eins og upptaka nýs skattkerfis, stórfelld kerfisbreyting er í uppsiglingu, þá sjá ekki einu sinni hv. þm. ástæðu til að vera viðstaddir. Og það er ekki af leti eða ómennsku, held ég, sem það er, heldur að þeir vita líka ósköp vel að hér talar einn fulltrúi hvers þingflokks svona fyrir kurteisis sakir og forms sakir og til þess að skjalfest sé afstaða hans þingflokks í hverju máli, en að það sem hér verður sagt breyti engu í málinu.

Að þessum orðum sögðum mun ég þá verða mjög stuttorð að sinni um innihald frv. en gera því þá betri skil á morgun í þeirri von að a.m.k. hæstv. fjmrh. verði þá viðstaddur. Ekki er ég svo bjartsýn að halda að það breyti en ég vil þó gjarnan að hann heyri eitthvað af máli mínu og afstöðu Kvennalistans í þessu máli.

Það er líkt með þetta mál eins og mörg önnur mál

hér á þinginu og er enn eitt dæmi auðvitað um þá sýndarmennsku sem raunverulega er í því fólgin að vera yfirleitt að taka frv. hér inn á þingið — og mundu menn sjálfsagt sleppa því ef það væri ekki bundið í lögum — þeim er hrúgað hér inn á síðustu stundu, hverju stórmálinu á fætur öðru. Það er ekki ætlast til þess að þau fái umfjöllun, þau eiga bara að þeytast í gegn og fá þar stimplun. Virðisaukaskatturinn er engin undantekning. Hann er nú til 1. umr. hér í Nd. og aðeins nokkrir dagar eftir af þingi og skyldi maður þó ætla að slíkt stórmál tæki nokkra daga í umræðu. Slíkur er asinn að jafnvel þurfti að fá fyrir því leyfi, sem vissulega var gefið, að taka málið fyrir í fjh.- og viðskn. Nd. áður en það kom til 1. umr. í deildinni. Ég vil taka það fram að það var með fullu samþykki allra í nefndinni, enda býst ég við að allir hafi séð hag sinn í því að fá þá tækifæri til að kynnast málinu örlítið áður en það kæmi til deildarinnar.

Það verður ekki hjá því komist að víkja aðeins til baka og rifja upp sögu þessara laga sem nú er verið að leggja til brtt. við. Í fyrsta lagi verður að nefna að þessi lagasetning var mjög umdeild ráðstöfun. Menn greindi ekki á um að það væri ýmislegt sem þyrfti að athuga og ganga betur frá og því sáu nú stjórnvöld að sér og frestuðu gildistöku laganna en enn stöndum við þó í sömu sporum og segir mér svo hugur um að það hefði alveg eins verið hægt að taka þessi lög í gildi fyrr eins og til stóð vegna þess að fresturinn hefur ekki breytt nokkrum sköpuðum hlut. Jafnvanbúið kemur málið til framkvæmda og einungis tvær vikur nú til gildistöku og enn eru svo mörg mál óleyst, svo mörgum spurningum ósvarað að ekki einu sinni framkvæmdarvaldið getur svarað eða tryggt að það verði ekki hálfböksulegt þegar það kemst í framkvæmd.

Það er í rauninni alveg með ólíkindum að jafnvel grundvallaratriði eins og álagningarhlutfallið sjálft skuli ekki hafa legið fyrir fyrr en núna fyrir 10 dögum eða svo. Ástæðan var sjálfsagt sú að þetta mikla mál var pólitískt þrætuepli og stjórnarsinnar virtust eiga í erfiðleikum með að koma sér saman um hve hátt stigið skyldi verða og er í rauninni kátbroslegt að eftir skuli standa að það þurfti í rauninni vantrauststillögu frá stjórnarandstöðunni til þess að stjórnin tæki sig nú saman í andlitinu, kæmi sér saman um skattstigið og opinberaði það alþjóð.

Það er látið í veðri vaka að lækkun sé á skattstiginu. Þetta er jafnvel með enn meiri endemum heldur en þegar verið er að halda því fram að hækkun tekjuskatts sé í rauninni lækkun því það er þó verið að reyna að gera það með einhverjum rökum en hér er farið með blekkingar einar. Í lögunum er kveðið á um 22% virðisaukaskatt og þó að einhverjum hafi dottið í hug í millitíðinni að líklega væri betra að hafa prósentustigið hærra og þó að söluskattur sé hærri, þá er það ekki það sama og að verið sé að lækka prósentustigið núna því að lögin hafa tekið gildi og þar var virðisaukaskattsstigið lögfest.

Það liggur við að það mætti með sömu rökum halda því fram að ef einhverjum, t.d. hæstv. fjmrh., hefði nú dottið í hug að bera fram þau rök að líklega væri best að virðisaukaskatturinn yrði 59%, að með því að færa hann niður í 24,5% væri verið að lækka hann um helming. Og manni dettur raunar í hug að slíkur hefði sannfæringarkraftur hans verið hefði honum dottið þetta í hug að hann hefði e.t.v. trúað því sjálfur.

Þó er kannski það versta í sögu þessa skatts það að inn í hann var laumað — eða ekkert laumað, það fór ekki hljótt — skatti á matvöru með því að leggja söluskatt á matvöru fyrir tveimur árum, hækka síðan söluskattsstigið á matvöru og festa það svo loks í sessi með þessari skattbreytingu. En þá hafði aðdragandinn verið svo langur, fólk hafði meðtekið þennan kross og borið hann í tvö ár og nú er eins og mjög fáum detti lengur í hug að hægt sé að leggja þennan kross af. Þetta er í rauninni mjög athyglisverð aðferð við það að koma vondu máli fram. Þegar málið í raun kemur til umfjöllunar, því það er í raun fyrst nú við gildistöku laganna sem það er endanlega staðfest að matarskattur skuli áfram vera í gildi, ætti að upphefja mikla baráttu gegn honum. En þá er þrotinn krafturinn hjá flestum og rétt eins og menn þakki fyrir að það skuli þó vera boðið upp á einhvers konar endurgreiðslur á nokkrum matvælategundum.

Það er margt sem væri vert að gera að umtalsefni, bæði ýmist ranglæti sem felst í þessu frv. og hvað margt er óljóst hvað varðar framkvæmd. Ber þar flest að sama brunni að ónógur undirbúningur veldur. Og svo slæmur er hann að reglugerðirnar hrynja nú út úr ráðuneytinu hver á fætur annarri og fæstir hafa haft ráðrúm til þess að kynna sér framkvæmd skattsins. Verður fróðlegt að fylgjast með eftir áramótin hvernig bæði skattyfirvöldum og fyrirtækjum gengur að glíma við þennan skatt. Margir hafa auðvitað þegar lýst áhyggjum sínum, hreinlega viðurkennt að þeir viti ekki um fjölmörg áhrif og framkvæmd og aðrir kvarta undan kunnáttuleysi, þeir hafi ekki haft ráðrúm til þess að setja sig inn í hvernig hann skyldi framkvæmdur.

Flest rök, sem höfð voru uppi fyrir gildistöku virðisaukaskatts, eru fallin um sjálf sig. Ein rök voru þau að þetta væri skattur sem yrði án undanþága og því svo auðveldur í framkvæmd. Veruleikinn er nú sá að við stöndum hér með frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Ekki ætla ég að lasta allar þær undanþágur sem þar eru veittar, síður en svo, en þessar fjölmörgu breytingar bera þess þó merki að ýmislegt var athugavert í upphafi. Það kann oft að vera erfitt að finna mörk í undanþágum, þ.e. hvað liggi innan skilgreiningar og hvað utan í hverjum undanþáguflokki, en enn erfiðara er auðvitað að finna eitthvert réttlæti í því hvað á að undanþiggja.

Það er vel að hér er lagt til að nú verði bækur á íslensku, hvort sem þær eru þýddar eða frumsamdar, undanþegnar virðisaukaskatti, en sú undanþága á þó ekki að taka gildi fyrr en 16. nóv. á næsta ári. Maður á að vísu bágt með að skilja rökin fyrir því að ein undanþága skuli vera með þessum hætti þar sem öðru er ætlað að taka gildi 1. jan. nk. En fyrst á annað borð er verið að flytja þessa undanþágu til þá er þessi

dagsetning þó þess eðlis eða á þeim tíma að hún kemur sér mjög illa fyrir námsfólk. Það er einmitt það fólk sem getur ekki geymt bókakaupin þangað til í jólabókaflóðinu. Það verða þegar liðnar tíu vikur af skólaári og ekki auðvelt að gera sér í hugarlund að nemendur geti dregið bókakaup þar til eftir 16. nóv. Það er þá með þessa ráðstöfun eins og svo margar aðrar að auðvitað bitnar þetta verst á þeim námsmönnum sem minnst hafa fjárráðin og kemur í þeirra hlut að bíða með bókakaup fram yfir 16. nóv. Kvennalistakonur í Ed. fluttu brtt. við þessa ráðstöfun og mun hún eflaust endurflutt hér í Nd.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka hér ýmislegt sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um og rakti sig í gegnum. Ég mun fara nánar í það á morgun. Ég get þó tekið undir margt af því sem hann sagði, t.d. í sambandi við vandkvæði í byggingariðnaði, bæði hvað varðar greiningu á því hvað telst til viðhalds og hvað telst til endurbóta og eins hvað þær endurbætur þurfa að kosta mikið fé til þess að endurgreiðsla fáist. Eins er greinilegt af því sem viðmælendur nefnda hafa sagt að margt virðist benda til þess að ýmislegt í starfsemi í byggingariðnaði ýtist inn á svartan markað umfram það sem verið hefur — og hefur nú mörgum þótt nóg um — einmitt í byggingariðnaði.

Varðandi hlut sveitarfélaganna og að virðisaukaskattur verði lagður á þá opinberu þjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum, þá virtist mér hæstv. ráðherra hafa hér uppi einhver orð um að þau mál yrðu könnuð nánar og eftir upplýsingum að dæma virðist ekki vanþörf á. Það er oft haft á orði að við séum ekki nógu sjálfstæð í lagasetningu og þýðum þau gjarnan úr öðrum málum en svo mun einmitt hafa verið í því landi sem helst virðist leitað til, Danmörku, að sveitarfélög þar lentu í þeim vanda sem sveitarfélög hér benda nú á að fram undan sé. Það liðu þó nokkur ár áður en ríkisvaldið þar tók við sér og færði til betri vegar. Vonandi er að við náum að girða fyrir sömu mistök í tíma.

Hvað varðar skuldajöfnun þá er það réttlætismál að reynt verði að leiðrétta þann þátt frv. nú í meðförum þingsins. Það er auðvitað óþolandi að ríkið skuli geta tekið sér þann rétt umfram aðra að ganga að fyrirtækjum og krefja um gjald jafnvel þegar svo stendur á að ríkið skuldar því sama fyrirtæki hugsanlega meira heldur en krafa ríkisvaldsins hljóðar upp á. Kvennalistinn flutti sömuleiðis brtt. við þessa grein frv. í Ed. og mun hún endurflutt hér.

Mig langar að taka hér eitt lítið dæmi um hvernig starfsgreinar eða jafnvel greinar í menntakerfinu geta dottið niður á milli stóla þegar til skilgreiningar kemur á því hvaða flokki einhver tiltekin grein tilheyrir. Það er þetta furðulega fyrirbæri sem allt í einu stendur eitt eftir, sem eru dansskólar. Í lögunum eru skólar undanskildir virðisaukaskatti, skólar og menntastofnanir. Síðan hefur verið bætt inn í t.d. ökuskólum og undir þetta flokkast m.a. tónlistarskólar, en ekki þykja dansskólar verðugir þess að lenda inni. Þegar kom að íþróttunum þá gegndi sama máli. Almenningsíþróttir voru undanskildar. Síðan kom í ljós að mönnum hafði yfirsést að almenningur stundaði íþróttir mikið í heilsuræktarstöðvum. Þá var þeim kippt inn. En ekki taldist dansinn íþrótt svo ekki komst dansskólinn inn. Nú standa því danskennarar og aðrir sem að skólunum standa fullkomlega ráðalausir, vita ekki almennilega hvort þeir eiga að kalla sig listgrein eða íþrótt, gætu eflaust flokkast undir hvort tveggja en flokkast sem hvorugt og eru eins og hverjir aðrir munaðarleysingjar utan garðs. Þeim hefur vissulega verið bent á að þeir gætu gengið í Íþróttasamband Íslands. Jafnframt virðast þeir hafa fengið einhverjar upplýsingar um það að þeim mundi veitt inganga. En er það von að þeir spyrji: Af hverju ættum við að ganga í Íþróttasamband Íslands fyrirvaralaust? Af hverju er ekki hægt að viðurkenna dansinn á sínum eigin forsendum án þess að þvinga þá inn í einhver heildarsamtök sem þeir höfðu kannski aldrei hugleitt að ganga í?

Ég spurði reyndar fulltrúa danskennara þegar hann mætti til viðtals í fjh.- og viðskn. Nd. hvort honum væri kunnugt um hve mörg börn á skólaaldri stunduðu nám í þessum skólum. Hann hafði þau svör ekki á reiðum höndum en það fer ekki á milli mála að þau skipta eflaust nokkrum þúsundum þegar allt er talið. Þetta er ekki ómerkilegri tómstundaiðja en ýmislegt annað sem börn leggja fyrir sig í tómstundum og sjálfsagt er hún mörgum gagnleg og holl. Oft var því t.d. haldið á lofti í sambandi við áfengisneyslu að það væri um að gera að unglingar, og þá aðallega unglingspiltar, lærðu að dansa því það gerði samskipti kynjanna á unglingsaldri auðveldari og því þyrftu menn síður að drekka í sig kjark til þess að nálgast hitt kynið. Nú veit ég ekki hvort þetta eru gjaldgeng rök lengur en það breytir því ekki að þessi iðja er engum óholl. Vona ég að þessir skólar verði ekki skildir eftir einir, næstum allra skóla, út undan og látnir gjalda virðisaukaskatts.

Þá mun ég aðeins í lokin snúa mér að skatti á matvælum. Matvæli eiga að búa við sama skattþrep og öll önnur vara og þjónusta. Þó á að endurgreiða að hluta af nokkrum tegundum matvæla, þ.e. mjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti. Það hlýtur að vera miklu óöruggari aðferð að ætla að gera þetta í formi endurgreiðslu, og þá á ég við óöruggari fyrir neytendur, að lækka verð matvæla með endurgreiðslum í stað þess að lögfesta það með skattþrepinu sjálfu. Það er miklu hægara um vik fyrir stjórnvöld að möndla fram og til baka með endurgreiðslur og hvernig að þeim skuli staðið, fela sig á bak við hugsanlega aðrar verðhækkanir eða breytingar sem kunna að verða og þannig kannski verður útkoman sú að í raun verður lækkunin engin. Auk þess er harla lítið vit að finna í því hvers vegna einungis þessir fjórir flokkar, þ.e. mjólk, dilkakjöt, neyslufiskur og innlent grænmeti, eigi að vera inni í þessu endurgreiðslukerfi. Það tekur sem sagt ekki yfir alla íslenska matvælaframleiðslu og stórmismunar þannig kjötframleiðslu á Íslandi. Hvorki framleiðendur svínakjöts né kjúklingakjöts njóta góðs af þessum endurgreiðslum, eða réttara sagt neytendur

þessara matvæla. Og þegar heyrast raddir um að þetta verði til þess að ýta undir þá sem halda því á lofti að betra og hagkvæmara sé á allan hátt að flytja inn landbúnaðarafurðir. Það skyldi þó aldrei vera að fyrsta glufan opnaðist þarna.

Í öðru lagi er ekki hægt að sjá að neitt hollustumat liggi til grundvallar endurgreiðslum því varla ætlar nokkur að halda því fram að kjöt sé endilega hollara en korn. Eða ávextir séu ekki nokkuð sem við teljum hollt og nauðsynlegt, a.m.k. öllum börnum. Þannig að hvorugt sjónarmiðið er í gildi, hvorki að styðja við íslenska framleiðslu né hollustustýring. Er nú skemmst að minnast að einungis eru nokkrir mánuðir síðan hér á Alþingi var samþykkt hollustuneyslustefna þar sem var tíundað nokkuð nákvæmlega hvernig hægt væri að stýra neyslu og hvaða neysla væri æskileg. Þess sér engin merki í þessu frv. að þarna hafi sömu aðilar verið að verki. Væntanlega er þá sú neyslustefna orðin plaggið eitt og fer eflaust í glatkistuna til minningar um góðan ásetning sem enga gjörir stoð. (Gripið fram í.) Ég tók það fram áðan að ég sætti mig fullkomlega við það að ráðherrar væru fjarverandi, eðli málsins samkvæmt.

Þess er varla að finna nokkurt fordæmi í nágrannaríkjum okkar að þetta allt fari saman, þ.e. svona hátt virðisaukaskattsþrep og að aðeins sé eitt þrep og matvæli beri ekki mun lægri skatt en aðrar vörur. Einstaka lönd hafa þó skotið sér upp fyrir okkur með hæstu þrepin en hafa þá ævinlega lægri þrep fyrir matvörur eða nánast undantekningarlaust. Það væri hægt að rekja hér mörg dæmi um þetta. Eina dæmið um hið gagnstæða á Norðurlöndum er Danmörk, en þar er sama skattprósenta á matvælum og á annarri vöru og þjónustu en er þó heldur lægri en áformað er hér, þ.e. 22 stig. Jafnvel það sem við höfum viljað kalla örgustu íhaldsríki hafa séð ástæðu til þess að undanþiggja matvæli frá skattlagningu. Svo fráleitt þykir að skattleggja nauðþurftir fólks.

Það er auðvitað margumtalað hversu miklu þyngra skattlagning á neysluvörur eins og mat vegur hjá láglaunafólki og hjá stórum barnafjölskyldum því þar má gera ráð fyrir að meginhluti tekna fari einmitt til matarkaupa, ekki síst eins og verðlagi er háttað á Íslandi. Því hefur raunar verið borið við aftur og aftur og hefur mér verið fullkomlega um megn að skilja þau rök að hátt vöruverð á Íslandi stæði ekki í neinu sambandi við hátt söluskattsstig. Menn hafa brostið á með langar ræður til útskýringar en ég verð að viðurkenna að sama er hvernig menn útskýra, mér er lífsins ómögulegt að skilja að það hafi ekki áhrif á verð að ofan á verð vörunnar sé settur 25% söluskattur. Kannski næ ég einhvern tímann svo miklum þroska og svo mikilli kunnáttu að ég skilji það.

Í raun má segja að flestar forsendur fyrir upptöku virðisaukaskatts séu brostnar. Ég hef þegar rætt um undirbúning og framkvæmd. Flest þau rök sem vógu þyngst þegar verið var að troða virðisaukaskattinum í gegnum þingið eru brostin. Þau áttu að vera undanþágulaus. Hér liggur fyrir frv. um fjölmargar undanþágur og eins og ég tók fram áðan, ég er ekki að segja að þær séu af hinu illa, en ein forsenda lagasetningarinnar er greinilega veikari en hún var. Það átti að vera eitt skattþrep, það var algjört frumskilyrði. Þetta atriði hangir náttúrlega enn þá á nástrái því að menn reyna að bjarga andlitinu með því að fara bil beggja, þ.e. að lækka nokkrar tegundir matvæla með endurgreiðslum en geta þá jafnframt sagt: Það er aðeins eitt stig.

Hæstv. fjmrh. fyrrv. átti sér uppáhaldsorðtak. Hann kom varla svo hér í stól að hann segði ekki „einfalt, skilvirkt og réttlátt". Og þau þrjú voru helstu rökin fyrir ekki bara þessum skatti heldur og flestum öðrum, en voru sjálfsagt oftar notuð í sambandi við þennan en aðra.

Um einfaldleikann er þetta að segja: Allir, sem komið hafa til viðtals við fjh.- og viðskn. bæði efri og neðri deildar, hafa lokið upp einum munni um að framkvæmdin sé mjög flókin. Svo flókin og óljós að menn hafa varla haft tök á að kynna sér hana og kvíða framkvæmdinni og það er augljóst að þetta krefst aukins mannafla, bæði hjá skattyfirvöldum og fyrirtækjum, svo að lítið fer nú fyrir slagorðinu „einfalt".

Það sama gildir um „skilvirkni". Það virðist ekki sannað að virðisaukaskattur sé skilvirkari en söluskattur. Reynsla annarra landa bendir alls ekki til að svo sé. Fjölmargir hér innan lands hafa orðið til þess að benda á að virðisaukaskattur muni ýta fleirum en nú er út á svartamarkaðsviðskipti. Hann átti að vera réttlátur. Það er hann ekki því skattur á lífsnauðsynjar fólks getur aldrei talist réttlæti og síst til jöfnuðar fallinn.

Ég sagði í upphafi að á ferli þessa skatts og við undirbúning hans hafi viðnám veikst svo að flestir hafa gefist upp í baráttunni fyrir að fá því óréttlæti aflétt að skattur skuli lagður á matvæli.

Kvennalistinn hefur aldrei hvikað í þessari afstöðu, hvorki afstöðu sinni til virðisaukaskattsins sjálfs, sem við sáum ekki og sjáum ekki enn að sé nauðsyn að taka upp. Við höfum heldur aldrei hvikað í þeirri afstöðu að matarskatturinn sé óþurftarverk og beinlínis mannfjandsamlegur. Stjórn sem stendur að slíku á ekkert gott skilið, hvorki í orði né á borði.

Þessi stjórn hefur reynst mjög ötul við að rýra kjör fólksins í landinu og kennir sig þó við félagshyggju og jöfnuð. Til helstu afreka hennar má telja að skattar hafa hækkað, kaupmáttur lækkað, matarskattur festur í sessi, persónuafsláttur og barnabætur hafa verðrýrnað, svo eitthvað sé talið af afrekum þessarar alþýðustjórnar. Og ofan á allt saman á nú að taka þá áhættu að gera víðtæka kerfisbreytingu í skattheimtu. Enginn veit enn afleiðingar þess, margir bera ugg í brjósti og segja að hann muni hækka almennt vöruverð og kostnað og er þá verr af stað farið en heima setið. Því verður eiginlega að snúa orðum Steins Steinarrs sem hann sagði af allt öðru tilefni fyrir mörgum árum upp á hæstv. fjmrh., snúa sér til hans og segja: „Hæstv. ráðherra, ekki meir, ekki meir."

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég verð nú, svipað og hv. síðasti ræðumaður, í raun að fagna fjarveru ráðherra hér í salnum. (Gripið fram í.) Ég er að tala um ráðherrana almennt, enda eru þeir mjög fáséðir fuglar hér inni og liggur við að maður þurfi að kynna sig fyrir þeim ef þeir detta hér inn í húsið. Oft sem maður álítur að hér sé um að ræða ókunna menn af götunni. Það er líka spurning, ef maður vill ræða við þá eða leggja einhverjar spurningar fyrir þá, hvort það verði ekki að vera skriflega uppi í ráðuneyti eða nota meira fyrirspurnatímana en gert hefur verið. Það er reyndar merkilegt hvað stjórnarliðar láta sig þessa umræðu litlu máli skipta og þá kannski sérstaklega minn gamli flokkur og mínir félagar sem þar eru enn. Ég veit ekki betur en þeir, alla vega í orði, þykist berjast af fullum krafti gegn matarskatti og hér er nú það frv. til umræðu sem tekur á matarskattinum. Þá heyrist hvorki hósti né stuna frá þeim mönnum. Ekki einu sinni að þeir láti sjá sig hér í þingsal. Ekki virðist því mikið að marka þau orð og þá baráttu.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir kom í örfáum orðum hér inn á danskennslu og furðaði sig mikið á að hún skyldi ekki undanþegin virðisaukaskatti og bar hana saman við alls kyns íþróttastarfsemi. Ég get vissulega tekið undir með hv. þm. að danskennsla á að vera undanþegin virðisaukaskatti. Ekki með hliðsjón af öðrum íþróttagreinum heldur með hliðsjón af öðrum kennslugreinum því mér virðist að eina kennslan sem ber í dag virðisaukaskatt sé einmitt danskennslan. Réttara væri að bera hana saman við aðra kennslu og ég skal vissulega standa að brtt. með hv. þm. í þá veru.

Hér er á ný komið inn á borð okkar frv. til laga um virðisaukaskatt. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að rifja upp gang umræðna hér á þingi á sl. ári enda tel ég þingheimi til góðs að rifjuð séu upp ummæli sem þá féllu hjá hinum ýmsu þingmönnum sem nú eru í annarri stöðu hér á þinginu en þá. Í grundvallaratriðum er ég fylgjandi upptöku virðisaukaskatts eins og fram kom í málinu þá. Helstu ástæður þess eru að augljóst er að núverandi söluskattskerfi er löngu úrelt og úr sér gengið og á því eru fjölmargir gallar. Til að mynda mismunar það mjög atvinnugreinum sem virðisaukaskattskerfi gerir ekki ef rétt er með farið. Það mismunar atvinnugreinum allverulega, eins og ég mun sýna fram á í ræðu minni. Er það miður að svo skuli vera komið að strax áður en lögin taka gildi skuli í raun vera búið að skemma þau.

Ég lýsti því yfir í umræðunum á síðasta ári að ég gæti ekki samþykkt virðisaukaskattinn nema hann væri í tveimur þrepum, þ.e. annað lægra þrep á alla matvöru. Um það fjalla ég nánar síðar í ræðunni en get þó sagt strax að ég er enn á sömu skoðun og þá og mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt nema til komi nýtt skattþrep fyrir matvæli. Í umræðunum í fyrra kom margt athyglisvert fram og er afar fróðlegt að bera saman skoðanir hinna ýmsu þingmanna þá og nú. Sérstaklega hin snöggu skoðanaskipti þingmanna gömlu flokkanna, þ.e. Alþb., Sjálfstfl. og minna gömlu stefnuföstu félaga í Borgfl. Í umræðunum í fyrra lýstu alþýðubandalagsmenn og borgaraflokksmenn yfir algjörri andstöðu við frv., einkum vegna hins alræmda matarskatts. Nú kveður hins vegar við annan tón hjá þessum mönnum og eru þeir eins og hæstv. menntmrh. lýsti yfir í umræðunum í fyrra, en þá sagði hann um kratana að hér væru á ferð menn sem væru eins og nýfrelsaðir menn sem hefðu fundið hjálpræðið, hina endanlegu lausn, svar við öllum vanda við upptöku virðisaukaskatts. Þá hafði hæstv. ráðherra mörg og stór orð um þá svívirðu að ætla sér að skattleggja matvæli og nauðsynjavöru heimilanna. En hvað er hann að gera í dag? Fyrir hverju stendur hann nú? Er það ekki nákvæmlega það sem hann gagnrýndi svo harkalega í fyrra? Er hann ekki að stuðla að því að matarskatturinn verði endanlega festur í sessi? Er það orðið svo að ekkert er að marka orð manna hér á þingi þar sem þeir leyfa sér að hafa breytilegar skoðanir með tilliti til þess eins hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu? Er það virkilega svo að þingmenn eigi að starfa eftir slíkri reglu og hvernig samræmist það því að þingmenn skuli breyta eftir eigin samvisku? Hvað segir það í raun um samvisku slíkra þingmanna? Ég vildi ekki eiga neitt undir slíkri samvisku.

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að rifja upp nokkur af þeim ummælum sem hæstv. samg.- og landbrh. Steingrímur Sigfússon hafði um þetta frv. að segja á þessum tíma, með leyfi forseta:

„Það er enginn vafi á því að upptaka söluskatts á matvæli, og í framhaldinu upptaka virðisaukaskatts, er mesta áfall sem íslenskur landbúnaður hefur fengið á sig um áratuga skeið og eru þá vondar ríkisstjórnir og harðindi og kalár ekki undanskilin."

Nú er hv. þm. orðinn hæstv. landbrh. og væri ekki úr vegi að inna hann eftir því, ef hann væri hér í salnum, en það væri kannski hægt að koma því til hans, hvort hann sé ekki sömu skoðunar nú og hann var fyrir rúmu ári síðan. Eða telur hann stöðu landbúnaðar og afkomu heimilanna nú betri en þá? Ef svo er væri fróðlegt að fá útskýringar ráðherra á því mati. Hvað er það í þeirri frumvarpsmynd sem nú liggur fyrir sem hefur afstýrt þessu mesta áfalli sem íslenskur landbúnaður hefur lent í, svo miklu að ekki verður við harðindi jafnað né kalár? Ég geri mér grein fyrir því að í þessu dæmi er ekki hægt að undanskilja vonda ríkisstjórn. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. landbrh. upplýsi okkur um þetta. Hann er raunar hér í salnum og væntanlega ekki í húsinu, hæstv. forseti, hins vegar er hæstv. fjmrh. fulltrúi sama flokks og getur væntanlega hlaupið í skarðið fyrir hæstv. landbrh. en það verður bara að koma í ljós. Ég ætla ekki að gera kröfu um það að kallað verði á hæstv. landbrh. (**Forseti:** Hann er í húsinu.) Hann er í húsinu, já. Síðar í sömu ræðu segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Þessi skattur er þyngstur í skauti lágtekjufólks."

Hann talaði þar um hinn illræmda matarskatt sem leggja ætti á matvæli og aðrar nauðsynjar fólks. Hann minnti á að víðast hvar annars staðar væru þessar

vörur annaðhvort með öllu undanþegnar slíkum skatti eða mjög lágt skattlagðar. Og hann minnti enn fremur á að óvíða í heimunum væru matvæli dýrari en á Íslandi. Þá gat hann þess að kaupmáttur tímakaups væri mun lægri á Íslandi og eitt er víst að síðan þau orð féllu hefur kaupmáttur á Íslandi ekki aukist, heldur þvert á móti hefur hann stórlækkað. Þá talaði hann um að matarskattur á Íslandi væri mun verri ráðstöfun en hann er víðast hvar annars staðar og sagði að af þeirri ástæðu einni, þó ekkert annað hefði komið til, hefði það aldrei komið til greina af hálfu Alþb. að standa að slíkri skattheimtu, að þetta væru mikil mistök og í raun og veru forkastanleg vinnubrögð. Lagði hann þá fram brtt. þess eðlis að sala á matvöru yrði undanþegin virðisaukaskatti. Hvað skyldi nú hafa breytt skoðun ráðherrans á þessum stutta tíma? Er það eingöngu mjúki ráðherrastóllinn, er það einkabílstjórinn, eru það hærri laun, eru það kokkteilboðin, eru það utanlandsferðirnar eða er það umhyggjan fyrir fólkinu í landinu? Eitt er alveg ljóst að það er ekki umhyggjan fyrir fólkinu í landinu. Eða er þessi skattur ekki lengur illræmdur í huga ráðherrans? Er ekkert að marka viðmiðunina við útlönd lengur? Skiptir kaupmátturinn ráðherra Alþb. engu máli lengur? Og skipta mikil mistök og forkastanleg vinnubrögð engu máli lengur?

Það er mjög í tísku nú orðið að vitna til Ragnars Reykáss þegar einsýnt er að menn snúast eins og skopparakringlur í skoðunum. Hvað varðar þingmenn Alþb. á samlíking við þessa persónu mjög vel við þessa dagnana.

Hv. þm. Ragnar Arnalds, fyrrv. fjmrh., sagði t.d. við umræðurnar í fyrra að hann hefði aldrei talið koma til greina að leggja virðisaukaskatt á mat og talaði þá um að það væri stórkostlegt hagsmunamál fyrir hina lægst launuðu. Skyldi hann telja að hag hinna lægst launuðu væri nú betur borgið? Það efast ég um. En eins og nafni hans Reykás hefur hann sennilega skipt um skoðun og skattpíndur almúginn má bara éta það sem úti frýs.

Sorglegt er að horfa upp á enn eitt stefnuleysi fyrrverandi félaga minna í Borgfl. þar sem þeir seldu sál sína fyrir ráðherrastól og trekvart úr öðrum undir því yfirskini að þeir mundu fella niður matarskattinn eða stórlækka hann. Nú er hins vegar ljóst að innkoma þeirra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur engu breytt í þeim efnum né öðrum að öðru leyti en því að styrkja stöðu óvinsælustu ríkisstjórnar sem við völd hefur setið frá því mælingar hófust.

Nei, það eina sem almenningur í þessu landi veit með vissu um Borgfl. er að öll fyrri stefnumál flokksins skipta þann flokk engu máli lengur og einnig hitt að sá flokkur hefur hjálpað þessari ríkisstjórn við að koma í gegn skattpíningarfrumvörpum jafnt hvort sem þeir eru utan ríkisstjórnar eður ei.

Þær matvörur sem nú falla undir 14% virðisaukaskatt voru þegar ákveðnar í endurgreiðsluþrepinu áður en Borgfl. gekk til liðs við ríkisstjórnina þannig að Borgfl. hefur engin áhrif haft í þá veru að lækka verð á matvælum í landinu. Og það er aumkvunarvert að hlusta á ráðherra Hagstofu reyna að telja þjóðinni trú um að fimm þm. Borgfl. hafi áorkað einhverju í þá átt. Auðvitað er hér um hið versta mál að ræða enda sagði til að mynda hv. formaður fjh.- og viðskn. Ed. Guðmundur Ágústsson í þessari umræðu í fyrra, með leyfi forseta:

„Það þarf ekki að líða langur tími á milli þess að menn skipti um skoðun og allt í einu eru vondu málin orðin að góðum málum."

Þetta virðist í dag vera helsta stefnumál Borgfl. Þessi orð lýsa þeim flokki allra orða best enda töluð af núverandi þingflokksformanni Borgfl.

Hæstv. ráðherra Hagstofu var mikið á móti þessu frv. Talaði hann um að hann hefði grun um að kerfiskörlunum í ráðuneytunum, eins og hann orðaði það, hafi liðið dálítið illa í hanastélsboðunum erlendis þegar þeir voru ekki umræðuhæfir um virðisaukaskatt. Nú er þessi sami ráðherra farinn að sitja alþjóðaráðstefnur og er e.t.v. kominn á skoðun kerfiskarlanna sem hann lýsti í fyrra og er því kannski af þessari ástæðu einni fylgjandi því að virðisaukaskattur verður tekinn upp á Íslandi.

Það er hins vegar hörmulegt til þess að vita að sá flokkur sem harðast barðist fyrir því að matarskatturinn skyldi falla niður, í það minnsta á meðan Albert Guðmundsson fór þar fyrir flokki, skuli nú taka þátt í því að viðhalda þessum illræmda skatti.

Þeir sömu menn taka þess í stað þátt í því nú að fella niður virðisaukaskatt af ýmsum þáttum sem í raun ættu að vera aftar í forgangsröðinni. Mætti því allt eins spyrja þá hvort íslensk alþýða geti að þeirra viti lagt sér til munns bókmenntir eða menningu. Með öðrum orðum, nú skal bókvitið í askana látið og ef alþýða þessa lands vill eitthvað annað, þá hún um það.

En formaður Borgfl. sagði meira. Hann sagði einnig að algjörlega væri fráleitt að leggja háan skatt á landbúnaðarafurðir. Það gengi einfaldlega ekki og þá yrði ekki líft í landinu. Því lagði hann fram brtt. þar sem gert var ráð fyrir að lægra þrep í virðisaukaskatti yrði ekki hærra en 6% á matvæli og aðra nauðsynjavöru heimilanna. Og nú spyr ég: Var engin sannfæring á bak við þessi orð? Voru þetta bara orðin tóm, sýndarmennskan ein eða er hann tilbúinn að lýsa því yfir hér og nú, ef hann mætti nú einu sinni í þingið, að hann mundi styðja slíka brtt. ef fram kæmi?

Hæstv. forseti. Ég ætla að ljúka þeim þætti ræðu minnar er snýr að umræðunni í fyrra á því að líta sem snöggvast á málflutning sjálfstæðismanna sem var allur á þá leið að mæla fyrir einu skattþrepi. Það er þá ánægjulegt til þess að vita að sá flokkur virðist hafa vitkast síðan þá og tekur nú undir málflutning okkar, frjálslyndra hægrimanna, um lægra skattþrep á matvæli enda batnandi mönnum best að lifa. Þessu ber að fagna en hafa þó á allan fyrirvara í ljósi reynslunnar. En hún er sú að sameiginlegt virðist vera með öllum flokkum sem til valda komast að þeir gleyma strax stóru orðunum, loforðum sínum um minni skattheimtu og skattpíningu og lækka ekki skatta er þeir komast til valda. Í þessa gryfju mun Frjálslyndi

hægriflokkurinn ekki falla komist hann einhvern tímann í valdaaðstöðu.

Hæstv. forseti. Það er afar athyglisvert að lesa yfir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. en þar segir, með leyfi forseta, í 2. málsgr.:

„Samkvæmt þeim gögnum, sem lágu fyrir við samþykkt laganna, átti virðisaukaskattur að leiða til einföldunar í skattlagningu, réttlátari skattheimtu og skilvirkari innheimtu. Átti skatturinn ekki að mismuna atvinnugreinum þar sem virðisaukaskattur er hreinn neysluskattur sem leggst með sama hætti á alla kaupendur vöru og þjónustu — ríki, sveitarfélög og almenning. Þá var gert ráð fyrir að allt skatteftirlit yrði auðveldara vegna þess eðlis skattsins að í honum felist sjálfvirkt innbyggt eftirlit."

Hér er það sagt nánast berum orðum að virðisaukaskattur leiði ekki til einföldunar í skattlagningu, réttlátari skattheimtu og skilvirkari innheimtu, en það hafi hann hins vegar átt að gera. Enn fremur er sagt að skatturinn átti ekki að mismuna atvinnugreinum og það hafi verið gert ráð fyrir því að skattaeftirlit yrði auðveldara. Sem sagt, allt átti þetta að vera svona og svona en virðist að mati meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. ekki vera eins og til var ætlast. Þetta er sennilega einhver harðasta gagnrýni sem þetta frv. getur fengið, það er að öll meginálitsgreinin séu brostin.

Þá er það einnig afar merkilegt sem fram kemur í álitinu að traust nefndarmanna, þ.e. meiri hl., er ekki meira en svo til ríkisstjórnarinnar að hann afgreiði frv. frá sér á þeirri forsendu að ríkisstjórnin standi við gefnar yfirlýsingar. Það er greinilegt að fleiri en stjórnarandstæðingar vantreysta þessari ríkisstjórn.

Í niðurlagi álits meiri hl. í Ed. er síðan lögð áhersla á að ströngu verðlagseftirliti verði komið á við upptöku virðisaukaskatts. Ég óska eftir skýringum stjórnarliða á þessari kröfu. Er hér verið að boða afnám frjálsrar verðmyndunar? Ég fæ ekki annað séð en að svo sé, að hér sé verið að fara fram á slíkt og vil mótmæla slíkum hugmyndum harðlega. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort þetta sé hans skilningur, hans stefna sem verið er að boða með þessari yfirlýsingu.

Hæstv. forseti. Ég reikna fastlega með því að eyru hæstv. fjmrh. séu hér handan við þilið. Ef svo er ekki þá óska ég eftir því að ráðherra verði viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Voru þetta tilmæli til forseta?) Er ekki viðkunnanlegra að ræða frv. um virðisaukaskatt með a.m.k. eyru ráðherra nálægt þó hann sé ekki allur hér? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. gekk á brott úr salnum fyrir svona u.þ.b. tveimur til þremur mínútum. Sagðist mundu koma að vörmu spori ef eftir sér yrði spurt. Hv. ræðumaður getur ef hann vill beðið í ræðustól þar til ráðherrann kemur.) Það er ekki óþekkt í mínum flokki, hæstv. forseti, að bíða þegjandi í ræðustól en ég held að ég muni ekki þiggja það boð.

Það er ljóst að frv., eins og það lítur út í dag, mun verulega mismuna atvinnugreinum og valda neyslustýringu sem hið opinbera á ekki að skipta sér af. Mismunurinn kemur m.a. fram í því að virðisaukaskatt á að endurgreiða að hluta af dilkakjöti en ekki af öðru kjötmeti sem að sjálfsögðu felur í sér neyslustýringu. Þessu er mótmælt af Stéttarsambandi bænda en í fréttatilkynningu sem það sendir frá sér eftir fund stjórnar sambandsins segir að það leggi áherslu á að allar innlendar landbúnaðarvörur sitji við sama borð varðandi álagningu virðisaukaskatts, eins og aðalfundur sambandsins hafði reyndar áður ályktað um.

Stéttarsambandið leggur einnig áherslu á að tvö þrep verði í virðisaukaskatti með lægri skattprósentu á matvæli. Einnig hefur sambandið alla fyrirvara á um endurgreiðslu búvara á heildsölustigi og telur að sú aðferð sé ótraust og vitnar í því sambandi til söluskattskerfisins og reynslunnar af því. Enda segir í greinargerð þeirra að óhætt sé að fullyrða að reynsla landbúnaðarins og neytenda af þessu fyrirkomulagi hafi orðið samkvæmt verstu hrakspám. Það er því stefna Stéttarsambands bænda að tvö innheimtuþrep verði í virðisaukaskatti og það sé eina lausnin sem hægt verði að sættast á.

Þá segir sambandið enn fremur að sú fullyrðing skattyfirvalda að eitt þrep í virðisaukaskatti sé forsenda þess að tryggja nægjanlegt öryggi við innheimtuna sé í raun áfellisdómur skattkerfisins yfir sjálfu sér þar sem fjölþrepa virðisaukaskattur er innheimtur í flestum löndum innan OECD. Enda hefur verið mótuð sú stefna innan EB að stefnt skuli að tveimur þrepum í virðisaukaskatti, hið lægra fyrir matvæli, og verði það á bilinu 4–9%. Vandséð er hvernig við ætlum að standa að því að fara í samstarf við EB í gegnum EFTA ef við ætlum að hafa annað fyrirkomulag hér en gildir í öðrum löndum sem að samstarfinu standa. Væri það vissulega innlegg í þá umræðu sem fer hér fram væntanlega seinna í kvöld eða nótt.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að upptaka virðisaukaskatts sé nauðsynlegt skref til að aðlaga okkur því sem gerist í Efnahagsbandalaginu. Því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra, sem er fjarstaddur, hvort það sé stefna hans að aðlaga virðisaukaskattskerfið algjörlega að stefnu EB og fylgja þeim skatthlutföllum sem þar verða ákveðin í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Þar sem hæstv. fjmrh. er nú enn fjarverandi leyfi ég mér að beina þessari síðustu spurningu til hæstv. forsrh. sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni.

Í frv. er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur leggist ekki á dagblöð og tímarit en hins vegar eiga bækur að bera skatt fram til 16. nóv. Ég óska eftir skýringum á því hvers vegna svona er að málum staðið. Hvers vegna eru bækur ekki frá upphafi undanþegnar virðisaukaskatti eins og annað prentað mál og hvert verður tekjutap ríkissjóðs af því að innheimta ekki virðisaukaskatt af bókum á tímabilinu 1. jan. til 16. nóv.?

Það þarf varla að koma inn á hversu þungt þessi skattur leggst á námsfólk. Þess vegna er afar athyglisvert að prófessor við Háskóla Íslands, sem ætti að vera manna kunnugastur fjárhagserfiðleikum og

þrengingum námsmanna, skuli standa fyrir því að íþyngja þeim fjárhagslega með þessum hætti. Hélt ég satt að segja að þeir ráðherrar Alþb. teldu sig hafa gert nóg á hlut íslenskra námsmanna og væri ekki á bætandi. En því er greinilega öðruvísi farið og öll stóru orð þeirra í gegnum stjórnarandstöðutíma innantóm og meiningarlaus.

Auðvitað leiðir þetta til þess að námsmenn hreinlega fresta námsbókakaupum fram í miðjan nóvember með tilheyrandi töfum á námi. Þeir láta ekki prófessorinn við Háskólann snýta sér svo auðveldlega.

Hæstv. forseti. Ég fagna komu hæstv. fjmrh. í salinn. — Svipaða sögu mætti segja um bókaverslun almennings upp úr miðju ári. Allur almenningur mun fresta þeim bókakaupum sem mögulegt er fram í nóvember og treysti ég á að Neytendasamtökin haldi þar mönnum við efnið þannig að fólk sé ekki að *stofna til aukaútgjalda að óþörfu*.

Þá væri einnig óhætt að koma hér inn á þær undanþágur sem hafa verið á hinni ýmsu menningarstarfsemi, tímaritum og dagblöðum eins og ég var að minnast á, og leikhúsum og öðrum þáttum og inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig standi á því að einn þáttur virðist enn standa út af borðinu sem er íslensk hljómplötuútgáfa. Ég hygg að ef sanngirnissjónarmið fá að ráða hljóti ráðherrann að kippa þessum lið inn í einnig. Með þessum orðum er ég þó ekki að mæla fyrir öllu því undanþágufargani en tel að þarna eigi sanngirnissjónarmið að ráða ferðinni.

Ekki ætla ég að fara að tala almennt gegn menningu en í mínum huga ber fyrst og fremst að leita leiða til þess að lækka matvælaverð í landinu. Meðan matvæli bera virðisaukaskatt á ekki að veita undanþágur á öðrum veigalitlum sviðum sem skipta líf heimilanna í landinu afar litlu máli. Hvað skiptir það hina venjulegu fjölskyldu þó að virðisaukaskattur sé á þýddum reyfurum, dagblöðum eða tímaritum? Ég sagði það hér fyrr í ræðu minni að fólk nærist ekki á prentuðu máli. Það þýðir ekkert að setja það í askana. Hins vegar ef verið er að gera undanþágu á annað borð þá verður eitt að ganga yfir alla í sömu atvinnugrein.

Samkvæmt frv. hefur nú verið bætt inn í það undanþágu á virðisaukaskatti af aðgangseyri að tónleikum, leiksýningum og leikhúsum. Ég hef mínar efasemdir um að það fjaðrafok sem var á síðasta ári um menninguna og aðgangseyri að leikhúsum hafi verið þessum greinum til góðs. Þessar svokölluðu menningarstofnanir falla undir 2. gr. laganna um virðisaukaskatt sem þýðir það að þau skuli bera sjálf innskatt af öllum aðföngum. Það er hins vegar reikningslegt dæmi hvort kemur í raun betur út fyrir þessar stofnanir. Það er hins vegar alveg á hreinu að þær þurfa að bera allan innskatt og í virðisaukaskattskerfinu eru engar undanþágur til þessara aðila eins og er í söluskattskerfinu.

Ég hef að vísu ekki handbærar áreiðanlegar tölur um þessa starfsemi almennt en ef við tökum tölur sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hafði hér í umræðunni á síðasta ári um Leikfélag Reykjavíkur, þá nefndi hún það að gjöld alls hefðu verið 80 millj. kr. en tekjur af miðasölu 40 millj. kr. Ef þessar tölur eru réttar, sem ég efast ekki um, þá hafa hv. þm. Kvennalistans og Alþb. komið því til leiðar að Leikfélag Reykjavíkur þarf ekki að greiða virðisaukaskatt af 40 millj. kr. tekjum en þarf hins vegar að bera allan innskatt. Þetta kem ég hér inn á til að hvetja þessa þingmenn til að kanna nú rækilega hvor leiðin kemur betur út fyrir leikhúsin í raun. Hvort þau séu í raun betur sett með undanþágu eða hvort það kemur betur *út fyrir þau að geta notað sér frádrátt á innskatti*.

Hvað viðkemur gjaldfresti á virðisaukaskatti við innflutning þá hefur það komið fram í umræðunni í Ed. að stjórnarsinnar vilja veita gjaldfrest á hráefnum til innlendrar framleiðslu og vegna olíuviðskipta. Og nú segi ég bara: Hvar er nú stefið sem sungið hefur verið með þessu virðisaukaskattsfrv. um að ekki skuli *mismuna milli atvinnugreina*? Fjöldi félagasamtaka og aðila hafa bent á að verði gjaldfrestur ekki innleiddur í tolli muni það hafa áhrif til 1–2% verðhækkana almennt.

Í lögunum um virðisaukaskatt er afdráttarlaus heimild til handa ráðherra til að veita gjaldfrest á virðisaukaskatti í tolli. Er hér um að ræða 34. gr. laganna þar sem fjmrh. er heimilað að nota ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um gjaldfrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum. Og undir þetta fellur virðisaukaskatturinn.

Á prenti lítur þessi grein ákaflega fallega út og það gerði hún líka í tollalögunum. En lítum aðeins nánar á það sem sagði í grg. með 109. gr. tollafrv., þ.e. athugasemdir við einstakar greinar þess. Þar er talað um að þeim verði fyrst veitt þessi heimild sem árið 1985 fluttu inn vörur fyrir 124 millj. kr. eða meira. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra mundi þetta þýða að aðeins 26 innflytjendur vöru yrðu gjaldgengir. Ef verðmætamörkin yrðu færð niður í 100 millj. kr. yrðu 66 aðilar gjaldgengir í viðskiptum þessum en 100 aðilar ef mörkin yrðu færð niður í 80 millj. kr. Allar þessar tölur eru samkvæmt verðlagi ársins 1986. Samkvæmt þessu yrði fyrirtækjum mismunað eina ferðina enn. Að mínu viti eiga allir innflytjendur að sitja við sama borð hvað þetta atriði varðar, enda hefur ríkisvaldið það í hendi sér að stöðva lánsviðskipti tímabundið eða að fullu, allt eftir eðli málsins, og einnig að stöðva tollafgreiðslu ef um vanskil innflytjanda er að ræða. Þar af leiðandi eru tryggingar með öllu óþarfar. Allt eins mætti spyrja hvers vegna innflutningsversluninni einni allra atvinnugreina skuli gert að fyrirframgreiða virðisaukaskatt. Og það mætti áfram spyrja hvar réttlæti er að finna í slíku, enda hafa komið fram hörð mótmæli frá Kaupmannasamtökunum og kemur það ágætlega fram í Dagblaðinu laugardaginn 16. des. sl. þar sem viðtal er við Magnús Finnsson, framkvæmdastjóra Kaupmannasamtakanna, þar sem hann segir, með leyfi forseta: „Versluninni var lofað því að greiðslufrestur yrði í tolli þegar umræðan hófst um upptöku virðisaukaskattsins. Það loforð hefur nú verið svikið.“ Enn

fremur segir í greininni, með leyfi forseta: „Magnús segir að viðskrh. hafi tilkynnt verslunarsamtökunum þetta á fundi með þeim í gær. Hann tilkynnti okkur jafnframt að greiðslufrestur virðisaukaskatts væri eingöngu heimilaður í iðnaði. Að sögn Magnúsar þarf verslunin að taka um 4 milljarða kr. að láni hjá lánastofnunum vegna þess að hún fær ekki gjaldfrest eins og lofað var."

Ég ætla ekki að fara lengra í þetta viðtal sem er allt hins vegar mjög athyglisvert og hefði þingheimur gott af því að það væri lesið, en ég reikna nú með að menn geti klárað þetta sjálfir.

Afleiðingar þess ef ekki verður orðið við óskum innflutningsverslunarinnar geta orðið margvíslegar. Í fyrsta lagi skal nefna að lánsféð sem innflutningsverslunin þyrfti að fá er mjög dýrt og yrði hún að velta þeim kostnaði áfram út í verðlagið með tilheyrandi verðlagshækkunum. Í öðru lagi mundi þetta leiða til þess að innflytjendur færu að flytja inn minni, óhagkvæmari og þar af leiðandi dýrari sendingar sem að sjálfsögðu leiðir einnig til hækkandi vöruverðs. Í þriðja lagi þýðir þetta að innflutningsverslunin mun ekki geta gert eins hagstæða samninga við hina erlendu seljendur vöru vegna minnkandi vörumagns pr. pöntun. Og enn mætti halda áfram að telja.

Hæstv. forseti. Enn eitt dæmið um þá mismunun sem þessi lagabálkur leggur á atvinnuvegina er sá þáttur sem að bifreiðaeign fyrirtækja snýr. Í 16. gr. laganna segir svo, með leyfi forseta:

„Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt á aðföngum er varða t.d. öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn."

Í nýsettri reglugerð, nr. 530 14. nóv. 1989, hefur hæstv. fjmrh. útvíkkað þessa grein og bætt inn í hana á eftir orðinu fólksbifreiða: þar með talið skutbifreiða (station) og jeppabifreiða.

Nú er það svo að ýmis smærri atvinnufyrirtæki nota slíkar bifreiðar af hreinum hagkvæmnisástæðum. Fyrir það skal þeim nú hegnt. Ef þeir vilja njóta skattfrádráttarins vegna reksturs fyrirtækisbifreiðar verða þeir nú annaðhvort að kaupa sér sendiferðabifreið eða lúxusstationbíl sem getur flutt níu manns eða fleiri.

Hér er því enn eina ferðina verið að ráðast til atlögu við atvinnureksturinn í landinu með íþyngjandi aðgerðum sem hvetja til óhagstæðs reksturs. Hvað á lítið fyrirtæki að gera með stóra bifreið þegar lítil, segjum stationbifreið, dugar fyrirtækinu? Og þegar hún dugar ekki er leitað til sendibílastöðva. Af hverju á að pína slíka aðila út í kaup á stærri bifreiðum en þeir hafa í raun not fyrir? Þá má allt eins spyrja hvort hér sé ekki verið að ráðast til atlögu við þá aðila í þjóðfélaginu sem stunda rekstur sendibifreiða því það liggur í augum uppi að ef minni fyrirtækin eru pínd út í það að kaupa sér sendibifreiðir þá hlýtur það að koma niður á starfsemi sendibifreiðastöðva. Þarna er e.t.v. skýringin á þessu fáránlega ákvæði að sendibifreiðastöðvar eru þyrnir í augum ríkisstjórnarinnar sem sér þá einu leið til þess að koma höggi á þá starfsemi að gera það með þessum hætti.

Í umræðunni í fyrra kom ég m.a. inn á hina svokölluðu reikningsaðferð við uppgjör skattskyldrar veltu í stað svokallaðrar greiðsluaðferðar. Lögin kveða skilyrðislaust á um að greiða beri virðisaukaskatt af öllum skrifuðum reikningum á uppgjörstímabilinu, óháð því hvort greiðsla hefur borist fyrir vöruna eða þjónustuna eða ekki. Mælti ég fyrir því þá að vel athugandi væri að bjóða upp á val milli uppgjörsaðferða þar sem ég tel mjög ósanngjarnt að seljendum vöru og þjónustu sé gert að greiða virðisaukaskatt af ógreiddum reikningum. Töluvert er um það að t.d. póstkröfur séu ekki innleystar og því endursendar seljendum. Kaupendur skila oft vörum eða hluta af vörum, reikningar liggja oft lengi ógreiddir, til að mynda hjá ríkisstofnunum. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að seljanda sé gert að greiða ríkinu virðisaukaskatt sem ekki hefur verið greiddur, að í raun sé seljanda gert að greiða ríkinu þær fjárhæðir sem ríkið á inni hjá þriðja aðila. Er það ekki fullmikil innheimtugleði hjá hæstv. fjmrh. að ætlast til þess að seljandi skili virðisaukaskatti af vöru sem t.d. ríkisstofnun hefur ekki greitt?

Þá vil ég ítreka það sem ég sagði um 20. gr. í fyrra sem fjallar um það að reikningseyðublöð skuli vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Það er næsta hlálegt að á tímum tölvutækni sé aðilum meinað að notfæra sér þá möguleika sem sú tækni býður upp á. Ef ég hef skilið rök fjmrn. rétt, að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að hægt sé að svindla í tölvusettri númeraröð, að þeir sjái svindlara í hverju horni, þá bendi ég hæstv. fjmrh. á að það er örugglega enginn vandi að finna prentsmiðjur sem mundu prenta eitt og eitt aukanúmer inn í hina samfelldu töluröð ef menn kjósa að svindla eins og ráðuneytið virðist mest umhugað um.

Hugsum okkur stærra fyrirtæki sem hefur e.t.v. 20 prentara til að skrifa reikninga og fyrirtækinu ber skylda til að geyma eitt eintak af hverjum reikningi ef skattyfirvöldum dytti nú í hug að koma í heimsókn og skoða bókhaldið. Ef um tölvusetta númeraröð væri að ræða lægju allar upplýsingar fyrir í réttri og samfelldri númeraröð. En þar sem þetta sama fyrirtæki þarf nú að vera með fyrir fram tölusetta reikninga og þeir eru dreifðir í ýmsum númeraflokkum á hina ýmsu prentara í hinum ýmsu deildum, þá verður að byrja á því að sannreyna fyrst hvaða númer eru óprentuð til að finna út hvort eitthvert númer vantar inn í númeraröðina. Ef einhver númer vantar þarf að fara í allar deildir, jafnvel á milli húsa og bæjarhverfa, til að sannreyna að þessi númer liggi nú einhvers staðar óprentuð í einhverri deildinni. Þetta er eins og að lemja hausnum við stein og reyna að streitast á móti tækninni. Ég mun því eins og í fyrra flytja brtt. við þessa grein og reyndar fleiri greinar frv.

Hæstv. forseti. Nú á síðustu dögum hefur það verið að koma í ljós að verulegir vankantar hafa verið á útreikningi á áhrifum virðisaukaskatts á sveitarfélögin í landinu með þeim afleiðingum að mörg hundruð milljónir kr. bætast á sveitarfélögin í formi virðisaukaskatts. Sem dæmi um það má nefna hina nýju frárennslislögn og dælustöð sem Reykjavíkurborg hefur í

hyggju að setja upp á Grandanum og mun kosta um 2 milljarða. Af þeirri framkvæmd ætlar Ólafur Ragnar að hirða 400–500 millj. kr. í virðisaukaskatt. Ber þetta nú vott um hug stjórnarsinna til umhverfis- og mengunarmála sem svo mjög eru til umræðu þessa dagana?

Þessi þáttur er hins vegar á mjög viðkvæmu stigi og mun ég ekki fara nánar út í hann á þessu stigi mála en reikna með og vona að þetta verði komið á hreint við 2. umr. þessa máls. Hins vegar er það alveg ljóst að ríkisvaldið verður að standa við gefin fyrirheit gagnvart sveitarfélögunum í landinu.

Hvað varðar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðgerða og endurbóta á húsnæði, þar sem gert er ráð fyrir því að aðeins sé hægt að fá skattinn endurgreiddan fari viðhaldskostnaður yfir 7% af fasteignamati, er hægt að hafa langt mál. Það er kristalklárt að þessi mörk eru sett allt of hátt og væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. fjmrh. hvað hann reiknar með að margir geti nýtt sér þessa heimild á næsta ári með hliðsjón af liðnum árum. Mér segir svo hugur að þeir verði ekki margir, enda hér um allt of há viðmiðunarmörk að ræða. Til að mynda hjá sjálfum mér þá þyrfti ég að framkvæma fyrir um 800 þús. kr. til þess að geta notið þessarar endurgreiðslu.

Þetta þýðir það eitt að svört vinna stóreykst og við það mun ríkissjóður tapa meira fé en hann hagnast um með þessu kerfi. Enn þá furðulegra er að þessi ákvæði skuli einungis eiga við um viðhald á almanaksárinu sem þýðir það að ekki er ráðlegt að hefja framkvæmdir við viðhald eða endurbætur á húsnæði seinni hluta árs því varla er von á að ná tilsettum viðmiðunarskilyrðum fyrir áramót.

Allur virðisaukaskattur af viðhaldsvinnu ætti að vera endurgreiðsluhæfur til þess að koma í veg fyrir að slík vinna færist í sífellt auknum mæli út á hinn svokallaða svarta markað. Þetta staðfestir Landssamband iðnaðarmanna og fullyrðir að svört vinna muni aukast ef hugmyndir frv. verða að veruleika hvað varðar endurgreiðslur til húsbyggjenda. Þeir benda einnig á að taka þurfi af öll tvímæli um hvernig fara skuli með skattlagningu, kaup og verksamninga til langs tíma, ekki síst þá samninga sem verða í gangi við gildistöku laganna. Því ætla ég að notfæra mér tækifærið og biðja hæstv. fjmrh. að útskýra það fyrir okkur hvernig farið verður með þennan þátt mála. Reyndar hef ég hér, hæstv. forseti, undir höndum tvö bréf frá Landssambandi iðnaðarmanna sem hafa að geyma mikinn fróðleik og ég hygg að rétt væri að fá að vitna í þar sem nóttin er enn þá ung.

Í bréfi, dags. 8. des. 1989, sem stílað er til hæstv. fjmrh. segja samtökin, með leyfi forseta:

„Samtökin hafa nú fengið send frá ríkisskattstjóra drög að reglugerðum, dagsettum 7. des. 1989, um greiðslu virðisaukaskatts af byggingarstarfsemi og um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Þrátt fyrir tvo fundi með starfsmönnum ríkisskattstjóra, ítarlegar ábendingar samtakanna um fyrirsjáanleg vandamál við framkvæmd virðisaukaskatts í byggingariðnaði miðað við þá aðferð sem skattyfirvöld ráðgera og tillögur samtakanna um mun einfaldari og betri aðferð hefur lítið sem ekkert tillit verið tekið til ábendinga þeirra í umræddum reglugerðardrögum. Í þessu sambandi vísar embætti ríkisskattstjóra til þess að ekki liggi fyrir ákvörðun fjmrh. um aðra útfærslu en lögin gera ráð fyrir.

Samtökin telja að þessi reglugerðardrög geti í núverandi mynd aldrei orðið grundvöllur eðlilegrar og viðunandi framkvæmdar virðisaukaskatts í byggingariðnaði og miðað við það að nánast enginn tími er til stefnu til kynningar eru þessar reglugerðir algjörlega óraunhæfar. Þótt margsinnis áður hafi verið tíundaðir þeir alvarlegu gallar sem eru á ráðgerðri framkvæmd skattyfirvalda skal það samt gert hér enn á ný miðað við fyrirliggjandi reglugerðardrög." — Sem mér skilst eftir samtal við Þorleif Jónsson, framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna, að séu nánast óbreytt.

Um þessi reglugerðardrög segir Landssambandið, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. er skattstofn skilgreindur sem kostnaðarverð, þ.e. ekki er ætlunin að skattleggja virðisauka í sama einfalda skilningi og í öllum öðrum atvinnugreinum heldur innri hreyfingar hjá byggingaraðila sem er vægast sagt flókið og erfitt í framkvæmd. Auk þess telja samtökin að þessi flókna aðferð muni leiða til endalausra spádóma og mismunandi túlkunar um skattmeðferð eftir því hvernig að framkvæmdum er staðið og þar með til misræmis í skattlagningu.

Í þessu felast með öðrum orðum sömu erfiðleikar í framkvæmd og skatteftirliti og eru í núverandi söluskattskerfi. Vandamálunum mun hins vegar fjölga mikið vegna víðtækari skattskyldu. Þessi aðferð er því gloppótt og býður upp á alvarlega misnotkun og skattsvik.

Skattaðferðin tekur ekkert tillit til eðlis þessarar starfsemi að því er varðar verðmyndun og markaðsaðstæður. Þannig gerir 5. gr. ráð fyrir því að ýmsir kostnaðarþættir, sem koma til skattlagningar, lúti ákvörðun skattyfirvalda og séu því óháðir raunverulegum kostnaði eða því endurgjaldi sem í reynd fæst fyrir viðkomandi þætti. Þannig er hætt við því að skatthlutfall bygginga verði mjög mismunandi eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Jafnframt er ljóst að virðisaukaskattur mun verða mun hærra hlutfall af markaðsverði fasteigna í þeim landshlutum þar sem fasteignaverð er lágt heldur en þar sem fasteignaverð er hátt.

Samkvæmt 6. gr. og drögum að reglugerð um sérstaka skráningu er innskattsfrádráttur mjög takmarkaður og afar flókinn í framkvæmd. Þessar reglur munu hafa í för með sér mikla en mismunandi fjárbindingu og óeðlilega mismunun milli aðila, bæði í atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði.

Í 7. gr. eru gerðar kröfur um bókhald byggingaraðila sem er langt umfram það sem lög um bókhald gera og margfalt meiri en hjá öðrum innheimtuaðilum virðisaukaskatts. Þessar kröfur eru gjörsamlega óviðunandi og óframkvæmanlegar. Þær munu leiða til mjög aukins kostnaðar hjá byggingaraðilum við flók-

ið bókhald og þar með til hækkunar á byggingarkostnaði fyrir húsbyggjendur.

Þessar kröfur eru mun meiri en gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum í Danmörku, en þangað hafa íslensk skattyfirvöld sótt allar fyrirmyndir að hinu íslenska virðisaukaskattskerfi. Auk þess er vitað að fæstir þeirra sem þessar kröfur eru gerðar til munu geta undirbúið sig undir þær á þeim fáu dögum sem til stefnu eru.

Einnig er vitað að endurskoðendur og bókhaldsstofur munu almennt ekki geta veitt byggingaraðilum þá þjónustu að færa bókhald samkvæmt þessum kröfum. Skilyrði fyrir sérstakri skráningu samkvæmt þessu [og er þá verið að tala um reglugerð um frjálsa og sérstaka skráningu] eru óeðlilega þröng og munu í reynd leiða til fjárbindingar hjá aðilum sem byggja á eigin reikning til að selja skattskyldum aðilum. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að byggingaraðilar setji fyrir fram tryggingar vegna sérstakrar skráningar. Hér ættu að duga almennar reglur um það þegar byggingar skattskyldra aðila breyta um notkun.

Að auki ítreka samtökin að þau hafa engar upplýsingar fengið um raunhæfar leiðir við endurgreiðslu á virðisaukaskatti til íbúðarbygginga sem komið geti í veg fyrir hækkun á byggingarvísitölu og lánskjaravísitölu eftir gildistöku laganna.

Enn eru óleyst mjög flókin og erfið úrlausnarefni varðandi meðferð verk- og kaupsamninga sem verða í gangi við gildistöku laganna.

Loks skal þess getið að samtökin telja að þau viðmiðunarmörk sem sett eru sem skilyrði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts af viðgerðum og endurbótum, þ.e. 7% af fasteignamati, séu of há og muni leiða til svartrar atvinnu."

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vitna meira í þetta bréf þeirra sem er afar athyglisvert og ég vonast eftir að hv. fjh.- og viðskn. taki til gaumgæfilegrar athugunar og væntanlega hæstv. ráðherra einnig. Hins vegar sendi landssambandið hinn 18. des. umsögn um frv. til hv. fjh.- og viðskn. og bendir þar á tíu mjög veigamikla þætti í frv. sem þeir telja að þurfi að skoðast betur. Ég ætla ekki að þreyta viðstadda með því að fara yfir þá þar sem þetta bréf er þegar komið í hendur formanns þeirrar nefndar, hv. þm. Páls Péturssonar, og veit ég að það er í góðum höndum þar.

Ég ætla ekki að hafa efnislega fleiri orð um frv. Það gefst tækifæri til þess við 2. umr. eftir að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar hefur farið yfir það og fengið nánari skýringar á þeim atriðum sem enn eru óljós. Ég vil hins vegar eyða nokkrum orðum í það að fara svona almennt í málin.

Eins og þingheimur veit átti þetta frv. upphaflega að verða að lögum um síðustu áramót. Það takmark náðist ekki og var því gildistöku laganna frestað til 1. júlí 1989. Það takmark náðist ekki heldur. Nú er stefnt að því að lögin taki gildi um næstu áramót. Það er nokkuð víst að því takmarki verður náð og ber í sjálfu sér að fagna því þó að um leið verði að harma það hvernig staðið hefur verið að þessu máli frá upphafi og í raun áfellisdómur fyrir yfirvöld að eftir allan þennan tíma skuli þurfa að afgreiða stórmál sem þetta í tímaþröng og jafnilla unnið og óunnið sem raun ber vitni.

Sl. sumar átti að starfa nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka að því að fullvinna þetta frv. Það er skemmst frá því að segja að nefndin var sárasjaldan kölluð saman. Leiddi þetta til þess að allur undirbúningur hefur verið í molum sem við höfum reyndar orðið vitni að með stórfelldum átökum innan ríkisstjórnarinnar svo að við lá að hún félli, sem varð því miður ekki, og með þeim afleiðingum að fram á þennan dag eru berast reglugerðir um framkvæmd laganna. Þetta hefur komið sér afar illa fyrir fyrirtækin í landinu sem ekki hafa getað undirbúið sig sem skyldi þar sem enginn gat verið viss um að lögin mundu taka gildi um áramót eins og stefnt var að, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga einstakra ráðherra sem nánast fullyrtu að fresta yrði upptökunni. Þetta hefur komið sér illa fyrir atvinnulífið og í mörgum tilfellum fyrir verslunina þar sem allmargir hafa frestað innkaupum á frádráttarbærum hlutum sem í dag bera söluskatt en með upptöku virðisaukaskattskerfisins verða virðisaukaskattslausir. Nægir þar að nefna t.d. tölvur og önnur skrifstofutæki.

Það kemur reyndar fram í áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. að nær öllum gestum þeirrar nefndar þótti undirbúningur fyrir þessa skattkerfisbreytingu ónógur og gilti þá einu hvort menn aðhylltust virðisaukaskattskerfið eða ekki. Það er hins vegar alveg stórkostlegt að heyra hæstv. fjmrh. tala sífellt um það að virðisaukaskattur hafi lækkað úr 26% í 24,5%. Það er eins og ráðherrann viti ekki að í lögunum um virðisaukaskatt er prósentutalan 22% og að fara úr þeirri prósentu í 24,5% er auðvitað hækkun en ekki lækkun. Því ætti hann að tala um staðreyndir og þær eru að hér er auðvitað um skattahækkun að ræða svo að milljörðum skiptir.

Það væri nú ekki úr vegi að minna þá alþýðuflokksmenn á kjörorð þeirra þegar þeir voru að berjast fyrir þessari skattbreytingu en þau voru einfalt kerfi, skilvirkt, réttlátt og undanþágulaust kerfi. Allt er þetta fokið út í veður og vind. Kerfið er orðið svo flókið að enginn skilur upp né niður í því og sérstaklega er tekið fram hjá öllum aðilum að sýna verði þolinmæði við greiðendur virðisaukaskatts fyrstu mánuðina vegna þessa. Þá er alveg ljóst að vegna hinna fjölmörgu gata sem í lögunum felast verður skilvirkni ekki til staðar og leiðir til undandráttar frá kerfinu eru fjölmargar og á mörgum sviðum er fólki beinlínis att út í það að notfæra sér þær. Og síðast en ekki síst er undanþágulausa kerfið morandi í undanþágum sem í raun skemmir strax í upphafi kerfið. Þannig eru öll áhersluatriði þeirra alþýðuflokksmanna orðin að engu og hafa snúist upp í andhverfu sína.

Ein rök fyrir því að taka þetta kerfi upp, og þau rök sem m.a. voru þess valdandi að ég fyrir mitt leyti gat stutt þetta skattkerfi, voru þau að það ætti ekki að mismuna atvinnugreinum. Nú er það einnig ljóst að því megineinkenni á þessu kerfi hefur verið kollvarp-

að og það allkyrfilega eins og ég hef sýnt fram á hér fyrr í ræðu minni. Nægir í því sambandi að minna á hinar ýmsu greinar landbúnaðarins sem ekki sitja við sama borð og einnig innflutningsverslunina sem ein allra atvinnugreina þarf að greiða skattinn fyrir fram.

Þá er það einnig ljóst að með því skemmdarverki sem unnið hefur verið á kerfinu mun það leiða til tilviljanakenndra hækkana á framleiðslukostnaði. Ég lýsti því yfir í umræðunni í fyrra að ég væri í meginatriðum sammála því að taka upp virðisaukaskattskerfi. Öllum meginkostum þess virðist nú hafa verið kastað fyrir róða og flestum vegna kjarkleysis ráðamanna sem hafa látið undan þrýstingi hagsmunahópa. Því er það orðið æðierfitt fyrir mig að standa að samþykkt þessa frv. Ég lýsti því hins vegar yfir að ég gæti ekki samþykkt það á sínum tíma nema í kerfinu væru tvö skattþrep. Annað lægra á matvæli, og þá á ég við öll matvæli, og svo hitt hærra á aðra þætti. Við þetta stend ég. Verði tekið upp lægra skattþrep á öll matvæli mun ég greiða slíku frv. mitt atkvæði.

Það er stefna Frjálslynda hægriflokksins að virðisaukaskattur af matvælum verði felldur niður, að lægra skattþrepið verði núll-þrep. Þetta er hægt að okkar mati með því t.d. að fella allar aðrar undanþágur niður, með því að hætta niðurgreiðslum og með því að fara í raunverulegan niðurskurð í opinbera geiranum. En því miður, til þess að gera slíkt þarf kjark og sá kjarkur er ekki til á stjórnarheimilinu í dag.

Hæstv. forseti. Þeir sem eitthvað hafa fylgst með verslun í landinu í gegnum tíðina vita að álagning heildsala er mjög lág í samanburði við álagningu smásölunnar sem er mjög eðlilegur hlutur, að smásalan þurfi á hærri álagningu að halda en heildsalan og er það viðurkennt af öllum sem til þekkja. Reyndar var það svo þegar verðlagshöft ríktu hér fyrir örfáum árum að þá var það yfirlýst stefna Verðlagsstofnunar að álagning heildsala var snöggtum lægri en álagning smásala. Ástæða þess að ég tek þetta upp hér og nú er sú auglýsing sem fjmrn. sendi frá sér í haust um virðisaukaskatt, en þar er um heilsíðuauglýsingu að ræða um það hvernig virðisaukaskattskerfið sé. Þar er tekið dæmi sem á að sýna hvernig virðisaukaskattur er innheimtur. Í því dæmi kemur glöggt fram hugarfar fjmrn. til heildsala í landinu því þar er dæminu stillt þannig upp að heildsalinn er sýndur með 70% álagningu en smásalinn með um það bil 35% álagningu. Hér fullyrði ég að annarlegar hvatir liggi að baki.

Innflutningsverslunin hefur alla tíð verið þyrnir í augum þeirra alþýðubandalagsmanna og þeir hafa alla tíð reynt allt sem í þeirra valdi hefur staðið til þess að sverta þá atvinnugrein. Og svo illa eru þeir haldnir að nú eru þeir farnir að beita fyrir sig opinberum sjóðum til þess að koma höggi á þessa atvinnugrein. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að benda mér á einhver raunhæf dæmi um þá álagningaraðferð sem hann sýnir fram á í umræddri auglýsingu. Hvar þekkist það að heildsali sé með 100% hærri álagningu en smásali? Geti hann það ekki tel ég að honum beri að biðja þessa atvinnugrein afsökunar á þessum atvinnurógi sem settur er út um allt land.

Hæstv. forseti. Það eru aðeins tvær vikur þar til lög um virðisaukaskatt eiga að taka gildi. Þrátt fyrir það eru ekki allar reglugerðir tilbúnar. Þetta er því enn eitt dæmið um það að í augum ráðherra er Alþingi ekkert annað en stimpilstofnun fyrir þá og ráðuneyti þeirra. Í öllum meiri háttar málum þar sem vænta má mikillar umræðu og skoðanaskipta er það nánast regla hjá ráðherrum að setja frv. svo seint fram að enginn tími vinnist til þess að vinna málin sem skyldi í nefndum. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð sem því miður eru orðin árlegur viðburður. Þessum vinnubrögðum ber að hafna. Þingmenn eiga ekki að láta þetta yfir sig ganga ár eftir ár.

Það er mín skoðun að vegna slælegra vinnubragða við þetta frv. eigum við eftir að horfa upp á veruleg vandkvæði á framkvæmd laganna og mikla óvissu hjá þeim sem eftir þeim eiga að fara. Og það eru ekki fáir aðilar. Talið er að það verði um 25 þúsund aðilar sem þurfa að standa skil á virðisaukaskatti. Mikill meiri hluti þeirra veit ekki hvað snýr upp og niður á þessu kerfi þannig að ljóst er að mikið öngþveiti á eftir að skapast víða hjá greiðendum. Þar af leiðandi þarf hið opinbera að vera tilbúið til þess að aðstoða alla sem á aðstoð þurfa að halda og vera sveigjanlegt og lipurt í garð þeirra sem mistök gera. Viðurlög og refsingar hljóta því að vera í algeru lágmarki fyrst um sinn eða þangað til ætla má að hinni raunverulegu kynningu á framkvæmd kerfisins sé lokið.

Hæstv. forseti. Þar sem um það hefur verið gert samkomulag að flytja ekki langt mál hér í kvöld um þetta mál við 1. umr. mun ég ekki hafa þessi orð öllu fleiri að sinni og segi því máli mínu lokið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ýmis af þeim málum sem vikið hefur verið að við þessa 1. umr. eru þess eðlis að það er að ýmsu leyti æskilegra að ræða þau við 2. umr. þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að fara yfir ýmsa þætti málsins. Ég vil þó við þessa umræðu víkja örfáum orðum að nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Friðrik Sophusson um jöfnunargjald. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að gert er ráð fyrir því að það gjald verði áfram í gildi á næsta ári, a.m.k. einhvern hluta þess, þó ekki hafi verið ákveðið á þessu stigi hvernig með það verði farið. Eins og hv. þm. vék að hef ég áður lýst þeirri skoðun minni að það sé ekki óeðlilegt og geti verið að ýmsu leyti sterkt fyrir Íslendinga að hafa það jöfnunargjald með í farangrinum þegar rætt verður við Evrópubandalagið um gagnkvæma hagsmuni. Það er alveg ljóst að innan Evrópubandalagsins eru víðtækir styrkir til atvinnustarfsemi á svokölluðum jaðarsvæðum Evrópubandalagsins. Það eru þessi jaðarsvæði sem einna helst mynda samkeppnisgrundvöll við helstu útflutningsgreinar Íslendinga. Þess vegna er í reynd raunhæfara að bera Ísland saman við jaðarsvæði Evrópubandalagsins heldur en það markaðs- og efnahagskerfi sem ríkir á stærstu framleiðslusvæðum bandalagsins.

Það er líka nokkuð ljóst að jöfnunargjaldið getur verið til hagsbóta íslenskri framleiðslu að ýmsu leyti.

Ég veit að hv. þm. er mér e.t.v. ekki sammála um þessi atriði en þetta eru hins vegar mínar skoðanir og þær eru skoðanir fleiri innan hæstv. ríkisstjórnar og þess vegna hefur ríkisstjórnin kosið að halda þessu gjaldi við um einhvern tíma og sjá síðan til á næsta ári þegar viðræður eru farnar að skýrast betur við Evrópubandalagið.

Það er hins vegar einhver misskilningur sem kom fram í ræðu hv. þm. að í fjmrn. sé verið að vinna að einhverri skrá um vörur sem undanþegnar verða jöfnunargjaldi. Ég kannast ekki við slíka vinnu. E.t.v. er hér, eins og hv. þm. reyndar gat sér til sjálfur, verið að blanda saman hjá þeim sem þetta hafa sagt, þeirri vinnu sem nú fer fram við að undirbúa greiðslufrest í tolli á virðisaukaskatti á hráefnum til íslensks iðnaðar. Það er alveg sjálfsagt að kynna hv. nefnd þá vinnu á því stigi sem hún er nú varðandi þennan þátt, að veita greiðslufrest í tolli á virðisaukaskatti til hráefnaiðnaðar.

Hv. þm. Friðrik Sophusson vék líka að endurgreiðslu söluskatts. Það var mótuð sú stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar að þegar virðisaukaskatturinn tæki gildi væri gert hreint borð varðandi söluskatt. Það væri ekki um að ræða endurgreiðslur samkvæmt gömlu söluskattskerfi á nýju ári þegar virðisaukaskatturinn tæki gildi. Til að jafna þessa reikninga að nokkru leyti hefur ríkisstjórnin lagt til að í frv. til fjáraukalaga sem kemur til umræðu og afgreiðslu hér í Sþ. væntanlega á morgun, í síðasta lagi á miðvikudag, yrði varið 390 millj. kr. til viðbótar í endurgreiðslur á söluskatti til útflutningsgreinanna á þeim vikum sem eftir eru af þessu ári. Það er þess vegna farin sú leið að bæta við endurgreiðsluupphæðinni í söluskatti sem ákveðin var í fjárlögum yfirstandandi árs, þessum 390 millj., og ganga þannig frá reikningunum um áramótin. Þessi aðferð var talin heppilegri til að geta haldið inn í nýtt kerfi án þess að eftirhreytur gamla kerfisins væru þar áfram við lýði. Auðvitað má hafa á þessu atriði aðrar skoðanir en hins vegar var það niðurstaða ríkisstjórnarinnar að þetta væri hið heppilegasta form.

Hv. þm. vék einnig hér nokkuð að almennum greiðslufresti í virðisaukaskatti við tollafgreiðslu. Ég hef áður lýst þeim skoðunum mínum og þeim athugunum sem fram hafa farið. Ég hef ekki sannfærst um að það muni leiða til verðhækkana á almennum vörum í landinu að greiðslufrestur verði ekki veittur. Það er líka rétt að vekja athygli á því að með því að veita iðnaðinum greiðslufrest í tolli er auðvitað verið að styrkja innlenda framleiðslu að nokkru, samanborið við innflutning. Mér hefur skilist á mörgum hv. alþm. að mikilvægt væri í núverandi atvinnuástandi að styrkja íslenska framleiðslu, íslenskan iðnað. A.m.k. heyrir maður það oft í umræðum hér um iðnaðarmál á Alþingi, t.d. um skipaiðnað, svo að ég víki nú að umræðu sem hér varð nýlega.

Þessi aðferð sem ég hef hér lýst er eitt af þeim tækjum sem menn geta haft til að veita iðnaðinum með óbeinum hætti ákveðinn stuðning fram yfir þær greinar sem fást við innflutning á sambærilegri framleiðsluvöru annars staðar frá. Það er svo auðvitað pólitískt mat hvort menn vilja hlúa að iðnaðinum frekar en innflutningsversluninni. Ég held að við séum hins vegar mörg í þessum sal sem kjósum að hlúa frekar í fyrstu umferð að iðnaðinum en innflutningsversluninni. Hins vegar er þessu máli ekkert lokið og því var lýst yfir í Ed. að unnið yrði áfram að athugun á því og skoðuð framkvæmd á víðtækari greiðslufresti en nú þegar hefur verið ákveðinn.

Þá var einnig vikið nokkuð að virðisaukaskatti sveitarfélaga og eins og ég gat um hér í minni framsöguræðu hefur þegar verið ákveðið að eiga um það efni nána samvinnu við sveitarfélögin í landinu og kanna rækilega hvernig virðisaukaskatturinn kemur fram hjá sveitarfélögunum. Það er ekki einfalt mál hvaða reglur eigi að setja í þeim efnum og er nauðsynlegt að skoða það betur, sérstaklega vegna þess að sveitarfélögin eru svo mismunandi að gerð, mismunandi hvað starfsemi þeirra snertir og það þarf bæði að gæta að jafnræði milli sveitarfélaganna annars vegar og atvinnulífsins í landinu hins vegar og svo innbyrðis milli ólíkra sveitarfélaga. Hins vegar er það eindreginn vilji núv. ríkisstjórnar að fara ekki að beita virðisaukaskattinum sem einhverju sérstöku tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð á kostnað sveitarfélaganna. Sú afstaða er alveg skýr.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson vék að ýmsum þáttum virðisaukaskattsins sem ég hef nú þegar gert að umræðuefni. Hann spurði einnig um það hvort ætlunin væri að samræma virðisaukaskatt hér á landi virðisaukaskatti í Evrópubandalagsríkjum. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun í því máli. Hins vegar er ljóst að á næstu árum hlýtur að koma til víðtækrar samræmingar á skattlagningu, bæði neysluvöru og atvinnulífs, á þeim markaðssvæðum sem helst hafa samskipti sín á milli. Þar er alveg ljóst að Evrópubandalagið og EFTA-ríkin verða eitt helsta markaðssvæði Íslands og þess vegna óhjákvæmilegt að vinna á næstu árum að víðtækri samræmingu skattalaga hér á landi og í helstu viðskiptalöndum okkar. Hve hratt það verður gert getur enginn fullyrt. Það fer nokkuð eftir því hver þróunin verður í Evrópubandalaginu. Ýmsir hafa spáð því að þar yrði tekinn upp tveggja þrepa virðisaukaskattur fljótlega. Það hefur hins vegar ekki fengist niðurstaða í því máli á vettvangi Evrópubandalagsins, m.a. vegna þess að sú ákvörðun er mjög erfið fyrir mörg ríki innan þess.

Ég vænti þess að þessi svör varpi nokkru ljósi á þau atriði sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Ég endurtek hins vegar það sem ég sagði í upphafi að við 2. umr. málsins gefst tækifæri til að víkja nánar að þessum þáttum þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til að skoða málið betur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

29. fundur, mánudaginn 18. des., að loknum 28. fundi.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 237. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 339.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fiskveiðasjóður Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (þróunardeild og Fiskimálasjóður). — Þskj. 320.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 376).

Vísitala byggingarkostnaðar, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 239. mál (endurgreiðsla virðisaukaskatts). — Þskj. 355.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga). — Þskj. 272.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er flutt í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það hefur verið nokkurt vandamál hvernig með skyldi fara þann ágæta hóp starfsfólks sem starfað hefur hjá sveitarfélögunum, en stofnanir þeirra flytjast nú til ríkisins. Þetta mál hafði lítið verið rætt í tengslum við verkaskiptinguna. Í sumar og haust hafa átt sér stað viðræður við forustumenn bæjarstarfsmanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um með hvaða hætti væri skynsamlegast að skipa þessum málum til frambúðar.

Niðurstaðan var sú að ákveða að þeir sem þess óskuðu gætu verið áfram félagar í þeim starfsmannafélögum bæjarstarfsmanna þar sem þeir hafa verið félagar áður og sumir gegnt þar reyndar forustustörfum um langan tíma. Hins vegar mundu þeir skipa sérstakan hóp innan þeirra félaga og yrði samið sérstaklega við þá í kjarasamningum opinberra starfsmanna og ríkisins. Þannig væri fundin lausn sem sameinaði það tvennt að viðkomandi starfsfólk gæti áfram verið félagsmenn í þeim félögum sem það kysi helst að vera í en ríkið gæti engu að síður haldið á samningamálum við sitt starfsfólk með samræmdum hætti.

Frv. er flutt eftir að sameiginleg niðurstaða fékkst úr viðræðum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisins um þetta atriði. Frv. hefur þess vegna stuðning samtaka opinberra starfsmanna og ég vænti þess að í þessari hv. deild fái það jafngreiða afgreiðslu og í hv. Ed.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

31. fundur, mánudaginn 18. des., að loknum fundum í deildum.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Á fundi þingflokksformanna og forseta hefur orðið samkomulag um að umræðunni verði nú frestað en fundur verði haldinn í Sþ. kl. 12 á hádegi á morgun og þar verði umræða um samninga EFTA-landanna við Efnahagsbandalagið.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að framhald verði á umræðunni um skýrslu hæstv. utanrrh. um Evrópubandalagið og EFTA, en ég leyfi mér að benda forseta á að hér var útbýtt í Sþ. þann 30. nóv. till. til þál. um samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun nr. 6 frá 1972, en flm. eru Eyjólfur Konráð Jónsson, Kristín Einarsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Um þetta mál, um sérstaka tvíhliða samninga við Evrópubandalagið, var mjög mikið rætt dagana á undan, síðustu dagana í nóvember, í tengslum við umræðuna sem þá fór fram hér í Sþ. í utanrmn. á löngum og ströngum fundum þar sem reynt var að ná fullnaðarsamkomulagi um það sem núna er mest aðkallandi, þ.e. að ná tvíhliða samningum við Evrópubandalagið til þess að losna við 1–2 milljarða tolla, hvorki meira né minna, á sjávarafurðir í Evrópubandalaginu. Ég leyfi mér að fara þess á leit við hæstv. forseta að þetta mál verði einnig á dagskrá á morgun því að það er óhjákvæmilegt að umræður um þetta mál spinnist inn í hinar almennu umræður um samskiptin við Evrópubandalagið og EFTA, ekki síst þar sem einmitt núna á þessum degi sem hafinn er skrifar okkar utanrrh. undir það að Íslendingar taki þátt í samningaviðræðum EFTA og EB og þá er þessum þætti í viðamiklum og aðkallandi störfum ráðherrans lokið. Þess vegna þyrfti þessi till. til þál. að komast til utanrmn. nú fyrir þinghlé ef hún yrði þar strax rædd.

Ég óska sem sagt eftir því að hún verði á dagskrá á morgun samhliða skýrslunni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun verða við þessari beiðni og sjá svo til að umrædd tillaga komist til umræðu.

Umræðu um eina dagskrármál þessa fundar er því frestað.

SAMEINAÐ ÞING

32. fundur, þriðjudaginn 19. des., kl. 12 á hádegi.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Guðmundur H. Garðarsson (frh.):

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur nú staðið í tæpan mánuð með nokkrum hléum, enda eðlilegt því hér er um mál að ræða sem þarf ítarlega umfjöllun. Ég þarf ekki að taka það fram að þeir sem hafa talað hér á vegum Sjálfstfl. hafa vandað framlag sitt alveg sérstaklega, enda er hér um eitt veigamesta mál að ræða sem hið háa Alþingi hefur fjallað um í áratugi.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt sérstaka áherslu á að í þessari umræðu væri fjallað um þau atriði sem við teljum að skipti hagsmuni Íslands og Íslendinga hvað mestu máli. Að sjálfsögðu hljóta aðrir þingmenn að gera það einnig. Ég skal ekki, virðulegur forseti, tala mjög lengi. Ég vil þó taka fram að ég vil fá að ljúka minni ræðu sem hefur verið alllöng með þeim hætti sem við á án þess að fara út í nokkrar málalengingar.

Ég sagði síðast í ræðu minni að ég ætlaði einkum að fjalla um ákveðin veigamikil atriði tengd ýmsum ummælum hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þá fjallaði ég einnig nokkuð um afstöðu sérfræðings Alþýðusambands Íslands, sem er mjög þýðingarmikil í þessum málum. Það er ekki lítils um vert fyrir þá sem bera ábyrgð á stjórn landsins og einnig fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir því hver er skoðun fulltrúa fjöldahreyfinga launafólks á Íslandi til þessara mála. Enda eru þau þannig eðli málsins samkvæmt að það skiptir launafólk á Íslandi geysilega miklu hver framvinda mála verður. Þá ræddi ég nokkuð um stefnumótun núv. hæstv. forsrh. með tilliti til þess með hvaða hætti við Íslendingar ættu að nálgast það hvernig við ætlum að tengjast betur Vestur-Evrópu. Er fundi var frestað var ég kominn að þeim kafla í ræðu minni þar sem ég ætlaði að fjalla nokkuð um þróun mála í Evrópu almennt með tilliti til breyttra aðstæðna og setja fram skoðanir mínar á því hver staða Íslands gæti hugsanlega orðið við breyttar aðstæður. Síðan ætlaði ég að fjalla nokkuð um framtíðarspár um ríkjaskipan Evrópu sem hlýtur auðvitað að hafa þýðingu. Til þessa hefur verið eytt of miklum tíma í að ræða um formsatriði og auðvitað þau helstu efnisatriði sem fram hafa komið í skýrslu hæstv. utanrrh. En að öðru leyti hefur ekki verið fjallað mikið um hverjar væru skoðanir einstakra þingmanna á því hver væri okkar staða í ljósi þeirra breytinga sem nú eiga sér stað í heiminum.

Einn þingmaður, mig minnir að það hafi verið hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, minntist nokkuð á að nú væru múrarnir að hrynja í Evrópu. Eða réttara sagt að nú hefði múrinn verið rofinn í Evrópu og átti hann þar við þær breytingar sem hafa orðið milli Austur- og Vestur-Þýskalands við hrun Berlínarmúrsins. Ég vil bæta því við að þótt múrinn hafi verið rofinn hefur skipulaginu því miður ekki verið breytt sem skyldi í Austur-Evrópu. Enn ræður kommúnistaflokkurinn því sem hann vill ráða og enn eru gömlu valdastéttirnar meira og minna við völd í Austur-Evrópu. Á ég þar einkum við styrka stöðu hersins, lögreglunnar og háembættismanna.

En hvað sem því líður er augljóst mál að fólkið er að hrista af sér hlekkina. Því miður á það enn langt í

land að raunverulegt frelsi, þ.e. þingræði á grundvelli frjálsra kosninga, sé tryggt í framkvæmd. Óneitanlega hefur birt upp, þróunin er í rétta átt hvað áhrærir stjórnmálalegt og efnahagslegt frelsi þessara þjóða. Rúmlega fjörutíu ára kúgun, þrúgandi miðstýring og ófrelsi hefur rústað niður atvinnulíf kommúnistaríkja Austur-Evrópu eins og augljóst er. Fólkið þar býr við ólýsanlega fátækt og framleiðslutækin eru mjög léleg. Í grundvallaratvinnugreinum er framleiðsla og tæknistig 20–30 árum á eftir tímanum miðað við það sem við þekkjum, ef ekki lengra hvað tæknistig áhrærir.

Opnunin í austri, fái hún staðist, krefst auðvitað mikils framlags fjármagns og skipulagðrar frjálsrar uppbyggingar atvinnuveganna í þessum ríkjum og enn frjálsari samskipta við aðrar þjóðir. Enn er ekki vitað hvort né hvernig þessi þróun mun eiga sér stað á næstu árum þó sterkur jákvæður vilji hafi komið fram hjá fólkinu sjálfu og ákveðnum hluta valdamanna. Þróunin í austri, þ.e. þróunin austur-vestur á næstu árum, mun gjörbreyta heimsmyndinni. Evrópubandalagið, Bandaríkin og Japan, svo nokkur ríki séu nefnd, munu reyna að ná viðskiptalegri fótfestu í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum til að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem þar er væntanlega fram undan. Það er að reisa Austur-Evrópuþjóðirnar upp úr öskustó kommúnismans. Hér er mikið verk að vinna sem varðar líf og örlög hundruð milljóna manna sem eru nú á mörkum fátæktar og örbirgðar.

Þessi viðreisn krefst mikils framlags frá hinum háþróuðu iðnríkjum heims. Það má eiginlega líkja því við nokkurs konar Marshall-framlög eins og við þekktum þau eftir síðari heimsstyrjöldina. En Sovétríkin neyddu sem kunnugt er Austur-Evrópuríkin á þeim tíma til þess að hafna slíkri aðstoð, illu heilli. Sú nýja aðstoð sem Vestur-Evrópuþjóðirnar verða að inna af hendi gagnvart þróuninni í Austur-Evrópu lýtur að efnahagslegum framförum en hér verður einnig að eiga sér stað mikil menningarleg endurreisn bæði einstaklinga og þjóða. Þá er spursmálið: Eru vestrænar þjóðir í stakk búnar til að mæta hinu mikla hlutverki og með hvaða hætti verður það gert?

Hver verður staða Íslands í rökréttu samhengi við breytta þróun þessara mála? Verður þessi þróun, þ.e. aukin samskipti Austur- og Vestur-Evrópu, með þeim hætti að það gerist í samstarfi Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna í því formi sem þessi samtök nú búa við? Verður það með auknu samstarfi Vestur-Evrópu sem heildar og Norður-Ameríkuríkjanna, þ.e. Bandaríkjanna og Kanada? Eða verður samstarfið enn þá víðtækara, því hér er um geysilega mikið verkefni að ræða, þ.e. Vestur-Evrópa, Norður-Ameríka og Japan? Þá vaknar spurningin sem mjög er til umræðu erlendis: Hvernig koma varnarbandalögin inn í myndina, þ.e. Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, öryggis- og varnarmál? Þá vaknar einnig upp ein spurning sem er ekki lítið mál en hún er þessi: Er hin hugmyndafræðilega umræða um stöðu stétta og stéttaskiptingar orðin úrelt? Erum við að þróast í einhvers konar stéttlaust þjóðfélag í hefðbundinni merkingu þess orðs? Eru gömlu þjóðríkin að líða undir lok? Stöndum við frammi fyrir nýrri þjóðfélagsmynd eða heimsmynd sem þegar hefur framkallað ákveðna byltingu sem við erum raunverulega ekki undirbúin að taka á móti, þ.e. byltingu sem hafnar eldri hugmyndafræði um þýðingu sjálfstæðra þjóðríkja fyrir frelsi og framfarir? Er þjóðlegur metnaður víkjandi fyrir efnahagslegum ávinningi bandalagsþróunar? Þessar og fleiri spurningar sækja á þegar rætt er um þá breyttu heimsmynd sem við stöndum frammi fyrir.

Þótt þessi umræða, virðulegur forseti, snúist um ákveðin form, atriði í sambandi við með hvaða hætti skuli staðið að frekari viðræðum af Íslands hálfu í gegnum EFTA við Evrópubandalagsríkin, þá hljóta menn jafnframt að fjalla um hina efnislegu þætti þessara mála. Stjórnmálahliðin er ekki síður mikilvæg en hin efnahagslega og hvort tveggja er þetta að sjálfsögðu samofið.

Oft hefur verið sagt í umræðunni af flestum hv. þm. að hér sé um stærsta málið að ræða sem hið háa Alþingi hefur fjallað um frá stofnun lýðveldisins Íslands 1944. Það er spursmálið um hversu langt við eigum að ganga í því að nálgast aðrar þjóðir. Eigum við að ganga í bandalag stórþjóða? Hvað mundi það fela í sér? Stærri ríki, fjölmennari þjóðir hafa þegar gert það. En það þýðir ekki endilega að Íslendingar þurfi einnig að gera hið sama. En auðvitað mega Íslendingar ekki einangrast. Og þá er spursmálið sem við verðum að ræða um í fullkominni hreinskilni, hvað felst í EFTA-EB viðræðum og samningum fyrir Ísland og Íslendinga? Hvað felst í því efnahagslega, viðskiptalega, þjóðernislega og menningarlega? Og hvað mun gerast ef EFTA-EB samningaviðræður mistakast? Er þá unnt að ná ákveðnum sérsamningum á alþjóðlegum grundvelli eins og við höfum fjallað hér um? Og mundu slíkir samningar tryggja betur efnahagslegu stöðu íslensku þjóðarinnar í heild eða aðeins hluta hennar? Í þessari umræðu hefur lítið verið rætt um það hvernig hugsanlegur efnahagslegur ávinningur skiptist á milli þegnanna. Lítið rætt um í hverju hinir raunverulegu hagsmunir eru fólgnir.

Hvaða hagsmunir eru hugsanlega víkjandi í þessari stöðu? Því allt hlýtur þetta að breytast við breyttar aðstæður. Hvað verður um íslenskt eignarhald í framleiðslutækjum og atvinnulífinu? Hvers virði er landið sjálft, náttúruauðæfin og búsetan út frá sjónarmiði einstaklingsins? Sem sagt hvað vinnst, hver er ávinningurinn? Aukinn hagvöxtur, auknar þjóðartekjur, auknar tekjur á hvern einstakling, aukin nettó eignamyndun hjá Íslendingum sjálfum, eða önnur skipting út á við gagnvart erlendum aðilum? Þá er ekki síður stóra spurningin: Styrkir frekari nálgun Íslands við Evrópu íslenska menningu og íslenskt þjóðlíf?

Sumir halda því fram að ákveðin einangrun geti verið jákvæð í firringu nútímaheims. Í heimi þar sem þéttbýli, hraði og mengun þrúga íbúa hinna háþróuðu iðnríkja. Þetta, virðulegi forseti, og fleira kemur auðvitað upp þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Enn berjast menn fyrir því að fá að halda sérkenn-

um sínum og sjálfstæði. Nægir í þeim efnum að vísa til baráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir auknu frjálsræði, hvernig þessi ríki eru að reyna að losa sig undan oki Sovétríkjanna. Það er virðingarvert í breytilegum og ég vil segja oft og tíðum ístöðulausum heimi. Og enn, vonandi um ófyrirsjáanlega framtíð, vilja Íslendingar varðveita sérkenni sín og þjóðlega menningu og tungu. En hvað sem því líður þá verðum við að semja við aðrar þjóðir, nálgast aðrar þjóðir í samræmi við breyttar aðstæður og breytta heimsmynd.

Íslendingar verða að fá eðlilega og aukna hlutdeild í efnahagslegum framförum. Íslendingar mega ekki einangrast í samfélagi þjóðanna. Það er skylda Alþingis og hv. þm. að sameinast um þær leiðir sem tryggja framtíðarheill þjóðarinnar, efnahagslegar og menningarlegar, við þær breytingar sem nú eru fram undan. Þetta er vandasamt hlutverk sem krefst þekkingar, íhugunar og staðfestu. Og ekki hvað síst hlýtur það að vera krafa fólksins í landingu að hv. þm. sameinist um þau markmið sem við kunnum að setja okkur. Það er sem sagt grundvallarskylda Alþingis að koma sér saman um stefnumörkun, ákveðna, almenna stefnumörkun varðandi stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Það er brýnt. Þetta mikla verkefni stendur næst okkur núna í tíma og rúmi. Atburðarásin í samskiptum þjóða við gjörbreyttar aðstæður er hröð.

Ég verð því miður að segja að ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki lagt sig fram um að ná samstöðu í þessu mikilvæga máli. Og hún hefur því miður ekki það sem ég vildi kalla marktæka stefnu. Alla vega hefur hún ekki birst hinu háa Alþingi. Nú vill svo til að þessa stundina mun hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson vera staddur í Brussel ásamt ráðherranefnd EFTA-ríkjanna og fulltrúum stjórnarnefndar EB til að fjalla um samningsgrundvöll sem við hv. þm. höfum því miður ekki séð. Er það náttúrlega alvarlegt mál út af fyrir sig að ekki skuli hafa verið skýrt frá því í hverju þessi samningsgrundvöllur felst sem ráðherrarnir eru núna að fjalla um. Það kann að vera, og er þá enn alvarlegra mál gagnvart bæði hinu háa Alþingi og þjóðinni, að hæstv. ríkisstjórn hafi fengið þennan samningsgrundvöll og fjallað um hann án þess að láta okkur vita hvers eðlis hann er. En það verður væntanlega upplýst hér á eftir af hæstv. settum utanrrh., Jóni Sigurðssyni. Hann mun væntanlega upplýsa þjóðina og okkur um það um hvað samningsgrundvöllurinn raunverulega snýst.

Ég mun nú ekki víkja nánar að skýrslunni, það er búið að ræða það mikið um hana. Enda er það plagg raunverulega ekki í umræðunni í dag. Ég vil ítreka það að í þessari skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði hér fram fyrir tæpum mánuði er skýrt frá ákveðnum hlutum, ákveðnum atriðum sem lúta að EB-EFTA viðræðunum án þess að um ákveðna stefnumörkun sé að ræða sem geti sameinað Alþingi og þjóðina. Ég minni á að Íslendingar voru sameinaðir við stofnun lýðveldisins 1944 og ég minni einnig á að Íslendingar stóðu saman að útfærslu 200 mílna fiskveiðilögsögunnar á árunum 1974–1976. Þá var forusta þjóðarinnar samhent. Nú hefur þjóðin því miður í ríkisstjórn landsins ráðherra sem virðast ekki hafa sameiginlegar skoðanir eða afstöðu til þessa mikilvæga utanríkismáls sem við erum að fjalla hér um. Ráðherrarnir eru ekki samhentir í erfiðu og viðkvæmu utanríkismáli, hinu vandasamasta sem upp hefur komið frá því Ísland öðlaðist frelsi og sjálfsforræði. Ég nefni sem dæmi að í sambandi við Ísland og EB hefur það m.a. komið fram að Alþb. er á móti samningum við Evrópubandalagið, Alþfl. virðist vera með, Framsfl. er á báðum áttum. Þá er ég að tala um afstöðu flokkanna til einstakra atriða. Þetta er svona í stórum dráttum séð.

Þá er það hitt atriðið sem hefur komið mjög upp í umræðunni erlendis á milli valdamanna þessara ríkja sem hér eiga hlut að máli en það eru varnar- og öryggismál. Í þeim málum hefur átt sér stað ákveðið uppgjör innan Atlantshafsbandalagsins um það hvernig Atlantshafsbandalagið og Atlantshafsbandalagsríkin vilja standa að þessu. Það hefur ekki komið fram hér á Íslandi hver er staða íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi það. Þetta er geysilega þýðingarmikið atriði. Við vitum að Alþb. er eindregið á móti Atlantshafsbandalaginu og hefur ekkert breytt um stefnu í þeim efnum, samanber samþykktir landsfundar Alþb. nú nýverið. Ég geri ráð fyrir að sú stefna sé enn þá fyrir hendi hjá ráðherrum Alþb. í núv. hæstv. ríkisstjórn. Alþfl. er hins vegar fylgjandi stefnu Atlantshafsbandalagsins í meginatriðum eins og hún er og hefur verið birt og ég geri ráð fyrir að hæstv. utanrrh. hafi samþykkt hana nú nýverið í Brussel á fundi utanrrh. þar sem fjallað var um stöðu Atlantshafsbandalagsins og framtíð þess í ljósi þeirra breytinga sem hér eru til umræðu. Framsfl. virðist vera fylgjandi Atlantshafsbandalaginu, svona í stórum dráttum. Hins vegar er ekki alveg ljóst hvort þar hefur orðið einhver breyting en ég gef mér að svo sé ekki.

Sem sagt, það er augljóst mál, og ég nefndi aðeins tvö dæmi til að undirstrika það, að þetta er ekki samhent ríkisstjórn í mikilvægum utanríkismálum. Það er þess vegna sem við sjálfstæðismenn höfum lagt alveg sérstaka áherslu á það að Alþingi yrði að hafa frumkvæði í sambandi við viðræður EFTA við Evrópubandalagið og ég undirstrika að það hefur alltaf verið vilji og það er stefna sjálfstæðismanna að þessar viðræður eigi sér stað, þó að við höfum jafnframt lagt áherslu á að það þyrftu að vera sérviðræður vegna útflutnings sjávarafurða og þær fælust í því að reyna að tryggja tollfrelsi fyrir helstu útflutningsvörur þjóðarinnar.

Það hefur verið skoðun okkar að þessari umræðu mætti ekki ljúka án ákveðinnar stefnumörkunar. Ef það verður ekki með þeim hætti að hér verður samþykkt einhver ályktun eða hér kemur fram ákveðin, skýr stefnumörkun sem allir geta sameinast um, hlýtur það að túlkast þannig að Alþingi sé ekki sameinað á bak við núverandi hæstv. ríkisstjórn í hinum mikilvægu viðræðum EFTA við EB sem Ísland á aðild að. Alla vega hefur hæstv. ríkisstjórn

ekki lagt sig fram um það að sameina Alþingi um ákveðna stefnu. Verða menn þá að draga sínar ályktanir út frá því sem sagt hefur verið hér af hálfu einstakra flokka um afstöðu til þessa mikilvæga máls.

Þessar umræður hafa staðið lengi yfir, en þegar þær verða skoðaðar í tímanna rás mun mönnum ekki finnast þær hafa verið mjög langar út af fyrir sig. Ég minni á að í upphafi þessarar umræðu fjallaði formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, mjög ítarlega um það í ræðu sinni hvernig þyrfti að móta þá stefnu sem máli skiptir fyrir Íslendinga í þeim viðræðum sem fram undan eru. Hann lagði m.a. áherslu á það í fyrsta lagi að Íslendingar tækju þátt í sameiginlegum viðræðum EFTA og EB en láti það samt ekki hindra sig í því að fjalla um sín mál á tvíhliða grundvelli við Evrópubandalagið eða aðrar þjóðir eftir því sem þörf krefur því þessar viðræður EFTA og EB munu líklegast taka 1–2 ár.

Í öðru lagi lagði formaður Sjálfstfl. áherslu á að óskað yrði eftir því við Evrópubandalagið að teknar yrðu upp hið fyrsta tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins um þau atriði sem mestu máli skipta fyrir Íslendinga og fela í sér gagnkvæmni gagnvart hagsmunum Evrópubandalagsins.

Þá lagði formaður Sjálfstfl. áherslu á það í sinni ræðu að meiri áhersla yrði lögð á að nýta viðurkennda sérstöðu Íslendinga í samskiptum við vinveittar þjóðir. En til þess þyrfti að rækta enn betur vinsamleg samskipti við forustumenn þeirra ríkja og valdamanna innan Evrópubandalagsins sem hafa tjáð sig um að þeir vildu Íslendingum vel og skildu sérstöðu þeirra. Í þeim efnum duga ráðherrar og embættismenn einir og sér ekki. Með því er ég ekki að gera lítið úr störfum þessara aðila nema síður sé, en greinilega þarf meira til svo sem dæmin sýna.

Sem sagt, ég vil leggja áherslu á að hið háa Alþingi sameinist um þá stefnumörkun sem formaður Sjálfstfl. m.a. lagði fram hér í umræðunni.

Þessi stefna hentar þjóðinni best við þær flóknu aðstæður sem þróun alþjóðamála er í í dag. Jákvæður árangur hennar tryggir bestu efnahagslegu afkomu þjóðarinnar á grundvelli þess útflutnings sjávarvöru sem mestu máli skiptir. Það verður að tryggja þessa hagsmuni strax eða fljótlega. Vestur-Þjóðverjar og Frakkar gera sér grein fyrir því, þess vegna ræða forustumenn þessara þjóða um sérstöðu Íslendinga. Þess vegna eigum við ekki að láta formfestu eða tæknileg atriði flækjast um fyrir okkur í þessu máli heldur eiga Íslendingar að nýta sér, á grundvelli sérstöðu, viðurkenningar erlendra valdamanna, sem best þá stöðu sem við erum komin í.

Valdamenn þessara ríkja skilja sérstöðu Íslands. Þeim er ákveðinn metnaður í því að á Íslandi, þessari eyju norður í Atlantshafi, búi sjálfstæð þjóð, fámenn þjóð sem trúir á eigin mátt, frelsi og vestrænt lýðræði. Þjóð sem er traustur bandamaður í frjálsu öryggis- og varnarbandalagi vestrænna þjóða.

Sem betur fer eru enn til stórbrotnir, ég vil segja stórhuga, stjórnmálaforingjar úti í hinum stóra heimi. Það eru menn sem skilja stöðu sína og forustuhlutverk í samfélagi þjóðanna. Þetta eru stjórnmálaforingjar sem bæði geta og hafa vilja til að láta smáþjóðir njóta sín í friðsamlegu bræðralagi þjóðanna.

Ég held að því miður séu þessi atriði of oft vanmetin. En með þetta í huga tel ég að við eigum að nálgast aðrar þjóðir og semja við þær á jafnréttisgrundvelli. Við eigum að nálgast aðrar þjóðir, hvort sem þær eru í vestri eða austri, með opnum huga. Ekki binda okkur um of við eina ríkjasamsteypu. Við eigum að gefa okkur enn betri tíma til að meta stöðu Íslands. Að mínu mati eru tækifærin óþrjótandi. Tækifæris-legar ákvarðanir, óþol í erfiðum samningum og vantrú á eigin getu er það hættulegasta sem getur hent menn og ekki hvað síst í sambandi við utanríkismál.

Núverandi hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa íhugað sem skyldi að opnun í Austur-Evrópu er að framkalla gjörbreytta afstöðu stórþjóðanna innbyrðis í Evrópubandalaginu og einnig út á við. Sú þróun mum óhjákvæmilega hafa áhrif á EFTA- og EB-samningaviðræðurnar á næstunni. Sú þróun mun einnig þýða að þessar þjóðir munu, bæði sameiginlega og hver um sig, endurmeta stöðu sína. Það er óhjákvæmilegt. Þetta hefur einnig mikil áhrif á stöðu Íslands. Þess vegna verður að eiga sér stað ákveðin stefnubreyting í þessum efnum. Það er lágmarkskrafa að hæstv. utanrrh. geri okkur alþm. grein fyrir því hverjar eru skoðanir hans við þessar breyttu aðstæður. Ég er ekki alveg viss um að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því að á aðeins tveimur til fjórum vikum hefur orðið þvílík breyting í afstöðu valdamikilla manna hjá stórþjóðunum að alveg er með ólíkindum. Raunverulega hefur meira breyst á nokkrum vikum en átt hefur sér stað á áratugum í fortíðinni.

Það er sem sagt skylda Alþingis að taka af skarið og ákveða að áhersla skuli lögð á m.a. tvíhliða viðræður samhliða EB- og EFTA-viðræðunum og við skulum skoða nokkuð nánar hvers vegna það er.

Þótt Bretar, Frakkar, Vestur-Þjóðverjar og Ítalir séu í Evrópubandalaginu þá keppa þessar þjóðir hver við aðra á heimsmörkuðunum. Í þeirri samkeppni er ekkert til skiptanna. Þar hugsar hver um sig. Þess vegna þarf að líta á þetta í ljósi þeirra atburða sem eru að gerast á meginlandi Evrópu í samhengi. Við skulum taka Þýskaland sem dæmi. Það er staðreynd að mörg ár eru síðan að Austur- og Vestur-Þýskaland fóru að nálgast hvort annað í efnahagslegu samhengi. Og ekki er nokkur vafi á því að á næsta áratug mun eiga sér stað ákveðin efnahagsleg sameining þessara tveggja ríkja, bæði beint og óbeint. Þar mun verða sameiginlegur vinnumarkaður, þ.e. á milli þessara tveggja ríkja, það mun eiga sér stað frjálst fjármagnsstreymi á milli þeirra og þegar eru komin í framkvæmd ákveðin gagnkvæm réttindi um stofnun fyrirtækja í þessum ríkjum, þ.e. sameiginleg framleiðslustarfsemi. Sameiginlegur íbúafjöldi þessara tveggja ríkja er um 80 millj. manns og Austur- og Vestur-Þýskaland mun verða eitt öflugasta og auðugasta

iðnríki heimsins. Mikið fjármagn mun flæða frá Vestur-Þýskalandi til Austur-Þýskalands og ódýrt vinnuafl mun streyma frá Austur-Þýskalandi til Vestur-Þýskalands. Við þennan samruna mun rísa eitt stærsta og öflugasta iðnríki heimsins. Þó að ríkin séu tvö í ríkisréttarskilningi munu þau verða eitt ríki í efnahagslegu tilliti. Út úr þessari ríkjasamsteypu tveggja þýsku ríkjanna munu streyma vörur, vélar og alls konar framleiðslutæki á hagkvæmum verðum út á heimsmarkaðinn. Þessi þróun mun styrkja Þýskaland gífurlega úti á heimsmörkuðunum.

Þessi þróun, þessi sérstaða þýsku ríkjanna, mun skapa þeim alveg sérstaka stöðu til að sækja inn í þá möguleika sem eru að myndast í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum í þeirri uppbyggingu sem þar verður. Þetta óttast auðvitað Frakkar, Bretar, Ítalir og aðrar Evrópubandalagsþjóðir og einnig Bandaríkjamenn. Þessi þróun getur og mun hafa áhrif á afkomu annarra iðnríkja, sérstaklega í Evrópu og hugsanlega til hins verra vegna þess að samkeppnisstaða þeirra verður lakari. EB-aðild breytir ekki miklu í þessu tilliti þó það skapi ákveðið samræmi að þessi ríki skuli vera innan Evrópubandalagsins. En sameinað Þýskaland, sem er fyrirsjáanlegt, mun verða forusturíki Evrópubandalagsins á flestum sviðum: Í efnahagsmálum, í atvinnumálum, á sviði vísinda, tækni, í menntamálum og ekki síst í hermálum. Í stuttu máli sagt hefur Evrópa, vegna þess sem gerst hefur milli þýsku ríkjanna, tekið stakkaskiptum. Vegna opnunarinnar í austur erum við raunverulega ekki að tala um sömu Evrópu og þegar viðræðurnar voru ákveðnar á sínum tíma milli EFTA og EB um hugsanlega nálgun þessara ríkjabandalaga.

Evrópubandalagslöndin eru ekki lengur, samkvæmt minni skoðun, Evrópa í sömu merkingu þess orðs og þau voru fyrir einu ári eða nokkrum mánuðum, ekki einu sinni í efnahags- og viðskiptalegu tilliti. Vestur-Þýskaland hefur þegar hafið sína samruna-þróun þýsku ríkjanna tveggja sem fyrr er frá greint. Þá er einnig hægt að minnast þess og rifja upp að Vestur-Þýskaland hefur þegar skuldbundið sig gagnvart Pólverjum og Austur-Evrópu að veita efnahagslega aðstoð og fjárhagsleg framlög sem skipta milljörðum í þýskum mörkum mælt. Hin skjótu viðbrögð Vestur-Þjóðverja gefa þeim mikið forskot og munu stórefla efnahags- og pólitíska stöðu Þjóðverja í heild í Evrópu á næstu áratugum.

Þetta er þáttur sem ekki er mikið rætt um. — Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. — Ég hef dvalið dálítið við það sem ég mundi kalla stöðu Stór-Þýskalands í þeirri þróun sem er fram undan vegna þess að staða Stór-Þýskalands mun hafa alveg gífurleg áhrif á stöðu Evrópubandalagsríkjanna, bæði í heild og hvers ríkis fyrir sig. Einnig mun hún hafa gífurlega mikil áhrif á stöðu Íslands í framtíðinni, það er óhjákvæmilegt. Þess vegna sagði ég hér fyrr í ræðu minni að leið Íslands lægi ekki lengur í gegnum Brussel heldur í gegnum Bonn, París og London og átti ég þá sérstaklega við Bonn.

Ég gat þess, virðulegi forseti, að íbúafjöldi þessa nýja ríkis sem mun verða forusturíki Evrópubandalagsins verður um 80 millj. manns. Það er um helmingur sameiginlegrar íbúatölu Bretlands, Frakklands og Ítalíu. Brúttóþjóðarframleiðsla Þýskalands er jafnmikil og sameiginleg brúttóþjóðarframleiðsla Breta og Ítala og 50% meiri en brúttóþjóðarframleiðsla Frakklands. Vestur-Þýskaland er nú þegar stærsta útflutningsland heimsins. Útflutningur þess var um 323 milljarðar dollara árið 1988 á sama tíma sem útflutningur Bandaríkjanna var 322 milljarðar dollara og Japans um 265 milljarðar dollara. Vöruskiptajöfnuður Vestur-Þýskalands árið 1988 var jákvæður um 69 milljarða dollara á sama tíma og hann hefur hæst verið 78 milljarðar dollara í Japan.

Í stuttu máli sagt, þótt þessar þjóðir séu allar vinsamlegar hver annarri og vilji starfa saman, þ.e. Evrópuþjóðirnar, Japan og Bandaríkin, þá vitum við það, hv. þm., að þær berjast um heimsmarkaðina til að bæta afkomu þegna sinna en ekki vegna þess að þær séu í samstarfi við aðrar þjóðir. Þessi þróun gerir það að verkum að Vestur-Þjóðverjar verða, og eru þegar orðnir, mjög harðir keppinautar Bandaríkjanna og Japans á heimsmörkuðunum. Núna er bardaginn fram undan um uppbyggingu Austur-Evrópu, hina ónýttu möguleika sem þar eru á sviði viðskipta og efnahagsmála. Fram undan eru meiri átök milli Evrópubandalagsríkjanna innbyrðis um fjárfestingar og viðskipti við Austur-Evrópu og Sovétríkin en menn gera sér grein fyrir.

Að lokum, virðulegi forseti, er ekki ófróðlegt að ræða hverju sérfræðingar um stöðu þjóða spá um það hver verði hugsanleg þróun og skipan ríkjabandalaga í framtíðinni. Menn eru þegar farnir að spá í það hvað muni raunverulega gerast vegna þeirra breytinga sem nú þegar hafa átt sér stað í Austur- og Vestur-Evrópu. Mjög fróðlegt er að gera sér grein fyrir því hvernig þessir, ég vil segja sérfróðustu menn í þessum efnum úti í hinum stóra heimi búast við að hlutirnir gerist á næstu árum eða næsta áratug. Þeir sérfræðingar sem eru helst marktækir í þessum efnum spá því þegar þeir líta til Evrópu að eiginlega megi skipta ríkjum Evrópu upp í þrjá hópa með tilliti til þess hvað ríkin nálgist hvert annað mikið. Í fyrsta hópnum eru ríki sem þeir kalla bandaríki Evrópu. Í öðrum hópnum, sem innifelur þessi ríki ásamt átta öðrum, er talað um svipaða ríkjasamsteypu og við þekkjum í sambandi við Evrópubandalagið í dag. Síðan er heildarhópurinn, þ.e. þau ríki sem mynda bandaríki Evrópu, kjarnann, að viðbættum sex öðrum ríkjum. Þar við bætast svo þau ríki sem eru í lausari tengslum við fyrrgreinda ríkjahópa.

Ef við lítum nánar á spá um skipan mála í Evrópu í framtíðinni eins og þeir sjá þetta, þessir sérfræðingar, þá gera þeir ráð fyrir því að upp úr þessari þróun myndist nokkurs konar sambandsríki Evrópu eða bandaríki Evrópu sem væri ein efnahagsheild og ein heild hvað stjórnmálalegu hliðina áhrærir. Þ.e. þetta eru ríki sem mundu koma sér upp sameiginlegu þingi og sameiginlegum dómstólum og vera sem sagt ein ríkjasamsteypa, ekkert ósvipað því sem við þekkjum

núverandi skipan þjóðríkja. Í þessum bandaríkjum Evrópu mundi vera að mati þessara sérfræðinga Þýskaland, þá er það sameinað Þýskaland, Vestur- og Austur-Þýskaland, Ítalía, Frakkland, Holland, Belgía, Lúxemborg, Spánn og Portúgal, þ.e. átta ríki. Þetta væri kjarninn í framtíðarskipan Evrópu hvað áhrærir hið nýja Evrópubandalag sem er næsta stig og þá mundu bætast við þennan kjarna, þ.e. þeirra átta ríkja sem þegar eru talin upp, Danmörk, Noregur, Bretland, Írland, Grikkland og Austurríki. Þessi sex ríki væru hluti af sameiginlegri efnahagsheild með ákveðnum takmörkunum. Síðan gera þessir sérfræðingar ráð fyrir því að þriðji hópurinn mundi bætast inn í þennan stóra hring. Það eru nokkurs konar aukaaðilar við Evrópuríkin, sem þegar eru talin, með sérsamningum. Það eru þá ríki sem mundu á grundvelli sérsamninga tengjast þessari nýju ríkjaskipan. Í þessum hópi væru lönd eins og Svíþjóð, Finnland, Ísland, Holland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Júgóslavía, Tyrkland og Eystrasaltsríkin.

Þetta er auðvitað framtíðarspá manna sem teljast vera sérfræðingar á þessu sviði og þeir líta áratugi fram í tímann. Áratugur eða tveir áratugir eru ekki langur tími ef við minnumst þess að Evrópubandalagið var stofnað árið 1958. En þá er stóra spurningin sem allt snýst um til viðbótar: Hver verður staða Sovétríkjanna? Ég vil að lokum fjalla nokkuð um það vegna þess að það skiptir okkur Íslendinga ekki litlu máli hver verður staða Sovétríkjanna í þeirri þróun sem hér um ræðir. Bæði er það með tilliti til þess að Sovétríkin hafa í áratugi verið mjög góður viðskiptaaðili Íslendinga. Við höfum átt mjög góð viðskipti við Sovétríkin og auk þess höfum við þurft að vera þátttakendur í öryggis- og varnarbandalagi, sem er Atlantshafsbandalagið, til þess að tryggja varnarstöðu Íslands gagnvart Sovétríkjunum þannig að það skiptir ekki litlu máli að meta hver verður staða Sovétríkjanna í framtíðarþróuninni.

Mat þessara erlendu sérfræðinga er að það sé kannski hættulegasta atriðið í þessu máli hver þróunin innan Sovétríkjanna verði. Hvað mun gerast í Sovétríkjunum? Ég ætla ekki að fara út í það í löngu máli en allir hv. þm. vita að atvinnulífið í Sovétríkjunum er í niðurníðslu. Þar er vöruskortur, úrelt stjórnkerfi, lélegt samgöngukerfi, orkuskortur og það sem verra er, að í Sovétríkjunum eru heilu kynslóðirnar sem eru heilaþvegnar af kenningum og skoðunum sem hafa leitt þetta fólk í þá ógæfu sem við blasir. Margir hv. þm. búa yfir góðri þekkingu á stöðu þessara mála en ég held að það sé gott að ræða um það líka í þessari umræðu og fjalla um það með þeim hætti sem gert er. Þar við bætist að Sovétríkin sem eru nú eitt af forusturíkjum heimsins eru með ónýtan gjaldmiðil. Það hefur óneitanlega mikil áhrif á öll samskipti Sovétríkjanna við Vestur-Evrópu, Evrópubandalagið og önnur ríki.

Rúblan er í dag skráð á 1,65 dollara en talið er að raunverulegt verðgildi hennar sé ekki nema 1/10 hluti af því, þ.e. að hún sé aðeins 16 centa virði. Ég er sannfærður um að gengisfelling eða gengisbreyting mundi fella Gorbatsjov og eyðileggja umbótastefnuna. Það mundi framkalla ástand og kringumstæður sem mundu þegar hafa áhrif á allt sem við höfum verið að tala um í sambandi við Evrópubandalagið og þar með bein áhrif á Íslendinga.

Ég hef, virðulegi forseti, leyft mér þann munað að fjalla um það í mjög ítarlegu máli hvernig hin nýja heimsmynd blasir við Íslendingum í dag. Ég hefði talið mjög þarft ef hæstv. ríkisstjórn, hæstv. ráðherrar, hæstv. utanrrh., þar á meðal settur, sem hlýtur að búa yfir mikilli þekkingu á þessum málum, hefðu lagt þessi mál fyrir eitthvað með þessum hætti í ítarlegu máli. Þess vegna hefur þessi umræða orðið lengri en ella hefði orðið ef hæstv. ráðherrar hefðu viljað fjalla um þetta m.a. á þessum grundvelli og taka þessi atriði inn í umræðuna. Það er auðvitað skylda okkar þingmanna að skoða þetta í því ljósi sem ég hef m.a. fjallað um.

Að lokum, virðulegi forseti. Núv. ríkisstjórn er því miður vanhæf til að fara með utanríkismál þjóðarinnar svo að vel sé. Stefnan er reikul, áherslur eru rangar og núverandi meiri hluti að baki hæstv. ríkisstjórn er ósamhentur, hann er sundraður. Slíkt ástand skapar miklar hættur, sérstaklega þar sem hér er fjallað um viðkvæm utanríkismál. Það er því mín skoðun, virðulegi forseti, að Íslendingar verði að fá samhentan meiri hluta alþm. að baki ríkisstjórn sem tekur á viðræðum okkar við Evrópubandalagið og önnur ríki af festu á grundvelli þeirra markmiða sem hafa raunhæft gildi fyrir efnahagslega velferð og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram ítarleg umræða um málefni Íslands og Evrópubandalagsins og EFTA. Það hefur margt komið fram í þessum umræðum sem væri ástæða til að gera hér að umtalsefni. Ég mun ekki gera það í mínu máli en aðeins koma inn á nokkur atriði sem mér finnst miklu máli skipta í þessari umræðu. Við verðum að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því hvað það er sem við sækjumst eftir í þessum viðræðum, hverju við viljum ná út úr þeim og hvað við viljum leggja af mörkum.

Að því er varðar EFTA-ríkin í heild sinni er ljóst að með samningum við Efnahagsbandalagið munu þau fá aðgang að stærsta markaðssvæði heimsins. Þau munu fá aukna möguleika í samvinnu við evrópsk fyrirtæki og aðila með það í huga að auka hagkvæmni í rekstri og auka þar með þjóðartekjur og hagsæld sinna íbúa. Þessi ríki sækjast eftir möguleikum til að hafa áhrif á þróun í Evrópu, ekki síst þá þróun sem nú á sér stað. Þau sækjast jafnframt eftir því að fá aukinn aðgang að rannsóknar- og þróunarstarfsemi og um leið aðgang að ýmiss konar upplýsingum sem liggja fyrir innan Evrópubandalagsins. Á sama hátt hefur Evrópubandalagið áhuga fyrir því að tengjast EFTA-ríkjunum með áhrifameiri hætti, ekki síst vegna þess að EFTA-ríkin eru menningarlega, landfræðilega og jafnvel herfræðilega, ef nota má það ljóta orð, hluti af þessu svæði. Þannig að ef Efnahagsbandalagið stefnir

að því að verða þriðja stóra aflið í heiminum er ljóst að EFTA-ríkin eru mikilvægur hluti af evrópsku áhrifasvæði. Það er jafnframt ljóst að kaupmáttur í EFTA-ríkjunum er með því hæsta sem gerist í heiminum og því eru EFTA-ríkin mikilvægt markaðssvæði fyrir Efnahagsbandalagsþjóðirnar. Það er líka ljóst að EFTA-ríkin hafa öruggara framboð af ýmsum náttúruauðlindum en Efnahagsbandalagsríkin. Má í því sambandi nefna fiskafurðir, timbur og olíu.

Að því er Ísland varðar þá höfum við hér mikilvægra hagsmuna að gæta, ekki síst að ná betri aðgangi að stærsta markaðssvæði í heiminum, geta haft áhrif á þá þróun sem á sér stað í Evrópu, fengið bættan aðgang að því rannsóknar- og þróunarstarfi sem þar fer fram en á það skortir mjög á Íslandi að við höfum nægilegt fjármagn til þeirra hluta. Mér hefur heyrst í þessum umræðum að menn séu almennt sammála um að Íslendingum sé það mikilvægt í fyrsta lagi að fá aðgang að þessum mörkuðum og tryggja fríverslun með okkar afurðir. Og í öðru lagi að taka þátt í þeirri þróun sem nú á sér stað í Evrópu og þeim möguleikum sem þar eru fyrir hendi fyrir okkar fólk og fyrirtæki og þjóðfélagið sem heild.

Það hefur verið gert mjög að umtalsefni hér í þessum umræðum hvaða leiðir skuli fara til að ná fram þessum markmiðum, þ.e. ef menn eru þá sammála um að við skulum taka þátt í því sem nú á sér stað í Evrópu. Í fyrsta lagi hafa menn rætt um hvort ekki sé nauðsynlegt að vera virkur þátttakandi í þeim viðræðum sem nú eiga sér stað milli EFTA og Efnahagsbandalagsins og almennt má segja að þingmenn hafi verið um það sammála. Ég tel að þessar viðræður séu afar mikilvægar, ekki síst fyrir okkur Íslendinga því að við vitum að það er á brattann að sækja að fá Efnahagsbandalagið til að viðurkenna fríverslun með fiskafurðir. Tilhneiging hefur verið til að líta á fiskiðnaðinn sem annars konar iðnað og líta á þær afurðir sem þar eru boðnar fram sem öðruvísi iðnaðarvörur en hinn hefðbundni iðnaður, eins og hann er oftast skilgreindur meðal iðnaðarríkjanna, framleiðir. Það er jafnframt ljóst að mikil styrkjapólitík er innan Efnahagsbandalagsins og margra okkar viðskiptaþjóða þar sem sjálfsagt þykir að veita miklu fé til uppbyggingar í sjávarútvegi með svipuðum hætti og víða gerist í landbúnaði. Mjög erfitt og nánast óhugsandi er fyrir Íslendinga að sætta sig við að slík stefna verði rekin í viðskiptum milli þjóða. Á sama tíma og menn hafa hugsað sér að brjóta niður tollmúra þá láti menn sig engu skipta þó að slík styrkjapólitík sé rekin áfram. Ég held að alveg ljóst sé að ekki er á færi okkar Íslendinga einna að fá viðurkennda slíka stefnu gagnvart Efnahagsbandalaginu. A.m.k. er mun ólíklegra að það muni vera á okkar færi einna en í samvinnu fleiri Evrópuþjóða, þ.e. í samvinnu EFTA-ríkjanna. Þess vegna var það mikilvægt að EFTA-ríkin skyldu fallast á þá kröfu okkar að setja fram þau sjónarmið og þau skilyrði í viðræðum við Efnahagsbandalagið að Efnahagsbandalagið féllist á þá stefnu EFTA-ríkjanna að fríverslun með fiskafurðir yrði viðurkennd.

Við getum að sjálfsögðu ekki á þessu stigi fullyrt um það hver verður niðurstaða þess máls frekar en annarra mála í því sambandi. Við verðum að vænta þess að Efnahagsbandalagið fallist á slíka stefnu og það hlýtur að vera okkar krafa. Ef Efnahagsbandalagið vill hins vegar alls ekki fallast á slíka stefnubreytingu í samskiptum við EFTA-ríkin er ekki hægt að sætta sig við að Efnahagsbandalagsríkin haldi áfram að styrkja sinn sjávarútveg og iðnað með þeim hætti sem gert er í dag án þess að þau ríki sem standa í slíkum viðskiptum hafi einhverja möguleika því til varnar. Þess vegna er mikilvægt að halda því til haga að ef ekki er fallist á fríverslun með fisk, jafnvel þótt fallist sé á að fella niður tolla en ekki styrki, þá hlýtur það að vera krafa Íslendinga að hafa möguleika til þess að stjórna útflutningi á óunnu hráefni með þeim hætti sem gert er í dag og jafnvel í enn frekari mæli. Þess vegna eru viðræðurnar milli EFTA og Efnahagsbandalagsins afar mikilvægar fyrir okkur Íslendinga í þessu tilliti. Ég er ósammála því sjónarmiði sem stundum kemur fram að þetta atriði skipti nánast engu máli í viðræðunum milli EFTA og Efnahagsbandalagsins. Þetta er svo mikilvægt atriði fyrir okkur Íslendinga að það hlýtur að styrkja mjög stöðu okkar að aðrar þjóðir hafa verið tilbúnar til að taka þessi mál upp með okkur. Jafnframt skiptir það máli í samskiptum okkar við þjóðir innan EFTA-ríkjanna, svo sem Norðmenn.

Í þessum umræðum hér á Alþingi hefur jafnframt verið talað mikið um tvíhliða viðræður. Nokkuð hefur verið á reiki hjá einstökum aðilum hér í umræðunni hvað átt sé við með tvíhliða viðræðum. Sumir hafa lagt áherslu á að með tvíhliða viðræðum væri fyrst og fremst verið að tala um viðræður við einstaka forustumenn Efnahagsbandalagsríkjanna en ekki við framkvæmdastjórnina í Brussel. Aðrir hafa lagt mikið upp úr því að farið yrði í svokallaðar formlegar tvíhliða viðræður og einnig hefur verið rætt um að nauðsynlegt sé að taka upp tvíhliða samningaviðræður.

Núverandi ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á tvíhliða viðræður við Efnahagsbandalagið og einstakar aðildarþjóðir þess að undanförnu og mun halda því áfram. Þessar tvíhliða viðræður hafa verið með þeim hætti að einstakir ráðherrar, einkum forsrh. og utanrrh., hafa rætt þessi mál við forustumenn þjóða Efnahagsbandalagsins og jafnframt hafa átt sér stað tvíhliða viðræður við Efnahagsbandalagið. Ég hef sem sjútvrh. átt viðræður við einstaka sjávarútvegsráðherra Efnahagsbandalagsþjóðanna og jafnframt við framkvæmdastjórnina í Brussel. Við væntum þess að fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar sem fer með sjávarútvegsmál muni koma hingað til lands á næstunni. Jafnframt hefur viðskrh. átt viðræður við Henning Christophersen um málefni okkar. Allar þessar viðræður hafa verið mikilvægar. Menn geta út af fyrir sig fundið ýmis nöfn á þessar viðræður. Það má kalla þær formlegar eða óformlegar eftir því hvaða skilning menn leggja í það hugtak. En að sjálfsögðu er ljóst að viðræður sem eiga sér stað

í opinberum heimsóknum milli þjóðanna, þ.e. í opinberum heimsóknum milli Efnahagsbandalagsins og Íslands eru formlegar í skilningi þess orðs. Jafnframt eiga sér stað ýmiss konar óformlegar viðræður þegar menn hittast á ýmsum stöðum og við ýmis tækifæri og nauðsynlegt er að mínu mati að halda slíkum viðræðum áfram eftir því sem nokkur kostur er. En það sem er að sjálfsögðu aðalatriði málsins og við þurfum að spyrja okkur þess: Eru menn tilbúnir að óska eftir formlegum tvíhliða samningaviðræðum milli Íslands og Efnahagsbandalagsins?

Ég tel að við séum ekki í stakk búnir, og ekki sé rétt að fara þess á leit við Efnahagsbandalagið við þær aðstæður sem nú ríkja að taka upp tvíhliða samningaviðræður milli Íslands og Efnahagsbandalagsins. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Sú fyrsta er að nú eiga sér stað viðræður milli EFTA-ríkjanna og Efnahagsbandalagsins sem munu væntanlega leiða til þess að samningaviðræður verða teknar upp. Við þurfum að sjálfsögðu að undirbúa okkur sem best fyrir þær samningaviðræður sem munu væntanlega fara fram á næsta ári og hugsanlega ljúka í lok næsta árs. Þá munu EFTA-þjóðirnar og Efnahagsbandalagsþjóðirnar þurfa að taka afstöðu til þess sem þar kemur fram.

Það er jafnframt ljóst að það sem hefur staðið í vegi fyrir samningum milli Íslands annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar er sjávarútvegsstefna bandalagsins. Ítarleg grein hefur verið gerð fyrir sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins, bæði í ræðum og riti og ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hana. Hins vegar er ljóst að Evrópubandalagið hefur uppi kröfur um aðild eða aðgang að fiskveiðiauðlind í stað aðgangs sjávarafurða að þeirra mörkuðum. Þetta er stefna sem Íslendingar eru allir sammála um að ekki komi til greina að fallast á og ég tel vera mikla möguleika til þess með samningum að fá sérstöðu Íslendinga viðurkennda að þessu leyti. Það er jafnframt ljóst í mínum huga að ef farið yrði út í samningaviðræður á þessu stigi þá er líklegt að sjávarútvegshagsmunir Evrópubandalagsins yrðu þar mjög uppi á borðinu hvort sem þær samningaviðræður yrðu undir forustu sjávarútvegsskrifstofu Efnahagsbandalagsins eða utanríkisskrifstofunnar. En í þeim viðræðum sem við höfum átt í gegnum tíðina við Evrópubandalagið hefur sjávarútvegsskrifstofan þar verið fyrst og fremst í forsvari, enda eru sjávarútvegsmál á hennar forræði, bæði að því er varðar nýtingu auðlinda og jafnframt, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, ákvarðanir að því er varðar tolla á sjávarafurðum. Þetta innra skipulag Evrópubandalagsins er mönnum hér kunnugt og ætti ekki að þurfa að fara fleiri orðum um það. Ég er þeirrar skoðunar að á einhverju stigi þessa máls muni koma til tvíhliða viðræðna milli Íslands og Evrópubandalagsins, þ.e. tvíhliða samningaviðræðna, en það sé of snemmt á þessu stigi að skilgreina það mál. Það verður bæði að koma betur í ljós hvað muni hugsanlega koma upp á borð í þeim viðræðum og jafnframt þarf að koma betur í ljós hver verður niðurstaða í viðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins að því er varðar fríverslun með fisk.

Í þessum umræðum hér hefur í allmiklum mæli komið fram að ágreiningur væri um þessi mál milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og hinna ýmsu hagsmunaaðila í sjávarútvegi hins vegar og nokkuð vitnað í þá skýrslu sem tekin var saman fyrir íslenskan sjávarútveg og Evrópubandalagið sem er að ýmsu leyti mjög fróðleg. Aðalatriði þeirrar skýrslu er það sem kemur fram í lokaorðum hennar sem ég vildi leyfa mér að vitna til, með leyfi hæstv. forseta, en þar stendur:

„Ljóst er að Íslendingar þurfa að leita eftir viðbótarsamningi við fríverslunarsamninginn við Evrópubandalagið ef tollar bandalagsins eiga ekki að hafa varanleg áhrif á lífsafkomu á Íslandi, atvinnu- og byggðaþróun. Neyta þarf allra ráða til þess að tryggja hagsmuni okkar, bæði í væntanlegum viðræðum við EFTA og Evrópubandalagið og í tvíhliða viðræðum Íslendinga og bandalagsins."

Þetta er í stuttu máli það sem verið er að gera og enginn ágreiningur þar um við hina ýmsu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það er hins vegar ljóst að þar eru mismunandi sjónarmið og mismunandi áherslur innan dyra eins og víða annars staðar. En í þeim viðræðum sem ég hef átt við þessa aðila, bæði allmarga saman og einstaka aðila þessa hóps og nú síðast við formann hópsins í gær, verð ég ekki var við að þar sé ágreiningur á ferðinni. Það má vera að mat á stöðunni sé eitthvað mismunandi en miðað við þá þróun sem nú á sér stað, eins og fram hefur komið í fréttum, að stefnt sé að því að viðræðum milli EFTA og Efnahagsbandalagsins verði jafnvel lokið á næsta ári, er orðið ljóst að sá tímarammi sem verið er að tala um er allmiklu styttri en menn höfðu gert sér í hugarlund hér fyrir nokkrum vikum eða mánuðum. Þá óttuðust ýmsir að þessar viðræður mundu taka mjög mörg ár og þar af leiðandi hefðu aðilar ekki efni á, eins og sagt var, að bíða með formlegar tvíhliða samningaviðræður milli Íslands og Efnahagsbandalagsins. Ég held að engum blöðum sé um það að fletta að við verðum að rækja þetta hvort tveggja, bæði viðræðurnar milli EFTA og Evrópubandalagsins og jafnframt hinar tvíhliða viðræður, en ég endurtek þá skoðun mína að ástæður eru ekki til þess á þessu stigi að óska eftir formlegum samningaviðræðum milli Efnahagsbandalagsins og Íslendinga. Haldið verður áfram með þær tvíhliða viðræður sem hafa átt sér stað og eru fyrirhugaðar á næstunni með ýmsum hætti. Má þar t.d. nefna að hæstv. viðskrh. mun fara til Brussel í janúarmánuði og við væntum þess að Manuel Marin muni koma til Íslands fljótlega á næsta ári.

Þá hefur jafnframt verið ákveðinn fundur danska og íslenska sjávarútvegsráðherrans í upphafi næsta árs. Við höfum boðið írska sjávarútvegsráðherranum í opinbera heimsókn til Íslands en hann mun fara með forustu í þessum málaflokki hjá Efnahagsbandalagsríkjunum á næsta ári, fyrri helming næsta árs. Allt eru þetta samskipti sem við verðum að rækta sem best og ég tel að mikill skilningur sé fyrir okkar sérstöðu hjá

mörgum þessara aðila. Hvort sá skilningur mun að lokum leiða til þess að um breytta afstöðu verði að ræða hjá framkvæmdastjórninni í Brussel skal ég ekki fullyrða á þessu stigi, en menn mega ekki gleyma því að framkvæmdastjórnin í Brussel fer með þessi mál með formlegum hætti jafnvel þótt það sé vitað að hinar einstöku aðildarþjóðir geti haft mikil áhrif á stefnuna sem rekin er af framkvæmdastjórninni í Brussel.

Virðulegi forseti. Ég hafði heitið því í upphafi þessara umræðna að stytta mjög mál mitt. Ég hefði haft mikla ástæðu til að gera ýmislegt af því sem hér hefur komið fram að umræðuefni. Ég trúi því að þær viðræður sem nú fara fram muni leiða til samningaviðræðna milli Efnahagsbandalagsríkjanna annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar. Ég trúi því að við Íslendingar munum geta náð þar samningum sem séu okkur hagstæðir. Og ég er sannfærður um að það sé rangt að sitja hjá í þessum viðræðum. Við eigum að taka þátt í þeim af fullum krafti, en það er einnig mjög líklegt, eins og ég hef áður komið að, að á einhverju stigi muni koma til tvíhliða samningaviðræðna milli okkar og Efnahagsbandalagsins. Það er of snemmt að fullyrða um það í dag hvenær þær verða eða þá nákvæmlega hvað muni verða uppi á borðinu í þeim samningaviðræðum, en þær tvíhliða viðræður sem þurfa að fara fram á næstunni þurfa að leiða það betur í ljós hvað þar muni verða fyrst og fremst til umræðu. Við eigum ekki að fallast á að krafan um beinan aðgang að okkar fiskveiðilögsögu í stað aðgangs að mörkuðum Efnahagsbandalagsins verði til umræðu í slíkum samningaviðræðum. Við þurfum að tryggja áður en til þeirra kemur að það sé alveg ljóst að slík krafa verði ekki sett fram af hálfu Efnahagsbandalagsins þegar til samningaviðræðna kemur.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það má kannski segja að tímamót séu í samskiptamálum Vestur-Evrópu á þessum degi og þar með samskiptum okkar við Evrópuríki. Einmitt núna á þessari stundu er utanrrh. okkar að ganga frá samkomulagi um framhald viðræðna EB og EFTA eins og allir vita. Því má segja að þessi umræða sé nokkuð seint á ferðinni, þó hún sé kannski ekki lokaumræða um skýrslu ráðherrans. Sú umræða getur auðvitað haldið áfram seinna og ekki síður þó að ráðherrann sé nú kominn til landsins. Það er jafnvel frekar ástæða til að halda henni þá áfram. Miðað var við að henni yrði lokið áður en þessi dagur rynni upp, en svo er nú ekki.

Ég vil byrja á því að taka fram að stefna míns flokks, Sjálfstfl., er alveg skýr í þessum málum. Við styðjum að samkomulag sé gert um áframhald viðræðna við EFTA og EB, buðumst raunar til að standa að formlegri samþykkt um það efni sem ekki hefur verið þegið og er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Þegar að samningum kemur, og ég tala nú ekki um þegar að lyktum þeirra kemur, þá verður það mál auðvitað borið undir Alþingi þannig að þó þessu góða boði okkar hafi verið hafnað erum við ekki að erfa það.

Að hinu leytinu teljum við alveg ljóst að taka beri upp viðræður til að undirbúa beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið í samráði við utanrmn. um viðauka við bókun 6 frá 1972 eða um viðskiptamálefni Íslands og Evrópubandalagsins. Eins og nú háttar er það sem verið er að vinna að sameiginlega með öðrum EFTA-ríkjum einmitt enn þá brýnna en nokkurn tímann áður. Þó það sé góðra gjalda vert þá tekur það sinn tíma en hægt er að hraða hinu mikla nauðsynjamáli, að fá breytingar eða óska eftir breytingum á viðskiptasamkomulagi okkar við Evrópubandalagið sem er bandalaginu mjög hagstætt núna. Við flytjum inn svo til allar þeirra iðnaðarvörur tollfrjálsar en þeir tollleggja mikið okkar útflutningsvörur.

Það kom mjög flatt upp á mig að hæstv. sjútvrh. skyldi hér í ræðu sinni enn túlka sjónarmið sem ég tel fráleit og ekki styðjast við nokkra stoð. Það kom líka flatt upp á mig að hann segir að nú, nánast í gær eða dag, hafi hann rætt við samstarfshóp atvinnurekenda í sjávarútvegi — var það ekki það sem ráðherrann átti við? — og þeir væru sér nokkurn veginn sammála um að ekkert hastaði að taka upp samningaviðræður um þann gífurlega óhag sem við höfum, ég nota það orð, óhag, í tvíhliða viðskiptum við Evrópubandalagið. Það tollleggur okkar vörur en við seljum þeirra vörur án tolla. Þetta veit ég að ráðamenn í Evrópubandalaginu munu vilja skoða og þess vegna er mjög brýnt að Alþingi afgreiði till. til þál. sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Ragnhildi Helgadóttur á þskj. 233. Sú tillaga er einföld í sniðum. Hún fæddist raunar í löngum umræðum á utanríkismálanefndarfundum sem stóðu fram á nótt þar sem ég vissi ekki betur en menn ætluðu að reyna að slíðra sverð og byrja að tala af einhverju viti um þessi mál en ekki með einhverjum fullyrðingum og kúrsum þannig að allsherjarsamkomulag hefði getað tekist um málið. Því miður fór svo að það sprakk nú degi síðar hver sem hefur orðið valdur að því og skal ég engan dóm á það leggja.

En ég er sem sagt með tillögu í þessa átt sem hér er flutt. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. og utanrrh. að undirbúa nú þegar í samráði við utanrmn. beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972."

Auðvitað er það ekkert kappsmál flm. að tillagan sé samþykkt nákvæmlega orðrétt eins og hér stendur. Henni má auðvitað breyta, en aðalatriðið er að hún verði afgreidd nú og ég er forseta mjög þakklátur fyrir að verða við þeim tilmælum mínum sem ég setti fram í umræðum um þingsköp á liðinni nóttu um að þessi tillaga yrði nú á dagskrá samhliða skýrslunni sem við erum að ræða og að hún fengi afgreiðslu a.m.k. með þeim hætti að hún yrði send til hv. utanrmn. þar sem hún yrði rædd. Ef þinghlé verður með eðlilegum hætti er einmitt upplagt að nota tímann til að utanrmn. starfi. Þá verður hæstv. utanrrh. kominn og búið að leysa hann undan þeim miklu skyldum sem hann hefur gætt, ekki bara fyrir Íslendinga heldur fyrir EFTA-löndin í heild sl. hálft ár, en sá tími rennur einmitt út um áramót. Hann mun þá hafa miklu meiri tíma til

þess að vera hér með okkur og ræða þessi sérstöku hagsmunamál okkar.

Ástæða þess að ég held að þetta muni geta tekist er sú að einmitt í bókun ríkisstjórnarinnar frá 29. nóv. er talað um tvíhliða viðræður. Menn eru farnir að tala um það í öðru orðinu að sjálfsagt sé að vera með tvíhliða viðræður en í hinu að það eigi alls ekki að gera það. Ég skil satt að segja ekki röksemdafærsluna sem að baki þessu liggur. En svo að ég ljúki nú við að yfirfara það sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að við værum ekki í stakk búnir til að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið, ekki í stakk búnir til þess. Og ástæðurnar eru fjórar: Viðræður milli EB og EFTA. Þær halda auðvitað áfram alveg burtséð frá því hvort við ræðum við Evrópubandalagið. Við höfum fullan rétt til þess. Þeir hafa meira að segja æ ofan í æ óskað eftir díalóg við okkur. Það hefur verið gert núna árum saman og það hafa verið æðstu menn sem það hafa gert. Það hefur t.d. verið de Clercq. Sjútvrh. talaði um að við hefðum einhvern tímann verið að ræða við einhverjar sjávarútvegsnefndir Evrópubandalagsins. Allt frá 1976, þegar talað var um bókun 6, er það Gaston Thorn, forseti ráðherraráðs EB, sem við okkur ræddi. Og að Evrópubandalagið krefjist veiðiheimilda fyrir viðskiptasamninga, það stendur hvergi stafur um það og hefur aldrei gert í okkar viðræðum fyrr nema þá núna upp á síðkastið, síðustu missiri. Því hefur alltaf verið neitað, aldrei komið til greina. Það eru ekki tvíhliða viðræður þó að einhverjir menn hittist, einstaklingar, þó þeir séu með ráðherraembætti. Það eru tvíhliða og beinar viðræður við bandalagið sjálft sem stofnun sem farið er fram á og sjálfsagt er að uppfylla. Ekki er hægt að benda á eitt einasta dæmi neins staðar um að það sé stefna Evrópubandalagsins að alltaf þegar samið er um viðskipti skuli veiðiréttindi koma í staðinn. Hvernig getur mönnum dottið þessi endaleysa í hug? Um hvað er verið að semja við Svisslendinga, Austurríkismenn, Ungverja og alla mögulega? Ætla þeir að fá fiskveiðiréttindi fyrir tollaréttindin? Þetta dæmi gengur bara ekki upp. Menn verða að hætta að hugsa svona. Við fáum náttúrlega enga samninga við menn sem við ætlum ekkert að semja við ef við erum að bjóða þeim veiðiréttindi, sem aldrei verða föl.

Síðan var annar liðurinn: Jafnframt er það ljóst að það sem staðið hefur í vegi er sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins, sem hefur uppi kröfur um fiskveiðiréttindi í staðinn fyrir aðgang að mörkuðum. Hvar eru þessar kröfur nema í hugarheimi ráðherranna? Ég hef ekki séð eða heyrt neinn setja fram kröfur um fiskveiðiréttindi á Íslandsmiðum. Það er bara í þessum sal sem verið er að tala um þessa endaleysu.

Það þriðja var: Líklegt er að sjávarútvegshagsmunir verði mjög uppi ef við förum að ræða viðskiptamál og tollamál við Evrópubandalagið. Ég óskaði eftir greinargerð, að utanrrn. útvegaði greinargerð um gang mála í kerfi Evrópubandalagsins. Þá greinargerð fékk raunar sjútvrh. líka. Það er flókinn gangur mála þar, það er alveg rétt. Ég er auðvitað búinn að afhenda þetta öllum í Evrópubandalagsnefnd sem nú starfar að þessum málum. Líklega er rétt að lesa þessa skýrslu sendiráðsins upp hér, með leyfi forseta, þannig að menn sjái að það er ekki sjávarútvegsráðuneyti sem ræður öllum málum þarna, tollamálum og viðskiptamálum, aldeilis ekki. En skýrslan hljóðar þannig:

„Allar aðgerðir, ákvarðanir og tilkynningar framkvæmdastjórnar EB eru gerðar í nafni hennar allrar og ber hún sameiginlega ábyrgð á þeim. Því eru allar ákvarðanir bornar undir allar aðalskrifstofurnar 23. Þetta á ekki síst við þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögur til ráðsins um samningsumboð sér til handa við þriðja ríki [sem við erum að fara fram á hér]. Drög að slíkum tillögum eru þá send öllum skrifstofum til umsagnar og vega þá umsagnir þeirrar skrifstofu þyngst sem málið er skyldast. Til þess að unnt væri að ganga frá umboði til samninga við Ísland sem hefðu það að markmiði að rýmka innflutning íslenskra sjávarafurða fyrir EB, yrði sjávarútvegsskrifstofan að samþykkja það."

Það má kannski teygja þetta orðalag. Við erum hins vegar ekki að fara fram á rýmkaðan innflutning, við höfum frjálsan innflutning þangað. Við erum að fara fram á tollamál, lækkun tolla og almennan viðskiptasamning. Að sjálfsögðu er verkaskipting meðal skrifstofanna og hefur hver sín sérsvið sem hún ber aðalábyrgð á. T.d. má nefna að DG, þ.e. stjórnardeild, vil ég nú kalla þetta, stjórnardeild 1 sér um samskipti við þriðja ríki og viðskiptastefnu Evrópubandalagsins. Stjórnardeild 14 sér um sjávarútvegsmál og stjórnardeild 21 sér um tollamál og óbeina skatta. Hin síðastnefnda ber þó aðeins ábyrgð á rekstri tollabandalagsins en tekur ekki efnislega afstöðu til þess hvort hækka eigi eða lækka tolla, setja tollakvóta eða afnema þá.

Ég ætla nú aðeins að stytta mál mitt og lesa niðurlagið en skýrslan er aðgengileg hverjum sem vill hafa hana. Niðurlagið er svona:

„Ef hins vegar er um að ræða meiri háttar viðskiptasamninga þar sem gæta verður jafnréttis milli margra ólíkra þátta tekur utanríkismálaskrifstofan yfir oddahlutverkið og gengur frá samningnum en að sjálfsögðu í samráði við viðkomandi faglegar skrifstofur."

Þetta er nú mergurinn málsins. Og af því að hv. þm. Matthías Bjarnason situr hér á móti mér, þá minnist hann þess vel hvernig farið var með þessi mál þegar hann var ráðherra. Það var auðvitað aldrei leið máls á nokkrum fiskveiðiréttindum. Það stendur bókað bæði í bak og fyrir í öllum skjölum utanrrn.

Það fjórða sem hæstv. ráðherra nefndi var að sjávarútvegsskrifstofan væri í gegnum tíðina fyrst og fremst í forsvari, t.d. 1972–1976. Hún kom hvergi nærri. Það voru æðstu menn bandalagsins sem voru þá líka raunar að leysa deilu á milli aðildarríkis að Evrópubandalaginu, Bretlands, og Íslendinga. Menn þekkja allir hér inni sögu bókunar 6. Þar voru æðstu menn Evrópubandalagsins að verki en engin sjávarútvegsskrifstofa. Jafnframt yrði rætt um tolla, segir

hæstv. ráðherra. Tollar heyra alls ekki undir sjávarútvegsskrifstofuna. Þeir heyra undir, eins og ég var að lesa upp, deild 23 eða 22, ég man nú ekki hvor það var, það skiptir ekki máli.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Þessi ummæli hæstv. sjútvrh. hafa vissulega valdið mér gífurlegum vonbrigðum. Ég hélt fyrir nokkru þegar við ræddum saman um þessi mál að sættir mættu takast um að vera ekki að deila um þetta, svona sjálfsagðan hlut, og ég vonaði að það mundi niður falla og af minni hálfu gerir það það. Mér finnst ekki sæmandi að vera að rífast um þetta lengur, þetta liggur allt fyrir. Við getum hvenær sem er orðið við óskum Evrópubandalagsins um díalóginn sem þeir hafa verið að tala um, m.a. de Clercq hér í Reykjavík 1986, margsinnis í mín eyru af því það vildi svo til að ég hafði nokkurra klukkutíma tækifæri til að ræða við þann mann. Við eigum ekki að vera að vekja upp þennan draug og aldrei að orða það héðan í frá að til greina geti komið að Evrópubandalagið fiski svo mikið sem einn einasta ugga við Ísland. Þegar sú yfirlýsing liggur fyrir mun enginn innan bandalagsins nokkru sinni orða það, ef þeir hafa þá haft frumkvæðið að því að vekja þetta upp. Ég kemst ekki hjá því að fá að lesa hérna upp örfáar línur eftir Jakob Jakobsson. Hann fjallar um fiskveiðiréttindi, að sjálfsögðu, um fiskveiðar. Hann segir hér fyrir viku síðan, með leyfi forseta:

„Nú er gegndarlaus ofveiði stunduð í Norðursjó og ber Evrópubandalagið alla ábyrgð á henni. Reynsla okkar af stjórn þeirra á fiskveiðum er skelfileg. Við erum hreinustu englar samanborið við þá. Ef Evrópubandalagið verður látið hafa forsjá með fiskveiðum við Íslandsstrendur, þá hika ég ekki við að segja að fiskimiðin okkar verða einskis virði innan fárra ára." Það er gegndarlaus ofveiði í landhelgi Evrópubandalagsríkjanna. Og hvað er þar við lýði? Það er hin sameiginlega fiskveiðistefna Efnahagsbandalagsins sem allir eru að tala um. Hún er á milli bandalagsríkjanna sjálfra, ekki út á við, það ættu menn að fara að skilja. Þessi sameiginlega fiskveiðistefna er að eyðileggja alla stofna undan ströndum Vestur-Evrópu. Það er þess vegna sem við eigum ekki undir neinum kringumstæðum að óbreyttum aðstæðum að ýja að því að við ætlum að ganga í bandalagið. Við fengjum kannski einhver sérréttindi til fiskveiða fyrst eftir að við værum orðnir aðilar að bandalaginu en það mundi fljótt hverfa. Þá yrði hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins sem rakin er allt aftur til Rómarsáttmálans sem var samþykktur 1957 virk. Það er enn þá verið að vitna í hann um sameiginlega fiskveiðistefnu sem á að ná hér norður til Íslands þó að við höfum aldrei sótt um neina aðild að þessu sameiginlega bandalagi. Það er um þetta sem málið snýst og ég hélt að ég þyrfti ekki að orða það hér nú.

En margir eru á mælendaskrá og margir eiga rétt á því að komast að. Þessi umræða hefur dregist um of á langinn og þess vegna ætla ég ekki að lengja mjög mál mitt. Ég vil aðeins vekja athygli á að það eru viss orð eða nöfn á umræðum o.s.frv., nýyrði nánast, sem menn verða að átta sig á. Menn eru stundum að blanda því saman hvað felist í þeim viðræðum sem fram fara á hverri stundu. Utanrrn. hefur sent til mín og okkar í EB-nefndinni skýringar sem væri gott að menn hafi allir á takteinum. Það er í fyrsta lagi að viðræður sem staðið hafa yfir voru könnunarviðræður en á ensku hafa þær verið nefndar „informal talks" eða „fact finding talks". Annað er að viðræður sem fyrirhugaðar eru í byrjun árs 1990 verða undirbúningsviðræður vegna væntanlegra samninga. Á ensku eru þær nefndar „exploratory talks", og þriðja: Viðræður sem fylgja í kjölfar undirbúningsviðræðnanna verða formlegar samningaviðræður, þýðing á ensku orðunum „formal negotiations". Ég held að nauðsynlegt sé að við hugleiðum öll að fara þarna rétt með.

Enn þá er eftir það sem hér er kallað undirbúningsviðræður og það er það sem verið er að ákveða í dag að við tökum þátt í. Við erum ekki að skuldbinda okkur til eins eða neins með því að taka þátt í þeim viðræðum og kannski heldur ekki formlegum samningaviðræðum. Við erum ekki skuldbundnir fyrr en við höfum skrifað undir og Alþingi staðfest það samkomulag ef það í einhverju skerðir íslenska lögsögu, snertir íslenska löggjöf eða það á einhvern hátt gæti rýrt íslensk landsréttindi. Það bíður allt síns tíma. Þess vegna er engin áhætta í því fólgin að halda þessum viðræðum áfram, en auðvitað verður bæði þing og þjóð að fá að fylgjast með þeim og við erum svo heppin að hafa nú einmitt utanrmn. þar sem alger þagmælska ríkir og svo EB-nefndina þar við hliðina sem auðvitað er undir sömu sökina seld að upplýstra ekki því sem dult á að fara. Þarna eigum við auðvitað að vinna saman að því að fylgjast með hverju spori sem stigið verður. Eins og ég sagði áðan mun hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu hafa miklu meiri tíma til að starfa að þessum málum með okkur hér þegar hann er laus undan þungum skyldustörfum sem hafa á honum hvílt.

Eins og komið hefur fram í ræðum margra manna eru umbyltingarnar í Evrópu svo örar að menn fygjast þar varla með. Þess vegna er alveg fráleitt að vera að tala um einhverja stefnu eða ákvarðanir sem teknar hafa verið um að miða við árið 1992 eða 1993 eða eitthvað slíkt, að ekkert geti gerst fyrr, vitna jafnvel aftur í Rómarsáttmálann 1957, að allt sé óbreytt síðan þá. Breytingarnar eru svo örar að við megum hafa okkur öll við að fylgjast með því sem er að gerast. Nú síðast er það að á þessari stundu er hvorki meira né minna en utanríkisráðherra Sovétríkjanna, Shevardnadze, í heimsókn hjá Atlantshafsbandalaginu, aðalstöðvum þess í Brussel, þessari frægu Brussel sem allt snýst um nú um þessar mundir. Við skulum þess vegna ekki bíta okkur í eitthvað sem var rétt í gær eða fyrradag eða hittiðfyrradag. Við skulum líta á staðreyndirnar eins og þær eru. Það er allt galopið í Evrópu í dag, allt saman. Allar viðræður er hægt að taka upp hvaða nafni sem þær nefnast. Þó að allt sem sagt hefur verið um erfiðleika við að taka upp tvíhliða, beinar, formlegar viðræður við EB

kynni að hafa verið satt fyrir tveim, þrem eða fjórum árum, þá er það allt saman fokið út í veður og vind. Það er talað um hvað sem er, hvar sem er. Við eigum að taka þátt í þeim viðræðum, auðvitað formlegum, benda á það algera réttlætismál að við sitjum við sama borð í tollamálum og viðskiptamálum og Evrópubandalagið nýtur gagnvart okkur. Að það ríki jafnrétti. Það er einmitt það sem þeir eru alltaf að segja, eitthvað í staðinn fyrir eitthvað. Þegar við erum búnir að opna okkar markað fyrir þeirra vörur, þá eru þeir skyldugir eftir sínum eigin kenningum að opna sinn markað fyrir okkar vörur. Ef það er tollfrelsi á þeirra vörum hér á eftir kennisetningunni að vera tollfrelsi á okkar vörum hjá þeim. Það er gagnkvæmnin. Og ef mennirnir geta ekki skilið þetta þá skilja þeir ekki neitt.

En ég segi aftur, reynum nú að setja þessar deilur niður og sameinumst um að vinna þetta mál og komast að niðurstöðu. Það hafa oft verið heitar deilur á Alþingi Íslendinga um utanríkismál og miklu heitari en við höfum kynnst hér. Hér held ég að sé meira og minna um misskilning að ræða. En í svo til öllum tilfellum hefur Alþingi borið gæfu til þess, t.d. í landhelgismálunum og í öllum hafréttarmálunum sem við höfum verið að vinna stórsigra í á síðustu 12 árum, Jan Mayen-málin bæði og fiskveiðiréttindin og landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg, Rockall-svæðið o.s.frv., allt saman samþykkt einróma á Alþingi og enginn þurfti að rífast um það. Við förum heldur ekkert að rífast um fiskveiðiréttindin, þau látum við aldrei af hendi. Það er alveg á hreinu og þýðir ekkert um það að tala.

Hitt er annað mál að einmitt vegna þessa mikla hraða sem er á má kannski segja að við séum ekki, svo ég víki aftur að orðum hæstv. sjútvrh., eins vel í stakk búin eins og þyrfti að vera, við þyrftum kannski að hafa hér fleiri embættismenn og meira starf. En ég held nú samt að okkar embættismenn standi fullkomlega jafnfætis embættismönnum stóru þjóðanna. M.a. vegna þess að þeir hafa afmörkuð starfssvið og þeir vita hvað þeir vilja og þeir vita hvað þeirra þjóð vill og þeirra stjórnendur og þurfa að vita það. En vandasamt verk er fram undan fyrir okkur hér á þinginu og við eigum að einbeita okkur að þessum málum. Að vísu eru tollarnir sem teknir eru í Evrópubandalaginu kannski ekki nema einn milljarður, gætu orðið tveir á þessu næsta ári. Það er líka peningur þegar rifist er um hverja krónu. En það er auðvitað metnaðarmál okkar að láta ekki fara svona með okkur, að við leggjum niður alla þeirra tolla en þorum ekki einu sinni að spyrja þá: Getið þið nú ekki leyft okkur að tala um það við ykkur í fullri alvöru hvort þetta sé réttlæti? Má ekki spyrja mennina að því, æðstu mennina að sjálfsögðu, bandalagið sjálft? Ekki einhverja gesti eða gestgjafa. Það er góðra gjalda vert að gera það líka. En það eru formlegar viðræður að sjálfsögðu við bandalagið, Evrópubandalagið, ekki einstakar bandalagsþjóðir, formlegar viðræður við viðsemjendur okkar, sem er Evrópubandalagið allt frá 1972, frá bókun 6. Þá er það Evrópubandalagið og menn vita væntanlega hvað það er. Það er stofnun sem hefur aðalaðsetur í Brussel og 20 þúsund starfsmenn, þar af eitthvað 50 manns í þessu sjávarútvegsráðuneyti sem fer með 0,14% af heildarveltu bandalagsþjóðanna og hefur áhrif eftir því. Það þýðir lítið að tala við það fólk. Það á að tala við þá menn sem ráða í þessu bandalagi.

Ég hef lofað bæði ráðherra og einum hv. þm. að skilja eftir tíma þannig að fleiri en einn eða tveir eða þrír kæmust að og ætla þess vegna að ljúka máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en viðskrh. tekur til máls vill forseti upplýsa að klukkan tvö verður þessum fundi slitið og umræðunni frestað. Síðan verður gefinn einn klukkutími fyrir þingflokksfundi að beiðni þingflokks framsóknarmanna og nýr fundur settur klukkan þrjú. Þá verða fjáraukalög tekin fyrir en að loknum deildafundum verður fundur settur í Sþ. og þá fram haldið umræðu um viðræður EFTA við Efnahagsbandalagið. Þannig er áætlun dagsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þetta mun vera í sjöunda sinn sem skýrslan um könnunarviðræður EFTA og Evrópubandalagsins kemur til umræðu. Umræðan hófst sem kunnugt er 23. nóv. og var svo fram haldið 24., 27. og 29. þess mánaðar og svo 4. og 7. og nú loks 19. des. Átján þingmenn hafa hér flutt 25 ræður um málið. Auk þess hefur 33 sinnum verið rætt um þingsköp vegna umræðunnar eða í tengslum við hana. Ræðutíminn um málið sjálft áður en þessi fundur hófst var orðinn 14 klst. og 17 mín. og þar af höfðu þingmenn stjórnarandstöðunnar talað í u.þ.b. 9 klst. og 20 mín. Það má áætla að þingskapaumræðan hafi verið um ein og hálf til tvær stundir og þar af hefur stjórnarandstaðan líklega talað í eina til eina og hálfa stund. Á þessum fundi hefur þegar bæst við ræðutímann um ein og hálf stund. Það verður því ekki annað sagt en að þessi skýrsla hafi þegar hlotið óvenjulega ítarlega umfjöllun og reyndar hefur margt gagnlegt komið fram við þessa umræðu. Ég tek fram að hér eru enn margir á mælendaskrá og þess að vænta að enn komi nýjar upplýsingar og sjónarmið fram.

Ég kveð mér hér einkum hljóðs til þess að skýra frá þeim fundum sem utanrrh. hefur tekið þátt í fyrir Íslands hönd og fyrir hönd Fríverslunarsamtaka Evrópu á þeim tíma sem liðinn er frá því að umræðan fór hér síðast fram. Ég minni á að forsrh. kynnti í þessum umræðum, 29. nóv. sl., bókun sem gerð hafði verið í ríkisstjórninni þess efnis að utanrrh. mundi áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með töldum þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett. Utanrrh. stjórnaði ráðherrafundi Fríverslunarsamtaka Evrópu í Genf 11. og 12. þ.m. Þingmenn hafa fengið yfirlýsingu þess fundar í heild í hendur en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherrarnir gerðu ráð fyrir því að sameiginlegur ráðherrafundur EFTA og Evrópubandalagsins í Brussel 19. des. [þ.e. í dag] mundi lýsa yfir skýrum pólitískum vilja um að hefja samningaviðræður um víðtækan samning um evrópskt efnahagssvæði snemma árs 1990. Fram að þeim tíma yrðu haldnar undirbúningsviðræður. Stefnt skyldi að því að meginlínur samningsins skýrðust um mitt ár 1990 og samningaviðræðum lyki fyrir árslok. Ráðherrar lýstu því yfir sem markmiði sínu að samningur um evrópska efnahagssvæðið mundi ganga í gildi samhliða innri markaði Evrópubandalagsins. Þeir gerðu ráð fyrir því að samningaviðræður mundu leiða til kerfisbundnara samstarfs með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnarstofnunum til þess að sjá fyrir sameiginlegri mótun og gerð reglna um evrópska efnahagssvæðið í framtíðinni. Þeir lýstu því yfir að samningurinn gæti þá og því aðeins orðið pólitískt viðunandi og lagalega skilvirkur að komið væri á fót raunverulegu sameiginlegu kerfi við töku ákvarðana, bæði varðandi efni og form. Fyrirhugað umfang samningsins mundi réttlæta slíkt kerfi. Þeir gerðu ráð fyrir því að samningur mundi gera kleift að ná fyllsta mögulega árangri varðandi óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi innan evrópska efnahagssvæðisins sem heildar. Jafnhliða yrði samstarf aukið um jaðarverkefni svonefnd, t.d. menntamál, umhverfismál, rannsóknir og þróun og hina félagslegu vídd samstarfsins.

Í þessu sambandi samþykktu ráðherrar að viðeigandi reglur Evrópubandalagsins sem þegar hefðu verið mótaðar og sem skilgreina skal í samvinnu við Evrópubandalagið skuli felldar inn í samning á einn eða annan hátt. Hann yrði síðan sameiginlegur lagagrundvöllur. Tillit yrði tekið til undantekninga sem réttlættar væru með hliðsjón af grundvallarhagsmunum og gert yrði ráð fyrir sérstakri tilhögun á aðlögunartíma. Ráðherrar minntu einnig á að báðir aðilar hefðu bent á að til væru svið þar sem EFTA-ríkin hefðu ítarlegri reglur en Evrópubandalagið. Afleiðingar þess yrði að fjalla um í síðari samningaviðræðum. Varðandi þetta lögðu EFTA-ráðherrarnir áherslu á að í framtíðarsamstarfi á sviði heilbrigðismála, vöruöryggis, neytendamála eða umhverfismála yrði að leggja strangari kröfur til grundvallar en gert hefði verið innan Evrópubandalagsins.

Varðandi lagaleg viðfangsefni gerðu ráðherrar ráð fyrir að komið yrði á fót sjálfstæðu, skilvirku og áreiðanlegu kerfi til eftirlits með framkvæmd reglna um evrópska efnahagssvæðið sem og sameiginlegum úrskurðaraðila til að setja niður deilumál og tryggja samræmda túlkun þessara reglna."

Hér lýkur, virðulegi forseti, tilvitnun minni í samþykkt eða ályktun fundar EFTA-ráherranna 11. og 12. des. en sá fundur var, eins og kunnugt er, haldinn til að undirbúa sameiginlegan ráðherrafund EFTA og Evrópubandalagsins sem hófst í morgun. Þeim fundi er nú í þann veginn að ljúka og má telja næsta víst að samkomulag hafi þar tekist um að hefja undirbúningsviðræðurnar sem leiði til eiginlegra samningaviðræðna. Þess er að vænta að ræða utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar fyrir hönd Íslands og EFTA á þessum fundi og ályktun fundarins berist á næstu klukkustundum og verður þá að sjálfsögðu þegar send utanrmn. og þingmönnum í Evrópustefnunefnd þingsins.

EFTA- og Evrópubandalagsráðherrarnir munu væntanlega lýsa því yfir að þeir stefni að samstarfsfyrirkomulagi sem m.a. tryggi sér í lagi að fullnægja efnislega eftirfarandi markmiðum:

1. Að koma á óhindruðum vöruviðskiptum, þjónustuviðskiptum, fjármagnsviðskiptum og atvinnu- og búseturéttindum, samkvæmt reglum sem aðilar mundu skilgreina sameiginlega á grundvelli viðeigandi og þegar mótaðra reglna Evrópubandalagsins. Undanþágur sem réttlættar eru með hliðsjón af grundvallarhagsmunum einstakra þjóða, svo og tilhögun á aðlögunartíma, gætu orðið samningsatriði. Tryggja bæri jöfn samkeppnisskilyrði.

2. Að efla og breikka samstarf á öðrum sviðum sem falla að samstarfsvettvangi Evrópubandalagsins, svo sem rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntamál, vinnuskilyrði og félagsmál, neytendamál, aðgerðir til stuðnings smáum og miðlungsstórum fyrirtækjum og ferðamál.

3. Að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan þessara ríkjabandalaga.

Þá telja þeir, þ.e. ráðherrarnir, að í samskiptarammanum sem svo er nefndur ætti m.a. að tryggja aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana. Þetta er mikilvæg yfirlýsing.

Í samræmi við þessa grundvallarreglu ættu samningaviðræðurnar að leiða til þess að séð verði fyrir, og hér tel ég upp nokkur atriði:

Í fyrsta lagi aðferðum sem tryggja á skilvirkan hátt að sjónarmið beggja aðila séu tekin til greina til þess að auðvelda samhljóða niðurstöður við ákvarðanir sem varða evrópska efnahagssvæðið.

Í öðru lagi viðeigandi samstarfsform sem tryggðu bein réttaráhrif sameiginlegrar löggjafar, umsjón með framkvæmd hennar sem og réttarlegt eftirlit. Með samningaviðræðum milli Evrópubandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna sem eins viðræðuaðila hins vegar mun að því stefnt að ná fram alhliða samningum sem næðu til efnisatriða og lagalegra og stofnanalegra hliða sem ég hef hér getið um.

Ráðherrarnir munu væntanlega enn fremur benda á að pólitískar viðræður komi til greina m.a. beinlínis milli allra hlutaðeigandi ráðherra aðildarríkjanna.

Það sem ég hef hér farið með er útdráttur úr því sem ég lít á sem meginefni þeirrar yfirlýsingar sem vænta má að okkur berist senn. Ég tek fram að hún er ekki endanleg en ég taldi rétt og eðlilegt, reyndar nauðsynlegt, að skýra þinginu frá því sem er í vændum.

Þegar hefur komið fram af ríkisstjórnarinnar hálfu að í viðræðunum sem fram undan eru verði fylgt eftir sameiginlegri kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir innan hins væntanlega evrópska efnahagssvæðis.

Þá vil ég líka við þetta tækifæri taka skýrt fram að um leið verður lögð aukin áhersla á tvíhliða viðræður Íslendinga við Evrópubandalagið og aðildarríki þess sem hafa að markmiði að tryggja tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og að tryggja stöðu íslensks sjávarútvegs að öðru leyti. En sjútvrh. fjallaði einmitt nokkuð um þetta mál í ræðu sinni hér áðan.

Þá hefur því verið ítrekað lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að náið samráð verði haft við utanrmn. Alþingis á öllum stigum þessa máls og þeirra viðræðna sem nú fara í hönd.

Virðulegi forseti. Fram undan eru einhverjar mikilvægustu viðræður og ákvarðanir um samskipti Íslands við umheiminn sem á dagskrá hafa verið á lýðveldistímanum. Það er mikilvægt að sem víðtækust samstaða geti tekist um stefnuna í Evrópumálinu. Þetta mál á án alls efa eftir að koma á dagskrá þingsins síðar í vetur. Þessi umræða hefur þegar skilað mikilvægum árangri.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held ég verði að fara fram á að einhver ráðherra Alþb. sé viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Forseti skal fara fram á það við þingverði að ráðherrum Alþb. verði gert að koma til þingsalar.)

Hæstv. forseti. Fulltrúi Kvennalistans í Evrópustefnunefnd, hv. þingkona Kristín Einarsdóttir, hefur þegar lýst afstöðu okkar kvennalistakvenna til þeirra viðræðna sem hér hafa verið á dagskrá. Mig langar samt að segja hér nokkur orð og þá til að leiða hugann að öðru samhengi en flestir hafa rætt hér. Reyndin er sú að umræður um Evrópubandalagið, viðræður milli þess og EFTA, svo og umræður um afstöðu Íslendinga gagnvart þessu stóra bandalagi, eru komnar mjög stutt á veg þrátt fyrir þann tíma sem hér var tilgreindur að talað hefði verið í þingsölum — og sakna ég nú hæstv. staðgengils utanrrh. í salnum — bæði meðal þingmanna og þjóðarinnar allrar, eins og reyndar kom fram í nýlegri skoðanakönnun um þetta mál. Við getum efalaust mörg litið í eigin barm og fundið til vanþekkingar á veigamiklum málsatriðum í þessu máli. Jafnvel þó við höfum reynt að kynna okkur það af alúð. Samt er málið afar mikilvægt og varðar í raun sjálfstæði Íslands og afkomu í framtíðinni ef vel er að gáð.

Svo virðist sem jafnaðarmenn á Norðurlöndum séu öðrum fremur hugfangnir af þátttöku og aðild að Evrópubandalaginu. Er það ekki síst á grundvelli alþjóðahyggju þeirra og virðast þeir bera furðu litla tortryggni gagnvart slíkri aðild eða líta hana ekki mjög gagnrýnum augum, jafnvel fulltrúar fámennra þjóða. Undrast ég það, einkum þegar litið er til meginátherslna bandalagsins á frelsi fjármagns, vöru, vinnuafls og þjónustu, umfram skilgreiningar á frelsi, jöfnuði og rétti fólksins sem býr í þessum löndum. Nú eru vissulega ýmsir Norðurlandabúar sem vilja fyrst og fremst líta á sig sem Evrópubúa, sem þeir vissulega og eru. Þeir segjast finna til ríkari menningarlegrar samkenndar með þjóðum Evrópu en með þjóðum annarra heimsálfa og vilja einnig meiri og greiðari samskipti þjóðanna. Sumir eygja jafnvel von um meiri líkur á friði til frambúðar þegar samskipti aukast því með þeim hljóti einnig að fylgja ríkari skilningur, færri fordómar, frjóari jarðvegur fyrir friðsamlega sambúð. Þessar væntingar eflast svo þegar Vestur-Evrópubúar horfa á það og trúa vart sínum eigin augum hvernig Austur-Evrópa opnast dag frá degi, múrar hrynja og lengi bæld frelsisþrá þjóða ryður burt hindrunum. Staðnaðir gæslumenn úrelts kerfis víkja, bráðna næstum eins og snjókarlar í vorsól og renna burt í leysingunum. Þessar hindranir og þessi frelsisskerðing sem var ákveðin og fyrirskipuð af mönnum bjó einnig í huga okkar hinna sem löngu þekkt staðreynd og birtist á táknrænan hátt í þeim Berlínarmúr sem nú hefur verið brotinn. Baráttan til að opna múrinn, eyða tortryggninni, hefur verið langtímaverkefni margra og margir hafa einnig hætt og fórnað lífi sínu til að leita annarra kosta. Það undarlega er að einn daginn opnast hann svo friðsamlega og, að því er virðist, fyrirhafnarlaust á jafntáknrænan hátt og hann var reistur, þ.e. samkvæmt ákvörðun og fyrirskipun mannanna.

Sú samstaða og þrá fólksins í Austur-Evrópu eftir öðru og betra lífi sem okkur Vestur-Evrópubúum hefur birst í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum hefur snortið okkur. Vestur-Berlínarbúar gáfu samlöndum sínum austan að hundrað vestur-þýsk mörk til að versla fyrir og njóta lífsins þegar þeir komust í gegnum múrinn. En hvað er það í raun og veru sem Vestur-Evrópa býður Austur-Evrópu upp á? Og hvað er það sem Evrópubandalagið og þjóðir Evrópu bjóða umheiminum upp á? Eru Vestur-Evrópuþjóðir að bjóða Austur-Evrópuþjóðum sæti við veisluborð neysluþjóðfélagsins þegar veislunni er þegar lokið? Geta Evrópuþjóðirnar í raun haldið áfram uppteknum hætti við auðlindirnar og við náttúruna í sókn eftir auknum hagvexti? Getur sá hluti jarðarbúa sem byggir norðurhvel jarðarinnar og Evrópa tilheyrir haldið áfram að efla veldi sitt og ágang á auðlindir, mengað bæði vistkerfi sitt og annarra jarðarbúa með þeim lífsháttum sem við höfum tamið okkur? Hverjar eru svo meginforsendur þess Evrópubandalags sem við ræðum um nú? Eru þær líklegar til að efla friðinn milli fólksins, milli þjóðanna, vernda náttúruna og virða auðlindirnar? Eru þær til þess fallnar að styrkja menningarlega samkennd Evrópubúa? Eru þær til þess fallnar að vernda rétt þriðja heimsins? Hafa þær félagslega velferð fólksins í huga, fólksins sem býr í Evrópu, vinnuaflsins sem á að öðlast frelsi til búsetu hvar sem er? Og leiði menn nú hugann að því þegar Norðurlandabúar og aðrir Evrópubúar sóttust eftir ódýru vinnuafli annars staðar úr Evrópu, Suður-Evrópu og jafnvel úr Asíulöndum. Þá hugsuðu menn um vinnuafl. Þeir hugsuðu ekki um manneskjur. Þeir hugsuðu ekki, þeim datt ekki í hug að vinnuaflið ætti kannski eiginkonur, það ætti börn, það ætti ömmur og afa, það ætti systkini og frænkur sem líka vildu flytjast til landsins. Menn gerðu ekki ráð fyrir því að vinnuaflið hefði tilfinningar, þrár og þarfir. Nú sitja

menn uppi með vandamál sem þeir sjálfir hafa boðið heim, grunlausir, án þess að gera sér grein fyrir hvað þeir voru að fjalla um. Eru þessar reglur Evrópubandalagsins settar af og komnar frá fólkinu sjálfu? Svari nú hver fyrir sig. Og dettur mönnum í hug að það frelsi sem Austur-Evrópubúar eru að sækjast eftir sé einmitt sú tegund frelsis og sú þjóðfélagsgerð sem við skilgreinum og iðkum hér á Vesturlöndum? Frelsi til umhverfisspjalla, frelsi til hagvaxtarfíknar, frelsi til að ganga á auðlindir. Ég efast um það. Það er kannski fyrst og fremst frelsi til að fá að ákveða sjálfur og það er af allt öðrum toga spunnið.

Eins og málið blasir við mér er fyrst og fremst um að ræða forsendur sem settar hafa verið með tilliti til hagsmuna fyrirtækja og fjármagns og það fjórþætta frelsi sem við ræðum nú er fyrst og fremst þeim í hag. Hins vegar hafa þeir þættir er snerta þarfir almennings, fólksins, verið látnir sitja á hakanum, þ.e. félagslegu og menningarlegu þættirnir, og lítið er vikið að verndun náttúrunnar og auðlindanna.

Mikið hefur verið rætt um ákvarðanatöku innan Evrópubandalagsins, feril hennar og aðild og rétt einstakra ríkja að henni, með tilliti til evrópska efnahagssvæðisins. Eins og nú er er hið yfirþjóðlega vald bandalagsins andstætt þeim lýðræðislegu hefðum sem við aðhyllumst og ber í sér margvíslega hættu. Og mig langar að nefna dæmi sem ég tók reyndar í umræðu um fyrirspurn sem hér var gerð á dögunum því að dæmið er mjög ljóst.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur það hlutverk að annast skráningu þeirra efna í markaðsvörum sem eru ýmist sannanlega skaðleg lífi og heilsu manna eða talin líklegir skaðvaldar. Þessari skrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er dreift til aðildarríkja, þar á meðal ríkja Evrópubandalagsins. Í henni eru á þriðja hundrað efna sem talin eru sannanlega skaðleg. Hins vegar eru aðeins rúmlega áttatíu þessara efna á skrá Evrópubandalagsins. Staðall þess er því mun lægri og frjálslegar farið með þau efni sem skaðað geta líf og heilsu manna. Öll Norðurlöndin hafa hins vegar strangari kröfur í þessum efnum en Evrópubandalagið. Danmörk t.d. sem eitt Norðurlandanna verður þó að láta af þessum kröfum sínum vegna aðildar sinnar að Evrópubandalaginu. Má sem dæmi nefna eiturefni í málningu sem er innflutt til Danmerkur. Slíka málningu má ekki merkja með viðvörunarmerkjum um að hún innihaldi eiturefni til þess að vernda viðskiptafrelsið. Þetta er vegna þess að ákvarðanir, reglur og lög Evrópubandalagsheildarinnar eru ákvörðunum, reglum og lögum einstakra aðildarlanda yfirsterkari. Og ég tek þetta sem varhugavert dæmi.

Um leið og ég legg áherslu á mikilvægi friðsamlegra samskipta og viðskipta okkar við aðrar þjóðir og ég vara við einangrunarstefnu, þá leyfi ég mér að vara mjög við þeim stórveldisdraumum sem mér finnst vaka í þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar Evrópubandalaginu. Og ég bið menn einnig að vera vakandi fyrir þeirri forgangsröðun og því verðmætamati sem þar ríkir. Frelsi Austur-Evrópubúa eða Vestur-Evrópubúa liggur ekki í því að geta flutt franskt kex frá Suður-Frakklandi til Norður-Jótlands annars vegar og svo danskt kex sömu leið til baka. Frelsi okkar þegar til framtíðar er litið er miklu fremur fólgið í bættri umgengni við umhverfi okkar og auðlindir, hófsamari neyslu og síðast en ekki síst jafnari skiptingu lífsgæða milli manna og þjóða. Þá á ég ekki einungis við Evrópuþjóðir innbyrðis heldur einnig þær þjóðir á norðurhveli jarðar sem helst eru aflögufærar gagnvart þjóðum þriðja heimsins. Þetta er samhengi sem við megum ekki gleyma og er óhjákvæmilegt að líta til þegar rædd eru tengsl við þjóðabandalag sem hefur hagsmuni fjármagnsins í fyrirrúmi.

Við skulum líka vera vakandi fyrir því nú á tímum þíðu og slökunar að nær allar þjóðir Evrópubandalagsins eru jafnframt aðilar að hernaðarbandalagi. Hernaðarbandalagið sem að vísu stendur á krossgötum og hefur jafnvel verið ýjað að því að kynni að verða náttúruverndarsamtök, og guð gefi því orði sigur eins og gömul kona sagði, þarf að endurskoða stefnu sína og hlutverk í breyttum og síbreytilegum heimi. Þeir sem stofna til voldugra markaða hafa ævinlega haft tilhneigingu til að verja þá fyrir öðrum, jafnvel með vopnum. Ég vil minna menn á þetta, ekki síst sögufróða menn eins og hæstv. utanrrh. sem nú er fjarstaddur og oft hefur haft á orði tilvitnanir úr sögu Evrópu í þessum ræðustól. Það er athyglisvert hve margir Íslendingar og þar á meðal hæstv. utanrrh. tengja lífshætti Íslendinga hér áður fyrr, þá lífshætti sem báru hann hingað eftir götuslóða kynslóðanna inn í þennan sal og okkur öll hin, hvað þeim finnst lífshættir eins og vaðmál og kúskinnsskór lágkúrulegt. Mér finnst það hins vegar vísa til hugrenningatengsla sem segja miklu meira um sjálfsímynd þessara manna og raunverulega þjóðlega minnimáttarkennd. Og ég ber kvíðboga gagnvart því að eiga slíkan sendiboða á erlendri grund sem mér finnst nokkuð fyrirverða sig fyrir að íslensk þjóð skuli hafa þraukað af í þessu harða landi, í vaðmáli og kúskinnsskóm ekki síst.

Staða okkar í þessu máli er nokkuð þröng og það skiptir okkur miklu að... (**Forseti:** Má forseti spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni. Nú hefjast þingflokksfundir kl. 2 og það er þegar kominn sá tími. Sé eftir meira en 2–3 mínútur af ræðu hv. þm. hlýt ég að biðja hann að fresta henni til framhalds umræðunnar.) Nei, ég er alveg að ljúka ræðu minni, en líklega verð ég fremur 3 mínútur eða 4 en það verður ekki mikið lengra og ræðukona skal lesa hratt.

Staða okkar Íslendinga í þessu máli er nokkuð þröng og það varðar okkur miklu að vel sé á hlut okkar haldið. Það er ekki seinna vænna að við gerum okkur öll fullljóst hver sé meginundirstaða lífs okkar í þessu landi og sem betur fer hefur skilningur á því komið fram hjá flestum ef ekki öllum þingmönnum sem hafa talað um þetta mál. Hins vegar er mikilvægt að þeir sem taka þátt i viðræðum erlendis fyrir okkar hönd gleymi því aldrei eitt andartak að fjöregg efnahagslegrar afkomu Íslendinga bæði í nútíð og

framtíð er fiskimið okkar, verndun þeirra og hófleg nýting. Og ég lagði við eyrun þegar hæstv. utanrrh., staðgengill hans, talaði hér áðan. Hann talaði um að fylgja eftir, hann talaði um að leggja áherslu á. En það voru engin sterkari orð sem vörðuðu fiskveiðar og meðhöndlun fríverslunar með fisk og það óttast ég mjög.

Rætt hefur verið um þá hættu sem jaðarsvæðum er búin og það var minnst fyrr í umræðunni á tilvitnun úr Kristnihaldi undir jökli þar sem lýst var umboði sem umboðsmanni biskups hafði verið fengið. En sá höfundur sem það skrifaði skrifaði líka Íslandsklukkuna, „Eldur í Kaupinhafn" og þar lýsti hann því hvernig menn föluðust eftir aðgangi að og yfirráðum yfir íslenskum auðlindum, þeim sem þá þóttu eftirsóknarverðar. Og mig langar að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í „Eld í Kaupinhafn". Þar talar fulltrúi konungs:

„Við hér kærum okkur ekki um að íslenskir dragi meiri fisk en við höfum gagn af. Þegar við getum aftur haft stríð við þá svensku skulu þeir fá meira snæri; og meira að segja aungla.

Yðar góðvild vill heldur láta kónginn kaupa þessu fólki hallæriskorn en lofa því að draga fiska?

Það sagði ég aldrei, sagði etasráðið. Mín skoðun er sú að það sem okkur hafi altaf vantað á Íslandi sé vellukkað harðræði til þess að sá óvandaði flökkulýður sem fer um landið hverfi í eitt skipti fyrir öll, og þeir fáu menn sem einhver dugur er í geti ótruflaðir af þjófum og betlurum dregið þann fisk sem compagniet þarfnast þá og þá og brætt það lýsi sem Kaupinhafn verður að fá.

Má ég skila því til Alþingis frá yðar góðvild?

Þér megið rægja okkur hér í kansellíinu við þá íslensku einsog yður lystir, minn herra. Það á einu gilda hvað íslenskir segja eða halda. Enginn veit betur en þér sjálfur minn herra að íslendíngar eru ærulaust fólk. Má bjóða yðar hávelborinheitum sultutau?

Ég þakka yðar góðvild, sagði Arnas Arnæus. En hafi mitt fólk tapað sinni æru, hvað dugir mér þá sultutau?"

Við skulum vona að þeim utanrrh. sem nú er fulltrúi okkar í viðræðum um málefni Íslendinga og Evrópubandalagsins verði hvorki boðið sultutau né heldur verði hann ginnkeyptur fyrir öðrum gylliboðum. Og ég vil víkja að því að í yfirlýsingu eða ályktun þingflokks Alþb. frá 29. nóv. 1989 gengur hreinlega öll ályktunin út á það að tryggja að hæstv. utanrrh. skili upplýsingum til ríkisstjórnarinnar og til þingsins og til hv. utanrmn. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum hér af því að hann er naumur til að lesa upp þessa ályktun. Hún var borin okkur hingað fyrr í þessari umræðu fyrir nokkuð löngu. Ég legg áherslu á að hv. þm. kynni sér ályktunina. Hún boðar ákveðna tortryggni innan ríkisstjórnarflokkana sem er mjög hættuleg, mjög, mjög hættuleg. Og öll ályktunin gengur út á það að hemja hæstv. utanrrh. Þessi tortryggni er hættuleg Íslendingum og (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu nú þegar.) já, nú lýk ég máli mínu. Ég tel það öllu máli skipta að hæstv. utanrrh. hafi skýrt og vel skilgreint umboð frá Alþingi, sjálfum sér til stuðnings og Íslendingum til farsældar. Það kemur t.d. ekki til greina að utanrrh. takist á hendur nokkrar skuldbindingar, t.d. um samningaviðræður, án þess að ríkisstjórnin og Alþingi hafi fulla vitneskju um fyrirætlanir hans og vilji Alþingis liggi þar fyrir til stuðnings. Það er nauðsynlegt að um þetta mikilvæga mál náist samstaða hér á Alþingi þannig að lýðræðislega kjörnir fulltrúar á Alþingi verji orku sinni í það að vinna saman að því að gæta að hagsmunum þjóðarinnar en sói henni ekki í innbyrðis togstreitu sín á milli. Þetta er ekki mál sem snertir einungis framkvæmdarvaldið eitt. Það er fyrst og fremst mál Alþingis og þjóðarinnar allrar og þess vegna þarf að ná um það samstöðu. Við skulum ekki heldur gleyma því hverjir það eru sem eiga eftir að erfa afleiðingar þessara ákvarðana og standa við þær. Það eru börnin okkar.

Jafnframt því sem ég legg áherslu á að utanrrh. taki þátt í formlegum tvíhliða viðræðum við Efnahagsbandalagið tel ég afar brýnt að stjórnvöld beiti sér að því og hafi frumkvæði að því að efna til víðtækrar umræðu um málefni Evrópubandalagsins og stöðu Íslands meðal þjóðarinnar allrar. Nýleg skoðanakönnun bar vott um ótrúlegan og hættulegan skort á upplýsingum um einmitt þetta málefni og slík vanþekking getur reynst örlagarík.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það kom fram hér fyrr í umræðunni af hálfu forseta að ætlunin væri að framhald þessarar umræðu færi fyrst fram eftir að deildarfundum lýkur. Ég vil eindregið óska eftir því að þessari umræðu verði fram haldið á næsta fundi í sameinuðu þingi og í öllu falli ekki síðar en að umræðu um fjáraukalög er lokið þannig að umræðan fari fram áður en til deildafunda kemur. Ég minni á það sem hæstv. viðskrh. gat hér um í ræðu sinni áðan að sameiginlegum fundi ráðherra Evrópubandalagsins og EFTA er að ljúka í dag og það er býsna niðurlægjandi fyrir Ísland og íslenska utanrrh., sem er formaður EFTA-ráðsins um þessar mundir, að umræðunni í hans heimaþingi skuli ekki vera lokið þegar þessi mikilvægi fundur fer fram. Ég er þeirrar skoðunar að það minnsta sem Alþingi Íslendinga geti gert til þess að reyna að rétta svolítið hlut hæstv. utanrrh. sé að tryggja að umræðunni ljúki hér sama dag og þessi mikilvægi fundur á sér stað í Brussel. Af þeim sökum ítreka ég ósk mína um að framhald umræðunnar fari fram alltént áður en til deildafunda kemur, helst áður en umræður um fjáraukalög fara fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun ræða þessa hugmynd hv. 1. þm. Suðurl. á þingflokksformannafundi sem hefst kl. 3.15.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

33. fundur, þriðjudaginn 19. des., kl. 15.09 síðdegis.

Fjáraukalög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 102, n. 361 og 372, brtt. 367, 383.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. Alþingis hefur nú lokið umfjöllun sinni um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Meiri hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali og mæli ég hér fyrir áliti meiri hl. Minni hl. fjvn. skilar séráliti á sérstöku þingskjali. Í nál. minni hl. og í ræðum fjárveitinganefndarmanna úr minni hl. fjvn. í þinginu munu þeir væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni. Í fjvn. kom hins vegar fram að samstaða er í nefndinni milli meiri hl. og minni hl. um hvernig að afgreiðslunni hefur verið staðið og full eining er einnig í fjvn. um þau vinnubrögð sem nefndin hefur ástundað varðandi afgreiðslu þessa frv. og er það mikilvægt atriði að slík eining hafi náðst vegna þess að sú afgreiðsla markar nokkur tímamót.

Í fyrsta skipti er fjvn. að fjalla um frv. til fjáraukalaga sem lagt er fram á viðkomandi fjárlagaári. Virðulegi forseti. Ég hlýt að minnast þess að þegar það frv. var lagt hér fram á sínum tíma var sérstaklega tekið fram af hæstv. fjmrh. að með því væri til þess ætlast að fjárveitingavaldið, Alþingi, gæti tekið afstöðu til þeirra aukafjárveitingatillagna sem í því frv. væru og tekið sjálfstæða ákvörðun um að hve miklu leyti Alþingi vildi fallast á þær aukafjárveitingaóskir sem í frv. fælust frá hæstv. ríkisstjórn. Og hæstv. fjmrh. tók það einnig fram í ræðu sinni er hann fylgdi frv. úr hlaði að hann hefði haldið þannig á málum að ekki hefði verið greitt út af þessum aukafjárveitingum nema það eitt sem algerlega óhjákvæmilegt væri að greiða. Alþingi gæti þannig tekið endanlegar ákvarðanir um greiðsluheimildir þær sem farið væri fram á og að sjálfsögðu gætu hæstv. ráðherra og ríkisstjórn átt von á því að þær yrðu ekki allar samþykktar. Undir þessum formerkjum tók fjvn. við þessu frv. og þau vinnubrögð sem nefndin hefur markað um meðferð og afgreiðslu málsins eru fordæmi um slík vinnubrögð í framtíðinni og er því mikilvægt að full samstaða skuli hafa tekist í fjvn. um hvernig með skuli fara. Þá kom einnig fram á fundum fjvn. að fulltrúar minni hl. eru sammála sumum þeim tillögum sem meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 367.

Ég vil einnig taka fram, virðulegi forseti, að nefndarmenn í meiri og minni hl. hafa unnið saman að afgreiðslu þessa máls og í miklum önnum hefur allt það verið gert af hálfu beggja aðila til þess að fá fram afgreiðslu þessa máls með sem bestum hætti og sem skemmstum tíma. Það er því ekki rétt, sé því haldið fram, að fulltrúar minni hl. í nefndinni, einn eða fleiri, hafi með einum eða öðrum hætti reynt að setja fótinn fyrir þessa afgreiðslu eða tefja hana heldur þvert á móti unnu þessir aðilar með okkur í meiri hl. að því að ljúka þessari afgreiðslu og gerðu allt sitt til að greiða fyrir að svo gæti orðið.

Tillögurnar á þskj. 367 sem tengjast afgreiðslum sem áður hafa verið gerðar í fjvn., ýmist við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár eða í sambandi við tillögugerð vegna afgreiðslu frv. til fjárlaga fyrir árið 1990, á ég von á að fulltrúar minni hl. styðji. Í nál. hans kemur fram hvaða tillögur þetta eru og munu fulltrúar minni hl. styðja þær tillögur þó til einföldunar hafi verið valinn sá kostur að meiri hl. nefndarinnar flytti formlega allar brtt., einnig þær sem minni hl. er sammála.

Fyrir hönd okkar vil ég því þakka ágætt samstarf í nefndinni varðandi afgreiðslu þessa máls og lýsi sérstakri ánægju með að full samstaða skuli hafa tekist í fjvn. um hvernig að öllum afgreiðslum skuli staðið þótt ágreiningur ríki að sjálfsögðu um tillögur aðrar en þær sem áður eru taldar. Einnig vil ég þakka starfsfólki nefndarinnar og samstarfsfólki hjá Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, svo og starfsfólki hjá fjármálaráðuneyti og í öðrum ráðuneytum og starfsfólki Alþingis fyrir samstarfið.

Eins og áður hefur fram komið markar sú afgreiðsla sem hér á að fara fram nokkur tímamót. Er nú lagt fram frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi fjárlagaár. Þegar frv. var lagt fram var það í mun einfaldari búningi en fjárlög eru yfirleitt og var það m.a. gert til að gera málið einfaldara og aðgengilegra. Tölur um launaútgjöld og fleira og áætlaðan hallarekstur ríkisstofnana voru þannig birtar sem safntölur í frv. til þess að gefa heildarmynd án þess þó að tekið væri fram hvernig þeir safnliðir ættu að sundurliðast á einstök viðfangsefni og stofnanir. Það var því mikilvægt að fjvn. markaði þegar í stað stefnu um hvernig að afgreiðslu slíkra mála skyldi staðið og hvernig afgreiðslu fjáraukalaga á yfirstandandi fjárlagaári ætti að samræma afgreiðslu fjárlaga með hefðbundnum hætti. Fjvn. var sammála um meginstefnuatriði varðandi þessa afgreiðslu og sú stefnumörkun var sem hér greinir:

1. Nefndin leitaði upplýsinga um allar aukafjárveitingar sem átt hafa sér stað á árinu. Nefndin gekk sérstaklega úr skugga um hvaða aukafjárveitingar höfðu verið greiddar, hvaða greiðslur búið var að skuldbinda þó þær væru ekki greiðslufallnar og hvaða aukafjárveitingar voru þá eftir sem hvorki höfðu verið greiddar út né skuldbundnar. Tilgangurinn var að leiða í ljós hvað af þessum aukafjárveitingum Alþingi gat haft vald á þegar frv. var lagt fram. Þegar aukafjárveitingar höfðu verið flokkaðar með þessum hætti lagði fjvn. síðan mat á hvaða tillögur hún vildi gera til Alþingis um afgreiðslur þeirra aukafjárveitinga sem ýmist höfðu ekki verið þegar greiddar út eða skuldbundnar til greiðslu og Alþingi gat því haft vald á.

2. Í frv. voru eins og áður sagði ýmsar safntölur svo sem um áætlaðan greiðsluhalla stofnana ríkisins,

um laun og verðlagsmál og fleira. Varðandi þessi atriði markaði fjvn. þá stefnu að slíkar safntölur skyldi sundurliða til einstakra verkefna og viðfangsefna þannig að ljóst væri hvaða viðbótargreiðsluheimildir væri verið að gefa hverri stofnun með afgreiðslu fjáraukalaga. Sé þetta ekki gert er ekki hægt að bera saman annars vegar greiðsluheimildir sem stofnanir og viðfangsefni fá á fjárlögum og fjáraukalögum og hins vegar niðurstöðu í árslok. Beðið var um sundurliðun viðkomandi ráðuneyta á þessum safntölum og fékk fjvn. þær sundurliðanir.

3. Fjvn. kallaði í framhaldi af þessu fyrir sig fulltrúa allra ráðuneyta og flestra þeirra stofnana og viðfangsefna sem hæstum fjárhæðum velta. Óskaði fjvn. eftir því að sérhvert ráðuneyti og stofnun sem til var kvödd legði fyrir nefndina rökstudda niðurstöðu um líklega afkomu ársins 1989. Hafði nefndin einnig til hliðsjónar nýjustu upplýsingar þar að lútandi frá ríkisbókhaldi og voru þær upplýsingar eins og staðan var hjá hinum einstöku stofnunum og viðfangsefnum þann 1. des. sl. Nefndin bar svo saman þessar upplýsingar annars vegar og áætlaðan greiðsluhalla þessara stofnana og viðfangsefna samkvæmt sundurliðunum fjmrn. á tölum frv. hins vegar og væri mikill munur þar á tók fjvn. þann kost að gera tillögur um leiðréttingar á fjárhæðum. Þannig var sú stefna mótuð, og um hana voru nefndarmenn allir sammála, að með afgreiðslu fjáraukalagafrv. ætti markvisst að stefna að því að frv. gæfi sem réttasta mynd af raunverulegri og óhjákvæmilegri niðurstöðu ársins eins og best væri um hana vitað. Annað er ekki verjandi því þegar Alþingi afgreiðir frv. til fjáraukalaga aðeins örfáum dögum áður en fjárlagaárið rennur út er óverjandi ef ekki er reynt að áætla sem allra réttast um líklega niðurstöðu í rekstri stofnana og viðfangsefna þegar sá rekstur verður gerður upp í ríkisreikningi sem miðast við árslok er verða aðeins hálfri annarri viku síðar en afgreiðsla fjáraukalagafrv. á sér stað hér á Alþingi.

4. Nefndin fór mjög vandlega yfir áætlanir sem gerðar hafa verið í fjármálaráðuneytinu um áhrif kjarasamninga sem gerðir voru á árinu á launaútgjöld ríkisins og stofnana þess og lagði mat sitt á grundvöll launaútgjaldaáætlunar. Einnig lét nefndin gera endurmat á líklegum vaxtaútgjöldum og útgjöldum vegna almannatrygginga.

5. Fjvn. óskaði eftir sundurliðuðum hugmyndum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðuneyta um niðurskurð ríkisútgjalda í samræmi við boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Nefndin lagði mat á þessar tillögur hverja fyrir sig og nú flytur hún þær lítið eitt breyttar á Alþingi þannig að Alþingi gefist kostur á að taka sjálfstæða afstöðu til hverrar og einnar af þessum tillögum.

6. Fjvn. óskaði einnig eftir endurmati á tekjuáætlunum frv. og fór það endurmat fram nú fyrir nokkrum dögum og byggir á upplýsingum um innheimtu tekna ríkissjóðs sem eru mun nýrri en þær upplýsingar sem áætlanirnar í fjáraukalagafrv. byggjast á. Eru hinar nýju áætlanir um innheimtar tekjur ríkissjóðs settar fram sem breytingar í tillögum meiri hl. nefndarinnar.

Þetta er í stórum dráttum sú stefna sem fjvn. markaði sameiginlega um hvernig tekið skyldi á afgreiðslu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Nefndin hefur leitast við að gera frv. þannig úr garði að það gefi eins rétta mynd og unnt er bæði af útgjöldum ríkissjóðs og stofnana ríkisins á árinu 1989 og líklega niðurstöðu hvað varðar innheimtu tekna. Þá lagði nefndin einnig áherslu á að leggja fyrir Alþingi til endanlegrar ákvörðunar fjárveitingavaldsins sundurliðaðar tillögur sem með skýrum og greinargóðum hætti lýsa þeim viðbótarfjárheimildum sem verið er að afla fyrir hverja stofnun og hvert viðfangsefni og gefa Alþingi kost á að taka afstöðu til sérhverrar tillögu sjálfstætt og út af fyrir sig hvort sem um er að ræða tillögu til hækkunar útgjalda eða til lækkunar.

Virðulegi forseti. Hér hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga þar sem hún æskir heimildar til greiðslu á útgjöldum umfram heimildir fjárlaga sem samtals nema 8,8 milljörðum kr. Mér finnst það ekki með öllu vansalaust að enginn ráðherra hæstv. ríkisstjórnar skuli vera viðstaddur þegar því er lýst hvaða tillögur fjvn. gerir um afgreiðslu Alþingis á því máli en það verður svo að vera.

Þær breytingar sem fjvn. hefur gert frá upphaflegri gerð frv. og leggur nú fram á þskj. 367 eru þessar, og vík ég þar fyrst að gjaldahliðinni. Í 3. gr. frv. í I. kafla var greint frá svokölluðum aukafjárveitingum sem samþykktar höfðu verið á árinu og voru þær aukafjárveitingar sundurliðaðar eftir ráðuneytum og viðfangsefnum. Ég bendi aðeins á, virðulegi forseti, að það sem hér eru nefndar aukafjárveitingar eru greiðslur úr ríkissjóði án lagastoðar. Fjvn. óskaði eftir yfirliti frá fjmrn. í fyrsta lagi um hvað af þessum aukafjárveitingum væri búið að greiða. Í öðru lagi hvað af þessum aukafjárveitingum væri búið að taka um skuldbindandi greiðsluákvarðanir þótt ekki væru þær að öllu leyti greiðslufallnar og í þriðja lagi hvað eftir stæði sem hvorki væri búið að greiða út né ráðstafa með skuldbindandi ákvörðun og Alþingi gæti því um fjallað og gert breytingar á. Niðurstaðan af þeim athugunum var sú að aukafjárveitingar höfðu verið samtals samþykktar að fjárhæð 8 milljarðar 802 millj. 739 þús. kr. og er þetta fjárhæð aukafjárveitinga umfram heimildir í lögum. Þar af var þegar búið að greiða úr ríkissjóði 2 milljarða 275 millj. 178 þús. kr. Þá var einnig búið að taka skuldbindandi ákvarðanir um greiðslu á 5 milljörðum 792 millj. 531 þús. kr. Eftir stóðu þá 735 millj. og 30 þús. kr. sem hvorki var búið að greiða né taka skuldbindandi ákvarðanir um greiðslu á. Af þeirri fjárhæð voru 350 millj. sem lagt var til að greiddar yrðu sem endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs, iðnaðar, fiskeldis og loðdýraræktar og verður sú fjárhæð vart hreyfð af Alþingi til lækkunar. Þá eru einnig í þeirri fjárhæð 100 millj. kr. sem ríkisstjórnin hafði samþykkt að veita skyldi Hlutafjársjóði. Varla er hægt að segja að þeir peningar séu til frjálsrar ákvörðunar hér á Alþingi eins og þau mál eru í pottinn búin. Eftir standa þá aðeins 285

millj. kr. sem segja má að fjvn. og Alþingi hafi getað tekið afstöðu til hvort greiða ætti eða ekki.

Niðurstaða fjvn. var sú að hún leggur til í brtt. sínum að af þessari fjárhæð ógreiddra og óskuldbundinna aukafjárveitinga verði tæpur helmingur eða um 117 millj. kr. ekki samþykktur. Fallist Alþingi á þær tillögur hefur Alþingi hafnað að greiðsluheimild yrði veitt fyrir þeim útgreiðslum úr ríkissjóði og fara þær greiðslur þá ekki fram. Frá því að þessi niðurstaða lá fyrir hefur hins vegar komið í ljós að líklegt er að þessi niðurskurður fái heldur ekki staðist þar eð búið sé ýmist að greiða eða lofa greiðslu á hluta af þessari fjárhæð upp á 117 millj. kr. sem lagt er til að skera niður. Mun það líklega koma fram síðar, ef rétt er, en þá fer nú að fækka þeim greiðsluheimildum, virðulegi forseti, sem voru í frv. til fjáraukalaga sem lagt var fram hér í haust og Alþingi, fjárveitingavaldið, getur afgreitt með sjálfstæðum hætti og tekið sjálfstæða ákvörðun um, en það kemur væntanlega betur í ljós síðar.

Enda þótt fjvn. hafi markað þá meginstefnu að þessu sinni að gera ekki tillögur um að felldar verði niður greiðsluheimildir vegna aukafjárveitinga sem þegar er búið að inna af hendi eða skuldbinda vill nefndin taka fram að hún er mjög ósátt við ýmsar þær greiðslur sem ákvarðanir hafa þannig verið teknar um og búið er að inna af hendi og mundi nefndin ekki hafa lagt til að þær yrðu samþykktar ef Alþingi gæti þar nokkru um breytt. Má sem dæmi nefna greiðslu sem færð er undir landbrn. vegna tilraunastarfsemi Silfurstjörnunnar hf. með sjótöku úr borholum í sandi til laxeldis að fjárhæð 3,3 millj. kr., en nefndin fékk upplýsingar um að landbrn. hefði ekki óskað eftir þeirri aukafjárveitingu þó hún sé færð undir það. Enn fremur lá fyrir nefndinni vitneskja um að ekki væri hér um að ræða þátttöku í rannsóknarkostnaði sem væri í samræmi við reglur þar að lútandi hjá Orkusjóði og Orkusjóður mælti með. Nefndin vill taka fram að slíkar fjárgreiðslur eru ekki fordæmisskapandi og ekki til fyrirmyndar.

Þá vill nefndin einnig gera alvarlega athugasemd við að út af fjárlagaliðnum 201 136 Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hefur verið greiddur ferða- og dvalarkostnaður fyrir mann sem ekki er alþingismaður þótt fyrir liggi, og hafi sérstaklega verið tekið fram er mælt var fyrir fjárveitingu þessari við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, að óheimilt sé með öllu að greiða af þessu viðfangsefni útgjöld vegna annarra en alþingismanna. Geti alþingismaður ekki einhverra hluta vegna farið til Sameinuðu þjóðanna og þingflokkur alþingismannsins geti ekki tilnefnt annan í stað hans þá skuli annaðhvort öllum þingflokkum vera gefinn kostur á því að tilnefna mann í hans stað ellegar ferðin falli niður. Þrátt fyrir að þetta væri skýrt fram tekið hefur þessi afstaða ekki verið virt og gerir fjvn. mjög alvarlega athugasemd við það, þótt nefndin vilji ekki að þessu sinni leggja til að umrædd greiðsla verði ekki samþykkt enda hefur hún þegar farið fram og er það í samræmi við afstöðu nefndarinnar til annarra sambærilegra mála sem nefndin er ósátt með en greiðslur hafa þegar verið inntar af hendi vegna að nefndin gerir sem sakir standa ekki tillögur um að Alþingi felli slíkar greiðsluheimildir. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að sett verði lög á Alþingi er gefi nánari fyrirmæli um hvernig að greiðslum úr ríkissjóði skuli staðið og ekki staðið. Slíkt frv. hefur verið í smíðum hjá fjvn. um tæplega eins árs skeið og er þeirri vinnu nú lokið og verður frv. þessa efnis lagt fram á Alþingi innan skammrar stundar.

Þá telur nefndin einnig ástæðulaust og gerir athugasemdir við að verið sé að sækja um aukafjárveitingar og samþykkja aukafjárveitingar vegna útgjalda á vegum ráðuneyta er nema nokkrum tugum þúsunda króna þegar fyrir liggur að ráðuneytin hafa yfir að ráða allverulegum fjárhæðum á óskiptum liðum sem ætlaðar eru til slíkra þarfa.

Í II. kafla frv. til fjáraukalaga var safnliður færður yfir á fjármálaráðuneyti, Launa- og verðlagsmál og í frv. var sá safnliður að fjárhæð 3 milljarðar 105 millj. kr.. Fjvn. óskaði eftir upplýsingum um að hve miklu leyti þessar fjárhæðir væru byggðar á áhrifum kjarasamninga á launaútgjöld ríkisins og áhrifum breyttra verðlagsforsendna á rekstrarútgjöld ríkisstofnana og að hve miklu leyti þessi fjárhæð væri vegna annarra viðfangsefna, svo sem vegna vaxtagreiðslna og bótagreiðslna almannatrygginga. Þessar upplýsingar fékk nefndin og breytti uppsetningu í frv. til samræmis við það og færði vaxtagjöldin þangað sem vaxtagjöld eiga heima og greiðslur almannatrygginga þangað sem greiðslur almannatrygginga eiga heima. Einnig kynnti nefndin sér þær forsendur um áhrif síðustu kjarasamninga og breyttra verðlagsforsendna sem fjmrn. gekk út frá við þessar áætlanir og nánar er lýst í greinargerð með frv. til fjáraukalaga. Nefndin er þeirrar skoðunar að þær áætlanir séu byggðar á traustum grunni og gerir ekki athugasemd við þær. Eftir standa þá á liðnum Launa- og verðlagsmál eins og frá breytingartillögum nefndarinnar er gengið 1 milljarður 315 millj. kr. sem eru vegna hækkunar launa og verðlags umfram forsendur fjárlagafrv.

Í III. kafla frv. var svo safnliður, Launa- og verðlagsmál, rekstrarhalli ríkisstofnana, að fjárhæð 800 millj. kr. Fjvn. óskaði eftir því að þessi áætlun um heildartölur rekstrarhalla ríkisstofnana væri sundurliðuð á hverja stofnun fyrir sig og fékk nefndin þá sundurliðun frá fjmrn. Eins og áður hefur fram komið kallaði nefndin síðan fyrir sig fulltrúa ráðuneyta og þeirra stofnana er hæstu fjárhæðunum velta og fékk frá þeim rökstuddar áætlanir til að bera saman við þessar áætlanir um hallarekstur eins og frá þeim var gengið í frv. til fjáraukalaga. Einnig athugaði nefndin upplýsingar úr ríkisbókhaldi er vörðuðu þessar stofnanir. Þar sem í ljós kom að verulegur munur var á niðurstöðum samkvæmt sundurliðun fjmrn. annars vegar og rökstuddum greiðsluáætlunum ríkisstofnana og nýjustu upplýsingum úr ríkisbókhaldi um afkomu þeirra hins vegar gerði nefndin óhjákvæmilegar leiðréttingar en aðrar breytingar gerði hún ekki. Þannig leiðréttar eru áætlanir frv.

fluttar í brtt. nefndarinnar, stofnun fyrir stofnun. Sérstaklega skal fram tekið að hér hefur fjvn. farið mjög varlega í áætlunum enda reyndist svo vera þegar umræddar stofnanir voru bornar saman annars vegar samkvæmt áætlun frv. til fjáraukalaga um greiðsluhalla hverrar og einnar stofnunar og hins vegar ef notaður er samanburður úr ríkisbókhaldi frá 1. des. sl. að flestar þessar stofnanir höfðu þá þegar notað allar þær greiðsluheimildir sem gert var ráð fyrir í fjáraukalagafrv. að veita til viðbótar greiðsluheimildum fjárlaga yfirstandandi árs. Og var þá eftir að sjá fyrir útgjöldum tólfta mánaðarins. Fjvn. gerði ekki leiðréttingar hér á nema þar sem verulega bar á milli og er því óhætt að fullyrða að útgjaldaáætlanir nefndarinnar fyrir einstakar stofnanir eru varfærnar og líkur benda til að þær séu fremur vanáætlaðar en ofáætlaðar.

Í IV. kafla frv. er síðan fjallað um uppgjör og endurgreiðslur söluskatts vegna ársins 1989 og var gert ráð fyrir að 350 millj. kr. færu í þær endurgreiðslur. Fjvn. bað um enduráætlun á þessari fjárhæð hjá fjmrn. og fór sú enduráætlun fram. Leiddi hún til þess að ráðuneytið gerði tillögu um að þessi fjárhæð yrði hækkuð úr 350 millj. í 390 millj. og gerði nefndin þá tillögu að sinni.

Í V. kafla er síðan enn einn safnliðurinn að fjárhæð 169 millj. 731 þús. kr. Er þar um að ræða geymdar fjárveitingar frá árinu 1988 sem fjmrh. hefur fallist á að notaðar yrðu á árinu 1989 og er hér um framkvæmdafjárveitingar að ræða. Fjvn. kallaði eftir sundurliðun á þessum geymdu fjárveitingum, þ.e. hvaða verkefni hér væri um rætt sem heimilt væri að nota geymdar fjárveitingar til framkvæmda við og hversu há fjárhæð kæmi til nota í hvert verk fyrir sig. Þessa sundurliðun fékk nefndin og hefur gert hana að tillögu sinni á þskj. 367 og getur Alþingi þannig tekið ákvörðun um hverja og eina fjárhæð og framkvæmd. Í 4. gr. frv. til fjáraukalaga voru síðan ákvæði um að fjmrh. væri heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 um allt að 650 millj. kr. Í skýringum með frv. kemur fram að þessi lækkun gjalda er samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar þar um. Fjvn. óskaði eftir nánari upplýsingum um þessar gjaldalækkanir. Þar kom fram að af þessari fjárhæð væri ætlunin að 500 millj. kr. væru vegna lækkaðs framlags úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna en 150 millj. áttu að vera niðurskurður á framkvæmdum á vegum einstakra ráðuneyta. Fjvn. kallaði eftir sundurliðun á þeim tillögum. Nefndin fékk slíka sundurliðun en samanlögð fjárhæð þeirra niðurskurðartillagna reyndist aðeins vera 118 millj. kr. í stað 150 og vantaði því tillögur frá ráðuneytunum um niðurskurð að fjárhæð 32 millj. kr. Nefndin óskaði eftir því að fjmrn. sendi tillögur um hvar slíkan niðurskurð skyldi framkvæma svo staðið yrði að fullu við ákvörðun ríkisstjórnarinnar þar um. Nefndin fékk þær tillögur frá fjmrn. í sérstöku bréfi og hefur gert þær tillögur að sínum. Nefndin flytur síðan þessar tillögur ráðuneytanna um niðurskurð að mestu óbreyttar.

Um þessar tillögur má það segja almennt að allflestar þeirra eru um raunhæfa lækkun á framlögum, þ.e. lækkun sem skilar sér í minni fjárgreiðslum úr ríkissjóði en fjárlög gerðu ráð fyrir. Sumar tillagnanna varða þó stofnkostnað eða rekstur við viðfangsefni sem þegar hefur farið langt fram úr greiðsluheimildum en þá vegna annarra útgjalda svo sem launakostnaðar og annarra rekstrargjalda. Niðurskurður hvað þessar stofnanir varðar mun því ekki draga úr hallarekstri þeirra en hins vegar koma í veg fyrir að ónotaðar fjárveitingar til stofnkostnaðar og viðhalds verði færðar yfir áramót. Um þær tillögur skal sérstaklega fram tekið að ákveðinn fyrirvari er á niðurskurðartillögum ráðuneytis undir viðfangsefni 02 730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra og viðfangsefnið 02 803 Stofnkostnaður dagvistarheimila. Undir þessa liði til lækkunar eru færð tiltekin viðfangsefni og tilteknar fjárhæðir þeirra vegna. Þessi viðfangsefni eru þannig færð einungis til skýringar á þeim heildarfjárhæðum sem lagt er til að lækkuð verði útgjöld til en þær heildarfjárhæðir eru eins og áður sagði vegna byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra og vegna stofnkostnaðar dagvistarheimila. Ástæðan er sú að fullnaðaruppgjör vegna þessara viðfangsefna hefur ekki farið fram og endanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir um hvað framkvæmt kann að hafa verið. Hafi slíkar framkvæmdir verið unnar umfram það sem hér er gert ráð fyrir og komi fram upplýsingar þar að lútandi til menntmrn. sem ekki liggja nú fyrir verður mótframlag ríkissjóðs að sjálfsögðu að fullu greitt og eru aðilar fullvissaðir um að svo verður þannig að vera kann að þær fjárhæðir sem hér eru tilgreindar til niðurskurðar á einstök viðfangsefni standist ekki þegar á reynir. En fjvn. hefur hins vegar fullvissað sig um að innan þessara viðfangsefnaheilda er svigrúm hjá menntmrn. til að framkvæma þann niðurskurð sem ráðuneytið lagði til og þá á öðrum viðfangsefnum en á þingskjalinu eru tilgreind, reynist svo vera að sú áætlun sem þar er gerð standist ekki alveg til fullnustu.

Ég sagði hér áðan að fjvn., eða öllu heldur meiri hl. nefndarinnar, hefði gert að sínum því sem næst allar tillögur er frá ríkisstjórn og ráðherrum bárust um niðurskurð vegna einstakra verkefna á fjárlögum yfirstandandi árs. Þó er hér ein tiltekin undantekning á. Frá samgrn. bárust tillögur um niðurskurð á framkvæmdum til vegagerðar um samtals 33 millj. kr. Þegar slíkan niðurskurð hefur þurft að framkvæma sem fjallað hefur verið um og ákvarðanir hafa verið teknar um í fjárlögum í samráði við þingmannahópa hvers kjördæmis hefur sá háttur jafnan verið hafður á að leitað hefur verið samkomulags og samráðs við þingmannahópana um hvaða verkefni skyldu valin til niðurskurðar og hefur það jafnan gengið snurðulaust fyrir sig. Svo var hins vegar ekki nú. Það var ekki haft samráð við þingmenn úr þingmannahópunum um þau verkefni sem valin voru til niðurskurðar. Að vandlega athuguðu máli taldi fjvn. að af þeim sökum væri ekki stuðningur þingmeirihluta á Alþingi við þær niðurskurðartillögur sem hugmyndir voru uppi

um varðandi niðurskurð á vegaframkvæmdum að fjárhæð 33 millj. kr. en sjálfsagt hefði verið hægt að tryggja slíkan stuðning þingmanna ef samráð hefði verið haft við þingmannahópana sem ekki var gert. Nefndin treysti sér því ekki til að leggja fyrir Alþingi þær tillögur um niðurskurð á einstökum viðfangsefnum vegagerðar samtals að fjárhæð 33 millj. kr. frá samgrn. og leggur nefndin til að sá niðurskurður eigi sér ekki stað. Hins vegar leggur nefndin til að eigin frumkvæði mun meiri niðurskurð en hér um ræðir til annarra þátta í vegagerð. Er þar um að ræða lækkun á samþykktri aukafjárveitingu í fjáraukalagafrv. til snjómoksturs úr 150 millj. í 100 millj. kr. eða um 50 millj. kr. og gerir nefndin tillögu um lækkun á samsvarandi aukafjárveitingu til snjómoksturs vegna Flugmálastjórnar. Í viðræðum við forsvarsmenn Vegagerðarinnar hefur nefndin fullvissað sig um að þessi niðurskurður er vel framkvæmanlegur.

Þegar nefndin hafði með þessum hætti yfirfarið allar greinar frv. er vörðuðu útgjöld og niðurskurð og undirbúið tillögur þar um leitaði hún nú fyrir nokkrum dögum til fjmrn. og óskaði eftir því að fá endurmetnar líklegar innheimtutekjur ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum og öðrum tekjum. Í nál. meiri hl. á bls. 5 er nánari grein gerð fyrir einstökum breytingum í þessu sambandi. Heildarniðurstaðan er sú að hækkun áætlaðra tekna frá frv. nemur 350 millj. kr. samtals og eru þar meðtalin áhrif bæði til hækkunar og lækkunar frá upphaflegri spá frv. Ef síðan er litið yfir niðurstöðu gjaldameðferðarinnar þá hefur verið lögð til hækkun gjalda frá frv. um samtals 422 millj. 390 þús. Þá hefur fjvn. eins og áður segir lagt til niðurskurð aukafjárveitinga sem samtals nema 117 millj. 207 þús. kr. þannig að heildarniðurstaðan er hækkun gjaldamegin upp á 305 millj. 183 þús. kr. Þá vantar á lækkun gjalda samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 35 millj. 500 þús. kr. þannig að heildaráhrifin vegna hækkunar gjalda frá frv. og vegna vöntunar á þeirri lækkun gjalda sem áður hafði verið boðuð nemur til hækkunar 340 millj. 683 þús. kr. Þegar sú fjárhæð er skoðuð með hliðsjón af hækkun áætlaðra tekna frá frv. er breyting á greiðsluafkomunni bætt staða ríkissjóðs upp á 9 millj. 317 þús. kr. frá því sem frv. gerði ráð fyrir.

Sú vinna sem átt hefur sér stað í fjvn. hefur því ekki aukið á áætlaðan hallarekstur ríkissjóðs frá því sem gert var ráð fyrir í frv. til fjáraukalaga. Hins vegar skal fram tekið eins og áður hefur komið fram að enn eru ekki öll kurl til grafar komin um væntanleg útgjöld ýmissa ríkisstofnana og viðfangsefna þó ætla megi að fjvn. hafi tekist í störfum sínum að taka tillit til allra stærstu liða í því sambandi. Gæti því svo farið að hallarekstur ætti eftir að verða eitthvað meiri en hér greinir en það mun ekki skipta verulega háum fjárhæðum eftir því sem fjvn. fær næst komist. Við þetta bætist svo hins vegar ef réttar upplýsingar hafa ekki borist nefndinni um stöðu greiðslna úr ríkissjóði vegna þeirra aukafjárveitinga sem nefndinni var sagt að ekki væri búið að greiða eða skuldbinda þegar fjárlagafrv. var lagt hér fram. Sé svo, þá verður auðvitað að skoða það mál að nýju og fer þá að sneiðast, eins og ég sagði hér áðan, virðulegi forseti, mjög um olnbogarými Alþingis til raunverulegrar afgreiðslu á þeim 8,8 milljörðum sem frv. til fjáraukalaga gerði ráð fyrir að Alþingi heimilaði greiðslur til en áður höfðu verið samþykktar aukafjárveitingar um.

Ég hef lokið því að gera grein fyrir öllum meginafgreiðslum fjvn. og verður nú vikið að einstökum liðum og farið þar fljótt yfir sögu því þeir skýra sig flestir sjálfir og varða eingöngu sundurliðun á þeim heildarfjárhæðum er tilgreindar voru í frv. til fjáraukalaga, hvað varðaði áætlaðan hallarekstur, hvað varðar áætlun launa og rekstrarútgjöld, vaxtaútgjöld, útgjöld vegna almannatrygginga, hvað varðar lækkanir hæstv. ríkisstjórnar á einstökum liðum eða tillögur hennar þar um og hvað varðar geymdar fjárveitingar frá árinu 1988, en flestar brtt. á þskj. 367 varða slíkar tilfærslur sem eru ekki breytingar frá fjáraukalagafrv. í upphaflegri gerð. Ég geri því aðeins grein fyrir þeim brtt. sem fjvn. gerir á frv. eins og það var lagt fram.

Þær tillögur sem fjvn. gerir til breytinga er varða æðstu stjórn Alþingis eru einvörðungu að tillit sé tekið til þegar áfallins kostnaðar sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1986 og ekkert umfram það. Eina undantekningin þar er að að beiðni forseta Alþingis gerir fjvn. tillögu um að Ýmis stofnkostnaður verði hækkaður um 4 millj. kr. og er það vegna kaupa á kvikmyndasafni Magnúsar Jóhannssonar.

Tillögur er varða forsrn. eru um hækkanir og í öllum tilvikum er þar um að ræða hækkanir að beiðni ríkisstjórnarinnar. Ástæða er þar til að minnast sérstaklega á hækkun á framlagi til Hlutafjársjóðs um 50 millj. en ætlast er til að sú hækkun verði sérstaklega til að aðstoða sveitarfélög sem eiga í erfiðleikum vegna atvinnubrests. Tillögur þær er varða menntmrn. eru til leiðréttinga á rekstrarkostnaði og launakostnaði svo og vegna ofáætlaðra sértekna eins og nánar kemur fram í skýringum við brtt. og auk þess tillögur sem fjvn. hefur flutt um tilteknar breytingar aðrar. Er þar sérstök ástæða til að víkja að tvennu.

Í fyrsta lagi er varðar Náttúruverndarráð. Á yfirstandandi ári var lögð til og afgreidd í fjárlögum sérstök fjárveiting til tiltekinna verkefna undir sérstöku viðfangsefni hjá Náttúruverndarráði og var það fé ekki tekið af almennri fjárveitingu til Náttúruverndarráðs heldur lögð til sérstök fjárveiting til þessara verkefna en þau hins vegar vistuð undir viðfangsefninu Náttúruverndarráð. Náttúruverndarráði var gerð grein fyrir þessum afgreiðslum Alþingis. Ráðið tók hins vegar ekkert tillit til þeirra afgreiðslna heldur notaði það fé sem til viðkomandi viðfangsefna átti að renna í eigin rekstur. Þar sem fjvn. hafði tilkynnt þeim er áttu við greiðslunum að taka um afgreiðslurnar verður ekki hjá því komist að flytja þarna tillögu um hækkun að fjárhæð 1300 þús. kr. vegna þess að Náttúruverndarráð hafði þegar ráðstafað því fé sem samþykkt hafði verið á Alþingi

að ætti að renna til annarra tiltekinna viðfangsefna. Fjvn. er hins vegar sammála um að flytja við 3. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1990 tillögu um sambærilega lækkun á framlagi til Náttúruverndarráðs þannig að ráðið þurfi sjálft að standa skil á þeim fjárhæðum sem það hefur tekið sér með þessum hætti á árinu 1989.

Þá gerir fjvn. einnig tillögu um að aukafjárveiting til Þjóðarbókhlöðu að fjárhæð 30 millj. kr. verði ekki samþykkt en nefndin fékk þær upplýsingar að sú fjárhæð væri bæði ógreidd og óskuldbundin og sá því ekki ástæðu til þess að sú aukafjárveiting verði samþykkt. Eins og ég sagði hér áðan, komi það í ljós að svo sé ekki þá verður það mál að sjálfsögðu skoðað nánar en þá sneiðist enn um olnbogarými Alþingis til sjálfstæðra ákvarðana um þær greiðsluheimildir sem sótt var um samþykki Alþingis við.

Aðrar lækkunartillögur undir þessum lið eru lækkunartillögur fjvn. á aukafjárveitingum samkvæmt frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 og eru nákvæmlega sömu skýringar á þeim tillögum og gefnar hafa verið áður. Þessar tillögur eru fluttar eftir upplýsingum um að hér hafi ekki verið um að ræða hluti sem var búið að greiða eða búið að skuldbinda til greiðslu.

Næst komum við að brtt. nefndarinnar er varða utanrrn. Þar er annars vegar lögð til hækkun vegna beiðni ríkisstjórnarinnar um matarsendingar til Póllands og hins vegar lækkun á viðfangsefninu 163 Alþjóðastofnanir en þessi aukafjárveiting hafði hvorki verið greidd né greiðsluskuldbundin.

Næsti liður varðar landbrn. Er þar um að ræða annars vegar hækkanir vegna leiðréttinga og uppgjörs á hallarekstri, bæði frá árinu 1989 og vegna fyrri ára og eins vegna áhrifa laga sem ekki hefur verið breytt og leggja greiðsluskuldbindingar á ríkissjóð án þess að fyrir þeim hafi verið séð í fjárlögum yfirstandandi árs en greiðslurnar munu óhjákvæmilega falla á ríkissjóð. Þarna er hins vegar einnig um að ræða tillögur um niðurskurð aukafjárveitinga frá fjvn. er varða tvö viðfangsefni og sama máli gegnir um næstu tillögu á eftir er varðar sjútvrn., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Er þar gerð tillaga um lækkun aukafjárveitingar þar sem greiðsla hefur ekki átt sér stað né skuldbindandi ákvarðanir teknar samkvæmt upplýsingum er nefndin fékk.

Þá komum við að tillögum er varða félmrn. Fyrsta tillagan er um uppgjör á skuld við Tryggingastofnun ríkisins vegna 10. gr. laga um málefni fatlaðra og nema þau skuldaskil 33 millj. 800 þús. kr. og er sú afgreiðsla gerð að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar. Þá er gerð tillaga um að greiddar verði 3,5 millj. kr. vegna hallareksturs vistheimilisins Sólheima og einnig er gerð tillaga um að liðurinn Félagsmál, ýmis starfsemi hækki um 3,5 millj. kr. og er það vegna óska fjmrh. og félmrh. Þá er gerð tillaga um lækkun á aukafjárveitingu til Kvennaathvarfs í Reykjavík um 1 millj. kr. og er það helmingur aukafjárveitingarfjárhæðarinnar sem ekki hefur verið innt af hendi. Skal fram tekið að í fjárlögum yfirstandandi árs eru Kvennaathvarfinu ætlaðar fjárveitingar upp á rúmar 6 millj. kr. og á fjárlögum yfirstandandi árs upp á rúmar 8 millj. kr. og ætti því allvel að vera fyrir viðfangsefninu séð.

Þá komum við að tillögum er varða heilbr.- og trmrn. Fyrsta tillagan lýtur að hallarekstri ríkisspítala sem nú stefnir í 102 millj. kr. á árinu 1989 í stað 50 millj. kr. eins og ráð var fyrir gert í frv. til fjáraukalaga sem lagt var fram í haust. Er lagt til að tekist verði á við þetta vandamál með þeim hætti að sjúkratryggingar verði hækkaðar um 52 millj. kr. vegna greiðslu á rannsóknarkostnaði á ríkisspítölum og er það í samræmi við ákvarðanir sem áður hafa átt sér stað á vegum ríkisstjórnarinnar og heilbrrh.

Næsta tillaga varðar málefni fatlaðra, um að viðfangsefni 190 Önnur starfsemi hækki um 500 þús. kr. Er þar um að ræða fjárveitingu til Geðhjálpar til að stofnunin geti haldið óbreyttri starfsemi sinni og er þar um að ræða ósk frá ráðherrum.

Þá er í næstu tillögu lagt til að greiddar verði skuldir hjá Innkaupastofnun ríkisins er eiga rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1986 vegna tiltekinna viðfangsefna sem nánar eru tilgreind í tillögunni.

Þessu næst er komið að liðnum Átak í áfengisvörnum. Þar kom fram að fjárveiting frá síðasta ári að upphæð 4 millj. kr. var enn ónotuð nú um miðjan des. Fjvn. telur litlar líkur á því að öll sú fjárhæð verði notuð á þeim stutta tíma sem lifir af þessu ári og leggur því til að hin ónotaða fjárveiting að fjárhæð 4 millj. kr. verði lækkuð um helming og ættu menn að geta vel fyrir þeim 2 millj. kr. sem eftir er séð á þeim 10 dögum sem eftir lifa af árinu. Á næsta ári er ætlað í sérstakt átak af þessu tagi 10 millj. kr. á fjárlögum og er vonandi að hægt verði að nota það fé til fullnustu.

Þá er komið að viðfangsefnum á vegum fjmrn. og varðar fyrsta tillagan sem fjvn. flytur um breytingu á ákvæðum fjáraukalagafrv. hækkun á fjárveitingu um 40 millj. kr. vegna endurgreiðslu söluskatts til iðnaðar, sjávarútvegs, fiskeldis og fleira. Er sú tillaga fram sett að beiðni fjmrh. Þá er viðfangsefnið Ýmsar endurgreiðslur hækkað um 23 millj. 51 þús. kr. Ástæðan er sú að þegar fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru afgreidd var gert ráð fyrir því að sérstök fjárveiting yrði sett inn í fjárlögin til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjöld vegna björgunartækja og annarra tækja sem aðflutningsgjöld og sölugjöld höfðu áður verið felld niður af og hefð var fyrir niðurfellingu á en ekki rúmast nú í lögum um söluskatt og ekki var talið æskilegt að telja öll slík tæki upp í einstökum heimildargreinum á fjárlögum hverju sinni. Þegar endurgreiðslufjárhæðin var áætluð gleymdist hins vegar að veita fjvn. upplýsingar um að í fjmrn. hafði fjölmörgum aðilum verið heimilað að greiða slíkan söluskatt og aðflutningsgjöld með skuldaviðurkenningum og víxlum í trausti þess að endurgreiðsla fengist á fjárlögum. Þessar upplýsingar gleymdist að færa fjvn. þannig að það var ekki fyrr en nokkru eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd

sem uppgötvaðist að í fjmrn. lágu gjaldfallnar skuldaviðurkenningar og víxlar vegna aðflutningsgjalda og sölugjalda sem gefið hafði verið fyrirheit um að endurgreidd yrðu og viðkomandi aðilar verið látnir skrifa upp á skuldabréf eða víxla fyrir en gleymst hafði að taka tillit til við afgreiðslu fjárlaga. Varð að samkomulagi milli fjvn. og fjmrn. að ekki yrði gengið eftir greiðslu á þessum skuldaviðurkenningum heldur beðið með þær þangað til tækifæri gæfist til þess að taka á þessum málum. Er það nú gert hér og eru allar þær fjárhæðir sem hér um ræðir vegna niðurfellingar frá árinu 1988 sem gleymdist að gera viðvart um við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár. Í fjárlögum yfirstandandi árs er hins vegar gert ráð fyrir fjárhæð til endurgreiðslu af þessum sökum.

Þá er komið að tillögum er varða samgrn. og er fyrsta tillagan um að viðfangsefnið Viðhald vega lækki um 50 millj. kr. frá aukafjárveitingatillögum frv. til fjáraukalaga og er það vegna snjómoksturs og hefur áður verið um það rætt. Þá er lagt til að viðfangsefnið 631 Landshafnir, óskipt hækki um 50 millj. kr. og er það vegna fyrirhugaðrar yfirtöku sveitarfélaga á rekstri landshafna um áramótin. Flutt er á sérstöku þingskjali tillaga um breytingar á 6. gr. í fjárlögum yfirstandandi árs þess efnis að liður 4.17 í 6. gr. er hljóðar nú svo með leyfi forseta: „Að heimilt sé ráðherra að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík", breytist þannig að hún orðist svo: „Að ráðherra sé heimilt að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík og greiða í því sambandi allt að 50 millj. kr. til sveitarfélaganna vegna kostnaðar við yfirtökuna á árinu 1989." Með þessu er sem sé gert ráð fyrir því að ráðherra fái bæði heimild og fjármuni til að ljúka samningum við sveitarfélögin um yfirtöku landshafnanna og greiða kostnað því samfara þannig að yfirtakan geti átt sér stað um nk. áramót eins og lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga gera ráð fyrir. Er nú að því komið að ráðherra og sveitarfélög taki sig til í þessum málum og ljúki þeim samningum sem ætti raunar fyrir nokkru að vera lokið ef vel ætti að vera.

Þá er loks að nefna tillögu sem flutt er undir liðnum 399 Ýmis orkumál á vegum iðnrn. Þar er gert ráð fyrir því að viðfangsefnið 119 Önnur orkumál hækki um 36 millj. kr. Er þar um að ræða fjárveitingu til greiðslu á kostnaði við viðgerð á sæstreng til Vestmannaeyja en sú greiðsla var innt af hendi af Rafmagnsveitum ríkisins og eru skuldbindingar um að ríkissjóður endurgreiði þann kostnað. Nemur hann samtals 71 millj. eins og fram kemur í tillögunni verði umrædd hækkun samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. sem fluttar eru við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989, en aðrar tillögur en þær sem hér hefur verið lýst varða einvörðungu sundurliðun á viðfangsefni og stofnanir á þeim safntölum sem í frv. til fjáraukalaga eru og eru þær sundurliðanir gerðar að fyrirlagi fjmrn. og annarra ráðuneyta eins og áður hefur komið fram. Fjvn. flytur síðan brtt. við 3. gr. og eru þær tillögur á blaðsíðu 21, 22, 23 og 24 á þskj. 367. Er þar gerð grein fyrir sundurliðun á heimild fjmrh. til lækkunar gjalda skv. 2. gr. fjárlaga að fjárhæð 614 millj. 500 þús. kr. og hef ég áður skýrt út hvaða tillögur hér eru á ferðinni, en sundurliðanir allar eru fengnar frá viðkomandi ráðuneytum, þ.e. menntmrn., heilbrrn., samgrn. og fjmrn. og er fallist á allar tillögur þessara ráðuneyta um niðurskurð nema tillögur samgrn. um niðurskurð vegna einstakra vegaframkvæmda sem ég gat um hér áðan og rakti ástæður fyrir að fjvn. taldi ekki fært að leggja fyrir Alþingi. Ég lét þess jafnframt getið að nefndin legði til annan og meiri niðurskurð en þar var áætlaður á öðrum viðfangsefnum vegagerðar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir því hvaða breytingar fjvn. leggur til að gerðar verði á frv. til fjáraukalaga eins og það var lagt fram á Alþingi nú í haust. Ég hef einnig gert grein fyrir því að hve miklu leyti þær breytingar eru sundurliðanir á safntölum sem voru í frv. og að hve miklu leyti er um að ræða brtt. sem eiga rætur að rekja til fjvn. sjálfrar og til ríkisstjórnar og ráðherra. Geta nú hv. alþm. tekið afstöðu til hverrar og einnar brtt. fyrir sig eftir stofnunum og viðfangsefnum, bæði þeim sem grundvallaðar voru í frv. til fjáraukalaga frá ríkisstjórninni frá því í haust og ekki voru sundurliðaðar á einstök viðfangsefni og einnig geta hv. alþm. með sama hætti tekið afstöðu til hverrar og einnar tillögu er fjvn. hefur flutt um breytingar þar á. Að lokinni þeirri afgreiðslu liggur ljóst fyrir hvaða viðbótargreiðsluheimild hver og ein stofnun og hvert og eitt viðfangsefni og hvert og eitt ráðuneyti hefur fengið með afgreiðslu þessara fjáraukalaga þannig að unnt verður að bera saman greiðsluheimildir hverrar stofnunar og niðurstöðuna eins og hún verður úr ríkisreikningi þeim sem lokað verður að kvöldi hins 31. des. nk.

Eins og ég hef áður sagt er Alþingi með þessari afgreiðslu að gefa fordæmi um hvernig að fjáraukalagaafgreiðslum skuli reynt að standa. Allir nefndarmenn í fjvn. eru sammála um það fordæmi sem hér er gefið og að það verklag sem hér er á haft sé rétt og eðlilegt verklag sem Alþingi á að hafa á afgreiðslu á fjáraukalögum. Eins og glöggt má sjá hefur fjvn. lagt sig fram og lagt mikla vinnu í þetta mál. Það er hins vegar að sjálfsögðu meiri hluti á Alþingi sem tekur ábyrgð á þeim afgreiðslum sem hér verða og þeirri stefnumótun sem í fjáraukalagafrv. felst. Fjárveitinganefndarmenn hafa hins vegar unnið hér mikið starf til viðbótar við hefðbundin viðfangsefni fjárlagagerðar og vil ég ljúka máli mínu með því að færa þeim öllum bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf, mikla vinnusemi og ekki síst þolinmæði við formann nefndarinnar og stuðning þeirra allra við þá stefnumótun um afgreiðslu málsins sem við í nefndinni höfum mótað sameiginlega og formaður leitast við að framkvæma með stuðningi nefndarmanna allra.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 verði afgreitt með þeim

breytingum sem felast í tillögum meiri hluta fjvn. á þskj. 367.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Hv. formaður fjvn. sem hér var að ljúka máli sínu vakti á því athygli snemma í ræðu sinni að enginn ráðherra hæstv. ríkisstjórnar væri þá viðstaddur. Skömmu síðar kom einn af hæstv. ráðherrum í salinn, hæstv. menntmrh., og um stundarsakir einnig hæstv. fjmrh. og einnig um sinn tveir aðrir hæstv. ráðherrar. (**Gripið fram í:** Samgönguráðherra.) Ég tel að hæstv. ráðherrar sýni þessu máli litla virðingu, og hæstv. samgrh. situr hér í skrifarasæti sem fer honum auðvitað betur en það sæti sem hann skipar nú, en ég tel þó lágmark að hæstv. fjmrh. sé við þessa umræðu og ég er fús að gera hlé á máli mínu þar til hann hefur tíma til þess að hlýða á umræðuna. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að óska eftir því að hæstv. fjmrh. komi hér í salinn.) — Hæstv. forseti vill kannski fresta fundi. Það er engin þörf á að halda umræðunni áfram á meðan hæstv. fjmrh. hefur ekki hirðu á því að vera við umræðu um þetta þýðingarmikla mál. (**Forseti:** Það er rétt að geta þess að verið er að sækja hæstv. fjmrh. svo ég held að ganga verði út frá því að hann sé rétt ókominn hér í salinn og þess vegna sé rétt að hv. 2. þm. Norðurl. v. hinkri við (**Gripið fram í:** Hann er að koma.) og þar upplýsist að hæstv. fjmrh. muni vera að koma.)

Hæstv. fjmrh. hefur nú séð ástæðu til þess að koma í salinn til að vera við þessa umræðu og eru það tíðindi sem rétt þykir að segja frá í umræðunni.

Ég vil hefja þessa ræðu mína með því að flytja hv. formanni fjvn. og meiri hl. fjvn. og raunar nefndinni í heild þakkir fyrir samstarf við þá vinnu sem er að baki við undirbúning að afgreiðslu þessa máls. Ég tek undir þakkir hv. formanns nefndarinnar í garð þeirra starfsmanna sem með nefndinni hafa starfað og einnig til þeirra embættismanna ríkisins sem nefndin hefur þurft að leita til í því mikla starfi sem hún hefur af hendi leyst. Ég tek enn fremur undir það sem fram kom mjög skýrt í ræðu hv. formanns fjvn. að nefndin er sammála og telur að eðlilega hafi verið staðið að verklagi og vinnu við undirbúning að þessari afgreiðslu. Ég mun koma síðar í ræðu minni að því hvernig því verklagi er lokið. En ég tek það skýrt fram að í nefndinni hefur verið full samstaða um hvernig á því máli hefur verið tekið eftir það ófullburða frv. sem lagt var fyrir hér á Alþingi í nóvembermánuði.

Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989, sem nú er flutt á fjárlagaári, er flutt til þess að leita staðfestingar Alþingis á greiðslum úr ríkissjóði sem eru allt að 8,8 milljarðar umfram fjárlög. Þetta eru að sjálfsögðu tíðindi sem vert er að taka eftir og það af ýmsum orsökum. Í fyrsta lagi er rétt að vekja á því athygli hvernig afgreiðsla fjárlaga fyrir þetta ár var fyrir tæpu ári síðan. Þá lá það fyrir að fjárlög voru afgreidd með tekjuafgangi sem nam 636 millj. kr. Og þá var sagt af hálfu hæstv. fjmrh. og af hálfu meiri hl. hér á hinu háa Alþingi að þau fjárlög mörkuðu að ýmsu leyti tímamót. Hæstv. fjmrh. sparaði þá ekki hinar stóru yfirlýsingarnar fremur venju. Hann lýsti því þá yfir að nú væri lokið hallarekstri ríkissjóðs, nú skyldi náð jöfnuði í rekstri ríkissjóðs og lokið sukki og hallarekstri sem þar hefði viðgengist. Það væri sem sé runnið upp tímabil jafnvægis og aðhalds og sparnaðar í rekstri ríkisins.

Þá var jafnframt sagt af hálfu hæstv. fjmrh. að frv. fyrir árið 1989 væri enginn gleðiboðskapur og það var vissulega rétt. En það var jafnframt sagt af hálfu hæstv. fjmrh. að það þyrfti bæði áræði og kjark til þess að taka á málum með þeim hætti að snúið yrði við frá hallarekstri til jafnvægis. Með því frv. sem flutt var fyrir árið 1989 sýndi hæstv. fjmrh. það áræði að leggja fram frv. sem væri raunhæft og stæðist í þeim efnum að með því ætti að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins.

Þá var jafnframt sagt af hálfu hæstv. fjmrh. að það þyrfti kraft til að standa að málum við framkvæmd ríkisfjármála á árinu 1989 þannig að þetta jafnvægi næðist og yrði raunhæft. Ég hef áður vikið að þessum orðum hæstv. fjmrh. og ég hef sagt að það vantaði ekki á þeirri tíð að af hæstv. fjmrh. geislaði bæði áræði og kraftur meðan hann stóð í ræðustólnum. Og það fór svo að í þeim umræðum um þessa afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári síðan var hæstv. fjmrh. næsta borginmannlegur. Það liðu á hinn bóginn ekki nema örfáar vikur eftir að Alþingi var komið heim frá störfum á vordögum 1989, þ.e. fyrir mitt þetta ár, þar til hæstv. ríkisstjórn hafði tekið ákvarðanir sem kollvörpuðu þessum áætlunum, sem kollvörpuðu öllum yfirlýsingum hæstv. fjmrh. um að jafnvægi skyldi verða á rekstri ríkissjóðs á árinu 1989 og breytti stöðunni úr 636 millj. kr. rekstrarafgangi í á fimmta milljarð í halla. Örfáar vikur. Og þetta gerðist þvert ofan í allar þær yfirlýsingar sem þá voru gefnar.

Ég vil einnig minna á að við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár fyrir tæpu ári síðan höfðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar sitthvað við meðferð mála að athuga og við fjárlagafrv. fyrir þetta ár einnig. Við gagnrýndum frv. býsna harðlega og við gagnrýndum meðferð mála einnig. Og við bentum á að engar líkur væru til þess að yfirlýsingar hæstv. fjmrh. stæðust. Við bentum á að þessum fyrirætlunum ætlaði hæstv. fjmrh. að ná með því að auka skattbyrði þjóðarinnar meira á einu ári en nokkru sinni hafði áður gerst. Og staðreyndin er sú að fyrir liggur skv. áætlunum að skattbyrði á þessu ári verði meiri en nokkru sinni fyrr eða um 26,6% af vergri landsframleiðslu á meðan hún var til að mynda á árinu 1987 23,6% af vergri landsframleiðslu. Enn á síðan að hækka skattana á því ári sem tekur við undir fjármálastjórn hæstv. fjmrh.

Við bentum á að í fyrsta lagi ætlaði hæstv. ríkisstjórn að ná jöfnuði með þessum hætti. Samt mundi það ekki duga. Við bentum á að stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar í málefnum þjóðarinnar bæði í atvinnu- og efnahagsmálum á þeim tíma sem fjárlög voru afgreidd væri algert og af þeim sökum væru

forsendur fjárlaganna fyrir árið 1989 í lausu lofti. Og hvernig skyldi nú reynslan hafa orðið í þeim efnum?

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 og við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var gert ráð fyrir að verðlag hækkaði milli ára um 13–14%. Í skýringum með frv. til fjáraukalaga fyrir þetta ár kemur fram að þetta hefur ekki staðist heldur hefur verðlag hækkað um 23%. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 og við afgreiðslu fjárlaga þetta ár var gengið út frá því að gengi íslensku krónunnar mundi hækka á milli ára 1988 og 1989 um 11,5%. Skyldi nú þetta hafa staðist? Ó nei, ekki aldeilis. Gengið á milli ára 1988–1989 hefur hækkað um 25%. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár og við meðferð fjárlagafrv. fyrir þetta ár var út frá því gengið að laun milli áranna 1988 og 1989 mundu hækka um 6,5%. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórninni sjálfri hafa laun hækkað á þessu tímabili að meðaltali um 11,5%. Betur verður ekki sannað að allt það sem við fulltrúar minni hl. og stjórnarandstöðunnar sögðum á Alþingi við meðferð fjárlagafrv. fyrir árið 1989 og við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár hefur reynst satt og rétt.

Þrátt fyrir þá gagnrýni okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar á þessum tíma sem sett var fram bæði skorinort og ítarlega sögðu hæstv. fjmrh. og hv. fulltrúar meiri hl. hér á hinu háa Alþingi að þetta skipti engu máli og að röksemdir okkar í þessum efnum væru ekki í samræmi við raunveruleikann. Staðreyndirnar liggja nú fyrir og af því sem ég hef hér lýst, hvernig forsendur fjárlaga fyrir þetta ár hafa reynst, er þegar ljóst að útgjöld ríkissjóðs hafa farið milljarða fram úr því sem áætlað var þegar fjárlögin voru afgreidd.

Við í minni hl. bentum þá einnig á að inn í fjárlagafrv. vantaði stóra liði útgjalda sem augljósir væru. Þessu var öllu mótmælt af hæstv. fjmrh. og hv. fulltrúum meiri hl. Við bentum á að inn í fjárlagafrv. vantaði í vaxtaliðinn sem næmi hundruðum millj. kr. Niðurstaðan liggur fyrir að því leyti sem hún er þegar kunn í því fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu, en þar er farið fram á heimild ríkissjóðs eftir á til að greiða vexti til viðbótar við fjárlagaáætlanir upp á 820 millj. kr. Við bentum á við meðferð fjárlagafrv. fyrir þetta ár og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 að í niðurgreiðsluliðinn vantaði a.m.k. 600–700 millj. kr. til að niðurgreiðslustigið héldist óbreytt út þetta ár. Staðreyndin liggur fyrir í því fjáraukalagafrv. sem við erum hér með til umræðu og afgreiðslu. Þar kemur fram að leitað er heimilda til þess að greiða 800 millj. kr. til viðbótar við það sem fjárlög kveða á um.

Við bentum á, þegar við töldum upp ýmsa liði sem vantaði augljóslega inn í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár, að stórar fjárhæðir vantaði, nokkur hundruð millj. inn í framlög til landbúnaðarins. Og niðurstaðan er hér í þessu frv., fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989. Þar kemur fram að verið er að leita heimilda fyrir auknum útgjöldum í framlög vegna landbúnaðarins um 790 millj. kr. Hefði þó verið full þörf á að lengra væri gengið til þess að staðið væri við lög um þessi efni. Við bentum enn fremur á við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár — kannski ég eigi að gera hlé á máli mínu meðan þeir hv. stjórnarliðar halda fund. Ef hæstv. fjmrh. getur slotað þeim fundi get ég haldið áfram mínu máli. (**Fjmrh.:** Honum er lokið.) Við bentum einnig á að augljóst væri að verulegar fjárhæðir vantaði til Vegagerðar ríkisins miðað við þau verkefni sem henni væri ætlað að vinna, fyrir utan það sem hæstv. ríkisstjórn ákvað að skerða sérmerkta tekjustofna Vegagerðarinnar á þessu ári. Og niðurstaðan liggur hér fyrir. Í brtt. sem fylgja þessu frv. og í frv. sjálfu er farið fram á heimild ríkissjóðs eftir á til að greiða megi á árinu 1989 yfir 500 millj. kr.

Ég ætla ekki að telja upp fleiri liði af þessum toga. Þeir eru fleiri til. En þetta er hér dregið fram til að sýna fram á að það sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar héldum fram í umræðum um fjárlagafrv. fyrir þetta ár og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 hefur staðist í öllum greinum. Meira að segja fórum við þar varlega í sakirnar í okkar áætlunum sem sjálfsagt var því að það er ekki okkar háttur að fara með það sem kynni að vera ofsagt í þessum efnum. Þess þarf ekki með. Við nefnum nógu stórar tölur fyrir því.

Það hefur jafnframt komið í ljós að yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um trúverðugleika þess fjárlagafrv. sem hann mælti þá fyrir sem sérstöku tímamótaplaggi í fjármálum ríkisins og hann hefði haft áræði til að setja saman og flytja slíkt frv. og mundi hafa kjark til að fylgja eftir í framkvæmd hjá fjármálum ríkisins á þessu ári hefur allt saman reynst vera markleysa. Það er allt að engu orðið. Stórar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. eru með þessu marki brenndar frá því við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár og það er hætt við að það verði einnig svo við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Ég tel ástæðu til þess að draga þetta hér skýrt og rækilega fram.

Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar, bentum einnig á við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár að með þeirri afgreiðslu væri þrengt að atvinnuvegunum í landinu og það væri þrengt að hagsmunum landsbyggðarinnar. Þetta hefur vitaskuld komið fram, enda er staðan sú í atvinnumálum landsbyggðarinnar nú að sannarlega væri full þörf á að eitthvað væri tekið til hendinni. Á því eru engar horfur meðan þessi hæstv. ríkisstjórn situr að völdum.

Það er ekki að ástæðulausu að ég rifja þetta hér upp. Það er ekki að ástæðulausu sem ég dreg fram að gagnrýni okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar á málatilbúnað hæstv. fjmrh. í fjárlagafrv. og við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár væri rangur. Hann stóðst ekki raunveruleikann. Í mörgum greinum var þetta augljóst og við bentum á það rækilega í umræðum um þessi mál. Þessar viðvaranir okkar voru að engu hafðar. Meira að segja var sagt að þær væru markleysa ellegar ekkert gerði til þó að útgjöldin færu fram úr því sem fjárlög kvæðu á um því að tekjurnar mundu vaxa að sama skapi. Það var hið innbyggða samhengi hæstv. fjmrh. sem ég vakti athygli á hvernig farið hefði í umræðum við 2. umr. fjárlaga hér fyrir nokkrum dögum. Ég held að þetta geti varla legið skýrar fyrir en hér hefur gerst. Nú

kemur hæstv. fjmrh., hefur lagt fram frv. til fjáraukalaga og þar er farið fram á að Alþingi heimili eftir á í flestum greinum að greiddir séu úr ríkissjóði allt að 8,8 milljarðar umfram fjárlög á þessu ári. En á sama tíma að tekjur ríkissjóðs aukist skv. áætlun um liðlega 3 milljarða kr. Þetta liggur nú fyrir. Það er þess vegna eins skýrt og verða má að sú skoðun okkar, fulltrúa minni hl. við afgreiðslu þessara mála fyrir ári síðan, átti við full rök að styðjast, var rétt, en fullyrðingar og yfirlýsingar hæstv. fjmrh. voru á sandi byggðar.

Hæstv. fjmrh. hóf sitt starf í fjmrn. með þeim hætti að lýsa yfir við okkur sem eigum sæti í fjvn. að hann vildi hafa við okkur gott samstarf. Það er vel og ekki stóð á því að nefndin vildi taka þátt í því samstarfi og við fulltrúar minni hl. í fjvn. tókum því einnig fegins hendi og vorum reiðubúnir til samstarfs um þau málefni sem við gátum átt samstarf um við hæstv. fjmrh., sem er vitaskuld takmörkunum háð.

Hæstv. fjmrh. lét þess einnig iðulega getið að hann kynni full skil á því hver væru takmörk þingræðisins og hvað þingræðið leyfði framkvæmdarvaldinu. Þess vegna væri mikil nauðsyn á því að handhafar framkvæmdarvaldsins, og þá ekki síst hæstv. fjmrh. varðandi fjármál ríkisins, hefðu gott samstarf við Alþingi og fulltrúa Alþingis í fjvn. Allt var gott um þetta að segja og hæstv. fjmrh. fór nokkuð vel af stað varðandi þessa hluti. En svo fór að botninn datt úr þessum góðu áformum og það sannast í ræðu hv. formanns fjvn. hér áðan að samstarf hefur verið lítið milli fjvn. og hæstv. fjmrh. um meðferð þeirra miklu aukafjárveitinga sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. hafa ákveðið á þessu ári. Það sannast m.a. vegna þeirra orða hv. formanns fjvn. að ýmsar af þeim tillögum sem fram komu hjá hæstv. ríkisstjórn um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári, útgjöld sem þegar eru orðin staðreynd, séu með þeim hætti að fjvn. mundi ekki hafa á fallist ef þær greiðslur hefðu ekki þegar verið um garð gengnar. Betur verður ekki sannað að þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um samstarf við fjvn. og virðingu hans fyrir þingræðinu og mikilvægi þess að framkvæmdarvaldið hefði gott samstarf við löggjafarvaldið og fulltrúa löggjafarvaldsins í fjvn. hefur þetta samstarf runnið út í sandinn. Hæstv. fjmrh. virðist hafa tekið sínar ákvarðanir um aukafjárveitingar og heimildarlausar greiðslur úr ríkissjóði án þess að bera þær undir meiri hl. í fjvn. Víst er að þær hafa ekki verið bornar undir nefndina í heild og út af fyrir sig skal ég ekki að því finna því að mál af þessu tagi hljóta að vera mál meiri hluta á Alþingi hverju sinni, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar og meiri hl. fjvn. og meiri hluta hér á löggjafarsamkomunni.

Ég vil hins vegar vara hæstv. fjmrh. við því að ef svo gengur fram um hans vinnulag að ákveða upp á eindæmi hæstv. ríkisstjórnar heimildarlausar greiðslur úr ríkissjóði í jafnríkum mæli og gert hefur verið á þessu ári, þá kann svo að fara að löggjafarvaldinu og fulltrúa löggjafarvaldsins í heild í fjvn. þyki nóg boðið. Og víst er um það að nokkrar af þeim tillögum sem hæstv. fjmrh. hefur gert við meðferð þessa máls og í frv. sjálfu hafa verið settar til baka. Meiri hl. fjvn. hefur ekki á þær fallist og sannar það enn að það samstarf og þau samráð sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir snemma á sínum starfsferli að hann mundi viðhafa í þessum málum hafa ekki gengið eftir. Samráð og samstarf sem á að vera ef þessi mál eru rekin með þeim hætti sem eðlilegt er.

Hæstv. fjmrh. stendur því hér uppi við þessa umræðu, ekki einungis með það að yfirlýsingar hans við meðferð fjárlagafrv. og afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár fyrir ári síðan hafa reynst markleysa. Hann stendur einnig uppi með það að yfirlýsingar hans um gott samstarf við meiri hl. fjvn. og við fulltrúa löggjafarvaldsins hafa reynst markleysa. Hvað sem sagt kann núna að verða um þau mál, þá liggur sönnun fyrir í þskj., í tillögum meiri hl. fjvn. við fjáraukalög fyrir þessa umræðu og í ræðu hv. formanns fjvn. sem hér talaði ákaflega ítarlega og skýrt um þessi mál.

Vel má vera að hæstv. fjmrh. telji að hann hafi ekki þurft á samstarfi að halda um þessi mál nema hinar fyrstu vikurnar eða jafnvel fyrstu mánuðina. Þegar hann hefði starfað um tíma í sínu embætti, þá væri hann fullfær um að ráða þessum málum sjálfur. Það væri nánast formsatriði að leggja þessi mál fyrir Alþingi. Það skal þó viðurkennt, og er sjálfsagt að viðurkenna það sem er til bóta, að það er framför í því að leggja fram fjáraukalagafrv. á sama ári og útgjöld eru veitt úr ríkissjóði. Ég tel enga ástæðu til þess að draga fjöður yfir það ef finnanleg eru atriði sem til betri vegar horfa í framkvæmd þessara mála. Nóg er af hinum sem eru gagnrýnisverð.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið á haustdögum þegar hann skýrði frá því að hann hygðist flytja það frv. sem hér er til umræðu að með því móti væri Alþingi gert að taka á því ábyrgð hvort þær greiðslur úr ríkissjóði sem leitað yrði heimildar fyrir í fjáraukalagafrv. yrðu greiddar eða ekki. Alþingi yrði falið það verkefni að fjalla um þetta og taka á sig ábyrgðina á því hvort þetta yrði gert eða ekki. Og hæstv. fjmrh. lét þess getið við 1. umr. þessa máls að verulegur hluti, meginhlutinn, af þessu fé hefði ekki enn verið greiddur og mundi ekki verða greiddur nema Alþingi samþykkti að svo skyldi vera.

Í ræðu hv. formanns fjvn. kom ákaflega skýrt fram hvernig þetta hefur orðið í raun. Í ljós kom að einungis um 300 millj. kr. eða raunar tæplega það, um 285 millj. kr. af nærri 8,8 milljarða auknum útgjöldum á þessu ári var ekki búið að ráðstafa eða binda fastmælum um ráðstöfun þegar frv. kemur til afgreiðslu. Einungis þessi fjárhæð, eins og skýrt kom fram í ágætri ræðu hv. formanns fjvn., var sú sem mögulegt var fyrir hv. Alþingi að taka ákvörðun um að hætta við fyrirætlanir um að greidd yrði. Og meiri hl. fjvn. ákveður að leggja fram till. sínar í því efni á þann veg að horfið yrði frá því að greiða 117 millj. kr. af þessu fé. Mér er ekki grunlaust um að hæstv. fjmrh. og e.t.v. fleiri hæstv. ráðherrum í núv.

ríkisstjórn hafi þótt nóg um og hafi jafnvel fundið að því að meiri hl. fjvn. skyldi leyfa sér að halda á málum með þeim hætti að setja til baka eitthvað af óskum hæstv. fjmrh.

Þegar til kastanna kom þá voru það aðeins 285 millj. kr. af þessari miklu fjárhæð sem ekki var búið að ráðstafa að fullu, ekki var búið að greiða eða binda fastmælum að fullu að greitt yrði. Þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir á haustdögum að ekkert yrði greitt af þessu fé nema það yrði samþykkt áður á Alþingi. Og hann hefði nóg svigrúm í fjárlagadæminu til að fella niður greiðslur á móti ef svo kynni að fara að Alþingi neitaði að samþykkja einhverjar af þeim óskum sem hann setti fram um greiðslur úr ríkissjóði umfram fjárlög. Svona fór nú um sjóferð þá. Ég get varla hugsað mér aumkunarverðari niðurstöðu fyrir hæstv. fjmrh. eftir þær sveru yfirlýsingar sem hann gaf um þetta efni.

Þess er enn að geta að hv. formaður fjvn. lýsti því í ræðu sinni að það kynni að verða að hafa fyrirvara á að eitthvað af þeim 285 millj. kr., sem talið var í fjvn. að ekki væri búið að greiða eða væri fastmælum bundið að greiða, væri samt sem áður þegar greitt vegna rangra upplýsinga. Og ef hæstv. fjmrh. hefði hirt um að vera við þegar hv. formaður fjvn. talaði hér áðan hefði hann getað fylgst með þessu öllu saman. Honum er þetta samt sem áður eigi að síður allt saman fullkunnugt. Hann veit sína stöðu í þessu máli þrátt fyrir að hvenær sem hann kemur í ræðustól eða talar við fjölmiðla ber hann sig borginmannlega. Þannig er nú staðan í þessum málum. Og það er á eina lund með yfirlýsingar þessara hæstv. ráðherra að þegar til kastanna kemur þá standast þær ekki. Enda mun það svo að þegar hæstv. ráðherrar standa á þann veg að málum þá fer að bresta trúnaðurinn.

Ég vil gjarnan draga það fram í þessu sambandi að hæstv. fjmrh. hefur ofan í allt þetta verið með allítarlega tilburði í þá átt að brjóta upp nýsett lög Alþingis. Lög sem eiga sér margra ára aðdraganda, jafnvel margra áratuga aðdraganda og gífurlega vinnu fjölda stjórnmálamanna og sveitarstjórnarmanna á landinu, þ.e. lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þessi hæstv. ráðherra telur sér heimilt eða að það sé bara ekkert mál þó að lagaákvæði séu brotin með fjárlagaafgreiðslu. Þó brotið sé upp samkomulag sem tekið hefur fjölda ára, jafnvel áratugi, að ná saman um og loks var afgreitt hér á hinu háa Alþingi fyrir ári síðan. Það er sannarlega eftir öðru í því hvernig þessi hæstv. ráðherra stendur við sínar yfirlýsingar og hvaða virðingu hann ber fyrir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið.

Ég skal, virðulegur forseti, ekki fjalla um þennan þátt málsins í miklu lengra máli að sinni. Ég held að ástæða sé til að fara nokkrum orðum um frv. sjálft og þá afgreiðslu sem stefnt er að með brtt. meiri hl. nefndarinnar. Ég vakti athygli á því við 1. umr. málsins, og það gerðu raunar fleiri hv. ræðumenn, að það frv. sem hér er til afgreiðslu var miklum annmörkum háð eins og það var flutt. Ég tek það fram, eins og ég gerði raunar einnig þá og hef þegar gert að nokkru í máli mínu hér að framan, að það er þó eigi að síður jákvæður áfangi í meðferð ríkisfjármála að flytja frv. til fjáraukalaga á fjárlagaári. Það er viss áfangi sem vert er að taka eftir og ég hef enga ástæðu til annars en að láta það koma fram um leið og ég gagnrýni hæstv. fjmrh. fyrir meðferð þessara mála með hörðum orðum á ýmsum öðrum sviðum.

Ég vek athygli á því að eftir að fjárlög síðasta árs fóru svo mjög úr böndunum sem raun ber vitni, þar á meðal í höndum núv. hæstv. fjmrh. þannig að útgjöld ríkissjóðs á því ári fóru 8 milljarða fram úr því sem fjárlög kváðu á um meðan tekjurnar jukust um 800 milljónir var fjvn. í heild vitaskuld nóg boðið. Þessi meðferð mála og þessi staða í fjármálum ríkissjóðs olli þar mikilli umræðu. Í framhaldi af þeirri umræðu tók fjvn. í heild ákvörðun um að leitast við að hafa áhrif á breytta skipan þessara mála. Einn þáttur í þeirri breyttu skipan er sá að við teljum eðlilegt og nauðsynlegt að fjáraukalög séu flutt til þess að afla heimilda fyrir aukafjárveitingum áður en fé er greitt úr ríkissjóði. Eftir þær viðræður sem um þetta mál fóru fram milli fjvn. annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar ákvað hæstv. fjmrh. að flytja þetta frv. Og ég hef þegar farið viðurkenningarorðum um að það skyldi gert. Þegar frv. var flutt var á hinn bóginn augljóst að frv. var í fyrsta lagi seint fram komið. Það má skýra með því að þetta er í fyrsta sinn sem slíkt frv. er flutt á fjárlagaári. En augljóst var þó að frv. var bæði of seint fram komið og að það var vanburða. Hversu seint það er komið fram veldur því að afgreiðsla frv. og sú viðamikla vinna sem við höfum nú lagt að baki í fjvn. varðandi þetta mál og lýst var af hv. formanni nefndarinnar fer saman við aðalvinnutörn fjvn. og það er afar óheppilegt verklag. Það væri mikil nauðsyn á því að fjáraukalagafrv. væri flutt um það leyti eða eigi síðar en þing kemur saman þannig að á meðan meiri tími vinnst til vinnu í fjvn. sé hægt að taka slíkt mál til meðferðar.

Í öðru lagi var ljóst eins og ég hef hér þegar sagt og glöggt kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar að frv. var það seint fram komið að meginhlutinn af því fé sem með frv. var ætlast til að aflað væri heimilda fyrir hafði þegar verið greiddur úr ríkissjóði. Að þessu leyti stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut. Og ég þarf engu að bæta við þau orð sem þegar hafa verið sögð bæði hér fyrr í ræðu minni og í ræðu hv. formanns fjvn., Sighvats Björgvinssonar.

Þetta er vitaskuld með öðrum hætti en við í fjvn. teljum að þurfi að vera. Við teljum að fjáraukalagafrv. eigi að flytja áður en aukafjárveitingar eru greiddar úr ríkissjóði, áður en hinar ýmsu greiðslur fara þar fram, og á þann hátt fyrir fram aflað heimilda Alþingis til þess að slíkar greiðslur verði inntar af hendi. Þetta er enda í samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins. Og þó að fram hjá þessum hlutum hafi iðulega verið farið á undanförnum árum þá hefur það ráðslag nú gengið svo langt að við sem erum fulltrúar löggjafarvaldsins í fjvn. teljum að svo megi ekki lengur standa.

Í þriðja lagi var frv. lagt fram í þeim búningi að það

gat naumast talist þinghæft. Í nál. minni hl. nefndarinnar er að þessu vikið og að þessu var einnig vikið í ræðu minni við 1. umr. þessa máls. Í fyrsta lagi voru sömu fjárlagaliðirnir taldir upp hvað eftir annað í frv. eins og það var lagt fram í stað þess að að sjálfsögðu átti að fella þær tölur saman í eina sem heyrði undir sama fjárlagaliðinn, sama tölul. í hverjum fjárlagalið og greina síðan sundur í skýringum eftir því sem við átti í grg. frv.

Í öðru lagi voru í frv. safnliðir sem námu samtals um 4 milljörðum kr. sem ekki voru greindir sundur eftir fjárlagaliðum og gátu, eftir því sem frv. leit út, að verulegu leyti verið til frjálsrar ráðstöfunar af hálfu hæstv. fjmrh. Þetta var vitaskuld ekki hægt að sætta sig við og ekki þinghæft.

Í þriðja lagi var farið fram á heimildir til þess að lækka útgjöld ríkissjóðs um allt að 650 millj. kr. án þess að þessu fé væri skipt niður á einstök verk eða einstaka fjárlagaliði.

Að öllum þessum efnum var vikið í ræðu hv. formanns fjvn., Sighvats Björgvinssonar. Fjvn. hefur orðið sammála um á hvern hátt skyldi tekið á þessu formi frv. og því breytt með brtt. meiri hl. nefndarinnar. Eins og þær brtt. líta út er frv. nú komið í þinghæft horf. Nú er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um hvern einstakan lið frv. og hvaða þingmaður sem er getur óskað eftir því að tjá sig um hvern einstakan lið og greiða atkvæði sérstaklega um hvern einstakan lið. Svo er einnig hitt að þær stofnanir sem eiga að sætta sig við þær fjárveitingar sem frv. ber með sér vita hvar þær standa. Þetta hvort tveggja er nauðsynlegt í því formi sem hér er verið að setja á blað.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að afar mikilvægt er að átta sig á réttum efnistökum þessa máls því það kann að hafa verulegt fordæmisgildi. Og ég endurtek að nefndin sem heild stendur að þessum efnistökum og er um þau sammála. Ég vænti þess að það efnisform sem er nú á frv., miðað við brtt. meiri hl. nefndarinnar, geti því orðið fordæmi á komandi árum við meðferð slíkra mála.

Sá mikli fjöldi brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur hefur auðvitað að ýmsu leyti það að markmiði að ná þessum formbreytingum á frv. til að gera það mögulegt að frv. sé í raun þinghæft. Og með því skýrast að töluverðu leyti þær till. sem fram eru settar á þskj. 367. Auðvitað eru þar einnig ýmsar brtt. sem fela í sé efnisatriði, ný atriði sem fram koma ýmist til lækkunar eða hækkunar á útgjöldum þessa frv.

Þrátt fyrir að nefndin sem slík sé sammála þessum efnistökum og eigi þátt í þeim, eins og hér hefur verið lýst, flytur meiri hl. brtt. án aðildar minni hl. Minni hl. tekur þó fram að nokkrar af þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 367 eiga rætur að rekja til ákvarðana á Alþingi sem stjórnarandstaðan hefur átt aðild að. Og aðrar til ákvarðana í fjvn. í heild ellegar vinnu í starfshópum á vegum nefndarinnar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa tekið þátt í. Þessar till. eru þess efnis að minni hl. leggur til að þær verði samþykktar. Og til þess að þær liggi skýrt fyrir eru þær taldar upp í nál. minni hl. nefndarinnar á þskj. 372. Ég tel eðlilegt að víkja að þessum till. í nokkrum efnum til að þeir sem hér eru þó viðstaddir velkist ekki í vafa um að minni hl. styður þessar till. og leggur til að þær verði samþykktar.

Í fyrsta lagi er till. varðandi embætti forseta Íslands, um viðhald fasteigna. Hún á rætur að rekja í lagasetningu á hv. Alþingi á síðasta þingi sem stjórnarandstaðan tók þátt í afgreiðslu á og studdi af heilum hug.

Í öðru lagi er till. er varðar Stýrimannaskólann í Reykjavík, kennslutæki, stofnkostnað við kennslutæki. Hún á rætur að rekja til þess að gefin var heimild í 6. gr. fjárlaga fyrir þetta ár sem nefndin sem heild stóð að og við leggjum til að verði samþykkt.

Í þriðja lagi eru nokkrir liðir varðandi sjúkrahús og læknisbústaði þar sem um stofnkostnað er að ræða. Þeir undirliðir eiga rætur að rekja til vinnuhóps sem starfaði innan fjvn. um skiptingu á fé til stofnkostnaðar í læknisbústöðum og sjúkrahúsum og á heilsugæslustöðvum. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar áttu fulla aðild að þeim vinnuhóp og við leggjum til að sú till. verði einnig samþykkt. Þá eru till. er varða Vegagerð ríkisins sem að meginefni til eiga rætur að rekja til afgreiðslu vegáætlunar hér á Alþingi sl. vor, en vegáætlun var afgreidd 20. maí sl., en að öðru leyti til breytinga sem gerðar voru nú í fjvn. við meðferð þessa máls og skýrðar hafa verið í ræðu formanns. Þessar till. eru studdar af minni hl. nefndarinnar.

Þá er hér enn fimmta till. er varðar hafnamál, það eru sjóvarnargarðar á Flateyri, sem á rætur að rekja til vinnu í starfshópi á vegum fjvn. sem fulltrúi minni hl. tók fullan þátt í og við leggjum til að verði samþykkt. Sömu sögu er að segja um sjöttu till., er varðar Öryggismálaskóla sjómanna, upp á 7,5 millj. kr. og á einnig rætur að rekja til slíks vinnuhóps.

Ég vil sérstaklega taka fram að ýmsar aðrar till. sem eru í þessu frv. eru auðvitað misjafnar að efni og ganga til ýmiss konar viðfangsefna. Margt af því eru vitaskuld góð viðfangsefni og þörf mál. Önnur eru með þeim hætti að fulltrúar minni hl. lýsa þar algerri andstöðu við, enda þótt við í þessari afgreiðslu greinum þar ekki mál nákvæmlega í sundur. En ég minni á að meira að segja formaður nefndarinnar lýsti því hér í ræðu sinni að sumar þessara till. sem væru til að staðfesta greiðslur úr ríkissjóði sem þegar væru um garð gengnar væru þess efnis að hefðu þau mál komið til kasta fjvn. áður en greitt var úr ríkissjóði hefðu þau ekki hlotið meðmæli eða stuðning nefndarinnar í heild.

Ég tel naumast ástæðu til að tína hér fram einstakar slíkar till. sem minni hl. sér ástæðu til að vekja athygli á að séu með þeim hætti að við séum andvígir. En þó get ég tekið undir þær athugasemdir um þetta efni sem fram komu í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Og vitaskuld má bæta við þær nokkrum atriðum. Ég nefni að í þessum till. sem hér birtast, þessu frv. til fjáraukalaga, er verið að leita staðfestingar Alþingis á greiðslum sem eiga að ganga til þess að kosta laun og annan kostnað við aðstoðarráðherra eða aðstoð-

armenn ráðherra í sumum ráðuneytanna sem ráðnir eru án heimilda. Hér er um að ræða a.m.k. tvo starfsmenn hæstv. fjmrh. Og hér er enn fremur um að ræða a.m.k. einn starfsmann hæstv. menntmrh. sem hér situr í hliðarherbergi. Ég get ekki látið þessa umræðu ganga svo að ég lýsi ekki fullri andstöðu við þá meðferð fjármuna ríkisins. Þegar hæstv. fjmrh. og sumir aðrir hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn taka sér vald til þess að ráða starfsmenn á þann hátt að lög og reglugerð um Stjórnarráð Íslands eru brotin og taka til þess fé úr ríkissjóði án heimilda, þá er ekki hægt að láta umræðu um þessi mál ganga án þess að það sé sterklega á því vakin athygli.

Ég hef vissulega gert þessi mál að umtalsefni fyrr á þessu Alþingi en með því að samþykkja það fé sem hér er ætlað að afla heimilda fyrir til greiðslu kostnaðar í aðalskrifstofu fjmrn. og aðalskrifstofu menntmrn. er verið að samþykkja fé til þess að greiða fyrir þessa óheimilu starfsmenn sem ég tel víst að séu í leiðinni flokksgæðingar þessara hæstv. ráðherra.

Ég tel einnig ástæðu til að vekja á því athygli að í þessum till. er farið fram á 45 millj. kr. til að undirbúa á vegum fjmrn. gildistöku virðisaukaskatts. Að sjálfsögðu þarf að undirbúa gildistöku virðisaukaskatts en spyrja má: Er líklegt að þessu fé hafi verið vel varið? Ég geri ráð fyrir að allir hv. alþm. hafi séð heilsíðuauglýsingar í dagblöðunum um gildistöku virðisaukaskatts og ýmis þau atriði sem að þeim málum lúta. Ég hef séð nokkrar þessara auglýsinga og ég hef ekki séð að ég yrði að neinu bættari og að neinu fróðari við að sjá heilsíðuauglýsingar dagblaðanna um þessi efni. Mér er ekki kunnugt um og hef ekki aflað upplýsinga um hvað ein heilsíðuauglýsing í dagblaði kostar. En ég leyfi mér að fullyrða að þessar auglýsingar eru þannig úr garði gerðar að með þeim er verið að ráðstafa fé ríkissjóðs, án heimilda, á þann hátt að betur hefði mátt fara. Hæstv. ráðherra og sá af hans aðstoðarpiltum sem ráðinn hefur verið með óheimiluðum hætti og á að kenna landsmönnum að borga skattana með bros á vör hafa vafalaust ráðið því hvernig form og útlit og fjöldi þessara auglýsinga hefur verið. En með þessum hætti er verið að ráðstafa fé úr ríkissjóði sem á að leita staðfestingar á eftir á með þeim hætti að ég tel að ekki sé árangurs að vænta og að þar sé um sóun að ræða. Að sjálfsögðu haggar þetta ekki því að nokkru fé þarf að verja til þess að undirbúa þessa miklu skattkerfisbreytingu og færi vel á því að það verk væri unnið að mestu á vegum ríkisskattstjóraembættisins.

Ég nefni hér að í þessu fjáraukalagafrv. er verið að fara fram á greiðslur úr ríkissjóði sem eiga að standa undir húsakaupum hæstv. ríkisstjórnar, sem í ýmsum tilvikum hafa verið án allra heimilda. Húsakaupum sem einnig eru sumpart því marki brennd að íslenska ríkið hefur ekkert með þessi hús að gera. Ég hef áður nefnt Hekluhúsið á Akureyri sem keypt var fyrir 59 millj. kr. Í brtt. meiri hl. fjvn., við 3. umr., mun koma fram að leitað verði heimildar til að selja þetta hús, sem keypt var án allra heimilda fyrir 59 millj. kr. Það á að fullnægja heimildum til að kaupa húsið með því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Síðan á að afla heimilda, ekki á morgun heldur hinn daginn, fyrir því að selja það vegna þess að ríkissjóður hefur ekkert með þetta hús að gera. Og það var slúður sem hæstv. fjmrh. lét sig hafa að segja hér fyrr í umræðum um þetta mál, að þetta væri keypti fyrir Háskólann á Akureyri, vegna þess að af ýmsum kostum sem eru til þess að leysa húsnæðismál Háskólans á Akureyri er þessi sá hinn versti, að nota til þess svonefnt Hekluhús. Það var því einbert fleipur af hálfu hæstv. ráðherra. Ég nefni þessi dæmi til þess að sýna fram á það ráðslag sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. leyfa sér í þessum efnum.

Ég nefni að í þessu fjáraukalagafrv. á að afla heimilda til að verja verulegum fjárhæðum, eða tæpum 10 millj. kr., til þess að undirbúa stofnun svokallaðs umhverfisráðuneytis sem enginn veit hvenær verður stofnað. Fréttamenn ríkisfjölmiðla hafa sagt að lög um þetta efni eigi að taka gildi í lok janúar eða um mánaðamótin janúar–febrúar. En Alþingi hefur ekki samþykkt þessi mál og ég hef ekki hugmynd um hvort stjórnarliðið stendur saman um að afgreiða þau mál og setja á stofn þetta ráðuneyti sem mér sýnist að sé óþarft og þar ofan í kaupið gegn vilja mikils þorra þjóðarinnar.

Ég nefni enn fremur að þegar hæstv. fjmrh. eða fjmrn. var beðið um það, eins og fram kom í ræðu formanns nefndarinnar, að gera fjvn. grein fyrir því hvar væri meiningin að skera niður sem svaraði 32 millj. kr. er vantaði inn í till. fjmrn., þegar gera átti grein fyrir því hvar ætti að skera niður hinar 650 millj. kr. sem till. eru gerðar um í þessu frv. þá voru þær till. sumar hverjar næsta hjákátlegar. Þá voru gerðar till. um að skera niður hjá stofnunum sem fengu kannski síðan hækkun til sambærilegra viðfangsefna í fjárlögum fyrir næsta ár. Og í sumum tilvikum voru gerðar till. um að skera niður fé sem þegar var búið að greiða, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lét raunar liggja að í ræðu sinni.

Ég nefni einn lið í þessu efni. Í þessum till. var gert ráð fyrir að skera niður hjá Landgræðslu ríkisins um 2 millj. kr. til svokallaðs fræræktarverkefnis og það er í till. meiri hl. nefndarinnar. Síðan kemur landbrn. og gefur þær upplýsingar að þetta fé hafi verið greitt þann 1. ágúst sl., þannig að þetta lítur nú að ýmsu leyti næsta hjákátlega út. Ég vek einnig athygli á því í meðferð þessara mála, og það kemur fram í nál. minni hl., og er næsta hastarlegt miðað við það fé sem nú er varið til þróunarmála, að þá skuli vera skorin út sú litla fjárveiting sem veitt er til UNIFEM, um 620 millj. kr., í stað þess að verja þessu fé til skynsamlegra hluta í þessu verkefni, úr því þessar till. voru á annað borð settar fram. Sömu sögu, sem birtir kannski hug þessarar ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. til þeirra verkefna sem unnin eru á vegum kvenna, má segja um að skera niður um 1 millj. kr. fjárveitingu eða meinta aukafjárveitingu til Kvennaathvarfsins. Að ýmsu leyti eru því þessar niðurskurðartillögur næsta hjákátlegar og margar hverjar úr samhengi við aðra afgreiðslu í þessum málum, þar á meðal af-

greiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. En meðal þess sem átti að verða framför í meðferð og framkvæmd fjármála ríkisins við það að leggja fram frv. til fjáraukalaga á sama ári og fé er veitt úr ríkissjóði var að með því gæfist enn betri grundvöllur en ella væri undir afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Það hefur ekki gerst með þessu frv. nema að litlum hluta.

Ég skal, virðulegur forseti, ekki lengja mál mitt mikið. Ég hef farið yfir hvernig fullyrðingar hæstv. fjmrh. við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár hafa reynst markleysa, einnig þá misbresti og hvernig þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið varðandi samstarfið í fjvn., fulltrúa löggjafarvaldsins hafa dugað. Þær dugðu nokkuð vel fyrstu vikurnar, jafnvel örfáa mánuði, en síðan hefur hann ekki þóst þurfa að styðjast við fulltrúa löggjafarvaldsins í meðferð þessara mála.

Ég hef einnig vakið athygli á því hvernig það frv. sem hér er til meðferðar var úr garði gert þegar það var lagt fram og ég hef vakið athygli á því hvernig það hefur verið meðhöndlað af hv. fjvn. og lýst yfir samstöðu með meiri hl. nefndarinnar um meðferð þess máls og efnistök þess í fjvn. Þar hefur nefndin staðið fast saman og ég vil gjarnan fyrir minn hlut þakka það samstarf með sama hætti og fram kom í ræðu formanns nefndarinnar. En það sem eftir stendur er þó umfram allt það að þetta frv. sem nú liggur hér fyrir, þar sem farið er fram á að útgjöld ríkissjóðs vaxi um nálega 9 milljarða kr. og tekjurnar vaxi á móti um 3 milljarða, liggur fyrir sem dómur yfir fjármálastjórn hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar, að mál er varða ríkisfjármálin hafa farið úr böndunum á þessu ári, að yfirlýsingar hæstv. ráðherra um þáttaskil, um jafnvægi, um aðhald og sparnað í meðferð ríkisfjármála hafa reynst markleysa. Hæstv. ríkisstjórn stendur uppi með það að allar þessar yfirlýsingar hafa verið hjóm eitt. Það er í sjálfu sér gott að fá þann dóm áður en afgreidd eru fjárlög fyrir næsta ár. Þegar við sjáum þær brtt. sem fram koma frá meiri hl. fjvn. fyrir 3. umr. við þá fjárlagaafgreiðslu getum við séð að ýmsu mun þar vera ábótavant til þess að þau fjárlög muni reynast raunhæfari en þau sem við erum að reyna að lappa upp á með þessu frv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar ég tók þá ákvörðun að leggja í fyrsta skipti í tæp 70 ár fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár voru ýmsir reyndir menn í stjórnmálum og ríkisfjármálum sem vöruðu mig við. Ég spurði: Hvers vegna? Þeir sögðu: Svarið er einfalt. Stjórnarandstaðan á Alþingi, sérstaklega Sjálfstfl., mun ekki rísa undir þessu nýmæli. Hann mun ekki rísa undir því trausti sem Alþingi er sýnt með þessari breytingu.

Sú ræða sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti hér verður því miður að túlkast sem sönnun á þessum viðvörunarorðum. Hér kemur fulltrúi Sjálfstfl. og talar af miklu yfirlæti um að öll vinnubrögð varðandi þetta frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar og fjmrn. séu forkastanleg. Frv. sé seint fram komið, það sé þannig úr garði gert að flestir hlutir séu um garð gengnir og þingið hafi enga möguleika til þess að taka á málum. Hver var ferill Sjálfstfl. varðandi meðferð aukafjárveitinga og fjáraukalaga? Ræða hv. þm. Pálma Jónssonar gerir það óhjákvæmilegt að rifja það upp.

Lagði Sjálfstfl. aukafjárveitingar sínar fyrir Alþingi? Svarið er nei. Lagði Sjálfstfl. fjáraukalög sín fyrir Alþingi? Svarið er líka nei. Sjálfstfl. hafði fjmrh. 1983. Sá fjmrh. veitti margvíslegar aukafjárveitingar. Voru þær lagðar fyrir Alþingi á yfirstandandi ári? Nei. Voru þær lagðar fyrir Alþingi árið eftir? Nei. Árið þar á eftir? Nei. Einhvern tíma á kjörtímabilinu? Nei. Sjálfstfl. lagði verk sín aldrei, meðan hann fór með ríkisfjármálin, fyrir Alþingi, hvorki á yfirstandandi ári né á næstu árum þar á eftir. Lagði Sjálfstfl. aukafjárveitingar sínar 1984 fyrir Alþingi á því ári? Nei. Lagði hann þær fyrir Alþingi á árinu 1985? Nei. Á árinu 1986? Nei. Einhvern tíma á kjörtímabilinu? Nei. Hann lagði þær aldrei fyrir Alþingi. Lagði Sjálfstfl. aukafjárveitingar sínar á árinu 1985 fyrir Alþingi? Svörin eru á sama hátt nei og aftur nei.

Þegar ég kom í fjmrn. biðu þar á borðum og í skúffum aukafjárveitingar Sjálfstfl. og fjáraukalögin sem Sjálfstfl. lagði ekki fyrir Alþingi frá öllum þeim árum sem Sjálfstfl. stýrði fjmrn., öllum. Og það kom í minn hlut á árunum 1988 og 1989 að leggja fyrir Alþingi aukafjárveitingar sem Sjálfstfl. ákvað 1983, 1984, 1985, 1986 og 1987. Og það sem meira er, það kom í minn hlut að leggja fyrir Alþingi til staðfestingar fjáraukalagafrumvörp fyrir öll þessi ár sem Sjálfstfl. stjórnaði fjmrn. Svo koma þessir menn hér upp og þykjast vera í stöðu til þess að gagnrýna það að núv. fjmrh. og ríkisstjórn leggur fyrir yfirstandandi þing frv. til fjáraukalaga fyrir verk okkar á þessu ári. Mennirnir sem aldrei þorðu, meðan þeir sátu í fjmrn. á þessum áratug, að leggja fyrir þingið sín verk eða sýna þjóðinni sín verk. Voru aukafjárveitingar ráðherra Sjálfstfl. lagðar fyrir þingið? Nei, aldrei. Það var ekki fyrr en á síðasta þingi, þegar núv. hæstv. ríkisstjórn hafði tekið við, sem þinginu var sýnd sú virðing og framfylgt var þeirri lagalegu skyldu, þeirri stjórnarskrárbundnu skyldu að leggja fyrir Alþingi þessi verk. Það er merkilegt að þessir menn skuli síðan hafa kjark og smekk til þess að koma hér upp og flytja þá ræðu sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti hér. Þegar hann var formaður fjvn. eða í ábyrgðarstöðu fyrir Sjálfstfl. á þessum árum, stóð hann hér þá upp og gagnrýndi það að aukafjárveitingar væru ekki lagðar fyrir Alþingi? Nei, aldrei. Hann kvaddi sér aldrei hljóðs um það. Gagnrýndi hann að fjáraukalagafrv. fyrir liðið ár væri ekki lagt fram á næsta ári? Nei. Hann gagnrýndi það aldrei, ekki ár eftir ár þegar Sjálfstfl. fór með þessa stjórn. Það er þess vegna mjög merkilegt að hv. þm. skuli hafa smekk í sér til þess að koma hér og gagnrýna með þeim hætti sem hann gerði þau vinnubrögð sem ég og ríkisstjórnin höfum sýnt í samskiptum við fjvn. og Alþingi, að leggja fyrir yfirstandandi þing okkar verk á þessu ári. Við sýnum

þinginu og þjóðinni þá virðingu að leggja okkar verk fyrir þing og þjóð á því ári sem þau eru unnin. Við þurfum ekki að fara í felur með okkar verk eins og Sjálfstfl. Við þurfum ekki að skilja okkar aukafjárveitingar eftir í skúffum í fjmrn. fram á næsta áratug eins og Sjálfstfl. Við þurfum ekki að skilja okkar fjáraukalög eftir í skúffum í fjmrn. handa einhverjum fjmrh. árið 1997 til að leggja þær fram á sama hátt og Sjálfstfl. skildi allar sínar aukafjárveitingar, öll sín fjáraukalög, frá árunum 1983–1987 eftir í fjmrn. til þess að enginn fengi að sjá þær. Til þess að þingið fengi ekki að sjá þær og til þess að þjóðin fengi ekki að sjá þær. Það voru þessir menn sem voru að fela sín verk fyrir þinginu og þjóðinni sem hér koma svo upp og fara gagnrýnisorðum um að þetta skuli hér vera lagt fram.

Það er rétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að ég óskaði eftir góðri samvinnu við fjvn. Ég sagði fjvn. snemma á þessu ári að ég mundi leggja fram fjáraukalög þegar þing kæmi saman. Það var í fyrsta skipti í sjö áratugi sem fjmrh. sýndi fjvn. þann samstarfsvilja að láta hana taka þátt í sínum verkum á því ári. En ég verð að játa það að mér sýnist eftir þá ræðu sem ég heyrði hér áðan að þeir menn sem vöruðu mig við og sögðu að stjórnarandstaðan mundi ekki rísa undir þessu trausti hafi kannski haft meira til síns máls en ég taldi. Ég lagði þetta fjáraukalagafrv. fram í trausti þess að ríkur vilji væri hér í öllum flokkum til að taka upp þessi nýju vinnubrögð, til að fylgja þeim eftir. Að Sjálfstfl. væri búinn að sjá að sér, að hann væri búinn að átta sig á því að þau vinnubrögð sem hann viðhafði dygðu ekki, þau væru brot á lögum, þau væru jafnvel brot á stjórnarskránni, þegar hv. þm. fer að ýja að því hér áðan að það sem lagt er fram í þessu frv. sé brot á stjórnarskránni.

Hv. þm. Pálmi Jónsson fór í sinni ræðu hvað eftir annað með staðlausa stafi. Hann fullyrti að ég hefði greitt út úr ríkissjóði á meðan fjvn. fjallaði um þær tillögur um aukafjárveitingar sem í fjáraukalagafrv. er að finna, meðan frv. var til meðferðar. Þetta er rangt. Það hefur ekki verið greidd út úr ríkissjóði ein einasta greiðsla meðan þetta frv. hefur verið til meðferðar í þinginu nema varðandi einn lið. Það eru útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir og ég óskaði sérstaklega eftir því að sú ákvörðun yrði borin upp í fjvn. og ég fékk skýrslu frá formanni fjvn. um að einhugur hefði verið í nefndinni um að samþykkja hana. Ég hef meira að segja verið gagnrýndur af hálfu forsvarsmanna útflutningsatvinnuveganna fyrir að ríkissjóður hefur ekki enn reitt fram endurgreiðslu á söluskatti upp á 390 millj. kr. sem lagt er til í þessu frv. Og ég hef ekki gert það vegna þess að Alþingi er ekki búið að samþykkja frv. Ég hef verið gagnrýndur af hálfu ýmissa aðila sem bíða eftir því að Alþingi staðfesti þessar greiðslur fyrir að hafa ekki greitt þær út úr ríkissjóði. Samt sem áður segir hv. þm. Pálmi Jónsson hér að það séu aðeins 200–300 millj. sem þingið þurfi að ákveða. Það er rangt. (**EgJ:** Hvað sagði formaður fjvn.?) Formaður fjvn. flutti hér mjög góða ræðu þar sem hann rakti á ítarlegan og málefnalegan hátt þá eðlilegu erfiðleika sem því eru samfara að halda eftir 70 ára vanrækslu inn á þessa nýju braut. Og það sýnir best erfiðleikana að Sjálfstfl. þorði aldrei að ganga inn á þessa braut. Hann faldi sín verk. Hann faldi þau ár eftir ár í Stjórnarráðinu og sýndi þau aldrei þinginu. Ég lagði hér fram í fyrra öll fjáraukalagafrumvörp Sjálfstfl. sem Albert Guðmundsson hefði átt að leggja fram og sem Þorsteinn Pálsson hefði átt að leggja fram ef þessir menn hefðu haft kjark og dug til þess að sýna þjóðinni sín verk, sýna þinginu sín verk og leita eftir umboði og staðfestingu þingsins á þeim. Og Þorsteinn Pálsson hefði auðvitað líka sem forsrh. átt að beita sér fyrir því að í hans eigin ríkisstjórn árin 1987–1988 væri fjáraukalagafrv. fyrir ár hans sem fjmrh. lagt fyrir Alþingi. Það er nefnilega mikil lýðræðisleg breyting fólgin í því að þessi ríkisstjórn stígur þetta skref í fyrsta skipti í 70 ár. Og það er fullkomlega eðlilegt, eins og ég sagði á fundi með fjvn. þegar ég kom á fund nefndarinnar til að kynna nefndinni fyrstum allra það frv. sem hér var lagt fram og óskaði eftir því á fundinum að fjvn. tæki frv. til meðferðar og fyndi því það form sem henni fyndist eðlilegast. Nú kemur aftur á móti hv. þm. Pálmi Jónsson og fer að gera það að sérstöku gagnrýnisatriði að við í fjmrn. skyldum ekki ganga endanlega frá forminu áður en við lögðum frv. fram. Þegar ég lýsti því yfir á fundi fjvn. að það var þvert á móti minn vilji að eiga samvinnu við fjvn. í verki um það og lagði fram þá ósk á fundi með fjvn. að hún tæki virkan þátt í því að móta hið endanlega form frv. Nú er ég hins vegar gagnrýndur fyrir það af hv. þm. Pálma Jónssyni að hafa hvorki lagt frv. fram fullmótað né heldur hafa viljað samvinnu við fjvn. Þetta er rangt. Þvert á móti gekk ég á fund fjvn. til að óska eftir samvinnu við nefndina um málið og ég fagna því að nefndin hefur lagt á sig mikla vinnu til að finna frv. þann búning sem það birtist í hér í dag vegna þess að ég vildi ekki að það væri framkvæmdarvaldið eitt sem réði þessu formi. Ég vildi sýna þingræðinu þá virðingu og fjvn. þá virðingu að hún ætti líka stóran þátt í því að móta þetta fyrsta fordæmi um það hvernig fjáraukalagafrv. á yfirstandandi ári væri frágengið. Nú er það hins vegar talið gagnrýnisatriði að hafa gefið þinginu og fjvn. þetta vald.

Hv. þm. Pálmi Jónsson og hv. þm. Sjálfstfl. verða að átta sig á því að það er lýðræðisleg afstaða þessarar hæstv. ríkisstjórnar að veita þinginu þátttöku í meðferð þessara mála og þar með ákvörðunarrétt vegna þess að með því að leggja fram fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár er verið að skila aftur til þingsins valdi sem fyrrverandi ríkisstjórnir höfðu frá því tekið í 70 ár. Þess vegna er ósköp eðlilegt að sú ríkisstjórn sem það gerir veiti um leið þinginu og fjvn. fullan rétt og möguleika til að fara með málið. (**HBl:** Er ráðherrann búinn að fá málið loksins? Það er nú tími til kominn.) Það er nú tími til kominn að hv. þm. mæti í salnum. (**HBl:** . . . tala við hann um skattamálin. Það er gott að hann er farinn að tala.) Hv. þm. Halldór Blöndal gekk hér í salinn og hefur ekki hugmynd um hvað hér hefur fram farið og ætti að bíða og átta sig á

því hvað er verið að ræða áður en hann byrjar að grípa fram í. (**HBl:** Ég heyrði það allt saman.) Það er þess vegna ljóst að í því frv. sem hér var lagt fram var til þess ætlast að fjvn. tæki virkan þátt í því að gefa frv. endanlegan búning. Það var til þess ætlast að fjvn. færi yfir þessa liði, hvern og einn fyrir sig og legði á þá mat. Þar með var verið að veita þinginu lögbundinn og stjórnarskrárbundinn rétt þess að gera það. Hins vegar er alveg ljóst að stór hluti af þeim upphæðum sem hér er um að ræða felst í launagreiðslum, tryggingagreiðslum og öðrum útgreiðslum úr ríkissjóði sem ekki eru bundnar við einstök verk eða tilteknar aukafjárveitingar sem svo eru kallaðar. Stærstur hluti þeirra 8 milljarða, sem hv. þm. gerir hér mikið úr, er þannig til kominn. Hins vegar er það ljóst að ef teknar eru þær hreinu aukafjárveitingar sem hér er rætt um í hefðbundnum skilningi þá hefur stór hluti af þeim greiðslum beðið eftir því að þingið afgreiddi frv. eða þá að leitað hefur verið eftir samþykki fjvn. við að greiða stærstu upphæðirnar meðan frv. hefur verið til meðferðar.

Ég ætla ekki hér og nú að ræða við hv. þm. Pálma Jónsson um fullyrðingar hans um meðferð ríkisfjármála. Ég minni hins vegar á það vegna þess að hann hafði stór orð um það að allt það sem sjálfstæðismenn sögðu hér í fyrra hafi reynst rétt, að þm. Sjálfstfl. stóðu hér í stólnum í fyrra og sögðu að hallinn á ríkissjóði í ár mundi verða 10–15 milljarðar. (**PJ:** Það er rangt.) Það er rangt já, hann verður ekki 10–15 milljarðar. (**Gripið fram í:** Það er tóm vitleysa.) Já, það var tóm vitleysa, það er alveg rétt, hv. þm. En þetta var engu að síður það sem þm. Sjálfstfl. sögðu hér í salnum í fyrra og fullyrtu hver um annan þveran að svo mundi verða. (**Gripið fram í:** Fimm til sex.) Það var að vísu rétt, þeir voru ekki allir með nákvæmlega sömu töluna, vegna þess að þeir gátu ekki nákvæmlega komið sér saman um það. En sá þeirra sem fremstur hefur verið í flokki í þessum umræðum nefndi þá tölu sem ég var að víkja hér að áðan. (**EgJ:** Er ekki hægt að fá nafn á honum?) (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að leyfa hæstv. ráðherra að tala.) Já, það skal ekki standa á því að fá nafn á honum. (**BÍG:** Ég skal lesa þessar ræður allar upp hér á eftir til þess að sýna fram á að ráðherrann fer með rangt mál.) Já, það skaltu gera, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson. Maðurinn sem ekki þorði að sýna Alþingi aukafjárveitingar sem hann stóð að í menntamálaráðherratíð sinni. Hvernig stóð á því, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, að þú þorðir aldrei að sýna Alþingi aukafjárveitingarnar sem þú og Albert Guðmundsson og Þorsteinn Pálsson stóðu að hér þegar þm. var stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar og ráðherrarnir voru að greiða úr ýmsum hagsmunamálum fyrir hv. þm.? (**Gripið fram í:** Hvað með Ragnar Arnalds?) Já, það er alveg rétt. (**Forseti:** Má ég biðja um hljóð í salnum.) Þegar ég tók hér við þá er það athyglisvert að þau einu ár sem ekki þurfti að leggja fram fjáraukalagafrv. fyrir voru árin þegar Ragnar Arnalds var fjmrh. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Það er einmitt athyglisvert að í þeirri skrá var búið að ganga frá málum á þeim árum þegar Ragnar Arnalds tók við og fór með ríkisfjármálin fyrst um sinn. Það er greinilegt að það er viðkvæmt mál fyrir þm. Sjálfstfl. að rifja upp þessa sögu. Það er greinilegt að það er viðkvæmt mál að hér sé lýst nákvæmlega hver er ferill Sjálfstfl. í meðferð ríkisfjármála.

Hitt vil ég að hér komi fram að ég mun ekki láta þann ræðuflutning, þá afstöðu, þá útúrsnúninga, þær rangfærslur og það pólitíska skak, sem hv. þm. Pálmi Jónsson kaus að viðhafa í fyrsta sinn í 70 ár þegar frsm. minni hl. um fjáraukalög á yfirstandandi ári gerir grein ... (Gripið fram í.) Nei, það er alveg rétt að þm. var ekki fæddur fyrir 70 árum, það er alveg rétt. Hann er hins vegar búinn að sitja lengi á þingi og hann hefði getað gert þetta áður. Og hann hefur setið lengi í fjvn. Hann hefði getað gert þetta áður. Hann hefur lengi stutt Sjálfstfl. þegar Sjálfstfl. hefur verið í ríkisstjórn þannig að hann hefði getað flutt þessa ræðu áður, ef hann hefði meint eitthvað með þessu, yfir Sjálfstfl. þegar hann var í ríkisstjórn. Það gerði hv. þm. auðvitað ekki vegna þess að hann þagði, ár eftir ár, þegar meðferð ríkisfjármála var með þeim hætti sem ég hef hér lýst. En þrátt fyrir að hv. þm. hefur kosið að skapa þetta fordæmi fyrir stjórnarandstöðuna þegar hann mælir fyrir áliti minni hl. mun ég ekki láta það hafa áhrif á mig. Ég mun engu að síður halda áfram þeirri nýbreytni, þeirri stefnubreytingu, að leggja fyrir fjvn., leggja fyrir Alþingi þær aukafjárveitingar, þær breytingar á ríkisfjármálum sem ég mun standa að meðan ég gegni þessu embætti. Ég mun ekki flýja í skjól Sjálfstfl., skjól þagnarinnar. Ég mun ekki flýja í fordæmi Sjálfstfl. að fela mín verk. Ég hika ekki við að leggja þau fyrir Alþingi á því ári sem þau eru unnin.

Hver er ástæðan fyrir því að hér var engin umræða í fyrra um fjáraukalögin fyrir 1983, 1984, 1985 og 1986? Hvernig stóð á því að ekki var farið lið fyrir lið ofan í aukafjárveitingar Sjálfstfl. með þessum hætti? Hvernig stóð á því að það var ekki farið lið fyrir lið í þær breytingar sem urðu frá fjárlagafrv. og yfir í ríkisreikning? Jú, ástæðan var sú að það var svo langt um liðið að menn höfðu ekki lengur á því áhuga. Það þjónaði ekki lengur pólitískum tilgangi, menn voru búnir að gleyma. Og það var þessi gleymska sem Sjálfstfl. treysti á. Þess vegna lagði hann frv. ekki fram. Þess vegna lagði hann verk sín ekki fyrir Alþingi.

Hv. fjvn. hefur við erfiðar kringumstæður unnið mikið verk. Hún hefur á nokkrum vikum lokið að fjalla bæði um frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár og frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Mér er fullkomlega ljóst að mjög erfitt er að sinna því samtímis á fáeinum vikum að ljúka slíku verki. Hv. þm. Pálmi Jónsson gagnrýndi mig fyrir að þetta frv. væri seint fram komið. Það kom þó fram á fyrstu vikum þessa þings þar sem frv. Sjálfstfl. voru ekki enn fram komin mörgum árum seinna þegar ég settist í embætti fjmrh. Vissulega hefði komið til greina að leggja frv. fram í fyrstu eða annarri viku þings í stað þess að gera það í þriðju vikunni eins og gert var. Það gerir ekki

gæfumuninn. Það sem skiptir hins vegar höfuðmáli er að með afgreiðslu á fjáraukalögum nú, með starfi ríkisstjórnarinnar og starfi fjvn. er búið að koma í veg fyrir að Sjálfstfl. geti á ný falið sín verk ef og þegar honum verður treyst fyrir meðferð ríkisfjármála á nýjan leik. Ég vænti þess að hv. þm. Pálmi Jónsson hafi manndóm og kjark þá til þess að gagnrýna ráðherra Sjálfstfl. á því sama ári fyrir þeirra verk og knýja þá til þess að fylgja því lýðræðislega fordæmi sem hér hefur verið skapað.

Hv. þm. reyndi að gera mikið úr því að fjvn. hefði breytt í nokkru ýmsum tillögum. Sjálfsagt má hafa ýmsar skoðanir á þeim breytingum en eðli máls hlýtur þó að vera að þegar fjáraukalagafrv. er lagt fyrir þingið muni fjvn. fjalla um það og gera á því einhverjar breytingar. Þær breytingar snerta þó ekki meginatriði þessa frv. Allar meginlínur frv. eru staðfestar af meiri hluta fjvn. Sá grundvöllur sem lagður var af ríkisstjórninni, í samvinnu við fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í fjvn. áður en frv. var lagt fram, er staðfestur með þeim tillögum sem hér eru fluttar.

Virðulegi forseti. Ég hefði kosið í þessari umræðu að geta farið öðrum orðum um ræður þær sem hér hafa verið fluttar, sérstaklega framsöguræðu minni hl., hv. þm. Pálma Jónssonar. Sú ræða gekk hins vegar svo fram af mér að ég get ekki orða bundist við þetta tækifæri. Ég ætla þó ekki að nota tíma minn hér til þess að ræða það sem hann sagði um stjórn ríkisfjármála, það mun ég ræða á öðrum vettvangi. Við munum fara yfir þá þróun og þann árangur sem ríkisstjórnin hefur náð í þeim efnum. Hitt var hins vegar nauðsynlegt í ljósi ummæla hv. þm., þeirrar aðferðar sem hann kaus, að setja það frv. sem við erum að fjalla hér um nú, í sögulegt ljós. Í sögulegt ljós þar sem stjórn Sjálfstfl. á ríkisfjármálunum er notuð til samanburðar. Þar sem staðreyndin er sú sem ég hef rifjað hér upp, að Sjálfstfl. skaut sér undan því að leggja sín verk fyrir þing og þjóð. Menn geta svo velt því fyrir sér hverjir eru meiri lýðræðissinnar, hverjir sýna þinginu meiri virðingu, þeir sem fela sín verk árum saman fyrir þinginu eða þeir sem leggja þau fram sama árið og þau eru unnin.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú talað lengi og nokkuð strítt. Hann sagði að sá grunnur sem hefði verið lagður í fjmrn. fyrir þessu frv. sem hér er um að ræða hefði verið staðfestur af fjvn. Rétt er að í meginatriðum hefur það verið gert en fyrst og fremst vegna þess að annars var ekki kostur, greiðslur og skuldbindingar höfðu farið fram eins og hv. formaður fjvn. tók fram í sínu máli.

Þegar frv. til fjáraukalaga var lagt fram í sl. nóvember höfðu menn að vonum ýmislegt við það að athuga og niðurstöður þess sönnuðu svo ekki varð um villst að áætlanagerð fyrir fjárlög ársins hafði ekki staðist. Auðvitað er öllum ljóst að ekki er framkvæmanlegt að gera fjárhagsáætlun sem stenst svo að ekki skeiki um krónu. Það sem ég gagnrýndi einkum við fjárlagagerð þess árs sem nú er að líða voru vísvitandi vanáætlanir sem sjá mátti fyrir að ekki yrði undan vikist að kæmu til greiðslu þótt síðar yrði. Réttmæti þessarar gagnrýni viðurkenndi hv. formaður fjvn. í ræðu sinni þann 9. nóv. sl. en lét þess jafnframt getið að menn hefðu ár eftir ár verið með vísvitandi rangar áætlanir við fjárlagagerð og þá skákað í skjóli þess að þingmenn hafi engan áhuga á niðurstöðum, aðeins á áætlunum. Því hafi menn talið í lagi að áætlanir væru ekki nákvæmar því enginn þingmaður nenni að gera veður út af niðurstöðunni þegar hún kemur seint og síðar meir. Þessu má öllu finna stað eins og hefur verið á undanförnum árum þegar lögð hafa verið og samþykkt margra ára gömul fjáraukalög eins og kom fram í umræðunni áðan.

Ég lýsti því við 1. umr. að ég teldi til mikilla bóta að frv. til fjáraukalaga væri lagt fram á því ári sem þau tækju til, meðan mönnum væru enn í fersku minni afleiðingar þeirra ákvarðana og ráðstafana sem þar er að finna. Þá geta menn skoðað fjárlagafrv. næsta árs með tilliti til þeirra lagfæringa sem fjáraukalagafrv. sýnir að reynst hafa nauðsynlegar við fjárlög þessa árs. Þá er líka öllum augljóst hverju hlutverki fjáraukalög geta gegnt, þ.e. að grunnur fjárlaga næsta árs verði tryggari. Ég verð að lýsa efasemdum um að því markmiði hafi verið náð að þessu sinni. En fjáraukalög á því ári sem þau taka til kynnu að verða til þess að veita ráðherrum nokkurt aðhald um eyðslu séu þau lögð fram í tæka tíð.

Það liggur hér fyrir svart á hvítu að tímamótafjárlögin sem afgreidd voru í byrjun ársins voru óraunhæf. Frv. sýnir að álögur á almenning hafa hækkað, skattar sem hlutfall af landsframleiðslu eru hærri nú en nokkru sinni fyrr og verðbólga hefur aukist meira en ætlað var. Lánsfjárþörf er rúmir 6 milljarðar. Stjórn ríkisfjármálanna er farin úr böndunum og gagnrýni minni hl. fjvn. á fjárlög ársins var fyllilega réttmæt. Sú er niðurstaðan.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um einstaka þætti frv., þeir skýra sig að mestu sjálfir eftir að þskj. var komið í skiljanlegt form og eftir ágæta ræðu hv. formanns fjvn. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi ræða hér þó að af nógu sé að taka. Þessi atriði vil ég taka til umfjöllunar, ekki af því að þær fjárhæðir sem þar er um að ræða skipti ríkissjóð í raun nokkru máli. Í allri þeirri súpu eru þær lítilvægar. Á hinn bóginn skipta þær verulegu máli fyrir þá sem ætlað var að njóta þeirra. Þá er fyrst til að taka að framlag til Kvennaathvarfs sem var 2 millj. var lækkað um 1 millj. Eru nú gæslumenn ríkissjóðs farnir að tína smælkið, ekki verður annað sagt.

Í Kvennaathvarfinu vinna konur meira og minna í sjálfboðavinnu að ráðgjöf, fyrirbyggjandi aðgerðum og aðhlynningu við konur og börn sem orðið hafa fórnarlömb ofbeldis af ýmsum toga, ekki síst kynferðislegs ofbeldis. Þörfin fyrir athvarf og störf af þessu tagi er mikil og sívaxandi. Því fæ ég ekki séð rök fyrir því að skerða þessa upphæð sem litlu máli skiptir fyrir ríkissjóð. Þegar fregnir fóru að berast í fjölmiðlum fyrri hluta þessa vetrar um hve ofbeldi væri vaxandi á götum úti og jafnvel um hábjartan dag, sem

vitaskuld getur bitnað á körlum jafnt sem konum, þá stóð ekki á aðgerðum. Löggæsla var hert, þá þurfti ekki að spara. Skjólstæðingar Kvennaathvarfsins eru konur og börn sem verða fyrir ofbeldi fyrst og fremst í heimahúsum og þar nær löggæsla ekki til, þar ríkir friðhelgi fjölskyldunnar. Þetta fólk flýr á náðir Kvennaathvarfsins, það á ekki í önnur hús að venda. Ekki þýðir að hringja til lögreglu. Og skilningur fjárveitingavaldsins nær ekki svo langt að veita þeim stuðning sem horfa á líf sitt meira og minna í rústum vegna ofbeldis af hálfu karlþjóðarinnar.

Í öðru lagi vil ég nefna að framlag til UNIFEM, 620 þús. kr., var numið brott með því fororði að við niðurskurð væri fólk ekki dregið í dilka eftir kynjum. Þessi ráðstöfun og þessi orð lýsa satt að segja beinni fáfræði um hvers vegna framlag til þróunarhjálpar er veitt á þennan hátt. Þeir sem stýra aðstoð við svokallaðar „vanþróaðar þjóðir" hafa í seinni tíð tekið upp þá stefnu að beina fjárframlögum í þróunaraðstoð í auknum mæli til kvennasamtaka af þeirri ástæðu að með því móti gagnast framlögin betur. Konur í þróunarlöndum hafa frá ómunatíð borið ábyrgð á þeim ráðstöfunum sem varða velfarnað fjölskyldunnar allrar og sú verkaskipting er skýrt afmörkuð. Þeir sem starfa að þróunarhjálp meta það svo að fjárframlög séu betur komin í höndum kvenna, þá sé tryggt að þau fari til þeirra mála sem ætlað er og nýtingin verði betri því konur hafi betri skilning á því hvað öllu samfélaginu sé til hagsbóta. Þessi skoðun hefur verið staðfest á alþjóðavettvangi.

Niðurskurðurinn á þessari litlu fjárhæð er táknrænn. Hann lýsir ákveðnu viðhorfi, viðhorfi sem er ekkert annað en lítilsvirðing á konum og því sem konur starfa að, hvar sem er í samfélagi okkar og jafnvel með öðrum þjóðum. Þetta viðhorf er mönnum svo inngróið að þeir vita ekki einu sinni af því sjálfir. Það birtist ósjálfrátt í margvíslegum myndum og um það mætti nefna ótal dæmi.

UNIFEM mun hafa frétt af þessu fyrirhugaða framlagi og sennilega er það af þeim sökum sem nú er fram komin tillaga í meiri hl. fjvn. um að UNIFEM fái eina milljón á fjárlögum næsta árs, svona til að komast hjá því að Ísland verði sér til skammar á alþjóðavettvangi enn frekar en orðið er í sambandi við þróunarhjálp.

Ég get ekki annað en lýst furðu og hneykslun á öllum þessum vinnubrögðum þó ég fagni því auðvitað að menn hafi séð að sér í sambandi við UNIFEM en áreiðanlega var það ekki virðing fyrir störfum kvenna sem réði þessum sinnaskiptum.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt, hæstv. forseti, en að lokum vil ég segja þetta: Allar spár stjórnarandstöðunnar varðandi fjárlög um þetta leyti í fyrra hafa ræst þó ekki væri hlustað á þær þá. Því er okkur ekki fært að standa að afgreiðslu þessa frv. í heild þó við getum mælt með sumum af þeim brtt. sem þar koma fram og sem við höfum unnið að. En ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar allrar og þeirra sem hana styðja.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður sem hér hafa farið fram hafa um marga hluti verið merkilegar og um leið skrautlegar. Ég ætla ekki að flytja hér langt mál vegna þess að í ítarlegu nál. og framsögu formanns fjvn. koma öll efnisatriði fram í sambandi við þessi fjáraukalög sem eru að sjálfsögðu meginatriðið í þessu máli. Ég vil þó segja í upphafi, og endurtaka raunar það sem ég lét koma fram við 1. umr. þessa máls á haustinu þegar þetta frv. var lagt fram, að ég taldi og tel að hér hafi verið brotið blað í meðferð ríkisfjármála og er þess vegna fagnaðarefni okkar allra sem höfum á undanförnum árum, bæði í gegnum fjvn. og í afskiptum okkar af fjárlögum, lagt áherslu á að hér yrði að verða á breyting því að svo mikið hefur komið fram í meðferð fjármála og fjárlaga að hér þurfti að gera breytingu. Um það eru allir sammála. Þess vegna fagna ég því frumkvæði sem hæstv. fjmrh. viðhafði, að ganga til móts við þessar kröfur með því að undirbúa og leggja fram frv. til fjáraukalaga hér á hv. Alþingi samhliða eða nær samhliða fjárlagafrv. næsta árs. Þetta er nýjung og þess vegna er ástæða til að undirstrika gildi þessa og fagna því sérstaklega að þetta var gert.

Ég er í engum vafa um að meðferð þessara mála núna að því er varðar fjárlagafrv. fyrir árið 1990 tekur mið af þessu frv. og jafnframt ríkisreikningi fyrir sl. ár sem liggur jafnhliða til meðferðar í nefndinni. Þetta hefur gert það að verkum, eins og kom raunar fram við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1990, að nefndin lagði miklu, miklu meira að sér við að bera saman fjáraukalög, ríkisreikning og fjárlagafrv. og hafði að markmiði að gera fjárlagafrv., sem senn kemur til lokaafgreiðslu, miklu raunhæfara og markvissara en annars hefði verið. Auðvitað er ég ekki með þessum orðum að fullyrða að allt sé fært til betri vegar í væntanlegum fjárlögum fyrir næsta ár. En eitt er öruggt og víst. Hefðu fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár ekki verið komin til sögunnar hefði sjálfsagt verið öðruvísi á því tekið. Þetta er m.a. skýringin á því að fjvn. lagði til hækkanir við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1990, sem margir gagnrýndu en reyndust við nánari skoðun sömu aðila vera raunhæft spor í rétta átt. Og það hafa engin haldgóð mótmæli komið fram við eitt einasta atriði sem hrekur þessa skoðun.

Ég vil einnig segja eins og ég meina, út af því sem fram hefur komið hér í umræðunni, að ég tel að allir, hvar í flokki sem þeir standa við fjárlagagerð, hafi sýnt raunsæi í sambandi við meðferð þessara mála og tekið fullan þátt í að færa hér hluti í betra horf, algjörlega burt séð frá fortíð manna, hvort þeir eru syndugir eða syndlausir í sambandi við þessi mál, það er aukaatriði. Samstaðan er það sem máli skiptir. Og ég vil um leið taka fram af gefnu tilefni að bæði hæstv. fjmrh. og starfsmenn í Hagsýslu og fjmrn. og raunar öllum ráðuneytum hafa tekið virkan þátt í þessari yfirferð. Og af því það hefur ekki komið fram hér áður svo ég hafi heyrt, var vinnu fjvn. við þetta verk þannig háttað að allir sem í hlut áttu voru kallaðir til yfirheyrslu. Við kölluðum á okkar fundi forráða-

menn í hverju einasta ráðuneyti, í öllum helstu ríkisstofnunum, til að bera saman ríkisreikning fyrir 1988, fjáraukalög fyrir árið 1989 og fjárlögin 1990. Þannig er það algjörlega úr lausu lofti gripið að nokkurt ráðuneyti eða opinberar stofnanir hafi farið varhluta af því að átta sig á því hvaða vinnu var hér verið að vinna og hver niðurstaðan hefur orðið. Ég tel ástæðu til þess að láta þetta koma fram vegna þess að þegar ég kom hér í húsið í dag sagði einn merkur þingmaður við mig: „Það lítur helst úr fyrir það að fjvn. Alþingis í dag haldi að hún ein stjórni Íslandi og fjármálum á Íslandi." Svo mikið var þessum ágæta manni niðri fyrir. En þetta sýnir kannski í hnotskurn hversu andvaralausir hv. þm., margir hverjir, virðast vera um að það þurfi að koma fjármálum ríkisins í réttara form og taka þau réttum tökum eins og hér er verið að gera og í fullu samræmi við stjórnarskrá íslenska ríkisins. Ég tel ástæðu til þess að draga þetta hér fram til þess að hv. þingmenn sem e.t.v. heyra mál mitt átti sig á því að hér er miklu meiri framför og miklu meira og þýðingarmeira mál um að ræða en margir hafa áttað sig á. Við getum aldrei náð tökum á því að meðhöndla fjármál ríkisins á réttan hátt nema slík vinnubrögð séu innleidd sem hér er verið að gera tilraun til.

Ég vil einnig segja það hér að auðvitað útilokar þetta fjáraukalagafrv. sem við erum að fjalla um ekki það sem liggur augljóslega fyrir, að þegar árið 1989 verður gert upp bæði hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum fer auðvitað ekki hjá því að sú staða geti komið upp að leggja þurfi fram ný fjáraukalög, lokafjáraukalög fyrir árið 1989. Og mér dettur ekki í hug að halda að desembermánuður til loka muni ekki leiða af sér einhverjar aukagreiðslur eða mismun frá gildandi fjárlögum sem verður auðvitað að fá staðfestingu Alþingis á þegar þær liggja fyrir. Enginn þarf að halda að þetta frv. sem hér liggur fyrir útiloki slíka möguleika, síður en svo. En aðalatriðið er að farið sé rétt að málum og ekki sé dregið að láta þau aukaútgjöld sem annaðhvort þarf að gera eða koma í ljós við uppgjör opinberra stofnana koma fram á réttan hátt í nýjum fjáraukalögum. Ég held að ástæða sé til að taka þetta fram.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að tefja hér tímann á því að rekja hinar ýmsu till. sem hér liggja fyrir, en ég vil undirstrika að þessar brtt. nefndarinnar, bæði til hækkunar og lækkunar, ganga einvörðungu út á það að við erum að taka afstöðu til raunveruleikans miðað við daginn í dag, eða um leið og frv. var afgreitt frá nefndinni. Það er aðalatriði. Og þótt einhverjar tölur hér í kunni að hafa annan bakgrunn en við fengum upplýsingar um þá er að sjálfsögðu hægt að lagfæra það. Ekki ætti að þurfa að ræða um það, svo sjálfsagt er það. En þær tölur og þær breytingar, sem í þessu fjáraukafrv. eru lagðar fram, eru byggðar á þeim upplýsingum sem nefndin hafði, bæði frá ráðuneytum og stofnunum.

Ég hefði gjarnan viljað ræða nokkur atriði sem hér komu fram. Eitt get ég ekki látið fram hjá mér fara og það er í sambandi við verkaskiptalögin. Ég tel að ákaflega mikilvægt sé núna á þessari stundu þegar við erum að afgreiða fjáraukalögin og fjárlögin fyrir árið 1990 að málunum sé stillt saman þannig að ekki sé efnt til ófriðar við sveitarfélögin um þessi mál. Svo mikið var búið að leggja í þessar verkaskiptabreytingar milli ríkis og sveitarfélaga að við megum ekki stofna til ófriðar sem komi í veg fyrir að þessi mál geti þróast á eðlilegan máta. Auðvitað eru alltaf agnúar í upphafi þegar verið er að gera svona mikla kerfisbreytingu. En ég vona að aðilar leggi sig fram um að ná samkomulagi um þessi mál þannig að breytingin þróist fram á réttan hátt. Það er ábyggilega öllum aðilum til sóma og um leið verður það ef vel tekst til allri þjóðinni einnig til góðs.

Ég vil svo að lokum segja, virðulegur forseti, að aðalatriði þessa máls er að hér er verið að gera breytingu, hér er verið að leggja til breytingu á meðferð ríkisfjármála sem á að skapa ný vinnubrögð. Það er aðalatriðið. Við erum hér að stefna inn á nýja braut, að reynt sé að draga úr því að meðferð fjármála sé í lausu lofti eins og oft hefur verið og upplýsingar þar um komi ekki fram á réttum tíma. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að hv. alþm. kynni sér það lagafrv. sem nú er að koma fram frá allri fjvn. um meðferð ríkisfjármála. Ég er viss um að ef samstaða tekst um að gefa því frv. lagagildi þá stöndum við hér á allt öðrum grunni en nokkurn tímann hefur verið í meðferð ríkisfjármála á Íslandi. Og það væri árangur sem bæði nútíð og framtíð gætu hælt sér af.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Við erum hér að fjalla um merkilegt mál. Satt að segja eitt af merkustu málum þingsins. Hér er uppi tilraun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. til að koma nokkru skipulagi á meðferð aukafjárveitinga, þannig að þingið geti fjallað um þær á sama ári og ákvarðanir eru teknar. Við þessa vinnu er lögð á það mikil áhersla, bæði af hæstv. fjmrh. og formanni fjvn., að reyna að stuðla að sem allra víðtækastri samstöðu í þinginu um hina efnislegu meðferð málsins, burt séð frá afstöðu manna til einstakra þátta. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn gleymi sér ekki í umræðum um þetta mál svo að menn hafi ekki í huga þessa staðreynd vegna þess að það getur ráðið úrslitum um framtíðina hvort sæmilega til tekst um meðferð þessa máls nú. Það getur ráðið úrslitum um framtíðina á þann veg að trúnaður skapist milli framkvæmdarvaldsins annars vegar og þingsins hins vegar um meðferð mála af þessu tagi og ekki aðeins þessa máls heldur einnig annarra mála. Ég held þess vegna að það sé ákaflega mikilvægt sem kom hér fram hjá hæstv. fjmrh., að auðvitað verður að brýna stjórnarandstöðuna á því að hún á mjög ríkar skyldur í máli af þessu tagi, ekki síður en stjórnarmeirihlutinn.

Það er satt að segja ekki mjög frjótt á þessu stigi málsins að menn komi hér upp með þeim hætti sem hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði og kalli heilagur, heilagur, eins og hv. þm. sé að koma inn á Alþingi í dag en hefur þó setið á þingi a.m.k. tvisvar sinnum lengur en

sá sem hér stendur. Auðvitað vitum við báðir, ég og hv. 2. þm. Norðurl. v., að í þessum málum hefur víða verið brotalöm um áratuga skeið og um það erum við í raun og veru öll sammála. Ég sé t.d. að hv. 1. þm. Reykn. er ekki sammála mér um þetta. Hann telur að halda eigi áfram því aukafjárveitingakerfi sem Sjálfstfl. viðhafði hér um skeið, hann vill það. Ég hefði haldið að allir þingmenn ættu að geta sameinast um að koma eðlilegri og betri skipan á þessi mál. Og ég er sannfærður um það, hvað sem hver segir, að vilji er til þess í öllum flokkum og hjá öllum þingmönnum að taka betur á þessum málum en verið hefur. Ég kannast a.m.k. ekki við að menn hafi áhuga á því að fara illa með það vald sem þeim er gefið að því er þessi mál varðar. Þó að við höfum dæmi um mjög gagnrýniverða hluti ætla ég ekki að fara að rifja þá upp hér vegna þess að þeir sem helst ætti kannski að gagnrýna eru fjarri.

Ég vil, í sambandi við vinnubrögð fjvn. almennt, segja að ég tel að fjvn. Alþingis þurfi ekki einasta að yfirheyra forstöðumenn stofnana og ráðuneyta, ég tel að fjvn. Alþingis eigi að kalla til viðtals þá ráðherra sem bera ábyrgð á málaflokkum þá og þá. Ég tel að fjvn. eigi að fá hjá viðkomandi ráðherrum upplýsingar um hvaða áherslustefnu þeir sjálfir vilja fylgja. Í hvaða röð vilja þeir fara í hlutina. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég ætlist til þess að fjvn. fallist á það sem frá þessum ráðherrum kemur á hverjum tíma, en ég er sannfærður um að slík málsmeðferð skýrir málin til lengri tíma og betur heldur en að byggja afstöðu sína einvörðungu á því sem kann að koma frá embættismönnum þá og þá. Allir sem verið hafa ráðherrar einhvern tíma þekkja það að ráðherrann hefur yfirleitt yfirlit yfir flesta meginþætti þeirra pólitísku mála sem ráðuneytið er að fjalla um. Þess vegna er í raun og veru auðveldara fyrir ráðherrann að svara fyrir þá þætti sem fjvn. er kannski fyrst og fremst að fjalla um frekar en að hún sé að fjalla um almenn afgreiðslumál og formlegheit sem í raun og veru snerta ekki hina pólitísku deilu sem er uppi þá og þá í þinginu eða milli þings og þjóðar eða með þjóðinni. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt satt að segja að leggja áherslu á.

Ég held líka að í umræðu af þessu tagi sé óhjákvæmilegt að koma hér að einum þætti sem ég hef á undanförnum árum sannfærst betur og betur um miðað við þau ráðuneyti sem ég hef starfað í. Það er að stofnanir ríkisins og fagráðuneytin séu gerð ábyrg fyrir sínum fjármálum, þannig að t.d. stofnanir eins og þær sem heyra undir mig núna, segjum Sinfóníuhljómsveit Íslands eða Þjóðleikhúsið (**Gripið fram í:** Og Lánasjóðurinn.) og Lánasjóðurinn hafi tiltekna fjármuni úr að spila á hverjum tíma. Auðvitað getur verið að ráðherrar taki pólitískar ákvarðanir um aðra hluti sem snerta þessar stofnanir og þá er að horfast í augu við það en ég held að aðalatriðið sé að menn íhugi afar vandlega: Er ekki hægt svo að segja að koma þessum stofnunum, Sinfóníunni, Þjóðleikhúsinu, svo ég nefni dæmi, á það sem ég kalla föst fjárlög? Ég tel reyndar að Lánasjóðurinn sé ekki sambærilegur við þessar tvær stofnanir, hv. þm., ekki alveg. Vegna þess að aðstæður hans eru að ýmsu leyti öðruvísi. Ég held að menn eigi að hugleiða þetta mjög vandlega og velta því fyrir sér hvort t.d. þessar menningarstofnanir verði ekki betur reknar bæði fjárhagslega og listrænt ef þær starfa eftir slíkum ramma. Og ég bið hv. 2. þm. Norðurl. v. og aðra sem hér hlýða á mál mitt að hafa þetta ekki í flimtingum vegna þess að ég er að tala um þetta í fullri alvöru. Ég er að tala um að bæta ábyrgð ráðuneytanna á sínum fjárhag og ábyrgð stofnananna á sínum fjárhag. Það mundi enginn forstöðumaður menningarstofnunar láta það gerast nema einu sinni á sínum vegum að hann yrði að loka sinni stofnun 15. nóv. Hann mundi aldrei láta það henda sig oftar. En það gæti auðvitað gerst að menn stæðu frammi fyrir einhverju slíku einhvern tímann ef menn ekki yggðu að sér í tíma. Þetta vil ég leggja á áherslu. Ég held með öðrum orðum að það að flytja ábyrgð út til stofnana, út til ráðuneytanna, þýði betri stjórn á málunum heldur en okkur hefur auðnast að ná til þessa.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega endurtaka að ég held að mjög brýnt sé fyrir fjvn. að fá yfirlit yfir hvert viðkomandi ráðherra er að halda með sínu starfi. Þegar menn eru að fást við að starfa sem ráðherrar eiga þeir að setja hlutina upp í forgangsröð. Það er alveg sama hvort þeir eru í landbrn., félmrn., heilbrrn. eða menntmrn. Menn eiga að raða hlutunum í forgangsröð. Ég hef hins vegar orðið fyrir því, sem fagráðherra í nokkrum ráðuneytum, að mjög er erfitt að ná því að vinna að framkvæmd faglegrar stefnu og forgangsröð af því að tengslin á milli fjvn. og fjmrn. annars vegar og fagráðuneytisins hins vegar eru af einhverjum ástæðum ekki nægilega góð. Ég þekki þetta t.d. ákaflega vel úr heilbrmrn. þar sem ég vann á fjórða ár. Þar gerði ég tilraun til þess að móta stefnu til 15 ára um uppbyggingu heilbrigðisstofnana, bæði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa hér á landi. Ég lagði drög að þeirri stefnumótun fyrir þáv. ríkisstjórn og fyrir þáv. stjórnarmeirihluta á þeim tíma og ég fann það strax, og segi það engum til lasts, að menn þoldu þessa stefnumótun í raun og veru mjög illa af því að menn sáu að þeirra pláss, að þeirra byggðarlag, að þeirra áhersla var ekki nákvæmlega þar í röðinni sem menn höfðu viljað. Þetta er auðvitað stóri vandinn, finnst mér, við að stýra fjármálum ríkisins, að menn þola aldrei að bíða. Menn þola aldrei að gera sér grein fyrir því að hlutirnir taka tíma. Þess vegna held ég að ef fagráðuneytin og fjvn., Alþingi og fjmrn. gætu sameinast um faglega stefnu í hverjum málaflokki fyrir sig stæðum við ekki frammi fyrir áýtingi og deilum um minni háttar mál eins og við gerðum oft á undanförnum árum og áratugum.

Þetta er mér, satt að segja, virðulegi forseti, mikið umhugsunarefni og mikið kappsmál að á þessu verði hægt að taka. Og ég held að sú tilraun sem nú er gerð, að leggja hér fram frv. til fjáraukalaga, leggja hér fram ríkisreikninga nokkuð hratt, sú tilraun sem gerð er af hálfu fjvn. að fara rækilega ofan í saumana á hlutunum, sú tilraun sem gerð er í sumum ráðuneyt-

um að móta stefnu til lengri tíma — ég held að þetta beri allt að þeim brunni að við getum náð því marki að verða með sæmilega stýringu á þessum málum.

Í grannlöndum okkar er það þannig að þjóðþingin fjalla um fjárlög og fjárlagaramma, fyrst fyrir ríkið í heild, síðan fyrir hvern þátt fyrir sig. Ég held að það sé til umhugsunar hvort ekki kæmi til greina að menn hefðu sérstakar fjárlagaumræður, segjum t.d. um mennta- og menningarmálaráðuneytið ellegar landbrn., þannig að menn sæju hlutina bæði í hinu stóra samhengi og eins innan viðkomandi ráðuneytis.

Eitt af því sem mér fannst mjög óþægilegt þegar ég fór með heilbrrn. var það að á heilbrrn. eru gífurlega stórar tölur, upp á milljarða og aftur milljarða og tugmilljarða. Mér finnst stundum að þessar tölur séu ekki gagnsæjar fyrir Alþingi. Mér finnst stundum að menn viti ekki í raun og veru hvað er á bak við þessar tölur, t.d. sjúkratryggingatöluna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ég held að það væri til bóta fyrir fagráðherrann sem fer með heilbrigðismál á hverjum tíma að fá hér umræðu um heilbrigðismál í heild, ekki aðeins faglega umræðu heldur líka fjárhagslega umræðu í leiðinni. Reynsla undanfarinna ára er því miður sú að menn hafa fjárhagslega umræðu fyrir áramót, svo hafa menn fínu frumvörpin og faglegu umræðuna eftir áramót, og yfirleitt rímar þetta ekki, satt best að segja, virðulegi forseti.

Ég held að það yrði til bóta ef við næðum stefnulegri umræðu um heilbrigðismál og fjármál heilbrigðisþjónustunnar, um menntamál og fjármálin þar, tækju svo einn dag í hvern þátt fyrir sig. Þær umræður væru mikið gagnlegri fyrir þjóðina, liggur mér við að segja, en margt af því sem hér fer fram í þingsölum. Þetta leyfi ég mér að nefna, virðulegi forseti, inn í þessa umræðu.

Ég vil svo geta þess að í sambandi við það frv. til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir og þær brtt. sem hér liggja fyrir hef ég af minni hálfu tvær athugasemdir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að aukafjárveiting vegna Þjóðarbókhlöðu verði felld niður. Það gengur ekki af því að búið er að gera bindandi verksamning um það að nota þessa fjármuni. Ég vil einnig nefna að það þarf að taka til sérstakrar athugunar þá fjármuni sem í frv. voru ætlaðir til meðferðarheimilis fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þetta meðferðarheimili er ekki farið af stað. Það fer af stað á næsta ári, en þeir fjármunir sem ætlaðir eru í fjáraukalagafrv. eru ætlaðir til undirbúnings, hafa ekki verið greiddir út enn þá. Og hvernig hefur þetta þá verið fjármagnað? Það hefur verið fjármagnað af öðrum rekstrargjöldum Unglingaheimilis ríkisins. Þetta nefni ég hér til skýringar og ég tel að eðlilegt sé og nauðsynlegt að það komi hér fram af minni hálfu. Nú geta menn auðvitað komið upp og sagt að þetta sé nú eins og annað hjá þessari hæstv. ríkisstjórn, að það sé nú þannig að meiri hl. fjvn. sé að leggja þetta til og svo komi nú bara einn ráðherrann og segi þetta. Þá erum við komin að þessum viðkvæma punkti í lýðræðinu sem menn virðast stundum eiga ákaflega erfitt með að skynja og skilja, sem sé þessum: Ráðherrar í núv. ríkisstjórn eru ekki sem slíkir að gera þær tillögur í einstökum atriðum sem hér eru uppi. Fjvn. hefur auðvitað sjálfstæði til að fjalla um þessa hluti lið fyrir lið og hlýtur að gera það, og henni er skylt að gera það. Ég held að við þurfum að venja okkur á þau vinnubrögð hér á hv. Alþingi að ríkisstjórnin hafi tiltekna stöðu, fjárveitingavaldið tiltekna stöðu en það sé ekki með þeim hætti að menn séu reyrðir saman á höndum og fótum svo að segja fyrir fram um hvert einasta atriði. Ég held að við þurfum með öðrum orðum stundum að breyta Alþingi í eins konar þróunarverkefni í lýðræði þannig að menn venji sig við að hlutirnir geti kannski verið með pínulítið öðrum hætti en þeir kunna að vera fyrirskrifaðir af einhverri forustu þá og þá. Fjáraukalagafrv. er í raun og veru einmitt þessi lýðræðislega áhersla, að gera hlutina fyrir opnum tjöldum. Og það er fróðlegt að einmitt þessi umræða skuli fara fram nú, 1989.

Það eru 10 ár síðan hér á Alþingi fór fram einmitt mikil umræða um opin vinnubrögð Alþingis og nefnda Alþingis og ríkisstofnana. Sú umræða fór fram undir forustu nokkurra nýrra þingmanna sem þá sátu á Alþingi og ég minnist þess að það voru ýmsir þingmenn sem þá höfðu setið lengi, eins og hv. þm. Pálmi Jónsson, sem töldu að áherslurnar varðandi opna umræðu og opnar áherslur væru fjarstæða. Mín skoðun er sú að auðvitað eigi fjvn. Alþingis ekki aðeins að fjalla um málin með viðtölum við einstakar stofnanir og forráðamenn þeirra og ráðherra þá og þá. Ég tel einnig að Alþingi eigi að efna til opinna funda með forráðamönnum ríkisstofnana af margvíslegu tagi, opinna funda þar sem almenningur fær að heyra það sem spurt er um, því að hér á ekki að vera neitt að fela. Það á að kalla til opinna funda þingmanna með stofnunum eins og t.d. Landsvirkjun eða Seðlabanka svo að ég nefni dæmi. Og mér finnst það satt að segja umhugsunarvert, virðulegi forseti, að þessi mikla og sterka umræða um opnar áherslur sem fór hér fram 1978 og 1979 skuli núna hafa hljóðnað með þeim hætti sem raun ber vitni um, horfandi þó á þann veruleika að framlagning fjáraukalagafrv. á árinu 1989 og breyttar áherslur í stjórn landsins eru að mörgu leyti árangur af þeirri umræðu sem hófst á árinu 1978 og 1979 og hún þarf að ná enn þá lengra í verki, virðulegi forseti.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um fjáraukalög fyrir árið 1989. Og vissulega er það rétt sem hæstv. fjmrh. sagði að þetta hefur ekki verið gert áður, að ræða fjáraukalög þess árs sem er að líða áður en að áramótum er komið. Það eru vissulega ástæður fyrir því og þær með þeim hætti að þessar umræður eiga fyllilega rétt á sér, og margt af því sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan eru athugasemdir sem Alþingi ætti að taka eftir því að eins og hann ræddi með hvaða hætti fjárveitingavaldið á að fylgjast með voru það margar ágætar hugmyndir sem hann kom með hér áðan. Hann sagði hins vegar að það hefði viðgengist um áratuga skeið óráðsía og annað eftir

því í sambandi við þessa hluti og hristi ég höfuðið til að mótmæla því. Ég kannaðist ekki við að þessir hlutir hefðu ekki verið í nokkuð góðu lagi fyrir einum áratug síðan miðað við þá hluti og miðað við það hvernig að þessum málum var þá staðið, hvað snerti ríkisbókhald, hvað snerti Ríkisendurskoðun og hvað snerti endurskoðun þá sem Alþingi hafði og hefur með að gera.

Hæstv. fjmrh. hélt hér ræðu og lét gamminn geisa eins og stundum áður. En það kemur stundum fyrir þennan ágæta ráðherra að fara svo hratt yfir að hann gleymir að hafa réttar staðreyndir með og gleymir að líta á ýmislegt sem hann þarf að horfa á þegar hann er að gera grein fyrir sínum málum. Hann var að ræða um það með hvaða hætti hefði verið staðið að framlagningu fjáraukalaga hér á Alþingi og einmitt í sambandi við það orðaði hæstv. menntmrh. það „um áratuga skeið". Ég tók þar með eftir því að hæstv. fjmrh. hafði tekist a.m.k. að villa um fyrir hæstv. menntmrh. Hann hafði tekið hann trúanlegan miðað við það sem hann hafði sagt svo að mér datt í hug að það væri þá ekki úr vegi að ég kæmi upp og færi yfir þetta með hæstv. fjmrh. til þess að hann a.m.k. vissi hvernig hlutirnir hefðu verið að gerast og það hvarflaði ekki að mér að hann gerði sér ekki grein fyrir hvaða fjáraukalög hann hefði verið að flytja hér á Alþingi. Sjálfur hafði ég, þegar hann kom hér fyrst með frv. til laga um ríkisreikning og frv. til fjáraukalaga, talað hér úr þessum ræðustól og lýst ánægju minni yfir því að þannig skyldi til þessa verks gengið. Og ég segi það hér að það sem við erum hér að ræða, efnislega, þ.e. fjáraukalög fyrir þetta ár, er af hinu góða. Það er hins vegar aldrei af hinu góða ef ekki er farið rétt með þegar verið er að ræða um svo þýðingarmikla hluti sem fjárlög eða fjáraukalög og gera upp dæmið. Ég ætla því að leyfa mér að rifja upp og hverfa hálfan, jafnvel hálfan annan áratug aftur í tímann og benda á að á þinginu 1977–1978 flutti þáv. fjmrh. fjáraukalög bæði fyrir árið 1975 og 1976, einfaldlega vegna þess að þegar hann tók við hafði verið dráttur á framlagningu fjáraukalaga, á framlagningu ríkisreiknings og sá fjmrh. vildi ekki viðhafa þessi vinnubrögð og frv. til fjáraukalaga og ríkisreiknings voru því lögð fram á næsta þingi eftir fjárlagaárið. Þetta var þá ekki hægt fyrr, einfaldlega vegna þeirra starfsaðferða sem giltu og unnið var eftir sem er búið að gerbreyta frá þeim tíma.

Ef við höldum svo áfram og víkjum að fjáraukalögum fyrir árið 1977 þá hverfur sá ráðherra úr ráðherrastól á miðju ári 1978. Og í byrjun maí 1979, þ.e. á þinginu 1978–1979, næsta þingi á eftir, eru fjáraukalög lögð fram, þá tilbúin. En hvað gerist svo? Nýr fjmrh. er tekinn við. Þessi sem var 1974–1978 var úr Sjálfstfl., og mér virtist svona í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan að hann væri að tileinka hana fyrrv. fjármálaráðherrum Sjálfstfl. (**Fjmrh.:** Á þessum áratug.) Á þessum áratug. Þá skulum við halda okkur við hann. (**Gripið fram í:** Það kom skýrt fram.) Við skulum lofa hæstv. ráðherra að gefa nánari skýringar á því sem hann sagði áðan og binda okkur þá bara við það, en ég tel mig hafa gert grein fyrir því með hvaða hætti að þessum málum var staðið af hálfu fyrrv. fjármálaráðherra Sjálfstfl. á síðasta áratug, þannig að það mál er þá gert upp.

Árið 1978 gerist framsóknarmaður fjmrh. Hann var að vísu í stuttan tíma, til 1979, og þá tók við alþýðuflokksmaður, maður sem í dag skipar stöðu formanns fjvn. Hann sat að vísu ekki nema í örfáa mánuði, eins og mér heyrðist hæstv. fjmrh. vilja orða það um þann sem á eftir kom. En fjáraukalög fyrir árið 1978 eru lögð fram á Alþingi í marsmánuði 1982. Hver skyldi þá hafa verið orðinn fjmrh.? — Ja, nú segir hæstv. fjmrh. ekki neitt. (**Gripið fram í:** Hann veit það ekki.) Hann veit það. Ég er alveg klár á því. Hann er prófessor í stjórnmálafræði. Það er enginn vafi á því. En af því að fjmrh. vill ekki nefna það, þá var hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds fjmrh. og ekki trúi ég að hæstv. fjmrh. vilji segja að hann sé sjálfstæðismaður. Og svo kemur: Hversu mörg fjáraukalagafrv. flutti þessi hæstv. fjmrh. sem sat í ríkisstjórn 1980–1983 og með honum einmitt hæstv. menntmrh. sem hér talaði áðan en að vísu ekki ráðherra í þeirri stöðu þá? Það er ekkert fjáraukalagafrv. flutt af þessum hæstv. fjmrh. og þá spyr ég: Getur það verið að hann hafi ekki viljað sýna eitthvað? Getur það verið að hann hafi viljað leyna einhverju? Það svarar hver fyrir sig. En fjáraukalagafrv. fyrir árið 1979, árið sem hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gegndu embætti fjármálaráðherra, er flutt 1988. Hvað var fjmrh. 1980–1983 að gera? Ekki trúi ég því að hann hafi verið að reyna að fela eitthvað sem þessir hæstv. fyrrv. ráðherrar höfðu verið að gera. Það hvarflar ekki að mér.

Og þá kem ég að því frv. sem hæstv. núv. fjmrh. flutti líka. Hann flutti fjáraukalög fyrir árið 1979, en það var á síðasta áratug sem þau fjárlög höfðu verið í gildi. Hann flytur hér frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986. Fjáraukalög fyrir sex ár. Og hvernig skiptist þetta? Alþýðubandalagsfjármálaráðherra í þrjú ár og sjálfstæðisfjármálaráðherra í þrjú ár. Þá höfum við nú þessar upplýsingar allar hér á borðinu.

Ég er ekki með þessu, hæstv. fjmrh., að mæla þessu bót. (**Fjmrh.:** Það lyktar nú af því.) Það lyktar ekkert af því og því til staðfestingar, eins og ég sagði hér áðan, vék ég að því að þegar hæstv. fjmrh. lagði þessa hluti hér fram, lagði fram þessi frv. og frv. um ríkisreikningana, reyndi ég einmitt að mæla með því að hlutirnir gerðust, yrðu afgreiddir hér eins fljótt og mögulegt væri. Það er þess vegna að mínum dómi ekki ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að koma hér upp nú, þegar verið er að gagnrýna þá fjármálastjórn sem er hjá núv. ríkisstjórn, m.a. með því sem þetta fjáraukalagafrv. sem við fjöllum um hefur í efnisinnihaldi, að reyna að breiða yfir það allt saman og koma upp og segja: Ja, hvernig var þetta í fyrra og hittiðfyrra? Hvernig hefur þetta verið hjá sjálfstæðismönnum í 70 ár? Og hann var meira að segja um tíma steinhissa á því að hv. 2. þm. Norðurl. v. hefði ekki látið í sér heyra fyrir 70 árum í sambandi við þessi mál.

Ég held að það hvernig að þessu hefur verið staðið

sé út af fyrir sig lærdómur fyrir okkur. Við höfum verið að vinna þessi mál betur, en ég vil benda á hverjir það voru sem ekki treystu sér til þess, hvorki að skila ríkisreikningi hér á næsta þingi eftir fjárlagaárið né fjáraukalögum, og hef ég þá í huga fjáraukalög fyrir sex ár, þar af þrjú alþýðubandalagsár, þrjú þau fyrri, 1981, 1982 og 1983.

Fjárlagagerð er eitt þýðingarmesta verkefni sem alþingismenn hafa með að gera. Það hefur því miður oft viljað brenna við að fjármálaráðherrar hafa ekki viljað virða samþykktir Alþingis og fjárveitingar því átt sér stað utan við ramma þess. Ég er þeirrar skoðunar að það að veita fjárveitingar til annars en verkefna sem þegar er búið að ákveða, vegna vanreiknings eða einhvers þess sem upp hefur komið frá því að fjárlög voru samþykkt, geti fjmrh. ekki gert öðruvísi en að hafa til þess samstarf við fjvn. og með fullri vitund og vitneskju og vilja hennar til þess að mæla með slíkri fjárveitingu þegar til kasta Alþingis kemur. Þetta var sú regla sem gilti og þetta er sú regla sem á að gilda. Ég er þeirrar skoðunar að þær hugmyndir sem mér er kunnugt um að fjallað er um af hálfu fjvn. til þess að ná betri tökum á þessum málum séu af hinu góða og Alþingi á að standa með fjvn. í þeim efnum. Ég tel líka að það sé af hinu góða að við erum þó að fjalla um þessa hluti núna enda þótt sumt af þessu sé með þeim hætti að þingmenn geti ekki fallist á það.

Ég vildi, virðulegi forseti, láta þetta koma fram hér vegna þeirra ummæla sem hæstv. fjmrh. viðhafði hér áðan og ég varð var við að hæstv. menntmrh. hafði tekið sem heilagan sannleik. Þá sýndist mér eðlilegt og rétt að sem einn úr hópi fyrrv. fjármálaráðherra Sjálfstfl. kæmi ég þessum upplýsingum á framfæri við þingheim hér og nú þannig að menn héldu ekki þessari umræðu áfram, grundvallað á því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan og var ekki staðreyndunum samkvæmt.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Sínum augum lítur hver á silfrið, segir máltækið. Ég verð að segja það að málefnalega séð er það jákvætt mál að fjáraukalagafrv. fyrir það ár sem er að líða skuli hafa verið lagt fram, en það sem er kannski aðaldeiluefnið hér er hin pólitíska fjármálastefna að baki þeim fjáraukalögum en ekki hvort þau eru lögð fram eða ekki. Ég hefði gjarnan viljað minna hæstv. fjmrh. á það, ef hann getur slitið fundahöldunum þarna úti í horni, að ég minnti hann fyrst á það fyrir fjórtán mánuðum síðan að það þyrfti að leggja fram fjáraukalög, hér í þessum ræðustól, og það hefur ekkert komið fram í þessari umræðu að hæstv. núv. fjmrh. er algjörlega „á fittinu" fyrir árið 1988. Eftir öll stóru orðin sem hann er búinn að viðhafa um aðra fjármálaráðherra, flokksbræður sína og aðra, er það staðreynd að hann sjálfur er einn af þeim sem hann var að skamma áðan vegna þess að hann, eins og ég segi, fór átta milljarða fram yfir á heftinu frá því í fyrra, fyrir 1988. Og þrátt fyrir það að hann hafi fyrir fjórtán mánuðum verið minntur á að leggja fram fjáraukalagafrv. fyrir 1988 hefur hann ekki komið því í verk enn þá.

Mér datt í hug áðan þegar ég horfði á hæstv. fjmrh. láta gamminn geysa, yfir flokksbræðrum sínum sem öðrum, að Hallgrímur Pétursson kvað einhvern tímann: „Oft má af máli þekkja manninn hver helst hann er".

Ég hef þrisvar sinnum hér í þinginu í haust minnt hæstv. fjmrh. á það að hann ætti að gjaldfæra skuld Verðjöfnunarsjóðs, annaðhvort á fjáraukalögum þeim sem hér eru til umræðu eða á fjárlögum ársins 1990. Hann hefur alla tíð hunsað að svara þó að ég hafi þrisvar sinnum spurt hann að því hér úr þessum ræðustól. Vil ég nú minna hæstv. forseta á þetta og spyrja: Er ekki ætlast til þess að ráðherrar svari þegar þeir eru spurðir hér í þinginu eða er það bara allt í lagi að þeir komist upp með að hunsa samþingmenn? Hvað segja þingsköp um það? Er það bara allt í lagi að ráðherrar hunsi það að svara mikilvægum spurningum og um leið og þeir eru náttúrlega að monta sig af því að leggja fram fjáraukalög og þykjast vera hér einhverjir ægilega fínir „prinsippmenn" að vera þá með allt niðrum sig upp á einn og hálfan milljarð sem standa engar tryggingar á bak við og forsrh. og sjútvrh. eru búnir að lýsa yfir að fiskiðnaðurinn verði ekki látinn endurgreiða? Þá liggur í augum uppi að tveir aðilar geta ekki hafa bókfært sömu eignina, ekki nema það sé einhvers staðar kennt í einhverri stjórnmálafræði sem ég kann ekki. Væntanlega er þá hægt að útskýra það fyrir okkur.

Ég vil því ítreka þessa fyrirspurn og hef lagt hana fram sem skriflega fsp. hér í þinginu, en væntanlega fæst hún ekki tekin á dagskrá fyrir jól. Þó er aldrei að vita. En fjmrh. getur þá látið svo lítið að svara þessu. Ég ítreka það.

Það voru undarlegar yfirlýsingar hv. formanns fjvn. í DV í dag. Þar kemur fram að þetta frv. til fjáraukalaga var aðeins lagt fram til 1. des. Hvað ætla menn svo að gera? Þá er hæstv. fjmrh. líka kominn á fittið á þessu ári, frá 1. des., þannig að hann er ekki bara á fittinu frá því í fyrra, heldur líka núna, fram yfir á heftinu, án leyfis Alþingis sem hann veit að er ekki í samræmi við stjórnarskrána.

Í fréttinni í DV segir enn fremur að samkvæmt reynslunni megi gera ráð fyrir töluverðum útgjöldum í desembermánuði og er þess skemmst að minnast, er haft eftir formanni fjvn., þegar fjmrh. skrifaði út hundruð milljóna á gamlársdag í fyrra. Það er spurning hvort búast má við sams konar aðgerðum á gamlársdag í ár.

Það mál sem hér er til umræðu er þýðingarmikið út frá því að atvinnulífið í landinu kemur að mínu áliti ekki til með að komast á réttan kjöl fyrr en farið verður að gera róttækar ráðstafanir í því að Alþingi heimili allar fjárveitingar fyrir fram til fjmrh., hver svo sem hann er. Og ég hef ítrekað sagt það hér í þessum ræðustól að það þurfi að endurskoða samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og væri nú ekkert óeðlilegt við það þó að löggiltir endurskoðendur kæmu meira nálægt fjárlagagerð en nú er. Það

er ekkert óeðlilegt við það. Þetta þarf ekkert að vera pukur einhverra kerfiskarla einhvers staðar úti í horni. Öll þjóðin á að geta fengið að fylgjast með þessu. Það mætti t.d. kaupa meira af þjónustu hjá einkafyrirtækjum við fjárlagagerð ef menn á annað borð ætla sér að ná tökum á ríkisfjármálunum og ef menn á annað borð ætla sér að viðhafa hér þá nákvæmni sem þarf til þess að ná verðbólgunni niður. Það er spurning um það hvort menn ætla sér það. Þetta hlýtur að þola dagsbirtuna allt saman því að ef verður viðhaldið þeirri ónákvæmni sem einkennir allt í dag, sem við erum vitni að hér, þeirri hrikalegu ónákvæmni sem kemur fram í alls konar túlkunum á skattahækkunum, hvort þær þýði einum og hálfum milljarði meira eða minna, og er þá yfirleitt fjmrh. ósammála öllum öðrum. Þetta er unnið í tímahraki og úr því verður hroðvirkni og óvandvirkni, og ég verð að segja það að þrátt fyrir það að þetta sé lagt fram er þetta ekki nægilega gott, en þetta er svona allt í lagi, ágætis skref hjá hæstv. fjmrh.

Ég held að það sé ekki nein tilviljun að verðbólga hefur geisað hér undanfarna áratugi. Ég held að það sé einmitt eins og ég sagði áðan, að bætt lífskjör landsmanna byggjast á því að meiri vandvirkni og nákvæmni verði viðhöfð við fjárlagagerð. Við getum litið t.d. til landa eins og Japans og Þýskalands í því sambandi. Þar eru lífskjör landsmanna góð. Þar er mikil nákvæmni og þar er fjármagnskostnaður lágur. Venjulega fer nefnilega saman óráðsía í efnahagsstjórn og hár fjármagnskostnaður. Stjórnmálaflokkar geta ekki komið hér síðan og sagt: Hókus, pókus, einhver frjálshyggja sem orsök fyrir háum fjármagnskostnaði. Það er nú ein af þessum rangfærslum sem maður er vitni að. Það er nú ekkert vandamál t.d. að gera tólf mánaða rekstraráætlun fyrir öll ríkisfyrirtæki. Það getur varla verið mikið vandamál.

Svo er það sem er kannski hinn pólitíski ágreiningur. Það er sú ofsköttun sem hér fer fram, sem við vorum vitni að hér í fyrrahaust og erum vitni að aftur í haust. Það á að blóðmjólka kúna, ráðast á peningalaus fyrirtæki og heimili og rupla í ríkiskassann, bara með fógetavaldi, siga fógetanum á fyrirtæki, peningalaus, og heimilin, peningalaus.

Stundum er verið að gagnrýna okkur sjálfstæðismenn fyrir það hvar á að skera niður. Hvar á að skera niður? Það mætti t.d. einkavæða meira og selja ríkisfyrirtæki. Það er ekki niðurskurður. Það er einkavæðing vegna þess að einkaaðilar reka fyrirtæki betur en ríkisfyrirtæki. Þó að kannski séu til undantekningar á því, þá er það hin almenna regla. Svo er ég þeirrar skoðunar að það sé nú betra af tvennu illu að reka ríkissjóð með halla en fyrirtækin því ekki auka þau framleiðsluna í landinu peningalaus, svo að einhverju sé nú svarað, því allar þessar skattahækkanir sem við höfum verið vitni að hér í haust munu bara leiða af sér gjaldþrot og upplausn heimila og fyrirtækja í landinu.

Það er nú líka allt í lagi að minnt sé á, þó að ekki hafi farið fram umræða um það, að gengisfellingar og gengissig er auðvitað náskylt þeirri fjármálastjórn sem hér hefur verið viðhöfð undanfarin ár, og ég tala nú ekki um í tíð þessarar ríkisstjórnar, því að auðvitað hrundi gengið eftir allar erlendu lántökurnar og seðlaprentunina í fyrrahaust. Það var óhjákvæmilegt.

En ég verð að segja það að þessi fjáraukalög marka tímamót á vissan hátt og ég tek undir það sem hæstv. menntmrh. sagði áðan: Það eru tvær hliðar á þessu máli, önnur er pólitísk og hin er fagleg. Og það ætti að geta verið samstaða um hina faglegu hlið, en það verður náttúrlega aldrei samstaða um hina pólitísku hlið.

Ég vil því að lokum ítreka það að þetta er eitt af mikilvægustu atriðum sem ég held að megi koma í lag á næstu árum. Það tekur einhver ár náttúrlega. En ef hæstv. fjmrh. er hér einhvers staðar nálægur ætla ég að minna hann á það af því hann var að tala um það í sinni hógværu ræðu áðan að einhver hefði sagt það hér í fyrra að hallinn á fjárlögum yrði 10–15 milljarðar. Ég skal gangast við því. Ég sagði það, og ég ætla mér að standa við það. Brtt. sem hér liggja fyrir eru halli upp á 8 milljarða. Ég var að tala um það áðan að gjaldfæra ætti Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það er 1½ milljarður og þá erum við komnir í 10 milljarða. Svo er desember eftir eins og haft er eftir hv. formanni fjvn. Erum við þá ekki komnin í 11–12 milljarða? Hver ætli verði niðurstaðan af þessu? Þetta er nú árangurinn af því sem átti að vera 650 millj. kr. rekstrarhagnaður af öllum skattahækkununum í fyrra, stórkostleg nýbreytni, og hefur aldrei sést annað eins í mannkynssögunni. Það sagði hæstv. fjmrh. í fyrra.

Ég vil að lokum ítreka við hæstv. fjmrh. að ég vil fá svar við því hvers vegna hann hefur ekki gjaldfært skuld Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins við ríkissjóð og hvort hann telji að hægt sé að eignfæra sama hlutinn á tveimur stöðum. Ég óska þess að hann svari þessari spurningu.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Framhald á EFTA-EB-umræðum.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Fyrr í dag bar ég fram þá ósk að umræðan um Evrópubandalagið héldi áfram á þessum degi. Ég minnti á hversu slæmt útlit það er fyrir Ísland og utanrrh. Íslands að hafa þurft að taka þátt í sameiginlegum fundi Evrópubandalagsins og EFTA í dag án þess að formaður EFTA-ráðsins hefði lokið umræðum í sínu eigin þjóðþingi áður en sá fundur færi fram og áréttaði í þeim tilgangi að rétta nokkuð hlut hæstv. utanrrh. í þessu efni að æskilegt væri að umræðunni lyki þó á þeim degi sem þessi sameiginlegi ráðherrafundur fór fram. Forseti lýsti því yfir af sinni alkunnu lipurð að það mál yrði tekið til sérstakrar umræðu og athugunar á fundi þingflokksformanna

og nú vil ég enn inna eftir því hvort niðurstaða hafi fengist í þeim umræðum gagnvart þessari ósk af minni hálfu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti ræddi þetta mál á fundi með þingflokksformönnum í dag. Mikill meiri hluti manna var þeirrar skoðunar að erfitt væri að breyta prentaðri dagskrá. Hefði þessari umræðu getað lokið nú fyrir kvöldmatarhlé hefði verið sjálfsagt að gera tilraun til að ljúka þessari umræðu um viðræður EFTA og Efnahagsbandalags. Hitt vil ég benda hv. 1. þm. Suðurl. á að hér er um að ræða umræðu um skýrslu utanrrh. og því verður engin ályktun gerð, þannig að það er erfitt að sjá að það skipti öllu máli hvort umræðunni verði lokið á einhverjum ákveðnum degi eða ekki.

Nú lítur svo út sem umræða um fjáraukalög dragist mjög og ég vil því upplýsa hv. þingheim um að kl. 7 verður gefið kvöldmatarhlé til kl. 9, en síðan vil ég biðja hv. þingheim að vera við því búinn að hér verði langur fundur fram eftir nóttu því að ætlun forseta er að ljúka umræðu um fjáraukalög í nótt eða í fyrramálið eða hvenær sem þurfa þykir. Enn er hér nokkur mælendaskrá og ég verð því að hryggja hv. 1. þm. Suðurl. með því að fyrst verður að ljúka umræðu um fjáraukalög en svo er forseta ljúft að semja við þingflokksformenn og hæstv. forseta Ed. og Nd. um að áframhald verði á umræðu um viðræður EFTA og Efnmahagsbandalagsins.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég harma mjög þá niðurstöðu sem hér er tilkynnt. Þó að ekki hafi verið gert ráð fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að ljúka umræðunni um Evrópubandalagið með sérstakri ályktun hygg ég að flestum sé ljóst hversu slæmt útlit það er fyrir Ísland og utanrrh. Íslands að hafa þurft að mæta á þessum sameiginlega ráðherrafundi án þess að hafa lokið umræðum hér á Alþingi Íslendinga. Önnur þjóðþing hafa um þetta fjallað og lokið umræðum og formaður EFTA-ráðsins er eini ráðherrann á þessari samkomu sem kom til þessa fundar í dag án þess að umræðu um málið væri lokið í hans þjóðþingi. Auðvitað liggur í augum uppi og sjá allir hversu sneypulegt þetta er og ósk mín var fyrst og fremst fram borin í þeim tilgangi að rétta hér nokkuð við hlut Íslands, ekki vegna þess að ég bæri sérstaklega fyrir brjósti stöðu hæstv. utanrrh., pólitískt séð, heldur þykir mér eðlilegt að Alþingi hafi í huga í þessu sambandi virðingu Íslands á erlendum vettvangi og þess vegna var þessi ósk sett fram. Ég harma það að forseti treystir sér ekki til þess að verða við henni, en ég ítreka enn þá ósk mína að þegar að lokinni þeirri umræðu sem nú stendur og eigi síðar geti þessari umræðu verið fram haldið og lokið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þegar við hv. 1. þm. Suðurl. áttum um þetta orðastað síðast var um það samið að umræðunni um EFTA og Efnahagsbandalagið yrði fram haldið þegar lokið væri 2. umr. fjáraukalaga og stuttir deildafundir hefðu farið fram. Það er alveg í hendi hv. 1. þm. Suðurl. og samþingmanna hans að stjórna því hvenær við komumst til þess að halda áfram umræðu um EFTA og Efnahagsbandalagið. Forseti og hv. 1. þm. Suðurl. eiga það sameiginlegt að vilja veg og virðingu íslensku þjóðarinnar sem allra mesta á erlendum vettvangi eins og hv. þm. minntist á. Ég vil því skora á hv. þm. að veita forseta stuðning í því að umræðu um fjáraukalög geti lokið á sómasamlegum vinnutíma þannig að hægt sé að ganga til áframhalds á umræðu um EFTA og Efnahagsbandalagið.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég veit ekki hvort skilja á þessi orð sem til mín er beint á þann veg að þess sé farið á leit að 1. þm. Suðurl. annist takmörkun á ræðutíma einstakra þingmanna í þeirri umræðu sem hér fer fram. Það mátti nánast skilja ummæli hæstv. forseta á þann veg. Ég vona að svo hafi ekki verið, vil hins ítreka að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hefur ekki komið fram áhugi á því að ljúka afgreiðslu fjárlaga og mikilvægra mála sem jafnan eru tengd fjárlögum. Þvert á móti liggur fyrir bein andstaða hæstv. ríkisstjórnar gegn því að gert verði samkomulag um lok þinghalds fyrir jólaleyfi þannig að af þeim sökum sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu að fresta umræðum um fjáraukalög og taka til við hina mikilvægu umræðu um Evrópubandalagið sem hæstv. utanrrh. hefur sannarlega lýst réttilega sem miklvægustu umræðu sem hér hefur farið fram á Alþingi Íslendinga um alllangan tíma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill ítreka að hún sagði ekkert í þá veru sem bent gat til þess að hún óskaði eftir að umræða yrði takmörkuð. Það sem forseti sagði var: Forseti er tilbúinn til að taka upp framhald umræðu um EFTA og Efnahagsbandalagið þegar umræðu um fjáraukalög er lokið.

Þessum fundi verður nú frestað til kl. 9, en ég vil biðja hv. þm. að vera við því búna að hér verði unnið lengi og ég skora á hv. þm. að mæta vel til funda í nótt. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Fréttaviðtal við forseta sameinaðs þings.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Nú í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins var viðtal við hæstv. forseta Sþ. sem gefur mér tilefni til þess að segja hér örfá orð. Hæstv. forseti sagði eitthvað á þessa leið: „Ef menn vilja rjúfa það samkomulag sem gert hefur verið, þá getum við haldið hér áfram að tala“ o.s.frv.

Nú kann að hafa verið einhver meiningarmunur milli manna um það og er kannski enn hvort eitthvert samkomulag hafi verið gert um framhald þingstarfa,

um þinghlé nú fyrir jólin, hvenær það skyldi verða og hvenær þing skyldi koma saman að nýju eftir jólaleyfi. Vegna þessa hlýt ég að rekja í örfáum orðum hvað mönnum hefur farið á milli á fundum forseta og þingflokksformanna nú undanfarna daga. Ég skal segja það strax að enginn bindandi samningur var kominn á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, en ég þykist hins vegar geta fullyrt að menn voru komnir þar mjög nálægt samkomulagi, ef ég má orða það svo, og það þegar á föstudaginn var. Þá höfðu menn rætt það hvaða málum skyldi frestað eða hvaða mál biðu afgreiðslu eftir jólaleyfið. Og ef ég aðeins hleyp á því voru það frumvörp um Stjórnarráð Íslands og yfirstjórn umhverfismála. Það var frv. um bifreiðagjald, frv. um tekjuskatt á orkufyrirtæki, frv. um heilbrigðisþjónustu og frv. um veiðieftirlitsgjald. Ég tek fram að menn höfðu ekki talað út um frv. um veiðieftirlitsgjald og það átti eftir að hnýta lausa enda í sambandi við frv. um heilbrigðisþjónustu. Var talið að það þyrfti að koma þá með frv. til framlengingar á ákvæðum um heilsugæsluna í Reykjavík. En sem sagt, á þessum fundum ríkti góður vilji milli stjórnar og stjórnarandstöðu til þess að ná saman með þessum hætti og að önnur mál hlytu afgreiðslu fyrir jól, þar á meðal höfuðfrumvörp ríkisstjórnarinnar um tekju- og eignarskatt og virðisaukaskatt og náttúrlega fjárlög og lánsfjárlög og fleira og fleira sem ég hirði ekki um að telja.

En í gær kom alveg ný staða upp í þessum viðræðum okkar. Það var þegar það upplýstist að fyrir fund fjvn. hefðu verið lagðar tillögur varðandi Borgarspítalann í Reykjavík þar sem lagt var til að Reykjavíkurborg skyldi greiða 245 millj. kr. á næsta ári í rekstrarkostnað Borgarspítalans — ég get farið miklu nánar út í það mál ef menn vilja en ég ætla að sleppa því í bili a.m.k. — og í öðru lagi að sveitarfélögin skyldu taka þátt í tannlæknakostnaði upp á 346 millj. kr. á næsta ári. Þarna var komin upp alveg ný staða í þessum samningaumleitunum stjórnar og stjórnarandstöðu um sæmileg lok á þingstörfum hér fyrir jólin og stjórnarandstaðan tilkynnti á fundi í gærkvöldi að hún gæti ekki á þetta fallist, hún gæti ekki staðið að því að afgreiða hér önnur mál, sem áður hafði verið talað um að afgreiða, ef þetta ætti að ná fram. Þetta gerðum við mönnum alveg ljóst.

Ég ætla ekkert að fara að greina hér frá yfirlýsingum einstakra þingmanna, stjórnarliða, á þessum fundum, en ég tel að við í stjórnarandstöðunni höfum haft fulla ástæðu til að ætla að það gæti gengið saman með okkur jafnvel þrátt fyrir þessa nýju stöðu sem þarna var komin upp. En nú hefur það komið í ljós að svo var ekki.

Ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að svona skuli vera komið. Satt að segja man ég ekki eftir því að jafngott samkomulag hafi ríkt milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu mála í langan tíma og núna þessa síðustu daga. En þá þarf endilega að sprengja það allt í loft upp með tillögum fjmrh. í þessa veru, tillögum sem ganga þvert á nýsamþykkt lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og eru hreint brot á þeim lögum. En nóg um þetta. Ég hlaut að verða að skýra frá þessu.

Síðan hlýt ég að finna að því að hæstv. forseti sameinaðs Alþingis segir í þessu viðtali við Ríkisútvarpið að baráttan hér á þingi sé ekki háð við stjórnarandstöðuna. Hún sé háð við borgarstjórann í Reykjavík. Hún sé háð við borgarstjórann í Reykjavík en ekki stjórnarandstöðuna hér á þingi. Þessi ummæli hæstv. forseta gefa út af fyrir sig tilefni til verulegrar umræðu hér í þinginu um það hvernig hæstv. forseti kemur fram í fjölmiðlum. Það er algert nýnæmi hér á Alþingi, segi ég, að hæstv. forseti sameinaðs Alþingis taki þannig afgerandi afstöðu með öðrum aðilanum af tveimur sem hér eru að skiptast á skoðunum um þingstörfin. Það er algert nýnæmi og ég hlýt að segja að ámælisvert sé af hæstv. forseta að koma þannig fram. Hæstv. forseti ætti fremur að líta á það sem höfuðhlutverk sitt að leiða menn hér til sátta um þingstörfin og aldrei ríður meira á en einmitt síðustu daga fyrir þinghlé að hæstv. forseti geri svo. Það hefur forseti nú ekki gert og það getur ekki verið líklegt til þess að greiða fyrir framgangi mála hér á hv. Alþingi.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. En tilefni þess að ég hlaut að skýra frá því hvað okkur hafði farið á milli á þessum fundum undanfarna daga var þetta viðtal við hæstv. forseta sameinaðs Alþingis. Ég hlýt svo að segja í lokin að okkur í stjórnarandstöðunni er ekkert að vanbúnaði að halda hér áfram svo lengi sem þarf og við getum endurskoðað það sem ég tel að hafi orðið þegar að samkomulagi, að við lykjum hér þingstörfum n.k. föstudag og við hæfum störf að nýju mánudaginn 22. janúar. Við getum að sjálfsögðu endurskoðað það ef menn vilja.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vissulega er rétt að á fundum formanna þingflokka og forseta í gær lágu fyrir hugmyndir sem býsna gott samkomulag þar um. Þó voru þar ekki allir lausir endar fullhnýttir. Það vissum við öll sem tókum þátt í þessum fundum. Hins vegar var samkomulag um langflest atriði en eitt atriði eða tvö stóðu þó enn út af og um þau var ekki samkomulag. Ég get ekki á það fallist að eitthvert nýtt atriði hafi komið upp í gær. Þau atriði sem hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson gerði hér að umtalsefni voru ekki ný. Um þau var vitað og um þau var mjög rækilega rætt, t.d. í sjónvarpsþætti í fyrrakvöld þar sem ræddust við hæstv. fjmrh. og borgarstjórinn í Reykjavík. Þar átti mönnum því ekkert að koma á óvart.

En í fréttum sjónvarps, og raunar útvarps að ég hygg líka í kvöld, kom mér sannarlega á óvart að heyra formann Sjálfstfl., sem ekki sat þessa fundi, segja þjóðinni frá því að forsrh. Íslands hefði gert samkomulag á þessum fundum sem fjmrh. hefði neitað að standa við. Þetta er ekki satt. Þetta er ósatt og ég hef enga ástæðu til að ætla að formaður Sjálfstfl. hafi fengið rangar upplýsingar um það sem gerðist á þessum fundum. Ég er sannfærður um að

formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur sagt honum satt, rétt og ítarlega frá því sem gerðist þar. En það sem formaður Sjálfstfl. sagði við þjóðina í fréttum sjónvarps í kvöld, að forsrh. hefði gert samkomulag sem hæstv. fjmrh. hefði neitað að standa við, er hreinlega ekki satt vegna þess að fullkomið samkomulag lá ekki fyrir. Það vita allir þeir sem sátu þessa fundi og ég tel alveg nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram vegna þess að menn eiga að fylgja þeirri reglu að hafa það sem sannara reynist. Það á að gilda líka hér um þá sem á hinu háa Alþingi sitja og kannski ekki síst.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegur forseti. Án þess að blanda mér inn í deilur um samkomulag um það sem hér skuli fram fara til jólahalds kem ég hér upp til að mótmæla við forseta sameinaðs þings því sem haft var eftir forsetanum í fjölmiðlum í kvöld, þ.e. í Ríkisútvarpinu. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé einsdæmi í þingsögunni, að forseti sameinaðs þings komi í fjölmiðla til að lýsa því fyrir þjóðinni hverjir það séu hér á Alþingi sem dragi lappirnar, sem séu ekki samstarfshæfir. Meira að segja sé það maður úti í bæ, borgarstjórinn í Reykjavík, sem stjórni því hvernig sjálfstæðismenn starfi á Alþingi.

Það er svo margt sem hefur verið að gerast að undanförnu sem við sem höfum verið hér alldrjúgan tíma þekkjum ekki og höfum ekki upplifað áður. Þetta er eitt af því. Ég kannast ekki við það í þau 30 ár sem ég hef hér setið að forseti Alþingis taki sig fram um það að gerast leiðtogi í fjölmiðlum, í fréttum meiri hlutans á Alþingi. Er hann þó ævinlega kosinn af meiri hlutanum.

Ég vil ekki sitja undir því sem sagt var í útvarpinu í kvöld. Ég hefði ekki haft við það að athuga þótt hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., hefði sagt eitthvað í þessum dúr. Hann er pólitískur forustumaður sinna manna og það eru þeir, formenn þingflokkanna, sem fara hér til viðræðna við forseta þingsins til þess að reyna að ná fram því verklagi sem menn vilja hafa núna síðustu daga fyrir jól.

Davíð Oddsson borgarstjóri, hvers vegna er hann nefndur? Hvers vegna hafði forsrh. ástæðu til þess að skrifa honum bréf? Er það ekki einmitt eitt af því sem við sjálfstæðismenn, eins og skýrt kom fram hjá formanni Sjálfstfl. í sjónvarpinu í kvöld, erum ekki ásáttir með og munum ekki samþykkja að tveimur til þremur dögum fyrir jól verðum við látnir brjóta það samkomulag sem er grundvöllur þeirrar löggjafar sem sett var hér á Alþingi um verkaskiptingu ríkisins og sveitarfélaganna. Hvers vegna skyldi formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hafa verið hér í þinghúsinu í dag til viðræðna við alþm.? (**Fjmrh.:** Hann er í Sjálfstfl.) Hann er í Sjálfstfl., það er alveg hárrétt, og þekkir hæstv. fjmrh. vel til þess, búandi á Seltjarnarnesi og vilja ekki vera annars staðar en þar sem forusta Sjálfstfl. er. En hann var einmitt kominn hér til að ræða um þá hluti, ræða um þau samningsbrot sem hæstv. fjmrh. ætlar að standa fyrir hér seinustu dagana fyrir jól, einmitt þess vegna. Og ég get sagt honum það, hæstv. fjmrh., að því miður er forusta sjálfstæðismanna ekki í öllum sveitarfélögum í mínu kjördæmi, en það breytist nú. Ýmsir þeirra sem þar eru og m.a. úr hans eigin flokki hafa látið í sér heyra þar sem þeir hafa ekki viljað sætta sig við það sem er hér að gerast. Og hæstv. forseti kemur fram fyrir alþjóð og lýsir því yfir að þessi hluti þingsins sé bara ósamstarfshæfur og hélt svo áfram og sagði: „Við munum bara ekkert láta það á okkur fá. Við munum fara okkar fram.“ Þetta er sagt við þjóðina þegar við erum að reyna að leysa málin hér. Hæstv. forseti hefur setið í forsetatól ekkert mjög lengi og ég vil gjarnan segja forseta það að ef forseti er að tala um málþóf, þá veit ég að forseti minnist þess að engar þær ræður eða ræðulengd sem hefur verið á þessu þingi eða seinasta er nokkuð í átt við málþóf ef menn vilja beita slíku.

Eins og ég sagði áðan, ég vil ekki sitja undir þessu og vil mótmæla því og ég mundi segja: Forseti sameinaðs þings á að biðjast afsökunar á þeim orðum sem forseti lét falla við fréttamanninn í kvöld og þá er ég tilbúinn að gleyma því sem sagt hefur verið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 1. þm. Reykn. vil ég segja þetta: Forseti Sþ. er ekki forseti Sþ. á ábyrgð Sjálfstfl. Hann hefur aldrei greitt forsetanum atkvæði til þess embættis. (**MÁM:** Eru ekki leynilegar kosningar í þinginu?) Forseti hefur hins vegar ævinlega litið svo á að hann væri forseti alls þingsins og er það. Forseti Sþ. hefur ekki gert neitt sem hann þarf að minnkast sín fyrir. Hann hefur heldur ekki sagt ósatt um neitt. Forseti telur sér skylt þegar hann er spurður hvort þinghaldið sé í uppnámi að mótmæla því. Einn alvarlegan misskilning hv. 1. þm. Reykn. vil ég leiðrétta. Þegar ég sagði í umræddu viðtali í kvöld „Við munum halda ótrauð áfram,“ þá var ég að tala um okkur hæstv. forseta Ed., hæstv. forseta Nd. og sjálfa mig. Við höfum nú um langt skeið haldið daglega fundi með þingflokksformönnum og vissum ekki annað í gærkvöldi en nokkurt samkomulag væri um framhald þinghaldsins. Mér var síðan tilkynnt í dag að ekkert mundi verða af því samkomulagi. Allt mundi verða gert til að tefja þinghald. Vegna ummæla minna um áhrif borgarstjórans í Reykjavík er sú staðhæfing ekki komin frá mér, heldur hv. 2. þm. Reykn. sem lýsti því yfir á þingflokksformannafundi í dag að hann mundi fara út á skrifstofu borgarstjóra og ráðgast um hvert svar hann mundi veita hæstv. forsrh. Ég bið þá hv. þingflokksformenn sem sátu þennan fund að staðfesta þessi orð mín.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég ætla fyrst að víkja hér að ummælum hv. 3. þm. Vesturl. þar sem hann gerði athugasemdir við ummæli mín í fréttatímum útvarps og sjónvarps nú í kvöld.

Ég vil byrja á því að minna hv. þm. á að tilefni hinnar mjög svo ósmekklegu árásar hæstv. forseta

sameinaðs Alþingis á minni hlutann eða a.m.k. Sjálfstfl. hér í þinginu var það sem hæstv. forseti sagði um samkomulag sem forsetinn gerði skóna að Sjálfstfl. hefði rofið. Svo kemur hv. 3. þm. Vesturl. og gerir úr því eitthvert stórmál að ekki hafi verið nákvæmlega tekið til orða af minni hálfu um samkomulag það sem menn töldu að hefði orðið hér í gærkvöldi.

Ég vil líka minna hv. 3. þm. Vesturl. á að í málgagni hæstv. forsrh. segir með stríðsfyrirsögn og stórri mynd: „Samið um afgreiðslu brýnna mála á Alþingi." Og með leyfi forseta segir hér: „Á fundi forseta Alþingis og formanna þingflokkanna í gærkvöldi náðist samkomulag um afgreiðslu brýnustu mála ríkisstjórnarinnar fyrir jólaleyfi þingmanna. Fyrir þennan fund ríkti mikil óvissa um viðbrögð stjórnarandstöðunnar og hvort og hvenær tækist að afgreiða ýmis stórmál ríkisstjórnarinnar, svo sem fjárlagafrv. og helstu tekjuöflunarfrumvörp þess sem að öllu jöfnu verða að hljóta afgreiðslu fyrir áramót. Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings, var því öllu glaðbeittari þegar hún kom af þessum fundi heldur en hún var þegar hún fór inn á hann og sagði hún í samtali við Tímann í gærkvöldi að allt væri í góðu gengi og góðu samkomulagi."

Ég vil líka minna hv. þm. á að í frétt í Morgunblaðinu í dag segir hæstv. heilbrrh. Guðmundur Bjarnason að líklegra sé að fallið verði frá þeim hugmyndum að sinni að Reykjavíkurborg greiddi hluta af rekstri Borgarspítalans. „... en frumvarpsdrög þess efnis voru rædd í þingflokkum stjórnarflokkanna í gær" segir í Morgunblaðinu. Og síðan vitnar Morgunblaðið í ummæli hæstv. heilbrrh. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Ég lít svo á að verði þetta dregið til baka og afgreiðslu frv. frestað sé málið allt í sama farvegi og þegar það var lagt fram. En á meðan gefst mánuður til að ræða þessi mál eins og sveitarfélögin hafa farið fram á."

Það er vissulega rétt að fullkomlega og endanlega hafði ekki verið gengið frá þessu samkomulagi. En svo sterklega höfðu menn það á tilfinningunni að samkomulag væri orðið að hæstv. forseti Sþ. stóð í þeirri meiningu að samkomulag væri orðið. Málgagn hæstv. forsrh. lýsir því yfir með stríðsfyrirsagnaletri að samkomulag hafi orðið og hæstv. forseti Nd. lauk hér fundi sl. nótt með sérstöku þakklæti til þingmanna og þar á meðal til þingmanna stjórnarandstöðunnar um góða samvinnu við afgreiðslu mála. Það er þess vegna í meira lagi undarlegt þegar formaður þingflokks Alþfl. kemur hér upp og gerir athugasemdir um hvernig menn almennt litu á stöðu mála eftir þennan fund þingflokksformanna og ráðherra í gærkvöldi. Það hefur hins vegar legið hér fyrir að Sjálfstfl. sættir sig ekki við að hæstv. ríkisstjórn fari hér fram með því ofbeldi að brjóta lög sem fjalla um samkomulag ríkisvalds og sveitarfélaga um verkaskiptingu þar á milli. Það er auðvitað ekkert sérstakt kappsmál stjórnarandstöðunnar að frumvörp ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga fyrir jólaleyfi þingmanna. En það er venja og hefur verið lengi að ríkisstjórn, hver sem hún er, leitar eftir samkomulagi. Þegar komið er í tímaþröng fyrir jólaleyfi, þá leitar hæstv. ríkisstjórn eftir samkomulagi um að afgreiða megi tiltekin mál. Oft þarf þá að semja um að þingmál gangi fram með óvenjulegum hætti, að vikið sé frá venjubundnum vinnubrögðum þingsins við meðferð mála á þann veg að jafnvel hin mikilvægustu mál fá óvandaða og skamma meðferð í nefndum þingsins og umræður eru miklu takmarkaðri en venjulega. Það var ekki ósk Sjálfstfl. að þessum vinnubrögðum yrði beitt fyrir þessi jól. Það var auðvitað eins og venja er til ósk hæstv. ríkisstjórnar að þessi háttur yrði hafður á. Sjálfstfl. var fyrir sitt leyti reiðubúinn til þess að greiða fyrir framgangi tiltekinna mála með þessum hætti og ég hygg það hafi komið skýrt fram í störfum þingsins hér undanfarna daga að svo hefur verið. Mál voru afgreidd hér í gær og gærkvöldi með óvenjulegum hraða. Og miklu fremur mætti ásaka stjórnarandstöðuna fyrir að hafa hleypt þessum mikilvægu málum illa undirbúnum, óvönduðum frumvörpum í gegn í of miklum flýti. Það mætti ásaka stjórnarandstöðuna fyrir það miklu fremur en hitt að hún hafi verið að tefja hér fyrir framgangi.

En það hlýtur að liggja í augum uppi að þegar farið er fram á við stjórnarandstöðuna að hún víki í svo veigamiklum atriðum frá venjubundnum vinnubrögðum hér í þinginu um vandaða málsmeðferð þingmála þá hlýtur flokkur eins og Sjálfstfl. að gera þá kröfu að hæstv. ríkisstjórn sé ekki á sama tíma að fara fram með ofbeldi gegn sveitarfélögunum og brjóta samkomulag sem ríkisvaldið og sveitarfélögin hafa gert sín á milli og Alþingi hefur lögfest í miklu og góðu samkomlagi allra flokka hér á þinginu. Það er ámælisvert af hæstv. forseta Sþ. að vera með árásir á stjórnarandstöðuna í fjölmiðlum fyrir að tefja fyrir framgangi þingmála vegna þess að Sjálfstfl. heldur fram þeirri skýlausu kröfu að hæstv. ríkisstjórn sé ekki að fara fram með slíku ofbeldi að brjóta hér samkomulag sem gert hefur verið með lögum frá Alþingi. Og það er furðulegt að forseti Sþ. skuli taka þátt í slíkum leik og dregur auðvitað úr því trausti sem nauðsynlegt er að þingmenn beri til forseta. Hæstv. forseti veit ekkert hvaða þingmenn hafa kosið hann í leynilegri kosningu og getur ekki verið að gera upp á milli þingmanna eftir því hvort forseti heldur að þeir hafi greitt sér atkvæði eða ekki. Það er í meira lagi ósmekklegt og ósæmilegt.

Það er furðulegt að hæstv. forseti skuli hafa brugðist við eðlilegri og hógværri ósk um að biðjast afsökunar á þessum ummælum, ekki síst í ljósi þess að þeirri ósk fylgdi yfirlýsing um að yrði það gert mundu menn líta fram hjá ummælunum og ekki láta þau hafa frekari áhrif á þingstörfin en orðið er. Þess vegna vil ég í fullri einlægni endurtaka þessa ósk og beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að leggja sitt af mörkum eftir þetta slys til þess að greiða fyrir þingstörfunum með því að biðjast afsökunar á þessum ummælum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hjá þingmönnum hér í þessari þingskapaumræðu var mjög gott samkomulag hér á Alþingi í gær. Í þeirri deild sem ég sit, þ.e. Nd., gengu mál fram mjög vel og ég vil reyndar segja með óeðlilegum hraða. Það var gert í góðu samkomulagi við hæstv. forseta Nd. sem sá reyndar sérstaka ástæðu til þess að þakka mönnum hér í nótt fyrir gott samstarf. Og það var gert í góðu samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu.

Auðvitað hefði verið ástæða til að ræða mikilvæg mál eins og frv. um tekjuskatt og eignarskatt við 3. umr. hér í gærkvöldi. En það fór hér í gegn nánast umræðulaust. Auðvitað hefði verið ástæða til þess að ræða nánar virðisaukaskatt sem hér var til 1. umr. í gærkvöldi. Engu að síður stilltu menn máli sínu í hóf. Stjórnarandstaðan vildi gera sitt til þess að mál mættu ná hér fram að ganga í friði og samkomulagi, þ.e. að því er málsmeðferð snertir þó að efniságreiningur væri um málið. Ástæðan fyrir því að við í Sjálfstfl. gengum fram með þessum hætti í gær var auðvitað sú að við töldum að það lægi samkomulag í loftinu um meðferðina. Inni í því samkomulagi var að okkar mati uppfyllt það skilyrði okkar að fallið yrði frá þeirri dæmalausu aðgerð að brjóta upp lögin um verkefni ríkis og sveitarfélaga, bæði að því er snertir sjúkrastofnanir og þá einkum Borgarspítalann í Reykjavík og að því er snertir tannlæknaþjónustu.

Það var þó athyglisvert, og ég vil vekja sérstaka athygli á því hér, að um það var rætt, þó við teldum að komið væri það nærri samkomulagi að við vildum sýna okkar til þess að efna það með því að hleypa máli hér í gegn með svo skjótum hætti, var þó athyglisvert að talað var um að gera um þetta skriflegt samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég hef setið á Alþingi í 10 ár og auðvitað lendum við í deilum eins og þessum þegar líður að jólaleyfi og þegar líður að þinglokum. Stjórn og stjórnarandstaða þurfa að ná samkomulagi um meðferð mála til þess að þinglok geti orðið með skaplegum hætti. Ég minnist þess hins vegar aldrei að talið hafi verið nauðsynlegt að gera skriflegt samkomulag. Hvers vegna var talið nauðsynlegt að gera skriflegt samkomulag a.m.k. af okkar hálfu í gær? Var það vegna þess að við treystum ekki þingflokksformanni Framsfl., hv. þm. Páli Péturssyni? Því fer fjarri. Hann er reyndar fylginn sér í meira lagi. En orð hans standa og ég hef aldrei reynt hann að öðru. Var það vegna þess að við treystum ekki formanni Alþfl., hv. þm. Eiði Guðnasyni? Alls ekki. Ég hef aldrei orðið vitni að því að það sem hann segir standi ekki né orðið vitni að því að hann fari með ósatt mál.

Ástæðan er auðvitað sú að menn treystu ekki hæstv. fjmrh. Ástæðan er sú að hæstv. fjmrh. er orðinn þekktur og kunnur ósannindamaður hér á Alþingi. Orðum hans er ekki hægt að treysta í einu eða neinu. Það var þess vegna sem af okkar hálfu var gerð sú krafa að skriflegt samkomulag yrði gert um lok mála hér á þinginu fyrir þetta jólafrí. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að komi fram. Við eigum eftir að rekja í ræðum okkar hér í þeim málum sem eftir eru til umræðu hér í kvöld, nótt, morgun og fram að jólum og guð veit hvort það verður á milli jóla og nýárs eða strax eftir nýár, mörg atriði sem hæstv. fjmrh. hefur farið ósatt með hér í ræðum og það síðast núna í dag. En að slík aðstaða sé komin upp hér á hv. Alþingi að einn hæstv. ráðherra sé orðinn svo þekktur ósannindamaður hér á þingi að á orðum hans sé ekki takandi mark nema þau séu skriflega sett niður, það er algert einsdæmi á þingi frá því að ég tók hér sæti.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á hæstv. forseta Sþ. Hæstv. forseti er forseti þingsins alls. Hann getur ekki leyft sér í fjölmiðlum að taka afstöðu eins og forseti gerði hér í útvarpi í kvöld. Þetta rýrir að sjálfsögðu mjög traust okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar á hæstv. forseta og er síst til þess að greiða fyrir því að mál geti náð hér fram með skaplegum hætti.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér hnykkti við þegar ég heyrði í útvarpinu ummæli þau sem orðið hafa tilefni til þessarar umræðu. Satt best að segja vonaði ég og óskaði að hæstv. forseti mundi biðjast afsökunar að loknum orðum Matthíasar Á. Mathiesen hér áðan þegar hann bauð sættir af hálfu okkar sjálfstæðismanna þrátt fyrir þær ærumeiðingar í okkar garð þm. Sjálfstfl. að við leituðum út í bæ og létum stjórnast þaðan. Ég skal koma að því nánar. Því miður varð mér ekki að þeirri ósk. Ég var að vona að þegar formaður Sjálfstfl. endurtók þá ósk, þá mundi hæstv. forseti fagna því og taka orð þessi aftur. Hún hefði orðið meiri maður af því. Ég hefði þá líka fallið frá orðinu.

Ég kemst ekki hjá að tala um að það er nú kannski ekkert ljótt þó að t.d. þm. Reykv. ræddu einhvern tíma við borgarstjórann í Reykjavík. Við þekkjum það sem lengi höfðum verið þingmenn úti á landi að þar er alltaf t.d. fyrir þingbyrjun og jafnvel á miðju þingi farin ferð og rætt við allar sveitarstjórnir, framámenn í atvinnulífi o.s.frv. í hverju einasta byggðarlagi og alveg burt séð frá því hvar hver maður er í flokki. Þeir sameinast um þetta og þykir sjálfsagt. Þessi venja hefur verið tekin upp í Reykjavík. Það eru ekki liðnar tvær vikur síðan við sátum saman að ræða við borgarstjórann í Reykjavík, ég og hv. þm. Reykv. sem situr nú í forsetastóli. Það er þm. Reykv. sem lætur sér þau orð um munn fara að það sé eitthvað óskaplegt að þm., þar á meðal þm. Reykv., ræði við borgarstjórann. Við sátum þar í eina tvo tíma til að ræða um hagsmunamál Reykvíkinga og þar á meðal t.d. orkuskattinn sem lá í loftinu, sem átti að dengja yfir Reykvíkinga, stórkostleg skattlagning ef fram næði að ganga, líklega stjórnarskrárbrot. En ég skal ekki fara lengra út í þá sálma.

En málið er nú svona að það er hægt og leyfilegt að tala við hvern sem er. En þar með er ekki sagt að við hvern sem við tölum ættum við að vera viljalaust

verkfæri einhvers annars manns. Þetta er aðdróttun í okkar garð af versta tagi. Ég skal líka sleppa því.

En ég hygg að sannleikurinn sé sá að á þingi séu það alltaf tveir menn sem beri meginábyrgð á því að nauðsynleg þingstörf klárist á réttum tíma eins og t.d. fjárlagagerð. Það eru auðvitað fyrst og fremst forsrh. og forseti Sþ. Oft þarf auðvitað lagni af hálfu þessara meginforingja þingsins til að ná saman. Nú hafa þau bæði brugðist. Það er nefnilega ekki rétt að farið að þegar forsrh. er að vinna hér með þingmönnum að fjárlagagerð, að lausn mála, þá skrifi hann bréf út í bæ, til borgarstjórans í Reykjavík í þessu tilfelli. Hann á auðvitað að hafa um það samráð við þingið af því að hann á að sækja undir okkur. Það gerði hann ekki. Og hvers vegna skyldi hann nú hafa gripið til þess ráðs að skrifa borgarstjóranum í Reykjavík? Heldur einhver hér inni að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hafi fundið það upp hjá sjálfum sér, dottið það í hug í morgun? Nei, hann hefur aldrei gert neitt slíkt áður og geta menn sér nú þess til hver það hafi verið sem hafi „platað" hæstv. forsrh. til að senda þetta bréf, til að spilla fyrir. Er einhver hér inni, einhver 59 þingmanna að undanskildum þeim sem gerði þetta, sem ég þykist vita að hafi gert það, sem efast um hver hann sé? (Gripið fram í.) Já, ég er í gamla tímanum, íhaldssamur maður eins og allir vita. En kannski eru nú allir þessir 63 hér inni — og þar að auki kannski ekki þingmaður, segir nú einhver. En af þeim sem hér eru inni. Auðvitað lét hæstv. forsrh. plata sig. Hann átti ekki að gera þetta. Hann átti að leysa málið hér innan veggja þingsins og þá með þingmönnum og láta þann sem ekki er þingmaður og bent hefur verið á ekki hafa áhrif á sig.

Ég vil gjarnan að við sættumst nú þrátt fyrir allt og þurfum ekki að eyða mikið lengri tíma í þetta. Ég veit að einhverjir hafa beðið um orðið og ekki ætla ég að biðja um að þeir fái ekki að tala. En þetta er auðvitað til viðvörunar og verður varla endurtekið, ekki í þessa áttina. Við skulum segja að þetta sé slys og reyna að líta á það með þeim hætti.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Það má segja að forseti ætli ekki að gera það endasleppt. Nú hefur forseti tekið upp þann sið að greina frá orðum manna og athöfnum á fundum sem eiga sér stað í forsetaherberginu og hafði mín orð þar sem skýringu á því hvers vegna hún taldi að baráttan hér í þingsölum væri háð við borgarstjórann í Reykjavík. Jú, það var, að ég hafði lýst því yfir á fundi í dag, að ég mundi ganga við hjá borgarstjóra til þess að hlýða á hvað hann hefði um þetta mál að segja, varðandi Borgarspítalann. Og hvers vegna ætli ég hafi nú sagt þetta á þessum fundi? Það gerði ég vegna þess að hæstv. forsrh. upplýsti á fundinum að hann hefði skrifað borgarstjóra bréf varðandi þetta Borgarspítalamál. Hann greindi okkur ekki í smáatriðum frá efni bréfsins. Þetta var tilefni þess að ég taldi ástæðu til að tala við borgarstjóra. Tilefnið var líka það að hæstv. forsrh. sagði okkur að hann hefði gefið borgarstjóra frest til fimmtudags að svara. Ég sagði á þessum fundi að mér þætti þetta of langur frestur. Ef borgarstjóri mundi nýta þennan frest og bíða ætti eftir svari hans yrði ekkert afgreitt hér. En við gætum vel tekið okkar afstöðu án þess að bíða eftir svari borgarstjóra ef það bærist ekki fyrr en á fimmtudag. Svona einfalt var það nú.

En nú brá svo við að borgarstjóri vildi af einhverjum ástæðum ekki láta mig sjá þetta bréf sem hæstv. forsrh. hafði skrifað honum. Og nú sakna ég hæstv. forsrh., að hann skuli ekki vera hérna. Ég brenn í skinninu að fá að sjá þetta bréf. (**Gripið fram í:** Við verðum að fá forsrh. hingað.) Já, en ég er orðinn afar forvitinn að fá að sjá bréfið. Það hlýtur að hafa verið eitthvað meira en lítið merkilegt í því fyrst ég fékk ekki að sjá það hjá borgarstjóra. Þannig að ég get ekki sagt meira um það.

Ég hafði líka aðra ástæðu til að tala við borgarstjóra. Hún var sú að þarna taldi ég að verið væri að ráðast með ómaklegum hætti að Reykjavíkurborg. Þótt ég sé nú ekki þingmaður Reykjavíkurkjördæmis fannst mér það ómaksins vert að ræða við borgarstjóra. Ég heyri að hæstv. forseti hefur ekkert við hann að tala þó að forsetinn sé þingmaður Reykjavíkur. Sem sagt, ég er afar forvitinn að fá að sjá eða heyra þetta bréf sem hæstv. forsrh. skrifaði borgarstjóra. Það má vel vera að það hafi áhrif á okkar afstöðu hér í þinginu til þessa máls, það má vel vera.

Nú er hæstv. forseti farinn að upplýsa hér um orð manna sem falla á þessum fundum forseta og þingflokksformanna og hæstv. forsrh. Vel má vera að taka eigi upp þann sið hér að greina frá því í þinginu hvað mönnum fer þarna á milli. Ég gæti vel gert það. Ég gæti vel sagt frá því hvað hv. kollegar mínir, formenn þingflokka Framsfl. og Alþfl., hafa sagt á þessum fundum okkar. Ég gæti sagt það án þess að meiða þá hið minnsta. Það mundi einmitt leiða í ljós hverstu stutt við áttum í land með að ná samkomulagi um þingstörfin. Það gæti kannski líka verið býsna fróðlegt fyrir þingheim ef ég greindi nú frá orðum hæstv. forseta Sþ. á þessum fundum. En ég ætla að stilla mig um það og láta öðrum það eftir. Það væri t.d. býsna fróðlegt ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segði frá því hér í ræðustól hvað þeim fór á milli flokkssystkinunum á fundinum í dag. Það mundi út af fyrir sig alveg nægja ef hann segði hvað hæstv. forseti Sþ. sagði við hann. Það mundi alveg nægja. En sem sagt, ég ætla ekki að fara inn á þá braut og hafa hér hvorki efnislega né orðrétt eftir mönnum það sem þeir segja á þessum fundum.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson nefndi að við sjálfstæðismenn hefðum talið nauðsynlegt að festa það samkomulag, sem kynni að verða gert, á blað. Hann greindi þar alveg réttilega frá. Hann greindi alveg réttilega frá því að það var ekki vegna þess að við vantreystum formönnum þingflokka Framsfl. eða Alþfl., alls ekki. Það var einmitt vegna þess að við vantreystum samkomulagi sem kann að verða gert á þessum fundum okkar þegar fjmrh. er þar hvergi nærri. Það vill svo einkennilega til að enginn hefur óskað eftir nærveru hans á þessum fundum og kann nú einhver að geta gefið skýringu á því.

Ég vil svo aðeins segja í lokin að ég tel það í sjálfu sér auðvelt að semja um framgang mála hér í þinginu fyrir helgi. Það er auðvelt. En til þess þurfa menn að hafa umboð. Og ég teldi langbest að hæstv. fjmrh. kæmi þar hvergi nærri. Það væri auðvelt að gera þetta með samningum milli forseta deildanna og þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar. Það væri jafnauðvelt að gera það milli þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar og formanna þingflokka Framsfl. og Alþfl. Það mundi alveg nægja. Og þægilegast væri þetta ef ekki væru fleiri á þessum fundum. Ég mundi telja langheppilegast að leggja þá niður í þeirri mynd sem við höfum búið við að undanförnu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Reykn. verða þeir fundir áfram eins og þeir hafa verið.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Reykn. hér áðan og þeirra orða sem féllu hér af forsetastóli um hvað sagt hefði verið á fundi þingflokksformanna og forseta með tilliti til samtala við borgarstjórann í Reykjavík verð ég að lýsa þeirri skoðun minni að mér þykir miður að þessi orð skuli hafa fallið hér af forsetastóli, og ég lít á það sem hvert annað slys þegar mönnum hitnar hér í hamsi í umræðunum, vegna þess að til að við getum starfað saman hér í þinginu, þá tölum við auðvitað saman hér úr þessum ræðustóli. Við verðum líka að geta talað saman í fullum trúnaði á öðrum stöðum í þessu húsi og þá ekki síst í herbergi þingforseta. Það finnst mér skipta mjög miklu máli og ég held að það sé beinlínis forsenda þess að við getum unnið hér saman og leyst þau deilumál sem upp kunna að koma.

Það var auðvitað ekkert óeðlilegt við að þingforusta Sjálfstfl. vildi ræða við borgarstjórann í Reykjavík sem er varaformaður Sjálfstfl. Það var ekkert óeðlilegt við það. En mér þykir miður að það skyldi hafa verið gert að umtalsefni með þeim hætti sem varð. Ég endurtek að ég held að þar hafi ekki verið um neinn ásetning að ræða heldur einfaldlega vegna þess að okkur hitnar í hamsi þegar við ræðum mál sem um stendur styrr eins og nú gerist. Þá í hita augnabliksins segjum við öll eitt og annað sem við á eftir sjáum að e.t.v. hefði betur verið ósagt. Ég bið nú menn um að skoða þessi ummæli í því ljósi og treysti því að áfram getum við talað saman í fullum trúnaði til að leysa þau mál sem við erum kosin til þess að leysa.

Ég ætla bara að lokum að segja við hv. 1. þm. Suðurl., formann Sjálfstfl., hv. þm. Þorstein Pálsson. Hann má lesa hér að lyst úr blöðum en eftir stendur að endanlegt samkomulag var ekki gert þó að þar skorti að vísu lítið á. Og mín skoðun er sú að hann hafi sagt ósatt í sjónvarpinu í kvöld og af því hefur hann hvorki heiður né sóma svo vægt sé til orða tekið.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Mér brá í brún þegar forseti svaraði þeim athugasemdum sem ég hafði hér uppi áðan og lýsti því yfir að forseti liti svo á að hann væri ekki forseti þingmanna Sjálfstfl., hann væri hins vegar forseti allra þingmanna. Ef þetta er túlkað áfram má líta þannig á að forsetinn meti svo að hann sé ekki forseti þeirra sem kusu hann ekki því það var tekið fram.

Það vill svo til að ég hef gegnt störfum forseta á þingi, að vísu ekki forseta Sþ. Ég var forseti Nd. sem oft á tíðum er sýnu erfiðara en að gegna störfum forseta Sþ. þar sem um er að ræða umræður um hin heitustu mál. Það hvarflaði aldrei að mér, þó að mér væri ljóst að ég væri kosinn af þeim meiri hl. sem studdi þá ríkisstjórn, annað en ég væri forseti allra þm. í þingdeildinni. Og ég lagði mig fram um það gagnvart stjórnarandstöðunni að hún yrði ekki vör þess í hvaða flokki ég væri þegar ég var að stjórna þingfundum og átti að sjá um gang mála hér í hv. Nd. Ég var á sama tíma formaður í fjh.- og viðskn. Nd. og oft og tíðum framsögumaður fyrir þeim málum sem þá voru á dagskrá. Við mættumst þar í umræðum, ég sem fulltrúi stjórnarsinna og forustumenn stjórnarandstöðunnar en það hafði aldrei áhrif á samstarf okkar, starf mitt sem forseta Nd. og þeirra sem fulltrúa stjórnarandstöðunnar.

En nú skulum við bregða okkur og virða fyrir okkur kosningu hæstv. forseta þegar sú kosning fór fram. Og þá geta menn leitt líkur að því hverjir kusu forsetann og hverjir ekki. Ef ég má, með leyfi forseta, lesa hér upp úr þingtíðindum frá því miðvikudaginn 11. okt. Þá er forseti Sþ. kosin Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv., með 42 atkvæðum. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkvæði. Þarna höfum við 43. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., hlaut 1 atkvæði. Þarna höfum við 44. Og svo getum við bara reiknað út frá þingstyrk, nema þá að eins og ég spurði sessunaut minn að hér áðan, hv. þm. Hjörleif Guttormsson, hvort hann hefði fengið atkvæði úr herbúðum stjórnarandstæðinga eða þeir hefðu kosið hv. þm. Stefán Valgeirsson. (**HG:** Það er forsetinn sem kaus mig.) Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði hér mjög snjalla uppástungu um hver hefði kosið hann. Ég ætla ekki að snúa mér við til að vita hvort forseti nikkar. (**Forseti:** Forseti hefur þegar nikkað.)

Ef við virðum svo fyrir okkur hver var kosinn annar varaforseti, Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykv. með 45 atkvæðum. (**Salþ:** Fyrri varaforseti.) fyrri varaforseti, ég biðst afsökunar, og annar varaforseti, Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl. með 45 atkvæðum. Eru þessir varaforsetar ekki varaforsetar alls þingsins? Varaforsetar hverra eru hæstv. varaforsetar Sþ.?

Ég verð að segja eins og er að í þessum umræðum sem hér hafa farið fram hefur mér sýnst að forseti Sþ. geri sér ekki grein fyrir hvaða stöðu forseti gegnir og ég er þeirrar skoðunar að það sem sagt hefur verið af hálfu forseta í kvöld eru orð sem á að taka aftur, á að

biðjast velvirðingar á til að þingið haldi reisn sinni og eins og ég sagði, ég er reiðubúinn til að gleyma því sem þá hefur verið sagt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þetta eru fróðlegar og nokkuð gagnlegar umræður sem hér hafa farið fram. En það er rétt að undirstrika það, og það er nú fyrst og fremst erindi mitt hér í þennan ræðustól að sinni, að enginn bindandi samningur var gerður milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þetta þinghlé. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykn. Ólafi G. Einarssyni að ekki var langt í samkomulag. En þó voru lausir endar þannig að samkomulag var ekki orðið. Að sjálfsögðu verður samkomulag að taka til allra ágreiningsmála áður en hægt er að telja það í gildi.

Það var röng frétt í Tímanum sem hv. 1. þm. Suðurl. las hér í þessum umræðum. Rangar fréttir hafa verið í fleiri fjölmiðlum þar sem menn hafa verið að skapa sér það að samkomulag væri orðið. Og enginn hefur heldur brotið neitt samkomulag, hvorki stjórnarandstaða né við stjórnarliðar. Alla tíð hefur verið ágreiningur um ákveðin atriði. Það er heldur ekki búið að brjóta upp verkaskiptalögin sem við samþykktum hér á sl. vetri. Að vísu hafa komið í ljós mjög áberandi vankantar á þeirri lagasmíð og hæstv. forsrh. bauð upp á breytingar til bráðabirgða þar sem hann var að leita leiða til að komast hjá ágreiningi sem komið hafði í ljós að ríkti milli borgarstjórans í Reykjavík og ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna hvað varðaði stjórnarfyrirkomulag eða rekstur Borgarspítalans. Samningamenn ríkisins hafa því miður látið hlunnfara sig þegar þeir voru í samningum við sveitarfélögin um verkaskiptinguna og þess vegna er okkur mjög örðugt að koma saman fjárlögum. Það er einn þátturinn í því að okkur er örðugt að koma saman fjárlögum. Þeir eru reyndar miklu fleiri en þetta er einn þeirra. Þennan ágreining milli sveitarfélaganna annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar verður náttúrlega að leysa með samkomulagi. Ekki samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu fyrst og fremst, þó að út af fyrir sig sé náttúrlega gott að þar sé gott samkomulag, heldur samkomulagi milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.

Ég legg til, frú forseti, að þessum fundi verði nú þegar frestað. Ég er vonlítill um að þingmálum þoki að marki fram að svo komnu máli og ég tel að þingflokksformönnum eigi að gefast tækifæri til að fara að vinna að því að undirbyggja enn á ný traust samkomulag sem bæði stjórn og stjórnarandstaða geti sæmilega vel við unað. Ósk mín er sem sagt sú að fundi verði nú þegar frestað svo okkur gefist færi á að fara að vinna að nauðsynlegu samkomulagi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki eins langa reynslu á þingi og sumir sem hafa verið hér í 30 ár en þetta er einungis mitt þriðja þing. Þrátt fyrir það undraðist ég mjög það sem forseti Sþ. sagði í fréttum í útvarpinu í kvöld. Ég hef litið svo á að forseti ætti að vera sáttasemjari frekar en að draga taum eins deiluaðila þegar verið er að deila. Því tek ég undir það sem hér hefur verið sagt að þetta hlýtur að hafa verið mjög misráðið af forseta að hafa slík ummæli í frammi og skora á hann að biðjast afsökunar á því sem hann sagði.

En varðandi það samkomulag og það sem sagt var um Sjálfstfl. í þessu sama viðtali, þá sagði hæstv. forseti að það væri fyrst og fremst Sjálfstfl. sem drægi lappirnar. Ég vil taka fram að það samkomulag sem við töldum okkur vera búin að ná ... (**Forseti:** Má ég leiðrétta hv. þm. Forseti notar ekki orðafar á borð við að draga lappirnar í fjölmiðlum.) (**MÁM:** Hvað sagði forsetinn?) Ég bið forseta afsökunar á því að hafa viðhaft þetta orðalag. Þetta voru mín eigin orð sem ég hafði þar vegna þess að ég gat ekki munað nákvæmlega hvað forseti sagði. Því biðst ég afsökunar á að hafa notað svona óvirðulegt orðalag, en ég vil taka fram að það samkomulag sem við töldum okkur vera búin að gera í gær var sameiginlegt. Öll stjórnarandstaðan stóð saman að þessu og við töldum okkur vera búin að ná þar samkomulagi sem greinilega hefur komið fram að var ekki rétt.

Við teljum okkur ekki geta staðið að því að rjúfa það samkomulag sem varð milli ríkis og sveitarfélaga varðandi verkaskiptinguna. Við teljum ekki hægt að brjóta það samkomulag. Ég vil taka fram að eins og frv. um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var lagt fram á Alþingi árið 1987 þá var tannlæknakostnaður inni í þeim fylgiskjölum sem við vorum með þá. Það getur vel verið að hann hafi fallið út síðar en ég tel ekki rétt að taka einn þátt verkaskiptalaganna upp eins og nú er verið að gera. Ef á að taka þau upp verður að gera það í heild og gera það í samkomulagi við sveitarstjórnir. Og málið snýst ekki eingöngu um Reykjavík. Þetta snýst um öll sveitarfélögin á landinu þannig að mér finnst einkennilegt að blanda eingöngu Reykjavík og borgarstjóranum í Reykjavík inn í þetta mál. Það er eins og hann eigi að fara að ráða hér þingstörfum og þá fyrst og fremst vegna deilna milli borgarstjórans í Reykjavík og hæstv. fjmrh. sem er ekki heldur þingmaður.

Mér þykir líka leitt að ummæli sem viðhöfð eru á fundum forseta og þingflokksformanna séu hér orðin opinber. Ég hef litið svo á að það sem þar fer fram væri trúnaðarmál. Ekki svo að skilja að það þurfi endilega að vera trúnaðarmál. Hins vegar höfum við litið svo á að við getum talað þar ýmislegt sem ekki komi í fjölmiðla strax á eftir. Mér þykir mjög slæmt að menn skuli vera farnir að hafa eftir það sem þar er sagt. Hins vegar finnst mér á engan hátt óeðlilegt þó formaður þingflokks sjálfstæðismanna hafi farið að tala við borgarstjórann. Ég hef meira að segja einu sinni farið og talað við borgarstjórann án þess að það hafi verið gert að umtalsefni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hyggst ljúka þeim umræðum um þingsköp sem óskað hefur verið eftir en að sjálfsögðu er forseti fús til að gefa stutt hlé ef þingflokksformenn vilja

koma saman. Enn eru fimm á mælendaskrá og næstur er hv. 5. þm. Vesturl. — Nú vil ég spyrja hv. 1. þm. Reykn. hvort ræða hans mætti bíða þangað til að loknum þeim fundi sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur óskað eftir. (**MÁM:** Það væri mjög bagalegt.) Þá mun hv. 1. þm. Reykn. að sjálfsögðu koma hér á mælendaskrá.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hef í raun hætt við að segja það sem ég hafði hugsað mér að segja hér úr þessum ræðustól vegna þess að ég tel að þessi umræða sé komin á það lágt plan að henni beri að ljúka. Því hvet ég hæstv. forseta til þess að taka nú því tilboði sem stjórnarandstaðan hefur gert og taka í útrétta sáttarhönd stjórnarandstöðunnar og biðjast velvirðingar á þeim ummælum sem hæstv. forseti viðhafði í útvarpi í kvöld. Einnig vil ég taka undir þá tillögu sem hv. þm. Páll Pétursson kom með hér að forseti fresti nú þegar fundi og kalli saman þingflokksformenn til þess að reyna til þrautar að ná samkomulagi.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það væri auðvitað hægt að ræða hér í löngu máli þau makalausu viðbrögð hæstv. forseta að lýsa því yfir að fundir forseta með þingflokksformönnum muni fara fram eins og ekkert hefði í skorist eftir að upplýst hefur verið og fram hefur komið hér á þessum fundi að forseti hefur notað ummæli eins þingflokksformanns sem tilefni fjölmiðlaárása á heilan þingflokk. Og þegar óskað er eftir því að beðist sé velvirðingar og lagt til að þessir fundir fari ekki fram eins og málum er komið tilkynnir forseti að þeir muni fara fram eins og ekkert hafi í skorist. Ég held að þessi umræða sé komin á það stig að nauðsynlegt sé að menn taki nokkurt hlé og kanni það hvort ríkisstjórnarforustan getur ekki rætt við hæstv. forseta um vinnubrögð og yfirlýsingar hér ef ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur á annað borð einhvern áhuga á að það sé virðing yfir þingstörfunum og að mál gangi hér fram svo sem sæmir löggjafarsamkomu íslensku þjóðarinnar. Þá vil ég eindregið taka undir að það hlé verði gert á þessum fundum sem til þess þarf að koma hér á eðlilegri skipan á samskipti forseta þingsins og þingmanna.

Ég ætla ekki að gera hér sérstaklega að umtalsefni síðari ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Í sjálfu sér verða þau ummæli ekki túlkuð, eins og þau voru sögð, sem einhver viljafirlýsing af hálfu forustu stjórnarliðsins um eðlileg vinnubrögð og samstarf hér í þinginu. Ég ætla hins vegar ekki að gera það á þessu stigi. Ég þykist vita að þau hafi hrokkið af vörum hv. þm. í stundaræsingi, en auðvitað eru þau ósmekkleg og óviðeigandi með öllu. Staðreynd er sú að mál stóðu eftir fund þingflokksformanna og forseta og forsrh. í gærkvöldi á þann veg að svo nærri samkomulagi lá að málgagn hæstv. forsrh. birti það með stríðsfyrirsögn að samkomulag hefði tekist, að hæstv. forseti þingsins notaði það sem árás á þingmenn Sjálfstfl., að þeir hefðu rofið samkomulag sem gert hefði verið. Svo langt var þetta samkomulag komið, svo langt hafði stjórnarliðið og margir þeirra innan stjórnarliðsins sem hafa sýnt fullan skilning á því að Alþingi geti ekki farið fram með þvílíku ofbeldi gegn sveitarfélögunum sem hæstv. ríkisstjórn hafði ákveðið, að ég hef skilið það svo að mikill meiri hluti stjórnarliðsins væri þeirrar skoðunar. Og svo langt var það komið að hæstv. heilbrrh. lýsir því yfir í Morgunblaðinu í morgun að líklegast sé að tillögurnar um það að Reykjavíkurborg greiði hluta af rekstrarkostnaði Borgarspítalans verði dregnar til baka.

En hvað gerist svo í framhaldi af þessari stöðu sem þannig var, eins og hér hefur verið lýst, að við lá að fullt samkomulag væri orðið? Hæstv. heilbrrh. lýsir því yfir í viðtali í Morgunblaðinu að líklegast sé að gengið verði að þessum kröfum. Hvað gerist þá? Þá kvisast það hér að hæstv. forsrh. hafi verið að skrifa borgarstjóranum í Reykjavík bréf. Það var spurt að því hér fyrr í umræðunni hver hefði „platað" hæstv. forsrh. til að skrifa þetta bréf. Og enginn hv. þingmanna var í efa um hver það hefði verið. En staðreynd er að því er virðist að hæstv. forsrh. hefur verið að senda hér einhver leynibréf í dag til borgarstjórans í Reykjavík. Það er alveg nauðsynlegt að Alþingi verði þegar í stað upplýst um það mál.

Ég var spurður að því af fréttamanni hvort í þessu bréfi fælust tvær tilteknar hótanir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Nú veit ég að vísu ekki um efni þessa bréfs og gat því ekki svarað viðkomandi fréttamanni. En ef það er svo að hæstv. heilbrrh. hafi í gærkvöld í viðtali við Morgunblaðið sem birtist í morgun lýst því að líklegast væri að málin yrðu dregin til baka en það gerist svo í dag að hæstv. forsrh. er að senda borgarstjóranum einhver leynibréf og ef grunsemdir fréttamannsins sem við mig talaði eru réttar að í því hafi falist hótanir, þá er alveg augljóst hver það er sem þykist ráða ferðinni í hæstv. ríkisstjórn og ekki tók þátt í samningaumleitunum í gærkvöldi en þykist vera þess umkominn að láta hæstv. forsrh. skrifa bréf í dag og þykist vera þess umkominn að halda til streitu tillögum um að rjúfa verkaskiptingarsamkomulag ríkis og sveitarfélaga einhliða með lagavaldi hér á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað hæstv. fjmrh.

Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. upplýsi um þetta bréf, lesi efni þessa bréfs hér á þessum þingfundi áður en honum er frestað. Það er svo augljóst af þeim árásum sem þingmenn Sjálfstfl. hafa orðið hér fyrir af hálfu hæstv. forseta Sþ. að undan því verður ekki vikist að hæstv. forsrh. lesi þetta bréf frá orði til orðs þannig að Alþingi verði gerð grein fyrir því í hvaða bréfaskriftum hæstv. forsrh. er og í hverju þessar bréfaskriftir eru fólgnar. Ég ber þessa ósk hér fram og vona að við henni verði orðið, en ítreka svo það að ég tel skynsamlegt og rétt að að lokinni þessari þingskapaumræðu verði þingfundum frestað. Réttast væri nú að slíta þessum fundi þar til formönnum þingflokka hefði gefist tóm til þess að ræða saman.

Ég vil ítreka það að það er ekki stjórnarandstaðan, a.m.k. ekki Sjálfstfl., sem er sérstaklega að óska eftir

samkomulagi um það að flýta hér tilteknum málum. Sjálfstfl. er ekki að biðja um það að tiltekin tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar fari hér á færibandi í gegnum þingið, illa undirbúin frumvörp fari í gegnum nefndir þingsins án nægjanlegrar skoðunar og eftir stuttar umræður hér í þinginu. Það er alls ekki ósk Sjálfstfl. Þvert á móti er það ósk Sjálfstfl. að nefndir þingsins geti fjallað ítarlega um þessi mál og komið aftur saman til fundar til að fjalla betur um þau því að fyrir því eru fullgild rök og meira að segja háværar kröfur úti í þjóðfélaginu. Það er ósk sjálfstæðismanna að geta rætt þessi mál ítarlega eins og venja er til, en við höfum áður lýst því yfir að við værum tilbúnir til þess að mæta óskum hæstv. ríkisstjórnar um það að greiða fyrir þingstörfum. Ég hef hins vegar ekki orðið þess áskynja, hvorki af þvergirðingshætti og hroka hæstv. fjmrh. né yfirlýsingum hæstv. forseta, að það sé áhugamál ríkisstjórnarmeirihlutans að greiða fyrir framgangi þingmála með þessum hætti. Þvert á móti verður ekki annað lesið út úr viðbrögðum ríkisstjórnarforustunnar en að hún kæri sig ekkert um að þessar óskir hennar verði að veruleika. Kannski felst í því einhver efi um réttmæti og gildi þessara frumvarpa, og ef svo er þá er vel. En þetta er auðvitað nauðsynlegt að komi fram hér í þessari umræðu, að það eru óskir hæstv. ríkisstjórnar sem hafa staðið til þess að málum væri hraðað hér í gegnum þingið með óeðlilegum hætti.

Að endingu ítreka ég ósk mína um það að hæstv. forsrh. upplýsi og lesi fyrir þingheimi efni þessa leynibréfs sem svo mjög hefur verið gert hér að umtalsefni.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. 3. þm. Vesturl., formaður þingflokks Alþfl., lagði á það ríka áherslu hér í sinni ræðu að ekkert endanlegt samkomulag hefði verið gert milli stjórnar og stjórnarandstöðu og talaði um það í sömu andrá að formaður Sjálfstfl. hefði hvorki af því heiður né sóma að hafa talið að samkomulag hefði komist á. Nú höfum við unnið þannig í fjh.- og viðskn. Ed. síðast í dag eins og samkomulag væri komið á. Ég veit ekki hvort þessum hv. þm. var það kunnugt að ég hafði ekki fylgst með þingstörfum þegar fundur hófst í fjh.- og viðskn. hér kl. 4, en það var alveg ljóst á þeim fundi að allir sem þar voru höguðu sér með þeim hætti. Ég tel því mjög undarlegt að hv. þm. skuli komast svo að orði í þessu samhengi vegna þess að venjulega hefur það verið svo að stjórnarandstaða hefur verið með þvergirðingshátt síðustu daga fyrir jól og stjórnarandstaða hefur reynt að standa í vegi fyrir eðlilegri afgreiðslu mála. Svo hefur ekki verið að þessu sinni, en ég tek á hinn bóginn undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. Það er e.t.v. ekki vansalaust hversu hratt við höfum látið þessi mál ganga í gegnum þingið. Ég get tekið sem dæmi það frv. sem var til umræðu í dag í fjh.- og viðskn. Ed., frv. um hækkun á tekjuskatti. Fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins sátu fund með fjh.- og viðskn. í dag og lýstu þar þeirri skoðun sinni að frv. væri úr takt við það sem væri að gerast í þjóðfélaginu. Á sama tíma og bæði launafólk og aðrir atvinnuvegir verða að láta sér nægja minna, á sama tíma og við sjáum fram á verulegt atvinnuleysi á næsta ári, óöryggi almennt í þjóðfélaginu, heldur ríkisstjórnin sinn fyrri kúrs, heldur áfram að hækka margvíslega þjónustu, heldur áfram að hækka skatta með margvíslegum hætti, m.a. tekjuskatt sem nær til allra launaflokka, allra launastiga, ef það er rétt sem hagfræðingur Alþýðusambandsins sagði á þessum fundi, þannig að vissulega er það ámælisvert hversu litla mótstöðu við í stjórnarandstöðunni höfum sýnt þessum skattafrumvörpum sem eru nú að stefna í hættu því samkomulagi sem vinnuveitendur og fulltrúar Alþýðusambandsins eru að reyna að gera þvert ofan í ríkisstjórnina við þær þröngu aðstæður sem við Íslendingar búum nú við. Við í stjórnarandstöðunni viljum koma til móts við aðila vinnumarkaðarins og viljum reyna að stuðla að því að það náist friður með þeim hætti úti á hinum almenna vinnumarkaði að hægt verði að halda verðbólgu niðri og við náum varðstöðu, getum reynt að vernda og verja kaupmáttinn, reynt að fjölga ekki hinum atvinnulausu, en það kostar líka á hinn bóginn um leið að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin verða að minnka skattheimtuna. Þetta voru þau hreinu skilabð sem við fengum á þessum fundi frá aðilum vinnumarkaðarins svo að það er auðvitað ámælisvert ef við reynum ekki með einhverjum hætti að standa á móti því að skattheimta af þessu tagi gangi yfir okkur.

Í öðru lagi er það athyglisvert þegar sagt er að við eigum að láta það gott og gilt að samkomulag sem gert hefur verið við sveitarfélögin og staðfest á Alþingi á sl. vori með löggjöf um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að við eigum að láta sem það skipti engu máli þótt slíkt samkomulag sé brotið. Við þingmenn höfum verið að fá bæði skeyti og bréf frá sveitarstjórnum út um land þar sem þeir hvetja okkur til þess að standa á verðinum og láta ekki ríkisstjórnina yfir sig ganga. Og það er auðvitað heilög skylda okkar sem höfum unnið drengskaparheitið hér á Alþingi að við reynum að stuðla að því að þingið standi við sínar skuldbindingar í þessum efnum.

Við skulum taka bara lítið dæmi um það hvernig gengið er á hlut annarra. Lögum samkvæmt ber ríkinu að greiða 100 kr. til kirkjugarða og aðrar 100 kr. eiga sveitarfélögin — (**Forseti:** Má ég spyrja hv. 2. þm. Norðurl. e. hvort hann sé raunverulega að tala um þingsköp?) Ég vil biðja hæstv. forseta að vera ekki að trufla, hann hefur talað nóg. — og sveitarfélögin eigi að greiða ríkinu jafnmikið til kirkjugarðanna. Nú á að flytja brtt. við lánsfjárlög þar sem hlutur ríkisins er skertur en sveitarfélögin eiga að greiða það sama og áður, ganga á rétt sveitarfélaganna.

Ég vil segja, hæstv. forseti, út af þeim ummælum sem hér hafa orðið í kvöld að óhjákvæmilegt er að þingmenn fái í hendur endurrit af þeim ummælum sem hæstv. forseti lét sér um munn fara í Ríkisútvarpinu í kvöld. Þar talaði hæstv. forseti um að menn

vildu rjúfa það samkomulag sem gert hefði verið. Ekki var það að heyra á formanni þingflokks Alþfl. að honum þætti nein vansæmd að því að komast þannig að orði, enda er hann óvanur því að snúa skeytum sínum að samherjum sínum í ríkisstjórninni og talar helst minnst þegar verið er að skattleggja þjóðina þó svo að alþýðuflokksmenn hafi einu sinni talað munninn fullan af minna tilefni.

Ég vil líka segja, hæstv. forseti, að það gladdi hjarta mitt þegar sú yfirlýsing kom úr forsetastóli að forseti Sþ. telur sig ekki vera forseta þingflokks og þingmanna Sjálfstfl. (**Forseti:** Þetta er ósatt, þm.) Ég hygg að hæstv. forseti hafi oft talað ósannara orð í þessum þingsal.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vil ég biðja þingheim að rifja upp það sem ég sagði hér fyrr í kvöld. Ég sagði þá orðrétt að ég liti á mig sem forseta alls þingsins, hefði verið það og væri það. Og ég bið hv. þm. að taka þessi orð aftur. (**Gripið fram í:** Við hlustum á segulbandið.)

Nú er það svo að enn eru á mælendaskrá fimm hv. þm. um þingsköp. Nú hefur þessi þingskapaumræða, sem farið hefur út um víðan völl, staðið í um það bil einn og hálfan tíma. Ég vil nú biðja þá fimm þm. sem enn eru á mælendaskrá að stytta mjög mál sitt og halda sig við þingsköp svo að gefa megi hlé til þess að formenn þingflokka megi bera saman bækur sínar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hefði nú kannski getað fallið frá orðinu. Það er nokkuð liðið síðan ég bað um orðið og margt hefur verið sagt síðan. En það sem kom mér til að óska eftir að fá að taka hér til máls voru kannski ummæli hæstv. forseta um það hvernig staðið hefði verið að kjöri forseta. Hins vegar upplýsti hv. 1. þm. Reykn. það og staðfesti að líklega hefðu bæði forseti Sþ. og varaforsetar fengið atkvæði svona sitt úr hverri áttinni svo að ég held að við getum bara sæmilega vel við unað og ég ætla því ekki að orða það frekar.

Ég kom því miður of seint á þennan fund. Þessi þingskapaumræða var hafin. Ég heyrði ekki viðtal við hæstv. forseta sem er tilefni þessarar þingskapaumræðu, en ég þykist geta ráðið hvert tilefnið hafi verið til þess að þessi umræða fór af stað. Ég heyrði hins vegar annað viðtal í útvarpinu, eða lok þess, þegar ég var á leiðinni hingað á fundinn. Þar var verið að ræða við — ég held það hafi verið hjón, a.m.k. forstöðumenn, karl og kona, heimilis sem tekur til skemmri eða lengri dvalar börn og unglinga sem eiga við félagsleg vandamál að stríða eða af heimilisástæðum. Forstöðumaðurinn var spurður hvort ekki kæmu oft upp vandamál á þessu heimili þar sem unglingarnir kæmu svona sinn úr hverri áttinni og mismunandi að gerð. Hann svaraði því játandi en sagði: „Við leysum málin með því að tala saman.“ Og mér datt það satt að segja í hug, þegar ég hef setið hér og verið að hlusta á þessar umræður, hvort það væri ekki vel við hæfi að höfuð þessarar stóru fjölskyldu sem hér situr á Alþingi, þessara þingflokka sem koma sinn úr hverri áttinni, eins og við öll vitum, eigum þó margt sameiginlegt og getum auðveldlega unnið saman — hvort hæstv. forseti vill ekki gerast friðar- og sáttasemjarinn og beita sér fyrir því að menn ræði nú af einlægni saman og leysi þessi vandamál og það skulu vera mín síðustu orð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur áður sagt hér í þessari umræðu að fátt hafi verið annað gert síðustu daga en einmitt það að ræða við forustumenn flokka og reyna að leysa mál. Til upplýsinga skal þess getið um þessa þingskapaumræðu sem nú hefur farið fram í einn og hálfan tíma að tveir hv. þm. hótuðu henni hér utan þingsala í dag löngu áður en nokkurt viðtal var við forseta Sþ. í fjölmiðlum (**Gripið fram í:** ... Hverjir voru það?) þannig að út af fyrir sig er þessi leikaraskapur hverjum manni ljós. (Gripið fram í.) Orðið verður ekki gefið fyrr en eftir hlé. Hv. 1. þm. Reykn. hefur beðið um orðið um þingsköp, síðan hæstv. forsrh. og að lokum hv. 3. þm. Vesturl. og að þessu loknu verður gefið umrætt hlé. Síðan geta þingskapaumræður haldið áfram. Þetta er ákvörðun forseta. Hv. 1. þm. Reykn. tekur til máls. (**Gripið fram í:** ... forsrh.?) Hv. 1. þm. Reykn. er næstur á mælendaskrá. (Gripið fram í.) Forsrh. hefur ekki látið neina ósk í ljós. (Gripið fram í.) Hæstv. forsrh. hefur ekki óskað þess að fara fram fyrir ... (**HBl:** ... þingmenn að gera athugasemdir við það sem hann segir?)

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Það hefur verið gerð tillaga um það að fresta þessum fundi, en mér sýnist og heyrist að það sem sagt er úr forsetastól sé ævinlega í þá veru að lengja fundinn.

Nú er það upplýst hér og undir því sitjum við öll að tveir þm. hafi hótað því í dag að halda hér uppi málþófi. (**Forseti:** Einmitt.) (**EKJ:** Þessari umræðu, sagði forseti.) Og þessari umræðu. Og forseti undirstrikar það sem ég er hér að segja: einmitt. Mér finnst eðlilegt að ég snúi mér til forseta, standi hér og bíði þangað til forseti hefur upplýst hvaða tveir þm. það eru sem hótuðu þessu svo að við, a.m.k. ég sem ekki kannast við að hafa hótað hér einu eða öðru, liggi ekki undir þessu. (**EKJ:** Forseta ber að víkja sæti meðan hún tekur þátt í efnislegri umræðu og varaforsetar taki forsetastól.) Forseti var að tilkynna það sem honum hafði borist í dag. (**EKJ:** Hann er búinn að taka þátt í umræðunni í allt kvöld, efnislega.) (**Gripið fram í:** Úr forsetastóli.) Mér sýnist að forseti sé ekki reiðubúinn til þess að upplýsa þetta. Forseti kom hér síðar í umræðunni og vildi þá draga í land með það sem forseti hafði sagt hér í kvöld, hvernig hann túlkaði stöðu sína og það umboð sem forsetinn hefði. Það fór einu sinni fram rannsókn á ummælum þingmanna í Ed. og segulbandið var leitt fram sem vitni. Við skulum vonast til þess að við getum leitt segulbandið hér ofan af lofti fram sem vitni í því hvað forseti sagði í hið fyrra skipti. Við skulum bara ekki

láta okkur detta í hug að það verði farið að þurrka út af segulbandinu. (**Forseti:** Má ég spyrja þingmanninn, til þess að allur vafi sé úr sögunni: Hverra ummæli voru það í Ed. sem þurfti að leita til segulbands um? Ég vil að það sé ljóst að það voru ekki ummæli núv. forseta Sþ.) Nei, það var fyrir löngu síðan. (**Forseti:** Það er gott að það kemur fram.) Það er frá tíð föður ... (Gripið fram í.) Þegar segulbandið var leitt sem vitni í Ed. — það er langt síðan, en það var gert einmitt í slíku tilfelli. Og mér finnst eðlilegt að það verði endurtekið. Ég er ansi hræddur um það að ef við hugsum okkur að reyna að ná samstöðu til þess að vinna hér að þessum málum sem við erum að vinna að og fá samkomulag eigum við að ljúka þessari utandagskrárumræðu. Og þá fyrst þegar henni er lokið eiga menn að setjast niður. Það er búið að biðja hæstv. forsrh. um að lesa það bréf sem hann ritaði borgarstjóranum í Reykjavík. Ég trúi því bara ekki að hæstv. forsrh. fái ekki orðið. Hér hafa fleiri en ég boðist til þess að forsrh. fengi að tala og hann hefði tækifæri til þess að lesa upp þetta bréf, en það hefur ekki orðið.

Mig langaði líka í þessari þingskapaumræðu að vekja athygli á sjónvarpinu í kvöld. Mig langar til þess að vekja athygli á fréttum Ríkissjónvarpsins í kvöld um það mál sem við erum að tala um hér og nú, þ.e. fjáraukalög fyrir árið 1989. Fréttamaður Ríkissjónvarpsins, Ingimar Ingimarsson, var kominn á sinn stað og hann var tilbúinn að segja fólkinu í landinu hvað væri að gerast hér í sölum Alþingis. Hér hefði komið formaður fjvn., og þeir sem hafa fylgst með hafa ekki heyrt þyngri ákúrur hjá einum formanni fjvn. um fjármálastjórn fjmrh., sem hann styður, en það sem formaður fjvn., hv. 5. þm. Vestf. Sighvatur Björgvinsson, sagði hér í dag. Nál. liggur hér fyrir. Það töluðu hér í dag tveir fulltrúar minni hl., hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson og hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríður Sigurðardóttir, en þau eru bæði aðilar að minnihlutaáliti fjvn. ásamt þeim hv. þm. Agli Jónssyni og Friðjóni Þórðarsyni. Fréttamanninum tannst ekki ástæða til þess að skýra þjóðinni frá því hvað þessir þm., hvað minni hl., hvað stjórnrandstaðan á Alþingi hefði að segja um fjáraukalögin og frv. til fjáraukalaga, ekki eitt orð.

Það er nýlega búið að taka upp sjónvarp úr breska þinginu og þess er stranglega gætt þar með hvaða hætti sagt er þar frá hlutum þannig að fram komi hvert sé sjónarmið stjórnarinnar og stjórnarandstöðu. Dettur mönnum í hug að breski Verkamannaflokkurinn á þingi mundi sætta sig við það að frá hans skoðunum væri ekki skýrt? Ég segi nei. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. 1. þm. Reykn. á því að það hefur aldrei þótt góður siður að ræða hér málefni manna sem ekki hafa tækifæri til að svara fyrir sig. Má ég gerast svo djörf að leggja til að hv. þm. ræði þessi mál beint við umræddan fréttamann en geri þetta mál ekki að umræðuefni hér í þingsölum.) (Gripið fram í.) Ég hafði hugsað mér að beina ákveðinni fyrirspurn og tilmælum til forseta þingsins eftir að ég væri búinn að ljúka máli mínu í sambandi við fréttir af því sem hér er að gerast.

Eftir að þessar umræður höfðu farið fram, þ.e. fulltrúa fjvn., kom hér upp í ræðustólinn hæstv. fjmrh. og flutti ræðu, hellti úr skálum reiði sinnar og sló met í hraða þegar hann var að tala, svo hratt að hann var kannski kominn orði fram fyrir sig þegar setningin kom svo í heilu lagi. Hann vék sérstaklega að fjármálastjórn okkar sjálfstæðismanna og með hvaða hætti fjáraukalög hefðu fengð afgreiðslu í okkar tíð. Ég kom hér upp í ræðustólinn. Ég hafði þessi plögg öll hér með mér, hvert og eitt frv. til fjárlaga síðan 1975, og sýndi fram á að þegar alþýðubandalagsfjármálaráðherra var, Ragnar Arnalds, kom hann ekki einu fjáraukalagafrv. í gegnum þingið. Datt fréttamanni Ríkisútvarpsins í hug að segja frá þessu? Nei. Hann birti myndina af hæstv. fjmrh. Hann var þá ekki að lesa í blaði. Hann var þá að tala hér úr ræðustólnum. Síðan þegar hann hafði lokið máli sínu, þá kom ný frétt. Og nú er komið að forsetanum. Telur forsetinn að slík fréttamennska sé Alþingi samboðin? Ég segi nei. Það verður hver og einn að meta það. Hitt liggur ljóst fyrir að meðan við teljum okkur vera að sinna löggjafarstarfi hjá lýðræðisþjóð verður það ekki liðið að aðeins rödd þess aðila sem fer með völdin heyrist. Það sem er að gerast í Austur-Evrópu í dag er þvert á það sem sjónvarpið var að gera í kvöld. Slíkur fréttaflutningur dæmir sig sjálfur, og ég trúi ekki að forsetar Alþingis láti slíkt viðgangast.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. 1. þm. Suðurl. á eins og þegar hefur verið sagt að hér eru tveir menn á mælendaskrá fram að fundarhléi, en ég skrái hér með hv. 1. þm. Suðurl. eftir hlé. (**ÞP:** Ég óska eftir að fá orðið fyrir hlé.) Þá hlýtur forseti að verða að leggja það undir dóm þingsins. Hafa menn raunverulegan áhuga á þessu hléi eða ekki? (**GHG:** Gott. Láttu greiða atkvæði um það.) Þessu getur ekki haldið áfram á þennan hátt, það er alveg ljóst. (**ÞP:** Ég hef óskað þessa m.a. vegna ummæla forseta.) Ég skal verða við ósk hv. 1. þm. Suðurl. en vænti þess svo að síðan verði gefið umrætt hlé sem hv. 1. þm. Norðurl. v. bað um.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég skal vera stuttorður en ég stend upp til þess að leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. í sjónvarpinu í kvöld. Hv. 1. þm. Suðurl. fullyrti að ég hefði gengið frá samkomulagi um þingstörfin sem fjmrh. hefði síðan hafnað og réði því augljóslega hvernig þingstörf yrðu hér. Þetta er á misskilningi byggt og vil ég rekja hvernig afskipti mín af þessu samkomulagi hafa verið.

Sl. föstudag mætti ég á fundi með forsetum og formönnum þingflokka. Á þeim fundi bauð ég til samkomulags að fjögur mál biðu afgreiðslu þar til í janúar, fjögur mál af forgangslista ríkisstjórnarinnar. Þessi mál eru: Tvö mál um umhverfismál, þ.e. Stjórnarráð Íslands og yfirstjórn umhverfismála, frv. um skattlagningu á orkufyrirtæki og frv. um bifreiðaskatt. Og ég lít svo á að þar hafi satt að segja verið allvel boðið. Ég lagði jafnframt áherslu á að menn sameinuðust um að afgreiða þessi frv., eins og ég orðaði það,

um mánaðamótin janúar/febrúar. Um þetta hafa menn síðan að sjálfsögðu fjallað og það er rétt að við álitum að þarna væri kominn grundvöllur fyrir samkomulagi. Hins vegar upplýsti formaður þingflokks Sjálfstfl. á fundi sem var haldinn í gær að svo gæti ekki orðið vegna deilu sem væri orðin í fjvn. um framkvæmd á svokölluðu verkaskiptingarmáli. Þarf ég út af fyrir sig ekki að rekja það hér, en þar var fyrst og fremst um tvo þætti að ræða, í fyrsta lagi Borgarspítalann og í öðru lagi tannlækningar.

Það er mikill misskilningur að ég hafi samþykkt að þessi mál bæði yrðu afgreidd á þann veg sem hv. sjálfstæðismenn leggja áherslu á, eða með öðrum orðum að ríkissjóður tæki á sig kostnaðinn af þessum málum báðum. Ég nefndi hins vegar að vitanlega væri um tvo kosti að ræða í málefni Borgarspítalans. Í fyrsta lagi að samþykkt yrði frv. heilbrrh. um yfirstjórn spítalans og þar með tæki ríkissjóður allan kostnað af rekstri spítalans eða með öðrum orðum að það yrði eins og annars staðar á landinu. Hins vegar að málefni Borgarspítalans yrði frestað, stjórnin yrði óbreytt og Reykjavíkurborg greiddi þá hluta af kostnaðinum. En tannlækningarnar féllst ég aldrei á, enda verð ég að segja það að ég hef aldrei kynnst því í samningum um þingstörf að samið sé um einstaka efnisþætti fjárlaga. Ég held að það hljóti að vera nánast einsdæmi. Hins vegar leit ég svo á að um þetta mætti þó ræða því að það eru frv. fyrir þinginu sem fjalla líka um þessi mál, en ég held að þarna sé gengið afar langt.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér þróun verkaskiptamálsins. Mér sýnist þó að þar hafi orðið miklu meiri kostnaður ríkisvaldsins en gert var ráð fyrir og veit ég ekki betur en það sé óumdeilt. Við yfirtöku ríkissjóðs á heilbrigðismálum í Reykjavík er um a.m.k. 160 millj. kr. meiri kostnað að ræða en metið var. Af einhverjum ástæðum er tannlækninga ekki getið í því uppgjöri á kostnaði sem gert var sl. vetur og vekur það vissulega undrun. Því er full ástæða til þess að ríkisvaldið vilji skoða þau mál aftur. Þetta hefur verið nefnt við sveitarfélögin allt frá því í september en því miður ekki náðst neitt samkomulag.

Það var grundvallaratriði þegar tekjuskiptingin var hafin að þarna yrði skipt svona nokkurn veginn á jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga. Það var líka grundvallaratriði að greiðslu kostnaðar fylgdu sterk ítök í stjórn viðkomandi stofnunar. Ég vek athygli á því að í því frv. um heilbrigðismál sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að borgin tilnefni áfram þrjá menn af fimm í stjórn, starfsmenn einn en heilbrrh. skipi aðeins einn sem verður að vísu formaður en meiri hlutinn er samt tilnefndur af Reykjavíkurborg. Það er því mikill misskilningur að eftir að þetta kemur fram hafi verið nokkurt samkomulag. Við ákváðum hins vegar að leita leiða, m.a. hvort þetta með Borgarspítalann gæti á einhvern máta gengið upp. Þetta var síðan rætt í ríkisstjórninni í morgun og ríkisstjórnin staðfesti í raun það sem ég hafði sagt á þessum fundi í gær að um tvo kosti væri að ræða. Þeim hef ég lýst báðum og skal ekki endurtaka það. Ég ritaði borgarstjóra síðan bréf sem mér hlýtur að vera frjálst að gera og gerði honum grein fyrir þessari niðurstöðu ríkisstjórnarinnar, þessum tveimur kostum. Í þessu bréfi er engin hótun, alls ekki, heldur er þetta viðleitni til að samkomulag geti orðið um Borgarspítalann. Og ég hef rætt við borgarstjórann í síma í dag og við ætlum að hittast í fyrramálið og ræða það mál. Ég tek ekki í mál að fara að lesa slík bréf hér upp. Við munum ræða málið og ég ætla að vita hvort unnt er að ná samkomulagi við Reykjavíkurborg um þetta mál. (**Gripið fram í:** Hvers vegna má ekki lesa bréfið?) Ég skrifaði þetta bréf borgarstjóra og ég er frjáls að gera það. Það er engin hótun í því. Ég hef rakið efni bréfsins og ég vil ræða það við borgarstjóra áður en bréfið sem slíkt er gert hér að umræðuefni.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. hefur fjallað efnislega í þessum þingskapaumræðum um það ágreiningsefni sem hefur verið helst til umfjöllunar hér, þ.e. áform hæstv. ríkisstjórnar um að brjóta samninga við sveitarfélögin sem lögfestir voru hér á hinu háa Alþingi. Það væri því ærin ástæða til þess að ræða þau mál einnig nokkuð efnislega af því tilefni að hæstv. forsrh. hefur kosið að gera það hér í umræðum um þingsköp.

En fyrst er rétt að taka fram að þegar hæstv. forsrh. er hér að lýsa aðdraganda þeirra samningaumleitana sem fram hafa farið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar lætur hann svo sem hann viti mest lítið um framgang þingmála og mest lítið um hvenær hæstv. ríkisstjórn tekur mikilvægar ákvarðanir. Þegar hæstv. forsrh. setti þá ósk fram við stjórnarandstöðuna sem hann lýsti hér, um að greiða fyrir þingstörfum og falla frá hefðbundnum og góðum vinnubrögðum, lá ekki fyrir sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að breyta fjárlögum með þeim hætti sem brýtur algerlega í bág við verkaskiptasamkomulag ríkis og sveitarfélaga sem Alþingi hefur staðfest. Sú ákvörðun lá einfaldlega ekki fyrir þegar þetta tilboð var gert. Annaðhvort er hæstv. forsrh. að lýsa þessum aðdraganda á þann veg að hann reynir að sneiða hjá þessum kjarna málsins eða hann fylgist ekki betur með ákvörðunum innan hæstv. ríkisstjórnar undir forustu hæstv. fjmrh. og veit ekki hvenær hinar mikilvægustu ákvarðanir eru teknar. Það er býsna alvarlegt mál. Það var fyrst í gær sem ljóst var að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að koma þessum breytingum fram í fjárlagafrv. Það hlýtur að vera alveg augljóst að þegar hæstv. ríkisstjórn er að biðja stjórnarandstöðuflokkana að víkja frá hefðbundnum vinnubrögðum og þeir hafa léð máls á því, þá hlýtur hæstv. forsrh. að skilja að það hlýtur að vera bundið því skilyrði að slíkt samkomulag við sveitarfélögin sé ekki rofið einhliða af ríkisvaldinu af því að það hefur meiri hluta á löggjafarsamkomunni. Löggjafarsamkoman hlýtur að bera meiri virðingu fyrir sjálfri sér en svo að hún geti staðið þannig að málum. Það verður hæstv. forsrh. að skilja og ég veit að mjög margir í þingliði ríkisstjórnarinnar skilja þetta og vilja taka tillit til þess.

Ég skil ekki hvers vegna hæstv. forsrh. getur ekki lesið það bréf sem skrifað hefur verið og komið hefur til umræðna hér í kvöld í tilefni af ummælum hæstv. forseta í kvöldfréttum útvarpsins. Ég fæ með engu

móti skilið hvers vegna ekki er hægt að lesa þetta bréf frá orði til orðs. Það er varla svo langt. Það snertir efni þeirrar höfuðdeilu sem hér er til meðferðar og umfjöllunar og ég skil ekki hvernig þingflokksformenn eiga að koma saman til ærlegra umræðna ef hæstv. forsrh. ætlar að halda þessu bréfi leyndu. Ég bara get ekki skilið hvernig ríkisstjórnarforustan ætlast til þess að fram fari ærlegar og heiðarlegar umræður ef efni þessa bréfs á að fara leynt, aðeins lýsa því í tveimur, þremur setningum með óljósum hætti. Sú krafa er hér uppi og fullkomlega eðlileg ef þessar umræður eiga að fara heiðarlega fram og ærlega hér á eftir að bréfið verði lesið hér í umræðunni.

Frú forseti. Hæstv. forsrh. fór hér efnislega út í umræður um þetta ágreiningsefni og er óhjákvæmilegt að svara því nokkrum orðum. Engar athugasemdir voru gerðar við þann hluta í ræðu hæstv. forsrh. þar sem með öllu var vikið frá þingskapaumræðuefninu en farið út í efnslega umræðu og ég hlýt að óska eftir því að sama gildi um formann Sjálfstfl. í þessu efni. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir að frá upphafi hefði verið gengið út frá því að verkaskiptingin kæmi út á jöfnuð. (**Forseti:** Má ég biðja hv. 1. þm. Suðurl. að bíða með þessa umræðu þangað til hún er á dagskrá.) Má ég spyrja hæstv. forseta, hvers vegna voru ekki gerðar athugasemdir við ræðu hæstv. forsrh. þegar hann var efnislega að fara út í þetta efni og ég er aðeins að svara þeim atriðum sem hann fór efnislega út í? Má ég spyrja, hvers vegna gildir ekki sama um þingmenn og hæstv. forsrh.? (**Forseti:** Nú hefur forseti leyft hv. 1. þm. Suðurl. að svara að nokkru því sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., en þessa umræðu verður að stöðva því nú verður gefið hálftíma hlé.) Ég á auk þess eftir, frú forseti, að bera fram hér fyrirspurn vegna hinna grófu ásakana hæstv. forseta á hendur þingmönnum, að tveir ótilgreindir þingmenn hafi haft í hótunum við hæstv. forseta hér fyrr í dag um að hefja þessa umræðu áður en hún lét ummæli sín falla. Hér með liggja allir þingmenn undir grun vegna þessara ásakana um þessar hótanir og það er lágmarkskrafa að frú forseti annaðhvort biðjist afsökunar á þessum ummælum eða tilgreini þá hv. þm. sem hér áttu hlut að máli. Annars liggja allir aðrir þingmenn hér að ósekju undir þessum grófu ásökunum forsetans og óhjákvæmilegt var að koma þessum ábendingum á framfæri. En ég vil harðlega mótmæla því þegar hér er gerður sá greinarmunur í þessari umræðu að óbreyttir þingmenn fá ekki að svara efnisþáttum í ræðu hæstv. forsrh. Ég skal fullyrða og gefa hæstv. forseta fyrirheit um að ég skal einungis víkja að þeim efnisatriðum sem hæstv. forsrh. vék að og í engu meir. Ég óska eftir að njóta jafnréttis hér í þinginu á við forsrh. og tel að annað sé brot á jafnræðisreglu sem þingmenn eiga að starfa hér eftir. (**Forseti:** Má ég biðja hv. 1. þm. Suðurl. að fresta þá síðari hluta ræðu sinnar meðan gefið er hálftíma hlé. Ég held að það hljóti að vera sanngjörn krafa. Hv. þm. er auðvitað kominn langt út fyrir allt sem getur talist þingskapaumræða.) Það er að vísu rétt, en hæstv. forsrh. hefur gefið hér tilefni án athugasemda af hálfu hæstv. forseta með því að fara mjög ítarlega út í efnisatriði málsins. Og hvers vegna njóta ekki aðrir þingmenn sama réttar?

Ég hef þar að auki ítrekað ósk mína um að þetta bréf verði lesið hér frá orði til orðs þannig að ærlegar umræður geti farið fram hér á eftir og ég vona að hæstv. forseti hindri það ekki. Ég vil aðeins í örfáum orðum taka fram að í upphafi þegar frá verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var gengið var um það samið að nokkur munur yrði þarna á og að sveitarfélögin högnuðust lítið eitt eða um 115 millj. eða svo. Það var aldrei út frá því gengið að hér væri um að ræða fullkomnari jöfnuð á milli í þessu efni. Það er rangt.

Í annan stað, vegna þeirra umræðna sem fram hafa farið í haust og hæstv. ráðherrar, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hér nú vitna til að fram hafi farið milli hæstv. ríkisstjórnar og sveitarfélaganna, þá innti ég formann Sambands ísl. sveitarfélaga eftir því í dag með hvaða hætti þetta hefði farið fram. Í því samtali kom fram að sveitarfélögin óskuðu eðlilega eftir því að þessi samtöl færu fram á þeim grundvelli að sá grunnur sem lagður var þegar samið var um verkaskiptinguna, þ.e. útgjöldin á árunum 1985 og 1986, yrði í heild sinni lagður til grundvallar í þessum umræðum um hugsanlegt endurmat sem eðlilegt er, enda fór samkomulagið fram á þeim tíma. En því var hafnað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að ræða á þeim grunni og einungis tekið í mál að ræða þetta út frá áætlunum ríkisstjórnarinnar um árið 1990. Eðlilega gátu umræðurnar ekki farið fram á þeim grundvelli og það verður því að líta svo á að hæstv. ríkisstjórn hafi hindrað það að þessar eðlilegu umræður færu fram milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Það er rangt að þar hafi strandað á sveitarfélögunum. Og ég hygg að það séu hér inni menn í stjórnarliðinu sem geti borið vitni um það og standi þeim hagsmunum nær. — [Fundarhlé.]

Forseti Guðrún Helgadóttir):

Fundi er fram haldið í Sþ. Það hefur orðið að samkomulagi milli þingflokksformanna og forseta að þessum fundi verði nú slitið. Út af dagskrá eru tekin öll dagskrármál. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. — Fundinum er slitið.

EFRI DEILD

36. fundur, þriðjudaginn 19. des., kl. 23.33 síðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

NEÐRI DEILD

30. fundur, þriðjudaginn 19. des., kl. 23.33 síðdegis.

Forseti tók bæði dagskrármálin af dagskrá.

EFRI DEILD

37. fundur, miðvikudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 76. mál (gjalddagi). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (heildarlög). — Þskj. 76.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hef fyrirspurn fram að bera í sambandi við þetta mál til hæstv. viðskrh. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er erlendis.) En fjmrh.? (**Forseti:** Það mun verða leitað að honum.)

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég vil beina til hæstv. fjmrh. er vegna þess að við erum hér að fjalla um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og einnig liggur fyrir deildinni frv. um launaskatt. Það frv. felur í sér þyngingu á verslunina. Á hinn bóginn hefur það komið fram með óformlegum hætti í fjh.- og viðskn. að það mál sé ekki endanlega afgreitt hvort veittur verði greiðslufrestur við innflutning, við tollafgreiðslu á aðstöðugjaldi nú í janúarmánuði um leið og virðisaukaskattur tekur gildi. Mér fyndist viðeigandi vegna þess hversu stjórnarandstaðan hefur verið lipur við stjórnarmeirihlutann við afgreiðslu mála hér í Ed. og vegna þess að ekki hefur staðið á stjórnarandstöðunni, hvorki í nefndum né við umræður hér í deildinni, og mér er ekki kunnugt um annað en við höfum fyllilega staðið við hvert það samkomulag sem við höfum gert og raunar reynt að greiða fyrir nefndarstörfum í fjh.- og viðskn. og vegna þess að ég veit að hæstv. fjmrh. hlýtur að vera stjórnarandstöðunni mjög þakklátur fyrir hversu liprir við höfum verið í nefndarstörfum — það er t.d. ekki að frumkvæði Sjálfstfl. sem sú ákvörðun var tekin í morgun að afgreiða ekki frv. til tekjuskattslaga úr nefnd heldur er það að frumkvæði meiri hlutans sem óskað var eftir fyllri upplýsingum um sérstaka þætti þess frv. og þess vegna hefur nefndin ekki lokið störfum — og einmitt vegna þess hversu liprir við höfum verið við stjórnarmeirihlutann óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. svari því í fullri vinsemd hvort hann hafi það enn þá til athugunar að veita versluninni greiðslufrest á virðisaukaskatti við tollafgreiðslu til þess að koma í veg fyrir þau hækkunartilefni sem ella yrðu í almennu verðlagi hér á landi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði hér að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa sýnt mikinn skilning í fjárhags- og viðskiptanefndum á nauðsyn þess að afgreiða þau frumvörp sem hér eru til meðferðar fljótt og vel úr nefndum. Svar mitt við spurningu hans er einfalt og skýrt. Svarið er já. Ég hef það enn til athugunar að veita greiðslufrest í tolli við innflutning. Það hefur þegar verið ákveðið að veita hann varðandi hráefni til iðnaðar og það fer enn fram í fjmrn. í samræmi við það sem lýst var yfir hér fyrr í þessari hv. deild áframhaldandi athugun á því með hvaða hætti megi veita greiðslufrest í tolli við innflutning án þess að raska greiðslustöðu ríkissjóðs á næsta ári.

Það hafa komið fram síðustu daga ýmsar hugmyndir um það með hvaða hætti þetta muni gerast. Þær eru til skoðunar. Það er ljóst að þörfin á því að veita þennan greiðslufrest er brýnust á fyrstu mánuðum ársins. Eftir það fara áhrif virðisaukaskattsins að virka fyrirtækjunum í hag til þess að styrkja fjárhagsstöðu þeirra þannig að þörfin fyrir greiðslufrestinn minnkar hlutfallslega eftir því sem líður á tímann.

Ég tel að ég geti ekki á þessu stigi greint nánar frá þeim hugmyndum, en ég hef átt fundi í gær um þetta mál, í morgun og í dag, og þessi mál eru sem sagt enn í skoðun og væntanlega verður hægt að lýsa einhverjum niðurstöðum í þeirri athugun áður en þingi lýkur, en ég treysti mér ekki á þessu stigi til þess að fullyrða það. En svarið við spurningunni er já. Það er enn þá unnið að þeirri athugun.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er hæstv. fjmrh. þakklátur fyrir hans svar. Það ber með sér að hann hefur fallist á þau rök sem við í minni hlutanum höfum lagt fram um það að fyrirsjáanlegt er að ýmsar vörur muni hækka að öðrum kosti um 1–2%, jafnvel meir, ef sú 5–6 milljarða fjárbinding sem verslunin yrði að öðrum kosti að taka á sig yrði að veruleika. Ég er mjög þakklátur líka vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki sýnt nægilegan samstarfsvilja við aðila vinnumarkaðarins nú þegar þeir eru að reyna að knýja fram einhverja þá málamiðlun á vinnumarkaði sem tekur mið af því að áframhaldandi kjararýrnun er fyrirsjáanleg á næsta ári og tekur mið af þeirri miklu óvissu sem nú er í atvinnulífinu. Því er spáð að

atvinnuleysi vaxi jafnvel um þriðjung á næsta ári. Það er því mjög brýnt að ríkisstjórnin reyni að halda þannig á stjórn ríkisfjármála að það komi ekki í veg fyrir skynsamlega lausn á vinnumarkaðinum nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 404).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (fasteignaskattur og aðstöðugjald). — Þskj. 370, brtt. 384.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt hefur Nd. gengið frá frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, frv. sem er til meðferðar núna í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, og að athuguðu máli var talið rétt að gera nokkrar breytingar í samræmi við það á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Til samræmis við tekjuskattslögin eru því núna á milli 2. og 3. umr. fluttar þrjár brtt. við það frv. frá félmn. og eru þær á þskj. 384.

Fyrsta breytingin er til samræmingar við fyrirhugaða breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í henni felst breyting varðandi útsvarsálagningu barna sem misst hafa annað eða bæði foreldri. Lagt er til að heimilt verði eftir umsókn að skattleggja slíkar tekjur hjá börnunum sjálfum í stað þess fyrirkomulags sem nú er, að skattleggja þær með tekjum þess aðila sem nýtur barnabóta vegna barnsins. Ég hygg að hér sé um mikið sanngirnismál að ræða enda eru allir félagsmálanefndarmenn sammála um að leggja þessa breytingu til í samræmingarskyni.

Önnur brtt. er sú að í stað orðanna „Við gildistöku laga þessara" komi: Þegar lög þessi koma til framkvæmda, og er það til skýringa og til að taka af allan vafa varðandi gildistöku laganna.

Í þriðju brtt. er lagt er til að nýtt bráðabirgðaákvæði komi inn til að tryggja að ákvæðin í 3. gr. varðandi útsvarsálagningu barna gildi við útsvarsálagninguna strax á árinu 1990 vegna tekna þeirra á árinu 1989.

Ég vil að lokum taka það fram að við samningu þessara brtt. var haft samráð við lögfræðing hjá ríkisskattstjóra, Steinþór Haraldsson, og Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félmrn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 384,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 384,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 384,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 237. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 339.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 69, n. 391, 400 og 401, brtt. 392, 402.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 391 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mjög mikið ofan í þetta mál þar sem flest af því sem fram hefur komið kemur fram í nál. og tel því rétt að lesa nál. upp eins og það kemur fram á framlögðu skjali, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Ingimund Friðriksson frá alþjóðadeild Seðlabanka Íslands, Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Harald Andrésson frá Hafnabótasjóði, Birgi Þorgilsson, Kristínu Halldórsdóttur og Árna Þór Sigurðsson frá Ferðamálaráði, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Guðbrand Gíslason frá Kvikmyndasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvald Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Einar Laxness frá Menningarsjóði, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Gunnlaug Sigmundsson frá Þróunarfélagi Íslands, Markús Örn Antonsson og Hörð Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Pál Hersteinsson veiðistjóra, Jóhönnu Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Hrafn Pálsson frá Framkvæmdasjóði aldraðra, Jónas Jónsson og Gunnar Hólmsteinsson frá Búnaðarfélagi Íslands, Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Jóhann Guðmundsson frá landbúnaðarráðuneytinu, Magnús E. Guðjónsson og Birgi Blöndal frá Bjargráðasjóði, Árna Gunnarsson frá Listskreytingasjóði, Sveinbjörn Óskarsson frá fjármálaráðuneytinu, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðu-

neytinu, Hilmar Þórisson, Hauk Sigurðsson og Percy B. Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Indriða H. Þorláksson frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Birgi Björn Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá BHMR, Guðrúnu Árnadóttur frá BSRB, Svanhildi Kaaber, Láru Ingólfsdóttur og Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Lárus Ögmundsson og Sigþrúði Ingimarsdóttur frá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, Þorleif Pálsson frá dómsmálaráðuneytinu, Kristján Þorgeirsson frá leikmannaráði Þjóðkirkjunnar og biskup Íslands, hr. Ólaf Skúlason.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, hefur verið nefndinni til ráðuneytis og aðstoðar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að gera.

Samkvæmt tillögunum hækka lántökuheimildir frv. um 2.010 millj. kr. og eru meginástæður þess eftirtaldar.

Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs hækki um 1.300 millj. kr. og verði 8.670 millj. kr. Verður 2.370 millj. kr. aflað með erlendu lánsfé, eða sem svarar til afborgana af erlendu lánsfé og endurgreiðslna til Seðlabanka. Innlend lánsfjáröflun verður alls 6.300 millj. kr. og eykst um 300 millj. kr. Aukin lánsfjárþörf stafar af eftirfarandi:

a. Aukinn rekstrarhalli á A-hluta ríkissjóðs 460 millj.

b. Aukin lántökuheimild Lánasjóðs ísl. námsmanna 400 millj.

c. Lántökuheimild fyrir Endurbótasjóð menningarstofnana 300 millj.

d. Lántökuheimild fyrir Hafnabótasjóð 50 millj.

e. Lántökuheimild fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins 50 millj.

f. Lántökuheimild fyrir Háskólabíó 40 millj.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Lánasjóðsins fyrir árið 1990 er fjárvöntun umfram frv. til fjárlaga um 500 millj. kr. Lántökuheimild sjóðsins er aukin um 400 millj. kr. til að mæta þeirri fjárvöntun. Endurbótasjóður menningarstofnana var stofnaður með lögum nr. 83/1989. Er hér gert ráð fyrir lántökuheimild fyrir sjóðinn og er helmingur lánsins ætlaður til framkvæmda við Bessastaðastofu, en hinn helmingurinn til framkvæmda við Þjóðleikhús. Hafnabótasjóði er veitt 50 millj. kr. lántökuheimild á árinu 1990 til þess að endurlána 30 millj. kr. til framkvæmda við dýpkun innsiglingarinnar í Sandgerðishöfn og 20 millj. kr. til hafnarframkvæmda í Grímsey. Háskólabíó er veitt heimild til 40 millj. kr. lántöku á árinu 1990 til að ljúka við byggingu ráðstefnusala fyrir þing Norðurlandaráðs í lok febrúar.

Í öðru lagi er lagt til að heimilaðar verði erlendar lántökur vegna skuldbreytinga. Lagt er til að veita 20 millj. kr. lánsheimild til handa Hitaveitu Egilsstaða og Fella. Greiðslubyrði hitaveitunnar er óeðlilega mikil á næstu þremur árum og verður lánið nýtt til skuldbreytinga og greiðslu vanskila. Með þessu móti á hitaveitan auðveldlega að geta staðið í skilum við sína lánardrottna í framtíðinni. Bæjarsjóði Siglufjarðar er veitt 50 millj. kr. lántökuheimild til að breyta skammtímalánum í langtímalán. Hitaveitu Hjaltadals er veitt 40 millj. kr. heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar og breytinga á eignaraðild, en gert er ráð fyrir því að fiskeldisfyrirtækið Hólalax hf., sem á 40% eignarhlut í hitaveitunni, hætti þátttöku en Hólahreppur og ríkissjóður reki hitaveituna áfram. Lagt er til að Skallagrímur hf. fái heimild til að taka 60 millj. kr. lán til endurskipulagningar.

Í þriðja lagi er lagt til að Herjólfi hf. og Hríseyjarhreppi verði heimilað að taka erlend lán til smíði og kaupa á ferjum. Lagt er til að lántökuheimild til nýrrar Vestmannaeyjaferju verði 500 millj. kr., en ákvörðun um smíði slíkrar ferju verður tekin bráðlega. Þá er lagt til að heimilað verði að taka erlent lán að upphæð 40 millj. kr. til kaupa á ferju til siglinga milli Hríseyjar, Grímseyjar og Eyjafjarðarhafna. Á lánsfjárlögum fyrir árið 1989 var heimild fyrir 35 millj. kr. láni í sama tilgangi og verður sú heimild notuð til að staðfesta kaupin en hugmyndir eru uppi um að kaupa notað skip frá Noregi. Að gerðum þessum breytingum eru heildarlántökur innan lands og erlendis á árinu 1990 áætlaðar 41.705 millj. kr. Þar af eru innlendar lántökur 18.625 millj. kr. og erlendar lántökur 23.080 millj. kr.

Breytingar á II. kafla frv. eru í samræmi við fjárlagafrv. fyrir árið 1990 og breytingar á því í meðförum fjvn. og Alþingis. Þar má nefna að framlag til Hafnabótasjóðs hækkar úr 20 millj. kr. í 47,5 millj. kr., framlag til Ferðamálasjóðs og sérstakra verkefna Ferðamálaráðs hækkar úr 36 millj. kr. í 38,6 millj. kr. og framlag ríkissjóðs til bóta fyrir eyðingu refa og minka hækkar úr 10 millj. kr. í 18 millj. 750 þús. kr. Þá er framlag ríkissjóðs til Húsafriðunarsjóðs takmarkað við 3,7 millj. kr. Í samræmi við fjárlagalið 09-381 í fjárlagafrv. 1990, sbr. greinargerð bls. 325, er gert ráð fyrir því að framlag til lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna verði ekki hærra en 540 millj. kr. Einnig er gert ráð fyrir 5% skerðingu á hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti (sóknargjöld), en áætlað er að skerðingin nemi um 37,5 millj. kr. á árinu 1990, og 15% skerðingu á hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti (kirkjugarðsgjöld), en áætlað er að sú skerðing nemi um 47,5 millj. kr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á III. kafla frv., miða fyrst og fremst að því að fjármagna skammtímaskuld ríkissjóðs við Seðlabankann í árslok 1989. Erfitt er að áætla hver yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka verður í árslok. Nokkur óvissa ríkir um tekjur ríkissjóðs í desembermánuði. Sama gildir um fyrirhugaða innlenda lánsfjáröflun, einkum sölu á ríkisvíxlum þar sem lausafjárstaða bankanna er óviss. Hér er heimildin því höfð rúm. Þá er fjmrh. veitt heimild að fenginni umsögn fjvn. til að gera samning við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku á hluta langtímaskulda veitunnar. Verður sá samningur hlið-

stæður samningum sem stjórnvöld gerðu við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku skulda á liðnu sumri. Enn fremur er fjmrh. veitt heimild til að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árinu 1988 og 1989. Að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. er loks lagt til að ríkisábyrgð sé veitt á lántöku Dýpkunarfélagsins hf. hjá Framkvæmdasjóði á árinu 1989.

Meiri hl. nefndarinnar telur eðlilegt að opinberir sjóðir sem taka lán erlendis leiti eftir samþykki Seðlabanka Íslands um þau kjör sem í boði eru. Er gert ráð fyrir slíku samþykki í fyrsta sinn í lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1990. Stuðlar slíkt samþykki að því að sem bestum kjörum sé alltaf náð og minnkar líkur á því að ríkissjóður skaðist vegna óhagstæðra kjara annarra opinberra sjóða.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj."

Undir þetta nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason og Skúli Alexandersson.

Ég hef hér farið yfir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. en vil taka fram að lokum um það ákvæði sem minnst er á undir lok nál., um lán sem einstakir sjóðir og einstakar stofnanir á vegum ríkisins sem hafa ríkisábyrgð eru að taka á erlendum mörkuðum, að eins og fram kemur í nál. er nú í fyrsta skipti krafist samþykkis Seðlabanka fyrir því að þessar lánveitingar megi fara fram. Það kom fram í máli ýmissa sem komu fyrir nefndina að þeir teldu þetta óæskilegt þar sem Seðlabanki gæti jafnvel stöðvað lántökur sem þeir hefðu tekið og töldu rétt að í ákvæðinu stæði samráð en ekki samþykki. En meiri hlutinn telur að vegna þeirra miklu hagsmuna sem ríkið hefur beri að hafa orðið samþykki í staðinn fyrir samráð. Ég vil taka þetta fram hér til þess að mönnum sé ljóst að vegna hagsmuna ríkisins — og það er ríkið sem veitir ábyrgð á flestum þessara lána fyrir utan lán Fiskveiðasjóðs — hlýtur það að vera krafa ríkisins að þessir sjóðir spilli ekki lánskjörum ríkissjóðs á erlendum mörkuðum, en því miður hefur það gerst á undanförnum árum að margir þessara sjóða hafa fengið óhagkvæm lán á erlendum markaði og síðan hefur ríkissjóður þurft að þola sams konar kjör vegna þessa.

Ég tel ekki ástæðu til þess að gera meiri grein fyrir áliti meiri hl. en á þskj. 392 eru þær brtt. sem meiri hl. leggur til og ég hef hér á undan gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga er í raun öðrum þræði fylgifrv. með frv. til fjárlaga og endurspeglar að sjálfsögðu þá stjórn ríkisfjármála sem við verðum að una við og um leið þá stjórn efnahagsmála sem við búum við í landinu. Í lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir 6 milljarða sölu á spariskírteinum á þessu ári en 3,5 milljarða innlausn, þ.e. að sala umnfram innlausn nemi 2,5 milljörðum kr. Þann 6. des. hafði tekist að selja 4,6 milljarða en innleyst skírteini námu 4,1 milljarði, þannig að sala umfram innlausn var einungis hálfur milljarður kr. Vonir eru bundnar við að lífeyrissjóðirnir kaupi það sem upp á vantar í lok ársins en þeir eru tregir til m.a. vegna þess að við það mun ávöxtun þegar keyptra skírteina lækka.

Í lánsfjáráætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir sölu spariskírteina sem nemur 6,3 milljörðum kr. samkvæmt þeim brtt. sem hér liggja fyrir, en að innlausnin verði einungis 2 milljarðar þannig að sala umfram innlausn er áætluð 4,3 milljarðar sem þýðir 46% aukningu í sölu spariskírteina að raungildi. Þessi mikla aukning í nettósölu spariskírteina byggir að verulegu leyti á áætlunum um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Það er talið verða 24,1 milljarður kr. á næsta ári og aukast úr 17,6 milljörðum, eða um 37%, eða 18% að raungildi. Eigið framlag þeirra er talið verða um 17,3 milljarðar og aukast um 36% eða 17% umfram verðbólgu. Verður að telja áætlun um aukið ráðstöfunarfé sjóðanna mjög ríflega og verulega hættu á að hún gangi ekki eftir. Ef litið er á innkomin iðgjöld þá hækka þau mun meira en nemur breikkun iðgjaldsstofns og áætlaðri hækkun launa eða um 27% á milli ára.

Samkvæmt þeirri þjóðhagsáætlun sem lögð var fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun hækka ráðstöfunartekjur í krónum talið um 9,5% en einkaneysla um 13,6%. Einkaneyslan er áætluð um 200 milljarðar kr. á næsta ári og sé gert ráð fyrir að einkaneysla og ráðstöfunartekjur standist nokkurn veginn á mun sparnaður heimilanna minnka um 8 milljarða kr. eða lántaka aukast um sömu upphæð, allt eftir því hvort ráðstöfunartekjur nema lægri eða hærri upphæð en einkaneyslan.

Það frv. sem hér liggur fyrir ber þess glöggan vott að við höfum nú búið við minnkandi landsframleiðslu í tvö ár og hér er verið að gera áætlun um þriðja árið þar sem enn hallar undan fæti. Endurskoðuð þjóðhagsáætlun fyrir það ár gerir ráð fyrir að fjármunamyndun muni dragast saman um 1%. Þar af stendur fjárfesting í íbúðarhúsnæði í stað, fjárfesting hins opinbera eykst um 3,7% en fjárfesting atvinnuveganna dregst saman um 4,4%. Ekki verður séð að samdráttur í fjárfestingu skapi nægilegt svigrúm fyrir áframhaldandi sókn ríkissjóðs inn á lánamarkaðinn. Þrátt fyrir að nokkur hluti fjárfestingarinnar séu innfluttar flugvélar er samdráttur fjárfestingar áætlaður minni en í ár. Alls dregst fjárfesting atvinnuveganna saman um fimmtung án flugvélakaupa og mun allt það svigrúm hverfa og ríflega það vegna minni sparnaðar og aukinnar lántöku ríkissjóðs. Allar líkur eru á að lánsfjáröflunin í ár muni ganga treglega og ríkissjóður verði að brúa bilið með erlendri lántöku í byrjun næsta árs.

Enn þá verr horfir um næsta ár. Ríkissjóður áformar að stórauka sölu spariskírteina nettó og velta áfram 3,8 milljörðum í ríkisvíxlum á sama tíma og þjóðhagsáætlun felur í sér minni sparnað. Við þetta bætist að horfur eru á að halli á ríkissjóði verði meiri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir og að ráðstöfunarfé

lífeyrissjóða sé ofmetið. Það mun eitthvað bresta, annaðhvort verða raunvextir innan lands áfram háir eða hækka eða ríkissjóður verður að taka mikil erlend lán til að rétta stöðuna við Seðlabankann í upphafi árs 1991. Líklega verður það blanda af þessu tvennu.

Eins og fram kom á fundum nefndarinnar var það sammæli allra þeirra sem komu fyrir hönd fjárfestingarlánasjóða að eftirspurn eftir lánum til fjárfestingar á þessu ári hefði dregist saman og það var sammæli þeirra einnig að mikið væri um það að lán hefðu verið veitt á árinu til skuldbreytinga og þeir töldu að þeirrar tilhneigingar mundi gæta í vaxandi mæli á næsta ári. Þó svo að gert sé ráð fyrir því í frv. til lánsfjárlaga að lántökuheimildir verði skertar hjá stofnfjársjóðum atvinnuveganna á næsta ári var ekki annað að heyra en forsvarsmenn sjóðanna teldu að það kæmi ekki að sök vegna samdráttarins í atvinnulífinu.

Á næsta ári er talið að landsframleiðsla minnki enn um 3% og talið er að einkaneysla minnki um 2,1% frá því sem er á þessu ári. Búist er við því að kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrni um 5,5% á næsta ári. Rýrnun ráðstöfunartekna á mann hefur þannig orðið um 2,7% á sl. ári, 8% á þessu og nú er því spáð að rýrnunin muni verða 5,5% á hinu næsta. Um leið og þessi geigvænlega kjaraskerðing liggur fyrir eru allar horfur á að atvinnuleysi verði vaxandi á næsta ári. Jafnvel er búist við því að í byrjun næsta árs gæti það farið upp í 4–5% sem er auðvitað miklu meira en við höfum þekkt um áratugi hér á landi. Það þýðir að atvinnulausir í janúarmánuði gætu orðið eitthvað um 5000 manns. Sumir eru svo bjartsýnir að þeir ætla að dragi úr atvinnuleysi yfir sumarmánuðina en skiptar skoðanir eru um það vegna þess mikla samdráttar sem er í atvinnulífinu sjálfu, en á hinn bóginn er bent á að íbúðarbyggingum hefur verið haldið í horfinu og auðvitað liggur ekki endanlega fyrir enn hversu mikil opinber fjárfesting verður.

Hvað sem öðru líður er það ljóst, herra forseti, að það frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir er frv. um samdrátt. Það felur í sér minnkandi kaupmátt og atvinnuleysi, endurspeglar þá mynd sem við horfum nú fram á um leið og fram kemur í lántökuheimildum fyrir ríkissjóð að eyðsla hins opinbera mun síst minnka.

Ef ég vík að einstökum greinum þessa frv. þá hef ég út af fyrir sig ekkert að athuga við I. kafla frv., eins og ástandið er. Mér finnst að vísu sjálfgert að 4. gr. frv. verði felld þar sem Þróunarfélag Íslands kærir sig ekki um að fá ríkisábyrgð á sínum lánum og mér finnst ástæðulaust að þvinga ríkisábyrgð upp á þetta ágæta félag.

Annar kaflinn er að venju takmörkun á ýmsum merktum tekjustofnum sem með lögum hafa verið ákveðnir til margvíslegrar starfsemi. Ef við horfum t.d. á 14. gr. þá er þar talað um framlag úr Stofnlánadeild landbúnaðarins vegna Lífeyrissjóðs bænda. Auðvitað væri miklu hreinna að þetta framlag gengi beint til lífeyrissjóðsins eða til Framleiðsluráðs heldur en að hafa Stofnlánadeild landbúnaðarins sem millilið. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það að Lífeyrissjóður bænda getur ekki staðið við skuldbindingar sínar til lengri tíma litið og væri auðvitað ástæða fyrir hæstv. landbrh. að taka það mál upp sérstaklega.

Í 15. gr. er fjallað um Bjargráðasjóð. Það er ekki mikið af bændum hér inni sem eru stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar en ef svo væri, ef þeir væru hér inni þá mætti rifja það upp að höfuðverkefni Bjargráðasjóðs er tengt margvíslegum tjónum sem verða í landbúnaði. Með því að svipta Bjargráðasjóð framlagi frá einu ári til annars hefur smám saman fjarað undan honum. Eigið fé Bjargráðasjóðs hefur minnkað frá ári til árs og fyrirsjáanlegt, ef svo heldur fram sem horfir, að hann verði gjaldþrota á árinu 1991 eða 1992, eftir því hversu mikil tjón falla á hann. Örlög hans eru í raun ráðin með þessu frv. sem hér liggur fyrir. Annaðhvort næsta haust eða þarnæsta haust verður lagt hér fram á Alþingi frv. í sama dúr og frv. um Fiskimálasjóð nú í haust, jarðarfararfrv. sjóðsins. (**Gripið fram í:** Útfararfrv.) Útfararfrv. sjóðsins og auðvitað nauðsynlegt úr því að ríkisstjórnin vill halda þessari stefnu áfram að hún með einhverjum hætti beiti sér fyrir endurskoðun á því hverjir eigi að taka við því hlutverki sem Bjargráðasjóður hefur gegnt. Á meðan engin slík tillaga liggur fyrir er auðvitað út í hött að skerða framlagið til Bjargráðasjóðs. En ég geri ekki ráð fyrir því að Bjargráðasjóður eigi marga formælendur í ríkisstjórninni.

Í 16. gr. er fjallað um Hafnabótasjóð. Það kom fram í þeim plöggum sem fjh.- og viðskn. fékk í nefndinni að fjárþörfin í Hafnabótasjóði er eitthvað á annað hundrað millj. kr. Mér skilst að meiri hlutinn ætli að rausnast til þess að tvöfalda framlagið úr 20 millj. í 47,5 millj. kr. Það er auðvitað til bóta en ástæðan fyrir því að framlagið til Hafnabótasjóðs er tvöfaldað er ekki sú að ætlunin sé að sjóðurinn nýtist betur til þess sem hann var stofnaður til heldur er verið að fela ríkisútgjöld með þessum hætti. Sannleikurinn er sá að framlög til hafnamála hafa verið skorin verulega niður í fjárlögum eftir að þessi ríkisstjórn komst til valda, þá fór enn að halla undan fæti hjá höfnunum. Og þessi hækkun er til þess að fela nokkra hækkun sem verður á framlögum til hafnamála, einkum til tveggja hafna. Það kemur svo í hlut annarrar og betri ríkisstjórnar að greiða þessi lán.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri brtt. sem þingmaður Kvennalista hefur flutt við 19. gr. frv., til umhverfismála vegna Ferðamálasjóðs og styð þá tillögu.

Í 21. gr. er lagt til að skerða framlag ríkissjóðs til Menningarsjóðs og binda það við 8,5 millj. kr. Þó liggur fyrir að þetta er hvergi nærri nóg ef sjóðurinn á að geta gegnt því hlutverki sem honum er ætlað. Ástæðan fyrir þessari skerðingu er sú að búist er við að sá sérstaki tekjustofn sem Menningarsjóður hefur muni ekki gefa meira af sér en 8,5 millj. kr. á næsta ári.

Nú er það svo samkvæmt lögunum að Menningar-

sjóður nýtur þess ef þessi tekjustofn skyldi gefa eitthvað örlítið meira af sér. Það mundi ekki þýða frekari útgjöld fyrir ríkissjóð. Til samanburðar vil ég rifja upp að áætlaðar tekjur Menningarsjóðs af þessum tekjustofni voru 11 millj. á þessu ári og 9 millj. á sl. ári þannig að raunverulegur niðurskurður til Menningarsjóðs er um 50%. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig meiri hlutinn stendur að því að þurrka þennan sjóð upp einnig. Á sínum tíma gat sjóðurinn veitt listamönnum og fræðimönnum aðstoð, lítilfjörlega aðstoð að vísu, til ferðalaga eða til þess að ráðast í sérstök menningarleg verkefni. Það er auðvitað löngu liðin saga og spurning hvernig verður um menningarstofnanir eins og þessa þegar þannig er haldið á málum af hæstv. ríkisstjórn.

Í 23. gr. er fjallað um Ríkisútvarpið. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það. Auðvitað er það til skammar hvernig haldið hefur verið á málefnum Ríkisútvarpsins og skal ég ekki taka það mál til umræðu hér né umfjöllunar. Það mál hefur rækilega verið rætt í fjvn. og við vitum að minna máli skiptir hvað fjh.- og viðskn. segir um þessa hluti en þetta lýsir hins vegar þeim skilningi sem hæstv. menntmrh. sérstaklega hefur á málefnum Ríkisútvarpsins. Við minnumst þess þegar hann var hér þingmaður hversu heita ást hann þóttist hafa til þeirrar stofnunar, að ég tali nú ekki um fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Vesturl. Það kom alveg sérstakur tónn í rödd þeirra þegar þeir voru að lýsa ágæti Ríkisútvarpsins og þeir vildu virkilega láta þá fréttamenn sem þaðan eru finna það á þeim tíma að þeir ættu vini í varpa þar sem væri hlað Alþfl. eða hlað Alþb. En nú hefur hæstv. menntmrh. misst áhugann og nú hefur formaður menntmn. Ed. misst áhugann. Nú má láta Ríkisútvarpið danka og við í stjórnarandstöðunni getum í rauninni ekkert við því gert vegna þess að við vitum að við erum hér í minni hluta og við vitum að ekki yrði hlustað á þær raddir sem við höfum fram að færa í þessum efnum.

Í 24. gr. er fjallað lítillega um eyðingu refa og minka. Það rifjar upp að nauðsynlegt er að búa mun betur að veiðistjóra en gert hefur verið. Það hefur hlaupið mikill ofvöxtur t.d. í stofn vargfugla hér á landi. Á hinn bóginn hefur endurskoðun fuglafriðunarlaga dregist svo mjög á langinn að maður er farinn að halda að þau séu óbreytanleg úr þessu og auðvitað synd að ríkisstjórnin skuli ekki hafa meiri skilning á nauðsyn þess að útrýma slíkum illfyglum.

Í 27. gr. er skert framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem er nefskattur. Það er eiginlega hálfgerð synd að hæstv. félmrh. skuli ekki hafa verið fenginn til þess að mæla fyrir því ákvæði, skerðingarákvæðinu á Framkvæmdasjóð aldraðra. Mig minnir að á meðan sá hv. þm. var óbreyttur þingmaður hafi hann borið þennan sjóð mjög fyrir brjósti og hneykslast mjög á þeim mönnum sem þá voru við völd, hversu lítinn skilning þeir hefðu á málefnum aldraðra. En það er líka breytt og auðvitað út í hött að skerða þennan lið.

Í brtt. meiri hl. í b-lið 9. till. er undarlegt ákvæði svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 540 millj. kr. á árinu 1990 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur."

Þessi setning er auðvitað hæstv. ríkisstjórn til minnkunar.

Það kom fram á fundi sem fjh.- og viðskn. átti með fulltrúum BSRB, Bandalags háskólamanna, Kennarasambands Íslands og Hjúkrunarfélags Íslands að þeir töldu þetta ákvæði svik við launafólk og undirbúning annarra meiri svika. Við vitum auðvitað að þessi svik eru tvíþætt. Annars vegar eru þetta svik gagnvart þeim skuldbindingum sem ríkið hefur gert gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins með því samkomulagi sem gert var 1986 milli lífeyrissjóðanna um kaup á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Á hinn bóginn er þetta ávísun á framtíðina. Auðvitað kemst ríkisstjórnin ekki hjá því að svara út nægilegum fjárhæðum til þess að ríkissjóður geti staðið við þær skuldbindingar sem umsamdar eru, verðtryggðan lífeyri handa því fólki sem unnið hefur hjá ríkinu.

Á sama tíma og ríkissjóður sker þessa fjárhæð niður hefur sú krafa verið sett fram t.d. gagnvart ríkisbönkunum að þeir leggi þegar í stað til hliðar nægilegt fjármagn til þess að lífeyrissjóðir bankastarfsmanna geti staðið sjálfstætt undir sínum skuldbindingum. Að sjálfsögðu hlýtur hver heiðarleg ríkisstjórn sem hérna situr að gera áætlun um það að greiða þessa skuld á einhverju tilteknu árabili.

Ég skal ekki fara lengra út í þessi mál vegna þess hversu knappur tími var til stefnu, herra forseti, og vegna þess að við sjálfstæðismenn höfum sérstaklega lagt okkur fram um það að greiða fyrir því að þau mál fái afgreiðslu sem ríkisstjórnin leggur áherslu á nú fyrir jólin. Við höfum á engan hátt viljað setja fótinn fyrir það að ríkisstjórnin nái þeim frv. fram sem hún vill sérstaklega ná fram. Sætti ég mig við það að í fjh.- og viðskn. var ekki lögð fram greinargerð um það hvernig skuldbindingum þessara lífeyrissjóða væri háttað, hvernig fjárstreymi hefði verið og hvenær búast mætti við að þeir yrðu gjaldþrota miðað við þá smánarupphæð sem hér er lagt til að leggja þessum sjóðum til.

Það var einungis af þessum sökum, herra forseti, sem ég fór ekki fram á það að fjh.- og viðskn. færi betur ofan í þetta mál, að ég vildi ekki verða til þess að setja stein í götu þessarar ríkisstjórnar, að hún gæti komið þeim málum fram nú á jólaföstu sem hún telur nauðsynleg. Og ég veit að hæstv. forseti staðfestir að það er rétt að þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki með neinum hætti komið þannig fram hér í deildinni að hægt sé að halda því fram að þeir hafi raskað þingfriði og truflað þingstörf né heldur í nefndum að þeir hafi þar valdið röskun að neinu leyti. En ég viðurkenni að þetta hefur orðið á kostnað eðlilegra vinnubragða í nefndunum. Auðvitað bar okkur að fara betur ofan í

þetta sérstaka atriði, en í trausti þess að málið verði tekið upp af samtökum þeirra launamanna sem eru aðilar að þessum sjóðum og í trausti þess að sú ríkisstjórn sem kemur á eftir þessari muni standa öðruvísi að þessum málum létum við slag standa.

Ég veit ekki hvort hæstv. forseti þekkir til kirkjumála. Ég veit ekki hvort forseti þessarar deildar hefur nokkurn tíma átt sæti í sóknarnefnd. En ef svo er, þá hygg ég að hann reki minni til þess að á það var lögð mikil áhersla á þinginu 1987 að við reyndum að koma okkur saman um einhverja þá lausn á fjárhagslegum vandamálum sóknanna að fjárhagur þeirra yrði eitthvað ögn skárri en áður og að þjóðkirkjan gæti orðið fjárhagslega sjálfstæð. Ég vissi ekki betur þegar við vorum að greiða atkvæði um breytt lög um sóknargjöld á því herrans ári 1987 en þingmenn hafi þá verið að reyna að gera það upp við sig hvort þeir vildu standa við þær skuldbindingar sem þá voru gefnar gagnvart kirkjunni. Hið sama á raunar við um kirkjugarðsgjaldið. Þessi lög hvor tveggja eru frá því herrans ári 1987. En nú á að fara að skerða þessa nýju tekjustofna. Að vísu ætlast ríkið til að sveitarfélögin greiði sinn hlut óskiptan. Þetta frv. eins og það liggur fyrir gerir ekki ráð fyrir því að létti á sveitarfélögunum, en ríkissjóður ætlar að smokra sér undan að greiða það sem honum ber. Þetta eru ekki háar fjárhæðir en þetta er eitt dæmið um það að þeir menn sem ráða ríkiskassanum vilja ekki standa við sitt. Það er náttúrlega ekkert einkamál Alþingis við Kirkjugarða Reykjavíkur þó svo einhverjir þingmenn utan af landi kunni að halda það. Fólk deyr einnig í öðrum landsfjórðungum, líka fyrir vestan, og það má vel vera að fjárhagur einmitt þeirra sem bera ábyrgð á slíkum görðum sé verri heldur en hér. Aðalatriðið er að nú er enn verið að bregðast, koma sér undan, láta aðra standa við sitt.

Og svo er það Þjóðarbókhlaðan. Þau lög eru nr. 83 1989. Samt sem áður stendur hér: „Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1990 ...“ Það er ekki einu sinni hægt að fara eftir lögunum í fyrsta skipti. Ekki í fyrsta skipti — þrátt fyrir og þrátt fyrir. Ég vona að hæstv. menntmrh. hafi þann sóma af því máli sem hann hafði vænst.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fara um þetta fleiri orðum. Þetta frv. er, eins og ég sagði áðan, hálfgerður fylgifiskur fjárlagafrv. og auðvitað liggur það ljóst fyrir að við í stjórnarandstöðunni munum ekki hafa áhrif á afgreiðslu málsins. Ég vil í lokin bara rifja upp að við höfum hér í höndum fjárfestingaráform í ferðamálum á því herrans ári 1990, sem dagsett eru 24. ágúst sl. Þar er talið upp hvað búast megi við að fjárfestingaráform í ferðamálum verði mikil á næsta ári og þar er gert ráð fyrir að lánsþörfin verði vegna þess sem kallað er nokkuð öruggt 208 millj. kr., 31 millj. kr. vegna þess sem óvissara er og vegna þess sem kannski er bara hugsanlegt 34 millj. kr.

Við höfum litið svo á að ferðamannaiðnaður sé ein þeirra atvinnugreina hér á landi sem gæti verið í vexti ef rétt yrði á haldið og enginn vafi er á því að gjaldeyristekjur af ferðamönnum og ferðamannaþjónustu gætu orðið mjög vaxandi hér á landi og kannski að einhverju leyti komið í stað þeirrar rýrnunar gjaldeyristekna sem við sjáum að óhjákvæmileg er á öðrum sviðum. Við vitum líka, herra forseti, að hótel úti á landi standa ekki undir sér. Hér er verið að tala um hótel á mjög — ég vil segja afskekktum stöðum — hótel á stöðum þar sem útilokað er að búast við að þau geti staðið undir sér nema eigið fé sé yfirgnæfandi. Sumpart vegna þess hversu knappur ferðamannatíminn er og sumpart vegna þess að þessi hótel eiga í harðri samkeppni við svokölluð Edduhótel sem byggð eru á kostnað ríkisins. Mörg þessara hótela eru ... (**KP:** Ekki öll.) Ekki öll Edduhótel byggð á kostnað ríkisins? (**KP:** Nei.) Ja, ég man nú ekki hvaða Edduhótel er ekki í héraðsskóla eða menntaskóla. (**KP:** Flókalundur t.d.) Hann var ekki rekinn sem Edduhótel. (**KP:** Jú, jú, í mörg ár.) Ekki þegar hann var byggður. (**Gripið fram í:** Nei, ekki þegar hann var byggður.) Ekki þegar hann var byggður. Þá hefur hann verið tekinn á leigu af þeim og ekki ... (**Gripið fram í:** Keyptur.) Hann er keyptur, já. Ekki vissi ég um það. Hins vegar tek ég undir það að Flókalundur er mjög fallegur staður. Mig minnir að Engey sé þar fyrir utan. (Gripið fram í.) Er það rétt munað hjá mér? Þessi hótel eiga í harðri samkeppni við Edduhótelin.

Mörg sveitarfélög hafa orðið að greiða verulega fjármuni, jafnvel tugi milljóna vegna hallarekstrar á gistihúsum þar sem þau eru nauðsynleg en geta ekki risið undir fjárfestingunni. Ríkissjóður hefur lagt þessum hótelum til verulega fjármuni með styrkjum sem auðvitað eru veittir svona af og til og ekki nákvæm regla um það hvenær þeir falla til og nýtast af þeim sökum ekki til fulls.

Við sjálfstæðismenn hér í deildinni fluttum um það brtt. að hótelbyggingar yrðu undanþegnar virðisaukaskatti eins og annað atvinnuhúsnæði vegna þessa eðlis hótelbygginga að þær eru gjaldeyrisskapandi. Á það var ekki fallist. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til þess að örva hótelstarfsemi úti á landi né hér í Reykjavík. Meiri hlutinn leit svo á að hótelbyggingarnar sjálfar ættu að vera sérstakur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Ef við lítum eingöngu á virðisaukaskattinn af þessum við skulum segja 250 millj. sem ég var að tala um gæti ríkissjóður hagnast á þessu um 65 millj. kr. Ef við tökum þá breytingu sem orðið hefur frá sl. ári er hér um hreina tekjuaukningu hjá ríkissjóði að ræða upp á um 30–40 millj. kr. Þetta litla dæmi um fjárfestingaráform í ferðamálum er gott dæmi um þá fjárfestingu sem allar líkur eru á að ekki verði úr vegna þeirra hækkuðu skatta sem nú eru að dynja yfir landslýð og vegna þeirrar stefnu hæstv. ríkisstjórnar að reyna að ná tökum á efnahagsmálunum og atvinnumálunum, annars vegar með því að framkalla atvinnuleysi hér á landi, óvissu í atvinnumálum og hins vegar með aðgerðum sem lúta að því að skerða kjörin í landinu með meiri og ósvífnari skattheimtu

en áður hefur þekkst eins og gerð verður grein fyrir þegar frv. um tekju- og eignarskatt verður hér til umræðu.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 á þskj. 401 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. og einnig fyrir brtt. við lánsfjárlög á þskj. 402 frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Það er óvanalega mikil óvissa sem ríkir nú um þessar mundir um stöðu ríkisfjármála á síðustu dögum þingsins fyrir jólahlé. Mikill niðurskurður er fyrirhugaður hjá fjvn. fyrir lokaafgreiðslu fjárlagafrv. vegna halla á fjárlögum og frv. til lánsfjárlaga tekur því stórum breytingum rétt áður en því er ætlað að koma til 2. umr. í fyrri deild, tveimur dögum fyrir áætlað þinghlé.

Sem dæmi má nefna að heildarupphæð umbeðinnar lántökuheimildar hefur skyndilega hækkað um 1 milljarð en innlendrar lántökuheimildar um 300 millj. í ofanálag. Þetta er sem sé heildarhækkun upp á 1,3 milljarða.

Erfitt er því að meta forsendur frv. og ýmsir liðir þess í raun mjög óvissir. Erfitt er einnig að sjá hvernig síðari deild á að geta kynnt sér og fjallað um jafnviðamikið mál á einum til tveimur dögum.

Slík vinnubrögð eru auðvitað algerlega óviðunandi.

Til samanburðar má taka að lánsfjárlög fyrir árið 1989 voru ekki afgreidd fyrr en í mars 1989. Rammi þeirra reyndist þó ekki raunhæfari heldur en svo að opinberir sjóðir fengu t.d. um 7 milljarða kr. á árinu en áttu ekki að fá nema 4,9. Breytingar á þeim lögum hafa einmitt nýlega verið gerðar í samræmi við aukna lánsfjárþörf. Svo stutt stóðu þær áætlanir.

Upphafleg ætlun ríkisstjórnarinnar í þessu frv. var að halda erlendum lántökum mjög í hófi en sækja þeim mun meira lánsfé á innlendan lánsfjármarkað.

Þessi áform hafa nú breyst þannig að leita skal aukinna erlendra lána sem nemur 1 milljarði. Hafa ber einnig í huga að aukin ásókn ríkisstjórnar í innlent lánsfé getur leitt til hækkunar vaxta en raunvextir eru nú taldir vera um 7–8%. Háir vextir hafa verið þungur baggi bæði á húsnæðiskaupendum og eins á fyrirtækjum hérlendis. Það ber einnig að hafa í huga að húsbréfakerfið mun auka þörf fyrir lánsfé og talið er að fjárbinding fyrirtækja og iðnaðar vegna innflutnings í kjölfar þess að virðisaukaskattur er tekinn upp nú um áramótin, ef af verður, muni leiða til 4–5 milljarða kr. lánsfjárþarfar strax á fyrri hluta næsta árs.

Eins og kom fram í máli hv. frsm. 1. minni hl. er hér ótvírætt um samdráttarfrv. að ræða og það kom fram einmitt, eins og hann sagði, í ummælum forsvarsmanna fjárfestingarlánasjóða að lántökur hefðu mjög dregist saman þannig að flestir sjóðirnir önnuðu þeirri þörf eða eftirspurn sem var eftir lánum. Við höfum ýmsar aðrar tölur um spá á næsta ári og nú í morgun barst okkur glóðvolg og glæný frétt frá Þjóðhagsstofnun sem varla hefur gefist tími til að líta í vegna annríkis, um spá fyrir næsta ár og þá kannski einkum fyrri hluta næsta árs. Og þar eru líka samdráttareinkenni. Ég vil þá víkja að nokkrum efnisatriðum frv. þó að ég taki ekki nema nokkur til umræðu hér.

Það er þá fyrst að í frv. eru nýjar lántökuaðferðir, þ.e. það nýmæli að gert er ráð fyrir hámarkslánum til Iðnþróunar- og Iðnlánasjóðs og skulu lántökur vegna fyrirtækja rúmast innan þeirra lántökuheimilda. Enn fremur er þessum og öðrum tilgreindum lántökuaðilum gert skylt að kynna áform sín og leita fyrir fram samþykkis Seðlabanka Íslands í umboði fjmrn. á kjörum og skilmálum erlendra lána.

Þetta er gert til að reyna að samræma lánskjör stofnana með ríkisábyrgðir og ríkissjóðs sjálfs á alþjóðlegum lánamörkuðum og koma í veg fyrir uppspennta vexti og það að ríkissjóður njóti verri lánskjara en ella. Fram kom í viðræðum nefndarinnar við forstöðumenn ýmissa sjóða og stofnana að þeir hafi sneitt fram hjá Framkvæmdasjóði á undanförnum árum við öflun erlendra lána vegna þess að þeim þótti lántaka þar óhagkvæm. Sú skoðun kom fram að nauðsynlegt væri að fleiri en Seðlabankinn tækju erlend lán, ekki síst vegna þess að þekking á erlendum viðskiptum þyrfti að vera fyrir hendi á fleiri stöðum en í Seðlabankanum.

Hins vegar kom það einnig fram að flestir ef ekki allir fyrrgreindir viðmælendur nefndarinnar sögðust hafa haft samráð við Seðlabankann og mátu það mjög mikils en voru andvígir þeirri hugmynd að leita þyrfti samþykkis Seðlabankans áður en hafist væri handa í sambandi við lánsframkvæmdir eða lántökur.

Annar minni hl. telur að draga þurfi sem mest úr erlendum lántökum en eðlilegt sé að leita samræmingar um slíkar lántökur og hagnýta þá reynslu og þekkingu sem til er í landinu á því sviði og miðla henni. Annar minni hl. telur jafnframt að nægilegt sé að leita samráðs Seðlabankans en telur ekki að samþykki hans þurfi til, enda var reyndin sú að flestir höfðu í raun leitað samráðs við bankann.

Þá vík ég aðeins að II. kafla frv. því að ég tel ekki ástæðu til að minnast frekar á efnisþætti í I. kafla þó að það væri vissulega ástæða til að minnast á ýmsa þá sjóði sem þar eru nefndir. Nefna má Bjargráðasjóð sem mun leggjast af eftir 1–2 ár ef ekkert verður að gert til þess að auka fjármögnun hans, en þessi sjóður hefur það hlutverk að létta undir með þeim sem bíða tjón á eignum sínum í óveðrum og er vissulega oft um að ræða talsvert mikil tjón af flóðum og ýmsum öðrum tegundum óveðra. Það er því mál að huga að því hverja framtíð menn ætla þessum sjóði.

Það kom einnig fram að mikil skerðing hefur orðið á fjármögnun eða fé til Hafnabótasjóðs og þörfin mun meiri heldur en sinnt er. Þó hefur nokkur hækkun verið lögð til í brtt. meiri hlutans til þess að mæta þörfum þessa sjóðs.

Þá vík ég næst að því að ræða skerðingarákvæðin almennt en í þessu frv. er afturgenginn sá ósiður fyrri

ára þegar löggjafinn notar lagasetningu eins og leikfang og ómerkir fyrri gerðir sínar. Þannig er lagt til að fella niður lögbundin framlög til einstakra málaflokka en í sumum tilvikum hefur jafnvel aldrei verið staðið við þau. Og nú stendur einmitt til í þessu frv. að taka upp þennan sið um nokkrar stofnanir eða sjóði eins og t.d. Þjóðarbókhlöðuna sem minnst var á hér áðan. Þetta háttalag — og ég bið hv. þm. að leggja við eyrun — veikir þá virðingu sem löggjafinn sjálfur ber fyrir þeim lögum sem hann setur og grefur jafnframt undan trausti almennings til Alþingis. Réttara væri og nær að endurskoða þau lög sem Alþingi treystir sér ekki til að standa við í stað þess að stunda vinnubrögð af þessu tagi árum saman.

Ég vík þá næst að 19. gr. frv. sem varðar Ferðamálaráð og Ferðamálasjóð. Hér er einmitt um að ræða gróft dæmi þess hvernig framkvæmdarvaldið gengur yfir vilja Alþingis en aldrei hefur verið staðið við lögboðið framlag til ferðamála. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79 frá 1985, um skipulag ferðamála, gildir eftirfarandi um framlög ríkissjóðs:

Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs 10% af árlegri vörusölu, en kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði.

Árlegt framlag til Ferðamálasjóðs skal vera eigi lægri fjárhæð en 12 millj. kr.

Áætluð velta flughafnarinnar á næsta ári mun vera um 1,4 milljarðar. Tekjur Ferðamálaráðs ættu því að vera um 145 millj. kr. Hins vegar eru fjárframlög til þess samkvæmt þessu frv. ætluð, eftir hækkunartillögu, þ.e. brtt. frá meiri hl., 38 millj. 600 þús. kr. eða 26,5% af fjárþörfinni eða áætluðum tekjustofni og nægir sú fjárhæð engan veginn fyrir fjárhagsskuldbindingum ráðsins eins og sjá má af meðfylgjandi gögnum í nál., sem ég mun ekki lesa upp, en sú tala er 51 millj. 600 þús. kr., þ.e. nauðsynlegar fjárskuldbindingar Ferðamálaráðs.

Það er einna tilfinnanlegast að Ferðamálaráð skuli ekki geta brugðist við auknum ferðamannastraumi til landsins með því að huga að brýnni umhverfisvernd. Því flytur 2. minni hl. brtt. á sérstöku þskj. um aukið fé til umhverfisverndar á vegum Ferðamálaráðs. Öðrum minni hl. þykir það undarleg forgangsröðun fjármálastjórnar að skammta svo naumt til þeirrar vaxandi og vænlegu atvinnugreinar sem ferðamál eru og ég vil vitna, með leyfi hæstv. forseta, til ályktunar sem var samþykkt á fundi Ferðamálaráðs og send þingmönnum og öllum fjölmiðlum. Þar segir:

„Fjársvelti hefur gert Ferðamálaráði gjörsamlega ókleift að gegna hlutverki sínu og sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í lögum en samkvæmt þeim skal Ferðamálaráð verja ráðstöfunarfé sínu á eftirfarandi hátt:

a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.

b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.

c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga."

Verkefni Ferðamálaráðs eru enn frekar sundurliðuð og talin upp í 13 atriðum þar sem ráðinu er m.a. ætlað að hafa frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks, skipuleggja nám og þjálfun fyrir leiðsögumenn og aðra aðila í ferðaþjónustu, taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál, veita ráðgjöf, aðstoð og upplýsingar o.s.frv. o.s.frv.

„Það er alkunna að fjöldi erlendra ferðamanna hefur farið sífellt vaxandi á síðustu árum. Þannig hefur aukningin numið um 60% á síðustu fimm árum og gæti áframhaldandi aukning orðið um 7% á hverju ári ef rétt er á málunum haldið. Jafnframt ferðast Íslendingar í síauknum mæli um eigið land. Engin skipuleg uppbygging hefur átt sér stað til þess að mæta þessari gífurlegu aukningu og er nú svo komið að margir fjölsóttir ferðamannastaðir eru í hættu auk þess sem aðstaða til móttöku ferðamanna er víða til lítils sóma. Vægi ferðaþjónustu er sívaxandi í atvinnulífi landsmanna. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum nema um 9% af allri útfluttri vöru og þjónustu Íslendinga og gætu beinar tekjur af ferðamönnum orðið um eða yfir 10 milljarðar á þessu ári. Fjöldi ársverka hefur aukist stöðugt undanfarin ár og mun nú vera rúmlega fimm þúsund. Fjárfesting á bak við hvert starf í ferðaþjónustu er lítil í samanburði við flestar aðrar atvinnugreinar" — og mætti ég nú vísa hæstv. ráðherrum á muninn á kostnaði við hvert starf í ferðaþjónustu og við hvert starf í stóriðju. Þar er gríðarlegur munur á.

„Í ferðaþjónustu eru margir kostir ónýttir og ekki vafamál að margfalda má gjaldeyristekjur af greininni ef rétt er á málum haldið. Mikilvægt er að vinna markvisst að nýtingu þessara kosta og gæta þess jafnframt að vernda þá auðlind sem greinin byggir fyrst og fremst á, þ.e. landið sjálft og dýrmæta náttúru þess." — Og ég lýk þessari tilvitnun í bréf sem þingmönnum barst.

Það ber líka að nefna að á undanförnum árum hefur Náttúruverndarráði og Ferðamálaráði borist fjöldi úttekta og ábendinga um brýn verkefni til að bæta móttöku ferðamanna á vinsælum áningarstöðum og reyna að stöðva gróðurspjöll og landskemmdir sem þegar eru orðin mjög mikil. Hins vegar hafa öll þessi gögn verið að rykfalla síðustu 3–4 árin vegna þess að fjárveitingar til þessa málaflokks hafa engar verið en áætlanir Ferðamálaráðs og brýn verkefni varða einkum og sér í lagi að huga að stöðum, bæði á láglendi og hálendi, sem hafa látið mjög á sjá af völdum umferðar ferðamanna. Sammerkt er með þeim öllum að þar vantar sorpílát og sorphirðu, snyrtingar, göngustíga til að stöðva oft á tíðum miklar gróðurskemmdir og afmörkun ökuleiða og bílastæða, einmitt til þess að vernda náttúruna líka.

Kvennalistinn hefur á undanförnum árum flutt hér á þingi allmörg mál sem varða ferðaþjónustu og einnig mál er snerta verndun landsins og umhverfis til þess að geta tekið á móti ferðamönnum hér á landi án þess að skaði hljótist af.

Ferðamálasjóðs, sem reyndar er getið í greininni líka, er í raun ekki getið í frv. utan nafnsins en hans er þó getið í grg. fjárlagafrv. Sjóðurinn hefur ekki getað veitt styrki vegna skorts á fjárveitingum. Vanskil hans eru nú um 100 millj. kr. en eigið fé 127 millj. kr.

Þá vík ég næst að Menningarsjóði sem fjallað er um í 21. gr. skerðingarákvæðanna. Fjárframlög til þessa sjóðs — og nú bið ég hv. 4. þm. Vesturl. að leggja við eyrun, ég ætla að tala um Menningarsjóð. — Fjárframlög til þessa sjóðs fara lækkandi ár frá ári, en þau renna að mestu leyti til launa starfsmanna en Menningarsjóður hefur með höndum bókaútgáfu og styrkveitingar til listamanna. Á árinu 1987 fékk sjóðurinn 9 millj. kr. Árið 1989 fékk hann 11 millj. kr. og í þessu frv. eru honum ætlaðar 8,5 millj. kr.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal ríkissjóður greiða sjóðnum það gjald sem fæst af skemmtanaskatti af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum í samræmi við ákvæði laga um skemmtanaskatt. Þess ber að geta að minnkandi aðsókn hefur verið að kvikmyndahúsum og tekjustofninn fer því þverrandi.

Að mati forsvarsmanns sjóðsins hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun ofáætlað verulega tekjur af sölu bóka á vegum sjóðsins og einnig kom fram í viðræðum við nefndina að mikið upplag óseldra bóka um þjóðhátíðina 1974 lægi hjá sjóðnum. Það væri auðvitað heillaráð, hæstv. menntmrh., að gefa eintök af þessari bók í skóla landsins og bókasöfn nemendum og lesendum til fróðleiks um þennan merka atburð. Forsvarsmaður sjóðsins taldi það rothögg fyrir sjóðinn ef framlag ríkisins yrði ekki hærra. Annar minni hl. flytur brtt. um að fella þetta skerðingarákvæði niður.

Þá vík ég næst að Ríkisútvarpinu og nú vil ég gjarnan að hæstv. menntmrh. hlusti á mál mitt og þá þætti mér einnig vænt um ef hægt væri að ná í hæstv. fjmrh. því ég þarf að spyrja hann — og geri ég hlé á máli mínu þar til hann gengur í salinn. — Ekki vill nú þingkonan tefja störf þingsins, hæstv. forseti, er mikið á móti skapi að tefja störf þingsins. Ég vona að hæstv. fjmrh. geri það ekki heldur. (**Forseti:** Ég vona það líka að hann birtist.) Ég vil tilkynna hæstv. forseta að ég á nú ekki mjög mikið eftir af máli mínu. — Ég fagna því að hæstv. fjmrh. er genginn í fundasal efri deildar.

Ég vil víkja nokkrum orðum að Ríkisútvarpinu í umræðu minni um frv. til lánsfjárlaga og þar vildi ég leggja spurningu fyrir hæstv. fjmrh. og fyrir hæstv. menntmrh.

Samkvæmt ákvæðum 22. og 23. gr. laga nr. 68 1985, útvarpslaga, skulu tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renna óskiptar til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Jafnframt skulu 10% af bruttótekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og afnotagjöldum renna til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

Forsvarsmenn RÚV lýstu yfir mikilli óánægju á fundi fjh.- og viðskn. með þá skerðingu sem frv. gerir ráð fyrir og stofnunin hefur þurft að sæta undanfarin ár. Um 63 millj. kr. þyrfti til að ljúka framkvæmdum við Útvarpshúsið í Efstaleiti en þær hafa staðið í stað síðan 1987 og er það mjög bagalegt fyrir stofnunina. Sjónvarpið hefði átt að vera flutt fyrir löngu undir sama þak og útvarpið og er full eining meðal starfsmanna stofnunarinnar um að svo verði sem fyrst.

RÚV verður 60 ára á næsta ári og er það kjörið tilefni til að fullgera húsakost þessarar merku stofnunar. Ríkisstjórnin hefur samið við RÚV um greiðslu á launaskuldum að upphæð 318 millj. kr. og á sú greiðsla að fara fram í gegnum Tryggingastofnun að ég hygg. En skerðing fjárframlaga til stofnunarinnar á árinu 1987 nam 250 millj. kr. Annar minni hl., sú sem hér stendur, telur að ríkisstjórnin geti ekki vikið sér undan því að efna loforð sín við RÚV og á því hangir mikilvægi þessarar skerðingarákvæðisgreinar frv. Það er umhugsunarefni að standi ríkisstjórnin ekki við gefin loforð, þá blasir það beint við RÚV að hækka afnotagjöldin til að reyna að bjarga við fjárhag stofnunarinnar. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin gefið aðilum vinnumarkaðarins mjög nýlega loforð um að halda niðri hækkunum á opinberum gjöldum á næsta ári til að greiða fyrir kjarasamningum og er erfitt að sjá hvernig það dæmi gengur upp.

Nú vil ég spyrja þá hæstv. tvo ráðherra sem hér sitja: Ætlar ríkisstjórnin að efna þetta loforð við Ríkisútvarpið, þannig að hún komi til móts við fjárþörf Ríkisútvarpsins þó að þetta skerðingarákvæði verði samþykkt?

Ég vík næst að Framkvæmdasjóði aldraðra. Samkvæmt ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skulu renna til Framkvæmdasjóðs aldraðra tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2.500 kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins skal breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti við álagningu á árinu 1990 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. des. 1989.

Hér reynir í fyrsta sinn á framkvæmd endurskoðaðra laga sem Alþingi samþykkti á sl. vori. Ef ég man rétt þá var gefið hér loforð í þessari deild um að það yrði örugglega staðið við að þessi nefskattur rynni þangað sem honum var ætlað að fara og er hér til vitnis hv. 6. þm. Reykn. í þeim efnum.

Forsvarsmaður Framkvæmdasjóðsins lýsti yfir mikilli óánægju á fundi nefndarinnar með þá skerðingu sem nú fer fram þriðja árið í röð.

Óskert hefði framlagið átt að vera 230 millj. kr. en í frv. er gert ráð fyrir 160 millj. kr. Ef sjóðurinn hefði fengið að starfa með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir í fimm ár má reikna með að honum hefði að mestu tekist að byggja upp aðstöðu fyrir aldraða um allt land. Nú stefnir hins vegar í vandræði og ekki verður unnt að sinna sem skyldi þörfum aldraðra en vandi þeirra fer vaxandi.

Því leggur 2. minni hl. til að þetta skerðingarákvæði verði fellt niður og gerir brtt. um það.

Ég vík þá að skerðingu á framlagi til Lífeyrissjóðs

starfsmanna ríkisins. Fyrirhuguð er í brtt. við frv. skerðing á framlagi ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna. Fjárlaga- og hagsýslustjóri, sem kom á fund nefndarinnar, taldi rétt sjóðfélaga ótvírætt tryggðan samkvæmt beinum lagaákvæðum án tillits til stöðu sjóðsins. Fulltrúar samtaka launafólks sem komu á fund nefndarinnar og höfðu einnig sent alþingismönnum bréf áður um sama efni lýstu sig andvíga þessari skerðingu og töldu að 500 millj. kr. skerðing á framlagi ríkisins til lífeyrissjóðsins væri annað tveggja frestun á lögbundnu framlagi ríkisins eða fyrsta skref í átt að því að ríkið hlaupist undan skyldum sínum gagnvart sjóðfélögum. Annar minni hl. telur þessa aðgerð mjög varhugaverða og birtir til áréttingar bréf samtaka launafólks en samtök hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfólks sem mætti á fund nefndarinnar lýstu stuðningi við efni þess. Ég mun ekki vitna til þessa plaggs en vísa mönnum á það í þingskjalinu, en vil að lokum lesa niðurlagsorð bréfsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Öll samtök opinberra starfsmanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Kennarasamband Íslands, skora á alþingismenn að fallast ekki á lækkun á lögbundnum greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það grefur undan möguleikum sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar."

Undir þetta rita fulltrúar BHMR, BSRB og KÍ.

Og ég vildi koma því áleiðis til hæstv. ráðherra að það vakti athygli mína á þessum morgunfundi þar sem litla fundarherbergið í Þórshamri var fullt af fulltrúum launþegasamtakanna, þessara sem mættu á fundinn, að tortryggni þeirra gagnvart ríkisvaldinu var slík að fyrstu viðbrögðin voru í raun varnarviðbrögð gegn ásælni ríkisvaldsins og gegn því að ríkisvaldið væri að svíkja eina ferðina enn. Það var svo auðvelt að finna fyrir þessari tortryggni gagnvart ríkisvaldinu og mér fannst það mjög slæmt. Það verð ég að segja. Mér fannst það mjög slæmt að finna hversu djúpstæð þessi tortryggni var í raun og veru. Ég held að það sé umhugsunarvert fyrir ríkisstjórnina og hæstv. ráðherra hvers vegna það sé.

Það væri ástæða til að ræða ýmsa aðra þætti í þessu frv. Ég ætla í lokin aðeins að víkja að Listskreytingasjóði ríkisins. Forstöðumaður eða fulltrúi hans kom á fund nefndarinnar og talaði um þá reglubundnu skerðingu sem hefði verið á framlagi til þessa sjóðs en hann gegnir í raun mjög mikilvægu hlutverki. Hann gegnir því hlutverki að koma list í opinberar byggingar víða um landið sem er auðvitað menntandi og gleðjandi fyrir þá sem njóta þeirra bygginga og sækja þær, en þessi sjóður hefur einnig annað hlutverk. Hann hefur það hlutverk að efla atvinnumarkað myndlistarmanna. Stöðugar og reglubundnar skerðingar til þessa sjóðs eru auðvitað ákveðin lítilsvirðing við listamenn og mikið sárindaefni þeirra hvernig farið hefur verið með sjóðinn því að aldrei hefur verið staðið við framlög í hann.

Ég mun nú ljúka máli mínu, hæstv. forseti, og ég mun láta eiga sig frekari vangaveltur um efnahagslega stöðu annaðhvort ríkissjóðs eða þjóðarbúsins, ekki síst vegna þess hversu óáreiðanlegar margar þessar tölur eru og, eins og ég hef áður lýst hér í umræðunni, hvernig allar stærðir breytast frá degi til dags svo milljörðum skiptir. Það er afar erfitt að vera með marktækar vangaveltur í slíku andrúmslofti. T.d. nú, stundu áður en þetta frv. kemur til 2. umr. — og þetta skrifaði ég þegar ég gekk frá þessu nál. — þá liggur ekki ljóst fyrir hver raunverulegur halli fjárlaga er. Það er því jafnóljóst og áður hverjar endanlegar forsendur þessa frv. verða.

Sá óstöðugleiki sem stjórnvöld bjóða stofnunum, fyrirtækjum og heimilum landsins upp á með síðbúnum ákvörðunum í tímaþröng um jafnviðamikil mál og sameiginlegan búreikning ríkisins er með öllu óverjandi.

Af ofangreindum ástæðum getur 2. minni hl. ekki stutt þetta frv. en mun leggja fram brtt. við það á sérstöku þskj. 402 sem ég hef þegar minnst á. Þar er lögð til 30 millj. kr. hækkun til Ferðamálaráðs vegna umhverfisverndar til að mæta þeim gróðurspjöllum og þeirri áníðslu á landið sem þegar er orðin af ásókn ferðamanna á fjölfarna staði.

Við 21. gr., eins og ég kynnti áðan, leggjum við til að skerðingarákvæði á Menningarsjóð falli brott og við 27. gr. sem varðar Framkvæmdasjóð aldraðra leggjum við einnig til að það skerðingarákvæði falli brott. Og við munum ekki styðja brtt. um skerðingu á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og ég vænti þess að ráðherrar muni svara spurningu minni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Um áramótin 1988/1989 var um að ræða verulega skuld Ríkisútvarpsins á launareikningi hjá ríkissjóði og í byrjun þessa árs var um það rætt að Ríkisútvarpið mundi á árinu 1989 reyna að vinna þá skuld niður. Eitthvað hefur þokast í þá átt. Jafnframt var um það rætt í upphafi þessa árs að það yrði athugað að ríkissjóður yfirtæki þær skuldbindingar sem áður lágu á Ríkisútvarpinu og legið hafa á Ríkisútvarpinu vegna afnotagjalda aldraðra og öryrkja sem búa við tekjutryggingu og heimilisuppbót. Og það hefur verið rætt um það núna nýlega, einmitt í sambandi við gjaldskrármálið sérstaklega sem hv. 6. þm. Reykv. nefndi, að þessi mál yrðu skoðuð í samhengi, þ.e. annars vegar uppgjörið gagnvart Tryggingastofnun ríkisins og hins vegar uppgjörið á launaskuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð.

Varðandi afnotagjöldin er svo það að segja að um það hefur verið rætt að reyna að halda verulega niðri öllum opinberum gjaldskrám á næsta ári, á árinu 1990, og m.a. hefur í því sambandi auðvitað verið fjallað um afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið hefur þá sérstöðu miðað við ýmsar aðrar ríkisstofnanir að Ríkisútvarpið er í samkeppni meðan aðrar ríkisstofnanir búa einar að viðkomandi markaði og í dag er staðan þannig að afnotagjöld Ríkisútvarpsins eru 1575 kr. á mánuði á meðan afnotagjöld t.d. af

Stöð 2 eru tæplega 2000 kr. á mánuði. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins hafa verið hækkuð verulega á þessu ári þannig að ég hygg að í raun séu afnotagjöld Ríkisútvarpsins í dag, desember 1989, hærri en þau hafa mjög lengi verið. Og af því skýrist það að fjárhagur Ríkisútvarpsins á þessu ári hefur batnað mjög verulega. Hins vegar er ljóst að ef til þess kemur að hækkanir afnotagjalda verða takmarkaðar á árinu 1990, þá getur jafnframt til þess komið að Ríkisútvarpið verði að draga úr sínum framkvæmdaáformum. Það er hlutur sem opinberar stofnanir verða að búa sig undir að þurfa að búa við miðað við þær almennu kringumstæður sem eru í okkar efnahags- og atvinnulífi. Þetta er svar við fyrirspurninni frá hv. þm. Þingmaðurinn spurði reyndar: Mun verða tryggt að Ríkisútvarpið fái það sem það þarf? Og þá geri ég ráð fyrir að hv. þm. hafi átt við rekstur og þau framkvæmdaáform sem legið hafa fyrir og kynnt voru fyrir hv. fjh.- og viðskn. Svarið er: Ég geri ráð fyrir að unnt verði að tryggja rekstur Ríkisútvarpsins með eðlilegum hætti á árinu 1990. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það að hægt verði að efna til þeirra framkvæmda að fullu sem forráðamenn Ríkisútvarpsins hafa gert ráð fyrir.

Varðandi aðflutningsgjöldin þá er það rétt hjá hv. þm. að það er gert ráð fyrir því í lánsfjárlagafrv. og fjárlagafrv. að þau renni í ríkissjóð. Í þessum efnum þurfa menn að hafa það í huga að verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á fjárhag Ríkisútvarpsins að öðru leyti með því að Alþingi taki sig til og samþykki hér á næsta ári ný útvarpslög. Þar hefur m.a. verið rætt um það að þessi aðflutningsgjöld renni til ríkissjóðs áfram. Jafnframt hefur verið rætt um það að menningarsjóðsgjaldið, sem hefur verið lagt á Ríkisútvarpið sérstaklega, falli niður eða breytist og í þriðja lagi að þær skuldbindingar sem Ríkisútvarpið sérstaklega hefur haft vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem eru 40–50 millj. kr. að talið er sem er uppsöfnuð skuld frá nokkrum árum, að þessi kostnaður af Sinfóníunni falli ekki á Ríkisútvarpið með sama hætti og verið hefur. Þessi fjármál Ríkisútvarpsins eru því í deiglunni og ég vænti þess að ég hafi svarað spurningu hv. þm. eins og kostur er miðað við núverandi aðstæður.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er öldungis rétt hjá hæstv. menntmrh. að það hallaði undan fæti í fjármálum Ríkisútvarpsins á árinu 1988. Á öðrum stað í ræðu sinni rakti hann ástæður fyrir því sem eru þær að það var mikil tregða á árinu 1988 að leyfa Ríkisútvarpinu að hækka afnotagjald í samræmi við þær forsendur sem tilgreindar voru í fjárlögum fyrir árið 1988. Ríkisútvarpið var með öðrum orðum ein af þeim stofnunum sem varð að gjalda fyrir þá sviksemi sem upp kom í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og þau óheilindi sem sjálfstæðismenn áttu að mæta í þeirri ríkisstjórn sem m.a. lýsti sér í því að það varð að samkomulagi milli Alþfl. og Framsfl. ekki einungis að standa á móti sjálfsögðum hækkunum afnotagjalds á meðan ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sat við völd heldur fylgdu þeir því eftir í hinni nýju ríkisstjórn með því að standa á móti hækkunum á afnotagjaldi það sem eftir lifði ársins 1988, ef ég man rétt. Nú hef ég að vísu ekki flett þessu upp en ég held að ég fari rétt með þetta. Það er því ósköp eðlilegt ef ríkisstjórn tekur ákvörðun um það að stofnanir ríkisins megi ekki hækka útselda vinnu, þjónustu eða vörur í samræmi við forsendur fjárlaga þá hlýtur það að sjálfsögðu að bitna á ríkissjóði. Það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um það. Þess vegna er skuldahalinn sem Ríkisútvarpið dró á eftir sér eftir árið 1988 að verulegum hluta vegna neikvæðrar afstöðu fyrst og fremst Alþfl. og Alþb. til Ríkisútvarpsins á þessum tíma. (Gripið fram í.) Eftir að Alþb. kom í ríkisstjórn, já. Síðustu mánuði ársins, ef ég man rétt, voru afnotagjöld Ríkisútvarpsins ekki hækkuð, eftir að Alþb. kom í ríkisstjórn.

Ég vil í öðru lagi aðeins minna á það að auðvitað var það álitamál hvort ekki væri ofrausn að byggja Útvarpshúsið eins og það var byggt. Það breytir því ekki að þar er nú mikið ónotað húsnæði sem hægt væri að nýta fyrir sjónvarpið ef fjármunir fengjust til þess og fyrir skrifstofuhúsnæði. Og það er upplýst af forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins að það mundi hafa margvíslegt hagræði í för með sér ef stofnunin yrði undir einu þaki, mundi lækka rekstrargjöldin og þannig til lengri tíma litið verða til sparnaðar og hagræðingar í opinberum rekstri.

Afstaða þessarar hæstv. ríkisstjórnar til Ríkisútvarpsins minnir á litla brú sem byggð var og reist í sumar yfir Hörgá í Hörgárdal. Eftir að búið var að steypa upp brúna komu boð frá hæstv. fjmrh. um það að hæstv. samgrh. ætti að skera niður um 3 millj. vegaframkvæmdir fyrir norðan. Samgrh. fann ekki neitt tiltækt nema veginn að brúnni beggja vegna þannig að þessum litlu vegaframkvæmdum var frestað í nokkra mánuði til óhagræðis fyrir þá sem um brúna þurftu að fara en síðan var auðvitað vegurinn lagður þannig að sparnaður var enginn. Þvert á móti hafði þetta útgjöld í för með sér. Þetta var sýndarmennska sem ekki átti við nein rök að styðjast.

Á næsta ári verður Ríkisútvarpið 60 ára. Það hefði auðvitað verið sómi að því að hæstv. ríkisstjórn hefði í fjárlögum og lánsfjárlögum gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið fengi stærri hlut, en ég hygg að það komi á móti að hæstv. menntmrh. hugsi sér að heiðra Ríkisútvarpið á afmælisdaginn, annaðhvort með því að veita Ríkisútvarpinu aukafjárveitingu til þess að ráðast í einhverjar af þessum framkvæmdum eða þá með því að kynna ný útvarpslög sem, eins og hann segir, eigi í framtíðinni einhvern tíma síðar að treysta rekstrargrundvöll Ríkisútvarpsins. En þá er hætt við að fyrir þeim lögum fari eins og kirkjugarðslögunum sem við hæstv. forseti samþykktum um árið og lögunum um auknar tekjur sóknanna, hætt við að þegar á næsta hausti muni ríkisstjórnin, ef hún illu heilli nær að sitja út kjörtímabilið, skjóta því inn í lánsfjárlög að þrátt fyrir nýsamþykkt útvarpslög muni útvarpið ekki njóta laganna sem það fékk

afhent á afmælisdaginn. En ég vona sem sagt að hæstv. menntmrh. muni ranka við sér þegar afmælisdagurinn rennur upp og rétta útvarpsstjóra tékkinn til þess að bæta fyrir afglöpin sem hann er að fremja með afgreiðslu þessa máls nú.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Mér var ekki alveg ljóst hvernig ætti að standa að því að efna gefin loforð við Ríkisútvarpið. Það er meginmálið. Ég spurði ekki hvort það ætti að tryggja öll framkvæmdaverkefni eða rekstur stofnunarinnar heldur hvort standa ætti við gefin loforð. Það kom fram að í þessu gefna loforði var trygging fyrir því að gerðar yrðu upp þessar launaskuldir upp á 318 millj. kr. en ekki endilega að staðið yrði við allar framkvæmdaþarfir Ríkisútvarpsins. Ég tel það meginefni að fá það skýrt fram hvort stjórnvöld ætla í raun að standa við gefin loforð við Ríkisútvarpið eða ekki. Á því veltur afkoma Ríkisútvarpsins og fulltrúar þess og forsvarsmenn lýstu yfir miklum áhyggjum og mikilli óánægju með skerðingarákvæðið ef ekki yrði staðið við gefin loforð. Mér finnst þetta vera meginefni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er gert ráð fyrir því að skuld Ríkisútvarpsins við Tryggingastofnun ríkisins verði látin ganga upp á móti gömlum skuldum Ríkisútvarpsins við ríkissjóð. (**GA:** Skuldajöfnun?) Það er skuldajöfnun. Það eru í raun og veru launaskuldir frá liðnum tíma mjög verulegar og við uppgjör á þeim komi það inn í myndina að um leið og Ríkisútvarpið gerir upp sínar skuldir, þá gerir ríkissjóður upp þann þátt sem lýtur að skuldum Ríkisútvarpsins við Tryggingastofnun ríkisins þannig að það er skuldajöfnun, já.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 402 kallaðar aftur til 3. umr.

Brtt. 392,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12:1 atkv.

Brtt. 392,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 392,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

6.–9. gr. (verða 7.–10. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 392,4 (þrjár nýjar gr., verða 12.–14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 392,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

13.–15. gr. (verða 17.–19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 392,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

16. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

17.–18. gr. (verða 21.–22. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 392,7 samþ. með 12 shlj. atkv.

19. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

20.–23. gr. (verða 24.–27. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 392,8 samþ. með 12 shlj. atkv.

24. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

25.–26. gr. (verða 29.–30. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

27. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, JGS, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SkA, StG, JHelg.

nei: DS, EKJ, GHG, GA, HBl, SalÞ.

3 þm. (ÞK, EgJ, KP) fjarstaddir.

Brtt. 392,9 (sex nýjar gr., verða 32.–37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

28.–30. gr. (verða 38.–40. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 392,10 samþ. með 12 shlj. atkv.

31. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 392,11 (fjórar nýjar gr., verða 42.–45. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

32.–33. gr. (verða 46.–47. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

38. fundur, miðvikudaginn 20. des., að loknum 37. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261, n. 413.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2/1985. Heilbr.- og trn. hefur komið saman og fjallað um þetta frv. og er sammála um að það verði samþykkt eins og það hefur komið til okkar frá Nd.

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara, Karl Steinar Guðnason skrifar einnig undir nál. með fyrirvara, Margrét Frímanns-

dóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Guðmundur H. Garðarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. frv. samþ. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JGS, EG, EKJ, GuðmÁ, GA, HÁ, JE, JúlS, KSG, SalÞ, SkA, StG, SvG, DS, JHelg.

nei: GHG, HBl.

4 þm. (ÞK, EgJ, KP, MF) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er mál sem flestallir hv. þm. hafa lítinn áhuga fyrir, vegna þess að hér er um skattlagningu að ræða á iðgjöld lífeyrissjóðanna, þ.e. lífeyrissjóðanna sem eru á samningssviði ASÍ og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Þegar þetta mál var hér til 1. umr. gerði ég grein fyrir því að þegar ríkisstjórnin gerði samkomulag við verkalýðshreyfinguna sl. vor um að þessar greiðslur héldu áfram þá var það einmitt eftirtektarvert og meira en það, þá var það raunverulega samkomulag milli aðila, þó ekki væri skráð, að lögum yrði ekki framlengt með þeim hætti að iðgjöld lífeyrissjóða sem eru með öfugan höfuðstól væru skattlögð með þessum hætti. Ég tel að með þessu sé raunverulega verið að fremja ákveðið lögbrot, alla vega siðferðislegt brot gagnvart þeim sem eru aðilar að þessum lífeyrissjóðum sem geta raunverulega ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. lögum og reglugerð. Með því að leggja þetta frv. fram með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert er raunverulega verið að svíkjast undan þeim loforðum sem hæstv. ríkisstjórn gaf sl. vor.

Ég verð þess vegna, virðulegur forseti, að gera grein fyrir mínu atkvæði og taka fram að ég er fylgjandi því efnislega að ákveðnar viðbótargreiðslur eigi sér stað til lífeyrisþega sem eru í lífeyrissjóðum, sem þurfa á slíku að halda. En með tilliti til þess að ekki var samið við verkalýðshreyfinguna um framlengingu á umræddum lögum með þessum hætti og að ekki hefur gefist svigrúm til að leita umsagnar hjá aðilum vinnumarkaðarins vegna þess hvað frv. kom seint fram og einnig með tilliti til þess að ekki hefur verið leitað umsagnar hjá þolendum sem eru lífeyrissjóðirnir, þá segi ég nei.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég var einn þeirra sem tóku þátt í þeim kjarasamningum sem hv. síðasti ræðumaður vísaði til. Ég kannast ekki við hans söguskýringu. (**GHG:** Þetta er lygi, þetta er skreytni . . .) Ja, ég var í þessum samningum en ekki hv. þm. (**GHG:** Ég var í samningunum fyrir hönd lífeyrissjóðanna.) En hitt er annað mál að ég fellst á að það hefði mátt leita umsagna lífeyrissjóðanna. Það hefði mátt flytja þetta frv. fyrr. Verkalýðshreyfingin rak á eftir því að þetta frv. kæmi fram. Enda mikil nauðsyn á að það yrði gert til að tryggja lífeyri aldraðs fólks. (**GHG:** Þetta er rangt . . .) Ég segi já.

2.–6. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 250. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). – Þskj. 406.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 104/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Þetta er flutt af heilbr.- og trn. þessarar hæstv. deildar.

Þar segir svo:

„1. gr. laga nr. 104/1988 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði skal frestur þessi standa til loka júnímánaðar 1990.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í athugasemdum við lagafrv. þetta segir:

„Allt frá gildistöku fyrstu laga um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 56/1973 sem tóku gildi 1. jan. 1974, hefur verið slegið á frest að taka upp kerfi heilsugæslu í Reykjavík. Síðast var þessi frestur ákveðinn í lögum nr. 104/1988 og stendur hann út yfirstandandi ár.

Í tengslum við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem öðlast gildi um næstu áramót, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, þar sem lagt er til að öll heilbrigðisþjónusta sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélaga færist yfir til ríkisins, sem ber frá og með 1. jan. nk. að standa undir öllum kostnaði við slíkan rekstur. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um þessa yfirfærslu þegar í hlut eiga svokallaðar sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar í samræmi við lög nr. 87 1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eftir stendur að færa heilsugæsluna í Reykjavík og heilsugæslu sem rekin er í tengslum við sjúkrahús yfir, auk starfsemi þeirra sjúkrahúsa sem rekin eru nú á vegum sveitarfélaganna.

Ákveðið hefur verið að fresta afgreiðslu málsins fram yfir áramót. Því er nauðsynlegt að framlengja enn um sinn frest til að koma upp kerfi heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði fram á mitt ár, en það er eina læknishéraðið sem ekki hefur enn tekið upp kerfi heilsugæslu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.“

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 414, brtt. 402, 415, 418.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Ég vil hér við 3. umr. gera grein fyrir tveimur brtt. sem fram hafa komið frá 2. umr. fyrir hlé. Þetta eru brtt. á þskj. 415 og 418. Nefndin kom saman korter fyrir níu og ræddi þessar brtt. ásamt fleiri málum.

Fyrri brtt. er við 1. gr. frv. Þá breytist talan „6 milljarðar 300 millj." í 6 milljarða 625 millj. Þetta er lagt til vegna aukinnar fjárþarfar ríkissjóðs, vegna þess að fram hefur komið að hallinn á ríkissjóði á þessu ári hefur reynst meiri en ráð var fyrir gert, en jafnframt vegna þeirra frv. sem og samkomulags sem gert hefur verið reynist þetta óhjákvæmilegt.

Hin brtt. er á þskj. 418 og það er einnig fjh.- og viðskn. sem flytur þá till. Hún er um það að á eftir 37. gr. komi ný grein er orðist svo: „Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi."

Eins og ég sagði áðan voru allir nefndarmenn sammála því að gera þessar brtt. við lánsfjárlögin nú við 3. umr. Þá vil ég lýsa því yfir að á þessum fundi nefndarinnar núna kl. 9 var einnig fjallað um brtt. sem tveir hv. þm., Guðrún Agnarsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir, hafa lagt fram og drógu til 3. umr. Það er að 21. gr. frv. falli niður en hún er um Menningarsjóð. Gert er ráð fyrir að framlag til Menningarsjóðs verði takmarkað við 8,5 millj. Allir nefndarmenn voru sammála um að fallast á þessa brtt. og vil ég fyrir hönd nefndarinnar, sem formaður hennar, lýsa því hér með yfir.

Þá hef ég farið yfir þær brtt. sem meiri hl. hefur lagt til. Í fyrsta lagi um að breyta 1. gr., síðan brtt. sem fjh.- og viðskn. gerir við 37. gr. og svo það sem nefndin var sammála um, að mæla með því að 21. gr. frv. um Menningarsjóð falli niður.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Af vangá gætti ég þess ekki við atkvgr. við 2. umr. að óska eftir því að þrír liðir við 9. brtt. á þskj. 392 yrðu bornir upp sérstaklega. Í fyrsta lagi b-liður, eða núverandi 33. gr., sem fjallar um að ríkissjóður standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum. Ég legg til að sú grein verði felld úr frv.

Í öðru lagi geri ég mér vonir um að sú skoðun hafi skilning hér í hv. þingdeild að við reynum að standa við þau lög sem sett voru hér 1987 um söknargjöld og kirkjugarða. Sérstök nefnd er starfandi, samstarfsnefnd þjóðkirkju og Alþingis, og ég man ekki betur en hæstv. forseti Alþingis eigi sæti í þeirri nefnd. Ég vil auðvitað að það nefndarstarf gangi sem best og legg þar af leiðandi til að 35. og 36. gr., um skerðingu á söknargjöldum og skerðingu á gjöldum til kirkjugarða, falli niður.

Ég vil líka taka fram, herra forseti, að ég sat ekki fund fjh.- og viðskn. í kvöld þannig að ég er ekki aðili að brtt. á þskj. 418 sem fjallar um að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga um virðisaukaskatt skuli fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi. Ég tel, ef þingið á annað borð telur rétt að virðisaukaskattur falli niður af gjöfum til björgunarsveita og mannúðar- og líknarstarfsemi, að sú heimild eigi heima í lögum um virðisaukaskatt en frv. um það efni er nú til umræðu í Nd.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég fagna þessum sinnaskiptum nefndarinnar sem komu fram í máli hv. formanns fjh.- og viðskn. Ég tel að þau viti á gott og beri vott um smáljós í myrkrinu þó á morgun sé dimmasti dagur ársins. Ég vil minna hv. þm. á mjög jákvæðar og nauðsynlegar tillögur sem liggja til breytinga við fjárlög og verða afgreiddar von bráðar. (Gripið fram í.) Ég vona að sinnaskiptin nái einnig til þeirra.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stenst ekki mátið að koma hér og gera athugasemdir við eina grein þessa frv. til lánsfjárlaga. Það er 27. gr. sem varðar málefni aldraðra.

Þegar lög um staðgreiðslu skatta gengu í gildi var þessi nefskattur, sem átti að renna til málefna aldraðra, einn af þeim sköttum sem voru felldir niður, eða réttara sagt felldir inn í staðgreiðslukerfið. Á sl. vori var þessi skattur tekinn upp á ný þegar breyting var gerð á lögum um málefni aldraðra og kom hæstv. fjmrh. þannig aftan að skattgreiðendum. Ekki þótti mér það nú stórmannlega að farið í skattahækkunum að nota til þess Framkvæmdasjóð aldraðra. En flestir gera sér grein fyrir því að hér er um mikilvægan málaflokk að ræða því þörfin til að sinna þessum málaflokki er brýn og hefur aukist mjög á undanförnum árum. Lífaldur manna fer hækkandi og öldruðum fjölgar í þjóðfélaginu. Því þykir mér steininn taka úr þegar nú á að skerða tekjur þessa sjóðs og fjmrh. ætlar að láta sig hafa það að taka í ríkishítina hluta af tekjum sjóðsins með skerðingarákvæði þessa frv. til lánsfjárlaga skv. 27. gr.

Ég minnist þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafði fögur orð um það hér á sl. vori þegar verið var að ræða um frv. til laga um málefni aldraðra að hér væri um að ræða gott mál þegar þessi skattur var aftur

tekinn upp í því frv. Þetta væri gott mál sem menn teldu ekki eftir sér að leggja lið með nefskatti enda aldrei verið skertur. Þetta tók hæstv. heilbr.- og trmrh. fram og það mun rétt vera. Þessi nefskattur var ekki einn af þeim sem hafa verið með þessi „þrátt fyrir" ákvæði í lánsfjárlögum á hverju einasta ári.

Ég lét í ljósi álit mitt við umræðuna á sl. vori um það frv. sem ég nefndi, þ.e. málefni aldraðra, að ég efaðist mjög um að tekjur þessa sjóðs fengju að renna óskertar í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég efaðist um að hæstv. fjmrh. mundi sætta sig við að taka ekki til sín eitthvað af tekjum þessa sjóðs. Það hefur nú komið á daginn og ég vil ítreka það að þetta er í fyrsta sinn frá því að lögin um Framkvæmdasjóðinn tóku gildi að tekjur þessa sjóðs verða nú skertar.

Ég mótmæli þessu og ég mun sýna mín mótmæli með því að greiða atkvæði brtt. sem flutt er af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur, um að 27. gr. verði felld brott.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 422 sem var of seint fram komin samþ. með 13 shlj. atkv.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hef verið að velta því fyrir mér síðan ég sá brtt. á þskj. 418 hvort það félli inn í lánsfjárlög að breyta skattalögum með þeim hætti sem hér er gert. Hér stendur: „Þrátt fyrir 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi."

Þannig hittist á að frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt er til umræðu nú í Nd. og ég óska eftir því að gengið verði úr skugga um það hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um að fella þessa brtt. inn í lög um virðisaukaskatt úr því að meiri hl. þingsins stendur til þess að fella niður virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi sem ég er samþykkur. Ég óska eftir því að hæstv. forseti athugi hvað sé þinglega rétt í þessu sambandi.

Forseti (Jón Helgason):

Óskað hefur verið eftir frestun á þessari atkvgr. til að athuga eina brtt. og verður orðið við því. Fundinum er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Fundi er fram haldið í Ed. Komið var að atkvgr. um fyrsta dagskrármálið. Vegna ábendinga um brtt. á þskj. 418 er talið eftir athugun að hún geti samrýmst þarna eins og ýmsar þær tillögur eða ákvæði sem sett hafa verið inn í lánsfjárlög á liðnum árum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 415 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 402,1 felld með 11:6 atkv.

Brtt. 402,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 402,3 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, EKJ, GHG, GA, HBl, SalÞ.

nei: SvG, JGS, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SkA, StG, JHelg.

3 þm. (ÞK, EgJ, KP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því enn á ný að þetta er í fyrsta skipti sem á að skerða tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra. Ég segi já.

Brtt. 422,1 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, EKJ, GHG, GA, HBl, SalÞ.

nei: EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SkA, StG, SvG, JGS, JHelg.

3 þm. (EgJ, KP, ÞK) fjarstaddir.

Brtt. 422,2 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, DS, EKJ, GHG, GA, HBl.

nei: SkA, StG, SvG, JGS, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, JHelg.

3 þm. (ÞK, EgJ, KP) fjarstaddir.

Brtt. 422,3 felld með 12:6 atkv.

Brtt. 418 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

39. fundur, miðvikudaginn 20. des., að loknum 38. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (gildistími og fjármögnun). — Þskj. 261.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu en ég vildi óska eftir því að hér yrði viðstaddur hv. 4. þm. Reykn. Ég ætla að leiðrétta, virðulegi forseti, ummæli sem hann viðhafði hér rétt áðan. Þar sem hér er allt skráð er rétt að það komi fram. Ég geri varla ráð fyrir því að hann muni mótmæla því sem ég mun segja hér núna en vegna þeirra orðaskipta sem fóru hér fram á milli hv. þm. og mín rétt áðan vil ég endurtaka það sem kom fram í ræðu

minni hér við 1. umr. að vegna þessa máls talaði forseti ASÍ, Ásmundur Stefánsson, við mig. Það var ekkert trúnaðarmál með þeim hætti að það mætti ekki skýra frá því sem fór fram á milli okkar.

Hann skýrði mér sérstaklega frá því, einmitt vegna þessa máls, að í samningum sl. vor hefði verið gert ráð fyrir því, eins og orðalag bréfs hæstv. forsrh. til Alþýðusambandsins ber með sér, að þær greiðslur sem hér um ræðir, þ.e. viðbótargreiðslur til þeirra sem taka eftirlaun hjá þeim lífeyrissjóðum sem eru á samningssviði ASÍ og VSÍ, verði verðbættar áfram. Og hefði verið gert ráð fyrir því að þær greiðslur kæmu úr almannatryggingakerfinu. Það sagði hann að hefði verið skilningur þeirra sem stóðu að þessum samningum, enda orðalag bréfs hæstv. forsrh. um þetta atriði með þeim hætti.

Ég vek einnig athygli á því að í grg. með þessu frv. þar sem umsjónarnefnd eftirlauna lætur í ljósi álit sitt um það hvernig þetta eigi að vera, en umsjónarnefndin hefur annast þessar millifærslur, kemur fram að umsjónarnefnd mælir í umsögn sinni með því að greiðslurnar verði ekki látnar koma lengur frá lífeyrissjóðunum.

Þetta vildi ég aðeins, virðulegi forseti, láta koma hér fram þannig að það væri staðfest og skráð sem ég hef hér sagt um efni þessa máls. Það er satt og rétt eins og ég hef skýrt frá.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Í síðustu kjarasamningum var lögð á það mikil áhersla að lög um eftirlaun aldraðra yrðu framlengd og samninganefndin fór þess á leit við ríkisstjórnina að hún beitti sér fyrir því. Ég var í þessari samninganefnd og fjallaði um þessi mál. Ég stend við það sem ég sagði hér áðan að á þeim fundum var ekki rætt um hvernig að þessu skyldi staðið. Það var rætt um að það væri nauðsynlegt að tryggja eftirlaun aldraðra. Það var kjarni málsins og seinni tíma skýringar um aðferðina til þess skipta engu máli.

Ég get fallist á að í framtíðinni sé rétt að almannatryggingar sjái um þennan þátt. En ég ítreka að samninganefndin sem slík skilgreindi ekki hvernig með þessi mál yrði farið heldur aðeins að tryggt yrði að réttur aldraðra yrði ekki skertur.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Karl Steinar Guðnason og ég höfum átt svona tveggja til þriggja áratuga samleið innan verkalýðshreyfingarinnar og höfum staðið að ýmsum málum, þar á meðal þessu sem hér um ræðir. Ég vil þakka honum fyrir það sem hann sagði hér í stuttri ræðu áðan, m.a. að skoðun hans væri sú að þetta ætti að fara inn í almannatryggingakerfið. Ég vona að annar hvor okkar eða við báðir verðum til staðar á hinu háa Alþingi þegar þar að kemur, þ.e. þegar þessi lög renna út, til þess m.a. að standa við þessi orð hv. þm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 435).

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 250. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). – Þskj. 406.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Stimpilgjald, 2. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 336, n. 419.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 419 frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978. Nál. er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar."

Í frv. er lagt til að stimpilgjald hlutabréfa lækki úr 2% af fjárhæð bréfanna í 0,5%. Ég tel rétt til skýringa að lesa hér aðeins upp úr greinargerð sem fylgir frv. en þetta er þmfrv. sem þm. Guðmundur G. Þórarinsson, Alexander Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson fluttu í Nd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um þessar mundir mun það samdóma álit fjölmargra í þjóðfélaginu að mikil nauðsyn sé að auka eigið fé fyrirtækja. Margt kemur þar til. Á undanförnum árum hefur gengið mjög á eigið fé fyrirtækja í mörgum greinum, ekki síst í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Lánsfé er dýrt og vextir háir vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé. Allt ber því að sama brunni, þ.e. æskilegt er að fyrirtæki auki eigið fé sitt. Á það er hins vegar að líta að það er kostnaðarsamt að auka hlutafé vegna stimpilgjalda. Auki fyrirtæki hlutafé sitt um t.d. 50 millj. kr. ber því að greiða 1 millj. kr. í ríkissjóð í stimpilgjöld af hlutabréfunum."

Undir þetta tekur hv. fjh.- og viðskn. Ed. og mælist

til að frv. verði samþykkt óbreytt, en það skal tekið fram að í meðförum hv. Nd. var gildistökuákvæðinu breytt á þá leið að lögin öðlist ekki þegar gildi heldur hinn 1. jan. 1990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JGS, DS, EG, EKJ, GHG, GuðmÁ, GA, HÁ, HBl, JE, JúlS, KSG, MF, SalÞ, SkA, StG, JHelg.

4 þm. (SvG, ÞK, EgJ, KP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Þegar ný ríkisstjórn var mynduð sl. haust með þátttöku Borgfl. var í stjórnarsáttmálanum að okkar ósk lögð á það rík áhersla að stimpilgjald af hlutabréfum skyldi fellt niður eða lækkað verulega. Nú hafa nokkrir þm. stjórnarinnar tekið af okkur ómakið og flutt frv. í þessa veru. Ég fagna því að þar með skuli þetta ákvæði stjórnarsáttmálans ná fram að ganga og segi já.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 237. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 339, n. 420.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 420 frá fjh.- og viðskn. Þetta er nál. vegna frv. til breytinga á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Um þetta frv. sem flutt er af fjh.- og viðskn. Nd. eru nefndarmenn allir sammála. Þetta frv. er eins og það frv. sem var mælt fyrir hér áðan, að vísu af öðrum stofni en beinist að sama markmiði, þ.e. að auka þátttöku almennings í að kaupa hlutafé í fyrirtækjum. En í greinargerð segir einmitt:

„Meginmarkmið frumvarpsins er að auka eigið fé fyrirtækja og renna styrkari stoðum undir atvinnulífið."

Hér er mælt fyrir um breytingar á þá leið að þeir sem kaupa hlutabréf í fyrirtækjum geti dregið upphæðina frá skattskyldum tekjum.

Þá voru allir nefndarmenn sammála um að mæla fyrir samþykki frv. og vonast ég eftir því að frv. verði þannig samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

40. fundur, miðvikudaginn 20. des., að loknum 39. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 250. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 406.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stimpilgjald, 3. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 21. mál (hlutabréf). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 446).

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 237. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 339.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 447).

NEÐRI DEILD

31. fundur, miðvikudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Vísitala byggingarkostnaðar, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Ed., 239. mál (endurgreiðsla virðisaukaskatts). — Þskj. 355, n. 378.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 378 er nál. fjh.- og viðskn. varðandi frv. til laga um breyting á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar, en þar er um að ræða að tekið verði upp nýtt bráðabirgðaákvæði sem verði bráðabirgðaákvæði II í lögunum. Það er svohljóðandi:

„Eftir upptöku virðisaukaskatts hinn 1. janúar 1990 skal Hagstofa Íslands við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar frá og með janúar 1990 taka tillit til endurgreiðslna virðisaukaskatts af byggingu íbúðarhúsnæðis vegna vinnu á byggingarstað, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, þannig að endurgreiddur virðisaukaskattur sé dreginn frá byggingarkostnaði reiknuðum með fullum virðisaukaskatti."

Þetta frv. er flutt að beiðni hagstofustjóra til að taka af vafa um útreikning og notkun vísitölu byggingarkostnaðar eftir upptöku virðisaukaskatts og endurgreiðslu hans til íbúðarbyggjenda vegna vinnu á byggingarstað.

Nefndin var einhuga um afgreiðslu þessa frv. og nefndarmenn skrifuðu allir upp á þetta nál. og standa að því og leggja til að frv. verði samþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 221. mál (breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga). — Þskj. 272, n. 379 og 380, brtt. 381.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 379 liggur fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi þetta mál, en meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Að nál. standa Friðrik Sophusson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Matthías Bjarnason, Þórður Skúlason, Guðmundur G. Þórarinsson og sá sem hér talar.

Hér er um að ræða frv. sem leiðir af breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að starfsmenn eru ekki knúðir til að hafa félagaskipti.

Minni hl. nefndarinnar skipar Þórhildur Þorleifsdóttir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu lætur lítið yfir sér en innihald þess er fyrst og fremst hvorum meginn hryggjar opinberir starfsmenn eigi að liggja eftir breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sá er þó hængur á að ekki virðist hafa verið staðið nægilega vel að undirbúningi þessa máls og ekki höfð þau samráð við viðkomandi stéttarfélög sem eðlilegt og nauðsynlegt væri í þessu máli.

Í frv. er lagt til að fólk geti valið um hvort það óski eftir því að vera í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða hvort það óski að tilheyra því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Það er eðlilegt að þessi háttur sé hafður á í byrjun en vafamál hvort festa á í lögum að sá háttur verði hafður á áfram og einungis nægi að ár hvert sé tilkynnt fyrir 15. jan. hverjum starfsmenn kjósa að framselja sinn samningsrétt.

BHMR hefur sent frá sér bréf í tilefni þessa og vill undirstrika að við frágang kjarasamninga 18. maí sl. hafi verið gerð svohljóðandi bókun:

„Samningsréttarlögin verði endurskoðuð í samvinnu við öll samtök opinberra starfsmanna. Stefnt verði að því að breytingar þær sem aðilar verða sammála um verði lagðar fram á haustþingi 1989."

Það er ljóst að við þetta hefur ekki verið staðið. Í fyrsta lagi er það auðvitað alvarlegt mál að heil stéttarfélög skuli ekki geta treyst því þegar slíkar bókanir eru gerðar við kjarasamninga að við þær sé staðið. En hér er ekki einungis um það að ræða að ekki hafi verið rætt við BHMR heldur átti að ræða við öll samtök opinberra starfsmanna og verður ekki séð að það hafi í rauninni verið hugsað til enda hvernig ástand skapast ef ekki verður sest niður og þessi mál gaumgæfð áður en fest verða í lögum þau ákvæði sem hér er lagt til. Því hefur Kvennalistinn flutt brtt. þess efnis að sá háttur sem er lagður til í frv. verði hafður á þetta ár en að lögin gildi aðeins í eitt ár og sá tími verði notaður til þeirra hluta sem þegar hafði verið kveðið á um með þessari bókun í kjarasamningi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er lagt fram er miklu stærra mál en í fljótu bragði virðist vera. Það er því ekki gott þegar svona frv. er lagt fram svo seint, í hájólaönnum og á að ræða það með þeim hætti sem hér hefur farið fram.

Hér er verið að breyta lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna í þá veru að þeir starfsmenn

sem áður hafa verið í starfsmannafélögum bæjarfélaga geta nú verið þar áfram að undangenginni tilkynningarskyldu, þó með þeim hætti að bæjarstarfsmannafélögin hafi samningsumboð fyrir þá þó aðeins að þeir tilkynni það í tíma.

Hér er verið að breyta grundvallargerð um starfsmenn ríkisins. Hér er verið að mismuna starfsmönnum ríkisins allverulega. Ef þetta frv. verður samþykkt þá má gera ráð fyrir því að menn vinni hlið við hlið sömu störf á mismunandi launum. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef munu margir af þeim starfsmönnum sem eru að fara frá bæjarfélögum yfir til ríkisins vera á um 20% hærri launum en ríkisstarfsmenn í sams konar störfum. Ég tel að það sé ekki rétt að fara svona að.

Það kemur í ljós við þessi lög eins og nokkur önnur lög að með breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á Alþingi, sem hér var lamin í gegn með miklum látum og mátti ekki breyta einu eða neinu, þá hefði þetta verið eitt af þeim málum sem hefði þurft að taka hér til rækilegrar skoðunar áður en þau lög voru samþykkt. Þessi lög þýða það jafnframt að það verður enn þá erfiðara fyrir ríkið að semja við sína starfsmenn. Ég þykist einnig sjá það að þegar hæstv. fjmrh. gengur til næstu samninga þá verði hann að semja fyrst við fjölmörg félög bæjarstarfsmanna, síðan við ASÍ, svo við BSRB og í þriðja lagi við BHM. Þetta er náttúrlega alveg ótækt fyrirkomulag miðað við það fyrirkomulag sem við höfum búið við og vekur þá spurningu hvort starfsmenn ríkisins eigi bara ekki rétt á því að stofna sín eigin félög utan BSRB, þó aðrir starfsemnn í sömu grein séu aðilar að BSRB.

Ég held að þessi lög segi það í rauninni að ef einhver hópur innan einhverrar ákveðinnar stofnunar telur hag sínum betur borgið með því að stofna nýtt félag þá eigi hann rétt á því. Ég vil ekki láta þessi lög fara hér fram hjá okkur án þess að koma þessu að.

Ég get tekið undir það sem hv. 18. þm. Reykv. segir í nál., að það sé ámælisvert að efni frv. skuli ekki hafa verið rækilega kynnt fyrir samtökum launafólks. Ég held að þessi mál séu miklu stærri og flóknari en menn vilja vera láta og hefði talið að þau hefðu þurft miklu rækilegri umfjöllun hér og betri en þetta frv. hefur fengið því það hefur farið í gegnum nefndir á ótrúlega skömmum tíma. Ég undrast það einnig að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hér á þingi, sem eru allnokkrir bæði í efri deild og neðri, hafa nánast ekkert fjallað um þetta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 381,1 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GHelg, HJ, IBA, KE, RH, RG, ÞÞ, AÓB, BÍG.

nei: FrS, GeirG, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JK, JSS, MB, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, SJS, AS, ÁHE.

EH, FÞ, KrP, ÓE, ÁrnG greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (GB, JBB, JónS, MÁM, MálmS, PJ, SighB, SV, StH, ÞP, AðB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel að fjmrh. og ríkisstjórn hafi orðið nokkuð á í messunni við undirbúning þessa máls og að ekki hafi verið haft eðlilegt samráð við alla hlutaðeigandi aðila, ekki nú frekar en á síðasta vori þegar lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru samþykkt án samráðs við starfsmannafélögin. Hér er verið að reyna að leiðrétta mistök sem þá urðu.

Ég tel að þetta mál sé ekki nægilega vel undirbúið. Ég tel að tillaga Kvennalistans sé þó skárri og segi já.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í ræðu minni áðan tel ég þetta mál illa undirbúið og hefði átt að leggja það fram strax í haust. Þetta er eitt af þeim málum sem ekki hefur verið gengið frá varðandi verkaskiptinguna. Ég tel að tillaga Kvennalistans sé þó til bóta og segi já.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins undirstrika hversu alvarlegt það er ef Alþingi ætlar með þeim hætti sem hér er boðað að ganga á rétt launþegahreyfingarinnar. Ef ekki er hægt að treysta því að staðið sé við bókanir sem gerðar eru í kjarasamningum er hætta á alvarlegum trúnaðarbresti í samskiptum ríkisins og samtaka opinberra starfsmanna. Þetta er ekki stórfelld breyting sem hér er lögð til, aðeins að lögin gildi bara í eitt ár og ætti þá að gefast kostur á að hafa eðlileg samráð og samvinnu við öll samtök opinberra starfsmanna eins og lofað var. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 381,2 felld með 16:8 atkv.
2. gr. samþ. með 21:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 340, n. 387, 393 og 396, brtt. 385, 388, 394, 397.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 387 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og komu eftirtaldir til viðræðna við nefndina: Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Ásmundur Stefánsson og Ari Skúlason frá ASÍ, Björn Arnórsson og Sigurður Jóhannesson frá BSRB, Birgir Björn Sigurjónsson frá BHMR, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði, Ólafur Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Árni Reynisson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ, Sveinn Hjörtur Hjartarson frá LÍÚ, Þorleifur Jónsson og Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Gunnar S. Björnsson frá Meistara- og verk-

takasambandi byggingarmanna, Ágúst H. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Erna Hauksdóttir frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Sigurgeir Sigurðsson, Magnús E. Guðjónsson og Eggert Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, María Jóna Gunnarsdóttir frá Sambandi íslenskra hitaveitna, Eiríkur Þorbjörnsson frá Sambandi íslenskra rafveitna, Pálmi Kristinsson og Gunnar Birgisson frá Verktakasambandi Íslands, Gunnlaugur Júlíusson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Guðrún Zoëga, Pétur Stefánsson og Ólafur Erlingsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Gestur Jónsson frá Lögmannafélagi Íslands, Árni Tómasson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Heiðar Ástvaldsson frá Dansráði Íslands, Valur Þorvaldsson frá Svínaræktunarfélagi Íslands, Bjarni Á. Jónsson frá Félagi kjúklingabænda, Stefán Þorbergsson og Rögnvaldur Hilmarsson frá flugskólanum Vesturflug. Gestirnir greindu frá viðhorfi sínu til málsins, lögðu fram gögn og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Nefndinni til ráðuneytis voru Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson frá embætti ríkisskattstjóra og Snorri Olsen, Bolli Þór Bollason Maríanna Jónasdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir frá fjmrn.

Nefndin varð sammála um að gera nokkrar breytingar á frv. og eru tillögur um slíkt fluttar á sérstöku þskj. Hins vegar varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins í heild. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. nefndarinnar. Brtt. nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Lagt er til að flugnám verði undanþegið virðisaukaskatti á sama hátt og ökunám. Þá verði dansnám einnig undanþegið.

2. Við 6. gr. Þar sem nú er komið í frv. almennt ákvæði er undanþiggur tímarit virðisaukaskatti er ekki þörf á sérstökum lið um skattmeðferð erlendra tímarita.

3. Á 13. gr. eru tvær breytingar:

a. Lagt er til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað fari fram eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti.

b. Lagt er til að sú regla, er heimilar endurgreiðslur til sveitarfélaga, verði einnig látin gilda um ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir til að unnt sé að tryggja samkeppnisstöðu þjónustugreina.

Nefndarmenn fjölluðu ítarlega um gjaldfrest í tolli og er meiri hl. nefndarinnar ljóst mikilvægi þess að sporna við hækkun verðlags og vaxta. Ákveðið hefur verið að gjaldfrestur á virðisaukaskatti verði veittur við innflutning á hráefni til innlendrar iðnaðarframleiðslu. Meiri hl. telur mikilvægt að fjmrn. kanni kosti þess að veita víðtækari gjaldfrest á innflutningi í því skyni að koma í veg fyrir verðlagshækkanir.

Þá fjallaði nefndin nokkuð um frekari undanþágur á virðisaukaskatti vegna sölu á heitu vatni. Nefndin telur ekki ástæðu til að hafa undanþáguna víðtækari en efri deild féllst á. Nefndin vill í þessu sambandi benda á að eftir breytingu efri deildar er undanþágu-ákvæðið svipað og verið hefur í söluskattslögunum. Núgildandi söluskattslög hafa t.d. verið túlkuð þannig að undanþága næði til snjóbræðslu.

Nefndin ræddi áhrif virðisaukaskatts á starfsemi sveitarfélaganna. Í frv. er lagt til að fjmrh. verði heimilt að ákveða með reglugerð að endurgreiða sveitarfélögunum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt af kaupum á skattskyldri vöru eða þjónustu atvinnufyrirtækja. Meiri hl. vill vekja sérstaka athygli á yfirlýsingu fjmrh. við 1. umr. í neðri deild, en hann sagði þar m.a.:

„Samkvæmt gildandi lögum um virðisaukaskatt var ætlunin að sveitarfélögin greiddu neysluskatt af mun breiðari stofni en í dag vegna þess að vinna manna á byggingarstað verður skattskyld eftir áramót. Hins vegar hefur verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar, í fyrsta lagi að beita sér fyrir því að virðisaukaskattur sveitarfélaga verði endurgreiddur. Í öðru lagi hefur fjmrn. nú þegar tilgreint ákveðna þætti þar sem endurgreiðslan mun gilda. Í bréfi fjmrn. til sveitarstjórna sem og á fundi sem ég átti með forráðamönnum Sambands ísl. sveitarfélaga lýsti ég því yfir að það sé ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að hafa framkvæmdir sveitarfélaga að sérstakri tekjulind í þessum efnum og bauð forsvarsmönnum sveitarfélaga upp á nána samvinnu við fjmrn. til að fylgjast með hvernig virðisaukaskatturinn kemur út gagnvart sveitarfélögum og aðlaga framkvæmdina þeirri reynslu. Það hefur tekið nokkurn tíma í ýmsum löndum þar sem virðisaukaskattur hefur verið við lýði að finna honum eðlilegt form varðandi sveitarfélögin. Það er einnig mikilvægt að tryggja að það gildi jafnræði milli sveitarfélaganna í þessum efnum vegna þess að það er ljóst að virðisaukaskatturinn mun koma nokkuð misjafnt við sveitarfélögin."

Meiri hl. fagnar þessari yfirlýsingu fjmrh. og væntir þess að heimild skv. 3. mgr. 42. gr. verði nýtt."

Undir þetta rita Guðmundur G. Þórarinsson, með fyrirvara, Þórður Skúlason, með fyrirvara og Jón Sæmundur Sigurjónsson og Páll Pétursson. Það er rétt að vekja sérstaka athygli á því að fjmrh. hefur gefið yfirlýsingu um að hann muni setja á stofn samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga til þess að fjalla um framkvæmd virðisaukaskatts hvað sveitarfélögin varðar.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 393, en það er nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Í þeim minni hl. eru sá sem hér stendur og hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason.

Að gefnu tilefni um það að við sjálfstæðismenn hefðum ætlað að hindra afgreiðslu þessa máls fyrir jól vil ég taka fram eftirfarandi.

1. Frv. þetta kom mjög seint fram þar sem hæstv. ríkisstjórn átti í erfiðleikum að ákveða hvaða efnisatriði ættu að koma fram í frv.

2. Málið var tekið fyrir í hv. fjh.- og viðskn. áður en 1. umr. fór fram. 36 gestir komu þá á fund

nefndarinnar auk þeirra sex starfsmanna ríkisins er sátu fundi hennar. Ég held að það sé einsdæmi og jaðri reyndar við að vera óþinglegt að nefnd fari ofan í mál með þessum hætti áður en málið hefur verið sent viðkomandi þingnefnd.

3. 1. umr. málsins var mjög stutt og talaði aðeins einn þm. frá hverjum stjórnarandstöðuflokki.

4. Látið var átölulaust að mestu að hæstv. ráðherra var ekki við nema hluta af 1. umr. málsins þar sem hann var á sama tíma að mæla fyrir öðru máli í hv. Ed.

5. Nefndin lauk störfum innan við sólarhring eftir að málið fór til hennar.

6. Málinu var lokið í nefndinni áður en allar upplýsingar lágu fyrir um mikilvæg atriði og enn á hæstv. ríkisstjórn eftir að taka ákvarðanir sem snerta veigamikil atriði í frv.

7. Nefndarfundir voru a.m.k. tvívegis haldnir á meðan fundir stóðu yfir í Sþ.

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að 1. minni hl. hefur ásamt með öðrum nefnarmönnum í hv. fjh.- og viðskn. greitt fyrir því að þetta mál fái óvenjuhraða afgreiðslu í hv. deild til að hægt sé að afgreiða það nú fyrir jól.

Það frv. sem hér er til umræðu er frv. til breytinga á lögum sem samþykkt voru á sínum tíma um virðisaukaskatt, en upptaka slíks skatts er stór liður í að aðlaga íslenskt skattkerfi að því skattkerfi sem ríkjandi er í okkar helstu nágranna- og viðskiptalöndum, svo sem öllum Vestur-Evrópuríkjum. Verði frv. sem hér er til umræðu að lögum er ljóst að Ísland verður í hópi þeirra þjóða sem hafa hvað hæstan virðisaukaskatt. Aðeins tvær þjóðir hafa hærra skatthlutfall og báðar þjóðirnar eru með virðisaukaskatt í nokkrum þrepum. Það eru annars vegar Svíar og hins vegar Írar. Það er jafnframt ljóst að með því að hækka skatthlutfallið úr 22% í 24,5% er um verulega skattahækkun að ræða og séu tekjur ríkissjóðs bornar saman annars vegar að óbreyttu söluskattskerfi og hins vegar með þeirri breytingu sem hér er lögð til er giskað á að kerfisbreytingin færi ríkissjóði a.m.k. 1½ milljarð í auknar tekjur og bætast þær við þann tekjuauka sem fæst vegna breytinga sem nú er áætlað að verði um áramótin í tekjuskattskerfinu. Þannig geta þessar tvær breytingar orsakað þriggja milljarða tekjuauka í ríkissjóð, en þess ber að geta að til frádráttar verður að telja að aðrir skattar lækka, t.d. eignarskatturinn, ef áform ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga.

Það er mikilvægt, virðulegur forseti, að það komi fram hér við 2. umr. að það virðist ekki skipta máli þótt hæstv. ríkisstjórn auki þannig skattheimtuna. Útgjöld ríkissjóðs vaxa jafnharðan og nú er svo komið að ríkisútgjöld, mæld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hafa aldrei verið hærri hér á landi, nálgast það að vera 29% sem er Íslandsmet. Það lýsir þessu best að á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 5 milljarða halla á ríkissjóði og á næsta ári má gera ráð fyrir samsvarandi halla og sumir þeir svartsýnu spá enn þá meiri halla á næsta ári þrátt fyrir aukna skattheimtu hæstv. ríkisstjórnar.

Í yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstjórn gaf við lok kjarasamninga á sl. vori, nánar tiltekið hinn 30. apríl 1989, lofaði ríkisstjórnin með skriflegum hætti og undirrituðum af hæstv. forsrh. að jöfnunargjald yrði fellt niður þegar virðisaukaskattur kæmi til framkvæmda. Nú er ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera orð hæstv. forsrh. ómerk með því að halda áfram að leggja á jöfnunargjald. Þess skal getið að jöfnunargjaldið var sett á á sínum tíma til þess að hægt væri að endurgreiða fyrirtækjum sem stunda útflutning uppsafnaðan söluskatt. Nú er því hlutverki jöfnunargjaldsins lokið og jöfnunargjaldið þess vegna orðinn hreinn verndartollur.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið skili í ríkissjóð 500 millj. kr. Jöfnunargjaldið hefur verið frá sl. vori 5% og ef það hlutfall er reiknað til heils árs hefði jöfnunargjaldið gefið ríkissjóði 1 milljarð. Það er því ljóst að breytingar hljóta að verða á álagningu jöfnunargjalds. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir í nefndinni hafa ekki fengist svör við því hvort hæstv. fjmrh. ætlar að hætta við álagningu gjaldsins á miðju ári eða hvort hlutfallið fer stiglækkandi, og er þetta eitt þeirra atriða sem hv. Alþingi hlýtur að ganga eftir svörum við.

Það var upplýst í hv. nefnd að ætlun hæstv. ríkisstjórnar væri að greiða útflutningsgreinunum 390 millj. kr. upp í uppsafnaðan söluskatt vegna framleiðslu á árinu 1989. Ekki fengust upplýsingar um það hvort þessi upphæð dygði né heldur hvernig hún skiptist á einstakar útflutningsgreinar. Þó kom fram hjá einum hv. nefndarmanni að líklega þyrfti um 200 millj. kr. eingöngu til fiskeldis. Sjá þá allir að lítið verður til skiptanna fyrir sjávarútveginn að öðru leyti og iðnaðinn, en þess ber að geta að það er lagaskylda að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í iðnaði.

Þegar hæstv. utanrrh. var fjmrh. í tíð síðustu ríkisstjórnar var lagafrv. um virðisaukaskatt breytt og tekin inn í 34. gr. frv. heimild til þess að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning. Það var skilningur allra þeirra sem að því máli stóðu að hæstv. ríkisstjórn mundi beita þessari heimild. Nú hefur hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn, kannski vegna fjarveru hæstv. utanrrh., gert hæstv. utanrrh. ómerkan sinna orða og svikið þá samninga sem ég tel að gerðir hafi verið á sínum tíma, einkum og sér í lagi annars vegar við iðnaðinn og hins vegar við verslunina. Á móti kemur að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann ætli að veita sérstakan greiðslufrest á hráefni og rekstrarvörum iðnaðarins og verður sá greiðslufrestur veittur eftir geðþótta fjmrh. Það er nauðsynlegt, virðulegur forseti, að það komi skýrt fram að fulltrúar iðnaðarins sem heimsóttu nefndina voru á þeirri skoðun að nota ætti heimildina í 34. gr. til almenns greiðslufrests. Verði sú niðurstaðan, sem ég vona að verði ekki, að leið hæstv. fjmrh. verði valin þýðir þetta það að áliti allra þeirra sem reiknað hafa út áhrif slíkrar ákvörðunar að almennt verðlag á vörum sem fluttar eru inn mun hækka a.m.k. um 1%, aðrir segja 2% og jafnvel hærri tölur eru nefndar, en varlega áætlað má telja að hækkunin verði a.m.k. 1–2%.

Það ber einnig að leggja áherslu á það að sú

fjárbinding sem verslunin verður fyrir af þessum sökum hlýtur að bitna fyrst og fremst á landsbyggðarversluninni sem nú á undir högg að sækja, enda er veltuhraði landsbyggðarverslunarinnar talsvert minni en hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég deili þess vegna og við í minni hl. áhyggjum okkar með því sem fram kom í nál. meiri hl. nefndarinnar og teljum fyllstu ástæðu til þess að skora á hv. meiri hl. nefndarinnar að beita sér fyrir því á milli 2. og 3. umr. að ná fram skýrari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. þess efnis að staðið verði við þann samning sem við teljum að gerður hafi verið á milli atvinnurekenda og hæstv. utanrrh. þegar hann á sínum tíma gegndi störfum fjmrh. Mér er kunnugt um áhuga sumra hv. meirihlutamanna á þessu máli og ég hvet þá til þess að kanna þetta mál ofan í kjölinn.

Hæstv. ráðherra hefur notað þau rök í þessu máli að í raun skipti þetta verslunina litlu máli því að hún hagnist á upptöku virðisaukaskattsins og þess vegna þurfi ekki greiðslufresturinn til að koma. Þetta er auðvitað út í hött því að ljóst er að verslunin hagnast jafnmikið og ríkissjóður tapar í þeim skilningi að greiðsluflæðið verður hægara til að byrja með og hlýtur það að þýða að minni tekjur koma inn í ríkissjóð fyrstu mánuðina en síðan mun það að sjálfsögðu jafna sig þegar kemur fram á árið 1991.

Þá vil ég geta þess, virðulegur forseti, að ef frv. breytist ekki og þar með lögin um virðisaukaskatt má gera ráð fyrir að sveitarfélögin þurfi að greiða sem nemur 900 millj. kr. vegna skattkerfisbreytingarinnar. Þessi áætlaða tala er fundin þannig út að reynt er að áætla greiðslur sveitarfélaganna vegna virðisaukaskattsins og síðan er dregin frá sú tala sem sveitarfélögin hefðu hvort sem er orðið að borga í söluskatt. Hér er um verulegar upphæðir að ræða og ég fagna því að hæstv. fjmrh. hefur sýnt skilning á þessu máli og lýst því yfir, eins og kemur fram í nál. meiri hl. og framkallaðist þegar ég spurði hann við 1. umr. málsins, að slíkt sé óverjandi. Hins vegar hefur hæstv. ráðherra ekki fengist til þess að leita lausna á þessu máli með því að flytja brtt. sem nægði fyrir sveitarfélögin í landinu. Nefndarmenn fengu upplýsingar um það að í Danmörku þar sem virðisaukaskatturinn er undanþágulaus, en Danmörk er eitt fárra landa í Vestur-Evrópu þar sem virðisaukaskatturinn er undanþágulaus, njóti sveitarfélögin fríðinda á þessu sviði og virðisaukaskatturinn sé endurgreiddur með ákveðnu kerfi. Er það í þeim anda sem vitað er að gerist víðast hvar að sveitarfélög sem eru skylduð samkvæmt lögum til þess að halda úti ákveðinni þjónustu og að framkvæma vissa hluti eiga auðvitað ekki að verða tekjulind eða féþúfa ríkissjóðs.

Ég vil þess vegna nú þegar ljóst er að þetta mál á eftir að fara til 3. umr. og jafnframt til Ed. skora á hv. meiri hl. nefndarinnar að kanna það hvort ekki sé nú þegar hægt að finna lausn á þessu máli sem báðir aðilar geta sætt sig við, en af því er slæm reynsla í öðrum löndum að slíkt sé dregið og vitna ég þá enn til Danmerkur í því sambandi en lögunum þar var breytt árið 1985 til þess að koma í veg fyrir sífellda árekstra á milli annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar sveitarfélaganna.

Það er ljóst, virðulegur forseti, að verði þetta frv. samþykkt með þeim endurgreiðslureglum að greiða eigi til baka á heildsölustigi ákveðnar matvörur muni vissar matvörur hækka meira en sýnist samkvæmt frv. Það er viðurkennt af fjmrn. að um það bil 1000 millj. þurfi að ganga til endurgreiðslna á hluta af virðisaukaskattinum vegna matvörunnar sem á að njóta þessa afsláttar. Jafnframt er viðurkennt að það vanti 500 millj. kr. á niðurgreiðslufé ríkisins til þess að verðlag á dilkakjöti og mjólkurafurðum breytist ekki umfram annað verðlag í landinu. Öll vitum við að verðlagsforsendur fjárlagafrv. eru reistar á veikum grunni. Gert er ráð fyrir því að nánast engar kauphækkanir eigi sér stað á næsta ári og verðlag breytist þannig að frá meðaltali þessa árs til meðaltals næsta árs verði breytingin 16,5% samkvæmt splunkunýjum tölum frá Þjóðhagsstofnun. Vissulega er hægt að draga í efa þessa spá Þjóðhagsstofnunar. Samkvæmt reynslu hafa spár Þjóðhagsstofnunar ekki reynst sannar í raun, enda eru þær spádómur. Gangi það eftir að spár Þjóðhagsstofnunar verði jafnraunhæfar og á umliðnum árum dregur enn í sundur og þá er hægt að halda því fram að í raun lækki dilkakjötsverð og mjólkurafurðaverð ekki vegna þess að það skortir fé úr ríkissjóði til þess að standa við þær niðurgreiðslur sem hafa verið við lýði á þessu ári. Upphæðin í fjárlögum miðast við það að greiða aðeins út sömu peningaupphæð og þess vegna má segja að áhrif endurgreiðslunnar á hluta virðisaukaskattsins til lækkunar á verði dilkakjöts og mjólkur muni verða hverfandi þegar líða tekur á næsta ár.

Virðulegi forseti. 1. minni hl. nefndarinnar styður að sjálfsögðu brtt. sem koma frá nefndinni og stendur að þeim brtt. en 1. minni hl. leyfir sér að flytja nokkrar brtt. á þskj. 394 og mun ég nú í örstuttu máli gera grein fyrir þeim helstu.

1. brtt. er ætlað að koma til móts við sjónarmið sveitarfélaganna en hún er orðrétt sú hugmynd sem Samband ísl. sveitarfélaga lagði nefndinni til.

2. brtt. fjallar um það að hafa virðisaukaskattinn í tveimur þrepum eins og Sjálfstfl. hefur lagt til.

3. brtt. fjallar um það að undanþiggja eldsneyti í innanlandsförum og veiðarfæri og brennsluolíu fyrir fiskiskip. Það fyrrnefnda mun hækka kostnað fyrir flugfélögin á innanlandsmarkaði og þar með fyrir farþega, en síðari liðurinn getur valdið vandræðum fyrir útgerðina.

Í 4. brtt. leggjum við til að lögfræðiþjónusta verði undanþegin, ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram í nefndinni, að virðisaukaskattur á lögfræðiþjónustu lenti eingöngu á þeim sem verst væru settir því að fyrirtæki, stofnanir og félög gætu varpað af sér virðisaukaskattinum vegna þess að hann er nettóskattur.

Í 5. brtt. er lagt til að byggingarkostnaður gistihúsa verði undanþeginn skattinum, enda er um útflutningsstarfsemi að ræða.

Í 6. brtt. er fjallað um tveggja þrepa skattinn og enn fremur í þeirri sjöundu, en báðar þessar tillögur eru afleiðing af því að Sjálfstfl. leggur til að virðisaukaskatturinn sé í tveimur þrepum. Sömu sögu er að segja um 8. og 9. tillöguna, en í 10. tillögu gerum við ráð fyrir að aðeins verði heimilt að skuldajafna við útgreiðslu skattsins til þeirra fyrirtækja sem skulda önnur opinber gjöld. Slíkt geti aðeins gerst við reglulegt uppgjör og aðeins þegar viðkomandi fyrirtæki eigi ekki á sama tíma kröfur á ríkissjóð fyrir seldar vörur og þjónustu. Fulltrúar Kvennalistans flytja tillögu sama efnis og munum við styðja hana til vara því að það er einn efnislegur munur á þeim tveim tillögum þar sem við gerum ráð fyrir því að setja inn orðalagið „við reglulegt uppgjör".

Í 11. brtt. leggjum við til að 11. gr. frv. falli brott en í henni eru tvöfölduð þau viðurlög sem voru og eru í gildandi lögum. Við teljum varasamt, nú þegar kerfisbreytingin á sér stað og mjög margir nýir gjaldendur koma til skjalanna, að auka refsiviðurlögin með þessum hætti og teljum að það þurfi að fara varlega af stað þó að við höfum að sjálfsögðu fullan skilning á því að eftir því verður að ganga að fyrirtækin standi skil á virðisaukaskattinum.

12. brtt. er fyrst og fremst tillaga sem snýr að ríkisskattstjóra og kærum og enn fremur sú 13. sem gerir ráð fyrir að málsmeðferð geti verið flýtt og mál eigi greiðari aðgang í gegnum kerfið en nú er.

14. brtt. er ákaflega mikilvæg því að í henni er fjallað um greiðslufrest í tolli og þar herðum við á því heimildarákvæði sem nú er í lögunum.

15. brtt. fjallar um tveggja þrepa skattinn, í fyrsta lagi. Í öðru lagi gerum við ráð fyrir að hönnunarkostnaður vegna byggingarframkvæmda verði endurgreiðanlegur og í þriðja lagi gerum við ráð fyrir því í brtt. okkar að endurgreiðsla vegna virðisaukaskatts af endurbótum íbúðarhúsnæðis nái enn fremur til meiri háttar viðhalds og að viðmiðunartalan verði 4% af fasteignamati en ekki 7% eins og segir í frumvarpsgreininni.

Í 16. brtt. leggjum við til að gildistöku virðisaukaskatts verði frestað til 1. júlí 1990 og í 17. brtt. leggjum við til að virðisaukaskattur af bókum samkvæmt skilgreiningu frv. falli niður 1. sept. en ekki 16. nóv. eins og frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir. Til vara munum við styðja tillögu Kvennalistans sem leggur til að 16. sept. komi í staðinn fyrir 16. nóv.

Það væri vissulega ástæða til að fara mörgum fleiri orðum um frv. og þessa kerfisbreytingu og fyrirliggjandi brtt. Ég kemst ekki hjá því, virðulegur forseti, að minna á að á þskj. 385 eru brtt. frá Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni, hv. þm. Frjálslynda hægriflokksins. Ýmsar þær brtt. eru með svipuðum hætti og brtt. 1. minni hl. Aðrar eru annars efnis og án þess að lýsa þeim sérstaklega, enda er það annarra að gera það, get ég sagt að a.m.k. frá mínum sjónarhóli er eðlilegt að 1. minni hl. styðji einstakar greinar af þeim sem er að finna á því þingskjali.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég því víst yfir að ég mundi verða stuttorð í það skipti um frv. það sem hér er til umfjöllunar en þeim mun langorðari við 2. umr. Nú hafa mál skipast þannig að hver mínúta er dýrmæt og best að þær mínútur sem eftir eru nýtist allar vel. Því mun ég reyna að stytta mál mitt að mun og ekki fara um víðan völl varðandi frv. heldur reyna að einskorða mig við þær brtt. sem við kvennalistakonur leggjum fram við þetta frv. auk fáeinna almennra orða um frv. Ég vil geta þess strax í upphafi að við munum að sjálfsögðu styðja þær brtt. sem fjh.- og viðskn. stendur öll að en mun koma að brtt. Kvennalistans seinna.

Við kvennalistakonur vorum aldrei þeirrar skoðunar að kostir virðisaukaskatts væru stærri en gallar hans og greiddum þess vegna atkvæði gegn honum. Engar nýjar forsendur hafa að okkar mati komið fram til að breyta þeirri afstöðu. Þvert á móti hefur flest það komið fram sem Kvennalistinn spáði í umræðum um virðisaukaskattinn á sínum tíma.

Helstu rök fyrir upptöku hans eru brostin. Undanþágum átti að fækka, en þeim fjölgar ört svo að nú er útlit fyrir að þær undanþágur sem nú eru frá söluskatti rati flestar inn í virðisaukaskattslögin. Kostnaður við upptöku þessa skattkerfis er mikill, það viðurkenna allir, bæði hjá skattyfirvöldum og fyrirtækjum. Það var haft á orði þegar virðisaukaskattslögin sjálf voru til umræðu að það þyrfti a.m.k. 70 ný störf við skattinnheimtu til þess að anna innheimtu þessa skatts og vafalaust mun eitthvað svipað gerast hjá fyrirtækjum því að þau eru mörg hver mjög vanbúin að mæta þessum breytingum. Þetta kerfi er flóknara, kostar þar af leiðandi meiri skriffinnsku, meiri mannafla og verður því óhjákvæmilega dýrara en það sem nú er í gildi.

Frestun á gildistöku laganna hefur ekki verið notuð sem skyldi til undirbúnings en þau voru rökin fyrir frestuninni. Um þetta ber öllum saman sem til viðtals komu við fjh.- og viðskn. auk þess sem við höfum fengið að fylgjast með því hér á Alþingi að reglugerðir hafa verið seint á ferðinni og sumar enn ókomnar. Það var upplýst í meðförum nefndarinnar á frv. að nú yrði tekin upp öflug fræðslustarfsemi fyrir fyrirtæki. Hvað er öflugt er eflaust afstætt orð en ég hef það fyrir satt að um 20 manns muni nú fara á yfirreið til þess að hjálpa fyrirtækjum yfir byrjunarörðugleika í framkvæmd þessa skattkerfis. Það má í raun segja að eini árangur frestunarinnar sé sá að ráðrúm gafst til þess að breyta skatthlutfalli og hækka það frá því sem ákveðið var þegar lögin um virðisaukaskatt voru samþykkt hér á Alþingi. Það þarf náttúrlega engum að koma á óvart þegar svo virðist vera að í hvert skipti sem einhver tekjuöflunarfrumvörp eru til umræðu á þingi hafi skatthlutföll hækkað í þeim sömu frv. og virðist 2% eða þar um bil vera að verða sígild tala í þeim efnum.

Þrátt fyrir það að við höfum aldrei verið fylgjandi upptöku þessa skatts og vildum helst að menn sæju að sér í tíma og hættu við gildistöku þessara laga freistum

við þess nú að flytja nokkrar brtt. í þeirri von að enn sé ráðrúm til að færa eitthvað til betri vegar. Það hefði verið hægt að flytja fjölmargar brtt. við frv. sem hér er til umræðu. Við völdum þá aðferð að hafa þær fáar og leggja þar með áherslu á mikilvægi þeirra.

Ég mun fyrst taka 2. brtt. sem er við 10. gr. og inniber að ríkið geti ekki með yfirgangi gengið þannig til innheimtu að hægt sé að nota skuldir til skuldajöfnunar. Það er í rauninni ekki líðandi að ríkið geti í krafti styrks síns viðhaft aðferðir í innheimtu sem það ekki leyfir öðrum. Við leggjum því til að greinin orðist svo:

„Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum er heimilt að skuldajafna á móti endurgreiðslu enda eigi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfu á ríkissjóð fyrir seldar vörur eða þjónustu."

Brtt. nr. 3 varðar skattlagningu á bókum. Þegar er í frv. að finna brtt. þar sem bækur á íslensku, hvort sem þær eru frumsamdar eða þýddar, eru undanþegnar virðisaukaskatti og er það vel og í samræmi við þá brtt. sem Kvennalistinn flutti við virðisaukaskattsfrv. hér um árið. Þó er sá galli á að þessari undanþágu er ekki ætlað að taka gildi fyrr en 16. nóv. 1990. Ég gerði það að umtalsefni í 1. umr. þessa máls hversu illa þetta kæmi niður á námsmönnum sem mundu flestir hverjir þurfa að verða sér úti um námsbækur áður en til undanþágu kæmi. Því væri óréttlátt að miða við þessa dagsetningu og það yrðu eflaust þeir sem ekki þyrftu að horfa í aurinn sem gætu keypt námsbækur, aðrir yrðu að bíða og standa þar með hallari fæti en þeir sem efnameiri væru. Við leggjum til að undanþágan taki gildi 16. sept. í stað 16. nóv. og miðum þá við uppgjörstímabil.

Þriðja brtt., sem reyndar er nr. 1 á þskj. 397, er auðvitað sú sem mestu máli skiptir, er þess vegna nr. 1 á þingskjalinu, en ég tek hana síðast í máli mínu til þess að undirstrika mikilvægi hennar. Í frv. er aðeins lagt til að gerðar verði mjög takmarkaðar breytingar á skattlagningu matvæla. Lagt er til að endurgreiða skuli hluta virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla, af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að verð á þeim verði álíka og ef skatthlutfallið af þessum matvörum væri 14% í stað 24,5%. Endurgreiðslu stendur svo til að fjármagna með um það bil 900 millj. kr. á næsta ári. Enn hefur því ekki verið svarað og kannski veit enginn enn þá hversu mikið fé þarf í raun. Það er einmitt ein sú reglugerð sem enn er ókomin, þ.e. hvernig standa skal að þessum endurgreiðslum. Jafnvel þótt ígildi 14% virðisaukaskatts sé á matvörum í stað 24,5% er ljóst að þarna er samt verið að skattleggja matvörur meira en gengur og gerist annars staðar. Flestar þjóðir virðast hafa hliðrað sér hjá því að leggja svo þungan skatt á nauðþurftir fólks.

Það er erfitt að koma auga á hvers vegna þetta skatthlutfall er valið og einnig rök fyrir því um hvaða neysluvörur það gildir. Það er ekki möguleiki að sjá nein rök fyrir því hvers vegna þessir fjórir flokkar eru valdir. Ég vil ítreka að það er ekki í samræmi við þá neyslustefnu sem samþykkt var á síðasta þingi og það mismunar líka innlendri matvælaframleiðslu þannig að helst dettur manni í hug að skýringin sé að reynt hafi verið að sleppa með eins fáa flokka og hugsanlegt væri.

Það er óvíst að þessi endurgreiðsla muni í raun, þegar til lengdar lætur, skila sér í lækkuðu verði á matvælum. Þegar er vitað að talsverðar fúlgur vantar til að standa straum af niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum næsta ár og hætt er við að verð fari því hækkandi eftir því sem líður á árið þrátt fyrir boðaðar endurgreiðslur. Mönnum er e.t.v. í fersku minni að þegar söluskattur var lagður á matvæli átti m.a. að niðurgreiða söluskatt af fiski til þess að létta þessa nýju álögu eitthvað en þær niðurgreiðslur héldust ekki að raunvirði og mér segir svo hugur um að flestir hafi nú gleymt þeim.

Það er mikil óvissa um heildaráhrif virðisaukaskatts á verðlag og því hvort, eins og ég sagði, boðaðar endurgreiðslur verði í raun til vörulækkunar, en þess verður líka að geta að það eru ýmis önnur atriði sem vafalaust leiða til hækkunar. Ég nefndi áðan aukin umsvif og kostnað við framkvæmd skattsins og því er t.d. spáð að aukin fjárbinding fyrirtækja í verslun og iðnaði vegna skorts á gjaldfresti við innflutning muni leiða til hærra vöruverðs. Talað er um u.þ.b. 2%.

Það fer ekki á milli mála að alvarlegasti og stærsti og óréttlátasti galli þessara laga um virðisaukaskatt er matarskatturinn illræmdi og hann er enn til staðar þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar til að milda hann. 2. minni hl. telur það hættulegt fyrir afkomu hinna tekjuminni í þjóðfélaginu hve margir virðast hafa sætt sig við þessa óréttlátu skattheimtu af nauðþurftum. Þó að samtök launþega lýsi sig sum hver enn andvíg matarskatti er eins og flestir hafi sætt sig við þá sárabót sem boðið er upp á, þ.e. endurgreiðslurnar.

Í raun má halda því fram með nokkrum rökum að þegar ekkert virðist eftir standa af því sem talið var virðisaukaskattinum til kosta í upphafi séu engar ástæður fyrir upptöku hans aðrar en einhver óskiljanleg og blind aðdáun á kerfisbreytingum, að geta gumað af því að hafa staðið að einum umfangsmestu kerfisbreytingum sem gerðar hafa verið í skattheimtu. Ég er hrædd um að langlífari verði þau eftirmæli sem af þessari skattheimtu muni hljótast, þ.e. dómur sem hlýtur að falla um óréttmæti þess að skattleggja lífsnauðsynjar fólks.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á það í lokin að það er athygli vert hve menn hafa breytt um afstöðu hér inni á Alþingi til þessa skatts. Þeir sem hvað háværastir voru í andstöðu við skattinn hafa nú þagnað, aðrir hafa breytt um áherslur. Það eru kvennalistakonur einar sem aldrei hafa hvikað frá andstöðu sinni við þessa skattheimtuleið. Við viljum því mótmæla henni og munum ekki samþykkja frv. sem hér er til umræðu nema því aðeins að brtt. okkar nái fram að ganga.

Þórður Skúlason:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar var fjöldi fólks og sérfræðinga kallaður til viðtals við nefndina sem fjallaði um það mál sem hér er til umræðu, virðisaukaskattinn, og það er athyglisvert að enginn viðmælenda lagðist gegn skattkerfisbreytingunni þó að ýmsir hafi hins vegar gert athugasemdir og lýst áhyggjum vegna framkvæmdarinnar og ýmissa atriða er hana varða.

Í aðalatriðum er þetta mál gott og það leiðir til úrbóta frá því kerfi sem við búum við í dag að því er söluskattinn varðar. Ávinningurinn er stærstur fyrir atvinnureksturinn og mestur fyrir framleiðslugreinarnar þar sem uppsöfnunaráhrif af söluskattinum hafa vegið þyngst. Eftir upptöku skattsins er enginn vafi á að framleiðslugreinarnar standa betur að vígi, sérstaklega þó útflutningsgreinarnar.

Þótt endurgreiðslukerfi vegna uppsafnaðs söluskatts hafi verið við lýði hefur það verið stirt og óskilvirkt og fjármunir til endurgreiðslna hafa á vissum tímum verið takmarkaðir. Virðisaukaskatturinn leysir það kerfi af hólmi og leiðir til jákvæðra og hagstæðra áhrifa í útflutnings- og samkeppnisgreinum, á því er enginn vafi. Hér er því ekki eingöngu um kerfisbreytingu að ræða og málið er ekki lagt fram eingöngu til þess að skipta um kerfi, heldur er það auðvitað lagt fram í því skyni að ná fram jákvæðum áhrifum og þá sérstaklega hvað þessi atriði varðar, útflutningsgreinarnar og samkeppnisgreinarnar.

Í nefndinni er uppi ágreiningur um áhrif þess ákvæðis virðisaukaskattsins er lýtur að greiðslu hans við tollútskrift. Þetta atriði hefur verið ítarlega rætt í nefndinni. Meiri hl. nefndarinnar, og þeim er hér stendur, er fyllilega ljós nauðsyn þess að spornað sé við verðhækkunum og hækkun vaxta við upptöku virðisaukaskattsins. Gjaldfrestur á skatti af aðföngum til iðnaðarframleiðslu er af hinu góða, en það er full ástæða til að hvetja fjmrn. og fjmrh. til að kanna kosti þess að veita frekari gjaldfrest í tolli til að sporna við verðhækkunum. Einnig er ástæða til að vara við því að skattkerfisbreytingin verði notuð sem skálkaskjól til verðhækkana og í því sambandi verður að gera sérstakar ráðstafanir til að herða og efla verðlagseftirlit. Það er óhæft að verslunin, og þá sérstaklega heildverslunin, sem mjög hefur gagnrýnt álagningu skattsins í tolli, noti kerfisbreytinguna til að hrifsa til sín stærri hlut og kenna síðan skattkerfisbreytingunni um. Vandlega þarf að gæta að því að nýjar verðhækkanir dembist ekki yfir á grundvelli þess og á grundvelli þess verði skattkerfið gert óvinsælt og tortryggilegt. Þessi skattkerfisbreyting ætti raunverulega frekar að geta leitt til lækkaðs vöruverðs en til þess að það mundi hækka.

Margir þeir er til nefndarinnar komu lýstu áhyggjum vegna ónógs undirbúnings málsins og að í ýmsum atriðum væri framkvæmdin óglögg. Og víst má taka undir þetta atriði, að flestu leyti, að æskilegra hefði verið að undirbúningurinn hefði verið markvissari og fyrr á ferðinni. Ég held hins vegar að það sé algjörlega óraunhæft að fresta málinu og engin raunveruleg ástæða til þess.

Í frv. felast verulegar breytingar á þeim lögum sem samþykkt voru á árinu 1988. Efnismesta breytingin og jafnframt sú ánægjulegasta felst í XIII. kaflanum um endurgreiðslu virðisaukaskattsins af dilkakjöti, mjólk, fiski og grænmeti. Að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskattsins af þessum mikilvægu neysluvörum lækkar ígildi skattsins á þeim úr 24,5% í 14%. Endurgreiðsla skattsins er áfangi að því marki að lækka matarskattinn illræmda sem lögleiddur var af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Ég legg áherslu á að hér er einungis um áfanga að ræða í því máli og áfram verður að vinna að því að koma á tveimur þrepum í virðisaukaskattinum og fella fleiri algengustu matvörur heimilanna inn í lægra þrepið. Það er skynsamlegt markmið sem verður að vinna að til að ná fram lækkun á verði matvæla í landinu. Verð á brýnustu matvælum hér á landi er allt of hátt, bæði miðað við kaupgetu almennings og verð í nálægum löndum. Stjórnvöld verða að leita leiða til lækkunar matarverðs. Í frv. er markaður fyrsti áfangi þeirrar leiðar með umræddri endurgreiðslu.

Hvað skatthlutfallið varðar er það vitaskuld mjög hátt miðað við það sem gerist í nálægum löndum og auðvelt að gagnrýna það út frá því sjónarmiði. Ábyrgir stjórnmálamenn verða þó að líta á það atriði málsins í samhengi við aðra tekjuöflun ríkissjóðs og stöðu hans um þessar mundir. Það er óábyrg afstaða að gagnrýna skatthlutfallið án þess að gera ákveðnar tillögur um að aðrar tekjur verði hækkaðar á móti og krefjast þess jafnframt, eins og í sumum tilfellum virðist vera gert, að ríkissjóður leggi út aukin framlög til hinna ýmsu málaflokka á sama tíma.

Varðandi aðrar breytingar sem frv. felur í sér frá gildandi lögum má benda á verulegar undanþágur. Ber þar helst að nefna ýmsa lista-, mennta- og menningarstarfsemi sem nú hefur verið ákveðið að undanþiggja virðisaukaskattinum.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að sveitarfélögunum sérstaklega og upptöku virðisaukaskattsins hvað þau varðar. Ég gat þess að ég hefði ritað undir þetta nál. með fyrirvara og sá fyrirvari lýtur fyrst og fremst að þessu atriði frv., þ.e. álagningu virðisaukaskatts á starfsemi sveitarfélaga. Í gildandi lögum um virðisaukaskatt frá árinu 1988, sem sett voru í stjórnartíð Þorsteins Pálssonar, er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði virðisaukaskatt af allri starfsemi sinni. Þar er ekki að finna nein undanþáguákvæði eða endurgreiðsluákvæði að því er sveitarfélögin varðar. Á grundvelli laganna hefur þegar verið gefin út reglugerð um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og hún er þar talin upp í allmörgum liðum. Þar er lagt til grundvallar að starfsemi sveitarfélaganna sé skattskyld sé hún rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki eða þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum. Auðvitað er það misjafnt hvernig þessu er háttað í sveitarfélögum landsins og það er ekki

algengt að sveitarfélög á landsbyggðinni stundi samkeppni í sambandi við atvinnurekstur, og jafnvel kannski ekki framkvæmdir heldur, við atvinnufyrirtæki sem til eru á stöðunum.

Það er hins vegar nýtt í frv. sem kemur fram í síðustu mgr. 42. gr. að fjmrh. geti ákveðið í reglugerð að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu frá atvinnufyrirtækjum. Þetta er mikilvæg breyting og gagnleg fyrir sveitarfélögin. Það hefur verið upplýst af ríkisskattstjóra í viðtölum við fjh.- og viðskn. þessarar deildar, og það er mjög mikilvægt að það komi fram hér, að verði undanþágur veittar frá skattgreiðslunni vegna einstakra rekstrar- eða framkvæmdaþátta á grundvelli þessarar greinar þurfi sveitarfélög ekki að reikna eða greiða virðisaukaskatt af eigin starfsemi er lýtur að hinu sama. Það er mjög mikilvægt að þessi túlkun liggi skýrt og afdráttarlaust fyrir.

Fjmrh. hefur ritað bréf til sveitarfélaga þar sem hann greinir frá því að hann hyggist nota þessa heimild í frv., ef samþykkt verður, til að undanþiggja nokkra verkþætti sveitarfélaganna frá greiðslu á virðisaukaskattinum. Þar er að nefna sorphreinsun, ræstingu og aðkeypta sérfræðiþjónustu. Miðað við skilgreiningu ríkisskattstjóra á ákvæði þeirrar greinar sem ég vitnaði til hér áðan þurfa sveitarfélög ekki að reikna eða greiða skatt af þessari starfsemi þó að þau hafi hana á hendi sjálf. Hins vegar er á það að líta í sambandi við þetta endurgreiðsluákvæði að sveitarfélögin hafa ekki af því góða reynslu. Þetta hefur verið í gildi t.d. í sambandi við snjómokstur, að því er söluskattinn varðar. Þar hafa verið ákvæði um það að sveitarfélögin ættu að fá þann söluskatt sem fellur til vegna vélavinnu við snjómokstur endurgreiddan en þeir fjármunir hafa verið það naumt skammtaðir að undanförnu að endurgreiðslan hefur ekki numið nema um 30% af þeim hluta sem sveitarfélögin hefðu átt að fá endurgreiddan.

Af því að ég ræði hér um snjómokstur er kannski ástæða til að vara við því að þessi skattur, þegar hann verður lagður á, verði gerður að landsbyggðarskatti, en á því væri vissulega nokkur hætta, t.d. hvað þetta atriði varðar vegna þess að það er misjafnt í þessu landi með hvaða hætti úrkoman fellur. Og ég vil greina hérna frá því að á fyrstu fimm mánuðum þessa árs hefur t.d. Siglufjarðarbær eytt í snjómokstur liðlega 8 millj. kr. Ef hefði átt að greiða virðisaukaskatt af þessari upphæð hefði sú upphæð ein, vegna snjómokstursins á Siglufirði, numið 1,6 millj. kr.

Í samanburði milli sveitarfélaga, hvort sem um er að ræða samanburð á tekjum eða útgjöldum, er þetta gjarnan yfirfært á íbúa, kostnað á íbúa, og ef t.d. snjómokstur hér í Reykjavík væri sama hlutfall og á Siglufirði, miðað við íbúa, hefði kostnaður við snjómokstur hér á þessu sama tímabili numið tæplega 400 millj. kr. og virðisaukaskatturinn sem hefði þurft að greiða af þessum kostnaði við snjómokstur hefði verið tæpar 80 millj. kr. Ef það væri í raun þannig, sem ég vil nú reyndar ekki trúa, að ríkissjóður ætli að innheimta virðisaukaskatt t.d. af snjómokstri, þá er auðvitað mjög bagalegt fyrir ríkissjóð að úrkoma hér í þessum landshluta skuli ekki falla sem snjór heldur einungis sem rigningarvatn.

Sveitarfélög hafa reynt að áætla þann kostnaðarauka sem þau yrðu fyrir við upptöku virðisaukaskatts og það kemur í ljós í því reikningsdæmi að hér er um að ræða um 800–900 millj. kr. Í þeirri tölu er ekki gert ráð fyrir þeirri undanþágu sem fjmrh. hefur nú boðað í umræddu bréfi til sveitarfélaganna þess efnis að það þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt af sorphreinsun, ræstingu eða sérfræðiþjónustu. Það er heldur ekki gert ráð fyrir því í þessum tölum að hitunarkostnaður vegna húsnæðis sveitarfélaga beri virðisaukaskatt, þannig að strax við þá breytingu sem boðuð er að þessu leyti og við meðferð þessa máls hér í þinginu, þar sem hætt er við að leggja virðisaukaskatt á hitunarkostnað og við þá ákvörðun sem fjmrh. hefur tekið, að undanþiggja sorphreinsun, ræstingu og sérfræðiþjónustu, þá lækkar þessi upphæð nokkuð.

Hins vegar er það alveg ljóst að ef virðisaukaskatturinn leggst á með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, þá hefur hann veruleg áhrif á rekstur og framkvæmdir sveitarfélaganna og ef hann verður tekinn upp með þessum hætti er hætt við að verulegur hluti þess fjárhagslega ábata sem sveitarfélögin njóta af verkaskiptingunni gengi til baka.

Það er auðvitað mjög óeðlilegt ef ríkissjóður fer nú að skattleggja framkvæmdir sveitarfélaga sem sveitarfélögin taka til sín við verkaskiptinguna, eins og byggingar á skólum og dagvistarheimilum. Það er mjög óeðlilegt að á sama tíma og þessi verkefni eru að færast alfarið til sveitarfélaganna verði þau gerð að sérstökum skattstofni fyrir ríkið.

Í þessu sambandi er rétt að nefna það að í athugun er hjá sérstakri nefnd á vegum félmrn. fjárhagsstaða sveitarfélaganna og það er alveg ljóst að hún er mjög bágborin um þessar mundir þó með misjöfnum hætti sé. Ég tel að það séu engin efni til þess að leggja nú nýjar álögur á sveitarfélögin með þeim hætti sem vissulega væri hægt að gera með þessu frv. eins og það liggur hér fyrir. Hins vegar er ástæða til þess að fagna þeirri yfirlýsingu sem fjmrh. hefur gefið í umræðum um þetta mál og prentuð er í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, en þar segir m.a. að það sé ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að hafa framkvæmdir sveitarfélaga að sérstakri tekjulind. Það er ástæða til að fagna þessu og ítreka að það verði ekki gert.

Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara, fyrst og fremst vegna þess að mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram í lagatextanum að sveitarfélögin ættu ekki að þurfa að bera jafnmikinn kostnað af virðisaukaskattinum eins og málum virðist vera háttað og ætlaði svona að sjá til hvort ekki fengist einhver lagfæring á því á milli umræðna um málið. Hins vegar hefur komið fram ný yfirlýsing í málinu þess efnis að fjmrh. ætli að beita sér fyrir því að skipuð verði nefnd með fulltrúum fjmrn. væntanlega, jafnvel félmrn., og Sambands ísl. sveitarfélaga til þess að fylgjast með

framkvæmd álagningar virðisaukaskatts á sveitarfélögin. Og út af fyrir sig tel ég miðað við málsástæður að það sé ásættanleg leið að svo verði gert. Ég lít raunar þannig á að þessi nefnd þurfi að skoða þetta mál mjög gaumgæfilega og m.a. að athuga hvernig skattlagningu virðisaukaskatts á sveitarfélög er háttað í nágrannalöndum, t.d. í Danmörku þar sem sveitarfélögin virðast vera algjörlega undanþegin greiðslu á virðisaukaskatti að því er varðar lögbundin verkefni. Ég tel að þessi nefnd hljóti að skoða það mál mjög gaumgæfilega.

Með sérstakri vísun til þess að það á að koma þessari nefnd á og þeirra yfirlýsinga sem fjmrh. hefur gefið hér í þessu máli tel ég það vera nokkuð ásættanlegt fyrir sveitarfélögin og að starf nefndarinnar muni leiða til þess að þau verði í reynd undanþegin virðisaukaskatti, þá mundi ég treysta mér til þess að mæla með því að þetta frv. yrði samþykkt hér í þinginu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Góðir fundarmenn. Ég hlýt að hefja mál mitt á því að vekja athygli ræðuritunar, þó ekki væri annarra, á því hversu fjölmennt hér er í þingsal. Þessa stundina er akkúrat enginn þingmaður viðstaddur og er þó verið að ræða eitt af stærri málum þingsins þessa dagana. Þegar hv. síðasti ræðumaður flutti sína ræðu, þá voru einn til tveir þingmenn í salnum sem hlýddu á hans mál og inni í þeirri tölu er hv. þm. Friðrik Sophusson. Hinn þingmaðurinn var sá sem hér talar. Það er nefnilega afar merkilegt að verða vitni að því hvað áhugaleysi þingmanna fyrir þessu máli er augljóst í ljósi þeirra miklu yfirlýsinga sem þingmenn láta frá sér fara á tyllidögum og úti í bæ og í fjölmiðlum í baráttu sinni við matarskatt og skattpíningu ríkisstjórnarinnar yfirleitt. Það eru greinilega innantóm orð, meiningarlaus með öllu, og aðeins sögð til þess að slá um sig eða slá pólitískar keilur eins og hæstv. utanrrh. mundi orða það.

En talandi um matarskatt þá er það einsýnt að stjórnarliðar hafa gefist upp í þeirri baráttu. Þeir hafa gert sér grein fyrir því að það verður að finna aðrar leiðir til þess að minnka matarkostnað heimilanna og því til vitnis hefur nú verið dreift hér í deildinni hugmyndum að aðferð fyrir almenning til þess að skera matarinnkaup við nögl, til þess að neyta minni matar — sem er reyndar afar athyglisvert og er þá væntanlega verið að fylgja stefnu hæstv. forsrh. sem boðar mjög gjarnan hina svokölluðu sultarólastefnu.

Í ræðu minni hér við 1. umr. var ég með fjölmargar spurningar til hæstv. fjmrh. og reyndar annarra ráðherra, þar á meðal hæstv. landbrh. Eins og ég hef áður getið eru þeir ekki hér viðstaddir nú en ég veit til þess að hæstv. fjmrh. kemur hér innan stundar og mun þá svara þeim fyrirspurnum sem fyrir hann verða lagðar þannig að ég ætla að leyfa mér í upphafi máls míns að gera grein fyrir þeim brtt. sem Frjálslyndi hægriflokkurinn leggur fram við þetta frv. og birtast á þskj. 385.

Fyrsta brtt. orðast svo: „C-liður 1. gr. orðist svo:

Rekstur skóla og menntastofnana, þar með talin starfsemi sérskóla og námskeiðahald, svo og ökukennsla."

Hér er verið að taka inn í sérskóla og námskeiðahald þar sem öll önnur kennsla virðist vera komin inn. Fyrir utan þessa tvo þætti þykir okkur rétt að beita sanngirnissjónarmiðum og taka allan þáttinn, allt sviðið því að okkur þykir einsýnt að að öðrum kosti verði órói á þessum markaði og menn muni bera sig illa þannig að við tókum þarna inn sérskóla og námskeiðahald. Það er reyndar þegar búið að koma þarna inn dansskólum þannig að okkur þykir einsýnt að til þess að fyllstu sanngirni sé gætt þá verði þetta svona orðað.

Önnur brtt. sem við gerum er við 6. gr. og orðast svo: „Við c-lið bætist: svo og íslenskar hljómplötur, snældur og geisladiskar."

Þarna er má segja sama hugsunin að baki, þ.e. flestir menningarliðir eru komnir inn í frv. með undanþágur, tímarit, bækur, landsmála-, héraðs- og fréttablöð, afnotagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva, en út af borðinu stendur enn þá íslensk tónlist og þess vegna gerum við tillögu um það að hún njóti sömu undanþágu og aðrir menningarþættir og væntum þess að menn geti tekið undir þá tillögu.

Í þriðja lagi erum við með brtt. við 7. gr. sem hljóðar svo: „Við bætist nýr liður, a-liður, er orðist svo:

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra greiddra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem greidd hefur verið á tímabilinu."

Hérna er að mínu mati um mjög veigamikla breytingu að ræða þar sem þarna er farið fram á að ekki verði farið eftir hinni svokölluðu reikningsaðferð heldur eftir greiðsluaðferð sem þýðir það að virðisaukaskatt ber ekki að greiða nema af greiddum reikningum og sömuleiðis af greiddri vinnu og þjónustu. Í dag er það svo í söluskattskerfinu að það er reikningskerfið sem farið er eftir sem þýðir það að strax og gerður hefur verið reikningur þarf að greiða af honum söluskatt á tilteknum tíma hvort sem varan hefur verið greidd eða ekki þannig að seljanda er gert að greiða ríkissjóði í söluskattskerfinu 25% söluskatt sem ríkissjóður á í raun hjá þriðja aðila. Eins má benda á að í mörgum tilfellum hafa verið gerðir reikningar, vara seld og send af stað, henni síðan skilað eftir einhvern tiltekinn tíma, en þrátt fyrir það þarf seljandi að skila söluskatti. Þá má einnig benda á það að mikið er selt nú orðið í póstkröfu. Póstkröfur eru mjög oft ekki leystar inn, ekki greiddar, þar af leiðandi endursendar eftir einhvern tiltekinn tíma og nákvæmlega það sama skeður. Seljanda er gert að greiða ríkissjóði söluskatt sem ríkissjóður á í raun enga heimtingu á.

Sömu rök eru fyrir vinnu og þjónustu. Menn fara í vinnu eða þjónusta einhverja fyrir tiltekna reikningsupphæð. Hún liggur síðan í vanskilum í fleiri, fleiri mánuði, en engu að síður er mönnum gert að gera ríkissjóði skil á söluskatti sem ríkissjóður á hjá þriðja

aðila. Þetta finnst mér persónulega alls óviðunandi, hef reyndar persónulega reynslu af slíkum viðskiptum og tel að þessu verði að breyta og er reyndar fullviss um að einhvern daginn komist hér til valda ríkisstjórn sem tekur þetta mál upp og breytir. Ég geri mér hins vegar engar grillur um það að sú ríkisstjórn sem nú situr og sá meiri hluti sem henni fylgir muni rétta upp hægri höndina þegar þessi brtt. verður borin upp í hv. deild. Engu að síður ítreka ég það óréttlæti sem hér kemur fram, að mönnum skuli vera gert að greiða ríkissjóði fjármagn sem ríkissjóður á inni hjá þriðja aðila.

Í fjórða lagi erum við með brtt. við 8. gr. um að greinin orðist svo:

„Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærra en 24,5%."

Þannig hljóðar fjórða brtt. og eins og hv. þm. heyra er hér verið að gera tilraun til að ráðast til atlögu við hinn margfræga matarskatt og reyna að lina þær þjáningar sem hann hefur valdið. Um þetta er náttúrlega hægt að hafa langt mál sem ég ætla mér ekki að gera. Ég vil hins vegar benda á það að á síðasta þingi flutti ég þessa sömu tillögu, reyndar með hærra skatthlutfallinu sem var 22% þá eins og gert er ráð fyrir í lögunum. Meðflm. og stuðningsmenn að því frv. voru þingmenn Borgfl. og reyndar fluttu hv. þm. Júlíus Sólnes og hv. þm. Guðmundur Ágústsson þessa tillögu einnig í Ed. Nú er það svo að þessi hv. flokkur hefur ekkert viljað tjá sig um þetta frv. sem þó tekur á því sem hann segist í orði vera að berjast gegn, matarskattinum, og væri afar fróðlegt að fá einhvern flokksmann þeirra til þess að tjá sig um málið og hvort þeir séu sáttir við þá niðurstöðu sem fengist hefur sem er nákvæmlega sú sama og lá fyrir þegar sá flokkur gekk til liðs við þessa ríkisstjórn.

Sama má segja um hv. þm. Alþb. Þeir stóðu að tillögu sem þessari. Ég man nú ekki hvort það var nákvæmlega sama prósentutalan en hygg þó að það hafi verið allnærri lagi. Ég vitnaði hér í orð hæstv. landbrh. varðandi matarskattinn í umræðunni í fyrra þar sem hann hafði uppi mörg stór og þung orð um þá skattlagningu og óskaði ég þess í fyrri umræðunni að hæstv. landbrh. tjáði sig um það hvaða forsendur hefðu breyst svo mikið að hann gæti nú sætt sig við þennan skatt sem hann sagði þá að alþýðubandalagsmenn mundu aldrei fella sig við og gætu aldrei staðið að slíkri skattlagningu. Þar hefur sem sagt orðið veruleg hugarfarsbreyting á. Nú standa þessir hv. þm. Alþb. að matarskattsfrv. og það meira að segja undir forustu fjmrh. þess flokks. Hins vegar ætla ég ekki að gera kröfu um það að hæstv. landbrh. komi hér og geri grein fyrir stefnubreytingu Alþb. varðandi fólkið í landinu. Hún er augljós öllum og það þarf ekkert að fá hann hér upp til þess að útskýra það neitt nánar. (**Forseti:** Ákveðið hafði verið að gera hlé á fundarhöldum í deildinni kl. 7 og vill forseti endilega standa við það og spyr því hv. ræðumann hvort hann sé tilbúinn að gera hlé á ræðu sinni og fresta henni til fundar sem hefst kl. 9 í kvöld.) Hæstv. forseti. Ég þekki ekki forseta að öðru en að standa við orð sín og vil ekki verða þess valdur að hann geri það ekki hér í kvöld og því fresta ég ræðu minni. (**Forseti:** Ég þakka hv. þm. fyrir.)

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

32. fundur, miðvikudaginn 20. des., kl. 9 síðdegis.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 340, n. 387, 393 og 396, brtt. 385, 388, 394, 397.

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Hæstv. forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni var ég að gera grein fyrir þeim brtt. sem Frjálslyndi hægriflokkurinn stendur að við virðisaukaskattsfrv. og birtast á þskj. 385. Ég mun þá halda áfram því verki og gera grein fyrir fimmtu brtt. sem við leggjum til að verði gerð á frv. Sú brtt. orðast svo:

„Við 9. gr. bætist: Orðin „fyrir fram" í 3. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna falli brott."

Hér er um að ræða þá kvöð að hafa reikninga í fyrir fram tölusettri röð og koma þar með í veg fyrir að hægt sé að nýta sér tæknina í dag sem tölvubúnaðir bjóða upp á. Ég vil rifja það upp sem ég sagði um þennan þátt í umræðunni hér fyrir nokkru en þá sagði ég að það væri næsta hlálegt að á tímum tölvutækni sé aðilum meinað að notfæra sér þá möguleika sem sú tækni býður upp á.

Ef ég hef skilið rök fjmrn. rétt, að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að hægt sé að svindla í tölvusettri númeraröð og þeir sjái svindlara í hverju horni, þá bendi ég hæstv. fjmrh. á það — hann er ekki í þingsalnum, jú, hann er kominn í betra sæti — að það er örugglega enginn vandi að finna prentsmiðjur sem mundu prenta út eitt og eitt aukanúmer inn í hina svokölluðu samfelldu töluröð ef menn kjósa á annað borð að svindla. Ég nefndi dæmi þessu til staðfestingar sem var á þá leið að við gætum hugsað okkur stærra fyrirtæki sem hefur e.t.v. 20 prentara til að skrifa reikninga og fyrirtækinu ber skylda til að geyma eitt eintak af hverjum reikningi ef skattayfirvöldum dytti nú í hug að koma í heimsókn og skoða bókhaldið. Ef um tölvusetta númeraröð væri að ræða lægju allar upplýsingar fyrir í réttri og samfelldri númeraröð. En

þar sem þetta sama fyrirtæki þarf, ef frv. verður óbreytt, nú að vera með fyrir fram tölusetta reikninga og þeir eru dreifðir í ýmsum númerum, í ýmsum númeraflokkum, á hina ýmsu prentara í hinum ýmsu deildum, þá verður að byrja á því að sannreyna fyrst hvaða númer eru óprentuð til að finna út hvort eitthvert númer vantar inn í númeraröðina. Ef einhver númer vantar þarf að fara í allar deildir, jafnvel á milli húsa og bæjarhverfa til að sannreyna að þessi númer liggi nú einhvers staðar óprentuð í einhverri deild. Þetta kallaði ég þá að væri eins og að lemja hausnum við stein og streitast á móti tækninni. Því er þessi brtt. borin upp að fyrirtækjum sé gert það kleift að nýta sér tæknina sem býðst í dag, tölvutæknina, og það geta fyrirtækin með því að fella þessi tvö orð út.

Sjötta brtt. er við 11. gr. og er svohljóðandi: „Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 7. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Heimilt er hverjum skattskyldum aðila að greiða fyrir fram áætlaðan virðisaukaskatt einu sinni á ári. Fullnaðaruppgjör þess tímabils skal gert upp með uppgjöri næsta tímabils. Sé fyrirframgreiðsla vanáætluð umfram 5% er heimilt að leggja á álag skv. 2. mgr. 27. gr. af vangreiddum skatti."

Hér er verið að hugsa um þann fjölda einyrkja sem nú falla undir þetta kerfi. Það verða nú 25 þúsund aðilar sem verða skattskyldir í kerfinu og fjöldinn allur af þeim eru einyrkjar. Viðurkennt orlof í dag eru 5–6 vikur og er því einfalt að stilla dæminu þannig upp að viðkomandi aðili vildi leyfa sér þann munað að fara í frí og það stæði þannig á að hann færi viku fyrir gjalddaga skattsins og kæmi ekki heim fyrr en fimm vikum seinna. Þá á hann þess ekki kost samkvæmt frv. í dag að fá að fyrirframgreiða skattinn. Þar sem aðeins vika lifir eftir af gjaldatímabilinu á að vera nokkuð einfalt að áætla upphæð skattsins og þess vegna er sett þak á þetta — já, við skulum kalla það þak — um 5%. Menn ættu að geta komist það nærri því og þetta kemur þá í veg fyrir menn misnoti slíkt ákvæði. Fari menn hins vegar umfram þessi 5% þá er gert ráð fyrir að það megi leggja álag á þá samkvæmt 27. gr. sem er í lögunum í dag, 1% á dag upp í hámark 10%, en samkvæmt þeim hugmyndum að breytingum á lögunum sem nú standa til, þá fer það upp í 2% og hámark 20%, sem er í sjálfu sér hrein svívirða. En þetta er fyrst og fremst ástæðan fyrir þessari brtt. Einnig er gert ráð fyrir því að aðili geti aðeins nýtt sér þessa heimild einu sinni á ári og er það einnig varnagli við því að hún sé misnotuð.

Sjöunda brtt. sem við leggjum til orðast svo: „Við 13. gr., a-lið (ný 42. gr.).

a. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við viðhald og/eða endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 3% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun."

Ástæðan fyrir þessari brtt. er augljós, hygg ég. Eins og gert er ráð fyrir núna í hugmyndum ríkisstjórnarinnar þá er þarna um 7% af fasteignamati húseignar að ræða sem er allt of hátt hlutfall og gerir mönnum nánast ókleift að nýta sér þessa heimild eins og reyndar hefur verið bent á af fjölmörgum aðilum í byggingariðnaði og reyndar víðar. Á það hefur verið bent, og undir það tek ég, að þetta mun leiða af sér mikla aukningu í hinni svokölluðu svörtu vinnu.

Þá er líka ljóður á frv. hvað þetta snertir að þetta er bundið við almanaksár sem þýðir það að aðilar sem þurfa að leggja í mikið viðhald geta strangt tekið ekki farið út í það seinni hluta árs því þeir ná ekki að uppfylla ákvæðin um endurgreiðsluskilyrðin.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi gert á því könnun hversu margir gætu í raun nýtt sér þessa heimild, standi hún óbreytt þessi 7% heimild sem hér er um að ræða. Við höfum grun um að það verði ansi fáir sem ráði við það, sérstaklega með tilliti til þess að þetta skuli vera innan almanaksárs. Því leggjum við til að þetta verði nú sett niður á mannlegra plan og fært niður í 3% af fasteignamati húseignar.

Við þessa grein höfum við líka b-lið, svohljóðandi:

„b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fjmrh. getur ákveðið með reglugerð að fella niður virðisaukaskatt af tækjum og búnaði til íþróttafélaga, hjálpar- og björgunarsveita."

Ég tel að það þurfi tæplega að rökstyðja þessa brtt. mikið. Ég tel sjálfsagt að íþróttafélög fái þessa undanþágu eins og fjölmargir aðrir, að ég minnist nú ekki á allar menningarundanþágurnar. Það má nefna íþróttafélag eins og Íþróttafélag fatlaðra og eins er með hjálpar- og björgunarsveitir. Mér þykir reyndar fáránlegt ef ég þarf að rökstyðja þá brtt. Ég held að allir þingmenn hljóti að gera sér grein fyrir ástæðu þess að hún er sett fram.

Úr því að ég sé, hæstv. forseti, að hæstv. landbrh. er í salnum, þá var ég nú aðeins að hnýta í hann hér í fyrri umræðunni og kannski ég noti tækifærið og geri það aftur, þar sem hæstv. landbrh. var fjarstaddur þá umræðu og gat ekki svarað fyrir sig. Þar var ég að rifja upp nokkur af þeim ummælum sem hæstv. samg.- og landbrh. viðhafði í umræðunni í fyrra en þá var hæstv. ráðherra óbreyttur þingmaður eins og sá sem hér stendur og hafði mjög sterkar meiningar um virðisaukaskattsfrv. Samkvæmt þeim orðum sem þá féllu virðast þær meiningar nú vera foknar út í veður og vind og þetta frv. og þetta skattkerfi orðið hið besta, sennilega í manna minnum.

En hann sagði m.a., með leyfi forseta: „Það er enginn vafi á því að upptaka söluskatts á matvæli og í framhaldinu upptaka virðisaukaskatts er mesta áfall sem íslenskur landbúnaður hefur fengið á sig um áratuga skeið og eru þá vondar ríkisstjórnir og harðindi og kalár ekki undanskilin." Þetta sagði hæstv. núv. landbrh. og bar þá hag landbúnaðarins mjög fyrir brjósti.

Seinna í sömu umræðu talaði hann um að matarskattur á Íslandi væri mun verri ráðstöfun en hann er víðast hvar annars staðar og sagði þá að af þeirri ástæðu einni og þó ekkert annað hefði komið til greina hefði það aldrei komið til greina af hálfu Alþb.

að standa að slíkri skattheimtu og sagði að þetta væru mikil mistök og í raun og veru forkastanleg vinnubrögð. Lagði hann þá fram brtt. þess eðlis að sala á matvöru yrði undanþegin virðisaukaskatti. Nú hlýt ég að spyrja: Hvað skyldi nú hafa breytt skoðun hæstv. landbrh. frá því fyrir aðeins einu ári síðan þegar hann sá fjandann í hverju horni í virðisaukaskattskerfinu? Ég vitnaði reyndar í ýmislegt annað sem hæstv. landbrh. sagði þá en hirði ekki að endurtaka það hér en teldi alveg nauðsynlegt að fá að heyra hvað hefur breyst svona mikið í þjóðfélaginu að hann getur nú allt í einu staðið að slíkri skattlagningu sem var algjörlega óhugsandi fyrir Alþb. fyrir ári síðan.

Ég óskaði eftir skýringu á því sem kemur fram í nál. meiri hl. í Ed. og vænti þess að hæstv. fjmrh. geti útskýrt það en þar kemur fram að boðað sé hert verðlagseftirlit. Það sem ég vildi vita var það hvort hér væri verið að stíga skref til að koma í veg fyrir hina frjálsu verðmyndun, hvort hér væri verið að boða í nánustu framtíð verðlagshöft að nýju eins og voru hér fyrir ekki allmörgum árum síðan.

Ég innti hæstv. ráðherra einnig eftir því hverju það næmi í krónum og aurum að færa undanþágu á bækur til áramóta þannig að sú undanþága tæki gildi á sama tíma og undanþága fyrir blöð og tímarit í staðinn fyrir 16. nóv. eins og gert er ráð fyrir. Ég innti líka eftir því hver væri í raun ástæðan, ef hún er önnur en tekjur fyrir ríkissjóð, fyrir því að hann leggur slíkan skatt á og þá bara tímabundið.

Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. er fjallað um hina svokölluðu tollkrít. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndarmenn fjölluðu ítarlega um gjaldfrest í tolli og er meiri hl. nefndarinnar ljóst mikilvægi þess að sporna við hækkun verðlags og vaxta. ... Meiri hl. telur mikilvægt að fjmrn. kanni kosti þess að veita viðtækari gjaldfrest af innflutningi í því skyni að koma í veg fyrir verðlagshækkanir."

Í framhaldi af þessu veit ég að það er mikill áhugi innan stjórnarliðsins að taka á þessum þætti og veita gjaldfrest við innflutning á vörum. Hins vegar hefur nefndin ekki haft kjark í sér til að leggja fram þá breytingu við frv. Það hefur hins vegar 1. minni hl. fjh.- og viðskn. gert, þeir hv. þm. Friðrik Sophusson og Matthías Bjarnason, og ég lýsi að sjálfsögðu stuðningi við þá tillögu þó að ég sé ekki fyllilega sáttur við hana eins og hún kemur fyrir þar sem sagt er að innheimta skv. 1. mgr. skuli framkvæmd með þeim hætti að innflytjandi eigi kost á greiðslufresti til loka næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð. Þetta tel ég of skammt. Ég tel að innflytjandi eigi að hafa tvo mánuði alveg eins og greiðslutímabil annarra er þó að það geti náttúrlega ekki fallið á sömu daga og hinir föstu gjalddagar virðisaukaskattsins eru.

Ég sýndi hins vegar fram á það í ræðu minni hér um daginn hvað það skiptir miklu máli fyrir innflutningsverslunina að fá þennan greiðslufrest. Ég sýndi einnig fram á það að þetta mundi valda verulegri hækkun á verðlagi og innti hæstv. ráðherra eftir því, og ég inni hann eftir því nú, eftir að hafa skoðað nál. meiri hl., hvort það sé raunverulegur vilji af hans hálfu að fara að vilja nefndarinnar og veita þennan gjaldfrest í ríkara mæli en gert er ráð fyrir. Og að sjálfsögðu fer ég fram á það að öll innflutningsverslun fái að sitja við sama borð og tollkrít verði ríkjandi. Það er einfalt að benda á það að verðlag hækkar til að mynda vegna þess að innflutningsverslunin hlýtur að verða að velta þessum kostnaði áfram út í verðlagið. Svo þröngt er nú að henni sniðið í dag að hún getur ekki borið þetta sjálf. En það þýðir einnig að pantanir verða smærri, þær verða óhagstæðari og þetta þýðir líka það að erfiðara verður að gera hagkvæma samninga við erlenda seljendur. Allt þetta mun verða til þess að verðlag hækkar í landinu og það hækkar meira en t.d. Verslunarráð gefur út, um 1–2% að þeirra mati.

Það er reyndar fullyrt af hálfu að ég hygg Kaupmannasamtakanna og kom fram í viðtali við framkvæmdastjóra samtakanna, Magnús Finnsson, í Dagblaðinu laugardaginn 16. des., eins og segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Þetta eru hrein og klár svik ráðherra." Í viðtalinu segir framkvæmdastjórinn Magnús Finnsson að versluninni hafi verið lofað að tollkrít yrði tekin upp með upptöku virðisaukaskatts. Hins vegar stefnir allt í það nú að það loforð verði svikið og ætti svo sem ekki að koma neinum neitt sérstaklega á óvart. Ég hvet ráðherra hins vegar til að endurskoða hug sinn hvað þetta varðar og fara að vilja, eftir því sem mér sýnist, mikils meiri hluta alþingismanna.

Ég sagði það á sínum tíma að ég gæti stutt þetta frv. með einu skilyrði eins og það var þá lagt fram. Það skilyrði var að það yrðu tvö þrep í virðisaukaskattskerfinu, annað lægra fyrir matvæli og hitt hærra fyrir það sem þá stæði út af borðinu. Við þetta skilyrði stend ég fyllilega og hef reyndar gert grein fyrir brtt. þess eðlis þar sem gert er ráð fyrir að lægra skattþrepið verði ekki hærra en 6%, en hærra skattþrepið 24,5%. Enda eru því miður meginkostir þessa frv. eins og það lítur út í dag, eða eins og það leit út, núna fyrir bí. Það er búið að skemma þetta frv. Það er farið að mismuna atvinnugreinum illilega eins og ég hef einnig sýnt fram á fyrr í ræðu minni og var það þó einn af meginkostum þessa kerfis að þær sætu við sama borð.

Þegar kerfið var kynnt var talað um einfalt kerfi, réttlátt kerfi, skilvirkt kerfi og undanþágulaust kerfi. Allt þetta fernt er farið. Kerfið er ekki einfalt lengur. Það er orðið flókið og nánast ekki nokkur maður skilur það og það á eftir að valda hér miklum usla og miklum erfiðleikum í atvinnulífinu. Skilvirkt verður það ekki því að það er ljóst að það er hvetjandi til undanskots. Réttlátt þurfum við ekki að eyða mörgum orðum á og undanþágulaust þaðan af síður. Undanþágulausa kerfið er morandi í undanþágum. Það er því alveg ljóst að kerfið er ónýtt. Það er búið að skemma það. Enda segir í meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. Ed., með leyfi forseta:

„Samkvæmt þeim gögnum, sem lágu fyrir við samþykkt laganna, átti virðisaukaskattur að leiða til einföldunar í skattlagningu, réttlátari skattheimtu og

skilvirkari innheimtu. Átti skatturinn ekki að mismuna atvinnugreinum þar sem virðisaukaskattur er hreinn neysluskattur sem leggst með sama hætti á alla kaupendur vöru og þjónustu — ríki, sveitarfélög og almenning. Þá var gert ráð fyrir að allt skatteftirlit yrði auðveldara . . .“

Í mínum huga viðurkennir meiri hl. í fjh.- og viðskn. Ed. það að allir meginkostir þessa skattkerfis séu fyrir bí. Það átti að leiða til einföldunar en gerir það væntanlega ekki. Það átti ekki að mismuna atvinnugreinum en gerir það væntanlega og það var gert ráð fyrir að skatteftirlit yrði auðveldara en það verður það ekki. Þannig staðfestir meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. að kerfið sem slíkt er hrunið.

Hæstv. forseti. Ég hef lítillega skoðað brtt. Sjálfstfl. og Kvennalista og get lýst því yfir hér að við munum greiða þeim velflestum atkvæði okkar. Ég ætla ekki að fara neitt nánar út í það að öðru leyti en því að lýsa fullum stuðningi við til að mynda 17. brtt. frá 1. minni hl. um breytingu við 17. gr. þar sem fyrir 16. nóv. komi 1. sept. Er þá eins og allir vita átt við bækurnar og verið að reyna að bjarga námsmönnum undan klóm ríkisvaldsins.

Ég vil í lokin, hæstv. forseti, rifja upp þá kynnisauglýsingu sem fjmrn. sendi frá sér með fyrirsögninni „Hvað, hvernig“ um virðisaukaskatt, en þar kemur hugur ráðuneytisins og væntanlega hæstv. fjmrh. til innflutningsverslunarinnar og heildsala mjög skýrt í ljós. Það er nefnilega alveg óþekkt eftir því sem ég best veit að heildsalar hafi 100% hærri álagningu heldur en smásalar. Það hefur alla tíð verið á hinn veginn. Heildsali hefur haft lága álagningu en matvöruverslun eða smásalan töluvert mikið hærri, ég ætla ekki að nefna hvað mikið hærri en töluvert mikið hærri, enda var það staðfest þegar verðlagshöft voru hér og Verðlagsstofnun gaf út ákveðnar álagningarprósentur að þá var heildsalan alltaf í öllum tilfellum allverulega lægri en smásalan. En hæstv. fjmrh. leyfir sér að auglýsa hér hvernig skuli standa að virðisaukaskatti, hvernig virðisaukaskattur er innheimtur og tekur þar dæmi um innflutt heimilistæki og stillir því þá þannig upp að heildsalinn er með 70% álagningu á meðan smásöluverslunin er með 35% álagningu. Þetta kalla ég hreinan atvinnuróg. Þetta er hrein rangfærsla og ég bað ráðherra við 1. umr. hér um daginn að gefa mér hreint og skýrt dæmi um hvar slíkt fer fram. Ég þekki ekki svona og ef ráðherra getur ekki rökstutt slík dæmi eins og send eru út frá hans ráðuneyti, þá krefst ég þess einfaldlega að hæstv. ráðherra biðji þessa stétt manna afsökunar, en það virðist nú vera orðið títt hér um þá alþýðubandalagsmenn að það þarf að vera að biðja þá að biðja hina og þessa afsökunar á hinum og þessum gjörðum sínum, nánast daglega, eins og þingmenn muna væntanlega síðan í gærkvöldi. En ég tel að þessi atvinnugrein manna eigi afsökun inni hjá hæstv. fjmrh. fyrir það sem ég vil kalla atvinnuróg því hér er því stillt upp að heildsalar séu hinir verstu okrarar í dæmi sem slíku.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég hef hins vegar lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. Ég óska þess að hann reyni eftir bestu getu að svara þeim. Fari svo að hann gleymi einhverjum af þeim, þá er ég alveg reiðubúinn að endurtaka þær við 3. umr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér þyk[illegible]r full ástæða til að ítreka hér og fara aðeins yf[illegible] ortt. okkar Inga Björns Albertssonar, hv. 5. þm. Vesturl., vegna þess að þær miða annars vegar að því að samræma þær undanþágur sem þegar hafa verið gerðar og hins vegar að því að vera hreint og beint réttlætismál. Eins og fram hefur komið er í raun búið að eyðileggja þetta kerfi nú þegar. Í staðinn fyrir að hafa tvö prósentustig, eins og við höfum lagt til og hafa engar undanþágur, lágt prósentustig fyrir þær greinar sem við teljum að þurfi að búa við það og síðan hærra stig fyrir aðrar vörur, þá er búið að eyðileggja þetta frv. með þessum hætti.

Ég minni hér á fyrsta liðinn, þ.e. „Rekstur skóla- og menntastofnana, þar með talin starfsemi sérskóla og námskeiðahald, svo og ökukennslu.“ Við teljum að slíkt eigi að vera án virðisaukaskatts vegna þess að þegar hafa verið gerðar undanþágur á ýmsum öðrum greinum þannig að við teljum að það eigi að vera samræmi í þessu.

Í öðru lagi viljum við bæta inn við 6. gr. „svo og íslenskar hljómplötur, snældur og geisladiskar“ og teljum að það sé ekkert minni menning heldur en bókmenntir vegna þess að plötur, snældur og geisladiskar eru orðinn stór þáttur í menningu þjóðarinnar og reyndar allra þjóða þannig að við teljum að það væri aðeins samræming á því.

Í þriðja lagi teljum við að skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili eigi að teljast aðeins heildarskattverð allra greiddra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem greidd hefur verið á tímabilinu. Við teljum ekki rétt að það sé verið að láta menn greiða virðisaukaskatt af reikningum sem ekki eru greiddir og kannski aldrei verða greiddir.

Í fjórða lagi höfum við lagt til að virðisaukaskatturinn verði með tveimur skattþrepum, annað þeirra væri 6% í hæsta lagi á matvæli og hitt verði 24,5% í hæsta lagi fyrir aðrar vörur. Við viljum benda á þetta og leggjum þá til það sem við höfum haldið hér allan tímann fram í okkar málflutningi síðan við komum á Alþingi að við ættum að reyna að stuðla að lágu matvælaverði og með þessum hætti er það hægt.

Í fimmta lagi vil ég ítreka hér það sem við leggjum til við 9. gr.. þ.e. að stór hluti fyrirtækja í dag vinnur þannig að reikningar eru keyrðir út í tölvukerfum og það er ekki hægt að númera þá reikninga fyrir fram. Það er stórkostlegur kostnaður og oft vanvit að gera það. Þetta er bara samræming í takt við nútímann. Það er engin meiri trygging fyrir því að númeruðum reikningum, sem eru prentaðir áður, sé ekki hægt að skjóta undan frekar en þessu kerfi og þar sem ég þekki til er þetta mun öruggara ef eitthvað er heldur en prentaðir númeraðir reikningar.

Í sjötta lagi leggjum við til að atvinnurekendum

verði gert kleift að eiga sitt sumarfrí eða vetrarfrí og geti farið einu sinni á ári, ef þannig stendur á, eða í öðrum erindagerðum án þess að vera búnir að gera endanlega upp virðisaukaskattinn. Jafnframt er með þessari grein tryggt að ríkið fær sitt því að menn verða að greiða virðisaukann fyrir fram með vanáætlun upp á 5%. Það þýðir það að atvinnurekendur og þeir sem greiða virðisaukaskatt, sérstaklega einyrkjar, hafa möguleika á að taka sitt eigið sumarfrí án þess að lenda í sektum fyrir að vera ekki búnir að gera upp virðisaukaskattinn fullnægjandi. Ég held að við verðum að vekja sérstaka athygli á þessu ef það á að vera svo að atvinnurekendur og sérstaklega þá einyrkjar í atvinnurekstri sem eru virðisaukaskattsskyldir eiga að vera einir stétta á Íslandi sem ekki hafa möguleika á að taka sumarfrí eða sitt frí þegar þeim hentar með sinni fjölskyldu. Ég tel að menn verði aðeins að hugsa um þetta ef allar aðrar stéttir eiga að geta farið í sumarfrí nánast þegar það hentar þeim en ekki atvinnurekendur. Þetta er réttlætismál, þetta er hinn mannlegi þáttur og ég mundi óska eftir því að hv. fjh.- og viðskn. tæki þetta upp á milli umræðna og hæstv. fjmrh. ætti að hafa dug í sér til þess að koma þessu inn í lögin.

Þá er það í sjöunda lagi að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við viðhald og endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 3% af fasteignamati húseignar í ársbyrjun. Ég held að þetta sé stórt réttlætismál þegar við lítum til þess að breytingar og viðhald á húsnæði fer vaxandi. Það er dýrt og kostar mikið og oft og tíðum ekki minna en að byggja nýtt húsnæði. Það hlýtur að eiga við eldra íbúðarhúsnæði sem þegar er búið að greiða 3% eignarskatt af og ættu eigendur þess a.m.k. að hafa möguleika á því að fá virðisaukaskatt af endurnýjun þessa húsnæðis frádreginn enda fær fjmrh. væntanlega meiri peninga í kassann fyrir vikið.

Við höfum bætt við nýrri mgr. í sömu grein og þetta er í, að fjmrh. geti ákveðið með reglugerð að fella niður virðisaukaskatt af tækjum og búnaði til íþróttafélaga, hjálpar- og björgunarsveita. Í gegnum fjölda ára hefur söluskattur verið felldur niður af til að mynda skíðalyftum, snjótroðurum, snjóbílum til björgunarsveita og ýmiss konar búnaði af þessu tagi. Það má segja að þessi tæki hefðu aldrei komið inn í landið og orðið þjóðinni til gagns, ánægjuauka og oft til hjálpar ef þessi möguleiki hefði ekki verið fyrir hendi. Ég vil sérstaklega benda á það núna þegar áramót fara í hönd að hjálpar- og björgunarsveitir reyna að afla fjár til síns mikla starfs með ýmsum hætti, m.a. jólakortasölu og flugeldasölu. Endar ná oft ekki saman hjá þessum félögum öðruvísi en með hjálp frá því opinbera. Og má segja að þetta sé sú hjálp sem hafi reynst æðivel. Í raun er ekki tekið fé frá neinum. Ég tek sem dæmi að minnsta gerð af snjóbíl kostar nú sennilega í kringum 6 millj. kr. Ríkið mundi í þessu tilfelli sennilega taka í kringum 1,5 millj. kr. til sín. Þetta er náttúrlega alger fásinna. Og sama er með skíðalyftur og troðara fyrir skíðin sem félög hafa keypt fyrir sjálfsaflafé og reynt og koma upp. Íþróttasjóður ríkisins á að borga 40% á móti félögunum en rauntölur hafa orðið þær að ríkissjóður hefur, eftir því sem við höfum reiknað, greitt til skíðamannvirkja og skíðamanna svona í kringum 5–7% að meðaltali í stað 40% vegna þess að greiðslur hafa komið bæði seint og illa og étist upp í verðbólgunni því þetta er óverðtryggt.

Þá vil ég minna á ýmiss konar framkvæmdir hjá félögum svo sem íþróttavallagerð og byggingu íþróttahúsa. Ef þessi félög nytu þess að vera undir 12. gr. væri allt í lagi, þau væru án þess að hafa innskatt og án þess að hafa útskatt. En nú eru þau sett undir 2. gr. þannig að það er aðeins útskattur sem þau losna við. Mörg þessara félaga hafa engar tekjur sem útskattur leggst á. Oft og tíðum eru engar tekjur af t.d. íþróttavöllum. Oft eru engar tekjur af ýmiss konar mannvirkjum og nýtist þá ekki niðurfelling á útskatti þessum félögum. Og ég minni á hina miklu uppbyggingu á golfvöllum um allt land sem er til mikillar ánægju fyrir fjölda manna og kvenna.

Ég ætla ekki að öðru leyti að hafa frekari orð um þetta. Ég vona að hæstv. fjmrh. geti hér á eftir tekið undir eitthvað af þessum brtt. því ég tel þær allar til bóta miðað við það sem búið er að ákveða og muni lýsa yfir að hann styðji þær allar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson varpaði til mín fimm spurningum sem ég mun leitast við að svara í stuttu máli.

Í fyrsta lagi var spurt hvort framkvæmd hefði verið athugun á því hve margir kynnu að nýta sér þá heimild sem felst í þessu frv. að endurbætur yfir ákveðnu hámarki, 7%, yrðu gjaldgengar til endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu við endurbæturnar. Slík athugun hefur ekki farið fram. Hins vegar er þetta mark valið með hliðsjón af sams konar marki sem verið hefur í öðrum skattalögum og enn fremur með hliðsjón af því lánakerfi til endurbóta á eldra húsnæði sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt um nokkurra ára skeið. Mikill fjöldi fólks hefur hagnýtt sér þær lánveitingar og ég er sannfærður um að mjög margir munu nýta sér þennan rétt. Staðreyndin er sú að húsakostur landsmanna er mjög tekinn að eldast af eðlilegum ástæðum. Við höfum á undanförnum áratugum verið að byggja upp húsakost Íslendinga og margir leggja þess vegna ríka áherslu á að halda hýbýlum sínum við og gera það með reglubundnum hætti eða taka þá marga þætti í gegn. Áður fyrr voru menn oft að dunda við lítinn þátt í slíkri endurnýjun en með breyttum lífsháttum, eldra húsakosti, öðruvísi skipulagi á vinnu og tómstundum fjölskyldna, þörfinni á að afla sér sérhæfðs vinnuafls til að framkvæma þessar endurbætur, þá tel ég alveg augljóst að mjög margir muni hagnýta sér þennan möguleika. Hins vegar verður reynslan að skera úr um þetta atriði. Ef það kemur í ljós að þessi mörk eru of há til að allur þorri fólks, sem er sannanlega að ráðast í umtalsverðar endurbætur, nýti sér þennan rétt tel ég

alveg sjálfsagt að endurskoða þetta ákvæði. Talan er ekki sett til þess að koma í veg fyrir að menn nýti sér þennan rétt, þvert á móti er hún sett inn til þess að tryggja að hann verði notaður og valin svipuð mörk og reynst hafa vel á öðrum vettvangi þar sem menn hafa orðið að ákveða viðmiðunartölur í sama tilgangi.

Ég tel hins vegar að það sé sjálfsagt mál að athuga það að loknu fyrsta eða öðru ári virðisaukaskattsins hvernig nýtingin á þessari heimild hefur verið og taka hana síðan til skoðunar í ljósi þess.

Í öðru lagi var spurt að því hvort stefnt væri að verðlagseftirliti á fyrstu mánuðum virðisaukaskatts sem fæli í sér hindranir á frjálsri verðmyndun. Það er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að setja á verðstöðvun eða með öðrum hætti hindra það sem ræðumaður kallaði frjálsa verðmyndun. Hins vegar er ljóst að fyrir ýmsa kann það að vera einhver freisting að hagnýta sér breytinguna eina til að réttlæta gagnvart viðskiptavinum sínum sem ekki hafa nægilega þekkingu á eðli virðisaukaskatts einhverja verðhækkun þó hún eigi sér á engan hátt stoð í skattkerfisbreytingunni. Þess vegna hefur verið um það rætt að reyna að nýta bæði almennar upplýsingar, kynningarstarfsemi og starfsemi verðlagsskrifstofunnar til að tryggja með mildum en árangursríkum aðferðum að hvert verðhækkunartilefni þurfi að réttlæta sérstaklega til að tryggilega sé gengið úr skugga um að ekki sé verið að misnota kerfisbreytinguna til að sækja sér tilefni til verðhækkana.

Þriðja spurningin var hvers vegna ekki væri gerð tillaga um að virðisaukaskattur væri felldur niður af bókum frá næstu áramótum. Skýringin liggur í því að þegar gerð var tillaga um að bækur á íslensku yrðu undanþegnar virðisaukaskatti var ekki talið kleift að raska með þeirri tillögu tekjuforsendum fjárlaga. Þessi breyting hefur á ársgrundvelli í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð um 400–500 millj. kr. Væri breytingin látin taka gildi um næstu áramót mundi ríkissjóður tapa umtalsverðum upphæðum á næsta ári. Auðvitað má alltaf um það deila hvort ríkissjóður eigi að gera það eða ekki, en þegar tillaga var gerð um ýmsar breytingar á gildandi lögum um virðisaukaskatt töldu menn ekki kleift að gera breytingar sem röskuðu tekjuforsendum fjárlagafrv. á næsta ári á umtalsverðan hátt. Þess vegna var ákveðið að bíða með þessa breytingu þar til síðasta tímabil virðisaukaskattsins á næsta ári hæfist, en það kemur ekki til reikningsfærslu fyrr en á fjárlagaári ársins 1991. Þess vegna verður gerð áætlun og ráðstafanir til að mæta þessu tekjutapi í fjárlagafrv. fyrir árið 1991.

Fjórða spurningin snerti gjaldfrest á virðisaukaskatti í tolli. Rökin fyrir því að veita gjaldfrest á virðisaukaskatti í tolli eru einkum þau að koma í veg fyrir að fjárbinding verslunarfyrirtækja leiði til verðhækkana.

Ég tel rétt, áður en ég vík að þessu sérstaklega, að vekja athygli á því að með tilkomu virðisaukaskatts verður margvísleg fjárlosun í verslunarstarfsemi. Fjárhagsstaða verslunarinnar styrkist, sérstaklega smásöluverslunarinnar og einkum smásöluverslunarinnar út um land. Skýringin liggur í því, sem oft er ekki nefnt þegar menn ræða gjaldfrestinn, að verslunarfyrirtæki greiða nú söluskatt af margvíslegum aðföngum og þjónustu. Þegar virðisaukaskatturinn tekur gildi fellur þessi söluskattur niður. Hann verður í reynd innskattur sem fyrirtækin fá greiddan eða metinn á móti virðisaukaskatti sem þau greiða. Útreikningar hafa verið lagðir fram, m.a. á fundi sem Félag ísl. stórkaupmanna og Verslunarráðið efndu til fyrir nokkrum vikum síðan, sem sýna að þessi breyting ein kemur til með að styrkja fjárhagsstöðu smásöluverslunarinnar í landinu allverulega. Rétt er að hafa í huga að þessi breyting gefur versluninni tilefni til verðlækkunar ein út af fyrir sig vegna þess að fjárhagsstaða hennar styrkist. Á móti þessari fjárstyrkingu hafa menn svo teflt fjárbindingunni við það að ekki verði veittur gjaldfrestur í tolli. Sú fjárbinding kemur fyrst og fremst fram í heildversluninni. Þó er rétt að hafa það einnig í huga að heildverslunarfyrirtæki munu ekki þurfa að greiða söluskatt af ýmsu sem þau greiða söluskatt af í dag og fá virðisaukaskatt af þessum sömu þáttum frádreginn sem innskatt. Þannig að á móti kemur einnig nokkur fjárlosun hjá heildversluninni. Engu að síður verður hún minni og kemur út með öðrum hætti en hjá smásöluverslun-inni.

Matið sem framkvæmt hefur verið þegar þessum tveimur þáttum hefur verið stillt saman, sem verður auðvitað að gera til þess að fá mynd af áhrifunum á verðlagið, það er ekki nóg að skoða heildverslunina eina út af fyrir sig, það verður að skoða smásöluverslunina líka til þess að geta fengið heildarmynd af áhrifunum á verðlagninguna til neytandans, sú rannsókn sem framkvæmd hefur verið á þessu atriði sýnir að áhrifin eru tengd því hve langan gjaldfrest heildverslunin veitir smásölufyrirtækjunum. Ef gjaldfresturinn sem heildverslunin veitir smásöluversluninni er innan við 45 dagar verða engin neikvæð áhrif sem leitt gætu til verðhækkunartilefnis hjá versluninni, hvorki heildversluninni né smásölunni, hvað snertir endanlegt verð til neytandans. Það er þá aðeins þegar gjaldfresturinn er kominn yfir 45 daga frá heildversluninni til smásöluverslunarinnar að neikvæðu áhrifin fara að koma fram. Samanlögð munu þau skv. þessu mati þó ekki nema meira en 0,5% til rúmlega 1%.

Þess vegna er ekki hægt að slá því föstu að það að veita ekki gjaldfrest í tolli muni í sjálfu sér leiða til verðhækkana. Menn verða að hafa heildarmynd af því sem gerist við upptöku virðisaukaskattsins og meta einnig inn í dæmið þá breytingu sem felst í því að söluskattur sem verslunarfyrirtæki greiða í dag kemur til frádráttar í formi virðisaukaskatts sem birtist sem innskattur. Einnig er rétt að hafa í huga þann tíma sem heildverslunin veitir smásöluverslun-inni í viðskiptum þeirra innbyrðis. Þess vegna liggur það ekki fyrir með jafnskýrum hætti og stundum kemur fram í málflutningi einstakra þingmanna og hagsmunaaðila að alveg augljóst sé að það að veita

ekki gjaldfrest í tolli muni leiða til verðhækkana til neytenda.

Hitt er svo kannski aðalatriðið að það kann að vera að ef gjaldfrestur verður ekki veittur í tolli muni verslunarfyrirtæki nýta sér þá staðreynd til þess að sækja sér verðhækkunartilefni umfram það sem ella væri ástæða til eða búa sér til verðhækkunartilefni þegar þau eru ekki fyrir hendi vegna skattsins sjálfs. Af þessum ástæðum hef ég þegar ákveðið að nýta þá heimild sem er í lögunum til að veita gjaldfrest af hráefnum til iðnaðar og af olíu. Það er alveg ljóst að sú ákvörðun kemur til með að styrkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og auka möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til þess að vaxa á næstu árum.

Ég hef hins vegar, eins og ég lýsti yfir í efri deild í dag, haldið áfram athugun á því máli hvort eigi að veita viðtækari gjaldfrest skv. þessari heimild hvað snertir innflutning á öðrum vörum. Ég hef átt viðræður við hagsmunaaðila síðustu daga um þetta atriði og í fjmrn. er þessa dagana unnið að því að skoða með hvaða hætti mætti veita gjaldfrest við upptöku virðisaukaskatts af innfluttri vöru til að koma í veg fyrir að við upptöku virðisaukaskattsins sæki menn sér tilefni, raunveruleg eða óraunveruleg, til verðhækkana vegna þess að gjaldfresturinn hafi ekki verið veittur. Það er hins vegar nauðsynlegt í þessari athugun að huga einnig að greiðslustöðu ríkissjóðs í heild yfir árið og reyna að stilla þannig saman þessi tvö markmið. Annars vegar að koma í veg fyrir verðhækkunartilefni við upptöku virðisaukaskattsins og hins vegar að draga úr neikvæðum áhrifum þegar á heildina er litið á greiðslustöðu ríkissjóðs.

Ég mun leitast við að tryggja að við upptöku virðisaukaskattsins geti verslunarfyrirtæki ekki sótt verðhækkunartilefni til þessarar skattkerfisbreytingar þegar hún gengur í garð. Ég tel að nú þegar hafi verið gerðar ýmsar ráðstafanir í þeim efnum. Og við erum þessa dagana að skoða með hvaða hætti megi ákveða viðtækari gjaldfrest við upptöku virðisaukaskattsins hvað snertir virðisaukaskatt í tolli svo ljóst verði öllum að þegar virðisaukaskattur gengur í garð hafi ekki orðið um viðbótarfjárbindingu fyrir neinn þátt í versluninni að ræða, hvorki í heildverslun né smásöluverslun.

Ég get hins vegar ekki á þessu stigi lýst alveg nákvæmlega með hvaða hætti þetta geti orðið. Það er unnið að því máli þessa dagana í fjmrn., bæði af embættismönnum ráðuneytisins og eins í viðræðum við ýmsa hagsmunaaðila. Ég hef trú á því að okkur takist á næstu dögum að ná niðurstöðu sem geti tryggt að viðtækari gjaldfrestur verði veittur en þegar hefur verið ákveðinn. Með þeim hætti verði virðisaukaskatturinn við upphaf þessara skattkerfisbreytinga framkvæmdur á þann veg að ekkert verslunarfyrirtæki geti sótt sér þá röksemd að í honum felist viðbótarverðbinding vegna þess að innheimtukerfið leggi slíkar byrðar á fyrirtækin.

Ég vona að þetta varpi nokkru ljósi á þetta mál og lýsi þeim markmiðum sem við erum að vinna að. Þau eru annars vegar að koma í veg fyrir verðhækkunartilefni af völdum þessarar kerfisbreytingar og hins vegar að tryggja að kerfisbreytingin sem slík hafi, þegar á árið í heild er litið, ekki neikvæð áhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs.

Ég vænti þess og tel reyndar af þeim samtölum sem ég hef átt við hagsmunaaðila síðustu sólarhringa að um þetta geti tekist góð samvinna þó að ég treysti mér ekki á þessu stigi til að lýsa endanlegri niðurstöðu í þessu máli.

Fimmta spurningin snerti ákvæði um stærð bíla sem notaðir eru af fyrirtækjum í rekstri og þau mörk sem eru dregin varðandi einkabíla og fyrirtækjabifreiðar. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það hefur farið í vöxt á síðari árum að fyrirtæki noti smærri bifreiðar með margvíslegum hætti í þágu atvinnustarfseminnar. Ég tel sjálfsagt að skoða það mál mjög rækilega hvar eigi að draga þessi mörk. Ekki er ætlunin að mismuna fyrirtækjum með þessum hætti. Það verður hins vegar líka að koma í veg fyrir að menn skrái einkabifreiðar sínar á fyrirtækin og reyni þannig að hagnýta sér skattkerfið til þess að fá frádrátt vegna einkanota af bifreiðum. Ég hef þegar rætt við embættismenn skattkerfisins um að skoða rækilega reglurnar um stærð og tegundir bifreiða í þessum efnum svo tryggt sé að jafnræði ríki milli fyrirtækja í rekstri, hvort heldur reksturinn krefst þess að fyrirtækin noti stærri bifreiðar eða þau geta komist vel af með að nota smærri og hagkvæmari bifreiðar.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það veltur á miklu hvernig tekst til með framkvæmd laganna um virðisaukaskatt þegar hann kemur til framkvæmda á áramótum. Ég fullyrði að hér er um veigamikla skattkerfisbreytingu að ræða sem er vafalaust mjög skynsamleg og því veltur á miklu að þannig sé búið um framkvæmdina að hún eyði þeim ágreiningi og þeirri vantrú sem sumir hafa á þessari skattkerfisbreytingu. Það er fyrir öllu að hún takist og að þjóðin skilji að hér hafi verið mjög vel vandað til þessarar kerfisbreytingar.

Ég harma hins vegar hversu þetta mál er seint á ferðinni sem gerir það að verkum að enn þá eru fjölmörg nauðsynleg atriði í raun og veru óafgreidd og liggja ekki ljós fyrir í sambandi við framkvæmd þessara laga þegar þau taka gildi. Ég harma það jafnframt sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. að þetta og hitt sé enn til athugunar. Það hefði verið nauðsyn á því og er að einmitt slíkar athuganir væru um garð gengnar og ákvarðanir um á hvern hátt ætti að framkvæma lögin lægju fyrir.

Ég get ómögulega skilið að smásöluverslun, eins og úti á landi, standi eitthvað betur að vígi eftir að lög um virðisaukaskatt taka gildi. Smásöluverslun úti á landi er núna hörmulega á vegi stödd og ég minni einu sinni enn á að í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá því í september 1988 er sagt að stórátak eigi að gera til þess að rétta hag strjálbýlisverslunarinnar. Ég hef ekki séð nokkuð í þá átt að rétta hag strjálbýlisverslunar. Ef hæstv.

ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. telur að það sé að rétta hag hennar að leggja að nýju skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, þá fer hann alveg villur vegar.

Nefndin sem viðskrh. skipaði og hefur lokið sínum störfum og sent frá sér tillögur sínar bendir þar á veigamikil atriði en ekkert kemur fram í þeim efnum hvað ríkisstjórnin ætlar að gera. Það er ekki nóg að hafa áhugann í orði ef hann er ekki á borði.

Ég er þeirrar skoðunar að greiðslufrestur eigi að vera í tolli á öllum innflutningi eins og til var ætlast og ákveðið var í upphafi en ekki mismuna hinum ýmsu greinum viðskipta- og atvinnulífs með þeim hætti sem nú er ætlað þó að talað sé núna nokkuð frjálslega í þeim efnum.

Hæstv. fjmrh. talaði um þetta og hitt ef innflutningsverslunin gæfi greiðslufrest í allt að 45 daga o.s.frv., þá væri þetta svona og svona. Sjálfur rekur hann eina stærstu verslun landsins, bæði innflutningsverslun og smásölu. Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann ætlast til þess að fá greiðslufrest af þeim vörum sem hæstv. fjmrh. er að selja. Ekki eru kortaviðskiptin þar þó þau séu í öðrum búðum og ekki er opið á laugardögum þar eins og í flestum búðum, ekki einu sinni 23. desember. Það eru margar auglýsingar á ferðinni um að það sé lokað hjá Ólafi Ragnari Grímssyni allan daginn þann 23. (**Gripið fram í:** Er engin þjónusta?) Þetta er ekki nokkur þjónusta, það er til skammar. Bragð er að þá barnið finnur. Hæstv. landbrh. finnur þetta.

Við verðum líka að hugsa um það að eftir því sem við íþyngjum versluninni meira erum við að færa verslunina meira úr landinu. Ef við erum að íþyngja íslenskum verslunarfyrirtækjum fer fólkið að kaupa meira í Glasgow og þeim borgum sem fólk hefur keypt mest í og mest frá á undanförnum árum. En þá er ríkið að tapa tekjum og ríkið þarf líka að hugsa um það. Það er ekki alltaf nóg að þrengja að atvinnurekstrinum ef það kostar líka að þrengja hag sjálfs ríkisins.

Samtök fiskvinnslustöðva hafa áhyggjur vegna breytinga sem upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér. Um næstu áramót þarf að gera ráð fyrir endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af birgðum sem verða til staðar hjá öllum fiskvinnslufyrirtækjum um næstu áramót. Útflytjendur létu nýlega kanna hvað birgðir mundu verða miklar um næstu áramót. Samkvæmt upplýsingum þessara samtaka er talið að birgðir muni nema 5,5–6 milljörðum kr. miðað við það endurgreiðsluhlutfall sem hefur gilt frá sl. nóvember. Þá telja þeir að líklegt sé að um 100 millj. kr. þurfi til að endurgreiða fiskvinnslufyrirtækjum söluskatt sem þau hafa greitt af aðföngum vegna framleiðslu þeirra birgða sem verða í landinu á næstu áramótum.

Í frv. til fjárlaga eins og það var afgreitt hér við 2. umr. á hv. Alþingi er ekki fjárveiting til að mæta þessum óhjákvæmilegu útgjöldum. Og í frv. til fjáraukalaga sem hér var til umræðu í gær var gert ráð fyrir að mæta útgjöldum vegna uppsafnaðs söluskatts á útflutningi til loka þessa árs. En til þess þarf fjárveitingin að ganga óskipt til fiskvinnslunnar einnar.

Mikill útflutningur sjávarafurða í ár ásamt minnkun birgða hafa kallað á hærri endurgreiðslur vegna uppsafnaðs söluskatts við kaup á aðföngum til fiskvinnslunnar og því er nauðsynlegt að fjárveiting verði á fjárlögum fyrir næsta ár til að mæta þeirri uppsöfnun söluskatts sem fiskvinnslufyrirtækin hafa lagt út í í núverandi söluskattskerfi.

Ég tek heils hugar undir þessar athugasemdir og ábendingar og beiðni samtaka fiskvinnslunnar í landinu og vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái að ekki er hægt að ganga fram hjá jafnsjálfsagðri beiðni sem er byggð á sanngirni og því að atvinnuvegunum sé sýnt fyllsta réttlæti.

Ég gat þess í upphafi máls míns að ég teldi að hér væri um merka og mikilvæga kerfisbreytingu að ræða í skattamálum sem væri nauðsynlegt að framfylgja með þeim hætti að hún mæti ekki andstöðu meðal þjóðarinnar heldur finni þjóðin fljótlega að hér sé á ferðinni góð og skynsamleg kerfisbreyting.

Það hefur mikið verið talað um að sundrung og óeining sé hér á Alþingi og víst fer ekki á milli mála að svo hefur verið þó upp úr hafi soðið í gærkvöldi. Þá verður mönnum gjarnan á að kenna einhverjum um því alltaf þarf að hengja einhvern fyrir sakirnar. Þá hefur það verið sagt að stjórnarandstaða, þó einkum Sjálfstfl., hafi staðið í vegi fyrir því að greiða fyrir málum. Ég vil út af þessu og fleiru benda á að yfirleitt tíðkast ekki að nefndir taki til að vinna að frv. sem liggja fyrir Alþingi fyrr en þeim er formlega vísað til nefndarinnar. Undantekning frá þessu hefur verið fjárlagafrv. hverju sinni og hefur verið gert svo lengi sem elstu menn muna. En í þessu tilfelli fannst okkur sjálfstæðismönnum nauðsynlegt að hefja vinnu við virðisaukaskattsfrv. áður en því væri formlega vísað til nefndarinnar. Við ákváðum að bjóða fram samvinnu og samstarf um það um leið og við sáum brtt. bæði meiri hl. og minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. Þessi vinnuaðferð var viðhöfð og gengið rösklega að verki og rætt við nokkra tugi manna á tiltölulega skömmum tíma sl. mánudag. Seinni part þessa sama dags fór fram 1. umr. í þessari hv. þingdeild. Þá var búið að ræða við allan þennan fjölda af mönnum og það er eftirtektarvert í stórmáli, og það mjög flóknu máli sem þessu, að nál. meiri hl. nefndarinnar er dagsett daginn eftir að málinu er vísað til nefndarinnar. Og ég spyr: Þekkja hv. þingdeildarmenn mörg dæmi þess að stjórnarandstaða hafi á þennan hátt greitt jafn vel fyrir máli sem stjórnarandstaðan gerði í þessu máli?

Það má gjarnan halda þessu á lofti en ekki alltaf því sem miður fer og allt að því koma því inn hjá fjölmiðlum og öðrum að í þessari stofnun, sem á að vera virðulegasta stofnun þjóðarinnar, sé alltaf eldur og ekkert annað en eldur. Hér hefur verið reynt að vinna á málefnalegan og drengilegan hátt en til þess að svo megi verða verða allir aðilar að sýna í verki að þeir vilji vinna á þennan sama hátt, að vera drengilegir í samstarfi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að leyfa mér að taka undir orð hv. 1. þm. Vestf. sem hér talaði áðan og mælti góð orð um það að því er kannski of sjaldan til haga haldið sem unnið er hér með málefnalegum hætti í þinginu og vel er gert. Ég spái því að þau orð sem hann lét hér falla um nefndarstarfið og þá samstöðu sem þar hefur verið um að greiða fyrir þessu máli nái nú litlum eyrum fjölmiðla sem hér eru staddir, a.m.k. borið saman við þá veislu sem þeim hefur verið gjörð hér á þinginu undanfarið.

Ég vil líka taka undir það með hv. 1. þm. Vestf. að mjög miklu máli skiptir þegar svona viðamikil breyting á okkar skattkerfi er til meðferðar og kemur til framkvæmda að það takist vel. Og mönnum ber, hvaða pólitískar áherslur sem þeir kunna að hafa lagt í tengslum við þá afgreiðslu, að sameinast um að reyna að gera slíkt þegar á annað borð er orðið ákveðið og ljóst að slík kerfisbreyting er að koma til framkvæmda.

En erindi mitt hingað var að verða við, með mikilli ánægju, óskum um að svara einni eða tveimur spurningum frá hv. 5. þm. Vesturl. sem gerði mér þá ánægju og þann sóma og heiður að rifja upp úr verkum mínum hér fyrr úr þingsögunni nokkur orð og vék að því sem við ræddum hér á löngum fundum fyrir nokkru síðan, u.þ.b. tveimur árum reyndar, þegar skattkerfisbreytingar sem þá voru til meðferðar og síðar þetta mál um virðisaukaskatt komu til meðferðar hér í hv. Alþingi.

Hv. þm. minnti á að ég hefði verið í hópi þeirra þingmanna sem þá töldu það bestan kost að alls ekki kæmi til óbein skattheimta á matvæli af því tagi sem virðisaukaskatturinn er. Það er rétt munað hjá hv. þm., þetta var mín afstaða og er mín afstaða. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að koma á því skattkerfi hjá okkur að við drögum úr og helst afnemum óbeina skattheimtu á brýnustu lífsnauðsynjum og færa, eftir því sem ríkissjóður þarf á að halda teknanna vegna, þá skattbyrði yfir í aðra stofna. Ég vil sérstaklega nefna tekjutengda eða eignatengda skatta, sem ég tel að séu of lágir að hlutfalli hér á Íslandi, og þá aðra skattstofna sem koma þar niður sem bestar eru aðstæður til að mæta þeim. Þessi afstaða mín er óbreytt.

Ég minni líka á að ég hélt því fram þegar virðisaukaskattsfrv. var til umræðu hér áður en það var lögfest að væru hins vegar ekki aðstæður til að afnema með öllu þessa skattheimtu eða hafa hana alls ekki á matvælum eða jafnvel öðrum brýnum lífsnauðsynjum, þá væri ótvírætt skynsamlegra að hafa þá skattheimtu á öðru og lægra þrepi en hin almenna skattheimta væri. Þetta er enn fremur óbreytt afstaða mín. Ég hef verið talsmaður þess innan ríkisstjórnarinnar að við reyndum að taka upp það kerfi og að því verður reyndar unnið eða það verður í skoðun nú á fyrstu mánuðum næsta árs. Ákveðin útfærsla á tveggja þrepa kerfi felst í þessari afgreiðslu á virðisaukaskattinum nú eins og ég veit að hv. þm. er kunnugt um og gerir mér léttbærara en ella að styðja þá útgáfu sem hér er til meðferðar. (**FrS:** Vill ekki hæstv. ráðherra skýra hvað hann kallar tveggja þrepa skatt núna?) Ég hygg það þurfi nú allra síst að skýra það út fyrir hv. 1. þm. Reykv. sem er mikill sérfræðingur á þessu sviði og kann þetta manna best. Hv. þm. veit að það er gert með ákveðnum endurgreiðslum á hluta af skattinum inn á tiltekið stig vöruviðskiptanna. Hér á ég við nokkrar mikilvægar innlendar matvælategundir sem óþarft er að þreyta hv. þdm. á að telja upp. Þetta er allt saman mjög vel kunnugt og í því felst að þessar vörur bera mun lægri skatt en aðrar þó þetta sé kannski ekki sú útfærsla á tveggja þrepa virðisaukaskatti sem ég vil helst sjá komast til framkvæmda, þ.e. að um eiginleg tvö þrep á endanlegu sölustigi vörunnar verði að ræða. Það tel ég vera skilvirkastu og varanlegustu útfærslu á þessu máli.

Herra forseti. Erindi mínu er þá lokið. Það var ekki annað en að verða við sjálfsögðum óskum hv. 5. þm. Vesturl. um að segja hér nokkur orð. Ég skildi af máli hv. þm. að hann hefði af því áhyggjur og efasemdir uppi um að hjá mér hefðu orðið einhver sérstök sinnaskipti í þessu máli. Svo er ekki. Ég hef nú útskýrt hvernig í þessu liggur og ég vona að það fullnægi hv. þm. og geri hann ánægðan.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls hér aftur en sé fulla ástæðu til þess. Ástæðan er sú að fram er komin í Ed. breyting við lánsfjárlög frá fjh.- og viðskn. og hún hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Á eftir 37. gr. komi ný grein í III. kafla er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi."

Hæstv. forseti. Ég fer fram á það hér við hv. formann fjh.- og viðskn. Nd. að hann taki upp á milli umræðna brtt. frá okkur hv. 5. þm. Vesturl. Inga Birni Albertssyni, breytingu nr. 7, b-lið, þar sem segir, með leyfi forseta: „Fjmrh. getur ákveðið með reglugerð að fella niður virðisaukaskatt af tækjum og búnaði til íþróttafélaga, hjálpar- og björgunarsveita." Ég óska eftir því að hv. formaður fjh.- og viðskn. taki þetta mál upp sérstaklega í nefndinni, hafi samband við sína menn í Ed. og sjái til þess að hv. Ed. sé ekki að flytja breytingar um virðisaukaskatt við lánsfjárlög. Ég tel það brýnt að það sem tilheyrir virðisaukaskattinum sé í þeim lögum en ekki einhverjum „þrátt fyrir" ákvæðum um lánsfjárlög sem ég tel líka vafasamt að sé þingleg meðferð. Ég vil beina því hér til hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann taki þetta upp og geri tillögu okkar hv. þm. Inga Björns Albertssonar að sinni með þeim breytingum sem hér eru lagðar til í Ed. þannig að þetta komi í heildarlögunum en sé ekki gert með þeim hætti sem hér hefur orðið.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið. Ég ætti kannski reyndar að byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Það var athyglisvert, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason kom aðeins inn á, að í svörum ráðherrans kom staðfesting á því sem við höfum sagt, að allur undirbúningur við gerð þessa frv. er í molum og hefur verið ónógur þrátt fyrir verulegan og góðan tíma til að standa að því verki.

Í stuttri ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann svaraði fimm af mínum spurningum kom fram að verið væri að skoða mál, verið væri að kanna mál, verið væri að vinna í og verið væri að endurskoða. Það þarfnast nú varla skýringar og þetta styður náttúrlega þá skoðun sem fram hefur komið hjá nokkrum stjórnarandstæðingum að frv. þetta er ekki nógu vel undirbúið eins og það liggur hér fyrir.

Ef ég fer í sömu röð yfir svörin og þau bárust frá hæstv. ráðherra er það athyglisvert varðandi viðhald eða endurbætur á húsnæði að engin könnun hefur farið fram á því hvort þessi 7% viðmiðun af fasteignamati húseignar sé raunhæf eða ekki. Hæstv. fjmrh. virtist álíta að svo væri en lýsti því þó yfir að hann væri tilbúinn að endurskoða þetta eftir svona 1–2 ár í ljósi reynslunnar. Í sjálfu sér ber að fagna því að ráðherra sé tilbúinn að endurskoða þennan þátt sem ég hygg að falli í skaut annars aðila ef á að bíða í 1–2 ár eftir því.

Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort skynsamlegt væri að binda þetta við almanaksár eins og það er núna í staðinn fyrir að binda það við 12 mánaða tímabil. Ég útskýrði hér áðan að ef aðilar ætluðu í framkvæmdir til að ná þessu tiltekna viðmiðunarmarki væri það ógerningur seint á ári því þeir hreinlega næðu ekki að uppfylla skilyrði á svo skömmum tíma. Þess vegna hefur verið lögð fram brtt. þess eðlis að miða við 12 mánaða tímabil.

Ég er nú ekki klár á því hvað er meðalverð á íbúðum t.d. í Reykjavík. Ég gæti vel ímyndað mér að það væri í kringum 6 millj. eða eitthvað slíkt. Hæstv. ráðherra veit kannski betur í því efni. En sé það nærri lagi þarf viðkomandi aðili að kosta til 420 þús. kr. til að uppfylla þessi skilyrði. Hver heilvita maður sér að það eru ekki margir sem ráða við slíkar endurbætur. Þess vegna er það alveg nauðsynlegt að mínu viti að lækka prósentuna úr 7%. Við leggjum til 3%. Ég er ekkert endilega að segja að það sé hin eina sanna og rétta prósentutala en mér þykir alveg einsýnt að viðmiðunin er of há og hana þurfi að lækka.

Varðandi bókaþáttinn kom fram að það þýddi verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð ef undanþágurnar tækju gildi strax við áramót. Það eru ákveðin rök út af fyrir sig og ég get í sjálfu sér skilið þau og ætla ekkert að gagnrýna þau. Ég hefði öllu frekar átt að spyrja hvað það mundi valda miklu tekjutapi fyrir ríkissjóðs að hefja undanþágur 1. sept. þannig að komið væri í veg fyrir að þetta íþyngdi námsmönnum eins og mikið hefur verið komið inn á í þessari umræðu í báðum deildum. Ég legg til að ráðherra skoði það milli 2. og 3. umr. hvort ekki megi taka undir þá brtt. sem hefur komið fram hjá stjórnarandstöðunni, ég hygg bæði frá Kvennalista og Sjálfstfl., að færa þessa dagsetningu til. Annars vegar hygg ég að það sé 16. sept. sem farið er fram á, hins vegar 1. sept.

Varðandi verðlagseftirlit fannst mér það blandast svolítið inn í umræðuna um tollkrít. Hæstv. ráðherra sagði að hann vildi passa upp á að fyrirtæki gætu ekki sótt sér verðhækkanatilefni til virðisaukaskattsins. Ég hlýt að inna eftir því hvernig á að koma í veg fyrir slíkt. Ég geri mér grein fyrir því að hægt er að hafa neytendakannanir og kanna vöruverð í hinum ýmsu verslunum og birta það til leiðbeininga fyrir neytendur. En í frjálsri álagningu getur ráðherra aldrei komið í veg fyrir að verslunin veiti þessari hækkun út í verðlagið. Það er ekki nokkur einasta leið. Það er annaðhvort frjáls álagning eða ekki og meðan hún er þá getur ráðherra ekki komið til innflutningsverslunar og krafið hana svara við því hvers vegna hún hækkar sínar vörur. Henni er í lófa lagið að gera það. Hins vegar er það bara eðli markaðarins að menn verða að halda sig við samkeppnisaðilana. Ekki þýðir að hækka sínar vörur upp úr öllu valdi. Að sjálfsögðu þarf að skoða þetta í heildarmynd og það hef ég gert að ég hygg. Það er að mörgu leyti rangt og að sumu leyti rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta sé til bóta fyrir dreifbýlisverslunina. Í flestum tilfellum er þetta til lítilla bóta einfaldlega vegna þess að dreifbýlisverslun í dag fær vörurnar á sama verði og verslunin í Reykjavík frá öllum stærstu innflytjendum. Það er sama verð þannig að þessi þáttur, söluskattur á flutningskostnað, er ekkert inni í því verði í dag. Þessi rök falla að mestu leyti um sjálf sig en ekki í þeim tilfellum þegar dreifbýlisverslunin á viðskipti við smærri aðila.

Það kom ekki fram í máli ráðherra hvað það þýddi í krónum og aurum fyrir ríkissjóð að veita þessa heimild. Hins vegar sagði hæstv. ráðherra að verið væri að vinna í þessu og athuga hversu mikið mætti breikka þessa undanþáguheimild. Það er mín skoðun að eitt eigi yfir alla að ganga í innflutningi og ekki eigi að vera að sigta út og mismuna atvinnugreinum þannig að ég get engan veginn sætt mig við það ásigkomulag og þá stefnu sem boðuð er í frv. í dag. Auðvitað njóta heildsalar, eins og aðrir, einhvers hags af því að draga innskatt frá hinum ýmsu þáttum rekstrar síns en það er ekki málið í þessu dæmi. Það er alveg ljóst að verði ekki veitt tollkrít leiðir það til hækkunar vöruverðs í landinu. Þá gildir einu hvort heildsali verslar með 45 daga víxil eða ekki. Það skiptir nákvæmlega engu máli og eru engin rök í þessu dæmi.

Varðandi fyrirtækjabifreiðar. Með þessu frv. er komið í veg fyrir að lítil fyrirtæki og einyrkjar sem verða svo þúsundum skiptir í þessu kerfi geti notfært sér litlar bifreiðar, stationbifreiðar. Nú verða þeir, ef þeir vilja fá að skrá bifreið á fyrirtækið, að vera með 9 manna bifreið eða stærri. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að þetta væri eitt af því sem væri verið að skoða og taldi að fara þyrfti yfir skráð fyrirtæki og meta í hverju tilfelli fyrir sig hvað fyrirtækið þyrfti á stórri

bifreið að halda. Þetta er náttúrlega gersamlega óvinnandi verk. Hins vegar fannst mér það skína í gegnum mál hans að fjöldinn væri látinn líða fyrir nokkra svindlara sem hann er hræddur um að séu að notfæra sér glufur í þessu kerfi. Fjöldinn á ekki að þurfa að líða fyrir það þó að einhverjir örfáir einstaklingar slæðist inn og misnoti þessa heimild. Það á ekki að koma í veg fyrir að allur fjöldinn geti nýtt sér þetta.

Það var einn liður sem hæstv. ráðherra svaraði ekki og ég hygg að það hafi verið með vilja. Það var sú auglýsing sem ég minntist hér á. Ég ætla ekki að rifja upp allt það sem ég sagði um þá auglýsingu annað en það að ég tel innflutningsverslun og heildsölu mjög misboðið með því dæmi sem þar er sett upp. Fólk er leitt út á hálan ís, látið trúa því að þarna sé um raunhæft dæmi að ræða sem sýni að heildsalar séu í raun hinir mestu okrarar. Dæmið sýnir fram á það að heildsali notar 70% álagningu en smásali 35% álagningu. Hver einasti maður sem þekkir eitthvað til verslunar veit að þetta er alrangt. Ég segi að þessu dæmi hafi verið stillt svona upp af annarlegum hvötum. Meðan það er ekki leiðrétt hlýtur það að teljast rétt skoðun hjá mér.

Hæstv. forseti. Það var ánægjulegt að geta glatt hæstv. landbrh. Honum fannst það ánægja og heiður að fá að koma hér í ræðustólinn og segja örfá orð svona eins og hann væri í afmælisboði einhvers staðar. En vörn hans var afar veik. Fyrir tveim árum lýsti hæstv. landbrh. því yfir, og ég fór yfir það hér, að Alþb. gæti aldrei fallist á þá skattlagningu sem matarskattur héti. Ég veit ekki betur en matarskattur sé enn til staðar og ég veit ekki betur en alþýðubandalagsráðherrar standi að því að leggja þetta frv. fram í dag. Því fannst mér vörn ráðherra ansi veik. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðherra að stefnan ætti að vera tvö þrep og hún er tvö þrep. Ég tel að það hafi komið fram í máli hæstv. fjmrh. þegar þessi umræða var hér fyrst í deildinni. En í dag er bara eitt þrep. Tveggja þrepa skattur er ekki til, ekkert innan gæsalappa eins og hæstv. landbrh. vildi láta að liggja í sínu máli.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég ítreka hins vegar að verðlagshöft mega ekki hefja innreið sína aftur á Íslandi. Mér fannst það liggja í orðum hæstv. fjmrh. að það væri í deiglunni og gripið yrði til aðgerða ef hann sæi fram á hækkandi verðlag með tilkomu virðisaukaskatts. Það er hins vegar alveg ljóst að virðisaukaskattur mun leiða til hækkandi vöruverðs á allri innfluttri vöru.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 397,1 felld með 21:4 atkv.
Brtt. 385,1 felld með 22:13 atkv.
Brtt. 388,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 394,1 felld með 21:16 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,2 felld með 22:14 atkv.
Brtt. 394,3 felld með 22:14 atkv.
Brtt. 388,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 385,2 felld með 22:15 atkv.
Brtt. 394,4–5 felldar með 22:16 atkv.
Brtt. 394,6 kom ekki til atkvæða.
6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 385,3 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, FÞ, HJ, IBA, KrP, MB, ÓE.

nei: SJS, AðB, AS, ÁHE, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, ÁrnG.

ÞÞ, AÓB, BÍG, EH, FrS, KE, MÁM, RH greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (JónS, MálmS, PJ, SV) fjarstaddir.
Brtt. 394,7 kom ekki til atkvæða.
7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 385,4 felld með 22:2 atkv.
Brtt. 394,8 kom ekki til atkvæða.
8. gr. samþ. með 22:15 atkv.
Brtt. 385,5 felld með 21:8 atkv.
Brtt. 394,9 kom ekki til atkvæða.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,10 felld með 21:15 atkv.
Brtt. 397,2 felld með 22:14 atkv.
10. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 394,11 felld með 21:12 atkv.
Brtt. 385,6 felld með 22:13 atkv.
11. gr. samþ. með 21:9 atkv.
Brtt. 394,12–13 felld með 22:16 atkv.
12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,14 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 394,15.a kom ekki til atkvæða.
Brtt. 394,15.b felld með 22:13 atkv.
Brtt. 388,3.a samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 385,7.a felld með 21:16 atkv.
Brtt. 394,15.c felld með 21:16 atkv.
Brtt. 388,3.b samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 385,7.b felld með 21:16 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
14.–15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,16 felld með 21:15 atkv.
16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,17 felld með 21:13 atkv.
Brtt. 397,3 felld með 21:16 atkv.
17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, 3. umr.

Frv. fjh. - og viðskn. Ed., 239. mál (endurgreiðsla virðisaukaskatts). — Þskj. 355.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 428).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 221. mál (breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga). — Þskj. 272.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 429).

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (heildarlög). — Þskj. 202, n. 395.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá Ed. Alexander Stefánsson og Hreggviður Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Geir Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (fasteignaskattur og aðstöðugjald). — Þskj. 405.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Í frv. eru lagðar til nokkrar tæknilegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingarnar á 1. og 2. gr. eru eftir ósk Fasteignamats ríkisins. Þar er lagt til að einfalda meðferð ágreiningsmála er varða gjaldstofn fasteignaskatts með því að fela Fasteignamati ríkisins að úrskurða í slíkum málum á fyrsta stigi í stað yfirfasteignamatsnefndar eins og nú er.

Breytingin sem lögð er til í 3. gr. varðar útsvör barna sem misst hafa annað eða bæði foreldri. Breytingarnar sem lagðar eru til í 4. og 7. gr. eru á aðstöðugjaldskafla laganna. Markmiðið með þeim er að koma í veg fyrir ágreining við framkvæmd laganna. Í 8. og 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða eru gildistökuákvæði.

Í 1. gr. er lagt til að í stað orðsins „matsverð" komi orðið álagningarstofn. Breyting þessi er talin eðlileg með hliðsjón af ákvæðum 3. gr. laganna þar sem er að finna nýmæli um stofn til álagningar fasteignaskatts á húsum og öðrum mannvirkjum um allt land.

Í 2. gr. er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að fela Fasteignamati ríkisins að úrskurða í ágreiningsmálum sem varða gjaldstofn skv. 3. gr. þeirra. Ætlunin með þessu er sú að einfalda meðferð slíkra ágreiningsmála. Úrskurðum þessum megi þó ætíð skjóta til yfirfasteignamatsnefndar.

Breytingin sem lögð er til í 3. gr. er til samræmingar við fyrirhugaða breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, en þessi breyting var gerð í meðferð málsins í Ed. Í henni felst breyting varðandi útsvarsálagningu barna sem misst hafa annað eða bæði foreldri. Lagt er til að heimilt verði eftir umsókn að skattleggja slíkar tekjur hjá börnunum sjálfum í stað þess fyrirkomulags sem nú er að skattleggja þær með tekjum þess aðila sem nýtur barnabóta vegna barnsins.

Í 4. gr. er lagt til að tekið verði upp skýrara og ákveðnara orðalag 34. gr. til þess að koma í veg fyrir ágreining við framkvæmd.

Í 5. gr. er einnig lögð til smábreyting á 34. gr. laganna til að eyða öllum vafa um það hverjir eru undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu.

Í 6. gr. er lagt til nákvæmara orðalag en er í núgildandi ákvæði.

Í 7. gr. er í raun verið að leiðrétta prentvillu sem hefur verið í tekjustofnalögunum allt frá 1980 en allir úrskurðir varðandi þetta atriði hafa að sjálfsögðu verið felldir á grundvelli upphaflega lagatextans. Breytingin í 8. gr. er til skýringa og til að taka af allan vafa varðandi gildistöku laganna.

9. gr. þarfnast ekki skýringa en breytingin sem lögð er til í bráðabirgðaákvæði er til að tryggja að ákvæðin í 3. gr. varðandi útsvarsálagningu barna gildi við útsvarsálagninguna strax á árinu 1990 vegna tekna þeirra á árinu 1989.

Efni 1., 2., 4., 6., 7. og 9. gr. voru í upphaflegri gerð frv. en 3., 5. og 8. gr. var ásamt bráðabirgða-

ákvæði bætt við í meðförum félmn. Ed. í samráði við félmrn. Haft hefur verið samráð við embætti ríkisskattstjóra um þessar breytingar.

Virðulegi forseti. Þótt hér sé nánast aðeins um tæknilegar breytingar að ræða er mikilvægt að þær nái fram að ganga og taki gildi um næstu áramót til að auðvelda framkvæmd laganna um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 251. mál (gjalddagi). — Þskj. 409.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 409 er prentað frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Frv. er flutt af fjh.- og viðskn. og flutt vegna þess að frv. með sama heiti verður ekki afgreitt hér fyrir áramótin. Hér er um að ræða að færa gjalddaga bifreiðagjalds frá 1. jan. samkvæmt því sem segir í gildandi lögum til 1. mars 1990. Þetta er samkomulagsmál flutt af nefnd og geri ég því ekki tillögu um að því verði vísað til nefndar en að sjálfsögðu til 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom fram hjá frsm. nefndarinnar að hér er um samkomulagsmál að ræða. Þar sem frestað hefur verið afgreiðslu á fyrirliggjandi máli þótti eðlilegt að minni hl. nefndarinnar stæði að flutningi þessa máls. Með því er ekki verið að lýsa yfir stuðningi við það frv. sem síður nema síður sé.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

33. fundur, miðvikudaginn 20. des., að loknum 32. fundi.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 430, brtt. 431.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess að mér gafst ekki tækifæri við lok 2. umr. til að víkja örfáum orðum að tveimur atriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Inga Björns Albertssonar í lok umræðunnar vil ég í fyrsta lagi taka fram að það er ekki með ráðnum huga gert að í auglýsingu á vegum ríkisskattstjóraembættisins um útreikninga í virðisaukaskatti sé sérstaklega verið að gefa til kynna að álagning í heildverslun sé óeðlilega mikil. Það dæmi sem þarna er tekið er eingöngu byggt upp af reikningslegum ástæðum. Sjálfsagt hefði mátt taka annað dæmi með öðrum tölum en ég get fullvissað hv. alþm. um að í þessari auglýsingu er ekki verið að koma áleiðis þeim boðskap að álagning í heildverslun sé þetta há og þessum mun hærri hjá heildsöluverslun en smásöluverslun eins og tölurnar gefa til kynna. Mér láðist að svara þessari spurningu hv. þm. eins og hann benti á hér við lok 2. umr. en ég vildi ekki ljúka þessari umræðu án þess að koma þessu á framfæri alveg skýrt.

Í öðru lagi vil ég ítreka það sem ég lét koma fram hér áður að ég hef undanfarið átt í viðræðum við hagsmunaaðila um upptöku virðisaukaskatts. Og eins og fram kom í máli mínu hér áðan hafa m.a. aðilar vinnumarkaðarins í þeim viðræðum lagt mikla áherslu á að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til að stemma stigu við verðhækkunum við upptöku virðisaukaskatts. Í kjölfar þessara viðræðna tel ég nauðsynlegt að undirbúa ákvörðun eins og ég gat um áðan að greiðslufrestur verði veittur við innflutning á vörum þannig að hindrað verði að upptaka virðisaukaskatts verði tilefni til almennra verðhækkana nú um áramótin.

Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að hv. þm. taldi nauðsynlegt að fá nánari útskýringar á því sem ég sagði hér áðan. Ég vænti þess að þessi orð fullnægi þeim óskum.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. hefur leyft sér að flytja brtt. á þskj. 431. Þessi brtt. var kölluð aftur við atkvæðagreiðslu við 2. umr. þessa máls og er hér til umræðu og afgreiðslu. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé skylt að framkvæma greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli með ákveðnum hætti. Í lögum um virðisaukaskatt segir svo í 3. mgr. 34. gr., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjmrh. ákveðið að ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning. Gjalddagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram."

Í nefndarstörfum hefur komið fram, ekki eingöngu

af hálfu fulltrúa verslunarinnar heldur eru það einnig skoðanir opinberra aðila, þeirra sem komu til nefndarinnar á vegum fjmrn., að verði ekki um slíkan greiðslufrest að ræða geti það og muni að öllum líkindum leiða til þess að verðlag muni hækka nokkuð. Hugmyndir manna um hve verðlag muni hækka mikið eru mismunandi. Lægst hefur verið nefnt 0,5% en aðrir hafa farið upp fyrir 2%.

Nú rétt í þessu gaf hæstv. ráðherra yfirlýsingu sem ég leyfi mér að skilja svo að hann muni beita 3. mgr. 34. gr. laganna um virðisaukaskatt í svo miklum mæli að ekki þurfi að koma til hækkunar á almennu verðlagi vegna þess að heimildin sé ekki nýtt. Ég skildi orð hans á þann veg og í trausti þess að framkvæmdin verði með þeim hætti að heimildin verði nýtt og verð hækki ekki af þeim sökum tel ég eðlilegt að við flm. brtt. á þskj. 431 köllum þá tillögu aftur og væntum þess að hæstv. ráðherra framfylgi yfirlýsingu sinni á þann veg að fullt samkomulag geti orðið þar um milli hans og hæstv. ríkisstjórnar annars vegar og verslunarinnar og annarra þeirra sem hagsmuna hafa af því að þessu ákvæði í 3. mgr. 34. gr. verði beitt hins vegar.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég stend hér upp til að taka undir orð hæstv. fjmrh. þegar hann svaraði hv. þm. Inga Birni Albertssyni áðan. Ég er einn af þeim sem hafa haft af því nokkrar áhyggjur að virðisaukaskattur við innflutning á vörum gæti valdið talsverðum verðhækkunum þó menn greini reyndar á um hversu miklar þær geti orðið.

Ég hef líka óttast að sú fjárbinding sem virðisaukaskattur á innfluttar vörur gæti valdið mundi kalla á þenslu á lánsfjármarkaði og jafnvel á hækkun á vöxtum. Áhrif á lánskjaravísitölu mundi þýða hækkun lána o.s.frv., fyrir utan það að við sem að þessari skattbreytingu vinnum höfum eðlilega óttast að ef virðisaukaskattur á innfluttar vörur kæmi til með að valda verðhækkunum mundi það valda mjög neikvæðum áhrifum og viðbrögðum almennings. Þess vegna vil ég sérstaklega taka undir með fjmrh. sem að undanförnu hefur unnið að því, og ríkisstjórnin reyndar öll, að koma í veg fyrir verðhækkanir fram undan. Orð hans um að undirbúa ákvörðun um að greiðslufrestur verði veittur við innflutning á vörum þannig að ekki komi til almennra verðhækkana af þeim völdum nú um áramótin eiga mikinn rétt á sér og ég vil ítreka að ég tek sérstaklega undir þessi orð fjmrh.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég kem eingöngu hér í ræðustól til að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf út hér rétt í þessu og tel hana mjög skynsamlega og vona að þar fylgi hugur máli.

Ég vil aðeins segja í lokin að hér hefur verið dreift allsérstöku plaggi á þinginu sem heitir „Það er allt hægt, vinur“ og geri þau að mínum lokaorðum.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á þeim málsliðum í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem lúta að því umræðuefni sem við fjöllum hér um. Þar er sagt að nefndarmenn hafi fjallað ítarlega um gjaldfrest í tolli og að meiri hl. nefndarinnar sé ljóst mikilvægi þess að sporna við hækkun verðlags og vaxta. Meiri hl. bendir á að ákveðið hafi verið að gjaldfrestur á virðisaukaskatti verði veittur við innflutning á hráefni til innlendrar iðnaðarframleiðslu og síðan segir: „Meiri hlutinn telur mikilvægt að fjmrn. kanni kosti þess að veita víðtækari gjaldfrest á innflutningi í því skyni að koma í veg fyrir verðlagshækkanir.“

Ég veit ekki hvort þessi könnun hefur þegar farið fram en eftir yfirlýsingu fjmrh. veit ég að þessi könnun verður a.m.k. gerð með því jákvæða hugarfari að gripið verði til þeirra aðgerða að ekki komi til verðlagshækkana af þessum sökum. Því fagna ég yfirlýsingu fjmrh. eindregið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 431 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (heildarlög). — Þskj. 202.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 436).

Bifreiðagjald, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 251. mál (gjalddagi). — Þskj. 409.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 2. umr.

Stjfrv., 164. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 179, n. 432.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Iðnn. hefur fjallað um málið og álit hennar er að finna á þskj. 432 svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að vegna undirbúnings frekari framkvæmda á vegum Kísiliðjunnar hf. og reksturs annarra fyrirtækja er hún kynni að standa að í Mývatnssveit verði fyllsta aðgát höfð varðandi áhrif á umhverfi og lífríki svo að ekki hljótist af skaðleg röskun."

Páll Pétursson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn standa að þessu áliti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 250. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 406.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 30 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 427.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að tíminn er nú nokkuð liðinn og miðnætti hefur gengið í garð ætla ég að stytta mjög mál mitt í framsögu fyrir þessu frv. Í framsöguræðu minni í hv. Ed. var hins vegar að finna ítarlega greinargerð fyrir öllum helstu efnisþáttum þessa frv. Það birtist hv. Nd. að mestu leyti í óbreyttum búningi. Þær breytingar sem gerðar hafa verið taka að mestu mið af niðurstöðum fjárlagafrv. við 3. umr. sem kynntar verða hér á morgun.

Það frv. til lánsfjárlaga sem ég mæli hér fyrir mótast fyrst og fremst af því að þenslumyndandi áhrif ríkissjóðs og opinberra lánastofnana á lánsfjár- og peningamörkuðum á árinu 1990 verða hverfandi og munu lækka um 8 milljarða kr. frá því sem verið hefur í ár. Hrein innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs og opinberra lánastofnana mun lækka í kringum 4 milljarða á árinu 1990 og eru góðar horfur á að hægt verði að ná henni án þess það hafi áhrif á vaxtastigið í landinu. Það er rétt að vekja athygli á því að þetta frv. til lánsfjárlaga er miðað við að innlendi lánamarkaðurinn hefur þróast í átt til aukins jafnvægis á árinu 1989. Það hefur dregið úr eftirspurn eftir lánsfé og betra jafnvægi komist á milli aukningar inn- og útlána innlánsstofnana. Gætir þar áhrifa af samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingu auk þess sem birgðir útflutningsvara eru með allra minnsta móti um þessar mundir. Í kjölfar þessa hafa raunvextir lækkað og lausafjárstaða innlánsstofnana hefur farið batnandi. Útlit er fyrir að hún batni um tæpa 6,3 milljarða kr. á árinu 1989.

Helstu niðurstöður peningamálaáætlunar vegna ársins 1990 benda til lítils háttar rýrnunar lausafjárstöðu innlánsstofnana og horfur eru á að lán og endurlán innlánsstofnana aukist um 15%. Samkvæmt lánsfjáráætlun og því frv. sem hér er mælt fyrir er reiknað með að heildarlántökur opinberra aðila, opinberra fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja, nemi í kringum 40 milljörðum kr.

Eins og nú er ástatt í þjóðarbúskapnum er ekki talið ráðlegt að ríkissjóður greiði á næsta ári niður erlendar skuldir sínar, en jafnframt er leitast við að móta þá stefnu að erlendar skuldir verði ekki auknar. Ríkissjóður mun því taka ný erlend lán á árinu 1990 fyrir því sem nemur afborgunum af eldri lánum og hugsanlegum greiðslum ríkissjóðs til Seðlabanka á þeim lánum sem hann þarf að standa skil á þar frá fyrri árum. Verulega mun draga úr innlausn spariskírteina á næsta ári. Áætlað er að innlausn á árinu 1990 verði 2 milljarðar en áætlun um innlausn á árinu 1989 var 3,8 milljarðar kr. Hrein lánsfjáröflun í formi spariskírteina á næsta ári er því áætluð um 4 milljarðar kr. samanborið við 2,2 milljarða kr. á árinu 1989.

Eins og hv. alþm. er kunnugt á stærsti hluti innlenda fjármagnsins uppruna sinn að rekja til lífeyrissjóðanna. Áætlað er að ráðstöfunarfé þeirra verði um 24 milljarðar kr. á áætluðu meðalverðlagi næsta árs og aukist að raungildi um 18% frá því sem það er áætlað á yfirstandandi ári. Sú aukning skýrist einkum af tvennu: Lokaáfanga í breikkun iðgjaldsstofns lífeyrissjóðanna sem kemur til framkvæmda í byrjun næsta árs og stækkun eignastofns lífeyrissjóðanna sem leiðir til mjög vaxandi vaxtatekna og afborgana. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 45% af ráðstöfunarfé sínu, þ.e. fyrir 10,8 milljarða kr., og er þá miðað við

að kauphlutfallið lækki úr 55% í 45% af ráðstöfunarfé.

Í þjóðhagsáætlun fyrir 1990 er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 10 milljarðar kr. eða um 3% af áætlaðri landsframleiðslu sem er svipað og reiknað var með í ár. Verður slíkt að teljast nokkur árangur í ljósi þess að næsta ár mun verða þriðja samdráttarárið í röð og samdráttur útflutningstekna verður umtalsverður. Þessi árangur verður enn meiri ef haft er í huga að flugvélakaup Flugleiða munu nema tæpum 8 milljörðum kr. á næsta ári. Erlendar lántökur til lengri tíma eru áætlaðar rúmur 21 milljarður kr. og greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar tæpir 25 milljarðar kr. á árinu 1990, þar af afborganir um 10½ milljarður og vextir 14 milljarðar. Greiðslubyrði erlendra lána mun aukast á yfirstandandi ári og því næsta og eru ástæður þess auknar erlendar skuldir og einnig hækkun á meðalvöxtum af erlendum lánum í um 8,5%.

Ég vil, virðulegi forseti, einnig vekja athygli á því að á allra síðustu árum hafa innlendar stofnanir með ríkisábyrgð leitað á erlendan lánamarkað í vaxandi mæli í stað þess að taka erlend lán fyrir milligöngu ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands eða annarra. Allar þessar stofnanir taka lán í skjóli ríkisábyrgðar og eru kynntar sem slíkar á alþjóðamarkaði. Hins vegar hefur í mjög takmörkuðum mæli verið fylgst með lántökustarfsemi þeirra enda þótt miklir hagsmunir séu í húfi fyrir ríkissjóð og mikilvægt sé að samræmi sé á milli þeirra lánskjara og skilmála sem stofnanir með ríkisábyrgðir og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum lánamörkuðum. Því er tekið upp það nýmæli hér í frv. að gera lánasjóðum og öðrum aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum skylt að kynna Seðlabanka Íslands í umboði fjmrn. fyrir fram um áform sín um erlendar lántökur og leita eftir samþykki hans á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni. Þetta ákvæði er tekið upp til að tryggja að samræmi sé á milli þeirra lánskjara sem stofnanir með ríkisábyrgð og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum mörkuðum. Að dómi kunnáttumanna á þessu sviði er talið mikilvægt að þetta ákvæði nái fram að ganga vegna þess að það getur tryggt hagkvæmari lántökur Íslendinga á erlendum lánamörkuðum.

Virðulegi forseti. Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestinga á Íslandi, ekki hvað síst sökum þess hvað áhættufjármagn í atvinnurekstri er óverulegt í okkar landi. Í lánsfjáráætlun fyrir 1990 eru ný útlán fjárfestingarsjóðanna áætluð um 20 milljarðar kr. Er það svipuð fjárhæð og áætluð var fyrir þetta ár. Endurskoðuð áætlun fyrir yfirstandandi ár felur í sér að útlánin verði nálægt 25,7 milljarðar kr. Ný útlán fyrir 1990 verða því um fjórðungi lægri en á yfirstandandi ári. Stafar þessi lækkun fyrst og fremst af minnkandi umsvifum Atvinnutryggingarsjóðs og Framkvæmdasjóðs. Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti. Í fyrsta lagi eigin fjármögnun, að fé losnar úr rekstri. Í öðru lagi með framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og í þriðja lagi með lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútgjöldum þurfa sjóðirnir að taka að láni um það bil tæpa 17 milljarða kr. Framlög og skatttekjur nema tæpum 3 milljörðum og eigið ráðstöfunarfé nemur aðeins um ½ milljarði kr. eða 2,4% af heildarútlánum.

Virðulegi forseti. Í frv. er með hefðbundnum hætti einnig gerð grein fyrir ýmsum skerðingarákvæðum sem og fjármögnun byggingarsjóðanna og enn fremur lántöku vegna ýmiss konar framkvæmdaáforma á næsta ári. Ég tel hins vegar óþarfa hér við þessa 1. umr. með tilliti til þess hver tíminn er að rekja þessi atriði nánar, en tækifæri mun gefast til að víkja að þeim við 2. umr. eftir að fjh.- og viðskn. og aðrir deildarþingmenn hafa haft tækifæri til að kynna sér málið nánar. Ég mælist þess vegna til þess, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki tekið undir þá bjartsýni sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv. til lánsfjárlaga. Ég er ekki sammála honum um að jafnvægi hafi náðst og tel að til marks um það sé sú útgjaldastefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt á þessu ári og mun fylgja á næsta ári. Nú er ljóst að halli á ríkissjóði verður um það bil 5 milljarðar á yfirstandandi ári og gera má ráð fyrir því að hallinn á næsta ári verði ámóta mikill.

Það eru allar líkur á því að lánsfjáröflun í ár muni ganga tregar en gert var ráð fyrir og ríkissjóður verði þess vegna að brúa bilið með erlendri lántöku í byrjun næsta árs eða með láni frá Seðlabankanum. Í raun er gert ráð fyrir því eins og fram kom í umræðum fyrr á þessu þingi þegar rætt var um aukalánsfjárlögin. Ýmsar líkur benda til þess að enn horfi verr á næsta ári. Ríkissjóður áformar að stórauka sölu spariskírteina umfram innlausn og velta síðan áfram 3,8 milljörðum í ríkisvíxlum. Þetta á að gerast á sama tíma og þjóðhagsáætlun felur í sér minni sparnað. Ofan á þetta bætist að horfur eru á því að halli á ríkissjóði verði meiri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir eins og ég hef fyrr sagt og að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sé ofmetið. Ég hefði talið að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að beita sér fyrir því að opna heimildir fyrir lífeyrissjóðina til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í stað þess að róa fyrst og fremst á þessi mið. Það er álit okkar sjálfstæðismanna að þær áætlanir sem liggja að baki frv. séu ekki raunhæfar. Við teljum að annaðhvort verði raunvextir hér á landi áfram jafnháir og hingað til hefur verið, þeir hækki jafnvel vegna ásóknar ríkissjóðs á innlenda fjármagnsmarkaðinn, eða að ríkissjóður verði að sækjast eftir erlendu láni með þeim afleiðingum sem allir þekkja og framkallar verðbólgu. Sumir álíta að niðurstaðan verði sú að á næsta ári megi sjá einhverja blöndu af þessu tvennu.

Það er ekki ætlun mín að hefja hér langa ræðu um efnisatriði frv. Við sjálfstæðismenn viljum að þetta frv. verði afgreitt nú fyrir áramótin og teljum að frv. eigi að fylgja fjárlögum. Ég bendi hins vegar á að efrideildarnefndin kallaði til sín hvorki meira né minna en 46 aðila þegar fjallað var um málið þar og ýmsar breytingar voru gerðar í meðferð deildarinnar á þessu frv. Við erum tilbúnir til að greiða fyrir því að málið verði afgreitt sem allra fyrst en munum fara fram á að ýmsir aðilar verði kallaðir til fundar við nefndina og vonandi gefst tími til þess í önnum nú á síðustu dögum þingsins að efna til slíkra fundahalda.

Virðulegi forseti. Þar sem klukkan er nú að verða hálfeitt og væntanlega á enn eftir að setja nýjan fund tel ég ekki ástæðu til þess, þar sem þingstörf hafa nokkuð tafist að undanförnu, á undanförnum klukkutímum, að hafa þessa ræðu lengri. Ég mun gera frekari grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. við 2. umr. málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

34. fundur, fimmtudaginn 21. des., kl. 1 árdegis.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 251. mál (gjalddagi). — Þskj. 409.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 3. umr.

Stjfrv., 164. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 179.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 451).

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 178. mál. — Þskj. 201, n. 433, brtt. 434.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur rætt þetta frv. Til viðræðna við nefndina voru kallaðir Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjútvrn.

Nefndin telur rétt að gera eftirfarandi breytingar á frv.:

Í frv. er gert ráð fyrir því að veiðieftirlitsgjald standi að öllu leyti straum af kostnaði við veiðieftirlit. Nefndin leggur til að ríkissjóður beri þennan kostnað að hálfu fyrst um sinn og eru breytingar á 1. og 2. gr. til samræmis við þetta. Í því felst að heimild fjmrn. til gjaldtöku í þessu sambandi fellur niður.

Í öðru lagi telur nefndin rétt að breyta orðalagi 3. gr. frv. þannig að vegna fasts gjalds smábáta frá 6–10 brl. komi tilvísun til gjaldbreytinga í 2. gr. frv.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að 4. gr. frv. falli niður og efni hennar verði athugað nánar í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Í fjórða lagi leggur nefndin til að lögin taki gildi hinn 1. jan. 1990.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Þórhildur Þorleifsdóttir var viðstödd afgreiðslu málsins og er samþykk henni.

Undir þetta nál. skrifa Hreggviður Jónsson, Alexander Stefánsson, Matthías Bjarnason, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson, Geir Gunnarsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 434,1 samþ. með 25:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 434,2 samþ. með 25:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, ÁHE, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, JóhS, JBB, JK, JSS, KrP, KE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RH, RG, StH, ÞP, ÞÞ, AS, ÁrnG.

ÓE greiddi ekki atkvæði.

13 þm. (BÍG, EH, FÞ, FrS, JónS, MB, MÁM, MálmS, PJ, SighB, SV, SJS, AðB) fjarstaddir.

Brtt. 434,3 samþ. með 28 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 434,4 (4. gr. falli brott) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 434,5 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 250. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 406, n. 437.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur á örstuttum fundi fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kemur frá Ed. Undir þetta nál. skrifa Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnhildur Helgadóttir, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónssson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (tannlæknaþjónusta). — Þskj. 260, n. 438, 440 og 441, brtt. 439, 442.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. og sent það til umsagnar endurskoðunarnefndar almannatryggingalaganna. Til viðræðna við nefndina komu Þorgrímur Jónsson tryggingalæknir, Magnús L. Gíslason og Ingimar Sigurðsson frá heilbr.- og trmrn., Börkur Thoroddsen frá Tannlæknafélagi Íslands og Teitur Jónsson frá Tannréttingafélaginu.

Í því frv. sem hér er til afgreiðslu er gert ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag verði tekið upp í tannréttingum, sérstaklega varðandi sérhæfða þjónustu við börn og unglinga á aldrinum 6–18 ára. Meiri hl. nefndarinnar bindur vonir við að forgreining og flokkun sem stefnt er að í frv. varðandi tannréttingar stuðli að betri tannþjónustu við börn og unglinga um leið og það dregur úr kostnaði við þessa þjónustu. Meiri hl. leggur sérstaka áherslu á að skipuleg innköllun barna til þessarar þjónustu virðist munu stuðla að betri tannheilsu. Þær hugmyndir, sem beinast að kostnaðarþátttöku ríkisins að 90%, bæði fyrir börn á aldrinum 5 ára eða yngri og börn og unglinga á aldrinum 6–15 ára, telur meiri hl. nefndarinnar mjög athyglisverðar og beinir þeim tilmælum til endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga að þessi kostnaðarskipting verði athuguð sérstaklega.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frv.:

Fyrsta breyting sem meiri hl. nefndarinnar leggur til fjallar um brottfall tilvísunarskyldu en í b-lið 43. gr., sem fjallar um greiðsluskyldu sjúkratrygginga, segir í frumvarpstextanum: „Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum og stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við“, að sjúkratryggingar greiði fyrir slíkt, en fyrir gamla tilvísunarformið komi sérstakt reikningsform sem Tryggingastofnun ríkisins lætur útbúa sérstaklega í því sambandi, þ.e. sérstök eyðublöð og þá í samráði við samningsaðila með það að markmiði að tryggja fagleg samskipti milli sérfræðinga innbyrðis og milli sérfræðinga og heimilislækna og/eða heilsugæslulækna.

Önnur brtt. er í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við sveitarfélög. Við uppgjör kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga við yfirtöku ríkisins á tannlæknakostnaði hefur komið fram að ekki var tekið inn í útreikningana þátttaka sveitarfélaganna í kostnaði við tannlækningar fyrir aldurshópinn 6–15 ára, sbr. nánar 2. tölul. 2. mgr. núgildandi 44. gr. almannatryggingalaga. Er hér um að ræða 346 millj. kr. Þar sem ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði við áðurnefnt uppgjör telur ríkisstjórnin eðlilegt að sveitarfélög taki að sér greiðslu hluta þessa kostnaðar. Hefur orðið að samkomulagi að þau taki að sér greiðslu eins þriðja hluta kostnaðar fyrir aldurshópinn 6–15 ára. Með þessu er ekki verið að leggja til neinar breytingar á sjálfri framkvæmdinni.

Loks er lagt til að ekki verði skírskotað til 16. gr. laga nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem sú grein fjallar eingöngu um tannlækningar en með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, tekur frv. á fleiri þáttum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Undir þetta nál. skrifa Guðmundur G. Þórarinsson, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar athugasemdir við þær reikningslegu forsendur sem liggja að baki þessu frv. Hér er um að ræða frv. sem hefur það að markmiði að ná fram ákveðnum sparnaði í útgjöldum ríkisins vegna almannatrygginga á sviði tannlækninga.

Ég tel að í nefndarstarfinu hafi verið leitt í ljós að þær aðfinnslur sem ég hafði hér uppi við 1. umr. hafi haft við rök að styðjast og að allur hinn reikningslegi grunnur, þær reikningslegu forsendur sem hér liggja að baki séu byggðar á sandi. Þannig hefur komið fram í nefndarstarfinu að allur kostnaður ríkisins á árinu 1988 vegna tannréttinga var rúmar 62 millj. kr. Samt á að spara 60 millj. á næsta ári á þessum eina lið. Og harla þykir mér það ólíklegt, herra forseti, að það takist þrátt fyrir mikla verðbólgu og þrátt fyrir einhverja magnaukningu á þessu sviði. Ég tel þess vegna, og það er álit 1. minni hl. nefndarinnar, að öll þessi áform séu því miður á brauðfótum. Ég segi, því miður, vegna þess að það er fyllsta ástæða til þess að leita sparnaðar á þessum sviðum almannatryggingaanna eins og annars staðar í ríkiskerfinu.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar hefur þess vegna ekki treyst sér til þess að standa að meirihlutaáliti sem gengur út á það að mæla með samþykkt frv. Fyrsti minni hl. nefndarinnar styður hins vegar þær brtt. frá nefndinni sem lúta að öðrum þáttum sem gerð var grein fyrir hér af frsm. meiri hl. nefndarinnar. Fyrsta minni hl. var hins vegar nokkur vandi á höndum vegna þess að hér er lýst andstöðu við öll meginefni þess frv. sem upphaflega var lagt fram en hins vegar stuðningi við þær brtt. sem raunverulega gera þetta frv. að nýju þingmáli. Og í stað þess að leggja til að hinu upphaflega frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, eins og var nú ráðgert og hefði verið eðlilegt vegna þess að það er verið að vinna að þessum málum á vegum ríkisstjórnarinnar í heild sinni í sérstakri nefnd, þá hefur 1. minni hl. tekið þá afstöðu að vel athuguðu máli að leggja til að 1.–3. gr. frv. falli brott — þær greinar frv. sem gera ráð fyrir þessum sparnaði sem ég hef vikið að og sem er óraunhæfur — en lýsir stuðningi við þær brtt. sem formaður nefndarinnar gerði grein fyrir hér áðan.

Með þessum hætti er þinglega komið til skila þeim athugasemdum sem 1. minni hl. nefndarinnar hefur við þetta mál, en hann skipa auk mín hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og við höfum á þskj. 440 gert nákvæmari og nánari grein fyrir okkar afstöðu til þessa máls og leyfi ég mér að vísa til þess.

Frsm. 2. minni hl. heilbr.- og trn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 441 frá 2. minni hl. heilbr.- og trn. Frv. það sem hér er til afgreiðslu var upphaflega lagt fram með það að meginmarkmiði að ná fram sparnaði í útgjöldum ríkisins vegna tannlæknakostnaðar eins og fram kemur í athugasemdum við frv. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Tannlæknafélagi Íslands, Tannréttingafélagi Íslands og heilbr.- og trmrn. Að fengnum ábendingum frá þeim telur 2. minni hl. að ná megi markmiðum frv. betur á annan hátt en lagður er til þar. Nefndin hefði þurft að fá tækifæri til að taka afstöðu til þessara hugmynda en til þess gafst ekki tími. Jafnframt komu fram efasemdir fulltrúa Tannlæknafélags Íslands og Tannréttingafélags Íslands um að frv. mundi leiða til sparnaðar. Tölur þær, sem lagðar eru til grundvallar í áætlun um sparnað samkvæmt frv., hafa og verið dregnar í efa í umræðum innan nefndarinnar. Annar minni hl. telur að margt hefði mátt færa til betri vegar með nánari umfjöllun innan nefndarinnar.

Annar minni hl. telur þá flokkun tannréttinga sem lögð er til í frv. hins vegar mjög til bóta.

Brtt. þær, sem fram komu í lok nefndarstarfa, eru að mörgu leyti óviðkomandi efni upphaflega frv. Þær eru byggðar á samkomulagi þeirra aðila sem málið varðar. Því mun 2. minni hl. styðja þær en að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins vegna þeirra hnökra sem orðið hafa og þess flýtis sem lýst er. Og undir þetta ritar Anna Ólafsdóttir Björnsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 442 felld með 20:8 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 439,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 439,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 439,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

35. fundur, fimmtudaginn 21. des., að loknum 34. fundi.

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 178. mál. — Þskj. 452.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Ed., 250. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 406.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 454).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (tannlæknaþjónusta). — Þskj. 453.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

34. fundur, fimmtudaginn 21. des., kl. 10 árdegis.

Fréttaviðtal við forseta sameinaðs þings.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í upphafi þessa fundar vill forseti taka eftirfarandi fram:

Allt frá því að forseti tók við embætti fyrir rúmu ári hefur hann átt hið ágætasta samstarf við þingmenn alla, stjórnarþingmenn jafnt sem stjórnarandstöðu, enda telur forseti sig hafa reynt að láta eitt yfir alla ganga í störfum þingsins. Það vita þeir hv. þm. sem forsetastörfum hafa gegnt að nokkuð mæðir á forsetum sem jafnframt því að vera starfandi þingmenn til jafns við aðra hv. þm. skulu einnig hafa yfirumsjón með þinghaldi og starfsemi þingsins. Það er engin nýlunda að miklar annir upphefjist síðustu vikur fyrir jólahlé. Svo hefur einnig verið nú.

Það kemur í hlut forseta að vera talsmenn þingsins. Til þeirra er leitað þegar spurst er fyrir um verkstjórn og framvindu mála í þinginu. Viðtal fréttamanns Ríkisútvarpsins við forseta sameinaðs þings 18. des. sl. hefur valdið stærsta stjórnmálaflokki landsins sárindum sem ekki var ætlunin að efna til. Kvöldið áður hafði forseti raunar gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að leggja mál sín of seint fram svo að þau mættu að lögum verða fyrir jólahlé. Forseti taldi sig því ekki halla þar á neinn. Hafi forseti hagað orðum sínum á þann veg var alls ekki um ásetning að ræða. Umræða sú sem fram fór hér í fyrrakvöld var því langt umfram tilefni. Þung orð féllu og mun forseti ekki erfa þau og vonar að hið sama gildi um umrætt viðtal.

Forseti vill þakka öllum hv. þm. góða og heiðarlega samvinnu við afgreiðslu þingmála í gær og vonar að svo megi einnig verða í dag.

Fjáraukalög 1989, frh. 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 102, n. 361 og 372, brtt. 367, 383.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það vakti vissulega mikla eftirtekt hér í fyrradag þegar fram fór umræða um frv. til fjáraukalaga hversu vanstilltur hæstv. fjmrh. var í þeirri umræðu. Verður að sjálfsögðu ekki komist hjá því að fjalla nokkuð um hans ræðu, eins og hana bar hér að, samhliða því sem ég mun í fáum orðum fara yfir frv., gildi þess, og hvernig framlagningu þess hefur borið að hér á Alþingi.

Það var helst svo að skilja á hæstv. fjmrh. að fjáraukalagaafgreiðsla sem hér fer nú fram og sem fram fór líka á síðasta þingi væri tilkomin vegna starfa hans sem fjmrh. Ráðherrann hafði um það mörg orð hvernig þau mál hefðu dregist úr hömlu og sérstaklega talaði hann í þeim efnum um hvernig til hefði tekist í þeim tilvikum sem Sjálfstfl. hefði borið ábyrgð á þeim málum.

Hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, svaraði þessum ásökunum ráðherrans og sé ég því ekki sérstaka ástæðu til þess að fara yfir þau mál hér öðru sinni því að þar voru tekin af öll tvímæli um að aukafjárlög voru afgreidd á sl. vetri, allt frá árinu 1979, og m.a. að sjálfsögðu líka þau ár sem Alþb. hafði forræði þessara mála. Mér finnst hins vegar sérstök ástæða til þess að minna á, m.a. vegna þess að það hefur ekki komið fram í þessari umræðu, að þann 1. jan. árið 1987 var breytt um vinnubrögð í þessum efnum. Þá voru samþykkt lög um Ríkisendurskoðun og henni falið að endurskoða eða vera til aðstoðar við endurskoðun á ríkisreikningum. Hér var gerð á grundvallarbreyting sem stórauðveldaði endurskoðun á ríkisreikningum og sú breyting er aðdragandinn að því að fjáraukalög, allt frá árinu 1979, voru samþykkt hér á sl. vetri og vori, og með sama hætti hefur sú skipan mála gert það að verkum að hægt er að fjalla um fjáraukalög fyrir árið 1989 eins og nú er gert. Það er mikil ástæða til að leggja sérstaka áherslu á þessa breytingu sem skýrir það að hlutur núv. hæstv. fjmrh. í þessum efnum er nánast enginn. Hann

vann þessi verk á sl. vetri af formsástæðum einum saman og hann átti engan þátt í því, eins og hann staðhæfði hér í umræðunni í fyrradag, að fjáraukalög allt frá árinu 1979 til ársins 1987 voru afgreidd hér í fyrravetur. Það er mikil ástæða til að undirstrika þetta, m.a. vegna þess að eftir að Ríkisendurskoðun kom hér undir þingið hefur starfsemi hennar og störf mjög auðveldað þessi mál öll og þá ekki síst fjárlagagerð eins og mönnum er kunnugt um sem starfað hafa í fjvn.

Það var líka slæmur misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að aukafjárveitingar hefðu í tíð fyrrv. fjmrh. verið einhver leyniskjöl, eins og hann komst að orði, og það var líka mikill misskilningur að ríkisreikningur lægi ekki fyrir hverju sinni sem fjárlagagerð færi fram. Það er vert að minna ráðherrann á það að listi yfir aukafjárveitingar hefur jafnan fylgt fjárlagafrv. sem fylgiskjal. Þar hefur mönnum gefist kostur á að sjá hvernig fjármagni ríkissjóðs hefur verið ráðstafað með aukafjárveitingum. Það er svo allt annað mál, og um það er ekki ágreiningur, að sú breyting sem nú hefur verið gerð á með því að leggja fram fjáraukalög og væntanlega að afgreiða þau á sama ári og fjárveitingarnar fara fram er góður árangur og mikilvægur fyrir allan eðlilegan rekstur og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Einmitt með því er hægt að ná fram miklu markvissari stjórn þessara mála en ella væri.

Hæstv. fjmrh. hafði líka mörg orð um það hvað frv. til fjáraukalaga hefði verið lagt fljótt fram í upphafi þings og hann gat þess alveg sérstaklega að hann hefði jafnvel getað lagt frv. fyrir Alþingi einni eða tveimur vikum fyrr en raun ber vitni. Þetta vefengi ég ekki, m.a. vegna þess að frv., eins og það var lagt fyrir Alþingi af ráðherranum, var með þeim hætti að það var og er alveg sýnilegt að í uppsetningu þess var ekki lagður mikill tími, ekki mikil vinna og ekki vel til þess vandað. Auðvitað hefði hæstv. fjmrh. getað látið hrófla því upp með enn styttri fyrirvara en raun ber vitni.

Ég geri ráð fyrir að það sé fremur þakkarvert hvernig ráðherrann gekk frá frv. til framlagningar hér á Alþingi því að það gerði það auðvitað að verkum að fjvn., og þá alveg sérstaklega formaður fjvn., varð að leggja miklu meiri vinnu í uppsetningu frv. til þess að ná fram bærilegri skipan á frv. Ég geri þess vegna frekar ráð fyrir að það hafi verið til bóta hvernig frv. bar að hér á Alþingi. Og það er mikil ástæða til þess að vekja á því athygli hvernig frv. lítur nú út eftir þá yfirferð sem það hefur fengið í fjvn. og það er mikil ástæða til þess að leggja sérstaka áherslu á störf formanns fjvn. að framgangi þess máls í fjvn. Ég tek sérstaklega undir það að fyrir hans atbeina hefur verið unnið mikilvægt starf.

Hæstv. fjmrh. hafði um það mörg orð og stór að mikið vald fælist í fjáraukalagafrv. og hann tók það mjög óstinnt upp og mótmælti því raunar mjög harðlega sem fram kom í ræðu frsm. minni hl., hv. þm. Pálma Jónssonar, að mestöllum útgjöldum fjáraukalagafrv., 8,8 milljörðum kr., hefði verið ráðstafað áður en til fjvn. kom. Mér finnst mikil ástæða til þess að vekja athygli á þessari athugasemd fjmrh. því hún ber vissulega vott um það að ráðherrann sé ekki of vel inni í sínum eigin málum. En til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum, og sérstaklega ráðherranum til viðvörunar, ætla ég, með leyfi virðulegs forseta, að flytja hér örfá orð úr ræðu formanns fjvn. eins og þau féllu í framsögu hans við þessa umræðu og skal ég þó einungis taka niðurlag þessara skýringa hans. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Eftir standa þá aðeins 285 millj. kr. sem segja má að fjvn. og Alþingi hafi getað tekið afstöðu til hvort greiða ætti eða ekki. Niðurstaða fjvn. var sú að hún leggur til í brtt. sínum að af þessari fjárhæð ógreiddra og óskuldbundinna aukafjárveitinga verði tæpur helmingur, eða um 117 millj. kr., ekki samþykktur. Fallist Alþingi á þær tillögur hefur Alþingi hafnað að greiðsluheimild yrði veitt fyrir þeim útgreiðslum úr ríkissjóði og fara þær greiðslur þá ekki fram."

Hér verður tæpast skýrar talað. Og það er vondur kostur fyrir hæstv. fjmrh. að hafa ekki meira vald á þessu máli en svo að hann mótmæli þessum staðhæfingum hjá hv. þm. Pálma Jónssyni þegar þær eru komnar fram með óyggjandi hætti hjá formanni fjvn. og er ekki önnur skýring auðfengnari á því hversu fjmrh. er illa að sér í fjármálum ríkisins.

Þetta segir það m.a. hvað þessi framlagning sem slík er í rauninni takmörkuð að því leyti að Alþingi hefur ekki áhrif á þessar greiðslur, 8,8 milljarða, nema sem svarar 117 millj. Á þetta er sérstök ástæða að leggja hér áherslu. Og raunar, ef betur er að gáð, er sumum af þessum greiðslum, sem þessar 117 millj. ná til, ráðstafað. Það er hægt að geta um marga fjárlagaliði sem eru undir þessum 117 millj. sem búið er að eyða fyrir lifandi löngu. Það kom t.d. fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar að 1. ágúst var tekin ákvörðun um að afgreiða til Landgræðslunnar 2 millj. kr. vegna fræræktarstöðvarinnar þar. Þessar 2 millj. kr. eru í niðurskurðarlistanum sem hér er birtur. Og það er svo með margar fleiri tölur. Að því er varðar greiðslur úr ríkissjóði má því segja að Alþingi hafi sáralítil eða nær engin áhrif á þá 8,8 milljarða sem þar eru færðir til gjalda. Það er svo allt annað mál og það liggur alveg fyrir að hæstv. fjmrh. hefur verið að leitast við að skýla sér á bak við þær ákvarðanir. Hann hefur ekki viljað kannast við hlutdeild sína í þeim efnum. Það er líka kostur við fjáraukalagafrv. að það skýrir með nokkrum hætti hvað hefur farið úr böndunum í framkvæmd fjárlaga hjá hæstv. fjmrh., og það má vel vera að það sé ein af skýringunum fyrir því hvað ráðherrann er viðkvæmur í þessari umræðu og hvað honum þykir mikils um vert að bera fjáraukalögin fyrir sig að það hafa að sjálfsögðu orðið gífurlegir brestir í framkvæmd fjárlaga og fjárreiðum ríkissjóðs í hans höndum.

Það er t.d. sérstök ástæða til þess að minna á það hér og undirstrika alveg sérstaklega að af þessum 8,8 milljörðum sem hæstv. fjmrh. hefur eytt fram yfir heimildir fjárlaga eru einungis um 3 milljarðar til komnir vegna greiðslna til atvinnuveganna eða launabreytinga. Hitt er eyðslufé. Hitt er óráðsía

ráðherrans. Og það er einmitt það sem hæstv. fjmrh. er að leitast við, að ná stimpli Alþingis á þær ákvarðanir. Það er líka vert að leggja á það áherslu hér að þrátt fyrir að þessi sé niðurstaðan í fjáraukalagafrv. *má fullyrða það að við lok ársins verði þessar tölur* enn hærri, m.a. af þeirri ástæðu sem ég hef nú tilgreint, að sumum af sparnaðarliðunum, og niðurskurðarliðunum, er búið að eyða fyrir lifandi löngu, og líka vegna hins, að hér eru ekki öll kurl komin til grafar. Það er þannig mikill kostur við fjáraukalagafrv., og í því felst kannski megingildi þess, að það upplýsist nú með skýrari hætti hvernig þessum málum hefur verið stjórnað á þessu ári.

Um það segir fjáraukalagafrv. ýmislegt meira og þá m.a. það að þær ákvarðanir sem voru teknar hér við fjárlagagerð fyrir þetta ár, fyrir einu ári síðan, um sparnað í launum um 800 millj. og í rekstri um 250 millj., hafa ekki skilað sér. Þrátt fyrir öll stóru orðin þá hafa þessi sparnaðaráform ekki komið til skila. Það má segja að af þessum 800 millj. sem ákveðið var að spara í launum og 250 millj. sem átti að spara í rekstri hafi um helmingur komið til skila og má þá sjá hver árangur ráðherrans er í þessum efnum. Og eins er um þær 650 millj. sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um að spara á sl. vori, í maímánuði að því er ég hygg, að sá sparnaður hefur heldur ekki komið til skila. Að vísu hefur stærsti hlutinn, þ.e. 500 millj. sem áttu og má kannski segja að hafi verið sparaðar í húsnæðislánakerfinu, ekki komið til útgjalda hjá ríkissjóði vegna þess að fyrir þeirri upphæð hafa verið tekin lán. Þær 150 millj. sem eftir stóðu hafa hins vegar ekki komið til sparnaðar, og það var einn erfiðasti þátturinn í störfum og yfirferð fjvn. á fjáraukalagafrv. að fá skýringar á því hjá ráðuneytunum hvernig sá sparnaður hefði verið fenginn. Og þær skýringar fengust reyndar að hann hefði ekki náðst nema að litlu leyti.

Það er mikill kostur við þetta fjáraukalagafrv. að einmitt þessar staðreyndir skuli hafa skýrst við meðferð þess í fjvn. og við umræðuna hér á Alþingi. Og ég hygg að það sé m.a. skýringin á því upphlaupi sem varð hér við fyrri umr. hjá hæstv. fjmrh. því það er um þessi efni sem svo mörg önnur að sök bítur sekan. Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Það er vert að minna á það að hæstv. fjmrh. hafði mörg orð um það í upphafi þings, fyrir einu ári, hvernig komið væri fyrir ríkissjóði. Þar væru allar fjárhirslur tómar og íslenska þjóðin gæti nú ekki lengur lifað á brauð- og matargjöfum frá öðrum þjóðum. Ráðherrann byrjaði að skýra frá 3 milljarða halla en svo þegar á leið bættist 1 milljarður við í hvert skipti sem hann tók til máls hér á Alþingi. Hæstv. ráðherra reyndist líka sannspár að þessu leyti því að síðustu tölurnar frá fyrrv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. sem hann skýrði frá í ágústmánuði 1988 voru þær að ríkissjóðshallinn mundi á því ári verða um 700 millj. kr. En, eins og kunnugt er, þegar upp var staðið um síðustu áramót var hallinn á því ári ekki 700 millj. kr. heldur 7 milljarðar kr. Og það var einmitt á grundvelli þeirrar tölu sem hæstv. fjmrh. náði fram skattahækkun á Alþingi í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár sem nam svipaðri upphæð eða 7 milljörðum kr. Nú hefur fjáraukalagafrv. skýrt það með ótvíræðum hætti hvernig til hefur tekist í þessum efnum eftir að núv. hæstv. fjmrh. *hafði marglýst því yfir að nú yrði ekki lengur búið við* ríkissjóðshalla. Það má þannig fullyrða nú að hallinn á ríkissjóði um næstkomandi áramót, sem er nú stutt í, muni þrátt fyrir alla þessa skattahækkun, upp á 7 milljarða kr., nema eitthvað yfir 5 milljörðum.

Það er mikil ástæða til þess að vekja á því sérstaka athygli sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hér í fyrradag þar sem hann var að tala um að hér hefði náðst góður árangur. Ríkissjóðshallinn væri ekki nærri því eins mikill og þingmenn Sjálfstfl. hefðu spáð og staðhæft hér m.a. við fjárlagaumræður fyrir einu ári. Nú hef ég litið yfir þær ræður til þess að glöggva mig á því hvað þar hefur verið sagt. Og það *vill svo til* að í þeim efnum voru engar fullyrðingar af hendi okkar sjálfstæðismanna um það hver ríkissjóðshallinn mundi verða. (**Fjmrh.:** Lastu ræðurnar eftir Eyjólf Konráð?) Allt sem ráðherrann sagði um þessi efni var því algjörlega úr lausu lofti gripið. (**Fjmrh.:** Lastu ræðurnar eftir Eyjólf Konráð?) Það kemur hins vegar fram í framsöguræðu Pálma Jónssonar hver skoðun Sjálfstfl. var á fjárlagafrv. Og þar má leiða að því rök, og reyndar ótvírætt, að bent var á að ætla mætti að ríkissjóðshallinn yrði 3,5–4 milljarðar, reyndar aðeins minni en raun ber vitni. Þetta eru staðreyndir málsins. Það er harðleikið að hæstv. fjmrh., sem er að guma af því að hann vilji sérstök samráð og gott samráð við fjvn., skuli ekki geta farið rétt með í jafnmikilvægri framsetningu eins og þeirri sem hér er um að ræða. (**Fjmrh.:** Er Eyjólfur Konráð ekki marktækur?) Eyjólfur Konráð er marktækur og *fullkomlega það.* (**Fjmrh.:** *Gott.*) En það ber þess vissulega vott að hæstv. ráðherra er hér að flýja úr einu víginu í annað því að það sem hann var að tala um hér í fyrradag voru þau orð sem féllu við fjárlagagerð því að þar var að sjálfsögðu mótuð afstaða Sjálfstfl. um þessi mál. (**Fjmrh.:** Svo að Eyjólfur Konráð er ekki marktækur?) Eyjólfur Konráð er ekki í fjvn. og ég stórefa það og reyndar fullyrði ég að Eyjólfur Konráð hafði ekki þau orð uppi að ríkissjóðshallinn yrði 15 milljarðar á þessu ári. Hann hafði hins vegar ekki frekar en aðrir neina trú á því að hér yrði hallalaus ríkisbúskapur. Þetta er dæmi um málflutning þessa hæstv. ráðherra.

Ég hef nú, virðulegur forseti, farið í meginatriðum yfir frv. og fer því að stytta mál mitt. Ég legg á það áherslu að framlagning frv. og umfjöllun á Alþingi er til mikilla bóta og ég minni á það sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að slík vinnubrögð leiða til markvissari fjármálastjórnunar og þó sérstaklega auðvelda þau fjvn. og þinginu að fylgjast með þessum málum ef vilji er fyrir því á annað borð af hendi fjmrh. Þessu hefur að sjálfsögðu ekki verið hægt að beita á þessu ári og þar af leiðir að frv. og afgreiðsla þess hefur nánast engin áhrif á þær peningalegu ákvarðanir sem eru í fjáraukalagafrv. Þær eru að langsamlega stærstum hluta á ábyrgð fjmrh. og ríkisstjórnarinnar. Á þetta

ber að leggja áherslu vegna þess að það liggur alveg fyrir að fjmrh. er efst í huga að beita fjárlagafrv. fyrir sig sem varnaraðgerð við þá eyðslu og óráðsíu sem hefur farið fram í hans höndum í fjmrn. síðan hann tók þar við völdum. Á hinn bóginn er fjáraukalagafrv. mikilvægt vegna þess að það skýrir ríkisfjármálin fyrr og með betri hætti en annars væri og þess vegna liggur það nú enn ljósar fyrir og á talnalegum grundvelli að fjmrh. hefur mistekist að stjórna þessum málum þetta árið og er það vissulega mikilvæg niðurstaða og það víti sem sannarlega ber að varast.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Þegar 2. umr. um frv. til fjáraukalaga, sem hér er á dagskrá, hófst í fyrradag voru fluttar nokkrar athyglisverðar ræður. Fyrst ber að telja ræðu hv. formanns fjvn. en í þeirri ræðu fólst þungur áfellisdómur yfir fjármálastjórn hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar á þessu ári.

Í öðru lagi vil ég nefna ræðu hv. 1. þm. Vesturl., varaformanns fjvn., sem sagði að ríkisstjórninni bæri að halda á málum á þann hátt að efna ekki til ófriðar við sveitarfélögin í landinu. Þetta er athyglisvert vegna þess að á sama tíma hafði meiri hl. fjvn. lagt fram innan fjvn. tillögur um það að brjóta samkomulag sem lá að baki verkaskiptalaganna sem samþykkt voru á síðasta Alþingi upp við þessa fjárlagagerð. Vegna mjög harðrar andstöðu Sjálfstfl. var þessi fyrirætlan hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar knúin til baka.

Í þriðja lagi þykir mér rétt að vitna til ræðu hæstv. menntmrh. sem var að ýmsu leyti athyglisverð. Hann hóf máls á því að segja að mikilvægt væri að sæmilegur friður gæti tekist um vinnulag. Það var einmitt þetta sem ég lagði mikla áherslu á í minni ræðu og einnig formaður fjvn., að varðandi það mál sem hér er til meðferðar hefur tekist góð samstaða um vinnulag og vinnubrögð í Alþingi og um þá skipan og form sem þessi mál hafa verið færð í.

Ég vil einnig nefna það að hugleiðingar í ræðu hæstv. menntmrh. voru að ýmsu leyti athyglisverðar, með öðrum hætti, þar á meðal þær hugleiðingar hans sem oft hafa komið fram frá öðrum, að auka beri ábyrgð einstakra ráðuneyta og einstakra stofnana í fjármálum og að það þurfi að ná betra sambandi á milli fagráðherra og fjárveitingavaldsins, þar á meðal á milli einstakra fagráðherra og hæstv. fjrmh. Þetta hygg ég að séu orð að sönnu og að ýmsu leyti var ræða hæstv. menntmrh. þess efnis að hún var eftirtektarverð.

Það sem vakti hins vegar allra mesta athygli í þessari umræðu var ræða hæstv. fjmrh. Ég hafði í minni ræðu, í rökstuddu máli, gagnrýnt fjármálastjórn hæstv. fjmrh. á þessu ári eða frá því hann tók við því starfi sem hann gegnir nú. Gagnrýni mín beindist einkanlega að tveimur þáttum. Í fyrsta lagi að yfirlýsingar hæstv. ráðherra varðandi meðferð ríkisfjármála og varðandi samskipti fjmrh. við fjvn. og Alþingi hafa hvað eftir annað og ítrekað reynst markleysa. Í öðru lagi að það fjáraukalagafrv. sem hér er á dagskrá væri þungur dómur um þá fjármálastjórn sem rekin hefur verið af hæstv. fjmrh. síðan hann tók við embætti. Það væri sönnun þess að fjármál ríkisins hefðu í höndum þessa fjmrh., þrátt fyrir allar hans yfirlýsingar, farið úr böndunum.

Það sannaðist síðan að þessi rökstudda gagnrýni mín hafði komið við kaunin á hæstv. fjmrh. og það sannaðist á hæstv. fjmrh. að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Eftir að ég hafði lokið máli mínu spratt hann upp eins og naðra og þaut upp í ræðustólinn og hellti yfir mig reiðilestri sem ég hygg að öllum sem á hlýddu verði nokkuð minnisstæður hér á hinu háa Alþingi. Slíkur reiðilestur af hálfu hæstv. fjmrh. er einsdæmi. Í hans máli kom fram að í 70 ár hefði verið vanrækt að vinna þau verk sem eðlilegt var að fram kæmu af hálfu fjmrh. og í ríkisfjármálum. Og í 70 ár mátti skilja af hálfu hæstv. fjmrh. að ég og Sjálfstfl. bærum þar langsamlega þyngsta ábyrgð eða raunar lengur en Sjálfstfl. hefur starfað og í lengri tíma en líf mitt nær.

Þessi ræða hæstv. fjmrh. fól það m.a. í sér að Sjálfstfl. hefði vanrækt að leggja fram fjáraukalagafrv. á sinni tíð og ekki komið fram jafnsjálfsögðum hlut eins og að afgreiða fjáraukalagafrv. í langan tíma, m.a. þann tíma sem flokksbróðir hæstv. fjmrh., hv. þm. Ragnar Arnalds, gegndi embætti fjármálaráðherra í rúmlega þrjú ár. Það var allt á ábyrgð Sjálfstfl. að mati hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar. Þennan þátt málsins ætla ég ekki að rekja lengur vegna þess að hv. 1. þm. Reykn. svaraði þessu þegar í umræðunni í fyrradag með glöggum og skýrum hætti og hrakti rangfærslur hæstv. fjmrh.

Reiðilestur hæstv. fjmrh. var í fleiri greinum því marki brenndur að þar fór ekki alltaf saman við það sem er sannleikanum samkvæmt, enda er það svo með þennan hæstv. ráðherra að honum eru vegir sannleikans ekkert sérstaklega kunnir og honum verður oft villugjarnt á þeim vegum. Sennilega er hann kunnugri á öðrum leiðum.

Ég ætla að grípa á örfáum atriðum úr þessu máli hæstv. ráðherra sem, eins og fram hefur komið, var skammarræða en ekki svör. Það var reiðilestur en ekki rök. Í máli hans voru öll einkenni þess manns sem grípur til þess að hella úr skálum reiði sinnar þegar rökin þrýtur. M.a. sagði hæstv. ráðherra að ég hefði gagnrýnt það að frv. til fjáraukalaga hefði verið flutt. Þetta er rangt. Þess í stað og alveg þvert á móti fór ég viðurkenningarorðum um hæstv. fjmrh. fyrir að hafa flutt þetta frv. og sagði: „Það er ástæða til þess að fara um það viðurkenningarorðum sem horfir til betri vegar." Gagnrýnisefnin eru mörg og þau eru ærin sem þurfa að koma í dagsljósið varðandi störf þessa ráðherra á öðrum vettvangi. Þau gagnrýnisefni eru sannarlega ærin. Það sem hæstv. ráðherra sagði um þetta efni er því staðlausir stafir og alveg gagnstætt sannleikanum.

Hæstv. ráðherra sagði að ég hefði fullyrt í mínu máli að greiddar hafi verið úr ríkissjóði aukafjárveitingar meðan fjáraukalagafrv. var til meðferðar í fjvn. og Alþingi. Þetta er rangt. Ég sagði ekki eitt einasta

orð um þetta efni. Þá sagði hæstv. ráðherra að það væri rangt og það væru ósannindi að af 8,8 milljarða kr. auknum útgjöldum ríkissjóðs á þessu ári umfram fjárlög væru aðeins 285 millj. sem Alþingi gæti haft áhrif á vegna þess að öllum öðrum greiðslum eða um 8,5 milljörðum hafði þegar annað tveggja verið ráðstafað ellegar búið var að binda þær fastmælum með loforðum.

Um leið og hæstv. ráðherra ber á mig ósannindi varðandi það sem ég sagði um þetta efni er hann einnig að bera ósannindi á hv. formann fjvn. Sighvat Björgvinsson. *Ég hygg að allir viti að ef við leggjum saman, við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, trúi nú fleiri okkur tveimur en hæstv. fjmrh.* Og það kom enda í ljós þegar hæstv. menntmrh. flutti sína ræðu að þessi tala er raunar lægri vegna þess að í hans máli komu fram athugasemdir þess efnis að hann væri þegar búinn að binda fastmælum fjárhæð sem nam 30 millj. kr. og á að renna til Þjóðarbókhlöðunnar. Hér er því einungis um að ræða 250 millj. sem Alþingi gat í raun haft áhrif á af þeirri fjárhæð sem hæstv. fjmrh. er að fara fram á að Alþingi veiti sína blessun yfir um auknar greiðslur úr ríkissjóði umfram fjárlög á þessu ári. Þetta er staðreynd málsins og allt tal hæstv. fjmrh. um að ég hafi farið með ósannindi um þetta efni er fleipur út í loftið og rangt, enda varð honum í þessu efni sem víðar í hans máli, í hans reiðilestri, hált á sannleikanum.

Þá sagði hæstv. fjmrh. að ég hefði gagnrýnt hann fyrir það form sem valið hefði verið á frv. þegar það var lagt fram og það er út af fyrir sig rétt. Ég gagnrýndi það form sem á því var vegna þess að frv. var ekki þinghæft. *Ég tel hins vegar að vel hafi verið* að verki staðið í fjvn. og má vel vera, eins og hv. þm. Egill Jónsson sagði hér áðan, að það hafi ekkert verið óheppilegt að þetta form skyldi valið á frv. til þess að fjvn. yrði knúin til þess að leggja í það svo mikla vinnu sem raun varð á. En þetta lofar ekki meistarann. Þetta lofar ekki höfund verksins. Þetta lofar ekki það að hæstv. fjmrh. skyldi leggja fyrir Alþingi óhæft frv.

Að sjálfsögðu gat hæstv. fjmrh. ekki brugðist við því á nokkurn hátt að fjvn. tæki þetta mál og umturnaði því þannig að það yrði hægt að leggja það fyrir Alþingi og hægt að greiða atkvæði um hverja einustu grein eins og venjur gera ráð fyrir. Hann gat á engan hátt snúist við því öðruvísi en með þeim hætti að leggja yfir það blessun sína. Þetta sannar hins vegar ekki það að hægt sé að lofa verkið eins og það var fram lagt í höndum þessa hæstv. ráðherra.

Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að taka fleiri dæmi upp úr ræðu og reiðilestri þessa hæstv. ráðherra sem bar öll merki þess að annað en röksemdir stjórnaði máli hans. Þar stjórnaði sú tilfinning og þær geðshræringar sem hlutust af því að komið hafði verið við kaunin á hæstv. ráðherra með rökstuddri gagnrýni og það sannaðist á honum að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Sá sem þannig fer upp í ræðustól á hinu háa Alþingi hleypur á sig og það gerði hæstv. ráðherra sannarlega í þessari ræðu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er ekki nema von að sú nýbreytni sem hér er á ferðinni, afgreiðsla frv. til fjáraukalaga, verði mönnum tilefni til nokkurra umræðna, *tímamótaviðburður* að sagt er af fróðum mönnum í þingsögunni að þessi háttur er upp tekinn að nýju, og hef ég ekki nema gott um það að segja. Ég sé mig hins vegar knúinn til þess að ræða lítillega ákveðin atriði sem tengjast afgreiðslu þessa máls hér við 2. umr. Eru það bæði nokkur atriði efnislega sem þar eru til afgreiðslu og heyra undir þau ráðuneyti sem ég fer með en einnig ákveðið orðalag í nál. frá meiri hl. fjvn. sem ég vil gera athugasemdir við og sný mér að því. Þar er vikið að þeirri ákvörðun sem hæstv. ríkisstjórn tók á sl. sumri í tengslum við efnahagsráðstafanir eða aðgerðir í ríkisfjármálum og efnahagsmálum sem þá voru ákveðnar, að reyna að draga úr ríkisútgjöldum á yfirstandandi ári til að minnka þá fyrirsjáanlegan og vaxandi halla á fjárlögum ársins. Ríkisstjórnin ræddi þessi mál ítrekað á fundum sínum í sumar og það mun einnig hafa verið gert og að sjálfsögðu í þingflokkum stjórnarliðsins. Niðurstaðan varð sú að ríkisstjórn og stjórnarflokkar tóku um það ákvörðun að reyna að draga úr ríkisútgjöldum yfirstandandi árs, þar með talið framkvæmdum, um allt að 800 millj. kr. ef ég man rétt. Þessi ákvörðun var svo endanlega tekin af ríkisstjórninni, einhvern tímann í júlí–ágúst og kom til framkvæmda og útfærslu á síðsumars- og haustmánuðum.

Einn af þeim liðum sem þar var ákveðið að lækka nokkuð frá gildandi fjárlögum voru framlög til vegamála. Upphaflegar hugmyndir gerðu reyndar ráð fyrir allmiklum niðurskurði á framkvæmdafé Vegagerðarinnar en ég gerði mönnum grein fyrir því að verk væru svo langt fram gengin hjá Vegagerð ríkisins á því sumri, þegar þar var komið, að slíkur niðurskurður, upp á hundruð milljóna, sem ráðgerður var eða tillögur komu um væri óframkvæmanlegur og óhugsandi. Niðurstaðan varð sú að Vegagerð ríkisins dregi úr framkvæmdum sínum á þessu ári um 33 millj. kr. og hafði ég þá upplýsingar frá Vegagerðinni um að slíkri tölu væri hægt að ná með því að stöðva framkvæmdir sem ekki voru þegar komnar til framkvæmda eða boðnar hefðu verið út.

Ég benti hæstv. ríkisstjórn á það í sumar og ræddi það í mínum þingflokki að að mörgu leyti væri sú framkvæmd vandkvæðum bundin að skera niður samþykktar framkvæmdir svo síðla árs. Og sérstaklega þar sem þannig er að ákvörðunum um framkvæmdir í vegamálum staðið að þær eru afgreiddar sérstaklega af Alþingi með vegáætlun en ekki einungis með niðurstöðutölu fjárlaga hverju sinni. Engu að síður var það ákvörðun ríkisstjórnarinnar og væntanlega studd af þingflokkum stjórnarliðsins að fara í þennan niðurskurð. Og úr því að svo varð, og ég tók þátt í þeirri ákvörðun þrátt fyrir þessi tormerki sem ég hafði rakið, þá gekk ég að sjálfsögðu í það að koma þeirri ákvörðun til framkvæmda og heyktist ekki á því eða dró lappirnar í þeim efnum eins og mér sýnist reyndar að raunin hafi orðið sums staðar. Ég fór í það

verk, þó óvinsælt væri og ekki skemmtilegt og ekki mér sérstaklega að skapi, að óska eftir tillögum frá Vegagerð ríkisins um hvaða verkefni væru þannig stödd að þau væru ekki enn komin til framkvæmda og ekki skuldbundin með öðrum hætti, fá þann lista, kynna hann fyrir ríkisstjórn og í mínum þingflokki. Senda síðan upplýsingar til allra þingflokka og til fyrstu þingmanna allra kjördæma um að ákvörðun ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna um þennan sérstaka niðurskurð væri sú að honum yrði að haga á þann hátt sem þarna var gerð tillaga um. Málin lágu ósköp einfaldlega þannig fyrir að sjálfgefið var hvar þessi niðurskurður yrði að koma fram, jafnlangt og liðið var á árið. Yfirleitt var farið þannig að að þær fáu eða einu framkvæmdir sem ekki voru þegar skuldbundnar eða hafnar voru settar á þennan sérstaka niðurskurðarlista. Þess vegna kom það mér mjög á óvart, hæstv. forseti, að lesa í nál. virðulegs meiri hl. fjvn. á bls. 4 það sem þar segir og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa. Þar segir um þær niðurskurðartillögur sem nefndinni, þ.e. hv. fjvn., hafi borist:

„Hvað varðar aðrar tillögur er nefndinni bárust hefur hún gert þær allar að sínum og flytur þær nú að einni tillögu undantekinni. Var það tillaga samgrn. um niðurskurð á framkvæmdum til tiltekinna viðfangsefna í vegagerð að fjárhæð samanlagt 33 millj. kr. Vaninn hefur verið sá að þegar þurft hefur að skera niður framkvæmdafé vegna vegagerðar hefur verið haft um það samráð við þingmenn kjördæmanna og þeir hafðir með í ráðum um hvaða viðfangsefni eru valin. Svo var ekki gert nú. Ekki var leitað til þingmannahópanna um þennan niðurskurð og ekkert samráð við þingmenn um það haft og telur fjvn. því að ekki sé stuðningur á Alþingi við þær hugmyndir um niðurskurð á einstökum vegaframkvæmdum sem fólust í tillögum samgrh. Vildi nefndin því ekki fallast á að leggja þær þannig fyrir Alþingi heldur gerir tillögu um niðurskurð sem raunar er mun meiri á öðrum framlögum til vegagerðarinnar sem ráð var fyrir gert í frv. sjálfu."

Þessum orðum neyðist ég til að mótmæla, hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er rangt með farið að þingmannahópar kjördæmanna eða þingflokksformenn hafi ekki haft vitneskju um þennan niðurskurð. Ég vil leyfa mér að vitna í bréf sem ég sendi til fyrstu þingmanna allra kjördæma og formanna allra þingflokka þar sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar og útfærsla samgrn. er tilkynnt. Hvort tveggja er dags. 15. sept. 1989. Ég gríp til að mynda niður í bréf til hv. Alexanders Stefánssonar sem mun vera 1. þm. Vesturl. Það er dags. 15. sept. 1989 og þar segir:

„Ríkisstjórnin ákvað í sumar að grípa til aðgerða vegna mikils halla á ríkissjóði, m.a. með því að draga úr framkvæmdum. Að ósk samgrh. hefur Vegagerð ríkisins tekið saman lista yfir verkefni sem ekki eru komin til framkvæmda eða hefur verið ráðstafað með útboði og skýrist það hvernig þau verkefni voru valin sem á listann lentu. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta framkvæmdum á vegum Vegagerðarinnar í samræmi við umræddan lista og er eftirtöldum framkvæmdum í kjördæmi yðar frestað."

Þannig er 1. þm. kjördæmisins fyrir hönd þingmannahópsins tilkynnt hvaða framkvæmdir séu þarna á ferðinni og að sjálfsögðu er honum þar með í sjálfsvald sett hvernig hann bregst við því eða fer með það mál. Þingflokksformönnum öllum var sendur sambærilegur listi. Ég gríp niður í bréf til hv. þm. Eiðs Guðnasonar, formanns þingflokks Alþfl. Það er dags. 15. sept. 1989 og póstlagt af samgrn. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að sú ágæta stofnun, Póstur og sími, hafi komið bréfinu á leiðarenda. Í því stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin ákvað í sumar að grípa til aðgerða vegna mikils halla á ríkissjóði, m.a. með því að draga úr framkvæmdum. Að ósk samgrh. hefur Vegagerð ríkisins tekið saman lista yfir verkefni sem ekki eru komin til framkvæmda eða hefur verið ráðstafað með útboði. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta framkvæmdum á vegum Vegagerðarinar í samræmi við umræddan lista og er hann hér með sendur yður til kynningar."

Það má deila um hvaða orðalag væri eðlilegast á þessum bréfum og ég gæti út af fyrir sig, ef menn telja það gagnrýnivert að ekki sé öðruvísi að því staðið að forminu til að kynna þetta fyrir þessum aðilum, hlustað á gagnrýni um slíkt. En ég get ekki setið undir því að fá það í nál. á Alþingi að með engum hætti hafi verið kynnt fyrir þingmönnum, þingflokksformönnum eða fyrstu þingmönnum kjördæma að þessi niðurskurður ætti að fara af stað og hvernig ætti að honum að standa.

Ég vil líka segja þá skoðun mína að þó að ég sé mikill stuðningsmaður vegáætlunar og vilji síst gera hlut hennar lítinn í einu eða neinu, þá á það sama að sjálfsögðu við um vegáætlun og allar aðrar ákvarðanir hv. Alþingis, þær geta breyst. Nýr meiri hluti á hv. Alþingi getur auðvitað breytt slíkum ákvörðunum, aflað sér lagaheimilda og formlegra samþykkta til að gera svo. Ég bendi á að í raun og veru á það við um hverja einustu breytingu sem gerð er á samþykktum fjárlögum innan yfirstandandi árs frá því sem Alþingi hefur áður ákveðið að til þarf formlega ákvörðun sem studd er af meiri hluta þingsins að svo geti orðið. Ég bendi á að þingmannahópar kjördæmanna skipta framkvæmdafé fjölmargra annarra liða en til vegamála. Þeir skipta niður, fara yfir og hafa áhrif á skiptingu framkvæmdafjár til hafnarmannvirkja, til skólaframkvæmda í sínu kjördæmi o.s.frv. Þetta er hv. þm. kunnugt. Að því leyti til er enginn eðlismunur á því að gripið sé til niðurskurðar á slíkum framkvæmdum eða niðurskurðar á vegamálum. Í báðum tilvikum liggur fyrir sérstök ákvörðun Alþingis frá afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár og eða við afgreiðslu vegáætlunar fyrir það ár.

Ég hlýt því, herra forseti, að koma þessum staðreyndum málsins hér á framfæri vegna þeirra orða sem þarna eru látin falla í nefndri greinargerð og fjölyrði síðan ekki meira um það. Það fór sem mig grunaði að þessi sérstaki niðurskurður á fram-

kvæmdafé svo síðla árs yrði ekkert sérstaklega vinsæll af hv. þm. Hafði ég þar rétt fyrir mér þegar ég ræddi hann við mína félaga í ríkisstjórninni og kynnti hann í mínum þingflokki. En ég hafði gefið mér það, þar sem hér var um að ræða ákvörðun sem kom til umræðu á fjölmörgum ríkisstjórnarfundum í sumar og var að sjálfsögðu kynnt í þingflokkum stjórnarliðsins, að allir hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar vissu af þessum áformum og stæðu að baki þeim eins og öðrum þeim efnahagsráðstöfunum sem þarna voru til meðferðar. Það kom mér þess vegna sérstaklega á óvart að ætla mætti af lestri þessa nál. og viðbrögðum hv. meiri hl. fjvn. að þeim hefði verið málið ókunnugt með öllu. Það á ég mjög erfitt með að skilja í ljósi þess sem ég hef hér rakið, hvernig unnið var að þessu sl. sumar og þeirra bréfa sem samgrn. sendi frá sér strax 15. sept. í haust til að kynna málið bæði fyrir formönnum þingflokka og fyrstu þingmönnum kjördæma.

Ég vil svo enn fremur segja að hefði hv. fjvn. eða meiri hl. hennar óskað eftir því við mig að breyting yrði á þessari ákvörðun þar sem hv. meiri hl. teldi auðveldara að framkvæma þennan niðurskurð t.d. með því að draga úr viðhaldsfé hefði ég að sjálfsögðu brugðist vel við slíkum óskum. Ekki hefði þurft um það nema hálft orð við mig og hefði ég þá fúslega tekið það upp í ríkisstjórn og kynnt á nýjan leik fyrir fyrstu þingmönnum kjördæma og formönnum þingflokka að að ráði meiri hl. fjvn., sem ég teldi skynsamlegt, vildi ég breyta frá fyrri ákvörðun og falla frá þeim verkefnabundna niðurskurði en taka frekar lækkun til að mynda á viðhaldsfé vegáætlunar.

Þannig háttar til á þessu hausti, eins og hv. þm. eflaust vita, að það hefur verið okkur heldur hagstætt hvað tíðarfar snertir. Fram í þriðju viku desembermánaðar hefur verið sáralítill snjómoksturskostnaður sem gerir að verkum að viðhaldsliður vegamálanna stendur nú betur en nokkur möguleiki var að vonast til að hann mundi gera um þetta leyti á sl. sumri.

Ekki hefði þurft nema einn stuttan fund og hefði þá orðalag þessa nál. getað orðið á þá leið að í samráði við samgrh. hefði meiri hl. hv. fjvn. ákveðið að breyta þessari ákvörðun. Ég verð að segja eins og er að mér hefði þótt skemmtilegra að lesa í nál. að þessa breytingu hefði borið þannig að að samgrh. hefði komið á fund hv. fjvn. eða meiri hl. hennar og þar hefði sameiginlega orðið að ráði að standa svona að málum. Það er að sönnu ekki vinsælt að fara í það verkefni sem ég lét mig hafa á sl. sumri, að ganga í slíkan niðurskurð í viðkvæmum framkvæmdaflokkum eins og vegamálunum. Ég veit mætavel að það er auðvelt verk að berja pínulítið á viðkomandi ráðherra fyrir það að vera þó maður til þess að gera það sem ríkisstjórnin ákvað, studd af stjórnarflokkunum, að fara í þennan niðurskurð. En ég er ekki viss um að það sé, svona upp á spjöld sögunnar að gera, sérstakt karlmennsku- eða hreystimerki að ganga í þá hluti með þeim hætti sem hér hefur því miður orðið raunin á.

Ég vona að þess sé ekki að vænta að þessu nál. verði sérstaklega veifað til sannindamerkis um hverjir það hafi nú verið sem hafi barið niður þennan vonda samgrh. sem gekk í það, af tómum níðingsskap að því er ætla mætti, á sl. sumri að draga úr framkvæmdafé til vegamála. Það var ekki svo, eins og ég vona að hv. þm. skilji og trúi, að samgrh. væri það sérstaklega ljúft verkefni. En við sem í þessu stöndum verðum að láta okkur hafa að gera ýmislegt fleira en gott þykir, ekki satt? Og er þá ekki réttast að standa karlmannlega að því og gera það fyrir opnum tjöldum, en draga ekki í því lappirnar og reyna að komast undan því með einhverjum slíkum hætti, að horfast í augu við það að slíkum ákvörðunum á, þá þær eru einu sinni teknar, að fylgja eftir? (**Gripið fram í:** Þetta var nú góð æfing fyrir ráðherrann.) Góð æfing fyrir ráðherrann og hann er alveg til í að endurtaka hana, enda verður hann þá reynslunni ríkari og mun haga þannig hnútunum að þeir rakni ekki einfaldlega upp, hv. þm.

Ég vil síðan, virðulegur forseti, gera athugasemdir við 2–3 efnisatriði. Ég tel að það sé óheppilegt að liðir sem komu inn í fjáraukalagafrv. og voru þar með staðfestir af ríkisstjórn og meiri hluta hér á hinu háa Alþingi þar sem um stjfrv. er að sjálfsögðu að ræða, frv. til fjáraukalaga er stjfrv. eins og hvert annað stjfrv., og mér var ekki kunnugt um og hefur ekki verið kunnugt um að settir hafi verið fram sérstakir fyrirvarar af hálfu einstakra þingflokka eða þingmanna stjórnarliðsins um stuðning þeirra við þetta stjfrv. Þess vegna hef ég skilið þá einföldu vinnureglu þingræðisins þannig að til þess að breytingar kæmu á slíku frv., samþykktu stjfrv. án fyrirvara af hálfu allra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, þyrfti nýtt samkomulag að takast um slíkar breytingar. Engu að síður eru tillögur hér um að fella út ákveðna liði. Þar nefni ég brtt. eða lið 04 231 630, sem var aukafjárveiting til Skógræktar ríkisins. Skógræktin lenti óvænt í því á árinu 1987 að þurfa að greiða söluskatt af vélum og tækjum sem hún keypti og mér skilst að hún hafi áður fengið felldan niður. Lagaheimild mun hafa brostið á því ári til að framkvæma slíka niðurfellingu og var því ekki um annað að ræða en að Skógræktin greiddi þessi óvæntu útgjöld sem hún þannig varð fyrir. Þetta mun hún hafa þurft að greiða síðan á árinu 1988 og fékk þetta ekki borið uppi í fjárlögum ársins 1989 þannig að fjárhagur hennar var skertur sem þessu nam. Við þessu var brugðist með því að óska eftir aukafjárveitingu fyrir þessum útgjöldum. 22. júlí sl. fékk landbrn. bréf frá hv. Fjárlaga- og hagsýslustofnun undirritað af engum öðrum en honum sjálfum, Indriða H. Þorlákssyni. Þar er staðfest af fjmrn. að viðkomandi aukafjárveiting hafi verið afgreidd og samþykkt og sé heimil til ráðstöfunar. Að sjálfsögðu lét landbrn. Skógrækt ríkisins vita að borist hefði staðfesting frá fjmrn. um að þessi aukafjárveiting hafi verið afgreidd. Ég tel rétt að ég lesi hér bréfið, virðulegur forseti, til þess að menn hafi þetta skjalfest fyrir framan sig. Svo stendur, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 7. júlí varðandi beiðni um aukafjárveitingu til Skógræktar ríkisins að fjárhæð 887 þús. kr. til þess að greiða söluskatt af tveimur dráttarvélum sem keyptar voru 1987, en fyrirtækið [þ.e. Skógrækt ríkisins] hafði ekki gert ráð fyrir að þurfa að greiða söluskatt af þessum tækjum þegar þau voru keypt. Fjmrh. hefur fjallað um beiðnina og samþykkt að veita aukafjárveitingu sömu fjárhæðar vegna þessa. Það skal skýrt tekið fram að þessa fjárveitingu ber ekki að skoða sem endurgreiðslu söluskattsins, enda ekki heimildir í lögum til þess. Fjárhæðin verður færð á fjárlagalið 04 231 630.

Fyrir hönd ráðherra,
Indriði H. Þorláksson."

Hann sjálfur, sem sagt. Og ég taldi, hafandi þetta bréf í höndunum strax 22. júlí sl., að þessi aukafjárveiting yrði ekki aftur tekin. Ég var þess vegna satt best að segja, hv. alþm., forundrandi þegar ég sé það svo hér þegar langt er liðið á desembermánuð að í brtt. meiri hl. fjvn. við 2. umr. er lagt til að þessi liður falli brott og lái mér hver sem vill. (**EKJ:** Þið eruð búnir að eyða honum, þetta er allt í lagi.) Það mun að vísu hafa verið svo að skv. þeim listum sem hv. fjvn. eða meiri hl. hennar vann út frá á þessum tíma hafi þessi fjárveiting verið ógreidd. Það skýrir að hún taldi mögulegt að fella hana niður eins og ýmsar slíkar fleiri. Ég hygg að þess vegna eigi þetta sér eðlilegar skýringar. Hv. fjvn. taldi sig hafa í höndum upplýsingar um að þessi fjárveiting hefði ekki verið greidd. Hana hefur kannski skort þá vitneskju sem landbrn. hafði, að fjmrn. væri þegar fyrir sitt leyti búið að samþykkja greiðsluna. En þá er hún hér með komin og ég mundi gjarnan kjósa, ef hv. fjvn. vildi vera svo góð, að hún skoðaði þetta mál milli umræðna, tæki þessa brtt. aftur og skoðaði þetta mál ásamt einum eða tveimur liðum öðrum milli umræðna sem má segja að svipað hátti til um.

Annar liður fjallar um lækkun á ýmsum verkefnum og ýmissi starfsemi undir landbúnaðarmálum upp á 2 millj. kr. Ég hef að vísu ekki fengið tæmandi skýringar á því hvaðan þær 2 millj. eigi að koma af þessum verkefnum. (**Gripið fram í:** Staðgreiðslan.) Nei, það er önnur tala, hv. þm., ég kem að því síðar. Ég hef ástæðu til að ætla að þarna eigi að lækka um 2 millj. þá 12 millj. kr. aukafjárveitingu sem byggir á samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning að skógræktarátaki á Fljótsdalshéraði og flutningi Skógræktar ríkisins austur á Fljótsdalshérað nú um áramótin. Sé svo er það mjög bagalegt þar sem þær framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar að hluta til með góðvild heimaaðila, þ.e. með því að iðnaðarmenn og jafnvel viðskiptabankar á svæðinu hafa lánað bæði Skógrækt ríkisins og nefndu átaki fé til framkvæmda til skamms tíma í trausti þess að ákvörðun ríkisstjórnarinnar og aukafjárveitingin næðu fram að ganga. Það væri því bagalegt ef slíkir aðilar, sem af áhugasemi og góðvild við þessi verkefni tvö, þ.e. flutning Skógræktarinnar og skógræktarátakið á Fljótsdalshéraði, hafa lagt því lið með þeim hætti, yrðu fyrir vonbrigðum. Ég mun sömuleiðis fara fram á að athugað verði hvaðan þessar 2 millj. til lækkunar á ýmsum verkefnum, liðum 299 122 hjá landbrn., áttu að koma og sé svo sem ég hef getið mér hér til að þær eigi að koma af þessum verkefnum mundi ég eindregið óska eftir því að kannað verði hvort staða þeirra liða leyfi að þessir fjármunir séu teknir í burtu.

Hið þriðja og síðasta, og lýk ég þá senn máli mínu, hæstv. forseti, forseta ugglaust til ánægju, er svo ákvörðun um að lækka stofnframlög til Landgræðslu ríkisins um 2 millj. kr. Ég hygg að svo hátti til að sú stofnun, Landgræðsla ríkisins, sé í þessum efnum síst alls aflögufær og reyndar þykist ég hafa um það upplýsingar frá ríkisbókhaldi að þessi lækkun mundi koma fram sem samsvarandi aukinn halli hjá þessari stofnun vegna þess að þessari upphæð hafi þegar verið ráðstafað. Þess ber að vísu að geta að hv. fjvn., eða meiri hl. fjvn., sýnir skilning á þeim vandkvæðum sem Landgræðslan varð fyrir vegna söluskatts sem lagður var á starfsemi þar og gerir ráð fyrir því í sínum tillögum. Er ég þakklátur fyrir það ásamt öðru því sem hv. fjvn. hefur þarna vel að unnið og gerir tillögur um lagfæringar á. Vil ég síst lasta þá vinnu en fer í þriðja og síðasta lagi fram á að kannað verði milli umræðna hvort staða Landgræðslu ríkisins leyfi þá lækkun upp á 2 millj. kr. sem gerð er tillaga um í brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 367 þar sem 4. gr. frv. er breytt og sagt að lækkun gjalda skuli vera sem þar greinir: „Landgræðsla ríkisins, stofnkostnaður vegna fræverkunarstöðvar, lækkun um 2 millj. kr." Í þriðja lagi, ef þessi liður yrði athugaður milli umræðna yrði ég hv. fjvn. sérlega þakklátur fyrir það.

Ég hef svo ekki um þetta fleiri orð, virðulegur forseti, Ég er enn þeirrar skoðunar, þrátt fyrir þær mæðingar sem ég hef hér lítillega gert grein fyrir, að það sé þörf og góð nýbreytni að leggja fram þetta frv. til fjáraukalaga og ég tel að hæstv. fjmrh. eigi heiður skilið fyrir að taka þá nýbreytni upp. Ég tel hins vegar að í kjölfar þessarar afgreiðslu þurfi að skoða mjög vandlega hvernig í framhaldinu skuli staðið að þessum málum, þ.e. hvernig skuli þá farið með óvænt atvik sem ævinlega hljóta að koma upp innan hvers fjárlagaárs, til að mynda frá þeim tíma sem fjárlagafrv. er lokað og nýtt ár hefst og þangað til fjáraukalagafrv. viðkomandi árs lítur dagsins ljós. Hvenær það skuli vera, hvernig það skuli afgreitt og svo framvegis. Ég held að mjög þarft væri, virðulegur forseti og hv. þingdeildarmenn, að í þetta yrði lögð vinna sérstaklega af hinu háa Alþingi og viðkomandi ráðuneyti á fyrstu mánuðum næsta árs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill, áður en næsti hv. ræðumaður tekur til máls, upplýsa eftirfarandi:

Hugmyndin er að þegar þessari umræðu lýkur fari fram atkvgr. um fjáraukalög. Síðan hefur forseti hugsað sér að setja nýjan fund þar sem á dagskrá er ein fsp. sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur óskað eftir að fá svar við. Síðan hefur hv. 2. þm. Austurl. óskað eftir að fá að ræða í hálftíma utan dagskrár afskipti

bandaríska sendiráðsins af íslenskum innanlandsmálum og forseti mun láta þá umræðu fara fram að lokinni fsp.

Klukkan tvö hefst síðan hinn þriðji fundur þar sem tekin verða fyrir fjárlög 1990, 3. umr.

Ég vænti þess að hv. þm. geti sætt sig við þennan gang mála.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mjög mál mitt enda legg ég mikla áherslu á að fjáraukalagafrv. sem hér er á ferðinni nái afgreiðslu á Alþingi fyrir áramótin. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú að hér er um mjög merka nýbreytni að ræða, að fyrir Alþingi er lagt frv. til fjáraukalaga á haustþingi fyrir yfirstandandi fjárlagaár. Það væri til mikils vansa fyrir Alþingi ef Alþingi lyki ekki slíku máli og mun ég því stytta mjög mál mitt og fara þess eindregið á leit við alþingismenn að þeir bregðist þannig við í þessum nauma tíma sem eftir er að tala heldur minna en meira um þetta mál þannig að Alþingi geti örugglega lokið afgreiðslu þess.

Virðulegi forseti. Mjög mikið og lengi hefur verið rætt um þetta fjáraukalagamál. Sennilega lengur en nokkurn tíma áður hefur gerst í sögunni. Hvers vegna er það sem sú mikla umræða hefur orðið? Það er vegna þess að við erum hér að ræða fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár. Og af hverju erum við að ræða fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár? Vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur tekið þá ákvörðun að flytja slíkt frv. Það er alfarið og hefur verið í hans valdi hvenær slíkt frv. er flutt og það er að hans frumkvæði sem sú gerbylting er gerð í meðferð fjárlaga á Alþingi Íslendinga að flutt er fjáraukalagafrv. á yfirstandandi ári. Þessu mega menn ekki gleyma í hita umræðunnar. Vissulega er eðlilegt við slíkar aðstæður að komi til deilna og kannski harkalegra deilna milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Því miður hafa fjölmiðlarnir gert það að meginatriði málsins eins og það sé einhver tímamótaviðburður að slíkt eigi sér stað, sem ekki er því átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu er hefðbundið deiluefni hér á Alþingi Íslendinga. En vegna þessara deilna, þeirra hörðu orða sem fallið hafa í þeirri umræðu, hefur kjarni málsins gjörsamlega farið fram hjá í frásögn fjölmiðla og umræðum hér á Alþingi. Kjarni málsins er auðvitað þau nýju vinnubrögð sem hér eru upp tekin.

Aðeins örfá orð út af því sem hér hefur verið sagt. Það er rétt sem hæstv. fjmrh. hefur sagt. Hann óskaði eftir samstarfi við fjvn. um þá afgreiðslu sem hér fer fram. Það samstarf hefur verið ágætt við hann og hans starfsmenn í ráðuneytinu. Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir, m.a. um uppsetningu frv., var unnin af fjvn. í samráði við fjmrn. og aðra þá aðila sem að málinu komu. Ég lít á þessa uppsetningu frv., sem fjvn. vissulega leggur fram og leggur tillögur sínar fram um, sem sameiginlega niðurstöðu þeirrar vinnu og ég hef a.m.k. ekki orðið var við að fjmrh. gagnrýndi þá niðurstöðu með einum eða neinum hætti. Þvert á móti lít ég svo á að hann sé sammála því hvernig að því verki hefur verið staðið. Það er auðvitað alveg laukrétt eins og hér hefur komið fram að fjáraukalagafrv. var lagt fram öðruvísi að búningi en sú afgreiðsla sem hér fer fram. En ég vil einnig taka það fram, virðulegi forseti, að það gerði fjmrh. eftir að hafa rætt við fulltrúa meiri hl. í fjvn. og hæstv. fjmrh. ræddi um að hann veldi þann kostinn til að einfalda málið en ekki vegna þess að hann byggist við því að slík yrði lokaafgreiðsla hv. fjvn. á málinu.

Að lokum, herra forseti, það sem við erum hér að gera með afgreiðslu þessa máls má vera að hægt sé að kalla, eins og mig minnir að hæstv. menntmrh. hafi gert í ræðu sinni, þróunarverkefni í þingræði. Við erum að reyna að feta hérna nýjar brautir. Um það verk út af fyrir sig, án tillits til þess hver eru efnisatriði hinna einstöku tillagna, hefur verið fullt samstarf og samstaða í fjvn. og góð samvinna við fjmrn. Það er sá kjarni í þessu máli sem ég vil ekki að gleymist og vil ekki að niður falli þó menn deili hér harkalega um einstök atriði. Ég vil vitna til þess og lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að þrátt fyrir að hér hafi fallið hörð orð í umræðum og þrátt fyrir að þessi afgreiðsla hafi einnig orðið tilefni til þess að hart hafi verið vegið að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn, eins og kannski er eðlilegt þegar fjárlagagerð er á dagskrá, þrátt fyrir þessi hörðu orðaskipti hefur fjmrh. lýst því yfir að hann hyggist halda áfram því verklagi að leggja fjáraukalagafrv. fyrir Alþingi á yfirstandandi fjárlagaári. Það er vissulega mjög ánægjulegt og ég lýsi sérstökum stuðningi við þann málflutning hæstv. ráðherra.

Að lokum vil ég aðeins fara örfáum orðum um það sem kom fram hér áðan hjá hæstv. landbúnaðar- og samgönguráðherra. Auðvitað er það svo um öll frv., hvort sem þau eru stjfrv. eða ekki, að Alþingi segir um þau sitt síðasta orð. Til þess er Alþingi, að setja lög. Til þess er flutt fjáraukalagafrv. á yfirstandandi þingi, að fá afgreiðslu Alþingis á því hvort fjárveitingavaldið fellst á þær greiðsluheimildir sem þar er óskað eftir. Og ég vek athygli á því, sem líka hefur fallið niður í þessum umræðum, að meiri hl. fjvn. gerir engar brtt. varðandi þær heimildir, aukafjárveitingaheimildir, sem hæstv. ráðherra hefur veitt og búið er að skuldbinda eða greiða. Auðvitað hefði verið hægt að flytja um það tillögu að einhverjar af þessum heimildum yrðu ekki samþykktar. Fjvn., eða meiri hl. hennar, gerir það samt sem áður ekki. Enda þótt gerðar séu athugasemdir við einstakar afgreiðslur, nokkrar afgreiðslur af þeim fjölmörgu sem þar hafa farið fram og er ekkert óeðlilegt að það sé gert. Vegna þess að í fjáraukalagaafgreiðslum upp á 8,8 milljarða kr. er ekkert óeðlilegt að aðrir en þeir sem að þeirri afgreiðslu hafa komið kunni að sjá sitthvað sem þeir mundu hafa gert athugasemdir við ef til þeirra hefði verið leitað. Hins vegar er mjög óeðlilegt að gera ráð fyrir því að afgreiðslur sem ekki hafa farið fram séu í öllum atriðum staðfestar. Því ef svo væri, til hvers væru menn þá að leggja fram fjáraukalagafrv.? Þá væri það auðvitað hrein markleysa því tilgangur þess er sá að fá úr því skorið hvort fjárveit-

ingavaldið, og við skulum gæta þess vel að fjárveitingavaldið er hjá Alþingi en ekki hjá hæstv. ríkisstjórn, fellst á þær greiðsluheimildir sem verið er að leita eftir. Fjárveitingavaldið er ekkert skuldbundið af því þó ríkisstjórn lýsi áhuga sínum á tilteknum verkefnum. Og þegar ríkisstjórn leitar til fjárveitingavaldsins og spyr hvort það vilji fallast á þær greiðsluheimildir sem ríkisstjórn óskar eftir hlýtur ríkisstjórnin auðvitað að eiga von á því að Alþingi hafi sína sjálfstæðu skoðun á hverju og einu því viðfangsefni og það geti alveg gerst að einhverju af því verði hafnað. Ég held að hæstv. ráðherrar geti á engan hátt haft undan neinu að kvarta í þeirri afgreiðslu sem meiri hl. fjvn. hefur gert á þeirra málum, vegna þess að meiri hl. hefur fallist á að staðfestar yrðu allar þær heimildir til aukafjárveitinga sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar hafa ráðstafað og einskorðað sig við það eitt að gera athugasemdir við greiðsluheimildir sem fjvn. fékk uppgefið hjá hæstv. fjmrh. eða fjmrn. að ekki hefðu verið notaðar.

Um það mál sem hæstv. landbrh. talaði um sérstaklega, þ.e. niðurskurð á framkvæmdum til vegamála, vil ég aðeins taka fram að í fjvn. komu fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Þessar hugmyndir höfðu verið kynntar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Þær voru kynntar þar sem hugmyndir um frestun verkefna en ekki sem niðurskurður. Engin afgreiðsla hafði farið fram á því hvort þingmenn stjórnarinnar féllust á þetta eða ekki.

2. Ekki var haldinn kynningarfundur um þetta nema hjá nokkrum þingmannahópanna. Til að nefna voru þessi mál ekki rædd á fundum þm. Austurl. Þau voru ekki rædd á fundum þm. Vestf. Þau voru ekki rædd á fundum þm. Norðurl. v. Það kom einnig fram í fjvn. hvað það kjördæmi varðar, og vitna ég þar í orð hv. þm. Pálma Jónssonar, að hann hefði spurst fyrir um það hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., formanni þingflokks Framsfl., hvort nokkurt slíkt bréf hefði honum borist og formaður þingflokks Framsfl. gaf þær upplýsingar að hann hefði ekkert slíkt bréf fengið. Vona ég að ég fari hér rétt með orð hv. þm. Pálma Jónssonar en þetta er það sem fram kom á fundi fjvn.

Ég leitaði enn fremur eftir því, virðulegi forseti, við þingmenn hvort þeir styddu þennan niðurskurð, þ.e. leitaði eftir því hjá stjórnarþingmönnum, og fékk þau svör að svo væri ekki. Þegar það lá fyrir treysti ég mér ekki til þess að gera tillögu um það hér að við þennan niðurskurð yrði staðið og hann lagður fyrir þingið vegna þess að ég þóttist sannfærður um að hér væri ekki þingmeirihluti fyrir því.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það hefði verið ákjósanlegt að ræða þessi mál við hann. Ég gerði tilraun til þess en hann var ekki á landinu. Ég ræddi hins vegar málin við starfsmenn Vegagerðarinnar og þeir upplýstu mig um það til viðbótar að a.m.k. sum af þeim verkum sem gert var ráð fyrir að ekki yrðu unnin í sumar hefðu verið unnin samkvæmt fyrirlagi þm. úr þeirra kjördæmum. Niðurskurður á þeim verkefnum væri útilokaður, búið væri að vinna þau.

Þetta eru nú rökin, hæstv. forseti, fyrir þeirri afgreiðslu sem fjvn. gerði á þessu máli en á móti lagði hæstv. fjvn. til að önnur viðfangsefni Vegagerðarinnar yrðu skorin niður og það var einnig gert í samráði við Vegagerðina. Ég ræddi sjálfur um það við aðstoðarvegamálastjóra. Ástæðan fyrir því að ég ræddi það mál ekki við hæstv. ráðherra, þegar sú ákvörðun var tekin í fjvn. og áður og hafði um það samráð við hann, var einfaldlega sú, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra var ekki kominn til landsins, þegar sú afgreiðsla var gerð. (**Landbrh.:** Ég var tvo og hálfan sólarhring erlendis.) Það er alveg rétt, en ég er að skýra frá atburðunum eins og þeir gengu fyrir. Þetta er auðvitað að mínu mati minni háttar atriði. Meginatriði málsins er sú afgreiðsla sem hér er að fara fram og sú nýbreytni sem hér er verið að gera.

Það er hins vegar ekki tilgangur fjvn., virðulegi forseti, að leggja fyrir till. um niðurskurð á verkefnum sem búið er að taka skuldbindandi ákvarðanir um. Það hefur aldrei verið okkar tilgangur. Niðurskurðartillögur okkar miðast við þær upplýsingar sem við fengum úr fjmrn. um greiðslustöðu verka. Vel má vera að þær upplýsingar sem fyrir lágu um það hjá fjmrn. hafi ekki verið fullnægjandi, m.a. vegna þess að fagráðuneytin hafi verið búin að taka ákvarðanir um skuldbindingu verkefna sem fjmrn. vissi ekki um. Og það er sjálfsagt að fjvn. skoði slík mál. Ákveðnum óskum um þau efni hefur verið beint til okkar. Ég mun beita mér fyrir því, nú á milli 2. og 3. umr. um þetta frv., að þau verði skoðuð. Ég hef haft samráð um það við samnefndarmenn mína í fjvn. að halda þannig á málum að skoða slík viðfangsefni á milli umræðna. Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, mælast til þess að till. er varðar Landgræðslu ríkisins á bls. 22 gangi ekki til atkvæða nú heldur verði dregin til baka þannig að við getum skoðað hana betur. En í því sambandi vil ég aðeins skýra frá því að sú till. sem þar er gerð, um 2 millj. kr. niðurskurð á framlögum til Landgræðslu ríkisins vegna stofnframkvæmda, barst okkur frá fjmrn. Ástæðan fyrir því að hún barst okkur þaðan var sú að 32 millj. kr. vantaði í niðurskurð upp á það að staðið væri við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um 650 millj. kr. niðurskurð. Það vantaði till. upp á 32 millj. kr. sem aldrei bárust frá þeim fagráðuneytum sem áttu að ganga frá slíkri tillögugerð. Því var sá kostur valinn að fjmrn. var beðið að benda á hvar mætti taka þær 32 millj. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Fjmrn. benti m.a. í bréfi til fjvn. á þennan lið. Sé það hins vegar rétt að búið sé að ráðstafa þessu fé án þess að fjmrn. hafi verið látið af því vita, og því gefið okkur rangar upplýsingar að þessu leyti, er sjálfsagt að taka það til skoðunar.

Virðulegur forseti. Ég vil ekki fara fleiri orðum við þessa umræðu hér, en ítreka að menn gleymi ekki meginatriði málsins. Ég vil aftur segja að það yrði til vansa fyrir Alþingi ef málið yrði ekki afgreitt fyrir áramót, það yrði til vansa fyrir Alþingi þegar hæstv. fjmrh. leggur fram frv. til fjáraukalaga á haustþingi ef Alþingi afgreiðir ekki málið. Því vil ég hvetja til þess

að menn stytti heldur mál sitt og greiði með þeim hætti fyrir afgreiðslu Alþingis á þessu máli. (**EgJ:** Fjmrh. gæti gefið gott fordæmi í þeim efnum.)

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að hér er skammur tími til stefnu og mun taka tillit til tilmæla hv. síðasta ræðumanns. Ég er honum sammála um þýðingu þess að þetta frv. sé afgreitt. Mér fannst hins vegar ástæða til að segja hér örfá orð vegna skringilegrar ræðu hæstv. samgrh. og þá í fyrsta lagi til þess að staðfesta það sem fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. og hæstv. fjmrh. bar brigður á. Fjvn. klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls og meiri hl. fjvn. flytur allar brtt. við þetta mál. Á hinn bóginn vil ég greina frá því að hvert orð sem hv. formaður fjvn. sagði um meðferð vegamála í sambandi við afgreiðslu meiri hl. í þessu plaggi er rétt. Það er þess vegna ekki rétt sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan að þessi mál hafi verið rædd í þingmannahópum kjördæmanna. Og það er hvert orð satt sem (**Gripið fram í:** Það sagði ég ekki.) hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um mín orð varðandi þetta mál og hugsanlega meðferð þess í mínu kjördæmi. Það er einnig sérkennilegt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að nýr meiri hl. á Alþingi, eins og hann kallaði það, geti breytt fyrri ákvörðun. Nú mega kannski vera deilur um það hvort nýr meiri hl. sé á hv. Alþingi. Ég lít ekki svo á. En þó nýr meiri hl. væri á Alþingi getur hæstv. ríkisstjórn ekki breytt ákvæðum vegáætlunar né ákvæðum fjárlaga án þess að fara með málið í gegnum löggjafarsamkomuna. Engin heimild er til þess, hvorki fyrir hæstv. samgrh. né hæstv. ríkisstjórn, að skera niður fé til einstakra verka upp á eindæmi. Þess vegna verður málið að hljóta staðfestingu Alþingis og fá þá eðlilegu meðferð í þingmannahópum sem vegamál ævinlega hafa hlotið svo þetta sé mögulegt.

Ég er auðvitað ekkert hissa á því, miðað við starf þessa hæstv. ráðherra, að hann virtist vera fús til þess að skera niður á fleiri sviðum vegamála en á þessu. Staðreyndir málsins eru þær að Alþingi hefur afgreitt vegáætlun og henni verður ekki breytt nema með nýrri ákvörðun Alþingis.

Þá sagði hæstv. ráðherra að óheppilegt væri að breyta stjfrv. sem hefðu meiri hl. á Alþingi. Hver breytir slíku stjfrv. nema sem hefur meiri hl. á Alþingi? Þessi orð og ýmis önnur fleiri voru mjög furðuleg í ræðu þessa hæstv. ráðherra og ýmsar hugleiðingar hans í þessari ræðu virtust bera keim af því sem hefur mátt merkja í störfum þessarar hæstv. ríkisstjórnar að ríkisstjórnin sjálf geti ákveðið um greiðslur úr ríkissjóði, ákveðið að skera niður fé til einstakra verka. Nánast sé formsatriði að fá það afgreitt á Alþingi vegna þess að ríkisstjórnin hafi meiri hl. En sá meiri hl. sem stendur á bak við hæstv. ríkisstjórn þarf þá að vera samþykkur því sem hæstv. ríkisstjórn er að hafast að í þessum efnum.

Ég skal ekki tefja hér tímann. Ég tek að sjálfsögðu undir það sem kom fram í lokin á ræðu hæstv. samgrh. að ástæða er til þess á nýju ári að fjalla um þessi mál miklu nánar og betur, hvernig hagað skuli starfsháttum við fjármál ríkisins og greiðsluheimildir úr ríkissjóði. Einmitt til þess að þjóna því markmiði hefur fjvn. í heild lagt hér fram í dag frv. sem hæstv. ráðherra ætti vel að kynna sér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að þetta frv. þarf að fara til lokaatkvæðagreiðslu hér í þinginu fyrir áramót. Og ég vil líka bæta því við að ég tel að hér sé aðeins upphaf á átökum milli þings og framkvæmdarvalds. Ekki spurning um nýjan meiri hl. á Alþingi Íslendinga, af og frá að þetta eigi skylt við það. Þetta er aftur á móti spurningin um það að ráðherrar átti sig á því hvar er upphaf og endir þess valds sem þeir hafa. Ég segi fyrir mig að mér finnst að það eigi að vera bljúgir menn sem koma til þingsins með greiðslur milli 8 og 9 milljarða fram yfir heimildir. Mér finnst að það eigi að vera hógværir menn. Því ef slíkt er ekki samþykkt af þinginu, hvað gerist þá? Þá bætast þessir menn einfaldlega í hóp brotamanna íslenskrar þjóðar, svo alvarlegt er málið. Þá bætast þeir í hóp brotamanna íslenskrar þjóðar. Manna sem ekki sitja sjálfir með ráðstöfun á sínu lífi. Þess vegna er það alger nauðsyn að menn geri sér grein fyrir því að aukafjárveitingar eru heimildarlausar og hafa verið það alla tíð. Og það er ekkert fordæmi til fyrir því að hægt sé að breyta stjórnarskrá með því að brjóta hana, ekkert fordæmi til fyrir því.

Mér er ljóst að mjög harðar umræður hafa átt sér stað á undanförnum árum um að þingmenn séu ekki að skipta sér af verkefnum framkvæmdarvaldsins og þessar umræður hafa staðið lengi. En hin umræðan, hvort það gangi upp að ráðherrar gegni jafnframt þingmennsku, hún gæti komið á dagskrá ef ekki verður gætt hófsemdar í því að menn virði leikreglur valds. Annars vegar að þingið virði vald framkvæmdarvaldsins og framkvæmdarvaldið virði vald þingsins. Mér er líka ljóst að eitt og annað í því sem við erum að leggja til hefur verið skorið niður frá því sem frv. boðaði eins og það kom frá fjmrh. Það hefur þó verið gert eftir þeim upplýsingum Hagstofunnar að þessar fjárhæðir væru ógreiddar og talið að hvorki himinn né jörð væru í hættu þó að þær yrðu skornar út. En menn mættu þá líka gjarnan átta sig á því hver er staða þeirra þegna þessa lands sem eru að greiða skattana í dag. Vita menn hve margir Íslendingar hafa verið gerðir gjaldþrota það sem af er árinu? Og vita menn hve margir þeirra munu e.t.v. yfirgefa landið af þeirri ástæðu? Það má vel vera að ástin á rofabörðunum sé svo heit að mannlífið sé minna metið en ég held að menn verði að hugsa sig örlítið um áður en menn taka slíkar ákvarðanir. Við höfum þörf bæði fyrir fólkið og landið. Og þess vegna vil ég segja það alveg ákveðið að ég tel að íslensk þjóð þurfi að gæta hófs í þeirri skattheimtu sem við þurfum á að halda til að verja velferðarkerfið. Við þurfum að gæta hófs. Því svo hörð getur hún orðið að hún brjóti niður eðlilegt mannlíf hjá þó nokkuð stórum hóp Íslendinga.

Ég hef orðið var við þann anda, og reyndar oft

heyrt hann áður, að ef ráðherra hafi ákveðið einhvern hlut eða ríkisstjórn samþykkt, þá beri skilyrðislaust að fara eftir því, alveg án tillits til þess hvort ráðherrann hafði umboð til að gefa slíka yfirlýsingu eða það var á valdsviði ríkisstjórnarinnar að taka þá ákvörðun. Og ég vil að það komi fram hér og nú og verði ráðherrum ljóst að verði stjórnarskrá íslenska lýðveldisins ekki virt á næsta ári gagnvart aukafjárveitingum mun ég standa að því með stjórnarandstæðingum að láta á það reyna hvort ráðherrar fari fyrir landsdóm. Svo alvarlegt er það mál í mínum huga hvort framkvæmdarvaldið ætlar að halda áfram að traðka á lýðræðinu eða ekki. Og það er rétt að hér og nú komi þessi yfirlýsing fram. Menn eiga rétt á viðvöruninni en það er vonlaust, gjörsamlega vonlaust að búa við að menn bæti við kannski 8 eða 9 milljörðum upp á hvert einasta ár án þess að gert sé ráð fyrir því við fjárlagaafgreiðslu og tekjuöflun fyrir íslenska ríkið.

Mér er ljóst að ráðherrum er sumum kannski skemmt við svona yfirlýsingar. En það hefur samt aldrei gerst að ráðherrum væri skemmt ef þeir hafa lent í því að lenda fyrir dóma. Og menn mættu hugleiða fyrir hvaða brot við erum að setja menn í tugthúsið á Íslandi, fyrir hvaða upphæðir. Og menn mættu hugleiða það líka að sennilega hefur það ekki gerst áður í sögu íslenska lýðveldisins að jafnháttsettur maður hafi verið dæmdur í þessu landi og gert var nú fyrir skömmu. Það hlýtur að kalla á ábyrgð þingsins að sjá til þess að aðrir sleppi þá ekki betur ef þeir virða ekki þær leikreglur sem þeim er ætlað að fara eftir.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það urðu mér mikil vonbrigði að fjvn. treysti sér ekki til að taka inn í fjáraukalög 5 millj. kr. fyrirheit sem hæstv. menntmrh. hafði gefið Leikfélagi Akureyrar. Og eftir þeim brtt. sem ég hef séð um fjárlögin nú við 3. umr. er ekki heldur gert ráð fyrir að rétta hlut þess þar. Þvert á móti dregur nú í sundur með Leikfélagi Akureyrar og Leikfélagi Reykjavíkur í fjárlögum eftir þeirri stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur gagnvart menningarmálum á Akureyri og kemur það víðar fram að skilningur er ekki mikill á því sviði. Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að orðlengja þetta. Það veldur mér vonbrigðum. Þetta sýnir að ríkisstjórnin stendur ekki við sínar skuldbindingar að þessu leyti. Og ef svo fer að Leikfélag Akureyrar verður að hætta rekstri á næsta ári þá vitum við hvert má rekja það.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Frv. til fjáraukalaga liggur hér fyrir og er á margan hátt tímamótaákvörðun hjá þinginu að afgreiða það fyrir áramót. Annað mál er að sú afgreiðsla sem hér fer fram á sér stað í miklu tímahraki og er þess valdandi að sú umfjöllun verður ekki jafnmikil og nauðsynlegt hefði mátt telja.

Ég vil, vegna þess hve tími er skammur, aðeins nefna að ég get tekið undir hvert orð sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér í ræðustól áðan. Það er kominn tími til að ríkisstjórn Íslands, hæstv. ráðherrar, fari að lögum, starfi skv. þeim ramma sem þingið setur þeim, en geri ekki öfugt við það sem þingið hefur ákveðið og berji það með ofbeldi hér í gegnum þingið. Það er einnig hárrétt sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér að ríkisstjórn Íslands getur ekki ákveðið að breyta því sem hæstv. Alþingi hefur samþykkt án þess að bera málið undir þing og það sé rætt þar og fái afgreiðslu.

Jafnframt er ljóst að sú fjármálastjórn sem ríkið stendur að er svo léleg að þeim mönnum sem stjórna fjármálum ríkisins yrði öllum sagt upp störfum hjá meðalfyrirtæki. Sú skattheimta sem ríkisstjórn Íslands leggur á fólkið í landinu er tilkomin vegna stjórnleysis ríkisstjórnarinnar á fjármálum, stjórnleysis ráðherranna og hefur valdið því að fjölda fólks hefur verið sagt upp störfum í fyrirtækjum, er atvinnulaust og fjöldi manna hefur lent í gjaldþrotum. Það ábyrgðarleysi kemur fram bæði með fjáraukalögum og brtt. við þau og lýsir því vel að ríkisstjórn Íslands er vanhæf til að stjórna fjármálum. Á sama tíma sem heimilunum og fyrirtækjunum í landinu er ætlað að hafa minna til umráða og hærri skattar eru lagðir á fólkið í landinu flýtur ríkisstjórn Íslands að feigðarósi og einu úrræðin hjá henni eru — ekki að laga rekstur ríkisins heldur að leggja meiri skatta á fólkið í landinu. Þessi stefna er þegar farin að birtast í þjóðfélaginu og mun hafa alvarlegar afleiðingar. M.a. er fjöldi fólks sem nú þegar hefur ákveðið að flytjast til útlanda og flýja þessa ríkisstjórn sem er líkt og hefur gerst í austantjaldslöndunum um fjölda ára. Þar hafa aðeins múrar haldið fólkinu innan landanna en segja má að ríkisstjórn Íslands njóti þess að hér skuli vera stórt og mikið haf í kringum landið. Ég efast um að nema helmingur þjóðarinnar væri lengur hér á landinu ef hægt væri að keyra yfir næstu landamæri. Það er svo komið að maður heyrir víða hjá fólki að það bíður bara eftir því að hæstv. ríkisstjórn fari frá svo að það sé hægt að kjósa og kjósa menn sem er hægt að treysta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 367,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GuðmÁ, GB, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JHelg, JK, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, JGS, GHelg.

AÓB, DS, EH, FÞ, FrS, GHH, HBl, HJ, IBA, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, SalÞ greiddu ekki atkvæði.

18 þm. (ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, BÍG, EgJ, EKJ, GeirG, GHG, GGÞ, GA, JóhS, JBB, JónS, KP, KrP, KE, ÞSk) fjarstaddir.

Brtt. 367,2 (ný 2. gr.) samþ. með 29:4 atkv.

Brtt. 367,3.00-101 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 367,3.00-201–02-501 samþ. með 31:4 atkv.

Brtt. 367,3.02-507 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 367,3.02-515–09-999 samþ. með 30:2 atkv.
Brtt. 367,3.10-211 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 367,3.10-321–10-333 631 samþ. með 30:3 atkv.
Brtt. 367,3.10-333 640 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 367,3.10-341–10-485 120 samþ. með 30:2 atkv.
Brtt. 367,3.10-485 133 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 367,3.10-651–15-991 samþ. með 31:3 atkv.
Brtt. 367,4.04-235 kölluð aftur.
Brtt. 367,4 (ný 4. gr.) samþ. með 30:3 atkv.
Brtt. 383 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 31:3 atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 30:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

35. fundur, fimmtudaginn 21. des., að loknum 34. fundi.

Endurgreiðsla á sérstöku gjaldi af erlendum lántökum, frh. einnar umr.

Fsp. HBl, 175. mál. — Þskj. 198.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sýndi mér samþykkt á sl. vori sem hann sagði að hefði verið gerð í ríkisstjórninni og var þess efnis að lántökugjald yrði ekki lagt á erlend lán sem tekin yrðu vegna meiri háttar viðhalds eða endurbóta sem unnar yrðu í íslenskum skipasmíðastöðvum. Ég átti í allhörðum orðaskiptum við hæstv. viðskrh. af þessu tilefni og raunar einnig við hæstv. fjmrh. hinn 10. maí sl. Þá lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að það lántökugjald sem hefði verið greitt af 200 millj. kr. sem Byggðastofnun hafði tekið vegna skipasmíðaverkefna yrði endurgreitt. Gert var sérstakt samkomulag milli mín og hæstv. ráðherra um að frv. um *ráðstafanir vegna kjarasamninga þyrfti* ekki að fara aftur til fjh.- og viðskn. úr því að þessi yfirlýsing lægi fyrir.

Ég bað starfsmann Alþingis að afla upplýsinga um það nú í nóvembermánuði hvort staðið hefði verið við yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um að endurgreiða þetta fé. Og þau svör sem ég fékk úr fjmrn. voru þess efnis að það hefði ekki verið endurgreitt. Ég spurði forstjóra Byggðastofnunar á fundi fjh.- og viðskn. fyrir skömmu hvort hann hefði fengið tilkynningu um að þetta fé yrði endurgreitt og hann sagði að engin slík tilkynning hefði borist. Á hinn bóginn viðhafði hæstv. viðskrh. vægast sagt stráksleg orðalag í sambandi við *lántökugjaldið í Ed. 10. maí sem ekki vinnst tími til að* rekja hér. Af þessu tilefni og af því að ég er að reyna að stuðla að því að hæstv. ríkisstjórn standi við sínar yfirlýsingar hef ég lagt fram svohljóðandi fyrirspurn:

„1. Hversu hljóðar samþykkt ríkisstjórnar um að ekki skuli greitt sérstakt gjald af erlendum lántökum vegna viðhalds og endurbóta á fiskiskipum, unnum hér á landi, sbr. ummæli viðskrh. í Ed. 10. maí 1989?

2. Hvaða dag var samþykkt ríkisstjórnarinnar gerð?

3. Hversu hefur framkvæmd samþykktarinnar verið háttað og hvernig hefur hún verið kynnt?

4. Hefur komið til endurgreiðslu samkvæmt samþykktinni?“

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Svarið við fyrstu spurningu hv. þm. Halldórs Blöndals er á þessa leið:

Umrætt mál var tekið fyrir á fundi ríkisstjórnarinnar þriðjudaginn 14. febr. á þessu ári, en þá lagði hæstv. viðskrh. fram tillögu um heimild til erlendrar lántöku vegna skipasmíða innan lands. Jafnframt var gerð tillaga um að umrædd erlend lántaka yrði, með vísan til laga um breytingar á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, sbr. 4. tölul. 3. málsl. 19. gr. þeirra laga, undanþegin lántökuskatti vegna þessara samkeppnislána til innlendra skipasmíðastöðva. Þá var samþykkt í ríkisstjórninni þennan sama dag, 14. febr. sl., að fela ráðherranefnd að afgreiða málið.

Svarið við annarri spurningu hv. þm. hefur þegar komið fram. Málið var afgreitt í ríkisstjórninni þann 14. febr. sl. og vísað til ráðherranefndar til endanlegrar meðferðar.

Svarið við *þriðju spurningu hv. þm. er á þessa leið:* Byggðastofnun hefur verið falið að endurgreiða umrætt lántökugjald af þeim lánum sem voru veitt á tímabilinu 1. jan. 1989 til 1. júní 1989. Skv. upplýsingum frá Byggðastofnun mun umrædd endurgreiðsla nema um 2,5 millj. kr.

Svarið við fjórðu spurningunni er að ekki hefur enn komið til endurgreiðslu skv. samþykktinni en stefnt er að því að þær endurgreiðslur fari fram fyrir lok ársins í samvinnu við Byggðastofnun.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það má ráða af svörum hæstv. *ráðherra að ríkisstjórnin hyggst ekki ætla að standa við* yfirlýsingu sína um að endurgreiða lántökugjald af þessum lánum. Óhjákvæmilegt er að fram komi hvaða dag hæstv. ríkisstjórn skrifaði Byggðastofnun og bað hana að sjá um endurgreiðslu á lánunum. Og óhjákvæmilegt er einnig að þessi lán eða þetta lántökugjald sem ég er að tala um nái almennt til lána sem tekin eru vegna skipasmíðaverkefna hér á landi. Tók ég rétt eftir? Var hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir að hann ætlaði að binda þessa endurgreiðslu við þau erlendu lán sem höfðu verið tekin af Byggðastofnun? Eða var hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir að þessi endurgreiðsla ætti að ná til allra þeirra erlendu lána sem tekin hefðu verið *vegna meiri háttar endurbóta eða viðhalds á fiskiskip*um hér á landi? Og eitt vantar inn í svarið enn. Nær þessi endurgreiðsla til þeirra lána sem tekin hafa verið vegna nýsmíði þess fiskiskips sem er í smíðum nú í

Slippstöðinni á Akureyri? Ég óska eftir að hæstv. fjmrh. svari þessu skýrt því að svar hans var satt að segja óljóst.

Í fyrsta lagi: Hvenær og hvernig eru fyrirmæli hæstv. ríkisstjórnar til Byggðastofnunar? Hvenær voru þau gefin og hvernig hljóða þau um að endurgreiða þessa fjármuni?

Í öðru lagi: Ætlast ríkisstjórnin til að 6% lántökugjald verði greitt af lánum sem tekin hafa verið vegna þess fiskiskips sem er í smíðum á Akureyri?

Í þriðja lagi: Eiga þeir sem fengu erlend lán með öðrum hætti en í gegnum Byggðasjóð, vegna samsvarandi verkefna í sömu skipasmíðastöðvum, að bera lántökugjaldið?

Um þetta verða að fást greið svör.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli hv. alþingismanns á því að sú heimild í lögum til að undanþiggja lántökugjaldið er bundin við að um sé að ræða sérstakar aðgerðir í þágu útflutningsgreina. Í lögunum er ekki — eða var ekki því lögin hafa nú verið afnumin, þau eru ekki lengur í gildi — var ekki almenn heimild til þess að undanþiggja atvinnugreinar lántökugjaldinu. Það er mjög mikilvægt að hv. alþm., og sérstaklega fyrirspyrjandi sem hér hafði stór orð í seinni ræðu sinni, geri sér grein fyrir því hvernig lagatextinn var orðaður. Þar var ekki um að ræða almenna lagaheimild sem veitti fjmrh. eða ríkisstjórn rétt til þess að undanþiggja heilar atvinnugreinar lántökugjaldinu, heldur var það eingöngu bundið við sérstakar aðgerðir í þágu útflutningsgreina. Þess vegna hefur sá skilningur verið ráðandi að hér væri um að ræða þær lánveitingar sem Byggðastofnun og Byggðasjóður önnuðust til þess að beita sér sérstaklega fyrir eflingu skipasmíða. Ef það hefði verið vilji hæstv. Alþingis að undanþiggja heilar atvinnugreinar lántökugjaldinu hefði það auðvitað komið fram í lögunum.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna seinni ræðu hv. þm. Ég tel að lögin sem sett voru á sínum tíma en eru nú ekki lengur í gildi hafi ekki veitt fjmrh. eða ríkisstjórn almenna heimild til þess að undanþiggja atvinnugreinar eða aðra þá starfsemi sem ekki félli undir þann texta, þar sem í lögunum stóð að um sérstakar aðgerðir væri að ræða. Ég held að verið væri að túlka orðalagið „sérstakar aðgerðir“ óeðlilega ef ætti að gefa því þá merkingu að heil atvinnugrein væri „sérstök aðgerð“. Þess vegna hef ég ekki talið mér fært að túlka lögin eins og þau voru á sínum tíma með þeim hætti að skipasmíðar sem atvinnugrein væru undanþegnar. Að þessu leyti hafa samskipti fjmrn. varðandi framkvæmd þessa þáttar verið bundin við aðgerðir Byggðastofnunar sem hv. fyrirspyrjandi gerði reyndar að sérstöku umræðuefni á Alþingi 10. maí sl. þegar hann ræddi þetta mál og vék þá sérstaklega að þessum málum Byggðastofnunar. Það má í sjálfu sér gagnrýna það að málið hafi ekki verið afgreitt endanlega fyrr af hálfu fjmrn. og Byggðastofnunar. (**HBl:** Hvenær var bréfið skrifað?) Bréfið hefur ekki verið skrifað, hv. þm. (**HBl:** Það hafa engin fyrirmæli borist.) Jú, jú, það hafa borist (**HBl:** Það er ósatt.) fyrirmæli. En það er auðvitað oft þannig að embættismenn hafa sín á milli munnleg samskipti þar sem þeir ræða málin og greina hver öðrum frá því hvað gert verður. Og Byggðastofnun er ljóst að áður en árið er á enda verður frá þessum málum gengið (**HBl:** Hvenær var bréfið skrifað?) með formlegum hætti, bæði bréfaskriftum og greiðslum, þannig að málinu verði lokið á þessu ári. Það hefur aldrei staðið (**HBl:** Hvenær var þetta sem Byggðastofnun og fjmrn. ræddust við?) annað til, hv. þm., en að þessu máli yrði lokið á þessu ári. Það er eðlilegt að fjármálaleg samskipti ríkissjóðs og Byggðastofnunar, sem eru margvísleg, séu gerð hrein við lok ársins og þetta er eitt af þeim málum. Sem betur fer er þetta nú ekki stór upphæð, 2,5 millj. kr., eins og ég gat um áðan, þannig að það er kannski eðlilegt að menn hafi ekki verið að horfa á það alveg sérstaklega og flýtt sér í þessum greiðslum þó að það sé út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. að það hefði mátt gera það fyrr. Hitt er hins vegar höfuðatriðið að fyrir árslok verði framfylgt þeirri samþykkt og þeim vilja sem ég kynnti hér áðan.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari því hvenær þessi samtöl áttu sér stað milli embættismanna fjmrn. og Byggðastofnunar. Ég held að það dugi ekki að hæstv. fjmrh. komist upp með það að svara ekki beinum fyrirspurnum sem bornar eru fram með þinglegum hætti. Og ég vil óska eftir því að hann svari úr sæti sínu: Hvenær átti þetta samtal sér stað, í dag, í gær? Ég óska eftir því að hæstv. forseti úrskurði að ráðherrann verði að svara. Og ég vil jafnframt lýsa því yfir að ég efast um að hann fari rétt með tölur í þessu sambandi en skal á hinn bóginn kynna mér það. Það má mikið vera ef svo er. Í þriðja lagi vil ég lýsa því yfir að þær 200 millj. kr. sem veittar hafa verið vegna verkefna í skipasmíðastöðvum eru engar sérstakar aðgerðir sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur beitt sér fyrir, heldur erum við að tala um sérstakar lánveitingar sem hafa farið í gegnum Byggðasjóð svo árum skiptir. Við erum því ekki að tala um neinar sérstakar aðgerðir í atvinnumálum svo að ef skilningur hæstv. fjmrh. er réttur, að það þurfi til að koma til þess að heimilt sé að gefa eftir lántökugjaldið, er sú heimild ekki fyrir hendi í sambandi við þessa peninga, enda hygg ég að hæstv. fjmrh. muni að Alþingi felldi það að þessir fjármunir yrðu undanþegnir lántökugjaldinu. Vilji Alþingis í þeim efnum liggur þess vegna alveg skýr fyrir. Hitt er aftur ljóst að hæstv. iðnrh. lýsti því yfir við umræður í efri deild, svo og hv. 3. þm. Norðurl. v., að ekki skipti máli hvað Alþingi segði eða gerði. Lántökugjald vegna skipasmíðaverkefna hér á landi yrði endurgreitt. Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að hann hafi látið einhvern embættismann hringja einhvern tímann. Ég veit að hann var ekki búinn að hringja fyrir tveimur dögum. Hvenær hringdi hann?

Ég hygg að það sé nauðsynlegt að fá þetta mál upplýst. Að öðrum kosti er nauðsynlegt að halda umræðum um það örlítið lengur áfram undir öðrum dagskrárlið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég hef því miður ekki við hendina einhverja sérstaka skrá yfir símaviðtöl embættismanna fjmrn. og annarra ríkisstofnana og efast satt að segja um að slík skrá sé haldin. Hins vegar get ég fullvissað hv. þm. um það að ég gekk rækilega úr skugga um að slíkt símtal hefði farið fram. (**HBl:** Hvenær?) Ég gekk úr skugga um það í morgun áður en ég svaraði þessari fsp. að slíkt samtal hefði farið fram. Ég hafði nú satt að segja ekki hugmyndaflug til þess að spyrja að því hvenær það hefði farið fram, hv. þm., en sjálfsagt er hægt að leita sér upplýsinga um það þó að ég telji það ekki vera aðalatriði málsins. (**HBl:** Það er nú kjarni málsins.) Hvenær símtalið fór fram? Ef það er allt í einu orðið kjarni málsins hvenær símtalið fór fram en ekki efnisatriðið sjálft (**HBl:** Af hverju segirðu þá ekki ...) þá er ég hættur að skilja hv. þm.

Ég vil hins vegar vegna orða hans um efnisatriði vitna hér í ummæli hæstv. viðskrh. þegar hann svaraði hv. þm. í efri deild 10. maí sl. Og ég ætla að lesa það hér, með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti:** Það verður að vera örstutt.) Örstutt, en ég tel að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að lesa það vegna þess sem hv. þm. sagði hér. Hæstv. viðskrh. segir, með leyfi forseta:

„Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningu um það hvort lántökuskattur yrði tekinn af sérstökum erlendum lánum Byggðastofnunar vegna skipaviðgerða hér á landi. Ég get vel staðfest það enn á ný að ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma eins og hv. þm. er vel kunnugt að þessi skattur yrði ekki á lagður, enda væri um að ræða skipaviðgerðir samkvæmt áætlun þeirri sem ríkisstjórnin og stjórn Byggðastofnunar hafa samþykkt og varðaði þetta ár."

Það er þess vegna alveg ljóst að það hefur verið skýrt og greinilega tilkynnt hæstv. Alþingi, m.a. í þessum tilvitnuðu ummælum hæstv. viðskrh., að hér var um sérstaka aðgerð að ræða, bundna tilteknum lánum, eins og fram kom í svari mínu.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Í svari við fsp. sem ég bar fram varðandi endurgreiðslu á lántökugjaldi vegna lána til skipasmíðaverkefna sem unnin yrðu hér á landi vitnaði hæstv. ráðherra til ummæla hæstv. iðnrh. hér á Alþingi hinn 10. maí sl. þar sem hæstv. iðnrh. lýsti því yfir að þessi skattur yrði ekki á lagður. Nú er komið í ljós og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið sem nefndarmaður í fjh.- og viðskn., bæði hjá fulltrúum fjmrn. og Seðlabanka, hefur þessi skattur verið á lagður. Þegar ég lagði þessa fsp. fram hér í þinginu lágu fyrir upplýsingar um það frá embættismanni fjmrn. að engin fyrirmæli hefðu borist frá ríkisstjórn um það að þetta sérstaka lántökugjald yrði endurgreitt. Ég hef beðið hæstv. fjmrh. hér í fyrirspurn um að hann dagsetji hvenær tiltekin fyrirmæli hafi borist til Byggðastofnunar og borist til embættismanna fjmrh. Það er nauðsynlegt að sú dagsetning komi fram, hvenær hæstv. fjmrh. fyrirskipaði að þessir fjármunir yrðu endurgreiddir, því að ef í ljós kemur að þessi fyrirmæli hafi verið gefin í febrúarmánuði, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, þá hefur röð af embættismönnum farið með ósannindi við alþingismann, þá hefur forstjóri Byggðastofnunar farið með ósannindi á nefndarfundi í fjh.- og viðskn. Ég hygg á hinn bóginn, hæstv. forseti, að það sé nú sem oftar áður að embættismennirnir segi satt, allir hinir segi satt. Og ég hygg að það sé svo nú eins og endranær þegar við eigum orðastað við einstaka ráðherra að þá erum við ósjálfrátt vissir um að það er ráðherrann sem ekki fer með rétt mál. Það er á hinn bóginn ljóst af þeim undanbrögðum sem hæstv. ráðherra hefur sýnt að fsp. hefur orðið til þess að þetta sérstaka lántökugjald verður endurgreitt af 200 millj. kr. sem Byggðastofnun tók. Það er jafnljóst og ég stend hérna að fyrir því er engin lagaheimild, engin heiðarleg lagatúlkun, miðað við þá framkvæmd sem hefur verið í sambandi við þessa fjármuni, þessa lánsfyrirgreiðslu, á umliðnum árum, að þessi sérstaka 200 millj. kr. fyrirgreiðsla sé upp fundin af þessari ríkisstjórn og sé í einhverju sérstöku atvinnuskyni af hennar völdum. Hér er um almenna fyrirgreiðslu að ræða sem skipasmíðaiðnaðurinn hefur notið undanfarin ár og af þeim sökum er það eðlilegt að allir þeir sem hafa tekið erlend lán til viðgerða í íslenskum skipasmíðastöðvum á umliðnum árum fái þau endurgreidd.

Ég ítreka svo að lokum að það er auðvitað óþolandi ef hæstv. ráðherrar geta ekki svarað eins og menn þegar maður kemur hingað með þinglegar fyrirspurnir. Og það er óhjákvæmilegt að þessi fjmrh. hæstv. svari þessu skýrt og skorinort: Hvenær gaf hann fyrirmælin og hvernig voru fyrirmælin, nákvæmlega?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðum um þessa fsp. var lokið þar sem fleiri höfðu ekki kvatt sér hljóðs. Hæstv. fjmrh. hefur beðið um orðið um þingsköp.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að ég geri það fyrst hv. þm. Halldór Blöndal kaus að halda áfram efnisumræðum um málið hér undir titlinum um þingsköp. Mér þykir afar leitt ef hv. þm. er ekki í góðu skapi hér í dag og getur ekki móttekið efnislega það sem sagt er, en ég skal reyna í örfáum orðum að endurtaka það.

Í þeirri samþykkt sem hæstv. iðnrh. lagði fyrir ríkisstjórnina 10. febr. og ég hef upplýst að var afgreidd 14. febr. til sérstakrar ráðherranefndar sem fékk málið síðan til meðferðar og endanlegrar afgreiðslu er sérstaklega vikið að lántöku Byggðastofn-

unar til skipaviðgerða hér innan lands að upphæð 200 millj. kr. Samþykktin fjallar um þessa sérstöku erlendu lántöku í þágu skipaviðgerða. Hún er þess vegna í samræmi við lagagrundvöllinn í erlenda lántökugjaldinu þar sem undanþáguheimildin eða endurgreiðsluheimildin er eingöngu bundin við sérstakar aðgerðir. Endurgreiðsluheimildin hefur ávallt verið framkvæmd þannig þegar um sérstakar aðgerðir hefur verið að ræða að skatturinn hefur verið lagður á og síðan hefur verið endurgreitt. Þessi skilningur hefur síðan verið hv. þm. ljós síðan 10. maí sl. vegna þess að í umræðum við hv. þm. í efri deild kom þetta skýrt og greinilega fram hjá hv. iðnrh. eins og ég las hér áðan. Þar segir hann að hér sé um að ræða sérstakar erlendar lántökur Byggðastofnunar vegna skipaviðgerða. Þess vegna er alveg ljóst að hvort sem hv. þm. líkar það betur eða verr er það búið að vera skýrt allan tímann að lagaheimildin til endurgreiðslu var bundin við sérstakar aðgerðir. Ríkisstjórnarsamþykktin var bundin við sérstaka lántöku og yfirlýsing hæstv. iðnrh. 10. maí gerir þetta alveg skýrt. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna hv. þm. er að koma hér upp nú rétt fyrir jól og skamma mig fyrir það að þetta hafi ekki verið almenn heimild sem beitt hafi verið gagnvart öllum því að ég hélt satt að segja að hv. þm. væri búið að vera það kunnugt í rösklega hálft ár hvernig þetta mál væri vaxið. Þess vegna hefur það líka verið ljóst að þessi samþykkt yrði framkvæmd á þessu ári og það hefur verið alveg skýrt innan fjmrn. að svo yrði.

En eins og ég sagði hér áðan hefur ekki verið gengið endanlega í það verk að senda endurgreiðsluna til Byggðastofnunar og satt að segja kannski ekki talið að það væri svo brýnt mál að Byggðastofnun fengi þessar 2,5 millj. sem þarna er um að ræða að himinn og jörð séu nánast að farast eins og skilja má af hv. þm. Halldóri Blöndal að höfuðatriðið sé að þetta hafi farið hér fyrr á þessu ári. Fjármálaleg samskipti Byggðastofnunar og ríkissjóðs eru nú með þeim hætti að það eru sem betur fer mun stærri upphæðir sem fara á milli og menn þess vegna talið að þessi smáa upphæð skipti kannski ekki sköpum, hvenær hún kæmi endanlega til Byggðastofnunar. Aðalatriðið held ég að sé hins vegar það að efnislega liggi málið ljóst fyrir og við þau fyrirheit, sem gefin voru í samþykkt ríkisstjórnarinnar og lýst var hér á Alþingi 10. maí, verði staðið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki séð að efnisleg umræða um þessa fyrirspurn geti haldið áfram í þingskapaformi en biður hv. 2. þm. Norðurl. e. að halda sig við umræðuna um þingsköp.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að tala um efnislega umræðu þeirrar fyrirspurnar sem var lögð fram. Ég er að fjalla um það að hæstv. fjmrh. fór með ósannindi hér í ræðustólnum áðan þegar hann vitnaði til viðskrh. um það að lántökugjaldið yrði ekki lagt á þessi sérstöku lán vegna skipasmíða, og endurtók nú áðan að hér væri eingöngu um uppgjör að ræða milli Byggðastofnunar og fjmrn. sem er efnislega rangt. Lántökugjaldið hefur fallið á útgerðarmenn og ég ítreka enn að ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi eins og honum ber að gera þegar formleg fyrirspurn er lögð fram: Hvenær bárust embættismönnum fjmrn. fyrirmæli um að þetta lántökugjald skyldi endurgreitt? Og hvenær barst Byggðastofnun tilkynning um að lántökugjald hefði ekki átt að greiða af þessum fjármunum? Er það virkilega svo að forseti þingsins sé varnarlaus gagnvart einstökum ráðherrum ef þeir neita að svara fyrirspurnum sem eru þinglega fram bornar? Hvar er þá réttur þingmanna og til hvers er þá verið að þessum leik? Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann knýi hæstv. ráðherra til þess að svara því sem ég spyr um.

Það er nú einu sinni svo hér í þessum þingsölum að einstakir ráðherrar eru með alls konar meldingar úti í þjóðfélaginu, m.a. um það að við í stjórnarandstöðunni höfum tafið hér þingstörf. Núna fyrir stundu var verið að afgreiða mál, aukafjárlög, sem m.a. fela það í sér að ekki er staðið við bein loforð og bein fyrirheit einstakra ráðherra varðandi byggðarlög úti á landi sem orðið hafa fyrir náttúruhamförum, heldur ekki staðið við fyrirheit sem einstakir ráðherrar hafa gefið menningarstofnunum eða öðrum. Er niðurlæging þingsins nú orðin svo mikil að hæstv. forseti hafi ekki tök á því að knýja ráðherrann til svara um fyrirspurn sem er formlega fram lögð?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir rétt að benda á það að hann hefur gefið bæði fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra tækifæri hér til þess að spyrja og svara, einnig gefið þeim tækifæri til að gera stuttar athugasemdir og meira getur forseti í raun og veru ekki gert. Ef hæstv. ráðherra gefur ekki fullnægjandi svar, þá hlýtur það að liggja í því að svarið sé ekki fyrir hendi og varla getur þá forseti knúið fram eitthvað annað en það sem hæstv. ráðherra telur sig geta svarað. — Nú biður hæstv. fjmrh. um orðið aftur um þingsköp og vill forseti beina því til hans að hann haldi sig við þingsköp.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal gera það. Vegna orða virðulegs forseta vil ég taka það alveg skýrt fram að ég veitti fullnægjandi svar við þessari fyrirspurn. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Afskipti bandarískra sendiherrans af íslenskum innanríkismálum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 2. þm. Austurl. hefur komið að máli við forseta og farið fram á að taka til máls utan dagskrár um afskipti bandarískra sendiherrans af íslenskum innanríkismálum. Forseti hefur orðið við þessari beiðni og fer umræðan fram samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapa og skal ekki standa lengur en í hálftíma. Ég vil brýna hv. þm. til þess að fara ekki fram úr þeirri tímaáætlun þar sem áríðandi er að taka til við afgreiðslu fjárlaga kl. 2.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þann 13. júní 1985 samþykkti Alþingi sérstaka þál. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða. Þar er m.a. vitnað til laga frá árinu 1971 um stjórnmálasamskipti og hinn svokallaða Vínarsamning sem er hluti af þessum lögum um stjórnmálasamskipti milli ríkja. Í 41. gr. Vínarsamningsins segir svo, með leyfi forseta:

„Það er skylda allra þeirra sem njóta forréttinda og friðhelgi að virða lög og reglur móttökuríkisins en þó þannig að forréttindi þeirra og friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis."

Og í öðru lagi segir þar: „Öll opinber erindi sem móttökuríkið varða og falin eru sendiráðinu af sendiríkinu skuli rekin hjá utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða hjá öðru ráðuneyti sem samkomulag verður um eða fyrir milligöngu þeirra."

Ég minni á þetta hér í tilefni þess að þann 17. des., sl. sunnudag, birtist í Morgunblaðinu viðtal við nýskipaðan sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Charles Cobb að nafni, en hann var áður aðstoðarviðskiptaráðherra í stjórn Bandaríkjanna og raunar þekktur íþróttamaður og grindahlaupari fyrr á árum samkvæmt upplýsingum í þessu viðtali. Í Morgunblaðinu 17. des. fjallar sendiherrann um ýmsa þætti íslenskra innanríkismála og þar koma fram að mínu mati gróf afskipti af íslenskum innanlandsmálum, bæði að því er varðar hugmyndir um erlent álver hér á landi, svo og um nýjan hernaðarflugvöll. Spurningum Morgunblaðsins um aðstoð sendiráðsins, ef farið verður út í samningaviðræður við bandarískra fyrirtækið Alumax, svarar sendimaðurinn m.a. þannig:

„Ég hef átt þrjú samtöl við stjórnarformann Alumax að undanförnu. Ég hef átt tvö samtöl við Jón Sigurðsson iðnrh. og ég ráðgeri að bjóða forsvarsmönnum Alumax og iðnrh. Íslands og hans sérfræðingum hingað þegar þeir koma til samningaviðræðna við ráðherrann." Einnig segir hann: „Ég er bjartsýnn á að hægt verði að vekja áhuga bandarísks álfyrirtækis á þátttöku, hvort sem það verður Alumax eða eitthvert annað fyrirtæki."

Þá spyr blaðamaðurinn hvort sendiherrann sjái fyrir sér miklar breytingar á hlutverki Bandaríkjamanna í Evrópu á næstunni og sendiherrann svarar: „Það er nánast öruggt að það verður umtalsverð fækkun í herliði Bandaríkjamanna í NATO-löndum á meginlandi Evrópu." Fyrir Ísland sér sendiherrann hins vegar annað hlutskipti. Þar þarf að hans mati að fjölga hernaðarmannvirkjum og nú er óskin íklædd eftirlitshlutverki, eftirliti með afvopnun. Þar segir — og ég lýk þessu með tilvitnun í þann þátt viðtalsins, virðulegur forseti: „Að gera eftirlitsmöguleikana sem besta er auðvitað í þágu Íslands sem og annarra NATO-þjóða. Því tel ég mikilvægt að hér verði tekin ákvörðun um byggingu nýs alþjóðlegs flugvallar. Þannig verður þörfinni fyrir aukið og bætt eftirlit mætt. Auk þess tel ég að bygging slíks flugvallar hér á landi geti þjónað þýðingarmiklu hlutverki fyrir Ísland í efnahagslegu tilliti." Og hann segir þarna í framhaldinu: „Staðreyndin er hins vegar sú að ef Ísland tekur ekki af skarið og ákveður þá forkönnun sem rætt hefur verið um gæti Ísland misst af tækifærinu og ákvörðun verið tekin af NATO um að staðsetja flugvöll annars staðar, svo sem á Grænlandi."

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, af þessu tilefni að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., m.a. með vísan í Vínarsamninginn: Hvert er viðhorf forsrh. til ummæla bandarískra sendherrans í viðtali við Morgunblaðið 17. des. sl. að því er varðar erlent álver og byggingu nýs hernaðarflugvallar á Íslandi? Og í öðru lagi: Hver verða viðbrögð ríkisstjórnarinnar af þessu tilefni?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eftir að ég hef skoðað umrætt viðtal við ameríska sendiherrann hlýt ég að komast að þeirri niðurstöðu að þar hafi sendiherrann farið út fyrir þau mörk sem hefð setur erlendum sendimönnum í ríkjum og sömuleiðis út fyrir það sem Vínarsáttmálinn, 41. gr., segir en þar er skýrt tekið fram að erlendir sendimenn skuli forðast að hafa á nokkurn máta afskipti af innanríkismálum. Og vitanlega er það sérstaklega viðkvæmt þegar um er að ræða málefni sem um eru deilur svo að mér þykir leitt að þurfa að staðfesta það að þarna sýnist mér að sendiherrann hafi því miður farið út fyrir þau mörk.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu og ætla ekki að tala efnislega um það sem þarna er um að ræða en jafnframt er um það spurt hvort ríkisstjórnin hafi tekið afstöðu til þessa máls. Það hefur hún ekki gert. M.a. er nú utanrrh. erlendis, eins og hv. fyrirspyrjandi veit, en ég mun ræða málið við hann strax eftir hans heimkomu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft við ummælum sem gefin voru í persónulegu viðtali Morgunblaðsins við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við þau sjónarmið sem fram koma í þessu persónulega viðtali og tel ekki ástæðu til að líta á þau sem afskipti af íslenskum innanríkismálum. Það er vissulega rétt að skv. 41. gr. Vínarsamningsins hvílir sú skylda á sendimönnum erlendra ríkja að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis þar sem þeir eru sendimenn. En hér er um það að ræða að sendiherrann fjallar á persónulegan hátt um tvö mál sem hafa verið í sviðsljósi — og eru vissulega umdeild hér á landi,

eins og fram kom hjá forsrh. — en þau varða samskipti Íslands og Bandaríkjanna með nokkrum hætti eða gætu gert það. Ég sé því ekki ástæðu til þess að efna til umræðna um þau hér á Alþingi sérstaklega eða að þau gefi tilefni til sérstakra viðbragða af hálfu ríkisstjórnarinnar, en eins og kom fram hjá forsrh. þá hefur þetta mál ekki verið rætt innan hennar, m.a. vegna fjarveru utanrrh. Það er vissulega rétt að hér er vandmeðfarið mál á ferðinni og ástæða til þess að huga að því hvernig á því er haldið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sjónarmiði sem fram kom hjá hæstv. forsrh. að ummæli bandaríska sendiherrans í umræddu viðtali voru óeðlileg. Í þeim ummælum fólst tilraun til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku íslenskra stjórnvalda umfram það sem talið er eðlilegt af erlendum sendimönnum. Ég verð því miður einnig að lýsa mig algjörlega ósammála þeirri yfirlýsingu og skoðun hæstv. viðskrh. að umrætt viðtal í Morgunblaðinu hafi verið persónulegt viðtal. Það var öllum ljóst sem þetta viðtal lásu að hér var um að ræða formlegt viðtal við nýskipaðan sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, fyrsta opinbera viðtalið sem stærsta blað Íslendinga á við sendiherrann og sendiherrann ræddi málin sem sendiherra Bandaríkjanna í viðtalinu aftur og aftur. Það kemur einnig fram í viðtalinu að hann hafi sem sendiherra Bandaríkjanna rætt við aðila í bandarísku viðskiptalífi, hann ætli sér sem sendiherra Bandaríkjanna að bjóða þeim ásamt iðnrh. til fundar og lýsir sem sendiherra Bandaríkjanna skoðunum sínum á því hverjar verði afleiðingar fyrir Ísland ef ekki verður samþykkt forkönnun á varaflugvelli á Íslandi. Það er ekki hægt að halda því fram með nokkrum rétti að í þessu viðtali hafi persónan, Bandaríkjamaðurinn, íþróttamaðurinn fyrrverandi, eingöngu verið að tjá sínar persónulegu skoðanir sem ekkert komi við sendiherraembætti hans á Íslandi.

Mér þykir afar leitt að þurfa að lýsa slíkum ágreiningi við minn ágæta samstarfsmann í hæstv. ríkisstjórn en það er óhjákvæmilegt að gera það fyrst þessi ummæli komu hér fram. Hér var um formlegt viðtal við sendiherra Bandaríkjanna að ræða og ég tek undir þá skoðun hæstv. forsrh. að það er óeðlilegt og óheppilegt vegna nauðsynjar á batnandi sambúð í heiminum á milli allra ríkja að erlendir sendimenn tali með þessum hætti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst nauðsynlegt að hér verði upplýst á einhvern hátt hver viðbrögð íslenskra stjórnvalda geta orðið, a.m.k. að fá skoðun hæstv. forsrh. á því hvernig honum finnst að bregðast eigi við því sem hann segir að sé að sendiherra hafi farið út fyrir mörkin, ekki síst í ljósi orða hæstv. viðskrh. nú áðan. Mér þykir nauðsynlegt að þingheimur fái að vita hvort hæstv. forsrh. deilir þeirri skoðun hæstv. viðskrh. að ekki sé ástæða til þess að hreyfa málinu frekar þar sem um persónulegt viðtal hafi verið að ræða. Við höfum þegar heyrt skoðun hæstv. fjmrh. hér og því óska ég þess að hæstv. forsrh. taki til máls nú á eftir og geri ögn betur grein fyrir afstöðu sinni í málinu, jafnvel þótt hæstv. utanrrh. sé ekki á landinu og samráð við hann ekki hægt að hafa að svo stöddu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir málflutning hæstv. iðnrh., sitjandi utanrrh. Eins og hann kom hér inn á er hér um persónulegt viðtal að ræða og ekkert í sjálfu sér við það að athuga. Það sem mér þykir athyglisvert við viðtalið, eins og fram hefur komið, er að hér er greinilega sannur íþróttamaður að ræða málin um hagsmuni Íslands og um leið náttúrlega hagsmuni síns lands. Sendiherrann er að ræða um aukin viðskiptatengsl þjóðanna, hann er að ræða um aukna samvinnu í menntamálum, hann er að ræða um aukna samvinnu í umhverfismálum, um afvopnun á Norður-Atlantshafi og kjarnorkuvopnalaus svæði þar. Það er einnig hlutverk sendiherra og sendiráða að stuðla að auknum viðskiptum landa og liðka fyrir þeim. Það er því ekkert óeðlilegt við það að hann lýsi því yfir að hann vilji stuðla að slíku varðandi álsamninga. Og í síðasta lagi lýsir hann sinni persónulegu skoðun á varaflugvallarmáli og enn á ný vil ég segja að það er ekkert athugavert við slíkt. Ég lít á þetta sem persónulegt viðtal við manninn en ekki sem viðtal við sendiherra Bandaríkjanna sem slíkan og get því ekki tekið undir þá gagnrýni sem fram kemur hjá flm. þessarar fyrirspurnar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég má til að koma hér upp og lýsa furðu minni á ummælum hæstv. sitjandi utanrrh., iðnrh., um leið og ég fagna þeirri skoðun sem hér hefur komið fram bæði af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Mér þykir merkilegt að halda því fram að persónulegt viðtal við sendiherra Bandaríkjanna skipti engu máli. Hvenær er það persónulegt viðtal og hvenær er hann þá í einhverju öðru hlutverki? Það er verið að tala við sendiherra Bandaríkjanna í því hlutverki sem hann er og í viðtalinu kemur mjög greinilega fram að hann er þar með íhlutun í íslensk innanríkismál. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það. Persónulegt og ekki persónulegt. Auðvitað er ekki hægt að hafa viðtal við sendiherra Bandaríkjanna öðruvísi en persónulegt. Hann er sendiherra Bandaríkjanna hér á Íslandi.

En kannski í tengslum við þetta þó það komi ekki akkúrat þessu máli við þá langar mig af þessu tilefni til þess að inna hæstv. forsrh. eftir því hvort ríkisstjórnin hafi formlega mótmælt innrás Bandaríkjanna í Panama.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. 12. þm. Reykv. að þingmenn eiga í raun og veru ekki rétt á að varpa nýrri fyrirspurn til ráðherra á fundi sem þessum án þess að hann hafi fengið að vita af því fyrir fram. Ég vil aðeins benda á að hér er óvenjulega að farið.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessi umræða sem hér fer fram út af hér um bil viku gömlu viðtali við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi sýnist mér að varpi fyrst og fremst ljósi á það hvernig helstu forustumenn stjórnarflokkanna leggja sig fram við að greiða fyrir framgangi helstu þingmála ríkisstjórnarinnar.

Vegna efnis málsins þykir mér rétt að taka fram að ég hef ekki lesið það viðtal sem hér er vitnað til en miðað við þær tilvitnanir sem hér voru lesnar upp þá get ég tekið undir það sjónarmið sem fram kom hjá hæstv. viðskrh., starfandi utannrh., og þarf ekki að fara um það mikið fleiri orðum. Mér sýnist á hinn bóginn að yfirlýsing hæstv. forsrh. sé býsna marklaus eða marklítil ef henni fylgja ekki einhver frekari viðbrögð. Þess vegna vil ég varpa þeirri spurningu fram til hæstv. forsrh. hvort hann ætli að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að sú aðstoð varðandi hugsanlegt samstarf við erlent áliðjufyrirtæki, sem sendiherrann virtist hafa verið að bjóða fram í þessu viðtali samkvæmt þeirri tilvitnun sem hér var lesin, verði afþökkuð. Ætlar hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því, vegna þess að hann telur að hér hafi verið brotið gegn eðlilegum samskiptareglum, að slík aðstoð verði afþökkuð sem ég þykist sjá að sendiherra Bandaríkjanna hafi verið að bjóða fram? Ef svo er ekki þá er lítið að marka þá yfirlýsingu sem hér var gefin að mínu mati af hálfu hæstv. forsrh.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta eru dálítið sérkennilegar umræður. Í fyrsta lagi hlýtur öllum að vera það ljóst er þeir skoða þetta að það er verið með íhlutun í okkar eigin mál sem þetta viðtal ber með sér. Hvaða skoðanir sem menn svo hafa á þeim málum sem þarna er um að ræða, þá er það, ég vil segja hastarlegt, að þessi umræða falli í þennan farveg, að við skulum ekki einu sinni geta verið sammála um það að gera athugasemdir við, þegar t.d. sendiherrar, auðvitað er hann þarna sendiherra og það er viðtal við manninn af því hann er sendiherra, þá er ekki hægt að taka það sem persónulegt viðtal. Mér þykir það mjög mikið miður að hæstv. starfandi utanrrh. skuli ekki hafa ótilkvaddur *mótmælt þessari íhlutun*. Og ég vil beina orðum mínum til hæstv. forsrh. hvort ekki sé ástæða til að mótmæla þessu opinberlega þannig að það séu ekki fleiri sendimenn annarra ríkja sem fara að ganga þessa slóð. Ég verð að lýsa undrun minni á þessum viðbrögðum, hvernig sem menn hugsa að öðru leyti.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þm. gera óþarflega mikið veður út af þessu viðtali við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Ég sé ekki að það komi fram í þessu viðtali að sendiherrann hafi beinlínis verið að blanda sér í íslensk innanríkismál. Við það að lesa þetta viðtal finnst mér hins vegar koma í ljós einlægur vilji sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi til að eiga við okkur góð samskipti. Hann er áhugasamur um það að geta látið gott af sér leiða og komið til okkar ýmsum hugmyndum sem hann er að fara fram á að við ræðum með honum.

Ég hef haft þau afskipti af einni slíkri hugmynd að ræða um hugsanlegt samstarf milli Bandaríkjanna og fleiri þjóða við norðanvert Atlantshaf um umhverfisrannsóknir. Í því tilliti hef ég fagnað þessu framtaki sendiherrans að vekja athygli á slíkri hugmynd og mundi telja það miður ef litið er á slíkar hugmyndir sem lýst er í þessu viðtali sem einhverja íhlutun um íslensk innanríkismál.

Varðandi ummæli hans um alþjóðlegan varaflugvöll á Íslandi þá get ég heils hugar tekið undir a.m.k. þann hluta viðtalsins þar sem sendiherrann bendir á að slíkur alþjóðlegur varaflugvöllur gæti orðið geysilega mikilvæg vöruflutningamiðstöð fyrir Ísland. Hann bendir réttilega á að í framtíðinni megi búast við því að vöruflutningar með flugvélum fari ört vaxandi og þannig gæti slíkur flugvöllur orðið mjög mikilvæg dreifingarmiðstöð fyrir bæði útflutningsvöru frá Íslandi, svo og aðrar vörur sem ættu leið hér um land, t.d. frá fjarlægari heimshlutum.

Ég vil því hvetja þingmenn til þess að taka ekki þetta viðtal of hátíðlega og reyna heldur að lesa úr því þann jákvæða hug sem þar kemur fram.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég minnist þess á undanförnum árum að hafa lesið viðtöl við sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi, sendiherra Kínverja á Íslandi, þar sem þeir hafa lýst miklum áhuga á auknum samskiptum við Íslendinga á ýmsum sviðum. Þessi viðtöl hafa ekki orðið tilefni utandagskrárumræðu á Alþingi. Það sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi gerir skakkt í þessu viðtali er að ræða um viðkvæm mál sem snerta utanríkispólitík Íslendinga, varnarmál t.d. Það hefði hann mátt láta ógert. Hins vegar er enginn vafi á því, eins og hefur komið fram hér í umræðunni, að þessi sendiherra nefnir ákaflega mörg mál sem ég tel jákvæð fyrir samskipti þessara tveggja þjóða, m.a. samvinnu á sviði menningarmála, samvinnu á sviði *mengunarmála* og var ég sérstaklega ánægður með það að sendiherrann skyldi koma inn á mál, tillögu sem ég fékk samþykkta á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins um alþjóðlega vísindastöð sem fylgdist með mengun Norður-Atlantshafsins. Þetta er sérstakt áhugamál þessa sendiherra og því fagna ég mjög.

Ég hygg að það megi, ef menn gera það með jákvæðu hugarfari, líta á þetta viðtal við sendiherrann sem svona nokkurs konar yfirlýsingu af hans hálfu í þeim málum sem hann hefur sérstakan áhuga á. Hann fór að vísu offari í þessu viðtali, ég játa það, en að þetta viðtal, sem nú er orðið viku gamalt, skuli vera umfjöllunarefni í utandagskrárumræðu næstsíðasta dag þingsins fyrir jólaleyfi er nokkuð sem ég fæ ekki vel skilið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara síðustu orða hæstv. forseta Nd. hlýtur forseti að svara því til að það er mjög sjaldgæft að ekki sé orðið við beiðni um hálftíma til utandagskrárumræðu og þess vegna þótti ekki ástæða til að hafna því frekar nú.

Nú getur forseti tæplega sett fleiri á mælendaskrá tímans vegna en hér eru enn þá fjórir mælendur eftir og til máls tekur hv. 11. þm. Reykn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það væri nú betur að sumir menn læsu ekki blöðin því að svo eru þeir illa á sig komnir að ekki mega þeir sjá neitt úr ákveðnum áttum þá er eins og hlaupi hland fyrir hjartað á þeim. Þessi umræða hér á öðrum síðasta degi þings fyrir jól er langt frá því að eiga rétt á sér þótt sé tekið viðtal við sendiherra í blaði fyrir viku síðan sem fer fram af opnum huga, eins og nútímamaðurinn talar og nútímasendiherrann. Á sama tíma og íslenska þingið samþykkir að flytja viðskiptamál yfir til utanríkisþjónustunnar, þ.e. utanríkisviðskiptin, og hv. þm. sem hér hafa talað hafa samþykkt með handaupprétttingu, þá á að banna öðrum sendimönnum að tala um viðskipti þjóðanna sem er alveg furðulegt. Við erum í nútímanum og fólkið vill opna umræðu en ekki einhvern rannsóknarrétt eins og var til forna hjá páfastóli. Fólkið vill að það sé skýrt frá hugmyndum og það komi fram frjálsar skoðanir en ekki lokað bókhald eins og hv. 2. þm. Austurl. óskar eftir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Það var nú hjá mér eins og jafnvel 1. þm. Suðurl., ég hafði ekki lesið Moggann, gerði það í gær og ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt að viðtalið er um margt mjög gott, mjög margt athyglisvert í þessu viðtali og langstærstur hluti af því er þannig að það er ekki hægt að gera neina athugasemd við það. Það er fróðlegt. En það er hárrétt sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði hér áðan. Sendiherranum verða á mistök. Því verður alls ekki neitað. Og því verður ekki neitað að þetta gengur gegn ákvæði Vínarsáttmálans þar sem segir: „Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis."

Því verður alls ekki neitað að hér eru miklar deilur um byggingu varaflugvallar sem sendiherrann leggur afar mikla áherslu á að beri að gera af ýmsum ástæðum sem er ekki tími til að rekja hér, menn vonandi lesa þetta viðtal. Mér heyrist að skoðanir manna skiptist hér dálítið eftir því hvort þeir eru með varaflugvelli eða á móti. Það er bara allt annað mál, kemur ekkert þessu við. Og ég verð að lýsa andstöðu við það sem hér hefur komið fram að sendiherrann og persónan sem við er talað verði aðskilin. Það er útilokað að aðskilja t.d. Þorstein Pálsson frá formanni Sjálfstfl. eða treystir einhver sér til þess? Það held ég ekki. Vitanlega er hér um eina og sömu persónuna að ræða og verðum við að skoða það í því ljósi.

Hér var spurt um það nánar hver viðbrögð yrðu. Ég hélt ég hefði nú verið búinn að svara því. Ég mun ræða þetta við utanrrh. strax og hann kemur heim og ég tel sjálfsagt að kalla á sendiherrann og benda honum á að þarna hafi hann gengið of langt. Vitanlega er sendiherranum sjálfsagt — og ekkert nema eðlilegt, sjálfsagt — að ræða við ráðherra og hvern sem hann vill um þau ýmsu mál sem varða samskipti hans þjóðar og þessa ríkis. Það er honum sjálfsagt að gera. En opinberlega að leitast við að hafa áhrif í umdeildum málum, um það held ég að verði því miður ekki sagt annað en að þar urðu honum á mistök.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég dreg ekki í efa það sem hér hefur komið fram hjá ýmsum hv. þm., og reyndar má lesa út úr þessu viðtali, að nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna sé vel meinandi maður og margt gott um hann. En ég tek undir það bæði með forsrh. og hv. 6. þm. Norðurl. e. að hér verða menn að greina á milli þess að hafa einhverja skoðun á þeim viðfangsefnum sem sendiherrann fjallar um og hins hvort það sé eðlilegt að hann blandi sér í okkar innri mál með þeim hætti sem hann gerir. Við óskum ekki eftir því að erlendir sendimenn geri það. Við þurfum ekki á hjálp að halda við það að móta okkar stefnu til að mynda hvað varðar uppbyggingu flugsamgöngumannvirkja í landinu. Við erum einfær um það, Íslendingar, og það er hluti af okkar fullveldi að hafa rétt til þess að gera það í friði án þess að erlendir sendimenn sem hér sitja í friðhelgi séu að reyna að blanda sér í þau mál. Það er alveg augljóst mál þar sem í hlut á til að mynda spurningin um uppbyggingu herflugvallar hér í landinu, og það þarf sendiherra Bandaríkjanna að vita hafi hann ekki áttað sig á því nú þegar, að það hefur verið deilumál í íslenskum stjórnmálum og það er ekki heppilegt að hann gangi fram opinberlega á völlinn og gefi um það mál yfirlýsingar, færi rök fyrir tilteknum aðgerðum í því máli eins og hann gerir. Það er óviðeigandi íblöndun í okkar mál og ég tek undir það sem hæstv. forsrh. sagði að það þarf að koma því til skila upp á síðari tíma og öðrum til viðvörunar.

Ég tek það að vísu fram að þessi íblöndun er ekki af alvarlegum toga miðað við ýmislegt það sem gerist í heiminum. Hún er tiltölulega mild miðað við þá íblöndun sem íbúar Panama fá að upplifa á sjálfum sér þessa dagana af hálfu þessarar sömu þjóðar sem nefndur sendiherra er fulltrúi fyrir.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég saknaði þess að hæstv. forsrh. skyldi ekki svara þeirri fsp. sem til hans var beint og ég vona að honum verði gefinn kostur á að gera það. Ég vil svo draga það hér fram að í þessu máli eins og ýmsum öðrum virðist vera alvarlegur ágreiningur innan hæstv. ríkisstjórnar. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að auðvitað er það kórrétt eins og sakir standa að það verður ekki gerður greinarmunur á

formanni Sjálfstfl. og Þorsteini Pálssyni en hitt er svo annað mál að stundum er óhjákvæmilegt að gera greinarmun á Steingrími Hermannssyni og forsrh. Íslands.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa þessa umræðu hér og tek það fram vegna orða sem hér hafa fallið að ósk um hana kom fram sl. þriðjudag, strax og ég hafði lesið umrætt viðtal, og það er nú ekki viku gamalt ef ég kann að telja dagana.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir viðbrögð hans og þær yfirlýsingar sem hann hefur hér gefið varðandi þetta mál. Þar tel ég að hafi verið rétt á máli tekið. Hæstv. forsrh. lýsir því hér yfir á Alþingi, sem er réttur staður til þess, að hann telji eðlilegt að sendiherrann verði kallaður fyrir og bent á þau mistök sem honum hafi á orðið í ljósi íslenskra laga og alþjóðasamninga.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í umræðunni að það verður ekki gerður neinn greinarmunur á sendiherra Bandaríkjanna sem einkapersónu og því verkefni sem hann vinnur að hér á vegum sinnar ríkisstjórnar. En meginatriðið er það, og það eru varnaðarorð af minni hálfu, að menn láti það ekki gerast á Alþingi Íslendinga að erlendir aðilar, hverjir svo sem þeir eru, geti verið að spila mönnum hér sundur og saman út frá því hvort þeim hentar eða hvort þeir taka undir þau sjónarmið sem þeir eru að túlka. Við verðum að reyna hér á Alþingi Íslendinga að gæta okkar réttar sem sjálfstæðs ríkis hver svo sem að okkur vegur í þeim efnum.

Þingsályktuninni, sem samþykkt var hér samhljóða á Alþingi 13. júní 1985 og byggði á þáltill. sem ég flutti hér, var ekki beint gegn Bandaríkjunum sérstaklega. Ýmsir túlkuðu hana sem svo að það væri verið að vega að sovéska sendiráðinu þar sem verið var að hvetja til þess að takmörkuð yrðu umsvif erlendra sendiráða í landinu og bent á það misvægi sem væri í þeim efnum. Ég tel fyllstu ástæðu til þess fyrir utanrrh. Íslands og íslensk stjórnvöld að athuga þau mál í ljósi þeirrar samþykktar sem hér var gerð 13. júní 1985.

SAMEINAÐ ÞING

36. fundur, fimmtudaginn 21. des., kl. 2.15 miðdegis.

Fjárlög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 304, n. 410, brtt. 407, 408, 411, 423, 424.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Fjvn. Alþingis hefur nú lokið störfum fyrir 3. umr. fjárlaga. Fram koma frá nefndinni tillögur á fjórum þskj. Nefndin flytur á þessum þskj. sameiginlegar brtt. er varða 6. gr. fjárlagafrv. og eru þær brtt. á þskj. 424. Þá flytur meiri hl. nefndarinnar á sérstökum þskj. tillögur sem minni hl. stendur ekki að, en þær tillögur varða 1. gr. á þskj. 423, 5. gr. á þskj. 408, 3. gr. á þskj. 407 og 4. gr. á þskj. 423. Auk þess, frú forseti, höfum við gripið til þess ráðs að láta dreifa á borð þingmanna skýringum við allar þær brtt. sem gerðar eru og er það í fskj. sem hlýtur þó ekki þingskjalsnúmer. Er það með svipuðum hætti eins og þegar skýringar eru gerðar við afgreiðslu við 2. umr. Ef þingmenn vilja kynna sér þær brtt. sem fjvn. og meiri hl. hennar flytja nú, þá er einfaldast að gera það með því að fara yfir og lesa það fskj. sem þessum tillögum fylgir og dreift hefur verið á borð þingmanna án þess að hafa fylgiskjalsnúmer.

Þegar vinnu fjvn. er að þessu sinni lokið vil ég ítreka þakkir mínar til nefndarmanna fyrir ágætt samstarf. Óvenjulega mikið vinnuálag hefur verið hjá okkur í nefndinni en nefndin hefur engu að síður leyst sín verk og lokið þeim á tilsettum tíma og hefur tekist um það ágætt samstarf í nefndinni. Ég vil einnig ítreka þakkir mínar og okkar nefndarmanna við starfsfólk nefndarinnar og þá einkum og sér í lagi ritara hennar, Sigurð Rúnar Sigurjónsson, við hagsýslustjóra Indriða H. Þorláksson og starfsfólk hans og vararíkisendurskoðanda Sigurð Þórðarson og starfsfólk Ríkisendurskoðunar. Einnig færum við kærar þakkir starfsfólki Alþingis bæði í Austurstræti 14 og hér í Alþingishúsinu. Þar sem hagsýslustjóri Indriði H. Þorláksson er nú á förum af landi brott til annarra starfa, þá vil ég einnig nota þetta tækifæri til að færa honum bestu þakkir okkar fjárveitinganefndarmanna fyrir samstarfið á liðnum árum. Við óskum Indriða og fjölskyldu hans alls hins besta og honum fylgja góðar kveðjur okkar þegar hann heldur nú til starfa á nýjum vettvangi.

Að hefðbundnum hætti kallaði fjvn. til sín forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Þórð Friðjónsson, og starfsmenn hans og mættu þeir á næstsíðasta fund nefndarinnar. Á þeim fundi lögðu þeir Þjóðhagsstofnunarmenn m.a. fram upplýsingar um endurskoðun þjóðhagsspár. Samkvæmt þeirri endurskoðuðu spá er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á efnahagshorfum á næsta ári frá því þjóðhagsáætlun var lögð fram á Alþingi. Samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar er við fengum í hendur og dagsett er 19. des. sl. er gert ráð fyrir nokkuð meiri samdrætti í einkaneyslu á næsta ári en ráð var fyrir gert í þjóðhagsáætlun. Mun einkaneysla dragast saman á næsta ári að öllu óbreyttu um 2,5% í stað 2% eins og spáð var í þjóðhagsáætlun. Áætlað er að samneysla muni aukast um 1% en draga muni úr fjárfestingu um sömu prósentutölu. Þjóðarútgjöld eru talin lækka um 1,8% á móti 1,4% eins og spáð var. Er auðsætt af þessum spám að nú stefnum við Íslendingar inn í þriðja samdráttarárið í röð þar sem verulega mun draga úr einkaneyslu og fjárfestingum og einnig þjóðarútgjöldum þótt samneysla aukist lítið eitt. Kemur þessi samdráttur m.a. fram í því að áfram er áætlað að

vergar þjóðartekjur á næsta ári lækki um 1,4% frá árinu í ár. Er þar spáð áframhaldandi lækkun þjóðartekna en lækkun þjóðartekna á yfirstandandi ári frá árinu 1988 mun nema 4,3%.

Nokkur batamerki eru hins vegar sjáanleg að mati Þjóðhagsstofnunar á vöruskiptum við útlönd. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun þann 19. des. að ekki verði um að ræða samdrátt í tekjum af útflutningi vöru og þjónustu eins og gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Hins vegar áætlar stofnunin að innflutningur á vörum og þjónustu dragist svipað saman eins og áætlað var í þjóðhagsáætluninni eða um 2%. Samkvæmt þessu eru horfur á að vöruskiptajöfnuður á næsta ári geti orðið hagstæður um allt að 7 milljarða kr. Vaxtajöfnuður við útlönd verður hins vegar óhagstæður um allt að 15 milljarða kr. þannig að viðskiptajöfnuðurinn við útlönd stefnir í að vera óhagstæður um 7,9–8 milljarða kr. og er það öllu betri útkoma en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun sem lögð var fram á Alþingi í haust, en þá var talið að viðskiptajöfnuður gæti orðið óhagstæður um allt að 9,9 milljarða kr. Þessi bati í vöruviðskiptum við útlönd er vissulega jákvæður og eina umtalsverða breytingin sem verður á efnahagshorfum frá því að þjóðhagsáætlun var lögð fram á Alþingi í haust. Út af fyrir sig er ánægjulegt að sú eina breyting sem orðið hefur skuli vera jákvæð, en að öllu samanlögðu er ljóst að enn horfir til samdráttar í þjóðarbúskapnum og enn eru ekki horfur á að þjóðarskútan sé farin að rísa upp úr öldudalnum.

Ekki gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir miklum breytingum á fyrri spám um þróun í verðlagi og gengi. Hún spáir að framfærsluvísitala muni hækka um 16,5% og er það meðalhækkun frá árinu í ár og eru það um það bil sömu horfur um breytingu á framfærsluvísitölu og Þjóðhagsstofnun spáði í þjóðhagsáætlun. Hins vegar spáir stofnunin því að byggingarvísitala geti hækkað eilítið meira en gert var ráð fyrir eða úr 16% í 17%. Allar þessar spár eru að sjálfsögðu miðaðar við að forsendur haldist óbreyttar sem að baki þessum spám búa.

Meðalverð erlends gjaldeyris er því sem næst óbreytt í spám Þjóðhagsstofnunar og hún spáir því einnig að atvinnuleysi geti aukist nokkuð eða úr 1,7% af heildarvinnuaflinu árið 1989 í 2,5% á næsta ári. Til upplýsingar skal þess getið að hvert prósentustig í þessu sambandi merkir um 1200–1300 einstaklinga þannig að haldi fram sem horfir er ljóst að áframhaldandi samdráttur á næsta ári mun, ef ekkert er aðhafst, hafa áhrif á vinnumarkaðinn og verður það eitt af mikilsverðustu verkefnum hæstv. ríkisstjórnar að takast á við það vandamál með öllum ráðum til þess að auka atvinnu og styrkja atvinnulífið í landinu. Ríkisstjórnin hefur í þeim efnum náð verulegum árangri, enda voru horfur á því þegar ríkisstjórnin tók við völdum að hrun yrði í íslenskum undirstöðuatvinnuvegum með fjöldaatvinnuleysi sem fylgja mundi í kjölfarið. Ríkisstjórnin tókst hins vegar á við þann vanda og henni hefur tekist að tryggja að hjól atvinnulífsins héldu áfram að snúast og af því fjöldaatvinnuleysi varð ekki sem spáð hafði verið. Hefur tekist að tryggja þokkalegan rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna og þá ekki hvað síst í fiskvinnslu, en eins og fram hefur komið hefur tekist að bæta hlut fiskvinnslunnar og bjarga þeim fjölmörgu fyrirtækjum frá gjaldþroti og hruni sem römbuðu á barmi hengiflugsins þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Hefur raunar tekist að breyta svo umhverfinu hjá þessari undirstöðuatvinnugrein að forráðamenn hennar telja nú að rekstrurinn eigi að geta gengið við óbreyttar aðstæður og óbreytt gengi.

Á þessum grunni sem þarna hefur verið lagður þarf að byggja og halda þannig á málum að áframhaldandi árangur geti orðið og þá þannig að því sé ekki teflt í hættu sem þegar hefur unnist. Vinna verður að því með öllum ráðum að draga úr verðhækkunum og þörf til verðhækkana þannig að verðlag almennt í landinu hækki eins lítið og framast er unnt og helst mun minna en áætlanir og spár gera nú ráð fyrir. Þetta er hægt með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins og þar ráða úrslitum að sjálfsögðu þeir kjarasamningar sem gerðir verða á árinu.

Stjórnvöldum ber að greiða fyrir því svo sem framast er unnt að skynsamlegir kjarasamningar náist sem tryggi það að undirstöðuatvinnuvegirnir geti gengið án þess að til gengisbreytinga þurfi að koma, en með gengisbreytingu mundi verðbólguhjólið fara að snúast á ný. Þá á markmið slíkra samninga einnig að vera að varðveita atvinnuöryggi og lífskjörin en það er auðvitað augljóst að hversu heitt sem menn óska þess, þá getur þjóðin ekki samið af sér í kjarasamningum neikvæðar staðreyndir ytri aðstæðna, svo sem eins og þann áframhaldandi samdrátt í þjóðarbúskapnum sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári.

Ef hægt væri að semja í kjarasamningum um auknar þjóðartekjur, meira aflaverðmæti og jákvæðan viðskiptajöfnuð, þá væri gaman að lifa. Þetta er hins vegar ekki hægt. Það er hættuleg óskhyggja að ímynda sér það. Vilji menn varðveita atvinnuöryggið sem er algjört grundvallaratriði, þá verða allir aðilar að stilla kröfum sínum í hóf og gera sér ljóst að menn geta ekki samið af sér það neikvæða efnahagsumhverfi sem þjóðin býr nú við. Menn geta um það deilt og eru sífellt um það að deila hvernig eigi að skipta kökunni, en meginatriði málsins er að eitthvað verður að vera til fyrir alla og ef einhver einn hópurinn ætlar sér við þessar aðstæður stærri sneið en hann nú hefur, þá er hætta á því að ekkert verði eftir fyrir þá sem síðastir koma að því borði.

Það er við þessar aðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar sem fjárlagaafgreiðslan fer nú fram. Afgreiðsla fjárlaganna markast að sjálfsögðu af þessum aðstæðum. Kaupgetan hefur verið að rýrna, einkaneyslan hefur verið að dragast saman og sá samdráttur kemur einnig fram sem samdráttur í tekjum ríkisins, bæði í tekjusköttum og veltusköttum. Á hinn bóginn eru margir af útgjaldaliðum hins opinbera þannig vaxnir að þeir dragast ekki saman þótt samdráttur verði í

tekjunum. Launaútgjöldin verða ekki lækkuð þótt tekjurnar lækki. Útgjöld vegna heilsugæslunnar verða það ekki heldur og enn síður útgjöld vegna skóla og menntunar. Þó reynt sé að standa á bremsunum lækka ekki útgjöldin til þessara viðfangsefna, enda verður slíkt ekki gert nema með erfiðum og sársaukafullum aðgerðum er draga úr þjónustu. Samdráttarskeiðið veldur því samdrætti í tekjum ríkissjóðs án þess að sambærilegur samdráttur komi fram útgjaldamegin. *Á slíkum tímum er miklu erfiðara en* ella og raunar nær ógerningur að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Eins og fjárlagafrv. ber með sér hefur það ekki heldur tekist þó svo reynt hafi verið eftir fremsta megni að halda aftur af útgjöldum ríkisins. Er einnig vafasamt að rétt sé að beita of harkalegum samdráttaraðgerðum í útgjöldum ríkissjóðs á tímum slíks samdráttar í þjóðarbúskapnum yfirleitt því þótt slíkar harkalegar aðgerðir til samdráttar útgjaldamegin hjá ríkissjóði virkuðu vel á afkomu ríkissjóðs sjálfs er ekki þar með sagt að þær mundu virka jafn vel á afkomu fólksins í landinu og atvinnuöryggi þess. Þannig verður ríkisstjórnin sjálfsagt gagnrýnd af stjórnarandstöðunni fyrir að afgreiða ekki fjárlög hallalaus, en meiri gagnrýni mundi hún sæta ef hún gerði þær ráðstafanir, annaðhvort til tekjuöflunar eða til niðurskurðar á útgjöldum og þjónustu, sem gera yrði við þessar aðstæður til að ná slíkum jöfnuði í rekstri ríkissjóðs.

Er nú rétt að víkja að þeim tillögum sem fluttar eru við 3. umr. fjárlaga og kem ég þá fyrst að þeim tillögum sem meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 423 og varða 4. gr. Ég ítreka að það er einfaldast að fylgjast með þessum brtt. með því að styðjast við það skjal sem dreift hefur verið sem fylgiskjali á borð þm. þar sem tillögurnar eru skýrðar í réttri röð þannig að menn þurfi ekki að vera að blaða á milli tillagnanna á fjórum ólíkum þingskjölum.

Fyrsta brtt. sem meiri hl. flytur varðar æðstu stjórn ríkisins, forsetasetrið á Bessastöðum. Samkvæmt lögum sem sett voru í fyrra á Alþingi er nú unnið að miklum endurbótum við Bessastaðastofu og forsetasetrið en það gamla og virðulega hús, Bessastaðastofa, er orðið mjög mikið skemmt vegna skorts á viðhaldi um mjög langan tíma. Viðgerðir hófust á sl. sumri en þegar viðgerðir voru hafnar kom í ljós að um miklu meiri skemmdir var að ræða á þessu fornfræga húsi en menn höfðu haldið. Viðgerðin verður því mjög kostnaðarsöm en um leið óhjákvæmileg því þegar að var gáð var ástand hússins orðið slíkt að það var nánast að hruni komið og raunar orðið hættulegt til íbúðar og íveru. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að Mannvirkjasjóður menningarstofnana, sem stofnaður er með lögum, taki að sér viðgerðir á Bessastöðum. Af lántöku sjóðsins fari 150 millj. kr. til viðgerðar á Bessastaðastofu og komi sú fjárhæð til viðbótar við þá fjárhæð sem í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að yrði til viðgerðarinnar. Verður þannig unnið á næsta ári fyrir alls 202 millj. kr. við viðgerðirnar á Bessastöðum.

Önnur og þriðja brtt. þarfnast ekki sérstakra skýringa umfram það sem segir í sérstöku fylgiskjali sem dreift hefur verið á borð þingmanna. Fjórða tillagan varðar Háskóla Íslands og er í ýmsum liðum. Er hér um að ræða framsetningu á samkomulagi sem gert var milli háskólayfirvalda annars vegar og menntmrn. og fjmrn. hins vegar en með því samkomulagi var leyst deila sem uppi var um ráðstöfun happdrættisfjár. Kjarni þess samkomulags er að Háskóli Íslands fær full yfirráð yfir tekjum af happdrættisfé *að öðru leyti en því sem rennur til rannsóknastofnana byggingarsjóða atvinnuveganna* venju samkvæmt og tekur Háskólinn að sér á móti nokkur ný verkefni sem hann mun kosta, svo sem kaup á tölvubúnaði til Þjóðarbókhlöðu. Einnig er gert ráð fyrir því að stofnanir í tengslum við Háskóla Íslands fái aðild að Rannsóknarsjóði. Allir liðirnir í þessari tillögu eru breytingar sem gerðar eru til að framkvæma samkomulag það sem Háskólinn gerði við hæstv. menntmrh. varðandi happdrættisféð og eru þær nánar skýrðar í fylgiskjali. Næstu tillögur á eftir varða síðan Tilraunastöð Háskólans á Keldum og Raunvísindastofnun Háskólans og er þar einnig um að ræða framkvæmd á samkomulagi menntmrh. við háskólayfirvöld og vísa ég í fylgiskjalið með tillögunum til frekari skýringa.

Er þá komið að tillögu sem gerð er um Háskólann á Akureyri. Eins og kunnugt er var ákveðið í fjárlögum yfirstandandi árs að heimila frá og með miðju ári 1989 ráðningu á námsbrautastjóra til að undirbúa kennslu í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri. Hugmyndin var sú að námsbrautastjóri ynni að tillögugerð um slíka námsbraut, bæði hvað varðar námsefni, rekstrarkostnað og stofnbúnað og síðan yrðu þær tillögur lagðar fyrir Alþingi er tæki síðan ákvörðun um hvort og hvenær nám þetta hæfist. Ríkisstjórnin tók hins vegar ákvörðun um það síðar að heimila ráðningu þriggja kennara við sjávarútvegsbrautina og að stefnt skyldi að því að nám við hana gæti hafist við Háskólann á Akureyri um nk. áramót. Voru þessi útgjöld greidd með aukafjárveitingum þannig að þegar fjvn. kom að málinu á ný var raunar búið að taka ákvörðun um það af hæstv. ríkisstjórn að nám þetta skyldi hafið.

Í erindum forráðamanna Háskólans fyrir fjvn. kom fram að til þess að þetta gæti gengið eftir þyrfti að leggja í mjög verulegan kostnað þegar í upphafi næsta árs vegna byggingar á nýju húsi yfir verklega og vísindalega kennslu við sjávarútvegsbrautina. Var þá miðað við að bóklegt nám hæfist á vormissiri 1990 og verklegt nám með tækjabúnaði í nýju húsi haustið 1990. Kostnaður við þá húsbyggingu og tækjakaup hefði numið um eða yfir 100 millj. kr. Fjvn. treysti sér ekki til þess að gera tillögu að svo stöddu og óskaði eftir því að ríkisstjórnin ræddi málið nánar.

Tillaga sú sem hér er lýst er niðurstaða af þeim umræðum en hún er að laun verði hækkuð um 10 millj. kr. við Háskólann á Akureyri og er þar um að ræða hækkun launa vegna kennslukostnaðar með tilliti til sjávarútvegsdeildarnnar. Viðfangsefnið Tæki og búnaður hækki hins vegar um 15 millj. kr. frá frv.

og verði 20 millj. kr. Fyrir þá fjárveitingu er ætlast til að keypt verði nauðsynlegustu tæki og þeim komið fyrir í ódýru leiguhúsnæði sem Háskólanum hefur verið boðið. Jafnframt er fyrirhugað að flytja útibú Hafrannsóknastofnunar frá Húsavík til Akureyrar til að styrkja stöðu og starfsemi Háskólans á Akureyri. Þá er einnig í ráði að huga að möguleikum þess að nemendur á sjávarútvegsbraut við Háskólann á Akureyri geti lokið námi sínu að einhverjum hluta við erlenda háskóla. Það er sú leið sem m.a. var farin árum saman hvað varðar nám við verkfræðideild Háskóla Íslands.

Sú afgreiðsla sem hér er lögð til mun tryggja að nám við sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri geti hafist um næstkomandi áramót eins og ráð var fyrir gert og að framhald geti orðið á því námi á næsta hausti eins og nauðsynlegt er þó ekki hafi verið valin sú leið til þess sem forráðamenn Háskólans á Akureyri hefðu allra helst óskað eftir.

Þá er komið að tillögum um jöfnun á námskostnaði. Þar er lagt til að sá liður hækki um 15 millj. kr. og er það í hátt við áætlaðar verðlagsbreytingar.

Þá er komið að tillögu er varðar Náttúruverndarráð og er þar lagt til að framlög til ráðsins lækki um 1300 þús. kr. Er það vegna þess að veitt var til sérstaks viðfangsefnis á vegum Náttúruverndarráðs jafnhárri upphæð á árinu 1989 en ráðið sinnti ekki þeirri afgreiðslu heldur tók þetta fé til eigin rekstrar. Er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð endurgreiði nú þetta fé af fjárveitingu sinni fyrir árið 1990.

Þá er komið að Þjóðleikhúsinu og tillögum þeim er fjvn. gerir um málefni hússins. Áður en kom til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 hafði fjvn. að ósk þjóðleikhússtjóra kynnt sér sérstaklega ástand hússins. Var þá svo komið að ýmsar opinberar stofnanir er annast eftirlit og öryggisgæslu töldu óhjákvæmilegt að loka húsinu vegna hættu sem m.a. stafaði af því að allt lagnakerfi í húsinu, þar á meðal allt raflagnakerfi, var ónýtt. Miklar skemmdir höfðu auk þess orðið á húsinu vegna skorts á nauðsynlegu viðhaldi. Eftir að hafa kynnt sér þessi mál rækilega af eigin raun ræddi fjvn. við sérstaka nefnd sem skipuð hafði verið af menntmrh. til að skoða málefni hússins bæði er varðar rekstur stofnunarinnar og húsnæðismál hennar. Auk þeirra vandkvæða sem ég áður hef lýst og varða húsið sjálft, þ.e. þjóðleikhúsbyggingguna, hafa verið miklir erfiðleikar í rekstri stofnunarinnar og hafði hún farið langt umfram fjárlagaheimildir sínar og voru rekstraráætlanir Þjóðleikhússins víðs fjarri þeim niðurstöðum sem urðu. Var því auðsætt að nauðsynlegt væri að takast á við hvort tveggja, viðgerðir á húsinu og rekstur stofnunarinnar.

Niðurstaða fjvn. varð sú að hún lagði fyrir Alþingi tilteknar tillögur. Tillögurnar mótuðust af því að í fyrsta lagi yrði undirbúin viðgerð á húsinu, þ.e. endurnýjun lagnakerfis hússins, viðgerð á skemmdum, lagfæringar á öryggisatriðum og vinna ýmissa viðhaldsverkefna sem vanrækt höfðu verið. Nefndin taldi óhjákvæmilegt að meðan á þessari vinnu stæði yrði Þjóðleikhúsinu lokað og starfsemi þess legðist niður á meðan. Gerði fjvn. því ráð fyrir að starfsfólki hússins yrði sagt upp þannig að samningar væru lausir þegar viðgerðin hæfist og húsinu yrði lokað svo að kostur gæfist á að endurskipuleggja reksturinn jafnframt því sem endurbætur yrðu unnar á húsinu.

Þegar fjvn. kom að málinu að nýju á sl. hausti kom hins vegar tvennt í ljós. Hvað rekstraráformin varðaði höfðu vissulega verið gerðar lofsverðar breytingar svo sem ráðning nýs fjármálastjóra sem tekið hafði á ýmsum vandamálum í rekstri Þjóðleikhússins. Endurskipulagning á rekstri hússins að öðru leyti hafði hins vegar ekki átt sér stað og kom fram í erindum þjóðleikhússtjóra til nefndarinnar að stefnt væri að mjög kostnaðarsömum verkefnum og stórfelldum útgjöldum umfram það sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrv. og umfram það sem fjvn. hafði lýst þegar hún lagði tillögur sínar fyrir Alþingi í desember sl. Hvað viðgerðirnar á húsinu varðaði kom í ljós að uppi voru áform um miklu víðtækari endurbætur en fjvn. höfðu verið kynntar á sínum tíma. Í stað þess sem þá var talað um, endurnýjun á öryggisbúnaði, lagnakerfi og viðgerðir ásamt bættu aðgengi fatlaðra, varð ekki betur séð en nú væri stefnt að því að byggja í rauninni nýtt leikhús að því einu undanteknu að útveggir Þjóðleikhússins sem nú eru fengju að standa. Áætla má að slíkar framkvæmdir myndu kosta 1,5–2 milljarða kr. þegar upp yrði staðið.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að fjárveitinganefndarmönnum var nokkuð brugðið er þetta hvort tveggja var kynnt fyrir þeim, þ.e. annars vegar rekstraráætlanirnar og hins vegar endurbyggingaráætlanirnar. Fjvn. kannaði málið frekar og átti auk þess ágætan fund með menntmrh. þar sem kom fram vilji beggja aðila til þess að takast á við þessi vandamál með nokkuð öðrum hætti en þeim sem kynntur hafði verið fjvn. í upphafi af forráðamönnum stofnunarinnar og af þeim hugmyndum sem nefndin hafði fengið um umfang endurbyggingar og endurbóta. Kom fram hjá hæstv. menntmrh. að vilji hans stæði til þess hvað endurbæturnar varðaði að fylgt væri upphaflegri stefnu um nauðsynlegar viðgerðir, lagfæringar og viðhald án þess að áformað væri það risavaxna verkefni að umbylta öllu Þjóðleikhúsinu og byggja í rauninni nýtt. Einnig kom fram hjá ráðherranum að hann hefði fullan hug á því að endurskipuleggja rekstur Þjóðleikhússins og draga úr kostnaði. Lýsti ráðherra þeim vilja sínum að reynt yrði að vinna við endurbætur hússins á árinu 1990 og að húsinu yrði lokað því sem næst í marsmánuði og viðgerðir á húsinu hæfust þá strax og þeim gæti orðið lokið þannig að sýningar gætu hafist að nýju í Þjóðleikhúsinu í desembermánuði á því ári.

Fjvn. óskaði eftir áætlunum um þær viðgerðir sem fyrirhugaðar væru. Nefndin fékk slíkar áætlanir dagsettar 18. des. sl. Vörðuðu þær viðgerð Þjóðleikhússins og er þar um að ræða kostnaðaráætlun við endurbætur á húsinu frá sviðsbrún leiksviðs að anddyri og frá grunni og upp í þak og að auki vegna tækjaklefa neðan jarðar austan við húsið og aðrar endurbætur.

Samanlagður kostnaður við þessar viðgerðir er áætlaðar 540 millj. kr. Í áætluninni er þá talað um 1. áfanga endurbóta á Þjóðleikhúsinu og má af þeim orðum ætla að aðrar áfangar fylgi á eftir án þess að ljóst sé hvað þar eigi að gera né heldur hvað vinna eigi þar fyrir mikið fé. Fjvn. vill í því sambandi taka fram að hún fellst ekki á að hér sé hafinn 1. áfangi í áfangaskiptu verki sem enginn veit hvert er og hvað muni kosta. Nefndin er ekki reiðubúin að leggja fyrir Alþingi að það taki slíka ákvörðun enda hefur nefndin ekki hugmynd um hvaða frekari áfanga menn eru þar að ræða um né hvað þeir muni kosta. Ég legg því áherslu á að sú tillaga sem fjvn. mun gera í þessu efni er aðeins um að tekist verði á við það viðfangsefni sem nefndin hefur fengið áætlun um og ekkert annað. Verði um frekari verk að ræða í viðgerðum Þjóðleikhússins þá er þar um að ræða algerlega sjálfstæða ákvörðun sem yrði tekin eða ekki tekin án nokkurra tengsla við þá tillögu sem hér er gerð.

Er þá rétt að víkja að tillögum fjvn. er varða Þjóðleikhúsið. Komum við þá fyrst að þeim tillögum er varða viðgerð hússins. Í þeirri kostnaðaráætlun sem nefndinni hefur borist er gert ráð fyrir því að viðfangsefni það sem ráðist verði í kosti alls 540 millj. kr. Áætlað er að þær framkvæmdir verði unnar á tveimur árum, árinu 1990 og árinu 1991. Verk það sem vinna á á árinu 1990 er nefnt fyrsta lota í áætluninni um viðgerð Þjóðleikhússins og er það þá fyrsta lota af tveimur. Þar er áætlað að vinna fyrir alls 310 millj. kr. og eru þá eftir verk sem vinna á á árinu 1991 og áætlað er að kosti um 230 millj. kr. Þau verk sem bíða ársins 1991 eru þannig um það bil helmingur af öllum múrbrotsverkefnum og steypuframkvæmdum í húsinu, um ⅔ hlutar af endurbótum á gestasvæði og lyftu, svo til öll gerð tækjaklefa, stærsti hlutinn af endurnýjun raflagna, loftræstikerfis, vatnslagna og hitalagna auk sviðslýsingar, hljóð- og öryggiskerfis, frágangur á útihurðum og gluggum, og ⅔ af verkum vegna sérstakra brunatæknilegra aðgerða og öll verk í kjallara. Nokkrar fjárhæðir vegna hönnunar og umsjónar eru þá ógreiddar. Miðað við þessa verklýsingu og lotuskipti telur fjvn. einsýnt að ekki sé rétt að gera ráð fyrir því að rekstur Þjóðleikhússins geti hafist að nýju á haustinu 1990, enda er nefndin þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að hefja starfrækslu í húsinu fyrr en því verki sé að mestu lokið er varðar múrbrot, endurnýjun lagna, frágang áhorfendasalar og brunatæknilegar aðgerðir. Nefndin telur því mjög óvarlegt að gera ráð fyrir því að rekstur hefjist á ný í Þjóðleikhúsinu fyrr en eftir verklok eða á haustmisseri árið 1991. Nefndinni er það hins vegar ljóst að hæstv. menntmrh. er ekki sömu skoðunar og hann telur að slíkt sé unnt.

Tillögur nefndarinnar eru svo þær, og er þar stuðst við niðurstöður ríkisstjórnarinnar og menntmrh., að Mannvirkjasjóður menningarstofnana taki að sér að fjármagna endurbætur Þjóðleikhússins og þær viðgerðir séu framkvæmdar eins og áætlun sú gerir ráð fyrir sem nefndin fékk í hendur. Hvað reksturinn varðar gerir nefndin tillögu um að framlag til Þjóðleikhússins frá frv. lækki um 60 millj. kr. Er þar gert ráð fyrir því að leikstarfsemi í húsinu hætti í febrúar eða mars á næsta ári, húsinu verði þá lokað og endurbyggingarvinna hefjist. Nefndin er þeirrar skoðunar og miðar tillögur sínar út frá því að ekki sé svo rétt að áætla að neinn frekari rekstur á vegum Þjóðleikhússins eigi sér stað á árinu 1990, hvorki í húsinu sjálfu né annars staðar og verði þá tækifærið notað til þeirrar endurskipulagningar á rekstri sem nefndin tók afstöðu til fyrir ári síðan. Komi hins vegar í ljós að viðgerðunum miði betur fram en nefndin telur óhætt að áætla, án þess þó að ráðstafað verði meira fé til þeirra en hér er gerð tillaga um, þá geta menn endurskoðað þessi mál enda hafi þá sú endurskipulagning á rekstri verið framkvæmd sem nefndin leggur áherslu á. Þá er einnig gert ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar að af framlagi til rekstrar Þjóðleikhússins verði sérmerkt 21 millj. kr. til nýs viðfangsefnis, þ.e. til Íslenska dansflokksins og Listdansskólans sem ekki hafa áður verið sérmerkt sem viðfangsefni á vegum Þjóðleikhússins.

Virðulegi forseti. Ég hef farið nokkuð mörgum orðum um málefni Þjóðleikhússins en það er vegna þess að fjvn. fól mér að gera mjög skilmerkilega grein fyrir því hvað í tillögum nefndarinnar felst og hefur það verið gert. Næsta tillaga varðar síðan Þjóðarbókhlöðuna en með Mannvirkjasjóði menningarstofnana sem mun taka að sér verkin við Þjóðarbókhlöðuna fellur fjárlagaliðurinn niður og framlag til byggingarinnar er fært í B-hluta. Í næstu tillögu er síðan nánari grein gerð fyrir Mannvirkjasjóði menningarstofnana en hann er stofnaður samkvæmt lögum nr. 83/1989. Þar koma einnig til fjórir liðir, í fyrsta lagi til Mannvirkjasjóðsins 267 millj. kr., Bessastaða 202 millj. kr., Þjóðskjalasafns 10 millj. kr. og ráðstafað til Þjóðminjasafns 13 millj. kr.

Þá er komið að tillögum er varða uppgjör við sveitarfélög. Er þar um að ræða framlög vegna uppgjörs við sveitarfélögin vegna byggingar grunnskóla og dagvistarheimila, svo og vegna uppgjörs er varðar Félagsheimilasjóð og íþróttamannvirki. Hér er lagt til að 300 millj. kr. verði settar í þetta uppgjör fyrir árið 1990, en það er fyrsta árið af fjórum þar sem gera á upp vangreidd framlög ríkissjóðs vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaga við dagvistunarstofnanir, grunnskólamannvirki, íþróttamannvirki og vegna óuppgerðs hluta ríkissjóðs vegna Félagsheimilasjóðs í samræmi við lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Er gert ráð fyrir því að fjvn. skipti þessu fé í samráði við menntmrn. og fer sú skipting fram eftir áramótin.

Næsta tillaga varðar Skriðuklaustur. Vegna aldarafmælis Gunnars Gunnarssonar skálds var á árinu sem er að líða unnið að miklum endurbótum á húsi skáldsins að Skriðuklaustri. Þær endurbætur fóru langt fram úr kostnaðaráætlun og eru nú komnir inn reikningar vegna þess viðfangsefnis fyrir um eða yfir 13 millj. kr. en á fjárlögum yfirstandandi árs og í fjárlagafrv. næsta árs er alls ætlað til verksins 8,5 millj. Er hér lagt til að hækka þetta viðfangsefni um

4,8 millj. til greiðslu skulda sem falla munu á ríkissjóð.

Þá er tekið inn nýtt viðfangsefni, Skóli Ísaks Jónssonar, 10 millj. kr. Hér er um að ræða einkaskóla en ríkið og Reykjavíkurborg höfðu gert samning um greiðslu á byggingarstyrk við skólann og er þetta mál sem er óskylt verkaskiptamálunum. Fjvn. leggur til að staðið verði við þetta samkomulag af hálfu ríkisins og er hér um að ræða lokaframlag ríkissjóðs til þessa verkefnis en því lýkur á árinu 1990. Fjvn. tekur sérstaklega fram að hér er ekki gefið neitt fordæmi um að ríkissjóður fallist á að taka að sér greiðslu stofnkostnaðar vegna skóla í eigu einstaklinga.

Næsta tillaga varðar utanrrn. Er þar lagt til að viðskiptaskrifstofa hækki um 12,5 millj. vegna átaks í markaðsmálum í Þýskalandi og er hér um að ræða erindi frá ríkisstjórninni. Þá er tekið inn nýtt viðfangsefni, Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM, 1 millj. kr.

Næsta tillaga varðar landbrn., Skógrækt ríkisins. Er þar lagt til að veita sérstakt fé, 6 millj. kr., vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins frá Reykjavík til Austurlands. Þá er í næstu tillögu gert ráð fyrir framlagi samkvæmt landgræðslu- og landverndaráætlun þeirri sem Alþingi hefur samþykkt og er sú tillaga í fyllsta samræmi við þá samþykkt.

Þá er komið að framlögum ríkissjóðs vegna jarðræktar- og búfjárræktarlaga. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar leggur fjvn. til, eða öllu heldur meiri hl. nefndarinnar, að framlög úr ríkissjóði til jarðræktar og búfjárræktar í samræmi við nýsamþykkt lög hækki um 80 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands sem staðfestar eru af fjmrn. og landbrn. eru ógreidd framlög samkvæmt eldri lögum sem hér segir: Frá árinu 1987 eru ógreidd jarðræktarframlög að fjárhæð 8 millj. kr. og ógreidd búfjárræktarframlög að fjárhæð 37 millj. kr. eða samtals ógreitt frá árinu 1987 45 millj. kr. Frá 1988 eru ógreidd jarðræktarframlög 112 millj., ógreidd búfjárræktarframlög 60 millj. kr. eða samtals 222 millj. kr. Frá 1989, og er þar stuðst við áætlaðar tölur, verða ógreidd jarðræktarframlög 125 millj. kr., ógreidd búfjárræktarframlög 60 millj. kr. eða samtals 185 millj. kr. en tekið skal fram að sú fjárhæð er ekki enn gjaldfallin. Samtals eru því frá þessum þremur árum ógreidd jarðræktarframlög 295 millj. kr., ógreidd búfjárræktarframlög 157 millj. kr. eða samtals 452 millj. kr. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 er heimild til handa fjmrh. að semja um uppgjör skulda vegna jarðræktar- og búfjárræktarlaga fyrir árin 1988 og 1989. Þá er í fjáraukalögum fyrir árin 1989 fjárveiting til að gera upp skuldir vegna ársins 1987.

Hér er gerð tillaga um að uppgjör fari fram á fjórum árum, þó þannig að skuldin vegna 1987 verði að fullu greidd á árinu 1989 eins og fjáraukalögin, eða öllu heldur fjáraukalagafrv., gera ráð fyrir. Skuldir vegna 1988 verði svo greiddar á árunum 1990 og 1991 og skuldir vegna ársins 1989 verði gerðar upp á árunum 1992 og 1993. Framkvæmd málsins verður með þeim hætti að fjmrn. gerir á grundvelli heimildar í lánsfjárlögum samkomulag við Búnaðarfélag Íslands um greiðslur til þess í samræmi við framangreinda skilmála og fjárveitingar í fjárlögum hvers árs verði við það miðaðar. Að fengnum slíkum samningi gefur Búnaðarfélagið kröfuhöfum skuldaviðurkenningu þar sem greiðslutilhögun sé lýst. Samkvæmt stöðu fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að framlag til jarðræktar og búfjárræktar árið 1990 verði 190 millj. kr. Áætlað er að til búfjárræktar þurfi 27 millj. til lögbundinna félagslegra framlaga. Til annarra verkefna í tengslum við búfjárrækt verður að gera ráð fyrir allt að 13 millj. kr. Til jarðræktar eru því alls til ráðstöfunar 150 millj. kr. Gert er ráð fyrir að 90 millj. kr. verði veitt til skuldauppgjörs ársins 1988 og 60 millj. kr. verði greiddar út á framkvæmdir 1990. Þetta eru þær forsendur sem búa á bak við þá tillögugerð sem ég hef hér lýst.

Þá er komið að tillögum sem varða dóms- og kirkjumrn. Fyrri tillagan þarfnast ekki skýringa, enda um leiðréttingar að ræða. Síðari tillagan varðar biskup Íslands og er fjárhæðin 1 millj. kr. Er þar um að ræða framlag til þýðingar á Biblíunni úr hebresku vegna 1000 ára afmælis kristnitöku í landinu.

Þá er komið að tillögum er varða félmrn. Fyrsta tillagan varðar Brunamálastofnun ríkisins en með nýjum lögum um þá stofnun er gert ráð fyrir að innheimtar séu hennar vegna sértekjur. Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir því að af sértekjum stofnunarinnar, þ.e. iðgjöldum tryggingataka, færu 28 millj. í ríkissjóð. Fjvn. gerir hér þá tillögu til breytingar að 20 millj. verði færðar til stofnunarinnar og tekið verði inn nýtt viðfangsefni af þeim sökum, 1.02 Sérstök verkefni, og skal fram tekið að þessu fjármagni á að verja í samráði við félmrn. til brunavarna á grundvelli skýrslu og tillagna nefndar frá 7. nóv. sl. sem skipuð var til að gera úttekt á stöðu brunamála og leggja fram tillögur til úrbóta.

Næsta tillaga varðar liðinn Vinnumál. Félagsmálaskóli alþýðu var áður undir þeim lið sem er safnliður en nú er hann gerður að sérstöku viðfangsefni, sbr. tillöguna þar á eftir. Er liðurinn 1.90 Ýmislegt lækkaður af þeim sökum um 12 millj. 445 þús. kr. og hafa þá viðfangsefni sem eftir eru á þeim lið tekið verðuppfærslu. Á móti komi síðan nýr liður, Félagsmálaskóli alþýðu, þar sem undir viðfangsefni 1.10 komi 11,5 millj. kr. framlag til Félagsmálaskóla alþýðu. Undir viðfangsefni 1.20 komi framlag til Menningar- og fræðslusambands alþýðu að fjárhæð 4 millj. 218 þús. kr. Til liðar 1.30 komi framlag til Norræna verkalýðsskólans í Genf að fjárhæð 131 þús. kr. og viðfangsefni 1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum fái 1 millj. 596 þús. kr.

Þá er komið að tillögum er varða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Er þar fyrst lagt til að viðfangsefnið 1.01 hækki um 6 millj. 748 þús. kr. og er það uppreikningur á framlagi til Jöfnunarsjóðs vegna hækkunar á tekjum ríkissjóðs á beinum og óbeinum sköttum sem vikið verður að hér á eftir. Hefur ríkissjóðsframlagið í Jöfnunarsjóð þannig að fullu verið uppreiknað skv. lögum og án skerðingar eins og

gert er ráð fyrir. Þá er einnig lagt til að tekinn verði nýr liður undir Jöfnunarsjóð, viðfangsefnið 1.02 Sérstakt framlag, 40 millj. kr. Er þar um að ræða framlag vegna uppgjörs sérstakra verkefna á árinu 1989 samkvæmt ákvörðun félmrn.og fjmrn. Þá er að lokum undir liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi tekinn inn nýr liður, 1.45 Krýsuvíkursamtökin, 4 millj. kr. og er þar um að ræða styrk vegna dvalarkostnaðar vistmanna. Eins og síðar verður lýst leggur fjvn. eða meiri hl. hennar til að inn á heimildargrein komi ákvæði er heimili ríkisstjórninni að festa kaup á húsnæði vegna meðferðarheimilis fyrir unga ávana- og fíkniefnaneytendur að fengnu samþykki fjvn. þar um og í frv. er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna slíks heimilis. Sú tillaga sem hér er gerð er hins vegar eins og áður segir um að sérstakur styrkur verði veittur Krýsuvíkursamtökunum.

Þá er komið að viðfangsefnum er varða heilbr.- og trmrn. Er þar fyrst lagt til að gerð verði tiltekin leiðrétting á launagjöldum vegna vanáætlunar. Þá er komið að tillögum er varða Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris- og sjúkratryggingar. Um lífeyristryggingarnar er það að segja að fjvn. hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins nýja spá um útgjöld lífeyristrygginga. Sú nýja spá þýðir að hækka verður áætluð útgjöld lífeyristryggingarnna um 175 millj. kr. og er tillaga um það flutt hér. Þá var boðað í fjárlagafrv. að áformað væri að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 200 millj. kr. með því m.a. að huga að því að tekjutengja útgjöld lífeyristrygginga. Engar slíkar breytingar eru áformaðar og er ekki gert ráð fyrir öðru skv. brtt. fjvn. en að lífeyristryggingunum sé áætlað allt það fé sem spá Tryggingastofnunar ríkisins þar um gerir ráð fyrir. Þarf því að hækka framlög til lífeyristryggingarnna samtals um 275 millj. kr. og er sú tillaga flutt hér. Þá er gerð tillaga er varðar sjúkratryggingar, um að sjúkratryggingar lækki um 297 millj. kr. Ástæða lækkunar er sú að í fyrsta lagi er um að ræða leiðréttingu á áætlun fjárlaga að fyrirlagi Tryggingastofnunar ríkisins. Í öðru lagi er um að ræða tilfærslu sjúkradeildar SÁÁ á föst fjárlög og lækkar það útgjöld trygginga um 190 millj. kr. Í þriðja lagi er um að ræða hækkun á hlutdeild sjúklinga í sjúkrakostnaði um 50 millj. kr. og í fjórða lagi er um að ræða hækkun sjúkratrygginga vegna tannlæknakostnaðar vegna 16. gr. laga nr. 87 1989 um 118 millj. kr.

Um þrjú síðustu efnisatriðin er það að segja að gert hefur verið verulegt átak í því að koma rekstri sjúkrastofnunar SÁÁ á réttan kjöl og koma böndum yfir þá erfiðleika sem voru á rekstrinum. Hefur það tekist. Með tilfærslu sjúkrastofnunar SÁÁ á föst fjárlög hefur verið tryggt að fullkomið kostnaðareftirlit sé haft með starfseminni og að ríkisvaldið sem greiðir reikninginn fái allar áætlunargerðir og geti haft þau afskipti af rekstri stofnunarinnar sem nauðsyn krefur. Um hækkun á hlutdeild sjúklinga í sjúkrakostnaði er það að segja að eins og nú standa sakir greiða þeir sem vitja heimilislækna eða heilsugæslustöðva um 190 kr. fyrir hverja vitjun en sjúkratryggingar greiða 285 kr. Gert er ráð fyrir því að hækka vitjunargjald sjúklinga úr 190 kr. í 300 kr. og það gjald hækki til samræmis við verðlagshækkanir. Lækkar þetta útgjöld sjúkratryggingarnna um 50 millj. kr. Þá er loks gert ráð fyrir því að sveitarfélögin taki að sér að greiða ⅓ hluta tannlæknakostnaðar á móti sjúkratryggingum en áður greiddu sveitarfélögin helming þess kostnaðar á móti sjúkratryggingunum.

Næsta tillaga varðar Eftirlaunasjóð aldraðra. Er þar um að ræða 11 millj. kr. hækkun vegna stjfrv. til laga um framlengingu á lögum um eftirlaun til aldraðra. Þá er komið að viðhaldi sjúkrahúsa. Þar er um lækkunartillögu að ræða að fjárhæð 3,5 millj. og er það vegna tilfærslu SÁÁ á föst fjárlög. Næsta tillaga varðar Framkvæmdasjóð aldraðra. Er þar lögð til 40 millj. kr. hækkun og er sú hækkun ætluð til þess að leysa sérstakar þarfir og sérstök verkefni að fyrirlagi hæstv. ráðherra. Næsta tillaga varðar SÁÁ þar sem tekin er inn ný stofnun vegna tilfærslu SÁÁ á föst fjárlög. Nettóútgjaldaaukning sem af því hlýst nemur 7 millj. 701 þús. kr. Næsta tillaga varðar heilsugæslustöðvar og fellur þar viðfangsefnið tannlæknakostnaður niður þar sem sveitarfélög munu taka þátt í þeim kostnaði að hluta til eins og áður segir. Næsta tillaga þar á eftir skýrir sig sjálf og tengist tilfærslu SÁÁ á föst fjárlög og tillagan þar á eftir varðar einnig sama viðfangsefnið en þar fellur niður framlag vegna tilfærslu SÁÁ á föst fjárlög. Hins vegar er gerð tillaga um að viðfangsefnið 6.40 Samhjálp hvítasunnumanna hækki um 1 millj. kr. Þá er gerð tillaga er varðar bindindisstarfsemi og er þar lagt til að tekinn verði inn nýr liður, AA-samtökin, og þeim veitt 2 millj. kr. vegna flutnings samtakanna í nýtt húsnæði. Þau hafa verið í húsnæði sem Alþingi hefur haft til umráða en hefur nú verið gert að víkja úr því húsnæði og er þessi tillaga um stuðning við AA-samtökin til að koma sér fyrir í nýjum húsakynnum en ekki um það að ræða að verið sé að taka upp fasta fjárveitingu til samtakanna.

Næsta tillaga varðar fjmrn. Er þar gert ráð fyrir lækkun um 300 millj. kr. á viðfangsefni 1.01 Rekstur, launa- og verðlagsmál og er þar um að ræða átak til lækkunar útgjalda hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 vegna launakostnaðar o.fl. samkvæmt 6. greinar heimild sem tillaga er gerð um hér síðar. Í þessu sambandi ber að geta þess að á síðasta ári tókst að draga úr launakostnaði hjá ríkinu og stofnunum þess með aðhaldi vegna yfirvinnu og fleira sem nam 2,5% af heildarlaunaútgjöldum. Að þessu sinni er að því stefnt að ná með aðhaldsaðgerðum er varða yfirvinnu svo og öðrum aðgerðum til lækkunar á útgjöldum og með því að draga úr nýráðningum og endurráðningum umfram það sem frv. gerir ráð fyrir. Er sú fjárhæð sem stefnt er að til lækkunar með þessum aðgerðum aðeins um það bil 1% af heildarlaunaútgjöldum ríkisins og stofnana þess.

Næsta tillaga varðar samgrn., Vegagerð ríkisins, viðhald vega og fleira. Það er gert ráð fyrir að viðhald vega hækki um 230 millj. kr., nýframkvæmdir hækki um 104 millj. kr. og fjallvegir um 6 millj. kr. Hér er

um að ræða hækkun á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins sem áætlað er fyrir á tekjuhliðinni og kem ég að því síðar hvaða forsendur liggja þar til grundvallar. Hér er aðeins um að ræða tillögu um ráðstöfun á því fé sem kemur til viðbótar í Vegasjóð með þeirri afgreiðslu og er sú till. alfarið byggð á útreikningi Vegagerðar ríkisins þar um. Næsta tillaga varðar Flugmálastjórn og er um að ræða leiðréttingu á framlögum vegna launa. Næsta tillaga varðar nýtt viðfangsefni, 1.23 Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip, og er það framhald af viðfangsefni sem unnið hefur verið að tilhlutan Alþingis um ára skeið. Það verkefni er komið af tilraunastigi og á framkvæmdastig og er gert ráð fyrir því með þessari tillögu að fyrsta sporið verði stigið í þá átt að auka öryggi sæfarenda með sjálfvirku tilkynningakerfi. Þá er síðasta tillagan er varðar samgrn. vegna Ferðamálaráðs og er þar lagt til að framlag til ráðsins hækki um 10 millj. kr.

Þá er komið að viðfangsefnum er varða iðnrn. Fyrsta tillagan er um hækkun á framlagi til Orkusjóðs vegna styrkingar dreifikerfis í sveitum og að þær framkvæmdir hækki um 6 millj. kr. Þá er komið að tillögu er varðar liðinn Ýmis orkumál. Er þar lagt til að niðurgreiðsla á rafhitun hækki um 20 millj. kr.

Og þá er loks komið að viðskrn. Er þar lagt til að niðurgreiðslur á vöruverði hækki um 200 millj. kr. Í þeirri afgreiðslu er ekki gert ráð fyrir að niðurgreiðslustig haldist óbreytt allt árið 1990 en auk þess er fyrirhugað að breyta nokkuð á því ári vægi niðurgreiðslna milli hinna ýmsu niðurgreiddu vörutegunda.

Þá er komið að brtt. þeim sem fjvn. flytur öll og varða 6. gr. frv. Þær brtt. eru fluttar á þskj. 424 og er ástæðulaust annað en fara fljótt yfir sögu yfir þær till. því að þær skýra sig sjálfar. Fyrstu tvær till. varða aðeins samræmingu stofngjalda og afnotagjalda síma hjá fötluðum og blindum mönnum þannig að sömu reglur gildi um báða þessa hópa fatlaðra. Stafliður c varðar kaup Flugleiða á Boeing-þotum og er sambærileg afgreiðsla og áður hefur verið gerð og sambærileg afgreiðsla og gerð er í fjárlögum yfirstandandi árs. Tillaga 3.5 er að áliti nefndarinnar eðlileg afgreiðsla í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja með aðild Hlutafjársjóðs. Í staflið e er gert ráð fyrir því að niður falli heimildargrein um að afhenda landshafnirnar á Rifi og í Þorlákshöfn, Keflavík og Njarðvík hlutaðeigandi sveitarfélögum, enda á sú heimild ekki að þurfa að standa með hliðsjón af þeirri heimild sem veitt er í tillögum fjvn. um afgreiðslu fjáraukalaga yfirstandandi árs og með hliðsjón af þeim skýringum sem þar eru gefnar. Næsta till. felur í sér þá breytingu að ekki sé skuldbundið að verja söluverði íbúðarhúss í eigu einangrunarstöðvarinnar í Hrísey til að byggja húsnæði fyrir gæludýr. Næstu till. allar um nýja liði eru settar inn í samráði við viðkomandi ráðuneyti og fjmrn. og varða sölu á húseignum í eigu ríkisins.

Af þeim öðrum till. sem á þessu þingskjali eru er ástæða til að staldra við aðeins örfáar. Er þar í fyrsta lagi till. er varðar nýja liði og kem ég þar fyrst að till. þar sem heimilað er að taka lán vegna kaupa Landhelgisgæslunnar á leitarratsjá í TF-Syn. Er sú tillaga gerð í samræmi við afgreiðslu sem fjvn. hefur þegar lagt fyrir Alþingi við 2. umr. og var þar staðfest. Nýr liður 6.17 er óbreytt heimildargrein fjárlaga á yfirstandandi ári. Liður er verði 6.19 er einnig nýr en þar er heimilað að draga úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta, m.a. með því að draga úr yfirvinnu og takmarka nýráðningar og endurráðningar enn frekar en fjárlög gera ráð fyrir. Er gert ráð fyrir því að með slíkum aðhaldsaðgerðum megi ná fram lækkun útgjalda um allt að 300 millj. kr. sem er rúmlega 1% af heildarlaunaútgjöldum ríkisins eins og áður sagði. Þá er nýr liður er verði 6.21 þar sem fjmrh. er heimilt að endursemja um söluverð og skilmála vegna eftirstöðva af söluverði fasteignarinnar Síðumúla 34 í Reykjavík. Þá er loks lagt til að heimila ráðherra að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum vegna byggingar nýrrar vatnsveitu hjá Vatnsveitu Suðurnesja, en þarna er um að ræða, eins og kunnugt er, framkvæmdir sem ráðast varð í vegna mikils mengunarslyss. Greidd var ákveðin upphæð sem tjónabætur fyrir það slys og nægja þær tjónabætur fyrir hluta framkvæmdarkostnaðar. Ekki er talið eðlilegt að sveitarfélögin á Suðurnesjum þurfi að taka á sig greiðslur aðflutningsgjalda vegna innkaupa sem krafa er gerð um vegna mengunarslyssins sem þarna varð og er því lagt til að þessi endurgreiðsla verði heimiluð.

Þá eru einnig nokkrar viðbótartillögur er varða 6. gr. sem meiri hl. fjvn. flytur einn og eru þær á þskj. 423. Fyrsta tillagan þar varðar fasteignina Fannborg 6 í Kópavogi en í frv. var inni heimild til að selja þá fasteign. Nú stendur hins vegar til að taka þessa fasteign til afnota fyrir embætti bæjarfógeta og leggur meiri hl. fjvn. til að heimildin til sölu verði felld niður.

Þá gerir meiri hl. fjvn. einnig þá tillögu að felld verði niður heimild í 6. gr. frv. til að kaupa svonefnt Hekluhús á Akureyri, enda hafa kaupin þegar farið fram og menn hafa samþykkt útgjöldin vegna kaupanna í fjáraukalögum sem meiri hl. fjvn. leggur til að fallist verði á og þar með hefur Alþingi samþykkt þessi kaup. Þess í stað leggur fjvn. til að í 6. gr. verði þá sett heimild til þess að selja þessa fasteign, en augljóst virðist að þetta hús verður ekki, a.m.k. að svo stöddu, tekið til nota fyrir sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri eins og fyrirhugað mun hafa verið að gera.

Þá leggur meiri hl. fjvn. einnig til að heimilað verði að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem ónauðsynlegar verða vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar eða sökum fyrirhugaðra breytinga á skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar, en eins og kunnugt er hafa tvær tilraunastöðvar verið lagðar niður, stöðin á Reykhólum og stöðin á Skriðuklaustri.

Þá leggur meiri hl. fjvn. einnig til að heimilað verði

að kaupa húsnæði að fengnu samþykki fjvn. fyrir héraðsdómstóla sem stofnaðir voru með lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Einnig leggur meiri hl. til að heimilað verði að kaupa húsnæði fyrir meðferðarheimili ungra fíkniefnaneytenda og taka til þess nauðsynleg lán að fengnu samþykki fjvn. Þá leggur meiri hl. til að heimilt verði að kaupa húsnæði fyrir heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnun ríkisins og að heimilað verði að kaupa húsnæði fyrir starfsemi Námsgagnastofnunar.

Næstu tvær tillögur þarfnast engra sérstakra skýringa en þriðja tillagan, 6.15, lýtur að því að nú verði gengið frá uppgjöri vanskila Skipaútgerðar ríkisins við ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóð, m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Hér er um að ræða vanskil sem hlaðið hafa á sig vöxtum og dráttarvöxtum í mörg ár og augljóst er að Skipaútgerð ríkisins mun aldrei geta greitt. Nauðsynlegt er að á þessu máli verði tekið fyrr en síðar og hefði raunar átt að vera búið að því fyrr. Hér er gerð tillaga um að heimilað verði að vanskil þessi verði afskrifuð og er það sjálfsögð leiðrétting að áliti meiri hl. nefndarinnar.

Þá er einnig lagt til í næstu tillögu á eftir að heimilað verði að kanna og leita samninga um kaup á nýju tæki til segulómunar fyrir ríkisspítala í samráði við fjvn. en athygli er vakin á að ekki er í þessari heimild veitt leyfi til fjárhagslegra skuldbindinga að svo stöddu af þessum sökum.

Þá er loks lagt til að heimilað verði að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1990, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjvn. og er ráð fyrir því gert að slíkar aðgerðir geti skilað eigi lægri fjárhæðum til lækkunar á útgjöldum en 100–150 millj. kr. Er þá lokið umfjöllun um þær brtt. sem meiri hl. nefndarinnar og nefndin öll gerir við 6. gr.

Við færum okkur þá einni grein ofar í frv. eða að 5. gr. en sú grein varðar svokallaðar B-hluta stofnanir, þ.e. ríkisstofnanir með sjálfstæðan fjárhag. Venja er að við afgreiðslu fjárlagafrv. við 3. umr. sé gerð grein fyrir þeim gjaldskrárbreytingum sem fyrirhugaðar eru varðandi þessar stofnanir og verður það gert hér á eftir.

Eins og ég tók fram í upphafi ræðu minnar hefur tekist þrátt fyrir mjög erfiðar ytri kringumstæður í efnahagslífi þjóðarinnar og mikið samdráttarskeið að tryggja það að hjól atvinnulífsins haldi áfram að snúast. Í raun hefur náðst meiri árangur en það því fiskvinnslan sem er undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga riðaði til falls þegar núv. ríkisstjórn tók við og hrun greinarinnar, gjaldþrot fjölmargra fyrirtækja og fjöldaatvinnuleysi blasti við. Með aðgerðum sem ríkisstjórnin greip til tókst að forða slíku og er nú svo komið að fiskvinnslan er talin hafa viðunandi rekstrargrundvöll og hefur ekki, eins og sakir standa, þörf fyrir breytingar á gengi íslensku krónunnar eins og svo oft áður. Er nú mikilvægast af öllu að tryggja þessa niðurstöðu og styrkja hana og þar með atvinnulífið í landinu svo að unnt sé að fara að byggja upp á ný. Í því sambandi leggur ríkisstjórnin áherslu á að sporna gegn öllum verðhækkunum eins og framast má verða. Það er forsenda þess að skynsamlegir kjarasamningar geti náðst og að þeir kjarasamningar standist þannig að tryggt sé að niðurstöður þeirra verði varðveittar. Stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar eru sannfærðir um að fullur skilningur og ríkari skilningur en oftast áður er nú hjá aðilum vinnumarkaðarins á nauðsyn þess að marka slíka stefnu og vill ríkisstjórnin, og stuðningsflokkar hennar, fyrir sitt leyti leggja sig fram um að greiða fyrir því og eiga hlut að því að skynsamlega stefnu sé hægt að marka og vill ríkisstjórnin veita sinn atbeina til þess eftir því sem á hennar færi er. Í trausti þess að slíkt samkomulag takist á milli aðila vinnumarkaðarins vill ríkisstjórnin þannig beita sér fyrir því að verðhækkanir á opinberri þjónustu verði í algjöru lágmarki og alls ekki umfram verðlagsþróun þannig að það takist að draga úr verðbólgu á næsta ári eins og unnt er að gera ef skynsamlegir samningar takast og þá munu verðhækkanir á opinberri þjónustu verða enn minni en annars.

Í anda þessarar stefnu ríkisstjórnarinnar hafa verið teknar ákvarðanir um þær gjaldskrárbreytingar sem nú verður lýst.

Vík ég þá fyrst að Ríkisútvarpinu. Í forsendum fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að afnotagjöld og auglýsingataxtar þyrftu að hækka um 8% í ársbyrjun 1990 til þess að ná endum saman. Í niðurstöðu nefndar sem fjallaði um málefni Ríkisútvarpsins og skilaði áliti á sl. ári var m.a. gert ráð fyrir að Ríkisútvarpinu yrði bætt það tekjutap sem af því hlýst að Tryggingastofnun ríkisins hefur getað ávísað á niðurfellingu afnotagjalda hjá þeim aðilum sem njóta fullrar tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Er hér um verulegar fjárhæðir að ræða sem tekjur Ríkisútvarpsins hafa lækkað um af þessum sökum og hefur stofnunin orðið að bera þá lækkun sjálf í stað þess, eins og eðlilegt hefði mátt teljast, að sá sami aðili og tekur ákvörðun um að veita niðurfellinguna beri kostnaðinn af henni.

Til þess að draga úr hækkunarþörf Ríkisútvarpsins og bæta fjárhag stofnunarinnar er ráðgert að leysa mál þetta þannig að afskrifaður verði hluti af þeirri skuld sem Ríkisútvarpið hefur stofnað til við ríkissjóð og í forsendum fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að stofnunin þyrfti að greiða ríkissjóði. Með þessu móti hefur verið fyrir því séð að engin hækkun mun verða á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins í ársbyrjun 1990 eins og í frv. var gert ráð fyrir og engin hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins er ráðgerð fyrstu sex mánuði ársins 1990. Miðað við verðlagsforsendur frv. má gera ráð fyrir því að þann 1. júlí nk. þyrftu afnotagjöldin að hækka um 2–3% og aftur um svipaða fjárhæð síðar. Í þeirri von að með sameinuðu átaki aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins takist að ná enn meiri árangri til lækkunar á verðlagsþróun á næsta ári en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, en það er vel hægt ef skynsamlega er að verkum staðið, er ekki gert

ráð fyrir að ákvörðun sé tekin nú um þessar hækkanir heldur að málin verði skoðuð aftur um mitt næsta ár þegar fyrir liggur hver verðlagsþróunin hefur orðið á því ári og hverjar horfur eru um framhaldið.

Í forsendum frv. er varðar Áburðarverksmiðju ríkisins var miðað við 50 þús. tonna framleiðslu og sölu á árinu 1990 og áburðarverð 22.400 kr. fyrir hvert tonn. Slíkt verð jafngildir um 17% hækkun frá meðalsöluverði 1989. Í forsendum frv. var gert ráð fyrir 105 millj. kr. fjárfestingu, sem er óhjákvæmileg, og að öll sú fjárfesting yrði greidd úr rekstri. Eðlilegt er hins vegar að útgjöld vegna slíkrar fjárfestingar dreifist á fleiri ár en eitt og hefur því verið lagt til og fyrir því séð í lánsfjárlögum að Áburðarverksmiðjan taki 50 millj. kr. lán um Endurlán ríkissjóðs til að fjármagna tæpan helming fjárfestingarinnar. Samkvæmt þessu lækkar hækkunarþörf Áburðarverksmiðjunnar mjög verulega. Verður endanleg ákvörðun tekin í marsmánði um þá hækkun á áburðarverði sem verða þarf og eru allar horfur á því að sú hækkun þurfi ekki að verða meiri en nemur verðlagsþróun. Ræðst það svo auðvitað af verðlagsþróuninni og þar á meðal niðurstöðum samninga hver sú hækkunarþörf er.

Þá er næst komið að Póst- og símamálastofnun. Í forsendum fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að til þess að ná þeim árangri sem þar var áætlað, þ.e. fjárfestingu að upphæð 800 millj. kr. og 350 millj. kr. skilum við ríkissjóð á árinu 1990, þyrftu tekjur stofnunarinnar að vera 9,5% hærri á næsta ári en áætlað er að þær verði í ár. Þetta samsvarar því að þurft hefði að hækka gjaldskrá stofnunarinnar um allt að 11% í ársbyrjun 1990. Póstur og sími hefur nú endurskoðað áætlun sína og kemur þar í ljós að afkoma stofnunarinnar er mun betri en gert var ráð fyrir og hækkunarþörfin að öllu óbreyttu minni en ella hefði verið. Í fjárlagaafgreiðslunni nú er áætlað að stofnunin skili 500 millj. kr. í ríkissjóð og að fjárfesting hennar geti orðið um 930 millj. kr. en það er nokkuð meiri fjárfesting en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir en nokkuð minni fjárfesting en stofnunin sjálf hafði ráð fyrir gert. Miðað við þessar forsendur og nokkuð lægri skil stofnunarinnar í ríkissjóð en áformað var um tíma er ekki ráð fyrir því gert að gjaldskrár Pósts og síma þurfi neitt að hækka í ársbyrjun og hækkunarþörf verði ekki fyrr en 1. febrúar og þá um 2%. Frekari hækkanir þarf Póst- og símamálastofnunin ekki á gjaldskrám sínum fyrr en um mitt árið, í maí/júní, og verða hækkanir þá ekki meiri en verðlagsþróun gefur tilefni til.

Hvað Skipaútgerð ríkisins varðar hefur komið fram að fyrirhugaðar eru viðræður milli skipafélaganna um samvinnu á sviði strandflutninga. Ef halda ætti rekstri Skipaútgerðarinnar í jafnvægi miðað við óbreytta starfsemi og 178 millj. kr. framlag úr ríkissjóði þyrfti farmskrá að hækka um 12%. Ekki er gert ráð fyrir svo miklum hækkunum hjá Skipaútgerð ríkisins á komandi ári og er við það miðað að hækkun farmskrár þann 1. febr. nk. verði um lægri prósentutölu en verðlagsforsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir eða ekki yfir 10%.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur sótt um 9,5% hækkun á gjaldskrá til Verðlagsráðs frá áramótum. Ljóst er að sú beiðni er miðuð við þær verðlagsforsendur sem í frv. eru. Slíkar hækkanir verða ekki heimilaðar nú um áramótin en ákvörðun tekin fyrir 1. febr. nk. og sú ákvörðun verður í samræmi við þær horfur sem þá verða í verðlagsmálum í landinu. Ekki er þó gert ráð fyrir að gjaldskrá Sementsverksmiðju ríkisins hækki umfram áætlaða verðlagsþróun.

Að lokum eru svo Rafmagnsveitur ríkisins. Forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir 335 millj. kr. fjárfestingu á næsta ári hjá Rafmagnsveitunum með fé úr eigin rekstri. Rafmagnsveitur ríkisins hafa lagt fram sínar eigin áætlanir fyrir næsta ár og gera þær ráð fyrir nokkurri hækkun á gjaldskrá. Hvað fjárfestingu varðar eru áætlanir Rafmagnsveitnanna hins vegar um svipaða fjárhæð og áætlanirnar í fjárlagafrv. þannig að hvorki þar né í rekstrarumsvifum ber neitt á milli sem umtalsvert er. Hækkunarbeiðni Rafmagnsveitnanna skýrist hins vegar af því að þær vilja styrkja greiðslufjárstöðu sína eins og eðlilegt má telja. Þar sem ekki er hins vegar um að ræða neinn teljandi ágreining, hvorki um rekstrarumfang né fjárfestingar milli áforma fjárlagafrv. og áætlana RARIK verður ekki séð að rekstur eða fjárfestingar Rafmagnsveitnanna á næsta ári skapi þörf á hækkunum á töxtum RARIK á árinu 1990 nema til komi hækkanir á töxtum Landsvirkjunar. Niðurstaðan í gjaldskrármálum Rafmagnsveitna ríkisins er því sú að ekki er gert ráð fyrir hækkunum á töxtum Rafmagnsveitna ríkisins á næsta ári nema þeim hækkunum sem óhjákvæmilegar eru í tengslum við taxtahækkanir frá Landsvirkjun ef og þegar þær verða ákveðnar.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að á árinu sem er að líða gerði ríkissjóður mjög verulegt átak til þess að bæta stöðu Rafmagnsveitna ríkisins með því að yfirtaka skuldir af fyrirtækinu og standa þar með við loforð sem fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. iðnrh. höfðu gefið fyrirtækinu á sínum tíma en aldrei hafði verið staðið við.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim beiðnum sem komið hafa frá hinum ýmsu opinberu fyrirtækjum um hækkun á gjaldskrá og einnig hvaða afgreiðslu þær hafa hlotið í meðferð hæstv. ríkisstjórnar og fjvn. og ríkisstjórnarmeirihlutans. Af þessu má ljóst verða að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar hafa sett sér það afdráttarlausa markmið að halda verðhækkunum á gjaldskrám mjög í skefjum og halda þannig á málum að engar umtalsverðar hækkanir verði á þessum gjaldskrám fyrri hluta ársins 1990 og jafnframt sett sér það markmið að hækkanir á gjaldskrám þessara fyrirtækja verði ekki umfram verðlgsþróun eins og hún kann að verða á seinni hluta ársins. Með þessu móti vill hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar stuðla að því að skynsamlegir samningar um niðurfærslu verðlags geti tekist á árinu 1990 og er þetta að sjálfsögðu hluti af slíkri stefnumótun sem hér hefur verið lýst.

Vík ég þá að lokum að tillögum fjvn. um breytingu á tekjuhlið frv. Þær tillögur eru byggðar á upplýsingum sem nefndin fékk frá hagdeild fjmrn. í gær og eru

áætlanir hagdeildarinnar annars vegar byggðar á spám í samræmi við niðurstöður af skattheimtu yfirstandandi árs og hins vegar á þeim breytingum sem verið er að gera í þinginu. Í tillögum meiri hl. er síðan gert ráð fyrir að tekjur af tekjusköttum hækki um 985 millj. kr. frá áætlun frv. Sú hækkun skýrist annars vegar af hækkun tekjuskatts einstaklinga í tengslum við afgreiðslu ríkisstjórnarinnar og tilfærslum um hækkun tekjuskatts gegn lækkun virðisaukaskatts og enn fremur er skýringin að hluta til tekjuskattur á orkufyrirtæki sem ríkisstjórnin hefur boðað en hann á samtals að gefa 250 millj. kr. í viðbótartekjur í ríkissjóð. Samtals munu beinir skattar þannig hækka um 1 milljarð 180 millj. kr.

Þá er komið að gjöldum af innflutningi. Gert er ráð fyrir að gjöld af innflutningi hækki um 652 millj. kr. Er þar annars vegar um að ræða hækkun sem áformuð er af bensíngjaldi og í öðru lagi vegna breyttra og hækkaðra gengisforsendna miðað við frv. Um bensíngjald sem er hluti af tekjum Vegasjóðs er eftirfarandi að segja: Gert er ráð fyrir að bensíngjald og þungaskattur hækki sem hér segir: Þann 1. apríl nk. hækki bensíngjald um 5% og þann 1. ágúst nk. um 6%. Þessar hækkanir á bensíngjaldi munu skila samtals 3 milljörðum 290 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir að bensínsala verði á næsta ári 1 millj. lítrum meiri en áætlað er að hún hafi orðið á þessu ári og 2 millj. lítrum meiri en áætlað var að hún yrði í forsendum frv. Aukning bensínsölu um 1 millj. lítra eykur tekjur Vegasjóðs um 20 millj. kr. þannig að þessi 2 millj. lítra aukning á bensínsölu umfram forsendur frv. eykur tekjur Vegasjóðs um 40 millj. til viðbótar.

Rétt er að geta þess hér að heimildir til hækkunar bensíngjalds hafa ekki verið notaðar að fullu. Væru þær notaðar að fullu væri hægt að hækka bensíngjaldið nú um 8,6% umfram það sem gert er ráð fyrir. Hugmyndir um bensíngjaldshækkunina ganga hins vegar út frá því að þessi heimild til viðbótarhækkunar verði ekki notuð og að hækkun á bensíngjaldi á árinu 1990 verði því ekki umfram verðlagsþróun.

Um þungaskattinn er það að segja að núverandi þungaskattur var ákveðinn fyrir réttu ári síðan og hefur þungaskattur ekki verið hækkaður til samræmis við hækkun bensíngjalds á árinu. Hefði það verið gert væri þungaskattur nú 16,1% hærri en hann er. Ekki er gert ráð fyrir að sú hækkun gangi fram heldur aðeins að ein hækkun verði á þungaskatti og þá á miðju næsta ári og nemi sú hækkun 5%. Samtals munu þessar hækkanir á bensíngjaldi og þungaskatti auka tekjur Vegasjóðs um 340 millj. kr. og er ráð fyrir því gert bæði tekna og gjalda megin í frv.

Þá er rétt að geta þess að eins og virðisaukaskattinum hefur verið breytt frá upphaflegum áformum ríkisstjórnarinnar þegar virðisaukaskatturinn var lækkaður úr 26% niður í 24,5% þýðir það tekjutap frá upphaflegum áætlunum frv. um 1900 millj. kr. og lækka því tekjurnar af virðisaukaskatti sem því nemur nú við afgreiðslu málsins.

Hagnaður vegna ÁTVR er áætlaður óbreyttur frá frv. Skattar af launagreiðslum hækka um 100 millj. og bifreiðaskattar hækka um 460 millj. Er þar um að ræða 110 millj. vegna þungaskattsins sem ég nefndi áðan og 350 millj. vegna hækkunar á bifreiðagjöldum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar þar um. Samtals lækka því óbeinir skattar um 698 millj. þegar tillit hefur verið tekið til hækkana og lækkana en aðrar tekjur ríkissjóðs hækka um 711 millj. frá frv. Skýrist hækkun annarra tekna fyrst og fremst af eftirfarandi: Reiknað er með hækkun tekna vegna afgjalda ríkisjarða um 90 millj. Reiknað er með hækkun tekna vegna starfsemi Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli um 80 millj. og var það sett inn í tekjuspá og tekjutillögur meiri hl. fjvn. í gær eftir að fundum lauk eftir ábendingum frá fjmrn. Reiknað er með hækkun tekna vegna skila Pósts og síma um 150 millj. kr. Reiknað er með hækkun tekna vegna skila á arði af sameignum ríkisins um 350 millj. kr. en þar er t.d. að nefna fyrirtæki eins og Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og Landsvirkjun ásamt fleiri fyrirtækjum sem ríkið á í sameign með öðrum. Þá er reiknað með að hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands hækki um 50 millj. og síðan að ýmsar tekjur hækki um 40 millj.

Verði þessar tillögur samþykktar eins og þær eru fram lagðar af hálfu fjvn. og meiri hl. fjvn. verða niðurstöðurnar sem hér segir:

Hækkun vegna 2. umr. hefur þannig orðið upp á 1 milljarð 182 millj. 262 þús. kr. Hækkun vegna 3. umr. hefur þá numið 794 millj. 984 þús. kr. Hækkanir samtals frá fjárlagafrv. eru þannig upp á 1 milljarð 977 millj. 246 þús. kr. og er það hækkun á gjöldum um 2,1%. Breytingar á tekjum hafa orðið sem hér segir: Beinir skattar hafa hækkað um 1 milljarð 180 millj. kr. Óbeinir skattar hafa lækkað um 698 millj. kr. Aðrar tekjur hafa hækkað um 711 millj. kr. Breytingar á tekjum til hækkunar hafa þannig orðið 1 milljarður 193 millj. kr. Gjöld hækka því umfram tekjur um 784 millj. 246 þús. kr. Halli samkvæmt frv. var 2 milljarðar 854 millj. 727 þús. kr. en verður nú, verði allar brtt. meiri hl. fjvn. samþykktar, 3 milljarðar 638 millj. 973 þús. kr.

Þær breytingar verða á lánahreyfingum að lánveitingar til B-hluta hækka um 840 millj., innlend útgáfa verðbréfa um 625 millj. og erlend lántaka um 1 milljarð, eða lántökur samtals um 2 milljarða 465 millj. kr. Af innlendum lánum, 1 milljarði 465 millj., er endurlánað til B-hluta 840 millj. kr. Greiðsluafkoma verður síðan nánast óbreytt frá því sem frv. gerði ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Fjvn. hefur reynt í störfum sínum að samræma þau sjónarmið sem sumum kunna að virðast ósættanleg, þ.e. að taka annars vegar tillit til raunverulegra útgjaldaþarfa og óhjákvæmilegra rekstrar- og launaútgjalda eins og þau koma fram og birtast í ríkisreikningi, ríkisbókhaldi og fjáraukalögum. Nefndin gerði allverulegar leiðréttingar á fjárlagafrv. við 2. umr. af þessum sökum. Jafnhliða hefur nefndin reynt að sporna við öðrum hækkunum og hefur nefndin því hafnað fjölmörgum beiðnum sem nefndarmenn hefðu þó gjarnan viljað samþykkja og

ljá máls á. Ég óttast satt að segja að nefndin hafi frekar farið of varfærnislega í leiðréttingar sínar en hitt og má í því sambandi nefna að hætta er á því að þær leiðréttingar, sem nefndin þó gerði á launaútgjöldum stofnana, svo sem sjúkrahúsa, og sumir hv. þm. virtust sjá ofsjónum yfir við 2. umr. hér í hv. Alþingi, reynist ekki vera nægilegar og verð ég að segja að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því, bæði hjá ríkisspítölum og öðrum stofnunum. Er full ástæða til að taka málefni ríkisspítalanna til sérstakrar skoðunar eftir áramótin því ég óttast að þær leiðréttingar sem nefndin reyndi þó að gera á rekstrarútgjöldum ríkisspítalanna frá frumvarpstillögunum við 2. umr. séu e.t.v. ekki nægjanlegar. Þeir sem þar þekkja til geta e.t.v. notað þá þekkingu sína til viðmiðunar um sumar aðrar áætlanir og leiðréttingar sem fjvn. hefur reynt að gera og væri það án efa lærdómsríkt fyrir marga að fara jafnmikð ofan í saumana á launaútgjaldaþörfum og rekstrarútgjaldaþörfum ríkisstofnana og fjvn. hefur reynt að gera.

Þá hafa nefndinni einnig borist ýmis erindi um fjárframlög til þarfra og góðra málefna sem nefndarmenn hefðu gjarnan viljað veita atbeina sinn við en ýmist hafa komið of seint fram óskir um, þ.e. eftir að nefndin var búin að ákveða að ekki yrði tekið við fleiri erindum, eða einfaldlega reynst, að áliti nefndarinnar, of kostnaðarsamar til að hægt væri að taka tillit til þeirra og verður auðvitað alltaf svo að fjölmörg góð og þörf mál sem rík ástæða er til að sinna verða út undan við afgreiðslu fjárlaga og á það ekkert fremur við nú en alltaf áður. Menn verða hins vegar að gera sér fulla grein fyrir að sé fleiri erindum sinnt en þegar hefur verið lagt til að afgreidd yrðu eru menn með því að ráðstafa fé sem ekki er til. Þá eru menn með því að leggja til að ríkissjóður taki dýr lán annaðhvort erlendis eða innan lands til að sinna viðbótarverkefnum og slík afgreiðsla til viðbótar við þann halla sem orðinn er á ríkissjóði er ekki líkleg til að stuðla að því að dregið verði úr verðbólgu eða eflt jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Meðal þeirra verkefna sem nú verða að bíða en eru þörf og góð erindi út af fyrir sig eru t.d. atvinnumál kvenna á landsbyggðinni, skógræktarátak í Fljótsdal, átak í skipasmíði, framlag til tækniframfara í sjávarútvegi, fiskveiðum og fiskvinnslu og fjölmargt annað. Sum af þessum þörfu og góðu málefnum komu ekki fram fyrr en mjög seint og voru því of seint fram komin og varð að vísa þeim frá. Öllum þessum erindum og mörgum fleirum er það sameiginlegt að allt eru þetta jákvæð mál en til þess að geta sinnt þeim verða menn þá að hafa hafnað öðrum sem ekki var gert. Í afgreiðslu fjárlaga, eins og í öllum öðrum verkum sem við vinnum, er tiltekinn tími til athugana, tiltekinn tími til umþóttana og tiltekinn tími til ákvarðana. Og tími ákvarðana var einfaldlega kominn áður en sum þessi þörfu og góðu erindi voru upp borin og verður ekki við því gert. Sú afgreiðsla þýðir þó ekki að þar með sé þessum viðfangsefnum alfarið vísað á bug því dagur kemur eftir þennan dag og fjölmargar afgreiðslur á Alþingi er eftir að gera, þar á meðal fjárlagaafgreiðslur sem ekki er svigrúm til að gera í dag. Þá eru einnig vissulega ýmis mál sem hefðu þurft betri skoðun hjá fjvn. en tími vannst til. Þar má nefna málefni fangahúss í Reykjavík. Komið hefur fram í blöðum við hvers konar vandkvæði þar er að etja og hefur hæstv. dómsmrh. lýst áhuga sínum á að skoða með hvaða hætti væri hægt að taka þar á málum til lausnar. Erindi frá hæstv. ráðherra barst fjvn., en nokkuð seint þannig að nefndin hafði ekki tíma til þess að skoða það erindi vel. Nefndin mun hins vegar að sjálfsögðu, þó að hún geri ekki tillögu um lausn málsins að þessu sinni, vera fús til að skoða málið með dómsmrh. áfram á næsta ári.

Ég vil nú í lokin aðeins víkja að einu máli en það varðar það að staðið hafa yfir miklar endurbætur á húsi Rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4 í Reykjavík. Þar eru til húsa Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og aðalskrifstofa sjútvrn. Á árinu 1990 er áætlað að halda áfram framkvæmdum við húsið og verja til þess 29 millj. 550 þús. kr. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir greiðist af leigutekjum og framlagi frá Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna. Er gengið út frá því í afgreiðslu fjvn. að sjóðurinn greiði 20 millj. kr. vegna þessara framkvæmda eða ríflega tvöfalt hærri fjárhæð en nemur framlagi af leigutekjum. Verður ekki séð að sú starfsregla sem sjóðurinn hefur nýlega tekið upp, að krefjast fjármögnunar að hálfu á móti framlagi sjóðsins, eigi við í þessu tilviki, enda hafa Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins notið lítilla framlaga úr sjóðnum á undanförnum árum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum fjvn. og meiri hl. fjvn. við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1990. Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fjvn. og meiri hl. nefndarinnar leggja til.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Eftir ítarlega ræðu formanns fjvn. vil ég hefja mál mitt með því að taka undir upphafsorð hans um að þakka fyrir samstarf í þeirri vinnulotu sem er að baki í fjvn., þakka starfsmönnum nefndarinnar, þeim starfsmönnum ríkisins og Alþingis sem nefndin hefur haft mest samskipti við. Jafnframt vil ég taka undir orð formanns nefndarinnar um það að árna hagsýslustjóra, Indriða H. Þorlákssyni, allra heilla þegar hann hverfur nú að nýju starfi og þakka honum samskipti á liðnum árum.

Svo sem venja er til og þegar hefur verið að vikið kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Þórður Friðjónsson, og starfsmenn hans á fund fjvn. fyrir lokaafgreiðslu fjárlagafrv. Þar kynnti forstjóri Þjóðhagsstofnunar þær breytingar sem nú er búist við að verði á ýmsum þáttum efnahagslífsins á þessu ári og spá um hið næsta frá því sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þessar breytingar á þjóðhagshorfum eru ekki ákaflega miklar. Þó er gert ráð fyrir að halli á viðskiptum við útlönd verði heldur minni á næsta ári en áður hafði verið reiknað með. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunar-

tekna dragist meira saman á næsta ári en áður hafði verið gert ráð fyrir eða um 5,5% ofan á 8% kaupmáttarrýrnun á þessu ári. Hluti af þessari kaupmáttarskerðingu, bæði á þessu ári og hinu næsta, er auðvitað afleiðing af skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar sem í sífellu þrengir meir og meir að ráðstöfunarfé fólksins.

Enn fremur er rétt að vekja á því athygli að í gögnum Þjóðhagsstofnunar kemur fram hversu staða undirstöðuatvinnugreina landsmanna er alvarleg. Þrátt fyrir að frystihúsin séu nú þannig rekin með jöfnuði er saltfiskverkunin talin rekin með 3% halla. Er þó reiknað með 3% verðbótum úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til fiskvinnslunnar í heild en þær greiðslur falla niður á áramótum eftir því sem best er vitað.

Fram undan eru því erfiðari rekstrarskilyrði fyrir þessa grein atvinnulífsins en nú er ef ekki koma til ný úrræði. Á hinn bóginn er talið að botnfiskveiðar séu reknar með 4% halla að meðaltali. Er þó sá hluti togaraflotans sem selur á erlenda markaði rekinn með verulegum hagnaði en bátaflotinn og sá hluti togaranna sem aflar fyrir heimamarkað með hrikalegum halla. Það er því öðru nær en að bjart sé yfir í þessari undirstöðuatvinnugrein landsmanna sem þar ofan í kaupið stendur frammi fyrir nýjum vanda á áramótum.

Fyrir þessa umræðu komu einnig til fjvn. starfsmenn hagdeildar fjmrn. sem gerðu grein fyrir áætluðum breytingum á tekjuhlið fjárlagafrv. Í heild þýða þessar breytingar að tekjuáætlun er hækkuð um rúmlega 1100 millj. kr. Mest er hækkun á beinum sköttum eða tæplega 1200 millj. kr. Á hinn bóginn lækka óbeinir skattar um tæplega 700 millj. kr. og eru þó bifreiðaskattar hækkaðir um 460 millj. kr. Aðrar tekjur eru hækkaðar um 700 millj. kr. Þar kemur m.a. fram að Pósti og síma er ætlað aukið hlutverk í því að afla nýrra skatta í ríkissjóð eða samtals 500 millj. kr. Er þá stutt í að öll afnotagjöld af símtækjum renni beint í ríkissjóð.

Þó kastar tólfunum sú jólagjöf sem ríkisstjórnin er að senda bændum á ríkisjörðum þessa dagana. Með þessari fjárlagaafgreiðslu á að tífalda eftirgjald eftir ríkisjarðir eða úr 10 millj. kr. í fjárlagafrv. í 100 millj. kr. Hæstv. ríkisstjórn kann sannarlega að senda landsetum sínum jólaglaðninginn.

Samkvæmt áætlunum hagdeildar fjmrn. er gert ráð fyrir að söluskattur af matvælum á þessu ári nemi 6200 millj. kr. og eru þá drykkjarvörur ekki taldar með. Gert er ráð fyrir því að þessi tala hækki um 1200 millj. kr. á næsta ári með upptöku virðisaukaskatts. Af þessum skattgreiðslum af matvælum er gert ráð fyrir að söluskattur af landbúnaðarvörum verði á þessu ári um 4,6 milljarðar kr. og standi nálægt því í stað með upptöku virðisaukaskatts á næsta ári.

Ég tel rétt að vekja athygli á því hvað matvæli, þar á meðal innlend landbúnaðarframleiðsla, skila miklu til ríkissjóðs í söluskatti og samkvæmt virðisaukaskattskerfi. Þetta vill oft gleymast þegar verið er að tala um niðurgreiðslur á matvörur.

Við 2. umr. þessa máls lýsti ég því hvernig meiri hl. fjvn. hafði leitast við að vinna að lagfæringum á fjárlagafrv. fyrir þá umræðu. Á því var sannarlega full þörf og ég gerði grein fyrir því að minni hl. nefndarinnar taldi þar í megindráttum eðlilega að verki staðið. Þetta var í samræmi við þau sjónarmið sem mér hafði virst ríkja innan fjvn. í heild, að til þess að fjárlög gætu orðið sæmilegt stjórntæki og hægt væri að veita einstökum stofnunum eðlilegt aðhald yrðu þau að vera raunhæfari en oft hefur verið, einkum nú síðustu árin. Það yrði að láta af þeim blekkingaleik sem liggur að baki verulegum hluta af þeim mörgu aukafjárveitingum sem tíðkaðar hafa verið seinustu árin og sannast hefur í fjáraukalögum sem hér voru til meðferðar í dag og hafður var í frammi við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Svo virðist sem þetta verklag meiri hl. fjvn. hafi ekki verið ráðherrum að skapi. Skýringin er vafalaust sú að þeir vilja halda feluleiknum áfram. Þeir vilja halda áfram þeim blekkingaleik að leyna raunveruleikanum fyrir Alþingi og þjóðinni og geyma verulegan hluta af raunverulegum útgjöldum ríkissjóðs uppi í skúffum fjmrh. þangað til einhvern tíma síðar á næsta ári.

Ég skal ekkert fullyrða um það hvort einhver vopnaviðskipti hafa átt sér stað milli hv. meiri hl. nefndarinnar annars vegar og hæstv. ríkisstjórnar hins vegar eftir að brtt. við 2. umr. voru komnar fram. Leikslokin blasa hins vegar við.

Eftir 2. umr. skipti hv. meiri hl. fjvn. skyndilega um vinnulag. Í stað þess að leiðrétta útgjaldaliði fjárlagafrv. nokkurn veginn í átt við það sem ætla má að hægt væri að standa við hófst nú stórkostlegur feluleikur, vafalaust að forskrift hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar. Þetta kemur fram með ýmsu móti í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er það gert með því að ekki er áætlað fyrir útgjöldum sem sýnilega munu koma til greiðslu á næsta ári.

Í öðru lagi er reynt að leyna raunverulegum útgjöldum A-hluta ríkissjóðs með því að fela þau í heimildum á 6. gr.

Í þriðja lagi eru tillögur um niðurskurð útgjalda sem samkvæmt fyrri reynslu er ólíklegt að standist.

Í fjórða lagi er möndlað með mál á þann hátt að tekinn er sjóður úr A-hluta, svokallaður Mannvirkjasjóður menningarbygginga, og færður yfir í B-hluta. Þennan sjóð á síðan að láta taka lán sem veitt er þaðan og yfir í A-hluta. Þetta síðasttalda atriði er með því ósmekklegasta sem ég hef séð varðandi blekkingar við afgreiðslu fjárlaga.

Allt blasir þetta við okkur sem störfum í fjvn. En e.t.v. er þetta ekki jafnaugljóst hjá ýmsum öðrum hv. alþm. sem ekki eru þessum málum eins kunnugir, hvað þá fyrir almenning í landinu. Það er hins vegar ljóst að þau sjónarmið sem ráðið hafa ferðinni hjá meiri hl. fjvn. við afgreiðslu mála fyrir 3. umr. og birtast í brtt. meiri hl. á þskj. 423 og fleiri þingskjölum eru í engu samræmi við þá stefnu sem hv. formaður nefndarinnar hefur oft lýst að þurfi að hafa

að leiðarljósi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta veldur auðvitað því að afgreiðsla fjárlaga nú mun í ýmsum greinum reynast haldlaus eins og hún var fyrir ári síðan.

Við 2. umr. fjárlaga lýsti ég því að óleystur vandi í fjárlagadæminu væri mikill. Ég lýsti þeirri skoðun minni að líklega yrði halli á fjárlagadæminu í heild um 7–8 milljarðar kr. Á hinn bóginn mætti búast við því að hluti af þessum vanda yrði ekki látinn sjást í afgreiðslu fjárlaga heldur geymdur í hirslum fjmrn. þangað til kæmi fram á næsta ár. Þá mundi hann brjótast fram í útgjöldum hjá ríkissjóði.

Ég reiknaði með að halli við fjárlagaafgreiðslu yrði allt að 6 milljarðar kr. Frá þessum tölum mundi að sjálfsögðu dragast sú fjárhæð sem fram kæmi ef teygt yrði úr tekjuáætlun fjárlagafrv. Nú hefur þetta verið gert og bætt inn í tekjuhliðina rúmlega 1100 millj. kr. sem að sjálfsögðu dragast frá þeim tölum sem ég hef hér nefnt um líklegan halla. Ef reiknað er með að þessar breytingar á tekjuhliðinni séu raunhæfar er ég enn sömu skoðunar, að raunverulegur halli á fjárlagadæminu sé, eins og ég lýsti við 2. umr., um 6–7 milljarðar kr. og hefur að sjálfsögðu lækkað um 1100 millj. miðað við breytingar á tekjuhlið.

Nú virðast fjárlögin verða afgreidd með halla sem nemur nálega 3,7 milljörðum kr. Af vandanum eru því geymdir um 3 milljarðar sem er um 1 milljarði meira en ég átti von á við 2. umr. fjárlaga. Það stafar vitaskuld af þeim breytingum á vinnulagi meiri hl. nefndarinnar sem ég hef gert að umtalsefni hér að framan.

Áætlanir af þessu tagi geta að sjálfsögðu aldrei orðið nákvæmar og geta sveiflast um nokkur hundruð millj. kr. við tiltölulega litlar breytingar í hagkerfinu, t.d. ef breytingar verða á veltu. Hér er að sjálfsögðu heldur ekki gert ráð fyrir áhrifum sem kunna að verða af nýjum kjarasamningum. Það er þó tiltölulega auðvelt að tína fram allmarga liði í fjárlagadæminu þar sem mál eru enn óleyst eða málum er komið fyrir með óeðlilegum hætti, til að mynda falin á 6. gr. Sums staðar kann þó að vera hægt að ná fram sparnaði og þá jafnvel með því að rjúfa þau fyrirheit sem gefin hafa verið af hálfu stjórnvalda. En vandinn hverfur ekki við það. Hann hverfur ekki nema hafist sé handa um aðgerðir til að koma í veg fyrir það að peningar verði greiddir út.

Við síðustu yfirferð var gert ráð fyrir að í Lánasjóð ísl. námsmanna vantaði 600 millj. kr. til samræmis við útreikninga stjórnar sjóðsins. Til viðbótar mundi yfirboð hæstv. menntmrh. kosta 200 millj. kr. Í tillögum meiri hl. fjvn. er þetta leyst á þann hátt að það á að taka lán til sjóðsins að fjárhæð 400 millj. kr. Á þennan lið vantar 400 millj. kr. til þess að standa við fyrirheit menntmrh. Verði lánahlutfallið skert í samræmi við þessa niðurstöðu þýðir það raunlækkun lána um 10%.

Til rekstrar ríkisspítala miðað við óbreyttan rekstur vantar um 160 millj. kr. Ef ætti að standa við þá niðurstöðu þýddi það samdrátt í rekstri spítalanna um nálægt 3%. Spyrja má hvort líklegt sé að sú verði raunin og það kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að hann óttast að hér sé of varlega farið í tillögum nefndarinnar til að mæta þeirri þörf sem við er að fást. Og það var raunar svo um fleiri liði að það kom fram viðurkenning í máli hv. formanns nefndarinnar þar sem hann taldi að fremur mætti ásaka nefndina fyrir það að hafa lagt fram of lágar tillögur heldur en hið gagnstæða. Þetta var vitaskuld rétt, enda sér hv. formaður nefndarinnar vandann með sama hætti og hann blasir við mér.

Í tillögum meiri hl. fjvn. er lagt til að hækka niðurgreiðslur um 200 millj. kr. Ef hins vegar á að standa við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið um niðurgreiðsluhlutfallið á árinu 1990 og samkomulag ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda um lækkun birgða um 600 tonn á árinu vantar að talið er um 600 millj. kr. og er mismunurinn því 400 millj. kr.

Til Atvinnuleysistryggingasjóðs vantar 450 millj. kr. Meiri hl. fjvn. segir að það eigi að ná þessu með því að selja skuldabréf í eigu sjóðsins. Nú eru þessi skuldabréf með mjög lágum vöxtum og ýmis þeirra án verðtryggingar og mundu því ekki seljast á frjálsum markaði nema með miklum afföllum. Enginn mundi fást til að kaupa þessi bréf á nafnverði nema ríkissjóður. Ef sala skuldabréfanna á því að verða raunhæf er líklegt að ríkissjóður verði samt sem áður að borga. Þarna vantar því um 450 millj. kr.

Til ríkisábyrgða á launum er talið að vanti um 100 millj. kr. Í áætlunum fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að takast megi að spara 500 millj. kr. á sjúkratryggingum. Gott væri ef þetta tækist. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða til þess að mögulegt sé að ná þessu fram. Ef það er ekki gert renna þessir peningar sjálfkrafa úr ríkissjóði. Ég tel óhætt að áætla að þó nokkur sparnaður geti náðst en þó sé líklegt að þarna vanti eigi minna en 200 millj. kr. E.t.v. ætlar hæstv. ríkisstjórn að ná þessum sparnaði með nýjum sjúklingaskatti og þá má um leið geta þess, eins og fram kom í máli hv. formanns nefndarinnar, að fyrir utan þessar fjárhæðir hefur hæstv. ríkisstjórn þegar ákveðið að leggja á nýjan sjúklingaskatt sem nemur 50 millj. kr. Er það gert með hækkun á gjaldi sjúklinga fyrir viðtöl við lækna.

Til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkissjóðs er ljóst að vantar um 50 millj. kr. Sú fjárhæð gæti raunar orðið drjúgum hærri því búast má við að ýmsir leiguliðar á ríkisjörðum kjósi að bregða búi þegar þeir fá jólakveðju ríkisstjórnarinnar um tíföldun á eftirgjaldinu.

Ef tekið er mið af rekstrarútkomu þessa árs eins og hún virðist nú horfa við má reikna með að í rekstrarútgjöld ríkissjóðs vanti um 300 millj. kr. Þetta er ekki há fjárhæð miðað við það sem raunar kom fram í ræðu hv. formanns fjvn. við 2. umr. þótt hann viki ekki sérstaklega að þessu efni í ræðu sinni hér áðan. Nokkrir veigamiklir útgjaldaliðir, sem ættu heima í 4. gr. frv. og ættu að koma beint til útgjalda á A-hluta ríkissjóðs, eru færðir undir heim-

ildir 6. gr. til þess að leyna því í útkomunni hvað þar er á ferðinni. Sá stærsti þeirra er uppgjör á vanskilum Skipaútgerðar ríkisins sem ætla má að verði eigi minna en um 400 millj. kr.

Aðrir liðir verða ekki tilgreindir í þessari upptalningu þótt ljóst sé að þar verði um verulegar fjárhæðir að tefla. Þó er þar gert ráð fyrir sparnaði upp á 300 millj. kr. sem á að ná með því að loka stofnunum og með fleiri aðgerðum. Miðað við fyrri reynslu eru ekki miklar líkur til að árangur verði að verulegu leyti um þetta efni.

Þá eru ótaldar þær óhönduglegu aðgerðir að færa svokallaðan Mannvirkjasjóð menningarbygginga úr A-hluta yfir í B-hluta og láta hann þar taka lán að fjárhæð 300 millj. kr. sem síðar á að verða til þess að fé er veitt frá B-hluta yfir til A-hluta. Þarna tel ég ranglega að verki staðið og réttara að telja þetta með útgjöldum A-hlutans en til þess vantar 300 millj. kr.

Sé þetta talið saman er hér um að ræða 3,3 milljarða kr. sem eru óleystur vandi í þessu dæmi þótt ekkert verði fullyrt um það að allt þetta fé verði greitt á næsta ári því að með tilteknum aðgerðum kann að vera mögulegt að draga úr þessari þörf í einhverjum atriðum. En til þess að það sé hægt þarf að grípa til aðgerða sem ekkert hefur bólað á hjá hæstv. ríkisstjórn.

Þrátt fyrir þetta eru ýmis dæmi ótalin. Til dæmis vantar í frv. eins og það liggur fyrir inn á launalið Flugmálastjórnar nákvæmlega sundurgreint 67 millj. kr. Þetta ætlar hv. meiri hl. fjvn. að leysa með því að veita til þessa viðfangsefnis 20 millj. kr. Er þá óleystur vandi upp á 47 millj. kr. sem á að ná annað tveggja með því að fækka fólki hjá Flugmálastjórn, lækka launin ellegar að fá hluta af starfsfólkinu, t.d. flugumferðarstjórana, til þess að vinna í sjálfboðavinnu. Ég spyr nú hvort líklegt sé að sú verði raunin. Ég skal ekki fjalla um fleiri slíka liði, en þessir liðir sanna að hv. meiri hl. fjvn. hefur í ýmsum tilvikum kosið að loka augunum til þess að leyna þeim vanda sem við er að fást í sjálfri útkomunni. Þannig hefur hann auðvitað tekið við fyrirmælum um þessi efni frá hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hugðust ná niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs með því að seilast í vasa sveitarfélaganna í landinu. Þetta átti að gera með því að brjóta upp það samkomulag sem náðst hafði eftir margra ára starf með lögum um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem sett voru á síðasta Alþingi. Ætlun hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar var að brjóta þessi lög á fyrsta ári og koma þannig í bakið á sveitarfélögunum. Eftir harðvítuga andstöðu Sjálfstfl. hér á Alþingi hefur þó hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn látið undan síga í þessari aðför. En það vantaði ekki að hugurinn stóð í þessa átt.

Flestar þeirra brtt. sem meiri hl. fjvn. flytur við þessa umræðu eru því marki brenndar að minni hl. nefndarinnar getur enga aðild að þeim átt. Þetta á að sjálfsögðu við um tekjuhlið frv. en einnig um þær brtt. sem við þessa umræðu eru fluttar við 4. gr. Fjvn. hefur oft getað staðið saman um brtt. við þá grein frv. Á sama hátt treystir minni hl. nefndarinnar sér ekki til að eiga aðild að þeim tillögum sem fluttar eru við 5. gr. um B-hluta stofnanir. Ýmsar þær brtt. sem fluttar eru við 6. gr. eru þess eðlis að minni hl. kýs að eiga þar enga aðild að. Þessar tillögur allar eru því fluttar af meiri hl. nefndarinnar. Á hinn bóginn flytur nefndin sameiginlega ýmsar brtt. sem ekki er ágreiningur um við 6. gr. frv., þ.e. heimildargrein fjárlaga.

Nokkrar af þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur eru sérkennilegar. Svo er t.d. varðandi tillögu um að hækka framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 40 millj. kr. sem á að ganga til sérstaks verkefnis, þ.e. til bygginga fyrir aldraða á Suðurnesjum. Nú eru til lög um þennan sjóð og í þeim lögum segir að stjórnarnefnd sjóðsins ásamt fulltrúa fjvn. Alþingis skuli gera tillögur um úthlutun á fé sjóðsins sem heilbrrh. tekur síðan ákvörðun um. Með þessari tillögu er verið að veita 40 millj. til þessa sjóðs sem á að fara fram hjá úthlutun sjóðsins sem gerist samkvæmt lögum. Það er því tvennt þarna á ferðinni: Í fyrsta lagi eru lög um Framkvæmdasjóð aldraðra sniðgengin og í öðru lagi lyktar þetta mál af pólitískum hrossakaupum.

Í brtt. við 6. gr., sem meiri hl. nefndarinnar flytur, er lagt til að veitt verði heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa aðstöðu fyrir nýja stofnun, nýtt meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Á sama tíma hafa félagasamtök verið að vinna að því af eigin rammleik að koma á fót slíkri stofnun. Þessi samtök sem kölluð eru Krýsuvíkursamtökin eru vel á veg komin með að endurbyggja Krýsuvíkurskólann og koma þar upp slíkri aðstöðu. Rekstur er þegar hafinn og þangað eru komnir sex vistmenn. Þessi samtök fóru fram á það við fjvn. að fá styrk til þess að mæta kostnaði við vistun þeirra sem á meðferð þyrftu að halda. Og þessi vistgjöld áttu að vera sem næst helmingi lægri en sambærileg vistgjöld á ýmsum stofnunum ríkisins. Ekki var farið fram á eina einustu krónu til fjárfestingar. Þrátt fyrir það virðist svo sem hæstv. ríkisstjórn vilji ekkert af starfsemi þessara frjálsu félagasamtaka vita, en vilji á hinn bóginn leggja í gífurlegan kostnað, eigi minna en marga tugi millj. kr. í fjárfestingu, auk rekstrarkostnaðar, til þess að koma upp nýrri stofnun á vegum ríkisins fyrir þessa starfsemi sem vissulega er án efa bæði þörf og nauðsynleg.

Ég tel að sjálfboðastarf félagasamtaka í málum eins og þessum geti verið afar þýðingarmikið og það er víst að ef sæmilega tekst til eða vel er það miklu ódýrara fyrir ríkissjóð en ef ríkissjóður tekur þessi mál upp á eigin arma, bæði í fjárfestingu og rekstri. Ég tel þess vegna að það þurfi að athuga mjög vel hvernig Krýsuvíkursamtökin fara af stað með sinn rekstur áður en komi til greina að ríkissjóður fari að setja á fót slíka stofnun á eigin vegum og ráðast í stórkostlega fjárfestingu til að gera það mögulegt.

Rétt er að geta þess að í brtt. meiri hl. nefndarinnar er lagt til að Krýsuvíkursamtökin fái styrk til starfsemi sinnar sem nemur 4 millj. kr. á næsta ári.

Í tillögum meiri hl. nefndarinnar er gert ráð fyrir að hækkun verði á fé til vegamála um 340 millj. kr. á næsta ári. Þetta er gert með hækkun bensíngjaldsins sem síðan á að fylgja verðlagsþróun á næsta ári. Þessi fjárhæð hefur ekki áhrif á rekstraryfirlit fjárlagadæmisins því hún kemur bæði fram tekna- og gjaldamegin. Með þessum hætti er þó gert ráð fyrir að skerða fé Vegagerðar ríkisins til vegaframkvæmda um 675 millj. kr. frá því sem vegáætlun kveður á um sem samþykkt var á Alþingi þann 20. maí sl. Þá stóð ekki á heitstrengingum hæstv. samgrh. og hv. stjórnarliða um að sú vegáætlun yrði látin standa og enginn niðurskurður kæmi þar til greina. En það er eins og annað í meðferð þessara mála að þótt gefin séu fyrirheit og hátíðlegar yfirlýsingar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar stendur þar naumast steinn yfir steini.

Það er á hinn bóginn ekki sparað að leggja skatta á bifreiðaeigendur því svokallað bifreiðagjald sem nýlega hefur verið fundið upp og rennur beint í ríkissjóð er nú orðið hærra en allur þungaskatturinn eða 1200 millj. kr.

Í tillögum meiri hl. nefndarinnar við 6. gr. er gert ráð fyrir að selja húseignir tveggja tilraunastöðva landbúnaðarins. Ég verð að segja það að fullkomin ástæða getur verið til að endurskoða rekstur tilraunastöðva landbúnaðarins og breytingar geta þar komið til greina sem gerðar yrðu að athuguðu máli. Það er hins vegar afar einkennilega að verki staðið að fella niður rekstur slíkra stofnana í fjárlögum án þess að um það hafi verið rætt á Alþingi að breyta þeim lögum sem um þetta gilda. Í lögum nr. 64 frá 21. maí 1965 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður."

Í þessum lögum kemur það skýrt fram að það er beinlínis skylda samkvæmt lögum að tilraunir skuli fara fram á þeim tveimur stöðvum sem með fjárlögum er ætlast til að felli niður starfsemi sína, en það er á Reykhólum og Skriðuklaustri. Ég tel þess vegna að hér sé í hæsta máta farið aftan að siðum og rétt vinnulag í efnum eins og þessum sé vitaskuld að leggja til breytingar á lögum um Rannsóknastofnun landbúnaðarins hér á Alþingi áður en komi til mála að breyta þessu með fjárlögum. Hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa hirt um að gæta að því hvað lög segja um þessa starfsemi áður en breytingar eru ákveðnar og er það í samræmi við ýmsar aðrar aðgerðir þessarar hæstv. ríkisstjórnar þar sem ekki er hirt um að fylgja lögum.

Einstakar brtt. meiri hl. fjvn. verða hér ekki gerðar frekar að umtalsefni. Þær eru vitaskuld af ýmsum toga. Margar þeirra eru því marki brenndar að þær fela í sér vanáætlun eða feluleik með það sem ætla má að verði raunveruleg útgjöld ríkissjóðs á næsta ári. Aðrar fela í sér leiðréttingar. Í þriðja lagi eru nokkrar sem boða óþörf og stóraukin útgjöld ríkissjóðs á næsta ári. Í heild er þessi afgreiðsla engu betri en afgreiðsla fjárlaga fyrir þetta ár sem nú er senn liðið og hlotið hefur dóm reynslunnar í því fjáraukalagafrv. sem væntanlega verður afgreitt hér frá Alþingi í dag eða á morgun.

Verði tillögur meiri hl. fjvn. samþykktar verða megineinkenni fjárlaga fyrir árið 1990 þessi:

1. Fjárlögin verða með alvarlegum halla eða um 3,7 milljarða kr. Ætla má að falinn halli til viðbótar sé allt að 3 milljarðar kr.

2. Útþensla ríkiskerfisins heldur áfram eða eigi minni en um 2% að raungildi. Ætlað er fyrir útgjöldum sem fela í sér brot á lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands um ráðningu pólitískra aðstoðarmanna ráðherra.

3. Eftir Íslandsmet í skattaálögum á þjóðina á þessu ári á enn að þyngja skattbyrðina, einkum með tekjusköttum og eignarsköttum, bifreiðasköttum og launasköttum. Opinberum stofnunum er gert að innheimta skatta til ríkisins í stórauknum mæli.

4. Sú stefna sem í þessu felst miðar öll að því að þrengja að almenningi í landinu og atvinnuvegum landsmanna. Með þessu er verið að herða að því samdráttarskeiði sem gengur yfir efnahagskerfi þjóðarinnar um þessar mundir og gera það torveldara að snúa við frá samdrætti til sóknar og framfara.

Þessi stefna er í grundvallaratriðum röng. Okkur er nú allra nauðsynlegast að halda á málum með þeim hætti að atvinnuvegirnir verði reknir með hagnaði og nái að blómgast þannig að hagvöxtur geti tekið við af samdrætti og öryggisleysi. Samtímis verður að stöðva útþenslu ríkiskerfisins. Einungis á þann hátt verður snúið við frá minnkandi kaupmætti almennings og sívaxandi atvinnuleysi. Einungis á þann hátt er mögulegt að rétta við það efnahagskerfi sem hefur verið að molna niður í höndum núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Einungis á þennan hátt er mögulegt að snúa við frá sívaxandi skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis og greiðslubyrði af erlendum lánum sem enn mun þyngjast á næsta ári.

Svo virðist sem eitthvað sé að rofa til hjá einstökum þingmönnum stjórnarliðsins. Fjórir hv. þm. Framsfl. birtu snemma á þessu þingi tillögur í efnahags- og atvinnumálum sem í sumum tilvikum voru sem sniðnar eftir stefnu Sjálfstfl. Nú hafa sömu hv. þm. flutt till. til þál. hér á Alþingi um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu, með öðrum orðum um viðnám gegn vexti og útþenslu ríkisbáknsins þar sem rækilega er tekið undir gagnrýni og sjónarmið okkar sjálfstæðismanna.

Segja má að bragð sé að þegar barnið finnur. Það vekur þó athygli að tveir þessara hv. þm. eru fulltrúar Framsfl. í fjvn. Þeir segja að ríkisstjórnin sé ekki sjálfri sér samkvæm. Þeir segja að stórfelldur halli á fjárlögum verði ekki brúaður með skattheimtu. Þeir segja að fjmrh. starfi sem rukkari og sjái ekki önnur ráð en að hækka skatta og herða innheimtu. Þetta gangi ekki lengur.

Hæstv. ríkisstjórn fer einmitt þannig að. Hæstv. ríkisstjórn herðir tökin. Hún finnur nýjar og nýjar

leiðir til skattheimtu. Hún herðir innheimtuna. Hún eykur eyðsluna. Hún þenur út ríkisbáknið.

Hæstv. forsrh., formaður Framsfl., gerir að sjálfsögðu ekkert með þessar tillögur. Hann leiðir hæstv. ríkisstjórn og segir að allt sé í góðu lagi, rétt eins og hæstv. fjmrh. Hinir óbreyttu þingmenn fá engu áorkað, jafnvel ekki þeir sem eru í hv. fjvn. Tillögur þessara þingmanna verða því sjálfsagt að engu hafðar hjá þeim sem völdin hafa meðan þessi hæstv. ríkisstjórn situr. Þó vil ég taka fram að það er virðingarvert af þingmönnum stjórnarliðsins að flytja slíkar tillögur sem sannar að meira að segja í liði hæstv. ríkisstjórnar eru þó menn sem sjá það að svo má ekki lengur ganga með þessa stefnu, sjá það að það verður að breyta um stefnu til þess að hægt sé að rétta við þetta þjóðfélag úr þeirri kreppu sem það er að síga lengra og lengra í. Það verður að breyta um stefnu til þess að hægt sé að fara á ný upp úr öldudalnum, á ný að sækja fram til aukinnar hagsældar, aukinnar velferðar.

Ég tel virðingarvert að þetta skuli hafa verið gert hér af hálfu hv. þingmanna stjórnarliðsins. En það rofar ekkert til í hugum þeirra sem með völdin fara, hæstv. ráðherrum í núv. hæstv. ríkisstjórn. Þeir sjá ekki það sem allir aðrir sjá að til þess að mögulegt sé að ryðja braut nýrri stefnu, stefnu hagvaxtar, batnandi lífskjara, atvinnuöryggis og framfara verður þessi hæstv. ríkisstjórn að fara frá.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þá liggur hér frammi fyrir augum allra jólaboðskapur hæstv. ríkisstjórnar sem eitt sinn gerðist svo djörf að kenna sig við jafnrétti og félagshyggju þó að flestir séu að vísu hættir að tengja þessi hugtök við hana. Sá boðskapur inniheldur ekki fullvissu um gleðileg jól, gott og farsælt nýtt ár, eins og menn gjarnan segja hver við annan á þessum árstíma, því fer fjarri. Að þessu sinni mun þjóðin halda sín jól í skugga atvinnuleysis og kvíða um afkomu sína. Og fyrir þjóðina í heild eru ekki horfur um farsæld á komandi ári. Slíkur er sá boðskapur sem væntanleg fjárlög ársins 1990 bera öllum landsins lýð.

Nú við lokaafgreiðslu þessa máls liggur í rauninni ljóst fyrir að fæstir eru sáttir við þau fjárlög sem á að fara að samþykkja. Margir af fulltrúum stjórnarflokkanna eru engu síður ósáttir við þá stefnu sem þau boða en við sem erum í stjórnarandstöðu. Stefnu skattaáþjánar og niðurskurðar, ómarkvissra sparnaðartilrauna og hæpinna aðgerða við tekjuöflun. Samt munu þeir hlýða og samþykkja. Við höfum nú séð tekjuáætlun fyrir næsta ár sem er nokkuð breytt frá því sem var í upphafi og nemur nú rúmlega 91 milljarði, hefur hækkað um rúmlega 1,1 milljarð frá því fyrsta. Þessi hækkun kemur svo sem augljóst er fram í auknum álögum á almenning. Alls staðar er leitað leiða til tekna fyrir ríkissjóð og fullyrða má að aldrei hafi verið seilst svo djúpt í vasa almennings sem nú. Má kalla það harkalegar aðgerðir á tímum slíks samdráttar sem nú er í þjóðfélaginu og fyrirsjáanlega verður á næsta ári. Bifreiðaskattar og bensíngjald hækka stórkostlega og ljóst er að tekjulágt fólk kemur varla til með að hafa efni á að eiga og reka bíl. Tel ég því hæpið að treysta á að þessar fyrirhuguðu tekjur skili sér svo sem áformað er. Tekjuskattar hækka frá fjárlögum þessa árs um 2,8 milljarða. Af heildarupphæðinni er orkuskattur 250 millj. kr. sem hlýtur að valda því að gjaldskrá orkuveitna hækki og sú hækkun fer auðvitað beint út í verðlagið hvað svo sem menn segja um það og halda fram. Þjónustufyrirtækjum og eftirlitsstofnunum er gert að stórhækka sértekjur og skila í ríkissjóð og fyrir því fær almenningur einnig að finna. Svo langt er gengið í þessum efnum að afnotagjöld af símtækjum sem Póstur og sími innheimtir renna öll í ríkissjóð, 500 millj. kr. Öll þessi skattheimta er óverjandi. Hún ýtir undir verðbólgu, gengur of nærri gjaldþoli manna og vinnur þannig á móti markmiðum sínum. Ríkisvaldið er þegar komið á ystu nöf í skattheimtunni. Þegar svo langt er gengið að heimili geta ekki haldið uppi því sem við teljum eðlilega neyslu þá dregst innheimtan óhjákvæmilega saman. Tekjurnar nást ekki og of hart er gengið að almenningi. Þegar einnig er litið til spár Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi á komandi ári virðast líkurnar á því að áformuðum skatttekjum verði náð enn dvína.

Hið nýja ljós í myrkrinu í skattáformum ríkisstjórnarinnar, ljósið sem ætlað er að leiða landsmenn til einföldunar, réttlætis og skilvirkni í skattamálum, verður nú tendrað um áramótin, virðisaukaskatturinn. Rétt er að ítreka það enn einu sinni hér að kvennalistakonur hafa frá upphafi verið mótfallnar þessum skatti og talið að ókostir hans gerðu meira en að vega upp á móti hugsanlegu hagræði af honum. Allar hafa spár okkar ræst. Nú þegar er komið í ljós að þær forsendur sem taldar voru honum til gildis eru flestar brostnar. Einföldunin er horfin út í veður og vind með ótal undanþágum, gengið var á gefin fyrirheit með því að hafa skattprósentuna svo háa sem hún er, sem óhjákvæmilega býður heim alls konar svartamarkaðsviðskiptum og þar fauk réttlætið. Auk þess hafa einstaklingar, fyrirtæki og forsvarsmenn sveitarfélaga lýst því að þeir séu gersamlega vanbúnir að taka við þessari nýbreytni. Í ljósi þessa er sýnt að skilvirknin muni eitthvað láta á sér standa. Enda er það svo að fulltrúar fjmrn. hafa, ásamt fjölmörgum öðrum sem með fjármál fara, lýst því að fullkomin óvissa sé um hvernig til muni takast með innheimtu þessa skatts. Rétt er að minna á að kostnaðurinn við að koma á þessari skattbreytingu er orðinn óheyrilegur. Heilsíðuauglýsingar sem eiga að kenna landslýð að borga skatta með brosi á vör hafa birst dögum og mánuðum saman, áreiðanlega til lítils gagns. Stöðugildum á skattstofum fjölgar á meðan sjúkrastofnanir fá ekki nauðsynlegan mannafla. Öll skriffinnska eykst úr hófi fram en þrátt fyrir allan kostnaðinn ríkir þrúgandi óvissa meðal skattgreiðenda um hvernig þeir eigi að snúa sér í málunum. Kynning og fræðsla hefur ekki verið nógu markviss. Og hvernig sem allt fer þá er eitt augljóst, það er óhemju dýrt að fylgja þessu nýja skattkerfi eftir. Ég

vil einnig ítreka það sem ég áður hef sagt og raunar er öllum ljóst að þessi skattur leggst á fjölmarga þætti umfram söluskattinn og hlýtur því að hækka verðlagið og þrengja enn kost almennings af þeim sökum. Þegar einnig er litið til þess að gengið er út frá verulegri kaupmáttarrýrnun á komandi ári í ofanálag á kaupmáttarrýrnun þessa árs þá vil ég lýsa fyllstu vantrú á að tekjuáætlun ríkissjóðs standist.

Hvað varðar gjaldahliðina þá hefur hún vissulega tekið breytingum frá því sem upphaflega var ætlað. Niðurskurður af ýmsu tagi hefur verið knúinn fram með handafli, en aðrir liðir hækkaðir nokkuð og í heild eru áætluð gjöld nú rúmlega 95 milljarðar. Af hálfu hæstv. fjmrh. hefur verið lögð ofuráhersla á að skráður fjárlagahalli yrði sem lægstur. Því hefur tekjuöflunarhliðin verið knúin upp svo sem ég hef lýst og að öllum líkindum umfram gjaldþol tekjustofnanna. Aftur á móti hefur rekstrarkostnaður ríkisstofnana verið skorinn harkalega niður og þeim gert að spara a.m.k. 300 millj. í launum og umfangi. En sparnaðarátakið sem átti að fara fram í ár á þann veg að lækka launakostnað um 4% náðist ekki nema að hálfu. Því hljóta menn að hafa efasemdir um að þetta átak nái fram.

Lánasjóði ísl. námsmanna eru ætlaðar 400 millj. til að mæta fjárþörf sem ekki er undir 700 millj. og sennilega nær 800 millj. Þessar 400 millj. á sjóðurinn að taka að láni og hljóta menn þá að fara að óttast um framtíð þessarar stofnunar sem sífellt er rekin á lánum. Afborganir og vextir verða á annan milljarð á komandi ári og ráðstöfunarfé fer minnkandi. Útgjöld vegna ríkisábyrgðar á launum hefur stórhækkað á þessu ári og í ljósi sífjölgandi og fyrirsjáanlegra gjaldþrota er sýnt að mikið vantar á að nægilega sé séð fyrir þeim lið á næsta ári.

Ætlað er að ná fram umtalsverðum sparnaði með lækkun lyfjakostnaðar. Þessi áform hafa verið uppi um árabil án þess að þau hafi náð fram að ganga. Engin ástæða er til að ætla að það verði nú fremur en áður. Þar á ofan er augljóst að ríkisspítölunum dugar engan veginn það fé sem þeim er ætlað og þar mun vanta a.m.k. 150 millj. Tölur um atvinnuleysi eru hærri nú en áður hafa sést um áratugi og fyrirsjáanlegt er geigvænlegt atvinnuleysi á næsta ári. Í fjárlögum fyrir næsta ár er þannig búið að Atvinnuleysistryggingasjóði að fyrirsjáanlegt má telja að stórfé vanti á eigi honum að vera fært að gegna hlutverki sínu. Fyrirheit eru hjá stjórnvöldum um að matvöruverð lækki á næsta ári. Verði staðið við það og verði einnig staðið við þau loforð sem bændum hafa verið gefin eru niðurgreiðslur vanáætlaðar um 400–500 millj. kr. Auk þessa eru fjöldamargar smærri upphæðir vantaldar svo sem hv. 2. þm. Norðurl. v. kom að í ræðu sinni áðan.

Það sem ég nú hef bent á sýnir ljóslega að inni í gjaldahliðinni eru vanáætlanir sem nema ekki minna en tveimur til þrem milljörðum. Kjarasamningar eru nú fyrir dyrum og því hefur mjög verið haldið fram að kjarabætur í beinum launahækkunum kæmu varla til greina. Raunhæfara væri að bæta kjör með öðrum hætti, með lækkun matvöruverðs, jafnvel skattaívilnunum. Ég fæ ekki séð að slíkar kjarabætur rúmist innan ramma fjárlaganna.

Þjóðhagsstofnun hefur að vanda birt áætlun um þjóðarbúskapinn á komandi ári og ekki er sá boðskapur gleðilegur. Einkenni hans eru samdráttur á flestum sviðum og vaxandi atvinnuleysi. Staða fjölskyldna og heimila verður augljóslega erfið og er það vissulega nú þegar. Ég las í gær frétt frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur þar sem greint var frá hve hjálparbeiðnum færi sífellt fjölgandi og jafnvel væru þess ófá dæmi að fólk í fullri vinnu leitaði aðstoðar. Slíkt ber því auðvitað glöggt vitni sem við kvennalistakonur höfum þráfaldlega bent á að lágmarkslaun duga engan veginn til framfærslu. Skyldi þetta dæmi sem ég nefndi duga til að menn viðurkenni að svo sé. Nú býr fjöldi fólks við óttа um að missa atvinnu sína. Gera þeir sem hér eru inni sér grein fyrir því hvaða áhrif atvinnuleysi hefur á einstaklinga? Að ganga á milli manna og fyrirtækja í atvinnuleit og vera hafnað. Slík lífsreynsla brýtur niður sjálfstraust fólks, brýtur niður allt framtak, kyndir undir beiskju og neikvæðum viðhorfum, fólk lamast andlega. Hvað á að verða um þá sem nú hafa verið svo lengi atvinnulausir að bótaréttur þeirra er runninn út? Í þeim hópi eru konur fjölmennastar, auk þess sem meðal kvenna er mikið dulið atvinnuleysi. Á þetta fólk að segja sig til sveitar?

Þjóðhagsstofnun telur að bjart sé fram undan í efnahagsmálum í heiminum. Þar sé áframhaldandi vaxtarskeið meðan áfram verður samdráttur í þjóðarbúskap okkar. Þegar aðrar þjóðir búa við hagvöxt getum við ekki nýtt okkur hann af því að við höfum látið undir höfuð leggjast að leita leiða til að auka verðmæti mikilvægustu útflutningsvöru okkar með frekari fullvinnslu en flutt hana óunna út til atvinnusköpunar fyrir aðrar þjóðir. Svo eru útsendarar ríkisstjórnarinnar á harðahlaupum út um öll lönd í leit að einhverjum sem kynnu að vilja reisa álver sem án efa er dýrasti atvinnukostur sem völ er á. Bygging álvers mundi stórauka ríkisskuldir sem ekki er á bætandi. Hvert einstakt atvinnufyrirtæki við álver kostar að minnsta kosti 200 millj. Það er hægt að skapa mörg atvinnutækifæri í öðrum greinum fyrir slíka upphæð, ekki síst fyrir konur sem nú eru tvöfalt fleiri á atvinnuleysisskrá en karlar. Konur koma ekki til með að vinna við álframleiðslu í teljandi mæli. Ríkisstjórninni væri nær að verja fjármunum til markaðsöflunar á fiskvörum í fleiri löndum en hingað til hefur verið gert en einblína stöðugt á stóriðju svo sem álbræðslu. Menn virðast yfir höfuð ekki hafa gefið því gaum að aðrar Evrópuþjóðir vilja helst ekki hafa slík fyrirtæki innan sinna landamæra sökum mengunaráhrifa og annarra miður hollra samfélagsáhrifa.

Góðæri í öðrum löndum, svo sem nú er samkvæmt þjóðhagsspá, hefur oft skilað sér í auknum ferðamannastraumi hingað og má vænta að svo verði á næsta ári. Ég hef fyrr í umræðunni um fjárlagafrv. bent á hve hörmulega lítinn skilning stjórnvöld sýna ferðamannaþjónustu sem er nú ein af fáum atvinnu-

greinum sem vaxtarbroddur er í. Og hvernig var það með hæstv. samgrh., var hann ekki nýlega að setja með viðhöfn ferðamálaár Evrópu? Ég vil enn ítreka að svo má ekki búa að Ferðamálaráði að það geti ekki gegnt skyldum sínum en það er naumast fært um það. Það hefur ekki fjármuni til áætlanagerða og stjórnvöld sýna því greinilegt vantraust með því að negla niður til ákveðinna verkefna hvern einasta eyri sem því er veittur. Með þeim ráðstöfunum er allt frumkvæði heft og Ferðamálaráð fær í raun ekkert til að sinna þeim verkefnum sem það telur brýnust. Fjölsóttir ferðamannastaðir eru að fara í svað vegna óhóflegs ágangs og umgengni sem er of víða slík að vansæmd er að. Það kostar fé að færa þetta í lag en það fé verður að fást, annars er framtíð þessara staða í bráðri hættu.

Ég hafði ekki hugsað mér að gera einstaka þætti frv. frekar að umtalsefni en eitt get ég ekki látið vera að minnast á. Ljóst er að starf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands mun nánast leggjast af með fjárveitingu sem aðeins er 75 millj. kr., þar sem þeir fjármunir duga eingöngu til að standa við þegar gerðar skuldbindingar. Engin framtíðarverkefni verða undirbúin, ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrir þessa fjármuni og því mun starf stofnunarinnar sem henni er skylt, skv. gildandi lögum, að inna af hendi leggjast af á árinu 1990. Þegar hafa verið gefin vilyrði fyrir aðstoð við Namibíu og framhaldi ýmissa smærri verka á Grænhöfðaeyjum en þar er t.d. nýbyggt kvennahús sem bíður þess að starfsemi verði hafin. Nú er ekkert fé til þess, það verður ekki unnt að standa við þetta. Og hvað eiga Íslendingar, hvað á íslenska Þróunarsamvinnustofnunin og forsvarsmenn hennar að segja við þessar þjóðir? Það er alger smán fyrir Íslendinga, fyrst þeir á annað borð eru að taka þátt í slíku alþjóðastarfi, að veita jafnlitlum fjármunum til þessara mála. 75 millj. kr. eru örlítið prósentubrot af fjárlögum ársins 1990 og hlutfallið lækkar enn frá síðasta ári. Ályktun Alþingis frá 1985 um starfsemi stofnunarinnar er sýnd fullkomin fyrirlitning og það af þinginu sjálfu. Hver á að bera virðingu fyrir ályktunum þingsins ef það gerir það ekki sjálft? Stjórn og framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar hafa þungar áhyggjur af framtíð þessa starfs sem stofnuninni er skylt að inna af hendi og þar sem fjárveiting nær ekki 100 millj. mun stjórnin væntanlega neyðast til þess að vísa málefnum stofnunarinnar beint til ríkisstjórnar sem sjálf verður þá að axla þá ábyrgð sem fylgir því að framfylgja ekki þeim lögum sem um stofnunina gilda. Því að þó illa ári hjá okkur megum við ekki gleyma þeim sem við bágari hag búa en við og við höfum heitið aðstoð.

Virðulegi forseti. Nú um rúmlega tveggja ára skeið hefur farið fram stórfellt uppgjör í þjóðfélaginu. Uppgjör á kostnaði fjárfestingarveislunnar. Stórkostlegar fjármagnstilfærslur hafa átt sér stað og víðtæk röskun á högum fólks og fyrirtækja við frágang á vandamálum sem ekki varð lengur slegið á frest. Þegar þetta uppgjör er yfirstaðið má vænta þess að farið hafi fram viss hreinsun og endurskipulagning. Vonandi hefur þessi eldskírn orðið til þess að mönnum hefur lærst að taka upp betri og hagkvæmari vinnubrögð. Menn eru vonandi farnir að skynja verðbólguna sem þann óvin sem hún er en ekki sem hjálpartæki. Vonandi draga menn þann lærdóm af þrengingum þessara ára að látið verði af þeim hugsunarhætti að hægt sé í sífellu að gera út á verðbólguna og vonina. Trúlega hafa fáir betri skilning og meiri reynslu af léttum pyngjum en konur. Eins og kunnugt er eru konur stærsti láglaunahópurinn í þjóðfélaginu. Þær verða því ætíð að sýna aðgæslu í meðferð þess fjár sem þær hafa til ráðstöfunar. Í aldanna rás hefur það fallið í hlut kvenna að gæta þess að eyða ekki um efni fram en sjá jafnframt til þess að allir í fjölskyldunni fái sinn skerf og nái að dafna. Konur hafa því mikla reynslu í því að gera raunhæfar áætlanir. Þær gæta þess að láta léttar pyngjur sínar aldrei tæmast alveg. Sú saga er gömul en virðist þó árlega ný að nú sé ríkiskassinn tómur og enn á ný skuli aðhalds gætt. Ár eftir ár stöndum við frammi fyrir því að stjórnvöld hafa farið ógætilega með sameiginlega fjármuni okkar og gert áætlanir sem ekki standast. Þegar líða tekur á árið vakna menn svo við vondan draum, hefja ákafa leit að nýjum tekjulindum fyrir ríkiskassann og leita leiða til að skera niður útgjöld ríkisins. Sá niðurskurður getur aldrei orðið annað en handahóf því menn virðast alltaf sjá of seint í hvert óefni stefnir. Þess vegna næst heldur aldrei sá sparnaður sem stefnt er að.

Sá niðurskurður sem fyrirhugaður er á árinu 1990 er hefðbundinn og kemur verst niður á þeim sem síst skyldi. Því fer fjarri að fjárlög næsta árs beri með sér kvenlegt yfirbragð. Það er andstætt hugsunarhætti kvenna að þrengt sé að börnum með þeim hætti sem ríkisstjórnin boðar með niðurskurði í skólakerfinu. Það virðist algjörlega hafa farið fram hjá höfundum frv. að í skólum landsins eru margir einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir og það getur skipt sköpum um alla framtíð barnanna hvernig komið er til móts við þær þarfir. Hverjum manni ætti að vera ljóst að ekki er hægt að skera niður án minnsta tillits til þess hvers konar starfsemi fer fram innan veggja hinna ýmsu stofnana. Í niðurskurði stjórnvalda til skólamála endurspeglast sá skortur á framtíðarsýn sem allt of lengi hefur þjáð stjórn landsins. Sú stöðnun, sjálfvirkni og sú forgangsröðun sem birtist í fjárlögunum fyrir 1990 er konum engan veginn að skapi. Kvennalistakonur hafa oft og iðulega minnt á stefnu hinnar hagsýnu húsmóður sem á ekki síður við um sameiginlega sjóði okkar allra en fjármuni hvers heimilis. Til þess að ná fram raunverulegum sparnaði verður að gera um hann áætlanir. Vonlaust er að grípa til óskipulegs niðurskurðar á elleftu stundu. Það stuðlar aðeins að því að gera vandann illleysanlegri en vera þyrfti. Með hugmyndaauðgi sinni og útsjónarsemi hefur konum einlægt tekist að leysa hið óleysanlega. Oft hefur þeim reynst árangursríkast að fara óhefðbundnar leiðir eins og m.a. hefur sýnt sig í sérstöku framboði kvenna til Alþingis. Konur hafa ekki komið svo nálægt ríkiskassanum að sjónarmið

hinnar hagsýnu húsmóður hafi fengið að njóta sín í þágu okkar allra og þess gjöldum við nú.

Fjárlög komandi árs boða okkur samdrátt í ríkisframkvæmdum, samdrátt í atvinnu, samdrátt og niðurskurð á flestum sviðum. Því hljóta menn að bera í brjósti ugg og kvíða um afkomu sína og sinna á komandi árum. Spá Þjóðhagsstofnunar kyndir enn undir þann kvíða. Hætt er við að þessar döpru framtíðarhorfur dragi úr kjarki og áræði manna til nýrrar sóknar í atvinnusköpun en þó var oft þörf en nú nauðsyn.

Málefnasamningur ríkisstjórnarinnar, sem enginn kennir nú lengur við hennar fyrri einkunnarorð, gaf ákveðin fyrirheit um sérstök átök í málefnum landsbyggðarinnar, til hindrunar frekari byggðaröskunar og til eflingar byggðaþróunar. Vil ég nú enn einu sinni minna á það átak sem lofað var um atvinnuuppbyggingu vegna kvenna í dreifbýli. Ekki bólar þar á efndum frekar en í öðrum hlutum. Því hafa þingkonur Kvennalistans lagt fram brtt. við fjárlögin á þskj. 425 sem sýna vilja okkar í þessum efnum og verður mælt fyrir þeim hér á eftir.

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. núv. fjmrh. settist á ráðherrastól hafði hann uppi hástemmdar yfirlýsingar um að nú yrði brotið blað við fjárlagagerð. Fjármál ríkisins yrðu tekin fastari tökum, nýr hornsteinn lagður að efnahagsmálum. Óneitanlega bundu margir vonir við að honum kynni að takast þetta. Nýr ráðherra úr flokki sem ekki hafði borið ábyrgð á fjármálastjórn ríkisins um nokkra hríð hafði þarna gullið tækifæri. Tækifæri til að hreinsa til í ríkisfjármálunum, segja við þá sem áður höfðu stjórnað: Nú geri ég dæmið upp, og lítið á: Hallinn á ríkissjóði og skuldirnar eru ykkar sök og nú er komið að skuldadögunum. Ríkissjóðshallinn sem þjóðin verður að greiða er af ykkar völdum og ég ætla að vinna okkur út úr vandanum þó að það kosti margvíslegar fórnir.

En hver er svo niðurstaðan? Þessi fjárlög sem nú á að samþykkja eru alls ekki á þennan veg. Ótti hæstv. fjmrh. við að sýna þann raunverulega halla sem er á ríkissjóði veldur því að hann fellur í sömu gryfjuna og fyrirrennarar hans. Í stað þess að sýna heiðarleika og viðurkenna hvernig fjárhag íslenska ríkisins er í rauninni varið heldur hann uppi sama sjónarspilinu og aðrir hafa gert og dregur hvergi af. Talar enn af fjálgleik um fjárlögin sem hornstein efnahagslífsins, en nú er hann þegar orðinn að sandi og kraftaverkið er að engu orðið. Hvergi er hreinsað til fyrir jólin, ruslið er enn í hornunum og sumu hefur verið sópað undir gólfteppið.

Fjárlög ársins 1990 verða með sama innbyggða hallanum og fjárlög undanfarinna ára. Innbyggðum halla sem stafar af vísvitandi vanáætlunum á gjöldum. Nú er ekki lengur hægt að skella skuldinni á aðra. Hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur glatað tækifærinu og honum gefst það aldrei aftur.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Þessi umræða um fjárlög er mjög svipuð og undanfarin ár. Stjórnarandstaðan sýnir engin viðbrögð nýrra leiða eða nýrra tíma. Engar tillögur koma fram frá hv. stjórnarandstæðingum til úrbóta eða til sérstaks niðurskurðar. Það er heldur engin framtíðarsýn í þeim ræðum sem við höfum heyrt hér frá hv. stjórnarandstæðingum. Það er aðeins þetta hefðbundna nöldur um að meiri peninga vanti til þessa verkefnis eða hins verkefnisins, eða ríkisstjórn og meiri hl. fjvn. hafi ekki haldið rétt á málum. En engar tillögur til úrbóta, engar. Og þar er Kvennalistinn ekki eftirbátur annarra. Það kemur ósköp lítið nýtt frá þeim í gegnum þeirra reynslusögu hér á hv. Alþingi sem er bitastætt í sambandi við einhverja framtíðarsýn um meðferð fjármála.

Mig langar aðeins til að þakka vini mínum Pálma Jónssyni, hv. 2. þm. Norðurl. v., fyrir að minna á okkur framsóknarmenn og tillögur okkar sem liggja hér fyrir á þskj. um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu. En ég ætla aðeins að undirstrika að þessar tillögur eru að sjálfsögðu dómur á fortíðina. Þær miða að nýrri stefnu til framtíðar í þessu máli. Og þegar við tölum um fortíðina, hverjir skyldu þá hafa lengst farið með fjármál ríkisins? Auðvitað er það Sjálfstfl. Þó að Pálmi sé nú einn af þeim sem eru taldir framsóknarmenn í liði Sjálfstfl. gleymir hann gjarnan að geta þess þegar hann tekur til umræðu eitthvað slíkt um aðra. Þó ég ætli ekki að dæma neinn í fortíðinni er það alveg ljóst að forusta Sjálfstfl. hefur farið lengst af með ríkisfjármálin. Og ég man ekki til þess í gegnum tíðina að nokkrar slíkar hugmyndir hafi komið, nýjar hugmyndir um meðferð ríkisfjármála í gegnum þá forustu, því miður. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. Pálmi Jónsson og margir fleiri, og raunar alþjóð, hafa tekið eftir því að efnahagsnefnd Framsfl. hefur hér farið nýjar leiðir. Við höfum bent á margar nýjar róttækar leiðir í sambandi við efnahagsmálin og fjármálastjórnun. Með því erum við ekkert að draga úr ábyrgð okkar flokks á því ástandi sem hefur verið í meðferð fjármála hér á landi undanfarnar áraraðir og jafnvel áratugi, síður en svo. Við erum um leið að gagnrýna okkar eigin flokk. En við erum að tala um nýjar leiðir, nýjar framtíðarleiðir til að snúa þessu dæmi við og taka upp allt önnur viðhorf, allt önnur vinnubrögð. Það er akkúrat þetta sem er aðalatriðið í þessum málum. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. Pálmi Jónsson vakti athygli hér úr ræðustól á Alþingi við umræður um fjárlög á þessu framtaki okkar fjórmenninga í efnahagsnefnd Framsfl. Ég vona að þær tillögur eigi eftir að hafa einhver áhrif um leið og ég undirstrika og fagna því samkomulagi sem náðist í fjvn. um að taka meðferð ríkisfjármála sérstaklega til umfjöllunar til að reyna að nýta þá reynslu sem hefur komið fram á undanförnum áraröðum, ekki aðeins núna á einu, tveimur síðustu árum heldur um langa hríð. Og það sýnir að hér þarf að brjóta blað og reyna að taka upp ný vinnubrögð. Ég vonast til að allir hv. þm. taki þátt í því að móta einhverja nýja stefnu um þessar aðgerðir hvar í flokki sem þeir standa því á því er full þörf fyrir okkar efnahagskerfi.

Ég vil byrja mál mitt með því að þakka samstarfið í

fjvn. núna við 3. umr. og það samkomulag sem hefur verið í megindráttum um ýmis meiri háttar mál í fjárlögum ríkisins milli meiri hl. og minni hl. Þannig á það að sjálfsögðu að vera. Ég vil einnig taka undir þakkir til þeirra starfsmanna sem hafa unnið með fjvn. í þessum málum.

Ég ætla, herra forseti, ekki að eyða löngum tíma hér, enda ekki ástæða til þess þar sem formaður fjvn. flutti hér ítarlega ræðu um þær tillögur og þau viðhorf sem eru í sambandi við lokaafgreiðslu fjárlaga og hér hafa verið rakin rækilega. En mig langar til að vekja athygli á einum þætti sem er e.t.v. ekki fyrirferðarmikill en hann er þó mikilvægur í sambandi við fjárlög ríkisins. Það er sá sparnaður eða sá samdráttur sem hafinn var á þessu ári undir forustu fjmrh., þ.e. að reyna að draga saman útgjöld ríkisins, ekki síst í sambandi við launakostnað og það sem því tilheyrir.

Eins og kom fram var reiknað með að þessi samdráttur yrði um 4–4,5%. Það hefði verið kraftaverk ef það hefði náðst, en samt sem áður er árangurinn jákvæður, sem lýsir sér í því að samkvæmt yfirliti Ríkisendurskoðunar hefur þessi árangur skilað 2,5% í þessari viðleitni. Hvert prósent gerir 300 millj., þannig að hér er ekki um neitt smámál að ræða. Ég held að miðað við þær aðgerðir sem verið er að taka upp í sambandi við ný vinnubrögð í ríkisfjármálum verði þetta fyrirferðarmikill þáttur sem muni skila sér í ríkiskerfinu á betri veg.

Mig langar aðeins til að nefna hér nokkur atriði, sem ég tel mikilvæg í sambandi við þessa umræðu, sem á að ráðstafa í fjárlagagerðinni. Þá vil ég alveg sérstaklega undirstrika í sambandi við landbúnaðinn, sem mér finnst vera fagnaðarefni, að loksins hefur náðst niðurstaða í meðferð þeirra mála, þ.e. uppgjör vegna jarðræktar- og búfjárræktarlaga og stefna í sambandi við meðferð nýrra jarðræktar- og búfjárræktarlaga á síðasta vori. Tekist hefur samkomulag milli allra aðila um að upphæðirnar sem um er að ræða þar eru formlega viðurkenndar. Í gegnum fjáraukalög hefur náðst algjörlega hreint borð í sambandi við uppgjör 1987 og eldra. Við þessa fjárlagagerð og í lánsfjárlögum fyrir bæði yfirstandandi ár og næsta ár kemur fram hvernig verður farið með uppgjör á árunum 1988 og 1989. Hér er, eins og kom fram í ræðu hv. formanns nefndarinnar, algjörlega brotið blað og nú þurfa menn ekki lengur að velkjast í vafa um það hvað er hvað. Þarna verður gengið þannig frá málum að viðkomandi aðilar sem eiga rétt á þessum bótum samkvæmt fyrrverandi og núgildandi lögum fá sitt uppgjör á borðið. Það verður endanlega gert upp á fjögurra ára tímabili. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika og fagna hér því þetta hefur verið mikið til umræðu á undanförnum árum og í raun og veru aldrei fengist hreint borð við meðferð þessara mála fyrr en nú. Þessu ber að fagna og þeirri samstöðu sem um þetta hefur tekist.

Ég get ekki komist hjá því að nefna aðeins hér vegamálin. Þau hafa verið sá þáttur á undanförnum árum sem hefur mestu skipt fyrir byggðastefnu hér á landi, fyrir landsbyggðina og raunar þjóðina í heild. Sú stefna sem tekin var upp í sambandi við langtímagerð í vegagerð hefur skilað miklu meiri árangri en bjartsýnustu menn þorðu að vona þegar hún var tekin upp.

Hins vegar hlýt ég að lýsa vissum vonbrigðum í sambandi við framhald þessarar vegáætlunar varðandi næsta ár. Í meðferð vegáætlunar sem afgreidd var sl. vor voru gefin ákveðin fyrirheit í sambandi við nýja stefnu sem var tekin upp, þ.e. að taka upp hin svokölluðu stórverk í vegagerð og flokka þau í vegáætlun. Þar er mörkuð stefna til framtíðar í stærri verkum, bæði að því er varðar jarðgöng og stórbrýr o.s.frv. Voru gefnar yfirlýsingar um að það væri liðin tíð að skera niður tekjustofna Vegagerðar ríkisins. Auðvitað fögnuðu allir þessu máli og vegáætlun fyrir árin 1990–1992 var afgreidd samhljóða hér á hv. Alþingi. Hins vegar hefur komið í ljós að ágreiningur er milli samgrh. og ríkisstjórnar í sambandi við útreikninga eða uppsetningu á þessum málum sem hefur valdið misskilningi. Niðurstaðan er samt sú að í staðinn fyrir að hafa þessa tekjustofna óskerta eru þeir skertir, að vísu á annan hátt en áður þar sem nú er aðeins miðað við verðlagsforsendur næsta árs. En það þýðir í raun, miðað við þær tölur sem vegáætlunin segir til um, eins og kom fram hér hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., að þar er niðurskurður um 650 millj. eða svipað og er á þessu ári. Þetta hlýtur að koma niður á mikilvægum þáttum vegagerðar og þýðir að það verður að taka vegáætlun 1990 til uppskurðar nú fljótlega eftir áramótin. Það getur haft miklar afleiðingar hvernig sú endurskoðun verður gerð því mikið af þessum verkum er fyrir fram ákveðið og búið að gera um þau verkáætlun hjá Vegagerð ríkisins. Þess vegna verður þetta mjög erfiður málaflokkur á næsta ári og veldur vissulega, eins og ég sagði áðan, miklum vonbrigðum að ekki tókst betur til en þetta. Efnahagsástandið grípur að sjálfsögðu hér inn í en ég vænti þess að það liggi alveg ljóst fyrir öllum ráðamönnum að allar þær tekjur sem vegáætlunin gerir ráð fyrir renna í vegasjóð. Það sem er umfram það sem sú verðlagsáætlun gerir ráð fyrir, þ.e. ef hún raskar til hækkunar, þá hækka að sjálfsögðu tekjur vegasjóðs. Enn fremur að það sem kann að koma til hækkunar á þessu ári rennur óskipt í vegasjóð einnig. Ég vil taka þetta skýrt fram.

Þriðja atriðið sem ég vil sérstaklega nefna hér er verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það er náttúrlega ljóst að mesta þörfin í því máli er að skapa traustan samstarfsgrundvöll milli sveitarfélaga og ríkisins.

Ég vil í þessu sambandi minna á að 1985 var gerður sérstakur samstarfssáttmáli milli ríkis og sveitarfélaga hér á landi. Þessi sáttmáli var sniðinn eftir finnskum lögum. Í Finnlandi voru sett lög vegna þess að mjög mikið ósamkomulag hafði verið milli finnsku sveitarfélaganna og ríkisins um langan tíma. Niðurstaðan var sú að þeir gerðu með sér sáttmála sem hefur gjörbreytt aðstöðu í Finnlandi að því er varðar sveitarstjórnarmál og byggðamál almennt og orðið

að miklu gagni. Ég tel að frá því að þessi samningur var gerður milli ríkis og sveitarfélaga hér hafi hann áorkað miklum framförum. Mál hafa verið rædd á þessum vettvangi í botn og ágreiningur verið jafnaður í flestum tilfellum á skynsamlegan máta.

Þess vegna kom það mér nokkuð á óvart nú á nýliðnu hausti þegar fjárlög voru komin í lokaumræðu að ekki skyldi takast á þessum vettvangi að leysa málin í sambandi við verkaskiptinguna á skýrari hátt en fram hefur komið. Ég verð að segja það alveg eins og er að þetta olli mér miklum vonbrigðum. Hins vegar verð ég um leið að fagna því að gætnir menn í forustuliði sveitarfélaga og ríkisins hafa nú náð sáttum eins og hér hefur komið fram og ég tel ákaflega mikilvægt í þessu máli. Það er alveg óþarfi fyrir hv. 2. þm. Norðurl. v. að vera að eigna Sjálfstfl. þá lausn sem hér hefur orðið. Svo er alls ekki heldur hafa gætnir og skynsamir menn í forustu sveitarfélaga ásamt með ráðherrum í ríkisstjórn áttað sig á því að hér þarf að ríkja friður, hér þarf að ríkja samstarf til að vel leysist úr málum. Ég treysti því að áframhald þessara mála, þessara mikilvægu samskipta ríkis og sveitarfélaga verði með þeim hætti að menn fari ekki að ýtast á á opinberum vettvangi heldur leysi málin á þeim vettvangi sem er til, samkvæmt samstarfsreglum sem ríki og sveitarfélög hafa skrifað undir allt frá árinu 1985.

Í sambandi við uppgjörsþáttinn þarf ég í sjálfu sér ekki að endurtaka það sem ég sagði hér við 2. umr. fjárlaga. Þessi fjárhæð er nú ákveðin 300 millj. fyrir árið 1990 og heildarupphæðin sem þessir verkþættir þýða fyrir sveitarfélögin er áætluð 1350–1400 millj. kr. sem verður gert upp á fjórum árum eins og lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga gera ráð fyrir. Hins vegar er ekki hægt að skilja við málið án þess að lýsa því yfir að það var mjög slæmt að ekki skyldi hafa verið gengið frá þeim reglugerðum eða þeim uppgjörsaðferðum sem setning laganna gerði ráð fyrir á sl. vori. Það er mál sem verður að leysa snarlega á næstu dögum.

Þá vil ég aðeins nefna Flugmálastjórn af því að hv. 2. þm. Norðurl. v. nefndi það mál. Hann veit eins vel og við í meiri hl. að hér er um mikið og stórt vandamál að ræða. Flugmálastjórn hefur verið rekin með miklum myndarskap á undanförnum árum. Flugmálakerfið, ef það má orða það svo, hefur yfir miklum tekjum að ráða í sambandi við erlend samskipti sem er einn mikilvægasti þátturinn í íslenskum flugmálum. Það er ákaflega slæmt nú í lok ársins 1989 þegar í ljós kemur að rekstrarvandi Flugmálastjórnar er margir tugir milljóna, eða réttara sagt tæpar 70 millj. kr. Þetta bitnar að sjálfsögðu á þeim framkvæmdum í flugmálum sem í gangi eru. Þennan greiðsluvanda verður að leysa. Hins vegar kom fram í umfjöllun nefndarinnar, með þeim embættismönnum sem um þetta fjalla, að eðlilegt væri að taka þetta mál til sérstakrar skoðunar og leysa það til bráðabirgða með 20 millj. kr. framlagi í gegnum fjárlögin nú. Jafnframt á að taka strax til við að gegnumlýsa þetta mál og reyna að finna flöt á því hvað hægt sé að gera til að koma rekstri Flugmálastjórnar í eðlilegt horf, sem er mjög þýðingarmikið í sambandi við flugmál og samgöngumál okkar hér á landi. Það má ekki kasta til þess höndum, það verður að finna úrræði hvað þetta varðar. Ég vildi aðeins undirstrika þetta vegna ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. því ég veit að honum er kunnugt um gang þessa máls.

Ég hefði getað talað langt mál hér um Þjóðleikhúsið. Ég er einn af þeim sem telja að Þjóðleikhúsið megi ekki hverfa úr okkar menningarmynd. Það á skilið að fá þá endurbyggingu eða það mikla viðhald sem þar þarf að fara fram og búið er að draga í áratugi. Ef við rekjum fjárlög ríkisins í sambandi við Þjóðleikhúsið aftur á bak hefur næstum því á hverju einasta ári verið veitt sérstakt fjármagn til viðhalds hússins. En því miður hefur stjórn Þjóðleikhússins á undanförnum árum verið með þeim hætti að þetta viðhaldsfé og endurbótafé hefur allt saman horfið í reksturinn og húsið sjálft og allt sem því fylgir hefur drabbast niður öllum til vanvirðu. Þessu þarf að breyta og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. formanni fjvn. að þarna verður að breyta um stíl. Það verður að nota tækifærið, gefa sér eðlilegan tíma í þessar endurbætur sem yrðu þá nákvæmlega útfærðar í þeim tillögum og áætlunum sem lagðar yrðu fram, gegnumlýsa þær og ná þeim áfanga sem þarna þarf að gera í sambandi við öryggisþætti, númer eitt, tvö og þrjú, og eðlilega vinnuaðstöðu í þessu musteri þjóðarinnar eins og það hefur oft verið nefnt. Hvernig sem við veltum þessu máli fyrir okkur er augljóst að þessar viðgerðir, endurbygging á þessum þáttum tekur ekki minna en eitt og hálft ár í það minnsta. Þess vegna er eðlilegt, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja um að þarna sé þörf á vissri endurskipulagningu á rekstri og starfstilhögun, að nota nú tækifærið og segja öllu starfsfólki Þjóðleikhússins upp og gera ráð fyrir því að hefja störf að nýju síðari hluta árs 1991 í endurbættu Þjóðleikhúsi sem felst fyrst og fremst í nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun á öllu lagnakerfi hússins, hverju nafni sem nefnist, eins og fram hefur komið. Og ég vil aðeins segja það hér um leið að fjvn. fór sl. vetur inn í Þjóðleikhúsið, eyddi þar parti úr degi og okkur voru sýnd, neðst sem efst, þau vandamál sem þar blasa hvarvetna við í húsi sem var byggt 1930 eða upp úr því. Þess vegna er þetta mál sem þarf að átta sig á að engin bráðabirgðatök mega vera á, það verður að taka þetta alvarlega eins og það liggur fyrir.

Ég vil svo aðeins segja í sambandi við tekjuáætlun frv. að auðvitað hefur maður vissar áhyggjur af því hvort tekjuáætlun þessa frv. standist. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef frá fyrstu tíð haft vissar efasemdir í sambandi við þá miklu kerfisbreytingu sem nú er ákveðið að taki gildi um næstu áramót, virðisaukaskattinn. Ég hafði ýmsar efasemdir um þessa skattbreytingu þegar hún var hér til umræðu og taldi að miklu meiri upplýsingar þyrftu að koma fram. Mín skoðun hefur alltaf verið sú að það væri útilokað að setja hér á virðisaukaskatt öðruvísi en í tveimur þrepum. Það væri enginn núllskattur til,

það væri lágt þrep fyrir matvæli og aðra þjónustu sem ætti ekki að skattleggja á háu stigi og síðan væri eitt almennt þrep sem væri þar fyrir utan, en undanþága væri engin. Þannig er mitt viðhorf og þannig hef ég skilið niðurstöður af þeim kollsteypum sem hafa orðið í sambandi við þessa kerfisbreytingu á Norðurlöndunum, flestum ef ekki öllum. Þeir hafa farið allir yfir í fyrstu lotu en rétt sig svo aftur af og fundið skynsamlegar leiðir sem eru einmitt í átt við þetta sem ég er að tala um hér.

Einnig vil ég minnast hér á einn þátt í þessari tekjuáætlun sem mér fannst furðulegur í sjálfu sér, þ.e. afgjöld ríkisjarða. Þessi liður hækkar úr 10 millj. í núgildandi fjárlögum í 100 millj. í fjárlagafrv. Þær upplýsingar sem ég hef fengið í sambandi við þennan lið eru að þetta eru alls ekki einvörðungu afgjöld af ríkisjörðum, þetta eru afgjöld af öðrum eignum ríkisins. Ég tel að í nánari útfærslu þurfi að skoða þetta þannig að fyrir liggi fljótlega hvernig þessi tekjuliður í fjárlögum er í raun og veru. Það er ekkert gaman, t.d. í sambandi við túlkun hv. sjálfstæðismanna hér að þeir segja að þetta sé jólagjöf til bænda sem sé tíföld miðað við það sem er í gildandi fjárlögum.

Ég held að þarna þurfi að láta fara fram uppstillingu á þessum tekjustofni og átta sig á því í hverju hann liggur og hvernig hann greinist, a.m.k. svona í aðalatriðum.

Ágæti forseti. Ég skal ekki eyða lengri tíma í þessa ræðu mína enda er það ástæðulaust. Ég hef sjálfur komið nálægt öllum þessum þáttum og ber að sjálfsögðu ábyrgð á því eins og aðrir. Ég vil líta fram á veg eins og við efnahagsnefndarmenn Framsfl. höfum sett okkur. Við viljum ekki vera fastir í fortíðinni eins og því miður sumir vilja, eins og t.d. okkar ágæti Kvennalisti sem var ný hreyfing og margir bundu miklar vonir við, en þær hafa fests í kerfinu blessaðar. Við viljum ekki vera svoleiðis. Þó við séum einn af elstu flokkunum viljum við horfa til framtíðar og vera ekkert að afsaka fortíðina, hún er farin. Menn eiga að læra af henni og taka upp ný vinnubrögð, það er framtíðin. Að reyna eftir megni, miðað við þá möguleika og skynsemi sem menn telja sig hafa, að stefna fram eftir nýjum leiðum.

Þegar maður les þessa sígildu efnahagsspá frá Þjóðhagsstofnun okkar hér á landi rifjast það upp að hún er búin að vera í sama horfinu í áratugi eða eins lengi og stofnunin hefur verið til. Þeir segja núna í dag: Jú, það er bjart yfir efnahagsmálum í heiminum. Þetta er að sjálfsögðu gleðiboðskapur og auðvitað tengjumst við þessum ágæta heimi sem er í kringum okkur og erum á fullri ferð að tengjast viðskiptum og öðrum samningum við þennan heim í kringum okkur. Það er sagt að við séum á botninum, það er slæmt ástand í efnahagsmálum o.s.frv. Þess vegna held ég að ástæða sé til að enda orð mín með því að ég tel að við Íslendingar verðum að þjappa okkur saman um aðgerðir sem verða til þess að hjálpa okkur til að ná því markmiði að við getum búið við svipað öryggi, svipað lífsöryggi og flestar Evrópuþjóðir. Sjálfsagt væri hægt að segja bara í einni setningu: Niður með vexti og niður með verðbólgu — og þá mun verða bjart fram undan. Þess vegna held ég að ástæða sé til, núna á þessum tímamótum þegar við erum að ræða um fjárlög ríkisins, að athuga a.m.k. hvort ekki væri flötur á því að allir ráðandi menn sem vilja hugsa til framtíðar taki höndum saman um að ná því markmiði að við Íslendingar getum búið við svipað öryggi og nágrannaþjóðirnar sem nú er bjart yfir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég kem hér sem staðgengill *formanns samvn. samgöngumála*, hv. 3. þm. Vestf., til að flytja þá framsögu fyrir nefndarinnar hönd sem hann hafði undirbúið, en hann er nú væntanlega kominn til síns heima. Það vildu fleiri gert hafa sem hér eru bundnir við störf á Alþingi og eiga langt heim að sækja. En ég ætla hér að flytja það mál með ánægju sem hann hafði undirbúið fyrir okkar hönd.

Ég mæli hér fyrir brtt. samvn. samgöngumála við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990. Brtt. er að finna á þskj. 411. Samvn. samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta er á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi og á leiðinni frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningar styrktir á Eyjafirði og á milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. *Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem* borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Enda þótt reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu sem fyrr á fundi nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að miklu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Á undanförnum árum hefur í framsögu fyrir tillögum nefndarinnar verið gerð nákvæm grein fyrir einstökum þáttum þeirra, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó. Þar sem þessum þáttum eru skilmerkilega gerð skil í áliti nefndarinnar sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um einstaka flóabáta heldur vísa til nál.

Ég vil taka fram að með flestöllum umsóknunum fylgdu greinargóðar upplýsingar um viðkomandi verkefni og á þetta einkum við um flutninga á sjó. Enda þótt þeir aðilar sem styrks til landflutninga

njóta hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn nú sem áður sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgrn. fyrir yfirstandandi ár.

Enn fremur vill nefndin beina því enn á ný til samgrn. að þeim aðilum sem fá stofnstyrki undir liðnum Flutningar á landi verði kynnt sú meginregla nefndarinnar að stofnstyrkir vegna ákveðinna verkefna verði eingöngu veittir í þrjú ár. Tekið skal fram til fróðleiks að nefndin hefur við úthlutun stofnstyrkja að jafnaði miðað við að þeir verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum.

Ég mun nú víkja að tillögunum og þeim breytingum sem nefndin er sammála um að gera á fjárframlagi til þessa málaflokks á fjárlögum fyrir árið 1990.

Nefndin leggur til að framlag til flóabáta og vöruflutninga verði 131 millj. 100 þús. kr. á næsta ári. Samsvarandi upphæð á fjárlögum yfirstandandi árs er 109 millj. 609 þús. kr. Hér er um að ræða 19,6% hækkun milli ára.

Til flutninga á landi er lagt til að verja 21 millj. 415 þús. kr. en í ár er til þessa liðar varið 16 millj. 49 þús. kr. Hækkunin nemur 33,4%.

Til reksturs flóabáta og skyldra verkefna leggur nefndin til að framlagið verði 109 millj. 685 þús. kr. en samsvarandi framlag í ár er 93 millj. 560 þús. kr. og nemur hækkunin 17%.

Nefndin leggur til að veittir verði styrkir til 56 verkefna vegna flutninga á landi eða tveimur fleiri en er á fjárlögum í ár. Af þessum liðum leyfi ég mér að gera að umtalsefni nokkur atriði og nefni fyrst tvö verkefni sem lagt er til að fái stofnstyrk á næsta ári þrátt fyrir þá meginreglu nefndarinnar að veita einungis stofnstyrk til sama verkefnis í þrjú ár. Er hér um algjöra undantekningu að ræða og alls ekki til eftirbreytni. Hér er átt við stofnstyrki til vetrarsamgangna í Árneshreppi sem er liður 19 í brtt. nefndarinnar og til snjóbifreiðar í Oddsskarði og Fagradal sem er liður 49. Stofnstyrkir til þessara aðila eru veittir enn einu sinni vegna verulegrar greiðslubyrði af lánum sem tekin voru vegna kaupa á snjóbifreiðum á sínum tíma og skal á það lögð áhersla að hér er um lokastyrki að ræða.

Nefndin hefur farið fram á það við samgrn. að þessum aðilum verði ritað bréf og þeim tilkynnt að ekki verði um frekari stofnstyrkveitingar til þeirra að ræða að öllu óbreyttu.

Varðandi stofnstyrki vil ég geta um eina úthlutun sem er afbrigðileg en það er styrkveiting vegna kaupa á snjóbifreið á Hólmavík, liður 22. Nefndin var sammála um að veita í eitt skipti fyrir öll eina fjárveitingu, 1 millj. kr., í stað þess að veita 500 þús. kr. í þrjú ár samkvæmt reglunni sem minnst var á hér að framan. Ég leyfi mér enn fremur að minnast á lið 56 Óráðstafað, en um hann er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt væri að grípa til í neyðartilvikum þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningstækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir skv. reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn., að hann annist greiðslur slíkra reikninga í samráði við formenn samgn. Alþingis.

Að þessu sinni var fjárveiting samkvæmt þessum lið hækkuð verulega og er skýringin sú að nefndin taldi brýnt, samkvæmt ábendingu samgrh., að styrkja loftflutninga til einangraðra staða á Vestfjörðum og samþykkti nefndin að verja allt að 2,5 millj. kr. í þessu skyni. Greiðslur verði inntar af hendi í samráði við formenn samgn. eins og aðrar greiðslur skv. þessum lið.

Til reksturs flóabáta og skyldra verkefna leggur nefndin til að styrkir verði veittir til átta verkefna sem er einu verkefni færra en á fjárlögum í ár. Fjárveiting til Dýrafjarðarbáts var sameinuð nýjum lið, til snjóbifreiðar í Dýrafirði sem er liður 8, enda um sama rekstraraðila að ræða. Ég vil geta þess, með vísan til þess sem segir í nál. þar sem rætt er um Hríseyjarferju og Grímseyjarflutninga, að ef af kaupum verður á ferju til siglinga á Eyjafjarðarsvæðinu og til Grímseyjar þarf að endurskoða útlutun styrkja sem veittir eru undir liðnum Eyjafjörður-Grímsey, en undanfarin ár hafa Flugfélag Norðurlands hf. og Skipaútgerð ríkisins fengið þessa fjárveitingu. Áður en ég segi skilið við málefni flóabáta og ferja er rétt að geta þess að fram komu í nefndinni ábendingar þess efnis að þar sem verulegar fjárveitingar hafa þegar verið ákveðnar og eru fyrirhugaðar til smíði og kaupa á ferjum og flóabátum, fjárfestingar sem skipta munu hundruðum millj. kr. væri tímabært að leiða hugann að því hvort ekki væri frekar á verksviði fjvn. Alþingis að veita fjármagn til reksturs og stofnkostnaðar ferja og flóabáta.

Virðulegur forseti. Ég hef hér gert grein fyrir meginatriðum í brtt. samvn. samgöngumála við frv. til fjárlaga fyrir komandi ár. Í brtt. er að finna sundurliðun á einstökum verkefnum. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þá liði alla upp hér en vísa til þskj. 411 þar sem þessa sundurliðun um tilteknar fjárveitingar til flutninga á landi svo og til flóabáta er að finna og tiltekin upphæð sem óráðstafað er eins og verið hefur á undanförnum fjárlögum.

Ég sé ástæðu til að þakka öllum í samvn. samgöngumála fyrir ágætt samstarf við lausn þeirra álitamála sem lágu fyrir nefndinni en um niðurstöðuna varð full samstaða og standa allir nefndarmenn að þessum till. sem ég hef hér mælt fyrir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Áður en ég mæli fyrir brtt. Kvennalistans á þskj. 425 vil ég aðeins stuttlega víkja að orðum hv. 1. þm. Vesturl. sem hér talaði áðan og er víst fjarri núna. Ýmislegt af því sem fram kom í máli hans og varðaði Kvennalistann var mjög furðulegt. Hann sagði að Kvennalistinn hefði fests í fortíðinni. Við eigum ekki mjög langa fortíð, aðeins sex ára starfsævi hingað til og að mínu mati mætti

frekar kalla vinnubrögð okkar og skoðanir staðfestu en hitt. Í máli hans kom hins vegar fram mjög mikil stöðnun hugans. Hann undraðist að hér skyldu vera sagðar reynslusögur. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að inn á Alþingi komi fólk úr ýmsum hópum þjóðfélagsins með mismunandi reynslu að baki því að það er auðvitað reynslan sem er dýrmætust og nýtist okkur best í því mikilvæga starfi sem við eigum hér að vinna fyrir fólkið í landinu. Það hefur alla vega hingað til þótt sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa ákveðið hlutfall milli þingmanna utan af landsbyggðinni og þeirra sem koma frá höfuðborgarsvæðinu einmitt vegna þeirrar mismunandi reynslu sem þeir hafa af því að lifa í þessu landi okkar við mismunandi aðstæður.

En ég vík þá að brtt. okkar á þskj. 425, sem eru frá þingflokki Kvennalistans. Ég mælti fyrir þessum brtt. við 2. umr. fjárlagafrv., en við ákváðum að kalla þær aftur til 3. umr. til að gefa fjvn., hv. þingmönnum og ráðherrum svigrúm til að íhuga þær gaumgæfilega áður en þær kæmu til afgreiðslu hér í sameinuðu þingi.

Við 2. umr. tók ég skýrt fram í máli mínu að brtt. þessar eru að sjálfsögðu engan veginn tæmandi fyrir þær breytingar sem við vildum sjá gerðar á þessu fjárlagafrv. Þó konum hafi í aldanna rás verið treyst fyrir því vandasama hlutverki að sjá um fjárreiður heimilanna í landinu og farist það afar vel úr hendi hefur karlþjóðin enn ekki hleypt þeim að ríkiskassanum þannig að hvorki hafa konur verið í aðstöðu til að gera áætlanir fyrir okkar stóra þjóðarheimili né heldur verður þeim kennt um umframeyðsluna vegna rangra áætlana frá upphafi við gerð sameiginlegra búreikninga okkar. Brtt. þær sem við flytjum eru því auðvitað fyrst og fremst táknrænar fyrir nýjar áherslur sem við vildum sjá í fjárlögum. Till. eru allar við 4. gr. frv. og taka til atvinnuuppbyggingar fyrir konur, aðstoðar við konur í þróunarlöndunum, fjárstuðnings til reksturs Kvennaathvarfsins í Reykjavík og samtaka kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi og loks aukið fjárframlag til ráðgjafar og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að hverri till. fyrir sig þó ég sjái ekki ástæðu til að fjalla um þær jafnítarlega og ég gerði við 2. umr. í síðustu viku. Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að minna enn og aftur á það alvarlega ástand sem nú ríkir í atvinnumálum og kemur harðast niður á konum. Um allt land, nema á höfuðborgarsvæðinu, eru konur í miklum meiri hluta atvinnulausra og eins og allir vita er einnig mikið um dulið atvinnuleysi kvenna. Það er því ljóst að við verðum að leita nýrra leiða í atvinnumálum okkar, ekki síst úti á landsbyggðinni. Við mótun atvinnustefnu er nauðsynlegt að hafa konur með í ráðum, veita þeim hvatningu og stuðning þannig að þær geti tekið frumkvæði um atvinnusköpun. Hér á landi er greinilegt að konur í dreifbýli og kannski alls staðar í landinu bregðast við byggðaröskuninni með því að leita nýrra leiða í atvinnurekstri.

Það er ljóst að framtíð byggðarinnar hvílir að miklu leyti á konum og er þá átt við byggðina um allt landið. Hjá konum er að hluta til ónýttur forði hugmynda, orku og tilfinninga en það er ekki síst á því síðastnefnda sem baráttan gegn byggðaröskun byggir. Stjórnvöld virðast nær uppiskroppa með úrræði í atvinnumálum landsbyggðarinnar. Hver sú stefna sem tekin hefur verið í þeim málum hefur, að því er virðist, stuðlað að enn meiri byggðaeyðingu. Konur geta og verða sjálfar að marka stefnuna í eigin atvinnumálum. Ef nauðsynlegar forsendur eru fyrir hendi: fjármagn, stuðningur og fræðsla er möguleiki á að hrinda af stokkunum einhverjum verkefnum. En nauðsynlegt er að konur standi sjálfar fyrir því, ákveði hvað gert verður, nýti eigin hugmyndir og visku og taki sjálfar áhættuna sem því fylgir. Til þess að konur geti í raun orðið frumkvöðlar er nauðsynlegt að leggja konum til nokkurn fjárhagslegan stuðning. Eins og öllum er ljóst hindrar eignaleysi kvenna þær í að taka fjárhagslega áhættu. Þess vegna leggjum við kvennalistakonur til, í samræmi við hugmynd okkar um stofnun sérstakrar kvennadeildar við Byggðastofnun, að 40 millj. kr. verði varið sérstaklega til að gera átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Jafnframt leggjum við til að lögð verði fram 200 millj. kr. fjárupphæð til sérstaks tímabundins átaks í atvinnuuppbyggingu fyrir konur almennt. Ekki finnst okkur til of mikils mælst í þágu atvinnulífs íslenskra kvenna að lögð verði sama upphæð í það og kostar að veita einum karlmanni starf við nýtt álver.

Það er mikilvægt að nú þegar verði snúið af braut atvinnuleysis. Það er ekki bara spurning um framfærslu einstaklinganna, því enginn veit hvað það vonleysi og það skipbrot sem sjálfsmynd hinna atvinnulausu bíður getur haft í för með sér fyrir okkur öll í framtíðinni. Vænti ég þess því að þingheimur sjái sér fært að samþykkja þessar till. um sérstakt átak í atvinnumálum kvenna.

Á fjáraukalögum fyrir árið 1989, eins og þau voru upphaflega lögð fram, var gert ráð fyrir 620 þús. kr. framlagi til UNIFEM, hjálparstarfs kvenna í þróunarlöndunum. Það var heldur dapurlegt að sjá að þetta var einn af þeim liðum sem meiri hl. fjvn. virtist sjá sem vænan sparnaðarkost fyrir ríkið. Ekki síst fyrir þá sök að mér er kunnugt um að fregnir um þetta fyrirhugaða fjárframlag íslenska ríkisins höfðu borist til aðalskrifstofu UNIFEM. Það þarf ekki að tíunda nauðsyn þess að aðstoða konur í þróunarlöndunum enda er það nú stefna þeirra landa sem fremst standa í þróunarhjálpinni að beina hjálp sinni sérstaklega til kvenna.

Ég vil einnig geta þess hér og nú að 18. des. sl. voru stofnuð stuðningssamtök við UNIFEM hér á landi. Þann dag voru 10 ár liðin frá þeim degi er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna var undirritaður sáttmáli um afnám alls misréttis gagnvart konum. Hæstv. ríkisstjórn hefur greinilega fengið örlítið samviskubit eftir að hafa fellt framlagið til UNIFEM út úr fjáraukalögum þessa árs og ákveðið að veita 1 millj. kr. til samtakanna á næsta ári. Veit ég að þær krónur koma í góðar þarfir og munu verða nýttar vel eins og vænta má af konum. Við kvennalistakonur teljum

eftir sem áður enga ofrausn að systur okkar í þróunarlöndunum fengju 20% af þeirri heildarupphæð sem ætluð er til þróunaraðstoðar við Sameinuðu þjóðirnar. Vonum við því að fyrst hæstv. ríkisstjórn hefur opnað hug sinn fyrir UNIFEM og þeirra mikilvæga starfi muni þingheimur treysta sér til að samþykkja þá upphæð sem við leggjum til, 3 millj. 198 þús. kr.

Það er áreiðanlega óalgengt að jafn vel sé á málum haldið og hjá Kvennaathvarfinu í Reykjavík. Á fjárhagsáætlun þeirra fyrir árið 1990 er aðeins gert ráð fyrir 2% hækkun rekstrargjalda milli ára, þ.e. frá árinu 1989 til 1990. Held ég að þar hljóti að vera um einsdæmi að ræða. Skilningur hæstv. ríkisstjórnar á dugnaði þeirra kvenna sem þarna starfa birtist okkur í fjáraukalögum þessa árs með því móti að framlag til Kvennaathvarfsins var lækkað um 1 millj. kr. Þær sækja um 70% rekstrarkostnaðar til ríkisins, afganginn fá þær frá sveitarfélögum eða með frjálsum framlögum ýmissa einstaklinga og samtaka sem styðja Kvennaathvarfið. Konurnar í Kvennaathvarfinu hafa sýnt að þær gera áætlanir sem standast og því teljum við rétt og skylt að ríkisstjórnin veiti þeim þá fjármuni sem þær gera áætlun um að viðbættri þeirri milljón sem hvarf af fjáraukalögunum. Þess vegna hefur upphæðin á þskj. 425 verið hækkuð upp í 11 millj. 864 þús. kr.

Því miður hefur komið í ljós að tilvera Kvennaathvarfsins er nauðsynleg. Ég las upp nokkrar tölur hér um daginn þegar ég flutti þessar brtt. fyrst og þó hér séu fáir hv. þingmenn og ráðherrar viðstaddir þá held ég að ekki sé vanþörf á að lesa þær aftur.

Það sem af er þessu ári hafa 156 konur leitað til Kvennaathvarfsins með börn sín, jafnmargar og þangað leituðu allt árið í fyrra. 30% kvennanna komu frá byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins. Það er ljóst að ofbeldi fer vaxandi og það er einn svartasti bletturinn á þjóðfélagi okkar. Á síðasta ári hringdu 200 manns til Kvennaathvarfsins til að biðja um upplýsingar og aðstoð. Fólk spyr um sifjaspell, kvennaráðgjöf og allt mögulegt. Flestir hringja bara til að fá ráð og huggun. Nú í ár hafa 794 hringt í þessi svokölluðu stuðningssímtöl á móti þeim 200 sem nutu símaþjónustunnar í fyrra. Þetta segir sína sögu um ástandið í þjóðfélaginu og viðhorfið gagnvart konum og börnum. Við vitum að á erfiðum tímum í efnahags- og atvinnulífi eins og nú ríkja má því miður búast við því að ofbeldi færist enn í vöxt.

Fram hefur komið í samtölum við starfskonur í Kvennaathvarfinu að þær telja brýna nauðsyn bera til að auka aðstoð við barnahópana í athvarfinu svo og forvarnarstarfið. Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi standa fyrir og skipuleggja fræðslu, upplýsingar og ráðgjöf varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn konum og börnum. Þær hafa hug á að opna ráðgjafarmiðstöð til að auka nauðsynlega þjónustu sína. Þess vegna er till. okkar frá 2. umr. óbreytt, hún er jafnnauðsynleg nú og þá og leggjum við til að til starfsemi samtaka kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi verði lagðar fram 11 millj. kr.

Síðasta till. sem við flytjum á þskj. 425 tengist þáltill. Kvennalistans sem samþykkt var í lok síðasta kjörtímabils en í henni er sérstök áhersla lögð á fræðslu fólks á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og barneignir. Till. tengist reyndar líka lögum nr. 25 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Við höfum á ári hverju lagt til að sú upphæð sem til þessa starfs er ætluð verði hækkuð vegna mikillar og brýnnar þarfar fyrir hana.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að félagsráðgjafar og sálfræðingar sem ræða við börn og unglinga um þessi mál hafa furðað sig á því hversu vanþekking þeirra er í raun og veru mikil. Það væri örugglega hægt að draga úr útbreiðslu kynsjúkdóma af ýmsu tagi og eyðni auk þess sem vænta má að minna yrði um ótímabærar þunganir og svo mætti fækka fóstureyðingum ef stjórnvöld sæju skynsemina í því að efla þessa fræðslu.

Ég vil að lokum aðeins benda á að þær till. sem við flytjum kosta ríkissjóð samtals 272 millj. 137 þús. kr. Þær till. sem hafa verið fluttar hér á milli umræðna frá 1. umr. fjárlaga þar til nú eru upp á tæpa 2 milljarða. Öll vitum við hvernig fór með áætlanir þessa árs, bilið varð 8,8 milljarðar. Af þessum tölum má sjá að aðeins er hér um dropa í hafið að ræða. Vona ég að þingheimur beri gæfu til þess að samþykkja þessar till. sem allar varða málefni kvenna og eru mjög nauðsynlegar. Ég hef lokið máli mínu.

Eggert Haukdal:

Virðulegur forseti. Í ágústmánuði 1988 boðaði þáv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, þann vísdóm að fárlagahalli yrði aðeins 683 millj. á árinu. Fögnuðu menn þessum boðskap að vonum og trúðu. Þetta var aðeins forsmekkurinn. Síðan linnti ekki nýjum og nýjum tilkynningum um ríkissjóðshallann og við árslok var hann orðinn 7 milljarðar. Þá var fyrir nokkru kominn nýr fjmrh. til starfa sem lagði á nýja milljarðaskatta með fjárlögum ársins 1989. Skyldi nú snúið við blaði og fjárlög voru afgreidd með tekjuafgangi. En í dag stöndum við í svipuðum sporum og í fyrra hvað varðar fjárlagahalla. Tekjuafgangur hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar breyttist í svipaðan halla og á fyrra árs fjárlögum. Og þrátt fyrir nýjar stórfelldar álögur virðist nú eiga að afgreiða fjárlög með tæplega fjögurra milljarða halla.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í tíð hinna ágætu fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar. Hvorugur virðist eiga sinn líka í veröldinni og þó er starfstíminn stuttur. Hvað verður hægt að segja um feril þeirra við lok kjörtímabils með sömu stjórnvisku? Þrátt fyrir stórhækkandi fjárlög og skattahækkanir á þegnana er stöðugt dregið úr því fjármagni sem varið er til verklegra framkvæmda. Má í því sambandi benda á hvernig ríkisstjórnarliðið meðhöndlar vegamálin sem eru eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar.

Sl. vor var gengið frá vegáætlun á Alþingi fyrir árið 1989–1992. Um hana varð samstaða og vonuðust alþm. til þess að tækist að vinna eftir henni. Ágreiningur varð þó gagnvart árinu 1989 en ríkisstjórnarlið-

ið ákvað að taka 700 millj. sem lagðar voru á umferðina í ár beint í ríkissjóðshítina í stað þess að skila þeim í Vegasjóð. Að öðru leyti bar vegáætlun það með sér að þetta skyldi aðeins gert í ár og eftir það færu skattar af umferðinni til vegamála. Eftir atvikum mátti því una við framkvæmdir í vegamálum að samþykktri vegáætlun í apríl sl. fyrir árin 1990–1992 þótt vissulega hefði mátt betur. En skjótt skipast veður í lofti og þegar fjárlög fyrir árið 1990 birtust á Alþingi 11. okt. sl. er búið að skera vegafé niður um fimmtung eða liðlega einn milljarð á næsta ári miðað við samþykkta vegáætlun. Svo bjartsýnir höfðu menn verið sl. vor að öllu fjármagni sem varið skyldi til vegamála árið 1990 samkvæmt vegáætlun, 5250 millj. kr., var skipt niður á verkefni í öllum landshlutum og engu óráðstafað. Þegar menn vakna upp við vondan draum í dag og sjá hvernig ríkisstjórnarliðið virðir ekki samþykkta vegáætlun, er þá ekki von að spurt sé: Getur það verið að það sé ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju sem svona vinnur?

Gagnvart landsbyggðinni eru þetta mikil ótíðindi. Nú við 3. umr. fjárlaga sýnist vera skilað inn í vegáætlun þriðjung af því sem skorið var við framlagningu fjárlaga miðað við samþykkta vegáætlun þannig að niðurskurður frá henni er 675 millj. En þegar betur er að gáð blasir við að virðisaukaskattur sem leggst á vegagerðina á næsta ári mun nema 300–400 millj. í auknum útgjöldum þannig að sú upphæð sem meiri hl. fjvn. er að leggja til með brtt. að varið verði til vega nú við 3. umr. mun kannski duga til að mæta hinum nýju álögum sem af upptöku virðisaukaskattsins leiðir á útgjöld vegagerðarinnar. Það blasir því við niðurskurður í vegamálum upp á 1 milljarð sem þýðir að rífa þarf upp alla vegáætlunina sem samþykkt var samhljóða á Alþingi fyrir fáum mánuðum. Því er svo enn við að bæta um vegamál að framlög til sýsluvega eru skert um 40–50 millj. og þar með svikinn af hálfu ríkisins þáttur í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með því að rústa sýsluvegasjóði dreifbýlisins. Var þó nóg að gert í því að standa ekki við verkaskiptingu af hálfu ríkisins. En gagnvart vegamálunum má spyrja: Hvað eru landsbyggðarþingmenn hv. stjórnarliðs, þar á meðal hæstv. samgrh., að hugsa?

Hvernig eru horfur í kjaramálum og atvinnumálum nú við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir jól? Það var fróðlegt að lesa í Tímanum viðtal við Guðmund J. Guðmundsson, formann verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Það var birt með stríðsletri þar sem hann segir einustu hugsanlegu kjarabætur felast í niðurfærsluleið. Fyrirsögnin var: „Annars fer þetta allt til andskotans." Með leyfi forseta vil ég vitna í orð Guðmundar J. Guðmundssonar. Hann segir m.a.:

„Það er fyrir okkur með öllu vonlaust að reyna að hugsa um að gera samninga þar sem kaupmáttaraukning geti átt sér stað. Það sem gera þarf er að lækka verðlag og vexti og vexti verður að lækka. Vaxtalækkun ein sér mundi bjarga hundruðum heimila frá tortímingu og fjölda fyrirtækja frá fyrirsjáanlegu hruni. Næsta skref þarf síðan að verða það að ganga miklu lengra í niðurfærsluátt ef þetta á ekki allt að fara til andskotans." Og enn segir hann: „Við stöndum nú frammi fyrir því að verulega vaxandi hluti fyrirtækja steypist á hausinn. Það verður einnig veruleg aukning á því að fólk missi íbúðir sínar vegna — ekki bara húsnæðislána — heldur einnig bráðabirgðalána og víxla og fjöldi ungs fólks sér ekki út úr myrkviði skelfingarinnar. Það verður að lækka vexti. Þeir eru núna í kringum 30% og mættu fara niður í 15% undir eins. Bankarnir verða að taka á sig ákveðna hluti. Ef þeir gera það ekki fara þeir sjálfir á hausinn vegna vanskila. Þeir fá einfaldlega ekki greitt frá fólki og fyrirtækjum sem eru nú þegar um það bil gjaldþrota."

Svo mörg eru þessi orð og ekki falleg. En í framhaldi af orðum Guðmundar J. Guðmundssonar um vextina: Það er kunnara en frá þurfi að segja að nálega öll gjaldþrot og greiðslustöðvanir undangenginna ára eiga sér eina og sömu orsök, þ.e. fjallháan fjármagnskostnað í formi verðbótaþáttar, vaxta og raunvaxta sem eru samanlagt þrefalt hærri en almennt gerist erlendis. Útflutnings- og samkeppnisgreinarnar þola ekki slíkan mismun og því er hrun orðið og kreppan fram undan. Þetta veit og skilur svo að segja hvert mannsbarn í landinu nema ráðamennirnir sem skella við skollaeyrum eða þykjast ekki skilja.

Þung vaxtabyrði af íbúðarlánum sem er stærsti liður fjölskylduútgjalda veldur búsifjum hjá launþegum. Þeir hafa verið sviptir kaupgjaldsvísitölu en lánskjaravísitalan leikur lausum hala. Meðan fjmrh. gortar af 17% raunvaxtagreiðslum og þar með yfir 40% nafnvaxtagreiðslum til kaupenda ríkisvíxla og ríkisskuldabréfa biðlar hann og ríkisstjórnin til verkamanna og annarra launþega um að þola kjaraskerðingu enn einu sinni. Kaup má ekki hækka um eina krónu. Fremur skal hafa atvinnuleysi og kreppu. Þeir ætlast með öðrum orðum til þess að lágtekjufólkið greiði niður verðbólguna fyrir þá svo að ráðamenn geti sagt: Sjáið, verðbólgan hefur lækkað og við getum lækkað vextina, þ.e. verðbótaþáttinn. Ekkert er látið uppi um raunvextina.

En mun verðbólgan lækka þó að verkamenn fórni sínum hagsmunum? Ekkert bendir til þess. Þrátt fyrir mun minni halla á vöruskiptajöfnuði við útlönd sem stafar af þverrandi kaupgetu almennings og kreppu hafa erlendar skuldir landsins aukist í ár um nálega 12 milljarða kr. eða um einn milljarð á mánuði hverjum og fjárlög verða afgreidd með a.m.k. 3,5 milljarða halla sem margir telja þó of lágt áætlað. Hann gæti orðið tvöfalt eða jafnvel þrefalt meiri. Svipaðri skuldaaukningu er spáð næsta ár, 1990. Virðisaukaskatturinn mun auka stórlega byggingarkostnað, þar með lánskjaravísitölu og vexti, hvað svo sem niðurgreiðslum til íbúðabygginga líður. Sams konar áhrif munu húsbréfin hafa þótt afföll þeirra séu takmörkuð meðan Landsbankinn greiðir hálfan milljarð til innlausnar bréfunum. Hver verða afföllin eftir það? 20 eða 30–40%? Vísir menn spá því að íbúðaverð muni tvöfaldast á næstu tveimur til þremur árum.

Hver er staða skuldabréfa ríkissjóðs, hæstv. fjmrh.? Hver er árleg vaxtabyrði af þeim, verðbótaþáttur, raunvextir og afföll? Þarf ekki að upplýsa það? Einnig þyrfti að upplýsa hver vanskilin eru orðin í bankakerfinu vegna gjaldþrota og greiðslustöðvana. Í einu orði sagt: Vegna vaxta sem hvorki fyrirtæki né heimili geta borgað. Hvað þarf lengi ránvexti til að jafna þau töp? Og enn um vextina.

Miðvikudaginn 13. des. sl. birti Morgunblaðið viðtal við hæstv. forsrh. og með leyfi forseta vil ég hafa úr því eftirfarandi orð:

„Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að í gærmorgun hefði ríkisstjórnin átt fund með bankastjóra Seðlabankans þar sem þessi mál, einkum vaxtamálin, hafi verið rædd. „Við höfum komið þessari afstöðu okkar fullkomlega til skila til Seðlabankans. Þessu var alls ekki illa tekið á fundinum en Seðlabankinn hefur þó engu lofað í þessum efnum", sagði forsrh. „Við erum sammála ASÍ og VSÍ um nauðsyn þess að ná fram lækkun nafnvaxta. Því miður hækkar framfærsluvísitalan um 2,2% nú í desember sem er meira en við höfðum vonað", sagði Steingrímur. „En því er spáð að verðbólga eigi að hjaðna mjög ört strax í byrjun janúar."„

Svo mörg voru þau orð hæstv. forsrh. í þessu viðtali. Já, sagði hann, þessu var ekki illa tekið á fundinum en Seðlabankinn hefur engu lofað. Ég endurtek: Seðlabankinn hefur engu lofað. Fram að þessu hef ég nú einhvern veginn haldið að forsrh. væri landsfaðir okkar á hverjum tíma. En í þessum orðum hæstv. forsrh. kemur fram að við eigum ekki bara pabba í Stjórnarráðinu heldur virðumst við eiga annan yfirpabba hér á jörðu niðri, í Seðlabankahúsinu.

Virðulegi forseti. Þyrfti ekki í ljósi orða forsrh. að fá úr því skorið hver er landsfaðir á Íslandi þannig að þjóðin velkist ekki í vafa um hver ræður?

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja hér örfá orð við þessa lokaumræðu um fjárlagafrv. Ég vil fyrst þakka formanni fjvn., hv. 5. þm. Vestf., fyrir dugandi leiðsögn í störfum fjvn. Hann minntist á það í ræðu sinni hér síðdegis í dag að fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun hefðu verið kvaddir á fund nefndarinnar nýlega til þess að láta þá spá um framtíðina. Þeir sögðu að þjóðhagsspáin hefði lítið haggast. Fram undan væri þriðja samdráttarárið í röð, eins og komist hefur verið að orði, lækkandi þjóðartekjur og líkur á einhverju atvinnuleysi, en atvinnuleysi, sem er eitt ægilegasta orð sem við tökum okkur í munn, hefur sem betur fer sneitt hér hjá garði í mörg undanfarin ár en þessa hættu, þessa vá, þurfa stjórnvöld að hafa í huga og bregðast hart við ef hún lætur á sér kræla.

Hv. formaður fjvn. ræddi um það að skynsamlegir kjarasamningar þyrftu að nást og er það auðvitað hverju orði sannara þó að það sé hægara sagt en gert. Við verðum að muna það að verðbólgan lifir enn. Verðbólgan er enn tveggja stafa tala og hún er enn þá draugur sem við þurfum að glíma við.

Að sjálfsögðu, segi ég, verða fjárlögin að þessu sinni afgreidd með verulegum halla sem við hefur blasað frá því að frv. var lagt fram í haust. Það er auðvitað í svo fjöldamörg horn að líta þegar fjárlög eru sett saman að þar þarf meira en orðin tóm. Við þurfum ekki annað en líta á þskj. 423 þar sem eru brtt. frá meiri hl. fjvn. við frv. nú fyrir 3. umr. til þess að sjá hvað mörgu þarf að gefa gaum. Eitt fyrir sig er það að sumar húseignir ríkisins eru að falli komnar. Þarf þá ekki að fara lengra en suður að Bessastöðum svo að við hrökkvum allt í einu upp við það að þar er mannvirkjagerð svo áfátt að það þarf að leggja í mikinn kostnað aðeins til þess að gera þau viðhlítandi. Og í fjvn. kom fram að nauðsynlegt væri að veita nokkuð fé til þess að lappa upp á eina af sundlaugum landsins sem er staðsett á íþróttasetri því að hún væri orðin hættuleg baðgestum vegna þess að stykki gætu dottið úr loftinu þá og þegar ef menn voguðu sér að taka þar sundsprett. Í þessum brtt. er vikið að Háskólanum á Akureyri sem auðvitað verður að hlynna að fyrst horfið var að því að setja hann þar á fót. Og við þurfum ekki að fara lengra en hér upp á Hverfisgötuna til þess að rekast á Þjóðleikhúsið sem þarf stórfelldra endurbóta og aðgerða við og Þjóðarbókhlöðunni þurfum við svo sannarlega að hraða. Þannig mætti lengi upp telja en þess er enginn kostur nú að minnast á nema örfá atriði.

Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir skýran og skörulegan málflutning fyrir hönd okkar sem skipum minni hl. í fjvn. Ég þarf ekki miklu að bæta við hans orð. En það á stundum vel við að einn af hásetunum á skútunni taki til máls og segi sínar skoðanir þó að eitt og annað sé komið fram í þessu máli.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. minntist á það að ríkisstjórnin hefði sent landsetum sínum kaldar kveðjur með því að tífalda eftirgjald ríkisjarða. Þetta er nú aðeins lítið dæmi af mörgum. Það mætti auðvitað lesa upp í löngu máli þau atriði þar sem hefði þurft að veita meira fé. Við skulum aðeins minnast á Jarðasjóð sem skilinn er eftir fjárvana og nú á allra síðustu dögum lækkar um eina milljón í fjárveitingu. Hér var minnst á vegamálin af hv. 1. þm. Vesturl. og fleirum en það er nú einu sinni svo að einhvern veginn finnst manni ekki sérstök þörf á að ræða vegamál um þetta leyti árs. Það er venjulega gert þegar daginn fer örlítið að lengja.

Þá var minnst á ferðamálin. Nú eru fjárveitingar til ferðamála skertar að venju, eins og gert hefur verið mörg undanfarin ár, og lítt hlynnt að ferðaþjónustu bænda, t.d., eins og hér kom fram í máli manna áðan þó að full ástæða væri til. Og enn er spurt um skólasamningana svonefndu þar sem hæstv. fjmrh. og menntmrh. hafa undirritað samninga um fast ákveðið fjármagn til skólabygginga um landið á næstu árum og nú er sagt að þeir séu allir úr gildi fallnir. Ég er hræddur um að sveitarstjórnarmönnum bregði við að heyra þau tíðindi ef þarf nú að fara að endurnýja þá alla saman. Þarna þarf svo sannarlega

að athuga málin að nýju. Og minnst var hér áðan á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar eru ekki öll kurl komin til grafar. Þar þarf að hyggja vel að því hvað kemur endanlega út úr þeim málum.

Hv. 1. þm. Vesturl., sem er ekki hér í salnum frekar en aðrir — það er orðið fátt um áheyrendur svo síðla dags — talaði um það að stjórnarandstaðan hefði ekki sýnt nein viðbrögð, engin viðbrögð, aðeins hefðbundið nöldur, en ekki fannst mér nú mikill hugur fylgja máli, enda hætti félagi minn að vestan fljótlega að tala í þessum dúr. En hann er, sá ágæti maður, nýbúinn að afhenda mér rit frá efnahagsnefnd Framsfl. sem þeir fjórir félagar sem það settu saman binda miklar vonir við og láta ekkert tækifæri ónotað til þess að láta í það skína að þarna séu nú nýjungar og fagrar hugmyndir á ferðinni. (Gripið fram í.) Ja, a.m.k. hef ég þegar fengið það að gjöf, þakka þér fyrir, og mun nú reyna að rýna eitthvað í þær fersku hugmyndir í jólaleyfinu.

Virðulegi forseti. Við ræðum hér, góðir alþm., um frv. til fjárlaga fyrir komandi ár á dimmasta degi ársins sem nú er að líða. Það eru vetrarsólhvörf sem ég kýs að kalla svo í mótsetningu við sumarsólstöður þegar sólin getur ekki horfið né farið í felur án þess að sjást á næsta leiti.

Hér hafa farið fram allsnarpar umræður á köldu dægri. Sumum hefur hitnað nokkuð í hamsi en aðrir hafa dottað í sætum sínum, hálfleiðir á löngum fundarsetum. Ágreiningsmálin eru mörg enda horfur ískyggilegar í mörgum efnum. „Margs þarf búið við," sagði Sighvatur Sturluson forðum og satt er það að svo örfámenn þjóð á veraldarvísu þarf margs að gæta og í mörg horn að líta. Fjvn. hefur því eins og oft áður orðið að hafna mörgum þörfum málum og vel rökstuddum erindum. Þau verða að bíða betri tíma.

Ég hef starfað í fjvn. á þessu haustþingi. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka gott samstarf í nefndinni, bæði nefndarmönnum og starfsfólki öllu svo og öllum góðum gestum sem sótt hafa á fund nefndarinnar með erindi sín stór og smá hvaðanæva úr byggðum landsins. Það gleymist stundum að þakka þessu fólki sem heimsækir okkur á hverju haustþingi.

Það eru margar sjónhverfingar sem hafa átt sér stað við þessa fjárlagagerð eins og raunar stundum áður. Nú er þau átök að baki og fjárlög senn afgreidd með álitlegum halla. Hvernig sem að er unnið og til er stofnað verðum við þó öll að vona að sæmilega rætist úr málum og eitthvað af vonunum rætist á komandi ári.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að leyfa mér í þessu heimilislega, svo ekki sé nú sagt fjölskyldulega, andrúmslofti sem hér er orðið að segja aðeins fáein orð út af einu tilteknu efnisatriði þessa fjárlagafrv. sem ég þarf að gera nokkrar athugasemdir við. En ég byrja fyrst á því að segja að það er svo nú sem jafnan endranær að það er létt verk að tína fram þá liði í þessu fjárlagafrv. sem mættu vera myndarlegri og það gjarnan miklu myndarlegri. Ég hygg að flestir hv. þm. eigi sér einhver þau áhugasvið eða áhugamálaflokka sem þeir telji naumt skorna. Þannig er það til að mynda með ýmis málefni landsbyggðarinnar og framkvæmdafjárveitingar til vegamála, flugvallargerðar og slíkra hluta, hafnamála o.s.frv. Víst þætti mörgum æskilegt að geta lagt þar meira til málanna en við verðum að sæta því eins og endranær að við erum að skipta mjög takmörkuðum sjóðum og það er í mörg horn að líta, margs þarf búið við, eins og hér var sagt af hv. síðasta ræðumanni svo fallega. Og því breytum við ekki hversu mikill sem hugur okkar er til slíkra hluta.

Varðandi ummæli sem hér hafa fallið hjá fleiri en einum hv. þingmanni í sambandi við fjárveitingar til vegamála er ekki annað um það að segja en að það er að sjálfsögðu miður að ekki skuli takast að standa að fullu við þá samþykktu vegáætlun sem hér var afgreidd á Alþingi sl. vor. En síðan hafa einfaldlega forsendur breyst og það er ljóst að það eru ekki efnislegar forsendur til þess að standa við þá niðurstöðutölu sem sú vegáætlun byggði á. Hún var reist á þeim grunni að fullnýta hina mörkuðu tekjustofna og á grundvelli spár um verðlagsþróun og bensínsölu var fengin ákveðin niðurstöðutala upp á 5235 millj. kr., ef ég man rétt. Það er ljóst að nú hefur hvort tveggja gerst að verðlag hefur þróast með öðrum og aðeins hagstæðari hætti en þar var ráð fyrir gert. Bensínsala hefur og orðið minni og spár um hana eru minni þannig að það er alveg ljóst að hinir mörkuðu tekjustofnar mundu á næsta ári, þó að þeir væru fullnýttir allt árið, ekki skila þessari tilskildu upphæð. Þegar af þeim sökum er óhjákvæmilegt að niðurstöðutala vegaútgjaldanna á næsta ári verði lægri en sú sem vegáætlunin kveður á um. En þessu til viðbótar ákvað ríkisstjórnin, til þess að ná settum markmiðum um verðlagsþróun og skatthlutföll á næsta ári, að nýta ekki alveg til fulls hina mörkuðu tekjustofna, en þeir eru að sjálfsögðu hluti af skattstofnum ríkisins og koma inn í prósentutölur um skattbyrði sem hlutfall af þjóðartekjum eða öðrum viðmiðunum eins og aðrir slíkir skattstofnar. Og þegar þetta tvennt eða þrennt er lagt saman, þ.e. sú staðreynd að verðlagsspá vegáætlunar gerði ráð fyrir 19% hækkun verðlags milli áranna 1988 og 1990 en reiknitala fjárlaganna er 16% þegar tekin er inn í spá um minni bensínsölu og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að draga þar á ofan úr útgjöldum til vegamála með því að nýta ekki til fulls hina mörkuðu tekjustofna, verður útkoman sú að talsverða fjárhæð vantar upp á að niðurstöðutala vegáætlunar frá sl. vori standist að fullu.

Ég vil þó gleðja hv. þingdeildarmenn, eða mér liggur við að segja mann ef ég sleppi forseta og ávarpa þann eina áheyranda sem hér er eftir með því að fullvissa hann um að sú niðurstöðutala sem felst í brtt. meiri hl. fjvn. upp á 4575 millj. kr. þýðir í reynd nokkra raunaukningu á framlögum til vegamála á næsta ári frá þeim útgjöldum sem ráðstafað verður til þeirra mála á þessu ári og hef ég þá tekið með þær aukafjárveitingar sem fjáraukalagafrv. gerir ráð fyrir til vegamála. Okkur miðar því nokkuð á leið í þessum

efnum. Hvað virðisaukaskatt snertir, hv. þm., er ekki ljóst í nákvæmum atriðum hvernig hann kemur út. Það er líklegt að hann valdi nokkurri hækkun á framkvæmdakostnaði hjá Vegagerðinni eins og fjölmörgum sambærilegum aðilum og rýri þess vegna eitthvað framkvæmdafé Vegagerðarinnar frá því sem ella hefði orðið. En ég hygg nú að þar sé ekki um nákvæm vísindi að ræða heldur áætlanir eða spár og undan því verður einfaldlega ekki vikist að þessir aðilar axli þá þær byrðar sem því fylgja eins og allir aðrir aðilar í þjóðfélaginu verða að gera við gildistöku virðisaukaskattsins. Það verður þá verkefni næsta árs og ára að ræða hvernig hátta skuli framkvæmdum eða framlögum til vegamála í ljósi þess að virðisaukaskattskerfið er komið til framkvæmda.

En sá efnisliður frv. sem ég vil ræða nokkrum orðum, virðulegur forseti, í lokin er fjárveiting til eins verkefnis sem fært er undir landbrn. Það er svonefnd héraðsskógaáætlun sem er samkvæmt brtt. frá meiri hl. fjvn. færð undir landbrn. beint sem eitt af ýmsum verkefnum á þeim bæ en ekki lengur beint undir Skógrækt ríkisins, enda er þar um sjálfstætt og óháð verkefni að ræða. Því miður hefur hv. fjvn. ekki treyst sér til að hækka þennan lið frá því sem var í frv. við framlagningu þess, en þar eru ætlaðar 15 millj. kr. til þessa verkefnis. Fyrir liggur nokkuð ítarleg kostnaðaráætlun um það að verkefnið komið á fullan skrið kosti á milli 60 og 70 millj. kr. á ári hverju. Og ég kemst ekki hjá því að upplýsa að það eru mér vonbrigði að hv. fjvn. skyldi ekki treysta sér til að hækka þennan lið. Það eru mér sérstök vonbrigði og því nefni ég hann einan þeirra fjölmörgu liða sem ég gæti sagt ýmislegt sambærilegt um. Ég hef talið og hef reynt að fá á því skilning að það sé nauðsynlegt verkefnisins vegna og stöðu mála að koma því a.m.k. á hálfa ferð áfram eins og ég hef orðað það. Til þess þyrftu að bætast við einar 15 til 20 millj. kr. að svo mætti verða. En úr því að svo hefur nú farið að hv. fjvn. hefur ekki talið verkefnið komið á þann rekspöl að hún gæti réttlætt það að hækka þessa fjárveitingu án frekari rökstuðnings verður að sæta því. Ég tek það hins vegar fram að ég er ekki sammála þeirri röksemdafærslu hv. fjvn. Ég tel fullnægjandi rök hafa verið færð fyrir því að þarna þurfi meiri fjármuni á næsta ári til að undirbúa og hefja verkefni með eðlilegum hætti. Ég vil einnig ítreka að þetta verkefni byggir á þegar gerðri samþykkt Alþingis, þál. um skógræktarátak á Fljótsdalshéraði, ítem á sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá sl. sumri um að hefja slíkt átak. Ég mun hins vegar og vil að það komi sérstaklega fram við þessa umræðu gera það sem í mínu valdi stendur verði fjárveitingar til verkefnisins á fjárlögum ekki hærri en nú stefnir í, útvega þá viðbótarfé til þess að verkefnið megi komast á fullan skrið og a.m.k. hálfa ferð áfram strax á næsta ári og snúa mér í þeim efnum til allra þeirra aðila sem hugsanlega gætu lagt þessu verkefni lið og ég veit að fyrir því er víða áhugi að styðja við það. Ég tel þar auðvitað koma fyrst og fremst til greina að taka um það sjálfstæða ákvörðun á næsta ári, þegar verkefnið er komið lengra áleiðis, að bæta við þessa fjárveitingu beint úr ríkissjóði. Í öðru lagi gætu aðrir og utanaðkomandi aðilar hugsanlega komið til liðs við verkefnið og lagt því fé. Í þriðja lagi kæmi til greina, og verður athugað af minni hálfu, hvort auðvelda megi einhverja uppbyggingu og greiða einhvern fjárfestingarkostnað með öflun lánsfjár á næsta ári sem síðan yrði þá eftir atvikum greiddur af fjárveitingum næstu ára eða með sértekjum sem slíkar lántökur gætu hugsanlega grunnlagt. Ég set mér það sem markmið eins og ég hef þegar sagt að láta ekki staðar numið fyrr en það er tryggt að verkefnið geti haldið áfram af fullum krafti og ég tel að það sé afar mikilvægt að svo takist, þannig að ekki fjari undan því eða tiltrú manna á því að Alþingi og ríkisstjórn hafi verið og sé full alvara með samþykktum sínum um þetta mál.

Að lokum skal það tekið fram að það er nú til athugunar í landbrn. hvort skynsamlegt og rétt sé að staðfesta þetta verkefni enn frekar með því að koma með það hér inn á hið háa Alþingi á nýju ári í formi sérstakrar þál. og mun það skýrast í upphafi ársins hvort svo verður eða ekki. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 425, 426, 469 og 472, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 472 flytur meiri hl. fjvn. lítilvæga brtt., þ.e. að tekið sé tillit til þeirrar afgreiðslu við fjárlagaafgreiðsluna sem er nú að fara fram á hv. Alþingi varðandi veiðieftirlitsgjald og er þá miðað við að það frv. hljóti afgreiðslu sem afgreitt hefur verið með samkomulagi í hv. neðri deild. Að öðru leyti þarfnast till. ekki skýringar.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég neyðist nú til þess að flytja hér þrjár brtt. í sambandi við fjárlög af þeirri ástæðu sem nú skal greint.

Fyrsta brtt. er við 4. gr. um Háskólann á Akureyri, að í staðinn fyrir 63 millj. 338 þús. komi 80 millj. 338 þús. Önnur till. er við 4. gr., Leikfélag Akureyrar. Í staðinn fyrir 12 millj. 720 þús. komi 27 millj. 720 þús. Leikfélagið á Akureyri telur sig þurfa upp undir 40 millj. ef það eigi að geta haldið starfsemi sinni áfram. Það er því um að ræða að hækka þessa fjárhæð sem er hér í tillögum hv. fjvn. eða loka leikhúsinu. Og ég get ekki farið norður fyrir fjöll öðruvísi en þó að hafa gert tilraun til þess að fá leiðréttingu á þessum lið. Það er verið að tala um mikinn styrk og endurbætur á Þjóðleikhúsinu en þannig er nú litið til okkar Eyfirðinga. Ef þessi tillaga stendur eins og hún er verður að loka. Og þó að mér þyki það ekki gaman að standa hér og koma með slíkar tillögur sem þessar er enn þá verri kostur að gera það ekki.

Í þriðja lagi er hér brtt. við 4. gr., nýr liður: Til háhitarannsókna og könnunar á uppstreymi lífræns gass í Öxarfirði, 10 millj. Það er dálítið merkileg saga

í sambandi við tilraunirnar á háhitasvæðinu í Öxarfirði. Fyrir tveimur árum flutti formaður þáv. fjvn., Pálmi Jónsson, tillögu hér á þingi sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Tekinn verði upp nýr liður, 10 millj. kr., sem tengist sérgreindu verkefni við upptöku sjávar fyrir fiskeldi, þar á meðal vegna slíkra rannsókna í Öxarfirði."

Það kom ekki króna af þessu fjármagni til þessa verkefnis. Ef það hefði verið hér í kringum Reykjavík er ekki vafi hvert það hefði farið. Það stendur þannig á í Öxarfirði að þar á byggðin í miklum örðugleikum og tvísýnt er um nema fækki þar verulega. Í skýrslu frá Orkustofnun kemur fram það sem þeir lögðu til, að það þyrfti að bora þarna 500–1000 metra djúpa rannsóknarholu. Í dag, þegar ég fór að athuga póstinn minn, var þar bréf frá héraðsnefnd Norður-Þingeyinga undirskrifað af sýslumanni þar sem skorað er á þingmenn, fjvn. og Alþingi að verða við þessari beiðni. Og það er enn þá merkilegra að í fjárlögum þessa árs var merkt í þessar rannsóknir 1 millj. 150 þús. Því hefur ekki verið skilað.

Þar sem er svona naumt með tíma og ég var búinn að heita að tefja hér ekki fund verð ég að láta þetta duga. En ég er með ýmis plögg hér fyrir framan mig sem sýna og sanna stöðu þessara mála og þá þróun sem hefur orðið í þessum málum. Og ég verð nú að segja það að ég er undrandi á hv. fjvn. og formanni fjvn. hvernig hann hefur staðið að þessu máli, bæði með tillöguflutningi og í umræðum hér á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hvernig þinghald er fyrirhugað hér í kvöld. Reynt verður að ljúka umræðu um fjáraukalög, en að þeirri umræðu lokinni hefjast hér umræður um viðræður EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið og tveir hv. ræðumenn munu ljúka ræðum sínum. Síðan hefur verið um það samið að umræðunni ljúki ekki en þeir hv. þm. sem höfðu verið á mælendalista hafa frestað ræðum sínum þar til þing kemur saman að nýju.

SAMEINAÐ ÞING

37. fundur, fimmtudaginn 21. des., að loknum 36. fundi.

Kaup Landsbankans á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum, hvort leyfð skuli.

Beiðni ÞP o.fl. um skýrslu, 259. mál. — Þskj. 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 35 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1989, 3. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 458, brtt. 471.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fram kom við 2. umr. málsins hvaða meginviðmiðanir fjvn. eða öllu heldur meiri hl. fjvn. hafði haft við afgreiðslu þessa máls og tillöpgugerð, en það meginviðhorf var að leggja til að samþykktar yrðu allar þær aukafjárveitingar sem hæstv. ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar hafa samþykkt með atbeina fjmrh. og hafa annaðhvort verið greiddar út eða skuldbundið um greiðslu á.

Meiri hl. fjvn. gerði síðan tillögur um að það sem eftir stæði væri að hluta til skorið niður og ekki samþykktar greiðsluheimildir á og byggði þá á upplýsingum frá fjmrn. um hvaða greiðslur væri ekki búið að inna af hendi og ekki búið að skuldbinda.

Fyrir atkvæðagreiðsluna við 2. umr. komu fram tilmæli frá einstökum ráðherrum um að sum atriði í tillögugerð meiri hl. fjvn. um niðurskurð yrðu skoðuð betur þar eð fyrir lægi að ákvarðanir hefðu verið teknar um skuldbindandi greiðslur úr ríkissjóði á vegum fagráðuneytanna þó svo að þær upplýsingar hafi ekki borist fjmrn. í tæka tíð þegar fjvn. kallaði eftir upplýsingum þar að lútandi frá fjmrn.

Meiri hl. fjvn. hefur tekið þessi örfáu atriði til skoðunar og flytur nú tillögur sínar á þskj. 471 í samræmi við niðurstöður af þeirri athugun. Í ljós kom í fyrsta lagi að hvað varðar Þjóðarbókhlöðu og afgreiðslu aukafjárveitingar að fjárhæð 35 millj. kr. sem gert var ráð fyrir í frv. til fjáraukalaga, þá er það rétt að búið er að gera bindandi verksamning um þetta verk og skuldbinda greiðslu úr ríkissjóði vegna þessa verksamnings allt að 30 millj. kr. og mun sú greiðsla falla til á þessu ári.

Meiri hl. fjvn. leggur til, að fengnum þeim upplýsingum, að þessi fjárhæð verði samþykkt og er það í samræmi við aðrar tillögur meiri hl. fjvn. um aukafjárveitingar sem þannig stendur á að þær hafi annaðhvort þegar verið greiddar eða skuldbindandi ákvörðun verið tekin um greiðslu á þeim.

Sama máli gegnir hvað varðar tillögu 2. Sú tillaga varðar Unglingaheimili ríkisins og er um kostnað sem lagt hefur verið í vegna ákvarðana um að hefja rekstur á meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur á árinu 1990. Til þess að undirbúa það mál hefur verið ráðist í nokkurn kostnað, m.a. í sambandi við úttekt á hugsanlegu húsnæði og einnig er varðar þjálfun starfsmanna. Sá kostnaður sem mun falla á

ríkissjóð á árinu 1989 af þessum orsökum er 1 millj. 210 þús. kr. og leggur meiri hl. fjvn. til í samræmi við áðurgreinda afstöðu að Alþingi fallist á þá viðbótarheimild.

Einnig kom í ljós við athugun fjvn. að þegar hafði farið fram greiðsla á vegum Skógræktar ríkisins sem fjallað er um í 3. brtt. og er sú greiðsla vegna kaupa eða eftirstöðva af kaupum Skógræktarinnar á tveimur traktorum frá árinu 1987. Sú greiðsla hefur einnig farið fram og gerir meiri hl. fjvn. tillögu um að hún verði viðurkennd.

Þá komu einnig fram upplýsingar um að skuldbindandi loforð hafi verið gefið um greiðslu aukafjárveitingar að fjárhæð 2 millj. kr. til Kvennaathvarfsins í Reykjavík þó sú greiðsla hafi ekki verið innt af hendi. Meiri hl. fjvn. lítur svo á að slíkt loforð um greiðslu sem tilkynnt hefur verið þriðja aðila sé í raun skuldbindandi um greiðslur úr ríkissjóði og leggur því til að fallist verði á að fullu að veita þá aukafjárveitingarheimild til greiðslu á 2 millj. kr. til Kvennaathvarfs í Reykjavík sem búið var að gefa fyrirheit og bindandi skuldbindingar um.

Þá er í fimmta lagi tillaga sem kölluð var til baka og var tillaga frá meiri hl. fjvn. á því þingskjali sem afgreitt var við 2. umr. þessa máls og varðaði lækkun á framlögum til Landgræðslu ríkisins vegna stofnkostnaðar. Það kom einnig í ljós, þegar málið var skoðað betur, að þessi fjárhæð hafði þegar verið greidd þó svo að fjmrn. hafi ekki fengið upplýsingar um það þegar kallað var eftir upplýsingum um greiddar eða skuldbundnar aukafjárveitingar frá fjmrn. á sínum tíma. Er því ekki endurflutt sú tillaga sem flutt var um að sú greiðsluheimild yrði ekki samþykkt. Sú tillaga hefur sem sé verið tekin aftur.

Virðulegi forseti. Þetta er niðurstaða meiri hl. fjvn. sem hér kemur fram. Hún er í fullu samræmi við aðrar afgreiðslur sem nefndin hefur lagt til og ég legg til að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 verði síðan samþykkt með þessum breytingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 471 samþ. með 34 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 476).

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur verið sagt að við stöndum hér á vissum tímamótum í þeim málum sem kennd hafa verið við Evrópu, Evrópumálunum, og sem tengjast könnunarviðræðum og nú undirbúnings- og samningaviðræðum um evrópskt efnahagssvæði.

Frá því 15. mars hefur sem kunnugt er farið fram mikið starf að þessum málum og hæstv. utanrrh. lagði fram skýrslu þann 20. nóv. og mælti fyrir henni 23. nóv. Síðan hefur mál þetta verið til umræðu hér í Sþ. á mörgum fundum. Því miður hefur sú umræða verið mjög sundurslitin. Er ég ekki að ásaka neinn af þeim sökum en hlýt að benda á að það er mjög óheppilegt í svo stóru og þýðingarmiklu máli að ekki skuli hafa tekist að ná meiri samfellu í umræðuna og fá fram fyrir þjóðina skýrari mynd af afstöðu flokka og einstakra þingmanna hér á hv. Alþingi. Ég heyri það að ekki sé ráðgert að ljúka þessari umræðu fyrir jólahlé þingsins þannig að ljóst er að hún mun dragast fram á næsta ár. Mál þetta verður að sjálfsögðu, eins og á því hefur verið haldið, eitt meginmál í þjóðmálaumræðunni, hlýtur að verða það á komandi ári, og ég dreg enga dul á það að ég tel að hér stefni í mjög verulegt óefni eins og á þessu máli hefur verið haldið af hæstv. utanrrh. og eins og ríkisstjórnin hefur markað stefnu um það með bókun sinni 29. nóv. sl. Ég segi þetta af þeim sökum að sú framvinda mála, sem könnunarviðræðurnar hafa tekið, og sú niðurstaða, sem liggur nú fyrir eftir sameiginlegan fund málsvara Evrópubandalagsins og EFTA, tekur stefnu á sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði og sá sem heldur á þessum málum fyrir Íslands hönd, hæstv. utanrrh., fer ekkert dult með þá skoðun sína að hann telji að það eigi að ná landi í þessum samningum út frá þeim forsendum sem lagðar hafa verið í könnunarviðræðunum.

Ég fullyrði að stefnan á evrópskt efnahagssvæði eftir þeim siglingaljósum sem fyrir liggja er í raun stefna á inngöngu Íslands í Evrópubandalagið sjálft fyrr eða seinna. Menn eru hér í rauninni að ganga í samflot, rugla saman reytunum við Evrópubandalagið í þýðingarmesta þætti Rómarsamningsins, það sem snýr að hinum innra markaði sem settur var á flugferð með ákvörðunum Evrópubandalagsins nú á síðustu árum.

Hvernig halda menn að það verði í raun kleift fyrir ríki innan Fríverslunarsamtaka Evrópu, jafnsundurleit og þau eru og hafa aðeins innan sinna vébanda 1/10 hluta af íbúafjölda Evrópubandalagsins, að ætla að halda óháði sínu gagnvart þessu stóra bandalagi, halda í horfinu sem ein af tveimur meginstoðum í togstreitu við þetta stóra Evrópubandalag þegar fram líða stundir eftir að búið verður að rugla reytunum í sambandi við ákvarðanatöku, eftirlit og dómstóla eins og hlýtur að verða að gera og eins og að er stefnt samkvæmt þeim yfirlýsingum sem fyrir liggja? Ég er satt að segja afar undrandi á því hve fáir hér á hv. Alþingi Íslendinga hafa áttað sig á þessum staðreyndum. Eða er ástæðan kannski sú að þeir vilja ekki

koma úr kafinu, þeir kjósa að draga fjöður yfir þá staðreynd hvert verið er að stefna, þeir telja sér henta að sigla áfram í þoku gagnvart alþjóð og kveða ekki upp úr um það í reynd hvaða land þeir sjá fyrir stafni?

Ég hefði kosið, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. gæti séð sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu hér í kvöld. Ég segi það m.a. vegna þess og ber fram þá ósk vegna þess að hæstv. forsrh. ber að sjálfsögðu ábyrgð á siglingu ríkisstjórnarinnar í þessum málum á heildina litið. Hæstv. forsrh. stóð að Oslóaryfirlýsingunni 15. mars sl. og hæstv. utanrrh. er hér ekki viðlátinn þótt ég geri á engan hátt lítið úr viðveru hæstv. viðskrh. sem gegnir störfum hans hér. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að tala við forsrh. og gá hvernig stendur á.) Já, ég þakka, virðulegur forseti, og vænti að það beri árangur.

Ég mun koma nánar að því síðar í ræðu minni, virðulegur forseti, hvernig horfir í sambandi við það atriði sem hæstv. forsrh. gerði sérstakan fyrirvara við á Oslóarfundinum í marsmánuði og hér á Alþingi Íslendinga, — var það ekki 9. mars? Það var í öllu falli fáum dögum fyrir fundinn í Osló þegar mál þessi voru rædd hér utan dagskrár.

En ég vil þá víkja nokkrum orðum að málsmeðferðinni á þessum tíma könnunarviðræðnanna. Ég vil andmæla þeim fullyrðingum sem fram hafa komið hjá þeim sem bera ábyrgð á þessari málsmeðferð, sérstaklega hæstv. utanrrh., að hún hafi verið vönduð og það hafi farið hér fram mikið samráð, jafnvel meira samráð en gerst hefur í öðrum málum. Ég tel þetta vera ranga fullyrðingu, e.t.v. fram setta, því miður, til þess að blekkja, til að villa um fyrir þeim sem ekki hafa átt að vera þátttakendur í þessu samráðsferli.

Ég tel ljósasta vottinn um samráðsleysið í þessu stóra máli vera það sem snýr að utanrmn. Alþingis. Ég á sæti í þeirri nefnd og það er sá vettvangur sem lögboðið er að hæstv. utanrrh. hafi samráð á við Alþingi, beri fram álitamál til þess að ráðfæra sig við nefndina og til þess að leita álits hennar í málum. Þetta hefur gerst á mjög ófullkoinn hátt og í mjög mörgum tilvikum og raunar flestum tilvikum þannig að nefndinni hefur verið greint eftir á frá því sem gert hefur verið en hún hefur ekki átt kost á því að vera þátttakandi, hvað þá ráðgjafi, fyrir fram varðandi þau álitaefni sem legið hafa fyrir hverju sinni. Það hefur líka gerst og það má segja að fyrir því eru skiljanlegar ástæður í ýmsum tilvikum að hæstv. utanrrh. hefur ekki sótt fundi nefndarinnar. En það hefur líka gerst að hæstv. ráðherra hefur verið hér í borg viðstaddur þegar um er að ræða fyrir fram ákveðna fundi utanrmn. og hefur ekki látið sjá sig vegna þess að hann hefur talið önnur mál vera þýðingarmeiri og látið sig vanta. Þetta gerðist m.a. í nóvembermánuði í aðdraganda þess að fram var lögð skýrsla hans hér. Og frá því 29. nóv. hefur hæstv. utanrrh. ekki setið fundi utanrmn., enda hefur ekki verið um fundahöld að ræða af hálfu nefndarinnar á þeim tíma, og þó hefur hæstv. utanrrh. staðið að tveimur veigamiklum yfirlýsingum fyrir Íslands hönd á þessum tíma, á vettvangi ráðherra EFTA þann 11. des. og síðar og ekki síður í aðdraganda fundarins í París þann 19. des. þar sem hæstv. ráðherra stendur að yfirlýsingu og bindur Ísland inn í undirbúningsviðræður a.m.k. og í rauninni túlkar það sjálfur svo að þar sé undirbúningur að samningaviðræðum og hefur knúið fram sér til handa af ríkisstjórn Íslands umboð til þess að vera þátttakandi í þeim samningaviðræðum.

Ég hlýt að vekja athygli á þessum alvarlega bresti í málsmeðferðinni sem fyrir liggur. Það er þeim mun alvarlegra sem hér er verið að leggja upp í ferð sem mér sýnist ekki aðeins vísa á evrópskt efnahagssvæði heldur í reynd á inngöngu Íslands í Evrópubandalagið ef við látum teyma okkur inn í fordyrið, inn í hið evrópska efnahagssvæði sem er yfirlýst markmið utanrrh. a.m.k. Ég vona að það séu ekki fleiri í því neti enn sem komið er heldur en Alþfl. af þeim sem sitja við ríkisstjórnarborðið og veit þó sáralítið hvað Borgfl. er að hugsa sem nýlega hefur verið dreginn að því borði.

Ég vil líka vekja athygli á því, virðulegur forseti, að það var með mjög sérkennilegum hætti sem hæstv. utanrrh. Íslands varð sér úti um umboð af hálfu ríkisstjórnar Íslands til þess að eiga hlut að undirbúnings- og samningaviðræðunum. Vegna þess þáttar í mínu máli óska ég eftir því að kannað verði, virðulegur forseti, hvort hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., er staddur í húsinu vegna þess að ég kýs að hafa hann nærstaddan þar sem hann kemur nokkuð við sögu þessa máls. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að Þorsteinn Pálsson er ekki staddur hér í húsinu.) Þá hlýt ég, virðulegur forseti, að una við það. Ég sé ekki ástæðu til þess þó ég hefði síst á móti því að honum yrði gert viðvart að að honum sé vikið hér í þessari umræðu, en hér eru fulltrúar Sjálfstfl. viðstaddir, þó að ég hefði sannarlega kosið að hv. 1. þm. Suðurl. væri hér nærstaddur því að hann á verulegan hlut í forleik þessa, að umboðs var aflað til handa utanrrh. Íslands.

Það gerðist nefnilega að morgni þess 28. nóv. sl. að þeir áttu tal saman, hæstv. utanrrh. og hv. 1. þm. Suðurl. Hver frumkvæði átti að því samtali skal ég ekki fullyrða, en ég hygg að það hafi verið hæstv. utanrrh. sem það gerði. Og tilefnið var það að leita eftir því við formann Sjálfstfl. hvort hann gæti ekki orðið stuðningsaðili við sig í þessu máli, hvort ekki væri hugsanlegt að Sjálfstfl. og Alþfl. næðu saman um málsmeðferðina hér á Alþingi. Formaður Sjálfstfl. mun ekki hafa tekið fjarri að athuga það mál og reyndar hefur síðar komið fram af hans hálfu að hann mat það eftir þetta samtal að bilið væri ekki breitt sem brúa þyrfti. Það væri helst að eitthvað skorti á orðalag varðandi hinar títt nefndu tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Hann óskaði eftir því að fá hugmynd eða drög að texta frá hæstv. utanrrh. og þessi textadrög bárust formanni Sjálfstfl. þann sama dag frá utanrrh. sem hafði lýst því yfir á Alþingi þegar hann kynnti skýrslu sína að hann teldi enga nauðsyn á því að ganga frá neinu formlegu umboði á Alþingi sér til handa þar sem ríkisstjórnin

væri samstæð í þessu máli. Samt fer hæstv. utanrrh. í baktjaldamakk við Sjálfstfl. um þetta mál án þess að greina samstarfsaðilum sínum í ríkisstjórn frá því, a.m.k. ekki ríkisstjórninni í heild. Ég hygg hins vegar að hann hafi greint einstökum ráðherrum frá þessu, þeim ráðherrum sem hann taldi sér henta að láta vita af því að hann ætti nú hauka í horni í garði stjórnarandstöðunnar. Svo mikið er víst að það voru ekki litlir brestir og ramakvein sem upphófust þegar Sjálfstfl. var ljóst og formanni hans að utanrrh. var genginn honum úr greipum í þessu máli, í bili a.m.k., og utanrrh. hafði tekist að afla sér umboðs ríkisstjórnar Íslands til undirbúnings- og samningaviðræðna.

Margt í tengslum við þetta mál, virðulegur forseti, væri sannarlega þörf á að rekja svolítið hér á hv. Alþingi og ég held að ég leyfi mér að taka í það örfáar mínútur. Það liggur nefnilega nokkuð vel skjalfest fyrir í blöðum formanns Alþfl. og í málgagni Sjálfstfl., Morgunblaðinu, hvernig þessi mál gengu fyrir sig. Þann 30. nóv. gefur að líta á forsíðu Alþýðublaðsins undir fyrirsögninni „Hættulegur og óábyrgur leikur" viðtalsbrot við formann Alþfl. og er orðrétt eftir honum haft vegna málflutnings Sjálfstfl.: „Nú velur Sjálfstfl. þennan tíma til að snúa við blaðinu í stað þess að leita eftir samstöðu lýðræðisflokkanna eins og hann gerði hér áður í þýðingarmiklum alþjóðamálum," sagði Jón Baldvin Hannibalsson, „samstöðu lýðræðisflokkanna" — og það er ákveðinn saknaðartónn í formanni Alþfl.

Og það stóð ekki á því að formaður Sjálfstfl. gæfi sig einnig fram í sambandi við þetta mál. Þessi vinslit, tímabundnu vinslit a.m.k., milli þeirra félaga sem skildu að skiptum haustið 1988 í ríkisstjórn með eftirminnilegum hætti og hafa ítrekað reynt að verma upp bólið síðan án þó teljandi árangurs fram til þessa.

Í Morgunblaðinu laugardaginn 2. des. fjallar formaður Sjálfstfl. um þessar áþreifingar og lýsir sjónarmiðum sínum í því sambandi. Þar segir formaður Sjálfstfl. þar sem hann er að ræða um það að Alþingi ætti að marka stefnu í þessu máli:

„Utanrrh. gat auðveldlega leitað eftir samstöðu á Alþingi um stefnumörkun í þessu mikilvæga hagsmunamáli. Reyndar verður að líta svo á að það sé skylda hans í máli sem þessu en í því efni brást honum algerlega bogalistin. Flest bendir til þess að hann hafi lagt meira upp úr setu Alþb. í ríkisstjórn en að ná breiðu samstarfi þeirra flokka sem um langan aldur hafa staðið saman að veigamestu ákvörðunum sem teknar hafa verið í utanríkismálum. Utanrrh. vissi að ég var tilbúinn til samninga en hann kaus að rjúfa samstöðu lýðræðisflokkanna af ótta við Alþýðubandalagið."

Það fellur saman hér hugtakanotkunin hjá þessum fyrrv. lagsbræðrum í ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Hvað segir hæstv. menntmrh.? (Gripið fram í.) Já, þetta er nokkuð gamalkunnugt. Síðan geta menn farið yfir þessi efni með því að lesa allsérstætt viðtal við formann Alþfl. sem birtist í Alþýðublaðinu þann 5. des. þar sem farið er allítarlega út í þessi efni, þetta tilhugalíf formanns Sjálfstfl. og Alþfl., og þar sem menn fá staðfest í rauninni vonbrigðin á báðum bæjum, má segja, (**Fjmrh.:** Þú ættir nú að ræða tillöguna ...) í sambandi við þessi efni. Og hæstv. fjmrh. er kominn hér og er beðinn um að það verði farið að ræða um samskipti þeirra formanna, hinna svokölluðu A-flokka, en það var ekki hugmynd mín að taka það hér sérstaklega upp í kvöld.

Þessi efni eru líka samantekin í Morgunblaðinu þann 12. des. í frásögn sem Agnes Bragadóttir blaðamaður rekur í sambandi við samskipti formanns Sjálfstfl. og Alþfl. í þessum efnum.

Ég rek þetta hér, virðulegur forseti, til þess að draga fram þá hræsni og hráskinnaleik sem í raun á sér stað í málflutningi formanns Alþfl. og Sjálfstfl. í þessum efnum. Það er verið að reyna að sýna fram á að milli þessara aðila sé einhver teljandi ágreiningur í sambandi við Evrópubandalagsmálið og evrópska efnahagssvæðið. En í reynd var — og ég fullyrði er — ágreiningurinn ekki meiri en svo að það skorti ekki mikið á að þessir aðilar næðu að krækja saman um síðustu mánaðamót og gerðu tilraunir til þess eins og fyrir liggur. En þar með var ekki sögunni lokið.

Hæstv. utanrrh. gaf ítrekað yfirlýsingar um það að hann teldi að ekki þyrfti neitt umboð frá Alþingi Íslendinga þvert ofan í það sem hann sagði bæði í utanrmn. og við fjölmiðla í septembermánuði sl. Hæstv. utanrrh. fjargviðraðist um það þegar hann mælti fyrir skýrslu sinni hér á Alþingi hversu fávísir þeir menn væru sem létu sér detta í hug að það ætti að afla umboðs frá Alþingi í þessu stóra máli. Hann hafði mörg orð um það og dró fram lærða lögfræðinga og stjórnmálafræðinga, m.a. Ólaf Jóhannesson, fyrrv. hæstv. forsrh. og lagaprófessor, til þess að sýna fram á hversu fáránlegt það væri að afla slíks umboðs, þrátt fyrir það að sjálfur hafði hann verið á þeirri skoðun nokkrum vikum fyrr. Og staðgengill hans hér á Alþingi, hæstv. núv. viðskrh., eyddi skammdegisdögunum fyrri hluta aðventunnar í það að reyna að ná samkomulagi við Sjálfstfl., ekki alla stjórnarandstöðuna heldur við Sjálfstfl. sérstaklega, um framgang mála hér á Alþingi. (**Viðskrh.:** Alla stjórnarandstöðuna.) Alla stjórnarandstöðuna, segir hæstv. viðskrh. Það er ágætt, hann rekur það væntanlega hér í máli sínu.

Það liggja fyrir drög að þáltill., tillögu til rökstuddrar dagskrár réttara sagt, í málinu „könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið" og það er fróðlegt fyrir menn að kynna sér þau drög, m.a. þá hv. sjálfstæðismenn sem hafa verið að reyna að láta líta svo út að það væri einhver gjá á milli þeirra og hæstv. utanrrh. í þessu máli. (**GHG:** Það er það hjá sumum.) Það er það hjá sumum, segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og ég ætla út af fyrir sig ekki að gera lítið úr sjónarmiðum sem komið hafa frá einstökum talsmönnum Sjálfstfl. eins og hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni í þessu máli. Væri þess virði að rekja kafla úr þeirra ræðum til þess að menn áttuðu sig á hvað ég á við. En því miður, það eru ekki þessir hv.

þm. sem ráða ferðinni í Sjálfstfl. Það eru ekki þessir hv. þm. sem hafa mótað það samkomulag sem í raun lá fyrir við Sjálfstfl. í sambandi við hugmyndina um að ljúka þessari umræðu hér á Alþingi með tillögu til rökstuddrar dagskrár.

Virðulegur forseti. Ég sá ástæðu til að draga þessi atriði hér fram á Alþingi til þess að menn átti sig á því betur en hægt hefur verið af almennum fréttum í þessu máli og betur en ástæða hefur verið til í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram því að mikið af þessum atriðum hafa farið fram í bakherbergjum og í rauninni átt að fara leynt og ekki komið fram í dagsljósið. Það er nefnilega nauðsynlegt fyrir íslenska þjóð, sem þarf að gera það upp við sig fyrr en seinna hverjum hún ætlar að fylgja í þessu stóra máli, að átta sig á því að á milli forustu Alþfl. og forustu Sjálfstfl. skilur í reynd sáralítið í þessu máli. Það er svo annað mál hvernig þeim hentar að haga siglingu hverju sinni og það er alveg ljóst að hæstv. utanrrh. er ósköp hamingjusamur og sæll með það umboð sem hann nú hefur í höndunum frá ríkisstjórn Íslands. Og ef hann fær að halda því eins lengi og hann kysi, ég tala nú ekki um til þess að ganga frá samningum eins og hann er að boða að séu fyrir stafni, þá er von að hann haldi gleði sinni svo lengi sem honum tekst það. En mér þykir satt að segja ólíklegt að hann eigi þar samfylgd annarra flokka sem hann nú á samstarf með í ríkisstjórn til þess að fylgja fram þeim áformum sínum, en það verður að koma betur í ljós á komandi vikum og mánuðum.

Þá vil ég víkja að öðum þætti sem snertir þróun mála á undanförnum vikum og tengist veigamiklum þáttum í þessu máli, og hefði ég kosið að hæstv. forsrh. hefði getað verið viðstaddur meðan ég minnist á þann þátt máls hér í umræðunni. (**Forseti:** Ég vil tilkynna hv. ræðumanni að forsrh. tjáði það þegar hann kom hér áðan að hann gæti aðeins verið hér til kl. 10 og hefur nú horfið af vettvangi.) Virðulegur forseti. Það var bagalegt og mér ekki ljóst þar sem ég hafði óskað nærveru forsrh. hér við umræðuna. En hér er hæstv. sjútvrh. og ég mun ekki gera kröfu til þess að hæstv. forsrh. verði kvaddur hér til umræðunnar þó að ég verði að lýsa vonbrigðum mínum með það að hann sem slíkur ábyrgðaraðili sem hann er í þessu máli skuli ekki sjá ástæðu til að vera viðstaddur þessa urmæðu eða hafa ástæðu til þess.

En ég ætla að leyfa mér að benda á rangar upplýsingar um stóran þátt í þessu máli og missagnir sem fram hafa komið varðandi veigamikil atriði sem snerta þetta mál og tengjast ákvörðun ríkisstjórnarinnar 29. nóv. sl.

Þegar ríkisstjórnin ákvað að veita hæstv. utanrrh. umboð lá fyrir henni minnisblað frá hæstv. utanrrh. sem átti að draga saman meginefni máls varðandi stöðu þessara mála, fyrirvara Íslands og annað það sem réttlæta skyldi það að Ísland gengi til þessara samningaviðræðna sem eiga að hefjast í framhaldi ákvörðunarinnar í París 19. des. sl. Í minnisblaði hæstv. utanrrh. um markmiðin fyrir stafni segir:

„Í hinni sameiginlegu skýrslu stjórnarnefndar könnunarviðræðnanna frá 20. okt. sl. er því yfirlýst að nægilegur grundvöllur sé þegar fenginn til þess að halda viðræðum áfram. Í þessum könnunarviðræðum hefur samningsstaða Íslands verið skilgreind á sviði hvers starfshóps fyrir sig fyrir utan þær niðurstöður sem eru sameiginlegar öllum EFTA-ríkjunum.“ Og síðan kemur, með leyfi forseta, og ég bið hæstv. viðskrh. að leggja við hlustir og kannski fleiri hæstv. ráðherra: „Í skýrslu stjórnarnefndarinnar er kveðið á um nauðsyn undantekninga sem réttlætast með vísan til lífshagsmuna einstakra þjóða og eru ekki samningsatriði,“ segir hæstv. utanrrh. í minnisblaði sínu. Jafnframt er vikið að nauðsyn tímabundinna sérákvæða sem verða samningsatriði.

Hvað er hér á ferðinni? Ég hrökk við þegar ég heyrði það í máli hæstv. viðskrh. hér á Alþingi í umræðu um þetta mál þar sem hann er að fjalla um fyrirvara af Íslands hálfu, og segir orðrétt:

„Hér er m.a. um það að ræða sem oft eru nefndir fyrirvarar af Íslands hálfu, eða viðurkenning á sérstöðu Íslands. Ég vil leyfa mér að halda því fram að samningsstaða Íslendinga sé nú góð, einmitt vegna þess að þeir hafa tekið virkan þátt í könnunarviðræðunum. Ég ætla að nefna nokkur atriði til að skýra þetta. Fyrst er þess að geta að í þessum viðræðum er samkomulag um að nokkrar varanlegar undanteknningar frá samningnum um fullkomið frelsi á hinum fjórum sviðum, sem oftast eru nefnd, verði ætíð nauðsynlegar vegna lífshagsmuna einstakra ríkja. Slíkir fyrirvarar eða undantekningar verða þá í sjálfu sér ekki samningsatriði,“ segir hæstv. viðskrh. úr þessum ræðustól 4. des. Og þar segir hann í framhaldinu: „Hér nefni ég kröfu Íslendinga um óskoruð yfirráð yfir auðlindum sjávar innan fiskveiðilögsögunnar. Þá eru einnig almennar yfirlýsingar um nauðsyn tímabundinna sérákvæða sem verða að sjálfsögðu samningsatriði. Undir þetta ákvæði fellur margt sem varðar tímasetningu og forgangsröð á breytingum t.d. að því er varðar aukið frelsi til fjármagnshreyfinga.“ — Ég hrökk við. Ég hafði fyrir mínum þingflokki túlkað þetta mál með öðrum hætti þegar ég varaði þingflokkinn við því að stíga nokkur þau skref sem leitt gætu til þess að Alþb. afhenti utanrrh. umboð til samningsviðræðna. En þingflokkurinn hafði fyrir framan sig sérstakt minnisblað hæstv. utanrrh. um það að grundvallarhagsmunir, atriði sem snerta grundvallarhagsmuni væru ekki samningsatriði, þar á meðal fiskveiðiréttindi, aðgangur að auðlindum og annað þess háttar. Enda stendur það heima þegar ég fer svo að kanna þetta frekar í þeim gögnum sem ég hef og það sem ég byggði á, það er skýrsla utanrrh. Og þar stendur allt annað heldur en hann sjálfur viku seinna leggur fyrir ríkisstjórn og heldur en staðgengill hans, hæstv. viðskrh. segir úr þessum ræðustól 4. des. þar sem þessir ráðherrar báðir bera það á borð skriflega og munnlega hér á Alþingi og við ríkisstjórnina að atriði sem snerta grundvallarhagsmuni og Ísland hafi gert fyrirvara um séu ekki samningsatriði. En í samþykkt stjórnunarnefndarinnar svokölluðu, High Level Steering

Group, frá 20. okt. sl. stendur þetta svart á hvítu eins og utanrrh. eða hans starfsmenn draga inn í skýrslu ráðherrans sem fram er lögð hér á Alþingi 20. nóv. svohljóðandi og meira að segja feitletrað: „Undantekningar sem réttlættust með hliðsjón af grundvallarhagsmunum, svo og tilhögun á aðlögunartíma, ættu að vera samningsatriði.“ — Ættu að vera samningsatriði. (**Viðskrh.:** Gætu orðið samningsatriði.) Síðan er kominn textinn frá París og þar er þetta líka í viðtengingarhætti „gætu verið samningsatriði“, segir hæstv. utanrrh. Ég hef þennan texta einhvers staðar. Og þetta er á enskunni ótvírætt. En ráðherrar bera hér fram á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis allt annað. Það kann að þykja gróft og ég treysti mér ekki til þess og ætla ekki að staðhæfa að þessi framburður hæstv. ráðherra sé ásetningur. Það væri alvarlegra heldur en svo að það sé hægt að fullyrða slíkt. En málið er háalvarlegt engu að síður þótt vonandi sé um mistök að ræða af hálfu hæstv. ráðherra sem fara með þetta mál.

Á krossgötum í þessu máli þegar hæstv. utanrrh. er að afla sér umboðs, ekki aðeins til undirbúningsviðræðna heldur til samningsviðræðna af hálfu ríkisstjórnar, þá liggur fyrir staðhæfing um þetta efni sem setur að sjálfsögðu allt annan svip og gefur þeim fáu fyrirvörum sem Ísland þó hafði gert í könnunarviðræðunum allt annað inntak, allt aðra kjölfestu heldur en fyrir liggur í reynd í bókuðum textum.

Ég hlýt að harma það að svona er staðið að verki í jafnafdrifaríku og örlagaríku máli, en það segir mönnum kannski dálítið um það hver alvara í reynd er hér á ferðum og hversu afdrifaríkt það er ef menn misstíga sig, einnig í samskiptum hér innan lands á vettvangi þeirra sem ákvarðanir taka. Þetta lýsir líka inn í stöðuna sem menn eru að fara út í. Menn eru að fara út í viðræður í samfloti fimm annarra ríkja sem ætla sér og hafa bundist samtökum um að tala einni röddu gagnvart hinum aðilanum við borðið, Evrópubandalaginu. Og þá eru málin þannig að engir grundvallarhagsmunir ríkja hafa verið teknir út af því samningsborði heldur er það allt inni á borðinu, allt samningsatriði við Evrópubandalagið.

Ég hlýt í þessu sambandi að beina máli mínu til hæstv. sjútvrh. vegna þess að hann hefur tekið, svo sem rétt er og ágætt, þátt í þessum umræðum hér og sagt margt rétt í þeim efnum varðandi stöðuna í sjávarútvegsmálum. En einn er sá þáttur sem ég hlýt að benda á vegna málflutnings hans og þessarar stöðu sem tengist grundvallarhagsmunum Íslands, auðlindum sjávar og möguleikum okkar til að halda þeim utan við þetta samningsborð og utan við seilingu fjárfestinga útlendinga. Það hefur verið deilt á hæstv. sjútvrh. fyrir að vera ekki kominn í samningaviðræður við Evrópubandalagið, formlegar samningaviðræður jafnvel, og hann hefur verið að verja hendur sínar í þeim efnum. Hann sagði hér, líklega í fyrradag, í seinni ræðu sinni í þessari umræðu eitthvað á þá leið að hann teldi ekki rétt að ganga til formlegra viðræðna eða lenda inni í formlegum viðræðum við Evrópubandalagið á meðan hætta væri á því ... (**Sjútvrh.:** Formlegum samningaviðræðum.) — formlegum samningaviðræðum, á meðan hætta væri á því að sjálfar auðlindirnar yrðu dregnar inn í þá samninga. Á meðan hætta væri á því að fiskimiðin yrðu dregin inn í þá samninga. Ég skil hæstv. sjútvrh. vel í þeim efnum. Ég styð hann eindregið í því efni að menn eigi auðvitað aldrei að ljá máls á því að fara að ganga til samninga við Evrópubandalagið um hugsanlega hlutdeild þeirra í íslenskum sjávarauðlindum, undirstöðu mannlífs í þessu landi. En hvað liggur fyrir hinum megin? Hvað liggur fyrir hinum megin í EFTA-EB ferlinu? Hvað liggur þar fyrir þar sem menn ætla sér þó stóra vinninginn í sambandi við sjávarútvegsmálin og fríverslun með fisk? Eru sjávarauðlindirnar teknar út af borðinu þar? Ó nei. Þær eru samningsatriði við Evrópubandalagið inni á því borði samkvæmt fyrirliggjandi textum og samþykktum sem utanrrh. landsins hefur gerst aðili að fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.

Hvernig stendur á því að menn halda á málum með þessum hætti? Hvernig stendur á því að menn eru ekki samkvæmari sjálfum sér en þetta ber vott um? Hvernig í ósköpunum stendur á því að ráðamenn Íslands skuli láta teyma sig út í ferli með þeim hraða að þeir kunna ekki fótum sínum betri forráð en þetta ber vott um? Ég skil það ekki. Ég skil ekki hvað Íslendingum liggur á að ana út í samflot af því tagi með þau siglingaljós og vita sem utanrrh. landsins notar í sinni málsmeðferð að honum skuli takast að draga alla ríkisstjórnina með sér út í það ferli. Ég á bágt með að átta mig á því þó hann sé kappsmaður. Ég heyri að hæstv. sjútvrh. vill hafa hlutina í lagi. Honum hefur bara ekki verið það ljóst, út frá því sem ég er hér að segja, hvernig málin liggja varðandi sjávarútvegsmálefni okkar við borðið frá Osló og París.

Það er rétt, virðulegur forseti, maður veit ekki hvar á að grípa niður í stórum þáttum þessa máls. En það er kannski rétt í þessu samhengi, líka af því að hæstv. sjútvrh. er hér viðstaddur umræðuna, að minnast á sjálft keppikefli, sem ég hef nú leyft mér að kalla tálbeituna, sem notuð er af þeim aðilum sem eru að draga okkur hálfa leið inn í Evrópubandalagið, þ.e. fríverslun með fisk. Ég segi tálbeituna vegna þess að þar hafa menn í raun ekki skoðað hlutina með þeirri gaumgæfni og alúð sem málefninu hæfir.

Fríverslun með fisk getur vafalaust talist æskilegt langtímamarkmið frá sjónarhóli Íslands. En ég bið fyrir okkur ef það ætti að ljúkast upp á morgun að við stæðum hér uppi með einhverja formlega samþykkt um fríverslun með fisk og hefðum ekki möguleika á því að stjórna útflutningi á fiski frá Íslandsmiðum, frá Íslandi, unnum og óunnum. Það er bara eins og menn hafi gleymt að skoða þennan þátt málsins og menn hafi látið draga sig út í samþykktir á svokölluðu fjórfrelsi í von um að uppskera stóra vinninginn í gegnum fríverslun með fisk. Sem svo allir viðurkenna núna, embættismenn og jafnvel stjórnmálamenn, að sé tómt mál um að tala. Ég á meira að segja eftir að sjá það og ég bið hæstv. viðskrh. um að upplýsa okkur

hér í umræðunni um það hvernig málin horfi í sambandi við fríverslun með fisk innan EFTA, svo að við tölum nú ekki um sjálft Evrópubandalagið. Hvernig sér hann fyrir sér að Norðmenn standi við það ákvæði samkomulags frá Osló í marsmánuði sl. að innleiða fríverslun með fisk frá miðju ári 1990? Hvernig eru þeir tímabundnu, samningsbundnu áfangar, ef menn hafa ætlað að ná þessu í áföngum, á sama tíma og þær fréttir berast frá Osló við undirbúning fjárlaga fyrir 1990 að styrkjafarganið í Noregi gagnvart sjávarútvegi fari vaxandi en ekki minnkandi? Er sjálfsagt margt í þeim efnum ofur skiljanlegt út frá norskum sjónarhóli og byggðamálum í Noregi og erfiðleikum sem menn þar eiga við að fást. En þetta er nú einu sinni flaggið, fríverslun með fisk. Svona stendur hún völt, þessi stöng gagnvart EFTA, og segja menn þó: Þetta skiptir svo sem engu máli gagnvart EFTA, þetta er sóknaratriði gagnvart Evrópubandalaginu. En hvernig er það sóknarfæri, hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh., gagnvart Evrópubandalaginu? Hvernig er það sóknarfæri? Hæstv. sjútvrh. hefur náttúrlega enga trú á því. Hann þekkir allvel til þar. Hann er búinn að funda með sjávarútvegsráðherrum Evrópubandalagsins og hann veit að á dagskrá þessara aðila er ekki nein fríverslun með fisk. Það er eins og að berja í stein að nefna það á þeim bæ. Eitt er nú að fá niðurfellda tollana, en hvað með styrkjakerfið? Enda sagði hæstv. sjútvrh. í umræðunni hér um daginn, og sá þar ákveðið haldreipi, að á meðan þeir héldu í styrkjakerfið væri a.m.k. réttlætanlegt að Íslendingar hefðu stjórn á útflutningi á óunnum og hálfunnum fiski frá Íslandi. Ég tek undir með hæstv. ráðherra. En þetta sýnir okkur út frá hvers konar grunni menn eru að ræða þetta. Engin trú á því að þetta gangi upp, en þetta er notað, ég segi, þetta er notað af þeim aðilum — og nú fullyrði ég: Vísvitandi. Þetta er vísvitandi notað af þeim aðilum sem vildu og vilja nota tækifærið til þess að komast inn í fordyri Evrópubandalagsins, inn í hið svokallaða evrópska efnahagssvæði og opna hér gáttirnar fyrir erlendu fjármagni, erlendum fjármagnshreyfingum og fjármagnsflutningum landa á milli og erlendri fjármálaþjónustu. Af þeim sem nú sitja í ríkisstjórn er það Alþfl. sem hefur þetta mál við hún og hefur tekist að draga samstarfsaðila sína í ríkisstjórn jafnlangt og raun ber vitni í þessu efni þegar þeir veittu formanni Alþfl. umboð til undirbúnings- og samningsviðræðna út á blekkinguna um fríverslun með fisk sem einhvern möguleika inni á þessu borði.

Alþfl. er einkennilegt fyrirbæri í stjórnmálunum. Hann er einkennilegt fyrirbæri. Það var orðað hér, að mér fannst nokkuð vel, af talsmanni Kvennalistans í útvarpsumræðum um vantraust á ríkisstjórnina um daginn, þar sem til þess var vísað að það væri eins og Alþfl. ætti ekkert föðurland. Hann léti spyrða sig saman, ef ég man rétt, með sósíaldemókratíinu út um gervalla Evrópu þegar svo byði við að horfa, eins og hann myndi ekkert eftir því fyrir hvaða fólk hann ætti að vera að tala, fyrir hvaða alþýðu hann ætti að vera að tala. En þetta á sér nokkuð djúpar rætur og langa sögu. Ég ætla að nefna hér, virðulegur forseti, aðeins einn lítinn þátt sem tengist þeirri sögu. Það er ræðustúfur fluttur af þáv. formanni Alþfl., þáv. viðskrh. árið 1963 í febrúarmánuði í Þjóðminjasafni Íslands. (**EG:** Það var góð ræða.) Það var góð ræða, segir formaður þingflokks Alþfl. Aðeins svolítill bútur. Þar segir þáv. viðskrh., mig minnir formaður Alþfl. á þeirri tíð, Gylfi Þ. Gíslason (**EG:** Hann var ekki formaður þá.) Hann var ekki formaður þá en hann var viðskrh. ef ég man rétt. Með leyfi forseta:

„Einn mestur stjórnmálaskörungur á fyrri hluta þessarar aldar sagði ekki alls fyrir löngu að svo virtist nú komið að helsta ráðið til þess að efla sjálfstæði þjóðar væri að fórna sjálfstæði hennar. Þetta kann að hljóma sem öfugmæli, en orðið sjálfstæði er hér auðvitað notað í tvenns konar merkingu. Átt er við það að svo virðist sem ein tegund sjálfstæðis verði ekki efld nema á kostnað annarrar. 20. öldin er tími fjöldaframleiðslu, stórs markaðs, kjarnorku og geimferða. Tvö mestu stórveldi Vesturlanda, og þá um leið veraldar, eru orðin til við samruna þjóða og þjóðarbrota, jafnvel ríkja. Í Austurlöndum eru að rísa risaveldi sem eru ólíkari hið innra en Evrópa og greinist hún þó í sundurleitar þjóðir og mörg þjóðríki. Hvarvetna gætir viðleitni til að efla samvinnu, tengjast böndum, mynda bandalög. Hvers vegna? Vegna þess að fjöldaframleiðsla og stór markaður, kjarnorka og geimferðir krefjast stórra átaka, sterkra afla, mikils valds. En fær það dulist mönnum að sérhver samningur milli þjóða, sérhver samtök ríkja, sérhvert bandalag bindur alla þá sem aðild eiga, takmarkar sjálfsforræði þeirra, skerðir sjálfstæði þeirra? Auðvitað vinnst annað. Hversu lengi varðveitir sú þjóð sjálfstæði sitt sem dregst aftur úr öllum og kemur ekki í hlutdeild", — ég vænti að hv. alþm. taki eftir — „og kemur ekki í hlutdeild í auknu sjálfstæði og vaxandi öryggi voldugs bandalags í stað minnkandi sjálfsforræðis hvers einstaks.

Ágreiningur getur varla verið um það að þetta er að gerast í heiminum um þessar mundir. Um hitt getur mönnum sýnist sitt hvað hvort hér stefni í rétta átt eða ranga. En ef menn á annað borð óska bættra lífskjara, ef menn keppa að auknu öryggi, þá virðist þetta leiðin í þá átt. Það sem er að gerast í kringum okkur er að stórveldi eflast, bandalög myndast, olnbogarúm hinna smáu minnkar, skilyrði þeirra til þess að tileinka sér hlutdeild í framförum skerðast, kæna smáríkis dregst aftur úr hafskipi stórveldis eða bandalags."

Þessi sérkennilegi þáttur er rifjaður hér upp, þessi ræðustúfur fluttur í Þjóðminjasafni Íslands á 100 ára afmæli þess, vegna þess að í rauninni stöndum við, sem samstarfsaðilar Alþfl. á Íslandi, nákvæmlega í þeim sporum sem viðskrh. úr þeim flokki, um skeið formaður hans, taldi sig standa í og þau viðhorf sem hann stóð fyrir á þessum tíma og reyndi að verja.

Ég er að sjálfsögðu ekki að andmæla því að skoðanir af þessum toga komi fram eða sé fram haldið. Það verður að vera mönnum frjálst og á að vera öllum

frjálst að berjast fyrir slíkum hugmyndum ef þeir eru sannfærðir um að þær séu hinar réttu. En ég hlýt að vekja athygli á því vegna þess að við erum einmitt nú í dag stödd á sömu slóðum með flokk sem nú fer með umboð í undirbúnings- og samningaviðræðum og stendur fyrir nákvæmlega sömu hugmyndum í öllum meginatriðum sem þarna voru túlkaðar fyrir nokkrum áratugum þegar það var umræðuefni á Íslandi hvort menn ættu að tengjast Evrópubandalagi.

Kem ég nú að því, virðulegi forseti, sem ég ætlaði að nefna við hæstv. forsrh. en leyfi mér að hafa hér uppi samt að viðstöddum sjútvrh. Það er spurningin um hið yfirþjóðlega í þessum ferli, spurningin um sjálfræði og sjálfstæði sem þessum ferli mun tengjast ef áfram verður haldið. Hæstv. forsrh. sagði hér úr þessum ræðustóli í fyrri hluta marsmánaðar að ekki kæmi til greina að hans mati að Ísland afsalaði sér sjálfræði eða sjálfstæði í hendur yfirþjóðlegra stofnana. Þetta hefur verið endurtekið síðan og ég held að hæstv. forsrh. hafi flutt þennan boðskap í aðdraganda að Oslóaryfirlýsingunni á fundinum í Osló, held að þetta sé að finna í ræðu hans þar. Ég fagna slíkum yfirlýsingum. En ég bið menn um að hlaupa þá ekki frá þeim. Ég er ekki að gera því skóna að hæstv. forsrh. eða flokkur hans sé á þeirri leið. En þá segi ég við hv. framsóknarmenn, hæstv. ráðherra þess flokks: Ef þeir eru þeirrar skoðunar í reynd og ef þeir ætla að standa við þær yfirlýsingar er jafngott að snúa frá viðræðu- og samningaborðinu sem fram undan er vegna þess að þar er ekkert annað uppi, sem raunar er bókfært í yfirlýsingum frá Brussel og París og strax í Osló, annað en valdaafsal til yfirþjóðlegra stofnana í það ríkum mæli að með ólíkindum er. Er ég þá ekki að halda því fram að menn séu búnir að semja um eitthvað eða ganga frá einhverju. En menn eru farnir að leggja netin í þeim efnum og menn eru farnir að skilgreina möskvana. Það er deginum ljósara, hverjum manni skiljanlegt sem nennir að setja sig inn í þessa hluti, að þar er ekkert annað í boði en yfirþjóðlegt vald í sambandi við ákvarðanatöku og lagasetningu, í sambandi við eftirlit og síðast en ekki síst í sambandi við dómstóla. Ekkert annað en yfirþjóðlegt vald sem blasir við. Ætlar Alþingi Íslendinga, ætla alþm. hér að gerast þátttakendur í því að afsala þjóðþinginu því takmarkaða valdi sem það hefur hér? Ég segi takmarkaða vegna þess að það gerist nú í meira mæli en gott þykir, a.m.k. meira en mér gott þykir, að löggjafarvaldið tapi sínu yfir til framkvæmdarvaldsins hér innan lands. En látum nú vera þótt svo sé miðað við hin ósköpin sem við blasa í ljósi yfirlýsinganna frá París og Brussel um hinar yfirþjóðlegu stofnanir, hið yfirþjóðlega net.

Ég bið hv. alþm. að hugleiða hvað fram undan er nú næstu missirin sem aðalviðfangsefni og verkefni ráðuneytanna á Íslandi og ráðherranna á Íslandi, hvert er meginverkefni þeirra ef þeir ætla að halda áfram samningaferlinu sem dregið var upp með yfirlýsingunni í París. Okkur er tjáð að fram undan sé að fara yfir um mannhæðarháan stafla af lagatextum, kallað „acquis communautaire", gildandi reglur Evrópubandalagsins sem á að fara að kemba í gegnum á vegum ráðuneytanna og stjórnarskrifstofanna hér í Reykjavík. Og ef það gengur upp sem hæstv. utanrrh. lætur sig dreyma um, að hann teymi okkur inn í hið evrópska efnahagssvæði, þá verður það viðfangsefni Alþingis Íslendinga á árunum 1991 og 1992 að breyta löggjöfinni á Íslandi í hverjum lagabálkinum á fætur öðrum til samræmis við „acquis communautaire", til samræmis við gildandi lög Evrópubandalagsins. Menn eiga ekkert val eftir að búið er að semja. Þar eiga menn ekkert val því að það er lagagrunnur þessa bandalags og það er réttur þessa bandalags sem menn eiga að gangast undir. Það er sá grunnur sem lagður er og mönnum er boðið að ganga inn á. Haldið þið að mikill tími verði til að sinna hér þeim sparðatíningi, — fyrirgefið þið, góðir alþingismenn, þeim sparðatíningi sem menn hafa verið að fást við hér á Alþingi síðustu vikur og mánuði miðað við það sem þarna bíður í ákvörðunum varðandi framtíð Íslands?

Menn hafa verið að æsa sig hér í þingsölum út af fjárlögum og þrengingum á mörgum sviðum og vissulega er full ástæða til og eðlilegt. En ég segi: Allt eru þetta léttvæg atriði og lítilvæg miðað við það sem bíður þessarar samkomu, Alþingis Íslendinga, ef við verðum dregin inn í hið evrópska efnahagssvæði, inn á grundvöll Evrópubandalagsins í lögum og rétti. En þetta er það sem flokk utanrrh. dreymir um og þetta er það sem stærsti flokk þjóðarinnar, sem svo er stundum kallaður, Sjálfstfl., forusta hans, heitir fullri þátttöku í og vitna ég þá til þeirra þreifinga sem voru í gangi hér síðustu vikurnar á milli formanna þessara flokka. Ég hef ekki heyrt annað en að hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson ráði ferðinni í þeim flokki um þessar mundir. Og er raunar, — eigum við að segja bakkaður upp, studdur af varaformanni Sjálfstfl., borgarstjóranum í Reykjavík, sem ég leyfi mér nú að nefna hér í þingsölum þrátt fyrir það sem á undan er gengið síðustu daga. Hann var formaður í nefnd sem kennd var við aldamótin og skilaði álitsgerð til landsfundar Sjálfstfl. Þar var lögð fram blá bók, svokölluð Aldamótaskýrsla, sem hefur að geyma draumsýn varaformanns Sjálfstfl., draumsýn þess flokks. Það er rétt, vegna þess að ég hef verið að vitna til Alþfl., að grípa niður á bls. 21 í þessu plaggi aldamótanefndar Sjálfstfl., hins rísandi formanns þess flokks sem stendur fyrir álitinu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Enn er nokkuð óljóst í hvaða átt Evrópubandalagið á eftir að þróast og hvort öllum væringum verði til hliðar bægt árið 1992 og hvort spár um að bandalagið taki á sig mynd ómanneskjulegs skrifræðisbákns muni rætast og hvort aðildarlöndin séu jafnvel að falla þar í áður óþekkt ofríki opinberrar forsjár. Hvað sem slíkum vangaveltum líður er ljóst að við gætum notað tímann fram til 1992 og reyndar næstu árin þar á eftir til þess að skapa rétt skilyrði hér heima til annars tveggja, að leita inngöngu inn í Evrópubandalagið og/eða fríverslunarsamning við Bandaríkin og Kanada ellegar að ná hagfelldum samningum við

báða þessa aðila. (Gripið fram í.) Við hljótum að vinna heimavinnuna með þeim hætti að laga eigið efnahagslíf og leikreglur þess að því sem viðgengst á Vesturlöndum." — Þá vitum við það, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. (**GHG:** Það er niðurlagið ...) *Svo segir hér neðst á síðunni:*

„Hugsanlega verður þó skynsamlegast" — af því að hv. þm. vill fá meira — „hugsanlega verður þó skynsamlegast að óska beinlínis eftir viðræðum um inngöngu Íslands í Evrópubandalagið þótt menn séu um leið reiðubúnir að láta inngönguna ráðast af því hvort þau skilyrði sem henni kunna að fylgja þyki aðgengileg eða ekki. Verði sú niðurstaðan að þau séu óaðgengileg talin hafa menn heldur engar brýr brotið að baki sér."

Þarna höfum við það. Þarna höfum við framtíðarsýn Sjálfstfl. í þessum málum og það er vissulega ekki ámælisvert, miklu frekar hægt að segja að það sé gott að menn komi til dyranna í réttum fötum eins og borgarstjórinn í Reykjavík, varaformaður Sjálfstfl., gerir í þessari skýrslu. En ég skil vel hrollinn í þeim fylgismönnum og talsmönnum Sjálfstfl. sem kunna að vera, og ég vænti að séu, annarrar skoðunar en þarna kemur fram. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði m.a. úr þessum ræðustól í fyrradag, það er ekki lengra síðan, eitthvað á þá leið að menn ættu ekki að ýja að því að ganga í Evrópubandalagið. Þetta hefur vafalaust verið kveðja til varaformannsins, ekki aðeins ætluð okkur hér sem á hlýddum í þingsölum. Og ég gladdist að heyra þessi orð úr hans munni og ég vænti alltaf að innstæða sé að baki slíkum orðum um svo stórt mál.

Virðulegur forseti. Ég hef hér leyft mér að taka á nokkrum þáttum varðandi þetta gífurlega stóra mál og hef þó aðeins sagt fátt eitt af því sem þörf væri á hér við þessa umræðu. Ég vil leyfa mér, vegna þess að ég vænti þess að svefnhöfgi ríki ekki hér yfir sölum svo snemma kvölds og fleiri eiga eftir að tala, að minnast nokkrum orðum á kjarnann í þeim samningi sem á að fara að undirbúa um hið evrópska efnahagssvæði, þ.e. hinar svokölluðu frjálsu fjármagnshreyfingar, um frjáls, óheft þjónustuviðskipti og um búsetu og atvinnurétt til handa útlendingum. Og hvar skyldu nú fyrirvararnir vera í þessum efnum af hálfu *hæstv. utanrrh., kynntir ríkisstjórn Íslands og kynntir* hér á Alþingi Íslendinga?

Það er afskaplega dapurlegt að fara yfir niðurstöður stjórnarnefndarinnar frá 20. okt. í þessum efnum. Satt að segja ætlaði maður ekki að trúa sínum eigin augum þegar sá *texti* var fram borinn. Þeir eru afar takmarkaðir, fyrirvararnir sem þar voru nefndir af Íslands hálfu, t.d. eru engir sérstakir fyrirvarar varðandi undirstöðuþátt í þessu máli, þ.e. fjármagnsflutninga, óhefta fjármagnsflutninga. Sama gildir í raun varðandi þjónustuviðskipti. Þar eru varnaglar ekki slegnir. Það eina sem segir er eitthvað á þá leið að bent hafi verið á og lýst hafi verið núverandi ástandi. Í minnisblöðum frá hæstv. ráðherrum Alþfl. er reynt að láta líta svo út sem þar séu einhverjir fyrirvarar á ferðinni, í lýsingu á núverandi ástandi. Það sem fyrir liggur í þessu efni er með slíkum ólíkindum að ég hlýt að vekja á því alveg sérstaka athygli. En Sjálfstfl. er ekkert hissa á hugmyndum um þessi efni. Formaður hans hefur á norrænum vettvangi skrifað undir það að hér skuli allt opnað upp á gátt varðandi fjármagnsflutninga, varðandi þjónustu erlendra banka. Ekki í árslok 1992 eða byrjun 1993, nei, ó nei. Þegar á miðju næsta ári, segir í áliti Efnahagsnefndar Norðurlandaráðs sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson lagði sérstaka áherslu á að skrifa undir og fá öllum fyrirvörum rutt *úr vegi í þeirri yfirlýsingu þar sem ég setti* að sjálfsögðu ákveðna og skýra varnagla. Þetta kemur fram með svo skýrum hætti, ekki bara í gögnum EFTA í þessum viðræðum, heldur að sjálfsögðu fram tekið með sérstökum fögnuði af hálfu Evrópubandalagsins, að á sviði fjármagnsflutninganna séu engin sýnileg vandkvæði. Og grundvallarþátturinn, prófið sem ríkisstjórnin var látin gangast undir fyrst af öllu þann 26. júní sl., var um búseturéttinn, var um flutning vinnuafls og alveg sérstaklega um búseturéttinn, en honum tengist rétturinn til að stofna fyrirtæki og rétturinn til þess að flytja fjármagnið milli landa. Það er lykilatriði. Þar liggur fyrir mjög almennur fyrirvari sem tengist tilvísun í norræna vinnusáttmálann, en í rauninni eru varnaglarnir varðandi stofnun fyrirtækja hér og varðandi rétt til fjármagnsflutninga í því samhengi það marklitlir að erfitt verður á þeim að standa þannig að eitthvert gagn sé að, enda efast ég satt að segja um að viljinn sé ríkur og vísa m.a. til orða hæstv. viðskrh. hér við umræðuna um þetta efni.

Jú, menn segja: Við ætlum að halda sjávarútveginum og auðlindunum að öðru leyti, orkulindunum utan við seilingu útlendinga. Það er haft á orði. En á borði viðurkenna menn að það muni hvorki vera kleift í reynd og sumir telja það vissulega ekki æskilegt. Fulltrúar atvinnurekenda, sem komið hafa til viðtals við Evrópustefnunefnd, hafa hver um annan staðhæft aðspurðir að ekki muni takast í reynd að halda fyrirtækjum í fiskvinnslu og fiskveiðum utan við seilingu útlendinga ef hér verði opnað upp á gátt fyrir erlenda fjármagnsflutninga til og frá landinu. Þar fyrir utan er þetta ekki spor í eina átt, á því hljótum við að vekja athygli, heldur til beggja átta. Þetta tekur einnig til flutnings fjármagns úr landi, fyrir hann er opnað í þessu samhengi og auðvitað er mjög hætt við því að niðurstaðan úr þessu dæmi til lengri tíma litið horfi einmitt í þá átt að Ísland standi eftir fátækara, jafnvel þótt útlendingar fjárfesti hér í þeim rekstri sem arðbærastur teldist. Sú hætta blasir við að fjármagn *streymi* úr landi, þar á meðal fjármagn lífeyrissjóða þar sem menn hafa þegar í raun lýst áhuga sínum á því að geta ávaxtað pundið erlendis.

Um þetta mætti vissulega margt segja, virðulegur *forseti. En eru þá engin varnaðarorð uppi?* Þau heyrast, en þau eru of fá. Of fáir hafa tekið á þessum málum og sett sig inn í þessi efni. Ég hlýt þó að vekja sérstaka athygli á áliti sem borist hefur nýlega til Evrópustefnunefndar þingsins frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, *ég held samþykkt*

launamálaráðs BHMR, um miðjan þennan mánuð, líklega 13. des., þar sem er að finna að mínu mati mjög yfirvegaða og vandaða úttekt á þeim hættum sem við blasa í því samningaferli sem við erum hér að ræða um. Ég hvet hv. alþm. til þess að kynna sér þetta álit því það stendur upp úr að mínu mati í þeim álitsgerðum sem fram hafa komið varðandi þessi mál nú um stundir.

Auðvitað væntum við þess að almannasamtök í landinu taki við sér og ég hlýt í þessu samhengi sérstaklega að nefna álit samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, álit sem hefur verið gert hér að umræðuefni í sölum Alþingis með verðskulduðum hætti og rakið í mörgum greinum. Ég tel sannarlega lofsvert framtak sem þar liggur fyrir hjá samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi. Ég vek jafnframt athygli á því með hversu ósmekklegum hætti brugðist hefur verið við af hæstv. utanrrh. varðandi þau varnaðarorð sem mælt hafa verið af hagsmunagæsluaðilum í íslenskum sjávarútvegi. Hef þá alveg sérstaklega í huga þau skeyti sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna fékk frá hæstv. utanrrh. vegna þeirra varnaðarorða sem Kristján Ragnarsson lét falla um samningaferlið byggt á Oslóaryfirlýsingunni. Þá lét hæstv. ráðherra sér sæma að senda þannig skeyti að ég kæri mig ekkert um að vitna til þess hér úr þessum ræðustól, það er nánast varla eftir hafandi.

Ef þetta eiga að vera samskiptin, ef þetta á að vera samráðsformið af hálfu íslenskra stjórnvalda við þá aðila sem eru að reyna að setja sig inn í þessi efni hver á sínum bæ í íslenski samfélagi, þá líst mér sannarlega ekki á framhaldið. En ég vænti þess, því að auðvitað elur maður þá von í brjósti, að þjóðin fari að vakna og verða þess áskynja að hér er alvörumál á ferðinni. Hér er ekki hægt að láta sig berast með rómantískri draumsýn um Evrópusamstarf, nauðsyn menningartengsla og öðru af því tagi, almenn orð sem allir hljóta að taka undir, heldur þurfa menn að skoða veruleikann út frá íslenskum byggðum, út frá íslenskum sjónarhóli, lið fyrir lið, en þar hafa menn í rauninni tæpast byrjað á verkunum enn sem komið er. Það er hart að þurfa að segja það og horfast í augu við það að þannig er ástandið um það leyti sem menn eru að setjast við samningaborð um grundvallarhagsmuni íslensks efnahagslífs og sjálfstæðis.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að taka meiri tíma í þessari umræðu til þess að vekja athygli á mörgum þáttum þessa máls sem ég hef hér fyrir framan mig í málsgögnum og þörf hefði verið á að rekja hér á þessum tímamótum í þessum málum. Ég verð að láta þá von í ljós að Alþingi Íslendinga og þjóðfélagið í heild, Íslendingar í heild, eigi eftir að taka sig á í þessum efnum, að þjóðinni verði gert kleift að átta sig á meginatriðum í þessu stóra máli sem varðar ekkert minna en sjálfstæði og framtíð þessarar þjóðar.

Um leið og við hljótum að leggja áherslu á nauðsyn góðra tengsla við Evrópu alla og í aðrar áttir í viðskiptalegum og félagslegum efnum þurfum við að gera okkur ljóst að kannski var aldrei meiri þörf á því en einmitt nú fyrir lítið land, fámennt land eins og okkar, fámenna þjóð að nýta sér kosti smæðarinnar, að átta sig á því að því aðeins höldum við hér velli að við afsölum okkur ekki þeim stjórntækjum sem við náðum inn í landið á fyrri hluta þessarar aldar. Að menn losi sig við þá glýju sem sumir fá í augun þegar þeir líta til stórra bandalaga og sterks valds. Það er ekki með því að sogast inn í þá hringiðu og kasta frá sér árum og stýri sem mönnum tekst að halda uppi sjálfstæðu þjóðríki, síst af öllu þjóðríki við ystu höf sem byggir á mjög sérstæðri efnahagsstarfsemi og við mjög sérstæðar aðstæður í félagslegu tilliti og að ýmsu leyti við örðugar aðstæður. Samt ekki lakari en svo að vegna þess að við náðum hér sjálfstæði inn í landið, vegna þess að við náðum tökum á okkar málum hefur okkur tekist að byggja upp mannlíf í þessu landi, efnahagslíf í þessu landi, lífskjör í þessu landi sem þrátt fyrir allt eru ekki lakari en svo að þau teljast með því skásta, með því besta sem gerist í heiminum. Við eigum hér mikla og ríka möguleika og þá eigum við að rækta.

Það ætti að vera verkefni okkar hér á Alþingi, fremur en vera að ganga inn á grundvöll Evrópubandalagsins, að átta okkur á þeim ríkulegu möguleikum sem Ísland býr yfir, íslensk fiskimið, íslensk mold, íslensk orka, íslenskt hugvit til þess að halda hér í horfinu og bæta hag manna þegar til framtíðar er litið. Það ætti að vera verkefnið og það verður umræðuefnið, vona ég, á komandi ári um leið og menn reyna að ýta frá sér fölskum draumsýnum og siglingaljósum sem því miður hafa villt um fyrir allt of mörgum nú hina síðustu mánuði. Reynum, góðir þm., hv. þm., að nota áramótin til þess að velta fyrir okkur þessum stóru þáttum sem varða framtíð og sjálfstæði Íslands og reynum að koma til starfa á Alþingi Íslendinga, helst betur búnir og betur væddir en nú er við lok ársins. Og umfram allt að vísa frá þeim röngu ákvörðunum sem stjórnvöld landsins hafa tekið stefnu á í stað þess að einbeita sér að því að takast á og ná fram hagsmunum Íslands sem sjálfstæðs ríkis með beinum hætti við Evrópubandalagið og við aðrar viðskiptaheildir, bandalög og einstök ríki hvarvetna í heiminum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er orðinn langur tími síðan byrjað var að ræða þetta mál hinn 23. nóv. sl. Það hlýtur að teljast mjög slæmt fyrir umræðu sem þessa að þurfa að slíta hana svo í sundur sem orðið hefur, en þetta er nú sjöundi fundurinn þar sem þetta mál er á dagskrá. Hlýtur það einnig að teljast mjög slæmt að við skulum enn eiga eftir að ræða þetta mál eftir jólahlé þingsins.

Þetta er mjög mikilvægt mál og getur haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir Ísland. Þess vegna er mjög mikilvægt að ræða það ítarlega. Því hefur verið haldið fram og mikið talað um að þetta mál hafi verið rætt ítarlega hér á þinginu. Ég vil meina að það sé of lítið rætt, þurft hefði að ræða það miklu betur og miklu meir. Og það sem meira er, ég hefði talið að

það hefðu þurft að fara fram mikið meiri skoðanaskipti. Ég tel einnig mjög slæmt að hæstv. utanrrh., sem fer með þessi mál af hálfu Íslands og mun væntanlega gera það á næsta ári, skuli ekki vera viðstaddur jafnmikilvæga umræðu og hér fer fram.

Talað hefur verið um ræðutíma manna og að svo og svo margir hafi talað í svo og svo marga klukkutíma. Það má vel vera að einhver hafi talað hér lengi en ég fullyrði að allt sem hér hefur verið sagt, alla vega allt sem ég hef hlustað á og ég tel mig hafa hlustað á allt sem hér hefur farið fram, hafi verið mjög málefnalegt og mjög nauðsynlegt innlegg í þessa umræðu sem hér hefur farið fram og þá jafnvel þær lengstu ræður sem hér hafa verið haldnar. Því ég vísa því á bug að hér hafi farið fram einhver óþarfa umræða heldur hefur hún verið mikilvæg. (**Forseti:** Ég vil gera athugasemd við ræðu hv. þm. Enginn hefur kvartað yfir lengd þessara umræðna. Þetta mál hefur verið sett á dagskrá hvenær sem möguleiki hefur verið og að sjálfsögðu hafa forsetar þingsins talið þessa umræðu mjög nauðsynlega. Enginn hefur kvartað yfir hversu langan tíma hún hefur tekið eins og sá tími sýnir sem þessi ræða fer nú fram. Þetta hlýt ég að láta koma hér fram.) Ég biðst afsökunar og finnst leiðinlegt ef forseti hefur tekið þetta til sín. Ég var einungis að tala um það að á síðasta fundi hér, ég get nú ekki munað nákvæmlega hvenær hann var, (**Gripið fram í:** 19. des.) þann 19. des. talaði hæstv. viðskrh., settur utanrrh., um tímalengd og fór í nákvæma útlistun á því í hversu marga tíma hefði verið rætt hér o.s.frv. Ég var ekki að vitna til forseta. Ég var einungis að vitna til þessa. Að vísu sagði ég það ekki þannig að það kæmi beinlínis fram, en vegna þessara fyrri orða sem ég sagði ... (**Viðskrh.:** Ég tók reyndar fram að margt gagnlegt hefði komið fram í þessari umræðu.) Ég tel að það hafi verið mjög margt gagnlegt. (Gripið fram í.) Nei, en það var einungis þess vegna sem ég tók fram að ég tel að hún sé mjög mikilvæg, það var það sem ég sagði. Ég var ekki að gagnrýna það sem sagt var. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að löng og ítarleg umræða fari fram og ég tek undir með hæstv. viðskrh. og settum utanrrh. að þetta hafi verið mjög gagnleg umræða.

Sumir hafa haldið mjög langar og góðar ræður og aðrir mjög stuttar líka mjög góðar. Þetta segi ég aðallega vegna þess að ég hefði gjarnan þurft að tala mjög lengi hér líka í þessari umræðu en ég hef ákveðið að reyna að stytta mál mitt mjög. Það er ekki vegna þess að ég hafi ekki mikið um þetta mál að segja, heldur hef ég ákveðið að reyna að stytta mál mitt vegna þess að við höfum gert samkomulag um að hafa ekki mjög langan ræðutíma. Ég er að taka þetta fram vegna þess að ég hef mjög mikið um þetta mál að segja, miklu meira en ég get komið að á þeim tíma sem ég ætla að reyna að takmarka mig við. Kvennalistakonur hafa verið mjög stuttorðar hér í þessari umræðu þannig að ég vona að ég gangi ekki neitt verulega á tíma þingsins. Ég vil lýsa ánægju minni með að samkomulag skuli hafa tekist um að halda þessa umræðu núna á þessum tíma þó óvenjulegur sé.

Fyrir ári síðan eða vorið 1988 var sett á laggirnar svokölluð Evrópustefnunefnd sem hefur m.a. verið hér til umræðu. Henni var falið það hlutverk að móta stefnu Alþingis gagnvart Evrópubandalaginu. Ég held að þegar við settumst þá niður hafi fáir gert sér í hugarlund að sá hraði mundi verða á þessu máli sem raun ber vitni. Því miður hefur okkur ekki auðnast að ljúka starfi okkar eins og áætlað var en ég vona að það takist á næstu mánuðum. Við munum koma þeirri vinnu sem okkur var falið að vinna til Alþingis. Og ég vona að á næstu mánuðum, ekki allt of seint, liggi skýrsla frá okkur á borðum alþm.

Eins og ég sagði áðan er orðinn langur tími frá því að þessi umræða hófst og hefur mikið gerst frá því að við byrjuðum að ræða skýrslu utanrrh. Fyrst má nefna að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins kom saman þann 22. nóv. og gaf út skýrslu sem er orðsending frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins til ráðherraráðsins í tengslum við þær samningaviðræður sem þarna er verið að tala um varðandi Evrópubandalagið og EFTA. Mig langar til að gera þessa samþykkt aðeins að umtalsefni í tilefni af þessari skýrslu utanrrh., en þar segir í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta:

Framkvæmdastjórnin er á þeirri skoðun að grundvöllur samninganna innan EES [þ.e. evrópsks efnahagssvæðis] um óhindruð vöruskipti, fjármagns- og þjónustuviðskipti, frjálsan atvinnu- og búseturétt og jaðarmálefni skuli vera viðeigandi löggjöf EB (acquis communautaire). EFTA-ríkin féllust á að viðeigandi löggjöf ætti á einn eða annan hátt að fella inn í samning sem sameiginlegan lagagrundvöll, eingöngu undantekningar réttlætanlegar með tilliti til grundvallarhagsmuna á aðlögunartímabilinu ætti að vera samningsatriði.

Þetta er hluti af þessu samkomulagi, örlítið brot af því sem þarna var samþykkt og fór til ráðherraráðsins, þ.e. að EFTA-ríkin fallast á að löggjöf Evrópubandalagsins um þessi atriði sem ég nefndi áðan eigi að gilda á hinu evrópska efnahagssvæði. Ráðherraráð EB kom saman 8. og 9. des. sl. og féllst á þetta álit framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. að samskipti EFTA og Evrópubandalagsins ættu að styrkjast á grundvelli laga Evrópubandalagsins eins og þar stendur líka, þetta margnotaða „acquis communautaire". Það eru því gildandi reglur EB sem munu gilda á hinu evrópska efnahagssvæði og að því er virðist á þessum plöggum hérna hafa EFTA-ríkin fallist á þá tilhögun.

Ég er ekki alveg viss um að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því hvers konar reglur gilda í Evrópubandalaginu, þær reglur sem ætlað er að gildi á þessu evrópska efnahagssvæði og utanrrh. er þá væntanlega búinn að fallast á. En ég vildi stikla á stóru varðandi reglur EB, fara hratt yfir sögu til að rifja upp. Eins og menn vita var Rómarsáttmálinn undirritaður árið 1957 og með honum var lagður grundvöllur Evrópubandalagsins. Þar var gerður sáttmáli um hin fernu fríðindi, þ.e. réttinn til að flytja vörur, fjármagn og þjónustu óhindrað milli aðildarríkjanna og rétt borgaranna til að flytja óhindrað milli landa.

Í Rómarsáttmálanum er kveðið á um almenn réttindi borgara í aðildarríkjunum til að hefja atvinnurekstur hvar sem er innan EB. Þetta felur í sér að stefnt er að því að íbúar aðildarríkjanna geti stofnað til atvinnurekstrar í sérhverju aðildarríki með sömu skilyrðum og heimamenn. Sömuleiðis er stefnt að því að þessi réttur taki einnig til starfrækslu umboða, útibúa eða dótturfyrirtækja. Sama gildir um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf í hlutafélögum í öðrum bandalagsríkjum, jafnvel meirihlutaeign. Þetta yrði þó með vissum takmörkunum vegna þjóðaröryggis gagnvart fyrirtækjum á sviði heilbrigðis- og öryggismála.

Í Rómarsáttmálanum er einnig fjallað um aukið frjálsræði á sviði þjónustu og stefnt í áföngum að óheftri starfsemi í fjármálaþjónustu, m.a. banka og tryggingafélaga. Þetta markmið felur í sér að banki eða tryggingafélag sem má starfa eða veita þjónustu í einu aðildarríki mundi sjálfkrafa öðlast rétt til að veita sömu þjónustu í öðrum aðildarríkjum EB án þess að þurfa sérstakt starfsleyfi þar. Gert er ráð fyrir að sams konar reglur tækju gildi um aðra fjármálaþjónustu, svo sem eignarleigu, fjármálaráðgjöf og verðbréfaviðskipti. Að sjálfsögðu er einnig fjallað um fjármagn í Rómarsáttmálanum og hvernig stefnt skuli í áföngum að auknum fríðindum á sviði þess. Að liðnum 12 ára aðlögunartíma, þ.e. frá 1957, er gert ráð fyrir að allt fjármagn geti óhindrað flust milli aðildarríkjanna. Eins og allir vita hefur þetta ekki ræst hjá þeim en þeir stefna að því að það verði núna í upphafi næsta árs. Ákvæði þetta beinist því gegn öllum gjaldeyrishömlum og allri mismunun einstakra aðildarríkja gagnvart einstaklingum varðandi fjármagn og lánafyrirgreiðslu. Sérstakt ákvæði heimilar aðildarríki að setja hömlur á fjármagnshreyfingar við tilteknar aðstæður, en ráðherranefndin getur fellt allar slíkar hömlur úr gildi, þ.e. hægt er að setja ákveðnar hömlur en þær eru alltaf undir því komnar að ráðherranefndin samþykki þær.

Í sáttmálanum er einnig lagður rammi að samkeppnisreglum fyrir alla einstaklinga og lögaðila sem starfa í EB-löndum, þar á meðal aðila á fjármagnsmarkaði. Þessar reglur fela í sér almenn ákvæði um að aðilar megi ekki misnota aðstöðu sína og þeim beri ávallt að virða samkeppnisreglur. Í þessu sambandi fjallar Rómarsáttmálinn sérstaklega um samræmingu á starfsskilyrðum fyrirtækja, þar á meðal skattameðferð. Stefnan er því sú að ekkert aðildarríki geti í framtíðinni mismunað útflytjendum frá öðrum aðildarríkjum með því að leggja á vörur þeirra eða þjónustu sérstök gjöld. Þetta eru nú þær reglur sem eiga að gilda innan EES.

Í hvítbókinni, sem er raunverulega stefna framkvæmdastjórnarinnar í því hvernig framkvæma skuli ákvæði Rómarsáttmálans, er talað um fjögur meginatriði varðandi óhefta fjármagnsflutninga milli aðildarlandanna. Það er efling evrópska myntkerfisins, samræming á reglum aðildarríkjanna til að hægt sé að koma á óhindraðri fjármálaþjónustu, ráðstafanir gegn skattalegri mismunun, full aðlögun að fjármagnsmarkaði EB með algerlega frjálsum fjármagnsflutningum. Nú eru engar hömlur innan EB á viðskiptum með verðbréf utan kauphalla eða gjaldeyrishömlur vegna langtíma viðskiptalána. Seinni áfanginn í því að ryðja á braut hindrun í fjármagnsflutningum er lagður með tillögum framkvæmdastjórnarinnar frá 1987. Gert er ráð fyrir að þær reglur sem EB hefur sett hindri ekki aðildarlöndin í að setja sérreglur í tengslum við fjármagnsflutninga, t.d. varðandi skattameðferð, en slík lög mega þó ekki hindra fjármagnsflutninga. Þannig að allt gengur þetta út á að reyna að koma í veg fyrir það. Stefnt er að því að einungis þurfi starfsleyfi í einu aðildarríkjanna, t.d. fyrir bankastofnanir, sem gildi þá í öllum aðildarríkjum.

Veltum nú fyrir okkur hvaða áhrif það muni hafa á hagstjórn, sem hlýtur að skipta máli fyrir okkur Íslendinga ef við gerumst aðilar að evrópska efnahagssvæðinu. Þegar fjármagnsmarkaðurinn er orðinn fullkomlega opinn og óskiptur innan bandalagsins felur það í sér að ekkert misræmi getur komið til vegna mismunar á gengisskráningu. Þetta þýðir í reynd að einungis mjög tímabundnar og óverulegar breytingar á innbyrðis gengisskráningu gjaldmiðla aðildarríkjanna geta komið til. Til þess að tryggja þetta viðkvæma innbyrðis samband ríkjanna án þess að afnema gjaldmiðla einstakra þjóðríkja og sjálfstæða gengisskráningu þeirra hefur bandalagið komið sér upp, og stefnir að eflingu á eigin sjóði, peningamálasjóði Evrópu, til að mæta sveiflum í greiðslujöfnuði ríkjanna. Minnir þetta helst á kerfi aðildarríkja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Af hálfu framkvæmdastjórnarinnar er talin þörf á miklu nánari samvinnu bandalagsríkjanna á þessu sviði. Að mati framkvæmdastjórnarinnar verða öll ríkin að taka þátt í peningakerfinu og stofna verður einn sameiginlegan seðlabanka. Það eru að vísu margir á móti þessu og það hefur m.a. komið fram að Bretar eru mjög mikið á móti því að hafa eina mynt og einn sameiginlegan seðlabanka, en þó hefur ráðherraráðið nýlega samþykkt að stefnt skuli að því að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil og sameiginlega stjórn gengismála með einn seðlabanka.

Þetta mun allt hafa í för með sér að hvert aðildarríki getur ekki stundað venjulega peningamálastjórn í gegnum t.d. vaxtastefnu. Það verður einnig torvelt að ætla að stjórna peningamálum með því að setja innlánsstofnunum reglur um lausafjárhlutföll þar sem slíkar reglur mega ekki þrengja stöðu innlendra banka umfram þær sem honum eru settar í heimalandi. Í reynd þýðir þetta allsherjar samræmingu á starfsskilyrðum stofnana eins og banka og mikla takmörkun á möguleikum til sérstakrar peningamálastjórnar í einu landi.

Það er því greinilegt af þessu að ef við gerumst aðilar að evrópska efnahagssvæðinu munum við takmarka mjög möguleika okkar til peningamálastjórnar. EFTA-ráðherrarnir samþykktu á fundi sínum þann 11. og 12. des. að gangast undir þetta, eins og kemur fram — ef ég fæ aðeins að grípa niður í

yfirlýsingu fundarins, með leyfi forseta: „Þeir gerðu ráð fyrir því [þá er talað um ráðherrana] að samningurinn mundi gera kleift að ná fyllsta mögulega árangri varðandi óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturétt innan evrópska efnahagssvæðisins sem heildar." Aðeins síðar kemur: „Í þessu sambandi samþykktu ráðherrarnir að viðeigandi reglur Evrópubandalagsins sem þegar hafa verið mótaðar og sem skilgreina skal í samvinnu við EB skuli felldar inn í samningana á einn eða annan hátt."

Þarna kemur greinilega fram að EFTA-ráðherrarnir, og þá væntanlega hinn íslenski einnig, eru tilbúnir að undirgangast reglur Evrópubandalagsins að því er þessi atriði varðar.

Það sem líka hrellir mig við þessa samþykkt EFTA-ráðherranna frá því í desember er að mér finnst mjög greinilegt að þar sé verið að undirgangast yfirþjóðlegt vald. Það er talað um það þannig að við þurfum að lúta sameiginlegum úrskurðaraðila til að setja niður deilumál og samræmda túlkun reglna sem kannski út af fyrir sig er ekki óeðlilegt á margan hátt, en hins vegar er greinilegt að dómstólar einstakra ríkja, ef sömu reglur eiga að gilda og eru innan EB, verða að lúta úrskurði yfirþjóðlegs dómstóls eins og gildir í Evrópubandalaginu. Ég get ekki séð annað út úr samþykktinni en að þarna sé verið að setja fram hugmyndir um sams konar yfirvald. Þetta þykir mér mjög miður því að ég hef einmitt haldið að allir sem hér hafa tekið til máls í þessu máli hafi gert það mjög skýrt að Ísland muni aldrei vilja lúta yfirþjóðlegum stofnunum. Þessu hélt ég að allir væru samþykkir og allir væru sammála um, en það er greinilegt og mér finnst ekki hægt að sjá neitt annað út úr þessu en að þegar sé búið að samþykkja að undirgangast þessar reglur Evrópubandalagsins.

Auðvitað verður að taka það fram að það er ekki búið að gera samningana. Það er einungis búið að veita heimild til samningaviðræðna. En það er búið að gera það á grundvelli þessara samþykkta sem hérna liggja fyrir. Ríkisstjórnin er búin að veita utanrrh. umboð til þess að ganga til samninga á grundvelli Oslóaryfirlýsingarinnar sem er orðrétt að reynt skuli að ná fyllsta mögulega árangri varðandi óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturétt. Þetta er nákvæmlega það sem þar stendur þannig að grundvöllurinn er þarna og það virðist vera að þarna hafi ríkisstjórnin vitandi eða óafvitandi viljað ganga til samninga á þessum forsendum. Ég vona að þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar sé ekki endanleg og að það sé ekki hægt að taka hana upp og endurskoða. Ég hef því miður ekki séð þess merki, alla vega ekki hingað til, en það er þó alltaf hægt að vona.

Fyrir nokkrum árum hélt EFTA ráðstefnu þar sem margir sérfræðingar komu saman og ræddu m.a. áhrif óheftra fjármagnsflutninga og fjármálaþjónustu. Ég hef aðeins gluggað í það sem þar kom fram. Ég ætla ekki að taka það allt saman en það hefði kannski verið mjög gott og skemmtilegt að líta yfir það sem þeir sérfræðingar sem þar tóku til máls sögðu. Ég ætla aðeins að taka nokkur dæmi og ég tek þau vegna þess að þau varða Ísland sérstaklega að mínum dómi. En á þeirri ráðstefnu var prófessor Dornbusch frá MIT-háskólanum í Bandaríkjunum. Hann telur að EB-löndin hafi nú þegar stigið þau skref sem eru þeim hagkvæmust, þ.e. að afnema ýmsar almennar viðskiptahindranir og koma á auknu frjálsræði á fjármagnsmörkuðum.

Næstu skref EB-ríkjanna að fullkomnu frjálsræði á fjármagnsmörkuðum fela í sér meiri vanda í framkvæmd, t.d. kröfuna um eitt peningakerfi og stórlega skert sjálfsforræði aðildarríkjanna, og leiða alls ekki til óumdeilanlegrar hagkvæmni fyrir aðildarríkin. Hann telur að stækkun EB sem vörumarkaðar með því að bjóða nýjum ríkjum inngöngu í bandalagið hefði miklu augljósari hagkvæmni í för með sér fyrir núverandi aðildarríki, einkum ef nýju aðildarríkin gætu boðið upp á mikilvæg hráefni og neytendamarkað fyrir iðnríkin, og ég endurtek: mikilvæg hráefni. Það er einmitt það sem verið er að gera núna með þessum samningum sem við erum að ganga til, því miður, að við verðum þarna eingöngu hráefnisframleiðendur. Ég tel mikla hættu á því. Það er mjög eðlilegt af hálfu Evrópubandalagsins og framkvæmdastjórnarinnar fyrst og fremst sem fer með þessi mál að vilja fá meira hráefni, fiskinn okkar, inn á markaðinn, ekki unninn, heldur sem hráefni.

Dornbusch bendir einnig á að mörg ríki fjármagni hluta af ríkisútgjöldum með svonefndum verðbólgugróða, með gróðanum af eigin peningaútgáfu. Aðildarríki EB hafi nú með samræmdri peninga- og gengisstjórn svipt sig að mestu möguleikunum á þess konar fjármögnun ríkisútgjalda. Margir hagfræðingar telja að slík fjármögnun opinberra útgjalda eigi heldur ekki rétt á sér, en það sé í sjálfu sér pólitísk spurning hverjir eigi að greiða opinbera starfsemi. Dornbusch sýnir að ríkisskuldir nokkurra aðildarríkja EB hafi vaxið mjög mikið á þeim tíma sem þau hafa verið að þvinga niður innlent verðbólgustig á EB-kvarða sem er þýska markið með peningamálastjórn og gengisstefnu.

Dornbusch gagnrýnir einnig mjög margt hér sem mætti taka til en ég ætla aðeins að nefna eitt atriði enn. Hann bendir á að flestar skammtíma fjármagnstilfærslur eigi rætur að rekja til vonar um skattalegan ávinning. Skammtíma fjármagnsflutningar eru til þess fallnir að auka óstöðugleika í peningakerfinu, sérstaklega á jaðarsvæðum, og skyldi nú ekki Ísland verða jaðarsvæði inni í þessu evrópska efnahagssvæði ef til kemur? Frjálsræði til skyndiflutninga fjármagns vegna skattalegs ávinnings eykur hins vegar hagkvæmni í nýtingu fjármagnsins sem er nú eitt af því sem verið er að stefna að.

Komið hefur gagnrýni úr fleiri áttum en eingöngu frá þessari EFTA-ráðstefnu en fróðlegt væri einhvern tíma að vitna meira til hennar því að þar kom fram mjög mikil gagnrýni og er ég mjög undrandi á því að EFTA-ríkin hafa ekki tekið meira mið af því sem þarna kom fram þar sem það voru þau sem efndu

til þessarar ráðstefnu og kölluðu saman þá sérfræðinga sem þar voru. En ef við tökum nú gagnrýni úr annarri átt sem ég ætlaði að drepa hérna á og er sjálfsagt kunnug mörgum alþingismönnum, þá hafa þeir sem telja byggðajafnvægið mikilvægt miklar áhyggjur af áformum um innri markað EB. Það voru vafalítið byggðasjónarmið sem réðu því á sínum tíma að EB-ríkin féllust á að verja miklum fjármunum til að halda uppi landbúnaði og fiskveiðum í þeim mæli sem raun ber vitni. Ef áformin um óheftan fjármagnsmarkað ná fram að ganga ásamt öðrum áformum hvítbókarinnar munu stórfyrirtækin í kjarnaríkjum EB stækka enn meira og samkeppnisstaða smáfyrirtækja í jaðarríkjum versna. Staða smáiðnaðar og þjónustu mun versna í jaðarríkjum. Þetta mun annars vegar leiða til meiri uppsöfnunar tekna og auðs í kjarna EB og hins vegar fækka atvinnumöguleikum með beinum hætti í jaðarbyggðum bandalagsins. Aukin byggðaröskun blasir þess vegna við þjóðum EB og hvítbókin gerir ekki ráð fyrir neinum sérstökum viðbrögðum vegna þessara atvinnugreina. Hins vegar er gert ráð fyrir styrkjakerfi vegna landbúnaðar og sjávarútvegs sem öllum er nú reyndar kunnugt þannig að ef við ætlum að fara inn í þetta kerfi, inn í þetta evrópska efnahagssvæði með þeim reglum sem gilda innan EB, þá óttast mjög margir, ekki bara ég heldur mjög margir, að þetta sama gerist. Við erum jaðarsvæði á nákvæmlega sama hátt og þau jaðarsvæði sem nú eru innan EB. Þau hafa misst fjármagn. Það hefur streymt fé þaðan. Írland og Danmörk eru eftir því sem ég best veit í miklum vandræðum með sitt fjármagn þar sem það streymir frá þeim svæðum til kjarna bandalagsins.

Þetta eru atriði sem ég tel að við ættum að hafa áhyggjur af og við hljótum að horfa til þess sem gerist innan svæðisins. Og ég trúi ekki öðru en að hæstv. viðskrh., sem ég vil ávarpa svo í þessu sambandi, hafi áhyggjur af þessu einnig, svo fróður sem hann er á sviði hagfræði. Og hann hlýtur að hafa lesið mikið af þeim varnaðarorðum sem hagfræðingar viðhafa í þessu sambandi.

Mikið hefur verið talað um að gerðir séu ýmsir fyrirvarar af Íslands hálfu. Í upphafi fundarins í Osló hélt hæstv. forsrh. ræðu og ætla ég að fá að vitna örlítið í þá ræðu, með leyfi forseta, þar sem hann hafði lýst áður ýmsu um aðstöðu okkar Íslendinga en segir svo: „Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning. Hins vegar verðum við að hafa fyrirvara hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Hið litla og viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það nú er áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnshreyfinga."

Þetta sagði hæstv. forsrh. í Osló og hefur oft verið vitnað til þess hér úr þessum ræðustól af honum og öðrum. Hins vegar telja hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., að því er mér heyrist, að ekki sé um neina fyrirvara að ræða við Oslóaryfirlýsinguna að því er varðar þessi atriði. Þetta hef ég skilið af ræðum þeirra og því sem ég hef heyrt þá segja bæði hér úr þessum ræðustól, svo og í blaðagreinum og annars staðar þar sem þeir hafa látið álit sitt í ljós. Það virðist því ekki vera, alla vega ekki á þessari stundu, um neina fyrirvara að ræða. Þó er þetta alls ekki ljóst.

Ég hlustaði á ræðu hæstv. viðskrh. Jóns Sigurðssonar í Sþ. 24. nóv. þar sem verið var að ræða um fyrirvara. Hann segir, með leyfi forseta:

„Á þessu sviði höfum við gert skýran fyrirvara varðandi fjárfestingar erlendra aðila í náttúruauðlindum okkar eða atvinnurekstri sem tengist þeim, fiskveiðum, fiskvinnslu og orkuverum. Þessir fyrirvarar eru ótímabundnir. Við höfum jafnframt gert fleiri fyrirvara eins og kemur fram í skýrslu utanrrh. sem hér er rædd. Við þurfum að takast á um þessa fyrirvara í samningum við Evrópubandalagið [það kemur skýrt fram að það þarf að taka á þeim fyrirvörum sem nefndir eru í skýrslu utanrrh. í samningum], en við þurfum einnig að skilgreina þá betur en við höfum gert til þessa. Hvar liggja hinir íslensku hagsmunir? Ég tel það afar brýnt að við setjum sem fyrst, og helst á þessu þingi, almenna löggjöf um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri."

Ég er svo innilega sammála hæstv. viðskrh. að því er þetta varðar. Auðvitað þurfum við að vita hvar hinir íslensku hagsmunir liggja. En hefði nú ekki verið eðlilegra að skilgreina okkar fyrirvara betur og gera okkur betur grein fyrir því með hvaða hætti hægt er að sporna við því að erlendir aðilar eignist auðlindirnar? Og hefði ekki verið betra að byrja á því að gera okkur grein fyrir því sem hérna stendur: Hvar liggja hinir íslensku hagsmunir? Auðvitað erum við öll sammála því — eða ég vona það — að erlendir aðilar eigi ekki að fá aðgang að náttúruauðlindunum. En hvernig eigum við að koma í veg fyrir það? Það er það sem málið snýst um. Það eru að vísu örugglega einhverjir aðilar í þjóðfélaginu sem telja þetta engu máli skipta. Ég hef hins vegar sem betur fer ekki hitt nema einn einasta aðila og vona ég að hann sé sá eini og held ég að hann hafi kannski ekki gert sér grein fyrir hvað hann var að segja. Hins vegar hef ég ekki heyrt það hér á Alþingi og hvergi frá þeim sem ég tel hafa eitthvað að segja í þessu máli. Þeir hafa ekki sagt svo. En þá verður líka að gera grein fyrir því hvernig í ósköpunum við eigum að koma í veg fyrir að útlendingar nái yfirráðum yfir auðlindum okkur.

Ég hef líka verulegar áhyggjur af því misræmi sem kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. sem þá var settur utanrrh. þegar hann talaði þann 4. des. Ég tók eftir að hann segir á einum stað, með leyfi forseta, þar sem hann er að tala um fyrirvara Íslands:

„Slíkir fyrirvarar eða undantekningar verða þó í sjálfu sér ekki samningsatriði." En á bls. 9 í skýrslu utanrrh. kemur þetta fram, með leyfi forseta: „Undantekningar, sem réttlættust með hliðsjón af grundvallarhagsmunum, svo og tilhögun á aðlögunartíma, ættu að vera samningsatriði." Þarna gætir því ákveðins misræmis sem mig langar til að inna hæstv. utanrrh. eftir. Ég átta mig ekki á hvers vegna þetta er

ýmist samningsatriði eða ekki samningsatriði. Getur hugsanlega geti verið um prentvillu í skýrslunni að ræða. (**Viðskrh.:** Á hvaða blaðsíðu í skýrslunni?) Bls. 9, sagði ég, neðarlega á síðu þar. Þetta passar ekki alveg saman. Það kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. að eitthvert plagg hefði verið hér á ferð líka innan ríkisstjórnarinnar sem ég hef ekki aðgang að, þannig að það virðist eitthvert ósamræmi vera þarna í heildina sem væri ágætt að fá einhvern botn í.

Síðan kemur aðeins síðar í ræðu hæstv. utanrrh. frá 4. des. — Hæstv. forseti. Mér reynist stundum erfitt að átta mig á hvort ég á að ávarpa viðskrh., settan utanrrh., sem utanrrh. eða viðskrh. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er nú hæstv. utanrrh.) Þannig að mér er óhætt að ávarpa hann sem slíkan? (**Forseti:** Algjörlega.) Takk. Hæstv. utanrrh. hefur nú brugðið sér frá þannig að ég veit ekki hvort ég á að vitna til ræðu hans í bili, en ég hefði gjarnan viljað spyrja um fleiri atriði sem koma fram síðar í ræðu hans þar sem hann er að ræða um tímabundin sérákvæði. Ég óska því eftir að fá að gera örstutt hlé ef hann hefur brugðið sér frá. (**Forseti:** Þingvörður segir mér að hæstv. utanrrh. sé í símanum örstutta stund og hann kemur von bráðar.)

Ég var stödd þar í ræðu minni að ég ætlaði að spyrja fleiri spurninga varðandi ræðu hæstv. utanrrh. frá 4. des. þar sem hann sagði einnig, með leyfi forseta: „Þá eru einnig gefnar almennar yfirlýsingar um nauðsyn tímabundinna sérákvæða sem verða að sjálfsögðu samningsatriði. Undir slík ákvæði fellur margt sem varðar tímasetningu og forgangsröð í breytingum t.d. að því er varðar aukið frelsi til fjármagnshreyfinga.“

Þarna sýnist mér að einungis sé gert hugsanlega ráð fyrir því að um verði að ræða tímabundin sérákvæði en ekki varanlega fyrirvara að því er varðar frelsi með fjármagnshreyfingar. Þetta kom mér mjög á óvart þar sem hæstv. forsrh. hafði tjáð Alþingi að varðandi Oslóaryfirlýsinguna hefði Ísland fyrirvara að því er þetta varðar. Ég vil því enn spyrja hvort þarna sé ekki tekið í raun neitt tillit til þess sem Íslendingar hafa sagt að því er varðar þessi atriði, alla vega í Osló og að því er ég hélt á síðari fundum EFTA.

Það voru nokkur fleiri atriði sem ég ætlaði að vitna til og spyrja um varðandi ræðu hæstv. utanrrh. þennan dag en ég geymi mér það og ætla eingöngu að minnast á eitt atriði í ræðu hans sem ég hnaut um sérstaklega þó að margt hefði nú verið athyglisvert og ástæða til að minnast á. Það var það sem varðaði gildandi reglur innan Evrópubandalagsins um staðla og ýmsar öryggiskröfur varðandi bæði umhverfi og heilsu og öryggi og þess háttar atriði. Þetta var varðandi spurningu sem var borin fram til hans og hann svaraði í þessari ræðu. Þar kom fram að hverju aðildarríki væri heimilt að setja strangari reglur, sem er alveg rétt og mér er kunnugt um að það er margtekið fram, bæði að því er varðar öryggi og umhverfi og fleiri þætti, en þar má ekki vera um dulbúnar viðskiptahindranir að ræða en það er einmitt það sem er málið. Það mega ekki vera dulbúnar viðskiptahindranir. Í því sambandi vil ég benda á að Evrópudómstóllinn hefur dæmt í slíkum málum. Ég get nefnt tvö atriði. Í Þýskalandi hafa frá því 1516 verið reglur sem banna að sett verði nokkur aukaefni í bjór, svo sem rotvarnarefni og fleira. Þjóðverjar hafa verið mjög harðir á þessu og þar af leiðandi hefur nánast engin bjórtegund verið seld í Þýskalandi nema þýskur bjór og Guinness, ákveðin tegund af honum sem ekki hefur þessi aukaefni. Nú hefur Evrópudómstóllinn dæmt Þjóðverja til að heimila innflutning á bjór vegna þess að þeir telja að þarna hafi verið um viðskiptahindranir að ræða. Auðvitað geta Þjóðverjar haldið áfram að banna sínum verksmiðjum að framleiða bjór með aukaefnum, en það þýðir að þeir eiga mjög erfitt með að keppa vegna þess að þeir þurfa miklu oftar að skipta um bjór í verslunum og annars staðar. Umsetningin verður að vera hraðari vegna þess að hann geymist heldur skemur.

Sama er að segja um asbest. Í Danmörku hefur til skamms tíma staðið á asbestplötum að þær séu krabbameinsvaldandi. Evrópudómstóllinn er búinn að banna Dönum að stimpla asbestplöturnar með þessu vegna þess að þeir telja það viðskiptahindrun. Að vísu stukku þeir til og skiptu út asbestplötum í allri byggingunni sinni, stóru byggingunni í Brussel, vegna þess að þeir vildu helst ekki vera í byggingu með asbesti. Hins vegar mega Danir ekki lengur, frá næsta ári, skýra frá þessu á sínu asbesti.

Annað dæmi er að danska Krabbameinsfélagið hefur farið fram á það við yfirvöld að öll 250 efnin sem að dómi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar eru krabbameinsvaldandi verði merkingarskyld í Danmörku, en Evrópubandalagið hefur ákveðið að einungis 50 megi vera merkingarskyld vegna þess að það er talið viðskiptahindrandi.

Þetta þykja mér vera túlkanir sem ég á mjög erfitt með að sætta mig við. Þrátt fyrir þessa reglu er hægt að fara þannig með hana að hún heldur í raun ekki. Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram þar sem ég taldi það mikilvægt vegna orða hæstv. utanrrh. á þessum tíma. Um þetta er mikið talað í Evrópu og hafa t.d. Græningjar vakið athygli á þessu og telja þetta vera mjög varasamt.

Ég ætla nú að víkja örlítið að öðrum þætti sem eru flokkssamþykktir framsóknar og Alþb. Ég hafði haldið miðað við málflutning þessara aðila hingað til að þeir mundu kannski spyrna eitthvað við fótum þannig að ríkisstjórnin mundi nú ekki stökkva út í fenið að óathuguðu máli. Við erum búin að vinna saman í Evrópustefnunefndinni frá vorinu 1988 og þar hafa menn verið að kynna sér málin og það er kannski eftirtektarvert að við sem tölum hér úr þessari nefnd höfum ýmsa fyrirvara varðandi þá stefnu sem ríkisstjórnin er að taka í þessu máli núna. Það skyldi þó ekki vera bara tilviljun að það erum einmitt við.

Miðstjórn Framsfl. hefur ályktað í þessu máli og hefur talað um að ákveðnir fyrirvarar þurfi að vera af Íslands hálfu. Landsfundur Alþb. hefur ályktað og þeir eru með ákveðna fyrirvara og ekki alls fyrir löngu ályktaði þingflokkur Alþb. líka um ákveðna

fyrirvara varðandi samningaviðræður. Ég hirði ekki að lesa það hér upp. Það hefur verið gert fyrr í umræðunni. Þeir sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál þekkja það því sjálfsagt. En í bókun ríkisstjórnarinnar frá 29. nóv. kemur enginn af þessum fyrirvörum fram, ekki einn einasti. Og ekki bara það að ekki komi fram neinir fyrirvarar að því er varðar atriði eins og fjármagnsflutninga og fjármálaþjónustu og þess háttar heldur á líka að fórna grundvallarhagsmunum. Það er ekki tekið á aðalvandamálinu og aðalmálinu fyrir Íslendinga, þ.e. varðandi það að koma fiskinum á markaði í Evrópu sem við höfum þó lagt höfuðáherslu á. Í raun eru því engir fyrirvarar hvað varðar þessa þætti sem ég hef hér gert að umtalsefni þrátt fyrir allar samþykktir flokksstjórna Framsfl. og Alþb. og þingflokka. Þetta þykir mér mjög einkennilegt. Hér eru nú engir ráðherrar Alþb. Þeir eru stokknir þannig að ég get illa spurt þá hverju þetta sæti, en ég hlýt að varpa því samt til þeirra og vonandi svara þeir því seinna, þegar þeir hafa tækifæri til, hvers vegna í ósköpunum þeir hafi raunverulega gengið þannig fram hjá samþykkt bæði landsfundar og þingflokks. Sama er að segja um Framsfl. Þó að þingflokkur hans hafi ekki ályktað, að því er ég best veit, sérstaklega í þessu máli, ekki opinberlega, hefur það a.m.k. komið fram á miðstjórnarfundi og verið samþykkt tillaga þar um þetta sama efni.

Ég verð að fara að stytta mál mitt, virðulegur forseti, en ég má þó til með að benda á það að fyrirvarar að því er varðar fjármagnsflutninga eru mjög mikilvægir. Ég hef hér undir höndum ýmis álit manna að því er þetta varðar. Ég vil benda á í þessu sambandi fréttabréf frá fræðslusamtökum um Ísland og Evrópubandalagið sem öllum þingmönnum hefur borist. Það væri vel þess virði að lesa það upp hér en ég ætla nú að spara mér það. En mig langar til að lesa úr þessu hefti lokaorð Ragnars Árnasonar prófessors í kafla sem heitir „Ísland og óheftir fjármagnsflutningar". Ég ætla bara að lesa nokkur orð, með leyfi forseta, þar sem hann segir:

„Samkvæmt ofansögðu" — og það ætla ég ekki að lesa, ég ætla að leyfa öðrum að lesa það, hverjum og einum — „þýðir skipulag óheftra fjármagnsflutninga á hinn bóginn að Ísland framtíðarinnar verður verulega frábrugðið því sem við þekkjum og sennilega miklu fámennara og fátækara en flestir Íslendingar gera ráð fyrir."

Ég ráðlegg öllum hv. þm. að lesa þessa grein sem ég reikna með að flestum hafi borist. Þetta kom í hólf þingmanna núna fyrir einni eða tveimur vikum. Ég tel að fyllsta ástæða sé til að hlusta á Ragnar Árnason sem er prófessor í fiskihagfræði.

Við í Evrópustefnunefnd höfum líka verulegar áhyggjur af þessu atriði. Við höfum m.a., eins og formaður hennar hefur kynnt, ákveðið að senda nokkrum aðilum bréf með það í huga að skoða nánar hvaða áhrif óheftir fjármagnsflutningar hafa á þætti sem við höfum sérstaklega áhyggjur af, yfirráð erlendra aðila og nýtingu náttúruauðlindanna, og sérstaklega hvað varðar sjávarútveg og orkulindir. Ég lagði fram tillögu í Evrópustefnunefnd í október sem var samþykkt. Bréf var sent út og hafa okkur borist nokkur svör. Að vísu gáfum við mjög stuttan fyrirvara því að við vildum vinna málið hratt og við vildum gera skyndikönnun á því hvað sérfræðingar hefðu um málið að segja. Síðan ætlum við að vinna þetta nánar. Okkur er líka kunnugt um að einhver vinna hefur farið fram á vegum utanrrn. varðandi þetta og við munum setja okkur í samband við þá aðila sem það hafa unnið og þá kemur væntanlega í ljós eitthvað frekar. Eins og ég sagði áðan er þarna kannski allt of seint af stað farið, sérstaklega með tilliti til þess að þarna er allt komið á fulla ferð, en í þeim fáu álitum sem við höfum eru uppi ýmsar efasemdir um það að við getum haldið sjávarútvegi og orkulindum frá því að útlendingar nái tökum á þeim. Við þurfum því að flýta okkur hægt í þessum efnum og stöðva það sem nú á sér stað og flana ekki að neinu eins og við erum að gera núna. Það er sama hvaða skoðun menn hafa á því hvort hér eigi að leyfa óhefta fjármagnsflutninga eða ekki, þetta er óheillaspor.

Mig langaði til að gera aðeins að umtalsefni þá tillögu sem við höfum lagt fram hér á Alþingi. 1. flm. er Eyjólfur Konráð Jónsson. Við leggjum hana fram fyrst og fremst vegna þess að við teljum að þessi leið sem valin er, að láta meginhagsmunina, þ.e. verslun með sjávarafurðir, verða út undan í þessum samningaviðræðum ekki rétta. Sjálfstæðismennirnir sem standa að þessari tillögu ásamt mér hafa að sjálfsögðu ekki sömu skoðun og ég að því er varðar aðra þætti málsins. Þeir telja, alla vega að því er mér skilst, að Ísland eigi að ganga til samninga við EFTA en vilja eins og ég að meginhagsmunir okkar og grundvallarhagsmunir þjóðarinnar verði ekki samningsatriði einhvern tíma seinna eins og stefnt er að núna að því er virðist af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég hafði hugsað mér að víkja enn frekar að sjávarútvegsmálunum og þá sérstaklega þeirri skýrslu sem hér hefur orðið að umtalsefni. Ég held að alþingismenn hafi ekki lesið þá skýrslu nægilega vel. Hún er verulega gott innlegg í þessa umræðu. Þá á ég við skýrslu Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi sem hér hefur verið vitnað til af mörgum. Ég hefði gjarnan viljað vitna líka til þeirrar skýrslu og nota hana en hins vegar ætla ég að spara mér það til seinni tíma. Það er aðeins eitt atriði sem ég vil þó gera að umtalsefni sem fram kemur í þeirri skýrslu, og reyndar í bókun ríkisstjórnarinnar, þar sem verið er að tala um tvíhliða viðræður. Það er farið að nota tvíhliða viðræður á svolítið misvísandi hátt. Í upphafi, áður en við fórum að ræða þessi mál hér, höfðu tvíhliða viðræður í mínum huga ótvírætt verið formlegar viðræður við einhvern ákveðinn aðila. Hins vegar er greinilegt að hugtakið „tvíhliða viðræður" er notað í bókun ríkisstjórnarinnar þegar um er að ræða opinberar heimsóknir eða þegar ráðherrar fara og ræða við kollega sína, annaðhvort einhvers staðar erlendis eða þeir koma hingað til lands. Þess vegna er ég hætt að nota orðin „tvíhliða viðræður" um það sem ég átti við í upphafi, heldur segi ég „beinar samningaviðræð-

ur" og þess vegna er það notað í tillögu okkar sem ég vitnaði til áðan. Þar er talað um beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6.

Þar sem mikið hefur verið rætt um þessa skýrslu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi kemur greinilega fram hjá þeim hvað þeir eiga við með tvíhliða viðræðum. Í athugasemd í Morgunblaðinu þann 7. des. segja þeir í lokin — og ég ætla aðeins að taka þar eina setningu: „Það má vera hverjum manni ljóst að slíkar tvíhliða viðræður hljóta að vera formlegar." Þannig að þegar þeir eru að ræða um tvíhliða viðræður eru þeir að meina formlegar viðræður vegna þess að það er það eina sem þýðir. Það þýðir ekkert að vera að bíða og bíða með viðræður og vona svo bara að einhvern tíma seinna komi hugsanlega upp sú staða að Ísland geti fengið einhverjar tollaívilnanir.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að ræða um fríverslun með fisk innan EB vegna þess að það hefur svo margoft komið hér fram að fríverslun með fisk er óraunhæft markmið. Það er alveg útilokað að sú geti orðið raunin í þeim samningaviðræðum sem ríkisstjórnin er búin að ákveða að ganga til við Evrópubandalagið. Það hefur margoft komið fram, bæði hér á Alþingi og annars staðar, og mjög greinilega í þeim plöggum sem við höfum fengið frá framkvæmdastjórninni, að þeir hafa ekki neinn einasta áhuga á fríverslun með fisk. Þeir margítreka í viðræðunum um spurninguna um óhindruð viðskipti með sjávarafurðir, fríverslunina, að hún sé tengd öðrum þáttum sameiginlegrar fiskveiðistefnu EB og þar með talið aðgangi að fiskimiðum. Þessu hafa þeir aldrei látið af, enda er líka öll þeirra fiskveiðistefna byggð upp þannig að gagnkvæmur aðgangur sé að fiskimiðum og, það sem kannski er mest um vert, að þeir eru með mjög mikið og flókið styrkjakerfi sem þeir eru ekki tilbúnir til að láta af, svo að það að veifa því er náttúrlega tóm vitleysa. Það hlýtur öllum að vera ljóst. Við þurfum aðgang að mörkuðum Evrópu sem og öðrum mörkuðum en ekki að vera að reyna að halda því fram að það sé einhver von til þess að ná fram fríverslun með fisk.

Það er öllum ljóst og það vita það allir að innan EFTA er ekki nein fríverslun með fisk heldur, þó svo það hafi verið samþykkt. Við heyrðum hér áðan og erum búin að heyra lengi í fréttum að Norðmenn eru ekki tilbúnir að leggja af sína styrki í sjávarútvegi. Og hvernig í ósköpunum er þá einhver von til þess að þeir standi með okkur um það að samið verði um fríverslun með fisk við EB? Við verðum bara að viðurkenna þetta. Aðilar innan sjávarútvegs telja að Ísland muni auðveldlega geta tekið þátt í samkeppni á þessu sviði, kannski ekki einmitt núna, en þeir eru ekkert hræddir við það ef styrkjakerfið leggst af annars staðar. Ég held því að það sé nú kominn tími til að við reynum að líta raunhæfum augum á þetta mál.

Þar sem ég hef kannski talað dálítið lengi verð ég að reyna að sleppa hluta af því sem ég mundi hér vilja sagt hafa (**HG:** Þetta er allt í lagi. Nóg er nóttin.) Er það? Já, ég vil samt ekki fara, alla vega ekki mjög mikið, yfir á næsta dag.

Mig langar hins vegar til rétt að minnast á einn þátt enn sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn en það eru félagsleg réttindi. Launamannasamtökin á Íslandi hafa ákaflega lítið látið í sér heyra varðandi þessi mál. Meira að segja er það svo að stærstu launamannasamtökin hafa að því er virðist ekki gert sér grein fyrir hvað er á ferðinni varðandi launamenn innan Evrópubandalagsins. Mig langar til að taka hér örstuttan kafla úr samþykkt launamálaráðs BHMR frá 14. des. sl. sem var samþykkt samhljóða þar. 23 félög eiga fulltrúa í launamálaráði BHMR. Þar fór fram ítarleg umræða um þessi mál og síðan var samþykkt stefna sem kölluð er „Viðhorf BHMR til EFTA og EB". Ég reikna með að allir hv. þm. hafi fengið þetta plagg og ætla ég því ekki að lesa það allt þó að fyllsta ástæða væri til þess. Ég ætla eingöngu að taka það sem sagt er um starfsemi stéttarfélaga, með leyfi forseta:

„Þátttaka launafólks í stéttarfélögum er miklu minni í EB en almennt þekkist á Norðurlöndum. Í EB er það einungis 15–45% en á Norðurlöndum 80–95%. Stéttarfélög í EB-ríkjum hafa m.a. átt í erfiðleikum með að fá samningsrétt viðurkenndan og fylgja honum eftir með verkfallsrétti. Einnig hafa stéttarfélög í EB-löndum átt í erfiðleikum með að verja gerða kjarasamninga, bæði gagnvart vinnuveitendum og ríkisvaldi. Í þessum efnum ríkir allt önnur hefð á Norðurlöndum, e.t.v. að Íslandi undanskildu.

Víða í EB-löndum er samningsréttur og verkfallsréttur ekki bundinn við stéttarfélög, heldur einstaklingsbundinn. Þess vegna hefur virkni launamanna í EB-löndum verið lítil og haft þau áhrif að stéttarfélagsleg sjónarmið mega sín lítils í ákvarðanatöku í þjóðríkjum og innan bandalagsins. EB grundvallast á hagsmunum vinnuveitenda og fjármagnseigenda. Hins vegar starfa launamannasamtökin ýmist svæðisbundið eða starfsgreinabundið í einstökum aðildarríkjum. Það gefur því auga leið að stéttarfélög innan EB eru þess vanbúin að tryggja heildarhagsmuni launamanna þrátt fyrir formlegan samstarfsvettvang sem er Evrópska verkalýðssambandið (ETUC).

Þessi atriði eru rakin hér til að benda á að BHMR getur ekki fallist á evrópskan samruna sem fæli í sér að starfsemi íslenskra stéttarfélaga yrði takmörkuð á sama hátt og er til siðs í ríkjum EB."

Síðan kemur um sameiginlegan vinnumarkað:

„Það er ein af niðurstöðum embættismannanefndar EFTA og EB að nauðsynlegt verði að koma á einum sameiginlegum vinnumarkaði á evrópska efnahagssvæðinu. Áhrif þess á íslenskan vinnumarkað eru margþætt. Í EB-ríkjum er mikið atvinnuleysi en einnig viss skortur á sérhæfðu vinnuafli. Þetta gæti í fyrsta lagi haft þau áhrif að til Íslands sækti mikill fjöldi atvinnulausra sem gæti sætt sig við léleg kjör og mundi halda launakjörum hér á landi áfram niðri.

Í öðru lagi má reikna með að margir sérmenntaðir

Íslendingar taki þann kost að flytja utan á vit betur launaðra starfa þar sem sérhæfni þeirra nyti sín. Áhrif þessa á stéttarfélög og launaþróun eru augljós. Má fullyrða að Íslendingar mundu á þennan hátt flytja inn í landið launamisrétti af áður óþekktri stærðargráðu. Þess vegna er það mat BHMR að frjáls atvinnu- og búseturéttur innan EFTA/EB-svæðisins stangist á við grundvallarhagsmuni Íslendinga. BHMR vill benda stjórnvöldum á að forsenda þess að hér sé unnt að halda uppi lífskjörum eins og þau gerast í nágrannalöndunum er fjölskrúðugt atvinnulíf sem nýtir sér margvíslega sérfræðiþekkingu."

Meira ætla ég ekki að taka úr þessu plaggi, en eins og ég sagði áðan væri fyllsta ástæða til að ræða þetta betur. Ég óttast að búið sé að samþykkja það að ganga inn í þessar samningaviðræður á þeim forsendum sem EB hefur sett. Eitt af því fyrsta sem ríkisstjórnin samþykkti var að búseturéttur, og flutningur vinnuafls, væri eingöngu háður þeim takmörkunum sem giltu um norrænan vinnumarkað sem er mjög takmarkað og eru eingöngu að því er varðar mikla flutninga á vinnuafli til landsins. Þarna er því alls ekki allt sem sýnist. Spurningin er: Að hverju stefnum við? Verður það hugsanlega aldamótatillaga Sjálfstfl. sem hér var lesin upp áðan um að Ísland gerist aðili að Evrópubandalaginu? Ég vona svo sannarlega að svo verði ekki. Þó hef ég verulegar áhyggjur af afstöðu Alþfl. og þeirra ráðherra hans sem hér hafa talað þar sem þeir virðast vera kaþólskari en páfinn að því er varðar samruna og sameiningu Evrópu. Finnst mér það raunar alveg stórmerkilegt að alþýðuflokksráðherrarnir hæstv. skuli í raun vera búnir að gefast upp á að eiga við hagstjórnina og telja að það sé eðlilegt að Ísland fái aðhald að sinni efnahagsstjórn, eins og hér hefur verið orðað af hæstv. viðskrh., ekki kannski orðrétt eins og ég sagði en einhvern veginn á þá leið að Íslandi væri nauðsynlegt að fá aðhald í sinni efnahagsstjórn. Þetta átti ég mjög erfitt með að skilja að það að afsala sér allri efnahagsstjórn væri að fá aðhald í efnahagsstjórninni. Þetta minnti mig á það sem hér var lesið upp áðan um sjálfstæðið sem vitnað var til í ræðu frá 1963 sem haldin var í Þjóðminjasafninu.

Mér finnst líka að ráðherrar Alþb. bregðist undarlega við. Sú ræða sem hér var flutt áðan er alls ekki í samræmi við neitt sem ríkisstjórnin gerir með aðild Alþb. og þrjá ráðherra þar, þannig að ég spyr: Er Alþb. að gefast upp á að reyna að spyrna við fótum? Eru þeir svo fljótir að gefast upp að þrátt fyrir landsfund Alþb., og ekki er langt síðan hann var haldinn, hafi þeir gefist upp á því að reyna að spyrna við fótum að því er þetta mál varðar? (**HG:** Nær áttum á nýju ári.) Nær áttum á nýju ári, segir hv. 2. þm. Austurl. Eins og ég sagði áðan getur maður auðvitað alltaf vonað en ákaflega á ég eitthvað erfitt með að vera mjög bjartsýn, sérstaklega með tilliti til þess sem hæstv. fjmrh. hrópaði hérna í dyragættinni áðan þegar hann fór að tala um — ja, á ég að kalla það hugsanlegan samruna AA-flokkanna?

Það hefur verið dálítið áberandi í fjölmiðlum og kannski sérstaklega Þjóðviljanum að undanförnu hversu jákvætt þeir tala um þessi mál og í öllu ósamræmi við það sem hv. 2. þm. Austurl. talaði hér áðan. Þar er hæstv. utanrrh. hrósað fram og til baka fyrir það sem hann hefur verið að gera á erlendum vettvangi. Ég átta mig því mjög illa á þessu Alþb. sem virðist hafa margar skoðanir orðið á því hvað eigi að gera. Það virðist vera að formaðurinn hafi helst áhuga á því að sameinast Alþfl. Síðan koma tveir hæstv. ráðherrar sem ekki tala nú mikið í þessu máli þannig að ákaflega lítið er vitað hvaða skoðun þeir hafa í þessu máli. Síðan kemur þingflokkurinn og ekki veit ég hvaða aðilar þar ráða ferðinni sem koma með einhverja fyrirvara sem ekki eru kannski mjög merkilegir, en þó, einhver viðleitni, og landsfundurinn — það virðist ekki skipta einu einasta máli hvað landsfundurinn segir. Ég hélt að landsfundurinn væri æðsta stofnun flokksins en það er líklega misskilningur. Það er líklega búið að taka upp miðstýringu á þeim bæ og eingöngu þrír ráðherrar ráða ferðinni. Það er ákaflega einkennilegt að fylgjast með því sem þar er að gerast.

Framsfl. veit ekki í hvorn fótinn hann á að stíga og Borgfl. er týndur þannig að það þarf nú ekki að ræða um það. Lítið hefur komið frá þeim flokki í þessu máli, enda er þeim kannski alveg sama. Því miður óttast ég að búið sé að glutra þessu máli niður. Hingað til hafa verið stigin óheillavænleg spor. Ég eygi þó enn þá von um að við getum spyrnt við fótum. Það er talað um að samningaviðræður muni ekki hefjast strax. Það er talað um undirbúningsviðræður fyrst. Ég vona að einhver möguleiki verði á að spyrna við fótum þegar kemur að alvörusamningaviðræðum þannig að við getum leitt málið inn á rétta braut.

Í bókun ríkisstjórnarinnar er talað um samráð innan ríkisstjórnarinnar og við utanrmn. Ég vona að það sé ekki samráð eins og hefur verið hingað til sem þar er talað um því að það hefur nánast ekki verið neitt að því er utanrmn. varðar. Við höfum fengið upplýsingar um það sem gert hefur verið að einhverju leyti. Að vísu höfum við stundum þurft að ganga hart eftir þeim. Það var ekki haft neitt samráð við utanrmn. fyrir EFTA-ráðherrafundinn 11.–12. des. Það var ekkert samráð haft fyrir fund utanríkisráðherranna 19. des. Ég átta mig ekki á til hvers það stóð í bókun ríkisstjórnarinnar að samráð ætti að vera innan ríkisstjórnarinnar. Það er gott og gilt en ekki hefur verið mikið samráð í utanrmn., því miður, þrátt fyrir það sem stendur í þingsköpum um það að ríkisstjórnin skuli hafa samráð við utanrmn. í meiri háttar utanríkismálum. Ég vona að hæstv. utanrrh. flokki þetta mál ekki undir minni háttar utanríkismál. Ég held því fram að þetta sé meiri háttar utanríkismál, eitt það mesta sem Ísland hefur staðið frammi fyrir nú í langan tíma og þess vegna finnst mér mjög einkennilegt það samráðsleysi sem hér hefur verið að því er varðar þetta mál allt, því miður. Og vona ég að hér verði einhver stefnubreyting. Menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar er ekki mælt í krónum og aurum. Þegar verið er að tala um að

aukinn hagvöxtur sé svo mikilvægur, þá er verið að tala um aukinn hagvöxt á svæðinu í heild. Það er ekkert víst að við njótum nokkurs af auknum hagvexti sem menn sjá fyrir sér. Eins og ég hef skýrt hér eru miklar hættur í þessu fólgnar. Það er kannski jafnlíklegt að miklu minni hagvöxtur verði á Íslandi ef Ísland gerist aðili að EES auk þess sem velferð þjóðarinnar og einstaklinganna er ekki mæld í hagvexti. Það eru aðrir mælikvarðar sem hér verður að nota. Ég held að það sé kominn tími til að endurskilgreina þær stærðir sem eru notaðar til þess að reyna að meta hvernig þjóðinni vegnar, eins og t.d. hagvöxt og landsframleiðslu og allt það sem notað er til þess að mæla hagsæld þjóðarinnar, og nota einhvern þann mælikvarða sem tekur raunverulegt mið af því hvernig fólki líður.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að utanríkisviðskipti eru okkur Íslendingum mjög mikilvæg. Ég er ekki að tala um að við eigum ekki að hafa samskipti við Evrópubandalagið. Auðvitað eru markaðir Evrópu okkur mikilvægir en einnig Bandaríkjamarkaður og markaðir í Austur-Evrópu, Asíu og víðar. Þess vegna er þýðingarmikið fyrir okkur að binda okkur ekki við einn stórmarkað sérstaklega og ég tala nú ekki um ef múrarnir í kringum markaðinn eru eins og virðist eiga að vera í kringum markað EB.

Í skýrslu utanrrh. er sérstaklega tekið fram að ef um tollabandalag yrði að ræða, sem er líka eitt af því sem stefnt er að í þessum viðræðum, þó að það hafi ekki komið upp á borðið énn sem betur fer, muni viðskipti við aðra aðila utan þessa svæðis verða mjög takmörkuð. Ég tel þetta ekki vera hagsmuni Íslendinga, að aðrir markaðir en Evrópumarkaðir séu okkar nánast lokaðir ef við förum út í tollabandalag. Að sjálfsögðu er ekki stefnt að því, að því er mér skilst, núna, en þó stendur á bls. 18 í skýrslu utanrrh.:

„Auk ofangreindra samninga EB sem EFTA-ríkin yrðu að laga sig að yrði að samræma viðskiptastefnuna gagnvart ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins. Þetta yrði m.a. til þess að tvíhliða fríverslunarsamningar Íslendinga við önnur ríki kæmu ekki til greina og sérstakar undanþágur Íslands vegna viðskipta við ríki Austur-Evrópu yrðu líklega að falla niður."

Þarna kemur það greinilega fram að ef af tollabandalagi yrði muni viðskipti Íslands við önnur ríki verða takmarkaðri. Þetta hefur einnig komið fram í viðræðum, reyndar óformlegum, við starfsmann framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, starfsmann sem ræddi við Evrópustefnunefndina, þar sem fram kom þetta sama álit, að viðskipti við aðila utan tollabandalags yrðu erfið.

Í viðtali við Morgunblaðið 20. des. er haft eftir hæstv. utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni að Íslendingar yrðu að skoða vandlega kosti tollabandalags. Ef Íslendingar eiga að fara að skoða kosti tollabandalags held ég að ekki væri úr vegi, áður en farið er að flana að því, að skoða gallana ekki síður. Þetta er í viðtali sem Kristófer Már Kristinsson, fréttaritari Morgunblaðsins, átti við utanrrh. úti í Brussel.

Alþt. 1989. B. (112. löggjafarþing).

Þykir alþingismönnum ekkert athugavert við þessi atriði? Telja menn í raun allt í lagi að útiloka viðskipti við aðrar þjóðir en þær sem nú eru í EFTA og EB? Ég tel það að sjálfsögðu hina mestu fjarstæðu. Ég vona að ríkisstjórnin fari ekki út í neina slíka samninga. Og ég tel það mjög varhugavert að fara út í samninga, svona flókna samninga eins og stefnt er að, án þess að taka á stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar. Ég spyr bara: Hverra hagsmuna telur ríkisstjórnin sig vera að gæta? Ég á erfitt með að skilja það.

Öllum ætti nú að vera orðið ljóst að Kvennalistinn telur að leita beri beinna samninga um samskipti okkar við Evrópubandalagið. Nú þegar ætti að óska eftir viðræðum við bandalagið um útvíkkun á viðskiptasamningi með sjávarafurðir. Það er hins vegar ekki bara á þessu afmarkaða sviði sem við teljum vænlegra fyrir Íslendinga að leita beinna samninga við bandalagið, heldur einnig á öðrum sviðum. Það hefur komið fram á undanförnum árum og ekki síður nú á seinni missirum að Íslendingar njóta mikils velvilja alls staðar í Evrópu. Skilningur ráðamanna á sérstöðu okkar er rómaður, eftir því sem við heyrum í fjölmiðlum, eftir að þjóðhöfðingjar sækja landið heim og þeir sem koma heim frá heimsóknum erlendis segja sömu sögu. Þeir hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað hafa m.a. talað mikið um velvilja í garð Íslendinga alls staðar. Við kvennalistakonur teljum hins vegar fráleitt að tengjast Evrópubandalaginu á þeim forsendum sem felast í Oslóaryfirlýsingu forsætisráðherra EFTA-ríkjanna. Við viljum að Íslendingar gæti hagsmuna sinna með því að taka upp beinar viðræður við Evrópubandalagið en séu ekki í samkrulli við þær fimm EFTA-þjóðir sem hafa allt annarra hagsmuna að gæta. Ég velti því fyrir mér hvort þeir menn sem hér halda á málum séu búnir að gefa upp á bátinn að á Íslandi geti lifað sjálfstæð þjóð með eigin menningu og tungu.

Það er nöturlegt til þess að vita að nú þegar enn er ekki hálf öld liðin frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi skuli valdamiklir menn í þjóðfélaginu mæla með því að Ísland gerist aðili að evrópsku efnahagssvæði. Við verðum að minnast þess að frelsið er ekki fólgið í efnislegum þáttum einum saman og að ekki er allt gull sem glóir. Það er ekki nein trygging fyrir því að Íslendingar muni hafa það nokkuð betra hér á Íslandi þó svo það mundu verða einhver örfá prósent í auknum hagvexti. Við verðum að muna það að hagvöxtur er ekki mælikvarði á velferð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil strax í upphafi ræðu minnar taka fram að séu óskir uppi um það í þingheimi að ljúka fundinum og ekki verði haldnar fleiri ræður þá er ég fús til að fallast á það. Ég vildi gjarnan, vegna spurningar sem héðan barst úr salnum, biðja forseta að inna þingmenn eftir því. Ef það er almenn ósk þingmanna og skilningur á því samkomulagi sem gert mun hafa verið um þingstörfin þá er ég að sjálfsögðu fús til þess að falla frá orðinu. (**Gripið fram í:** Ég hélt bara að formaður Sjálfstfl. ...) Hafi þetta

verið skilningur þingmanna beini ég því til forseta að hann breyti samkvæmt því. Er forseti fús til þess að svara spurningunni? (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að á þeim fundi sem haldinn var með formönnum þingflokka var samkomulag um að þeir tveir hv. þm. sem hér hafa þegar talað flyttu mál sitt hér í kvöld. Aðrir hv. þm. sem á mælendaskrá voru kusu að fresta máli sínu til næsta fundar. Það var sérstaklega óskað eftir að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur umræðuna en það skal játað að ekkert var um það rætt hvort hann tæki til máls. (**Gripið fram í:** Við viljum endilega hlýða á mál ráðherrans.) Forseti vill því beina því til hæstv. utanrrh., verði því ekki mótmælt, að hann heldur stytti mál sitt. Um það var talað á umræddum fundi að hér væri starfsfólk orðið ærið langþreytt og allir voru sammála um að reyna að sjá svo til að þessi fundur stæði ekki langt fram á nótt. Mikið er enn þá eftir af þessari umræðu eins og öllum má vera kunnugt þannig að sú er ósk forseta að hann reyni sem unnt er að stytta mál sitt.)

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við óskum forseta um þetta og segja hér aðeins örfá orð. Þessi umræða er þegar orðin nokkuð löng og ég tek það fram að að sjálfsögðu munu þessi mál koma aftur á dagskrá þingsins í vetur og þá mun unnt að bregðast við ýmsum athugasemdum sem hér hafa komið fram og svara spurningum sem hér hafa verið fram bornar.

Ég ætla mér alls ekki þá dul á þessum fundi eða í því stutta máli sem ég hyggst flytja hér að svara í öllum greinum þeim spurningum sem hér hefur verið varpað fram, til þess gefst ekki tími. En ég tek undir það með þeim sem hér hafa talað, hv. 2. þm. Austurl. og hv. 12. þm. Reykv., að hér er vissulega um mjög stórt og mikilvægt mál að ræða sem er eðlilegt að tekið sé til ítarlegrar umræðu í þinginu. Það hefur líka verið gert og ég vildi þess vegna segja það strax að þegar ég dró hér saman á fundi 19. des. hversu lengi umræðan hefði staðið og hversu ræðutíminn hefði skipst var það ekki til að varpa rýrð á gildi þeirrar umræðu heldur eingöngu til að vekja athygli á því að því mikilvæga verkefni hefði vissulega verið sinnt að ræða málið hér í þingsölum.

Ég ætla að reyna að draga það saman sem mér finnst vaka í máli þeirra beggja, hv. 2. þm. Austurl. og hv. 12. þm. Reykv. Þau hafa sett hér fram kenningu sem í mjög einföldu máli má orða svo: Nánari samvinna Íslendinga við Evrópubandalagið á vettvangi sameiginlegs evrópsks efnahagssvæðis með EFTA-ríkjunum og Evrópubandalagsríkjunum mun gera Ísland í framtíðinni fámennara, fátækara, menningarsnauðara en það annars væri og auk þess ofurselt yfirþjóðlegu valdi. Er þetta rétt kenning eða röng? Þetta snertir í senn mjög mikilvæg matsatriði um það hvort nánara efnahagssamstarf sé til þess fallið að gera þátttakendurna auðugri, öflugri og þar með gefa þeim svigrúm til að iðka blómlegra menningarlíf en annars væri, og þannig efla sjálfstæði þjóðanna í raunverulegum skilningi þess orðs.

Mín skoðun er sú að nánara samstarf við Evrópuríkin mundi einmitt gera þetta, þ.e. treysta stöðu Íslands og Íslendinga meðal þjóða, og tryggja betur en annars væri að Íslendingar héldu til jafns við nágrannaríkin um lífskjör. Og eins að það mundi styrkja íslenska menningu vegna þess að samskipti við aðrar þjóðir hafa alltaf auðgað íslenska menningu en ekki gert hana fátækari.

Við erum hér að ræða grundvallaratriði, ekki eingöngu tæknimál. Við erum hér líka að ræða það hvort hið fjórþætta frelsi muni verða til heilla fyrir þjóðina eða til hins gagnstæða. Hið fjórþætta frelsi sem hér er rætt er ekki tilgangur í sjálfu sér. Það er tæki til að tryggja aukið frelsi þjóðanna, fólksins sem í löndunum býr. Það er kenning þeirra sem hafa trú á því að sé rétt á haldið geti þetta Evrópusamstarf einmitt fært Íslendingum slíkan ávinning. Og reyndar að það sé nauðsyn, við höfum ekki efni á því að sitja hjá í þessari miklu þróun sem nú er að verða. Það er út frá þessu sjónarmiði sem talað er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í málinu. Það er út frá þessari skoðun sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að utanrrh. muni fyrir hönd Íslands áfram taka þátt í þeim undirbúnings- og samningaviðræðum sem nú fara í hönd milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins annars vegar og Evrópubandalagsríkjanna hins vegar.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að ákaflega mikilvægt er að náið samráð og samstarf sé með stjórn og þingi í þessu máli, bæði á vettvangi utanríkismálanefndar, Evrópustefnunefndar þingsins og reyndar á vettvangi þingsins sjálfs. Ég er þess fullviss að svo verði. Það er ákaflega mikilvægt að stefna að sem víðtækastri samstöðu með þjóðinni um þetta mál. Og ég gerði tilraun, sem hv. 2. þm. Austurl. vék hér að, til þess að ná samkomulagi um hvernig ljúka mætti þessari umræðu með því að draga upp hugmynd um dagskrártillögu sem rökstudd væri með þeim hætti að menn gætu á málið fallist. Það tókst ekki en ég tel þeim tíma hafa verið vel varið að freista þess að ná slíkri samstöðu. Ég vil taka það skýrt fram að ég átti viðræður við alla stjórnarandstöðuflokkana um þetta mál, Sjálfstfl., Kvennalistann og frjálslynda hægrimenn og fékk allgóðar undirtektir bæði hjá sjálfstæðismönnum og frjálslyndum hægrimönnum en þingmenn Kvennalistans lýstu hins vegar því að þeir gætu ekki staðið að slíkri afgreiðslu. Hugmyndin var alls ekki að takmarka umræður um Evrópumálið, þvert á móti að reyna að skilgreina samnefnara í því dæmi sem við erum öll sameiginlega að reyna að reikna.

Hér hefur því verið haldið fram af hv. 2. þm. Austurl. að rangar upplýsingar hafi verið gefnar og missagnir vísvitandi fluttar í málinu til þess að villa mönnum sýn um hvað væri samningsatriði og hvað væri það ekki. Hv. 2. þm. Austurl. og hv. 12. þm. Reykv. hafa bæði vitnað til þess sem þau kalla misræmi milli skýrslu utanrrh., minnisblaða sem utanrrn. hafði sent nefndum þingsins og orða sem fallið hafa úr þessum ræðustól. Er þá m.a. vitnað til ræðu sem ég hélt 4. des. sl. þar sem ég sagði sem

svo að sum lífshagsmunamál, grundvallarhagsmunamál, yrðu ekki samningsatriði í sjálfum sér. Þetta er mjög mikilvægt sjónarmið og við höfum sett þessa skoðun fram. Hún er hluti af okkar samningsstöðu, hluti af því sem ýmsir kalla fyrirvara af hálfu Íslands. Það er alveg rétt að þetta kemur ekki fram á bls. 9 í skýrslu utanrrh. þar sem talað er um að undanteknigar sem réttlættust með hliðsjón af grundvallarhagsmunum svo og tilhögun á aðlögunartíma ættu að vera samningsatriði. En ég bendi hv. 12. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl. á það að í framhaldinu koma þessi orð, með leyfi hæstv. forseta, í skýrslu utanrrh.:

„Þau atriði sem EFTA-ríkin bentu á í þessu sambandi eru rakin í eftirfarandi köflum um einstaka efnisþætti.“ Og þar koma einmitt þessi sjónarmið um aðgang að náttúruauðlindum og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir þeim, sem er kjarninn bæði í okkar fyrirvörum hvað varðar lífshagsmuni, ef kalla mætti þá því nafni, og hvað varðar fjármagnsflutninga sem hér var líka vikið að. Ég fullvissa hv. 2. þm. Austurl. um að lífshagsmunamálin verða í sjálfum sér ekki samningsatriði. En til þess að skilgreina þau þarf að sjálfsögðu óformlegar viðræður, undirbúningsviðræður og á undan þeim könnunarviðræður, því að sjálfsögðu hljóta þessi undanþágumál, þessi sérstöku mál að skilgreinast öðrum þræði af samningsundirstöðunni, samningsgrundvellinum. Og ég hygg að í þessu muni e.t.v. liggja skýringin á því sem menn hafa viljað kalla misfræmi í textunum en textaskýringarfræði og samanburður á textum úr ræðum og ritsmíðum manna um þetta efni er vandasamur ekki síst þar sem víða er verið að þýða á milli mála. Ég held að ekki fari á milli mála að það hefur verið alveg skýrt á þessu máli haldið af hálfu EFTA-ríkjanna og af hálfu Íslands að um ákveðin grundvallarmál, grundvallarhagsmunamál verður ekki samið í sjálfum sér þótt skilgreining þeirra hljóti að tengjast samningsgrundvelli og hvernig hann er upp lagður. Það segir sig sjálft, það skilur hver maður. Það skilur hver maður sem nokkurn tímann hefur tekið þátt í samningum að leggja verður drög til þess að skilgreina hvað það er sem þú ætlar ekki að semja um, út af fyrir sig er það samningur. Þá erum við komnir í hreinan orðhengilshátt.

Ég vildi líka vekja athygli á því að hv. 2. þm. Austurl. heldur því fram með sérkennilegum hætti að það sé sérstakt keppikefli Alþfl. og þar með ríkisstjórnarinnar að ganga undir hið yfirþjóðlega vald, að takmarka sjálfstæði Íslands og að sjálfsforræðinu hafi verið kastað fyrir róða. Má ég vekja athygli hv. 2. þm. Austurl. og reyndar hv. 12. þm. Reykv. líka á því sem segir í yfirlýsingu ráðherrafundarins, hins sameiginlega með EFTA og Evrópubandalagsríkjum, sem út var gefin núna 19. þessa mánaðar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 6. tölul.:

„Þeir telja að í samskiptarammanum ætti m.a. að tryggja aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana.“ Tilvitnun lýkur, en ég endurtek: Fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana. Ég leyfði mér að segja í ræðu í þinginu þennan sama dag að ég teldi þetta mjög mikilvægt atriði þar sem þau taka undir sjónarmið EFTA-ríkjanna allra og Íslendinga sérstaklega hvað þetta atriði varðar. En auðvitað er það rétt og sú er mín skoðun að sjálfstæði þjóða muni í framtíðinni miklu fremur ráðast af menningarlegum og félagslegum gildum en efnahagslegum gildum. Að því leyti er ég á ýmsa lund sammála hv. 12. þm. Reykv. Hið fjórþætta frelsi er tæki til þess að gera okkur kleift að öðlast þetta sjálfstæði, sem er það sem eftirsóknarvert er, að Ísland haldi sínum hlut meðal þjóða. Það er líka eitt af markmiðum okkar með þátttöku í þessum viðræðum að fá viðurkenningu á sérstöðu Íslendinga meðal Evrópuríkja.

Virðulegur forseti. Mjög margt af því sem fram hefur komið í ræðum hv. þm. hér í kvöld er þess eðlis að alllangan tíma tæki að svara því öllu svo vel væri. Ég geri ráð fyrir að tækifæri muni fást síðar að fjalla um þau efni öll. Og ég held það liggi í hlutarins eðli að þær undirbúningsviðræður sem nú fara í hönd muni leiða fram mörg af þeim málum sem hér hafa komið upp og á hefur verið tæpt. Tilgangur slíkra viðræðna er einmitt að skilgreina þau atriði sem máli skipta eins og kom fram í ræðu minni 24. nóv. sl. sem hv. 12. þm. Reykv. var svo vinsamlegur að vitna til. Það er mjög mikilvægt að skilgreina hvar hinir íslensku hagsmunir liggja. Það verður ekki gert öðruvísi en með viðræðum. Um tvíhliða viðræður og gildi þeirra fyrir samskipti okkar við Evrópubandalagið og Evrópubandalagsríkin ætla ég ekki að segja margt umfram það sem þegar hefur komið fram. Ég vil ítreka það og taka sérlega skýrt fram nú að ríkisstjórnin mun leggja aukna áherslu á tvíhliða viðræður við Evrópubandalagsríkin og Evrópubandalagið sjálft, framkvæmdanefnd þess sem fer með mjög mikilvæg mál fyrir hönd aðildarríkjanna. Slíkum viðræðum verður haldið áfram þótt á þessu stigi máls sé ekki ráðlegt að skilgreina slíkar viðræður eða óskir um þær sem samningaviðræður. Til þess þurfum við að leiða betur fram um hvað ætti að semja, hver væru hin eiginlegu viðfangsefni slíkra samninga. Það mun skýrast sem óðast nú á næstu vikum og mánuðum og þá er ég þess fullviss að mjög margt af því sem hér er rætt sem ágreiningsefni hverfur eða gufar upp, því að sjálfsögðu er markmiðið með þátttöku okkar í þessum viðræðum að gæta hagsmuna Íslands í lengd og bráð.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa þessi orð mín miklu fleiri. Segi aðeins að lokum að tækifæri mun gefast til þess síðar á hinu háa Alþingi að fjalla um þetta mikilvæga mál sem áreiðanlega er eitt mikilvægasta mál varðandi samskipti Íslands og umheimsins sem við höfum fengist við á lýðveldistímanum og þess vegna mikil ástæða til að ræða það á Alþingi Íslendinga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna athugasemda hv. 2. þm. Austurl. um að hæstv. ráðherra væri að tala í fjórða skipti skal

upplýst að í 29. gr. laga um þingsköp segir svo: „Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar."

Ekki verður annað skilið af þessari lagagrein en að ráðherrar hafi ómældan ræðutíma.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

41. fundur, föstudaginn 22. des., kl. 9 árdegis.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 251. mál (gjalddagi). — Þskj. 409.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 178. mál. — Þskj. 452.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veiðieftirlitsgjald. Frv. þetta hefur fengið umfjöllun í hv. Nd. og verið afgreitt þaðan nær samhljóða eftir því sem ég best veit. Hér er um að ræða hóflegt gjald sem á að standa að hálfu undir kostnaði ríkisins við veiðieftirlit. Ekki þykir óeðlilegt að þeir sem nýta auðlindirnar greiði gjald fyrir eftirlit sem verður að hafa með þeirri nýtingu. Ætlunin var að þeir sem nýta auðlindina greiddu þennan kostnað að fullu en hv. Nd. hefur samþykkt þá breytingu að þeir greiði það einungis að hálfu. Hér er um að ræða gjald sem fram kemur í fjárlögum og er því ein af forsendum fjárlagafrv.

Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að fara ítarlega yfir þetta mál. Hér er í sjálfu sér um einfalt mál að ræða. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er um sérstakt mál að ræða. Það má kannski kalla það einfalt en það er mjög sérstakt. Það er í þeirri stöðu þegar það kemur hér fyrir hv. deild, að það er lítið um annað að gera en að ganga frá því og afgreiða það. Það er búið að stilla hv. þm. þannig upp að það er enginn tími til skoðunar á þessu máli. Ég tel það nefnilega ekki svo einfalt að það hefði ekki verið þörf á því að skoða það vel.

Hér fyrr í vetur var lagt mál fyrir hv. deild og af ráðherra — ja, af framkvæmdarvaldinu, ekki ráðherra, vil ég taka fram — ráðuneyti. Mikið var lagt upp úr því að það fengi hér fljóta ferð gegnum deildina. Þetta var mál sem varðar dómsmál í landinu og það var skírskotað til þess að það þyrfti að koma því fram vegna sérstakra málaferla sem voru og eru í gangi. Þetta gekk það langt að farið var fram á það við viðkomandi nefnd að málið yrði afgreitt á svipaðan máta og hér er verið að óska eftir nú, þ.e. að málið kæmi aðeins til umræðu í hv. deild og síðan mundum við skjótast hér í hliðarherbergi og líta yfir það og afgreiða það þannig frá nefndinni. Sem betur fer var það ekki gert á þann veg heldur skoðaði hv. allshn. málið á milli funda hér í deildinni og fékk til viðræðu frammámenn í dómskerfinu. Þeir bentu allir á að á þessu máli væru miklir gallar en voru ekki með beinar tillögur um breytingar sem eðlilegt var af þeirra hálfu. Þrýstingurinn frá ráðuneytinu var svo mikill að það var talið nauðsynlegt að samþykkja þetta mál til þess að þetta nefnda dómsmál fengi framgang á réttan máta, eða hefði möguleika til að ná fram.

Staðreyndin er sú með þetta dómsmál að það hefur ekki gengið neitt fram í tengslum við samþykkt nýrra laga. Hv. Alþingi var raunverulega fyrirskipað að afgreiða hér lög til þess að ákveðnir hlutir í dómskerfinu gætu gengið fyrir sig, því var fyrirskipað það af dómsmrn., en málin eru nú þannig að þar hefur ekkert hreyfst. Málið er jafnvel í verri stöðu en það var áður.

Á svipaðan máta er hæstv. sjútvrh. og sjútvrn. núna að knýja í gegn mál án þess að það sé neitt skoðað af sjútvn. Aðilar í kringum málið, allir aðilar tengdir sjávarútvegi, hafa lagst gegn því. Og á þessum síðustu stundum þingsins skal knýja hv. Alþingi til að samþykkja málið á þeirri forsendu að það sé búið að semja frið milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu málsins og um afgreiðslu allra mála hér á þinginu.

Ég taldi ástæðu til að tengja þessi tvö mál saman hér við 1. umr. þessa frv., benda hv. alþm. á hvað er verið að gera. Hér er verið að koma í gegn máli óskoðuðu og biðja þingmenn að rétta upp hendurnar og gjöra svo vel fyrir framkvæmdarvaldið að samþykkja það. Þetta mál er brot á öllum venjulegum reglum, venjulegum reglum um skattheimtu. Það er bein skattheimta fagráðuneytis og fagráðuneyti á síðan að nota skattpeningana til sinna þarfa, til að velta utan á sína valdakúlu, stækka og auka sitt miðstjórnarvald og sína stjórnsemi í þjóðfélaginu. Það er á svo margan veg sem framkvæmdarvaldið er að sýna hv. Alþingi þann hlut að það er ráðuneytisliðið sem leitar eftir því að ráða og ræður. Hér er hv. Alþingi — og hv. Nd. þegar búin að afhenda einu ráðuneyti slíkt vald sem á ekki að vera í höndum fagráðuneytis. Innheimta skatta og álagning skatta á að vera í höndum fjmrh. og fjmrn. en ekki í höndum fagráðuneyta. Afleiðing þess ef ætti að fara að byggja

upp þannig kerfi að hvert ráðuneyti hefði sína sérskatta er ófyrirsjáanleg. Landbrn., iðnrn., menntmrn. og hver önnur ráðuneyti legðu á sína eigin skatta og hefðu heimild til þess næstum því með því að gefa út reglugerð. Þetta er fráleit lagasmíð. Að samþykkja hana við þær aðstæður sem hér eru í dag tel ég að þingið ætti ekki að taka í mál að gera.

Ég ætla ekki að fjalla um þetta frv. efnislega hér við 1. umr. en mun gera það lítillega við síðari umræðu. Ég mun ekki gera tilraun til þess að brjóta það samkomulag sem hér hefur verið gert í sambandi við starfsemi þingsins þó ég hefði það á orði þegar ég sá að þetta frv. var komið á dagskrá deildarinnar við hv. 3. þm. Vesturl., formann Alþfl., að ég mundi tala hér í fimm tíma um þetta mál. En ég ætla að láta það eiga sig. Ég sagði það hér niðri í gangi við hv. þm. (Gripið fram í.) Ja, þá hefur hv. þm. heyrt svolítið illa. En það hefði raunverulega verið það rétta núna, við hv. þm. hefðum átt að tala um þetta mál hér í nokkra klukkutíma til að forða því að slíkir hlutir sem þessir væru samþykktir á hv. Alþingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég er að ýmsu leyti alveg sammála hv. síðasta ræðumanni. Ég held að þetta sé slæmt mál. En ég hef kannski sérstakar skoðanir umfram það sem fram kom í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar. Ég held nefnilega að það sé alveg ljóst að framtíðin og raunar nútíðin eigi að vera sú að efla Landhelgisgæsluna, óháða stofnun. Það á hvorki að skattleggja sjávarútveginn né neina aðra til þess að sjútvrn. verði lögregluvald í ríkari mæli en það er orðið. Hér er um hreina löggæslu að ræða og það er ekki vansalaust hvað Alþingi hefur sniðgengið Landhelgisgæsluna árum saman. — Ég er ekki að ásaka þessa ríkisstjórn frekar en aðrar. — Það er hneyksli hvað Landhelgisgæslan hefur verið fryst, sú stofnun sem mest hefur á mætt í öllum okkar baráttumálum fyrir fiskveiðum og hafréttarmálum yfirleitt. Fráleitt er að Alþingi skuli ætla sér núna að fara að leggja sérstakt gjald á til þess að sjútvrn. verði lögregluaðili í ríkari mæli en áður hefur verið. Þetta er náttúrlega algjörlega fráleitt þegar menn hugsa út í það. Ég mundi vilja — hversu mikill halli sem er á fjárlögum — styðja miklar og öflugar fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan þarf bæði að eignast nýtt skip, þyrlu og fleiri tæki. Það ættum við að geta rætt hér í rólegheitum eftir áramótin og ég held að þingheimur allur, þegar hann hugsar út í þetta, sé því sammála að við eflum einmitt Landhelgisgæsluna, þar sé ekki allt látið grotna niður í fjármagnsleysi.

Ég held að það besta sem við gerðum væri að fresta þessu máli fram yfir áramótin og ræða þetta algjörlega í rólegheitum og án þess að nokkur þurfi að taka það nærri sér. Landhelgisgæslan er okkar aðall og hefur verið það í gegnum tíðina og fólkið í landinu er áreiðanlega mjög fúst til þess að greiða fjármagn til Landhelgisgæslunnar. Síðan verði þar skipulagt hvernig hún sinni veiðieftirliti en ekki einhverjir allt aðrir. Þetta kemur sjútvrn. nákvæmlega ekkert við. Lögregluaðgerðir eiga fyrst og fremst að vera það sem ríkisvaldið í heild sinnir, það eru almennir skattar sem undir því standa, að halda uppi lögum og rétti, ekki síst á miðunum og enn þá frekar kannski á miðunum heldur en nokkurn tímann á landi.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra áhuga hv. 8. þm. Reykv. á því að efla Landhelgisgæsluna. (**EKJ:** Hann hefur alltaf verið fyrir hendi, það veit þingmaðurinn.) Vonandi ríkir þá sami áhugi hjá honum um að afla tekna til að standa undir þeim kostnaði sem hlýtur að vera því samfara. (**EKJ:** Ég sagði það, ég vildi leggja til mikið.) Það er vissulega ánægjulegt að heyra það.

En varðandi ummæli hv. 4. þm. Vesturl. og það sem hann sagði um það mál sem hér er til umræðu, þá hlýt ég að segja það, og lýsa mjög öndverðri skoðun, að sjávarútvegurinn hefur einkaleyfi til þess að nýta þá auðlind sem samkvæmt lögum er sameign allra landsmanna. Áreiðanlega greinir menn ekki á um það að eftirlit þurfi þar að koma til þannig að fylgt sé þeim leikreglum sem settar hafa verið. Og ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég sé nákvæmlega ekkert óeðlilegt við það að þeir sem njóta þessara hlunninda greiði þann kostnað sem hlýst af því að líta eftir því að reglum sé fylgt. Mér finnst það afar eðlilegt og í rauninni eðli máls.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. kom með sinn gamla frasa þegar skattafrv. eru hér að það sé sjálfsagt að hækka skattana og hefur ekki skilning á því að þessi ríkisstjórn hefur eytt úr hófi fram og hefur enga aðgæslu í meðferð ríkisfjármuna. Á sama tíma og tekjur dragast saman í atvinnurekstri og hjá heimilum heldur þessi hæstv. ríkisstjórn áfram að hækka skattana. Ég hlýt líka að lýsa því yfir að mér þykir undarlegt að fá þetta frv. hér á síðasta degi fyrir jól og ég skil satt að segja ekki hvað það á að þýða. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið einhver launung yfir því hver þurfi að vera stefnan í sjávarútvegsmálum og alveg fullkomlega nægur tími til að leggja þetta frv. miklu fyrr fram eða kynna það með öðrum hætti. Eins og málið liggur nú fyrir, þegar á að efla löggæslu sjútvrn. með þessum hætti, hlýt ég að snúast gegn þessu frv. og get ekki á það fallist. Ég hlýt um leið að átelja hæstv. sjútvrh. fyrir það að þingnefndinni skuli ekki gefast tími til þess að athuga mál af þessu tagi. Það á bara að renna þessu í gegnum kokið á manni eins og öðru hér, öllum þessum sköttum, öllum þessum málum og öllu þessu svínarí. Stjórnarandstaðan á ekki að fá að setja sig inn í eitt eða neitt. Og svo mikil er ósvífnin að í gær þegar við vorum á fundi í Sþ. fékkst hæstv. fjmrh. ekki til að svara efnislega fyrirspurn sem fyrir hann var lögð. Hæstv. fjmrh. hringdi á tíunda tímanum í gær til þess að biðja um það munnlega að endurgreitt yrði lántökugjald af lánum til skipasmíðaverkefna sem hæstv. viðskrh. hafði lýst yfir að yrði aldrei lagt á.

Hæstv. fjmrh. talaði um að þar væri um 2–3 millj. að ræða sem líka er rangt. Ég skal ekki segja hvorum megin við 10 millj. sú upphæð er, kannski 11, kannski 12, ekki minna en 10. Það var líka rangt. Og skiptir í rauninni engu máli, finnst hæstv. ráðherrum, hvað sagt er hér í þinginu og skiptir heldur ekki máli hvenær við fáum að sjá frv. sem hér eru til meðhöndlunar um hin flóknustu mál. Nú eigum við að samþykkja þetta í dag, annað á morgun og enginn tími til að athuga eitt né neitt.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Aðeins út frá orðum hv. 3. þm. Vesturl. Ég er í meginatriðum alveg sammála honum og ég held að við deilum ekki um að það þurfi eftirlit til að sjá um framkvæmd fiskveiðilaga og það þurfi peninga til þess að halda uppi eftirliti. En það er þó nokkuð mikill munur hvort það eftirlit er gert á þann veg sem hér er lagt til eða hvort það er venjulegt, opinbert eftirlit sem þörf er á í mörgum tilfellum, hvort það er viðkomandi fagráðuneyti sem býr sér til stofnanir án eftirlits og samþykkis Alþingis og án þess að hlutirnir eigi sér stað á eðlilegan máta með fjárveitingu í gegnum fjmrn. Það er náttúrlega tvennt ólíkt hvort verið er að gera þá hluti eða hvort verið er að gera það sem verið er að leggja til hér. Það er allt annað ef Landhelgisgæslan íslenska á að sinna ákveðnum þáttum í þessum málum, allt annað en að búin sé til sérstök lögregla eins og hér var orðað — ég hef nú ekki orðað það þannig — í sjútvrn. Það eru tveir ólíkir hlutir. Og það er það sem ég er að benda á. Ég held að hér sé verið að fara inn á vettvang sem stenst varla íslensk stjórnskipunarlög.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að fjalla um innihald frv. við þessa umræðu en við 2. umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (tannlæknaþjónusta). — Þskj. 453.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sem er flutt á þskj. 260, en hefur nú tekið verulegum breytingum í meðferð Nd. þar sem bætt var inn í það tveimur efnisþáttum.

En eins og frv. var lagt fram upphaflega, þá var það hugsað í tengslum við sparnað í ríkiskerfinu. Ákveðið hafði verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að draga úr kostnaði við sjúkratryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar varðandi kostnað við sérfræðihjálp, lyfjakaup og tannlæknakostnað.

Í ágústmánuði sl. var skipuð nefnd sem falið var að semja frv. til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu. Í þessari nefnd eiga sæti Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, skrifstofustjóri í heilbrrn., sem jafnframt er formaður nefndarinnar, dr. Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Magnús R. Gíslason, yfirtannlæknir í heilbrrn.

Nefndinni er ætlað að gera tillögur um frv. til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu með það fyrir augum að lítið verði á tannheilbrigðisþjónustu eins og hverja aðra heilbrigðisþjónustu og að framkvæmdin verði með svipuðum hætti. Hér er um að ræða verkefni sem viðbúið er að geti tekið nokkurn tíma að vinna og telur nefndin að ekki sé raunhæft að reikna með tillögum fyrr en á næsta Alþingi í heildartillögum frá nefndinni.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa fól ég henni þó að gera tillögur um með hvaða hætti mætti ná fram áðurnefndum sparnaði í útgjöldum ríkisins vegna tannlæknakostnaðar. Það hefur fyrst og fremst verið starf nefndarinnar undanfarnar vikur að gera tillögur um lausn þessa verkefnis og hefur nefndin haft að leiðarljósi að ekki verði minnkuð sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi í tengslum við tannlæknaþjónustu við börn og unglinga. Það er skoðun nefndarinnar að hægt sé að ná fram verulegum sparnaði með því að breyta 44. gr. almannatryggingalaganna þegar í hlut eiga greiðslur vegna kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar barna og unglinga.

Það sem meira er að þessi ákvæði laganna eins og þau eru nú virka nánast sjálfvirkt þannig að það er ákvörðun hlutaðeigandi og tannlæknisins hvort til þátttöku sjúkratrygginga kemur. Þannig þarf hvorki að liggja fyrir í þessu tilviki umsókn né samþykki greiðsluaðila. Það er skoðun nefndarinnar að lagaákvæðið eins og það stendur í dag hvetji til tannréttinga án þess að læknisfræðileg nauðsyn liggi að baki og því er lagt til að sé um að ræða krónu- og brúargerð, gullfyllingar og tannréttingar verði ekki um skyldugreiðslu eða sjálfvirkar greiðslur að ræða, heldur heimildargreiðslur þannig að heimilt sé að greiða allt að 50% kostnaðar skv. 44. gr. þegar í hlut eiga fyrrgreindar aðgerðir og tannréttingar barna og unglinga á aldrinum 6–18 ára. Þykir eðlilegt að þátttaka hins opinbera sé mest í þeim tilvikum þar sem um er að ræða aðgerðir í lækningaskyni og allt niður í enga sé um að ræða tannréttingar sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegum skilningi.

Með frv. fylgja tillögur að reglum um flokkun tannréttinga með hliðsjón af nauðsyn og þátttöku hins opinbera. Í frv. er enn fremur lagt til að því aðeins komi til greiðslur samkvæmt þessum ákvæðum, þ.e. c-lið 39. gr. og 44. gr. varðandi gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar, að fyrir liggi sérstök umsókn hlutaðeigandi þar sem tannlæknir flokkar aðgerðina í samræmi við áðurnefnda flokkun og jafnframt samþykki sjúkratrygginganna. Á því að fara fram mat á nauðsynlegri aðgerð áður en til greiðslu kemur. Með þessu er ekki verið að leggja til að önnur

sérfræðiþjónusta fyrir aldurshópinn 6–18 ára, svo sem vegna skurðaðgerða o.s.frv., breytist heldur verður hún með óbreyttum hætti eins og almenn tannlæknaþjónusta fyrir þennan aldurshóp.

Því er með frv. þessu þegar í hlut á 44. gr. eingöngu tekið á gullfyllingum, krónu- og brúargerðum og tannréttingum og í raun fyrst og fremst á tannréttingum þar sem með fylgja ákveðnar reglur sem talið er rétt að settar verði, m.a. til þess að hendar reiður á þessum málum. Reglur um flokkun og þátttöku sjúkratrygginga í gullfyllingum, krónu- og brúargerð yrðu settar síðar að fengnum tillögum tryggingaráðs. Í tengslum við það er rétt að geta þess að ég hef haft samband og samráð við formann Tannréttingafélags Íslands og okkur kom saman um það að áður en reglugerð yrði sett yrði haldinn fundur með þessum viðkomandi aðilum og ljóst að þó að lögin eigi að taka gildi nú um áramótin, þá verði reglurnar yfirfarnar í samráði við hlutaðeigandi sérfræðinga og viðræður fari fram við þá áður en reglurnar taka endanlega gildi.

Í áliti minni hl. heilbr.- og trn. Nd. kemur fram að kostnaður almannatrygginga vegna tannréttinga hafi numið 62 millj. kr. á árinu 1988 og því sé harla ólíklegt að hægt sé að spara um það bil 60 millj. kr. á þessum lið á árinu 1990. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins nam þessi kostnaður hins vegar 108 millj. kr. á árinu 1988 og skiptist þannig að framlag sjúkrasamlaga var 62 millj. og framlag sveitarfélaga 46. Taxti tannlækna hækkaði um 20% á tímabilinu frá júní 1988 og fram til júní 1989 þannig að miðað við það má reikna með að kostnaður á yfirstandandi ári nemi um 130 millj. kr. sé aðeins miðað við óbreytta starfsemi. Haldi svo áfram sem verið hefur má reikna með 150–160 millj. kr. á næsta ári verði ekkert að gert. Samkvæmt þessu er raunhæft að áætla að hægt sé að ná allt að 60 millj. kr. sparnaði á næsta ári vegna tannréttinganna ef miðað er við forsendur frv. sem eru að tannréttingar verði með svipuðum hætti og gerist í Noregi. En reglurnar sem hér er stefnt að að setja taka mið af því sem þar er nú þegar í framkvæmd.

Á undanförnum dögum hefur verið unnið að lausn svokallaðra tilvísunarmála lækna á vegum stjórnskipaðrar nefndar og vísast um það til nál. meiri hl. heilbr.- og trn. Nd. Er lagt til að tilvísunarkerfið verði lagt niður í núverandi mynd og að í þess stað verði tekið upp kerfi sem tryggir nauðsynleg boðskipti milli lækna vegna sjúkratrygginga með það fyrir augum að auka öryggi læknisþjónustunnar. Til að koma á þessum breytingum þarf að breyta b-lið 43. gr. almannatryggingalaga þar sem kveðið er á um svokallaða tilvísunarskyldu en hún hefur í reynd ekki verið við lýði undanfarin sex ár samkvæmt samkomulagi við læknafélögin. Síðast var tekin ákvörðun um slíka undanþágu með breytingu á almannatryggingalögunum fyrr á þessu ári og gildir undanþágan út yfirstandandi ár.

Sú tillaga sem meiri hl. heilbr.- og trn. Nd. flutti um breytingar á frv. varðandi þennan þátt er í samræmi við beiðni mína og byggist á niðurstöðum stjórnskipaðrar nefndar sem áður er greint frá. Jafnframt er rétt að fram komi að fullt samkomulag hefur náðst milli fulltrúa heimilis- og heilsugæslulækna annars vegar sem áttu sæti í þessari nefnd og hins vegar fulltrúa sérfræðinga, en formaður nefndarinnar var Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir.

Önnur brtt. sem flutt er samkvæmt beiðni minni er í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við sveitarfélögin varðandi þátttöku sveitarfélaga í kostnaði við tannlækningar barna og unglinga á aldrinum 6–15 ára. Hefur orðið að samkomulagi að sveitarfélögin greiði ⅓ hluta þessa kostnaðar á næsta ári og er lagt til að ákvæði þar að lútandi verði sett í ákvæði til bráðabirgða. Kostnaður við þennan þátt var ekki tiltekinn í útreikningi við uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna yfirtöku ríkisins á tannlæknakostnaði, en sveitarfélögin hafa til þessa borið helming hans þannig að hér er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði aðeins ⅓ út næsta ár.

Varðandi gildistöku laganna vísa ég til ákvæðis til bráðabirgða þar sem fjallað er um rétt þeirra sem þegar eru í meðferð vegna tannréttinga og kemur fram í bráðabirgðaákvæðinu að miðað er við 1. nóv.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að fara öllu fleiri orðum um frv. þetta þó að margt meira mætti auðvitað segja og gefa nánari skýringar á því hvað hér í felst, en tímans vegna vísa ég til ítarlegra athugasemda í grg. frv. svo og til nál. meiri hl. heilbr.- og trn. Nd.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. sem að þessu sinni er beðin, eins og stundum áður, að vinna nokkuð hratt í málinu svo að takast megi að gera frv. að lögum fyrir áramót.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 368, n. 416, 421 og 443, brtt. 417, 444.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Á fund nefndarinnar komu Ari Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandinu, Snorri Olsen, Maríanna Jónasdóttir og Bolli Þór Bollason frá fjmrn. Einnig þeir Ævar Ísberg og Steinþór Haraldsson frá ríkisskattstjóra, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Björn Ólafsson og Hilmar Thorarensen frá Sigtúnshópnum.

Í nefndinni spunnust nokkrar umræður um það

hvort vaxtabótakerfi eða núverandi vaxtaafsláttarkerfi kæmi betur út fyrir tekjulægri hópana í þjóðfélaginu. Hagdeild fjmrn. lagði fram útreikninga um þetta efni og eru þeir útreikningar lagðir fram sem fskj. með þessu nál.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 416 og brtt. á þskj. 417 sem fluttar eru af Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Á nál. kemur fram að þingflokkur Kvennalistans getur ekki stutt þetta frv. í núverandi mynd en leggur til brtt. sem spegla ljóslega stefnu okkar varðandi skattlagningu einstaklinga og fjölskyldna. Ég mun því til að stytta mál mitt og lýsa afstöðunni í raun til þessa frv. fara lítillega yfir brtt. sem við leggjum fram. Þær hníga í þá átt að létta skattbyrði og munu því draga úr tekjum ríkissjóðs, en fyrir þessum brtt. eru þó mörg rök.

Í fyrsta lagi ber að nefna að Kvennalistinn telur að stjórnvöld hafi nú þegar seilst allt of langt ofan í vasa lágtekju- og meðaltekjufólks. Skattbyrði hefur þyngst á sama tíma og kaupmáttur launa hefur rýrnað að mun. Auknum skattaálögum er að sönnu ætlað að auka tekjur ríkisins og þar með að minnka halla ríkissjóðs. En staðreyndin er sú að fjölmörg heimili eru nú þegar rekin með halla og geta hreinlega ekki risið undir meiru.

Í öðru lagi má fullyrða að þær tekjur, sem ríkið missti ef brtt. Kvennalistans yrðu samþykktar, væru ekki með öllu glataður eyrir. Þær mundu að stórum hluta skila sér eftir öðrum leiðum, m.a. gegnum óbeina skatta þar sem fólk hefði hærri ráðstöfunartekjur.

Í þriðja lagi má benda á að nú þegar eru samningar ríkisins og BSRB lausir og aðrir fylgja í kjölfarið. Lækkun skatta, hækkun persónuafsláttar og barnabóta væri verðugt innlegg stjórnvalda í þá kjaramálaumræðu sem fram undan er.

Í fjórða lagi hafa kvennalistakonur lagt mikla áherslu á að annað og hærra tekjuskattsþrep verði tekið upp og við viljum minna á þau fyrirheit sem fjmrh. gaf þegar hann mælti fyrir breytingum á tekjuskatti og eignarskatti í desember 1988 um að hátekjuþrep yrði tekið upp í tekjuskatti. Það olli því nokkrum vonbrigðum að sú breyting skyldi ekki lögð til í þessu frv. Þótt hærra tekjuskattsþrep sé ekki lengur að finna á óskalista fjmrh. samkvæmt athugasemdum með frv. er þessi möguleiki vissulega fyrir hendi til að auka tekjur ríkisins ef áhugi er á.

Ég vil þá lítillega fara í þessar brtt. sem varða í fyrsta lagi tekjuskattshlutfallið, persónuafslátt og skattleysismörk, hlutfallshækkun á barnabótum, barnabótaauka og persónuafslætti og tekjutengdar álögur eignarskatts í efra þrepi, auk þess sem við leggjum til að persónuafsláttur og barnabætur verði miðaðar við framfærsluvísitölu en ekki skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum hvert ár.

Það er þá fyrsta brtt.: Í henni felst að færa tekjuskattshlutfallið aftur í 28,5%. Það ákvæði sem sett var til bráðabirgða í lögum nr. 97/1988, um að tekjuskattur manna reiknist 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989, rennur út 1. jan. 1990. Því er í þessu frv. ríkisstjórnarinnar verið að leggja til 4,3% hækkun á skatthlutfalli en ekki 2% hækkun eins og látið er í veðri vaka. Kvennalistinn leggur til að skatthlutfallið verði óbreytt eins og lög gera ráð fyrir.

Önnur brtt.: Þar er lagt til að persónuafsláttur hækki í 300 þús. kr. í stað 250.200 kr., þ.e. í 25 þús. á mánuði í stað 20.850 kr. Við þessa breytingu yrðu skattleysismörkin rétt um 63 þús. kr. á mánuði. Þessi hækkun persónuafsláttar vegur langþyngst hjá lágtekjufólki og síðar æ minna eftir því sem ofar dregur og er því það sem lág- og meðaltekjufólk munar mest um. Kvennalistinn vill réttlátt samhengi milli skattleysismarka og lágmarksframfærslu. Þótt ljóst sé að með brtt. þessari verði því marki ekki náð er stigið skref í rétta átt.

Aðrar breytingar sem Kvennalistinn vill gera í tengslum við persónuafslátt koma fram í sérstöku frv. á þskj. 354 sem þingkonur Kvennalistans í Nd. hafa lagt fram.

Þriðja og fjórða brtt.: Kvennalistinn leggur til sömu hlutfallshækkun á barnabótum og barnabótaauka og persónuafslætti. Allur kostnaður af framfærslu barna hefur hækkað í samræmi við annað og má þar nefna hækkun á matvöru, dagvistargjöldum, vöruverði almennt. Kvennalistanum er ljóst að sú hækkun sem við leggjum til er umfram verðlagsþróun. Kvennalistinn telur hins vegar að skerfur hins opinbera til barnafjölskyldna í landinu hafi síst verið of stór og telur rétt að bæta þar um. Að mati okkar er ekki rétt að tengja barnabætur sköttum með þeim hætti sem sífellt er gert í opinberum útreikningum um skattbyrði. Þær aðferðir eru einungis til þess fallnar að villa um fyrir fólki. Þessari fullyrðingu til staðfestingar má benda á síendurtekna útreikninga sem gætu bent til að þorri fjölskyldna í landinu væru foreldrar eða foreldri og tvö börn, annað undir sjö ára aldri, eins og ég minntist á í 1. umr. um þetta mál. Því lét Kvennalistinn reikna nokkur dæmi þar sem barnabætur eru ekki teknar með í reikninginn og þau má sjá í fskj. með nál. í Nd. sem er á þskj. 352.

Þá er það fimmta brtt. og hún varðar eignarskatt. Í frv. eru eignarskattsálögur færðar til betri vegar og vill Kvennalistinn í því sambandi benda sérstaklega á það nýmæli að tekjutengja álögur eignarskatts í efra þrepi. En eitt er þó ógert: Samanlagður eignarskattsstofn hjóna sem lagður er til grundvallar álagningu er alltaf helmingi hærri en einstaklinga og einstæðra foreldra. Í þessu felst nokkurt óréttlæti þar sem ekki er sjálfgefið að einstaklingar eða einstæðir foreldrar geti alltaf látið sér nægja helmingi minna húsnæði en

hjón eða sambýlisfólk. Dýrustu hlutar hvers húsnæðis þurfa líka að vera í húsnæði einstaklinga og einstæðra foreldra. Því sýnist Kvennalistanum réttlátt að einstaklingar og einstæðir foreldrar væru 60% ígildi hjóna hvað eignarskattsstofn áhrærir. Í samræmi við þá skoðun sína vill Kvennalistinn hækka þann eignarskattsstofn sem enginn eignarskattur er greiddur af upp í 3 millj. 450 þús. hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum en halda honum óbreyttum hjá hjónum, þ.e. 2 millj. 875 þús. hjá hvoru. Hvað efra þrepið varðar heldur Kvennalistinn eignarskattsstofni einstaklinga og einstæðra foreldra óbreyttum, þ.e. 8 millj. 50 þús. kr. en lækkar eignarskattsstofn hjóna niður í 6 millj. 708 þús. kr. hjá hvoru um sig. Tekjuviðmiðun í efsta þrepi helst óbreytt.

Síðan vík ég að vísitölunum en um þær fjallar sjötta brtt. Kvennalistinn telur brýnt að hætt verði við að miða breytingar, m.a. á persónuafslætti og barnabótum, við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert. 14. gr. þessa frv. tekur til 122. gr. laganna. Brtt. Kvennalistans felur í sér að þær upphæðir sem samkvæmt henni eiga að hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu miðist framvegis við framfærsluvísitölu. Þar til breytingar voru gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögunum í desember 1988, miðuðust þessar tölur við lánskjaravísitölu. Kvennalistinn telur það ekki ráðlegt lengur vegna þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á henni. Nú vega laun þriðjung í útreikningi lánskjaravísitölu og hækkar hún því minna en ella hefði orðið. Hún mælir ekki lengur kostnað í sama mæli og áður þar sem laun hafa ekki hækkað í samræmi við aðrar hækkanir. Því virðist Kvennalistanum framfærsluvísitalan nú vera vænlegri til viðmiðunar. Auk þess viljum við að persónuafsláttur og barnabætur hækki, nú eða lækki eftir atvikum, mánaðarlega í samræmi við framfærsluvísitölu. Þannig yrði komið í veg fyrir að skattbyrðin yrði sífellt þyngri í lok viðmiðunartímabils eins og nú er þegar breytingar á persónuafslætti eru aðeins gerðar tvisvar á ári og barnabætur mundu hækka í réttu hlutfalli við framfærslu.

Lágtekju- og meðaltekjufólk, svo og barnafjölskyldur, eiga sér nú fáa málsvara, en í brtt. Kvennalistans felast mikilvægar breytingar til batnaðar til handa þessum hópum. Í þeim birtist það verðmætamat og sú forgangsröð sem Kvennalistinn leggur mikla áherslu á í stefnu sinni. Að öðru leyti vil ég vísa í vandað nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. á þskj. 352 eins og ég hef áður getið um.

Verði þessar brtt. Kvennalistans samþykktar munum við þingkonur hans greiða atkvæði með frv. Að þeim felldum munum við þó greiða atkvæði gegn frv. í heild sinni. Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Á þskj. 443 gerir 2. minni hl. grein fyrir afstöðu sinni. Þar sem það er örstutt ætla ég, með leyfi forseta, að lesa það upp:

„Nefndin hefur haft skamman tíma til að fjalla um málið en þó reynt að afla upplýsinga bæði frá embættismönnum og öðrum viðmælendum nefndarinnar. Frv. er annar veigamesti þáttur hinnar margþættu skattránsherferðar sem vinstri stjórn Steingríms Hermannssonar herðir nú á hendur borgurum þessa lands og atvinnufyrirtækjum. Hinn þátturinn er virðisaukaskatturinn. Samhliða þessu skattráni eru svo lagðir minni baggar á þjóðina hvarvetna þar sem því verður við komið. Eins og að líkum lætur hefur þessi skattastefna mjög verið í þjóðmálaumræðunni en stjórnarherrar verið rökheldir, enda tókst þeim að styrkja valdastöðu sína á Alþingi og láta því kné fylgja kviði. Kom það glöggt í ljós við afgreiðslu málsins í Nd.

Annar minni hl. telur því ljóst að tilgangslaust sé að flytja fjölda brtt. og ber því aðeins fram tvær tillögur á sérstöku þskj.

Á sama hátt er tilgangslaust að skila ítarlegu nál. en vitnað er til vandaðs nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. Álit minni hl. hefur komið fram í margvíslegri umfjöllun skattamála utan þings og innan síðustu vikurnar og verður nánar skýrt í umræðum."

Raunar hyggst ég ekki skýra það neitt nánar, ég held að það sé öllum ljóst að við erum andvígir þessum sífelldu skattahækkunum og þá ekki síst þessari sem hér er til umræðu og skal því ekki nota dýrmætan tíma heldur eingöngu vitna til fyrri orða minna og annarra hv. þm. Sjálfstfl.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 417,1 felld með 11:4 atkv.
4. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 417,2 felld með 11:3 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 417,3 felld með 11:4 atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 417,4 felld með 11:4 atkv.
8. gr. samþ. með 11:1 atkv.
9.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 444,1 felld með 11:2 atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 417,5 felld með 13:2 atkv.
Brtt. 444,2 felld með 11:2 atkv.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 417,6 felld með 11:3 atkv.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Virðisaukaskattur, ein umr.

Stjfrv., 208. mál (skatthlutfall o.fl.). — Þskj. 430.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um virðisaukaskatt er komið á ný til meðferðar hér eftir umfjöllun í neðri deild þar sem á því voru gerðar nokkrar breytingar og skal ég í örstuttu máli gera grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi er lagt til að flugnám, eins og annað starfsréttindanám, verði undanþegið virðisaukaskatti á sama hátt og ökunám eins og segir í nál. fjh.- og viðskn. Nd. Þá verði einnig gerð undanþága að því er varðar dansnám og greiðslu virðisaukaskatts.

Við 6. gr. er breyting. Þar sem í frv. er almennt ákvæði er undanþiggur tímarit virðisaukaskatti er ekki talin þörf á sérstökum lið um skattmeðferð erlendra tímarita.

Á 13. gr. eru gerðar tillögur um tvær breytingar. Þar er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað fari fram eigi sjáldnar en á tveggja mánaða fresti. Áður var gert ráð fyrir að þetta gerðist á þriggja mánaða fresti. Þá er lagt til að sú regla, er heimilar endurgreiðslur til sveitarfélaga, verði einnig látin gilda um ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir þannig að unnt sé að tryggja samkeppnisstöðu þjónustugreina.

Það kemur fram í þessu nál. að í Nd. var einnig fjallað ítarlega um gjaldfrest í tolli og segir í áliti meiri hl. nefndarinnar, alveg nákvæmlega eins og sagði á fundi fjh.- og viðskn. þessarar deildar, að meiri hl. nefndarinnar væri ljós nauðsyn þess að sporna við hækkun verðlags og vaxta. Fram kemur að ákveðið hefur verið að gjaldfrestur á virðisaukaskatti verði veittur við innflutning á hráefni til innlendrar iðnaðarframleiðslu og raunar einnig að því er varðar innflutning á olíu. Meiri hl. nefndarinnar telur mikilvægt að fjmrn. kanni kosti þess að veita víðtækari gjaldfrest á innflutningi í því skyni að koma í veg fyrir verðlagshækkanir.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa til þeirra yfirlýsinga sem hæstv. fjmrh. gaf í þessari hv. deild þegar málið var hér til umræðu um að hann hefði átt fundi með ýmsum aðilum vegna þessa máls og því væri fyllsti gaumur gefinn í ráðuneytinu. Ég tel mig ekki hafa neina ástæðu til að ætla annað en að á því máli finnist viðunandi lausn.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og ræða hv. 3. þm. Vesturl. bar með sér er virðisaukaskatturinn mjög illa undirbúinn. Það er verið að breyta frv. fram á síðustu stundu og ekki nóg með það heldur var því líka breytt í frv. til lánsfjárlaga. Jafnvel í því frv. var sett inn ein setning þar sem segir „þrátt fyrir lög um virðisaukaskatt“ og síðan er sagt að ekki sé búið að gera það enn upp við sig hvort það verði veittur greiðslufrestur í tolli. Þó svo það hafi mjög mikil verðlagsáhrif fyrst í stað og óheppileg áhrif alla vega séð þá hefur hæstv. ráðherra ekki enn gert það upp við sig hvernig hann hagar sér í því máli. En þetta er eins og annað: Þetta er illa undirbúið, þinginu til vansæmdar.

Ég tók eftir því í sjónvarpi að það var haft eftir hæstv. forsrh. að umræður hér í Alþingi hefðu verið til vansæmdar. Það sem er þinginu mest til vansæmdar er stjórn hæstv. forsrh. á ríkisstjórninni og framganga einstakra ráðherra hér í þingsölum. Illa undirbúin mál sem koma á síðustu stundu og ef spurt er út í það hvernig framkvæmdin eigi að vera þá segja ráðherrar hvorki eitt né annað. Og það litla sem þeir segja er vafasamt að standist, þannig að það er ekki fallegt upplit á þessu, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 480).

EFRI DEILD

42. fundur, föstudaginn 22. des., að loknum 41. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 210. mál (skattstigi o.fl.). — Þskj. 368.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 486).

Bifreiðagjald, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 251. mál (gjalddagi). — Þskj. 409, n. 479 og 481.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um bifreiðagjald sem felur í sér breytingu á gjalddaga. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Undir nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson og Guðrún Agnarsdóttir sem ritar undir með fyrirvara.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. fylgir venjunni. Það eru nýjar álögur sem hér er verið að undirbúa. Sú hugsun liggur á bak við þetta frv. að fresta gjalddaga bifreiðaskatts um tvo mánuði til þess að hægt verði að koma í gegnum þingið frv. til hækkunar á bifreiðagjaldi. Einn skatturinn í viðbót, einn pinkill í viðbót. Sá sem ber þetta er þjóðin. Líka þeir þarna fyrir austan fjall. En ég veit að hæstv. forseti styður þetta eins og annað, skiptir ekki máli hvort við erum að skerða sóknargjöld, göngum nærri kirkjugörðum, hvort það er heilög kirkja eða olíufélagið, allir verða að bera sína pinkla og að síðustu þeir sem eiga bílana og fara með farartækjunum, sem er fólkið í landinu.

Það verður fróðlegt að sjá atkvæðagreiðsluna á eftir. Ætli það fylgi ekki líka venjunni. Ætli sömu mennirnir greiði ekki atkvæði þessum undirbúningi að hækkun skatta og hafa verið að leggja hinar byrðarnar á þjóðina? Svo kemur formaður þingflokks Alþfl. og spyr: Hvar á að leggja á skatta annars staðar ef við leggjum ekki á þennan samkvæmt lögmálinu? Ekki má lækka skatta og ekki má draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (tannlæknaþjónusta). — Þskj. 453, n. 482.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67 1971, með síðari breytingum, frá heilbr.- og trn.

Nefndin hafði skamman tíma til að vinna í málinu en lét sig samt hafa það að afgreiða málið að athuguðu máli. Í nál. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. Leggur hún til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson skrifar einnig undir með fyrirvara og Guðrún Agnarsdóttir, Karl Steinar Guðnason og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú ríkir þetta hefðbundna jólaannríki hér á hv. Alþingi sem m.a. lýsir sér í meðferð þess máls sem hér er verið að afgreiða úr þessari hv. deild, en eins og fram kom hjá formanni hv. heilbr.- og trn. hefur nefndin ekki haft tækifæri til að fjalla efnislega um frv. Tókum hins vegar til greina þá meðferð sem það fékk í neðri deild. En eins og alþjóð veit þá vill stjórnarandstaðan gera allt sem hún getur til að tefja ekki fyrir þingstörfum hér rétt fyrir jól og hjálpa stjórnarliðum til að koma málum í gegn og þess vegna höfum við látið duga að skrifa undir þetta frv. með fyrirvara sem felst í því að við hv. 14. þm. Reykv., sem bæði eigum sæti í heilbr.- og trn., hefðum viljað skila nál. á sama hátt og gert var í neðri deild af hálfu þingmanna Sjálfstfl. sem sæti eiga þar í heilbr.- og trn. En eins og ég sagði: Vegna tímaskorts þá látum við duga að gera hér grein fyrir þessum fyrirvara sem felst í því að við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslu þriggja fyrstu greina frv. en greiða hins vegar atkvæði með öðrum greinum sem brtt. voru samþykktar við í meðferð málsins í neðri deild.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál sem varðar stórútgjöld sem ríkið verður fyrir og er nauðsynlegt að koma á skýrari reglum þar að lútandi. Um það er ekki ágreiningur. Hins vegar gefst allt of lítill tími til að velta fyrir sér þeim leiðum sem þarna er stungið upp á. Það kom líka fram í umfjöllun heilbr.- og trn. neðri deildar að þær tölur sem áætlað er að sparist með þessum aðferðum eru í raun hreinar ágiskanir. Og það hafa komið fram ýmsar aðrar leiðir sem enginn tími var til að gaumgæfa. Málið ber of hratt að og við kvennalistakonur treystum okkur ekki til að styðja þetta mál, þó að grunnhugmyndir þess séu að mörgu leyti ágætar, nema að fá til þess betri tíma. Þess vegna höfum við tekið þá afstöðu að sitja hjá við málið en munum styðja þær brtt. sem fram komu frá meiri hl. því að þær eru að mörgu leyti óviðkomandi efni upphaflega frv. og byggjast á samkomulagi þeirra aðila sem málið varðar.

Ég hef ekki meira um málið að segja, en vísa að öðru leyti til nál. á þskj. 441 sem fulltrúi Kvennalistans í neðri deild skrifaði þegar málið var til umfjöllunar þar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 178. mál. — Þskj. 452, n. 483.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til laga um veiðieftirlitsgjald, komið til okkar frá Nd. Það má segja að hið sama á við um þetta mál eins og það sem við vorum að afgreiða hér rétt áðan um almannatryggingar, að nefndin hafði mjög skamman tíma til þess að ræða málið. Ég get hins vegar tekið undir það og mér er bæði ljúft og skylt að staðfesta það sem fram kom í máli hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur hér áðan þar sem hún gat um samstarf í nefndum þingsins. Ég get staðfest að það hefur verið gott og þar ætla ég ekki að undanskilja stjórnarandstöðuna sem ég hef átt hið besta samstarf við í afgreiðslu mála hér. En það er alltaf vandamál þegar mál koma hér seint fram og við erum í hálfgerðu tímahraki. En ég veit nú betur, ég veit að þingmenn gera sér far um að kynna sér þessi mál, ekki bara í þingnefndinni heldur veit ég að menn hafa fylgst með umræðum um þessi mál og það er nauðsynlegt að það komi hér fram svo að menn álíti ekki að hér sé ekkert lesið. Menn fylgjast auðvitað með umræðum hér í þinginu og kynna sér gögn eins og þau koma hverju sinni frá þeirri deild sem fyrri er til að afgreiða þessi mál og ég veit að það á einnig við um þetta mál.

Nefndin kallaði á sinn fund Árna Kolbeinsson til þess að svara fyrirspurnum nefndarmanna og ég held að orðið hafi verið við öllum óskum manna um það efni. En í nál. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. Leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar."

Undir það rita Stefán Guðmundsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson og Guðmundur H. Garðarsson.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég sagði hér við 1. umr. að ég mundi ekki lengja störf þingsins vegna umræðu um þetta mál þó að mér fyndist það að mörgu leyti á þann veg að nauðsynlegt væri að það væri gert. Ég get nú ekki annað sagt en að ég hugsi út í það hvort ekki væri eðlilegt að gera það eftir að maður heyrir að ákveðnir menn úr stjórnarliðinu ræða við þingmenn sem ekki voru líklegir til að styðja þetta mál á þann veg að ekki muni verða staðið að öðrum málum sem fram verða lögð í þinginu ef þetta mál verði ekki stutt hér. Slík vinnubrögð eru náttúrlega á þann veg að það hvetur til þess að ekki sé staðið við þær yfirlýsingar sem hér hafa verið gefnar í sambandi við störf þingsins. Mér finnst þetta svo fráleitt og langt frá því að vera í tengslum við þá samninga sem hér hafa verið gerðir, að menn megi ekki ganga til starfa hér í þinginu nú á síðustu stundum á eðlilegan máta, án þess að hér séu einhverjar ógnanir og þvinganir um það að önnur mál, sem þessu eru algjörlega laustengd, nái ekki fram að ganga á eðlilegan hátt.

Ég mun, þrátt fyrir það að þannig sé unnið af því liði sem er að þrýsta þessu máli hér í gegn, standa við þau loforð sem þingmenn hafa gefið um það að lengja ekki hér mjög umræður. En svona vinnubrögð eru ekki á þann veg að það sé til að hvetja til þess að menn standi við það sem þeir hafa lofað.

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt til þess að allir hv. deildarþingmenn geri sér vel grein fyrir því hvað þeir eru að samþykkja að ég lesi hér úr ræðustól deildarinnar skýringarnar við 1. gr. frv. Ég efast svo sem ekkert um að hv. þm. allir hafi lesið þetta og gert sér mjög vel grein fyrir því hvað þeir væru að samþykkja, lesið þetta frv. aftur og fram og til baka, sjálfsagt ekki síst þingmenn Sjálfstfl. hver og einn, en með leyfi forseta ætla ég að lesa þessar skýringar.

„Samkvæmt lögum nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, ákveður fjmrh. gjöld fyrir veiðileyfi með sama hætti og önnur leyfisgjöld. Gjöld þessi renna í ríkissjóð og námu u.þ.b. 6,3 millj. kr. á árinu 1988. Með þessari grein er lagt til að það verði sjútvrh. er ákveði þessi gjöld og að þau renni ekki ósérgreind í ríkissjóð heldur verði sérstaklega ætluð til að standa undir rekstri veiðieftirlits sjútvrn. Skal ráðherra miða ákvörðun um fjárhæð gjaldsins við að hún standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlitið. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að 57 millj. kr. þurfi til þessa viðfangsefnis. Samkvæmt þessu þurfa heildartekjur af veiðileyfisgjöldum rúmlega að nífaldast frá því sem var á sl. ári."

Hér er átt við þá upphæð sem var í frv. upphaflega, en sem hefur verið lækkuð í hv. Nd.

Í þessu frv. er sem sagt lagt til að skattavaldið og ráðstöfunarvaldið yfir ákveðnum sköttum verði ekki í fjmrn. og ekki á Alþingi heldur í ákveðnu fagráðuneyti. Tekjurnar sem hér er lagt til að verði innheimtar eru til ákveðinna þátta ráðuneytisins sjálfs en ekki stofnana þess. Þetta er alger nýlunda í íslenskum lögum og brýtur allar hefðir. Ýmsir þættir stjórnkerfisins eru á þann veg að stofnanir tengdar ráðuneyti starfa á svipaðan hátt og veiðieftirlitið. Þar getum við nefnt brunaeftirlit og þar getum við nefnt Fiskifélag Íslands og ýmsar aðrar stofnanir, en þær eru að vissu leyti algjörlega óháðar og eru ekki hluti af ráðuneytinu sjálfu.

Hér er verið að búa til skattstofn sem á að auðvelda ráðuneytinu, framkvæmdarvaldinu sjálfu, að auka starfsemi sína, þvert á það sem annars staðar á sér stað og þvert á þá umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu.

Ég vil undirstrika það að andstaða mín gegn þessu frv. byggist fyrst og fremst á þessum þáttum.

Hugsið ykkur það að landbrn. tæki sig nú til og byggi til einhvern skatt á svipaðan máta og þennan, tæki skatt af hverjum kjötskrokki og hverjum mjólkurlítra og gjaldið færi inn í landbrn. og síðan yrði því ráðstafað þar beint af ráðherra. Þó að það ráðuneyti hafi að mörgu leyti staðið sig mikið betur en sjútvrn.

held ég að ég mundi ekki treysta því ráðuneyti til slíkra hluta. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðuneyti?) Landbrn. ef það fengi að leggja á einhverja sérskatta. Og jafnvel þó að menntmrn. fengi heimild til þess að leggja á sérskatta sem rynnu beint til þess — ég mundi ekki treysta því til þess. Til þess að stækka það miðstýringarapparat sem ráðuneytin eru og hljóta alltaf að vera.

Þetta er grundvöllur andstöðu minnar við frv. Það stangast beint á við þá þróun sem á sér stað hér á Íslandi í löggjöf og það stangast alveg gjörsamlega á við það sem er að gerast í hinum stóra heimi. Þar er alls staðar reynt að draga úr valdi framkvæmdarvaldsins, reynt að draga úr því að framkvæmdarvaldið hafi fjármagn sem það getur ráðstafað án þess að spyrja einn eða neinn um, eða spyrja löggjafarþingið um.

Við sáum það reyndar hér í gær að ráðherrar núv. ríkisstjórnar höfðu farið þó nokkuð mikið fram úr fjárlögum á síðasta ári og það var samþykkt í gær að gera þessar aðgerðir þeirra löglegar með því að samþykkja fjáraukalög. En það þarf ekki fjáraukalög ef viðkomandi fagráðherrar ráðstafa þessu eða hinu fjármagninu frá skattheimtunni í þessa eða hina áttina. Aðeins þetta ákveðna þak í þessu frv. skammtar þeim skattheimtuvaldið.

Það skal undirstrikað að í meðförum Nd. breyttist þetta frv. þó nokkuð mikið og á þann hátt að í staðinn fyrir 0,5% skattstofn var þetta lækkað niður í 0,2%. Eðli frv. breyttist ekki neitt. En látið þið ykkur detta það í hug, þó að nú á síðustu dögum þingsins hafi tekist að ýta niður þessari prósentutölu, að henni verði ekki lyft upp eftir stuttan tíma? Ekki fyrir mjög löngu síðan var lagt niður allt bifreiðagjald. Bifreiðar skyldu vera svo gott sem skattfríar í sambandi við þjónustustofnanir ríkisins. Hvað er að gerast og hvað var að gerast hér í hv. deild í dag? Var ekki verið að hækka þetta og nota þetta gjald einn ganginn enn sem beinan skattstofn fyrir ríkið? Hvað halda hv. þm. að verði í sambandi við þetta gjald, veiðileyfagjaldið? Það verður ekki 5% eftir stuttan tíma, það verður jafnvel mikið hærri tala.

Ég lofaði því að eyða ekki löngum tíma og ég skal stytta mál mitt.

Virðulegur ráðuneytisstjóri úr sjútvrn. mætti á fund okkar nefndar og upplýsti okkur um einstök atriði í sambandi við þetta frv. og það sem ráðuneytið hefur umleikis í veiðieftirlitinu. Í fyrsta lagi upplýsti hann það að í staðinn fyrir að núna eru 17 veiðieftirlitsmenn við störf hygðist ráðuneytið fjölga þeim í 21. (Gripið fram í.) Um fjóra. Ja, það er svona um 25%, það er nú ekki meira en það, þannig að ég sé nú ekki þá nauð sem rekur til að nú sé endilega farið að ganga í það á síðustu dögum þingsins að búa til þennan skatt til að standa undir launum þessara fjögurra manna. Breytingin átti ekki að vera önnur. Það kom aftur á móti í ljós að það er verið að hugsa um ýmsa aðra hluti í því háa ráðuneyti. Það er verið að hugsa um að breyta eftirliti sjútvrn. í sambandi við fiskveiðar í landinu. Það er þegar búið að gefa út myndarlega reglugerð um vigtun á sjávarafla þar sem margir góðir hlutir eru í. En ráðuneytisstjórinn upplýsti það að þegar þetta kerfi, vigtunarkerfið, verður tekið í notkun, ekki reyndar á næsta ári, þá muni það kosta svona 10–15 millj. að koma því af stað. Það verður þá lítið þessi 0,2% sem við erum að tala um núna til að standa undir þessu. Og þegar þingmenn Sjálfstfl. og þingmenn Alþfl. lýsa því yfir að sjávarútvegurinn eigi sjálfur að sjá fyrir þessu eftirliti öllu saman, þá er ég ansi hræddur um að þessi prósenta eigi eftir að hækka pínulítið.

Mér er reyndar sagt af mönnum sem þekkja þetta mál dálítið vel, þetta vigtarmál þeirra í ráðuneytinu, að það verði ekki 10–15 millj., heldur verði þetta 150–200 millj. uppkomið. Við erum að undirbúa núna á þessum síðustu stundum þingsins skattlagningu til að standa undir þessu kerfi. Undir þessu apparati sem af mörgum er talið algjörlega óþarft og hugmyndir þess að vissu leyti fjarstæðukenndar. — Ég held ég þurfi nú að endurtaka þetta fyrst hæstv. fjmrh. er kominn hér inn. — Ég var að skýra frá því, hæstv. fjmrh., að það var upplýst á fundi í sjútvn. að í viðbót við það að sjútvrn. hyggst fjölga aðeins um fjóra menn í veiðieftirliti hjá sér og ég hafði þau orð að það mundi ekki verða erfitt að sjá fyrir aurum til að standa undir launum þeirra og þyrfti nú varla nýja lagasmíð til þess, en það gæti verið að það hengi fleira á spottanum. Ráðuneytisstjóri sjútvrn. upplýsti m.a. í sambandi við nýútgefna reglugerð um vigtun sjávarafla að ekki á næsta ári heldur því þarnæsta mundi þurfa að ráðstafa 10–15 millj. til að undirbúa það mál. Ég var að segja hv. þm. að þessi 0,2% sem hér er fjallað um væru sjálfsagt fyrsta skrefið í skattlagningu til að standa undir þeim 10–15 millj. sem ráðuneytið upplýsti að til þyrfti. Og þá verði kannski þessi prósenta orðin dálítið hærri en hér er verið að fjalla um. Svipað, hæstv. ráðherra, eins og var um bifreiðagjaldið. Okkur var sagt það hér fyrir tveimur árum að bifreiðagjaldið væri skattstofn sem væri fallinn út, við þyrftum ekki að óttast hann lengur. Ég var ásamt öðrum þingmönnum og stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar að samþykkja núna hækkun á bifreiðaskatti. Skyldi ekki væntanleg ríkisstjórn og væntanlegir þingmenn, kannski sumir af þeim sem hér sitja, standa frammi fyrir því að hækka þennan skatt sem nú er lagt til að samþykktur verði hér?

En ég er ekki kominn að lokaorðunum í sambandi við væntanlegan kostnað sjútvrn. í þessu miðstýringarapparati sínu. Mér er sagt af kunnugum mönnum að þessi vigtunaruppbygging ráðuneytisins muni ekki kosta 10–15 millj., hæstv. ráðherra, heldur muni þetta kosta 150–200 millj. Það gæti nú farið svo — það er það langur tími þar til þetta kerfi á að koma upp — að núv. ráðherrar verði kannski ekki lengur í ríkisstjórn, en það er eins og fleira sem er ýtt fram yfir næstu kosningar. En hér er verið að stíga fyrsta skrefið til þess að búa til sjálfstætt skattkerfi, sjálfstæða innheimtustofnun til að velta utan á sig í hið óendanlega.

Einnig upplýsti ráðuneytisstjóri í sambandi við þær

breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. — það var breytt stöðu smábáta — að væntanlegir leyfishafar miðað við það sem er í umræðu — nú vil ég undirstrika að er í umræðu, er ekki einu sinni í frumvarpsformi heldur er í umræðu í samráðsnefndinni um fiskveiðistjórn næstu ára — að öll veiðiskip hafi veiðileyfi, þá fjölgi þessum bátum, sem eru með bein veiðileyfi og þurfa þar af leiðandi að borga veiðileyfisgjald, úr 600 og upp í 1500.

Ég óska nú sérstaklega fulltrúa valddreifingarinnar hér á hv. Alþingi, Kvennalistanum, til hamingju með það að standa að því að undirbúa sérstaka skattlagningu á þennan hóp manna í landinu.

Ég er rétt að ljúka máli mínu. Þó vil ég kannski aðeins ítreka að mér finnst að þeir ágætu flokkar hér á Alþingi, Alþb., Alþfl., Framsfl., Borgfl. vera að snúa svolítið upp á stefnu sína með því að styðja þetta frv., aukið miðstýringarvald, aukið vald framkvæmdarvaldsins. Ég hélt að við í Alþb. hefðum nú algjörlega slitið og skorið á þennan örmjóa streng sem enn þá tengdist austur í miðstýringuna þegar við sögðum skilið við Husak 1968 og vildum frekar styðja Dubcek. En svo virðist sem við ætlum að reyna að hanga í stuðningi við Husak þótt búið sé að ýta honum út úr kerfinu þarna austur frá og flokkur okkar virðist hafa litla samúð með þeim sem eru að brjótast til nýrra stjórnarhátta þar austur frá. Alveg það sama er með vini mína í Alþfl. Ég veit ekki betur en sá mikli stjórnmálaleiðtogi Mitterrand gangi nú mjög duglega fram í því að breyta ýmsum þáttum í lögum í Frakklandi einmitt sem eru á þennan hátt að ýmsir aðilar hafa ákveðið skattvald til þess að standa undir hinum og þessum þáttum á svipaðan máta og hér er lagt til, burt séð frá þörf hins almenna þegns í þjóðfélaginu. (**Salþ:** Er ekki komið eitthvað sem kallast markaðssósíalismi?) Það er ýmislegt að ske skemmtilegt í Frakklandi en ég er ansi hræddur um að alþýðuflokksmennirnir mínir fylgist ekki með því sem er að gerast þar, þeir séu bara lokaðir inni í þessari ríkisstjórn, sem þeir eru hér í með Borgfl., Framsfl. og Alþb. Þeir fylgist bara ekki með því hvað er að gerast. Alveg er eins með samvinnuhreyfingarmennina, að þeir telji nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið fái þetta aukna vald sem hér er verið að leggja til. Ég held að það sé bara ný pólitík. Það getur vel verið að það stafi af hinum miklu vinsældum sjútvrh. að mönnum þyki alveg nauðsynlegt að ganga frá þessu og gefa þjóðinni þessa jólagjöf núna og nýársgjöf til að staðfesta hinar miklu vinsældir ráðherrans. (**Gripið fram í:** Má ég biðja ræðumanninn að endurtaka það sem hann sagði um þrýstinginn?) Um? (**Gripið fram í:** Þennan þrýsting sem beitt hefur verið í þessu máli.) Já, ég þarf nú ekki, góður þingmaður, að endurtaka það. Þetta kemur allt í þingtíðindum og ég veit að ráðherra les ræður mínar alveg spjaldanna á milli um leið og þær birtast. (**Gripið fram í:** Og sósíalismann.) Hæstv. ráðherra var viðstaddur þegar ég var að tala um þá félaga Dubcek og Husak og ég veit það að hæstv. ráðherra hefur aldrei viljað styðja að einu eða neinu sem þeir þarna austur frá hafa verið að gera né það miðstýringarvald sem þeir hafa sagst þurfa á að halda til þess að geta stjórnað sínum ríkjum. Og ég veit að hæstv. ráðherra er manna kátastur yfir þeirri þróun sem þar er að eiga sér stað. En ég hélt að hann mundi ekki verða stuðningsmaður að anga sem tengist þessari stjórnarstefnu og þessum vinnubrögðum sem þar áttu sér stað.

Nú er ég að ljúka máli mínu, en rétt í lokin. Komið hefur fram frv. til laga, 249. mál, flutt af þingmönnum allra flokka í fjvn. nema Alþb. Þar segir í 1. gr.:

„Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr. [þ.e. til ákveðinna þátta].

Á sama hátt eru hvers konar samningar, sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, umfram heimildir fjárlaga fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum, enda sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum."

Þetta frv. er tilkomið af þeirri umræðu sem er í þjóðfélaginu og er hér á hv. Alþingi um það að framkvæmdarvaldið sé að taka sér síaukið fjárveitingavald í hendur. Ég vænti þess að þó að fulltrúi Alþb. í fjvn. sé ekki flm. þessa frv. þá muni þetta mál fá eðlilega og góða (Gripið fram í.) — fyrirgefðu, góði þingmaður. Ég áttaði mig nú ekki á því að hún er sjálfsagt stuðningsmaður þess alveg eins og Egill Jónsson, hv. þm. Sjálfstfl., er væntanlega stuðningsmaður þess líka, en getur ekki verið á frv. vegna þess að það er flutt í Nd. Ég biðst afsökunar á þessu að ég var að lýsa yfir skoðunum hv. þm. án þess að það væru raunverulega rök fyrir.

Þetta frv. hér stangast gjörsamlega á við það sem verið er að leggja til í frv. um veiðieftirlitsgjald og svo er um alla umræðu í þjóðfélaginu, jafnt valddreifingarumræðu sem aðra. Þetta frv. stangast á við eðlilega stjórnmálalega og fjárhagslega þróun í þjóðfélaginu og næstum því um víða veröld, reyndar þó ekki á vissum svæðum þar sem miðstýringarvaldið ræður enn þá.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Þar eð ég tók ekki til máls við 1. umr. málsins tel ég rétt að koma hér nú og gera grein fyrir sjónarmiðum Kvennalistans í þessu máli og taka reyndar við hamingjuóskum sem mér og okkur þingkonum Kvennalistans bárust hér frá hv. síðasta ræðumanni.

Ég vil leggja áherslu á það að við teljum eðlilegt að atvinnugreinin standi undir kostnaði við þetta eftirlit. Það kom reyndar fram í tillögum okkar við frv. til laga um stjórn fiskveiða að við teljum eðlilegt að atvinnugreinin standi undir mjög mörgum þáttum, t.d. fræðslumálum sem tengjast atvinnugreininni sjálfri. Fræðsla og vernd fiskstofna er mikið hagsmunamál þeirra sem veiðarnar stunda og því hljóta þeir að vera fúsir til þess að greiða fyrir nauðsynlegt eftirlit. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að okkur

þykja refsiákvæði við brotum vera heldur slök. Það reynist mönnum ódýrara að draga undan eða taka áhættu einstaka sinnum og borga frekar sektir en fara eftir settum reglum. Vona ég að refsiákvæði verði hert í nýjum lögum um stjórn fiskveiða sem væntanlega verða sett á næsta ári.

En varðandi orð hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins gera örfáar athugasemdir. Ég skil ekki hvaða mun hann sér á miðstýringunni sem hæstv. fjmrh. er afhent eða hæstv. sjútvrh. varðandi ákvörðun um gjald sem þetta.

Það hefur mikið verið rætt um valddreifingu í þjóðfélaginu á undanförnum árum og tel ég hana mjög til góðs. Ég skil valdreifingu svo að fyrstu skrefin séu að auka sjálfstæði og ábyrgð þeirra stofnana sem undir hin ýnsu ráðuneyti heyra. Fjármálaráðuneyti hafa í gegnum tíðina, eins og allir hv. þm., vita ráðstafað lögbundnum tekjustofnum að vild og ekki vílað fyrir sér að svipta þær stofnanir þeim framlögum sem þeim eru ætluð lögum samkvæmt. Ég legg áherslu á að það er nauðsynlegt að ganga enn þá lengra í valddreifingunni og stefna að því að auka sjálfstæði stofnana. Það er að mínu mati ekki verið að svipta löggjafarsamkomuna öllum völdum í sambandi við ákvörðun um veiðieftirlitsgjald því að fram kemur að hámark veiðieftirlitsgjaldsins er lögbundið í 2. gr.

Það fer nú reyndar að verða spurning sem ég ætlaði aðeins að varpa fram hér eftir að hafa setið og hlustað á ræðuhöld hér í gærkvöldi þar sem hv. 2. þm. Austurl. fjallaði um viðræður íslenskra stjórnvalda við Evrópubandalagið og EFTA. Þar komu fram sjónarmið sem ég geri mér ekki grein fyrir hvort eru heildarsjónarmið Alþb. Það koma líka fram ný sjónarmið í þessu máli og ég ætla að skilja eftir hér spurninguna: Hvað eru mörg Alþýðubandalög á þingi?

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt sem ég var að uppgötva núna en kannski mátti hafa séð fyrr. Það virðist eins og hér sé eitthvert thermostat sem gefur það til kynna að eftir því sem menn tala hér hærra og láta meira í ræðustól, þá kvikna ljós sjónvarpsins og magnast og skína alltaf skærar og skærar eftir því sem menn hafa hærra og hærra. Það er út af fyrir sig nokkurt rannsóknarefni en við skulum geyma okkur þá umræðu þangað til eftir áramótin.

Hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson sagði það hér áðan, og þess vegna kem ég nú hingað upp, að einhverjir hefðu verið með hótanir um að ekki verði staðið að öðrum málum þingsins. Ég kannast ekki við þetta. Það hefur þá verið gert í hans eigin flokki. En ég kannast ekki við þetta og ekkert slíkt kom fram í nefndarstarfinu þannig að ég get ekki séð annað en hér sé um hugaróra eina að ræða.

Ég endurtek því þakkir mínar til nefndarinnar fyrir vel unnin störf og vísa því algerlega á bug sem einnig kom fram að nefndarmenn hafi ekki kynnt sér þetta mál. Ég tók það fram í upphafsorðum mínum að auðvitað hafa nefndarmenn gert það. Menn hafa lesið þetta mál og eftir að það kom frá Nd. hafa menn auðvitað verið að kynna sér þetta mál. Starf nefndarinnar var hins vegar mjög friðsamt og bar þess augljóst vitni hvaða dagar fara í hönd.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það þykir mér nú verst ef það fer eitthvað í taugarnar á hv. formanni sjútvn., vini mínum Stefáni Guðmundssyni hvað mér liggur hátt rómur og hann ímyndi sér það að sjónvarpið fari eitthvað sérstaklega að stilla sínum lömpum út frá því hvað ég hef hátt, hvað ég stilli mín raddbönd á þennan eða hinn styrkinn. Það vona ég að sé hinn mesti misskilningur, Stefán.

En ég ætla ekkert að fara að ræða frekar um það sem ég sagði hér í upphafi ræðu minnar áðan. Það stendur óhaggað og menn taka það eins og það var þar sagt.

Ég vil segja það við hv. 6. þm. Vesturl. að ég fann ekki í þessu frv. — og það getur nú verið að þá hafi ég ekki lesið frv. nógu vel — að það sé ætlast til þess að það standi undir einhverju námi í sjávarútvegsfræðum eða þess háttar. Þá eru kannski allir hlutir leystir í sambandi við Háskólann á Akureyri með því að láta bara sjútvrn. skattleggja á þann veg. (**DS:** Þingmaðurinn verður að lesa ræðuna.) Ég geri það náttúrlega alltaf, les ræður hv. þm. mjög gaumgæfilega og tek eftir öllum valddreifingartillögum sem þar koma fram. Þá skil ég heldur ekki þá kenningu og það hugsa ég nú að margir geri ekki, og ég held að það sé ekki almennt útskýrt á þann veg að það sé valddreifing að auka sjálfstæði ráðuneyta. Ég held að það hafi ekki verið valddreifing þarna fyrir austan tjald í því kerfi sem þar er að brotna niður þegar innanríkisráðuneytin voru efld. Ég held að það hafi nú frekar verið á hinn veginn. Og ég held að umræðan yfirleitt, eins og ég sagði hér áðan, í þjóðfélaginu og um heim allan sé á þann veg að ráðuneytin eigi að hafa takmörkuð völd, takmörkuð völd sem séu mjög takmörkuð af löggjafarþingunum. Ég held þess vegna að þær kvennalistakonur sem alltaf standa saman í öllum málum og lýsa yfir að við kvennalistakonur gerum þetta o.s.frv., þær ættu að huga að þessari útleggingu sinni svolítið betur áður en þær greiða atkvæði.

Ég verð víst að endurtaka þetta vegna þess að hv. 6. þm. Vesturl. er í öðrum störfum og er að vinna í málum í Nd. (Gripið fram í.) Ég ætla að upplýsa það að ég held að umræða í okkar þjóðfélagi og umræða víða um heim sé á þann veg, hv. þm., að það sé nauðsynlegt að draga úr völdum og styrkleika ráðuneyta og að þau verði í einu og öllu að fella sig undir löggjafarþingin og taka tillit til þess sem þar er samþykkt. Það sé öfugháttur inn í valddreifingu að auka styrkleika ráðuneyta. Ég nefndi það sem dæmi að ég held að þeir þarna fyrir austan hafi komist að því m.a., maður nefnir náttúrlega versta ráðuneytið, að það hafi nú ekki verið til að auka valddreifingu að auka vald þeirra innanríkisráðuneyta. Í lokin vil ég

segja, virðulegi 6. þm. Vesturl.: Ég ber ekki alltaf sérstaka virðingu fyrir því þegar hv. þm. Kvennalistans koma í ræðustól hvort sem það er í Sþ., hér í deild eða á fundum vítt og breitt um landið og segja: Við kvennalistakonur höfum nú þessa skoðun. Ég man ekki eftir því þó að ég sé búinn að vera félagi í þessum vinstri sinnuðu samtökum sem heita Alþb., þar á undan Sósíalistaflokknum — ég var nú það ungur þegar Kommúnistaflokkurinn var til að þar var ég aldrei félagi — en ég man aldrei eftir því að ég hafi þurft að taka mér í munn að segja: Við í Sósíalistaflokknum, við í Alþb. og að ég gæti talað fyrir allan hópinn með einni skoðun. Ég held að þetta sé úrelt hugsun, löngu úrelt hugsun, sem betur fer, að ein manneskja geti staðið í ræðustól á þessum eða hinum vettvanginum og tilkynnt það að hún sé að tala í nafni heilla samtaka að öllu leyti. Vitaskuld getur viðkomandi aðili talað fyrir einhverri ákveðinni samþykkt sem þessi samtök hafa gert, en þegar það er alhæft að það sé talað í nafni þessa eða hins flokksins og flokksmannanna, það finnst mér vera langt frá því að heita það sem þessi ágæti flokkur er að tala um valddreifingu eða lýðræði, það er allt annað, það er miðstýring á hæsta stigi. Það er þetta sem við þurfum að hverfa frá, við erum að ræða almennt um það sem við viljum hverfa frá og það er þetta sem þeir eru sem betur fer að hverfa frá, hvert ríkið á fætur öðru fyrir austan tjald. Sem betur fer. Og þar er þetta að gerast með nokkuð friðsamlegum hætti nema í því andstyggilega ríki hjá Ceausescu. Og ég bið nú vegna friðarins, eins og hv. ræðumaður Stefán Guðmundsson nefndi hér áðan, við hljótum að enda þessa umræðu með miklum friði vegna þess að hverju stefnir.

Ég legg nú til að Kvennalistinn taki sig til og taki ákvarðanir um það að hverfa frá sinni miðstýringu og sinni valdstýringu og leiti í friðarins einlægni að nýrri línu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og ég gat um hér í ræðu minni í morgun, þá tel ég þetta mjög óeðlilegt mál svo að ekki sé nú sterkara til orða tekið. Það segir hér í upphafi 1. mgr.: Sjútvrn. skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald, veiðieftirlitsgjald, og síðan segir að þetta gjald eigi að renna til reksturs eftirlitsins að hálfu og síðan er í 2. gr. talað um að gjaldið megi þó ekki vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti afla sem viðkomandi veiðileyfi heimilar veiðar á. Það getur orðið drjúg upphæð og ef helmingurinn á svo líka að koma úr ríkissjóði. En þetta er nú ekki mergurinn málsins.

Mergurinn málsins er sá að hérna er verið að fara algjörlega óeðlilega leið til skattlagningar, að eitt fagráðuneyti geti skattlagt þann atvinnuveg, sem ráðuneytið á auðvitað að starfa fyrir, algjörlega óháð vilja Alþingis og eigi sjálft að nota þessa peninga til að standa undir sínum rekstri. Hvaða ráðuneyti annað hefur slíkar heimildir? Þetta brýtur algjörlega í bága við stjórnskipun landsins. Þetta er mjög alvarlegt mál sem við erum að fjalla um hér. Ekki skatturinn. Við fáum alltaf einn og tvo á dag. Við erum alveg orðin þaulvön því að taka á móti nýjum sköttum. Þetta er brot á eðlilegri stjórnskipun að fela þetta einu ráðuneyti, kannski því valdamesta sem þegar er komið með ákveðið dómsvald fyrir í lögum, sem er mikil spurning hvort er ekki í bága við sjálfa stjórnarskrána.

En það sem ég vildi segja er það að það er að sjálfsögðu Landhelgisgæslan sem á að annast eftirlit eins og hún hefur gert frá upphafi — Guðmundur H. Garðarsson, getur þú talað svolítið lægra? (**GHG:** Ég er bara að tala mig til.) Það er að sjálfsögðu Landhelgisgæslan sem á að annast eftirlit með því að ekki séu brotin lög innan landhelginnar og hún á að gera það jafnt í landi sem á skipunum. Það hefur hún gert frá upphafi. Landhelgisgæslan naut virðingar þjóðarinnar og hún gerir það nefnilega enn. En á einum stað nýtur hún engrar virðingar og það er á Alþingi. Það er hneyksli hvernig ég og aðrir höfum vanrækt það að standa að fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar og ræða hennar málefni í okkar hóp. Við eigum að taka okkur tíma til þess og gera það eftir áramótin að ræða þetta mál og málefni Landhelgisgæslunnar og eftirlitsmálin almennt, og styrkja Landhelgisgæsluna sem sjálfstæða stofnun, þá einu réttu lögreglu í þessum málum.

Sjútvrn. og sjútvrh. geta aldrei orðið lögregla í þessum málefnum. Þá værum við að sigla inn í lögregluríki. Þá ætti hvert ráðuneyti fyrir sig að hafa dómsvald eins og verið er að fela sjútvrn. æ ofan í æ og nú tekur steininn úr þegar það á að fá skattlagningarvald til að kosta sína eigin lögreglu. Það gengur ekki upp í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Og ég skora nú á forustumenn ríkisstjórnarflokkana, verst að hæstv. forsrh. er hér ekki, að draga þetta mál til baka. Um framgang þessa máls var aldrei samið. Það er verið að reyna að koma því í gegn núna án samkomulags. Það er brot á samkomulagi sem gert var að reyna að knýja þetta mál fram. Þetta er alvarlegt mál og ég held að það væri mjög hollt fyrir alla að þetta mál yrði dregið til baka. Og ég skora nú á formann sjútvn. að reyna að beita sér fyrir því. Við getum tekið stuttan frest á meðan. En verði knúin fram atkvæðagreiðsla þá greiði ég að sjálfsögðu atkvæði gegn þessu með þeim aðvörunarorðum sem ég hef látið fylgja. Og ég vona að það geri fleiri, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu. Þetta er mjög hættulegt fordæmi sem aldrei á að lögfesta.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Einmitt vegna friðarhátíðarinnar sem nú gengur í garð þá ætla ég ekki að spilla heimilisfriði hv. þm. lengur en orðið er af ýmsum ástæðum hér á jólaföstu í þinginu. En aðeins vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. vildi ég segja að hann hefur trúlega misskilið einhvern hluta af máli mínu en hann kveðst lesa ræður mínar í þingtíðindum þannig að ég endurtek ekki en vil aðeins í hnotskurn segja að hann tók reyndar sjálfur ágætt dæmi um yfirgang ráðu-

neyta í morgun varðandi dómsmrn. Ég er honum alveg sammála þar. Ég er ekki að tala um að auka völd eða sjálfstæði ráðuneyta gagnvart löggjafarsamkundunni. Ég á við, og við kvennalistakonur, svo ég tali fyrir okkur allar, við viljum dreifa ábyrgð og valdi út til hinna ýmsu stofnana og auka fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Mér hefur reyndar fundist hv. 4. þm. Vesturl. ekki alveg kunna fótum sínum forráð í þessari umræðu. En ég vona að við getum komist að því þegar ársuppgjör liggur fyrir eftir þetta ár sem nú er að líða, þá hefur væntanlega farið fram talning eins og gjarnan er gert um áramót, og þá vitum við kannski hve mörg Alþýðubandalög er að finna hér.

Skúli Alexandersson:

Virðulegur forseti. Ég gat þess aðeins í fyrstu ræðu minni að þeir sem hefðu verið kallaðir til viðræðna hjá neðrideildarnefndinni hefðu allir lagst gegn samþykkt þessa frv. Og ég ætla að upplýsa hér hverjir það voru. Það voru í fyrsta lagi Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands. Allir þessir forustumenn hagsmunaaðila lögðust gegn samþykkt þessa frv. Það skal þó undirstrikað að vitaskuld var ekki búið að breyta því eins og því var breytt í neðri deild en eins og frv. var þá lögðust þeir allir gegn þessu.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vegna orða hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar taka það fram að ég er ekki tilbúinn til að beita mér fyrir því að frv. verði dregið til baka. Ég er honum hins vegar sammála um það og skal vera manna fúsastur til þess að beita mér fyrir því að hér fari fram umræða um Landhelgisgæsluna. Og ég tek undir hvert orð sem hann sagði um Landhelgisgæsluna. Það vill nú oft verða svo með sjávarútveginn að það hefur mjög hallað á hann og mönnum hefur fundist sjálfsagt að hann bjargaði sér sjálfur og þetta frv. ber þess auðvitað vitni. En ég vil að það komi einnig fram vegna þess sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að þetta mál kemur vitaskuld upp að nýju þegar við fjöllum hér í vetur um nýtt frv. um stjórn fiskveiða og þá getur þessi umræða sjálfsagt farið ítarlegar og betur fram en nú er í miklu tímahraki. (**EKJ:** Ég er sammála því. Þess vegna vildi ég fresta málinu.)

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu, en ég get ekki látið hjá líða að koma hér í ræðustólinn og lýsa — ja, ég vil segja ánægju minni með málflutning hv. 4. þm. Vesturl., sem hann hefur hér haldið uppi í sambandi við þetta mál. Það hefur verið mjög athyglisvert og fróðlegt að heyra hans málflutning og ég verð að segja að það er gleðiefni að hann skuli vera að hverfa frá stefnu Alþb. og koma yfir á réttari og betri brautir.

En eins og hér hefur komið fram þá er að líða að lokum þessa fundar. Mér skilst að neðri deild sé nú þegar búin að ljúka sínum störfum og menn séu þar búnir að kveðjast og gleðjast saman. Og það fer væntanlega að koma að því hér líka.

Ég verð að viðurkenna það að ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér þetta mál til þess að taka afstöðu með eða á móti. Þess vegna vildi ég láta það koma hér fram úr ræðustóli að ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins vegna þess hversu tíminn er skammur og eins og ég hef lýst hér fyrr í dag þá viljum við stjórnarandstæðingar hreint ekki tefja málin eins og komið er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SvG, JGS, DS, EG, GHG, GA, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, JHelg.

nei: SkA, ÞK, EKJ, HBl.

SalÞ greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (EgJ, GuðmÁ, KP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að sjávarútvegurinn standi sjálfur undir kostnaði við veiðieftirlit. En með því að ég er andvígur núverandi fiskveiðistefnu skv. lögum nr. 3/1988, sem mælir fyrir um veiðileyfi og takmörkun afla á hvert skip, er ég á móti tekjuöflun sem er á grundvelli þessara laga og segi ég því nei.

2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

EFRI DEILD

43. fundur, föstudaginn 22. des., að loknum 42. fundi.

Lánsfjárlög 1990, ein umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 488 (sbr. 427).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Sú breyting sem gerð var í hv. neðri deild á frv. til lánsfjárlaga er fyrst og fremst til leiðréttingar. Skylt er að geta þess að það hefur ekki verið haldinn fundur í nefndinni hér til að fjalla sérstaklega um þetta mál. Ég hef hins vegar haft samband við einstaka nefndarmenn og meiri hl. nefndarinnar mælir með því að þetta verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 491).

Bifreiðagjald, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 251. mál (gjalddagi). — Þskj. 409.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 492).

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 178. mál. — Þskj. 452.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 493).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (tannlæknaþjónusta). — Þskj. 453.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 494).

Jólakveðjur.

Forseti (Jón Helgason):

Þá er komið að lokum þessa fundar sem er síðasti fundur deildarinnar nú fyrir jól. Ég vil þakka hv. deildarmönnum kærlega fyrir mjög gott samstarf við afgreiðslu mála hér í deildinni það sem af er þessu þingi og vænti þess að það megi haldast áfram á nýju ári. Ég vil færa öllum hv. deildarmönnum bestu jóla- og nýársóskir og jafnframt vil ég flytja skrifstofustjóra Alþingis og öðru starfsliði bestu jóla- og nýársóskir og þakka öllum fyrir ágætt starf og samstarf á liðnu ári.

Þeim þingdeildarmönnum sem eiga langan veg heim að fara óska ég góðrar heimfarar og heimkomu og vonast til þess að við megum öll hittast hér heil að loknu jólahléi á nýju ári.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingmanna þakka góðar óskir og hlý orð í okkar garð um leið og ég þakka hæstv. forseta fyrir góða og röggsama fundarstjórn og góða stillingu þegar á þarf að halda og vil óska honum gleðilegra jóla, góðrar heimferðar og heimkomu og óska þess að við megum hittast heil aftur að jólaleyfi loknu.

Ég vil þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki fyrir góð störf og mikla þolinmæði þingmönnum til handa þegar á þarf að halda, óska þeim gleðilegra jóla og góðs árs. Ég vil biðja þingdeildarmenn að rísa úr sætum og taka undir þetta. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir góðar óskir í minn garð og vil taka undir orð hans að við megum öll hittast hér hress og kát á nýju ári og endurtek jóla- og nýársóskir til ykkar allra.

NEÐRI DEILD

36. fundur, föstudaginn 22. des., kl. 9 árdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (fasteignaskattur og aðstöðugjald). — Þskj. 405, n. 445.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989. Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

Undir nál. rita allir nefndarmenn: Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Alexander Stefánsson, Jón Kristjánsson, Geir H. Haarde, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Eggert Haukdal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (samruni viðskiptabanka). — Þskj. 307, n. 465.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 465 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. á frv. til laga um viðskiptabanka. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þess. Henni gafst ekki tími til þess að skoða málið vandlega en fékk til fundar við sig Jón Ögmund Þormóðsson skrifstofustjóra í viðskrn.

Hér er um að ræða nauðsynlegt frv. ef verða á af sameiningu banka, þ.e. ef á að sameina Útvegsbankann Verslunarbankanum, Iðnaðarbankanum og Alþýðubankanum.

Undir nál. rita Matthías Bjarnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þórður Skúlason, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson og Páll Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 427, n. 461, 467 og 473, brtt. 466.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 473 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar segir að nefndin hafi fjallað um frv. og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson hagsýslustjóra, Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra, Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, Guðbrand Gíslason frá Kvikmyndasjóði, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði og biskup Íslands, hr. Ólaf Skúlason.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt og undir það rita Jón Sæmundur Sigurjónsson, Páll Pétursson og með fyrirvara Guðmundur G. Þórarinsson og Þórður Skúlason.

Það er óhjákvæmilegt að taka það fram að þetta mál fékk ekki mikla umfjöllun í hv. nefnd. Það var aðeins hjá nefndinni í einn sólarhring og okkur gafst ekki tækifæri til að fara ofan í frv. eins og ástæða hefði verið til og verðum því að reiða okkur á verk efrideildarmanna sem að sjálfsögðu hafa verið vönduð og góð.

Því ber að fagna að frv. til lánsfjárlaga skuli verða lögfest fyrir áramót og þess vegna höfðum við þann hátt á, sættum okkur við þessa fljótaskrift okkar, í meiri hl.

Mér er það ljóst að æskilegt hefði verið fyrir meiri hl. og fyrir nefndina að gefa sér miklu betri tíma til að kanna þau gögn sem lágu að baki þeim tölum sem í frv. eru.

Þeir menn sem nefndin kvaddi á fund sinn og mættu fyrir nefndinni tjáðu sig um það sem þeir voru spurðir um og ber að þakka þeim þau svör. Hins vegar er óhjákvæmilegt að taka fram að einn af þeim sem nefndin kvaddi á sinn fund, talsmaður Þróunarfélags Íslands, sá sér ekki fært að mæta fyrir nefndinni.

Herra forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fjarveru Þórhildar Þorleifsdóttur mæli ég fyrir nál. á þskj. 461, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að óvenjulega mikil óvissa ríki um stöðu ríkisfjármála og að tölur breytist frá degi til dags þarf að afgreiða frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 í slíkum flýti að neðri deild er ætlaður til þess aðeins rúmur sólarhringur.

Það gefur auga leið að á svo skömmum tíma er umfjöllun nefndarinnar um frv. aðeins til málamynda og varla að vænta marktækrar, sjálfstæðrar niðurstöðu — einungis er um að ræða að staðfesta afgreiðslu efri deildar á meðferð málsins.

Af þeim sökum lætur 1. minni hl. nægja að vísa til nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. efri deildar á þskj. 401.

Það má vera huggun harmi gegn þegar vinnuálag er með þessum brag að lánsfjárlög samþykkt frá Alþingi eiga ugglaust eftir að taka miklum breytingum áður en árið 1990 er allt. Plaggið allt er hvort eð er líkt og skrifað í sand en ekki klappað í stein."

Undir þetta ritar Þórhildur Þorleifsdóttir.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir nál. á þskj. 467. Nál. er afar stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hafði lítinn tíma til að fjalla um málið. Efnismeðferð var því nær engin. Annar minni hl. stendur þó ekki gegn afgreiðslu málsins fyrir jólahlé.

Fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1990 einkennast af hallarekstri ríkissjóðs vegna útgjaldaþenslu eins og á þessu ári.

Líkur benda til þess að lánsfjáröflun í ár gangi

treglega og ríkissjóður verði að brúa bilið með erlendri lántöku í byrjun næsta árs. Horfur á næsta ári eru enn verri.

Annar minni hl. mun taka afstöðu til einstakra greina frv., en situr hjá við málið í heild."

Undir þetta ritar ásamt mér hv. þm. Matthías Bjarnason, en við skipum 2. minni hl. fjh.- og viðskn.

Það er kannski ástæðulaust fyrir mig að fara mörgum orðum um frv. sem hér liggur fyrir. Hæstv. ríkisstjórn veit auðvitað eins og minni hlutinn að hér er byggt á sandi. Sú ákvörðun var hins vegar tekin að afgreiða þetta mál fyrir jól sem er eðlilegt því að lánsfjárlög eiga auðvitað að fylgja fjárlögum á hverjum tíma. Sé flett í frv. og skoðaðar greinar, einkum og sér í lagi greinarnar frá 18. gr. og til 37. gr., má lesa þar þessar „þrátt fyrir"-greinar sem hv. Alþingi sendir frá sér ávallt þegar lánsfjárlög eru samþykkt. Þessar greinar eru e.k. syndaregistur þingsins og lýsa því að hv. þm. hafa samþykkt og lofað miklu meiru en þeir eru síðan menn til að standa við. Það væri vissulega efni til þess hér og nú að flytja ádrepu um þetta enn einu sinni, eins og svo margir hv. alþm. hafa gert, að benda á að nú sé kannski mál til komið að hætta því að samþykkja lög um markaða tekjustofna og önnur lögbundin ákvæði þess efnis að svo og svo miklir fjármunir skuli renna til þessara og hinna verkefnanna á meðan stjórnarmeirihlutar á hverjum tíma geta ekki — og vilja stundum ekki — staðið við það sem stendur í lögum. Það mætti leggja út af þessu með margvíslegum hætti. Það er alveg ljóst að þetta eykur ekki traust á löggjafarstarfseminni, en ég ætla að láta það vera núna, aðeins að nefna örfá atriði sem mér finnst ástæða til að benda á.

Mig langar til að benda á það að í 24. gr. er fjallað um Kvikmyndasjóð. Þar er um að ræða sömu tölu og var í lánsfjárlögum á yfirstandandi ári. Það kom í ljós í nefndinni að fulltrúi þaðan sagði að þar lægju umsóknir um 400 millj. kr.

Þá langar mig til að minnast á 32. gr., en í þeirri grein er fjallað um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þar er um að ræða skerðingarákvæði og ég vil lýsa því hér yfir að fulltrúar Sjálfstfl. munu greiða atkvæði gegn þessari grein og reyna að koma í veg fyrir að hv. stjórnarmeirihluti hér á þingi komi þessari grein í gegn.

Þá kem ég að 35. og 36. gr. sem eru báðar á sama meiði. Þetta eru greinar sem voru færðar inn í frv. í Ed. og fjalla um það að nú á í fyrsta skipti með þessum hætti að taka annars vegar fjármuni sem fengist hafa inn sem söknargjöld og fleira, þ.e. samkvæmt lögunum frá árinu 1987, en eins og hv. alþm. muna urðu breytingar á lögunum með lögum nr. 91/1987 og enn fremur með lögum nr. 89/1987, og við þær breytingar var horfið frá því að leggja nefskatt á almenning vegna annars vegar kirkjugarðanna og hins vegar söknargjaldanna. Það er ljóst að kirkjan og þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli hafa efnast nokkuð af þessum ástæðum þegar nefskattur var færður saman við aðra skatta í staðgreiðslukerfinu.

Mér er sagt og það kom fram í nefndarstarfinu að klerkleg yfirvöld hafi haft samband við þau veraldlegu (**Gripið fram í:** Andleg.) eða andleg yfirvöld getum við sagt, en við skulum taka svona til orða — geistleg getum við líka orðað það ef við vildum verða virðuleg. Við skulum bara orða þetta beint, að þegar hæstv. dómsmrh. ræddi við biskup Íslands hafi verið skilningur af hálfu kirkjunnar á því að rýra þyrfti aðeins þessar tekjur kirkjunnar og þá hafi verið minnst á annars vegar 4% og hins vegar 10%. Síðan hækkaði þetta en tilkynning þess efnis barst ekki biskupi fyrr en eftir að sú breyting hafði átt sér stað í Ed.

Nú er kannski lítið við því að segja að skerðingarákvæði séu aukin en í þessu tilviki finnst mér full ástæða til að nefna það atriði sérstaklega, að hér var um að ræða nefskatt sem lagður var á fólk. Síðan er horfið frá nefskattinum, hann er færður inn í almennu staðgreiðsluna. Svo þegar í ljós kemur að þarna safnast fyrir peningar, sem auðvitað eru heilmikil not fyrir, þá er sagt: Er nú ástæða til þess að vera að safna aurum í bankabækur á vegum þessara aðila? Er ekki betra að þeir skili einhverju af þessu aftur? Og þá kem ég að stóra atriðinu: Hverjum á að skila? Auðvitað segir hæstv. ráðherra: það á að skila þessu í ríkiskassann. En ég segi: Hverjum á að skila? Það á auðvitað að skila fólkinu því sem af því var tekið. Það er algjört siðleysi þegar það á sér stað að einu eða tveimur árum eftir að nefskattinum er breytt með þessum hætti og hann fellur inn í staðgreiðsluna skuli ríkissjóður taka þessa peninga til sín af því að honum finnst að of mikið hafi verið tekið af fólkinu í landinu. Næsta ár fáum við síðan kannski að sjá enn meiri skerðingarákvæði. Ég ætlaði nú að segja: Guð einn veit svo hvar það endar, en sjálfsagt vita fulltrúar ríkissjóðs það líka, a.m.k. ef þeir hafa lært eitthvað af reynslunni og telja að slíkar hækkanir muni eiga sér stað á hverju ári.

Ég nefni þetta, virðulegur forseti, af því að ég held að formsins vegna og til þess að sýna þetta sé full ástæða til að flytja brtt. og færa þessar greinar í það horf sem um var rætt í upphafi við kirkjuna, en það voru 4% í 35. gr. og 10% í 36. gr. Það skal tekið fram að fulltrúi fjmrn. sagði frá því í nefndarstarfinu að tillaga dóms- og kirkjumrn. hefði verið eins og biskup sagði að milli þeirra hefði farið, ráðuneytismanna og hans, varðandi þau atriði sem ég hef nú þegar nefnt. Þessi hugmynd þeirra er ekki fædd í kirkjumrn. heldur í fjmrn. og dettur manni þá í hug það sem maður hefur lesið, að það á ekki að rétta skrattanum litla fingur því þá tekur hann alla höndina. Nú má segja að ekki megi rétta skattinum litla fingur því að þá tekur hann alla höndina og ætti hæstv. dóms- og kirkjumrh. að læra af því.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta nál. Ég á von á því innan tíðar að verða tilbúinn með örfáar brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um þessi atriði og einnig um 26. gr. sem ég hygg að hv. 1. þm. Vestf. muni fjalla um í sinni ræðu.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það kom að vísu fram hjá hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. að frv. þetta hafi fengið mjög stutta yfirferð í Nd. Alþingis og raunar var ekki annað hægt að gera. Því var vísað til nefndarinnar seint að kvöldi í fyrrakvöld og haldinn var fundur í nefndinni í um það bil einn og hálfan klukkutíma í gær á meðan Sþ. var hér á fullri ferð. Þetta er látið nægja í sambandi við meðferð á stórmáli eins og frv. til lánsfjárlaga. Og það sem verra er, það er varla hægt að eyða þessum stutta tíma fyrir miklum óróa í mönnum sem hafa tekið að sér móðurhlutverk og föðurhlutverk ríkisstjórnarinnar eins og formaður fjh.- og viðskn. því að hann situr í stól sínum fyrir enda borðsins eins og hann sitji á nálaroddum eftir að 10 mínútur eru liðnar af fundinum. Og það eru boðaðir til fundar nokkrir aðilar og sagt við þá þegar búið er að spyrja þá nokkurra spurninga: Þakka ykkur fyrir og nú megið þið fara. En svo kom rúsínan í pylsuendanum. Það er ákveðið að hlusta ekkert á þetta fólk sem verið var að kalla hingað „því að við ætlum að afgreiða þetta frv. alveg óbreytt" og þess vegna var enginn tilgangur í raun og veru með fundinum. Það var alveg eins hægt að kalla nefndarmenn, eins og oft er gert í smámálum, hérna inn í stigaherbergið og segja: Er þetta ekki allt í lagi, drengir? Þetta er nú meðferð Alþingis Íslendinga á lánsfjárlögum á síðustu dögum ársins 1989.

Ég hef mjög margt við frv. að athuga. Ég ætla ekki að koma í veg fyrir að það fái afgreiðslu, en það er á ábyrgð þessa stjórnarliðs sem hér situr. Það tekur í raun og veru enga ábyrgð á sig. Það flanar áfram án þess að vita nokkurn skapaðan hlut hvað það er að gera. Það er sannleikur málsins. Og þeir sem sýna sanngirni, eins og hv. síðasti ræðumaður sýndi fram á, og það er raunalegt að það skuli koma fyrir kirkjuyfirvöld í landinu þegar þau sýna sanngirni að muna ekki eftir því sem þau eru að boða almenningi, að rétta aldrei ónefndri persónu litla fingurinn því að þá gleypi hann ekki alla hendina, heldur allan manninn eða viðkomandi persónu. Og það er það sem gert var í þessu máli. Við skulum segja að kirkjan hafi fengið of mikið með þeirri skattkerfisbreytingu sem átti sér stað. Það hafi komið í ljós. Þá eiga kirkjuyfirvöld að leggja til við Alþingi að breyta þeim tekjustofni, lækka hann ef það er of mikið, en ekki klípa af með þessum hætti og þessum vinnubrögðum sem eru óheiðarleg og ekki samboðin ríkisstjórn og Alþingi að viðhafa.

Í ræðum þeirra tveggja stjórnarandstæðinga sem hér hafa mælt fyrir nál. hefur verið komið nokkuð inn á að frv., eins og það liggur fyrir, sé illa unnið og þar skortir margar upplýsingar. Í frv., eins og það var lagt fyrir, segir um 14.–27. gr. — það eru allar skýringarnar með 14 greinum frv., og þær eru svona vel úr garði gerðar:

„Í samræmi við markaða stefnu í frv. til fjárlaga fyrir árið 1990, um skerðingu lögboðinna framlaga, er með þessu frv. mælt fyrir breytingum ákvæða viðkomandi laga. Hér er um að ræða skerðingu á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem eru bundin í sérlögum." Þetta eru nú allar skýringarnar með 14 greinum frv. Það er ekkert yfirlit yfir hverjar þessar skerðingar eru á hverjum lið fyrir sig. Það liggur ekki fyrir enn þann dag í dag. Það er heldur enginn tími til að spyrja því að stjórnarliðar eru búnir að vaða út í áður en þeir spyrja nokkurn skapaðan hlut, þeir sem eiga að stýra þessum málum. Ég spyr því núna formann hv. fjh.- og viðskn. Vill hann ekki gefa þingheimi skýringu á því hvað er skorið niður og hvað er hér um mörg hundruð milljónir að ræða. Til hvers er Alþingi að samþykkja þessi lög og önnur um að ætla þessi framlög til þessa máls og hins og hreykja sér af því hvað það taki myndarlega á málum? Síðan er komið ár eftir ár, og þar eru allir flokkar sekir, til að skera niður þessi sömu framlög. Er ekki kominn tími til þess, og það er búið að tala um það hér á undanförnum árum og alveg sérstaklega í fyrra við afgreiðslu þessa máls, að breyta heldur lögum og fara eftir þeim? Svo eru þingmenn og aðrir að furða sig á því að Alþingi sé að glata virðingu sinni. Vitaskuld er Alþingi búið að missa virðingu sína með því að haga sér með þessum hætti ár eftir ár, að samþykkja lög, brosa framan í landslýðinn og segja: Ja, þetta ætlum við að gera, svona ætlum við að hafa það, en meina svo ekkert með því. Svo kemur frv. til laga þar sem skorið er niður til tuga verkefna samkvæmt sérstökum lögum, bara eftir geðþótta Alþingis, og það hefst alltaf með orðunum „þrátt fyrir". Er furða þó að þjóðin sé orðin þreytt á þessu Alþingi og þeim fulltrúum sem hér sitja sem ýmist gera sér enga grein fyrir hvað verið er að gera eða eru svo kærulausir fyrir því að þeim er alveg sama? Þeir þjóna bara þeirri ríkisstjórn sem þeir dingla aftan í hverju sinni. Flestir þingmenn eru meðvitundarlausir fyrir þessu og vita ekkert hvað þeir eru að gera í þessu máli frekar en mörgum öðrum. Þeir fara bara eftir því sem húsbændurnir, flokksforingjarnir, segja og láta sér það vel líka. Og svo er komið, þegar kemur að næstu kosningum, og sagt: Mikið höfum við staðið okkur vel.

Virðing Alþingis verður ekki endurheimt með því að kaupa Hótel Borg eða byggja nýja þinghöll. Hún verður ekki endurheimt fyrr en Alþingi sjálft tekur mark á sínum eigin gjörðum.

Meðal þeirra sem komu fyrir nefndina á þessum stutta tíma sem formaður nefndarinnar sat svona að mestu leyti, en ekki alveg, voru fulltrúar frá útvarpinu og skv. 26. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skuli tekjur á árinu 1990 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð. Með öðrum orðum, Alþingi hefur áður samþykkt lög, útvarpslög. Þar er samþykkt um framkvæmdasjóð sem á að standa undir framkvæmdum útvarpsins, standa undir því húsi sem byggt hefur verið, ljúka því, undir dreifikerfi sjónvarps og öllu því sem lýtur að útvarps- og sjónvarpsrekstri ríkisins. Síðan er ákveðið af Alþingi að gera þessa fyrri samþykkt að engu ár eftir ár og stela öllum þessum aðflutnings-

gjöldum ríkissjóðs sem áður var búið að ákveða að færu í þetta tiltekna verkefni. Með öðrum orðum, það á að stela því núna rétt fyrir jólin einu sinni enn þá.

Nú ætla ég einu sinni enn að kalla þingmenn almennt og þá ekki síst þingmenn stjórnarliðsins til meðvitundar og biðja þá, nú þegar atkvæðagreiðsla fer fram um þetta atriði, að vera þá með nokkurn veginn fullri meðvitund og vita hvað þeir eru að gera. Ég held að kjósendur almennt ætlist til þess að þingmenn séu með fullri meðvitund þegar þeir eru að taka afdrifaríkar ákvarðanir. Hér er verið að svipta þessa menningarstofnun öllum tekjum — ekki fyrsta árið eða eina, heldur mörg ár í röð — án þess að tala eitt orð við forráðamenn Ríkisútvarpsins eða sjónvarpsins. Það eru skattamennirnir, það er Hagsýslan, og fjmrn., sem tekur ákvörðunina ein án þess að tala við neinn. Er hægt að skera allt þetta niður? Getum við komist að því að skera niður helminginn? Nei, það er ekkert sagt. Þessir menn sem stýra þessari stofnun eru hundsaðir, ekki talað eitt orð við þá. Það liggur ljóst fyrir að það þarf að gera aðkallandi framkvæmdir í dreifikerfi sjónvarpsins. M.a. lýstu þeir yfir að það þyrfti að gera framkvæmdir á Höfn í Hornafirði. Austfirðingar eiga hér þingmenn og ráðherra. Það eru framkvæmdir upp á 15 millj. Þær eiga að bíða. Það á að gera framkvæmdir á Þingeyri. Þar er búið að innheimta afnotagjöld ár eftir ár þó að menn sjái ekki sjónvarp nema með höppum og glöppum. Þar er snjókoma allt árið á sjónvarpsskerminum. Ekkert tillit tekið til þessa, ekki neitt, skorið niður bara. Það er Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem ræður ferðinni og fjmrn. og fjmrh. Menntmrh. hefði gjarnan mátt vera viðstaddur þessa umræðu en hann hefur víst öðrum hnöppum að hneppa.

Langlínustöðin á Vatnsenda er orðin gömul. Möstrin á Vatnsendahæð eru orðin 60 ára gömul. Póstur og sími, sem hefur eftirlit með þessu, hefur á undanförnum árum varað við því að þessi möstur þyldu ekki ofviðri og gæti svo farið að þau hryndu. Ég spyr þingmenn: Ætlið þið að taka ábyrgðina á því ef þessi 60 ára möstur hér á Vatnsendahæð hrynja í næsta stórviðri sem geisar og það geti valdið stórslysi? Þá eruð það þið sem hafið tekið ábyrgðina á því en ekki þessi stofnun. Það er kominn tími til að menn standi ábyrgir gerða sinna.

Ég skal taka fullt tillit til þess sem er að gerast í kringum okkur. Við vitum að ríkissjóður á við vandamál að stríða. Ríkissjóður á fáa vini, sagði formaður fjh.- og viðskn. En ég segi aftur: Það getur verið rétt, en hann á æðimörg handbendi. Og það hefur dugað ríkissjóði þó að vináttuna vanti við hann. (Gripið fram í.) Hann á handbendi en ekki að sama skapi vini. Það er rétt hjá formanni fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Við viljum því sýna fyllstu ábyrgð í 2. minni hl. nefndarinnar, við sjálfstæðismenn, hv. þm. Friðrik Sophusson og ég. Við viljum því leggja til og sú brtt. er að koma hér fram að aðflutningsgjöldin verði að hálfu látin renna í ríkissjóð en að hálfu til þeirra stofnana sem alltaf fá þau öll lögum samkvæmt. Og nú viljum við lofa ykkur, hv. þm. og stjórnarliðar, að standa frammi fyrir þessu: Ætlið þið að forsmá með öllu endurbyggingu dreifikerfisins? Ætlið þið að forsmá með öllu endurnýjun mastranna á Vatnsenda og þar með að eiga á hættu að langbylgjusambandið verði að engu? Það næst þá ekki til skipa og annað slíkt. Ætlið þið að taka þessa ábyrgð á ykkur? Ætlið þið að axla þessa byrði? Og nú þýðir ekkert að fara undir pilsfaldinn hjá þeim í fjmrn. Þið eruð, hv. þm., sjálfstæðir einstaklingar sem hafið heitið því að láta ykkar skoðanir ráða ykkar gerðum hér á Alþingi en ekki vera handbendi einhverra ákveðinna kerfiskarla sem leggja þetta eða hitt til.

Það kemur fram hjá fulltrúum Ríkisútvarpsins að það eru um 6 þús. undanþágur frá afnotagjaldi til ellilífeyrisþega eða öryrkja. Vitaskuld er ekki hægt að leggja þetta á eina stofnun, að hún eigi að endurgreiða sín afnotagjöld með þessum hætti. Hitt er svo annað mál að það verða almannatryggingarnar sjálfar að gera, að endurgreiða þeim sem eiga þennan sjálfsagða rétt. Það er verið að láta saklausa stofnun standa undir útgjöldum sem tilheyra allt öðrum málaflokki.

Það kemur t.d. fram í frv. að settar eru hömlur á Fiskveiðasjóð til erlendrar lántöku þrátt fyrir það að Fiskveiðasjóður hefur minnt á að hann ætti yfir höfuð ekki að eiga heima í lánsfjárlögum, a.m.k. ekki hvað varðar erlendar lántökur. Það má færa rök fyrir því að sjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar á beinum erlendum lántökum. Fiskveiðasjóður hefur tekið lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum og hjá Sumitomo og í báðum tilfellum er tekið fram í lánsskjölum að lánin séu veitt án ábyrgðar íslenska ríkisins. Þess vegna á þessi grein ekki heima hér hvað varðar erlendar lántökur Fiskveiðasjóðs. Hins vegar get ég fallist á það og er brýn nauðsyn að undirstrika og samþykkja að allt sem lýtur að innlendri lánsfjáröflun á heima í lánsfjáráætlun. En til þess er ekki tekið tillit. Þeir sem matreiða þetta fyrir þingmenn þurfa ekkert að líta á þetta. Og þeir vita að þingmenn eru ekkert að skipta sér af svona smámunum. Þeir bara rétta upp hendina þegar kerfiskarlarnir segja að nú sé tíminn kominn. Fulltrúar þjóðarinnar, þeir eru nú svona stórbrotnir og skapmiklir og heiðarlegir.

Ég bendi líka á það að eigendur eða félög flóabátanna sem eru hérna inni í lánsfjáráætlun eru látin taka lánin. Þetta er auðvitað alveg sama og að pissa í skóinn sinn. Þessi félög geta ekki tekið þessi lán, það vita allir menn. Áður var hafður sá háttur á við uppbyggingu þessara skipa að ríkissjóður tók lán og lagði fram til þeirra. Svo er þusað yfir því að allt sé í vanskilum sem ríkisábyrgð sé á. Það er vitað fyrir fram að þetta lendir allt í vanskilum og þetta eru í raun og veru framlög sem ríkið á að leggja til en ekki með þessum hætti. En það gæti verið hættulegt að viðurkenna staðreyndir. Það er miklu betra að subba þessu af með þessum hætti sem menn kunna betur.

Ég bendi á skerðinguna á Hafnabótasjóðnum. Ég tel ekki vera hægt að skerða Hafnabótasjóð eins og

ástand er víða í höfnum landsins. Það kom fram, og það mjög ákveðið, hjá a.m.k. einum stjórnarliða í fjh.- og viðskn. Nd. að það væri til skammar að stýfa með þessum hætti. En það er ekki nóg að það sé til skammar. Það þarf að leiðrétta það og átti að leiðrétta það.

Þrátt fyrir það að jólin séu á næsta leiti varð ég nú að eyða þessum dýrmæta tíma hv. deildar til þess að ræða þetta mál. Mér er ljóst eins og þeim öðrum í stjórnarandstöðu sem hafa tekið til máls í þessu máli að þessi lánsfjárlög eru ófullkomin og eiga eftir að taka miklum breytingum til hækkunar á árinu 1990. Þau eru algjörlega óunnin hér í Alþingi og Alþingi afgreiðir hér stórmál án þess að vita hvað það er að gera. En svo er það hvers og eins þingmanns að gera upp við sjálfan sig hvort hann telur að þannig eigi að vinna á Alþingi Íslendinga, og ef það er skoðun meiri hluta Alþingis vona ég að guð gefi að þjóðin hvíli þá frá þingstörfum í framtíðinni sem þannig hugsa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 478, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 25 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Nokkur munur kom í ljós í ræðum tveggja þm., hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vestf., um afstöðuna til „þrátt fyrir"-ákvæðanna í því lánsfjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Afstaða hv. 1. þm. Reykv. var nokkru mildari en hv. 1. þm. Vestf. Hann var hálfu hneykslaðri á þessu framferði öllu saman, líklega vegna þess að hann hefur sjálfsagt fleiri slík ákvæði á samviskunni frá fyrri árum en sá fyrrnefndi.

En ég kveð mér hljóðs, hæstv. forseti, vegna þess að í máli hv. 1. þm. Reykv. kom fram ein ákveðin missögn, trúlega misskilningur, sem er nauðsynlegt að leiðrétta. Hann hélt því fram í máli sínu að þegar haft hefði verið samband við fulltrúa kirkjunnar út af því sem greinir í 34. og 35. gr. frv., um prósentutölurnar þar, 5% og 15%, hefði verið rætt um 4% og 10%. Þetta er rangt. Þegar rætt var við fulltrúa kirkjunnar á þessum tíma var um þessar prósentur að ræða: 5% af sóknargjöldum, 15% af kirkjugarðsgjöldum. Þannig var það.

Hins vegar gerðist það í millitíð að um skeið leit út fyrir að hægt væri að lækka þessa prósentu, en það var ekki þegar rætt var við fulltrúa kirkjunnar í upphafi þessa máls. Það er nauðsynlegt að þetta komi hér fram því að þetta er sannleikur málsins.

Það er svo rétt að minna aðeins á það í þessu sambandi að innheimtulaun hafa ekki verið greidd af þessari innheimtu sem hér um ræðir heldur hefur kirkjan fengið þessar innheimtur, 100% og án affalla að öllu leyti, hvort sem gjöldin hafa innheimst eða ekki. Það er nauðsynlegt að þessi þáttur komi hér líka fram. En eins og ég sagði kvaddi ég mér fyrst og fremst hljóðs til þess að leiðrétta þennan misskilning sem fram kom í máli hv. 1. þm. Reykv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Herra forseti. Þó þegar hafi verið mælt fyrir áliti 1. minni hl. eru hér að auki nokkrar brtt. sem fulltrúar Kvennalistans í deildinni leggja fram og ég vildi gjarnan mæla fyrir auk þess að viðhafa nokkur orð um frv. sjálft.

Um fyrri hluta frv. er kannski ekki ástæða til að hafa mörg orð svo ómarktækt plagg sem það er. Ekki þarf annað en að líta á mismuninn á þeim tölum sem lágu fyrir þegar lánsfjárlögin voru samþykkt fyrir sl. ár og var það þó ekki gert fyrr en í mars og tölunum þegar til niðurstöður lágu nokkurn veginn fyrir. Er skemmst að minnast að við samþykktum hér á Alþingi, fyrir tveimur vikum eða svo, breytingar við lánsfjárlög og enn eru tölur að breytast og munu sjálfsagt gera fram á síðasta dag ársins svo að miklu frekar er þetta nú einhvers konar áætlun, jafnvel óskhyggja, en að ástæða sé til að taka þetta alvarlega sem löggjöf.

Óneitanlega væri skemmtilegra að hafa í höndunum marktækara plagg hvað áætlanir varðaði og gerði kannski ráð fyrir ýmsum möguleikum sem vissulega gætu upp komið á árinu og verð ég þá sérstaklega að nefna 3. gr. frv. um heimild til lántöku til Landsvirkjunar. Nú er það vitað mál að margir innan ríkisstjórnarinnar ala með sér þann draum að hér rísi álver hið fyrsta á Reykjanessvæðinu eins og hæstv. iðnrh. kaus að kalla það fyrir nokkrum dögum og var það vafalaust til þess að dreifa athygli landsmanna frá því að það væri á Reykjavíkursvæðinu. En ég held að þeir sem búa utan Reykjavíkursvæðisins séu nú betur að sér en svo í landafræði að þetta blekki þá mikið. Ef þessum mönnum verður að óskum sínum og draumar þeirra rætast er hætt við að Landsvirkjun þurfi meira fé en hér er tilgreint og þar sem þetta er bjargfastur ásetningur hluta ríkisstjórnarinnar hefði ekki verið úr vegi að með þessu frv. til lánsfjárlaga fylgdi einhvers konar áætlun um hversu mikið fé Landsvirkjun þyrfti ef til byggingar álvers kæmi.

Nú getur vel verið að þetta sé einmitt birtingarmynd þess ágreinings sem er um þessi mál innan ríkisstjórnarinnar, og þar sem frv. til lánsfjárlaga kemur hugsanlega úr þeirri deild ríkisstjórnarinnar sem er ekki með jafnmikla glýju í augunum og margir aðrir sé það ógert látið að hafa þess konar áætlun hér með. En þetta mætti segja um ýmsa fleiri þætti. Þetta væri marktækara plagg til skoðunar, þó ekki væri nema í greinargerð eða athugasemdum við frv., ef því fylgdu áætlanir um ýmsar framkvæmdir sem hugsanlega eru á dagskrá. Jafnvel þó það sé ekki komið lengra en svo að einhvern langi til að sjá eitthvað komast í framkvæmd væri hægt að glöggva sig á því í athugasemdum með þessu frv. hvernig dæmið liti þá út. En slíkar breytingar sem geta orðið á framkvæmdaáætlun yfir árið og annað sem upp á kemur gerir það að verkum að ekki er ástæða til að fjölyrða um áreiðanleika þessara laga utan þess að það má treysta áreiðanleika II. kafla frv., þ.e. „þrátt fyrir"-kaflans. Þar er nú ekki lausungin og það sem þar er

boðað stendur ábyggilega. Það hlýtur náttúrlega að vera undrunarefni að enn skuli verið að setja í lög að marka skuli stofnunum eða framkvæmdum tekjustofna. Það ætti að vera öllum ljóst að ekki er staðið við þau ákvæði og sæmst væri auðvitað að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að fara í gegnum lögin og hreinsa þau af þessum mörkuðu tekjustofnum svo að ekki þyrfti að grípa til þessa óyndisráðs hér á hverju ári að vera með þennan langa kafla um svik við eigin lög eða brot á eigin lögum.

Það er líka umhugsunarefni varðandi þessi skerðingarákvæði hvað kemur fyrst í ákvörðuninni um upphæð. Þó að fjh.- og viðskn. hafi ekki getað fengið lista yfir hverjar upphæðir hefðu verið hefði ekki komið til skerðingar, þá hljóta að liggja fyrir einhverjar slíkar tölur, a.m.k. er hægt að sækja þær aftur í tímann. Það væri fróðlegt að vita hvort tekjustofnarnir eru í rauninni markaðir í upphafi með tilliti til þarfa þess málaflokks sem í hlut á eða hvort gripið er til einhvers ákveðins hlutfalls — burt séð frá því í rauninni hvað það gerir í upphæðum. Það er hreint ekki víst að það sé sama niðurstaða og fengist ef ekki væru fyrir hendi þessir mörkuðu tekjustofnar og þyrfti að taka afstöðu til upphæða hverju sinni. Manni segir því svo hugur um að þarna sé komið gjörsamlega aftan að hlutunum með því að einhver upphæð ákvarðist af tekjustofnum, sem síðan eru skornir niður, fremur en af þörf. Það er nú ekki eins og Alþingi hafi látið af þessum vana að marka tekjustofna því að síðast í vor voru samþykkt hér á Alþingi lög um málefni aldraðra og þar voru einu sinni enn sett ákvæði um markaðan tekjustofn, meira að segja í formi nefskatts, en þrátt fyrir það er hér boðuð skerðing. Lögin sem sett eru halda sem sagt ekki einu sinni út árið.

Það væri eflaust hægt að gera að umtalsefni næstum hvern lið í II. kaflanum, „þrátt fyrir"-kaflanum, en ég mun að mestu einskorða mig við þær þrjár greinar sem við kvennalistakonur flytjum brtt. við. Eins og fyrri daginn er það hreint ekki allt sem við hefðum kosið að breyta en öllu skal í hóf stillt í þeirri von að e.t.v. nái það frekar eyrum einhverra en ef of vítt er farið yfir völlinn.

Þarna er enn einu sinni að finna skerðingarákvæði við 22. og 23. gr. útvarpslaga. Við kvennalistakonur höfum ár eftir ár flutt tillögur um að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum rynnu, eins og til er ætlast, til Ríkisútvarpsins sjálfs, en kusum að gera það ekki í þetta sinn þar sem fyrir lá einhvers konar loforð ríkisins um skuldajöfnun við Ríkisútvarpið. Það stendur til, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason nefndi hér á undan mér, að jafna út launaskuldir Ríkisútvarpsins við ríkissjóð upp að 318 millj. kr. Og það er kannski ekki hægt að ætlast til meira á einu ári. Þetta mun ætlunin að gera í gegnum Tryggingastofnun ríkisins með því að ríkið taki að sér að greiða afnotagjöld þeirra sem undanþegnir eru því gjaldi vegna heimildar frá Tryggingastofnun ríkisins. Það var út af fyrir sig fróðlegt að heyra fulltrúa Ríkisútvarpsins lýsa því í gær hvernig Ríkisútvarpið hefur ekkert um þessi mál að segja sjálft, verður einungis að taka við þeim tilmælum sem koma frá Tryggingastofnun í formi heimilda um niðurfellingu afnotagjalds. Það er nokkuð sérkennileg ráðstöfun að ein stofnun skuli með þessum hætti geta í rauninni ávísað á aðra. Þó að enginn amist við því að þeir sem eiga undir högg að sækja og þurfa að sækja hjálp til Tryggingastofnunar ríkisins fái niðurfellingu á afnotagjöldum, sem og ýmsum öðrum gjöldum, er náttúrlega með öllu óþolandi að stofnun eins og Ríkisútvarpið sem sjálf er ekkert aflögufær skuli boðið að taka á sig þessar skerðingar. Það er auðvitað ríkið sjálft sem verður að gera það en ekki vísa því bara yfir á Ríkisútvarpið.

Hv. þm. Matthías Bjarnason gerði að umtalsefni dreifikerfi Ríkisútvarpsins út um land allt sem þarfnast bæði viðhalds og nýframkvæmda, en ekki er síður ástæða til þess að hafa áhyggjur af dagskrá Ríkisútvarpsins sjálfs og hvaða fé er til ráðstöfunar til framleiðslu innlends efnis. Það er langt í frá að þar geti menn staðið að verki eins og þeir kysu helst. Þrátt fyrir góðan ásetning eru ýmis dagskrárefni sem er með öllu óverjandi hvernig ástatt er um. Vil ég þá enn og aftur nefna barnaefni sem ég hef margoft gert hér að umtalsefni, ekki síst að varla skuli vera til innlend framleiðsla á barnaefni. Og þó að það sé svo sem sárabót að í auknum mæli skuli vera sett íslenst tal við það óendanlega flæði útlendra teiknimynda, sem börnunum er skammtað til þess að horfa á í sjónvarpi, nægir það engan veginn vegna þess að tilgangurinn er ekki bara að fylla upp í tíma sem börnin hafa ekkert annað að gera við. Það hlýtur að vera ásetningur að þarna sé bæði fræðsla og skemmtun á ferðinni og ekki síst ættu börnin í gegnum sjónvarp að geta kynnst eigin landi og eigin menningu með einhverjum hætti. Það er ekki nóg að segja eitthvað á íslensku. Það skiptir líka máli hvað sagt er á málinu. Og allt málræktarátak, og nú er ég ekki að sneiða að málræktarátaki hæstv. menntmrh. heldur einungis að nota þetta orð sem í þessu tilfelli er fólgið í því að talsetja efni, er marklaust ef það tekur ekki til innihalds þess sem þetta tungumál á að ná yfir og tjá.

Það er vonandi að ríkið sjái sér fært að veita aðflutningsgjöldum aftur til útvarpsins. Fulltrúi útvarpsins var nú svo hógvær á fundi með fjh.- og viðskn. í gær að hann stakk sjálfur upp á því að greinin yrði orðuð svo að þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. útvarpslaga skyldi helmingur af tekjum á árinu 1990 renna til Ríkisútvarpsins. Það var ljóst að þarna, eins og í mörgu öðru, fylgdi gamninu nokkur alvara og trúi ég ekki öðru en að hann hefði fremur kosið að sjá það allt renna til Ríkisútvarpsins þannig að sá draumur gæti ræst að sjónvarpið gæti flutt inn í nýja útvarpshúsið og þeir gætu gert nauðsynlegar betrumbætur á dreifikerfi landsmanna.

Að svo mæltu sný ég mér að brtt. Kvennalistans. Við höfum látið nægja að gera þrjár brtt.

Sú fyrsta er við 23. gr. laganna sem kveður á um að 38,6 millj. kr. skuli renna til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs. Eftir 3. umr. Ed.

er upphæðin orðin 38,6 millj. kr. sem er örlítið skárra en það sem upphaflega var í frv., þ.e. 36 millj. kr. Kvennalistinn leggur til að í stað 38,6 millj. kr. komi 66 millj. kr. Ef tekið er tillit til þeirra verkefna sem Ferðamálaráði er ætlað að vinna að duga 38,6 millj. kr. engan veginn til. Vegur þá kannski þyngst í fjárskorti Ferðamálaráðs að ekki skuli renna til þess 10% af sölu í Fríhöfninni í Keflavík eins og til er ætlast. Þessi upphæð, 38,6 millj., nægir varla fyrir þeim útgjöldum sem Ferðamálaráð hafði af starfseminni sl. ár. Þetta er nokkuð einkennileg ráðstöfun þar sem þetta er sú starfsgrein sem margir líta til vonaraugum sem eins helsta vaxtarbroddsins í íslensku atvinnulífi og vegna gjaldeyristekna. En það er eins og skorti skilning á því að þetta sé atvinnugrein sem líka þurfi einhverja aðstoð og umhyggju líkt og aðrar greinar. Það er ekki nóg að halda bara uppi flugi og samgöngum milli Íslands og annarra landa. Það er ýmislegt sem leiðir af þessum mikla innflutningi ferðamanna og líka auknum ferðalögum Íslendinga um Ísland. Og miðað við þær tekjur sem bæði landsmenn og ríkið hafa af ferðamönnum er framlag til ferðamála óneitanlega skorið æðimikið við nögl.

Það kann að vera að þessi grein nyti örlítið meiri virðingar ef hún væri ekki borin uppi af konum í jafnríkum mæli og hún er. Má t.d. nefna að nýmæli innan þessarar greinar, þ.e. bændagisting, er að sjálfsögðu svo til eingöngu borið uppi af konum.

Við flytjum einnig brtt. við 24. gr. laganna, um framlög til Kvikmyndasjóðs. Kvikmyndasjóði eru ætlaðar 71 millj. á árinu. Þar af munu um 15 millj. fara í kostnað við rekstur Kvikmyndasjóðs og eru þá 56 millj. eftir. Nú þegar liggja fyrir Kvikmyndasjóði umsóknir sem samtals eru að upphæð 400 millj. Nú dettur auðvitað engum í hug að öllum þeim umsóknum eigi að sinna, langt í frá, en eitthvað má nú á milli vera. Ef þeir sem standa fyrir því að framleiða kvikmyndir á Íslandi skæru ekki allan sinn kostnað niður eins og mögulegt er og reyndu að halda öllum kostnaðaráætlunum í lágmarki væru þessar 56 millj. nokkurn veginn eðlilegt framlag til einnar kvikmyndar. Að vísu hafa menn, eins og ég sagði, haldið þannig niðri kostnaði að sl. ár var hægt að setja í gang tvær kvikmyndir, en það hefur færst í vöxt að Kvikmyndasjóður verði þá að hlaupa undir bagga næsta ár líka til þess að unnt sé að ljúka við myndir.

Ég er víst farin að ganga freklega á tímann þannig að ég ætla ekki að fjölyrða mikið um Kvikmyndasjóð, en þarna er kannski spurning um hvort við ætlum yfirleitt að vera að myndast við að styrkja kvikmyndaframleiðslu, hvort ekki er, ef svo á að standa að málum, jafngott að sleppa því og reyna þá frekar að einbeita sér að innlendu efni í sjónvarpi svo að hægt verði að standa sæmilega að einum flokki myndmáls. Nú er ég auðvitað ekki að mæla með þeirri lausn en mér sýnist að þessi fjárveiting sé einhvers konar yfirklór sem í raun gerir ekkert annað en halda mönnum volgum, halda þeim við efnið, en ekkert geti svo orðið úr. Menn skyldu aðeins staldra við og hugleiða á hverju við höfum efni.

Við höfum komist að þeirri niðurstöðu, í Kvennalistanum, að í því flóði erlendra kvikmynda, sérstaklega frá einu menningarsvæði, sem við búum við höfum við ekki efni á að reyna ekki að styðja við bakið á þessari yngstu systur í samfélagi listanna. Við leggjum þess vegna til að þessi grein falli brott.

Síðasta brtt. er um að 30. gr. falli brott. Hún tekur til Framkvæmdasjóðs aldraðra og gerði ég það þegar að umtalsefni hér fyrr í ræðu minni hvernig staðið hefur verið að því að efna þau lög sem eru orðin rétt rúmlega hálfs árs gömul og fá ekki einu sinni að renna árs skeið áður en þau eru brotin.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vestf. flutti hér áðan mjög þarfa ádrepu þar sem hann hvatti þingmenn þessarar deildar, jafnt stjórnarliða sem aðra, til að vakna nú til meðvitundar um það hvað þeir væru að gera. Hann tók sem dæmi um það þá tillögu sem hér er lögð fyrir á þingskjali um að skerða tekjur Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum hljóðvarps- og sjónvarpstækja. Vissulega er nú farið að draga nokkuð af okkur fjárveitinganefndarmönnum eftir miklar vökur og mikla vinnu, en engu að síður vaknaði ég þó við þessa þörfu ræðu hv. 1. þm. Vestf. og ákvað þá, fyrst menn væru nú komnir með svona þokkalega meðvitund, að afla mér frekari upplýsinga um þetta mál. Niðurstaðan er sem hér segir:

Hér er um að ræða ákvæði laga nr. 68/1985 sem tryggja Ríkisútvarpinu tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Menntmrh. þegar þessi lög voru sett mun hafa verið hv. núv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og er þetta hið besta mál eins og fulltrúi fólksins í landinu mundi orða það í sjónvarpinu. Svo vill hins vegar til að strax næsta ár á eftir er flutt hér á Alþingi frv. til lánsfjárlaga á sérstöku þingskjali, lagt fram af páv. ríkisstjórn. Og þá býður svo við að horfa að í 27. gr. eru ákvæði sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986 og 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð."

Með öðrum orðum, þetta er algjörlega óbreytt ákvæði sem hefur staðið í öllum lánsfjárlagafrv. síðan. Hver skyldi nú hafa verið menntmrh. þegar þessi ákvörðun var tekin? Að vísu var það ekki hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir því að hún mun hafa verið komin í annað starf. Það var hins vegar fyrrv. hv. þm. Sverrir Hermannsson. Fyrir menn sem ekki hafa náð kannski alveg fullri meðvitund enn skal það upplýst að sá hv. þm. var og er, að ég held, enn þá í Sjálfstfl. En vera má að menn haldi að það hafi þá verið einhver vondur fjmrh. sem hafi troðið þessu inn í fjáraukalög gegn vilja hv. sjálfstæðismanna og þess ágæta hv. þm. sem talaði hér áðan og ég fór að sjálfsögðu einnig að gá að því hver hefði verið fjmrh. þegar þetta var gert. Það var hv. þm. Þorsteinn Pálsson, núv. formaður Sjálfstfl. Lögin voru því bæði sett og afnumin af Sjálfstfl.

Náttúrlega hefur hv. 1. þm. Vestf., sem talaði svo skörulega hér áðan, verið þá með fullri meðvitund og væntanlega ekki greitt atkvæði með þessari niðurfellingu á tekjum Ríkisútvarpsins. Ég fór nú líka að gá að því. En það var ekki aðeins, virðulegi forseti, að hv. þm. Matthías Bjarnason greiddi atkvæði með þessu ákvæði. Hann sat í ríkisstjórninni, herra forseti, sem lagði þetta frv. fram á Alþingi, þannig að hann stóð að þessari tillögugerð. Þetta er nú niðurstaðan sem mínar athuganir hafa leitt í ljós á þessu máli eftir að ég rumskaði við ábendingu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Í bridgeheiminum, sem ég þekki svolítið, mundi svona vera kallað að „opna sér í óhag". Annars má segja um þessi mál og vanda Ríkisútvarpsins og annarra þeirra sem um er fjallað þarna svona svipað eins og ég heyrði í gær, sögu af bónda norðan úr landi frá ágætum þm. Pálma Jónssyni. Sá bóndi átti kálf sem hann hugðist skera. Ætlar hann að leiða hann á blóðvöll úr fjósinu og fer að togast á. Kálfurinn vill ekki út og stimpist á móti og gengur bónda illa að koma kálfinum út úr fjósinu þangað til bónda verður að orði: „Æ, láttu ekki svona, kálfskratti, ég ætla svo sem ekkert að gera þér." Síðan tekst að koma kálfinum út og bóndi ætlar að fara að taka til að skera. Þá bítur kutinn illa og hann reynir nú mikið og lengi og gengur illa og ekki deyr kálfurinn. Þá segir bóndi: „Ja, hérna, kálfskratti. Á þessum bæ spyrjum við ekki að vopnaviðskiptum, heldur að leikslokum."

Það má kannski segja það sama um þær fyrirætlanir sem menn eru hér með uppi og hafa verið með uppi í sambandi við málefni Ríkisútvarpsins allt frá því að hv. 1. þm. Vestf. lagði til á Alþingi að tekjustofnar Ríkisútvarpsins yrðu skertir og greiddi því síðan sjálfur atkvæði að menn hafa verið að vinna að niðurskurði en kannski ekki með nægilega beittum hníf. En við skulum spyrja að leikslokum en ekki vopnaviðskiptum, hæstv. forseti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þótt forseti vilji engar hömlur setja á ræðutíma hv. þm. vill hann greina frá því að í gær var gert það samkomulag að reyna að ljúka fundum á Alþingi um hádegisbilið í dag og að tveir fundir í Nd. yrðu ekki mikið lengri en klukkutími. Forseti endurtekur það að hann mun engar hömlur setja á ræðutíma hv. þm. en bendir á niðurstöðu þess samkomulags sem gert var í gær.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Í tilefni af ummælum sem forseti lét falla nú vil ég vekja athygli á því að verið er að afgreiða hér mál sem venjulega tekur marga mánuði að afgreiða. Það hefur verið til meðferðar á einum fundi í hv. nefnd og það er eðlilegt að þingmenn þurfi að tala. En einkum og sér í lagi vil ég benda á að það var formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem hér var að flytja ræðu og ég býst við að einhver þurfi að taka til máls til þess að svara þeirri ræðu a.m.k. Ég hvet því virðulegan forseta til þess, þegar hann beinir orðum sínum til manna um að stytta mál sitt, að byrja þá fyrst í heimahögum.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða síðasta ræðumanns: Forseti hafði ekki nefnt það einu orði að þingmenn styttu ræður sínar. Hann benti aðeins á það samkomulag sem gert var í gær.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður og ég mun ekki blanda mér í umræður þingmanna Vestfirðinga um Ríkisútvarpið né um aðrar tækifærissögur af því tilefni sem hér hafa komið fram. Ég ætla hins vegar aðeins að víkja að því sem hér er að gerast í sambandi við afgreiðslu þessa máls og varðar söknargjöld og kirkjugarðsgjöld því að það minnir óneitanlega mjög á þá afgreiðslu sem hér var á Alþingi á síðasta vori þegar svikin voru öll fyrirheit í sambandi við hinn sérstaka skatt í Framkvæmdasjóð aldraðra sem þá var upp tekinn á nýjan leik. Og nú vill svo til, og ég bið hv. 5. þm. Vestf. að bera þau skilaboð til þingmanna Alþfl. því að hann er nú sá eini þeirra sem hér er staddur, að Alþfl. er búinn að svíkja hvert einasta loforð sem gefið var í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis skatta hér á árunum 1987 og 1988. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum áformum, þegar talað var um að leggja niður smágjöldin og bæta aðilum í staðinn tekjurnar með því fé sem innheimtist í staðgreiðslunni. Það var réttilega vakin athygli á því hér áðan af hv. 18. þm. Reykv. að í 30. gr. frv. til lánsfjárlaga er vikið að hinu nýja gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra sem hér var upp tekið illu heilli á síðasta vori, og nú er byrjað að skerða það á nýjan leik og takmarka það við 160 millj. kr. Ég vil bara minna á það, án þess að ég ætli að lengja þessar umræður, herra forseti, að á síðasta þingi lýsti formaður Alþfl. því yfir að upptaka þessa skatts hér á nýjan leik væri slys. Og Alþfl. er ekki búinn að bíta úr nálinni með það á þessu þingi að standa við þau orð. Það liggur hér fyrir frv. í hv. fjh.- og viðskn. um að afnema þetta skattóféti og koma þessum málum í það form sem heitið var og sem gert var þegar staðgreiðsla skatta var upp tekin hér um árið. Þetta er ekki síðasta orðið í því máli og alþýðuflokksmenn munu þurfa að standa við stóru orðin í því efni. Ég ítreka það hins vegar að hér er ekki um það að ræða að skerða tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra á einn eða neinn hátt, heldur eingöngu að koma í veg fyrir að almenningur í landinu sé tvískattaður í því skyni, bæði innan staðgreiðslunnar og með sérstökum nefskatti sem ríkið síðan hirðir að stórum hluta hvort eð er.

Ég vildi vekja athygli á þessu, herra forseti, því að nú er byrjað að fitja upp á þessu sama að því er varðar gjöldin til kirkjunnar, sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld. Þar voru sérstakir skattar áður. Nú er verið að hirða hluta af þeim í ríkissjóð. Þetta ber allt að sama brunni. Það er engu að treysta þegar virðulegir ráðherrar Alþfl. eiga í hlut í þessum efnum, að ég tali nú ekki um félaga þeirra í ríkisstjórninni.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það er nú ekki ónýtt fyrir ríkisstjórnina að eiga á vísan að róa til þess að greiða fyrir málum og hraða afgreiðslu mála þar sem þeir eiga að liði hv. 5. þm. Vestf. Það er alveg einstakt happ fyrir þessa *hamingjusnauðu ríkisstjórn* að hafa fengið þetta hv. handbendi til þess að koma hér upp í ræðustólinn.

Það er þó eitt satt sem þessi hv. þm. sagði hér áðan í orðum sínum og það er það að hann er illa sofinn og á erfitt með að fylgjast með og taka eftir því sem sagt er. Það kom mér nú ekkert á óvart, jafnvel þó að hann væri betur sofinn. Ég tók það fram í minni ræðu að það væru allir flokkar sekir um þessi svokölluðu „þrátt fyrir"-ákvæði. Og ég tók það fram að þótt það mætti kannski réttlæta í eitt eða tvö ár að gera það, þá réttlæti það ekki að halda því áfram árum saman. Þetta fór hins vegar fram hjá þeim meðvitundarlausa sem eðlilegt er. Og svo langt er hann nú leiddur — og hugsið þið ykkur, nú ættuð þið að skilja vinnubrögð fjvn., þegar höfuðið á nefndinni er svona illa farið, þó að vinnan sé nú ekki upp á marga fiska. Hann sagðist hafa þurft að fara að gæta að hver hefði verið fjmrh. fyrir þremur árum. Hann mundi það ekki, og hann bara fann þetta út af einstakri skarpskyggni að Þorsteinn Pálsson hefði verið fjmrh. Hugsið þið ykkur. Haldið þið að það sé nú við góðu að búast við afgreiðslu fjárlaga hérna með þetta blessaða höfuð, þó það hangi við bolinn.

Svo kom hann með kálfasögur hér í lokin sem Pálmi Jónsson fékk honum upp í hendurnar því að enga kálfasögu á hann sjálfur og þar segir hann að bóndi einn sem hefur ekki haft mikla mannúð til að bera hefði sargað lífið úr kálfi sínum með bitlausum hníf. Ja, það er munur á æri kálfanna, þeim sem sargað er lífið úr með bitlausum hníf og þeim kálfum sem *núna ganga hér sjálfala um á Alþingi Íslendinga* og troða í sig fóðrinu frá morgni til kvölds.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason flutti hér í sinni upphafsræðu ágæta hugvekju um lánsfjárlög, og ég er sammála hv. þm. að mörgu leyti. Það er ekki undarlegt þó að hv. þm. hafi á hornum sér „þrátt fyrir"-kafla þessara laga. Þar eru auðvitað vinnubrögð sem ekki eru til fyrirmyndar og eru hreint og beint til skammar. Það á auðvitað ekki að marka tekjustofna með þeim hætti sem hér er gert eða sem við höfum gert á undanförnum árum. Menn samþykkja af göfugmennsku og stórhug lagabálka sem síðan er ómögulegt að standa við. Þá er gripið til þess að setja „þrátt fyrir"-kaflann eða að skerða með „þrátt fyrir"-ákvæðum í lánsfjárlögum og það er náttúrlega ómöguleg aðferð. Ég held að ekki bara ríkisstjórn heldur stjórnarandstaða líka ættu að sameinast um það að reyna að breyta þessum lögum sem skert hafa verið, reyna að komast að samkomulagi um það að gera þær lagabreytingar sem gera „þrátt fyrir"-kaflann óþarfan. Ég segi að stjórnarandstaðan þurfi að taka þátt í þessu vegna þess að þessir lagabálkar eru tilkomnir á ýmsum tímum og flestir flokkar bera þar einhverja ábyrgð og er eðlilegt að reynt sé að skapa um það breiða samstöðu að breyta þeim lögum sem hér er um að ræða þannig að unnt sé að standa við þau. Það er alveg hárrétt hjá hv. 1. þm. Vestf. að svona vinnubrögð eru ekki góð.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði hér sögulega úttekt og fór yfir hver hefði fundið upp á því að skerða tekjur Ríkisútvarpsins vegna aðflutningsgjalda eða svipta útvarpið tekjum af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum og láta þá fjármuni renna í ríkissjóð. Það er að sjálfsögðu á allra vitorði að þá var fjmrh. í landinu Þorsteinn Pálsson og þetta var tekið upp í lánsfjárlögum 1987. En það er rétt að það komi fram að síðan hefur þetta „þrátt fyrir"-ákvæði verið við lýði og hv. 1. þm. Vestf. hefur setið í fjh.- og viðskn. deildarinnar síðan 1987 og sem stjórnarsinni og meirihlutamaður mest af þeim tíma og samábyrgur um þessa tekjusviptingu Ríkisútvarpsins.

Því miður hefur komið í ljós, herra forseti, að í frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 427, leynast villur, þ.e. það er ekki samræmi í því sem þar stendur prentað, í tveimur atriðum, og því sem fjvn. hefur ákveðið í brtt. sínum sem vonandi verða samþykktar hér á eftir. Þar af leiðir að þetta verður að leiðrétta og ég leyfi mér að bera fram skriflega brtt. sem að sjálfsögðu þarf afbrigða við til þess að þarna verði samræmis gætt. Ég er fús að kveðja fjh.- og viðskn. saman ef nefndarmönnum þykir það þurfa til þess að skoða þessar leiðréttingar, en mér sýnist sjálfum að kannski sé nú tæplega efni til þess því að hér er um augljósar leiðréttingar að ræða. Það er í fyrsta lagi við 23. gr. frv. til lánsfjárlaga. Þar stendur að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skuli framlag ríkissjóðs til *Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna* Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 38,6 millj. á árinu 1990. Hv. fjvn. leggur til að þessum tölum verði breytt í 48,6 millj. kr. Þetta tel ég að þurfi að leiðrétta í frv.

Við 30. gr. gerði hv. fjvn. einnig breytingu. Í frv. til lánsfjárlaga hljóðar hún svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 160.000 þús. kr. á árinu 1990."

Hv. fjvn. hefur lagt til, og ég geri ráð fyrir að tillaga hennar verði samþykkt hér á eftir, að hækka þessa tölu úr 160 millj. upp í 205 millj. og þar af leiðir að óhjákvæmilegt er að leiðrétta þessa tölu í lánsfjárlögum þannig að samræmis sé gætt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja hér fram skriflega brtt. sem er of seint fram komin og þarf að sjálfsögðu afbrigða við.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég sé fyrir mitt leyti ekki efni til þess að haldinn sé fundur, a.m.k. ekki áður en 2.

umr. er lokið. Það er eðlilegt að fallast á það að hv. stjórnarþm. fái innbyrðis að samræma sín sjónarmið, ekki síst þegar um er að ræða breytingar til bóta og ég get a.m.k. sagt það fyrir hönd 2. minni hl. nefndarinnar að okkur finnst ekki ástæða til að kalla saman sérstakan fund um það hvort þeir megi leiðrétta eigin yfirsjónir. Fremur ætti að óska þess að það gerist sem oftast. Ef þeir ættu að leiðrétta þær allar þyrftu að vera margir fundir á dag og sé ég ekki ástæðu til þess að standa í slíku, en óska þess að þeir geti sem fyrirhafnarminnst bætt sín verk.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
18.–22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 466,1 felld með 24:9 atkv.
23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 466,2 felld með 22:9 atkv.
24.–25. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 478,1 felld með 23:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, ÞÞ, AÓB, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, IBA, KE, MB, ÓE.

nei: ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÁrnG.

SV, HJ greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (RH, ÞP, KrP, MÁM, MálmS) fjarstaddir.
26.–29. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 466,3 felld með 22:9 atkv.
30.–31. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 24:9 atkv.
33. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 478,2 felld með 23:9 atkv.
34. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 478,3 felld með 24:11 atkv.
35. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
37.–47. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég hygg að ekki séu nema 18 klukkutímar liðnir frá því að fundi fjh.- og viðskn. hv. Nd. lauk. Nefndarmenn, og meira að segja maður úr stjórnarliðinu, voru með tillögur. Þá svaraði formaður nefndarinnar því til að ekki kæmi til greina að breyta neinu í frv. frá því sem það lægi fyrir frá Ed. Þessi stjórnarliði varð að láta sér lynda að ekki kæmi til greina að gera breytingar og tefja þannig afgreiðslu þessa máls þannig að það þyrfti að fara til Ed.

Nú kemur þessi sami hv. formaður fjh.- og viðskn. með tvær brtt. sem hefði verið auðvelt að fá afgreiddar í nefndinni í gær að mínum dómi. Það er ekki talað við einn einasta mann í nefndinni um tillögurnar, ekki einu sinni stjórnarliða. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? (**Gripið fram í:** Þetta er eins og þeim er líkt.) Er þetta yfirhandbendi ríkisstjórnarinnar orðið einrátt hér á Alþingi? Hingað til hefur nefndarmönnum verið sýnd sú kurteisi að sýna þeim tillögur sem á að flytja við síðustu umræðu máls. Það er víst búið að breyta því og hverfa frá öllu sem heitir að viðhalda þingræði og virða það.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort heppilegt er að nota orðið handbendi hér úr þessum ræðustól, (**MB:** Það er fremur of gott.) en varðandi þessa brtt. sem ég leyfði mér að flytja, þá er þar um leiðréttingar að ræða, augljósar leiðréttingar. Ég bar mig saman við hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson og sýndi honum fram á að þessar leiðréttingatillögur yrði ég að flytja. Hann gerði engar athugasemdir við þær en sagði að þetta væri bara illa undirbúið hjá okkur. Ég taldi ekki ástæðu til þess að kalla saman nefndina út af þessu atriði. (**MB:** Þó útreikningar séu góðir þá nægir það ekki.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 484,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 484,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

NEÐRI DEILD

37. fundur, föstudaginn 22. des., að loknum 36. fundi.

Lánsfjárlög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 69. mál. — Þskj. 427, brtt. 484.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (fasteignaskattur og aðstöðugjald). — Þskj. 405.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 489).

Viðskiptabankar, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (samruni viðskiptabanka). — Þskj. 307.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞSk, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, AÓB, ÁHE, BÍG, FrS, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GHelg, HG, HJ, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KE, MB, ÓE, ÓÞG, PP, PJ, ÁrnG.

EH, FÞ, IBA, ÓÞÞ greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (RH, ÞP, ÞÞ, GuðnÁ, KrP, MÁM, MálmS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er hlynntur því að bankar á Íslandi séu sameinaðir. Ég tel aftur á móti að söluverð Útvegsbankans hafi verið fjarri öllum raunveruleika. Ég hef hlýtt á þau rök að íslenskri þjóð verði greitt í fríðu til baka það sem upp á vantaði að eðlilegt verð fengist fyrir bankann. Mér sýnist að svo geti farið að því verði mjög misskipt. Því miður virðist hæstv. viðskrh. hafa fallið í þá gryfju að vera helst til örlátur á annarra fé. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 490).

Jólakveðjur.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú er komið að lokum þessa síðasta fundar hv. deildar fyrir jólahlé. Ég vil þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir mjög ánægjulegt og gott samstarf sem hefur greitt fyrir störfum í deildinni. Hefur ekki síst reynt á það nú hin síðustu dægrin. Fyrir það góða samstarf er ég mjög þakklátur. Ég óska hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Einnig óska ég skrifstofustjóra og starfsfólki öllu gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka þeim ánægjulegt samstarf og fyrirgreiðslu alla sem gjarnan er unnin við mjög erfiðar aðstæður og sem auðvitað hefur ekki síst reynt á þessa síðustu daga og nætur.

Þeim hv. þingdeildarmönnum sem eiga um langan veg heim að fara, og reyndar öllum þingdeildarmönnum hvort sem þeir fara um langan veg eða skamman, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna þakka ég hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Ég þakka honum sanngjarna og sérstaklega réttláta fundarstjórn og góða forustu um þingstörf. Fyrir hönd okkar allra óska ég honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þá vil ég einnig þakka skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis öllu vel unnin störf og óska því og fjölskyldum þess gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég leyfi mér að vænta þess að við munum mæta heil til leiks á nýju ári með ljós jólanna í hjarta okkar hér á Alþingi að loknu þinghléi.

Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka góðar óskir hv. 11. þm. Reykn. og deildarinnar allrar sem mér og minni fjölskyldu hafa verið fluttar hér og nú. Ég endurtek einnig góðar óskir mínar til hv. þm. og starfsfólks Alþingis og lýsi þeirri ósk minni að þeir muni eiga friðsæl og gleðileg jól.

SAMEINAÐ ÞING

38. fundur, föstudaginn 22. des., kl. 1 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. forsrh., 256. mál. — Þskj. 455.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis, skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Með leyfi forseta vil ég lesa þessa tillögu:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1989 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 22. janúar 1990."

Það er ekki venja að vísa þessari tillögu til nefndar og geri ég ekki tillögu um það en legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri (A),
Friðrik Sophusson alþm. (B),
Lúðvík Jósepsson fyrrv. ráðherra (A),
Kristín Sigurðardóttir deildarstjóri (B),
Eyjólfur K. Sigurjónsson endurskoðandi (A).

Varamenn:
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir skrifstofumaður (A),
Jón Þorgilsson sveitarstjóri (B),
Helgi Seljan fyrrv. alþm. (A),
Jóhanna Eyjólfsdóttir skrifstofustjóri (B),
Anna Margrét Guðmundsdóttir framkv.stjóri (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Guðni Ágústsson alþm. (A),
Halldór Blöndal alþm. (B),
Haukur Helgason skólastjóri (A),
Þórir Lárusson rafverktaki (B),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþm. (A).

Varamenn:
Gunnar Sæmundsson bóndi (A),
Friðjón Þórðarson alþm. (B),
Stefán Gunnarsson byggingameistari (A),
Kristmann Magnússon kaupmaður (B),
Snorri J. Ólafsson rafvirki (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1989, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Sveinn G. Hálfdánarson innheimtustjóri (A),
Geir H. Haarde alþm. (B),
Magnús Benediktsson endurskoðandi (A).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Páll Pétursson alþm. (A),
Ólafur G. Einarsson alþm. (B),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (A),
Þorsteinn Pálsson alþm. (B),
Hjörleifur Guttormsson alþm. (A),
Hreggviður Jónsson alþm. (B),
Valgerður Sverrisdóttir alþm. (A).

Varamenn:
Guðni Ágústsson alþm. (A),
Friðrik Sophusson alþm. (B),
Rannveig Guðmundsdóttir alþm. (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. (B),
Guðrún Helgadóttir alþm. (A),
Ingi Björn Albertsson alþm. (B),
Jón Kristjánsson alþm. (A).

Kosning fimm manna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1992, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Haraldur Ólafsson lektor (A),
Árni Johnsen blaðamaður (B),
Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur (A),
Inger Helgadóttir bóndakona (B),
Guttormur Einarsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Alexander Stefánsson alþm. (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. (B),
Árni Gunnarsson alþm. (A),
Málmfríður Sigurðardóttir alþm. (B),
Margrét Frímannsdóttir alþm. (A),
Ingi Björn Albertsson alþm. (B),
Ásgeir Hannes Eiríksson alþm. (A).

Varamenn:
Stefán Guðmundsson alþm. (A),
Pálmi Jónsson alþm. (B),
Eiður Guðnason alþm. (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir alþm. (B),
Ragnar Arnalds alþm. (A),
Hreggviður Jónsson alþm. (B),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþm. (A).

Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára, frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 14. gr. laga nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Brynjólfur Sveinbergsson mjólkurbússtjóri (A),
Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri (B).

Varamenn:
Skúli Sigurgrímsson bæjarfulltrúi (A),
Pálína Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri (B).

Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, til tveggja ára, frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1991, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir húsmóðir (A),
Sigurður Líndal prófessor (B),
Sigurður Hróarsson leikhússtjóri (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 19. desember 1989 til jafnlengdar 1993, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. desember 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361/1977.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björn Teitsson skólameistari (A),
Björn Bjarnason aðstoðarritstjóri (B),
Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttafræðingur (A).

Varamenn:
Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri (A),
Gísli Jónsson menntaskólakennari (B),
Árni Björnsson þjóðháttafræðingur (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1993, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ingvar Gíslason fyrrv. ráðherra (A),
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (B),
Árni Gunnarsson alþm. (A),
Bessí Jóhannsdóttir húsmóðir (B),
Þorbjörn Broddason lektor (A),
Ingibjörg Hafstað starfskona Kvennalistans (B),
Skúli B. Árnason fulltrúi (A).

Varamenn:
Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður (A),
Gunnlaugur S. Gunnlaugsson lögfræðingur (B).
Þráinn Hallgrímsson skrifstofustjóri (A),
Guðrún Víkingsdóttir hjúkrunarfræðingur (B),
Ævar Kjartansson dagskrárgerðarmaður (A),
Sigrún Jónsdóttir þjóðfélagsfræðingur (B),
Hallgrímur S. Sveinsson skrifstofumaður (A).

Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 7. gr. laga nr. 83 1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til fjögurra ára frá 1. janúar 1990.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Jón Helgason alþm. (A),
Hólmfríður R. Árnadóttir framkvæmdastjóri (B),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (A).

Um þingsköp.
Uppgjör.

Stefán Valgeirsson:
Virðulegi forseti.

Ég hef varið Steingríms stjórn,
stolt hans virðist ekki mikið.
Að halda orð, það finnst þeim fórn,
fátt var efnt en meira svikið.
Loforð reynast létt á vikt,
lengst af hægt að treysta orðum.
Ekkert virðist orðið tryggt,
ómerkingar taldir forðum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Virðulegi forseti. Mér sýndist nú þetta ljóð löngu ort, enda veit hv. þm. það að það samkomulag sem við gerðum 28. sept. þegar sú ríkisstjórn var mynduð, í fyrra, gilti alls ekki þegar ný ríkisstjórn var mynduð og var ekkert um það talað og ekki einu sinni farið fram á það af hv. þm.

Stefán Valgeirsson:
Virðulegi forseti.

Ekkert mark og allt í plati
eru svör frá valdastóli.
Undrar vart þó Grímur glati
gæfu og reisn í krata skjóli.

Fjárlög 1990, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 304, n. 410 (samvn. samgm.), brtt. 407, 408, 411, 423, 424, 425, 426, 464, 469, 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 423,1.a samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 472,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 423,1.b–c samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 407 samþ. með 34:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StG, SV, StH, SJS, SvG, JGS, GHelg.

nei: ÞP, AÓB, DS, GA, KE, MálmS.

ÞK, BÍG, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHG, HJ, IBA, MB, ÓE, PJ, SalÞ greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (EgJ, GHH, GuðmÁ, HBl, KP, KrP, MÁM, RH, SkA, ÞP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:
Hæstv. forseti. Hefðbundin afstaða okkar hefði getað verið sú að sitja hjá við þessa grein. En þessi brtt. sýnir hins vegar skattastefnu ríkisstjórnarinnar í hnotskurn. Kvennalistakonur hafa getað stutt nokkra þætti hennar en veigamestu þættir hennar stríða þó gegn skoðunum okkar í grundvallaratriðum. Nægir þar að nefna virðisaukaskatt, en hluti hans er hinn illræmdi matarskattur sem við erum algerlega mótfallnar. Hann er verið að festa í sessi nú. Tekju- og eignarskattar ríkisstjórn-

arinnar ganga einnig of nálægt lágtekju- og meðaltekjufólki að okkar mati. Ýmis önnur áhersluatriði brtt. eru með öðrum hætti en við hefðum kosið. Því segi ég nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þessi grein er afleiðing af ákvörðunum sem Alþingi hefur tekið. Þetta eru útreikningar á því hver verði sennilegasta niðurstaðan á þeirri innheimtu sem gert er ráð fyrir á næsta ári á sköttum ríkisins. Mér er ekki ljóst hvernig það getur gengið upp að leggja skattana á en gera ekki ráð fyrir því að þeir séu innheimtir. Ég veit ekki aðra áætlun réttari en þá sem hér liggur fyrir og segi því já.

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Afstaða okkar sjálfstæðismanna til skattastefnu ríkisstjórnarinnar hefur komið fram undir meðferð skattalagafrumvarpa ríkisstjórnarinnar hér á hinu háa Alþingi undanfarna daga, en einnig í umræðum um fjárlög, bæði við 2. og 3. umr. Þeir skattar sem hér er verið að greiða atkvæði um og leggjast á þjóðina með vaxandi þunga eru að sjálfsögðu gersamlega á ábyrgð núv. ríkisstjórnar og stjórnarliðsins og stjórnarandstaðan getur enga ábyrgð á þeim tekið né heldur fellt þá niður. Ég greiði ekki atkvæði.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tekjuáætlun fjárlagafrv. Sú undarlega afstaða hefur nú komið fram í atkvæðagreiðslunni hjá fulltrúum Kvennalistans hér á Alþingi að þessir hv. fulltrúar leggja fram tillögur um nærri 300 millj. kr. aukningu á útgjöldum ríkisins. Á sama tíma leggja þessir sömu þingmenn til að öll tekjuöflun ríkisins verði felld. Þeir leggja sem sé til að hækka útgjöld ríkisins frá því sem fjvn. leggur til og jafnframt leggja þessir sömu þingmenn til, og með atkvæði sínu núna, að felldar verði allar tekjuöflunartillögurnar sem þarf til að standa undir þeim útgjöldum. Þetta er undarleg afstaða og hefur aldrei áður komið fram á Alþingi svo að ég viti til. Ég segi já.

Brtt. 423,2–4 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 425,1 felld með 35:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AÓB, DS, GA, KE, MálmS.

nei: StG, StH, SJS, SvG, JGS, ÞK, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, MB, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, GHelg.

SV, BÍG, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHG, HJ, IBA, MÁM, ÓE, PJ, SalÞ greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (SkA, ÞP, EgJ, GHH, GuðmÁ, HBl, KP, KrP, RH) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil minna á fyrirheit ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Ekkert bólar enn á efndum þess fyrirheits og virðist ríkisstjórnin fá ráð kunna til að ráða fram úr vanda atvinnulífsins. Konur eru í miklum meiri hluta atvinnulausra og því ljóst að grípa verður til sérstakra aðgerða þeim til handa.

Kvennalistinn hefur nú komið til móts við ráðleysi ríkisstjórnarinnar og flutt frv. um að stofnuð verði sérstök deild við Byggðastofnun sem einungis hafi það hlutverk að sinna atvinnuuppbyggingu kvenna. Það má ljóst vera að framtíð byggðarinnar í landinu hvílir á herðum kvenna og þar er hlutfallslega stærsti hópur atvinnulausra kvenna. Ef svo fer sem horfir munu konur neyðast til að flytja í þéttbýlið og þá þarf ekki að sökum að spyrja, ekki verða karlmennirnir einir eftir. Ég segi því já.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er rétt að undirstrika það eins og hér hefur raunar þegar komið fram að hér er verið að greiða atkvæði um tillögu til hækkunar um 40 millj. Hún er flutt af þm. Kvennalistans sem áðan greiddu atkvæði gegn allri tekjuöflun ríkisins. Þetta er auðvitað mjög furðulegt mál. Ég treysti því fullkomlega að staðið verði við þau fyrirheit sem er að finna í stjórnarsáttmálanum um þessi efni og segi því nei við þessari tillögu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á vegum þriggja ráðaneyta, félmrn., iðnrn. og landbrn., hefur á þessu ári verið unnið að því að gera úttekt á atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Skýrsla um þessa úttekt er nýlega fram komin og er núna til athugunar í ríkisstjórninni. Í þessari skýrslu koma m.a. fram tillögur um það hvernig hægt er að auka atvinnutækifæri kvenna á landinu. Fyrir liggur að ríkisstjórnin mun gera átak í þessu máli og mun leita leiða til að tryggja nauðsynlegt fjármagn svo hægt sé að gera átak í þessu máli á næsta ári. Ég segi nei.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er hér komin fyrst og fremst til að mótmæla því harðlega að ekkert hafi verið gert í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Á síðasta ári hafa tugir fiskvinnslufyrirtækja fengið fyrirgreiðslu og afgreiðslu hjá Atvinnutryggingarsjóði. Ég veit ekki betur en að í þessum fyrirtækjum vinni fjöldi kvenna, ekkert síður en karla. Ýmislegt hefur verið gert til þess að tryggja að þær haldi sinni atvinnu áfram. Í ljósi þess og þeirra yfirlýsinga sem hér komu frá hæstv. félmrh. segi ég nei.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Öll erindi sem berast Byggðastofnun eru tekin til afgreiðslu. Þá er metið og vegið hvar er mest þörf fyrir þá fjármuni sem um er beðið. Það hefur aldrei verið spurt um kynferði þeirra sem

erindi senda og bæði kynin eiga jafnan rétt til fyrirgreiðslu hjá Byggðastofnun. Ég tel þessa tillögu því algeran óþarfa og segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef undirgengist það, eins og aðrir fjárveitinganefndarmenn, stjórnarsinnar, að hækka ekki útgjöld fjárlaga frá því sem hér hefur verið lagt til. En ég vil undirstrika það að þá væri heldur betur misskipt fjármunum frá Byggðastofnun til atvinnuuppbyggingar ef konur ættu að hafa þar 40 millj. en karlmenn þá afganginn, kannski yfir milljarð á næsta ári. Það vekur undrun mína ef menn leggja til að andi jafnréttislaganna sé brotinn við atkvæðagreiðslu hér á þinginu. Ég segi því nei.

Brtt. 423,5–7 samþ. með 34 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StG, SV, StH, SJS, SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, GHelg.

MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ, ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GA, HBl, HJ, IBA, KE greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (RH, SkA, ÞP, EgJ, GHH, GuðmÁ, GHG, KP, KrP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Bragi Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. er væntanlega flutt í tilefni samnings sem Háskóli Íslands og ríkisstjórnin gerðu vegna sértekna Háskólans af happdrættisfé sínu. Vil ég nota tækifærið og fagna þeim samningi um leið og ég lýsi þeim skilningi mínum að ríkisstjórn og Alþingi hafi fallist á þann skilning háskólaráðs að Háskólinn hafi með þessar sértekjur sínar að gera.

Ég vil jafnframt taka þá áhættu að gerast ósmekklegur og benda á einn lið hér, 7. lið, sem mér er einnig kær og nær, um Raunvísindastofnun Háskólans. Það gerist stundum í svona vinnu að smáliðir fjúka í leiðinni. Hér er það liðurinn Tækjakaup deilda sem fellur brott. Til skýringar vil ég nefna að þessi upphæð var áður hluti af rekstrarfé Raunvísindastofnunar Háskólans. Fyrir nokkrum árum var þessu skipt upp í rekstur og tækjakaup og nú fellur hann alfarið út úr liðnum.

En ég endurtek að ég fagna þessum samningi og þeim skilningi sem ég lagði í hann og segi því já.

Brtt. 469,1 felld með 33:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, BÍG, HBl, MB.

nei: PP, ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, GHelg.

PJ, SalÞ, ÞÞ, AÓB, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHG, GA, HJ, IBA, KE, MÁM, MálmS, ÓE greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (RH, SkA, ÞP, ÞK, EgJ, GHH, GuðmÁ, KP, KrP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Með vísan til þeirrar brtt. sem kemur til atkvæða næst á eftir þessari, þ.e. brtt. á þskj. 423, 8. liður þeirrar brtt., þar sem framlög til Háskólans á Akureyri eru talsvert hækkuð frá því sem var í frv. upphaflega og með þeim skilningi að þannig sé þar með fyrir fjárveitingum til Háskólans á Akureyri séð að ákvörðun um að hefja þar nám á sjávarútvegsbraut nái fram að ganga, segi ég nei við þessari brtt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þessi liður sem hér eru greidd atkvæði um, þ.e. framlag til rekstrar Háskólans á Akureyri, er sá liður sem forsvarsmenn skólans geta sætt sig við með þeirri breytingu sem verður á í þeirri brtt. frá meiri hl. fjvn. sem hér verða greidd atkvæði um á eftir. Hins vegar verð ég að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að ekki skuli hafa náðst samstaða um hærri framlög til tækjakaupa og innréttinga.

Ég treysti því hins vegar að staðið verði við fyrirheit um að kennsla í sjávarútvegsfræðum komist af stað á næsta ári og bind m.a. vonir við samstarf við hinar opinberu stofnanir sjávarútvegsins. Þess vegna segi ég nei.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Með vísan til þess sem fram kom í ræðu hv. formanns fjvn. um verulegar hækkanir til Háskólans á Akureyri frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir og með vísan til þess að sjávarútvegsbraut tekur til starfa eins og ráð var fyrir gert og með vísan til þess að hv. þm. hafa í kór talað um sparnað og niðurskurð og með vísan til þess að brtt. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar felur í sér, þrír liðir hennar, 40 millj. kr. hækkun á fjárlögum, þá segi ég nei við þessari brtt.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki betur séð, ef litið er á liði í næstu brtt. frá meiri hl. fjvn. þar sem eru framlög til Háskólans á Akureyri, Tæki, búnaður og Almennur rekstur, en að ef þessi tillaga sem hér er nú til umræðu væri samþykkt, sé um lægri upphæð að ræða en meiri hl. fjvn. leggur til að renni til Háskólans á Akureyri. Hér er því í rauninni um lækkunartillögu að ræða. Ég fylgi þeim tillögum sem meiri hl. fjvn. hefur gert tillögu um og segi nei.

Brtt. 423,8–13 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 469,2 felld með 33:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, HBl.

nei: MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StG,

StH, SJS, SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, GHelg.

KE, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GA, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (KrP, RH, SkA, ÞK, EgJ, GuðmÁ, KP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í ágúst 1988 var gerður þríhliða samningur milli Akureyrarbæjar, fjmrn. og menntmrn. um Leikfélag Akureyrar og rekstur þess. Það er augljóst mál og hefur reyndar lengi verið að sá samningur stenst ekki miðað við þann pólitíska vilja sem legið hefur fyrir á Alþingi á undanförnum missirum. Þess vegna er algerlega óhjákvæmilegt að þessi samningur verði endurskoðaður og það verður gert. Ég tel þess vegna að það væri algerlega fráleitt að fara að ákveða nú að verja til Leikfélags Akureyrar fjármunum af því tagi sem hér er gerð tillaga um.

Ég tel hins vegar rétt að láta það koma fram, virðulegi forseti, að ég tel nauðsynlegt og það sé metnaðarmál fyrir menntmrn. og menningarmálaráðuneytið í þessu landi að til verði atvinnuleikhús utan höfuðborgarsvæðisins. Ég tel tillöguna hins vegar óþarfa í þeirri stöðu sem nú er í málinu og segi því nei.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hæstv. menntmrh. í sambandi við Leikfélag Akureyrar. Það er ljóst að með þessari afgreiðslu fjárlaga sem nú liggur fyrir og með afgreiðslu fjáraukalaga fyrir þetta ár hefur ríkisvaldið ekki staðið við þau fyrirheit sem Leikfélagi Akureyrar voru gefin. Þar stendur upp á núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég skil á hinn bóginn að hæstv. menntmrh. skuli reyna að fela skömm sína í þessu máli en sannleikurinn er sá að ekki hefur verið staðið við þau fyrirheit sem fólkinu á Akureyri voru gefin. Ég lýsi yfir fullum stuðningi við það fólk sem er að reyna að halda uppi atvinnuleikhúsi á Akureyri og segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 426 samþ. með 44:1 atkv.

Brtt. 423,14–16 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 425,2 felld með 29:12 atkv.

Brtt. 423,17–21 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 472,2 samþ. með 34:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, MB, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, GHelg.

nei: FrS.

PJ, SalÞ, SV, ÞK, ÞP, AÓB, BÍG, DS, EH, EKJ, FÞ, GHH, GHG, GA, HJ, IBA, KE greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (RH, SkA, ÞP, EgJ, GuðmÁ, HBl, KP, KrP, MÁM, MálmS, ÓE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Bragi Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er um brtt. að ræða sem gerir ráð fyrir lækkun á tölum. Þetta er hins vegar lækkun á sértekjum. Tilefni þessarar lækkunar og hækkunar á fjárlögum um 28,5 millj. er það að frv. sem varð að lögum í dag um veiðieftirlitsgjald var breytt í meðförum Alþingis. Þetta var stjfrv. þar sem gert er ráð fyrir að sérstakt gjald, veiðieftirlitsgjald, verði lagt á fyrir veiðileyfi. Frv. breyttist hins vegar þannig að gjaldið lækkar eða framlag atvinnugreinarinnar lækkar um helming vegna meðferðar Alþingis og því var ég andvígur. Hins vegar fagna ég því að þetta er komið á það stig sem nú er og tel þetta fyrsta skref í stjórn fiskveiða með sölu eða uppboði veiðileyfa og segi því já.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tel öfugt farið við þann rökstuðning sem hv. þm. Jón Bragi Bjarnason hafði. Ég tel að sú breyting sem Alþingi gerði á frv. um veiðieftirlit hafi verið skynsamleg, að samfélagið taki að sér helming af þessum kostnaði á móti atvinnugreininni, og það gerði það að verkum að ég get stutt þessa tillögu fyrir mitt leyti. Það var of þungur biti að leggja á atvinnugreinina að standa að öllu leyti undir veiðileyfisgjaldinu, enda var það ekki ofverk ríkisvaldsins að gera það a.m.k. að hálfu og því segi ég já við þessari tillögu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þar sem rökstuðningur hv. þm. Jóns Braga Bjarnasonar er alrangur og þessi gjaldtaka kemur veiðileyfasölu ekkert við og er ekkert spor í áttina að veiðileyfasölu segi ég já.

Brtt. 423,22–27 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 425,3.a felld með 32:6 atkv.

Brtt. 425,3.b felld með 32:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, MB, MálmS, PJ, SalÞ, SV, ÞK, ÞP, AÓB, BÍG, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GA, HG, IBA.

nei: JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, JE, GHelg.

MÁM, ÞP, HJ greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (KP, KrP, ÓE, RH, SkA, EgJ, GuðmÁ, HBl) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Við stöndum frammi fyrir þeirri dapurlegu staðreynd að ofbeldi fer vaxandi í þjóðfélaginu. Í byrjun þessa mánaðar höfðu jafnmargar konur leitað til Kvennaathvarfsins á þessu ári eins og þangað leituðu allt árið í fyrra. Konurnar sem vinna í Kvennaathvarfinu hafa sýnt fram á að þær geta gert raunhæfar áætlanir um rekstur þess, þ.e. áætlanir sem standast. Þær fara fram á 70% af framlagi til rekstrarkostnaðar frá ríkinu. Ég vil aðeins vekja athygli á að þær hafa nú gert fjárhagsáætlun þar sem aðeins er reiknað með 2% hækkun á milli ára og held ég að það hljóti að teljast einsdæmi. Þó hér sé um örlitla útgjaldaaukningu að ræða fyrir ríkissjóð nú getum við rétt ímyndað okkur hvaða útgjöld gætu orðið í framtíðinni ef við getum ekki hjálpað því fólki, þeim konum og þeim börnum sem fyrir ofbeldi verða nú, en það er einmitt eitt af mikilvægustu verkefnunum sem Kvennaathvarfið sinnir um þessar mundir, þ.e. fræðslu- og forvarnarstarf. Þær finna mjög fyrir þörfinni á því að gera meira fyrir barnahópana í Kvennaathvarfinu. Ég segi því já.

Brtt. 425,3.c felld með 31:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, MálmS, SalÞ, SV, ÞÞ, AÓB, DS, GHH, GHG, GA.

nei: JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, GHelg.

IBA, MB, PJ, ÞK, BÍG, EH, EKJ, FÞ greiddu ekki atkvæði.

14 þm. (HG, HJ, KP, KrP, MÁM, ÓE, RH, SkA, ÞP, AðB, EgJ, FrS, GuðmÁ, HBl) fjarstaddir.

Brtt. 423,28–33 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 425,4 felld með 29:10 atkv.

Brtt. 423,34–40 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 411 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 423,41–44 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 469,3 felld með 32:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, SV.

nei: HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg.

GA, HJ, IBA, KE, PJ, SalÞ, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EKJ, FÞ, GHH greiddu ekki atkvæði.

15 þm. (HBl, KP, KrP, MÁM, MálmS, ÓE, RH, SkA, ÞK, AðB, EH, EgJ, FrS, GuðmÁ, GHG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er sannfærður um að í framtíðinni verður farið í rannsóknir þar norður frá og kannaðir möguleikar, m.a. á því hvort þarna muni vera olía í jörðu. Hins vegar tel ég að þetta mál þurfi að undirbúa betur en gert hefur verið, kynna það, og ég mun að þessu sinni ekki treysta mér til að standa að fjárveitingu til verkefnisins og segi því nei.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér eru á ferðinni rannsóknir sem þarf að vinna að og eru hinar merkustu í alla staði. Hins vegar hef ég þá vitneskju að undirbúningur þessara rannsókna sé of skammt á veg kominn og að framlög af þessu tagi, til sjálfra rannsóknanna, þjóni því ekki verulegum tilgangi á þessari stundu. Ég segi því nei.

Brtt. 423,45–46 samþ. með 36:1 atkv.

Brtt. 408,1–18 samþ. með 32:2 atkv.

Brtt. 423,47.a–e og g samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 423,47.f samþ. með 43:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, GuðnÁ, GA, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KE, MF, MB, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SalÞ, SighB, StH, SJS, SvG, JGS, ÞÞ, AS, AÓB, ÁrnG, ÁHE, DS, EG, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GB, GHG, GHelg.

nei: HJ.

IBA, PJ, ÞP, BÍG, FÞ greiddu ekki atkvæði.

14 þm. (HBl, KP, KrP, MÁM, ÓE, RH, SkA, StG, SV, ÞK, AðB, EH, EgJ, GuðmÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ætlun mín og annarra þm. Reykjavíkur var að flytja sérstaka tillögu um heimild fyrir hæstv. fjmrh. að gera samning við Reykjavíkurborg um uppgjör vegna framkvæmda í vegamálum. Frá því var horfið þegar ljóst varð af viðtölum við hæstv. fjmrh. og hv. formann fjvn. að samkvæmt þessari grein, þótt breytt hafi verið, geti hæstv. ráðherra gert slíkan samning. Í trausti þess að það verði gert segi ég já.

Brtt. 424.a–l samþ. með 32:2 atkv.

Brtt. 424.m samþ. með 35:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSG, MF, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AS, ÁrnG, ÁHE, EG, FÞ, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, GHelg.

nei: BÍG, GHH, IBA.

KE, MB, SalÞ, ÞP, ÞÞ, AÓB, DS, EKJ, FrS, GHG, GA, HJ greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (KP, KrP, MÁM, ÓE, RH, SkA, SV, ÞK, AðB, EH, EgJ, GuðmÁ, HBl) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér eru greidd atkvæði um snýst um að fella burt úr fjárlagafrv.

heimild til að kaupa húseign í nágrenni Listasafns Íslands. Ég hygg að fjvn. hafi ekki haft á borði sínu allar upplýsingar þegar hún fjallaði um þetta mál. Sem formaður byggingarnefndar Listasafns hef ég í höndum samning sem Listasafn Íslands eða byggingarnefnd þess gerði við húseiganda þarna í grenndinni. Þar er sú kvöð lögð á Listasafnið að kaupa ákveðna húseign að tilskildu samþykki Alþingis. Samningur sá sem hér um ræðir er staðfestur af þáv. menntmrh. Ragnari Arnalds og fjmrn., Höskuldi Jónssyni þáv. ráðuneytisstjóra. Ég hygg að þar sem í þessum samningi eru ákvæði um að hann taki ekki gildi fyrr en 7 árum eftir undirskrift liggi sú skýring að fjvn. hefur ekki haft þessi gögn undir höndum og ekki borist þau við afgreiðslu málsins. Frá húseiganda liggur fyrir bréf, svo að menn geri sér grein fyrir stærð málsins, um verð á þessari húseign þegar bréfið er ritað sem er 10–11 millj. kr. Ég hef sjálfur undirritað þennan samning sem formaður byggingarnefndar og gerði mér vonir um að staðið yrði við hann, enda tel ég hann glettilega skýran. Viðræður mínar við fjmrh. um þetta mál hafa snúist á þann veg að ég hef orð hans fyrir því að þetta mál verði tekið upp eftir áramótin. Ég geri mér að sjálfsögðu vonir og enda kröfu um að staðið verði við þann samning sem gerður hefur verið. Í ljósi þess tel ég að um það sé að ræða að samningurinn haldi sínu gildi, við hann verði staðið. Þar af leiðandi hef ég ekkert við það að athuga sem slíkt að þessi liður falli niður og segi þess vegna já.

Brtt. 424,n–s samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 464 samþ. með 31:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞSk, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, JGS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, GHelg.

nei: MálmS, PJ, SalÞ, ÞP, ÞÞ, AÓB, ÁHE, BÍG, DS, EH, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GA, HJ, IBA, KE, MB.

12 þm. (RH, SkA, SV, ÞK, AðB, EgJ, GuðmÁ, HBl, KP, KrP, MÁM, ÓE) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu er gert ráð fyrir að veitt verði heimild til þess að kaupa dagblöð fyrir skóla, sjúkrahús og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, allt að 500 eintökum af hverju blaði umfram aðrar heimildir sem í fjárlögunum eru. Aðrar heimildir eru til þess að kaupa 250 eintök fyrir stofnanir ríkisins. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því á 4. gr. að styrkur til dagblaðanna sé samtals 61 millj. 830 þús. kr. Hér sýnist mér of í lagt og ástæðulaust að stefna að þessum útgjöldum ríkissjóðs en með tillögunni er mér sagt að um útgjöld muni verða að ræða sem nemi 54 millj. kr. Ég hef ekki sjálfur sannprófað hvort það er rétt. Ég tel að þessi mikli styrkur til blaðanna og til blaðakaupa í þeirri stöðu sem ríkissjóður er nú sé ekki þess efnis að mögulegt sé að verða við því. Ég er þessu líka gersamlega andvígur. Ég segi nei.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. málsins greiddi ég atkvæði gegn öllum styrkjum til blaða öðrum en blaðakaupum, 250 eintökum, einmitt til þess að þeim yrði dreift á sjúkrastofnanir og ég tel eðlilegt að það sé gert. En hér er allt of mikið í lagt að kaupa 500 blöð í viðbót (Gripið fram í.) nei, í viðbót, ég las það svo, það væru 750 í allt. Það kemur auðvitað ekki til greina og er bara viðbót við blaðastyrk. Þetta er sýnilega gert til þess að bjarga blöðum og kannski stjórnmálaflokkum. Þetta er einn af þessum pólitísku styrkjum sem eru alrangir og ég er algerlega á móti, þó að ég vilji að sjálfsögðu að sjúklingar fái blöðin, annaðhvort að stofnanirnar sjálfar kaupi þau eða ríkið og þar eru 250 blöð nægileg að ég hygg. Ég segi nei.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa talað fyrir þessum lið á fjárlögum, lið 6.1, kaupum á dagblöðum fyrir stofnanir ríkisins, hafa nú kastað grímunni vegna þess að hér stendur umbúðalaust að það eigi að kaupa 500 blöð til viðbótar umfram það sem veitt er til blaðanna. Hér er umbúðalaust verið að tala um þetta sem styrk til blaðanna og var kominn tími til að menn köstuðu grímunni í þessu efni. Hér er verið að tala um ... (**Gripið fram í:** Þetta er sama orðalag.) Þetta er sama orðalag þar sem verið er að vitna til beina styrksins, virðulegi menntmrh., sem ekki hefur kynnt sér þá tillögu sem hér er til meðferðar. Hér er verið að tala um tugi milljóna í vasa flokkssneplanna í landinu, sem fólkið vill ekki sjálft kaupa, í skjóli sjúklinganna og skólanna og þjónustustofnana ríkisins. Ríkisstjórn sem hér er að skera niður útgjöld til almennings á ýmsum sviðum opinberrar þjónustu upp á hundruð milljóna og milljarða króna leyfir sér að koma með þetta framlag hér, þessa tillögu upp á tugi milljóna styrk til flokkssneplanna í landinu. Þetta sýnir bara að tillögur ríkisstjórnarinnar um sparnað og aðhald í ríkisrekstrinum eru markleysa og ekkert annað en markleysa. Ég segi nei.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er hin pólitíska spilling í hæsta gæðaflokki, ef maður getur sagt svo. Núverandi ríkisstjórn er að hygla sínum eigin blöðum, blöðum sem eru svo leiðinleg að fólkið í landinu les þau ekki, blöðum sem væri betur komin annars staðar en að troða þeim upp á sjúklinga. Ég segi nei.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga hljóðar svo: „Að kaupa dagblöð til skóla, sjúkrahúsa og annarra þjónustustofnana ríkisins allt að 500 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. og í lið 6.1." Ef hér er átt við að kaupa 500 eintök á ári, þá er þetta ekki mjög mikil útgjaldaaukning. Í trausti

þess að sú sé meiningin læt ég þessa tillögu afskiptalausa og greiði ekki atkvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Við lestur þess sem hér stóð komst ég að sömu niðurstöðu og hv. 1. þm. Vestf. Hann er nú aldraður en ungur maður í liði sjálfstæðismanna, reikningsglöggur og settur í fjh.- og viðskn. og í erfið mál fyrir þá og fyrrv. starfsmaður í fjmrn., hefur túlkað þetta á allt annan veg miðað við þær upphæðir sem hann gaf upp og því segi ég já.

Páll Pétursson:
Frú forseti. Að sjálfsögðu er túlkun hv. 1. þm. Vestf. röng. Hér er átt við 500 árganga af þessum blöðum. Ég segi já. (**MB:** Með tilliti til að kaupa 500 árganga þá held ég að ég verði að fá að greiða atkvæði.) (**Forseti:** Þm. vill breyta atkvæði sínu og nú verður það — ?) (**MB:** Nei.)

Frv., svo breytt, samþ. með 32:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 496).

Um þingsköp.
Fréttatilkynning utanrrn. um málefni Panama.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Jólapósturinn er nú að berast inn á borð okkar þingmanna eins og til annarra landsmanna og hingað inn á borð Alþingis hafa borist bréf frá utanrrn. Íslands í formi fréttatilkynningar. Það má heita að það séu dagblöð. Annað varðar atburði í Rúmeníu, hitt atburði í Panama. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um hið fyrra nema að við hljótum að fagna því að í Rúmeníu hafa landsmenn fyrir eigin tilverknað feykt burt illvirkja og einræði. Við skulum vona að þar blasi við betri tíð.

En hið síðara, virðulegur forseti, í þessum pósti snertir hernaðaríhlutun og innrás í Panama sem sjálfstætt ríki (**Gripið fram í:** Er þetta ekki umræða utan dagskrár?) og við lesum það hér, virðulegur forseti, að ekki er talin ástæða til þess hjá þeim sem þennan póst skrifar að fordæma það athæfi heldur er beinlínis um að ræða réttlætingu og yfirklór í sambandi við þetta brot á alþjóðalögum á þessum blöðum. Ég bið menn um að kynna sér þennan póst. Ég frábið mér slíkan jólapóst. Ég fyrirverð mig fyrir slíkt stjórnvald og fordæmi að slík afstaða sé tekin í nafni íslenskra stjórnvalda. Það liggur við að mann langi að skríða í felur eftir að hafa fengið slíkar kveðjur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég verð að biðja hv. þm. um að blekkja ekki forseta með því að biðja um umræðu um þingsköp en tala síðan um það sem fremur mætti heyra undir utandagskrárumræðu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því að kjarninn í þeirri fréttatilkynningu sem hér barst nýlega frá utanrrn. er, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hann: „Íslensk stjórnvöld árétta þá stefnu að leysa beri alþjóðleg deilumál með friðsamlegum hætti í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á grundvelli þessarar meginreglu þjóðaréttar er ástæða til að harma að bandarísk stjórnvöld hafa talið sig knúin til að beita vopnavaldi í samskiptum sínum við Panama." Þetta er boðskapurinn. Þetta er sá friðarboðskapur sem utanrrh. hefur látið frá sér fara nú rétt fyrir jólin en ekki það sem hv. 2. þm. Austurl. hélt hér fram áðan.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri í umræðum um þingsköp til að láta koma hér fram að ég tel að það sé algerlega óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fjalli um þá afstöðu sem fram kemur í fréttatilkynningu utanrrn. nr. 111 og birtist í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseta þykir þetta nú allkyndug þingskapaumræða.

Þorsteinn Pálsson:
Frú forseti. Ég tek undir það, þetta er býsna kyndug þingskapaumræða. En hún hefur þegar hafist og nauðsynlegt er að vekja á því athygli að hér á hinu háa Alþingi gerist það nú orðið á hverjum degi þegar hæstv. ríkisstjórn lýsir afstöðu Íslendinga til mikilvægra mála sem gerast á erlendum vettvangi að upp kemur alvarlegur ágreiningur milli stjórnarflokkanna.

Hæstv. utanrrh. varð að setja ofan í við hæstv. forsrh. þegar fjallað var hér um blaðaviðtal við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Og nú hefur það komið upp enn einu sinni að ríkisstjórnin er þverklofin í afstöðu sinni í þessu efni. Sú yfirlýsing sem hæstv. utanrrh. hefur gefið í þessu efni, og ég er í öllum meginatriðum sammála, gengur gegn þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. hefur gefið af sama tilefni. Það hefur því enn einu sinni gerst að hæstv. utanrrh. hefur þurft að setja ofan í við hæstv. forsrh. vegna afstöðu til mikilvægra mála sem gerst hafa á erlendum vettvangi. Ég hygg að ekki einasta sé nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn ræði um þessi efni sín á milli, heldur væri ástæða til þess, frú forseti, að efna til umræðu hér á hinu háa Alþingi um afstöðu Íslendinga í þessum efnum svo fljótt sem verða mál.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti lofar að beita sér fyrir því þegar þing kemur saman að nýju að fram fari umræða af þessu tagi.

SAMEINAÐ ÞING

39. fundur, föstudaginn 22. des.,
að loknum 38. fundi.

Frestun á fundum Alþingis, síðari umr.

Þáltill. forsrh., 256. mál. — Þskj. 455.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 497).

Jólakveðjur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Aðventan hefur verið með annasamara móti hér á hinu háa Alþingi að þessu sinni og friður og ró jólahátíðarinnar er því kærkomið hlé. Hv. alþm. öllum þakka ég góða samvinnu á því ári sem nú hefur senn runnið sitt skeið. Varaforsetum færi ég sérstakar þakkir, svo og hæstv. forsetum deilda. Ég færi starfsfólki Alþingis hugheilar óskir um góða og gleðiríka jólahátíð og þakka því vel unnin störf og mikla þolinmæði í erli daganna. Ég óska þeim sem um langan veg eiga heim að fara góðrar ferðar og góðrar heimkomu og bið fyrir kveðju til fjölskyldna þeirra. Megi okkur öllum auðnast að koma aftur til starfa á nýju ári með frið jólahátíðarinnar í sál og sinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir hlýjar óskir í garð okkar þingmanna og fjölskyldna okkar. Það hefur oft reynt á virðulegan forseta í vandasömu starfi hér í Sþ. það sem af er vetrar. Ég vil fyrir hönd okkar þingmanna þakka henni fyrir líflega og röggsama fundarstjórn og fyrir hönd okkar allra óska ég henni og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Enn fremur vil ég færa öllu starfsliði Alþingis þakkir okkar þingmanna fyrir ómetanleg og vel unnin störf í þágu þingsins, ekki síst nú síðustu daga í þeim önnum sem ríkt hafa. Ég óska því gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs. Vil ég biðja hv. þm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir hlýhug til mín og fjölskyldu minnar og öllum hv. alþm. fyrir að taka undir orð hennar. Ég endurtek óskir mínar um gleðileg jól og gæfuríkt ár öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis til handa, svo og Íslendingum öllum.

Þingfrestun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 112. löggjafarþings, frá 22. desember 1989 eða síðar ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 22. janúar 1990.

Gert í Reykjavík 29. desember 1989.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykktar Alþingis lýsi ég því hér með yfir að þessu þingi, 112. löggjafarþingi, er frestað frá og með deginum í dag og verður kvatt til fundar eigi síðar en 22. janúar 1990.

Ég vil jafnframt, virðulegi forseti, leyfa mér að nota tækifærið og óska öllum hv. þm., starfsliði og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

SAMEINAÐ ÞING

40. fundur, mánudaginn 22. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir Alþingis.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hinn 10. janúar sl. var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 22. janúar 1980, kl. 14.00.

Gert í Reykjavík 10. janúar 1990.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkvæmt þessu bréfi hefjast nú framhaldsfundir Alþingis á nýju ári. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins vil ég óska gleðilegs og góðs nýs árs og þakka fyrir gamla árið. Ég býð menn alla velkomna til þingstarfa og lýsi þeirri von minni að störf okkar megi reynast voru landi til blessunar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þingmanna. Jafnframt vil ég óska hæstv. forsrh., alþingismönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og flyt þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Ég býð alla þingmenn velkomna til starfa á nýju ári.

Samkvæmt forsetabréfi sem forsrh. hefur lesið hefjast nú fundastörf í sameinuðu þingi.

Minning Odds Ólafssonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Oddur Ólafsson læknir og fyrrum alþingismaður andaðist á Reykjalundi að morgni fimmtudagsins 18. janúar. Hann var á átttugasta og fyrsta aldursári.

Oddur Ólafsson var fæddur 26. apríl 1909 á Kalmanstjörn í Höfnum, Gullbringusýslu. Foreldrar hans voru hjónin Ólafur bóndi og hreppstjóri þar, síðar á Óslandi, Ketilsson bónda í Kotvogi Ketilssonar og Steinunn Oddsdóttir prests í Grindavík, er fluttist síðar til Ameríku, Gíslasonar. Oddur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1929 og læknisfræðiprófi í Háskóla Íslands 1936. Hann var við framhaldsnám í sjúkrahúsum í Reykjavík 1936–1937 og í Bandaríkjunum 1942–1943. Almennt lækningaleyfi hlaut hann árið 1940 og var viðurkenndur sérfræðingur í berklalækningum 1943. Hann var aðstoðarlæknir á Vífilsstöðum mánaðartíma 1936 og síðan árin 1937–1942 og 1943–1945. Yfirlæknir Vinnuheimilisins á Reykjalundi var hann 1945–1970, síðan starfaði hann sem ráðgefandi sérfræðingur um ýmis málefni Reykjalundar til júníloka 1972, og oft var hann jafnframt staðgengill héraðslæknisins í Álafosshéraði í forföllum hans. Hann var læknir öryrkjastöðvar Sambands íslenskra berklasjúklinga í Múlalundi í Reykjavík frá stofnun hennar 1959 til 1972. Hann var kosinn þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi 1971 og sat á Alþingi til 1979, á 10 þingum alls. Var forseti sameinaðs Alþingis á haustþinginu 1979. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sat hann 1971 og 1973.

Oddur Ólafsson var einn af stofnendum Sambands íslenskra berklasjúklinga haustið 1938, sat í stjórn frá 1940 og var kjörinn formaður þess 1988. Hann átti sæti í stjórnskipaðri nefnd til að vinna að stofnun vinnuheimilis berklasjúklinga frá 1942 þar til það tók til starfa undir forustu hans, og hann var síðar stjórnarformaður þess 1982–1988. Í stjórn Rauða kross Íslands var hann 1952–1958, formaður framkvæmdaráðs hans 1952–1955. Hann var í stjórn Öryrkjabandalags Íslands frá stofnun þess 1961, formaður stjórnarinnar fyrstu árin. Árið 1986 baðst hann undan setu í stjórninni áfram og var þá kjörinn heiðursformaður bandalagsins. Stjórnarformaður Hússjóðs Öryrkjabandalagsins var hann frá stofnun sjóðsins 1966. Hann átti lengi sæti í stjórn Berklavarnasambands Norðurlanda, fyrst 1949, var í stjórn Alþjóðasambands brjóstholssjúklinga 1960–1965 og í stjórn Öryrkjasambands Norðurlanda 1962–1982. Árið 1957 var hann skipaður í úthlutunarnefnd bifreiða fyrir fatlað fólk, var formaður nefndarinnar 1963–1971. Árið 1959 var hann kosinn í nefnd til að athuga starfsskilyrði aldraðs fólks og í milliþinganefnd um málefni öryrkja. Árið 1970 var hann skipaður formaður endurhæfingarráðs, var skipaður 1971 í endurskoðunarnefnd tryggingakerfisins og aftur í nýja nefnd um almannatryggingar árið 1975. Árið 1971 var hann einnig skipaður í nefnd til að auðvelda fötluðum umferð.

Oddur Ólafsson hlaut þau örlög að veikjast af berklum á námsárum sínum í Háskóla Íslands og tefjast nokkuð í námi af þeim sökum. Hin sára reynsla hans af hælisvist berklasjúklinga virðist hafa mótað ævistarf hans að nokkru. Hann gerðist berklalæknir, og hann skipaði sér í lið hugsjónamanna, sjúkra og heilbrigðra, sem unnu að því í sameiningu að veita sjúklingum á batavegi aðstöðu til að njóta starfskrafta sinna í umsjá læknis. Með stofnun þessara samtaka, Sambands íslenskra berklasjúklinga, var grunnurinn lagður að gifturíku starfi Odds Ólafssonar á Reykjalundi. Hin miklu nefnda- og félagsstörf hans, sem getið hefur verið hér, sýna hve

mikilvirkur hann var og jafnframt hve mikils trausts hann naut. Flest störf hans tengdust aðstoð við sjúka og fatlaða, bættri aðstöðu þeirra til að njóta sín. Vinnuheimilið á Reykjalundi hefur jafnan verið talið frábær stofnun og oft verið sýnt sem slík erlendum gestum, meðal annars mörgum gestum Alþingis. En Oddur Ólafsson lét ekki staðar numið við framkvæmdir þar. Hann var hvatamaður að Múlalundi, vinnustofnun öryrkja, og Múlabæ, dagstofnun aldraða í Reykjavík, í samstarfi við aðra aðila. Undir forustu hans í Öryrkjabandalagi Íslands voru reist á höfuðborgarsvæðinu stórhýsi með íbúðum handa öryrkjum, og öryrkjaíbúðum var komið upp víða um land. Við allar þessar framkvæmdir lögðu að vísu margir hug og hönd að verki og styrkir komu víða að þegar ríkulegur árangur af frumkvæði hugsjónamannanna í forustusveitinni kom í ljós.

Oddur Ólafsson var kominn á sjötugsaldur þegar hann hóf störf á Alþingi. Af störfum hans hér ber hæst forgöngu í velferðarmálum sjúkra og fatlaðra og öðrum heilbrigðismálum. Með hógværð, sanngirni og festu vann hann málum sínum framgang hér sem annars staðar. Við lok þingferils síns var hann orðinn aldursforseti Alþingis.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Odds Ólafssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa tvö eftirfarandi bréf:

„Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum utan í opinberum erindagerðum og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Finnur Ingólfsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Finnur Ingólfsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, svohljóðandi:

„Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Elín Líndal hreppstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Elín Líndal hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hana velkomna til starfa.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þingmönnum til upplýsingar skal þess getið að kl. 4 hefjast hér umræður utan dagskrár sem leyfðar hafa verið skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa og skal hvor um sig ekki standa lengur en í hálftíma. Það er hv. 1. þm. Reykv. sem beðið hefur um að fá að ræða afskipti ríkisstjórnarinnar af fjárhagsvanda Sambands ísl. samvinnufélaga og hv. 3. þm. Vesturl. sem óskar eftir að gera að umræðuefni húsnæðismál lögreglustöðvarinnar í Stykkishólmi.

Flugmálaáætlun 1990–1993, fyrri umr.

Stjtill., 268. mál. — Þskj. 485.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 485, um flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993. Þáltill. þessi er lögð fram í samræmi við 1. gr. laga nr. 31 frá 1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Áætlun sú sem nú er í gildi og er fyrir árin 1988–1991 var samþykkt hér á Alþingi á árinu 1988. Þá var jafnframt gert ráð fyrir því að á tveggja ára fresti verði gildandi fjögurra ára framkvæmdaáætlun endurskoðuð.

Til upprifjunar fyrir hv. alþm. og til fróðleiks, sérstaklega fyrir þá sem ekki voru hér á Alþingi fyrri hluta árs 1987 þegar frv. til umræddra laga var til umfjöllunar, leyfi ég mér að fara nokkrum orðum um aðdraganda þess að lög voru sett um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Hinn 6. febr. 1984 skipaði þáv. samgrh. Matthías Bjarnason nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum og skyldi hún semja áætlun um almenna flugvelli er tæki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar. Nefndinni var einnig falið að gera tillögur um fasta tekjustofna og fjárframlög til framkvæmdanna, svo og til rekstrar flugmála almennt. Þá er þess að geta að nefndinni voru einnig send til athugunar þrjú sérstök verkefni, þ.e. uppbygging Egilsstaðaflugvallar, flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli og gerð varaflugvallar.

Nefndin skilaði skýrslu um starf sitt í október 1986. Efni hennar var rækilega kynnt á sérstakri ráðstefnu

á vegum samgrn. í desember sama ár, en í henni tóku þátt m.a. alþm., sveitarstjórnarmenn, flugrekendur og áhugamenn um framgang íslenskra flugmála. Þau sjónarmið sem fram voru sett á ráðstefnunni komu ráðuneytinu að verulegu gagni við gerð frv. og tillit var tekið til þeirra við framkvæmd tillagna flugmálanefndarinnar. Skýrslan var síðan prentuð sem fskj. með frv. og dreift hér á Alþingi.

Áður en ég læt lokið þessari upprifjun minni og söguskoðun vil ég í fáeinum orðum fjalla um það merka verk nefndarinnar að setja fram í fyrsta skipti áætlun um skipulega uppbyggingu flugvalla. Á grundvelli þeirra markmiða sem nefndin taldi að stefna bæri að við íslenska flugvallagerð og með hliðsjón af ástandi flugvalla á þeim tíma setti hún fram framkvæmdalista með útreiknuðum kostnaði og forgangsviðmiðunum og lagði til að vinna mætti þetta verk á 10 ára tímabili. Á verðlagi ársins 1986, nánar tiltekið í janúar það ár, var heildarkostnaður við framkvæmd tillagna nefndarinnar um tveir milljarðar kr. Þessi tala er nú á verðlagi í október sl. um 3,8 milljarðar kr. Er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar og gengisbreytingar sem orðið hafa síðan 1986 og hafa veruleg áhrif m.a. á kostnað við tækjakaup erlendis frá.

Ég vík nú að þeirri flugmálaáætlun sem hér er til umræðu. Hún er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1990 og spá Flugmálastjórnar um verðlagsþróun til ársloka 1993. Þannig er gert ráð fyrir 12,5% hækkun milli áranna 1990–1991 og 15% hækkun milli áranna 1991–1992 og 1992–1993. Hvað varðar rekstrarliði áætlunarinnar fyrir árið 1990, þá eru þeir settir fram á verðlagi í lok síðasta árs. Í samræmi við framangreind lög er aðeins gert ráð fyrir útgjöldum til framkvæmda í flugmálum samkvæmt mörkuðum tekjustofnun, þ.e. flugvallagjaldi og eldsneytisgjaldi. Enda þótt rekstri Flugmálastjórnar á undanförnum árum séu gerð nokkuð góð skil í greinargerð með þáltill. tel ég þó rétt að fara nokkrum orðum um afkomu hennar um þessar mundir.

Þegar á heildina er litið og árin 1984–1988 eru skoðuð sérstaklega hafa sértekjur stofnunarinnar ásamt framlagi ríkisins staðið undir rekstrargjöldum hennar og afkoma stofnunarinnar því verið góð. Á síðasta ári varð breyting á og hagur stofnunarinnar fór versnandi þegar leið á árið. Þegar tillaga þessi var í smíðum á sl. hausti stefndi í um 100 millj. kr. fjárvöntun hjá stofnuninni. Með auknum fjárheimildum í fjáraukalögum og strangara aðhaldi í útgjöldum stofnunarinnar síðustu mánuði ársins eru horfur á að halli minnki en hann verður þó örugglega á bilinu 30–40 millj. kr. þegar upp verður staðið. Ástæða versnandi afkomu Flugmálastjórnar er fyrst og fremst sú að laun hafa farið úr böndum. Bæði skortir stöðuheimildir og yfirvinna hefur orðið mun meiri en fjárlög áætluðu. Einnig var kostnaður við snjómokstur mun meiri á fyrri hluta síðasta árs en fjárlög gerðu ráð fyrir að hann yrði allt árið. Alvarlegast í þessu máli öllu er að sértekjur stofnunarinnar vegna reksturs á árinu 1989 voru á fjárlögum áætlaðar það háar að vafi leikur á að þær náist þrátt fyrir verulegar hækkanir á gjaldskrá. Hér var boginn spenntur of hátt að mínu mati og til umhugsunar hér á hinu háa Alþingi hversu miklar byrðar hægt er að leggja á flugrekendur við þær aðstæður sem nú ríkja í atvinnurekstrinum um allt land. Þá á ég ekki síst við svæðisflugfélögin, en jafnvel Flugleiðir bera sig illa undan greiðslum þessara gjalda til Flugmálastjórnar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að við útgáfu síðustu gjaldskrár fyrir afnot flugvalla hafa verið stigin skref til að draga úr kostnaði flugrekenda af lendingargjöldum á þeim flugvöllum þar sem farþegafjöldinn er minnstur og veittur sérstakur afsláttur á lendingargjöldum til nokkurra áfangastaða flugvallanna.

Áður en ég lýk umfjöllun minni um rekstur stofnunarinnar vildi ég geta þess að nú er að störfum starfshópur sem í eiga sæti fulltrúar frá samgrn., fjmrn. og Flugmálastjórn og er að vinna að athugun á rekstrargrunni stofnunarinnar með hliðsjón af þeirri þjónustu sem henni ber að veita í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Starfshópnum er falið að leita leiða til að tryggja samræmi á milli útgjaldaákvarðana og fjárlaga hverju sinni. Ég hef jafnframt óskað eftir því við þennan starfshóp að hann kanni og geri tillögur til mín um leiðir sem leitt gætu til aukinnar hagræðingar og sparnaðar í starfsemi Flugmálastjórnar.

Um framkvæmdaáform skv. þeirri endurskoðuðu flugmálaáætlun sem hér liggur fyrir í formi þáltill. vil ég hafa nokkur orð. Eins og fram kemur í greinargerðinni er skipting útgjalda vegna framkvæmda í meginatriðum í samræmi við þá reglu sem getið er um í skýrslu flugmálanefndar um forgangsröðun framkvæmda. Hún er byggð á niðurstöðu sem öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna, Flugmálastjórn og flugráð urðu sammála um og flugmálanefnd ákvað á sínum tíma að gera að tillögu sinni. Örfáar breytingar eru gerðar til hagræðis þegar um er að ræða að ljúka þeim verkefnum sem þegar er byrjað á. Ein veigamikil breyting er þó gerð í þessari tillögu og skv. tillögu flugráðs en hún er að frestað er framkvæmd við þverbraut á Hornafjarðarflugvelli en gert er ráð fyrir framkvæmdum við bundið slitlag á Vestmannaeyjaflugvelli þegar á árinu 1990. Jafnframt er frestað frekari framkvæmdum við flugvellina á Bakkafirði, Fáskrúðsfirði og Ólafsfirði. Einnig hefur verið ákveðið að lengja Húsavíkurflugvöll í a.m.k. 1800 metra á árinu 1990 og flyst hann með því í flokkinn Áætlunarflugvellir I. Ég tel mjög líklegt að mikilvægi vallarins fyrir framþróun í atvinnuflugi aukist í framtíðinni og nefni í því sambandi hugsanlegan útflutning á ferskum eldisfiski og möguleika á aukinni ferðaþjónustu, en sem kunnugt er eru margir af þekktustu ferðamannastöðum landsins í næsta nágrenni við Húsavíkurflugvöll. Að mati sérfræðinga Flugmálastjórnar í flugvallargerð er framkvæmd þessi einföld í sniðum, land er fyrir hendi og kostnaður við lenginguna einungis mældur í fáeinum milljónum króna.

Þá vil ég að lokum nefna að í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í flugmálum frá því í febrúar á síðasta ári er nú gert ráð fyrir að allar framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll taki mið af því að þar verði lagður flugvöllur miðað við ýtrustu afkastagetu tveggja hreyfla þotna og allar þarfir almenns farþegaflugs. Í framhaldi er gert ráð fyrir í þessari tillögu lengingu flugvallarins í allt að 2700 metra á árunum 1992 og 1993, þ.e. á tveimur næstu árum eftir að núverandi og yfirstandandi framkvæmdum við Egilsstaðaflugvöll lýkur.

Varðandi þessar breytingar, sem ég hef nú gert grein fyrir á flugmálaáætlun þessari frá því sem var í upphaflegri fjögurra ára áætlun sem samþykkt var á árinu 1988, vil ég bæta nokkru við. Í fyrsta lagi í sambandi við ákvörðun um að fresta framkvæmdum við þverbraut á Hornafjarðarflugvelli. Það er skv. sérstakri ákvörðun flugráðs sem tók þá ákvörðun að nýta fremur þá peninga til að koma strax bráðabirgðaslitlagi á flugbrautir Vestmannaeyjaflugvallar og ber þar tvennt til. Í fyrsta lagi að ákvörðun um staðsetningu þverbrautar í Hornafirði er vandasöm og sérfræðingar Flugmálastjórnar telja sig ekki tilbúna til að kveða upp úr um þá staðsetningu. Þar þurfi frekari athugana við, þar á meðal sérstaklega vegna sviptivinda í aðflugi og í nágrenni flugvallarins frá nálægum fjöllum. Enn fremur að laust slitlag á Vestmannaeyjaflugvelli hefur skapað mikil vandkvæði í rekstri flugvallarins undanfarin ár. Þar er mjög erfitt um efnisöflun. Það er dýrt að halda þar við óbundnu slitlagi og því fylgja mikil vandkvæði vegna þess hversu vindasamt er í Eyjum eins og kunnugt er. Óbundið slitlag vill því fjúka úr brautinni og veldur jafnvel tjóni á nálægum húsum í leiðinni. Þess vegna hefur það orðið niðurstaða flugráðs að það sé skynsamlegt að fara í þessa tilfærslu og leggja kapp á að koma bundnu slitlagi á flugbrautirnar í Vestmannaeyjum. Verður þar um að ræða klæðningu sem e.t.v. mætti kalla bráðabirgðaslitlag því ætlunin er að með því að leggja klæðningu á brautina sé síðar meir unnt að komast af með þynnra lag af varanlegra slitlagi þegar það kemur, e.t.v. 7 sm malbik í stað 11 annars.

Um lengingu Húsavíkurflugvallar er ekki miklu við að bæta það sem ég áður sagði. Fyrir liggur að þessi framkvæmd er einungis skref í þá átt að gera þann flugvöll betur búinn og fullkominn sem áætlunarflugvöll í 1. flokki. Samtímis lengingunni þarf að rannsaka burðarþol brautarinnar og kanna hversu mikillar styrkingar flugvöllurinn kann að þurfa við til þess að geta fullnægt öllum kröfum flugvalla fyrir stærri flugvélar þannig að brautin þoli snertiþunga stærstu flugvéla. Þessar rannsóknir þarf reyndar að framkvæma á fjölmörgum öðrum íslenskum flugvöllum eigi þeir að geta tekið á móti stærri flugvélum af þeirri einföldu ástæðu að flestir flugvellir okkar voru upphaflega lagðir áður en til komu rannsóknir á burðarþoli sambærilegar við þær sem nú eru gerðar kröfur um. Og í fæstum tilvikum var um jarðvegsskipti að ræða þannig að óyggjandi geti talist að burðarþol flugbrautanna sé fullnægjandi. Sama á við um Sauðárkróksflugvöll. Sambærilegar rannsóknir á burðarþoli brautarinnar þar þarf að framkvæma áður en sá flugvöllur verður lagður bundnu slitlagi og geti svo að óyggjandi teljist tekið við stærstu flugvélum.

Kostnaður við þessa lengingu á Húsavíkurflugvelli er hverfandi lítill, áætlaður um 4 millj. kr. Þeir peningar eru reyndar til, merktir Húsavíkurflugvelli þar sem framkvæmdir við öryggissvæði og stækkun flughlaðs á síðasta ári urðu ódýrari en reiknað hafði verið með. Sýnist því skynsamleg ráðstöfun að færa það fjármagn yfir í þessa lengingu.

Ákvörðun um að fresta frekari framkvæmdum á Bakkafirði, Fáskrúðsfirði og Ólafsfirði á sér sömuleiðis ákveðnar skýringar. Í Ólafsfirði er nærtækast að nefna þær miklu samgöngubætur sem þar eru nú í sjónmáli á landi og ættu að gera mikilvægi flugvallarins minna en ella. Á Fáskrúðsfirði hefur áætlunarflugi verið hætt og er því ekki talið réttlætanlegt að svo stöddu að ráðstafa þar meira fjármagni. Flug um flugvöllinn á Bakkafirði er orðið mjög lítið og nágrannaflugvellir á Vopnafirði og Þórshöfn nýtast heimamönnum orðið mun meir til flugsamgangna en Bakkafjarðarflugvöllur sjálfur.

Að öðru leyti er, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, um nánast óbreytta framkvæmdaröð og forgangsröð verkefna að ræða frá hinni upphaflegu flugmálaáætlun, enda hefur sú vinna staðist reynsluna og tímans tönn. Í raun og veru hefur ekki, þrátt fyrir yfirferð á þeim málum, verið talin nein ástæða til breytinga þar á. Um flugmálaáætlunina í heild sinni, þ.e. það 10 ára tímabil sem upphaflega var upp sett og var eins og ég áður hef gert grein fyrir á verðlagi ársins 1986 upp á um 2 milljarða kr. en núna nálægt 3,8 milljörðum ef það er framreiknað, má segja að hún hafi lítillega teygt á sér. Ætla mætti að það 10 ára tímabil tæki miðað við horfur 11–11½ ár í framkvæmd og nokkuð vanti upp á að fyrstu tvö árin eins og þau voru upp sett hafi öll verið framkvæmd. Þar munar þó ekki miklu og því má segja að horfurnar eins og þær voru settar upp miðað við fullnýtingu hinna mörkuðu tekjustofna séu allgóðar hvað það snertir að það náist að ljúka þessum framkvæmdum á 10–11 árum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að vekja á því enn sterkari athygli en fram kom í máli hæstv. ráðherra hversu mikil tímamót hafa orðið í fjárveitingum til flugmála, bæði hjá Flugmálastjórn og eins til framkvæmda í flugmálum við setningu laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Þetta var mikið þarfaverk sem þá var unnið á hv. Alþingi undir forustu þáv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar. Nauðsynlegt er að muna eftir því að til þeirra verka megi rekja það að nú er hægt að skila þessum málum verulega áfram miðað við þá áætlun sem hér liggur fyrir.

Ég ætlaði einnig að minnast á það að hæstv. ráðherra vék lauslega að því að á síðasta ári hafi orðið alvarlegur halli hjá Flugmálastjórn. Hvort tveggja

hefði gerst að laun og önnur rekstrargjöld hefðu farið verulega fram úr því sem fjárlög gerðu ráð fyrir svo og snjómokstur, en tekjur hefðu ekki skilað sér eins og fjárlög gerðu ráð fyrir. Þetta er alvarlegt og þó því hafi, eins og hæstv. ráðherra sagði, að nokkru verið mætt með afgreiðslu fjáraukalaga nú skömmu fyrir jól, þá gaf hæstv. ráðherra í skyn að ekki væru öll kurl til grafar komin varðandi sl. ár. Er þetta einn þátturinn í því sem væntanlega á eftir að koma til meðferðar hér á hinu háa Alþingi varðandi meiri halla í fjármálum ríkisins en við gerðum þó ráð fyrir. Hér er fyrsta vísbendingin í þá átt frá hæstv. ríkisstjórn.

Ég minni enn fremur á að fjárlög fyrir þetta ár voru afgreidd með þeim hætti varðandi þessa stofnun, Flugmálastjórn, og menn horfðu á það með opnum augum, að mér virtist, meiri hl. hv. fjvn. og hæstv. ríkisstjórn, að þar vantaði inn í launalið Flugmálastjórnar um 47–48 millj. kr. Og mér er spurn hvort hæstv. samgrh. hyggist ná þessum sparnaði í launum hjá stofnuninni og þá með hvaða hætti. Það fengust engin viðhlítandi svör við spurningum um þetta atriði við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár. Nú vænti ég að þó að hæstv. ráðherra hafi skipað nefnd hljóti þar að verða einhver stefna sem sú nefnd á að starfa eftir. Spurningin er hvort það sé meiningin að skera eigi niður starfsemi Flugmálastjórnar með þeim hætti að ná megi sparnaði upp á 47–48 millj. kr. í launaútgjöldum eða á hvern hátt þetta gat eigi að fylla.

Það hafði áður tíðkast að Flugmálastjórn stóð býsna vel við þær áætlanir sem gerðar voru við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni. Það er mjög illt að taka upp þau vinnubrögð við afgreiðslu fjárlaga að setja stofnunum ríkisins sem, að því er best verður séð, hafa staðið vel að sínum málum, svo þrönga kosti í afgreiðslu fjárlaga að vitað sé að ekki er hægt að standa við þá. Svo sýnist mér vera um þessa stofnun, þ.e. Flugmálastjórn.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla hér um skiptingu framkvæmdafjár. Sú tillaga sem hér er á ferðinni gengur til fjvn. og verður þar tekin til meðferðar. Væri miklu eðlilegra að fjalla um skiptingu framkvæmdafjár og einstök mál af því tagi eftir að vinna hefur farið fram í þeirri nefnd. Ég vildi því aðeins í fyrsta lagi vekja á því athygli hversu mikil þáttaskil eru með setningu laganna 1987 og í annan stað lýsa því að ég tel það mikla afturför, og í rauninni stórkostlega aðfinnsluvert, að halda á málum við afgreiðslu fjárlaga eins og gert hefur verið bæði fyrir árið 1989 og fyrir árið 1990 með þeim hætti að sýnilegt er að stofnuninni er ekki nokkur leið að halda sig innan þess ramma sem þar er settur. Og ekki er vitað til þess að auðvelt sé að fá til að mynda flugumferðarstjóra til að vinna í sjálfboðavinnu við sín störf eða aðra starfsmenn á þessari stofnun.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Mér þykir rétt við fyrri umræðu þessa máls að vekja athygli á ákveðnu máli og beina því til hæstv. ráðherra og fjvn. en það er fjárframlög til Ísafjarðarflugvallar.

Nú vita allir hv. þm. ábyggilega að flugið á þetta svæði er með meira móti en kannski tíðkast annars staðar, hlutfallslega varðandi íbúafjöldann. Þetta er nánast eina samgönguleiðin oft og tíðum. Ástand flugvallarins er þannig að þar þarf að skipta um jarðveg til þess að sá flugvöllur verði nothæfur. Hvað slíkt kostar veit ég ekki, en að því þyrfti að hyggja þegar litið er til þess að hér er verið að tala um fjögurra ára áætlun að Ísafjarðarflugvöllur er malarvöllur. Að vísu er bundið slitlag á litlum hluta annars endans. Auðvitað þarf að koma slitlag á þennan völl og það er augljóst að við Vestfirðingar munum ekki sætta okkur við það að næstu fjögur ár líði án þess að farið sé að huga að slitlagi á þennan völl.

Ég ætla ekki að fara að bera saman þær upphæðir sem ætlaðar eru til hinna einstöku staða, en þær eru auðvitað og kannski eðlilega misjafnar, eins og staðirnir eru margir. En sumar tölur stinga auðvitað í stúf. Þær eru kannski mikilvægar. Það er allt upp undir 50 millj. kr. fjárveiting á þessu ári til sumra staða, og ekki er ég að halda því fram að það sé ekki nauðsyn. En ég held að það verði óhjákvæmilegt að breyta þarna fjárveitingum að því er varðar Ísafjarðarflugvöll á þessum árafjölda sem er verið að ræða um í þessari tillögugerð. (**PJ:** Það eru 100 millj. veittar.) 100 millj. Já, það kann að vera rétt. Ég hef ekki farið yfir alla staðina, en það verður trúlega búið að kanna betur fyrir næstu umræðu um þetta mál hvernig skiptingin er og hvað er fyrirhugað að gera. Ég vildi hins vegar koma þessu varðandi Ísafjarðarflugvöll strax inn í þessa umræðu sem ég held að sé óhjákvæmilegt að breyta við afgreiðslu þessarar áætlunar, hjá því verði ekki komist.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi að sjálfsögðu stuðningi við þessa þáltill. um flugmálaáætlun fyrir 1990–1993 um leið og ég undirstrika þá ákvörðun sem var tekin 1987, að taka flugmálin á þennan veg eins og hefur verið síðan, ætla þeim ákveðna tekjustofna og síðan að byggja upp áætlun sem á að fylgja eftir í öllum atriðum. Þetta er vissulega til bóta þó að alltaf megi segja að það vanti meira fjármagn, en miðað við það tímabil sem liðið er af þessari áætlun hefur það sýnt sig að hún sannar að hér er rétt að verki staðið og það er fullkomin ástæða fyrir Alþingi að standa við þá ákvörðun sem þá var tekin, að þarna verði ekki á slakað. Svo mikilvægir eru flugvellir hér á landi. Við verðum náttúrlega að viðurkenna það að meiri hluti þeirra er í óviðunandi ástandi en flugið hefur sannað og sannar með hverju ári sem líður mikilvægi þess fyrir samgöngur hér á landi.

Ég kom nú hér fyrst og fremst upp til þess að lýsa þessu yfir og einnig því að ég tel að það sé mjög slæmt og raunar geti það verið hættulegt spor aftur á bak hjá Flugmálastjórn, sem á undanförnum árum hefur sannað að þar hefur verið mjög vel á haldið, bæði að því er varðar rekstur og framkvæmdastjórn, ef þar verður afturkippur þegar kemur í ljós að þar vantar tugi milljóna á hverju ári gæti það orðið mjög hættu-

legt. Í höndum Flugmálastjórnar er ekki aðeins dagleg umsjón og áætlunargerð um innlent flug heldur eru aðalumsvifin jafnvel enn þá meiri í sambandi við alþjóðaflug. Og það væri mjög illa farið ef þetta form, rekstur Flugmálastjórnar, fer að ganga það illa vegna fjárskorts að ekki sé hægt að sinna eðlilegum flugrekstri.

Það kom í ljós, eins og hér hefur raunar komið fram við fjárlagagerðina fyrir yfirstandandi ár, að Flugmálastjórn eða rekstrarstjórnin taldi að það vantaði allmiklar fjárhæðir í reksturinn. Þetta hafði hins vegar þann ókost að ekki hafði verið gerð grein fyrir þessu í fjárlagagerðinni sjálfri og samgrn. kom þess vegna ekki inn í málið á eðlilegan máta miðað við fjárlagagerðina. Að sjálfsögðu voru um þessa niðurstöðu skiptar skoðanir en ákveðið var að fallast á að gerð yrði tafarlaus endurskoðun á þessari rekstraruppsetningu, hvort um væri að ræða eitthvað sem mætti lagfæra á annan veg og að sjálfsögðu bíða menn eftir því að slíkri endurskoðun verði lokið þannig að tryggt sé að þessi mikilvæga starfsemi fyrir Ísland bíði ekki hnekki af innri ástæðum. Ég vil enn undirstrika það að menn trúa því, miðað við það sem reynslan hefur sýnt, að þeir sem halda um stjórnvöl þessarar mikilvægu starfsemi séu menn sem kunna til verka. Þess vegna vil ég taka undir það sem hér hefur raunar komið fram, að fljótlega verði upplýst hvað kemur út úr þessari endurskoðun.

Ég ætla ekki að fara meira út í þetta. Þetta mál kemur að sjálfsögðu til fjvn. og þá verður hægt að fara ítarlega ofan í alla þætti flugmálaáætlunarinnar. Og það má vel vera að víða þurfi að athuga það vel eða fá meiri upplýsingar um það þegar um er að ræða fjögurra ára áætlun. Það er alltaf eitthvað sem kemur þar upp og ég tek undir það með síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vestf., að þegar maður horfir á Ísafjörð og þá aðstöðu sem íbúar þar búa við í samgöngumálum — ég hef komið oftar en einu sinni á þennan flugvöll á Ísafirði — tel ég alveg augljóst mál að þarna þarf úrbóta við til þess að tryggja betur það mikilvæga flug sem er frá þessum stað. Og ég held að hvað varðar þessa áætlun þurfi líka að athuga fleiri staði þar sem aðstaðan er það langt komin að hægt verði að nýta flugvellina til meiri útflutnings gegnum flugið en áður hefur verið, það þurfi einnig að skoða. Allt þetta verður að sjálfsögðu farið yfir í fjvn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Ég tek undir það og tók reyndar undir það í mínu máli með hv. þm. Pálma Jónssyni, 2. þm. Norðurl. v., að flugmálaáætlunin var á sínum tíma tímamótaplagg og einmitt þess vegna rakti ég nokkuð aðdraganda málsins. Ég vildi undirstrika það í minni ræðu að ég tel að samþykkt flugmálaáætlunarinnar á sínum tíma og málafylgja forvera míns, hv. 1. þm. Vestf., hafi verið til fyrirmyndar í því máli og stendur síst til af minni hálfu að draga úr því. Ég held að hér hafi vel til tekist og það hilli undir sambærilega betri tíð í vinnubrögðum hvað uppbyggingu flugmálanna snertir eins og ég tel að hafi gert og hafi fylgt í kjölfar samþykktar langtímaáætlunar um vegagerð á sínum tíma nokkrum árum fyrr, enda þarf ég ekki að taka það fram að ég var einn í hópi þeirra þingmanna sem studdu eindregið áætlunina eins og hún var lögð hér fyrir og lögfest á sínum tíma.

Í sambandi við rekstrarvanda Flugmálastjórnar get ég tekið undir það að það eru vissulega vonbrigði og alvarlegt að stofnunin hefur nú ekki náð endum saman með sama hætti og áður gerðist og tókst nokkuð vel um árabil. Ég hef þó ástæðu til að ætla að það sé við tímabundna erfiðleika að etja sem við náum fyrir og ég greindi frá því að sérstakur starfshópur hefur nú hafið störf til að fara rækilega ofan í saumana á því máli. Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga þegar rekstur Flugmálastjórnar er sérstaklega skoðaður og er til umræðu. Þar er um nokkuð sérhæfða starfsemi að ræða. Yfirvinna lýtur þar til að mynda öðrum lögmálum en víða annars staðar. Hana er ekki unnt að skera niður með pennastrikum án þess að það geti haft umtalsverðar afleiðingar í sambandi við flugþjónustuna og jafnvel komið inn á öryggisþætti þeirrar starfsemi sem eru, eins og öllum er kunnugt, mjög viðkvæmir. Það er því af ýmsum ástæðum e.t.v. ekki jafnauðvelt að ná í skyndingu með einhverjum pólitískum ákvörðunum markmiðum um sparnað þegar starfsemin lýtur lögmálum af því tagi sem gerist í flugrekstrinum og er mjög samtvinnuð við annars vegar öryggisþætti og hins vegar umsamda þjónustu sem við veitum í alþjóðlegri flugumferðarstjórn. Þetta veit ég að hv. þm. er kunnugt og þarf ekki að útskýra frekar en veldur því að nauðsynlegt er að fara mjög vandlega yfir þessi mál, og ekki er í skyndingu unnt að taka þar ákvarðanir um miklar sviptingar í rekstri. Ég fagna því einmitt sérstaklega í þessu sambandi að tillagan gengur til hv. fjvn. og þar er þá hinn rétti vettvangur til þess í samráði við samgrn. og fjmrn. að fara yfir þessi mál.

Með hv. 3. þm. Vestf. tek ég undir að Ísafjarðarflugvöllur er auðvitað gríðarlega mikilvægur flugvöllur í þeim landshluta og það er slæmt að ekki skuli unnt, samkvæmt þessari tillögu, að setja meira fjármagn til framkvæmda þar. Brautin þar er að vísu eins og fjölmargar aðrar ákaflega ófullkomin miðað við það sem við stefnum að að flugbrautir verði í lok flugmálaáætlunar, en það hefur orðið niðurstaðan, byggð á þeirri vinnu, sem ég gerði grein fyrir, og þeirri forgangsröð sem Flugmálastjórn, flugráð og Félag ísl. atvinnuflugmanna settu upp, að endanlegur frágangur flugbrauta er aftarlega í áætluninni. Ýmis önnur öryggisatriði, svo sem flugleiðsögutæki og búnaður við vellina, urðu þar framar. Þetta varð sem sagt sérfræðileg niðurstaða sem á stundum getur virst stangast á við þarfir líðandi stundar hvað flugreksturinn sjálfan snertir, en þar er það oft hið sýnilega, flugbrautirnar og vandræðin sem þar eru á ferðinni, sem menn einblína á. Hinu má þó ekki gleyma að hið ósýnilega getur verið fullt eins mikilvægt og jafnvel enn þá mikilvægara fyrir þá sem að endingu eru ábyrgir fyrir örygginu, flugmennina sjálfa og flugrekendurna.

En síðan er það svo, hv. þm., að e.t.v. kunna að gerast þeir hlutir að menn vilji taka uppbyggingu flugmannvirkja á Vestfjarðasvæðinu norðanverðu til endurskoðunar. Samgöngubætur á landi geta auðvitað haft þar sambærileg áhrif eins og ég gerði grein fyrir að nú ættu sér stað með Ólafsfjarðarflugvöll. Þar telja menn ekki lengur sömu forsendur fyrir hendi að setja þar fjármagn í uppbyggingu flugvallar eins og áður var þegar komnar eru öruggar samgöngur á landi til miklu fullkomnari flugvalla eins og þar er að gerast. Ég hef þó síður en svo á móti því að hv. fjvn. og þá gjarnan í samráði við sérfræðinga Flugmálastjórnar skoði það hvort unnt væri að færa eitthvað til fjármagn þannig að um meiri fjárveitingar en þær sem þarna getur gæti orðið að ræða til flugvallarins á Ísafirði.

Ég hygg að ég hafi þá svarað þeim hv. þm. sem beindu sérstaklega máli sínu til mín og hafi mér láðst að geta þess í fyrri ræðu, virðulegur forseti, þá legg ég að sjálfsögðu til að tillögunni verði vísað til hv. fjvn. sem ég veit að mun vinna vel að þessu máli eins og öllum öðrum sem hún tekur fyrir af sinni alkunnu snilld.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hæstv. samgrh. Sú draumsýn sem menn eru nú með uppi varðandi bættar samgöngur á þessu svæði knýr kannski frekar á um það að flugvöllurinn á Ísafirði verði lagfærður. Það eru líka rök og ekki minnstu rökin. Verði farið í þetta, sem ég vona, sem nú er rætt innan ríkisstjórnar í jarðgangagerð og þeim flýtt á þessu svæði knýr það auðvitað frekar á um að flugvöllurinn verði lagfærður. Ég er nokkuð viss um það að flugvöllurinn á Ísafirði er einna ískyggilegasti flugvöllur til aðkomu á öllu landinu. Það er enn ein ástæðan fyrir því að þarna þarf betur að gera.

Hæstv. ráðherra vísaði hér til öryggismálanefndar flugmanna. Ég man eftir því fyrir allmörgum árum að þá var sú nefnd algjörlega andvíg því að lagt yrði bundið slitlag á Ísafjarðarflugvöll. Þá var það talið hættulegt. Og ég hef engin rök til þess að færa gegn slíku þar sem sérfræðingar eiga í hlut. En þá var því líka borið við að til þess að það mætti gerast þyrfti að koma sandburður. Honum þyrfti að koma í lag. Nú er hann kominn fyrir löngu síðan þannig að engin rök af þessu tagi gagna núna til þess að komið verði í veg fyrir að slitlag verði lagt á Ísafjarðarflugvöll.

Ég sagði áðan að skipta þyrfti um jarðveg. Hversu mikið það kostar veit ég ekki. Það verður að gerast á þessu ári, og það hefði auðvitað þurft að sjást, a.m.k. í lok þessa áætlunartímabils, að þá væri komið bundið slitlag á þennan flugvöll. Auðvitað eru mörg önnur verkefni og þau brýn og kannski lítur hver sjálfum sér næst. En ég held þó að almennt séu menn nokkuð sammála um það að Ísafjarðarvellinum verði að gera betur til góða en gert hefur verið og ég vænti þess að með afgreiðslu þessarar áætlunar á þessu áætlunartímabili verði hægt að ráða fram úr því að á þessu tímabili verði flugvöllurinn malbikaður.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um framkvæmdir á Ísafjarðarflugvelli sem vafalaust eru brýnar og ábyggilega þarfar eins og víða hvar annars staðar í flugmálum okkar Íslendinga. En hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason nefndi þá draumsýn sem nú hefði verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar um bættar samgöngur á Vestfjörðum með jarðgangagerð og að nauðsynlegt væri að tengja þá draumsýn við framkvæmdir í raun í flugmálum Vestfirðinga. Allt má þetta nú vera rétt.

Ég hafði í sjálfu sér tekið eftir því að hæstv. samgrh. hafði látið frá sér fara í fjölmiðlum upplýsingar þess efnis að fyrir dyrum stæði að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum. Út af fyrir sig er það vel, en væntanlega er það réttilega orðað hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að það sé draumsýn vegna þess að þessi hæstv. samgrh. hefur nú beitt sér fyrir því að skera niður framlög til vegamála, í fyrsta lagi á árinu 1989 um 682 millj. kr., og hann hugðist beita sér fyrir því að skera niður framlög til vegamála á árinu 1990 um 1015 millj. kr. sem breyttist nokkuð í meðförum Alþingis þannig að það mun hafa orðið í raun 675 millj. kr. Þegar hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. samgrh. í þessum málaflokki starfar með þessum hætti í vegamálum er það ábyggilega rétt orðað að það sé draumsýn að eitthvað sé á döfinni að flýta framkvæmdum í þessum málaflokki hvort sem það er á Vestfjörðum eða annars staðar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hv. 2. þm. Norðurl. v. var hér iðulega í góðu skapi fyrir jólin, geislaði af honum ánægjan með lífið og tilveruna. Ég sé að ekki hefur hann komið illa undan hátíðahaldinu því ekki liggur síður á honum nú og er hrein unun að hitta hann aftur hér við störf í svona góðu skapi og með þessu jákvæða hugarfari. Hann velur sér skemmtileg orð, eins og til að mynda þau að undir forustu samgrh. sé framkvæmdafé til vegamála skorið niður og samgrh. beiti sér alveg sérstaklega fyrir því að ná nú þessu niður, skera þetta niður alveg eins og mögulega sé hægt. Þetta væri nú svo sem allt í lagi ef innstæður væru fyrir orðunum, ef hv. þm. gæti staðið við það sem hann er að segja. Það getur hann að vísu ekki — og þó, það fer eftir því hvernig forsendur hann gefur sér. Það er til að mynda ljóst að raungildi vegafjár er að aukast milli ára og er meira nú en það var þegar sú ríkisstjórn sem hv. 2. þm. Norðurl. v. studdi, og stýrði reyndar fjárveitingamálum fyrir, skammtaði til þeirra mála. Það vill svo til að hægt er að sýna fram á það með óyggjandi staðreyndum að framkvæmdafé til vegamála er að aukast milli ára, frá og með árinu 1988, bæði í raungildi og sem hlutfall af þjóðartekjum. Að vísu eru þær, hinar nefndu þjóðartekjur, því miður að dragast saman en eftir stendur sú staðreynd að framkvæmdafé er að aukast. Og þegar það er lagt saman verður mönnum þetta ljóst. Það er hins vegar rétt að miðað við þær vonir sem við gerðum okkur um framlög til þessa málaflokks hér á Alþingi þegar við afgreiddum veg-

áætlun á vormánuðum 1989 er um lækkun frá þeirri krónutölu að ræða. Það er niðurskurður frá þeirri áætlun en það er ekki niðurskurður frá því sem var veitt til vegamálanna árið þar á undan og árin þar á undan, heldur er þar á ferðinni aukning.

Þetta hef ég nú reyndar nokkrum sinnum reynt að útskýra fyrir hv. þm. og þm. öðrum og er tilbúinn til að gera það eins oft og þarf og eins oft og menn vilja. Hvort það er bara draumsýn eða verður að veruleika að við getum, vegna sérstakra aðstæðna á Vestfjörðum og vegna þess að mat manna verði að það sé skynsamleg ráðstöfun, ráðist fyrr í og flýtt þeim samgöngubótum sem þar eru áformaðar samkvæmt gildandi vegáætlun, það verður til umfjöllunar á næstu dögum og m.a. hafði ég hugsað mér að kynna hv. fjvn. það eins fljótt og við verður komið, helst með fundi á morgun. Þá geta hv. þm. og þar á meðal 2. þm. Norðurl. v. fengið hjá mér allar upplýsingar sem þeir vilja um þær hugmyndir um þetta efni sem ég hef kynnt. Ég hef hvorki gert meira né minna en það og ekkert annað hefur komið fram í fjölmiðlum en að ég hef kynnt mönnum hugmyndir um þessa flýtingu, hvað hún kynni að útheimta í fjármagnskostnaði og hvaða tæknilegir möguleikar séu á því að ráðast í þær framkvæmdir.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur þessa umræðu þar sem óhjákvæmilegt er að beina til hans fyrirspurnum varðandi varaflugvöll sem lagður yrði með fé úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. utanrrh. hefur lýst yfir hér í þinginu að hann mundi gefa heimild til þess fyrir árslok 1989 að gerð yrði könnun á því hvar hagkvæmast væri að leggja varaflugvöll sem fjármagnaður yrði úr Mannvirkjasjóðnum. Ég óska eftir því að þessari umræðu verði frestað þannig að kostur gefist á því að ræða málið við hæstv. utanrrh. (**Forseti:** Forseti vill fara þess á leit við hv. 2. þm. Norðurl. e. að honum gefist kostur á að bera fram fsp. hér í þinginu til hæstv. utanrrh. Eins og hv. þm. hlýtur að skilja er afar erfitt fyrir forseta þingsins að halda dagskrá ef mál frestast á þennan hátt þar sem ótal aðrir möguleikar eru til að fá svör við því sem hv. þm. er að spyrja um. Það er verið að athuga hvort hæstv. utanrrh. er viðlátinn en miðað við dagskrá dagsins í dag er afar erfitt að verða við óskum hv. þm. Ég vildi biðja hv. þm. að leyfa málinu að fara til nefndar en skal jafnframt tryggja hv. þm. tíma í fyrirspurnatíma.)

Ég hlýt að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að hæstv. forseti er samherji hæstv. samgrh. í þessu máli sem varðar fsp. mína. Ég álít að það sé rétt og nauðsynlegt að forseti þingsins reyni að horfa fram yfir flokkshagsmuni í úrskurðum sínum þó svo hann hafi lýst því yfir í forsetastóli að hann líti ekki á sig sem forseta sjálfstæðismanna eða þingflokks Sjálfstfl. (**Forseti:** Ég vil taka það skýrt fram að forseti talaði ekki sem stuðningsmaður eins eða neins af þeim þingflokkum sem hér eru við störf, þó vitanlega sé forseti hluti af einum þeirra, heldur var mál mitt einungis til þess að halda þeirri dagskrá sem lögð hefur verið fyrir. Ég held að allur hv. þingheimur telji mikilvægt að flugmálaáætlun verði afgreidd. Vil ég þess vegna enn ítreka ósk mína um að hv. þm. eigi orðastað við hæstv. utanrrh. í næsta fyrirspurnatíma og ég skal reyna að tryggja að svo geti orðið.) Hæstv. forseti virðist ekki skilja að það mál sem ég er hér að tala um varðar flugsamgöngur hér á landi. Hæstv. utanrrh. er meira og minna fjarverandi og hefur enginn ráðherra verið fjarverandi jafnmikið og hann. En mér skilst á hinn bóginn að hann ætli að nota tímann núna til þess að ferðast um landið á kostnað ríkisins með því að efna til áróðursfunda fyrir Alþfl. og kallar það fundahöld um Evrópubandalagið. Ber auðvitað að virða það að hæstv. utanrrh. skuli stundum vilja ferðast um sitt eigið land. En það breytir ekki hinu að honum ber þingleg skylda að vera hér í húsinu. Ég gæti sætt mig við að hæstv. forsrh. yrði þá fyrir svörum hér, en það er algjörlega óviðunandi að hæstv. ráðherrar virði ekki þann lágmarksrétt þingmanna að vera viðstaddir umræður.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að þess eru dæmi að hæstv. ráðherrar svari út úr beinum fyrirspurnum sem til þeirra er beint, eins og hæstv. fjmrh. gerði fyrir jólin, og ég hygg þess vegna að óhjákvæmilegt sé, og vil enn ítreka við hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til þess, að ná í ráðherrana. Ég sé ekki annað en hægt eigi að vera að slá þessari umræðu á frest, þingflokksfundir byrja ekki fyrr en kl. 5 og það hlýtur að vera þá svigrúm til þess að ræða þetta mál kl. 4. Ég held það hljóti að vera. Ég vil endilega biðja hæstv. forseta að virða rétt þingmanna til þess að varpa fsp. til ráðherra. Og ég vil beina því til hæstv. forseta að hann sjái til þess í sambandi við fundarstjórn að ekki sé gert upp á milli þingmanna eftir því hvar þeir eru í pólitík. — Er hæstv. forsrh. í húsinu? (**Forseti:** Forseti vill spyrja: Hefur hv. þm. lokið máli sínu?) Ég er að spyrja hæstv. forseta hvort forsrh. sé í húsinu og óska eftir því að náð sé í hann til þess að hægt sé að halda umræðunni áfram. (**Forseti:** Nú hefur forseti látið sér nægja að gera tilraun til að ná í hæstv. utanrrh.) Ég hef óskað eftir því að öðrum kosti að náð verði í hæstv. forsrh. (**Forseti:** Forseti skal verða við því að athuga hvort slíkt sé mögulegt. En forseti vill taka skýrt fram að hún vísar á bug þeim dylgjum sem hér hafa verið hafðar í frammi um að forseti geri mun á réttindum þingmanna hér eftir því til hvaða þingflokka þeir heyra, það er ekki rétt.) Það var ekki fullyrðing þess þingmanns sem stendur nú í ræðustól að forseti liti ekki á sig sem forseta þingmanna Sjálfstfl., það var fullyrðing forsetans sjálfs. (**Forseti:** Forseti mun gefa hv. þm. útdrátt úr umræddum ummælum svo það liggi ljóst fyrir að þetta er rangt. — Hefur hv. þm. lokið ræðu sinni?) Liggur það fyrir, hæstv. forseti, hvort hæstv. forsrh. er í húsinu? Þá er best að vera rólegur þangað til. (**Forseti:** Ég hefði viljað fara þess á leit við hv. þm. að næsti hv. þm. á mælendaskrá fengi þá að ljúka ræðu sinni á meðan þar sem hv. 2. þm. Norðurl. e. á síðan

tækifæri til að koma aftur í ræðustól, svo við nýtum tímann betur en að sitja hér og bíða.)

Það er fróðlegt að sjá hvernig þinghaldið gengur. Núna á jólaföstu var það þannig að hér var ekki hægt að halda uppi eðlilegum þingstörfum vegna þess að hæstv. ríkisstjórn var svo seint tilbúin með sín mál að ekki vannst tími, hvorki til að ræða málin né vinna að þeim í nefndum. Nú erum við hér að ræða um flugmálaáætlun og það er ekki hægt að fá svarað einföldustu fsp. um mál er varða flugmál og hæstv. forseti er svo órólegur að hann ber í bjölluna meðan verið er að ... (**Forseti:** Hv. þm. hefur einfaldlega lokið ræðutíma sínum.) Ég ætla að biðja hæstv. forseta að vera ekki að grípa fram í meðan verið er að ræða þau mál sem beint varða þá þáltill. sem hér liggur fyrir. En þetta lýsir náttúrlega mætavel vinnubrögðum hér á þinginu, þetta lýsir mætavel þeirri sanngirni sem menn eiga von á hér þegar ekki er séð til þess að ráðherrar séu við umræður. Hæstv. forseti synjar um það að gera hlé á umræðunni meðan verið er að ná í þá og hafnar góðri samvinnu við þingmenn um vinnubrögð á Alþingi. Þetta er náttúrlega mjög alvarlegur hlutur. En á hinn bóginn komast einstakir ráðherrar upp með það að fara blaðskellandi í fjölmiðla af og til, svara einu í dag og öðru á morgun. En ef þingmenn fara hins vegar fram á það með fullri einurð og kurteisi að þeir standi fyrir svörum hér í þinginu eru viðbrögð ráðherra þau að reyna að drepa á dreif slíkum tilraunum og standa gegn því að mál upplýsist. Þetta er auðvitað hörmuleg frammistaða en er í fullu samræmi við þann tvískinnung sem er í þessum málum og varðar m.a. það kjördæmi sem hæstv. samgrh. er frá. Tvískinnung sem ekki aðeins kemur fram í afstöðu til samgöngumála, flugmála, tvískinnung sem kemur fram í afstöðu til vegamála og tvískinnung sem kemur fram í afstöðu til atvinnuuppbyggingar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég taka fram að ég hef ekki hafnað neinni beiðni um frestun. Ég hef farið að beiðni hv. þm. og hingað eru á leiðinni hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Merkið sem ég var að gefa hv. þm. var að hann hafði einfaldlega, eins og aðrir þm. stundum, lokið ræðutíma sínum.

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla harðlega þeim ummælum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. viðhafði hér í þessum ræðustól áðan. Það væri kannski hægt að mælast til þess að hann hlýddi á það sem hér verður nú sagt. Ég vil mótmæla þeim ummælum hans harðlega sem hann viðhafði um hæstv. utanrrh. sem hefur gengist fyrir, á vegum síns ráðuneytis, kynningarfundum um eitt stærsta og mikilvægasta mál sem við höfum þurft að taka afstöðu til, þessi þjóð, þ.e. Evrópubandalagið og EFTA og það sem því tengist. Þau ummæli sem hv. þm. viðhafði hér úr þessum ræðustól voru ekkert annað en dylgjur og dónaskapur, ekki bara í garð hæstv. utanrrh. heldur líka og ekki síður í garð hæstv. og virðulegs forseta þessar deildar. Menn eru orðnir ýmsu vanir frá þessum hv. þm. en nú þótti mér satt best að segja keyra um þverbak í málflutningi hans sem var ekkert annað en dylgjur og dónaskapur, eins og hv. þm. hafa ágætlega heyrt, að ég hygg.

En ástæða þess að ég kvaddi mér hér hljóðs er sú að inn í þessar umræður hafa spunnist umræður um jarðgöng á Vestfjörðum. Ég verð að segja að það kom mér, sem stuðningsmanni þessarar ríkisstjórnar, afskaplega mikið á óvart að lesa það í blöðum að hæstv. samgrh. hygðist flýta mjög gerð jarðganga á Vestfjörðum, sem er mikið mál og kostnaðarsamt. Mér er kunnugt um, eða ég tel mig vita það, að sú nefnd sem fjallar um jarðgöng eða samgönguleið í mynni Hvalfjarðar hefur lokið störfum. Þar er um að ræða arðbærustu framkvæmd í samgöngumálum, að ég hygg, og ráðherra mótmælir því þá ef því er á annan veg farið. Þá spyr ég: Hvað er að frétta af störfum þeirrar nefndar, hefur hún skilað skýrslu, hvenær eiga þingmenn von á því að sú skýrsla verði lögð á þeirra borð og þeir fái upplýsingar og niðurstöðu þessarar nefndar? Og ég spyr hæstv. ráðherra: Væri ekki frekar ástæða til að flýta þessu verki sem er einhver arðbærasta framkvæmd í samgöngumálum sem unnt er að ráðast í á þessu landi?

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er nú kannski í framhjáhlaupi að segja það hér, ég hefði átt að biðja um orðið um þingsköp, en ég vildi bara vekja athygli á því að það er ekki rétt sem hæstv. forseti sagði að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði farið fram úr leyfilegum ræðutíma. Ég vek athygli á því að þegar um slík mál er að ræða sem framkvæmdaáætlanir eru ekki takmarkanir á umræðutíma, umræðutími fer eftir almennum reglum.

Hv. 3. þm. Vestf. talaði um Ísafjarðarflugvöll og nauðsyn þess að gera betur við þann flugvöll en gert er ráð fyrir í þeirri áætlun sem við nú ræðum. Ég tek undir allt sem hv. þm. sagði um þetta efni. Ég er líka ánægður með undirtektir hæstv. samgrh. við mál hv. 3. þm. Vestf. þar sem hann lagði áherslu á, sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að þetta mál verði sérstaklega tekið fyrir í hv. fjvn., vegna þeirrar sérstöðu sem Ísafjarðarflugvöllur hefur að mörgu leyti og kom hér fram í máli manna.

Hv. 3. þm. Vestf. kom inn á það sem hann kallaði draumsýn. Það eru hugmyndir hæstv. samgrh. um að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum. Mér fellur ekki þetta orð, draumsýn, því í mínum huga er þetta miklu meira en draumsýn. Þetta getur ruglað menn í ríminu, t.d. tók jafnágætur maður og hv. 2. þm. Norðurl. v. þetta orð upp eftir hv. 3. þm. Vestf. Ef svo góðir menn gera slíkt, hvað er þá um aðra?

Þetta er ekki draumsýn. Jarðgöng á Vestfjörðum eru ekki draumsýn. Í núgildandi vegáætlun er gert ráð fyrir að hafin verði jarðgangagerð á Vestfjörðum eftir nokkur ár. Það sem verið er að tala um núna, og hefur að mínu viti svo ósmekklega verið kallað draumsýn, eru þær hugmyndir sem fram hafa komið

hjá hæstv. samgrh. um að flýta þessu verki. Þetta er mikið fagnaðarefni í byggðum vestra sem augljóst er. Þar hafa forustumenn lýst mikilli ánægju með þessar hugmyndir. Bæjarstjórnirnar á Ísafirði og Bolungarvík hafa gert sérstakar samþykktir til að fagna þessu máli. Það vill svo til að ég var að taka hér úr pósti, þegar ég gekk á þennan fund, bréf frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu. Ég held að rétt sé að ég undirstriki það sem ég vildi segja um mikilvægi þeirra hugmynda sem núna eru uppi um að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum. Ég held að það sé rétt að ég lesi þetta bréf. Það er, með leyfi hæstv. forseta, svohljóðandi:

„Ísafirði, 17. janúar 1990.

Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu fagnar mjög þeim hugmyndum sem samgönguráðherra hefur kynnt í ríkisstjórninni að flýta gerð jarðganga á Vestfjörðum um fjögur ár. Það er ljóst að aðgerð af þessu tagi væri ein öflugasta viðspyrna gegn frekari byggðaröskun á norðanverðum Vestfjörðum sem hugsast gæti. Bættar samgöngur með jarðgangagerð áður en það er um seinan tengja byggðir og efla menningarlega og félagslega einingu á því svæði sem hér er um að ræða. Með því eina móti er þess að vænta að fólk öðlist að nýju trú á heimaslóðir sínar hér vestra og hverfi frá áformum um flutninga suður á bóginn.

Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu hvetur ríkisstjórn og Alþingi til þess að bregðast vel og skynsamlega við þessum hugmyndum og vinna þannig Vestfjörðum það gagn er skipta mundi sköpum."

Pétur Kr. Hafstein, sýslumaður Ísafjarðarsýslu, skrifar undir.

Þetta er svo mikið mál fyrir byggðir Vestfjarða að við verðum að taka það alvarlega. Það hæfir ekki að kalla þetta draumsýn. Menn verða að taka þannig á þessu máli að þetta verði raunveruleiki, að það sé hægt að flýta jarðgangagerð á þessu svæði eins og gert er ráð fyrir með þeim hugmyndum sem fram hafa komið frá hæstv. samgrh.

Það er sérstök ástæða til þess að leggja áherslu á þetta vegna þess að engum blandast hugur um hve mikla þýðingu þetta hefur fyrir vestfirskar byggðir og eflingu byggðarlaga þar. Það vill svo til að þessa dagana hafa birst opinberar tölur um fólksfjölda í landinu. Og skv. þessum tölum er enn þá mjög alvarleg fólksfækkun á Vestfjörðum. Skv. þessum tölum er íbúatala Vestfjarða, ég hygg í fyrsta sinn síðan reglulegar talningar fóru fram á mannfjölda, komin undir 10 þúsund. Þetta er ákaflega alvarlegt mál fyrir vestfirskar byggðir. Það er nokkuð samhljóða álit manna að jarðgangagerð, sem nú er gert ráð fyrir skv. vegáætlun og nú er verið að tala um að flýta um 4–5 ár, geti haft afgerandi áhrif á það hver verður framvinda í byggðamálum á Vestfjörðum á næstu árum og áratugum. Ég vildi segja þetta til að leggja áherslu á mikilvægi þessa máls, jafnframt því að leggja áherslu á að þetta er ekkert hégómamál sem við getum kallað draumsýn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. samgrh. að það liggur yfirleitt vel á mér og hefur gert það bæði fyrir og eftir jól og ég vona að svo verði áfram. Helst vildi ég að það lægi vel á okkur báðum. En það var hins vegar þetta að hann hnaut um þau orð í máli mínu að hann hefði „beitt sér fyrir" og hann hefði „haft forustu fyrir". Skyldi það vera einhver misskilningur hjá mér að hæstv. samgrh. hafi forustu fyrir samgöngumálum á vegum ríkisstjórnarinnar og því sem gert er af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að koma verkum áfram í þeim málaflokki? Og ef ríkisstjórnin beitir sér fyrir því að fé sé skert í þeim málaflokki, hefur þá ekki hæstv. samgrh. forustu fyrir því? Eða er það einhver annar sem hann lætur þá í minni pokann fyrir?

Ég held að það sé auðvitað vel skiljanlegt að hæstv. samgrh. kveinki sér undan því að upplýst sé að hann hafi forustu í þessum málaflokki eins og meðferðin er á honum í fjármálum ríkisins. Og þegar hann talar síðan um að fara að flýta stórframkvæmdum í vegagerð á sama tíma sem við bíðum eftir því hér á Alþingi að hann leggi fram vegáætlun þar sem þarf að skera niður það sem búið er að ákveða að framkvæma um 675 millj. kr., þá held ég mig enn við orðið, hv. þm. Þorvaldur Garðar, þá kalla ég það draumsýn eða bara blekkingaleik. Þannig liggur þetta mál fyrir í mínum augum. Á kannski að taka stórframkvæmdir og jarðgangagerð út úr vegamálum og skilja allt hitt eftir, skera alveg niður hina almennu vegagerð? Er það kannski meiningin hjá hæstv. ráðherra?

Ég skal ekki, hæstv. forseti, af því að ég var búinn að tala tvisvar, misnota ræðutíma minn. Það er auðvitað margt hægt að segja, en ég skil það að hæstv. samgrh. kveinki sér undan því að ég skuli taka svo til orða að hann hafi forustu í þessum málaflokki og beiti sér fyrir því sem þar er gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, fyrri umr.

Stjtill., 269. mál. — Þskj. 487.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þáltill. sú sem hér er til umræðu er flutt til að fá heimild Alþingis fyrir því að Ísland fullgildi samþykkt sem afgreidd var af 69. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var árið 1983 og fjallar um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Hér er um að ræða fyrstu þáltill. sem lögð hefur verið fram á sl. tæpum 10 árum til að afla heimildar til að fullgilda samþykkt sem gerð hefur verið á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO. Þó svo langt sé um liðið frá því að till. til þál. um heimild til að

fullgilda ILO-samþykkt hefur verið lögð fyrir Alþingi hafa málefni stofnunarinnar komið reglulega til umfjöllunar hér á Alþingi í tengslum við skýrslu félmrh. um Alþjóðavinnumálaþingið sem síðast var fylgt úr hlaði í Sþ. 24. apríl sl.

Í ræðu minni við það tækifæri gerði ég grein fyrir markmiði og skipulagi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er að mörgu leyti sérstakt sé það borið saman við skipulag annarra alþjóðastofnana. Þó má minna á að það sem einkum skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu er seta fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks í stjórnum og nefndum stofnunarinnar og þátttaka þeirra á Alþjóðavinnumálaþinginu. Til skýringar má taka setu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt stofnskrá ILO eiga fjórir fulltrúar rétt á að taka þátt í afgreiðslu þingsins, tveir fulltrúar ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis, einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Öll starfsemi stofnunarinnar byggist á samstarfi þessara þriggja aðila.

Í athugasemdum með þáltill. kemur fram að eitt af mikilvægustu verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf er undirbúningur afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á alþjóðasamþykktum og tillögum sem fyrst og fremst taka til aðstæðna í atvinnulífi og á vinnumarkaði. Alþjóðavinnumálaþingið hefur samtals afgreitt 169 alþjóðasamþykktir og 177 tillögur. Sumar þeirra hafa verið endurskoðaðar með nýjum samþykktum. Ísland hefur fullgilt 14 og stendur á því sviði langt að baki nágrannalöndunum, einkum öðrum Norðurlöndum.

Líkja má tillögum ILO við reglugerðir sem settar eru með stoð í lögum. Ekki er unnt að fullgilda tillögur og eru þær þar af leiðandi ekki skuldbindandi. Þær eru ítarlegri en samþykktirnar. Litið er á tillögu sem nánari útfærslu á alþjóðasamþykkt eða sem tilmæli til aðildarríkjanna um stefnumótun á ákveðnu sviði.

Markmið samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er að setja reglur um afmörkuð svið vinnumála, félagsmála eða mannréttinda. Með fullgildingunni axlar aðildarríkið tvíþætta skyldu. Annars vegar að vinna að framkvæmd ákvæða hlutaðeigandi samþykktar og hins vegar að samþykkja að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmdinni. Skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Frá því að Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félmrn. borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd ILO-samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Aðdragandinn að afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, má rekja til ársins 1981. Á nóvemberfundi sínum það ár ákvað stjórnarnefnd ILO að taka starfsendurhæfingu til almennrar umræðu á vinnumálaþinginu árið 1982 þar sem þess yrði freistað að varpa ljósi á allar hliðar þessa málefnis. Árið eftir yrði stefnt að afgreiðslu viðauka við tillögu nr. 99, um atvinnuþjálfun fatlaðra manna, frá árinu 1955. Með þessari ákvörðun var viðurkennd sú breyting sem hafði átt sér stað á 25 árum á viðhorfum til málefna fatlaðra.

Þótt fullgilding samþykktar ein sér bæti ekki aðstöðu á því sviði sem hún tekur til hvetur hún stjórnvöld til að móta ákveðna stefnu í hlutaðeigandi málaflokki og stuðlar að því að hún sé reglulega endurskoðuð. Þetta gildir ekki síst um samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Í samþykktinni eru sett fram markmið um að stjórnvöld stuðli að því að fatlaðir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í þjóðlífinu með sama hætti og aðrir einstaklingar. Ábendingar um hvernig þetta skuli gert koma fram í II. og III. kafla samþykktarinnar en í þeim felast þær skuldbindingar sem leiða af fullgildingu. Helstu skuldbindingar eru:

1. Aðildarríki samþykktarinnar skal móta og hrinda í framkvæmd og endurskoða með ákveðnu millibili stefnu ríkisins í starfsendurhæfingu og atvinnumálum fatlaðra.

2. Umrædd stefna skal miða að því að tryggja að allir hópar fatlaðra hafi aðgang að endurhæfingarstarfsemi við sitt hæfi og að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir fatlaða á almennum vinnumarkaði.

3. Stefnuna skal byggja á þeirri reglu að fatlað launafólk hafi sömu tækifæri og launafólk almennt.

4. Við framkvæmd stefnunnar skal hafa samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks. Einnig skal hafa með í ráðum heildarsamtök fatlaðra og önnur samtök sem starfa fyrir þá.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera ráðstafanir til þess að koma á fót og gera úttekt á starfskynningu, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og annarri skyldri þjónustu til að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf, halda því og vinna sig upp.

6. Aðildarríki skal stefna að því að tryggja að endurhæfingarráðgjafar og annað menntað starfsfólk sem sér um starfskynningu, starfsmenntun, vinnumiðlun og atvinnu fatlaðra hljóti þjálfun og sé tiltækt.

Loks er rétt að minna á að í fullgildingu felst einnig sú kvöð, sem áður er getið, að alþjóðavinnumálaskrifstofunni sé gefin reglulega skýrsla um framkvæmd samþykktarinnar. Samþykktin er birt sem fskj. I með þáltill. Nánari útfærslu á efni samþykktarinnar er að finna í tillögu nr. 168 sem er birt sem fskj. II. Ekki er gert ráð fyrir að breyta þurfi lögum eða setja ný lög til að fylgja eftir ákvæðum samþykktarinnar hér á landi. Í því sambandi má benda á II. og VI. kafla laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Í II. kafla er fjallað um þjónustu og stofnanir fyrir fatlaða. Í 6. gr. kemur fram að hæfing og endurhæf-

ing, verkþjálfun og starfsþjálfun, iðjuþjálfun og atvinnuleit eru meðal þeirrar þjónustu sem stefnt skuli að á hverju svæði.

Skv. VI. kafla 22. gr. skulu svæðisstjórnir fatlaðra stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða hver á sínu svæði og hafa það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi. Tekið er fram í greininni að atvinnuleitin skuli starfa í nánum tengslum við félmrn., vinnumiðlun hlutaðeigandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila. Í e-lið 8. gr. laga nr. 18 1985, um vinnumiðlun, er tekið fram að meðal hlutverka vinnumiðlunar sé aðstoð við atvinnuleit fatlaðra.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að lagalegur grundvöllur fyrir að hrinda markmiðum samþykktarinnar í framkvæmd er traustur. Hins vegar hefur komið í ljós að með erfiðara ástandi á vinnumarkaðinum hefur tækifærum fatlaðra til að fá vinnu fækkað. Vegna þess var ákveðið í félmrn. að ráða starfsmann tímabundið til að gera úttekt á atvinnumálum fatlaðra, bæði að því er varðar almenna vinnumarkaðinn og verndaða vinnustaði. Sérstakur fimm manna starfshópur verður þessum starfsmanni til ráðuneytis, en í þessum starfshópi eiga sæti fulltrúar ASÍ, VSÍ, samtaka fatlaðra, Sambands ísl. sveitarfélaga og frá félmrn. Verkefnið er að gera úttekt á stöðunni í atvinnumálum fatlaðra og að lokinni þeirri úttekt hefur starfshópnum verið falið að leggja fram tillögu um úrbætur og stefnu í atvinnumálum fatlaðra. Ég lít því svo á að við séum vel í stakk búin til að standa fyrir samþykkt sem hér er mælt fyrir og sú vinna sem í gangi er sé undirbúningur að þeirri stefnumótun sem alþjóðasamþykkt nr. 159 mælir fyrir um í starfsendurhæfingu og atvinnumálum fatlaðra.

Ég vil geta þess að umrædd samþykkt var send fjórum aðilum til umsagnar, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og samstarfsnefnd um málefni fatlaðra. Í samstarfsnefndinni eiga sæti fulltrúar Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Landssamtakanna Þroskahjálpar. Alþýðusamband Íslands og samstarfsnefnd um málefni fatlaðra mæla með því að samþykktin verði fullgilt fyrir Íslands hönd. Vinnuveitendasamband Íslands mælir hins vegar gegn fullgildingu. Meginrök Vinnuveitendasambandsins eru þau að samþykktin bæti ekki réttarstöðu fatlaðra. Umsögn barst ekki frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Hinn 1. jan. 1989 höfðu 23 ríki fullgilt samþykktina, þar á meðal Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel mjög jákvætt og sjálfsagt að Alþingi álykti að veita ríkisstjórninni heimild til að fullgilda þessa samþykkt fyrir Íslands hönd, enda má segja að samþykktin sé í samræmi við lög um málefni fatlaðra frá 1983. Markmið þeirra laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best. Mikið hefur líka áunnist í þessum málum á liðnum árum. M.a. hefur vernduðum vinnustöðum fjölgað mjög á landinu og a.m.k. í stærri sveitarfélögum hefur verið lögð áhersla á atvinnuleit fatlaðra.

Nú er það svo að ef ná á markmiðum endurhæfingar þurfa atvinnuúrræði að vera til staðar þegar henni er lokið og þess vegna er atvinnuleit svo mikilvæg.

Málefni fatlaðra eru málaflokkur þar sem frumkvæði heimamanna hefur fram að þessu haft mikla þýðingu þrátt fyrir að yfirstjórn mála hafi verið hjá svæðisstjórn. Þannig hefur atvinnuleit fatlaðra víða verið í höndum heimamanna og þeir við stjórnvölinn á vernduðum vinnustöðum. Á þeirra vegum hefur verið unnið að stefnumörkun fyrir vinnustaðina og lagðar línur um endurhæfingarþátt og hlutfall þeirra sem slíka vinnustaði sækja, en ljóst er að muni ekki fara út á vinnumarkaðinn. Með breyttri verkaskiptingu verða þessi mál nú alfarið í höndum svæðisstjórna sem eru undir miklum þrýstingi vegna vistunar, dagvistunar og athafnaúrræða yfirleitt fyrir fatlaða. Og þá er ákaflega mikilvægt að þeir sem taka við verkefnunum nýti sér vel reynslu þeirra sem séð hafa um þessi mál. Ekki þarf að fjölyrða um hve dýrmætt það er þegar starfsmaður sem sér um atvinnuleit hefur myndað góð sambönd úti í atvinnulífinu og hvaða þýðingu það getur haft fyrir þann sem notið hefur endurhæfingar og er tilbúinn að reyna fyrir sér á almennum vinnumarkaði.

Ef flytja á þessa þætti inn á viðkomandi svæðisskrifstofur og e.t.v. í hendur nýrra starfsmanna er mjög nauðsynlegt að hafa sem allra mest samráð við þá aðila sem hafa haft með þessi mál að gera hjá sveitarfélögunum.

Ég legg mikla áherslu á að sú reynsla sem fengist hefur í þessum málum nýtist sem best og að breytingar sem gerðar verða hafi sem minnsta röskun í för með sér.

Mér fannst ástæða til að koma með þessa ábendingu nú við umfjöllun þessa þýðingarmikla máls sem starfsendurhæfing og atvinnumál fatlaðra er og hvet þá þingmenn sem hafa tengsl við þennan málaflokk heima í héraði að beita sér fyrir að þessar breytingar verði sem mýkstar.

Ég treysti félmrh. ákaflega vel til að gera sitt til að sem mest samráð og samvinna verði við tilflutning þessara verkefna en tel að lausnin felist ekki beint í tilskipun ofan frá heldur góðri umfjöllun allra hlutaðeigandi um markmið og leiðir.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna þessarar till. til þál. sem hæstv. félmrh. mælti fyrir. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta ágæta mál og þarf í sjálfu

sér ekki að fjölyrða svo mjög um það. Ég get einnig tekið undir það sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykn. En það er þó einn þáttur sem mér finnst ástæða til að benda á í þessu sambandi.

Hér kom fram að margt hefði áunnist og margt verið gert en það er líka margt ógert og ekki síst hvað varðar ferlimál fatlaðra. Það er ekki nóg að hafa atvinnutækifæri fyrir fatlaða og þjálfunaraðstöðu og annað slíkt sem er auðvitað mjög nauðsynlegt og sjálfsagt. Ég er ansi hrædd um að það séu fjölmargir staðir og ekki síst hjá opinberum aðilum, hvort sem við tölum um ríki eða sveitarfélög, þar sem fatlaðir hafa bókstaflega ekki möguleika á að ferðast um. Við þurfum ekki annað en að líta okkur nær sem er þessi vinnustaður sem heitir Alþingi Íslendinga, þau hús sem við höfum hér til umráða og þingmenn eiga að starfa í, þar sem þeir hafa sínar skrifstofur, þar sem nefndarfundir fara fram og annað slíkt, eða þetta hús hér. Hvernig ætli fötluðum manni sem léti sér nú detta í hug að fara í framboð til Alþingis og tæki sæti á Alþingi gengi að ferðast hér um og starfa á Alþingi eins og heilbrigður maður?

Þetta finnst mér vera mál sem mætti gjarnan taka til umhugsunar og athugunar í tengslum við þessa tillögu þegar hún fær umfjöllun í félmn. Sþ. því ég held að þetta sé svo þýðingarmikill og stór þáttur í hagsmunamálum fatlaðra að ekki sé hægt að slíta hann úr tengslum við það sem þessi tillaga fjallar um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Flugmálaáætlun 1990–1993, frh. fyrri umr.
Stjtill., 268. mál. — Þskj. 485.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég bið hv. þingheim afsökunar á þessari bið en ég býst við að menn skilji að mál það sem nú þarf að leysa þarf að leysast í samráði við hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann er hér í húsinu og ég mælist til þess að hann komi til starfa.

Það hafa komið nýjar fréttir af hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann mun ekki hafa meiri áhuga á málinu en svo að hann er farinn úr húsinu. Forseti mun því standa við það sem hann hafði áður gert, að ljúka umræðu um annað dagskrármálið. Ella hefði forseti borið það undir hv. þingheim, vegna mistaka sem forsetinn óneitanlega gerði sem var að ljúka umræðunni, þrátt fyrir beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e., hvort opna mætti umræðu að nýju þegar hæstv. forsrh. var kominn. Nú er hann kominn og hæstv. utanrrh. er á leiðinni að beiðni þessa hv. þm. en nú er mér sagt, og enda kemur það fram hér á skjá, að hann sé farinn úr húsinu.

Þá vil ég minna á, vegna þeirrar gagnrýni sem fram kom á hæstv. ráðherra sem fara ekki með þennan málaflokk þó að hæstv. samgrh. væri hér, að á dagskrá er hér fljótlega í þinginu till. til þál. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli. 1. flm. er hv. 17. þm. Reykv. og 2. flm. er hv. 2. þm. Norðurl. e.

Í trausti þess, hv. þm., að hv. 2. þm. Norðurl. e. fái tækifæri til að ræða það mál sem hann bryddaði upp á leyfir forseti sér að láta nú fara fram atkvæðagreiðslu um frekari meðferð annars dagskrármálsins og biður þá hv. þm. sem samþykkja vilja að vísa flugmálaáætlun 1990–1993 til 2. umr. að greiða nú atkvæði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þannig tókst til að umræðu þessari lauk og hún varð síðan ekki hafin að nýju eins og þó stóð til vegna fjarveru hv. 2. þm. Norðurl. e., og hef ég ekki um það þau orð sem mér komu þó í hug. En til mín hafði verið beint spurningu sem mér hafði láðst að svara og ég hafði hugsað mér að svara ef umræðan hæfist á nýjan leik. Ég vil leyfa mér að svara hv. þm. Eiði Guðnasyni í einni setningu. Hann spurði hvað liði skýrslu um Hvalfjarðargöng og láta menn sér nú ekki nægja að ræða bara samgöngur á landi heldur jafnvel samgöngur undir hafsbotni þó flugmálaáætlun sé á dagskrá.

Skýrsla barst til samgrh. í síðustu viku um það mál. Hún verður kynnt í ríkisstjórninni í fyrramálið og verður send í framhaldi af því hv. þm.

Umræður utan dagskrár.
Húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hefur fram komið á þessum fundi hefjast nú umræður utan dagskrár um tvö mál og fara þær fram samkvæmt fyrri málsgrein 32. gr. þingskapalaga. Sú hin fyrri er fram komin að beiðni hv. 3. þm. Vesturl. og fjallar um húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár til þess að beina fsp. til hæstv. dómsmrh. Fsp. mín er svohljóðandi:

„Til hvaða ráða hyggst dómsmrn. grípa til að halda uppi eðlilegri starfsemi löggæslu í Stykkishólmi þegar lögreglustöðinni þar verður lokað nk. fimmtudag, 25. jan., að kröfu Vinnueftirlits ríkisins?"

Nokkur orð af þessu tilefni: Frá upphafi hefur lögreglan í Stykkishólmi starfað í ófullkomnu húsnæði. Við það hafa verið gerðar athugasemdir af hálfu Vinnueftirlits ríkisins allar götur frá því í janúar 1985. Þá voru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Raki er í útveggjum og leki.
2. Fatageymslur vantar.
3. Kaffistofa er engin.
4. Þar sem kaffið er lagað er enginn vaskur eða rennandi vatn og það sótt fram á salerni.
5. Húsgögn úr sér gengin.
6. Loftræsting ófullnægjandi.
7. Stólar lélegir.
8. Neyðarlýsing þyrfti að vera og varaafl fyrir fjarskiptabúnað.
9. Aðkoma að húsinu er mjög slæm, brattur stigi, illa farin gangstétt og grýttir bakkar til hliðar við stigann.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins frá því 15. sept. 1988 segir, með leyfi forseta:

„Vinnueftirlit ríkisins gerði 17. janúar 1985 athugasemdir við húsnæði lögreglunnar í Stykkishólmi. Þrátt fyrir ítrekanir hafa engar úrbætur verið gerðar.“ Staðan er nákvæmlega sú enn þann dag í dag að það hafa engar úrbætur verið gerðar og nú liggur fyrir að Vinnueftirlitið mun loka þessari lögreglustöð, ef lögreglustöð skyldi kalla, vegna þess að húsnæðið er ekki með þeim hætti að það standi undir því nafni. Raunar er þetta svo sérstaks eðlis að það er svo komið að ferðamenn sem til Stykkishólms koma gera sér gjarnan sérstaka ferð til að taka myndir af þessu fyrirbæri, þessu húsi sem gengur undir nafninu Lögreglustöð í Stykkishólmi.

Hér er auðvitað um óviðunandi ástand að ræða og því er spurt: Til hvaða ráðstafana verður gripið til þess að halda uppi eðlilegri starfsemi lögreglunnar í Stykkishólmi þegar Vinnueftirlitið lokar þessum húsakynnum nk. fimmtudag?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að hv. 3. þm. Vesturl. kveður sér hljóðs utan dagskrár um málefni lögreglustöðvarinnar í Stykkishólmi.

Vinnueftirlit ríkisins hefur allt frá árinu 1985 gert athugasemdir við Lögreglustöðina í Stykkishólmi. Sumt af þeim aðfinnslum varðar bygginguna eins og raunar kom fram í máli hv. þm. og aðkomu sem ekki er unnt að bæta úr eða er afar dýrt. M.a. má nefna að lofthæð er um 2,40 metrar í þessari byggingu en á að vera 2,50 metrar samkvæmt lögum og reglugerðum. Húsið er afar illa staðsett, stendur uppi á hæð og er illt aðgöngu. Vinnueftirlitið hefur ítrekað þessar aðfinnslur.

Ráðuneytinu eru þessir ágallar á lögreglustöðinni ljósir. Allt frá árinu 1983 hafa verið kannaðir möguleikar á lausn þessa máls. Á þeim tíma og síðar voru athugaðir möguleikar á að kaupa eða leigja hentugt húsnæði en ekkert af þeim húsum sem þá voru skoðuð var talið koma til greina. Afstaða ráðuneytisins er sú að langheppilegasti kosturinn sé að byggja hentugt hús sem gæti þjónað því að vera lögreglustöð til frambúðar auk þess að hýsa sýsluskrifstofuna.

Á undanförnum árum hefur ráðuneytið í tillögum sínum til fjvn. Alþingis farið fram á fjárveitingar til byggingar lögreglustöðvar í Stykkishólmi en verið synjað. Fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 var fjvn. gerð grein fyrir fjárþörf vegna þessa verkefnis. Við undirbúning fjárlaga fyrir 1990 fór ráðuneytið enn fram á fjárveitingu og þá 10 millj. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Stykkishólmi, en það var fellt niður af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Málið var síðan tekið upp við fjvn. engu að síður á fundi er starfsmenn ráðuneytisins áttu í nóv. sl. og staðfest með bréfi dags. 7. des. sl. þar sem lögð var áhersla á fjárveitingu til þessa verkefnis. Í þessu bréfi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Núverandi lögreglustöð er ónýt. Vinnueftirlit ríkisins hefur lýst yfir að það muni loka stöðinni. Ráðuneytið hefur til þrautar kannað möguleika á að fá leigt húsnæði. Aðeins kemur til greina að fá leigt skrifstofuhúsnæði án þess að gera ráð fyrir fangaklefum sem er ófullnægjandi lausn. Hér er um hreint neyðarástand að ræða,“ sagði í þessu bréfi ráðuneytisins til fjvn. Alþingis. Farið var fram á fjárveitingu til nýbyggingar að fjárhæð 10 millj. kr.

Þegar unnið var að lausn þessa máls á vegum dómsmrn. á sl. hausti við undirbúning fjárlagagerðarinnar var þegar ljóst að eina færa leiðin til að brúa bilið fram til þess tíma að nýbygging kæmist í framkvæmd væri að leita eftir leiguhúsnæði fyrir lögreglustöðina til bráðabirgða sem hægt væri að nýta með sæmilegu móti á meðan. Þá var af ráðuneytisins hálfu leitað til bæjaryfirvalda í Stykkishólmi og brást bæjarstjórinn, Sturla Böðvarsson, mjög vel við að eiga þátt í að útvega viðunandi leiguhúsnæði í þessu skyni. Nú hefur komið í ljós að slíkt húsnæði sem að vísu fullnægir ekki öllum ýtrustu kröfum en trúlega mun hægt að nýta sem lögreglustöð á meðan hönnun og bygging færi fram er til reiðu til þessara nota. Rétt er þó að taka fram að hluti þessa húsnæðis mun laus innan tíðar en allt húsnæðið síðar.

En þó að þannig tækist að bjarga þessu máli nánast fyrir horn, og þá með sérstökum velvilja nánast allra sem hlut eiga að máli, svo sem Vinnueftirlits ríkisins, sem hefur sýnt alveg einstakt langlundargeð, bæjaryfirvalda í Stykkishólmi og seinast en ekki síst lögreglumannanna sjálfra þar í Stykkishólmi, mega menn ekki missa sjónar á því aðalatriði þessa máls sem enn vantar, þ.e. að það vantar enn leyfi og samþykki fjárveitingavaldsins hér á hinu háa Alþingi til að hönnun þessarar þörfu framkvæmdar geti farið af stað. Ég tel hins vegar hér um svo brýnt mál að ræða að ég mun enn leita ásjár og samvinnu við fjvn. Alþingis til þess að fullnaðarlausn fáist frá og með næsta fjárlagaári. Ef slík lausn nær fram að ganga og ef hún er í sjónmáli er vitaskuld mun skárra að þreyja þorrann og góuna, og jafnvel ótiltekinn tíma, við ófullkomnar aðstæður en ella væri.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Fangahúsið í Stykkishólmi er gamalt og lélegt. Það er ófullkomin vistarvera fyrir lögreglumenn á vakt. Sem betur fer þarf sjaldan að nota þá fangaklefa sem þar eru. Vinnueftirlitið telur þetta húsnæði ónothæft. Hæstv. dómsmrh. reyndi að

fá fjárveitingaheimild, 10 millj. kr., inn á fjárlög þessa árs til þess að undirbúa byggingu nýs húss í Stykkishólmi yfir sýslumannsembættið í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þar á meðal lögreglustöðvar. Það tókst ekki en mundi væntanlega þurfa a.m.k. 2–3 ár til að byggja hús af þessu tagi þó að lóð sé tilbúin á besta stað í bænum og heimamenn fúsir til að greiða götu þessa máls á allan hátt. Þess vegna þarf að útvega húsnæði til bráðabirgða sem dugað gæti allra næstu ár. Að því er nú unnið af hálfu dómsmrn. og vonandi í nánu samstarfi við heimamenn, ekki síst sýslumann. Mér er kunnugt um að bæjaryfirvöld hafa boðið fram húsnæði í þessu skyni við Aðalgötu beint á móti sýsluskrifstofunni. Þar hefur tannlæknir haft aðsetur en er nú að flytja í hús heilsugæslustöðvar. Fleiri möguleikar eru vafalaust fyrir hendi.

Að lokum verð ég að fagna áhuga félaga míns, hv. 3. þm. Vesturl., á löggæslumálum, sem nú virðist nývakinn. Og öllum hv. alþm. leyfi ég mér að benda á hversu miklu, miklu farsælla það er að gera allt sem unnt er til þess að hlynna að sýslumanns- og bæjarfógetaembættum landsins en að rífa þau niður. Svo dýrmæta og mikilvæga þjónustu hafa þessi embætti veitt fólkinu í landinu á liðnum árum og veita enn ef vel er að þeim búið.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það er sjálfsagt að ræða svona mál hér á Alþingi, en það hefði kannski verið öllu eðlilegra að gera það við fjárlagaafgreiðsluna sjálfa. Ég vil hins vegar segja það í sambandi við þetta undarlega mál, ef ég má orða það svo, að það skuli hafa viðgengist í áratugi að í þetta stórum stað, Stykkishólmi, þar sem sýslumaðurinn hefur aðsetur skuli hafa verið notað sem lögreglustöð húsnæði sem er varla boðlegt fólki og hefur kannski verið hugsað einhvern tíma sem húsnæði fyrir eitthvað allt annað en að geyma fólk, og allra síst sem lögreglustöð. Staðreyndin er sú að þessi stöð er öllum til skammar, bæði heimabyggð og eins yfirvöldum dómsmála á undanförnum áraröðum. En því miður hefur aldrei verið lögð fram formlega tillaga til lausnar á þessu máli og í fjárlagafrv. fyrir árið 1987, 1988 og fyrir árið 1989 var ekki stafkrókur um lögreglustöð í Stykkishólmi að því er þetta varðar. Það er ekki fyrr en núna eftir 7. des. sl. sem kemur formlegt erindi frá hæstv. dóms- og kirkjumálaráðuneyti um að bæta hér um betur, ásamt 11 öðrum málum.

Það var ljóst að til þess að leysa þetta mál strax þyrfti allt annað en nýja byggingu á þessu stigi málsins. Það tekur, eins og hv. þm. vita, mörg ár að byggja svona hús þegar á að byggja það sem aðalaðsetur fyrir fógetaembættið eða sýslumannsembættið ásamt lögreglustöð. Þess vegna var ekkert um annað að ræða en að afgreiða þetta mál í sambandi við fjárlög 1990 þannig að gefin yrði út yfirlýsing til hæstv. ráðherra um það að fjvn. lýsti vilja sínum að reyna að leysa þetta mál strax með því að finna viðunandi leiguhúsnæði. Það var vitað að bæjarstjórinn hafði þegar bent á kjallara undir bæjarskrifstofunum en það húsnæði var ófullnægjandi. Það liggur fyrir að það er vilji fyrir því í fjvn. að reyna að leysa þetta mál þannig að þessi leiðinlegi blettur á þessari fallegu byggð og þessu málefni öllu verði afnuminn með nýju úrræðum. Og ég þori að fullyrða það fyrir hönd nefndarinnar að það muni ekki standa á því að nefndin muni standa með hæstv. ráðherra eða ráðuneytinu að því að reyna að leysa þetta mál á viðunandi hátt við fjárlagaundirbúning fyrir árið 1991 ef það er vilji dómsmrh. að undirbúa og hefja byggingu nýrrar lögreglustöðvar ásamt aðstöðu fyrir sýslumann og bæjarfógeta í Stykkishólmi — það er eðlilegasta lausnin.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hér hafa talað tveir hv. þm. Vesturl. sem báðir eiga sæti í fjvn. Ég sé ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að því sem þeir sögðu. Að vísu kom fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. að formlegt erindi barst fjvn. fyrst 7. des. og það vekur auðvitað ýmsar spurningar vegna þess að þá er orðið svo áliðið og fjárlagavinnan komin svo langt að það hlýtur að vera mjög erfitt að taka upp mál af þessu tagi. Og svo leiði ég hjá mér þau ummæli sem hv. þm. Friðjón Þórðarson viðhafði hér áðan um einhvern sérstaklega nývakinn áhuga á þessum málum hjá þeim sem þetta mælir. Ég skil satt að segja ekki þau ummæli og finnst þau vera út í hött, en hann verður auðvitað að fá að tala eins og honum líkar.

Ég held að hæstv. dómsmrh. hafi komist alveg rétt að orði þegar hann sagði annars vegar að núverandi bygging væri ónýt og hins vegar að neyðarástand ríkti í þessum málum. Þetta er hvort tveggja rétt. Ég er hins vegar ósammála því að ekki sé hægt að leysa þetta mál á skemmri tíma en 2–3 árum. Ég held að hægt sé að leysa þetta mál á miklu skemmri tíma og ég held jafnvel að það hafi verið gert sums staðar þar sem byggðar hafi verið lögreglustöðvar t.d. úr forsteyptum einingum og tekist bara vel.

Hæstv. ráðherra vék að því að verið væri að vinna að sérstakri lausn. Mér er alveg kunnugt um það því að ráðuneytið hefur skrifað bréf þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eins og staða málsins er nú“ — þetta er frá 12. jan. sl. — „leggur ráðuneytið til að tekið verði á leigu húsnæði af Stykkishólmsbæ fyrir skrifstofur lögreglunnar í kjallara þess húss sem nú eru skrifstofur bæjarins. Ekki er þar aðstaða fyrir fangaklefa. Til þess að leysa þá þörf er lagt til að fangaklefar í Grundarfirði verði notaðir en jafnframt leitað heimildar til að fá að nýta núverandi klefa í algerum neyðartilvikum.“

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það húsnæði sem þarna er talað um — má nú vera að eitthvert annað húsnæði sé til athugunar — uppfylli engar þær kröfur sem gerðar eru til skrifstofuhúsnæðis af þessu tagi. Ég hygg að það muni koma í ljós og skil satt að segja ekki hvers vegna hefur ekki t.d. verið farin sú

leið, eins og ég veit að sums staðar hefur verið gert — þó að það sé neyðarbrauð þá er það betri kostur en það ástand sem varað hefur — að taka á leigu eða kaupa íbúðarhúsnæði og breyta því um stundarsakir í húsnæði fyrir lögreglustöð. Ég hygg t.d. að það hafi verið gert á sínum tíma á Selfossi og er auðvitað bráðabirgðaráðstöfun en bjargar engu að síður því ástandi sem hér er.

Ég þakka ráðherra fyrir svörin og vonast eindregið til þess að hér verði gripið til viðeigandi aðgerða hið fyrsta.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fyrir minn hlut þakka þessa umræðu. Ég vonast til þess að hún verði okkur til aðstoðar í því að finna á þessu lausn nú allra næstu daga sem getur þó aldrei annað orðið en millibilslausn því að framtíðarlausnin hlýtur að verða bygging eins og hér hefur komið fram. Ef þessi umræða verður hins vegar til þess að flýta fyrir henni og auðvelda hana, þá er vel.

Umræður utan dagskrár.

Afskipti ríkisstjórnarinnar af fjárhagsörðugleikum SÍS.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræða sem einnig hafði verið tilkynnt um afskipti ríkisstjórnarinnar af fjárhagsörðugleikum Sambands ísl. samvinnufélaga. Hún fer fram samkvæmt fyrri málsgrein 32. gr. þingskapa.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að beðið er um þessa umræðu eru sífelldar yfirlýsingar ráðamanna þjóðarinnar, þó einkum hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. í fjölmiðlum um erfiðleika Sambands ísl. samvinnufélaga. Ég er hér með útskrift úr Morgunblaðinu frá 17. sept., Morgunblaðinu frá 6. jan. og DV frá sama degi og nægir að lesa það sem þar kemur fram, en þar segir hæstv. forsrh. orðrétt:

„Þetta er grafalvarlegt mál fyrir þjóðarbúið allt. Ég endurtek, málið er grafalvarlegt. Það hefur ekki komið til kasta ríkisstjórnarinnar, ekki formlega, en hlýtur að gera það ef svo heldur fram sem horfir. Allt þetta mál varðar alla íslensku þjóðina, ekki síst vegna þess að mikið af erlendum lánum Sambandsins eru ekki með neinum veðum og þjóðin getur bara varla látið þau lán falla. Hver yrði staða landsins erlendis eftir það?"

Ég rifja jafnframt upp að hæstv. fjmrh. sagði frá því fyrir um það bil ári að það stefndi í gjaldþrot Sambandsins eftir 12–16 mánuði. Hann var spurður í DV 6. jan. um það mál og sagði orðrétt: „Það hefur ekkert gerst sem breytir þeirri skoðun minni sem fram kom í ræðunni á Alþingi í fyrra."

Tíminn, málgagn Framsfl., sagði sama dag, 6. jan., orðrétt: „Jafnframt er ríkisstjórnin væntanlega einn aðili málsins hvað varðar samninga við erlenda lánardrottna, hvort sem tilboði Landsbankans verður tekið eða hafnað."

Þá vil ég geta þess að það hefur verið staðfest að hæstv. fjmrh. var sá sem fyrstur orðaði það við bankastjóra Landsbankans, þegar hann boðaði þá til sín, að Landsbankinn falaðist eftir kaupum á hluta Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubankanum. Og það liggur enn fyrir staðfest að hæstv. viðskrh. sagðist hinn 6. jan. sl. í samtali við forráðamenn Sambands ísl. samvinnufélaga ætla að beita sér fyrir vaxtagreiðslum á kaupverði Landsbankans frá 1. sept. til 1. jan. Þess yfirlýsing varð til þess að tilboð Landsbankans var samþykkt af meiri hluta stjórnar SÍS.

Þá hefur það gerst áður en fjárlög voru samþykkt fyrir yfirstandandi ár að hæstv. ríkisstjórn ákvað að kaupa aukinn hlut í Aðalverktökum sf. Hv. formaður fjvn., Sighvatur Björgvinsson, hefur lýst því yfir að ekki þurfi að koma til kasta Alþingis af þeim sökum. Ég tel að það sé á misskilningi byggt, enda eru Aðalverktakar sameignarfélag en ekki hlutafélag. Af þessum ástæðum, m.a., vil ég spyrja hæstv. forsrh. og aðra þá hæstv. ráðherra sem hér eru viðstaddir *eftirfarandi spurninga og óska svara við þeim:*

1. Ætlar hæstv. ríkisstjórn að aðstoða Samband ísl. samvinnufélaga með sérstökum fjárhagslegum aðgerðum?
2. Hefur Sambandið óskað eftir einhvers konar afskiptum ríkisvaldsins við losun eigna og hver eru þau afskipti?
3. Hafa forustumenn SÍS beðið um ríkisábyrgð á erlendum lánum fyrirtækisins?
4. Hvers vegna hafði hæstv. ríkisstjórn afskipti af sölu SÍS á hlut sínum í Samvinnubankanum?
5. Hvers vegna vill hæstv. ríkisstjórn kaupa meiri hluta í Aðalverktökum?
6. Verður frv. um það lagt fyrir þingið?
7. Hvaða ráðuneyti á að fara með hlut ríkisins í stjórn Aðalverktaka ef af samningi verður?
8. Hve mikils eru eignir Aðalverktaka metnar, en það er ljóst að viðskiptavildin er búin til með bréfi utanrrn. en samkvæmt því hafa Aðalverktakar sf. einokun á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur látið mig fá þær átta spurningar sem hann lagði hér fram áðan. Áður en ég kem að þeim vil ég segja það að það sem haft er eftir mér í Morgunblaðinu er rétt. Það sem hann las úr Tímanum veit ég ekkert um og veit ekki hvaðan það er komið. Og ég hygg að hv. þm. muni vera eins vel ljóst og mér að fjárhagserfiðleikar eins allra stærsta viðskiptavinar Landsbankans mundu vitanlega valda Landsbankanum gífurlega miklum erfiðleikum. Ég held að það fari ekkert á milli mála. Hv. þm. er bankaráðsmaður í Landsbankanum og þekkir það mál vitanlega betur en flestir aðrir hér inni þó að

hann hafi setið þar stutt. Ef ég veit rétt eru skuldir Sambandsins erlendis allmiklar, líklega 9–10 milljarðar a.m.k., og það mundi vitanlega hafa áhrif á, má segja, lántökumöguleika Íslendinga erlendis ef eitthvað af þessum skuldum glatast.

Eftir því sem ég best veit stefnir nú ekki í slíkt. Eignir munu nægja fyrir skuldum, og mér er tjáð að þetta horfi til betri vegar, bæði með reksturinn, alveg sérstaklega, og samninga við skuldheimtumenn svo að ég hygg að þessi möguleiki sem blaðamaður Morgunblaðsins spurði um sé ekki fyrir hendi, sem betur fer.

Svo ég komi þá að spurningunum:

1. Ætlar ríkisstjórnin að aðstoða SÍS með sérstökum fjárhagslegum aðgerðum?

Svarið er nei. Engin beiðni hefur um það komið og ekkert slíkt verið á borðum ríkisstjórnarinnar.

2. Hefur SÍS óskað eftir einhvers konar afskiptum ríkisvaldsins af losun eigna?

Þann 6. jan. gengu nokkrir fulltrúar stjórnar Sambandsins á minn fund, og þar voru þá einnig fjmrh. og viðskrh., og tjáðu sig vilja ganga til viðræðna við ríkisvaldið um sölu á hluta sínum í Íslenskum aðalverktökum, annaðhvort öllum eða að hluta. Þar var jafnframt vísað til þess sem þeim var kunnugt um, eftir viðræður m.a. við hæstv. utanrrh., að áhugi væri á því hjá ríkisstjórninni að eignast meiri hluta í Íslenskum aðalverktökum. Reyndar hafði tillaga um það verið lögð fyrir ríkisstjórnina 19. des. og samþykkt.

3. Hafa forystumenn SÍS beðið um ríkisábyrgð á erlendum skuldum?

Svarið er nei, þeir hafa ekki gert það.

4. Hvers vegna hefur ríkisstjórnin afskipti af sölu SÍS á hluta þeirra í Samvinnubanka?

Ríkisstjórnin hafði engin afskipti af því. Hins vegar hefur að sjálfsögðu sá ráðherra sem fer með bankamál fylgst með því enda kemur slíkt til hans kasta að lokum. Hann þarf að athuga hvort það samræmist almennum hagsmunum í bankamálum að einn banki kaupi annan og hef ég ekki tíma til að fara fleiri orðum um það.

5. Hvers vegna vill ríkisstjórnin kaupa meiri hluta í Íslenskum aðalverktökum?

E.t.v. er réttara að hæstv. utanrrh. svari því en það er samkomulag um það í ríkisstjórninni að í þessu fyrirtæki, þar sem um einkaleyfi er að ræða, mjög viðtækt, og með mikla hagnaðarvon, sé eðlilegt að ríkisvaldið eigi meiri hluta.

6. Verður frv. um það lagt fyrir Alþingi?

Ég er sammála formanni fjvn. Ég sé ekki að þess sé þörf nema um sé að ræða nauðsyn á að fá fjárveitingu til þess að kaupa þann hlut. Íslenskir aðalverktakar voru settir á fót á sínum tíma á grundvelli varnarsáttmálans. Engin sérstök lög voru sett um þá eftir því sem ég best veit, og reyndar hvílir sú skylda á utanrrh. að sjá fyrir því að einhver aðili annist framkvæmdir á vegum varnarliðsins. Þarna getur því verið um tilfærslu eigna að ræða innan fyrirtækisins, t.d. þannig að greitt sé fyrir með meiri útborgun til þeirra sem láta í staðinn eignarhlut. Hins vegar er rétt að vísa þessu nánar til hæstv. utanrrh.

7. Hvaða ráðuneyti á að fara með hlut ríkisins í stjórn Aðalverktaka ef af samningi verður?

Utanrrh. fer nú með þann hlut og ekki eru ráðgerðar breytingar á því.

8. Á hvað eru eignir Aðalverktaka metnar?

Það veit ég ekki á þessari stundu en e.t.v. hefur hæstv. utanrrh. svar við því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti minna á að þessi fyrri málsgrein 32. gr. þingskapalaga fjallar um tímasetninguna í þessum hálftíma utandagskrárumræðum sem þýðir það að málshefjandi má tala tvisvar í þrjár mínútur í hvort sinn en aðrir tvisvar, aðeins í tvær mínútur í hvort sinn, og það gildir þá einnig um hæstv. ráðherra. (**Forsrh.:** Líka þá sem eiga að svara?) Já, þetta er samkvæmt þingsköpum og forsetar geta ekki annað en reynt að fylgja þeim reglum eftir. Þetta vildi forseti aðeins minna á því að það ber nokkuð á því að menn átta sig ekki alveg á hve þessi tími er skammur og þess vegna verða spurningar og svör að verða mjög stutt og hnitmiðuð.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu við þau svör sem hæstv. forsrh. hefur þegar gefið við fyrirspurnum hv. 1. þm. Reykv. Þó vil ég sérstaklega víkja að tveimur seinustu spurningunum og þá fyrst: Hvers vegna vill ríkisstjórnin kaupa meiri hluta í Íslenskum aðalverktökum?

Ég vil rifja upp að það var ekki liðinn langur tími frá því að sá sem hér stendur tók við embætti utanrrh. þegar ég lýsti þeirri skoðun minni að núv. fyrirkomulag verktöku þyrfti að taka til endurskoðunar og jafnframt þeirri stefnu minni að eðlilegt væri að ríkisstjórnin, ríkisvaldið, tryggði sér meiri hluta í þessu verktakafyrirtæki. Hvers vegna? Jú, það er vegna þess að hér er um að ræða ríkisverndaða einokun. Arðurinn af þeirri starfsemi ætti þess vegna að renna til samfélagsins í heild en ekki til einstaklinga sem úthlutað hefur verið þessu forréttindavaldi af ríkisvaldinu. Það er þess vegna meginskýringin á því. Ég tek það að vísu skýrt fram að það þarf ekki endilega að þýða ríkisrekstur til frambúðar í þessu tilviki. Þar getur komið til álita að þreifa fyrir sér um viðtæka almenningseign í formi almenningshlutafélags en þá verður líka að vera tryggt að sú eign sé mjög almenn.

Verður frv. lagt fyrir Alþingi? Hingað til hef ég ekki gert ráð fyrir því. Því er hins vegar kannski ekki hægt að svara endanlega á þessari stundu vegna þess að það ræðst náttúrlega af því hvernig samningar takast milli aðila. Ég er hins vegar ráðinn í því að reyna að hafa sem nánast samráð um þetta mál við hv. fjvn. og að sjálfsögðu er það svo að ef leitað verður heimildar Alþingis til fjárráðstöfunar í þessu efni, ef það verður niðurstaða samninganna, sem ég

kannski tel ekki mjög líklegt, verður að sjálfsögðu að leita til Alþingis um það mál.

Forsrh. hefur þegar svarað því hvaða ráðuneyti fer með og mun fara með hlut ríkisins í stjórn Aðalverktaka ef af samningi verður, enda byggist það á bæði samningi félagsins sjálfs og einnig lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum frá árinu 1954.

Sama er að segja að því er varðar mat á eignum Aðalverktaka. Sú tala liggur ekki fyrir. Um hana er verið að ræða og verða skipaðir sérstakir matsmenn til þess en ég tek undir það sem ég skildi svo vera og kom fram í máli ræðumanns að þar ber ekki að meta viðskiptavild með venjulegum hætti af þeirri ástæðu að hún er raunverulega sköpuð af ríkisvaldinu sjálfu.

Virðulegi forseti. Ég mun þá ekki hafa mál mitt lengra þótt ýmsu öðru mætti við bæta en til þess gefst ekki tími.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það fyrsta sem verður til að taka varðandi þá umræðu sem hér er efnt til er hverju hún á að þjóna. Er hún hugsuð sem fjölmiðlasveifla eða er það hagur SÍS og starfsfólks þess sem málshefjandi hefur í huga eða hugsanlega hagur ríkissjóðs? Svari hver fyrir sig.

Það er alþekkt fyrirbrigði í íslensku atvinnulífi að leita á náðir ríkisvaldsins þegar eitthvað bjátar á. Þess á milli eru jafnan háværari þær raddir sem tala um að heilbrigt atvinnulíf og heilbrigð samkeppni án ríkisafskipta sé hið eina rétta og eftirsóknarverða. Of mörg dæmi eru um að menn hlaupi til af því sem gjarnan er orðað við stórhug eða framkvæmdaáhuga, þ.e. að athafnamenn geysist fram í nafni almenningsheilla eða í þágu byggðarlagsins og sjáist ekki alltaf fyrir en séu fljótir að breyta um stef ef illa árar og samkeppnin að sliga þá.

Þegar um er að ræða beiðni um aðstoð ríkisvalds við fyrirtæki eða atvinnuvegi verður auðvitað að meta í hvert skipti þegar slíkt kemur upp, hver staða þeirra er frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Fjárhagsörðugleikar Sambandsins eru auðvitað af sama toga spunnir og annarra fyrirtækja í landinu sem mörg hver standa nú höllum fæti, sum ramba jafnvel á barmi gjaldþrots, önnur hafa þegar farið yfir.

Aðstæður innan lands fyrir útflutningsatvinnuvegi hafa verið erfiðar undanfarin ár vegna rangrar gengisskráningar, verðbólgu og okurvaxta. Því má með réttu kalla ríkisvaldið til ábyrgðar að vissu leyti, ekki síst ef í hlut á fyrirtæki með jafnbreiðan starfsvettvang og Sambandið er. Rætur þess liggja til flestra atvinnugreina í landinu og um öll byggðarlög landsins. Því væri mikill ábyrgðarhluti að sitja aðgerðarlaus hjá ef almennur rekstur SÍS er þannig á vegi staddur að í voða stefnir. Það hefði alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið allt ef það væri látið sigla sinn sjó.

Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um raunverulega stöðu Sambandsins og því erfitt að ræða þessi mál til hlítar en hitt er ljóst að ef úr verður að ríkisstjórnin gangist fyrir því að aðstoða Sambandið með skuldbreytingum í langtímalán í stað óhagstæðra skammtímalána ber henni, þ.e. ríkisstjórninni, að tryggja hag ríkissjóðs og skattborgara landsins með tryggu veði, t.d. í fyrirtækjum Sambandsins sem sum hver eru sem betur fer arðbær. Það væru vinnubrögð sem sýndu að staðið væri að af ábyrgð og væri ekki hægt að kenna við óeðlilega fyrirgreiðslu.

Hvað varðar fyrirhuguð kaup Landsbankans á Samvinnubankanum viljum við taka fram að Kvennalistinn hefur verið hlynntur samruna banka og fækkun þeirra og því sjáum við ekki ástæðu til að gera athugasemd við kaup Landsbankans á Samvinnubankanum, svo framarlega sem það eru góð kaup og verður að treysta því að þannig verði að málum staðið að svo verði og að upphlaup og æsingar ráði ekki ferð.

Þá eru það fyrirhuguð kaup ríkisins á hluta Sambandsins í Íslenskum aðalverktökum, þ.e. fyrirtækinu Reginn. Talað hefur verið um að verð þess fyrirtækis sé 1 milljarður eða um það bil. Hallar nú strax á fjárlög. Ekki var gert ráð fyrir þessari upphæð í nýsamþykktum fjárlögum og fróðlegt verður að fylgjast með hvaða töfrabrögðum verður beitt til að galdra þær krónur fram. Burt séð frá því verð ég að viðurkenna að mér er sérdeilis illa við að þurfa yfirleitt að vita af þessu fyrirtæki, hvað þá heldur að taka afstöðu til þess hvort það á að vera í eigu SÍS eða ríkisins. Þær tekjur sem þetta fyrirtæki gefur af sér eru blóðpeningar og ætti ekki að eitra íslenskt efnahagslíf með svo illa fengnum krónum.

Við kvennalistakonur erum algjörlega andvígar veru ameríska hersins hér í landi og viljum hann brott sem fyrst ásamt allri þeirri starfsemi sem honum fylgir og viljum síst af öllu að vera hans hér sé þjóðarbúinu tekjulind. Þetta er eins og hver önnur óværa á þjóðarlíkamanum sem hollast væri að losa sig við og það að taka afstöðu til eignarhalds fyrirtækja sem tengjast þessari óværu er líkt og að velja lúsinni stað á líkama sínum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég stend hér upp er m.a. það að hæstv. forsrh. gat ekki svarað nægilega þeim spurningum sem til hans var beint áðan vegna þess hve tíminn var naumt skammtaður. Ég vildi þess vegna, forseti, varpa því fram hvort ekki væri ástæða til þess að þessi umræða, þ.e. um þetta mál, fari fram á grundvelli 2. mgr. 32. gr. í þingsköpum. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem getur haft mjög örlagaríkar afleiðingar fyrir ekki aðeins viðkomandi fyrirtæki heldur landið í heild og á ég þar einkum við mál það er lýtur að Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Forsrh. sagði m.a. — og ég vona að hv. þingmenn hafi tekið eftir því — að skuldir Sambandsins erlendis væru 9–10 milljarðar kr. (**Forsrh.:** Heildarskuldir.) Heildarskuldir. Hæstv. forsrh. leiðréttir þetta hér og segir að þetta séu heildarskuldir Sambandsins. Það kom ekki fram í máli hæstv. forsrh. hversu stór hluti væru erlendar skuldir. Það kom heldur ekki fram í ræðu hæstv. forsrh. hvort þessar skuldir, sérstaklega

hinar erlendu, væru tryggðar með viðunandi hætti þannig að það þyrfti ekki að óttast það, eins og mér fannst nú koma fram í ræðu hæstv. forsrh., að skuldastaða Sambandsins erlendis gæti hugsanlega skaðað stöðu landsins og þjóðarinnar í heild. Hins vegar sagði hæstv. forsrh. að eignir Sambandsins muni nægja fyrir skuldum. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. forsrh. vegna þessarar fullyrðingar: Hverjar eru nettóeignir Sambandsins? Ég sætti mig ekki við það að hæstv. forsrh. komi hér með órökstudda fullyrðingu í jafnveigamiklu máli og þetta er.

Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegi forseti, að fyrir tveimur árum lagði ég fram frv. til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, þ.e. frv. sem gerði ráð fyrir að Sambandinu væri skylt, eins og mörgum öðrum stórum fyrirtækjum sem eru mynduð á sambærilegum grundvelli, að færa upp eignir eignaraðila, þ.e. í þessu tilviki færa upp eignir kaupfélaganna í Sambandinu í samstæðum reikningi. Því miður fékk þetta frv. ekki eðlilega afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Það var svæft í nefnd, því miður. Það hefði verið rétt og eðlilegt að afgreiða frv. því ef það hefði verið gert mundum við núna, hv. þm., vita nákvæmlega hver væri raunveruleg staða Sambandsins og eignarfélaga Sambandsins, þ.e. kaupfélaganna, og þyrftum ekki að vera með spurningar sem þær sem hér hafa verið lagðar fyrir.

Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði að skuldastaða Sambandsins er erfið og getur skaðað viðskiptastöðu landsins erlendis. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að tekin séu af öll tvímæli í þessum efnum, þ.e. um raunverulega eignarstöðu Sambandsins. Það er bæði æskilegt vegna fyrirtækisins sjálfs sem og vegna íslensku þjóðarinnar.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það þarf auðvitað engum að koma á óvart að umræður af þessu tagi fari fram hér á hv. Alþingi og að óskað sé eftir svörum við fyrirspurnum eins og þeim sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til forsrh. Ástæður eru auðvitað margar, m.a. yfirlýsingar hæstv. forsrh. og reyndar fleiri ráðherra, og þess vegna er alveg óþarfi að gera mönnum upp annarlegar hvatir í sambandi við þessa umræðu hér eins og hv. 18. þm. Reykv. gerði í sinni ræðu hér áðan. Hér er um að ræða stórmál sem snertir ekki aðeins þetta einstaka fyrirtæki heldur fjöldamörg byggðarlög og, eftir því sem hæstv. forsrh. hefur upplýst, álit Íslands út á við, þ.e. hjá okkar helstu lánardrottnum.

Ég verð hins vegar að lýsa afar miklum vonbrigðum mínum með það að hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og reyndar hv. formaður fjvn. skuli hafa látið í ljós það álit að kaup ríkisins á hlut í Íslenskum aðalverktökum þurfi ekki að koma fyrir Alþingi nema í sambandi við hugsanlegar fjárveitingar. Ég segi þetta vegna þess að við höfum verið að ræða hér á undanförnum mánuðum nauðsyn bættrar meðferðar á fjármálum ríkisins og allir hv. fjárveitinganefndarmenn hafa flutt sérstakt frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Í þessu frv. er m.a. gert ráð fyrir að kaup ríkisins á eignum af þessu tagi verði lögð fyrir Alþingi og þess vegna finnst mér það ekki af miklum heilindum mælt hjá þeim sem nú koma og segja að þeir ætli að kaupa þessa eign en ætli ekki að leggja málið fyrir Alþingi.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að frv. hefur ekki verið samþykkt sem lög frá hv. Alþingi en að baki þessu frv. er krafa um nýtt siðferði hjá hæstv. ríkisstjórn og auðvitað gerum við kröfu til þess að því verði framfylgt nú þegar í máli eins og þessu þó að ekki sé búið að samþykkja það frv. sem hér verður væntanlega samþykkt nú á næstu örfáum mánuðum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Það voru ummæli hv. 14. þm. Reykv. sem urðu þess valdandi að ég stend hér upp. Ég vil lýsa undrun minni á því viðhorfi sem þar kom fram (Gripið fram í.) jú, jú, ég kem að því — að gera kröfu til þess að settur sé upp samstæður reikningur SÍS og kaupfélaganna í landinu. Þetta eru allt saman sjálfstæðir rekstraraðilar og koma hvergi nærri þeim reglum sem gilda um samstöðureikning. Hins vegar tek ég mjög undir með honum að það er æskilegt að við þingmenn fáum lengri tíma til þess að ræða rekstur samvinnufélaganna. Um það vil ég segja að við þurfum nýja hugmyndafræði inn í okkar atvinnurekstur en ég kem ekki meira að því hér.

Mér dettur ekki í hug að neinar annarlegar hvatir hafi legið að baki fyrirspurnar hv. 1. þm. Reykv. í þessu máli. Ég velti því að vísu fyrir mér svolítinn tíma hvað lægi að baki en ég hlýt að komast að því og draga þá einföldu ályktun að að baki þessu liggi áhyggjur hv. 1. þm. Reykv. vegna bágrar stöðu eins öflugasta fyrirtækis í hans kjördæmi sem hefur veitt hundruðum manna atvinnu um áratuga skeið. Ég vona að við fáum miklu lengri tíma einhvern tímann á næstunni til þess að ræða þetta mál við áhugamenn um samvinnurekstur og hv. fyrirspyrjandi er áhugamaður um rekstur öflugra fyrirtækja í Reykjavík.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessi umræða hefur verið um margt athyglisverð. Hér hafa verið bornar fram ákveðnar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið að undanförnu. Í þeim umræðum hefur komið fram af hálfu hæstv. ráðherra og sérstaklega af hálfu hæstv. forsrh. að Samband ísl. samvinnufélaga ætti við mjög mikla erfiðleika að etja og hefði stefnt Landsbanka Íslands í verulega hættu.

Yfirlýsingar af þessu tagi hljóta að vekja upp umræður á Alþingi Íslendinga og enginn þarf að undrast að svo sé. Hins vegar kemur í ljós þegar hæstv. forsrh. er spurður hér á Alþingi að fátt er um svör. Bak við hinar stóru yfirlýsingar eru engin svör hér á hinu háa Alþingi. Eftir hinar stóru yfirlýsingar er sagt hér í þinginu að allt sé nú eiginlega í hinu besta gengi hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Vonandi er meira að marka þá yfirlýsingu en hinar sem við höfum verið að lesa í blöðunum. Hins vegar stangast

hér hvað á annars horn í yfirlýsingum og þess vegna æskilegt að um þetta fari fram umræða.

Í sjálfu sér þarf ekki að vera neitt óeðlilegt við það að íslensk stjórnvöld aðstoði fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum þó að meginreglan sé auðvitað sú að þau eigi að standa á eigin fótum. En Alþingi getur auðvitað ekki þolað að verið sé að pukrast með slík mál, að það sé ekki hægt að skýra hinu háa Alþingi frá því í hverju þau afskipti eru fólgin og með hvaða hætti. Og Alþingi getur auðvitað ekki á það fallist að slíkar ákvarðanir séu teknar án þess að þeir hlutir séu ræddir hér á hinu háa Alþingi og fjárveitingavaldið taki sjálft ákvarðanir að því er varðar þá þætti sem Alþingi Íslendinga á lögum samkvæmt að taka ákvarðanir um. En mér skilst á mjög loðnum svörum hæstv. forsrh. að hæstv. ríkisstjórn sé að reyna að smeygja sér undan því að láta Alþingi í té eðlilegar upplýsingar ef svo er komið fyrir þessu mæta fyrirtæki að það þurfi á opinberri aðstoð að halda. Þess vegna vil ég ítreka það að fari svo að hér þurfi opinbera fyrirgreiðslu, sem ýmislegt bendir nú til, þar á meðal frumkvæði einstakra ráðherra um það að biðja bankastjóra Landsbankans um að kaupa hlutabréf í Samvinnubankanum á yfirverði samkvæmt fréttum, þá hefur ríkisstjórnin þegar haft af þessu veruleg afskipti.

Fyrir jólaleyfi báru nokkrir þingmenn fram ósk um að viðskrh. legði fram skýrslu hér á þinginu um hugsanleg eða fyrirhuguð kaup Landsbankans á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubankanum. Ég tók hins vegar eftir því þegar ég kom hér til fundar í dag að þessi skýrsla liggur ekki enn fyrir þinginu. Ég hélt að hæstv. viðskrh. mundi nota jólaleyfið til þess að ganga frá henni og hafði sannarlega búist við því að hún kæmi til umræðu hér í vikunni. Nú vil ég inna hæstv. forsrh. eftir því hvort þess sé ekki að vænta að hæstv. ríkisstjórn ljúki þessari skýrslugerð þannig að unnt sé að taka málið í þessari viku til formlegrar umræðu hér í þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú vil ég upplýsa að hálftími sá sem leyfður hafði verið til þessarar umræðu er nú þegar liðinn, en ég mun gefa orðið hv. 14. þm. Reykv. og síðan hæstv. forsrh. en síðan hlýtur þessari umræðu að ljúka. (Gripið fram í.) Í lögum um þingsköp segir að umræða af þessu tagi skuli ekki taka meira en hálftíma. Forsetar hafa stundum verið rýmilegir. Við skulum sjá hvort ekki er hægt að komast að samkomulagi um það.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forseti mun ekki hafa verið inni þegar ég vakti athygli á því að hér væri um svo mikilvægt mál að ræða að það er á misskilningi byggt að fjalla um það á grundvelli 1. mgr. 32. gr. um þingsköp. Í ræðu hæstv. forsrh. kom fram að málið er þess eðlis að það gæti skaðað stöðu íslensku þjóðarinnar erlendis hvernig málum Sambandsins reiddi af. Þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir hlýtur virðulegur forseti og þingheimur að verða að taka tillit til þess. Ég óska því eftir, virðulegi forseti, að þessi umræða fari fram á grundvelli 2. mgr. 32. gr. (**Forseti:** Nú hlýtur forseti að upplýsa að einungis var beðið um umræðu af því tagi sem hér hefur farið fram og slík umræða yrði þá að takast upp á öðrum fundi.) Alveg rétt, forseti. Ég skal fallast á þennan úrskurð og þá mun þessi umræða væntanlega halda áfram þegar sá úrskurður liggur fyrir frá virðulegum forseta.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég vil hins vegar gera athugasemd við það sem hv. þm. sagði hér áðan um að mér hafi orðið það á að tala um samstæðan reikning hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég ætlaði auðvitað að segja: Í ársreikning Sambandsins og leiðrétti það hér með. Ég tel eðlilegt að Sambandið, eins og önnur stór fyrirtæki, færi upp eignarhluta eignaraðila í ársreikningum. Ég get ekki séð að neitt sé athugavert við það. Þetta er eðlilegt og mjög sjálfsagt og tryggir að sjálfsögðu þá stöðu og þá ímynd sem viðkomandi fyrirtæki þarf að hafa. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar.

En ég vil ítreka fyrirspurn mína til hæstv. forsrh., ég vil fá svör við því hvað hann átti við þegar hann sagði að eignir SÍS muni nægja fyrir skuldum. Hverjar eru nettóeignir Sambandsins? Hæstv. forsrh. hlýtur að hafa upplýsingar um það, annars hefði hann ekki fullyrt þetta með þeim hætti sem hann gerði áðan. (Gripið fram í.) Já, virðulegur þingmaður er nú að svara fyrir hæstv. forsrh. Ég hugsa að hæstv. forsrh. sé fær um að svara fyrir sig sjálfur. En hins vegar kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að erfið skuldastaða SÍS gæti skaðað viðskiptastöðu landsins erlendis. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. skýri nánar hvað hann átti við. Við aðrir sem höfum nokkra þekkingu á þessum viðskiptum vitum að því miður er allt of mikið til í þessari fullyrðingu. Hins vegar höfum við ekkert fullyrt um þetta hér á hinu háa Alþingi. Það hefur forsrh. gert sjálfur og ég óska eftir því að hann færi rök fyrir þessari fullyrðingu á fullnægjandi hátt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er satt að segja tekið eftir því að þegar hv. 1. þm. Suðurl. tekur til máls eða tekur upp penna er yfirleitt um útúrsnúninga og órökstuddar fullyrðingar að ræða. Ég fékk í hendurnar átta spurningar frá hv. fyrirspyrjanda og ég tel mig hafa svarað þeim öllum skilmerkilega og mörgum bara með já og nei án þess að nokkuð færi þar á milli mála.

Hins vegar vitnaði hv. þm. í það sem eftir mér var haft í Morgunblaðinu. Eins og þar kemur fram er það svar við spurningu og ég er algerlega sammála því sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lýsti hér áðan og kemur fram í mínu svari. Ef svo færi að skuldir Sambandsins erlendis yrðu gjaldfelldar held ég að það færi ekkert á milli mála, það sér hver maður, að það hefði mjög mikil áhrif á viðskiptastöðu og traust það sem við Íslendingar njótum erlendis. Þetta er vitanlega ekkert annað en sannleikur og hann hlýtur að verða að koma í ljós.

Ég verð hins vegar að vísa í ársreikninginn til

nánari upplýsinga um eignir og skuldir SÍS. Ég er ekki með hann hér fyrir framan mig. Ég gæti lesið upp úr honum ef ég hefði hann að sjálfsögðu. Hann er opinbert plagg. Ég hef spurt þá aðila sem þekkja og þeir fullyrða að reksturinn hafi batnað mikið á árinu. Með þeirri losun eigna sem stefnt er að muni ekki vera hætta á því að illa fari og því veit ég að hv. þm. og eflaust hv. fyrirspyrjandi fagnar.

Ég get ekki rætt hér í neinum smáatriðum um eignir Sambandsins. Ég er ekki nógu kunnugur því efni. Ég byggi mitt á gögnum sem eru opinber og hver hefur aðgang að.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þetta. Ég sé að hv. 1. þm. Suðurl. er ekki í salnum og læt þessu lokið fyrir mitt leyti.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Þess misskilnings hefur gætt hjá hv. 2. þm. Vestf. og forseta að ég hugði þann hálftíma búinn sem ætlaður var til almennrar umræðu um þetta mál. En þar sem þau stórtíðindi hafa gerst að sjálfstæðismenn hafa hafið hér umræðu af eintómum kærleika við Samband ísl. samvinnufélaga þá þykir mér mjög bagalegt að aðeins verði tekinn hálftími í þær ástarjátningar. Þetta er sögulegur atburður og hefur ekki almennt átt sér stað að bankaráðsmaður Landsbankans kveðji sér hljóðs til að ræða stöðu fyrirtækis sem er í viðskiptum við bankann. En margt eiga menn eftir að upplifa og kannski væri eðlilegt að maður spyrði hér og nú hvort forseti telji að það samrýmist störfum þeirra sem sitja í bankaráði Landsbankans að vera hluthafar í Íslandsbanka jafnframt. Ég hygg að það þurfi að taka til í þessum siðgæðismálum á ýmsum sviðum ef menn ætla að fara að gera það almennt og þá sé ekkert óeðlilegt að forseti geri sér grein fyrir því að það þarf meira en hálftíma til að ræða slík mál. En hafi hv. 1. þm. Reykv. aðeins óskað eftir hálftíma til umræðunnar bendir það eindregið til þess að hann hafi ekki hætt sér út í þá umræðu sem hér hefði e.t.v. getað skapast hefðu menn fengið tíma til að tala um þessi mál af fullri festu.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp):*

Virðulegi forseti. Ég er á mælendaskrá í málinu sjálfu og skal þess vegna halda mig eingöngu við þá umræðu sem hér hefur verið hafin um þingsköp. Ég vil láta það koma fram viðvíkjandi því sem þar hefur verið sagt að ég er tilbúinn til þess í góðri samvinnu við hv. 2. þm. Vestf. að beita mér fyrir því að hér verði tekin upp lengri umræða um þetta mál. Vænti ég þess að hv. 2. þm. Vestf. standi þá við sín orð og óski eftir því að slík umræða fari hér af stað og taki lengri tíma en þennan hálftíma sem hér var til ráðstöfunar.

Ég taldi að nóg væri að hafa hálftíma í þessa umræðu og mun að sjálfsögðu ræða málið efnislega þegar aftur verður tekið til við það mál sem er hér rætt utan dagskrár. Ég vil eingöngu láta það koma fram hér að ég styð tillögu hv. 2. þm. Vestf. um að þetta mál verði tekið upp síðar, enda sé hann þá fyrsti beiðandi þess. (**ÓÞÞ:** Þetta er móðgun við hv. 14. þm. Reykv., hrein móðgun.) Sé þetta móðgun við hv. 14. þm. Reykv. skal ég gjarnan bæta því við til hv. 2. þm. Vestf. að ég styð tillögur þeirra beggja og vil þá þakka það mikla og frábæra liðsinni sem við hv. 14. þm. Reykv. höfum fengið með þessari skeleggu, skýru og greinargóðu ræðu sem hér var flutt nú um þingsköp.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðu um þingsköp er lokið og bið ég nú hv. 1. þm. Reykv. að fara ekki langt því hann er næstur á mælendaskrá og stígur nú í stól.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst af öllu segja að ástæðan fyrir því að beðið var um þessa umræðu var ekki upphlaup fyrir fjölmiðla né heldur til þess að taka hér þátt í einhverri lúsarleit á þjóðarlíkamanum. Ég læt aðra um það, þá sem hafa meiri æfingu í því en ég.

Það sem vakti fyrir þeim sem hér stendur er fyrst og fremst það að hér hafa verið gefnar yfirlýsingar í fjölmiðlum mánuðum saman um erfiðleika eins stærsta fyrirtækis landsins. Það var nauðsynlegt vegna ríkissjóðs og vegna ríkisbankanna að fá hér staðfest hvernig skilja bæri þau ummæli hæstv. ráðherra sem þegar hefur verið lýst og hér fjallað um.

Það kemur í ljós og hefur verið staðfest að a.m.k. tveir hæstv. ráðherrar hafa haft afskipti af málum Sambandsins og kaupum Landsbankans á hlut Sambandsins í Samvinnubankanum. Hæstv. forsrh. hefur sagt að það hafi þeir ekki gert á vegum hæstv. ríkisstjórnar, hvernig í ósköpunum sem hægt er að koma því saman, því að eins og allir vita, og Ólafur Jóhannesson klifaði margoft á, þá er ríkisstjórn Íslands ekki fjölskipað stjórnvald. Hver einstakur ráðherra hlýtur að gera það sem hann gerir í nafni hæstv. ríkisstjórnar. Sá skilningur af hálfu hæstv. forsrh. hefur samt sem áður verið staðfestur að hann og hæstv. ríkisstjórn hafi ekki staðið að baki því sem hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. hafi aðhafst í þessu máli. Fyrir mér vakti að fá heillega mynd af því hvernig aðstoð ríkisins við Sambandið ætti að vera ef um slíka aðstoð yrði að ræða. Það var nú allt.

Loks þetta, virðulegur forseti. Það er tvímælalaust ljóst, og ég hef kannað það mál nokkuð, að verði af kaupum ríkisins á auknum hlut í Aðalverktökum sf. verður það mál að koma til kasta Alþingis. Það er rangt sem haft var eftir formanni fjvn., enda vissi hann ekki betur en Aðalverktakar væru hlutafélag. Það er ekki hægt að taka peninga úr þessu fyrirtæki af hálfu ríkisins nema þeir fjármunir gangi til ríkissjóðs. Og ef ríkissjóður ætlar síðan að nota þá peninga til að kaupa hlut af einhverjum öðrum eigendum er það fjárveiting úr ríkissjóði og samkvæmt íslenskum lögum er það kristaltært að til kasta Alþingis þarf að koma með einum eða öðrum hætti. Að allra síðustu, virðulegi forseti, vil ég segja að ég tel að Samband ísl.

samvinnufélaga eigi að fá nákvæmlega sams konar fyrirgreiðslu og önnur fyrirtæki. Það hefur komið fram í þessum umræðum að forráðamenn Sambandsins hafa ekki beðið um neina sérstaka fyrirgreiðslu og þess vegna verð ég að lýsa undrun minni á því að tveir hæstv. ráðherrar í núv. hæstv. ríkisstjórn hafi af eigin frumkvæði haft afskipti af málum sem hæstv. forsrh. virðist ekki hafa hugmynd um.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki níðast á því þegar ég bað um orðið um þingsköp, það er stundum heimilt til að bera sakir af fjarstöddum aðila jafnvel. Hér er því haldið fram hvað eftir annað að hæstv. viðskrh. hafi haft afskipti af þessu máli. Jafnframt er vísað til yfirlýsinga um að hann hafi lofað því að leggja skýrslu fyrir Alþingi, jafnvel á fyrsta degi eftir jólahlé. Nú er það svo að lögum samkvæmt hefðu kaup Landsbankans á Samvinnubankanum ekki orðið með löglegum hætti nema þau hefðu verið lögð fyrir viðskrh. Til þess kom ekki, af þeirri einföldu ástæðu að upphafleg yfirlýsing um þessi kaup — samningsígildi skulum við kalla þau kaup — af þeim varð ekki. En eins og fram kom í fjölmiðlum virðist upphafsmaður þess hafa verið bankastjóri einn hér við Landsbankann sem talar gjarnan í yfirlýsingum sínum enn um flokkinn sinn og mun þá eiga við Sjálfstfl. Það er upplýst jafnframt að hann gerði þetta ekki í samráði við aðra bankastjóra og ekki í samráði við bankaráð, á sínum tíma upphaflega.

Nú er það svo að á það reyndi aldrei að viðskrh. hefði með formlegum hætti þau afskipti sem lög gera ráð fyrir að hann hafi af málinu. En almennt um málið vil ég segja að stefna þessarar ríkisstjórnar, eins og stefna fyrri ríkisstjórna, er að stuðla að sameiningu banka, það fer ekkert á milli mála. Hafi afskipti viðskrh. verið einhver, þá hafa þau t.d. verið á þá lund, eins og fram kom af orðum hans í fjölmiðlum, að hann taldi það skyldu sína að gæta hagsmuna Landsbankans í þessum samningum og taldi á tímabili að þær tölur sem upphaflega voru nefndar um þessi kaup væru, ef nokkuð væri, sennilega of háar. Sá samningur var að lokum endurskoðaður og menn geta haft hvaða skoðun sem er um það. En ef menn hafa verið að gefa í skyn að viðskrh. hafi haft einhver óeðlileg afskipti af þessu máli, þá tel ég svo ekki hafa verið, tel það ástæðulaust.

Að því er varðar beiðni um skriflega skýrslu af hans hálfu verð ég að játa að ég var ekki viðstaddur þegar sú yfirlýsing var gefin en mun að sjálfsögðu koma því áleiðis til hæstv. viðskrh.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra talaði um þingsköp til að bera sakir af fjarstöddum hv. þm. og ráðherra. Ég hlýt þess vegna að fá að taka hér til máls um þingsköp því hér var til sögunnar nefndur fyrrv. þm. og núverandi bankastjóri Landsbankans og bera af honum sakir. Þá eru þeir komnir saman í eina dyngju fjósamennirnir úr Ögri og ég held að það sé rétt að halda þeim saman í einni þingskapaumræðu. (Gripið fram í.) Ef ég fæ frið fyrir þessum Vestfirðingum öllum, virðulegur forseti, þá kemst ég kannski áfram.

Í fyrsta lagi — og nú ætla ég að rekja staðreyndir málsins — þá var það hæstv. fjmrh. sem fyrstur færði það í tal við landsbankastjóra tvo, þá Björgvin Vilmundarson og Sverri Hermannsson, hvort þeir vildu kaupa hlut Sambandsins í Samvinnubankanum.

Í öðru lagi. Aldrei var gerður annar og meiri samningur milli Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar en það sem kallað var „viljayfirlýsing" enda er það staðfest í gögnum bankans.

Í þriðja lagi. Nýtt tilboð sem bankaráð Landsbankans gaf á milli jóla og nýárs og samþykkti samhljóða var tilboð sem varð til með fullum afskiptum hæstv. ráðherra, þar á meðal hæstv. viðskrh. Það liggur fyrir. Það var haft samband við hann oftar en einu sinni í síma af núverandi formanni bankaráðs bankans.

Í næsta lagi vil ég að það komi fram að hæstv. viðskrh. lofaði því 6. jan. sl. að beita sér fyrir því að Landsbankinn borgaði 60 millj. kr. meira en þetta tilboð gerði ráð fyrir. Svo kemur hæstv. utanrrh. og segir að hæstv. viðskrh. hafi viljað lækka verðið á bankanum. Það er öðru nær. Hann vildi hækka verðið frá tilboðinu um 60 millj.

Þetta verður að koma fram hér, virðulegur forseti, fyrst farið er að nefna þessi mál svo ítarlega.

Loks er því haldið fram að hæstv. viðskrh. hafi eðli málsins samkvæmt þurft að fara með sín mál því hann gefi leyfi samkvæmt viðskiptabankalögunum um það hvort bankar megi sameinast eða einn banki kaupi annan. Þetta er alveg rétt. En það leyfi liggur ekki fyrir. Og það sem meira er: Nú héldu menn að þetta væri fyrsta skrefið í átt til þess að Landsbankinn yfirtæki Samvinnubankann alveg. Það hefur komið fram í blöðum og verið staðfest að hæstv. viðskrh. gekk lengra. Hann hringdi í bankastjóra Búnaðarbankans og bauð þeim að kaupa afganginn af Samvinnubankanum. Svo koma ráðherrar hér upp í umræðunni áðan og segja: Við höfum ekki haft afskipti af þessum málum.

Þetta var það, virðulegur forseti, sem ég vildi kalla fram í þessari umræðu. Það tókst kannski ekki í sjálfri umræðunni áðan en það liggur kristaltært fyrir í þessari þingskapaumræðu sem hæstv. utanrrh. hóf, hvernig á þessu máli hefur verið haldið og ég held að hæstv. utanrrh. ætti að kynna sér dálítið betur feril málsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að framlengja þessa umræðu hér úr þessum ræðustól enda umræðutíma lokið. Ég ætla aðeins að segja eitt: Væri ég viðskiptaaðili að Landsbankanum þá vildi ég ekki eiga mín mál undir bankaráðsmanninum sem hér talaði seinast.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. hefur dvalið langdvölum erlendis og að því er virðist með þeim afleiðingum að hann er hættur að skilja það sem sagt er hér á hinu háa Alþingi Íslendinga. A.m.k. ætla ég honum ekki að snúa út úr máli manna vísvitandi, það hlýtur að vera af öðrum ástæðum og þá sennilega þessum.

Ég hafði engin orð um það að hæstv. viðskrh. hefði gefið einhver loforð um skýrslu. Hér liggur fyrir samkvæmt ákvæðum þingskapa beiðni um skýrslu um fyrirhuguð kaup Landsbankans á hlut SÍS í Samvinnubankanum. Þeirri skýrslu er hæstv. viðskrh. rétt og skylt að skila hér inn á Alþingi og óskað hefur verið eftir því að umræður fari fram um hana. Hér þarf engin loforð, hér þarf það einungis að gerast að hæstv. ráðherra uppfylli skyldur sínar samkvæmt þingsköpum. Ég hafði hins vegar vænst þess og búist við því að hæstv. viðskrh. hefði lokið þessu verki þannig að unnt væri að ræða skýrsluna þegar í þessari viku. Það kom mér því á óvart að það skyldi ekki hafa gerst. Ég vona að ekki verði mikill dráttur þar á. Ummæli hæstv. utanrrh. um þetta eru hreinn útúrsnúningur, væntanlega vegna þess að hann hefur ekki skilið vegna utanlandsferða það sem hér var sagt. Hv. 1. þm. Reykv. hefur svo svarað öðrum útúrsnúningum hæstv. utanrrh. Það liggur hér allt fyrir um frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar að þessu máli. Það liggur hér fyrir efnislega hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur reynt að hækka það tilboð sem Landsbankinn gerði í þessi hlutabréf. Ekki síst fyrir þá sök er mikilvægt að þessi umræða fari hér fram og ég vænti þess að það gerist efnislega þegar skýrslan kemur til umræðu. En ég hefði raunverulega átt von á því að hæstv. utanrrh. bæðist svo afsökunar á þeim ótilhlýðilegu dylgjum í garð hv. 1. þm. Reykv. um störf hans í bankaráði Landsbankans. Viðskiptamenn Landsbankans eiga ekki viðskipti við bankaráð heldur bankastjóra og það ætti hæstv. utanrrh. að vita.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Þetta skal verða örstutt í tilefni af orðum hæstv. utanrrh.

Væri ég viðskrh. mundi ég frábiðja mér að hæstv. utanrrh. kæmi hér í ræðustól til að bera af mér sakir.

EFRI DEILD

44. fundur, þriðjudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Nýárskveðjur.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil í upphafi fundar bjóða hv. deildarmenn velkomna til starfa á ný um leið og ég árna þeim allra heilla á nýju ári og þakka fyrir liðið ár.

Um þingsköp.

Röð mála.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir því að farið verði eftir dagskránni eins og hún liggur fyrir og fyrra dagskrármálið tekið fyrir á undan í stað annars málsins eins og forseti hafði fyrirhugað.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að vanda eðlilegt að koma til móts við óskir hv. 2. þm. Norðurl. e., á þessu sviði eins og öðrum, einkum og sér í lagi til þess að stuðla að góðri samvinnu hér á hinu nýja ári, en fyrsta ræða ársins í Ed. hefur nú þegar verið flutt. Ég óska eindregið eftir því við hæstv. forseta að hann verði við frómri ósk hv. 2. þm. Norðurl. e., en ég verð hins vegar að hryggja hann með því að þá gæti farið svo að málið kæmi ekki fyrir fyrr en á morgun og vænti ég að það gæti náðst um það samkomulag einnig, hæstv. forseti.

Forseti (Jón Helgason):

Það verður orðið við beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. og fyrir tekið fyrra mál á dagskrá.

Skattskylda orkufyrirtækja, 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 323.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, en kjarni þess er að orkufyrirtæki falli að skattlagningu fyrirtækja hér á Íslandi líkt og önnur fyrirtæki.

Fyrir nokkrum árum var sú breyting gerð á að bankastofnanir voru teknar inn í almenna löggjöf um skattlagningu fyrirtækja og um nokkuð langa hríð hefur verið um það rætt að eðlilegt væri að önnur fyrirtæki sem hafa verið utan við þessa löggjöf eins og orkufyrirtækin kæmu inn í hana líkt og allur annar atvinnurekstur í landinu, enda er ekki hægt að finna fyrir því skýr og efnisleg rök að á sama tíma og öll atvinnufyrirtæki í landinu, og síðast bankastofnanir, eru látin sitja við sama borð í skattalegu tilliti séu orkufyrirtækin þar undan skilin.

Með samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 30. nóv. var ákveðið að leggja til við hv. Alþingi að fella niður undanþágu orkufyrirtækjanna frá tekjuskatti. Með þessari ákvörðun er enn fækkað, eins og ég gat um áðan, undanþágum frá tekjuskatti fyrirtækja en síðasta undanþágan í þeim efnum var undanþága banka og peningastofnana. Það er rétt að rifja það upp hér að nokkur ágreiningur var um það á sínum tíma hvort afnema ætti undanþágu banka og peningastofnana frá því að greiða tekjuskatt, en ég held að allir séu sammála því í dag að það hafi verið rétt og eðlilegt

skref að afnema þá undanþágu. Í frv. er lagt til að sams konar undanþága fyrir orkufyrirtækin verði einnig afnumin.

Þótt ákveðin rök kunni að hafa verið færð fyrir því á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtækin frá tekjuskatti er það hins vegar nokkuð ljóst að í því þjóðfélagi sem við búum í í dag og í því hagkerfi sem hér hefur þróast á undanförnum árum og áratugum eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem eru að fullu skattskyld ekki glögg. T.d. vek ég athygli hv. alþm. á því að orkufyrirtækin greiða launaskatt eins og önnur fyrirtæki, þau greiða önnur launatengd gjöld eins og önnur fyrirtæki, þau greiða virðisaukaskatt af rekstrarvörum eins og önnur fyrirtæki og þau greiða einnig ýmis önnur gjöld líkt og gildir um almennan atvinnurekstur í landinu.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega árétta að það er mikil og almenn krafa, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, að samræmis sé gætt í skattlagningu atvinnulífs þannig að undanþágur og forréttindi af ýmsu tagi, einstakra atvinnufyrirtækja, heyri sögunni til.

Þeir þm. sem sérstaklega eru miklir kröfugerðarmenn um það að íslenska hagkerfið lagi sig að þeim breytingum sem eru að verða í hagkerfi Evrópulanda, bæði hvað snertir fjármagnshreyfingar og rekstraraðstöðu, ættu þess vegna að huga að því sérstaklega að lykilþátturinn í þeirri samræmingu er samræming á skattlagningu fyrirtækja í þessum löndum. Það er þess vegna ekki samræmi í því að leggja á það ríka áherslu eins og t.d. ýmsir forustumenn Sjálfstfl. hafa gert að skattaleg samræming sé gerð og fjárhagsleg samræming sé gerð milli Íslands og landa Evrópubandalagsins, eða annarra landa í Vestur-Evrópu, en leggjast síðan gegn því að samræming í skattlagningu fyrirtækja sé innleidd hér hjá okkur. Það er einnig rétt að vekja athygli á því hér að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstur hitaveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti.

Í frv. er lagt til að orkufyrirtækin verði skattskyld til tekjuskatts með sama hætti og almennir rekstraraðilar. Um skattlagninguna skulu gilda öll ákvæði laga um tekjuskatt. Leiðir þessi regla til þess að orkufyrirtækjum ber að haga reikningsskilum sínum með þeim hætti er skattalög áskilja, m.a. að því er varðar ákvörðun á því hvað teljist tekjur og hvað teljist gjöld. Reglur almennra skattalaga um endurmat eigna, fyrningar, söluhagnað og verðbreytingafærslur koma því til með að gilda um skattaleg reikningsskil orkufyrirtækja. Einnig eiga við almennar reglur um framtalsskil, álagningu, yfirferð og úrskurð á sama hátt og hjá öðrum lögaðilum. Sama á og við um greiðslur skatta, gjalddaga og innheimtu.

Í 1. gr. frv. eru skilgreindir og tilgreindir þeir aðilar, stofnanir og fyrirtæki sem skattskyld skulu vera. Hér er um að ræða öll fyrirtæki er selja orku, hvort sem um er að ræða raforku eða varmaorku. Rafmagnsveitur og hitaveitur eru háðar eftirliti og leyfum frá iðnrn. samkvæmt orkulögum nr. 50/1967 og á því að liggja ljóst fyrir hvaða stofnanir og fyrirtæki starfa á því sviði sem hér er til umfjöllunar. Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Andakílsárvirkjun starfa eftir sérstökum lögum.

Ljóst er að um er að ræða fjölbreyttan hóp aðila, allt frá tiltölulega smáum héraðsrafveitum til stórfyrirtækja á borð við Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun. Jafnframt eru í 1. gr. frv. tekin af öll tvímæli um að skattfrelsisákvæði 4. gr. skattalaga um opinberar stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera, svo og annarra laga, eiga ekki lengur við varðandi orkufyrirtæki.

Í frv. er gerð tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrar ársins 1990 og álagning fari fram þess vegna 1991. Jafnframt er þó gert ráð fyrir að innheimt verði fyrirframgreiðsla vegna þessarar álagningar á síðari hluta árs 1990. Fyrirframgreiðslan taki mið af framtöldum tekjum ársins 1989. Hér er í reynd fetað í sömu fótspor og gert var með bankana á sínum tíma.

Stofn sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera nettótekjur viðkomandi fyrirtækis á árinu 1989. Skal fyrirframgreiðslan innt af hendi á tímabilinu ágúst til desember 1990 með fimm jöfnum greiðslum. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur hvers mánaðar og eindagi tíu dögum síðar. Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu eftir því sem við á. Fyrirframgreiðsla hvers mánaðar skal nema 10% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1991 vegna tekna ársins 1990. Komi í ljós við álagningu 1991 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslur en nemur álögðum gjöldum skal ríkissjóður þegar endurgreiða það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum hinn fyrsta hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Frá og með gjaldárinu 1991 skal fara um greiðslur aðila sem skattskyldir eru eftir lögum þessum eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Ákvæði þessa kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árinu 1990 eftir því sem við getur átt.

Með ákvæðum til bráðabirgða I, II og III er gert ráð fyrir að fram fari endurmat eigna, jafnt mannvirkja sem lausafjár, er mynda fyrningarstofn hjá hinum skattskyldu aðilum. Er þessum atriðum hér skipað á sama veg og gert var við upptöku núverandi fyrirkomulags skattlegra ársreikninga. Einnig eru sérákvæði um ákvörðun á söluhagnaði og sérstaklega tekið á því með hvaða hætti skuli haga verðbreytingarfærslum.

Ljóst er að reikningsskil og framsetning ársreikninga orkufyrirtækja eru á ýmsan hátt frábrugðin reikningsskilum og þeirri framsetningu er við eiga í skattskilum almennra fyrirtækja. Óhjákvæmilegt er

að samræma þessi atriði skattalögum og er endurmatið liður í þeirri samræmingu. Ýmsar eignir orkufyrirtækja, t.d. orkuvirki, lagnir og sérhæfður búnaður, eru sérstaks eðlis og án almenns markaðsgildis en eigi að síður er rétt að hefðbundnum aðferðum skattskila sé beitt við ákvörðun á fyrningarverði þeirra, stofnverði til ákvörðunar á söluhagnaði o.s.frv.

Með þessum aðdraganda sem kveðið er á um í frv. er orkufyrirtækjunum gefinn kostur á að laga bókhald og uppgjörsvenjur að breytingunni þannig að reikningsskil þeirra verði í samræmi við skattareglur. Vakin er athygli á því að ekki er að svo stöddu gerð tillaga um að fella niður undanþágu orkufyrirtækja frá eignarskatti, enda eignamyndunin talsvert stærri í sniðum á þessu sviði en gengur og gerist. Þennan þátt þarf því að skoða sérstaklega.

Gert er ráð fyrir að fyrirframgreiðsla skattsins á næsta ári skili a.m.k. 250 millj. kr. í ríkissjóð. Því hefur verið haldið fram að þessi skattlagning hljóti að leiða til hærra orkuverðs til neytenda. Það er auðvitað alls ekki sjálfgefið. Hér er verið að skattleggja hagnað, hreinan hagnað, arð fyrirtækjanna sjálfra, líkt og er um tekjuskattlagningu annarra fyrirtækja í landinu. Fyrirtæki sem tapa borga ekki tekjuskatt. Ef hagnaður orkufyrirtækis kemur fram í lægra orkuverði má halda því fram að þessi skattlagning geti orðið til þess að hækka orkuverðið. Hins vegar er mjög erfitt að fullyrða nokkuð um það á þessu stigi hvort slík skattlagning leiðir til breytinga á orkuverði þótt ýmsir utan þings hafi fullyrt að svo sé. Jafnvel þótt menn gerðu ráð fyrir einhverri breytingu á orkuverði mundi það í hæsta lagi nema 1–2%. Hins vegar er fróðlegt að skoða þetta mál í ljósi þess hvað hefur verið að gerast hjá Reykjavíkurborg á undanförnum árum vegna þess að ég hef ekki heyrt þá sömu menn sem halda því fram að þetta frv. leiði til hækkaðs orkuverðs gagnrýna þá ráðstöfun Reykjavíkurborgar að taka á þremur árum u.þ.b. 1,3 milljarða, að núvirði, út úr tekjum Rafmagnsveitunnar og Hitaveitunnar í Reykjavík og færa í borgarsjóð. Eigi að halda því fram að það að láta orkufyrirtækin sitja við sama borð í skattlagningu tekna, eins og öll önnur fyrirtæki í landinu, leiði til hækkaðs orkuverðs hljóta hinir sömu menn að fordæma mjög harðlega að yfirvöld í Reykjavík hafa á síðustu þremur árum hagað þannig rekstri þessara fyrirtækja að þau hafa verið látin borga arð í borgarsjóð sem nemur samtals um 1,3 milljörðum á þriggja ára tímabili.

Ég vil þess vegna í tilefni af þessum ummælum upplýsa það hér að samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 1990 er Rafmagnsveitu Reykjavíkur ætlað að greiða 226 millj. og Hitaveitunni 191 millj., eða báðum fyrirtækjunum samtals 417 millj., í borgarsjóð. Það má þess vegna líta svo á að þar sé um að ræða skattlagningu Reykjavíkurborgar á íbúunum sem þessu nemur.

Á nýliðnu ári, 1989, nam þessi sama skattlagning samkvæmt þessari skilgreiningu að núvirði 430 millj. kr. og á árinu 1988 419 millj. kr. eða samtals úr þessum tveimur fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, beint úr fyrirtækjunum og inn í borgarsjóð, umframtekjur, hagnaður eða skattur, eftir því hvað menn vilja kalla það, sem nemur kringum 1,3 milljörðum kr. á þremur árum.

Þeir menn sem halda því fram að það að láta orkufyrirtækin greiða tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki leiði til hækkunar orkuverðs hljóta þess vegna að varpa fram mjög gagnrýnum spurningum um það hvað þessi 1,3 milljarðar sem Reykjavíkurborg hefur tekið í rekstur Reykjavíkurborgar, vegna hagnaðs Rafmagnsveitunnar og Hitaveitunnar, hafi haft í för með sér fyrir orkuverðið í borginni og er þá rétt að hafa í huga að á sama tíma hafa þessi tvö fyrirtæki, Rafmagnsveitan og Hitaveitan, staðið í stórfelldum framkvæmdum, m.a. veitingahúsabyggingu, sem frægt er orðið, þannig að þessar hagnaðartölur hefðu í reynd getað orðið miklu hærri ef Hitaveita Reykjavíkur hefði ekki ákveðið að fara í samkeppni við einkafyrirtækin í borginni um veitingahúsarekstur. Árið 1987, til upplýsingar, var þessi tala á núvirði 211 millj. kr. og 1986 á núvirði 167 millj. kr.

Það er því alveg ljóst að Reykjavíkurborg hefur um nokkurt skeið krafið sínar veitustofnanir um að þær greiddu borgarsjóði arð eða, með öðrum orðum, hefur lagt tekjuskatt í formi arðgreiðslna á bæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Það er tekjuskattur sem hefur runnið til borgarinnar og er í reynd samkvæmt þeim sama hugsunarhætti og liggur að baki þessu frv., að fyrirtæki á sviði orku eigi auðvitað að lúta svipuðum rekstrarlögmálum og önnur fyrirtæki, enda hafa þau sjónarmið verið að ryðja sér til rúms mjög víða á Vesturlöndum á síðari árum að þótt ákveðin fyrirtæki séu í eign opinberra aðila þá eigi þau á markaðinum að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki, einkafyrirtæki og hlutafélög, greiða sömu skatta, vera háð sams konar arðgreiðslum o.s.frv. Eignarhaldið eigi ekki að veita forréttindi hvað arðgreiðslur og skattaákvæði snertir. Væri það mjög sérkennilegt ef sá flokkur, sem einna helst hefur talið sig styðja einkaframtakið og markaðslögmál, ætlaði hér á Alþingi að gerast talsmenn þess að ríkisfyrirtæki og önnur opinber fyrirtæki sætu við forréttindaborð í skattamálum og arðgreiðslumálum á Íslandi.

Virðulegi forseti. Þetta frv. snýst því í reynd um mjög einfalda grundvallarspurningu. Það er sú spurning hvort orkufyrirtækin, sem mörg hver eru með auðugustu fyrirtækjum þessa lands, eigi að sitja við jafnréttisborð í skattamálum eins og önnur fyrirtæki og standa skil á tekjuskatti eins og annar atvinnurekstur í landinu.

Ég minni enn á ný á það að þegar ákveðið var að láta bankastofnanir og peningastofnanir borga tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki var það gagnrýnt af ýmsum en nú hafa þær gagnrýnisraddir þagnað. Ég er sannfærður um það að þótt hér á Alþingi kunni að heyrast gagnrýnisraddir á þá skipan sem lögð er til í frv., að þessi síðasta meginundanþága tekjuskattslaganna verði afnumin, muni menn eftir nokkur ár ná jafnbreiðri samstöðu um að það hafi verið sjálfsagt og

eðlilegt eins og sú samstaða er sem nú ríkir varðandi skattlagningu banka og peningastofnana. Grundvallarspurningin er sú: Á jafnrétti að gilda í skattalögum á Íslandi eða eiga ríkisfyrirtæki, eða opinber fyrirtæki önnur, að hafa forréttindi í skattamálum?

Í þessu frv. er lagt til að afnema forréttindi orkufyrirtækjanna í tekjuskattslögunum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er oftar en ekki þegar hæstv. fjmrh. tekur til máls og talar um skattamál eða ríkisfjármál að það gætir þeirrar óskaplegu þreytu sem á hann sækir vegna þess samanburðar sem er á stjórn fjármála Reykjavíkurborgar og stjórn fjármála ríkisins. Það kemur varla fyrir að hæstv. fjmrh. standi upp hér á Alþingi án þess að hann taki á sig sérstakan krók til þess að vera með ólund, svona útúrsnúninga, og amast út í Reykjavíkurborg og borgarstjórann. Það er að vísu svo að Reykvíkingar höfnuðu þessum hæstv. ráðherra þegar hann ætlaði að bjóða sig fram í Reykjavík, og hann ætlar seint yfir það að komast og varð að sætta sig við það síðast að verða annar maður Alþb. í Reykjaneskjördæmi og féll að sjálfsögðu í því kjördæmi. En síðan Reykvíkingar höfnuðu honum hefur hann notað hvert tækifæri sem hann hefur getað til þess að amast við Reykjavíkurborg og Reykvíkingum. Þetta hefur komið fram með margvíslegum hætti hjá þeirri ríkisstjórn sem nú situr, að hún er mjög andvíg höfuðborginni, hefur mikinn komplex vegna höfuðborgarinnar og ríkisstjórnin telur, sem rétt er, að Reykjavíkurborg sé sterkasta vígi borgarastéttarinnar — ég vil orða það svo — frjálshugsandi manna, andstæðu þess sem við sjáum að hefur verið að tapa völdunum hér austan járntjaldsins, gistivina hæstv. fjmrh., Ceausescus og annarra slíkra manna.

Ég skal ekki, herra forseti, fara lengra út í þá sálma en vek aðeins athygli á þeim sérstaka kafla sem fjallaði um borgarstjórann í Reykjavík og Reykjavíkurborg í ræðu fjmrh., þennan kafla sem lýsir andlegum þrautum hans þegar hann virðir fyrir sér það gat sem nú er á ríkissjóði og þeim andlegu þrautum sem hæstv. ráðherra á í þegar hann kemur hér upp í ræðustólinn og er að reyna að sannfæra þingheim eða Íslendinga — eða einhverja, ég veit ekki hverja — um það að sambærileg fyrirtæki séu bankar og orkustofnanir. Nú er það að vísu svo að þessi ríkisstjórn sem nú situr hefur látið einkabankana í landinu fá einn ríkisbankann með mjög hagstæðum kjörum, satt að segja. Þó hygg ég að ríkisstjórnin hafi gengið þannig frá þeim kaupum að ekki hafi verið um neinn söluskattsskyldan hagnað að ræða hjá þeim bönkum sem keyptu Útvegsbankann. Þannig var frá þeim málum gengið, enda hygg ég að eftir því sé tekið að í þeim banka þar sem flokksbróðir fjmrh. er formaður bankaráðs, í Íslandsbanka, eru vextir hærri en annars staðar, sem endurspeglar auðvitað þau áhrif sem fjármálastjórn flokksbróður hans, fjármálaráðherrans, hefur haft á vaxtaþróun í landinu sem veldur því að raunvextir eru hér hærri en ella mundi.

Ég veit ekki hvort maður á að taka alvarlega samanburð fjmrh. þegar hann talar um að bankar reki sams konar starfsemi og orkuver, þegar hann talar um að það sé svona rétt svipað að setja á stofn eitt stykki Alþýðubanka og eitt stykki hitaveitu, þegar hann talar um að t.d. arðsemiskröfur til fjárfestingar séu hinar sömu í bönkum og orkuveitufyrirtækjum. Ef hann er að gefa það í skyn að afskriftartími véla og tækja í bankastarfi sé hinn sami og hjá orkuveitum upplýsir ráðherrann eingöngu að hann er mjög fákunnandi á þessu sviði. Ef hann ætlar að bera saman línulagnir hjá rafveitum eða ef hann ætlar að tala um hitalagnir hitaveitna og heldur því fram að það sé eins og t.d. símalínur milli bankaútibúa er það auðvitað líka mikill misskilningur. Auðvitað veit ráðherrann að þetta er ekki sambærilegt. Á hinn bóginn er hann að reyna að gera mál úr því að með því að skattleggja orkufyrirtæki sé hann að leita aukins samræmis í skattlagningu og hann er að reyna að fegra málstað sinn gagnvart sínum stuðningsmönnum með því að reyna að varpa þeim skugga á rafveiturnar í landinu að þær séu einhvers konar okurstofnanir eins og bankar og sparisjóðir eru löngum kallaðir í Þjóðviljanum. Hins vegar væri kannski rétt að rifja það upp að það er ekki öldungis rétt að búið sé að skattleggja allar peningastofnanir. Það er alls ekki rétt, og það veit hæstv. ráðherra vel. Ég veit að vísu að það þýðir ekki að spyrja hann þegar hann mætir hér í þingsal, herra forseti, því þessi ráðherra svarar hvorki fyrirspurnum sem lagðar eru fyrir hann með þinglegum hætti þannig að rétt sé svarið, né heldur svarar hann ef maður reynir að upplýsa mál hér í deildinni. Þess vegna veit ég að það þýðir ekki að spyrja hæstv. ráðherra þeirrar spurningar hvort beri að skilja orð hans þannig að hann hyggist síðar á þinginu leggja fram frv. um að skattleggja lífeyrissjóði eins og lagt var til í nefnd sem starfaði innan dyra hjá fjmrn., og hefur ekki annað heyrst út fyrir ráðuneytið en hæstv. ráðherra hafi verið inni á þessum hugmyndum og hafi talið sjálfsagt að leggja tekjuskatta á lífeyrissjóðina eftir sömu reglum og þeir eru lagðir á banka og sparisjóði. Nóg um það.

Ég vil nú fyrst í sambandi við efni þessa frv. taka eftirfarandi fram, herra forseti:

Ef maður horfir á frv. í heild er það þannig frágengið og þannig uppbyggt að mjög hæpið er að taka það alvarlega. Ég vil t.d. benda á þær reglur sem settar eru fram varðandi verðbreytingafærslu og minna á þá ónákvæmni sem fylgir slíkri skattlagningu og margfaldast auðvitað þegar við erum að tala um fyrirtæki eins og orkuveitufyrirtæki. Sú ónákvæmni, sem þessi aðferð hefur í för með sér frá ári til árs gagnvart fyrirtækjum eins og orkuveitufyrirtækjum, veldur því, ef við horfum til Landsvirkjunar, að miðað við gildistöku laganna, eins og frá þeim er gengið í frv., verður að reikna með að tekjuskattur á Landsvirkjun muni nema verulega á annan milljarð króna en ef hins vegar er litið á það hvernig verð-

breytingafærslur komu út gagnvart Landsvirkjun samkvæmt sömu reglum á árinu 1989 hefði ekki orðið um neinar tekjuskattsgreiðslur að ræða. Þetta sýnir okkur auðvitað að viðmiðun frv. eins og frá því er gengið er engin tilviljun. Eingöngu er þannig frá henni gengið til þess að reyna að ná fjármunum með réttu eða röngu frá Landsvirkjun.

Ég er hér að tala um tæknileg atriði, herra forseti, sem væri ástæða til að víkja verulega að nú í fyrri hluta ræðu minnar en mun víkja að síðar þegar efni standa til þess.

Þetta atriði, í fyrsta lagi, sérstaða orkufyrirtækjanna sem kemur til vegna hins langa fyrningartíma, veldur því, ef á annað borð á að fara út í það að skattleggja slík fyrirtæki, að nauðsynlegt er að setja sérstakar reglur um fyrningarhlutföll fyrir orkufyrirtækin. Ég mun víkja að þessu nánar síðar.

Í öðru lagi vil ég benda á það, herra forseti, að samkvæmt lögum um Landsvirkjun er það algjörlega ljóst að skattlagning eins og gert er ráð fyrir í frv. mundi útiloka frekari orkusamninga við stóriðju hér á landi. Það er skýrt tekið fram í lögunum um Landsvirkjun að ekki er heimilt að hlífa slíkum orkufyrirtækjum í sambandi við orkusölusamninga. Það er ekki hægt að sniðganga lögin með þeim hætti að láta þessa nýju skattheimtu lenda alla á almenningi heldur hlýtur skattheimtan að leggjast jafnt á almenning sem orkufyrirtækin. Og þetta veldur því að um frekari stóriðju getur ekki orðið að ræða á meðan lög af því tagi eru í gildi sem hér er verið að boða.

Það er auðvitað alveg ljóst að skattlagning á Landsvirkjun sem nemur á annan milljarð króna á einu ári verður ekki uppi borin að óbreyttri gjaldskrá. Auðvitað þýðir þetta almenna hækkun á raforkuverði í landinu hjá Landsvirkjun. Það er auðvitað hægt að hugsa sér það um tíma, eins og gert var þegar vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar var hér einu sinni við völd, að láta Landsvirkjun slá ný og ný lán, fresta nauðsynlegum hækkunum og með því móti sprengja verðlagið upp síðar meir, sem kom í hlut okkar sjálfstæðismanna að laga, m.a., meðan Sverrir Hermannsson var iðnrh. á árunum 1983–1985. Þá urðum við að greiða hærra raforkuverð en ella vegna þess að orkufyrirtækin höfðu verið látin safna rekstrarskuldum. Upphæðir af þessu tagi verða hins vegar ekki inntar af hendi nema þær komi einhvers staðar við. Fyrst þegar hæstv. fjmrh. settist í stólinn, herra forseti, talaði hann mjög mikið um það í fjölmiðlum, sérstaklega í sjónvarpinu svona fyrstu vikuna, að það væri auðvelt að auka ríkisútgjöldin án þess að hækka skattana. Þá talaði hann og talaði um hvað hann ætlaði að gera mikið fyrir allt og alla. Og þá talaði hann líka um það að hann yrði fljótur að rétta af hallann á ríkissjóði. Fram eftir því hausti var hann með munninn mjög opinn í þessa veru, talaði mjög hátt, hratt og lengi, skammaðist út í allt og alla, innan þings og utan. Nú er hann orðinn hógværari. Eins og ég sagði áðan: Nú lýsir ólund hans sér aðallega í því að hann amast við borgarstjóranum af og til og Reykjavík sem hafnaði honum. Og hann hefur enga stjórn á sínum peningamálum. En svo kemur hann hingað upp í stólinn og segir: Við látum Landsvirkjun borga svona 1,5 milljarða og Landsvirkjun þarf ekkert að hækka raforkuverðið. Það kemur ekkert raforkuverðinu við. Og við þurfum heldur ekki að óttast það að Alþjóðabankinn sé með neitt múður — jafnvel þótt Landsvirkjun sé búin að ganga frá sérstökum samningum við Alþjóðabankann og jafnvel þótt sérfræðingar hafi lýst því yfir og haldið því fram að þessi skattlagning kunni að valda því að Alþjóðabankinn segi upp þeim lánum sem Landsvirkjun hefur á hendi, þá sér náttúrlega hinn snjalli fjmrh. ekki að þetta geti verið eitthvert vandamál. 1,5 milljarðar fyrir Landsvirkjun, hvað er það? Það er auðvitað ekki nokkur skapaður hlutur. Bara taka það upp úr rassvasanum eins og fjmrh. tekur upp úr rassvasanum nýja skatta sem enginn á að borga en þó leggjast á þjóðina.

Hvernig fyrirtæki skyldi nú Landsvirkjun vera? Skyldi Landsvirkjun vera einkafyrirtæki ríkisvaldsins? Nei. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisvaldsins, Reykjavíkurborgar og Akureyrar og nú ætlar einn af þessum þrem eignaraðilum, ríkisvaldið, að koma til og skattleggja fyrirtækið til þess að hrifsa til sín þann afrakstur sem hefur runnið til Reykjavíkurborgar og Akureyrar því að ef marka má lýsingar hæstv. fjmrh. stendur ekki til að hækka útsöluverð á raforkunni. Þá hlýtur það auðvitað að þýða það, að hugsun ráðherrans, að þessir aðilar eigi ekki að fá eina einustu krónu. Eða hvaðan ætlar hann að taka þessa peninga sem hann segir að eigi að fara í ríkissjóð? Og það má auðvitað velta fyrir sér: Ef Alþingi ætlar að beita ofríki af þessu tagi, ef Alþingi ætlar að neyta hnefaréttarins og hrifsa til sín fjármagn frá Reykjavíkurborg og Akureyri með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv. hlýtur að vakna upp spurningin um það hvaða eftirköst slík framkoma mundi hafa gagnvart þessum tveim aðilum.

Ég man ekki hvort það er rétt munað hjá mér að sú skattlagning sem ráðherrann ætlar að hrifsa til sín nú frá orkufyrirtækjunum, sem ekki verður undir tveim milljörðum — mig minnir að þetta sé svipuð fjárhæð og ráðherrann sem einu sinni átti sæti í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga ætlar að greiða þeim samtökum fyrir eignarhlut þeirra í Aðalverktökum og Regin hf. og þykist ekki þurfa að fara með fyrir Alþingi, svona svipuð fjárhæð eins og þar er verið að nefna, hygla vinum sínum. Það er eitt af einkennum þeirrar ríkisstjórnar sem situr að heimta nýja og hærri skatta af Pétri og Páli. Nú á að hækka raforkuverðið og gefa svo þeim leikbræðrum sínum úti um land, ýmist með sérstökum lögum eða í gegnum þá sjóði sem þessi ríkisstjórn hefur verið að setja á laggirnar.

En hvaða fyrirtæki skyldu það vera önnur sem hæstv. ráðherra langar að koma höggi á? Það er Hitaveita Reykjavíkur. Það kom glöggt fram í ræðu ráðherrans áðan þegar hann var að amast út í Reykvíkinga sem höfnuðu honum, sem ekki vildu hafa hann sem þingmann, að hann er að hugsa um að

skattleggja Hitaveitu Reykjavíkur. Og maðurinn sem hrökklaðist frá Reykjavík til Reykjaness og komst heldur ekki að þar er að hugsa um að skattleggja þá líka í Hitaveitu Suðurnesja. Þessi nýi skattur mun bitna sérstaklega þungt á Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveitan á Ólafsfirði, fjárhagur hennar er of góður að mati hæstv. fjmrh. Hann þarf að ná sér niðri á Dalvíkingum líka, Húsvíkingum. Það er ekki gott að þeir eigi einhverja peninga aflögu á Húsavík, Dalvík eða Ólafsfirði. Hitaveiturnar sem eru að byggja sig upp og reyna að losa sig úr erfiðleikum eins og Hitaveitan á Akureyri og Hitaveitan á Akranesi munu líka verða fyrir þungum búsifjum af þessum sökum. Þetta mun skerða möguleika þessara hitaveitna til þess að ná góðum tökum á sínum fjármunum.

Þessi ráðherra stóð hér í ræðustólnum fyrir jólin. Þá var hann að mæla fyrir frv. sem hann hafði flutt um aðstöðugjaldið og þá var hann að tala um það hér frá einum tíma til annars, hversu miklir fjármunir það væru sem hann ætlaði að draga til sín frá sveitarfélögunum og hversu mikla fjármuni hann ætlaði að draga í ríkissjóð með skattkerfisbreytingunni. Á milli umræðna varð hann að sætta sig við það að hann hafði sagt ósatt um litla tvo milljarða. Núna lét hann sér nægja að segja: Þessi nýi tekjuskattur mun þýða í það minnsta 250 millj. kr. nýja skattheimtu. Það fór ekki nærri því. Hann veit sem er að við í fjh.- og viðskn. förum yfir hans reikninga þannig að hann vildi nú ekki nefna lægri tölu, en gera má ráð fyrir því eins og málin liggja fyrir að það verði nær lagi að skatturinn verði tífölð þessi upphæð nema orkufyrirtækin beiti sérstökum ákvæðum skattalaga til flýtifyrningar sem þá gæti m.a. valdið því að t.d. Blönduvirkjun yrði að fullu afskrifuð áður en hún yrði tekin í notkun.

Í blöðum í dag er greinargerð frá Alþýðusambandi Íslands, frá launþegum þar sem þeir eru að tala um núll-lausnina, þar sem þeir eru að tala um nauðsyn þess að reyna að ná verðbólgunni niður. Og launþegar vilja leggja töluvert á sig til þess að það takist. Þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem nú er í landinu hefur tekist mikill trúnaður milli vinnuveitenda og Alþýðusambandsins og það er margt sem bendir til þess að samningarnir takist þrátt fyrir ríkisstjórnina. En hvað er nú það sem ríkisstjórnin leggur á borðið með sér? Með lögum var tekjuskattur hækkaður um 4% um þessi áramót, 4%. Fyrir rúmu ári réttlætti hæstv. fjmrh. sig með því að 2% hækkun á tekjuskatti einstaklinga yrði tímabundin bara í eitt ár og sú hækkun féll úr gildi hinn 31. des. sl. Nú lét hæstv. fjmrh. ekki við það sitja að framlengja tekjuskattinn heldur hækkaði hann hann um 2% til viðbótar, upp í tæp 40%.

Sérstakur ráðherra umhverfismála — ég hefði kannski átt að segja hæstv. ráðherra umhverfismála — kvartaði yfir því í Morgunblaðinu í dag að fjmrh. hafi hækkað eitt og annað mikið og reynir að setja í sig kjark og reynir að setja sig í stellingar til þess að lýsa andstöðu sinni við skattastefnu ráðherrans og borgarfulltrúi krata kom í sjónvarpið þar sem hann var að hneykslast á skattheimtu Reykjavíkurborgar en er hins vegar mikill stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar. Á sama tíma og þessir samningar hafa tekist milli vinnuveitenda og Alþýðusambandsins, launafólks í landinu, kemur ráðherrann hingað inn í Ed. og talar um það að setja háskatta á allar orkuveitur í landinu, hækka rafmagn til heimilishalds, hækka hitunarkostnað verulega, til þess að ná nýjum tekjum í ríkissjóð, til þess að hækka verðlagið, til þess að skerða lífskjörin í landinu. Þetta er það sama og að slá lægst launaða fólkið í landinu utan undir með blautum sjóvettling. Þetta er það sama og að hrækja framan í þetta fólk sem hefur lægstu launin, stynur undan skattaálögum þessarar ríkisstjórnar og á nú að sætta sig við það að ráðherrann fari enn einu sinni ofan í vasann til þeirra og munar ekki um það.

Það er ekki undarlegt þótt ýmsir verkalýðsleiðtogar í Alþb. séu orðnir leiðir á þessum manni sem formanni Alþb. Og það er ekki undarlegt þótt hann langi til að hlaupa í skjól kratanna sem nú eru orðnir mestu skattpíningarmenn hér á landi þó svo að borið sé saman við fjmrh. Nú langar hann í skjólið til þeirra, vill helst bjóða fram með Alþfl. hér í Reykjavík og annars staðar og finnur að jafnvel þeir gömlu kommar þykjast ekkert meir hafa við hann að gera. (Gripið fram í.) Hér kemur verkalýðsleiðtoginn inn, herra forseti. Ætli það standi á honum að greiða atkvæði með því að hækka raforkuverð í landinu? Hann var einn þeirra manna sem stóðu að því með ríkisstjórninni og Alþfl. að samþykkja framlagningu þessa frv. um skattlagningu á orkufyrirtæki og er ásamt varaformanni Verkamannasambandsins, krata sem einnig á sæti í þessari deild, hv. þm., samtaka ríkisstjórninni í því að ögra launafólki hér með því að efna til þeirra hækkana á orkuverði sem þetta frv. hefur í för með sér. Hefði ég þó haldið að verkalýðsleiðtoginn að vestan skildi það að húshitunarkostnaðurinn þar er mjög þungbær mörgu fólki, ekki síst þegar miklir kuldar geisa og ekki síst í þeim húsum sem eru gömul og illa einangruð, þannig að ég er mjög undrandi á því ... (**KP:** ... matarskattinn.) Hv. þm. greiddi atkvæði með matarskattinum núna. (**KP:** Nei.) Jú. (**KP:** Það er rangt.) Hann gerði það. Meira að segja tók hv. þm. það fram í vantrauststillögu þegar búið var að ákveða matarskattinn alveg sérstaklega að þetta væri sú ríkisstjórn sem hann vildi, um að gera að halda þessari ríkisstjórn. Það hefur enginn orðið var við það að hv. þm. hafi þegar á hefur reynt brugðist ríkisstjórninni og með sama hætti og hv. þm. stóð að matarskattinum mun hann standa að því að hækka orkuverðið, rafmagnið, hitareikningana. (**KP:** Á Reykjavíkursvæðinu.) Um allt land. (Gripið fram í.) Það hækkar hjá Landsvirkjun (**KP:** Og Reykjavík.) og Orkubúi Vestfjarða. Ég hélt að hv. þm. hefði stundum fengið sýnishorn af hitareikningunum í pósti eins og við aðrir þingmenn strjálbýlisins. Og ég hélt að hann vissi ósköp vel hvernig ástandið er úti á landi. Hér er maðurinn sem efnir til þessara hækkana. Hér er stuðningsmaðurinn. Og það mun ekki standa á þessum stuðningsmanni ríkis-

stjórnarinnar að greiða götu fyrir hinn skattglaða ráðherra í þessum efnum sem öðrum. Þessi skattur fer beint út í verðlagið, beint inn á heimilin. Og það sem verra er, um leið og þessi skattur er þannig íþyngjandi fyrir heimilin í landinu, þá verður þessi skattur til þess að íþyngja þeim iðnaði íslenskum sem á í harðri samkeppni við erlend fyrirtæki vegna hækkaðs orkuverðs. Ég skal þá rifja þetta upp í stuttu máli:

Í fyrsta lagi er frv. tæknilega rangt upp byggt sem ég mun víkja að í síðari hluta ræðu minnar.

Í öðru lagi felur frv. í sér verulega hækkun á raforkuverði, bæði til atvinnurekstrar og heimila, fer þannig út í verðlagið, hækkar verðbólguna og þrengir samkeppnisstöðu innlendra orkuvera.

Loks veldur frv. því, ef að lögum verður, að vandséð er að hægt verði að semja við stóriðjufyrirtæki um orkusamning til langs tíma vegna þess að óheimilt er að mismuna að þessu leyti til almenningi og stóriðjufyrirtækjum.

Herra forseti. Ég veit að engum er kunnara en hæstv. forseta að þetta fyrirtæki er þess eðlis að óhjákvæmilegt er að hæstv. iðnrh. sé við umræðuna og ég vil því fara fram á að ég fái að gera hlé á máli mínu og ljúka ræðu minni þegar hæstv. iðnrh. er kominn. Ég þarf ekki að taka fram, herra forseti, að reynslan sýnir að gagnslaust er að spyrja hæstv. fjmrh. spurninga um efni þeirra frv. sem hann leggur fyrir og mun ekki þreyta mig á því. Ég tel á hinn bóginn nauðsynlegt að eiga orðaskipti við hæstv. iðnrh. Ég óska eftir að gera hlé á ræðu minni og ég veit að hæstv. forseti verður við því þannig að ég geti rætt við hæstv. orkuráðherra um þetta mál sem mér er nauðsynlegt þar sem ég á sæti í fjh.- og viðskn. þar sem málið kemur til meðferðar. (**Forseti:** Ég hygg að hæstv. iðnrh. sé erlendis. Ég veit auðvitað ekki hvernig hans ferðum er háttað en ég mun þá kanna það.) Hann er með fjarvistarleyfi, herra forseti, og er erlendis og þá er bara að bíða eftir því að hann komi til landsins. (**Forseti:** Ég mun þá gera stutt hlé á fundinum og kanna málið.) — [Fundarhlé.]

Forseti (Jón Helgason):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði hér hlé á ræðu sinni áðan og óskaði eftir að leitað væri eftir hæstv. iðnrh. Ég hef haft samband við settan hæstv. iðnrh. og er hann reiðubúinn að koma. Mun ég á ný gera hlé á fundinum þangað til hann kemur ef hv. 2. þm. Norðurl. e. óskar eftir því.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það er algjörlega nýtt að hafa þann hátt á að fresta fundi í fimm mínútur og það eigi að verka svona á þingmenn eins og ef maður er einn á skrifstofu og bregður sér frá og setur miða á hurðina sem á stendur: Kem bráðum. Fimm mínúturnar verða fimm sinnum fimm mínútur og aftur fimm sinnum það. Maður veit ekki hvort fimm mínúturnar þýða fimm mínútur, tíu mínútur, fimm mínútur og fimm sekúndur eða hvað. Það er engin virðing fyrir okkur þingdeildarmönnum að þessu leyti. Farið upp í stólinn aftur og aftur sagt: Frestað í fimm mínútur. Og svo byrjar sami leikurinn. Kem bráðum í forsetastól. Og undir þessu verður stjórnarandstaðan að sitja á meðan hæstv. forseti ráðfærir sig við hæstv. ráðherra sem er frægur að því að svara ekki fyrirspurnum þingmanna, þannig að þýðingarlaust er að bera þær fram þegar hann er með mál og síðan ætlast hæstv. forseti til þess að umræðan haldi áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Ég hef sagt hæstv. forseta frá því að ég þurfi að ræða efnislega við hæstv. iðnrh. um þessi mál, Jón Sigurðsson, Gautlending. Og mér dugir það ekki þótt þeir hafi verið börn saman á Ísafirði, þessir þrír, fjmrh., iðnrh. og iðnrh. sem nú er meðan hinn er erlendis. Ég vil fá að tala við þann mann sem gegnir því embætti þegar hann er á landinu að vera iðnrh. (**KP:** Tveir í Ögri.) Báðir fjósamenn í Ögri. (**KP:** Já.) Báðir gætt fjósa þar. Það er ekki kjarni málsins. Og nú skilst mér á hæstv. forseta að honum finnist þetta einhver ósvífni af stjórnarandstöðunni þegar verið er að tala um það að leggja á almenningsskatt, skattur kemur inn í allt verðlag í landinu, ýmist beint inn á heimilisreikninginn í sambandi við venjulegt rafmagn eða þá til húshitunar, þegar verið er að tala um að leggja sérstakan skatt á orkufyrirtæki sem þrengir samkeppnisstöðu þeirra iðnfyrirtækja íslenskra sem nota mikla orku.

Við getum tekið skipasmíðaiðnaðinn sem dæmi sem að mörgu leyti stendur mjög illa og er satt að segja ekki uppáhaldsatvinnugrein þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Við getum komið inn á fleiri slík atriði. Og ég spyr hæstv. forseta í fullri einlægni hvort hann telji það verða til þess að greiða fyrir málinu að við sjálfstæðismenn ræðum aðeins við fjmrh. fyrrv., núv. utanrrh., og gerum svolítið upp sakirnar við hann. Hæstv. fjmrh. gaf sérstakt tilefni til þess áðan þegar hann lagði lykkju á leið sína í frumræðu sinni með því að tala um samkeppnisstöðuna við Evrópubandalagið og auðvitað hafði ég hugsað mér að ræða þau mál sérstaklega við hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson. Ef hæstv. forseti telur að það greiði fyrir málinu að við ræðum þessi mál sérstaklega við báða iðnaðarráðherrana, Jón Baldvin Hannibalsson í dag og á fimmtudaginn og Jón Sigurðsson á þriðjudaginn í næstu viku, þá stendur ekki á mér að taka þátt í þeim umræðum af fullum krafti. En í fullri einlægni, herra forseti, við skulum ekki vera með þjösnaskap á fyrsta degi deildarinnar eftir að hún kemur saman eftir áramótin, við skulum taka tillit til þeirra sjálfsögðu skoðana að einstakir þingmenn megi krefja hæstv. iðnrh. svara. Við vitum að hann hefur verið að afla upplýsinga í iðnrn. um það hvaða áhrif þetta frv. hefur ef það verður að lögum, og við vitum að einstakir kratar eru farnir að tala um það sín á milli að þetta sé mikil ósvífni í fjmrh. að halda þessu frv. til streitu, og við vitum að það er mikil andstaða innan verkalýðshreyfingarinnar gegn þessu frv.

Ég sem sagt ítreka þetta: Ég vænti þess að hæstv. forseti skilji að það er til þess að greiða fyrir málinu

að sýna stjórnarandstöðunni þá kurteisi að hún megi ræða jafnþýðingarmikið mál og þetta við þann mann sem ber ábyrgð á málefnum orku og iðnaðar hér í landinu.

Forseti (Jón Helgason):

Það er sú spurning sem ég bar fram, hvort ég ætti þá ekki að óska eftir að fá settan iðnrh. til þess að koma hingað. Ég skil það svo á máli hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann muni óska eftir að ræða við hann og því mun ég gera ráðstafanir til þess að hann komi hér og því er fundinum nú frestað til klukkan tíu mínútur fyrir fjögur.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér finnst að hæstv. forseti ætti að taka af skarið um það hvað verður framhaldið hér í dag og ekki að fresta fundum svo eins og nú hefur verið í hátt í klukkutíma.

Auk þess sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur sagt vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að hér er um alveg einstakt mál að ræða og sérstætt. Ég veit sjálfur hvaða vanda forseti, hver sem hann er, getur stundum lent í undir slíkum kringumstæðum sem þessum, sem hér hafa komið upp. En hér er um sérstakar aðstæður að ræða sem ég tel að eigi að taka sérstakt tillit til og á þann veg að fresta umræðum nú. Það sem ég á við er það að samtök allra raforkufyrirtækja í landinu og samtök allra hitaveitna í landinu hafa gert það sem er, mér liggur við að segja einsdæmi. Þessi samtök hafa skrifað hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni bréf þar sem farið er fram á að þetta frv. verði dregið til baka. Það er alveg óvenjulegt að svona skuli koma fyrir. Það kann að vera að hægt sé að finna einhver dæmi þess að slík almannasamtök sem hér um ræðir hafi farið fram á að stjfrv. verði dregið til baka, en ég fullyrði að það er mjög óvenjulegt.

Með því að málið liggur svona fyrir þá væri það mjög óeðlilegt að halda áfram umræðum um þetta mál fyrr en hæstv. iðnrh. getur sjálfur tjáð sig um þetta atriði sem er grundvallaratriði, hvort hann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur gert ráðstafanir til þess að frv. verði dregið til baka. Með tilliti til þessa vil ég eindregið leggja til að hæstv. forseti fresti þessu máli þar til hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson getur sjálfur greint frá stöðu þess hér.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er sennilega tilgangslaust að segja mikið meira úr því að hæstv. forseti skildi orð mín svo að ég hefði beðið um að formaður Alþfl. kæmi hingað í deildina. Það gerði ég ekki. Það sem ég bað um var það að sá maður sem gegnir embætti iðnaðarráðherra meðan hann er hér heima, Jón Sigurðsson, komi hingað og verði viðstaddur umræðuna. Það var það sem ég bað um. Ef hæstv. forseti lítur á það sem sitt hlutverk að koma í veg fyrir eðlileg orðaskipti þingmanna og ráðherra, ef hæstv. forseti lítur á það sem sitt hlutverk að koma í veg fyrir það að nefndarmenn í fjh.- og viðskn. fái að kynnast skoðunum þess manns sem ber ábyrgð á orku- og iðnaðarmálunum, þá verður hann að eiga við sjálfan sig um það, hæstv. forseti. Hann verður þá bara að vinna þannig og við verðum þá bara að líta á hann þannig sem forseta og það er ekkert við því að gera. Þá sitjum við bara uppi með hann þannig. Ef hæstv. forseti á hinn bóginn vill greiða fyrir þingstörfum og vill bera einhverja virðingu fyrir tíma þingmanna mundi hann núna löngu vera búinn að slíta þessum fundi og þá mundum við halda áfram hér á mánudag.

Hitt sagði ég við forseta og skal standa við: Það er óvíst að tíminn til sjö verði nógu langur ef hann á að duga mér til þess að gera upp við formann Alþfl. og ég get vel haldið því áfram á morgun. Það er ekki fundartími á morgun nema á milli tvö og fjögur. En ég ætla að tala við hæstv. iðnrh. um þetta mál hér í deildinni eftir helgi. (Gripið fram í.) Jón Sigurðsson. Kosti það sem kosta vill. Það hafa þá fyrr verið haldnar langar ræður hér í þingsölum. Og það er þá skemmtilegt upphaf á þinginu hér í Ed., en ég læt hæstv. forseta ekki komast upp með það að koma í veg fyrir nauðsynleg orðaskipti þingmanna og þess ráðherra sem ber ábyrgð á orku- og iðnaðarmálum.

Karvel Pálmason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því þó að þingmenn, í þessu tilviki Sjálfstæðisflokksins, eða einhverjir aðrir í andstöðu við hæstv. ríkisstjórn, haldi á málum eins og hér hefur gerst. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar og hef verið lengi og hef sjálfur staðið í þeim sporum, sem þeir standa í núna og stend að hluta til í líka sjálfur, að mér finnst sumir hverjir ráðherrar, ekkert bara þeir sem eru nú sitjandi, heldur og áður, bera um of litla virðingu fyrir hinum almenna þingmanni og þingheimi yfirleitt. Það er auðvitað ekkert eðlilegt, ef eftir því er óskað sérstaklega af hv. þm. að viðkomandi ráðherra sé viðstaddur, að við því sé ekki orðið. Það er svo sjálfsagður hlutur sem verða má. Menn getur að sjálfsögðu greint á um skoðanir í tilteknum málum, en þessi umgengni á auðvitað að vera í fyrirrúmi, að þm. eigi almennt kost á því að eiga skoðanaskipti og orðræður við viðkomandi ráðherra sem er með málið.

Ég hef margoft sjálfur upplifað það að ráðherrar í þessari og hinni ríkisstjórninni virða nánast þingið að vettugi, og það er slæmt, mjög slæmt. Þess vegna skil ég ekki að það bráðliggi svo á að þetta mál verði knúið hér í gegn í þessu andrúmslofti sem hér er nú, án þess að viðkomandi ráðherra sé viðstaddur, fyrir nú utan hitt, án þess að ég ætli nú að fara efnislega inn í málið, að mér sýnist það afskaplega óskynsamlegt í þeirri stöðu sem mál eru nú varðandi samninga á hinum almenna vinnumarkaði að mál af þessu tagi verði knúin hér í gegn, á þessum grundvelli, áður en lyktir sjást að því er varðar samningamálin. Ég er engu að spá um það og get á engan hátt sagt um það hvað þar kann að verða ofan á, en mál af þessu tagi eru ekki til þess líkleg að leysa þá mörgu hnúta sem þar er um að ræða að því er varðar samningsgerðina.

Og ég hygg að bæði vegna þingsins, vegna hinna almennu þingmanna, óbreyttu, og vegna virðingar þingsins, eigi menn nú að fara sér svolítið hægar í þessum efnum.

Forseti (Jón Helgason):
Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að ég frestaði hér fundi til þess að hafa samband við hæstv. iðnrh. til þess að verða við óskum þingmanna. (**HBl:** Hann er erlendis.) Ekki settur iðnrh.

Salome Þorkelsdóttir *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Ég vildi nú aðeins koma inn í þessa umræðu vegna þess hvernig málin hafa þróast hér og kannski í tilefni orða hv. 4. þm. Vestf. Mér fannst hann færa rök fyrir því að í því tilviki sem hér um ræðir sé stætt á því að þingmenn eigi rétt á því að tala við hæstv. iðnrh. í þessu máli þrátt fyrir það að undir venjulegum kringumstæðum þá hljóta þingmenn að taka tillit til þess að ráðherrar geta haft ástæðu til þess að vera fjarverandi og sett þá aðra ráðherra til að gegna sínum störfum á meðan. Þetta er eðlilegur hlutur og auðvitað taka þingmenn tillit til þess undir venjulegum kringumstæðum, en hér er um sérstætt mál að ræða eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. og reyndar hv. 2. þm. Norðurl. e. einnig, þannig að ég tel að hæstv. forseti gerði rétt í því í þessi tilviki að taka tillit til þessara óska og að þessu máli yrði frestað þar til hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson getur verið hér og átt orðaskipti við hv. þm. deildarinnar um þetta mál. — [Fundarhlé.]

Forseti (Jón Helgason):
Settur hæstv. iðnrh. er ekki mættur enn og hv. 2. þm. Norðurl. e. kveður sér hljóðs um þingsköp.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Nú síðast voru það tíu mínútur og nú sé ég að mín orð hafa haft áhrif því fundi er þó fram haldið á réttum tíma.
Í Nd. er forseti Árni Gunnarsson, þingmaður að norðan, alþýðuflokksmaður, og hafði hann skilning á því að sé ráðherra sem mál fjallar um ekki mættur í deildinni sé eðlilegt að verða við kröfum stjórnarandstöðu um að fresta málinu og það var gert í Nd. Málið tekið af dagskrá. Hér áður en fundi var síðast frestað sagði hæstv. forseti að hann hefði haft samband við iðnrh. Hæstv. forseta var kunnugt um að ég óskaði eftir því að fá Jón Sigurðsson í salinn þannig að þau ummæli sem hæstv. forseti viðhafði voru villandi, ef ekki beinlínis röng. Hann hafði samband við staðgengil iðnrh. og sagði viljandi frá með þeim hætti að hann réttlætti sjálfan sig. Nú geri ég ráð fyrir að það eigi kannski að fresta fundi í tvær mínútur í þetta skiptið.

Forseti (Jón Helgason):
Umræðu um þetta mál er frestað og við munum fjalla þá betur um framhald þess, en það er tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

38. fundur, þriðjudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Nýárskveðjur.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Um leið og ég býð hv. þingdeildarmenn velkomna til starfa að loknu jólaleyfi vil ég leyfa mér að óska þeim farsældar og heilla á nýju ári og vænti þess að samstarf okkar megi verða gott.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hennar beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar."

Undir þetta ritar Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl.
Sólveig Pétursdóttir hefur áður setið fundi yfirstandandi þings og kjörbréf hennar hefur verið rannsakað. Býð ég hana velkomna til starfa.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt er á þskj. 357 til nýrra laga um kyrrsetningu, lögbann og fleira, sem einkum er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kyrrsetningu og lögbann frá árinu 1949.
Frv. þetta er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar og um meðferð framkvæmdarvalds í héraði. Er það sniðið að þeirri skipan, sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 frá 1. júní 1989, og að þeim forsendum, sem gengið var út frá við samningu frv. að þeim lögum og nánar er lýst í athugasemdum með því.
Frv. að núgildandi lögum um kyrrsetningu og

lögbann mun á sínum tíma hafa verið samið með hliðsjón af þágildandi lagareglum um sama efni í Danmörku. Á þeim 40 árum, sem lög þessi hafa verið í gildi hér á landi, hefur aðeins verið gerð ein lítils háttar breyting á þeim. Hún varð með lögum nr. 48 1978 og tengdist setningu þinglýsingalaga, nr. 39 1978. Hefur því ekki áður farið fram nein heildarskoðun á því hvort efni séu til breytinga á núgildandi lögum þótt á tíðum hafi orðið nokkur slík umræða um afmörkuð atriði þeirra, einkum um skilyrði fyrir kyrrsetningu og lögbanni.

Sú endurskoðun, sem á sér stað á núgildandi lögum með frv. þessu, er nauðsynleg þegar vegna breyttra reglna um skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði. Um leið hefur verið hugað að því hvort rétt sé að breyta einstökum reglum þeirra í ljósi reynslu undanfarandi áratuga. Varð niðurstaðan að gera tillögur um ýmsar slíkar breytingar, sem nánar er lýst hér á eftir, en við mótun þeirra hefur einnig verið höfð hliðsjón af endurskoðun löggjafar í Danmörku sem leiddi til setningar nýrra reglna um þetta efni með lögum nr. 731/1988 þar í landi.

Eins og nánar er lýst í athugasemdum með frv. er viðfangsefni þess, líkt og núgildandi laga, fyrst og fremst að kveða á um heimildir til bráðabirgðaverndar réttinda, sem ekki verður þegar fullnægt með aðför, með því að tryggja að óbreytt ástand vari meðan aflað er úrlausnar dómstóla um þau. Skv. frv. verður þetta einkum gert með tvennu móti, eins og núgildandi lög mæla einnig fyrir um. Er annars vegar um að ræða að valdsmanni er með tilteknum skilyrðum heimilað að kyrrsetja eign skuldara samkvæmt kröfu þess sem á peningakröfu á hendur honum. Tilgangur gerðarinnar er þá að tryggja að viðkomandi eign verði fyrir hendi til að gera fjárnám í þegar skuldareigandi hefur aflað sér aðfararheimildar fyrir kröfu sinni. Hins vegar er kveðið á um heimildir valdsmanns til að leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn manns, sem brýtur eða brjóta mundi gegn rétti annars, til að tryggja að viðkomandi athöfn fari ekki fram meðan leitað er úrlausnar dómstóla um heimildir til hennar. Þessu til viðbótar er ráðgert í frv. að taka megi eignir skuldara í löggeymslu til tryggingar kröfu, sem héraðsdómur hefur gengið um, ef þeim dómi er áfrýjað til æðra dóms þannig að ekki geti orðið af aðför fyrir kröfunni. Löggeymslu svipar mjög til kyrrsetningar fyrir peningakröfu því í báðum tilvikum er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem á að tryggja tilvist eigna til tryggingar kröfu þar til endanlegur dómur gengur um hana og unnt er að gera aðför fyrir henni eftir almennum reglum. Fyrirmælum frv. um þetta efni er ætlað að koma í stað reglu um löggeymslu í norskum lögum Kristjáns V. frá 15. apríl 1687, ákvæði I. kafla þeirra laga, 22 og 24.

Tilgangur þessara þrenns konar gerða er vissulega ólíkur og hið sama má að nokkru segja um skilyrði fyrir þeim. Allt að einu er ýmislegt þeim sammerkt, þannig að til hagræðis horfi að reglur um þær komi fram í einni og sömu löggjöf, auk þess að söguleg hefð er fyrir þeirri skipan, bæði hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum.

Efni frv. er rakið og skýrt í mjög ítarlegum athugasemdum sem því fylgja og því mun ég takmarka framsöguræðu mína við helstu breytingarnar sem í frv. felast. Meginbreytingin frá núgildandi lögum sem lögð er til í frv. snýr að því hverjum er falið að annast framkvæmd kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerða. Þetta varðar um leið grundvallaratriði um eðli þessara gerða. Núgildandi lög byggja á þeirri skipan að dómari framkvæmi þessar gerðir og að þær séu þar með dómsathafnir. Í frv. er hins vegar gengið út frá að framkvæmdarvaldshafar í héraði, sýslumenn, annist framkvæmd þessara gerða sem þannig verða stjórnsýsluathafnir. Þessi breyting sem hér er lögð til í þessum efnum byggist á sömu röksemdum og viðhorfum og hin breytta skipan aðfaragerða skv. lögum nr. 90/1989. Þessi breytta skipan hefur ein út af fyrir sig í för með sér að óhjákvæmilegt er að gera tillögur um talsverðar breytingar frá núgildandi lögum í frv.

Þá sný ég mér að efni einstakra greina frv. 1. gr. felur í sér almenna afmörkun á efni þess, að til bráðabirgða megi kyrrsetja fjármuni, taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn. Hér er enn fremur dregið fram það megineinkenni þessara gerða að um bráðabirgðagerðir sé að ræða og er að því leyti sambærilegt við 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga.

Vakin er athygli á því að lagt er til að heimild til kyrrsetningar á manni vegna skuldakröfu, sem bæði er mælt fyrir í 8. gr. laga nr. 18/1949 og sérákvæðum annarra laga, verði með öllu felld brott. Slík heimild samrýmist tæplega orðið almennum viðhorfum um hverjar ráðstafanir verði taldar eðlilegar til innheimtu eða tryggingar peningakröfu enda hefur hennar ekki verið neytt nema í fáein skipti í gildistíð laga nr. 18/1949, eftir því sem næst verður komist. Afnám þessarar heimildar er enn fremur í samræmi við löggjafarstefnu í næstu nágrannaríkjum.

Í 1. mgr. 2. gr. frv. er mælt fyrir um að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fari með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir. Í ljósi fyrirmæla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, felst í þessu að umræddar gerðir verði stjórnvaldsathafnir í stað þess að teljast til dómsathafna eins og núgildandi lög byggja á. Hér er því um að ræða sömu skipan og gildir um framkvæmd aðfaragerða skv. lögum nr. 90/1989.

Í 3. gr. frv. er sú regla lögð til að ágreiningur um gerð verði borinn undir þann héraðsdómstól sem hefur lögsögu í umdæmi hlutaðeigandi sýslumanns. Sambærilegt ákvæði er í aðfararlögum.

Í II. kafla er sérstaklega fjallað um kyrrsetningu. Í 5. gr. frv. eru lagðar til breytingar á skilyrðum kyrrsetningar sem vert er að fara um nokkrum orðum. Auk nokkurra orðalagsbreytinga sem lagðar eru til í frv., án þess þó að þær hafi í för með sér efnislegan merkingarmun, ber að geta nánar tillagna um efnisbreytingar sem einkum eru fólgnar í tveimur atriðum. Í 1. mgr. 5. gr. frv. er lagt til að kyrrsetning

verði heimiluð til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu „um greiðslu peninga". En skv. núgildandi lögum er kyrrsetning heimiluð til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu „til peninga eða peningaverðmætis". Hér á milli er ekki teljandi munur að öðru leyti en því að með ívitnuðu orðalagi frv. er leitast við að taka af tvímæli um að kyrrsetning geti ekki farið fram til að tryggja kröfu til „peningaverðmætis" í þeim skilningi að um kröfu sé að ræða sem gæti eftir aðalefni sínu varðað skyldu til annars en greiðslu peninga. Telja verður þessa breytingu samrýmast ríkjandi skilningi í framkvæmd hér á landi.

Hin efnislega breytingin lýtur að því að þrengja nokkuð skilyrði fyrir kyrrsetningu fjármuna. Í 1. mgr. 5. gr. frv. er lagt til að heimild til kyrrsetningar verði því háð að ef kyrrsetning færi ekki fram mundi annaðhvort draga mjög úr líkindum til að fullnusta kröfunnar tækist eða að fullnustan yrði verulega örðugri. Meginatriði er að kyrrsetning fari ekki fram nema raunhæfa nauðsyn beri til vegna hagsmuna kröfueiganda.

Í 2. mgr. 5. gr. frv. er sú umtalsverða breyting lögð til að þótt það verði ekki frekar en hingað til skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi færi sönnur að réttmæti kröfu sinnar skuli synja um gerðina ef ætla verður af fram komnum gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja. Með þessari tillögu er dregið úr þeirri sönnunarbyrði sem hvílir eftir reglu 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga á gerðarþola um óréttmæti kröfu gerðarbeiðanda ef hann leitast við að varna kyrrsetningar á þessum grundvelli.

Rétt er að vekja athygli á 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. frv. þar sem lagt er til að gerðarbeiðandi tiltaki sérstaklega í beiðninni á hverjum atvikum hann byggi heimild sína til kyrrsetningar. Að öðru leyti er ákvæðið sambærilegt við hliðstæðar reglur aðfararlaga.

Í 7. gr. frv. segir í hverju umdæmi megi beiðast kyrrsetningar hverju sinni. Er efni hennar að mestu leyti sama efnis og 16. gr. aðfararlaga. Þá er þess að geta að fyrirmæli 8. gr. frv. um upphafsathugun sýslumanns á kyrrsetningarbeiðni og heimildir hans til að vísa henni á bug af sjálfsdáðum eru hliðstæð reglum aðfararlaga um upphafsathugun sýslumanns á aðfararbeiðni. Gert er ráð fyrir mun nánari reglum um tryggingar í tengslum við kyrrsetningar- og lögbannsgerðir en nú er mælt fyrir um og ber þá einkum að nefna 10., 16. og 17. gr. frv. Einnig má vekja athygli á því að í frv. eru lagðar til mun ítarlegri reglur en nú gilda um möguleika gerðarþola til að afstýra gerð með peningatryggingu.

Í 23. gr. frv., sem er eina ákvæði III. kafla þess, koma fram fyrirmæli um heimildir til að fá eignir skuldara teknar í löggeymslu, hvernig staðið verði að slíkri gerð og hver áhrif hennar eru. Löggeymslu svipar mjög til kyrrsetningar en sá meginmunur er þó á þessum bráðabirgðagerðum að gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir löggeymslu verði hvergi nærri jafnströng og skilyrði kyrrsetningar eftir 5. gr. frv., að staða löggeymslu gagnvart síðara fjárnámi verði önnur en staða kyrrsetningar undir sömu kringumstæðum, að gerðarbeiðandi þurfi ekki að setja tryggingu fyrir löggeymslu og loks að gerðarbeiðandi þurfi ekki að höfða mál til staðfestingar löggeymslu. Þessi atriði koma nánar fram í einstökum mgr. 23. gr. frv. en eldri reglur um löggeymslu í ákvæði I. kafla, 22–24, í norskum lögum Kristjáns V. frá 1687 eru í flestu tilliti samsvarandi.

Þá kem ég að IV. kafla sem fjallar um lögbann. Þar ber einkum að vekja athygli á 24. gr. þar sem mælt er fyrir um skilyrði lögbanns. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir að heimildir til lögbannsgerðar verði þrengdar talsvert frá því sem ákveðið er í núgildandi lögum. Í 2. mgr. 24. gr. frv. er nokkur breyting lögð til frá núgildandi lögum með því að lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags. Með orðalagi frv. um þetta atriði er miðað við að lögbann verði ekki lagt við töku stjórnvaldsákvörðunar eða framkvæmd hennar sem hefur verið mögulegt að einhverju marki eftir núgildandi lögum. Hins vegar er lagt til að eftir sem áður verði heimilt að fá lögbann lagt á þegar um athafnir hins opinbera er að ræða á vettvangi einkaréttar. Slíkar athafnir gætu einkum tengst mannvirkjagerð hins opinbera eða atvinnustarfsemi þess.

Í öðru lagi geymir regla 1. mgr. 24. gr. frv. tillögu um breytingu frá núverandi skipan með því skilyrði lögbanns að gerðarbeiðandi þurfi að sanna eða gera sennilegt að athöfn gerðarþola brjóti eða muni brjóta gegn rétti hans. Eftir núgildandi lögum er nánast um hið gagnstæða að ræða því áðurnefnd 2. mgr. 1. gr. þeirra gildir í þessum efnum eins og við kyrrsetningu og leggur þannig á gerðarþola að hnekkja rétti gerðarbeiðanda ótvírætt, ef honum á að takast að varna lögbanni. Þessi regla núgildandi laga hefur ekki síður en við kyrrsetningu haft óeðlilega notkun lögbannsúrræðisins í för með sér, sem talsvert hefur verið deilt á. Tillaga frv. um breytingu í þessum efnum yrði til að auka réttarvernd gerðarþola, sem vart verður deilt um að skorti á í þessu tilliti eftir núgildandi lögum.

Þá vil ég enn fremur nefna tillögur um þrjú skilyrði sem fullnægja yrði til að lögbanni yrði beitt. Það eru nýjar reglur lokamálsgreinar 24. gr. frv. Gerðarbeiðandi verður að sanna eða gera sennilegt að hagsmunir hans fari forgörðum verði hann knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Lögbann verður ekki lagt við athöfn ef réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggja þá nægilega. Synja verður um lögbann ef hagsmunir gerðarþola af athöfn eru stórfelldir í samanburði við hagsmuni gerðarbeiðanda.

Í 25. gr. er lögð til bein heimild til að skylda gerðarþola við lögbannsgerð til að leysa af hendi afmarkaðar athafnir í því skyni að tryggja að hann hlíti lögbanninu. Þá er í sömu grein gert ráð fyrir heimild til að taka muni úr vörslu gerðarþola sem brýn ástæða er til að ætla að hann muni nýta til að brjóta lögbann. Samsvarandi reglur eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum en í framkvæmd hefur þótt heimilt að fara áþekkar leiðir í skjóli 30. gr. þeirra.

Reglur IV. kafla frv. um framkvæmd lögbannsgerð-

ar eru til muna ítarlegri en núgildandi lagafyrirmæli sem vísa svo til alfarið til fyrirmæla laganna um framkvæmd kyrrsetningargerðar að þessu leyti. Sú skipan núgildandi laga hefur ekki tekið nægilegt tillit til sérstaks eðlis lögbannsgerða í samanburði við kyrrsetningargerðir og er þannig leitast við að ráða hér nokkra bót á. Í fyrirmælum 1. mgr. 32. gr. frv. er lögð til breyting á núgildandi lögum með því að kveðið er á um skyldu sýslumanns til að gera ráðstafanir til að halda uppi lögbanni eftir lok gerðarinnar ef gerðarbeiðandi krefst. Getur sýslumaður leitað atbeina lögreglu í því skyni. Samkvæmt núgildandi lögum er hins vegar lögreglumönnum gert skylt að halda uppi lögbanni án þess að sá komi nærri sem hefur lagt lögbann á.

Í VII. kafla er fjallað um skaðabætur vegna kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerða og svara þær að mestu til þess sem leitt verður af núgildandi reglum. Þess ber að geta að reglur laga nr. 18/1949 sem hér er vísað til hafa aðeins gilt um skaðabætur vegna kyrrsetningar- og lögbannsgerða. Lögfestar reglur hafa hins vegar ekki tekið til bóta vegna löggeymslu. Rétt þykir að leggja til að sömu reglur taki til þessara þriggja afbrigða bráðabirgðagerða, enda má ætla að réttur til bóta vegna ólögmætrar löggeymslugerðar yrði hvort sem er talinn áþekkur eftir ólögfestum reglum skaðabótaréttar.

Þá er loks í VIII. kafla frv. að finna fyrirmæli um gildistöku, brottfellingu eldri laga og skil milli reglna frv. og núgildandi laga. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 44. gr. frv. þar sem m.a. er kveðið á um brottfallin lagaákvæði. Um ástæður þeirra ráðagerða vísast að öðru leyti til athugasemda með frv.

Í frv. er lagt til að það taki gildi sem lög, ef samþykkt verða, hinn 1. júlí 1992. Er þar miðað við sama gildistökutíma og lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og aðrar lagabreytingar sem þeim fylgja.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að skýra efni þessa frv. Hér er um að ræða frv. sem er mjög vandlega undirbúið. Ég legg áherslu á að það geti orðið að lögum á þessu þingi þó að stutt sé sem eftir lifir.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH, 233. mál. — Þskj. 310.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég hafði vonað að hæstv. viðskrh. yrði hér viðstaddur. Hann er nú því miður erlendis en í hans stað vonaðist ég þá eftir starfandi viðskrh., hæstv. utanrrh., en við eigum það báðir sammerkt að hafa stundum talað til Seðlabankans. En hann er því miður heldur ekki hér viðstaddur.

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár. Frv. er nú flutt í þriðja sinn. Á síðasta þingi var frv. vísað til ríkisstjórnarinnar með svofelldu nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og telur að í því sé að finna mjög þarfa ábendingu um afnám lánskjaravísitölu. Ríkisstjórnin hefur ákveðið í stjórnarsáttmála sínum að koma í veg fyrir víxlhækkun verðlags og lánskjara. Það verður ekki gert nema með afnámi lánskjaravísitölu. Þess vegna leggur nefndin til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir álitið skrifa Páll Pétursson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds og Matthías Bjarnason með fyrirvara.

Álit fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar er mikill rökstuðningur með frv. En þrátt fyrir það hefur meginmarkmið frv. ekki náð fram að ganga gagnstætt vilja margra þingmanna. Það sem veldur er fyrst og fremst andstaðan sem seðlabankavaldið í peningamálum beitir gegn allri heilbrigðri skynsemi í þessu máli og kemst enn fram með það.

Þótt greinargerð frv. segi í rauninni allt sem segja þarf í þessu máli vil ég henni til áréttingar víkja nokkrum orðum að umsögn Seðlabankans um frv. mitt þegar það var fyrst lagt fram. Þar koma fram helstu bábiljur seðlabankamanna í samanþjöppuðu formi, bábiljur sem eru orðnar íslensku þjóðinni dýrar. Með umsögn Seðlabankans fylgdi álit frá dr. Þorvaldi Gylfasyni til Jóhannesar Nordals og Bjarna Braga Jónssonar sem heitir „Vextir og verðbólga". Mikið lá við af hálfu Seðlabankans að fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar fengi vel matreiddan boðskapinn að ofan. En sem betur fer hafði nefndin þann boðskap að engu við afgreiðslu nál. í fyrra þegar hún sagði að ekki verði komið í veg fyrir víxlhækkun verðlags og lánskjara nema með afnámi lánskjaravísitölu.

Í 1. gr. frv. segir að nafnvextir af útlánum verði eigi hærri en í helstu viðskiptalöndum Íslands. Um þetta segir Seðlabankinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ríkjandi verðbólgu mundi þetta leiða til mikillar lækkunar raunvaxta hér á landi. Lánsfjáreftirspurn mundi því aukast, sem annaðhvort leiddi til þenslu, þar á meðal aukinnar verðbólguhættu, eða skömmtunar útlána."

Þarna sést þeim seðlabankamönnum yfir það í fyrsta lagi að verðlag mun ganga niður með vöxtunum þannig að raunvextir þurfa ekki að lækka. Þeir geta þvert á móti hækkað. Enn hæpnari er sú staðhæfing þeirra að lánsfjáreftirspurn muni aukast. Hitt er mun líklegra að hún muni minnka. Þetta kann að virðast þverstæðukennt en svo er ekki í reynd.

Á sl. átta árum hafa verið við lýði hérlendis hæstu vextir sem þekkst hafa. Meðaltalshækkun lánskjaravísitölu sem ákvarðar verðbótaþátt vaxta hefur verið 35% á ári yfir tímabilið. Þar við bætast raunvextir til

jafnaðar 6%, þannig að nafnvextir hafa verið 41%. Það er fjórum sinnum hærri vaxtaprósenta af útlánum en gilt hafa og gilda í viðskiptalöndum okkar. Hafa þessir ránvextir, sem utanrrh. hefur kallað svo, dregið úr eftirspurn lána? Nei, alls ekki. Útlán bankakerfisins á sama tíma hafa allt að tuttugufaldast sem er langtum meiri aukning en annarra stærða í hagkerfinu svo sem t.d. vergrar landsframleiðslu. Ástæðan er sú að vaxtataka sem er umfram arðgjöf atvinnufyrirtækja framkallar sívaxandi lánsfjárþörf. Fyrirtækin sækja fast eftir nýjum lánum og meiri lánum til að bjarga sér fyrir horn.

Ef vextir eru lækkaðir uns þeir verða viðráðanlegir fyrirtækjum, framkvæmdaaðilum og heimilum dregur úr eftirspurn eftir lánum smátt og smátt, einkum ef rýmri greiðslukjör eru veitt jafnframt. Eftirspurn á annars að halda í skefjum með hóflegri seðlaprentun, hallalausum ríkisrekstri, minni erlendum lántökum og fleiri raunhæfum aðhaldsaðgerðum.

Varðandi seinni hluta tilvitnana Seðlabankans, um verðbólguhættu og lánaskömmtun, skal spurt: Hafa hávextir komið í veg fyrir verðbólgu? Nei. Verðbólga er enn við lýði þrátt fyrir fórnir verkamanna og annarra launþega. Við höfum vaxta- og verðlagsskrúfu. Hávextir geta aðeins leitt til hjöðnunar með hruni atvinnuveganna sem er reyndar þegar hafin. Gjaldþrot og greiðslustöðvanir skipta þúsundum á ári. Hefur bankakerfið fullnægt lánaeftirspurn með hávöxtum? Nei, hvergi nærri. Við höfum í reynd lánaskömmtun. Ríkissjóður hefur orðið að koma atvinnuvegunum til hjálpar með milljarða króna framlögum úr Hlutatryggingarsjóði, Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Byggðasjóði og fleirum. Þess er ekki að vænta að viðskiptafræðingar Seðlabankans geti skilið þetta. Þeir hafa lesið það í einhverri bók að hækkun vaxta minnki útlán og lækkun vaxta auki þau. En dæmið er ekki svona einfalt eins og reynslan hefur sýnt. Engin slík sjálfvirkni er til í hagkerfinu. Við skulum lofa þessum piltum að naga blýanta, eins og hæstv. utanrrh. og starfandi viðskrh. komst eitt sinn að orði, en við megum ekki líða þeim að villa um fyrir þjóðinni.

Þá segir í umsögn Seðlabankans að gengistrygging spariinnlána og spariskírteina sé þegar fyrir hendi. Það er vegna þess að viðskrh. rauk upp til handa og fóta þegar frv. mitt kom fyrst fram og setti ákvæði um slíkt í krafti Ólafslaga. En undirtektir hafa að vonum verið seinar meðan enn er unnt að ná okurvaxtakjörum með gömlu verðtryggingunni. Um það atriði Seðlabankans, að gengishagnaður af birgðum sé lítill vegna gengisbundinna afurðalána og viðbótarlána, gegnir í raun sama máli. Svo er einungis meðan innlend lán eru á óviðráðanlegum kjörum. Erlendar lántökur verða að minnka ef við ætlum okkur að halda efnahagslegu sjálfstæði.

Síðan skýrir bankinn frá því að spariinnlán sem óhreyfð eru í eitt ár eða lengur geti numið 50 milljörðum kr. Í skýrslu bankans sem hann hafði sent frá sér rétt áður, við árslok 1987, er greint frá því að bundin spariinnlán séu tæplega 15 milljarðar kr. Sagt er að fáir skrökvi um meira en helming en þarna er ýkt þrefalt. Eða, svo notuð séu nákvæmlega rétt orð, sagt er að fáir ljúgi meira en helming. Þessi bundnu spariinnlán taka til þriggja, sex og tólf mánaða bindingar. Varla er meira en þriðjungur af þessu fé til árs eða lengur og eru ýkjur þá tífaldar hjá Seðlabankanum.

Verðtrygging er í umsögn Seðlabankans talin hafa forðað peningakerfinu frá glötun, enda hafi peningalegur sparnaður aukist á ný. Einnig þetta er rangt. Frá ársbyrjun 1982 til loka sl. árs, þ.e. á átta árum verðtryggingar, hafa bundin spariinnlán, sem eru eini mælikvarðinn á sparnað, ekki vaxið sem nemur verðbótaþætti vaxta og raunvöxtum sem við innlánin hefur verið bætt. Stofn spariinnlána hefur minnkað þar eð sparifjáreigendur hafa ekki lagt inn, heldur dregið út. Dæmið sem þeir bankamenn gefa um greiðslubyrði verðtryggðra lána er líka misfært. Lántakendur verða að greiða bæði verðbótaþátt vaxta og raunvexti. Fram hjá því verður ekki gengið. Það er út af fyrir sig vítavert að falsa opinberlega greiðslubyrði af lánum með því að reikna aðeins raunvexti. Húsnæðisstofnun hefur í auglýsingum sínum gert sig seka um hið sama og þar með leitt ungmenni í ófyrirséða erfiðleika.

Loks er í umsögninni komið að verðáhrifum vaxta. Seðlabankamenn gera sér grein fyrir því að aukinn vinnulaunakostnaður leiðir til hækkunar vöruverðs. En þeir virðast ekki skilja eða a.m.k. ekki viðurkenna að aukinn fjármagnskostnaður gerir slíkt hið sama. Þeim finnst mikið við liggja og vitna í Þorvald Gylfason prófessor sem er stjórnarformaður Kaupþings hf. Hann segir að hækkun nafnvaxta 1981–1982 hafi verið, með leyfi hæstv. forseta: „... undanfari dvínandi verðbólgu í iðnríkjunum næstu árin á eftir.“ Þetta er ónákvæm túlkun þess sem gerðist. Vaxtahækkanir á árunum 1979–1981 af völdum olíuskellsins ollu hraðvaxandi verðbólgu í þessum ríkjum og voru í þann veginn að þrengja alvarlega að atvinnulífinu þegar þau sneru frá villu síns vegar á árinu 1982 og lækkuðu vextina. Hjaðnaði verðbólgan þá ört. Við Íslendingar gerðum þetta ekki, heldur hið gagnstæða. Við höfum hina illræmdu verðtryggingu fjárskuldbindinga og meðfylgjandi vaxtaskrúfu einmitt árið 1982 þegar Ólafslög komu til framkvæmda. Þess vegna er hér allt að fara til andskotans, svo ég vitni í orð Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Ég get hins vegar tekið undir það með prófessor Þorvaldi Gylfasyni að við þurfum aðhald, ekki með ránvöxtum heldur aðhald í seðlaprentun. Aðhald í lánum Seðlabankans til viðskiptabanka og til ríkissjóðs, aðhald í erlendum lántökum, aðhald í opinberri eyðslu. Meðan slíkt aðhald skortir megna hávextir einungis að gera illt verra.

Herra forseti. Það verður aldrei nægilega ítrekað að fyrst er að lækka vextina og þá kemur verðbólgan niður. Það er tilgangslaust að bíða eftir því að verðbólgan gangi niður og vextirnir svo. Það gerist aldrei.

Þetta frv. mitt sem nú er lagt fram í þriðja sinn er mál málanna í dag, einmitt nú þegar gerð er alvarleg tilraun til að koma vöxtum verulega niður sem er skilyrði aðila vinnumarkaðarins fyrir samningum um kaup og kjör og stöðvun verðbólgu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það er orðið mjög tímabært á hinu háa Alþingi að ræða mesta örlagavaldinn í efnahagslífi þjóðarinnar, lánskjaravísitölu og vexti. Ég sá að hæstv. forsrh. var hér í sal áðan og hefði kosið að fá hann hingað inn í deildina vegna þess að ég hef hug á því að spyrja hann einnar eða tveggja spurninga. Einkum og sér í lagi þess hvað líði þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar, sem fram kemur í samkomulagi hennar, að fella niður eða gera ráðstafanir til þess að fella niður lánskjaravísitöluna um mitt þetta ár. Ég hygg að þau mál muni að hluta til ráðast í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir hvernig fer með lánskjaravísitölu og vexti almennt. En það hefði verið fullt tilefni til þess að ræða þetta mikla alvörumál við hæstv. forsrh. og spyrja hann að því hvort ríkisstjórninni hafi orðið yfirleitt eitthvað ágengt til þess að reyna að taka lánskjaravísitölu úr sambandi eða breyta útreikningi hennar. (**Forseti:** Það skal upplýst að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að fá forsrh. hér í salinn til að ræða þetta mál.) Já, ég þakka virðulegum forseta fyrir það.

Það er hægt að fara mörgum orðum um fjármagnskostnað á Íslandi og hvaða áhrif hann hefur haft á rekstur fyrirtækjanna í landinu og fjármál einstaklinganna. Ég hyggst gera það núna með nokkrum orðum.

Þegar verðtrygging fjármagns var tekin upp á sínum tíma var ég hlynntur þeirri ráðstöfun. Ástæðan var mjög einföld. Það var um ára og áratuga skeið búið að ræna frá sparifjáreigendum sparifé. Það brann upp í bönkunum og þeir peningar sem höfðu verið lagðir inn og höfðu verið einhvers virði urðu að engu. Mörg dæmi þekkjum við um þetta. Það var því ógerlegt að halda áfram á sömu braut þannig að peningarnir yrðu látlaust að engu í bankastofnunum sem síðan misstu bæði tiltrú og traust almennings.

En það sem gerðist síðan var ákaflega óvarlega gert og ég tel að hafi verið gert þannig að stjórnvöldum og þeim sem fara með peningamál þjóðarinnar hafi orðið á mjög alvarleg mistök. Vextir í landinu voru gefnir frjálsir án nokkurra takmarkana. Þær aðstæður voru fyrir hendi í þjóðfélaginu þegar þeir voru gefnir frjálsir að gífurleg samkeppni upphófst um fjármagnið. Peningamálastjórnendur gættu þess ekki m.a. þegar vextir voru gefnir frjálsir að setja þak á vaxtahækkunina og láta hana koma til framkvæmda í áföngum eða þá, sem hefði einnig verið valkostur í stöðunni, að heimila erlendum bankastofnunum og lánastofnunum að hefja viðskipti á Íslandi og þar með að veita íslenskum bönkum bæði samkeppni og aðhald. Hvorugt var gert. Aðstæðurnar sem ég nefndi áðan á íslenskum peningamarkaði voru eftirfarandi:

Ríkissjóður Íslands stefndi að því að afla meira fjármagns á innlendum lánamarkaði en fyrr. Verðbréfamarkaðir sem vildu auðvitað með sem skjótustum hætti hasla sér völl voru að hefja hér störf. Í þriðja lagi, bankarnir ákváðu að taka þátt í hömlulausri samkeppni um fjármagnið. Niðurstaðan varð sú að bankar, ríkissjóður og fjármagnsmarkaður fóru í hömlulausa samkeppni um fjármagnið sem til var á markaðnum. Það reyndu allir að bjóða upp fyrir hina með þeim afleiðingum að vaxtastigið hækkaði svo ótrúlega að engin dæmi eru til slíks í efnahagskerfi Vesturlanda, engin dæmi.

Menn gleymdu því einnig þegar þeir tóku upp samanburð á vöxtum hér og í nágrannalöndunum að í nágrannalöndunum þekktist ekki sú verðtrygging á fjármagni sem hér var fyrir hendi. Þannig að með verðtryggingu og hömlulausum vöxtum, hömlulausri vaxtatöku bankakerfisins, voru komnir hér hæstu vextir sem þekkjast í hæfilega peningalega siðuðum löndum.

Afleiðingin af þessu varð skelfileg. Í einu orði sagt, hún varð skelfileg. Afleiðingin varð sú að kostnaður, bæði einstaklinga og fyrirtækja í landinu, við það að fá fjármagn að láni varð svo gífurlegur að allt hefur orðið undan að láta í seinni tíð. Og ég leyfi mér að fullyrða að rekja megi þá helför íslenskra fyrirtækja sem við horfum nú á til þess tíma þegar hinir frjálsu vextir voru teknir upp án þess að nokkrar hömlur væru settar á vaxtahækkanir. Það var glórulaust athæfi að setja vaxtafrelsið inn í íslenskt efnahagskerfi án þess að setja einhverjar hömlur við því hversu hátt vaxtastigið mætti verða.

Við töluðum um, þegar við ræddum hér verðtryggingu fjármagns, að við vildum fá verðtrygginguna til þess að sparifénu yrði ekki lengur stolið frá gamla fólkinu. En hvað hefur gerst núna þegar saman hefur farið verðtrygging á fjármunum og gífurlega háir vextir? Við höfum stolið eigin fé fyrirtækjanna í æ stærri stíl, komið þeim á vonarvöl, og við erum núna líklega að uppskera einhverja mestu byggðaröskun sem við höfum horft upp á á síðustu áratugum af þessum sökum.

Við höfum líka gert annað sem mér finnst enn þá lakara. Við höfum tekið eignarnámi húseignir ungs fólks í þessu landi. Við höfum hirt af því eignirnar og nú verða menn að velta fyrir sér, hvort er skárri kostur þó báðir séu vondir: Að stela sparifé sem af fúsum og frjálsum vilja er lagt inn í banka eða einhvers staðar í aðrar ávöxtunarstofnanir eins og gert var áður eða að taka eignarnámi eignir þess unga fólks sem hefur verið í anda séreignastefnunnar að berjast við það að eignast þak yfir höfuðið? Ég hygg að hver einasti þingmaður sem hér er inni þekki mörg skelfileg dæmi þess hvernig farið hefur fyrir ungu fólki sem gerði áætlanir. Þetta er ekki fólk sem réðist í íbúðarkaup eða húsbyggingar án nokkurs fyrirvara eða undirbúnings. Það eru mörg dæmi þess að þetta fólk hafi gert þetta mjög skipulega með áætlanagerð, reiknað út vaxtastigið eins og það var á þeim tíma þegar það gerði sínar áætlanir og gert ráð fyrir

verðbólguhækkunum og hækkunum á lánskjaravísitölu. Ekkert af þessu hefur staðið. Hækkunin á öllum þessum þáttum hefur orðið svo gífurleg að það hafa engar áætlanir þessa unga fólks né fyrirtækjanna, ef ég bæti þeim við, getað staðist. (**Forseti:** Þau skilaboð hafa borist frá forsrh. sem ekki er lengur í húsinu að hann komist ekki til þessa fundar. Óskar ræðumaður eftir því að til frekari ráðstafana verði gripið?) Herra forseti. Ég get auðvitað rætt þetta mál við hæstv. forsrh. á öðrum vettvangi. En segi það alveg hreint út sem mína skoðun, ég hefði viljað sjá einhvern af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar við þessa umræðu. Vegna þess að ég tel og hef talið lengi að þessi þáttur í efnahagslífi þjóðarinnar sé einhver sá afdrifaríkasti sem við höfum verið að glíma við á undanförnum árum. Og ég hefði viljað heyra frá hæstv. ráðherrum hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í tengslum við þær samningaviðræður sem nú fara fram varðandi loforð hæstv. ríkisstjórnar um afnám lánskjaravísitölu og lækkun á vöxtum. (**Forseti:** Mætti ég aðeins trufla hv. ræðumann? Ég bar fram fyrirspurn og spurði hvort óskað væri frekari ráðstafana af hans hálfu. Er óskað eftir því?). Nei, ég geri engar kröfur til þess. Það verður bara að koma í ljós hvort hæstv. ríkisstjórn hefur áhuga á þessu máli eða ekki.

Það hefur löngum verið sagt af þeim mönnum sem hafa með blóði og svita varið þessa vaxtastefnu og þessa fjármagnsstefnu sem ríkt hefur á Íslandi að megnið af ógæfunni megi rekja til þess að forustumenn fyrirtækja, sveitarfélaga og einstaklingar hafi verið fyrirhyggjulitlir. Þeir hafi ekki sést fyrir og fjárfestingaræði þeirra hafi farið út fyrir öll skynsamleg mörk. Þetta er auðvitað rétt að hluta til. En við skulum á móti spyrja þeirra spurninga: Hverjir eru það sem hafa lánað fjármagnið, einstaklingunum og fyrirtækjunum? Eru það ekki bankar sem á að reka með þeim hætti að þeir taki ekki áhættu í útlánum sínum? Gerir fólkið sér grein fyrir því að ýmsar fjárfestingar sem það hyggst ráðast í séu ekki skynsamlegar? Ég hygg að á þetta hafi mjög skort og ég segi fyrir mig að hluti af þeirri sök sem hér er um að ræða, hluti af henni, liggur inni í bankakerfinu.

Ég vil líka að menn renni huganum nokkuð aftur í tímann eða til þess tímabils þegar vextir voru gefnir frjálsir og leggi að jöfnu hvenær fór að þrengjast um hjá fyrirtækjunum í landinu. Það skyldi þó ekki hafa verið um svipað leyti og vextir fór hækkandi. Það hefur verið reynsla fjölmargra landa, og við þurfum ekki að leita að gögnum um það, þau liggja á víð og dreif og það er hægt að ná í þau, og sýna hvernig háir vextir hafa farið með atvinnulíf. Ég nefni sem dæmi Bandaríkin. Þegar Bandaríkjamenn höfðu verulegar áhyggjur af verðbólguþróun vildu þeir mæta henni með háum vöxtum til þess að draga úr fjárfestingum, til þess að reyna að fá fólk til þess að leggja fé sitt inn í lánastofnanir. Þetta hafði þau áhrif að hjól atvinnulífsins stöðvuðust í stórum stíl og bandarískt þjóðfélag varð fyrir gífurlegu fjárhagslegu áfalli.

Nú er ég ekki með þessum orðum mínum að segja að fólk eigi ekki að eiga kost á því að leggja fjármuni sína í banka og fá eðlilega vexti af þeim. Það sem ég hef verið að segja er að vaxtastigið sem hér hefur verið við lýði ofan á lánskjaravísitölu, verðtryggingu fjármuna, hefur verið svo hátt að engu tali tekur.

Þar fyrir utan tel ég að lánskjaravísitalan sé vitlaust útreiknuð. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að allt of margir þættir séu teknir inn í lánskjaravísitöluna sem ekki eigi þar heima. Ég nefni sem dæmi beina skatta. Af hverju á hækkun beinna skatta að hafa bein áhrif á lánskjaravísitölu? Það vill segja að þeir sem hafa tiltölulega lágar tekjur, nota bene ekki vísitölutryggðar tekjur, því að það eina sem er vísitölutryggt í þessu landi eru lánskjörin, þetta fólk hefur lent í því að fá hækkaða skatta ofan á laun sín, verið skuldugt og fengið þar að auki mikla hækkun á lánskjaravísitölunni og þar með hafa skuldir þess hækkað til mikilla muna sem hefur aftur valdið þessu fólki ólýsanlegum erfiðleikum.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir niðurstöðum skoðanakönnunar Húsnæðisstofnunar núna á dögunum þar sem kom fram að helmingur alls þess unga fólks sem spurt var, sem hafði kjark til þess að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið, meira en helmingur þess hafði lent í mjög alvarlegum fjárhagsþrengingum.

Ég verð nú að segja eins og er að ég velti því stundum fyrir mér hvaðan sú gífurlega hagspeki kemur sem hvorki er hægt að vinda ofan af, ræða um né koma einhverri smávitglóru í þegar viðkomandi sjá hver áhrif peningamálastefna og sú hagstjórn sem notuð hefur verið hefur á íslenskt fjármála- og efnahagslíf. Ég get heldur ekki séð að þeir hagfróðu menn sem hafa ritað um þessi mál séu nokkurn tíma tveir alveg sammála um það hvort þetta hafi verið til góðs eða ills.

Herra forseti. Ég hef lengi haft trú á því að í sambandi við húsnæðismál hér á landi höfum við Íslendingar farið mjög villir vegar. Ég tel að sú þjóðfélagsuppbygging sem hefur átt sér stað hér á landi hafi verið eins konar öfugur pýramídi að því leytinu til að ungu fólki sem hefur ýmist viljað eignast þak yfir höfuðið eða taka húsnæði á leigu hefur verið gert það nánast ókleift eða með þeim herjans kjörum á síðustu árum að stór hluti af bestu árum þessa fólks hefur farið í það að greiða háar skuldir vegna húsnæðiskaupa. Þetta hefur gerst á sama tíma og þetta unga fólk hefur þurft að eiga tíma fyrir börnin sín, fyrir uppeldi barnanna sinna til þess að geta lifað sómasamlegu manneskjulegu lífi í eðlilegum samskiptum við fjölskyldu sína og annað fólk. En með því kerfi sem hér ríkir hefur þessu fólki verið gert að þræla frá því snemma á morgnana og þar til seint á kvöldin, bæði karli og konu. Tíminn fyrir börnin, uppeldið, hefur að engu orðið. Og þegar þetta fólk er loksins orðið miðaldra, börnin að fara að heiman, þá situr það eitt eftir í stóra húsnæðinu sínu sem það hefur ekkert við að gera.

Ástæðan fyrir þessari þróun er sú að það hefur oftar en ekki verið litið á það sem einhvers konar ölmusu að láta þetta fólk hafa fé til þess koma sér upp

þaki yfir höfuðið. Og við höfum heldur ekki gert nægjanlega mikið til þess að hafa á boðstólum leiguhúsnæði fyrir þá sem vilja velja þann kost að búa í leiguhúsnæði.

Það er ekki bara að þessu fólki hafi verið gert þetta erfitt með tiltölulega lágum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins til allt of skamms tíma, heldur var bætt ofan á gallharðri lánskjaravísitölu og síðan vöxtum sem fóru upp úr öllu valdi og enginn réði við. Fólk greiddi af lánum sínum látlaust en höfuðstóllinn hækkaði og vonleysið varð meira og meira. Við erum að uppskera í dag af þessari stefnu.

Herra forseti. Ég hef líka velt því fyrir mér hvernig standi á því að Íslendingar eru komnir svona langt á eftir öðrum þjóðum í aukningu þjóðarframleiðslu. Í mínum huga er aðeins ein ástæða fyrir því. Við höfum gert atvinnurekstrinum í landinu svo erfitt fyrir að hann á engan kost á því að standa sig. En við skulum nú velta því dálítið fyrir okkur hvað hefur líka gerst í tengslum við þessa hávaxtaþróun og þá lánskjaravísitölu sem við búum við. Það hefur gerst m.a. að tilfærsla á fjármagni í íslensku þjóðfélagi hefur líklega aldrei orðið meiri í samanlagðri sögu þjóðarinnar. Það var svo að þeir sem áttu peninga þegar vextir voru gefnir frjálsir og gátu spilað á peningamarkaðinn höfðu af því gífurlega miklar tekjur. Og það er nú einu sinni svo að ævinlega þarf að ná í peningana einhvers staðar og það þurfa bankarnir ekkert síður að gera. Þegar þeir þurfa að greiða háa innlánsvexti þurfa þeir að taka peningana sem í innlánsvextina fara frá einhverjum. Og það eru skuldararnir sem hafa greitt þá, það er atvinnurekstrinn í þessu landi m.a. sem hefur verið blóðmjólkaður til þess að geta greitt þessa háu vexti í þessari glórulausu samkeppni, þessa þríeina þurs sem hefur barist um fjármagnið á íslenskum peningamarkaði. Ég vil biðja menn að velta því fyrir sér hversu mikla vexti Íslenskir aðalverktakar hafa t.d. fengið af sínum framkvæmdasjóði sem er hýstur í Landsbanka Íslands og yfirleitt því fé sem þeir eiga í bönkum sem mun nema um 3 milljörðum kr. Hvaða vexti skyldi þetta fyrirtæki hafa fengið af 3 milljörðum kr. á undanförnum árum? Gaman væri að fá útreikning á því. Hverjir skyldu hafa borgað þessa vexti? Peningarnir koma einhvers staðar frá. Það eru auðvitað skuldararnir. Það eru fyrirtækin í landinu sem eiga að halda uppi þessu þjóðfélagi meira eða minna. Það eru þau sem hafa borgað þetta. Og þau eru komin í þá skelfilegu stöðu núna að geta ekki staðið undir þeim væntingum sem menn gerðu sér og staðið við þær kröfur sem til atvinnurekstrar eru gerðar. Og það sem er sýnu alvarlegast í mínum huga er að þessi peningamálaþróun hefur gert það að verkum að landsbyggðin er að trosna upp, baklandið er að deyja, þéttbýlissvæðin eru að gefast upp, m.a. vegna þess hve fjármagnskostnaðurinn hefur verið gífurlegur. Við fáum hvert dæmið um þetta á fætur öðru. Síðan er ævinlega sagt við okkur: Um hvað eruð þið að tala, heiðursmenn? Þarna voru stjórnendur sem vildu fjárfesta í nýju skipi, í nýjum tækjum og tólum í frystihúsið sitt o.s.frv. Þessir menn gerðu áætlanir og við eðlilegar aðstæður hefði ekkert verið athugavert við hluta af þessum fjárfestingum. Aðrar voru úr hófi, ég viðurkenni það.

Herra forseti. Niðurstaða mín úr þessari umræðu er sú að hin frjálsa vaxtastefna sem fór af stað með allt of miklum gassa vegna samkeppninnar um fjármagnið á markaðinum ofan á verðtryggðar fjárskuldbindingar — allt var verðtryggt, allt var reiknað upp með lánskjaravísitölu — sé í raun einhver mesta hörmungarsaga í íslensku atvinnulífi og hjá einstaklingum sem við höfum horft upp á. Ég bind auðvitað miklar vonir við að samtökum sem virðast vera öflugri Alþingi Íslendinga, þ.e. verkalýðshreyfingunni, takist að knýja stjórnvöld og peningamálastofnanir til þess að taka sönsum. Ég veit ekki hvort þið hafið tekið eftir lista sem birtist í Frjálsri verslun fyrir nokkru um þau fyrirtæki sem mest höfðu hagnast á Íslandi. Hvaða fyrirtæki skyldu það nú hafa verið? Það voru fyrirtæki sem höndluðu með peninga. Það voru bankar, verðbréfafyrirtæki o.s.frv. Nú er ég ekki að amast við því að bankar geti haft hagnað eða verðbréfafyrirtæki. En það er óeðlilegt að þessi hagnaður verði til fyrir það að undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar séu kyrktar í greip þessa peningavalds. Það nær ekki nokkurri átt. Þetta verður að breytast.

Herra forseti. Ég get auðvitað sagt það hér, ég hef í mínum þingflokki gagnrýnt látlaust þessa þróun mála og viljað ná fram breytingum. En það er nú svo að til þess að ná fram breytingum þarf meiri hluta. Og ég endurtek það sem ég sagði hér í upphafi ræðu minnar að mér hefði ekki fundist það óviðurkvæmilegt, svo að ég taki nú ekki dýpra í árinni, að einhverjir hæstv. ráðherrar hefðu verið viðstaddir þessa umræðu hér í dag. En það má auðvitað gera gangskör að því, ef ekki tekst á næstunni að bæta stöðu þessara mála, að hefja hér umræðu um vaxtaþróun, um lánskjaravísitölu og verðbindingu fjárskuldbindinga.

Ég vil segja það sem mín lokaorð, herra forseti, að ég vænti þess nú fastlega að íslenskt efnahagslíf hafi komist niður á það stig sem það verst getur orðið, a.m.k. í bili, og að fram undan sé einhver breyting sem geti orðið til batnaðar. Og þá skulu menn taka eftir því að lækkun vaxta og hugsanleg breyting á lánskjaravísitölu verður sá drifkraftur sem getur komið íslensku atvinnulífi í tiltölulega eðlilegt horf á nýjan leik.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli flm. þessa frv. hefur hann flutt það tvisvar áður. Ég fagna þeirri þrautseigju sem hann sýnir með því að flytja þetta frv. Þó það sé ekki alveg eins og áður er það í grundvallaratriðum hið sama. Ég tel að hann sé að hreyfa hér mjög merku máli og mikilvægu sem nauðsynlegt er að eitthvað fari að gerast í.

Það kom mér í sjálfu sér ekki á óvart þó að hv. 3. þm. Norðurl. e. væri orðinn nokkuð langeygður eftir aðgerðum í vaxtamálum. Hann er mikill áhrifamaður í sínum flokki og nýtur þar trausts og virðingar. Það má segja að í þeim flokki hafi verið mjög harður

áróður á sínum tíma fyrir að taka upp verðtryggingu. Og með efnahagsaðgerðunum sem ríkisstjórnin sem sat síðla árs 1978 og fram eftir hausti 1979 beitti sér fyrir var gerð sátt í þáv. stjórnarflokkum með lögfestingu hinna svokölluðu Ólafslaga. Þar má segja að ballið hafi byrjað og það hefur verið dansað síðan. Að vísu ekki alltaf eftir sama hljómfallinu, það hefur verið nokkuð breytilegt. Þegar við lítum á þessi mál í heild er það auðvitað verðbólgan sem hefur haft áhrif á vextina og of mikil áhrif. Menn spyrja og það er eðlilegt: Er það hægt lengur að vextirnir hækki miklu meira en launin? Fjármagnskostnaður fyrirtækjanna og atvinnurekenda í landinu er orðinn svo hár vegna þess að fyrirtækin, einkum í útflutningsgreinum, flestum útflutningsgreinum, hafa oft og tíðum verið rekin með það miklum halla að þau hafa orðið að mæta hallarekstrinum með auknum lánum. Eftir því sem lánin aukast hækkar fjármagnskostnaðurinn, jafnvel þó eitthvað sé verið að tylla í bremsurnar öðru hverju. Gerð var veruleg úrbót með lánum til atvinnufyrirtækja útflutningsgreina á sl. ári, allt frá byrjun árs til loka. En ég sé ekki annað en þessi hringdans haldi áfram, nú séu sum af þessum sömu fyrirtækjum að biðja aftur um svipaða fyrirgreiðslu og þau fengu fyrir rúmu ári. Fjármagnskostnaðurinn er þau lifandi að drepa.

Við skulum snúa okkur að almenningi í landinu. Hvernig er ástatt hjá honum? Hvað með alla þá sem eru að byggja eða kaupa húsnæði? Hvað er með Húsnæðisstofnunina? Menn þurfa að bíða í hálft ár eftir að fá bréf frá Húsnæðisstofnun um það hvort umsókn þeirra uppfyllir settar reglur eða skilyrði eða hvað það nú heitir. Ég kann ekki það mál allt saman. Síðan verða menn bara að bíða og bíða, heyra ekkert frá þeirri virðulegu stofnun í rúm tvö ár. Einu viðbrögðin eru þau að skipta um eitthvert kerfi og kalla það núna húsbréfakerfi á meðan verið er að koma þúsundum manna á höfuðið. Sumir fara beint á höfuðið. Aðrir leita á náðir ættingja sem annaðhvort eiga peninga eða geta útvegað þeim peninga í lánastofnunum. Það eru einhverjar reglur um að þegar menn séu alveg að fara á hausinn eða geta ekkert borgað, þá megi flýta einhverjum lánum. Þær reglur eru að mínum dómi algerlega óskiljanlegar og það er fullkomið rannsóknarefni, starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Í þeirri ríkisstjórn sem ég sat í 1983–1987 fannst mér stundum að þessi mál væru komin í algert óefni hjá hæstv. félmrh. í þeirri stjórn, hv. 1. þm. Vesturl. Nú er svo komið að ég sakna hans sárlega úr stólnum. Þetta er alger kaos núna. Það er alveg stórmerkilegur hlutur að þetta er annar dagurinn sem hv. Alþingi er að störfum á þessu ári. Hér situr 11 manna ríkisstjórn og ekki einn einasti ráðherra má vera að því að vera viðstaddur hér umræðu um eitt mikilvægasta málið sem hvílir á atvinnurekstrinum í landinu og þúsundum heimila. Þeir eru bara tvist og bast eða eru þeir kannski búnir að segja af sér en hefur láðst að tilkynna Alþingi um það? Það færi betur að svo væri.

Nú langar mig að spyrja hv. 3. þm. Norðurl. e.: Er það ekki ætlun stjórnarliðsins og viðskrh. að standa við það að fella niður lánskjaravísitöluna á þessu ári? Hefur hann ekki sjálfur skýr svör við því? Nú verður maður að grípa til þess að spyrja hásetana á stjórnarskútunni fyrst yfirmennirnir eru allir horfnir. Og það er sennilega betra að fá svör frá hásetunum á stjórnarskútunni en hjá yfirmönnunum sem hverfa. (Gripið fram í.) Nei, ætli Borgfl. hafi ekki fengið bátsmennina í haust svo að hv. 3. þm. Norðurl. e. verður bara að láta sér nægja að vera háseti eftir sem áður. Ég held það sé bara ágætt hjá honum að halda sig við hásetastarfið og sækja ekki eftir bátsmannsstarfi, hvað þá heldur ofar, þó að ég geti unað honum alls góðs, það er ekki það. En það er bara ekkert gott að vera yfirmaður á þessari skútu.

Mér finnst að mörgu leyti undarlegt það sem er að gerast núna í sambandi við þessi vaxtamál. Ég held að forsrh. sé búinn að koma hvað eftir annað fram í fjölmiðlum og hefur látið hafa eftir sér, þó að hann sé nú mjög orðvar maður, ýmislegt í þessum efnum. M.a. hefur hann marglýst því yfir að ríkisstjórnin ætli að koma vöxtunum niður með handafli. Að vísu hefur það skeð í nágrannalöndum okkar, í Þýskalandi, Frakklandi og víðar, að vextir hafa á síðustu 9–10 mánuðum hækkað um heilt prósentustig. Afl handlangarans hér á Íslandi hefur ekki náð til þeirra sem varla er von. En hvað er svo að gerast núna?

Nú sé ég það í því ágæta blaði Morgunblaðinu að Fríhöfnin í Keflavík er farin úr viðskiptum við Landsbankann, sem er nú stærsti banki þjóðarinnar og ríkisbanki, og komin í viðskipti við Íslandsbanka því að hann bjóði hærri innlánsvexti en Landsbankinn og hann er líka með hærri útlánsvexti. Mér er það alveg ljóst að bankar þurfa að hafa hagnað til þess að þeir njóti trausts og menn séu óhræddir við að geyma fjármuni sína þar inni. En það eru takmörk fyrir öllu og líka því. Nú spyr ég mjög gjarnan, og bið nú hv. 3. þm. Norðurl. e. að skjóta því að hæstv. viðskrh. ef hann skyldi tylla niður tánum hér á Fróni á næstunni, hvernig þessu sé varið. Á það að líðast að stór fyrirtæki, meira að segja ríkisfyrirtæki, eigi að njóta betri innlánskjara en við hin? Á að skammta okkur minna? Eru fjármunir hins almenna borgara ekki meira virtir en þetta og sparnaður hans en að það eigi að greiða honum, hinum almenna borgara, mun lægri vexti en fyrirtækjum sem peningana eiga? Útflutningsatvinnugreinarnar eiga ekki peninga í bönkum eða sparisjóðum landsins, ekki svo að neinni verulegri upphæð nemi, nema örfá fyrirtæki sem eru vel stæð, sem betur fer. Við skulum ekki gera lítið úr því.

Ég tel að það sé mjög mikilsvert að frv. sem þetta sé flutt og ég vil alveg sérstaklega þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir þá þrautseigju sem hann sýnir með því að flytja þetta frv. Það eru að vísu í því ákveðin atriði sem ég er ekki fyllilega sammála en hér er verið að hreyfa mikilsverðu máli sem við verðum að taka á. Það er alveg sama hvaða ráðstafanir verða gerðar af stjórnvöldum í að breyta gengi krónunnar, það er ekki hægt að bjarga stærstum hluta útflutningsatvinnuveganna vegna þess hvað skuldir þeirra eru

orðnar gífurlega miklar. Og það verður ekki komist hjá því að gera algjöran uppskurð í þessum efnum ef á að koma á heilbrigðum atvinnurekstri og sjá um í framtíðinni að útflutningsgreinarnar séu ekki reknar með gífurlegum halla langtímum sman eins og stundum hefur átt sér stað. Það er ekki nóg fyrir hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar, sem ekki sjást hér í þingsölum, að koma alltaf fram í fjölmiðlum, jafnvel daglega, boða lækkun vaxta, boða lækkun á fjármagnskostnaði fyrirtækja og einstaklinga og láta svo sitja við orðin tóm. Það er kominn til þess tími að renna traustum stoðum undir íslenskt atvinnulíf og þá sérstaklega útflutningsatvinnuvegina og það er líka kominn tími til að lina þjáningar heimilanna í sambandi við lán, ekki síst húsnæðislánin, og taka á þeim málum með festu og alvöru en ekki alltaf að hlaupa frá því sem búið er að hafa lagagildi þegar það er komið í ófæru og reyna að taka upp eitthvert nýtt kerfi til þess að blekkja þá sem hafa verið að bíða eftir fjármunum.

Herra forseti. Ég harma það að 11 manna ríkisstjórn skuli ekki geta léð þinginu tíma til þess að vera viðstödd þessa umræðu og hefði nú ekki verið til of mikils mælst þó að einn af ráðherrum hvers stjórnarflokks hefði verið hér við þessa umræðu og svarað því sem fram hefur komið í máli manna.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær þakkir sem flm. hefur fengið hér í þingsal fyrir að hafa flutt þetta frv., nú í þriðja skipti, og er sérstök ástæða til að vekja athygli á þeirri þrautseigju því að andstæðingar Eggerts Haukdals, hv. flm., eru ekki almenningur eða almenningsálitið, heldur fáeinir öflugir okurkarlar í hans eigin flokki. Þess vegna er sérstök ástæða til þess að þakka honum fyrir því hvað sem líður áliti þessara flokksbræðra Eggerts er ljóst að hann hefur fylgi þúsundanna með sér. Hann hefur fólkið með sér í þessu máli. (**Gripið fram í:** En ríkisstjórnarflokkanna?) Hann hefur fylgi margra úr ríkisstjórnarflokkunum. Ég er annar stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar sem stend hér upp í dag til þess að taka undir þetta og væri kannski við því að búast að hann fengi álíka stuðning frá ykkur, flokksfélögum sínum. (**Gripið fram í:** Þá fer þetta bara í gegn.) Við skulum vona það, enda er þetta staðurinn til þess að hleypa málunum í gegn. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Okurvextirnir fóru í gegnum Alþingi og þá er eins gott að Alþingi afnemi okurvextina líka. Það gera það engir aðrir. Og ég er alveg handviss um það að ef rétt er á málum haldið er hægt að ná hér þinglegum meiri hluta fyrir lok þessa þings og létta þessu af þjóðinni.

Að mínu viti er aðeins ein regla til í sambandi við vexti. Það er aðeins til ein tegund af vöxtum. Það eru þeir vextir sem atvinnulífið ræður við að borga, og búið. Reglan er svo einföld. Allir aðrir vextir sem eru hærri en svo mala undir sér atvinnulífið og um leið leggja þeir þjóðfélagið smátt og smátt í rúst eins og nú er að gerast. Það þarf ekki að líta langt í kringum sig. Það er nóg að taka upp næsta eintak af Lögbirtingablaði til þess að sjá áhrif af þessari vaxtapólitík, ef pólitík má kalla. Á hverjum degi, á hverjum einasta degi í rauninni, á hverjum sólarhring, eru sex Íslendingar teknir til gjaldþrotaskipta. Það þýðir að það er einn á hverri klukkustund sem er opið hjá fógeta. Frá því að þing hófst klukkan tvö er búið að úrskurða einn Íslending og það er langt komið að úrskurða mann númer tvö þegar við hættum hér klukkan fjögur. Þá er á okkar þingtíma búið að úrskurða tvo Íslendinga gjaldþrota. Þetta er ávöxtur vaxtanna.

Við höfum oft heyrt talað um raunvexti og ég vil leyfa mér að velta því fyrir mér: Hvað eru raunvextir? Við hvaða raunveruleika er miðað? Eru vextir í næstu löndum við okkur einhver sérstakur raunveruleiki fyrir Íslendinga? Eigum við að miða við þá? Hvar er raunveruleikinn? Er ekki aðeins einn raunveruleiki til fyrir okkur og það er lífið í kringum okkur? Er þá um nokkra aðra vísitölu að ræða fyrir hvern mann en þá vísitölu sem hann sjálfur getur borgað? Er hægt að setja allt þjóðfélagið upp í eina allsherjar lánskjaravísitölu og segja að allir menn skuli borga samkvæmt henni, en þegar maður fer inn í banka þá eru engir samningar um lán. Maður gengur inn í hamarinn. Það er rétt að manni skilmálablað þar sem allir skilmálar eru fyrirframprentaðir. Það eina sem sett er inn í er upphæðin á peningunum og hvaða dag á að borga þá til baka. Skilmálarnir eru fyrir hendi. Viðskiptavinurinn fær engu um það ráðið. Hann gengur beint í hamarinn.

Að mínu viti er t.d. aðeins ein vísitala til fyrir sjómanninn og það er fiskverðið, aðeins ein fyrir bóndann og það er afurðaverðið, aðeins ein vísitala til fyrir leigubílstjórann og það er taxtinn sem hann keyrir eftir. Þannig hljóta lánin að verða tryggð í framtíðinni. Tryggingin hlýtur að miðast við getu mannsins sem tekur lánið á hverjum tíma til að greiða til baka, ekki einhverja fundna vísitölu sem búin er til af stofnunum, seðlabönkum og öðrum apparötum í þjóðfélaginu. Slík vísitala getur aldrei gengið upp. Afleiðingar hennar sjáum við allt í kringum okkur.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki hafa þetta lengra að sinni. Ég vil ítreka þakkir til flm. frá stuðningsmanni og hvet hann til þess að láta ekki deigan síga því það eru örugglega fleiri stuðningsmenn þessa máls hér á þingi en fram hafa komið í dag.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þetta er góð umræða hér um vexti. Ég segi eins og fyrri ræðumenn að maður saknar þess í þessari stóru ríkisstjórn að hafa ekki einn einasta ráðherra viðstaddan, en það er kannski talandi dæmi um það, og það er mín skoðun, að aldrei hafi setið önnur eins ríkisstjórn sýndarmennskunnar og þessi hæstv. ríkisstjórn. Það er þess vegna alveg eins gott að þeir séu ekkert hérna því þetta er allt til að sýnast hvort sem er. Þeir þykjast vera að gera eitthvað, þykjast vera að laga hlutina þegar þeir eru ekki að gera það, þykjast vera að lækka fjármagnskostnaðinn o.s.frv. og eru raunverulega ekki að gera neitt.

Mér hefur stundum komið það til hugar í sambandi

við verðtryggingar — og ég vil taka það fram út af orðum hv. 16. þm. Reykv. að sjálfstæðismenn eru sammála þeim markmiðum sem koma fram í þessu frv. og ég held að flestir alþm. séu sammála því að fjármagnskostnaður skuli niður. Ég veit ekki um einn einasta alþm. sem ekki vill lækka fjármagnskostnaðinn. En ágreiningurinn snýst kannski frekar um markmiðin, hvernig á að fara að því. Það er kannski ágreiningur um það. Það er mín skoðun að tímabært sé að ræða atriði eins og gegndarlausa seðlaprentun í þessu sambandi. Hlýtur ekki gjaldmiðill landsins alltaf að verða verðlagður og vextir í landinu í samræmi við prentunina á hverjum tíma? Er það ekki jafnljóst og tvisvar sinnum tveir eru fjórir að það er ekki hægt að þynna út gjaldmiðil lands með lántökum og prentun öðruvísi en að það komi einhvers staðar fram?

Þessi hæstv. ríkisstjórn held ég að eigi Íslandsmet í því að slá erlend lán eins og gert var hér haustið 1988, talandi um það á hverjum degi að verið væri að redda útflutningsatvinnuvegunum, slá erlend lán og lána þessum atvinnuvegum á kolvitlausu gengi, stórfé í erlendum gjaldeyri, verðandi svo á síðasta ári, 1989, að kolfella gengi krónunnar. Ekki þó alveg í samræmi við alla prentunina. En hvað gerðist við þetta, að taka lánin og lána þau fyrirtækjunum á röngu gengi og laga síðan gengið eftir á? Hvað gerðist? Það var étið upp stórlega eigið fé þessara fyrirtækja. Það voru nú allar gjafirnar. Og það má segja það að hver er sínum gjöfum líkastur.

Ég held að ekki fari hjá því að inn í þessa umræðu um vísitölu og vexti komi einnig ágætt frv. sem hv. fjvn. hefur lagt fram um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, sem er náskylt þessu máli, vegna þess að ónákvæmni í stjórn ríkisfjármála er einn af orsakavöldum verðbólgu hér á landi. Ætli hallinn á fjárlögum síðasta árs sé ekki nálægt 10 milljörðum? Það átti að verða 650 millj. kr. hagnaður. Verulegur hluti af þessum 10 milljarða halla er fjármagnaður með erlendum lánum og seðlaprentun. Og til hvers leiðir það nema til vaxtahækkunar og vísitöluhækkunar og gengisfellingar?

Ég vil endurtaka það að markmiðið með frv. er gott en það er ekki allt sem sýnist. Það er ekki nóg að festa gengið og halda síðan áfram að prenta. Það vantar þannig eitthvað inn í frv. í sambandi við prentunina.

Ég er alveg sammála því að unga fólkið hér í landinu á erfitt uppdráttar að eignast þak yfir höfuðið í þessu kerfi eins og það er. En það er nú einu sinni svo að við sitjum hér uppi með hálfsósíalíska ríkisstjórn ef ekki alsósíalíska árið 1990 sem er náttúrlega eins og hróp í eyðimörkinni þegar austantjaldslöndin eru farin að viðurkenna þetta sem öskuhaugamat, að það skuli þá vera reynt að handstýra og menn skuli enn þá hafa trú á því hér á Íslandi að einhver kerfi miðstýringar og handstýringar skuli ganga upp, sem er svo gjörsamlega vita vonlaust og búið að prófa það þarna fyrir austan. Hvað eru menn að gera Íslendinga að einhverjum fórnarlömbum og tilraunadýrum í sambandi við miðstýringu og sósíalisma? Ætla menn að halda áfram að berja höfðinu við steininn endalaust og styðja svona athafnir?

Sjálfstfl. samþykkti í fyrrahaust að auka frjálsræði í gjaldeyrisviðskiptum og það tel ég að sé góð ráðstöfun að því leyti að þá kemur upp aðhald á seðlaprentunina. Þá verður gjaldmiðill landsins verðlagður í samræmi við seðlaprentunina. Þannig neyðast menn til að taka á þeim vanda og þannig er hægt að halda jafnvægi. Þá geta fyrirtækin tekið lán á réttu gengi en ekki röngu. Eins og ég segi var það hin hroðalegasta ráðstöfun sem ég hef orðið vitni að að fyrirtækjunum var lánaður erlendur gjaldmiðill í stórum stíl, seinast á árinu 1988 og fram eftir árinu 1989. Síðan fengu menn gengisfellingarnar framan í sig og hvað sýna ársreikningar þessara sömu fyrirtækja annað en tuga og hundraða millj. kr. tap, og allt er í fína lagi, segja þeir, þessir háu herrar.

Ég vil nú gjarnan spyrja, ef einhverjir hv. þm. eiga eftir að ræða um þetta mál, hvað þeim finnist um þessa seðlaprentun. Vilja menn ekki ræða seðlaprentunina? Er ekki kominn tími til þess að ræða hana? Er ekki kominn tími til þess að ræða það að síðan árið 1918 hefur mynd af Jóni Sigurðssyni forseta verið prentuð sjö sinnum á peningaseðil, síðast árið 1981, og nú er hann enn í gildi, 500 kr. seðillinn. Sex sinnum er búið að prenta Jón Sigurðsson forseta á peningaseðil og setja hann aftur í úreldingu. Er ekki kominn tími til þess að fara að skoða þessa prentun?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 238. mál (ónýttur persónuafsláttur barna). — Þskj. 354.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. eru ásamt mér aðrar kvennalistakonur sem sæti eiga í Nd.

Þetta frv. hefur að geyma þrjár greinar. Í 1. gr. er kveðið á um að einstætt foreldri og barn þess, 16 ára og eldra sem á hjá því lögheimili, eigi rétt á að telja fram og vera skattlögð með sama hætti og hjón eða karl og kona í óvígðri sambúð, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

Þarna er verið að gera tilraun til þess að leiðrétta aðeins það misræmi sem er hér milli sambúðarforma eða hvernig fjölskyldur eru saman settar. Í raun má segja að einni tegund fjölskyldna sé gert hærra undir höfði en öllum öðrum. Það er einungis samband karls og konu, og það m.a.s. ef líkur eru til þess að það sé kynferðislegt samband, sem er gilt og fólk getur nýtt

sér í þeim tilgangi að nýta ónýttan persónuafslátt. Nú er þannig ástatt eins og menn vita að þetta er svo sannarlega ekki eina sambúðarformið eða eina fjölskyldugerðin sem fyrirfinnst á Íslandi. Það eru fjöldamörg heimili sem eru öðruvísi samansett en algengasta formið, fyrir utan þessa viðurkenndu sambúð karls og konu, er eflaust heimili þar sem barn eða börn búa með einu foreldri. Það er erfitt að finna fyrir því nokkur rök að þannig samansett heimili geti ekki nýtt sér þessi réttindi með sama hætti og hið viðurkennda sambúðarform karls og konu.

Áður en lengra er haldið ætla ég aðeins að tæpa á 2. gr. frv. sem kveður á um að ónýttan persónuafslátt annars hjóna verði hægt að nýta að fullu en ekki einungis 80% eins og nú er. Það eru í raun engin rök fyrir því, að einungis megi nýta ónýttan persónuafslátt að þessu marki en ekki að fullu, önnur en þau að auðvitað er sá háttur sem nú er hafður á ódýrari fyrir ríkissjóð, þ.e. hann fær með því móti meiri tekjur. Menn hafa að vísu rökstutt það með því að vinni annar aðilinn einungis innan heimilis, sem óþarft er að nefna að í flestum tilfellum er jú konan, þá drýgi hún verulega tekjur heimilisins þannig að þær nýtist betur. Nú er eflaust nokkuð rétt að halda þessu fram. Sú kona, sem stundar einungis vinnu innan heimilis, hefur auðvitað betri tíma bæði til nýtingar hráefnis og til framleiðslu ýmiss konar, svo sem fatasaums o.fl., þannig að það er auðvitað rétt að eflaust verða þær tekjur sem færðar eru í búið drýgri á slíkum heimilum og mun þar að finna réttlætinguna fyrir þessum 80%. En á móti er líka hægt að segja að það er viðurkennt eða a.m.k. hafa menn mikið haldið því fram að sé kona inni á heimili, þ.e. sé hún ekki úti á vinnumarkaði og vinni einungis inni á heimili, þá spari hún líka þjóðfélaginu útgjöld. Er þá handhægast að nefna að það eru miklu minni líkur á að hún nýti sér þá opinberu þjónustu sem völ er á, t.d. til barnagæslu og annað í þeim dúr, þannig að raunar má segja að þá tekjudrýgingu sem verður á heimilinu sé hægt að leggja að jöfnu við þann sparnað sem verður þjóðhagslega og því megi í rauninni strika þetta út og gefa þá leyfi til þess að nýta ónýttan persónuafslátt að fullu. Auk þess er mjög algengt að viðbrögð kvenna við þessu séu sterk. Þær spyrja gjarnan sem svo: Er ég aðeins 80% einstaklingur? Og það hlýtur vissulega að vera sú tilfinning sem þær fá þegar það sem þær leggja af mörkum má einungis nýta að þessu marki en ekki að fullu. Af sjálfu leiðir að þessi háttur, að nýta megi ónýttan persónuafslátt að fullu, mundi þá líka gilda um einstætt foreldri og barn eins og kveðið er á um í b-lið 2. gr. frv.

Einstæðir foreldrar eru stór hópur í íslensku þjóðfélagi, svo stór að það er ekki hægt að horfa fram hjá honum eða þörfum hans. Aðstæður þessa hóps eru að nokkru frábrugðnar aðstæðum annarra, þ.e. í meðaltölum talað. Einstæðar mæður á landinu voru í desember sl. 6983, þ.e. tæplega 7000 svo að við einföldum nú töluna í meðförum, og einstæðir feður voru 532. Það eru sem sagt um 7500 manns sem eru í þeirri stöðu. Börn á framfæri þessa hóps eru um 10.500. Nánar tiltekið eru börn á framfæri einstæðra mæðra 9672 á sama tíma og börn hjá einstæðum feðrum eru 648. Það er ekki auðvelt að fá í fljótu bragði tölur um það hversu margir unglingar eru á framfæri einstæðra foreldra eða eiga hjá þeim lögheimili. En það má leika sér að þessum tölum. Þetta munu vera um 600 börn í hverjum árgangi, geri maður ráð fyrir nokkurn veginn jafnri skiptingu, og taki maður þá fimm árganga og hugsi sér t.d. hópinn frá 16–21 árs, þá eru það 3000 einstaklingar sem hafa alist upp hjá einstæðu foreldri. Af þeim býr auðvitað einhver hluti heima og einhver verulegur hluti þeirra hlýtur að vera í námi þar sem flestir eða allflestir halda nú áfram námi eftir grunnskólanám.

Það er annað sem skilur þennan hóp að verulegu leyti frá öðrum hópum þjóðfélagsins og það er að þetta er mjög tekjulágur hópur. Hlýt ég þá fyrst og fremst að taka mið af einstæðum mæðrum því að þær eru tæplega 7000. Það er kunnara en frá þurfi að segja að konur hafa sem hópur miklu, miklu lægri tekjur en karlar og líkur eru á því að einstæðar mæður séu jafnvel láglaunahópur innan þess láglaunahóps sem konur eru sem heild.

Í skýrslu sem Þjóðhagsstofnun tók saman og birtist í sérriti nr. 1 sem gefið er út í janúar 1989 og tekin er saman að frumkvæði forsrh. má finna eftirfarandi upplýsingar. Ef einungis er talað um fjölda á vinnumarkaði, þá er skipting þar milli karla og kvenna jöfn, þ.e. munurinn er svo lítill að hann er ekki umtalsverður. Karlar eru 53% af fjölda þeirra sem eru á vinnumarkaði, konur 49,7%. Ef litið er á tekjuskiptingu þessa hóps þá eru heildaratvinnutekjur karla, ef allir eru teknir með, 67% af heildaratvinnutekjum landsmanna en konur bera aðeins úr býtum tæp 33% af heildaratvinnutekjum. Útkoman úr þessu dæmi ákvarðast náttúrlega að einhverjum hluta af því að stór hópur kvenna vinnur hlutastörf þannig að það er ekki öll sagan sögð með þessum dæmum, en ef dæmið er aftur sett upp með heildaratvinnutekjum fullvinnandi launþega, þá eru 61,6% þeirra launþega karlar og konur eru 38,4%. Ef síðan eru skoðaðar heildaratvinnutekjur þeirra sem eru fullvinnandi launþegar, þá bera karlar úr býtum 72,5% heildaratvinnutekna og konur aðeins 27,5%. Þegar á allt er litið þá leit það þannig út á árinu 1986 að fullvinnandi konur í öllum atvinnugreinum báru tæplega 60% af tekjum fullvinnandi karla úr býtum. Þó að einhver tími sé liðinn síðan þessar tölur voru teknar saman, þá held ég að þær hafi ekki breyst og það er nánast öruggt að þær hafi ekki breyst að neinu því marki sem umtalsvert getur talist. Hér er líka að finna samanburð á meðalatvinnutekjum launþega á árunum 1981 og 1986. Árið 1981 eru tekjur kvenna sem hlutfall af tekjum karla, og þá er átt við fullvinnandi fólk, 60,3%, árið 1986 er það komið upp í 60,7% þannig að munurinn er óverulegur og margt bendir til að þetta hafi hreint ekki breyst konum í hag.

Það er ekki auðvelt að finna mikið af nýjum

upplýsingum um kjör og stöðu einstæðra foreldra en þó var gerð könnun sem birtist árið 1984 þar sem einmitt er tekið á stöðu þessa hóps. Þar kemur fram margt athyglisvert sem flest bendir í eina átt, þ.e. að þessi hópur er verr staddur í flestu tilliti en aðrir hópar þjóðfélagsins. Þess ber að geta að þegar þessi könnun er gerð, þá teljast einstæðir foreldrar í landinu samkvæmt þjóðskrá 6250 og er þá miðað við 1. des. 1983. Þeim hefur sem sagt fjölgað um u.þ.b. 1300 einstaklinga. En þar sem ekki hafa orðið verulegar breytingar á tekjuskiptingu og ekki hafa orðið neinar stökkbreytingar heldur í ástandi húsnæðismála, þá er ekki ástæða til að ætla að þessi skýrsla sé ekki enn í fullu gildi. Þar kemur mjög vel fram að húsnæðisaðstaða einstæðra foreldra er mjög bág. Á þeim tíma býr um helmingur einstæðra foreldra í leiguhúsnæði en á sama tíma bjuggu að jafnaði 9 af hverjum 10 fjölskyldum á Íslandi í eigin húsnæði. Strax þarna kemur fram alveg hróplegur mismunur.

Það þarf ekki að fjölyrða um það óöryggi sem því fylgir á Íslandi að búa í leiguhúsnæði þar sem ekkert er sem í rauninni bindur rétt leigutaka að neinu verulegu ráði og það fólk sem sætir þessum kjörum má yfirleitt búa við það að flytja oftar en allar aðrar fjölskyldur landsins þurfa að gera. Og ekki síst er það meðan börnin eru lítil.

Það er líka athyglisvert að stór hópur einstæðra foreldra heldur ekki sjálfstætt heimili, þ.e. hefur greinilega ekki aðstæður til þess að gera það heldur þarf að leita ásjár hjá foreldrum eða öðrum ættingjum og vinum. Þetta er líka mjög frábrugðið frá því sem gerist í öðrum hópum þjóðfélagsins. Það þarf ekki að efa að þetta stafar fyrst og fremst af efnalegu ástandi.

Það er líka annað sem einkennir þennan hóp og það er að skólaganga einstæðra foreldra er mun skemmri en gengur og gerist meðal jafnaldra. Á þeim tíma sem þessi skýrsla er gerð luku um 39% kvenna á tvítugsaldri stúdentsprófi en aðeins um 3% einstæðra foreldra — og ég vil minna á aftur að oftast má setja orðin „einstæðra mæðra“ inn í staðinn — aðeins 3% einstæðra foreldra á aldrinum 20–29 ára hafði lokið 14 ára skólagöngu eða lengri. Þessi skamma skólaganga einstæðra foreldra miðað við sambærilega aldurshópa og skólagöngu kvenna almennt er vissulega alvarlegt íhugunarefni, ekki síst með tilliti til þess að um 40% þeirra einstæðu foreldra sem ekki stunda nám svöruðu því að þeir hefðu áhuga á áframhaldandi skólagöngu ef aðstæður leyfðu slíkt. Allt rennir þetta stoðum undir það að börn þessa fólks standi verr að vígi að undirbúa sig fyrir lífið og lífsstarfið en aðrir hópar því að varla mun nokkur vefengja það samhengi sem er á milli efnahags og skólagöngu. Maður getur jafnvel dregið þá ályktun að oft og tíðum sé sú hvatning meiri sem þessi börn fá að fara sem fyrst að afla tekna en að afla sér menntunar.

Ég hefði auðvitað átt að geta þess í upphafi að frv. svipað að innihaldi var flutt hér á síðasta þingi og þá reyndar ásamt breytingum á eignarskattslögum sem nú hefur að nokkru leyti verið fært til betra horfs, en þessi liður, þ.e. að einstæðir foreldar megi nýta ónýttan persónuafslátt barns, náði ekki fram að ganga þrátt fyrir að því máli væri sýndur talsverður áhugi hér inni á Alþingi. En verulegur hefur áhuginn greinilega verið utan Alþingis, úti í þjóðfélaginu, því að þetta frv. fékk í fyrra mikil viðbrögð. Og í trausti þess að þau eigi sér enduróm hér inni á Alþingi endurflytjum við það með þeim breytingum sem ég skýrði frá áðan, þ.e. að persónuafsláttur inn nýtist að fullu en ekki einungis 80%.

Við ákváðum að ganga ekki lengra í þetta sinn en að leggja til að einstætt foreldri gæti nýtt sér persónuafslátt eins barns sem ætti hjá því lögheimili. Við höfum vissulega velt fyrir okkur fleiri hópum sem e.t.v. mætti sama gilda um, svo sem eins og systkinum sem halda heimili saman eða önnur sambúðarform, en við ákváðum að láta nægja þennan eina hóp í bili vegna þess að þar er þörfin eflaust brýnust. Við hugleiddum vissulega að leggja til að einstætt foreldri mætti nýta sér ónýttan persónuafslátt fleiri barna ef svo háttaði til, en ákváðum þó að halda okkur í bili við eitt barn, bæði vegna þess að það kemur fram í skýrslum að að öllum líkindum er það á flestum heimilum sem þannig háttar til, þ.e. að einbirni sé á heimili er algengasta fjölskylduform þar sem einstætt foreldri býr með barn. Auk þess er með tilliti til þess sem ég talaði hér um áðan varðandi tekjur ekki líklegt að margar konur, hvað þá í þessum hópi, hafi þær tekjur að þær gætu nýtt sér meira en einn persónuafslátt og vildum við því gæta hófs í tillögum í þeirri von að þær ættu greiðari leið hér í gegnum þingið.

Það eru sem sagt ótal rök sem hníga að því að það muni verulega um þá bót sem yrði á mörgum heimilum ef þetta frv. næði fram að ganga. Og rétt til þess að draga það saman vil ég í fyrsta lagi minna á aftur að þetta er láglaunahópur innan láglaunahóps sem býr við ótryggt húsnæði og hefur lægra menntunarstig en aðrir hópar þjóðfélagsins. Þetta leiðir auðvitað hugann að því að það er úrbóta þörf á miklu fleiri sviðum. T.d. er ljóst að í húsnæðismálum er þörf á verulegri styrkingu félagslega kerfisins eins og við kvennalistakonur höfum reyndar margoft talað um og höfum líka reynt að leggja því máli lið. Það er líka brýn þörf á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði og þar sem eitthvert öryggi fylgir búsetu og eins er brýnt að líta á námslánafyrirkomulagið, hvort það nýtist sem skyldi þeim einstaklingum sem hugsanlega hrökklast frá námi eða verða að gefast upp við nám eða treysta sér ekki til að hefja nám vegna bágs efnahags.

Félagslegar aðstæður barna og unglinga ráða eflaust miklu um það hvernig þeim farnast í lífinu, hvaða leið þeir fara og hvaða starf þeir velja sér. Ef fjárhagur er bágborinn er hægt að álykta að það torveldi verulega að afla sér menntunar. Það má í rauninni segja að kerfinu sé viðhaldið með því að styðja ekki sérstaklega þá hópa sem eiga hvað erfiðast með að sækja sér menntun og búa þannig í rauninni til hringrás sem erfitt er að komast út úr. Það má leiða að því rök að börn einstæðra foreldra séu líkleg til að lenda í sömu aðstöðu og foreldri, þ.e. að

þau skorti menntun, eigi síðan erfitt með að afla sér húsnæðis og atvinnutækifærin séu fábrotnari og verr launuð. Samþykkt þessa frv. væri aðeins örlítið framlag til að bæta kjör einstæðra foreldra og þar af leiðandi og ekki síður barna þeirra. Það er skylda þjóðfélagsins að reyna að skapa öllum þegnum sínum sem jöfnust tækifæri en það er ekki nóg að tækifærin séu fyrir hendi. Möguleikar á að nýta sér tækifærin vega ekki síður þungt.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta mál er þess eðlis að það mundi eilítið minnka misréttið í þjóðfélaginu ef það yrði samþykkt. Þetta er spor í þá átt og gæti líklega í mörgum tilvikum reynst mjög æskilegt spor eins og málum hjá okkar þjóð er nú háttað. En því virðist fara mjög fjölgandi að hjón slíta samskiptum og þess vegna bendir allt til þess að þessir einstaklingar, sem eins og kom fram hjá hv. frummælanda hér áðan eru venjulega konur, sem eru þá með börnin þó að hitt sé að vísu til, og mig undrar að það skuli nú ekki vera meira heldur en kom fram í máli frummælanda, af því að ég veit um nokkuð mörg tilvik þar sem feður eru með börn þannig að ég hafði það á tilfinningunni að þeir væru miklu fleiri en hér hefur fram komið og skýrslur sýna.

Ég vil sem sagt mæla með því að þetta frv. verði samþykkt en það þarf að skoða það nánar. Ég hef ekki haft aðstæður til þess að gera það, en frv. í þessa veru ættu nú hv. þm. að manna sig upp í að samþykkja.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu og er flutt af fjórum kvennalistakonum er vissulega allrar athygli vert. En mér þykir þó rétt að geta þess og það vakti nokkra athygli mína að tveir varaþingmenn Sjálfstfl. hafa flutt tvö frv. sem að meginstefnu til byggja á sömu hugmyndum og það frv. sem hér er til umræðu en ég varð ekki vör við að þessara mála væri hér getið. En það er vissulega gleðilegt að kvennalistakonur hafa nú séð ástæðu til þess að taka undir hugmyndir sjálfstæðismanna í þessum efnum. Mig langar til þess að gera aðeins grein fyrir þessum tveim málum.

Fyrra málið fjallar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og var flutt hér í hv. deild á 110. löggjafarþingi, 92. mál, en þar segir í 1. gr.:

„Heimilt er framteljanda að nýta óráðstafaðan skattafslátt barna sinna eldri en 16 ára sem lögheimili eiga hjá framteljanda."

Og í greinargerð segir svo í upphafi:

„Lög um tekjuskatt og eignarskatt kveða á um það að hjón, eða sambýlisfólk, geti yfirfært ónýttan skattafslátt annars þeirra til hins sem hærri hefur tekjurnar. Nú er það svo að börn eldri en 16 ára sem enn eru í skóla ná því varla að afla svo mikilla tekna að skattafsláttur þeirra nýtist að fullu. Börn á þessum aldri þurfa mikið til sín og útlagður kostnaður foreldra er meiri vegna þeirra á þessum árum en nokkrum öðrum. Því má telja eðlilegt að foreldrar geti yfirfært til sín ónýttan skattafslátt barns síns með svipuðum hætti og nú er gert á milli hjóna. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir einstæða foreldra sem oft á tíðum standa að mestu leyti ein straum af kostnaði vegna uppeldis og menntunar barna sinna."

Seinna málið þar sem ég var fyrsti flm. og voru fleiri flm. var flutt á 111. löggjafarþingi, að vísu í Ed., 263. mál. Þar er gert ráð fyrir því að persónuafsláttur milli hjóna geti orðið að fullu millifæranlegur, þ.e. færist úr 80% upp í 100%. Með leyfi forseta langar mig til þess að rekja hér nokkur atriði úr grg. Þar segir m.a.:

„Staða og réttindi heimavinnandi fólks hafa að undanförnu verið nokkuð í brennidepli. Í því sambandi hefur verið sýnt fram á ýmiss konar mismunun gagnvart þeim fjölskyldum sem háðar eru því að annað hjónanna afli tekna en hitt sé heimavinnandi. Hlýtur það að vera andstætt þeirri fullyrðingu, sem oft heyrist í þjóðmálaumræðunnni, að fjölskyldan sé hornsteinn þjóðfélagsins og standa beri vörð um hagsmuni hennar.

Árið 1986 var lögð fram till. til þál. um réttarstöðu heimavinnandi fólks. Í 4. tölul. 2. mgr. í grg. með þeirri till. segir: „Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins hvað varðar skattlagningu og lýsir það sér m.a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja." Fyrsti flm. þessarar till. var Jóhanna Sigurðardóttir en hún hefur nú sem félmrh. skipað nefnd sem ætlað er að kanna réttarstöðu heimavinnandi fólks. Þar sem hér er um víðtækt verkefni að ræða má gera ráð fyrir því að slík könnun taki nokkurn tíma."

Enn fremur er bent á að sýnileg mismunun felist í núverandi ákvæðum skattalaga og að engin rök geti réttlætt þá mismunun.

Enn fremur segir í grg.: „Þau sjónarmið hafa að vísu verið reifuð í þessu sambandi að ekki megi raska þeirri skiptingu skattbyrðar sem ríkt hafi undanfarin ár og að takmörkun á millifærslu persónuafsláttar sé þáttur í þeirri viðleitni að halda ríkjandi skipun. Flutningsmenn hafa ekki séð neinn rökstuðning fyrir þessari skoðun né að leiddar hafi verið fram neinar staðreyndir sem gætu stutt hana, enda „skattbyrði" mjög afstætt hugtak."

Þá er þess enn fremur getið í þessari greinargerð að sú upphæð sem hér er um að ræða, þ.e. sérstakur skattur, sé allt að 43 þús. kr. á ári sem er lagður á þau heimili þar sem annað hjóna sinnir einungis heimilisstörfum. Sýna mætti fram á að sparnaður þjóðfélagsins af slíkri skipan mála á heimilum, sérstaklega á umönnunar- og uppeldissviði, sé verulegur og að refsiskattar eigi því ekkert erindi á þennan vettvang.

Enn fremur er tekið fram í grg. með þessu frv. að

engar tölur séu handbærar um þann kostnað sem þetta frv. hefði í för með sér fyrir ríkissjóð, en Þjóðhagsstofnun hafði þó lauslega metið þennan kostnað á bilinu 500–700 millj. kr. og lýkur grg. með þessum orðum: „Gera má ráð fyrir því að þessa fjárhæð sé ekki hægt að reikna út með óyggjandi hætti fyrr en endanleg skattaálagning liggur fyrir. En spyrja má, nú á tímum aukinna skatta á öllum sviðum, hvort ekki sé, með góðum fyrirvara, færi á örlítilli tilslökun á skattlagningarspennunni á þeim stöðum þar sem heill og hamingja fjölskyldunnar gæti verið í veði."

Þannig voru efnislega þessi tvö frv. sem ég vildi ræða hér sérstaklega og taldi ástæðu til að benda á.

Í grg. með því frv. sem hér liggur fyrir er ekki reynt að meta hugsanleg útgjöld ríkissjóðs í þessu sambandi en ég tel að slíkt hefði átt að reyna. Enn fremur kemur fram í grg. að það er verið að gera athugasemdir við það að aðeins hjón geti millifært ónotaðan persónuafslátt og að kvennalistakonur hafi verið á *móti því. Ég get ekki séð að það sé rétt að gera lítið úr* þeirri hagræðingu sem hjón eða sambýlisfólk nýtur. Fólk á að geta valið hvort annar maki er heimavinnandi, t.d. við umönnun ungra barna. Slíkt hlýtur að hafa mikið þjóðfélagslegt gildi. Hins vegar er sjálfsagt að taka undir það með flm. þessa frv. að óréttlæti geti falist í því að gera upp á milli heimila eftir sambúðarformum og einstætt foreldri með börn ætti að geta notið sama réttar og hjón eða sambúðarfólk. Vafalaust er einnig rétt að taka undir ýmis orð sem komu fram í ræðu hv. 1. flm. hér áðan þess efnis að einstæðir foreldrar eigi nú um sárt að binda að því er lífsafkomu varðar.

En það er einnig rætt um það hér í frv. að persónuafsláttur eigi að vera 100% millifæranlegur en ekki 80% eins og nú er. Ég man vel eftir þessari umræðu sem átti sér stað og ég man eftir því að konur sérstaklega höfðu orð á því, þar sem það var nú meiri hluti þeirra sem var heimavinnandi makinn í þessu tilviki, að þeim þótti sem þær væru aðeins metnar að hluta til sem þjóðfélagsþegnar, bara 80%. Þótti þeim það mjög miður og það er mjög skiljanlegt. Þess vegna styð ég þetta sjónarmið kvennalistakvenna fullkomlega.

Hæstv. forseti. Það er vert að minnast þess að ekki er mjög langt síðan börn og unglingar nutu aðeins takmarkaðrar skólagöngu, oft vegna þess að þau þurftu að fara út að vinna og afla þannig fjár fyrir heimilið, ekki síst þar sem barnahópurinn var stór og gerðist þetta jafnt hjá einstæðum foreldrum og hjónafólki. Þetta hefur vitanlega gerbreyst til batnaðar. En samt er ástæða til að hafa vara á. Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á efnahags- og skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar en sú stefna hefur þrengt verulega að lífsafkomu fólks og vitanlega getur slíkt komið niður á skólagöngu barna og unglinga. Það er því full ástæða til að vekja athygli hv. þm. hér í deildinni á þessari hættu og hvetja þá til stuðnings á tillögum sem þessum sem geta horft til bóta og eru raunhæfar.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni orða síðasta hv. ræðumanns sem ég í leiðinni vil þakka þann stuðning sem hún lýsti við þetta frv.

Varðandi þau tvö frv. sem hún vildi gera hér að umtalsefni þá er síst verið að gera lítið úr þeim. Ég vil einungis benda á að þegar frv. að mestu leyti til sama efnis var lagt fram á síðasta þingi þá var þessara frv. getið og ég taldi svo sem ekki ástæðu til að endurtaka það en vissulega hefði ég mátt gera það. Það er ekki nema sanngjarnt að minnast á mál sem hníga í sömu átt og þá sem maður hefur sjálfur áhuga á.

Einnig var það gert að umtalsefni að við hefðum ekki látið reikna út hvað þetta hugsanlega kostaði ríkissjóð eða hve miklar tekjur ríkissjóðs töpuðust ef þetta næði fram að ganga. Fyrir því er auðvitað sú ástæða að þegar við fórum að reyna að finna einhverjar tölur í því sambandi, þá er í fyrsta lagi mjög umfangsmikið að komast að því hve margir einstaklingar á þessum aldri sem hér um ræðir, þ.e. 16 ára og *til rúmlega tvítugs, eiga lögheimili hjá einstæðu* foreldri. Þarna eru börnin farin að skila sérskattframtali og það eru ekki til neinar skýrslur yfir samsetningu heimila þar sem börn eru komin yfir 16 ára aldur. Auk þess þyrfti aðra stóra könnun til þess að kanna hve margir þessara unglinga, sem hugsanlega eiga lögheimili á umræddum heimilum, stunda nám eða hve miklar tekjur þeir hafa þannig að þarna væri um *geysilega umfangsmikla könnun, og reyndar margar,* að ræða sem við töldum ekki fært að gera — enda höfum við ekki aðstæður til að gera það upp á okkar eindæmi og ég gerði það einmitt að umtalsefni hér fyrr að allt of lítið væri til af upplýsingum um þennan hóp, einstæða foreldra og aðstæður þeirra.

Eins þykir mér leitt ef hv. þm. skilur orð mín svo að ég væri að gera lítið úr þeim konum sem eru inni á heimilum við sín störf, þ.e. sækja ekki atvinnu utan heimilis. Því fer fjarri og ég held raunar að ég hafi ekki gert það, einungis bent á að það væri óréttlátt að eitt sambúðarform nyti þessara fríðinda eða skattafsláttar umfram önnur sambúðarform, ekki síst þegar sá hópur sem hér um ræðir í þessu frv., þ.e. einstæðir foreldrar, er eins fjölmennur og raun ber vitni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

45. fundur, miðvikudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt er á þskj. 356. Það er frv. til laga vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Hinn 26. nóv. 1987 var lagður fram til undirritunar í Strasborg Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Þann dag var samningurinn undirritaður af 19 af 21 aðildarríki Evrópuráðsins, þar á meðal af Íslands hálfu. Því miður verður ekki fram hjá því gengið að pyndingar og ómannlegar eða vanvirðandi athafnir eru framkvæmdar víða í heiminum í ýmsu samhengi, svo sem skýrslur Amnesty International og annarra aðila greina frá.

Þó að ódæðin séu vafalaust ekki verst í Evrópu þýðir það ekki að ekki sé hægt að bæta vernd manna gegn pyndingum í þeim heimshluta. Það ber líka að hafa í huga að samningar í Evrópu á þessu sviði geta þjónað tilgangi sem fyrirmynd í öðrum heimshlutum.

Í 3. gr. Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950 er ákvæði um bann við pyndingum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu."

Þessi samningur inniheldur ekki neinar frekari skilgreiningar á þessum hugtökum. Telji menn þessa grein Mannréttindasáttmálans brotna er hægt að kæra það til mannréttindanefndar Evrópuráðsins og síðan til Mannréttindadómstólsins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Með réttarframkvæmd hjá þessum aðilum hafa skapast fordæmi um hver mörk þess eru sem fellur undir ákvæði 3. gr. Innan Evrópuráðsins var talið að hægt væri að bæta vernd manna gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingum með aðgerðum sem hefðu meiri varnaðaráhrif í för með sér en úrræði samkvæmt Mannréttindasáttmálanum. Í þessum tilgangi var Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu gerður. Skv. samningnum skal setja á fót sérstaka nefnd sem getur heimsótt þá staði í aðildarríkjunum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Eftir að heimsókn lýkur skal nefndin gefa skýrslu um heimsóknina og þær athuganir sem hún hefur gert og skal skýrslan send viðkomandi ríki. Í þessari skýrslu skal nefndin koma með athugasemdir og tillögur um hvernig bæta megi vernd frelsissviptra manna.

Ef ríki fer ekki að tillögum nefndarinnar um úrbætur eða neitar samvinnu við nefndina er ekki um önnur réttarúrræði að ræða samkvæmt samningnum en að nefndinni er heimilt að gefa út opinbera yfirlýsingu um málið. Í þessum nýja samningi er ekki skilgreint hvað felst í því að sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefndinni sem sett er á stofn samkvæmt samningnum er ekki heldur ætlað að skilgreina þessi hugtök eða á annan hátt að tjá sig um það hvort hún telji að Mannréttindasáttmálinn hafi verið brotinn eða að túlka þann samning eða aðra alþjóðasamninga. Hlutverk nefndarinnar er eins og áður sagði að heimsækja sem flesta staði í aðildarríkjunum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og að kanna aðbúnað og meðferð þeirra á vettvangi. Nefndin á síðan að ræða við yfirvöld í hverju ríki og gagnvart þeim að leggja fram sínar tillögur um úrbætur. Með þessu kerfi er talið að hægt sé almennt að bæta stöðu frelsissviptra manna og að minnka líkur á að þeir sæti pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Eins og fram kemur í 17. gr. samningsins takmarkar þessi samningur ekki rétt manna til að kæra meðferð til mannréttindanefndar Evrópu. Samningur þessi hefur þegar verið fullgiltur af meiri hluta aðildarríkja Evrópuráðsins og gekk hann í gildi 1. febr. 1989. Utanrrh. mun á næstunni leggja fram þáltill. um að þessi Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði fullgiltur af Íslands hálfu og er þetta frv. lagt fram til að tryggja að íslensk stjórnvöld geti fullnægt skyldum samkvæmt honum. Aðallega er þar um að ræða að leyfa og sjá til þess að nefndin, sem sett er á fót skv. 1. gr. hans, hafi ótvíræðan rétt til að heimsækja fangelsi og aðra þá staði þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir, svo sem sjúkrahús og meðferðarstofnanir. Nauðsynlegt þykir að ótvíræð ákvæði þar að lútandi séu tryggð í lögum. Jafnframt er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði um friðhelgi nefndarmanna og aðstoðarmanna þeirra þar sem engin almenn lög eru í gildi þar að lútandi.

Áður en frv. þetta var lagt fyrir Alþingi var þess óskað við heilbr.- og trmrn. að það tjáði sig um hvort það hefði athugasemdir við efni þess fram að færa. Engar slíkar athugasemdir hafa borist. Ég mun nú gera grein fyrir einstökum ákvæðum frv.

Í 1. gr. er fjallað um gildissvið lagafrv. Ákvæði frv., verði það að lögum, gilda þannig ekki um önnur atriði en þau sem eru afleiðing af fullgildingu Íslands á þessum samningi Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóv. 1987.

Í 2. gr. frv. kemur fram einn megintilgangur þess, þ.e. að tryggja nefnd þeirri sem stofnsett er með 1. gr. samningsins rétt til að heimsækja þá staði hér á landi þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Þessir staðir eru fyrst og fremst afplánunarfangelsi, gæsluvarðhaldsfangelsi, fangageymslur lögreglu, sjúkrahús, þar með talin geðsjúkrahús, og aðrar stofnanir, t.d. meðferðarstofnanir, án tillits til þess hver á þær eða rekur, ef frelsissviptir menn eru þar vistaðir. Samkvæmt greininni eru þær takmarkanir á rétti til að heimsækja framangreinda staði að tilgangur heimsóknar sé að rannsaka hvernig meðferð frelsissviptur maður sætir og að nefndin hafi fyrir fram tilkynnt þá fyrirætlun sína að heimsækja tilgreinda staði hér á landi, sbr. 8. gr. samningsins.

Í 3. gr. samningsins er lögð sú skylda á þá sem ábyrgð bera á eða eru í fyrirsvari fyrir stofnun þar sem frelsissviptur maður er vistaður að aðstoða nefndina með þeim hætti er greinir í 8. gr. samningsins. Er þar fyrst og fremst um að ræða að veita

nefndinni aðgang að þeim stöðum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og rétt til ferða innan slíkra staða án hindrunar. Tekið skal fram að réttur til ferða innan staðar án hindrunar útilokar ekki að fulltrúi íslenskra yfirvalda fylgi nefndarmönnum. Í öðru lagi er ákvæði í greininni um að nefndin geti átt viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn og aðra sem veitt geta upplýsingar um meðferð þeirra. Rétt er að taka fram að hvorki frelsissviptum mönnum né öðrum er skylt að ræða við nefndina þótt hún óski þess, en nefndin hefur, sé viðtali í einrúmi hafnað, rétt til þess að ganga úr skugga um að frelsissviptur maður hafi hafnað viðtali af frjálsum vilja.

Í þriðja lagi eru í greininni ákvæði um að nefndin fái aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um hvaða meðferð viðkomandi maður hafi fengið o.s.frv.

Skv. 9. gr. samningsins geta þar til bær yfirvöld andmælt við nefndina tímasetningu heimsóknar ef sérstaklega stendur á og eru í greininni nánari skilgreiningar á því við hvaða aðstæður er miðað. Skv. greininni eru jafnframt ákvæði um að ef andmæli eru borin fram skuli fulltrúar viðkomandi ríkis og nefndin þegar taka upp viðræður um hvernig nefndin geti rækt störf sín ef tíma heimsóknar er andmælt og þar er nefndur sá möguleiki að frelsissviptur maður sé fluttur á annan stað til að nefndin geti heimsótt hann.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði um að ef sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun sem nefndin hyggst heimsækja hafi athugasemdir við tíma eða stað heimsóknar skuli hann þegar tilkynna það til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og að ráðuneytið taki síðan ákvörðun um hvort andmælum verður komið á framfæri við nefndina. Í 2. mgr. er jafnframt ákvæði um að ef á það reyni taki ráðuneytið ákvörðun um flutning á mönnum ef á þarf að halda til að nefndin geti rækt störf sín. Í 5. gr. frv. eru ákvæði um forréttindi og friðhelgi nefndarmanna og sérfræðinga er með þeim starfa. Ákvæði þessi eru í samræmi við 16. gr. samningsins og viðauka við hann en skv. þessum ákvæðum er aðildarríkjum skylt að veita þessum aðilum friðhelgi og tiltekin forréttindi.

Þar sem engin almenn lög gilda hér á landi um friðhelgi og forréttindi erlendra sendimanna og annarra sem slíkra réttinda eiga að njóta er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði þar að lútandi í samræmi við ákvæði áðurnefndra greina samningsins.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir almennum forsendum þessa frv. sem hér er til umræðu vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og einstökum ákvæðum þess. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. en vil leggja aðeins eina spurningu fyrir hæstv. ráðherra. Hún er sú hvað hafi valdið því að þessi samningur hafi ekki verið lagður fyrir Alþingi fyrr en nú, þ.e. rúmum tveimur árum eftir að hann hlaut lokasamþykkt Evrópuráðsins.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir undirtektir hans við þetta mál. Varðandi spurningu hans verð ég að svara því að mér er ókunnugt um hvernig á því stendur. Fljótlega eftir að ég kom í dóms- og kirkjumálaráðuneytið varð mér ljóst að þetta mál var þar á borðum og hef síðan reynt að fylgja því eftir. Að öðru leyti veit ég ekki hvernig á þessum tímamismun stendur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 263. mál (ofbeldisverk í flugsamgöngum). — Þskj. 468.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 468, frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, vegna aðildar Íslands að bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem gerður var í Montreal 23. sept. 1971.

Hryðjuverk með alþjóðlegu ívafi halda áfram að vera alvarlegt vandamál um heim allan. Með þeim er lífi saklausra manna oft stefnt í voða og á slíkum stundum stendur hinn siðmenntaði heimur á öndinni og bíður eftir fréttum af afdrifum þeirra sem eru fórnarlömb slíkra ódæða. Ekkert land getur fyrir fram varið sig algerlega gegn slíkum ofbeldisbrotum, sama hvaða öryggisaðgerðum er beitt. Í samræmi við að alþjóðleg hryðjuverk hafa aukist hefur skilningur aukist á því að til að berjast gegn slíkum brotum þurfi aukið alþjóðlegt samstarf. Ástæðan er sú að þessi brot stefna oft í hættu grundvelli fyrir alþjóðasamgöngum og alþjóðasamstarfi.

Samfara óskum um aukið alþjóðlegt samstarf á þessu sviði hafa þó komið upp vandamál þegar á að fara að skilgreina nákvæmlega í hverju samstarfið eigi að vera fólgið. Ástæður þess eru m.a. að oft eiga hryðjuverk sér forsendur í félagslegum, fjárhagslegum eða pólitískum aðstæðum þeirra er til slíkra verka grípa. Þrátt fyrir ýmis vandamál er hægt að benda á góðan árangur af alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Má þar til nefna þrjá alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið til að auka öryggi í alþjóðaflugsamgöngum, þ.e. Tókíó-samninginn frá 1963 varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum,

Haag-samninginn frá 1970 um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og Montreal-samninginn frá 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á samninginn frá 1973 um vernd diplómata, Evrópusamninginn frá 1977 um varnir gegn hryðjuverkum og alþjóðasamninginn sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna árið 1979 um varnir gegn töku gísla. Auk þessara samninga hefur allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið samþykkt ýmsar ályktanir varðandi alþjóðleg hryðjuverk. Ísland hefur fullgilt alla framangreinda samninga. Allir framangreindir samningar eiga það sameiginlegt að í þeim eru ákvæði um hvernig aðildarþjóðir þeirra hyggjast vinna saman í baráttunni gegn hryðjuverkum en þau stefna alþjóðasamgöngum og alþjóðasamstarfi í hættu.

Hinn 23. sept. 1971 var, eins og áður er fram komið, gerður alþjóðasamningur í Montreal um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Samkvæmt þeim samningi ber aðildarríkjum hans að uppfylla ákveðnar skyldur. Þau skuldbinda sig m.a. til að hafa í hegningarlögum þung refsiviðurlög við ofbeldi í loftfari á flugi, skemmdarverkum á loftförum o.fl. og að hafa sérstök ákvæði um refsilögsögu í slíkum málum o.fl. Sá samningur sem fullgiltur hefur verið af rúmlega 100 ríkjum var fullgiltur af Íslands hálfu þann 29. júní 1973. Áður en þessi samningur og Haag-samningurinn frá 1970 voru fullgiltir var almennum hegningarlögum breytt, sbr. lög nr. 41/1973, svo að Ísland gæti staðið við þær skuldbindingar sem af fullgildingu þeirra leiddi.

Bæði Haag- og Montreal-samningurinn fjalla um verknaði sem framdir eru um borð í loftförum eða verknaði sem beint er gegn loftförum í notkun. Reynslan hefur sýnt að flughafnir ætlaðar fyrir almenna alþjóðlega flugumferð eru stundum vettvangur fyrir aðrar tegundir ofbeldisverka sem beint er gegn alþjóðlegri flugumferð. Þetta á t.d. við um sprengiárásir eins og þær sem á þessum áratug voru gerðar á alþjóðaflughafnirnar í Vín og í Róm.

Í febrúar 1988 stóð Alþjóðaflugmálastofnunin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Montreal í þeim tilgangi að semja bókun við Montreal-samninginn frá 1971 er næði til ofbeldisverka í flughöfnum sem notaðar eru fyrir alþjóðlega flugumferð. Á ráðstefnunni var gengið frá bókun við samninginn frá 1971 og var hún þá þegar undirrituð af Íslands hálfu. Utanrrn. og samgrn. beindu þeirri fyrirspurn til dómsmrn. hvort það teldi nauðsynlegt að breyta gildandi lögum til að unnt væri að standa við skuldbindingar sem af fullgildingu bókunarinnar frá 1988 leiða. Í dómsmrn. var talið nauðsynlegt að bæta við og breyta þeim ákvæðum almennra hegningarlaga er lögfest voru 1973 með lögum nr. 41/1973, svo að tryggt væri að standa mætti við umræddar skuldbindingar. Utanrrh. mun nú á næstunni flytja á Alþingi till. til þál. um framangreinda bókun, að hún verði fullgilt af Íslands hálfu. Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að unnt verði að standa við þær skuldbindingar sem af fullgildingu bókunarinnar leiðir.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 4. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 41 1973, verði breytt á þann veg að refsilögsaga íslenska ríkisins nái til þeirra brota er bókunin frá 1988 tekur til. Auk þess eru gerðar smávægilegar breytingar frá núverandi orðalagi greinarinnar til samræmis við aðra töluliði greinarinnar. Í 120. gr. a, almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973, eru nú ákvæði um að það geti varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum að veita vísvitandi rangar upplýsingar eða láta uppi vísvitandi rangar tilkynningar sem til þess eru fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna eða um atriði sem varða loftferðaöryggi. Þá er í greininni ákvæði um að sömu refsingu varði að breiða út slíkan orðróm.

Í 2. gr. frv. er lagt til að þær breytingar verði gerðar á þessari grein að það sama gildi um öryggi í flughöfn. Þau ákvæði sem lagt er til að felld séu brott úr 165. gr. hegningarlaganna í 3. gr. frv. eru í reynd einungis færð til, sbr. lokamálsgrein 4. gr. frv. Í 1. mgr. 4. gr. frv. er lagt til að nýjum málsgreinum verði bætt við 165. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, um að sá sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skuli sæta a.m.k. tveggja ára fangelsi, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu. Varðandi skýringar við þessa grein að öðru leyti vísast til athugasemda við hana í frv.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir almennum forsendum þessa frv. sem hér er til umræðu um breytingar á almennum hegningarlögum og einstökum ákvæðum þess. Eins og áður er fram komið er frv. flutt til þess að unnt verði að standa við skuldbindingar sem leiðir af væntanlegri fullgildingu bókunar frá 24. febr. 1988, um Montreal-samninginn frá 23. sept. 1971, um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 460.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Samkvæmt lögum nr. 75/1981 var gert ráð fyrir því að heimilt yrði að leggja á 0,25% á

eignarskattsstofn manna umfram tiltekin mörk. Gert var ráð fyrir því í lögunum, svo og í lögum nr. 83 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, að skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skv. lögum þessum skyldi breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. skattalaganna og í fyrsta sinn á gjaldárinu 1991, skv. skattvísitölu gjaldársins 1991.

Nú er það svo að í fjárlögum fyrir árið 1990 er skattvísitala ekki ákveðin. Og þar sem gert er ráð fyrir því að breyta á þessu ári lögum um tekju- og eignarskatt er af þeim sökum nauðsynlegt að breyta skattskyldu marki til sérstaks eignarskatts með sérstakri löggjöf. Hér er lagt til að sú breyting verði gerð á þessum lögum sem er í samræmi við þær forsendur sem fjárlög ársins 1990 byggja á.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Þó að málaflokkurinn falli undir menntmrn. og menntamálanefndir er hér um að ræða hreint skattafrv. í raun og veru þar sem gert er ráð fyrir því að ákvæði þessara laga samræmist forsendum fjárlaga að því er tekjuöflun ríkisins varðar. Því tel ég eðlilegt að fjh.- og viðskn. fjalli um málið svo sem venja er þegar hliðstæðar breytingar hafa átt sér stað á líkum lögum.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, herra forseti.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka fram að ég er út af fyrir sig þakklátur fyrir það að þær kröfur mínar skuli hafa verið virtar að skattlagning á orkufyrirtæki er ekki tekin á dagskrá nú á þessum fundi. Er nauðsynlegt þegar það mál verður tekið fyrir núna eftir helgi að gera sérstaklega að umræðuefni framkomu hæstv. forseta í því máli við fundarstjórn í gær. Skal ég ekki gera það frekar að umræðuefni núna, en mér skilst að vilji standi til þess að ræða vinnubrögð í þinginu og annað sem því tengist, bæði í Ed. og Sþ. og skal ég ekki skorast undan því þegar ég tel að réttur tími sé til þess.

Ég fór fram á það í gær að það frv. sem hér er til umræðu yrði tekið á dagskrá í réttri röð. Ég hef að vísu ekki séð dagskrána eins og hún lítur út í dag en ég geri mér vonir um að þingmál séu tekin fyrir í þeirri röð sem þau standa á dagskránni. (**Gripið fram í:** Það hefur verið gert í þessu tilviki.) Er það auðvitað mjög til fyrirmyndar því það eru fleiri en ráðherrar sem eru bundnir og ánægjulegt ef hæstv. forseti tekur mark á þeim orðum sem sögð hafa verið um að bera sömu virðingu fyrir tíma þingmanna og einstakra ráðherra.

Það mál sem hér er til umræðu er til breytingar á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Ég vil af þessu tilefni rifja upp að þegar lögum um eignarskattsauka var breytt, eignarskattsaukinn var á sínum tíma lögfestur vegna þess að meðan núverandi hæstv. menntmrh. gegndi stöðu húsnæðisráðherra var svo komið að erlend lán voru tekin til Byggingarsjóðs ríkisins og þá var einnig svo komið að erlend lán voru tekin til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Til þess að snúa þeirri þróun við var sérstakur eignarskattsauki lögfestur og var gildistími hans takmarkaður. Fyrir forgöngu hæstv. þáv. menntmrh. Sverris Hermannssonar voru síðan lögin um eignarskattsaukann framlengd og hugmyndin að afraksturinn rynni til byggingar Þjóðarbókhlöðu. Þjóðarbókhlaðan var auðvitað gjöf, talað var um að Þjóðarbókhlaðan væri gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín og var gjöfin samþykkt á hátíðarfundi á Þingvöllum 1974. Ekki hefur þó viljað betur til en svo að í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hér sat á árunum 1980–1983, meðan hv. þm. Ragnar Arnalds var fjmrh., voru tekin erlend lán til þess að standa undir framkvæmdum við þjóðargjöfina. Erum við nú að greiða þau lán sem sú ríkisstjórn var svo rausnarleg að leggja til þessarar gjafar. Það má raunar segja að saga Þjóðarbókhlöðunnar sé í samræmi við þetta.

Ef við lítum á ástandið eins og það er núna er gert ráð fyrir því samkvæmt fjárlögum að 300 millj. kr. lán verði tekið til — ég má segja að fyrirbærið heiti Endurbótasjóður menningarstofnana, er það ekki rétt munað hjá mér? Þessi sjóður hefur verið settur á B-hluta til þess að hann sem stofnun geti tekið lán. Þó er svo um þessa sérstöku stofnun að tekjur hennar eru ekki aðrar en þeir fjármunir sem til hennar renna í gegnum A-hluta ríkisreiknings. Þetta þýðir á mæltu máli að gegnum þennan sjóð er verið að falsa niðurstöður fjárlaga um 300 millj. kr. Samkvæmt niðurstöðum fjárlaga fyrir árið 1990 verður hallinn á ríkissjóði 3 milljarðar 686 millj. kr. en þegar tekið er tillit til þessa sérstaka sjóðs hækkar hallinn í raun um 300 millj. kr. Hér er því um orðalepp að ræða, millifærslu milli A- og B-hluta sem einungis er gerð til þess að falsa niðurstöður fjárlaga og er það eitt út af fyrir sig ómenningarlegt og vítavert. Auk þess renna í þennan sjóð 42 millj. vegna eignarskattsaukans. Af þessum 342 millj. kr. er ákveðið að verja 275 millj. kr. í Þjóðleikhús en í Þjóðarbókhlöðu eiga að fara 67 millj. kr. og auk þess 53 millj. kr. frá Háskóla Íslands með sérstökum samningi. Samtals 120 millj. kr. Nú stendur svo á að hinn 10. ágúst 1989 var haldinn fundur í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og þar kemur fram m.a. um Þjóðarbókhlöðu að á árinu 1989 hafi verið áformað að vinna fyrir 125 millj. kr. eða 35 millj. kr. umfram fjárveitingu fjárlaga. Jafnframt var greint frá þeirri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að ákveðið væri að Þjóðarbókhlaðan yrði fullgerð innan fjögurra ára og með samþykkt 27. júlí sl. mun ríkisstjórnin hafa samþykkt eftirfarandi áætlun um fjármögnun byggingarinnar: Árið 1989 124 millj., 1990 242 millj., 1991 269 millj., 1992 368 millj. kr. Hér er sem sagt í þessari fundargerð fjallað um samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 27. júlí sl. um það að á árinu 1990 verði unnið fyrir 242 millj. kr.

Nú er ég ekki nógu kunnugur því hvernig þessum málum hefur undið fram í einstökum atriðum og vil af því tilefni spyrja hæstv. menntmrh. hvort uppi séu hugmyndir um að brúa þetta bil sem ég er hér að tala um. Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir 120 millj.

kr. til Þjóðarbókhlöðu á þessu ári en samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur og samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 27. júlí er gert ráð fyrir helmingi hærri fjárhæð eða 242 millj. kr. Ég vil líka í þessu samhengi spyrja hæstv. menntmrh. hvernig útboð standi vegna byggingarframkvæmda við Þjóðarbókhlöðu á þessu ári og spyrja um það hvort þar hafi verið farið eftir þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar með stefnuyfirlýsingu og samþykkt ríkisstjórnarinnar og í samræmi við fund samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir hinn 10. ágúst 1989, og er ég þá auðvitað bæði að tala um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru á þessu ári og auk þess um tímasetningu á útboðum.

Ég er með öðrum orðum að spyrja um það hvort einhver óvissa sé um það nú að hægt verði að halda áfram við Þjóðarbókhlöðuna eins og áður var búið að gefa fyrirheit um og raunar lofa. Raunasaga þessa húss er orðin nógu löng og ég vil líka taka það alveg sérstaklega fram að það er auðvitað ekki eðlilegt að taka ákveðinn flokk bygginga út úr heildarsamhengi farvegi opinberra framkvæmda og skáskjóta þessum flokki þannig fram hjá við afgreiðslu Alþingis og fjvn. á fjárlögum þegar metið er hvar mest sé þörf á viðhaldi og endurbótum á einstökum húsum eða hvar uppbygging sé brýnust. Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að um Þjóðarbókhlöðuna gegni sérstöku máli. Það er ekki vansalaust fyrir okkur Íslendinga að ekki skuli hafa verið staðið við þau fyrirheit sem gefin hafa verið í þessu efni, auðvitað í fyrsta lagi vegna þess að þetta var þjóðargjöf, og auðvitað eigum við þingmenn að sjá til þess að við séum menn til þess að standa við fyrirheitin um þjóðargjöfina, en líka vegna hins að þessi framkvæmd er mjög brýn. Gamla safnahúsið við Hverfisgötu þar sem ég lék mér drengur er fyrir löngu of lítið og ónógt til þeirra þarfa sem það var upphaflega byggt til þó að það væri auðvitað gert af miklum myndarskap.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim lögum sem hér eru á dagskrá er gert ráð fyrir því að leggja á 0,25% á eignarskattsstofn umfram tiltekið mark til þess ... **(Gripið fram í:** Er ekki verið að tala um frv.?) Frv., en lögin eru einnig til umræðu vegna þess að frv. er um breytingu á tilteknum lögum.

Í lögunum er gert ráð fyrir því að þessum fjármunum verði varið til byggingar Þjóðarbókhlöðu, í fyrsta lagi, og endurbóta annarra menningarstofnana í öðru lagi. Í lögunum er gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilt að taka lán og það voru engar brtt. við það ákvæði frv. þegar þetta frv. var til meðferðar hér á síðasta þingi. Það er því út af fyrir sig ekki þannig að þetta hafi verið fundið upp í þröngri stöðu ríkisfjármála á þessum vetri, að heimila þeim sjóði sem hér um ræðir að taka sérstakt lán.

Þessum fjármunum sem koma inn af sérstökum eignarskattsauka er varið á árinu 1990 í samræmi við ákvæði laganna að því frádregnu að þessi fjárfestingarsjóður er, eins og aðrir sjóðir, skertur um 25% samkvæmt ákvæðum lánsfjárlaga. Að því frádregnu er sjóðnum varið sem hér segir:

Til framkvæmda undirbúnings við Þjóðminjasafn 11 millj. kr. Til framkvæmda undirbúnings við Þjóðskjalasafn, þ.e. endurbætur á Mjólkurstöðinni sem keypt var undir Þjóðskjalasafn fyrir nokkrum árum, 10 millj. kr. Vegna Þjóðleikhúss 125 millj. kr. Vegna Þjóðarbókhlöðu 67 millj. kr. eða samtals 220 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að Háskólinn leggi Þjóðarbókhlöðunni til á þessu ári 53 millj. kr. þannig að samtals hefur Þjóðarbókhlaðan til verkefna og framkvæmda á þessu ári 120 millj. kr. og er það hærri upphæð að raunvirði en nokkurn tíma hefur áður verið varið til Þjóðarbókhlöðunnar. Næsthæsta upphæðin er á árinu 1989. Þá var varið í þessu skyni 90 millj. kr.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að raunasaga þessa húss er orðin geysilega löng og það hefur tekist stundum að fá hér upp í þessum ræðustól og hinum ræðustól þingsins mikla svardaga til stuðnings þessu húsi. Ég hygg að fá hús njóti jafnvíðtækra og margra svardaga af hálfu stjórnmálamanna og þetta hús. Engu að síður er það svo að næsta illa hefur gengið að fá menn til þess við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni að setja í þetta hús þá fjármuni sem eru í rauninni samboðnir upphafi þess, þ.e. því að þjóðin sé að gefa sjálfri sér gjöf með þessu húsi.

Ég tel að sú ákvörðun sem tekin var undir forustu Sverris Hermannssonar um að leggja á sérstakan eignarskattsauka í þessu skyni hafi verið myndarleg, hún hafi verið skynsamleg. Lögin sem sett voru hér á síðasta þingi staðfestu þessa stefnu í raun og henni er fylgt í grundvallaratriðum á þessu ári, eins og hér hefur komið fram í máli mínu, þar sem varið er í endurbætur menningarstofnana af margvíslegu tagi 220 millj. kr. Hitt er hins vegar ljóst að til þess að ljúka Þjóðarbókhlöðunni á árinu 1992 eins og ætlað hafði verið duga þessir fjármunir ekki á árinu 1990. Af þeim ástæðum hef ég gert ráð fyrir, miðað við fjárveitingar á þessu ári og fjárveitingar á næsta ári, í samræmi við þá stefnu sem m.a. var mörkuð í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og hv. 2. þm. Norðurl. e. vitnaði til, að unnt verði að opna þetta hús til fullrar starfsemi á árinu 1994, fyrir 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins.

Á árinu 1990 er sem sagt um að ræða 120 millj. kr. framlag í þetta verkefni, annars vegar 67 millj. kr. úr þessum sjóði og hins vegar 53 millj. frá Háskólanum. Hv. 2. þm. Norðurl. e. vitnaði til samþykktar í ríkisstjórninni. Það er ekki rétt að gerð hafi verið samþykkt í ríkisstjórninni um það að þessir fjármunir skyldu fara til Þjóðarbókhlöðunnar á árinu 1990. Það var hins vegar farið yfir þessi mál lið fyrir lið og kannað þar hvað það mundi kosta á fjórum árum að ljúka þessu verki. Það er engin óvissa um það af hálfu byggingarnefndar Þjóðarbókhlöðunnar hvaða fjármuni hún hefur til ráðstöfunar á árinu 1990. Það er engin óvissa uppi í þeim efnum. Niðurstaðan liggur fyrir, m.a. í fjárlögum þessa árs sem hver maður getur kynnt sér.

Varðandi svo aftur það sem hv. þm. gat um, að Endurbótasjóðurinn hefði fengið heimildir til þess að taka lán á árinu 1990, þá er það rétt. Það eru lántökur sem annars vegar fara til Þjóðleikhússendurbótanna upp á 150 millj. kr. og hins vegar lántökur vegna endurbóta á Bessastaðastofu sem mig minnir að séu einnig 150 millj. kr. eða lántökur í gegnum þennan sjóð séu samtals um 300 millj. kr. Og auðvitað væri betra ef framlög væru til. Auðvitað væri betra ef ekki þyrfti að taka lán í þessu skyni, en ég minni á, herra forseti, að við meðferð allra þessara mála og afgreiðslu fjárlaga í síðasta mánuði komu engar brtt. fram varðandi þessa þætti sérstaklega. Ég verð hins vegar að segja það að ég fagna þeim mikla áhuga sem fram kemur í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. á því að rífa áfram framkvæmdir með Þjóðarbókhlöðuna og og þau fyrirheit sem málflutningur hans gaf hér áðan verða örugglega hagnýtt á komandi mánuðum með einhverjum hætti, innheimt þannig að sá pólitíski vilji sem birst getur hér í þinginu bestur verði tryggður til stuðnings þessu húsi sem á að opna fyrir 50 ára afmæli lýðveldisins á árinu 1994.

Hv. þm. spurði um útboð í þessu efni og um útboðsmál. Ég get ekki svarað því í einstökum atriðum, en aðeins sagt þetta. Byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðunnar hefur allar upplýsingar sem hún þarf að hafa um það hvaða fjármuni hún hefur til ráðstöfunar á árinu 1990 og þarf ekki að velkjast í neinum vafa þar um.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þær tölur sem ég fór með um ráðstöfun á fjármagni Endurbótasjóðs menningarstofnana eru fengnar frá embættismanni og eru í samræmi við þær upplýsingar sem eru hér í fjárlögum fyrir árið 1990. Nú má vera að ég og þessi embættismaður höfum lesið vitlaust út úr þeim, en þar stendur um fjármunahreyfingar út úr Endurbótasjóði menningarstofnana að til Þjóðleikhúss renni 275 millj. kr. en til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu 67 millj. kr., tekin lán séu 300 millj. og ráðstöfun eigin fjár 42.

Ég vil út af þeim ummælum sem hæstv. menntmrh. viðhafði varðandi samþykkt ríkisstjórnarinnar taka fram að ég hef hér í höndum fundargerð samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir frá 10. ágúst 1989, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðarbókhlaða. Lagt fram bréf menntmrn. dags. 2. ágúst sl. þar sem óskað er eftir heimild nefndarinnar til að bjóða út 10. áfanga byggingar Þjóðarbókhlöðu. Samkvæmt vinnuskjali starfshóps um bygginguna sem fylgdi í ljósriti er lagt til að „10. áfangi, þ.e. frágangur loftræsiklefa, kaup og uppsetning búnaðar í hann, verði boðinn út og lokið eftir því sem tími leyfir." Áformað er að vinna fyrir 125 millj. kr. á árinu og eru það 35 millj. kr. umfram fjárveitingu fjárlaga fyrir árið 1989.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákveðið að Þjóðarbókhlaðan verði fullgerð innan fjögurra ára og með samþykkt 27. júlí sl. mun hún hafa samþykkt eftirfarandi áætlun um fjármögnun byggingarinnar: Á árinu 1989 125 millj. kr., árið 1990 242 millj. kr., á árinu 1991 269 millj. kr. og árið 1992 368 millj. kr. eða samtals 1 milljarður 4 millj. kr."

Svo mörg voru þau orð en samkvæmt þessari fundargerð, eins og hún liggur fyrir í ljósriti sem ég hef hér fyrir framan mig, hefur ríkisstjórnin samþykkt á fundi sínum 27. júlí sl. að framlög til Þjóðarbókhlöðu á árinu 1990 yrðu 242 millj. kr. Það eru svo bara ný yfirlýsing og nýtt loforð og ný fyrirheit þegar hæstv. menntmrh. talar um það að Þjóðarbókhlaðan verði opnuð á árinu 1994. Það vita nú allir að hann verður ekki ráðherra þá. Hans flokkur mun ekki eiga aðild að ríkisstjórn þegar þar er komið og kemur þess vegna ekki í hans hlut að efna slíkt loforð. En málið er að ekki hefur verið staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í sumar um Þjóðarbókhlöðuna. Og það er eftirtektarvert að hæstv. menntmrh. lofaði mjög þá ákvörðun að eignarskattsaukinn skyldi lagður á. Samkvæmt fjárlögum nemur hann á þessu ári 265 millj. kr., eignarskattsauki einstaklinga 100 millj. og eignarskattsauki félaga 165 millj., og nú sýnist mér að Þjóðarbókhlaðan eigi að fá af þessu (**Menntmrh.:** Hún fær af þessu 67.) 67 millj. kr. Síðan frá Háskólanum 53 og um það ber okkur saman. Þetta sýnir nú hvernig komið er fyrir þessum eignarskattsauka.

Það er mjög algengt í ýmsum tilvikum að ríkisstjórnir og ráðherrar koma til okkar þingmanna og segja: Samþykktu nú þennan skattauka í viðbót, þennan eigarskattsstofn, hann á að fara í Þjóðarbókhlöðuna. Og svo kemur samgrh. og segir: Eigum við ekki að hækka pínulítið bensínið, og öll hækkunin á að fara í vegina. Síðasti myndarskapurinn er sá að hæstv. samgrh. er búinn að lofa þeim göngum fyrir vestan gegn því að bensínið verði 4–5 kr. dýrara frá Dýrafirði til Súðavíkur en annars staðar. (**KP:** Þetta er ekki rétt. Þetta er rangt, algjörlega rangt.) Er þetta algjörlega rangt? (**KP:** Algjörlega rangt, já.) Ég hef þetta nú ekki eftir vondum mönnum. (Gripið fram í.) En þetta var sú tillaga sem ég sá um tekjuöflun. Þá var þetta inni að bensínið yrði þetta dýrara á þessum slóðum. En svo er mér líka sagt að ráðherranum hafi dottið í hug að hækka bensínið um 4–5 kr. á Dalvík og Ólafsfirði en fengið þar slíkar móttökur að hann hafi byrjað að heykjast á hugmyndinni. A.m.k. þori ég að ábyrgjast að ráðherrann sér um að við þurfum ekki að borga bensínið dýrara fyrir norðan. En það er annað mál.

Aðalatriði þessa máls er að þessi eignarskattsauki rennur ekki til þess sem búist hafði verið við. Það er kjarni málsins. Ég er alveg sammála menntmrh. um það að það voru mikil glöp að setja inn í lögin um Endurbótasjóð menningarstofnana að honum sé heimilt að taka erlend lán, og það er alveg sjálfsagt að taka það mál til endurskoðunar í fjh.- og viðskn. nú þegar frv. kemur þangað. Auðvitað eiga stofnanir sem hafa allar tekjur sínar í gegnum A-hluta ríkisreiknings, sem hafa engar sjálfstæðar tekjur, ekki að hafa heimild til lántöku. Auðvitað eiga lántökur til slíkra stofnana ekki að þekkjast. Ráðstöfunarfé til slíkra stofnana á hins vegar að vera ákveðið með

venjulegum hætti í gegnum A-hluta ríkisreiknings. Í þessu tilviki eru lögin sem sagt til þess að hjálpa fjmrh. að stoppa upp í 300 millj. af gatinu. Tilgangurinn helgar meðalið. Maður áttaði sig ekki á þessu á sínum tíma, en nú er komið í ljós til hvers þetta er notað og það eru 300 millj. Hæstv. ráðherra talaði líka um það heldur glaðhlakkalega þegar hann tók við að þetta ætti allt að vera hallalaust.

Að síðustu sakna ég þess, hæstv. forseti, að hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa hugmynd um það hvernig gengur að bjóða út nýja verkþætti í Þjóðarbókhlöðunni, en ég mun hins vegar gera ráðstafanir til þess að við fáum upplýsingar um það í fjh.- og viðskn. hvernig það mál stendur þannig að við getum þá skýrt ráðherranum frá því þegar málið kemur aftur til deildarinnar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég verð nú að hryggja hv. þm. með því að þegar hann var að spyrja mig um útboðið í fyrri ræðunni áttaði ég mig ekki á hvaða áfangi það var sem hann var að bjóða út í ræðu sinni og vildi að ég svaraði til um. Nú heyrði ég það áðan hvaða áfangi það er. Það er 10. áfangi, og hvernig stendur hann? Honum lauk fyrir áramót. Og hvernig var hann fjármagnaður? Hann var fjármagnaður með sérstakri aukafjárveitingu sem var samþykkt af ríkisstjórninni í júlí eða ágúst sl. sumar og sú aukafjárveiting var síðan staðfest með fjáraukalögum fyrir áramót (**KP:** Þetta er allt búið?) þannig að þetta er afgreitt mál.

Varðandi sjóðinn er bersýnilega nauðsynlegt að stafa það enn þá frekar hér til þess að skýrt sé um hvað er verið að tala. Endurbótasjóðurinn hefur á þessu ári í tekjur 265 millj. kr. af sérstökum eignarskattsauka. Frá því dragast, eins og ég sagði áðan, 25%, þessi 25% sem allir sjóðir voru skertir um samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum. Eftir standa þá 224 millj. kr. Þessir fjármunir, sem eftir standa, fara í það sem hér segir:

Í fyrsta lagi í Þjóðarbókhlöðu, 67 millj. kr., í öðru lagi í Þjóðleikhús, 125 millj. kr., í þriðja lagi í Þjóðminjasafn, 11 millj. kr., í fjórða lagi í Þjóðskjalasafn, 11 millj. kr., eða samtals um 220 millj. kr. Þessi sjóður hefur í raun og veru meiri fjármuni til ráðstöfunar en þetta. Hann hefur að auki lánsfé upp á 300 millj. kr., annars vegar 150 millj. kr. vegna Þjóðleikhússins, þannig að samtals er varið í Þjóðleikhúsið 275 millj. kr. af fjárveitingum þessa árs, og hins vegar eru 150 millj. kr. í gegnum þennan sjóð sem fara til þess að fjármagna endurbætur á Bessastaðastofu.

Ég taldi mér skylt að skýra þessi mál og svo að lokum það að hv. þm. sagði að sjóðir eins og þessir ættu ekki að taka lán eða hafa lántökuheimildir af því að þeir hefðu enga sjálfstæða tekjustofna. Það er rangt hjá hv. þm. Þessi sjóður hefur sjálfstæðan lögbundinn tekjustofn samkvæmt lögum sem voru samþykkt hér á Alþingi í fyrra.

Ég tel að það hafi verið mikil framsýni og mjög skynsamlegt af Sjálfstfl. að beita sér fyrir því að leggja skatta á miklar eignir í þágu menningarstarfseminnar en satt að segja hefur mér fundist að undanförnu að þessi framsýni andi Sverris Hermannssonar svifi ekki beinlínis yfir vötnunum í málflutningi Sjálfstfl. í sambandi við eignarskatta að undanförnu. Sverrir Hermannsson er nú eins og kunnugt er illa fjarri góðu gamni og stjórnar Landsbankanum þannig að hann hefur ekki tök á að hafa áhrif á þingflokk Sjálfstfl. frá degi til dags, enda fær hann nú frá formanni Sjálfstfl. alveg sérstakar vinarkveðjur í breiðsíðu, sem hann skrifar í Morgunblaðið, á dögunum. Væri betur að þessi skattastefna Sverris Hermannssonar, sem hefur nýst menningunni svona vel, birtist í verki á fleiri sviðum, og ég vænti þess að ég megi skilja orð hv. 2. þm. Norðurl. e. þannig að hann sé sá maður í þingliði Sjálfstfl. sem muni beita sér fyrir því að lyfta hátt á loft því merki sem Sverrir Hermannsson hóf á loft á sínum tíma með því að skattleggja hátekjulið og stóreignamenn hér í landinu í þágu menningarstarfseminnar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er eins og oft endranær þegar ráðherrar eru spurðir að þeir svara út úr. Í þeim texta sem ég las upp hér áðan var einmitt verið að fjalla um 10. áfanga byggingar Þjóðarbókhlöðu og skýrt frá afgreiðslu hans. Ég var að spyrja hæstv. menntmrh. um það hvernig útboðum og framkvæmdum yrði háttað á því ári sem nú er að hefjast.

Ég vil í annan stað leggja áherslu á að samkvæmt fjárlögum hefur Endurbótasjóður menningarstofnana 342 millj. úr að spila og ég átta mig ekki á hvað hæstv. menntmrh. var hér að fara með þeim fjárveitingum sem hann ræddi um þar til viðbótar en mun að sjálfsögðu kynna mér það í nefndinni hvað það geti verið. Mér virðist að þar sé þá um eldri heimildir að tefla sem ekki koma inn í það mál sem ég er að tala um hér. (Gripið fram í.) Ja, ég mun athuga það en það stendur ekki hér. Hér er stafliður 22-978 Endurbótasjóður menningarstofnana og undir þeim fjárlagalið er ekki á það minnst sem ráðherrann fór með hér áðan fram yfir það sem ég hef sagt.

Það er svo alveg rétt sem hæstv. menntmrh. sagði. Auðvitað hefur ríkisstjórnin klipið af þeim skatti sem ætlaður var til menningarmála og fært til almennrar eyðslu, alveg eins og ríkisstjórnin er búin að klípa af hafnafénu, alveg eins og ríkisstjórnin er búin að klípa af vegafénu, þó að hún ætli að reyna að gera meira, og eins og ríkisstjórnin hefur klipið af launum manna. Það fær ekkert að vera í friði fyrir þessari ríkisstjórn. Tekjuskatturinn er kominn upp í 40%. Þeir eru búnir að stela af sveitarfélögunum tæpum milljarði a.m.k., gegnum virðisaukaskattinn. Það á að reyna að stela — ja, hvað eigum við að segja, einhvers staðar á bilinu 1–2 milljörðum með nýjum orkuskatti sem leggst á almenning í landinu. Það á að hækka bensínskattana um 350 millj. núna 1. mars. Það er alltaf verið að taka af fólki og sjóðum og öllum mögulegum hlutum.

Ég hef áður rifjað það upp að þegar Hollendingar voru verst komnir bjuggu þeir til sérstakan skatt á

gardínur. Við bíðum bara eftir því að hann verði tekinn upp hér á landi líka. (**Menntmrh.:** Þetta er hugmynd.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

39. fundur, miðvikudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 238. mál (ónýttur persónuafsláttur barna o.fl.). — Þskj. 354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 1. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 474.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ábyrgðadeild fiskeldis en með þessu frv. er gerð tillaga um að breyta þeirri skipan sem ríkt hefur á sviði eldislána. Um þetta efni eru í dag í gildi lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum. Þau lög gera í núverandi búningi ráð fyrir því að Tryggingasjóður fiskeldislána, sem er í vörslu Stofnlánadeildar landbúnaðarins, veiti greiðslutryggingar fyrir eldislánum sem lánastofnanir veita.

Eins og hv. alþm. muna eftir gera greiðslutryggingar Tryggingasjóðs fiskeldislána ráð fyrir einfaldri ríkisábyrgð. Í lögum um Tryggingasjóðinn eru ákvæði um að ekki skuli gripið til greiðslutryggingar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á láni og fyrirtæki geti ekki greitt það með öðrum hætti. Þetta þýðir í raun að greiðsluábyrgð kemur ekki til fyrr en eftir að viðkomandi fyrirtæki hefur verið sett í gjaldþrot. Lánastofnanir hafa ekki talið greiðslutryggingar Tryggingasjóðsins nægjanlegar og hefur því verið gripið til þess ráðs að Framkvæmdasjóður veiti einnig sjálfskuldarábyrgðir fyrir þessum lánum.

Í núverandi skipan er gert ráð fyrir iðgjaldi fyrir veitingu ábyrgða í núgildandi lögum og hefur þetta fyrirkomulag hlotið heitið „ábyrgð eftirlifenda“ og er þá átt við þau fyrirtæki sem starfa áfram.

Þessi skipan felur það í sér að verði halli á sjóðnum eftir fjögur ár skuli hann greiddur a.m.k. að hluta af þeim fyrirtækjum sem þá verða starfandi í fiskeldi. Mikil óánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag meðal fiskeldisfyrirtækja.

Í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem ákveðið er í gildandi lögum og ég hef hér lýst í stórum dráttum, hefur verið ákveðið að gera breytingar á þessu kerfi til þess að stuðla að eðlilegum rekstri fiskeldisfyrirtækja og tryggja það að arðvænleg fiskeldisfyrirtæki geti þróast með eðlilegum hætti.

Í því frv. sem ég mæli hér fyrir er lagt til að stofnuð verði ábyrgðadeild fiskeldis og verði hún sérstök deild í Ríkisábyrgðasjóði. Þær breytingar, sem frv. felur í sér á núverandi fyrirkomulagi, eru:

1. Hin nýja ábyrgðadeild veitir sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs fyrir allt að 37,5% af verðmæti eldisstofns til viðbótar við lán banka, en Tryggingasjóður fiskeldislána veitir aðeins einfalda ríkisábyrgð.

2. Horfið er frá því skilyrði að fyrirtæki hafi samningsbundin viðskipti við banka fyrir a.m.k. 37,5% af verðmæti eldisstofns. Í stað þess kemur almennt skilyrði um samningsbundin viðskipti við banka.

3. Gert er ráð fyrir svokölluðum „sólarlagsákvæðum“, en þau fela það í sér að ríkisábyrgðin fyrir lánum hvers fyrirtækis hverfi á sex árum.

4. Hin svonefnda „ábyrgð eftirlifenda“ sem ég lýsti áðan er felld niður.

5. Í samræmi við það að veittar eru beinar sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs fyrir lánum er þessi nýja deild vistuð í Ríkisábyrgðasjóði og þar með á forræði fjmrn. Um leið er lagt til að Tryggingasjóður fiskeldislána verði lagður niður, enda má segja að hlutverki hans verði lokið eftir að hin nýja skipan kemst á.

Virðulegi forseti. Með þessu fyrirkomulagi er fiskeldi tryggð lánsfyrirgreiðsla sem er allt að 75% af verðmæti eldisstofns. Þessi skipan felur því í raun í sér bústofnslán og er mikilvægt að árétta þetta eðli hins nýja skipulags. Fyrirtækjum í greininni er tryggð lánafyrirgreiðsla sem er ákveðið hlutfall af bústofni. Lánafyrirgreiðslan hverfur ekki, nema að stofninn hverfi, t.d. vegna þess að fyrirtækin hætta rekstri. Til samanburðar má geta þess að aðrar greinar fá yfirleitt afurðalán sem nemur 75% af birgðum. Þessar atvinnugreinar eru hins vegar annars eðlis þar sem þar er ekki um að ræða bústofn í sama skilningi og í fiskeldisfyrirtækjum. Lánin geta því farið niður í núll

ef allar birgðir eru seldar jafnvel þótt viðkomandi fyrirtæki sé áfram í fullum rekstri. Sambærileg afurðalán í tilfelli fiskeldisins væru lán út á slátraðan fisk sem ekki hefur verið seldur. Því er litið svo á að bústofnslán séu hluti af eldislánakerfi því sem hér er gerð tillaga um að upp verði tekið. Í sérstöku ákvæði um stjórnarnefnd er gert ráð fyrir að hún þurfi að samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgðin er veitt út á. Þetta er sjálfsagt ákvæði þar sem tryggja þarf að kjörin samrýmist ríkisábyrgð. Um leið opnar þetta ákvæði þann möguleika að lán verði með öðrum kjörum en á hefðbundnum afurðalánakjörum banka, t.d. þannig að vaxtatímabil verði lengri en einn mánuður.

Með þeirri skipan sem hér er lögð til ætti lánamálum fiskeldis að vera betur fyrir komið en nú er. Kerfið verður einfaldara og samskipti við bankakerfið, sem er mjög mikilvægt atriði, ættu að verða auðveldari. Ég tel rétt að taka það fram að í undirbúningi þessa frv. fóru fram viðræður við starfsmenn banka sem umfangsmiklir eru á þessu sviði og margar mikilvægar ráðleggingar komu fram frá þessum starfsmönnum við undirbúning frv. Ég vænti þess því að verði þetta frv. samþykkt eigi það að geta greitt mjög fyrir samskiptum fiskeldisfyrirtækja við viðskiptabankana.

Með því að afnema kvöðina um veitingu láns frá banka fyrir 37,5% af eldisstofni er búið í haginn fyrir lífvænleg fyrirtæki — og ég legg áherslu á það — lífvænleg fyrirtæki sem nú standa utan bankaviðskipta og þau geti þannig komist inn í kerfið, en sum þessara fyrirtækja eru það vel stæð að þau þurfa ekki 75% lánafyrirgreiðslu.

Ljóst er að hafbeit lýtur á margan hátt öðrum lögmálum en eiginlegt fiskeldi og fjármögnunarþarfir hafbeitar eru aðrar. Þrátt fyrir þetta er veitt almenn heimild í frv. til þess að hafbeitarfyrirtæki geti fengið sjálfskuldarábyrgðir deildarinnar fyrir lánveitingum banka- og lánastofnana. Skilyrði þess er m.a. að fyrirtækin uppfylli skilyrði um bankafyrirgreiðslu sem krefst þess að bankarnir hanni einhvers konar samningsbundið eldislánakerfi fyrir hafbeit. Áður en til veitingar sjálfskuldarábyrgða fyrir lántökum hafbeitarfyrirtækja kemur er gert ráð fyrir að stjórnarnefnd deildarinnar móti reglur um veitingu slíkra sjálfskuldarábyrgða sem samþykkist af fjmrh. í formi reglugerðar. Ákvæðið um hafbeit er heimildarákvæði, en felur ekki í sér kvöð. Hvort þetta ákvæði verður notað mun m.a. byggja á mati stjórnarnefndarinnar skv. 6. gr. þess frv. sem hér er til umfjöllunar.

Til að komast hjá því að fiskeldisfyrirtækin festist til frambúðar í kerfi ríkisábyrgða er ákvæði um að ríkisábyrgð sé að hámarki veitt í sex ár fyrir hvert fyrirtæki, þar af hámark þrjú ár með 37,5% ábyrgð sem síðan fari lækkandi uns hún hverfur alveg að sex árum liðnum. Miðað við allar fyrirliggjandi rekstraráætlanir fiskeldisfyrirtækja sem á annað borð eru arðvænleg er hér um rúman tíma að ræða. Tryggt er að fyrirtækin fái fjármögnun á erfiðasta hjallanum. Eftir það eiga lífvænleg fiskeldisfyrirtæki auðveldlega að geta fjármagnað sig með 37,5% eldislánum frá almennum viðskiptabanka fyrirtækisins eða þá af eigin tekjum. Þessi þáttur er mjög mikilvægur í þessu frv. Hann sýnir að hér er ekki verið að koma á varanlegu ríkisábyrgðarkerfi heldur fyrst og fremst vegna eðlis fiskeldisins verið að greiða fyrir úrlausn lánamála fiskeldisfyrirtækja á erfiðasta tíma í uppbyggingu fyrirtækjanna. Að þessum tíma loknum eigi fyrirtækin og viðskiptabankarnir að geta staðið sjálf undir þessu kerfi til frambúðar.

Gert er ráð fyrir því að sjálfskuldarábyrgðir Framkvæmdasjóðs falli niður samhliða því að ábyrgðadeild fiskeldislána veiti fiskeldisfyrirtækjum sjálfskuldarábyrgðir.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að innheimt verði árlegt iðgjald fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða á svipaðan hátt og nú er gert. Iðgjaldið verði ákveðið af fjmrh., að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Hins vegar verður hið svokallaða „eftirlifendagjald" í núgildandi lögum fellt niður.

Þar sem hér er gerð tillaga um að ábyrgðadeild fiskeldislána veiti sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánum er óhjákvæmilegt í samræmi við þær venjur sem gilt hafa í Stjórnarráði Íslands og almenna stjórnskipan að ábyrgðadeild fiskeldislána verði vistuð í Ríkisábyrgðasjóði. Ríkisábyrgðir má ekki veita nema samkvæmt lögum og venja er að fjmrh. sé ákvörðunaraðili um notkun þeirra á grundvelli laga. Ekki er vitað um neitt fordæmi þess að öðrum ráðuneytum en fjmrn. sé falið ákvörðunarvald um veitingu sjálfskuldarábyrgða ríkissjóðs með þessum hætti, enda má segja að það væri á ýmsan hátt mjög hættulegt og erfitt fordæmi ef einstökum öðrum ráðuneytum væri veitt bein heimild til þess að ákveða ríkisábyrgð.

Stjórnarnefndin, sem tillaga er gerð um í þessu frv., gegnir mikilvægu hlutverki þar sem gert er ráð fyrir að hún samþykki fyrirtækin inn í kerfið á grundvelli ítarlegs, faglegs, rekstrarlegs mats á stöðu fyrirtækisins á rekstrarröryggi þess og á því hvort fyrirtækið hafi rekstrargrundvöll til lengri tíma litið.

Ég vil leggja á það ríka áherslu hér að það er höfuðatriði, nánast forsenda þess að kerfi af þessu tagi geti reynst árangursríkt og traustvekjandi, að sú regla myndist strax í upphafi að ákvörðun stjórnarnefndarinnar, þ.e. niðurstöðu hennar af hinu faglega og rekstrarlega mati, verði ekki hnekkt af ráðherra eða ríkisstjórn. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu svo tryggt sé algjörlega frá upphafi að ekki komi til stjórnmálalegra afskipta af mati hinnar sérfróðu nefndar á rekstrargrundvelli eða framtíðarmöguleikum hvers fyrirtækis fyrir sig. Með þessu móti er auk þess dregið úr áhættu ríkissjóðs og almennings í landinu af því kerfi sem hér er fjallað um.

Til að tryggja enn frekar að ekki verði um varanlega ríkisábyrgð á fiskeldi að ræða er gert ráð fyrir því að þessi lög falli úr gildi í árslok 1999. Þetta er í samræmi við þá almennu stefnumörkun að nauðsynlegt sé að draga úr ríkisábyrgðum í atvinnulífinu.

Æskilegt er að fyrir þann tíma verði búið að leysa rekstrarfjármögnunarvanda fiskeldisins til frambúðar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 233. mál. — Þskj. 310.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem er nú flutt í þriðja sinn er virðingarvert framtak af hv. þm. Eggert Haukdal og í meginstefnu er ég sammála þessu frv.

Fjármagnskostnaðurinn í landinu er að eyðileggja mestallt atvinnulíf og einstaklinga í hundraðatali þannig að það má kallast furðulegt að ekki hafi verið tekið á þessu máli með öðrum hætti áður en sú staða kemur upp sem nú blasir við. Hitt er annað mál að ég er með efasemdir um vissar greinar þessa frv., t.d. um það að taka eigi mið af þeim vöxtum sem nágrannaþjóðirnar borga eða þeim útlánsvöxtum og innlánsvöxtum sem þær fá. En eins og kunnugt er er ekki til verðtrygging með sama hætti og hér er þannig að það þarf að taka það með í reikninginn og þyrfti að útfæra þetta á einhvern annan veg.

En ég er alveg sannfærður um það og hef lengi verið að verðbólgan verður ekki skrúfuð niður með öðrum hætti en að afnema lánskjaravísitöluna. Það er ekki hægt. Við erum nú vitni að því þessa dagana að vissar bankastofnanir eru að bjóða hærri og hærri innlánsvexti og hv. alþm. vita hvað það þýðir. Auðvitað þýðir það hærri útlánsvexti ef það verður liðið að innlánsvextirnir eru á nokkurs konar uppboðsmarkaði eins og nú er og vitna ég þar í greinar og viðtöl í Morgunblaðinu bæði í gær og í dag. Það er gengið svo langt að einn banki, Íslandsbanki, sem voru áður fjórir bankir og Útvegsbankinn var seldur fyrir spottprís vegna þess að það átti að ná þeim tilgangi að lækka vextina í landinu — fyrstu viðbrögð þessa nýja banka eru að bjóða í innlán þannig að ég sé ekki betur en það sé fram yfir það sem er leyfilegt miðað við þá vexti sem hafa verið auglýstir í bönkunum að meðtöldu álaginu með skuldbreytingum, þ.e. allt að 3% fram yfir kjörvexti. En kjörvextir eru í dag 6,5% og með leyfi frá Seðlabankanum má bæta við allt að 3%, þó ég fari ekki út í það hvernig slíkt hefur verið notað.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur að við stöndum frammi fyrir þessum atburðum á sama tíma sem verið er að reyna að gera samninga við vinnumarkaðinn og einn stærsti þátturinn í því er að gera ráðstafanir til að lækka vexti. Á sama tíma, bæði í dag og gær, er verið að auglýsa frá Íslandsbanka innlánsvexti upp í 9,5%. Og eftir því sem bankastjóri Landsbankans segir í Morgunblaðinu hefur þessi sami banki boðið allt upp í 22% innlánsvexti, nafnvexti, frá vissum fyrirtækjum sem velta miklu og hafa mikið fé undir höndum. Þarna er auðvitað verið að mismuna þegnunum í landinu gróflega. Það er verið að mismuna þeim og það er af ásettu ráði verið að sprengja upp vextina í þjóðfélaginu eins og var gert af hálfu ríkisins í sambandi við ríkisvexti, ríkisvíxlavexti.

Ef þingið tekur ekki á þessum málum nú þá er borin von að mér sýnist að það náist kjarasamningar á þeim grunni sem nú er rætt um. Ég verð nú að segja það að ég öfunda ekki formann bankastjórnar Íslandsbanka að horfa á það í blöðum — ég trúi ekki öðru en að hann hafi verið á móti þessum auglýsingum — að horfa á það í blöðum að verið sé að bjóða *fjármagnseigendum allt upp í 9,5% innlánsvexti á* verðtryggðu fé.

Annars er auðvitað þýðingarlítið að ræða mikið þessi mál. Þau eru kunn. Saga þeirra er kunn, hvernig þau hafa gengið fyrir sig. Ég ætla þó með nokkrum orðum að segja að það var alltaf borin von að vextir mundu haldast í skikkanlegu jafnvægi með því móti að ríkissjóður væri rekinn með tapi ár eftir ár. Það hlaut að vera grundvallaratriði til þess að ná þeim árangri að ríkissjóður væri ekki að keppa við einstaklinga og fyrirtæki um lánsfé. Þegar slíkt gerist þá er eftirspurnin eftir fjármagni náttúrlega orðin meiri en framboðið. Og þegar ofan á það bætist að ríkið sjálft gengur á undan að bjóða hærri og hærri vexti til þess að geta selt ríkisvíxla.

Við verðum að læra af reynslunni í þessum efnum og þess vegna er þetta lofsvert framtak hjá hv. þm. Eggert Haukdal þó að ég sjái ekki að málið gæti farið í gegn óbreytt af þeim ástæðum sem ég gat um áðan og e.t.v. fleiri ástæðum sem ég hef ekki haft tóm til þess að skoða niður í grunninn.

En ég vil ítreka það að sú hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, reyni að skoða málið í flýti, án þess þó að kasta til þess höndum, því að það mun standa og falla með því hvort þetta frv. eða einhverjar sambærilegar aðgerðir verði teknar, hvort hægt verður að koma í gegn samningum á vinnumarkaðinum sem magna ekki upp verðbólguna.

Ég verð að segja það að ég harma það að bankamálaráðherra er erlendis nú þegar þetta mál er tekið fyrir vegna þeirra skýringa sem hann gaf og afsökunar sem hann gaf á sölu Útvegsbankans á því verði sem hann fór, að það væri til þess að lækka vextina.

Það er kannski annað atriði í frv. hv. þm. Eggerts Haukdals sem þarf líka að skoða miðað við reynsluna. Auðvitað þurfa bankarnir, til þess að hægt sé að reka þá, að hafa lágmarkstekjur. Hitt verður náttúrlega að skoða þegar þjóðfélagið og atvinnureksturinn og einstaklingar eru þannig settir eins og nú að það á auðvitað ekki að reka bankana þannig að þeir hafi mikinn hagnað. Það er óhæfa sem enginn hefur ráðið

við og enginn ræður við nema ríkisstjórn taki þar í taumana.

Það sem hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson sagði hér í umræðunni um þetta mál er alveg laukrétt: Vextir mega aldrei vera hærri en það sem atvinnureksturinn að meðaltali getur staðið undir. Þá verður að útbúa þann ramma. Ef fjármagnseigendum eru ætlaðir einhverjir vextir að ráði þá verða einstaklingar og fyrirtæki að hafa ráð á að borga þá vexti, annars fer allt eins og það er að fara nú.

Ég er náttúrlega með ýmis gögn um þessi mál sem ég ætla ekki að fara að ræða að þessu sinni þar sem hæstv. bankamálaráðherra er hér ekki til staðar. En það er aðkallandi að eitthvað sé gert í þessum málum. Ég sé ekki annað en ef ekki verða skjót viðbrögð þá verði hrun, þá verði fjöldagjaldþrot og hrun í mörgum fyrirtækjum í landinu. Allt mas um að raunvextir hafi lækkað er bara eftir því hvaða viðmiðun menn gefa sér. Auðvitað eru engin skynsamleg rök til fyrir þeirri vísitölu sem hefur verið farið eftir, en ég ætla ekki að fjalla um það að þessu sinni. Ég vil bara að þetta komi fram hér og nú.

Það er enginn hæstv. ráðherra hér þessa stundina og ég ætla ekkert að óska eftir því. En þá sem eru á þingflokksfundum hjá þeim flokkum sem eiga að taka á þessu máli vil ég biðja fyrir skilaboð inn í sína flokka að ef ekki verður tekið á þessum málum nú, eftir einn eða tvo mánuði í mesta lagi, þá fer illa og verður ekki hægt að bæta fyrir það nema þá á löngum tíma.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Við umræðu um þetta mál í gær kom það fram í máli ýmissa ræðumanna að það væri undrunarefni og aðfinnsluvert að enginn hæstv. ráðherra sæi sér fært að vera við umræðu um vaxtamál og ávöxtunarkjör sparifjár. Með tilliti til þessa frestaði hæstv. forseti umræðunni þangað til í dag í ljósi þess að þá kynni svo að vera að einhverjir hinna 11 hæstv. ráðherra í núv. ríkisstjórn gætu séð sér fært að vera hér viðstaddir og gegna sinni þingskyldu. Nú var hæstv. forsrh. hér fyrir skammri stundu og hann hefur án efa lesið þá dagskrá sem hér er verið að vinna eftir og ég hlýt að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh. eða aðrir úr hæstv. ríkisstjórn geti ekki séð sér fært að vera hér viðstaddir. (**Forseti:** Ég vil taka það fram að það hefur þegar verið sendur sendiboði til þess að gera bæði hæstv. starfandi viðskrh., Jóni Baldvini Hannibalssyni, og hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni grein fyrir því að þeirra er óskað hér í salinn og ég get þess vegna heimilað ræðumanni að gera hlé á ræðu sinni þar til þeir koma.) Ég þakka hæstv. forseta þessar upplýsingar en meðan þeir kynnu að vera á leið í salinn, þá vil ég þó segja það sem ekki er sérstakt erindi við þá hæstv. ráðherra að ég tel það virðingarvert af hv. 3. þm. Suðurl. að flytja þetta frv. nú í hið þriðja sinn. Með því er gerð merkileg tilraun til þess að koma nýrri skipan á ávöxtunarkjör og vexti af skuldum en það eru einmitt þessi mál, vaxtamál, skuldabyrði fyrirtækja og einstaklinga sem hafa ekki einungis orðið mikið umræðuefni í þjóðfélaginu nú á undanförnum árum heldur eru einnig, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, svo þungbær hér á landi að er að sliga afkomu bæði fyrirtækja og einstaklinga. Þetta er því mjög virðingarverð tilraun af hálfu hv. þm. og þó að ég ætli ekki að fara að ræða hér frv. efnislega þá er það að ýmsu leyti athyglisvert þrátt fyrir það að í því séu sum atriði sem þarfnist a.m.k. nánari athugunar.

Ég hefði svo kosið að geta snúið mér að því að ræða þessi mál nokkuð almennt, en vildi gjarnan fá fregnir af því hvort hæstv. ráðherrar kunni að vera á leiðinni. — Gengur nú starfandi hæstv. viðskrh. í salinn og er honum að sjálfsögðu fagnað af þeim sem hér stendur. Við erum hér að ræða, hæstv. ráðherra, frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem flutt er af hv. 3. þm. Suðurl. Eggert Haukdal.

Ég hef lokið við að víkja örfáum orðum að frv. sjálfu en í gærdag fóru hér fram umræður sem voru mjög athyglisverðar og hefði verið mikil þörf á því að hæstv. ráðherra gæfi sér tóm til að vera viðstaddur til að hlýða á þær. Ég vitna þar sérstaklega til ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssonar, hæstv. forseta þessarar deildar. Þar flutti hann mjög skarpa ræðu og skilmerkilega, ræðu sem ég get í flestum greinum tekið undir. Hann sagði þar m.a. eins og ég hafði punktað það eftir honum nokkurn veginn orðrétt að vaxtakjör og vaxtabyrði væri svo alvarleg og þrúgandi í þessu þjóðfélagi að helför íslenskra fyrirtækja væri afleiðing af hömlulausum vaxtakostnaði. Hann sagði einnig að af þessum sökum væri atvinnureksturinn blóðmjólkaður. Með þessum hætti hefði eigin fé fyrirtækja í landinu verið stolið og við værum nú að upplifa byggðaröskun sem væri alvarlegri en nokkru sinni áður. Einnig væri stolið eignum ungs fólks sem væri að brjótast í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Allt væri þetta afleiðing af því hvað fjármagnskostnaðurinn væri gífurlegur í landinu, hvað vaxtakostnaðurinn væri hár og skuldabyrðin af þeim sökum væri svo hraðvaxandi sem raun ber vitni.

Hv. þm., hæstv. forseti þessarar deildar, vék í sínu máli, sem var eins og áður sagði bæði glöggt og skilmerkilegt, að því að því væri gjarnan haldið fram að þessi staða væri vegna þess að fyrirtæki og einstaklingar hefðu reist sér hurðarás um öxl með offjárfestingu. Það er vissulega í sumum tilvikum rétt en hvergi nærri fullnægjandi skýring á því hversu þessi kostnaður í rekstri fyrirtækja og heimila, einstaklinganna, er gífurlega alvarlegur og þungbær.

Nú er þessi ræða hæstv. forseta deildarinnar, sem ég tel að hafi lýst ástandinu með skörpum og sannferðugum orðum, mjög á annan veg heldur en þær yfirlýsingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gefa á undanförnum vikum og mánuðum þegar hún hefur verið að lýsa því að náð hefði verið nýjum grundvelli í efnahagslífi landsmanna, nýjum grundvelli í atvinnurekstrinum og atvinnumálum landsmanna, í rekstri heimila, jafnvel nýjum grundvelli í vaxtamálum, eins og hæstv. fjmrh. hefur tekið til orða. E.t.v. er skýrast

að vitna til þess sem var aðalatriði í nýársboðskap hæstv. forsrh., að nú væri þeim árangri náð í starfi ríkisstjórnarinnar að björgunarstarfi hennar væri lokið. Nú væri lokið björgunarstarfi hæstv. ríkisstjórnar í atvinnumálum landsmanna. Atvinnuvegirnir væru komnir á þann grundvöll að björgunarstarfið þyrfti ekki lengur að halda áfram.

Þetta er nú eitthvað annað heldur en fram kom í máli hæstv. forseta þessarar deildar í gær. Þetta er eitthvað annað heldur en það sem við okkur blasir sem eigum tal við forsvarsmenn fyrirtækja, ýmsa einkaaðila, einstaklinga, ungt fólk og annað fólk sem er að sligast undan fjármagnsbyrðinni og er að leiða til byggðaröskunar sem er með þeim hætti að heil byggðarlög eru í hættu og vandséð, ef ekki verður breyting á í afkomu undirstöðugreina atvinnulífsins hvort hægt verður að koma í veg fyrir að þau byggðarlög leggist í rúst. Þessi lýsing og lýsing hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, er því með allt öðrum og gagnstæðum hætti.

Mér dettur ekki í hug að fara hér að gera neitt lítið úr máli hv. 3. þm. Norðurl. e. með því að segja það að hjá honum séu hæg heimatökin vegna þess að í hans flokki sé hæstv. viðskrh. og hann eigi aðild að ríkisstjórn. Þessi hv. þm., hæstv. forseti, skýrði það fullvel að til þess að koma fram breytingum þurfi meiri hluta og sá meiri hluti er ekki fyrir hendi í stjórnarherbúðunum. Það er þetta sem er hið alvarlega við starf þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem enn situr að þrátt fyrir það að einstakir þingmenn stjórnarliðsins komi auga á þá stöðu sem við er að fást í atvinnumálum landsmanna, í efnahagslífi fyrirtækja, einstaklinga og þjóðarinnar í heild, þá er þar ekki meiri hluti, ekki vilji forráðamannanna, forustumannanna til þess að taka á málum með þeim hætti að úr megi rakna. Og svo koma menn eins og hæstv. forsrh. í nýársávarpi og segja að björgunarstarfi hæstv. ríkisstjórnar sé lokið. Það sé ekki þörf á neinum slíkum aðgerðum lengur.

Ég veit ekki af hvaða hvötum slík orð eru sögð. Maður gæti kannski sagt að það væri vegna ókunnugleika og væri þá verið að gera skóna þeim orsökum sem kannski væru vægilegastar fyrir hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. forsrh. En þetta getur nú tæpast verið. Hér er auðvitað verið að fara með hreinar blekkingar gegn betri vitund sem þýða það, ef eitthvað er að marka þessar yfirlýsingar, að hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp við það að koma fram einhverjum aðgerðum sem leysa þann vanda sem við er að fást. Ella væri það ekki satt að aðgerðum væri lokið, hvort sem það kallast björgunaraðgerðir eða eitthvað annað. Ég er ekki sérstaklega að beina þessum lestri mínum að hæstv. starfandi viðskrh. sem nú hefur verið löngum stundum erlendis að fást við önnur mál þó að hann sé hér staðgengill hæstv. viðskrh., en hann er þó sá hinn eini hæstv. ráðherra sem hér kemur til þess að hlýða á mál mitt og annarra þeirra sem hér tala, þannig að honum hlýt ég að flytja þessi orð. Það hefur hvað eftir annað verið sagt á undanförnum vikum og undanförnum mánuðum að ríkisstjórnin væri að ná miklum árangri í þeirri stefnu sinni að lækka vexti. Raunvextir færu lækkandi.

Ég tók eftir því í grg. frv. að þar er eins og hv. flm. hafi aðeins smitast af þessum yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra. Í grg. segir, með leyfi forseta: „Þó er það staðreynd að síðan frv. var lagt fram hefur verið að nokkru unnið samkvæmt því, þ.e. reynt að lækka vextina.“ — Það segir „reynt að lækka vextina“. Það er þó ekki sagt annað. Vextir hafa hins vegar ekki lækkað heldur hið gagnstæða.

Fyrir jól fékk ég þær upplýsingar hjá Þjóðhagsstofnun að raunvextir væru að meðaltali á árinu 1989 tvöfalt hærri en á árinu 1987. Tvöfalt hærri. Þetta var yfirlýsing Þjóðhagsstofnunar. Ég held að ýmsum hafi þótt þessi yfirlýsing Þjóðhagsstofnunar brjóta nokkuð í bága við yfirlýsingar hæstv. ráðherra margra hverra. En ég hef aðeins litið eftir því hvert vaxtastigið er nú og hirt m.a. Fréttabréf um verðbréfaviðskipti sem gefið er út af verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans. Þar sést að raunvextir hafa verið ákaflega sveiflukenndir og breytilegir á síðasta ári og jafnvel farið niður í það að vera neikvæðir, t.d. á óverðtryggðum skuldabréfum. En raunvextir komust upp í það til að mynda 1. ágúst að vera 26,6% af óverðtryggðum skuldabréfum. Og þeir voru mánuði síðar eða 1. sept. 22% samkvæmt þeim upplýsingum sem gefnar eru í þessu fréttabréfi. Í árslokin höfðu þeir að vísu nokkuð lækkað frá þessum hrikalegu tölum en voru samt 15,6% af óverðtryggðum skuldabréfum og voru að meðaltali síðari hluta ársins 13,4%, raunvextir. Nafnvextir voru á þessu tímabili um og yfir 30%, upp í 35%. Ofan á þetta bætist það sem ýmis fyrirtæki og ýmsir aðilar verða að sæta sem eru dráttarvextir. Í árslokin var raunávöxtun dráttarvaxta 21,7% ofan á 15,6% raunvexti af óverðtryggðum skuldabréfum.

Ég talaði við forstöðumann fyrirtækis eins úti á landi sem ég talaði við hefur einnig gefið mér upplýsingar. Hann hefur verið að berjast við að laga rekstrinn í sínu fyrirtæki, stóru fyrirtæki, og náð þar verulegum árangri þótt hætt sé við að þar sé enn um alvarlegan halla að ræða. Hann hefur sagt mér að tal einstakra hæstv. ráðherra um lækkun á raunvöxtum sé gjörsamlega tal út í bláinn, talað út í vindinn. Og hann hefur haft um það miklu sterkari orð. Hann segir mér að nú í ársbyrjun séu þeir raunvextir, sem hann og hans fyrirtæki þarf að sætta sig við, til að mynda á skuldabréfaviðskiptum og yfirdráttarheimildum, um 15–20% eftir einstökum lánastofnunum. Þetta eru þau kjör sem fyrirtækin í landinu þurfa að sætta sig við. Það er því allt önnur saga sem hér er sögð samkvæmt þessum upplýsingum sem ég hef hér sumpart lesið skjalfest, sumpart flutt eftir forstöðumanni fyrirtækis sem grannt þekkir þessi mál, heldur en yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar gefa tilefni til.

Það er með þetta eins og sumt annað hjá þessari hæstv. ríkisstjórn að þegar hún lýsir yfir að t.d. vextir séu að lækka, þá eru þeir að hækka. Þegar hún lýsir því yfir að skattar séu að lækka, þá eru skattarnir að hækka o.s.frv. Það er eins og yfirlýsingar hennar séu í

rauninni öfugar við það sem raunveruleikinn segir í mörgum tilvikum. Svo er það einnig um þá hástemmdu yfirlýsingu hæstv. forsrh. frá því á gamlárskvöld að hagsmunir atvinnuveganna og atvinnufyrirtækjanna í landinu væru komnir í það horf að björgunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar væri lokið, þeirra þyrfti ekki lengur við. Þetta var gleðiboðskapur hæstv. ráðherra til þjóðarinnar í hans nýársávarpi og það var sannarlega gleðiboðskapur ef þetta hefði verið satt. Því miður var þetta ekki sannleikanum samkvæmt.

Það er þessi staða sem er að kollkeyra þetta þjóðfélag, þessi staða fyrirtækjanna í landinu sem sumpart stafar af gífurlegum vaxtakostnaði, sumpart af því að að öðru leyti hefur hæstv. ríkisstjórn ekki náð að koma við þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að veita þessum fyrirtækjum starfsskilyrði. Og í sama mund hafa opinberar álögur á fyrirtækin vaxið og allt leiðir þetta til þess að við stöndum nú frammi fyrir því sem hæstv. forseti þessarar deildar kallaði í gær mestu byggðaröskun frá öndverðu.

Þannig er hætt við að fari þegar ríkisstjórn situr sem ekki grípur til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar geti starfað og er með sífelldar yfirlýsingar um það að þetta og hitt í efnahagsstarfseminni sé komið í svo gott horf að meiri aðgerða sé ekki þörf, þar á meðal vaxtastigið.

Ég vildi þess vegna beina því til hæstv. starfandi viðskrh. að ef ekki verður breyting á í þessum efnum, þá held ég að hann hljóti að sjá, eins og við allir hinir, að þessi hæstv. ríkisstjórn gerði best í því að fara frá. Ef hún hefur raunverulega gefist upp, eins og lesa mátti út úr nýársorðum hæstv. forsrh., þá er það auðvitað best að hún fari frá. En vil þó um leið beina því til hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því innan sinnar ríkisstjórnar að hæstv. ríkisstjórn hætti því að gefa út yfirlýsingar sem í sífellu hafa verið gefnar út og ekki eru sannleikanum samkvæmar, heldur taki hún upp þá hætti að þora að horfast í augu við raunveruleikann og þora að segja þjóðinni sannleikann um hvernig ástandið er. Þá væru þeir ráðherrar þó menn að meiri þó þeir hefðu gefist upp við það að finna ráð til þess að bæta úr ástandinu.

Hæstv. starfandi viðskrh., hæstv. utanrrh., sem eins og ég sagði áðan hefur á síðustu mánuðum verið löngum stundum erlendis og ekki haft mikið tóm til þess að fást við þessi mál, gæti byrjað á því að hafa þetta sem sinn boðskap í þeirri ferð sem hann er nú að leggja upp í um landið, í nýju ljósi, þannig að þjóðin fái þá að sjá í nýju ljósi þá hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson og Ólaf Ragnar Grímsson, þannig að þeir þori þá að segja sannleikann um það hvernig ástandið er en vera ekki með sífelldar glansmyndir og blekkingar. Þá væru þeir menn að meiri. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að halda þannig á máli sínu.

Ég held að það sé ekki ástæða til fyrir mig að hafa þessi orð fleiri. Ég tel það mjög miður að hæstv. viðskrh., sem ég virði þó fyrir að hann skuli vera hér við þessa umræðu nú í dag, ég tel það miður að hann skyldi ekki geta verið við hér í gær og hlýtt á þær merku umræður sem þá fóru fram en það haggar ekki því að það er þó örlítill vottur um lífsmark hjá hæstv. ríkisstjórn að einn hæstv. ráðherra af 11 skuli sjá sér fært að vera við þessa umræðu í dag.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Við umræður hér í gær beindi ég spurningum til hæstv. forsrh. sem raunar var ekki viðstaddur hér á fundinum, því miður, og þá einkum og sér í lagi vildi ég fá svör við spurningum um hvað liði framkvæmd þess þáttar í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar þar sem fjallað er um fjármagnskostnað og segir í 2. lið:

„Stefnt verður að því að afnema vísitöluviðmiðanir í lánssamningum eins fljótt og unnt er."

Nú er staddur hér hæstv. starfandi viðskrh. og ég leyfi mér þess vegna að beina þeirri spurningu til hans, hvort þessi mál hafi yfirleitt verið til umræðu í ríkisstjórninni. Ég minnist þess að hafa heyrt hæstv. forsrh. tala um það að þegar verðbólga yrði komin niður fyrir tveggja stafa tölu um mitt þetta ár, þá yrði unnt að fara að huga að því að afnema vísitöluviðmiðanir í lánssamningum eins fljótt og unnt yrði, að þeim staðreyndum fyrirsjáanlegum.

Í gær rakti ég nokkuð þróun vaxtamála og — ja, það má segja þá stjórnlausu þróun vaxtamála sem varð hér eftir að vextir voru gefnir frjálsir án þess að ráðstafanir væru gerðar til þess að setja tímabundið þak á hækkun vaxta eða tryggja það að erlendir bankar eða lánastofnanir gætu komið hér inn á peningamarkaðinn til þess að keppa við íslenska banka sem ekki er vanþörf á. Íslenskir bankar taka hærri þjónustugjöld en nokkrir aðrir bankar sem vitað er um, einfaldlega vegna þess að útþensla þeirra hefur verið svo gífurleg og rekstrarkostnaður bankanna svo gífurlegur að þeir verða að taka inn tekjur m.a. í þjónustugjöldum og hafa líka mikla tilhneigingu til þess að taka þær inn í tiltölulega háum vöxtum.

Ég rakti líka áhrif hárra vaxta á verðlag og verðbólgu og ég er enn þá sannfærður um að einhver mesti áhrifavaldur í því að auka verðbólguna og hækka verðlag í landinu eru háir vextir. Ástæðurnar fyrir því eru afskaplega einfaldar. Atvinnureksturinn, verslunin, þjónustan sem verður að taka lán á háum vöxtum sækir auðvitað peningana í þjónustugjöld og það eru viðskiptavinirnir sem greiða þetta á endanum.

En það var eitt atriði, herra forseti, sem ég vildi nefna hér vegna þess að hér er starfandi hæstv. viðskrh. Það eru auglýsingar og frásagnir blaða í dag og í gær um vaxtahækkanir. Þetta er mjög alvarlegt mál að mínu mati. Nú sitja hér á fundum menn, fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, og hafa hug á því að ná samningum sem geta miðast við svokallaðan núllpunkt, þ.e. kaupgjald hækki ekki sem nokkru nemur en til móts við verkalýðshreyfingu og atvinnu-

rekstur í landinu verði komið m.a. með því að lækka vexti skipulega, lækka fjármagnskostnað — hvernig sem það verður nú gert. Á sama tíma og þetta gerist má lesa frásagnir og auglýsingar í blöðum þar sem greint er frá því að bankar eru að bjóða innlánsvexti sem eru að nálgast 10%.

Í frétt í Morgunblaðinu í morgun er greint frá því að Íslandsbanki hinn nýi, samrunabankinn mikli, hafi náð viðskiptum frá Landsbanka Íslands, viðskiptum sem Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli hafði við Landsbanka Íslands með því að yfirbjóða Landsbankann í vöxtum. Ég vil benda á að þessi Íslandsbanki er undir forustu og formennsku forseta Alþýðusambands Íslands. Og ég spyr einfaldlega: Hvað er að gerast? Hvaða áhrif og afleiðingar hefur það ef bankakerfið og verðbréfamarkaðurinn taka höndum saman um að sprengja upp vaxtastigið í landinu á sama tíma og verkalýðshreyfing og vinnuveitendur sitja á látlausum fundum til þess að ná skynsamlegum kjarasamningum? Hverjir stjórna hér ferðinni? Er það orðið gjörsamlega útilokað fyrir þetta blessaða fólk sem vinnur í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar að það geti með tilstuðlan ríkisvalds haft hin minnstu áhrif á peningamarkað og efnahagsþróun í landinu? Ég held að þessi þróun hljóti að vera mikið áhyggjuefni fyrir hæstv. ríkisstjórn. Og það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. starfandi viðskrh. á henni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál mitt. Ég hafði hér uppi langa tölu í gær um þetta mál og sagði þar álit mitt á þessari þróun, þróun vaxta á Íslandi sem ég skal endurtaka að ég tel að sé einhver mesti örlagavaldur um afkomu íslenskra fyrirtækja fyrr og síðar og sem hafi valdið því að atvinnurekstur á Íslandi er núna í þeim vanda sem raun ber vitni. Við skulum ekki gleyma þeirri staðreynd að þar sem þeim ráðum hefur verið beitt í þjóðfélögum í kringum okkur, sem nota hið frjálsa markaðskerfi, þar sem þeim ráðum hefur verið beitt að hækka vexti til þess að hafa áhrif á þróun peningamála, þá hefur það jafngilt stöðvun hjóla atvinnulífsins. Það er staðreynd sem enginn getur litið fram hjá. Og ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að ekkert getur komið íslenskum atvinnurekstri eins mikið til góða og nákvæmlega það að koma fjármagnskostnaðinum niður.

Ég sagði líka hér í gær og færði að því gild rök að þessi þróun, þessi gífurlegi fjármagnskostnaður sem hefur átt sér stað í landinu og hefur fært til meiri fjármuni heldur en dæmi eru til um frá undirstöðuatvinnugreinunum og til einstakra fjármagnseigenda í landinu er einhver alvarlegasti þáttur peningamálastefnunnar sem tekinn hefur verið upp og er núna að kristallast í byggðaröskun sem engin dæmi eru til um í samanlagðri sögu þjóðarinnar, ef fram heldur sem horfir.

Þess vegna spyr ég einfaldlega: Hvaða hugmyndir hafa stjórnvöld um það að í raun og veru takist að lækka vaxtastigið? Hvaða hugmyndir hafa stjórnvöld um það að hugsanlega takist að breyta reikningsgrundvelli lánskjaravísitölu þannig að hún vegi ekki eins þungt og hún gerir? Fróðir menn segja mér að það mætti t.d. með góðu móti taka beina skatta út úr lánskjaravísitölu. Það sé hrein fásinna að hafa skattana inni í lánskjaravísitölunni. Ég hygg að það séu margar aðrar leiðir færar til þess að reyna að draga úr áhrifunum sem hún hefur á fjármagnskostnaðinn.

Ég sagði líka í gær að ég harmaði það að umræða af þessu tagi skyldi ekki hafa farið fram fyrr á Alþingi og með þeim hætti að það væri hægt að ræða þessi mál af tiltölulega skynsamlegu viti en ekki láta þróunina fara fram stjórnlaust fyrir utan þetta virðulega hús þannig að atvinnulíf og einstaklingar bíða stórkostlegan hnekki af.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég var búinn að ræða lauslega um þetta frv. í gær en ætlaði nú að brýna hér aðeins á nokkrum atriðum af því að einn af þeim hæstv. ráðherrum er hér viðstaddur og hefði ég óskað eftir því að hæstv. forsrh., sem aðaltalsmaður um vexti og fjármálakostnað, ætti að geta látið svo lítið að vera hér þegar verið er að ræða þetta hans hjartans mál. Ég verð að spyrja hæstv. forseta hvort það sé ekki mögulegt að bæta úr því. (**Forseti:** Það mun hafa verið gert samkomulag hér fyrr á fundinum milli aðalforseta deildarinnar og forsrh. um að forsrh. þyrfti ekki að vera hér. Hann hefur öðrum hnöppum að hneppa sem stendur. Hins vegar er starfandi viðskrh. mættur og ég vænti þess að það fullnægi óskum ræðumanns.) Það verður víst svo að vera.

Út af orðum síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. e. og forseta þessarar hv. deildar, verð ég að segja það að margt af því sem hann kom inn á er alveg rétt. Vextir eru mikill örlagavaldur fyrir íslenskt atvinnulíf. En er það bara vöxtunum að kenna? Af hverju eru vextirnir svona háir? Er ekki kominn tími til þess að fara að ræða það og vera ekki að hoppa alltaf í kringum tréð þegar efnahagsmál eru hér til umræðu og tala um að allt sé vöxtunum að kenna? Er það ekki frekar efnahagsstjórnin sem hefur áhrif á vextina og stjórn ríkisfjármála, stjórnun peningamála? Auðvitað hefur hún bein áhrif á vexti.

Hv. þm. talaði um það að taka skatta út úr vísitölunni til þess að lækka vexti, alla þessa skatta sem þeir hafa dengt yfir þjóðina sl. tvö ár. Nú á að fara að taka afleiðingarnar út úr kerfinu. Ég verð nú að segja það — og óska ég þess nú mikið að verðbólga og peningaleg óstjórn í landinu geti komist í vitrænt horf — en ná menn árangri ef menn keyra á 100 km hraða með því að skipta um spjald í hraðamælinum, setja bara míluskala og skrifa km? Er það árangur? Hefur bíllinn eitthvað hægt ferðina? (**ÞP:** Sumir hafa náð árangri þannig.) Og stefnt að því að afnema vísitölukerfið eins fljótt og unnt er, var hv. 3. þm. Norðurl. e. að segja að stæði í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar. Stefnt að því sem sagt að taka hraðamælinn úr sambandi svo að enginn sjái á hvílíkri ógnarfart þessir menn eru að keyra. Það þarf engan hraðamæli. Þá geta menn bara ákveðið sjálfir hvaða hraða þeir eru á. (**Utanrrh.:** Það eru náttúrlega aðrar

þjóðir sem ekki hafa vísitölutryggingu og engan hraðamæli.) Þær hafa frjálst efnahagslíf og frjálsa vexti, frjáls gjaldeyrisviðskipti sem er hinn raunverulegi mælikvarði, þá eru þeir borgarar sem skipta við markaðinn. Þeir eru nokkurs konar kviðdómur á efnahagsstjórn í viðkomandi landi. Það er akkúrat það sem vantar hér. Það vantar svoleiðis kviðdóm. Það vantar frjálsa gjaldeyrisverslun til þess að kveða upp úr um efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar. Þá kæmi sannleikurinn í ljós og það væri nú óþægilegt fyrir einhvern ef sannleikurinn kæmi nú allt í einu í ljós, t.d. á morgun. Hvað mundu þessir háu herrar geta gert annað en að segja af sér í hvellinum? Þá kæmist upp um strákinn Tuma. Þess vegna vilja sjálfstæðismenn gefa gjaldeyrisverslunina frjálsa svo framkvæmdarvaldið komist ekki upp með að blóðmjólka íslenska atvinnuvegi í gegnum falska gengisskráningu. Þá segja þessir háu herrar: Við viljum enga gengiskollsteypu. Það má ekki skrá gjaldmiðilinn í samræmi við seðlaprentunina á hverjum tíma. Það á líka að fela það. Ég held einmitt að tími sé kominn til þess, eins og ég sagði áðan, að hætta að hoppa í kringum tréð og fara að tala á mannamáli um þessa hluti.

Það er alveg rétt að fjármagnskostnaður, sem afleiðing af peningalegri óstjórn, fer illa með íslenska atvinnuvegi og unga fólkið sem er að byggja. En eins og ég sagði áðan, við læknum ekkert hjá þessu fólki með því að kippa hraðamælinum úr sambandi eða skipta um spjald. Það er sjálfsblekking og blekking gagnvart öðrum og ekkert annað. Og ætla menn að fara að ráðast aftur á eldra fólkið, á sparifé? Einu sinni var sú tíð að milljarðar voru millifærðir með dulbúnum hætti frá sparifjáreigendum yfir til einhverra annarra. Nú hin síðari ár hafa milljarðar flogið úr undirstöðuatvinnuvegum landsmanna yfir til einhverra annarra. Vegna hvers? Vegna þess að okkur vantar hér frjálsa gjaldeyrisverslun til þess að þeir sem skipta með gjaldeyri geti fylgst með efnahagsstjórn og seðlaprentun og ákveðið verðgildi gjaldmiðilsins í samræmi við það. Það er ekki flóknara en svo. Það er spurning hvort ekki væri hægt að senda hæstv. ráðherra á námskeið í peningastjórn hjá Alþjóðabankanum. (**Gripið fram í:** Sumir hafa verið þar.) Og virðast ekki hafa lært mikið. Það er allsvakalegt að hafa orðið vitni að því núna sl. tvö haust að menn tala um að bjarga atvinnuvegunum og geta svo ekki gert annað en að hækka skatta á atvinnuvegina. Lána þeim meiri pening til þess að plata sjálfa sig og aðra. Lána þeim erlendan gjaldmiðil á kolvitlausu gengi og prenta seðla fyrir þessum sömu erlendu lánum sem er nákvæmlega eins og að dæla vatni inn í gufuketil og halda að þrýstingurinn hækki ekki. Við erum því miður bara komnir hálft skref í áttina að frjálsu efnahagsfyrirkomulagi með því að hafa vextina frjálsa. Þannig sjáum við hver hin peningalega óstjórn er á hverjum tíma, svo ekki sé hægt að stela peningum af gamla fólkinu, því eldra fólk á stærstan hluta sparifjár og hinn almenni launþegi. Hvað var t.d. fyrsta verk þessara hæstv. ráðherra árið 1988? Það var að taka stórkostleg erlend lán og lána þessum fyrirtækjum, sem áttu erfitt, á kolröngu gengi. Svo kom árið 1989 og menn neyddust til þess smám saman að viðurkenna eigin seðlaprentun og þá fengu fyrirtækin allt framan í sig, og eigið fé hálfu minna en áður. Þetta voru nú gjafirnar. Og hver er sínum gjöfum líkastur. Það er ekki hægt að færa, hvorki unga fólkinu, undirstöðufyrirtækjunum né öðrum neitt betra en heilbrigða efnahagsstjórn. Menn tala hér um fjöldagjaldþrot og hrun og vilja svo ekki sjá hvað hefur verið að gerast í kringum þá. Það sást skilti í sjónvarpinu þegar frjálsræði var að aukast í Austur-Berlín seint á síðasta ári og á skiltinu stóð: Öreigar allra landa, afsakið. Karl Marx. Mér hefur dottið í hug hvort hæstv. forsrh. þyrfti ekki að koma sér upp einhverju skilti þar sem stæði „Undirstöðuatvinnuvegir, afsakið. Steingrímur."

Einhvern tímann var talað um tékkneska gátu sem var svo: Hvað er þriggja kílómetra langt og borðar kál? — Það er biðröð við tékkneska kjötverslun. En hvað er það á Íslandi sem er hálfgjaldþrota og þiggur lán? Það eru fórnarlömb sósíalisma á Íslandi. Því þetta handstýrða og miðstýrða kerfi er sósíalískt og það er það sem þarf að laga, fyrr fer efnahagslífið ekki að lagast.

Það er ekki hlutverk ríkisstjórnar, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds að vera með atvinnulífið allt saman í einhverjum öndunarvélum og gjörgæsludeildum einhverra sjóða. Þykjast vera að redda hinu og þessu og sprauta bara í það meira morfíni í formi lánsfjár.

Ég er sammála markmiði þessa frv. sem hér er lagt fram um stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum, en þetta er bara ekki svona einfalt. Eigum við ekki að fara að skoða seðlaprentun framkvæmdarvaldsins umfram heimildir á fjárlögum ár eftir ár? Hvað ætli seðlaprentunin hafi verið mikil árið 1988 eftir að þessi hæstv. ríkisstjórn tók við eða fyrrv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar? Hvað skyldi það hafa verið mikil seðlaprentun?

Ég vil spyrja þann hæstv. ráðherra sem hér er staddur fyrir hönd þessarar stjórnar: Hver er ábyrgur fyrir þessari seðlaprentun? Hvern telur hann vera ábyrgan fyrir því að prenta seðla fyrir erlendum lánum og finna út gjaldmiðil landsins og segja síðan: Við viljum enga gengiskollsteypu? Verður ekki gjaldmiðillinn alltaf að vera verðlagður í samræmi við prentunina? Annað er bara þjófnaður á fé undirstöðufyrirtækja, þannig gerast þessir hlutir. Hver er ábyrgur fyrir seðlaprentuninni? Hvaða hæstv. ráðherra er stjórnarfarslega ábyrgur fyrir seðlaprentuninni? Og ef ráðherra má vera ábyrgur fyrir því að prenta seðla, má þá ekki bara Jón Jónsson úti í bæ prenta líka? Það er líka spurning, má koma upp peningaprentvél í hverjum landshluta í jafni jafnréttis og félagshyggju? Mundi það leysa einhvern vanda?

Ég óska þess að fá svar við því, í fyrsta lagi: Eigum við ekki að fara að ræða þessa seðlaprentun í alvöru, tala hreint út um þessa hluti? Og: Hvaða ráðherra er ábyrgur fyrir þessari seðlaprentun? Ég geri nú ekki

ráð fyrir að hægt sé að svara því hvað hún var mikil haustið 1988 og 1989. Þetta er upp á marga milljarða. Svo eru menn að gera stóra og mikla hluti og leggja fram fjáraukalög sem eru öll fjármögnuð með erlendu lánsfé meira og minna og seðlaprentun.

Ég held að það þurfi að endurskoða samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og löggjafarvaldið þurfi að fara að stíga á tærnar á framkvæmdarvaldinu, a.m.k. hvað varðar seðlaprentun.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér við umræður í gær en varðandi það frv. sem hér liggur fyrir frá hv. 3. þm. Suðurl. vil ég segja að ég tel þá viðleitni virðingarverða sem hv. þm. sýnir þing eftir þing í sambandi við þessi mikilvægu mál, þ.e. lánskjör og ávöxtun sparifjár. Margt er jákvætt í þessu frv. sem ég get tekið undir. Hins vegar eru því miður nokkur atriði sem eru vafasöm og gera það að verkum að breyta þarf frv. til þess að ég gæti sýnt því stuðning í heild.

Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega hér af því að ég gat ekki verið við 1. umr. málsins. En ég vil aðeins geta þess að þetta er vissulega eitt af stærri og þýðingarmeiri málum í sambandi við efnahagsástandið og þá stefnu sem við gerum ráð fyrir að sú ríkisstjórn sem nú er við völd í landinu eigi að ná fram. Ég get vitnað í stjórnarsáttmálann eins og hér er gert raunar í grg. með þessu frv. sem gerir ráð fyrir ákveðnum aðgerðum að því er þessi mál varðar, þ.e. að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og lánskjara. Og við vitum að vaxtamálin eru þar viðamest.

Ég vil aðeins geta þess hér, af því að ég er kominn í þennan ræðustól, að á vegum Framsfl. hefur verið mjög mikið fjallað um þessi mál sem við erum sammála um að séu þýðingarmestu málin í efnahagskerfi þjóðarinnar í dag. Er allt of lengi búið að ganga á öfugan veg miðað við það sem hefði verið eðlilegt að stefnan væri á hverjum tíma. Við vorum skipaðir, nokkrir þingmenn, í efnahagsnefnd flokksins og skiluðum ítarlegu áliti. Við færðum rök fyrir því að við Íslendingar erum á tímamótum og það er kominn tími til að stokka upp þá efnahagsstefnu sem hér hefur verið fylgt í áraraðir og allir vita hvernig niðurstaðan hefur verið. Það hefur verið vítahringur sem hefur alltaf endað á sama veg, þjóðin hefur staðið frammi fyrir efnahagsvanda sem var ekki hægt að leysa og er ekki hægt að leysa nema með gífurlegum álögum og kollsteypum sem hafa raunverulega aldrei verið teknar þeim tökum sem þurft hefði vegna þess að sama sagan hefur alltaf endurtekið sig ár eftir ár.

Í þessum efnahagstillögum gerum við mjög róttækar tillögur um nýjar leiðir í sambandi við fjármagnið og meðferð fjármagns og þar með vexti og allt sem þeim fylgir. Við gerum mjög ítarlegar og ákveðnar tillögur um meðferð peningamála. Við leggjum til að vísitölubinding verði afnumin og verðtrygging krónunnar, miðað við lánskjaravísitölu eða aðrar vísitölur, verði bönnuð. Hins vegar viljum við að lögleiddur verði réttur til að endursemja um eldri lánasamninga í sambandi við þessi mál. Við teljum að aðalforsendur fyrir heilbrigðu lífi í landi okkar sé að verðbólga verði svipuð og ekki meiri en í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum þjóðarinnar. Við viljum að gjaldmiðillinn sé skráður á sem réttustu gengi á hverjum tíma. Við teljum að fjármagnsmarkaður verði að vera samkeppnishæfur við það sem gerist í viðskiptalöndunum í kringum okkur og við teljum að vextir verði að lækka og vísitölur aflagðar.

Það er alveg ljóst að þetta eru í raun og veru aðalatriðin í þeim átökum sem nú fara fram og ég hlýt að undirstrika það, fyrst ég er á annað borð kominn upp í ræðustól, að þetta er eitt af því sem er til umræðu í þingflokki Framsfl. núna, bæði á síðustu mánuðum og er enn. Við viðurkennum það að verðbólga og röng gengisskráning og okurvextir og óarðbærar fjárfestingar, ásamt miklum halla á ríkissjóði, hafa skekkt undirstöðu atvinnulífsins þannig að ekki dugi annað en róttækar aðgerðir til þess að vinna sig upp úr þessu.

Menn hljóta að fagna þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hefur hjá aðilum vinnumarkaðarins og kemur fram í viðræðum þeim sem þessir aðilar hafa átt í og eiga nú í, bæði á undanförnum vikum og nú á þessum dögum. Það verður að fagna því að menn vilja fara hér nýjar leiðir. Það er málið. Þess vegna hlýtur það að valda miklum vonbrigðum, svo ekki sé meira sagt, að áform sem eru í öllu þessu dæmi um það að sameina bankakerfið, eða stærri heildir. Til hvers? Til þess að ná betri tökum á þessum málum og til þess að lækka kostnaðinn, kostnaðinn fyrir atvinnurekstrinn, kostnaðinn fyrir einstaklingana með því að stórar heildir hljóti að verða reknar á hagkvæmari hátt en minni. Þess vegna er það sorglegt, ég held að óhætt sé að nefna það því nafni, að núna skuli birtast fréttir og auglýsingar frá sameiningu fjögurra banka í einn og árangurinn er sá að þessi banki gengur á undan með hækkun vaxta á sama tíma og allir viðurkenna að við stöndum á viðkvæmasta punkti í efnahagsumræðunni, þ.e. í sambandi við þær kjaraumræður sem nú fara fram. Þetta finnst mér alvarleg staðreynd sem hlýtur að kalla fram þá skoðun að það er ekki út í bláinn þegar menn hafa haldið því fram að bankakerfið og verðbréfakerfið í landinu, sem hefur átt að þróast á jákvæðan hátt ef rétt er að stefnt, hafi slík kverkatök á þróun vaxta og fjármagnskostnaðar í landinu sem raun ber vitni. Þess vegna er það náttúrlega alveg ljóst að Alþingi með ríkisstjórn í farabroddi verður að gera atlögu gegn þessari þróun. (**Gripið fram í:** Hvað með prentunina?) Og það þýðir ekkert annað en að taka það í alvöru. (**Gripið fram í:** Hvað með seðlaprentunina?) Þegar ég tala um bankakerfið þá tala ég auðvitað einnig um Seðlabankann og yfirstjórn þessara mála. Hún er ekki eins og hún þarf að vera. Ég þarf ekkert að eyða tímanum í að ræða það hér frekar því allir þeir sem hér eru inni eiga að vera það upplýstir að þeir viti hvað um er að ræða. Og ég verð að segja það, fyrst starfandi viðskrh. er hér í salnum eða í húsinu alla vega, að það er

kominn tími til að þeir menn sem hafa yfirstjórn peningamála í landinu, þeir ráðherrar, ef við tölum um þetta fjölskipaða vald sem ríkisstjórnin virðist vera, að alveg er óhætt að ætlast til þess og gera þá kröfu að þeir hafi forystu um það að átta sig á því að hér er ekkert lítið alvörumál á ferðum. Hér er grundvallaratriði, eins og raunar hefur komið hér fram áður, það er grundvallaratriði í efnahagsmálunum, í atvinnumálunum, fyrir atvinnureksturinn í landinu og fyrir heimilin í landinu. Og þess vegna, af því að ég tók þá ákvörðun að koma hér aðeins inn í þessar umræður, fyrst og fremst til þess að gefa 3. þm. Suðurl. hrós fyrir viðleitni hans í erfiðri stöðu á undanförnum þingum, tel ég ástæðu til að undirstrika þörfina á því að ríkisstjórn og Alþingi fari að átta sig á því að ekki þýðir lengur að fara þær leiðir sem áður hafa verið farnar, hvort sem íhaldsmenn, framsóknarmenn, kratar eða kommar eru við stjórn, það hefur alltaf mistekist. Þar af leiðandi er a.m.k. ástæða til að taka tillit til þeirra stefnubreytinga sem hafa orðið í viðræðum aðila vinnumarkaðarins og átta sig á opinberum aðgerðum sem þarf að gera til þess að árangur geti orðið af þeirri niðurstöðu sem þar verður tekin. Það ætti að vera hægt að hugsa sér að möguleikar verði á að ná nýjum tökum á efnahagsstjórninni almennt og þessum aðalatriðum sem eru vextir og fjármagnskostnaður. Hver einasti aðili í landinu gerir sér grein fyrir hvernig þau mál standa í dag og það verður að vera aðalatriði fyrir bankamálaráðherra, hver sem hann er á hverjum tíma og ekki síst núna þegar búið er að gera svona átak í sameiningu bankakerfisins, að bankarnir verði látnir starfa með eðlilegum hætti svo þeir komi a.m.k. ekki í veg fyrir jákvæða þróun að þessu leyti til og að við getum nálgumst það markmið að hér sé viðskiptaástand á sama veg og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Það ætti að vera auðvelt mál.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil vitna til ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. í gær þar sem hann vék að því hvernig atvinnufyrirtæki hefðu verið leikin á undanförnum árum með óhóflegum fjármagnskostnaði og þá ekki síður hvernig þeir sem af brýnni nauðsyn hafa verið að reyna að eignast húsnæði hafa horft á eftir takmörkuðum fjármunum sínum í vexti og verðtryggingar langt umfram það sem þeir höfðu búist við. Við þekkjum vafalaust öll af eigin raun eða annarra dæmi um hvernig þróun vaxta og lánskjara hefur leikið marga, enda þótt þeir hinir sömu hafi gert margvíslegar ráðstafanir og áætlanir sem áttu að tryggja að þeir gætu staðið við nauðsynlegar fjárskuldbindingar. Hér á ég bæði við einstaklinga og fyrirtæki. Auðvitað eru líka mörg dæmi þess að menn geti sjálfum sér um kennt, hafi sýnt óforsjálni og ofdirfsku og þannig grafið sína eigin gröf og jafnvel grafið öðrum gröf í leiðinni.

Við kvennalistakonur höfum haft áhyggjur af þessum málum ekkert síður en aðrir. Ég minni á það að fyrir einum fimm árum lögðum við fram tillögu hér á þinginu um að miða verðtryggingu langtímalána vegna húsnæðis og námslána við vísitölu kauptaxta í stað lánskjaravísitölu. Sú tillaga fékk sára litla umfjöllun hér. Menn benda oft á að misgengi vísitalna getur verið af ýmsu tagi en okkar skoðun var og er sú að raunar sé það réttlátara að launafólk geti miðað sínar áætlanir og framtíðarskuldbindingar við það eina sem það hefur að selja, vinnuframlag sitt.

Ég vil líka nefna að oft hefur heyrst gagnrýni á það hvernig lánskjaravísitalan er saman sett og margir eiga bágt með að sjá réttlæti í þeirri samsetningu þegar lán manna hækka vegna þess að verð á tóbaki og brennivíni og öðrum slíkum þáttum hækkar. Mörgum finnst það lítt skiljanleg ráðstöfun.

Þessi umræða hefur nú þróast þannig að lítið hefur verið rætt um frv. sjálft sem er þó tilefni umræðunnar. Ekki er nema allt gott að segja um það að umræðan fari á víðari vettvang því að það er sannarlega umræðu vert hvernig lánskjaravísitalan hefur leikið fólk í þessu þjóðfélagi. Rétt er að minna á og undirstrika það sem hv. þm. Árni Gunnarsson hefur talað um hér, þær eignatilfærslur sem hafa orðið í þjóðfélaginu og þá búseturöskun sem orðin er og við sjáum engan veginn fyrir endann á. Við sjáum alls ekki hvaða afleiðingar hún hefur, ekki aðeins í dreifbýlinu heldur ekkert síður á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún kallar á margfalda uppbyggingu á meðan dýrar byggingar og framkvæmdir úti á landi standa vannýttar. Þetta er hlutur sem verður að fara að taka til rækilegrar athugunar og hafa framkvæmdir um hvernig á að sporna við.

En svo að ég víki að þessu frv. sem hér er til umræðu, þá er ég ekki alls kostar viss um að sú leið sem þar er valin sé sú besta, þó að ég hafi ekki aðra betri á reiðum höndum. Með henni er verið að hafna verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu og lagt til að tengja vaxtastigið því sem gengur og gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Flm. vill fela Seðlabankanum að ákveða vexti og í rauninni er hann þarna að leggja til að vextir verði gengistengdir með nokkrum hætti. Ég mundi vilja fá nánari útskýringu á því hvernig slíkt kemur út í reynd hjá þjóð sem býr við jafnmiklar hagsveiflur og við. Ég held að nauðsynlegt sé að fram fari efnislegri umræða um þetta frv. en hefur verið, þó þessi umræða sem hér hefur farið fram hafi verið mjög góð og bæði vakið upp margar spurningar og komið með margar upplýsingar.

Ég hef efasemdir t.d. um 4. gr. þessa frv. sem kveður á um að af spariinnlánum greiðist til jafnaðar vextir 1–2% neðar almennum útlánsvöxtum. Þar finnst mér litið fram hjá því hve almenn útlán eru mismunandi og mér finnst líka litið fram hjá því að innlánskjör eru ákaflega mismunandi. Það eru mörg tilboð í gangi á því sviði og fólk veit ekki fyrir víst hvernig á að snúa sér í þessum málum.

Ég er einnig ósammála því að hlaupareikningar og ávísanareikningar beri eins lága vexti og þar er lagt til. Ég efast um að það sé rétt sem er sagt í athugasemdum að tíðkist ekki í vestrænum ríkjum að greiða innlánsvexti af veltuinnlánum. Ég held að það sé ekki

rétt. Ég veit að það tíðkast í Bretlandi þar sem er töluverð samkeppni milli banka um vaxtakjör á slíkum reikningum. Við skulum ekki gleyma því að þetta eru launareikningar fjölda fólks sem leggur á þennan hátt til stóran hluta af því ráðstöfunarfé sem bankarnir hafa. Ég tel það misskilning að bankarnir hafi í raun kostnað af slíkum reikningum og tel að þeir ættu a.m.k. að greiða þá vexti sem eru greiddir af meðalupphæð mánaðarlega en ekki af lægstu innstæðu eins og nú er.

En það er langt frá því að ég finni þessu frv. allt til foráttu, ég tel að skoða ætti það mikið betur en gert hefur verið hér enn þá. Vonandi verður það gert í nefnd og kæmi þá kannski eitthvað út úr því sem menn gætu fótað sig á til þess að breyta á einhvern máta þeirri efnahagsstjórnun sem hefur verið hér.

Þessi umræða hefur tekið þá stefnu að mikið hefur verið talað um þróun vaxtamála og fjármagnskostnaðar undanfarin ár. Þá vil ég nú enn minna á þegar Sjálfstfl. og Framsfl. í bróðerni innleiddu vaxtafrelsið forðum og að því er virðist án þess að gera sér nokkra grein fyrir þeim áhrifum sem það hefði. Trúlega hefur ein orsök þess að þessi stefna var tekin verið sú kenning að háir vextir leiddu til sparnaðar. En það er hlutur sem alls ekki allir eru sammála um og mér sýnist ekki að sú hafi orðið raunin hér. Nú fórnar forsrh. höndum og skilur ekkert í hvernig málum er komið, en tilraunir ríkisstjórnarinnar, ef þær hafa einhverjar verið, til að lækka vexti hafa engan árangur borið enn, þó því sé lofað í stjórnarsáttmála að að þeim málum skuli unnið. Og ég vil leggja þá spurningu fyrir hæstv. ríkisstjórn hvort hún sé búin að gefast upp við að hafa einhverja stjórn á þessum málum, hvort hún ætli að viðurkenna vanmátt sinn.

Það er margt í þessu sem hefði þurft að ræða frekar en ég var satt að segja ekki undir það búin að taka þátt í þessari umræðu í dag. Ég hélt að hún færi ekki fram fyrr en seinna. En ég vildi nefna eitt atriði sem oft heyrist í máli manna, sérstaklega þeirra sem ekki lifa og hrærast í fjármálaheiminum en þurfa nú samt sem áður annað veifið á einhverri fjármagnsfyrirgreiðslu að halda. Stundum þurfa þeir á því að halda að geyma fjármuni sína um lengri eða skemmri tíma í bönkum. En útfærslan á vöxtum er oft og tíðum svo flókin að fólk getur með engu móti áttað sig á hver útkoma dæmisins verður. Það er þess vert að velta því upp hvort ekki sé ástæða til að setja lánastofnunum einhverjar reglur eða fyrirmæli um að upplýsa almenna lántakendur á mannamáli um það hvernig fjármáladæmi þessi muni þróast að teknu tilliti til vaxta og lánskjara. Þetta held ég að væri mjög þarft verkefni að vinna. Og ég vil, fyrst hæstv. ráðherra er viðstaddur, biðja hann að svara þeirri spurningu hvort ríkisstjórnin hafi uppi einhver áform um að reyna að lækka vexti í þessu landi og fjármagnskostnað þannig að fólk þurfi ekki að horfa eftir eignum sínum út í eilífðarbláinn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson gat um það að þeir hafi verið í nefnd þó nokkrir þingmenn og skilað sínu áliti. Það er út af fyrir sig lofsvert. En ef það á að fá framgang í tíma verður það að koma til umfjöllunar hér á Alþingi. Það er búið að athuga þessi mál af ýmsum flokkum og jafnvel gera tillögur. Það hefur sést lítið frá hæstv. ríkisstjórn.

Hv. 5. þm. Austurl. var að tala um að þau lán sem Atvinnutryggingarsjóður hefði lánað hefðu orðið til þess að verið væri að stela eigin fé af þeim mönnum eða þeim fyrirtækjum sem hefðu fengið þar fyrirgreiðslu. (Gripið fram í.) Ég vona að þingmaðurinn átti sig á því að þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá, þá lýstu ráðherrarnir því yfir hver um annan þveran að allt útflutningsatvinnulíf í landinu væri að stöðvast. (Gripið fram í.) Ja, það er bara staðreynd að þetta varð til þess að þau fyrirtæki sem hafa fengið fyrirgreiðslu ganga. Ég hef samband við marga af þessum mönnum og þeir segja að þetta hafi orðið til þess að bjarga sínum rekstri. Hv. 5. þm. Austurl. verður að átta sig á því við hverju þessi ríkisstjórn tók. Hitt er svo annað mál að hún hefur staðið sig blátt áfram hraklega í mörgum málum. En það breytir ekki því að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og þeir sem þar réðu ferðinni stóðu sig ekki betur, þeir sigldu öllu í strand og þess ætti hv. 5. þm. Austurl. að vera minnugur.

Starfandi viðskrh. er hér nú en var ekki hérna þegar ég ræddi þetta áðan. Nú kemur það í blöðum að hinn nýi Íslandsbanki er að ganga á milli fyrirtækja eða auglýsa í blöðum að þeir eru að bjóða í vextina. Þeir eru að bjóða þeim sem eiga peninga svo og svo háa vexti, fulla verðtryggingu og allt upp í 9,5%. Hvað þarf nú að lána þessa peninga út á til þess að þetta standist? Hefur hæstv. ráðherra áttað sig á því? Ætlar hæstv. ríkisstjórn virkilega að láta þetta bara afskiptalaust? Ætlar hún bara að láta fljóta að feigðarósi í þessum málum og gera það þannig ómögulegt að vinnumarkaðurinn geti náð skynsamlegum samningum? Það er grundvallaratriði að það takist. Ráðherrar hafa sagt í viðtölum að raunvextir séu 7%. Þessir vextir eru ekki til nema í Stofnlánadeild, hjá Húsnæðisstofnun og Atvinnutryggingarsjóði. Annars er þeir ekki til, ekki til í bönkunum. Hæstu vextir þar eru 7,5% nema þessir svokölluðu kjörvextir sem aðeins þeir fá sem hafa ríkisábyrgð eða ríkið getur fengið eftir þeim reglum sem gilda.

Ég hef nýlega séð tilkynningu um greiðslu frá einum af þeim bönkum sem mynda Íslandsbanka upp á 10,25% og það þarf enginn að segja mér að banki sem býður upp á 9,5% innlánsvexti láni út á minna en 12–13%, kannski meira. Hafa vextirnir lækkað, hæstv. ráðherra? Hverju gengum við frá þegar þessi ríkisstjórn var mynduð og hver var árangurinn?

Nei, ég held að ríkisstjórnin verði að manna sig upp í að taka á þessum málum. Það verður að koma í veg fyrir að allt fari á þann veg sem gerðist á þeim tíma þegar utanrrh., sem gegnir nú fyrir viðskrh., var

fjmrh. Þá fór þetta á uppboð, vextirnir, og ríkisstjórnin bauð og bauð endalaust hærra og hærra til þess að koma ríkisvíxlunum út. Ég held að fólkið í landinu, og ég vona að hæstv. ráðherrar og þingmenn hafi það samband — jarðsamband vil ég segja — við fólkið og lífið í landinu að þeir viti um þær hörmungar sem blasa víða við, ekki einungis hjá fyrirtækjum heldur líka fjöldamörgum einstaklingum. Það er ekki hægt að líða þetta lengur. Hvernig stendur á því að þessi ríkisstjórn og fyrrv. ríkisstjórn stjórna þannig að það eru bara peningarnir sem deila og drottna? Það er ekki til í neinu landi að ég veit til sem vaxtatekjur eru skattfrjálsar. Gamall maður kom til mín núna á dögunum og sagði: Ég hafði svolitlar tekjur af landbúnaði og þess vegna fæ ég ekki tekjutrygginguna. Ef ég hefði fengið þessar tekjur af innstæðum, vaxtatekjur, þá hefði ég haldið tekjutryggingunni. Hvaða vit er í þessu öllu? Það er vit í því að lánin skulu hækka, ef hækkar áfengi, ef hækka erlendar vörur o.s.frv. En kaupið, það hækkar ekki. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að nú er komið að hefðbundnum þingflokksfundatíma og vil spyrja hann hvort hann vilji fresta ræðu sinni núna eða leitast við að ljúka henni á 1–2 mínútum.) Ég get, hæstv. forseti, lokið þessu. Ég heyri það í blöðum og fjölmiðlum að hæstv. ráðherra, ásamt öðrum ráðherra, er að ferðast um landið. Ég hef lítið heyrt af þeirra boðskap. Þeir segjast ferðast í nýju ljósi. Ef ekki verður breyting á get ég ekki betur séð en að þeir ferðist algerlega ljóslausir og þannig muni fólkið í landinu finna til ef þeirra boðskapur og viðhorf verða áfram eins og þjóðfélagið stendur nú og frammi fyrir samningum sem er verið að reyna að gera með skynsamlegu móti en geta ekki orðið vegna afskiptaleysis ríkisstjórnarinnar.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

41. fundur, fimmtudaginn 25. des., kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 25. jan. 1990:

„Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum utan í opinberum erindagjörðum og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Gíslason, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Geir H. Haarde,
forseti Nd.“

Björn Gíslason hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Útbreiðsla svæðisútvarps á Austurlandi, ein umr.

Fsp. JK, 205. mál. — Þskj. 238.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Á þskj. 238 hef ég beint fsp. til hæstv. menntmrh. um útbreiðslu svæðisútvarps á Austurlandi. Fsp. er svohljóðandi:

„Hver er útbreiðsla svæðisútvarps Austurlands og hvenær má vænta að útsendingar þess nái til Austurlandskjördæmis alls?“

Þessi nýjung í starfsemi Ríkisútvarpsins, svæðisútvörpin í hinum ýmsu landsfjórðungum, er mjög vinsæl og jákvæðasti þátturinn í hinni miklu fjölmiðlabyltingu sem verið hefur á síðustu árum. Landsbyggðarmenn eru mjög þakklátir fyrir þessa starfsemi. Hún er vinsæl og gildir þá einu hvort það er á Austfjörðum, Norðurlandi eða Vestfjörðum.

Tilkoma þessara svæðisútvarpa hefur orðið til þess að dagskrárgerð úti á landsbyggðinni hefur aukist og þess sér m.a. stað í dagskrá Ríkisútvarpsins sem er útvarpað til landsins alls. Þetta er mjög jákvæður þáttur.

Svæðisbundnar útsendingar njóta mikilla vinsælda eins og skoðanakannanir sanna, en sá er hængur á á Austurlandi að þessar útsendingar ná ekki til fjórðungsins alls og eru verulega stór svæði þar án þessara útsendinga. Austurlandskjördæmi er mjög stórt, eins og kunnugt er, og nær frá Langanesi suður að sýslumörkum á Skeiðarársandi.

Þetta er slæmt fyrir svæðisútvarpið á Austurlandi þar sem m.a. þéttbýlið í Austur-Skaftafellssýslu nær ekki þessum útsendingum. Það hefur áhrif á auglýsingatekjur þessa fjölmiðils og það hefur síðan sýnt sig að þessar útsendingar ásamt svæðisbundinni blaðaútgáfu sem er veruleg úti á landi hefur þjappað landsbyggðarfólki saman um sín mál. Þess vegna er þessi fsp. borin fram um hver útbreiðslan sé og hvenær megi vænta úrbóta í þessu efni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Svæðisútvarpið á Austurlandi nær frá Vopnafirði suður til Djúpavogs. Enn þá vantar fjóra senda í dreifikerfi Rásar 2 svo það nái til sama svæðis og FM-dreifikerfi Rásar 1. Það vantar senda í Álftafjörð, Lón, Almannaskarð og í Borgarhöfn. Uppsetning þessara senda hefur enn ekki verið tímasett en hún kostar 5,6 millj. kr. Það sem liggur nú fyrir að gera til stækkunar útbreiðslusvæðis svæðisútvarps Austurlands er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að leigja hljóðflutningslínu frá Póst- og símamálastofnun frá Egilsstöðum til Hafnar í Hornafirði og tengja þannig Höfn svæðisútvarpinu. Leiga á ári á þessari hljóðflutningslínu frá Póst- og símamálastofnun er 1,1 millj. kr. og þessi lína verður tengd núna á fyrstu mánuðum þessa árs. Einnig er áformað að setja upp endurvarp á Heiðarfjalli sem tæki á móti merki frá sendi Rásar 2 á Gagnheiði og endursendi það til Borgarfjarðar. Þessi áætlun hefur ekki verið tímasett en framkvæmdin við hana kostar 1,4 millj. kr.

Þetta eru þau svör sem borist hafa frá Ríkisútvarpinu og eins og fram kemur í þeim liggur það fyrir að þéttbýlissvæðið í suðurhluta kjördæmisins mun tengjast dreifikerfi svæðisútvarpsins með þeim hætti að hljóðflutningslína verður tekin á leigu frá Póst- og símamálastofnun og hún verður tengd núna þessa mánuðina.

Í framhaldi af þessari fsp. hv. 3. þm. Austurl. sem ég hef nú svarað mun ég óska eftir því við Ríkisútvarpið að fá tímasetta áætlun um framkvæmd þeirra þátta áætlunarinnar sem enn er eftir að tímasetja en gerð hefur verið kostnaðaráætlun um.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir að hreyfa þessu máli hér. Það er verulegt hagsmunamál fyrir Austurland að ná þessari tengingu sem hér er rætt um. Ég tók þessi mál upp við Ríkisútvarpið og Póst og síma í samtölum við starfsmenn þar sl. haust og þá kom fram að endurbætur væru ráðgerðar í þessu efni. Hér kynnir hæstv. menntmrh. hugmyndir og reyndar ákvarðanir um tengingu við suðursvæðið, það er mikilsvert, en eftir er norðursvæðið sem er ekki tengt og nær ekki þessu svæðisútvarpi, m.a. Bakkafjörður, nyrsta byggðarlagið í kjördæminu, og það er brýnt að fá þessar úrbætur eins og hv. fyrirspyrjandi hefur lagt áherslu á.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans og fagna því vissulega að hér er hugað að úrbótum. Ég undirstrika það, og það var erindi mitt í þennan ræðustól aftur, að ekki verði látið þar við sitja, eins og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra. Hann mun óska eftir tímasetningu á frekari úrbótum í þessu efni. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. að norðursvæðið liggur þarna út undan og sveitirnar í Austur-Skaftafellssýslu. Ég vil samt leggja áherslu á það að hér verði unnið að málum og settar ákveðnar tímasetningar um þetta efni. Hér er vissulega um kostnað að ræða en þó held ég að hann ætti ekki að vera óyfirstíganlegur eins og kemur fram í svörum ráðherra.

Skilyrði fyrir farsíma í Austurlandskjördæmi, ein umr.

Fsp. JK, 206. mál. — Þskj. 239.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 239 hef ég borið fram fyrirspurn til samgrh. um skilyrði fyrir notkun farsíma í Austurlandskjördæmi. Fyrirspurnin hljóðar þannig, hún er í tveimur liðum:

„Hvaða landsvæði eru það á Austurlandi þar sem skilyrði fyrir notkun farsíma eru ekki fyrir hendi?

Hvaða áætlanir eru uppi um bætt skilyrði á þeim svæðum sem farsími nær ekki til nú?"

Ég hef leyft mér að bera fram þessa fyrirspurn þó að skv. síðustu blaðafregnum sé það kannski gott að farsími nái ekki til manna. Það er hins vegar ekki allt rétt sem stendur í blöðunum og sú er staðreynd að notkun farsíma hefur rutt sér æ meir til rúms á síðari árum eins og þarf ekki að rekja. Þó að þetta tæki sé víða e.t.v. ofnotað og misnotað stendur það upp úr að farsíminn hefur reynst ómetanlegt öryggistæki á ferðum í misjöfnum veðrum og gífurlega mikilvægur þegar slys eð óhöpp ber að höndum og bílar sem eru útbúnir með farsímum eða menn sem hafa þetta tæki með höndum eru nærstaddir.

Það hagar nú þannig til hér á landi að landið er fjöllótt og það á ekki síst við á Austfjörðum. Mjög víða hagar þannig til að farsíminn dettur út og verður óvirkur í skugga fjalla. Þetta rýrir mjög þann mikla öryggisþátt sem áður var getið og dregur mjög úr gildi hans á ýmsum landsvæðum og kannski landsvæðum sem síst skyldi.

Fyrirspurnin er einföld. Hún fjallar um það hvort þetta hafi verið kortlagt á Austurlandi, hver útbreiðsla farsímans sé og hvaða leiðir séu til úrbóta. Mér er það fullljóst að það er ekki einfalt mál að búa þannig um hnútana að farsíminn nái undantekningarlaust til allra svæða en þó mætti áreiðanlega gera verulegar úrbætur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er spurt í fyrsta lagi hvaða landsvæði það séu á Austurlandi þar sem skilyrði fyrir notkun farsíma eru ekki fyrir hendi. Svarið er að það er Borgarfjörður, ákveðin svæði upp af Vopnafirði, Jökuldalur að hluta til, innri hluti Skriðdals og síðan svæði inni á öræfum Austurlands. Auk þess eru til lítil svæði og stuttir vegarkaflar þar sem samband er óöruggt eins og víða gerist, en oft þarf ekki að færa sig um set nema stutta vegalengd frá slíkum „dauðum blettum" til þess að menn nái sambandi. Þetta þekkja þeir sem ekið hafa um og reynt hafa að nota farsímana. Vegna landfræðilegra ástæðna þá er slíkt nánast óumflýjanlegt, að lengi verða eftir slíkir bollar þar sem ekki eru brúkleg skilyrði. Einn mjög frægur staður hér í nágrenninu er í nágrenni við Auðkúlu Davíðs Oddssonar borgarstjóra. Þar eru algjörlega ómöguleg skilyrði fyrir farsíma. Þegar komið er upp á Öskjuhlíðina og ekið áleiðis í átt að Veðurstofunni

eða Útvarpshúsinu munu menn gjarnan reyna miklar truflanir í farsímum sínum. Þar er einhvers konar blettur eða bolli þar sem skilyrðin eru mjög slæm. Þannig er þetta auðvitað víða úti um landið, en þetta eru sem sagt þau stóru svæði þar sem enn þá eru ekki viðunandi skilyrði.

Í öðru lagi er spurt hvaða áætlanir séu uppi um að bæta úr þessu á þeim svæðum sem farsími nær nú ekki til. Svarið er það að það verður sett upp ný móðurstöð í Borgarfirði snemma á þessu ári, í raun og veru um leið og búnaður berst og aðstæður leyfa. Í öðru lagi er á fjárfestingaráætlun Pósts og síma fyrir árið 1990 gert ráð fyrir nýrri móðurstöð á Möðrudalsfjallgarði eystri og sú stöð mun ná til stórra svæða á öræfunum þar sem nú eru ekki skilyrði og svæða inn af Vopnafirði, svo og til hluta Jökuldals og þar með bæta, vonandi með fullnægjandi hætti, skilyrðin á flestum þessum svæðum sem ég áðan nefndi, nema í Skriðdal.

Síðan er að síðustu ráðgert að á árinu 1991 verði settar upp nýjar stöðvar í Skriðdal og í Lóni og þar með ætti að verða lokið með sæmilega fullnægjandi hætti að farsímavæða Austurland þannig að hv. fyrirspyrjandi og aðrir góðir menn geti með viðunandi árangri nýtt þetta töfratæki í sína þágu hvar sem þeir eru staddir í fjórðungnum.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt hér. Eins og kom fram í svari hans þá eru nokkur stór svæði á Austurlandi sem farsíminn nær ekki til. Það hagar þannig til að þetta eru svæði þar sem er mjög mikil umferð ferðamanna og vaxandi eins og á öræfum Austurlands þar sem hefur orðið sprenging, ef svo má segja, í umferð og eins má nefna Borgarfjörð eystri. Þar er mjög vaxandi ferðamannaumferð.

Ég fagna því að þarna eru fyrirhugaðar úrbætur og vona að þær komi að gagni. Eins og ég sagði áðan í upphafi máls míns er ekki auðvelt mál að búa svo um hnútana að hægt sé að ná í farsíma á hverjum einasta vegarspotta, en það er nauðsynlegt, úr því að þetta tæki er búið að ná svo almennri notkun sem raun er og þetta er afar mikið öryggistæki, að það nái til sem allra flestra landsvæða, ekki síst þar sem mikil umferð er og hætta á slysum og óhöppum af þeim sökum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er gagnlegt að fá þær upplýsingar sem hér koma fram, bæði hjá hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra, varðandi Austurland sérstaklega, en það sem hvatti mig til að óska eftir að fá orðið hér voru fregnir sem maður hefur séð fljúga fyrir í blöðum nýlega um að farsími geti reynst varhugavert tæki, ég vil ekki segja hættulegt, en varhugavert, vegna þeirra hátíðnibylgna, að mér skilst, sem eru notaðar við að miðla á milli. Nú er þetta trúlega ekki beint á fagsviði hæstv. samgrh. Kannski heyrði þetta frekar undir hæstv. heilbrrh., en ég vil nefna það vegna þess að farsíma ber hér á góma og þetta hefur nýlega komið fram.

Skoðanakannanir, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 225. mál. — Þskj. 285.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. þess efnis hvað líði framkvæmd þál. um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir sem samþykkt var á Alþingi 11. maí 1988. Það mál hafði þá áður borið á góma hér á Alþingi og virtist mönnum koma saman um það að brýnt væri að setja einhvers konar lög eða reglur um skoðanakannanir. Í raun er ekki með því verið að halda fram að þannig sé að málum staðið í dag að til vansa sé en vegna þess hversu sterkt og áhrifaríkt tæki þetta er og vegna þess hve þarna eru oft viðkvæmar upplýsingar sem verið er að handfjalla er mjög nauðsynlegt að um þetta ríki einhverjar almennar starfsreglur. Svo langt hefur verið gengið sums staðar í notkun skoðanakannana að menn hafa haft af því áhyggjur að þær væru í rauninni teknar við af stjórnmálamönnum og stjórnmálamenn væru farnir að hlýða skoðanakönnunum. Þannig væru þær í rauninni farnar að móta skoðanir stjórnmálamanna en ekki öfugt.

Hér heima þekkjum við vissulega dæmi um það að þegar gerðar eru skoðanakannanir og fólk er spurt álits á einhverju kemur það fyrst upp í hugann sem hæst ber á þeim sama tíma í fréttum eða í umræðum. Þannig geta skoðanakannanir staðfest eða a.m.k. skjalfest skoðanir sem mótaðar eru af fréttamati fjölmiðla.

Alvarlegt er einnig þegar verið er að gera skoðanakannanir um málefni sem greinilega vantar upplýsingar um. Skemmst er að minnast skoðanakönnunarinnar sem gerð var um afstöðu Íslendinga til EFTA og EB þar sem stóð ekki á því að menn tækju afstöðu, en þegar spurt var um hvað málið snerist fór nú að kárna gamanið og í ljós kom ótrúleg vanþekking á því sem um var spurt. Ef slíkri vanþekkingu er ekki mætt með fræðslu geta óprúttnir menn e.t.v. nýtt sér slíkar niðurstöður, máli sínu til stuðnings, og jafnvel séð sér hag í því að forðast að upplýsingar komist til fólks í von um að þeir geti siglt í skjóli vanþekkingar. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort ekki sé von á einhverjum úrbótum í þessum efnum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm., fyrirspyrjanda, var samþykkt hér þál. 20. maí 1988. Hún var send forsrn. með bréfi dags. 28. sama mánaðar og var afgreidd, minnir mig, 20. júní eða í júnímánuði til dómsmrn. með ósk um það að dómsmrn. afgreiddi þetta mál og skipaði nefnd í því skyni eins og farið var fram á í samþykkt Alþingis.

Ég hef látið kanna hvað síðan hefur orðið um þetta mál og í ljós kemur að samkomulag varð um það á milli dómsmrn. og menntmrn. að menntmrn. framkvæmdi þessa athugun. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga, og það byggði á því að félagsvísindadeild Háskóla Íslands á þarna stóran þátt í. Menntmrh. gaf síðan út um þetta fréttatilkynningu dagsetta 9. jan. 1990 og þar segir að menntmrh. hafi ákveðið að skipa nefnd með fulltrúum eftirgreindra aðila: Dóms- og kirkjumrn., félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, heimspekideildar Háskóla Íslands, Blaðamannafélags Íslands og Gallup á Íslandi. Leitað mun hafa verið eftir tilnefningum í þessa nefnd. Þær voru ekki komnar a.m.k. fyrir tveimur dögum en kunna að hafa komið síðan. E.t.v. getur hæstv. menntmrh. upplýst það nánar.

Nefndinni er falið að framkvæma það sem í þál. segir: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir.“ Eins og jafnframt kom hér fram á nefndin að athuga hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til.

Ég vil að lokum lýsa því að ég er mjög sammála hv. fyrirspyrjanda. Ég held að það sé afar nauðsynlegt að setja reglur um skoðanakannanir og mér þykir slæmt að dregist hefur að setja nefndina á fót en frá forsrn. fór bréfið án tafar og við töldum að það ætti að vera í dómsmrn. eða það taldi þáv. hæstv. forsrh. Eins og ég sagði áðan er ekkert við það að athuga eftir að samkomulag er orðið á milli þessara tveggja ráðuneyta um framkvæmd tillögunnar og ég vona að út úr henni komi það sem hv. fyrirspyrjandi augljóslega ætlast til, reglur um skoðanakannanir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma hér fram að það sem vakir á bak við hugmyndir um nefndarskipun menntmrn. í þessu efni, varðandi skoðanakannanir, er þrennt. Það er í fyrsta lagi að kannað verði hvort unnt er að setja almennar reglur um öflun efnis, þ.e. um öflun upplýsinga um skoðanir fólks, í öðru lagi hvort hugsanlegt er að setja eða ná samkomulagi um reglur varðandi birtingu þess efnis. Þetta tvennt fyrstnefnda er vafalaust erfitt, en í þriðja lagi, og það er mikilvægast í mínum huga og þess vegna er auðvitað sjálfsagt að dómsmrn. sé aðili að þessu máli, verður að setja um það reglur hvernig farið er með efnið og upplýsingarnar sem koma frá hverjum einstaklingi.

Dómsmrn. hefur með að gera lög um verndun einstaklinga varðandi upplýsingasöfnun og fleira og í raun og veru er mikilvægasti þátturinn í þessu máli það hvað verður um þessi gögn þegar skoðanakannanaaðilarnir eru búnir að vinna úr þeim. Hvert fara þau? Hvað varð um þessi gögn? Hvar eru gögnin sem DV hefur í þessum málum? Hvar eru gögnin sem Gallup á Íslandi hefur í þessum efnum? Hvar eru gögnin sem Hagvangur hefur unnið? Um það eru engar reglur til og það er alvarlegt mál, og það er í meginatriðum og fyrst og fremst þess vegna sem ég taldi nauðsynlegt, fyrir mitt leyti, að undirbúnar yrðu reglur um þetta efni en það er ekki einfalt að finna flöt á því að setja slíkar reglur.

Þeir aðilar sem beðnir voru að tilnefna í þessa nefnd hafa allir tilnefnt nema félagsvísindastofnun Háskólans. Gallup á Íslandi hefur tilnefnt í þennan hóp, dóms- og kirkjumrn. hefur tilnefnt, heimspekideild Háskóla Íslands hefur tilnefnt, en ég hygg að félagsvísindastofnun eigi eftir að tilnefna í hópinn. Ég vænti þess að hópurinn verði skipaður núna alveg næstu dagana eða strax og tilnefningar hafa borist og ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli hér á hinu virðulega Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör þeirra tveggja hæstv. ráðherra sem hér hafa tekið til máls en svar hæstv. forsrh. bar með sér að það er ekki ofsögum sagt af völundarhúsi skriffinnskunnar, úr einu ráðuneyti í annað. Það tekur tæp tvö ár þar til þál. er komin á leiðarenda sem síðar reynist vera byrjunarpunktur. Það er í rauninni óheppilegt ef tímasetningu þessara reglna ber upp rétt fyrir kosningar því það getur fengið á sig þann blæ eða getur vakið þær grunsemdir að stjórnmálamenn séu fyrst og fremst að vernda eigið skinn.

Hvað varðar orð hæstv. menntmrh. um það hvað verði gert við upplýsingar að lokinni birtingu niðurstöðu skoðanakannana er ég ekki sammála honum í því að það sé mikilvægasti þátturinn. Hér voru samþykkt á Alþingi rétt fyrir áramót lög um meðferð og skráningu persónuupplýsinga og vonandi þannig frá gengið að vandlega verði farið með slíkar upplýsingar, að svo miklu leyti sem það er hægt í þessu þjóðfélagi þar sem upplýsingar um persónulega hagi fólks er mjög víða að finna í kerfinu. Hitt þykir mér mikilvægara í okkar þjóðfélagi, þar sem mál-, rit- og skoðanafrelsi eru burðarþættir lýðræðis, að svo verði áfram og aðrir þættir verði ekki styrktir um of sem kannski hefta þetta frelsi í raun. Því finnst mér það sem vegur þyngst í þessu máli vera að vel sé að málum staðið vegna þess hve skoðanakannanir geta haft gífurleg áhrif á skoðanir fólks.

Úrskurðir Jafnréttisráðs, ein umr.

Fsp. GHH, 244. mál. — Þskj. 375.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svofellda fsp. við hæstv. félmrh.:

„Til hvaða ráðstafana hyggst félmrh., sem ráðherra jafnréttismála, grípa í framhaldi af því að Jafnréttisráð hefur tvívegis á stuttum tíma kveðið

upp þann úrskurð að menntmrh. hafi brotið ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?"

Þannig háttar til, virðulegi forseti, að hæstv. núv. félmrh. er kunnur áhugamaður um jafnréttismál en þannig háttar jafnframt til að samráðherra hennar, hæstv. menntmrh., er sennilega sá valdsmaður á Íslandi sem hvað oftast hefur gengið á svig við ákvæði nefndra jafnréttislaga. Það er í sjálfu sér athyglisverð staðreynd sakir þess að hér er á ferðinni fyrrverandi formaður Alþb. en í þeim flokki eru sem kunnugt er margir sem tala hátt um jafnrétti kynjanna.

Þegar hæstv. núv. menntmrh. var á sínum tíma ráðherra heilbrigðismála sætti hann mikilli gagnrýni og var talinn hafa brotið þágildandi jafnréttislög vegna veitingar lyfsöluleyfis á Dalvík.

Núv. hæstv. félmrh. tók það mál upp hér á Alþingi hinn 5. febr. 1981 og gagnrýndi þáv. heilbrmrh. mjög harðlega vegna þeirrar embættisveitingar. Nú er sá þm. félmrh. í núv. ríkisstjórn og æðsti yfirmaður jafnréttismála. Sá sem þá var heilbrmrh. er hins vegar nú menntmrh. og hefur á stuttum valdaferli í því embætti þegar fengið á sig tvo úrskurði Jafnréttisráðs þar sem hann er talinn hafa brotið ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Annað þeirra mála varðar veitingu embættis skólastjóra í einum af skólum Reykjavíkurborgar, hitt varðar embætti yfirkennara við skóla nokkurn í Hafnarfirði.

Ég vil taka það fram að ég er ekki með þessari fsp. að hnjóða í einn eða neinn sem þessum málum tengjast eða þá einstaklinga sem þar koma við sögu eða þá einstaklinga sem þau embætti hafa fengið sem hér er um að ræða. Mál þetta snýst að mínum dómi í fyrsta lagi um vinnubrögð hæstv. menntmrh. fyrr og síðar varðandi þessa löggjöf og hans brot á þeirri löggjöf og í öðru lagi hver viðbrögð hins kunna áhugamanns um jafnréttismál, hæstv. núv. félmrh., sem nú er í þeirri einstöku stöðu að vera jafnframt æðsti yfirmaður jafnréttismála á Íslandi, eru. Hvernig hyggst hún, virðulegur ráðherra, bregðast við síendurteknum brotum samráðherra síns á þessari löggjöf?

Þessi fsp. er flutt í þeim tilgangi að fá svör við þessum spurningum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er gert ráð fyrir að Jafnréttisráð sé mjög sjálfstæð ríkisstofnun. Hlutverk ráðherra er fyrst og fremst að setja nánari reglur um framkvæmd laganna og leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Samkvæmt lögum er það hins vegar Jafnréttisráð sem tekur við kærum og kveður upp úrskurði. Ekki er fyrir hendi málskotsheimild til ráðherra. Hins vegar er ljóst að úrskurðir Jafnréttisráðs geta haft veruleg áhrif við gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum.

Jafnréttisráð fær á ári hverju allmargar kærur vegna meintra brota á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Tímabilið 1984–1986 voru kærur vegna meintra brota á lögunum samtals 28. Eitt mál frá þeim tíma er nú til meðferðar hjá dómstólum. Á árinu 1987 voru kærur vegna meintra brota á lögunum samtals 8 og á árunum 1988 og 1989 voru þær 14 hvort ár, en þær taka ekki aðeins til stöðuveitinga. Frá 1976, þ.e. 13 ára tímabili eða frá því að jafnréttislögin voru sett hefur Jafnréttisráð þrisvar úrskurðað að ráðherra hafi brotið jafnréttislög. Um er að ræða þau tvö skipti sem fyrirspyrjandi nefnir auk þess sem Jafnréttisráð taldi á árinu 1986 að þáv. menntmrh. hefði brotið ákvæði laga þegar hann skipaði karlmann lektor í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands.

Í eitt skipti var ekki kært en Jafnréttisráð tók málið upp að eigin frumkvæði og ályktaði að um brot á jafnréttislögum væri að ræða. Það var varðandi veitingu apótekaraleyfis, sennilega á árinu 1982 eða 1983.

Samkvæmt lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skal Jafnréttisráð beina rökstuddum tilmælum til viðkomandi aðila, telji ráðið lögin hafa verið brotin, sbr. 16. gr. laganna. Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Þannig hefur Jafnréttisráð ekki heimild til að bera málið fyrir dómstóla nema í umboði og með samþykki þess er brotið var gegn. Í þessum tveimur málum sem hér er sérstaklega spurt um hefur, af hálfu þeirra sem kærðu, ekki verið óskað frekari aðgerða. Jafnréttisráð hefur heldur ekki óskað eftir því við félmrh. að gripið verði til sérstakra aðgerða, hvorki vegna þessara tveggja mála né annarra. Hlutverk félmrh., skv. lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er mjög skýrt. Félmrh. hefur hvorki heimild til að grípa inn í úrskurði Jafnréttisráðs né grípa til sérstakra aðgerða vegna slíkra úrskurða. Hins vegar hefur ráðherra heimild til að grípa til aðgerða sem ætlað er að bæta stöðu kvenna almennt, aðgerða sem ætlað er að styrkja stöðu kvenna og þar með væntanlega og vonandi til að fækka þeim tilvikum þar sem konur eru sérstaklega misrétti beittar.

Í vor var lagt fram frv. til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í frv. er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála. Hlutverk Jafnréttisráðs verði í ríkara mæli en nú er að stuðla að eigin frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Hlutverk félmrn. verður, auk núverandi verkefna, að annast samræmingu jafnréttismála innan stjórnkerfisins.

Eitt meginatriði frv. er það að telji einhver rétt á sér brotinn varðandi ráðningu eða ráðningarkjör ber atvinnurekanda að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun. Þetta frv. verður væntanlega lagt fyrir Alþingi fljótlega, en þar er að finna ákvæði sem eru mun markvissari um meðferð kærumála ef um brot á jafnréttislögum er að ræða.

Af því sem hér hefur verið greint má ljóst vera að jafnréttislög heimila félmrh. ekki að grípa til sér-

stakra aðgerða vegna meintra brota á jafnréttislögum né úrskurða Jafnréttisráðs af því tilefni og má vafalaust um það deila hvort rétt og eðlilegt væri að ráðherra hefði slíkt vald.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að festa þurfi í lög að fólki sé ekki mismunað vegna kynferðis síns. Engu að síður er það staðreynd og ekki að ástæðulausu. Það skiptir því máli að slík lög nái tilgangi sínum.

Eins og fram kom í svari hæstv. félmrh. er eini möguleiki Jafnréttisráðs til að fá úrskurðum sínum framfylgt að leita til dómstóla og þá með samþykki þess sem brotið er á. En eins og hún upplýsti enn fremur eru skýrari og vonandi markvissari lög í uppsiglingu.

Margir hafa talið að Jafnréttisráð og úrskurðir þess nái ekki tilgangi sínum eins og sakir standa. Skal ég ekki leggja dóm á það. En ég skal ekki efa að Jafnréttisráði er ætlað gilt hlutverk, m.a. að benda á og bæta úr misrétti á vinnumarkaðinum og víðar. En er mögulegt að fá bætt úr misrétti? Það er mikilvæg spurning og svar fyrirspurnarinnar hlýtur að leiða hugann að því hvort og hvernig hægt sé að bregðast við brotum á jafnréttislögum og reglugerðum og hvort rétt sé að heimila einhverjar aðgerðir, þó ekki væru nema til að bæta rétt þeirra sem feta kynnu í fótspor kærenda og e.t.v. fælast frá því að kæra ef slíkt virðist ekki leiða til eins eða neins. Til þess að jafnréttislög séu í gildi í reynd verða þau að vera virk og markviss. Treysti ég því að sú lagasetning sem nú hefur verið boðuð muni verða virkari en það kerfi sem nú er við lýði.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hæstv. menntmrh. sem er óbeinn aðili máls sér ekki ástæðu til þess að tjá sig um þessa fsp. En ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Þau eru auðvitað öll formlega eðlileg og rétt og ráðherra hefur hér gert grein fyrir hinum formlegu og lagalegu hliðum málsins. Það er alveg ljóst að það er ekki mikið um úrræði á þeim vettvangi sem ráðherra getur gripið til í sambandi við ráðstafanir gegn lögbrjótum á þessu sviði, jafnvel þó að þeir sitji í sömu ríkisstjórn og viðkomandi ráðherra.

Málið er hins vegar að mínum dómi ekki eingöngu lagalegs og formlegs eðlis heldur er spurningin kannski ekki síður sú: Hvað hyggst ráðherrann gera pólitískt til að sporna gegn valdbeitingu af þessum toga? Ráðherrann hefur verið þekktur fyrir ýmislegt annað en að láta vaða yfir sig á hinu pólitíska sviði og hefur, eins og kunnugt er, gripið til ýmissa úrræða þegar henni hefur verið misboðið eins og t.d. þeirra að mæta ekki á ríkisstjórnarfundum og ýmissa annarra úrræða sem hvergi er getið um í lögum eða reglum heldur eru pólitísks eðlis. Og ég hefði nú satt að segja átt von á því að fá einhver slík viðbrögð frá hæstv. ráðherra um það hvernig hún hygðist bregðast við síendurteknum brotum hæstv. menntmrh. á þessari löggjöf.

Það er greinilegt að ráðherrann ætlar ekki að knýja dyra á hinum pólitíska vettvangi með þessi mál, heldur ætlar hún að una því pólitískt að sitja í ríkisstjórn með manni sem hvað eftir annað brýtur lög sem hæstv. félmrh. er kunnur áhugamaður um og hefur kynnt hér sérstakar breytingar á sem allar ganga í þá átt að efla framkvæmd og væntanlega auka jafnrétti með ýmsum úrræðum sem ekki eru í núgildandi lögum.

Um leið og ég fagna því svari sem fram kom svo langt sem það nær hlýt ég auðvitað að harma það að ráðherrann skuli ekki hugsa sér til hreyfings pólitískt gegn samráðherra sínum af þessu margítrekaða tilefni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu máli og einnig þakka ég hæstv. félmrh. fyrir hennar skýru svör. Vandi þessa máls er sá, eins og hann skýrði mér frá, að með úrskurði í svokölluðu Ölduselsskólamáli fór Jafnréttisráð inn á nýjar brautir í úrskurðum sínum í jafnréttismálum og neitaði að taka tillit til annarra aðstæðna, neitaði að taka tillit til annarra raka sem ráðið hafði þó gert áður. Ég hygg að ef menn lesa úrskurði Jafnréttisráðs, sem ég hef gert í þaula, m.a. vegna þess að ég var um langt skeið jafnréttis- og félmrh. og undirbjó þá löggjöf sem nú er í gildi í þessum efnum, ef menn lesa þessa úrskurði komast þeir fljótlega að því að þeir úrskurðir sem hér um ræðir og nefndir eru af hv. 17. þm. Reykv. eru ekki reistir á sömu meginforsendum og þeir úrskurðir voru áður sem ráðið felldi þegar m.a. var fjallað um atvinnurekendur eða ráðningaraðila í einkarekstri. Hér var með öðrum orðum um að ræða mjög sérkennilegan úrskurð að mínu mati.

Í öðru lagi vil ég segja í þessu efni að þegar Jafnréttisráð fjallar um mál eins og ráðningu einstaks skólastjóra eða yfirkennara á að líta á starfsstéttina í heild, skólastjóra grunnskóla, yfirkennara grunnskóla. Þar er staðan nú þannig að það er nokkurn veginn alveg sami fjöldi karla og kvenna í yfirkennarastöðum. Konum hefur mjög fjölgað í skólastjórastöðum á síðustu árum, m.a. þann tíma sem ég hef verið í menntmrn. þar sem fleiri konur en karlar hafa verið ráðnar til starfa sem skólastjórar. Gæti ég nefnt um það nýlegt dæmi þar sem menntmrh. ákveður að ráða konu sem skólastjóra til starfa þar sem karlmaðurinn hefði sennilega getað beitt fyrir sig ýmsum gildum lagarökum til þess að gagnrýna niðurstöðu menntmrh., eins og hv. 10. þm. Reykn. þekkir sem sveitarstjórnarmaður í tilteknu sveitarfélagi og hefði gjarnan mátt rekja hér í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að þessi mál séu rædd mjög ítarlega. Ég hafði hins vegar hugsað mér að geyma það þangað til frv. til nýrra jafnréttislaga kæmi hér til meðferðar. Ég held að menn þurfi að gæta þess mjög vandlega að meðferð

Jafnréttisráðs á málum af þessu tagi sé sjálfri sér samkvæm í einu og öllu, byggist á fullum, gildum og föstum rökum á hverjum tíma. Og ég held að það sé skynsamlegt að þessi mál fari til nefndar eins og gert er ráð fyrir í því frv. um jafnréttismál sem hæstv. félmrh. nefndi hér áðan, kærunefndar. Ég tel reyndar að það væri eðlilegast að hún væri eingöngu skipuð fulltrúum sem væru tilnefndir af Hæstarétti þannig að þar kæmu engir hagsmunaaðilar af neinu tagi við sögu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Einungis vegna þess að máli var beint til mín vildi ég mjög gjarnan ræða það sem vel hefði verið gert. Komi fram mál þar sem tilefni er til þess og spurt sérstaklega um jákvæða þætti þá skal ég með ánægju rekja góð dæmi í rétta átt í jafnréttismálum, einkum það sem hæstv. menntmrh. vísað til hér áðan.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta var afar einkennileg ræða sem hæstv. menntmrh. hélt hér áðan og þessar sérstöku lögskýringar sem hann vill beita í þeim tilvikum þar sem hann hefur brotið jafnréttislögin. Hann telur að sú lögskýring eigi að gilda að litið sé á stöðuna í heild, þ.e. hvernig jafnrétti sé háttað í viðkomandi starfsgrein þegar slíkar stöður eru veittar. Þar sem hlut kvenna í stöðum skólastjóra og kennara sé sæmilega vel fyrir komið sé í lagi að brjóta jafnréttislögin í einstökum tilvikum. Þetta er afar einkennileg lögskýring, ekki síst þegar það er haft í huga að hún er flutt hér af fyrrv. formanni Alþb., þingmanni hans og ráðherra sem hefur á tyllidögum hvað eftir annað lýst því yfir að hann og hans flokkur hafi sérstakan áhuga á jafnréttismálum. Og ef ég man rétt hélt hæstv. menntmrh. blaðamannafund í vetur til að lýsa fyrir alþjóð hvað hann væri mikill áhugamaður um jafnréttismál. Þegar kemur að framkvæmdinni er þetta eini ráðherrann í Íslandssögunni sem hefur hlotið úrskurð í Jafnréttisráði í þá átt að hann brjóti jafnréttislögin, — ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar. Tvisvar sem menntmrh. og einu sinni sem heilbrrh.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu. Ég vil hins vegar láta í ljós mikil vonbrigði yfir svari hæstv. félmrh. Hún las hér upp lagareglur og gerði grein fyrir hver væri formleg staða félmrh. í málum eins og þessum. Það var auðvitað ekki það sem um var spurt eins og hv. fyrirspyrjandi hefur bent á. Hæstv. félmrh. hefur áðið staðið í ræðustól út af svipuðum málum. Þá var ekki rædan um formlegan rétt ráðherra eða hvað lög segðu í þessu tilviki. Þá barðist hæstv. ráðherra fyrir sínum áhugamálum af hörku. Það gerir hún ekki nú. Og hæstv. ráðherra verður auðvitað að átta sig á því að hún ber stjórnskipulega ábyrgð á þessum gerðum jafnt og menntmrh. ef hún aðhefst ekki neitt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning og út af orðum hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja þetta: Ég er afar stoltur af því að hafa tekið þá ákvörðun varðandi skólastjóraembættisveitingu í Ölduselsskóla sem ég var dæmdur fyrir í Jafnréttisráði. Þar hlýddi ég á raddir foreldra, kennara og annarra aðstandenda þessa skóla. Reynslan af skólastarfi á þessu ári hefur sýnt að sú ákvörðun var rétt.

Ég bendi einnig á að ákvörðunin varðandi yfirkennarastöðu í Víðistaðaskóla átti víðtækan stuðning allra þeirra aðila sem í skólanum starfa. Ég vísa á bug þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á þessar embættaveitingar af þessum ástæðum og ég segi: Menntmrh. sem ekki hlýðir á fólk sem vinnur á akrinum, er á vinnustaðnum sjálfum, er á villigötum eins og hv. 2. þm. Reykv. ætti að þekkja örlítið til sjálfur.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög sérstök umræða sem hér á sér stað. Hæstv. félmrh. upplýsti hér áðan að hann gæti ekki gripið til neinna ráðstafana. Það er athyglisvert svar og má vera að svo sé. Samt sem áður er full ástæða til þess að vekja athygli á þessum málum.

Hæstv. menntmrh. virðist vera að gera lítið úr úrskurðum Jafnréttisráðs og er það mjög slæmt, sérstaklega þar sem hans ráðuneyti hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna í jafnréttislögum. Mig langar til þess að benda hér á 10. gr. jafnréttislaga þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur sem þar eru notuð skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Við nám og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntmrn. ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð."

Og mér er spurn: Hvaða fordæmi er hæstv. menntmrh. að gefa í þessum dæmum sem rakin voru hér áðan? Ætli það samræmist markmiði 10. gr. jafnréttislaga? (**Menntmrh.:** Grunnskólalaganna.)

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að þegar hæstv. menntmrh. loks fékkst til þess að tjá sig hér um þessi mál gerir hann það á þeim grundvelli að úrskurðir Jafnréttisráðs í þessum málum, sem eru undirstaða þessarar fyrirspurnar, séu bara tómt rugl og einhvern veginn allt öðruvísi en hann hefði viljað hafa þá. Ég hlýt auðvitað að hafna þessu. Það hlýtur að verða að ganga út frá því að ráðið, í samhljóða úrskurði sínum þar sem allir ráðsmenn eru sammála, fari í einu og öllu eftir gildandi lögum. Og ef ráðherra vill draga það í efa á hann auðvitað að bera það undir einhverja aðra aðila. Vill hann þá ekki bara kæra ráðið fyrir að kveða upp ranga úrskurði, taka málið

upp fyrir dómstólum? (**Menntmrh.:** Ég hef velt því fyrir mér.) Já, hann hefur velt því fyrir sér, segir hann, og hvernig væri þá að láta bara á það reyna, virðulegi ráðherra?

Það sem eftir stendur í þessari umræðu, virðulegi forseti, er að það er upplýst að í fjórum tilvikum hefur íslenskur ráðherra verið talinn brotlegur við jafnréttislög. Í þremur tilvikum er um að ræða núv. hæstv. menntmrh. Þetta er glæsilegur ferill fyrir fyrrv. formann Alþb.

Störf ríkisskattanefndar, ein umr.

Fsp. BÍG, 257. mál. — Þskj. 456.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er eru þau ákvæði í skattalögum að ef ágreiningur verður um álagningu skatts, þá frestar áfrýjun ekki skattgreiðslum. Þ.e. hvort sem menn fara með málið alla leið í gegnum ríkisskattanefnd til dómstóla eða einungis til ríkisskattanefndar verða menn að greiða sinn skatt og bíða síðan eftir úrskurði viðkomandi stjórnvalds eða dómstóla. Það gefur því auga leið að miklir hagsmunir eru bundnir við það að slíkir úrskurðir séu kveðnir upp bæði fljótt og vel.

Á sl. sumri kom það upp í sambandi við söluskattsinnheimtu, eins og menn muna, að ýmsir héldu því fram í fjölmiðlum að óafgreidd mál lægju hjá ríkisskattanefnd, sem gerðu það að verkum að menn biðu fjárhagstjón af þar sem þeir þyrftu að bíða lengi eftir úrskurðum en væru með fé sitt fest hjá ríkissjóði. Af þessum ástæðum þótti mér rétt að fá það fram hér á hv. Alþingi hvernig staðan væri hjá ríkisskattanefnd. Er því borin fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 456:

„1. Hvað bíða mörg mál úrskurðar hjá ríkisskattanefnd?

2. Frá hvaða árum eru þau (sundurliðist)?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þann 19. jan. sl. biðu 1161 mál úrskurðar hjá ríkisskattanefnd. Þessi mál skiptast þannig eftir árum: Frá árinu 1987 eru 4 mál óúrskurðuð, frá árinu 1988 eru 47 mál óúrskurðuð, frá árinu 1989 eru 1010 mál óúrskurðuð og frá árinu 1990, það sem af er því ári, 100 mál óúrskurðuð.

Það er ljóst af þessum tölum að yfirgnæfandi hluti þeirra mála sem bíða úrskurðar hjá ríkisskattanefnd er frá árinu 1989 og tekist hefur að vinna upp öll mál frá fyrri árum nema 51.

Ég vil vekja athygli hv. fyrirspyrjanda og hv. alþm. á því að fyrr á þessu þingi lagði ég til í frv. til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 210. mál, breytingar á starfsháttum ríkisskattanefndar til að stuðla að flýtingu mála. Hv. alþm. geta lesið rökstuðninginn fyrir þeim tillögum á bls. 11 í því frv. en þær miða að því að flýta afgreiðslu mála hjá ríkisskattanefnd og gera störf hennar skilvirkari á ýmsan hátt, jafnhliða því sem gerðar hafa verið skipulagsbreytingar hjá skattstjórum og hjá ríkisskattstjóra til þess að flýta afgreiðslu mála.

Við meðferð málsins hér á þingi komu hins vegar upp óskir frá hv. alþm. um að taka þennan þátt frv. út úr og skoða hann nánar. Ég varð við þeirri ósk en vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að ítreka þá skoðun mína að nauðsynlegt er að á þessu þingi verði sett í lög breytingar á störfum ríkisskattanefndar sem stuðlað geti að því að meðferð mála verði skilvirkari hjá nefndinni. Ég vil þess vegna koma þeirri ósk á framfæri við hv. fjh.- og viðskn. sem hafði frv. til meðferðar á sínum tíma að hún skoði með hvaða hætti hægt sé að tryggja að þær breytingar sem við lögðum til fyrr á þessu þingi nái fram að ganga.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin og vil geta þess að fsp. er ekki flutt til að gagnrýna einn eða neinn. Mér þótti hins vegar nauðsynlegt að þessar tölur kæmu upp á borðið því að miklir hagsmunir eru við það bundnir að ríkisskattanefnd vinni bæði fljótt og vel í að úrskurða þau mál sem til hennar er vísað.

Það kemur í ljós að það eru samtals fjögur mál frá árinu 1987 sem enn er ólokið, sem mér finnst nú satt að segja fjórum málum of mikið. Það kemur líka í ljós að það eru 47 mál frá árinu 1988 sem eftir er að ganga frá eða eftir er að úrskurða. Nú er hins vegar allmikið af málum frá árinu 1989 og væntanlega er ekkert óeðlilegt við það.

Mér er auðvitað ljóst af þessum tölum, þar sem fram kemur að óúrskurðuð kærumál nú þann 19. jan. séu samtals 1161, að það berst mikið af málum til ríkisskattanefndar. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að þannig sé gengið frá málum vegna þeirra miklu hagsmuna sem tengjast því að þessir úrskurðir gangi fljótt og vel að meðferð þessara mála sé flýtt eins og mögulegt er.

Umræður utan dagskrár.

Útgerð Andra BA.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði komið fram hefst nú umræða utan dagskrár. Það er hv. 4. þm. Vesturl. sem hefur farið fram á að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh., utanrrh. og hæstv. samgrh. um útgerð Andra BA og þau vandamál sem skapast hafa af veru skipsins Andra við strendur Bandaríkjanna.

Nú er það svo að hæstv. sjútvrh. getur ekki verið hér en hæstv. samgrh. og hæstv. utanrrh. eru hér til svara. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa og má því eigi standa lengur en í hálftíma.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum vikum hafa verið að berast fréttir af íslensku skipi sem statt er einhvers staðar á Kyrrahafi við strendur Alaska. Skip þetta heitir Andri og er skráð eins og fiskiskip með einkennisstafina BA 190, að mig minnir. Sagt er að skip þetta sé þarna statt í þeim erindagerðum að um borð í því skuli vinnast fiskur, allt að 30 þúsund tonn, sem fenginn skuli frá fiskiskipum á þessum slóðum. Bakgrunnur þess að þessa afla sé von sé samningur sem íslensk stjórnvöld eiga að hafa gert við Bandaríkin um leyfi til slíkra veiða og vinnslu íslenskra aðila við strendur Alaska. Samkvæmt fréttum og þeirri staðreynd að enn hefur enginn fiskur fengist til vinnslu í Andra virðast stjórnvöld í Bandaríkjunum ekki viðurkenna að hafa veitt íslenskum aðilum veiðileyfi, hvorki með samningsgerð milli ríkisstjórna né á annan hátt. Ekki verður þó sagt að íslensk stjórnvöld og hv. Alþingi hafi ekki tengst þessu máli. Virðulegur forseti hefur nú veitt mér hér tækifæri til að óska eftir svörum frá ráðherrum um hlut íslenskra stjórnvalda í málinu.

Þá leyfi ég mér að snúa mér að hæstv. samgrh. Hinn 11. apríl sl. mælti nefndur hæstv. ráðherra fyrir frv. í Ed. um heimild fyrir Íslenska útgerðarfélagið hf. til að kaupa erlendis eldra skip en 12 ára til þessa verkefnis sem hér um ræðir. Þá sagði hæstv. ráðherra m.a.:

„Þannig háttar til að skipaútgerð þessi, ef af verður, er ætluð til að nýta veiðiheimildir" — ég undirstrika, veiðiheimildir — „sem Íslendingar hafa skv. samningi við Bandaríkjamenn."

Og síðar í umræðunni, eftir að m.a. sá sem hér stendur efaðist svolítið um ágæti þessa frv., sagði hæstv. ráðherra og fjallaði þá sérstaklega um 4. gr.: „Varðandi 4. gr. hef ég ekki miklu við það að bæta sem ég sagði þar í upphafi annað en því að þannig háttar til að skilyrði þess að heimildir okkar til fiskveiði og fiskvinnslu í bandarísku fiskveiðilögsögunni á grundvelli áðurnefnds samnings eru að skipin séu skrásett á Íslandi og sigli undir íslenskum fána. Það er beinlínis sett í þann samning til þess að ekkert sé reynt að fara í kringum hann. Það er því alveg ljóst að við munum aldrei geta nýtt okkur þessi heimildarákvæði og þennan samning nema með skipum sem bæði eru skráð hér og sigla undir íslenskum fána." Það var sem sagt lögð mikil áhersla á það hér að Alþingi samþykkti lög til að af því gæti orðið að þessi útgerð gæti keypt sér skip til að nýta þessar veiðiheimildir sem fengnar höfðu verið í milliríkjasamningi milli Íslands og Bandaríkjanna.

Svipuð ummæli endurtók hæstv. ráðherra í Nd. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. samgrh.: Á hverju byggði hæstv. ráðherra þessi ummæli sín um veiðiheimildir?

Þá leyfi ég mér að snúa máli mínu til hæstv. utanrrh. Skv. fréttum, t.d. Ríkisútvarpsins 15. og 17. þessa mánaðar, hafa embættismenn ráðuneytisins verið sendir til Bandaríkjanna sérstaklega til að sinna þessu máli til aðstoðar við sendiráð okkar í Washington. Greinilegt er því að ráðuneytið hefur einhverjar áhyggjur af framvindu þessa máls. Hver er skýring hæstv. utanrrh. á samningnum við Bandaríkin sem gerður var 1984? Er hann öðruvísi en haldið hefur verið fram?

Og þá í lokin, hæstv. ráðherrar. Telur ríkisvaldið sig bera ábyrgð á kaupum og útgerð Andra BA í tengslum við það að kaupin á skipinu og útgerð þess virðist byggjast alfarið á fullyrðingum ráðherra um að gerður hafi verið samningur um veiðiheimildir fyrir íslensk skip við strendur Alaska þar sem Andri BA er nú og bíður árangurs stjórnvalda?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Þegar samgrn. bárust um það óskir að skrá á Íslandi skip sem Íslenska úthafsútgerðarfélagið hf. óskaði að skrá og síðan nýta til að vinna fisk í fiskveiðilögsögu Bandaríkjanna við Alaska fór það mál venjubundna leið, þ.e. í fyrsta lagi var haft samráð við Siglingamálastofnun og Siglingamálastofnun gerði innflytjendunum væntanlegu grein fyrir þeim skilyrðum sem fullnægja þyrfti áður en af skráningu skipsins gæti orðið. Hér var á ferðinni skip eldra en 12 ára og þegar þannig háttar til hefur samgrn. jafnan aflað heimildar fyrir skráningunni með sérstökum lögum á Alþingi. Og í leiðinni var reyndar aflað heimilda fyrir innflutningi á nokkrum öðrum skipum, björgunarskipum, dýpkunarprömmum og fleiri slíkum sem af sérstökum ástæðum þótti ástæða til að leyfa innflutning á þó að eldri væru en 12 ára.

Varðandi það atriði hvort ástæða væri til að heimila skráninguna þannig að unnt yrði að nýta þennan nefnda fiskveiðisamning, samning við Bandaríkjamenn um fiskveiðar í þeirra landhelgi, þá óskaði samgrn. eftir umsögn utanrrn. og sjútvrn. um það mál og byggði alfarið afstöðu sína til málsins á þeim umsögnum, enda í sjálfu sér ekki í hlutverki samgrn. að leggja mat á slíkt. Ég vil því leyfa mér að lesa þær umsagnir sem bárust samgrn. þegar óskað var afstöðu þessara tveggja ráðuneyta gagnvart því hvort ætti að skrá skipið. Sjútvrn. svaraði með svohljóðandi bréfi, sem ég vona að forseti leyfi mér að lesa því að það á erindi við þetta mál. Efni bréfsins er skráning á verksmiðjuskipinu Aramó.

„Á árunum 1983 og 1984 lagði ráðuneytið í allverulegan kostnað til þess að koma á samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um nýtingu fiskveiði- og fiskvinnsluheimilda í bandarískri fiskveiðilögsögu. Samningar tókust en því miður hafa íslensk skip ekki nýtt sér þá möguleika sem þessi samningur opnaði eins og menn höfðu þó gert sér vonir um. Sl. tvö ár hafa nýir aðilar tekið málið upp að nýju og reynt að koma af stað útgerð verksmiðjuskips undan ströndum Alaska. Á síðasta ári fengu þessir aðilar úthlutað 40 þúsund tonna þorskkvóta af fiskveiðiráði Alaska. Þessa úthlutun reyndist ekki unnt að nýta þar eð áform um viðeigandi vinnsluskip brugðust. Nú hefur samsvarandi kvótaúthlutun verið endurnýjuð fyrir árið 1989 sem er síðasta gildisár fyrrgreinds rammasamnings. Sjútvrn. hefur veitt lítils

háttar styrk til þessa verkefnis auk þess sem ráðuneytið hefur leitast við að greiða fyrir framgangi þess, m.a. í samvinnu við sendiráð Íslands í Washington. Ráðuneytið telur því mjög þýðingarmikið að Íslendingar reyni að nýta sér þá möguleika sem þarna eru fyrir hendi með samstarfi við bandaríska aðila og skapi sér þannig einhverja reynslusögu áður en samningurinn rennur út og kemur til endurskoðunar.

Ráðuneytið mælir því eindregið með því að flutt verði frv. um að heimilt verði að taka Aramó á íslenska skipaskrá, enda fullnægi það þeim reglum sem gera þarf til búnaðar skipsins. Ráðuneytið vill þá jafnframt leggja áherslu á að skip þetta mun aldrei undir nokkrum kringumstæðum fá leyfi til veiða til vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu."

Og utanrrn. svaraði um svipað leyti í janúar 1989:

„Utanríkisráðuneytið fyrir sitt leyti styður eindregið að stuðlað verði að því að Íslendingar nýti sér samningsbundin réttindi til veiða í bandarískri fiskveiðilögsögu. Við teljum mikilvægt að úr því fáist skorið hvort hagkvæmt reynist að nýta þær heimildir sem samið var um og að áhugi Íslendinga verði staðfestur. Því leggjum við til að skráning verði heimiluð enda sé tryggt að skipið verði notað eingöngu til vinnslu afla sem veiddur er utan íslenskrar lögsögu og verði ekki til aukningar á fiskiskipaflota sem sækir á okkar mið."

Í framhaldi af þessum umsögnum tveggja ráðuneyta lagði samgrh. sem hér talar fram frv. á Alþingi sem heimilaði skráningu skipsins, sem reyndar þegar til kom hét ekki Aramó heldur Roman I. Buki, og með því að sú skráning var heimiluð með bréfi 29. júní 1989 lauk afskiptum samgrn. af þessu máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Spurt er hvort stjórnvöld eða ríkisstjórn telji sig bera ábyrgð á kaupum og útgerð umrædds skips og hvort einhverjar skýringar séu á þeim samningi sem gerður var um það, að hann sé einhvern veginn öðruvísi en menn upphaflega ætluðu. Svörin eru á þessa leið:

1. Samningurinn var gerður árið 1984, svokallaður GIFA-samningur, „Governing International Fisheries Agreement", milli Íslands og Bandaríkjanna, að formi til um gagnkvæmar fiskveiðar eða nýtingu á fiskveiðiheimildum, fiskikvótum, með þeim ströngu fyrirvörum að hann er þó alls ekki gagnkvæmur að því er varðar Ísland.

Feril málsins má rekja í smáatriðum, til þess er ekki tími, frá árinu 1984, en rétt er að geta þess að útgerð þessa skips, Andra, hafði á árinu 1989 sótt um, samkvæmt þessum samningi, og fengið heimild til að vinna allt að 30 þúsund tonn af þorski um borð í þessu skipi af kvóta sem var sameiginlega ætlaður erlendum vinnsluskipum, allt að 67 þúsund tonn í samvinnu við bandaríska fiskibáta, enda er þetta fyrirtæki í samvinnu við fyrirtæki í Alaska sem mun heita Alaska Joint Venture Seafood Incorporated með heimilisfangi í Anchorage.

Ástæðan fyrir því að ekki tókst að nýta þennan kvóta var sú að skipið komst ekki á vettvang fyrr en undir árslok þannig að í raun og veru er þar um að ræða afgang af þessum kvóta. Síðan er það staðreynd í þessu máli að yfirvöld í Kanada buðu ekki upp á framlengingu á þessum kvóta þó að þau hafi boðið kannski einhverja aðra kosti að því er varðar aðrar fisktegundir en skipið er búið undir flökun á þorski.

Hver er hlutdeild og ábyrgð stjórnvalda á þessu? Og nú svara ég einungis fyrir utanrrn. Utanrrn. er handhafi þessa samnings frá árinu 1984 og hefur haldið honum við, sótti m.a. um endurnýjun á honum til tveggja ára árið 1989, þ.e. fyrir árin 1990–1991, þannig að íslenskir aðilar sem sækja um gagnvart þessum samningi verða að láta þá umsókn sína fara um hendur sendiráðsins í Washington. Í þeim skilningi hefur utanríkisviðskiptaráðuneytið látið í té stimpil og frímerki til þess að koma þessari umsókn áleiðis.

Hitt er svo annað mál að ef spurt er um frekari málarekstur, þá er ráðuneytið, eins og ég sagði, handhafi samningsins og það er skylda utanríkisviðskiptaráðuneytisins að aðstoða íslensk fyrirtæki í samskiptum við erlend stjórnvöld og þegar leitað hefur verið til okkar um það höfum við að sjálfsögðu gert það til þess að reyna að tryggja að samningnum verði framfylgt eins og efni standa til.

Það er rétt að þegar útgerðaraðilarnir leituðu til okkar í desember tókum við málið upp undir forustu sendiherra okkar í Washington og höfum átt viðræður við bandarísk stjórnvöld til þess bæði að greiða fyrir því og ýta á um það að þær samningsbundu heimildir fyrir árið 1990, sem út af fyrir sig eru heimildir, fáist nýttar. Það eru afskipti utanríkisviðskiptaráðuneytisins af málinu og þau eru af því tagi að þar erum við að gegna skyldum okkar og þjónustu við íslenskt fyrirtæki eins og við gerum að sjálfsögðu þegar eftir er leitað, hver svo sem í hlut á.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör ráðherra og að meginhluta til eru þau staðfesting á því að enn halda íslensk stjórnvöld því fram að samningur hafi verið gerður við Bandaríkin á þann veg að um veiðiheimildir hafi verið að ræða (**Utanrrh.:** Nýtingu á veiðiheimildum.) — eða nýtingu á veiðiheimildum, það er nú orðalagsbreyting — en allar þær fréttir sem borist hafa frá viðræðum milli aðila í Alaska og íslenskra aðila, jafnvel fulltrúa okkar úr utanrrn., eru á þann veg að aldrei hafi staðið til að veiðiheimildir tengdust í einu eða neinu þessu vinnsluleyfi sem Andri hefur eða getur fengið ef hann borgar tilskilin veiðileyfisgjöld. Það virðist því vera að hér hafi verið sett á stofn útgerð, keypt dýrt skip, farið langar leiðir, í trausti þess að um það væri að ræða að hægt væri að hefja vinnslu beinlínis í tengslum við þann samning sem hér hefur verið til umræðu. Það virðist sem íslensk stjórnvöld hafi á einhvern hátt misskilið þennan samning sem gerður hefur verið á milli íslenskra stjórnvalda og bandarískra. A.m.k. virðist framkvæmd málsins vera á þann veg að skipið er komið vestur til Alaska og fær engan afla til þess að vinna.

Fullyrðingarnar hér á hv. Alþingi fyrir tæpu ári síðan um það að hér væri um veiðiheimildir að ræða og bréf það sem hæstv. samgrh. las hér voru yfirskriftir um það að ekki væri eingöngu um vinnsluleyfi að ræða heldur veiðiheimildir. Ef svo er ekki, og eins og hæstv. utanrrh. raunverulega benti á í frammígripi, að ekki væri um veiðiheimildir að ræða heldur heimild til þess að ganga inn í eða njóta annarra veiðiheimilda, hefur Alþingi verið blekkt hér fyrir ári síðan. Og það var ekki aðeins að fullyrt væri við hv. þm. að hér væri um veiðiheimildir að ræða sem nauðsynlegt væri að nýta, heldur þurfti málið að ganga fyrir sig með sérstökum hraða hér í gegnum þingið. Ráðherra lagði mikla áherslu á það að til þess að hægt væri að eiga þessi kaup væri nauðsynlegt að málið gengi hér fyrir sig með sérstöku forgangshraði á þeirri forsendu að verið væri að nýta veiðiheimildir við strendur Alaska. Svo er upplýst hér að þessar veiðiheimildir hafi verið fengnar með samningi 1984 þar sem samið hafi verið um gagnkvæmar veiðiheimildir en reyndar bætt við að gagnkvæmni gagnvart Íslendingum hafi verið tryggð á þann veg að þær yrðu ekki framkvæmdar. Hvers slags samningur er það ef verið er að gera samning um gagnkvæmar veiðiheimildir þar sem annar aðilinn á að skila einhverjum hlut en gagnkvæmnin á hinn veginn er í samningnum einhvern veginn felld úr gildi um leið?

Því miður er ég hræddur um að þessi samningur hafi verið á þann veg að þar hafi átt að krefjast einhvers af Íslendingum ef um veiðiheimildir væri að ræða. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að benda á ýmsa þætti sem væri hægt að stilla okkur upp við ef um þann hlut væri að ræða, að við ættum að skila einhverri gagnkvæmni á móti, en það er náttúrlega svo ískyggilegt að hugsa til þess ef íslensk stjórnvöld hafa raunverulega með yfirlýsingu um það að hér væri um veiðiheimildir að ræða fengið aðila til þess að kaupa skip og sigla því vestur til Bandaríkjanna án þess að um raunverulegan samning, tryggan samning, væri að ræða. Íslensk stjórnvöld hljóta vitaskuld að taka ábyrgð á þessu, hvað sem þau segja í dag. Ef Andri BA nær ekki því að fá fisk til vinnslu hefur orðið þarna stórkostlegur skaði hjá útgerðinni. Þetta skip er ekki hægt að nýta hér við heimaveiðar og þá hljóta íslensk stjórnvöld að finna fyrir því að þau verða einhvern veginn að koma sér úr þessari klípu og eru jafnvel fullkomlega ábyrg fyrir þessum kaupum og fyrir þessari tilraun til veiða við Alaskastrendur.

Guðmundur H. Garðarsson:

Ég tek undir orð hv. þm. Skúla Alexanderssonar varðandi það atriði að þegar verið var að fjalla um þetta mál fyrir ári síðan stóð ég í sömu trú og hv. þm. Skúli Alexandersson, að við værum að fjalla um mál sem væri þess eðlis að þeir sem hygðust nýta sér þá möguleika sem umrædd löggjöf gerði ráð fyrir, væri þess eðlis að útgerðaraðilar gætu gert út sitt skip með þeim hætti sem efnt hefur verið til. Sú fullyrðing hv. þm. Skúla Alexanderssonar að ábyrgð íslenskra stjórnvalda, núv. hæstv. ríkisstjórnar, sé mikil í þessum efnum er því rétt. Það hlýtur að vera krafa þingheims að þetta mál sé betur upplýst, það sé betur upplýst á grundvelli hvaða gagna eða samninga núv. hæstv. ríkisstjórn hefur unnið að þessum málum, og í öðru lagi hljótum við hv. þm. að gera kröfu til ríkisstjórnarinnar um það að þeir aðilar sem eru þolendur í þessu, sem eru útgerðaraðilar, fái þær bætur sem greinilega liggur fyrir að íslenska ríkið verður að greiða þessum aðilum.

Það liggur í augum uppi að ábyrgir útgerðaraðilar — og nú duga engin hreystiyrði, hæstv. utanrrh., eða stóryrði eða persónulegar árásir á menn hér úr ræðustóli. Nú stendur hæstv. ráðherra frammi fyrir því ... (Gripið fram í.) Ég er að tala við hæstv. utanrrh. (**Utanrrh.:** Já, ég heyri það.) Nú dugar ekkert að koma hér með stráksskap upp í ræðustól eins og hæstv. ráðherra hefur gert hér æ ofan í æ. Nú stendur hæstv. ráðherra frammi fyrir því ... (**Forseti:** Forseti hlýtur að benda hv. þm. á að hæstv. utanrrh. hefur ekki haft í framíni hin minnstu stóryrði hér í ræðustól.) Virðulegi forseti. Maður er svo vanur því þegar talað er um alvarlega hluti hér, sérstaklega sem varða þriðja aðila, utan þingsala, að ráðherrar séu ýmist með skæting eða svari út úr að maður gefur sér það fyrir fram að þeir geri það og haldi viðtekinni venju. Ef hæstv. utanrrh. ætlar að breyta til í þeim efnum er það ágætt. Ef hann ætlar að vera ábyrgur og standa frammi fyrir því sem hér er um að ræða, þá er það gott, virðulegi forseti. Það er tímabært að þessir ráðherrar sýni þingheimi og öðrum þá kurteisi. En sleppum því.

Ég vil segja það við hæstv. ráðherra að hér hefur einn af stjórnarþm. fullyrt að núv. ríkisstjórn hafi vísvitandi blekkt þingheim, og hafi hún blekkt þingheim hefur hún einnig blekkt þann útgerðaraðila sem hér um ræðir. Þess vegna hlýtur það að vera krafa okkar að þessir hæstv. ráðherrar sem hér eru viðstaddir og bera ábyrgð á þessari stjórn, á þessu sem hér er um að ræða, stjórnarfarslega, geri okkur grein fyrir hvernig þessum málum er raunverulega háttað því að ég sé ekki annað, eins og ég sagði áðan, en að útgerðaraðilar hljóti að eiga háar kröfur á hendur íslenska ríkinu fyrir það hvernig hefur verið haldið á þessum málum eða réttara sagt ekki haldið á þeim.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að þessu gefna tilefni hér áðan að minna menn á að gera sér ekki fyrir fram hugmyndir um það sem menn kunni að segja hér í ræðustól og bera þeim á brýn orð sem ekki hafa verið sögð hér. (Gripið fram í.) Já, ég held að menn verði að hafa hjá sér það sem þeir telja sig eiga von á.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mun reyna að vera afar kurteis og eins fjarri öllum stóryrðum, dylgjum eða öðru slíku og ég framast kann ef það má hægja hug hv. síðasta ræðumanns. (**Gripið fram í:** Það er skemmti-

leg tilbreytni.) Eins og ég sagði byggði samgrn. sína afstöðu gagnvart því að leyfa skráningu skipsins á umsögnum og eindregnum meðmælum tveggja ráðuneyta og ég las þau upp hér áðan. Ef menn vilja heyra aftur orðalag þar sem vikið er að fiskveiðikvótunum, þá segir svo í bréfinu frá sjútvrn., dags. 27. jan. 1989, með leyfi forseta:

„Á síðasta ári fengu þessir aðilar úthlutað [þ.e. útgerð skipsins] 40 þúsund tonna þorskkvóta af fiskveiðiráði Alaska. Þessa úthlutun reyndist ekki unnt að nýta þar eð áform um viðeigandi vinnsluskip brugðust. Nú hefur samsvarandi kvótaúthlutun verið endurnýjuð fyrir árið 1989."

Hér er eingöngu talað um þennan tiltekna þorskkvóta og það er sjálfsagt hægt að skilja það á ýmsa vegu, hvort þarna sé um að ræða veiðikvóta eða vinnslukvóta. Ekki er tekið af skarið um það í bréfinu, en það er ljóst að samgrn. var í þeirri trú að engir meinbugir væru á því að nýta þessar heimildir til vinnslu við strendur Alaska. Því var ekki kunnugt um að svo væri, hvorki af umsögnum ráðuneyta né heldur kom það fram hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins þegar þeir sóttu um skráningu. Þvert á móti var að skilja á þeirra máli að eina hindrunin sem í vegi væri væri sú að skipið yrði að skrá á Íslandi og það yrði að sigla undir íslenskum fána til þess að það gæti nýtt sér réttindi sem íslenskum aðilum eru ásköpuð í þessum samningi og í því ljósi var þessi skráning heimiluð. Ég tel það hins vegar ljóst og hafi allan tímann verið að öll áhætta í sambandi við þennan rekstur er á herðum fyrirtækisins sem af fúsum og frjálsum vilja tekur þá ákvörðun og áhættu að reyna að fara í þessa atvinnustarfsemi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það virðist nú vera ljóst að mikið skortir á það að menn séu nægilega upplýstir um þetta mál.

Fyrsta spurning: Um hvað var þessi samningur? Samningurinn er út af fyrir sig um heimildir til veiða, töku eða nýtingar á fiski. En það er alveg ljóst að hér er um að ræða sameiginlegt áhættufyrirtæki íslenskra og bandarískra aðila. Það samkomulag var um það að hinn erlendi samstarfsaðili annast veiðar. Hið íslenska skip var frá upphafi útbúið fyrir vinnslu og fór aldrei neitt á milli mála og enginn blekktur og enginn skortur á upplýsingum. Á grundvelli samningsins fékk þetta fyrirtæki vinnslukvóta upp á allt að 30 þúsund tonn úr sameiginlegum kvóta. Auðvitað gat það hent — það var áhætta tekin — að þessi kvóti veiddist ekki. Það gat líka hent að skipið kæmist aldrei á staðinn, enda reyndist það svo, það komst ekkert á staðinn og gat ekki nýtt þá heimild sem það sannanlega hafði til þessarar vinnslu.

Ef menn spyrja síðan: Nú og hvað með næsta ár? Samningurinn er framlengdur. Hann er enn í gildi. En útgerðaraðilum var að sjálfsögðu ljóst að það lá ekkert fyrir um það fyrir fram hvaða kvótum yrði úthlutað á næsta ári. Það var ekki ráðuneytis að segja þeim neitt til um það. Það er samstarfsaðilinn sjálfur sem hafði af því mestar áhyggjur úr því að skipið komst aldrei á staðinn að þetta væri engan veginn tryggt. Og með því að líta bara á tölur um hver hefur verið hlutur útlendinga og sameiginlegra áhættufyrirtækja á þessu svæði, líta á tölur t.d. frá Japan, var mönnum það ljóst að þær hafa verið breytilegar frá ári til árs. Mætti t.d. nefna sem dæmi að árið 1985 höfðu japönsk skip veitt samkvæmt svona samningi meira en 1,1 millj. tonna innan bandarískrar efnahagslögsögu. Árið 1989 var þeim ekki leyft að veiða nokkurn skapaðan hlut, 1,1 millj. tonn og ekkert. Þannig að ef menn eru að spyrja um áhættu, þá ítreka ég: Hér var verið að stofna áhættufyrirtæki á grundvelli samnings. Samningurinn kveður ekki á um kvóta. Samningurinn úthlutar ekki kvótum. Hann gefur heimild til að sækja um kvóta og það er auðvitað breytilegt frá ári til árs. Og lögfræðilegur ráðgjafi fyrirtækisins hafði reyndar varað við því að það hefði mjög skaðleg áhrif og yki áhættuna ef skipið kæmist ekki á vettvang til þess að nýta kvótann í ár. (**Gripið fram í:** Nýta hann sl. ár.) Sl. ár, 1989. Þannig að tal um ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgð stjórnvalda, bótakröfur á hendur stjórnvöldum í þessu máli — það er satt að segja bara ábyrgðarhlutur að hv. alþm. skuli gerast talsmaður slíkra sjónarmiða án þess að hafa kynnt sér málið. Fyrir því er ekki hinn minnsti fótur. Að sjálfsögðu höfum við látið í té alla fyrirgreiðslu við útgerðaraðilana, lagt í verulegan kostnað við að aðstoða þá við umsókn á kvótum og við að ná beinum og milliliðalausum aðgangi að bandarískum stjórnvöldum vegna þess að það er nú m.a. bandaríska viðskiptaráðuneytið sem fer formlega með úthlutunarvald fyrir utan ráðið í Alaska. Allar ásakanir á hendur stjórnvöldum í þessu máli eru því gjörsamlega út í hött. Við höfum reynt að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að leiðbeina þessum mönnum og liðsinna og ætlumst ekki til neinna þakka fyrir það vegna þess að það er okkar skylda. En málflutningur af því tagi sem hv. þm. var með hér áðan, hann á enga stoð í neinum rökum.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er einkum eitt atriði í þessu máli sem veldur mér heilabrotum og sannast að segja nokkrum áhyggjum. Við höfum áður staðið frammi fyrir því að þurfa að semja við Bandaríkjamenn um hina ýmsu hluti, fisksölu, vöruflutninga hingað til lands, lendingarleyfi flugvéla, hljóðkúta á þotur o.s.frv. Við höfum jafnan náð hinum bestu samningum þegar við höfum minnt Bandaríkjamenn á að við erum báðir aðilar í hinni miklu fjölskyldu þjóðanna á Norður-Atlantshafi, Atlantshafsbandalaginu, og því sé annað að eiga samskipti við okkur, það sé eins og að gera hlutina innan fjölskyldunnar, en að vera að eiga við fjarskyldar þjóðir sem eru svona eins og fólk utan úr bæ.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. utanrrh. hvort þíðan í Austur-Evrópu sé orðin það mikil að varnarstöðin komi til með að reynast okkur gagnslaus í þessum samningum, eða hvort með nýrri

ríkisstjórn sé verið að taka upp ný vinnubrögð og standi ekki til að nota varnarstöðina sem skiptimynt í þessu máli eins og hingað til hefur verið gert.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Ég vil ítreka að mér virðist allt benda til þess að ábyrgð íslenskra stjórnvalda sé mun meiri í þessu máli en fram hefur komið hér í umræðunni.

Hæstv. ráðherra segir að útgerðaraðilum hljóti að hafa verið ljóst að þeir væru að taka þarna mikla áhættu. Ég vil svara því á móti, án þess að hafa fengið þau gögn í hendurnar sem nauðsynleg eru til þess að vita enn nánar um þetta mál, þ.e. afskipti stjórnvalda, að stjórnvöld hljóta að hafa þá meginskyldu, og ég vil undirstrika það, hljóta að hafa þá meginskyldu að vekja athygli aðila á því hverjar hugsanlegar breytingar kunna að verða á jafnviðkvæmu máli eins og úthlutun kvóta við Alaska er og raun ber vitni um. Þetta hlýtur að vera skylda stjórnvalda, þar sem maður hlýtur að álykta sem svo að útgerðaraðilar sem stofna til þeirra fjárfestinga með samþykki íslenskra aðila hljóti að vera í mjög góðri trú um það að þeir búi við sömu vinnslumöguleika árið 1990 og voru fyrir hendi árið 1989. Þannig að í þeim efnum hlýtur ábyrgð íslenskra stjórnvalda að vera mikil.

Ég vildi óska eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherrar leggi hér á hinu háa Alþingi fram þau gögn sem lúta að þessu máli í skriflegri skýrslu. Ég vona að ég þurfi ekki að fara fram á það með skriflegum eða hefðbundnum hætti en geri það hér með munnlega.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Aðeins til þess að benda á nokkur atriði í sambandi við þátt stjórnvalda í þessu máli og upplýsingar þeirra. Í sambandi við umræður um leyfi til að kaupa skip, eldra en 12 ára, í Ed. sl. vor upplýsti ég að okkur í nefndinni hefði ekki tekist að fá fullnægjandi upplýsingar um það hvernig skip þetta væri. Hvort þetta væri eingöngu vinnsluskip, eins og nú kemur á daginn að er, eða hvort það væri skip sem ætti að stunda bæði veiðar og vinnslu. Við vorum ekki upplýst í deildinni um það að hið íslenska skip væri útilokað frá veiðum. Við vorum látin sitja í óvissu um það hvernig skipið væri. Og ekki aðeins það, og samgrh. kom reyndar inn á það, við höfðum heyrt ákveðið nafn á skipi sem væri verið að kaupa. Síðan, meðan málið var til umfjöllunar í Ed., fóru að koma önnur nöfn, svona svífandi yfir umræðuna. Ég sagði frá því í Ed. að ég hefði átt von á að fá afrit af því bréfi sem nafn skipsins kæmi fram í, Romano, Romanoff, eða eitthvað slíkt. Stjórnvöld höfðu ekki betri upplýsingar fram að færa þegar var verið að fjalla um þetta mál hér á hv. Alþingi en lögðu mikla áherslu á það að málið fengi hér alveg sérstaka hraðafgreiðslu. Ég held að það hafi verið afgreitt á þann veg að 2. og 3. umr. í Ed. áttu sér stað sama dag og 1. umr. í Nd., ef ekki 2. og 3. umr. þar líka. Þannig að hraðinn og þrýstingurinn við að koma þessu máli í gegn var þetta mikill, á þeim grunni að við gætum nýtt okkur veiðiheimildir við Alaska. Það voru þær upplýsingar sem hv. Alþingi voru gefnar.

Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að það er mjög æskilegt að hæstv. ríkisstjórn leggi fram skýrslu um undirbúning og vinnu að þessu máli og hvernig að framkvæmd hefur verið staðið.

Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan í fyrstu ræðu sinni að utanrrn. kæmi lítið að þessu máli öðruvísi en með frímerkjum og stimpli. Hann hefur reyndar upplýst að það sé skylda ráðuneytisins að styðja íslenska aðila til þess að ná rétti sínum. Það er gott að heyra það. En ég held, og við höfum fundið fyrir því, að ráðuneytið — og ekki er ég að sjá eftir því — hafi lagt sig mjög mikið fram í því að vinna að þessu máli, eins og ég nefndi hér áðan, með sendiráðinu í Washington og útgerðarmönnunum og er ekkert nema gott um það að segja. En vitaskuld hljóta aðrir aðilar sem fara í einhver viðskipti erlendis að eiga von á slíkri fyrirgreiðslu frá utanrrn. eins og hér hefur verið lögð fram á komandi tímum. Gott fordæmi þetta.

Og í lokin aðeins í sambandi við það sem báðir ráðherrar hafa fullyrt hér, að fyrir hafi legið kvótaheimild eða úthlutun á síðasta ári, þ.e. á árinu 1989. Það virðist svo sem einhver misskilningur sé tengdur því líka vegna þess að samkvæmt fréttum í fjölmiðlum hafa aðilar, fiskveiðiráðið í Alaska og jafnvel utanríkisviðskiptaráðherra Bandaríkjanna, haft aðra skoðun á því máli, að þar hafi ekki verið um neina heimild að ræða aðra en þá að vitað var samkvæmt samningnum að hægt var að koma með skip inn á Kyrrahafið og það fengi stimpil um að það væri vinnsluhæft. Gott og vel. Það virðist ekki vera mikið meira sem Andri BA hefur út frá þessum samningi en það að geta keypt sér stimpil á eitthvert plagg um að skipið sé þannig útbúið að það sé vinnsluhæft og um borð í því skipi megi vinna fisk.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Einmitt vegna þess að utanrrn. hefur að sjálfsögðu sinnt þeirri skyldu sinni að liðsinna þessum íslensku aðilum í samskiptum við stjórnvöld, sem okkur ber skylda til samkvæmt samningi, er það þeim mun fráleitara og reyndar alvarlegt mál þegar einn hv. þm. gerist hér talsmaður þess að bera fram kröfur á hendur skattgreiðendum út af þessu máli án þess að styðja það nokkrum rökum. (Gripið fram í.) Augnablik, spara frammíköllin. Að því er varðar spurninguna um áhættu þessara aðila lá það auðvitað ljóst fyrir og enginn misskilningur um það, þeir fengu leyfi fyrir allt að 30 þús. tonnum til vinnslu en það leyfi var hluti af sameiginlegum stærri kvóta fyrir Joint Venture fyrirtækið og enginn ætti að vita það betur en íslenskur útgerðarmaður að þær aðstæður gætu skapast að sá fiskur veiddist ekki eða að vinnsluskipið, ef það kemur ekki á staðinn og vinnur hann, missi af kvótanum.

Þá er það spurningin um það í hverju áhættan var fólgin. Að sjálfsögðu var það ekki íslenskra stjórnvalda að taka ákvarðanir eða leggja dóm á þá áhættu sem fyrirtækið tekur, en um upplýsingagjöf er það að

segja að að sjálfsögðu var öllum kunnugt um það, bæði samstarfsaðila fyrirtækisins, sem er starfandi útgerðaraðili í Alaska, og lögfræðilegum ráðgjafa sem þekkir þarna mjög vel til, hver þróunin hafði verið. Ég nefndi áðan tölur um Japan og nefni hér tölur um það að árið 1990 er búist við því að erlendir aðilar hafi á sinni könnu um 10% af þeim afla sem veiddur er á þessu svæði en fyrir þremur árum var það um 80%. Með öðrum orðum, það lágu auðvitað ljóst fyrir upplýsingar um það að kvótaúthlutun frá einu ári til annars árs, hún var ekki tryggð, og hver þróunin hafði orðið á þessum árum.

Síðan, virðulegi forseti, um leið og ég lýk máli mínu og af því að hér eru uppi hafðar kröfur um bótakröfur á hendur ríkinu, þá vildi ég nú bara t.d. nefna það að það var ekki til þess að auðvelda starfið að einn aðili, einn af þeim þremur aðilum sem áttu aðild að þessu fyrirtæki, reyndar einstaklingur að nafninu Jón Kristinsson, sagði sig úr fyrirtækinu vorið 1989, gengur úr Íslenska úthafsútgerðarfélaginu og sendir í desember bréf til fiskveiðaráðsins í Alaska þar sem hann segir að úthafsútgerðarfélagið hafi ekki rétt til vinnslukvótans. Þannig að það eru orðnar deilur milli hinna íslensku aðila sem urðu ekki til þess að auðvelda málarekstur gagnvart erlendum aðilum, reyndar hreint út sagt til þess að skaða hann stórlega. Og síðan er komið hér upp með kröfur um að íslensk stjórnvöld séu ábyrg og skaðabótaskyld.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta það sem hæstv. utanrrh. sagði. Ég sagði í ræðu minni að hugsanlega ættu viðkomandi útgerðaraðilar bótakröfur á hendur íslenska ríkinu. Ég hef óskað eftir því í framhaldi af því sem ég sagði að lögð verði fram fyrir hið háa Alþingi formleg skýrsla um afskipti eða afskiptaleysi íslenskra stjórnvalda í þessu máli.

Að lokum, virðulegi forseti. Það er alrangt hjá hæstv. utanrrh. ef hann heldur að við séum hérna sjálfra okkar vegna. Við erum hérna fyrst og fremst til þess að gæta hagsmuna fólksins og þjóðarinnar. Ef stjórnvöld gera mistök eiga þegnarnir rétt að sækja í hendur stjórnvalda fyrir það sem þau kunna að hafa ranglega gert. Sama gildir gagnvart hæstv. utanrrh.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðu utan dagskrár er lokið en ég endurtek að ég mun ganga eftir beiðni um yfirlit yfir gang umrædds máls.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í utandagskrárumræðu sem nú er lokið féllu hér orð sem gefa fullkomið tilefni til þess að beðið verði með formlegum hætti um skýrslu um þetta mál, allan gang málsins frá því að samningurinn var gerður við Bandaríkin og til þessa dags. Ég tel því ekki að nauðsynlegt sé að biðja forseta um að hafa milligöngu um það við ráðherra. Ég hygg að betra sé upp á seinni tímann að fram komi beiðni um skýrslu með formlegum hætti og þá mun sú skýrsla liggja fyrir eins fljótt og unnt er. Það er mikilvægt vegna ummæla sem hér hafa fallið í þessari umræðu að slíkt sé gert.

SAMEINAÐ ÞING

42. fundur, fimmtudaginn 25. jan., að loknum 41. fundi.

Varðveisla ljósvakaefnis, fyrri umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 71, ásamt hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, Friðrik Sophussyni og Pálma Jónssyni, flutt till. til þál. sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því hvernig best verði staðið að skipulegri varðveislu ljósvakaefnis sem hafi menningarsögulegt gildi eða geti verið mikilvægt fyrir rannsóknir næstu kynslóða á sögu lands og þjóðar."

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú að ég hef orðið var við áhyggjur ýmissa sem fást við sagnfræði af því að heimildagrunnur sagnfræðilegra rannsókna og sagnfræðinga framtíðarinnar sé að þrengjast og verða einhæfari. Við vitum að heimildir um íslenska sögu fyrri alda er ekki síst að finna í alls kyns prentuðu eða skrifuðu máli, sendibréfum, minnisblöðum, dagbókum og fleiru þess háttar. Það hafa verið ómetanlegar heimildir við skrásetningu sögu þjóðarinnar eða einstakra persóna.

Þótt nú sé mikið gefið út af alls kyns prentuðu máli hafa ýmsir áhyggjur af því að það geti orðið nokkuð gloppótt sem heimildir til sagnaritunar fyrir þær kynslóðir sem á eftir koma. Það færist stöðugt í vöxt að minnisblöð, orðsendingar og annað efni af ýmsu tagi sem er undanfari og grundvöllur mikilvægra ákvarðana sé sent með tölvum manna á milli og hverfi síðan. Mjög mikið efni er flutt á öldum ljósvakans í sjónvarpi eða útvarpi og mest af því hverfur eða gleymist. Gífurlegar heimildir liggja í margs konar útvarps- og sjónvarpsefni og engin trygging er fyrir því nú að slíkt efni sé varðveitt. Þar ræður mestu um hvort innan einstakra stofnana sé áhugi á slíkri heimildasöfnun. Gefur auga leið að það er tilviljunum háð. Engar reglur eru til um hvað beri að geyma né hver eigi að varðveita það. Ríkisútvarpið á allgott safn af ljósvakaefni, en þó er ljóst að margs konar efni hefur glatast, m.a. margt áhugavert sjónvarpsefni. Mér er ekki kunnugt um hvaða reglur gilda um þetta á Stöð 2. Þó hafa forráðamenn þar sagt mér að þeir reyni að geyma það sem þeir sjálfir telji vera áhugavert og geti haft framtíðargildi. Okkur sem flytjum þessa þáltill. er ekki kunnugt um hvernig geymslu er háttað hjá öðrum ljósvakamiðlum.

Þáltill. er flutt til þess að það verði kannað með skipulegum hætti hvernig varðveislu ljósvakaefnis

verði best hagað. Ég held að ljóst sé að það má ekki lengur vera tilviljunum háð hvað af slíku efni er varðveitt, hver varðveitir það og hvernig sé háttað aðgangi að slíku efni. Á að leggja varðveisluskyldu á einstakar stofnanir, t.d. útvarps- og sjónvarpsstöðvar? Á að koma upp sérstöku ljósvakasafni, t.d. í tengslum við væntanlega Þjóðarbókhlöðu eða Þjóðskjalasafn? Hver á að meta hvað ber að varðveita og hvað fari í glatkistuna? Er þörf sérstakrar lagasetningar í þessu sambandi? Þetta eru dæmi um spurningar sem leita á hugann og leita þarf svara við. Sá er fyrst og fremst tilgangur þessarar þáltill., að mál þetta verði athugað og tillögur samdar í kjölfar slíkrar athugunar.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til félmn. Sþ. og síðari umr.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir að flytja þessa till. Hér er hreyft mjög þörfu máli. Það eru mörg álitaefni í þessu sambandi, hverjir það eru sem varðveisluskylduna ættu að hafa ef hún yrði ákveðin, hverjir eiga að sjá um að efnið komist til skila. Eru það einstakar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar eða eru það aðrar stofnanir eins og Þjóðskjalasafn eða Þjóðarbókhlaða eftir atvikum? Satt að segja hef ég velt þessu máli pínulítið fyrir mér og hefur sýnst að eðlilegt væri að almenn lagaákvæði um þetta efni fylgdu útvarpslögum eða þeim lögum sem heimila notkun ljósvakamiðla eða um ljósvakamiðla yfirleitt. Einnig gæti þurft í þessu sambandi að setja inn fyllri ákvæði t.d. í lögin um Þjóðskjalasafnið sem mér sýnist í fljótu bragði að væri eðlilegt að hefði yfirlit yfir þessi mál og reyndi að framfylgja almennum reglum sem settar yrðu um varðveislu ljósvakaefnis, þess efnis sem kemur í útvarpi og sjónvarpi.

Eins og hv. þm. gat um eru engar reglur til um þetta í raun og veru. Það eru auðvitað til ákveðnar starfsreglur í Ríkisútvarpinu og hafa lengi verið til og byggðust á gömlum lögum og venjum. Eftir að fleiri aðilum var opnuð leið til þess að nýta sér ljósvakamiðla hefur hins vegar engum reglum verið framfylgt í þessu efni. Ég hygg að einstakar útvarpsstöðvar, margar hverjar a.m.k., varðveiti mjög lítið af því efni sem þær flytja. Ástæðulaust er auðvitað að setja þær kvaðir á þessar stofnanir eða þessi fyrirtæki að þau varðveiti allt það efni sem þau flytja, það er auðvitað algjörlega ástæðulaust, en einhverjar almennar rammareglur mætti hugsa sér að yrðu til sem yrðu þá settar einmitt fyrst og fremst á menningarsögulegum forsendum, þ.e. með hliðsjón af því hvað ætla má að næstu ár, ég tala nú ekki um komandi kynslóðir, hefðu áhuga á eða þyrftu að fá upplýsingar um.

Það er rétt sem hv. þm. segir, að þær upplýsingar um þjóðmálaumræðu t.d. eða samtímasögu sem liggja fyrir í prentuðu máli gefa takmarkaðri mynd af samtímasögunni en áður var, engan veginn tæmandi og þess vegna er hér hreyft mjög þörfu máli. Ég endurtek þakkir mínar til hv. 2. þm. Reykv. fyrir að hreyfa því hér og leyfi mér að láta í ljós þá ósk að hv. félmn. Sþ. fari vandlega yfir málið þegar það kemur til hennar, einnig auðvitað með hliðsjón af þeim lagafrv. sem fjalla um hliðstæð mál og lögð hafa verið fyrir eða kunna að verða lögð fyrir þetta Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lágmarksframfærslukostnaður í landinu, fyrri umr.

Þáltill. SV, 99. mál. — Þskj. 101.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 101 hef ég leyft mér að flytja till. um að athuga lágmarksframfærslukostnað í landinu. Tillgr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela Hagstofu Íslands að kanna, meta og gera sundurliðaða greinargerð um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Greinargerðin sýni lágmarksframfærslukostnað manns sem ekki á aðrar eignir sem tengjast framfærslu en föt og venjulegt innbú. Skal greinargerðin miðast við framfærslu í eitt ár á verðlagi í desember 1989. Skal miðað við að maðurinn geti veitt sér hollt og næringarríkt fæði og búi í húsnæði sem ekki spillir heilsu hans og hann þarf ekki að deila með öðrum, einnig að hann geti unnið öll heimilisstörf sjálfur. Meta skal fæðis- og húsnæðiskostnað og hitunar- og rafmagnskostnað sérstaklega. Einnig skal meta aðra kostnaðarliði sérstaklega eftir því sem henta þykir, en við mat á kostnaði við föt, bækur, skemmtanir og annað en brýnustu lífsnauðsynjar skal miða við kostnað sem láglaunafólk hefur haft af þessu í framfærsluvísitölugrundvelli Hagstofunnar.

Þá er Hagstofunni einnig falið að kanna og taka saman greinargerð um lágmarksframfærslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert ár frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess. Skal miðað við sömu forsendur og fyrir fullorðinn einstakling með þeirri athugasemd að barnið sé barn einstæðs foreldris sem eins er ástatt um og greinir í fyrri hluta áætlunarinnar.

Sé umtalsverður, meira en 5%, munur á kostnaði við lágmarksframfærslu eftir kyni mannsins eða barnsins skal greina sérstaklega frá því. Einnig skal greina sérstaklega frá mismun sem kann að vera á hitunar- og rafmagnskostnaði eftir búsetu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar þar sem hann er hvað hæstur í strjálbýli. Hagstofan skal leita sérfræðiaðstoðar utan stofnunarinnar eftir því sem hún telur þörf á.

Leitast skal við að ljúka könnuninni sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1990."

Tillaga sama efnis um lágmarksframfærslukostnað var flutt á síðasta þingi, en fékkst ekki afgreidd. Mikilvægi málsins leyfir ekki slíka niðurstöðu.

Í samfélagi, sem hefur jöfnuð og velferð að meginmarkmiði, hlýtur lágmarksframfærslukostnaður fólks að vera grundvallarstærð sem önnur mörk og viðmiðanir í hagkerfinu verða að miðast við. Er þar átt við lágmarkslaun, elli- og örorkulaun, barnabætur og aðrar greiðslur til framfærslu barna, einnig gengisákvarðanir, vexti, skatta á laun og óbeina skatta og gjöld á lífsnauðsynjar og fleira.

Það er því mjög brýnt fyrir þá sem vinna að samfélagsmálum og þá sem láta sig slík mál varða að hafa upplýsingar um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Á þetta hefur skort. Framfærsluvísitala Hagstofunnar byggist á meðaltali framfærslukostnaðar og ekki hefur verið gerð hér á landi alvarleg tilraun til að komast að því hver lágmarksframfærslukostnaður einhleypings er. Hér eru að sjálfsögðu mörg álitamál, t.d. hvort telja eigi með kostnað við tóbaksnotkun, bifreið og fleira. Flutningsmaður tekur ekki afstöðu til þess, en gerir sér vonir um að sundurliðun í greinargerðinni upplýsi um þessa kostnaðarliði sérstaklega, og löggjafarvaldið eða önnur stjórnvöld, sem áhuga hafa á þessum málum, setji með tímanum ákveðnari viðmiðanir sem síðari kannanir á lágmarksframfærslukostnaði skuli miðast við. Sama á við um stærð og búnað húsnæðis og endurgjald fyrir það. Auðvitað er eðlilegt í framtíðinni að miða við ákveðnar grunnþarfir og einhverja nærtækustu lausnina við að uppfylla þær. Þessi og önnur atriði af sama toga skýrast betur við vinnu að verkinu og er við því að búast að Hagstofan, framkvæmdaraðilinn, greini frá matsvandamálum og öðrum atriðum sem ástæða þykir til í forsendum greinargerðarinnar.

Það er eiginlega furðulegt að í okkar þjóðfélagi sé það þannig að lágmarkslaun skuli ekki vera miðuð við frumþarfir. En hér á hinu háa Alþingi og úti í þjóðfélaginu skuli vera tekist á um það að fjármagnið hafi alltaf sitt og það skuli vera reynt með öllum mögulegum hætti og ómögulegum að villa um fyrir almenningi í landinu hvernig raunverulega staða allra þessara mála er.

Ég vona að Alþingi verði við því að afgreiða þessa þáltill. á þessu þingi og mælist til þess við hæstv. forseta að hún geri það sem í hennar valdi stendur til þess að það megi verða. Ég hygg að eðlilegt sé að þetta fari til félmn. og óska eftir að þessu verði vísað til síðari umr. og félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, fyrri umr.

Þáltill. GHH o.fl., 110. mál. — Þskj. 114.

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um starfsreglur fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins. Flm. eru þeir alþingismenn sem þátt hafa tekið í starfsemi Íslandsdeildarinnar á þessu kjörtímabili, þ.e. þingmennirnir Geir Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Sighvatur Björgvinsson auk þess sem hér stendur. Þess skal getið að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands, Júlíus Sólnes, hefur einnig tekið þátt í störfum deildarinnar á kjörtímabilinu og er sammála þessari till. þó að hann af eðlilegum ástæðum sé ekki flm.

Þannig háttar til, virðulegi forseti, að íslenskir alþingismenn hafa tekið þátt í störfum Alþjóðaþingmannasambandsins, sem á ensku er kallað Inter-Parliamentary Union, meira og minna samfleytt frá árinu 1951 þegar stofnuð var hér sérstök Íslandsdeild sem fékk aðild að sambandinu. Þátttakan hefur verið breytileg frá ári til árs en hefur verið í nokkuð föstum skorðum um allnokkurt árabil eins og ég hygg að margir þingmenn þekki af eigin raun. Engu að síður er það svo að ekki hafa verið í gildi ákveðnar starfsreglur fyrir Íslandsdeildina eins og þó verður að telja eðlilegt um starfsemi af þessum toga til þess að tryggja nauðsynlega festu í starfinu og eðlilega samfellu við þau verkefni sem unnið er að í samstarfi sem þessu á alþjóðavettvangi. Reyndar er það þannig að í lögum sambandsins, sem fylgja með þessari þáltill. sem fylgiskjal, er kveðið á um það að sérhver þjóðdeild í sérhverju aðildarþingi skuli setja sér sérstakar starfsreglur og má segja að það sé ekki seinna vænna að uppfylla það skilyrði í lögum sambandsins nú á þessu ári.

Stjórn þeirrar Íslandsdeildar sem hefur starfað á þessu kjörtímabili, þ.e. þeir þm. sem flytja till., tóku upp þá reglu á síðasta þingi að gera reglulega með formlegum hætti grein fyrir störfum sínum í þessu samstarfi. Ég vísa til tveggja þingskjala sem fram voru lögð á síðasta þingi, þskj. 139 og 911, og sömuleiðis þskj. 109 á yfirstandandi þingi þar sem eru skýrslur Íslandsdeildarinnar og gerð rækileg grein bæði fyrir starfsemi þessara samtaka, Alþjóðaþingmannasambandsins, og sömuleiðis starfsemi Íslandsdeildarinnar á umræddu tímabili. Þar kemur fram með hvaða hætti þeim fjármunum sem til þessa samstarfs er varið hefur verið eytt af hálfu Íslandsdeildarinnar. Þetta tel ég að sé sjálfsögð kvöð sem rétt sé að leggja á aðila sem þátt taka í samstarfi af þessu tagi á vegum Alþingis. Ég tel reyndar einnig að starfsreglur eigi að gilda fyrir allt alþjóðlegt samstarf af þessu tagi sem er með formlegum hætti á vegum Alþingis eins og þetta og vona að þau drög sem hér liggja fyrir sem till. til þál. megi koma að nokkru gagni við samningu slíkra reglna fyrir aðrar alþjóðanefndir. Telja verður eðlilegt að nokkurt samræmi sé á milli slíkra reglna milli hinna einstöku alþjóðanefnda, þó að teknu tilliti til þeirra frávika sem kunna að vera í lögum viðkomandi sambanda sem geta verið breytileg frá einu tilviki til annars eftir eðli máls. Jafnframt höfum við í Íslandsdeildinni sem nú starfar

uppfyllt þær upplýsingaskyldur til Alþjóðaþingmannasambandsins sem kveðið er á um í lögum þess, en nokkur misbrestur hafði orðið á því á árum áður að gerð væri grein fyrir starfsemi Íslandsdeildarinnar til aðalstöðvanna í Genf.

Þetta, virðulegur forseti, var inngangur að kynningu á þeim reglum sem hér liggja fyrir í drögum af okkar hálfu. Reglurnar skiptast í nokkrar greinar, sjö megingreinar og eitt ákvæði til bráðabirgða. Allt eru þetta ákvæði sem telja verður eðlilegt og sjálfsagt að fyrirfinnist í reglum af þessu tagi.

Hin fyrsta er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union) er skipuð alþingismönnum og starfar í sambandi við tilgang sambandsins, sbr. lög þess sem fylgja með starfsreglum þessum."

Þessi grein þarfnast ekki skýringa, en rétt er að taka fram að með því orðalagi sem hér er haft á er í raun og veru litið svo á, eins og jafnan hefur verið á vegum Íslandsdeildarinnar, að allir alþingismenn séu þar aðilar og geti tekið þátt í störfum nefndarinnar þó svo að þeir hafi ekki verið tilnefndir sérstaklega í stjórn deildarinnar af sínum þingflokkum.

Í 2. gr. segir svo, með leyfi forseta: „Stjórn Íslandsdeildarinnar skipa fimm þingmenn tilnefndir af þingflokkunum í samræmi við stærð þeirra eða eftir samkomulagi þingflokka. Heimilt er að tilnefna varamenn í stjórnina. Tilkynna skal um tilnefningar á fundi í sameinuðu þingi."

Hér er kveðið á um hversu margir þingmenn skulu vera í stjórn Íslandsdeildarinnar og er gert ráð fyrir því að þeir verði fimm talsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þingflokkar tilnefni í stjórnina í samræmi við þingstyrk eins og tíðkast um tilnefningar og kosningar hér á Alþingi í nefndir og ráð. Þó er gert það frávik að heimilt er að víkja frá þessu atriði ef um það er samkomulag milli þingflokka, eins og vel er hugsanlegt og oft er gert eins og þingmenn þekkja.

Rétt er að geta þess að þetta ákvæði, þetta orðalag er í nokkru frábrugðið því sem tíðkast hefur í þessu samstarfi hér á Alþingi. Það hefur verið svo að sérhver þingflokkur hefur tilnefnt einn mann til að sitja í stjórn Íslandsdeildarinnar án þess þó að um það séu neinar formlegar reglur eða ákvæði. Stjórnin telur hins vegar eðlilegt að um þetta gildi sömu reglur og um aðrar tilnefningar í nefndir og ráð, að það sé sem sagt miðað við stærð þingflokka og hlutfallskosningu, ef svo mætti segja, tilnefningu í hlutfalli við stærð þingflokka. Þó er rétt að vekja athygli á því að lagt er til í ákvæði til bráðabirgða að þær tilnefningar sem fram fóru í upphafi kjörtímabilsins til þessara verkefna haldist óbreyttar þannig að þeir þingflokkar sem þá tilnefndu fulltrúa haldi sinni tilnefningu út þetta kjörtímabil. Í raun og veru kemur þetta ákvæði um tilnefningu í samræmi við stærð þingflokka því ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi næsta kjörtímabils. Rétt er að vekja athygli á því að þátttakan sjálf, þátttaka þingmanna, hefur ævinlega miðast við stærð þingflokka og verið farið þar að í samræmi við eðlilegar hlutfallsreglur, og hefur svo gilt um þátttöku í einstökum þingum eða starfsemi á vegum sambands að öðru leyti. Hér er einnig skotið inn ákvæðum um að tilnefna megi varamenn og jafnframt sú eðlilega regla fram tekin að tilkynnt skuli um tilnefningar á fundi í Sþ. Þar með liggur fyrir skjalfest í þingtíðindum hverjir hafa verið tilnefndir til þessara verkefna.

Í 3. gr. segir svo, virðulegi forseti: „Tilnefning í stjórn skal fara fram eftir hverjar þingkosningar og gildir út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla stjórnarmenn saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann Íslandsdeildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Stjórnin getur heimilað fyrrverandi þingmönnum, sem uppfylla skilyrði Alþjóðaþingmannasambandsins þar að lútandi, aðild að Íslandsdeildinni sem heiðursfélagar án atkvæðisréttar, sbr. 7. gr. laga sambandsins."

Hér er um það að ræða í fyrsta lagi, virðulegi forseti, að kveðið er á um að tilnefna skuli í stjórnina eftir hverjar þingkosningar og skuli tilnefningin gilda út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað. Þ.e. gert er ráð fyrir því að ef þingflokkur sér ástæðu til geti hann skipt um fulltrúa í þessari stjórn. Það eru þarna eðlileg ákvæði um hvernig kalla skuli stjórnina saman og um kjör formanns og varaformanns. Loks er ákvæði um heiðursfélaga sem virkar kannski sérkennilega en er hins vegar eingöngu sett til að opna fyrir möguleika sem beinlínis er gert ráð fyrir í lögum sambandsins sjálfs. Ákvæði sem þetta er að finna í öllum þeim starfsreglum annarra þjóðdeilda sem ég hef séð og þykir eðlilegt að þetta ákvæði fyrirfinnist í reglunum hér þó svo að það hafi fram til þessa ekki haft neina þýðingu fyrir störf Íslandsdeildarinnar og óvíst hvort það muni gera það í framtíðinni.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að Íslandsdeildinni sé heimilt að tilnefna ritara í samráði við skrifstofustjóra Alþingis. Þetta er eðlilegt ákvæði. Deildin hefur haft aðstoð ritara undanfarin ár, reyndar alllengi. Áður gegndi skrifstofustjóri þingsins þessu verkefni sjálfur. Síðan hefur verið valið í þetta eftir öðrum leiðum og nú heyra þessi störf, að því er mér skilst, í hinu nýja skipulagi Alþingis undir þingsvið skrifstofunnar. Í framtíðinni, þegar kemur til slíkra tilnefninga, mun þá væntanlega verða haft samráð milli stjórnardeildarinnar og skrifstofustjóra Alþingis eða þess yfirmanns á skrifstofu þingsins sem hann hefur falið að fjalla um þessi mál.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því að sótt sé árlega um fjárveitingu á fjárlögum til starfsemi deildarinnar sem nægi til að standa straum af þeim kostnaði sem af þessu samstarfi hlýst. Sérstaklega er tekið fram að reikningar skuli endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

Í 6. gr. segir svo, með leyfi forseta: „Stjórn Íslandsdeildarinnar ákveður þátttöku deildarinnar í starfi sambandsins á ári hverju. Um val þátttakenda á

þingum og ráðstefnum skal miða við hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka en jafnframt leitast við að tryggja að þingmenn úr öllum þingflokkum fái tækifæri til að sækja þing eða ráðstefnur sambandsins á kjörtímabilinu. Enn fremur skal reyna að tryggja eðlilega samfellu í starfi deildarinnar.

Formaður skal að jafnaði sitja í ráði sambandsins en aðrir stjórnarmenn skiptast á um að taka þar sæti eftir sömu hlutfallsreglum og gilda um þátttöku skv. 1. mgr. þessarar greinar."

Hér er vikið að því sem ég hef þegar getið um, virðulegi forseti, þ.e. að þátttakan sjálf, þátttaka í þingum eða ráðstefnum á vegum deildarinnar, ákveðst svo sem verið hefur í hlutfalli við stærð þingflokka. Stjórn deildarinnar áætlar þátttökuna á hverju ári, gerir áætlanir fyrir það starf sem fram undan er og skipuleggur það með þeim hætti sem viðeigandi telst. Rétt er að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því og tekið fram að reyna skuli að tryggja að allir þingflokkar fái á hverju kjörtímabili einhvern möguleika til þess að kynna sér þá starfsemi sem þarna fer fram og tækifæri til að sækja þing eða ráðstefnur á kjörtímabilinu.

Loks er þess getið að reynt skuli að tryggja eðlilega samfellu í starfi deildarinnar þannig að tryggt sé að starfið falli ekki niður og jafnan séu einhverjir aðilar sem hafi aðstöðu til þess að fylgjast samfellt með því sem fram fer á vegum sambandsins. Það er alveg ljóst að í því sambandi er starf ritarans mjög mikilvægt. Síðan er kveðið á um hverjir sitja í ráði sambandsins og það er í samræmi við reglurnar sem fyrir eru lagðar í lögum sambandsins.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að reglur þessar taki þegar gildi og í ákvæði til bráðabirgða er talað um, eins og ég vék að áðan, að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skuli tilnefningar í stjórn Íslandsdeildarinnar á þessu kjörtímabili haldast óbreyttar þó að ákveðnar mannabreytingar geti þar að sjálfsögðu orðið.

Ég hef þá, virðulegi forseti, gert grein fyrir þessum ákvæðum og hyggst ekki lengja þetta mál. Ég mun víkja nánar að starfsemi deildarinnar í umræðum sem væntanlega munu fara fram mjög fljótlega um skýrslur alþjóðanefnda hér í Sþ. og gera þá nákvæmari grein fyrir því sem á dagana hefur drifið, ef svo mætti segja, í þessu starfi og þeim skýrslum sem útbýtt hefur verið í þinginu um starfsemi deildarinnar.

Ég vil að lokum aðeins undirstrika það að ég tel rétt og nauðsynlegt að reglur sem þessar séu settar. Ég tel eðlilegt að hv. utanrmn., sem ég geri tillögu um að fái þessa tillögu til meðferðar, kanni þetta mál gaumgæfilega í samráði við deildarmenn og ritara deildarinnar. Ég tel jafnframt brýnt að reynt verði að ganga frá starfsreglunum á þessu þingi þannig að þær megi til framkvæmda koma, enda er það ekki eðlilegt að þessu formsatriði gagnvart sambandinu sjálfu skuli enn ekki fullnægt þó að alþingismenn hafi tekið þátt í þessu samstarfi í hartnær 40 ár. Auðvitað er það miklu betra fyrir alla sem að þessu máli koma og í þessu starfi taka þátt að um það gildi fastmótaðar og ákveðnar reglur til þess að fara eftir sem tryggi bæði festu, samfellu og eðileg vinnubrögð að öllu leyti í þessum málum, óháð einstökum þingmönnum og þingflokkum.

Ég leyfi mér svo að leggja til, virðulegi forseti, að þessari tillögu verði vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningarsamskipti við Vestur-Íslendinga í Kanada, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE og AðB, 120. mál. — Þskj. 124.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada. Flm. ásamt mér er Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþm. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd er fái það hlutverk að kanna möguleika á að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada. Nefndin skili áfangaskýrslu um störf sín fyrir árslok 1990."

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er viðleitni Borgfl. til að efla utanríkisviðskipti landisns. Hugmyndin að baki auknum viðskiptum við Vestur-Íslendinga í Kanada er einfaldlega að byrja eins nálægt heimavellinum og hægt er. Þarna eru hundruð þúsunda fólks sem er af íslensku bergi brotið eða tengt landinu á einn eða annan hátt. Í rauninni er þetta svipað dæmi og þegar menn hefja atvinnurekstur, til að mynda hér á Reykjavíkursvæðinu, iðnrekstur, framleiðslu eða innflutning, þá leita þeir oft til kunningja sinna og ættingja út um landið sem þeir biðja um að hjálpa sér við að koma vörunni á markað í þeirra heimabyggð. Þannig er þetta hugsað, að leita til frænda okkar og ættingja í Kanada. Viðskipti við Kanada eða Vestur-Íslendinga í Kanada hafa verið lítil og samskipti við þá hafa verið nokkur en þó aldrei mjög skipulögð.

Ástandið hér á landi er mjög bágt um þessar mundir. Það er atvinnuleysi, það er kreppa, gjaldþrot. Við búum við háa skatta, við búum við rangláta eignarskatta og ranglátan matarskatt. Það er skylda stjórnvalda að gera allt sem í þeirra valdi stendur á slíkum tímum til þess að reyna að glæða atvinnulífið, efla framleiðsluna, selja vörurnar úr landi. Þessi tillaga er liður í því að taka til höndum og reyna að vinna og efla nýjan markað fyrir íslenskar framleiðsluvörur í Kanada.

Á sama hátt telja flm. rétt að efla menningartengsl við þennan þjóðarhluta, þessa ættingja okkar þarna, þó svo það lúti ekki að beinum viðskiptum. Tengsl milli þjóða eru ekki vöruviðskiptin ein heldur eru samskipti fólksins líka mikilsverð og við viljum gjarn-

an ýta undir samskipti við þessa frændur okkar verði glædd og þau megi verða ánægjuleg eins og gagnkvæm tengsl á milli ættingja eiga að vera. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Að lokum mæli ég með að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

43. fundur, mánudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður minn, Kolbrún Jónsdóttir skrifstofumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti."

Undir bréfið ritar Árni Gunnarsson, forseti Nd.

Kolbrún Jónsdóttir hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili og er því boðin velkomin til starfa.

Varðveisla ljósvakaefnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Lágmarksframfærslukostnaður í landinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SV, 99. mál. — Þskj. 101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHH o.fl., 110. mál. — Þskj. 114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Menningarsamskipti við Vestur-Íslendinga í Kanada, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE og AðB, 120. mál. — Þskj. 124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Eftirlaunasjóður einstaklinga, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

Flm. (Guðni Ágústsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er 62. mál þessa löggjafarþings. Flm. auk mín eru alþm. Alexander Stefánsson og Stefán Guðmundsson. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skipa nefnd sem fái það hlutverk að móta reglur um eigin eftirlaunasjóði allra landsmanna og gera tillögur um hvernig hægt væri að gera upp réttindi launþega í núverandi lífeyrissjóðum."

Í upphafi er rétt að spyrja: Er svona tillaga flutt að ástæðulausu? Er öryggi lífeyrissjóðanna slíkt og ástand þeirra að þar megi ekki hrófla við neinu?

Hlutverk lífeyrissjóðanna er tvenns konar: Annars vegar söfnunarþátturinn þar sem menn eiga að hafa tilfinningu fyrir því að greiðslurnar tryggi sjóðfélögum eftirlaun þegar starfsdegi lýkur, hins vegar tryggingasjóður sem við áföll eða andlát grípur inn í atburðarásina, greiðir örorkubætur og lífeyri til maka og barna við andlát.

Áður en ég rek hugmyndirnar um eigin eftirlaunasjóði vil ég nefna nokkur atriði til að brýna þingmenn, að vakna og fara að ræða um framtíðina og þá staðreynd að lífeyrissjóðirnir verða gjaldþrota ef svo heldur fram sem nú horfir. Á mörgum sviðum lifum við um efni fram en þetta er augljóst og einfalt reikningsdæmi hvað lífeyrissjóðina varðar. Spyrja má: Erum við í dag að brenna timbrið úr björgunarbátnum sem unga fólkið trúir að verði til taks árið 2020 þegar það ætlar að njóta þess sem það hefur lagt fyrir? Hvaða ástæður kalla á uppstokkun og nýtt kerfi?

Í fyrsta lagi er öryggi þjóðarinnar misskipt þar sem ríki og sveitarfélög, stærstu bæjarfélögin a.m.k., búa starfsmönnum sínum miklu betra öryggi að starfsdegi loknum en þekkist á almennum vinnumarkaði. Ríkisstarfsmenn komast á eftirlaun mun fyrr. Lífeyrir tekur í mörgum tilfellum mið af þeim kjarabótum sem nást fram í samningum. Almennir launþegar sem búa við lítið öryggi verða enn fremur að sæta því að vera skattlagðir sérstaklega til að greiða uppbætur svo að hægt sé að standa við alla samninga við opinbera starfsmenn. Í þessu skyni er greitt á annan milljarð í fjárlögum hvers árs og sífellt hækkandi

fjárupphæðir. Við þekkjum nú þau forréttindi sem bæði alþm. og ekki síður ráðherrar njóta í hinu opinbera lífeyriskerfi. Ríkisvaldið á sinn þátt í því að sjóðirnir eru að molna innan frá, að u.þ.b. 15–20% vinnandi manna hafa þegar yfirgefið sjóðina. Þetta eru stór orð, en þetta fullyrða bæði verkalýðsleiðtogar og lífeyrissjóðamenn við mig, að 15–20% af öllum vinnandi mönnum greiði ekki gjald til lífeyrissjóðanna. Þarna er þess vegna mikill vandi fyrir höndum. Þarna er mikil áhætta tekin af þessu fólki. Þarna er um lögbrot að ræða.

Þetta gerist af því að annaðhvort hirðir atvinnurekandinn sjálfur lífeyrisgreiðslurnar sem því miður mun vera allt of algengt í þessum tilfellum, fólk hirðir ekki um þetta, hefur ekki trú á lífeyrissjóðunum og lætur það viðgangast að atvinnurekandinn sjálfur hirði greiðslurnar eða semur um það við hann að skipta þeim á milli sín.

Benedikt Davíðsson vakti athygli á því fyrir stuttu að launþegar eru sviptir tekjutryggingunni ef lífeyrisgreiðslurnar ná ákveðnu marki. Tökum dæmi: Ríkið veitir tekjutryggingu, borgar síma og útvarp í ákveðnum tilfellum. Þannig getur maður sem á engan rétt í lífeyrissjóði haft tekjur upp á 45 þús. kr. meðan annar sem alltaf greiddi sín 10% í sjóðinn í áratugi er með 50–54 þús. kr. á mánuði þar sem ríkið hefur skert tekjutrygginguna vegna þess að maðurinn á lífeyrissjóð á bak við sig. Ríkið græðir í þessu tilfelli 8–11 þús. kr. á því að maðurinn fór að landsins lögum. Hinn er verðlaunaður fyrir að brjóta settar reglur og situr næstum við sama borð og sá sem greiðir ávallt sitt í sjóðinn.

Staða lífeyrissjóðanna er á reiki. Yfirlit til sjóðfélaga um greiðslustöðu þeirra hafa ekki verið send um árabil í mörgum tilfellum. Erfitt hefur reynst fyrir einstaka sjóðfélaga að fá upplýsingar um réttindi sín í sjóðnum. Rekstrarkostnaður sjóðanna er slíkur að ófært er, en þó mjög misjafn, frá 4 og upp í 40% af innkomufé fer í að reka hítina. Hugsið ykkur það að fólk er að greiða í fullri trú þess að það sé að leggja til hliðar í ellinni, og svo eru strax tekin 40% af greiðslunum til að standa undir rekstrarkostnaði sjóðsins sem það greiðir í. Fyrir þessu fólki mun fara eins og ég sagði hér áðan. Það verður búið að brenna björgunarbát þess þegar það heldur að það geti gripið til hans í ellinni.

Bókhaldsóreiða hefur kostað ýmsa sjóði og sjóðfélaga verulega fjármuni í greiðslur til endurskoðanda umfram það sem eðlilegt má telja. Ég hygg að hv. alþm. kannist við það að á síðustu árum hefur því miður komið upp hvað eftir annað mikil óreiða í rekstri lífeyrissjóðanna sem er full ástæða til að taka á. Ársreikningar sumra sjóðanna hafa ekki legið fyrir jafnvel árum saman. Slíkt yrði ekki liðið í litlu fyrirtæki, og auðvitað ætti það enn síður að líðast hjá lífeyrissjóðum sem eru eign sjóðfélaganna að ársreikningar þeirra liggi ekki fyrir árum saman.

Fleiri ástæður koma til. Við skulum líta á eina. Aldursskipting Íslendinga mun breytast á næstu 20–30 árum og stuðla enn frekar að gjaldþroti sjóðanna. Í dag eru 26 þús. Íslendingar 65 ára og eldri eða 10% þjóðarinnar. Árið 2020 er því spáð að um 50 þús. manns verði 65 ára og eldri, eða 16–18% af þjóðinni, en hlutfallslega sami fjöldi á vinnualdri og nú, eða 15–64 ára. Þessi ástæða ein nægir til þess að við verðum að finna nýjar leiðir í þessum efnum. Við verðum að þora að líta á þennan vanda og finna ráð sem geta leyst hann. En hinar ástæðurnar vega auðvitað mjög þungt í mínum huga, hversu misskipting þjóðarinnar er mögnuð í lífeyrismálum í dag. Á þessu sviði eru sannarlega tvær þjóðir í þessu landi. Og ríkisvaldið brýtur rétt á almennu launafólki eins og ég hef hér rakið.

En lífeyrissjóðirnir brjóta einnig lög og reglur. Þannig hafa t.d. SAL-sjóðirnir jafnréttislögin að engu og það er látið viðgangast. Þar á t.d. ekkja rétt á makalífeyri ef maki hefur greitt iðgjöld í 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum fyrir andlátið. En verði karlmaður fyrir þeirri raun að missa konu sína er heimilt að greiða ekkli sambærilegan makalífeyri og ekkja ætti rétt á, þ.e. hafi ekkill skerta starfsorku. Að öðru leyti skal greiða ekkli lífeyri í aðeins tvö ár. Þarna eru jafnréttislögin höfð að engu. Þarna er gerður munur á því hvort karl eða kona á hlut að máli. Aftur á móti greiðir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins makalífeyri án skilyrða um lágmarksiðgjaldatíma og þar er makalífeyrisréttur gagnkvæmur. Ein mismunun enn, eitt dæmi sem sýnir að þjóðirnar eru tvær í þessu landi á mörgum sviðum.

Ég fer nokkrum orðum um hvern lið í greinargerð þáltill. til að skýra hvernig við hugsum okkur hið nýja kerfi sem hér er lagt til að stofna.

Fyrsti liðurinn fjallar um stofnun eigin eftirlaunasjóðs í upphafi þegar einstaklingurinn kemur út á vinnumarkaðinn. Þessi gullna bók sem yrði stofnuð yrði mikilvægasta bókin í eigu einstaklingsins. Hann sjálfur mundi halda utan um hana ásamt sínu verkalýðsfélagi og/eða lífeyrissjóði, sem þess vegna getur starfað áfram og jafnvel orðið heildarbaráttutæki í hverju kjördæmi, kannski lífeyrissjóður yfir heilt kjördæmi sem menn ættu aðild að ef menn teldu sér henta. Þess vegna er það ekki lagt afdráttarlaust til að þeir verði ekki til áfram að forminu til.

Það yrði lögbundið að skattframtali fylgdi yfirlit um greiðslur í þessa eftirlaunasjóðsbók og sektarákvæðum beitt ef ekki yrði staðið við reglur í þeim efnum. Peningastofnunin mundi um hver áramót verða að senda yfirlitið á skattstofu einstaklingsins. En bara það eitt að einstaklingurinn ætti þessa bók sjálfur og féð væri bundið á reikningi í bankanum allt hans líf fram að eftirlaunum gerir það að verkum að menn munu krefjast þess að fyrsta greiðslan sem atvinnurekandinn innir af hendi verði greiðslan í eftirlaunasjóðsbókina. Þannig mundu viðhorfin breytast frá því sem nú er. Fólkið mundi hafa trú á þessari bók þó það hafi ekki trú á lífeyrissjóðakerfinu sem því miður er að molna innan frá.

Annar liðurinn fjallar um verðtryggingu og ávöxtun þessara peninga. Í bankakerfinu væri eftirlaunasjóðsbókin að mörgu leyti lík venjulegri sparisjóðs-

bók. Þó mundi hún lúta öðrum reglum. Allar greiðslur inn á hana væru bundnar þar til eigandinn næði eftirlaunaaldri, 65–70 ára aldri. Þeir menn í bankakerfinu sem ég hef rætt þessa hugmynd við hafa verið sammála um það að aukakostnaður í bankakerfinu yrði sáralítill. Þessar bækur yrðu í sjálfu sér meðhöndlaðar eins og hver önnur bankabók með sparnaði. Þeir hafa allir talið að þetta fyrirkomulag mundi styrkja bankana og einstaklinginn innan bankans. Í dag fer í rekstrarkostnað lífeyrissjóðanna, eins og ég sagði, frá 4 og upp í 41% af greiddum iðgjöldum, en þarna yrði um sáralítinn rekstrarkostnað að ræða. Og ég er sannfærður um að þetta mundi styrkja bankana og gera þeim kleift að sinna einstaklingum á Íslandi með svipuðum hætti og bankar annarra þjóða gera við sitt fólk. Menn ættu á bak við sig þann gullmola sem tryggði þeim meira lánsfé til lengri tíma sem er aðalatriðið innan bankakerfisins.

Þriðji liðurinn fjallar um endurgreiðslur þegar eftirlaunaaldri væri náð. Eftirlaunasjóðurinn lyti ákveðnum lögbundnum reglum um það hvernig einstaklingurinn fengi greitt til baka og 20 ára tímabil nefnt í því sambandi, eða á 240 mánuðum 1/240 í hvert sinn. Hér eru einnig nefnd dæmi um það aftar í greinargerðinni hversu háar upphæðir tveir einstaklingar gætu eignast í slíkum sjóði á langri starfsævi. Þar er tekið dæmi af manni sem hefði 70 þús. kr. í mánaðarlaun og greiddi þess vegna í lífeyrissjóðsbókina sína í bankanum 7 þús. kr. á mánuði í 45 ár. Miðað við 5% vexti mundi hann að þeim tíma loknum eiga 13½ millj. Hér er líka tekið dæmi af öðrum manni sem hefði 100 þús. kr. í laun á mánuði í 45 ár. Hann mundi því greiða í bókina sína 10 þús. kr. á mánuði. Miðað við 5% vexti mundi hann eiga 19,4 millj. Þessir tveir einstaklingar gætu greitt sjálfum sér góð eftirlaun á næstu 20 árum, 7 þús. kr. maðurinn um 90 þús. kr. á mánuði en hinn um 125 þús. kr.

Það er eitt sem ég vil líka vekja athygli á. Ég hygg að í þessari tillögu felist miklu meira jafnræði en menn gera sér grein fyrir. Við skulum hugsa okkur þá sem ganga langskólaveg. Þeir hafa oft hærri laun þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn en menn sem fara beint út í atvinnulífið en þeir koma hins vegar seinna til starfa. Ég hygg að það yrði töluvert jafnræði með bókum þessara tveggja einstaklinga þegar þeir stæðu upp frá ævistarfi sínu um sjötugt.

Menn hafa mjög rætt um þetta: Hvað ætlar maðurinn svo að gera þegar bankabókin er tæmd á 20 árum? Ég hef í fyrsta lagi litlar áhyggjur af einstaklingi sem hættir störfum og á 13–20 millj. kr. Honum er í sjálfu sér borgið. Þessar greiðslur nægðu þó fram að níræðu og ég hygg að fólk eyði nú ekki miklu eftir þann tíma.

Fjórði liðurinn fjallar um það að þessir peningar yrðu einungis skattlagðir einu sinni, þá sem laun við útborgun, gagnstætt því sem nú gerist þar sem lífeyrisiðgjöld eru tvísköttuð í mörgum tilfellum.

Fimmti liðurinn gerir ráð fyrir að þessi eign væri erfðafé við andlát, fyrst maka, síðan annarra erfingja. Nú eru lífeyrissjóðirnir stærstu erfingjar á Íslandi. Þetta aflafé fellur þeim oft til. Tökum dæmi af Jóni og Gunnu sem giftust um tvítugt og hafa verið á vinnumarkaði í 45 ár. Þau hafa kannski eignast þrjú börn. Segjum að heimilistekjur þeirra hafi verið 170 þús. kr. á mánuði. Þau farast síðan bæði 64 ára gömul í bílslysi. Þá verður börnum þeirra ekkert úr lífeyrissjóðnum en þangað hafa þau hjón þó greitt og eiga þar samkvæmt þessum útreikningi 35 millj. kr. sem sjóðurinn erfir.

Sjötti liðurinn fjallar um helmingaskipti við skilnað hjóna, að þessi eign sé eins og hver önnur, húsið, bíllinn eða annað, og komi til skipta við skilnað.

Sjöundi liðurinn gerir ráð fyrir því að tryggja eitt það mikilvægasta í hlutverki lífeyrissjóðanna, þ.e. örorkuna og aðrar lífeyrisgreiðslur. Í þessu efni yrðu stofnaðir gegnumstreymissjóðir við Tryggingastofnun ríkisins. Það liggur ljóst fyrir hversu margir einstaklingar eru öryrkjar, einnig hve mikið þeir þurfa sér til lífsviðurværis. Gjald til þessa sjóðs yrði innheimt með sköttum og endurgreitt beint til bótaþeganna. Ég talaði um að hver einstaklingur greiddi 10% af launum í eigin eftirlaunasjóð, en til að mæta örorkuþörfinni mætti skipta þessari greiðslu þannig að í eftirlaunasjóðinn færu t.d. 8% en í örorkutrygginguna 1–2% af öllum launum en þó eftir þörf gegnumstreymissjóðsins. Það mundi kenna sparsemi að stofna slíka bók og sparsemi er besti hægindastóllinn í ellinni, segir einhvers staðar.

Ég geri mér grein fyrir því að þessi hugmynd mætir skilningi fólks á almennum vinnumarkaði og fjöldi fólks sem vinnur hjá ríkinu telur þetta betra kerfi en það öryggi sem það býr við. Einhver hluti af forustumönnum atvinnurekenda og verkalýðs- og stjórnmálamanna mun að vísu snúast öndverður við þessum hugmyndum en þó ekki allir. Ég treysti því á hinn skynsama Íslending, að hann ryðji með baráttu sinni farveg fyrir þessar hugmyndir. Umbæturnar koma alltaf neðan frá grasrótinni. Sá sem hefur fjóra ása á hendi kærir sig ekki um að gefa spilin á ný.

Að þessari umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn. Sþ. og til síðari umr.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Lífeyrissjóðirnir eru í núverandi mynd frumskógur sem þarft væri að kortleggja og koma því svo fyrir að sem mests réttlætis væri gætt. Endurskoðun lífeyriskerfisins hefur verið í gangi um margra ára skeið og ítarlegar tillögur hafa verið lagðar fram til athugunar þar sem gert hefur verið ráð fyrir samræmingu sjóða en ekki sameiningu, en ekki hefur verið tekin afstaða til þessara tillagna enn né þær teknar til umræðu í þeirri mynd sem þær komu fram í.

Sumir hafa einnig talið að best væri að fara þá leið að allir landsmenn yrðu aðilar að sama lífeyrissjóði. Mönnum hefur lengi verið ljóst að mikið misræmi er milli lífeyrisréttinda fólks sem og þess hve mikið það hefur greitt í sjóðina eftir starfsaldri, vinnuframlagi utan heimilis og eftir því að hvaða sjóðum það á aðild. Eins og hv. 1. flm. þáltill. nefndi er hér um mjög fjölskrúðugan hóp að ræða. Stór hópur fólks á

ekki aðild að lífeyrissjóðum og óljósan kost á slíku. Á það sérstaklega við um heimavinnandi fólk, aðallega húsmæður sem eiga engan vinnuveitanda formlegan til að greiða sinn hlut né heldur fé fyrir eigin launavinnu til þess að borga launþegahlutinn. Ýmis réttindi þessa hóps, t.d. lánamöguleikar, eru verulega skertir. Við þessu hefur orðið að bregðast en betur má ef duga skal. Meðal þess sem gert hefur verið til að jafna aðstöðu fólks er að tryggja þeim sem búa við lágan, skertan eða engan lífeyri tekjutryggingu þó að ekki sé hún há. Tekjutrygging nær nefnilega til margra, ekki eingöngu þeirra sem trassa að borga í lífeyrissjóð og borga ekki til sjóðanna vegna þess að þeir vilja það ekki.

Hið eina sem allir virðast vera sammála um er það að lífeyrismál séu í ólestri. Mismunun milli sjóða of mikil, yfirstjórn víða skelfilega kostnaðarsöm og eins og menn hafa bent á er fyrirsjáanlegt gjaldþrot jafnvel státnustu sjóða þar sem þeir eru sumir hverjir byggðir upp sem söfnunarsjóðir en greitt úr þeim eins og þeir væru gegnumstreymissjóðir.

Tillaga sú sem hér er til umræðu virðist einkum byggjast á tvennu: Að minnka þann kostnað sem menn hafa af því að safna sér lífeyrisréttindum með einföldun, samræmingu og því að nýta það kerfi sem fyrir er, t.d. bankana, og svo hins vegar að einfalda kerfið til að gera það skilvirkara og gera það skýrara hver staða hvers og eins er með því að einstaklingar myndi hver og einn sinn eigin söfnunarsjóð. Auk þess kom fram í ræðu hv. 1. flm. þáltill. að hann telur að þessar tillögur leiði til sparnaðar almennt og vísa ég til ræðu hans.

Ég er sammála því að allar leiðir til að minnka kostnað við öflun lífeyrisréttinda eru góðra gjalda verðar. Hins vegar hef ég ákveðnar athugasemdir við þá leið sem hv. flm. þessarar tillögu vilja fara, en vitanlega er fyllsta ástæða til að gefa því gaum sem hér er komið fram. Mér sýnist sú leið sem hér er verið að benda á einkum koma vel út fyrir þá sem hefja starfsferil sinn snemma á ævinni og eru í almennri launavinnu. En mér sýnist þessi leið lítt sniðin að þörfum þeirra sem falla utan þessa hóps og þeir eru margir. Vera má að flm. till. hafi ákveðnar lausnir á þessu í huga og lýsi ég hér með eftir þeim. Í þessum hópi eru m.a. margar konur sem vinna aðeins hluta af starfsævi sinni utan heimilis og kunna því illa að eiga sinn lífeyrisrétt undir tekjuöflun maka sé hann til staðar. Ég vil minna á frv. kvennalistakvenna um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks í þessu sambandi. Þar er bent á ákveðnar lausnir sem eru færar ef vilji er fyrir hendi til þess að greiða fyrir heimavinnandi konur í lífeyrissjóðina því að flestir þeir sem eru heimavinnandi eru konur.

Hins vegar eiga sér nú stað margvíslegar breytingar á vinnumarkaðinum þar sem launagreiðslur eru sveiflukenndar, sumir vinna hjá mörgum vinnuveitendum, fyrirkomulag vinnu margs konar, launavinna er engin föst stærð og svo er komið hjá mjög mörgum nú að það sem við höfum litið á sem tiltölulega stöðugan fastan vinnumarkað launþega er ekki lengur staðreynd.

Ef litið er til fólks í hlutastörfum, heimavinnandi, sjálfstæðra verktaka og svokallaðra gerviverktaka og annarra sem ekki mundu safna sér réttindum og öryggi með því að safna sér inn á bankabók með hlutfalli af föstum launum er ljóst að talsvert meiri uppstokkunar er þörf á lífeyriskerfinu en hér er lögð til. Í þessari uppstokkun verður m.a. að líta á að fleiri störf eru þjóðhagslega arðbær en þau sem greitt er fyrir í krónum og aurum.

Ég vil bara koma þessum athugasemdum á framfæri. Hugmyndin sem hér er viðruð er gott innlegg í þessa umræðu en meginmarkmið þeirrar endurskoðunar sem óhjákvæmilega hlýtur að verða á lífeyriskerfinu verður að vera að tryggja réttlæti fyrir alla og að sjálfsögðu traustan rekstur lífeyrissjóðanna.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að segja það strax í byrjun að ég er mjög ósammála hv. 5. þm. Suðurl. um málefni lífeyrissjóðanna. Að vísu er ég gamall baráttumaður fyrir því að breyta lífeyrissjóðakerfinu og ég er ákaflega óánægð með það hve langan tíma það hefur tekið að koma því í eitthvert viðunandi horf. Ég sé ekkert vit í því að vera með alla þessa lífeyrissjóði í landinu. Mín skoðun var sú og er enn að við eigum að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð þar sem eftirlaunamenn fá greidd sómasamleg eftirlaun. Fyrir þessu hefur ekki verið hljómgrunnur en þetta má bæta. Það er ekkert vafamál.

Mér finnst þessi lýsing hans á kostnaðinum við lífeyrissjóðina afar hæpin. Þar tekur hann það alversta til viðmiðunar. Kostnaður við lífeyrissjóðina frá 4% til 41%. Ég hef gaman að sjá hvað þeir eru margir sem eru með 40–41% í kostnað. Ég átti hlut að stórum lífeyrissjóði, starfsmannafélagsins Sóknar. Við vorum líklega alltaf lægstar, með einna lægst hlutfall í kostnaði, og var þó okkar lífeyrissjóður inni á endurskoðunarskrifstofu hjá Gunnari Zoëga þar sem nokkrir fleiri lífeyrissjóðir eru og ég held að hann hafi haldið þessum kostnaði mjög í lágmarki fyrir þá alla. Þarna eru stórir lífeyrissjóðir svo sem Lífeyrissjóður Iðju í Reykjavík og einhverjir fleiri sjóðir. Ég sé það á síðustu skýrslu frá lífeyrissjóðunum að þar er lífeyrissjóður sem heitir Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar og hann er kominn á svipað ról og þessi.

Mér fannst það ákaflega skemmtilegt sem hv. þm. sagði um jafnréttið vegna þess að í okkar sjóði, Sóknar, nutu karlmenn algjörs jafnréttis. Það var öllum ekklum og ekkjum greitt jafnt. Og ég vona að svo sé enn þá þó að ég viti það ekki alveg fyrir víst því að nokkur ár eru síðan ég kom þarna að síðast. Ég barðist mjög fyrir því í verkalýðshreyfingunni að þetta væri tekið upp alls staðar vegna þess að ég sé tæplega fólk sem er verr komið en

t.d. tiltölulega ungur maður sem stendur uppi ekkjumaður með ung börn. Hann þarf sannarlega þá aðstoð sem hægt er að veita honum og hann ætti sannarlega að fá aðstoð úr sínum lífeyrissjóði. Það voru hins vegar karlmennirnir í verkalýðshreyfingunni sem ekki vildu þessi réttindi. Þeir vildu það ekki nema þeir væru skráðir öryrkjar eða einhvern veginn vanhæfir til að sjá fyrir sínu heimili. Og ef þetta er komið yfir mitt gamla, góða félag er það ábyggilega fyrir tilstuðlan þeirra karlmanna sem stjórna SAL. Þetta hefur alltaf valdið mér miklum heilabrotum, hvernig standi á því hvað þeir eru þarna mikið á móti sjálfum sér.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Ég er orðin langeyg eftir því að tekið verði upp betra skipulag á lífeyrissjóðunum. Ég sé ekkert vit í að við séum með kannski um 90 lífeyrissjóði á þessu litla landi, einhvern kostnað við hvern einasta þeirra og ég vænti þess og tel að verkalýðshreyfingin í landinu leggi mikla áherslu á það að frv. að lífeyrissjóði komi sem fyrst fyrir Alþingi svo að við fáum a.m.k. að gera okkur grein fyrir hvað er verið að hugsa, hvernig á að bæta þetta kerfi og hvernig á að breyta því.

Ég sé að hv. 5. þm. Norðurl. v. horfir nokkuð stíft á mig. Það vill nú svo til að mér geðjaðist mjög vel að þeirri tillögu sem hann hefur komið fram með, ég heyrði hann fyrst mæla fyrir henni í útvarpi, þ.e. um gegnumstreymi lífeyrissjóðanna. Það ætti að tryggja það að allir fengju sómasamlegar bætur að starfsdegi loknum. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir að þetta felist í þeim tillögum sem meiningin er að leggja fyrir. Ég vil þó sjá þær áður en ég fer að leggja einhvern dóm á þær. En alla vega vildi ég hvetja til þess að þetta frv. sjái sem allra fyrst dagsins ljós og það verði lagfærðir þeir ágallar sem eru á núverandi lífeyriskerfi. Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að misréttið í lífeyriskerfinu er mjög mikið og það er eitt af því sem þarf að laga. Það er nú svo að þegar einhver hefur náð einhverju til sín er hann ekki mjög fús til að sleppa því, en það nær náttúrlega ekki nokkurri átt hvað misréttið er mikið. Ég bíð eftir því að þetta nýja lífeyrissjóðafrv. verði lagt fram, sem fyrst, og vona að ég sjái það verða að lögum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. Guðni Ágústsson talaði hér áðan datt mér eftirfarandi í hug: Það er vont að vera í brunatryggingafélagi ef það skyldi aldrei brenna hjá manni sjálfum. Það er alveg afleitt að þeir sem kann að brenna hjá skuli fá að njóta bótagreiðslna vegna þeirra iðgjaldagreiðslna sem ég og aðrir kynnu að hafa innt af hendi. Það er svona sambærileg hundalógík, finnst mér, í því þegar hv. þm. leggur hér fyrir hið háa Alþingi hugmyndir með þeim hætti sem hann gerir í lífeyrismálum íslensku þjóðarinnar, líka vegna þess að hv. þm. er stjórnarstuðningsmaður og hann sem slíkur hefði getað barist fyrir því í þingflokki Framsfl. að á hinu háa Alþingi væri lagt fram frv. um starfshætti lífeyrissjóðanna sem liggur í skrifborðsskúffu hæstv. fjmrh. Ég vænti þess að hv. þm. hafi fengið eintak af þessari skýrslu.

Það er nú einu sinni þannig að við sem erum eldri en hv. þm. tókum mörg þátt í því á sínum tíma að stofna lífeyrissjóðina. Við stofnuðum ekki lífeyrissjóði til þess að fá ekki lífeyristryggingar þegar starfsævi er lokið. Við stofnuðum lífeyrissjóði til þess að fá greiddar tryggingar í samræmi við okkar iðgjaldagreiðslu til sjóðanna. Ég er t.d. í Lífeyrissjóði verslunarmanna og einn af stofnendum. Ég get ekki fallist á það, og ég efast um að hv. þm. hafi kynnt sér það, að þessi lífeyrissjóður sé gjaldþrota eða verði gjaldþrota árið 2020. Hv. þm. var hér með mjög miklar fullyrðingar og einfaldaði mjög viðkvæmt mál sem hinir mætustu menn úti á vinnumarkaðinum, verkalýðsforingjar, sem mér finnst hann nú tala niður til, og ýmsir fulltrúar vinnuveitenda hafa verið að fjalla um og reyna að leysa á síðustu áratugum. Það er létt verk að koma hér inn á hið háa Alþingi og segja við fólk: Ég er hér með hugmyndir sem eru gulltryggðar. Þið skulið leggja ykkar peninga inn á bankabækur og þá fáið þið þetta allt margfalt. Það er munur eða hjá þrjótunum sem stóðu að stofnun lífeyrissjóðanna, þ.e. það er munur eða það sem íslensk verkalýðshreyfing hefur verið að vinna að á liðnum áratugum til að tryggja stöðu sína á sjálfstæðum grundvelli án stuðnings hv. alþm. og þar á meðal hv. þm. Guðna Ágústssonar. Ég hef ekki orðið var við að hv. þm. legði hér fram tillögur eða hugmyndir sem skiluðu þessu fólki betri tryggingum og þessi þáltill. gerir það ekki. En hún gerir annað. Hún gerir akkúrat það sem kom fram í ræðu hv. þm. hér áðan. Hún sáir efasemdum um mikilvægan þátt í samningum íslenskrar verkalýðshreyfingar á liðnum áratugum. Og það sem verra var, og því miður hefur maður ekki nema 8 mínútur til að tala hér um jafnmikilvægt og stórt mál og hér er á ferðinni, hann var með fullyrðingar sem eru rangar. Hann fullyrti t.d. að reksturskostnaður lífeyrissjóðanna væri á bilinu 4–40%. Greinilega hefur hann ekki lesið það sem einhverjir sérfræðingar úti í bæ — það eru þeir sem eru alltaf með dæmin um hana Jónu og hann Jón, það eru þessir hávaxtaspekúlantar í íslenskum fjármálamarkaði sem nota slíkar dæmisögur — sömdu fyrir hann eða hv. þm. sem eru á bak við þessa þáltill. en þar er talað um reksturskostnað lífeyrissjóðanna. Með leyfi forseta ætla ég að lesa það sem stendur á bls. 5 og varðar Lífeyrissjóð verslunarmanna. Það vill svo til að ég er formaður í stjórn þar. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

Árið 1988 var rekstrarkostnaður 32,3 millj. og var það 2,6% af iðgjöldum til sjóðsins og 0,3% eigna."

Hefði hv. þm. lesið sína eigin greinargerð hefði hann ekki sagt að þetta væri á bilinu 4–40%. Ég skal hins vegar taka undir það að það verður að fækka sjóðum í landinu. Það verður að gera þá stærri og það þarf að auka rekstrarhagkvæmni eins og kemur fram hjá stóru sjóðunum og þar á meðal þessum sjóði.

Hv. þm. sagði annað og vitnaði dálítið frjálst í það að opinberir starfsmenn væru óánægðir með sín kjör.

Ég kannast ekki við það. Í blaði Starfsmannafélags ríkisstofnana, Félagstíðindum, frá 27. okt. 1987 segir orðrétt, með leyfi forseta, í leiðara: „Verjum lífeyrissjóðinn." Og síðan segir: „Atvinnurekendum okkar [þ.e. ríkisvaldinu] hefur löngum vaxið í augum hve Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna er dýr. Í síðustu samningum var okkur boðið upp á að skipta lífeyrissjóðnum fyrir nokkrar skitnar prósentur. Við sögðum nei." Þetta ber ekki vott um að opinberir starfsmenn séu óánægðir með sinn lífeyrissjóð.

Virðulegi forseti. Ég vil segja þetta um frv.: Ef hið háa Alþingi vill efna til þess kostnaðar sem felst í því að framkvæma þá athugun sem þessi tillaga ber með sér er auðvitað sjálfsagt, ef hið háa Alþingi samþykkir það og ríkið tekur á sig þann kostnað, að gera slíka athugun. En ég ætlast til þess af hv. þm., sérstaklega með tilliti til þess að hér er ekki ótakmarkaður ræðutími, að þeir vandi allan málatilbúnað og láti það koma fram sem er satt og rétt.

Í fyrsta lagi er það rangt að lífeyrissjóðirnir séu að fara á hausinn. Hins vegar samþykkjum við hv. þm. árlega að greiða hundruð millj. með Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Hann er farinn á hausinn og fór á hausinn fyrir löngu síðan en ekki þeir sjóðir sem hv. þm. beinir spjótum sínum að.

Lífeyrissjóðirnir eru gagnkvæmar tryggingar og þær eru gerðar í samningum verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi við vinnuveitendur. Það er rangt að lífeyrissjóðirnir séu gjaldþrota. Ég spyr: Hvað er tryggt á Íslandi áratugi fram í tímann? Ég fullyrði að lífeyrissjóðirnir standi hvað best af öllum stofnunum á Íslandi hvað þetta áhrærir og þeir eru ekki gjaldþrota.

Hv. þm. sagði að erfitt væri fyrir sjóðfélaga að fá upplýsingar. Það er undantekning en ekki almenn regla. Allir stærstu sjóðirnir senda sínum sjóðfélögum upplýsingar um hver áramót um þeirra iðgjaldagreiðslur og stöðu. Hv. þm. segir almennt að ársreikningar sjóðanna hafi ekki legið fyrir árum saman. (Forseti hringir.) Ég verð, virðulegi forseti, að fá að svara þessu. Hér er um þvílíkan áburð að ræða gagnvart þeim sem eru ábyrgðarmenn lífeyrissjóðanna úti í þjóðlífinu að ég verð að fá að svara þessu.

Hv. þm. segir: Ársreikningar sjóðanna hafa ekki legið fyrir árum saman. (**GuðnÁ:** Margra lífeyrissjóða.) Margra. Þá átti hv. þm. að tilgreina hvaða sjóðir þetta eru þannig að allir liggi ekki undir grun. Hann sagði einnig að lífeyrissjóðirnir brytu lög og reglur. Það er ekki rétt að mínu mati að leggja málið þannig fyrir, eins og hv. þm. gerði áðan.

Varðandi það að á Íslandi séu tvær þjóðir í þessu máli, þá er það rétt, því miður. Það eru annars vegar þeir sem taka lífeyri sem opinberir starfsmenn og hins vegar þeir hinir sem eru úti í atvinnulífinu og tel ég mig til þeirra.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja þetta. Það ber að efla lífeyristryggingar á Íslandi. Undir það tek ég með hv. flm. þessarar þáltill. Það ber að afnema rangindi. Undir það tek ég einnig. En ég vil þá varpa fram þeirri hugmynd við hv. þm. hvort hann sé ekki reiðubúinn til þess ásamt mér og fleiri þm. að standa að frv. til laga um það að gjörbreyta lífeyriskerfi landsmanna þannig að við leggjum niður söfnunarsjóðina og tökum upp gegnumstreymiskerfið. Það lagði ég fram sem frv. að lögum árið 1976 fyrst og fékk ekki stuðning hv. þm. í röðum framsóknarmanna.

Að lokum. Það var einföldun, órökstudd, þegar hv. þm. fullyrti að peningar lífeyrissjóðanna eða fólksins væru betur ávaxtaðir í bönkunum en lífeyrissjóðunum. Ég vek athygli á því að í bankakerfinu er fé ávaxtað með 5% raunávöxtun. Vaxtamunur inn- og útlána er 6% þannig að hv. þm. er að tala um útlánavaxtastig upp á 11% í bönkunum í sambandi við þetta. Það sem mundi gerast með þessari tillögu sem hv. þm. er að flytja hér er það að vextir mundu hækka almennt og staða atvinnuvega og lífeyrissjóðsþega og lántakenda þar með verða lakari sem því nemur.

Að lokum. Ég er ekki farinn að sjá hvernig það verður unnt fyrir hinn almenna launamann ... (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á að hann getur tekið til máls aftur síðar. Nú er ég farinn að mismuna mjög hv. þm.) Ég veit það. Ég skal ljúka þessu. Ég vil vekja athygli á því í lokin, virðulegi forseti, að hvorki verkalýðshreyfingin né ríkið né hv. flm. geta tryggt það að fólkið geti örugglega fengið sínar greiðslur inn á 150 þús. bankareikninga þó svo að þessi þáltill. yrði samþykkt og framkvæmd.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég er hingað kominn í pontuna til þess að styðja við þetta frv. frá hv. 5. þm. Suðurl. Mér sýnist margt í þessum drögum horfa til bóta. Ég veit að öll umræða um lífeyrismál er af hinu góða vegna þess hvernig gamla kerfið hefur gengið sér til húðar, og væntanlega verður þetta mál til þess að flýta fyrir því að við fáum einn stóran sanngjarnan lífeyrissjóð hvernig svo sem að honum verður staðið.

Menn hefur greint á um það hér í pontu hvort lífeyrissjóðir landsins séu gjaldþrota eða ekki gjaldþrota. Séu þeir gjaldþrota er það eingöngu eðlilegt framhald af örlögum annarrar starfsemi í landinu sem er um það bil að verða gjaldþrota. Séu þeir ekki gjaldþrota er full ástæða til þess að óska þeim til hamingju og jafnframt að fara fram á það að þeir láti þá eitthvað meira af sínum peningum til þeirra sem nú lepja dauðann úr skel. Lífeyrissjóðirnir, ef þeir eru þá aflögufærir, hjálpi þannig atvinnulífinu aftur á réttan kjöl.

Kjarni málsins í lífeyrissjóði hlýtur að vera: Hvernig nýtast iðgjöldin fólki í lífeyri þegar að því kemur? Hversu háan lífeyri fær hver sjóðfélagi þegar upp er staðið og hann fer að taka lífeyri úr þeim sjóði sem hann hefur safnað til allt sitt líf? Þetta er kjarni málsins. Mér finnst það mikilvægast í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram að innlegg hvers sjóðfélaga verður hans eigin eign eða erfingja hans að lokum en heldur ekki áfram að vera eign sjóðsins sem enginn sérstakur maður á í rauninni. Sjóðurinn heldur áfram

að vera bákn. Einhverjir menn eru valdir til þess að stjórna sjóðnum og hafa þar með undir höndum óhemjumikinn þening og óhemjumikið vald sem þeir geta síðan notað eftir eigin geðþótta. Það er miklu eðlilegra að þeir peningar sem eftir eru í sjóðnum þegar maður fellur frá fari til erfingja hans og komi þeim að notum sem hverjir aðrir fjármunir úr dánarbúi. Hefur nokkurn tíma verið reiknað út hlutfallið á milli þess sem meðalsjóðfélagi borgar í lífeyrissjóð og síðan þess sem meðalsjóðfélagi fær úr lífeyrissjóðnum eftir að vinnudegi hans lýkur? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hér inn í þessa umræðu þótt seinna verði hversu mikinn lífeyri sjóðfélaginn fær í sinn hlut af sínum iðgjöldum, framreiknuðum með vöxtum og vísitölu og öllu sem því fylgir. Það kæmi mér ekki á óvart þó lífeyrissjóðsfélaginn fengi aðeins lítinn hluta af þeim peningum sem hann hefur borgað. Hinir peningarnir eru áfram inni í sjóðnum, einskis manns eign og undir höndum þeirra manna sem ráða svona sjóðum.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé kjarni málsins og ég lýsi því yfir fullum stuðningi við þessa þáltill. og vona svo sannarlega að hún eigi eftir að leiða til góðs í umræðunni um lífeyrissjóðsmál.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég man eftir því að fyrir 20 árum kom einmitt þáltill. um að endurskoða þetta kerfi. Þá var lagt til að stefnt yrði að því að stofna einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það urðu miklar umræður um þetta þá. Það var verið að stofna þessa stóru sjóði, Lífeyrissjóð verkamanna og Lífeyrissjóð bænda, og það þótti þá tímabært að gera könnun á því hvort ekki væri rétti tíminn til að taka ákvörðun um þessa breytingu.

Ég hygg að svona þáltill. hafi komið a.m.k. fjórum sinnum síðan á þeim árum sem ég hef setið á Alþingi (**Gripið fram í:** Og frv.) og frv. já, einu sinni eða tvisvar frv. En allt kom fyrir ekki. Ég hef að vísu ekki stúderað mikið þessa þáltill. Þarna er verið að benda á leið og það er búið að benda á ýmsar leiðir áður. Það er eitt sem hv. þm. mega ekki gleyma og það er að þeir sem hafa nú skapað sér réttindi mundu tæpast tapa þeim samkvæmt stjórnarskránni þó að þetta skref yrði tekið sem hv. flm. eru að leggja til. Það er misskilningur sem kom fram hjá einum ræðumanni, þetta er ekki frv., þetta er ábending um hvernig frv. ætti að vera. Og ef till. yrði samþykkt væri ríkisstjórninni falið að kanna möguleika á að semja slíkt frv., eða láta semja slíkt frv.

Galli er á þessum hugmyndum og hann er sá að í staðinn fyrir rúmlega hundrað lífeyrissjóði þá eru í raun og veru komnir sjóðir jafnmargir þeim sem vinna í landinu, þ.e. þetta fé er inni á 130–160 þús. bankabókum.

Annar galli á þessu er sá að þarna er ekki lagt til að jafna á milli einstaklinganna, sem ég held að hafi verið markmiðið í flest þau skipti sem þessum málum hefur verið hreyft hér á Alþingi. Ég vil ekkert fullyrða hvort sá útreikningur sem hér er sýndur er réttur. En mér kæmi ekki á óvart, þegar slíkur útreikningur verður endurskoðaður, þó þar sé einhver feill og hann verulegur. En það á ég eftir að kanna.

Ég held að þegar litið er á þessi mál þá séu e.t.v. einhverjir kostir við þessa leið en ókostirnir eru líka margir. Og aðalókosturinn er sá að þarna er ekki verið að jafna á milli og það er það sem þarf fyrst og fremst að stefna að.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn í þessar umræður sem meðflm. að þessu frv. Ég bendi á og undirstrika það sem hv. frsm. sagði hér áðan og lagði áherslu á, að kominn væri tími til fyrir hv. alþm. að vakna af svefni í sambandi við lífeyrissjóðsmálin. Þetta vil ég sérstaklega taka undir um leið og ég get vottað að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vakti athygli mína þegar ég kom fyrst inn á þing, fyrst sem varamaður og síðan sem aðalmaður 1978. Hann var að berjast fyrir nýjung sem þá var virkilega réttur tími til að taka til alvarlegrar íhugunar og koma í lög. En því miður var myndaður varnarmúr um leið og frv. kom fram, ekki aðeins hér á hv. Alþingi heldur einnig hjá aðilum vinnumarkaðarins, hvoru megin við borðið sem þeir voru, til að koma í veg fyrir að slíkt gerræði yrði framkvæmt, að stofna einn gegnumstreymislífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Þetta var mjög slæmt og hefur gengið eiginlega alla tíð síðan. Það hefur mætt meiri mótspyrnu með hverju árinu sem líður að koma þarna á breytingu enda eru lífeyrissjóðir í landinu nú orðnir einhverjar öflugustu fjármagnsstofnanir landsins sem heild þar sem ég hygg að útlán þeirra séu núna nálægt 67–70 milljörðum kr.

Sú tilraun sem við flm. þessarar þáltill. erum að gera er fyrst og fremst að benda á nýjar leiðir að því er varðar eftirlaun eða tryggingu í sambandi við eftirlaun. Það má vel vera að mönnum finnist þetta djarft til tekið. Hér eru opnaðar nýjar leiðir án þess að skerða nokkurn skapaðan hlut hjá því kerfi sem fyrir er og má deila um það að sjálfsögðu.

En ég get tekið undir það sem kjarnaatriði hjá hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, 16. þm. Reykv., að það er náttúrlega löngu orðið tímabært að menn spyrji sig að því hversu háan lífeyri lífeyrisþegar fái í núverandi kerfi þegar á þarf að halda eða við verklok. Það er þessi spurning sem er e.t.v. aðalatriðið þegar ýmis önnur grundvallaratriði eru skoðuð, að það skuli vera 15–20% af vinnandi fólki á Íslandi sem hefur engan lífeyrisrétt, engan, nema það sem kemur í gegnum almannatryggingakerfið. Þar af leiðandi er það mitt mat að svona þáltill. sé fyrst og fremst til að vekja menn upp til raunhæfrar umræðu um þetta stóra, alvarlega mál. Alþingi Íslendinga getur ekki áfram gegnum árin látið sem þetta mál sé ekkert aðalatriði í þjóðfélaginu, því það er það. Eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði réttilega hér áðan er það aðeins lífeyrissjóður opinberra starfsmanna sem tryggir lífeyrisréttindi. Og hann gerir það

með því að Alþingi, í gegnum fjárlög, verður árlega að láta hundruð milljóna, nú síðast þurfti 1,2 milljarða, til þess að tryggja að öryggi fylgi þessu kerfi frá ári til árs.

Ég held að ástæða sé til þess að menn hugsi um þetta í alvöru. Við þurfum betra kerfi. Og auðvitað get ég tekið undir það og hef oftar en einu sinni lagt það til í mínum flokki, bæði í þáltill. og í umræðum um stjórnarsamstarf o.s.frv., að hrinda því í verk að koma á löggjöf um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. En við megum ekki loka augunum fyrir því að gegn þessu er mjög hörð andstaða og er ekki að undra þegar við lítum á það að hér á landi eru starfandi um 85–90 lífeyrissjóðir.

Ég vil benda á það í leiðinni að sl. haust lagði ég fsp. fyrir hæstv. fjmrh. um hvernig háttað væri opinberu eftirliti með starfsemi og fjárreiðum lífeyrissjóða. Og hvað kom í ljós? Það er ekkert slíkt opinbert eftirlit til. Einu ákvæðin varðandi lífeyrissjóði landsins eru þau að fjmrh. þarf að samþykkja stofnun lífeyrissjóðs. Þeir eiga að vísu að senda ársreikninga eða upplýsingar um ársreikning til Seðlabankans sem hefur það sem viðmiðunartölur í sínum skýrslum. En það er ekkert opinbert eftirlit með lífeyrissjóðum á Íslandi. Þegar maður skoðar löggjöf lífeyrissjóða í löndunum í kringum okkur, bæði að því er varðar Norðurlönd og Evrópulöndin almennt, kemur í ljós að alls staðar er haft eftirlit með lífeyrissjóðunum. Þar er það skylda, lögboðin skylda, hér á Íslandi ekki. Þetta eitt sér var einn tilgangurinn með þessari fsp., að fá þetta fram og hæstv. fjmrh. viðurkenndi þetta og jafnframt að það væri löngu kominn tími til að setja löggjöf um þetta atriði. En slík löggjöf tekur ekki á því sem við erum að tala um þó hún sé nauðsynleg. Þegar litið er til þess að lífeyrissjóðirnir eru kannski með 20–30 milljarða á ári í ráðstöfunarfé er náttúrlega fullkomin ástæða til að það sé skoðað niður í kjölinn hvort þeir eiga að fara sínu fram án þess að ákveðnar reglur séu fyrir hendi og tryggi í öllu öryggi sjóðfélaga.

Að lokum, virðulegi forseti, þar sem ekki er tími til að tala mikið um þetta mál, vil ég undirstrika gildi þess að fram komi svona róttæk þáltill. sem fer nýjar leiðir, eins og ég sagði áðan, opnar möguleika á því að tryggja þessi réttindi með því að fara með þetta í gegnum bankakerfið og því verði stillt upp eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Ég vona að hún verði til þess að hér á hv. Alþingi fari fram alvarlegar umræður og það herði á stjórnvöldum. Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, það er löngu kominn tími til þess að ríkisstjórn, hver sem hún er, hún taki á sig rögg og láti Alþingi fá málið með formlegum hætti, þ.e. með því að bera fram það frv. sem stjórnskipuð nefnd í gegnum áraraðir hefur komið sér saman um að leggja fram. Það er lágmark.

Ég tel að þessi þáltill. eigi fyllilega rétt á sér. Hún setur fram nýjar hliðar á þessum málum sem eiga fullkomlega rétt á sér í þessari umræðu. Þess vegna vorum við sammála um að leggja þessa þáltill. fram, til þess, eins og hv. flm. lagði áherslu á, að vekja þingmenn af áratuga svefni í sambandi við þessi mál.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér fóru fram um þetta mál. Það er fyrsta skrefið að ræða málin. Auðvitað er ég missáttur við þær ræður sem voru fluttar og mér finnst að hugmyndin hafi hvergi verið hrakin af vegi. Hér komu ákveðnir menn sem jafnan reyna, þegar eitthvað nýtt kemur upp, að slá menn út af laginu með útúrsnúningi eða reyna að gera þá hjákátlega.

Hér reið á vaðið hv. 10. þm. Reykn. Hún ræddi þetta málefnalega og henni skildist að þetta hentaði kannski vel fyrir það fólk sem færi fljótt út í lífið að starfa en verr fyrir hitt. Ég gat þess í framsöguræðu minni að það hefði komið mér mest á óvart hvað mér sýndist að væri mikill jöfnuður einmitt með þessum aðilum, þeim sem fara fljótt út á vinnumarkaðinn og eru á lægri launum út starfsævina og hinum sem fara í langskólanám og eru þá oft á hærri launum. Ég er ekki með þá útreikninga hér hjá mér en þetta atriði hef ég einmitt skoðað og sýnist jöfnuður þar.

Hv. 11. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir vill einn sameiginlegan lífeyrissjóð. Þess hafa fleiri getið hér í dag, að þeir vilji einn sameiginlegan lífeyrissjóð og hafa sumir nefnt gegnumstreymissjóð. Mér sýnist að sú leið, að ná því í gegn að stofna einn lífeyrissjóð, hafi verið torsótt. Það hefur síðasti áratugur sýnt, og lengri tími reyndar, að það er erfitt. Þess vegna kemur þessi hugmynd fram, að finna nýja leið til að ná árangri í þessum frumskógi lífeyrissjóðanna.

Hvað gegnumstreymissjóð varðar hafa lífeyrissjóðsmenn sjálfir sagt mér að hann gangi ekki upp af ýmsum ástæðum. Hann gangi ekki upp vegna þess að hann verði eins og gott keðjubréf sem fer í gang. Þeir sem fyrstir fá úr honum fái mikið en síðan verði það annaðhvort að minnka eða að þyngja gjaldið á þeim ungu sem á vinnumarkaðinum verða. Sú einfalda ástæða ræður því sem ég gat um hér áðan að aldursskipting þjóðarinnar á eftir að breytast mikið á næstu 20–30 árum. Það verða margir sem njóta eftirlauna en tiltölulega fáir á vinnumarkaðinum. Þeir hafa sagt mér að það kerfi gangi ekki upp og vilja halda fast í söfnunarkerfi.

Ég undraðist málflutning hv. 14. þm. Reykv., ég get ekki annað sagt. Bæði þótti mér hann heyra illa málflutning minn hér úr ræðustólnum og bresta þá sýn eða víðsýni til þess að tala um þessa tillögu eins og raunverulega tillögu. Hefur hv. þm. ekki hitt fólkið hér á götunum í Reykjavík? Hefur hann ekkert rætt þetta mál við kjósendur sína, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson? Ég þarf aldrei að minnast á þetta mál þar sem ég fer á fundi, fólkið gerir það sjálft því það hefur trú á að þarna sé opnuð hugmynd eða leið sem muni bæta kjör þess. Ég verð líka var við það þegar ég er á göngu hér í Reykjavík, að til mín ganga bláókunnugir menn sem vilja ræða þessa hugmynd og taka undir hana. Ég sé líka það sem stendur í blöðunum um þetta mál. Ég heyri líka fjallað um það í Þjóðarsálinni með jákvæðum hætti, þannig að ég undraðist málflutning hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Hann sagði að ég hefði talað niður til verkalýðsforingja. Hvar talaði

ég niður til verkalýðsforingja? Ég notaði mjög hógvær orð. Ég sagði að sumir stjórnmálamenn og sumir verkalýðsforingjar væru mjög andvígir þessu máli. Ég notaði ekki önnur orð. Hún sáir efasemdum þessi tillaga, sagði hv. þm. Af hverju sáir hún efasemdum, af hverju sá góðar hugmyndir efasemdum? Það eru efasemdir í gangi í dag eins og ég rakti hér. Fleiri hafa komið inn á og staðfest það sem ég hélt hér fram, að 15–20% af starfandi fólki í samfélaginu hafi horfið út úr lífeyrissjóðunum eða aldrei komið inn í þá. Hvers vegna? Vegna þess að þeir trúa ekki á þá.

Ég hef aldrei haldið því fram og hélt því ekki hér fram að það væri almenn óreiða hjá öllum lífeyrissjóðum. En hugsið aðeins aftur í tímann. Hafið þið ekki heyrt talað um hverja óreiðuna á fætur annarri? Það hefur kannski ekki verið nema hjá fimm eða tíu sjóðum á síðustu fimm árum en það er ærið. Auðvitað eru hlutirnir í góðu lagi hjá mörgum lífeyrissjóðum sem betur fer. Þó hygg ég að það sé nokkuð almennt, eftir mínum upplýsingum, að ársskýrslur liggi ekki fyrir fyrr en seint.

Guðmundur H. Garðarsson sagði að ég hefði talað um að opinberir starfsmenn væru óánægðir með sín kjör. Ég viðhafði aldrei þau orð en ég sagði: Þeir taka undir þessar hugmyndir og telja þetta betri kost en það öryggi sem þeir þó búa við. Ýmsir þeirra hafa sagt við mig: Ég er að pína mig í vinnu sem ég er löngu orðinn hundleiður á og langar að skipta en ég hef ekki efni á því fjölskyldu minnar vegna. Ég verð að vinna mér inn prikin áfram þangað til ég er kominn á fullan rétt. Þetta kerfi gerir menn frjálsari að skipta um starf og þeim sýnist fljótt á litið eins og mér að margt gott sé í þessum hugmyndum.

Nú munu vextirnir hækka, segir Guðmundur H. Garðarsson. Það hefur verið sagt að lífeyrissjóðirnir hafi spennt upp vextina í landinu á síðustu árum. Ég hef séð stjórnmálamenn skrifa um það, ég hef séð menn taka það út og telja það fullsannað. En þetta kerfi gæti lækkað vexti. Við skulum hugsa okkur unga manninn sem er búinn að starfa í 10 ár úti í atvinnulífinu og fer þá að stofna fjölskyldu og byggja. Hann á orðið glettilega góða innistæðu í bankanum sínum. Er ekki líklegt að bankakerfið mundi taka öðruvísi á málefnum einstaklinganna eftir að svona hugmyndir væru komnar í gegn og segja: Nú höfum við trygginguna hér á bak við þig sem er bókin góða. Nú getum við lánað þér til 10 ára. Kannski getum við sparað á mörgum sviðum öðrum hjá ríkinu á eftir, lagt niður Húsnæðisstofnun og fleiri liði. En aðalatriðið er auðvitað að fjalla um þetta og sjá þær umsagnir sem þetta mál fær.

Eitt nefna menn mjög til að hræða með. Þeir segja: Hvað er maðurinn að tala um? Hann er að gagnrýna að til eru 100 lífeyrissjóðir á Íslandi. Sjálfur vill hann stofna 150 þúsund sjóði. Þetta gengur kannski í augun á einhverjum. En fólkið er ekki alveg blint. Það veit að þegar laun eru reiknuð út í fyrirtækjum fara greiðslur hingað og þangað og þetta gerist nánast sjálfvirkt í tölvu. Þetta yrði því mjög vandalítið. Ég hef rætt við ýmsa forstjóra fyrirtækja sem segja að það mundi engu breyta í þeirra skrifstofuhaldi hvor leiðin yrði farin, þessi leið eða sú sem nú er, því að vissulega er það svo á mörgum vinnustöðum að fólkið er í mörgum lífeyrissjóðum.

Ég þakka hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni sem tók undir þessar hugmyndir og hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáni Valgeirssyni sem hélt hér góða ræðu í þessu máli þar sem hann sýndi að hann býr yfir víðsýni og telur ekkert að því í sjálfu sér að kanna svona leið. Þetta er nú fyrst og fremst hugmynd. Það er rétt hjá honum. En hann taldi að þetta væri ekki leið til að jafna á milli. Ég hef farið yfir það. Hann ræddi síðan um að útreikningar mínir væru kannski ekki alls kostar réttir eða hann tryði þeim ekki. Ég var nákvæmlega sömu skoðunar og Stefán Valgeirsson áður en ég fór að reikna. Mér þótti ótrúlegt að maður sem legði fyrir 7 þús. kr. á mánuði með 5% vöxum ætti orðið 13–14 millj. eftir 40–45 ár. En ég lét reikna það hvað eftir annað að þetta var staðreyndin. En það skiptir í sjálfu sér ekki höfuðmáli.

Menn hafa reynt að gera lítið úr málflutningi mínum og segja: Hann er að tala um að 41% iðgjaldanna fari í rekstur sjóðanna. Ég sagði: 4–41%. Bestu sjóðirnir taka ekki nema 4% í rekstrarkostnað en aðrir mun meira. Þetta hefur verið tekið út og liggur fyrir. En mjög algengt er að það sé á bilinu frá 10 og upp í 30%, mjög algengt milli 10 og 20. Ég er hér með úttekt á því máli um einstaka sjóði en veit ekki hvort ég á að fara að lesa hana hér upp. En þetta er nú mjög algengt og auðvitað er það mikill rekstrarkostnaður. Honum þyrfti að ná niður í 4%. Ég hef ekki sett alla undir einn hatt. Ég hef farið í lægstu töluna og bent á hvar þetta er mest og ekki einu sinni nefnt nöfn um það. Ég hygg að eftir því sem Guðmundur H. Garðarsson sagði hér hrökkvi sjóðfélagarnir ekkert við því að hann telur að þeir viti allt um sinn sjóð. Ég hygg að sjóðfélögum þeirra sjóða sem eru með þessi mál í góðu lagi bregði ekkert við því að þeir fá þá og hafa þær upplýsingar í sínum höndum.

Ég hef farið þá leið að leggja fram þessa þáltill. ásamt félögum mínum því að ég er einu sinni þeirrar skoðunar, eins og segir í spakmælinu, að sú saga sem lýsir tilraunum manna til umbóta á heiminum skráir eina staðreynd stórum stöfum. Hún er sú að sé beitt þvingunum vekur það þrjósku og tilganginum verður ekki náð. Sú stefna sem hrósa á sigri verður að styðjast við siðferðilegar forsendur og skírskotun til mannlegrar skynsemi. Ég hygg og vænti þess að þessi hugmynd fái góða meðhöndlun í félmn. og ég efast ekkert um það. Ég treysti formanni þeirrar nefndar mjög vel til þess. Og ég vona að gerð verði virkileg úttekt eða alla vega fáist þær umsagnir í gegnum þingið að menn geti tekið afstöðu og lagt síðan til eða hafnað að fela ríkisstjórninni það sem við leggjum hér til.

Það var rétt sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að hér er ekki verið að tala um það að þeir sem eiga prikin í lífeyrissjóðunum eigi að tapa neinu. Lífeyrissjóðirnir eiga í dag 100 milljarða. Þetta er þekkt stærð og þess vegna hægt að reikna það út og hverfa frá

kerfinu hægum en föstum skrefum. En mennirnir fá það greitt sem þar er ef breytt yrði um kerfi.

Í sambandi við það atriði þegar bankabókin er búin, eins og þeir segja. Ég tel að ef hún geymi þessar upphæðir sem ég nefndi þá verði hún aldrei búin heldur muni hún nýtast fólki svo lengi sem það lifir. Ég lét t.d. athuga hversu margir Íslendingar í dag eru eldri en níræðir. Það eru 916 einstaklingar á Íslandi eldri en níræðir. Nú hef ég ekki kannað hve stór hluti þessa fólks er á sjúkrastofnunum, en ég hygg að hann sé ærið stór sá hópur þessa fólks sem þegar er kominn á framfæri ríkisins.

Hitt sem ég minntist á, auðvitað gæti það vel komið til greina að taka upp einhverja tekjutryggingu þegar fólk hefur náð níræðisaldri og láta það halda tekjutryggingu út ævina.

Ágætu þingmenn. Ég vænti þess að þetta mál fái umfjöllun og í rauninni er ég sannfærður um niðurstöðuna ef þjóðin væri spurð, t.d. í almennri skoðanakönnun hvaða kost hún vildi, hvort hún vildi skoða þessa leið. Þá mundi það blasa við að stór hluti þjóðarinnar mundi biðja um þessa leið í staðinn fyrir það kerfi sem við búum því miður við eins og ástatt er í mörgum lífeyrissjóðum. En við skulum líka gera okkur grein fyrir því að lífeyrissjóðirnir hafa bent stjórnmálamönnum á að það þurfi að gera ýmislegt til að mæta þeim vanda sem ég er hér að tala um. Hvað biðja þeir um í dag? Þeir biðja um í dag að hækka gjaldtökuna af launum úr 10 í 16–18% til að mæta þeim vanda sem er fyrir hendi. Við skulum taka sjómennina. Þeir greiða í lífeyrissjóð af öllum sínum launum hvort sem það er aflahlutur eða tímakaup.

Ég vænti þess að þetta mál fái þá umfjöllun á næstu vikum og mánuðum sem því ber því að ég er sannfærður um að hér er virðingarverðri hugmynd komið á framfæri sem Alþingi hlýtur að vilja að þjóðin fái að segja sína skoðun á og fjalla um. Ég treysti að vísu best á hinn almenna mann í landinu að hann geri þetta mál að sínu máli og leiði það til lykta. Ég er sannfærður um að hér er hreyft stórmáli sem er miklu öruggari og vænlegri leið fyrir þjóðarheildina en sú óvissa sem við því miður búum við í dag.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir lokaorð hv. þm. Guðna Ágústssonar að það væri vissulega æskilegt ef hægt væri að eyða þeirri óvissu sem fólk býr við í sambandi við ellilífeyris- og tryggingamál. En því miður, þar sem ég gerði ráð fyrir því að hv. þm. vildi ræða efnislega, eins og ég gerði áðan, um þær hugmyndir sem hann hefur sett fram, er engin trygging fyrir því að þessari óvissu verði aflétt þó stofnað væri til persónubundinna reikninga með þeim hætti sem hann greindi frá hér áðan.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því sem hefur e.t.v. farið fram hjá honum að bankakerfið hefur því miður verið með fé einstaklinga á reikningum sem hafa borið neikvæða raunvexti. Það er því engin trygging fyrir því þótt þessir 150 þúsund persónubundnu reikningar yrðu opnaðir í bankakerfinu — það eru ekki nema þrír bankar í landinu núna, einn einkabanki og tveir ríkisbankar — þá er engin trygging fyrir því að þetta bankakerfi mundi skila þeirri niðurstöðu sem hv. þm. væntir, og ég að sjálfsögðu vona líka, og vona ekki bara vegna þeirra hugmynda sem hér eru fram komnar heldur líka vegna lífeyriskerfisins sem við höfum nú.

Ég vil undirstrika það að við hljótum að ræða hér efnisatriði. Það er talið að ávaxta megi fé með um það bil 5% raunvöxtum í bankakerfinu. Það er vitað að vaxtamunur inn- og útlána er 6% í þeim banka þar sem hann er lægstur þannig að verið er að tala um útlánavaxtastig upp á 11% í bönkunum ef það á að reynast rétt sem hv. flm. gerir ráð fyrir. Þá kemur spursmálið: Mundi t.d. launafólk eða atvinnurekstrinn geta staðið undir slíkum vöxtum til frambúðar? Þá er einnig nauðsynlegt að fólk geri sér grein fyrir þeirri staðreynd að bestukjarareikningar bankanna báru allir neikvæða raunvexti á fyrri helmingi ársins 1989. Þar til viðbótar liggur fyrir margyfirlýst skoðun hæstv. forsrh., sem er samflokksmaður hv. þm. Guðna Ágústssonar, að innlánsreikningar í bönkum beri of háa vexti. Og núna þessa stundina er ríkisvaldið að semja um það, í sambandi við samninga aðila vinnumarkaðarins, að lækka vexti verulega.

Þótt deila megi um núverandi lífeyrissjóðakerfi held ég að það væri nær og sé nauðsynlegt að menn skoði hvernig er hægt að efla það og styrkja þannig að tryggingalegar forsendur þessa kerfis stæðust betur frekar en ræða um það hvort ávaxta eigi þessa peninga í banka eða með þeim hætti sem reynt er að gera.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, minna á að ég lýsti eftir því við hv. þm., sem er stjórnarþingmaður, hvort hann vildi ekki stuðla að því að hér yrði lagt fram fyrir hið háa Alþingi frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem samið var af svokallaðri lífeyrissjóðanefnd með aðild ríkisins og var tilbúið 29. maí 1987. Í þessu frv., sem ég m.a. átti aðild að fyrir hönd Alþýðusambandsins, er kafli um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Þar sem ég á ekki von á því að núv. hæstv. fjmrh. muni leggja þetta frv. fram, þá lýsi ég hér með yfir að ég mun leggja fram á þessu þingi kafla úr þessu frv., þar á meðal kafla er lúta að ársreikningum og endurskoðun lífeyrissjóðsreikninga. Þannig að ef hv. stjórnarþingmenn treysta sér ekki til þess, þá mun ég gera það einn ásamt þeim sem vilja skrifa undir það frv. með mér.

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni. Það sem skiptir auðvitað meginmáli fyrir fólk, hvort sem það er í lífeyrissjóðum eða ekki, er hve háan lífeyri það fær í verklok, tryggan. Sem fyrrv. þátttakandi í verkalýðshreyfingunni, forustumaður í stóru stéttarfélagi, vil ég upplýsa að eitt mesta vandamál verkalýðshreyfingarinnar er að glíma við vanskil vinnuveitenda. Þessi vanskil eru mjög slæm oft og tíðum í sambandi við svonefnd launatengd gjöld. Lífeyrisgreiðslur heyra þar undir. Það yrði mjög flókið mál og erfitt að tryggja að ákveðinn hluti launafólks færi ekki illa út

úr því kerfi sem hér er verið að leggja til, þótt það sé auðvitað skoðunarvert. Ég tók fram í mínu máli áðan að ég teldi rétt að skoða þetta. Ég lýsti aldrei yfir andstöðu við þáltill. sem slíka. Ég tel mig hafa svarað því sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði um eftirlitshlutverkið.

Varðandi það hvað þessir almennu sjóðir mundu hugsanlega borga í verklok til fólks eins og þeir eru í dag, ég er ekki að tala um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, þá reiknast mér til ef maður miðar við svona 50 þús. kr. meðalgreiðslu á ári eftir að menn hafa öðlast full réttindi, sem kallað er, að þetta væru svona 5 millj. á 10 árum og færi upp í 20 millj. á 10 árum. Með vöxtum og vaxtavöxtum er það komið í svipaða upphæð og hv. frummælandi þessarar þáltill. gerir ráð fyrir að beinu bankareikningarnir mundu skila.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að tala lengur í þessari umræðu en ég vil aðeins segja þetta: Það er mjög þýðingarmikið þegar menn eru að ræða þessi mál að gera sér grein fyrir hinum félagslega þætti. Það er ekki einfalt mál að hverfa frá samtryggingarkerfi sem gerir ráð fyrir því að þeir sem betur eru staddir láti eitthvað af mörkum til þeirra sem verr eru staddir. Það er því miður þannig að stór hópur fólks getur aldrei tryggt sér rétt. Lífeyrissjóðirnir voru hugsaðir m.a. þannig að reynt væri að tryggja rétt sem flestra á samtryggingargrundvelli. Ég kannast ekki við það úr neinu vestrænu ríki, hvorki Norður-Ameríku né Vestur-Evrópu, að menn séu komnir svo langt í auðhyggjunni að þeir hafi gersamlega kastað fyrir borð samtryggingarhugsjóninni gagnvart þeim sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Ég verð að segja það því miður, virðulegi forseti, að þessi þáltill. er að mínu viti hámark auðhyggju þar sem öllum félagslegum sjónarmiðum, samtryggingarsjónarmiðum og samhjálparsjónarmiðum er kastað fyrir borð.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessari umræðu á ýkja ítarlegan hátt enda er ræðutími takmarkaður eins og komið hefur fram. Ég vildi þó segja hér nokkur orð til að lýsa andstöðu minni við þessa þáltill., andstöðu vegna þess að ég held að hún leiði okkur á ranga braut.

Vissulega hefur flm. haft fyrir því að tína saman gagnrýni á núverandi kerfi, gagnrýni sem er mjög réttmæt, enda hittir hún þar fyrir kerfi sem ég tel að mörgu leyti meingallað.

Flm. sagði hér áðan: Ávallt þegar eitthvað nýtt kemur upp þá standa upp sömu mennirnir og hafa eitthvað á móti því. Það getur vel verið. En ef flm. hyggur að það sem hann er hér með í farteskinu sé eitthvað nýtt, þá er það mikill misskilningur. Líftryggingarfélög hafa lengi vel boðið upp á nákvæmlega þetta kerfi. Lélegustu og aumustu sjóðirnir í þessu 90 sjóða kerfi sem við búum við í dag eru einmitt svokallaðir séreignasjóðir, þ.e. sjóðir þar sem menn safna á sína eigin reikninga en nota ekki jöfnunarþáttinn, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson benti mjög réttilega á, til að jafna út á meðal sjóðfélaga. Séreignasjóðirnir eru því marki brenndir að menn hafa staðið uppi eignalausir, lífeyrislausir, á sjötugsaldri, sjötíu og fimm ára að aldri, og ég veit ekki hvað. Það fer allt eftir því hvað safnast hefur og eignin er allt í einu uppurin og það sem tekur við er það sem flm. benti á að ætti að taka við, hið góða og trygga almannatryggingakerfi sem hefur reynst okkur vel í gegnum tíðina, gegnumstreymiskerfi þar sem engir peningar eru eftir til að valsa með, eins og hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson benti hér á að væri mikill galli á söfnunarkerfinu sem við búum annars við í lífeyrismálum.

Það verður að spyrja að öðru. Hversu lengi á að bíða? Hvenær tekur þetta kerfi við? Nú nefndi flm. dæmi um þá sem byrja að spara um 20 ára aldur, ættu stórfelldar eignir þegar þeir væru orðnir 67 ára eða sjötugir. Ef þessi þáltill. yrði að lögum í dag væri hún komið í fullt gagn árið 2030. Við hvaða kerfi eigum við eiginlega að búa á meðan? Eigum við að búa við þetta meingallaða söfnunarkerfi sem er staðreyndin í dag til ársins 2030 eða getur þetta kerfi strax farið að greiða út? Sennilega ekki vegna þess að menn þurfa að safna í sína sjóði. Eina kerfið sem gæti komið í staðinn fyrir þetta meingallaða söfnunarkerfi, og ég held að flestir þeir sem tekið hafa til máls hér í dag séu sammála um að það sé gallað, sem gæti farið í gang á morgun með fullum krafti væri nýtt gegnumstreymiskerfi.

Áðan var sagt að þessi þáltill. væri borin fram til þess að vekja þingmenn af Þyrnirósarsvefni sem hefði staðið í áratugi. Þetta er ekki alls kostar rétt. Fyrir örfáum árum lögðu hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Eyjólfur Konráð Jónsson fram stórkostlega gott frv. um gegnumstreymissjóð fyrir alla landsmenn, einn sjóð fyrir alla landsmenn. Því miður hlaut það ekki viðunandi móttökur hér á Alþingi. Þetta er, held ég, eitt það skynsamlegasta frv. sem lagt hefur verið fram í þessum málum á Alþingi yfirleitt.

Sú gagnrýni sem flm. hafði á kerfið í dag á fullkomlega rétt á sér. Hann talaði um bókhaldsbrot, flóknar reglur og að ekki væru haldnir aðalfundir. Hann talaði um að 15–20% vinnandi fólks væri utan lífeyrissjóða. Kostnaður við rekstur lífeyrissjóða væri allt frá 4% upp í 41%. Sennilega þyrfti að athuga þessa gagnrýni svolítið betur. Fer þetta kannski saman með stærð sjóðanna? Er kostnaðurinn minni við stóru sjóðina? Er hann meiri við minni sjóðina? Er einhver fylgni þar á milli? Hv. flm. sagði að jafnréttislög væru brotin, ekklar fá ekki sömu bætur og ekkjur o.s.frv. Þessi gagnrýni öllsömul á meira og minna rétt á sér en þetta er allt saman gagnrýni sem á við kerfi 90 sjóða þar sem eru mismunandi reglur, þar sem auðvitað er ekkert „glasnost", enginn „transparence", ekkert gegnumsæi. Mönnum er ekki ljóst hver réttur þeirra er og hvað fer fram í hinum mismunandi sjóðum. 15–20% vinnandi fólks sem lendir á milli þils og veggjar af því það hefur tapað áttum, veit ekki í hvaða sjóði það á að fara, hvar það á að vera þrátt fyrir að lög séu í landinu sem skylda fólk til að vera í lífeyrissjóðum.

Hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hélt hér ágæta ræðu þar sem hún lagði eindregið til að tekinn

væri upp einn sjóður fyrir alla landsmenn sem ynni eftir gegnumstreymisreglunni.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem flutti till. um þetta mál á árum áður, lagði til að menn styddu hann í svipaðri viðleitni. Hann komst að vísu nokkru seinna á aðra skoðun og vildi styrkja söfnunarkerfið en er nú kominn á rétta braut aftur og ég fagna því.

Flm. gagnrýndi gegnumstreymiskerfið með því að vitna í hina og þessa talsmenn núverandi kerfis, söfnunarkerfisins, sem finna gegnumstreymiskerfinu auðvitað allt til foráttu og benda á að það gangi ekki upp vegna aldursskiptingar þjóðarinnar. Aldursskiptingin er ekkert öðruvísi í söfnunarkerfi. Það er alveg ljóst. Hún breytist ekkert eftir því hvaða kerfi við höfum. Aldursskiptingin er nákvæmlega sú hin sama. Hann segir: Menn fá mikið til að byrja með í gegnumstreymiskerfi, en vegna aldursskiptingar munu menn fá minna þegar fram í sækir. En við vitum að í kerfinu í dag fá menn lítið. Þess vegna safnast upp allur þessi auður í lífeyrissjóðakerfinu sem er notaður síðan til húsbyggjenda í húsnæðiskerfinu. Það má þá segja um söfnunarkerfið: Menn fá lítið nú og menn munu fá lítið í framtíðinni. Menn munu fá lítið í framtíðinni vegna þess að þá kemur aldursskiptingin til, eða hvað? Munu menn fá mikið þá, lítið nú og mikið þá? Og í hinu kerfinu mikið núna og lítið þá — eða hvað?

Þetta eru hlutir sem menn verða að gera betur upp við sig ef þeir ætla að beita aldursskiptingarrökum til að reyna að hnekkja gegnumstreymiskerfinu. Það held ég að gangi ekki upp. Gegnumstreymiskerfið er eina kerfið sem getur farið í gang í dag. Sem getur það, alveg eins og hv. þm. Alexander Stefánsson benti á um það sem hér er lagt til. Það sem gildir fyrir gegnumstreymiskerfið er að það fer nýja leið án þess að skerða það sem fyrir er vegna þess að það sem kemur inn í kerfið í dag fer líka strax út úr kerfinu í dag. Það er ekkert sem er eftir. (Forseti hringir.) Það þarf miklu lengri tíma en hæstv. forseti leyfir mér, af réttum ástæðum, til að útskýra þetta mál en það koma betri tímar til þess.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það eru bara örfá atriði sem ég vil benda á í þessu sambandi. Sannleikurinn er sá að ekkert kerfi sem hefur verið rætt um gengur upp miðað við það sem mörg okkar stefna að, ekkert kerfi. Og það er alveg rétt að sumt í því kerfi sem nú er er ólíðandi. T.d. eru nokkuð mörg dæmi þess að þegar menn sem hafa verið í mörgum störfum hætta þá stórhækka þeir í launum þegar þeir fara á eftirlaunaaldur. Það væri hægt að koma fram með dæmi um það. Auðvitað er þetta alveg ólíðandi.

Í öðru lagi hafa margir hv. þm. áhuga á því að þeir sem eru ekki í lífeyrissjóði, við skulum segja t.d. húsmæður, komi einhvern veginn inn í þá breytingu sem yrði gerð. Það er í raun og veru verið að gera þeim konum, sem eru að ala upp börn sín og hugsa um aldraða í heimahúsum, lágt undir höfði. Þeirra mál verða ekki leyst með staðgreiðslukerfi. Það verður að huga í allar áttir þegar menn ræða um svona alvarlegt mál. Og í þessari tillögu felst einnig að lítið kemur í bækur þeirra sem ekki taka bein laun.

Við þurfum sem sagt að finna lausn sem er viðunandi. En ég kom nú aðallega upp hér vegna þess sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur tvísagt hér í þessum umræðum, að það sem bankarnir tækju væru 6%, vaxtamunurinn þyrfti að vera 6%. Þetta er alveg ný tala fyrir mér og ég er búinn að vera nokkuð lengi ... (**GHG:** Er það hærra kannski? Í Búnaðarbankanum?) Það er mikið lægra í þeim banka sem ég þekki best. (**GHG:** Hvað er það?) Ég man það ekki nákvæmlega en það eru eitthvað rúmlega 4%, enda sjá menn að það væri nú meira en lítið ef þetta væri rétt. Ég skal ekkert segja um hvernig þetta er í Íslandsbanka. (**GHG:** Var. Ég sagði: Á síðasta ári.) Var og er, það getur vel verið, ég veit ekkert um það, ef það er mið af því sem hv. þm. hefur. En þetta er áreiðanlega ekki í ríkisbönkunum en um þetta er hægt að fá óyggjandi upplýsingar og á að gera það.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Mér finnst ekki ástæða til að taka hér upp efnisumræður þar sem ræðutíminn er takmarkaður og menn hafa ekki rétt til að taka oftar en tvisvar til máls. En ég vil leggja áherslu á að þetta mál fái þinglega meðferð og í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar verði það sent út til umsagnar til sem flestra aðila svo að hægt sé að fá raunverulegan þverskurð af þeirri umræðu sem nú fer fram í þjóðfélaginu um lífeyrismálin almennt. Ég held að þetta sé miklu meira rætt núna en nokkurn tíma áður. Sem betur fer er almenningur hér á landi búinn að átta sig á því betur en áður hvað þetta er þýðingarmikið atriði í sambandi við almenn lífskjör í landinu. Þess vegna held ég að svona þáltill. eða umræður í kringum hana hljóti að hafa mikla þýðingu til þess að menn fari að tjá sig meira um þessi mál en áður hefur verið.

Ég ætla ekki að ræða þær fullyrðingar sem komu hér fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, 14. þm. Reykv., sem finnur þessu allt til foráttu. Ég vil aðeins segja við hv. þm. að hann veit auðvitað betur, hann veit gallana á þessu kerfi sem við búum við, hann veit að það getur ekki staðið lengur óbreytt. Hann er einn af þeim mönnum sem hafa bent á það í áraraðir að hér þurfi að gera á mikla breytingu þannig að þetta kerfi skili sér. Það er náttúrlega hörmuleg staðreynd, ef við bara horfum á það eitt sér, þær fullyrðingar sem núna koma fram frá tryggingafræðingum sem fjalla, við skulum segja með mestri þekkingu um þessi mál, að það skuli liggja fyrir að ef þessir sjóðir eigi að standa undir því sem er þeirra aðalhlutverk, að tryggja öryggi sjóðfélaga, þá skuli þurfa að hækka iðgjöld úr 4 + 6% í 15–18%. Þetta er náttúrlega enginn smáskattur sem mundi bætast við inn í þetta kerfi þannig að fullkomin ástæða er til þess fyrir Alþingi að átta sig á alvöru þessa máls.

Ég er ekkert að taka til umræðu hér hvaða kerfi er

best. Ég lýsti yfir fylgi mínu við það frv. sem Guðmundur H. Garðarsson flutti þegar ég kom fyrst hérna inn á þing. Því miður, þrátt fyrir heitstrengingar í stjórnarsáttmálum undangenginna ára raða og þrátt fyrir umræður hér við ýmis tækifæri um þáltill. um heildarendurskoðun o.s.frv., þá hefur þessu máli ekki skilað fram. Ég segi fyrir mig að ég batt vonir við þá stóru, miklu nefnd sem var sett í að endurskoða lífeyrissjóðsmálin almennt og skilaði um það áliti. Þó að einhver klofningur eða mismunandi skoðanir væru í því áliti vonaði ég að það mundi verða til þess að lífeyrismálin yrðu tekin föstum tökum. En ekkert hefur skeð, því miður. Þess vegna er fullkomin ástæða til að taka upp harðar umræður um þetta mál einmitt nú á yfirstandandi þingi, hvort sem það leiðir til að þessi leið verði valin, sem við flm. köllum nýja leið í þessum málum eða farið yrði í að ræða þessi mál almennt, þyrfti niðurstaðan að vera breyting á núverandi kerfi. Það er alveg öruggt mál því framtíð þúsundanna á Íslandi sem eru í lífeyrissjóðum, og þurfa að vera í lífeyrissjóðum, er í húfi. Þess vegna þarf að taka þetta mál réttum tökum og ræða það í fullri alvöru hvaða leiðir menn leggja til. Niðurstaðan verður að vera ein og sú sama, að við sköpum það öryggi sem lífeyrissjóðakerfið almennt á að vera Íslendingum í nútíð og framtíð.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Allir hv. þm. sem hér hafa talað hafa rætt um nauðsyn þess að bæta lífeyristryggingarkerfi þjóðarinnar. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, fá að segja þetta: Ég legg áherslu á að hv. stjórnarþingmenn sem hafa nú valdið hér á hinu háa Alþingi, í skjóli meiri hluta, tryggi að hæstv. ríkisstjórn leggi fram frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða eins og það liggur fyrir hjá hæstv. fjmrh. Með því móti mundum við hv. þm. vissulega tryggja betur stöðu þeirra lífeyrisþega sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. 14. þm. Reykv. hér áðan þar sem hann sagði að þessi þáltill. okkar væri hámark auðhyggju þar sem öllum félagslegum sjónarmiðum væri kastað fyrir borð. Ég mótmæli þessum orðum og vitna hér í 7. gr. hjá okkur þar sem við segjum og viðurkennum að hlutverk lífeyrissjóðanna er tvenns konar. Annars vegar söfnunarþátturinn, hins vegar tryggingarþáttur sem við ætlum að fara með inn í Tryggingastofnun ríkisins. Að örorkan, makalífeyrisgreiðslur og barnalífeyrisgreiðslur verði greitt af Tryggingastofnun ríkisins. Þannig að við höfum hugsað um hinn félagslega þátt.

En eitt vil ég minna Guðmund H. Garðarsson á og það hygg ég að svo sé með flesta menn, hvar sem þeir eru í pólitík, stundum er sagt að næmasta „líffærið" sé veskið. Það hefur komið nýlega fram að jafnvel þeir sem hafa lægstu launin á Íslandi spara mest. Þannig að við eigum að rækta það að fólk fari vel með og spari. Í ofanálag yrðu þessir peningar varðveittir í heimabyggð.

En ég vildi fyrst og fremst mótmæla þessum ummælum sem menn reyna nú að hafa í frammi, að þetta sé hámark auðhyggjunnar. Þetta er aftur á móti hámark fyrirhyggjunnar.

Ég vil svo að lokum minna á það að ýmsar þjóðir eru þegar að skoða þessar leiðir og sumar hafa opnað fyrir þær í litlum mæli.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Hæstv. forseti. Ég veit að mikið er búið að segja í þessari umræðu og ég skal verða stuttorður og ekki lengja umræðuna um of. Ég ætla ekki að nota tækifærið til að mótmæla þeirri staðhæfingu að veski manna séu líffæri, hvað þá að við eigum að rækta það með okkur. Við getum látið það liggja á milli hluta.

Hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson særði okkur stjórnarþingmenn að gera nú eitthvað í hlutunum til að umrætt lífeyrissjóðafrv. sem liggur niðri í skúffum fjmrn. verði lagt fram. Ég treysti enn á það sem hæstv. fjmrh. sagði hér fyrr í vetur að hann mundi leggja þetta frv. fram. Það er ekki það að ég hlakki svo mjög til að þetta frv. komi fram vegna þess hve gott það er. Ég veit að mikið hefur verið unnið við það og menn hafa vandað til verka. Niðurstaðan er hins vegar ekki sú sem ég hefði helst óskað að yrði, þ.e. niðurstaðan er ekki sú að þarna sé um gegnumstreymiskerfi að ræða. Hv. flm. þeirrar þáltill. sem hér liggur frammi bendir á gegnumstreymiskerfi sem björgun á öllum þeim göllum sem þáltill. hans felur í sér varðandi það fyrirkomulag á lífeyrismálum sem hann leggur til. Gegnumstreymið á að bjarga því sem bjargað verður. Ég held að gegnumstreymið sé það sem bjargi því sem bjargað verður í lífeyrissjóðsmálum yfirleitt og ég treysti á stuðning Guðmundar H. Garðarssonar þegar þar að kemur.

Nei, framlagning frv. fjmrh. er eiginlega fagnaðarefni vegna þess að það gefur tækifæri til að ræða þessi mál í stórum dráttum í miklu víðara samhengi en við höfum tækifæri til í dag. Það er alveg rétt að tillagan sem liggur í skúffunum mundi bæta það kerfi sem við búum hér við í dag stórkostlega en hún gerir ekki það besta sem hægt er að gera í þessum málum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Leiðsögumenn í hópferðum erlendra aðila á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 159. mál. — Þskj. 168.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 168 um leiðsögumenn í skipulegum hópferðum erlendra aðila á Íslandi. Flm. ásamt mér eru hv. þm.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason og Stefán Valgeirsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að sjá til þess að í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi sé ætíð með í för íslenskur leiðsögumaður sem nýtur réttinda samkvæmt reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks nr. 130/1981."

Á síðustu árum hefur ferðaþjónusta verið ört vaxandi atvinnugrein hér á Íslandi og er nú sú atvinnugrein sem menn binda hvað helst vonir við að muni verða okkur drjúg tekjulind og muni skapa okkur verðmætar gjaldeyristekjur á komandi árum. Það var í kringum 1950 sem fyrst var farið að skipuleggja aðgerðir til að fá hingað erlenda ferðamenn. Síðan hefur þeim fjölgað úr 5 þús. í 131 þús. á nýliðnu ári.

Á allra síðustu árum hefur fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi verið ótrúlega mikil. Þannig fjölgaði þeim á árabilinu 1981–1985 um 65%. Stór hluti þessara ferðamanna kemur hingað og ferðast um landið í skipulögðum hópferðum. Talið er að gjaldeyristekjur þjóðarinnar af erlendum ferðamönnum hafi numið 9–10 milljörðum á árinu 1989.

Ferðaþjónustan hefur einnig fjölgað störfum og aukið fjölbreytnina í atvinnulífinu, ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem fábreytni atvinnulífsins hefur sums staðar verið talin standa byggð fyrir þrifum. Á sama tíma og erlendum ferðamönnum hefur fjölgað svo mjög hafa Íslendingar í auknum mæli farið að ferðast um eigið land bæði sem einstaklingar og í skipulögðum hópferðum.

Íslenskir leiðsögumenn fara gjarnan með hópum ferðamanna um landið. Þeir taka á móti þeim við komuna til landsins og fylgja þeim á ferðum þeirra. Flestir eru sammála um að leiðsögumaður geti skipt afgerandi máli í viðhorfi ferðamanns til lands og þjóðar. Kannanir hafa sýnt að mjög margir ferðamenn setja leiðsögn efst á blað í sambandi við ferðalög. Íslenskir leiðsögumenn hafa, auk þeirrar þekkingar og reynslu sem felst í því að búa í landinu, sótt námskeið og þreytt próf í Leiðsöguskóla Ferðamálaráðs. Þar er ítarlega fjallað um allt það sem flesta ferðamenn fýsir að vita og gerðar eru miklar kröfur um hæfni leiðsögumannsins til að kynna landið og menningu þess.

Sem fylgiskjal með tillögu þessari er reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks og vil ég benda hv. þingheimi á hversu víðtækt það svið er sem menntun leiðsögumanna spannar, hversu miklar kröfur eru gerðar um þekkingu á öllu milli himins og jarðar, svo sem jarðfræði, gróðri, dýralífi, veðri, náttúruvernd, sögu, atvinnuvegum, þjóðfélagsmálum, bókmenntum, listum og minjasöfnum svo að eitthvað sé nefnt.

Um öll þessi atriði og hugtök sem þeim tengjast þurfa leiðsögumenn sem fylgja erlendum hópum að eiga orð á erlendum tungumálum. En reynsla allra leiðsögumanna er reyndar sú að námskeiðið og prófið sem leiðsögumenn taka í lok þess sé þó aðeins byrjunin. Hver ferð krefst góðs undirbúnings og leiðsögumenn standa ævinlega frammi fyrir því að þurfa að svara nýjum spurningum, fylgjast með þjóðmálunum frá einum tíma til annars og bregðast við nýjum aðstæðum.

Félag leiðsögumanna hefur undanfarin ár staðið fyrir öflugri fræðslustarfsemi til að koma til móts við þörfina fyrir stöðuga endurnýjun og aukna þekkingu þeirra sem við leiðsögu starfa. Auk fræðslufunda og námskeiða um ýmis afmörkuð efni hafa leiðsögumenn mikinn áhuga fyrir að geta boðið upp á námskeið fyrir sérhæfða leiðsögumenn úti í kjördæmum landsins, gönguleiðsögumenn og fjallaleiðsögumenn svo að nefnd séu dæmi. Þegar hafa verið haldin sérhæfð námskeið á Suðurnesjum, Húsavík og á Akureyri. Slík námskeið þurfa að sjálfsögðu að vera á faglegum grunni en eru mikilvægur liður í því að þjálfa heimafólk úti í byggðum landsins til leiðsögustarfa.

Íslenskur leiðsögumaður sem getur glætt áhuga ferðamannsins á landi og þjóð skapar mikil verðmæti í formi jákvæðrar landkynningar. Kannanir benda til þess að stór hluti ferðamanna heimsæki landið vegna ummæla einhverra sem áður hafa verið hér. Slæmur leiðsögumaður sem ekki skilar sínu hlutverki gerir að sama skapi mikið ógagn.

Ísland býr yfir óvenjulegri náttúrufegurð en jafnframt miklum hættum. Aðstæður bæði í landinu sjálfu og hvað veðurfar snertir eru flestum útlendingum framandi. Það höfum við verið óþægilega minnt á hvað eftir annað og síðast nú fyrir tveimur vikum síðan. Það er því mikil ábyrgð að leiða hóp fólks um svæði þar sem hættur leynast við hvert fótmál og náttúran sjálf er ekki síður í hættu nema henni sé sýnd fyllsta aðgætni. Staðkunnugur, menntaður leiðsögumaður sem þekkir vel allar aðstæður, svo og lög og reglur sem gilda um umgengni við landið, er líklegur til að geta frekar axlað þá ábyrgð en erlendur fylgdarmaður sem dvelur hér aðeins um stundarsakir.

En það er fleira sem hyggja þarf að. Það má telja líklegt að samskipti ferðamanna við innlenda aðila verði stundum annmörkum háð ef forsvarsmaður hópsins getur ekki fullkomlega tjáð sig á því máli sem talað er í landinu. Fylgdarmaður ferðamannahóps kemst ekki hjá því að eiga einhver samskipti við fólkið í landinu. Mjög mikilvægt er að ekki verði misskilningur, t.d. í samskiptum við löggæslu, hjúkrunarfólk, landverði, starfsfólk hótela og bílstjóra.

Á síðari árum hefur gætt vaxandi áhuga erlendra aðila sem skipuleggja hópferðir til Íslands að senda sjálfir fólk með hópnum til leiðsögu og fararstjórnar. Sniðganga þeir þar með íslenska leiðsögumenn. Vinnuframlag erlendra fylgdarmanna hefur aukist mun meira en fjölgun ferðamanna gefur tilefni til. Árið 1988 voru veitt 27 starfsleyfi til erlendra leiðsögumanna sem unnu hér samanlagt 360 dagsverk. Sumarið 1989 var fjöldi veittra starfsleyfa 45 og dagsverkin um það bil 1100. Þessi mikla aukning sýnir glögglega hvert stefnir. Erlendir leiðsögumenn geta aflað sér þekkingar úr bókum eða með öðrum

hætti, en vafasamt hlýtur að teljast að þeir geti gefið jafn persónulega og jákvæða mynd af landinu og fólkinu og íslenskir leiðsögumenn sem, jafnframt því að búa í landinu, hafa hlotið sérstaka menntun til starfsins. Þá getur þekking erlendra leiðsögumanna á hinni viðkvæmu náttúru landsins og þeim hættum sem hér geta leynst tæpast í nokkrum tilvikum verið eins örugg og íslenskra leiðsögumanna.

Öll vitum við líka að heimildir um Ísland í erlendum bókum eða bæklingum gefa oft alls ekki rétta mynd af landinu og þjóðinni. Því má svo heldur ekki gleyma að ferðaþjónustan skapar mörg ný atvinnutækifæri hér í landinu. Leiðsögumenn eru ein margra stétta sem ættu að njóta góðs af fjölgun ferðamanna. Með vaxandi fjölda erlendra leiðsögumanna missa þeir nú atvinnu. Erlendu leiðsögumennirnir sem hér starfa þiggja laun sín í heimalandi sínu og greiða því hvorki skatta né önnur gjöld hér á landi. Þannig hefur vinna þessara erlendu aðila bæði áhrif á fjárhag einstaklinga og afkomu ríkissjóðs.

Í þeim löndum sem eiga að baki langa þróun í þjónustu við ferðamenn gilda yfirleitt þær reglur að erlendir ferðamannahópar verða að hafa með sér innlendan leiðsögumann í borgum og á markverðum stöðum. Erlendir ferðamenn á Íslandi ferðast gjarnan vítt og breitt um landið og algengt er að ferðamannahópur sem dvelur hér nokkra daga eða vikur ferðist um stórt svæði, bæði í byggð og óbyggð. Á hverri dagleið er komið á marga markverða staði, náttúruundur eða sögustaðir heimsóttir sem hver og einn gerir kröfur um sérþekkingu leiðsögumannsins. Þar hefur Ísland nokkra sérstöðu umfram önnur lönd. Litið er á landið allt sem áhugavert ferðamannasvæði, enda reyna flestir sem hingað koma að fara sem víðast og sjá sem mest. Þess vegna hafa íslenskir leiðsögumenn gert sér far um að afla víðtækrar þekkingar á landinu öllu og kunna skil á sem flestum landshlutum. Erlendis er algengt að fararstjóri fylgi hópum milli markverðra staða þar sem leiðsögumenn taka síðan við og miðla af sinni sérþekkingu.

Margir erlendir aðilar sem skipuleggja hópferðir til Íslands hafa sent fararstjóra með hópnum, en jafnframt ráðið íslenskan leiðsögumann í ferðina um landið. Slíkt er mjög jákvætt og aukin þjónusta við ferðamennina. Oftar hafa þó íslenskir leiðsögumenn jafnframt tekið að sér hlutverk fararstjóra með góðum árangri, enda gerir menntun þeirra ráð fyrir slíkri þjónustu.

Þá má ekki gleyma því að íslenskir leiðsögumenn hafa einnig sinnt ákveðinni eftirlitsskyldu með ferðamönnum og skipulagi ferðalaga og þannig komið í veg fyrir vandræði sem annars hefðu getað orðið. Vegna vanþekkingar hafa margir hópar nærri brotið íslensk lög og hefur þá komið til kasta leiðsögumanns að kynna gildandi reglur fyrir fólki. Slíkt eftirlit og fyrirbyggjandi starf er mjög mikilvægt þar sem margir eiga þess ekki kost að fá slíkar upplýsingar öðruvísi en e.t.v. af biturri reynslu.

Mjög erfitt er að fylgjast með og sannreyna hæfni þeirra erlendu leiðsögumanna sem vinna hér á landi. Flestir dvelja í stuttan tíma og halda af landi brott um leið og hópar þeirra. Sumir hafa unnið hér í nokkur ár en aðrir eru nýliðar, hafa e.t.v. komið hér í öðrum tilgangi áður eða eru í fyrsta skipti í landinu. Oft er það svo að fólk vinnur fyrir erlendar ferðaskrifstofur sem fararstjórar um heim allan og tekur að sér leiðsögustarf þar sem engin slík þjónusta er fyrir hendi. Enn aðrir eru sérfræðingar á afmörkuðu sviði, t.d. í jarðfræði eða fuglafræði, og telja sig þannig færa um að taka starfið að sér. Íslenskir leiðsögumenn þurfa, eins og fyrr segir, að afla sér menntunar í leiðsöguskóla Ferðamálaráðs og sanna þar hæfni sína til starfsins. Í þessum efnum eru því auðsjáanlega ekki gerðar sömu kröfur til innlendra og erlendra leiðsögumanna.

Þann 14. jan. 1988 bárum við, sú sem hér stendur og hv. þingkona Kristín Einarsdóttir, fram fsp. til þáv. hæstv. samgrh. Matthíasar Á. Mathiesen um veitingu atvinnurekstrarleyfa til erlendra ferðaskrifstofa. Þá þegar þótti okkur stefna í óefni vegna fjölgunar erlendra leiðsögumanna. Var í umræðunni um þá fsp. gefin út yfirlýsing af hálfu hæstv. samgrh. um að hann hygðist gera breytingar á lögum um ferðamál fyrir þinglok það ár. Ekkert varð af þeirri fyrirætlun og þar sem þróunin hefur orðið sú sem ég hef nú lýst, að erlendum leiðsögumönnum hefur fjölgað mjög, þótti okkur tímabært að bera fram þessa till. Vil ég jafnframt undirstrika að fleiri hv. þm. hafa séð ástæðu til þess með því að gerast meðflm. að henni. En í umræðunni um fsp. okkar þann 14. jan. 1988 sagði núv. hæstv. samgrh. m.a. — nú er hæstv. samgrh. ekki hér en það hefði verið gott ef svo hefði verið, en ég ætla að leyfa mér að vitna til orða hans að honum fjarstöddum, með leyfi forseta:

„Mín skoðun er sú að það eigi að vera ófrávíkjanlegt að allar skipulagðar hópferðir hafi íslenska leiðsögumenn eða þá að veittar séu frá því sérstakar undanþágur með tilliti til rökstuðnings og aðstæðna í hverju einstöku tilfelli. Annars sé það undanþágulaust.

Með tilliti til þeirra naumt skömmtuðu fjárveitinga sem eru til þessara mála er nauðsynlegt að taka þessi mál upp og taka þau fastari tökum. Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka þessi mál upp og bæta úr þessu ástandi fyrir ferðamannavertíðina á komandi sumri og greina Alþingi frá því áður en það fer heim fyrir vorið til hvaða ráðstafana þeir hyggist grípa í þessu skyni."

Lýkur þar tilvitnun minni í núv. hæstv. samgrh. og vil ég reyndar ljúka máli mínu með þessum orðum hæstv. samgrh. og hvetja hann til að láta til skarar skríða í þessum málum, íslenskri ferðaþjónustu og þeim ferðamönnum sem hingað koma til heilla.

Það hefði reyndar verið freistandi og full þörf á að ræða ýmis fleiri mál sem varða ferðaþjónustuna sem atvinnugrein. Við stöndum frammi fyrir því að við verðum brátt að taka afstöðu til heildarstefnu varðandi atvinnugreinina. Vonandi sjáum við sem allra fyrst hugmyndir þeirrar ferðamálanefndar sem nú

starfar á vegum samgrn. þannig að við getum fljótlega fjallað um ferðamálastefnuna í heild sinni. En ég tel þetta mál brýnt og vona að það fái skjóta meðferð og framgang hér á þessu þingi. En að lokinni þessari fyrri umræðu vil ég vísa till. til síðari umr. og hv. atvmn.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu hæstv. frummælanda eru þessi mál í miklum ólestri. Þeir sem ferðast um landið, ekki síst um öræfin, sjá hvernig víða eru gróðurskemmdir vegna þess að bílar fara utan við hina alförnu leið. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um það hvort þarna eru útlendingar að verki eingöngu, mér þykir það nú ekki líklegt, en ég hef séð að þeir skirrast ekkert við að fara utan vegar og það verður að koma í veg fyrir eftirlitsleysi með slíkum ferðum. Það er líka mikið öryggi í því að fararstjóri eða leiðbeinandi tali bæði íslensku og eins það mál sem flestir af ferðamönnunum tala, því ýmislegt kemur fyrir á ferðum um öræfin. Í sjálfu sér ætti ekki neinn bíll að fara einsamall eða ætti a.m.k. að hafa farsíma svo hægt sé að ná í hjálp ef eitthvað ber út af.

Nú sýnir reynslan að erlendum ferðamönnum sem sækja til landsins hefur fjölgað mikið. Margir þeirra eru að skoða þetta land, gróðurinn, jarðfræðina og hvað eina sem hér ber fyrir auga. Það er líka mikils virði fyrir ferðamennina að hafa leiðbeinanda sem getur sagt þeim og sýnt hvar er mest að sjá og um leið koma í veg fyrir skemmdir. Meira að segja hef ég orðið var við það á þeim svæðum þar sem er þó eftirlitsmaður að reglur eru brotnar ef viðkomandi starfsmaður er ekki á staðnum, hefur eitthvað fært sig til, hefur þurft að fara með einhverjum eða líta eftir einhverju. Ég held að það sé tímabært að taka á þessu máli. Að vísu má kannski segja að gallinn á þessari tillögu sé sá að þetta eru ekki lagafyrirmæli, þetta er tillaga. En ég hef aðeins litið á það og stend í þeirri trú að það sé á færi hæstv. samgrh. að breyta reglugerð þannig að setja það skilyrði að íslenskur fararstjóri eða leiðbeinandi sé í öllum slíkum ferðum. Ef fjöldi erlendra ferðamanna til landsins eykst mikið þá er bara háski hér á ferðum.

Ég fór t.d. mikið um Jökulsárgljúfur í sumar beggja megin. Þar eru verulegar skemmdir að vestan og kemst sauðfé þó ekki inn á það svæði. Það er mikið minna að austanverðu þar sem er ógirt en það er ekki hægt að komast þar nema á jeppum eða torfærubílum. Þetta var dálítið merkileg reynsla að sjá muninn og það var bara fljótið á milli, girt öðrum megin en átroðningurinn er orðinn það mikill á þessum stöðum að háski er að.

Ég vonast til þess að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar hraði störfum og þessi þáltill. fái afgreiðslu á þessu þingi því við verðum að huga vel að landinu okkar og láta það ekki líðast að vegna eftirlitsleysis verði gerð mikil spjöll á því.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. 1. flm. þessarar till., hv. 6. þm. Vesturl., gerði skýra grein fyrir þeim rökum sem að baki hennar liggja og er ekki ástæða til að endurtaka þau. Að sjálfsögðu þarf að gæta þess við framkvæmd þessa máls að það verði ekki lagt þannig út að hér sé verið að loka landinu eða hindra komu þeirra. Fyrst og fremst eigum við að reyna að leggja áherslu á að koma sem mest til móts við þarfir þeirra sem hingað vilja leggja leið sína með því að kynna landið. En á sama hátt og við viljum að það sé gert af hálfu Íslendinga sjálfra sem þekkja landið, hafa tilfinningu fyrir landinu, þá vildi ég nota þetta tækifæri að undirstrika að þeir sem skipuleggja ferðir hér um landið þurfa að huga að því að leiðsögumenn hafi staðbundna þekkingu á hverjum stað og slík þekking sé nýtt eins og kostur er til þess að kynna landið og það sé ekki horft á það úr of mikilli fjarlægð. Að sjálfsögðu er lögð áhersla á að mennta sem best þá sem fá réttindi til leiðsögustarfa og bókalærdómur er að sjálfsögðu góður, en við megum ekki gleyma því hversu tilfinning og staðbundin þekking skiptir þarna miklu máli.

Þetta viðhorf finnst mér að þurfi reyndar að ríkja á öllum sviðum ferðaþjónustunnar og þurfi að hafa betur í huga í sambandi við skipulagningu hennar á komandi árum. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar en vildi víkja sérstaklega að þessu atriði.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan leggja orð í belg um þetta ágæta mál sem hér hefur verið flutt og mælt fyrir. Það eru nokkur atriði þessu til viðbótar sem ég hygg að gæti verið gott að taka inn í þessa umræðu, hefur lítið verið rætt um en þarfnast bæði eftirlits og reglna. Þá á ég sérstaklega við flutning á bílum erlendra manna hingað til lands.

Það hefur orðið gjörbreyting á ýmsum þáttum ferðamála hér á Íslandi eftir að fólks- og bílaflutningaskipið Smyrill hóf ferðir til og frá Íslandi. Erlendir ferðamenn hafa komið með eigin bíla til Íslands, oft stóra, mikla, þunga og öfluga torfærubíla sem þeir hafa á heimaslóðum, vegna þess hve matvæli og bensín og olía eru dýrt hér á landi, fyllt af matvælum áður en þeir hafa komið hingað til lands og haft meðferðis mikið magn af bensíni og olíum, þannig að þeir hafa ekki þurft að eyða sínum peningum, sínum gjaldeyri, til að festa kaup á þessum varningi hér.

Mín skoðun er sú að það sé til lítils fyrir okkur að fá slíka ferðamenn í heimsókn. Þeir greiða raunverulega enga fjármuni hér á landi fyrir að fá að ferðast um Ísland. Eftirlitið með því hvað þeir taka með sér í þessum bifreiðum hingað til lands er sáralítið og mér segja ferðaskrifstofumenn að það eftirlit hafi farið mjög minnkandi á undanförnum árum og sé nánast ekkert núna. Það er ekki bara að flutningurinn á eldsneyti í miklum mæli í bílum yfir hafið í skipum eins og Smyrli er stórhættulegur, heldur er það svo að þessir ferðamenn fara oft líka með lítilli gát um landið okkar. Núna starfar nefnd sem fjallar um akstur utan

vega og mun væntanlega skila niðurstöðum í lok febrúarmánaðar eða í byrjun mars og gera tillögur um nýjar reglur um akstur utan vega hér á landi. Í þessari nefnd hafa komið fram upplýsingar um að erlendir ferðamenn á stórum og miklum torfærubílum hafi valdið umtalsverðum skemmdum en séu þó að mörgu leyti mun skárri í þessum efnum en íslenskir ferðamenn. Þeir hafi meiri aðgát á ferðum sínum og hvar þeir aka en engu að síður hafi orðið umtalsverð náttúruspjöll vegna ferða þeirra.

Ég tel að nauðsynlega þurfi að setja strangar reglur um innflutning hingað til lands á hvers konar matvælum sem þetta fólk kemur með til landsins og það verði mjög að takmarka það magn af bensíni og olíu sem það fái að koma með til landsins.

Ég er líka þeirrar skoðunar að mjög skorti á upplýsingar til þessara ferðamanna áður en þeir leggja af stað til Íslands um hvað sé heimilt og hvað sé óheimilt. Við umræður um þessi mál í nefnd þeirri sem ég gat um áðan, sem fjallar um umferð utan vega eða akstur utan vega, hefur það komið ljóslega fram að margt af þessu fólki kemur til Íslands án þess að hafa í fórum sínum nokkrar upplýsingar frá erlendum ferðaskrifstofum um það hvernig því beri að haga sér í umgengni við landið, hvar það megi ferðast og hvernig það á yfirleitt að haga sér gagnvart íslenskri náttúru.

Þetta er einn þátturinn í þeirri heildarstefnu sem þarf að móta hér á landi. Það hefur komið allt of oft fyrir, eins og ég hygg að frsm. hafi komið að, að erlendir aðilar hafi flutt hingað til lands fólksflutningabifreiðir, þeir hafa ekki einu sinni tekið á leigu íslenskar fólksflutningabifreiðir. Erlendir bílstjórar hafa verið á þessum bílum og þeir hafa um leið verið fararstjórar fyrir þessa hópa. Og það er nú svo komið að umtalsverður hluti af því fólki sem kemur hingað til lands, erlenda fólkinu sem kemur hingað til lands með Smyrli í skipulögðum ferðum, kemur á vegum erlendra ferðaskrifstofa og ferðast á þeirra vegum hér um landið.

Ég er ekki tilbúinn til að lána landið mitt erlendum ferðamönnum sem greiða ekkert fyrir lánið. Ég held að þetta þurfi að stöðva, það þurfi að setja strangar reglur um þennan innflutning og það þurfi að vera liður í þeirri endurskipulagningu og heildarstefnu sem snertir þessa atvinnugrein. En ég fagna þessari umræðu sem hefur orðið um ferðamál. Ferðamálaumræða á Alþingi hefur verið af ákaflega skornum skammti á undanförnum árum og þessi veigamikla atvinnugrein hefur engan veginn fengið þá athygli hins háa Alþingis sem henni ber.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er að sjálfsögðu allra góðra gjalda verð. En hún er auðvitað aðeins einn þáttur af ferðamálunum sem nú er verið að athuga og þurfa að vera í stöðugri athugun vegna þess að ferðaþjónustan er mikilvæg atvinnugrein.

Nú um þessar mundir og að undanförnu hefur starfað nefnd á vegum samgrn. að mótun ferðamálastefnu. Hún hefur starfað af miklum krafti undir forustu hv. 2. þm. Austurl. Fyrir ári eða árum var samþykkt tillaga um akstur utan vega sem hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hér lauk máli sínu, er að vinna úr í nefnd. Ég á sæti í báðum þessum nefndum og tel mikilvægt að formenn þeirra herði á róðrinum þannig að þessar tvær nefndir ljúki störfum sem fyrst því það er mikilvægur þáttur í því að þoka þessum málum áleiðis. Og eins og bent hefur verið á er rík þörf á að ræða þessi mál, það er þörf á að móta um þau góðar og gagnlegar reglur til að sinna þessum mikilvæga þætti í atvinnumálum okkar.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá jákvæðu umræðu sem fram hefur farið um þessa till. og þann stuðning sem hún hefur greinilega hér í þingsölum. Og ég vil þakka þeim hv. ræðumönnum sem hér tóku til máls fyrir ýmsar ábendingar sem þeir komu með sem ég minntist reyndar ekki á í máli mínu. Sérstaklega þakka ég ábendingar varðandi umhverfismálin og innflutning á matvælum og eldsneyti, svo og þessa stóru farþegabíla sem eru farnir að sjást hér á þjóðvegunum á sumrin sem koma með erlendum bílstjórum sem eru jafnframt fararstjórar.

Ég vil enn og aftur ítreka að ég tel það grundvallaratriði að við höldum þessum atvinnuvegi í okkar höndum og þess vegna, þó þetta sé aðeins lítið brot af þeirri heildarstefnu sem við þurfum að móta okkur í ferðamálunum, vil ég ítreka að ég tel mjög brýnt að þessi tillaga nái fram að ganga núna á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Útreikningur þjóðhagsstærða, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 142. mál. — Þskj. 146.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða sem er á þskj. 146. Flm. þessarar till. eru allar þingkonur Kvennalistans. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða grundvöll fyrir útreikningi þjóðhagsstærða með hliðsjón af áhrifum framleiðslustarfsemi og annarra mannlegra athafna á umhverfi og náttúrlegar auðlindir."

Umhverfismálin og hættuboðar sem þeim tengjast eru nú loks viðurkennd af stjórnmálamönnum víða um lönd. Þannig hittast nú varla forustumenn þjóða svo að þeir greini ekki frá því að umhverfismálin hafi verið eitt helsta umræðuefni þeirra. Þessu ber vissulega að fagna því að orð eru til alls fyrst.

Ætli menn hins vegar í raun að glíma við umhverf-

isvandann og tryggja lífvænlega þróun þarf að taka á öllum viðkomandi þáttum. Þar skiptir efnahagsstarfsemin hvað mestu máli en til að fella hana að hinum nýju viðhorfum verður að leiðrétta mælistikurnar. Hagfræðimælingar sem víðast hvar er beitt til að leggja mat á efnahagsþróun eru úreltar og ófullnægjandi þar eð þær taka aðallega mið af skammtímahagsmunum en sniðganga nýja sýn til umhverfismála. Í þeim aðferðum sem mest er byggt á við ákvarðanir í efnahagsmálum hér á landi sem annars staðar er ekki tekið tillit til þeirra hættumerkja sem hrannast upp vegna spillingar á umhverfi og eyðingar náttúrlegra auðlinda. Þannig er í útreikningum á helstu þjóðhagsstærðum ekki höfð hliðsjón af áhrifum framleiðslustarfsemi á náttúrlegar auðlindir né heldur náttúrlegum breytingum eða áhrifum af hamförum. Verðmæti auðlindanna er ekki fært til eignar og ekkert kemur fram um það í hagtölum á hverjum tíma hvort gengið sé á þessar náttúrlegu innistæður. Þjóð sem ofveiðir fiskistofna, ofnýtir gróðurlendi og mengar umhverfi sitt verður ekki fátækari samkvæmt hefðbundnum efnahagsútreikningum. Hún getur þvert á móti skarað fram úr tímabundið á mælikvarða Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD og Alþjóðabankans, allt þar til náttúran grípur fram í fyrir tölvuforritum hagfræðinganna.

Á árinu 1989 gaf Efnahags- og framfarastofnunin OECD út rit sem fjallar um umhverfi og efnahagsmál og hvernig hugsanlega megi leggja efnahagslegt mat á ýmsa þætti umhverfismála sem hingað til hafa oftast verið skildir út undan við útreikning ýmissa stærða sem notaðar eru til að leggja mat á hagkvæmni og arðsemi. Bæklingurinn heitir á ensku, ef ég má leyfa mér að nota það, Environmental policy benefits: monitory evaluation. Það má kannski reyna að þýða það með: Fjárhagslegt mat á ávinningi umhverfismálastefnu.

Í bæklingnum er m.a. fjallað um nokkrar hugmyndir um hugtak sem nefna mætti heildarhaggildi sem þýðingu á ensku orðunum „total economic value". Þetta hugtak gegnir lykilhlutverki þegar reynt er að meta gildi náttúruumhverfis og manngerðs umhverfis af því að það tekur líka mið af verðmætum sem skapast í gegnum umhverfisvernd og umhverfisrækt.

Kjarni hugmyndarinnar er að til séu tvenns konar verðmæti, notagildi hluta og eigið gildi þeirra. Hingað til hefur nær eingöngu verið lögð áhersla á fyrra atriðið sem snýst um þau not sem hægt er að hafa af umhverfi og náttúruauðlindum. Hins vegar nær eigið gildi til mats okkar á umhverfinu, dýralífinu o.s.frv. sem við höfum engin sérhæfð not af. Menn eru ekki sammála um hvað telja eigi til eigin gildis og hvað ekki. Erfitt getur verið að meta hvaða gagn mætti hafa af umhverfinu. Hægt er að njóta þess í gegnum bækur, kvikmyndir, fyrirlestra eða aðra óbeina notkun. Þessi óbeina notkun getur verið þó nokkuð mikilvæg og greinilegt virðist að verðmætin sem um er að ræða hafa gildi vegna þessarar óbeinu notkunar.

Mjög margir meta ákveðin verðmæti í umhverfi sínu, sérstaklega villt dýralíf og náttúrlegt umhverfi þess, jafnvel þótt þeir búist sjálfir aldrei við að berja þau augum. Menn geta óskað þess að geyma þessi verðmæti handa ókomnum kynslóðum. En það er ekki bara mannkynið sem augu manna beinast að. Við höfum líka skyldur gagnvart öðrum lifandi verum vegna þess hve varnarlausar þær hafa orðið í gegnum tíðina gagnvart ásælni mannskepnunnar. Slík ábyrgðartilfinning er þáttur í varðveislu náttúrlegs umhverfis sem margir eru, sem betur fer, tilbúnir til að borga fyrir. Það er í raun verið að meta gildi dýrategundar í hættu henni í hag.

Ýmsir fleiri þættir koma inn í slíkt mat og vil ég hér nefna einn þátt enn, en það er löngunin til að meta umhverfisverðmæti til rannsókna í framtíðinni. Þetta á við tilfelli þar sem um óendurnýjanleg náttúruverðmæti er að ræða og mat manna er að hætta þurfi við eða fresta ákvörðun um eyðileggingu verðmæta meðan fengnar eru frekari upplýsingar með rannsóknum. Til að hægt sé að taka umhverfisþætti inn í þjóðhagsstærðir þurfa hagfræðingar m.a. að meta neikvæð áhrif mengunar og afleiðingar ofnýtingar og mengunaróhappa. Það eru brýnustu verkefnin en mat á þeim þáttum sem ég nefndi áðan er einnig nauðsynlegt. Þetta getur verið ýmsum erfiðleikum háð en þeim mun brýnna er að byrja að þróa aðferðir sem skilað geta árangri.

Varðandi ýmsa þætti kann að vera erfitt að koma við beinum talnagildum t.d. þegar meta á hvers virði hreint vatn og ómengað loft er. Mörgum spurningum verður sjálfsagt seint svarað svo að óyggjandi sé. Hvernig á t.d. að meta þætti sem eru í raun óbætanlegir og ekkert getur komið í staðinn fyrir? Hvaða verð á að setja á ósonlagið eða regnskóga Amasonsvæðisins? Þetta kann að virðast snúið en þó verður að gefa því ákveðin gildi. Í hefðbundnum aðferðum við útreikning á hagvexti og öðrum þjóðhagsstærðum gætir blindu gagnvart umhverfinu. Ekkert tillit er tekið til þess hvort gengið er á höfuðstól náttúrlegra auðlinda og mengandi starfsemi og sóun takmarkaðra gæða birtist okkur í auknum hagvexti. Fyrir þjóðir sem byggja mikið á framleiðslu og náttúrlegum auðlindum eru slíkir mælikvarðar sérstaklega illa til þess fallnir að gefa raunsanna mynd af afleiðingum efnahagsstarfseminnar að ekki sé talað um framtíðarhag. Það er raunar alveg furðulegt að útreikningar og mat á þjóðarframleiðslu skuli ekki ná til þess hvað gerist í efnahag landsins þegar náttúruauðlind er fullnýtt eða upp urin.

Nú berast þau tíðindi utan úr heimi að þeim sem séð hafa um að reikna út þjóðhagsstærðir sé í æ ríkara mæli að skiljast að dæmið gengur ekki upp. Öllum hlýtur að vera ljóst að það gengur ekki að litið skuli á mengun og ofnýtingu sem jákvæða þætti þegar verið er að meta framfarir á efnahagssviðinu. Kostnaður við að hreinsa upp olíu úr sjó og vötnum reiknast sem aukinn hagvöxtur.

Við höfum nýlega heyrt dæmi um alvarleg olíumengunarslys. Á síðasta ári urðu slys við Alaska-

strendur og seinni part ársins einnig út af strönd Marokkó og nú alveg nýlega var sagt frá mikilli olíumengun í nágrenni Madeira. Það fé sem fer í að hreinsa upp olíuna reiknast sem aukin þjóðarframleiðsla og þar með aukinn hagvöxtur en tap á verðmætum náttúrunnar er hvergi tekið inn í dæmið. Í mörgum tilfellum er jafnvel hægt að segja að um eins konar tvítalningu sé að ræða. Við getum tekið dæmi hér hjá okkur:

Aukin notkun á einnota umbúðum reiknast sem aukin þjóðarframleiðsla. Kostnaður við að hreinsa umhverfið af einnota umbúðum og eyða þeim reiknast einnig sem aukin þjóðarframleiðsla. Aukin mengun og spilling reiknast ekki inn í dæmið. Ekkert tillit er tekið til þess þegar meta á hve vel þjóðinni vegnar á efnahagssviðinu þótt gengið sé á þann höfuðstól sem er grunnur að efnahag landsins, náttúruauðlindirnar. Ekkert tillit er tekið til þess að eftir því sem gengið er á auðlindina minnkar það sem hún mun gefa af sér í framtíðinni.

Nokkrar þjóðir hafa þegar sýnt viðleitni til að meta umhverfisþætti inn í þjóðhagsútreikninga. Þar hafa Norðmenn riðið á vaðið og fleiri þjóðir eru að huga að því sama. Norðmenn byrjuðu að velta fyrir sér auðlindamati fyrir um 15 árum og nú gefur norska hagstofan árlega út yfirlit um ástand náttúrlegra auðlinda og mengun í Noregi. Þær stærðir sem til þessa hafa verið teknar inn í auðlindaútreikninga varða orku, fiskstofna, skóga og loftmengun. Norska umhverfisráðuneytið er nú að meta önnur svið þar sem miklu varðar að tengja saman efnahagslíkön og vistfræðilegar upplýsingar. Hér á landi er helst að finna vísi að slíkum útreikningum við mat á fiskstofnum. Þá vinna Norðmenn einnig að nýju þjóðarauðsmati sem á að endurspegla möguleika á hagnýtingu í framtíðinni í víðu samhengi. Reynt er að svara því hvers konar vöxtur sé æskilegur og lögð áhersla á að efnahagsstarfsemin hafi ekki í för með sér óhóflegt álag á umhverfið.

Það er löngu orðið tímabært að taka upp nýjan grundvöll við útreikning þjóðhagsstærða hér á landi. Eins og ég nefndi áðan fer fram mat á stærð fiskstofna hér við land hjá Hafrannsóknastofnun. Það ætti því að vera tiltölulega auðvelt að meta verðmæti þeirrar auðlindar. Mat á verðmætum annarra auðlinda getur e.t.v. orðið flóknara en þó ekki svo að það ætti vel að vera framkvæmanlegt. Sjálfsagt er að byggja á þeim aðferðum sem notaðar eru annars staðar við svipaða útreikninga. Mengun og spillingu umhverfis á að sjálfsögðu að meta inn í þjóðhagsstærðir sem neikvæða þætti en ekki jákvæða eins og nú er gert.

Tillaga sú sem hér er flutt gerir ráð fyrir að stjórnvöld láti endurskoða grundvöll fyrir útreikningi þjóðhagsstærða með hliðsjón af ofangreindum viðhorfum. Í tengslum við það er ástæða til að leggja grunn að nýju þjóðarauðsmati og gagnaöflun um ástand og nýtingu auðlinda á hverjum tíma. Þar er um að ræða verðugt verkefni fyrir nýtt umhverfisráðuneyti í samvinnu við rannsókna- og hagfræðistofnanir. Miklu skiptir að hagfræðingar og aðrir sérfræðingar leggi sig fram um að laga störf sín og fræði að breyttum viðhorfum og að góð samvinna takist milli þeirra mörgu sem leggja þurfa grunn að því að tryggja lífvænlega þróun.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

EFRI DEILD

46. fundur, þriðjudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Orkuskattur og kjarasamningar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég er þakklátur hæstv. forseta deildarinnar fyrir að hafa gert tilraun til að ná því fram að umræður gætu orðið í dag um frv. ríkisstjórnarinnar um skattskyldu orkufyrirtækja. Þetta mál var til umræðu á þriðjudegi fyrir viku og var þá hæstv. fjmrh. mjög í mun að þetta fyrirtæki næði fram að ganga þar sem hann taldi það mikið grundvallaratriði í stefnu sinnar ríkisstjórnar að ná fram skattlagningu sem nú er komið fram að veldur um 30% hækkun á rafmagnstöxtum heimilanna og hefur í för með sér samsvarandi hækkun á hitaveitum landsmanna. Það er eftirtektarvert að hæstv. ríkisstjórn skuli vera að beita sér fyrir slíkri hækkun á nauðþurftum almennings á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins eru að reyna að ná því fram að samningar takist án þess að nokkrar launahækkanir verði í raun og veru hjá fólkinu í landinu sem er talið óhjákvæmilegt vegna þess erfiða atvinnuástands sem við Íslendingar eigum nú við að búa þrátt fyrir þá miklu skerðingu á lífskjörum sem orðið hefur síðan þessi ríkisstjórn kom til valda.

Ég taldi nauðsynlegt sl. þriðjudag, hæstv. forseti, að hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni gæfist kostur á því að vera viðstaddur umræðuna vegna þess að ég þekki svo til hans að ég veit að hann hefur lagt sitt af mörkum til þess að frv. um skattlagningu orkufyrirtækja gæti orðið þannig að það skilaði ríkissjóði því sem ríkissjóður ætlaði sér að fá. Ég veit að hann samþykkir ekki í ríkisstjórn frv. sem svo snertir hans eigið ráðherraembætti án þess að setja sig rækilega inn í það.

Ég taldi nauðsynlegt, hæstv. forseti, að hæstv. iðnrh. yrði viðstaddur líka vegna þess að nú er komið fram að borgarfulltrúi Alþfl. í Reykjavík er fullkomlega andvígur þessari miklu skattheimtu sem lýsir sér í frv. Því miður er það svo að hæstv. ráðherra getur

ekki verið viðstaddur þessa umræðu í dag heldur er hann á fundum vegna þeirra kjarasamninga sem nú er verið að vinna að. Ég vænti þess að aðilar vinnumarkaðarins geri það að skilyrði að ríkisstjórnin falli frá þessari skattheimtu og annarri þeirri nýrri skattheimtu sem nú er fyrirhuguð og er til þess fallin að skerða launakjör landsmanna og hækka verðlag í landinu.

Hæstv. forseti. Ég vil líka vekja athygli á því að einstakir ráðherrar hafa boðað annir í fjh.- og viðskn. Eigi að síður hefur formaður fjh.- og viðskn. ekki séð ástæðu til þess að kalla nefndina saman eftir áramót ugglaust vegna þess að nefndin hefur ekki annað en frumvörp stjórnarandstæðinga til meðferðar. Ég hafði þó loforð um það að fyrir því yrði greitt að þau mættu koma hér á dagskrá í deildinni. Ég hygg að formaður fjh.- og viðskn. sé ekki lengur í deildinni og vil þess vegna beina því til hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að nefndarstörf geti verið með eðlilegum hætti á meðan stjórnarandstaðan á mál í nefndum sem þurfa vinnu og afgreiðslu við.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Forsetinn mun að sjálfsögðu bera þessi skilaboð til fjh.- og viðskn. deildarinnar og að sjálfsögðu hlýtur nefndin að starfa að öllum þeim þingmálum sem fyrir henni liggja.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil áður en gengið er til dagskrár fá úr því skorið hvort 2. dagskrárliður verður hér til umfjöllunar á þessum fundi eða ekki og óska eftir að það komi fram. Ég vil þá fá að ræða dagskrána nánar undir þingsköpum.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Eins og kom fram í umræðum áðan eru bæði hæstv. viðskrh. og fjmrh. fjarverandi og því mun ekki unnt að halda umræðum áfram um þetta mál og verður það því tæplega tekið fyrir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Án þess að gera athugasemd við það sem virðulegur forseti sagði áðan vil ég vekja athygli á því að fyrir viku var þess krafist af hv. þm. í þessari deild að þeir afgreiddu það mál strax sem hér er nr. 2 á dagskrá, þ.e. um skattskyldu orkufyrirtækja. Þá var mættur hér hæstv. fjmrh. og flutti ítarlega ræðu. Ráðherra var mjög stóryrtur svo að ekki sé meira sagt. Nú hefur það komið fram, m.a. í fjölmiðlum, að þessi ráðherra hyggst halda áfram þeirri, ég vil segja ruddalegu aðferð að leggja stóraukna skatta á þjóðina og þó alveg sérstaklega Reykvíkinga með þeim hætti sem fram kemur í því frv. sem ætti að vera til umræðu samkvæmt dagskrá. — Ég sé að hv. 5. þm. Norðurl. e. Jóhannes Geir Sigurgeirsson glottir. Það er von. Það vill nú svo til, virðulegi þm., að það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera snertir fólk svona almennt úti í þjóðlífinu. Þessi skattastefna, þessi skattníðsla, þessi ruddalega framkoma valdamanna og ráðherra í fjölmiðlum. Fólk er búið að fá nóg af þessu og það er ágætt fyrir hv. þm. að hafa það í huga áður en hann glottir hér og hlær að þeim sem eru í ræðustóli í Ed. Alþingis.

Það getur vel verið að ýmsum valdamönnum líði vel á meðan hv. núv. stjórnarþm. hafa meirihlutavöld á Íslandi en þau eru ekki ljúf fyrir þolendur, þ.e. það fólk sem líður undan því og skammast sín fyrir það hvernig sumir hæstv. ráðherrar haga sér, bæði í orði og athöfnumn. Það getur vel verið að það hvernig þeir haga sér sé talið til virðingarvotts í flokki hv. þm., Framsfl., en það er ekki hjá venjulegu fólki.

Virðulegi forseti. Undir þessari þingskapaumræðu óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. verði boðaður inn í þessa deild vegna þess að það er boðað, m.a. í einu dagblaða í dag, DV, að nú ætli hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin að láta fólkið borga sjálft fyrir þátttöku ríkisvaldsins í þeim samningum sem verið er að gera. Það segir m.a. í þeirri frétt sem ég með leyfi forseta ætla að vísa til að nú eigi lífeyrissjóðirnir að lána ríkinu 3–4 milljarða til að borga fyrir aðild ríkisins að þeim samningum sem verið er að gera. Ég óska eftir því, virðulegi forseti, m.a. með tilliti til þess dagskrárliðar sem ég hlýt að ætlast til að verði hér á dagskrá í dag, sem er skattlagning á orkufyrirtæki, að hæstv. fjmrh. mæti hér á fundi. Ég segi: Það er nóg komið í því hvernig hæstv. ríkisstjórn hagar sér. Það getur vel verið að þeir geti með kúnstum haldið völdum hér með þeim hætti sem hér er um að ræða, en það er þá eins gott að hv. þm. fái að tala við þessa hæstv. ráðherra sem eru að leiða íslensku þjóðina undir ánauð sem seint verður út úr komist ef ekki verður þegar spyrnt við fótum. Alþýðulýðveldið Ísland er skammt undan ef svo heldur áfram sem nú horfir.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Áður en ég gef hv. 5. þm. Norðurl. e. orðið um þingsköp vil ég tilkynna að ég hef þegar látið gera gangskör að því að kanna hvort hægt er að fá hæstv. fjmrh. á þennan fund.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að biðja hv. 14. þm. Reykv. afsökunar á því að mér skyldi hafa orðið það á að — hann sagði glotta, ég glotti ekki, ég skellti upp úr þegar hann tók þannig til orða án nokkurra frekari skýringa að það væri ruddaskapur af ríkisstjórn að leggja á skatta og lái nú mér hver sem vill. (**GHG:** Með þeim hætti sem gert er, sagði ég.) Hv. 14. þm. Reykv. hafði hér stór orð um okkur stjórnarþm. og ráðherra hér. Ég ætla ekki að fara að verja ráðherra. Það væri hins vegar líka hægt að hafa hér stór orð um framkomu einstakra þm. í stjórnarandstöðu. (Gripið fram í.) Það væri ósköp vel hægt að gera það. Ég man ekki betur en að fyrir viku hafi einn stjórnarandstöðuþm. neitað að taka þátt í umræðu um ákveðið mál, neitað meðan hér væri eingöngu fjmrh. og ekki iðnrh. líka. Síðan gerist það núna að annar hv. þm. stendur hér upp og krefst þess

að málið sé tekið á dagskrá og fjmrh. kallaður til ... (*Gripið fram í.*) Já, en þá erum við patt. Þá kemur upp sama staðan. Þá væntanlega neitar hv. 2. þm. Norðurl. e. að ræða málið út frá þeim forsendum. Og svo tala menn um vandræðagang í stjórnarliðinu. Ég held að menn ættu að skoða svolítið í eigin barm.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Þegar ég sá hv. 5. þm. Norðurl. e. fara að hlæja út af skattheimtunni, þá hélt ég að hann væri að hlæja að aumingjadómnum í sjálfum sér þegar hann þóttist hafa skoðun á virðisaukaskattsmálinu og þegar þessi hv. þm. þóttist ætla að beita sér fyrir því í Framsfl. og á Alþingi að tvö þrep yrðu í virðisaukaskatti. Það stóð ekki lengi það þrek sem hann hafði í því máli. Og ég hélt satt að segja að þegar hann skellti upp úr áðan væri hann að hlæja að barnaskapnum í sjálfum sér, að halda að hann skipti einhverju máli í sambandi við þær umræður sem eru hér á Alþingi um skattheimtu og yfirleitt um stefnu þessarar ríkisstjórnar. Og honum fannst hann bara hafa góðan húmor. En svo kom í ljós, eftir að hann hafði gefið sínar skýringar, að honum finnst það blátt áfram hlægilegt að nokkur skuli amast við því að nú standi til að hækka rafmagnsverð í landinu um 30% þegar launþegar standa frammi fyrir þeim nöturlegu staðreyndum að ekki er hægt að hækka laun þeirra um nokkurn skapaðan hlut. Ég kalla ekki 1,5% launahækkun nokkurn skapaðan hlut nú. Það er bara rétt fyrir hækkuninni á tekjuskattinum sem hv. 5. þm. Norðurl. e. samþykkti nú um áramótin þegar hann samþykkti það að tekjuskatturinn skyldi fara úr 38 í 40%. Þessi litla hækkun sem nú er verið að tala um, 1,5%, er svona rétt fyrir þessum 2% sem meiri hlutinn samþykkti að hækka tekjuskattinn um um áramótin. Það er von að framsóknarmenn hlæi að skattheimtunni, nema framsóknarmenn hafi verið að hlæja að þeim mönnum sem nú eru að reyna að koma sér saman um einhverjar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir frekari kjararýrnun. Þessi mál eru ekkert skemmtileg.

Ég var staddur á fundi Byggðastofnunar nú um hádegið. Þar kom fram að einungis varðandi þau útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki úti á landi sem eru verst stödd sé nauðsynlegt að leggja fram hundruð milljóna, ýmist með beinum framlögum eða í gegnum A-deild Hlutafjársjóðs. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í áramótaávarpi sínu til ríkisstjórnarinnar að björgunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar væri lokið. Nú þyrfti ekki meira um fyrirtækin að hugsa, þau væru sjálfbjarga. Það var sagt hér í deildinni og það var sagt í fjh.- og viðskn. á sl. ári að ekki þyrfti til þess að koma að Hlutabréfasjóður fengi frekari heimildir í A-deildinni með ríkisábyrgð. Það er ekki liðinn mánuður og samt er farið að tala um að auka þurfi nýjar heimildir af þessu tagi um hundruð milljóna og við horfum upp á það að ýmis atvinnufyrirtæki úti á landi eru að missa skipin sín, fólkið atvinnuna, fólkið húsin sín og þorpin standa eftir dauð. Og þá er hlegið á Alþingi þegar til stendur að hækka skatta og menn eru að undrast það að það skuli vera hækkaðir skattar á þjóðinni undir þessum kringumstæðum.

Þessi hv. þm. var að finna að því að ég hefði neitað að taka þátt í umræðum fyrir viku um frv. um skatt á orkufyrirtæki nema viðskrh. Alþfl., Jón Sigurðsson, væri við. Nú er komið í ljós, ef menn lesa blöðin, ef menn lásu Morgunblaðið á föstudaginn var, að þessi ágæti orkumálaráðherra telur að frv. um skattlagningu á orkufyrirtæki sé afskaplega illa unnið, á því séu ýmsir agnúar og ýmsir gallar sem nauðsynlegt sé að laga í meðferð þingsins, væntanlegir margvíslegir agnúar sem hinir ráðherrarnir í ríkisstjórninni vildu ekki hlusta á, eða hvað, og treystir nú okkur þm. best til þess að kippa í lag. Það var þess vegna auðvitað fullkomin ástæða til þess, hæstv. forseti, að við gæfum ráðherranum kost á að segja aðeins frá því sem honum fannst og ég hygg að þm. Framsfl. megi vera mér þakklátur fyrir að ég skyldi hafa gefið ráðherra hans tækifæri til að koma hér upp í stólinn og skýra frá því sem honum finnst að í sambandi við orkuskattinn. Nema það sé kannski þannig að Framsfl. finnist þetta allt í lagi.

Nú sé ég, hæstv. forseti, að ráðherrum er að fjölga. Það er kannski svo að ríkisstjórnarfundinum sem átti að byrja kl. 2 sé lokið og þrátt fyrir allt sé þá hægt að hafa umræður um orkuskattinn og þeir séu þá kannski viðlátnir, bæði orkumálaráðherrann og fjmrh. Ekki mundi skaða að fá utanrrh. hingað líka. Hann er vanur að hafa sínar skoðanir og það er auðvitað miklu skemmtilegra fyrir okkur sjálfstæðismenn í deildinni að fá hann hingað inn til okkar þannig að hann fái tækifæri til að standa fyrir máli sínu en þurfi ekki alltaf að tala bara prívat svona undir dimmu ljósi og dökku eða þegar hann fer í prívatviðtal hjá blaðamönnunum sem hafa óskaplega gaman af því að spyrja hann út úr. Hæstv. utanrrh. er afskaplega mælskur maður, hugrakkur maður, kjarkmikill, svo að það væri afskaplega skemmtilegt að fá hann hingað í deildina og heyra hann gaspra. Svo væri líka gott að fá hæstv. forsrh. því að kominn er upp alvarlegur ágreiningur. En mest gaman þætti mér að vita hvað hv. 5. þm. Norðurl. e. segir um orkuskattinn. Hann samþykkti orkuskattinn daginn sem vantraustið var til umræðu hér í þinginu. Hann gumaði af því fyrir norðan að við sjálfstæðismenn hefðum ekki haft rök fyrir því að bera fram vantraust á ríkisstjórnina. Nú hefur hann tækifærið til að sýna fram á að hann hafi greitt atkvæði á móti vantraustinu á réttum forsendum. Skyldi hv. 5. þm. Norðurl. e. hafa kjark í sér til að standa hér upp og segja: Ég styð frv. um skattlagningu orkufyrirtækja eins og það liggur fyrir? Er þetta frv. eins og hann vill hafa það? Vill hann láta skattleggja Hitaveitu Akureyrar eins og gert er ráð fyrir í frv.? Vill hann láta leggjast á Hitaveitu Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Húsavíkur? Vill hann hækka um 30% rafmagnið hjá þeim á Raufarhöfn og Þórshöfn? Ég hlakka til að heyra hv. 5. þm. Norðurl. e. koma hér upp og segja það hlæjandi að þeir hafi gott

af því fyrir norðan að borga þennan skattviðauka til ríkisstjórnarinnar eins og nú stendur á.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. um það að formenn stjórnarflokkanna eru uppteknir á fundi vegna kjarasamninga og geta ekki sótt þingfund. Það eru þeirra skilaboð.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég mun ekki fara hér út í efnislega umræðu um mál sem ekki er á dagskrá. Ég mun halda mig við umræðu hér um þingsköp. En eitt get ég sagt hv. 2. þm. Norðurl. e. að eins og hans framganga hefur hér því miður verið í þessari hv. deild síðustu daga hljóma orð úr hans munni í minn garð um aumingjaskap og ræfildóm sem ljúfustu hrósyrði. Ég er tilbúinn til að taka upp umræðu við hann hvenær sem er og þegar kemur að umræðu um orkumálin, um orkuskattinn, en ég ætla ekki að fara út í það hér í umræðum um þingsköp.

En eitt ætla ég að segja honum: Lái mér hver sem er þó að mér blöskraði áðan þegar hv. 14. þm. Reykv. gerði kröfu til þess að orkuskattsfrv. yrði tekið hér til umræðu á þeim forsendum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hafnaði algjörlega fyrir viku síðan. Lái mér það hver sem vill.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég skil vel að hv. 5. þm. Norðurl. e. skuli vilja segja sem minnst núna í sambandi við skattana. Hann er búinn að læra af því nú á þinginu að það borgar sig ekki að segja of mikið því að hann veit ekki með hverju hann verður að greiða atkvæði að síðustu. Auðvitað þykir honum gott ef hann getur frestað því um einn eða tvo daga að lýsa afstöðu sinni til frv. um skatt á orkufyrirtæki, en hann hefði verið meira karlmenni ef hann hefði getað skýrt frá því hér hver væri hans skoðun, hvort hann væri samþykkur frv. eða vildi breytingar á því. Karlmennska er fólgin í því að þora að segja skoðun sína.

Ég sé að formaður fjh.- og viðskn. er kominn í salinn og það var þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs. Ég hef vakið athygli á því að ekki er búið að kalla saman fund í fjh.- og viðskn. það sem af er þessu ári. Þar eru til meðferðar mál stjórnarandstöðunnar og ég þekki það af reynslunni, ekki síst ef fulltrúi Alþfl. er við í fjh.- og viðskn., að það getur verið torvelt fyrir stjórnarandstöðuna að koma sínum málum að og ég spyr þess vegna hvernig á því megi standa að ekki hafi verið boðaður fundur í fjh.- og viðskn. til þess að við getum unnið okkar skylduverk.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson virðist ekki vilja skilja það sem ég sagði hér áðan. Ég var með athugasemdir við þær aðferðir í skattheimtu sem núv. hæstv. ríkisstjórn viðhefur og ég var með sérstakar athugasemdir vegna þeirrar skattlagningar sem á að leggja á orkufyrirtækin. Ef það er eitthvert gamanmál fyrir hv. þm. að það þarf að hækka raforkuverð til almenningsveitna um 46%, ef það er eitthvert gamanmál fyrir hv. þm. að það á að skattleggja með þessum hætti orkufyrirtæki um tæpa 2 milljarða, þá skil ég ekki almennilega fyrir hverju hv. þm. berst. Er hann kominn hér inn á þing til þess að berjast fyrir því að tryggja Framsfl. völd á Íslandi til að skattpína íslenskan almenning? Er hv. þm. kominn hér inn á þing til þess að óvirða, ég vil segja virðulega, heiðarlega þingmenn eins og hv. þm. Halldór Blöndal er?

Ég kannast við það frá fortíðinni, þegar maður glaptist á það sem unglingur að lesa skrif Jónasar frá Hriflu, að þá tíðkuðust einmitt svona vinnubrögð, svona talsmáti og svona viðhorf til andstæðinganna. Hriflu-Jónas á greinilega enn þá taugar inn í Framsfl. og það virðist sem hin yngri kynslóð, sem er að koma upp í Framsfl., hafi tileinkað sér þann hugsunarhátt sem Hriflu-Jónas praktiseraði á sínum tíma þegar hann var að glíma við andstæðinga sína. Það heyrðist stundum þá að þetta kynni eða gæti verið satt en það þurfti ekki að vera satt.

Nei, virðulegi forseti. Ég hlýt auðvitað að fá að fjalla um þetta hér og ég endurtek ósk mína um það að hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. mæti hér vegna þess að það er bara ekki nægilegt fyrir mig að segja að formenn þingflokkanna eða einstakir ráðherrar séu uppteknir við það að ganga frá samningum. Ég þarf einmitt að fá að tala við þessa herra í dag vegna þeirra atriða sem þeir eru að fjalla um, vegna þess að ef þessir flokkar sem nú ráða völdum á Íslandi ætla að halda áfram uppteknum hætti endar það með því að það verður ekkert frjálst, hvorki samningsatriði milli verkalýðsins og vinnuveitenda né önnur atriði í samskiptum manna á Íslandi. Þeir stefna að því núna, hugsanlega með samstarfsmönnum sínum sem ráða töluverðu í Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, að setja á lögþvingun. Þeir þurfa ekki einu sinni samþykki vinnuveitenda til þess að geta komið því í gegn á Alþingi að neyða t.d. lífeyrissjóðina til þess að lána 3–4 milljarða til að borga niður þessa smánarsamninga, þessar smánarprósentur sem fólkið á að fá í samningum núna. Þeir geta gert það með lögum eins og þið hafið gert hingað til, hv. þm. Skúli Alexandersson. Þið hafið framkvæmt hér verknað sem brýtur í bága við frjálsa samninga. (**SkA:** Er ekki Vinnuveitendasambandið ...) Því miður, hv. þm. Skúli Alexandersson, því miður hefur hv. þm. tekið þátt í því að skerða samningsfrelsi á Íslandi. Ég efast ekki um að framsóknarmenn láta sig ekki muna neitt um það. Þeir hafa aldrei verið neinir sérstakir vinir verkalýðsins eða láglaunafólksins. Þess vegna eru þeir fylgissnauðir í verkalýðshreyfingunni og munu verða um ókomna framtíð.

Ég vildi þess vegna, virðulegi forseti, fá að ræða það hér við hæstv. ráðherra með hvaða hætti þeir ætla að niðurgreiða samninga með lánsfé frá fólkinu, úr lífeyrissjóðum fólksins. Það hefði verið nær að hv. stjórnarþm. legðu hér fram frv. um það hvernig ætti

að bæta lífeyristryggingar þessa fólks en ekki hvernig ætti að þjóðnýta það fé sem er í lífeyrissjóðunum með þeim hætti sem hér um ræðir. Það er fullkomlega tímabært að íslenskir fjölmiðlar fari að átta sig á því hvað hér er að gerast. Þetta er nákvæmlega eins og að segja við starfsmann sem maður stæði í samningum við áður en maður gengi frá samningi um að hækka kaupið hans: „En heyrðu vinur, áttu svo ekki bankabók?" Jú, hann á bankabók. Og segði síðan: „Ja, þá skaltu lána mér það sem ég ætla að hækka launin þín um." Þetta er nákvæmlega sami hluturinn. Og ég segi ekki annað en það, hv. þm. Skúli Alexandersson, að ég mundi skammast mín fyrir það að hafa fyllt flokk þeirra manna í gegnum tíðina, eins og Eðvarðs Sigurðssonar og fleiri, og haga sér svo með þeim hætti sem Alþb. gerir nú. Nú er allt gert fyrir völdin. Fólkið skiptir ykkur engu máli, því miður. Það var þó gott að eiga bandamenn stundum í góðum og heiðarlegum alþýðubandalagsmönnum, en þeir fyrirfinnast greinilega ekki lengur.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Forseti hefur þegar gert orð til ráðherra um ósk þingmanna að þeir mæti hér á fund og það stendur ekki í valdi forseta að gera meira en að koma þessum orðum áleiðis. Það eru engin ráð í þingsköpum til að særa menn á þennan fund, hvorki ráðherra né þingmenn ef þeir ekki kjósa eða geta mætt.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. um að ekki hafi verið kallaður saman fundur í fjh.- og viðskn. get ég upplýst það hér að í þessari viku stendur til að kalla saman fund, ekki vegna þessara orða heldur vegna þess að fyrr hefur ekki þótt ástæða til að halda fund. Að vísu eru nokkur frumvörp fyrir nefndinni en ég held að samkomulag sé um það meðal flestra nefndarmanna að afgreiða þau mál á næsta fundi nefndarinnar. Ég vildi þess vegna frekar hafa fleiri mál á dagskrá og afgreiða þá fleiri mál í einu.

Vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið vítt og breitt um kjarasamningana sem nú er unnið að, vegna skattafrv. sem átti að vera hér á dagskrá og ég er nú feginn að var ekki, ég átti von á að hér yrði friðsamt í dag (**EgJ:** Sem endranær.) þá flugu mér í hug orð sem einhvern tíma voru viðhöfð en hljóða eitthvað á þessa leið: Eigi skal vaskur maður semja um frið ef ófriður er í boði.

Þessi umræða hefur ekki þjónað nokkrum tilgangi og þessar þingskapaumræður ekki heldur. Það sem hér hefur farið fram er kannski það sem við eigum von á að gerist hér á morgun þegar hv. þm. Sjálfstfl. ætla að gera lokaatlögu að ríkisstjórninni áður en henni tekst að gera þá kjarasamninga sem nú eru á lokastigi. Ég held að þessir kjarasamningar sýni það, ef þær upplýsingar eru réttar sem ég hef fengið, að hér muni skapast grundvöllur undir það að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem við höfum verið að glíma við og þetta fari svona hryllilega í taugarnar á þessum blessuðu mönnum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt annað en mótmæla því að þessi ríkisstjórn sem nú situr sé að gera kjarasamninga. *Ég held að þeir viti það mjög vel sem* hafa fylgst með umræðum nú upp á síðkastið að framkoma ráðherra hefur ekki verið þannig að það hafi greitt fyrir samningum, því miður, hvorki í beinum viðræðum við samningsaðila og heldur ekki með málflutningi sínum hér á Alþingi eins og þetta frv. sem við höfum verið að tala um sýnir. Og ótal önnur mál bíða afgreiðslu þannig að þeir samningar sem nú er unnið að að gera nást e.t.v. fram og þá þrátt fyrir ríkisstjórnina.

En því miður verður það að segjast eins og er að framkoma ráðherra hefur verið þannig að ekki hefur greitt fyrir málum, hvorki viðræður þeirra við samningsaðila né heldur ummæli þeirra á Alþingi né málatilbúnaður þeirra.

Laun forseta Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134, n. 519.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um laun forseta Íslands.

Í þessu frv. felst að gert er ráð fyrir að sameina í ein lög gildandi lög um laun forseta Íslands, nr. 3 frá 6. mars 1964, og lög nr. 26 frá 2. maí 1969, um eftirlaun forseta Íslands.

Meginatriði þessara laga beggja eru sameinuð í þessu frv. með örfáum undantekningum. Þær eru í fyrsta lagi að fellt er niður það skilyrði um eftirlaun forseta Íslands að forseti skuli hafa náð 65 ára aldri eða vera öryrki þegar hann lætur af störfum.

Í öðru lagi er sú breyting að þar sem fjallað er um eftirlaun ekkju forseta er því breytt í eftirlifandi maka.

Það er mat allshn. að hér sé um eðlilegar og sjálfsagðar breytingar að ræða og leggur hún því til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GHG o.fl., 231. mál (eignarskattur af íbúðareign). — Þskj. 305.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og

eignarskatt, með síðari breytingum. Meðflm. með frsm. eru Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal.

Í frv. segir svo í 1. gr.:

„Við 81. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Eignarskatt af íbúðareign einstaklinga skal reikna með sama frádrætti og af eign hjóna. Eignarskattur af íbúðareign barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, skal reiknaður með sama hætti."

Þegar lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru samþykkt á sínum tíma fólu þau í sér ýmsar breytingar frá því sem áður hafði verið. Miklar umræður höfðu orðið um misræmi á tekjuskatti einstaklinga og hjóna þar sem hjón höfðu ekki haft sömu möguleika á frádrætti vegna tekjuskattsálagningar og einstaklingar. Með lögunum var þessi munur á tekjuskattsgreiðslum hjóna og einstaklinga jafnaður að mestu.

Jafnframt var gerð breyting á álagningu eignarskatts sem olli því að óþolandi misræmi varð á greiðslum hjóna og einstaklinga sem áttu sambærilegar skattskyldar eignir. Tekin var upp sú álagningarregla að í stað þess að miða skattlagningu á eign við verðmæti eignarinnar eða skattgjaldseign var fundinn sérstakur eignarskattsstofn fyrir hjón með því að leggja saman allar eignir þeirra og deila þeim til helminga áður en eignarskatturinn var lagður á. Þannig varð eignarskattsstofn hjóna helmingi lægri en eignarskattsstofn einstaklinga. Hefur þetta vafalaust orðið fyrir áhrif af umræðunni um jöfnun tekjuskatts milli hjóna og einstaklinga. Breyting þessi vakti ekki athygli þá því að eignarskattur var aðeins 0,3% og 0,6% eftir fyrstu þrjár milljónirnar. En hin gífurlega hækkun á eignarskatti, sem á var lagður á árinu 1989, varð til þess að gjaldendur áttuðu sig á þeim óþolandi mismun sem er á skattlagningu á eign hjóna og einstaklinga.

Með framlagðri breytingartillögu er nú reynt að jafna þennan aðstöðumun að því er varðar íbúðarhúsnæði, en takmarkið er auðvitað að afnema skattlagningu á eignir, en um þá margsköttun og eignaupptöku ætla ég ekki að fjalla nú.

Gífurlegt ranglæti ríkir í skattlagningu eigna með hliðsjón af skattalegri stöðu einstaklings. Eins og dæmi í fylgiskjali með þessu frv. sýna greiðir einstaklingur rúmlega helmingi hærri eignarskatt en hjón samkvæmt gildandi skattalögum af sambærilegri eign. Þótt færa megi gild rök fyrir því að skattleggja skuli sameiginlegar eignir hjóna með þeim hætti að eignarskattsstofni skuli skipt að jöfnu milli þeirra og reikna síðan eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig breytir það ekki þeirri staðreynd að í núverandi fyrirkomulagi felst mikið ranglæti gagnvart einstaklingum, sérstaklega með tilliti til ákveðinna eignarforma, eins og t.d. í sambandi við íbúðareign sem viðkomandi hefur til eigin afnota. Það er gjörsamlega óviðunandi að einstaklingar skuli búa við það skattalega ranglæti sem felst í gildandi lögum, ekki hvað síst þegar haft er í huga að heildartekjur einstaklings eru í flestum tilfellum mun lægri en sameiginlegar tekjur hjóna. Þá ber að hafa í huga að í íslensku nútímaþjóðfélagi munu um 70-80% kvenna vera útivinnandi. Greiðslustaða einstaklings til að mæta háum eignarsköttum er því mun lakari en núverandi álagningarreglur bjóða upp á. Þessi íþyngjandi mismunur kemur einkar skýrt í ljós við þá skattaníðslustefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur hrint í framkvæmd.

Þetta frumvarp felur í sér skattalega leiðréttingu á álagningu eignarskatts á húsnæðis- og íbúðareign einstaklinga sem er orðið brýnt mál til að tryggja eðlilega réttarstöðu þeirra þúsunda einstaklinga sem hafa orðið fyrir barðinu á því óréttlæti er ríkir í þessum efnum.

Áhrif þessa frumvarps, verði það að lögum, hefur það m.a. í för með sér að í stað þess að greiða á sl. ári á grundvelli gildandi laga 135 þús. kr. af skuldlausri íbúðareign að verðmæti 10 millj. kr. mundi viðkomandi einstaklingur hafa greitt 60 þús. kr. eða hið sama og hjón. Ef frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en það er 106. mál sem Geir H. Haarde og fleiri þm. Sjálfstfl. hafa lagt fram í Nd. yrði samþykkt, þá gæti dæmið litið út sem hér segir:

Álagning eignarskatts skv. gildandi lögum vegna ársins 1989 á skuldlausa eign upp á 10 millj. kr.: Hjá einstaklingi 135 þús. kr., hjónum 60 þús. kr. Skv. lögum sem giltu fyrir árið 1988, skuldlaus eign 10 millj.: einstaklingur 57 þús. 21 kr., hjón 38 þús. 43 kr. Með þessu frv., virðulegi forseti, er fskj. sem sýnir fleiri dæmi um skattlagningu miðað við mismunandi nettóeign og vísast til þess.

Það er óþarft að fjölyrða frekar um það mikla ranglæti sem felst í gildandi lögum um skattlagningu eigna. Í þessum efnum hefur ekki ríkt jafnrétti milli þegnanna og er vafamál hvort sá háttur sem hefur tíðkast í þessum efnum brjóti ekki í bága við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands um jafna stöðu þegnanna í skattalegu tilliti hvað varðar eigna- og tekjugrundvöll.

Ég mun ekki fjölyrða frekar um þetta frv. né rök með því. Ég vil, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni umræðu verði því vísað til fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. tekur á raunverulegum vanda margra einstaklinga, þeirra sem búa einir, og er Kvennalistinn sammála því að á þessu máli þurfi að taka. Við lögðum reyndar fram tillögur okkar til að mæta þessum vanda þegar umræða um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, fór fram fyrir áramótin. Þær eru að sumu leyti líkar því sem hér er verið að ræða. Okkur fannst að misræmis eða óréttlætis gætti í því að einstaklingar og einstæðir foreldrar skuli ævinlega reiknaðir aðeins hálft ígildi hjóna. Þó að eðli málsins samkvæmt sé venjulega

einum fleira í heimili þar sem hjón eru eða sambýlisfólk er kostnaðurinn við að reka heimilið oft og tíðum nærri því jafnmikill fyrir einstakling. Ýmis útbúnaður í sambandi við stofnun heimilis er dýr og er hann jafndýr hvort sem um hjón eða einstakling er að ræða og oft ekki hægt að helminga þann kostnað. Þess vegna lögðum við til að einstaklingur eða einstætt foreldri sé 60% ígildi hjóna í samanlögðum eignarskattsstofni þeirra.

Þannig þótti okkur réttlátt að mæta þessum vanda en á því eru auðvitað ýmsar aðrar hliðar. Hv. frsm. hefur einmitt kynnt okkur þær hugmyndir sem liggja til grundvallar þeirri lausn sem hann leggur til ásamt meðflm. sínum. Verður áhugavert að fjalla um þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. þar sem ég reikna með að það fái meðferð.

Auðvitað gildir það sama og ekki síður um börn undir 16 ára aldri sem þarna er tekið tillit til. Get ég fúslega tekið undir þá hugmynd að geta þess sérstaklega í frv. hv. frsm. og hans meðflm.

Ég vildi bara lýsa yfir því að við viljum sýna þessu máli stuðning og reyna að leita sameiginlegra úrræða í nefndinni til þess að komast að einhverjum þeim lausnum sem munu duga.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Þótt þessi skæru ljós sem hér eru í salnum fari oft frekar illa með augun í mér þegar þau eru viðvarandi allan daginn, þá eru þau til þess að sjónvarpið geti fylgst með málum og gefið þjóðinni kost á því að fylgjast með því hvernig störfum er háttað hér í deildinni sem og í Nd. og er það vissulega af hinu góða. Ég segi þetta að gefnu tilefni, virðulegi forseti, vegna þess að nú er við völd á Íslandi ríkisstjórn sem kennir sig við félagshyggju og jafnrétti. Hér er til umræðu frv. til laga sem felur í sér mikið jafnrétti, eins og bæði kemur fram í efni frv. sjálfs sem og grg. og kom einnig fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur. Viljum við flm. þakka fyrir þann stuðning og það sem kom fram í máli hennar, að kvennalistakonur vilja skoða þetta frv. vel í nefnd með tilliti til þess að það jafnrétti yrði tryggt sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er hins vegar sorglegt en jafnframt eftirtektarvert að aðeins tveir stjórnarþm., virðulegur forseti og hv. þm. Framsfl. sem hér er staddur, eru viðstaddir þegar verið er að fjalla um þetta jafnréttismál. Ég vil undirstrika það, virðulegi forseti, að það lýsir nokkru. Og þó áðan hafi farið fram umræða vegna athugasemda við þingsköp, um að hæstv. ráðherrar væru svo uppteknir af því, að því er sagt er, að tryggja hag láglaunafólks, tryggja jöfnuð og jafnrétti, þá láta þeir ekki svo lítið, hvorki hv. stjórnarþm. né hæstv. ráðherrar, að fjalla um mál sem þetta á hinu háa Alþingi. Það segir auðvitað sína sögu um það hvernig að málum er staðið af hæstv. ríkisstjórn.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, að þetta mál fái afgreiðslu í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Og ég meira en vænti þess, ég geri kröfu til þess að stjórnarþm. leggist ekki á jafnréttismál sem þetta í nefndarstörfum með þeim hætti sem því miður hefur allt of oft gerst eftir að núv. ríkisstjórn komst til valda. Það gefst tækifæri til þess síðar að ræða um hvernig þessi ríkisstjórn starfar og hver er meginstefna og tilgangur hennar, sem allir landsmenn vita að er fyrst og fremst að viðhalda valdi fyrir þá flokka sem standa að baki ríkisstjórninni og sérstaklega fyrir ákveðna hæstv. ráðherra.

Það þarf ekki að flytja þann boðskap í ræðu úr sölum Alþingis. Íslenska þjóðin gerir sér fullkomlega grein fyrir því í hverju þetta er fólgið. Skoðanakannanir eru mjög vísandi um það hvert er álit fólks á þessum valdamönnum. En hvað sem því líður hljótum við hv. þm. að gera kröfu til þess að frv. sem þetta, sem stefnir að auknu jafnrétti, hljóti skjóta og góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er meðflm. að þessu frv. og ætla ekki að fara efnislega í það hér við 1. umr., enda hefur frsm. og 1. flm. frv., hv. 14. þm. Reykv., gert því það góð efnisleg skil. En vegna þess sem kom fram í máli hans þar sem hann vakti athygli á því hversu fáir hv. þm. væru staddir í þingdeildinni þegar þessi umræða fer fram, og þá ekki síst stjórnarandstöðuþm., þótti mér rétt að taka undir það. (**GHG:** Stjórnarþm.) Stjórnarþm., ætlaði ég að segja, ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að leiðrétta mig því að ég ætlaði svo sannarlega fyrst og fremst að nefna að það er athyglisvert að þeir sjá ekki ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu og láta í ljósi álit sitt á því þýðingarmikla máli sen hér er verið að flytja.

Það ber að harma að hæstv. fjmrh. hefur ekki haft tök á því að vera hér í dag en komið hafa skýringar á því hvers vegna svo er og auðvitað taka þm. tillit til þess. En það hefði verið mjög æskilegt að heyra viðhorf hans til þessa frv. og gefa honum kost á því að skýra mál sitt sem snýr að þessum mikilvæga þætti í skattamálum og hvaða viðhorf hann hefur til þess réttlætismáls sem hér er verið að flytja.

Ég ætlaði einnig að vekja athygli á því að hv. 5. þm. Reykv. hafði gefið sér tíma til að skjótast hér inn í deildina á þennan fund en var ekki hér inni í deildinni þegar þessi umræða fór fram. Hins vegar vissi ég ekki að hann sat hér í hliðarsal og ber að fagna því að hann hafði tækifæri til að fylgjast með þessari umræðu og tekur þá væntanlega til greina að þetta mál verði tekið til afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. Hann kom hér upp áðan í þingskapaumræðu og lét heldur óviðurkvæmileg orð falla, eins og við var að búast, um Sjálfstfl. sem hann á ákaflega erfitt með að sætta sig við hvað er sterkt stjórnmálaafl í þessu þjóðfélagi. Fannst mér heldur lítið leggjast fyrir kappann í máli hans.

Ég gat ekki látið hjá líða að nefna þetta hér en vænti þess, þrátt fyrir að það eru þm. Sjálfstfl. sem flytja þetta mál, að hann gefi sér tíma til að boða til fundar í fjh.- og viðskn. og taka þetta mál til afgreiðslu þar.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Það hefur aldrei staðið á mér sem formanni fjh.- og viðskn. að halda fundi. Ég held að menn hafi frekar kvartað undan því að ég haldi of marga fundi en hitt. Það kemur ekki til með að verða mikil bið á því að fundur verði haldinn í þessari hv. nefnd. Öll mál sem fyrir þá nefnd hafa komið hafa fengið mjög málefnalega og góða afgreiðslu. Ég hef ekki heyrt menn kvarta undan því að mál hafi verið tekin þar út með ofbeldi eða á annan þann hátt sem ótilhlýðilegur er.

Ég geri ráð fyrir því, eins og ég sagði, að þetta frv. fái sína meðferð og talað verði við þá menn sem æskt verður eftir að verði kallaðir fyrir nefndina og umsagna verði leitað hjá þeim aðilum sem álit hafa á þessu máli.

En varðandi það sem fram kom síðar í máli hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur um Sjálfstfl. og hvað hann er orðinn sterkt afl held ég að menn ættu að passa sig á því að ofmetnast ekki þrátt fyrir skoðanakannanir. Menn verða að líta til þess að skoðanakönnun er bara skoðanakönnun en það sem gildir er það sem kemur úr kjörkössunum að kosningum loknum. Ég held að sjálfstæðismenn ættu einmitt að minnast þess að fyrir síðustu kosningar var þeim spáð töluvert miklum sigri en þegar búið var að telja úr kössunum reyndist sigurinn heldur betur snúast í tap.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var algjör misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv. að orð mín hafi fallið vegna þess að ég hafi verið með einhverja skoðanakönnun í huga. Það er fjarri því. Mér skilst að á Stöð 2 hafi verið skoðanakönnun í gær sem hafi komið glæsilega út fyrir Sjálfstfl. en hún sneri að væntanlegum borgarstjórnarkosningum. Sjálf hef ég enga möguleika á að fylgjast með því sem gerist á Stöð 2 því skilyrðin heima hjá mér eru þannig að þar sjáum við ekki Stöð 2 og getum ekki fylgst með því sem þar gerist. Það er því algjör misskilningur, og var ekki í tilefni af skoðanakönnunum að ég lét þessi orð falla. Þetta eru aðeins staðreyndir og þetta er ekki neitt sem er nýorðið, heldur staðreyndir. Ég er alveg sammála hv. þm. í því að menn eiga ekki að miklast af slíku, og það er svo langt í frá að við sjálfstæðismenn gerum það. Við miklumst ekki af neinu. Það eru staðreyndirnar sem tala.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson, sem er formaður fjh.- og viðskn., sagði áðan að þetta frv. mundi fá sína meðferð. Ég hefði vænst þess að þm. Borgfl. hér í þessari deild hefðu staðið upp með meiri reisn en þessari, ég hefði vænst þess að hv. þm. þessa flokks hefðu staðið upp og sagt: Við styðjum þetta frv. Ég vænti þess að hv. þm. standi hér upp og gefi slíka yfirlýsingu.

Það atriði, að senda þurfi þetta til umsagnar, er hinn mesti misskilningur. Hverjum á að senda frv. sem þetta til umsagnar? Virðulegi forseti, ef menn lesa frv. og hafa skattalögin við höndina eða menn lesa grg. og kynna sér fskj., þá er svo augljóst hvað hér er á ferðinni. Hér er á ferðinni frv. sem felur í sér jafnrétti í skattlagningu. Þetta er frv. sem snýr að einstaklingum og er svo augljóst að ekki þarf að senda það til umsagnar út í bæ nema því aðeins að hv. þm. vilji senda þetta frv. út í bæ til að tefja fyrir framgangi málsins. Hins vegar get ég upplýst hv. þm. um það, að lítt athuguðu máli en þó nokkuð, að þetta frv. gæti hugsanlega haft þau áhrif á ríkissjóð að það mundi muna svona 200 millj. kr.

Nú er skýrt frá því í dagblöðum að hæstv. ríkisstjórn ætli að láta alþýðuna, fólkið sem greiðir 10% af launum sínum í lífeyrissjóðina, lána sér fjóra milljarða til þess að geta sagt: Við, handhafar ríkisvaldsins, leystum samningana með því að auka niðurgreiðslur, með því að gera þetta og hitt, til þess að fólkið geti samið á lágu nótunum. Þess vegna get ég ekki ímyndað mér að það vefjist fyrir þessum hæstv. ráðherrum, né hv. þm. Guðmundi Ágústssyni, að taka þessar 200 millj. kr. með í pakkanum og drífa þetta frv. í gegn sem fyrst. Það vill nefnilega þannig til, hv. þm., að menn þurfa ekki að vera ráðherrar, menn þurfa ekki að njóta þess að geta ráðið sérfræðinga til að skoða íslenskt þjóðfélag til að gera sér grein fyrir því hvernig það er. Sem betur fer eru nú ekki allir þannig að þegar þeir verða ráðherrar þurfi þeir að ráða til sín 4–5 sérfræðinga til að skoða umhverfið. Við erum sjáandi sem betur fer, margir í þessu þjóðfélagi, án sérfræðiaðstoðar. Það þarf enga spekinga né athuganir eða umsagnir til að sjá að fjöldi einstæðra úti á vinnumarkaðinum, sem eiga íbúðir með þeim hætti að þeir lenda í þeirri skattlagningu sem þetta frv. vill leiðrétta, þetta kemur svo víða niður, að það er einfalt mál fyrir hv. alþm. að ganga frá þessu frv. án að leita of mikið eftir umsögnum sem mundu hugsanlega tefja málið. Þess vegna vænti ég þess að hv. þm. Guðmundur Ágústsson komi hér upp á eftir og lýsi yfir fullum stuðningi við þetta frv. og einnig lýsi hann því yfir að hann muni efna til fundar í fjh.- og viðskn. til að flýta fyrir afgreiðslu þess.

En að lokum: Ef hv. þm. flokkar þetta mál undir það sem hann kallaði atlögu gegn þessari ríkisstjórn í þingskapaumræðunni áðan, þegar menn voru að gagnrýna hann og skattastefnu núverandi ríkisstjórnar, atlögu vegna þess að stjórnarandstæðingar komi með frv. inn á Alþingi, þá hef ég hina mestu samúð með hv. þm. og vona að hann átti sig á því hvað honum ber að gera.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu öllu frekar en vegna orða hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar um að ég fari að gefa einhverjar yfirlýsingar svona við 1. umr., tel ég það ekki ráðlegt. Ég hef ekki tamið mér að fullyrða eitt né annað um hluti sem ég skal viðurkenna að ég er kannski ekki nógu vel að mér í. Hins vegar finnst mér mjög eðlilegt að þetta frv., sem önnur frv. sem fyrir

fjh.- og viðskn. koma, fái efnislega meðferð. Þau orð sem hv. þm. hafði eftir mér um að það fengi sína meðferð má ekki túlka á þann hátt að ég ætli að sniðganga þetta frv. á einn eða annan hátt. Frv. í fjh.- og viðskn. hafa verið rædd á mjög svo málefnalegan hátt og ég held, eins og ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að enginn hafi kvartað undan því að harðræði hafi verið beitt í meðferð mála. Hafi komið fram ósk um að eitt eða annað mál sé tekið á dagskrá þá hefur verið tekið vel í það og málið tekið á dagskrá.

Ég upplýsti það einnig að fyrir nefndinni liggja tvö ef ekki þrjú þmfrv. Sum þeirra hafa verið rædd. Eitt frv., sem mig minnir að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi flutt, er fyrir nefndinni. Það sem stendur í vegi fyrir að það mál hafi fengið efnislega meðferð er að ég sem formaður nefndarinnar bað einn þm. Sjálfstfl. að spyrja hv. þm. Guðmund H. Garðarsson til hvaða aðila hann vildi senda málið til umsagnar. Sá féllst á það en hins vegar hefur svarið ekki komið.

Varðandi frv. sem slíkt þá get ég að vissu leyti tekið undir það að eignarskattar hér á Íslandi eru orðnir nokkuð háir og mín skoðun er sú að sem mest eigi að forðast að setja á eignarskatta. Hvort þetta frv. sem hér er hafi forgang í því efni vil ég ekki fullyrða um. Mér hefur fundist, og minn flokkur lagði höfuðáherslu á það þegar hann gekk til liðs við þessa ríkisstjórn, að svokallaður ekknaskattur yrði afnuminn og ég lít þannig á að að stórum hluta til hafi það tekist. En betur má ef duga skal og ég vænti þess að minn flokkur komi til með að berjast fyrir því að almennir eignarskattar, og þá sérstaklega stóreignarskattsþrepið, verði felldir niður.

Meira vildi ég ekki segja við þessa umræðu en ég vonast eftir því þegar þetta mál, sem önnur mál sem lúta að skattamálum, verður tekið fyrir í nefndinni verði umræður og það skal ekki standa á mér að takmarka tíma nefndarmanna í því. Ætlunin er sú að flest þau frv., ef ekki öll, sem fyrir nefndina hafa verið lögð komi til 2. umr.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu enda er ég búinn að ljúka mínum ræðutíma samkvæmt þingsköpum. En vegna þess atriðis sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni um að ekki væri hægt að afgreiða mál úr fjh.- og viðskn. vegna þess að hann hefði beðið einhvern þingmann Sjálfstfl. um að tala við flm. þess frv. sem liggur fyrir í nefndinni (**GuðmÁ:** Hann bað um að mega tala við þig sjálfur.) þá verð ég að segja þetta, virðulegi forseti: Það er ekki venjan að þingmenn sem flytja mál séu beðnir um að benda á hvert málin eigi að fara til umsagnar. Mér finnst það ekki þingræðislegt. Það er eðlilegt að nefndirnar ákveði sjálfar hvert á að vísa málum til þess að fá hlutlaust mat þeirra sem eru umsagnaraðilar að viðkomandi málum. Hins vegar getur það auðvitað komið fyrir að þingmenn sem sitja í nefndum þar sem frv. sem þeir hafa flutt koma inn hafi áhrif á það hvert málinu er vísað til umsagnar. En ef hv. þm. vill fá það héðan úr ræðustól hvert hefði átt að vísa þessu máli, þá er það svo augljóst að það er broslegt fyrir hann sjálfan og nefndarmenn að láta stranda á því hvert hefði átt að vísa umræddu máli.

Ef ég man rétt snýr þetta mál að lífeyrissjóðunum. Það snýr að því að lífeyrissjóðir fái heimild samkvæmt lögum til að taka þátt sem eignaraðilar í þjónustumiðstöðvum og hjúkrunarstofum í húsakynnum aldraðra, þ.e. í þessum stofnunum sem verið er að byggja upp núna. Ég talaði fyrir þessu máli fyrir tveimur til þremur mánuðum. Nú kemur það m.a. fram í dagblaðinu Tímanum í morgun að mikil vanhöld eru á því að þessar nýju byggingar sem verið er að byggja fyrir aldraða hafi þá þjónustu sem til er ætlast, þannig að það var fullkomlega tímabært þegar ég lagði þetta frv. fram í nóvember sl. að afgreiða það með skjótum hætti. Frv. gengur út á það, virðulegi forseti, svo ég skýri þetta nánar svo enginn misskilningur verði í þingsögunni um það, að lífeyrissjóðirnir verði eignaraðilar og auðveldi að þessi uppbygging geti átt sér stað enda er það rökrétt. Lífeyrissjóðirnir eru fyrir aldraða, fyrir þá sem byggja þá upp en ekki fyrir skattheimtumenn ríkisins, allra síst fyrir þann skattheimtumann sem núna fyllir sæti fjmrh., sem sér enga aðra leið til að bæta kjör fólksins í landinu en þá að láta fólkið sjálft lána sér peningana til að geta hækkað kaupið hjá því. Ég taldi miklu eðlilegra að þetta fólk sem hefur myndað þessa sjóði fengi að njóta þeirra í ellinni, bæði í gegnum tryggingar og einnig þá aðstöðu sem yrði í slíkum húsakynnum. Því finnst mér það broslegt, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, að koma með þetta hér og nú. Og mér finnst það líka bera vott um afskaplega slæm vinnubrögð af hálfu nefndarinnar að hafa nú ekki það hugmyndaflug og koma því í framkvæmd að senda þetta frv. til umsagnar t.d. til Landssambands lífeyrissjóða og SAL, sem eru Samtök almennra lífeyrissjóða, og einnig til lífeyrissjóðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo einhverjir séu nefndir. Þá hefði verið eðlilegt að senda það til umsagnar Samtaka aldraðra og annarra sem koma við sögu í þessum efnum. Þannig að þessi viðbára stenst ekki.

Ég óska þess vegna eftir því, virðulegi forseti, og beini því til hv. þm. Guðmundar Ágústssonar, formanns fjh.- og viðskn., að hann sendi þetta frv. til umsagnar hið skjótasta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Landsvirkjun, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 264. mál (jöfnun orkuverðs). — Þskj. 470.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, sem er á þskj. 470. Meðflm. eru hv. þm. Egill Jónsson, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Á sl. þingi flutti ég ásamt fleiri hv. þm. till. til þál. um sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og jöfnun raforkuverðs. Markmið þeirrar tillögu var það sama og felst í þessu frv., þ.e. að koma á jöfnun raforkuverðs í landinu. Þeirri tillögu var vísað til nefndar en hún fékk ekki afgreiðslu þar. Við fyrri umræðu tillögunnar í Sþ. og reyndar einnig við umfjöllun um efnið utan þings kom fram andstaða við að sameina þessi tvö stóru fyrirtæki.

Til þess að halda áfram að vinna að framgangi meginmarkmiðsins um jöfnun raforkuverðs og komast hjá því að slík sameining yrði að ásteytingarsteini við að ná því fram er nú farin sú leið að flytja frv. til laga um breytingu á 13. gr. laganna um Landsvirkjun. Skv. 1. gr. frv. er kveðið á um að við 1. mgr. hennar skuli bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þó skal veittur afsláttur af gjaldskránni þeim rafveitum sem vegna strjálbýlis eða annarra óviðráðanlegra ástæðna búa við háan dreifingarkostnað þannig að smásöluverð fyrir hverja tegund afnota verði hvergi meira en 5% hærra en vegið meðaltal á landinu öllu. Sama gildir um raforkuverð til upphitunar þar sem verð á öðrum orkugjöfum reiknast einnig inn í meðaltalið. Iðnaðarráðuneytið setur reglur um þessa verðjöfnun og annast framkvæmd hennar."

Hér er lagt til að farin verði sama leið og gert hefur verið síðustu árin með raforku til upphitunar þar sem Landsvirkjun hefur veitt nokkurn afslátt á hverja kwst. og aðferðin því tiltölulega einföld í framkvæmd. Iðnrn. er ætlað að setja reglur og annast framkvæmd á því að meta af hverju verð á raforku hjá þeim rafveitum sem eru með hærra en landsmeðaltal stafar. Meta að hvað miklu leyti það stafar af óviðráðanlegum ytri aðstæðum.

Þar sem þannig hagar til skal Landsvirkjun veita þeim rafveitum afslátt af heildsöluverði svo að þeim verði kleift að minnka þennan mismun þannig að hann verði ekki meira en 5% frá meðaltalinu. Að sjálfsögðu yrðu þar ekki tekin inn í reikninginn þau útgjöld sem unnt væri með hagræðingu og öðrum aðgerðum að draga úr. Þessi tilhögun kæmi því ekki í veg fyrir að hvert fyrirtæki legði sig fram um að gera reksturinn sem hagkvæmastan.

Í grg. með frv. er bent á þau skýru og einföldu rök sem eru fyrir því að þessu skipulagi verði komið á. Landsvirkjun hefur einkarétt til raforkuvinnslu hérlendis. Það er eðlilegt að slíkum réttindum fylgi einhverjar skyldur. Í skjóli þeirra laga sem m.a. veita Landsvirkjun þessi réttindi hefur þróunin hins vegar orðið sú að smásöluverð á raforku milli landshluta er mjög misjafnt. Þó að ýmsar ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr þeim mismun og hann sé nú minni en stundum hefur verið, þá hafa þær ekki reynst fullnægjandi. Það er algjörlega óviðunandi að fólk sem býr t.d. í nágrenni við orkuverin sem framleiða meginhlutann af allri raforku verði að greiða hærra raforkuverð en mikill meiri hluti þjóðarinnar sem býr þar að auki við ýmsar betri aðstæður á öðrum sviðum. Slíkt ástand minnir á það þegar nýlenduþjóðir fyrri tíma sóttu ódýr hráefni til nýlendna sinna til að standa undir eigin velmegun. Alþingi getur ekki látið slíkt viðgangast lengur.

Nýlega er komin frá Húsnæðisstofnun ríkisins niðurstaða úr könnun sem hún gerði fyrir hálfu öðru ári um vilja fólks til búferlaflutninga. Þar kemur fram að við óbreyttar aðstæður megi búast við mjög örum flutningum utan af landi á höfuðborgarsvæðið sem hefði í för með sér mjög alvarlega röskun á búsetu í landinu. Um svipað leyti kom út skýrsla frá Byggðastofnun um þann kostnað sem svo örir fólksflutningar hafa í för með sér fyrir byggðarlögin á höfuðborgarsvæðinu sem taka á móti svo miklum fólksfjölda. Kemur sá kostnaður fram bæði í byggingar- og rekstrarkostnaði ýmissa þjónustustofnana fyrir viðkomandi sveitarfélög og beinlínis auknum útgjöldum fyrir íbúana vegna lengri leiða og meiri tíma til að komast milli heimilis og vinnustaðar og annarra nauðsynlegra ferða. Það er því mikilvægt fyrir þjóðfélagið í heild að koma í veg fyrir óeðlilega röskun búsetu. En eitt mikilvægasta atriðið til að vinna að því er að ríkisvaldið jafni þá aðstöðu sem það hefur í hendi sér að gera. Þetta skref sem hér er lagt til vegur þar þungt og hefur líka óbein áhrif þar sem það gefur vísbendingu um að ríkisvaldið vilji halda áfram á þeirri braut.

Á fundi iðnaðarnefnda Alþingis með forráðamönnum Landsvirkjunar skömmu fyrir jól kom fram að Landsvirkjun væntir þess að geta haldið áfram næstu árin að lækka framleiðslukostnað á raforku og þar með verð í heildsölu. Þess vegna er lagt til í 2. gr. frv. að verðjöfnunin sem kveðið er á um í 1. gr. komi til framkvæmda á næstu árum þannig að lækkandi heildsöluverð frá Landsvirkjun nýtist fyrst og fremst til að lækka smásöluverðið þar sem það er hæst. Þannig yrði þessi breyting ekki til beinnar raunhækkunar á orkuverði hjá öðrum. Ég vænti þess að sem flestir hv. alþm. sjái að hér er um mjög brýnt sanngirnismál að ræða sem þar að auki er beint eða óbeint hagsmunamál þjóðarinnar allrar.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og iðnn. sem ég veit að mun taka það til ítarlegrar athugunar og afgreiðslu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leggja nokkur orð í belg til þess að lýsa stuðningi mínum við efni þess frv. sem liggur frammi til umræðu, enda kemur

stuðningur minn fram þar sem ég er einn af meðflm. Frv. þetta er um málefni sem snertir mjög daglegt líf og kjör fólks á þeim svæðum þar sem raforkuverð er hátt, ekki síst á þeim svæðum þar sem einnig er hitað upp með rafmagni. En þetta er mál sem fólki úti á landinu verður tíðrætt um við okkur þm. þar sem við hittum það. Ég tel að jöfnun raforkukostnaðar sé mikilvægt skref í viðleitni okkar til að jafna aðstöðu fólks án tillits til búsetu. Vil ég reyndar geta þess hér um leið að eitt af meginmarkmiðum Kvennalistans er að jafna stöðu karla og kvenna. Við teljum okkur skilja einkar vel aðstöðumun fólks, hvort sem er karla eða kvenna eða með tilliti til búsetu. Vona ég að frv. verði til þess að koma af stað umræðunni um að það verði að gera eitthvað raunhæft í þessum málum til þess að jafna þennan mikla mun sem er milli svæða. Við höfum ótal dæmi um ótrúlega háar tölur hjá fólki sem kyndir hús sín með rafmagni.

Ég vildi aðeins með þessum örfáu orðum við 1. umr. undirstrika stuðning minn við málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

40. fundur, þriðjudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 233. mál. — Þskj. 310.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þær umræður sem fram fóru sl. þriðjudag og miðvikudag um frv. mitt um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem enn er hér til umræðu. Umræðan síðustu viku þróaðist þó þannig að mest var rætt um vaxtamálin almennt og hvernig lánskjaravísitalan hefur leikið þjóðina en minna um frv. sjálft. Var það raunar ekki óeðlilegt miðað við hvernig þessi mál brenna á þjóðinni.

Það vakti mikla athygli við umræðurnar að allir hæstv. ráðherrar skyldu vera fjarverandi. Páv. starfandi hæstv. viðskrh. Jón Baldvin Hannibalsson hlýddi þó á hluta umræðunnar síðari daginn án þess að taka til máls og því miður er svo enn að hæstv. ráðherrar eru ekki viðstaddir. Ekki verður þó sagt um hæstv. utanrrh. að hann sé mállítill og oft hefur hann látið í sér heyra þegar mál varðandi vexti og Seðlabanka hafa verið til umræðu. Oft hefur hæstv. forsrh. einnig gefið yfirlýsingar um lánskjaravísitöluna. Hann hefur og talið þetta frv. sem hér er til umræðu eitt besta frv. sem flutt hefur verið, svo að notuð séu hans eigin orð. Þrátt fyrir það sást hann hvergi og sést ekki enn.

Fleiri en ráðherra vantaði líka í þingsal. Heilir þingflokkar létu svo að segja ekki sjá sig í salnum og fjölmiðlarnir höfðu ekkert frá tveggja daga vaxtaumræðum að segja. Þeim fannst ekki frásagnarvert að segja frá merkum ræðum hv. þm. Árna Gunnarssonar, Matthíasar Bjarnasonar, Pálma Jónssonar o.fl. um þessi mál. Þessa dagana eru þó vaxtamálin ofarlega í umræðu. Það er vegna þess að eitt höfuðbaráttumál aðila vinnumarkaðarins í samningum um kaup og kjör, sem nú standa yfir, er að þeir lækki að marki þannig að ekki fari allt til andskotans, svo að notuð séu fleyg orð. Á sama tíma og aðilum vinnumarkaðarins er ljóst að vaxtamálin skipta máli fyrir atvinnuvegina og heimilin í landinu virðast vera til sterk öfl sem vilja þegja þessa umræðu í hel.

Þrátt fyrir það virðist samkvæmt frásögn Morgunblaðsins í morgun vera komið samkomulag við bankana um lækkun nafnvaxta í áföngum þannig að nú um mánaðamótin lækki þeir úr rúmum 29% í 22%, 1. mars í 18% og 1. apríl í 14%. Með þessum aðgerðum er verið að framkvæma það sem ég hef talað um í þrjú ár og því fagna ég mjög þessum tíðindum. En lánskjaravísitalan þarf að fara. Annars sækir óðara í sama farið.

Ég vil aðeins víkja að ræðu hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríðar Sigurðardóttur, en hún ræddi einmitt frv. sjálft efnislega um daginn. Aðrir ræðumenn fjölluðu meira um þann ófögnuð sem lánskjaravísitalan hefur leitt yfir þjóðina. Það má hins vegar ekki skyggja á dagskrárefnið sem er vissulega frv. mitt um lánskjör og ávöxtun sparifjár. Ræða hv. þm. gefur mér kærkomið tækifæri til þess að útskýra ýmis atriði nánar.

Hv. þm. sagði fyrst að lagt sé til samkvæmt frv. að tengja vaxtastigið því sem gengur og gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Ekki er þetta alls kostar rétt. Ákvæðið er nefnilega þegar fyrir hendi í seðlabankalögunum. Í 2. mgr. 9. gr. laganna um Seðlabankann segir að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands. Þessi heimild Seðlabankans nær sem sagt aðeins til raunvaxta erlendis. Viðskiptabankarnir geta því óáreittir og hindrunarlaust hækkað vextina í takt við verðbólguna og síðan bætt raunvöxtum við er séu svipaðir og erlendis þar sem verðbólga er lítil sem engin. Í frv. mínu er breytt aðeins einu orði í 9. gr. seðlabankalaganna. Orðið „nafnvextir" kemur í stað orðsins „raunvextir". Samkvæmt því getur Seðlabankinn að fengnu samþykki ráðherra hamið vexti að því marki að nafnvextir hér og erlendis séu áþekkir. Með því er tryggt að útflutningur okkar sem keppir á erlendum mörkuðum njóti sömu vaxtakjara og þar gilda hjá keppinautunum. Sú hefur ekki verið raunin þennan hávaxtaáratug og þess vegna riða atvinnufyrirtækin til falls. Með lagabreytingu minni er einnig dregið úr verðbólguáhrifum vaxta.

Þá víkur hv. þm. í öðru lagi að gengistengingunni. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. að ég sé að

boða almenna gengistengingu. Bæði hún og verðtrygging eru heimilar samkvæmt Ólafslögunum. Ég er þvert á móti að boða afnám hvors tveggja, afnám allrar verð- og gengistryggingar á fjárskuldbindingum, þar með bæði inn- og útlánum, og afnám lánskjaravísitölu en með einni undantekningu þó sem varðar bundin spariinnlán til árs eða lengri tíma. Þau eru lítið brot heildarinnlána. Það er gert til þess að þeir sem vilja geyma fé sitt á banka eða sparisjóði yfir lengri tíma þurfi ekki að óttast verðrýrnun þess. Jafnframt er lagt til að vöxtum af öðrum spariinnlánum verði haldið eins háum og unnt er miðað við útlánsvexti á hverjum tíma. Slíkt er að sjálfsögðu ekki unnt að ákveða í smáatriðum í lagagrein. Reglugerð verður að koma til.

Í þriðja lagi er hv. þm. ósammála því að engir eða mjög lágir vextir séu greiddir af hlaupareikningum og lágir vextir af öðrum veltiinnlánum. Þetta eru aðallega viðskiptareikningar, m.a. kaupsýslumanna, en 90% og allt að 95% af rekstrarkostnaði banka fer í að þjónusta þessa reikninga en rekstrarkostnaður bankanna á síðasta ári var um 7 milljarðar kr. Þeir sem nota þessa þjónustu eiga að borga fyrir hana. Þeir gera það að hluta með lágum vöxtum af veltiinnlánum. Það á ekki að skella öllum rekstrarkostnaði bankanna á útlánin og hækka vexti af þeim tilsvarandi. Það bæði íþyngir lántakendum ranglega og ýtir undir kostnaðarverðbólgu. Launþegum er innan handar að fá kaup sitt greitt inn á sparisjóðsreikninga í stað hlaupareikninga til að fá hærri vexti og það kostar ekki nema eitt símtal að færa þar á milli. Þessi háttur að greiða litla eða enga vexti af veltiinnlánum er á hafður hvarvetna í vestrænum ríkjum. Svo er örugglega í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Hef ég rætt við lögfræðing, hagfræðing og forstjóra sem hafa átt innlán í bönkum í þessum löndum langtímum saman. Þeir hafa staðfest þetta.

Að lokum. Sjálfsagt er að skoða einstök atriði þessa frv. í nefnd og lagfæra það sem betur má fara. Ég endurtek þakkir fyrir umræðuna og mæli með að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 288. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 522.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1987, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru eftirtaldir hv. þm.: Geir H. Haarde, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Með leyfi hæstv. forseta mun ég nú gera grein fyrir meðfylgjandi grg., en í byrjun er rétt að geta þess að 1. gr. þessa frv. hljóðar svo:

„Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Það skerðir ekki rétt foreldris til greiðslu fæðingarstyrks frá Tryggingastofnun ríkisins skv. 1. mgr. þessarar greinar þótt samið sé við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingarstyrk að hluta til eða að fullu."

2. gr. hljóðar svo:

„Við a-lið 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Þeir sem ekki njóta slíks réttar geta samt sem áður samið við launagreiðendur um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingardagpeningum, að hluta til eða að fullu, án þess að skerða rétt sinn til greiðslu fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins."

Og 3. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði þeirra taka til þeirra foreldra sem eru í fæðingarorlofi 1. febrúar 1990 eða síðar og fá greiðslur skv. 16. og 26. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 59/1987."

Lög nr. 59/1987 tóku gildi þann 1. janúar 1988 og fjalla um tilhögun fæðingarorlofsgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. 1. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 16. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingarstyrks til allra mæðra hvort sem þær eru heimavinnandi eða við störf á almennum vinnumarkaði. Þó segir í 2. mgr. 1. gr.:

„Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd."

2. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 26. gr. laga nr. 67 1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingardagpeninga til foreldra í fæðingarorlofi sem verið hafa á vinnumarkaði. A-liður 2. gr. hljóðar svo:

„Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs greiðir Tryggingastofnun fæðingarstyrk ásamt fæðingardagpeningum, það síðarnefnda í samræmi við ákveðinn vinnustundafjölda. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi, t.d. opinberir starfsmenn, eiga þó ekki rétt á þessum greiðslum frá Tryggingastofnun. Upphæð fæðingarstyrks er ákveðin fjárhæð og hækkar með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga. Fæðingardagpeningar eru tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þessar greiðslur nema nú samtals um það bil 50 þús. kr. á mánuði, en þá er um hámarksgreiðslu að ræða. Full laun foreldris á hinum almenna vinnumarkaði geta því numið mun hærri fjárhæð. Í slíkum tilvikum er

ekki óeðlilegt að einstaklingur semji við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og greiðslum frá Tryggingastofnun, enda hluti af því samningsfrelsi er hér ríkir lögum samkvæmt.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar hefur hins vegar synjað öllum fæðingarorlofsgreiðslum ef viðkomandi umsækjandi hefur hlotið einhverjar viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda. Stofnunin virðist byggja álit sitt á túlkun ákvæða 2. mgr. 1. gr. og a-lið 2. gr. laga nr. 59/1987 um „óskert laun" og „að leggja niður launuð störf", í samræmi við túlkun tryggingaráðs á eldri fæðingarorlofslögum og álit lögfræðinga hjá heilbr.- og trmrn. Enn fremur að ætti að breyta þessari túlkun hefði þurft að taka það skýrt fram í fæðingarorlofslögunum og athugasemdum með frv. þar sem hér sé um mjög mikilvæga breytingu að ræða.

Það virðist vafasamt að telja aldur lagatúlkunar alfarið mælikvarða á réttmæti hennar í tilfellum sem þessum. Engin bókun tryggingaráðs þar til nú nýverið var til um þetta efni og ekkert skriflegt til að styðjast við, hvorki frá tryggingaráði né ráðuneytinu. Enginn stafur er heldur til um það hvað teljast „óskert laun", en laun þurfa að vera óskert til að útiloka greiðslur frá Tryggingastofnun. Það hefur enn fremur komið í ljós samkvæmt upplýsingum nefndarmanna er sömdu fæðingarorlofsfrumvörpin á sínum tíma að menn voru sammála um að hlutagreiðslur frá vinnuveitanda, til að launþegi héldi óskertum launum, gætu á engan hátt útilokað bótarétt eða greiðslur frá Tryggingastofnun. Þessi skilningur var enn fremur staðfestur í umræðum á Alþingi 9. nóv. sl. með ummælum Ragnhildar Helgadóttur, en hún var í ráðherratíð sinni flutningsmaður þeirra frv. sem áður er getið. Auk þess hefur það fordæmi skapast að Tryggingastofnun greiðir bankamönnum athugasemdalaust fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda.

Samt sem áður hefur Tryggingastofnun haldið þessari lagatúlkun til streitu og nýlega, eða 26. jan. sl., hafnaði meiri hluti tryggingaráðs umsókn um fæðingarorlofsgreiðslur, þar sem móðir hafði fengið greiddan mismun á fullum launum og fæðingarorlofsgreiðslum, m.a. á þeirri forsendu að ný túlkun laganna yrði ekki síður vafamál en núgildandi túlkun. Slík afgreiðsla, þar sem einum er gert að hlíta slíkri túlkun en öðrum ekki, hlýtur að skapa verulega réttaróvissu og mismunun gagnvart foreldrum.

Jafnframt má benda á að iðgjöld lífeyristrygginga eru greidd af atvinnurekendum; þeir greiða 2% af reiknuðum launum til lífeyristrygginga og kaupa sér þar með tryggingu. Einnig hlýtur það að teljast óeðlilegt að Tryggingastofnun eða tryggingaráð séu að hafa afskipti af því hvað um er samið á almennum vinnumarkaði.

Réttur til fæðingarorlofs er slík grundvallarmannréttindi að ekki verður unað við neina réttaróvissu í þeim efnum. Til þess að taka af allan vafa um réttmæti umræddrar lagatúlkunar er lagabreyting samkvæmt frv. þessu lögð hér til. Lagaákvæði munu þannig taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Ef frv. þetta verður samþykkt þykir rétt og sanngjarnt að gera ráð fyrir því að þeir foreldrar, sem eru í sex mánaða fæðingarorlofi þegar frv. er lagt fram, njóti þess réttar sem það mælir fyrir um.

Hæstv. forseti. Í grg. er það rakið hvernig greiðslufyrirkomulagi er háttað í fæðingarorlofsgreiðslum hjá Tryggingastofnun ríkisins. Lög nr. 59/1987 kveða á um bæði greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga, en hvort tveggja er greitt til foreldra á vinnumarkaði sem fara í fæðingarorlof. Reyndar kveður reglugerð laganna einnig á um atvinnuþátttöku maka bænda við landbúnaðarstörf, foreldris sem rekur sjálfstæða atvinnustarfsemi, foreldris sem vinnur launuð störf í heimahúsi og foreldris sem er í námi.

Fæðingarstyrkur og fæðingarorlof fylgjast að og því er nauðsynlegt að leggja til lagabreytingar með nýjum málsliðum við bæði 1. og 2. gr. laga nr. 59 1987, enda er mælt fyrir um ákveðnar takmarkanir vegna kjarasamninga í báðum þessum lagagreinum þar sem aðilar njóta óskertra launa. Til eru önnur lög um fæðingarorlof, nr. 57/1987, sem kveða almennt á um rétt foreldra til fæðingarorlofs svo sem ég kem að hér síðar.

Í frv. sem hér er til umræðu og í grg. er rætt um foreldra vegna þess að feður geta einnig nýtt sér rétt til fæðingarorlofs. Í framkvæmdinni eru það hins vegar nær alfarið mæður sem fara í fæðingarorlof. Þessi staðreynd blasir við og er staðfest í upplýsingum hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hluti af svari hans við fsp. á hinu háa Alþingi þann 9. nóv. sl. Þar segir m.a.:

„Árið 1986 eru engar greiðslur bókaðar til feðra og ekki heldur árið 1987, en árið 1988 hafa 38 feður fengið fulla fæðingardagpeninga og þrír fengið hálfa fæðingardagpeninga. Árið 1989 á þessu umræddu tímabili 1. jan. til 30. sept. hafa 40 feður fengið fulla fæðingardagpeninga en aðeins einn hálfa fæðingardagpeninga." Sambærilegar tölur um mæður eru að 1988 fá 4603 fæðingarstyrk. Af þeim fá 3820 fulla fæðingardagpeninga og 333 hálfa. Árið 1989, 1. jan. til 30. sept., eru tölurnar þær að fæðingarstyrki hafa fengið 3897, fulla fæðingardagpeninga 3199 og hálfa fæðingardagpeninga 256. Þessar tölur koma fram í Alþingistíðindum, dálki 813, í umræðum frá 9. nóv. sl.

Enda þótt sumum þætti e.t.v. ákjósanlegt að hlutur feðra væri stærri blasir þessi staðreynd engu að síður við og því er ljóst að hér er um að ræða mjög mikið réttlætismál sem snertir konur.

En börnin mega heldur ekki gleymast í þessari umræðu. Þau eiga einnig rétt til umönnunar foreldra sinna. Lagaákvæði um fæðingarstyrk og/eða fæðingarorlof hafa verið í gildi allt frá árinu 1937 eða frá því að lög um alþýðutryggingar voru sett. Lagaþróunin hefur verið í nokkru samræmi við þjóðfélagsþróun og hefur réttarstaða foreldra tekið miklum breytingum til batnaðar í kjölfarið. Svavar Gestsson, núv. hæstv. menntmrh., mælti t.d. fyrir frv. sem varð að lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, og sagði m.a. við það tækifæri:

„Frv. það sem hér er flutt gerir ráð fyrir að nú verði

lögfestur lágmarksréttur fæðingarorlofs til allra foreldra á hinum almenna vinnumarkaði auk þeirra sem eru heimavinnandi."

Fleiri þmfrv. komu fram sem treysta áttu enn betur réttarstöðu foreldra en árið 1987 lagði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, þáv. heilbr.- og trmrh., fram frv. um fæðingarorlof, sbr. lög nr. 57/1988, og um greiðslutilhögun, lög nr. 59/1988, og má tvímælalaust telja að þau feli í sér miklar réttarbætur, m.a. lengingu fæðingarorlofs sem er nú sex mánuðir frá 1. jan. sl. að telja.

Það hlýtur að teljast harla ótrúlegt að þessum lögum hafi á nokkurn hátt verið ætlað að skerða rétt foreldra, sbr. lögin frá 1980 sem tala um lágmarksbætur, enda vísa ég í grg. til þess og það kemur einnig fram í greinargerð lögfræðings tryggingaráðs að það hafi aldrei verið ætlun nefndarmanna sem sömdu frumvörpin á sínum tíma árið 1987 að skertur yrði réttur þeirra foreldra sem fengju viðbótargreiðslur í fæðingarorlofi, þó þannig að samanlagðar greiðslur frá Tryggingastofnun og atvinnurekanda færu ekki fram yfir full laun. Í frv. því sem hér er til umræðu er einnig talað um greiðslu mismunar að fullu eða öllu og er rétt að undirstrika það atriði.

Ragnhildur Helgadóttir staðfesti enn fremur þennan skilning nefndarmanna í umræðum þeim er urðu um fsp. á Alþingi þann 9. nóv. sl. eins og ég skýrði frá hér fyrr og getið er í grg. Hún taldi það fyllilega heimilt og að vinnuveitanda og launþega væri ætíð frjálst að semja um það sem á vantaði fullar greiðslur svo að heildartekjur næmu hinu sama og full laun viðkomanda hefðu verið. Rétt er að geta þess að fulltrúar heilbr.- og trmrn. virðast ekki telja þessar upplýsingar eða umræður veigamikil lögskýringargögn og hafa haldið fast við hina túlkunina. Ragnhildur Helgadóttir minntist einnig í þessum umræðum á lögin sem samþykkt voru 1975. Hún sagði að lögin hefðu átt að greiða fyrir því að mæður gætu haldið fullum launum í fæðingarorlofi því að það gæti orðið fyrirtækjum ofviða að greiða alla upphæðina.

Þegar lög um fæðingarorlof voru í endurskoðun var talið eðlilegt að kljúfa ákvæðin upp eftir eðli, þ.e. hvort þau tilheyrðu vinnurétti eða almannatryggingum. Lögin um fæðingarorlof lúta að vinnuréttinum. Engu að síður tvinnast ákvæðin saman og mynda heild. Ekkert kemur fram sem bendir til að þrengja hafi átt rétt, þ.e. að koma í veg fyrir að unnt sé að fá greiðslur frá Tryggingastofnun og mismun frá launagreiðanda.

Í lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof, þ.e. þeim lögum sem kveða almennt á um þennan rétt, segir í 1. gr.:

„Fæðingarorlof samkvæmt lögum þessum merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar."

Í 2. gr. laganna segir:

„Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fjögurra mánaða fæðingarorlofi . . ." Það hefur síðan lengst upp í sex mánuði. En hvað merkir „orlof" í þessum lögum? Launþegar hljóta að eiga rétt á launum í orlofi. Hefðbundin skilgreining á lagahugtakinu „orlof" er leyfi frá launuðum störfum, sbr. 1. gr. laga um orlof, nr. 87/1971, en þar segir að allir þeir sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eigi rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum. Atvinnurekendur greiða 2% af reiknuðum launum til lífeyristrygginga. Atvinnurekandi hlýtur því að eiga rétt á því að starfsmaður hans fái notið þeirra bóta sem hann þannig kaupir. Eða getur starfsmaður e.t.v. farið fram á þessar greiðslur beint til sín?

Almennt má segja að forsendur greiðslna fæðingarstyrks og fæðingarorlofs í gegnum tíðina séu eftirfarandi:

1. Að bæta kostnað vegna sérfræðihjálpar við fæðingu.
2. Tillit til heilsu móður og barns.
3. Að bæta tekjumissi vegna fæðingar.
4. Sjónarmið varðandi jafnrétti karla og kvenna. a. Bæta félagslega og fjárhagslega stöðu kvenna. b. Tryggja atvinnuþátttöku kvenna og atvinnuréttindi þeirra. c. Tryggja feðrum aðstöðu til að annast börn sín.
5. Sjónarmið er varða jafnrétti kvenna innbyrðis, þ.e. útivinnandi og heimavinnandi.

Þetta frv. er einmitt flutt með þessi markmið í huga.

Núgildandi fæðingarorlofslögum er ætlað að tryggja það að foreldrar geti verið heima við umönnun barna sinna. Ætlunin er enn fremur að bæta útivinnandi foreldrum það tekjutap er þeir verða fyrir. Nái launþegi að semja í einstaklingsbundnum samningum við atvinnurekanda um betri rétt en greiðslur frá Tryggingastofnun gera ráð fyrir má alls ekki koma í veg fyrir slíkt. Afleiðingin gæti orðið sú að foreldri treysti sér ekki í sex mánaða fæðingarorlof vegna tekjutaps.

Hugsum okkur einstæða móður sem missir helming launa sinna við óbreytt lagaákvæði eins og þau hafa verið túlkuð um leið og hún stendur e.t.v. í meiri háttar útgjöldum við að koma sér upp húsnæði. Getur það talist sanngjarnt eða þjóðfélagslega hagkvæmt eða löglegt að skerða þannig samningsrétt hennar að hún sjái sér ekki fært að annast barn sitt heima nema í skamman tíma? Ég er ansi hrædd um að við stuðlum ekki að fjölgun Íslendinga með þessum hætti og ekki verður hæstv. ríkisstjórn til að stuðla að því þegar litið er til efnahags- og skattastefnu hennar. Það dæmi er ég rakti hér fyrr getur því fullvel átt við hjón eða sambúðarfólk því að í mörgum tilvikum þurfa heimili á tveimur fyrirvinnum að halda.

Það kemur fram í grg. með frv. sem hér er til umræðu að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar hefur túlkað ákvæði 2. mgr. 1. gr. og a-lið 2. gr. laga nr. 59 1987 svo þröngt að frjáls samningsréttur hefur verið skertur. Það er ósköp skiljanlegt og reyndar ofur eðlilegt að þeir sem njóta óskertra launa samkvæmt kjarasamningum, t.d. opinberir starfsmenn, geti ekki fengið greiðslur jafnframt frá Tryggingastofnun eins

og kveðið er á um í lögunum. En þessir foreldrar verða ekki fyrir tekjutapi. Það er út af fyrir sig gott mál. En þarna er þegar komin fram mikil mismunun gagnvart foreldrum eftir því hvar þeir starfa. Hvers vegna ætti launafólk á hinum almenna vinnumarkaði að þurfa að þola slíka skerðingu? Er það yfirleitt mál almannatrygginga að skipta sér af og neita greiðslum ef vinnuveitendur gera vel við sína launþega samkvæmt samningum eða umfram skyldu?

Eins og fram kemur í grg. er engin bókun tryggingaráðs til um þetta efni og ekkert skriflegt var til að styðjast við frá heilbr.- og trmrn., aðeins að tryggingaráð hefur vitað um framkvæmdina og látið hana óátalda.

Í þessu sambandi má geta dóms bæjarþings Reykjavíkur 17. okt. 1984 þar sem kona nokkur stefndi fjármálaráðherra. Konan, sem átti von á barni, þurfti að hætta vinnu sem hjúkrunarkona nokkurn tíma fyrir áætlaða fæðingu, eða tæpum tveim mánuðum fyrr, sökum lasleika. Ríkið greiddi henni ekki veikindalaun allan þann tíma heldur skerti fæðingarorlof hennar sem nam hálfum mánuði fyrir fæðingu. Fjmrn. hafði sett sér þetta sem verklagsreglu og hafði hún verið við lýði um langan tíma. Dómarinn var ekki sammála þessari reglu og taldi enga heimild til að skerða þennan rétt konu til launa hvorki síðasta hálfa mánuðinn fyrir barnsburð né á öðru tímabili. Af dómi þessum má draga þá ályktun efnislega, enda þótt forsendur séu e.t.v. nokkuð aðrar, að ákveðin lagatúlkun lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar um árabil, e.t.v. nokkurs konar verklagsregla, hafi ekki þurft að binda hendur tryggingaráðs er það tók í fyrsta sinn, eða þann 26. jan. sl., með formlegum hætti á umsókn konu um fæðingarorlof sem hlotið hafði viðbótargreiðslu frá atvinnurekanda sínum eins og getið er um í greinargerð. Umsækjandi segir m.a. í lok greinargerðar sinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Þótt svo að deildarlögfræðingur Tryggingastofnunar bendi á að ef túlkun laganna verði breytt sé um mjög mikilvæga breytingu að ræða þykir mér rétt að geta þess að Tryggingastofnun hefur engar upplýsingar um það hversu mörgum hefur verið synjað um greiðslu fæðingarorlofs á þeim grundvelli að atvinnurekandi bjóðist til að greiða upp launatap. Tryggingastofnun hefur ekki haldið saman slíkum upplýsingum. Svo sem ég gat um í umsókn minni er ekki einu sinni spurt um greiðslur frá atvinnurekanda í fæðingarorlofi á umsóknareyðublaði um fæðingarorlof og bendir það til þess að áhyggjuefni stofnunarinnar sé ekki stórt vegna þessa atriðis. Ekki er mér ljóst hver skaði Tryggingastofnunar kann að verða við það að heimila konum að semja um viðbótargreiðslu við fæðingarorlof frá sínum vinnuveitendum. Hefði ég talið að útgjaldaaukinn væri allur atvinnurekandans. Í reynd veldur núverandi ástand því að þeir atvinnurekendur sem sjá eftir að hafa fallist á viðbótargreiðslur í fæðingarorlofi í ráðningarsamningi eða vinnustaðasamningum geta vísað til þess að þeim sé óheimilt að greiða viðbótina. Tryggingastofnun banni slíkt."

Þessi síðarnefndu rök eru mjög veigamikil eins og ég hef áður rætt um. Lögfræðingur tryggingaráðs taldi hæpið að neita greiðslum þegar laun falla niður að hluta og vinnuveitandi greiðir mismun enda enginn stafur um það sem segir beinlínis hvað séu óskert laun. Meiri hluti tryggingaráðs synjaði þó erindinu á þeim grundvelli að ný túlkun laganna yrði ekki síður vafamál en núgildandi túlkun. Þó var að nokkru gefið í skyn í bókun að óeðlilegt sé að tryggingaráð sé að hafa afskipti af því hvað um er samið á almennum vinnumarkaði. Taldi meiri hlutinn þó að þessi breyting á lagatúlkun yrði til að kalla á viðbrögð aðila vinnumarkaðarins hvernig svo sem þessi tvö atriði koma heim og saman. Enn fremur var vísað til þess að nefnd væri starfandi sem ynni að almennri endurskoðun fæðingarorlofslaganna.

Í þessu sambandi er rétt að leggja á það áherslu að frv. það sem hér er til umræðu mælir einungis fyrir heimildarákvæðum í samræmi við samningsfrelsi á hinum almenna vinnumarkaði. Það er ekki um neina skyldu að ræða og ætti ekki að fela í sér útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnun. Einnig er rétt að minna á það að afgreiða verður umsóknir um fæðingarorlof samkvæmt núgildandi lögum en ekki eftir einhverjum reglum sem kannski taka gildi einhvern tíma í framtíðinni, enda gefur reynsla manna hingað til af endurskoðun almannatryggingalaga ekki tilefni til bjartsýni hvað árangur snertir eða skjót vinnubrögð. Enn fremur að afskipti stjórnvalda eða stofnunar, sem rekin er af almannafé, af kjarabaráttu eru með öllu óviðeigandi.

Að lokum er rétt að geta þess að lagabreyting sú sem frv. leggur til getur ekki skarast á neinn hátt við það nefndarstarf sem nú er hafið. Öllu fremur ætti frv. að greiða götu þessa starfs ef samþykkt verður þar sem löggjafinn hefur þá ótvírætt látið vilja sinn í ljós.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið máli mínu. Hér er um mjög mikið réttlætismál að ræða sem snertir einkum stöðu kvenna og barna. En það má einnig líta á þetta sem rétt atvinnurekandans sem vill gera vel við starfsmann sinn og til þess að halda honum áfram í starfi en missa hann ekki í þjónustu ríkisins eða í annað starf þar sem kjarasamningar tryggja launþeganum óskert laun í fæðingarorlofi. Foreldrum er auk þess mismunað því fremur þar sem Tryggingastofnun greiðir bankamönnum athugasemdalaust fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda. Hér er því einnig verið að mismuna atvinnurekendum. Í raun og veru má leiða líkur að því að konur vilji fremur starfa í þjónustu hins opinbera, a.m.k. framan af starfsævi, vegna þessara réttinda. Meðflutningsmenn mínir eru sammála um að réttur til fæðingarorlofs feli í sér slík grundvallarmannréttindi að ekki verði unað við neina réttaróvissu í þeim efnum. Til þess að taka af allan vafa um réttmæti umræddrar lagatúlkunar er lagabreyting samkvæmt frv. þessu lögð hér til. Lagaákvæði munu þannig taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hv. 1. flm., Sólveig Pétursdóttir, hefur nú mælt fyrir er að mínu mati mjög þarft og hef ég raunar þegar lýst því yfir með því að vera meðflm. að því.

Þetta mál er til komið vegna túlkunar á núgildandi lögum um almannatryggingar, þ.e. þeim hluta þeirra laga er varðar greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Lagabreyting sú sem hér er lögð til er bæði brýn og tímabær. Miðað við núgildandi lög og túlkun þeirra er foreldrum mismunað í greiðslum í fæðingarorlofi eftir því hvar þeir starfa. Þannig fá ríkisstarfsmenn fullar launagreiðslur svo og bankakonur en öðrum er ætlað að láta sér nægja lögboðna greiðslu frá Tryggingastofnun sem oft er lægri en full laun á vinnumarkaði og nemur nú um 50 þús. kr. svo sem fram hefur komið.

Þótt nokkuð sé á reiki hvernig menn vilja túlka almannatryggingalögin hvað varðar viðbótargreiðslur í fæðingarorlofi hefur verið mótuð skýr vinnuregla eins og fram kemur í grg. með þessu frv. Tryggingastofnun telur sig aðeins þurfa að inna greiðslur af hendi ef kona fær ekki greiðslur annars staðar. Ég segi kona, því eins og fram kom í máli hv. 1. flm. er hér yfirleitt um konur að ræða. Á þessa túlkun hefur nú þegar reynt og í grein í Pressunni þann 25. jan. sl. rekur ung kona gang eins slíks máls á þennan hátt, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að ég hef ekki fengið greiðslu frá Tryggingastofnun er sú að ég gat þess í umsókn minni að vinnuveitandi greiddi viðbótina." — Hér á hún að sjálfsögðu við viðbót upp í full laun. — „Samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins veldur það réttindamissi til fæðingarorlofs ef vinnuveitandi heldur uppi minnstu greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi. Ekkert er fjallað um þetta í lögunum sjálfum. Þar stendur aðeins að skilyrði fyrir greiðslum sé að viðkomandi leggi niður launuð störf í fæðingarorlofi. Samkvæmt túlkun stofnunarinnar er fæðingarorlof eins konar tekjutrygging, einungis greidd þeim sem ekkert fá annars staðar. Virðist þá ekki skipta máli hversu háar greiðslur koma frá vinnuveitanda. Konur verða þess vegna að afsala sér öllum viðbótargreiðslum frá atvinnurekanda í fæðingarorlofi."

Svona er ástandið í reynd. Í grg. Tryggingastofnunar til tryggingaráðs varðandi fyrirspurn samninganefndar bankanna og Sambands íslenskra bankamanna vegna fæðingarorlofsgreiðslna, dags. í maí 1988, kemur fram eftirfarandi túlkun á nefndu ákvæði laganna um almannatryggingar, með leyfi forseta:

„Lög, reglugerðir, lögskýringargögn og framkvæmd benda til þess að ekki sé ætlunin að konur hafi óskert laun samkvæmt kjarasamningum eða reglugerðum þegar þær fá greiðslur frá Tryggingastofnun í fæðingarorlofi. Mælt er með því að draga skýr mörk milli greiðslna Tryggingastofnunar og launa samkvæmt kjarasamningum og reglugerðum."

Það kemur enn fremur fram í þessari grg. að ætlunin sé að tryggja að konur hafi jafnan rétt til greiðslna í fæðingarorlofi. Því miður er þessi jafni réttur nánast eingöngu á einn veg, réttur til þess að hafa lakari kjör en ella kunna að bjóðast, þegar vinnuveitandi er fús til að greiða mismun greiðslna frá Tryggingastofnun og raunverulegra launa. Slík réttargæsla er sérkennileg og, eins og sjá má af orðalagi, á veikum grunni byggð. En svo sem fram kom í máli hv. 1. flm. hafa bæði lögfræðingur tryggingaráðs og hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir túlkað lögin á annan hátt.

Óréttlætið er hins vegar í raun viðurkennt með því að konur í opinberri þjónustu eiga rétt á fullum launum þegar þær eiga sín börn. Minna má á bókun með kjarasamningi verslunarmanna frá 4. maí 1988 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar vilja vekja athygli á þeim mismun sem konur búa við varðandi greiðslur í fæðingarorlofi. Hið opinbera mismunar launþegum með því að greiða konum í opinberri þjónustu óskertar tekjur í þrjá mánuði og eftir það full dagvinnulaun í fæðingarorlofi en launþegar á almennum vinnumarkaði fá jafnaðarbætur óháðar tekjum. Beina samningsaðilar þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að skipuð verði nefnd sem hafi það markmið að skoða og útfæra þá stefnumörkun er fram kemur í álitsgerð nefndar þeirrar sem samdi frv. til laga um fæðingarorlof þannig að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis í þessu máli."

Svo sem sjá má af málalyktum vegna máls þess er getið var hér að framan og skrifað um í blaði einu, hafa ekki orðið á breytingar til jöfnunar milli starfsstétta hér.

Sú lagabreyting sem Sólveig Pétursdóttir mælti fyrir hér áðan er brýn til að ná fram réttlæti og taka af öll tvímæli í túlkun. Með frv. þessu er tekin sú sjálfsagða afstaða að tryggja foreldrum í barneignarleyfi besta hugsanlegan kost miðað við þær aðstæður sem við nú höfum. Það ætti að vera hafið yfir alla gagnrýni í samfélagi sem vill í orði a.m.k. búa sem best að fjölskyldum þessa lands.

Það hefur komið fram að ekki eru allir á eitt sáttir um réttmæti lagatúlkunarinnar sem hratt þessu máli af stað. Þessa óvissu má að vissu leyti rekja til þeirrar leiðar sem farin var er lög um fæðingarorlof með tilheyrandi breytingum á lögum um almannatryggingar voru samþykkt á Alþingi veturinn 1986–1987. Vissulega voru þau lög mikil bót frá fyrri tilhögun þar sem fæðingarorlof tvöfaldaðist, fór úr þremur mánuðum í sex mánuði. Því studdi Kvennalistinn lengingu orlofsins af heilum hug og sat hjá við afgreiðslu þess þáttar er tók til greiðslutilhögunar til að hindra á engan hátt framgang málsins. Og það raunar þótt undanfarandi þrjá vetur hefði Kvennalistinn lagt fram frv. um breytingar á lögum um fæðingarorlof og almannatryggingar þar sem lagt var til að farin yrði önnur leið að sama marki, leið sem kvennalistakonur töldu betra að fara og nú hefur komið í ljós að hefði verið betra að fara.

Í frv. Kvennalistans var ótvírætt gert ráð fyrir að foreldrar fengju full laun í fæðingarorlofi með yfir-

vinnugreiðslum, miðað við meðaltal undangengins árs. Og samkvæmt frv. Kvennalistans átti lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að greiða þessi fullu laun í sex mánuði. Hefði frv. Kvennalistans verið samþykkt hefði vitanlega aldrei komið til þess misræmis sem nú er verið að taka á og verður vonandi leiðrétt. Og foreldrum hefðu verið tryggð sannanleg laun sín með lagasetningu. Þá hefði ekki þurft að róa þann þunga róður að fá fyrst rétt til að semja um óskert laun við vinnuveitendur, þá vinnuveitendur sem vilja greiða það sem á vantar eftir að Tryggingastofnun hefur borgað sitt.

Vonandi verður frv. þetta samþykkt svo þessi réttur náist. En þá er auðvitað enn eftir að semja við alla vinnuveitendurna, bæði þá sem þegar hafa sýnt vilja til að borga þennan mismun og hina sem engan áhuga hafa sýnt enn.

Virðulegi forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu. Oft þarf að vinna að málum skref fyrir skref og það skref sem hér er lagt til að tekið verði er mjög brýnt að taka hið allra fyrsta. Vonandi fylgja fleiri skref á eftir. Það er ekki hægt að sætta sig við minna en að fæðing barns skerði ekki afkomumöguleika fjölskyldna og best væri auðvitað að stíga það skref sem Kvennalistinn lagði til fyrir nokkrum árum í þeim frv. sem lögð voru fram veturna 1983–1986.

Vonandi verða mannleg gildi meira metin í íslensku samfélagi en nú er þegar fram líða stundir. Það er löggjafans sem annarra að gera það sem í hans valdi stendur til að svo geti orðið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 1. flm. þess frv. sem hér er til umræðu hefur nú gert mjög ítarlega grein fyrir málavöxtum og málatilbúnaði öllum. Ljóst er og vitað að hér hefur verið um nokkurt ágreiningsmál að ræða.

Þegar frv. til laga um fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga voru hér til umræðu í þingi og við undirbúning þeirra hygg ég að meginhugsunin hafi verið sú að jafna rétt kvenna vegna þess að aðstæður þeirra voru mjög mismunandi eftir vinnuveitendum og eftir því hvernig samningum viðkomandi stéttarfélög höfðu náð við sína vinnuveitendur. Ekki geri ég lítið úr því og tek undir það með hv. 1. flm. að þetta er mál sem snertir mjög rétt kvenna og kannski meira en karla, eins og flm. rakti vel eftir að hafa vitnað til svars sem ég gaf hér fyrr í vetur um greiðslur samkvæmt þessum lögum til foreldra. Hér er hins vegar ekki um jafnræðismál að ræða að því leytinu til að verði þetta frv. að lögum er ljóst að þær konur sem hærri launin hafa fá miklu betri afgreiðslu sinna mála en þær konur, eða þau foreldri sem vinna við lægra launuð störf. Lögin á sínum tíma áttu að vera til þess að bæta rétt þess fólks. En ég get tekið undir það með hv. 1. flm. og öðrum flm. þessa frv. að nauðsynlegt er að setja um þetta skýrari lagaákvæði svo að þau ágreiningsefni sem uppi hafa verið um túlkun þurfi ekki lengur að vefjast fyrir mönnum.

Nú er að störfum nefnd sem er að athuga þessi mál sérstaklega og ég óska eftir því við hv. Alþingi og þá nefnd sem tekur þetta mál til umfjöllunar, hv. heilbr.- og trn. deildarinnar, að hafa í huga hvað verið er að gera í málinu.

Mig langar til, í framhaldi af því sem rætt hefur verið um afstöðu ráðuneytis annars vegar og afstöðu Tryggingastofnunar og tryggingaráðs hins vegar, að lesa bókun þá sem samþykkt var á tryggingaráðsfundi 26. jan. sl. Að vísu var ekki full samstaða um þessa bókun svo að hún hlaut ekki atkvæði allra tryggingaráðsmanna, en var þó samþykkt með meiri hluta og lýsir afstöðu til málsins á þessu stigi. Þar koma fram efasemdir einstakra tryggingaráðsmanna um þá tilhögun sem nú er viðhöfð en hins vegar er lýst yfir því áliti að ekki sé rétt að breyta þeim vinnubrögðum og þeim aðferðum sem tryggingaráð og Tryggingastofnun hefur haft við uppgjör á þessum greiðslum, fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum, meðan mál séu í þeirri athugun og þeirri vinnslu sem þau eru nú af hálfu ráðuneytis og í fullu samkomulagi og samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Í þessari bókun segir svo, með leyfi forseta:

„Tryggingaráð telur að eins og málum nú horfir sé ekki tímabært að það breyti starfsreglum Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu fæðingarorlofs sem verið hafa við lýði um árabil. Ástæður þær er umsækjandi ber við máli sínu til stuðnings taka ekki af allan vafa um hvernig hátta beri fæðingarorlofsgreiðslum og ný túlkun laganna yrði ekki síður vafamál en núgildandi túlkun. Því er synjað erindi umsækjanda um fæðingarorlof.

Tvö sjónarmið hafa einkum verið ríkjandi um með hvaða hætti greiða skuli fæðingarorlof. Annaðhvort ber öllum konum sama greiðsla án tillits til fyrri tekna eða þá að upphæð fæðingarorlofs taki mið af launum konu fyrir barnsburð og þar með samningsstöðu hennar á vinnumarkaði.

Seinna tilvikið þótti fela í sér þá áhættu að konum yrði enn frekar mismunað á vinnumarkaði og hinn aukni kostnaður vinnuveitanda vegna barnsburðar konu í hans þjónustu yrði til að fæla vinnuveitendur frá því að ráða konur til starfa.

Í ljósi reynslunnar hallast tryggingaráð að þeirri skoðun að í reynd sé óeðlilegt með öllu að löggjafinn eða tryggingaráð sem túlkandi laganna sé að hafa afskipti af því hvað um er samið á almennum vinnumarkaði. Greiðslur þær sem Tryggingastofnuninni ber að inna af hendi samkvæmt almannatryggingalögum ættu einungis að vera þær sömu vegna fæðingarorlofs allra kvenna og væri á margan hátt heppilegra ef þær rynnu beint til vinnuveitanda sem síðan greiddi konu í fæðingarorlofi þau laun er henni bæri samkvæmt kjarasamningi. Yrði það til þess að síður slitnaði samfella í áunnum réttindum konunnar, t.d. lífeyrissjóði o.þ.h., ef sá háttur yrði á hafður.

Þrátt fyrir þessa viljayfirlýsingu tryggingaráðs nú ber til þess að líta að sú tilhögun fæðingarorlofsgreiðslna sem við hefur verið höfð og umsækjandi vill fá hnekkt hefur tíðkast lengi og hvorki samtök launþega né vinnuveitenda hafa gert athugasemd við.

Ljóst er að breyting á núverandi tilhögun fæðingarorlofsgreiðslna mundi kalla á viðbrögð aðila vinnumarkaðarins. Nægir að minna á að við gerð kjarasamninga í apríl 1989 óskuðu samtök launþega eftir almennri endurskoðun á ákvæðum laga um fæðingarorlof með það að markmiði að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof. Nýlega umsamin tilhögun á fæðingarorlofi bankamanna mun m.a. hafa orðið til að ýta við kröfunni um endurskoðun. Til að greiða fyrir kjarasamningum ákvað ríkisstjórnin að nefnd þessi yrði skipuð. Var það gert í október 1989 og er nefndin að störfum. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar heilbr.- og trmrn., Tryggingastofnunar ríkisins, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, auk fulltrúa stjórnarflokkanna. Bankamenn og Samband viðskiptabanka eiga þar áheyrnarfulltrúa. Breytt túlkun tryggingaráðs á lögum um fæðingarorlof nú yrði til að skapa óvissu um þetta nefndarstarf og leiða til verulegra tafa á að niðurstaða fáist í nefndinni. Verði ekki breyting á túlkun tryggingaráðs á lögunum þá gerir vinnuáætlun nefndarinnar ráð fyrir því að fyrstu drög að lagafrv. muni liggja fyrir í byrjun mars. Tryggingaráð vill því beina þeim eindregnu tilmælum til heilbr.- og trmrh. að hann sjái til þess að störfum endurskoðunarnefndarinnar verði hraðað eins og nokkur kostur er og einnig að við þá endurskoðun sem nú fer fram á almannatryggingalöggjöfinni verði kveðið skýrt að orði um hvernig haga beri fæðingarorlofsgreiðslum í framtíðinni, svo vilji löggjafans í þeim efnum komi ótvírætt í ljós."

Þetta er æðilöng bókun, hæstv. forseti, en skýrir og lýsir ástandinu nokkuð og stöðu málsins auk þess sem það kom einnig mjög vel fram í framsöguræðu hv. 1. flm. frv. En mig langar að ítreka það aftur að ég tel nauðsynlegt að við fáum niðurstöður þessa nefndarstarfs áður en Alþingi gerir breytingar hér á og minni á að þetta nefndarstarf hefur verið og er í fullum gangi. Það hafa þegar verið haldnir allmargir fundir í þessari nefnd sem er æðistór og nú er að störfum sérstök vinnunefnd eða undirnefnd í málinu. Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar nú í dag, eins og reyndar kom fram í bókuninni, er ákveðið gert ráð fyrir því að í marsmánuði verði nefndarálit fyrirliggjandi og hugsanlega drög að frv. um breytingu á löggjöfinni.

Það er út af fyrir sig rétt sem fram kom í máli hv. 1. flm. að endurskoðun almannatryggingalaga hefur oft reynst tafsöm og tekið langan tíma. En eins og ég hef áður skýrt frá á þessu þingi er þeirri endurskoðun, sem verið hefur í gangi um nokkurn tíma, að ljúka og ég geri mér vonir um að geta mjög bráðlega lagt það frv. hér fyrir Alþingi.

Varðandi sjónarmið atvinnurekenda sem hv. 1. flm. nefndi aðeins vil ég leyfa mér að fullyrða að á þessu stigi muni vinnuveitendur óska eftir því að málið fái meðferð í nefnd þeirri sem er að störfum og að ekki verði gerðar á því breytingar fyrr en nefndarálit liggur fyrir, án þess að ég sé nokkuð að gera mér í hugarlund hvert álit vinnuveitenda er á málinu í heild eða hver afstaða þeirra kann að verða til þess nefndarálit og hugsanlegra tillagna um lagabreytingar. En ég hygg að afstaða VSÍ til málsins sé sú að það vilji bíða eftir niðurstöðu úr nefndinni sem nú vinnur að málinu með aðild þeirra.

Varðandi það sem einnig kom fram um afstöðu einstakra þm. og hæstv. fyrrv. ráðherra til málsins og hvort það hefur lögskýringargildi eða ekki hefði auðvitað verið betra að afstaða hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. heilbr.- og trmrh., hefði komið fram jafnótvírætt og hún gerði á þessu þingi þegar hún mælti fyrir þessu frv. á sínum tíma sem ráðherra málaflokksins. Þess vegna hafa ummæli hv. þm. nú nokkuð annað gildi sem lögskýring en ef svo hefði verið, en um það ætla ég ekki að öðru leyti að deila við lögfræðinga sem túlka meira hvað eru lögskýringar og hvað ekki.

Það er einnig rétt sem fram kemur í bókun tryggingaráðs og getið er um í grg. með frv. sem hér er til umræðu, að bankamenn hafa samið um aðferð við að greiða viðbótargreiðslu til þeirra einstaklinga sem þiggja fæðingarorlof frá Tryggingastofnuninni með þeim hætti að reyna að komast fram hjá lagatextanum sem fjallar um óskert laun í fæðingarorlofi o.s.frv. sem menn hafa nokkuð notað og e.t.v. greint á um hvernig beri að túlka. Þetta allt saman undirstrikar það að nauðsynlegt er að taka á málinu. Ég mæli þess vegna ekki gegn frv. sem slíku og er ekki á móti því að það fái umfjöllun hér í þinginu, það tel ég fyllilega eðlilegt. Ég fer hins vegar eindregið fram á það að beðið verði eftir þessu nefndaráliti sem ég vona að verði til í marsmánuði og að þingið taki mið af því eða hafi það til hliðsjónar þegar það endanlega afgreiðir málið.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að þegar við erum að fá fram lagasetningu um mjög góð mál og réttindamál er eins og okkur takist aldrei að setja þau þannig fram að ekki komi til einhverra átaka síðar eða túlkunar á hvað þau hafi þýtt og það finnst mér miður. Það er ýmislegt sem vaknar í huganum þegar maður les yfir þetta frv. og þá sérstaklega það sem fram kemur í grg.

Ef við skoðum a-lið 2. gr. laganna sem vísað er til hér í grg. hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Síðari setning málsgreinarinnar vísar að sjálfsögðu til opinberra starfsmanna. Það eru þeir sem hafa haft rétt til fullra greiðslna í fæðingarorlofi. En það sem ég vil benda á hér, „enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma", segir okkur það að aðrir sem fá fæðingargreiðslur, annaðhvort fæðingarstyrk, þ.e. þeir sem eru heima, eða fæðingarstyrk og orlofsdagpeninga,

þ.e. þeir sem eru á vinnumarkaði, eru í raun að taka launalaust leyfi frá vinnu og fara á tryggingagreiðslur og þá kemur ýmislegt í ljós.

Út af því máli sem hér liggur fyrir finnst mér sjálfri að miðað við lögin sé það mjög undarlegt að túlkun Tryggingastofnunar sé sú að hægt sé að greiða fæðingarorlofsgreiðslur til þeirra sem eru komnir með formlegan samning um mismunargreiðslur, þ.e. bankamanna, en ekki til einstaklinga sem gera samkomulag eða samning við vinnuveitanda um slíkar greiðslur. Þar finnst mér vera orðin gróf mismunun á einstaklingum og mér finnst bara það að viðurkenna rétt bankamanna til þessara greiðslna hafa verið það fordæmi sem hlyti að hafa verið nægilegt til þess að aðrir einstaklingar sem ná slíkum samningum ættu að fá þessa greiðslu eigi að síður.

Það kom hér fram í máli 1. flm. að hætta sé á að konur hafi ekki efni á að taka leyfi frá störfum þar sem dagpeningar og orlofsgreiðslur geti verið mun lægri upphæð en mánaðarlaun viðkomandi. Ég tek alveg undir þær áhyggjur en ég vil líka lýsa áhyggjum mínum af því að jafnvel við samþykkt þessa frv. erum við ekki að leysa þann þátt. Við erum bara að leysa hann gagnvart þeim konum sem ná samkomulagi við sinn vinnuveitanda um mismunargreiðslur. Ég vil vekja athygli á þessu og þar með sérstaklega vekja athygli á þeirri nefnd sem er að skoða samræmingu fæðingarorlofsgreiðslna. Ég tel mjög brýnt að hún hraði störfum og skoði þessi mál og tryggi rétt allra kvenna og þá e.t.v. enn betur en nú er, en mér finnst samt að málið sé í þeim farvegi nú og það sé þegar búið að gefa það fordæmi að ekki sé hægt að líta fram hjá frv. sem nú liggur fyrir og jafnvel taka það til afgreiðslu.

Það kom fram í máli ráðherra að fyrir utan þessa sérstöku nefnd sem er að skoða samræmingu á fæðingarorlofsgreiðslum séu málin líka á borðum samninganefnda nú og það hef ég líka heyrt. Það má því búast við að eitthvað gerist í þessum fæðingarorlofsmálum.

Ég vek einnig athygli á öðru og þar með undirstrika ég um leið að ég er nokkuð fylgjandi því að málin séu skoðuð frá öllum hliðum. Sjálf var ég í starfshópi sem skoðaði réttindamál heimavinnandi fólks. Í þeirri vinnu létum við keyra fyrir okkur út öll þau þingmál sem flutt höfðu verið og jafnframt reyndum við að finna þau lög sem samþykkt höfðu verið í þessum málum. Það var fróðlegt út af fyrir sig að nær allir flokkar á þingi höfðu flutt sum málin. Þó höfðu þau ekki náð fram að ganga og má gefa sér það að e.t.v. hafi það verið vegna þess að þau voru oft flutt einskorðuð, ein sér um afmarkað efni, og ekki hefur gefist tími til að skoða þau í víðara samhengi sem ég er almennt mjög fylgjandi.

Í þeirri vinnu rákum við okkur á lög um heimild til handa konum sem hafa vikið af vinnumarkaði til að vera heima við umönnun barna. Það var heimild til þess að konur gætu fengið að greiða í lífeyrissjóð þann sem þær höfðu greitt í meðan þær voru á vinnumarkaði allt að fjögur ár væru þær heima vegna umönnunar barna. Að sjálfsögðu þurftu þær þá að greiða 10% til lífeyrissjóðsins, en þarna höfðu alla vega verið sett lög sem tryggðu þeim möguleika á að halda við lífeyrisgreiðslum.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er nokkuð sem mér barst til eyrna í tengslum við frv. sem hér liggur fyrir. Og það er að konur sem fara af vinnumarkaði til að vera heima við umönnun barna í fæðingarorlofi og eru þar með komnar af launum og farnar að taka við tryggingabótum geti ekki greitt í lífeyrissjóð þennan tíma, og það er mjög stórt mál þegar við erum í því að lengja fæðingarorlof og það er núna orðið sex mánuðir. Það eru margir mánuðir að missa úr við lífeyrissjóðagreiðslur. Skýringin er væntanlega sú að viðkomandi er að þiggja tryggingabætur en ekki launagreiðslur frá vinnuveitanda. Því vek ég athygli á þessu og tel það mjög brýnt að nefndin sem er að skoða samræmingu kanni þetta mál, að það er sennilega ekki minna mál að allar konur geti samið við vinnuveitanda sinn um það að hann greiði framlag vegna lífeyrissjóðsgreiðslna meðan þær eru í fæðingarorlofi ef það reynist rétt að maður megi ekki greiða í lífeyrissjóðinn af tryggingabótunum. Því það sem er, eins og ég nefndi hér í upphafi, kjarni laganna er að þeir sem hafa samið um full laun í fæðingarorlofi halda því, þeir sem hafa ekki það hnoss leggi niður launuð störf og fari á tryggingabætur. Og ég geri ekki lítið úr því hvað var verið að gera góða hluti á sínum tíma, en við hljótum að sjá að þarna eru margir annmarkar og á það vil ég benda og jafnframt taka það fram að þó að ég hafi lagt svo mikla áherslu á það, og það mun ég gera áfram, að mál séu skoðuð almennt í víðara samhengi, finnst mér þetta frv. þess eðlis og fordæmi komið með þeim hætti sem hefur verið á hafður gagnvart bankamönnum að ég tel að þegar sé búið að gefa það fordæmi sem þarf til að þetta verði gert öllum kleift.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem hér til að taka undir frv. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur þegar skýrt afstöðu Kvennalistans til þessa frv. og fæðingarorlofsfrumvarpa hingað til og okkar afstöðu sem fram kemur í þeim frv. sem lögð voru fram hér á Alþingi af þingkonum Kvennalistans. Ég ætla því ekki að tíunda það sérstaklega, heldur langaði mig fyrst og fremst til að ræða það sem kom fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. þar sem hann vísar enn einu sinni til þeirrar nefndar sem er að endurskoða almannatryggingalögin. Við erum búin að heyra þetta lengi — ég held að þetta sé þriðja árið sem ég heyri þetta sagt hér. Svo lengi sem ég hef setið hér er ég búin að heyra að öllum góðum málum sem hér koma fram og varða almannatryggingar skuli fresta eða þau eigi að bíða vegna þess að nú sé endurskoðun alveg að ljúka. Maður er orðinn dálítið þreyttur á að heyra þetta. Nú segir hæstv. ráðherra að von sé á nefndaráliti núna í mars. Ég óska eftir því að hann líti nú á þetta mál sérstaklega, sem eitt lítið mál. Það er ekki þar með sagt að með því sé lýst ánægju með öll lögin

um fæðingarorlof þó að þetta eina réttlætismál sé tekið hér út vegna þess að það liggur á að afgreiða það nú. Þess vegna tel ég að ef ráðherra óskar eftir að sú nefnd sem er að störfum nú fái frv. til umsagnar, sé alveg sjálfsagt að hún fjalli um þetta atriði. Þetta er það lítið atriði að það þarf ekki að bíða eftir heildarendurskoðun almannatryggingalaganna þó að þetta atriði verði lagfært.

Ég gat skilið það af orðum ráðherra, þó að það sé aðeins mín túlkun og ég ætli ekki að fara að leggja honum orð í munn, að hann teldi það ekki réttlætismál að konur héldu sínum launum í fæðingarorlofi. Ég er ekki alveg viss hvort það er rétt mat hjá mér, en ég sjálf tel það mjög mikilvægt að konur haldi launum í fæðingarorlofi. Það má líta á fæðingarorlof sem orlof á sama hátt og litið er á sumarfrí sem orlof. Þegar við förum í sumarfrí þá höldum við okkar launum, þeim launum sem við höfum haft bæði fyrir og eftir sumarfríið. Við lækkum ekki í launum í sumarfríum. Við förum heldur ekki öll á sömu laun þó að við förum í sumarfrí. Konur eru upp til hópa allt of lágt launaðar og fylla þann hóp sem hefur lægstu launin í þjóðfélaginu. Það væri auðvitað mjög mikill akkur í því að hækka laun þeirra almennt og þar með ættu þær líka að fá hærri laun í fæðingarorlofi. Það er hins vegar ekki hægt að vísa til þeirra sem lægstu launin hafa og tala um að einhverjar sem hafa e.t.v. hærri laun, sem eru því miður allt of fáar, eigi þar af leiðandi ekki að fá hærri laun í fæðingarorlofi. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, og ég vil vísa til þess sem hv. 9. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir sagði hér áðan að allt of margar konur hafa varla ráð á því að eiga börn vegna þess að þær eru á svo lágum launum almennt. Ég skora því á ráðherra að leggja þessu litla máli lið og vísa frekar til þess að þessi nefnd sem er að skoða almannatryggingalögin hljóti nú að vera komin það langt í sinni endurskoðun að hún geti lagt mat á þetta litla frv. sem hér er sem þó er svo mikilvægt í þessu réttindamáli að konur njóti eðlilegs fæðingarorlofs. Núna er þetta mjög gott skref, í sex mánuði, en að sjálfsögðu verðum við að líta til framtíðarinnar og vinna að því að lengja fæðingarorlof enn frekar.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég studdi þetta mál af því að mér finnst það réttlætismál. Það er vitaskuld óréttlæti að einhver starfsstétt skuli geta samið um það í samningum að fá full laun í fæðingarorlofi en annarri sé ekki leyft að semja við atvinnurekanda sinn ef hann er svo almennilegur að hann vill borga. Mér finnst að hérna gangi tryggingaráð eiginlega lengra en það ætti að gera. Í sjálfu sér finnst mér tryggingaráði ekki koma þetta mikið við. Það er ekkert verið að sækja í tryggingarnar. Það er verið að sækja í vasa vinnuveitandans svo að ég sé eiginlega ekki hvers vegna það tekur þessa afstöðu.

Það er ekki mjög langt síðan konur á þessum almenna vinnumarkaði fóru að fá fæðingarorlof. Mig minnir að það hafi verið í sólstöðusamningunum svokölluðu, árið 1977. Það var til umræðu að það voru stórar starfsstéttir hér á almennum vinnumarkaði þar sem konur höfðu aðeins hálfan mánuð í fæðingarorlof. Það var eitthvað um það leyti sem þau lög tóku gildi að konur fengu fæðingarorlof ef þær voru úti á vinnumarkaði en þá í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Þetta mæltist náttúrlega mjög illa fyrir hjá karlmönnum í verkalýðshreyfingunni því að sá hugsunarháttur var og er mjög gegnumgangandi að það sé eiginlega mál konunnar að eiga börn. Smátt og smátt hefur orðið breyting á þessu og smátt og smátt hefur fæðingarorlof lengst og greiðslurnar hækkað, en meðan ég hafði afskipti af þessu í mínu fagfélagi fannst mér atvinnurekendur, hverjir sem það voru, hvort sem það voru einstaklingar eða það opinbera, reyna að komast hjá því að greiða yfirleitt nokkurn skapaðan hlut ef þeir gátu. Mér finnst það þess vegna afskaplega virðingarvert ef einhverjir eru komnir með þann hugsunarhátt að gera jafnvel betur en þeir eru skyldir til samkvæmt lögum. Ég vil bara alls ekki taka þetta frá fólki, ekki fyrir nokkurn mun.

Ég vek athygli á því sem hv. 9. þm. Reykn. sagði áðan — gott er að hér situr eftir aðstoðarmaður heilbrrh. því að þetta þarf nauðsynlega að taka til athugunar í lögum einhvers staðar — að það er ekki greitt í lífeyrissjóðina á meðan foreldri þiggur fæðingarorlof. Nú er fæðingarorlof orðið sex mánuðir. Ef við gefum okkur það að það sé konan sem taki fæðingarorlofið, sem er í nærri því öllum tilfellum, þá er hún í ýmsum lífeyrissjóðum bara gjörsamlega búin að tapa lífeyrisréttindum. Ef ekki er greitt af launþega í lífeyrissjóði, a.m.k. eru lögin svona sums staðar, í sex mánuði, er rétturinn glataður. Hann verður að vinna sig upp aftur. Það er ekkert langt síðan kona leitaði til mín sem ætlaði sér að sækja um húsnæðislán og hafði einmitt glatað lífeyrisrétti á þennan hátt. Þetta þarf náttúrlega að taka til athugunar, annaðhvort ef þessi nýju lög um lífeyrissjóðina koma einhvern tíma upp á borðið eða einmitt í þessum lögum um fæðingarorlofsgreiðslur.

Ég get ómögulega séð hætturnar sem stafa af því að þetta frv. komist í gegn eins og það er. Ég get ekki séð að það þyrfti að stangast á við eitthvað annað, og ég vona bara að það verði að lögum sem allra fyrst.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. sem hér hafa talað fyrir stuðningi við þetta frv. og ég þakka einnig hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir ræðu hans og að vera hér viðstaddur. Mig langar þó til að koma hér að nokkrum athugasemdum.

Ég ítreka að lagabreytingar, sem lagðar eru til með þessu frv., munu á engan hátt skarast á við það nefndarstarf sem hæstv. ráðherra ræddi hér um áðan. Þvert á móti ættu þessar lagabreytingar að auðvelda störf nefndarmanna þar sem þeir þurfa þá ekki að velkjast í vafa um vilja löggjafans. Hann verður skýr.

Hæstv. ráðherra sagði einnig hér áðan að markmið fæðingarorlofslaganna væri m.a. að jafna rétt kvenna. Ég geri ekki lítið úr því markmiði en þetta er

ekki alls kostar rétt. Tryggingastofnun stuðlar einmitt að mismunun með afgreiðslu sinni. Það atriði að sumar konur geti náð fram betri rétti en aðrar liggur í hlutarins eðli vegna lögmála vinnumarkaðarins. En þó er það ekki síður markmið þessa frv. að gera konur, foreldra og atvinnurekendur betur meðvitaða um rétt sinn. Það gæti þannig ýtt undir gerð slíkra frjálsra samninga.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að markmið fæðingarorlofslaganna er að bæta tekjutap. Því er nú einu sinni þannig varið að launþegar eru ekki allir jafnt settir tekjulega. En menn hljóta að þurfa að gera áætlanir um útgjöld í samræmi við tekjur. Ef tekjur lækka skyndilega getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar. Hvers vegna á alltaf að setja konur á sama pallinn vegna þess að þær geta fætt af sér börn?

Það var einnig nefnt hér áðan að þessi ákvæði hefðu þurft að koma skýrt í ljós við setningu núgildandi fæðingarorlofslaga. Ég tel að ástæða þess sé vafalaust sú að nefndarmenn og þeir sem fluttu frv. á sínum tíma hafi ekki verið í neinum vafa um að sá réttur yrði virtur og þess vegna þyrfti ekki að taka það fram. En með þessu frv. er lagt til að tekin séu af öll tvímæli í þessum efnum.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hver sé staða hv. þm. eða löggjafans ef menn þurfa að sæta því að nefndir framkvæmdarvaldsins láti fyrst sitt álit í ljós áður en afstaða er tekin til lagafrv. Eiga hv. þm. að þurfa að bíða langan tíma, e.t.v. í mörg ár, eftir því að ná fram réttarbótum í þessu landi? Hæstv. heilbr.- og trmrh. þótti þó rétt að frv. þetta fengi eðlilega afgreiðslu í þinginu og fagna ég því. Ég vek einnig athygli á því að einn meðflm. er Jón Sæmundur Sigurjónsson, en hann er einmitt formaður hv. heilbr.- og trn. í þessari deild. Reyndar sitja fleiri meðflm. þessa frv. í þeirri nefnd. Ég leyfi mér því að vona að afgreiðsla þessa máls gangi fljótt og eðlilega fyrir sig.

Að lokum, hæstv. forseti, ítreka ég þakkir mínar fyrir stuðning hv. þm. og legg á það áherslu að réttur til fæðingarorlofs er slík grundvallarmannréttindi að ekki verður unað við neina réttaróvissu í þeim efnum. Til þess að taka af allan vafa um réttmæti umræddrar lagatúlkunar er því lagabreyting samkvæmt frv. þessu lögð hér til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

44. fundur, miðvikudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Málrækt 1989, ein umr.

Skýrsla menntmrh., 266. mál. — Þskj. 475.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. 30. nóv. sl. lauk málræktarátaki því sem ákveðið var að efna til á árinu 1989. Má segja að það hafi með formlegum hætti hafist með sérstöku ávarpi forseta Íslands sem birtist í fjölmiðlum á þjóðhátíðardaginn 17. júní 1989. Þegar þessi skýrsla lá fyrir skrifaði ég hæstv. forseta Sþ. bréf og óskaði eftir því að hún yrði sett hér á dagskrá þingsins þannig að það gæfist kostur á að fara lauslega yfir hana hér í umræðum í hv. Sþ. Vil ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa fallist á þá beiðni mína.

Tilgangurinn með þeirri umræðu sem hér hefst nú er af minni hálfu fyrst og fremst sá að gera grein fyrir málræktarátakinu og að koma þessu undirstöðuatriði íslensks sjálfstæðis og þjóðfrelsis á dagskrá á Alþingi. Ég hygg að þess séu ekki mörg dæmi að Alþingi hafi gefist kostur á að ræða sérstaklega um þróun og framtíðarhorfur þjóðtungunnar með þeim hætti sem hér er skapaður möguleiki á. Og ég held það sé afar mikilvægt og það er afar ánægjulegt að þingið skuli gefa sér tíma til að fara yfir þetta mál frá öllum þeim mikilvægu verkum öðrum sem hv. Alþingi hefur að sinna.

Ég mun nú, virðulegi forseti, fara lauslega yfir málræktarátakið og þá skýrslu um málrækt sem dreift hefur verið til hv. alþm. Síðan mun ég fara yfir helstu tillögur sem gerðar eru í skýrslunni en í henni koma fram tillögur um einstök atriði og einstök verkefni í þágu málræktar, samtals tæplega 60 tillögur af ýmsum toga. Ég mun að lokum fara nokkrum orðum um almennan lærdóm af þessu málræktarátaki og reyna að gera grein fyrir því hvernig ég gæti séð fyrir mér ákveðið framhald á átaki sem ætti kannski svipaðar rætur en væri ekki endilega nákvæmlega það sama og það verk sem málræktarátakið beindist að.

Í áramótaávarpi sínu 1. jan. 1989 hvatti forseti Íslands landsmenn til að hlúa að máli sínu og sýna því ræktarsemi. Má segja að það hafi verið kveikjan að hugmynd okkar í ráðuneytinu um að efna til átaks í málrækt. Í framhaldi af því lagði ég málið fyrir þó nokkurn hóp áhugamanna í janúarmánuði 1989 og lagði síðan fram tillögu í ríkisstjórninni í febrúar 1989 um málræktarátak. Á grundvelli hennar var gefin út fréttatilkynning frá ráðuneytinu 28. mars 1989 þar sem farið var yfir meginatriðin sem við töldum að ættu að liggja til grundvallar málræktarátakinu. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins var komist svo að orði:

„Margir hafa nú vaxandi áhyggjur af íslenskri tungu. Ber þar margt til.

1. Þjóðfélagshættir sem tungan er svo mjög bundin hafa breyst og ungt fólk í nútímaborgarsamfélagi virðist eiga í erfiðleikum með að tileinka sér hefðbundinn íslenskan orðaforða, orðtök, málshætti, talshætti o.fl.

2. Æ fleiri sækja menntun til annarra þjóðfélaga og tileinka sér starfsreynslu á erlendum málum og orðaforða þar að lútandi.

3. Fjölmiðlun eykst að umfangi og hún verður sífellt alþjóðlegri og erlendar stöðvar skjóta rótum.

4. Mjög einhæfur og sterkur straumur berst frá enskri tungu og menningu.

5. Móðurmálskennsla virðist ekki skila jafngóðum árangri og vænta mátti.

6. Starfshættir og viðhorf þeirra sem mest hafa beitt sér í málræktarstarfi virðast ekki eiga greiða leið að ungu fólki.

Með þessi atriði í huga og það að íslensk tunga er einn helsti grundvöllur menningarstarfsemi í landinu hyggst menntmrn. standa fyrir sérstöku málræktarátaki á þessu ári. Átakið beinist að þremur höfuðþáttum:

1. Að efla þá málræktarstarfsemi sem fyrir er.

2. Að efna til herferðar í skólum og fjölmiðlum á síðari hluta þessa árs til að auka veg móðurmálsins.

3. Að standa fyrir lagabreytingum og verkefnum í málrækt.

Hinn 2. apríl sl. var Guðmundur B. Kristmundsson, lektor við Kennaraháskóla Íslands, ráðinn til að gegna starfi verkefnisstjóra átaksins. Verkefnisstjórn var skipuð og í henni áttu sæti eftirtaldir einstaklingar: Guðrún Halldórsdóttir, skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur, Heimir Pálsson deildarstjóri, Hrönn Hilmarsdóttir, nemi í íslensku og fulltrúi Æskulýðssambands Íslands í verkefnisstjórn, Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri, Kristján Árnason dósent, Margrét Vallý Jóhannsdóttir fóstra, Matthías Johannessen ritstjóri, Ólína Þorvarðardóttir fréttamaður, Ólöf Þorvaldsdóttir auglýsingahönnuður, Sigurður Konráðsson dósent, Steingrímur Þórðarson framhaldsskólakennari, Þórdís Mósesdóttir grunnskólakennari og Þórunn Blöndal framhaldsskólakennari.

Ég vil nota þetta tækifæri hér, virðulegi forseti, til að flytja þessu fólki öllu úr þessum stól sérstakar þakkir fyrir mikil og vel unnin störf að málræktarátakinu á sl. ári.

Það má segja að í raun og veru sé dregin upp nokkuð dökk mynd af íslensku máli og stöðu þess og þróun í fréttatilkynningu menntmrn. frá 28. mars sl. Verður að játa það að sem betur fer komumst við að allt annarri niðurstöðu en þar birtist. Niðurstaða okkar er sú að eftir að hafa farið yfir þessi mál í skólum, menningarstofnunum, fjölmiðlum og víðar sé engin ástæða til að mála myndina jafndökkum litum og gert er í fréttatilkynningu ráðuneytisins varðandi þróun og þróunarhorfur íslensks máls. Ég mun nú rekja það nokkuð nánar og rökstyðja en verkefnin sem verkefnisstjórnin tók að sér voru aðallega þríþætt:

1. Alls konar hvatningar og tilmæli í fjölmiðlum og víðar.

2. Margs konar fræðsla.

3. Áhersla á rannsóknir og fræðistörf.

Þegar við fjölluðum um upphaf þessa átaks veltum við því mikið fyrir okkur hvort við ættum að nota orðið „málrækt" eða „málvernd" eða „málvöndun." Niðurstaða okkar varð sú að nota orðið „málrækt" sem er víðtækast af þeim hugtökum sem oft eru notuð í þessu sambandi og um leið óljósast að mörgu leyti. Það er hins vegar mjög jákvætt hugtak og við vildum leggja á það áherslu að þessi umræða færi af stað og færi fram undir jákvæðum formerkjum. Hljómur orðsins málrækt er jákvæður. Það bendir til vaxtar og þroska. Aðstandendur átaksins gerðu sér grein fyrir þessu grundvallaratriði og kostuðu kapps um að stefna umræðu um íslenskt mál og málrækt inn á jákvæðar brautir og leituðust við að vekja áhuga þjóðarinnar á máli sínu og hlutverki þess. Það eru þrjú grundvallaratriði varðandi málrækt og málþróun sem verkefnisstjórnin hafði í huga.

1. Málið er menningararfur sem hverjum Íslendingi ber að afhenda í sem bestu ástandi þeirri kynslóð sem tekur við. Það á að vera hverjum manni metnaðarmál að sá arfur hafi vel ávaxtast í umsjá hans og sé ekki rýrari en þegar hann tók við honum. Hann á einnig að gera sér grein fyrir því að þessi menningararfur íslensks máls, að við erum alin upp í íslenskri menningu og íslenskri hugsun, á stærstan þátt í því að við teljum okkur Íslendinga. Þess vegna er málið kjarni íslenskrar þjóðartilveru, sem ég leyfi mér að orða svo á kannski ofurlítið hátíðlegu máli.

2. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að málið er miðill og tæki til samskipta. Með því geta menn fræðst af öðrum, frætt aðra, skipst á skoðunum, deilt og tjáð tilfinningar sínar.

3. Lögð er á það áhersla af verkefnisstjórninni að líta þannig á að málið hjálpi einstaklingnum til að koma skipan á hugsun sína, gera honum grein fyrir því sem hann kann og hvað hann kann ekki og hvers hann þarfnast. Því betur sem einstaklingurinn ræktar mál sitt og verður færari um að beita því, þeim mun skýrari verður hann í allri hugsun og framsetningu hugsunarinnar. Þessi þrjú grundvallaratriði, varðandi menningararfinn í fyrsta lagi, málið sem miðil í öðru lagi og að málið er mikilvægt tæki til að koma skipan á hugsun mannanna, hafði verkefnisstjórnin í huga.

Í málræktarskýrslunni sem birt hefur verið hv. Alþingi og telur samtals um 60 síður var farið yfir einstök verkefni á árinu 1989. Þar eru fyrst í 2. kafla rakin helstu viðfangsefni. Þar er minnt á hvatningarorð þau sem birtust reglulega í fjölmiðlum. Þar er minnt á ávarp forseta Íslands, bæði um áramót og á þjóðhátíðardag. Þar er minnt á tilmæli til bæjar- og sveitarstjórna sem voru send út, tilmæli til starfsfólks skóla og dagvista. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að nefna það sérstaklega hve vel var unnið í þessu málræktarátaki einmitt á dagvistarstofnunum, leikskólum í þessu landi sem ég vona að einhverj-

ir hv. þm. hafi séð þegar þeir hafa heimsótt dagvistarstofnanir á undanförnum mánuðum. Við sendum frá okkur tilmæli til fræðslustjóra og fundir voru haldnir með öllum fræðslustjórum og í öllum fræðsluumdæmum. Við studdum það að ákveðin fyrirtæki komu fyrir hvatningarorðum um íslenskt mál á umbúðum og það er ánægjulegt að geta vitnað um það hér að fjöldi fyrirtækja hafði frumkvæði að því að hafa samband við verkefnisstjórnina og lýsti áhuga sínum á að tengjast málræktarátakinu. Efnt var til sérstakrar barnabókaviku Félags ísl. bókaútgefenda og Ríkisútvarpsins sem tókst einkar vel. Þar með má segja að ég hafi tæpt á meginatriðunum varðandi hvatningar og tilmæli.

Í öðru lagi er fræðsluþátturinn:

1. Margvíslegar blaðagreinar, m.a. um stofnanir sem sinna íslensku máli.
2. Útgáfa réttritunarorðabókar sem dreift var gefins til allra 11 ára barna í grunnskólum landsins.
3. Skipulagðir voru hlustendaþættir í Ríkisútvarpinu.
4. Efnt var til sérstaks samstarfs við þá merku samtímakonu Bibbu á Brávallagötunni, sem ollu nú nokkrum deilum sem betur fer þannig að menn töluðu um málið dálítinn tíma.
5. Efnt var til sérstaks móðurmálsátaks meðal kennara. Þar var um að ræða opna viku í Kennaraháskóla Íslands og aðsóknin var geysileg. Hún var margföld á við það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Ég hef nefnt hér barnabókavikuna og síðan vil ég nefna hér sérstaklega móðurmálsviku í skólum og dagvistum sem fór fram á tímabilinu 23.–27. október. Undirtektir þar voru framúrskarandi sem m.a. birtust í kröfugöngum af ýmsu tagi sem efnt var til víðs vegar um landið. Málræktarvikan skildi líka eftir sig margvísleg verkefni sem ég vænti að hv. alþm. hafi átt kost á því að sjá þegar þeir hafa heimsótt skóla að undanförnu, sem ég vona að þeir geri reglulega.

Það var einkar athyglisvert að þessum áherslum í skólunum var mjög vel tekið. Það kom t.d. fram í ótrúlegum fjölda góðra texta sem verkefnisstjórninni bárust frá börnum, ótrúlegum fjölda fallegra ritgerða, vel saminna og vel skrifaðra ritgerða og geysilegum fjölda ljóða frá börnum á grunnskólaaldri, alveg frá 6 ára aldri og upp í 15 ára aldur. Ég hygg satt að segja að það yrði fleiri þingmönnum en mér uppgötvun að kynnast þessum fjársjóði. Ég bendi á að þingmenn geta fengið aðgang að þessum textum í menntmrn. þar sem þessum gögnum hefur verið haldið saman. Og ég hygg að sá sem hefur farið í gegnum allan þennan sjóð verði a.m.k. ívið bjartsýnni á framtíðarhorfur málsins, íslenskrar tungu, en stundum virðist vera þegar fólk er að tala um málið og málrækt hér á landi.

Ég vil nefna í þessu sambandi bækling um málþroska og máluppeldi barna sem gefinn hefur verið út og vík síðan að rannsóknum og fræðistörfum, nefni þar örfáa þætti sem dæmi.

1. Útgáfa tíðniorðabókar á vegum Orðabókar Háskóla Íslands.
2. Unnið hefur verið sérstakt þyngdargreint námsefni handa nemendum í framhaldsskólum, en eins og menn komast að með því að lesa skýrsluna er ljóst að mikill skortur er á námsefni í íslensku fyrir framhaldsskólana. Einmitt þess vegna er hér um mjög lofsvert framtak að ræða sem er unnið af fjórum ungum konum sem hafa sérstaklega helgað sig þessum verkefnum.
3. Handbók um talmál og máluppeldi.
4. Rannsókn á töluðu máli og mállýskum sem fór fram fyrir allmörgum árum en úrvinnsla hefur tafist í mörg ár vegna fjárskorts. Hér er um mjög mikilvægt verkefni að ræða, ekki síst til þess að bera saman við þá rannsókn á töluðu máli og athugunum sem Björn Guðfinnsson vann á sínum tíma og hefur verið undirstöðuþáttur að því er varðar mállýskurannsóknir hér á landi á undanförnum áratugum. Það er löngu orðið brýnt að bera saman hvernig nútímasamfélagið hefur leikið málið. Hvort málinu hefur hrakað eins og yfirleitt er haldið fram, en ég held að sé misskilningur.

Í þessum kafla um málrækt, helstu viðfangsefni, er rakið samstarf sem verkefnisstjórnin hafði við marga aðila. Það eru Kennaraháskóli Íslands, Námsgagnastofnun, Íslensk málstöð og Æskulýðssamband Íslands. Ég vil sérstaklega geta þess að Æskulýðssamband Íslands átti hugmyndina að kjörorðinu sem oft var notað á málræktarárinu, þ.e. „Íslenskan, það er málið". Og Æskulýðssamband Íslands veitti okkur mjög mikinn stuðning í sambandi við málræktarátakið í heild. Ég vil einnig nefna samstarfið við Fræðsluvarpið. Ég vil nefna sérstaklega samstarf við Félag íslenskra bókaútgefenda, sem var mjög gott. Sömuleiðis samstarf við Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp og einnig við einkastöðvar, t.d. Stöð 2. Og mörg fleiri dæmi mætti nefna um þessa þætti sem hér hafa verið raktir.

Í 3. kafla þessarar skýrslu er farið yfir málrækt og skólastarf. Þar er gerð grein fyrir ýmsum tillögum af margvíslegu tagi, sem ýmist eru í framkvæmd eða í undirbúningi í menntmrn. Strax og skýrslan var komin saman lét ég taka saman yfirlit yfir allar þær tillögur sem í skýrslunni eru, sem eru tæplega 60 talsins, og hef óskað eftir því við starfsmenn ráðuneytisins að þessum tillögum verði raðað inn á verkefnaáætlun ráðuneytisins á næstu árum.

Ég hyggst ekki, virðulegur forseti, fara yfir einstakar tillögur varðandi skólastarfið. Ef ég gerði það yrði mál mitt allt of langt. En ég bendi hér á ítarlegar tillögur á bls. 22 í skýrslunni þar sem er rækilega farið yfir grunnskólann og dagvistarmálin sérstaklega. Ég nefni einnig ítarlegar tillögur á bls. 32 þar sem fjallað er sérstaklega um framhaldsskólann í landinu. Í næsta þætti þessa kafla er síðan fjallað um Kennaraháskólann og stöðu móðurmálskennslunnar í Kennaraháskóla Íslands. Þá er fjallað um Háskóla Íslands og skipan íslenskunáms þar. Ég vil í því sambandi víkja að tillögu sem þar kemur fram varðandi nýskipan íslenskunáms á bls. 37 í skýrslunni og kennslu í fjölmiðlun á bls. 38–39.

Varðandi nýskipan íslenskunáms vil ég sérstaklega nefna að í undirbúningi er að hér verði skapaðir möguleikar til þess í Háskólanum að taka upp nám til doktorsprófs í íslenskri málfræði og íslenskum bókmenntum. Þetta er í undirbúningi og er komið á talsverðan rekspöl innan Háskólans og ég geri mér vonir um að áður en langur tími líður verði hægt að hefja nám til doktorsprófs í íslenskri málfræði og íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því að verkefnisstjórnin, sem er skipuð eins og fram kemur í skýrslunni, leggur mikla áherslu á það að komið verði af stað kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Og skv. upplýsingum sem ég fékk frá háskólarektor núna áðan hefur verið ákveðið að kennsla í fjölmiðlun hefjist í Háskóla Íslands núna í haust og hefur rektor falið félagsvísindadeild Háskólans undirbúning þess. Það tel ég að sé mjög mikilvægt því að góð menntun fjölmiðlamanna er einmitt ein undirstaða þess að málið nái að þróast með jákvæðum hætti.

Síðan er í skýrslunni fjallað um fullorðinsfræðslu og birtar tillögur um aðgerðir í þeim efnum á síðum 41 og 42. Þá er vikið sérstaklega að fjölmiðlum og málfari í næsta kafla þessarar skýrslu þar sem farið er yfir stöðu málsins og þróun í fjölmiðlunum, bæði blöðum og ljósvakamiðlum. Sömuleiðis er vikið að auglýsingum sérstaklega og kynningarefni, en þar hefur verið við ramman reip að draga þar sem hefur viljað brenna við að þeir sem eru að selja vöru eða þeir sem eru að gefa fyrirtækjum nafn vilja gjarnan grípa til erlendra orða til að koma vöru sinni á framfæri. Um það mál er fjallað sérstaklega í þessari skýrslu.

Í 5. kafla er fjallað um málræktarstofnanirnar, þ.e. Orðabók Háskóla Íslands, Íslenska málstöð og sömuleiðis er þarna sérstaklega vikið að Orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar sem málrækarátakið var aðili að með ákveðnum hætti á síðasta ári. Ég tel satt að segja að hún sé eitt mesta afrek í íslenskri bókaútgáfu að því er varðar grunnrannsóknir íslensks máls sem hér hefur sést mjög lengi.

Loks er hér í 6. kafla skýrslunnar gerð tilraun til þess að meta málræktarátakið. Hvað tókst? Og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að fara lauslega yfir þessa tilraun til mats.

Framarlega í þessum kafla segir m.a. að þær heimildir sem liggja fyrir um málræktarátakið fái menn til að efast svolítið um þann dökka lista sem birtur er í fréttatilkynningu ráðuneytisins og vitnað er til fremst í skýrslunni og ég rakti áðan. Þjóðin virðist hafa mikinn og einlægan áhuga á máli sínu. Ef mæla má styrk í liðsafla er málið á grænni grein. Þó er ljóst að ýmislegt virðist órætt og ógert í íslenskri málrækt og margt leitar á hugann í lok málræktarátaks.

Þegar rætt er um nauðsyn málræktar eru rökin oftast neikvæð. Íslensk tunga er talin á heljarþröm, flest er illa sagt á vondu máli. Mál fjölmiðla er vont, segja menn. Mál barna og unglinga er vont. Öllu fer aftur í málfarsefnum. Afar sjaldan er talað um fallegt mál og hvað það sé gaman að komast skemmtilega að orði. Afleiðing þessa er sú að fjöldi fólks telur gott mál einungis koma úr munni fáeinna fræðimanna sem leggja stund á íslenskt mál. Margir virðast ekki treysta sér til að skrifa bréf til stofnana og einstaklinga til að vekja athygli á einhverju málefni eða leita réttar síns. Þessu verður að snúa til jákvæðari áttar og það reyndu aðstandendur Málræktar 1989. Telja verður nauðsynlegt að samtök atvinnulífsins standi fyrir fræðslu um íslenskt mál í ræðu og riti fyrir félaga sína og leggja verður áherslu á fullorðinsfræðslu. Slíkar aðgerðir eru til að treysta lýðræði þessarar þjóðar.

Þegar rætt er um það sem að er í máli nefna menn líklega oftast erlendar slettur og stafsetningarvillur í texta. Vissulega er hvort tveggja hvimleitt og ber að sporna við því. Við þurfum þó að gæta okkar á því að láta ekki þau atriði ein taka alla orku okkar og áhuga til málræktar því þarna eru á ferðinni augljósustu atriðin, þau sem flestir sjá og gera sér grein fyrir og ættu því að geta auðveldlega lagfært í máli sínu. Þar þarf fyrst og fremst leiðbeiningar og hvatningar. Hins vegar er ástæða til að óttast önnur atriði sem dýpra liggja og erfiðara er að koma auga á. Þar er átt við ýmislegt sem snertir framburð, setningaskipan og röklegt samhengi í máli. Það þarf að veita slíkum atriðum meiri eftirtekt en gert hefur verið.

Oft er klifað á því að margt fari úrskeiðis í máli barna og unglinga. Minna er rætt um það hver annast máluppeldi þessara hópa. Líklega þarf að beina áróðri og fræðslu í vaxandi mæli til fólks á aldrinum 20 til 50 ára. Þetta fólk hefur mest áhrif á börn. Það hefur einnig mest áhrif úti í atvinnulífinu. Það stofnar fyrirtæki sem sum hver hljóta erlend nöfn. Það flytur inn eða skapar nýja þekkingu og tækni sem þarfnast nýrra orða. Þetta er fólkið sem mest er áberandi í fjölmiðlum og er í sviðsljósinu í viðskiptum og þjónustu. Þarna á íslensk málrækt mikið verk fyrir höndum. Telja verður nauðsynlegt að fræða foreldra um mál og máluppeldi. Þá þyrftu félög atvinnurekenda og launþega að sameinast um að gefa fólki sínu færi á að rækta mál sitt með ýmsu móti. Það mun skila sér vel í starfi.

Fjölmiðlar eru oft sakaðir um að spilla málinu. Sjálfsagt er sumt réttmætt í þessum ásökunum og ekki má gleyma því að fjölmiðlar eru þær stofnanir sem nota málið mest allra stofnana og eru þjóðinni fordæmi í þeim efnum. Ekki verður því á móti mælt að margt er þar vel sagt á góðu íslensku máli. Við verðum að gæta okkar á að nota ekki fjölmiðla sem blóraböggul og firra okkur ábyrgð á málinu. Margt má betur fara í fjölmiðlum og fjölmiðlafólk þarf að vera sér mun betur meðvitað um ábyrgð sína. Fjölmiðlar verða að gera meiri kröfur til sjálfra sín, einkum verða þeir að sinna betur þjálfun starfsfólks en þar er einnig komið til kasta menntakerfisins. Ungt fólk sem hyggur á nám í fjölmiðlun verður að eiga kost á góðu námi á Íslandi. Fólk sem notar fjölmiðla þarf einnig að læra að gera réttmætar og sanngjarnar kröfur til þeirra. Á þann hátt getum það haft áhrif á þá.

Margir hafa með réttu töluverðar áhyggjur af áhrifum alþjóðlegra fjölmiðla á mál og menningu þjóðarinnar en geta lítið að gert þar sem fjölmiðlun virðir engin landamæri. Ástæða er þó til að dást að hugrekki íslenskra fjölmiðla. Á mælikvarða heimsins eru fyrirtæki hér svo smá að undrun sætir en metnaður sumra þeirra er hins vegar mikill. Það eina sem við getum gert í flóði alþjóðlegra sjónvarpsstöðva er að gera enn betur en hingað til. Þýða þarf texta og talsetja myndir og síðast en ekki síst þarf að framleiða mun meira af íslensku efni en gert er. Við vitum að það er ætíð vinsælasta efnið. Þetta kostar fé en ekki má gefast upp á að finna færar leiðir svo að unnt sé að framleiða mikið af góðu íslensku efni.

Móðurmálskennsla í skólum hefur ekki farið varhluta af umræðum um stöðu íslensks máls og málræktar. Það er oft með ólíkindum hve menn eru ónákvæmir í umfjöllun sinni. Ýmsir halda því blákalt fram að móðurmálskennslu hafi hrakað en hafa þá hvorki nýjar athuganir til að styðjast við né eldri athuganir til samanburðar. Hvað þá að þeir taki mið af ýmsum þjóðfélagsbreytingum sem kunna að hafa áhrif í þessum efnum. Við þyrftum að fara að kanna ástandið í skólum okkar svo unnt sé að svara athugasemdum af þessu tagi og bæta úr þar sem á skortir. Það er nauðsynlegt að fjalla sífellt um kennslu íslensks máls í skólum. Það eiga kennarar, fóstrur, foreldrar og þjóðin öll að gera. En sú umræða verður að vera uppbyggjandi og málefnaleg og jákvæð. Móðurmálskennsla verður aldrei fullkomin frekar en önnur mannanna verk. En það er mikilvægt að stefna alltaf að því að bæta hana. Hún má ekki staðna. Margt vantar til að sinna móðurmálskennslu hér á landi eins og vert væri. Menn verða þó að gera eins og þeir geta á hverjum tíma því börnin bíða ekki eftir betri tíð. Hins vegar verða þeir sem móðurmálskennslu annast að gera sér grein fyrir hvað á skortir svo kennslan geti orðið markviss og láta yfirvöld vita á hverjum tíma. Þeim, þ.e. yfirvöldum, Alþingi og ríkisstjórn, ber hins vegar skylda til að búa þannig að móðurmálskennslunni að hún geti borið sem bestan árangur.

Hér hef ég, virðulegi forseti, rakið nokkur atriði úr þessari skýrslu um málrækt 1989 og væri út af fyrir sig hægt að fara mörgum fleiri orðum um texta skýrslunnar en ég ætla ekki að gera það að sinni. Í skýrslunni eru fjölmargar tillögur um úrbætur, fjölmargar tillögur um aðgerðir.

Ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara yfir þær í einstökum atriðum en ég gæti það ef tilefni gefast til í umræðunum hér á eftir. Ég vil þó sérstaklega leyfa mér að taka eitt atriði út úr. Það er sú tillaga sem verkefnisstjórnin gerir varðandi stofnun málræktarsjóðs sem geti hvatt menn til góðra verka og styrkt verkefni sem t.d. falla ekki undir Vísindasjóð.

Tilefni þess að ég tek þetta verkefni út úr er það að fyrir nokkrum mánuðum heimsótti sænska akademían Ísland. Hvaða verkefni var það á Íslandi sem vakti sérstakan áhuga og athygli sænsku akademíunnar, sem veitir Nóbelsverðlaunin? Það var málræktarátak. Og ákvörðun hennar var sú að leggja fram 1 millj. kr. á þáverandi verðlagi til þess að unnt yrði að stofna hér á landi sérstakan málræktarsjóð. Við höfum að undanförnu verið að fara yfir þetta mál, m.a. með hliðsjón af því hvort unnt væri að kalla fyrirtæki, einstaklinga og samtök til samstarfs um þetta verkefni. Undirtektir við það hafa í raun og veru verið ótrúlega jákvæðar hjá fjöldamörgum fyrirtækjum, einstaklingum og samtökum. Ég held satt að segja að um leið og við ræðum þetta mál hér á hv. Alþingi þurfum við að velta því fyrir okkur hvað Alþingi vill gera til að treysta þennan undirstöðuþátt íslenskrar menningar sem er íslenskt mál. Hvað vill Alþingi á sig leggja? Með hvaða hætti vilja menn móta framkvæmdarstefnu til lengri tíma þar sem menn gera grein fyrir verkefnum þátt fyrir þátt sem eðlilegt er og nauðsynlegt að grípa til í þessu efni?

Ég held að í þessum efnum sé mjög brýnt að menn þori að hafa metnað því þá þori menn að reisa merkið býsna hátt. Og það er satt að segja mjög alvarlegt umhugsunarefni fyrir okkur að á sama tíma og það liggur fyrir að þjóðin hefur mikinn og einlægan áhuga á máli sínu þurfi þeir sem vilja stunda rannsóknir á tilteknum sviðum íslenskrar menningar, tungu og sögu iðulega að leita til útlanda til að ná í þau gögn og geta stundað þær rannsóknir sem eru undirstaða í þessu efni. Þvert á móti ætti það auðvitað að vera þannig að útlendingar flykktust hingað til þess að stunda rannsóknir á íslensku og norrænum málum og undirstöðuþáttum þeirra. Þannig hefur það því miður ekki verið og það er alvarlegt umhugsunarefni. Sérstaklega vegna þess að það rímar ekki við þann mikla áhuga sem þjóðin hefur á þessum undirstöðuþætti menningar sinnar.

Ég hef rakið hér, virðulegi forseti, nokkra meginþætti úr þessari skýrslu. Það sem ég vil leggja áherslu á að lokum af minni hálfu er það hvað undirtektir voru jákvæðar, hvað áhuginn var einlægur alls staðar og það meginatriði að yfirleitt er talað fallegt og gott mál í þessu landi. Málfar fjölmiðla er yfirleitt gott. Málfar stjórnmálamanna er ekki eins slæmt og stundum er haldið fram. Gallinn er sá að ein og ein undantekning sem menn heyra, t.d. í fjölmiðlum, er úthrópuð og talin til marks um það að allt sem sagt er sé slæmt, sé rangt, sé vitlaust og allt sé í raun og veru á niðurleið. Ég held að ef við ætlum að skapa málinu eðlilega þróunarmöguleika á komandi árum gerum við það ekki í þessu neikvæða andrúmslofti sem iðulega hefur skapast í þessum efnum. Við eigum að gera það með því að laða fram og segja frá og viðurkenna það jákvæða sem liggur fyrir á mjög mörgum sviðum. Ég held satt að segja, og vil leyfa mér að segja það að allra síðustu, virðulegur forseti, að í upphafi þessa átaks og reyndar í mörg ár hef ég velt því fyrir mér hvort það væri þannig að sá neisti sem hér var örugglega til, undirstaða þjóðlegrar menningar, hvort hann væri til enn þá á sama hátt núna árið 1989 eða 1990 og hann var til t.d. á árinu 1944. Ég hef stundum verið að tala um þetta við fólk,

ungt fólk og fullorðið fólk, og ég hef tekið eftir því að það er mjög auðvelt að finna þennan neista, þennan eld í því fólki sem upplifði sjálft stærstu tíðindi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Ég hef velt því fyrir mér hvort það geti verið að hann sé kannski kulnaður. Að þessi æð sé kannski ekki lengur til sem þarna opnaðist. Það hefur komið í ljós og það er sannað í þessu málræktarátaki að mínu mati að þessi æð er til. Þessi eldur er til með þjóðinni allri. Það er mikilvægt fyrir háttvirta alþm. að gera sér grein fyrir því að það er hægt að sameina þessa þjóð um grundvallarverðmæti eins og málið, menninguna og forsendur hennar. Ég held að við þurfum að velta því fyrir okkur hvort við stöndum í raun og veru ekki hér frammi fyrir mjög merkilegum, ánægjulegum tíðindum og hvernig við ætlum að vinna að þessum málum áfram.

Í þjóðfélagi hagvaxtarins og tæknihyggjunnar þar sem allt er metið í peningum og gróða og arði, í því þjóðfélagi vilja undirstöðuverðmæti af þessu tagi gleymast. Og það er mjög mikilvægt, finnst mér, að Alþingi Íslendinga gefi sér tíma til að ræða þetta, það sem sameinar eða getur sameinað þessa þjóð. Við stöndum núna frammi fyrir mjög miklum breytingum umhverfis okkur og hér á landi líka að því er varðar undirstöðuþætti stjórnmálaumræðunnar. Það er alveg ljóst að hún mun á komandi áratugum þróast talsvert öðruvísi en hún hefur gert á undanförnum áratugum. Ég held að mikilvægast af öllu sé að það takist að treysta á þessum komandi árum og áratugum, í þessum stjórnmálasviptingum, þau undirstöðuatriði sem gera þessa þjóð að þjóð. Og ég segi það stundum, a.m.k. við sjálfan mig, að í rauninni sé það það sem mestu máli skiptir. Allt annað er í mínum huga mikið smærra. Í því felst ekki einangrunarsjónarmið af neinu tagi af minni hálfu heldur hitt að ég tel að besta framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar sé traust íslensk menning þar sem tungan og þróun hennar við eðlilegar aðstæður er undirstöðuatriði.

Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, um leið og ég endurtek þakkir fyrir það að hafa fengið að koma þessu máli hér til umræðu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir að leggja þessa ágætu skýrslu hér fram, gefa þingmönnum tækifæri á að kynna sér hana og segja um hana nokkur orð.

Málræktarátak tel ég í sjálfu sér vera mjög þarft og það var sannarlega tímabært. Til þess hefur verið lögð afar mikil vinna og þá ekki síst sjálfboðavinna allra þeirra mörgu sem að því stóðu. Það hefur líka verið lögð mikil alúð við undirbúning þessa átaks. Þar hafa margir lagt hönd að verki og það er vert að minna á það að áhrif slíks átaks eru ekki síður á þá sem beita sér fyrir því og vinna að því en á þá sem átakinu er beint að. Í þessu tilviki hafa margir uppalendur komið að verki. Þeir verða oft fyrir hugarfarsbreytingu sem þeir miðla síðan áfram í samskiptum sínum við aðra vegna þess að vinna sem þeir hafa lagt af mörkum til átaksins hefur knúið þá til hugsunar og þá oft nýrrar hugsunar.

Það tókst margt vel að vonum í þessu málræktarátaki en annað miður og hafa menn væntanlega eitthvað af því lært og orðið reynslunni ríkari. Það er rétt að taka á með þessum hætti, að mínu mati, og draga athygli og hugsun fólks að því sem betur má fara í máli manna. Það hlýtur þó að skipta öllu máli hvernig haldið verður áfram í framtíðinni, hvernig málrækt verður stunduð meðal almennings og hverja forustu stjórnvöld vilja veita í þessum efnum. Ég er sammála hæstv. ráðherra um það að jákvæðni er miklu drýgri hvati til ræktunar og árangursríkrar ræktunar en gagnrýni. Það á jafnt við um málrækt sem aðra rækt. Þess vegna held ég að rétt sé að leggja ríkari áherslu á jákvæðni fremur en gagnrýni.

Það væri vissulega ástæða til þess að tala hér langt mál og minnast á marga þætti þessarar ágætu skýrslu, en ég ætla hins vegar að takmarka mig við tvö atriði sem ég hef áhyggjur af og beina spurningum um þau til hæstv. ráðherra. Börnin læra móðurmál sitt ung meðan þau eru enn í umsjá foreldra eða dagvistarheimila. Þau geta talað áður en þau kunna að lesa. Þetta vitum við öll. Við vitum líka að fjölmiðlar skipa æ meiri sess sem afþreying og jafnvel gæsla ungra barna og þess vegna vil ég beina athygli hæstv. ráðherra og þm. að því sem segir á bls. 44 um talsetningu sjónvarpsefnis fyrir yngstu áhorfendurna. Þar hefur barnaefni á enskri tungu verið yfirgnæfandi til nokkuð langs tíma og börnin læra það mál sem fyrir þeim er haft en geta ekki lesið þann texta sem með myndinni er fluttur því að yfirleitt eru myndirnar textaðar á íslensku. Ég tel það vera afar mikilvægt að beina fjármunum og áherslum að því að talsetja íslenskt barnaefni sem er af erlendum uppruna. Best af öllu væri þó og miklu nær að auka innlenda dagskrárgerð, bæði fyrir fullorðna og ekki síður fyrir börn.

Það hefur komið fram í fyrirspurnum hér á þingi að það er ótrúlega lítill hluti af sýningartíma íslenska sjónvarpsins sem er sérstaklega ætlaður börnum, allt of lítill tími miðað við það hve börn horfa mikið á sjónvarp. Það hefur verið okkur til stórskammar hversu mikið af þessu efni hefur verið á öðrum tungumálum en íslensku. Þess vegna vil ég beina spurningum sérstaklega til hæstv. ráðherra um leið og ég þakka fyrir þessa skýrslu og samgleðst yfir þeim árangri sem orðið hefur af þessu átaki: Hvað hyggst hæstv. ráðherra fyrir sérstaklega í þessum efnum? Hyggst hann beita sér fyrir því, eða ríkisstjórnin, að lögð verði sérstök áhersla á og þá varið fjármunum til þess að talsetja barnaefni í íslensku sjónvarpi sem ekki er á íslensku og einnig að meiri tíma verði varið til innlendrar dagskrárgerðar fyrir börn?

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fór nú svo að hv. 6. þm. Reykv. lagði áherslu á það sem ég mundi kalla aðalatriði þessa máls.

Þó að börn hafi almennt verið kennd við föður hefur það verið vitað að tungan var kennd við mæðurnar. Og móðurmál er það sem menn læra í þessu landi. Þess

vegna er það ekki það sem gerist uppi í Háskóla eða í menntaskóla sem ræður úrslitum. Það sem ræður úrslitum er hvað gerist fyrstu sjö árin í lífi einstaklinganna. Við sem höfum fengist við kennslu eigum minningar um börn sem koma í skóla svo vel talandi að ég er sannfærður um að margir fara út úr menntaskólum með miklu slakara málfar en þessi börn. Og ástæðan var ekki aðeins sú að þau væru vel af guði gerð, heldur hitt að það málumhverfi sem þau höfðu alist upp í var það jákvætt og það agað að það hafði fært þeim svo mikla þekkingu. Þetta er ekki endilega bundið við það hvort barnið er alið upp í sveit eða borg. Þetta er e.t.v. líka bundið við það hve rúman tíma foreldrar hafa haft til að sinna sínum börnum.

Ég minnist þess að það eru ekki mörg ár síðan að ég vissi að það var ungur drengur að vaxa úr grasi í Kópavogi sem hafði Íslendingasögurnar sem sitt aðallestrarefni. Og þegar ég var um tvítugt vissi ég um annan úti í sveit sem var svo límdur við þennan sama bókastofn. Ég get þess vegna ekki tekið undir það sem skáldið orðaði svo: „Senn á Byron engan yl og ekki Njála heldur." Ég trúi því að framtíð bókmenntaverka og framtíð íslenskrar tungu sé ekki í hættu. Og ég held að hið svokallaða málræktarátak — ég segi svokallaða vegna þess að auðvitað vinna menn enga sigra á því sviði á einu ári, það er miklu stærra og lengra verkefni — hafi aftur á móti sannað að ástandið er ekki jafnslæmt og bölsýnismenn hafa viljað boða.

Aðalatriðið er hins vegar það að snúa sér að því að talsetja allt erlent efni sem börnum er ætlað að horfa á í sjónvarpinu, talsetja allt erlent efni með íslensku tali sem börnum er ætlað að horfa á í sjónvarpinu. Það er það fyrsta. Stórþjóðir eins og Frakkar, með mikla menningarsögu, hafa þann metnað að í frönsku sjónvarpi kemur ekkert annað en franskt tal. Þeir taka erlendar myndir og talsetja þær. Hvort það er einhver kúrekamynd úr villta vestrinu eða eitthvað frá Þjóðverjum eða Bretum skiptir ekki máli. En það þarf að gera meira en þetta. Það þarf að leigja út frá almenningsbókasöfnum Íslands myndbönd með íslensku tali fyrir þessa aldurshópa. Og þegar ég segi þetta, þá tel ég að hægt sé að hjálpa íslenskum mæðrum við það verk sem þær hafa fyrst og fremst unnið, hvort sem karlmennirnir eiga nú að taka þátt í því eða ekki, og það er að kenna börnum móðurmálið.

En ég ætla að bæta þessu við: Ég hef horft á það að við erum með virðulega stofnun í þessu landi, Þjóðleikhúsið. Þar er mikill fjöldi hæfra leikara, mannval að mörgu leyti. Hins vegar er að svo að menn eldast og það er ekki víst að það henti í öllum þeim verkum sem þar er verið að sýna að skipa á svið þeim starfskrafti sem fastráðinn er hjá Þjóðleikhúsinu. Það er mikil spurning hvort hægt væri að fá þennan starfskraft til liðs við þá sem vilja ná árangri í því að bæta móðurmálið, og kannski er það þessi starfskraftur öðrum fremur sem hefur varið íslenska tungu á seinni árum. Ég minnist þess að það gerðist ábyggilega sjaldan þegar maður var barn að aldri að maður sleppti því að hlusta á útvarpsleikrit, hvað þá að maður sleppti því að hlusta á útvarpssögur sem verið var að lesa upp og þá gjarnan af leikurum. Og væri hægt að koma því þannig fyrir að starfskraftar slíkra aðila yrðu að einhverju leyti nýttir til þess að koma íslensku tali inn á myndbönd sem í dag eru að boða sama boðskapinn og á mínum yngri árum var aðeins til í bókum. Þá lásum við Gulleyjuna, þá lásum við Jón miðskipsmann og margar aðrar erlendar bækur og sáum þetta fyrir okkur ljóslifandi, hvað var að gerast. En auðvitað er búið að taka ævintýrin sem við höfðum þá aðeins í formi bóka og setja þau á nýjan hátt inn í samfélagið, þ.e. í formi kvikmynda.

Ég ætla ekki með þessum orðum að gera lítið úr því að menn leggi áherslu á ýmsa aðra þætti, en ég undirstrika það að börn eru velflest búin að læra málið þegar þau koma í skólann og eiga að fara að lesa og þess vegna skiptir höfuðmáli hvernig umhverfi þeim er búið til þess að geta lært málið á þessu tímaskeiði.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þessarar skýrslu um málræktarátak 1989 sem hæstv. menntmrh. hefur hér mælt fyrir. Ég vil eins og aðrir hv. þm. sem hér hafa talað byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessa skýrslu sem ég tel vera mjög mikilvæga eins og þetta mál allt er í raun og veru.

Það er oft sagt að við Íslendingar séum á hættubraut, að glata tungu okkar, því að inn í málið hafi komið alls konar erlend tökuorð og slettur eins og það er orðað. Ég held að þetta sé ekki alls kostar rétt. Ég held að íslensk tunga sé minna menguð og hreinni en mörg önnur, t.d. Norðurlandamálin, og ef nokkuð er held ég að við höfum að mörgu leyti hreinsað okkar tungu af ýmsum erlendum lánsorðum eins og var talsvert um hér áður og fyrr eins og margir muna eftir þegar danskan var ansi mikið notuð í íslensku máli. Það þótti nefnilega oft fínt að tala dálítið dönskumengaða íslensku.

Hitt er alveg rétt að það er ljóst að við þurfum að vera vel á verði og það þarf vissulega að byrja á byrjuninni og leggja rækt við málfar barna eins og hér hefur komið fram. Þar koma auðvitað fyrst til uppalendur, þ.e. foreldrar, og síðan starfsfólk dagvistarstofnana og skóla og eins og hér hefur einnig verið nefnt eru fjölmiðlarnir orðnir mikilvægur þáttur í því að stuðla að góðu málfari og rækta það.

Hér var minnst á þátt foreldra og mikilvægi þess að þeir tali við börn sín, rækti vel málræktargarðinn ef svo má að orði komast, en eins og við þekkjum hafa aðstæður foreldra breyst mjög í breyttu þjóðfélagi og því er þáttur annarra sem taka við umönnun barna á fyrstu æviskeiðum þeirra, eins og leikskóla, dagheimila og grunnskóla, svo mikilvægur og sú menntun sem þessir uppalendur fá í móðurmálskennslu.

Ég vildi aðeins taka undir það sem hér hefur verið sagt að það þarf að taka jákvætt á þessum málum. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa

skýrslu um málræktarátakið sem auðvitað hlýtur að verða að halda áfram í verki þó að árið 1989 hafi verið helgað því átaki. Og ég endurtek aðeins og ítreka þýðingu þessa máls og þakka hæstv. menntmrh. fyrir ágæta skýrslu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður um skýrsluna og ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið og þá fyrst í sambandi við talsetningu sjónvarpsefnis. Þetta mál hef ég rætt beint við forráðamenn beggja sjónvarpsstöðvanna satt að segja fyrir alllöngu. Ég hygg að nokkur breyting hafi orðið á eins og einu ári eða svo án þess að það sé þessum viðtölum að þakka, en það hefur orðið talsverð breyting, að ég held. Auk þess hefur orðið talsverð aukning á innlendri dagskrárgerð í ríkissjónvarpinu. Í júnímánuði sl. skrifaði ég öllum ljósvakamiðlunum og spurði um stefnu þeirra að því er varðaði barnaefni yfirleitt. Ég fékk lausleg svör frá tveimur þeirra, þ.e. Stöð 2 fyrst og síðan Ríkisútvarpinu og reyndar ítarlegra svar sem mér barst svo frá Ríkisútvarpinu núna alveg nýlega þar sem mótuð er tiltekin stefna í þessu efni sem ég tel að sé mjög í rétta átt, en eins og hv. 6. þm. Reykv. gat um er hér auðvitað fyrst og fremst spurningin um það hvar menn hafa áherslurnar. Og ég held að til að þessir hlutir verði í sæmilegu lagi verðum við að halda áfram þessari umræðu um börn og barnaefni og barnamenningu sem ég kem aðeins að á eftir, en bendi á að mér sýnist að ýmsar deildir sjónvarps og útvarps, Ríkisútvarpsins, hafi tekið sig verulega á í þessu efni að því er varðar börnin alveg sérstaklega, ekki aðeins að því er varðar gerð almenns dagskrárefnis fyrir börn heldur líka að því er varðar gerð fréttaefnis fyrir börn eins og t.d. íþróttaefnis sem ég vænti að einn og einn þm. hafi kannski veitt athygli.

Varðandi það sem hv. 6. þm. Reykn. sagði er það auðvitað grundvallaratriði að aðstæður foreldranna hafa breyst, aðstæður þeirra til þess að stunda máluppeldi með börnum sínum hafa breyst. Foreldrarnir eru ekki heima, þeir eru að vinna, og tíminn til að sinna börnunum er of lítill og af þeim ástæðum er það sem börnin verða að vera sjálfum sér nóg með ýmsum hætti, hafa félagsskap hvert af öðru eða af fjölmiðlum sem eru kannski misjafnlega heppilegir uppalendur þó að þeir séu auðvitað ekki alltaf slæmir. Ég held að í þessu sambandi séum við kannski komin að kvikunni í þessu máli, grundvallaratriðinu. Ef við ætlum að tryggja það að málið fái að þróast hér með eðlilegum hætti er það uppeldisumhverfi barnanna sem er meginmálið í þessu, ekki aðeins þeirra barna sem eru inni á skólum og dagvistarstofnunum heldur kannski fyrst og fremst þeirra barna sem ekki eru þar.

Það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan að grunnurinn er lagður á aldrinum að 6–7 ára aldri. Ef börn verða fyrir verulegu hnjaski á þeim tíma tekur oft mörg ár og tekst jafnvel ekki að leiðrétta það. Og ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að stjórnvöld, Alþingi, og þessi opinbera umræða í þjóðfélaginu hefur ekki snúist um rétt barna til menningarlegs umhverfis. Í rauninni er það þannig að þessi réttur barna hefur ekki verið viðurkenndur sem skyldi sem er kannski ekki síst ástæða til að segja við þær aðstæður að við erum með hér í forsetasæti rithöfund sem hefur gefið íslenskum börnum góðar bækur, á íslensku nútímamáli — ég segi gefið, á íslensku nútímamáli — og það skiptir einmitt mjög miklu að mínu mati að þeir sem tala um málið og þróun þess geri sér grein fyrir að börnum verður ekki gefið lifandi tungumál með því að kasta í þau fornbókmenntum, svo mikilvægar sem þær auðvitað eru. Það þarf að vera lifandi jákvæð þróun í málinu sjálfu frá degi til dags og þess vegna eru góðar barnabækur og góðar barnakvikmyndir í raun og veru ein meginundirstaða þess að börnin fái eðlilegt og gott málumhverfi. Okkur hættir oft til þess að ætla að setja þessa hluti í gamlan farveg, ætlast til þess að börnin upplifi veruleika sinn eins og við gerðum. Það var góð samlíking sem tónlistarmaður nefndi við mig á dögunum. Hann sagði: Þegar við vorum að alast upp í sveitinni var lóan vorboðinn, en fyrir börnin í Reykjavík er það malbikunarvélin. Og þetta segir kannski sína sögu um þann veruleika sem við nú stöndum frammi fyrir og er allt, allt annar en sá sem fólk ólst upp við hér fyrir mörgum áratugum.

Ég held að það skipti mjög miklu máli að við sköpum þannig þjóðfélag, barnvinsamlegt þjóðfélag, að foreldrarnir hafi tíma til að tala við börnin sín, að vera með börnunum sínum, og ég held að eðlilegt framhald af umræðu af þessu tagi ætti að vera umræða um barnamenningu og rétt barna til menningarlegs umhverfis, rétt barna sem einstaklinga en ekki sem óskilgreindra þúsunda. Við höfum ákveðið að reyna að sinna því máli eins og við getum á þessu ári, m.a. með hliðsjón af þróun íslensks máls og með hliðsjón af þeim mikla áhuga, þeim þjóðlega áhuga sem kom fram í málræktarátakinu sem ég held að sé hægt að virkja á mörgum öðrum sviðum, m.a. til að rækta virðingu barna og þjóðarinnar fyrir landinu og gæðum þess. Ég held í rauninni að besta svarið við þessum mikla áhuga sem birtist á síðasta ári sé það að reyna að snúa sér að barnamenningunni sem slíkri og opna leið til þess að öll íslensk börn eigi rétt á því að alast upp í sæmilega menningarlegu umhverfi.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. og hæstv. forseta fyrir þessar umræður.

Þannig háttar til, hæstv. forseti, að ég þarf því miður að biðja um fjarvistarleyfi þar sem ríkisstjórnarfundur hófst núna fyrir 7 mínútum en ég er tilbúinn til að halda umræðunni áfram síðar ef hv. þm. óska eftir því.

(**Forseti:** Má ég spyrja hv. 2. þm. Norðurl. e. hvort hann óski eftir að fresta máli sínu vegna fjarveru ráðherra eða nýta tímann nú. Forseta er að sjálfsögðu ljúft að fresta umræðunni þangað til ráðherra getur verið viðstaddur.) (**HBl:** Ég óska eftir að fresta máli mínu, en fá orðið um þingsköp.)

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Fyrirspurn um kennsluefni í íslenskum bókmenntum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Á þskj. 498 er skriflegt svar hæstv. menntmrh. við fyrirspurn. Ég óska eftir að hæstv. menntmrh. hlýði á það sem ég hef að segja um þetta atriði. Ég óska eftir að það sé náð í hæstv. menntmrh. í salinn. Mér skilst að hæstv. forseti hafi verið með athugasemdir í minn garð úr forsetastóli þegar ég var staddur í húsakynnum Alþingis hér fyrir skömmu og ég óska eftir að hæstv. forseti sjái um að ná í menntmrh. þannig að það komi í ljós að hæstv. forseti hefur stjórn á stofnuninni. (**Forseti:** Ég bið menn að ná í menntmrh. ef hann er ekki farinn úr húsinu. Venjan er þó að ræða um þingsköp við forseta en ég skal reyna að sjá svo til að hæstv. menntmrh. komi í salinn.) Mér er kunnugt um það, hæstv. forseti, að það er venja að ræða um þingsköp við forseta. Ég hélt líka einu sinni að venja væri, ef búið væri að slíta umræðum um tiltekið mál, að hæstv. forseti tæki ekki upp þann þráð að nýju í tengslum við tiltekinn þingmann og óskaði eftir því að leita atkvæða um það hvort hægt væri að halda áfram umræðum um mál sem væri lokið og blanda þingmanni inn í slíkar málalengingar úr forsetastóli að honum forspurðum og þegar hann er í húsakynnum Alþingis, að hann skuli þá ekki vera látinn vita.

Ég þakka fyrir að hæstv. menntmrh. skuli koma inn í salinn. Ég hef sagt hæstv. ráðherra frá því að mér finnst það svar sem hefur borist við fsp. minni ófullnægjandi. Ég óskaði eftir skriflegu svari við svohljóðandi fsp.:

„Hvaða íslensk bókmenntaverk voru og verða sett fyrir í grunnskóla og einstökum framhaldsskólum skólaárin 1988–1989 og 1989–1990?

Óskað er eftir að svarið verði sundurgreint eftir bekkjum."

Þessu hefur verið svarað á þskj. 498. Yfirskriftin er svar. En ef þetta svar er lesið kemur í ljós að fsp. er alls ekki svarað. Nú hefur Alþingi leyft að þessi fyrirspurn sé fram borin. Þá lít ég svo á að hæstv. forseti eigi að sjá um að henni sé svarað. Og ég óska eftir því að það verði gert.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Það er sérkennileg árátta sumra hv. þm. Sjálfstfl. að vilja fara að fá skýrslu um hvert viðvik í öllum grunnskólum landsins sem eru nú ekki nema 203. Það er útilokað að taka skýrslu af því tagi saman á þeim tíma sem ætlaður er til svara. Ég sé auk þess ekki að það þjóni nokkrum tilgangi. Embættismenn menntmrn., námsstjórinn í íslensku og framhaldsskóladeildin, hafa svarað þessari fsp. hv. þm. lið fyrir lið eins og kostur er. Gerð er grein fyrir grundvallaratriðum málsins og rakin öll þau bókmenntaverk sem lesin eru í framhaldsskólum landsins. Frá mér fær hv. 2. þm. Norðurl. e. ekki annað svar við þessari fsp. Hann getur reynt að bera fram aðrar ef honum sýnist svo. En svo verð ég því miður, hæstv. forseti, að óska eftir því að fá að fara á ríkisstjórnarfund og að ef nauðsynlegt er að halda áfram umræðu um þingsköp verði einnig gert hlé á henni. Er það hægt, hæstv. forseti?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég held að afar erfitt sé að fresta umræðu um þingsköp. Hv. 2. þm. Norðurl. e. talar um þingsköp.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. var að tala hér um málræktarátak áðan en fer vitlaust með íslenska tungu í næstu ræðu á eftir. Það er rangt að hér sé gerð grein fyrir hvaða bókmenntaverk voru og verða sett fyrir í grunnskóla og einstökum framhaldsskólum skólaárin 1988–1989 og 1989–1990. Þetta er röng notkun á íslensku máli. Og það sem verra er, svarið ber með sér í einstökum atriðum að þar er ekki rétt með farið. Það er t.d. fullkomlega rangt að Snorra-Edda, eins og hún leggur sig, sé lesin í einhverjum bekk í grunnskólum eða framhaldsskólum hér á landi eins og stendur í þessari skýrslu hér.

Nú reynir á hvort einhvern tilgang hafi fyrir einstaka þingmenn að bera fram fsp. á Alþingi. Ég geri mér að vísu grein fyrir að einstakir ráðherrar geta með dónaskap skotist undan að svara fyrirspurnum sem Alþingi hefur samþykkt og með þeim hætti sýnt þá virðingu sem þeir bera fyrir þessari stofnun. Meðan hæstv. menntmrh. var ritstjóri talaði hann um Alþingi götunnar sem ætti að taka völdin af þjóðkjörnu Alþingi Íslendinga og sú sama tilfinning er ofarlega í hans huga enn. Nú vill svo til að þingmenn hafa fleiri ráð en þinglega fsp. til þess að knýja fram upplýsingar. Hitt er ljóst að ef forsetar þingsins ekki sjá til þess að virðing Alþingis standi að því leyti til að ráðherrar skuli svara þeim fyrirspurnum sem fram eru bornar með þinglegum hætti og Alþingi hefur samþykkt, ef hæstv. forsetar láta það yfir sig ganga, þá er illa komið fyrir þessari stofnun og auðvitað óhjákvæmilegt að taka þetta mál upp á miklu víðari grundvelli en ég hafði ætlað. Ég hafði gert hæstv. menntmrh. grein fyrir því sem ég sagði hér áður en ég tók til máls. Það er auðvitað til í tölvum menntmrn. hvaða bókmenntaverk eru lesin í grunnskólum landsins. Ef það er ekki til í tölvunum held ég að hæstv. menntmrh. ætti að reyna að koma tölvunum í lag og fá þá hjálp til þess einhvers staðar frá því að auðvitað hlýtur það að liggja fyrir í menntmrn., hjá námsstjórum í íslensku, hvaða bókmenntaverk eru lesin í grunnskólum landsins. Og auðvitað er það ekki mikið verk fyrir hæstv. menntmrh. að láta safna saman hvaða bókmenntaverk voru sett fyrir í framhaldsskólum landsins á sl. vetri og verða sett fyrir á þessum vetri.

Það á svo eftir að koma í ljós hver verða viðbrögð hæstv. forseta og ég spyr hann úr ræðustól hvort hann ætli að sjá til þess, beita áhrifum Alþingis og forsetavalds til þess að knýja hæstv. menntmrh. til þess að

svara þeirri fsp. sem þinglega er fram lögð. Eða eigum við að sætta okkur við það að það sé sami oflátungsháttur inn, sami ráðherraslátturinn í þessu máli og í svo ótal mörgum málum öðrum að hún skipti engu máli þessi stjórnarandstaða, það skipti engu máli hvort það eru efnahagsmál eða eitthvað annað, að sami maður geti komið hér upp og talað um málræktarátak en neitað að gefa Alþingi skýrslu um kennslu í þeim bókmenntum sem kenndar eru í íslenskum grunnskólum og íslenskum framhaldsskólum? Það væri til að kóróna skömmina.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vill forseti upplýsa eftirfarandi: Forseti las allítarlega svar hæstv. menntmrh. Hv. 2. þm. Norðurl. e. fékk samdægurs og svarið barst bréf frá forseta um að það væri komið og það var honum sent. Engar athugasemdir hafa frá honum komið hingað til svo að forseta var með öllu ókunnugt um að hann teldi svarið ekki fullnægjandi.

Nú hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að hann telji sig ekki geta svarað umræddri fsp. á annan veg en hann hefur gert og því hlýtur forseti að leggja til að hv. þm. beri fram nýja fsp. sem nákvæmlega tiltekur það sem hv. þm. fýsir að vita og forseti mun að sjálfsögðu veita því máli brautargengi. Þannig er saga þessa máls og forsetar hafa síður en svo reynt að leggjast í veginn fyrir því að hv. þm. fengi svör við þeim fsp. sem hann hefur fram borið.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að kennarar og skólastjórar hér á landi hafa frelsi. Ekki er skipað fyrir um það í einstökum atriðum hvaða bækur þeir mega sýna í kennslustundum. Það kann að hafa verið til, á þeim tíma þegar Sjálfstfl. fór með menntmrn., skráning í einhverri tölvu á hverjum einasta bæklingi sem lesinn var í hverjum einasta skóla, í hverri einustu stofu, af hverju einasta grunnskólabarni í landinu. Hafi það verið til þá hef ég aldrei séð það gagn sem betur fer og vil ekki sjá það.

Ég vil nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að andmæla þessari ritskoðunarfýsn sem birtist í málflutningi hv. 2. þm. Norðurl. e. Þó hann muni gera tilraun til þess að biðja mig um að senda út njósnara í hverja einustu skólastofu í landinu, jafnvel þó það komi fram í skriflegri fsp., mun ég neita því, virðulegi forseti, það er alveg á hreinu. Ég læt ekki hafa mig í svoleiðis fíflaskap.

Ég tel að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi fengið nægilega skýr svör. Af minni hendi hefur hann ekkert með skýrari svör að gera. Hann getur svo sem reynt að spyrja um eitthvað og það er guðvelkomið að dunda við að svara honum fram eftir vetri. En þessi ritskoðunarleiðangur verður ekki farinn af minni hálfu enda heyrist mér reyndar að hv. þm. sé byrjaður á honum sjálfur. Hann er búinn að upplýsa það að í einum framhaldsskóla í landinu sé ekki lesin öll Snorra-Edda heldur aðeins partur af henni. Hv. þm. Halldóri Blöndal er guðvelkomið að halda áfram þessum sjálfboðaliðastörfum, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum landsins, gegn því að hann trufli ekki um of skólastarfið í vetur.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að þegar ég fékk í hendur það svar frá Alþingi sem hér um ræðir og gerði athugasemd var búið að dreifa þskj. þannig að ég var of seinn til. Hitt liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. menntmrh. lýsti því yfir í síðustu ræðu sinni að hann sjái ekki ástæðu til að svara fsp. eins og hún er lögð fram í þinginu. Hann talar á þeim nótum að okkur varði í raun og veru ekkert um það hvernig staðið sé að íslenskukennslu í skólum. Þetta er sami maðurinn og fól Máli og menningu að gefa út bókmenntapistil fyrir ríkissjóð sem valdið hefur mikilli hneykslan allra rétthugsandi manna, og ég tala nú ekki um hin aulalegu svör sem einn af skriffinnum menntmrh. gaf í Morgunblaðinu sem voru í senn röng og illa skrifuð. Nú hefur menntmrh. lýst því yfir að Alþingi varði ekki um hvað sé kennt í íslensku. Hann hefur lýst því yfir að það skipti engu máli hvað sé kennt í einstökum framhaldsskólum. Hann hefur gaman af því á hinn bóginn að þykjast hafa áhuga á málrækt og leggja fyrir mikla skýrslu sem verður gaman að ræða nánar um við hann, ef hann má einhvern tíma vera að því að vera við í þingsalnum þegar þetta mál er til umræðu. Þá er óvíst að við tölum á þessum fallegu yfirborðslegu nótum sem talað var um hér áðan með glassúr. Orðakonfekt í hverjum mola.

Ég held að ástæða sé til þess, hæstv. forseti, að efna til forsetafundar um það hvort það sé sæmandi hinu háa Alþingi að sami þingmaður leggi fram sömu fsp. orðrétt tvisvar sinnum í von um að hæstv. forsetar sjái til þess að henni sé svarað. Það stendur ekkert á mér að endurflytja fsp. ef það má verða til þess að knýja hæstv. menntmrh. til svara. Það stendur heldur ekki á mér að óska eftir því, ef svör forseta verða með þeim hætti, að biðja með þinglegum hætti um skýrslu um það hvernig íslenskukennslu í landinu er háttað og hvernig embættisfærslu hæstv. menntmrh. er háttað ef það má verða til þess að greiða fyrir þessari umræðu. En hroki, valdahroki af því tagi sem lýsti sér í orðum menntmrh. hér áðan er auðvitað óþolandi með öllu.

Ég mun, hæstv. forseti, í samræmi við áhuga minn á því að íslenskukennsla megi fara sem best fram í íslenskum skólum, í samræmi við áhuga minn á íslenskum skáldskap og íslenskri ljóðagerð, fylgja því eftir að Alþingi fái upplýsingar um það hvaða bókmenntaverk eru lesin í framhaldsskólum landsins og hvaða bókmenntaverk eru í námsskrá grunnskóla. Alþingi hefur samþykkt að fsp. af þessu tagi sé þinglega fram borin og af þeim sökum ber hæstv. menntmrh. embættisleg skylda til þess að svara umbúðalaust. Og ég tala ekki um að hæstv. forseta ber að sjálfsögðu embættisleg skylda til að sjá um að fsp. sem Alþingi hefur samþykkt fái rétta afgreiðslu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vill forseti upplýsa að það var ekki tillaga forseta hér áðan að fram kæmi samhljóða fsp. hinni fyrri heldur spyrði hv. þm. í nýrri fsp. um þau atriði sem honum þótti ekki svarað. (**HBl:** Það var engu svarað.) Forseti getur ekki haft önnur afskipti af þessu máli en þau að taka við þeim fsp. sem hv. þm. vill fram bera en hæstv. ráðherra hefur þegar lýst því yfir að við samhljóða fsp. muni ekki berast annað svar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur átt sér stað gagnmerk umræða. Hins vegar er hún að því leyti stórhættuleg hæstv. menntmrh. að hann mun hafa mjög strangar skyldur að mæta á ríkisstjórnarfund og það svo strangar að ef ráðherra svíkst um að mæta en er þó í nágrenninu getur hann átt það á hættu að vera vikið úr ráðherrastól. Það er þess vegna mikil spurning og ærið umhugsunarefni fyrir þingheim hvort það verði talin nægileg afsökun fyrir ráðherra að hann geti ekki yfirgefið húsið vegna þess að hér fari fram umræður um þingsköp, (**Menntmrh.:** Halldór Blöndal er talin nægileg ástæða.) í ljósi þess að komið hefur fram að umræðum um þingsköp skal beina til forseta. Og það fer ekki á milli mála að hæstv. forseti hefur komið því á framfæri að svo sé. Ekki hefur það heldur verið rengt af hv. 2. þm. Norðurl. e. að umræðum um þingsköp skuli beina til forseta og í sinni gagnrýni hefur hann sett allt sitt traust á forseta. Þess vegna fæ ég ekki séð að hægt sé að gera þá kröfu til menntmrh. að hann hafi hér þingskyldur umfram aðra menn, því nokkuð vantar nú á að allir stólar séu setnir hér í salnum. *Því sýnist mér að þó að áhugi sé mikill á* íslensku hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., sem ég veit að er, *þá mæli öll rök með því* að menntmrh. fái fullt ferðafrelsi á fund ríkisstjórnarinnar og held ég að það þurfi ekki að vera deiluefni manna hér í salnum.

Ég ætla aftur á móti að bæta því við að ég las þá skýrslu eða þau svör sem hér hafa borist skrifleg og mér fannst mikill fróðleikur vera þar á ferðinni. Aftur á móti hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann hefur sannreynt það að Snorra-Edda sé ekki kennd spjaldanna á milli í framhaldsskólum landsins. En í skýrslunni er látið að því liggja að svo geti verið í einstökum skólum.

Ég verð að segja eins og er að þetta sýnist mér bera vott um að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi kynnt sér þessi mál býsna vel og er það virðingarvert. En nú er það svo að ég hygg að þeir sem unnu þau svör sem þarna koma fram hafi reynt að gera það eftir bestu getu. Hitt er svo annað mál, og það veit ég að við hv. 2. þm. Norðurl. e. erum sammála um, að auðvitað setja bæði vitsmunir og vandvirkni sitt far á það hver árangur verður, hvort svar sé fullnægjandi. Og nú hefur það komið í ljós að hann metur það svo að svör séu ekki fullnægjandi. Ég tel að ekkert sé óeðlilegt við það þó hann agi sína fsp. betur að þeim atriðum sem hann telur að ekki hafi verið svarað, því að ég vil ekki ætla starfsmönnum menntmrn. að þeir hafi vísvitandi á nokkurn hátt reynt að blekkja með sínu svari. Þegar það hefur komið fram hjá hæstv. forseta að hann telur eðlilegt að ný fsp. komi fram þar sem þetta efni sé afmarkað þá finnst mér að ekki sé hægt að hunsa það alveg án umhugsunar hvort það geti ekki orðið viðunandi lausn á því deilumáli sem hér er um að ræða og láta sjá til hvort þeir sem svara komi nú betur lesnir næst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en hv. 2. þm. Norðurl. e. tekur til máls um þingsköp vill forseti leita samstarfs við hv. þm. um að hér verði hægt að taka á dagskrá dagskrármál þennan stutta tíma sem við eigum eftir. Mælist forseti til að menn sýni þann samstarfsvilja að stytta heldur mál sitt í umræðum um þingsköp.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það dugir ekki að samstarfsvilji sé í eina átt. Nú liggur það fyrir, og hæstv. forseti er bókmenntafróður maður og kann væntanlega íslensku, að þeirri skriflegu fsp. sem ég bar fram hefur ekki verið svarað. Það var skrifleg fsp. sem Alþingi leyfði. Hæstv. menntmrh. hefur sagt af hroka að hann muni ekki svara fsp. Ég hef óskað eftir því að forsetafundur verði haldinn um þetta mál og ef svo fer að forsetafundur synjar þess að hæstv. forseti gegni þeirri embættisskyldu sinni að sjá til þess að þinglega fram bornum fsp. sé svarað af ráðherrum hlýt ég að fara aðrar leiðir. Það gefur auðvitað auga leið. Samstarfsvilji er ekki fólginn í því að hlutirnir séu á einn veg. Samstarfsvilji er fólginn í því að forseti ræki þær skyldur sínar að þingmenn viti að forsetar standi á bak við þá ef þeir bera fram mál með þinglegum hætti. Það er verið að kvarta undan því að við þingmenn tölum stundum utan dagskrár, þá er vísað til þess að við eigum að bera fram fsp. með þinglegum hætti. Ef við gerum það hlýtur náttúrlega að reyna á hvernig brugðist er við.

Á jólaföstu stóð ég hér í þessum stól. Þá sat hæstv. fjmrh. fyrir svörum, Ólafur Ragnar Grímsson, og svaraði ranglega fsp. sem ég hafði beint til hans með þinglegum hætti og þóttist ekki muna einstök atriði sem voru honum í fullu minni. Þó hafði ég borið mína fsp. fram með þinglegum hætti.

Það reynir sannarlega á forseta Alþingis þegar við völd er ríkisstjórn eins og sú sem við verðum að una við nú um sinn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vill forseti enn taka fram að fsp. var borin fram með fullkomlega þinglegum hætti enda samþykkt af forseta. Forseti Sþ. hefur hingað til ekki þurft að halda forsetafundi til þess að meta hvort fsp. væru þinglegar eða svörin. Ég tel það heldur ekki nauðsynlegt í þessu tilviki. Svar barst frá hæstv. ráðherra, var sent hv. þm. og engin athugasemd við það gerð fyrr en skyndilega núna á þessum fundi. Nú vill svo til að forseti hefur lesið þetta svar allvel, eins og alla jafna,

og taldi það vera allnokkurt svar en erfitt að meta hvort það var samkvæmt innstu óskum hv. 2. þm. Norðurl. e. En þar sem engin sérstök athugasemd kom fram taldi forseti ekki ástæðu til að inna neitt frekar eftir því.

Nú hefur komið fram að hv. fyrirspyrjandi sættir sig ekki við svarið. Forseti hefur gert það að tillögu sinni að hann beri fram fsp. um þau atriði sem ekki var svarað að þessu sinni. Hæstv. ráðherra hefur þegar lýst því yfir að við samhljóða fsp. fáist ekki annað svar. Forseti hefur ekki vald á því að þvinga ráðherra til að svara öðruvísi en honum sýnist. Ég get því ekki séð að hér sé nein ástæða til forsetafundar um málið. Forseti mun að sjálfsögðu beita sér fyrir því að hröð og áreiðanleg svör komi við fsp. sem innir eftir þeim atriðum sem ekki fékkst svar við. Annað held ég að geti ekki verið um þetta mál að segja.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég skil viðbrögðin svo að hæstv. forseti ætli ekki að aðhafast neitt í málinu, er það rétt? (**Forseti:** Ég vona að hv. þm. skilji mál mitt. Forseti mun aðhafast það í málinu að greiða mjög fyrir og ýta á að skjótt svar berist við nýrri fsp. með þeim atriðum sem . . .) Ég var að spyrja hvort hæstv. forseti ætlaði að gera eitthvað í sambandi við þá fsp. sem ég hef tekið til umræðu og ekki er svarað. (**Forseti:** Forseti hefur ekki vald á því að þvinga ráðherra til að svara öðruvísi en hann hefur lýst yfir hér í ræðustól að hann muni svara, sem sagt eins og hann hefur gert. Ég held að forseti geti ekki haft neitt vald á að breyta því svari.) Og hæstv. forseti mun ekki knýja á að menntmrh. svari. Nú er hæstv. menntmrh. að vísu í sama stjórnmálaflokki og hæstv. forseti, eins og stundum hefur borið við hér áður, og nú er það svo og hefur verið hér um þingið að þeir sömu flokkar og eru í ríkisstjórn eru í öllum æðstu trúnaðarstörfum þingsins. (**Forseti:** Ég vil áminna hv. þm. um að þetta mál er með öllu óskylt því sem hér hefur verið rætt. Stjórnmálaskoðanir forseta hafa engin áhrif á störf hans annars í þinginu, ekki frekar nú en hingað til.) Nú er það svo að embættismenn þingsins, bæði forsetar og formenn einstakra nefnda, eru úr sömu stjórnmálaflokkum og skipa ríkisstjórn og meiri hlutann hér í þinginu. Það er mikið tillit tekið til þess hvernig einstakir ráðherrar vilja haga starfstíma Alþingis, hvernig þeir vilja haga umræðum hér á Alþingi. Á hinn bóginn kostar oft mikil átök ef einstakir þingmenn fara fram á það að þeir fái eðlilegar upplýsingar um mál þegar þau eru til umræðu. Þetta er allt saman mjög til íhugunar, hæstv. forseti, og sérstaklega þó það atriði að á þeim sama fundi og rætt er um íslenska málrækt kemur fram hjá hæstv. menntmrh. og hæstv. forseta þingsins að ekki skipti máli hvort þingmenn fái svarað þinglegri fsp. um kennslu í íslenskum bókmenntum í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.

SAMEINAÐ ÞING

45. fundur, 1. febr., kl. 10 árdegis.

Atvinnulíf í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 204. mál. — Þskj. 237.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þegar núv. ríkisstjórn tók við var atvinnulíf í mörgum þorpum á Íslandi komið á hliðina. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar beitti hættulegustu efnahagsstjórn sem hér hefur verið reynd í sögu lýðveldisins. Í óðaverðbólgu innan lands var genginu haldið föstu, verðstöðvun ríkti hvað tekjuaukningu útflutningsgreinanna varðar. Enn fremur dönsuðu vextir villtan dans á árinu 1988.

Úrræði þau sem hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson beitti sér fyrir til að endurreisa sjávarútveginn voru tvenns konar. Skuldbreyting þar sem peningum var dælt inn í atvinnuveginn og nemur skuldbreytingin nú hátt í 6 milljörðum kr. Einnig hefur raungengi krónunnar verið breytt verulega. Skv. upplýsingum Seðlabankans í janúarhefti var raungengi á mælikvarða launa 20% lægra í ársbyrjun 1989 en að jafnaði á árinu 1988. Enn fremur hefur tekist að lækka vexti verulega þó mörgum finnist þar ekki nóg að gert. Tennurnar hafa verið dregnar úr kaupleigu- og okurfyrirtækjunum sem lánuðu með þetta 12–20% raunvaxtastigi. Meðalvextir banka og sparisjóða hafa lækkað. Þannig hafa t.d. vextir af óverðtryggðum skuldabréfalánum lækkað í 3,4% raunvexti 1989 úr 11,8% 1988, á verðtryggðum lánum lækkuðu raunvextir í 4,7% úr 9,2%.

Það var fleira en sjávarútvegur sem fór illa á árunum 1987 og 1988. Samkeppnisiðnaði blæddi mjög á þessu tímabili. Innflutningurinn lék þá grein mjög grátt á þessu tímabili. Það hefði þurft að veita verulegu fjármagni í mörg þorp sem fyrst og fremst eru í samkeppnisiðnaði og þjónustu. Hvolsvöllur, Hella og Vík í Mýrdal fóru illa á þessu tímabili ekkert síður en sjávarþorpin. Það þolir enga bið að styrkja atvinnulíf þessara þorpa. Þau eiga ómælda möguleika, ekki síst í ferðaþjónustu. Það þarf að styrkja fyrirtækin á þessum stöðum sem standa veikt. Það þarf að koma með ný atvinnutækifæri á þessum stöðum. Til þess þarf fjármagn og faglega aðstoð.

Nú hefur farið fram úttekt og verið gerðar skýrslur um ástand á þessu svæði. Við á Suðurlandi höfum vonast til að í kjölfar þess grípi ríkisstjórnin til aðgerða, til aðstoðar við þessar sýslur okkar tvær sem eru hafnlausar og styrki atvinnulífið á svæðinu í samráði við Byggðastofnun.

Ég vænti þess að heyra viðbrögð hæstv. forsrh. þar sem ég hygg að þessar skýrslur liggi fyrir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Fyrri spurningin er: Hvað líður athugun á atvinnulífi á umræddum svæðum? Því er að svara eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda að Byggðastofnun var falið að vinna að athugun á þessum svæðum. Það var gert í ágústmánuði 1988 og hefur Byggðastofnun síðan sinnt því verki og reyndar gefið út skýrslur sem ég er með hér, aðra um Vestur-Skaftafellssýslu sem er frá júní 1989 og hina um Rangárvallasýslu sem er frá des. 1989. Ég hef látið athuga hvernig þessar skýrslur voru unnar og skal reyna að fara yfir það hér í stuttu máli.

Í fyrsta lagi var ákveðið að skipta verkinu í þrjá hluta og leitast við að fá stuðning heimamanna til að vinna að athugun á hverju svæði fyrir sig. Árni Jón Elíasson, landfræðingur á Kirkjubæjarklaustri, tók að sér að vinna skýrslugerð fyrir svæðið austan Mýrdalssands og hann skilaði sínu verki í júní 1989. Gunnar Bragason, viðskiptafræðingur á Hellu, gerði skýrslu um Rangárvallasýslu. Lauk hann skýrslugerð sinni seint í september 1989 og er skýrsla hans nýútgefin. Sæmundur Runólfsson, verslunarmaður í Vík, var fenginn til þess að gera skýrslu um Mýrdalshrepp en hvarf frá því starfi áður en skýrslu hans var lokið og munu starfsmenn Byggðastofnunar fullgera þann hluta verksins og ljúka honum.

Þessum skýrslum er það sameiginlegt að lýsa þeim samdrætti sem orðið hefur í undirstöðugreinum viðkomandi héraða. Jafnframt komu fram afleiðingar hans og nauðsyn og þýðing bættra samgangna og annarra þjóðfélagsbreytinga á þjónustustarfsemi í þéttbýlisstöðunum á svæðinu. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að erfiðlega hefur gengið að byggja upp iðnaðarstarfsemi til mótvægis við samdráttinn. Í þessum verkum og þeim skýrslum sem ég nefndi áðan eru gerðar tillögur um ýmis mál. Ég held að ég megi segja að þær tillögur séu raunsæjar og allar þær upplýsingar sem þar eru dregnar saman afar mikilvægar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir einhverjum sérstæðum eða sértækum aðgerðum fyrir þetta svæði heldur eru þetta almennar tillögur sem munu verða, og eru, til leiðbeiningar hjá þeim ráðuneytum og stjórnvaldsstofnunum sem að þessum atvinnumálum koma. Ég tel því þessar skýrslur og annað sem þarna er unnið og ég hef rakið lauslega vera mjög mikilvægt í því sambandi.

Ég mun taka þetta mál upp í ríkisstjórninni og leggja áherslu á að stjórnvöld fylgi í sínum almennu aðgerðum þeim ýmsu skynsamlegu ábendingum sem ekki er tími til að rekja hér en koma fram í þessu verki öllu.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi ýmsar aðgerðir sem gripið hefur verið til í sambandi við útflutnings- og samkeppnisgreinar, sérstaklega í sambandi við sjávarútveg og fiskvinnslu. Það er hárrétt sem mátti greina í orðum hv. fyrirspyrjanda að þetta hefur ekki náð til héraða eins og t.d. Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu þar sem útgerð og fiskvinnsla er a.m.k. ekki meginatvinnugrein. Suðurlandið hins vegar hefur fengið mikinn hluta af þessu. Ef ég man rétt er skuldbreyting Atvinnuleysistryggingasjóðs á Suðurlandi sú mesta sem nokkurt kjördæmi hefur hlotið. Þar eiga Vestmannaeyjar að sjálfsögðu gífurlega stóran þátt í. Breyting á raungengi sem nemur í tíð þessarar og síðustu ríkisstjórnar yfir 30% hefur skapað nýjar forsendur fyrir samkeppnisgreinar. Auk þess er ríkisstjórnin nú með, á grundvelli þeirra aðstæðna sem nú hafa skapast, í undirbúningi átak á sviðum sem eru að vísu almenns eðlis en kemur þessu svæði væntanlega til góða eins og öðrum. Þar er ekki síst um átak á sviði ferðaþjónustunnar að ræða og er í undirbúningi að samræma starf þeirra stofnana sem að slíku kynningarstarfi vinna. Ríkisstjórnin hefur í huga að veita nokkru af því óráðstöfuðu fjármagni sem hún hefur til þess samræmda átaks á sviði ferðaþjónustunnar.

Því miður er útilokað að fara ítarlegar út í ýmis þessi mál, eins og væntanlega virkjanir og fleira, sem hafa verið mikilvæg fyrir þetta svæði. Tími til fyrirspurna og svara leyfir það ekki en ég tel að þarna hafi verið unnið mjög mikilvægt starf sem er grundvöllur að átaki á þessu sviði, átaki sem heimamenn ekki síst hljóta sjálfir að leiða í fjölmörgum greinum.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. samþingmanni mínum Guðna Ágústssyni fyrir að bera fram þessa fsp. og forsrh. fyrir svörin. Ég hafði raunar vonað, þar sem hér er mikið alvörumál á ferðinni og sannarlega þörf á að bæta úr atvinnuástandi í þessum héruðum sem fsp. fjallar um, að hv. þm. mundi ekki blanda svona rangri sagnfræði og ýmsu inn í þetta mál um leið og hann var að leita lausna fyrir þessar byggðir.

Hann minntist hér á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem tók við 1987 sem öllu hefði komið í strand. Hún tók við eftir að hæstv. núv. forsrh. hafði verið forsrh. í fjögur ár, 1983–1987. Eitthvað hefur þá illa verið skilið við ef skyndilega fór allt í strand 1987–1988. En sjálfstæðismenn og framsóknarmenn stóðu saman í þessum ríkisstjórnum og ég endurtek að vont er til þess að vita ef svona illa hefur gengið 1983–1987 að allt fór á hvolf 1988. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Hlutirnir voru ekki alveg eins og hv. þm. sagði en því miður var margt að í tíð þessara stjórna.

Það er margt að í þeim byggðum sem þessi fsp. fjallar um. Þetta eru einu byggðirnar á landinu sem ekki hafa aðgang að sjó og þess vegna er atvinnulíf þar einhæfara. Samdrátturinn í landbúnaðinum hefur komið mjög við þessi héruð. Enn þá vantar grundvöll undir atvinnureksturinn í landinu sem núv. ríkisstjórn ætlaði að leysa. Hann er ekki enn fyrir hendi. Hæstv. forsrh. sagði raunar um áramót að bjargunaraðgerðum væri lokið, allt væri í góðu gengi. Þetta er bara ekki rétt. Það vantar grundvöllinn undir atvinnureksturinn og hann þarf að koma, en þaðan vantar líka hjálp fyrir þessar byggðir vegna einhæfs atvinnulífs og það er meginmálið.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og þá umfjöllun sem hann gerði þessu máli hér úr ræðustól. Bind ég vissulega vonir við að bæði með almennum aðgerðum takist að snúa vörn í sókn og enn fremur að ríkisstjórnin sjái ástæður til að grípa þarna til sérstakra aðgerða.

Hv. 3. þm. Suðurl. sagði að ég hefði blandað rangri sagnfræði í málið. Auðvitað gerði ég það ekki. Ég rakti þær ástæður sem léku útflutningsatvinnugreinar og samkeppnisgreinar landsmanna mjög grátt á fast að tveggja ára tímabili. Hann sagði að við hefðum staðið fast saman og stutt ríkisstjórn saman, framsókn og Sjálfstfl. Við skulum auðvitað minnast þess að okkur leið ekki vel, framsóknarmönnum, allan þennan tíma sem lauk nú t.d. með því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði skilið við þá ríkisstjórn. Við vorum jafnan að krefjast aðgerða í þágu atvinnulífsins á þessu tímabili því að við sáum hvert stefndi. Mín sagnfræði var fyrst og fremst upprifjun til að leggja áherslu á það að samkeppnisiðnaðinum blæddi út á þessu tímabili vegna fastgengisstefnunnar og vaxtastefnunnar, hann hefði þurft sams konar aðstoð og útflutningsgreinarnar.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma. Mér þótti þetta nauðsynlegt til að leggja áherslu á mikilvægi málsins. En ég þakka það að nú skuli tvær af þessum þremur skýrslum liggja fyrir tilbúnar og ég vænti þess að forsrh. fylgi því fast eftir að Byggðastofnun ljúki gerð hinnar þriðju skýrslu og þessi mál verði tekin upp af fullum þunga. Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði. Samgöngur hafa breyst en þær hafa líka breyst í báðar áttir þannig að eftir bættar samgöngur eiga þessi héruð okkar þarna austur frá enn meiri möguleika en áður.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Það er vegna formálans sem hv. fyrirspyrjandi viðhafði sem mig langar til að fá aðeins meiri upprifjun, mér sýnist hún nauðsynleg. Ég ætla að vita hvort hv. fyrirspyrjandi getur rifjað það upp fyrir sjálfum sér og öðrum hverjir sátu í þessari voðalegu ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og alveg sérstaklega ef fyrirspyrjandi vildi rifja það upp fyrir sjálfum sér og okkur hverjir fóru með landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál, af því að sérstaklega var minnst á þá málaflokka. Síðan væri fróðlegt að fá líka upplýst hver hafði með yfirstjórn vaxtamála að gera og hver hefur það nú og hvort einhver veruleg breyting hafi orðið í þeim málaflokki frá því að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá. Kannski mundi þingmaðurinn upplýsa hver breyting hefur orðið á síðasta ári á raunvöxtum sjávarútvegsins, hvort þeir hafa hækkað eða lækkað. Hvort hann hafi gluggað í skýrslu Seðlabankans frá því í desember. **(GuðnÁ:** Ég má ekki tala aftur.) Nú, fyrst þingmaðurinn má ekki tala aftur, sem ég held að sé mjög heppilegt fyrir hann, þá mundi kannski hæstv. forsrh. vilja upplýsa það sem ég hef hér verið að spyrja um.

Við urðum auðvitað varir við þessa vanlíðan framsóknarmanna í ríkisstjórninni, en það gleður okkur afskaplega hvað þeim líður vel núna. Ég vona að þeim líði áfram vel. Svo vil ég aðeins benda á að um þessar skýrslur, sem hér var vitnað til, bað hæstv. fyrrv. forsrh. Þorsteinn Pálsson.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er allmikil nauðsyn að hæstv. forseti geri sér grein fyrir því hvort hann vill leyfa hér almenna umræðu um efnahagsmál eða ekki. Það gengur ekki að standa þannig að málum að hér sé í orði kveðnu sagt að ekki sé heimilt að gera nema örstuttar athugasemdir en leyfa svo að hér sé varpað fram athugasemdum inn í umræðuna sem kosta umræður í þinginu. Annað tveggja verður forseti að gera, að hafa aga á þeim málflutningi sem hér fer fram eða leyfa hér umræður. Þetta tel ég að sé grundvallaratriði.

Það er táknrænt þegar formaður þingflokks Sjálfstfl. vappar hér upp í stólinn að þá virðist svo vera komið fyrir honum að hann telji það vitlegast að veifa þó ekki þeim vitsmunum sem honum eru gefnir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. 2. þm. Vestf. á að þetta hefði nú að öllum venjulegum þingsköpum átt að vera umræða um þingsköp.

Varðandi athugasemdir hv. 2. þm. Vestf. má vel fallast á að auðvitað er skylda forseta að reyna að sjá svo til að hér sé fyrirspurnum svarað. Forseti hefur reynt að hafa nokkurn hemil á að þessi umræða í fyrirspurnatímum fari út um víðan völl. En það vill nú vera allerfitt stundum að hafa hemil á hv. þm. Forseti vill því biðja þá um að sýna samvinnuvilja, og við reynum öll að takmarka þessa umræðu við spurningar og svör.

Um þingsköp.

Fyrirspurn um atvinnulíf í Rangárvallasýslu.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég styð hæstv. forseta í því að hafa hér aga á fundum. Það mun ég að sjálfsögðu gera. En þessi ræða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar fannst mér ekki eiga við hér. Mér sýnist eins og hv. þm. sé nánast að biðja forseta um að viðhafa hér ritskoðun ef forseta skal fyrir fram gerð grein fyrir því hvað menn ætla að segja. Og ef ég má ekki gera athugasemd og koma með stuttar fyrirspurnir af gefnu tilefni frá hv. fyrirspyrjanda, þá er illa komið fyrir málfrelsi hér í þinginu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Núverandi þingsköp voru samin og samþykkt af Alþingi Íslendinga og m.a. ritskoðuð af hv. 2. þm. Reykn. **(ÓE:** Ritskoðuð?) Ritskoðuð. **(ÓE:** Hvaða rugl er þetta?) Hvaða rugl. Ég veit ekki

betur en að hann hafi lesið þau yfir mjög gaumgæfilega og lagt áherslu á að þau yrðu samþykkt. Svo kemur honum það á óvart að fara eigi eftir þeim. Ég veit ekki betur en að hann hafi verið mjög ánægður með störf þess forseta sem lagði til að þau yrðu samþykkt. Samkvæmt þeim þingsköpum ber hv. 2. þm. Reykn. að bera hér fram fyrirspurnir fyrir ráðherra hafi hann áhuga á að bera fram fyrirspurnir. Honum er aftur á móti ætlað, undir þeim kringumstæðum þar sem hann flutti sína ræðu, að koma með örstuttar athugasemdir, annað er ekki heimilt skv. þingsköpunum. Þetta veit hv. þm.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er býsna kyndugt hvernig talsmenn ríkisstjórnarflokkanna taka hér til máls og með hvaða hætti þeir gera það. Hér hefur talað hv. 2. þm. Vestf., sem sæti á í efnahagsmálanefnd þingflokks framsóknarmanna og er einn af höfuðtalsmönnum flokksins í efnahagsmálum, til þess að gera athugasemdir við það hvernig staðið hefur verið að umræðum. Og hvernig hefur þessi umræða farið fram? Hv. fyrirspyrjandi gerði í inngangi að fyrirspurnum sínum grein fyrir því hvernig efnahagsmál hafa verið að þróast á undanförnum árum frá hans sjónarmiði. Það verður að segja það eins og er að allt var það á ská og skjön við raunveruleikann. Þess vegna var mjög eðlilegt að hv. 2. þm. Reykn. gerði örstutta athugasemd við þær villandi upplýsingar og þá villandi lýsingu. Það var ósköp eðlilegt að hv. 2. þm. Reykn. spyrði að því hverjir hefðu borið ábyrgð á stjórn landbúnaðarmála á þeim tíma sem hér var til umræðu. Öllum er ljóst að það var einmitt samdráttur í landbúnaði sem kom hvað verst niður á atvinnulífi í þeim byggðarlögum sem hér voru til umræðu. Ástæðan fyrir því að þessi höfuðtalsmaður Framsfl. í efnahagsmálum er auðvitað sú að ríkisstjórnarflokkarnir virðast ekki þola að hér séu gerðar athugasemdir eða dregnar fram staðreyndir um þróun mála og hverjir bera stjórnskipulega ábyrgð á einstökum málaflokkum í ríkisstjórn Íslands. Það er svo mikið feimnismál að það þarf að gera um það athugasemdir ef það er upplýst hér á hinu háa Alþingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil biðja hv. þm. að takmarka mál sitt við þingsköp þegar þeir ræða um þingsköp.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að fá að gera hér smáathugasemdir við það upphlaup sem hér hefur orðið vegna ræðu minnar þar sem ég fór yfir þróun mála á árunum 1987 og 1988. Hver er sannleikanum sárreiðastur. Ég gerði þó ekki annað í þessari umræðu en að nefna nafn hæstv. páv. forsrh., Þorsteins Pálssonar. Ég sagði frá því sem gerst hefði í gengismálum og vaxtamálum á þessu ári miðað við síðasta ár. Ég rakti hér vaxtabreytinguna. Ef hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur ekki verið vaknaður þá gerði ég það hér, en hann spurði eftir því hér áðan. En ég sagði líka að mér hefði þótt nauðsynlegt að rifja upp hvað þurfti að gera í þágu sjávarútvegsins eftir að því stjórnartímabili lauk til að rétta hann við og lagði áherslu á að samkeppnisþorpin þyrftu því miður á því að halda að fá peninga til að rétta sig við því þau höfðu farið mjög illa á þessu tímabili einnig. Ég hef ekki vitnað í aðra hér en Seðlabanka Íslands í minni röksemdafærslu. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að hefja hér ekki efnislegar umræður.) Þar með læt ég lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil nú biðja hv. þm. að gera fljótlega endi á umræðum um þingsköp svo að fundurinn geti haldið áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að það væri hollt fyrir hæstv. forseta að kynna sér hin gömlu þingsköp sem hér voru í gildi. Þar var heimilt að standa upp á eftir fyrirspyrjendum og flytja tölu um það mál sem á dagskrá var. Þetta töldu formenn stjórnarflokka á sínum tíma mjög óæskilegt og börðust fyrir þeirri breytingu sem gerð var á þingsköpum og sviptu í raun almenna þingmenn umræðurétti um þær fyrirspurnir sem voru á dagskrá. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Ég greiddi atkvæði gegn þessum þingsköpum á sínum tíma á þeirri forsendu að ég taldi að þau þrengdu of mikið að málfrelsi manna hér í þinginu. Þess vegna liggur það jafnljóst fyrir að ég mun gera þá kröfu til forseta að annað tveggja leggi hann til breytingar á þessum þingsköpum til rýmkunar málfrelsinu ella að hann sjái til þess að reglurnar séu virtar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er alveg ljóst að hann á ekki aðra kosti en að fara að núgildandi lögum um þingsköp. Forseti hefur hins vegar nú þegar beitt sér fyrir því að þingskapalög verði endurskoðuð eins og hv. þm. veit, því að bréf hafa borist þingflokkum þar sem beðið er um tilnefningu í nefnd sem síðan verður kosin hér á hinu háa Alþingi. Athugasemd sem þessi er því harla ónauðsynleg.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég hélt að tilefni þessa máls væri af hálfu hv. 5. þm. Suðurl. að fá lausn á atvinnuvandamálum í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Hann hóf hins vegar þessa umræðu með ádeilum sem hefur leitt til þess að hér hefur lítt verið rætt um það sem máli skiptir. Var það meining hv. þm. með þessari fsp.? Var ekki meining hans að ræða atvinnuvandamálin og fá einhver svör við lausn á þeim? Það hélt ég að væri kjarni þessa máls. En umræðan hefur leitt til þess að ekki liggur fyrir nein lausn á þeim og hún hefur farið um víðan völl vegna frumræðu hv. 5. þm. Suðurl.

Húsameistari ríkisins, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 227. mál. — Þskj. 289.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Er embætti húsameistara ríkisins tímaskekkja? Væri hagkvæmara fyrir ríkið að leggja embættið niður eða gjörbreyta starfsemi þess?

Árið 1903 var ráðinn sérfróður maður til að gera uppdrætti að opinberum byggingum á vegum ríkisins. Slíkt var eðlilegt á þeim tíma er slík verkþekking var af skornum skammti í landinu. Enda stýrðu þessu embætti óvenjuhæfir menn sem höfðu mikil áhrif á byggingar og byggingarlist í landinu, svo sem Guðjón heitinn Samúelsson.

Tímarnir hafa breyst. Nú skipta þeir hundruðum sem hafa það fyrir atvinnu að vinna við arkitektúr og byggingareftirlit á einkastofum í harðri samkeppni um verð og hugmyndir. Hjá embætti húsameistara vinna nú 20–30 manns. Embættið veltir tugum eða hundruðum milljóna. Mér hefur fundist sú umsjón og það eftirlit sem embættinu er ætlað að fara með hafa mistekist. Kostnaðaráætlanir hafa ekki staðist og æði oft hefur verkið farið svo gjörsamlega úr böndunum að furðu sætir. Má þar nefna Flugstöðina o.fl. Mér finnst síðan ábyrgð embættisins oftast óljós.

Ýmsir hafa séð sér hag í því að segja sig undan embættinu í sparnaðarskyni. Það gerði Alþingi fyrir skömmu, á þeim sviðum sem það stangast ekki á við reglugerð. Það sem vekur mesta athygli er að Garðar Halldórsson húsameistari er í stórfelldum einkapraxís. Ég nefni hér tvö verk til sögunnar. Hann er annar af tveimur arkitektum að væntanlegu hóteli Eimskipafélags Íslands. Hann er enn fremur annar af tveimur arkitektum að viðbyggingu á Hótel Sögu.

Stangast þetta ekki á við réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Veikja slík vinnubrögð ekki móralinn á vinnustað? Eftir höfðinu dansa limirnir, segir einhvers staðar. Er þetta víðar látið viðgangast hjá ríkinu? Hvað yrði sagt ef ríkislögmaður væri að flytja skilnaðarmál fyrir borgardómi, eða forstjóri Þjóðhagsstofnunar ræki fasteignasölu? Mér skilst að lögmenn í ríkisþjónustu verði t.d. í hverju tilfelli að biðja leyfis vilji þeir taka að sér mál fyrir einkaaðila.

Vegna þessa máls hef ég hér lagt fyrir hæstv. forsrh. fsp. í tveimur liðum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég skal snúa mér að því að svara þeim spurningum sem hér eru formlega lagðar fram. Ef tími vinnst til vildi ég gjarnan koma að öðrum atriðum sem komu fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Það er fyrst hvaða reglur gildi um heimild húsameistara ríkisins til að sinna sams konar störfum fyrir einkaaðila og hann sinnir fyrir ríkið. Þar mun átt við að sinna teiknivinnu, hönnunarvinnu fyrir aðra aðila. Um þetta gilda ekki sérstakar reglur fyrir húsameistara heldur gilda um það almennar reglur sem er að finna í 34. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ætla ég, með leyfi virðulegs forseta, að lesa það:

„Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja." Þarna eru ítarlegri ákvæði eins og þau að viðkomandi aðili skuli gera ráðuneyti sínu grein fyrir ætlan sinni, að vinna slíkt starf og ráðuneytið hefur að sjálfsögðu heimild til að banna það.

Ég vildi segja það um húsameistara að þann tíma sem hann hefur verið minn undirmaður hefur hann greint mér frá stærri verkefnum sem hann hefur tekið að sér. Mér er tjáð að þegar hann tók við starfi hafi þáv. hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson heimilað honum að vinna aukastörf, enda eru þau unnin utan þeirrar skrifstofuaðstöðu sem hann hefur og ríkisvaldið á. Hann hefur fullvissað mig um að þau aukastörf sem hann vinnur séu þannig unnin og að hann gæti þess vandlega að blanda ekki saman störfum fyrir stjórnvöld og slíkum einkastörfum. Og af því að sérstaklega var nefnt ákveðið verk, frumhönnun á hóteli fyrir Eimskipafélag Íslands, þá spurði ég hann að því og hann fullvissaði mig um að það væri algjörlega unnið fyrir utan hans vinnu í þágu Stjórnarráðsins. Ég hef því ekki séð ástæðu til að afturkalla þá fyrri heimild sem húsameistari hefur haft.

Þá var sérstaklega spurt um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um það er það að segja að samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá varnarmálaskrifstofu utanrrn. hefur húsameistari ríkisins engar greiðslur eða þóknanir fengið persónulega frá byggingarnefnd Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hann hefur eingöngu þegið þær greiðslur sem hann er með, þ.e. sín föstu laun frá ríkinu, engar aukagreiðslur. Jafnframt er tekið fram í bréfinu frá varnarmáladeild, með leyfi forseta: „Tekið skal fram að á tímabilinu 19. sept. 1978 til 10. ágúst 1980 átti húsameistari ríkisins sæti í byggingarnefnd flugstöðvar skv. skipan ráðherra. Hann vék úr nefndinni eftir að embætti hans voru falin bein störf við hönnun byggingarinnar."

Ég vil taka fram að ég get ekki tekið undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rétt er það, hún varð mjög dýr og eflaust miklu dýrari en að var stefnt og hefði mátt byggja hana ódýrari. En ég held að þessi flugstöð muni vinna sér sess og er að vinna sér sess sem frábært mannvirki. Það er satt að segja ánægjulegt að heyra þau orð af vörum fjölmargra erlendra manna sem hingað koma hvað aðstaðan sé orðin til fyrirmyndar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Það er rétt að hún er ekki byggð sem álkassi eins og margar flugstöðvar og hefði vitanlega mátt byggja hana þannig. Hún hefði getað sinnt sínum frumþörfum, svo sannarlega. En þarna var ráðist í að byggja vissulega mjög myndarlegt mannvirki með fallegri hönnun. Ég held ég megi segja að flestir þeir gallar sem komið hafa fram á byggingunni hafi verið að meira eða minna leyti lagfærðir. Byggingin var dýr og stendur ekki enn þá undir sér enda eru miklar afborganir og vextir af þeim lánum sem á henni hvíla.

En það mun verða greitt, það eru verulegar tekjur upp í þann kostnað. Vitanlega mætti hugsa sér að lengja þau lán. Þetta er bygging sem stendur til langs tíma. Ég held að menn sem hafa athugasemdir við bygginguna að gera ættu að gera sér ferð suður eftir og skoða hana mjög vandlega. Þá munu þeir sjá að þar er margt mjög athyglisvert og til fyrirmyndar.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Í sjálfu sér hef ég ekkert við gerð byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar að athuga þó ég hafi minnst á hvernig þær framkvæmdir fóru gjörsamlega úr böndunum.

Hæstv. forsrh. sagði að starfsemi húsameistara ríkisins, hvað einkaþjónustu varðaði, hefði verið yfirmönnum hans ljós um langt skeið. Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að annaðhvort séu menn í starfi hjá ríkinu eða þeir séu það ekki. Þess vegna álít ég mikilvægt og treysti forsrh. til að setja um þetta skýrar og afdráttarlausar reglur. Við skulum gera okkur grein fyrir því að margir embættismenn og ekki síst þeir sem fara með forystu á vinnustöðum njóta hárra launa af hendi ríkisins og við verðum að gera til þeirra þá kröfu að þeir séu þar að störfum. Maður veit aldrei hvernig maður sem er að vinna á sjálfs síns vegum einnig ver tíma sínum, hvernig þetta blandast saman o.s.frv.

Það sem hefur vakið athygli mína er það hversu starfsemi húsameistaraembættisins er illa grundvölluð hvað löggjöf varðar. Það segir nánast ekkert um þetta virðulega embætti í lögum. Hins vegar er sérstök reglugerð um embætti húsameistara. Þar segir að verksvið þess sé tvíþætt. Í fyrsta lagi umsjá, viðhald og breytingar á opinberum byggingum. Í öðru lagi frumathuganir og áætlanagerð varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli embættisins og eignaraðila. Þó falla nokkrar byggingar undir umsjá embættisins. Þar má nefna tvö af þeim húsum sem nú eru dýrust í viðhaldi og hafa, þrátt fyrir skýrt markað hlutverk embættisins, hreinlega grotnað niður. Hér á ég við embættisbústað forseta Íslands og Þjóðleikhúsið. Gott ef ekki er áætlað að viðhald á þessum tveimur byggingum kosti hátt í milljarð. Og skipa varð í báðum tilfellum sérstaka nefnd, sjálfsagt á launum, í úttekt og áætlanagerð um úrbætur.

Ég nefni þetta hér af því að ég held að miðað við það sem ég sagði í frumræðu minni og miðað við það sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. sé mjög mikilvægt að endurskoða starfsemi þessa embættis, ég tek undir það, og athugandi er að fela öðrum aðilum ýmis þau verkefni sem embættið hefur farið með í gegnum árin.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að ræða það sem kom fram í fyrstu ræðu hv. fyrirspyrjanda, en spurningin er: Er embætti húsameistara ríkisins tímaskekkja? Það þarf meiri tíma til að ræða það. Ég vil aðeins segja að vel getur komið til greina að leggja það niður. En þá þurfum við að fela einhverri stofnun fjölmörg verkefni sem það sinnir, eftirliti og viðhaldi og breytingar o.s.frv. í Stjórnarráðinu. Allar teikningar um það liggja hjá skrifstofu húsameistara.

Ég hef reyndar lagt drög að því að þetta verði skoðað í heild sinni. Hins vegar er alrangt að kenna húsameistara um að viðhald á opinberum byggingum hefur ekki verið eins og það á að vera. Húsameistari hefur hvað eftir annað bent forsrh., bæði mér og öðrum, á að viðhaldi sé ábótavant á ákveðnum stöðum. Því miður hefur ekki tekist að fá fjármagn til að framkvæma sumt það viðhald og við erum að uppskera það núna, t.d. í Þjóðleikhúsinu. Ef fjármagn hefði verið veitt til viðhalds þar jafnt og þétt á hverju ári væri ekki svo ástatt sem nú er. Ekki er hægt að kenna húsameistara um það viðhaldsleysi sem var á Bessastöðum. Þegar loksins hófust viðgerðir á skemmdum fyrir fjórum árum kom í ljós að þær voru miklu meiri en menn höfðu gert sér grein fyrir, þ.e. innri skemmdir í veggjum og bitum o.s.frv. og á það var bent. Það er upphafið að því starfi sem þar er hafið, sem svo sannarlega, eftir að það er hafið, hefur leitt í ljós að skemmdirnar eru alveg ótrúlega miklar og hefði þar einnig þurft að veita fjármagn til viðhalds jafnt og þétt.

Ég vil aðeins geta þess hér að árið 1983 tókst mér að ná samkomulagi við þáv. fjmrh. um árlegt framlag til viðhalds á Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu. Það hefur ekki verið mikið og ekki vakið neina athygli en þar er að mínu mati búið að gera mjög gott verk í að laga það sem þar var að fara úrskeiðis. Viðhaldið er fyrir bragðið í allgóðu lagi þar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í orðaskipti þeirra flokksbræðra, hv. 5. þm. Suðurl. og hæstv. forsrh., um húsameistaraembættið. En vegna þeirra orða sem hér féllu um Flugstöð Leifs Eiríkssonar get ég sem samgrh. ekki látið hjá líða að upplýsa hv. alþm. um það að einn mjög alvarlegur ágalli á þessari byggingu, sem ég fæ ekki kallað annað en hönnunarmistök, er enn óleystur. Það er sú staðreynd að innanlandsflugi verður tæpast við komið um bygginguna eins og hún er úr garði gerð. Það vandamál er enn óleyst og er mjög bagalegt að ekki er unnt að starfrækja innanlandsflug fyrir viðkomandi landsvæði um þessa byggingu eins og æskilegt hefði verið né heldur sýnist auðvelt að koma því við að tengiflug frá öðrum stöðum á landinu í tengslum við millilandaflugið geti farið þarna fram með eðlilegum hætti. Þetta er mikill höfuðverkur sem enn er óleystur. Var þó á það bent meðan byggingin var í hönnun, m.a. af Flugleiðum og fleiri aðilum, að mikil nauðsyn væri á því að byggingin væri gagngert hönnuð og byggð með það í huga að þessu mætti koma við.

Ég vildi láta þessar upplýsingar koma hér fram, virðulegi forseti, vegna þeirra ummæla sem féllu um hið annars fallega mannvirki Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Greiðsla kostnaðar á fundaferðum ráðherra, ein umr.

Fsp. KE, 277. mál. — Þskj. 507.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. um reglur um greiðslu kostnaðar á fundaferðum ráðherra á þskj. 507. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar við almenna stjórnmálafundi og kynningarfundi á vegum einstakra ráðherra í nafni ráðuneyta, þar með talinn auglýsingakostnaður?"

Að undanförnu hefur færst í vöxt að ráðherrar ferðist um landið í nafni einstakra ráðuneyta. Þetta hefur ekki farið fram hjá neinum þar sem fundirnir hafa verið mjög mikið auglýstir. Það er auðvitað af hinu góða að þingmenn, þar með taldir ráðherrar, kynni sér ástand mála úti um landið með því að ferðast um landið og ræða við fólk. Einnig er sjálfsagt að mínum dómi að ráðuneyti hafi eðlilega upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Ég tel hins vegar óeðlilegt að á vegum ráðuneyta séu haldnir fundir um stórpólitísk ágreiningsmál þar sem sjónarmið ráðherra eru þau einu sem kynnt eru á fundunum. Ég tel þess vegna eðlilegt að fá hér upplýst hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar í þessu sambandi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Um þennan kostnað gilda ekki neinar sérstakar reglur aðrar en þær sem felast í þeim athugasemdum og umsögnum sem koma frá Ríkisendurskoðun. Um þetta man ég þó að var a.m.k. einu sinni fjallað í fyrri ríkisstjórn sem ég sat í. Það hefur ætíð verið sá skilningur að ef þessir fundir eru til að kynna störf viðkomandi ráðherra og ráðuneytis eða störf ríkisstjórnar sem slíkrar, eru sem sagt á vegum ráðuneytis eða ríkisstjórnar, þá er kostnaðurinn að öllu leyti greiddur af ríkissjóði, þ.e. af viðkomandi ráðuneyti og þeirri fjárveitingu sem viðkomandi ráðuneyti hefur til sinna starfa. Ef ráðherra efnir hins vegar til funda í nafni flokks síns er kostnaður við það að sjálfsögðu greiddur af flokknum eða honum sjálfum eða eftir hverjum þeim öðrum reglum sem þar um gilda á þeim vettvangi. Ferðakostnað hafa ráðherrar hins vegar svipað og þingmenn.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Ég tel að sjálfsögðu mjög eðlilegt að ráðuneyti kynni sín störf og það sem þar er verið að gera. Ég tel hins vegar mjög varhugavert að í nafni ráðuneyta séu farnar ferðir um landið með þeim ærna tilkostnaði sem þær hljóta oft að hafa í för með sér þegar verið er að kynna málefni sem mjög mikill ágreiningur er um. Þetta hefur komið fyrir og ég get nefnt dæmi þó það séu alls ekki einu dæmin. Ég vil bara nefna sem dæmi að sl. vetur var farin á vegum iðnrn. heilmikil fundaferð til að kynna hugmyndir um nýtt álver. Það er vitað að mjög mikill ágreiningur er um það mál innan ríkisstjórnarinnar og einnig hér á Alþingi. Núna nýlega hafa verið farnar ferðir á vegum utanrrn. varðandi kynningu á umræðum um Evrópubandalagið og EFTA og eftir því sem mér skilst, eingöngu eitt sjónarmið komið þar fram og það er sjónarmið utanrrh. Hann hefur verið sá eini sem talað hefur á fundunum.

Þetta eru bara einstök dæmi sem mér koma í hug núna. Mér þykir óeðlilegt að eingöngu eitt sjónarmið komi fram þar sem um mjög mikinn ágreining er að ræða. Ég tek hins vegar undir það að mjög eðlilegt sé að kynna málin fyrir fólkinu í landinu. Og eðlilega hefur ríkisstjórnin upplýsingaskyldu. Ég tel eðlilegt að setja ákveðnar reglur þegar um greinilega flokkspólitíska fundi er að ræða og verið er að kynna sjónarmið einstakra flokka en ekki ríkisstjórnarinnar í heild né það sem búið er að ákveða hvað skuli gera á hennar vegum.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil í framhaldi af þessari umræðu vekja athygli á því að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa í skýrslu sinni til Alþingis komið með þá ábendingu að eðlilegt sé að setja reglur um ferðalög ráðherra á kostnað ráðuneyta sinna. Hér segir, með leyfi forseta, á bls. 8 í tilvitnaðri skýrslu:

„Oft kann að vera vandasamt að kveða upp úr um hvenær ráðherra er á ferð á vegum embættis síns og hvenær ekki. En eðlilegt er að ferðalög á vegum stjórnmálaflokka, ýmissa samtaka innan lands eða utan, eða einkaaðila greiðist ekki af almennafé. Ástæðulaust er annað en að um þessi efni gildi ákveðnar viðmiðunarreglur svo sem tíðkast í nálægum löndum."

Ég vildi koma þessu hér á framfæri í tilefni af þessari fsp. Ég held að öllum sé ljóst, virðulegi forseti, að það er ekkert athugavert við það að ráðherrar séu mikið á ferðinni og ráðuneyti þeirra standi straum af kostnaði við ferðalög á vegum ráðuneytanna. Ég held að það eigi við um ýmsar kynningarferðir sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni.

En ég vil taka undir það sem forsrh. sagði, að það er ekki eðlilegt að ferðir á vegum stjórnmálaflokkanna innan lands eða utan séu greiddar af almannafé. Forsrh. brást í haust illa við þessari athugasemd yfirskoðunarmanna þegar hann var spurður um hana í fjölmiðlum. Hann var m.a. spurður um ferðir á vegum Framsfl. til útlanda á fundi frjálslyndra flokka og lýsti því yfir að hann hefði haft mjög mikið gagn af þessum ferðum og þess vegna væri eðlilegt að þetta væri greitt af forsrn. Ég efast ekkert um að hann hafi haft gagn af þessum ferðum — tel reyndar að ýmsir fleiri flokksmenn í Framsfl. hefðu gagn af því að kynna sér sjónarmið í öðrum löndum — en málið er eftir sem áður það að hér er um að ræða ferðir á vegum flokka sem þeir eiga þá sjálfir að borga. Eða hvað um flokkana sem eru í stjórnarandstöðu á hverjum tíma? Breyttist eðli ferða sem þessara, t.d. á fundi Alþjóðasambands jafnaðarmanna sem formað-

ur Alþfl. hefur sótt í mörg ár, breyttist eðli þessara ferða eitthvað við það að hann fór úr stjórnarandstöðu í stjórn? Og breyttist þá grundvöllurinn fyrir því hvernig þessar ferðir skyldu greiddar? Auðvitað ekki. Auðvitað eiga að gilda sömu reglur um þetta fyrir stjórnarandstöðuflokka og stjórnarflokka, þ.e. flokkarnir eiga að borga þetta sjálfir þegar svona stendur á. Þessu vildi ég koma hér á framfæri, virðulegi forseti.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt á þeirri umræðu sem hér fer fram að þörf er á skýrum reglum um slíkar ferðir og tek ég undir nauðsyn þess að slíkar reglur verði settar. Ég tók eftir því í dagblaði um daginn að þar birtist mynd frá einni af fundaferðum hæstv. utanrrh. þar sem hann hélt fyrirlestur um EB-EFTA viðræðurnar yfir nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hér hefur verið aðeins vikið að því að í slíkum fundaferðum gæti verið viss hætta á einhliða boðskap þar sem jafnvel er verið að kynna sjónarmið eins flokks eingöngu. Nú er það svo að skólar, sérstaklega framhaldsskólar, biðja oft á veturna um flokkakynningu og fá þá fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna á sinn fund. Í þessu tilfelli er aðeins verið að kynna eina hlið á málinu. Ég vildi aðeins vekja á þessu athygli og eftir því sem ég best veit var það ekki fyrir beiðni stjórnenda eða nemenda þessa skóla að fundurinn var haldinn.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó afturhaldsöflin hér á virðulegu Alþingi komi upp og andmæli því að ráðherrar og aðrir forustumenn fari á meðal þjóðarinnar til þess að reyna að upplýsa um það sem er að gerast hér. Þessi öfl hafa hingað til þrifist á þögninni og í skúmaskotunum hér, pólitískum skúmaskotum á þinginu, og þeim er að sjálfsögðu illa við að málin séu dregin fram í dagsljósið á þennan hátt. En við því er ekkert að gera. Þessa kynningu þarf að auka miklu meira en hefur verið gert. Það þarf að upplýsa, sérstaklega núna, um allt sem lýtur að EFTA-EBE viðræðum. Það er stórmál. Og það er gott að ráðamenn skuli vera reiðubúnir til að fara á meðal fólksins, sitja þar og bíða eftir spurningum. Síðan er það undir fólkinu sjálfu komið um hvað það spyr. Vilji menn ekki segja allt sem í brjóstum þeirra býr, eins og hér er gefið í skyn, þá er það að sjálfsögðu undir þeim komið sem sækja fundina að spyrja þá. Fólkið hefur tækifæri til að spyrja þá. Það er númer eitt. Kynningu af þessu tagi verður að auka og sérstaklega verður að leggja áherslu á það að kynna þjóðinni hvað er að gerast í EFTA-EB viðræðunum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að setja þarf reglur og reyndar eru til reglur um ferðalög ráðherra og ferðalög ríkisstarfsmanna. Hins vegar kann oft að vera mjög erfitt að draga mörkin, hvar er um almennan upplýsingafund að ræða og hvar kemur pólitíkin og skoðun viðkomandi flokks inn. Það fer m.a. eftir því hvernig spurt er á slíkum fundum. Þarna standa menn upp og koma með ýmsar athugasemdir sem ráðherra á erfitt með að skorast undan að svara. Ég lít svo á t.d. að upplýsingafundir um EFTA-EB séu mjög nauðsynlegir. Mér hefur hins vegar heyrst og hef séð í sjónvarpi að þar hafi eitthvað annað borið á góma. Það er erfitt að koma í veg fyrir slíkt.

Ég hef sótt einn fund um atvinnumál. Ég get hins vegar upplýst að ég man ekki til þess að minnst væri á pólitík á þeim fundi og ekki spurt um viðhorf nokkurs einasta aðila, hvorki stjórnarandstöðu eða stjórnarsinna. Það hefur líklega ekki verið eins skemmtilegur fundur eins og sumir fundir sem utanrrh. heldur og lætur ýmislegt fjúka. Ég er ekkert að áfellast hann fyrir það út af fyrir sig. En það er erfitt að draga mörkin. Það vildi ég láta koma hér fram.

Hins vegar væri mjög fróðlegt að skoða miklu betur það sem kom fram hér áðan um utanlandsferðir hjá hv. þm. Geir Haarde og reyndar hef ég látið draga saman upplýsingar um það sem ég vil mjög gjarnan að verði athugaðar. Um þetta gilda hinar ólíkustu reglur erlendis. Það er rétt að hér hefur verið greiddur kostnaður af ferðum ráðherra á fundi ýmissa pólitískra samtaka, jafnvel hálfpólitískra eins og Bilderberg-klúbbsins og fleira. Þetta hef ég látið skoða í gegnum árin. En víða erlendis eru stórar fjárfúlgur veittar af þingum til alþjóðlegra samskipta stjórnmálaflokka og það vantar hér. Ég tek undir það, ekki síst nú þegar við erum að auka okkar samskipti í Evrópu, að vitanlega á að gera hinum almenna þingmanni, þingflokkum, bæði stjórnarsinnum og stjórnarandstöðu, kleift að taka þátt í þeirri umræðu em þar er. Ég tel það afar mikilvægt í því lýðræðisskipulagi sem við höfum. Þetta vantar og ég hef látið draga saman upplýsingar um þetta og get væntanlega lagt fram tillögu um hvernig þessu megi hátta.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessum umræðum vil ég taka fram eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er það sjálfsögð regla, að mínu mati, þó hún sé ekki skráð, að þegar ráðherrar, forustumenn stjórnmálaflokka, ferðast eða taka þátt í ráðstefnum alþjóðasamtaka, eins og t.d. Alþjóðasambands jafnaðarmanna sem hér hefur verið nefnt, á það að greiðast að öllu jöfnu af flokki viðkomandi flokksformanns eða forustumanns. Ég get þó nefnt tvö dæmi þar sem það kunni að vera álitamál. Hið fyrra var að á aðalfundi Alþjóðasambands jafnaðarmanna í Stokkhólmi á sl. sumri voru það samantekin ráð utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda að nota tækifæri þess fundar til þess að ná sérstaklega fundi um Evrópumálefni við forsætisráðherra Frakka sem staddur var á þessu þingi. Annað dæmi er þegar formaður ráðherraráðs EFTA var beðinn um að flytja erindi og hafa framsögu um þessi mál á fundi samtaka jafnaðarmannaflokka og verkalýðshreyfinga á Norðurlönd-

um. Þegar um er að ræða að viðkomandi sækir fundi af þessu tagi af þessum sérstöku tilefnum þykir mér eðlilegt, svo að ég lýsi því skilmerkilega, að kostnaður sé greiddur vegna þess að hann er þarna í embættiserindum sínum.

Annað mál varðar kynningu á ýmsum málum á vegum stjórnvalda og fyrir því eru auðvitað mörg fordæmi. Ég vil aðeins minna á að hér hefur verið til umfjöllunar sérstök þáltill. um nauðsyn þess að kynna EFTA/EB-mál betur en gert hefur verið og menn hafa kvartað undan því, reyndar fulltrúar allra flokka, að þeirri kynningu hafi verið ábótavant. Utanrrn. hefur efnt til nokkurra slíkra funda þar sem hlutverk utanrrh. hefur verið að leggja fram gögn á fundinum og hafa framsögu, mjög á grundvelli þeirrar skýrslu sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Að sjálfsögðu berst mikið af fyrirspurnum á slíkum fundum. Ekki hvað síst er það nú í tengslum við sjávarútvegsmál sem er snar þáttur í þessu, og við því er ósköp einfaldlega það að segja að stjórnmálamaður sem staddur er á almennum fundi stýrir ekki spurningum og hann verður að meta það hverju sinni hvernig hann svarar spurningum.

Þriðja atriðið varðar t.d. samskipti við stofnanir eins og skóla. Í tengslum við þessa fundi hef ég sótt heim framhaldsskóla og það gerist hvort tveggja að það er að minni ósk eða ósk framhaldsskóla. Það liggja fyrir óskir frá fjölmörgum framhaldsskólum um þetta, m.a. vegna þess að á sviði félagsfræðabrauta hefur verið um þessi mál fjallað, mikið legið á ráðuneytinu um að gefa upplýsingar, afhenda skýrslur, greinargerðir o.s.frv., og við því hefur að sjálfsögðu verið orðið. Ég tel það í alla staði eðlilegt að við reynum að halda þeirri fræðslustarfsemi áfram í skólum, ekki síst þegar ákveðinn undirbúningur hefur verið lagður í skólastarfinu sjálfu.

Loks vil ég láta þess getið að af hálfu utanrrn. hefur frá sl. hausti verið unnið að undirbúningi á sérstökum kynningarþætti um þetta mál, þ.e. að gerð vídeómyndar sem er ætluð til almennra nota og almenningsnota og upplýsingadeild utanrrn. hefur unnið að undirbúningi að, m.a. vegna þrálátra og ítrekaðra beiðna framhaldsskóla um það að fá aukið upplýsingaefni af þessu tagi.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til fréttatilkynningar um málefni Panama, ein umr.

Fsp. ÞP, 283. mál. — Þskj. 513.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á lokadegi Alþingis fyrir jólahlé kvaddi einn af talsmönnum ríkisstjórnarflokkanna í utanríkismálum sér hljóðs vegna fréttatilkynningar utanrrn. um afstöðu Íslands til atburðanna sem þá voru að gerast í Panama. Hv. 2. þm. Austurl. tók þá fram af sinni hálfu að hæstv. ríkisstjórn hefði komið fram í því máli með þeim hætti að ekki væri talin ástæða til þess hjá þeim sem þennan póst skrifa, eins og hann orðaði það, sem var fréttatilkynning utanrrn., að fordæma það athæfi, heldur væri beinlínis um að ræða réttlætingu og yfirklór í sambandi við þetta brot á alþjóðalögum á þessum blöðum. „Ég bið menn," sagði hv. þm., „um að kynna sér þennan póst. Ég frábið mér slíkan jólapóst. Ég fyrirverð mig fyrir slíkt stjórnvald og fordæmi að slík afstaða sé tekin í nafni íslenskra stjórnvalda."

Þetta var einn af helstu áhrifamönnum stjórnarflokkanna í utanríkismálum að lýsa afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar í sérstakri umræðu sem efnt var til við lok fjárlagaafgreiðslu. Áður hafði hæstv. forsrh. gefið út yfirlýsingar í þessu máli. Ég leit svo á að sú fréttatilkynning sem utanrrh. sendi frá sér hefði fyrst og fremst verið send til þess að setja svolítið ofan í við hæstv. forsrh., en í fréttatilkynningu utanrrn. var sagt að íslensk stjórnvöld hörmuðu að bandarísk stjórnvöld hefðu talið sig knúin til að beita vopnavaldi í samskiptum sínum við Panama, en síðan segir: „Það ástand sem nú ríkir í Panama verður hins vegar að skrifast að stórum hluta til á ábyrgð Noriegas hershöfðingja."

Ég er í öllum meginatriðum sammála þeirri afstöðu sem fram kom í fréttatilkynningu utanrrn. en hæstv. menntmrh. sá ástæðu til þess í framhaldi af yfirlýsingum hv. 2. þm. Austurl. að óska sérstaklega eftir því að ríkisstjórnin fjallaði um fréttatilkynningu utanrrn. Þess vegna er í þessari fsp. spurt hvenær ríkisstjórnin varð við þessari beiðni, hvenær sú umræða fór fram, hver hafi verið afstaða einstakra flokka og hvort nokkur breyting hafi orðið á afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli frá því sem fram kemur í fréttatilkynningu, þrátt fyrir upphlaup hv. 2. þm. Austurl. og athugasemdir hæstv. menntmrh.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Fyrstu spurningu svara ég með því að upplýsa að þetta var rætt á fundi ríkisstjórnarinnar 29. des. sl. Um skoðanir stjórnarflokkanna er rétt að spyrja forsvarsmenn flokkanna. Þeir lýsa því betur en ég og um umræður í ríkisstjórn veit hv. þm. að ekki er fjallað um opinberlega þannig að ég mun ekki greina frá þeim hér. Hins vegar er öllum ljóst að það eru dálítið mismunandi áherslur í þessu máli og sumir telja að það hefði átt að taka dýpra í árinni. Hitt er svo einnig alveg ljóst að hæstv. utanrrh. fer með forræði í þessu máli og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa eina málsgrein úr hans fréttatilkynningu. Þar segir:

„Íslensk stjórnvöld árétta þá stefnu að leysa beri alþjóðleg deilumál með friðsamlegum hætti í samræmi við Sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á grundvelli þessarar meginreglu þjóðaréttar er ástæða til að harma að bandarísk stjórnvöld hafi talið sig knúin til að beita vopnavaldi í samskiptum sínum við Panama."

Við þetta er út af fyrir sig engin athugasemd gerð. Eins og ég sagði hefðu sumir viljað taka þar dýpra í árinni. Þarna er því andmælt að hervaldi er beitt.

Af því að ég geri ekki ráð fyrir því að taka til máls

varðandi fsp. sem hv. þm. beinir til hæstv. utanrrh. vil ég jafnframt geta þess hér að ég kvaddi sendiherra Bandaríkjanna á minn fund 17. jan. sl. og átti við hann ítarlegar og ágætar viðræður um þetta mál og þau mál sem hér hefur borið á góma, m.a. um viðtal við hann í Morgunblaðinu. Ég tel að málin hafi þar skýrst mjög. Ég gerði þar grein fyrir þeim athugasemdum sem ég gerði hér á þingi og ég tel að við höfum haft fullkominn skilning á því sem þar var um að ræða og engar eftirstöðvar eftir þau ummæli sem hér voru viðhöfð. Ég tel að þar hafi málin verið skýrð og leyst á þann máta sem best verður kosið.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég lýsti því yfir við þessa umræðu að ég var sammála öllum efnisatriðum í yfirlýsingu eða fréttatilkynningu utanrrn. Nú hefur það hins vegar komið í ljós og ég ræð það af yfirlýsingu hæstv. forsrh. að Alþb. hafi fallið frá mótmælum sínum við þá stefnu sem fram kemur í nefndri yfirlýsingu og hv. 2. þm. Austurl. hafði svo stór orð um en hæstv. menntmrh. taldi sérstaka ástæðu til þess að krefjast ríkisstjórnarfundar hér á hinu háa Alþingi vegna málsins.

Ég fagna því ef rétt er að Alþb. hafi sætt sig við að þetta skuli vera afstaða ríkisstjórnarinnar og tel að það sé nokkurt framfaramerki og iðrunarmerki af hálfu þess flokks í afstöðu hans til utanríkismála.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að ítreka það sem ég sagði áðan að ég greini hér ekki frá umræðu í ríkisstjórninni þannig að það mátti ekki skilja af mínum orðum að einhver hefði fallið frá fyrri athugasemdum. Raunar tók ég fram að mönnum væri kunnugt um mismunandi áherslur stjórnarflokkanna, en rétt væri að spyrja talsmenn þeirra sjálfa um það atriði.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það fer greinilega mjög í taugarnar á hv. 1. þm. Suðurl. að geta ekki togað stjórnarflokkana í sundur eftir sínu höfði í þessum efnum og hann gerir sér jafnvel upp barnalega tilburði eins og við heyrðum hér áðan til þess að túlka ummæli í svari hæstv. forsrh. með fullkomlega tilefnislausum hætti. Hv. 1. þm. Suðurl. sat víst einhvern tíma í ríkisstjórn og honum á þess vegna að vera kunnugt um það hvernig hlutir ganga þar fyrir sig. Eins og kom fram í máli og svari hæstv. forsrh. var umræða um utanríkismál, þar á meðal þessi efni, á fundi ríkisstjórnarinnar 29. des. sl. Það var hreinskiptin, ítarleg og löng umræða um nokkur mismunandi efni á sviði utanríkismála. Þar greindu talsmenn flokkanna inni í ríkisstjórninni frá sjónarmiðum sínna flokka og sínum áherslum í þessum efnum. Meira er ekki um það efni að segja í sjálfu sér og það er fullkomlega tilefnislaust og tilhæfulaust af þó jafnreyndum stjórnmálamanni og hv. 1. þm. Suðurl. að vera þar með að gera því skóna að einhver ein tiltekin fréttatilkynning standi um aldur og ævi fyrir afstöðu allra stjórnarflokkanna sem hv. þm. veit að er gefin út á ábyrgð og af utanrrh. og lýsir hans viðhorfum til málsins, enda fer hann með það verkefni í ríkisstjórninni. Flokkarnir hafa síðan sína afstöðu og hún hefur komið fram, bæði í umræðum hér á Alþingi og í ríkisstjórn og hv. þingmann er velkomið að upplýsa hvenær sem er um áherslur Alþb. í þessum efnum. Ég veit að hann hefur alltaf jafnmikla ánægju af því að heyra þær.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það liggur hér fyrir að lokinni þessari umræðu að svarið við spurningu fyrirspyrjanda um það hvort afstöðu ríkisstjórnarinnar hafi verið breytt frá því sem kemur fram í umræddri fréttatilkynningu er nei. Henni hefur ekki verið breytt. Það er vitaskuld kjarni málsins. Hvað sem líður einhverju rabbi eða spjalli manna á ríkisstjórnarfundum öðru hvoru megin við áramótin liggur ekki annað fyrir skjalfest opinberlega í málinu en margumrædd fréttatilkynning og hún er þess vegna síðasta orðið í málinu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Orkunotkun í nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, ein umr.

Fsp. DS. 274. mál. — Þskj. 503.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Sparnaður og hagræðing eru hugtök sem stöðugt eru í umræðunni. Á erfiðum tímum eins og nú reyna fyrirtæki að leita allra leiða til að draga úr rekstrarkostnaði sínum. Þannig hafa t.d. fiskvinnslufyrirtæki eitt af öðru sýnt mikla viðleitni í þá átt að reyna með öllum tiltækum ráðum að hagræða og spara í öllum sínum rekstri. Það sama ætti auðvitað að gilda um stofnanir ríkisins.

Nú síðari mánuðina hefur mikið verið rætt um sparnað í heilbrigðiskerfinu. Hafa hugmyndir um sparnað einkum beinst að þjónustuþáttum eins og t.d. að fækka stöðugildum og lækka kostnað við lyf og sérfræðiaðstoð. Í öllum þessum sparnaðarhugleiðingum mætti e.t.v. líta til fleiri þátta en þess sem snýr beint að sjúklingnum og þjónustu við hann.

Raforkukostnaður og orkunotkun er stór þáttur í rekstri margra stofnana, ekki síst sjúkrahúsa. Vegna mikils orkukostnaðar í nýbyggingu sjúkrahússins á Ísafirði gerðu starfsmenn Verkfræðistofunnar Vistu úttekt á orkunotkun og kostnaði við orkukaup stofnunarinnar á vegum heilbrrn. sl. sumar. Vettvangskönnun fór fram í byrjun maí og var raforkunotkun sírituð um svipað leyti. Niðurstaða verkfræðistofunnar er sú að með ýmsum aðgerðum mætti lækka raforkukostnað fyrir árið 1989 úr 10,2 millj. í 5,5 millj. eða um 46%.

Tillögur um leiðir til að ná fram þessum mikla sparnaði er að finna í allítarlegri og vandaðri skýrslu

Verkfræðistofunnar Vista. Mögulegar leiðir eru allt frá einföldum og sjálfsögðum atriðum eins og að halda fundi með starfsfólki og ræða um hagnýtt gildi orkusparnaðar til ýmissa tæknilegra atriða sem varða t.d. loftræstikerfi og vatnsrennsli. Þar sem hér sýnist vera um vænlega sparnaðarleið að ræða til rekstrar þessarar tilteknu stofnunar hef ég leyft mér á þskj. 503 að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbrrh. og les ég hana hér, með leyfi forseta:

„1. Með hvaða hætti hefur athugun og skýrslu Verkfræðistofunnar Vistu, sem gerð var sl. sumar á vegum heilbrrn., um mögulegar leiðir til sparnaðar í orkunotkun og orkukaupum Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði verið fylgt eftir?

2. Hefur heilbrrh. í hyggju að láta gera sams konar athuganir á orkunotkun annarra sjúkrahúsa í landinu?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er ekki óeðlilegt að spurt sé um það með hvaða hætti reynt sé að ná fram sparnaði og aðhaldi í rekstri ríkisstofnana og þar með auðvitað heilbrigðisstofnana. Einmitt sú viðleitni til sparnaðar sem reynt var að framfylgja á seinasta ári og er reynt að framfylgja enn hefur verið mikið til umræðu, og stjórnendur og starfsfólk sjúkrahúsanna hafa lagt sig mikið fram í því sambandi. Við höfum því miður ekki náð að fylgja fram þeim áætlunum eins og við hefðum viljað gera með hagræðingu eingöngu og aðhaldi í rekstrinum, heldur hefur einnig þurft að koma til þess að einstaka stofnunum hefur orðið að loka að hluta til, tímabundið þó, því betur. Þess vegna er að sjálfsögðu nauðsynlegt að líta á allar mögulegar leiðir í þessu sambandi.

Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir þessari fsp. sem hér er til umræðu og í fyrri lið er talað um sérstaka skýrslu sem unnin var af hálfu Verkfræðistofunnar Vistu og hvernig fram hafi verið fylgt þeim hugmyndum sem þar voru settar á blað. Sem svar við því vil ég greina frá að það varð að samkomulagi sl. sumar milli ráðuneytisins, Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og Verkfræðistofunnar Vistu að verkfræðistofan gerði framkvæmdaáætlun um aðgerðir til orkusparnaðar á sjúkrahúsinu. Þau atriði sem þegar hafa komið til framkvæmda af ábendingum verkfræðistofunnar eru eftirfarandi:

1. Lokað var fyrir snjóbræðslukerfi að þeirra tillögu.

2. Hiti almennt í sjúkrahúsinu var lækkaður um tvær gráður, úr 23 gráðum í 21 gráðu, nema á legudeild.

3. Dregið var úr lýsingu almennt í sjúkrahúsinu með því að fækka ljósaperum.

4. Vinnu í eldhúsi og þvottahúsi var hagað þannig að ekki séu ræst straumfrek tæki á sama hálftíma vegna þess að raforka er keypt af Orkubúi Vestfjarða á afltaxta og því nauðsynlegt að halda afltoppi svo lágum sem unnt er.

5. Þrír kælar eru í sjúkrahúsinu en ekki er nauðsynlegt að nota nema tvo meðan sjúklinga- og starfsmannafjöldi er sá sem nú er.

6. Vatnshiti á heitu vatni hefur verið lækkaður um 7 gráður í u.þ.b. 50 nú.

7. Því miður háttar svo til að útihurðir hússins, þessa nýja húss, eru mjög óþéttar og þarf reyndar að skipta um þær ef vel á að vera. Því fylgir mikill kostnaður en á meðan þetta ástand er þá er auðvitað reynt að gæta þess að útidyrnar séu þó þannig að þær standi ekki opnar eða þær séu eins þéttar og kostur er miðað við þennan ófullnægjandi búnað.

8. Rætt hefur verið við allt starfsfólk um að forðast bæði óþarfa eyðslu rafmagns og vatns.

9. Dregið hefur verið úr afköstum loftræstikerfa og loftræsting stoppuð að næturlagi nema í undantekningartilvikum. Loftskipti á skrifstofum, þjónustugöngum og í ýmsum minni herbergjum hafa verið minnkuð.

Verkfræðistofan gerði tillögur um hagkvæmari kaup á heitu vatni frá Orkubúi Vestfjarða og var sótt um það til Orkubúsins að fá að kaupa vatn með rennslismæli eins og áður var og á sambærilegum kjörum og giltu fram til 6. des. 1988. Orkubú Vestfjarða synjaði þessari beiðni Fjórðungssjúkrahússins en boðið var upp á annan taxta, enda mundi sjúkrahúsið þá setja upp millihitara og kosta dælingu. Breyting af þessu tagi mundi lækka orkukostnað verulega en kostnaður við breytinguna er áætlaður liðlega 2 millj. kr. og er reyndar líklegt að þessi breyting skilaði sér á einu og hálfu til tveimur árum. Því miður er þó ekki fjármagn til þessara hluta nú og vantar auðvitað verulega fjármuni enn til þess að ljúka við ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir við sjúkrahúsið á Ísafirði.

Annar liður fsp. hv. þm. er svohljóðandi: „Hefur heilbrigðisráðherra í hyggju að láta gera sams konar athuganir á orkunotkun annarra sjúkrahúsa í landinu?"

Flutt var í Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði 10. mars 1989, þ.e. þann hlutann sem seinast var tekinn í notkun af húsinu, og fyrsta heila árið í notkun verður því þetta ár, árið 1990. Það verður kannað og reynt að fylgjast með því hvaða sparnaður hefur náðst fram með þeim breytingum sem Vista lagði til og þegar hafa verið gerðar og eftir það munum við reyna að meta og taka ákvörðun um hvort reynslan af þessum orkusparnaðaráðgerðum er sú að við teljum ástæðu til þess að láta gera úttekt svipaða þessari á öðrum stöðum. Ég tel að það sé rétt að gera það en vil þó vera viss um, eftir að hafa nokkurn samanburð við rekstur í fyrra og rekstur í ár, hverju þetta kann að hafa skilað. Auðvitað geta einstakar sparnaðarleiðir leitt til kostnaðar á öðrum sviðum. Það að loka fyrir snjóbræðslukerfi gæti kallað á það að auka þyrfti kostnað við snjómokstur svo að eitt lítið dæmi sé nefnt.

Annað sem ég tel að sé mjög nauðsynlegt að hafa í huga varðandi orkukostnað allan er að að því sé hugað strax við hönnun og byggingu stofnana en ég

óttast að því miður sé, stundum a.m.k., ekki nægjanlega vel hugað að slíkum hlutum.

Þá er auðvitað ábyrgð stjórnenda og starfsfólks ávallt mikil, eða alla jafnan, í þessu sambandi, og spurning er hvort þurfi eða sé ástæða til þess að kaupa dýra ráðgjöf til þess að segja stjórnendum, a.m.k. í sumum tilfellum, sjálfsagða hluti, eins og hv. fyrirspyrjandi reyndar taldi hér upp í sínu máli áðan, um fundi með starfsfólki, að brýna fyrir starfsfólki að gæta sín varðandi orkueyðslu og annað slíkt. Þetta eru náttúrlega hlutir sem á ekki að þurfa að kaupa ráðgjafa til að benda á.

Að lokum, virðulegi forseti, þá er það svo að orka er auðvitað mjög misjafnlega dýr á hinum einstöku svæðum og þess vegna er kannski ástæðan til að horfa til þess þáttar misjafnlega mikil. Auðvitað þarf að gera það alls staðar. Óþarfa orkunotkun er auðvitað alls staðar ástæðulaus, hvort sem orkan er dýr eða ódýr. En í sumum tilfellum, eins og kannski kom fram í svari frá Orkubúi Vestfjarða og viðbrögðum, horfa menn auðvitað til þess að ef breytt er töxtum og dregið úr greiðslum einstakra stofnana þýðir það auðvitað að menn þurfa þá að auka kostnað einhvers staðar annars staðar. Þá færist kostnaðarbyrðin aðeins til milli neytenda. Það þýðir ekki lækkun hjá orkuveitunum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er rétt að fram komi að offramleiðsla er á raforku í landinu í dag. Landsvirkjun hefur þá stefnu að greiða upp skuldir á 20 árum. Spari Íslendingar verulega raforkunotkun mun það einfaldlega þýða það að aðrir taxtar verða hækkaðir.

Það blasir jafnframt við að það snjóbræðslukerfi sem notað hefur verið vestra kostar verulega peninga og mestur sparnaðurinn liggur í að hætta að hafa snjóbræðslukerfið. Þeir sem hafa fylgst með veðurfréttum mættu hins vegar gjarnan gera sér grein fyrir því að þörf þeirra sem þurfa að fara og njóta endurhæfingar á sjúkrahúsinu fyrir það að komast eftir gangstéttum án þess að þær séu á kafi í snjó hlýtur einnig að vera nokkur. Mér þætti vænt um að fá afstöðu Kvennalistans til þess. Hver er þeirra stefna í þessum málum? Vilja þær að menn ferðist á skíðum eða á einhverjum öðrum verkfærum inn í sjúkrahúsið ef þær leggja til að hætt skuli að veita þessa þjónustu?

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með þessari fsp. er tekið á stóru máli þó að aðeins sé vikið hér að einni stofnun sérstaklega vegna þess að þar liggur fyrir ákveðin úttekt. Ég tel að mjög brýnt sé að unnið sé að orkusparnaði hvarvetna í landinu vegna þess að það snertir tilkostnað við orkuöflun og það eru auðvitað engin rök fyrir því sem kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns, að tímabundið sé umframframleiðsla á raforku inn í raforkukerfi landsmanna. Hversu lengi það varir fer auðvitað eftir ákvörðunum um nýtingu raforkunnar.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra: Á þessu máli þarf að taka við hönnun húsnæðis og setja þar viðeigandi reglur. Auðvitað kemur margháttað matsatriði þar upp. Mér finnst ekki rétt að drepa málinu á dreif með einstökum þáttum eins og t.d. snjóbræðslukerfi, umræðu um það, sem auðvitað getur átt fullan rétt á sér við þær aðstæður sem þarna ríkja.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli. Hér er sérstaklega spurt um atriði sem varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Það hefur komið fram það sem þarf að koma í því sambandi hér í þessari stuttu umræðu nema ekki hefur komið fram, og það vildi ég upplýsa hér, að farið var fram á sérstaka fjárveitingu á fjárlögum þessa árs til að standa undir framkvæmdum við sjúkrahúsið sem miðuðu að orkusparnaði. Ekki var orðið við þessari beiðni og er það mjög miður. Það er ákaflega gott að lýsa vilja sínum til orkusparnaðar en það er miður gott þegar ekki er sýndur skilningur á aðgerðum sem nauðsynlegar eru til þess að koma slíku fram.

Aðeins var minnst á Orkubú Vestfjarða af hæstv. ráðherra. Ég vil taka það fram að Orkubúið sýnir mikinn skilning á þörfum Fjórðungssjúkrahússins eins og raunar kom fram í máli hæstv. ráðherra. Ég vil upplýsa það hér að einmitt á þessum degi, 1. febr., kemur til framkvæmda minnkun á rafhitunarafslætti Landsvirkjunar. Og þessi minnkun þýðir auðvitað hækkun á orkuverði eða að ég ætla um 7%. Ég vil upplýsa það hér að Orkubú Vestfjarða hefur gert samþykkt um að láta þetta ekki koma niður á orkuverði á Vestfjörðum heldur standa sjálft undir þeim kostnaði sem þarf til þess að mæta afslætti Landsvirkjunar.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans og vona að það takist að ná fram öllum þeim þáttum sem hér voru nefndir sem eru liðir í því að ná niður þessum kostnaði. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöðurnar þegar upp er staðið að loknum heils árs rekstri með þeim aðgerðum sem gripið verður til eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. Auðvitað er þetta dæmi einmitt dregið út vegna þess að fyrir liggur skýrsla. Þetta snertir auðvitað mjög margt annað og ekki einungis heilbrigðisstofnanir. Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Austurl. um það að auðvitað eru ekki rök í þessu máli að offramleiðsla sé á raforku í landinu. Við komum enn og aftur að því sem heilbrrh. reyndar minntist á sjálfur, þ.e. frumábyrgðinni, frumábyrgð við hönnun, t.d. þeirra sem hanna og byggja hús, og einnig frumábyrgð þeirra sem standa fyrir virkjunarframkvæmdum. Það er mikilvægt að hugsað sé og litið til framtíðarinnar með tilliti til orkuþarfar og nýtingar en ekki að verið sé að virkja einungis til þess að eiga umframorku. Það er ekki neinn tilgangur í því.

Hv. 2. þm. Vestf. minntist á hver væri stefna Kvennalistans gagnvart aðgengi sjúklinga eða þeirra

sem þyrftu á endurhæfingu að halda í slíkum sjúkrahúsum. Hvorki við né aðrir þingflokkar höfum flutt um það sérstakar tillögur eða gefið út stefnuyfirlýsingar um það hér á þingi eða annars staðar, en hins vegar veit hv. 2. þm. Vestf. það jafn vel og ég að í því fannfergi sem núna er á Vestfjörðum dugir svona snjóbræðsla skammt. Allir eru auðvitað sammála um að mjög mikilvægt sé að aðgengi sjúklinga og annarra sem þurfa að komast inn í stofnanir sem sjúkrahús og reyndar hvaða aðrar stofnanir sem er sé sem öruggast. Eftir stendur auðvitað spurningin um það hvort það séu rök í málinu að ríkisstofnanir kaupi raforku á hvaða verði sem er, einungis vegna þess að þær eru að versla við aðra ríkisstofnun. Það held ég að við getum ekki litið á sem rök í þessu máli. Það hlýtur því að vera mikilvægast að gerðar séu áætlanir strax í upphafi, hvort sem er um hönnun eða byggingu húsa, svo og virkjunarframkvæmdir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef hvorki lagt til að virkjað verði ótakmarkað í landinu né að keypt sé af öðrum ríkisstofnunum á hvaða verði sem er vegna þess að það sé önnur ríkisstofnun.

Ég tel að það hafi komið skýrt fram í mínu máli að mesti sparnaðurinn liggur í því að leggja niður snjóbræðslukerfið. Ég óskaði eftir því hvort það ætti að koma fram á þann veg, fá svör við því hvort menn vildu minni þjónustu. Ég hef fengið svarið. Menn vilja minni þjónustu.

Mengunarvarnir á Gunnólfsvíkurfjalli, ein umr.

Fsp. MálmS, 275. mál. — Þskj. 504.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þann 13. júlí sl. skrifaði heilbrigðisfulltrúi Norðurlands eystra Hollustuvernd ríkisins og óskaði eftir umsögn stofnunarinnar varðandi frágang olíugeymis á Gunnólfsvíkurfjalli. Heilbrigðisfulltrúi bendir á að fyrirhuguð staðsetning sé þannig að hugsanlegur olíuleki mundi skila sér vestur af fjallinu og valda grunnvatnsmengun á stóru svæði og væri þá vatnsból Þórshafnarbúa í hættu.

Hinn 23. júlí sl. kemur svar frá Hollustuverndinni þar sem bent er á atriði varðandi frágang olíugeymis sem þurfi að lagfæra, m.a. að ekki sé ráðlegt vegna veðurfarsaðstæðna að hafa opna mengunarvarnaþró þar sem búast megi við að hún verði full af snjó og klaka mikinn hluta ársins. Bréf þetta var sent Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og varnarmálaskrifstofunni.

Hinn 23. ágúst skrifar Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra utanrrn. þar sem gerð er eftirfarandi athugasemd, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerir athugasemdir við staðsetningu og mengunarvarnir 150 tonna hráolíugeymis ratsjárstöðvarinnar. Fyrirhuguð staðsetning olíugeymis landmegin á Gunnólfsvíkurfjalli hefur í för með sér hættu á grunnvatnsmengun. Möguleikar til vatnstöku á Langanesi eru takmarkaðir og grunnvatnsmengun á þessu svæði getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir byggð á Langanesi. Með því að staðsetja olíugeymi ratsjárstöðvarinnar sjávarmegin á Gunnólfsvíkurfjalli má koma í veg fyrir hættu á grunnvatnsmengun vegna hugsanlegs olíuleka [þó vitanlega ekki sjávarmengun].

Ef ekki þykir fært að breyta staðsetningu olíugeymis ratsjárstöðvarinnar á Gunnólfsvíkurfjalli er óskað eftir því að mengunarvarnir geymisins verði endurbættar í samræmi við ábendingar Hollustuverndar ríkisins, þ.e. að utan um tveggja tomma neyslulögn komi plastpípa sem tæki við hugsanlegum leka á lögninni og byggt verði yfir tank og þró þannig að um virka mengunarvarnaþró verði að ræða allan ársins hring.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra væntir þess að varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis bregðist fljótt og vel við þessum ábendingum og vilja heilbrigðisnefndar."

Engin svör bárust við þessum athugasemdum frá varnarmálaskrifstofunni eða utanrrn.

Virðulegi forseti. Nú er það svo að upplýsingar sem mér hafa nýlega borist eru á þann veg að ég hefði orðað fsp. öðruvísi hefði ég haft þær þegar hún var lögð fram en ég kaus þó að draga hana ekki til baka.

Öllum er í fersku minni olíulekinn á Bolafjalli í nóvember þar sem eftirliti var stórlega áfátt. Hefði slíkt skeð á Gunnólfsvíkurfjalli væri núverandi vatnsból Þórshafnarbúa trúlega eyðilagt og sömuleiðis möguleikar þeirra til annarrar neysluvatnstöku. Því er þessi fsp. á þskj. 504 komin fram.

Hinn 22. nóv. skrifar Heilbrigðiseftirlit Norðurl. e. skrifstofu varnarmála og mótmælir flutningi á olíu í olíugeyma á Gunnólfsvíkurfjalli þar sem mengunarvarnaþróin sé óvirk og engar af ábendingum Heilbrigðiseftirlits né Hollustuverndar verið teknar til greina. Sveitarstjórn Þórshafnarhrepps skrifar einnig utanrrn. og áréttar þetta. Skemmst er af því að segja að utanrrn. hefur hundsað allar ábendingar þessara aðila og engum bréfum svarað en olía hefur verið flutt í geymana án þess að þær lagfæringar, sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Hollustuvernd og sveitarstjórn Þórshafnarhrepps hafa farið fram á og krafist, hafi verið gerðar. Ég hef því borið fram eftirfarandi fsp. á þskj. 504:

1. Hefur verið flutt olía í olíugeyma á Gunnólfsvíkurfjalli? Það er ljóst að svo er.
2. Ef svo er, er það með vitund og vilja viðkomandi yfirvalda?
3. Hver hefur haft eftirlit með mengunarvörnum á Gunnólfsvíkurfjalli til þessa?

Við þetta vil ég bæta, með leyfi hæstv. forseta: Hvers vegna svarar utanrrn. ekki bréfum sem því berast um svo alvarleg málefni sem ég nú hef lýst og hvers vegna er ekki tekið tillit til krafna Heilbrigðiseftirlits og Hollustuverndar?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Svör mín við þessum þremur spurningum komu reyndar skýrt fram í máli mínu og greinargerð sem dreift var hér á Alþingi við umræður utan dagskrár 23. nóv. sl., en þær umræður fóru fram fyrir atbeina hv. 18. þm. Reykv., samþingflokksmanns fyrirspyrjanda. Þessar umræður eru prentaðar á bls. 1171–1181 í þingtíðindum.

Svo sem ég greindi þá frá var olía sett á olíugeyma ratsjárstöðvanna bæði á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli án heimildar og án samráðs við íslensk stjórnvöld. Eins og einnig var þá frá greint höfðu teikningar af ratsjárstöðvunum, þar með talið olíugeymum, fengið umfjöllun í skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða árið 1986 og var þá leitað umsagnar Heilbrigðiseftirlits á varnarsvæðum og Vinnueftirlits ríkisins. Ráðgert var að Heilbrigðiseftirlit varnarsvæða, en þar starfar nú fastráðinn sérfræðingur í mengunarvörnum, svo og Siglingamálastofnun ríkisins mundu gera úttekt á olíukerfum stöðvanna áður en notkun þeirra hæfist. En svo sem ég gerði þingheimi grein fyrir 23. nóv. sl. var engin starfræksla fyrirhuguð á stöðvunum eða olíukerfunum á næstunni.

Þegar eftir að vitneskja barst um að olía hefði verið sett á olíugeyminn á Gunnólfsvíkurfjalli var gengið úr skugga um að frágangur þar væri tryggilegur og síðan hafa Heilbrigðiseftirlit á varnarsvæðum og Siglingamálastofnun ríkisins unnið að úttekt á olíugeymum, olíukerfum og mengunarvarnaþáttum þar að lútandi. Verður farið að kröfum þessara aðila um lokafrágang.

Reglulegt eftirlit, eins og spurt er um í þriðju spurningu, er með stöðvunum og stöðugt fjareftirlit hefur verið undirbúið og verður sett upp á næstunni.

Ég vil, virðulegi forseti, að lokum, vegna þess að af fyrirspurn þeirri sem hér er til umræðu, svo og vegna fréttaflutnings Ríkissjónvarps í fréttatíma 23. jan. sl. sem byggðist á skýrslu um vettvangskönnun Siglingamálastofnunar ríkisins í lok nóv. sl., mætti draga þá ályktun að kastað hafi verið til höndum við hönnun og byggingu olíugeymanna og olíukerfanna leyfa mér að lesa hér úr skýrslu sem Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar vann að beiðni Ratsjárstofnunar, dags. 6. nóv. sl., en þar eru helstu niðurstöður dregnar saman sem hér segir, með leyfi forseta:

„1. Samkvæmt framangreindu þá gera hönnunarforsendur fyrir olíugeyminn og neyslulögnina á Gunnólfsvíkurfjalli ráð fyrir tvö- til þreföldu álagi miðað við þær álagsforsendur sem íslenskir staðlar og reglur um olíumengun gera ráð fyrir.

2. Olíugeymir og neyslulögn eru því efnismeiri og sterkari en kveðið er á um samkvæmt íslenskum stöðlum og reglum.

3. Varnarþróin er það stór að ekki verður séð að mengunarhætta sé fyrir hendi vegna ónógs rýmis í henni þótt svo ólíklega vildi til að geymir rifnaði.

4. Fullyrðingar um að þróin verði óvirk þegar hún fyllist af snjó virðast ekki á rökum reistar né heldur að frágangur neyslulagnar sé óvandaður.

5. Við þetta má svo bæta að olíumannvirki sem byggjast á sömu hönnunarforsendum hafa verið í rekstri víða um heim í langan tíma og við svipaðar aðstæður og á Gunnólfsvíkurfjalli."

Þess skal og getið að af hálfu varnarliðsins hafði íslensk verkfræðistofa, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, með höndum byggingareftirlit með ratsjárstöðvunum á Gunnólfsvíkurfjalli sem og á Bolafjalli. Framkvæmdin sjálf var hins vegar í höndum Íslenskra aðalverktaka.

Að því er varðar viðbótarspurningu um það að bréfum hafi ekki verið svarað, sem að sjálfsögðu ber að gera, þá er mér ekki kunnugt um það. Sé svo biðst ég velvirðingar á því en mun gera ráðstafanir til þess að þeim verði svarað svo sem efni standa til.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vildi nú upplýsa það, sem reyndar kom fram í máli hæstv. utanrrh., að mér hefur borist skýrsla frá mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar sem lýsir úttekt stofnunarinnar á aðstæðum á Gunnólfsvíkurfjalli fljótlega eftir að ljóst varð að þangað hafði verið flutt mikið magn olíu í heimildarleysi í nóvember sl. Þessi skýrsla er nú væntanlega komin til réttra aðila sem gagn í þeirri opinberu rannsókn sem stendur yfir á vegum saksóknara og rannsóknarlögreglu.

Ég vil svo segja fyrir mitt leyti að í ljósi þeirra bréfaskrifta og ítrekaðra tilrauna heilbrigðisyfirvalda og heimamanna til þess að ná áheyrn varnarmálaskrifstofu eða Ratsjárstofnunar og fara fram á lagfæringar, úrbætur og aðra staðsetningu olíubirgðastöðvarinnar er sú framkoma sem þarna lýsir sér öll enn furðulegri og vítaverðari, að mínu mati, og það verður hin opinbera rannsókn þessa máls að leiða í ljós hver ber þar ábyrgð, svo furðuleg sem þessi framganga er öll í ljósi þeirrar staðreyndar að olíubirgðastöðin er byggð ofan á vatnsbóli viðkomandi byggðarlags.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. utanrrh. leiðir í ljós, eða ég get ekki annað skilið, að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hafi ekki fylgst með þessari byggingu eins og samið hefði verið um að hún gerði. Og þetta er auðvitað vítavert. Einnig það að varnarmáladeild ansaði ekki þeim eftirlitsaðilum sem eiga að vera í heimabyggð, þó að erindi þeirra sé margítrekað. Slíkt er alveg ólíðandi. Ég verð að beina þeim orðum mínum til hæstv. utanrrh. að hann geri ráðstafanir til þess að þarna verði ekki mengunarslys, þ.e. að þar sem hefur ekki verið farið eftir eðlilegum reglum verði að færa þennan geymi ef því verður við komið. Og auðvitað er ábyrgðin öll í raun og veru á

utanrrn. eða varnarmáladeild sem verður svo að sækja sitt mál til hersins.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég er sammála fimmta hjólinu undir ríkisstjórninni, hv. 6. þm. Norðurl. e., um það að þeir ráðherrar sem hafa talað í þessu máli séu eins og hundur og köttur. Spurningin er bara hvor er kötturinn og hvor hundurinn. En hitt er alvarlegra mál þegar í ljós kemur að samgrh. telur að vatnsbóli þeirra Þórshafnarmanna sé ógnað vegna vanrækslu utanrrh. og er óhjákvæmilegt að þeir hæstv. ráðherrar sem hér eiga í hlut gefi fyllri upplýsingar og fyllri skýrslu um þetta málefni en hér hafa komið fram. Ég tel, hæstv. forseti, að nauðsynlegt sé að hæstv. samgrh. geri Alþingi grein fyrir því hvernig hann hyggst rækja embættisskyldur sínar þannig að hæstv. utanrrh. verði að hlíta settum lögum og reglum. Það er auðvitað alveg óþolandi að þessi tvö ráðuneyti geti ekki talast við. Það er auðvitað alveg óþolandi að vanrækslusyndir hrúgist upp líka í mengunarmálum hér. Ef á hinn bóginn er fyrir öllu öryggi séð er málflutningur hæstv. samgrh. fyrir neðan allar hellur.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka utanrrh. svör hans. Ég var ekki viðstödd á þingfundi þegar umrædd umræða sem hann nefnir fór fram þannig að mér voru ekki ljós þau mál sem hann vitnaði í. En þá vil ég fá að vita hvernig stendur á því að ég er hér með í höndunum skýrslu frá Siglingamálastofnun um könnun á olíugeymum stöðvarinnar á Gunnólfsvíkurfjalli sem gerð er að beiðni samgrh. en ekki utanrrh. og skýrslan er samkvæmt vettvangsskoðun 22. nóv. Hæstv. utanrrh. virðist ekki telja sér skylt að fylgjast með hvernig þessum framkvæmdum er háttað hér og virðist ekki heldur telja sér skylt að sjá um að bréfum sé svarað sem koma til utanrrn. um þessi mál. Hæstv. ráðherra svarar því ekki heldur hvers vegna ekki er tekið tillit til þeirra ábendinga um mengunarvarnir sem sendar eru til utanrrn. frá þeim sem þeim málum eiga að sinna. Og það er greinilegt að eftirlitsaðilinn, sem er umrædd verkfræðistofa, hefur ekki uppfyllt skyldur sínar. Telur þá utanrrn. að framkvæmdir á vegum Bandaríkjahers sé eitthvað sem fólkið í landinu varðar ekkert um og óþarfi sé að upplýsa né heldur að taka tillit til hagsmuna þeirra sem framkvæmdin nær til? Í skýrslunni sem Siglingamálastofnun gerir kemur fram að þessi mengunarvarnaþró sé alls ófullnægjandi þrátt fyrir það að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen telji að svo sé og ég heimta að úr því sé skorið hvað er rétt í því máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er á misskilningi byggt ef hv. fyrirspyrjandi telur mig víkjast undan ábyrgð á því að erindum sé svarað sem berast til varnarmálaskrifstofu eða utanrrn. Það kom skýrt fram í mínu svari hér áðan að ef þar hefur orðið misbrestur á mun ég kanna það og gera ráðstafanir til þess að bæta úr því. Meira get ég ekki um það sagt vegna þess að um það er mér ekki nákvæmlega kunnugt.

Að því er varðar efnisatriðin sjálf er engu við að bæta þær upplýsingar sem fram komu strax á sl. hausti þegar þessi mál voru til umræðu. Ég tel mig hafa fyrir því traustar heimildir, m.a. frá þeirri verkfræðistofu sem ég vitnaði í áðan, að hér sé vel og tryggilega um hnútana búið. Það kom rækilega fram í svari mínu og er ekki nokkur ástæða til að vefengja að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hafi sinnt skyldum sínum varðandi eftirlit með framkvæmdinni. Það er ekki mitt að svara því hvers vegna hæstv. samgrh. leitar til Siglingamálastofnunar um sérstaka könnun. Það er hans að svara því en það er þó eðlilegt af þeirri einföldu ástæðu að sú stofnun heyrir undir hann.

Áhyggjum af því að hér sé slaklega um hnútana búið að því er varðar öryggis- og mengunarmál tel ég að ég hafi svarað og það eru efnisleg rök fyrir því að þarna sé raunverulega, að því er varðar mannvirkið og gerð þess, þannig að málum staðið að öryggið eigi að vera meira en krafist er af íslenskum stöðlum og reglum.

Afgreiðsla erlends gjaldeyris, ein umr.

Fsp. GHelg, 284. mál. — Þskj. 514.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hleypa mér að með þessa spurningu á undan öðrum sem á sér ástæður sem ég fæ ekki við ráðið og ég vona að hv. þm. fyrirgefi það.

Ég hef gert hér að fyrirspurnarefni gjaldeyrisviðskipti með greiðslukortum. Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um greiðslukortastarfsemi gegnum árin hér í þinginu og sjaldnast fengið miklar undirtektir við þær áhyggjur mínar sem ég lýsti hér strax þegar greiðslukortastarfsemi hófst. Hinn 11. mars 1980 bar ég fram fsp. í þinginu um hvort leyfi þyrfti frá stjórnvöldum til að stofna til greiðslukortaviðskipta. Hafði þáv. hæstv. viðskrh. þá góð orð um að lagafrv. yrði fljótlega borið fram varðandi þessi viðskipti og þessa umfangsmiklu lánastarfsemi sem hófst án þess að í raun og veru nokkur hefði á því stjórn.

Á árinu 1984 spurði ég enn hvað liði löggjöf um greiðslukortastarfsemi og fékk þau svör þá einnig að nú væri skammt í hana. Sú löggjöf er nú fyrst að sjá dagsins ljós en eins og kunnugt er var í nóvember lagt hér fram frv. til laga um greiðslukortastarfsemi og er það mál nú statt í hv. fjh.- og viðskn. Ed. án þess að það hafi enn verið afgreitt.

Ég hafði ýmislegt við þessa umfangsmiklu viðskiptastarfsemi að athuga, svo sem að hún hlyti óhjákvæmilega að leiða til hærra vöruverðs og gjörbreyta öllum fjárhag manna sem svo sannarlega hefur sýnt sig. Ég hef hins vegar að þessu sinni gert að fsp.

hvernig háttað sé stjórnun á eyðslu gjaldeyris, en eins og kunnugt er sýnast ekki vera miklar hömlur á því hve miklu menn geta eytt af erlendum gjaldeyri þjóðarinnar með því einu að fara til útlanda með greiðslukortið sitt.

Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 514 að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. í fyrsta lagi um hvaða reglur gildi um leyfilegar upphæðir í erlendum gjaldeyri sem einstaklingar sækja um vegna utanlandsferða hér heima í bönkum, í öðru lagi hvort sambærilegar reglur gildi varðandi afgreiðslu erlends gjaldeyris með greiðslukortum, í þriðja lagi hve háa fjárhæð bankar og sparisjóðir afgreiddu í ferðagjaldeyri árin 1988 og 1989 og í fjórða lagi hve mikilli upphæð var eytt í erlendum gjaldeyri á sama tíma með greiðslukortum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 13. þm. Reykv. gerir hér fsp. um afgreiðslu á erlendum gjaldeyri í fjórum liðum.

Í fyrsta lagi er spurt hvaða reglur gildi um leyfilegar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri sem einstaklingar sækja um vegna utanlandsferða.

Svarið er að samkvæmt gildandi reglum er leyfilegur gjaldeyrir til ferðalaga erlendis allt að jafnvirði 2000 bandaríkjadala í hverri ferð en börn innan 12 ára aldurs fá hálfa þá fjárhæð.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort sambærilegar reglur séu í gildi varðandi afgreiðslu erlends gjaldeyris með greiðslukortum.

Því er til að svara að noti ferðamaður greiðslukort erlendis má heildarnotkun gjaldeyris ekki fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem er í gildi á hverjum tíma fyrir hverja ferð. Þetta er hin almenna regla. Þeir sem vegna starfa sinna erlendis, viðskiptaerinda eða fundahalda og annarra slíkra erinda hafa þörf fyrir hærri fjárhæð geta hins vegar fengið úttektarheimild samkvæmt reglum sem samstarfsnefnd um gjaldeyrismál setur. Það liggur í hlutarins eðli að þegar greitt er með greiðslukorti er ekki auðvelt að tengja saman ferð og greiðslu þannig að forsendur til þess að líta eftir þessum reglum breytast nokkuð með notkun greiðslukortanna. Ég tel þar nú reyndar ekki mikla hættu á ferðum.

Ég vil taka það fram til frekari skýringar að ferða- og dvalarkostnaður, eins og ég sagði áðan, í útlöndum er nú leyfður allt að 2000 bandaríkjadölum í hverri ferð en í viðskiptaferðum hefur til hægðarauka verið sett tvöfalt hærri fjárhæð.

Um námskostnað gilda þær reglur að yfirfærsla á námsmannagjaldeyri er háð því skilyrði að nám erlendis standi í meira en sex mánuði á ári. Fjárhæðin er ákveðin eftir því í hvaða landi námsmaðurinn dvelur, m.a. með hliðsjón af framfærslukostnaðaráætlunum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál tilkynnir bönkum og sparisjóðum í samráði við Lánasjóðinn hvaða fjárhæðir gildi fyrir hvert land. Þurfi námsmaður að sjá fyrir heimili erlendis hækkar þessi heimild um 50% vegna maka og um 20% fyrir hvert barn sem er á framfæri hans. Þá er heimilt að yfirfæra skólagjöld og dýrari námsgögn sérstaklega.

Í sérstökum reglum samstarfsnefndar um gjaldeyrismál er einnig getið um hámarksyfirfærslur í gjaldeyrisgreiðslum vegna ýmissa annarra atriða, svo sem vegna *höfundarlauna, leigugreiðslna, flutningskostnaðar* og fleira af því tagi.

Ég ætla ekki að tíunda þetta frekar hér en segi beinlínis að greiðslukortin hafa að nokkru leyti breytt forsendum reglna af þessu tagi. Það er t.d. alveg víst að margir námsmenn hafa útvegað sér greiðslukort sem eins konar tryggingu fyrir því að geta greitt ef eitthvað *kemur óvænt upp á* í þeirra búrekstri. Þetta tel ég eðlilegt og alls ekki neitt sem menn þurfa að hafa áhyggjur af. Ég kem að því síðar þegar ég svara þriðju og fjórðu spurningunni, en þar er spurt hversu háa fjárhæð bankar og sparisjóðir hafi afgreitt í ferðagjaldeyri árið 1988 og 1989.

Samkvæmt upplýsingum gjaldeyriseftirlitsins afgreiddu bankar og sparisjóðir ferðagjaldeyri fyrir samtals 9,1 milljarð króna árið 1988 og árið 1989 fyrir 10,6 milljarða. Greiðslukortagreiðslur voru árið 1988 af þessari fjárhæð 3,4 milljarðar en árið 1989 4,7 milljarðar. Hækkunin milli ára á heildargreiðslum er um 16,5% í íslenskum krónum, á sama tíma og hækkun á verði erlends gjaldeyris hefur að jafnaði verið tæplega 26%. Hér er því um 7,5% raunverulega minnkun í gjaldeyrisnotkun að ræða. Hlutur greiðslukortanna hefur hins vegar aukist úr 37,4% af heildarfjárhæðinni 1988 í 44,3% árið 1989. Og hef ég þá um leið svarað fjórðu spurningunni.

Ég tel að vaxandi hlutur greiðslukorta sé í raun og veru spegilmynd af því sem hefur verið að gerast hérlendis, að greiðslukortin eru orðin miklu algengari miðill en var. Ég sé ekki ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af því í erlendum viðskiptum en ég vildi þakka hv. fyrirspyrjanda, 13. þm. Reykv., sérstaklega fyrir það að hafa stutt að því að það frv. sem nú liggur fyrir hv. Ed. um greiðslukortastarfsemi fái skjóta en vandaða meðferð í þinginu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans greinargóðu svör sem ég dreg ekki í efa að séu rétt. Sannleikurinn er hins vegar sá að það er ekkert eftirlit með því hverju menn eyða gegnum greiðslukort erlendis. Ráðherra sagði réttilega: Almenn heimild í greiðslukortasamningum er sú að sama upphæð gildi um eyðslu erlendis með greiðslukortum og veitt er ef ferðamaður sækir um gjaldeyri í banka, en ég held að við vitum það öll sem hér inni erum að svo fremi greiðslukortareikningurinn sé í skilum gera fyrirtækin eða bankarnir enga athugasemd við þó að eyðslan fari langt umfram upp gefna heimild. Sjálf hef ég orðið vitni að því í mínum eigin viðskiptum, þegar ég hef tekið peninga beint út í erlendum banka, að það var hringt heim og spurt hvort þessi viðskiptavinur sé trausts verður, og þó ég hafi þegar verið komin fram yfir þá heimild sem ég hafði var engin athugasemd gerð við það.

Ég held þess vegna að það sé nákvæmlega ekkert eftirlit með þessu. Gróði greiðslukortafyrirtækjanna er svo gífurlegur að þeim er alveg sama hverju menn eyða svo lengi sem þeir borga. Og það held ég að sé nú sannleikurinn í málinu. Menn skulu ekki skilja orð mín svo að ég sé að hafa á móti því að menn noti greiðslukort. Ég held að við verðum öll að sætta okkur við það að þarna er kominn nýr viðskiptamiðill inn í líf okkar sem við sjálfsagt fæst vildum nú vera án þó að margt megi um það segja hversu heillavænleg áhrif það hefur haft í þjóðfélaginu. En ef mönnum er sárt um þann gjaldeyri sem fólkið í þessu landi vinnur fyrir og safnar í okkar sameiginlegu sjóði nær auðvitað ekki nokkurri átt að menn fái að eyða þeim gjaldeyri í lúxus erlendis án þess að nokkurt minnsta eftirlit sé með því, því það er það ekki, hæstv. ráðherra. Og það hefur aldrei, svo ég viti til, verið gerð athugasemd við umframeyðslu svo fremi korteigandinn greiði skuldir sínar og jafnvel þó hann geri það ekki, því það mun nú vera orðin venjuleg athöfn þúsunda íslenskra fjölskyldna að byrja á því, þegar launaseðillinn kemur, að uppgötva að það er ekki til fyrir greiðslukortinu hvað þá öðrum reikningum og þá er hvað auðveldast að fara í banka og semja um greiðslu á greiðslukortinu. Það er harðar gengið eftir öðrum skuldum, enda fyrirtækin rík.

Ég held þess vegna, og nú skal ég ljúka máli mínu, hæstv. forseti, að full ástæða sé til við meðferð frv. til laga um greiðslukortastarfsemi að setja einhverjar lágmarksreglur og það standi í lagatextanum þegar þar að kemur að eitthvert eftirlit skuli vera með eyðslu manna gegnum greiðslukort. Það er löngu ljóst að þarna fara milljarðar í súginn vegna þess að ekkert eftirlit er með þessari eyðslu.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta undarlegs tóns í málflutningi fyrirspyrjanda hér, tóns sem ég hélt nú satt að segja að væri löngu horfinn úr sölum Alþingis og heyrði til hugsunarhætti löngu liðins tíma, um að það skorti hér eitthvert eftirlit og þurfi miklu strangari reglur um yfirfærslu ferðamannagjaldeyris og notkun greiðslukorta í því sambandi. Það er alveg furðulegt að heyra slíkan málflutning, enda kom það fram í máli ráðherra að hann í það minnsta hefur engar áhyggjur af að það sé ekki nóg eftirlit með þessum hlutum. Það þarf ekkert sérstakt eftirlit með þessu. Gjaldeyrisnotkunin í þessu efni, eins og kom fram í máli ráðherra, hefur verið 9–10 milljarðar undanfarin ár, og þar af 3–4 eða rúmlega það, í gegnum greiðslukort af kannski lauslega áætlaðri 150 milljarða gjaldeyrisnotkun þjóðarbúsins í heild. Ég hef ekki þá tölu nákvæmlega, en mér dettur í hug að hún geti verið á því bili.

Sannleikurinn er auðvitað sá að það er ekki bara erfitt að hafa mikið eftirlit með gjaldeyrisnotkun Íslendinga á ferðalögum erlendis. Það er meira og minna alveg ástæðulaust. 2000 dollara yfirfærsla fyrir ferð gildir jafnt hvort sem ferð er einn dagur eða sex vikur þannig að hv. fyrirspyrjandi gáði nú ekki að því að jafnvel þó að menn gæti ýtrustu reglna geta menn fengið mjög háar fjárhæðir yfirfærðar ef þeir fara oft til útlanda í ferðalög. Ég tala nú ekki um ef það er í viðskiptaerindum eða því um líku. Ég lýsi þess vegna furðu minni yfir þessum málflutningi og þeim tóni sem hann einkennist af en fagna upplýsingum og afstöðu ráðherrans í málinu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Ég geri mér ekki grein fyrir, hæstv. forseti, í hvaða tóni ég talaði. Það sem ég var hins vegar að benda á var það að reglur eins og þær sem hæstv. ráðherra lýsti hér, um að menn geti fengið allt að 2000 dollurum ef þeir sækja um gjaldeyri, hafa auðvitað enga merkingu þegar menn geta eytt miklu, miklu meiri peningum með því að sækja ekki um neinn gjaldeyri heldur nota einungis greiðslukort sín. Það kann vel að vera að hv. 17. þm. Reykv. sé þeirrar skoðunar að engar hömlur skuli vera á gjaldeyriseyðslu einstaklinga, en ég held nú að það mál mætti ræða á öðrum vettvangi. Vilji menn hins vegar hafa reglur um aðra greiðsluaðferðina, þá skulu þeir hafa hana um hina líka. Annars er ekkert vit í þessu.

Þessari athugasemd vildi ég koma á framfæri, hæstv. forseti.

Niðurskurður vegna riðuveiki, ein umr.

Fsp. EL, 281. mál. — Þskj. 511.

Fyrirspyrjandi (Elín R. Líndal):

Virðulegur forseti. Á þskj. 511 hef ég beint fsp. til landbrh. um niðurskurð vegna riðuveiki sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur riða verið staðfest á nýjum svæðum sl. þrjú ár? Ef svo er, þá hvar?

2. Hafa áður þekkt riðusvæði stækkað með nýjum tilfellum sl. þrjú ár? Ef svo er, þá hver?

3. a. Hjá hve mörgum bændum hefur riðuniðurskurður verið framkvæmdur og hver er heildartala fjárins? b. Hjá hve mörgum er bótasamningi lokið? c. Hversu margir hafa hafið sauðfjárbúskap að nýju?

4. Hefur bótasamningi eða framkvæmd hans verið breytt síðan skipulegur niðurskurður hófst?

5. Er verðgildi bótanna sambærilegt nú og við upphaf baráttunnar við riðuveiki?

6. Ætlar landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir einhverjum breytingum á framkvæmd niðurskurðar eða bótasamninga?"

Eins og fram kemur í fsp. er leitað svara við nokkrum spurningum varðandi niðurskurð og riðuveiki í sauðfé og full ástæða er til að fylgjast grannt með því hvernig baráttan við þennan sjúkdóm gengur og eins hinu með hvaða hætti bændum er bætt afurðatjónið.

Á síðustu missirum hefur gætt vaxandi óánægju meðal bænda með bótasamninginn og svo virðist sem

bú með góðar afurðir eftir hverja á fari verr út úr þessum bótagreiðslum en hin þar sem afurðirnar eru í meðallagi eða minni. Eðlilegast virðist að þessar bætur séu miðaðar við fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda. Þannig jafnast aðstöðumunur vegna mismunandi arðsemi fjárins.

Af þessum ástæðum, m.a., leyfi ég mér að bera fram þá fsp. til hæstv. landbrh. sem ég hef hér áður upp lesið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Á grundvelli upplýsinga sem ég hef dregið saman, m.a. frá Sauðfjárveikivörnum ríkisins, gef ég eftirfarandi svör við þessari fsp:

Í fyrsta lagi er spurt hvort riða hafi verið staðfest á nýjum svæðum sl. þrjú ár og ef svo er, þá hvar.

Það er í eftirfarandi tilvikum: Í Hrunamannahreppi í Árnessýslu á einum bæ skammt austan Hvítár árið 1988, í Grímsey á árinu 1987 og í Kirkjubæjarhreppi á einum bæ vestast í Síðuhólfi 1987.

Í öðru lagi er spurt hvort áður þekkt riðusvæði hafi stækkað með nýjum tilvikum sl. þrjú ár og ef svo er, þá hver.

Þau svæði eru:

Dalahólf hið nyrðra: Þar var staðfest riða á einum bæ í Skarðshreppi á árinu 1988, en áður var staðfest riða í þessu hólfi á einum bæ í Laxárdalshreppi árið 1978. Í Skagafjarðarsýslu hefur hólf austan vatna á Kjálka stækkað með því að staðfesta riðu á einum bæ á árinu 1987 og enn fremur var í Skagafjarðarsýslu vestan vatna staðfest riða á nokkrum bæjum á árunum 1987 til 1989, í Skarðshreppi og Staðarhreppi. Áður hafði fundist riða í Lýtingsstaðahreppi og Seyluhreppi og á einum bæ í Staðarhreppi.

Austfjarðahólf: Þar var staðfest riða á einum bæ innarlega í Skriðdal á árinu 1989, en áður hafði fundist riða á nokkrum bæjum neðst í hreppnum. Sömuleiðis greindist riða á einum bæ á Berufjarðarströnd á árinu 1989, en áður hafði fundist riða á einum bæ á árinu 1983 og einum bæ á árinu 1979 á því svæði.

Í þriðja lagi er spurt: „Hjá hve mörgum bændum hefur riðuniðurskurður verið framkvæmdur og hver er heildartala fjárins?"

Svarið er að á árunum 1978–1985 var framkvæmdur niðurskurður á 168 fjárbúum, samtals 27.894 kindur, á árunum 1986–1989 hjá 393 fjárbúum, samtals 79.191 kind. Síðan stóð Framleiðnisjóður fyrir niðurskurði á árinu 1986 á samtals 49 fjárbúum, samtals 8.386 kindum. Þetta gera samtals á árunum 1978–1989 609 fjárbú og 115.471 kind.

Í b-lið 3. tölul. er spurt: „Hjá hve mörgum er bótasamningi lokið?" Svarið er: Hjá 299 fjárbúum er bótasamningum lokið.

Og í c-lið 3. liðar er spurt: „Hve margir hafa hafið sauðfjárbúskap að nýju?" Svarið er: 109 aðilar.

Þá er í fjórða lagi spurt: „Hefur bótasamningi eða framkvæmd hans verið breytt síðan skipulegur niðurskurður hófst?" Svarið er það að vorið 1989 var eldri samningur frá árinu 1987 lagfærður þannig að bókanir sem fylgdu honum voru teknar inn í nýja samninginn sem málsgreinar. Þessar nýju málsgreinar vörðuðu ákvæði um greiðslu dráttarvaxta og vörðuðu þau tilvik þegar riðuveiki er staðfest að hausti eða eftir að fóðuröflun hefur farið fram og bætur greiðast með sérstökum hætti vegna þess.

Þá voru eldri málsgreinar felldar út sem orðnar voru óþarfar og höfðu tengst samningagerð frá fyrri árum sem ekki voru sem sagt lengur virkar. Ég hygg að tíminn leyfi ekki að ég fari ítarlega og efnislega ofan í þær breytingar sem þarna urðu, en þetta eru breytingarnar í meginatriðum. Þess má þó geta að ráðuneytið hefur enn fremur í tengslum við þessa samningagerð heimilað Sauðfjárveikivörnum að gefa bændum sérstakar yfirlýsingar vegna réttarstöðu þeirra hvað snertir þann fullvirðisrétt sem þeir hafa í höndum þegar þeir taka þátt í niðurskurðaraðgerðunum og að réttur þeirra verði ekki skertur af þeim sökum umfram aðra vegna þess að þeir hafa tekið þátt í þessum aðgerðum.

Í fimmta lagi er spurt: „Er verðgildi bótanna sambærilegt nú og við upphaf baráttunnar við riðuveiki?" Þar er einfaldast að svara því til að bætur eru nú allt aðrar og miklu meiri en þær voru við upphaf aðgerðanna gegn riðuveiki. Staðreynd málsins er sú að í upphafi var í raun aðeins um óverulega aðstoð að ræða til bænda í formi uppeldisstyrks á lömb. Á tímabili voru bætur miðaðar við skattamat áa en frá árinu 1982 hafa bætur verið greiddar samkvæmt reglugerð nr. 556 frá 1982. Auk þess fá bændur tryggt fullt haustgrundvallarverð fyrir felldan fjárstofn og ýmsar tryggingar hafa verið teknar inn í samninginn á síðustu árum sem eiga að tryggja verðgildi bótanna til bænda svo að þeir fái hverju sinni sanngjarnar bætur. Vísa ég í þessu efni einnig til svarsins við 4. spurningu, m.a. ákvæða um vexti o.fl.

Í sjötta lagi er spurt: „Ætlar ráðherra að beita sér fyrir einhverjum breytingum á framkvæmd niðurskurðar eða bótasamninga?" Svarið er að á nýliðnu ári lauk síðasta stóra niðurskurðarárinu, síðasta stóra árinu í þessum aðgerðum sem staðið hafa um langt árabil. Við gerum okkur vonir um að í framhaldinu verði ekki um að ræða nema mjög takmarkaðar, óverulegar eftirhreytur, sem rétt er þó að búast við, einstök tilvik sem kunna að koma upp og tekið verður þá á. Þannig dragi mjög úr framkvæmdunum og í raun og veru verði um mjög fá tilvik og óverulegar greiðslur að ræða borið saman við það sem verið hefur á þeim árum undanförnum sem aðgerðirnar hafa verið í fullum gangi. Það er því ekki sérstaklega gert ráð fyrir því að vegna þeirra tilvika verði um breytingar að ræða. Ég hef talið eðlilegt að ljúka þessum aðgerðum og reyna að hafa í þeim samræmi, bæði hvað framkvæmdir og vinnureglur snertir sem og bótagreiðslur, þannig að ekki kæmi upp misræmi af þeim sökum að undir lok aðgerðanna væri um breytingar að ræða.

Ég vil þó geta þess að ég hef ákveðið og þegar skipað sérstaka nefnd til að endurskoða og yfirfara öll íslensk lagaákvæði sem varða búfjársjúkdóma og

varnir gegn þeim. Undir starf þeirrar nefndar mun að sjálfsögðu falla endurskoðun laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Þau lög taka til riðuveiki og framkvæmd niðurskurðarins hefur verið á grundvelli þeirra laga. Nefndinni er einmitt ætlað að taka tillit til breyttra aðstæðna frá gildistökunni, en lög þessi voru reyndar upphaflega samin fremur með aðra sjúkdóma en riðuveiki í huga.

Fyrirspyrjandi (Elín R. Líndal):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. greinargóð svör. Það er vissulega ánægjuefni ef árangur verður brátt sýnilegur í baráttunni við riðuveikina í ljósi þess hversu mikið hagsmunamál allra sauðfjárbænda í landinu þarna er á ferðinni.

Í upplýsingum hæstv. ráðherra kom fram að nokkuð stór hluti þeirra bænda sem skorið hefur verið niður hjá hverfur frá búskap og sennilega í ýmsum tilfellum einnig frá búsetu. Þótt slíkt dragi úr kindakjötsframleiðslu er afar óheppilegt að það gerist með svo tilviljanakenndum hætti sem háttalag riðuveikinnar er og getur þá náttúrlega haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar upp á búsetu að gera.

Ég tel stéttarvitund bænda vissulega mjög sterka. Þeir hafa á síðustu árum lagt sitt af mörkum við útrýmingu riðuveiki og er ekki ástæða til að ætla að riðu sé haldið leyndri. En bótasamningur sem mönnum finnst vera ógnun við afkomu sína eykur vissulega hættuna á að slíkt gæti gerst og þar með glatist það sem áunnist hefur í þessum riðuniðurskurði. Ég tel, og ætla að koma aftur að því, að það væri mikið sanngirnismál að bæturnar yrðu miðaðar við fullvirðisrétt viðkomandi og jöfnuðu þannig aðstöðumuninn.

Mér skildist á svari ráðherra að þeir fengju yfirlýsingu um það núna að þeir yrðu ekki skertir meira en aðrir þegar þessu yrði lokið. Þá veltir maður því fyrir sér af hverju það megi ekki vera afdráttarlaust inni í samningnum. Ef ég skildi það rétt er bara um yfirlýsingu að ræða. Það er mikill ótti hjá bændum þegar þeir skera niður að ekki verði tekið tillit til þessa.

Að lokum fagna ég því að þessi nefnd verði skipuð og vonast til að sérstaklega verði lögð áhersla á riðuveikimálin.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda um að afar miklu varðar að vel takist til á lokaspretti þessara aðgerða. Þær hafa staðið lengi, kostað mikið fé og auðvitað hafa bændur sem fyrir þessu hafa orðið þurft að þrauka óskemmtileg tímabil. Þessi mál eru eðli sínu samkvæmt oft viðkvæm og erfið og það er því mjög skiljanlegt að upp kunni að koma ýmiss konar vandkvæði í samningagerðinni. Ég leyfi mér að fullyrða að bótagreiðslur hafa tekið breytingum í átt til hagsbóta fyrir bændur á undanförnum árum og að miklum mun, ef tekið er mið af þeim óverulegu bótum sem menn fengu greiddar í upphafi þessara aðgerða, á fyrstu árunum sem skorið var niður vegna riðuveiki, eins og ég sagði áðan. Og á síðustu árum hafa komið inn ákvæði um vexti o.fl. sem hafa tvímælalaust verið til hagsbóta fyrir bændur. Það má hins vegar lengi deila um það hversu vel er hægt að gera.

Eitt af því sem hefur komið inn í samninga eru sérstök ákvæði vegna óvenjumikillar afurðasemi hjá þeim bændum sem geta sýnt fram á slíkt. Þá hefur verið við það miðað að ef afurðasemi fjár þeirra sé meira en 15% yfir meðaltali fái þeir greitt sérstakt álag á bæturnar vegna slíks. Ég tek svo einnig undir það að þeirrar nefndar sem nú hefur hafið störf bíður það verkefni að yfirfara öll lagaákvæði á þessu sviði og samræma þau og horfa til núverandi aðstæðna í þessum efnum. Og að sjálfsögðu verður lærdómurinn af þessum aðgerðum gegn riðuveikinni hafður sérstaklega í huga þegar sú endurskoðun verður framkvæmd.

Yfirlýsing forsætisráðherra um brot á 41. gr. Vínarsáttmálans, ein umr.

Fsp. ÞP, 282. mál. — Þskj. 512.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á fundi Alþingis 21. des. sl. lýsti hæstv. forsrh. því yfir að sendiherra Bandaríkjanna hefði farið út fyrir þau mörk sem hefð og venjur, svo og 41. gr. Vínarsáttmálans setja erlendum sendimönnum. Tilefni þessarar yfirlýsingar var viðtal sem hinn skeleggi og kunni blaðamaður Agnes Bragadóttir átti við sendiherra Bandaríkjanna og birtist í Morgunblaðinu.

Nú er það svo að það er býsna stór og mikil yfirlýsing þegar forsrh. stendur upp á Alþingi Íslendinga og lýsir því yfir að sendiherra erlends ríkis hafi brotið gegn hefðum og 41. gr. Vínarsáttmálans og á þann veg hlutast til um innanríkismálefni landsins. Aðspurður í umræðu þennan dag sagði forsrh. að hann teldi ekki ástæðu til þess að afþakka afskipti sendiherra Bandaríkjanna af öðrum málum svo sem aðstoð sendiherra Bandaríkjanna um að við kæmumst í nánara samband við áliðjufyrirtæki í Bandaríkjunum. Það er að vísu líka umdeilt mál hér innan lands en hæstv. forsrh. sagði að slíkar umræður hefðu farið fram í einkasamtölum við ráðherra og það væri ekki hægt að gera athugasemdir við þó sendimenn hefðu þann hátt á. En hitt væri óafsakanlegt, þegar þau kæmu fram í blöðum.

Þegar yfirlýsing af þessu tagi er gefin hlýtur að vakna sú spurning með hverjum hætti henni hafi verið fylgt eftir. Það er nánast óhugsandi að svo stór yfirlýsing sé gefin í garð sendimanna erlends ríkis nema henni sé fylgt eftir, ella er hún markleysa. Þess vegna hef ég spurt hæstv. utanrrh. að því hvort yfirlýsingunni hafi verið fylgt eftir með aðgerðum af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar eða hvort hún hafi litið á yfirlýsinguna sem markleysu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. skýrði frá því úr þessum ræðustól hér áðan að hann hefði kvatt sendiherra Bandaríkjanna á sinn fund þann 17. jan., átt við hann viðræður og heyrði ég ekki betur á máli hans en hann hefði lýst þeim viðræðum sem jákvæðum. Ef spurt er um viðbrögð ríkisstjórnar í framhaldi af þessu máli, þá er því fljótsvarað. Þau eru engin af þeirri einföldu ástæðu að mál af þessu tagi eru á verksviði utanrrh. en ekki ríkisstjórnar.

Málið kom lauslega til umræðu á ríkisstjórnarfundi 29. des. Á þeim fundi staðfesti ég að viðbrögð starfandi utanrrh. á umræddum tíma, 21. des., þegar hann lýsti því yfir hér í ræðustól að hann teldi ekki ástæðu til þess að líta á ummæli sendiherrans í blaðaviðtali sem afskipti af íslenskum utanríkismálum, túlkuðu rétt afstöðu utanrrn. Ég hefði að vandlega athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að hér væri ekki um að ræða brot á 41. gr. Vínarsáttmálans og ég mundi því ekki sem utanrrh. hafa nein afskipti af því máli. Rökin eru fyrst og fremst þau að í umræddu blaðaviðtali lýsti sendiherrann afstöðu sinna stjórnvalda í tveimur málum. Annað varðaði álmálið en þar hafa íslensk stjórnvöld með formlegum og eðlilegum hætti leitað eftir samstarfi við bandaríska aðila, þannig að hér er um að ræða samskiptamál ríkjanna. Hitt málið var umræða um breytt viðhorf í framtíðinni varðandi afvopnunarmál þar sem sendiherrann lýsti þeirri skoðun sinni að varaflugvöllur á Íslandi kynni að gegna mikilvægu hlutverki ef Íslandi yrði falið það verkefni að annast eftirlit með framkvæmd afvopnunarsamninga.

Nú er því til að svara að umsókn barst íslenskum stjórnvöldum m.a. frá bandarískum stjórnvöldum, en í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu, um að mega framkvæma forkönnun að því er varðar þennan varaflugvöll, reyndar án allra skuldbindinga um framkvæmdir. Þeirri spurningu hefur enn ekki verið svarað með formlegum hætti af íslenskum stjórnvöldum. Hér er líka um að ræða samskiptamál þannig að niðurstaða okkar í utanrrn. var sú að hér væri ekki um að ræða íhlutun í íslensk innanríkismál heldur væri sendiherrann að tjá sig um mál sem væru á dagskrá sem samskiptamál ríkjanna. Þess vegna væru ekki rök fyrir því að hér væri um að ræða brot á Vínarsáttmála. Niðurstaða þessa máls er einfaldlega sú að af minni hálfu sem utanrrh. kom það fram þegar í umræðunum að ég teldi ekki efni til slíkra viðbragða. En forsrh. hefur þegar gert grein fyrir þeim viðræðum sem hann hefur átt við sendiherrann og af þeim ummælum var ljóst að þau samskipti eru með eðlilegum hætti sem betur fer.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Af þeim má ráða að ríkisstjórn Íslands lítur svo á að í umræddu viðtali hafi ekki falist afskipti sendiherra Bandaríkjanna af íslenskum innanríkismálum. Og utanrrh. sem réttilega fer með þessi mál, ekki bara sem utanrrh., hann fer með þau fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og íslensku þjóðarinnar, hefur ekki talið tilefni til afskipta af málinu. Það verður að líta svo á að það sé niðurstaða ríkisstjórnar Íslands. Ég er fyllilega sammála þessari niðurstöðu og fagna því á hvern veg hæstv. utanrrh. hefur haldið á þessu máli. Einkasamtal hæstv. forsrh. við utanrrh. Bandaríkjanna hefur auðvitað enga þýðingu í þessu efni, enda hefur ekkert komið fram um það hvaða efnisatriði voru þar til umræðu og því síður að hæstv. forsrh. hafi fylgt hinni stóru yfirlýsingu sinni eftir sem var gefin á Alþingi 21. des.

Niðurstaða málsins er sem sagt sú, og hæstv. utanrrh. staðfestir það, að yfirlýsing hæstv. forsrh. var markleysa. Það er niðurstaða ríkisstjórnar Íslands að yfirlýsingin hafi verið marklaus með öllu. Það vekur auðvitað upp nýjar spurningar. Hvernig má það vera að slíkt geti gerst að forsrh. gefi slíkar yfirlýsingar og ríkisstjórnin komist að þeirri niðurstöðu að þær séu markleysa? Það kann svo sem að vera átölulaust þegar um er að ræða innanríkismál. Menn eru öllu vanir í þeim efnum hér heima. En hvernig eiga ríkisstjórnir annarra ríkja að líta á ummæli forsrh. þegar ríkisstjórnin sjálf staðfestir með svo ákveðnum hætti sem hæstv. utanrrh. hefur gert að á ummælum hæstv. ráðherra beri ekki að taka mark? Hvernig á ríkisstjórn Bandaríkjanna eða aðrar ríkisstjórnir að líta á ummæli hæstv. forsrh. í öðrum málum þegar fyrir liggur að ekkert er að marka yfirlýsingar hans um jafnviðkvæm mál og samskipti ríkja og hvort sendimenn erlendra ríkja haldi sig við þá alþjóðasáttmála sem um setu þeirra hér á landi gilda? Þetta eru auðvitað stórar spurningar og alvarlegar og hafa áhrif á stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum. Það er mikilvægt að ráðherrar, og ég tala nú ekki um hæstv. forsrh., hagi orðum sínum á þann veg að a.m.k. erlendis sé hægt að taka mark á þeim yfirlýsingum og líta á þær yfirlýsingar sem yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Því miður hefur annað komið í ljós í því efni og það er hin alvarlega staðreynd þessa máls.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Spurningin um það hvort um sé að ræða brot á tilteknu ákvæði Vínarsáttmálans um réttindi og skyldur sendimanna er spurning sem utanrrn. og utanrrh. sem slíkur hlýtur að fjalla um. Ég hef einungis skýrt frá minni niðurstöðu í því efni. Hitt er svo annað mál að forsrh. taldi og skýrði frá því hér úr þessum ræðustól að þessi ummæli væru óheppileg vegna þess að þar hefði sendiherrann vikið að viðkvæmu deilumáli sem mjög væru skiptar skoðanir um milli íslenskra stjórnmálaflokka og jafnvel innan ríkisstjórnar. Það tel ég kjarna málsins að því er varðar afstöðu forsrh. og ég efa ekki að það er sá þáttur málsins sem hann ræddi við bandaríska sendiherrann og kom aðfinnslum sínum þannig á framfæri, en skv. frásögn hans af þeim samtölum hefur þetta mál ekki orðið til þess að spilla samskiptum við umræddan sendiherra eða samskiptum við Bandaríkin á nokkurn hátt þannig að þeim ábendingum hefur verið vel tekið og málið að því leyti útkljáð.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég virði tilraunir hæstv. utanrrh. til þess að bera blak af forsrh. sínum. Hann heldur því fram að hæstv. forsrh. hafi talað um að þetta hafi verið óheppilegt. Það liggur fyrir að hæstv. forsrh. sagði að eftir að hann hafi skoðað viðtalið hafi hann komist að þeirri niðurstöðu að þar hafi sendiherrann farið út fyrir þau mörk sem hefð setur erlendum sendimönnum í ríkjum og sömuleiðis út fyrir það sem Vínarsáttmálinn, 41. gr., segir en þar er skýrt tekið fram að erlendir sendimenn skuli forðast að hafa á nokkurn hátt afskipti af innanríkismálum.

Með öðrum orðum, það liggur hér alveg ljóst fyrir að hæstv. forsrh. lýsti því yfir að sendiherrann hafi brotið Vínarsáttmálann. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi verið að gera það í þeim tilgangi að koma til móts við einn óþægan stjórnarþingmann og reyna að liðka fyrir stjórnarsamstarfinu hér innan lands. Eftir stendur að hæstv. utanrrh. hefur staðfest að ríkisstjórn Íslands lítur svo á að þessi ummæli hafi verið markleysa, að ríkisstjórn Bandaríkjanna og sendiherra Bandaríkjanna eigi ekki að taka mark á yfirlýsingum hæstv. forsrh. Og þá stendur eftir þessi spurning: Hvað á ríkisstjórn Bandaríkjanna eða aðrar ríkisstjórnir að halda næst þegar forsrh. Íslands talar? Það liggur hér fyrir að ekki er hægt að taka mark á ummælum hans og það er það sem er alvarlegt og þarfnast umræðu hér í þinginu og hæstv. utanrrh. getur auðvitað ekki svarað fyrir.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli manna á þeirri áráttu sem kemur fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., ég vil segja þráhyggju, að reyna með öllum tiltækum ráðum og tilbúnum og ónýtum rökum að níða niður æruna af arftaka sínum, núv. hæstv. forsrh. íslenska lýðveldisins. Þetta er næsta sérkennilegt og þegar það svo bætist við að hér er fyrrv. forsrh. okkar á ferðinni, þá verður það öllum mun óskemmtilegra fyrir vikið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það hlýtur að teljast til tíðinda þegar einn af hæstv. ráðherrum núv. ríkisstjórnar telur það vera að níða niður æruna af hæstv. forsrh. þegar sannleikurinn er sagður um hann.

Um þingsköp.

Skýrsla um kaup hlutabréfa í Samvinnubanka. Frv. um skatt á orkufyrirtæki.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil óska eftir því að hæstv. viðskrh. verði kallaður til fundarins. Ég þarf að bera fram fsp. til hans um þingmál. (**Forseti:** Á hv. 1. þm. Suðurl. við að hann ætli að ræða þingsköp þar sem hæstv. viðskrh. þurfi að vera viðstaddur?) Já, það er rétt skilið. (**Forseti:** Þá mun forseti gera tilraun til að kalla hæstv. viðskrh. hér í salinn.) Er ekki hægt að gera hlé á fundinum þar til hæstv. ráðherra kemur? (**Forseti:** Ég held að gera megi ráð fyrir því að hæstv. ráðherra birtist fljótlega en ef hv. þm. vill setjast í sæti sitt á meðan, þá er það að meinalausu.) Það er vel þegið.

Frú forseti. Fyrir jólaleyfi þingmanna báru nokkrir þingmenn, samkvæmt ákvæðum þingskapa, fram beiðni um að hæstv. viðskrh. gerði skýrslu um fyrirhuguð kaup Landsbankans á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubankanum. Í beiðni þessari var jafnframt farið fram á að gerð yrði nákvæm grein fyrir tilteknum atriðum og þar á meðal viðhorfum Ríkisendurskoðunar vegna þess að áður hafði fram komið að hæstv. viðskrh. taldi málið þess eðlis að nauðsynlegt væri að Ríkisendurskoðun athugaði það.

Nú er liðinn allnokkur tími síðan skýrslubeiðni þessi var lögð fram hér á Alþingi. Að vísu er það svo að í þingsköpum eru ráðherrum ekki sett tímamörk varðandi það hvenær skýrslum samkvæmt slíkum beiðnum á að skila. Eigi að síður þykir mér einsýnt að sá tími er liðinn sem hæstv. ráðherra hefur þurft til að gera skýrslu af þessu tagi. Þær spurningar sem fram eru bornar eru þess eðlis að á þessum tíma á að hafa verið unnt að afla allra gagna og birta skýrsluna hér á hinu háa Alþingi nema ef vera skyldi að einhverjir aðilar málsins hafi tregðast við að gefa upplýsingar. En ég vona að sú sé ekki ástæða þess að skýrslan er ekki enn komin. Fsp. mín til hæstv. ráðherra er sú hvenær vænta megi að skýrslan verði lögð hér fram þannig að umræður geti farið fram um hana hér á þinginu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. 1. þm. Suðurl. um að ekki hefur verið nein tregða að gefa upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar skýrslu sem hann ásamt nokkrum öðrum þingmönnum bað um hér í þinginu rétt fyrir jólaleyfi þingsins. Það hefur tekið þennan tíma að afla gagna. Það hefur ekki verið neinn óeðlilegur dráttur á málinu. Ég mun leggja skýrsluna fyrir þingið jafnskjótt og hún er tilbúin. Ég á von á því að það verði í næstu viku.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans svör. Ég tek þau góð og gild og vænti þess að honum takist að leggja skýrsluna hér fram í næstu viku. Æskilegt væri, með tilliti til þess hversu langur tími er liðinn síðan beiðnin kom fram og með tilliti til eðlis málsins, að umræður geti farið fram um skýrsluna þegar í næstu viku og ég beini þeim tilmælum bæði til hæstv. ráðherra og til forseta að svo megi verða.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hef óskað eftir því að hæstv. forseti Ed. komi í þingsalinn, beðið um að hann verði sóttur. Ástæðan fyrir því er sú að næstliðinn þriðjudag, fyrir níu dögum, var lagt á það ofurkapp í Ed. að frv. um skattlagningu á orkufyrirtækjum yrði afgreitt til nefndar umræðulaust að kalla. (**Forseti:** Forseti

vill aðeins skjóta hér inn orði. Forseti telur að hæpið sé fyrir forseta Sþ. að kalla á forseta Ed. til að svara á þessum vettvangi um mál sem varða Ed. Ég vildi mælast til þess við hv. þm. að hann hafi skilning á því, enda er forseta kunnugt um að nú mun standa yfir forsetafundur. Þess vegna er hér varaforseti í stóli. En vill hv. þm. ekki beina þessu máli til hæstv. forseta Ed. á þeim vettvangi?)

Hæstv. forseti. Ég get ekki fallist á þessa skýringu vegna þess að ég hef ekki aðstöðu til að koma athugasemdum mínum við með öðrum hætti. Á þriðjudag í síðustu viku var lagt á það ofurkapp að frv. um skattlagningu á orkufyrirtækjum yrði vísað til nefndar vegna þess að mjög lá á að lögfesta þennan skatt sem þýðir um 30% hækkun á heimilistöxtum á rafmagni fyrir alla landsmenn og verulega hækkun á heitu vatni til viðbótar. Ég óskaði þá eftir því að umræðan héldi ekki áfram fyrr en hæstv. iðnrh. yrði kominn til landsins. Að vísu gátu hvorki hæstv. fjmrh. né forseti Ed. séð að hæstv. iðnrh. ætti erindi í þá umræðu og voru mjög undrandi á því að ég lét mér ekki duga að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur. En vegna þess að ég vissi að hæstv. iðnrh. hafði komið að samningu frv., ekki að ég hefði fyrir því vitneskju úr ráðuneytinu heldur vegna þess að ég þekki ötulleik hæstv. iðnrh., þá óskaði ég að hann yrði viðstaddur umræðuna og gæti gefið þingdeildarmönnum upplýsingar um hvernig hann hugsaði ýmis atriði varðandi þessa skattlagningu.

Nú hefur hæstv. forseti Sþ. óskað eftir því að rætt verði um fundarhaldið og starfshætti Alþingis kl. 1 með formönnum þingflokka. Ég hafði vænst þess að forsetar gætu gefið skýringu á því hvers vegna ekki er boðað til fundar í Ed. nú kl. 2 til þess að hæstv. iðnrh. gefist kostur á því að útskýra hvaða rök hann hefur fyrir því að skattleggja orkufyrirtæki með þessum hætti, sem m.a. þýðir að hæpið er að sjá að hægt sé að semja við erlend stóriðjufyrirtæki um sölu á rafmagni á meðan löggjöf af þessu tagi væri í gildi.

Ég sé, hæstv. forseti, að ástæðan fyrir því að hæstv. forseti og hæstv. fjmrh. voru svo stífir á því að gera ekki hlé á umræðunni hefur ekki verið sú að hraða málinu, koma því til nefndar, heldur hefur ástæðan verið sú að þeir hafa verið að hlífa iðnrh. við því að taka til máls um frv. eins og nú standa sakir. Við sáum það hér fyrr í dag að formaður Alþfl. lenti í miklum deilum við samgrh. um mengunarvarnir fyrir norðan. Þetta er annað dæmið.

Ég bið varaforseta deildarinnar að skila því til varaforseta þingsins að skila því til forseta þingsins að ég skilji ekki þessi vinnubrögð, skilji ekki hvers vegna ekki er hægt að fá frv. um skattlagningu orkufyrirtækja til umræðu í dag. Það er nauðsynlegt að yfirlýsing komi frá ráðherra og ríkisstjórninni um það að þessi skattur verði ekki lagður á til þess að greiða fyrir þeim samningaviðræðum sem nú eru uppi. Við sjálfstæðismenn höfum gert að okkar kröfu að allri frekari skattheimtu þessarar ríkisstjórnar verði hætt. Mál er að linni. Nú er verið að biðja launþega um að taka á sig — ég vil segja áframhaldandi kjaraskerðingu. Þess vegna er nauðsynlegt að hægt sé að afgreiða mál eins og þetta frá þinginu, helst fella þau strax við 1. umr. málsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma hér skýrt fram að ég fyrir mitt leyti hefði verið fús til að vera viðstaddur umræðu um frv. fjmrh. um skattskyldu orkufyrirtækja í Ed. hefði verið boðað til slíks fundar í dag. Ég vil líka láta það koma skýrt fram að hv. 2. þm. Norðurl. e. ofmetur reyndar afskipti mín af gerð þess frv. Ég lét koma fram, þegar þetta frv. birtist fyrst, að ég sæi á því ýmis tormerki að haga skattskyldu orkufyrirtækja með þeim hætti sem þar greinir. Ég ætla ekki að orðlengja um það hér í umræðu um þingsköp. Tel hins vegar nauðsynlegt að öll atriði málsins, allar hliðar þess, verði könnuð mjög vandlega í þinginu og að það gefist tækifæri til umræðna um afskipti ríkisvaldsins af orkuverði yfirleitt. Fyrirvarar mínir komu mjög skýrt fram þegar frv. var rætt og ákveðið á vegum þingflokka stjórnarinnar að það kæmi fram. Ég vil líka taka það fram að þingflokkur Alþfl. er mér sammála um afstöðu til frv.

Hins vegar vil ég líka segja það nú að ályktanir hv. 2. þm. Norðurl. e. um meint áhrif þessa frv. tel ég fjarri öllu lagi. En reyndar er ég honum sammála um að þarna þurfi að athuga alla þætti málsins og orkar mjög tvímælis að heppilegt sé að gera orkufyrirtækin skattskyld með þeim hætti sem frv. leggur til.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að hæstv. iðnrh. segir að þær upplýsingar sem gefnar hafi verið frá rafveitunum og Landsvirkjun um hvaða áhrif frv. sem nú liggur fyrir Ed. hefur séu rangar, þær séu fjarri öllu lagi. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir því, hæstv. forseti, að ríkisskattstjóri reikni út þau áhrif sem frv. hefur eins og það er nú, óbreytt. Þá mun það verða upplýst hver hefur rangt fyrir sér, þeir löggiltu endurskoðendur sem hafa lagt fram rökstuddar greinargerðir til stjórnar Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja eða hvort það er rétt sem hæstv. iðnrh. segir nú að það sé fjarri öllu lagi sem þessir löggiltu endurskoðendur hafa látið frá sér fara. Það sýnir einungis skarpskyggni hæstv. iðnrh. ef svo er að hann hefur rétt fyrir sér en hinir löggiltu endurskoðendur rangt.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því að ég hafði óskað eftir því við forseta Ed. að þetta frv. kæmi til umræðu í Ed. í dag og mun að sjálfsögðu gera athugasemdir við hann á eftir úr því að í ljós er komið að hæstv. iðnrh. var fús til umræðunnar. Þá var auðvitað alveg sjálfsagt að kalla saman fund í Ed. í dag en ég mun að sjálfsögðu spyrja hæstv. forseta Ed. hvernig á því megi standa að hann hafi þá ekki orðið við beiðni stjórnarandstöðunnar.

Ég vil í þriðja lagi vekja athygli á því að hæstv. iðnrh. talaði um að nauðsynlegt væri að taka til athugunar opinber afskipti af verðlagningu á orku. Ég er ekki með orðrétt það sem hæstv. ráðherra sagði

en þessi var merking orða hans. Ég held að óhjákvæmilegt sé af þessu tilefni að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir aðgerðum sem eigi að koma í veg fyrir frjálsa verðákvörðun orkufyrirtækja, hvort hann hafi í undirbúningi eða hafi ákveðið að taka af skarið um það að það verði á valdi iðnrn. eða ríkisstjórnar á hverjum tíma hvort orkufyrirtæki megi hækka sína gjaldskrá. Ég óska eftir að hæstv. iðnrh. svari þessu. Orð hans voru sögð með þeim hætti að hann gaf í skyn að verðákvörðun á orku yrði tekin úr höndum orkufyrirtækjanna. Ber að skilja orð hæstv. iðnrh. svo?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur sig nú knúinn til að benda á að hér fer fram umræða um þingsköp. Ég bið hv. þm. um að halda sig við þá umræðu en ekki efnislega þætti hinna ýmsu þingmála sem mönnum liggja á hjarta.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tel það afar eðlilegt að hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli kveðja sér hljóðs hér um þingsköp þegar skoðaður er aðdragandi þess hvernig viðkomandi mál sem hér hefur verið minnst á hefur orðið til og síðan velkst hér í Ed. Fyrst af öllu vil ég þó að það komi hér fram, þannig að það sé alveg ljóst, að núna stendur yfir fundur forseta þingsins og það kann að þykja nokkuð furðulegt að halda forsetafund á sama tíma og yfir stendur fundur í Sþ. Þessu bið ég virðulegan forseta, sem er varaforseti Sþ., um að koma til skila til virðulegra forseta, hvort ekki sé hægt að haga fundum þingsins þannig að kostur gefist á því að ræða um gang þingmála við forseta þegar fundur stendur yfir.

Ástæðan fyrir því að hv. þm. getur ekki tekið málið upp í Ed. er einfaldlega sú að það er ekki boðaður fundur í Ed. í dag og þess vegna var honum nauðugur sá kostur að óska eftir því að forseti Ed., sem hér er staddur í húsinu, komi hér og segi sína skoðun á ákveðnu máli sem er til umræðu og fjallar eingöngu um þingsköp.

Þetta mál sem hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á hefur auðvitað mikil áhrif út í þjóðfélagið. Annars vegar, eins og hann sagði, getur þetta snert samninga okkar við erlenda aðila vegna orkukaupa sem fylgdu uppbyggingu stóriðju hér á landi og nú eru í uppsiglingu. Hins vegar getur þetta mál haft stórkostleg áhrif á áætlanir sveitarfélaga sem ákveða, sem betur fer, samkvæmt gildandi lögum, gjaldskrár sinna fyrirtækja, þar á meðal orkuveitna, og það má búast við að hvers konar skattlagning geti haft áhrif á slíka ákvörðun. Þess vegna er þessi fyrirspurn eðlileg og umræðan sem hér fer fram, en þar sem hæstv. iðnrh. er nú staddur hér og hefur tekið til máls um þingsköp og varðar þetta mál, þá getur hann leyst þetta mál hér og nú.

Það hefur komið fram í máli hæstv. iðnrh. að hann hafi haft ýmsar athugasemdir að gera við fyrirliggjandi stjfrv., og hann hefur þegar lýst því yfir að hans flokkur, Alþfl., sé á sama máli og hann. Hæstv. ráðherra getur hér og nú lýst því yfir að viðkomandi frv. verði kallað aftur og annaðhvort birtist ekkert nýtt frv. eða þá frv. í öðrum búningi. Það er mjög mikill ósiður, svo að vægt sé til orða tekið, að fram komi á þinginu stjórnarfrumvörp sem ríkisstjórnin stendur alls ekki að. Hæstv. ráðherra hefur sagt að hann hafi ýmsar athugasemdir að gera við þetta frv. sem þýðir það á mæltu máli að ekki er samkomulag í hæstv. ríkisstjórn. Það er ekki samkomulag á milli stjórnarflokkanna um frv. Og það er óverjandi fyrir hæstv. ríkisstjórn að láta slíkt frv. velkjast í þinginu og það sé hægt að ætlast til þess að frv. gangi til nefndar og svo eigi nefnd þingsins að leysa úr þeim ágreiningi sem ríkir á milli stjórnarflokkanna. Hæstv. ráðherra getur hér og nú, ef hann vill, lýst því yfir að frv. sem hér hefur verið gert að umræðuefni í umræðum um þingsköp verði kallað aftur og þá er málið leyst.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vildi ég ítreka það sem fram kom hér í þingskapaumræðunni fyrr að ég hef lýst mig reiðubúinn til þess að taka þátt í umræðum um þetta tiltekna þingmál í hv. Ed. í dag eða reyndar fyrr í dag eða í þessari viku. Því miður var ég staddur erlendis vegna löngu tekinnar ákvörðunar um opinbera heimsókn þegar 1. umr. fór fram í hv. Ed. um málið sem hér er til umræðu sem þingskapamál.

Í öðru lagi vildi ég svara beinni spurningu hv. 2. þm. Norðurl. e. um það hvað ég hafi átt við þegar ég talaði um það að nauðsynlegt væri að kanna sem vendilegast afskipti hins opinbera af verðmyndun á orku. Svarið við spurningu hans er nei. Ég átti ekki við það að ríkið ætti að taka í sínar hendur þessar ákvarðanir. Það sem ég átti við var að fram færi greining á því hver áhrif skattlagning, niðurgreiðslur, tollar og önnur gjöld sem það opinbera stendur fyrir hafi á verðhlutföll og verðmyndun orkunnar í landinu. Þetta er nauðsynlegt verk og er reyndar að því unnið á vegum iðnrn., og ég hyggst kynna þinginu niðurstöður þeirrar athugunar þegar hún liggur fyrir.

Í þriðja lagi vildi ég víkja að því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. um afturköllun frv. Þetta er frv. fjmrh. Það er ekki á mínu valdi að afturkalla það. Ég vildi hins vegar benda hv. 1. þm. Reykv. á það í allri vinsemd að það er alls ekki fordæmalaust að fram hafi komið stjórnarfrumvörp í þinginu sem ekki er fullkomin eining um. Ég minni hann sjálfan sem fyrrv. iðnrh. á frumvörp af því tagi sem hann sjálfur flutti og ekki náðu fram að ganga vegna þess að stjórnarflokkar sem að þeirri stjórn stóðu náðu ekki saman um málið. Þetta nefni ég nú svona í mikilli vinsemd. Þetta er ekki til fyrirmyndar. Dæmið er að sjálfsögðu frv. um Sementsverksmiðju ríkisins. (**FrS:** Var frv. lagt fram á þingi?) En þannig er málið að þetta getur komið fyrir á bestu bæjum. (**FrS:** Þetta er misskilningur. Það var aldrei lagt fram.)

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar hæstv. iðnrh. lýsir því yfir hér í Sþ. að stjfrv. sem lagt hefur verið fram í Ed. sé lagt fram í andstöðu við Alþfl. og að Alþfl. standi ekki að því stjfrv. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir frv. í Ed. og það kom hvergi fram í hans ræðu að ríkisstjórnin stæði ekki sem heild að þessu máli. Það kom hvergi fram. Ég minnist þess heldur ekki, þegar hér fóru fram umræður um vantraust á ríkisstjórnina vegna þess að hún gæti ekki komið sér saman og hæstv. forsrh. héðan úr þessum stól eða hæstv. fjmrh., ég man ekki hvor, var að lýsa hinni nýju skattheimtu sem ríkisstjórnin hafði ákveðið hinn sama dag og stóð öll að — þar á meðal var skattur á orkufyrirtæki — að formaður Alþfl. hafi við þá umræðu lýst því yfir að hann stæði ekki að þeim efnahagsaðgerðum sem þá voru ákveðnar þann dag. Jón Baldvin Hannibalsson gerði það ekki, hæstv. iðnrh. Ber að skilja það svo að það sem Alþfl. sagði þennan dag við þjóðina, þegar Alþfl. var að biðja um traust, hafi verið ósatt? Ég held að málið sé ekki svona einfalt. Hæstv. iðnrh. sér nú hvaða afleiðingar þetta frv. hefur. Það hefur verið reiknað út að það muni þýða um 30% hækkun á heimilistöxtum. Hæstv. iðnrh. hefur lesið þetta sjálfur.

Hæstv. iðnrh. sagði hér áðan að ýmsar forsendur vantaði til þess að iðnrn. gæti gert sér grein fyrir þeim stærðum sem hér væri um að ræða, verðmyndun orkufyrirtækja og annað þess háttar, sagði með öðrum orðum að ákvörðunin um þá skattheimtu sem felst í frv. væri öll í lausu lofti og hann vildi ekki standa á bak við hana. Hann hefur fundið þá miklu andúð sem þessi skattheimta vekur, ekki aðeins frá almenningi, heldur líka frá forustumönnum einstakra orkuveitna sem hafa sent hæstv. iðnrh. margvíslegar upplýsingar og gengið á fund hans. Síðan, eftir að hæstv. iðnrh. finnur alla þessa andúð, kemur hann hér upp í ræðustól á Alþingi, þegar hæstv. fjmrh. er fjarverandi, og lýsir því yfir að stjfrv., sem hæstv. fjmrh. lagði fram í Ed. og hefur gert grein fyrir, hafi ekki verið lagt fram með fulltingi Alþfl. Alþfl. hafi um leið og frv. var samþykkt af ríkisstjórninni lýst yfir að þingflokkur og einstakir ráðherrar Alþfl. stæðu ekki að frv.

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að kalla hæstv. fjmrh. til þessarar umræðu til þess að honum berist vitneskja um yfirlýsingar hæstv. iðnrh. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við fáum að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefur um þetta mál að segja.

Ég óska eftir því að hlé verði gert á þessum fundi og honum verði síðan haldið áfram. (**Forseti:** Telur hv. þm. ekki að þá sé nú komið dálítið út í efnislega umræðu um ákveðið þingmál ef farið verður að ræða það undir þingsköpum á þeim grunni?) Ég skal svara því. Ég tel, hæstv. forseti, að það sé mjög alvarlegt mál ef lagt er fram á Alþingi stjfrv. sem í ljós kemur að er ekki stjfrv. Ég held að það sé hreint brot á þingvenjum, og ef svo er að hæstv. fjmrh. stendur persónulega að þessu frv. eða aðrir ráðherrar en ráðherrar Alþfl. væri auðvitað eðlilegt að það væri borið fram sem þmfrv. eins og fordæmi eru fyrir, t.d. um frv. Ólafs Jóhannessonar forsrh., vorið 1974, frv. um efnahagsráðstafanir eða aðgerðir í efnahagsmálum eða eitthvað þvílíkt.

En þetta liggur sem sagt fyrir. Hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir að Alþfl. hafi skýrt frá því í ríkisstjórn að hann væri andvígur efnisatriðum þess frv. um skattlagningu á orkufyrirtæki sem lagt var fram í Ed. Iðnrh. hefur jafnframt lýst því yfir að þær upplýsingar sem borist hafa frá forsvarsmönnum orkufyrirtækja séu fjarri öllum sanni. Í þriðja lagi hefur hæstv. iðnrh. lýst því yfir að það sé ekki að hans beiðni — kannski þá að beiðni hæstv. fjmrh. — sem þetta frv. er ekki til umræðu í Ed. í dag. Allt er þetta mál dularfullt og undarlegt, lýsir skrýtnum vinnubrögðum og litlum heilindum milli einstakra ráðherra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þá skoðun sem forseti lýsti hér áðan að umræðan stefndi nokkuð í efnisumræður. Þær vil ég forðast því hér eru þingsköp rædd.

Ég hlýt þó að leiðrétta mál mitt í fyrri ræðu. Ég vil ekki láta það standa óleiðrétt að fyrrv. iðnrh., hv. 1. þm. Reykv., hafi lagt fram frv. sem ekki reyndist síðar samstaða um. Ég hefði líklega átt að taka annað dæmi um frv. sem hv. 1. þm. Suðurl., þá forsrh., flutti um erlenda fjárfestingu í íslenskum atvinnuvegum sem kom fram á þinginu en reyndist síðar ekki hafa fylgi innan stjórnarflokkanna sem dygði því til framgöngu. Þetta vil ég hafa sagt.

Ég vil líka nefna það vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. e. að lýsing hans á skoðanamyndun minni í málinu er hugarburður hans og hefur ekkert með veruleikann að gera. Fyrirvarar þeir sem ég hef lýst við þetta mál komu fram þegar það var kynnt í ríkisstjórn, þegar það var afgreitt í þingflokki Alþfl. Þetta mun koma fram við meðferð málsins. Þannig er það og því fá engin orð, þótt þeim sé hér hrófað upp af hv. 2. þm. Norðurl. e., breytt.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég mun að sjálfsögðu eins og áður eingöngu ræða hér um þingsköp.

Í fyrsta lagi vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að leiðrétta þá skekkju sem kom fram í málflutningi hans hér fyrr við þessa umræðu. Það var rangt að frv. um Sementsverksmiðju ríkisins hefði verið lagt fram í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Hins vegar fékkst samþykkt allra þáv. stjórnarflokka fyrir því að leggja fram frv. um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og það var full samstaða um það mál. Það mál varð síðar að lögum.

Hins vegar, fyrst minnst er á Sementsverksmiðjuna, er nokkuð athyglisvert að í skrá sem hæstv. iðnrh. hefur birt og birtist með stefnuræðu hæstv. forsrh. kemur fram að það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar að leggja fram frv. á þessu þingi um Sementsverksmiðju ríkisins. Það hefur ekki verið gert, en ég álít

að hæstv. ráðherra styðji það frv. sem lagt hefur verið fram um málið með þeim hugmyndum sem hann hefur rætt hér úr þessum stól til breytinga á því frv.

Aðalatriði þess sem hér hefur komið fram í dag er það að hæstv. iðnrh. hefur sagt það hér að Alþfl. og hæstv. iðnrh. styðji ekki fyrirliggjandi frv., hvort sem það er stjfrv. eða frv. fjmrh., í óbreyttu formi. Það er þess vegna, virðulegur forseti, sem það er óverjandi og var óverjandi á sínum tíma að hæstv. forseti Ed. og sérstaklega þó hæstv. fjmrh. ætluðu sér að pína fram umræður í deildinni án þess að fulltrúi Alþfl., hæstv. iðnrh., sem auðvitað fer með orkumálin, fengi að vera viðstaddur þá umræðu. Það hlaut því að koma að því nú í dag, þegar þannig stendur á fundartíma þingsins að halda á fund í Sþ. fyrri part dagsins en síðan fund í Nd. síðari hluta dagsins, sem er nokkuð óvenjulegt, að hv. 2. þm. Norðurl. e. færi fram á að haldinn yrði fundur í Ed. á sama tíma til þess að kalla fram þessar skoðanir og fá efnislega umræðu um málið. Það hlýtur að vera skiljanlegt. En þá bregður svo við, virðulegur forseti, að hæstv. forseti Ed. kemur ekki hér í þingsal af þeirri ástæðu að virðulegir forsetar þingsins hafa af smekkvísi sinni og virðingu fyrir Alþingi haldið fund nú um stund á meðan fundað er í sameinuðu Alþingi. Þetta þarf auðvitað að koma skýrt fram, en að allra síðustu vil ég þó þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa komið hér upp, tekið til máls í þessari umræðu, lýst skoðun sinni á þessu máli, því að það er nauðsynlegt að það berist til þjóðarinnar að innan hæstv. ríkisstjórnar er ágreiningur um þetta mál og þess vegna eðlilegt að fara fram á að það verði rætt strax til þess að framkalla þennan ágreining, ella verði viðkomandi mál kallað aftur og annaðhvort ekki flutt eða flutt í því formi sem hæstv. ríkisstjórn kemur sér saman um. Um þetta hafa þessar þingskapaumræður snúist og ég held að fullt tilefni hafi verið til þess að stofna til þeirra.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hið góða minni hæstv. iðnrh. bregst honum nú í hverri ræðunni á fætur annarri þegar hann þarf að finna fordæmi fyrir því hvernig stjfrv. eru lögð fram. Nú þegar hefur hann sjálfur og hv. 1. þm. Reykv. gert grein fyrir því að dæmið um Sementsverksmiðju ríkisins úr tíð fyrri ríkisstjórnar hafði ekki við rök að styðjast.

Vegna þess dæmis sem hæstv. iðnrh. tók um frv. sem hér var lagt fram um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er rétt að taka þetta fram: Það frv. var rætt innan þáverandi stjórnarflokka. Það kom mjög skýrt fram að Framsfl. gat ekki og vildi ekki fallast á frv. en bæði Alþfl. og Sjálfstfl. voru tilbúnir að styðja það. Það var að fenginni þessari niðurstöðu lagt hér fram undir lok þinghalds til kynningar með þeirri yfirlýsingu að páv. ríkisstjórn stæði ekki að baki frv. og af þeim sökum kæmi það ekki til umræðu á hinu háa Alþingi heldur yrði fyrst og fremst kynnt su niðurstaða sem tveir af páv. stjórnarflokkum höfðu komist að í þessu máli en ekki var þingmeirihluti fyrir. Þar af leiðandi er ekki heldur hægt að nota þetta dæmi sem fordæmi í þessu efni.

Kjarni málsins er auðvitað sá að stjfrv. eru ekki lögð fram á Alþingi nema fyrir liggi samþykki ríkisstjórnar fyrir því að þau séu lögð fram. Og samkvæmgt langri venju er samþykki ríkisstjórnar í því fólgið að þeir flokkar sem að viðkomandi ríkisstjórn standa heimili framlagningu frv. Frv. sem hér er til umræðu í þingskapaumræðu hefði með öðrum orðum ekki verið lagt fram hér á hinu háa Alþingi nema Alþfl. hefði gefið samþykki sitt til þess. Það er ekki unnt að leggja fram stjfrv. nema ríkisstjórnin, og þar á meðal allir flokkar ríkisstjórnarinnar, heimili að það sé lagt fram sem stjfrv. Hitt er svo annað mál og reyndar fagnaðarefni að hér hefur komið fram að Alþfl. er andvígur efnisatriðum frv. sem hann hefur heimilað að leggja fram sem stjfrv. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni. Og það er auðvitað rökrétt niðurstaða, í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram, að ríkisstjórnin komi nú saman til fundar og afturkalli frv. og vinni sína heimavinnu.

Hitt er svo ástæða til að ræða hér, hvernig forusta stjórnarflokkanna hér í þinginu hefur haldið á þessu máli. Það var gagnrýnt af hálfu stjórnarflokkanna þegar farið var fram á frestun málsins, ekki síst af forseta Ed. Nú hagar svo til að hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir að hann sé meira en reiðubúinn að taka þátt í umræðum um þetta mál í Ed. í dag. Það gefst tími til slíkra umræðna með því að ákveðnir hafa verið fundir í Nd., en þá neitar forseti Ed. að koma til fundar hér í Sþ. og svara fyrir það hvers vegna ekki er haldinn á sama tíma og neðrideildarfundurinn verður haldinn í dag fundur í Ed. Alþingis til þess að fjalla um þetta mál. Það lýsir mjög einkennilegri afstöðu af hálfu forseta Ed., einkennilegri virðingu fyrir Alþingi og einkennilegum skilningi á skyldum sínum sem forseti Ed. Alþingis að neita að koma til þessarar umræðu hér í Sþ. og gera grein fyrir því hvers vegna ekki var efnt til þessara umræðna. Augljóst er auðvitað öllum að ástæðan er ágreiningur innan stjórnarflokkanna og þess vegna hefði auðvitað verið skynsamlegast, eins og hér hefur verið bent á, að ráðherrarnir lýstu því yfir að frv. yrði dregið til baka og að ríkisstjórnin ynni sína heimavinnu. Ella verður að ítreka þá eðlilegu kröfu um málsmeðferð, sem ég fagna að hæstv. iðnrh. styður, að Ed. komi saman til fundar í dag til þess að ræða stöðu málsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en þessi þingskapaumræða heldur áfram, en hæstv. iðnrh. hefur beðið um orðið, vill forseti taka það fram að mér hafa ekki borist skilaboð um að forseti Ed. neiti að koma hér. Það var forseti sá sem hér stendur sjálfur sem taldi að hæpið væri að gera þá kröfu á þessum vettvangi að forseti Ed. svaraði sem slíkur. Einnig vil ég taka það fram að ég veit ekki annað en að honum hafi borist orð um að nærveru hans væri óskað hér. Það hafa hins vegar ekki komið nein skilaboð um að hann neiti að mæta hér á þessum fundi.

Einnig vill forseti geta þess, vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um að fundir forseta standi yfir á meðan þingfundur sé hér, að þetta er ekkert einsdæmi og það veit ég að hv. þm. er vel kunnugt um. Til þess eru varaforsetar að geta hlaupið í skarðið þegar aðalforsetar þurfa á því að halda, m.a. þegar, eins og oft kemur fyrir, haldnir eru stuttir fundir um einhver mál sem talið er að geti ekki beðið. Þannig stendur forsetafundur yfir nú og vonandi kemur það að nægilegu gagni að varaforseti hefur þess vegna hlaupið í skarðið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að lengja enn þessa þingskapaumræðu. Hún snýst um tvennt. Í fyrsta lagi hvort eðlilegt hefði verið að halda fund í hv. Ed. til þess að ræða frv. um skattskyldu orkufyrirtækja. Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég hef ekki stutt það að slíkur fundur yrði haldinn, en ég mun hins vegar alls ekki skorast undan því að mæta á slíkum fundi kjósi hæstv. forseti Ed. að kveðja til slíks fundar. Það er í hans valdi að gera það.

Í öðru lagi hefur umræðan snúist um hvenær frv. er stjfrv. og hvenær það er það ekki. Það má vel vera að dæmin sem ég hef tekið séu ekki alveg þau einu réttu. Þó stendur það nú eftir að frv. sem hér var síðast rætt, frv. hv. 1. þm. Suðurl., þáv. forsrh., um fjárfestingu erlendra manna í atvinnurekstri hér á landi, var hér lagt fram sem stjfrv. þótt ekki væri um það samstaða. Í þingsögunni mætti áreiðanlega finna ákaflega mörg stjfrv. þar sem einstakir aðilar að stjórninni hafa lýst meira eða minna sterkum fyrirvörum við frv. en þó fallist á eða samþykkt að það yrði flutt sem stjfrv. Frv. um skattskyldu orkufyrirtækja er eitt þessara frv. Ég gæti ímyndað mér að t.d. ýmis frv. um fiskveiðistjórn á liðinni tíð mundu falla í þennan flokk.

Það einfalda í málinu er þetta að Alþfl. og ég sem iðnrh. í þessari ríkisstjórn gerðum á fyrstu stigum málsins grein fyrir veigamiklum fyrirvörum okkar við málið eins og það var lagt upp af hálfu fjmrh. þótt við féllumst á að það yrði lagt fram með þeim hætti sem raun ber vitni.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það kemur fram í yfirlýsingu hæstv. iðnrh. hér að það var rangt sem formaður Alþfl. fullyrti hér í umræðum um vantraust á ríkisstjórnina að fullt samkomulag væri um þessi skattamál. Það kemur nú í ljós að þá þegar hafði Alþfl. gert þann ágreining sem nú hefur verið upplýstur og það var því rangt skýrt frá í þeim umræðum af hálfu ríkisstjórnarinnar og þar á meðal af hálfu formanns Alþfl. hver staða þeirra mála væri.

Í öðru lagi, frú forseti, vegna þeirrar gagnrýni sem ég bar hér fram á forseta Ed., þá hefur nú komið fram af forsetastóli að honum voru borin boð um það að óskað væri nærveru hans hér til að svara fyrirspurnum um dagskrá Ed. Við þeirri beiðni hefur forseti Ed. þverskallast. Í því að hann hefur ekki orðið við þeirri beiðni felst neitun af hans hálfu sem ég tel vera gagnrýni verða og orð mín þar um standa því óhögguð.

NEÐRI DEILD

41. fundur, fimmtudaginn 1. febr., að loknum fundi í Sþ.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 233. mál. — Þskj. 310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. SP o.fl., 288. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 522.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133, n. 515 og 534, brtt. 516.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem var lagt hér fram á sl. hausti og sent það til umsagnar fjölmargra aðila. Umsagnir bárust frá Bjarna Guðleifssyni, Búnaðarfélagi Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, eiturefnanefnd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, félmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Geislavörnum ríkisins, heilbr.- og trmrn., Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Hollustuvernd ríkisins, iðnrn., Jarðfræðafélagi Íslands, landbrn., Landgræðslu ríkisins, landlækni, röntgendeildum Landspítalans, Borgarspítalans og Landakotsspítala, Landvernd, Líffræðistofnun Háskólans, menntmrn., Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgrn., Siglingamálastofnun ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi

Íslands, Stéttarsambandi bænda, Veðurstofu Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, vísindaráði, yfirdýralækninum í Reykjavík og Þjóðminjasafni Íslands.

Flestir þessir aðilar eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórn umhverfismála hérlendis, en greinir á um leiðir að því markmiði. Þess vegna telur meiri hl. nefndarinnar rétt að stofnað verði sjálfstætt umhverfisráðuneyti þar sem víðtæk samstaða virðist vera um slíka ákvörðun. Með þessu frv. er ekki ákveðið hvaða málaflokkar eða stofnanir skuli heyra undir umhverfisráðuneyti, heldur eingöngu að það skuli stofnað og að umhverfisráðherra skipi nefnd til að semja frv. til laga um umhverfisvernd. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að fella brott úr frv. seinni tölulið ákvæðis til bráðabirgða, en meiri hl. nefndarinnar telur rétt að ræða það í tengslum við 128. mál, um yfirstjórn umhverfismála. Einnig þarf að breyta gildistökuákvæði frv., en í því er gert ráð fyrir að lögin öðluðust gildi um síðustu áramót. Flytur meiri hl. nefndarinnar því breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til að frv. verði samþykkt þannig breytt.

Þess má geta að til umsagnar voru send 128. mál, sem fjallar um breytingar á lögum um náttúruvernd og um Siglingamálastofnun ríkisins og á ýmsum öðrum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála, og 4. mál sem fjallar um samræmda yfirstjórn umhverfismála og var lagt fram af þm. Sjálfstfl. á sl. hausti.

Eins og fram kemur í nál. leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. til laga um Stjórnarráð Íslands verði afgreitt sérstaklega með brtt. sem fela það í sér að fella niður annað bráðabirgðaákvæði frv., um endurskoðun laga um Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Það þykir eðlilegt, og meiri hl. er samþykkur því, að ræða það í tengslum við 128. mál og 4. mál sem enn þá eru til umræðu í nefndinni og nefndin telur að þurfi nánari skoðunar við í samræmi við þær umsagnir sem bárust.

Nefndin klofnaði um þessa afstöðu og mun minni hl. nefndarinnar gera grein fyrir áliti sínu sem kemur fram á sérstöku þingskjali, þskj. 534.

Meiri hl. nefndarinnar telur nauðsyn bera til að ræða nánar verkefni umhverfisráðuneytisins þar sem um það efni eru miklu skiptari skoðanir. Það kemur fram í þeim umsögnum sem til nefndarinnar hafa borist og það tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma enn þó vel verði unnið að því máli og meiri hl. telur, og ég held að minni hl. sé þeirrar skoðunar einnig þó í odda hafi skorist út af afgreiðslu þessa máls, að nauðsynlegt sé að skoða þær umsagnir nánar og ræða við ýmsa aðila í því sambandi.

Meiri hl. telur þó að þetta ætti ekki að tefja ákvörðun um það grundvallaratriði að stofna ráðuneyti umhverfismála og skapa þessum málaflokki þar með styrkari sess í stjórnkerfinu en verið hefur.

Undir álit meiri hl. skrifa Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Björn Gíslason og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Frsm. minni hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Minni hl. skipa auk mín hv. þm. Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson. Minni hl. er andvígur frv. og leggur til að það verði fellt og mun ég gera nokkra grein fyrir ástæðum þess að við tökum þessa afstöðu.

Í fyrsta lagi geri ég alvarlegar athugasemdir við vinnubrögðin sem viðhöfð eru í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Í síðustu viku voru haldnir þrír fundir í hv. allshn., á þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. Einn þessara funda fór að hluta til í að lesa yfir samantekt sem starfsmaður nefndarinnar hafði gert um umsagnir sem þá höfðu borist og voru þá, að mig minnir, eitthvað um 25 talsins af liðlega 50 sem vænst var. Annars var á þessum fundum nefndarinnar rætt um vinnubrögð og umræðurnar fóru í það að ræða hvort þessi frv. ríkisstjórnarinnar, um Stjórnarráð Íslands og hins vegar breytingu á lögum er varðar verkefni umhverfisráðuneytis, skyldu verða samferða í gegnum þingið eða ekki. Á þriðja fundinum, sl. fimmtudag, var svo þvinguð fram atkvæðagreiðsla í nefndinni um það að út úr nefndinni skyldi tekið 129. málið, það sem hér er nú til umræðu, frv. um Stjórnarráð Íslands. Þingmenn stjórnarliðanna, fjórir að tölu, greiddu þeirri tillögu atkvæði en við þrír sem stöndum að minnihlutaálitinu vorum því andvígir.

Raunverulega held ég að nokkuð ljóst sé að ef stjórnarliðar hefðu mætt allir á fyrsta fund nefndarinnar sl. þriðjudag hefði þá þegar verið tekin ákvörðun um að taka málið út úr nefndinni. En það þurfti sem sagt þrjá fundi til þess að fullskipað væri í liðinu og óhætt væri að atkvæðagreiðslan færi fram.

Málið sjálft hefur sem sagt ekkert verið rætt í allshn. Nd., alls ekki neitt, og þess vegna hlýt ég að gera mjög alvarlega athugasemd við þessi vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Þetta er vanvirða við þá fjölmörgu aðila sem sent hafa umsagnir um þetta mikilvæga mál, þá fjölmörgu aðila sem lagt hafa mjög mikla vinnu í að semja sínar umsagnir og tjá sig um málið. Og þetta er auk þess vanvirða við Alþingi en svo sem alveg í samræmi við þá umgengnishætti sem ráðherrarnir hafa tamið sér að undanförnu. Þetta er vanvirða við þingræðið yfirleitt. En þetta er sem sagt ekki eina dæmið, við höfum séð þau mörg. Við höfum séð þau mörg hjá þessari hæstv. ríkisstjórn, fjáraustur úr opinberum sjóðum án heimilda frá Alþingi, ákvarðanir teknar í veigamiklum málum án þess að bera þær undir þingið og nú þegar er farið að greiða út af fjárlagalið umhverfisráðuneytisins, ráðuneytisins sem ekki er enn þá til. Búið er að kaupa bílinn, alla vega, með skíðagrindinni. Þetta eru auðvitað alveg fáránleg vinnubrögð og ríkisstjórninni til vansæmdar og hún vanvirðir Alþingi með því að haga sér með þessum hætti.

Ég vil geta þess að við stjórnarandstæðingar buðum upp á samstarf í hv. allshn. um þá vinnu sem þar þarf að fara fram. Við buðum upp á þetta samstarf ef

stjórnarliðar féllust á það að frv. yrðu samferða í gegnum þingið. Ég lýsti því yfir á fundi nefndarinnar að við gerðum okkur alveg grein fyrir, sjálfstæðismenn, að það frv. sem við fluttum snemma á haustþinginu, 4. mál, nyti ekki meirihlutafylgis hér á Alþingi og yrði þess vegna ekki samþykkt, en við buðum upp á samstarf ef stjfrv. tvö yrðu samferða í gegnum þingið. Ég tek það auðvitað fram að þótt við vitum að frv. okkar sjálfstæðismanna, eins og það er, njóti ekki meirihlutafylgis á þingi má vel hugsa sér breytingar á því og við vorum tilbúnir til að ræða þær breytingar líka. Höfuðatriðið, að okkar mati, var að koma á samræmdri stjórn umhverfismála. Við viljum fækka ráðuneytum en ekki fjölga þeim. Við viljum auka framlög til umhverfismála en að þau framlög fari þá í framkvæmdir en ekki í einhverja fáránlega yfirstjórnun.

Þessu tilboði okkar um samstarf var hafnað af stjórnarliðum í allshn. Ég ætla að taka það strax fram að ég hef ekkert út á samstarfið við þá hv. alþm. stjórnarflokkanna sem eiga sæti í allshn. að setja, alls ekki. Þeir starfa þar og við öll undir hógværri stjórn hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns allshn. Þetta ágæta fólk lætur hins vegar nota sig til að vinna verk sem ég er alveg sannfærður um að þeir þingmennirnir eru ósáttir við að vinna. Það er þvinguð fram afgreiðsla í nefndinni um hreint hégómamál. Frv. sem hér er til meðferðar er í sjálfu sér afskaplega einfalt. Það er í raun og veru ekki nema eitt orð. Það er bætt inn einu orði í stjórnarráðslögin, orðinu umhverfismálaráðuneyti. En til hvers? Það er til þess að fullnægja hégómagirnd hæstv. hagstofuráðherra strax. Það má ekki bíða lengur. Það má ekki bíða í nokkrar vikur og fá þá aðalmálið samþykkt með öruggum hætti fyrir þinglausnir í vor, þ.e. ákvörðunina jafnframt um þau viðfangsefni sem flytja á í umhverfismálaráðuneytið. Það var sú samvinna sem ég bauð upp á í nefndinni fyrir hönd sjálfstæðismanna og ég veit reyndar alveg með vissu að fulltrúi Frjálslynda hægriflokksins og fulltrúi Kvennalistans, sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni, vildu líka. En þessu var hafnað, þessu tilboði um samvinnu og samstarf sem átti þá að tryggja eðlilega umfjöllun um umsagnirnar og væntanlega skynsamlega tillögugerð um endanlegan búning frv. og að það yrði afgreitt fyrir þinglausnir í vor.

Hæstv. hagstofuráðherra sér auðvitað fram á núna að geta notað titilinn umhverfisráðherra eitthvað fyrr en ella þegar þessi aðferð er valin en þó nokkuð löngu síðar en honum var lofað. Þennan titil getur hann þá farið að nota án þess að vera að segja ósatt. Hann verður þá orðinn allt í senn: Hann verður orðinn ráðherra í ráðuneyti sem hefur engin viðfangsefni, hann verður áfram ráðherra í ríkisstjórn sem er án fylgis og hann er formaður í flokki sem sýnist ekki hafa neina kjósendur. Þetta er sem sagt allt í stíl. Og allt er þetta svo gert af hálfu hæstv. stjórnarliða til þess að greiða eina afborgunina af mörgum fyrir aðild Borgaraflokksins að ríkisstjórninni á haustdögum á síðasta ári.

Til hliðar eru svo látin áform um fækkun ráðuneyta, sem að minnsta kosti sumir stjórnarliðar hafa lýst áhuga sínum á að styðja. Nú er hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. víst genginn úr salnum. Ég er ekkert að biðja um að hann komi hingað, en fróðlegt væri út af fyrir sig að heyra hvað hann, hv. formaður Alþfl., segir um þetta ráðslag allt saman.

Hann hefur ítrekað látið hafa það eftir sér að fækka eigi ráðuneytunum niður í sjö. Hvernig kemur það þá heim og saman núna þegar hann ætlar að greiða atkvæði með þessu frv.? Þá er ekki verið að fækka ráðuneytunum niður í sjö, heldur er verið að fjölga þeim úr þrettán í fjórtán. Það má vera að einhver af hans undirsátum, hv. þm. Alþfl. sem hér eru staddir, geti svarað þessu fyrir hann. Ég veit nú ekki hvort það er eining um þetta í Alþfl. fremur en ýmislegt annað. Fróðlegast væri að fá svör frá hæstv. ráðherra sjálfum, hvernig þetta kemur saman við þær ræður sem hann hefur verið að halda á undanförnum dögum. Mig minnir að síðast þegar hann gat um þetta hafi hann verið á einhverjum fundi „á nýju ljósi", áður var það „á rauðu ljósi", og hann hefur áreiðanlega látið þessa getið við fleiri tækifæri, að hann vilji fækka ráðuneytunum.

Og hvað með afstöðu hæstv. ríkisstjórnar til hugmynda vinnuhóps um endurskoðun á lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands? Það álit liggur fyrir, var sent þingflokkunum á sl. sumri. Síðan hefur ekkert heyrst. Þar er líka gert ráð fyrir fækkun ráðuneyta. Mér er að vísu alveg ljóst að gert er ráð fyrir að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti eins og hér er verið að fjalla um en það er gert ráð fyrir fækkun ráðuneyta, að vísu ekki niður í sjö, sá vinnuhópur var ekki eins stórtækur og hæstv. utanrrh. í sínum till., heldur er þar gert ráð fyrir fækkun niður í tíu. Hverjar eru hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um þetta atriði? Og hvað segir formaður Alþfl. um þær hugmyndir?

Ég get svo sem látið þetta nægja um formsatriði og alveg gjörsamlega óhæf vinnubrögð við afgreiðslu þessa máls í hv. allshn. Þetta er, eins og ég sagði áðan, í sjálfu sér afar einfalt frv., nánast eitt orð. Ég tala nú ekki um þegar komnar eru fram tillögur um að fella niður annað ákvæðið af tveimur til bráðabirgða. Það er samt alveg gjörsamlega útilokað að líta svo á að við séum aðeins að ræða þetta frv. einangrað, hvort bæta eigi við þessu eina orði inn í stjórnarráðslögin. Við verðum að ræða málið í samhengi við þau verkefni sem ráðuneytið á að annast og flytjast eiga frá ráðuneytum sem starfa í dag og hafa þau nú á sinni könnu. Þessi frv., ásamt frv. okkar sjálfstæðismanna, voru send til umsagnar liðlega 50 aðila og í síðustu viku höfðu borist svör frá tæplega 30 aðilum, auk þess sem í fórum nefndarinnar eru umsagnir frá fyrri stigum málsins, frá því er nefndin, sem var undir forustu Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns hæstv. forsrh., var að störfum og frá því að hún sendi frumvarpsdrög sín til umsagnar. Þessar umsagnir hafa ekki verið ræddar í nefndinni eins og ég sagði áðan. Það er hins vegar ekki hægt að ætlast til þess að

þingið afgreiði þetta stjórnarráðsfrv. óðruvísi en að líta til þess hvaða viðfangsefni eiga að koma þangað, alveg jafnt þótt ríkisstjórnin hafi ákveðið að þvinga fram afgreiðsluna á stjórnarráðsfrv. og láta hitt eiga sig. Og ég hef ástæðu til þess að ætla að ríkisstjórninni sé raunar alveg nákvæmlega sama hvort það frv. hlýtur afgreiðslu á þessu þingi eða ekki. Ég held að henni sé alveg nákvæmlega sama um það. En við komum kannski betur að því síðar.

Ég ætla að gera grein fyrir áliti örfárra aðila. Ég ætla að taka það fram. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að fara í gegnum alla þær umsagnir sem borist hafa. Ég ætla ekki að gera það. Það verður farið yfir þau mál í nefndinni, ætla ég nú að leyfa mér að vona þó að ég hafi ákveðnar efasemdir um áhuga stjórnarliða á að afgreiða það mál þegar þetta mál er afgreitt, og þá verður auðvitað farið yfir þær umsagnir og það verður farið rækilega í gegnum þær hér í þingdeildum. Ég ætla að drepa á örfá atriði úr umsögnum aðeins nokkurra þeirra aðila sem þegar hafa sent sínar umsagnir.

Ég nefni hér fyrst til álit Sambands ísl. sveitarfélaga. Þeir greina frá því að þeir hafi fengið þessi þrjú frv. til umsagnar og segja síðan stutt og laggott:

„Stjórnin telur ekki tímabært að taka afstöðu til frv. um skipan sérstaks umhverfisráðuneytis fyrr en fyrir liggja tillögur sem nú er unnið að um endurskipulagningu Stjórnarráðs Íslands. Stjórnin harmar að ekki skuli hafa verið unnið að þessu mikilvæga máli í nánu samstarfi við sveitarfélögin í landinu því umhverfismál eru mikilvægur þáttur sveitarstjórnarmála."

Þetta er það sem stjórn Sambands ísl. sveitafélaga hefur að segja um þetta mál á þessu stigi.

Þá nefni ég til nokkur atriði úr umsögn Hollustuverndar ríkisins sem er mjög ítarleg umsögn og ég ætla ekki að lesa hana frá orði til orðs. Ég ætla hins vegar að láta þess getið að þegar þessi umsögn er send, núna í janúarmánuði, er stjórn Hollustuverndar ríkisins ekki fullskipuð. Það hafa verið kjörnir tveir menn af Alþingi, sem var gert á lokadegi þingsins fyrir jól, en þeir aðilar sem tilnefna áttu í stjórnina höfðu ekki lokið því verki, þannig að ég veit ekki nákvæmlega hvað á að taka mikið mark á umsögn stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Ég veit hins vegar að þessi stjórn er fullskipuð núna og hef ástæðu til að ætla að hún muni koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina, jafnvel strax á mánudaginn kemur, þegar boðaður hefur verið fundur þar sem meðal annarra mæta fulltrúar frá Hollustuverndinni. En í bréfi sínu — það eru reyndar tvö bréf sem hafa borist frá Hollustuverndinni — segja þeir svo um frv. okkar sjálfstæðismanna að um þau mál séu skiptar skoðanir meðal starfsmanna stofnunarinnar og innan stjórnar hennar: „Þeir sem telja aðdragandann að stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis of skamman og án faglegrar undirbyggingar telja að frv. um samræmda stjórn umhverfismála, 4. mál þingsins, sé æskilegra fyrir Hollustuvernd ríkisins og þar með æskilegan aðdraganda að stofnun slíks ráðuneytis." Þeir bæta svo við: „Engu að síður álítur meiri hluti stjórnar Hollustuverndar að stofnun umhverfisráðuneytis verði að veruleika fyrr eða síðar, eitt sér eða með öðru ráðuneyti." Og þess vegna er það svo sem stjórn Hollustuverndar tók þann kostinn að stilla ekki þessum frv. upp hvoru á móti öðru en vísar að öðru leyti til umsagnar um 128. og 129. mál.

Þeir ítreka í hinu bréfinu að innan Hollustuverndar ríkisins hafi skoðanir lengi verið mjög skiptar varðandi stöðu stofnunarinnar gagnvart hugsanlegu umhverfisráðuneyti. Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni vegna þess að málefni Hollustuverndarinnar, sem samkvæmt 128. máli eiga að flytjast í umhverfisráðuneytið, eru svo veigamikill þáttur í þessu máli öllu að það er ástæða til að benda sérstaklega á það. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Innan Hollustuverndar ríkisins hafa skoðanir lengi verið mjög skiptar varðandi stöðu stofnunarinnar gagnvart hugsanlegu umhverfisráðuneyti. Hefur mengunarsvið stofnunarinnar skorið sig úr í þessu sambandi, en hin þrjú sviðin hafa talið óæskilegt að tengsl þeirra við heilbrrn. minnkuðu eða rofnuðu alveg."

Þeir geta þess líka að ekki sé von til þess að samræmd afstaða stjórnarinnar og forstöðumanna Hollustuverndar náist til þessara mála og þess vegna gera þeir sérstaka grein fyrir sjónarmiði forstöðumannanna annars vegar og stjórnarinnar hins vegar.

Ég vísa hér í bréf sem stjórnin sendi Jóni Sveinssyni, aðstoðarmanni forsrh., í októberlok 1989, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hollustuvernd ríkisins vill í upphafi leggja áherslu á að heilbrigðiseftirlit stofnunarinnar og sveitarfélaganna hefur verið meginþáttur umhverfiseftirlits í landinu, enda eru umhverfi mannsins og lífsskilyrði nátengd heilbrigði mannsins. Frá upphafi þessarar aldar hefur þetta verkefni verið í höndum sveitarfélaga, en eftir að Heilbrigðiseftirlit ríkisins, forveri Hollustuverndar ríkisins, var stofnað árið 1969 hefur átt sér stað markviss þróun hjá ríkinu í þessum málum. Þannig hefur þrisvar sinnum á þessum áratug farið fram heildarendurskoðun laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðissamþykktir og reglugerðir eru safn þeirra fyrirmæla sem sett eru af hinu opinbera til verndunar umhverfi mannsins. Í lögum um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti árið 1981 var ákveðið að taka úr heilbrigðisreglugerð þau ákvæði sem vörðuðu umhverfismengun og setja þau mál í sérstaka mengunarvarnareglugerð. Reglugerðin hefur nú verið staðfest af heilbrmrh. og mun taka gildi um næstu áramót. Með stofnun umhverfisráðuneytis kæmi til álita að endurskilgreina eftirlit opinberra aðila sem beinist að því að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum og nefna umhverfiseftirlit. Slík endurskilgreining kallar á breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og endurskoðun á verksviði heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna."

Þetta var tilvitnun í bréf stjórnarinnar til Jóns Sveinssonar. En það segir svo hér áfram: „Það væri til

skaða fyrir þetta málefni ef nú yrði farið að skipta Hollustuvernd ríkisins milli ráðuneyta þó þeir þættir í starfsemi hennar sem varða nærumhverfi séu nátengdir málaflokkum heilbrrn. Ýmsir hafa talið að mengunareftirlit væri umhverfismál og ætti heima í umhverfisráðuneyti en heilbrigðiseftirlit hrein heilbrigðismál sem ættu heima hjá heilbrrn. Hollustuvernd telur þessi verkefni svo náskyld að rökrétt sé að halda þeim innan sömu stofnunar. Innan stofnunarinnar eru þó sumir þeirrar skoðunar að æskilegt væri að sameina væntanlegt umhverfisráðuneyti og ráðuneyti heilbrigðismála."

Í þessu bréfi tók stjórn Hollustuverndarinnar ekki afstöðu til stofnunar umhverfisráðuneytis, enda var reyndar ekki óskað eftir að hún gerði það, en hún setti skilyrði fyrir því að Hollustuvernd færðist undir umhverfisráðuneyti. Aðalskilyrðið var að í upptalningu á málefnum ráðuneytisins væri talað um umhverfiseftirlit, þ.e. heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og eftirlit með óæskilegum umhverfisáhrifum.

Stjórn Hollustuverndarinnar uppgötvaði svo þegar þetta frv. var lagt fram, 129. málið, að ekki hafði verið farið eftir óskum stjórnarinnar í þessu efni og þess vegna ritaði stjórnin allshn. Nd. Alþingis bréf sem er dags. 19. des. sl. Þar segir m.a. að meiri hluti stjórnar stofnunarinnar telji það ekki eðlilegast að stofnunin flytjist í heild sinni til umhverfisráðuneytis. Jafnframt ítrekar stjórnin þá skoðun sína að ekki komi til álita að kljúfa stofnunina. Þá segir stjórnin einnig að hún telji það varhugavert að hraða stofnun umhverfisráðuneytis svo mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess. Takið eftir þessu: „að hraða stofnun umhverfisráðuneytis svo mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess". En það er einmitt það sem er verið að gera. Það er verið að hraða þessu máli í gegnum þingið og ekki gefinn neinn tími til þess að ræða svona grundvallaratriði.

Þeir segja hér líka að afstaðan til umhverfisráðuneytis mótist því af eðlilegri varkárni. Stjórnin vill ekki tefla í tvísýnu heilbrigðiseftirliti og hollustuháttamálum, þar með töldu eftirliti með matvælum. Verkefnalisti umhverfisráðuneytis samkvæmt grg. með frv. um breytingu á lögum um Stjórnarráðið, þ.e. 129. máli sem við erum hér að ræða og reyndar grg. í heild sinni bendir til þess að þessi mikilvægu mál gætu orðið hornreka í umhverfisráðuneytinu. Sé minnsta hætta á að svo verði mun stjórnin leggjast gegn breytingum á yfirstjórn stofnunarinnar. Nokkrir stjórnarmenn eru reyndar algjörlega á móti breytingu á yfirstjórn hennar að svo komnu máli. Að þessu leyti virðist þeim frv. um samræmda stjórn umhverfismála, 4. málið, frv. okkar sjálfstæðismanna, æskilegra fyrir stofnunina en frv. um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Þá segja þeir líka að þótt nú sé stefnt að stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis telji stjórnin réttara að möguleiki á stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðuneytis verði kannaður til þrautar. Sá kostur hentar málaflokkum stofnunarinnar að ýmsu leyti vel, sérstaklega þeim er varða nærumhverfi þótt hann sé ekki gallalaus fremur en aðrir sem boðið er upp á. Stjórnin telur því að stofnun umhverfisráðuneytis tengist mjög frekari endurskoðun á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins og ákvörðun um stofnun ráðuneytisins ætti að taka eftir að niðurstaða er fengin í það mál.

Síðan er hér upplýst um afstöðu framkvæmdastjóra og forstöðumanna fagsviða Hollustuverndar ríkisins. Þar eru, eins og áður hefur komið fram, einnig nokkuð skiptar skoðanir. Eiturefnaeftirlitið tekur t.d. fram að hugtakið umhverfismál sé ekki vel skilgreint. Heilbrigðiseftirlitssvið lýsir andstöðu við hugmyndir um flutning Hollustuverndar yfir í fyrirhugað umhverfisráðuneyti. Sú skoðun er sett fram hjá heilbrigðiseftirlitssviðinu að taka muni a.m.k. eitt ár að endurskoða og breyta mörgum lagabálkum í kjölfar stofnunar umhverfisráðuneytis og að ringulreið muni ríkja á meðan hvað varðar núverandi starfssvið Hollustuverndar. Það er tekið fram að ekki séu fordæmi í öðrum löndum svo vitað sé fyrir því að matvælaeftirlit heyri undir umhverfisráðuneyti. Það er ekki talið skynsamlegt að stofna ráðuneyti fyrst og athuga síðan hvernig það eigi að starfa. Þetta er aðferðin sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið. Taka ákvörðun um stofnun umhverfisráðuneytis fyrst og síðan láta tímann líða meðan menn eru að reyna að koma sér niður á hvaða málaflokkar eigi að færast þangað. Þeir segja að skynsamlegast sé að nota tímann fram að næstu alþingiskosningum til að undirbúa stofnun heilbrigðis- og umhverfisráðuneytis. En verði framangreind leið ekki farin þá er samræmd stjórn umhverfismála í einu af núverandi ráðuneytum talin vænlegri kostur, þ.e. tillaga eins og við sjálfstæðismenn lögðum fram hér í haust.

Af hálfu rannsóknastofusviðsins var ekki skilað skriflegu áliti en afstaða forstöðumanns stofunnar, sem komið hafði fram á stjórnarfundi, er í meginatriðum samhljóða afstöðu heilbrigðiseftirlitssviðsins.

Framkvæmdastjóri Hollustuverndar telur að miðað við athugasemdir við frv. um stofnun umhverfisráðuneytis og málflutning helstu talsmanna þess væri réttara að stofna umhverfisráðuneyti í markvissum áföngum eins og lagt er til í frv. okkar sjálfstæðismanna um samræmda stjórn umhverfismála. Hann telur réttara að tengja umhverfisráðuneyti öðru ráðuneyti og ákveða stofnun þess í tengslum við endurskoðun á skipulagsmálum Stjórnarráðsins í heild. Hann segir grundvallaratriði að Hollustuvernd verði ekki klofin upp. Hann telur hættu á að athygli umhverfisráðuneytis muni beinast að mengun ytra umhverfis en aðgerðir til að bæta hollustuhætti og almennt heilbrigðiseftirlit fái lítið vægi. Hann dregur í efa að umhverfisráðuneyti geti aukið verulega fjárveitingar til stofnunarinnar eins og væntanlegur umhverfisráðherra hefur gefið til kynna. Hann telur að tvöfalt eftirlit muni auka líkur á árekstrum ásamt því að draga úr skilvirkni og ábyrgðarkennd.

Þetta eru helstu atriðin sem mér þótti ástæða til að rekja úr umsögnum Hollustuverndar ríkisins.

Skógrækt ríkisins hefur sent umsögn sem ég skal

ekki eyða löngum tíma í, aðeins segja að Skógræktin er í aðalatriðum meðmælt frv. okkar sjálfstæðismanna. Sérstaklega er bent á ákvæði um stjórnarnefnd umhverfismála og umhverfismálasjóð. Það er úr umsögn Skógræktarinnar.

Landgræðslan telur stjfrv. að mörgu leyti ómótuð. Við þá vinnu sem fram undan er leggur Landgræðslan áherslu á samráð allra hlutaðeigandi aðila. Hún telur einnig að ósamræmis gæti milli stjfrv. á hlutverkum Náttúruverndarráðs annars vegar og væntanlegrar umhverfisstofnunar hins vegar. Landgræðslan telur eðlilegt að umhverfisráðuneyti hafi vissan íhlutunarrétt varðandi verndun gróðurs en breytingar þær sem fram koma í stjfrv. séu ekki tímabærar. Óeðlilegt sé að koma upp tvöföldu eftirlitskerfi opinberra aðila á sama tíma og verið er að endurskipuleggja og efla gróðurverndarstarf Landgræðslunnar. Landgræðslan leggur til að fyrri verkaskiptingu, sem þegar hefur komist á, milli Landgræðslu, Skógræktar og Náttúruverndarráðs, verði haldið. Varðandi stjórnarráðsfrv., 129. mál, telur stofnunin að þeirri meginreglu að skipta ekki upp stofnunum sé ekki fylgt gagnvart Landgræðslunni.

Þetta voru nokkur atriði af mörgum fleiri í áliti Landgræðslunnar.

Þá vil ég geta hér um umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þar segir svo, og mættu nú hæstv. ráðherrar hlusta:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur það vera höfuðhlutverk sitt að benda á hvaða kostnaður hljótist af umhverfisráðuneyti. Skal þess getið að reynsla nágrannalandanna gefur til kynna að slíkt ráðuneyti byrji í smáum stíl en verði fljótlega eitt stærsta ráðuneytið." — Þeim hefur aldrei dottið í hug hér heima að svoleiðis gerist hér, nei, nei, aldeilis ekki. Við höfum minnst á þetta áður í umræðum hér en því hefur jafnóðum verið mótmælt, það mun ekki gerast á Íslandi, þó við höfum dæmin fyrir okkur alls staðar, í hverju einasta landi sem við þekkjum til. — Svo segir hér áfram: „Því er okkur Íslendingum mikilvægt að læra af þeirri reynslu og halda í slíkan kostnað þegar frá upphafi. Því þykir stofnuninni rétt að benda á að í frv. vantar alla tilfærslu á stöðugildum og rekstrarfé frá ráðuneytum sem fram að þessu hafa haft með stjórn einstakra umhverfisþátta að gera. Með nokkrum rétti heyrir slíkt undir fjárlög en reynsla af tilfærsluverkefnum milli stofnana í fjárlagagerð bendir ótvírætt til þess að nýja stofnunin fær fjárveitingu til þess verkefnis sem til hennar flyst en gamla stofnunin verður ekki fyrir sömu lækkun á móti. Um þetta eru mörg dæmi, t.d. flutningur utanríkisviðskipta frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis." — En þetta á auðvitað ekki að gerast hér, nei, nei. Nú á að fara inn á einhverjar allt aðrar brautir sem við höfum aldrei gengið áður. Það á að fara að spara.

Svo heldur hér áfram: „Til að forða því að togstreita fjárlagagerðar verði til þess að svona fari aftur er allshn. bent á að bæta við sérstöku ákvæði í frv. á þá leið að stofnun umhverfisráðuneytis verði að fylgja tilflutningur á stöðugildum og rekstrarfé frá öðrum ráðuneytum í samræmi við minni verkefni þeirra. Má það ákvæði gjarna vera í því formi að það breyti nýsettum fjárlögum. Býðst Fjárlaga- og hagsýslustofnun til að gera um þetta áætlun fyrir nefndina ef hún vill láta verða af þessu." — Ég veit ekki til að um þetta hafi verið beðið.

Hér hefur verið leitast við að draga fram nokkur atriði úr þessum umsögnum. Það er í fyrsta lagi hver sé afstaða umsagnaraðilans til stofnunar sérstaks umhverfisráðuneytis. Í öðru lagi hver sé afstaða viðkomandi til flutnings einstakra stofnana milli ráðuneyta, hverjar séu helstu breytingartillögur sem umsagnaraðilinn vill koma á framfæri og hver sé afstaða viðkomandi til þingmáls nr. 4.

Ég held áfram og nefni nokkur atriði úr örfáum umsögnum til viðbótar. Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands hefur gefið umsögn og hafði reyndar gert áður, þ.e. með bréfi til nefndar Jóns Sveinssonar. Hér segir:

„Bréf félagsins til nefndar Jóns Sveinssonar mátti skilja á þá lund að mælt væri með stofnun umhverfisráðuneytis og því að öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins flyttist til þess. En með erindi 258/112 til allshn. og umsögn 10. jan. 1990 er skýrt tekið fram að best sé að stofna heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti", lesum við út úr bréfi Heilbrigðisfulltrúafélagsins. Þeir segja að verði stofnað sjálfstætt umhverfisráðuneyti leggi þeir til að Hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði ekki flutt úr stað. Hefur félagið alltaf lagst gegn því að stofnunin verði klofin upp og skipt milli ráðuneyta. Félagið hefur einnig efasemdir um breytingu á hlutverkum Náttúruverndarráðs, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins og telur að stjórnunarerfiðleikar hljóti að koma upp við rekstur Siglingamálastofnunar ef stofnuninni verður skipt milli ráðuneyta.

Heilbr.- og trmrn. telur að umhverfisráðuneyti eigi eingöngu að fjalla um ytri mengun. Því er alfarið mótmælt af hálfu heilbrrn. að Hollustuvernd og Geislavarnir flytjist yfir í umhverfisráðuneyti en talið mögulegt að flytja mengunarvarnadeild Hollustuverndarinnar.

Veðurstofa Íslands hefur sent umsögn. Þeir eru alfarið á móti því að Veðurstofan verði flutt úr samgrn. og leggja til breytingu á 128. máli í samræmi við það. Orkustofnun hefur einnig sent umsögn. Þar er ekki lagður dómur á hvort skipa eigi umhverfismálum í eitt ráðuneyti eða sérstakt umhverfisráðuneyti. Orkustofnun er andvíg því að Veðurstofan verði flutt úr samgrn. og leggur fram brtt. í samræmi við þá skoðun.

Orkustofnun segir svo um frv. okkar sjálfstæðismanna að frv. gangi býsna langt í þá átt að skipa umhverfismálum í eitt ráðuneyti, en þó vanti efnislega á, því að gert er ráð fyrir að mengunar- og skipulagsmál falli undir annan ráðherra en þann sem fer með samgöngu- og umhverfismál. Þeir segja að endurskoðunarákvæði frv. bendi til að hér sé frekar

um áfanga að ræða en endanlega skipan. Þeir telja að gott samráð verði að hafa við sveitarfélög og þeir Orkustofnunarmenn telja að hugmyndin um umhverfisverndarsjóð sé mjög jákvæð.

Náttúruverndarráð telur æskilegt að stofnað sé sérstakt umhverfisráðuneyti og mælir með því en telur að mengunarvarnadeild Hollustuverndar eigi að tilheyra umhverfisráðuneytinu en ekki stofnunin öll.

Dýralæknafélag Íslands telur stofnun umhverfisráðuneytisins varhugaverða þar sem ekki er sett fram umhverfismálastefna. Félagið leggur til að stofnað verði heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti. Félagið er andvígt því að hollustuvernd verði í umhverfisráðuneyti.

Rannsóknaráð ríkisins telur ekki tímabært að stofna umhverfisráðuneyti þar sem ekki komi fram nein sannfærandi greining á þeim efnisvanda sem því sé ætlað að fjalla um.

Þjóðminjasafnið mælir gegn því að húsfriðunarnefnd og verkefni hennar verði flutt úr menntmrn., Líffræðistofnun Háskólans mælir með stofnun ráðuneytis en telur að Landgræðsla og Skógrækt ríkisins eigi að vera undir umhverfisráðuneyti. Félag ísl. náttúrufræðinga bendir á að skilgreiningu á umhverfi vanti í frv. en mælir að öðru leyti með stofnun ráðuneytisins með vissri lágmarksstarfsemi.

Yfirdýralæknirinn í Reykjavík telur að sá málaflokkur sem heyrir undir dýravernd eigi frekar heima í landbrn. en í umhverfis- eða menntamálaráðuneyti. Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur ekki rétt að skipta verklegum þætti Landgræðslunnar og Skógræktarinnar milli ráðuneyta og telur vegna náins samstarfs RALA við þær stofnanir að þetta eigi heima undir landbrn. RALA vitnar til Brundtland-skýrslunnar um að rannsóknir á nýtingu auðlinda séu snar þáttur í því að gera atvinnuvegum kleift að fara með náttúruauðlindirnar með verndunarsjónarmið í huga.

Landlæknir telur að Geislavarnir og Hollustuvernd eigi heima undir heilbrrn. enda sé meiri hluti verkefna þessara tveggja stofnana á sviði heilbrigðismála. Hann telur mjög misráðið að fórna hagsmunum þessara stofnana vegna fljótfærnisákvarðana, eins og hann orðaði það.

Bjarni E. Guðleifsson er á móti stofnun umhverfisráðuneytis þar sem óskynsamlegt sé að aðskilja yfirstjórn nýtingar og verndunar auðlindanna. Ráðuneytið auki á miðstýringu og sé of kostnaðarsamt. Helsta verkefni umhverfisráðuneytis, ef stofnað verður, ætti að vera stefnumótun og ráðgjöf. Hann telur stofnun umhverfisstofnunar óþarfa, telur að landgræðsla og skógrækt eigi heima undir landbrn. en gróðureftirlit megi vera undir umhverfisráðuneyti. Einnig megi Náttúrufræðistofnun vera áfram í menntmrn. Hann segir um frv. okkar sjálfstæðismanna að skilgreina hefði mátt betur umhverfismál. Hann telur þetta mál ganga of skammt, en segir að eðlilegt væri að þetta frv. kæmi til skoðunar þegar nefnd sú sem gert er ráð fyrir að verði skipuð skv. frv. um Stjórnarráðið hefji vinnu sína.

Vísindaráð telur æskilegt að sameina umhverfismál undir eitt ráðuneyti, hvort sem um væri að ræða nýtt ráðuneyti eða eitthvert af þeim ráðuneytum sem fyrir eru.

Siglingamálastofnun ríkisins tekur skýrt fram að hún hafi hvergi lýst þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti þar sem stofnunin telur að árangur opinberrar stefnu í umhverfisvernd á hverjum tíma ráðist frekar af vilja löggjafans til lagasetningar og útvegunar fjármagns til verkefnanna en með hvaða hætti yfirstjórn málaflokksins er fyrir komið innan stjórnkerfisins. Hvergi sé að finna í grg. með frv. mat á því hvernig það fyrirkomulag sem er á framkvæmd umhverfismála hafi reynst. Vegna sérstöðu Íslands sé ekki sjálfgefið að fyrirkomulag það sem flest nágrannalönd okkar hafa tekið upp sé hagkvæm lausn fyrir Ísland. Þetta segja þeir hjá Siglingamálastofnun sem fara með svo veigamikinn þátt umhverfismálanna sem eftirlit með mengun sjávar er. Þeir segja líka að það veki athygli að þeirri reglu sem er ein helsta röksemd fyrir stofnun umhverfisráðuneytis, að draga úr þeim hagsmunaárekstrum sem fylgja því að atvinnuvegasjónarmið annars vegar og friðunar- og verndunarsjónarmið hins vegar heyri undir sama ráðuneyti, virðist ekki beitt þar sem hagsmunir okkar hljóta að vera hvað mestir, þ.e. í verndun og nýtingu auðlinda hafsins. Stofnunin telur eðlilegt að verndun auðlinda hafsins falli einnig undir stjórn umhverfisráðuneytis en með því yrði yfirstjórn mengunarvarna og verndun auðlinda hafsins í höndum sama ráðuneytis og er þar vísað til hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Um frv. okkar sjálfstæðismanna segja þeir hjá Siglingamálastofnun að svo virðist sem frv. miði fyrst og fremst að því að byggja frekari umhverfisvernd á því starfi sem ráðuneytin hafa þegar byggt upp, hvert á sínu sviði, með öflugu og markvissu samræmingarstarfi, sem er alveg rétt. Það gerir ráð fyrir endurskoðun innan fjögurra ára til þess að huga að frekari samræmingu. Siglingamálastofnun hefur verið þeirrar skoðunar að ástæða sé til að samræma betur en gert hefur verið yfirstjórn mengunarmála þar sem tekið yrði mið af þeirri reynslu og árangri sem náðst hefur hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum. Stofnunin telur því að þetta frv., frv. okkar sjálfstæðismanna, fullnægi þeim skilyrðum.

Skógræktarfélag Íslands telur að vænlegast sé að fara hægt í sakirnar varðandi stofnun umhverfisráðuneytis. Félagið telur mjög ósennilegt að starfsfólk ráðuneytisins geti unnið að lögboðnum störfum sínum og jafnframt unnið að lagabreytingum sem starfsemi ráðuneytisins kalli á. Félagið telur óviðunandi ósamræmi vera vegna flutnings á verkefnum úr landbrn. til umhverfisráðuneytisins er varðar gróðurvernd og landnýtingu en öðrum fagráðuneytum er ætlað að hafa forræði auðlinda

sem þeirra atvinnugreinar byggjast á. Félagið leggur til að Skógrækt ríkisins verði óskipt í landbrn., þar á meðal gróðurvernd og allir þættir skógræktar, en eftirlitshlutverk verði í umhverfisráðuneytinu. Ella kunni að vera rofin þau tengsl sem myndast hafa á undanförnum árum milli skógræktarmanna og bænda þar sem verkaskipting sú sem gert er ráð fyrir sé óhæf. Telur félagið verksvið umhverfisráðuneytisins ekki vel skilgreint. Um frv. okkar sjálfstæðismanna er það að segja að stjórn Skógræktarfélags Íslands er í öllum aðalatriðum meðmælt því.

Landbrn. hefur gefið umsögn og vísar einnig til umsagnar Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Ráðuneytið og viðkomandi stofnanir hafa eindregið varað við því að öll verkefni stofnananna yrðu flutt úr landbrn. og telja að af því hefði getað hlotist stórslys. Þeir benda á ósamræmi í tilflutningi verkefna þar sem öðrum ráðuneytum en landbrn. er ætlað að hafa forræði yfir þeim auðlindum sem undir þau heyra. Á það hafa fleiri bent. Ráðuneytið telur að skipting verkefna milli umhverfis- og landbrn. sem Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins hafa sinnt sem framkvæmdastofnanir verði ekki til að skila auknu og bættu samstarfi í þágu gróðurverndar og gróðurbóta en auki aðeins kostnað.

Geislavarnir ríkisins leggja áherslu á að leitað verði víðtækrar samstöðu um stjórnskipulegt fyrirkomulag umhverfismála. Stofnun umhverfisráðuneytis er nátengd endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og breyttri verkaskiptingu ráðuneyta og þess vegna ætti að leiða þau mál til lykta fyrst. Það er skýr skoðun stjórnar stofnunarinnar að ekki sé rétt að flytja yfirstjórn stofnunarinnar þar sem langstærstur hluti verkefna hennar sé á sviði heilbrigðismála. Jafnframt er bent á að í Danmörku og Noregi hafi heilbrrn. yfirstjórn geislavarna. Stofnunin tekur undir þau sjónarmið sem liggja til grundvallar frv. um samræmda yfirstjórn umhverfismála.

Röntgendeildir Landspítalans, Landakots og Borgarspítalans hafa sent inn erindi og umsagnir. Yfirlæknar deildanna beina þeirri ósk til nefndarinnar að Geislavarnir ríkisins verði áfram undir stjórn heilbrrn. og landlæknisembættisins þar sem sú ráðstöfun að færa stofnunina undir umhverfisráðuneyti sé afar misráðin.

Herra forseti. Ég hef hér farið yfir einstaka þætti í umsögnum örfárra aðila af þeim mörgu sem hafa sent hv. allshn. umsagnir sínar. Mér er alveg ljóst að þær umsagnir, sem ég hef hérna verið að rekja, varða miklu frekar þau viðfangsefni sem skulu eiga heima í umhverfisráðuneyti eða ráðuneyti sem fer með þann málaflokk ásamt öðrum. Ég er alveg sannfærður um að í hugum þeirra sem af hvað mestri sannfæringu mæla með stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis er það alger forsenda að viðfangsefni ráðuneytisins séu ákveðin samtímis stofnun ráðuneytisins. Viðfangsefnin eru höfuðmálin sem áhugamenn um umhverfismál vilja vita hver verða. Þeir vilja vita hvaða viðfangsefni eigi að færast í þetta ráðuneyti. Halda menn t.d. að Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Félag ísl. náttúrufræðinga, Náttúruverndarráð, Jarðfræðafélag Íslands, Líf og land, svo að ég nefni aðeins örfáa aðila sem hafa sýnt umhverfismálum sérstakan áhuga og mæla með stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis, að þessir aðilar telji málið komið í höfn ef aðeins er stofnað ráðuneyti en helst ekkert talað um þau viðfangsefni sem þar eiga að vera? Ég er sannfærður um að þessir aðilar telja það meginmálið að fá að vita hvaða viðfangsefni fara í ráðuneytið en ekki hvort eitthvert hégómamál, eins og þetta umhverfisráðuneyti er orðið, verði samþykkt hér í þessari viku eða næstu. Þetta er auðvitað sá háttur sem mestu máli skiptir og þess vegna er alveg ómögulegt annað en ræða það frv. líka, þ.e. 128. mál, samhliða því frv. sem hér er til umræðu.

Ég ætla ekki að sinni að fara nánar í umsagnir en ég hef þegar gert. Það má hins vegar vel vera að ég geri það frekar nú við 2. umr. málsins. Öll vinnan í nefndinni, hv. allshn., er líka eftir. Það hefur ekkert verið unnið eins og ég gat um í upphafi máls míns. Sú vinna mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma því þessar umsagnir eru svo yfirgripsmiklar, fylla reyndar heila stóra möppu, og um þetta þurfum við allt að fjalla ítarlega, bæði í nefndinni og svo hér í deildum hv. Alþingis.

Ef svo ólíklega skyldi vilja til að stjórnarliðar sýndu vilja til að gera annað en greiða þennan víxil Borgaraflokksins sem hæstv. forsrh. samþykkti í september til að halda lífinu í þessari svokölluðu ríkisstjórn, þá verður auðvitað farið rækilegar í umsagnirnar, eins og ég sagði áðan, bæði á fundum hv. allshn. og hér í þingdeildinni. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að koma því máli í gegn fyrir 27. apríl nk. sem á að vera þinglausnadagur. Mér er það ekki alveg ljóst hvernig hún ætlar að gera þetta í ósátt við allt og alla. Í ósátt við stjórnarandstöðuna og í ósátt við fjölda aðila úti í þjóðfélaginu sem eiga að búa við það skipulag sem samþykkt verður. Og ég tala nú ekki um ef það er það skipulag sem hæstv. ríkisstjórn hefur þegar lagt til. En það er kannski svo að ríkisstjórninni sé alveg sama hvort seinna frv. verður afgreitt eins og ég lét liggja að áðan. Hin pólitíska ákvörðun, eins og hv. stjórnarliðar orða það, hefur þegar verið tekin og stofnun ráðuneytisins ákveðin. Til þess að ná fram þeirri ákvörðun á Alþingi segja þessir háu herrar að ekkert þurfi að tala við embættismenn, ekki þurfi að tala við stjórnarandstöðuna eða yfirleitt við nokkurn aðila utan þessa fílabeinsturns sem ríkisstjórnin hrærist í.

Herra forseti. Ég lýsi fullri andstöðu við þetta frv. Ég lýsi megnri fyrirlitningu á þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð í þessu annars mjög svo mikilvæga máli. Að slíta í sundur afgreiðslu frumvarpa sem eru svo nátengd að út úr afgreiðslu þessa frv. eins og sér kemur hrein skrípamynd. Ég furða mig á því að nefndarmenn í hv. allshn. skyldu ekki fá frið til að vinna saman að því að afgreiða þessi frumvörp út úr nefndinni þannig að þau hlytu eðlilega meðferð og afgreiðslu fyrir þinglausnir í vor. Tilboði um slík vinnubrögð var hafnað af hæstv. ríkisstjórn. Hæstv.

ríkisstjórn verður þess vegna að taka afleiðingunum af þeirri ákvörðun sinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Kvennalistinn hefur frá upphafi haft það á stefnuskrá sinni að sameina beri öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti til virkari og hagkvæmari stjórnunar og markvissrar umhverfisverndar. Mig langar til þess, með leyfi forseta, að lesa smákafla úr stefnuskrá Kvennalistans sem fjallar um umhverfismál:

„Framtíð mannkyns veltur á því hvernig við umgöngumst náttúruna, hvernig við nýtum gögn hennar og gæði og hvort við berum gæfu til að bæta úr þeim spjöllum sem við höfum valdið henni. Móðir jörð setur ákveðin lögmál. Maðurinn gengur þvert á mörg þeirra á leið sinni að hámarks skammtímagróða og tekur hvorki tillit til hagsmuna heildarinnar, jarðar né framtíðar. Umhverfisvernd er að ganga um hverja auðlind með virðingu og nærgætni og taka aðeins vextina en láta höfuðstólinn óskertan til að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir. Umhverfismál á Íslandi falla að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin. Afleiðingin er óstjórn og skörun. Sameina ætti öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti til virkari og hagkvæmari stjórnunar og markvissrar umhverfisverndar."

Þetta var tilvitnun í stefnuskrá Kvennalistans. Í samræmi við þessa stefnu fluttu þingkonur Kvennalistans á 111. löggjafarþingi till. til þál. þar sem lagt var til að stofnað yrði sérstakt ráðuneyti umhverfismála með ákveðnum verkefnum sem voru rannsóknir og stjórnun náttúruauðlinda, náttúruvernd, umhverfisfræðsla, skipulagsmál, mengunarvarnir og alþjóðleg samskipti um umhverfismál. Undir þetta ráðuneyti átti síðan að flytja stofnanir eða deildir sem nú starfa á þessum sviðum undir stjórn ýmissa ráðuneyta.

Umhverfismál eru stór og viðamikill málaflokkur sem nauðsynlegt er að skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. Umhverfismál á Íslandi falla að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin eins og ég sagði áðan og það hefur orðið til þess að um mikla óstjórn og skörun er að ræða. Þess vegna teljum við mjög aðkallandi að öll þessi verkefni falli undir eitt ráðuneyti. Við höfum líka lagt mjög mikla áherslu á það að aðskilja beri mat og eftirlit með auðlindum landsins annars vegar og hagnýtingu auðlindanna hins vegar. Hið síðarnefnda á heima í ráðuneyti eða ráðuneytum atvinnumála en hið fyrrnefnda í sérstöku ráðuneyti umhverfismála. Á þann hátt verður umfjöllun og ákvarðanataka um nýtingu auðlindanna opin og síður hætta á hagsmunatengslum við eftirlit. Þetta þýðir þó ekki að ábyrgðin sé tekin af þeim sem nýta auðlindina sjálfa. Það er fráleitt að túlka þetta þannig, eins og oft hefur verið gert, að með því að aðskilja eftirlit og nýtingu séu þeir firrtir allri ábyrgð sem nýta auðlindina.

Í tillögu Kvennalistans frá 111. löggjafarþingi, sem er 150. mál þess þings, er greint frá því hvernig við höfum hugsað okkur breytingu á skipan umhverfismála sem ég ætla ekki að tíunda hér í smáatriðum. Þessar breytingar voru mjög róttækar en þó gerðu þær ekki ráð fyrir nýju bákni, eins og það er stundum kallað, heldur var fyrst og fremst talað um tilflutning og samræmingu málaflokksins. Því er þó ekki að leyna að þörf er á átaki til úrbóta á mörgum sviðum umhverfismála. Auðvitað kostar það fé að bæta þar úr. Ekki er nóg að samræma eingöngu yfirstjórnina heldur verður líka að veita auknu fé til umhverfismála. Það hefur verið allt of lítið og knappt hingað til. En það er trú okkar kvennalistakvenna að með þeirri skipan mála sem við stungum upp á með tilögueflutningi okkar verði þessi mikilvægi málaflokkur ekki sama hornreka og hann er núna í flestum ráðuneytum, honum verði gert hærra undir höfði. Einnig teljum við að þetta sé miklu hagkvæmara en að dreifa málaflokknum um allt í stjórnkerfinu eins og á sér stað núna.

Við gerðum okkur hins vegar grein fyrir því að erfitt gæti verið að gera slíka breytingu á stjórnkerfinu og þá sem við lögðum til í einu vetfangi. Þess vegna töldum við að sá verkefnaflutningur sem lagður er til með 128. máli, sem flutt var samhliða því máli sem við ræðum nú, væri þó alla vega fyrsta skrefið. Þó við værum svo sannarlega ekkert ánægðar með niðurstöðuna og hvernig það frv. var á endanum töldum við það þó vera eitt skref í áttina. Þess ber að geta að margar umsagnir bárust um tillögu Kvennalistans og þótti mörgum hún ganga nokkuð langt. Mig langar aðeins til að vitna í eina af umsögnunum, frá Náttúruverndarráði, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í þeirri tillögu er gengið mun lengra í samræmingu umhverfismála en Náttúruverndarráð hefur gert í sínum tillögum og m.a. lagt til að fleiri stofnanir og svið verði flutt til væntanlegs umhverfisráðuneytis."

Þetta er úr umsögn Náttúruverndarráðs þannig að þessi tillaga okkar þótti ganga nokkuð langt. Þó voru mjög margar umsagnir sem töldu að meginefni þessarar tillögu sem við fluttum væri mjög til bóta. Svo eru margar stofnanir, við getum tekið Landgræðslu og Skógrækt og fleiri, sem segja: Við viljum gjarna koma upp umhverfisráðuneyti og koma betri skikk á þessi mál en við viljum ekki fara frá því ráðuneyti sem við erum í. Þetta kom fram þá eins og nú. Einkennileg íhaldssemi sem þarna er á ferðinni.

En mig langar til að vitna aðeins í þá umsögn sem Náttúruverndarráð gaf og sendi allshn. Sþ. sem fékk þessa tillögu til umfjöllunar. Náttúruverndarráð sendi tillögur um hvernig það vill haga þessum málum og mig langar til að vitna í þær, með leyfi forseta, en þar segir:

„Við samræmingu umhverfismála lítur Náttúruverndarráð svo á að mikilvægt sé að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti. Samhliða sameiningu stjórnar sem flestra mála á þessu sviði undir sama ráðuneyti þarf að ákveða hvernig hlutverk ýmissa stofnana breytist og tryggja samvinnu milli hins nýja ráðuneytis og stofnana annarra ráðuneyta sem tengjast málefnunum beint."

Skipurit fylgir með um það hvernig þeir hugsi sér þetta. Þeir rekja síðan hvernig þeir vilja láta þetta fara og mig langar til að lesa aðeins áfram, en þeir leggja til að í fyrsta lagi verði sett á stofn umhverfisráðuneyti og ráðuneytið fari með stjórn umhverfismála og tengsl við önnur ráðuneyti, fræðslustarf um umhverfismál verði þar mikilvægur þáttur, svo og alþjóðasamstarf. Þetta er alveg í samræmi við það sem við höfum lagt til.

Síðan eru það gróðurverndarmál. Gróðurvernd, þar með talin skógvernd, beitarstjórnun og friðun gróðurlenda til lengri eða skemmri tíma falli undir umhverfismálaráðuneyti. Þetta er því miður ekki alveg í samræmi við það sem 128. mál gerir ráð fyrir, en þó miklu nær því sem við vildum gera. Skipulagsmál falli undir umhverfisráðuneytið. Hlutverk Skipulags ríkisins verði óbreytt. Þar sem starfsemi Skipulags ríkisins, Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins skarast víða þarf að gera meðferð mála einfaldari og skilvirkari. Mengunarmál falli undir umhverfisráðuneyti. Hér er um að ræða mengunarvarnir, eftirlit Hollustuverndar ríkisins, eftirlit með eiturefnum og öðrum hættulegum efnum sem ekki falla undir matvælaframleiðslu og lyfjagerð, mengunarvarnir, Siglingamálastofnun, eftirlit og mælingar á mengun í sjó og lofti og fyrirbyggjandi aðgerðir. Þeir vilja að náttúruverndarmál falli að sjálfsögðu undir umhverfisráðuneyti, friðlýsing lands og framkvæmd á friðlýstum svæðum og einnig almannaréttur, útivistar- og ferðamál og almenn umgengni um landið.

Ég ætla ekki að taka fleira úr þessum tillögum en þær eru mjög margar í sömu átt og tillögur Kvennalistans. Margar þeirra eru einnig í samræmi við 128. mál þar sem talað er um þær breytingar á lögum sem þurfi að gera til þess að einhver verkefni flytjist nú yfir til umhverfisráðuneytisins. Þó að við höfum ekki fengið allt það sem við vildum höfum við samt talið eðlilegt að líta á allar þær tillögur sem komið hafa fram og reynt að sameinast um eina tillögu um hvernig þessum málum skuli best fyrir komið. Það er því augljóst að kvennalistakonur telja að umhverfismálin eigi að skipa verðugan sess í stjórnkerfi landsins og í samræmi við það tókum við þátt í starfi nefndar sem fjallaði um þessi mál þar sem kvennalistakonur voru eini stjórnarandstöðuþingflokkurinn sem tilnefndi í þá nefnd. Það sýndi að við vildum reyna að koma til móts við þær hugmyndir aðrar sem uppi voru í tengslum við stofnun umhverfisráðuneytis.

Í því frv. sem hér liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á skipan umhverfismála innan stjórnkerfisins heldur er aðeins gert ráð fyrir að stofna umhverfisráðuneyti án þess að það fái samtímis nokkur verkefni. Ekki hafa verið færð nein rök fyrir þessari ráðstöfun. Ég vil benda á það að á bls. 7 í aths. við það frv. sem við ræðum stendur, með leyfi forseta, þar sem talað er um verkefni umhverfisráðuneytis:

„Nauðsynlegt er að Alþingi taki afstöðu til þess hvort stofna skuli umhverfisráðuneyti svo og hvaða málefni og málaflokka fella skuli undir heildarstjórn umhverfismála ef til kemur.

Í þeim frumvörpum, sem samin hafa verið um umhverfismál að undanskildu frumvarpi um umhverfismál sem lagt var fram á síðasta þingi, var ekki greinilega tiltekið hvaða viðfangsefni ættu að falla undir heildarstjórn umhverfismála. Slík lög hefðu leitt af sér töluverða réttaróvissu."

Hvað þýðir þetta? Virðulegi forseti. Nú hef ég enga ráðherra hér til að spyrja. Mig langar til að spyrja hvað þetta þýðir hér í grg. með frv. Forsrh. mælti fyrir þessu frv. þannig að það er eðlilegt að óska eftir því að hann komi hér og skýri þetta út en ef einhverjir aðrir geta skýrt það út þætti mér vænt um það. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að gerðar hafa verið ráðstafanir til að fá forsrh. hingað til fundar, hann mun vera í húsinu.) Já, en ég ætla samt að halda áfram máli mínu og mun þá taka þetta upp aftur þegar forsrh. getur hlýtt á mál mitt.

Eins og kemur greinilega fram er það mat þeirra sem þetta frv. semja að það muni skapa töluverða réttaróvissu ef stofnað verður umhverfisráðuneyti án þess að tilgreina hvaða verkefni þar muni falla undir. Mér finnst eðlilegt að við fáum skýringar á þessu þar sem ég tel að við eigum að samþykkja þessi tvö frumvörp saman en ekki að stofna umhverfisráðuneyti án allra verkefna.

Við 1. umr. málsins lýsti ég því yfir að ég væri ósátt við margt sem fram kemur í frv. varðandi tilflutning á verkefnum. Bryndís Brandsdóttir var fulltrúi Kvennalistans í nefndinni sem samdi frv. Nefndin klofnaði í tvennt, jafna parta, og það álit sem Bryndís stóð að fól í sér að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins flyttust til umhverfisráðuneytis frá landbrn. en þó þannig að landbrn. færi áfram með mál er varða ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum. Ég er enn þá þessarar sömu skoðunar, hún hefur ekkert breyst, enda höfum við því miður ekki haft tækifæri til þess í allshn. að fjalla neitt verulega um þessi mál og það hefur ekkert verið farið ofan í umsagnir með frv. að því er varðar Skógrækt og Landgræðslu.

Það breytir þó ekki því að þingkonur Kvennalistans telja að það frv. sé skref í rétta átt. Við höfðum lýst okkur samþykkar því að taka það skref sem þar var lagt til þó að við teldum það skref allt of lítið og allt of stutt farið með því frv. Við höfum verið því fylgjandi að stofna umhverfisráðuneyti með ákveðnum verkefnum. Það sama gildir ekki um að taka þátt í því sem hér er verið að gera núna, að setja á stofn umhverfisráðuneyti í þeim eina sjáanlega tilgangi að einn ráðherra í ríkisstjórninni geti kallað sig umhverfisráðherra nokkrum vikum fyrr en ella.

Það kom fram í máli hv. 2. þm. Reykn. Ólafs G. Einarssonar hér áðan, og hann hefur reyndar einnig sagt það á fundum allshn., að Sjálfstfl. sem þó hefur lýst sig mest andsnúinn því að stofnað verði umhverfisráðuneyti hefði verið tilbúinn til að vinna að þessum málum, þ.e. hvaða verkefni flyttust yfir í umhverfisráðuneytið, og að unnið yrði að þeim málum eins hratt og unnt væri með svo viðamikinn málaflokk.

Þannig að ef þessi mál hefðu fylgst að hefði hugsanlega fengist, vonandi í næsta mánuði en alla vega fyrir þinglok, umhverfisráðuneyti með einhverjum verkefnum. En það sem við sitjum uppi með núna er umhverfisráðherra og lítið annað. Meiri hl. allshn. og raunar ríkisstjórnin öll með sínu stuðningsliði hefur því, að því er virðist, misst sjónar á því sem er aðaltilgangurinn með stofnun umhverfisráðuneytis, þ.e. að koma betra skipulagi á stjórn umhverfismála með markvissa umhverfisvernd í huga. Ég hef því verulegar áhyggjur af því að ef við afgreiðum þetta mál með þeim hætti sem verið er að leggja til núna, þ.e. að við setjum á stofn umhverfisráðuneyti án verkefna, munum við sitja uppi með umhverfisráðuneyti án verkefna þegar þingi lýkur í vor. Það má spyrja sjálfan sig hversu lengi það muni þá dragast yfirleitt að einhver verkefni komi til umhverfisráðuneytis frá öðrum ráðuneytum.

Það hefur líka komið fram að ekki virðist vera samkomulag innan stjórnarflokkanna um frv. sem þó er stjfrv., 128. mál. Ég á ákaflega erfitt með að skilja af hverju þessi tvö mál eru ekki samhliða ef jafnframt er samkomulag innan ríkisstjórnarflokkanna um hvaða verkefni ráðuneytið sem verið er að setja á stofn fái. Ef svo er, sem kemur mér á óvart, vildi ég vita hvers konar ósamræmi þarna er á milli, hvaða málaflokkar það eru helst sem ríkisstjórnarflokkarnir eru ósáttir um. Nú vantar mig enn þá einu sinni einhvern til að taka við spurningum frá mér, virðulegi forseti. (**Forseti:** Þeirri spurningu er svarað af sjálfu sér því forsrh. gengur í salinn.) Ég var að beina spurningu minni til hæstv. forsrh. sem er flm. þessa frv. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Það hefur ítrekað komið fram að hugsanlega sé einhver óánægja eða ósamkomulag varðandi 128. mál sem fjallar um verkefni þau sem eiga að flytjast til umhverfisráðuneytis. Það hefur heyrst hér oftar en einu sinni, kannski ekki úr þessum ræðustól en ítrekað annars staðar, að ein af ástæðunum fyrir því að skilja þurfi þessi tvö mál að sé sú að ekki sé samkomulag innan ríkisstjórnarflokkanna um þau verkefni sem flytja eigi yfir til umhverfisráðuneytis. Ef ég heyrði rétt minntist hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson, sem var frsm. meiri hl., eitthvað á það hér. Það kom mér á óvart, ég hafði ekki heyrt það þó einhverjir væru kannski óánægðir. Ég er á vissan hátt óánægð með þetta frv., ég vildi láta það ganga miklu lengra, en ég hafði þó ákveðið að sættast á það sem hér var lagt til. Ég vildi því inna hæstv. forsrh. eftir því hvort einhver afturkippur sé kominn í það samkomulag sem ég hélt að væri orðið um þau verkefni sem flyttust á milli ráðuneyta, þ.e. frá öðrum ráðuneytum yfir til umhverfisráðuneytis. Þetta gerði mig órólega. Ég hugsaði með mér að e.t.v. yrði þetta þá til þess að við sætum uppi með umhverfisráðuneyti í vor án allra verkefna. Við verðum þá bara með umhverfisráðherra, skrifborð og bíl og ekkert annað. Það þykir mér mjög illa af stað farið ef svo er og vona að þetta sé einhver misskilningur og ætlun stjórnarliða sé að þetta verði afgreitt fljótt og vel eins og við í stjórnarandstöðunni vorum búin að lýsa okkur samþykk. Að vísu hefur Sjálfstfl. lýst því yfir að það gegni að sjálfsögðu öðru máli þegar verið er að kljúfa þessi mál tvö í sundur. Ég skora því á ríkisstjórnina og allt hennar stuðningslið að fresta afgreiðslu þessa máls og afgreiða það um leið og 128. mál sem fjallar um verkefni umhverfisráðuneytis því að þá tel ég að það sé a.m.k. von um að við fáum umhverfisráðuneytinu einhver verkefni fyrir vorið.

Það var annað atriði sem ég vildi inna hæstv. forsrh. eftir sem ég hafði reyndar gert fyrr í ræðu minni. Ég gerði mér ekki grein fyrir að hann hlýddi ekki á mál mitt þá. Á bls. 7 í athugasemdum með frv. sem við ræðum hér, 129. máli, stendur, og vil ég endurtaka það hér til að forsrh. heyri hvað ég er að ræða um, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að Alþingi taki afstöðu til þess hvort stofna skuli umhverfisráðuneyti svo og hvaða málefni og málaflokka fella skuli undir heildarstjórn umhverfismála ef til kemur.

Í þeim frumvörpum, sem samin hafa verið um umhverfismál að undanskildu frumvarpi um umhverfismál sem lagt var fram á síðasta þingi, var ekki greinilega tiltekið hvaða viðfangsefni ættu að falla undir heildarstjórn umhverfismála." — Og síðan kemur það sem ég vildi spyrja sérstaklega um: „Slík lög hefðu leitt af sér töluverða réttaróvissu."

Nú sýnist mér að við séum að gera það sem verið er að vara við í þessu sama frv. Ef ætlan ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar er sú að afgreiða þetta mál eitt og sér, þá sýnist mér að komið sé þetta sem þarna er varað við. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á í hverju þessi réttaróvissa er fólgin. Vildi ég gjarnan fá varpað ljósi á þetta atriði hér við þessa umræðu. Með því að samþykkja þetta frv. sem við erum hér að fjalla um er verið að samþykkja umhverfisráðuneyti sem er aðeins umbúðirnar og það þykir mér mjög slæmt að þurfa að sitja uppi með.

Kvennalistakonur hafa ætíð talið að stofnun umhverfisráðuneytis sé fyrsta skref í átt til þess að umhverfismál skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. En umhverfisráðuneyti án verkefna er hins vegar umbúðirnar einar og munu því kvennalistakonur ekki geta tekið þátt í afgreiðslu þessa frv. Þykir okkur mjög miður að geta ekki stutt mál sem við erum þó búnar að hafa á stefnuskrá okkar í öll þessi ár. Þetta mál er unnið með þeim ósköpum að ég get ekki annað en lýst harmi mínum yfir því að þurfa að taka þá ákvörðun að geta ekki stutt þetta frv. þar sem það hefur ekki nokkurt einasta innihald, því miður.

Við kvennalistakonur höfum rætt þetta mál mjög mikið og á þingflokksfundi okkar í gær var samþykkt svohljóðandi yfirlýsing sem ég vil leyfa mér að lesa hér:

„Kvennalistakonur geta ekki tekið þátt í afgreiðslu frv. um umhverfisráðuneyti sem núverandi stjórnarflokkar hyggjast keyra í gegnum Alþingi á næstu dögum, að því er virðist í þeim eina tilgangi að koma á fót umhverfisráðherra. Frv. felur nefnilega það eitt

í sér að orðinu „umhverfisráðuneyti" verði bætt inn í upptalningu ráðuneyta í lögin um Stjórnarráð Íslands, en engin ákvörðun liggur fyrir um stöðu og starfssvið slíks ráðuneytis. Það fær í raun og veru ekki annað til umráða en ráðherrastól og mengunarvarða bifreið með skíðabogum því allir þeir málaflokkar sem með réttu ættu heima í slíku ráðuneyti heyra eftir sem áður undir sín gömlu ráðuneyti þar til annað hefur verið ákveðið og lög um það samþykkt á Alþingi.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á úrbætur í umhverfismálum og verið þeirrar skoðunar að nauðsyn beri til að hafa sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Þær hafa alla tíð reynt að vinna því máli brautargengi á Alþingi og lögðu m.a. fram ítarlega tillögu um það efni á síðasta þingi þar sem fram kemur hvernig þær vilja sjá málum borgið í slíku ráðuneyti. Þegar svo loks kom fram stjfrv. undir lok síðasta þings um stofnun umhverfisráðuneytis og starfssvið þess lýstu þær stuðningi við það frv. enda þótt það væri í raun ófullburða og gengi miklu skemur en þær hefðu kosið. Málinu var síðan vísað til sérstakrar nefndar sem vann að því á milli þinga og áttu kvennalistakonur aðild að þeirri nefnd.

Niðurstaða nefndarinnar var að skipta málinu í tvennt, þ.e. frv. um einfalda breytingu á stjórnarráðslögunum og annað frv. sem skilgreindi verkefni umhverfisráðuneytis. Kvennalistakonur eru þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að aðskilja þessi tvö mál.

Það eru kvennalistakonum mikil vonbrigði að geta ekki greitt stofnun umhverfisráðuneytis atkvæði sitt á Alþingi, svo mjög sem þær hafa borið það mál fyrir brjósti. Þær telja hins vegar þá afgreiðslu sem stjórnarflokkarnir vilja þröngva fram lýsa fullkomnu ábyrgðarleysi og vanvirðu við málefnið. Kvennalistakonur vilja koma á fót raunverulegu umhverfisráðuneyti málsins vegna en ekki ráðherrans vegna. Þess vegna geta þær ekki greitt atkvæði með frv. ríkisstjórnarinnar um stofnun umhverfisráðuneytis nema hún sjái að sér og vinni að málinu á verðugan hátt."

Þetta er yfirlýsing frá kvennalistakonum þar sem við teljum mjög miður að málinu skuli nú vera komið þannig að málefnið, umhverfismál og umhverfisvernd, skuli í raun víkja fyrir umbúðunum en innihaldið skipti þar með ekki nokkru máli.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa mál mitt lengra að þessu sinni en vonast til þess að fá svör við þeim spurningum sem ég hef hér lagt fram.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. þm. lagði tvær spurningar fyrir mig sem mér er ánægja að svara. Í fyrsta lagi spurði hún hvort einhver afturkippur eða óánægja, eins og hún orðaði það, væri orðinn í stjórnarliðinu með efni umhverfismálafrv., þ.e. hvað á að flytjast þangað. Svo er alls ekki. Ég hef nýlega rætt þetta í ríkisstjórn og það er óskiptur stuðningur bæði við stofnun umhverfisráðuneytis og við flutning verkefna þangað. Hins vegar sagði ég í framsöguræðu minni hér með þessu máli að um einstök atriði þar væru skiptar skoðanir og menn þyrftu að skoða þau vel. Eitt sem ég nefndi í framsöguræðu minni var t.d. Hollustuverndin. Á hún að flytjast öll eða á hún að flytjast að hluta? Sömuleiðis er það engin launung að skoðanir eru skiptar um það hvernig eigi að skipta gróðurverndinni á milli umhverfisráðuneytis og landbrn. Þetta hef ég aldrei farið leynt með og það er engin launung að innan stjórnarliðsins, eins og milli þingmanna hér, eru skiptar skoðanir um þessi mikilvægu málefni, svo að ég nefni tvö.

Við leggjum að sjálfsögðu á það alla áherslu að málið verði afgreitt á þessu þingi, það mál sem enn þá er í nefndinni, þ.e. verkefni umhverfisráðuneytis. Vitanlega leggjum við alla áherslu á það og það verður afgreitt á þessu þingi. Á því er ekki nokkur minnsti vafi.

Ég vil aðeins rekja aðdraganda þessa máls. Þetta mál er eitt af samkomulagsmálum við stjórnarmyndun, ég vil minna á það. Reyndar lagði ég fram frv. um þetta mál á síðasta þingi sem varð ekki afgreitt. Þetta var eitt af forgangsmálunum, efst á lista forgangsmála sem ég lagði fram hér á haustþingi sem áttu að afgreiðast fyrir áramót. Það urðu tafir á að koma málinu til nefndar og ætla ég ekkert að deila um það. Ég féllst á að málið yrði ekki afgreitt fyrir áramót. Ég lagði þá mikla áherslu á að það yrði afgreitt frá nefndinni í fyrstu viku eftir að þing kæmi saman. Leitað var umsagna hjá 40–50 aðilum eftir því sem ég best veit og var veittur frestur til 10. janúar. Umsagnir bárust frá æðimörgum. Þær voru ljósritaðar og sendar nefndarmönnum.

Í nefndinni var ekki stuðningur við að afgreiða málin bæði út úr nefndinni á fyrstu viku eða snemma eftir að þing kæmi saman. Mér var tjáð af formanni nefndarinnar að umsagnirnar séu yfirgnæfandi fylgjandi því að sjálfstætt umhverfisráðuneyti verði sett á fót. Hins vegar eru nokkuð skiptar skoðanir m.a. um þau verkefni sem ég nefndi áðan og kom reyndar fram í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, t.d. um Hollustuverndina. Ég sagði formanni nefndarinnar þegar við ræddum þetta að mér þætti afar eðlilegt að nefndin vildi skoða nánar hvernig verkefni skiptast eða færast á milli ráðuneyta. Við teljum hins vegar afar mikilvægt að koma umhverfisráðuneyti á fót. Þá er hægt að hefja allan undirbúning að starfi þess, þá er hægt að byrja að ráða starfslið. Viss verkefni get ég með reglugerð flutt til umhverfisráðuneytis. Með samkomulagi á milli ráðherra sem er fullt getur umhverfisráðherra þegar tekið upp samstarf við ýmsar stofnanir sem ekki er umdeilt að þangað fara, eins og Náttúrufræðistofnun og margar fleiri. Það er hægt að hefja þessa starfsemi að verulegu leyti.

Sömuleiðis sakar ekki að geta þess að stöðugt streyma inn boð til umhverfisráðherra á alls konar fundi erlendis og við höfum iðulega ekki mætt þar. Þegar reynt hefur verið að mæta þar hafa hv. þm. séð ástæðu til að gera mál úr því að sá maður sem gegnir því starfi núna hefur mætt. Það er verið að bjóða upp á mikinn fund núna í maí í Noregi sem er búinn að vera lengi í undirbúningi og þarf að fara að undirbúa

okkar þátttöku í. Öllu þessu mun umhverfisráðherra að sjálfsögðu sinna, þó ekki sé formlega búið að flytja öll þau verkefni til hans sem eiga þar að vera.

Ég taldi satt að segja að það væri þá frekar samkomulagsmál að afgreiða þetta mál en fjalla lengur um verkefnin. Það eru mikil vonbrigði að þm. Kvennalistans skuli hafa brugðist svona við, því að eins og kom fram í ræðu hér áðan hefur Kvennalistinn stutt þetta mál mjög eindregið og reyndar viljað ganga lengra. Við höfum metið þann stuðning.

Síðari spurningin var um réttaróvissuna. Ég held að í grg. með frv. sé ekki síst vísað til þess að í ýmsum fyrri frumvörpum sem hér hafa verið lögð fram hefur t.d. ekki verið tekið af skarið um það hvort það eigi að vera sjálfstætt ráðuneyti eða ekki. Sagt hefur verið að það skuli vera sérstök stjórnardeild o.s.frv. Í þessu frv. er tekið af skarið með það, þetta verður sjálfstætt ráðuneyti. Það er alveg hárrétt að afgreiða þarf málin sem næst saman og ég endurtek: Hitt málið verður afgreitt á þessu þingi. Ég skil það svo að það sé mikill meiri hluti fyrir því. Ég vona að Kvennalistinn standi með okkur í því að afgreiða hitt málið sem allra fyrst þannig að það verkefni komist í hendur þess ráðherra sem fer með umhverfismálin.

Ég þyrfti að kynna mér nánar hvað frekar kann að vera átt við með réttaróvissu, en ég leyfi mér að fullyrða að ekki er átt við að ef frv. um Stjórnarráð verður afgreitt sérstaklega og bætt við orðinu umhverfisráðuneyti valdi það réttaróvissu. Ég vil taka fram að sú skoðun kom fram að rétt væri að fara þá leið og færa svo smám saman verkefnin yfir og læra svo af reynslunni hvað fleira ætti þangað að flytjast. Við kusum ekki að fara þá leið. En ég held að samþykkt þessa frv. auki alls ekki á réttaróvissuna, það leyfi ég mér að fullyrða.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Lög um Stjórnarráð Íslands eru nr. 73 frá 28. maí 1969. Þau hlutu vandaðan undirbúning á sinni tíð. Að þeim var unnið að ráði hinna reyndustu og færustu manna. Ekki var kastað höndum til þeirrar löggjafar. Þessi lög eru prentuð í Lagasafninu næst á eftir stjórnarskránni, lögum og reglum um þjóðfána Íslands, þjóðsöng Íslendinga og forsetaembættið. Sýnir þetta með öðru að lög um Stjórnarráð Íslands skipa virðulegan sess í löggjöf Íslendinga. Skal því ekki hrapað að breytingum á þeim nema að vandlega yfirveguðu ráði, þó að þau séu að sjálfsögðu ekki óumbreytanleg frekar en önnur löggjöf, síður en svo.

Skv. 4. gr. laganna greinist Stjórnarráð Íslands í ráðuneyti, 13 að tölu. Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

Frv. það sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir að komið verði á fót nýju ráðuneyti, þ.e. að á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti" í 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: umhverfisráðuneyti. Í ákvæði til bráðabirgða segir: „Eftir gildistöku laga þessara skipi umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd."

Eins og nál. á þskj. 515 og 534 bera með sér hefur allshn. fjallað um þetta frv. en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar, þ.e. stjórnarsinnar, leggur til að frv. verði samþykkt en minni hl., þm. stjórnarandstöðu, vill fella frv. Umsagnir um málið hafa borist frá fjölmörgum aðilum.

Það er deginum ljósara að flestir eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórn umhverfismála hér á landi. Enn fremur að auka þurfi veg og virðingu þessara mála ef svo má segja í ölduróti samtímans. En menn greinir á um leiðir að þessu markmiði.

Við sem skipum minni hl. nefndarinnar teljum að málsmeðferðin sé ófullnægjandi. Vitað er að minni hl. bauð upp á samstarf um afgreiðslu frv. ef 128. mál, um yfirstjórn umhverfismála, yrði afgreitt samtímis eða fjallað um það samtímis. Að okkar dómi er stigið svo stórt skref með því að stofna sérstakt ráðuneyti er sinni umhverfismálum eingöngu að ljóst verður að vera samtímis hver verkefni það eigi að hafa. Þetta tvennt verði að fylgjast að, þ.e. ákvæðin um stofnun ráðuneytis og störf og hvers konar viðfangsefni undir það skuli falla. Þetta verði ekki með neinum rökum skilið í sundur.

Í annan stað er minni hl. andvígur því að stofnað verði nýtt ráðuneyti umhverfismála, en leggur áherslu á að sett verði almenn lög um umhverfisvernd og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. Nefnt hefur verið að stofna sérstaka deild í einhverju ráðuneytanna í þessu skyni. Sérstaklega skal bent á 4. mál þessa þings, sem er frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála, flutt af sjö þm. Sjálfstfl. Það frv. hefur ekki fengið neina sérstaka umfjöllun fram yfir það sem almennt hefur verið rætt um málefni þau er snerta umhverfisvernd nú um langa hríð.

Umhverfismál eru flókin og samofin mörgum málaflokkum. Stjórn umhverfismála fléttast því inn í málefni sem heyra undir mörg ráðuneyti, jafnvel flest ráðuneyti þau sem nú eru ákveðin í lögum. Á síðari árum hefur öll umræða um þessi mál stóraukist. Mönnum hefur orðið æ ljósara hversu mikilvæg þau eru og hve nauðsynlegt er að gera viðeigandi ráðstafanir í þessum málefnum mörgum áður en allt er um seinan. Á hinn bóginn er því ekki að neita að hætt er við því að sérstakt ráðuneyti sem stofnsett yrði í þágu umhverfisverndar yxi hröðum skrefum og yrði á skömmum tíma að risavöxnu og rándýru bákni ef ekki væri gætt ýtrustu hagsýni og hófsemdar. Minni hl. nefndarinnar telur og að stefna beri að því að fækka ráðuneytum en ekki fjölga þeim. Ýmsir telja enn fremur að huga beri fremur að fækkun ráðherra og aðstoðarráðherra en taumlausri fjölgun, einkum hinna síðarnefndu.

Eins og ég minntist á er umræða og umfjöllun mála á sviði umhverfisverndar ekki ný af nálinni en þungi hennar og alvara hefur vaxið með árunum. Fyrir hálfum öðrum áratug var hafist handa um könnun á nýskipun á yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson þáv. forsrh. nefnd níu manna undir formennsku Gunnars G. Schram prófessors, fyrrum alþm., til að

vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frv. til laga um umhverfismál sem þáv. félmrh., dr. Gunnar Thoroddsen, lagði fyrir Alþingi vorið 1978. Ekki hlaut það frv. samþykki Alþingis en síðan hafa mörg frumvörp og tillögur verið fluttar um þessi efni og sýnir það allt hve þingmönnum hafa verið þessi mál hugleikin og hversu oft þeim hefur verið hreyft þótt ekki hafi náðst um þau endanleg samstaða.

Í þessu máli liggja þegar fyrir fjölmargar umsagnir. Hv. frsm. minni hl. nefndarinnar, 2. þm. Reykn., vitnaði nokkuð í þessar umsagnir í ræðu sinni hér áðan og skal ég þess vegna ekki fara langt út í þá sálma. Hann benti m.a. á að farið væri nú þegar að greiða fé út af fjárlagalið þessa árs, 1990, þó að ekki væri búið að forma ráðuneytið sjálft.

Hv. 2. þm. Reykn. benti og á það að sjálfstæðismenn hefðu boðið upp á samstarf í þessum málum ef um stjfrv. það sem ég nefndi áðan yrði fjallað samtímis, þ.e. þessi tvö mál, nr. 128 og 129, yrðu samferða í þinginu. En á þá tillögu eða uppástungu var ekki fallist. Ég vil taka það sérstaklega fram að við sjálfstæðismenn viljum aukið fé til umhverfismála, við viljum aukin átök á þessu sviði og við erum áhugamenn um þessi mál. En í þessum efnum eru skiptar skoðanir sem virðist þurfa að samræma betur, ræða betur um og reyna að samhæfa.

Hv. 2. þm. Reykn. minntist sérstaklega á umsögn Hollustuverndar ríkisins í þessum efnum. Innan veggja hennar eru skiptar skoðanir eins og svo víða annars staðar. Hann nefndi og Landgræðslu og Skógrækt. Þá má einnig spyrja: Hvað segja ráðuneytin, þau sem nú eru bundin lögum, um flutning verkefna? Um þessi mál öll má margt segja. En eitt er víst að þau þurfa nánari athugunar við. Ég benti á áhuga sjálfstæðismanna um þessi efni í því að taka virkan þátt í umhverfismálum. Sá áhugi hefur komið fram bæði í umræðum hér heima fyrir og einnig á erlendum vettvangi þar sem þessi mál hafa verið mjög til umræðu, í norrænni samvinnu, í samvinnu Evrópuþjóða og á ráðstefnum um mengun hafsins o.fl. Það má segja að í þessum efnum sé komin á samvinna meira og minna um allan heim vegna þess að augu manna eru sífellt að opnast betur og betur fyrir því hver vá er á ferðum ef ekki er unnið af krafti í þessum málum. Ég leyfi mér að benda sérstaklega á samþykktir sem gerðar voru á vegum Vestnorræna þingmannaráðsins í Grænlandi sumarið 1988. Það voru ýmsar ályktanir í umhverfismálum, m.a. er lutu að mengun hafsins o.fl. Ég man að mér þóttu þessar samþykktir nokkuð róttækar þegar ég leit þær fyrst augum, en þær hafa seinna birst í mörgum myndum, bæði á erlendum vettvangi og hér heima fyrir og sýna hvað sannindi þessara mála eru mikil. Að þessu sögðu tel ég ekki neinn vafa á því, eins og raunar allir mega vita, að við erum áhugamenn um skynsamlegar og aðkallandi breytingar á lögum og reglum sem fjalla um þessi málefni.

Hv. 12. þm. Reykv. sem hér lauk máli sínu áðan vitnaði í stefnuskrá Kvennalistans um það að Kvennalistinn hefði alltaf haft þessi málefni efst á sinni stefnuskrá. Hún kvaðst ekki vilja neitt bákn heldur samræmingu, aukið fé til umhverfismála, að þau væru ekki hornreka í ráðuneytum o.s.frv. Í máli hennar kom fram að þingkonur Kvennalistans eru í nokkrum vanda staddar nú þegar aðaláherslan er lögð á að móta þetta ráðuneyti án þess að ræða jafnframt um verkefnin. Og hv. 12. þm. Reykv. andvarpaði yfir því ef svo færi að við sætum uppi á komandi vori með verkefnalaust ráðuneyti, skrifborð og mengunarvarða bifreið, ef ég hef heyrt orð hennar rétt. Hún tók skýrt fram að þær kvennalistakonur vildu styðja þessi mál í þeim tilgangi að sett yrði á fót raunverulegt ráðuneyti í þessum efnum en ekki aðeins til þess að einn af þm. Borgfl. gæti kallað sig ráðherra umhverfismála með ráðuneyti nokkrum vikum fyrr en seinna.

Hæstv. forsrh. sem hér sagði nokkur orð tók fram að vissulega væru skiptar skoðanir innan stjórnarliðsins um ýmsa þætti þessara mála og er ég ekkert hissa á því. En ég tel þó að þegar öllu er á botninn hvolft megi greina víðtæka samstöðu meðal þm. allra flokka um þessi mál. Það sé því — ég leyfi mér að segja klaufaskapur ef þau verða gerð að miklum átakamálum á þessu þingi. Þess vegna er það mín skoðun að það borgi sig að skoða þau í rólegheitum, gefa sér tíma til að ræða þau og í þessum efnum gildir sú regla eins og í öðrum að flas er ekki til fagnaðar.

Það mætti auðvitað fjöldamargt um þessi mál segja og vitna í umsagnir og annað sem fram hefur komið, ótal margt sem um þau hefur verið rætt og ritað. En ég vil aðeins að síðustu segja að ég hygg að flestir alþm. vilji leggja sig fram um það að íslenska þjóðin geti lifað í sátt við eigið land og umhverfi. Það geta þeir m.a. gert með því að reyna að laða fram víðtæka samvinnu og samstöðu allra flokka um hin allra brýnustu hagsmunamál — svo sem þetta mál — sem horfa til gróandi þjóðlífs í landinu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en lengra er haldið vill forseti geta þess að þingflokkur Sjálfstfl. hefur óskað eftir því að fá tíma til að halda þingflokksfund sem hæfist kl. 5 og mun þessi fundur því standa til kl. 5, þá verður honum slitið. Til nýs fundar í deildinni verður boðað kl. 2 á morgun.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Umhverfisvernd er í brennidepli í umræðunni í dag og verður ekki efast um nauðsyn hennar. Það frv. sem hér er til umræðu tel ég þó hæpið að feli í sér neinn stuðning við umhverfisvernd vegna þess hvernig það er tilkomið. Það eru mjög margir á þeirri skoðun að samræma þurfi stjórn umhverfismála og stofnun umhverfisráðuneytis getur í hugum sumra verið ákjósanlegt markmið í sjálfu sér. En hvað felur þetta frv. í sér? Ráðuneyti án verkefna. Það er eins og umhverfisverndin skipti hér engu máli, aðeins nýi ráðherratitillinn.

Auðvitað er öllum ljóst hvers vegna þetta frv. er

hér eitt og sér til umræðu. Um það þarf ekki að hafa mörg orð svo mjög sem tilgangurinn opinberaðist í fjölmiðlum á síðasta ári, viðræður við Borgfl. um inngöngu í ríkisstjórnina sem þurfti að ná þingmeirihluta. Halda menn í hæstv. ríkisstjórn að almenningur í landinu fylgist ekki með fréttum? Dettur þeim í hug að fólki finnist það sjálfsagt að stjórnmálamenn beiti sér fyrir því að stofna heilt ráðuneyti til viðbótar og stofna þar til enn meiri ríkisútgjalda meðan almenningi er sagt að herða sultarólina. Menn væru þó e.t.v. til í að samþykkja slíkt ef góður árangur væri tryggður, en að stofna ráðuneyti án verkefna er eins og að segja kennara að kenna börnum stafrófið aftur á bak.

Það sem er einna alvarlegast í þessu máli er þó sá ágreiningur sem uppi hefur verið um það hvaða verkefni ættu að heyra undir þetta ráðuneyti og sá ágreiningur hefur ekki hvað síst komið upp í röðum stjórnarliða. Það er því engan veginn fyrir séð hvenær um það næst pólitísk samstaða. Menn gætu því setið uppi með verkefnalaust ráðuneyti og ráðherra í langan tíma. Það er einnig hægt að hugsa sér að slíkt ráðuneyti yrði lagt niður eftir næstu kosningar þegar ný ríkisstjórn tæki við völdum. Þá væri e.t.v. verr farið af stað en heima setið.

Það er ekki hægt að rugla með stjórnskipun Íslands á þennan hátt. Stjórnarandstaðan var tilbúin til samvinnu í þessu máli, með ákveðnum skilyrðum þó, en eftir því var ekki leitað. Hlýtur það að teljast alvarlegt áfall fyrir þingræðisheföina að leita ekki eftir víðtæku samkomulagi í jafnstóru máli og þessu. En skv. venjulegri skýringu felst það í þingræði að þeir menn einir geti verið ráðherrar sem þjóðþingið eða meiri hluti þess vill styðja eða þola í embætti.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn náð meiri hluta hér í hv. Nd. og hinn nýi ráðherra á einmitt að koma úr þeim stjórnmálaflokki sem tryggði þann meiri hluta. Sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum að svo stöddu, en hlýt þó að benda á það að ráðuneytin gætu orðið æðimörg ef hæstv. forsrh. héldi þvílíku vinnulagi áfram.

Það hefur oft verið haft á orði að góður málefnaundirbúningur tryggði árangurinn. Sú nefnd er starfaði við samningu þessa frv. hefur vafalaust reynt að vinna verk sitt samviskusamlega og leitað umsagnar víða. Þó finnst mér skorta á samstarf við fulltrúa atvinnulífsins og álit þeirra, en umhverfisvernd og framkvæmd hennar brennur ekki hvað síst á þeim. Ég hef hér undir höndum umsögn frá Félagi ísl. iðnrekenda dags. 29. jan. sl., aðeins þriggja daga gömul. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa þessa umsögn en hún er eftirfarandi:

„Stjórn Félags ísl. iðnrekenda hefur fjallað um frv. til laga um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Félagið er sammála því að þörf er á að samræma yfirstjórn umhverfismála. Með því að sameina meginverkefni umhverfismála á einn stað verður stefnumótun og stjórnun einfaldari og árangursríkari. Félag ísl. iðnrekenda telur þó rétt að hinn nýi samræmingaraðili hafi eingöngu með umhverfisvandamál að gera en ekki þá þætti í starfsemi einstakra stofnana sem snerta tilteknar atvinnugreinar. Þannig falli t.d. aðeins mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins undir hinn nýja aðila en ekki sá hluti starfseminnar sem lýtur að eftirliti með fyrirtækjum. Einnig telur FÍI að skipulagsstjóri ríkisins og byggingar- og skipulagsmál almennt eigi ekki að heyra undir hinn nýja aðila. FÍI álítur að endurvinnsla á einnota umbúðum drykkjarvara tilheyri ekki umhverfismálum og því sé óþarfi að hrófla við þeim.

Þar sem eitt mesta umhverfisvandamál á Íslandi er landeyðing og gróðureyðing almennt er nauðsynlegt að Landgræðslan og Skógræktin heyri undir hinn nýja samræmingaraðila. Félag ísl. iðnrekenda er fylgjandi þeirri stefnu að draga úr kostnaði í opinberum rekstri með hagræðingu og sparnaði á öllum sviðum. Í frv. er ekki gert ráð fyrir að þeir starfsmenn er nú vinna að umhverfismálum í hinum ýmsu ráðuneytum flytjist yfir til hins nýja ráðuneytis. Gert er ráð fyrir að stofnað verði nýtt ráðuneyti með nýju fólki og tilheyrandi kostnaði. FÍI telur að það sé óþarfi að stofna nýtt ráðuneyti og að það gangi í berhögg við stefnuna um sparnað í opinberum rekstri. Þess í stað leggur félagið til að stofnuð verði sérstök skrifstofa umhverfismála í einhverju núverandi ráðuneyti og að starfsfólk er nú sinnir umhverfismálum í hinum ýmsu ráðuneytum flytjist yfir í hana."

Ekki verður séð að tekið hafi verið nokkurt tillit til þeirra sjónarmiða er hér koma fram og eru þó vissulega allrar athygli verð. Mér er ekki kunnugt um að leitað hafi verið eftir umsögn Verslunarráðs Íslands en landsnefnd Alþjóðaverslunarráðsins hefur einmitt beitt sér fyrir umræðum um umhverfisvernd hjá fyrirtækjum og í atvinnulífinu. Ég tel þörf á að gera nokkra grein fyrir því hér, með leyfi virðulegs forseta, svo að ljóst sé að það séu ekki rök fyrir framlagningu þessa frv. af hálfu meiri hl. allshn. að fulltrúar atvinnulífsins séu ekki reiðubúnir til samstarfs til að tryggja umhverfisvernd.

Landsnefnd Alþjóðaverslunarráðsins stóð fyrir ráðstefnu um atvinnulífið og umhverfisvernd fyrir tæpu ári síðan eða þann 17. mars 1989. Hörður Sigurgestsson var formaður þessarar landsnefndar en Ingimundur Sigfússon var ráðstefnustjóri. Þarna voru mörg merkileg erindi flutt sem yrði of langt mál að gera grein fyrir hér. Þó þykir mér rétt að vitna í formann umhverfismálanefndar Alþjóðaverslunarráðsins en hann telur upp átta atriði til grundvallar þessum málaflokki, með leyfi virðulegs forseta:

1. Hagvöxtur verður að halda áfram og beinlínis aukast í flestum löndum. Þetta er ekki fyrst og fremst vegna þess að kaupsýslumenn vilji auka ágóða heldur vegna þess að íbúum flestra landa heldur áfram að fjölga og flestir búast við að lífskjör þeirra batni ár frá ári. Einnig er á það að líta að þróunarlöndin þurfa að auka hagvöxt til að bæta lífsskilyrði íbúanna.

2. Áframhaldandi hagvöxtur verður að vera varanlegur og í samræmi við umhverfið. Sem stendur býr einungis fjórðungur mannkyns í iðnríkjum. Það verð-

ur greinilega ómögulegt fyrir 75% mannkyns að iðnvæðast á sama hátt og áður. Spár um takmörkun hagvaxtar í byrjun 7. áratugarins yktu líkurnar á hugsanlegum skorti á hráefnum, orku og matvælum. Nú er það ljóst að viðkvæmt vistkerfi jarðarinnar þarf betri umönnun ef við ætlum að skila jörðinni í hendur komandi kynslóða í góðu ásigkomulagi. Ef vandamál eins og eyðing ósonlagsins, gróðurhúsaáhrif, hækkun hitastigs, dysjun hættulegra úrgangsefna og sjávarmengun á sumum svæðum eru þegar alvarleg verða vandamálin enn verri ef við höldum áfram óbreyttri stefnu.

3. Það er því nauðsynlegt að huga að nýjum vörum, nýjum framleiðsluaðferðum og breyttum lífsháttum ef jörðin á að hýsa aukinn fjölda íbúa, íbúa sem þarf að fæða og klæða og veita betra skjól en mögulegt er í dag og minnka á sama tíma skaðleg áhrif á umhverfið. Til að þetta sé unnt þarf hugmyndaauðgi, opið hugarfar og nýbreytni í stórum stíl.

4. Viðskiptalífið hefur þessa eiginleika í ríkum mæli og mun nota þá til að bregðast við þessari áskorun eftir því sem almenn stefnumörkun leyfir. Sem dæmi má nefna að það er mikilvægt að löggjöf og reglugerðir tilgreini markmið frekar en aðferð. Þetta gerir fyrirtækjum kleift að leita nýrra og betri leiða til lausnar á viðkomandi vanda. Þar að auki þýðir hin hraða þróun í tækniný jungum að það er venjulega ekki viturlegt að ákveða t.d. árið 1979 hvaða tækni er notuð árið 1989 eða árið 2000.

5. Alþjóðaverslunarráðið hefur alltaf verið svarinn fylgismaður innra eftirlits í viðskiptalífinu. Þegar til lengri tíma er litið mun almenn viðurkenning á einkafyrirtækjum og virðing fyrir einstökum fyrirtækjum byggjast á áreiðanlegu viðhorfi. Slík ábyrgð er jafnvel meiri á umhverfissviðinu en annars staðar. Því höldum við að fyrirtæki, sérstaklega iðnfyrirtæki ættu að gefa út ákveðna yfirlýsingu fyrir fylgi sínu við „sound environmental management" eða heilbrigða umhverfisstjórnun sem nota skal bæði innan fyrirtækisins og í samskiptum við aðila þar fyrir utan.

6. Alþjóðaverslunarráðið er fylgjandi því sjónarmiði að það borgi sig að koma í veg fyrir mengun. Það er mun áhrifaríkara fyrir fyrirtæki að hafa frumkvæði í umhverfisvörnum og aðlaga starfsemi sína og vörur löngu áður en þess er krafist af yfirvöldum. Það er dýrt að vera ekki með frá byrjun. Fyrirtæki sem minnka úrgang frekar en auka hreinsikostnað munu auka markaðsmöguleika sína í veröld þar sem meira tillit er tekið til umhverfisins. Þessi fyrirtæki munu bæta ímynd sína og almannatengsl og í sumum tilfellum geta þau jafnvel selt tækni sína til þriðja aðila.

7. Lög og reglugerðir eru nauðsynlegar en gerð þeirra verður að vera í samráði við fyrirtækin sem hlut eiga að máli. Þegar og ef opinber umræða er nauðsynleg ætti hún að verða málefnaleg og hlutlaus, byggð á góðum gögnum sem viðskiptalífið gæti hjálpað við að útvega. Einnig ætti kostnaður bæði í tíma og peningum, við ráðgjöf og upplýsingasöfnun vegna nýrra iðnaðarframkvæmda að taka mið af fjárfestingunni.

8. Við ættum alltaf að minnast þess að flest umhverfisverndarmál hafa alþjóðleg áhrif. Nú á tímum er efnahagslíf heimsins að tengjast meira og meira saman. Sú hætta er ávallt fyrir hendi að umhverfisvernd leiði til viðskiptatakmarkana en Alþjóðaverslunarráðið er staðráðið í að berjast á móti slíkum hindrunum.

Þetta erindi hefur ásamt öðrum erindum á þessari ráðstefnu verið gefið út í bæklingi sem vafalaust er hægt að nálgast hjá Verslunarráði Íslands.

Mig langar til að geta enn fremur orða þessa sama manns þegar hann segir í sínu erindi nokkru seinna að fyrir stuttu hafi ICC samþykkt rit um umhverfisathugun, en þetta hugtak hefur verið rætt mikið meðal umhverfis-, heilsu- og öryggissérfræðinga. Hingað til hefur engin ein skilgreining verið til á þessu hugtaki, umhverfisathugun. Umhverfisathugun er skilgreind sem stjórnunartæki og lögð er rík áhersla á að ábyrgð fyrir gerð og framkvæmd hennar sé á vegum fyrirtækjanna sjálfra. Gefið hefur verið út rit um þetta markmið og þar segir: „Að leggja áherslu á gagnsemi athugana fyrir stjórnendur, að leggja áherslu á gagnsemi þeirra fyrir opinber stjórnvöld, að gera umhverfisathuganir að trúverðugri og traustvekjandi aðferð í augum vinnuafls, sveitarfélaga, umhverfisverndarfélaga og hins almenna borgara og að leggja til samræmda notkun þeirra sem framkvæma umræddar umhverfisathuganir."

Enn fremur stóð landsnefnd Alþjóðaverslunarráðsins fyrir könnun um aðgerðir nokkurra íslenskra fyrirtækja í umhverfismálum sl. sumar eða í kjölfar þeirrar ráðstefnu er ég gat um hér áður. Starfsemi fyrirtækjanna sem tóku þátt í könnuninni er mjög fjölbreytileg. Niðurstaðan varð sú að fyrirtækin séu almennt að gera sér grein fyrir því að taka þurfi umhverfismálin föstum tökum og hefur ýmislegt þarft áunnist á því sviði.

Hæstv. forseti. Meðferð umhverfismála þarf að vera á einni hendi, undir sterkri faglegri stjórn, stjórn sem tengd er meðferð helstu þjóðmála, svo sem sjávarútvegi, iðnaði og fjármálastjórn. Bendi ég á tillögu Sjálfstfl. þar sem gert er ráð fyrir að meðferð umhverfismála verði í samgrn. og að það ráðuneyti starfi sem yfirstjórn málaflokksins en að einstakir þættir málsmeðferðar verði hjá viðkomandi fagráðuneytum.

Í athugasemdum við lagafrv. þetta sem hér er til umræðu segir í VI. kafla eftir að fjallað hefur verið um verksvið hugsaðs umhverfisráðuneytis, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameining helstu þátta umhverfismála í einu ráðuneyti er í samræmi við hugmyndir um fækkun ráðuneyta og endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sem unnið er að. Yfirstjórn á sviði mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits er í heilbr.- og trmrn., náttúruverndarmál í menntmrn., gróðurverndarmál í landbrn., varnir gegn mengun sjávar í samgrn. og skipulags- og byggingarmál í félmrn. Með verkefnatilflutningi til umhverfisráðuneytis eða stofnana þess fækkar verkefnum annarra ráðuneyta. Gefur sú breyting því möguleika á endurskipulagningu og

hagræðingu innan annarra ráðuneyta. Á þessari stundu er þó ekki gert ráð fyrir að starfsmenn ráðuneyta sem þessum verkum sinna og stofnanir sem tengjast verkefnaflutningi og starfsmenn þeirra flytjist til hins nýja ráðuneytis og hafi þar aðstöðu. Núverandi vinnufyrirkomulag verður því óbreytt að þessu leyti. Ef vel tekst til má hins vegar ætla að slík sameining og samræming verkefna og stofnana í umhverfisráðuneytinu geti síðar haft sparnað og hagræðingu í för með sér. Dagleg verkefni viðkomandi starfsmanna hjá undirstofnunum og samskipti þeirra verða því að miklu leyti óbreytt. Um nýjan yfirstjórnaraðila er því aðeins að ræða. Þannig verður stefnt að því áfram að nýta eftir föngum reynslu starfsmanna á viðkomandi fagsviðum."

Með þessum orðum sínum tekur nefndin undir tillögu Sjálfstfl. í meginatriðum en lætur leiðast á refilstigu hentistefnu hæstv. forsrh. þar sem greiða þarf með ráðherrastóli fyrir veittan stuðning. Enginn efast um nauðsyn þess að komið verði á fót einni stjórn yfir mikilvægum málaflokki sem umhverfismál eru. Dæmin eru mörg sem sanna það og nauðsyn þess að umfjöllun og ákvarðanataka sé á breiðum grunni.

Mengunarvarnir eru einn mikilvægasti þáttur umhverfismála. Í júlí sl. gaf heilbr.- og trmrn. út reglugerð um mengunarvarnir. Í reglugerðinni er m.a. fjallað um mengun af völdum ökutækja. Með útgáfu reglugerðar þessarar er einmitt sannað hversu nauðsynlegt er að fjallað sé um málefni er umhverfið varða á sem breiðustum grundvelli. Í ljós hefur komið að reglugerð þessi er samin og gefin út án samráðs við þau stjórnvöld sem með þá málaflokka fara er reglugerð þessi varðar.

Í marsmánuði 1988 skipaði þáv. forsrh. nefnd til þess að fjalla um blýlaust bensín. Starfssviði nefndarinnar var breytt og fjallaði hún m.a. um mengun af völdum ökutækja. Fyrir útgáfu mengunarreglugerðarinnar var ekki haft samband við nefndina og henni gefinn kostur á að kynna sér væntanleg ákvæði er fjölluðu um mengunarvarnir í ökutækjum.

Í nál. gerir nefndin m.a. eftirfarandi athugasemdir við ákvæði í reglugerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Athugasemdir við 1. lið viðauka nr. 6. Mengunarmörk þau sem sett eru í reglugerðinni eru í samræmi við USA-reglur um mengunarvarnir að öðru leyti en því sem fram kemur í grein 2.2.2. hér á undan.

Tæknilegri þróun við smíði bílvéla er þannig háttað í dag að ekki er unnt að ná þessum mörkum nema með sérstökum hreinsibúnaði. Hér er um að ræða þriggja þátta hvarfa eða svonefnda katalysatora. Þá er einnig nauðsynlegt að notað sé blýlaust bensín. Búnaður þessi er mjög kostnaðarsamur og má búast við að verð hverrar bifreiðar hækki um 75–100 þús. kr. að óbreyttri tollun. Ef reiknað er með að endurnýjun bifreiða verði þannig að meðalaldur bifreiða í landinu verði 10 ár er endurnýjunarþörf um 14 þús. bílar á ári. Aukinn kostnaður bifreiðakaupenda verður því um 1,2 milljarðar kr. Hér við bætist kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar, áætlað um 400 millj. á ári. Því má reikna með að heildarkostnaður bifreiðaeigenda vegna mengunarvarna verði um 1,6 milljarðar kr. á ári. Hér er reiknað með meðalverði við kostnað hvers hvata fyrir sig, þ.e. að hver hvati kosti 87.500 kr.

Auk stofnkostnaðar og viðhaldskostnaðar er ljóst að opinbert eftirlit með búnaði sem þessum er kostnaðarsamt. Reikna má með að kostnaður vegna mengunareftirlits í því formi sem nauðsynlegt er, ef framfylgja á reglugerðinni eins og hún er nú, tvöfaldist við almenna skoðun ökutækja. Eins og áður er sagt liggja ekki fyrir neinar óyggjandi mælingar sem sýna að mengun á landinu sé það mikil að réttlætanlegt sé að fjárfesta í búnaði sem þeim er reglugerðin gerir ráð fyrir.

Í 1. gr. viðauka nr. 6 er tekið fram að viðmiðunarmörk nái til allra bíla sem fluttir eru til landsins frá og með 1. jan. 1992. Hér er átt við bæði nýja og notaða bíla. Ekki verður annað séð en að ákvæði þetta stangist á við ýmsa alþjóðaviðskiptasamninga sem Ísland er aðili að. Hér má nefna GATT-samkomulagið. Réttara hefði verið að setja sérákvæði um gamla, innflutta bíla, t.d. að þeir uppfylli ákvæði þau sem gilt hafa þann tíma sem sambærilegir bílar voru fluttir til landsins.

Athugasemdir við 2. lið viðauka nr. 6. Í þessum lið eru sett mengunarmörk sem gilda skuli fyrir allar bifreiðar eldri en af árgerðinni 1992. Mörk þau sem hér eru sett eru þau sömu og sett voru í USA árið 1973 og í Svíþjóð árið 1976. Þessi mörk giltu nær eingöngu í þessum löndum og voru þannig að nauðsynlegt var að gera ýmsar breytingar á vélum sem nota átti í þessum löndum. Breytingarnar voru kostnaðarsamar og voru því aðeins gerðar að bílar voru ætlaðir til sölu í þessum löndum. Af þeirri ástæðu er ljóst að á Íslandi eru mjög fáir bílar af eldri árgerðum, t.d. frá 1986 og eldri, sem uppfyllt geta þessar kröfur. Við setningu þessara reglna í USA, eða Bandaríkjunum, og Svíþjóð voru þær ekki afturvirkar eins og gert er ráð fyrir á Íslandi, enda tæknilega ekki hægt að gera þær breytingar sem gera þarf. Hér er því um óraunhæfa kröfu að ræða sem ekki er unnt að uppfylla.

Í framhaldi af tillögu nefndar um mengunarmörk og með skírskotun til þess sem fram kemur hér að framan um vankanta á reglugerð um mengunarvarnir vill nefndin leggja til að ákvæði þau í reglugerðinni er lúta að mengun í útblæstri ökutækja verði felld úr reglugerðinni og ákvæði um þessi atriði verði sett í reglugerð um gerð og búnað ökutækja."

Við umfjöllun um skýrslu nefndarinnar hefur komið í ljós að nauðsynlegt hefur reynst að fresta gildistöku viðmiðunarmarka um mengun frá ökutækjum sem taka áttu gildi frá og með 1. jan. 1990. Var það gert með útgáfu leiðréttingar við reglugerð um mengunarvarnir og er nú miðað við viðmiðunarmörk þau sem nefndin lagði til, en þau eru ákveðin í skoðunarreglum. Hér háttaði þannig til að ekki var haft samband við dóms- og kirkjumrn. áður en reglugerðin var gefin út og því fór ekki fram nauðsynleg fagleg umfjöllun um þennan þátt reglugerðarinnar en um

málefni er varða gerð og búnað ökutækja er fjallað í sérstakri reglugerð.

Af því sem hér er sagt er ljóst að réttast er að fresta umfjöllun um umhverfismál og að leita verði eftir öðrum lausnum en fram koma í frv. Er hér átt við að farið verði að tillögum Sjálfstfl.

Hæstv. forseti. Það blandast engum hugur um það að Íslendingar hafi mikinn áhuga á umhverfisvernd, enda mikið í húfi. Á síðasta landsfundi Sjálfstfl. var ítarlega fjallað um umhverfismál. Efast ég ekki um að hv. þm. allir, sama hvar í stjórnmálaflokki þeir standa, hafi fullan hug á að greiða fyrir umhverfisvernd. E.t.v. hefur einhverjum þótt sú umræða sem hér hefur átt sér stað nokkuð neikvæð, en þar er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast. Mér þykir það miður að málatilbúnaður allur í þessu máli sé á þennan hátt sem hér hefur verið lýst því að það er svo sannarlega ástæða til að vekja upp jákvæðan áhuga hjá þjóðinni á umhverfisvernd. Með því sem hér hefur komið fram, m.a. í fjölmörgum umsögnum, eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson gat um áðan, hlýt ég að taka undir álit minni hl. allshn. þess efnis að frv. verði fellt.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu er greinilega eitt afkvæmi þeirra hrossakaupa sem fóru fram sl. sumar þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra án ráðuneytis verði nú umhverfisráðherra án verkefna, og ég verð að segja það að manni blöskrar hvað menn bera litla virðingu fyrir þinginu og þingræðinu að gera þessi hrossakaup svona opinská, en öllu skal nú fórna til þess að þessi ríkisstjórn haldi velli. Það er gamla góða framsóknarmaddaman, afturhaldið í íslenskum stjórnmálum, sem verslar ýmist til hægri eða vinstri eftir því hvernig vindurinn blæs og nú hentar að versla með ráðuneyti og ráðherrastóla. Skiptir þar kostnaður engu máli og virðing fyrir þingræði og vandvirkni.

Þetta mál kom hér til umræðu fyrr í vetur og þá lofaði hæstv. forsrh. mér því hér úr stól að búið yrði til skipurit fyrir stjórnkerfið, taldi það ekki vera neitt mál þar sem tveir verkfræðingar væru í þessari ríkisstjórn. Ég tek nú undir það að verkfræðingastéttinni er ekki sómi að því ef menn geta ekki látið svo lítið að búa til skipurit yfir stjórnkerfið og þá hvaða málaflokka þetta umhverfisráðuneyti eigi að fara með. Þessi málaflokkur er allt of mikilvægur, umhverfismálin, til þess að hægt sé að gera hann að einhverju hrossakaupamáli sem eigi bara að troða hér í gegnum þingið og nota stjórnarmeirihlutann eins og tuskubrúður, eins og fyrri daginn, þegar verið er að troða hér hækkuðum sköttum inn í þingið, bara til þess að hægt sé að smokra titlinum „umhverfisráðherra" í staðinn fyrir ráðherra án ráðuneytis. Maðurinn er jafnhæstvirtur ráðherra Hagstofu, getur sinnt einhverjum verkefnum fyrir hæstv. ríkisstjórn, nákvæmlega sömu verkefnum í báðum tilvikum, þannig að þetta snýst um einn titil. Og hroðvirknin í fyrirrúmi.

Ég tel að það sæmi ekki fulltrúum þjóðarinnar hér á löggjafarsamkomunni að samþykkja svona ófagleg vinnubrögð, og ég verð að segja það að mér finnst þessi málaflokkur vera allt of mikilvægur, t.d. hvað hann tengist sjávarútvegi sem við lifum nú öll á, til þess að nota hann í hrossakaup. Ég ítreka því þá spurningu mína til hæstv. forsrh. hvar þetta skipurit sé sem hann lofaði að yrði gert og óska eftir því að það verði lagt fram við þessa umræðu þannig að menn geti nú rætt þetta málefnalega, og ég mótmæli harðlega svona hrossakaupum.

Kolbrún Jónsdóttir:

Hæstv. forseti. Umræða um umhverfismál og hið nýja ráðuneyti er meðal hinna þýðingarmestu málaflokka í okkar samfélagi. Þetta er í sjálfu sér pólitískt mál þar sem hér er verið að vinna að tilteknum aðgerðum í þessum málum og tryggja framhaldslíf þessarar ríkisstjórnar. Þetta er þáttur í pólitískum aðgerðum og stórauknum útgjöldum ríkissjóðs vegna uppsetningar og reksturs sjálfstæðs ráðuneytis sem betur ætti heima í öðrum ráðuneytum.

Lífdagar þessarar ríkisstjórnar, ef hún lifir út kjörtímabilið, eru rúmt ár. Gagnrýnin á ríkisstjórnina fyllir öll blöð og dynur í allra eyrum og öllum er tíðrætt um alls konar óþarfa eyðslusemi, bruðl og óráðsíu. Hvernig á almenningur að skilja að stundum er verið að tala um að fækka ráðuneytum og sameina þau, að sjálfsögðu þegar stjórnvöldum hentar? Þegar stjórnvöld þurfa að styrkja stöðu sína eru búin til ný ráðuneyti. Ekki gagnrýni ég þá gagnrýni. Það er mjög útbreidd skoðun um þetta nýja ráðuneyti að þar sé mikill efniságreiningur innan stjórnarflokkanna, enda verða margar umtalsverðar breytingar á stjórnarkerfi okkar við komu þess þar sem flytja þarf fjölmarga málaflokka frá öðrum ráðuneytum undir þetta nýja ráðuneyti. Flestir eru sammála um að ná þurfi betri stjórn á þessum málaflokki. Það hefur margoft verið sagt að mengun virði engin landamæri. Loftmengun er alþjóðlegt vandamál sem enginn má loka augunum fyrir hvað varðar áhrif loftmengunar á líf manna.

Þegar veður er stillt í höfuðborginni má sjá gulbrúna þoku yfir Reykjavík. Sótmenguð ský eru farin að svífa yfir. Mælingar sem gerðar hafa verið á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins hafa leitt í ljós að loftmengun yfir höfuðborginni hefur farið vaxandi á undanförnum árum og virðist haldast í hendur við fjölda bifreiða á síðustu árum. Ólafur Pétursson efnaverkfræðingur og forstöðumaður mengunarvarna hefur gengið frá tillögu að nýrri reglugerð sem nær til allrar mengunar ytra umhverfis. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að í framtíðinni verði bifreiðar búnar sérstökum hreinsunartækjum til þess að draga úr mengun af völdum útblásturs, eins og bíll hæstv. ráðherra Júlíusar Sólnes er einmitt útbúinn. Það ákvæði er í samræmi við nýju norrænu umhverfismálaáætlunina sem Íslendingar hafa undirritað. Hvað varðar loftmengun í Reykjavík beinist eftirlitið annars vegar að stórum verksmiðjum sem

eru starfsleyfisskyldar og mengunarvarnir gera starfsleyfistillögur fyrir slík fyrirtæki. Í þeim koma fram kröfur um mengunarvarnabúnað og viðmiðunarmörk þess magns af úrgangsefnum sem viðkomandi verksmiðjur mega sleppa út í umhverfið.

Undir þessi ákvæði falla Sementsverksmiðjan, Áburðarverksmiðjan, Steinullarverksmiðjan, fiskimjölsverksmiðjur og fiskeldisfyrirtæki. Á hinn bóginn fylgjast mengunarvarnir með smærri mengunaruppsprettum sem valda lítilli loftmengun hver um sig, en safnast þegar saman kemur. Loftmengun hér á landi mældist minni á sumrin en á veturna. Það stafar af veðurfarsþáttum og áhrifum gróðurs en gróður dregur talsvert úr styrk mengunarefna í loftinu. Á veturna setur kaldur loftmassi sig oft niður við landið og safnar í sig mengunarefnum sem koma fram í mælingum. Þetta kalda loft blandast ekki heitara og léttara lofti sem er fyrir ofan eins og á sér stað á sumrin þegar landið hitnar. Úrkoma hreinsar mengunarefnin úr loftinu. Ef vindasamt er dreifist mengunin. Mælingar mengunarvarna benda til að tiltölulega lítil loftmengun sé í landinu í heild utan höfuðborgarsvæðisins. Margir kvarta til Hollustuverndar undan óþægindum vegna mengunar. Menn eru misnæmir fyrir loftmengun. Fullfrískt fólk þolir talsvert mikla loftmengun og ætti tæpast að verða fyrir heilsufarslegum áhrifum vegna þeirrar mengunar sem hér er. Þeir sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun eru lítil börn og fólk sem hefur hjartasjúkdóma, asma eða aðra lungnasjúkdóma. Hætt er við að líðan þessa fólks versni þegar mengun eykst, jafnvel þó hún sé innan viðmiðunarmarka, enda kvarta margir undan vanlíðan við slíkar aðstæður.

Árið 1985 hófust fyrstu samfelldu loftmengunarmælingarnar sem gerðar hafa verið í Reykjavík á vegum Hollustuverndar ríkisins. Ekki hefur reynst unnt að fá fjárveitingu til viðtækari mælinga og því eingöngu um rykmælingar að ræða sem eigi að síður gefa mikilvæga vitneskju. Þessi vandi krefst úrlausnar og aðgerða allra þjóða, einnig Íslendinga.

Umhverfismál eiga sér langa sögu. Viðleitni til að skipa þeim í ákveðinn farveg hefur í raun staðið allan þennan áratug en ekki hefur náðst samstaða um það með hvaða hætti og hvernig þessum málum skyldi fyrir komið. Það er vafalaust svo að skipan þessara mála var á sumum sviðum orðin allgóð. En alltaf má gera betur en verið hefur bæði á landi og sjó varðandi mengun, t.d. á hafsvæðum þar sem við eigum meira í húfi en nokkur önnur þjóð. Á alþjóðavettvangi er afar mikilvægt að ímynd Íslands sé hreint og óspillt land, m.a. vegna útflutnings á matvælum o.fl. Einnig vegna vaxandi fjölda ferðamanna til landsins. Hlutverk stjórnarandstöðu er jafnframt ábyrgðarhlutverk sem krefst þess að hún sé vakandi og á verði, veiti ríkisstjórninni aðhald.

Ríkisstjórnin sagðist ætla að fækka ráðuneytum til að gera stjórnkerfið einfaldara. Niðurstaðan er sú að nú á að stofna nýtt ráðuneyti fyrir Borgfl. sem var keyptur til fylgis við ríkisstjórnina. Frjálslyndi hægriflokkurinn er hræddur um að þetta ráðuneyti eigi eftir að verða okkur þungt í skauti eins og reynsla annarra þjóða sýnir. Innan fárra ára verði hér komið hið mesta bákn og sennilega eitt af dýrustu ráðuneytum þjóðarinnar.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, sem er á þskj. 133. Hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv. þann 8. nóv. sl. Og hann mælti þá samhliða fyrir öðru frv. sem hér liggur einnig fyrir., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála. Hann mælti sem sagt samhliða fyrir báðum þessum málum í einni ræðu. Og maður spyr sjálfan sig að því hvernig stóð á því að hæstv. forsrh. mælti fyrir báðum málunum í einni og sömu ræðunni. Svarið liggur auðvitað í augum uppi. Þessi mál eru svo samtengd að þau verða ekki sundurskilin. Það er ekki hægt að samþykkja sérstakt frv. til laga um breytingu á Stjórnarráði Íslands, þ.e. um að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti, og láta svo eftir liggja hvaða verkefni þetta ráðuneyti eigi að fara með. Reyndar kemur það fram í sjálfri grg. með frv. til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands hversu samtengd þessi mál eru. Hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir vakti einmitt athygli á því í ræðu sinni hér áðan þegar hún vitnaði til grg. með þessu frv. á bls. 7. Ég vil ítreka það en þar segir, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að Alþingi taki afstöðu til þess hvort stofna skuli umhverfisráðuneyti svo og hvaða málefni og málaflokka fella skuli undir heildarstjórn umhverfismála ef til kemur.

Í þeim frv., sem samin hafa verið um umhverfismál að undanskildu frv. um umhverfismál sem lagt var fram á síðasta þingi, var ekki greinilega tiltekið hvaða viðfangsefni ættu að falla undir heildarstjórn umhverfismála. Slík lög hefðu leitt af sér töluverða réttaróvissu."

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði hæstv. forsrh. að því áðan í hverju þessi réttaróvissa væri fólgin. Hæstv. forsrh. gaf mjög loðin svör við því. En auðvitað liggur réttaróvissan í því að ef samþykkt eru sérstök lög um umhverfismál án þess að skilgreint sé hvaða málefni eigi undir það ráðuneyti að falla, og á meðan eru í gildi fjöldamörg lög sem tengjast þessum málaflokki sem gera ráð fyrir að þessi mál séu undir öðrum ráðuneytum, þá er réttaróvissa á fjöldamörgum sviðum. Það er hægt að nefna ótal dæmi um það en ég skal láta það kyrrt liggja að sinni. Ég vek athygli á því að sú málsmeðferð sem hér er verið að efna til er með öllu ófær. Það gengur ekki að stofna ráðuneyti án þess að það fái nokkurt verkefni. Þau svör sem hæstv. forsrh. gaf í þessum efnum áðan voru alveg út í hött. Að gera það sem einn aðalþátt í röksemdafærslu fyrir því að stofna sérstakt ráðuneyti án sérstakra verkefna að inn streymi óskir um þátttöku í ráðstefnum erlendis, eins og hæstv. forsrh. sagði. Því

sé nauðsynlegt að stofna sérstakt ráðuneyti til að hægt sé að taka þátt í þessum ráðstefnum. Auðvitað eru þau rök fjarstæða og fá ekki staðist. Það hefur ekkert skort á það að núv. hagstofuráðherra, sem samkvæmt einhverju erindisbréfi fer jafnframt með umhverfismál, hafi sótt ráðstefnur erlendis þar sem verið er að fjalla um umhverfismál. Hér er auðvitað verið að fara aftan að hlutunum. Og það er mjög slæmt að jafnmikilvægur málaflokkur og þessi skuli fá meðhöndlun af þessu tagi hjá hæstv. ríkisstjórn.

Með þessu er verið að draga þennan mikilvæga málaflokk niður í svaðið. Þetta er því alvarlegra þar sem þetta lagafrv. fjallar um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Næst á eftir stjórnarskránni eru lögin um Stjórnarráð Íslands grunnur að okkar stjórnskipun. Það er þess vegna mjög ámælisvert að geðþóttaákvarðanir eða ímyndaður pólitískur stundarávinningur skuli eiga að ráða ferðinni í þessum málaflokki eins og gert er nú með þeirri afgreiðslu sem að er stefnt hér á Alþingi. Þetta er auðvitað liður í hrossakaupum ríkisstjórnarinnar við Borgfl. sem öll þjóðin hefur fylgst undrandi með frá því á sl. sumri.

Ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh. kaus að mæla fyrir báðum þessum frv. í einu lagi var sú að í hans huga urðu þessi mál ekki sundurskilin. Nú er hins vegar gripið til þess ráðs að taka frv. um Stjórnarráð Íslands út úr og flýta afgreiðslu þess en skilja verkefnin eftir. Þetta þjónar auðvitað engum tilgangi öðrum en að svala einhverjum hégómlegum metnaði og er sárt til þess að vita að svo mikilvægur málaflokkur skuli hljóta þessa meðferð.

Við skulum aðeins átta okkur örlítið á því hvað gerist ef þetta frv. um Stjórnarráð Íslands verður að lögum. Hæstv. forsrh. segir að eftir það geti hæstv. hagstofuráðherra farið með fullum sóma á ráðstefnur erlendis og ekki skal ég gera lítið úr því að ráðherra fari með fullum sóma á slíkar ráðstefnur. Síðan segir hæstv. forsrh. að hægt sé að flytja með reglugerð ýmis verkefni til þessa nýja umhverfisráðuneytis. (**Gripið fram í:** Já, það er hægt.) Við skulum hins vegar átta okkur á því hvaða málaflokka ekki er hægt að flytja til umhverfismálaráðuneytis með reglugerðum. Hvaða málaflokkar eru það sem skýrt er kveðið á um með lögum að skuli vera í öðrum ráðuneytum?

Náttúruverndarmál. Við höfum ítarlegan lagabálk um náttúruvernd sem kveður á um hvernig haga skuli yfirstjórn náttúruverndarmála á Íslandi og sá málaflokkur er nú vistaður í menntmrn. Því verður auðvitað ekki breytt með reglugerðum að náttúruverndarmál verða áfram í menntmrn. þó að samþykkt verði sérstök lög um breytingar á Stjórnarráði Íslands. Það þarf lagabreytingu til að flytja náttúruvernd, yfirstjórn náttúruverndarmála, t.d. friðlýsingu einstakra svæða sem er mjög mikilvægur þáttur, eða eftirlit með umgengni og öðru þess háttar, sem er mikilvægur þáttur í starfi Náttúruverndarráðs. Yfirstjórn þeirra mála verður áfram hjá menntmrn. þó þetta ráðuneyti verði stofnað. Og það eru fleiri málaflokkar sem eru samkvæmt lögum vistaðir í menntmrn. Ég nefni sem dæmi verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er sérstakur lagabálkur til um það mál frá 1974. Og þó nú verði samþykkt lög um Stjórnarráð Íslands er alveg ljóst að menntmrn. kemur til með að halda áfram að fara með yfirstjórn verndunar Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisráðuneyti mun ekki fá yfirstjórn þeirra mála með neinni reglugerð eins og hæstv. forsrh. var að ýja að hér áðan. Til eru lög um dýravernd sem menntmrn. hefur með að gera, þ.e. yfirstjórn þeirra mála er í menntmrn. Það er samkvæmt sérstökum lögum frá 1957. Ég held að það sé alveg ljóst að þó að samþykkt verði lög um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, þ.e. að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti, verður dýravernd áfram hjá menntmrn. en ekki hjá umhverfisráðuneyti. Það eru til sérstök lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem er auðvitað mikilvægur þáttur í umhverfisvernd og náttúruvernd. Yfirstjórn þeirra mála, samkvæmt núgildandi lögum, er hjá menntmrn. Þó þessi lög um breytingu á Stjórnarráði Íslands verði samþykkt verður yfirstjórn fuglafriðunar og eftirlit með fuglaveiðum áfram hjá menntmrn. Umhverfisráðuneyti kemur ekki til með að fjalla neitt um það. Ég tala nú ekki um merkilega löggjöf eins og eyðingu svartbaks og eyðingu refa og minka sem er vistuð hjá Búnaðarfélagi Íslands. Þau mál verða þar áfram þó þessi lög um breytingu á Stjórnarráði Íslands verði samþykkt.

Við höfum sérstaka löggjöf um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit frá árinu 1988. Samkvæmt þeim lögum er yfirstjórn þeirra mála hjá heilbr.- og trmrn. Þar er um að ræða mikilvæga þætti sem snerta umhverfismál. Að vísu er mjög umdeilt hvernig skipta eigi upp Hollustuvernd ríkisins eins og ýjað hefur verið að í þessum umræðum áður. Hins vegar er alveg ljóst að þó þessi lög um breytingu á Stjórnarráði Íslands verði samþykkt hefur umhverfisráðuneyti eða væntanlegur hæstv. umhverfisráðherra ekkert með það að gera. Sá málaflokkur er áfram og verður, meðan lögum er ekki breytt, hjá heilbr.- og trmrn.

Við höfum ítarlegan lagabálk um varnir gegn mengun sjávar frá árinu 1986. Samgrn. fer með þann málaflokk skv. þeim lagabálki. Meiningin var og tillaga er um það að flytja þann málaflokk til umhverfisráðuneytisins en breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands breytir engu þar um. Þessi málaflokkur, mengun sjávar, jafnmikilvægur og hann er sem þáttur í okkar mengunarvörnum, fer ekkert yfir til umhverfisráðuneytisins þó við samþykkjum þessi lög. Og það verður ekkert hægt að breyta því með reglugerð eins og hæstv. forsrh. var að ýja að hér áðan. Það er skýrt fram tekið í lögum hver hefur yfirstjórn þess málaflokks. Þannig að breytingin á lögum um Stjórnarráðið sem nú er stefnt að breytir engu þar um.

Við höfum lagabálk um losun hættulegra efna í sjó frá 1972 og sjútvrn. fer með yfirstjórn þess málaflokks. Þó lögum um Stjórnarráð Íslands verði breytt og sérstakt umhverfisráðuneyti stofnað án þess að flytja með lögum þann málaflokk yfir til umhverfisráðuneytis er ljóst að sjútvrn. hefur áfram með þann

málaflokk að gera. Því verður ekki breytt með reglugerð, erindisbréfum eða einhverjum bréfaskriftum á milli ráðuneyta. Það er skýrt fram tekið í gildandi lögum hver fari með yfirstjórn þeirra mála.

Við höfum lagabálk um eiturefni og hættuleg efni frá árinu 1988. Og það er heilbr.- og trmrn. sem fer með yfirstjórn þess málaflokks. Meiningin var skv. því frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. fylgifrv. með frv. um Stjórnarráð Íslands, því fylgifrv. sem nú á að fresta um óákveðinn tíma, að flytja yfirstjórn þessa málaflokks frá heilbr.- og trmrn. til umhverfisráðuneytis. Þó lögum um Stjórnarráð Íslands yrði breytt skiptir það ekki nokkru máli í þessu efni. Eiturefni og hættuleg efni, yfirstjórn þess málaflokks verður áfram hjá heilbr.- og trmrn. þó að lögum um Stjórnarráð Íslands verði breytt.

Við höfum lög um Geislavarnir ríkisins. Geislavarnir ríkisins eru nú undir heilbr.- og trmrn. Lagt er til að þær fari til umhverfisráðuneytis skv. fylgifrv. Þó lögum um Stjórnarráð Íslands verði breytt og stofnað sérstakt umhverfisráðuneyti er alveg ljóst að Geislavarnirnar verða áfram undir stjórn heilbr.- og trmrn. Því verður ekkert breytt með reglugerð eins og hæstv. forsrh. ýjaði að eða með einhverjum bréfaskiptum á milli ráðuneyta. Sá málaflokkur verður áfram, skv. skýrum laganna bókstaf, hjá heilbr.- og trmrn.

Við höfum sérstök lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Þau lög voru samþykkt hér á Alþingi í maí í fyrra, á síðasta þingi. Iðnrn. fer með yfirstjórn þess málaflokks. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann vilji fresta ræðu sinni til kl. 2 á morgun þegar þetta mál verður tekið fyrir á nýjan leik á nýjum fundi, eða hvort hann geti lokið ræðu sinni nú á næstu mínútum svo unnt verði að standa við samkomulag við þingflokksformann Sjálfstfl.?) Forseti, ég kýs að fresta ræðu minni þar til á morgun.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

42. fundur, föstudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Fundarhald á föstudegi. Frv. um umhverfisráðuneyti.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Um kl. 16 í gær ákvað hæstv. forseti þessarar deildar að boða til fundar nú í dag, þess fundar sem hér er nýlega hafinn. Á fundi með forsetum og þingflokksformönnum í gær var þessi fyrirætlun kynnt. Ég mótmælti því fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna að fundur yrði haldinn hér í dag. Ástæður þess voru ósköp einfaldar. Fundur var ekki ráðgerður þennan dag samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Í öðru lagi höfðu ýmsir þm. Sjálfstfl. ákveðið fundi í sínum kjördæmum einmitt vegna þess að samkvæmt starfsáætluninni var ekki gert ráð fyrir fundi hér í dag.

Við erum í sjálfu sér ekki að amast við fundum á föstudögum en það er alveg lágmark að þeir fundir séu ákveðnir með lengri fyrirvara en hér var gert. Það er svo út af fyrir sig kannski vert að velta því fyrir sér hvers vegna þessi asi er núna á að koma fram ákveðnu máli, því sem hér er á dagskrá. Ég held að það sé orðið öllum ljóst, ekki bara þingmönnum heldur allri þjóðinni, hvers vegna svo mikil áhersla er lögð á að koma frv. um Stjórnarráð Íslands í gegnum þingið. Þetta er orðið, að því er virðist, eitt af höfuðforgangsmálum hæstv. ríkisstjórnar á þessu þingi. Með því að líta í skrá yfir þau mál sem óafgreidd eru hér í þinginu freistast maður til að ætla að ýmis merkari mál séu óafgreidd en þetta og er ég þó ekki að segja að það eigi ekki að afgreiðast á þessu þingi.

Herra forseti. Mér er alveg ljóst að hæstv. forseti hefur vald til að boða til fundar þrátt fyrir mótmæli einstakra þingmanna eða einstakra þingflokka. Þetta er mér alveg ljóst, en það eru hins vegar óskynsamleg vinnubrögð af hálfu hæstv. forseta og ekki líkleg til þess að greiða fyrir þingstörfum.

Ég vildi láta þessa getið um leið og ég ítreka mótmæli okkar við því að þessi fundur skuli haldinn.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirrar þingskapaumræðu sem nú er hafin vill forseti taka fram eftirfarandi áður en lengra er haldið. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á stofnun umhverfismálaráðuneytis. Fyrir jól, þegar reyna átti að afgreiða frv. sem nú er til umræðu, varð að samkomulagi að fresta umræðu og afgreiðslu þar til eftir jólaleyfi. Þá var um það rætt að taka málið á dagskrá þegar eftir að þing kæmi saman að loknu jólaleyfi þm. Frv. sem hér um ræðir var afgreitt frá allshn. hv. deildar miðvikudaginn 24. jan. Þá þegar reyndi forseti að ná samkomulagi um það að málið fengi að koma á dagskrá. Það tókst ekki og var þá rætt um að málið kæmi á dagskrá sl. mánudag. Þá stóð svo á að framsögumenn meiri og minni hl. allshn. þurftu að fara utan og einnig hæstv. ráðherra Hagstofu. Þá tókst samkomulag um að málið kæmi á dagskrá fimmtudaginn 1. febr., þ.e. í gær. Þá stóð svo á að slíta þurfti þingfundi kl. 5 vegna óska sjálfstæðismanna um að fá tíma fyrir þingflokksfund. Umræðurnar stóðu þá í þrjár klukkustundir.

Í þessari viku hafa verið mjög stuttir fundir í hv. deild og að mati forseta er það fullkomlega eðlilegt að halda fund í dag, föstudag. Forseti er staðfastlega þeirrar skoðunar að í þessu máli hafi verið farið fram með fullkomlega þinglegum hætti og að ekki sé hægt að bera honum á brýn offors, óþinglegt framferði eða aðra þá framkomu sem óþingleg getur talist.

Fleira hefur forseti ekki um þetta mál að segja.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil nú fyrst og fremst taka undir þær athugasemdir sem hv. 2. þm. Reykn. hefur fært hér fram vegna þessa fundar sem hér fer fram í dag. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að til þessa fundar er ekki boðað vegna sérstaks áhuga forseta þessarar deildar og athugasemd mín beinist þess vegna ekki gegn forseta deildarinnar.

Eins og fram kom í orðum forseta er þessi fundur haldinn hér að sérstakri ósk hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. ríkisstjórn hefur gert það að sérstöku forgangsmáli að þvinga hér fram með óþinglegum hætti stofnun ráðuneytis án verkefna, og þegar ég segi með óþinglegum hætti á ég við að sú nefnd sem hefur haft til meðferðar þau tvö frv. sem tengjast umhverfismálum hefur ekki fengið ráðrúm til að ræða þau í heild sinni, heldur slitið efni málsins frá og skilið eftir vegna ágreinings innan ríkisstjórnarflokkanna en gert að forgangsverkefni formsatriði málsins sem er stofnun ráðuneytis án verkefna, einsdæmi í stjórnmálasögunni og engin dæmi um það úr víðri veröld að þannig sé staðið að málum.

Ég vil líka taka undir þá athugasemd hv. 2. þm. Reykn. að þingmenn þurfa í einhverju að geta treyst þeirri starfsskrá sem forsetar Alþingis gefa út. Þingmenn hafa ýmsum skyldum að gegna í kjördæmum sínum og innan sinna flokka og þeir vilja gjarnan geta skipulagt fundi með tilliti til starfsskrár sem forsetar gefa út, í þeim tilgangi að greiða fyrir þingstörfum. Hvað eftir annað gerist það hins vegar að þessi starfsskrá er að engu höfð fyrir frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar. Og svo er í þessu tilviki. Það er nokkurt áfall fyrir forseta þingsins en um leið ljóður á vinnubrögðum og dregur úr því að menn geti skipulagt vinnu sína. Það getur hins vegar komið til þess að frá slíkum fyrir fram gerðum starfsskrám þurfi að bregða. Þau mál geta komið upp sem knýja á um að fundir séu haldnir á Alþingi á annan veg en mælt er fyrir um í starfsskránni.

Ég er þeirrar skoðunar að það hefði til að mynda verið full ástæða til þess að halda fundi hér á Alþingi í dag, ekki vegna þess að það sé höfuðnauðsyn að eyða tíma hv. deildar í að ræða frv. um stofnun ráðuneytis án verkefna, heldur vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins hafa nú gert með sér nýjan kjarasamning þar sem verið er að leggja nýjan efnahagslegan grundvöll, samning sem kallaður hefur verið tímamótasamningur og efnahagslegt valdarán vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins hafa með þessum samningi tekið fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni, knúið fram nýjar efnahagslegar forsendur með miklu lægri verðbólgu en orðið hefði ef stefna ríkisstjórnarinnar hefði náð fram að ganga og launþegar hafa tryggt að kjararýrnun þeirra verður miklu minni en hæstv. ríkisstjórn stefndi að með efnahagslegum forsendum sínum. Og nú þarf hv. Alþingi að sjá um með vinnubrögðum sínum að það sýni þessum ábyrgu forustumönnum í íslensku þjóðfélagi að löggjafarsamkoman sé reiðubúin að vinna með þeim öflum sem þannig hafa tekið fram fyrir hendurnar á hæstv. ríkisstjórn. Það sem mestu máli skiptir í dag er að Alþingi sýni þessum aðilum sem sýnt hafa fulla ábyrgð að þrátt fyrir ríkisstjórnina sé það tilbúið til að mynda að koma í veg fyrir að fyrirhugaðar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar, sem hún hefur ekki enn komið í gegnum þingið, verði ekki að veruleika. Ríkisstjórnin hefur unnið með verkum sínum og ákvörðunum gegn því að samningar af því tagi sem nú hafa tekist gætu orðið. En þrátt fyrir þessa afstöðu ríkisstjórnarinnar hafa þessi gleðilegu tíðindi gerst og það hefði verið ástæða til að hafa fund í Sþ. í dag þrátt fyrir starfsskrá Alþingis til þess að ræða þessi verkefni og til þess að Alþingi gæti með slíkum umræðum, á þeim vettvangi, sýnt þessum ábyrgu aðilum sem tekið hafa sér fyrir hendur að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og móta hér nýja efnahagsstefnu, sýnt þeim að löggjafarsamkoman er tilbúin þrátt fyrir ríkisstjórnina að vinna með þessum aðilum og koma í veg fyrir frekari skattahækkanir. Þetta hefði verið eðlilegt, rétt og nauðsynlegt.

Hæstv. ríkisstjórn sýnir hins vegar sinn vilja og sína afstöðu með því að krefjast þess að þessum degi verði varið í fundarhald hér í þessari hv. deild til þess að knýja fram hégómamál um stofnun ráðuneytis án verkefna. Það er hennar framlag á þessum merka degi til stjórnmálaumræðunnar í landinu. Og hún verður ugglaust dæmd í samræmi við það.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Næstur tekur til máls, og þá væntanlega um þingsköp, hv. 1. þm. Reykn.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Það var einmitt um þingsköp og það var einmitt um það sem hæstv. forseti sagði þegar hann gerði grein fyrir þeim umræðum sem fara fram í dag og gerði grein fyrir því að ræða ætti hér í dag 129. mál Alþingis vegna þess að ríkisstjórnin gerði kröfu til þess að þetta frv. fengi afgreiðslu á Alþingi og það yrði að gera með alveg sérstökum hraða. Ég spyr: Er það ríkisstjórnin eða eru það alþingismenn sem eiga kröfu á að þau mál sem hér eru flutt verði til umræðu? Ef það frv. sem er 4. mál Alþingis hefði fengið þá afgreiðslu sem það frv. sem hér er til umræðu fær vérum við e.t.v. ekkert að ræða 129. mál Alþingis í dag. Mál nr. 4 var flutt á síðasta þingi. Frumvarpið gerir grein fyrir með hvaða hætti menn hyggjast hafa umhverfismál í stjórnkerfinu. Það er ekki hugsunin eða tillaga í því frv. að stofna ráðuneyti án verkefna. Þar er verið að leggja til hvernig hægt er að ná samstarfi á milli aðila til þess að ná fram því sem allir vilja, þ.e. samræmdri stjórnun á umhverfismálum.

Ef nú flm. frv. á þskj. 4 gerðu þá kröfu til forseta og þeirrar nefndar sem fjallar um þetta mál að hér yrði farið að samkvæmt númeraröð mála hér á Alþingi, tæki forseti þá þá kröfu til greina og léti afgreiða það frv. sem ég vakti athygli á og héldi svo fundi á föstudegi til að ná þessu frv. fram? Ég vildi vekja athygli, einmitt í umræðu um þingsköp, á

þessum orðum forseta varðandi það hvernig umræður eiga sér stað nú á hinu háa Alþingi.

Ég vil svo taka undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði um starfstilhögun og undirstrika það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði varðandi það sem nú er að gerast á vinnumarkaðinum og hversu miklu eðlilegra það hefði verið að hér hefði hæstv. forsrh. komið og gert grein fyrir þeim málum og hér hefði þingheimur getað fengið tækifæri til þess að láta skoðanir sínar í ljósi á því sem þar hefur verið að gerast og með hvaða hætti Alþingi væri tilbúið að standa að þeim hlutum.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vill forseti taka fram: Forseti hefur í störfum þingdeildarinnar í vetur greitt fyrir því eftir mætti að frv. stjórnarandstæðinga kæmu hér til umræðu og yrðu afgreidd. Forseti er þeirrar skoðunar að óvenjulega mörg þingmannafrumvörp hafi verið afgreidd úr þessari deild það sem af er vetri.

Forseti vill einnig taka fram vegna annarra ummæla sem hér hafa fallið að hann hefur í öllu farið eftir starfsskrá þingsins í vetur. Þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa undantekningarlaust verið gerðar í samvinnu við stjórnarandstöðuna. Segja má að þessi fundur í dag sé nokkur undantekning sem sanni þá kannski regluna.

Forseti vill einnig taka fram að hv. þingdeildarmenn hafa ekki verið þjakaðir af fundasetu það sem af er þessu ári. Fundir í þessari hv. deild hafa frá því að þing kom saman 22. janúar og til dagsins í dag staðið samtals í 8 klst. og 50 mín.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það hjá hv. 1. þm. Reykn. að það er ákaflega hvimleitt að geyma mikið af málum með lága númeraröð. Auðvitað er miklu eðlilegra að taka þau inn í þingið og fella þau heldur en að geyma þau í þingnefndum fram eftir öllu. Þetta tefur fyrir því að menn fari að hugsa sinn gang aftur og vanda betur sinn málflutning og veldur náttúrlega stórvandræðum að hafa þennan bunka allan til trafala. Ég tel þess vegna mjög brýnt að taka tillit til svona þarfra athugasemda og menn virði þetta, forseti kalli eftir þessum málum og það verði gengið í þetta verk. En auðvitað kallar þetta á næturfund þannig að hægt sé að standa hér dálítið verklega að en ekki að menn séu að dunda hér í tvo tíma í einu og þreyta sjálfa sig og aðra með svo stuttum skorpum þegar úthaldsmiklir menn eru annars vegar.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að víkja að er það að nú er svo komið að stjórnskipulag allrar austurblokkarinnar í Evrópu er hrunið og tvennt virðist hafa komið í ljós sem gæti orðið okkur víti til varnaðar. Annars vegar er það að þeir höfðu áætlunargerð á áætlunargerð ofan, ekki aðeins um dagskrá nokkra daga fram í tímann eins og hér er gert, heldur mörg ár, jafnvel áratug stundum. En þetta gafst bara ekki vel. Ég held að mjög þurfi að gá að sér að ætla ekki að fara að gerast svo formfastir hér í þingstörfum að nálægt sé sent út með árs fyrirvara hvað menn hyggjast starfa hér í þinginu. Mér sýnist hún betri, gamla vestræna aðferðin, að taka þó nokkuð eftir hendinni hvað ber upp á, eins og hv. 1. þm. Suðurl. vakti athygli á. Það stenst ekki að standa svona að dagskrárgerð. Auðvitað á að ræða um jákvæða kjarasamninga og auðvitað á að fagna því að slíkur árangur hafi náðst. Ég tek alveg undir þetta. Og það hefði verið ánægjulegt hefðu menn áttað sig á því ögn fyrr hvað ráðhollur sá Einar er sem er frá Flateyri í þessum málum, í efnahagsmálum almennt. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann hefur viljað hafa áhrif á gang þeirra mála.

En ég ætlaði að bæta því við að sjálfsagt má um það deila hvort eigi fyrst að útvega ráðuneyti verkefni eða að breyta þannig stjórnskipuninni að ráðuneyti sé til til að taka við verkefnunum. Þetta er náttúrlega eins og með eggið og hænuna. Það hefur lengi verið deilt um hvort á að vera á undan. (**MB:** Það er búið að kaupa bílinn.) En ég vil bæta því við að sennilega hefði engum dottið í hug að öll verkefni sem komin eru til sjútvrn. í dag hefðu þangað farið þegar menn stofnuðu ráðuneytið og óvíst hvort þeir hefðu nokkurn tíma stofnað það ef þeir hefðu búist við því. En hér er vakin athygli á því að það miðar í áttina með umhverfisráðuneyti. Það er búið að kaupa bílinn eins og hv. 1. þm. Vestf. vekur athygli á. (**MB:** Og skíðagrindina.) Og eitt af því sem komið hefur í ljós, svo að maður víki nú aftur að Austur-Evrópu, er að þeir gleymdu gersamlega, herra forseti, umhverfismálunum. Þar er allt í rúst. Þeir eru ekki einu sinni búnir að kaupa bílinn þar. Og þess vegna tel ég að það sé orðið brýnt að menn komi sér að því verki að koma ráðherranum í umhverfisráðuneytið og fari svo að raða verkefnum til hans.

Ég taldi, herra forseti, mjög brýnt að koma þessu á framfæri og fyrir mína parta skorast ég ekki undan því að hafa hér næturfund til að þóknast stjórnarandstöðunni svo að hægt sé að koma málum áfram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið þó að vissulega sé tilefni til þar sem ofbeldisverkum fer nú fjölgandi hér á Alþingi Íslendinga. Og hvað þetta mál varðar, þá var í hv. þingnefnd hreinu og kláru ofbeldi beitt við að knýja málið út úr nefnd. Mál sem sent var til umsagnar um 50 aðila og borist höfðu umsagnir, að ég hygg um 30 aðila. Ekki var litið á eina einustu þeirra og málið ekki rætt einu orði í nefndinni áður en það var með valdi tekið út úr nefndinni.

Ofbeldið heldur áfram með því að vanvirða þá starfsáætlun sem þingið hafði sett sér og menn höfðu í sakleysi sínu farið eftir og rástafað sínum tíma eftir. Henni er hent út í veður og vind og dembt yfir þingheim fundi í dag. Þessu vil ég mótmæla eins og aðrir sem hér hafa talað og reyndar vera svo kræfur að fara fram á að þessum fundi verði slitið og starfsáætlun verði haldin. En þar sem ég geri mér grein fyrir því að við þeirri bón verði ekki orðið óska ég þess að forseti skýri fyrir þingheimi hvað hann

hyggst halda þessum fundi lengi áfram þannig að menn geti þá reynt að lagfæra sínar ráðagerðir í samræmi við það.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans innlegg í þessa þingskapaumræðu. Það kemur mér nú ekki á óvart, sem hef átt jafnmikil samskipti við hann og raun ber vitni, að hann er með allra gleggstu mönnum stjórnarliðsins, ef ekki sá alglöggvasti, enda fyrstur vanalega að kveikja á perunni. Ekki verður sagt um allt liðið að það sé svo góð gangsetning hjá því.

Ég tek undir það sem hv. þm. sagði. Það er rétt að afgreiða mál eftir því sem þau berast til nefndar. Ég tek kannski ekki alveg undir það að það eigi að afgreiða þau í þeim tilgangi að fella þau. Þar varð honum pínulítið á í messunni. Ég tel að mörg frv. sem þingmenn flytja séu ekki síður mikils virði fyrir þjóðina en mörg frumvörp sem koma frá ríkisstjórn og ekkert endilega þessari. Hér er því tekið undir það, hæstv. forseti, að það eigi að afgreiða mál eftir því sem þau berast til nefnda.

Það sem veldur hér fyrst og fremst ágreiningi, og fer sá ágreiningur vaxandi en ekki minnkandi eftir því sem líður á umræðuna, er að legið er á öðru máli, skyldu máli. Vitaskuld á þetta að fylgjast að. Ef það er ætlun meiri hluta Alþingis að stofna nýtt ráðuneyti þegar þjóðinni er sagt að spara og það sé ekki möguleiki á því að hækka kaup umfram það sem kjarasamningar gera ráð fyrir og ríkið nær ekki endum saman í sínum rekstri ætti það að vera kappsmál ríkisstjórnarinnar að fækka ráðuneytum en ekki fjölga. Þess vegna er ágreiningur verulegur í þessu máli, að hér á að fjölga um eitt ráðuneyti en liggja á hinu. Það er þetta sem veldur ágreiningi.

Og svo er hitt. Hvaða lýðræði er það að þegar á að endurskoða lög um Stjórnarráð sem eiga að standa, sem ekki eiga að vera pólitísk eða flokksleg barátta, þá séu fulltrúar allra þingflokka ekki hafðir með í ráðum? Þetta er tröðkun á lýðræði að haga sér þannig. Og það er ámælisvert fyrir ríkisstjórnina og hæstv. forsrh. að haga vinnubrögðum með þeim hætti. Þetta er það, hæstv. forseti, sem veldur ágreiningi. Það er ekki að sjálfstæðismenn séu eitthvað gramir við hagstofuráðherrann, eins og hann lét hafa eftir sér í sjónvarpinu, að þetta séu gamlar erjur. Ég ber ekki nokkra reiði í brjósti til hæstv. hagstofuráðherra og engan kala. Og ég hef ekki orðið var við neinn einasta sjálfstæðismann sem sér eftir honum úr Sjálfstfl. Þeir hafa þá farið vel með það.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 5. þm. Vesturl. verður forseti að taka það fram í fyllstu vinsemd að hann kætist nú lítt yfir orðalagi sem hv. þm. viðhafði um ofbeldi og ég hygg að þjóðin telji það lítt ofbeldi að hv. deild þurfi að sitja á fundi á föstudegi.

Varðandi þá spurningu hversu langur þessi fundur verður, þá hyggst forseti halda honum áfram eitthvað fram eftir degi en væntir þess hins vegar að hugsanlega á þriðjudag í næstu viku, með góðu samkomulagi við hv. stjórnarandstöðu, verði hægt að halda bæði kvöld- og næturfundi.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram að hæstv. forseti rakti hér alveg réttilega þær tilraunir sem hafa verið gerðar til að þoka þessu máli áfram. Og hæstv. forseti sagði svo að því yrði ekki haldið fram að forseti hefði farið fram með offorsi í þessu máli. Ég ætla að staðfesta það. Hæstv. forseti hefur alls ekki gert það. Hann hefur ekki farið fram með neinu offorsi. Það hefur komið fram alveg greinilega að hann er að gera það sem ríkisstjórnin segir honum að gera. Það er að vísu miður að hann skuli láta hafa sig til slíkra verka. En ég skil hans afstöðu og aðstöðu alla, ég skil hana.

Af því að hér var talað um ofbeldi segi ég það líka að ekkert ofbeldi hefur verið framið hér af hæstv. forseta. En okkur í hv. allshn. þótti það jaðra við ofbeldi þegar málið var tekið út úr nefndinni með atkvæðum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar án þess að það hefði nokkuð verið rætt. Það má alveg orða það svo að það jaðri við ofbeldi. Og ég fullyrði að það eru a.m.k. ekki þingleg vinnubrögð, það er fjarri því að það séu þingleg vinnubrögð sem þar voru viðhöfð.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði nokkur orð af sinni alkunnu speki. Mér fannst hann vera dálítið að snúa út úr þegar hann var að tala um hvort væri skynsamlegra að stofna ráðuneyti fyrst eða færa verkefnin, afgreiða fyrst frv. sem fjallar um verkefnatilfærsluna. Mér finnst þetta vera útúrsnúningar. Það sem við höfum haldið fram að væru hin réttu vinnubrögð er að frumvörpin yrðu samferða. Það er hið eina rétta. Ef mönnum þykir eitthvað fara miður ef þau eru ekki samþykkt sama daginn er auðvitað auðvelt að hafa gildistökuákvæði frumvarpanna beggja hinn sama dag. Þetta eru hin réttu vinnubrögð. Hitt er beinlínis fáránlegt, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að samþykkja þetta frv. sem hér er til umræðu án þess að verkefnayfirfærslan eigi sér stað.

Svo vegna síðustu orða hæstv. forseta, þá vonast ég til að við náum góðu samkomulagi í næstu viku eða kannski þar næstu um afgreiðslu þessa máls hér í deildinni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 2. þm. Reykn. vill forseti greina frá því að ef hann hefði farið að ýtrustu óskum hæstv. ríkisstjórnar varðandi þetta mál, þá hefðu nú líklega verið fundir hér nætur og daga frá því að þing kom saman 22. janúar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ástæðan til þess að ég blanda mér í þessa þingskapaumræðu er sú að mér finnst skörin vera farin að færast nokkuð upp í bekkinn þegar farið

er að tala um ofbeldi í nefndarstörfum og að jaðri við ofbeldi, segir hv. 2. þm. Reykn., það mikla prúðmenni. Það er ekkert nýtt hér að nefndir klofni í málum. Þetta er ekki fyrsta deilumálið sem tekið er út úr nefnd í hv. Alþingi með atkvæðum stjórnarliða. Þetta mál kom fyrir þingið löngu fyrir jól, var sent til skriflegrar umsagnar með umsagnarfresti til 10. janúar. Málið var unnið upp úr þeim umsögnum, farið yfir þær á fundi nefndarinnar. Síðan var málið rætt á tveimur fundum eftir það. Ég mótmæli því að þetta séu óþingleg vinnubrögð, enda er meginmálið eftir, það er verkefni þessa umhverfisráðuneytis. Ég vona svo sannarlega að hv. allsherjarnefndarmenn telji ekki eftir sér að sitja nokkuð stífa fundi á næstunni og ræða þau mál, því ég hef hugsað mér það, þannig að sem fyrst fáist úr því skorið hvaða verkefni væntanlegt ráðuneyti fær. Ég hef reyndar enga ástæðu til að efast um að nefndarmenn muni vera viljugir til þess, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Það verður haldið áfram að vinna að þessum málum á mánudaginn kemur á fundi allshn. Nd. og ég hef hugsað mér að halda stíft áfram næstu dagana í því verkefni.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð hér um þau mál sem hafa verið rædd í þessari þingskapaumræðu. Gagnrýni hefur komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar á það að þau tvö frumvörp sem fjalla um umhverfisráðuneytið skuli vera skilin í sundur og nú eigi að þvinga fram annað frv. sem í raun þýði einungis að fjölga eigi ráðuneytum um eitt.

Ef ég hef skilið hæstv. forsrh. rétt, þá hefur hann sagt að það komi ekki að sök þótt ekki verði endanlega gengið frá því með lögum á næstunni hvaða verkefni eigi að falla undir þetta nýja ráðuneyti því að það megi leysa m.a. með reglugerðarbreytingu. Það megi leysa með því að veita þeim hæstv. ráðherra sem nú fer með Hagstofuna ýmis verkefni án þess að lög séu fyrir hendi. Ég spyr þess vegna hæstv. forsrh., og tel mjög mikilvægt að svar fáist við þeirri spurningu: Er ekki hugsanlegt, ef hæstv. ríkisstjórn er svona áhugasöm um að koma þessum málum áleiðis og fá hæstv. ráðherra ákveðin verkefni, að gera það án þess að það frv. sem hér á að vera til umræðu verði að lögum? Er eitthvað sem breytist við það að stofnað verði nýtt ráðuneyti? Hefur ekki hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn sömu lagaheimildir, sömu reglugerðarheimildir og sama möguleika til að fá hæstv. ráðherra Júlíusi Sólnes einhver verkefni í ríkisstjórninni án þess að þetta frv. verði að lögum?

Ég rifja upp að hæstv. hagstofuráðherra hefur að undanförnu haft það verkefni með höndum, ásamt reyndar nokkrum öðrum ráðherrum, að leggja grunn að nýrri atvinnustefnu. Það var gert án lagabreytingar. Það þarf ekki neina sérstaka lagaheimild til þess. Ég tel mjög mikilvægt, vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið um að óheppilegt sé að sundra þannig annars vegar efnislegu umræðunni og þeirri formlegu hins vegar, að hæstv. forsrh. geri okkur skýra grein fyrir því hér í þessari þingskapaumræðu hvort ekki séu sömu möguleikar fyrir hæstv. ríkisstjórn, sömu möguleikar fyrir hæstv. forsrh. að fá hæstv. hagstofuráðherra eitthvað að gera, til að mynda í umhverfismálum, án þess að þetta frv., sem einungis segir til um að fjölga eigi ráðuneytum um eitt og stofna nýtt umhverfisráðuneyti, verði að lögum? Ég hef aðeins leitt hugann að þessu því að ég skildi hæstv. forsrh. þannig, þegar hann hefur verið að færa rök fyrir sínu máli um að taka þetta mál út úr, að það væri bráðnauðsynlegt til að hæstv. hagstofuráðherra gæti fengið eitthvað að gera í umhverfismálum.

Nú vil ég bara spyrja hæstv. forsrh.: Hvað er það sem breytist við að stofnað verði nýtt ráðuneyti? Hvaða nýjar reglugerðarheimildir koma til? Hvaða nýir möguleikar skapast til þess að fá hæstv. hagstofuráðherra ný verkefni? Ég held satt að segja, virðulegur forseti, að það breytist ekki neitt. Það eina sem gerist er að hæstv. hagstofuráðherra heitir hæstv. hagstofu- og umhverfisráðherra í umhverfisráðuneyti sem hefur engin verkefni skv. lögum. Ég held að það sé staðreynd málsins. Og ef hæstv. hagstofuráðherra þarf að fá að vinna að einhverjum verkefnum, getur hann ekki fengið þau verkefni nú þegar eins og hann fékk það verkefni að undirbúa grundvöll að nýrri atvinnustefnu? Ég vil fá skýr svör því að það er aðeins vegna þessara ummæla hæstv. forsrh. sem sumir trúa því að það verði að setja ráðuneytið á stofn nú þegar og áður en verkefni verða valin í lögum.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. fái tækifæri hér og nú til að skýra það út fyrir þingheimi hvort þetta sé nauðsynlegt, hvað breytist, hvaða nýjar reglugerðarheimildir verði til, hvaða möguleikar opnist við þessa lagabreytingu sem nú er verið að ræða um, ef hún kemst í gegn. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt til þess að greiða fyrir þingstörfum, virðulegur forseti.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Að svara slíkum efnislegum spurningum um mál sem er hér á dagskrá getur ekki fallið undir þingsköp. Ég vona að menn hafi tekið eftir því að ég hef aldrei notað mér ákvæði um þingsköp til að ræða slíkt mál og mun ekki gera það núna. Ég er tilbúinn að svara þessum spurningum þegar málið er tekið á dagskrá.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir svari við afskaplega einfaldri spurningu vegna þess að hún snertir málsmeðferðina hér í þinginu. Hún snertir það mikilvæga atriði hvort ástæða og einhver rök séu til þess að skilja í sundur tvö frumvörp í umræðunni sem eiga samleið. Hæstv. forsrh. kemur hér í pontu og neitar að svara spurningunni vegna þess að hann telur að það eigi að svara henni í efnislegri umræðu um málið.

Ég lýsi því yfir að fyrst hæstv. forsrh. gat ekki í örfáum orðum skýrt það út hér á hinu háa Alþingi í þingskapaumræðum, hvernig í ósköpunum dettur honum þá í hug að fara að segja í sjónvarpi eða

útvarpi að það þurfi að gerast? Ég tel að hæstv. forsrh. standi á gati og geti ekki svarað þessari fyrirspurn fyrst hann gat ekki gert það hér í fáeinum orðum í þingskapaumræðu. Ég held að hæstv. forsrh. sé ekkert of góður til þess að skýra þetta út hér og nú og ekki þurfi að bíða eftir því í efnislegri umræðu um málið. Þetta skiptir máli um það hvort við eigum að halda áfram efnislegri umræðu eða ekki. Og ég skal skýra þetta út. Ef hæstv. forsrh. getur ekki svarað þessari spurningu með þeim hætti að hann bendi á það skýrlega að nauðsynlegt sé að koma á nýju ráðuneyti til að hæstv. hagstofuráðherra geti unnið einhver verkefni sem á að fela honum, ef ekki er hægt að svara þeirri spurningu skýrt er auðvitað komið í ljós að það er einskis virði, það er ekki til nokkurs að vera að setja þetta nýja ráðuneyti á fót fyrr en við vitum hvað ráðuneytið á að gera. Þetta var ástæðan og annað er útúrsnúningur að þetta sé ekki þingskapaumræða.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hef sagt það að ég er tilbúinn að svara þessari spurningu strax og málið kemur á dagskrá og ég bið virðulegan forseta að úrskurða hvort svona umræða getur fallið undir þingsköp.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hefur verið að íhuga það hvort sú umræða sem hv. 1. þm. Reykv. hefur upp hafið falli undir þingsköp. Hann telur að hún geti flokkast undir þingsköp þar sem verið er að ræða málefnalega hvernig haldið skuli á máli sem nú er deilt um. Ég hygg því að þetta geti flokkast undir það að vera þingskapaumræða.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég hygg að þetta sé rétt niðurstaða. Hv. 1. þm. Reykv. var að spyrja um atriði, formsatriði varðandi útgáfu á stjórnarráðsreglugerð sem eðlilegt er að spyrjast fyrir um í umræðu um þingsköp vegna þess að staðið hefur verið að málatilbúnaði hér með alveg einstökum hætti og mjög sérstökum hætti. Það hefur líka komið fram í þessari þingskapaumræðu að einn af þm. stjórnarflokkanna hefur með mjög ákveðnum hætti tekið undir þau meginsjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfum verið að setja hér fram. Í fyrsta lagi hefur hann sagt að eðlilegt sé að afgreiða mál úr nefndum og taka fyrir við 2. umr. í hv. deild eftir tímaröð. Þetta er ekki einkaskoðun okkar og hv. stjórnarþm., 2. þm. Vestf. Ákvæði þingskapa eru líka um að þannig skuli fara með mál, að þannig skuli leitast við að afgreiða mál. Ég fagna því að þessi rödd skuli koma úr stjórnarherbúðunum og á þennan veg sé tekið undir okkar sjónarmið.

Í annan stað hefur sami hv. þm. stjórnarliðsins tekið undir það sjónarmið að eðlilegt hefði verið að verja þessum degi til að fjalla um þá nýju stöðu sem upp er komin eftir að aðilar vinnumarkaðarins lögðu hér nýjan grundvöll að efnahagsstefnu og hvernig Alþingi gæti, þrátt fyrir stjórnarstefnuna, sýnt vilja löggjafarvaldsins í þeim efnum. Í því efni hef ég lagt sérstaka áherslu á að fram kæmi á Alþingi skýr vilji til að koma í veg fyrir frekari skattahækkanir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið en ekki kveðið upp úr um hvort hún ætli að standa að á næstu dögum. Eftir að þessi rödd hefur verið flutt úr stjórnarliðinu vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki tilbúinn, í ljósi þess að innan stjórnarflokkanna er stuðningur fyrir hendi við þetta sjónarmið Sjálfstfl., að beita sér fyrir því að mál verði rædd á þennan veg, að fyrst verði tekin fyrir þau frumvörp um umhverfismál sem fyrst voru lögð fram og að hv. allshn. afgreiði málin með þeim hætti í samræmi við þingsköp, í samræmi við okkar óskir og óskir sumra stjórnarþm. Og í öðru lagi hvort hann er ekki reiðubúinn að beita sér fyrir því í samræmi við þetta að Alþingi ræði í dag hinn nýja efnahagsgrundvöll sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett og ég hygg að þjóðin öll fagni eftir þá miklu óvissu sem hér hefur lengi ríkt í efnahagsmálum, a.m.k. frá því að þessi hæstv. ríkisstjórn tók við.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þótt ég sé í raun algerlega ósammála úrskurði virðulegs forseta hér áðan skal ég þó verða við því að fara yfir nokkur atriði sem eru að mínu mati afar mikilvæg í sambandi við umhverfisráðuneyti og þá viðleitni að koma því á fót.

Ég vek athygli á því að forsrh. á sínum tíma, Geir Hallgrímsson, fól með bréfi þáv. félmrh. Gunnari Thoroddsen að fara með umhverfismál. Síðan hefur félmrh., ég vil leyfa mér að segja að nafninu til, farið með þau mál. Ég fól hæstv. ráðherra Hagstofu að fara með þau mál. Það hefur verið mjög vefengt hér á þinginu. Hér hafa þingmenn staðið upp og lýst furðu sinni á því og ég hef minnt á það sem áður hefur gerst. En satt að segja hefur sú aðfinnsla átt við nokkur rök að styðjast.

Hér hefur verið talað um það oftar en einu sinni og gert úr því visst háð að hæstv. ráðherra Hagstofu hafi sótt umhverfisráðstefnur og hafi þar af misskilningi verið kallaður af þeim sem þar standa fyrir ráðstefnu ráðherra umhverfismála sem einnig vekur athygli á því að við höfum ekki árum saman og aldrei verið með ráðherra á slíkri ráðstefnu sem við höfum getað nefnt því nafni sem allar aðrar þjóðir gefa ráðherrum sem fara með þau mál. Og það má kannski upplýsa hér til fróðleiks að eitt það land sem hefur staðið lengst gegn því að skipa umhverfismálum í sérstakt ráðuneyti hefur nú ákveðið að gera það. Það eru sjálf Bandaríki Norður-Ameríku. Forseti Bandaríkjanna hefur lýst því yfir að hann ætli að breyta umhverfisverndarstofnun þar í umhverfisráðuneyti. Í rökstuðningi sem kemur fram fyrir því eru m.a. þau rök sem ég nefndi áðan, að þetta sé orðið slíkt alþjóðavandamál sem eigi sér engin landamæri að Bandaríkin verði að taka þátt í þeirri umræðu allri með ráðherra sem fari með þau mál þar í landi.

Það er útilokað mál eða mjög erfitt að fela með breytingu á stjórnarráðsreglugerð félmrh. ákveðin

verkefni. Það verður að ráðast meira eða minna af því samkomulagi sem er við aðra ráðherra. Ég lét skoða það vandlega því uppi voru hugmyndir og hafa verið. Ég minni á alla meðferð þessa máls allt frá því að nefnd sem skipuð var, að ég hygg 1975 eða 1976 og Gunnar Schram prófessor veitti forstöðu, fjallaði um það mál. Ég ætla ekki að fara að rekja hér í þessari umræðu þá löngu meðferð sem umhverfismálin hafa hlotið hér á hinu háa Alþingi, lengri líklega en flest önnur mál, yfir 10 ár. Þar er búið að fjalla oft um það hvort unnt sé að flytja verkefni t.d. til félmrh. Ég tel að það sé töluvert annað ef lög um Stjórnarráð gera ráð fyrir umhverfisráðuneyti. Ég tel að þá megi fela slíkum ráðherra með reglugerðarbreytingu að sinna alhliða umhverfismálum sem eru núna í fjölmörgum öðrum ráðuneytum. Það er öllum fullkomlega ljóst að samræma þarf þær lokaákvarðanir sem teknar eru í umhverfismálum hjá fjölmörgum ráðuneytum og sú samræming getur verið hjá ráðherra sem skv. lögum fer með umhverfismál. Þetta nær yfir samræmingu um meðferð mengunar á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð eða atvinnuvegum, mál sem varða meðferð eiturefna og varnir gegn skaðlegum geislum, að svo miklu leyti sem það yrði ekki framkvæmd sem heyrði undir önnur ráðuneyti og eru þá sérstök fyrir það ráðuneyti. Í mjög mörgum tilfellum falla þau einnig að verkum annarra ráðuneyta og þá þarf samræmingar við.

Ýmsar rannsóknir sem eru ekki hér stundaðar á sviði umhverfismála getur sá ráðherra undirbúið og skipulagt í samráði við hinar ýmsu stofnanir sem að þeim málum mundu vinna. Ég bendi á fræðslustarfsemi sem er kannski einhver allra mikilvægasti þátturinn í umhverfismálum. Það annast ekkert eitt ráðuneyti í dag allsherjar fræðslustarfsemi í umhverfismálum. Ég viðurkenni að vissulega eru einstök ráðuneyti sem sinna þessu eins og í gróðurvernd og mörgu fleira og er unnið þar mikilvægt starf. En það er ekki nokkur vafi á því að hér þarf miklu meiri og víðtækari almenna fræðslu í umhverfismálum en hefur verið.

Loks vil ég benda á þetta stórvaxandi alþjóðlega samstarf. Með reglugerð er hægt að fela umhverfisráðherra strax að sinna þessu alþjóðlega samstarfi sem satt að segja er svo víðtækt að það veldur vissum áhyggjum hvernig við Íslendingar, lítil þjóð og fámenn, eigum að taka þátt í öllu. Vitanlega þurfum við þar að velja og hafna. En það er einnig mjög mikilvægt verkefni. Ég vona að þetta nægi til að sýna að ég tel að það breyti miklu að hafa embætti umhverfisráðherra til að geta falið honum ýmis verkefni með reglugerð.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér almennt um efnahagsmálin og vísa ýmsu sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði á bug. Ég vísa til þess sem hv. 2. þm. Vestf. sagði um þau mál og það starf sem nú hefur verið unnið og samanber það sem áður var gert. En við fáum örugglega tíma til að ræða það hér. Þessi mál eru að komast í höfn einmitt þessa stundina. Ríkisstarfsmenn eru að ganga frá sínum málum og þegar það er búið skulum við taka hér góða umræðu um þau mál. Það er sjálfsagt og ég mun beita mér fyrir því að svo geti orðið.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill nú taka fram að hann telur einsýnt að umræður um það hvernig fara skuli með lagafrumvörp í umræðu á Alþingi eigi heima innan ramma þingskapaumræðu. Hann óskar þess hins vegar að þingmenn gæti þess að fara ekki út um víðan völl í þeirri þingskapaumræðu sem nú er hafin.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég skal að sjálfsögðu virða það og virða úrskurð hæstv. forseta. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að gera hér tilraun til að svara fyrirspurn minni. Hann fór mörgum orðum um efnisleg atriði, en það stendur eitt eftir og það er það sem skiptir öllu máli fyrir okkur hér að átta okkur á. Það sem stendur eftir er að allt það sem hæstv. forsrh. taldi upp að hugsanlega mætti færa til umhverfisráðherrans, yrði það ráðuneyti stofnað með lögum, má í dag með nákvæmlega sama hætti, vegna sömu heimilda í lögum og reglugerðum, færa til núv. hæstv. hagstofuráðherra. Svar eða þessi tilraun til svars hæstv. forsrh. sannar það eitt að algerlega er óþarft að slíta þessa umræðu í sundur, annars vegar í formlega hlutann og hins vegar í efnislega hlutann sem einhvern tíma og einhvern tíma kemur hér til umræðu í þessari hv. deild.

Ég þakka þess vegna, virðulegi forseti, fyrir það að fá tækifæri til að leiða þennan sannleika hér í ljós og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa með jafn áhrifaríkum hætti komið hér upp til þess að segja almenna hluti um þessi mál sem má gera á grundvelli gildandi laga og reglugerða.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst harma það að hæstv. forsrh. skuli kjósa að gera það að forgangsverkefni í umræðum hér í dag að ræða um stofnun ráðuneytis án verkefna fremur en ræða hina nýju efnahagsstefnu aðila vinnumarkaðarins sem ég held að sé miklu brýnna og reyndar nýtur það greinilega stuðnings margra þingmanna stjórnarliðsins. Ég harma að það skuli hafa verið staðfest hér af hálfu hæstv. forsrh. að þetta skuli vera forgangur hæstv. ríkisstjórnar.

Aðeins vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið milli hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. er rétt að minna á að vald ráðherra er einungis sótt í lagaákvæði. Enginn ráðherra hefur vald utan þeirra lagaákvæða sem um viðkomandi ráðuneyti gilda eða stofnanir á vegum þess. Þess vegna finnst mér í meira lagi óviðfelldið að vera að ræða hér um það hvort færa eigi til verkefni með stjórnarráðsreglugerð ef þvinga á fram samþykkt Alþingis um stofnun ráðuneytis án verkefna og síðan eigi að pukrast með það í reglugerðum hvaða verkefni eigi að flytja á milli vegna

þess að stjórnarliðið kemur sér ekki saman um það hvað eigi að gera í þeim efnum. Mér finnst það í meira lagi óviðfelldið og varpa kannski enn skýrara ljósi á það hversu vafasöm vinnubrögð hæstv. ríkisstjórn hefur í þessu efni.

En hitt er svo annað mál að ef fyrir hæstv. ríkisstjórn vakir það eitt að gefa hæstv. hagstofuráðherra annan titil til þess að hann sómi sér betur á ráðstefnum erlendis, þá eru kannski engar sérstakar athugasemdir þar um. Ég sé ekki að það þurfi einhverja sérstaka aukafundi á hinu háa Alþingi til þess að koma slíku máli fram.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig fróðlegt að heyra að hv. 1. þm. Suðurl. telur að ekki sé hægt að hreyfa mál með reglugerðum. Ég tek undir með honum að vitanlega verður allt að vera innan laga, það er fullkomlega ljóst. Hins vegar telur hv. 1. þm. Reykv. að þarna sé mikið svigrúm og jafnvel þurfi ekki heitið umhverfisráðherra til þess að ég geti flutt þar á milli. Ég veit ekki hvorum lögfræðingnum ég á satt að segja að trúa. Ég hef lagt þetta mál fyrir lögfræðinga sem ég treysti reyndar miklu betur og tel mig hafa þar niðurstöðu sem ég fór með hér áðan.

En út af hinni almennu umræðu um efnahagsmál vil ég aðeins segja að það vill nú svo til að verið er að ganga frá lokaatriðum í því. Það er verið að vinna ýmsar upplýsingar og ef hv. þm. kjósa, þá er ég tilbúinn að mæta hér á kvöldfundi ef forseti samþykkir, það er velkomið, eða fund á morgun. Væri það ekki gott að við tækjum morgundaginn í umræðu um efnahagsmálin? Ég spyr.

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133, n. 515 og 534, brtt. 516.

Birgir Ísl. Gunnarsson *(frh.)*:

Virðulegi forseti. Ég blandaði mér ekki í þessa umræðu sem fram fór hér áðan um þingsköp, en hefði þó gjarnan viljað fá 2. þm. Vestf. hér inn í salinn. Mig langar að segja við hann örfá orð í tilefni af þeirri ræðu sem hann hélt hér áðan. (**Forseti:** Það er verið að leita að hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, 2. þm. Vestf.) (**MB:** Hann er bara rétt ógenginn í salinn.) Já, hv. þm. er genginn í salinn og áður en ég held áfram ræðu minni um efni þessa máls langar mig til þess að vitna örlítið í þá þingskapaumræðu sem hér fór fram og sérstaklega ræðu hv. 2. þm. Vestf. Ég vil taka mjög sterklega undir þau ummæli sem hv. 1. þm. Vestf. viðhafði um starfsbróður sinn, hvað hv. 2. þm. Vestf. er einstaklega glöggur maður. Ég sá að hann hefur alveg skynjað þjóðarsálina í þessu máli því hann talaði hér bara í glensi og gríni um það sem hér er á dagskrá, nákvæmlega eins og þjóðin öll gerir. Menn líta orðið á þetta mál sem eitt allsherjar gamanmál, fyrst er ráðherra án ráðuneytis, síðan ráðuneyti án verkefnis. Fólk um allt land hlær að þessari málsmeðferð allri og það sýnir auðvitað hvað hv. 2. þm. Vestf. er næmur á þjóðarsálina að skynja að mál þetta á að taka þessum tökum, bara í glensi og gríni.

Auðvitað ætti ég að halda ræðu í þessum dúr hér áfram eins og hv. 2. þm. Vestf., t.d. með því að leggja dálítið út af þeirri mynd sem birtist í Morgunblaðinu í morgun og teiknuð var af Sigmund þar sem sett er upp getraun fyrir lesendur Morgunblaðsins um það hvað vanti á þessa mynd. Og ef maður hjálpar svolítið til við lausnina, þá vantar auðvitað ráðuneytið á myndina. En eftir örfáa daga verður ráðuneytið væntanlega komið en þá er hægt að teikna aðra mynd því þá vantar verkefni. Þannig hefur hv. 2. þm. Vestf. mjög glögglega í sínu máli undirstrikað hið raunverulega eðli þessa máls eins og það lítur út fyrir öllum almenningi í landinu.

Ég skal nú snúa mér að efni málsins en ég hafði flutt hér nokkurt mál þegar fundi lauk í gær. Ég tel hins vegar, samhengisins vegna, rétt að rifja upp með örfáum orðum það sem ég hafði sagt er ég gerði hlé á máli mínu.

Ég rifjaði upp að forsrh. hafði mælt fyrir báðum þeim frumvörpum sem hér um ræðir, þ.e. frv. um Stjórnarráð Íslands, að bæta við umhverfisráðuneyti, og frv. um hvaða verkefni það ráðuneyti ætti að fá úr öðrum ráðuneytum. Hann mælti fyrir báðum þessum frumvörpum í einni ræðu þann 8. nóv. sl. og undirstrikaði þá með því hversu samtengd þessi mál eru. Með þessari ræðu sem hæstv. forsrh. hélt þar sem hann mælti fyrir báðum málunum í einu gaf hann tóninn um það að þessi frumvörp yrðu ekki sundurskilin eins og nú er verið að gera. Þessi frumvörp eru svo nátengd að það er afar óþinglega að því staðið að taka sérstaklega út úr frv. um Stjórnarráðið. Menn ráða auðvitað hvaða orð þeir nota um það að nú á að reyna að keyra hér í gegn frv. til laga um breytingu á Stjórnarráði Íslands, stofna umhverfisráðuneyti, skilja eftir frv. um hvaða verkefni það á að taka, með öðrum orðum að stofna ráðuneyti án verkefnis. En ég vil segja, og ég er ekki að áfellast virðulegan forseta þessarar deildar fyrir það, ég áfellist auðvitað fyrst og fremst ríkisstjórnarliðið hér í hv. Alþingi, hæstv. ríkisstjórn og þá sem ganga erinda hennar hér í þinginu, ég áfellist þá fyrst og fremst fyrir að þannig skuli vera að málum staðið.

Hæstv. forsrh. sagði í gær í ræðu sinni að hann teldi sig geta flutt verkefni til þessa nýja ráðuneytis með reglugerð. Ég hafði hugsað mér í þessari umræðu að spyrja hæstv. forsrh. ítarlega að því hvaða verkefni þar væri um að ræða. Hann hefur að sumu leyti farið inn á þá braut hér í þingskapaumræðunni, enda að því spurður þar, og nefnir sérstaklega fræðslu. Hann nefnir rannsóknir og alþjóðlegt samstarf. Allt er þetta reyndar svo með almennum orðum sagt að ég held að alveg sé ljóst að til að koma þessum verkefnum fram þarf ekki að stofna sérstakt ráðuneyti eins og hér er stefnt að.

Ég rifjaði það líka upp í ræðu minni í gær að í gildi væru lög á ýmsum sviðum þar sem mjög skýrt væri kveðið á um það hvar hin ýmsu verkefni á sviði umhverfismála liggja í okkar stjórnkerfi. Ég var reyndar ekki kominn alla leið í minni upptalningu en hafði bent á að varðandi náttúruvernd og Náttúruverndarráð eru sérstök lög og menntmrn. hefur yfirstjórn þess málaflokks. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, þar hefur menntmrn. yfirstjórn. Varðandi dýravernd hefur menntmrn. yfirstjórn, um fuglaveiðar og fuglafriðun hefur menntmrn. yfirstjórn. Um eyðingu svartbaks, refa og minka, sem meiningin er að flytja yfir til hins nýja umhverfisráðuneytis, hefur Búnaðarfélag Íslands og landbrn. yfirstjórn. Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hefur heilbr.- og trmrn. yfirstjórn. Um varnir gegn mengun sjávar hefur samgrn. yfirstjórn. Um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu hefur samgrn. yfirstjórn. Um losun hættulegra efna í sjó hefur sjútvrn. yfirstjórn. Um varnir gegn mengun sjávar hefur Siglingamálastofnun yfirstjórn og samgrn. yfir henni. Um eiturefni og hættuleg efni hefur heilbr.- og trmrn. yfirstjórn. Um Geislavarnir ríkisins hefur heilbr.- og trmrn. yfirstjórn. Um umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur hefur iðnrn. yfirstjórn.

Ég var kominn á þennan stað í umræðu um þennan þátt mála í gær og lagði áherslu á það í mínu máli varðandi þessa málaflokka sem ég hef hér talið upp — og eru allt mjög mikilvægir málaflokkar og auðvitað burðarásinn í hugsanlegu umhverfisráðuneyti — að ekki er hægt með reglugerðum eða einföldum stjórnvaldsákvörðunum að flytja þessi mikilvægu mál frá þeim ráðuneytum þar sem þau eru í dag yfir í nýtt ráðuneyti. Þess vegna skiptir það auðvitað engu máli varðandi þessi mál sem ég hef hér talið upp hvort umhverfismálaráðuneytið er stofnað eða ekki. Viðkomandi málaflokkar verða áfram hjá þeim ráðuneytum sem þeir eru nú. Náttúruverndarmál verða t.d. áfram hjá menntmrn. þangað til þetta frv. um verkefnin, sem nú á að bíða í nefnd, verður samþykkt, hvenær sem það verður.

Ég skal nefna enn nokkra málaflokka sem líkt er ástatt með. Það eru skipulagslög, þ.e. lög um skipulagsmál. Sveitarstjórnir fara fyrst og fremst með skipulag á sínum stöðum en yfirstjórn þess málaflokks er nú í félmrn. Og það mun ekki skipta neinu máli varðandi yfirstjórn þess málaflokks hvort við samþykkjum frv. um umhverfismál. Skipulagsmál verða auðvitað áfram hjá félmrn.

Það er hins vegar annað mál sem ástæða væri til að ræða sérstaklega hvort rétt er og skynsamlegt að slíta skipulagsmálin frá yfirstjórn sveitarstjórnarmála og yfir í umhverfisráðuneytið. Skipulagsmál eru fyrst og fremst verkefni sveitarfélaganna og maður hlýtur að spyrja hvor þáttur málsins er yfirsterkari, umhverfisþátturinn eða sveitarstjórnarþátturinn, áður en slík ákvörðun er tekin sem nú er að stefnt.

Varðandi byggingarlög, þ.e. eftirlit með byggingum í landinu, er alveg ljóst að félmrn. hefur með þann málaflokk að gera í dag skv. þeim lögum sem gilda, lögum frá 1978. Það mun engu máli skipta varðandi byggingarmál hvort við samþykkjum nú að setja á stofn nýtt umhverfismálaráðuneyti. Meðan byggingarlögin frá 1978 eru í gildi mun sá málaflokkur lúta yfirstjórn félmrn. Hins vegar er athyglisvert í þessu sambandi öllu að um bæði skipulagsmál og byggingarmál hefur nú verið flutt sérstakt frv. á Alþingi af hæstv. félmrh., þ.e. frv. um skipulags- og byggingarmál, og gert er ráð fyrir því í því frv. að sá málaflokkur verði áfram undir eftirliti félmrn. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn leggur fram tvö frumvörp um yfirstjórn þessa málaflokks, annars vegar frv. um Stjórnarráð Íslands sem gerir ráð fyrir að skipulags- og byggingarmál fari frá félmrn. til umhverfisráðuneytis. Hins vegar flytur hæstv. ríkisstjórn annað mál sem heitir frv. til skipulags- og byggingarlaga, þar sem er gert ráð fyrir að þessi málaflokkur verði áfram hjá félmrn. Í þessu máli, eins og mörgum öðrum hjá hæstv. ríkisstjórn, virðist vinstri höndin ekki vita hvað sú hægri gerir.

Veðurstofa Íslands lýtur stjórn samgrn. og um hana eru sérstök lög frá 1985. Það er alveg ljóst að þó að stofnað verði umhverfisráðuneyti nú mun yfirstjórn Veðurstofu Íslands áfram vera hjá samgrn. meðan ekki er breytt lögunum frá 1985. Ætlunin er að flytja Landmælingar Íslands frá samgrn. til umhverfisráðuneytis en um þær gilda lög frá árinu 1985. Það er alveg ljóst að yfirstjórn þeirra mála mun verða áfram í samgrn. þó að þessi lög um Stjórnarráð Íslands verði samþykkt.

Um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands gilda lög frá árinu 1965 og skv. þeim lögum er það menntmrn. sem hefur með yfirstjórn þess málaflokks að gera. Þó að við samþykktum nú lög um breytingu á Stjórnarráði Íslands í þá veru að stofna sérstakt umhverfismálaráðuneyti er alveg ljóst að náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands mun áfram vera hjá menntmrn. Engin reglugerð, jafnvel þótt hún kvæði á um rannsóknir eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan, getur flutt náttúrurannsóknir frá menntmrn. þar sem þau mál eiga heima skv. lögum yfir í nýtt ráðuneyti sem stofnað yrði. Og í því efni dugar auðvitað ekkert samstarf við ráðherra. Ráðherra getur ekkert afsalað sér málaflokki sem samkvæmt lögum heyrir undir hann með einhverju bréfi eða með einhverju óljósu samstarfi eins og hæstv. forsrh. lét að liggja í ræðu sinni, bæði hér í gær og svo í dag líka. Okkar stjórnskipun hvílir á traustum lagagrundvelli og það er ekkert hægt að þvæla með hana fram og aftur á milli ráðuneyta og milli stofnana eftir geðþóttaákvörðunum og eins og mönnum dettur í hug á meðan í gildi eru lög sem kveða skýrt á um undir hvaða ráðuneyti viðkomandi málaflokkur heyrir.

Við höfum þjóðminjalög frá 1989, um þjóðminjar, og þau voru samþykkt hér á sl. vorþingi í góðri sátt og samlyndi. Friðlýsing húsa á samkvæmt þeim lögum að vera undir menntmrn. Þó að við breyttum lögunum um Stjórnarráð Íslands og samþykktum að setja á

stofn umhverfismálaráðuneyti er alveg ljóst að friðlýsing húsa mun áfram verða hjá menntmrn.

Virðulegi forseti. Ég hef talið hér upp fjölmarga málaflokka, málaflokka sem fyrirhugað er að myndi burðarásinn í væntanlegu umhverfismálaráðuneyti. Og ég hef sýnt fram á að það er alveg ljóst að þó að við samþykktum nú lög um að stofna sérstakt umhverfismálaráðuneyti, þó að við breyttum lögunum um Stjórnarráð Íslands, þá mundu viðkomandi málaflokkar vera áfram hjá þeim ráðuneytum þar sem þeir eiga að vera samkvæmt núgildandi lögum. Þess vegna er það auðvitað með ólíkindum að þessi mál skuli nú vera skilin þannig að, eins og meiningin er að gera, og sýnir auðvitað virðingarleysi fyrir þessum málaflokki.

Umhverfismál eru mikilvægur málaflokkur, um það deilum við ekki, og þýðing umhverfismála fer vaxandi í okkar þjóðfélagi og í veröldinni allri. Að draga málaflokk af þessu tagi niður í þessa lágkúru, niður í þetta svað pólitískra hrossakaupa sem við verðum nú vitni að nær auðvitað engri átt og sýnir að það er ekki virðing fyrir umhverfismálum, það er ekki áhugi fyrir umhverfismálum, sem hér ræður ríkjum.

Ég sé að hér í salnum situr hv. 2. þm. Austurl. sem hefur verið mikill áhugamaður um umhverfismál. Við höfum að vísu ekki verið sammála um það hvernig ætti að skipa þeim í stjórnkerfinu því hann hefur oft barist hér á þingi fyrir sérstöku umhverfismálaráðuneyti. Ég hef hins vegar aldrei efast um einlægan áhuga hans og einlægan vilja til þess að þessi málaflokkur fái þann sess og njóti þeirrar virðingar sem honum ber í okkar stjórnkerfi. Ég hef lesið margt af því sem hv. 2. þm. Austurl. hefur skrifað um umhverfismál og það skín auðvitað út úr hans skrifum mikill áhugi, einlægur vilji og mikil þekking á þessum málum. Hvernig líður nú hv. 2. þm. Austurl. þegar verið er að draga þennan málaflokk niður í þessa lágkúru, niður í þetta svað pólitískra hrossakaupa sem verið er að gera með þessu háttalagi, með því að stofna umhverfisráðuneyti án verkefna? Ég er alveg sannfærður um að það eru erfið spor fyrir hv. 2. þm. Austurl. að eiga að taka þátt í þessum leik sem hér er verið að leika nú.

Ég sagði áðan: Það er ekki ágreiningur um mikilvægi umhverfismála hér á hv. Alþingi og það er ekki ágreiningur um að bæta þurfi stjórn þess málaflokks. Ég flutti ræðu við 1. umr. þessa máls og rifjaði þar upp að Sjálfstfl. hefur látið umhverfismál sérstaklega til sín taka í mörg ár sem m.a. birtist í því frv. sem hér liggur fyrir um samræmda stjórn umhverfismála, 4. máli þessa þings, og ég skal ekki gera að umtalsefni hér frekar. Ég rifjaði líka upp sérstaka samþykkt landsfundar Sjálfstfl. frá því á sl. hausti, mjög ítarlega ályktun um umhverfis- og skipulagsmál, og gerði rækilega grein fyrir henni í ræðu minni þá, og ég ætla ekki að tefja tímann hér með því að lesa þá ályktun upp aftur. Ég ætla aðeins að stikla á örfáum meginatriðum. Það er lagt til að skógrækt, landgræðsla og gróðurvernd verði stóraukin og einstaklingar og samtök þeirra verði styrkt með beinum framlögum til landgræðslu og skógræktar og bændastéttin verði efld til aukinnar þátttöku í uppgræðslustarfi. Lagt er til að rannsóknir á mengun sjávarins umhverfis Ísland verði efldar og að Íslendingar hafi frumkvæði að samstarfi þjóða á norðurslóðum um varnir gegn mengun sjávar og ferskvatns og um málefni er varða viðhald vistfræðilegs jafnvægis í hafinu og eðlilega nýtingu auðlinda þess.

Vakin er athygli á því að mengunareftirlit sé best komið í höndum sveitarfélaganna, að efla þurfi mengunarvarnir og stuðla að endurnýtingu úrgangs og að eftirlit með notkun og förgun hættulegra efna verði að auka og vakin athygli á að gera þurfi stórátak í frárennslis- og sorpeyðingarmálum. Í fjórða lagi hefur verið lagt þar til að sett verði almenn lög um umhverfisvernd og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. Og ég vil sérstaklega beina því til hæstv. hagstofuráðherra sem er hér í salnum nú að það er misskilningur sem hann hefur haldið fram á opinberum vettvangi að Sjálfstfl. hafi skipt um skoðun í þessum málum. Hæstv. ráðherra vitnaði í útvarpsþætti nýlega, þar sem við ræddum þessi mál, til yfirlýsingar eða málefnasamnings ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og taldi að með þeirri yfirlýsingu hefði verið lagt til að stofnað yrði sérstakt umhverfismálaráðuneyti. Það er misskilningur. Í þeirri yfirlýsingu segir að við viljum samræma stjórn umhverfismála og fela samræminguna einu ráðuneyti. Við höfum hins vegar lagst gegn því að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti og það er ekkert nýtilkomið. Það er líka misskilningur hjá hæstv. hagstofuráðherra að okkar andstaða gegn því sé bundin hans persónu. Hann hefur haldið því fram að vegna þess að hann hafi horfið úr Sjálfstfl. séu sjálfstæðismenn honum sérstaklega gramir og hafi þess vegna tekið upp þá stefnu í þessum málum sem við berum hér fram á Alþingi. Þetta er líka mikill misskilningur. Okkar stefnumótun í þessu máli er miklu eldri en svo að hana megi rekja að einhverju leyti til þeirra atburða sem hér urðu fyrir kosningarnar 1987 og þess sem svo hefur gerst þar á eftir.

Það frv. sem samið var á vegum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var einmitt mjög í hinum sama dúr og okkar frv. nú, 4. mál þingsins, um samræmda stjórn umhverfismála, kveður á um, þannig að hér er auðvitað fyrst og fremst um málefnalegan ágreining að ræða, ágreining sem er á engan hátt bundinn við persónu hæstv. hagstofuráðherra þó að hann hafi auðvitað orðið fórnardýr þeirra kringumstæðna, getum við sagt, að eiga að verða sá ráðherra sem taki við þessu ráðuneyti.

Ég var að rifja upp nokkur atriði í stefnu Sjálfstfl. í þessum málaflokki en tók svolítinn útúrdúr vegna þess að hæstv. ráðherra var hér í salnum. Við lögðum líka til að rannsóknarstarf ríkisstofnana í landgræðslu og skógrækt verði eflt og skógræktarfélögum og einstaklingum yrði fengið aukið hlutverk í framleiðslu skógarplantna og við skipulagningu framkvæmda í héraði. Við höfum lagt þunga áherslu á að

árangur í umhverfismálum byggðist á skilningi almennings og áhuga á náttúru landsins. Almenningur þarf því að hafa greiðan aðgang að nútímalegum upplýsingum um landið og náttúru þess. Fræðsla um náttúruvernd og umhverfismál verði aukin í skólum og meðal almennings. Horfið verði frá miðstýringu í náttúruvísindum. Stutt verði dyggilega við það frumkvæði á sviði náttúrufræða sem stofnað hefur verið utan höfuðborgarinnar og að náttúrugripasöfn og náttúrufræðistofnanir um land allt verði efldar til að mynda þann almenna þekkingargrunn sem náttúruvernd og áhugi á umhverfismálum byggist á.

Það var líka lagt til í þessari ályktun að Íslendingar tækju aukinn og virkan þátt í samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi til verndar umhverfinu og til þess að vinna gegn umhverfisspjöllum í lofti, á láði og á legi og að umhverfisvernd verði einn af grundvallarþáttum í utanríkisstefnu þjóðarinnar.

Ég vildi aðeins rifja þetta upp sem ég rakti mun ítarlegar í minni ræðu í 1. umr. þessa máls til að undirstrika rækilega að það er ekki ágreiningur um málaflokkinn sem skilur á milli manna hér á hv. Alþingi. Það er ágreiningur um málsmeðferð og það er ágreiningur um hvernig eigi að skipa þessum málum í okkar stjórnkerfi. Ágreiningurinn snýst sem sagt um þetta: Á að stofna nýtt sérstakt ráðuneyti eða á að samræma stjórn umhverfismála með öðrum hætti? Svo snýst ágreiningurinn auðvitað líka um *málsmeðferðina sem ég hef nú þegar gert rækilega grein fyrir og skal ekki endurtaka hér.*

Ég ætla aðeins að fara yfir nokkur rök sem í mínum huga mæla mjög gegn þeirri leið sem hér hefur verið valin.

Hér er óneitanlega verið að bæta við ríkisbáknið. Það er verið að þenja ríkisbáknið út. Það er verið að auka við útgjöld ríkisins að óþörfu. Það eru 23 millj. á fjárlögum þessa árs sem er auðvitað aðeins byrjunin. Við vitnum til reynslu annarra þjóða og höfum sýnt fram á að þessi ráðuneyti, umhverfismálaráðuneyti, sem voru tiltölulega saklausar stofnanir í upphafi, og vafalaust fylgdu góð orð frá öllum um að ekki væri verið að stefna að neinum skrifræðisbáknum — það hefur allt farið úr böndunum, öll þau góðu fyrirheit þar sem við þekkjum til. Umhverfisráðuneytið er orðið langstærsta ráðuneytið í Danmörku með yfir 3000 starfsmönnum að undirstofnunum meðtöldum. Hvernig er ástandið í Danmörku? Hefur stjórn umhverfismála tekist vel í Danmörku eða þannig að til fyrirmyndar sé? Ég svara því neitandi. Mengun og umhverfisvandamál eru meiri í Danmörku en víðast hvar þrátt fyrir þetta gríðarlega skrifræðisbákn sem Danir hafa komið sér upp á sviði umhverfismála.

Í Noregi eru starfsmenn á þriðja þúsund í þessum málaflokki, í viðkomandi ráðuneyti og undirstofnunum. Og er það nú svo þrátt fyrir þessa gríðarlega *umfangsmiklu stofnun að mönnum hafi tekist að* sameina stjórn umhverfismála í þetta eina ráðuneyti eins og að var stefnt? Því fer fjarri. Á fjárlögum norska ríkisins árið 1989, hygg ég að það sé, voru 6,5 milljarðar norskra króna ætlaðir til umhverfismála en af þeim milljörðum fékk umhverfisráðuneytið aðeins 1,7 milljarða kr., 16 önnur ráðuneyti fengu það sem á vantar. Með öðrum orðum, þrátt fyrir þetta mikla skrifræðisbákn í Noregi hefur mönnum ekki tekist að sameina betur stjórn þessa málaflokks en þarna kemur í ljós í þessum tölum.

Og hvers vegna er þetta nú svo? Því er reyndar mjög vel svarað í Brundtland-skýrslunni sem oft hefur komið til umræðu hér. *Þar er vakin mjög* rækileg athygli á því að þessi málaflokkur er mjög viðtækur og viðfeðmur. Hann er samofinn mörgum ólíkum málaflokkum þannig að miðstýring í einu ráðuneyti eða einhverri einni stofnun gengur auðvitað alls ekki upp. Þetta hefur komið í ljós á Norðurlöndum eins og ég hef vitnað hér til áðan. Þrátt fyrir þessi miklu skriffinnskubákn sem þar eru hefur þetta dæmi ekki gengið upp þar.

Það sem verra er er að önnur ráðuneyti, sérstaklega *atvinnumálaráðuneytin*, líta orðið á umhverfisráðuneytin sem andstæðing sinn. Þau líta á umhverfismálin sem sérstakt verkefni þessa sérstaka ráðuneytis og þau þurfi þess vegna ekkert um það að hugsa. Þetta er þeirra mál. Þetta er ykkar mál, er gjarnan viðkvæðið í atvinnumálaráðuneytunum. Þetta skapar togstreitu. Þetta skapar misskilning. Þetta skapar lélegri árangur, verri stjórn umhverfismála.

Hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir taldi að þetta væri ekki rétt túlkun á því hvað mundi gerast eins og við sjálfstæðismenn höfum haldið fram. Ég vil svara því til að við erum auðvitað ekkert að túlka eitt eða neitt. Við erum að vísa til reynslunnar í öðrum löndum um þetta efni og ég held að reynslan hafi sýnt það hjá okkur Íslendingum að við hefðum gjarnan í fleiri málum sagt: Til þess eru vítin að varast þau. Við höfum verið allt of fljót til að grípa upp alls konar tískustefnur frá útlöndum og færa þær yfir á okkar stjórnkerfi. Og hvaða rök eru það, hæstv. forsrh., þó að Bandaríkjamenn ætli að breyta sinni umhverfismálastofnun í ráðuneyti? Við erum annars vegar að tala um þjóð sem telur 250 millj. manna og hins vegar þá litla þjóð hér norður á hjara veraldar sem telur 250 þúsund. Eigum við að fara að apa upp stjórnkerfi Bandaríkjamanna til þess að (**Forsrh.:** Kannski hafa þeir heyrt um okkar hugmyndir.) Það skyldi þó aldrei vera, hæstv. forsrh., að Bandaríkjamenn væru farnir að líta á okkur sem sérstaka fyrirmynd í stjórnun. (**Forsrh.:** Einmitt.) Ég er viss um að svo er ekki, en þessi rök eru auðvitað hættuleg. Við getum ekkert litið til milljónaþjóðanna sem fyrirmyndar í stjórnkerfi að þessu leyti, að við eigum að setja upp nýtt skrifræðisbákn hér á Íslandi vegna þess að Bandaríkjamenn séu að hugsa um að gera það. Við ættum að líta okkur nær. Við ættum að líta til þeirrar reynslu sem aðrar þjóðir og þá sérstaklega þær sem næstar okkur *standa, eins og Danir og Norðmenn, hafa nú* þegar af þessum málum.

Ég hef rætt við mjög marga stjórnmálamenn á Norðurlöndum um þeirra reynslu af umhverfismálaráðuneytum og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem ég

hef talað við telur að reynslan sé ekki góð. Þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum með lélegan árangur. Þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum með gífurlegan kostnað. Þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum með hversu útþenslan hefur verið mikil í þessum ráðuneytum, hversu starfsmannafjöldinn hefur orðið mikill, og þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum með hve árangurinn af starfinu hafi orðið lítill. Og það er auðvitað til slíkra þjóða sem við eigum að sækja okkur reynslu áður en við förum að vaða út í fenið og áður en við tökum ákvarðanir eins og að er stefnt í þessu máli.

Ég minntist aðeins á Brundtland-skýrsluna hér áðan, „Our Common Future, World Commission on Environment and Development". Ég hef lesið þá skýrslu og í þeirri skýrslu er ein samfelld aðvörun gegn miðstýringu í þessum málaflokki, gegn tilhneigingu undanfarinna ára til að loka þennan málaflokk inni í ákveðnum stofnunum og ég hef bent sérstaklega á, bæði hér áður á þinginu og á öðrum stöðum, lokakaflann: Í átt til sameiginlegra aðgerða. Tillögur um breytingar á stofnunum og löggjöf. Á hverri blaðsíðu í þessum kafla skín aðvörun gegn því að rífa stjórnun umhverfismála úr tengslum við aðra málaflokka og þessi aðvörun er sett fram bæði fyrir þá sem starfa á alþjóðavettvangi í þessum málum og innan einstakra ríkja. Þess vegna er það auðvitað með öllu óforsvaranlegt að við skulum nú rjúka til vegna stundarpólitískra hagsmuna núv. ríkisstjórnar, einstakra ráðherra innan hennar, að stíga þetta mikilvæga skref í okkar stjórnkerfismálum. Stjórnkerfið er svo viðkvæmt að um það þarf að ríkja sem víðtækust samstaða í þjóðfélaginu. Það er þess vegna mjög alvarlegt hvernig að þessu máli hefur verið staðið.

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. forsrh. flutti sína framsöguræðu fyrir þessu máli 8. nóv. flutti hann eina ræðu fyrir tveimur frv. Og ástæðan var sú að þessi mál yrðu ekki sundurskilin. Þess vegna er útilokað að ræða stofnun umhverfisráðuneytis án þess að um það sé rætt á sama tíma hvaða verkefni eigi að fylgja þessu ráðuneyti. Hæstv. ríkisstjórn hefur að vísu valið þann kostinn að taka ráðuneytið út úr en skilja verkefnin eftir. Auðvitað er það vegna þess að það er bullandi ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar og innan ríkisstjórnarliðsins um það hvaða verkefni þetta ráðuneyti eigi að fá. Og það hefur hæstv. forsrh. staðfest mjög rækilega í sinni ræðu hér í gær, en hann sagði, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég hef nýlega rætt þetta í ríkisstjórn og það er óskiptur stuðningur, bæði við stofnun umhverfisráðuneytis og við flutning verkefna þangað. Hins vegar sagði ég í framsöguræðu minni hér með þessu máli að um einstök atriði þar væru skiptar skoðanir og menn þyrftu að skoða þau vel. Eitt sem ég nefndi í framsöguræðu minni var t.d. Hollustuverndin. Á hún að flytjast öll eða á hún að flytjast að hluta? Sömuleiðis er það engin launung að skoðanir eru skiptar um það hvernig eigi að skipta gróðurverndinni á milli umhverfisráðuneytis og landbrn. Þetta hef ég aldrei farið leynt með og það er engin launung að innan stjórnarliðsins, eins og milli þingmanna hér, eru skiptar skoðanir um þessi mikilvægu málefni, svo að ég nefni tvö."

Hann tekur þessi tvö mál sem dæmi um þann mikla ágreining sem er innan stjórnarliðsins og milli þm. hér á Alþingi um það hvaða verkefni þetta nýja ráðuneyti eigi að fá. Og þess vegna liggur það auðvitað alveg ljóst fyrir að þrátt fyrir allar yfirlýsingar hæstv. forsrh. eða hv. 3. þm. Austurl. Jóns Kristjánssonar, sem er formaður allshn. Nd., þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðherra og hv. þm. um að nú verði unnið rösklega í því að koma í gegnum nefndina frv. um verkefnin, þá er það allt á huldu. Ágreiningurinn er svo mikill og djúpstæður að það er allt á huldu um það hvenær tekst að ná einhverju samkomulagi um það og hvort það tekst yfir höfuð nokkuð. Við erum með óvenjulega stutt þing að þessu sinni samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur og vegna sveitarstjórnarkosninga. Þess vegna er alls óvíst hvernig þessu máli muni reiða af og því alveg eins líklegt að við sitjum uppi í heilt ár með umhverfisráðuneyti án verkefna, með umhverfisráðherra án verkefna, og sjá nú allir hversu mikið vit er í slíkri málsmeðferð.

Það verður auðvitað ekkert sundurskilið hvaða verkefni þetta ráðuneyti eigi að fá og hvort eigi að stofna það yfir höfuð eins og hæstv. forsrh. gerði sér auðvitað manna best grein fyrir þegar hann flutti sína framsöguræðu hér 8. nóv. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að víkja hér að nokkrum málaflokkum til þess að sýna fram á hversu mikill og djúpstæður ágreiningur er um þá málaflokka og hvar eigi að vista þá í stjórnkerfinu eða hvort eigi að setja þá undir hið nýja ráðuneyti.

Það sem mér finnst athyglisvert þegar skoðaðar eru umsagnir þær sem borist hafa, sem eru ærið margar, og ég mun ekki tefja tímann á að fara rækilega ofan í þær allar, það er heil mappa, athyglisverðast er að það eru tvö ráðuneyti sem snúast mjög harkalega gegn þessu frv. Það er annars vegar landbrn. og hins vegar samgrn. Það hlýtur auðvitað að vekja athygli að tvö ráðuneyti undir stjórn hæstv. ráðherra í þessari ríkisstjórn snúast mjög harkalega gegn þessum frv. Maður spyr sjálfan sig: Eru nokkrar líkur til þess að embættismennirnir í þessum ráðuneytum hafi skrifað bréf af þessu tagi án samráðs við sína ráðherra? Auðvitað ekki. Það sendir enginn embættismaður bréf um svona viðkvæm pólitísk deilumál inn í þingið öðruvísi en að hafa samráð við sinn ráðherra. Það er því bullandi ágreiningur um þetta innan ríkisstjórnarinnar. Ég skal aðeins víkja að bréfi landbrn. sem var sent þann 19. jan., nú fyrir stuttu síðan.

Þar kemur fram að ráðuneytið vísi til greinargerðar sem send var aðstoðarmanni forsrh. 22. okt. sl. og bendi á mjög alvarlega annmarka sem það mundi hafa för með sér að flytja landgræðslu og skógrækt yfir til umhverfisráðuneytisins. Það væri auðvitað freistandi að lesa þetta ítarlega álit upp en ég vil ekki tefja tímann á því. Niðurstaða ráðuneytisins er hins vegar sú að óeðlilegt sé að yfirstjórn um landgræðslu

og skógrækt sé flutt frá landbrn. til hins nýja umhverfisráðuneytis. Undir þetta álit landbrn. skrifar ráðuneytisstjórinn, Sveinbjörn Dagfinnsson, og með honum ritar, það er nú reyndar athyglisvert, Níels Árni Lund sem er okkur að góðu kunnur hér á hv. Alþingi sem varamaður hæstv. forsrh. og kemur oft inn á þing sem slíkur. Hann skrifar undir þetta sterklega orðaða aðvörunarbréf frá landbrn. En ég vil aðeins lesa þá greinargerð sem þeir vitna til og send var frá landbrn. 22. okt. 1989. Hún er mjög athyglisverð um þetta mál í heild og snertir ekki bara verkefnin heldur það hvað eigi að falla undir þetta nýja ráðuneyti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nærri 20 ára reynsla er fengin af starfi umhverfisráðuneyta í nokkrum nágrannalöndum okkar. Staðreynd er að þessi ráðuneyti hafa víða náð að þenjast út með ólíkindahraða og orðið tröllauknar stofnanir en samt ekki náð að verða virkar á þann hátt sem upphaflega var að stefnt og vonir bundnar við. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur verið samin skýrsla um umhverfis- og þróunarmál sem út kom árið 1987. Skýrslan heitir á norsku „Vår felles fremtid". Nefnd sú sem samdi skýrsluna var undir forsæti Gro Harlem Brundtland. Nefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að breyta þyrfti starfsaðferðum í umhverfismálum. Í stað þess að taka afleiðingum af ákvörðunum annarra og bæta úr þar sem þær hafa valdið umhverfistjóni verði allir þeir sem með ákvörðunum sínum geta haft áhrif á umhverfið gerðir meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð þannig að hagræn sjónarmið og vistræn ákvarðist af sömu aðilum.

Með línum þessum fylgja ljósrit af nokkrum blaðsíðum úr bókinni „Vår felles fremtid" og er það gert sérstaklega með tilliti til þess að tillögur nefndarinnar fara um sumt þvert á það sem þar er kynnt sem meginstefna í umhverfismálum í næstu framtíð. Stefna sú sem Brundtland-nefndin boðar hefur nánast hlotið heimssamþykkt sem framtíðarstefna í umhverfismálum. Í Evrópu hefur hún m.a. verið samþykkt af Efnahagsbandalaginu, af EFTA og af Nordisk ministerråd. Í einkaviðtali við Alþýðublaðið 2. sept. sl. segir þýski stjórnmálamaðurinn Oscar Lafontaine m.a. að það gangi ekki að umhverfismálum verði steypt í eitt ráðuneyti og þar verði unnið að þeim meðan önnur ráðuneyti haldi óbreyttri stefnu. Leggja þyrfti áherslu á að allir væru jafnábyrgir. Þessi Oscar Lafontaine kom hingað til lands ekki alls fyrir löngu. Hann er verðandi kanslaraefni vestur-þýskra jafnaðarmanna og maður varð var við á þeim móttökum sem þessi ágæti maður fékk hjá íslenskum krötum að þeir líta á hann sem einn allsherjar gúrú, líta upp til hans með mikilli lotningu og virðingu. Honum var tekið hér sem þjóðhöfðingja þegar hann kom hér. (**Gripið fram í:** ... að líta upp til einhvers.) Það er rétt, hv. þm., en einmitt þess vegna er athyglisvert að hann skuli flytja þessi aðvörunarorð til sinna flokksbræðra sem nú eru vegna stundarpólitískra hagsmuna, vegna geðþóttaákvarðana, að stefna í að framkvæma það sem hann varar eindregið við. En ég ætla að halda áfram að vitna í þetta bréf landbrn.:

„Í norska umhverfisráðuneytinu sem var stofnsett 1973 starfa hátt á þriðja þúsund manns, flestir í Osló en einnig í fylkjum landsins. Sérstakt viðfangsefni í ráðuneytinu nú er að aðlaga störf þess að stefnumótun Brundtland-skýrslunnar. Af heildarfjárveitingum ársins 1989 til umhverfismála, 6 milljörðum 378,4 Nkr., er umhverfisráðuneytinu ætlað 1,6 milljarðar. Hinn hluti fjárveitingarinnar skiptist á umhverfisviðfangsefni 16 annarra ráðuneyta."

Ég hef greint frá þessu áður. Síðan er vitnað í Brundtland-skýrsluna á norsku. Mér finnst óviðeigandi að vera að lesa hér upp norsku úr þessum ræðustól, en megininntakið í þessari tilvitnun er aðvörun gegn því að loka þennan málaflokk inni í einstökum ráðuneytum eins og hér er verið að gera. Síðan segir í þessu bréfi landbrn. þegar búið er að vitna í hina norsku þýðingu skýrslunnar:

„Það fyrirkomulag sem skýrslan mælir með er það sem hér ríkir, þ.e. að þeir sem nýta auðlindir lands og lagar gæta þeirra jafnframt. Landbrn. og stofnanir þess fara með nýtingu jarðvegs og gróðurs og verndun hans. Sjútvrn. og stofnanir þess fara með stjórnun og nýtingu sjávarfangs og verndun fiskstofna og iðnrn. með málefni sem varða orkunotkun og margvísleg samskipti við landið af þeim sökum. Ekki kemur með í drögum nefndarinnar [sem samdi frv.] eða meðfylgjandi gögnum markmiðssetning með stofnun umhverfisráðuneytis, greinargerð né heldur skýrgreining á því hvað skuli teljast umhverfismál. Af upptalningu verkefna umhverfisráðuneytis sést að því er mest ætlað að vera eftirlits-, vöku-, samræmingar- og fræðslustofnun um meðferð auðlinda og um háttsemi manna gagnvart lofti, láði og legi. Fallist er á þá stefnu og er hún í samræmi við verkefni umhverfisráðuneyta annarra landa sem eru rekin á þann hátt."

Og síðan er greint frá því að frá þessari stefnu sé þó vikið verulega í frv. að því er snertir Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Það er greinilegt að þetta ráðuneyti, sem lýtur stjórn hæstv. landbrh. Steingríms J. Sigfússonar, er nú ekki par hrifið af því sem þarna er verið að efna til. Er hægt að fá betri vitnisburð um þann bullandi ágreining sem ríkir innan ríkisstjórnarinnar en það sem þarna kemur fram, að eitt mikilvægt ráðuneyti skuli á þennan hátt hreinlega snúast gegn því frv. sem hér liggur fyrir.

En það eru fleiri ráðuneyti sem hér koma við sögu og það er samgrn. sem ég ætla að vitna næst til. Það er bréf frá 23. jan.:

„Ráðuneytið sendi umsögn sína um tillögur varðandi væntanlegt umhverfisráðuneyti til nefndarinnar sem samdi tillögurnar með bréfi dags. 27. okt. 1989. Fylgir það hér með í ljósriti. Ekkert hefur síðan gerst í þessum málum sem breytir afstöðu ráðuneytisins. Rétt er þó að undirstrika enn frekar óhagræðið af því að Siglingamálastofnun ríkisins skuli skipt milli tveggja ráðuneyta þvert ofan í allar algildar stjórnunarreglur. Einnig vill ráðuneytið ítreka að Veðurstofa Íslands á fyrir flestra hluta sakir miklu fremur heima undir yfirstjórn samgrn. en væntanlegs umhverfisráðuneytis.

Rétt er að taka fram að það álit sem hér kemur fram er á ábyrgð embættismanna ráðuneytisins en ekki ráðherra."

Þeir vilja nú firra ráðherrann ábyrgð af þessum skrifum en auðvitað er það ljóst að embættismenn ráðuneytisins eru ekkert að skrifa svona bréf nema hæstv. ráðherra viti af því. Þeir höfðu þó ekki fyrir því í landbrn. að setja slíkan fyrirvara í sína eindregnu andstöðu.

En um hvað er þá deilt sérstaklega á sviði samgrn.? Það er sérstaklega um Siglingamálastofnun ríkisins og um Veðurstofu Íslands. Það liggur fyrir hér mjög ítarleg álitsgerð frá Siglingamálastofnun ríkisins um það frv. sem hér liggur fyrir og reyndar um þau þrjú frv. sem nefndin fékk til meðferðar, þ.e. allshn. Nd. Ég leyfi mér að vitna í álit Siglingamálastofnunar ríkisins, með leyfi forseta:

„Siglingamálastofnun ríkisins hefur undanfarin missiri veitt umsagnir um frv., þáltill. og drög að reglugerð sem varða á einn eða annan hátt umhverfismál og stjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Í umsögnum þessum, sem sendar hafa verið allshn. Sþ. 4. apríl 1989, allshn. Nd. 12. maí 1989 og sérstakri nefnd á vegum forsrn. 24. okt. 1989, hefur stofnunin hvergi lýst þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti til þess að fara með yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þvert á móti hefur þeirri skoðun verið lýst að árangur opinberrar stefnu í umhverfisvernd muni á hverjum tíma ráðast frekar af vilja löggjafans til lagasetningar og útvegunar fjármagns til verkefnanna heldur en með hvaða hætti yfirstjórn málaflokksins er komið fyrir innan stjórnkerfisins.

Vissulega hlýtur að skipta þar meginmáli, eigi að tryggja á hagkvæman hátt virka umhverfisvernd, að það takmarkaða fjármagn sem til ráðstöfunar er af almannafé nýtist sem best. Þetta er nefnt hér í upphafi vegna athugasemda er koma fram í grg. með frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og kunna að gefa ranga hugmynd af viðhorfum stofnunarinnar til umhverfisráðuneytis og vikið verður nánar að síðar.

Stofnuninni er að sjálfsögðu fullkunnugt um þá umræðu sem farið hefur fram og þær tilraunir sem gerðar hafa verið til að koma á samræmdri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands um langt árabil, eða um a.m.k. 15 ára skeið, einnig hversu erfitt það hefur reynst að ná samstöðu um það hvernig skipa skuli umhverfismálum í stjórnkerfinu. Eina af meginástæðum þess hversu lítt hefur miðað í þessum tilraunum telur stofnunin vera að ekki hefur verið lögð áhersla á að skilgreina þau vandamál sem við blasa í umhverfisvernd, hvar hafi í raun hallað undan fæti og hvers vegna, hvar hafi betur tekist og hvernig það hafi gerst. Hvergi í hinum fjölmörgu greinargerðum nefnda og starfshópa sem fjallað hafa um þessi mál á ýmsum tímum er að finna mat á því hvernig það fyrirkomulag sem hér hefur verið á framkvæmd umhverfismála innan Stjórnarráðsins hafi reynst í einstökum atriðum. Sérstaða Íslands hvað atvinnuhætti og náttúrulegt umhverfi varðar gerir það að verkum að það er alls ekki sjálfgefið að það fyrirkomulag sem flest nágrannalönd hafa tekið upp við stjórnun umhverfismála, reyndar með nokkuð misjöfnum árangri, sé hin hagkvæma lausn fyrir íslenska stjórnkerfið. Líti menn hins vegar svo á að það sé stjórnmálaleg nauðsyn að taka upp hliðstætt fyrirkomulag hér við yfirstjórn umhverfismála og gerist meðal helstu nágrannalanda okkar er það að sjálfsögðu allt annað mál.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur allt frá árinu 1961 haft með höndum ákveðið eftirlit með mengun sjávar hér við land. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu um hvaða mál skuli telja til umhverfismála er tæpast nokkur ágreiningur um að mengunarmál eru einn helsti málaflokkur umhverfismála. Það er einnig augljóst að verndun hafsvæðanna umhverfis landið gegn mengun er eitt af helstu hagsmunamálum þjóðarinnar. Vegna dreifðrar byggðar í landi og vegna þess að lítið er hér um mengandi iðnað en á hinn bóginn tiltölulega mikið um skipaferðir á hafsvæðinu umhverfis landið er vægi mengunar frá skipum mun meira hér við land en gerist hjá nágrannaþjóðum þar sem mengun frá iðnaði og landbúnaði eiga stærstan þátt í sjávarmengun.

Önnur mengunarhætta á hafsvæðinu í kringum landið er fyrst og fremst vegna losunar úrgangs í sjó frá öðrum ríkjum sem hingað berst um loftveg eða með hafstraumum. Báðum þessum þáttum höfum við Íslendingar sinnt og verulegur árangur náðst þó vissulega megi enn betur gera.

Ýmislegt bendir til að mengun af völdum þrávirkra hættulegra efna sem ógna hvað mest lífríki á öðrum hafsvæðum sé lítil sem engin hér við land. Til að ganga þó rækilega úr skugga um raunverulegt ástand hafsvæðisins umhverfis Ísland að þessu leyti er nú hafin víðtæk athugun á tilvist þessara mengunarefna í mengunarlögsögunni undir stjórn samgrn. Athugun þessi sem standa mun yfir til ársloka 1992 er unnin í samvinnu við ýmsar rannsóknastofnanir í landinu. Er leitast við að nýta sem best þá rannsóknaaðstöðu sem fyrir hendi er þannig að kostnaður vegna verksins verði í lágmarki."

Ég vek sérstaka athygli á þessum orðum, ekki síst vegna þess sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan um rannsóknarþáttinn og að nauðsynlegt væri að hið nýja ráðuneyti tæki strax við ýmsum rannsóknum á þessu sviði, að samgrn. hefur nú þegar hafið ítarlegar rannsóknir í samvinnu við rannsóknastofnanir og lýsir vel þeim aðferðum sem þar er beitt sem ég tel að séu mjög æskilegar einmitt til þess að halda niðri eins og hægt er kostnaði vegna slíkra rannsókna. En áfram vitna ég í bréf Siglingamálastofnunar:

„Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi þar sem jafnan hefur verið lögð meginhersla á að ná fram auknum takmörkunum á losun úrgangs í sjó hefur hingað til farið fram undir yfirstjórn samgrn. í samráði við utanrrn. Má benda á nokkur dæmi um bein áhrif Íslands á þróun innan alþjóðasamtaka til takmörkunar á losun þrávirks úrgangs í sjó. Þessi atriði telur

stofnunin rétt að benda á nú þegar umfjöllunin um þau frv. sem hér um ræðir fer fram á hv. Alþingi."

Þetta eru mjög athyglisverð ummæli því að ein helstu rök hæstv. forsrh., í ræðu sem hann hélt hér fyrr í dag, fyrir því að nauðsynlegt sé nú að stofna umhverfisráðuneyti eru að hægt sé að sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði umhverfismála. Það streymi að boð og beiðnir um þátttöku í alls kyns alþjóðlegum ráðstefnum og það sé nauðsynlegt að stíga þetta skref, að stofna nýtt ráðuneyti, breyta lögunum um Stjórnarráð Íslands til að hægt sé að taka þátt í þessu samstarfi. Hér bendir hins vegar Siglingamálastofnun á að hún hafi undir stjórn samgrn. tekið þátt í margs kyns alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og ekki nóg með það heldur haft forustu og forgöngu um breyttar alþjóðlegar reglur um losun þrávirks úrgangs í sjó. Þetta eru mjög athyglisverð ummæli með tilliti til þeirra orða sem hæstv. forsrh. hefur viðhaft hér í þessari umræðu.

Síðan segir í bréfi Siglingamálastofnunar:

„Þrátt fyrir að um þrjú frv. sé hér að ræða lítur stofnunin svo á að hér séu á ferðinni tvö mál þar eð líta beri á 128. mál sem fylgifrv. 129. máls. Verður því í þessari umsögn litið á frv. þrjú sem tvö mál, annars vegar 128. og 129. mál og hins vegar 4. mál." Er síðan í umsögninni fjallað sérstaklega um það mál sem hér er nú á dagskrá og reyndar 129. mál, og þá segir svo:

„Frv. gera ráð fyrir að stofnað verði nýtt ráðuneyti, umhverfisráðuneyti, er fari með yfirstjórn umhverfismála og undir ráðuneytið heyri tiltekin starfsemi sem í dag heyrir undir ýmis önnur ráðuneyti. Í frv., þ.e. 129. máli, er ekki að finna sérstök ákvæði um áherslubreytingar í umhverfisvernd, en gert er ráð fyrir að hafist verði handa um að semja frv. til laga um umhverfisvernd þegar eftir stofnun ráðuneytisins þar sem mótuð verði stefna í umhverfisvernd. Því er erfitt að meta gildi þessa frv. fyrir bætta umhverfisvernd.

Með frv. fylgja í fylgiskjali I drög að breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands. Drög þessi hafði stofnunin fengið til umsagnar með bréfi dags. 12. okt. sl. Í bréfinu var þess sérstaklega getið að ekki væri óskað umsagnar um stofnun umhverfisráðuneytis þar sem það væri þegar ákveðið. Með bréfi dags. 24. okt. sl. til nefndar er samdi drögin lagði stofnunin áherslu á að starfsemi stofnunarinnar yrði ekki skipt upp af tæknilegum og hagrænum ástæðum þó að yfirstjórn mengunarmála yrði flutt úr samgrn. í umhverfisráðuneyti eins og fyrirliggjandi reglugerðardrög gerðu ráð fyrir.

Stofnunin lagði því til að í stað þess að tiltekin deild stofnunarinnar heyrði undir umhverfisráðuneytið færi ráðuneytið með yfirstjórn þeirra mála er varða varnir gegn mengun sjávar. Fyrir þessari breytingu voru færð ítarleg rök í bréfi til nefndarinnar sem fylgir hjálagt til fróðleiks. Þessar staðreyndir telur stofnunin að komi því miður ekki fram í grg. með frv. þar sem fjallað er um Siglingamálastofnun ríkisins (sjá bls. 10 í grg.)."

Ég staðnæmist hér aðeins við. Hvers vegna er þessi greinargerð þannig útbúin að það eru valdir kaflar úr álitsgerðum einstakra stofnana, kaflar sem eru sérstaklega hagstæðir þeirri stefnu sem hér er verið að reyna að knýja fram? Er þá reynt að dylja fyrir hv. þm. önnur atriði sem ýmsar stofnanir hafa látið frá sér fara þar sem mælt er gegn ýmsu sem í þessum frv. kemur fram? Slíkum spurningum verður auðvitað að svara hér og það er forsrh. einn sem getur svarað þeim. En ég held áfram með tilvitnunina. Þar segir:

„Ein helsta röksemd þess að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála er að þá dragi úr þeim hagsmunaárekstrum sem fylgja því að atvinnuvegasjónarmið og friðunar- og verndunarsjónarmið heyri undir sama ráðuneyti eins og segir í grg. með frv.

Athygli vekur að svo virðist sem þessari reglu skuli ekki beitt þar sem hagsmunirnir hljóta að vera hvað mestir hér á landi, þ.e. í verndun og nýtingu auðlinda hafsins. Þetta er líka athyglisvert í ljósi þess að það er einnig nefnt sem rök fyrir stofnun umhverfisráðuneytis að sterkar líkur séu til þess að í vaxandi mæli verði lögð áhersla á hin samofnu tengsl umhverfisverndar og nýtingar auðlinda en þeirri skoðun er stofnunin sammála í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu árum með vaxandi áhuga almennings á umhverfisvernd. Þá er óljóst hvert skuli vera hlutverk umhverfisráðuneytis í alþjóðlegum samskiptum, m.a. með hliðsjón af verkefnum utanrrn. í utanríkisverslun og alþjóðlegu samstarfi í ljósi þeirra röksemda sem færðar eru fyrir stofnun umhverfisráðuneytis um útflutning á matvælum og yfirumsjón með erlendum samskiptum. Stofnunin er því þeirrar skoðunar, ef stofna skal sérstakt umhverfisráðuneyti í Stjórnarráði Íslands í þeirri mynd sem hér er lagt til, að eðlilegt sé að verndun auðlinda hafsins falli einnig undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis. Með því yrði yfirstjórn mengunarvarna og verndun auðlinda hafsins í höndum sama ráðuneytis, umhverfisráðuneytis, sbr. ákvæði Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um verndun og nýtingu auðlinda hafsins.

Hvað varðar önnur efnisákvæði frumvarpanna, þá sér stofnunin ekki frekara tilefni til breytinga á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, en gert er ráð fyrir í 12. gr. frv. til laga um breytingar á lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis. Með þeirri breytingu er búið að gera þær breytingar að lögum sem nauðsynlegar eru til að fella mengunarvarnastarfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis. Því er lagt til að endurskoðun laga nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, verði felld niður úr ákvæðum til bráðabirgða, enda það ákvæði allsendis óþarft að því er séð verður."

Þetta er úr áliti Siglingamálastofnunarinnar og í næsta kafla er fjallað um frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála. Ég ætla ekki að lesa þann kafla allan, en bendi á þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stofnunin hefur verið þeirrar skoðunar að ástæða sé til að samræma betur en gert hefur verið yfirstjórn hinna ýmsu þátta mengunarmála, hvort sem það yrði gert í einhverju núverandi ráðuneyta eða nýju ráðuneyti, þar sem tekið yrði mið af þeirri reynslu og

árangri sem náðst hefur í umhverfisvernd í einstökum ráðuneytum og stofnunum þar sem leitast yrði við að tryggja í senn hagkvæmni og virka umhverfisverndarstefnu.

Stofnunin telur þetta frv. [þ.e. frv. okkar þm. Sjálfstfl.] fullnægja þeim skilyrðum. Hvað varðar beina umhverfisvernd eru í frv. fyrirmæli um mikilvægar aðgerðir í umhverfismálum, svo sem um stofnun sérstaks umhverfisverndarsjóðs, um minnkun á notkun ósoneyðandi efna og um bann við notkun á blýbensíni, svo og um gerð framkvæmdaáætlunar um skolp og frárennsli sveitarfélaga. Öll þessi atriði verður að telja, miðað við núverandi ástand, brýn verkefni á mengunarvarnasviðinu. Stofnunin hefur samt ýmsar athugasemdir og ábendingar um einstakar greinar frv. og skal nú gerð grein fyrir þeim." Og síðan koma í þessari vönduðu greinargerð Siglingamálastofnunar fram ýmsar ábendingar um breytingar á okkar frv. sem er sjálfsagt að skoða og taka til athugunar, en út úr þessari álitsgerð skín það hversu verið sé að fara út á vafasama braut með því frv. sem hér liggur fyrir.

Önnur stofnun sem heyrir undir samgrn. er Veðurstofa Íslands. Þar er nú aldeilis ekki verið að hrópa húrra fyrir frv. sem hér liggur fyrir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðalatriðið í svari mínu verður umsögn um þá tillögu sem fram kemur í 128. og 129. máli [Allir tala um þessi frv. í einu lagi þó að verið sé að reyna að slíta þau í sundur hér. Þess vegna er útilokað annað, þegar verið er að ræða um þessar umsagnir, en að ræða um verkefnin einnig.] að yfirstjórn Veðurstofu Íslands verði flutt frá samgrn. til fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis. Þegar á allt er litið er ég andvígur þessari tillögu og skulu nú helstu ástæður fyrir þeirri afstöðu raktar lið fyrir lið.

1. Í lista yfir þau málefni og stofnanir sem lagt er til að heyri undir umhverfisráðuneyti má segja að Veðurstofa Íslands og e.t.v. Landmælingar Íslands hafi verulega sérstöðu. Flestar aðrar stofnanir og málefni sem þar eru talin eru óumdeilanlega beinlínis tengd náttúruvernd og heilbrigðiseftirliti að meira eða minna leyti og því eðlilegt að þau falli undir nýja ráðuneytið. Veðurstofan hefur aftur á móti að langmestu leyti það þjónustuhlutverk að gefa almenningi upplýsingar um veður og skyld fyrirbæri sem flest eru þess eðlis að ekki stendur í mannlegu valdi að hafa áhrif á þau nema að harla litlu leyti.

2. Þær stofnanir sem Veðurstofan hefur langsamlega mest fjárhagsleg samskipti við auk ríkisins eru Póst- og símamálastofnunin og Alþjóðaflugmálastofnunin. Síminn og önnur fjarskipti hafa frá upphafi verið lífæðakerfi í veðurþjónustu, að sjálfsögðu undir yfirstjórn samgrn., og því er æskilegt að báðar stofnanir lúti sömu stjórn. Þarna er um að ræða bæði söfnun veðurskeyta og dreifingu veðurfregna, svo sem um loftskeytastöðina í Reykjavík og strandstöðvar Landssímans, en þess ber þó að geta að útvarpsstöðvar koma líka við þessa sögu. Alþjóðastofnun flugmála leggur Veðurstofunni árlega til verulegar upphæðir, yfir 20% af rekstrarkostnaði Veðurstofunnar, en einnig renna verulegar fjárhæðir frá þessari alþjóðastofnun til símans og Flugmálastjórnar. Því liggur beint við að sama ráðuneytið fylgist með þessum mikilvægu alþjóðlegu fjárveitingum hjá öllum þessum stofnunum og kemur þá ekki annað til greina en samgrn.

3. Auk þess sem nefnt var við lið 2 hefur Veðurstofan mikið samstarf við Vitamálastofnun og Flugmálastjórn. Á 13 veðurstöðvum er veðurathugunarmaður jafnframt vitavörður og það léttir þessi samskipti að Veðurstofan heyrir undir samgrn. eins og Vitamálastofnun gerir. Mikil upplýsingaskipti fara fram milli Veðurstofu, Flugmálastjórnar og flugfélaga og hefur samgrn. greitt á ýmsan hátt fyrir þeim samskiptum.

4. Þó að Veðurstofan þjóni landbúnaði með veðurspám og ýmissi annarri atvinnustarfsemi með margvíslegum upplýsingum er það mjög áberandi að veðurspár séu í þágu samgangna. Þar ber fyrst að nefna flugið, en þjónusta við sjómenn er ekki lítilvægari og einhver helstu not alls almennings af veðurspám snerta einmitt ferðalög, hvort sem er í atvinnuskyni eða til þess að njóta orlofs á faraldsfæti í hálendi eða í byggðum.

5. Ætla mætti að í nágrannalöndum hafi menn komist að svipaðri niðurstöðu og hér hefur verið reifuð, að veðurstofur heyri eðlilega undir samgönguráðuneyti þó að önnur sjónarmið geti að sumu leyti komið til greina. Þetta sannast vel á eftirfarandi töflu sem er gerð eftir skýrslu Alþjóðlegu veðurfræðistofnunarinnar árið 1985. Sá fjöldi landa er yfirgnæfandi þar sem samgönguráðuneyti fer með mál veðurstofu en næst koma mennta- og hermálaráðuneyti."

Ég ætla ekki að lesa þessa töflu upp en draga saman að veðurstofur heyra undir samgönguráðuneyti í níu löndum, undir mennta- og vísindaráðuneyti í þremur löndum, undir hermálaráðuneyti í tveimur, innanríkisráðuneyti í einu, landbúnaðarráðuneyti í einu, í einu landi undir umhverfisráðuneyti, þ.e. í Kanada, og í einu landi undir viðskiptaráðuneyti og það sem kallað er lofts- og lagarstofnun en þar er um að ræða Bandaríkin.

„6. Auk þess sem hér hefur verið rakið eru það líka rök út af fyrir sig að margra áratuga góð reynsla hefur fengist af því að Veðurstofan heyri undir samgrn. Starfsfólk þess hefur góða þekkingu og skilning á starfsemi Veðurstofunnar og það er nokkur ábyrgðarhluti að rifta fyrirkomulagi sem vel hefur gefist."

Þetta bréf er nokkuð lengra. Ég ætla ekki að lesa meira úr því en það er undirritað af Páli Bergþórssyni veðurstofustjóra og hann bendir á að þetta sé samhljóða áliti fyrirrennara hans í starfi, þ.e. Hlyns Sigtryggssonar. Svona má í raun og veru telja upp hverja stofnunina á fætur annarri, hvern aðilann á fætur öðrum sem hefur fengið þetta mál til umsagnar, að allir hafa efasemdir og mjög margir eru andvígir því fyrirkomulagi sem hér er verið að vitna til og stefnt er að.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að gera öllu fleiri

umsagnir að umtalsefni. Ég vil þó nefna eina stofnun sem heitir Rannsóknaráð ríkisins og ég geri það vegna þess að hæstv. forsrh. taldi að það væri sérstaklega mikilvægt að samþykkja þetta frv. svo hægt væri með reglugerð að fela umhverfisráðuneytinu rannsóknir á þessu sviði. En í umsögn Rannsóknaráðs ríkisins, dags. 9. jan. 1990, segir, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs frá allshn. Alþingis, dags. 19. des. sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvörp varðandi breytingar á skipan umhverfismála.

Rannsóknaráð ríkisins fjallaði um málið á fundi sínum 6. jan. sl. Rannsóknaráð er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir það að stofnun umhverfisráðuneytis hafi lengi verið á dagskrá liggi í reynd ekki fyrir og ekki komi fram í umræddum frv. nein sannfærandi greining á þeim efnisvanda sem nýju ráðuneyti sé ætlað að fjalla um og því varla tímabært að stofna það. Ekki verður heldur séð að fjölgun ráðuneyta auðveldi lausn mála sem áfram verða í veigamiklum atriðum til umfjöllunar í átta ráðuneytum, ekki síst þegar tekið er fram að hugtakið umhverfismál er látið óskilgreint í þeim lagatextum og greinargerðum sem lagðir eru til grundvallar."

Hér lýkur tilvitnun í Rannsóknaráð ríkisins sem er virðuleg stofnun sem hefur sína stjórn og hefur komist að þessari niðurstöðu þegar hún hefur fjallað um frv. Þetta er auðvitað mjög athyglisvert, ekki síst þegar haft er í huga að hæstv. forsrh. tilgreinir hér sem helstu rök fyrir því að nauðsynlegt sé að keyra hér í gegn frv. um Stjórnarráð Íslands að hægt sé með reglugerð að færa rannsóknastarfsemi til þessa ráðuneytis. Ég er viss um að hæstv. forsrh., sem er fyrrv. framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, hlýtur að taka tillit til umsagnar af þessu tagi, hlýtur að hugsa sig um tvisvar þegar hann sér að þessi stofnun sem hann var áður framkvæmdastjóri fyrir leggst gegn þessu máli á jafneindreginn hátt og fram kemur í þessari umsögn.

Virðulegi forseti. Mér þótti nauðsynlegt að fjalla nokkuð ítarlega um þetta frv. sem hér liggur fyrir, um málsmeðferðina, um stofnun umhverfisráðuneytis, og um þau verkefni sem talað hefur verið um að þetta umhverfisráðuneyti fengi, guð veit hvenær úr því að nú á að skilja þetta tvennt að. Og ég hef rætt um verkefnin sérstaklega vegna þess að ég tel að ekki verði sundur skilið ákvörðun um stofnun ráðuneytis né hvaða verkefni ráðuneytið eigi um að véla og læt *máli mínu lokið.*

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að samkomulag hefur tekist um það að umræðum um 1. dagskrármálið, Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 129. mál Nd., verði frestað nú og umræðunni fram haldið á reglulegum fundi í hv. deild nk. þriðjudag. Samkomulagið fjallar einnig um það að þá ljúki 2. umr. og 3. umr. ljúki eigi síðar en kl. 16 á miðvikudag.

Matthías Á. Mathiesen *(um þingsköp):*

Virðulegi forseti. Það er gjarnan svo þegar við biðjum um orðið um þingsköp að við erum að gagnrýna. Það er líka ástæða til þess að gera það þegar þannig er að hlutum staðið sem hér hefur verið gert, og vil ég þakka forseta fyrir hans framgöngu í þessu máli.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka hv. þm. hans ágætu orð.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Afgreiðsla erlends gjaldeyris (284. mál) 3132.
Afstaða ríkisstjórnarinnar til fréttatilkynningar um málefni Panama (283. mál) 3119.
Almannatryggingar (288. mál, fæðingarorlofsgreiðslur) 3063, 3154.
Atvinnulíf í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu (204. mál) 3104.
Eftirlaunasjóður einstaklinga (62. mál) 3006.
Greiðsla kostnaðar á fundaferðum ráðherra (277. mál) 3115.
Húsameistari ríkisins (227. mál) 3111.
Landsvirkjun (264. mál, jöfnun orkuverðs) 3059.
Laun forseta Íslands (130. mál, heildarlög) 3050.
Lágmarksframfærslukostnaður í landinu (99. mál) 3005.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (233. mál) 3061, 3154.
Leiðsögumenn í hópferðum erlendra aðila á Íslandi (159. mál) 3030.
Málrækt 1989 (266. mál) 3082.
Mengunarvarnir á Gunnólfsvíkurfjalli (275. mál) 3127.
Menningarsamskipti við Vestur-Íslendinga í Kanada (120. mál) 3006.
Niðurskurður vegna riðuveiki (281. mál) 3136.
Orkunotkun í nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði (274. mál) 3122.
Starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins (110. mál) 3005.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 3154, 3207.
Tekjuskattur og eignarskattur (231. mál, eignarskattur af íbúðareign) 3050.
Um þingsköp 3042 (orkuskattur og kjarasamningar); 3097 (fyrirspurn um kennsluefni í íslenskum bókmenntum); 3108 (fyrirspurn um atvinnulíf í Rangárvallasýslu); 3143 (skýrsla um kaup hlutabréfa í Samvinnubanka. Frv. um skatt á orkufyrirtæki); 3193 (fundarhald á föstudegi. Frv. um umhverfisráðuneyti).
Útreikningur þjóðhagsstærða (142. mál) 3038.
Varamaður tekur þingsæti 3005.
Varðveisla ljósvakaefnis (71. mál) 3005.
Yfirlýsing forsætisráðherra um brot á 41. gr. Vínarsáttmálans (282. mál) 3140.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3098, 3099, 3101, 3102, 3108, 3109, 3110.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 3005, 3147, 3152.
Forseti Ed. Guðrún Agnarsdóttir 3043, 3044, 3047, 3049.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 3180, 3194, 3196, 3197, 3199, 3200, 3203, 3206, 3226.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3105, 3111, 3113, 3115, 3117, 3120, 3121, 3175, 3202, 3203, 3204, 3207.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 3073, 3123.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 3114, 3121, 3130, 3137, 3139, 3143.
Menntmrh. Svavar Gestsson 3082, 3095, 3097, 3099.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3118, 3129, 3131, 3141, 3142.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3133, 3144, 3146, 3148, 3150, 3153.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 3012, 3079.
Alexander Stefánsson 3018, 3028.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3010, 3071.
Árni Gunnarsson 3036.
Ásgeir Hannes Eiríksson 3016, 3117.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3190, 3207.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3030, 3038, 3060, 3117, 3122, 3126.
Eggert Haukdal 3061, 3106, 3110.
Elín R. Líndal 3136, 3139.
Friðjón Þórðarson 3037, 3177.
Friðrik Sophusson 3143, 3147, 3150, 3201, 3202, 3206.
Geir H. Haarde 3116, 3122, 3135.
Guðmundur Ágústsson 3049, 3055, 3056.
Guðmundur H. Garðarsson 3013, 3023, 3029, 3043, 3047, 3050, 3053, 3055, 3057.
Guðni Ágústsson 3006, 3020, 3029, 3104, 3107, 3109, 3111, 3113.
Guðrún Agnarsdóttir 3052, 3091.
Guðrún Helgadóttir 3132, 3134, 3136.
Halldór Blöndal 3042, 3045, 3047, 3050, 3097, 3098, 3100, 3102, 3103, 3131, 3144, 3146, 3149.
Hjörleifur Guttormsson 3125.
Ingi Björn Albertsson 3198.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 3044, 3047.
Jón Helgason 3036, 3050, 3059.
Jón Kristjánsson 3154, 3200.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 3025, 3030.
Kolbrún Jónsdóttir 3188.
Kristinn Pétursson 3187.
Kristín Einarsdóttir 3038, 3078, 3115, 3169.
Matthías Bjarnason 3199.
Matthías Á. Mathiesen 3196, 3226.
Málmfríður Sigurðardóttir 3127, 3131.
Ólafur G. Einarsson 3107, 3108, 3156, 3193, 3200.
Ólafur Þ. Þórðarson 3092, 3101, 3108, 3110, 3125, 3127, 3197.
Rannveig Guðmundsdóttir 3076.
Salome Þorkelsdóttir 3054, 3055, 3094.
Sólveig Pétursdóttir 3063, 3080, 3180.
Stefán Valgeirsson 3017, 3027, 3035, 3130.
Þorsteinn Pálsson 3109, 3119, 3121, 3140, 3141, 3143, 3144, 3151, 3153, 3195, 3203, 3206.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3126.

SAMEINAÐ ÞING

46. fundur, mánudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Norrænt samstarf 1989, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 271. mál. — Þskj. 500.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég fylgi hér úr hlaði með örfáum orðum skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf frá mars 1989 til des. 1989. Í inngangi skýrslunnar segir að samstarfsráðherra Norðurlanda leggi nú fyrir Alþingi í þriðja sinn sérstaka skýrslu um störf ráðherranefndar Norðurlanda og er skýrsla Íslandsdeildar lögð fram með henni.

Nú er það svo að skýrsla samstarfsráðherrans liggur ekki enn fyrir, en talið var að varla væri hægt að tala fyrir skýrslu Íslandsdeildarinnar nema hún væri nánast sem fylgiskjal með skýrslu samstarfsráðherrans. Af einhverjum ástæðum hefur það dregist að leggja hana fram og ég verð að finna að því vegna þess að það sama gerðist í fyrra. Þá var beðið eftir skýrslu samstarfsráðherra það lengi að ekki vannst tími til að hafa umræðu um skýrsluna um norrænt samstarf. Ég sé hins vegar að þessi mál, ekki bara þetta heldur líka skýrslur Alþjóðaþingmannasambandsins og Þingmannasambands EFTA-ríkjanna eru einnig hér á dagskrá og mér sýnist á því að ekki sé talið neitt athugavert við það að ræða slíkar skýrslur án þess að ráðherrar fylgi þeim úr hlaði. Þessi skýrsla tekur sem sagt yfir tímabilið frá mars 1989 til loka ársins.

Ég ætla mér ekki að lesa hér neitt að ráði upp úr þessari skýrslu, vísa fremur til hennar, þar á meðal um skipan Íslandsdeildarinnar, hverjir kosnir voru til hennar í desember 1988 og svo aftur nú í desember 1989. Ég get þó um það, vegna þess að hér hefur fallið niður nafn í hinu prentaða þingskjali, að þann 22. des. sl. voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir í Norðurlandaráð: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson, Valgerður Sverrisdóttir, Hreggviður Jónsson og Þorsteinn Pálsson, en hans nafn hefur þarna fallið niður og þingskjalið verður væntanlega prentað upp.

Þegar þessi skýrsla var gerð hafði Íslandsdeildin ekki skipt með sér verkum, en það hefur hún nú gert og formaður Íslandsdeildarinnar er sá sem hér stendur. Tilnefndur í forsætisnefndina er auk mín Páll Pétursson og hann er einnig tilnefndur af Íslandsdeildinni sem næsti forseti Norðurlandaráðs, en Norðurlandaráðsþingið verður haldið hér í Reykjavík dagana 27. febr. til 2. mars.

Um störf Íslandsdeildarinnar á þessu tímabili er það að segja að hún hefur haldið sex fundi, einn með ráðuneytisstjóra utanrrn. um samninga Evrópubandalagsins og EFTA, einn með sérfræðingum um mengunarmál og svo einn fréttamannafund. Störfin hafa mótast að verulegu leyti af undirbúningi fyrir Norðurlandaráðsþingið sem, eins og ég sagði áðan og allir vita, verður haldið hér um næstu mánaðamót. Þessu fylgir mikill undirbúningur og nokkur annar en áður vegna þess að þingið er nú haldið á öðrum stað. Það hefur til þessa verið haldið í Þjóðleikhúsinu en nú verður það haldið í Háskólabíói, þar á meðal í hinum nýju sölum sem verið er að ljúka við núna. Auk þess hafa fundarsalir á Hótel Sögu verið teknir á leigu. Þá verður afhending bókmennta- og tónlistarverðlaunanna í Borgarleikhúsinu. Sú athöfn hefur áður verið í Háskólabíói, en af eðlilegum ástæðum verður það ekki hægt núna vegna þess að það þarf að gera verulegar breytingar á salnum vegna fundarhaldanna þar.

Þess er getið hér í skýrslunni að uppi hafi verið nokkrar deilur í Norðurlandaráði að undanförnu um kjör í trúnaðarstöður og þá sérstaklega í forsætisnefndina. Þær deilur eru af pólitískum toga. Norðurlandaráð skiptir sér upp í pólitískar fylkingar og þær hafa orðið nokkuð fyrirferðarmeiri, ef svo má segja, á undanförnum árum og það hefur gerst að einn flokkahópurinn, vinstri sósíalistar, hefur ekki átt fulltrúa nú síðasta árið í forsætisnefnd ráðsins, einfaldlega vegna þess að engin deildanna tilnefndi fulltrúa frá þeim flokkahópi, en svo hafði áður verið, að í forsætisnefndina hafði verið tilnefndur fulltrúi úr þessum hópi af dönsku deildinni. Út af þessu hafa risið nokkrar deilur og því var vísað til laganefndar ráðsins að gera tillögur um hvernig mætti ná þarna annarri reglu. Þær tillögur hafa verið til meðferðar í forsætisnefndinni og þeim lyktaði þannig að á fundi forsætisnefndar hér í Reykjavík í desember var ákveðið að til bráðabirgða yrði bætt við einum áheyrnarfulltrúa í forsætisnefndina þannig að þar komi til með að sitja 11 og sá flokkahópur sem ekki nær fulltrúa í forsætisnefndina í gegnum landsdeildirnar fær þá þennan áheyrnarfulltrúa. Þetta er bráðabirgðaráðstöfun og ég kem að henni svo nánar síðar.

Á vegum Íslandsdeildarinnar var haldinn sérstakur undirbúningsfundur fyrir ráðstefnu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um mengun sjávar, en sú ráðstefna var haldin í Kaupmannahöfn dagana 16.–18. okt. á sl. ári. Þá ráðstefnu sóttu fulltrúar 15 þjóðþinga í Evrópu og Kanada. Fulltrúar á ráðstefnunni sameinuðust um lokaskjal þar sem m.a. var bent á nauðsyn þess að sem flestar þjóðir staðfestu Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sem fulltrúar Alþingis sóttu þessa ráðstefnu Páll Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson en auk þess sat ég ráðstefnuna sem fulltrúi í forsætisnefndinni. Þá var einnig, eins og ég nefndi áðan, haldinn fundur með Hannesi Hafstein ráðuneytisstjóra í utanrrn. Haldinn var fundur um undirbúning samningsviðræðna EFTA og Evrópubandalagsins og sá fundur var haldinn til undirbúnings aukaþings Norðurlandaráðs sem haldið var í Mariehamn á Álandseyjum 14. nóv. sl. um Norðurlönd og þróunina í Evrópu.

Ég sleppi því að ræða sérstaklega einstakar tillögur sem hafa verið til meðferðar hjá Íslandsdeildinni. Ég nefni þó eina, sem hefur að vísu verið afskrifuð núna. Það er þingmannatillaga um beina kosningu til Norðurlandaráðs. Það var tillaga, sem kom fram í fyrra, um að kosið yrði beinni kosningu til Norðurlandaráðs en Íslandsdeildin hefur ekki mælt með slíkri skipan og eins og ég sagði hefur tillagan nú verið afskrifuð og kemur ekki frekar til umfjöllunar.

Ég vísa til þess sem segir hér í skýrslunni um störf nefndanna, en þar er getið um helstu mál sem til þeirra hafa komið. Það er til forsætisnefndarinnar sérstaklega og síðan annarra nefnda en rétt er að ég telji þessar nefndir upp.

Það er í fyrsta lagi laganefndin. Þar til á sl. hausti var formaður hennar hv. þm. Eiður Guðnason en hann hefur nú látið af störfum í Norðurlandaráði og ég sé sérstaka ástæðu til að þakka honum fyrir mjög vel unnin störf í Íslandsdeild ráðsins og reyndar í Norðurlandaráði í heild þar sem hann hefur lengi gegnt formennsku í nefndum, fyrst í menningarmálanefnd í mörg ár og síðustu árin í laganefnd. Sæti hans í laganefnd hefur nú tekið Sighvatur Björgvinsson og jafnframt hefur hann tekið við formennsku í nefndinni.

Í menningarmálanefnd situr af hálfu okkar Valgerður Sverrisdóttir og er hún varaformaður nefndarinnar en í fjarveru hennar á þessu þingi hefur tekið sæti Jón Kristjánsson. Í félags- og umhverfismálanefnd hefur setið af okkar hálfu og situr Páll Pétursson. Í samgöngumálanefnd sat fram á síðasta haust Óli Þ. Guðbjartsson. Við hans sæti tók þá Guðrún Agnarsdóttir en nú hefur tekið þar sæti Hreggviður Jónsson. Í efnahagsmálanefnd sitja af okkar hálfu Hjörleifur Guttormsson og Þorsteinn Pálsson. Í fjárlaga- og eftirlitsnefnd sitja Ólafur G. Einarsson og Sighvatur Björgvinsson nú. Þetta var um nefndirnar og um þeirra starf vísa ég að öðru leyti til skýrslunnar.

Aukaþing Norðurlandaráðs var haldið á Álandseyjum þann 14. nóv. sl. og í tengslum við það voru haldnir haustfundir nefndanna allra. Þar var fyrst og fremst fjallað um tillögur varðandi Norðurlönd og þróunina í Evrópu, en jafnframt voru fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda fyrir árið 1990 afgreidd. Í skýrslunni er nokkuð ítarlega getið um þetta þing og vísa ég enn til skýrslunnar.

Ég nefni svo að nú á síðustu mánuðum hefur verið töluvert mikið rætt um hugsanleg samskipti Norðurlandaráðs við Sovétríkin og Eystrasaltsríkin sérstaklega. Þar hefur gjarnan verið ofarlega í umræðunni ræða sem Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, hélt í Helsingfors á sl. hausti þar sem hann hvatti til að tekið yrði upp samband á milli Norðurlandaráðs og Sovétríkjanna. Áður hafði svokölluð alþjóðamálanefnd, sem við Páll Pétursson áttum sæti í, nefnd sem hafði lokið störfum og skilað af sér, rætt þennan möguleika, raunar töluvert áður en þessi ræða í Helsingfors var haldin, og bollalagt um hvernig slíku sambandi mætti koma á. Um það hefur verið nokkur meiningarmunur með hvaða hætti þessi tengsl skyldu verða, en nú hefur forsætisnefndin ákveðið að senda sendinefnd í nafni Norðurlandaráðs til Sovétríkjanna og Eystrasaltsríkjanna. Það verður sjö manna nefnd sem skipuð verður fulltrúum annars vegar frá forsætisnefndinni og hins vegar fulltrúum frá þremur starfsnefndum ráðsins, menningarmálanefnd, efnahagsmálanefnd og félags- og umhverfismálanefnd. Sú nefnd verður undir forustu Páls Péturssonar. Hún hefur að öðru leyti ekki verið skipuð og endanleg ákvörðun ekki heldur tekin um hvenær þessi ferð verður farin, en væntanlega verður það í apríl/maí í vor.

Í sambandi við þessi fyrirhuguðu samskipti við Sovétríkin og Eystrasaltsríkin verður sérstaklega rætt um umhverfismál, menningarmál, viðskipti og svo persónuleg sambönd á milli þingmanna þessara ríkja og Norðurlandaráðs. Þetta er ekki nein samningaferð heldur er hún farin til að þessir aðilar skiptist á skoðunum og það er skýrt tekið fram að þarna verða ekki rædd utanríkismál eða varnarmál, enda slíkt ekki heimilt samkvæmt Helsingforssáttmálanum.

Að ýmsu leyti má segja að Norðurlandaráð standi nú á krossgötum. Hinar öru breytingar í Evrópu kalla á endurmat þessa samstarfs. Umræðan um Evrópubandalagið og þróunin í Evrópu yfirleitt hefur sett mjög svip sinn á starfið undanfarin missiri og kemur auðvitað til með að gera það áfram. Ég þykist sjá það og heyra að samstarf þingmanna EFTA-ríkjanna er einnig í vissu endurmati, og ég held að þetta þurfi að athugast allt í samhengi með framtíð þessa samstarfs í huga.

Það er rétt að geta þess að sérstök endurskoðunarnefnd hefur nú nýlega hafið störf á vegum Norðurlandaráðs. Hún á að endurskoða skipulag og störf ráðsins. Hún er undir forsæti norska þingmannsins Bjarne Mörk Eidem, fyrrv. sjávarútvegsráðherra Norðmanna, og af hálfu okkar situr í nefndinni Páll Pétursson. Þessari nefnd er ætlað að ljúka sínu endurskoðunarstarfi á hausti komanda samkvæmt áætluninni en kannski er það nokkur bjartsýni að ætla að hún geti lokið svo yfirgripsmiklu starfi sem henni er ætlað á svo skömmum tíma.

Eins og ég hef þegar nefnt verður næsta þing Norðurlandaráðs haldið hér í Reykjavík dagana 27. febr. til 2. mars. Þar verða ýmis merk mál rædd og eru þar auðvitað fyrirferðarmestar, að venju, ýmsar tillögur frá ráðherranefndinni. Mér sýnist að umhverfismál verði þar mjög á dagskrá, bæði vinnuumhverfi, mengun sjávar og loftmengun. Þarna verður einnig ráðherranefndartillaga um áætlunina „Norden i Evropa 1989–1992". Hún verður rædd áfram. Ég nefni einnig tillögur um byggðamál, tungumálasamstarf á Norðurlöndum, viðurkenningu á prófum milli landa og fleira mætti nefna þótt ég sleppi frekari upptalningu.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka samstarfið í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og einnig samstarfið við skrifstofu deildarinnar.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að tilkynna að skýrsla samstarfsráðherra um Norðurlandasamstarfið á vegum ráðherranefndarinnar hefur því miður dregist í nokkra daga, en fyrir því eru mjög gildar ástæður. Í síðustu viku var fundur samstarfsráðherra í Kaupmannahöfn og staðgenglafundur. Skrifstofustjóri skrifstofu samstarfsráðherra Norðurlanda í Reykjavík, Jón Júlíusson, þurfti þá að sitja þennan fund, en um það var að ræða að velja á milli hvort hann færi til þessa fundar eða sleppti fundinum til þess að ljúka skýrslunni þannig að hún yrði tilbúin hér í dag. Ég tók þá ákvörðun að það væri nauðsynlegt að Jón færi utan til þess að sitja þennan fund, einfaldlega vegna hagsmuna Íslendinga sem þar voru í húfi, en svo háttaði málum að á fundi samstarfsráðherra í Kaupmannahöfn í síðustu viku stóð til að afgreiða og ráðstafa stöðu forstjóra Norræna verkefnaútflutningssjóðsins en Íslendingar eiga þar og áttu umsækjanda sem var meðal þriggja þeirra sem komu til greina. Finnar sóttu mjög fast að hljóta þessa stöðu og það var alveg ljóst að hefði staðgengill minn, þ.e. skrifstofustjóri skrifstofu samstarfsráðherra hér, ekki setið fundinn, var það alveg vitað mál að finnski umsækjandinn hefði orðið fyrir valinu og þar með verið ráðinn næsti forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins.

Við höfum unnið að því um tveggja mánaða skeið að reyna að afla fylgis við að íslenski umsækjandinn, Þorsteinn Ólafsson, efnahagsráðunautur forsrh., yrði fyrir valinu en það var mjög á brattann að sækja og var alveg ljóst að það mætti engu muna hvort það tækist eða ekki. Með því að Jón Júlíusson, skrifstofustjóri skrifstofu samstarfsráðherra, sótti þennan fund tókst að snúa taflinu til betri vegar þannig að á fundi samstarfsráðherranna á þriðjudaginn í síðustu viku náðist samstaða, eftir mjög erfiðar og strangar málalengingar, um það að íslenski umsækjandinn, Þorsteinn Ólafsson, var ráðinn forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Ég leyfi mér að fagna þeirri ráðstöfun því að þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur hlýtur jafnstórt embætti í Norðurlandasamvinnunni utan Íslands. Það er því ástæða til þess að fagna því að þetta tókst. En það kostaði sem sagt það að því miður varð að tefja frágang á skýrslu samstarfsráðherra um nokkra daga, en ég get lofað hv. 2. þm. Reykn. því að hún mun verða tilbúin nú í þessari viku þannig að ég geri ráð fyrir að hægt verði að dreifa henni hér á þingi í vikulokin.

Ég ætla því ekki að hafa mjög mörg orð um þessi mál að svo stöddu heldur geyma mér að fjalla um þau þar til sú skýrsla sem ég gat um liggur fyrir. Ég vil þó taka undir með hv. 2. þm. Reykn., og ég er honum þar alveg sammála, að norrænt samstarf stendur nú mjög á krossgötum því að það hlýtur að vera verkefni okkar og reyndar áhyggjuefni um leið hvernig við eigum að treysta norræna samstarfið og sjá til þess að það lifi áfram í þeirri stóru Evrópuheild sem nú blasir við. Við þurfum öll að vinna að því að okkur takist að viðhalda því öfluga samstarfi sem Norðurlöndin hafa átt með sér á sviði menningarmála og ýmissa annarra mála þannig að við týnumst ekki inni í hinni stóru Evrópuheild sem blasir við.

Síðan langar mig að geta þess að lokum að samstaða náðist um það á fundi samstarfsráðherranna í Kaupmannahöfn í síðustu viku, sem er mjög ánægjulegt, að unnið skyldi að því að halda nýtt nordisk forum, þ.e. kvennaráðstefnu í líkingu við þá sem var haldin í Osló 1988, og jafnframt var tekin um það ákvörðun að vinna að því að halda æskulýðsráðstefnu, væntanlega í Svíþjóð, einhvern tímann innan tveggja til þriggja ára. Ég tel þess vegna að hér hafi náðst góður árangur því að ég veit það að meðal annars jafnréttisráðherra, sem er hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir sem jafnframt er jafnréttisráðherra í ríkisstjórninni, hafði lagt á það mikla áherslu að hægt væri að halda aðra kvennaráðstefnu, eins og þá sem var haldin í Osló fyrir tæpum tveimur árum. Ég er því ánægður yfir því að það skyldi nást samstaða um það að efna til annarrar slíkrar ráðstefnu innan líklega fjögurra ára.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á dagskrá þessa fundar eru skýrslur ýmissa nefnda sem eiga hlut að alþjóðasamskiptum fyrir hönd Alþingis og það er til bóta að þessar skýrslur skuli koma til umræðu ekki síðar en nú á þinginu, breyting til bóta frá því sem verið hefur þar sem umræða um álit þessara nefnda, skýrslugjöf, hefur oft á fyrri þingum fallið saman við skýrslu utanrrh. og blandast saman við þau stóru og viðamiklu mál sem tengjast umræðu um hana. Ég fagna þessari breytingu og vænti þess að áfram verði haldið og þetta verði til þess að fleiri raddir heyrist hér á þinginu varðandi þátttöku okkar í þessu alþjóðastarfi innan Norðurlanda á vegum EFTA og Alþjóðaþingmannasambandsins. Það er hins vegar verulegur ljóður á þessari umræðu, eins og kom fram hjá formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, að ekki skuli liggja fyrir skýrslan frá samstarfsráðherra okkar varðandi störf ráðherranefndar Norðurlanda sem tengjast að sjálfsögðu mjög verulega starfi Norðurlandaráðs sem þingmannasamkomu.

Það þarf ekki undan því að kvarta að á vettvangi Norðurlandaráðs fer fram mjög viðamikil umræða um stór málefni og raunar í meiri mæli nú hin síðari ár, hygg ég vera, en stundum á árum áður þegar undan því var kvartað að verkefnum færi fækkandi og ekki bæru við neinir stóratburðir eða umræða um hin mikilsverðustu mál á vettvangi Norðurlandaráðs. Hér eru það umhverfismálin og málefni Evrópu og Evrópusamstarfs sem hafa verið verkefni síðustu þinga ráðsins, aukaþings í Helsingör 1988, aðalþings í Stokkhólmi á síðasta vetri um mánaðamótin febrúar–mars, þar sem Evrópumálin bættust við og komu til sérstakrar umræðu og þátttaka Norðurlandaráðs í ýmsu alþjóðasamstarfi sem þeirri umræðu tengdist, og síðan sérstaks aukaþings sem kvatt var saman líklega í fjórða sinn, að mig minnir, í Maríuhöfn á Álandseyjum til þess að fjalla sérstaklega um Evrópumálin.

Það er ekki vettvangur hér til þess að fara að ræða

þessi stóru mál í einstökum atriðum, en ég tel að það hafi verið mjög gagnlegt, a.m.k. fyrir mig sem þingmann, að kynnast þessum málum á vettvangi Norðurlandaráðs og í nefndum ráðsins. Á vettvangi efnahagsnefndar ráðsins hafa Evrópumálin og það sem þeim tengist verið fyrirferðarmest á liðnu starfsári, en af einhverjum sökum hefur láðst að geta þess í umsögn um starf nefndarinnar og nefni ég það hér sérstaklega. Ég get sjálfsagt sjálfum mér að einhverju leyti um kennt að það hefur ekki verið fært þar inn í skýrslu nefndarinnar sem var gengið frá í jólahléi þingsins.

Það má segja að sú mikla breyting sem hefur orðið á málefnum Evrópu, vegna þróunar í Austur-Evrópu sérstaklega, hin síðustu missiri hefur vissulega sett svip sinn á umræðu um Evrópumálin. Á þinginu á Álandseyjum má segja að umræðan um málefni Austur-Evrópu, þá þróun sem þar hefur verið í gangi, og tilboð af hálfu forseta Sovétríkjanna til Norðurlandaráðs sem hann hafði flutt í tengslum við heimsókn sína í Finnlandi í október sl. yfirskyggði raunverulega umræður um samstarf ríkja í Vestur-Evrópu. Það var gagnrýnt þar verulega í umræðum á þinginu, m.a. af mér og mörgum fleiri sem þar tóku til máls, að viðbrögð forustu Norðurlandaráðs, forsætisnefndarinnar, skyldu ekki verða ákveðnari við tilmælum sem bárust frá forseta Sovétríkjanna þess efnis að Norðurlandaráð sendi nefnd til viðræðna til Moskvu og síðan fulltrúa til Eystrasaltslýðveldanna. Það vafðist mjög fyrir forsætisnefndinni að svara þessu tilboði með þeim hætti sem margir hefðu viljað sjá gerast, þ.e. taka undir það, þannig að það mætti verða í framhaldinu, svo að dæmi sé tekið, að hér á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í lok þessa mánaðar gætu hugsanlega komið áheyrnarfulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum eins og talsvert hafði verið um rætt, að bjóða slíkum fulltrúum einmitt inn á vettvang Norðurlandaráðs. Því miður verður ekki af þessu og ég tel ástæðuna vera þá að forsætisnefndin náði ekki samstöðu um það að svara þessu tilboði eins og ég hef hér talið rétt vera.

Forsætisnefndin hefur hins vegar tekið sig á með vissum hætti og það liggur fyrir ákvörðun sem formaður Íslandsdeildar kynnti hér áðan, ákvörðun sem tekin var nú fyrir síðustu mánaðamót, um það að senda pólitíska nefnd, fulltrúa Norðurlandaráðs, forsætisnefndar og einstakra nefnda til Sovétríkjanna til viðræðna, að mér skilst með vordögum, undir forustu verðandi forseta ráðsins, Páls Péturssonar. Þetta er ákvörðun sem ástæða er til að fagna að loks hefur verið tekin, og við skulum vænta að hún verði til þess að Norðurlandaráð láti sig meiru skipta alþjóðleg málefni, en eins og fram kom af hálfu formanns Íslandsdeildar, hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, hér áðan mun ekki bera þar á góma, a.m.k. ekki opinberlega, utanríkis- eða varnarmál sem svo eru kölluð. Ég býst við að ýmsum þyki það nokkuð sérkennilegt að þeim skuli haldið utan við í slíkri heimsókn, en ástæðan er einfaldlega þær reglur sem Norðurlandaráð starfar eftir, hinn svokallaði Helsinkisáttmáli sem útilokar það að á slíkum málum sé tekið innan ráðsins og af þess hálfu. Vissulega hafa menn nú oft farið á landamærin í umræðum á Norðurlandaráðsþingum, og ég hygg að ég hafi nálgast þau á stundum hér fyrr á árum þegar ég sótti þau þing, að ræða þau málefni. Svo mikið er víst að það er mikill áhugi á því meðal margra fulltrúa í Norðurlandaráði, og það ekki eingöngu af flokkum sem standa lengst til vinstri í hinu pólitíska litrófi heldur langt inn á miðjuna a.m.k., að breyta þarna til og tryggja það með breytingum á sáttmála ráðsins eða starfsreglum að það geti látið alþjóðleg málefni meira til sín taka.

Eitt af því sem hefur verið til umræðu og meðferðar einmitt á vettvangi ráðsins er þátttaka Norðurlandaráðs í alþjóðlegu samstarfi. Og það starfaði nefnd sem lauk störfum sl. haust, nefnd um alþjóðamálefni, og stóð að tillögum, sem fjallað hefur verið um og tekið hefur verið undir á vettvangi Norðurlandaráðs, um mjög aukin afskipti og samskipti Norðurlandaráðs í alþjóðlegu samstarfi. Þær hugmyndir eru hins vegar ekki til lykta leiddar og verða trúlega eitt af því sem nefnd, sem taka á á vinnureglum og starfsháttum Norðurlandaráðs undir forustu Bjarne Mörk Eidems og tekur til starfa eða er tekin til starfa rétt um þessar mundir, mun fjalla um, þar á meðal hugmyndina um það að stofnuð verði sérstök alþjóðanefnd sem fjalli um þau málefni á vegum Norðurlandaráðs. Ég teldi það rétt skref og mjög til bóta og verða til þess að hleypa ferskari vindum inn í sali eða starf Norðurlandaráðs þó að ég sé ekki þar með að segja að Norðurlandaráð eigi að fara að taka ákvarðandi á slíkum efnum. Þau eiga að mínu mati eftir sem áður að vera verkefni ríkisstjórna hvers lands með eðlilegum hætti, en jafneðlilegt er það að þingmannasamkoman ræði þessi mál og reyni að hafa áhrif á þau.

Það eru mörg atriði á dagskrá komandi þings hér í Reykjavík. Sum eru til undirbúnings sem stendur, þar á meðal endurskoðun á reglum og lánsramma Norræna fjárfestingarbankans, málefni sem varðar okkur Íslendinga þó nokkru þar sem við höfum notið verulega góðs af starfi þess banka og hljótum að hafa hag af því að hann eflist. Það er nokkurt hik á mönnum að taka undir þær tillögur sem fyrir liggja í þessum efnum. Ég skal ekki fara nánar út í þá þætti, en þau viðhorf koma meira frá hægri þar sem menn setja spurningar við hvort eðlilegt sé að þessi banki færist meira í fang en hann hefur gert, banki sem að er staðið af Norðurlöndunum sem ríkjum með framlagi og ábyrgð.

Ég vænti þess að þær tillögur sem fyrir liggja um þessi efni verði samþykktar, svo og sú skipan mála, stofnun sérstaks lánasjóðs til þess að lána til umhverfismála sem er sérstaklega hugsuð til þess að reyna að bæta úr og rétta fram aðstoð til Austur-Evrópuríkja sem hafa orðið mjög á eftir í sambandi við brýnar úrbætur í umhverfismálum og skapa verulegt vandamál fyrir Norðurlönd sem nágranna, þar á meðal varðandi Eystrasalt.

Byggðamálin eru á dagskrá Norðurlandaráðs oft

og tíðum. Á fundi efnahagsnefndar ráðsins mættu ráðherrar byggðamála nú um daginn og gerðu grein fyrir þeirri álitsgerð sem liggur fyrir og tillögum af hálfu ráðherranefndar byggðamála sem verða ræddar hér í Reykjavík á þinginu innan skamms. Ísland hefur notið góðs af samstarfi Norðurlanda á vettvangi byggðamála. Ísland allt er flokkað sem eins konar byggðasvæði, svæði sem notið geti stuðnings úr sjóðum Norðurlanda í sambandi við byggðamál og höfum við haft af því verulegt gagn. Við þurfum að efla þessa starfsemi. Það er okkur ótvírætt til hagsbóta. Það er nokkur togstreita á milli aðila um nýtingu fjármagns, m.a. hverju verja skuli til hinna svonefndu byggðasvæða á vesturhluta Norðurlanda og hins vegar til starfsemi á landamærasvæðum sem fé rennur til úr sömu sjóðum og til hinna eiginlegu byggðaþróunarmála.

Ég vil geta þess hér, vegna þess að það tengist Evrópuumræðunni og Evrópumálunum, að það kom fram hjá byggðamálaráðherranum, ég má segja frá ráðherra Finnlands sem fer með byggðamál, að verði Finnland og EFTA-svæðið þátttakandi í hinu svokallaða evrópska efnahagssvæði og yrði lagður sá mælikvarði á það samstarf sem nú gildir innan Evrópubandalagsins varðandi byggðasjóði og ráðstöfun fjár til byggðamála, þá stæðist ekkert af Finnlandi, ekkert svæði innan Finnlands, þá mælikvarða sem lagðir eru í sjóðum Evrópubandalagsins varðandi úthlutun fjár til stuðnings einstökum svæðum. Þetta held ég að geti verið, ásamt mörgu öðru, til umhugsunar í sambandi við það samstarf sem þar er á döfinni og mikið hefur verið rætt hér á Alþingi að undanförnu og er enn á dagskrá sem kunnugt er.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að taka öllu lengri tíma til að ræða hér skýrslu Norðurlandaráðs þó af mörgu væri að taka. Ég tel verulega þörf á að nú verði leitað leiða til að efla frá því sem verið hefur hið norræna samstarf. Ég tel að það hafi á svo mörgum sviðum sannað ágæti sitt og þátttaka Íslands verið okkur til ótvíræðs gagns á fjölmörgum sviðum. Þátttaka þingmanna í starfi Norðurlandaráðs er út af fyrir sig gildur þáttur, en það á einnig við um starf fjölmargra sem eiga að taka þátt í hinu fjölbreytilega samstarfsneti sem myndar hið norræna samstarf á mörgum sviðum. Ég tel að hugsa þurfi til þess að auka þetta samstarf fremur en hitt og það verður væntanlega rætt í þeirri vinnunefnd sem sett hefur verið niður til að endurskoða starfshætti og starfsreglur ráðsins, að um það verði fjallað, og það verður væntanlega eitt af umræðuefnunum hér á þinginu í Reykjavík.

Ég tel að eitt af því sem þurfi að íhuga sé að endurskipuleggja með vissum hætti starf nefnda ráðsins, t.d. að gera þá nefnd sem fjalla á um umhverfismálin sjálfstæða. Þau hafa aukist mjög að umfangi eins og annars staðar á alþjóðavettvangi og ég held að það gæti verið til bóta að umhverfismálin fengju meðferð í sérstakri nefnd og væru greind frá öðrum málefnum, ekki með ólíkum hætti og rætt hefur verið um að gerist hér á landi með því að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála og vonandi tekst að ná því marki einnig hér en þá með þeim hætti að allir geti verið sæmilega sæmdir af. Ég held líka að það gæti verið til athugunar fremur að fjölga fundum Norðurlandaráðs en stytta kannski fundartíma í staðinn. Sú skipun að efna til aukaþinga um sérstök málefni hefur, að ég hygg, reynst vel og orðið til þess að starfið hafi orðið hnitmiðaðra. Það er ekki orðið að neinni reglu enn sem komið er, en það er eitt af því sem taka ber til athugunar í sambandi við starfsemi ráðsins.

Við skulum vænta þess að þátttaka okkar í þingi Norðurlandaráðs og sá atburður verði norrænu samstarfi og þátttöku Íslands í því til framdráttar og okkur til sóma sem er ætlað að halda þetta þing hér á landi innan fárra vikna.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það kom í minn hlut sl. tvö ár að gegna formennsku í laganefnd Norðurlandaráðs hafandi þar áður starfað nokkuð lengi sem formaður menningarmálanefndarinnar. Vil ég sérstaklega þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir þau orð sem hann lét falla hér í minn garð áðan og ítreka þakkir fyrir þau svo og þakkir til þeirra annarra sem ég hef starfað með í Norðurlandaráði þessi ár. Mig langaði, virðulegi forseti, að víkja hér nokkuð að einstökum verkefnum sem laganefndin sinnti á síðasta ári en geri það þó í mjög stuttu máli.

Það er rétt sem fram kom í ræðu formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs að upp kom verulegur ágreiningur um kosningu í trúnaðarstöður og ég held að það verði að segja hverja sögu eins og hún er að forsætisnefnd ráðsins tókst ekki að leysa það mál. Því var vísað til laganefndarinnar og þar var fjallað um málið á allmörgum fundum og þar tókst að finna lausn sem næstum allir voru bærilega sáttir við, þó með vissum fyrirvörum af hálfu hægri manna í nefndinni. En það verður líka að segja þá sögu eins og hún gekk til að ekki voru allir flokkarnir tilbúnir til að standa að tillögum sinna manna í þessari nefnd þegar upp var staðið.

Nú stendur yfir endurskoðun á öllu starfskerfi, nefndum og starfi Norðurlandaráðs og það er því auðvitað eðlilegt að málið sé, eins og forsætisnefndin ákvað á fundi sínum í desember, leyst til bráðabirgða en síðan komi það inn í þessa heildarendurskoðun hvernig þetta verður í framtíðinni.

Af öðrum málum sem nefndin fjallaði um má nefna að starf hennar mótaðist nokkuð af þeim málum sem varða þróunina í Evrópu og auknum alþjóðasamskiptum Norðurlandaráðs og þar hefur satt best að segja orðið á gerbylting á fáeinum árum. Það sem einu sinni var næstum því bannað um að tala er nú aðalumræðuefnið á öllum fundum ráðsins, þ.e. alþjóðlegt samstarf og alþjóðleg samskipti í Evrópu. Laganefnd fjallaði ítarlega um skýrslu alþjóðanefndar Norðurlandaráðs um alþjóðlegt starf og um starfsáætlun ráðherranefndarinnar um Evrópumálin.

Það hefur verið vikið hér að tillögu um beinar

kosningar í Norðurlandaráð sem nefndin hafnaði. Það voru allir sammála um að það væri hvorki tímabært né skynsamlegt. Ýmsar tillögur frá nefndinni koma til umfjöllunar á þingi Norðurlandaráðs hér á næstunni. Nefndin hefur haldið fundi árlega með dómsmálaráðherrum Norðurlandanna, svo og þeim ráðherrum er annast málefni flóttamanna og á fundum með dómsmálaráðherrunum hefur jafnan verið rætt um nauðsyn þess að Norðurlöndin haldist áfram opið vegabréfasvæði, sameiginlegt vegabréfasvæði, og þá eru menn að horfa til þess sem gerist í Evrópu eftir 1992 þegar eftirlit verður af lagt á landamærum innan Evrópubandalagsríkjanna.

Þetta mál hefur oftar en einu sinni borið á góma á fundum nefndarinnar og norrænu dómsmálaráðherranna og mikill áhugi á því að það megi haldast svo sem verið hefur. Nefndin hefur reglulega haldið fundi með fulltrúum Samaráðsins. Hún hefur einnig rætt við fulltrúa norrænu íþróttasambandanna og sérfræðinga um það vandamál sem notkun ýmiss konar lyfja, ólögleg lyfjanotkun, er í tengslum við iðkun íþrótta. Í september sl. hélt nefndin fund með sérfræðingum um Evrópubandalagsrétt og þar flutti m.a. fyrirlestur prófessor Stefán Már Stefánsson.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta mikið fleiri orð. En því er ekki að neita að á liðnum árum hefur norrænt samstarf oft verið gagnrýnt. Þær raddir hafa heyrst víða í þjóðfélaginu og þær hafa ekki síður heyrst frá ýmsum hv. þm., m.a. hér úr þessum ræðustól. Ég held að sú gagnrýni lýsi næsta mikilli vanþekkingu á því sem gerist á norrænum vettvangi. Það er oft sagt að þar gerist nánast ekki eitt, menn sitji þarna fundi og þar sé mikið talað en minna gerist.

Ég minni á í því sambandi að fyrir þremur árum flutti sá sem þetta mælir tillögu um stofnun norræns kvikmyndasjóðs sem ég tel mikið hagsmunamál fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn og íslenska kvikmyndagerð. Þessi tillaga var samþykkt, sjóðurinn hefur verið stofnaður og er tekinn til starfa með mjög ríflegu framlagi frá aðildarríkjunum og á áreiðanlega eftir að láta mjög gott af sér leiða. Ég nefni líka tillögu sem flutt var um bann við útflutningi á hættulegum vörum, en mörg ríki hafa iðkað þann sið að flytja út til þróunarlandanna vörur sem ekki fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru á heimamarkaði. Nú hefur verið samþykkt í Norðurlandaráði tillaga um þetta. Ég gæti haldið áfram og talið margar, margar fleiri tillögur sem Íslendingar hafa haft frumkvæði að og samþykktar hafa verið í Norðurlandaráði, en það er eins og þetta vilji stundum liggja í láginni og það er meira talað um það sem fjölmiðlamönnum þykir fréttnæmara þó að ekki sé ævinlega merkilegt.

Það er örugglega rétt sem menn hafa sagt hér fleiri en einn, að norræn samvinna stendur á tímamótum. Hún gerir það og það gerir raunar allt samstarf allra Evrópuríkjanna. Það er alveg áreiðanlegt að við Íslendingar og íslenskir þingmenn verðum að sinna þessu starfi verulega mikið betur en gert hefur verið. Það kostar bæði fé og fyrirhöfn. En ég held að ella eigum við á hættu að daga uppi og fylgjast ekki með því sem er að gerast og það sem mest er um vert að láta fram hjá okkur fara tækifæri til að móta það sem er að gerast og hafa áhrif á framvindu málanna. Ég held að það sé mikilvægast.

Mér er það alveg ljóst að hjá kjósendum er þátttaka í alþjóðlegu samstarfi ekki hátt skrifaður þáttur í starfi þingmanna, og það held ég að sé út af fyrir sig svolítið áhyggjuefni að ekki hefur tekist að skapa skilning á því að verulegur hluti þessa starfs er einmitt fólginn í alþjóðlegum samskiptum, verulegur hluti og mjög vaxandi hluti sem á eftir að öðlast vaxandi mikilvægi. Ég held að þetta þurfi menn að kynna og skýra betur vegna þess að hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá er þetta svona.

Ég ætla ekki að svo stöddu, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en ítreka þakkir mínar til samstarfsmanna á vettvangi Norðurlandaráðs, bæði þingmanna og embættismanna.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Mín þátttaka í störfum Norðurlandaráðs hefur ekki verið mikil. Ég kom inn á síðasta ári sem varamaður í ráðinu fyrir Valgerði Sverrisdóttur og hef setið í menningarmálanefnd ráðsins. Eigi að síður tel ég mér skylt að leggja örfá orð inn í þessa umræðu um skýrslu Íslandsnefndar Norðurlandaráðs.

Það er kannski fróðlegt að segja örfá orð um það hvernig starf í ráðinu verkar á nýliða sem hefur fylgst með því úr fjarlægð áður. Ég verð að segja það í upphafi að ég tel að gildi menningarsamstarfs Norðurlandaþjóðanna sé mikið og það sé vaxandi og ekki síst í ljósi þess að það stefnir allt að því að þessar þjóðir taki meiri þátt í evrópsku samstarfi en verið hefur. Hver sem niðurstaðan verður er það alveg ljóst að alþjóðlegt samstarf fer vaxandi. Ég held að samstarf þessara þjóða á menningarsviðinu sé ekki síður nauðsynlegt, og týna ekki niður því samstarfi sem verið hefur og því sem við eigum sameiginlegt á því sviði. Ég er ekki í neinum vafa um að samstarf á menningarsviðinu er einn af ríkustu þáttunum í norrænu samstarfi. Þar eigum við margt sameiginlegt þó að þjóðirnar hafi kosið að fara hver í sína áttina á ýmsum öðrum sviðum, t.d. á sviði utanríkis- og varnarmála og á sviði viðskiptamála.

Það sem hefur einkum verið rætt á síðustu fundum og á síðasta fundi sem var núna fyrir viku síðan í Stokkhólmi er m.a. samstarfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar um norræna máláætlun sem felur m.a. í sér að efla stöðu íslensku og finnsku í norrænu samstarfi. Ekki síður hefur verið rædd endurskoðun sem fram hefur farið á ýmsum stofnunum á menningarsviðinu. Ætlunin er að leggja nokkrar stofnanir niður til hagræðingar. Íslenska sendinefndin hefur rætt þetta mál sín á milli og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að hafa á móti slíkri hagræðingu út af fyrir sig en hefur eigi að síður sett spurningarmerki við nokkrar stofnanir, t.d. norræna stofnun á sviði skipulagsmála, Nordplan, og norræna stofnun á

sviði sjóréttar í Osló. Ýmsir aðilar hafa talið eftirsjá að þessum stofnunum og eru þessi mál enn þá í athugun.

Komið hefur fram í ræðum þeirra hv. þm. sem talað hafa hér á undan að mjög veigamikill þáttur í umræðum í Norðurlandaráði er samstarfið við önnur Evrópulönd, Evrópumálin, hin nýju viðhorf sem komið hafa upp í samskiptum við Austur-Evrópu og síðast en ekki síst að umhverfismál hafa verið mjög ofarlega á baugi. Og það er næsta víst, eins og sagt er, að í samskiptum við Austur-Evrópu verða þau mál mjög ofarlega á baugi, ekki síst vegna aðstæðna í kringum Eystrasalt, en eins og menn vita virðir mengun engin landamæri og ef alþjóðlegt samstarf er nauðsynlegt í nokkru, þá er það nauðsynlegt í umhverfismálum.

Ég minntist á það hér í upphafi að ég hefði komið að þessum málum sem varamaður og er varamaður í ráðinu. Það kom mér satt að segja á óvart þó að ég hafi fylgst með norrænu samstarfi áður hve þetta samstarf er mikið að umfangi og hve það er miklu meira að umfangi en ég hafði gert mér þó grein fyrir og starf þingmanna í Norðurlandaráði er ekki nema lítill hluti af því og í rauninni miklu minni hluti en ég hafði gert mér grein fyrir áður.

Ég er sannfærður um að þetta starf hefur mikið gildi fyrir Ísland og við höfum haft gífurlega mikið gagn af þessu samstarfi. Mjög mikilvægt er fyrir Ísland að hafa þennan stökkpall út í alþjóðlegt samstarf með þjóðum sem eiga margt sameiginlegt að menningu og uppruna. Ég held að það fólk sem þarna er sýni mikinn skilning hvert á annars vandamálum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með þessa skýrslu sem hér liggur fyrir þó að ég sé að hluta til kannski ábyrgur fyrir henni sem þátttakandi í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Ég tel að hún lýsi því í knöppu formi á býsna glöggan hátt hver störf hafa verið unnin á vegum Íslandsdeildarinnar. Það á að vera lýðum ljóst að þetta er mjög mikilvægt samstarf sem við tökum þátt í á þessum vettvangi og Íslendingum mjög nauðsynlegt fyrir margra hluta sakir.

Þessi skýrsla Íslandsdeildar sem hér er til umræðu í dag er að sjálfsögðu ekki tæmandi skýrsla um norrænt samstarf. Eins og komið hefur fram vantar skýrslu um samstarfið á vegum ráðherranefndarinnar og er það talsverður skaði því að þar eru mikil umsvif og ástæða til þess að eyða stund í að ræða þau. Jafnframt er fjölmargt starfað í embættismannanefndum samnorrænum sem ekki kemur hér fram. Það eru fjöldamargar embættismannanefndir sem eru að störfum og margt af þeirra verkum er mjög áhugavert.

Hér hefur verið vikið lítillega að deilum um skipan forsætisnefndar. Forsaga málsins er sú að flokkahópur vinstri sósíalista hafði ekki atkvæðastyrk til þess að ná fulltrúa í forsætisnefnd nema þá að fjölga í nefndinni. Laganefnd gerði að beiðni forsætisnefndar tillögu um breytt fyrirkomulag á kosningum í forsætisnefndina. Forsætisnefnd var ekki ginnkeypt fyrir þessum tillögum og sá á þeim ýmsa annmarka og ákveðið var að endurskoða í heild skipulag Norðurlandaráðs og taka til bráðabirgða áheyrnarfulltrúa frá þessum flokkahópi sem ekki var nógu fjölmennur til þess að geta ráðið af sjálfsdáðum einum manni í forsætisnefnd. En það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að helstu pólitískar skoðanir eigi þarna málsvara og meginlínur í stjórnmálum þjóðanna eigi þarna sína talsmenn.

Á síðari árum hefur sú þróun orðið í Norðurlandaráði að flokkahóparnir hafa orðið miklu virkari og látið meira til sín taka. Þessi þróun er að sumu leyti af hinu góða og getur þegar rétt er á haldið stuðlað að skilvirkara og árangursríkara samstarfi. Á hinn bóginn getur hún skert sjálfstæði hinna einstöku sendinefnda til þess að taka sínar ákvarðanir. Það er skoðun mín að íslenska sendinefndin eigi að standa nokkuð ákveðið vörð um sjálfstæði okkar Íslendinga á þessum vettvangi og reyna að varðveita okkar sjálfsákvörðunarrétt sem sjálfstæðrar sendinefndar fremur en að við mætum þarna til leiks sem þátttakendur fyrst og fremst í hinum einstöku flokkahópum sem okkur er að sjálfsögðu mikil nauðsyn líka að taka þátt í. Ég held að við eigum að gæta réttar okkar og vera nokkuð árvökul yfir því. Við stöndum þarna jafnfætis öðrum þátttökuþjóðum. Við höfum þarna jafnan rétt við þær þó við séum miklu færri og því eigum við ekki að breyta. Hagsmunir okkar af þessu samstarfi eru eins og margoft hefur komið fram í umræðunni geysilega miklir. Þar af leiðir að við eigum að reyna að varðveita þá.

Skipulagsnefnd hefur verið sett á fót til að endurskoða skipulag og hún er undir forustu Bjarne Mörk Eidem, fyrrv. sjútvrh. og samstarfsráðherra Noregs. Hún hefur lítillega hafið störf. Ég er fulltrúi í henni fyrir hönd Íslands. Þar hafa verið settar fram tillögur, m.a. um breytta starfshætti Norðurlandaráðs, t.d. um breytingar á skipan forsætisnefndar. Hugmynd hefur komið þar fram um að af tíu manna forsætisnefnd séu einungis fimm valdir af sendinefndunum, einn frá hverju landi. Síðan velji hins vegar flokkahóparnir, fjórir stærstu flokkahóparnir sinn fulltrúann hver í forsætisnefndina og þar að auki komi einn fulltrúi frá sjálfsstjórnarsvæðunum, þ.e. annaðhvort frá Færeyjum, Grænlandi eða Álandseyjum. Ég held að þessi tillaga verði ekki að niðurstöðu en þrátt fyrir það er ástæða til þess að taka hana alvarlega. En eins og stendur er forsætisnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hverju landi og þess er reynt að gæta að pólitískt jafnvægi sé í forsætisnefndinni þannig að ekki hallist mjög á.

Norrænt samstarf er á nokkrum tímamótum. Við erum að hefja þátttöku í fjölþjóða samskiptum meira en verið hefur og ég held að það sé óhjákvæmilegt, það verður ekkert undan því vikist og að því er fengur. Við höfum þrátt fyrir allt ýmislegt að segja öðrum þjóðum. Norrænt samstarf er einstætt í veröldinni, þ.e. svo náið samstarf grannþjóða án þess að í neinu sé skert sjálfstæði þeirra. Það þekkist ekki með þessum hætti annars staðar í veröldinni. Þetta

getur verið til fyrirmyndar og lærdómsríkt þeim þjóðum öðrum sem samstarf vilja efla sín á milli. Það er ástæðulaust annað en greina frá þessari reynslu sem við höfum aflað okkur og jafnframt að læra af öðrum. Og í því skyni hafa verið tekin upp samskipti. Í fyrsta lagi hefur Norðurlandaráð látið sig varða þróunina í Vestur-Evrópu. Við höfum farið þangað sendiferðir til kynningar og fræðslu og nú er að hefjast nýr kapítuli með því að þiggja heimboð til Moskvu og Eystrasaltsríkjanna og í kjölfarið verða væntanlega málefni Austur-Evrópu meira á dagskrá Norðurlandaráðs og samskipti við Austur-Evrópu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ganga til þessara samskipta með opnum huga. Þarna eru stórkostlegir hlutir að gerast og við getum ef rétt er á haldið lagt nokkuð til þróunarinnar, þ.e. þau öfl sem þarna eru á uppleið sem stendur vilja mjög gjarnan líta til þess hvernig Norðurlandaþjóðir hafa leyst með lýðræðislegum hætti viðfangsefni sem þau eru að glíma við og þurfa að taka á heima hjá sér.

Ég sé ástæðu til þess fyrir mitt leyti að lokum að þakka samstarfsfólki í Íslandsdeildinni á síðasta ári fyrir ágæt samskipti, svo og skrifstofuliði Íslandsdeildarinnar. Sérstaklega vil ég að lokum færa hv. 3. þm. Vesturl. Eiði Guðnasyni þakkir fyrir margra ára samstarf á norrænum vettvangi. Mér er ánægja að segja frá því hér að ég og ekki bara ég, ég held að það sé almannarómur að Eiður hafi leyst þar störf af hendi með mikilli alúð og samviskusemi og gert það með myndarskap og við stöndum í mikilli þakkarskuld við hann fyrir þau verk sem hann hefur unnið vel á þeim vettvangi.

Alþjóðaþingmannasambandið, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar, 109. mál. — Þskj. 113.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði skýrslu um starfsemi Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sem liggur fyrir á þskj. 113 og var dreift í sölum Alþingis í byrjun nóvember sl.

Núverandi stjórn Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins lagði fram á síðasta þingi skýrslu í tveimur hlutum um starfsemi sína þá og í hinum fyrri var sérstaklega gerð grein fyrir þessum samtökum. Skal ég því ekki tefja tímann hér og nú með því að endurtaka það sem þar segir, en þessi þskj. eru nr. 139 og 911 frá síðasta þingi og vísast til þeirra um almenna starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins. Sömuleiðis vil ég benda á þskj. 114 sem lagt var fram samhliða þessari skýrslu en það er till. til þál. um starfsreglur fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, en viðfest sem fskj. við þá þáltill. eru lög Alþjóðaþingmannasambandsins. Þessi þáltill. er nú til meðferðar í hv. utanrmn. og vonandi líður ekki á löngu áður en unnt verður að staðfesta hér endanlega á hinu háa Alþingi sérstakar starfsreglur fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins svo sem gert er ráð fyrir í lögum sambandsins.

Okkur sem nú störfum í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins eða höfum gert á þessu kjörtímabili finnst eðlilegt að gera með formlegum hætti nokkra grein fyrir störfum okkar á þessum vettvangi og jafnframt því hvaða málefni hafa verið á döfinni innan þessara fjölmennu samtaka sem áttu 100 ára afmæli á síðasta ári. Íslenskir alþingismenn hafa í hartnær 40 ár tekið þátt í starfi þessa sambands meira og minna óslitið, og vissulega er það svo að á vettvangi sem þessum gefst ekki aðeins tækifæri til þess að skapa persónuleg kynni milli manna frá ólíkum löndum og ríkjum með ólíkt stjórnarfar heldur eru þarna að jafnaði til umræðu ýmis helstu deilumál á alþjóðlegum vettvangi hverju sinni.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu var síðasta þing Alþjóðaþingmannasambandsins, sem jafnframt var sérstakt afmælisþing, haldið í Lundúnum í septembermánuði sl. og sóttu það fimm þingmenn af hálfu Alþingis auk þess sem hér stendur, þeir Geir Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Kristín Einarsdóttir og Sighvatur Björgvinssn auk Ólafs Ólafssonar sem þá var ritari deildarinnar. Á þessu þingi voru meginumræðuefnin annars vegar hagnýting geimsins í friðsamlegum tilgangi í þágu mannkyns alls og hins vegar fólksfjölgunar- og fæðuvandamálin í heiminum og leit að leiðum til lausnar á skuldavanda þróunarlandanna. Að auki var tekin fyrir sérstök ályktun um ástandið í Namibíu og væntanlegar kosningar þar og sömuleiðis sérstök aukaályktun um ástand mála í Kólumbíu og þá ógn sem réttum stjórnvöldum þar í landi stafar af eiturlyfjabröskurum. Um þessi mál voru samþykktar ítarlegar ályktanir sem þm. eru tiltækar hjá ritara deildarinnar en ég hyggst ekki gera efnislega grein fyrir þeim hér og nú.

Það vakti mikla athygli og er til marks um breytta tíma í Austur-Evrópu að á þessu þingi skáru þingmenn frá Póllandi og Ungverjalandi sig nokkuð úr hópi annarra þingmanna frá Austur-Evrópuríkjum og greiddu atkvæði oftar en einu sinni með þingmönnum frá Vesturlöndum. Var mjög athyglisvert hvernig afstaða þessara aðila hafði breyst en gera má ráð fyrir því, í ljósi þess sem síðan hefur gerst í Austur-Evrópu, að á næsta þingi sambandsins, sem haldið verður á Kýpur í byrjun apríl, muni enn frekar koma fram með hvaða hætti breytingar hafa náð fram í ríkjum Austur-Evrópu. Verður vissulega forvitnilegt að sjá og kynnast hinum nýju viðhorfum frá þeim aðilum sem þá munu væntanlega mæta fyrir hönd sinna þjóðdeilda á næsta þingi Alþjóðaþingmannasambandsins.

Svo sem venja er á þessum þingum þá kom ráð sambandsins, sem í sitja tveir fulltrúar úr hverju aðildarríki, saman og fjallaði um ýmis mál sem ekki eru tekin fyrir á sjálfu þinginu. Mér þykir rétt að nefna stuttlega hvaða mál þar voru m.a. til umfjöllunar til þess að gera þingmönnum nokkra grein fyrir þeim málefnum sem þarna koma til meðferðar við

þessi tækifæri. Það var m.a. ákveðið að setja á laggirnar sérstaka milliþinganefnd til fimm ára skipaða níu þingmönnum frá jafnmörgum löndum til að fjalla um umhverfismál. Það var ákveðið að senda þriggja manna sendinefnd frá sambandinu til að fylgjast með kosningunum í Namibíu sem fram fóru á sl. hausti. Nefndinni var m.a. ætlað að sannreyna hvort kosningarnar færu löglega fram og þegar hefur borist skýrsla frá þessari nefnd sem verður til umfjöllunar á næsta þingi sambandsins eða á næsta fundi ráðsins sem þá verður haldinn.

Sömuleiðis hafa reglulega verið til umfjöllunar í ráði sambandsins málefni Miðausturlanda en sérstök þriggja manna nefnd hefur setið að störfum um allnokkurt skeið til þess að kanna með hvaða hætti Alþjóðaþingmannasambandið gæti beitt sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um frið í þessum heimshluta. Það hefur lítið miðað í þessu efni til þessa, ekki síst vegna þess að fulltrúar Ísraels, sendinefndin frá ísraelska þinginu hefur ekki verið til viðtals um neitt samstarf um þetta efni og ber vissulega að harma það.

Þá var í ráðinu venju samkvæmt gerð grein fyrir *störfum sérstakrar nefndar á vegum sambandsins* sem starfar allan ársins hring og vinnur að mannréttindamálum þingmanna en eins og kunnugt er þá er það því miður enn svo í nokkrum löndum að þingmenn eða fyrrv. þingmenn sitja í haldi án dóms og laga. Það hefur verið eitt af baráttumálum Alþjóðaþingmannasambandsins árum saman að vinna að því að menn sem þannig er ástatt um, kjörnir fulltrúar sinna þjóða, nái rétti sínum. Og á þinginu í Lundúnum var ályktað um málefni 14 þingmanna eða fyrrv. þingmanna sem talið var að hefðu verið sviptir mannréttindum í Chile, Kólumbíu, Gíneu-Bissá, Hondúras, Súdan og Tyrklandi. En upplýst var að fyrir atbeina fastanefndar sambandsins um mannréttindamál þingmanna hefði sjö fyrrv. þingmönnum í Malasíu og einum í Indónesíu verið sleppt.

Ég vil bæta því við varðandi þetta atriði að norrænu deildirnar hafa undanfarin tvö ár tekið sig saman um að rita sendiherrum þessara ríkja á Norðurlöndum sérstakt bréf þar sem gerð er grein fyrir ályktunum sambandsins um þetta efni og skorað á viðkomandi sendiherra að beita áhrifum sínum við sín stjórnvöld til þess að vinna að lausn málefna þessara manna. Hafa formenn norrænu deildanna sameiginlega ritað sendiherrum þessara ríkja á Norðurlöndum þetta bréf.

Í ráðinu var að þessu sinni einnig tekin fyrir og samþykkt tillaga frá Ástralíumönnum þar sem því var beint til einstakra þjóðþinga að setja á laggirnar nefndir þingmanna um mannréttindamál á breiðum grundvelli sem ættu m.a. að beita sér fyrir því að samviskufongum yrði sleppt úr haldi og jafnframt fyrir réttaröryggi pólitískra fanga í heiminum. Um þetta málefni urðu nokkrar deilur, þ.e. það var deilt um málsmeðferð og fram kom tillaga um að fresta málinu en sú tillaga náði ekki fram að ganga og var þessi tillaga Ástralíumanna síðan samþykkt og hlaut atkvæði beggja íslensku þingmannanna sem sátu í ráðinu. Hér er sem sagt tillaga sem hefur verið samþykkt um að setja á laggirnar nefndir þingmanna um mannréttindamál. Það er auðvitað hverju þjóðþingi í sjálfsvald sett hvað gert er með slíkar tillögur sem eru nánast ábendingar eða áskoranir til viðkomandi þjóðþinga en ég tel ástæðu til þess að vekja athygli á því hér á hinu háa Alþingi að tillaga þessa efnis hefur verið samþykkt á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins og til athugunar fyrir Alþingi hvort ástæða sé til sérstakra viðbragða af því tilefni.

Ég vil láta þess getið að í tengslum við þing Alþjóðaþingmannasambandsins hittast þingmenn hinna 35 svokölluðu RÖSE-landa, þ.e. landanna sem aðild eiga að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu sem upphaflega var kennd við Helsinkisáttmálann. Þingmenn frá þessum löndum hafa hist reglulega á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins um nokkurra ára skeið og borið saman bækur sínar um hvaðeina sem talið er geta skipt máli varðandi framgang þeirra málefna sem til umræðu eru á ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu um traustvekjandi aðgerðir o.s.frv. Á vegum sambandsins hafa reglulega verið haldnar sérstakar ráðstefnur þingmanna frá þessum löndum innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins. Slík ráðstefna var síðast haldin í Bonn vorið 1986 og var þá afráðið að næsta ráðstefna yrði í Búkarest í Rúmeníu í maí 1989. Vegna ástandsins sem skapast hafði þar í landi og stjórnarfarsins í Rúmeníu treystu vestræn ríki sér ekki til þess að mæta til fundar í Búkarest og höfðu mótmælt því að fundurinn yrði haldinn þar. Af þessum fundi hefur því ekki orðið enn því það þarf allsherjarsamkomulag, „consensus" sem kallað er, til þess að ákvarða fundarstaðinn og hefur ráðstefnunni því verið frestað æ ofan í æ og ekki vitað hvenær af henni verður. Nú eru hins vegar upp runnir breyttir tímar í Rúmeníu sem betur fer, leyfi ég mér að segja, og má vera að það hafi einhver áhrif á framgang þessara mála þó engan veginn sé víst að núverandi stjórnvöld í Rúmeníu treysti sér til að halda þessa ráðstefnu nú eins og allt er í pottinn búið þar í landi. Hygg ég að fullur skilningur yrði á því ef núverandi stjórnvöld og þingið í Rúmeníu treysti sér ekki til að standa að svo viðamikilli ráðstefnu. Hygg ég að ekki muni vandkvæðum bundið að finna annan samastað og ná samkomulagi um annan fundarstað fyrir þá ráðstefnu.

Mér finnst einnig rétt að geta þess, virðulegi forseti, að Alþjóðaþingmannasambandið heldur ekki eingöngu sín reglulegu þing tvívegis á ári, heldur einnig sérstakar ráðstefnur um tilgreind afmörkuð málefni. Snemma á síðasta ári var haldin ráðstefna um ferðamál þar sem þingmenn frá aðildarríkjunum komu saman til þess að reyna að átta sig á því með hvaða hætti þjóðþingin gætu beitt sér fyrir aukinni starfsemi á sviði ferðamála og eflingu starfs á þeim vettvangi. Íslandsdeildin sendi ekki fulltrúa á þessa ráðstefnu né heldur á sérstaka ráðstefnu sem haldin var sl. haust í Genf um þátttöku kvenna í stjórnmálum. Skýrsla um þá ráðstefnu hefur nú

borist deildinni og liggur fyrir hjá ritara deildarinnar fyrir þá sem áhuga kunna að hafa á efni hennar. Við höfum í deildinni reynt að takmarka þátttöku okkar við aðalþing sambandsins. Þó er ljóst að einstaka ráðstefnur um sérstök afmörkuð viðfangsefni kunna að vera mjög áhugaverðar. Ég nefni þar t.d. þessa ráðstefnu um konur í stjórnmálum sem haldin var á sl. hausti og hefði vissulega verið fengur í að fulltrúi eða fulltrúar frá Alþingi hefðu sótt. Ég nefni líka að á vori komanda er ráðgerð sérstök ráðstefna í Bonn á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins um afvopnunarmál sem hljóta nú að vekja mikinn áhuga allra sem áhuga hafa á alþjóðlegum málefnum eins og þróunin hefur orðið í samskiptum ríkja að undanförnu, ekki síst í ljósi atburðanna í Austur-Evrópu. Ég leyfi mér því að vona að deildin hafi bolmagn til þess, fjárhagslegt bolmagn til þess að senda þangað fulltrúa og að Alþingi geti verið þar meðal þátttakenda.

Mér finnst rétt að fram komi, virðulegi forseti, að í Alþjóðaþingmannasambandinu eru nú 112 þjóðdeildir eða þjóðdeildir skipaðar þingmönnum frá 112 ríkjum. Á þinginu í London bættist við ný þjóðdeild frá Líbíu, en þar er reyndar ekki þjóðþing sem kjörið er með sama hætti og til að mynda Alþingi, og nú hefur borist umsókn frá Afganistan um aðild að sambandinu og tel ég ástæðu til þess að fagna því. Hins vegar var þjóðdeild Súdans vikið úr samtökunum á þinginu í Lundúnum þar sem þingið þar í landi hefur verið leyst upp og fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum sambandsins til þess að geta verið fullgildur aðili að sambandinu.

Það væri vissulega margt fleira, virðulegi forseti, sem hægt væri að nefna um það sem fram kemur í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir frá Íslandsdeildinni og um þá starfsemi sem fram undan er á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins. Ég skal hins vegar ekki lengja þetta mál. Ég vil aðeins láta það koma fram sem mína skoðun að þátttaka í þessu samstarfi sé afar gagnleg fyrir þá sem hennar njóta en hún á hins vegar ekki að vera einkamál þeirra sem taka þátt í samvinnu sem þessari á vegum Alþingis. Að mínum dómi er það eðlileg krafa að menn geri grein fyrir sínum störfum á þessum vettvangi hér í þinginu sjálfu skriflega og munnlega eftir atvikum þannig að það liggi fyrir hvað menn hafa verið að sýsla í nafni Alþingis og hvað samtök sem Alþingi, eða þjóðdeild á þess vegum, á aðild að, hvað slík samtök aðhafast og hvað þar er samþykkt um hin ýmsu alþjóðlegu málefni.

Það hefur gagnast okkur mjög að taka þátt í samstarfi norrænna þingmanna til undirbúnings þessum þingum og á þingunum sjálfum og því samstarfi verður að sjálfsögðu haldið áfram en íslenska þjóðdeildin er einnig aðili að samtökum vestrænna ríkja yfirleitt. Það má segja að það séu ríkin í OECD önnur en Japan sem þar eiga hlut að máli auk nokkurra smáríkja í Evrópu. Þetta eru ríki Vestur-Evrópu, Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland og svo nokkur ríki við Miðjarðarhafið eins og Kýpur, Malta og nokkur fleiri sem ég sé ekki ástæðu til að telja hér upp. Þessu samstarfi fylgir mikill ávinningur fyrir okkur að mínum dómi, bæði að því er varðar upplýsingar um það sem formlega er á döfinni á vegum sambandsins en ekki síður það sem fram fer á bak við tjöldin, m.a. í samtölum einstakra manna milli ríkjahópa. Hópur vestrænna ríkja er ekki eini skipulagði ríkjahópurinn á þessum þingum. Þeir eru einir sex eða sjö og hafa með sér óformlegt samstarf sem óhjákvæmilegt er að mínum dómi að hafa spurnir af og geta í einhverjum mæli haft áhrif á í gegnum þátttöku í hópi sem þessum, enda hygg ég að það færi lítið fyrir íslensku þjóðdeildinni yfirleitt ef ekki nyti stuðnings og upplýsinga frá þessum samstarfsaðilum.

Ég lét þess getið, virðulegi forseti, að næsta þing sambandsins verði haldið á Kýpur í byrjun apríl. Þá er ætlunin að taka fyrir sérstaklega þau vandamál sem aukin eiturlyfjaneysla hefur valdið í löndum heims, ekki síst meðal yngri kynslóðarinnar. Önnur aðalumræðuefni verða atvinnumál og áhrif nýrrar tækni á atvinnustig og þáttur nýrrar tækni í því að efla hagvöxt. Ég geng út frá því, virðulegi forseti, að þróunin í Austur-Evrópu verði einnig mjög til umræðu og hlakka til að sjá og heyra það sem fram kemur um það efni á þessu þingi eins og ég gat um fyrr í þessari ræðu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti, en ég vil í lokin vekja athygli á fylgiskjali með þessari skýrslu á þskj. 113 frá Friðriki Ólafssyni, skrifstofustjóra Alþingis, en þar er gerð grein fyrir samtökum skrifstofustjóra þjóðþinga sem starfa innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins og hafa gert í 50 ár. Í þessu fylgiskjali og viðauka við það koma fram ýmsar upplýsingar sem ég held að geti komið þingmönnum að gagni.

Að svo mæltu vildi ég þakka forseta fyrir það frumkvæði að taka skýrslu sem þessa til sérstakrar umræðu og gefa færi á að fylgja henni úr hlaði eins og nú er gert að mér skilst í fyrsta sinn. Það er vissulega til bóta eins og kom fram í ræðum manna sem mæltu fyrir 1. máli hér á dagskrá að gefa tíma til þess að gera grein fyrir samstarfi sem þessu og ræða það með þeim hætti sem viðeigandi er.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei tengst þessu samstarfi sem hér er rætt á vegum Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins og það er nú ekki vegna þess sem ég kveð mér hér hljóðs heldur til þess fyrst og fremst að þakka fyrir þessa skýrslu og það glögga yfirlit sem hér liggur fyrir um störf Íslandsdeildarinnar í þessu samstarfi. Mér þótti það líka til fyrirmyndar þegar hér var hafin kynning á því hvernig staðið væri að þátttöku flokka og notkun reglna um það hvernig hagað væri þátttöku Alþingis í þessu samstarfi og taldi það vera til fyrirmyndar að þannig væri staðið að málum. Ég nefni þetta m.a. vegna máls sem er síðar á dagskránni, sem er þátttaka Íslands í þingmannasamstarfi EFTA-ríkjanna. Þar sýnist mér að ekki hafi verið mörkuð nægilega skýr stefna eða

reglur um þátttöku Alþingis í því samstarfi. Kann ég ekki að skýra hvernig á því stendur og ætla ekki að ræða það undir þessum dagskrárlið.

En ég þykist sjá á þeim skýrslum sem fram hafa komið frá vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins að þar er verið að fjalla um þýðingarmikið mál sem mjög er gott að íslenskir alþingismenn kynnist og eigi hlutdeild í að ræða og taka ákvarðanir um eða standa að ályktunum um eins og greinilega er gert eftir því flókna kerfi sem notað er í sambandi við atkvæðagreiðslur á þessari stóru samkomu.

Ég sé á þessari skýrslu að það er háð fjárveitingum m.a. til þessarar starfsemi hvernig þátttöku Íslands í starfi þingmannasambandsins er háttað og þannig hlýtur það auðvitað að vera. Ég tel hins vegar að gæta þurfi þess að skammta ekki of naumt í sambandi við þátttöku af þessu tagi. Auðvitað eigum við að vera sparsöm, það er engin spurning, og gæta þess í hvað krónunum er varið. En ég held að fyrir land eins og Ísland, sem er á sinn hátt dálítið einangrað landfræðilega en þó í þjóðbraut, skipti þátttaka í alþjóðasamstarfi afar miklu máli og við séum þar virk og raunverulega sé eitthvað á bak við þátttöku okkar í þessu samstarfi.

Mér sýnist að þó að Alþjóðaþingmannasambandið sé ekki ákvarðandi samkoma, og ekki sé til þess ætlast, þá sé verið að fjalla þar um efni sem flytja boð inn á þjóðþing landanna, þeirra fjölmörgu landa sem þarna eiga fulltrúa. Það sem formaður Íslandsdeildarinnar nefndi hér um teiknin sem fram komu á fundi Alþjóðaþingmannasambandsins um breytingar í Austur-Evrópu ekki alls fyrir löngu er mjög athyglisvert og gefur þingmönnum frá viðkomandi löndum færi á að flytja boð en einnig að sækja styrk yfir á alþjóðlegan vettvang í sambandi við breytingar sem þeir eiga hlutdeild að með einum eða öðrum hætti.

Ég sé að varðandi framhald á starfsemi sambandsins er margt á dagskrá. Þar er m.a. fyrirhuguð ráðstefna í Genf í nóvember á þessu ári en tekið sérstaklega fram að Íslandsdeildin geri ekki ráð fyrir þátttöku af sinni hálfu í þessari ráðstefnu þar sem ræða á um þátttöku kvenna í stjórnmálum. (**Gripið fram í:** Hún var á síðasta ári.) Fyrirgefið, ég áttaði mig ekki á þessu og ætlaði að spyrjast fyrir um það, ég hafði ekki áttað mig á dagsetningunni undir skýrslunni, hún er búin að liggja svona lengi fyrir. Hún er gefin út 1. nóvember, það er skýringin. Þannig að þessi ráðstefna er þá afstaðin.

Ég sé það einnig hér í niðurlagi skýrslunnar að stjórn Íslandsdeildarinnar er þeirrar skoðunar að stefna beri að því að bjóða til þings hérlendis einhvern tímann á næstu árum og ég vil spyrja formann Íslandsdeildar eftir því hvort hann geri ráð fyrir því að af því geti orðið. Mér er ljóst að það er mikið fyrirtæki við okkar aðstæður að halda slíkt þing hér, en ég tel að mikill ávinningur væri í rauninni af því að fá samkomu sem þessa til að halda þing sitt hér. Ég vil hvetja til þess að það verði gert, ef mögulegt er, og spyr formann Íslandsdeildarinnar eftir því hvernig horfi með möguleika á þessu og undirbúning að því að svo geti orðið, um leið og ég þakka fyrir framsögn hans og fram komna skýrslu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur oft viljað við bregða í umræðum hv. þm. um störf okkar hér í erlendu samstarfi að það væri lítils virði og mestan part fólgið í ferðalögum og væri eins konar frí frá þingstörfum. Sem betur fer er þetta sjónarmið nú að mínu viti mjög á undanhaldi. Ég held að okkur sé flestum ljóst að miklu skiptir að hagsmunir Íslands og afstaða Íslendinga komi fram í samskiptum við aðrar þjóðir ef við ætlum að teljast til ábyrgra þjóðþinga í veröldinni.

Þess vegna er ekki að undra þó nokkuð hafi verið mismunandi hvernig þetta nefndarstarf hefur verið á stofn sett og hvernig það hefur verið rekið. Ég minnist þess að fyrstu árin sem ég sat hér á hinu háa Alþingi fóru litlar spurnir af því hvað Alþjóðaþingmannasambandið hafðist að og þeir fulltrúar sem fóru héðan til funda þar. Á þessu hefur orðið mikil breyting og nú hefur verið lögð á það áhersla að fá skýrslur um þetta starf árlega og ber að fagna því að svo hefur verið gert.

En enn þá er forsetum þingsins nokkur vandi á höndum varðandi ýmsar nefndir. Þó ekki sé annað er nokkuð ljóst hversu stórar þær skuli vera og hvernig þær skuli samansettar. Hefur það, eins og margt hér á hinu háa Alþingi, þróast smátt og smátt án þess að nokkur meiri háttar stefnumörkun hafi farið fram eða umræður um hvernig þingið vilji vinna að þessum málum. Þess vegna hafa forsetar, eins og mönnum mun vera kunnugt, eða a.m.k. þingflokksformönnum, látið gera drög að almennum reglum um alþjóðanefndir á vegum Alþingis sem þingflokksformenn hafa nú fengið og væntanlega sýnt eða eiga eftir að sýna þingmönnum til umsagnar. Vil ég biðja hv. þm. að sinna þessu og gera það heldur fyrr en seinna svo að við náum að samþykkja milli þingflokkanna góðar og skynsamlegar reglur um ýmis þessara mála.

Í þessum drögum að almennum reglum sem við höfum gert er í 1. gr. fjallað um eftirfarandi nefndir: Íslensku þingmannasendinefndina hjá Evrópuráðinu, stjórn Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, íslensku sendinefndina hjá Þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsríkjanna, íslensku sendinefndina hjá Þingmannanefnd fríverslunarsamtaka Evrópu og, að svo miklu leyti sem við á, um stjórn Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og Vestnorræna þingmannaráðið, en tvö hin síðastnefndu eru e.t.v. fastari í formi en hin önnur.

Ég held að afar þýðingarmikið sé að unnið sé að þessum málum af alvöru og festu og vaxandi þörf er á því að þingheimur fái að fylgjast grannt með hvaða ákvarðanir eru teknar á þessum vettvangi víða um heim. Og þó að, eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, vissulega beri að halda utan um fjármuni þingsins og sjá um að þeir fari ekki í gagnslaus ferðalög, ber okkur jafnframt skylda til að sjá um að þinginu sé búin aðstaða til að geta stundað slík störf, fengið þá sérfræðilegu aðstoð sem menn þurfa við

þau og annað slíkt. Von mín er sú að nú, með nýrri skipulagsbreytingu hér á hinu háa Alþingi, megi sjá þess stað nú þegar að þeir sem veita forstöðu slíkum nefndum eigi ráð á meiri þjónustu hér innan hins háa Alþingis en verið hefur. Verður væntalega unnið áfram að því að sú þjónusta aukist.

Ég vil því nota þetta tækifæri og þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir skýrslu hans um starfsemi Norðurlandaráðs og hv. 17. þm. Reykv. fyrir hans skýrslu. Ég tel afar þýðingarmikið að þessu starfi sé sýnd sú virðing sem við á, því að eins og mönnum er löngu orðið ljóst er enginn eyland og við erum hluti af stórum heimi sem þarf að taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir á næstu árum um mál sem geta varðað okkur lífi eða dauða. Hið háa Alþingi Íslendinga má því ekki láta sitt eftir liggja til þess að að þessum störfum sé unnið af fyllstu alvöru.

Ég vildi aðeins segja þetta um leið og ég ítreka þær óskir mínar að menn vinni vel að því að hjálpa forsetum þingsins við að koma saman almennum reglum um störf alþjóðanefnda á vegum Alþingis.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir þeirra framlag til þessarar umræðu og fyrir hlýleg orð í garð okkar sem höfum starfað í þessari deild á vegum Alþingis á kjörtímabilinu. Jafnframt vil ég þakka forseta Sþ. fyrir þær upplýsingar sem fram komu í ræðu hennar um þessi mál almennt og taka undir ummæli hennar um nauðsyn þess að fyrir liggi í öllum tilvikum ákveðnar og skýrar starfsreglur þannig að ekkert fari á milli mála í þessu efni óháð einstökum þingmönnum, þingflokkum eða þeim breytingum sem verða kunna hér á Alþingi við kosningar o.s.frv.

Hv. 2. þm. Austurl. beindi til mín ákveðinni fsp. sem ég vil leitast við að svara um leið og ég þakka honum fyrir hans orð. Það liggur fyrir að Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö regluleg þing á ári hverju, auk ýmiss konar sérstakra ráðstefna eins og ég gat um.

Það er umfangsmikið fyrirtæki að halda þing sem þetta þar sem mæta kannski u.þ.b. eitt þúsund manns. Ákveðnar kröfur eru gerðar um allan aðbúnað og tilhögun og fleira í þeim dúr og ákveðin kostnaðarskipting milli aðalskrifstofunnar í Genf og þess þjóðþings sem tekur að sér að bjóða til þinghaldsins.

Þessi þing eru jafnaðarlega ákveðin með mjög góðum fyrirvara. Núna liggur fyrir, ekki aðeins að næsta þing verður í apríl 1990 heldur einnig að þingið í apríl á næsta ári verður í Brasilíu og þingið haustið 1992 verður í Madrid á Spáni. Hins vegar er ekki ljóst hvar haustþingið í ár verður vegna þess að sá aðili sem hafði gefið sig fram til að halda það neyddist til að hætta við. Hugsanlegt er að haustþingið í ár verði haldið í höfuðstöðvunum í Genf.

Þeir sem taka að sér þinghald sem þetta gera það yfirleitt með nokkurra ára fyrirvara, bæði með tilliti til alls undirbúnings og þess kostnaðar sem því fylgir. Það er rétt sem hér kemur fram að grennslast hefur verið eftir því hvort Alþingi treysti sér til þess að halda eitt þing af þessu tagi. Við höfum sagt að við teldum það æskilegt og vildum stuðla að því án þess að geta gert neinar skuldbindingar um það á þessu stigi. Þannig að ég tek undir það sem fram kemur í máli hv. 2. þm. Austurl. að mjög æskilegt væri að boða til slíks þings einhvern tíma á næstu árum. Ég held hins vegar að það þurfi mjög nákvæman og rækilegan undirbúning. Við höfum lagt drög að því að kanna lítillega hvað slíkt gæti kostað en ljóst er að af slíku getur ekki orðið fyrr en einhvern tíma á næsta kjörtímabili.

Ég vil taka undir þessa skoðun sem fram kom hjá 2. þm. Austurl. en jafnframt upplýsa að málið er ekki lengra komið en þetta, að það hefur komið til tals, en ekkert ákveðið liggur fyrir enn þá. Það er reyndar álitamál hvort nógu hentugt húsnæði er til staðar hér í borginni en ég hygg að ákveðin reynsla muni af því fást nú á þingi Norðurlandaráðs síðar í þessum mánuði hvort Háskólabíó með viðbyggingum henti undir þinghald af þessum toga. Það er líkast til stærsta vandamálið varðandi framkvæmd slíks þinghalds. Ég hygg á hinn bóginn að nægilegt hótelrými sé til staðar í borginni. En eins og ég segi, þetta mál er á algjöru frumstigi en ég fagna því að hv. þm. skuli hafa tekið eftir þessu atriði og skuli vera þeirrar skoðunar að við eigum að stefna að þessu í framtíðinni. Við munum halda áfram að vinna að þessu máli en gera það hægt og bítandi eftir aðstæðum.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, ein umr.

Skýrsla fulltrúa Íslands, 301. mál. — Þskj. 538.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Á þskj. 538 er skýrsla fulltrúa Íslands í þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA. Það mál er þriðja dagskrármálið.

Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað í dag um þau önnur mál sem hafa verið á dagskrá, fyrsta og annað málið, um þýðingu slíkra skýrslna í sambandi við alþjóðasamstarf alþingismanna. Ég legg áherslu á að þar sem hér er upphaf að slíku, að vísu hefur skýrsla um norrænt samstarf áður verið á dagskrá og til umræðu, en ég held að það fyrirkomulag sem hér er byrjað á sé skynsamlegra og sé til frambúðar.

Af hálfu þeirra sem tekið hafa þátt í samstarfi þingmanna aðildarríkja EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu, hefur ekki verið gefin skýrsla áður. Samstarf þingmanna EFTA-ríkjanna var nokkuð óformlegt frá upphafi samtakanna og allt fram til ársins 1977 að gerð var samþykkt í EFTA-ráðinu um skipan nefndar þingmanna til þess starfs sem þar er ákveðið og er það að finna á fskj. I. Hér er um að ræða ákvörðun ráðsins frá 13. og 14. okt. 1977. Með þeirri ákvörðun er

komið á formlegu samstarfi í millum þingmanna EFTA-ríkjanna.

Eins og hv. þm. er kunnugt hafa orðið breytingar á þessum samtökum og þau eru ekki jafnfjölmenn í dag og þau þá voru en samstarf þingmanna þeirra sex ríkja sem nú eru í EFTA hefur haldið áfram og er nú eins og samtökin sjálf á nokkrum krossgötum, eins og gert er grein fyrir hér í þessari skýrslu.

Á fylgiskjali III er vikið að því hverjir hafa verið þátttakendur af hálfu Alþingis á fundum þingmannanefndarinnar frá 1977. Hafa fulltrúar þar verið frá einum og upp í fimm að einum fundi undanskildum, þ.e. þriðja fundinum 1979 en þá mun enginn hafa mætt fyrir hönd Alþingis.

Eins og segir í samþykktinni frá 1977 er heimilt að hver sendinefnd sé skipuð allt að fimm fulltrúum. Í upphafi var sú ákvörðun tekin að af hálfu Íslands tækju tveir þingmenn þátt í þessum þingmannasamtökum. Auk mín er það nú hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson, sem tók við á sl. ári þegar Kjartan Jóhannsson fyrrv. alþm. var skipaður sendiherra Íslands hjá EFTA og fastafulltrúi.

Samtökin halda árlegan fund eins og fram kemur á fylgiskjali III og var síðasti fundurinn haldinn í Helsinki á sl. ári. Af hálfu Íslands hafa tveir þingmenn gegnt forustu í þessum samtökum. Tómas Árnason var varaformaður nefndarinnar á árunum 1984–1985 meðan hann gegndi þingmennsku. Þegar fundur þingmannanefndarinnar var haldinn hér á Íslandi var Kjartan Jóhannsson kjörinn formaður og gegndi hann formennsku í nefndinni næsta ár á eftir. Venjan er sú að formennskan fylgir því landi þar sem ársfundur er haldinn og er formennskan því í eitt ár í senn.

Gert er ráð fyrir næsta fundi í maímánuði í Austurríki og þá er gert ráð fyrir því að við formennsku taki sá sem nú gegnir varaformennsku, austurrískur þingmaður og fyrrum utanríkisráðherra þar, Jankowitsch.

Eins og sagt er í upphafi samþykktar ráðsins er þingmannanefnd frá aðildarríkjum EFTA komið á fót til að vera ráðinu til ráðgjafar um málefni sem heyra undir starfsemi samtakanna og til að miðla upplýsingum um slík málefni milli EFTA og þingmanna EFTA-ríkjanna sem og meðal þingmanna sjálfra. Þetta hefur verið hlutverk nefndarinnar en hins vegar er ljóst, með tilliti til þeirra samningaviðræðna og væntanlega samninga á milli EFTA og Evrópubandalagsins, að nokkur breyting verður þá á í sambandi við störf þessarar þingmannanefndar. Hefur það mál verið til sérstakrar umfjöllunar og mun ég víkja að því síðar.

Viðræður hafa hins vegar verið milli þingmannanefndar EFTA og stofnana Evrópubandalagsins. Var það ekki hvað síst fyrir frumkvæði Kjartans Jóhannssonar að fastar viðræður komust á milli utanríkisviðskiptanefndar Evrópubandalagsins og EFTA-þingmanna. Hefur slíkur fundur verið haldinn árlega til að skiptast á skoðunum í sambandi við viðskipti og samskipti þessara tveggja bandalaga. Á bls. 2 í skýrslunni kemur þetta fram og þar er gerð grein fyrir síðasta fundi sem haldinn var 30. nóv. sl. og hvaða mál þar voru á dagskrá, þ.e. í hinum hefðbundnu viðræðum EFTA-þingmanna og Evrópubandalagsþingmanna. Auk þess er þar gerð grein fyrir stöðu mála varðandi samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Einmitt á þeim fundi mætti forseti þings Evrópubandalagsins og hefur það ekki gerst áður á þeim fundum. Það er með hvaða hætti, eins og ég sagði áðan, þessum málum verður skipað, þ.e. samstarfinu við þingmenn Evrópubandalagsins, sem hefur verið til umfjöllunar og ég vík að því á eftir.

Annar hópur, vinnuhópur, hefur starfað á vegum þingmannanefndar EFTA og hefur sérstaklega fjallað um málefni er varða viðskiptafrelsi með fisk. Þessi nefnd var sett á stofn að frumkvæði þingmanna Íslendinga og skyldi fyrst og fremst fjalla um viðskipti með fisk og unnin matvæli. En að sjálfsögðu lögðu fulltrúar Alþingis mikla áherslu á að einmitt á sl. ári yrði samþykkt fríverslun með fisk og Stokkhólmssamþykktinni um EFTA þar af leiðandi breytt. Þetta gerðist og á fundi ráðherra EFTA-ríkjanna í Osló, leiðtogafundinum, og síðan fundinum í Kristiansand á sl. ári, tókst að ná fram ákvörðun í þessum efnum sem tvímælalaust er mjög þýðingarmikil varðandi þær umræður sem fóru fram á sl. ári og halda áfram á þessu ári.

Þessi vinnuhópur fjallar að sjálfsögðu, eins og hér kom fram, um unnin matvæli og þar af leiðandi er áhugi á fleiru en fiski í þeim efnum. Hefur því viðfangsefnið oft verið af öðrum toga spunnið en í sambandi við fiskafurðir. Gert er ráð fyrir því að þessi vinnuhópur haldi fund hér í Reykjavík 17. og 18. *apríl einmitt* til að undirstrika og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem við flytjum í þeim viðræðum sem fram fara og farið hafa fram varðandi þýðingu fríverslunar með fisk.

Ég vék að því áðan varðandi framtíðarstarfsemi þingmanna á vegum EFTA, en á fundinum í Helsingfors var skipaður sérstakur vinnuhópur til að sinna þeim verkefnum. Hann hefur gert sér grein fyrir í fyrsta lagi með hvaða hætti við komum til með að eiga betri og nánari samskipti, þ.e. fulltrúar ríkisstjórna EFTA-ríkjanna og fulltrúar þingmannasamtakanna, svo og hinu hvernig þingmannasamtök EFTA og þingmannasamtök Evrópubandalagsins koma til með að skipuleggja sín samskipti á næstu árum. Að sjálfsögðu hefur það áhrif þar með hvaða hætti og hvernig þeim samningum lýkur sem nú standa yfir milli EFTA og Evrópubandalagsins.

Þessi vinnuhópur gerði sér grein fyrir með hvaða hætti hann teldi skynsamlegast að haga samstarfi sínu við ráðherra, við EFTA-ráðið og við ráðherra EFTA-ríkjanna, með sérstöku bréfi sem samið var til EFTA-ráðsins og afhent formanni þess, sem var á sl. hálfa ári Kjartan Jóhannsson sendiherra. Þar voru lagðar fram hugmyndir og niðurstaðan af þeim viðræðum og af því bréfi hefur þegar fengist með sérstakri samþykkt sem EFTA-ráðið gerði að höfðu

samráði við ráðherra EFTA-ríkjanna. Einn þáttur þess er að talið var eðlilegt og nauðsynlegt að haldnir yrðu sameiginlegir fundir ráðherra og þingmanna og fyrsti sameiginlegi fundurinn verður haldinn í Genf í byrjun apríl. Þá undirstrikaði ráðið hversu þýðingarmikið það væri að leitað væri álits þingmannanefndarinnar um mikilvæg málefni. Þegar ekki væri fyrir hendi væntanlega sameiginlegur fundur ráðherra og þingmanna hefði formaður þingmannanefndarinnar tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri með því að koma til fundar við ráðherrana.

Ég vék svo að því að hér væri unnið að hugmyndum varðandi samstarf þingmanna EFTA og þingmanna Evrópubandalagsins í tengslum við samninga um evrópska efnahagssvæðið. Vinnuhópurinn telur að slík stofnun sé nauðsynleg ef samningar takast við EB um efnahagssvæðið. Fyrirkomulag slíkrar stofnunar hefur verið rætt en ekki liggja fyrir neinar endanlegar hugmyndir í þeim efnum. Það var einmitt ráðherrafundur EFTA-ráðsins 11. og 12. des. sem undirstrikaði sérstaklega mikilvægi stöðu þingmanna í viðræðum um evrópska efnahagssvæðið og nauðsyn þeirrar viðleitni þingmannanefndarinnar að koma sjónarmiðum EFTA á framfæri við Evrópuþingið. Framkvæmdastjóri Evrópubandalagsins hefur einnig vikið að því í samningaviðræðunum að að slíkum starfsvettvangi EFTA-þingmanna og Evrópubandalagsins þyrfti að hyggja.

Ég hef vikið að helstu atriðunum sem fram koma í þessari skýrslu. Eins og ég sagði í upphafi tel ég mjög af hinu góða þær umræður sem hér fara fram. Þegar annað mál var hér til umræðu, þ.e. skýrsla Alþjóðaþingmannasambandsins, var vikið að þeirri þáltill. sem fyrir Alþingi liggur um skipan þeirra mála í framtíðinni. Það er eðlilegt að svo sé um öll samskipti þingmanna á alþjóðavettvangi og í sambandi við þingmannasamtök EFTA sýnist eðlilegt að slíkar reglur verði settar. Hins vegar er það mat okkar sem tökum þátt í starfsemi þingmannahópsins að æskilegt væri að fyrir næsta þing væru undirbúnar slíkar starfsreglur því þá væri væntanlega komið í ljós, eftir þær viðræður og starf sem núna er unnið, með hvaða hætti skynsamlegast væri að haga framtíðarskipan í þeim efnum. Þetta er í samræmi við það sem kom fram á fundi nefndarinnar þegar fulltrúar Norðmanna ræddu um tillögur um breytingar á skipan og fyrirkomulagi þessara mála og var álit nefndarmanna að skynsamlegast væri að taka slíkar athuganir til umfjöllunar og ákvörðunar þegar komið væri fram á næsta ár. Á fylgiskjali II höfum við fyrir okkur skipulag þessarar starfsemi eins og skipurit hefur verið upp teiknað og sjáum hvar og hvernig þingmannanefndinni er ætlað að koma þar að málum.

Það er alveg ljóst að í vaxandi mæli verður starf alþingismanna fólgið í alþjóðlegu samstarfi, ekki hvað síst á sviði efnahags- og viðskiptamála, þ.e. á vettvangi EFTA og Evrópubandalagsins. Og það er ekki aðeins mikilvægt að stjórnvöld, þ.e. framkvæmdarvaldið, verði þar í nánu samstarfi, heldur þurfa að sjálfsögðu þjóðkjörnir fulltrúar að vera það líka. Út frá því sjónarmiði höfum við sem skipum þessa nefnd nú reynt að vinna varðandi þau atriði sem hafa verið á dagskrá að þessu sinni.

Þá vil ég geta þess að lokum að að sjálfsögðu hefur sú mikla breyting sem átt hefur sér stað í Austur-Evrópu, þróun mála þar, verið á dagskrá og einmitt með tilliti til þess hafa menn viljað víkja til hliðar breytingum sem gera þyrfti þegar fram í sækti. Ég bendi á að um nokkurt skeið hefur verið samstarf á milli EFTA og Júgóslavíu sem átti sér aðdraganda og hefur verið um nokkurn tíma. En nú þegar þessi mikla breyting á sér stað hefur verið sóst eftir frekara samstarfi og fyrir því gerð grein á fundum þingmanna EFTA og að sjálfsögðu tekið jákvætt undir það. Þegar fram í sækir munu þingmenn EFTA-ríkjanna koma til með að eiga viðræður við þingmenn, þjóðkjörna fulltrúa Austur-Evrópuríkja.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegur forseti, til að hafa hér um fleiri orð. Ég er tilbúinn að svara spurningum ef til mín verður beint, eftir því sem ég veit og þekki til.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að þakka fyrir þessa skýrslu fulltrúa Íslands í þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA. Þingmannanefndin er ásamt með ráðgjafarnefndinni, svokallaðri, með þýðingarmestu nefndum á vegum þessara samtaka. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum samtaka atvinnulífs og vinnumarkaðar í EFTA-löndunum. Þingmannanefndin byrjaði starf sitt nánast með óformlegum hætti eins og hér hefur verið gerð grein fyrir en frá árinu 1977 hefur starf hennar verið formlegt og nú hefur einnig verið staðfest að henni er ætlaður meiri hlutur í þessu samstarfi. Þannig var formaður nefndarinnar í fyrsta sinn mættur á seinasta ráðherrafundi EFTA-ríkjanna og því er yfir lýst með ályktun á þeim fundi að framvegis verði samráðið nánara og að fulltrúar þingmannanefndarinnar muni hitta ráðherra viðskiptamála sem fara með EFTA-málefni með reglulegum hætti.

Nefndin hefur unnið þýðingarmikil störf nú þegar. Eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Reykn. hér áðan hafði nefndin t.d. sérstakt frumkvæði að því að taka upp og taka undir með sjónarmiðum Íslendinga sem mikið hafði verið haldið fram innan EFTA, að EFTA-samtökin sem slík samþykktu að taka upp grundvallarregluna um fríverslun með fiskafurðir á EFTA-svæðinu. Þetta gerðist fyrst með samþykkt nefndarinnar á fundi í Noregi 1987 og var síðan enn áréttað á ráðherrafundi EFTA-ráðsins í Tampere í Finnlandi 1988 að tillögu þingmannanefndarinnar og leiddi til þeirrar niðurstöðu að leiðtogafundur EFTA í mars 1989, sem haldinn var í Osló, samþykkti þessa grundvallarreglu eins og fram kom í Oslóaryfirlýsingunni. Það var síðan staðfest með formlegum hætti á ráðherrafundi EFTA-ráðsins í Kristiansand í júní 1989 sem var hin endanlega niðurstaða málsins. Af því leiðir síðan að nú frá miðju ári verður þessi grundvallarregla komin til framkvæmda þótt þau ríki

sem beitt hafa opinberum stuðningi við sjávarútveg og fiskvinnslu, eins og t.d. Noregur, hafi nokkurn umþóttunartíma áður en þeim fjárstuðningi á að vera lokið.

Samstarf þingmannanefndarinnar við fulltrúa Evrópubandalagsins, og þá ekki síst hina svokölluðu REX-nefnd, þ.e. þá nefnd Evrópuþingsins sem fjallar um samskiptin á efnahagssviðinu við aðra, er einnig mjög þýðingarmikið.

Þess skal svo getið að lokum að starf þingmannanefndarinnar er ekki hvað síst mikilvægt til þess að tryggja tengsl milli ráðherraráðs EFTA og alls þess mikla starfs sem þar fer fram eða á þess vegum, í vinnuhópum á vegum ráðsins og sérfræðingahópum, við þjóðþingin. Hafi það starf verið þýðingarmikið áður er það nú þýðingarmeira en nokkru sinni fyrr og þess vegna lýsi ég yfir ánægju minni með það að þegar hefur verið þannig um hnútana búið að hlutur nefndarinnar í þessu starfi fer vaxandi og ég vænti þess að það þýði í reynd að samskiptin við þjóðþingin verði nánari og traustari á þeim tímum sem í hönd fara.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil, eins og aðrir hér á undan mér, lýsa ánægju minni með það að við skulum taka sérstakan tíma í að ræða skýrslur um samskipti við alþjóðasamtök hér í þinginu. Það er mjög nauðsynlegt að við fáum upplýsingar um það hvað er á ferðinni í samskiptum þingmanna við þingmenn annarra þjóða og vil ég sérstaklega lýsa ánægju minni með að fá skýrslu þingmannanefndar Fríverslunarsamtakanna, EFTA, vegna þess að ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem við fáum eitthvað frá henni að heyra. Ég hef ákaflega lítið vitað um það hingað til hvað þingmannanefndin hefur gert. Því ber að fagna því sérstaklega að við fáum tækifæri til að ræða það á þessum vettvangi.

Það eru nokkur atriði sem mig langar til að gera að umtalsefni í þessari skýrslu. Mig langar að spyrja hv. 1. þm. Reykn., sem hér gerði grein fyrir þessari skýrslu, um atriði sem þarkemur fram. Á vettvangi þingmannanefndarinnar hefur verið fjallað um almenn sjónarmið er varða málefni EFTA og EB, eins og kemur fram á bls. 2, ríkisstyrki, reynslu af fríverslun í Evrópu, tengsl EFTA og EB og hugsanlega samvinnu og frekari þróun samskipta. Mig langaði að vita, þegar þeir tala þarna um reynslu af fríverslun í Evrópu, hvort það hafi eitthvað verið talað um fríverslun með fisk. Fram kemur að talað hefur verið um möguleika á aukinni fríverslun. Það skiptir okkur verulega máli, að fá að vita hvað þarna er á ferðinni, þar sem þetta er eitt af þeim málum sem sett hafa verið á oddinn af Íslands hálfu. Þó að við heyrum að vísu núna og höfum reyndar heyrt lengi að af hálfu Evrópubandalagsins komi fríverslun með fisk ekki til greina langar mig til að vita meira um þessa fundi á vegum sendinefndarinnar eða þá fundi þar sem fjallað var um fríverslun með fisk. Þetta vildi ég fá varpað meira ljósi á, ef hægt er, hvort sem það yrði hér á þessum vettvangi eða síðar.

Það sem vekur sérstaklega athygli er þó það að talað er um aukið hlutverk þingmannanefndar EFTA sem kemur fram í 4. lið þessarar skýrslu. Það er talað um að í mars sl. hafi verið stofnaður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að endurskoða hlutverk nefndarinnar. Þar voru lagðar fram hugmyndir um aukið hlutverk og eftir því sem mér vel tekið í þær hugmyndir sem fram komu.

Mér finnst nauðsynlegt að það komi betur fram hverjar þessar hugmyndir eru og hvert þetta aukna hlutverk á að vera. Ég sé að það er talað um aukið samráð o.s.frv. en ég vildi gjarnan fá betur útfært hvernig þetta á að vera og hvaða hugmyndir þarna eru á ferðinni, ekki síst með tilliti til þess að það er talað um það hér síðar að það sé enn þá nauðsynlegra að þessi samvinna sé aukin og hlutverk þingmannanefndarinnar aukið eftir að samningar hugsanlega hefjist milli Evrópubandalagsins og EFTA um sameiginlegt efnahagssvæði. Þess vegna langaði mig til að vita hvers konar hugmynd þarna er á ferðinni. Við erum nú búin að hlýða hér á skýrslu þingmanna sem eru í Norðurlandaráði. Þeir fjalla, að því er mér skilst, mikið um þessi mál líka, þannig að ég er að hugsa þá um skörun og hvernig þetta allt saman á sér stað vegna þess að ég óttast að þarna verði málunum drepið allt of mikið á dreif og allt of lítil samvinna verði þarna á milli. Ég hef kannski ekki síst áhyggjur af því vegna þess að nú sýnist mér að það hafi verið heilmikið gert á þessu sviði en ég sem er bæði í utanrmn. og Evrópustefnunefnd þingsins hef mjög lítið vitað hvað rætt hefur verið á þessum vettvangi, og þá er ég að tala um þingmannasamtök EFTA. Og ég verð að viðurkenna það að það var ekki fyrr en fyrir nokkrum vikum að ég vissi hvaða þingmenn voru í þingmannanefnd Fríverslunarsamtakanna fyrir Íslands hönd. Það er mjög slæmt að samskiptin skuli ekki vera meiri en það milli þeirra stofnana innan þingsins sem fjalla um þessi mál. Þess vegna finnst mér að það verði að varpa miklu skýrara ljósi á hvað þarna er á ferðinni, hvaða hugmyndir eru á ferðinni um þetta aukna hlutverk, og tel raunar alveg nauðsynlegt að þarna sé haft samráð og samvinna innan þingsins um skipan þessara mála í framtíðinni.

Ég vildi síðan að lokum, virðulegi forseti, varpa þessu fram til þeirra sem skrifa undir þetta plagg og þá kannski þess sem hér talaði, 1. þm. Reykn.: Hvernig voru þessir fulltrúar skipaðir í þessa þingmannanefnd? Ég áttaði mig ekki á því. Ég heyrði það ekki eða mér fannst það ekki hafa komið fram hér. Ég er alveg sammála því að það þarf að setja ákveðnar reglur um skipan í ráð og nefndir og forsetar þingsins hafa sett fram hugmyndir sem eru til umræðu núna og ég vonast til þess að við getum afgreitt það mjög fljótlega hvernig þessu verður háttað þannig að það þurfi ekki að bíða fram á næsta þing eftir því, hvernig við viljum hafa það hér af okkar hálfu. En það breytir ekki því að mér finnst nauðsynlegt að það komi hér fram hvernig þessum málum hefur verið háttað að því er varðar skipan í þessa þingmannanefnd þar sem ég hef ekki haft hugmynd

um það og aldrei verið beðin um, hvorki samráð né tilnefningar eða neitt í sambandi við tengsl við þessa þingmannanefnd EFTA. Þess vegna langar mig til að spyrja sérstaklega að því núna. Þó ég sé svo sannarlega sammála því að það þurfi að setja ákveðnar reglur um það hvernig þetta verði í framtíðinni breytir það ekki því að mig langar til að fá upplýsingar um þetta atriði hér og nú.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að hér skuli gefast tilefni til að ræða um málefni EFTA og þátttöku Alþingis í starfi þingmannanefndar þessara fríverslunarsamtaka sem við erum aðilar að af tilefni þessarar skýrslu sem hér liggur fyrir frá þingmannanefndinni.

Ég þakka hv. þm. sem að þessari skýrslu standa, hv. 1. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Norðurl. v., fyrir að hafa rekið slyðruorðið af þessu þingmannasamstarfi með því að leggja hér fyrir skýrslu um starfsemi þess. Eins og fram kemur í skýrslunni á þetta samstarf sér orðið alllanga sögu en um það hefur verið undrahljótt hér í sölum Alþingis allt fram undir þetta.

Ég vil líka taka undir það sem kom hér fram í máli hv. 12. þm. Reykv. áðan að það vekur nokkra furðu, þegar litið er yfir skrá yfir þátttöku Íslands í þessu samstarfi, með hvaða hætti þetta hljóðláta samstarf hefur farið fram, þ.e. hverjir hafa þar verið sjálfkjörnir á vettvangi. Ekki það að ég vilji bera þeim fulltrúum neinar ávirðingar á brýn sem þar hafa tekið þátt, það hef ég engar ástæður til að gera, en hitt blasir við að undanfarin ár eða frá árinu 1986 eru það eins tveir þingflokkar hér á Alþingi sem hafa séð ástæðu til þess að taka þátt í þessu þingmannasamstarfi, þ.e. Sjálfstfl. og Alþfl., og ég minnist þess ekki að í mínum þingflokki hafi þessi samskipti borið á góma eða það stæði yfirleitt til boða þingflokki Alþb. að eiga hlut að því. Ég er ekki með þessu að segja að það sé sjálfsagt að fylla í þann ramma sem dreginn var 1977 af ráðherraráði EFTA sem heimilar að fimm þingmenn frá hverju ríki eigi þátt í ársfundum þingmannanna eða taki formlegan þátt í þessu samstarfi. Það getur vissulega verið á réttum stað að þingflokkar skiptist á um þátttöku í þessu samstarfi með svipuðum hætti og gert er í Alþjóðaþingmannasambandinu og þar getum við einmitt sótt góða fyrirmynd um það að verið er að móta og kynna reglur að frumkvæði þeirra sem þar hafa átt aðild varðandi þátttöku þingsins í því samstarfi. Hæstv. forseti Sþ. ræddi hér undir fyrri dagskrárlið um tilmæli sem beint hefði verið til þingflokka um að gera bragarbót á alþjóðlegum samskiptum og móta fastari reglur um þátttöku í þeim og væntanlega verður þetta, sem og þessi skýrsla sem hér liggur fyrir og hér er rædd, til þess að einnig verði tekið á þessum málum að því er varðar þingmannanefnd EFTA.

Ég veit ekki hvort ástæða er út af fyrir sig til þess að bíða endilega næsta árs eða næsta þings, eins og kemur fram í skýrslunni, til þess að á þessum málum sé tekið, en þar er, sýnist mér, látið að því liggja og það vegna þess að þá verði ljósara en áður hvert stefni í samskiptum, hver verði framtíðarskipan þingmannanefndarinnar, og væntanlega vegna samskipta Evrópubandalagsins og EFTA sem rakin eru fyrr í skýrslunni. Þar er á döfinni ekki aðeins að auka þetta samstarf á þingmannavettvangi varðandi EFTA, heldur hugsanlega að stofna sérstaka sameiginlega þingmannanefnd EFTA og Evrópubandalagsins til að fjalla um sameiginleg málefni þannig að þar er enn einn vettvangur að þróast samkvæmt þessum hugmyndum. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að um þetta sé fjallað hér á Alþingi og það rætt og menn tjái sig um það hver viðhorf þeirra eru til þess, þeirrar þróunar sem þarna er á ferðinni. Eigum við að ýta undir þessi samskipti í þessu formi og þessum farvegi eða ekki?

Ég hvet því til þess að á þessu verði tekið á þessu þingi að því er varðar hið venjulega hefðbundna þingmannasamstarf EFTA og síðan má þá skoða hvert halda skuli ef hugmyndir og stuðningur verða við hugmyndir um það að taka upp fastara samstarf við þingmenn á vettvangi Evrópuþingsins og Evrópubandalagsins þar með.

Þetta mál snertir hins vegar önnur samskipti sem við ræddum hér fyrr í dag þar sem er Norðurlandaráð. Það er nú svo að meiri hluti EFTA-ríkjanna eru Norðurlönd. Fjögur af sex EFTA-ríkjum eru Norðurlönd sem eiga sinn vettvang í Norðurlandaráði, sinn meginvettvang í norrænu samstarfi þar, og það fer ekki hjá því að ef upp koma hugmyndir og teknar verða ákvarðanir um það, hugmyndir eru þegar komnar upp um það, að efla samskipti á EFTA-vettvangi og tengjast þingmönnum Evrópubandalagsins, kann það að hafa áhrif á störf á vettvangi Norðurlandaráðs og hvert stefnir í þeim efnum.

Ég hef einmitt orðið var við það nú alveg nýlega að hugmyndir, m.a. frá Norðmönnum, komnar frá norska Stórþinginu, hafa ýtt við mönnum og menn hafa sett fram spurningar um það: Er það nú alveg víst að við eigum að fara að beita kröftunum inn á þennan vettvang? Má ekki reikna með því að það verði til þess að draga þróttinn úr Norðurlandaráði og norrænu samstarfi sem slíku? Og þarna vil ég að við stöldrum við. Ég geri ráð fyrir að menn kannist við sjónarmið mín að því er snertir þær viðræður sem staðið hafa yfir með hugsanlegt evrópskt efnahagssvæði fyrir stafni. Ég er lítill hvatamaður að því fyrirtæki og hef ítrekað varað við því hvert þar er verið að halda í sambandi við það svæði og viðhorf mín til samstarfs EFTA og Evrópubandalagsins á þingmannavettvangi mótast kannski að einhverju leyti af þeim fyrirvörum sem ég hef á þessu evrópska efnahagssvæði.

Það getur hins vegar verið alveg á réttum stað að efla þrátt fyrir það og óháð því samskipti við Evrópuþingið. Það getur alveg verið á sínum stað en það hefur auðvitað annað innihald og annað inntak ef ekki verður úr þessu evrópska efnahagssvæði. Það held ég að sé alveg ljóst að það hlýtur að hafa áhrif á það.

Ég líkti Fríverslunarsamtökum Evrópu við skakka turninn í Pisa á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn í nóvember sl., og það hrukku einhverjir við þessa samlíkingu en ég tel að hún sé á sínum stað og sé táknræn um stöðu þessara fríverslunarsamtaka um þessar mundir. Það liggur nefnilega fyrir að meiri hlutinn í hópi þessara ríkja er ákveðinn í að brjótast inn í fordyri Evrópubandalagsins og verði ekki af stofnun hins evrópska efnahagssvæðis þá er það borðleggjandi að a.m.k. helmingur þessara ríkja verður kominn með umsókn um beina aðild að Evrópubandalaginu fyrr en varir, Noregur, Svíþjóð og Austurríki. Það síðastnefnda er raunar þegar búið að leggja inn umsókn. Og svo eru menn að tala um módel, svokallað tveggja stoða kerfi, og þar inn í kemur skakki turninn í Pisa, „two pillar approach" eins og það er kallað á enskunni, um þessar tvær heildir sem eigi að leggja lag sitt saman í hinu evrópska efnahagssvæði, takast á og mynda samskiptareglur og EFTA á að tala einum rómi. EFTA sem er með ríki innan borðs sem þegar hafa lagt inn umsókn um beina aðild að Evrópubandalaginu.

Ég ætla ekki að gera þetta að umtalsefni hér að öðru leyti. Það er kannski ekki efni til þess af tilefni þessarar skýrslu þó að ástæða væri til að ræða þróun þessara mála í sambandi við hið evrópska efnahagssvæði og stöðu EFTA í því sambandi hér á þinginu og gefst væntanlega ítrekað tilefni til þess á næstunni.

Ég held hins vegar að það væri vettvangur fyrir EFTA í öðru samhengi og til að þróa EFTA sem fríverslunarsamtök og samtök sem gætu unnið Evrópumálefnum býsna gott á næstunni ef menn hefðu veðjað á það, ef menn hefðu valið það og vildu beita sér að því í staðinn fyrir að reyna að keyra inn í hinn innri markað Evrópubandalagsins, innan hins svokallaða EES. Þar er ég með í huga Austur-Evrópusvæðið, ríki í Austur-Evrópu sem sum hver hafa bankað upp á hjá EFTA nú þegar, áttu viðræður við formann EFTA-ráðsins, hæstv. utanrrh. okkar á síðasta ári með óskum um að taka upp viðræður og hugsanleg tengsl. Hvaða viðbrögð fengust? Jú, herrar mínir, það er allt á sínum stað, við viljum líta til ykkar en það er bara ekki rétti tíminn. Við megum ekki vera að því að sinna ykkur mikið í bráð því við erum að tala við Evrópubandalagið og það verður að ljúka þeim samningaviðræðum fyrst áður en við getum farið að opna eitthvað dyrnar til samskipta við ykkur.

Ég hefði viljað sjá þessi mál standa öðruvísi, út frá því að ekki hefði verið farið í þessa samsiglingu gagnvart Evrópubandalaginu, þá hefði EFTA getað haft verulegu hlutverki að gegna til þess að styðja þá jákvæðu þróun, sem hefur átt sér stað í Austur-Evrópu undanfarið og hugsanlega getað fengið þar aukinn styrk. Í rauninni ný verkefni til eflingar fyrir þessi fríverslunarsamtök og það ekki aðeins milli Austur-Evrópu og EFTA, heldur líka í beinu evrópsku samhengi.

Ég vil með þessum orðum út af fyrir sig, virðulegur forseti, ekki útiloka hlut EFTA í framtíðinni í þessum efnum, en það er alveg ljóst að staðan, samningarnir Evrópubandalagið—EFTA, sem nú standa yfir, hafa lokað á þessa möguleika, þennan glugga í austur að verulegu leyti og setja þar ákveðin takmörk að mati forystumanna EFTA.

Svo vildi ég, virðulegur forseti, aðeins koma hér að einum þætti þessarar skýrslu sem snýr að fríverslun með fisk. Það er einmitt málefni sem tekið var upp innan EFTA að frumkvæði Íslendinga og í þingmannasamtökunum eins og rakið er hér í þessari skýrslu. Við höfum fengið það inn í uppleggið frá Osló frá í mars sl. og nú er það einn af þeim þáttum sem knúið er á og hæstv. utanrrh. segir að það sé forgangsmál, það sé einn af prófsteinunum á það hvort hægt sé að tengjast hinu evrópska efnahagssvæði, hvort Evrópubandalagið taki undir þetta prinsipp um fríverslun með fisk. Það er ekkert mjög bjart yfir því baráttumáli og sannleikurinn er sá að maður veit ekki hvort maður á í raun að hryggjast eða gleðjast yfir þeirri stöðu. Ég held að það sé nauðsynlegt að ræða aðeins það mál og rökstyðja þá staðhæfingu af minni hálfu.

Að því er snertir EFTA, þá skuldbundu EFTA-ríkin sig frá 1. júlí n.k. til að taka upp fríverslun með fisk, hætta ríkisstyrkjum og fella niður tolla ef þeir væru til staðar varðandi fiskafurðir innan EFTA-svæðisins og samþykktu aðlögunartíma til ársloka 1991 í þeim efnum. Það blasir nú við að Noregur hefur séð sig knúinn til að bregðast svo við í þessum efnum varðandi styrki til sjávarútvegs, ekki að þrepa niður styrkjakerfið í sjávarútvegi, heldur að auka mjög verulega beina fjárstyrki til sjávarútvegs í Noregi, þrátt fyrir þetta stefnumið þar sem styrkjakerfið á að afnema fyrir lok næsta árs samkvæmt þessari EFTA-samþykkt. Þetta munu hafa verið um 900 millj. norskra króna í beina styrki til sjávarútvegs á síðasta ári og samkvæmt ákvörðunum Stórþingsins er þessi upphæð hækkuð ef ég man rétt í 1125 millj. norskra kr. nú fyrir yfirstandandi ár, sem þarna er varið í styrkveitingar. Svo ekki stefnir það nú í afnám og aðlögun í þessum efnum heldur þvert á móti.

Við vitum vissulega, virðulegi forseti, að Norðmenn geta fært fram mjög skýr rök fyrir því að svona er brugðist við af þeirra hálfu í þessu máli vegna hins gífurlega samdráttar í fiskveiðiheimildum til norskra sjómanna, til norskra fiskiskipa sem væri nú aldeilis svart í álinn ef við stæðum frammi fyrir einhverju slíku. En þetta er sem sagt veruleiki og ég á eftir að sjá það að Noregur og ég veit ekki, ég hef ekki kannað málin hjá Finnum og Svíum, sem voru með böggum hildar yfir þessu ákvæði, að þeir standi við þetta á næsta ári. Þegar svo litið er til Evrópubandalagsins þá er nú ekki aldeilis tekið undir þessi sjónarmið. Í könnunarviðræðum vísuðu þeir beint í sína fiskimálastefnu sem er njörvuð í gífurlegt styrkjakerfi og það þarf nokkra bjartsýni til að ætla að Evrópubandalagið hreyfist eitthvað út af kröfu af hálfu EFTA varðandi fríverslun með fiskafurðir. Ég man ekki betur en Evrópuþingið í Strasborg hafi einmitt verið að hnykkja á þessu kerfi og gera ítrekaðar og

auknar kröfur um að það komi aðgangur að auðlind í staðinn fyrir aðgang að markaði í sambandi við fisk og fiskveiðar. Eitthvað las ég um það í blöðum alveg nýlega.

Og svo er það þessi spurning: Á maður að hryggjast eða gleðjast?

Hvernig erum við Íslendingar í stakk búnir til þess að taka á okkur algjöra fríverslun með fisk? Hvernig erum við í stakk búnir til þess? Hvað mundi hæstv. sjútvrh. segja ef hæstv. utanrrh. kæmi nú frá einhverjum fundinum erlendis og segði: Nú ber vel í veiði, segir hæstv. utanrrh., Evrópubandalagið búið að samþykkja fríverslun með fisk. Ekki bara EFTA heldur Evrópubandalagið. — Hvað ætli hæstv. sjútvrh. mundi segja þegar hann þyrfti að horfast í augu við það að hægt væri að sækja fiskinn inn á Íslandsmið af útlendingum, þ.e. kaupa hann upp sennilega bara um borð í skipunum og stýra þeim til útlanda með aflann óunninn.

Ég hef vissulega heyrt það af vörum hæstv. utanrrh. ekki alls fyrir löngu að þetta mundi nú ekki breyta svo sem neinu. Í rauninni séum við skuldbundnir að hafa hér opið varðandi ráðstöfun á fiskafla, megum engar hömlur hafa og þetta breyti engu. En við erum þó með hömlur hér uppi og við höfum viljað hafa það fyrir satt að við höfum fullan rétt til þess að hafa þær. Og ég veit ekki hvernig við stæðum hér ef við ættum á skömmum tíma að taka við slíkri stefnumótun sem þarna er á ferðinni. Ég bið hv. 1. þm. Reykn. aðeins að tjá sig um þessa stöðu.

Ég held nefnilega að málið liggi þannig í sambandi við fríverslun með fisk að Íslendingar eigi það algerlega ógert að búa sig í þann slag ef þeir ætla í hann sjálfir. Að standa frammi fyrir því að útlendingar geti keypt óheft aflann hér á Íslandsmiðum og keppt um fiskinn, jafnhliða því sem verið er að undirbúa það að þeir geti náð hér undirtökunum í sjávarútveginum með beinum og óbeinum hætti ef við látum draga okkur inn í hið evrópska efnahagssvæði með opnar gáttir fyrir fjárfestingar útlendinga og fjármagnsflutninga. Þó svo talað sé um að reyna að skerma af sjávarútveginn. Flestir viðurkenna að það muni ekki takast í reynd. Engar lagagirðingar muni þar halda en þarna verði opnar dyr.

Virðulegur forseti. Þetta er mál sem er fullt tilefni til að ræða vegna þessarar skýrslu sem hér liggur fyrir þar sem einmitt fríverslun með fisk er verulegur þáttur skýrslunnar og hefur verið þáttur í starfi Íslendinga á þessum vettvangi. Ég vil vekja athygli á því að menn eiga eftir að skoða dálítið betur fylgjur þess, afleiðingar þess að standa frammi fyrir þessari fríverslunarkröfu sem við höfum þarna borið fram.

Ég vil svo að lokum, virðulegur forseti, aðeins ítreka að ég tel að það þurfi að gaumgæfa vel þróun þessa þingmannasamstarfs á vegum EFTA. Ekki aðeins þátttöku þingflokka hér á Alþingi, heldur hvernig við eigum að stuðla að framhaldi þessa máls, þingmannanefndar EFTA og samstarfi við þingmenn innan Evrópubandalagsins og Evrópuþingsins. Ég hef engar njörvaðar skoðanir fyrir fram í þeim efnum. Við þurfum að skoða það eftir ástæðum. Við þurfum líka að hafa auga á norrænu samstarfi, samstarfi Norðurlanda, þar sem meginhluti EFTA-ríkja eru einmitt Norðurlönd og verið er að ræða jafnhliða um breytingar og helst eflingu á norrænu samstarfi.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þær umræður sem orðið hafa um þessa skýrslu. Ég vil hins vegar taka fram, vegna orða hv. síðasta ræðumanns, 2. þm. Austurl., um afstöðu mína varðandi fríverslun, með hvaða hætti og með hvaða skilyrðum, að sá umræðutími sem við höfum hér og sú skýrsla sem við erum að fjalla hér um gefur út af fyrir sig ekki tilefni til að fjölyrða um það. Hitt liggur ljóst fyrir að það sem hér er verið að fjalla um er hvernig unnið hefur verið að því að ná fram fríverslun með fisk hjá EFTA-ríkjunum. Hvað fara gerir svo í þessum málum varðandi Evrópubandalagið og samninga EFTA og Evrópubandalagsins, ég ætla ekki að hefja umræður um það hér í tengslum við þessa skýrslu. En þar hafa verið sett fram þau sjónarmið sem hér á Alþingi hefur verið greint frá. Hér hafa svo komið fram ákveðin sjónarmið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem fer að sjálfsögðu með þá samninga og svo aftur sjónarmið þeirra sem í stjórnarandstöðu eru og ég sé ekki ástæðu til þess að taka upp tíma hér og nú til að fjalla um það, enda erum við að ræða fyrst og fremst um skýrslu þessara þingmannasamtaka. Hins vegar þegar fram í sækir og samningaumleitanir og samningar þessir standa yfir og komið verður að lokum þeirra, þá verður þetta mál að sjálfsögðu hér til umfjöllunar með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem þá hefur fengist.

Það er hins vegar ljóst að það hafa verið settir fram ákveðnir fyrirvarar varðandi þessi mál og ég trúi að það séu allir sem standa að þeim fyrirvörum með hvaða hætti fríverslun með fisk yrði hér í sambandi við þá samninga sem standa nú yfir.

Hv. 2. þm. Austurl. hann vék svo að því hlutverki sem þessi þingmannanefnd kemur til með að hafa burt séð frá því hvernig þessum samningum lýkur. En það er einmitt vegna þess að mönnum er ekki ljóst, þar er ekki komin niðurstaða, að þannig er tekið til orða. Þannig er lagt til í skýrslunni að við rösum ekki um ráð fram um starfsreglur fyrir þessi samtök, einfaldlega vegna þess að það er enn ekki ljóst hversu stór þau koma til með að verða né með hvaða hætti. Hitt getum við svo gert upp við okkur hér, þ.e. alþm., með hvaða hætti við veljum, hvað marga við veljum. Það sem hér er fyrst og fremst verið að tala um er hvers konar samstarfsreglur við komum til með að hafa. Það fer svo að sjálfsögðu eftir því hver verður niðurstaða þessara samninga með hvaða hætti samskiptin verða, hverjir verða þar til kvaddir og svo framvegis. Við getum og eigum auðvitað með einum eða öðrum hætti að setja okkur starfsreglur varðandi okkar eigin fulltrúa í þessu sambandi.

Þá kem ég að því með hvaða hætti menn hafa verið tilnefndir til þessara starfa. Mér hefur skilist að það hafi verið formenn þingflokka sem hafi fjallað um

þessi mál. Það hefur a.m.k. verið svo að þingflokki Sjálfstfl. hefur að undanförnu verið falið að tilnefna annan af þeim tveimur sem skipa þessa þingmannanefnd og í fyrra var ég tilnefndur af hálfu Sjálfstfl. Af hálfu Alþfl. var tilnefndur, og hefur verið fulltrúi hans í nokkur ár, Kjartan Jóhannsson og mér tjáð að ekki væru uppi breytingar um það og af hálfu Alþfl. hafi Jón Sæmundur Sigurjónsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., verið tilnefndur.

Þetta er fyrst og fremst verklagsregla þingflokksformanna. Hvernig það hefur verið gert get ég ekki dæmt um. Það eina sem mér hefur verið ljóst allan tímann er að formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur tjáð sínum þingflokki að það bæri að tilnefna einn úr hópi sjálfstæðismanna. Áður var hv. 2. þm. Vesturl. í þessum þingmannahópi, þar áður hv. þm. Gunnar G. Schram. Á fylgiskjali III má sjá hvaða fulltrúar hafa þarna verið og með hvaða hætti. En það eru formenn þingflokka sem hafa, eftir því sem ég þekki til, komist að samkomulagi um það hverjir veldu þingfulltrúa á EFTA-þingmannafundina.

Hv. 12. þm. Reykv. spurði um þetta ásamt hv. 2. þm. Austurl. og ég hef svarað eins og ég þekki til. Hv. 12. þm. Reykv. spurði svo um hlutverk væntanlegrar þingmannanefndar eða þær hugmyndir sem væru til umfjöllunar nú. Það er fyrst og fremst, eins og ég sagði, annars vegar verið að koma sér niður á með hvaða hætti samstarf ætti að vera á milli EFTA-þingmanna, EFTA-ráðsins og ráðherranna, og það er gerð grein fyrir því hér. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að komið er að lokum þessa fundar vegna þingflokksfunda. Ég vildi því spyrja hv. þm. hvort hann vilji fresta ræðu sinni eða hvort henni er u.þ.b. að ljúka.) Ég á mjög stutt eftir og ég teldi rétt að við reyndum að ljúka þessari umræðu. (**Forseti:** Ef hv. þm. á stutt eftir af sinni ræðu held ég að við freistum þess að ljúka umræðunni.) Ég skal vera eins stuttorður og ég frekast get. Ég vakti athygli á því að annars vegar væri um að ræða samstarf við EFTA-ráðið og EFTA-ráðherrana. Það kemur hér skýrt fram og það hafa þegar verið settar ákveðnar reglur í þeim efnum eins og hæstv. utanrrh. staðfesti í sinni ræðu hér áðan og einmitt á fundi þar sem hann gegndi formennsku og eftir að EFTA-ráðið hafði undir forustu Kjartans Jóhannssonar sendiherra tekið afstöðu til málsins. Hin hliðin er svo samskiptin við þingmenn Evrópubandalagsins. Þar hafa ekki neinar fastmótaðar hugmyndir verið lagðar fram og áður en til ákvarðanatöku í þeim efnum kæmi yrði það að sjálfsögðu kynnt þingmönnum hér og gerð grein fyrir því hvers konar samstarf um væri að ræða.

Þá benti hv. 2. þm. Austurl. réttilega á það að hér erum við að ræða um EFTA-samstarf. Fjögur af EFTA-ríkjunum eru ríki Norðurlanda þannig að að hluta til kemur niðurstaða þessara umræðna, þ.e. niðurstaða þessa samstarfs, e.t.v. til með að hafa áhrif á Norðurlandasamstarfið með einum eða öðrum hætti. Og það liggur að sjálfsögðu ekki ljóst fyrir hvernig að því yrði staðið. Spurningin er svo þessi sem hv. þm. varpaði fram sem hugmynd eða sem möguleika inn í framtíðina þegar hann ræddi um skakka turninn í Pisa: Ef þetta gerðist með þessum hætti og niðurstaðan yrði þá sú að einhver EFTA-ríki sæktu um inngöngu í Evrópubandalagið, hvað þá? Allt eru þetta spurningar sem ekki hefur enn verið svarað og einmitt þess vegna er um að gera fyrir okkur að fara hægt í sakirnar með það með hvaða hætti við skipuleggjum okkar samstarf á þessum vettvangi, þ.e. Fríverslunarbandalagsins, og þá þau samskipti sem eru við Norðurlandaráð í þeim efnum.

Þá spurði hv. 12. þm. Reykv. um þær viðræður sem getið er á bls. 2 í upphafi 3. kafla og fram fóru á árunum 1981–1986. Sjálfur sat ég ekki í þessari nefnd þá. Þetta voru fyrst og fremst almennar umræður, eins og hér er getið um, á milli þessara þingmanna, þ.e. frá Evrópubandalaginu og frá EFTA. M.a. var haldinn sameiginlegur fundur EFTA-ráðherranna og Evrópubandalagsráðherranna 1984 í Lúxemborg og Lúxemborgaryfirlýsingin gerð. Hún var þess eðlis að hindrunum í viðskiptum á milli landa yrði hrundið og þær afmáðar. Umræðurnar fjölluðu um það að vissu leyti. Á næstu grösum var innganga Portúgals og Spánar. Spánn og Portúgal voru að ganga í Evrópubandalagið. Hvaða þýðingu höfðu þær breytingar í sambandi við fríverslun með fisk og annað eftir því sem að sjálfsögðu snerti okkur Íslendinga? Það sem til er í sambandi við þetta er sjálfsagt að útvega og koma til viðkomandi, en ég held að ég geti ekki hér og nú gert frekari grein fyrir þeim umræðum sem þar fóru fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til frekari málalenginga, ekki nema þá eitthvað kæmi hér upp sem ég vildi svara.

EFRI DEILD

47. fundur, þriðjudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Laun forseta Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, 2. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356, n. 530.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Aðdragandi þessa frv. er sá að 26. júní 1987 gerði ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkt um þennan samning og hinn 26. nóv. 1987 var hann síðan undirritaður af Íslands hálfu og af átján öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins.

Samningur þessi kveður á um það að stofnsett skuli Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Skal nefndin með vitjunum kanna meðferð manna sem sætt hafa frelsissviptingu í því skyni að efla, ef nauðsyn krefur, vernd þeirra gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Það er mat dómsmrn. að nauðsynlegt sé að setja sérstök lagaákvæði til að tryggja að öll ákvæði samningsins hafi lagastoð þegar hann verður framkvæmdur hér á landi.

Efni þessa frv. er því það að nefndinni, sem þarna er kveðið á um að stofnsetja og í eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarríki, skuli vera heimilt að fara í þær stofnanir þar sem frelsissviptur maður er hafður. Gert er ráð fyrir því að tveir nefndarmenn fari í slíkar heimsóknir hverju sinni og að farið verði í hvert land annað hvert ár. Í 4. gr. frv. eru ákvæði í samræmi við 9. gr. samningsins, að ef sérstaklega stendur á skuli vera heimilt að fresta slíkri heimsókn. En það verða að vera mjög ærnar ástæður til að hægt sé að fara fram á slíkt og á alls ekki að koma í veg fyrir að nefndin geti að öllum jafnaði gegnt sínum störfum.

Þá er í 5. gr. frv. ákvæði um að nefndarmenn skuli njóta friðhelgi við starfa sinn á svipaðan hátt og sendiráðsstarfsmenn.

Á fund allshn. kom Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmrn., og gerði grein fyrir efni samningsins og aðdraganda þessa frv. Að lokinni athugun mælir nefndin einróma með því að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 323.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef mjög ýtt á að umræður gætu haldið áfram um orkuskattinn. Nú hefur það gerst síðan síðast var haldinn fundur í þessari hv. deild að hæstv. iðnrh. hefur þvegið hendur sínar af þessu frv. Hann lýsti því yfir á fundi sameinaðs þings að ráðherrar Alþfl. hefðu lýst sig andvíga því frv. sem hér liggur fyrir. Hann sagði jafnframt að þingflokkur Alþfl. hefði skrifað ríkisstjórninni bréf þar sem hann lýsti því yfir að hann væri andvígur þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Í grein í Morgunblaðinu í dag skrifar hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra grein sem mér sýnist eiga að vera svargrein við því sem ég hafði áður skrifað um þennan skatt. Þar talar hann um að ég hafi verið með rangfærslur og aðdróttanir í sinn garð. Aðdróttanirnar voru þær að hæstv. iðnrh. stæði að stjfrv. Þegar hæstv. fjmrh. talaði fyrir þessu frv. hér í deildinni lét hann svo sem öll ríkisstjórnin stæði að þessu máli. Ef við lesum þá grg. sem frv. fylgir kemur hið sama í ljós, enginn fyrirvari er þar gerður um að Alþfl. hafi frá öndverðu lýst sig andvígan þessu frv. og að það hafi komið fram í ríkisstjórninni að hæstv. iðnrh. hafi talið það byggt á röngum grunni, röngum forsendum og raunar á algjörum misskilningi, háð miklum annmörkum.

Ég hygg að gömul þinghefð og þingvenja sé fyrir því þegar þannig stendur á að hæstv. forseta deildarinnar þyki eðlilegt að stjórnarandstaðan óski eftir því að hæstv. forsrh., verkstjóri ríkisstjórnarinnar, sé viðstaddur umræðurnar. Og því fremur, hæstv. forseti, sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir hinn 30. nóv. 1989, í umræðum um vantraust á ríkisstjórnina, að full samstaða væri innan ríkisstjórnarinnar um það að skattleggja orkufyrirtækin í landinu sem næmi 250 millj. kr. Nú liggur á hinn bóginn fyrir að hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra telur í sinni grein að hæstv. fjmrh. hafi haft frumkvæði að því, það sé uppástunga hæstv. fjmrh. að orkuskatturinn sé á lagður og telur að þær hugmyndir sem hæstv. fjmrh. sé með varðandi orkuskattinn séu miklum annmörkum háðar, séu byggðar á misskilningi á eðli orkufyrirtækja, því augljóst sé að ekki sé hægt að skattleggja þau með þeim hætti sem í þessu stjfrv. segir.

Ég óska eftir því, hæstv. forseti, í fyrsta lagi að viðstaddur hér sé formaður Borgfl., hagstofuráðherra. Hann ber skynbragð á tölur. Í öðru lagi hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á störfum ríkisstjórnarinnar og hlýtur að geta upplýst okkur hér í deildinni um það hvernig á því standi að við höfum fengið misvísandi upplýsingar um það hverjir standi að þessu frv. og hvernig á því standi að þau ummæli sem hann lét sér um munn fara við vantraustsumræðurnar í endaðan nóvember eru ekki á rökum reistar. Annaðhvort algjör ósannindi eða hálfsannleikur. Og ég hygg að það sé enn fremur ljóst, hæstv. forseti, að við hljótum að óska þess að formaður Alþfl., sem sat fundi þann dag sem vantraustsumræðurnar fóru fram, hæstv. utanrrh., sé viðstaddur þessar umræður.

Eins og við munum af blaðafréttum hittust formenn flokkanna þennan dag, formaður Framsfl., formaður Alþb., formaður Alþfl. og formaður Borgfl. og ræddu um það hvernig hægt væri að ná efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar saman. Er það ekki rétt munað? Og nú er nauðsynlegt að fá fram hvort

það hafi komið fram á þeim fundi, sem formaður Alþfl. sat á þessum tíma með ráðherrum samstarfsflokka sinna, að Alþfl. væri andvígur því að þessi skattur yrði á lagður.

Ég sé að hér er hæstv. forsrh. kominn í salinn og af þeim sökum er ekkert því til fyrirstöðu að ég geti haldið áfram umræðu minni um orkuskattinn. (**Forsrh.:** Ég verð að vera í neðri deild, þar er mál sem ég er með sem er verið að taka fyrir, því miður.) Ég sé, hæstv. forseti, að þessi umræða er miklum annmörkum háð. En við getum þá tekið til við umræðuna um leið og umræðunni er lokið í neðri deild um nýtt umhverfisráðuneyti, án verkefna að vísu. Það getur ekki talist svo merkilegt mál að það liggi á því. Og ég veit að um leið og umræðunni í neðri deild verður lokið um það og á fundartíma okkar hér í efri deild mun hæstv. forseti sjá til þess að forsrh. sé viðstaddur umræðuna hér og skýri frá sínum bæjardyrum séð hvernig þessi ágreiningur, þessi djúpstæði ágreiningur sem er milli hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., er vaxinn. Og ég vil spyrja hvort hæstv. forsrh. hafi verið kunnugt um þessa hvössu gagnrýni, miskunnarlausu gagnrýni hæstv. viðskrh. á fjmrh., en viðskrh. segir að fjmrh. hafi engan skilning á eðli orkufyrirtækja og að frv. eins og það liggi fyrir sé á algjörum misskilningi reist. (**Forseti:** Ég vil nú beina því til hv. ræðumanns, sem var í miðri ræðu sinni síðast þegar þetta var á dagskrá hér, hvort hann geti þá ekki haldið eitthvað áfram sinni ræðu þar sem hæstv. viðskrh. er hér mættur og sjá til hvort hæstv. forsrh. getur ekki komið hér þegar hann losnar úr Nd.)

Herra forseti. Það liggur fyrir að stjórnarandstaðan er andvíg þessari skattheimtu. Það liggur líka fyrir að ríkisstjórnin er klofin í málinu. Forsendurnar fyrir því að halda umræðunni áfram á sömu nótum og áður eru ekki lengur fyrir hendi. Það sem nauðsynlegt er að fá upplýst nú er:

Í fyrsta lagi hvort hæstv. forsrh. sagði vísvitandi ósatt í umræðum um vantraust hinn 30. nóv. sl.

Í öðru lagi að fá upplýst hver voru viðbrögð formanns Alþfl. þegar formaður Alþb. gerði það að tillögu sinni í ríkisstjórninni að orkuskatturinn yrði á lagður. Hvort formaður Alþfl. hafi á þeim tíma skýrt sérstöðu Alþfl.

Í þriðja lagi er náttúrlega nauðsynlegt að fá að vita hvorum megin hæstv. forsrh. stendur í málinu og svo Borgfl. Hvorki ráðherrar Framsfl. né Borgfl. hafa opnað sinn munn. Það getur verið að hæstv. fjmrh. sé einn, það vilji enginn annar kannast við skattinn. Skilja hann eftir einan á þessu flæðiskeri. Það má vera. En þetta verður að fást upplýst. Stjórnarandstaðan hlýtur að krefjast þess að ríkisstjórnin geri grein fyrir sínu máli. Eins og fram hefur komið þýðir þessi skattur 30% hækkun á heimilistöxtum rafmagns síðari hluta ársins og það er auðvitað óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. verði hér viðstaddur.

Ég veit að hæstv. forseti skilur að beiðni mín er í fullu samræmi við þingvenjur og auðvitað mikilsverðara mál sem við erum að tala um hér nú í efri deild, nýja skattlagningu á orkufyrirtæki, en umræðuefnið í neðri deild sem er um það hvenær eigi að opna skrifstofu sem hefur engin verkefni þó svo að skrifstofan eigi að heita umhverfisráðuneyti.

Eiður Guðnason *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði hér uppi langa tölu um lítið efni, en hann talaði jafnan í nafni stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan krefst, stjórnarandstaðan vill. Því spyr ég hv. þm. Kvennalistans: Talar hv. þm. Halldór Blöndal fyrir þeirra hönd í þessu máli og er þessi málflutningur hans sem hér er hafður uppi með þeirra vitund, vilja og samþykki? Því ég vek athygli á því aftur að þingmaðurinn talaði jafnan í nafni stjórnarandstöðunnar, sagðist gera þessa kröfu og hina í nafni stjórnarandstöðunnar. Ég tel alveg nauðsynlegt að þetta komi hér fram.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mælti hér fyrir um að orkufyrirtækin væru tekin inn í tekjuskattslögin, líkt og önnur fyrirtæki, er að sjálfsögðu stjfrv. Það leikur enginn vafi á því að hér er um stjfrv. að ræða.

Það er líka rangnefni að hér sé um sérstakan orkuskatt að ræða, heldur er þetta frv. sem felur í sér að orkufyrirtækin greiði tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki í landinu.

Vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal setti hér fram spurningar sem hann taldi nauðsynlegt að væri svarað áður en umræðan gæti haldið áfram tel ég nauðsynlegt að greina frá því að það er ekki og hefur ekki verið neinn ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um að 250 millj. af því dæmi sem sett var upp fyrir fjárlög gildandi árs og í tengslum við skattabreytingar, sem m.a. tengdust breytingum á virðisaukaskattinum, væri aflað með skattlagningu orkufyrirtækja eða hliðstæðum orkuskatti. Það hefur komið fram hvað eftir annað að það er enginn ágreiningur um það af hálfu Alþfl. eða annarra stjórnarflokka að 250 millj. sé aflað með orkuskatti af einu eða öðru tagi. Þess vegna getur þessi umræða haldið áfram því það liggur alveg ljóst fyrir að það er enginn ágreiningur um það af hálfu stjórnarflokkanna.

Það sem hefur hins vegar komið fram í málinu er að einstakir ráðherrar og einstakir þingmenn hafa haft ýmsar tæknilegar athugasemdir við þetta frv. fram að færa og einstök orkufyrirtæki hafa fullyrt að frv. mundi gefa miklu meira af sér í tekjum en því er ætlað að gera. Jafnvel Landsvirkjun ein hefur fullyrt að skv. frv. mundu koma um 1800 millj. eða svo frá Landsvirkjun inn í ríkissjóð. Það hefur aldrei verið ætlunin heldur eingöngu miðað við 250 millj. kr. Ég held þess vegna að það muni greiða mjög fyrir skilningi manna á málinu að hér fari fram umræða um málið og menn geti fjallað um það efnislega og skýrt sín sjónarmið.

Ég vænti þess að hv. þm. Halldór Blöndal geti fallist á slíkt þannig að við getum haldið umræðunni

áfram og fengið að hlýða m.a. á hans athugasemdir og sjónarmið varðandi frv. sem ekki hefur verið tækifæri til að hlýða á enn. Og að aðrir ráðherrar hafi svo tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum að.

Ég vil hins vegar undirstrika það að hér er ekki um frv. fjmrh. sérstaklega að ræða eins og sagt hefur verið heldur er hér um stjfrv. að ræða þar sem einstakir ráðherrar eða einstakir þingmenn hafa tæknilegar athugasemdir við útfærslu frv. að gera. Sú yfirlýsing sem gefin var út í vantraustsumræðunum um að allir stjórnarflokkarnir stæðu að slíkri orkuskattlagningu var rétt og er rétt. Ekkert annað hefur komið fram af hálfu neins stjórnarflokks. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvernig eigi að afla þessara 250 millj., en það er enginn ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um að þeirra beri að afla.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um það hvers eðlis það frv. sé sem hér er á dagskrá, hvort það sé stjfrv. eða ekki og með hvaða formerkjum það sé hér fram borið. Það er mála sannast að í þingsögunni eru mörg dæmi um stjfrv. sem ekki hefur ríkt um fullkomin eining innan stjórnar. (**HBl:** Þar sem einn stjórnarflokkurinn hefur verið á móti, bæði ráðherrar og þingmenn og þingflokkur? Veit ráðherrann dæmi um það?) Vill hv. 2. þm. Norðurl. e. gefa ræðumanni tóm til að ljúka máli sínu? (**HBl:** Sjálfsagt.) Ég bíð eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. e. þagni. (**HBl:** Er ráðherrann . . .) Hann mun gera það eins og hans er vandi. (**HBl:** Ekki var það síðast þegar hann talaði um það.) Það var svo.

Staða frv. skýrist kannski best með því ef ég læsi bréf sem þingflokkur Alþfl. ritaði fjmrh. 13. des. 1989. Og með leyfi forseta ætla ég að lesa þetta bréf. Hér er líka staddur hv. 3. þm. Vesturl., formaður þingflokksins, sem getur best um málið borið. Bréfið er svona:

„Þingflokkur Alþfl. fjallaði í dag um frv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Miklar umræður urðu um málið og í þingflokknum eru efasemdir um ágæti þess. Gerð frv., sú staðreynd að það er þrjár efnisgreinar og ákvæði til bráðabirgða fylla á þriðju síðu, sýnir afar greinilega hversu tæknilega flókið og erfitt málið er. Fram kom að málið mun þurfa vandaða og ítarlega umfjöllun í nefnd.

Það varð hins vegar niðurstaða á þingflokksfundinum að fallast á að frv. verði lagt fram á Alþingi. En skylt er þess að geta að það er með nokkrum semingi gert. Þingmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum þegar þar að kemur. Áréttað skal í lokin að með þessu eru þingmenn Alþfl. ekki að skjóta sér undan því að afla þeirra tekna sem þarf vegna prósentulækkunar virðisaukaskatts en hafa hins vegar miklar efasemdir um ágæti þessarar aðferðar.

Fyrir hönd þingflokks Alþfl., Eiður Guðnason."

Svo mörg eru þau orð. Þetta lýsir afstöðu þingflokksins og líka afstöðu minni. Ég hafði reyndar gert rækilega grein fyrir því sem kalla má tæknilega annmarka þeirrar aðferðar sem fjmrn. hefur lagt til að farin verði í málinu með greinargerð innan ríkisstjórnarinnar dögum fyrr.

Þetta vil ég láta koma fram. En það breytir engu um það að miklu er skynsamlegra að ræða þetta mál á efnisrökum þess en í marklausri þrætulist af þeirri tegund sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur hér uppi í nafni allrar stjórnarandstöðunnar. Og ég ítreka spurningu hv. 3. þm. Vesturl. til stjórnarandstöðufulltrúanna í þessari hv. þingdeild: Talar hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir gjörvalla stjórnarandstöðuna?

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kvaddi sér hér hljóðs áðan um þingsköp. Ég kvaddi mér hljóðs af því tilefni. Hæstv. fjmrh. talaði ekki um þingsköp, hann talaði um efnisatriði þriðja dagskrármálsins. En ég ætla ekki að gera mál úr því, það var annað atriði.

Fyrir u.þ.b. einu ári kvaddi hæstv. fjmrh. sér hljóðs um þingsköp í sameinuðu Alþingi. Það kom athugasemd fram við það á þeirri forsendu að hann hefði ekki heimild til að ræða um þingsköp af því að hann væri ekki þingmaður. Hæstv. forseti sameinaðs Alþingis tók þetta mál upp í forsetastóli og kvað upp þann úrskurð að hæstv. fjmrh. hefði ekki heimild til að ræða þingsköp af því að hann væri ekki þingmaður. Og hæstv. forseti sameinaðs þings baðst afsökunar, bað þingið afsökunar á þeim mistökum sem orðið hefðu. Hér var kveðinn upp úrskurður, þýðingarmikill úrskurður um framkvæmd þingskapa. Ég skal taka það fram að ég er andvígur þessum úrskurði og tel að hann sé rangur. En úrskurður forseta stendur þar til honum er breytt.

Þetta skeði í sameinuðu þingi. Nú hefur hæstv. fjmrh. hins vegar kvatt sér hljóðs um þingsköp í þessari hv. deild. Ég stóð upp til þess að spyrja hæstv. forseta, sem veitti hæstv. fjmrh. heimild til að tala hér um þingsköp, að því hvort í því felist að hæstv. forseti þessarar deildar ætli að fylgja annarri reglu en hæstv. forseti sameinaðs þings um þetta efni sem hér um ræðir. Þetta er formsatriði, en atriði um framkvæmd þingskapa sem skiptir ákaflega miklu máli. Mín fsp. til forseta þessarar hv. deildar er sú hvort hann telji réttan úrskurð forseta sameinaðs þings um þetta efni og ef svo er hvers vegna hann veitti þá hæstv. fjmrh. heimild til þess að tala um þingsköp eða hvort í þessu efni eigi að líta svo á að hæstv. forseti þessarar deildar sé á annarri skoðun.

Ég vil beina þessari fsp. til hæstv. forseta. Ég tek eftir því að annar maður er nú í forsetastóli en sá sem var, aðalforseti deildarinnar, þegar hæstv. fjmrh. var gefið orðið. En þó að ég viti að sá sem nú stýrir fundi í augnablikinu sé mjög vanur og hæfur forseti, þá þykir mér rétt að heyra álit aðalforseta um þetta efni.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Vestf. er mjög kunnugur þingsköpum og stjórn funda. Ég heyrði því miður ekki allt hans mál þannig að ég veit ekki hvort hans álit á þessu atriði kom fram. Hins vegar hefur hæstv. fjmrh. oft rætt um þingsköp í sameinuðu þingi og ég lít svo á að þetta sé í samræmi við þau ákvæði að ráðherra sem ekki er alþingismaður hafi sambærilegan rétt og þingmenn, að öðru leyti en því að hann hefur að sjálfsögðu ekki atkvæðisrétt. En hann hefur málfrelsi hér í hv. Ed. eins og annars staðar á Alþingi og ég tel að því hljóti honum að vera leyfilegt að taka til máls hvaða form sem er á umræðu.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Suðurl., hæstv. forseti þessarar deildar, hefur sagt sitt álit um það efni sem ég færði í tal varðandi hæstv. fjmrh. Og þó að það væri sagt úr ræðustól en ekki úr forsetastóli lít ég svo á að það sé skýr vilji eða skoðun hæstv. forseta í þessum efnum.

Hann sagðist, hæstv. forseti, ekki hafa tekið eftir öllu sem ég sagði. Þá vil ég ítreka að ég sagði að ég væri ósammála úrskurði forseta sameinaðs Alþingis og ég er sammála því sem hæstv. forseti þessarar deildar, hv. 2. þm. Suðurl., sagði hér. Ég er sammála honum.

Hæstv. forseti sagði hins vegar, og við það vil ég gera athugasemd, að hæstv. fjmrh. hefði oft talað um þingsköp. Ég minnist þess ekki. Ég hygg að þetta sé misminni. Ég minnist ekki þess að hæstv. fjmrh. hafi, ég hef ekki heyrt það sjálfur, talað um þingsköp síðan að úrskurður hæstv. forseta sameinaðs þings var gefinn fyrir u.þ.b. ári síðan. Og hæstv. forseti sameinaðs þings bað afsökunar á sínum mistökum að hafa veitt hæstv. fjmrh. heimild til þess að ræða um þingsköp. Og það ber að virða það við hæstv. fjmrh. að hann hefur í þessu efni hlýtt úrskurði forseta sameinaðs þings.

Halldór Blöndal *(frh.)*:

Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. forsrh. fyrir að hann skuli hafa komið hér í deildina til að vera viðstaddur umræður um frv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Óhjákvæmilegt er að hann, sem verkstjóri þessarar ríkisstjórnar, sá sem á að samstilla kraftana, gefi deildinni nokkra skýringu á því hvernig á því megi standa að hér liggur fyrir í deildinni frv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja sem lagt er fram án fyrirvara, og að í ríkisstjórn virðast einungis fjórir stjórnarflokkar af fimm standa að því. Ég hef að vísu ekki neitt fyrir mér í því að hv. þm. Stefán Valgeirsson sé sammála þeirri skattheimtu sem hér er lögð til. Ég hef ekkert fyrir mér heldur, hæstv. forsrh., um það hvort Borgfl. stendur að þessu frv. og þaðan af síður hef ég nokkuð fyrir mér um það hvort Framsfl. stendur að þessu frv. Á síðasta fundi sem haldinn var hér í deildinni kom til orðaskipta milli mín og eins af þingmönnum Framsfl. og sá þingmaður var ekki reiðubúinn til að lýsa því yfir að hann styddi það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég hlýt fyrst, herra forseti, að víkja orðum mínum að hæstv. viðskrh. Hann sagði hér áðan að það væru mörg dæmi þess að stjfrv. hefðu verið lögð fram á Alþingi sem einstakir þingmenn hefðu lýst andstöðu við eða lýst yfir að þeir mundu hafa frjálsar hendur með afgreiðslu þeirra. Ég hygg að ég geti rifjað upp mörg slík frv. Ég get meira að segja rifjað upp að einu sinni kom það fyrir í viðreisnarstjórninni að einn af ráðherrum Alþfl. greiddi atkvæði gegn frv. sem þáv. viðreisnarstjórn flutti, hæstv. ráðherra Eggert Þorsteinsson, eins og við munum á meðan hann var ráðherra.

Ég segi á hinn bóginn að ég veit ekkert dæmi þess að stjfrv. hafi verið lagt fram eftir að fyrir liggur að einn þeirra flokka sem standa að ríkisstjórninni hefur lýst andstöðu sinni við það frv. og við þá aðferð sem þar er beitt. Og ég spyr hæstv. viðskrh. hvort hann sé reiðubúinn til þess — líka vegna þess að hann kallaði mig ósannindamann áðan héðan úr þessum ræðustól, hvort hann sé reiðubúinn til að nefna dæmi þess að stjfrv. hafi verið lagt fram á Alþingi, þegar fyrir lá að ráðherrar eins stjórnarflokksins í ríkisstjórninni höfðu lýst andstöðu sinni við efnisatriði frv., eftir að fyrir lá að þingflokkur viðkomandi stjórnarflokks hafði lýst andstöðu við efnisatriði frv. og að það hafi jafnframt gerst að ekki hafi verið minnst einu einasta orði á þennan ágreining í þeirri grg. sem slíku stjfrv. fylgir. Og eftir að fyrir liggur að sá ráðherra sem gerði grein fyrir frv. hér á Alþingi minntist ekki einu einasta orði á ágreininginn í sinni framsöguræðu fyrir málinu hér á Alþingi. Það er auðvitað nauðsynlegt, líka til þess að við vitum, hæstv. forseti, um fordæmin í þingsögunni, að hæstv. viðskrh. eða iðnrh., þegar hann kemst að, upplýsi þingheim um það hvaða fjölmörgu eða einstöku frv. það eru sem hann veit um þar sem þetta þrennt á við. Allir ráðherrar eins stjórnarflokksins, allir þingmenn eins stjórnarflokksins hafa lýst andstöðu við skattlagningu eins og hún liggur fyrir án þess að á það sé minnst einu einasta orði, hvorki í grg. með stjfrv. né af þeim hæstv. ráðherrum sem gera grein fyrir málinu á Alþingi. Ég fullyrði, herra forseti, að hæstv. iðnrh. muni reynast erfitt að finna þessi fordæmi.

En af því, eins og hann sagði einu sinni, að hann væri betur að sér en ég þegar hann var staddur hér í þessum ræðustól, þá efast ég ekki um að hann muni upplýsa deildina um það hvaða sérstöku frv. hann hafði í huga þegar hann lét þessi orð falla hér áðan. Því ekki verður því trúað að hann hafi þar farið með ágiskanir einar eða getsakir þegar hann í sömu andránni hefur uppi þau orð um annan þingmann sem efast um réttmæti orðanna að hann sé ósannindamaður. Það má vera að hæstv. ráðherra finnist þetta smámál, smáatriði, sem ég er nú að tala um, en mér finnst þetta atriði þungt á metunum vegna þess að ég ætlast til þess að ráðherra fari rétt með grundvallaratriði í sambandi við stjórnskipan landsins, þingvenjur og annað. Ég get á hinn bóginn rifjað upp að frv. sem ágreiningur var um í ríkisstjórn hafa verið lögð fram m.a. sem þmfrv. þegar ekki vildi betur til.

Ég vil í annan stað, herra forseti, áður en ég vík orðum mínum að hæstv. forsrh., til gamans leggja út af þessum orðum, sem ég hef nú eftir, í bréfi þingflokks Alþfl. frá 13. des. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Gerð frv., sú staðreynd að það er þrjár efnisgreinar og ákvæði til bráðabirgða fylla á þriðju síðu, sýnir afar greinilega hversu tæknilega flókið og erfitt málið er.“ Svo mörg voru þau orð.

Matthías Jochumsson segir frá því í Söguköflum af sjálfum sér, þegar hann er að tala um samskipti sín við Grím Thomsen, að hann hafi ekki ort um Grím nema eina óþægilega vísu. Og blessað þjóðskáldið okkar var nú að hugga sig við það að vísan hefði ekki verið nema ein. En hvernig var vísan?

> Í gráum frakka Grímur fylgdi gamla Jóni,
> hreysiköttur konungsljóni.

Þessi vísa hefur lifað á tungu þjóðarinnar æ síðan og síður en svo var þessi staka Grími Thomsen til neinnar ánægju, þó að ekki væri nema tvær línur. Eins má segja um texta. Hann getur verið langur og ógreinilegur, illa orðaður og þó eru efnisatriði í rauninni mjög skýr og einföld. Þess vegna segir þessi setning ekki neitt, er einhvers konar yfirklór þegar viðkomandi hafa ekki mátt né vilja til þess að skýra staðfastlega frá sínum skoðunum.

En nú er komið að því, hæstv. forsrh., að nauðsynlegt er að fá glögg svör frá hæstv. forsrh. um nokkur atriði. Og það er þá í fyrsta lagi þetta: Hvaða stjórnarflokkar eru sammála efnisatriðum frv. um skattlagningu orkufyrirtækja eins og það liggur nú fyrir á þskj. 323? Með öðrum orðum: Er Framsfl. sammála frv. eins og það liggur fyrir? Er Borgfl. sammála frv. eins og það liggur fyrir? Ég veit ekki hvort ástæða sé til að spyrja hvaða afstöðu hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi til þessa frv. en flokkur hans er einn af þeim flokkum sem standa að núv. ríkisstjórn. Þetta er nú í fyrsta lagi.

Í öðru lagi. Í ræðu hæstv. forsrh. hinn 30. nóv. 1989 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þá var ákveðið að orkufyrirtæki greiði tekjuskatt eins og bankar og fyrirtæki í landinu almennt gera og er áætlað að það þýði 250 millj. kr. tekjur.“ Svo mörg eru þau orð. Eftir orðanna hljóðan virðist frv. sem hér liggur fyrir vera í samræmi við þau ummæli sem hæstv. forsrh. hefur á þessum stað. En í grg. frv. er einmitt sama skírskotun til banka og sparisjóða og hæstv. fjmrh. vék að sama samanburði í sinni ræðu og ekki verður annað séð en frv., eins og það liggur fyrir, sé byggt á þessum forsendum sem hæstv. forsrh. talar hér um.

Hæstv. forsrh. segir síðar í sinni ræðu í lok þess kafla þar sem hann talar um tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Um þetta ríkir að sjálfsögðu full samstaða innan stjórnarflokkanna.“ Það er raunar í samræmi við það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan í athugasemdum sínum við fundarsköp að á þessum tíma, hinn 30. nóv., hafi formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, í viðræðum við formann Framsfl., (Gripið fram í.) formann Alþb. og formann Borgfl. — ég veit ekki hvort hv. þm. Stefán Valgeirsson var þar — lýst yfir samþykki Alþfl. við það að lagður yrði á sérstakur skattur á orkufyrirtæki. Þetta atriði virðist því liggja ljóst fyrir og er það auðvitað mjög athyglisvert.

Nú hefur það að vísu flogið fyrir, hæstv. forsrh., að upphafsmaðurinn að orkuskattinum sé ekki fjmrh. þó að ég hafi verið að gantast með það hér áðan og þó svo að hæstv. fjmrh. hafi ekki gefið undir fótinn með að málin kynnu að vera öðruvísi. Nú hefur það flogið fyrir að hugmyndin að orkuskattinum sé komin frá öðrum stjórnmálaflokki en Alþb. Og nú væri auðvitað mjög fróðlegt að fá um það upplýsingar, án þess að hæstv. forsrh. sé til þess skyldugur, hvaða stjórnmálaflokkur hafi átt hugmyndina að orkuskattinum. Ég skal ekki fullyrða hvaða stjórnmálaflokkur það er, en ekki trúi ég öðru en að hæstv. forsrh. sé reiðubúinn til þess að skýra frá því. Að öðrum kosti hljótum við, almennir þingmenn, að líta svo á að það hafi verið Alþb. sem átti hugmyndina að skattinum. Ekki vil ég trúa því að hæstv. forsrh. láti Alþb. liggja undir fölskum ásökunum að þessu leyti.

Þá vil ég í þriðja lagi, hæstv. forsrh., vekja athygli á ummælum sem hæstv. viðskipta- og iðnrh. skrifar í Morgunblaðið í dag, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Annars vegar hef ég bent á að þjónusta orkufyrirtækja hefur nokkra sérstöðu í samanburði við flest önnur þjónustufyrirtæki og í því sambandi minnt á að þau eru yfirleitt í eigu opinberra aðila. Þá er þjónusta hitaveitna og vatnsveitna náskyld að eðli og í sumum sveitarfélögum eru raunar vatns- og hitaveitur sama fyrirtækið. Það orkar því tvímælis að skattleggja orkufyrirtæki með þessum hætti en undanskilja ýmis önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaga.“

Svo mörg eru þau orð. Þessi ummæli eins og þau standa hér þýða á mæltu máli að í huga hæstv. iðnaðar- og viðskrh., þegar hann skrifar þetta, er að skattleggja vatnsveiturnar í landinu og ýmis önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaganna. Það er auðvitað óhjákvæmilegt, líka í tengslum við þessi mál, að fá það upplýst hjá hæstv. forsrh. hvort uppi séu hugmyndir um það hjá hæstv. ríkisstjórn að skattleggja önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaganna en orkufyrirtækin. Hvort hugmyndir séu uppi um það að skattleggja t.d. vatnsveiturnar og önnur þjónustufyrirtæki. Ég var að tala í dag að gamni mínu við einn af forustumönnum merks bæjarfélags fyrir norðan og sagði við hann svona að gamni mínu hvort ekki væri nú kominn tími til þess að sveitarfélagið færi að skattleggja eitthvað af umsvifum ríkisins norður í landi, hvort þeir fyrir norðan, sveitarfélögin, gætu ekki lagt t.d. fasteignaskatta á opinber fyrirtæki? En þá var einn hængur á. Með lögum bannar ríkið sveitarfélögunum að skattleggja sig nema mjög takmarkað. En á sama tíma og gengið var frá því hér á sl. vori að endurskipuleggja verkefna- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur ríkisstjórnin, á meðan verið er að vinna að þessu og á meðan ekki er einu sinni hægt að standa við það í sambandi við þann þáttinn sem veit að menningarmálunum og skólamál-

unum að greiða fjórðung af skuldunum út á þessu ári sem út af standa, verið að skattleggja sveitarfélögin *með nýjum hætti, ekki undir milljarði er mér sagt í* sambandi við aðstöðugjöldin. Og nú er hæstv. iðnrh. að gera því skóna að ástæða sé til að skattleggja ekki aðeins orkufyrirtæki, ekki aðeins vatnsveitur sveitarfélaga, heldur ýmis önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaganna til viðbótar.

Ég óska eftir því, hæstv. forsrh., að fram komi hvort þessar hugmyndir hafi verið ræddar í ríkisstjórninni og hvort það standi kannski til núna, til þess að reyna að fylla upp í gatið hjá ríkissjóði, að *breikka grunn skattheimtunnar* sem felst í þessu frv. sem við erum hér að tala um, hvort á bak við orð þessara tveggja ráðherra, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., um að nauðsynlegt sé að skiptast á skoðunum um orkuskattinn, liggi að ríkisstjórnin hafi í huga að skattleggja vatnsveiturnar og að skattleggja kannski ýmis önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaganna. Það er auðvitað nauðsynlegt að þetta komi fram.

Ég sagði í sameinuðu þingi fyrir skömmu að ef þetta frv. yrði að lögum mundi það þýða það að heimilistaxtar á rafmagni yrðu að hækka um 30%. Hæstv. orkuráðherra, hæstv. iðnrh., sagði að það væri fjarri öllum sanni í ræðu sem hann flutti síðar. Nú sætti ég mig ekki við það, herra forseti, að hæstv. iðnrh. geti í krafti síns embættis komið með slíkar fullyrðingar án þess að við það séu gerðar harðar og strangar athugasemdir. Ummæli mín voru reist á þeirri staðreynd að yfirlýsing hefur borist frá Landsvirkjun um að verði frv. að lögum þurfi verð til almenningsveitna að hækka um 46%. Í viðtali við Morgunblaðið hinn 26. jan. 1990 er haft eftir Eiríki Briem, sem er fjármálastjóri Rafmagnsveitna ríkisins, að vísu ekki orðrétt, en í fréttinni segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Honum taldist svo til að yrði raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna hækkað um 46% yrði RARIK að hækka verðið til almennings um 30%. „Frv., eins og það liggur fyrir, er gjörsamlega ónothæft að okkar mati," sagði Eiríkur." Í þessu blaði er líka viðtal við Aðalstein Guðjohnsen, rafmagnsveitustjóra í Reykjavík. Hann sagði að yrði frv. að lögum óbreytt yrði það sama upp á teningnum hjá Rafmagnsveitunni og hjá RARIK, að rafmagnið mundi hækka um 30%. En hæstv. iðnrh. hefur sagt á fundi sameinaðs þings að þessi ummæli Aðalsteins Guðjohnsens og þessi ummæli Eiríks Briem, fjármálastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, séu fjarri öllum sanni.

Nú gæti það út af fyrir sig verið skýring á ummælum hæstv. iðnrh. að hann hefði ekki sett sig inn í málið. Að honum væru ókunnar þær forsendur sem Landsvirkjun hefði fyrir sínum fullyrðingum og þær forsendur sem RARIK hefði fyrir sínum fullyrðingum og þær forsendur sem Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur fyrir sínum fullyrðingum. En það er nú ekki svo. Þvert á móti liggur það fyrir að hæstv. iðnrh. hefur verið að safna upplýsingum og gögnum bæði frá Landsvirkjun, frá einstökum orkuveitum, m.a. þessum fyrirtækjum báðum og frá fleiri aðilum. Honum var því fullkunnugt um á hvaða rökum fullyrðingar Aðalsteins Guðjohnsens og fullyrðingar Eiríks Briem og fullyrðingar Halldórs Jónatanssonar voru reistar, en lætur sig samt sem áður hafa það að lýsa því yfir að niðurstöður þessara mætu þjóðkunnu manna, þessara vönduðu embættismanna sem hvergi koma nálægt pólitík og ekki mega vamm sitt vita, heiðarlegir embættismenn — lætur sig hafa að segja að sú niðurstaða sem þessir menn komast að með hjálp löggiltra endurskoðenda séu staðlausir stafir, út í hött.

Það er auðvitað algjör misskilningur hjá hæstv. iðnrh. ef hann heldur að málið sé búið með þessu þó svo að þetta frv. verði aldrei að lögum. Því að auðvitað verður séð um það þegar málið kemur til fjh.- og viðskn. að Ríkisendurskoðun reikni nákvæmlega út hver skattbyrðin af þessu frv., eins og það liggur fyrir hér, verður með hliðsjón af þeim áætlunum sem fyrir liggja um tekjur og gjöld þessara orkuveitufyrirtækja sem ég hef talað um út frá þeim forsendum sem reiknað var út frá í sambandi við verðlagsþróun, gengisþróun og aðra hluti, þannig að við fáum úr því skorið, þegar frv. kemur til 2. umr., hvort það er hæstv. iðnrh. sem segir satt, þegar hann segir að ummæli þessara grandvöru embættismanna séu út í hött, eða hvort í ljós kemur að þessir grandvöru embættismenn hafa rétt fyrir sér. Mér dettur ekki í hug að vera endanlegur dómari í því máli. Ég minni hins vegar á það að Ríkisendurskoðun starfar nú undir Alþingi, er þess vegna ekki lengur háð húsbóndavaldi ráðherra eins og áður var og auðvitað munum við af þeim sökum fá niðurstöður í þessu máli. Það má þó blaðafulltrúi fjmrn. eiga, Mörður Árnason, að hann gengst drengilega við því í Morgunblaðinu þann hinn sama dag að sennilega hafi fjmrn. skjátlast og sennilega gefi skatturinn af sér miklu meiri tekjur en ella mundi.

Nú er það svo, hæstv. forsrh., og ég held að nauðsynlegt sé að fá upplýsingar um það líka, að í ljós kemur að þessi skattur hefði ekki skilað af sér einni einustu krónu í tekjuskatt ef miðað hefði verið við rekstrarárið 1989. Á þessu vakti ég athygli hér við fyrri umræðu málsins, í fyrri hluta ræðu minnar. Það byggist á því hvernig verðlagsþróun og gengisþróun var í landinu á þeim tíma og þarf ekki að rekja það fyrir einstökum ráðherrum hvernig það mál er vaxið. Á hinn bóginn er fundið upp á þeirri undarlegu reglu að heimta fyrirframgreiðslu af tekjuskatti vegna rekstrarniðurstöðu á yfirstandandi ári til að knýja þannig fram skattheimtu strax í ár. Það er athyglisvert að hæstv. iðnrh. og Alþfl. gerðu ekki athugasemd við þetta atriði. Þeim fannst þetta ekki óeðlilegt, hvorki honum né þingflokknum eins og bréfið hljóðaði sem hér var lesið upp áðan. Og þess vegna skil ég það svo, hæstv. forsrh., að innan ríkisstjórnarinnar sé fullkomin samstaða um að viðhafa þau undarlegu vinnubrögð nú að heimta svokallaða fyrirframgreiðslu á skatti af Landsvirkjun og orkufyrirtækjum á þessu ári en líta ekki á rekstrarstöðu sl. árs

vegna þess að þá lægi ljóst fyrir að þessi fyrirtæki þyrftu ekki að greiða eina einustu krónu í tekjuskatt. Þetta er málið, fengju þvert á móti uppsafnað tap sem gæti orðið þeim ávinningur síðar meir. Þarna kemur berlega fram sá undarlegi þankagangur sem einstakir ráðherrar hafa haft í þessu máli.

Og svo að lokum, herra forseti, aðeins vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur talað um að Landsvirkjun, Hitaveitan hér í Reykjavík og ýmis önnur fyrirtæki Reykjavíkurborgar og fyrirtæki ýmissa annarra sveitarfélaga eins og t.d. hitaveitan á Dalvík og fleiri stöðum hafi skilað einhverjum tekjum í bæjarsjóð og fundið mjög að því, vil ég rifja upp að það er alveg óþarfi að láta afnotagjaldið af símanum, af hinum almenna heimilissíma, venjulegum síma einstaklinga og fyrirtækja, láta afnotagjaldið af símanum fara upp í Póst og síma, fara í þær fjárhirslur. Það væri miklu betra að bæta bara afnotagjaldinu við á skattseðil ríkisstjórnarinnar því að hver einasta króna sem innheimt er í afnotagjald rennur í ríkissjóð en ekki til Pósts og síma eins og gjaldskráin er núna og eins og áætlanir eru núna uppi um gjaldtöku ríkissjóðs af Pósti og síma. En þó varð mér á núna, herra forseti, ég verð nú að leiðrétta mig, ég fór ekki alveg rétt með. Það er ekki hver einasta króna, það er gert ráð fyrir því að 500 millj. fari í ríkissjóð en tekjurnar munu að vísu vera 546 millj. sem áætlaðar eru af afnotagjöldum hins almenna heimilissíma. En í grófum dráttum er þetta svona. Og svo er hæstv. fjmrh. að býsnast yfir því að einhver önnur fyrirtæki séu blóðmjólkuð þegar sannleikurinn liggur fyrir með þessum hætti.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í stuttu máli skal ég leitast við að svara þeim spurningum sem beint var til mín. Í fyrsta lagi var spurt að því hvaða stjórnarflokkar standa að þessu frv. Þeir gera það allir. Mér sýnist nauðsynlegt að hafa örfá orð um það hvernig samþykkt stjfrv. fer fram. Þau eru lögð fram af viðkomandi ráðherra í ríkisstjórn. Ef ríkisstjórnin samþykkir eru þau send til allra þingflokka til meðferðar og síðan er greint frá því í ríkisstjórn og bókað í ríkisstjórn ef þingflokkar hafa allir samþykkt að frv. verði lagt fram og þá er það lagt fram sem stjfrv. Nákvæmlega þannig var farið með þetta frv. og á engan annan máta.

Það hefur stundum komið fyrir að málsvarar eins flokks hafa greint frá því að einstakir þingmenn hafi fyrirvara um einhver ákvæði. Allan þann tíma sem ég hef verið í ríkisstjórn hafa ætíð komið upp slík mál. Og ef ég man rétt í þessu máli var sérstaklega greint frá því af hálfu Alþfl. að menn teldu að skoða þyrfti ákvæði til bráðabirgða nánar og það væru sem sagt fyrirvarar í því sambandi. En frv. væri samþykkt sem stjfrv. og lagt fram sem stjfrv.

Ég þarf ekki að rekja aðdraganda þessa frv. Eftir að ákveðið var að draga úr skatttekjum ríkissjóðs í gegnum virðisaukaskattinn urðu miklar umræður um skattlagningu í staðinn og ég greindi m.a. frá því hér á Alþingi í ræðu og þar varð líka samkomulag í grundvallaratriðum um að fara þessa leið, að leggja skatt á orku með þessu móti.

Spurt er að því hvaða flokkar eigi upphafið að því að skattleggja orkufyrirtæki. Ég á því miður ekki svar við því. Mig minnir að ég hafi lengi heyrt hér á þinginu að samræma þurfi skattheimtu á atvinnurekstur í landinu, fyrirtæki í landinu. Sjálfstæðismenn hafa auðvitað talað æðioft um samvinnufélög og hlutafélög í þessu sambandi og hv. sjálfstæðismenn hafa vitanlega sýnt að þeir eru ekki hlynntir ríkisrekstri o.s.frv. En að einhver einn flokkur eigi upphafshugmyndina að því að skattleggja sérstaklega orkufyrirtækin, ef Framsfl. á hana, þá getur það vel verið, ég er ekkert að neita því en ég segi eins og er að ég get ekki svarað þeirri spurningu hver á þá hugmynd.

Ég vil hins vegar segja það að ég tel persónulega afar mikilvægt að samræma skattheimtu á atvinnurekstur í landinu. Ég tel ekki óeðlilegt að fyrirtæki sem bera arð greiði í sameiginlegan sjóð. Bankarnir greiða tekjuskatt. Nú eru a.m.k. enn þá tveir ríkisbankar og þeir greiða tekjuskatt. Þessu var mjög andmælt af ýmsum aðilum hér á hinu háa Alþingi þegar það var tekið upp á sínum tíma. En ég hef ekki orðið var við andmæli við því síðan. Ég tel ekki óeðlilegt að þau orkufyrirtæki sem bera arð greiði af því skatta.

Hv. þm. spurði hvort það væru aðrar hugmyndir í ríkisstjórninni um skattlagningu á orkufyrirtæki, eða þjónustufyrirtæki réttara sagt. Svo er ekki. Allar þær hugmyndir sem eru í ríkisstjórninni um skattlagningu hafa verið nákvæmlega tíundaðar, þær hafa verið taldar fram og m.a. afhentar aðilum vinnumarkaðarins í nýgerðum samningum og ég mun greina frá þeim hér á eftir í sameinuðu Alþingi. Þannig að ekki eru aðrar hugmyndir þar.

Af því að hér hefur verið rætt um uppgjörsmál og skattlagningu Landsvirkjunar viðurkenni ég að mér þótti það sem ég náði í og las eftir þá virtu endurskoðendur og ágætu sem hér hefur verið vísað til, um skatta á Landsvirkjun, hið furðulegasta plagg. Ég viðurkenni að ég er ekki sérstaklega bókhaldsfróður maður, en ég varð það eiginlega enn síður eftir að ég hafði lesið það rit. Þar segir beinlínis að samkvæmt reikningsvenjum Landsvirkjunar geti skattur þar orðið allt að 2 milljarðar. Þetta er nú satt að segja nokkurt alvörumál. En mér skilst að samkvæmt öðrum reikningsvenjum gæti hann orðið núll. Þetta er alvörumál og hlýtur að koma til athugunar hvort reikningsvenjur eigi ekki að vera þær sömu fyrir öll fyrirtæki í landinu. Í þessu riti, sem ég er nú ekki með hér fyrir framan mig en ég held að ég muni það úr því, leggjast þeir gegn því að reikningsvenjum Landsvirkjunar verði breytt. Ég er algerlega sammála hv. þm. Vitanlega á nefndin, þegar hún fær þetta til meðferðar, að láta rannsaka þetta mjög vandlega og vitanlega á Ríkisendurskoðun að skoða þetta mál. Það nær ekki nokkurri átt að eitt fyrirtæki, sem er opinbert fyrirtæki, hafi aðrar reikningsvenjur en önnur fyrirtæki í landinu. Kannski eru reikningsvenj-

ur Landsvirkjunar miklu betri en annarra fyrirtækja, ég vil ekkert segja um það. Þetta verður náttúrlega rannsakað og ég treysti því að hv. þm. beiti sér fyrir því.

Og ég spyr líka: Er ekki eðlilegt að Landsvirkjun komi undir Ríkisendurskoðun? Þetta er opinbert fyrirtæki og er það ekki ágætishugmynd, einmitt til að samræma þessa hluti, að fella Landsvirkjun undir Ríkisendurskoðun? Á Landsvirkjun að vera eins og eitthvert ríki í ríkinu? En ég ætla ekki að fara að hætta mér út í umræður um það hér, en ég vona að ég hafi svarað þessum spurningum fyrst og fremst. Þetta er stjfrv., samþykkt þannig af öllum flokkunum. (**HBl:** Frumvarpstextinn sjálfur var samþykktur af öllum en ekki bráðabirgðaákvæðið.) Fyrirvari var við það að bráðabirgðaákvæðin þyrftu að athugast nánar á þingi og í nefndinni. (**HBl:** En um frumvarpstextann sjálfan voru menn sammála?) Það var ekki nefnt eitt einasta atriði sem ég man eftir með frumvarpstextann.

Forseti (Jón Helgason):

Það er samkomulag milli þingflokka að fundur hefjist nú í Sþ. og er því þessari umræðu frestað og málið tekið út af dagskrá. Til næsta fundar er boðað með dagskrá kl. 3 á morgun.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

43. fundur, þriðjudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133, n. 515 og 534, brtt. 516.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Þær umræður sem nú fara fram á Alþingi eru með afar sérstæðum hætti. Hér er til umræðu frv. sem fjallar aðeins um eitt orð. Gert er ráð fyrir að inn í íslenska löggjöf komi eitt orð, nýtt orð. Það lætur ekki mikið yfir sér þegar slík frv. eru flutt, en ef menn gera sér grein fyrir að þetta orð er breyting á einni þýðingarmestu löggjöf hvers lands, þ.e. í þessu tilfelli okkar lands, að með þessu eina orði er ætlunin með sérstökum hætti að gera breytingu á stjórnlögum Íslands, og virða fyrir sér hvernig staðið hefur verið að þeirri löggjöf og breytingum á þeirri löggjöf á undanförnum áratugum, þá er ég sannfærður um að meiri hluti Alþingis er sammála um að slík málsmeðferð er ekki virðingu Alþingis né þjóðarinnar samboðin.

Ég vík að þessu fyrst, áður en ég kem að þeim þætti sem er forsenda þessa eina orðs, þ.e. stjórnun umhverfismála í okkar landi. Þetta er 129. mál þingsins og samhliða því hefur ríkisstjórnin flutt mál sem er 128. mál þingsins og segir nokkuð til um með hvaða hætti skuli breyta íslenskri löggjöf sem afleiðingu af því að þetta eina orð er sett inn í lögin um Stjórnarráð Íslands.

Það hefur verið gagnrýnt hér í þessari hv. deild hvernig að þessum málum hefur verið staðið og hvernig vinnubrögðin hafa verið í hv. allshn. þar sem fyrst og fremst hefur verið leitað eftir áliti þeirra aðila sem skiptir máli með hvaða hætti stjórnun umhverfis er hjá okkur. Því hefur verið haldið fram af þeim sem hér hafa talað og verið andvígir framgangi þessa máls að eðli málsins samkvæmt bæri Alþingi fyrst að taka ákvörðun um það hvaða málaflokkar það væru sem tilheyra ættu því nýja ráðuneyti sem hér er verið að leggja til að stofnað verði. Því hefur hins vegar verið lýst af þeim sem best til þekkir og á hans vísu og sagt að þetta sem hér væri væri eins og deilan um hænuna og eggið. Það gæti líka verið um endurnar og eggið, en þessu er nú út af fyrir sig ekki svo varið. Svo einfalt er málið ekki.

Í gærkvöldi var sjónvarpsþáttur sem ég horfði á þar sem hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands var í viðræðum við hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur og þau fjölluðu einmitt um vinnubrögð hér á Alþingi í sambandi við þessi mál. Mér fannst einhvern veginn að hæstv. ráðherra léti tilfinningasemina ráða mjög miklu í þeirri röksemdafærslu sem hann hafði í frammi og auðheyranlega varð öllum ljóst að þetta var og er mikið tilfinningamál hjá honum. Mér finnst einhvern veginn að hæstv. forsrh. geti ekki látið það ráða ferðinni um stjórnlög Íslands, um breytingar á stjórnlögum Íslands, hvort það er tilfinningamál hjá einum ráðherra hvenær hann fær ákveðinn embættistitil og allt stjórnast af því. En það voru skýringar sem hæstv. ráðherra gaf í gærkvöldi og mér finnst að við þurfum að taka hér til athugunar, nú við þessa umræðu, þegar hann sagði að það gæti svo sem verið eðlilegt að þessi tvö frv. fylgdust að. Hvernig hugsaði hann sér að láta þessi tvö frv. fylgjast að? Jú, það var með því að afgreiðslu frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands, 129. máli, yrði lokið hér í hv. Nd., málið látið ganga til hv. Ed. og það biði þar við 3. umr. þar til 128. mál þingsins kæmi til Ed. og það væri hægt að afgreiða þessi mál sama daginn út úr hv. Ed.

Ég hef nú aldrei litið svo á að löggjafarstarfsemin hjá okkur væri fólgin í einhverjum slíkum starfsaðferðum, heldur og hitt að eðlilegt væri að fyrst gengju fram þau frv. sem gera ætti breytingar á til þess að síðara frv., þ.e. 129. mál, gæti orðið að lögum.

Fjölmörg atriði eru í 128. máli þessa þings, þ.e. breyting á lögum um náttúruvernd og um Siglingamálastofnun ríkisins og breyting á ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála. Og síðan koma tuttugu og ein grein í þessu frv. þar sem taldar eru upp tillögur að breytingum einstakra lagabálka þar sem fjallað er um umhverfismál. Slíkt löggjafarstarf, eins og hér er ætlað að verði, er að mínum dómi með þeim hætti að skynsamlegast væri fyrir hæstv. forsrh. eftir

yfirlýsingu hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands að láta þetta frv. hvíla þar til búið verður af hálfu meiri hluta Alþingis að láta ganga fram þau frv., þær breytingar sem gera þarf til þess að umhverfisráðuneytið fái einhver verkefni.

Ég trúi því að bæði hæstv. ráðherra Hagstofu og hæstv. forsrh. muni við þessa 2. umr. tjá sig um þessa hluti, tjá sig um þá gagnrýni sem fram hefur komið og ég trúi því að hæstv. forsrh., að athuguðu máli, komi til með að leggja til að umræðu um þetta frv. verði frestað og þingmenn fái tækifæri til að skoða þær breytingar sem lagðar eru til í 128. máli þingsins og svo fjölmörg mótmæli og fjölmargar athugasemdir hafa borist til hv. allshn. við.

Það hefur verið gert minnisblað um þessar athugasemdir og þetta minnisblað, sem ég hef undir höndum, er hvorki meira né minna en upp á tuttugu og eina blaðsíðu og athugasemdirnar á hverri blaðsíðu tvær, þrjár, fjórar. Að meðaltali er hægt að margfalda þrisvar sinnum tuttugu og einn og kemur það nokkuð heim og saman við þá tölu sem hefur verið nefnd í umræðum um þetta mál.

Þegar við ræðum breytingu á stjórnarskrá Íslands, breytingar á stjórnlögum Íslands, þá hljótum við að virða fyrir okkur og meta hvernig hefur verið staðið að þessum hlutum og átta okkur á því að þannig hefur verið um hnútana búið á sínum tíma að bestu manna yfirsýn, að vel athuguðu máli. Ég er ekki þar með að segja að það sem var gert og tók gildi 1. jan. 1970 og átti því 20 ára afmæli sem löggjöf um Stjórnarráð Íslands hér hjá okkur, að því megi ekki að sjálfsögðu breyta, en við skulum ekki breyta stjórnlögum eða stjórnarskrá Íslands aðeins breytinganna vegna. Við skulum breyta þessari löggjöf eins og að sjálfsögðu allri annarri af því að við komumst að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegast að gera breytingarnar.

Vissulega er auðveldara að sinna einstakri löggjöf sem ekki er jafnmargslungin og stjórnarskráin og stjórnlög og að sjálfsögðu eru oft á tíðum gerðar breytingar að fenginni reynslu og þá ekki með jafnlöngum aðdraganda og eðlilegt er að hafa þegar við erum að ræða lög um breytingu á Stjórnarráði og stjórnlögum og stjórnarskránni. Við skulum bara muna eftir því að það hefur starfað nefnd í sambandi við stjórnarskrármálið um langan tíma. Það hefur engum dottið í hug að halda því fram að þar sé ekki verið að vinna eða skoða málin, að þeir sem þar sitji séu að tefja, eða þeir vilji ekki vega og meta þær tillögur sem fram hafa komið. Þeir telja að svo langan tíma hafi þeir þurft til þess að sinna þessu.

Ég veit að hæstv. forsrh. hefur skoðað þessa hluti og virt fyrir sér aftur í tímann hvernig staðið var að málum, ég mun víkja að því hér á eftir, þegar þau stjórnlög voru sett sem tóku gildi 1. jan. 1970. Ég veit að hann hefur beitt sér fyrir, ekki einu sinni heldur tvisvar, kannski þrisvar, breytingum á lögunum um Stjórnarráð Íslands en einhvern veginn ekki náðst sú niðurstaða sem skyldi. Ekki náðst eins breið samstaða og nauðsynleg er þegar við erum að ræða þá löggjöf sem er grundvallarlöggjöf í hverju þjóðfélagi. Ég verð að segja það í þessu sambandi að þegar hæstv. forsrh. síðast skipaði nefnd, fjögurra manna, en mér skilst að einhverjir séu til hliðar og komi til starfa eftir því sem rétt þykir, þá fannst mér einhvern veginn að ýmsir væru til sem meiri þekkingu og meiri reynslu hefðu, án þess að ég sé nokkuð að gera lítið úr þeim aðilum sem var falið þetta verkefni. Einmitt af reynslu hæstv. forsrh. frá nefndaskipun, ef ég man rétt frá 1984, þá hefði þurft að velja þar til þá menn sem gerst þekktu og voru í raun og veru án pólitískra sjónarmiða, til þess að gera sér grein fyrir hvernig við ættum að breyta, ef við þá þurftum að breyta þeim stjórnlögum sem við höfum í dag.

Auðvitað deila menn um það hversu mörg ráðuneyti eigi að vera og þar af leiðandi hversu margir ráðherrar, en ráðherrafjöldanum verður breytt, með ákvörðun þeirra sem ríkisstjórn mynda hverju sinni. Hins vegar þá verður, ef um fámennt ráðuneyti er að ræða, hver ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti eins og við þekkjum.

Mér finnst að þetta, sem ég hef sagt, séu atriði sem við verðum að skoða. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. var hér í hliðarsal áðan þegar ég minntist á það sem hæstv. hagstofuráðherra sagði í sjónvarpinu í gærkvöldi. Hann hefur heyrt það og væntanlega lætur hann uppi skoðun sína í þessum málum síðar við þessa umræðu og auðvitað hæstv. hagstofuráðherra sem eðli málsins samkvæmt kemur hér til að svara þeirri gagnrýni, ásamt hæstv. forsrh., sem hér hefur verið sett fram.

Þar eð ég hef í upphafi kosið að ræða um stjórnlögin og frv. um breytingu á Stjórnarráðinu sérstaklega, þá vildi ég mega vekja athygli á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í þessum málum þegar þau lög voru sett sem nú gilda. Það var ekki verið að setja löggjöf sem átti að taka gildi daginn áður en lögin voru samþykkt. Það var heldur ekki verið að afgreiða löggjöf sem átti að taka gildi eftir mánuð. Þegar lögin voru samþykkt þá leið nokkuð langur tími. Það var á þinginu 1968–1969, sem afgreiðsla fór fram á þessu frv. sem þá var lagt fram, en menn höfðu í raun og veru verið að velta þessu fyrir sér allt frá 1958. Frá því þáv. hæstv. forsrh. Hermann Jónasson skipaði nefnd til þess að skoða þessi mál, sem samdi frv. Það frv. er að mér skilst ekki finnanlegt en frá því er skýrt í ræðu sem flutt var af hæstv. forsrh. Bjarna Benediktssyni á Alþingi 14. okt. 1968. Þar víkur hann einmitt að þessu og gerir grein fyrir því í hverju það liggur að ekki var talið þá að frv. sem samið var af þessari þriggja manna nefnd hefði verið tekið til meðferðar og því beið málið. Á kosningalögum voru gerðar breytingar 1959 og þar af leiðandi stjórnarskrárbreytingar og breyting á kosningalögum í framhaldi af breytingu á kjördæmaskipuninni, en það mál sem hér var það var látið bíða og ekki tekið til umræðu eða flutnings af Alþingi fyrr en 1968.

Ég hygg að ein forsenda þess að menn töldu eðlilegt og rétt að gera breytingar á stjórnlögunum á þessum tíma hafi verið m.a. sú uppstokkun, sú tilskipan, eða fyrirkomulag sem menn höfðu í sam-

bandi við forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra. Ég minnist þess að þegar ríkisstjórn var skipuð 1956, ég held ég fari rétt með, fóru allir ráðherrar þeirrar ríkisstjórnar með einhvern hluta af þeim málum sem tilheyrðu þáverandi samgrn. Hver og einn einasti ráðherra hafði með einhvern málaflokk að gera sem var til staðar, til afgreiðslu og fyrirgreiðslu í þessu ráðuneyti. Þá höfðu menn atvinnumálaráðuneyti en voru m.a. farnir að deila upp atvinnumálaráðuneytinu í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti og þetta hvort tveggja var m.a. undirrót þess að menn töldu að slíka breytingu á skipan þyrfti að gera.

Hvernig fór svo og hvernig var svo unnið að þessu máli hér á hv. Alþingi? Ég held að það sé töluvert mikið atriði fyrir þá sem vilja nú keyra þessa hluti svo hratt fram sem raun ber vitni að þeir virði það fyrir sér og skoði. Hafi þeir ekki gert það þá langar mig til þess að rifja það upp með þeim hvernig að þessu var staðið.

Eins og ég sagði áðan þá var það 17. okt. 1968 sem frv. um Stjórnarráð Íslands er lagt fram. Þegar forsrh. þáv. er búinn að gera grein fyrir þessu frv. talar þáv. formaður Framsfl. sem var þá í stjórnarandstöðu og hann lýkur sinni ræðu þannig, með leyfi forseta:

„Ég er stuðningsmaður þessa frv. í höfuðdráttum eins og greinilega hefur komið fram af því sem ég hefi þegar sagt."

Annar þm. Framsfl., Gísli Guðmundsson, lýsir yfir svipaðri niðurstöðu, enda þótt hann hafi vissar athugasemdir til breytinga. Það gerir enn fremur þáv. þm. Hannibal Valdimarsson sem er í stjórnarandstöðu, þannig að þegar málið fer til allshn., þá er búið að lýsa því yfir af hálfu stjórnarandstöðunnar að hún styðji frv. í meginatriðum, en á því þurfi, samkvæmt ábendingu þeirra, að gera breytingar.

Þá vík ég næst að því hvenær 2. umr. fer fram á Alþingi um þetta mál. Málið fer til hv. allshn. eins og það gerir nú. Því er vísað til 2. umr. og allshn. með 28 shlj. atkv., það er ekkert atkvæði þar á móti. Það er svo 24. mars sem málið er tekið fyrir til 2. umr. Frá 17. okt. til 24. mars vinnur allshn. að þessi máli. Þegar frsm. allshn. talar síðan fyrir málinu, þá talar hann ekki fyrir meiri hl. og síðan annar þm. fyrir minni hl., hann talar fyrir hönd allrar nefndarinnar.

Það vill nú svo til að hv. frsm. allshn. þá situr hér enn á þingi, eins og ýmsir þeir sem fjölluðu um þessa löggjöf, en það er hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason sem gegndi þá formennsku í hv. allshn.

Hann gerir í sinni ræðu grein fyrir hvernig unnið hefur verið að þessu máli, og segir að lokum, með leyfi forseta:

„Við í allsherjarnefnd" — og talar þar fyrir hönd allrar nefndarinnar — „teljum að það hafi verið full þörf á því að setja lög um Stjórnarráð Íslands og mælum með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem ég hefi hér áður rakið. Það eru breytingartillögur sem búið er að fjalla um í nefndinni og fulltrúar allra flokka á Alþingi eru sammála um."

Málið gengur svo til 3. umr. Frv. er samþykkt frá Nd. til Ed. með 22 shlj. atkv., það er ekkert atkvæði þar á móti. Frv. var vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv. og ekkert atkvæði þar á móti.

Ég sé að hv. formaður allshn. hlustar á með athygli og það þykir mér vænt um af því að ég veit að hann er þannig gerður að hann kysi að vinna að málum með þeim hætti einmitt eins og ég hef hér verið að benda á að hafi verið gert þegar þessi löggjöf var samþykkt á þinginu 1968–1969.

Málið gengur svo til Ed. og þar taka til máls þingmennirnir Jón Þorsteinsson, Pétur Benediktsson og Ólafur Jóhannesson. Niðurstaða þar er hin sama og málið er síðan afgreitt á fundi í Ed. með 24 shlj. atkv. án mótatkvæða 13. maí, rétt fyrir þinglok.

Ég tel að þau vinnubrögð sem hér voru viðhöfð séu með þeim hætti að þau séu til fyrirmyndar fyrir okkur. Þetta er málefni sem við eigum ekki, þm. á Alþingi Íslendinga, að líða að séu notuð sem einhver verslunarvara í myndun meiri hluta á Alþingi, myndun ríkisstjórnar, og skipun ráðherra. Þvert á móti þá eigi að grundvalla allt sem hér er gert með þeim hætti sem gerðist þegar hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason veitti allshn. forystu hér í þinginu og leiddi það samkomulagsnefndarálit til afgreiðslu sem þá var gert.

Ég hef hér gert að umræðuefni það frv. sem hér er til umræðu og vikið að því með hvaða hætti skynsamlegast sé og eðlilegast að vinna að þessum málum. Ef pólitískur vilji er fyrir því að gera breytingu á lögunum um Stjórnarráð Íslands verður að mínum dómi að undirbúa og vinna þá löggjöf með þeim hætti að menn fái ekki hér inn í sali Alþingis minnisblað um athugasemdir upp á 21 blaðsíðu, 60 athugasemdir, og þær allar meira og minna, meira og minna segi ég, með þeim hætti að menn eru andvígir því sem hér er verið að leggja til að gert verði. Jafnvel tvö ráðuneyti, ráðuneyti sem eru á ábyrgð ráðherra, senda frá sér athugasemdir um frumvarp sem ríkisstjórnin hefur flutt.

Ég verð að segja það að þessi vinnubrögð eru að mínum dómi með þeim hætti að hæstv. forsrh. yrði maður að meiri með því að stöðva þetta mál hér í umræðu og láta vinna betur að því með hvaða hætti menn vilja koma á samræmdri stjórn umhverfismála. Sjálfstæðisþingmenn hafa komið fram með sína tillögu, lögðu hana fram á síðasta þingi. Hún er 4. mál á þessu þingi en hefur ekki fengist rædd, hvorki í hv. allshn. og þaðan af síður hér á þingi. Og eins og kom fram í ræðu hæstv. forseta Nd. þegar á föstudaginn var, þegar gagnrýnd var fundarboðun og annað eftir því, er verið að ýta þessu máli hér í gegn vegna kröfu ríkisstjórnarinnar. Við bentum þá á að við sætum 63 hér á Alþingi og hefðum tillögurétt og málfrelsi og þær tillögur sem við fengjum og legðum fram ættu að hafa sama rétt til afgreiðslu og aðrar.

Einn þm. stjórnarflokkanna, hv. 2. þm. Vestf., kom hér í ræðustól og var þessu alveg sammála. Hann orðaði það að vísu svo að sér fyndist að það ætti að afgreiða málin úr nefnd og fella þau. Á það var svo

bent hér af hv. 1. þm. Vestf. að þetta hlyti að hafa verið mismæli og ég er sannfærður um að svo var. Atriðið er að málin fái afgreiðslu í nefnd. Ég leyfi mér að segja að þá ég gegndi formennsku í nefndum hér á Alþingi hafði ég það fyrir reglu að vinna málin og koma með niðurstöðu til afgreiðslu í þinginu. Ég kom með tillögur um að fella að sjálfsögðu ef það var mitt mat að það skyldi gert. En þær tillögur sem ég taldi rétt að gengju fram, með þeim var mælt o.s.frv. Þetta er að mínum dómi skylda nefndanna og forsetar í þingi eiga að fylgja þessu eftir. Til hvers er verið að hafa, samkvæmt þingsköpum, vinnunefnd í þinginu, sem er forsetar og formenn nefnda, nema til að keyra málin áfram? Og ég segi: Ef það frv. sem ég vék hér að, 4. mál þessa þings, hefði fengið umfjöllun í nefndinni og hefði komið hér til umræðu í þinginu værum við e.t.v. ekkert í þessum umræðum hér í dag. Þá væru menn búnir að koma sér niður á með hvaða hætti eðlilegast væri að hafa samræmda stjórnun á umhverfismálum og þyrftu þar af leiðandi ekki að vera í þessum umræðum.

Það sem hæstv. hagstofuráðherra sagði í gær, að sér fyndist eðlilegt eða ekki væri óeðlilegt að þessi tvö frumvörp fylgdust að og þess vegna væri hægt að láta það frv. sem hér er til umræðu bíða í Ed. þar til hitt frv., 128. mál þingsins, væri komið þangað og þessi frumvörp færu samhliða út. Þetta eru eins og ég sagði áðan engin vinnubrögð, ekki nein. Við skulum hugsa okkar að það væri enginn meiri hluti fyrir þessu frv. á þingi og við skulum hugsa okkur að Ed. Alþingis samþykkti frv. um umhverfisráðuneyti og við lykjum þessi þingi þannig að búið væri að breyta stjórnlögunum, það væri búið að setja þar inn að til skyldi verða ráðuneyti umhverfismála án þess að hafa nokkur verkefni, hvað þá? Þá koma menn upp og segja: Þá breytum við bara reglugerðinni. Reglugerð, sem nánast er unnin eftir þeirri löggjöf, eftir því hvar hver málaflokkur er vistaður í ráðuneyti. Og við skulum gera okkur grein fyrir því að við höfum ekki fyrir löngu síðan breytt hér lögum og ef hæstv. hagstofuráðherra hefur ekki kynnt sér með hvaða hætti það var gert. Það var að vísu ekki verið að stofna ráðuneyti og einmitt þess vegna kannski frekar hægt að meta málin.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar árið 1983 hafði verið samþykkt að allir bankar skyldu heyra undir viðskrn. Áður fyrr var það svo að Búnaðarbankinn heyrði undir landbrn. og Iðnaðarbankinn undir iðnrn. Hvernig var staðið að þessum hlutum? Það var staðið þannig að þessum hlutum að fyrst breyttu menn lögunum um Búnaðarbankann og Iðnaðarbankann. Þegar þeim lögum hafði verið breytt var reglugerð Stjórnarráðs Íslands breytt þannig að í staðinn fyrir að í reglugerðinni stóð að þessir bankar heyrðu annar til landbrn. og hinn iðnrn. heyrðu allir bankar undir viðskrn. Þetta eru þau vinnubrögð sem á að viðhafa og það hvarflaði aldrei að neinum á þessum tíma að forsrh. gæti breytt reglugerðinni til þess að efna stjórnarsáttmálann, og fært þessa tvo banka undir viðskrn. Það hvarflaði ekki að neinum manni og allra síst þeim sem áttu hlut að máli en þannig var að ég gegndi embætti viðskrh. þegar þessir hlutir voru að gerast. Þetta er enn eitt atriðið, herra forseti, sem sýnir hvers konar vinnubrögðum er beitt þegar á að fara að breyta stjórnlögum Íslands, stofna umhverfisráðuneyti.

Ég ætla ekki að þessu sinni, herra forseti, að fjölyrða um þær umsagnir sem lagðar hafa verið fram í hv. allshn., þeirra fjölmörgu, en mun e.t.v. gera það síðar. Fyrir mér er það stærsta atriðið að við göngum ekki til breytinga á stjórnlögum Íslands með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er hægt að lesa nál. hv. allshn. þar sem sagt er: „Flestir eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórn umhverfismála hérlendis, en greinir á um leiðir að því markmiði." Þ.e. flestir eru sammála og flesta, skv. þessu, greinir á um leiðina að því markmiði. Samt sem áður á að byrja á því að breyta stjórnlögum Íslands til þess að fullnægja samkomulagi sem ríkisstjórnin hefur gert við þingmenn Borgfl. hér á Alþingi til að ríkisstjórnin gæti talið sig hafa þann meiri hluta sem hún þarf til þess að starfa. Niðurstaða nefndarinnar, þegar þessi eina setning er lesin sem röksemdafærsla, er að flestir eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórnina. Sjálfstæðismenn hafa lagt hér til frv. um samræmda yfirstjórn og samræmda stjórn. En svo kemur að flesta greinir á um þau markmið. Þegar meiri hluti nefndarinnar hefur skoðað þetta bæta þeir við: „Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að stofnað verði sjálfstætt umhverfisráðuneyti," — ég átta mig nú ekki á því hver er munurinn á sjálfstæðu og ósjálfstæðu en látum það vera — „þar sem víðtæk samstaða er um slíka ákvörðun." Flestir eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórnina. Flesta greinir á um leiðir að því markmiði. Samt leggur nefndin til að stofnað verði ráðuneyti þar sem víðtæk samstaða sé um slíka ákvörðun. Einhverjir hafa heyrt öfugmælavísur. (Gripið fram í.) Ekki skal ég meta það en ég veit að hv. þm. er glöggur á hluti og (**GHG:** Fyrrv. heilbrrh.) já, fyrrv. heilbrrh., alveg hárrétt þannig að við látum þar við sitja með skýringu á því sem hér er skrifað.

En eins og ég sagði, ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, herra forseti. Ég áskil mér hins vegar rétt þegar ég er búinn að hlusta á hæstv. forsrh. og hæstv. ráðherra Hagstofunnar sem væntanlega á að verða hæstv. umhverfisráðherra. En eins og hér hefur komið fram er hann farinn að tilkynna það á opinberum vettvangi og ákaflega skemmtileg skýringin sem kom fram hvers vegna hann tilkynnti sig sem umhverfisráðherra. Hún var ósköp einföld. Það var vegna þess að það var erfiðara að skýra það út hvers vegna hann var ekki umhverfisráðherra.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að enginn deili um það að brýn nauðsyn sé á því að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands og gera þar veigamiklar breytingar. Hér hefur verið mikið rætt um lögin um Stjórnarráðið og sömuleiðis hafa menn haldið því mjög á lofti að nauðsynlegt sé að færa stjórnkerfið saman, fækka

ráðuneytum og draga úr kostnaði við yfirstjórn landsins. En það er öðruvísi farið að í framkvæmdinni.

Vitaskuld átti ríkisstjórnin ekki að fela stjórnarsinnum eingöngu þessa endurskoðun. Hér er um *málefni að ræða sem bæði stjórn og stjórnarandstaða*, þ.e. þingið í heild á að búa við og þá vonandi um langa framtíð. Því er nauðsynlegt að leita leiða til þess að ná samkomulagi um þær breytingar sem þar er nauðsynlegt að gera. Því er lýst yfir, m.a. af ráðherrum í ríkisstjórninni, að það sé nauðsynlegt að fækka ráðuneytum. Meira að segja hefur enginn tekið meira upp í sig, aldrei slíku vant, en hæstv. utanrrh. sem ræddi þetta veigamikla mál á fundi í Vestmannaeyjum fyrir skömmu síðan. Hann ætlaði aldeilis, sá kraftakarl, að skera ráðuneytin niður langt umfram það sem þessi stjórnskipaða nefnd leggur til.

Ég þori að fullyrða að Sjálfstfl. var reiðubúinn til að standa að veigamiklum breytingum á þessari löggjöf í þá veru að fækka, helst um 3–4 ráðuneyti. Svo eigum við að standa uppi með það að fjölga hér um eitt ráðuneyti. Allt annað er látið bíða. Um þetta er ágreiningur. Svo kemur aftur: Af hverju hefur *ríkisstjórnin komið sér í þessa óþægilegu stöðu*? Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem mynduð var í september 1987 tekur við hefur hún 32 þingmenn að baki sér. Fleiri vildu nú ekki viðurkenna barnið. Þá skipta þessir þrír flokkar með sér tíu ráðherrum. Þrír, þrír og fjórir og við þá breytingu sem gerð var, að taka inn einn flokk til viðbótar, gerist vitaskuld ekkert annað en það að Framsfl., forustuflokkurinn í ríkisstjórninni sem var og þeirri sem nú er, gefur eftir eitt ráðuneyti og Hagstofuna, það mikla verkefni. En hinir flokkarnir tveir, Alþfl. og Alþb., gefa ekkert eftir. Og það er auðvitað grátlegt til þess að hugsa að flokkurinn sem kemur inn, hinn svonefndi Borgfl., skuli láta sér lynda að formaður hans verði gerður að ráðherra yfir Hagstofunni. Ég fullyrði að það er ekki meira verk að vera hagstofuráðherra en var hjá mér að vera ráðherra yfir Veðurstofunni í samgrn. Ég er viss um að hún tók ekki nema hálftíma á mánuði ef hún náði því og það er ekki meira verk að vera hagstofuráðherra eins og Hagstofunni er stjórnað og hún er skipulögð og hennar hlutverk er. Svo að þetta er auðvitað að verða að athlægi frammi fyrir þjóðinni. Auðvitað áttu Alþfl. og Alþb. að gefa eftir af sínu líka en ekki koma sér í þessa klípu. Hvernig ætlar hæstv. forsrh. og *ríkisstjórnin í heild að verja það frammi fyrir þjóðinni* núna, eftir að búið er að gera kjarasamninga með mjög skynsamlegum hætti sem allir góðir Íslendingar vona að haldi, að auka útgjöld við stjórnkerfið á sama tíma sem þeir tala og fullyrða að það eigi stórlega að spara og bæta úr?

Nú er talað um að skera niður hina nauðsynlegustu hluti. Einn stjórnarþingmaður kom fram í sjónvarpi í gærkvöldi. Hann hafði nú heldur betur til málanna að leggja. Hann lagði til að hætta allri vegagerð næstu 20 mánuði. Við vitum að hann keyrði á steinsteyptum vegi, en það getur líka komið fyrir að sá vegur lokist eins og í fyrravetur. Þá hugsaði ég að hann mundi telja sjálfsagt að brjóta þessa reglu ef hann þyrfti að fara eitthvað. En svona er nú verið að bjóða upp á og ég segi eins og er: Trúir nokkur maður því að um raunhæfan niðurskurð sé að ræða, að þingmenn stjórnarliðsins, sem koma úr strjálbýlinu þar sem hrópað er á framkvæmdir og neyð er ríkjandi víða, muni sætta sig við svona vinnubrögð?

Ég vil líka segja: Er ekki óvarkárni í meðferð fjármála? Hvað gerðist hér við lok afgreiðslu fjárlaga? Þá sprettur bara upp einn þingmaður og leggur til að auka heimild í 6. gr. fjárlaga um að kaupa dagblöð, allt að 500 eintök á þessu ári. Það er ætlað að hér sé um að ræða 30 millj. kr. Hvað varðar Alþingi um það þó að einhver dagblöð seljist ekki? Á þá þjóðin að borga það? Hverjir greiddu þessu atkvæði? Stjórnarliðið greiddi þessu atkvæði. Það þurfti ekki að fara neitt til nefndar með þetta.

Ég get svona til gamans upplýst það að styrkur til blaðaútgáfu, framreiknaður á verðlagi þessa árs, nam árið 1978 16 millj. 778 þús. kr., en hann var í reikningum ársins 1989 83,5 millj. og verður, ef ekki verður breyting á, samkvæmt fjárlögum þessa árs *hvorki meira eða minna en 132 millj.* 140 þús. kr. Hann hefur sem sagt hækkað, á sama verðlagi, úr 16,8 millj. í 132,2 millj. Þetta eru nú hressilegar hækkanir og það er von að menn tali mikið um aðhaldsaðgerðir og að það þurfi að spara þetta eða hitt.

Það er hreinn misskilningur sem hefur komið fram að Sjálfstfl. sé eitthvað á móti umhverfisvernd. Við höfum staðið að umhverfisvernd í fjölmörgum tilfellum og það má segja að flestir hafa staðið að því sama. Við teljum hins vegar ekki þörf á því að bæta við sérstöku ráðuneyti í þessu sambandi. Það er nauðsyn á því að samræma betur vinnubrögð. Ég er hins vegar ekki búinn að sjá að ýmsum málum sé betur borgið undir stjórn einhvers nýs umhverfismálaráðuneytis en þeim er nú í höndum hinna ýmsu stofnana, og það er ekki hægt að taka verkefni frá þessum stofnunum þó að komi hér eitt orð inn í stjórnarráðslögin, „umhverfisráðuneyti". Alþingi hefur samþykkt fjölmörg lög um það að ákveðnar stofnanir eigi að hafa með tiltekna þætti umhverfismála að gera. Þau lög gilda alveg jafnt þó að þessu eina orði sé bætt inn í stjórnarráðslögin og því verður ekki breytt með reglugerð og tekin verkefni frá öðrum stofnunum sem hafa þau lögum samkvæmt. Það vita lögfræðingar og meira að segja verkfræðingar.

Nú stöndum við frammi fyrir því að ríkisfjármálin eru í ólestri. Það voru afgreidd fjárlög með verulegum halla en þó með minni halla en hægt var þá að sýna fram á því að í fjárlögunum fólust verulegar blekkingar, eins og kom ljóst fram t.d. í ræðum forsvarsmanns Sjálfstfl. í fjvn., Pálma Jónssonar, og hann skýrði hér skilmerkilega frá áður en afgreiðsla fjárlaga fór fram. En nú er aftur sagt að kjarasamningarnir geri þetta, þeir skekki fjárlögin svo mikið. Auðvitað hagnaðist enginn einn aðili meira á þessum skynsamlegu kjarasamningum en ríkissjóður. Ef hér

hefðu komið verðbólgusamningar hefði verið enn meiri þörf á auknu fjármagni hjá ríkinu. Ég skil ekki í því að ríkisstjórnin skuli ekki gá að sér. Það er enn þá tími til að gefa formanni Borgfl. eitthvert ráðuneyti. Þeir verða að draga svolítið úr, Alþb. og Alþfl. Það er varla við því að búast að flokkur forsrh. gefi eftir meira en hann er þegar búinn að gefa eftir. Það væri nær að standa að slíkum vinnubrögðum til þess að fullnægja Borgfl. með komu hans í ríkisstjórn. Þar var óbilgirnin hjá þessum flokkum og það er alveg sjáanlegt að það á ekki að taka þetta neitt upp. En hvernig ætlar ríkisstjórnin að réttlæta það fyrir þjóðinni á sama tíma og uppi eru áform um stórfelldan niðurskurð? Það liggur ljóst fyrir að gífurlegur halli er á rekstri ríkisins. Hvernig ætlar hún að verja tugmilljóna ný útgjöld í sjálft stjórnkerfið án þess að draga nokkurs staðar úr? Það er verið að bæta við. Ég spyr: Hvað á svo að ráða marga menn í þetta umhverfisráðuneyti þegar þetta frv. stjórnarliðsins er orðið að veruleika? Hvar eru þá sparsemdarmennirnir allir? Það er ýmislegt sem má draga úr, er auðvelt að draga úr, ef menn vilja, en þetta sýnir vitaskuld algjört kæruleysi stjórnarherranna um meðferð á peningamálum á sama tíma og þeir eru að leggja sífellt nýja skatta á þjóðfélagsþegnana eins og glöggt kom nú fram í desembermánuði sl. og engin svör liggja enn þá fyrir um það hvort eigi að halda því verki áfram því að ákveðin frv. hafa legið allan þennan tíma fyrir nefndum í þingi. Og hver kemur til með að trúa á slíka stjórn sem þannig hagar sér?

Finnst ríkisstjórninni ekki vera kominn tími til að hugleiða betur sínar gerðir? Sér hún ekki og finnur hvernig andrúmsloftið er í þjóðfélaginu gagnvart ríkisstjórninni? Og af hverju er það svona? Ríkisstjórnin nýtur sáralítils trausts. Við getum deilt um það hvort skoðanakannanir séu alveg réttar, en við verðum að taka mið af þeim. Eitt er víst að maður heyrir ekki menn, þó að þeir séu harðir flokksmenn í einhverjum þessara stjórnarflokka, mæla ríkisstjórninni lengur bót. Þá er orðið meira en lítið að þegar svo er komið málum. Hvers vegna vill nú ekki ríkisstjórnin hugsa aðeins og þá líka þingmeirihlutinn? Meira að segja nefndarmenn í allshn. Nd. mættu líka fara að hugsa um það að þetta gengur ekki, að halda áfram á þessari braut. Við eigum að geta verið samherjar, bæði stjórn og stjórnarandstaða, í því að minnka kostnaðinn við stjórnkerfið. Þar ættum við að ná saman og sýna það að þessi stjórn meinar það að í samræmi við það sem hún ætlar almenningi að gera, að almenningur sætti sig við tiltölulega minni fjárráð en áður, þá verður hún líka að sýna fólkinu í landinu að hún ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í gætilegri meðferð fjármála. En ef hún ætlar að vera svo kolrugluð sem útlit er fyrir á hún auðvitað að halda áfram með þetta frv. og gera það sem allra fyrst að lögum. En þá situr hún uppi með það að vera kolrugluð og þá situr hún uppi með það að hræðslan í stjórnarliðinu heldur áfram að aukast. Sjáið þið ekki hræðsluna núna fram undan? Sumir stjórnarflokkarnir þora ekki orðið að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum nema undir einhverju öðru nafni. Þeir eru búnir að breiða yfir nafn og númer eins og gamlir landhelgisbrjótar gerðu hér fyrr á árum. Þeir eru komnir með strigatusku fyrir nafnið á flokki sínum. Af hverju er þetta? Þetta er bara vegna hræðslu, hræðslunnar einnar. Þetta er annað hræðslubandalag sem nú á sér stað. Það er það sem er að gerast. Kannski geta sumir sagt: Ja, eigum við nokkuð að vera að hafa áhrif á þessa sjálfsmorðssveit sem nú fer þessa braut? Jú, ég vil bara alls ekki að ýmsir flokkar í þessu landi leggist niður þó að þeir hafi verið andstæðingaflokkar mínir. Ég tel að flestir eða allir stjórnmálaflokkar, alvöru stjórnmálaflokkar, eigi rétt á sér og starf þeirra og starfsemi sé nauðsynlegt í þingræðis- og lýðræðislandi. Ég vara hæstv. ríkisstjórn hins vegar við að halda áfram á þessari braut. Ég er fullur samúðar með hagstofuráðherranum, að hann sem formaður í einum stjórnarflokki á að fá ráðuneyti, alvöru ráðuneyti. Og þeir áttu að tala almennilega um þetta sín á milli en ekki halda dauðahaldi í það sem þeir einu sinni hafa fengið eins og hundur á beini. Þarna hefði forsrh. átt að taka á honum stóra sínum. Hann er mikill aflraunamaður og handlangari, eins og allir vita.

Það er auðvitað ykkar innan stjórnarliðsins, hvort þið ætlið að halda þessu áfram, þessari vitleysu, að halda áfram að misbjóða þjóðinni. Það er nú gaman að sjá nýjan bankaráðsformann í Búnaðarbankanum. Ég vona að hann haldi betur á fjármálum Búnaðarbankans en ríkisstjórnin heldur á fjármálum þjóðarinnar og ég vænti þess að enn þá sé tími til þess að sjá að sér og hætta við þessa vitleysu, taka upp samstarf um breytingar á stjórnarráðslögunum sem er auðvelt að fá samstarf um ef menn vilja. Það er hins vegar ekki sök þeirra sem vara við glapræðinu, heldur hinna sem fremja glapræðið þrátt fyrir aðvaranir.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hér hefur staðið 2. umr. um þetta mál nokkra hríð, um frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, og er það mjög að vonum. Telja verður að af hálfu þeirra sem mæla gegn samþykkt frv. hafi flest aðalatriði málsins þegar komið fram. Þar á meðal hefur komið skýrt í ljós af hálfu talsmanna okkar sjálfstæðismanna hver afstaða Sjálfstfl. er í þessum málum. Ég sé naumast ástæðu til þess að rifja það upp að öðru leyti en því að við sjálfstæðismenn teljum að umhverfismál séu meðal hinna þýðingarmestu mála og að við þurfum að sinna þeim betur á komandi tíð en gert hefur verið til þessa. Það verður best gert með því að efna til samstarfs um þau mál, samstarfs á milli þeirra aðila sem þegar fást við meðferð umhverfismála og mynda einn samstarfsvettvang sem þar hafi forustu. Umhverfismál eru svo snar þáttur í þjóðlífinu og öllum umsvifum, bæði á vegum opinberra aðila og eins á vegum einkaaðila, að þau teygja anga sína hvarvetna og því verður ekki við komið að okkar dómi að setja stjórn á þeim málum öllum undir eitt ráðuneyti. Það er röng

stefna. Og það breytir engu um það að við viljum gefa þessum málaþætti meiri gaum og aukið vægi á komandi tíð.

Þrátt fyrir það að þegar hafi komið fram flest aðalatriði málsins get ég þó ekki orða bundist. Ég get ekki orða bundist vegna undrunar minnar á málatilbúnaði hæstv. ríkisstjórnar og þeim þunga sem hún virðist leggja í það að koma þessu máli áfram. Ég hef tekið eftir því að stundum í þessari umræðu hefur þetta frv. verið kallað hégómamál. Það er vissulega rétt að öðru leytinu. Það er vitaskuld hégómamál þegar verið er að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands til þess að taka þar upp ráðuneyti sem ekki á um leið að kveða á um að hafi með höndum nein verkefni. Þetta er út af fyrir sig hégómamál. En að hinu kastinu er þarna um stóralvarlegt mál að ræða.

Ég get rökstutt þá fullyrðingu mína með nokkrum orðum og skal ég taka það fyrir í örstuttu máli, í einum fjórum atriðum.

Í fyrsta lagi eru það vinnubrögðin við þennan málatilbúnað og það frv. sem hér liggur fyrir. Vinnubrögðin og það vinnulag sem hæstv. ríkisstjórn hefur notað var hér rækilega tekið í gegn af hv. 1. þm. Reykn. Ég hafði raunar áður vikið að þeim þætti mála við 1. umr. þessa máls, en það eru óheillavænleg vinnubrögð og ekki til eftirbreytni að knýja fram breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands við harða andstöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi og við öflug mótmæli hvaðanæva að úr þjóðlífinu. Ríkisstjórn sem þannig fer að er að knýja fram mál af einhverjum annarlegum hvötum vegna þess að hún treystir sér ekki til þess að viðhafa eðlileg vinnubrögð, þ.e. að um þessa þýðingarmiklu löggjöf, um Stjórnarráð Íslands, sé fjallað af báðum fylkingum, stjórn og stjórnarandstæðingum. En það er ekki einungis sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr sem á að búa við lög um Stjórnarráð Íslands eins og þau verða sett. Ef það vinnulag verður tekið upp að ríkisstjórn breytir lögum um Stjórnarráð Íslands í harðri andstöðu við stjórnarandstöðuna hverju sinni sem ný ríkisstjórn sest að völdum, þá er þar verið að fara inn á óheillavænlega braut og algjörlega í andstöðu við það vinnulag sem áður hefur tíðkast þegar fjallað hefur verið um undirbúning að breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands. Þetta kom afar glöggt fram í máli hv. 1. þm. Reykn. hér áðan og ég sé ekki ástæðu til að fara um það mörgum fleiri orðum. Það er enda svo að nú er ekki verið að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands til þess að koma þar á heppilegri skipan, heldur til að þjóna pólitískum hagsmunum núverandi hæstv. ríkisstjórnar og greiða þá skuld sem hæstv. forsrh. stofnaði til við svokallaðan Borgfl. hér á hv. Alþingi þegar þessi flokkur gekk til liðs við ríkisstjórnina á sl. hausti. Þetta er staðreynd málsins og það er ömurlegt til þess að vita að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn skuli af þessum sökum gera að því leik að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands á þann máta sem stjórnarandstaðan hér á Alþingi og verulegur þorri þjóðarinnar a.m.k. og fjöldamargir umsagnaraðilar eru gjörsamlega í andstöðu við. Þetta er fyrsta atriðið sem ég tel að sé stóralvarlegt varðandi þann málatilbúnað sem hér er á ferðinni.

Í öðru lagi vil ég nefna að það frv. sem hér er á ferðinni um stofnun umhverfisráðuneytis stríðir gegn eðlilegri skipan þessara mála í íslenska stjórnkerfinu. Og það stríðir gegn þeirri reynslu sem fengin er erlendis hjá ýmsum Evrópuþjóðum og þeim tillögum sem fram hafa komið á alþjóðavettvangi. Að þessum efnum vék ég mjög í ræðu minni við 1. umr. þessa máls og sé ekki ástæðu til að endurtaka það, heldur aðeins að menn taki eftir því að stofnun umhverfisráðuneytis nú með lögum stríðir gegn þessum sjónarmiðum, stríðir gegn reynslu annarra þjóða og þeim tillögum sem mótaðar hafa verið á alþjóðavettvangi vegna þeirrar reynslu sem þar hefur fengist.

Það kom fram í ágætri ræðu hv. 2. þm. Reykv. að sú reynsla sem fengin er, til að mynda á Norðurlöndunum og hjá sumum öðrum Evrópuþjóðum, hefur leitt til þess að umhverfisráðuneyti sem stofnuð voru víðast hvar upp úr 1970 hafa orðið gífurleg bákn með miklum fjölda starfsfólks og hóflausum kostnaði. En þau hafa ekki náð árangri eins og til var ætlast, þau hafa orðið til þess að önnur ráðuneyti stjórnkerfisins í þessum löndum sem fara með þá málaflokka, sem að hluta til áttu að fara undir umhverfisráðuneyti, hafa haldið sínu striki og árekstrar hafa orðið. Stjórnsýslan hefur orðið ómarkviss og ruglingsleg, en hlaðið upp kostnaði, hlaðið upp mannafla og þanist út og orðið mikið bákn.

Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Reykv. vitnaði til þess að til að mynda í Danmörku eru starfsmenn umhverfisráðuneytisins þrjú þúsund og þar hafa allir þessir annmarkar komið í ljós. Enda er það svo að nú hafa Danir tekið það upp að setja á fót að nýju deild innan landbúnaðarráðuneytisins með nýjum deildarstjóra og nýju starfsliði, raunar sumpart starfsliði sem áður fjallaði um umhverfismál þar á vegum ráðuneytisins, til að annast umhverfismál á vegum landbúnaðarráðuneytis, ofan í þrjú þúsund manna starfslið umhverfisráðuneytisins danska. Þetta er ekkert einstök saga, þetta er það sem einnig er að gerast annars staðar vegna þess að reynslan hefur sýnt að þetta skipulag hentar ekki. Umhverfismálin eru það víðfeðm, þau snerta það mörg svið, nærri hvert einasta svið í athöfnum einstaklinga og í stjórnarfarslegum athöfnum, að ekki er mögulegt að ná utan um þau málefni öll með því að hafa allt á einum stað í einu ráðuneyti. Þess vegna þarf að koma til samstarf um þessi efni, samvinna og það þarf að gæta að þessum efnum í hverju ráðuneyti fyrir sig, en hafa síðan samstarfsvettvang þar sem menn bera saman bækur sínar og ná saman um heildarstefnu og ná einnig saman um það að út á við sé einn málsvari.

Hér er annar þáttur þess máls sem ég kalla einnig stóralvarlegan. Það er verið að taka upp skipan sem menn hafa komist að raun um erlendis að hentar ekki, að er röng.

Við sjálfstæðismenn erum því andvígir og stjórnarandstaðan hér á Alþingi er því andvíg. Ég nefni það vegna þess að stjórnarandstöðufulltrúar í hv. allshn.

hafa skrifað sameiginlega undir það nál. sem hér liggur fyrir þar sem lagt er til að þetta frv. verði fellt.

Í þriðja lagi nefni ég kostnað. Þó að það hafi að nokkru komið fram í máli mínu varðandi það sem ég kalla annan þátt í gagnrýni minni um þessi aðalatriði, þá er hér verið að stofna til þess að setja á laggir bákn. Það er verið að stofna til að það verði gífurlegur, nýr kostnaður við stjórnsýsluna og það að óþörfu. Og það með því að stefna einnig efnislega í ranga átt. Nú er það svo og við höfum tekið eftir því að við flutning á stofnunum ríkisins t.d. milli ráðuneyta sem nokkuð hefur verið um en einnig við flutning á einstökum ráðuneytum milli herbergja eða húsa þá fylgir því ærinn kostnaður út af fyrir sig. Ég nefni í þessu sambandi, vegna þess að það er hægt að vitna til dæma, að flutningur á einu ráðuneyti, sjútvrn. af Lindargötu niður í næstu húsalengju við Skúlagötu, í Fiskifélagshúsið, kostaði fyrir tveimur árum í fjárfestingu við að laga til skrifstofu fyrir hæstv. sjútvrh. og starfsmenn hans fjórtán eða fimmtán, þá kostaði það 36 millj. kr. — að laga til skrifstofur og afla nýs skrifstofubúnaðar. Voru þó skrifstofur áður í þessu húsnæði. Aðeins það eitt að flytja stofnanir milli húsa eða milli herbergja hefur í för með sér gífurlegan kostnað, a.m.k. þegar þeir sem þar ráða fyrir húsum gæta ekki hófs í búnaði og aðstöðu fyrir sjálfa sig.

Þegar verið er að setja á stofn nýtt ráðuneyti, nýtt bákn, nýtt umhverfisráðuneyti, má ætla að kostnaður af þeim sökum verði ekki lítill. En kostnaðurinn verður þó fyrst og fremst og enn meiri í rekstri vegna þeirrar tilhneigingar að þenja út í mannafla og kostnað við slíka nýja stofnun, ekki síst ef sú er meiningin sem sumir sporgöngumenn þessa máls halda fram að þarna eigi að verða stórt ráðuneyti sem hafi yfirumsjón með öllum þáttum þessara mála — og eru nú báðir hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra gengnir úr salnum.

Í fjórða lagi nefni ég í þessari stuttu ræðu minni að frv. er óþarft og er til óþurftar og í óþökk ábyggilega þorra þjóðarinnar, þar á meðal flestra þeirra sem það á að þjóna.

Í nál. meiri hl. allshn. er prentuð skrá yfir þá aðila sem sent hafa umsagnir varðandi frv. Þeir eru nær 40. Flestar þessar umsagnir eru neikvæðar, þær eru andsnúnar frv. Augljóst er að sumir þessara aðila líta svo á að með þessum málatilbúnaði sé verið að kasta stríðshanska í þessu máli, efna til ófriðar og sundra samstarfi og samhug. En mikið starf hefur verið unnið að því að koma á samstarfi milli aðila sem að þessum verkum vinna.

Hér er ekki einungis um að ræða ýmsar stofnanir ríkisins. Það er einnig um að ræða ráðuneytin sjálf og í þriðja lagi er um að ræða samtök á vegum einkaaðila, til að mynda Skógræktarfélag Íslands. — [Fundarhlé.]

SAMEINAÐ ÞING

47. fundur, þriðjudaginn 6. febr., kl. 3.34 síðdegis.

Tilkynning frá forsætisráðherra um kjarasamninga og efnahagsmál.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eftir þá mikilvægu kjarasamninga sem nú hafa verið gerðir þykir mér rétt að gera Alþingi grein fyrir meginatriðum sem þeim tengjast og ekki síst því sem Alþingi þarf fljótlega að fjalla um. Ég vil taka undir með þeim sem réttilega segja að brotið sé blað með þessum kjarasamningum. Með þeim á að skapast grundvöllur til að færa efnahagslíf hér allt í betra lag en verið hefur lengi en margt þarf til að það takist. Margir þurfa þar að leggja sitt til þeirra mála. Og vissulega er það svo að þessir kjarasamningar tókust vegna þess að fjölmargir aðilar lögðu mikið til mála. Það gerðu launþegar, það gerðu atvinnurekendur, það gerðu bændur, það gerðu viðskiptabankarnir og það mun ríkissjóður þurfa að gera. Loks eru þessir kjarasamningar gerðir á grundvelli í þjóðarbúskapnum sem tekið hefur allmarga mánuði, um 14 mánuði að skapa skref fyrir skref.

Ég tel rétt að byrja með því að fara yfir nokkur meginatriði kjarasamninganna. Ég skal ekki lengja mál mitt með því að rekja þá í smáatriðum, en rétt er að geta þess í fyrstu að launahækkanir á árinu 1990 eru að mati Þjóðhagsstofnunar samtals 5,5% þegar láglaunabætur eru teknar með í reikninginn. Þessar launahækkanir eru 1. febrúar 1,5%, 1. júní 1,5% og 1. desember 2%. Jafnframt er hér ítarlegur kafli, 3. gr., um launabætur sem eru fyrst og fremst til láglaunafólks og ég mun ekki rekja. En samningarnir eru í grundvallaratriðum gerðir til 1. sept. 1991 og þá er gert ráð fyrir hækkun 1. mars 1991 um 2,5% og 1. júní 1991 um 2%.

Í kjarasamningum þessum er gert ráð fyrir launanefnd sem er ætlað að hitta ýmsa embættismenn sem að efnahagsmálum starfa, formann bankastjórnar Seðlabankans, forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, hagstofustjóra og hagsýslustjóra. Er nefndinni, ásamt þessum mönnum, ætlað að fylgjast mjög náið með allri þróun efnahagsmála og sérstaklega hvernig þær forsendur, sem settar eru fyrir samningunum, breytast á gildistíma þeirra. Það eru uppsagnarákvæði í samningunum og þau eru í maí og september 1990 og maí 1991 ef samkomulag verður ekki eða ef ákveðnar forsendur hafa brugðist frá því sem lagt er til grundvallar í þessum samningum. Um það er ítarlega fjallað í 8. gr. samningsins. En meginendurskoðun samningsforsendna er ráðgerð í nóvembermánuði 1990 og um hana segir, með leyfi forseta:

„Við endurmat á forsendum skulu aðilar leggja til grundvallar upplýsingar um þróun og horfur um

viðskiptakjör svo og mat á þróun útflutningstekna og landsframleiðslu á mann fyrir komandi ár. Kaupmáttarþróun og samhengi þessara þátta við forsendur kjarasamningsins" og er það síðan nokkuð nánar rakið. Þá er einnig heimild til að segja upp samningnum.

Í 10. gr. samningsins eru raktar forsendur sem nauðsynlegt er að hafa í huga. Þar eru fyrst og fremst raktar forsendur um viðskiptakjör þjóðarinnar eins og líklegt er talið að þau þróist frá janúar 1990 til júlí 1991. Er þá gert ráð fyrir því að þau batni á þessu tímabili um 5%. Þar er einnig forsendan um landsframleiðslu á árinu 1991 og segir að hún verði sú sama og á árinu 1990, a.m.k. sú sama, þ.e. á árinu 1991 verði ekki samdráttur eins og spáð er nú í ár með landsframleiðsluna. Þá er lagt til grundvallar að gengi krónunnar verði stöðugt á samningstímanum, enda standist forsendur samningsins um launa- og verðlagsbreytingar. Þarna er vitanlega hvað háð öðru. Verðlagsbreytingar eru háðar gengi og samningurinn háður verðlagsbreytingum þannig að þetta er vitanlega allt meira og minna samtvinnað.

Þá er í fjórða lagi gert ráð fyrir því að nafnvaxtalækkun verði nýtt í atvinnurekstrinum til að mæta upphafshækkun launa eða með öðrum orðum, atvinnurekendur fái með nafnvaxtalækkuninni svigrúm til að mæta þeim kostnaðarauka sem af launahækkununum leiðir. Þá er gert ráð fyrir því að verð á búvöru verði óbreytt til 1. des. 1990 og mun ég koma nánar að því síðar.

Einnig eru lagðar til grundvallar þær upplýsingar sem ríkisstjórnin lagði fyrir samningamenn um þær hækkanir sem ráðgerðar eru á opinberri þjónustu og allri skattheimtu ríkissjóðs sem ég mun rekja hér á eftir og fram tekið að þær verði í samræmi við minnisblað fjmrn. frá 28. jan. 1990. Það mun ég rekja nánar. Síðan er fyrirvari um framfærsluvísitölu og er sá fyrirvari frá maí til maí, þ.e. maí 1990 til maí 1991. Miðað er við 1990 144,5 og í maí 1991 150,7 sem mun vera um það bil 4,5% hækkun á því tímabili. Lagt er fram, einnig sem forsenda samninganna, bréf Sambands ísl. viðskiptabanka til samningsaðila dags. 28. jan. 1990 um vaxtalækkun sem ég mun einnig nefna nánar síðar.

Þá er afar mikilvægt atriði, 9. atriðið, þar sem segir: Launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum. Þetta er með öðrum orðum fyrirvari af hálfu samningsaðila um að laun annarra hækki ekki umfram það sem gert er í þessum samningi. Og í síðasta lagi, tíunda lagi, er vísað til þeirra yfirlýsinga sem samningsaðilar fengu frá ríkisstjórninni og ég mun rekja nánar hér á eftir.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fara hér yfir ýmsar bókanir o.s.frv. en taldi nauðsynlegt að nefna þessi meginatriði samningsins og ekki síst fyrirvarana til að undirstrika að þeir eru margir og þar eru víða hættur á vegi ef ekki er aðgát höfð á öllum sviðum. Augljóst er að á samningstímanum verður að gæta vel að þróun mála hér á landi.

Ég sagði áðan að eitt mikilvægt atriði til að samninga þessa mætti gera væri að sjálfsögðu það ástand sem orðið er í efnahagsmálum eftir að efnahagsgrundvöllurinn hefur verið lagfærður skref yfir skref frá því í september 1988. Á formlegum fundi með samningsaðilum, bæði með vinnuveitendum og einnig með Alþýðusambandinu og BSRB var þetta ítarlega rætt. Þá var það staðfest af þessum aðilum að þeir teldu nú vera það borð fyrir báru að unnt væri að gera samninga sem leiddu til verulegrar hjöðnunar verðbólgu. Í þessu sambandi vil ég minna á að á árinu 1989 er talið að afgangur verði af vöruskiptum við útlönd upp á 6–7 milljarða kr. og er það mikil breyting frá fyrra ári eða fyrri árum. Viðskiptahallinn 1989 mun einnig fara verulega minnkandi, líklega niður í 2% þrátt fyrir miklar vaxtagreiðslur og háa vexti erlendis og nokkra aukningu í erlendum lánum. Til samanburðar má geta þess að 1987 var viðskiptahallinn 3,5% og reyndar var halli árið 1987 upp á tvo milljarða á vöruskiptum. Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir því að meðaltal viðskiptahalla síðustu fjóra áratugina er á bilinu 3,5–4% af landsframleiðslu þannig að hann hefur venjulega verið meiri.

Rekstrarskilyrði útflutningsatvinnuveganna hafa sömuleiðis gerbreyst. Að mati samtaka fiskvinnslunnar var rekstrarhallinn á árinu 1988 9,5%. Þjóðhagsstofnun taldi hann hins vegar vera 5% en ef ekki væri tekið tillit til greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sem var á síðustu mánuðum ársins, þá væri hallinn 7%. Nú telur Þjóðhagsstofnun að jöfnuður sé í afkomu fiskvinnslunnar, hún sé rétt um núllið. Ég hef hér undir höndum ítarlegri greinargerð þar sem þetta er metið og er þar tekið fram að í þessu mati er ekki komið inn á áhrif virðisaukaskattsins sem Þjóðhagsstofnun telur að eigi að vera um 2–2,5% til batnaðar fyrir fiskvinnsluna og er það í samræmi við það mat sem lagt hefur verið til grundvallar í endurgreiðslu á söluskatti. Ekki eru heldur nema að hluta komnar þarna inn verðhækkanir sem talið er mjög líklegt að verði erlendis. Þær voru komnar nokkuð inn á síðustu mánuðum síðasta árs og nú um áramótin, en flestir telja að þær séu eitthvað meiri fram undan. Þarna er búið að taka tillit til þess að dregur saman í afla um a.m.k. 10% í framleiðslu á landfrystum freðfiski, þ.e. vegna minni afla en á árinu 1988, minni framleiðsla á humri er áætluð 15% og framleiðsla á frystri loðnu og loðnuhrognum er áætluð svipuð og á árinu 1989. Ég ætla að geta þess jafnframt að ekki er gert ráð fyrir neinum greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði í þessu áliti Þjóðhagsstofnunar sem er frá 23. jan.

Nánar sundurgreint er talið að afkoma frystingar sé rétt fyrir ofan núllið, 0,8 í plús en afkoma söltunar í mínus 2,5 og heildarafkoman rétt um núllið eða –0,4. Eru þá ekki komnir inn þessir ýmsu liðir sem ég rakti áðan. Mikilvægast í þessu sambandi er þó að sjálfsögðu það að atvinnurekendur sjálfir hafa samið um þann fyrirvara í því sem ég las upp þaðan, að ekki skuli koma til breytingar á gengi á þessu ári og hafa lýst því yfir að þeir telji nú, eins og staðan er orðin, borð fyrir báru til að gera slíka samninga. Þeir hafa jafnframt tekið tillit til þess sem vænta má í verð-

hækkunum erlendis og hagsbótum af vaxtalækkun og minni verðbólgu.

Það er tvímælalaust svo að sá grundvöllur sem tekist hefur að skapa hefur gert kleift að gera þessa samninga. En til þessara samninga hafa mjög margir lagt. Launþegar hafa lagt ríkulega af mörkum. Launþegar sætta sig við þá kaupmáttarskerðingu sem varð á síðasta ári og var óhjákvæmileg að sjálfsögðu með minnkandi þjóðarframleiðslu og getur verið af stærðargráðunni 8–9%. Launþegar endurheimta ekki þá kaupmáttarskerðingu á því ári sem nú er hafið og reyndar má gera ráð fyrir að kaupmátturinn lækki eitthvað á þessu ári, líklega um svona 0,5% að meðaltali en hins vegar er gert ráð fyrir því að sá kaupmáttur endurheimtist á árinu 1991.

Ég hef þegar komið nokkuð að framlagi atvinnuveganna sem hafa fallist á óbreytt gengi og skal ég ekki fara fleiri orðum um það. Óvenjulegt við þessa samninga er það að bændur eru nú aðilar að samningunum og hafa lagt mjög mikið af mörkum. Mér sýnist að það kunni jafnvel að vera vanmetið þegar um samningana hefur verið rætt. Bændur samþykkja í fyrsta lagi að engin breyting verði á verði til framleiðenda fram til 1. sept. 1990, þ.e. það er fyrirvaralaust til þess tíma nema bændur setja tvö skilyrði: Í fyrsta lagi *að verð á áburði hækki ekki umfram 12% og í öðru lagi* að breytt verði álagningarreglum fasteignagjalds þannig að grundvöllur fasteignagjaldsins í sveitum, á útihúsum einkum, verði sá sami og hann var á síðasta ári. Kemur það nánar fram í því sem ég mun rekja hér á eftir. Bændur hafa bent réttilega á það að 3% af launum þeirra á þessu verðlagsári sauðfjárafurða, þ.e. sauðfjárbændur, *er nú greitt með niðurgreiðslufé* beint til bænda. Það er ekki komið inn í verðlagið og þegar nýtt verðlagsár hefst 1. sept. verður að taka ákvörðun um það hvort áfram verður greitt með niðurgreiðslufé eða tekið inn í verðlagið. Að því tilskildu er um samið eins og ég las áðan að verð landbúnaðarafurða verði óbreytt til 1. des. 1990.

Viðskiptabankarnir féllust á að lækka þegar nafnvexti úr 29% niður í 22%, þ.e. um 7%. Þeir rituðu jafnframt viðskrh. bréf og fóru fram á að sett yrði á fót nefnd til að fjalla um afkomu bankanna miðað við minni verðbólgu en verið hefur og hvernig þeir geti staðið við þá skuldbindingu sína að fylgja verðbólgunni með nafnvexti niður. Þarna kemur að sjálfsögðu fram sú staðreynd að vaxtamunur er mjög mikill í íslensku bankakerfi og ég held að óhætt sé að orða það svo að þeir lenda í vandræðum með mikinn vaxtamun við mjög litla verðbólgu, þ.e. til þess að innlánsvextir verði ekki neikvæðir. Viðskrh. hefur þegar skipað þessa nefnd með fulltrúum frá bönkunum og einum frá viðskrn. og mun þar fjallað um það á hvern máta megi ná hagræðingu í bankakerfinu. Ég vil taka það fram strax að báðir aðilar leggja áherslu á raunvaxtalækkun einnig og hefur ríkisstjórnin skuldbundið sig til þess að stuðla að því eins og hún framast getur. Ég tel að það hljóti ekki síst að koma fram í minni vaxtamun viðskiptabankanna sem, eins og ég sagði áðan, er hér allt of mikill.

Ríkissjóður leggur um 1200–1300 millj. til þessara mála en ég gat um það áðan, og kom reyndar fram í samningunum, að til grundvallar er lagt minnisblað um forsendur fjárlaga um gjaldskrárhækkanir og tekjuöflun ríkisins frá 28. jan. 1990. Mér þykir nauðsynlegt vegna umræðu sem orðið hefur um það m.a. í fjölmiðlum að þær upplýsingar komi hér fram og um þær sé ekki neinn misskilningur. Ætla ég því, með leyfi forseta, að fara yfir helstu forsendur fjárlaga um hækkanir á gjaldskrám B-hluta stofnana árið 1990 og sömuleiðis um hækkanir á sköttum. Aðilum vinnumarkaðarins var afhent þetta eins og komið hefur fram.

Í forsendum fjárlaga um hækkanir á gjaldskrám B-hluta stofnana árið 1990 er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp hækki um 3% 1. júlí og 3% 1. okt. og eru verðlagsáhrif ætluð um 0,05% á framfærsluvísitölu. Þetta á að gefa tekjur til Ríkisútvarpsins um 100 millj. Þá er gert ráð fyrir því að Áburðarverksmiðja ríkisins hækki 1. maí áburðarverð um 12%. Það þýðir 0,1 áhrif á framfærsluvísitölu og 140 millj. tekjur fyrir Áburðarverksmiðjuna. Það skal tekið fram að Áburðarverksmiðjan telur þetta ekki nægilega hækkun því að þarna er um hækkun einu sinni á ári að ræða og mikil breyting hefur orðið á gengi frá því í maí í fyrra þegar áburður hækkaði síðast og er ekki ráðið hvernig því verði mætt. Þá er gert ráð fyrir að Póstur og sími hækki 1. febr. um 3%, 1. maí um 3%, 1. ágúst um 3% og þýðir það í verðlagsforsendum 0,15 eða 340 millj. kr. tekjur fyrir Póst og síma. Þá er gert ráð fyrir því að Sementsverksmiðja ríkisins hækki 1. febr. um 4%, 1. maí um 6%, það þýðir 0,1 í verðlagsforsendum og 50 millj. tekjur fyrir Sementsverksmiðjuna. Um Rafmagnsveitur ríkisins er það að segja að þar hefur ekki verið talin þörf á hækkun haldist gjaldskrá Landsvirkjunar óbreytt og við skulum vona að svo geti orðið.

Ég vil jafnframt taka fram að allar þessar hækkanir eru mjög niðurskornar frá því sem var þegar fjárlagafrv. var lagt fram og ríkisstjórnin telur að þarna sé farið út á ystu nöf í sambandi við afkomu þessara stofnana sem fyrirtækja.

Forsendur fjárlaga um hækkun á sköttum árið 1990 sem afhentar voru að sjálfsögðu einnig eru bensíngjald 1. apríl upp á 5% og 1. ágúst upp á 6% sem þýðir 0,2% áhrif á framfærsluvísitölu og 190 millj. kr. tekjur. Þá er gert ráð fyrir hækkun á þungaskatti upp á 9% 1. júlí sem þýðir 0,1 í framfærsluvísitölu og 110 millj. í tekjur, hækkun á bifreiðagjaldi 1. mars um 83% og 1. júlí um 8% sem þýðir 0,3 í framfærsluvísitölu, 650 millj. í tekjur. Þá hefur verið gert ráð fyrir því að áfengi og tóbak hækki með framfærsluvísitölu eins og verið hefur með verðlagi á þriggja mánaða fresti og geti þýtt um 0,3–0,4 í verðlagsáhrifum, 200–300 millj. eftir því hvernig verðlag þróast. Þá er gert ráð fyrir, og er á þessu blaði að sjálfsögðu einnig, tekjuskatti á orkufyrirtækjum upp á 250 millj. sem hefur ekki verið metið til áhrifa á verðlag. Þetta taldi ég, virðulegi forseti, að rétt væri að kæmi hér fram því að sá misskilningur virðist ríkja að í samningunum felist að frá þessum

forsendum fjárlaga og þessum hækkunum sé fallið. Það er alls ekki. Það er hins vegar eins og kemur fram í þeim bréfum sem ég fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hef ritað gert ráð fyrir að draga úr hækkunum sem nemur 0,3 í framfærsluvísitölu.

Ég vil þá koma að þeim bréfum sem ég ritaði Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Stéttarsambandi bænda. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þau frá orði til orðs heldur fara yfir þau efnislega. Það er í fyrsta lagi fallist á og lýst yfir að ríkisstjórnin sé reiðubúin að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hækkun á heildsöluverði hefðbundinna búvara til 1. des. 1990, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu. Í þeirri vinnu sem fór fram í þessu sambandi var áætlað að verja þyrfti 705 millj. kr. umfram fjárlög í niðurgreiðslur í þessu skyni. Rétt er að geta þess að af þeirri upphæð eru 45 millj. kr. sem er lokagreiðsla af þeirri 3% launahækkun sem bændum hefur verið greidd í gegnum niðurgreiðslufé en ekki verðhækkun á sauðfjárafurðum eins og ég nefndi áðan.

Þá er fallist á að aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. ASÍ, VSÍ, VMS og BSRB, eigi aðild að nefnd sem bændur hafa óskað að sett verði á fót til að athuga allan verðmyndunarferil í landbúnaði og gera tillögur um hagræðingu í þeirri framleiðslu. Eftir þessu var leitað við Stéttarsamband bænda í upphafi ársins og var samþykkt af ríkisstjórnarinnar hálfu að verða við þessu og það hefur verið samþykkt að þessir aðilar vinnumarkaðarins tækju þátt í þessu nefndarstarfi. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að ASÍ og BSRB hafa jafnframt ákveðið að taka sín sæti í sex manna nefnd landbúnaðarins sem eru satt að segja töluverð tíðindi eftir margra ára fjarveru þaðan.

Þá er í öðru lagi fallist á að hækka 1. júlí frítekjumark svokallað á greiðslum úr lífeyrissjóðum í 19 þús. kr. og hinn 1. jan. 1991 í 21.500 kr., þ.e. um 5200 kr. í fyrra skiptið og 2500 kr. í seinna skiptið. Jafnframt er tekið fram að ríkisstjórnin mun halda áfram athugun á samræmingu bæði skattlagningar og frítekjumarks allra tekna gagnvart tekjutryggingu almennra trygginga. Það sem veldur vandræðum í þessu sambandi er m.a. það að tekjur af sparifé eru skattfrjálsar og heldur ekki dregnar frá greiðslum úr lífeyrissjóðum. Þarna er því misræmi á sem tvímælalaust þarf að samræma.

Þá fjallar þriðji liðurinn um greiðsluábyrgð ríkissjóðs við gjaldþrot. Þar er fallist á að breyta því frv. sem hér liggur fyrir þannig að greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot fyrirtækja verði í 18 mánuði eins og verið hefur en ríkisstjórnin hafði í huga að fella niður greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot. Þó er það skilyrt þannig að enda hafi reynt á innheimtuaðgerðir þar sem krafan hefði mátt vera lífeyrissjóðunum kunn.

Svo er fallist á að hámark greiðsluábyrgðar vegna launa verði þreföld fjárhæð atvinnuleysisbóta í stað tvöfaldrar og sömuleiðis fallist á að heildarupphæðin verði ekki takmörkuð.

Þá er í fjórða lagi gert ráð fyrir lækkun framfærsluvísitölu og ríkisstjórnin heitir því að beita sér fyrir því að í febrúar verði dregið úr fyrirhuguðum sköttum og gjöldum eða gjaldskrárbreytingum opinberra fyrirtækja sem svarar 0,3% lækkun á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðarins. Segja má að þarna hafi verið það sem út af gekk í samningunum og var mikið rætt um á lokastigi þeirra. Fulltrúar ASÍ og BSRB töldu sig ekki geta gert slíka samninga með þeirri kaupmáttarminnkun sem þeir fólu í sér, nema til kæmi þetta sem ég hef nú lesið. Ég mun koma nánar að þessu á eftir.

Þá er fallist á að í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga muni ríkisstjórnin beita sér fyrir endurskoðun á hundraðshluta meðalnýtingar tekjustofna sveitarfélaga sem skilyrði fyrir framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Undan því hefur verið kvartað, ekki síst af atvinnurekendum, að kröfur um að leggja á hámarksálag séu mjög stífar og íþyngi þeim víða mjög á landsbyggðinni, einkum vegna hækkunar á fasteignamati, m.a. húsa í atvinnurekstri o.s.frv. Eftir að samband hefur verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga verður sest að þessu og skoðað hvort þarna sé ekki ástæða til að lækka. Hins vegar er nauðsynlegt að leggja á það áherslu að þetta verði gert í samráði við samtök sveitarfélaga því að þarna er vitanlega um tekjumál fyrir sveitarfélögin að ræða.

Þá er í sjötta lagi fallist á að í endurskoðun á lögum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nú stendur yfir verði kannað með hvaða hætti greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði geti nýst til starfsnáms. Það eru reyndar þegar heimildir í lögum til að nýta greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsnáms ákveðinna hópa en sjálfsagt að skoða hvort það megi útvíkka eitthvað.

Þá er fallist á að þeir einstaklingar sem verið hafa atvinnulausir í fjóra mánuði eða lengur á 12 mánaða tímabili fái láglaunabætur greiddar hliðstætt því sem rakið er í samningnum þannig að, eins og komið er fram í fréttum, er um helming af raunverulegum launum og 60 þús. kr. að ræða. Þetta yrði greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það er áætlað að þetta geti verið 6–7 millj. kr. miðað við atvinnuleysi á síðasta ári.

Þá er staðfest hér það sem ríkisstjórnin hefur ráðgert, að leggja fram á þessu vorþingi frv. það sem legið hefur nokkurn tíma hjá ríkisstofnun um lífeyrissjóði og þess vænst að það geti farið í milliþinganefnd á milli þinga og lögð á það áhersla að frv. um lífeyrissjóði verði samþykkt á næsta þingi. Það er áreiðanlega orðið mjög tímabært. Lífeyrissjóðirnir stefna í mikil vandræði án lagfæringar þar.

Í áttunda lagi er ákveðið að athuga að réttur íslenskra farmanna til bóta almannatrygginga vegna starfa á skipum á vegum íslenskra skipafélaga sem skráð eru erlendis verði bættur. Þar er brotalöm á sem þarf að skoða.

Þá er áhersla lögð á það að sú nefnd sem fjallar um félagslegt húsnæði skili áliti fljótlega og samþykkt að á grundvelli þess nefndarálits verði um það fjallað hvernig megi leysa brýnustu þörf þeirra sem á félagslegu húsnæði þurfa að halda.

Þá er því lýst yfir, sem að er unnið, að samræma skuli skattalög fyrirtækja hér á landi þeim sköttum sem gilda í nágrannalöndum okkar. Þetta er vinna sem er í gangi og hefur verið ákveðið að fulltrúar atvinnurekenda komi að. Í ellefta lagi segir svo:

„Svo fljótt sem verða má mun komið á fót aflamiðlun til að stýra útflutningi á óunnum fiski. Í stjórn aflamiðlunar verði fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi." Þetta er mjög stórt mál, mjög viðkvæmt mál, mjög erfitt mál og veldur afar mikilli mismunun í tekjum sjómanna við landið og afar nauðsynlegt að það verði leyst. Í þessari samningahrotu náðist svona a.m.k. töluverð samstaða milli hagsmunaaðila um aflamiðlun sem yrði á þeirra eigin vegum. Og á þá að mæta þörf víða um landið fyrir afla og þátttöku jafnframt í þeim útflutningi sem skapar meiri tekjur.

Síðan vil ég, með leyfi forseta, lesa lokagrein sem dregur nokkuð saman það sem hér hefur verið rekið, þ.e. samstarf til að tryggja árangur samninganna.

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á samstarf við aðila vinnumarkaðarins um aðgát á öllum sviðum efnahagsmála til að tryggja eins og unnt er að sá árangur sem að er stefnt með kjarasamningunum náist. Ein mikilvægasta forsenda þess er örugg fjármögnun á fjárþörf ríkissjóðs innan lands. Það mun draga úr skuldasöfnun erlendis, sporna gegn verðbólgu og auka tiltrú almennings á því að varanlegur árangur náist. Í þessu skyni óskar ríkisstjórnin sérstaklega eftir auknum kaupum lífeyrissjóða á spariskírteinum á þessu ári umfram kaup þeirra hjá húsnæðismálastjórn.

Að óbreyttum rekstrarskilyrðum þjóðarbúsins áformar ríkisstjórnin ekki aðrar breytingar á sköttum og verðlagi opinberrar þjónustu á árinu 1990 en þegar hafa verið kynntar aðilum. Í samræmi við bréf Sambands ísl. viðskiptabanka og Sambands ísl. sparisjóða til ríkisstjórnarinnar mun hún skipa starfshóp til sameiginlegrar athugunar og aðgerða í bankakerfinu og ríkisstjórnarinnar í því skyni að tryggja að vaxtalækkanir til samræmis við hjaðnandi verðbólgu fái staðist til frambúðar. Með slíkum aðgerðum gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að lagður verði grunnur að frekari lækkun raunvaxta. Til þess að greiða fyrir að sameiginleg markmið náist mun ríkisstjórnin fela sérstakri nefnd embættismanna að eiga reglulega fundi minnst einu sinni í mánuði með launanefnd ASÍ, VSÍ og VMS. Á fundinum skal fara yfir þróun helstu hagstærða, peningamál og ríkisfjármál og munu aðilar í sameiningu leita leiða til að ná fram því jafnvægi sem nauðsynlegt er til að markmið kjarasamninganna náist."

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja var skrifað mjög ábekkt bréf með flestum sömu atriðum. Þó eru nokkur atriði sem þar koma ekki málum við eðlisins vegna en ég vil sérstaklega geta þess að í bréfi til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er meira fjallað um raunvexti sem bandalagið hefur lagt mjög mikla áherslu á, kannski enn þá meira en aðrir samningsaðilar, og fallist á að í sambandi við þá vinnu sem fer núna fram verði sérstök áhersla lögð á lækkun raunvaxta. Einnig lagði BSRB ríka áherslu á að unnið yrði að málefnum fatlaðra og er því hér heitið á grundvelli þeirrar víðtæku úttektar sem nú er að ljúka á þörf fjölfatlaðra einstaklinga fyrir sambýli. Á grundvelli þeirrar áætlunar verði brýnustu málefnunum, brýnustu tilfellunum veittur forgangur og það framkvæmt eins fljótt og fjármagn það sem Alþingi veitir leyfir. En sem sagt, aðalatriðið er þetta að ríkisstjórnin mun veita því forgang að leysa brýnasta vanda fatlaðra sem eru á biðlistanum eftir sambýli og hafa sannanlega mikla þörf fyrir vistun skv. mati sérfræðisstjórna í málefnum fatlaðra og félmrn. segir til um.

Loks var bændum ritað bréf út af fáeinum atriðum sem eru mikilvæg í þeirra sambandi og snúa að ríkisvaldinu. Ætla ég, með leyfi forseta, að lesa það bréf:

„Með vísan til samkomulags Stéttarsambands bænda og Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og kjarasamning milli BSRB og ríkisins vil ég taka fram eftirfarandi:

„Að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga mun ríkisstjórnin í samræmi við 3. tölul. samkomulags ofangreindra aðila beita sér fyrir lækkun á álagningarstofni fasteignaskatts í sveitum þannig að hann jafngildi fasteignamati. Einnig skal tekið fram að ríkisstjórninni er ljóst að á nýju verðlagsári sauðfjárafurða sem hefst hinn 1. sept. 1990 verður annaðhvort að greiða þann launalið sem samkomulag varð um að greiða af niðurgreiðslufé þann 1. sept. 1989 á sama hátt eða að öðrum kosti að hækka grundvallarverð um 3%. Þá skal staðfest að ríkisstjórnin er reiðubúin að beita sér fyrir nauðsynlegri löggjöf til þess að halda megi búvöruverði óbreyttu fram til 30. nóv. 1990." Þar er vísað til þess að lög frá 1985 um búvöruframleiðsluna og fleira gera ráð fyrir sjálfvirkum framreikningi á ýmsum kostnaðarliðum grundvallarins sem Stéttarsamband bænda hefur fallist á að falla frá og gerir það að sjálfsögðu í mati sínu á þeirri hagkvæmni sem bændur fá af vaxtalækkun og minni verðbólgu. Til þess mun þurfa ákvæði til bráðabirgða í þau lög.

Í því sem hér er fjallað um fasteignamatið, þá kom það nokkuð fram hjá mér áðan að lögð er áhersla á að það verði á sama grundvelli og var, en ekki sá upphækkandi álagningarstofn sem ákveðinn var um þessi áramót.

Virðulegi forseti. Ég skal nú stytta mitt mál en vil segja örfá orð um tvö þrjú atriði enn þá. Það er í fyrsta lagi það stóra mál, hvernig verður skuldbindingum ríkissjóðs mætt? Ég hef lýst því yfir og fjölmargir aðrir að nauðsynlegt er að mæta þeim útgjöldum sem þarna eru upp á 1200–1300 millj. kr. eins og frekast er unnt með niðurskurði. Ég vil geta þess hér að þegar

er hafin mjög mikil vinna að því máli. Fjmrh. hefur sett upp ýmis dæmi um slíkt og það er nú til athugunar í viðkomandi ráðuneytum og kemur að sjálfsögðu hér fyrir hið háa Alþingi strax og um það hefur verið fjallað ítarlega líka við fjvn. Fjvn. verður að sjálfsögðu kvödd til þeirra starfa alveg á næstunni og síðan þarf Alþingi að leggja blessun sína yfir það eða breyta því sem þar þykir nauðsynlegt.

Einnig hefur verið skoðað á hvern máta megi ná 0,3% lækkun framfærsluvísitölu. Lögð er áhersla á að það gerist í febrúarmánuði sem er m.a. vegna þess að verðbólga 1. mars getur orðið nokkuð erfið. Áætlað er af Þjóðhagsstofnun að verðbólga þá geti orðið 11,9% á þriggja mánaða grundvelli, fært til heils árs, sem er að vísu ekki mjög hátt en gæti þó valdið einhverjum vandræðum í þessu sambandi ef ekki næst þessi lækkun á framfærsluvísitölu áður. Þau gjöld sem ég las áðan að ráðgert er að leggja á koma flest eða öll til síðar á þessu ári. Þetta þarf því að skoða vandlega, t.d. hvaða tolla, aðflutningsgjöld eða hvaða blöndu af þessu er hægt að ákveða þannig að lækkunin verði fyrir þennan tíma.

Áhrifin af þessum samningum eru að sjálfsögðu mjög mikil. Þau fela í sér, eins og ég sagði áðan, 5,5% hækkun launa á þessu ári og það er út af fyrir sig minna en við höfum átt að venjast. Þjóðhagsstofnun telur að kaupmáttarskerðing af þessum ástæðum verði lítil á þessu ári og vinnist upp á því næsta. Ef ég hleyp yfir þá töflu sem Þjóðhagsstofnun hefur gert telur Þjóðhagsstofnun að árshraði verðbólgunnar frá upphafi til loka árs 1990 verði 6–7%. Nákvæmari tölur hafa verið birtar, eða um 6,2%, en Þjóðhagsstofnun kýs hér að setja 6–7%, og ferill þessarar verðbólguhjöðnunar er eins og hér segir byggður á þriggja mánaða grundvelli, fært til árs: Janúar, sem við að sjálfsögðu þegar höfum, 17,8%, febrúar 16,2%, mars 11,9%, apríl 11,8%, maí 8,9%, júní 8,2%, júlí 5,8%, ágúst 5,4%, september 4,1%, október 3,3%, nóvember 2,5%, desember 2,3%. Þar er komið ofan í mjög lága tölu sem við Íslendingar höfum ekki átt að venjast og reyndar er fram tekið að afar erfitt sé að meta þær upp á hundraðshluta þegar svo langt er komið.

Eins og ég sagði áðan telur Þjóðhagsstofnun að kaupmáttur launa minnki mjög lítið eða svona á bilinu 0 til –1 á þessu ári og láglaunabæturnar halda þeim kaupmætti uppi þar sem launin eru lægst. Þjóðhagsstofnun metur að sérstakar kjararáðstafanir af hálfu ríkisvaldsins megi meta til kaupmáttar upp á 0,5 til 1. Útgjöld fyrir ríkissjóð verði 12–1300 millj. Afkoma ríkissjóðs af þessum sökum, þegar umreiknaðar eru bæði tekjur og gjöld, sé mjög nálægt núllinu. Tekjur ríkissjóðs lækka að sjálfsögðu þar sem tekjur hækka ekki eins mikið í þjóðfélaginu og gert hafði verið ráð fyrir og sömuleiðis bæði tollatekjur og tekjur af virðisaukaskatti, en á móti koma að sjálfsögðu minni útgjöld þegar umreiknað er til lægra verðbólgustigs, og án þess að ég fari nánar út í það þá er það mat Þjóðhagsstofnunar að þetta sé mjög nálægt því að vera í jafnvægi.

Raungengi krónunnar, miðað við laun, áætlar Þjóðhagsstofnun að verði óbreytt á árinu. Raungengi krónunnar miðað við verðlag áætlar Þjóðhagsstofnun hins vegar að hækki um 2%. Raungengið hefur verið lækkað verulega á undanförnum mánuðum og er nú ívið lægra en að meðaltali á síðasta áratug, er mjög svipað og það var í upphafi ársins 1987. Þjóðhagsstofnun áætlar að viðskiptahalli á næsta ári verði svipaður eða um 2,5. Hins vegar geti orðið afgangur af vöruskiptum.

Ég þarf svo ekki að rekja það nánar hér að þessu öllu fylgja vitanlega ýmsar hættur. Við erum að halda þarna út á mjög þröngt einstigi og það má lítið út af bera. Ég vek í fyrsta lagi athygli á því að launahækkanir annarra í þjóðfélaginu mega ekki vera umfram það sem hér er gert ráð fyrir og það er sett mikil ábyrgð á alla þá sem eiga eftir að semja um kaup og kjör, að sprengja ekki þessa samninga. Og mér heyrist undirtektir undir þessa saminga vera slíkar að það megi gera ráð fyrir að á þessu verði ríkur skilningur. Það er vitanlega afar nauðsynlegt. Einnig er afar mikilvægt að gæta að því að ekki skapist hér þensla. Því miður eru nokkur merki um þenslu. Fasteignasala hefur m.a. aukist og einhver smávegis aukning, að því er mér er tjáð, orðið í bifreiðasölu og þau gleðilegu tíðindi vissulega að atvinnuleysi er töluvert mikið minna en hafði verið spáð. Það eru rétt rúm 2% í staðinn fyrir nálægt 3–4% sem var spáð í janúar–febrúar. Þetta er vitanlega af hinu góða, en þarna verðum við að læra af reynslunni frá 1986, 1987, 1988 þegar við misstum hér efnahagslíf þjóðarinnar í þenslu og varð það til þess að hér myndaðist mikil þensluverðbólga, launaskrið og fleira.

Það er afar nauðsynlegt að vextir lækki eins og ráð er fyrir gert og ánægjulegt að bankarnir hafa þegar fylgt eftir þessari fyrstu ákvörðun um vaxtalækkun. Raunvextir þurfa að lækka og þarf áreiðanlega að gæta mikillar hagræðingar í bankakerfinu til þess að það megi takast.

Verðlagi verður vitanlega að halda í skefjum og verðlagsstjóra hefur þegar verið falið — það var reyndar þegar gert fyrir áramótin og ítrekað eftir — að fylgjast mjög náið með allri verðbólguþróun og ekki síst þá að sú lækkun komi fram sem má gera ráð fyrir á ýmsum sviðum, t.d. í sambandi við virðisaukaskattinn. Þessi ábyrgð sem ég hef rakið hvílir á öllum. Hún hvílir á hinu opinbera, hún hvílir á aðilum vinnumarkaðarins, hún hvílir á atvinnurekendum, að heimta ekki til sín meiri tekjur af því að hækka sína uppmælingu eða sinn bónus eða hvað það er nú kallað, og vitanlega verða þeirra samtök að fylgjast með því. Hún hvílir á öllum launþegum í þessu landi. Þarna er til afar mikils að vinna, getur þýtt algjörlega, og mun þýða ef tekst, nýja framtíð í íslensku efnahagslífi og þá fyrst getum við vænst þess að standa okkur sæmilega í þeirri auknu samkeppni sem fram undan er í opnara samfélagi þjóðanna.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú farið mjög skýrt og skilmerkilega yfir öll þau atriði sem almenningi hafa þegar verið birt og kunngerð í fjölmiðlum og tengjast nýgerðum kjarasamningum. Hitt vekur nokkra furðu og veldur nokkrum vonbrigðum að í ræðu hæstv. forsrh. komu engin svör við þeim spurningum sem menn áttu von á að fá svarað hér af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Aðilar vinnumarkaðarins sem hafa gert tímamótasamninga hlutu að mega vænta þess að þegar hæstv. forsrh. loksins kveddi sér hljóðs til þess að gera grein fyrir þessum málum hér á hinu háa Alþingi kæmu einhver svör af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um þau atriði sem launafólkið í landinu og stjórnendur atvinnufyrirtækjanna hljóta að spyrja um. En það komu engin svör.

Ég nefni í þessu sambandi að við gerð þessara kjarasamninga kom í ljós og staðfestist það sem talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna héldu fram við afgreiðslu fjárlaga, að verulegur dulinn halli er á samþykktum fjárlögum þessa árs. Og þar við bætist nokkur kostnaðarauki vegna kjarasamninga en þó mest vegna þess að hæstv. ríkisstjórn sjálf hafði ætlað að dylja útgjöld við samþykkt frv. Af hálfu hæstv. ríkisstjórnar komu engin svör við því hvernig mæta ætti þessum nýju aðstæðum. Það er enn til skoðunar og athugunar. Launafólkið í landinu hefur fallist á mjög hógværa kjarasamninga og ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til þess með beinum aðgerðum að lækka verðlag. En fyrir Alþingi liggja frumvörp hæstv. ríkisstjórnar um hækkun á sköttum sem ekki hafa verið afgreidd. Það á að leggja tekjuskatt á orkufyrirtæki og upplýst hefur verið að sá skattur getur hækkað raforkuverð til almennings um 30%. Og hæstv. ríkisstjórn ætlar að hækka bifreiðagjald um 83% auk verðlagshækkana. En það koma engin svör í ræðu hæstv. forsrh. um þessa fyrirhuguðu skattheimtu. Ríkisstjórnin stendur enn við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í þessu efni þrátt fyrir það að launafólkið í landinu og stjórnendur atvinnufyrirtækjanna hafi gengið til þeirra tímamótasamninga sem hér eru til umræðu. Þó að launafólkið sé með samningum að taka á sig kaupmáttarrýrnun getur hæstv. forsrh. ekki lýst því yfir hér og nú að falla eigi frá tekjuskatti á orkufyrirtæki sem gæti hækkað raforkureikninga heimilanna um 30% og hann getur ekki lýst því yfir skýrt og skorinort að falla eigi frá ákvörðun um að hækka bifreiðagjaldið um 80–90%. Ég hygg að þetta hljóti að valda miklum vonbrigðum því að það voru þessar spurningar sem voru uppi hjá fólkinu í landinu og menn væntu að fá einhver svör við í þessari umræðu.

Það kom skýrt fram sl. föstudag hvernig hæstv. ríkisstjórn raðar verkefnum sínum í forgangsröð. Þá var efnt til aukafundar hér á Alþingi, ekki til að ræða þessi mál heldur til þess að ræða stofnun ráðuneytis með nafni en án verkefna sem eykur útgjöld ríkissjóðs um nokkra tugi milljóna. Og þá var því lýst yfir að umræða af þessu tagi gæti farið fram seinna. Hitt hlyti að hafa forgang, að stofna ráðuneyti með nafni en án verkefna. Og nú kom að því í dag að hæstv. forsrh. taldi eðlilegt að gera þjóðinni grein fyrir afstöðu hæstv. ríkisstjórnar og þá er það gert með þeim hætti að lesa upp úr gögnum sem þegar hafa verið birt en segja að ákvarðanirnar sem beðið er eftir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar komi einhvern tímann síðar. Afstaða af þessu tagi hlýtur að valda vonbrigðum, jafnvel þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna sem eiga nú sjaldnast von á góðu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, en hér hafa þeir atburðir gerst sem menn hefðu vænst að leiddu til þess að hæstv. ríkisstjórn tæki á sig meiri rögg en fram kom í ræðu hæstv. forsrh. Sannleikurinn er auðvitað sá að aðilar vinnumarkaðarins hafa komist að mjög markverðri niðurstöðu. Það er að vísu ekki í fyrsta sinn sem þessir aðilar sýna mikla ábyrgð og fórnfýsi við erfiðar aðstæður á undanförnum áratugum, en ég hygg að hér sé á ferðinni alvarlegri og markverðari tilraun en áður hefur verið gerð sem gefi meiri möguleika og meiri vonir en áður. Það má segja með nokkrum sanni að forustumenn launafólksins í landinu og stjórnendur atvinnufyrirtækjanna hafi með kjarasamningunum lagt hér nýjan efnahagsgrundvöll þrátt fyrir hæstv. ríkisstjórn. Þeir hafa með öðrum orðum tekið fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og breytt þeim forsendum sem hæstv. ríkisstjórn lagði til grundvallar efnahagsstefnu sinni á þessu ári. Og það er guðsþakkarvert. Almenningur í landinu fagnar þeirri niðurstöðu. Fólkið í landinu sér að það voru til betri kostir, það var hægt að ná meiri og betri árangri. Og aðilar vinnumarkaðarins ætla ekki að láta þar við sitja. Þeir segja að markvisst verði starfað á þeirra vegum að efnahagsmálum allan tímann sem samningurinn gildir og að það starf verði tryggt með formbundnu samstarfi við stjórnvöld, beinu samstarfi við ýmsa af helstu embættismönnum ríkisins sem stjórna m.a. bönkum og við mótun nýrrar landbúnaðarstefnu. Með nokkrum sanni má segja að launanefndin verði þannig ný efnahagsríkisstjórn eða ný ríkisstjórn í efnahagsmálum. Og ég hygg að þessi markverða nefnd, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett á fót eða ætla að setja á fót í þessu skyni, njóti meira trausts en núv. hæstv. ríkisstjórn.

Þegar hæstv. fjmrh. kynnti fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fór hann mörgum orðum um það að í því væri að finna hinn endanlega ramma ríkisstjórnarinnar um efnahagsmálin á því ári sem nú er nýbyrjað. Allir aðilar í þjóðfélaginu, launafólk og atvinnufyrirtæki yrðu að beygja sig undir þann ramma. Ríkisstjórnin hafði þar sett sér það markmið að verðbólgan yrði á milli ára 16%. Ýmsir töldu, með hliðsjón af fenginni reynslu og með hliðsjón af efnahagsstefnunni, að erfitt yrði að ná þessu markmiði. Ríkisstjórnin hafði líka einsett sér í þeim forsendum sem hæstv. fjmrh. lagði fyrir með þessum hætti að kaupmáttarskerðing launafólks í landinu yrði 5% á þessu ári eða u.þ.b. 5% meiri en nemur falli í landsframleiðslu. Og það var einmitt þessi efnahagslegi rammi sem aðilar vinnumarkaðarins vildu brjóta. Það var þessi efnahagslegi rammi sem þeir töldu að væri hægt að sníða

með öðrum hætti þannig að hagur atvinnufyrirtækjanna yrði betri og hagur launafólksins yrði betri. Og með kjarasamningunum sem þeir hafa nú gert hafa þeir einmitt náð þessu markmiði, búið til nýjan ramma sem er til muna hagstæðari atvinnufyrirtækjunum og launafólkinu í landinu.

Óhætt er að fullyrða að verðbólga verður samkvæmt hinum nýju efnahagsforsendum aðila vinnumarkaðarins helmingi minni á þessu ári en verið hefði ef ríkisstjórnarstefnunni hefði verið fylgt óbreyttri. Það er mjög verulegur árangur og gefur atvinnufyrirtækjunum og atvinnulífinu í landinu auðvitað ný tækifæri. Það er segin saga að um leið og við náum slíkum árangri við að lækka verðbólgu auðveldar það atvinnufyrirtækjunum að takast á við ný verkefni, auka framleiðni og skapa hér meiri verðmæti þegar til lengri tíma er litið. Þegar við höfum náð árangri af þessu tagi, eins og nokkrum sinnum hefur gerst, hefur það jafnan haft þau áhrif þó að hitt hafi svo gerst að lækkun verðbólgu hefur því miður verið tímabundin, m.a. vegna mikilla sveiflna sem okkar hagkerfi þarf að búa við, bæði vegna mismunandi afla og sveiflna í markaðsverði á erlendum mörkuðum.

Það telst líka vera markvert í þessum kjarasamningum að launamenn skuli skrifa undir samninga sem fela í sér kaupmáttarrýrnun um nálægt 1%. Ég hygg að það sýni mjög einstaka afstöðu og einstaka ábyrgð af hálfu forustumanna launþega að ganga til kjarasamninga sem sýna slíka niðurstöðu. En það er auðvitað ekki allt sem sýnist. Hér er verið að vinna mikinn varnarsigur því að í efnahagsforsendum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því að kaupmáttarrýrnunin yrði 5%, fimmfalt meiri en nemur falli landsframleiðslunnar. Forustumenn launþega hafa þess vegna náð hér mjög miklum varnarsigri og lina áhrif kreppunnar sem ríkt hefur með þessum samningum. Auðvitað er það svo áhyggjuefni, þegar við lítum til baka, að við skulum nú standa í sömu sporum og fyrir 10 árum, að kaupmátturinn skuli nú vera hinn sami og fyrir 10 árum. Að vísu hefur þetta gerst með allmiklum breytingum og í miklum sveiflum. Síðasti áratugur byrjaði með verulegu kaupmáttarfalli. Síðan jókst kaupmáttur mjög verulega en hrapaði svo á nýjan leik og nú 10 árum síðar stöndum við í sömu sporum. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni og leiða hugann að því hvernig við þurfi að bregðast. Við verðum að stýra okkar efnahagsmálum á þann veg á næstu árum að líklegt sé að atvinnulífið skili meiri arði, fjárfesting í íslenskum atvinnufyrirtækjum skili meiri arði en verið hefur, til þess að við getum vænst þess að bæta lífskjörin á síðasta áratug þessarar aldar. Það er ekki umræðuefni hér í dag en kallar auðvitað á margs konar ákvarðanir um stjórn efnahagsmála og aðlögun að nýjum aðstæðum.

Það er líka mjög athyglisvert við þessa kjarasamninga og markar nokkur þáttaskil í efnahagsstjórn í landinu að aðilar vinnumarkaðarins hafa í raun og veru í tengslum við gerð þessara samninga fallist á markaðsákvörðun vaxta. Þetta atriði hefur verið umdeilt í íslenskri efnahagsstjórn frá því að hin viðamikla löggjöf um viðskiptabanka og Seðlabanka var sett hér á hinu háa Alþingi á árunum 1985 og 1986 undir stjórnarforustu núv. hæstv. forsrh. En það hafa einkum verið hann sjálfur og fylgismenn hans í Framsfl. og alþýðubandalagsmenn sem hafa verið andvígir þessari skipan og haldið uppi miklum andróðri gegn þessari skipan mála. Slík andstaða hefur líka verið fyrir hendi innan verkalýðshreyfingarinnar, og í tengslum við kjarasamninga hafa heyrst óskir úr þeim herbúðum um að breyta þessari skipan, um að taka á verðbréfamarkaðnum sem sumir kalla gráa markaðinn, að krefjast þess að stýra vöxtum með handafli. Engar slíkar óskir koma fram að þessu sinni. Engar ræður eru nú fluttar af hálfu formanns Framsfl., hæstv. forsrh., um brennandi Róm vegna markaðsákvarðana á vöxtum. Engar kröfur eru nú gerðar um handaflsstýringu á vöxtum. Ég hygg að þetta marki um margt tímamót því að það skiptir máli að samstaða sé um þær leikreglur sem gilda eiga og hafa áhrif á efnahagsstarfsemina í landinu.

Það er vissulega svo að vextir hafa verið mjög háir á undanförnum árum, of háir miðað við getu atvinnuveganna og hærri en menn geta sætt sig við til lengri tíma. En eigi að síður er það svo að með þessari skipan hefur verið stuðlað að auknu jafnvægi í efnahagslífinu og í fjármálum þjóðarinnar. Í skýrslu sem Seðlabanki Íslands gaf út í lok nóvember á sl. ári segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Enginn vafi er á því að rekja má betra jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar lánsfjár til þeirra háu raunvaxta sem voru í gildi, einkum á árinu 1988. Með betra jafnvægi fór þegar á síðari hluta þess árs að koma fram tilhneiging til lækkunar á markaðsvöxtum og hefur hún haldið áfram á þessu ári."

Það hefur verið vitnað talsvert til þessarar skýrslu einmitt um þá staðreynd að raunvextir lækkuðu þó nokkuð á sl. ári, en eins og fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum í skýrslunni má fyrst og fremst rekja þann árangur til þeirrar stefnubreytingar sem varð við vaxtaákvarðanir með setningu nýju bankalöggjafarinnar. Vextir eru í eðli sínu þannig að þeir hljóta að hækka við þensluástand í hagkerfinu en lækka þegar kreppir að og einmitt þetta hefur gerst, bæði meðan þenslan var sem mest og eins eftir að kreppan varð. Hitt er svo annað mál að í þessari skýrslu kemur einnig fram, sem talsmenn hæstv. ríkisstjórnar hafa minna rætt um, að raunvextir sjávarútvegsins miðað við innlent verðlag hækkuðu á síðasta ári úr 10,8% 1988 í 13,3% eða um nánast fjórðung. Þetta stafar m.a. af breytingum á gengi krónunnar vegna þess að lán sjávarútvegsins eru að svo miklum hluta erlend en sýnir líka að breyting á gengi krónunnar á síðari hluta ársins 1989 réði úrslitum um að staða sjávarútvegsins batnaði. Mitt mat er að það hafi verið gripið til þessara eðlilegu breytinga á gengi krónunnar heilu ári of seint, en um það var stjórnmálaágreiningur. Hitt ber hins vegar að viðurkenna að hæstv. ríkisstjórn sá að sér, gerði sér grein fyrir að þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfðum sett fram í þessu efni voru rétt og það yrði ekki unnt að bæta

stöðu sjávarútvegsins eftir þau ytri áföll sem hann varð fyrir vegna þess að markaðsverð hafði fallið og gengi bandaríkjadals hafði fallið nema breyta gengi krónunnar. Hæstv. ríkisstjórn sá þessa staðreynd og viðurkenndi hana heilu ári of seint. En sannarlega, þegar hún var framkvæmd, hafði hún áhrif til þess að bæta afkomu fyrirtækjanna eins og fram hefur komið og við reyndar höfðum bent á löngu áður.

Ég þykist vita að það hafi valdið mörgum vonbrigðum að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki á þessari stundu geta gert aðilum kjarasamningsins nánari grein fyrir viðbrögðum af sinni hálfu. Það hefur allmikið verið rætt um kostnað ríkissjóðs af þessum kjarasamningi. Vissulega er það svo að kjarasamningarnir auka nokkuð við útgjöld ríkissjóðs, en að mjög stórum hluta er þar um að ræða atriði sem þegar voru komin fram við afgreiðslu fjárlaga en hæstv. ríkisstjórn kaus þá að dylja. Það lá fyrir samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar í fjvn. að kostnaður við niðurgreiðslur yrði mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. ríkisstjórn hafði gefið. Sá kostnaðarauki sem hér er talað um er því ekki allur og ekki nema að hluta vegna kjarasamninganna. Og öllum má vera ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefði breytt frítekjumarkinu. Ég hygg að engum hafi komið til hugar að það ætlaði hún sér alls ekki að gera, enda hefði það augljóslega komið sérstaklega til umræðu hér á hinu háa Alþingi við afgreiðslu fjárlaga ef svo hefði verið. Vera má að sú hækkun sem nú er ákveðin sé heldur meiri en orðið hefði niðurstaðan án slíkra kjarasamninga sem nú hafa verið gerðir, en að stórum hluta hlaut sú hækkun að eiga sér stað og teljast til vanáætlunar fjárlaga. Eigi að síður hljóta menn, þegar kjarasamningar hafa með þessum hætti afhjúpað dulin útgjöld ríkissjóðs og bætt við útgjöld ríkissjóðs, að fjalla um hvernig við verður brugðist.

Það er líka ástæða til þess að inna hæstv. ríkisstjórn eftir því hvaða áform hún hefur uppi varðandi búvöruverð með því að í ákvörðun hennar er kveðið á um að ráðstafanir af hennar hálfu til niðurgreiðslna eigi að gilda til 1. des. á þessu ári en kjarasamningurinn á að gilda að öðru leyti til 1. sept. árið 1991. Hvað hugsar hæstv. ríkisstjórn sér um framhald þessa atriðis? Það væri æskilegt að fá skýr svör við því hér og nú. Og ég vil líka ítreka það sem ég sagði í upphafi, að það getur ekki staðist þegar launafólk semur í frjálsum samningum um kaupmáttarrýrnun að hæstv. ríkisstjórn ætli að koma í framkvæmd skattahækkunum eins og bifreiðagjaldi upp á 80–90%. Það er útilokað að bjóða almenningi í landinu slíka framkomu af hálfu stjórnvalda. Og það væri nauðsynlegt að þau skilaboð gætu komið frá Alþingi á þessum degi að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að falla frá eða breyta í verulegum atriðum áformum sínum í þessu efni. Það er nánast útilokað að þessari umræðu ljúki í dag án þess að þjóðin fái skýr skilaboð frá hinu háa Alþingi um þetta efni og auðvitað veltur mest á afstöðu hæstv. ríkisstjórnar í því efni. Ég hygg að hæstv. ráðherrar, svo að ég tali ekki um hv. þm.

stjórnarliðsins, hljóti að gera sér grein fyrir því að 80–90% hækkun á bifreiðagjöldum getur ekki staðist eftir kjarasamninga af því tagi sem nú hafa verið gerðir. Og það er ekki eftir neinu að bíða með að tilkynna að stjórnarliðið sé reiðubúið að viðurkenna þá staðreynd. Það var á þetta bent fyrir jól. Þá daufheyrðust menn við öllum slíkum ábendingum, en ég trúi því ekki að það ætli menn að gera nú. Og það sama á auðvitað við um orkuskattinn. Það hefur komið fram í umræðum hér í síðustu viku á hinu háa Alþingi að ekki einasta hæstv. iðnrh. heldur gjörvallur þingflokkur Alþfl. gerði fyrirvara um afstöðu til þess frv. um sérstakan tekjuskatt á orkufyrirtæki sem hæstv. fjmrh. hefur verið að knýja á um að yrði samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Eðlilegt hefði verið að greint hefði verið frá þessari afstöðu Alþfl. þegar frv. var lagt fram og þegar fjárlög voru afgreidd. Það var hins vegar ekki gert heldur kusu menn að halda þeirri afstöðu leyndri þangað til nú fyrir nokkrum dögum. Hún sýnir eigi að síður að menn gera sér grein fyrir því þar á bæ að það er ekki hægt að ana áfram í þessu efni án þess að huga nokkurn skapaðan hlut að afleiðingum skattheimtunnar og þm. Alþfl. og hæstv. iðnrh. eiga þakkir skildar fyrir þá afstöðu sem þeir hafa kynnt í þessu máli og vonandi hjálpar hún til að sú niðurstaða verði að fallið verði frá þessari skattheimtu sem ýmsir telja að geti leitt til þess að raforkuverð til almennings hækki um allt að 30%.

Frú forseti. Það eru fyrst og fremst svör við þessum spurningum sem menn áttu von á frá hæstv. forsrh. og ég vil enn vona að þau fáist í þessari umræðu hér í dag þannig að þessum fundi Alþingis ljúki ekki án þess að þjóðin fái þau skilaboð. Auðvitað er ríkissjóður í miklum vanda, það þarf að taka erfiðar ákvarðanir og hæstv. fjmrh. stendur frammi fyrir mjög erfiðu verkefni. Að vísu mátti hann sjá stærstan hluta þess fyrir en að öðru leyti er um að ræða nýjan vanda. Ég vil fyrir mitt leyti segja að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til þess, ef hæstv. ríkisstjórn óskar eftir því að leita eftir breiðri samstöðu hér í þinginu, að fjalla um þann vanda og hvernig mæta megi auknum útgjöldum ríkissjóðs. Ef hæstv. ríkisstjórn vill fela sérstakri nefnd þingflokka eða hv. fjvn. slíkt verkefni í þeim tilgangi að leita eftir breiðri samstöðu þá mun ekki standa á okkur sjálfstæðismönnum að taka þátt í því erfiða úrlausnarefni. En auðvitað er það undir hæstv. ríkisstjórn komið hversu breiða samstöðu hún kýs að hafa um þau efni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., gerði það að meginefni sinnar ræðu eins og hann hefur gert í umfjöllun opinberlega að með þeim kjarasamningum sem gerðir voru í síðustu viku hafi völdin verið tekin af ríkisstjórninni. Það er skiljanlegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson sé í miklum vandræðum með málflutning Sjálfstfl. á þessum tímamótum. Staðreyndin er nefnilega sú að þessir kjarasamningar fela í sér traustsyfirlýsingu aðila vinnu-

markaðarins á þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt.

Það er kannski eðlilegt að ýmsir þingmenn Sjálfstfl. eigi erfitt með að átta sig á þessari staðreynd málsins vegna þess að ferill þeirra 1986 og 1987 þegar stefna Sjálfstfl. fékk að ráða voru þau víti sem báðir aðilar vinnumarkaðarins sameinuðust um í viðræðum við núv. ríkisstjórn að vara við. Aftur og aftur á fundum bæði samtaka launafólks og fulltrúa atvinnurekenda með ráðherrum í þessari ríkisstjórn féllu þessi orð frá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar og forustumönnum Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaga, umfram allt ber að varast að endurtaka mistökin frá 1986 og 1987.

Það eru sporin frá 1986 og 1987 sem hræða. Ef það var einhver trygging sem þessir aðilar vinnumarkaðarins og forustumenn samtaka launafólks og atvinnuvega óskuðu eftir að fá frá núv. hæstv. ríkisstjórn var að hún tryggði að hún gerði ekki sömu mistök og hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði þegar hann var fjmrh. og þegar hann var forsrh. Efnahagsstefnan frá 1986 og 1987 voru vítin sem allir aðilar vinnumarkaðarins vöruðu við í þessum kjarasamningum. Sú trygging sem þeir töldu dýrmætast að fá frá þessari hæstv. ríkisstjórn var að hún lofaði að gera ekki sömu mistök og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og þau mistök sem gerð voru í fjmrn. 1986 og 1987 í kjölfar kjarasamninganna þá, þegar hv. núv. þm. Þorsteinn Pálsson, þáv. fjmrh., jók ríkisútgjöldin, lækkaði skattana, lagði grundvöllinn að nýju þensluskeiði og eyðilagði kjarasamningana frá 1986.

Þetta er mjög mikilvægt að komi hér fram vegna þess að þetta var meginboðskapurinn sem forustumenn launafólks og forustumenn atvinnulífsins fluttu núv. ríkisstjórn.

Eins og fram kom í umræðum um stefnuræðu forsrh. fyrr á þessu þingi, í framsögu fyrir fjárlagafrv. fyrr í vetur og í umræðunum um vantraust sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson flutti ásamt Kvennalistanum og öðrum stjórnarandstæðingum þá hefur þessi ríkisstjórn unnið eftir ákveðinni áætlun. Sú áætlun skiptist í þrjá meginþætti.

Í fyrsta lagi björgunaraðgerðir til að forða því efnahagslega hruni sem við blasti þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá.

Í öðru lagi að skapa jafnvægi í öllum helstu þáttum efnahagslífsins svo að Íslendingar gætu á árinu 1991 gengið inn í fjölskyldu þeirra þjóða sem búa við stöðugleika í efnahagsmálum.

Í þriðja lagi að hefja á hinu nýja jafnvægisskeiði þá brýnu vinnu að skipuleggja upp á nýtt framleiðslu í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Skipuleggja upp á nýtt verkaskiptingu í verslun, skipuleggja upp á nýtt margvíslega þætti í ríkisfjármálum. Eða með öðrum orðum bara að hrinda í framkvæmd þeim kerfisbreytingum sem hér hafa verið ræddar árum saman en ekki hefur unnist tími eða aðstæður til þess að hrinda í framkvæmd vegna þess að menn voru ýmist að glíma við verðbólgudrauginn eða forða atvinnuvegunum frá efnahagslegu hruni.

Í viðræðum sem ríkisstjórnin átti við fulltrúa samningsaðila í nýgerðum kjarasamningum kom það hvað eftir annað fram að ástæðan fyrir því að þeir treystu sér til þess að gera þessa kjarasamninga og leggja þannig sitt af mörkum til þess að Íslendingar gætu á nýju ári búið við langþráð jafnvægi sem við höfum beðið eftir í áratugi væri sá árangur sem náðst hefði af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar, árangur sem endurspeglast í því að við búum nú við raungengi sem atvinnuvegirnir geta unað við. — Ég ætla ekki hér að rifja upp gagnrýnisorð forustumanna sjávarútvegsins og atvinnulífsins á það ástand sem hér ríkti á haustmánuðum 1988 þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson fór frá. — Jafnvægisástand sem endurspeglast af því að á peningamarkaðnum hefur skapast algerlega nýtt ástand, sem endurspeglast í því að vextir hafa farið lækkandi, lausafjárstaða bankanna er góð og stórfelld innlend fjármögnun hefur átt sér stað á frjálsum markaði á halla ríkissjóðs. Það eitt endurspeglar jafnvægisástandið að ríkissjóði hefur tekist á frjálsum markaði, ekki með lögþvingunum, ekki með formlega þvinguðum samningum við sjóði eða bankakerfi heldur á frjálsum markaði hér innan lands að afla verulegs hluta lánsfjárþarfar sinnar hér innanlands vegna þess að jafnvægisástandið hafði skapast. Jafnvægisástand sem endurspeglast líka í því að vöruskiptahallinn er horfinn og vöruskiptajöfnuður okkar Íslendinga gagnvart útlöndum er orðinn jákvæður.

Þannig mætti lengi telja þær forsendur sem skapast hafa í efnahagslífi Íslendinga á síðustu tólf til sextán mánuðum og gerðu aðilum vinnumarkaðarins kleift að gera þessa kjarasamninga. En það er rétt að minna á að ríkisstjórnin sagði strax sl. haust að það væri ekki verkefni ríkisstjórnarinnar að gera kjarasamningana heldur að skapa þau almennu skilyrði að aðilar vinnumarkaðarins gætu í frjálsum samningum samið um kaup og lífskjör launafólks í landinu og afkomu atvinnuveganna. Það eru kannski stóru tíðindin, hinn mikli árangur sem hér hefur náðst, efnahagslegur og lýðræðislegur, að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem varð að binda verkalýðsfélögin með lögum, en skildi samt sem áður atvinnulífið eftir í rúst, stóð frammi fyrir því að hrökklast frá. Hér hefur tekist á fullkomlega lýðræðislegan hátt með frjálsum samningum aðila á vinnumarkaði að festa í sessi stöðugleika í efnahagsmálum og byggja á þeim grundvelli sem ríkisstjórnin hefur lagt án þess að beita lögþvingun með einum eða öðrum hætti. Þetta er hinn stóri lýðræðislegi og efnahagslegi árangur. Það er eðlilegt að forustumenn Sjálfstfl., sem þurftu að beita lögþvingunum og dugði þó ekki, skildu atvinnulífið eftir í rúst og urðu að fara frá, eigi erfitt með að átta sig á því að þessi tímamót hafa hér náðst.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp að bæði í umræðu um stefnuræðu forsrh. 23. okt. og í umræðunni um vantraustið sem stjórnarandstaðan flutti á núv. ríkisstjórn 30. nóv., lýsti ég þeim vinnubrögðum sem ríkisstjórnin væri að beita og þeim tímamótum sem væru í nánd. Ég ætla aðeins, með leyfi hæstv. forseta, að rifja það upp hvað ég sagði hér í umræðunni

um vantraustið 30. nóv. sl.: „Það mætti lengi telja fram þær umtalsverðu breytingar sem nú eru að skapa þau þáttaskil að í reynd stöndum við Íslendingar í dag í þeim sporum að í fyrsta skipti á þessum áratug getum við sagt með sanni að það hafi tekist að skapa hér raungengisstöðu sem gæti staðist á næsta ári með óbreyttu raungengi, stöðugleika í verðlagi, lítilli verðbólgu, 5–6% verðbólgu, jákvæðum viðskiptum við útlönd, lágum vöxtum í samræmi við það sem tíðkast í viðskiptalöndum okkar, jafnvægi í hagkerfinu í heild. Þann möguleika höfum við nú rösku ári eftir að við tókum við mesta efnahagslega stórslysi í hagstjórn Íslendinga í langan tíma."

Þessi umræða hér í dag að loknum kjarasamningum staðfestir þessi orð. Það er þetta sem hefur gerst. Í frjálsum samningum hafa tugþúsundir launafólks í landinu og fulltrúar atvinnulífsins ákveðið að taka höndum saman við stjórnvöld um að festa þetta jafnvægi í sessi. Mér finnst dálítið skemmtilegt þó ég ætli nú ekki að gera mikið mál úr því, að hv. þm. Þorsteinn Pálsson skuli einmitt hér og í fjölmiðlaummælum sínum nota hin sömu einkunnarorð og ég valdi fyrir stjórnarstefnuna á haustmánuðum þegar ég var að útskýra alla þessa þætti, einkunnarorðin „nýr grundvöllur". Það er nefnilega alveg rétt hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni, þessi nýi grundvöllur hefur verið að myndast. Hann hefur verið að myndast í gengismálum, hann hefur verið að myndast á peningamarkaði, hann hefur verið að myndast í viðskiptum gagnvart útlöndum og hann hefur nú myndast í samskiptum launafólks og vinnuveitenda, í samskiptum bænda og launafólks og vinnuveitenda og í samskiptum þessara aðila við ríkisvaldið.

Það er hins vegar alveg ljóst að núv. hæstv. ríkisstjórn ætlar sér ekki að gera sömu mistök og Þorsteinn Pálsson gerði þegar hann var fjmrh., þótt það sé athyglisvert að krafa Sjálfstfl. nú hér á Alþingi er í reynd að endurtaka þessi sömu mistök. Eða með öðrum orðum að auka ríkisútgjöldin og lækka skattana. Það kann að vera að hv. þm. Sjálfstfl. gangi erfiðlega að skilja það en það eru einmitt skattahækkanirnar sem ríkisstjórnin ákvað sem eiga veigamikinn þátt í því að þessi efnahagslegi stöðugleiki hefur náðst. Ef það er eitthvað sem mundi setja hagkerfið hér rækilega úr skorðum, þá væri það að Sjálfstfl. yrði að ósk sinni að lækka skattana um 7 millj. án þess að draga úr ríkisútgjöldunum að sama skapi.

Það er auðvitað athyglisvert að í umræðum um fjárlögin setti Sjálfstfl. ekki fram eina einustu tillögu um lækkun ríkisútgjalda, ekki eina einustu tillögu. Og í ræðu sinni hér áðan setti formaður Sjálfstfl. ekki heldur fram neina tillögu um lækkun ríkisútgjalda. Hann treysti sér ekki til þess. Hann skilyrti það þannig að ef og þegar og kannski Sjálfstfl. fengi aðgang að einhverri nefnd gæti verið að Sjálfstfl. kæmi með einhverjar tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda, en fyrr ekki. Með öðrum orðum, Sjálfstfl. hefur í dag engar tillögur um lækkun ríkisútgjalda. Þeir hafa að vísu stundum nefnt umhverfismálaráðuneytið og gert mikið úr því. Það eru nú ekki nema einn eða tveir tugir milljóna sem þar er um að ræða. Segir lítið í þessa sjö milljarða skattalækkun sem Sjálfstfl. ætlar að framkvæma.

Það er þess vegna auðvitað alveg ljóst að varnaðarorð aðila vinnumarkaðarins, að ríkisstjórnin og Alþingi yrðu að forðast mistök Sjálfstfl. 1986–1987, hafa verið orð að sönnu. Því ummæli Sjálfstfl. bæði hér á Alþingi og utan þings um þessa kjarasamninga og stjórnarstefnuna gefa rækilega til kynna að það er full ástæða til þess að óttast það hvað muni ske ef þeim flokki verður aftur hleypt að því verki að framkvæma sína stefnu eins og hann hafði forræði á 1986 og 1987. (**FrS:** Hverjir voru þá í ríkisstjórn?) Hv. þm. Friðrik Sophusson veit fullkomlega hverjir voru þá í ríkisstjórninni. En það er nú ekki stórmannlegt hjá honum að reyna að skjóta sér á bak við Framsfl. eða Alþfl. í þeim efnum. (**FrS:** Voru þeir í ríkisstjórn?) 1986 og 1987, að sjálfsögðu voru þeir í ríkisstjórn, fyrst Framsfl. og svo Alþfl. (Gripið fram í.) Fyrsta skipti? Ég hef oft minnst á það. Það verður hins vegar að segjast þeim flokkum til hróss að þeir lærðu af sínum mistökum. En ræða Þorsteins Pálssonar hér áðan sýnir rækilega að hann hefur ekkert lært af sínum mistökum. Ég vildi nú beina því til hv. þm. að hann ræddi við forustumenn Vinnuveitendasambandsins og forustumenn samtaka launafólks til þess að hann gæti af eigin raun kynnst varnaðarorðum þeirra nú og hvernig þeir dæma efnahagsstjórnina í fjármálaráðherratíð og forsætisráðherratíð Þorsteins Pálssonar. (Gripið fram í.) Já, forsvarsmenn Vinnuveitendasambandsins og forsvarsmenn samtaka launafólks. (**GHG:** Eru þeir orðnir svona trúverðugir allt í einu?) Ja, það er nú þannig, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að í röðum vinnuveitenda eru ýmsir ágætismenn sem hafa lært mikið af reynslunni og sem útskýrðu það rækilega fyrir okkur ráðherrunum hvað þeir hefðu lært af hinni röngu efnahagsstjórn 1986 og 1987. Hvað þeir hefðu lært af því hvernig fyrst í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar og síðan í forsætisráðherratíð hans, kjarasamningarnir 1986 voru eyðilagðir. Ég efast ekkert um að þessir sömu háttvirtu menn eru alveg fúsir að flytja þann fyrirlestur fyrir þingflokki Sjálfstfl.

Staðreyndin er nefnilega sú að eftir að hafa tekið við efnahagskerfi Íslendinga í rúst á haustmánuðum 1988 blasir nú við sá árangur að á þessu nýbyrjaða ári stendur íslenska þjóðin í þeim sporum að tekist hefur með samstilltu átaki ríkisstjórnar og fjölmennustu samtaka fólksins í landinu að flytja Íslendinga inn í samfélag siðaðra þjóða í efnahagsmálum þar sem jafnvægi og stöðugleiki og framfarir til að bæta lífskjörin setja svip sinn á efnahagsstarfsemina alla.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera sitt til þess að stuðla að því að þessi árangur verði í höfn á samningstímabilinu. Bæði með því að draga úr ríkisútgjöldum og vinna þannig að niðurskurði ríkisútgjalda á næstu vikum og mánuðum og hins vegar með því að tryggja sem mest innlenda fjármögnun á halla ríkis-

sjóðs, til þess að koma í veg fyrir erlendar lántökur sem gætu aukið þensluna og sett efnahagslífið úr skorðum.

Ég vil, vegna orða hv. þm. Þorsteins Pálssonar, ítreka það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan að fulltrúum launafólks og vinnuveitenda voru afhentar forsendur fjárlaganna og áform um útgjaldahækkanir ríkisfyrirtækja og þeir gerðu kjarasamninginn á grundvelli þessara gagna. Gagna sem getin voru út m.a. 28. jan. og eru hér á tveimur fylgiskjölum, fskj. I og fskj. II og sjálfsagt að afhenda Sjálfstfl. og öðrum stjórnarandstöðuþingmönnum þessi gögn. Í þessum gögnum kemur m.a. fram að hækkun bifreiðagjaldsins um 83% 1. mars á að skila 650 millj. og hefur 0,3% áhrif á vísitölu og það er líka rakið hver á að vera hækkun Ríkisútvarpsins 1. júlí og 1. okt., hver á að vera hækkun Áburðarverksmiðjunnar 1. maí, hver á að vera hækkun Pósts og síma 1. febr., 1. maí og 1. ágúst, hver á að vera hækkun Sementsverksmiðjunnar 1. febr. og 1. maí, hver á að vera hækkun bensíngjaldsins 1. apríl og 1. ágúst, hver á að vera hækkun þungaskattsins 1. júlí, hver á að vera hækkun bifreiðagjaldsins 1. mars og 1. júlí, hver á að vera hækkun áfengis og tóbaks og enn fremur tekjuskattur á orkufyrirtæki.

Virðulegi forseti. Það verður að leggja á það áherslu hér að í samningunum voru ekki gerðar neinar athugasemdir við þessar hækkanir nema sú ósk að ríkisstjórnin mundi breyta einhverjum af þessum tölum, sem eru margar og margbreytilegar, þannig að það jafngildi 0,3% í framfærsluvísitölu frá og með febrúarmánuði. Allar aðrar hækkanir eru forsendur kjarasamninganna og það sýnir þess vegna best hvað hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur lítið kynnt sér málið eða vill temja sér ómerkilegan málflutning að telja að það sé krafa aðila vinnumarkaðarins í þessum kjarasamningum að hækkun bifreiðagjaldsins sé tekin til baka. Það er engin slík krafa. Það getur verið einn af fjölmörgum möguleikum sem til álita koma, en það getur líka komið til álita breyting á bensíngjaldi, það getur líka komið til álita breyting á gjaldskrám ríkisfyrirtækja eða einhverjir aðrir skattar eða gjöld sem lögð eru á. Það eina sem sett var fram var að það jafngildi 0,3%. Það er þess vegna misskilningur sem fram kom hjá hv. þm. og öðrum að samið hafi verið um það að engar hækkanir yrðu hjá Ríkisútvarpinu, Pósti og síma eða þeim fyrirtækjum sem ég nefndi né heldur að engar hækkanir yrðu á bensíngjaldi, bifreiðagjaldi eða öðrum þessum þáttum og það er auðvitað mjög mikilvægt að þeir sem fjalla um kjarasamningana hér geri sér skýra grein fyrir um hvað er verið að ræða.

Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu standa við það fyrirheit sitt að einhverjum af þessum ákvörðunum verði breytt á þann veg að það jafngildi 0,3% í framfærsluvísitölu. Það verður ákveðið núna á næstu 1–2 vikum hvernig það verður gert og þegar það liggur fyrir munu allar hinar ákvarðanirnar standa og um það er fullt samkomulag, bæði við samtök launafólks og samtök atvinnurekenda.

Það er líka misskilningur, virðulegi forseti, að sú ákvörðun að leggja til að orkufyrirtækin greiði tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki jafngildi 30–40% hækkun á orkugjaldi. Það hefur ekkert slíkt staðið til. Það hefur ekkert slíkt frv. verið lagt fram og í Ed. fara nú fram umræður um þetta frv., sem er stjfrv., eins og önnur stjfrv. þótt einstakir ráðherrar eða þm. hafi gert athugasemd við tæknilega útfærslu þess máls.

Virðulegi forseti. Á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun lagði ég fram, eins og fram kom hjá forsrh., tillögur um það hvernig mætti taka á breytingum í útgjöldum ríkissjóðs í kjölfar á þessum kjarasamningum. Það var ákveðið að þær tillögur verði skoðaðar af ráðuneytunum næstu daga og ég mun eiga viðræður við fulltrúa stjórnarflokkanna í fjvn. og síðan munu þingflokkarnir fjalla um þetta mál þannig að á næstunni mun koma fram hér á Alþingi frv. um þetta efni.

Aðalatriði þessa máls er hins vegar þetta: Þessari ríkisstjórn hefur í góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins tekist að leggja hér grundvöll að nýju jafnvægisástandi í íslensku efnahagslífi. Að þessu leyti hefur sú verkáætlun sem ríkisstjórnin lagði á sl. ári gengið upp. Það er mjög mikilvægt að Alþingi allt taki síðan þátt í því á þessu ári og því næsta að tryggja það að þessi árangur verði festur í sessi þannig að árið 1990 verði ekki eina árið þar sem Íslendingar búi við jafnvægisástand í efnahagsmálum heldur verði þetta upphafið að afgerandi þáttaskilum í stjórn íslenskra efnahagsmála.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fyrir stundu var haldinn fundur með forsetum þingsins og þingflokksformönnum. Þar náðist eftirfarandi samkomulag um fundahald hér í dag:

Þessum fundi verður nú frestað og þegar í stað settur fundur í Nd. þar sem tekið verður til að nýju við það mál sem á dagskrá var þegar þeim fundi var frestað í dag. Náist að ljúka því máli fyrir kvöldverðarhlé má gera ráð fyrir að kvöldfundur verði nema menn treysti sér til að þessari umræðu ljúki í síðasta lagi fyrir kl. 8. — [Fundarhlé.]

NEÐRI DEILD

frh. 43. fundar, þriðjudaginn 6. febr., kl. 5.22 síðdegis.

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 133, n. 515 og 534, brtt. 516.

Pálmi Jónsson *(frh.)*:

Herra forseti. Ég átti ekki mjög mikið eftir af ræðu minni þegar fundi var frestað hér kl. hálffjögur. Ég hafði látið þess getið að þó að þetta frv. væri smátt í sniðum og sumir kölluðu hégómamál, væri það þó

býsna alvarlegt og það af ýmsum orsökum. Í fyrsta lagi vegna vinnubragða við undirbúning málsins og hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að knýja það í gegn hér á hinu háa Alþingi í algerri andstöðu við stjórnarandstöðuna og í andstöðu við mikinn þorra þeirra aðila sem leitað hefur verið til en þeir eru nær 40. Enn fremur er vitað að þetta frv. er í andstöðu við meginþorra þjóðarinnar.

Í öðru lagi hafði ég látið þess getið að frv. stríðir gegn eðlilegu skipulagi í þessum málaflokki samkvæmt því sem reynslan hefur orðið erlendis þar sem umhverfisráðuneyti voru stofnuð upp úr 1970 og er í andstöðu við þau sjónarmið sem fram koma af hálfu alþjóðlegra nefnda og þeirra þjóða sem reynslu hafa í þessum efnum.

Í þriðja lagi hafði ég vakið athygli á þeim kostnaði sem þessu mundi fylgja. Þar er kannski ástæða til að staldra aðeins betur við vegna þess að við Íslendingar stöndum þannig í ríkisfjármálum að viðvarandi halli er á ríkissjóði. Fjárlög fyrir þetta ár voru afgreidd með 3,7 milljarða halla, dulinn halli í fjárlögum var verulegur eða eigi minni, eins og forsendur voru þá, en um 3 milljarðar kr., þannig að raunverulegur halli á fjárlagadæminu eins og það var afgreitt var um 6–7 milljarðar kr. Og svo stendur á nú í kjölfar kjarasamninga að hæstv. ríkisstjórn hefur gefið yfirlýsingar þess efnis að hún muni leitast við að mæta auknum útgjöldum ríkisins vegna kjarasamninganna með niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs. Og þá rímar þetta helsti illa saman, að vera í senn að stofna til nýs ráðuneytis, í rauninni upp á punt, ráðuneytis með engin verkefni, ráðuneytis sem eigi að síður fær vafalaust verkefni og ætlast er til að fái viðamikil verkefni í sínar hendur sem þýðir að þar verður mannafli, útgjöld og kostnaður sem enginn gerir sér grein fyrir í dag en ljóst er að verður gríðarlega mikill. Þetta er dæmi um tvískinnungshátt þessarar hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins sem hvarvetna kemur fram þar sem hún í öðru orðinu talar um nauðsyn þess að spara og draga saman útgjöld en hvarvetna kemur í ljós að hún eykur á eyðslu, sóun, mannahald og kostnað í hvívetna og ekki síst í eigin ráðuneytum.

Í fjórða lagi hafði ég vakið á því athygli að þetta frv. er óþarft og til óþurftar og í óþökk þeirra sem þetta ráðuneyti á að þjóna. Ég held þess vegna að þrátt fyrir að í orði kveðnu sé þetta lítið mál, jafnvel hégómamál, þ.e. stofnun ráðuneytis án verkefna, þá sanni þau fjögur atriði sem ég gerði að umtalsefni í fyrri hluta ræðu minnar að málið er að hinu leytinu býsna alvarlegt. Eftir stofnun á umhverfisráðuneyti munu koma verkefni. Það mun verða bákn miðað við reynslu annars staðar, það mun verða gífurlegur kostnaður og þar ofan í kaupið er hér um ranga skipun stjórnsýslu að ræða. Ég vil því endurtaka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég hef fylgst með þessum málatilbúnaði og þeim þunga sem hæstv. ríkisstjórn leggur á þetta mál, að koma því í gegnum Alþingi, með vaxandi undrun. Og ég undrast það ef hv. þm. stjórnarliðsins almennt vilja fylgja foringjum sínum, hæstv. ríkisstjórn, í þessu máli, ég undrast það.

Ég hefði getað látið mér detta í hug að hæstv. ríkisstjórn hefði tekið trúanlega einhverja minni hópa, áróðurshópa, sem hafa viljað vinna þessu máli brautargengi án þess að átta sig á hvernig málið er vaxið í raun og veru. En það er nú víst ekki svo. Í raun og veru mun þetta vera af enn ómerkilegri toga. Það mun sem sé liggja að baki að verið er að greiða gjald fyrir þátttöku svokallaðs Borgfl. í þessari ríkisstjórn. Og til að greiða þetta gjald eru stjórnarráðslögin notuð og þau meðhöndluð með þeim hætti sem engin dæmi eru til um áður og þarf ekki frekar að lýsa því. Það hefur verið gert hér fyrr í dag og af mér einnig fyrr.

Vel má vera að þetta sé metnaðarmál hæstv. hagstofuráðherra og því verður ekki á móti mælt að staða hæstv. hagstofuráðherra er næsta aumkunarverð. Það er sjálfsagt að votta honum samúð héðan úr þessum ræðustól. En það afsakar ekki að ráðast að stjórnarráðslögunum með breytingu sem knúin er í gegn með væntanlega litlum meiri hluta hér á hv. Alþingi og gegn þorra þeirra umsagna sem gefnar hafa verið um málið og þær eru nær 40. Ég tel að hægt væri að mæta sjálfsagt eðlilegum metnaði þessa hæstv. ráðherra og eðlilegri starfslöngun hans á annan hátt innan þessarar ríkisstjórnar en með því að brjóta upp stjórnarráðslögin með þessum hætti. Hér hefur verið lýst áður á hvern hátt þurfi að standa að því að vinna að breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands og það er ekki með þessum hætti.

Ég held að það sé að sjálfsögðu hægt að skilja að það er ekki sérstaklega áhrifamikil eða merkileg staða sem hæstv. hagstofuráðherra gegnir og eins og ég sagði, staða hans er kannski aumkunarverð, að hafa tekið að sér að verða ráðherra Hagstofu Íslands, þ.e. ráðuneytis án verkefna. Og ef það skyldi nú bætast við að hann fengi annað ráðuneyti án verkefna, þá væri staða hans hálfu aumkunarverðari og tvöföld sú samúð sem hann ætti skilið úr þessum ræðustól og frá hv. þm. hér á Alþingi. Ég hef fylgst með því að hæstv. hagstofuráðherra hefur haft tóm til þess að sýna á ýmsan hátt hvernig hann kýs að meðhöndla fjármuni ríkisins og skattborgaranna í þessu ráðuneyti, Hagstofu Íslands, sem hann hefur tekið að sér að stjórna án verkefna. Ég fæ ekki betur séð en hann hafi ráðið sér þar tvo aðstoðarmenn, tvo pólitíska vildarmenn til að fást við ráðuneyti án verkefna. Ég hef aldrei vitað til þess að sá ráðherra sem fer með málefni Hagstofu Íslands hafi þurft í einu eða neinu að skipta sér af málum í þeirri stofnun. Og ég veit að Hagstofa Íslands hefur svo góðu starfsliði á að skipa að það ætti ekki að þurfa pólitíska aðstoðarráðherra ásamt ráðherranum til að fást við stjórn þeirra mála. Þó í litlu sé hefur þarna verið sýnd tilhneiging í þá átt sem ekki er alveg í samræmi við yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar um sparnað í ríkisrekstri, það er öðru nær. Hæstv. ráðherra hefur sýnt alþjóð það gleiðbrosandi á sjónvarpsskjánum hvernig hann hafi komist að sérstökum kostakjörum við bifreiðakaup og sýnt skíðabúnaðinn á toppgrindinni sem þarf að nota við eftirlit á gróðurfari hálendisins að sumarlagi, eftir orðum ráðherrans sjálfs. Ég hefði gjarnan viljað að tekið væri til athugunar hvernig er

varið með þau bifreiðakaup vegna þess að því er lýst yfir af hæstv. hagstofuráðherra að þessi bifreið sé keypt fyrir umhverfisráðuneytið og greidd af fé umhverfisráðuneytis í fjárlögum.

Nú er það svo að á fjárlögum þessa árs eru 22,9 millj. eða tæpar 23 millj. ætlaðar til umhverfisráðuneytis. En ég lít svo til að það sé a.m.k. vafasamt, ef ekki með öllu víst, að óheimilt sé að greiða út af þessum fjárlagalið fyrr en umhverfisráðuneyti hafi verið stofnað með lögum. Og ég ber fram þá ósk til hv. allshn. Nd. að hún fái úr því skorið á milli 2. og 3. umr. hvort hér sé óleyfilega og ólöglega með fé ríkisins farið af hæstv. ráðherra. Ég vænti þess að hér séu einhverjir nefndarmenn úr þeirri nefnd. Ég sé hér hv. þm. Guðna Ágústsson og ég beini því til þessa hv. þm., 5. þm. Suðurl., að þetta verði tekið til athugunar af hv. allshn. á milli 2. og 3. umr. þannig að það liggi skýrt fyrir: Er þessi meðferð á fjármunum ríkisins heimil eða ekki? Ég lít svo til að hún sé ekki heimil fyrr en umhverfisráðuneyti hefur verið stofnað með lögum.

Á fjáraukalögum fyrir árið 1989 voru samþykktar fjárveitingar til undirbúnings að umhverfisráðuneyti. Samþykkt var af Alþingi á síðasta ári heimild til að verja því fé til undirbúnings að þessu ráðuneyti, sem mun hafa verið að einhverju marki gert. En hér er ekki um það að tala á árinu 1990, í fjárlögum þessa árs. Nú er ekki gert ráð fyrir neinum undirbúningi heldur er gert ráð fyrir fé til þessa ráðuneytis sem ekki er heimilt að greiða út úr ríkissjóði fyrr en ráðuneytið hefur verið stofnað. Ég tel að ósk mín hljóti að hafa komist til skila og vænti þess að við henni verði orðið, að þetta verði kannað á milli umræðna.

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mál mitt þó að sannarlega væri ástæða til að flytja hér ítarlega ræðu. Ég talaði nokkuð lauslega um þetta mál við 1. umr. og margt er órætt enn þó að aðalatriði málsins hafi komið fram. Og aðalatriði málsins eru öll gegn þessu máli. Ég skora því hér með á hæstv. ráðherra sem hér er viðstaddur, sem er nú ekki nema einn, og hv. þm. stjórnarliðsins að draga þetta mál til baka en ella að þetta frv. verði fellt eins og minni hl. allshn. leggur til. Við þurfum að koma þessum málum fyrir með heppilegri hætti í samræmi við það sem við sjálfstæðismenn höfum lagt til. Einmitt þær tillögur hafa fengið jákvæðar undirtektir í fjölmörgum þeirra umsagna sem eru gersamlega neikvæðar um það frv. sem hér er á dagskrá og fylgifrv. þess.

Ég vænti þess að við þurfum ekki að horfa upp á það að þessi hæstv. ráðherra, sem okkur er auðvitað öllum vel við persónulega, þurfi að hljóta þá tvöföldu niðurlægingu að fara með tvö ráðuneyti án verkefna.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það má segja hæstv. hagstofuráðherra til huggunar að enginn verður óbarinn biskup. Það getur þurft mikið til að ná þeim áfanga og svo virðist vera í þessu dæmi sem hér er til umræðu. Svo mikið liggur við að koma ráðherradómnum á hæstv. hagstofuráðherra, umhverfisráðherradómnum, að sjálfir kjarasamningarnar eru látnir víkja. Umræðu um þá er frestað vegna þessa máls sem margir hafa viljað kalla hégómamál og má nú minna við.

Þeir samningar sem hér hafa verið til umræðu hafa verið kallaðir tímamótasamningar af ýmsum, m.a. af hæstv. ráðherra Júlíusi Sólnes sem hefur talað digurbarkalega um það og viljað þakka Borgfl. fyrst og fremst fyrir þá samninga sem gerðir hafa verið. Engu að síður er forgangsröðin slík að hégómamál Borgfl., greiðslan til Borgfl. fyrir að styrkja stöðu ríkisstjórnarinnar á þingi, gengur fyrir máli málanna í dag, að flestra mati, kjarasamningunum. Þetta er auðvitað til háðungar fyrir þá sem þannig vilja starfa. En það má kannski segja að þannig hafi verið að þessu máli öllu staðið að það er þinginu til háðungar.

Síðast í gærkvöldi hlustuðum við á sjónvarpsþátt með hæstv. hagstofuráðherra þar sem hann margítrekar og hneykslast á því að þetta mál sé búið að vera hér í þinginu í þrjá mánuði og tönnlaðist mikið á því. Auðvitað gat hann þess ekki að inni í þeim þrem mánuðum var einn mánuður jólafrí og hann gat þess ekki að dráttur á þessu máli var fyrst og síðast vegna fjarveru sjálfs hagstofuráðherra. Hann lét þetta liggja milli hluta en lét líta út eins og hér hefði verið fundað dag og nótt um verðandi umhverfisráðuneyti og að málþóf og tafir stjórnarandstæðinga hafi valdið. Ég fullyrði þvert á móti að töf á þessu máli er fyrst og síðast vegna fjarveru í fyrsta lagi hæstv. hagstofuráðherra og í öðru lagi vegna fjarveru hæstv. forsrh. Þessir tveir ráðherrar hafa verið beðnir um að vera hér viðstaddir umræðu sem þeir hafa gengist við en ekki getað þóknast þinginu betur en svo að það var nánast ekki hægt að ræða þetta mál vegna fjarveru þeirra og ferðalaga erlendis.

Og hvað voru menn svo að gera erlendis? Hæstv. hagstofuráðherra var erlendis í tíma og ótíma sem umhverfisráðherra, titlaður sem slíkur. Auðvitað er þetta fyrir neðan allar hellur. En svona gengur þetta og svona hefur gangur þessa máls verið. Þegar þetta mál var síðan klárað rétt fyrir jólaleyfi var það sent út til umsagnar strax með umsagnarfresti til að mig minnir 10. eða 15. jan. Fyrsti nefndarfundur um málið er kallaður saman 22. jan. Inn eru komnar eitthvað 20–30 umsagnir. Ekki var farið yfir eina einustu umsögn og það má segja: Til hvers í ósköpunum er verið að senda út beiðni um umsagnir til hinna fjölmörgu aðila og stofnana, fá þá til að leggja vinnu í að gefa umsögn um mál sem er síðan ekki litið yfir vegna þess eins að það liggur svo á að koma blessuðum hagstofuráðherranum í, eins og sagt hefur verið, ráðuneyti án verkefna? Þetta er til háðungar. Það er verið að móðga þá aðila sem eru beðnir um umsagnir, hreint út sagt.

Auðvitað átti að fara að eins og stjórnarandstaðan bauðst til. Hún bauðst til samstarfs um þetta mál, að málin tvö yrðu rædd saman. Þannig var mælt fyrir málinu og þannig átti það að halda áfram. Það kom hins vegar í ljós í sjónvarpsþætti í gærkvöldi að meining hæstv. verðandi umhverfisráðherra sé að

þau fái að fljóta saman út úr Ed. Hann er enn við sama heygarðshornið og hann var við þegar Borgfl. skreið göt á buxurnar sínar til að komast inn í stjórnina. Hann er enn við það að gefa dagsetningar á dagsetningar ofan eins og þegar Borgfl. reyndi og reyndi að komast inn í ríkisstjórnina þá voru eilífar dagsetningar. Verði þetta ekki komið núna fyrir þennan ákveðna tíma þá tökum við ekki þátt í þessari stjórn. Næstu helgi, næstu mánaðamót.

Nákvæmlega sama er að gerast núna. Ráðuneytið verður komið á fyrir einhvern ákveðinn tíma í desember, áður en þing fer í jólafrí. Síðan dynja á okkur dagsetningarnar. Þegar allshn. kemur saman eftir jólaleyfi er viðtal sama dag við hæstv. hagstofuráðherra um það hvenær umhverfisráðuneyti verði komið á laggirnar, sama dag og allshn. kemur saman í fyrsta sinn til að ræða málið og fara yfir umsagnirnar. Fyrir helgi verður það komið út úr Nd. og sennilega á mánudag, þriðjudag út úr Ed.

Hinar sífelldu yfirlýsingar ráðherrans gera náttúrlega það eitt að tefja störf nefndarinnar og ekkert annað. Ég hugsa að ef ekki væri slegið fram svona dagsetningum lon og don væri hæstv. hagstofuráðherra sennilega kominn langleiðina með að vera umhverfisráðherra nú. Ef einhver tefur málið er það hæstv. hagstofuráðherra sjálfur. Stjórnarandstaðan hefur boðið upp á samstarf allan tímann. Yfir stjórnarandstöðuna var hins vegar keyrt í hv. allshn.

Ég leyfði mér að kalla það ofbeldi hér um daginn. Kannski tók ég of stórt upp í mig þá, ég hefði kannski átt að segja að það hefði verið keyrt yfir okkur. Mér þykir það bara ekkert betra. Málið var ekki rætt heldur tekið beint út úr nefnd í krafti meiri hluta. Það segir kannski ákveðna sögu um þau störf og vinnuhætti og vinnulag sem viðgengst hér í þinginu. Vinnulag sem hæstv. hagstofuráðherra ásamt mér og félögum mínum fyrrv. í Borgfl. gagnrýndum harðlega á sínum tíma, að málum var þröngvað í gegnum nefndir trekk í trekk. En það er náttúrlega allt annað þegar menn eru komnir í stjórnaraðstöðu. Þá eru þeir fljótir að gleyma og slíkt hefur gerst með hæstv. hagstofuráðherra, því miður. Auðvitað áttu þessi mál að verða samferða í gegnum deildina. Hæstv. forsrh. lagði línuna, hann mælti fyrir þeim báðum í einu.

Frjálslyndir hægrimenn eru á móti þessu frv. og eru á móti stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Þeir telja að þennan málaflokk sé hægt að vista inni í öðru ráðuneyti sem þegar er til staðar. Við teljum að það þingmál sem hér er til umræðu og felur í sér í rauninni aðeins eitt orð, sé sennilega eitt dýrasta þskj. í sögu þessa þings. Það á eftir að koma í ljós að þetta verður dýrasta þskj. og dýrasta eina orð sem borið hefur verið upp hér á þinginu því að umhverfisráðuneyti verður, áður en við vitum af, orðið að bákni, orðið að fjölmennu og stóru bákni sem við ráðum ekkert við. Parkinsonslögmálið á eftir að koma þar greinilega í ljós. En á þetta vilja menn ekkert hlusta. Ráðherradóm og ráðherrastól skal ég fá. Það skiptir engu hvað íslenskir skattgreiðendur þurfa að greiða, ráðherrastólinn skal ég fá og því til staðfestingar skal ég strax byrja að eyða. Ég skal strax kaupa mér bílinn. Bíllinn var keyptur og hér var spurt mjög ákveðinna spurninga af hv. þm. Pálma Jónssyni um það hvort í rauninni væri heimilt að kaupa þessa bifreið. Ég vil taka undir þá fsp. og ég tek undir það sem hv. þm. sagði að þetta beri að skoða milli 2. og 3. umr. í hv. allshn.

Ég vil líka vita hvort hér var kannski um aukafjárveitingu að ræða. Þá er komið annað hljóð í strokkinn en var hjá hv. formanni fjvn. fyrr í vetur. En greiðslan til Borgfl. skal fara fram. Víxillinn er löngu fallinn. Það eru löngu komnir dráttarvextir á hann en eitthvað á það eftir að dragast enn. Í hv. allshn. Nd. liggja, eins og ég sagði fyrr, fjölmargar umsagnir. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen kom inn á það að aðeins úrdráttur úr þeim umsögnum væri sennilega um 63 punktar. Yfir megnið af þessu á eftir að fara og vegna fjölda þessara mála þarf að kalla menn til umsagnar og ræða við þá. Það er deginum ljósara að nokkrar vikur eru eftir enn þar til málið fer út úr þessari deild. Þá á Ed. eftir fjalla lítillega um málið.

Það er grátlegt að horfa upp á fyrrverandi félaga sína í pólitíkinni, fyrrv. félaga í Borgfl., hvað þeir eru orðnir aumir í dæminu í dag. Það er ekki nóg með að þeir hafi skriðið gat á buxurnar heldur er líka komið sár á hnén. Og ég verð að segja: Mér líður hálfilla fyrir þeirra hönd. Það má kannski segja að landlæknir komist vel að orði í sinni umsögn sem hann sendir inn um þetta mál þar sem hann er að ræða um tilflutning Geislavarna ríkisins og Hollustuverndar ríkisins, hvort þær stofnanir eigi að færast undir umhverfisráðuneyti. Þar segir landlæknir, með leyfi forseta:

„Væri mjög misráðið ef hagsmunum þessara tveggja stofnana væri fórnað á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum og á engan hátt til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum sem þó er mjög þarft."

Þetta er náttúrlega hverju orði sannara og mjög vel að orði komist hjá landlækni, að það væri misráðið ef hagsmunum tveggja stofnana væri fórnað á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum. Betur er nánast ekki hægt að komast að orði.

Hæstv. forseti. Ég stóð að því að gera hér samkomulag um að þessari umræðu lyki nú laust fyrir kl. 6. Ég skal virða það. Ég vil hins vegar hafa allan vara á því að ég á nokkuð mikið ósagt í þessu máli og mun nýta tíma minn eins og ég tel mig best þurfa hér á morgun ef 3. umr. fer fram þá. Ég skal því ekki hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. Ég vil þó benda á, eins og fjölmargir aðrir hafa gert, að stefna ríkisstjórnarinnar, í orði a.m.k., er að fækka ráðuneytum þannig að það hlýtur að koma spánskt fyrir sjónir þegar fyrst á að fara út í það að fjölga ráðuneytum og síðan fækka. Auðvitað gengur svona skollaleikur ekkert upp. Að sjálfsögðu á umhverfisráðuneytið ekkert að komast á laggirnar öðruvísi en nánast sem stofnun innan annars ráðuneytis. Hv. þm. Alþb. eða Alþfl. geta vafalaust séð af einhverjum ráðherrastól til handa hæstv. hagstofuráðherra. Það er náttúrlega hlálegt þegar nánast öllum í þjóðfélaginu, láglaunafólki og öllum

launamönnum í landinu er gert að herða sultarólina, þeim er gert að gera samninga sem minnka kaupmátt, þá skuli báknin blása út hér beint fyrir framan nefið á okkur. Það er forkastanlegt, hæstv. forseti. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, ÞÞ, RA, RG, BGísl, SV, StH, AðB, AS, ÁHE.

nei: FÞ, FrS, KolbJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH, ÞP, BÍG, GHH.

KE, MálmS, ÞÞ, AÓB greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (JK, SJS, ÁrnG, EH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Það frv. sem hér eru greidd atkvæði um felur í sér heimild til að stofna umhverfisráðuneyti. Það hefur um nær 20 ára skeið verið áhugamál mitt að slíkt ráðuneyti yrði stofnsett hér á landi til að bæta stöðu Íslendinga í umhverfismálum. Samþykkt þessa frv. er mikilvægt skref í þá átt og hefði þurft að stíga það miklu fyrr.

Í allshn. þessarar deildar er nú fjallað um annað frv. um breytingu á ýmsum lögum sem varða yfirstjórn umhverfismála og þar með verkefni væntanlegs ráðuneytis. Ég hefði kosið að það mál væri komið úr nefnd þannig að deildin gæti fjallað um það samtímis. Sú hefur því miður ekki orðið reyndin en í trausti þess að einnig það frv. liggi fljótlega fyrir til afgreiðslu hér í deildinni segi ég já.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru kvennalistakonum mikil vonbrigði að geta ekki greitt stofnun umhverfisráðuneytis atkvæði sitt hér á Alþingi, svo mjög sem þær hafa borið það mál fyrir brjósti. Þær telja þá afgreiðslu sem stjórnarflokkarnir vilja þröngva fram lýsa fullkomnu ábyrgðarleysi og vanvirðu við málefnið. Kvennalistakonur vilja koma á fót raunverulegu umhverfisráðuneyti þar sem verkefni og ábyrgð haldast í hendur. Við viljum ekki bregða fæti fyrir frv. með því að greiða atkvæði gegn því en lýsum andúð okkar á ábyrgðarlausum vinnubrögðum stjórnarflokkanna með því að sitja hjá við þessa afgreiðslu. Ég greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 516,1 (ný 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 516,2 samþ. með 20:3 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27:1 atkv.

SAMEINAÐ ÞING

frh. 47. fundar, þriðjudaginn 6. febr., kl. 6.12 síðdegis.

Tilkynning frá forsætisráðherra um kjarasamninga og efnahagsmál.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Nú að nýafstaðinni kjarasamningagerð hljóta menn að standa við og reyna að meta árangur þess sem gerst hefur. Það er ljóst að um þessa samninga er víðtækara samkomulag en áður hefur gerst þar sem að því standa aðilar vinnumarkaðarins, opinberir starfsmenn, Stéttarsamband bænda, bankarnir og ríkisvaldið. Samfylking á þennan máta hefur aldrei fyrr tekist á landi okkar og hvernig til tekst með framkvæmd og niðurstöður veltur augljóslega á því að enginn hlekkur samfylkingarinnar bili og enginn hlekkur í samkomulaginu og framkvæmdinni.

Yfirlýst markmið samninganna eru að draga úr verðbólgu, stöðva kaupmáttarfall, tryggja kaupmátt launa og koma á stöðugleika í atvinnulífi og treysta atvinnu. Öll þessi markmið hafa verið uppi við samningagerð svo lengi sem elstu menn muna en árangurinn verið misjafn, einkum þó í glímunni við verðbólguna. Treysta menn því nú að þessum markmiðum verði náð fremur en áður? Aðferðirnar til að ná markmiðunum virðast mér þó nokkuð í lausu lofti og sumar varla líklegar til að ná fram að ganga. Nefna má baráttuna við vextina sem hafa að vísu nokkuð þokast niður á við að undanförnu en þó engan veginn í þeim mæli sem ríkisstjórnin boðaði að skyldi verða þegar hún settist að völdum. Er ástæða til að ætla að það takist nú fremur en áður að ná vöxtunum niður að því marki sem ætlað er? Raunvextir eru enn mjög háir og verða sýnilega enn um sinn.

Þessir samningar eru á þann veg að í mínum huga vekja þeir fleiri spurningar en svarað er og í máli hæstv. forsrh. hér fyrr í dag var engum spurningum svarað, menn taki eftir því. Það er athugandi, að hvað varðar stefnu í gengismálum er sýnilega verið að lofa hlutum sem mjög erfitt er að standa við ef ytri aðstæður breytast. Bændur hafa fallist á að búvöruverð til þeirra breytist ekki fram að 1. des. ef forsendur kjarasamninganna halda. Ríkisstjórnin ábyrgist að verð til verslana hækki ekki. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að koma í veg fyrir verðhækkanir ef verslunaraðilar telja þess þurfa? Það eru ótal fyrirheit og loforð í þessum samningum sem eru öll svífandi í lausu lofti eins og ávallt hefur verið við kjarasamningagerð og engan veginn verður séð að hægt sé að standa við. Enda hefur raunin of oft orðið sú að fyrirheit og loforð við samninga hafa ekki haldið og því eru uppi efasemdir um að allt gangi eftir sem þeir samningar boða.

Það var gert samkomulag við ríkið um að opinber fyrirtæki hækki gjaldskrá sína minna en áætlað var.

Þarna er gripið inn í gildandi fjárlög þar sem stofnunum var gert í fjárlögum að þenja bogann til þess ýtrasta við skil á sértekjum. Það er augljóst að fái þær ekki að hækka gjaldskrár svo sem ætlað var riðlast allar rekstraráætlanir þeirra og ríkið hlýtur að verða af sértekjum í einhverjum mæli. Hvernig verður því mætt þegar fjárlögin og forsendur þeirra fara meira og minna um allan völl?

Í samningunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög endurskoði gjaldskrár sínar. Það hefur komið glöggt í ljós í allri umræðu á undanförnum mánuðum að sveitarfélög í landinu eru yfirleitt mjög illa stæð, með örfáum undantekningum. Ég fæ ekki séð að þau séu yfirleitt fær um að mæta því að tekjur þeirra dragist enn saman. Dragi þau úr framkvæmdum eykst atvinnuleysi. Lækki þau útsvarsálagningu kunna þau að tapa rétti til framlaga úr Jöfnunarsjóði og hvað eiga þau þá að skera niður?

Bændur hafa, eins og ég vék að áðan, fallið frá launahækkunum og taka á sig kostnaðarhækkanir til 1. des. Þá má minna á að við fjárlagaafgreiðslu benti stjórnarandstaðan ítrekað á að ætlaði ríkisstjórnin að standa við loforð sem þá voru uppi um að búvöruverð hækkaði ekki til neytenda eftir áramót, þá vantaði 300–400 millj. inn í fjárlögin. Þessu var aldrei ansað af stjórnarliðum og því vil ég mótmæla að þetta fé verði talið til kostnaðar við kjarasamningana. Þetta var og er vanáætlun á fjárlögum. Ég fæ ekki séð annað en bændur hljóti að leggja mjög hart að sér við þessa samninga. Þeir standa nú á þessum árum í erfiðum búháttabreytingum og bændur hafa mjög mismunandi tekjur. Nægir í því sambandi að minna á að 40% af búum bera ekki nema eitt ársverk eða minna. Hvernig verða kjör þessara manna við þessa samninga?

Kjarasamningar byggja á því að verðlagsáætlun og áætlun um kaupmátt standist. Fari hún úr skorðum kemur til kasta launanefndar og hvert er vald hennar? Verða úrskurðir hennar e.t.v. aðeins teknir sem vinsamlegar ábendingar til stjórnvalda? Verður yfirleitt eitthvað gert með ábendingar og úrskurði? Ef ekki er samkomulag innan launanefndar þá eru allir samningar lausir. Það er augljóst að yfirlýstur grundvöllur þessara kjarasamninga, minnkandi verðbólga, lækkandi vextir og stöðugt gengi, hann er valtur. Allt veltur á því að enginn hlekkur bili í þessu viðtæka samkomulagi sem náðist. Bresti einn af þessum hlekkjum er allt farið út um þúfur og þá situr láglaunafólkið uppi með það að hafa samið um léleg kjör til langs tíma.

Í þessum samningum reynir vitanlega fyrst og fremst á ríkisstjórnina. Hennar hlutur er stærstur. Þar reynir á samstöðu og samheldni sem aldrei fyrr. Störf ríkisstjórnarinnar hafa hingað til einkennst af sundurlyndi og flumbrugangi og er þessa nauðsynlegu samstöðu að finna þar nú? Það er ein spurningin enn sem ósvarað er.

Ég vil aðeins víkja að því hvernig þessir samningar koma við láglaunafólkið, það fólk sem þessir samningar snúa að. Það er samið á mjög hógværum nótum af þeirra hálfu sem semja fyrir þetta fólk. Það er samið um kaupmáttarrýrnun. Það hefur aftur á móti hvergi komið fram enn þá hverjir eiga að bera kostnaðinn af þessum samningum. Verður ráðist að velferðarkerfinu? Kemur kostnaðurinn fram í þyngri álögum á það fólk sem verið er að semja við um smánarlaun. Smánarlaun eru hér skjallega viðurkennd með ákvæðinu um láglaunabætur. Þessar bætur, svo lúsarlegar sem þær eru, eru nefnilega viðurkenning á því að hér séu greidd laun sem eru langt undir því að duga til lífsviðurværis. Hver er hér inni sem treystir sér til að lifa af 60 þús. kr. launum eða minna og greiða 30–40 þús. kr. í húsaleigu sem er algengasta markaðsverðið? Í atvinnuleysinu bætir fólk ekki tekjurnar með því að vinna fleiri en eitt starf því að störf er ekki hægt að fá. Láglaunafólkið, hvaða fólk er það? Það eru konur fyrst og fremst og nú er þeim gert að lifa á hungurmörkunum á þessu ári og fram á það næsta. Þær eiga að vera burðarásinn í því marglofaða jafnvægisástandi sem samningaaðilarnir telja sig vera að skapa við títtnefnda samninga.

Sífellt er klifað á því jafnvægi sem þurfi að skapast til þess að við séum samkeppnisfær með tilliti til samninga við EB og EFTA. Láglaunafólk þessa lands, sem er aðallega konur, hefur undanfarin ár sífellt verið að taka á sig kjaraskerðingar til að svokallað jafnvægi skapist innan lands. Nú er þessum sömu láglaunahópum ætlað að taka á sig kaupmáttarskerðingu til að skapa eitthvert alþjóðlegt jafnvægi. Það eru láglaunakonurnar í landinu sem eiga að bera það uppi, jafnvægi, stöðugleika, „hóflegt atvinnuleysi" og fátækt.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Gerð merkilegra kjarasamninga er nýlokið og stóðu þar margir að verki. Kjarasamningar þessir eru óvenjulegir að því leyti að nú er samið fyrir alla þjóðina ef svo mætti segja, ekki einn og einn einstakan hóp.

Því er gjarnan haldið fram í fjölmiðlum að það hafi komið galdrakarl að vestan og lostið töfrasprota sínum á Karphúsið og leyst öll mál. Ég vil upplýsa það hér að það er mikill misskilningur. Þessir kjarasamningar eru verk fjölmargra manna víðs vegar að af landinu. Aldrei nokkurn tíma hefur verið haft samráð við eins marga og nú. Alþýðusamband Íslands hélt fundi um landið allt með trúnaðarmönnum og stjórnarmönnum verkalýðsfélaga þar sem það var unnt vegna veðurs eða annars og má reikna með að yfir 1000 manns hafi verið kallaðir til ráða á þessum vettvangi.

Á þessum fundum voru ræddar tvær leiðir. Eigum við að fara gömlu leiðina eða eigum við að fara nýja leið, var spurningin sem lögð var fyrir fólkið. Þeir sem fundi sóttu frá hendi verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. Alþýðusambandsins, drógu upp meginmarkmiðin sem voru: Í fyrsta lagi að draga úr verðbólgu, stöðva kaupmáttarfallið, tryggja kaupmáttinn, bæta stöðu þeirra tekjulægstu, koma á stöðugleika í atvinnulífinu og treysta atvinnu. Þetta væru þau markmið sem vörðuðu nýja leið.

Verkafólk um allt land þekkir gömlu leiðina. Leið

verðbólgu og óráðsíu, leið sem farin hefur verið hvað eftir annað sl. áratugi, en ætíð hefur endað með skelfingu, ætíð hefur endað á þann hátt að þeir sem verst eru settir hafa orðið verr settir. Menn vildu greinilega fara nýja leið. Kaupmáttarhrapið hefur vissulega verið erfitt fyrir margan, en menn gera sér grein fyrir því að staða atvinnulífsins er og hefur verið óvenjuslæm á undanförnum árum.

Menn spurðu: Hvernig ætlið þið að ná þessum markmiðum? Og því var svarað á þann hátt að halda bæri gengi krónunnar stöðugu, hækka yrði laun innan þeirra marka sem gengið þyldi, hafa rauð strik og launanefnd, halda búvöruverði óbreyttu út árið, lækka vexti og draga úr verðhækkunum á opinberri þjónustu.

Á fundunum sem ég vitnaði í var oft spurt: Er að treysta nokkru í þessum efnum? Við höfum reynsluna frá 1986. Þá bundu menn miklar vonir við þá samninga og við sem í þessu stóðum vorum vissulega vongóðir um árangur. En það verður að segja hverja sögu eins og hún er að sú tilraun mistókst að mestu leyti. Ég ætla ekki hér að karpa um það hvers vegna það var. Það verður vafalaust gert af öðrum en staðreyndin var sú að sporin frá 1986 hræddu menn, menn voru brenndir. Og ekki aðeins fólkið á fundunum heldur verkalýðsforingjarnir líka.

Menn ræddu um það við undirbúning þessara kjarasamninga hvernig menn gætu lært af mistökunum frá 1986. Þá var verkalýðshreyfingin ein að verki. BSRB tók ekki þátt í þeim samningum og engir aðrir en atvinnurekendur og Alþýðusambandið. Það tókst eftir mikla vinnu að ná þessum þáttum öllum saman eða þeim samtökum sem síðan gengu sameinuð að verki. Það var rætt við bændur um að taka þátt í kjarasamningunum með því að halda heildsöluverði landbúnaðarvara stöðugu og auðvitað þá með þátttöku ríkisvaldsins og niðurstaða náðist í þeim efnum, vissulega viðunandi niðurstaða. Það var rætt við bankana og þeir tóku tilmælum þessara samtaka vel. Síðan var unnið að því að BSRB og ASÍ gætu orðið samstiga í því að ræða við vinnuveitendur og það tókst líka. Þannig má ætla vegna þessarar miklu samstöðu að betur takist til í þessum efnum en áður. Það má ætla að það takist að sigla fram hjá þeim skerjum sem vissulega eru fyrir hendi nú. Þetta verður vandasöm sigling, en hún verður líka að takast.

Það hefur verið deilt um það hér eða nokkuð rætt um það hvaða kostnað ríkissjóður beri af þessum kjarasamningum og ber mönnum ekki alveg saman um það. Ég tel, eins og fleiri gera reyndar hér, að fjárlög hafi ekki sýnt sína réttu mynd og þar hafi verið vanáætlað til ýmissa þátta sem mönnum mátti vera ljóst fyrir löngu síðan. Verkalýðshreyfingin krafðist úrbóta í nokkrum félagslegum málum, málum sem lúta að lífeyrissjóði verkafólks og málum er lúta að ríkisábyrgð á launum og náðist samkomulag við ríkisstjórnina í þeim efnum. Hvað varðar lífeyrissjóðina eða tekjutryggingu, þá er það að segja að stefna stjórnvalda á undanförnum árum hefur haft í för með sér að sífellt meiri byrði hefur verið lögð á lífeyrissjóðina. Það fólk sem greitt hefur 10% af launum sínum í lífeyrissjóð hefur í litlu notið þess umfram þá sem ekkert hafa greitt og vildu menn breyta þessu nú, stíga fyrsta skrefið. Reyndar er það svo í dag eða var fyrir gerð þessara kjarasamninga að kona eða karl sem unnið höfðu í 18 ár og greitt 10% af sínum launum í lífeyrissjóð fengu aðeins nokkur hundruð kr. meira úr lífeyrissjóðnum en maður sem aldrei hafði verið í lífeyrissjóði. Þetta gengur vissulega ekki til lengdar og á sinn þátt í því að gera lífeyrissjóðina svo óvinsæla sem þeir eru í raun meðal launþega vegna þess að menn segja sem satt er, að þeir skipti þá litlu máli meðan svona er.

Ég er þeirrar skoðunar að heildarkostnaður ríkisins vegna þessara kjarasamninga sé á bilinu 500–600 millj. Hitt má segja að sé vegna vanáætlana á fjárlögum og út af fyrir sig væri ósanngjarnt að kenna verkalýðshreyfingunni um eða tengja það við hana að nú þarf uppskurð á fjárlögum. Það er ósanngjarnt vegna þess að vandi ríkissjóðs er ekki nema að hluta vegna þeirra fyrirheita sem ríkisstjórnin hefur tekið að sér að efna.

En það verður vissulega að taka til hendi. Staðreyndin er sú að nú verður að taka á til þess að forsendur kjarasamninganna haldist. Það verða erfiðar aðgerðir og sjálfsagt sársaukafullar fyrir marga. Ég tel að ríkisstjórnin sem slík eigi að taka á sig rögg og stuðla að því að sparnaður og niðurskurður geti átt sér stað þar sem þess þarf til þess að fjármagna þá vanáætlun sem ég var að tala um og þau fyrirheit sem líka hafa verið gefin. Mér hafa komið á óvart yfirlýsingar einstakra ráðherra hvar þeir lýsa því yfir að það megi ekki skera hjá þeim. Mér finnst það hálfnöturlegt að það skuli eiga sér stað. Þarna verða allir að taka til hendi og þeir sem ekki taka þátt í því eiga bara að segja af sér, eiga að fá sér aðra vinnu. Það er reyndar atvinnuleysi í landinu en ég vænti þess að þeir kjarasamningar sem við vorum nú að gera dragi úr atvinnuleysi.

Það fer væntanlega ekki fram hjá neinum að til þess að þessir samningar geti staðist þurfa allir að taka þátt í því að láta þá takast. Það verða allir að taka saman höndum. Þar má enginn láta sitt eftir liggja. Þetta eru samningar, eða kjarasáttmáli, sem gilda fyrir alla þjóðina, samningar sem vaxtalækkun fylgir, lækkun verðbólgu, stöðvun á hækkun verðlags, sem þýðir það að allir muni njóta góðs af. Þá aðila sem ekki ætla að vera með og klifra uppi á bakinu á láglaunafólkinu verður að taka sérstökum tökum.

Nokkuð hefur verið rætt um þátt ríkisstjórnarinnar í þessum kjarasamningum og það má náttúrlega ljóst vera, eins og ég var að segja í upphafi máls míns, að enginn einn aðili hefur gert þessa kjarasamninga. Ég fullyrði hins vegar að vinsamleg viðbrögð ríkisstjórnarinnar gegndu lykilhlutverki í því að þessir kjarasamningar náðust. Þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi í efnahagsmálum hafa gert það að verkum að unnt var að gera þessa kjarasamninga. Ég minni þó á að ekkert má út af bregða. Þar þurfa allir að vera

með, þ.e. að láta þessa samninga verða að veruleika og þær hugmyndir og fyrirætlanir sem þar koma fram. Ef það tekst eygjum við von um betri framtíð, betra mannlíf, blómlegra atvinnulíf og getum vænst betri hags almennings í landinu. Ég vænti þess að allir landsmenn geti tekið þátt í því að reyna það.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Á þessum tímamótum langar mig til að fara aðeins í forsögu þessa máls þó að ég sé ekki í sjálfu sér áhugamaður um að rekja mjög stjórnmálasögu liðinna ára og karp um hvað var gert fyrir mörgum árum í hinni eða þessari ríkisstjórn. Ég hef meiri áhuga á að ræða um framtíðina. Í þessu tilviki langar mig þó til að gera aðeins undantekningu á og fara aftur til sumarsins 1988, nánar til tekið síðla sumars 1988 þegar forstjóranefndin svokallaða lauk störfum, en formaður hennar, eins og allir muna, var núverandi formaður Vinnuveitendasambands Íslands, Einar Oddur, sem kallaður hefur verið bjargvætturinn. Tillögur forstjóranefndarinnar, sem *ég tel að núverandi formaður Vinnuveitendasam*bandsins hafi kannski verið aðalhugmyndasmiður að, gekk út á það að farin skyldi svokölluð niðurfærsluleið, þ.e. laun skyldu lækkuð og síðan yrði reynt að lækka skatta og verðlag á móti. Þessi hugmynd þótti mjög byltingarkennd og henni var síðan algjörlega hafnað af þáv. forsrh., hv. þm. Þorsteini Pálssyni, sem í raun lýsti algjöru vantrausti á niðurstöður þessarar nefndar og þar með á þeim hugmyndum sem formaður nefndarinnar hafði þar með lagt fram.

Við í okkar flokki hugleiddum mjög þessar tillögur og töldum að þarna væri lagður grundvöllur að hugmyndafræði sem væri sjálfsagt að athuga nánar. Við gátum að vísu ekki sætt okkur við að svokölluð mínusleið yrði farin heldur ræddum við þá það sem ég mundi vilja kalla núlllausnina, þ.e. við vorum sammála um það þegar við ræddum þessa tillögu í þingflokki Borgfl. á þessum tíma að það væri hægt að laga þessa tillögu lítillega til: Í stað þess að lækka laun skyldu laun standa í stað og á móti skyldu skattar og framfærslukostnaður heimilanna lækka.

Allir muna hvernig fór. Ríkisstjórn undir forustu Þorsteins Pálssonar hrökklaðist frá í kjölfarið á þessum atburðum og það með þeim hætti, sem allir muna, að atvinnulíf landsmanna, sérstaklega þó sjávarútvegsfyrirtækin úti um allt land, var nánast í rúst.

Þegar fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á þessu kjörtímabili var mynduð í september 1988 tengdist Borgfl. þeim stjórnarmyndunarviðræðum og fylgdist mjög náið með undirbúningi að stjórnarmynduninni. Borgfl. kom þannig á framfæri sínum sjónarmiðum og var með í því að móta þann málefnasamning sem þá var í undirbúningi. Það varð þó ekki úr því að Borgfl. tæki sæti í þeirri ríkisstjórn, eins og allir muna, og skal ég ekkert rekja þá atburði sérstaklega, en það sem kannski meira máli skiptir er það að Borgfl. var þá sammála því að óumflýjanlegt væri að fara út í víðtækar björgunaraðgerðir til að koma í veg fyrir að atvinnulíf landsmanna hryndi algjörlega í rúst eftir þá stjórnarstefnu sem Sjálfstfl. hafði beitt sér fyrir í ríkisstjórninni þar á undan. Því var það að Borgfl. tók þá ákvörðun að hann mundi stuðla að því að svokölluð bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar sem voru til umræðu og afgreiðslu í þinginu um áramótin 1988–1989 skyldu ná fram að ganga, en forsrh. í þeirri stjórn, Steingrímur Hermannsson, hafði þá lýst því yfir að ef þau yrðu felld mundi sú stjórn að sjálfsögðu verða að segja af sér og þá yrði að sjálfsögðu að boða *til nýrra kosninga. Fyrir þetta hlutum við miklar* óvinsældir og kynti Sjálfstfl. að sjálfsögðu óspart undir þeim vegna þess að hann kennir, og gerir reyndar enn þann dag í dag, einfaldlega Borgfl. um það að hann skuli ekki vera við stjórnvölinn nú. Hins vegar spyr ég: Til hvers ætti í raun Sjálfstfl. að vera við stjórnvölinn í þessu landi? Ég hef verið að velta því fyrir mér hvað Sjálfstfl. hefur haft fram að færa í stjórnmálaumræðunni á Íslandi síðustu vikur? Það er eitt mjög merkilegt mál sem Sjálfstfl. hefur haft fram að færa í stjórnmálaumræðu á Íslandi undanfarnar *vikur. Það er að fjargviðrast út af því að það skuli* vera skíðabogar á þeim bíl sem hefur verið keyptur til umhverfisráðuneytisins. Annað hefur Sjálfstfl. ekki haft fram að færa í stjórnmálaumræðu á Íslandi undanfarnar vikur.

Hvernig hefði nú farið ef Borgfl. hefði á þessum tímapunkti þóknast vilja Sjálfstfl., sem taldi nánast að Borgfl. bæri hreinlega skylda til að hegða sér inni á Alþingi eins og Sjálfstfl. segði fyrir um, og hefði hjálpað Sjálfstfl. við það að fella ríkisstjórnina sem þá sat? Þá hefðu væntanlega orðið kosningar einhvern *tíma í mars 1989 og ég geri ráð fyrir að ný stjórn*, væntanlega undir forustu Sjálfstfl., hefði þá tekið við völdum einhvern tíma í maímánuði 1989. Þetta er sú atburðarás sem ég tel að hefði verið ákaflega líkleg hefði þetta farið á þann veg sem ég er hér að lýsa.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að við stæðum þá núna og horfðum á það ástand í þjóðfélaginu að hér væri sennilega lítið sem ekkert atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðisins. Ég geri ráð fyrir því að verðbólga væri einhvers staðar á bilinu 100–150%, eitthvað þar um bil, og ég veit eiginlega ekki hvað við værum að ræða hér á Alþingi. Ástandið væri svo skelfilegt að ég þori ekki að hugsa þá hugsun til enda. Ég held því að þjóðin eigi Borgfl. mikið að þakka, að hann tók þá ákvörðun að styðja bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og koma í veg fyrir það hrun sem annars hefði orðið í atvinnulífinu ef Sjálfstfl. hefði fengið vilja sínum framgengt á þeim tímapunkti.

Ég get út af fyrir sig rakið lauslega afskipti okkar af málum eftir að þessu var lokið, en við tókum, eins og allir muna, þátt í viðræðum við þáv. ríkisstjórnarflokka í janúar 1989 til þess að fjalla um það hvort næðist samkomulag um aðild Borgfl. að nýrri ríkisstjórn, svokallaðri fjögurra flokka ríkisstjórn, þeirra fjögurra flokka sem nú mynda ríkisstjórn. Ekki náðist samkomulag um þátttöku Borgfl. í slíkri ríkisstjórn. Það strandaði m.a. á því að þáv. stjórnarflokkar voru ekki reiðubúnir að fara þá leið sem

Borgfl. lagði til í janúar 1989, en það var núlllausnin: að fara út í kjarasátt, lækka skatta og lækka framfærslukostnað heimilanna og ná þannig kjarasamningum sem hefðu engar launahækkanir í för með sér. Þá þegar lögðum við til þessa leið en um hana varð ekki samkomulag. Við lögðum til í þessum viðræðum að kallað yrði á forustumenn launþegahreyfingarinnar í landinu og þeir hafðir með í ráðum um það að ná þessari lausn, en því miður náðist ekki samkomulag um það að fara þessa leið þá og þar af leiðandi varð ekkert frekar úr slíkum hugmyndum fyrir ári síðan. Ég tel að þá hafi verið gerðir óskynsamlegir kjarasamningar sem höfðu verulegar kauphækkanir í för með sér og leiddu aftur á móti til að verðbólga fór vaxandi og verulegur halli varð á ríkisbúskapnum.

Á þessum tíma lögðum við, og höfum reyndar alla tíð lagt, verulega áherslu á það að ná niður matvælaverðinu og framfærslukostnaði heimilanna. Það er í sjálfu sér lykillinn að því að hægt sé að ná hér skynsamlegum kjarasamningum hverju sinni. Þess vegna héldum við þeim málflutningi áfram sumarið 1989 þegar við tókum aftur upp viðræður við þáv. stjórnarflokka. Ég verð að segja að það olli mér miklum vonbrigðum hvað við fengum litlar undirtektir undir þann málflutning og okkur fannst stundum sl. sumar að við stæðum einir um þá kröfu að matvælaverð yrði lækkað, það yrði að koma matvælum í lægra skattþrep og sjá til þess að framfærslukostnaður heimilanna lækkaði með þeim hætti.

Haustið 1989 náðist svo loksins samkomulag um stjórnarþátttöku Borgfl. í nýrri stjórn sem var mynduð 10. sept. sl. og hafði einmitt það að leiðarljósi að lækka matvælaverðið og taka upp nýtt lægra skattþrep í væntanlegum virðisaukaskatti, þ.e. þannig að hefðbundin matvæli færu í lægra skattþrep á svokölluðu framleiðslustigi sem þýðir varanlega lækkun á hefðbundnum matvælum sem er óháð niðurgreiðslum hverju sinni. Þó að ég hafi alls ekki verið ánægður með þennan árangur og hefði viljað ná miklu lengra var þetta þó skref í rétta átt og ég hef oft vikið að því áður að þarna náðu þó 5 þingmenn Borgfl. meiri og betri árangri en 18 þm. Sjálfstfl. höfðu náð áður.

Í stjórnarsáttmálanum sem þá var gerður var sömuleiðis samið um breyttar áherslur í efnahagsmálum sem nú hafa verið að ganga fram og leiða m.a. af sér að ástand hér, bæði í atvinnumálum og í efnahagsmálum almennt, er nú annað og betra en var áður. Því miður kom launþegahreyfingin of seint með sínar kröfur og hugmyndir um tvö skattþrep í virðisaukaskatti því að það var ekki fyrr en að þessari stjórnarmyndun lokinni að upphófst mikill söngur launþegahreyfingarinnar í landinu og reyndar bændasamtakanna um að nú bæri að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti, en það kom of seint vegna þess að það var búið að ganga frá stjórnarsáttmálanum. Hefðum við fengið þær undirtektir fyrr sem síðar urðu er ég ekki í nokkrum vafa um að þá hefði náðst samkomulag um tvö þrep í virðisaukaskatti með enn þá meiri lækkun á matvælum en varð. En við fáum að sjálfsögðu tækifæri til þess að ræða þá hluti síðar.

Með þessari afstöðu Borgfl. veturinn 1988–1989 hefur skapast þetta tækifæri sem nú blasir við í þjóðmálum okkar Íslendinga, að ná hér varanlegum árangri í efnahagsstjórn og í atvinnumálum yfirleitt og því ber að fagna. Ég vil taka undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað á undan mér að nú ríður á að samvinna allra þeirra aðila sem standa að þessu samkomulagi verði sem best. Við verðum öll að hjálpast að við að tryggja það að þessir samningar geti haldið. Ríkisstjórn, vinnuveitendur, launþegar, bændur, fulltrúar banka, og öll þjóðin verður að standa vörð um þessa samninga og tryggja það að markmið þeirra nái fram að ganga. Að því loknu getum við hafið það mikla og stóra verkefni sem hlýtur að vera fram undan hjá þessari þjóð, en það er að endurskoða allan ríkisbúskapinn og einfalda ríkiskerfið, stokka það allt saman upp, ná útgjaldalækkun ríkissjóðs með þeim hætti, skera niður óþarfleg útgjöld og reyna, eins og ég segi, að einfalda ríkiskerfið og ná sparnaði með þeim hætti. Það var ekki, þrátt fyrir það sem margir halda fram, æskilegt né raunverulega mögulegt að hækka skatta frá því sem þeir eru nú hér á Íslandi, þó svo að sumir telji að skattstig á Íslandi sé verulega lægra en það er kannski í nágrannalöndunum. En ég get ekki fallist á þá skoðun og lýsi því yfir og hef margoft lýst því yfir að við, fulltrúar Borgfl., viljum fara niðurskurðarleiðina og fara í þá endurskoðun á ríkisbúskapnum sem er nauðsynleg til þess að ná einhverjum árangri.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt hér frekar. Ég fagna þessum áfanga sem hefur náðst og ég ítreka að lokum að það er Borgfl. að þakka með þeirri afstöðu sem hann tók hér á þingi fyrir ári síðan að þetta er mögulegt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér vel að kjarasamningarnir skuli nú vera til umræðu á Alþingi eins og fyrirheit voru gefin um fyrir helgi. Vissulega er brýnt að fá sem fyrst að heyra hvernig framkvæma á öll fyrirheitin í kjarasamningunum, ljós og óljós, en því miður hefur allt of fátt verið upplýst um hvað fram undan er í verðlagsmálum og hvernig leysa á úr brýnum vanda í sambandi við ríkisfjármál. En það má ekki gleyma afleiðingum kjarasamninganna í allri umræðunni um aðferðafræðina eða týna þeim í karpi um meiri háttar tímamót, minni háttar eða kannski alls engin tímamót.

Afleiðingar þessa samnings eru fyrir marga áframhaldandi bág kjör, ekki síst fyrir konur, og sennilega er enn frekari kjaraskerðing fram undan ef ekki verður einhver breyting á. Vaxtalækkunin, sem sumir binda miklar vonir við, nýtist ekki þeim lægst launuðu. Mig langar til að vitna í viðtal við konu eina í dagblaði í dag en hún segir, með leyfi forseta:

„...Mér líst ekkert sérlega vel á þessa samninga. Mér finnst að meiri kauphækkun hefði átt að vera en í samningunum," sagði Þuríður Valtýsdóttir fiskvinnslukona hjá Granda hf. Hún sagði að sér litist vel á að vextir og verðbólga mundu lækka en kvaðst hins

vegar ekki fullviss um að treysta mætti því. „Ég hef ekki mjög mikla trú á að stjórnvöld standi við sitt og hefði gjarnan viljað sjá meiri kauphækkanir. Sjálf er ég með 43 þús. kr. í mánaðarlaun eftir sjö ára starf hér sem sérhæfð fiskvinnslukona. Með bónusi eru mánaðarlaunin á bilinu 60–70 þús. kr. þannig að hækkanin hefði mátt vera meiri." Þuríður sagði að lækkun vaxta kæmi sér ekkert sérlega til góða þar sem hún skuldaði ekkert. „Það kemur sér að sjálfsögðu vel þegar ég kaupi íbúð," sagði Þuríður."

Þetta finnst mér hógvært orðað. En boðskapurinn leynir sér þó ekki. Það hefðu verið tímamót ef víðtæk samstaða hefði náðst um að hækka lægstu launin, launin sem konurnar þiggja, þannig að þau nægðu til framfærslu. Þá hefði verið kominn kaupmáttur sem verðugt hefði verið að tryggja. Hvernig stendur á því að enn hefur ekki náðst órofa samstaða, þjóðarsátt eða bara einfalt samkomulag um að stíga þetta skref? Ríkið gæti t.d. gengið á undan með góðu fordæmi og samið við launafólk í þjónustu ríkisins um daglaun sem dygðu til framfærslu. En það hefur svo sannarlega ekki gerst þrátt fyrir það, meira að segja, að einn ríkisstjórnarflokkanna hafi fyrir furðu skömmu kunnað einmitt réttu leiðina til að stíga þetta mikilvæga skref. En hér er ég raunar að vísa til þáltill. Alþb. sem lögð var fram á 110. löggjafarþingi vorið 1988. Tillaga þessi nefndist till. til þál. um launajöfnun, lágmarkslaun og nýja launastefnu. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að skapa víðtæka, þjóðfélagslega samstöðu um nýja launastefnu er miði að því að draga úr hinum óhóflega launamun sem ríkir í landinu og tryggja að lægstu laun dugi fyrir nauðsynlegum framfærslukostnaði."

Já, það þarf að tryggja að lægstu laun dugi fyrir nauðsynlegum framfærslukostnaði og það hafa kvennalistakonur raunar þráfaldlega minnt á, m.a. með því að flytja frv. um að lögbinda þurfi lágmarkslaun.

Ég skal láta hjá líða að fara ítarlega út í efasemdir mínar um að samningarnir haldi og loforð ríkisstjórnarinnar séu raunhæf. Það hafa aðrir gert og læt ég mér nægja að vísa til ræðu Málmfríðar Sigurðardóttur hér áðan. Því miður er aðallega verið að lofa upp í annarra ermar, m.a. með því að þykjast geta tryggt að ýmsar ríkisstofnanir skrimti á skertum fjárveitingum og þoli bann við gjaldskrárhækkunum. Í sjálfu sér gott ef heldur, en ef maður lítur með raunsæi á málið koma upp örlitlar efasemdir. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar mega ekki halda að menn séu svo grunnhyggnir að trúa því að fjármál opinberra stofnana séu einhver allt annar handleggur en ríkisfjármálin í heild sinni, handleggur íklæddur ermi sem þægilegt er að lofa upp í. Það er kannski haldbetra að lofa upp í hina ermina sem litið hefur verið til, til bændanna sem lýst hafa sig reiðubúna að axla ábyrgð annarra og skerða sinn hlut fyrir afurðir sínar. Fyrir suma kann það að vera auðvelt en víst eru þeir fleiri, láglaunabændurnir, meðan meðalbú ber ekki einu sinni tvö stöðugildi og í strjálbýlinu er ekki hvaða vinnu sem er að grípa upp. Konur til sveita vita það kvenna best og una því illa.

Það er margt varðandi þessa kjarasamninga sem vert væri að ræða. Ýmis nýmæli er þar að finna, nýmæli sem hefðu getað markað tímamót í sögu vinnudeilna hérlendis hefði verið rétt á þeim tekið. Og þó að ég vilji á engan hátt kasta rýrð á hlutverk þeirra sem í raun og veru eru að semja um kaup og kjör, atvinnurekendur, sem raunar eru í sumum tilvikum ríki eða sveitarfélag, og launþega finnst mér að ábyrgð ríkisins sé mikil meðan samningum er háttað sem nú er. Ábyrgð ríkisins er ekki hvað minnst þegar kerfisbreytingar verða í samfélaginu, m.a. vegna þess að fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði hefur brugðist. Á þeirri fræðslu ber ríkið fulla ábyrgð sem aðrir.

Ef litið er á yfirlýsingu þá sem fjallar um starfsemi svokallaðra gerviverktaka og fylgdi kjarasamningunum nú kemur þetta glöggt fram. Ég vil leyfa mér að lesa þá yfirlýsingu hér upp, með leyfi forseta:

„Á síðustu mánuðum hefur færst í vöxt að samskipti launþega og atvinnurekenda hafi verið færð í búning verktakastarfsemi þar sem launþegi hefur talist undirverktaki vinnuveitanda. Mörg deilumál hafa risið vegna óljósra reglna um réttarstöðu aðila, ábyrgð þeirra í milli og gagnvart þriðja aðila, auk þess sem rökstuddar grunsemdir hafa vaknað um undirboð í krafti þessa. Þessi skipan dregur úr gildi félagslegra réttinda samkvæmt kjarasamningum og lögum, henni fylgja vanhöld af gjöldum og sköttum og hún veikir samkeppnisstöðu raunverulegra atvinnurekenda. Aðilar telja þessa þróun skaðlega og andstæða hagsmunum félagsmanna sinna og munu því vinna gegn henni með því að á samningstímanum verði settar skýrar reglur og skilgreiningar á stöðu launþega annars vegar og verktaka og atvinnurekenda hins vegar."

Þarna er enn og aftur verið að tæpa á máli sem ég held að sé að verða eitt af hinum alvarlegri sem við stöndum frammi fyrir á vinnumarkaðinum um þessar mundir. Í besta falli munu afleiðingar þessarar þróunar þýða erfiðleika, réttleysi og jafnvel neyð fyrir fáa eina. Í versta falli riðar þetta kerfi sem við búum nú við með stéttarfélögum og vinnuveitendum til falls. Þó oft sé fyllsta ástæða til að gagnrýna það kerfi sem við búum við, a.m.k. meðan enn er verið að greiða smánarlaun eftir töxtum þessa kerfis, er það sem við tekur, óvissa, réttleysi og kröpp kjör fjölda fólks, enn þá verra. Því miður er tæpt á þessu mikilvæga máli á sérlega veiklulegan hátt. Skýrar reglur og skilgreiningar eru til lítils ef menn íhuga ekki á hvern hátt menn hyggjast nota reglurnar, upplýsingarnar. Það er nefnilega staðreynd að stór hluti þess fólks sem er nú úti á vinnumarkaðinum upp á býti þessara svokölluðu verktaka hefur hvorki þekkingu né áhuga á að kynna sér reglur eða skilgreiningar um stöðu sína. Það er bara anað út í að vinna og fá peninga. Það er ekki hirt um réttindi eða réttleysi. Menn treysta því að verða ekki veikir, missa ekki vinnuna, lenda ekki illa í eigin fáfræði og

hirðuleysi og einnig kemur það til að menn leita hvaða leiða sem er til þess að hækka launin sín. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því að fræðslu vantar sárlega og það er skylda yfirvalda að sjá til þess að sú fræðsla nái til þeirra sem þurfa á henni að halda, fólks utan stéttarfélaga.

En skyldi það vera tilviljun ein sem ræður því að menn eru í æ ríkara mæli að láta hafa sig út í það að vinna utan stéttarfélaga og þeirra réttinda sem þeim þó fylgja? Eða getur það verið að menn séu búnir að gefast upp á því að fá sómsasamleg kjör samkvæmt taxta og séu reiðubúnir að gera eitthvað, bara eitthvað, til að geta skrimt næstu vikuna eða tvær án þess að þurfa að þiggja bætur? Það er ekki bara fáfræði og hirðuleysi sem rekur menn til að fara í strætó fyrir orlofspeningana sína, til og frá vinnu reyndar en ekki í orlof út í lönd eins og margur hyggur að allir Íslendingar geti leyft sér, eða að borða fyrir peningana sem eiga að tryggja mönnum rétt til veikindadaga. Menn verða jú veikir ef þeir borða ekki, svo að það er kannski von að þeir velji að borða fyrir þessar fáeinu krónur sem þeir selja rétt sinn til veikindadaga á.

Því miður stöndum við nú frammi fyrir þeirri smánarlegu staðreynd að greidd eru laun hér á landi sem ekki er mögulegt að lifa á og meira að segja heimtur skattur af tekjum undir framfærslumörkum til að kóróna skömmina. Og því miður duga láglaunabæturnar, sem verið var að semja um í þessum makalausu tímamótasamningum, alls ekki til að breyta þeirri staðreynd.

Nú er ljóst hverjar niðurstöður samninganna eru og það er sama þótt ýtrustu bjartsýni sé beitt og búist við að allt haldi. Sú bjartsýni ríkir að vísu alls ekki, en jafnvel þótt svo væri duga þessir samningar alls ekki fyrir þá tekjulægstu. Ég spyr því: Er ekki tími til kominn að stjórnvöld viðurkenni þessar staðreyndir og grípi til nothæfra ráðstafana fyrst menn eru nú að tala um tímamót? — [Fundarhlé.]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Það sem ég ætla að gera hér að umræðuefni í upphafi er þáttur og þátttaka bændasamtakanna í þessum nýgerðu kjarasamningum. Ég fagna því mjög að svo hefur til tekist nú að samtök bænda hafa af fullri einurð tekið þátt í þessari samningagerð. Ég fagna því margra hluta vegna og kannski fyrst og fremst vegna þess að umræða um landbúnaðarmál nú um nokkurt skeið hefur verið á ótrúlega lágu plani. Hún hefur einkennst af þekkingarleysi og mjög svo frjálslegri meðferð á tölum og oft og tíðum hefur verið mjög áberandi sú firring sem því miður er að verða á milli þéttbýlis og dreifbýlis í þessu landi.

Ég ætla einungis að nefna eitt dæmi þar sem er úttekt sem er gerð á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands af Guðmundi Ólafssyni hagfræðingi og m.a. ráðherrar úr okkar ríkisstjórn hafa hampað á opnum fundum. Ef farið er ofan í þau plögg sem menn kalla úttekt á verðþróun matvöru miðað við annan varning hér í landi á tíu ára tímabili og litið á forsendurnar koma þar ótrúlegir hlutir í ljós. Ég ætla ekki að nefna mörg dæmi, nefni aðeins eitt. Til eru nefndar vörur sem hafi notið verðverndar af innlendri vöruframleiðslu vegna þess að þær séu í háu verði. Einu vörurnar sem þar eru nefndar til samanburðar eru kaffi, bjór og sælgæti sem hafi hækkað óeðlilega vegna verðleiðni íslenskrar landbúnaðarframleiðslu.

Ég ætla að vísu að syndga upp á náðina og nefna annað dæmi. Það er nefnt dæmi um vörur sem séu óháðar verðþróun íslenskra búvara og hafi þess vegna sýnt allt aðra verðkúrvu á þessu tímabili. Þar eru einu dæmin sem til eru tínd kaffivélar, myndbönd, vasatölvur og dömubindi. Út af þessu leggur síðan hæstv. utanrrh. á stórum fundi í Vestmannaeyjum sem mikið hefur verið hampað og segir: Niðurstaðan er sú að það megi spara 10 milljarða með því að fara í innflutning á búvörum. Þar talar arkitekt þeirrar skattastefnu sem setur mark sitt öllu öðru fremur á þessa verðkönnun vegna þess að hún segir einungis hvað hlutirnir kosta í krónum í útsölu, arkitekt þeirrar skattastefnu sem á þessum tíma tók aðflutningsgjöld af þessum vörum sem nefnt er að hafi lækkað á tímabilinu og lagði nýja skatta á matvöru sem nefnt er að hafi hækkað.

Það er ekkert undarlegt þó að manni blöskri svona málflutningur. Þessari umræðu verður að snúa við og ég held að það samkomulag sem forusta bænda og það traust, sem ég veit og hef öruggar heimildir fyrir að nú hefur skapast milli bændaforustu og þeirra aðila sem unnu að þessum kjarasamningum, þetta samkomulag og þetta traust muni verða til þess að við getum komið þessari umræðu á nýjan grunn.

Ég veit einnig að það að svona tókst til núna mótast mikið af því að afstaða verkalýðsforingja á landsbyggðinni var allt önnur gagnvart innlendri matvælaframleiðslu en margra hér á suðvesturhorninu og það sýnir enn þá firringu sem orðin er í okkar þjóðfélagi. Þetta er mjög svo skiljanlegt vegna þess að ef við skoðum atvinnumunstrið úti um land, ef við skoðum hverjir það eru þar sem hafa atvinnu sína af innlendri búvöruframleiðslu, eru bændur þar orðnir í miklum minni hluta. Það eru þeir sem þjónusta, þeir sem vinna vörurnar, sem þar eru orðnir meirihlutaðilinn og stærsti hagsmunaaðilinn. Það væri út af fyrir sig ósköp þægilegt fyrir okkur, þessa fáu sem enn erum í bændastétt — við erum að vísu tveir hér inni núna — að ganga á vit stjórnvalda og biðja um ávísunina á ráðherralaunin. Ef hlutirnir væru svo einfaldir væri það ósköp einfalt. Ég geri mér hins vegar vonir um að upp úr þessari umræðu geti skapast þjóðarsátt sem byggi á þörf okkar á innlendri matvælaframleiðslu og ekki síður á þeirri þjóðlegu menningararfleifð okkar sem byggist á því að við erjum landið og byggjum það allt.

Ég ætla síðan að koma aðeins almennt að kjarasamningunum. Menn hafa farið hér í samanburð á því sem gert var á haustdögum og sumrinu 1988 og því sem nú er að gerast. Hæstv. ráðherra Hagstofu

Íslands nefndi hér áðan að Borgfl. hefði þá strax bent á að menn skyldu ekki fara niðurfærsluleiðina sem forstjóranefndin lagði til, heldur núlllausnina sem nú er uppi. En er málið svona einfalt? Hvers vegna skyldi forstjóranefndin, undir forystu Einars Odds á Flateyri, á sumrinu 1988 hafa lagt til niðurfærsluleiðina, lagt til, ef ég man rétt, allt að 10% niðurfærslu á kaupgjaldi og verðlagi? Og hvers vegna skyldu aðilar vinnumarkaðarins í dag, þar sem Einar Oddur er formaður Vinnuveitendasambandsins — ég tek undir það að þessir kjarasamningar eru ekki eins manns verk en ég held að það sé á engan hallað þó ég segi það að Einar Oddur sé líka arkitekt að þeirri lausn sem nú er uppi — hvers vegna skyldi hann hafa lagt til 10% niðurfærslu sumarið 1988 en núlllausnina í dag? Þar erum við einmitt komnir að kjarna málsins og því sem menn hafa eytt, að mér hefur fundist, allt of löngum tíma í í þessari umræðu í dag: Hvað hefur gerst í millitíðinni? Það sem gerðist í millitíðinni var að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók mjög ákveðið á gengismálunum án þess að því fylgdi kollsteypa í efnahagslífinu, gekk í stórkostlega skuldbreytingu í grunnatvinnuvegunum og á þennan hátt skapaði þann grunn sem nú er fyrir núlllausninni. Svona einfalt er málið.

Þetta gerir það kannski að verkum að þessi leið var ekki eins einföld sumarið 1988 og menn vildu vera láta, ég held þó að hún hafi verið fær þá ef menn hefðu hlustað á rétta ráðgjafa. En ráðgjafar Sjálfstfl. í efnahagsmálunum þá voru ekki þeir sem stríða úti á vinnumarkaðinum, það voru þeir sem skrifa um fjármál á fimmtudögum í Morgunblaðið og það voru þeir sem skrifa pistla í ritlinga verðbréfasjóðanna, því miður. Og formaður Sjálfstfl. hélt enn fram hér í umræðu í dag gagnsemi hárra raunvaxta.

Nú ætla ég ekki að fara að kenna einni sérstakri ríkisstjórn um þær ógöngur sem við höfum lent í á síðustu árum. Það eru vaxtaverkir þeirra breytinga að við hurfum frá óverðtryggðu fjármagni og yfir í verðtryggt. Og því miður, eins og okkur Íslendingum er tamt, gengum kannski lengra þar en grundvöllur var fyrir. Það þýðir ekkert að kenna einni sérstakri ríkisstjórn þar um. Þar bera þeir flokkar sem hér eru við stjórn núna allir ábyrgð og Sjálfstfl. líka. En það verður heldur ekki tekið af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að hafa skapað þann grunn sem samningarnir byggja á núna. Ég vil þó sérstaklega taka undir það sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði hér í dag að þessir samningar eru ekki verk neinnar einnar ríkisstjórnar, ekki neins eins manns, heldur vegna þess að af reynslu, biturri reynslu undangenginna ára voru allir aðilar málsins tilbúnir til að taka höndum saman til lausnar.

Hvað er þá fram undan? Það hefur skapast jafnvægi til þess að taka á málum á nýjan hátt. En eftir stendur að eftir umrót og rask síðustu ára er tekjuskipting í þjóðfélaginu óviðunandi. Hún hefur skekkst. Það verður að vinna að því að bæta það. Við höfum það lag núna. Allir aðilar sem eru á lægri launum og lægri töxtum í þessu þjóðfélagi eru búnir að ganga til samninga. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð og miklar skyldur gagnvart þessum aðilum, að sjá til þess að aðrir hópar sprengi það ekki upp.

Ef við lítum aðeins á stöðu þeirra efnahagsstærða sem menn helst líta á í dag þá eru gengismálin í jafnvægi, þróun vaxta er á réttri leið, þó svo þar geti verið blikur á lofti eins og ég mun koma að hér á eftir, vöruskiptajöfnuður er í lagi. Veiki punkturinn er hins vegar ríkisfjármálin.

Nú ætla ég ekki að kenna einum né neinum sérstökum fjármálaráðherra þar um og allra síst þeim sem nú situr. Þetta er þróun sem hefur verið að eiga sér stað nú um langt árabil. Við höfum verið að byggja inn halla á okkar ríkisbúskap. Hann kemur berlega í ljós núna þegar eilítið kreppir að í okkar efnahagslífi og hann kemur líka berlega í ljós núna þegar upp eru tekin þau vinnubrögð að sett séu aukafjárlög til þess að dekka þær aukafjárveitingar sem nauðsynlegar eru. Á þessu verður að taka og þetta er eitt stærsta málið í okkar pólitík á næstu missirum, hver svo sem kann að vera við stjórnvölinn.

Hvernig á að bregðast við þeim útgjaldaauka sem kemur upp núna vegna þessara kjarasamninga? Það er síðan skammtímamál sem við verðum að taka á nú þegar.

Ég hallast verulega að þeirri skoðun sem hér kom fram í dag að þau viðbótarútgjöld sem beint tengjast þessum kjarasamningum geti verið á bilinu 500–600 millj. Hvar á að skera niður? Ég held að við megum ekki falla í þá gryfju að fara í jafnan niðurskurð á rekstrarþætti fjárlaga. Við náum honum ekkert fram á þessu stigi. Ég vil að vísu nota tækifærið hér og spyrja hæstv. fjmrh. hvort þær upplýsingar sem komu í sjónvarpsfréttum í kvöld, þó svo að ekki hafi þótt tímabært hér á þingi í dag að upplýsa þm. um það, um þennan niðurskurð, hvort þær séu réttar. (**Fjmrh.:** Þær eru nú ekki réttar.) Þær eru ekki réttar, en þá væri mjög æskilegt að það yrði leiðrétt hér.

Ég endurtek það aftur: Flatur niðurskurður á rekstrarþætti skilar sér ekki með þessum fyrirvara. Að spara í rekstri ríkisins er langtímamarkmið, við náum því ekki á einu ári. Þá er ekkert eftir nema framkvæmdarliðirnir og þar hefur maður séð einstaka þætti sem hægt er að taka af. Stærsti þátturinn er vegamálin, þó ég álíti að ekki verði mikil samstaða um að skera niður þar. Einstakir stórir framkvæmdaþættir sem hægt er að fresta eru þá fyrst og fremst viðgerðin á Bessastöðum og endurnýjun á Þjóðleikhúsinu. En það kom að vísu fram í þeirri sjónvarpsfrétt sem ég vitnaði til áðan að Þjóðleikhúsið væri undanþegið öllum niðurskurði núna og með þeirri einkennilegu röksemdafærslu að það ætti að fjármagna fyrst og fremst með lánum. Maður vissi ekki betur en það væru 350 millj. á fjárlögum þessa árs sem ættu að fara í það verkefni. Er það ekki rétt, í viðhald? (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn getur séð það í fjárlögum.) Já, ég skal gera það á eftir. En ég held að þarna séu liðir þar sem við getum sparað.

Ef við lítum síðan á langtímamarkmiðin í ríkisfjár-

málunum er ekki nokkur vafi í mínum huga að við verðum að velta verkefnum í miklum mæli af ríkissjóði og yfir á aðila sem standa nær fólkinu. Yfir á sveitarfélögin og samtök þeirra þar sem þau hafa ekki ein og sér bolmagn til að taka við auknum verkefnum. Vissulega þurfa þau að fá nýja tekjustofna með. Fyrir þessu eru margar röksemdafærslur og kannski ein sú helsta að ríkið er og verður alltaf þessi stóri fjarræni aðili sem allir eru tilbúnir til að gera kröfur til en óskaplega fáum þykir vænt um. Þeir eru ekki margir í landinu sem þykir vænt um ríkiskassann. Sjónarmiðið er orðið allt annað þegar kemur að sveitarfélögum og landshlutasamtökum og menn finna fyrir því virkilega þegar þarf að taka á.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð hér öllu fleiri. Ég sé þó að ég sleppti einum þætti, veigamiklum þætti sem ég ætlaði að taka upp og snertir það hvernig þessir samningar sem bændasamtökin undirrituðu samhliða þessu koma við bændur. Það hefur verið nefnt hér að ef litið er á verðlagsgrundvöll búvara einan og sér getur það þýtt allt að 6% skerðingu á launalið í grundvelli í kúabúskap og sauðfjárbúskap. Málið er að vísu ekki svona einfalt. Það væri eins og að færa upp ársreikning þar sem eingöngu væru færð gjöldin en tekjunum sleppt. Við hljótum að spyrja að því, við sem berum hag bændastéttarinnar fyrir brjósti: Hvað kemur á móti? Þar ætla ég fyrst og fremst að nefna tvennt:

Vaxtalækkun og þá tala ég um nafnvaxtalækkun. Reyndar er ég með sjálfum mér hættur að gera greinarmun á verðtryggingu og nafnvöxtum vegna þess að því miður hefur það verið í allt of mörgum tilfellum að verðtryggingin hefur ekki verið neitt annað en raunvextir, þegar menn hafa ekki komið hækkununum út í verðlagið. Lækkun nafnvaxta og vonandi lækkun raunvaxta í kjölfarið kemur bændum til góða og fyrst og fremst sauðfjárbændum, bændum í aukabúgreinum og skuldugri hluta bænda. Um það gæti ég sýnt útreikninga en geri það ekki hér. Og við getum alveg séð það í hendi okkar hvaða máli það skiptir fyrir loðdýrabónda sem ætlar að halda áfram í dag og veit að hann fær ekki meira fyrir sína framleiðslu á næsta ári, spár á loðdýramarkaðinum segja það, hvaða máli það skiptir fyrir hann hvort nafnvextir á næsta ári verða 30% eða 10%. Það eru beinharðir peningar í vasann.

Í öðru lagi hefur verðlagning búvara í hinum hefðbundnu búgreinum verið þannig uppbyggð, að leiðrétting hefur alltaf komið eftir á. Menn hafa alltaf á þriggja mánaða fresti verið að ná núllinu aftur, verðhækkanirnar hafa komið jafnt og þétt og þetta hefur þýtt það að í raun, þegar verðbólgan hefur verið mest, hefur skort á svo prósentum skiptir að launaliðurinn hafi skilað sér til fulls.

Þetta er það sem ég vildi koma á framfæri hér í þessari umræðu.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hvorki forsrh. né viðskrh. eru hér til staðar því ég ætlaði að leggja fyrir þá spurningar. Hins vegar er hæstv. fjmrh. hér og ég vona að hann svari þeim að því leyti sem snertir hans ráðuneyti.

Ég held að 80–90% af fólkinu í landinu fagni þessum samningum en vissulega eru vissir skuggar þar sem einnig fylgja. Það eru þeir skuggar í fyrsta lagi að lágtekjufólkið sem er búið að missa yfirvinnuna hefur það lág laun að það mundi enginn, ekki einu sinni neinn hagfræðingur og eru þeir nú slyngir, geta sýnt fram á það með neinum rökum að hægt sé að lifa á þeim sómasamlegu lífi.

Hér hefur komið fram, ef ég skil rétt, að stjórn Stéttarsambands bænda hafi samþykkt að skerða verulega hlut bænda en hann er nú ekki, margra þeirra, of beysinn. Ég hef ekki heyrt það, kannski hefur það farið fram hjá mér, að formaðurinn og stjórnin hafi skrifað undir þessa samninga með fyrirvara á sama hátt og vinnumarkaðurinn gerir að öðru leyti, vegna þess að eðlilegt væri að um þetta væru haldnir fundir með bændum og þessi samningur borinn undir þá alveg á sama hátt. Og ef ég skil þetta rétt, að þær hækkanir sem kunna að verða á rekstrarvörum bænda verði ekki uppi bornar, sé það rétt hygg ég að það sé hvorki meira né minna en lögbrot. Bara lögbrot. Og þess vegna sé nauðsynlegt að bera þessa samninga undir bændastéttina á sama hátt og aðra, ef ég skil þetta rétt. (**Gripið fram í:** Þú breytir ekki lögum með því.) Ég breyti ekki lögum með því en þeir hafa þó tekið þetta á sig ef þetta er borið undir þá, þeir sem koma á þessa fundi og það er annað mál og ég vona að hv. þm. Jóhannes Geir skilji það.

Það sem ég ætlaði fyrst og fremst að spyrja eftir, vegna þess að einn hlutur í þessum kjarasamningum er ákaflega veikur, er með vaxtalækkunina. Menn eru hvekktir á loforðum ríkisstjórnar í því efni. Ég harma að hæstv. forsrh. er hér ekki því að í samningunum í febrúar 1986 var því heitið að nafnvextir yrðu lækkaðir strax í kjölfar kjarasamninga og sömuleiðis gjaldskrár opinberra fyrirtækja. Þetta stendur á minnisblaði sem var skrifað 11. febr. það ár. Ekki man ég fyrir víst hvenær miðstjórnarfundur Framsfl. var, hvort það var í mars eða apríl, en þá kom þetta einnig fram í ræðu þáverandi og núverandi forsrh. Ég þarf ekki að ræða þetta atriði frekar en ég fyrir mitt leyti óttast að þetta bresti, sporin hræða. Og ég tók þátt í, með formönnum stjórnarflokkanna, að ganga frá þeim málefnasamningi sem var gerður í september 1988. Og hvað var sett í þann samning? Það var sett í þann samning að raunvextir skyldu fara a.m.k. ofan í 6%. Hvernig er þetta í dag? Lægstu vextir í bönkunum, raunvextir, eru 7,5%, þ.e. í ríkisbönkunum og hærri annars staðar og það verulega. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort það verði virkilega ekki við þetta staðið nú þegar er sýnilegt svigrúm til þess. Því var líka heitið að ef lánskjaravísitalan kæmist ofan fyrir 10% eða í eins stafs tölu, þá yrði lánskjaravísitalan tekin úr sambandi. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh: Verður við það staðið? Þetta eru meginatriðin í þeirri umræðu og þeirri framkvæmd sem hér mun á eftir ganga og hvort þetta tekst.

Menn eru að tala um að erfitt sé að lækka vextina, það sé erfitt að lækka raunvexti og jafnvel nafnvexti. Það á að fara að setja nefnd í að athuga hverjir vextir þurfa að vera til þess að hægt sé að reka bankana, svo þeir beri sig. Ég hef haldið því fram á undanförnum tveimur árum að það sé ekkert við það að athuga þó að eignarstaða bankanna minnki eitthvað, vextirnir verði það mikið lægri að eignarstaðan minnki eitthvað, eignarprósentan, þegar ástandið er eins og það er í þjóðfélaginu. Bankarnir eiga alveg eins að taka á sig slík skakkaföll eða taka þátt í því þegar svona stendur á í þjóðfélaginu eins og hefur verið að undanförnu.

Nú er talað um að það þurfi að skera niður og ég ætla ekkert að fara út í það út af fyrir sig. Ég er sammála því sem hér hefur komið fram að ef fjárlögin hefðu verið afgreidd á eðlilegan hátt væru það ekki nema um 600–700 millj. sem þessir kjarasamningar breyta stöðu ríkissjóðs í raun og veru. Auðvitað hefðu launagreiðslur ríkissjóðs orðið mikið hærri ef kjarasamningar hefðu verið gerðir á svipaðan hátt og hefur verið hingað til. Eitt af því sem var talað um þegar ríkisstjórnin var mynduð í september 1987 var að setja tekjuskatt á hluta af vaxtatekjum. Og ég vil spyrja fjmrh. að því: Hvernig stendur það mál ef ætlunin er að fara að skera niður ýmsa framkvæmdaliði, ef ekki eru önnur úrræði? Er þá ekki rétti tíminn til þess að líta á það og standa við þau fyrirheit sem við gerðum? Það sem var grundvöllur fyrir því að ég studdi þessa ríkisstjórn, þessi vaxtamál. Verður við þetta staðið?

Ég ætla ekki að fara mikið út í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. Mér er þó ómögulegt að stilla mig um að gera við hana smávegis athugasemdir, en þær verða ekki margar að þessu sinni. Mér finnst það svo athyglisvert og raunar fáránlegt að ætla að halda því fram að það hafi verið vinnumarkaðurinn sem hafi gert þessa samninga en þar hafi ríkisstjórnin ekki komið nærri. Og það sé vinnumarkaðurinn sem hafi þröngvað ríkisstjórninni til að taka við þessum samningum. Ég vissi ekki betur en að allt stæði fast þangað til forustumenn VSÍ, ASÍ og BSRB fóru á fund ríkisstjórnarinnar. Hvað segir það okkur? Og að ætla að reyna að berja það inn í þjóðina að hinn ágæti maður, Einar Oddur Kristjánsson, sé einhver dýrlingur eða töframaður í okkar þjóðfélagi. Hann er sjálfsagt ágætur maður, en ekki dettur mér í hug eitt einasta augnablik að halda að þetta sé fyrst og fremst honum að þakka. Það er auðvitað að þakka öllum sem að þessu komu og það var ekki hægt að gera þessa samninga nema ríkisstjórnin kæmi þar inn í.

Í þetta sinn ætla ég að láta þetta nægja. Ég á kannski eftir síðar að rifja upp söguna vegna þess að ég skil auðvitað hv. 1. þm. Suðurl. að nú vilji hann reyna að láta fenna í sporin. Það fennir víða og rennir í slóðir. Þetta er út af fyrir sig ekkert illa hugsuð leið ef menn treysta á að fólkið í landinu sé mjög gleymið.

Ég vil endurtaka það, virðulegi forseti, ég harma það að forsrh. sé ekki hér við þessa umræðu. Ég þurfti við hann að tala (**Gripið fram í:** Það má kalla á hann, láta sækja hann.) og ég mun áskilja mér rétt til þess, næstu daga, að biðja um orðið um þingsköp vegna þess að hæstv. forsrh. er ekki hér við í kvöld.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt töflu er það rétt sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu og þess vegna er ekki hægt að kalla hann hér inn í salinn að svo stöddu. En það er kannski rétt að taka það fram að hæstv. viðskrh. hafði látið vita af því að hann gæti ekki komið hér fyrr en um eða upp úr hálftíu svo að hann er væntanlegur á hverri stundu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið og ekki vera hér að vitna til fortíðarinnar eins og mönnum er mjög tamt úr þessum ræðustól, bæði hæstv. ráðherrum og alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. og öðrum þingmönnum.

Málið er í raun ósköp einfalt í mínum huga. Hér hafa verið gerðir kjarasamningar sem geta, ef rétt er á málum haldið, orðið tímamótasamningar. Það á framtíðin að vísu eftir að leiða í ljós. Hér hafa tekist samningar þar sem launafólk hefur í raun tekið á sig kjaraskerðingu, kaupmáttarskerðingu upp á um 1%. Bara það eitt út af fyrir sig eru að sjálfsögðu tímamót. Það sem þarf að tryggja er að sjálfsögðu það að ríkisvaldið standi við sinn þátt í þessum samningum. Það er kannski meginákyggjuefnið þessa dagana því reynslan hefur leitt það í ljós að í gegnum tíðina hefur ríkisvaldið sí og æ komið aftan að launafólki eftir að gerðir hafa verið samningar. Þess vegna er það meginatriðið að tryggja að ríkisvaldið standi við gefin fyrirheit.

Það hefur hins vegar komið fram hér í dag að ríkisvaldið veit ekki enn hvernig það ætlar sér að standa við fyrirheitin. Engin svör hafa komið frá ráðherrum í þá veru. Þeir hafa hins vegar óhikað kallað eftir hugmyndum frá stjórnarandstöðu og er það náttúrlega von því að þar er helst að finna einhver úrræði. Ekki er þau að finna í herbúðum stjórnarliða.

Úrræði til niðurskurðar eða sparnaðar geta verið fjölmörg. Hér hafa verið nefnd dæmi eins og frestun á framkvæmdum við Þjóðleikhús, sem er liður sem ég get heils hugar tekið undir að þar megi spara verulegar fjárhæðir. Það hefur verið talað um Bessastaði að þar mætti spara einnig ákveðna upphæð. Undir það get ég líka tekið og sjálfsagt er hægt að spara á fleiri sviðum. Ég vil benda á eina hugmynd sem Frjálslyndi hægriflokkurinn mun setja í frumvarpsform innan tíðar. Hún er sú að afnema Tóbakseinkasölu ríkisins og færa yfir í einkageirann. Þar er hægt að spara verulegar fjárhæðir. Menn geta skoðað það dæmi þar sem verið er að flytja inn tóbak fyrir að ég hygg 600–700 millj. kr. á ári með tilheyrandi lagerkostnaði, húsnæðiskostnaði undir lager, með tilheyrandi söluliði, með tilheyrandi skrifstofufólki, með tilheyrandi dreifingarkostnaði. Allt er þetta upp á marga, marga tugi millj. kr. ef ekki hundruð til þess eins að

þjónusta tvo umboðsaðila í landinu. Hér eru hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn náttúrlega að vernda einkaframtakið umfram aðra. Þarna er hægt að spara stórar upphæðir og ég bendi hæstv. fjmrh. á að skoða þennan lið.

Í annan stað vil ég gjarnan fá upplýst hjá hæstv. fjmrh., og hefði gjarnan viljað fá það frá hæstv. forsrh. sem ekki er hér viðstaddur, en það varðar lánskjaravísitölu og aðrar vísitölur. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir undir liðnum Fjármagnskostnaður, með leyfi forseta:

„Stefnt verður að því að afnema vísitöluviðmiðanir í lánssamningum eins fljótt og unnt er. Miðað verður við að árshraði verðbólgu verði innan við 10% á sex mánaða tímabili."

Nú er það upplýst að þessir kjarasamningar munu leiða til þess, standist forsendur þeirra, að verðbólga verður hér sennilega á bilinu 6–7%. Því vildi ég gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann hyggst virða málefnasamninginn og hvort við megum þá búast við því að vísitöluviðmiðanir verði teknar úr sambandi. Það er afar brýnt að fá hér upplýst hvort ríkisstjórnin hyggst standa við stóru orðin varðandi vísitölur eður ei.

Hæstv. forseti. Eins og ég segi: Málið er afar einfalt í mínum huga. Það hafa verið gerðir kjarasamningar og til þess að þeir fái staðist þarf ríkisvaldið að standa við sitt. Um þetta mál hef ég ekki fleira að segja.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrri ræðumönnum í þessari umræðu hefur orðið tíðrætt um að hér hafi verið gerðir tímamótasamningar. Það er auðvitað nú eins og endranær að sagan ein getur skorið úr því hvort þeir kjarasamningar sem undirritaðir voru í síðustu viku muni marka tímamót í íslenskum efnahagsmálum með því að binda endi á það langvarandi verðbólguskeið sem hér hefur staðið. Hvað sem þessum væntanlega úrskurði sögunnar líður er þó alveg víst að þessir samningar eru sögulegir fyrir það að þeir fela í sér markvissa viðleitni til að ná verðbólgu niður í lægri tölur en dæmi eru um í tvo áratugi. Með þessum samningum hafa samtök atvinnurekenda viðurkennt að verðbólgan sé versti óvinur fyrirtækjanna og að það dugi ekki að vísa óraunhæfum kjarasamningum til stjórnvalda til úrlausnar. Samtök launafólks hafa viðurkennt í verki að varanlegar kjarabætur fylgja ekki launahækkunum sem jafnharðan eru teknar til baka með verðbólgu. Þessir aðilar hafa nú bundist samtökum um að vinna að framgangi stærsta sameiginlega hagsmunamáls síns, að kveða niður verðbólguna. Leggja þeir þannig grunn að efnahagsframförum og félagslegum umbótum. Forustumenn samtaka launafólks og atvinnurekenda eiga vissulega mikið hrós skilið fyrir að eiga frumkvæði að þessari merkilegu, þjóðfélagslegu tilraun. Ég vil hér sérstaklega nefna forustu Verkamannasambandsins og forustu Alþýðusambandsins. Það vita þeir sem hafa komið nærri kjarasamningum að slíkur árangur næst ekki nema með mikilli fyrirhöfn, ekki nema með starfi fjölda manna. Það kom fram hér áðan í máli hv. 4. þm. Reykn. hversu margir hafa hér lagt hönd á plóg. Það er því mikið í húfi að þessi tilraun takist og það er að nokkru leyti á okkar ábyrgð alþm. að sjá til þess að hún geri það.

Þótt aðilar vinnumarkaðarins eigi auðvitað mestan heiður af nýgerðum kjarasamningum er hlutur stjórnvalda ósmár. Ég nefni í fyrsta lagi beinan þátt ríkisstjórnarinnar í lokagerð samninganna. Ríkisstjórnin hefur, eins og forsætisráðherra gerði hér rækilega grein fyrir, samþykkt ýmsar ráðstafanir til að halda aftur af hækkun verðlags. Þar á meðal hefur hún aukið niðurgreiðslur vöruverðs til að lækka búvöruverð þrátt fyrir að svigrúm í ríkisfjármálum sé lítið sem ekkert um þessar mundir. Það er því mjög mikilvægt að ríkisfjármálin verði tekin föstum tökum í kjölfar samninganna og það er æskilegt að einn liðurinn í þeirri viðleitni verði endurskoðun búvöruverðs og fyrirkomulags ákvarðana verðs á búvörum. Í þessu felst reyndar endurskoðun á stefnunni í landbúnaðarmálum í átt til aukinnar hagkvæmni. Samningsaðilarnir hafa sýnt þessu máli mikinn skilning og það er mikilvægt að um þau málefni takist þjóðarsátt. Þetta nefni ég í fyrsta lagi.

En ég nefni í öðru lagi, og það skiptir reyndar miklu meira máli, og það er að það er stefna þessarar ríkisstjórnar í efnahagsmálum frá því haustið 1988 sem hefur skapað forsendur fyrir því að unnt væri að gera þá kjarasamninga sem nú hafa orðið að veruleika. Ég bið menn einungis að velta því fyrir sér hvort nokkur von hefði verið til þess að slíkir samningar hefðu náðst ef ekki hefði fyrst tekist hægum en öruggum skrefum að lagfæra rekstrargrundvöll höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Gengisfellingarleiðin, sem sjálfstæðismenn mæltu með haustið 1988, hefði aldrei getað leitt til þeirrar niðurstöðu sem nú hefur fengist. Það er reyndar hin hægfara leiðrétting raungengisins sem hefur lagt grundvöllinn að þessu samningum.

Ég minni á þetta m.a. af því að hv 1. þm. Suðurl. og formaður Sjálfstfl. hefur hér í þessari umræðu sagt að þessir samningar gangi þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar. Hann gekk meira að segja svo langt að kalla þessa kjarasamninga varnarsigur gegn stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er fjarstæðukennt tal. Ég skil vel að formaður Sjálfstfl. eigi í vandræðum með að túlka þessa merku kjarasamninga sér og sínum flokki í hag. Hvers vegna er það? Það er af því að þessir samningar eru rökrétt framhald af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markvisst fylgt frá því að hún tók til starfa haustið 1988 og markaði reyndar á ný á liðnu hausti þegar Borgfl. bættist í hana.

Að kalla ábyrgustu og raunhæfustu kjarasamninga sem gerðir hafa verið hér um áratuga skeið varnarsigur gegn stefnu ríkisstjórnarinnar lýsir í reynd rökþrotum. Hins vegar má gjarnan hrósa hv. 1. þm. Suðurl. fyrir það að hann hefur ekki unnið gegn því að slíkir samningar tækjust. Þvert á móti hefur hann mælt með slíkum samningum. Fyrir það á hann heiður skilið. Að því leyti hefur hann metið stöðuna

fullkomlega rétt. Samningarnir hafa náðst nú vegna þess að almenningur hefur séð að við höfum einfaldlega ekki efni á því að gera ekki slíka tilraun, tilraun til þess að koma verðbólgu á Íslandi niður á stig nágrannalandanna til þess að reyna að koma hér á þeim stöðugleika í hinu efnahagslega umhverfi atvinnulífsins að mönnum gefist ráðrúm til þess að koma við skipulagsumbótum í atvinnurekstri og reyndar leggja grunn að félagslegum umbótum.

Við getum gert þá tilraun í huganum að prófa hvernig þeim, sem segja að það sé stjórninni ekki að þakka að þessir samningar náðust, hefði orðið við hefðu samningarnir ekki náðst. Ætli stjórnvöldum hefði þá ekki verið kennt um og ábyrgð þeirra verið talin mikil á því ástandi sem þá hefði skapast? En auðvitað er björninn ekki unninn þótt kjarasamningarnir hafi verið undirritaðir. Það er ýmislegt sem þarf til að koma til þess að nýgerðir samningar marki þau tímamót sem e.t.v. er nú tækifæri til að ná. Stjórnvöld, samtök launafólks og atvinnurekenda, opinber fyrirtæki og fjármálastofnanir, þurfa að vinna ötullega saman að því að forsendur kjarasamninganna haldi. Það væri til lítils unnið ef aðhaldsleysi í ríkisfjármálum, peningamálum eða gengismálum græfi undan markmiðum kjarasamninganna á næstu missirum. Þess vegna vil ég segja það hér að ég tel þau orð hv. 1. þm. Suðurl. sem að því viku að hann byði samstarf um lausn á ríkisfjármálavandanum einkar athyglisverða yfirlýsingu.

Hér í umræðunum hefur nokkuð verið vikið að vaxtamálum og það er að vonum því að bankarnir og vextirnir hafa einatt verið blóraböggull í umræðum um íslensk efnahagsmál. Nú bregður hins vegar nýrra við því viðskiptabankar og sparisjóðir hafa vissulega lagt sitt af mörkum til þess að þessir kjarasamningar næðust með því að lýsa yfir að þeir mundu standa að skjótari vaxtalækkun í kjölfar nýrra samninga en ella hefði getað orðið. Þeir hafa gert meira en að lýsa þessu yfir. Þeir hafa framkvæmt slíka lækkun um síðustu mánaðamót. Að baki þessum breytingum býr að sjálfsögðu betra jafnvægi og aukinn sveigjanleiki á fjármagnsmarkaði, en það eru einmitt þessir eiginleikar sem munu tryggja góðan árangur á þessu sviði eins og á öðrum sviðum efnahagsmála. Bankar og sparisjóðir fóru einnig fram á það, eftir viðræður við samningsaðilana og viðskrn., að efna skyldi til sameiginlegrar athugunar og aðgerða bankakerfisins og ríkisstjórnarinnar í því skyni að tryggja að vaxtalækkun til samræmis við ört lækkandi verðbólgu fengi staðist til lengdar. Ríkisstjórnin varð auðvitað þegar við þessu og strax 31. jan., áður en samningarnir tókust, skipaði ég sérstakan starfshóp til að kanna leiðir til þess að ná þessu marki, en það er einmitt ein af höfuðforsendum kjarasamninganna að dregið verði úr fjármagnskostnaði fólks og fyrirtækja. Ríkisstjórnin mun beita sér af krafti fyrir því að það takist.

Hér var að því vikið af hálfu hv. 5. þm. Vesturl. og fyrr af hálfu hv. 6. þm. Norðurl. e. hvað verða mundi með breytingar á vísitöluviðmiðunum á fjármagnsmarkaðinum. Í því sambandi vil ég vitna til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá því í haust og samkomulags frá 10. sept. sem þá var gert vegna þess að menn hafa kannski ekki alltaf gætt þess að vitna í alla yfirlýsinguna um þetta efni en hún er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnt verður að því að afnema innlendar vísitöluviðmiðanir í lánssamningum eins fljótt og unnt er. Miðað verður við að árshraði verðbólgu verði innan við 10% á sex mánaða tímabili. Vísitölutenging fjárskuldbindinga til langs tíma verður athuguð sérstaklega og þess gætt að markaðsstaða spariskírteina ríkissjóðs veikist ekki. Áfram verður heimilt að gengistryggja lánssamninga."

Þetta er yfirlýsingin og að sjálfsögðu verður að henni hugað um leið og við hyggjum að því að laga íslenska fjármagnsmarkaðinn að breyttum aðstæðum í Evrópu, m.a. með því að rýmka heimildir innlendra aðila til þess að eiga viðskipti við erlenda banka án ríkisábyrgðar og njóta þaðan fjármagnsþjónustu. Þannig fá innlendar lánastofnanir aðhald. En það er einmitt einn af kostum þeirra kjarasamninga sem nú hafa verið gerðir að færi gefst til slíkra skynsamlegra skipulagsbreytinga í okkar efnahagsmálum.

Virðulegi forseti. Það sem er örugglega sögulegt við þá samninga sem nú hafa náðst er það að nú hefur tekist með frjálsum ákvörðunum, bæði á vinnumarkaði og fjármagnsmarkaði, að nálgast langþráð efnahagslegt jafnvægi. Það er mikið fagnaðarefni að það skuli hafa tekist að koma á slíkri samstillingu meginstærðanna í þjóðarbúskapnum án lögþvingunar. Þetta er lýðræðislegur sigur, sigur fyrir valddreifingarstefnuna. Ríkisstjórninni hefur tekist að búa þau almennu skilyrði sem þarf til þess að aðilarnir á vinnumarkaðnum treysti sér til að taka raunhæfar ákvarðanir á eigin ábyrgð. Það er eins og nú hafi tekist að koma málum svo fyrir að menn treysti hver öðrum. Það er aðal góðra stjórnarhátta en ekki sköruleg valdbeiting. Það er von að allir vilji þá Lilju kveðið hafa. Ég segi reyndar eins og sagt var í frægum ritdómi: Loksins, loksins!

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. viðskrh. fór nokkrum orðum um það í ræðu sinni að sumum reyndist erfitt að eigna sér þessa kjarasamninga. Ég er nú þeirrar skoðunar að kjarasamningar verði aldrei eignaðir öðrum en þeim sem aðild eiga að þeim, launþegum og vinnuveitendum. Hversu oft sem stjórnvöld hafa, vegna óska þessara aðila, þurft að koma til samninga, þá er niðurstaða þessara samninga á ábyrgð aðilanna sjálfra og verður ekki eignuð öðrum.

Þegar hæstv. viðskrh. heldur því síðan fram að það sé rangt að launafólkið hafi unnið varnarsigur gegn stjórnarstefnunni skýtur nokkuð skökku við. Ég skil hins vegar hæstv. ráðherra. Auðvitað þarf hann að freista þess að grípa til varna fyrir þá ríkisstjórn sem hann situr í. Hitt liggur fyrir að núv. hæstv. ríkisstjórn samþykkti fjárlög á tilteknum efnahagslegum forsendum og gaf út þjóðhagsáætlun á tilteknum efnahagslegum forsendum, þ.e. stefnu ríkisstjórnarinnar

í efnahags- og fjármálum. Þar var ráð fyrir því gert að kaupmáttur launafólks mundi rýrna um 5% á þessu ári, fimm sinnum meira en áætlað fall landsframleiðslu nemur. Það sem launafólkið hefur gert í þessum kjarasamningum er að koma í veg fyrir þetta mikla kaupmáttarhrap, svona langt umfram fall landsframleiðslunnar, og ná um það samningum við atvinnurekendur. Ég segi: Þetta er varnarsigur gegn ríkisstjórnarstefnunni sem svo nýlega hefur verið birt og ákveðin hér á hinu háa Alþingi af stjórnarmeirihlutanum. Hæstv. ráðherrar mega svo kalla hlutina hvaða nafni sem þeir vilja. Þetta eru hins vegar þær einföldu staðreyndir sem við blasa.

Það vakti hins vegar mesta athygli í þessum umræðum að hæstv. forsrh. skyldi ekki við upphaf þeirra svara þeim spurningum sem helst brenna á ríkisstjórninni og því síður gerði hæstv. fjmrh. það í sinni ræðu. Miklu fremur var hún einhvers konar veruleikaflótti. Þegar hæstv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir því að geta ekki svarað hinu háa Alþingi né heldur fólkinu í landinu þeim tilteknu ákveðnu spurningum sem að henni er beint vegna þessara samninga fer hæstv. fjmrh. á sitt heföbundna flug aftur í tímann með hinum heföbundnu upprifjunum og rangfærslum um atburði á liðnum tíma af því að hann getur engu svarað um þá hluti sem hæstv. ríkisstjórn á að svara í nútímanum. Það er venja fjölmiðla að flytja þessa ræðu hæstv. fjmrh. aftur og aftur með öllum rangfærslunum og væri sannarlega ástæða til að fara nokkrum orðum af þeim sökum um liðna atburði, um fyrri samninga aðila vinnumarkaðarins og samskipti þeirra við stjórnvöld vegna þeirra rangfærslna sem hæstv. fjmrh. hefur haft í frammi.

Við búum í nokkuð flóknu þjóðfélagi og við búum við ákveðna erfiðleika í íslenskri hagstjórn. Það sem hefur lengi hrjáð okkur eru mjög tíðar sveiflur, sveiflur í aflabrögðum og sveiflur í markaðsverði á erlendum mörkuðum. Þessar sveiflur hafa komið með ákveðnu millibili og stundum orðið til þess að hér hafa orðið krappar lægðir í efnahagslífinu. Þegar hæstv. fjmrh. talar um liðna tíð gleymir hann alltaf þessum meginvanda í íslensku efnahagslífi og það er ákaflega tilgangslítið að setja hér á stólparæður ef menn vilja ekki horfast í augu við þennan veruleika sem við höfum verið að glíma við og verðum væntanlega að glíma við um mörg ókomin ár.

Af hálfu hæstv. fjmrh. var minnst á aðstöðu atvinnuveganna á árinu 1988 og sannarlega var hún erfið, en hvers vegna? Hvers vegna voru útflutningsatvinnugreinarnar í þeirri erfiðu stöðu sem raun ber vitni á því ári? Um það er ekki deilt að það var ærinn vandi sem atvinnugreinarnar stóðu frammi fyrir, og ekki síst útflutningsgreinarnar. Það sem gerst hafði var þetta: Á haustmánuðum 1987 byrjaði þróun sem er ekki ókunn í okkar hagkerfi. Bandaríkjadalur byrjaði að falla og verð á erlendum mörkuðum fór lækkandi og þessi þróun hélt áfram, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, fram á haustið 1988. Það seig stöðugt á ógæfuhliðina vegna þessara ytri skilyrða útflutningsframleiðslunnar. Og vandinn varð meiri og meiri eftir því sem mánuðirnir liðu. Á sama tíma stóðum við frammi fyrir því að kjarasamningar voru opnir, og sú ákvörðun var tekin haustið 1987 í samráði við forustumenn útflutningsgreinanna að breyta ekki gengi íslensku krónunnar til samræmis við þá nýju stöðu sem upp var komin fyrr en í tengslum við niðurstöðu kjarasamninga. Þetta gerðist í febrúarmánuði árið 1988. Þá náðust kjarasamningar og í beinum tengslum við þá var ákveðin breyting á gengi krónunnar. Þær forsendur sem lágu til grundvallar þessari niðurstöðu héldu svo áfram að breytast. Bæði hélt verðið áfram að lækka og bandaríkjadalur áfram að lækka og þær kauphækkanir sem um var samið í febrúar 1988 reyndust þegar komið var undir vor miklum mun meiri. Þetta var sá vandi sem útflutningsgreinarnar stóðu frammi fyrir.

Um það var hins vegar ágreiningur í þáv. ríkisstjórn hvernig við ætti að bregðast. Mitt mat var það að ekki væri unnt að taka á þessum vanda á annan veg en að breyta gengi krónunnar. Ég hygg að það verði engin dæmi fundin um það að sjálfstæðismenn í þáv. ríkisstjórn hafi flutt um það tillögur að fara hér einhverjar gengiskollsteypuleiðir. Þær tillögur eru ekki til. En skýrt vildum við bregðast við á þann veg að breyta gengi krónunnar því að á annan hátt var ekki unnt að koma við þeirri leiðréttingu sem nauðsynleg var. Um þetta varð ágreiningur í maí og aftur haustið 1988 þegar við sjálfstæðismenn lögðum til að gengi krónunnar yrði breytt en framsóknarmenn höfnuðu því alfarið og sögðu að það kæmi ekki til greina og sömuleiðis Alþfl. Það var grundvöllur stjórnarsamstarfs við Alþb. sem fór þó mörgum orðum um hversu fráleitt það væri að breyta gengi krónunnar til þess að mæta þessum vanda, algjörlega fráleitt. Og það voru haldnar hér fjölmargar ræður, og ekki síst kom hæstv. fjmrh. þar við sögu, sem allar gengu í þá átt að það væri glæpi næst að breyta gengi krónunnar. En hvað segir nú þessi hæstv. fjmrh.? Það sem skapaði skilyrði fyrir þessum samningum var það að gengi krónunnar hefur verið breytt. Hæstv. ríkisstjórn féllst á endanum á að þetta sjónarmið var rétt. Það var ekki unnt að bæta raunverulega rekstraraðstöðu sjávarútvegsins með skuldbreytingum einum saman, hvað þá heldur öllu sjóðafarganinu sem upp var komið. Hinn raunverulegi rekstrarbati fékkst ekki fyrr en ríkisstjórnin áttaði sig á því að það varð að breyta gengi krónunnar. Og nú viðurkennir hæstv. fjmrh. þetta. Þetta eru nú staðreyndir málsins sem fyrir liggja, um afkomu atvinnuveganna og orsökina fyrir erfiðleikunum á þeim tíma. Það er auðvitað fráleitt að hlusta sí og æ á þessa endurteknu ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann lokar augunum fyrir þessum staðreyndum. Og það er auðvitað fráleitt að fjölmiðlar skuli endurflytja þessar rangfærslur nánast vikulega vitandi um það að staðreyndir málsins voru aðrar.

Því hefur stundum verið haldið fram að háir vextir hafi einir valdið erfiðleikum sjávarútvegsins á þessum tíma, jafnvel af mönnum sem ættu að vita meira og betur um það hvað gengi bandaríkjadals og verð á

erlendum mörkuðum þýðir fyrir íslenska útflutningsframleiðslu. En hverjar eru nú staðreyndirnar í þessu? Í skýrslu Seðlabankans frá því í nóvember sl. kemur fram að raunvextir sjávarútvegsins á síðasta ári, miðað við innlent verðlag, hækkuðu verulega frá því sem var á árinu 1988, úr 10,8% í 13,3% ef ég man rétt. Raunvextir sjávarútvegsins hækkuðu verulega á síðasta ári svo að ekki er þar um að kenna vanda sjávarútvegsins frá því á haustmánuðum 1987 og fram á haustið 1988. Það er kominn tími til þess að villandi umræðum og rangfærslum um þetta efni linni og það er engin ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh., þegar hann, af því að hann á ekki svör við þeim spurningum sem uppi eru í nútímanum, þarf að fara á handahlaupum aftur í tímann, að beita brögðum eða meðulum af þessu tagi.

Það var einnig á það minnst að aðilar vinnumarkaðarins hefðu lagt á það áherslu við gerð þessara kjarasamninga að gera ekki sömu mistökin og 1986. Að vísu eru aðstæður allt aðrar nú en þá, kannski fyrst og fremst vegna þess að nú eru gerðir kjarasamningar í kreppu. Þá voru gerðir kjarasamningar í mikilli uppsveiflu og hver maður sér að aðstæður eru allt aðrar þegar þannig stendur á. Þá beitti ríkisstjórnin sem þá sat sér fyrir því að skattar voru beinlínis lækkaðir sem þáttur í kjarasamningum. Niðurstaðan af þessu öllu saman varð hins vegar sú að laun hækkuðu á þessu ári langt umfram það sem kjarasamningar gerðu ráð fyrir og eftir á að hyggja, þegar sú staðreynd er ljós að launin hækkuðu um 40% þegar menn gerðu ráð fyrir því að launin hækkuðu um 7%, geta menn sagt sem svo: Kannski var það ekki hyggilegt af ríkissjóði að ganga með þessum hætti til móts við aðila vinnumarkaðarins. En um það var ekki deilt á þeim tíma að það hafi verið skynsamleg ákvörðun stjórnvalda, enda samþykkt einu hljóði hér á hinu háa Alþingi.

Ekki ætla ég að skorast undan ábyrgð á þeim ákvörðunum sem þáv. ríkisstjórn tók. Hitt er auðvitað spaugilegt að hæstv. fjmrh. skuli hvað eftir annað ganga fram í því efni að gera jafnlítið úr núverandi hæstv. forsrh. og raun ber vitni, með öðrum orðum, að halda því fram að hann hafi setið í páv. ríkisstjórn eins og viljalaust verkfæri sem engu hafi ráðið og engu hafi um þokað. Ég skil nánast ekki langlundargeð formanns Framsfl. að sitja undir endurteknum ávirðingum hæstv. fjmrh. um það að í öllum fyrri ríkisstjórnum, sem núverandi formaður Framsfl., hæstv. forsrh., hefur átt sæti í, hafi hann engu ráðið og verið viljalaust verkfæri þeirra sem með honum sátu. Það er mikið langlundargeð að sitja undir hverri ræðunni á fætur annarri af þessu tagi frá fjmrh. sínum. Ég kemst ekki hjá því af þessu tilefni, sem hæstv. fjmrh. gaf, að rifja aðeins upp viðhorf formanns Framsfl., páv. og núv. hæstv. forsrh., vegna þess að þau sýna að honum var a.m.k. ekki sama um það hver ábyrgð bar á ríkisstjórn á þeim tíma og á þeim ákvörðunum sem teknar voru. Á flokksþingi framsóknarmanna skömmu eftir að kjarasamningarnir voru gerðir komst formaður Framsfl. svo að orði, með leyfi forseta:

„Samþykkt var að taka þátt í sameiginlegu átaki vinnumarkaðarins og stjórnvalda til þess að draga verulega úr verðbólgu. Í því skyni var boðið að meðalgengi íslensku krónunnar yrði sem stöðugast allt þetta ár, að tekjuskattar yrðu lækkaðir til samræmis við minni verðbólgu og sveitarfélög hvött til að gera hið sama. Því var heitið að nafnvextir yrðu lækkaðir strax í kjölfar kjarasamninga og sömuleiðis gjaldskrár opinberra fyrirtækja. Að ósk aðila vinnumarkaðarins var þetta svo nánar útfært með minnisblaði dags. 11. febr."

Ég hygg að ýmsir muni sjá af þessum orðum að nokkur hliðstæða var með þeim yfirlýsingum sem formaður Framsfl. gaf í stóli forsrh. þá og nú. En líka á þessum tíma kom upp spurningin hver ætti krógann. Morgunblaðið tók upp á því að eigna forystu Sjálfstfl. eitthvað meira í þessari niðurstöðu en góðu hófi þótti gegna og af þeim sökum komst formaður Framsfl. svo að orði í áðurnefndri ræðu:

„Hins vegar þykja mér fullyrðingar í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sl. sunnudag ákaflega barnalegar. Þar er sagt að frumkvæði að þeirri lausn sem nú fékkst sé komið frá formanni Sjálfstfl. Með tilvísun til þess sem ég hef nú rakið og reyndar þess sem alþjóð veit um stjórnarmyndunina og stefnu Sjálfstfl. þykja mér þetta furðulegar niðurstöður. Ég fagna því hins vegar að sjálfstæðismenn hurfu frá yfirlýstri stefnu sinni um afskiptaleysi stjórnvalda. Án þess hefðu samningarnir að sjálfsögðu aldrei náðst."

Af þessum tilvitnuðu ummælum má sjá að formaður Framsfl. hefur nokkrar áhyggjur af því þegar því er haldið fram að hann beri ekki fulla ábyrgð á þeim kjarasamningum sem gerðir voru 1986 og ákvörðunum þeirrar ríkisstjórnar í tengslum við þá samninga sem teknar voru. Af þessum ummælum má sjá að hann er viðkvæmur fyrir árásum af því tagi sem Morgunblaðið á þeim tíma og hæstv. fjmrh., nú nánast vikulega, dengja yfir hann, að hann hafi engu ráðið og verið áhrifalaus í þeirri ríkisstjórn. Og það er til umhugsunar og nokkurrar eftirbreytni fyrir hæstv. fjmrh.

Og nú er spurt: Var eðlilegt, miðað við efnahagslegar forsendur á þeim tíma, að gera kjarasamninga af þessu tagi sem hæstv. fjmrh. telur að hafi verið hið mesta glapræði? Og hver var niðurstaða formanns Framsfl. sem leiðir þá ríkisstjórn sem hæstv. fjmrh. situr í, a.m.k. að formi til. Niðurstaða hans var þessi, svo að ég vitni enn í nefnda ræðu:

„Nú er eðlilegt að menn spyrji hvort þjóðarbúið þoli svo mikla hækkun á ráðstöfunartekjum og þá einkaneyslu sem því mun fylgja. Þjóðhagsstofnun telur að þjóðarútgjöldin muni hækka um allt að 3% á árinu í stað 1% sem áður var talið hámark. Miðað við auknar þjóðartekjur á það þó að vera þolanlegt. Innflutningur mun að sjálfsögðu aukast með auknum kaupmætti. Vegna meiri útflutnings og betri viðskiptakjara er þó talið að viðskiptahalli verði minni á árinu 1986 en á árinu 1985, líklega 3% landsframleiðslu í stað 4,5%. Þessi viðskiptahalli þýðir að erlendar skuldir vaxa lítillega en greiðslubyrðin á reyndar að verða heldur léttbærari vegna aukningar þjóðartekna."

Hér vitnar hæstv. forsrh. til umsagnar Þjóðhags-

stofnunar, núverandi hæstv. viðskrh., um að þetta hafi verið eðlilegt, að taka þær ákvarðanir sem teknar voru, miðað við það útlit sem menn þóttust sjá um gang efnahagsmála á því ári. Árásir hæstv. fjmrh. beinast því einnig að páv. og reyndar núv. forstjóra Þjóðhagsstofnunar, hæstv. viðskrh. sem lagði formanni Framsfl. til þetta efnahagslega mat á aðstæðunum. Ég held þess vegna að hæstv. fjmrh. ætti að fara að spara sér þessar sögulegu upprifjanir vegna þess að staðreyndir allra þessara mála frá þessum tíma sýna að engin rök eru á bak við hans stóru orð. Það er auðvitað hægt í einhverjum leikaraskap að fjalla á þann veg um efnahagsmál sem hann gerir, en það þjónar engum raunhæfum tilgangi á Alþingi Íslendinga.

Ég ætla líka að minna hér á að í nýútkomnum tíðindum Vinnuveitendasambandsins, þar sem verið er að bera þessa kjarasamninga saman við samninganna frá 1986, er réttilega á það minnst að sömu mistökin mega ekki endurtaka sig. Og hvaða mistök eru það sem Vinnuveitendasambandið leggur áherslu á í sínu fréttabréfi að megi ekki endurtaka sig? Að genginu verði haldið stöðugu eftir að allt annað er komið úr böndum. Og það er einmitt um þetta sem höfuðágreiningurinn var, að breyta ekki genginu í tæka tíð. Það er þetta sem Vinnuveitendasambandið er að benda á. Um þetta var auðvitað ágreiningur og Vinnuveitendasambandið hefur alveg laukrétt fyrir sér í því að það var mikill misskilningur hjá forustumönnum núverandi stjórnarflokka að draga gengisbreytinguna.

Hæstv. fjmrh. fór svo nokkrum orðum um það að ég hefði komist þannig að orði að aðilar vinnumarkaðarins hefðu lagt nýjan efnahagsgrundvöll og svo vildi til að einmitt hann hafði notað þetta sama orð og ályktunin sem hann dró var sú að það hlyti að vera svo að hann væri höfundur að öllu saman vegna þess að hann hefði notað þetta orð þegar hann kynnti fjárlögin. Fjárlögin voru bara óvart kynnt með efnahagsforsendum sem byggðu á tvöfalt meiri verðbólgu en aðilar vinnumarkaðarins hafa með kjarasamningum gert mögulegt að verði á þessu ári og fjárlagafrv. byggði á því að kaupmáttarskerðingin yrði 5% meiri en raun verður á eftir gerð þessara kjarasamninga.

Hinn nýi grundvöllur varð ekki til í veruleikanum fyrr en aðilar vinnumarkaðarins höfðu gert þennan samning. Það stendur þess vegna alveg óhaggað að þá fyrst verður hinn nýi grundvöllur til er þeir hafa undirritað sína samninga. Sá grundvöllur sem hæstv. fjmrh. lagði í fjárlagafrv. var þess eðlis að aðilar vinnumarkaðarins sögðu: Við þolum þetta ekki og ætlum okkur ekki að sætta okkur við þetta. Við ætlum okkur að sníða þennan ramma með öðrum hætti. Það var niðurstaða aðila vinnumarkaðarins og þeir lögðu nýjan grundvöll.

Það er svo svolítið broslegt þegar hæstv. fjmrh., sem hefur þá stjórnskipulegu skyldu að leggja hér tillögur fyrir Alþingi um fjárlög og um viðbrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins ef það gengur ekki eftir sem fjárlög gera ráð fyrir, skuli hefja hér árásir á stjórnarandstöðuna fyrir að hafa ekki komið fram með niðurskurðartillögur vegna þessara kjarasamninga. Þjóðin beið eftir því að hann gerði grein fyrir því. Þjóðin stóð í þeirri meiningu að formaður Alþb. væri fjmrh. Nei, nei, honum datt ekki í hug að það væru skyldur hans sem fjmrh. að gera þinginu grein fyrir viðbrögðum ríkisstjórnarinnar við því sem fram hefur komið, vanáætlunum við gerð fjárlaga og nokkurri aukningu útgjalda í tengslum við kjarasamninga. Það stendur hins vegar af okkar hálfu, sjálfstæðismanna, að við erum tilbúnir að taka þátt í þeirri vinnu. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það er ekki einfalt verk fyrir eina ríkisstjórn að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin, játa að fjárlögin hafi verið ákveðin með vanáætlunum og takast á hendur nýjar skuldbindingar.

Ég hygg að staðan í íslensku þjóðfélagi í dag sé sú að horft verði til þess hvernig menn bregðast við. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um þessi efni. Sjálfstfl. er tilbúinn til slíkrar vinnu ef áhugi er á því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Sá áhugi kom fram í máli hæstv. viðskrh. en hæstv. fjmrh. vísaði öllu slíku á bug. Hæstv. ríkisstjórn verður svo að gera það upp við sig hvert hún vill halda eftir að tveir hæstv. ráðherrar hafa í þessu efni gengið í gagnstæðar áttir.

Það er hins vegar svolítið broslegt að hlusta á hæstv. fjmrh. tala af slíkri kokhreysti sömu daga og tveir af flokksbræðrum hans í ríkisstjórninni eru uppi með miklar yfirlýsingar í þessu efni. Annar segir: Ekki ég, það kemur ekki til greina að skera niður í mínu ráðuneyti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði sérstakar athugasemdir við afstöðu ráðherra sem þannig tala og ég skildi hann ekki betur en svo að hann teldi það vera býsna mikið ábyrgðarleysi af hálfu ráðherra að lýsa því yfir fyrir fram að tiltekin verkefni á hans sviði kæmu bara ekki til greina þegar taka þyrfti á vanda ríkissjóðs. Það hefði verið ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að fjalla nokkuð um þetta og það hefði verið ástæða fyrir hæstv. fjmrh. sem hefur staðið fyrir verulegum niðurskurði á framlagi til vegamála að fjalla nokkuð um hinar stórbrotnu yfirlýsingar um það að flýta jarðgangagerð við þessar aðstæður sem hæstv. samgrh., varaformaður Alþb., hefur verið að boða undanfarna daga. (**Gripið fram í:** Síðast í kvöld.) Síðast í kvöld með sérstakan fund á sama tíma og hæstv. fjmrh. á að standa hér á hinu háa Alþingi og gera grein fyrir viðbrögðum ríkisstjórnarinnar, þá er varaformaður Alþb. að halda fundi og lofa því að flýta jarðgangagerð. Það hefði verið ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að gera svolitla grein fyrir þessum aðstæðum innan ríkisstjórnarinnar frekar en að hverfa aftur í tímann með rangfærslur og upplognar sakir.

Það var svo svolítið broslegt að hlusta á hæstv. fjmrh. halda því fram að hann væri alveg saklaus af því að hafa ákveðið lög, ákveðið kaupgjald með lögum. Hann gekk inn í núverandi hæstv. ríkisstjórn á þeirri forsendu að ákveða kaup með lögum. Það var forsenda fyrir þeirri stjórnarmyndun að kaup væri

bundið með lögum. Svo kemur hér formaður Alþb. og slær sér á brjóst að það sé nú eitthvað annað uppi á teningnum hjá þessari hæstv. ríkisstjórn en það sem var 1988. Þá hafi þessi óskaplega vondi maður Þorsteinn Pálsson staðið fyrir því að binda allt kaupgjald með lögum en sjálfur lagði hann það sem forsendu að ríkisstjórnarsamstarfi að binda kaup með lögum. En hann var ekki að fjalla um það, hann var ekki að taka það fram. Það hentaði ekki í þeim leikbrögðum sem fram fóru.

Að lokum nokkur orð varðandi vexti. Ég gerði það efni að nokkru umtalsefni í fyrri ræðu minni hér í kvöld. Ég endurtek að ég lít svo á að með þessu samkomulagi séu veruleg tímamót í þeim efnum vegna þess að nú sé miklu víðtækari samstaða í þjóðfélaginu um markaðsákvörðun vaxta en áður var og engin mótmæli gegn þeirri skipan og þær raddir þagnaðar sem hæst töluðu gegn áður. Hæstv. viðskrh. vék hér nokkrum orðum að því að hann hefði sett á fót starfshóp til þess að vinna með bönkunum í þeim tilgangi að mæta erfiðleikum þeirra vegna nýrra aðstæðna í kjölfar lækkandi verðbólgu. Á minnisblaði sem skrifað hefur verið af þessu tilefni er m.a. talað um að þessi starfshópur eigi að fjalla um að aukin verði gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá í stað vaxtamunar, m.a. á sviðum þar sem þjónusta er nú veitt ókeypis eða seld undir kostnaðarverði.

Nú er það svo að í ýmsum tilvikum er eðlilegt að tekin séu sérstök gjöld fyrir þjónustu bankanna í stað þess að vaxtamunur sé látinn halda henni uppi. Eftir sem áður er um að ræða fjármagnskostnað og nú væri rétt að fá nokkrar skýringar á því hvernig þetta kemur heim og saman við fyrirheit um lækkun á raunvaxtakostnaði því útilokað er annað en að taka þessi þjónustugjöld með í þann reikning.

Það er líka á það fallist á þessu minnisblaði að ræða sérstakan skatt af gjaldeyrisviðskiptum og afskriftareikningi útlána með tilliti til tekjuskatts og virðisaukaskatts. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn hefur fallist á það að ræða um þessa skatta væntanlega þá í þeim tilgangi að lækka þá á bönkunum. Á sama tíma kemur hæstv. fjmrh. hér og segir: Það kemur ekki til greina að falla frá skattheimtu á almenning t.d. með lækkun bifreiðagjaldanna sem eiga að hækka um 80–90% eða falla frá skattlagningunni á raforkufyrirtækin sem mun stórhækka orkuverð til almennings. Það kemur ekki til greina af hálfu hæstv. fjmrh. að falla frá þessum ákvörðunum en það er sjálfsagt að ræða við viðskiptabankana um breytingar á þeirra sköttum. Er þetta eðlileg framkoma við launafólkið í landinu við þær aðstæður sem nú ríkja og í kjölfar þessara merku samninga? Vill ekki hæstv. fjmrh. endurskoða svolítið þá neikvæðu afstöðu sem fram hefur komið af hans hálfu í þessu efni?

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsrh. hefði verið hér viðstaddur í kvöld til að hlýða á ræður manna, en hér eru mættir ráðherrar alla vega frá þeim flokkum sem vilja nú tileinka sér þessa samninga, þ.e. Alþfl. og Framsfl., þannig að ég verð að láta mér nægja að ræða við hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. um efni þessa máls.

Hér hafa verið fluttar nokkuð margar ræður og ítarlegar og það getur vel verið að sumum hv. stjórnarþm. finnist það óþarfi að hv. þm. standi hér upp og flytji ræður. Það getur vel verið að þeir séu enn þá á fjölmiðlafríki þannig að ræða hafi ekki innihald og gildi nema hún komist í fjölmiðlana á því augnabliki sem hún er flutt. Þegar verið er að ræða um samninga til 20 mánaða á hinu háa Alþingi og þegar verið er að ræða hér um — ég vildi nú, virðulegi forseti gjarnan að þótt að þingmenn þurfi að spjalla saman, þá geri þeir það alla vega í hljóði. Ég vildi einnig, forseti, árétta það sem ég sagði áðan að það getur vel verið að sú umræða sem hér fer fram hafi lítið innihald fyrir hv. stjórnarþm. Þegar maður lítur til þess að láglaunafólk, verkalýðurinn á Íslandi er að gera samninga til 20 mánaða, samninga sem fela það í sér eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. í dag að verkafólk, láglaunafólk er að staðfesta það og taka á sig 8–9% kjaraskerðingu til viðbótar þeirri óvissu sem getur fylgt samningum sem þessum, þá er það einnar messu virði hér á hinu háa Alþingi að hv. þm. ræði þessi mál allítarlega. Því að það er eins og samningamenn hafa sagt, það er ekki fyrr en við uppgjör þessa tímabils sem kemur í ljós hvort þessir samningar eru þeir tímamótasamningar eða þeir happasamningar fyrir íslenska verkalýðshreyfingu og íslenska atvinnuvegi að ástæða sé til að fagna með þeim hætti sem sumir hv. stjórnarþm. hafa gert hér í dag og mun ég víkja nokkuð nánar að því.

Áður en ég vík að efnisatriðum vildi ég ræða nokkuð um það sem hæstv. fjmrh. fjallaði sérstaklega um hér í sinni frumræðu. Að vísu hefur hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson rakið allítarlega samningana frá 1986, en ég ætla að víkja hér að einu atriði sem ég held að hæstv. fjmrh. ætti nú að hafa í huga þegar hann fjallar um samninginn í ársbyrjun 1986.

Ég man ekki betur en hans eigin flokksmenn, forustumenn í verkalýðshreyfingunni, hafi fagnað þeim samningum sem þá voru gerðir. Ég man ekki betur en að sömu menn og standa að þessum samningum nú hafi staðið að samningunum í ársbyrjun 1986 af hálfu íslenskrar verkalýðshreyfingar. Það vill svo til að þessir menn eru flokksbræður hæstv. fjmrh., alla vega tveir af þrem aðalmönnunum, þ.e. Ásmundur Stefánsson núv. og þáv. forseti ASÍ, Benedikt Davíðsson, forustumaður Sambands byggingamanna, og Guðmundur J. Guðmundsson sem var og er formaður Dagsbrúnar og Verkamannasambands Íslands. Ég minnist þess þegar þessir forustumenn kynntu þessa samninga í verkalýðshreyfingunni og töldu þá mjög merka, töldu þá tímamótasamninga svo notað sé þetta margþvælda orð, og þá töluðu þeir alveg sérstaklega um þrjá þætti í samningsgerðinni.

Í fyrsta lagi hefði unnist mikill sigur í sambandi við eflingu húsnæðismálakerfisins.

Í öðru lagi hefði fastgengisstefnan verið innsigluð að ósk og tillögu hæstv. fjmrh.

Virðulegi forseti. Ég held að það væri nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. komi nú í salinn og tylli sér í sinn eigin stól svo að hæstv. hagstofuráðherra trufli hann ekki þarna í hliðarherberginu. Nóg er nú komið í þeim efnum í þessari góðu ríkisstjórn þó að það gerist ekki. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. setjist og hlusti á mitt mál. Hann hefur fulla þörf fyrir það því að núna stendur einmitt yfir fundur í Alþb. þar sem verið er að gera út um örlög jafnvel þessara manna sem ég var að vísa til svo að ekki sé nú talað um hugsanleg örlög hæstv. fjmrh.

Ég var að rekja það, hæstv. fjmrh., að í tímamótasamningunum í ársbyrjun 1986, tímamótasamningunum sem Ásmundur Stefánsson, þáv. og núv. forseti ASÍ, kynnti verkalýðshreyfingunni og þar á meðal í því félagi sem ég er félagsmaður í, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, voru þrjú atriði sem þessi ágæti maður sagði að væru tímamótaatriði í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Í fyrsta lagi efling húsnæðismálakerfisins, í öðru lagi fastgengisstefnan og í þriðja lagi lækkun tolla. Ef maður ber þetta nú saman við það sem gerist í þessum samningum núna og menn eru að hæla sér hér af, þá er nú fyrst þess að geta að það er ekkert hliðstætt atriði við það sem heitir efling húsnæðismálakerfisins í samningunum 1986 í þeim samningum sem nú er verið að samþykkja í verkalýðshreyfingunni, ekkert. Það er ekki eitt einasta atriði sem hefur jafnmikið gildi fyrir hinn almenna launamann eins og húsnæðismálaþátturinn hafði í samningunum 1986.

Fastgengisstefnan er ekkert ný af nálinni. Þetta var eitt aðalatriðið í samningunum í ársbyrjun 1986 og virðist vera það líka í samingunum sem verið er að gera núna en þó ekki tryggt með sama hætti og í ársbyrjun 1986.

Varðandi lækkun tolla, ætli það sé ekki svipað og núverandi samningsatriði um vexti að öðru leyti en því að fólkið fann strax fyrir því í sinni afkomu þegar tollarnir lækkuðu í ársbyrjun 1986 en það hefur ekki enn þá fundið fyrir vaxtalækkunum og mun ekki finna fyrir bættri afkomu fyrr en löngu síðar þótt vextir kunni eitthvað að lækka á næstu mánuðum.

Í þeirri ríkisstjórn sem hæstv. fjmrh. ræðst sérstaklega að voru í ársbyrjun svo að það sé rifjað upp forsrh. Steingrímur Hermannsson, sjútvrh. Halldór Ásgrímsson og félmrh. Alexander Stefánsson. Ég verð að segja það að mikið geta menn verið geðlausir í íslenskum stjórnmálum ef þeir minnast ekki verka sinna í fortíðinni og líta aðeins á það sem þeir gera í nútíð. Það einkennir því miður allt of mikið íslenska stjórnmálamenn og það hefur því miður einkennt allt of mikið suma ráðherra hér í ræðum þeirra í dag, ég segi ekki alla.

Ég vil taka það fram að þó að ég væri ekki að öllu leyti ánægður með ræðu hæstv. viðskrh. Jóns Sigurðssonar, þá voru ákveðnir kaflar í þeirri ræðu sem mér fannst athyglisverðir. Þó verð ég að segja að þegar fjallað er um svona viðkvæm mál, það er ekki einu sinni búið að samþykkja samningana í verkalýðshreyfingunni, þó að margt bendi til þess að láglaunafólkið ætli að taka á sig þessa kjaraskerðingu og þó að margt bendi til þess að þessir samningar verði samþykktir í verkalýðsfélögunum, þá er alls ekki búið að samþykkja þessa samninga. Ég mun rekja það nokkuð hér á eftir hvers vegna ég held að fólkið samþykki samningana í þeirri stöðu sem það er í í dag. Mér fannst hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson, sem flutti hér svona allskikkanlega ræðu, gera þátt ríkisvaldsins, þ.e. ríkisstjórnarinnar, of mikinn í þessum samningum. Þetta er á algerum misskilningi byggt. Þáttur ríkisstjórnarinnnar er ekki með þeim hætti til hins betra eins og hæstv. ráðherra og aðrir hér í dag hafa viljað halda fram. Ég varpa fram þessari spurningu: Er búið að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna næstu 20 mánuðina?

Núv. hæstv. ríkisstjórn er ekki einu sinni búin að tryggja hver verður rekstrarforsenda sjávarútvegs frá og með áramótunum 1990–1991. Þ.e. hún er ekki búin að leggja hér fram frv. til l. um stjórnun fiskveiða frá og með 1. jan. 1991. Það frv. liggur ekki frammi hér á Alþingi enn þá. Mér er ekki kunnugt um það að hæstv. ríkisstjórn sé búin að fjalla um þetta mál með þeim hætti að það sé öruggt að hún geti komið í höfn stefnu í fiskveiðistjórnun á Íslandi þegar núgildandi lög renna úr gildi í lok þessa árs. Ég vildi gjarnan fá svör við því í þessari umræðu hvort svo sé. Ef hæstv. ríkisstjórn getur ekki tryggt eðlilega framkvæmd fiskveiða á Íslandi frá og með 1. jan. 1991 tryggir hún ekki heldur framkvæmd þeirra samninga sem við erum að fjalla hér um. Þetta er mjög veigamikið atriði í öllu sem lýtur að þessum samningum sem fólk er núna að taka afstöðu til, til næstu 20 mánaða.

Mér fannst að sumu leyti — ég vil ekki segja makalaus, en ekki nógu góð yfirlýsing frá jafnreyndum manni eins og hæstv. viðskrh. Jóni Sigurðssyni að hann skyldi einfalda svona þessi atriði, þ.e. um þátt ríkisstjórnarinnar við gerð þessa samnings. Mér líkaði heldur ekki þegar það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að það væri eins og nú væri í fyrsta skiptið verið að gera samning á hinum almenna vinnumarkaði sem hefði eitthvert gildi. Það er ekki rétt metið hjá hæstv. ráðherra og ég vil segja, örugglega sagt að óathuguðu máli. Það er ekki í fyrsta skiptið sem tekst að ná samningum á hinum almenna vinnumarkaði með þeim hætti að verkalýðshreyfingin annars vegar og vinnuveitendur hins vegar samþykki það sín í milli. Það er alrangt. Það ber að skoða þessi mál líka í því umhverfi og á því augnabliki sem verið er að gera samninga þannig að ekki er alltaf samanburðarhæft það sem verið er að bera saman á milli ára og áratuga. Þó er hægt að taka ákveðin atriði með þeim hætti sem ég var að gera hér áðan.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég tel að aðilar vinnumarkaðarins hafi unnið mjög merkilegt starf út af fyrir sig með þessum samningum sem

byggjast fyrst og fremst á því að þeir sem eru í forustu verkalýðshreyfingarinnar hafa talið að í þeirri vondu stöðu sem verkalýðshreyfingin er komin í vegna stefnu núv. ríkisstjórnar séu þetta einu samningar sem verkalýðshreyfingin getur hugsanlega náð. Vinnuveitendur eru hins vegar að mörgu leyti í enn erfiðari stöðu vegna þess að að vinnuveitendum, að fyrirtækjum atvinnulífsins hefur verið sótt úr tveim áttum og þó sérstaklega einni, frá ríkisstjórninni, sem hefur því miður ekki bætt stöðu atvinnuveganna með þeim hætti sem hæstv. ráðherrar hafa viljað halda fram hér í þessari umræðu.

Ég vil, virðulegi forseti, halda því fram að bæði launþegar og vinnuveitendur hafi teygt sig mjög langt í þeim efnum að gera samninga sem stuðli að hjöðnun verðbólgu, mjög langt. Þessir aðilar hafa báðir fært miklar fórnir í þeim efnum. En því miður, virðulegi forseti, þá óttast ég að hlutdeild hæstv. ríkisstjórnar geti hugsanlega — ég segi hugsanlega teflt því í hættu sem aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið að með þessari samningagerð. Hvers vegna segi ég þetta, virðulegi forseti? Jú, það er vegna þess að það er ekki *einu sinni búið að samþykkja samningana í verkalýðshreyfingunni* þegar ríkisstjórnin, hæstv. ráðherrar eru farnir að deila um það með hvaða hætti eða eftir hvaða leiðum eigi að reyna að tryggja þann þátt sem snýr að ríkisvaldinu.

Það er alvarlegur ágreiningur, það er mikið sundurlyndi innan ríkisstjórnarinnar um leiðir. Annars vegar eru þeir sem vilja niðurskurð. Það er eins og hæstv. fjmrh. hefur nefnt hér í dag og víða annars staðar. Hins vegar er sá hluti ríkisstjórnarinnar sem vill auka skuldasöfnun ríkissjóðs til þess að mæta þeim skuldbindingum sem ríkisvaldið hefur tekist á hendur. Þar vísa ég til þess sem segir í stjórnarblaði, Alþýðublaðinu, í dag, með leyfi forseta. Þar kemur skýrt fram að hæstv. utanrrh., núv. formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, maðurinn sem vildi nota hnífinn og skera niður fyrir nokkrum árum, vill nú fara leið skuldasöfnunar, nú vill hann auka skuldir ríkisins. Hann gerir meira. Hann staðfestir í viðtali í Alþýðublaðinu í dag að ríkisstjórnin hafi ætlað að láta fátækasta fólkið, þ.e. sjóðfélagana í lífeyrissjóðum atvinnulífsins, lána fé til að fjármagna aðild ríkisins að samningunum.

Ég vil, virðulegi forseti, vegna þingsögunnar láta það koma hér fram að í þessu viðtali segir hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson m.a. sem hér segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi: það var leitað fast eftir því við forsvarsmenn launþega og vinnuveitenda að þeir beittu sér fyrir því við forráðamenn og stjórnir lífeyrissjóða að halli ríkissjóðs yrði í auknum mæli fjármagnaður með kaupum lífeyrissjóða á spariskírteinum og skuldabréfum ríkissjóðs. Sérstaklega var um það rætt að skammtímafjármögnun ríkishallans í formi ríkisvíxla sem bera háa vexti verði að hálfu fjármögnuð með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða til lengri tíma."

Hvað felst í þessari tillögu hæstv. viðskrh.? Í þessari stefnu sem hæstv. utanrrh. fylgdi greinilega fast eftir innan ríkisstjórnarinnar felst það að hann ætlar ekki að lækka vexti, hann ætlar að hækka vexti. Ég spyr hæstv. viðskrh., hann svarar e.t.v. hér á eftir: Með hvaða hætti ætlaði hæstv. utanrrh. að tryggja sölu á þessum spariskírteinum til lífeyrissjóðanna, á hvaða vaxtastigi var hæstv. utanrrh. að fjalla um þessi mál? Það vita allir að raunvaxtastig lífeyrissjóðanna er á bilinu 6,9% og upp í 8%. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hvaða hávaxtastig er það sem hæstv. utanrrh. er að tala þarna um?

Síðan segir hæstv. utanrrh. á þessa leið í umræddu viðtali í Alþýðublaðinu í dag: „Í öðru lagi var um það rætt að mæta auknum útgjöldum ríkissjóðs í tengslum við samningana með lækkun ríkisútgjalda." Það mun vera leið hæstv. fjmrh. eins og hann hefur kynnt sínar hugmyndir. Síðan segir: „Þau mál hafa verið rædd á ríkisstjórnarfundum og voru reyndar rædd áður en kom að undirritun samninga og fjmrh. hefur verið falið að koma með tillögur um niðurskurð. Hann þyrfti að mínu mati að vera um 1–1½ milljarður. Það er mitt mat að þetta sé alveg vinnandi vegur, þ.e. að lækka útgjöld ríkisins um 1%. Við erum að ræða um 100 milljarða útgjöld."

Þar með er ekki allri sögunni lokið. Þegar hæstv. fjmrh. ætlar svo að fara að vera með hugmyndir um það hvernig á að skera niður útgjöld ríkisins þá segir þessi samstarfsmaður hæstv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, í sama viðtali: „Flatur niðurskurður er ekki rétta leiðin að mínu mati. Hann hefur verið reyndur áður en ekki tekist, enda fremur sýndarmennska en veruleiki."

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að mér finnst þetta harður dómur utanrrh. um þann ásetning hæstv. fjmrh. sem vill skera niður og vill vera sjálfum sér samkvæmur í þeim efnum eins og hann hefur birt sínar skoðanir og sína stefnu í þessum málum fyrr. Hann hefur greinilega ekki komist upp með það vegna þess hver er afstaða annarra ráðherra í núv. ríkisstjórn. Við þurfum ekki að dvelja lengi við það að „sýndarmennskan" sem hæstv. utanrrh. talaði um í fari hæstv. fjmrh. er ekki meiri sýndarmennska í augum alþýðuflokksmanna en svo að í sama blaði birtist skoðun eins af skriffinnum Alþýðublaðsins um það hvað eigi að gera í þessum efnum. Á bls. 3 í sama blaði kemur þessi ágæti blaðamaður með leiðir Alþýðublaðsins í sambandi við niðurskurð. Þm. til fróðeiks og til þess að hafa þetta skráð í sögunni, þá er það athyglisvert að þegar sérfræðingar Alþýðublaðsins eru að meta stöðuna og meta árangur þessara samninga, þá segir þessi ágæti maður í Alþýðublaðinu og birtir mynd með: „Fréttin bak við fréttina. Kom, sá og sigraði." Það er hinn ágæti maður Einar Oddur Kristjánsson, formaður Vinnuveitendasambandsins.

Mér finnst það nú saga til næsta bæjar að Alþýðublaðið skuli meta samningana með þeim hætti að sá einn hafi sigrað sem er í röðum vinnuveitenda og ég spyr þá: Hver tapaði? Ég held að það verði enginn sigurvegari í þessum samningum nema hugsanlega

láglaunamaðurinn sem ætlar að taka á sig kjaraskerðinguna, láglaunamaðurinn sem ætlar að samþykkja samningana og bera byrðarnar næstu 20 mánuðina. Það er vegna þess og það vita allir sem hafa verið í samningum að þótt menn hefðu viljað bæta betur kjör láglaunafólksins hefur það ekki verið hægt vegna þess að þá hefði sú hækkun farið upp allan stigann og líka til hátekjufólksins. En það þorir enginn að minnast á nú, virðulegi forseti.

Hvað segir fréttamaður Alþýðublaðsins um það hvar eigi að skera niður? Ég bið hæstv. fjmrh. að hlusta vel á það. Ég veit að hann hefur lesið þetta örugglega, en það er náttúrlega gott fyrir hann að gera sér grein fyrir því hver er stefna Alþýðublaðsmanna í þessum efnum sem sannar það að hæstv. fjmrh. er ekki með neina sýndarmennsku þegar hann talar um að skera niður þótt hæstv. utanrrh. vilji halda því fram, sem er náttúrlega ómaklegt gagnvart hæstv. fjmrh. Blaðamaður Alþýðublaðsins segir: „Það á að skera á réttum stöðum." Síðan segir, virðulegi forseti: „Þessi nýja þjóðarsátt hefur hleypt kjarki í fólk og það eitt út af fyrir sig er ekki svo lítils virði." Undir þetta er hægt að taka. „En þessir samningar eru auðvitað einskis virði ef ekki verður við þá staðið. Nú verður ríkið að skera niður á réttum stöðum hvað sem hver segir." Síðan segir: „Ef Svavar", þ.e. Svavar Gestsson menntmrh., „ætlar að standa fast á því að eyða hundruðum milljóna í breytingar á Þjóðleikhúsinu umfram nauðsynlegt viðhald eða hætta ella sem ráðherra, þá skal hann bara hætta." Ég get tekið undir þetta. Hann ætti sannarlega að hætta ef hann hefur ekki kjark til þess að skera eitthvað niður í sínu ráðuneyti. Síðan segir enn fremur og eru frekar ábendingar til hæstv. fjmrh. frá Alþýðublaðinu: „Umhverfisráðuneyti verður að slá á frest en Júlíus getur svo sem haldið jeppanum."

Þetta er vissulega athyglisvert þegar maður hefur það í huga að á sama degi sem þetta er skrifað í Alþýðublaðið rétta þm. Alþfl. upp höndina hér í Nd. til þess að samþykkja það að setja á laggirnar umhverfismálaráðuneyti og auka þar með á eyðsluna og auðvitað heldur ráðherrann bílnum.

Að lokum segir þessi blaðamaður Alþýðublaðsins, virðulegi forseti: „Við vonum öll að nýju samningarnir séu fyrsta skrefið til betra ástands." Undir það getum við auðvitað öll tekið. Þegar verkalýðshreyfingin og láglaunafólkið og þegar atvinnulífið semur með þeim hætti sem við stöndum frammi fyrir, þá hljótum við auðvitað að vona það öll að það muni bera árangur.

Því miður er hæstv. forsrh. ekki hér til að hlýða á mál manna. Ég hefði viljað víkja nokkuð að ræðu hans sem hann flutti hér í dag en mun sleppa því.

Þó get ég ekki, virðulegi forseti, komist hjá því að nefna að eins og ég sagði áðan er forsenda þess að þessir samningar takist auðvitað sú, eins og hæstv. forsrh. sagði, að launþegar sætta sig við kaupmáttarskerðingu á bilinu 8–9%, þ.e. árið 1989, og með ákveðna óvissu um framtíðina. Það er einmitt núv. hæstv. ríkisstjórn, það er stefna þessarar ríkisstjórnar sem hefur sett fólkið upp við vegg í bili. Aukin skattheimta, tekjuskattur í staðgreiðslu er tæplega 40%, hefur hækkað úr rúmlega 37%. Þetta skerðir ráðstöfunartekjur launafólks verulega. Hækkun eignarskatts felur í sér stóraukna greiðslubyrði sérstaklega fyrir einstætt fólk og hærri bifreiðaskattar, svo að ekki sé nú talað um virðisaukaskattinn sem er 24,5% sem er óvanalega há prósenta en hefði átt að vera 18% án undanþága. Þá eru fram undan ýmsar hækkanir á þjónustugjöldum og fleira, sköttum sem ég ætla að víkja örlítið að.

Ég vil, hæstv. fjmrh., segja þetta. Ég held að það væri gott fyrir ríkisstjórnina að hafa það í huga, svo að menn verði ekki eins sjálfumglaðir og þeir eru búnir að vera undanfarið í sambandi við stöðu þessara mála, að almenningur stendur í þeirri trú að ýmsar þær hækkanir sem skýrt er frá í sambandi við samningana með sérbókunum komi ekki til framkvæmda. Ég leyfi mér að fullyrða það, hæstv. fjmrh., að eftirfarandi atriði hafa ekki verið nægilega kynnt þannig að þegar þau koma til framkvæmda munu þau koma fólki mjög á óvart. Þar á ég við þann lið í kjarasamningi, 10. gr. samningsins, sem fjallar um forsendur samningsins, þar sem segir undir lið 6, með leyfi forseta:

„Ekki komi til frekari hækkana á opinberri þjónustu en kynntar hafa verið samningsaðilum og fram koma í minnisblaði fjmrn. frá 28. jan. 1990 um forsendur fjárlaga, gjaldskrárhækkanir og tekjuöflun ríkissjóðs." Hverjar eru þessar hækkanir? Í ræðu sinni í dag kom hæstv. forsrh. nokkuð inn á þessi atriði en hann lagði ekki mikla áherslu á að rekja prósentur né tölur né dagsetningar. Það skil ég sem samningamaður sem þyrfti að fara með samning þeirrar gerðar sem hér er til umfjöllunar inn á félagsfundi í verkalýðsfélagi þar sem láglaunafólk er til staðar. Ég mundi ekki treysta mér til þess að fá samningana samþykkta og greina frá þessum atriðum með þeim hætti sem ber að gera. Það verður mjög erfitt. Hins vegar væri það heiðarlegt að skýra frá því á forsíðum stjórnarblaðanna að í pakkanum séu m.a. þessi atriði sem ég ætla að rekja hér lauslega:

Hækkanir sem hæstv. forsrh. fjallaði lauslega um í ræðu sinni í dag eru þessar. Það eru forsendur fjárlaga um hækkanir á sköttum árið 1990:

1. Bensíngjald, 1. apríl 5% hækkun, 1. ágúst 6%.
2. Þungaskattur, 1. júlí 9%.
3. Bifreiðagald, 1. mars 83% hækkun, 1. júlí 8%.

Síðan er þarna fjallað um áfengi og tóbak og hirði ég ekki um að gera það. Þá eru það gjaldskrárhækkanir. Það eru forsendur fjárlaga um hækkanir á gjaldskrám B-hluta stofnana árið 1990 í fylgiskjali:

1. Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, 1. júlí 3% hækkun, 1. okt. 3%.
2. Áburðarverksmiðja ríkisins, 1. maí 12%.
3. Póstur og sími, 1. febr. 3% hækkun, 1. maí 3%, 1. ágúst 3%.
4. Sementsverksmiðja ríkisins, 1. febr. 4%, 1. maí 6%.

Síðan segir undir 6. lið: Rafmagnsveitur ríkisins,

Haldist gjaldskrá Landsvirkjunar óbreytt er ekki talin þörf á hækkun á töxtum RARIK 1990.

Virðulegi forseti. Í Ed. er frv. til l. um orkuskatt. *Um hann hefur verið fjallað hér í dag í mjög ítarlegu máli.*

Nei, virðulegi forseti. Ég held að til þess að hæstv. fjmrh. verði að ósk sinni um það að hann og ríkisstjórnin fái traustsyfirlýsingu á stefnu núv. ríkisstjórnar verði hann að tryggja m.a. eftirfarandi atriði til þess að fólkið geti með góðri samvisku og góðri trú greitt því atkvæði:

1. Fjmrh. hlýtur að skera niður ríkisútgjöld, enda hefur hann boðað það þótt hæstv. utanrrh. geri lítið úr því.

2. Fjmrh. hlýtur að tryggja óbreytt gengi næstu 20 mánuði.

3. Fjmrh. hlýtur að tryggja verðbólgulaust þjóðfélag, þ.e. verðbólgan verði innan við 10%.

4. Fjmrh. hlýtur að tryggja láglaunafólki, þ.e. því fólki sem er með 60 þús. kr. á mánuði og þar undir meiri kaupgetu og betri lífskjör með því að standa við yfirlýsta stefnu sína um stórfelldan niðurskurð og einnig verður hann að lækka skatta til þess að þetta sé framkvæmanlegt.

Síðan vildi ég nú segja það að ég held að hæstv. fjmrh. hefði gott af því að fara inn í Hagkaup og standa þar uppi á kassa eins og hann gerði í gamla daga og flytja svipaða ræðu og hann flutti hér í dag. (**Gripið fram í:** Það var í Miklagarði.) Miklagarði, það er alveg það sama, þetta er stórmarkaður. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að fara inn í Miklagarð og ég legg til að hann fari líka inn í Hagkaup, standi á kassa inni í Kringlu og flytji sitt fagnaðarerindi og flytji nákvæmlega þá ræðu sem hann flutti hér í dag og breyti ekki einu einasta atriði frá því sem hann sagði. Ég hugsa að hæstv. fjmrh. muni þá upplifa það að fólk spyr hvorki um Steingrím Hermannsson né Ólaf Ragnar Grímsson í þeirri umræðu sem á eftir yrði þegar ræðan hefði verið flutt. Fólkið mundi spyrja hæstv. fjmrh. um lífskjör sín og afkomu. Þá þýðir ekki að gera hróp að formanni Sjálfstfl., fyrrv. forsrh. Þorsteini Pálssyni. En því miður verð ég að segja það að ég óttast að núv. hæstv. ríkisstjórn muni ekki tryggja þau atriði sem ég taldi upp áðan sem eru forsenda þess að þessir samningar haldist og einnig að væntingar fólksins sem tekur á sig þær byrðar sem hér um ræðir rætist. Þessir samningar eru samningar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert í varnarstöðu. Yfir íslenskri þjóð hvílir skuggi atvinnuleysis vegna rangrar stefnu núv. ríkisstjórnar í efnahags- og skattamálum. Yfir fyrirtækjum atvinnulífsins er svipa harðsvíraðs ríkisvalds sem er samsett af teknókrötum sem leggja áherslu á að mergsjúga fyrirtæki atvinnulífsins. Þetta er ríkisstjórn sem leggur 24,5% virðisaukaskatt á allan almenning og íslensk fyrirtæki. Þessi háa skattprósenta ein út af fyrir sig kemur mjög hart niður á kaupgetu fólks og þessi háa virðisaukaskattsprósenta, sem er mun hærri en í nágrannaríkjum okkar, skaðar samkeppnisstöðu iðnaðarins, verslunar og þjónustustarfsemi. Því miður óttast ég það að þótt þessir samningar verði samþykktir í verkalýðsfélögunum muni ríkisstjórnin ekki standa við sinn þátt í samningunum eins og ég hef rakið hér áðan, virðulegi forseti.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þessi umræða sem hefur átt sér stað hér í dag er að mínu mati nokkuð sérstök og sjálfsagt tímamótaumræða eins og flest það sem um hefur verið fjallað og ekki síst það sem hefur verið tilefni til þessarar umræðu, þ.e. þeir samningar sem eru nýgerðir á milli aðila vinnumarkaðarins sem hér hafa verið nefndir tímamótasamningar næstum af hverjum ræðumanni sem hingað hefur komið. Ég hef þá tilfinningu að þessir samningar séu ekki mjög frábrugðnir ótal mörgum öðrum samningum sem gerðir *hafa verið á undanförnum árum, áratugum. Þeir hafa* líka oft og tíðum, eins og hér kom fram hjá einum ræðumanni, verið nefndir tímamótasamningar. Í huga minn kemur ekki nema einn samningur sem sérstaklega var undirstrikaður sem mislukkaður samningur, þ.e. samningurinn sem gerður var 1984 sem aðilar nefndu verðbólgusamning strax og þeir höfðu skrifað undir hann. Flestir aðrir samningar sem gerðir hafa verið hafa verið nefndir tímamótasamningar, sólstöðusamningarnir t.d. og margir fleiri, samningarnir sem nefndir voru hér áðan, bæði febrúarsamningarnir 1986 og ekki síður desembersamningarnir 1986 (**Gripið fram í:** Þjóðarsáttarsamningar.) Já, þjóðarsáttarsamningar og með ýmsum nöfnum öðrum. En þessir samningar eru sjálfsagt tímamótasamningar að einu tilliti til og alveg sérstakir, þ.e. á þann veg að allir virðast hafa viljað hafa staðið að þeim. Það virðast allir vilja þessa Lilju kveðið hafa. Það held ég að sé alveg sérstakt í umræðu um nýgerða kjarasamninga.

Annað er kannski sérstakt í þessari umræðu og það er það að hún skuli fara fram áður en nokkur umræða sem heitið getur hefur farið fram í verkalýðsfélögunum eða launþegafélögunum eða atvinnurekendafélögunum sjálfum sem hafa gert þessa samninga. Umræðan ber þess líka merki að hv. þm. fara mjög varlega að því að ræða um samningana, nefna fyrst og fremst góðu þættina, sem ég verð að taka undir að eru sjálfsagt yfirgnæfandi í þessum samningum, en hafa látið vera að benda á ýmsa þætti sem eru ófrágengnir og bíða næstu vikna og næstu mánaða til úrlausnar. Það er eins og ég segi að umræðan hér hefur verið þannig að menn hafa hagað sér í umræðunni á þann veg að þetta væri það brothætt, bæði á þann veg að umræðan yrði að vera mjúk og góð og á hinn veginn líka, að samningarnir sjálfir séu það brothættir að ekkert megi raunverulega ske í þjóðfélaginu til þess að þessi mikla tilraun mistakist. Menn hafa þó ekki verið að benda á neinar sérstakar hættur sem við geti blasað nema þó það helst að einhverjir hópar í þjóðfélaginu færu að krefjast hærri launa eða eitthvað þess háttar. Aðeins hefur heyrst imprað á því í umræðunni.

Því er haldið fram af ráðherrum að með þessum

samningum sé komið hér á efnahagslegt jafnvægi. Hæstv. viðskrh. lét þau orð falla hér. Því miður heyrði ég ekki ræðu hæstv. fjmrh., en ég veit að hann lítur svo á að hér hafi gerst miklir hlutir á þann veg að fram undan séu bjartari tímar og nokkuð traust efnahagsframvinda. Þessir samningar gefa að vísu tilefni til þess að vona að það geti orðið og oft hefur verið dekkra í álinn. Það má segja að það sé mikið bjartara yfir og meiri vonir til þess að hlutirnir geti verið á þann veg að hér verði efnahagslegt jafnvægi á næstu mánuðum, missirum, en það eru þó ýmsir hættupunktar sem við blasa. Og meðan ekki er búið að leysa þau vandamál, sem ég skal nefna hér á eftir, held ég að ekki sé hægt að tala um efnahagslegt jafnvægi.

Í fyrsta lagi eru hundruð og þúsundir Íslendinga atvinnulaus. Það er sagt að þessir samningar muni leysa efnahagslegan vanda á þann veg að þessir atvinnuleysingjar verði kallaðir til starfa. En það liggur ekkert fyrir um það. Ég veit um það að t.d. uppi á Akranesi eru hátt í 200 manns atvinnulausir og ég veit að það fólk telur ekki vera komið á efnahagslegt jafnvægi fyrr en búið er að leysa þau vandamál að það hafi fengið vinnu. Á sama hátt er staðan í þjóðfélaginu þannig að framfærslukostnaður í landinu er svo mismunandi eftir því hvar fólk á heima að þar er ekki hægt að tala um efnahagslegt jafnvægi. Á sama tíma og stór hluti landsbyggðarfólks þarf að greiða stórar upphæðir í hitunarkostnað, í orkukostnað, margfalt meiri en þarf að borga í öðrum landshlutum er ekki hægt að tala um efnahagslegt jafnvægi. Þessir tveir punktar sem ég nefni hér, þ.e. atvinnuleysið eða staðan í atvinnumálum og mismunur sá sem er á framfærslukostnaði í landinu, eru þeir punktar sem hlýtur að verða kallað á á næstu vikum og mánuðum að á verði breyting. Þess vegna segi ég það að sú lausn sem skrifað var undir við undirskrift kjarasamninganna getur hafa verið lausn um einhverja ákveðna bindingu á launum og launaþróun en þessi ákveðnu vandamál sem hljóta að tengjast kjörunum voru ekki leyst. Þetta er vitaskuld jafnt vandamál þeirra aðila sem skrifuðu undir samningana og ríkisstjórnar en að vissu leyti verður að undirstrika það að ríkisstjórn hlýtur að taka þarna á og hafa forustu fyrir að leysa og leiðrétta. Fyrst tekist hefur að koma á þeim samningum sem eru til umfjöllunar treysti ég hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn til að beita sér fyrir því á næstu vikum og mánuðum að þessi vandamál verði leyst, staða þessa fólks verði bætt á þann veg að það nái efnahagslegu jafnvægi á við aðra íbúa landsins.

Einn punktur er eftir sem ég vildi nefna sem við blasir og er mjög alvarlegur. Hann snertir fyrst og fremst vinnuveitendahópinn, bjargvættinn okkar frá Flateyri. Það er lausnin á fiskverðinu, ekki er farið að ákvarða fiskverð. Í gær gerðist það í Verðlagsráði sjávarútvegsins að fundi var þar frestað á þann hátt að þar voru skil á þannig að umræða yrði ekki í nokkurn tíma, jafnvel það að þeir sæju ekki þar neina lausn á þeim vettvangi sem Verðlagsráð er. Sjómannaaðilarnir lýstu því yfir að þeir mundu neita því að taka þátt í yfirnefnd. Meðan ekki er búið að leysa það hvert skal vera fiskverð á Íslandi, þá er ekki fyrir hendi efnahagslegt jafnvægi og þá er eftir að leysa ansi stóran þátt í peningaþróun og fjármálaþróun í landinu. Staðreyndin er nú sú eins og hv. þm. vita að víða um landið er þegar orðin breyting á fiskverði þannig að nú á sér stað mikil mismunun á milli útgerða og sjómanna eftir því hvaðan útgerðinni er haldið út. Víða er sjálfsagt orðin 20–30% hækkun frá hinu fyrra verðlagsráðsverði, búið að viðurkenna þá hækkun sem útgerðaraðilar og sjómenn fara fram á í Verðlagsráði. Á öðrum stöðum er verðið ekki langt frá því sem það var áður, ekki langt frá verðlagsráðsverði. Þegar 20 eða 30% fiskverðshækkun kemur inn í útreikninga Þjóðhagsstofnunar breytast ýmsar þjóðhagsstærðir ef þannig fer sem sjálfsagt má gera ráð fyrir. Hvernig sem það verður er staðan þannig í dag að ekki er búið að ganga frá fiskverðsákvörðun.

Hér hefur verið rætt um það að þessir samningar valdi ríkissjóði miklum kostnaði. Sumir segja að þetta sé kostnaður upp á 500–600 millj. Hæstv. fjmrh. nefnir 1200 millj. og ég hef heyrt í fréttum að hæstv. fjmrh. sé búinn að leggja fyrir ríkisstjórn tillögur um niðurskurð á ríkisútgjöldum eitthvað í kringum þessa upphæð, 1200–1300 millj. Á sama tíma er sagt að það hafi verið samið um að aðrir þættir í þjóðfélaginu skyldu verða óbreyttir. Getur það verið að ríkisstjórnin ein hafi tekið að sér að breyta einhverjum þjóðfélagsstærðum gagnvart einhverjum ákveðnum hópum í þjóðfélaginu? Getur það verið að ríkisstjórnin hafi tekið það að sér, eins og maður hefur heyrt fleygt, að skera niður framlög til vegamála um 100 millj., 200 millj. eða eitthvað þess háttar, það skiptir ekki máli hvað upphæðin er stór, og láta á þann veg samningana sem verið er að gera bitna á ákveðnum þegnum þjóðfélagsins út um landið. Fyrir hvern landsbyggðarmann er hver kílómetri, hver metri, af nýjum vegi tekjubót og þegar búið er að samþykkja fjárlög, búið að samþykkja vegáætlun um það að þessi eða hinn vegarspottinn skuli koma, þá er það sama eins og kaupsamningur eða kjarasamningur við ríkisstarfsmann eða launþega hjá vinnuveitendum. Það er tekjuskerðing og það er skerðing á marga vegu fyrir landsbyggðarmanninn ef á að fresta vegaframkvæmdum á hans svæði. Þess vegna er það alveg fráleitt að láta sér detta það í hug að á sama tíma og verið er að semja um einhverja núlllausn eða jafnaðarlausn í þjóðfélaginu á þessum og hinum vettvangnum sé ætlast til þess að skorið sé niður í þjónustu- og uppbyggingarþáttum úti á landsbyggðinni. Því verður mótmælt og ég vænti þess að landsbyggðarmenn taki höndum saman um að standa gegn því að sú leið verði farin að krefjast þess að ríkisframlög til framkvæmda og þjónustu vítt og breitt um landið verði skorin niður vegna þessara kjarasamninga. Það er er algjört ranglæti og getur ekki staðist sem einhver lausn á sama tíma og sagt er að verið sé að ganga frá einhverri núlllausn annars staðar í þjóðfélaginu.

Ég ætlaði reyndar að fjalla um ýmsa fleiri hluti en það er orðið áliðið kvölds og ég skal nú stytta mál mitt. Aðeins um vextina: Það er einn þáttur þessa samnings að nafnvextir séu lækkaðir. Eins og hv. þm. hafa náttúrlega tekið eftir og taka í munn sér er þó nokkuð síðan hætt var að tala um vexti heldur var búið að skipta þessari leið til ávöxtunar peninga í tvennt og kallað nafnvextir og raunvextir. Nú er talað um það að nafnvextir skuli lækkaðir og jafnvel gert mikið úr að bankakerfið í landinu hafi, á sama tíma og launþegar og atvinnurekendur hafa samið um stöðvun verðbólgu, gert grundvallarsamning á þann veg að þeir skuli ekki taka þátt í verðbólgudansinum áfram, að bankarnir sýni þá þjónustu að þeir skuli taka tillit til þess að þessir samningar hafa verið gerðir. Og það er miklast yfir því að það skuli vera lækkaðir vextir í tengslum við þá verðbólgubindingu sem gerð hefur verið með samningunum. Yfir ýmsum hlutum má býsnast. En að bankarnir taki þátt í því að lækka raunverulegan fjármagnskostnað í landinu, það er ekki upp á það boðið, og meira að segja hillir undir það að ef eitthvað misferst í þessum brothættu samningum verði peningastofnanir í landinu um leið tilbúnar að vera fyrstar á vettvang til þess að ýta undir nýja verðbólguöldu. Það er ekkert sem heftir það. Þannig er gengið frá þessum þætti.

Ég sagði að þessir samningar væru tímamótasamningar fyrst og fremst á þann veg að allir vildu að þeim hafa staðið og allir teldu sig hafa verið þeir aðilar sem hafa stuðlað að því að þessir samningar urðu að raunveruleika. Það eru sjálfsagt ekki margir sem hafa þá skoðun að þetta hafi ekki verið og sé ekki rétt spor. En það eru, eins og ég hef nefnt hér, ýmsir þættir sem verður að taka tillit til jöfnum höndum og við fögnum þeim samningum sem hér hafa verið gerðir. Og fyrst og fremst vil ég undirstrika þetta sem ég nefndi áðan, þ.e. að ríkisstjórninni og aðilum vinnumarkaðarins ber skylda til þess á næstu vikum og missirum að leiðrétta þá atvinnulegu stöðu sem er í þjóðfélaginu, það atvinnuleysi sem er í þjóðfélaginu, og á annan veg að leiðrétta þann mikla mismun sem er á framfærslukostnaði eftir búsetu á landinu.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið glöggt fram í þessum umræðum sem og raunar síðustu dagana að þeir kjarasamningar sem við höfum verið að ræða hér í dag eru auðvitað afrakstur af víðtæku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Þar hafa nýir menn komið til sögu og málin hafa verið tekin ferskum tökum. Niðurstaðan er sá samningur sem nú liggur fyrir og er þegar farið að greiða atkvæði um í einstökum verkalýðsfélögum og verður gert áfram næstu daga. Bændur hafa komið inn í þessa samninga í fyrsta sinn í nokkur ár og gefið eftir af sínum hlut. Þeir taka á sig óbreytt verð fram að 1. des. á þessu ári. Það má auðvitað gæta sín á því að það verði ekki framkvæmt á þann veg að verð til sauðfjárbænda verði fryst í tvö ár vegna þess að haustgrundvallarverð er ákveðið í september. Þetta er vitaskuld framkvæmdaratriði sem ekki er enn ljóst hvernig verður meðhöndlað.

Eigi að síður er niðurstaðan af þessum samningum nýr efnahagsgrundvöllur eins og hér hefur verið skýrt, m.a. af hv. 1. þm. Suðurl., efnahagsgrundvöllur sem hæstv. ríkisstjórn gat ekki hafnað en átti lítinn hlut að.

Nú skal ég ekki kvarta undan því að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki eiga meiri hlut að þessum samningum. Það er auðvitað eðli málsins samkvæmt hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja. Það er þeim til lofs ef þeim tekst að koma saman samningum sem eru með þeim hætti að tiltölulega lítið þarf að leita á náðir ríkisvaldsins. Nú held ég að fáum blandist hugur um það að þarna eiga tilteknir forustumenn þakkir skildar ef við teljum að þessir samningar verði til góðs. Ég er í þeirra hópi og lít svo á að þarna hafi verið farin leið sem sé þess efnis að aðrar skárri hafi ekki verið fyrir hendi. En ekki eru allir sammála um það í þessari umræðu hverjum beri að þakka þessa samninga. Þannig flutti hæstv. fjmrh. ræðu og taldi þessa samninga ríkisstjórninni að þakka. Hann datt á gamalt lag að flytja ræðukafla sem hann flutti oft hér fyrri partinn í vetur á hv. Alþingi um að ríkisstjórnin hefði mótað nýjan efnahagsgrundvöll. Hann sagði að það væri verkáætlun hæstv. ríkisstjórnar sem hefði komið því til leiðar að nú væri hægt að gera kjarasamning á þessum nótum. Mér þótti þetta nokkuð athyglisvert með verkáætlun ríkisstjórnarinnar. Það væri þá a.m.k. hægt að spyrja sem svo hvort það væri þá ekki verkáætlun ríkisstjórnarinnar að þakka eða kenna að hallarekstur atvinnuveganna hefur haldið áfram allan þann tíma sem þessi ríkisstjórn hefur setið, með þeim árangri að fyrirtækin hafa verið að leggja upp laupana, þau hafa orðið gjaldþrota. Er það kannski í samræmi við verkáætlun ríkisstjórnarinnar að á síðasta ári urðu 2300 gjaldþrot í Reykjavík? Og er það kannski verkáætlun ríkisstjórnarinnar sem hefur komið því til leiðar að raunvextir á síðasta ári voru tvöfalt hærri en á árinu 1987? Hv. síðasti ræðumaður nefndi atvinnuleysið. Væntanlega er það þá í samræmi við þessa verkáætlun hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh.

Það var mjög athyglisvert að hæstv. fjmrh. skyldi finna yfir þetta ástand sem er hér í efnahags- og atvinnumálum þetta nýja orð og kenna það svo rækilega við hæstv. ríkisstjórn að það væri beinlínis samkvæmt verkáætlun hennar að ástandið væri með þeim hætti sem við höfum verið að horfa framan í á undanförnum vikum og mánuðum, raunar missirum. Þáttur í því er sú hrikalega byggðaröskun sem við stöndum nú frammi fyrir og er alvarlegri en verið hefur nokkru sinni fyrr, sagði hæstv. forseti Nd. hér fyrir stuttu síðan í umræðum á Alþingi. Byggðaröskun sem er með þeim hætti að nú í fyrsta sinn stöndum við frammi fyrir því að hætta er á að heil

byggðarlög leggist í auðn. Væntanlega er allt þetta, allur þessi grundvöllur sem hæstv. fjmrh. talar nú oft um, í samræmi við þessa verkáætlun hæstv. ríkisstjórnar sem hann nefndi hér áðan. Það er svo ekki vafi á því að það er í samræmi við verkáætlun hæstv. ríkisstjórnar að þær skuldbreytingar sem gerðar hafa verið af millifærslukerfinu síðan þessi ríkisstjórn tók til starfa koma af fullum þunga til gjalda á árinu 1992 og að hluta til á árinu 1991 eftir að þessi hæstv. ríkisstjórn hefur lokið göngu sinni. Þær skuldbreytingar eru með ríkisábyrgð og það verður ekki léttara verk þá að fást við fjármál ríkisins samkvæmt verkáætlun þessarar ríkisstjórnar en það er nú því að ég ætla að þessar skuldbreytingar séu eigi minni en 7–8 milljarðar. Þannig að það er ýmislegt athugavert við þá verkáætlun sem þessi hæstv. ríkisstjórn virðist hafa starfað eftir og hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan í sinni ræðu.

Þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið eru auðvitað með þeim hætti sem raun ber vitni vegna þeirrar hrikalegu stöðu sem nú er í atvinnumálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, kjaramálum launafólks með þverrandi kaupmætti, minnkandi atvinnuöryggi og hrikalegri stöðu undirstöðugreina atvinnulífsins. Þess vegna er svigrúmið ekkert. Þess vegna er það að verkalýðsfélögin taka þátt í að gera samninga sem ekki færa þeim aukinn kaupmátt heldur hið gagnstæða. Þrátt fyrir að þeim hafi tekist að finna leið sem verður til þess að kaupmátturinn á þessu ári yrði um 5% minni heldur en gert var ráð fyrir samkvæmt verkáætlun ríkisstjórnarinnar. Það er þess vegna athyglisvert að velta þessum málum nokkuð fyrir sér en með tilliti til þess að nú er liðið nokkuð á kvöld ætla ég ekki að taka til þess öllu lengri tíma.

En ég tel það hlægilega firru hjá hæstv. fjmrh. að það sé vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hafi skapað einhvern nýjan grunn, eða að verkáætlun hæstv. ríkisstjórnar hafi leitt til þess að það hafi myndast einhver nýr grunnur að þessir samningar hafi verið gerðir.

Ég minni einnig á að annar hæstv. ráðherra tók hér til máls, hæstv. hagstofuráðherra. Hann flutti einnig ræðu. Og hann komst að þeirri niðurstöðu að kjarasamningarnir nú væru bara Borgfl. að þakka. Og ég verð að segja að eftir ræður þessara tveggja hæstv. ráðherra var það álitamál hvor ræðan var hlægilegri.

Ég hef hlustað á það hér í dag og raunar fyrr að hæstv. ríkisstjórn eða forustumenn hennar telja að þessir kjarasamningar kosti ríkissjóð 1200–1300 millj. kr. Það voru þær tölur sem hæstv. forsrh. nefndi. En síðan kom hér einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar og einn af aðilum að þeim kjarasamningi sem hér er verið að ræða um, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, og sagði þetta ofmælt. Áhrif kjarasamninganna á ríkissjóð væru um 500–600 millj. kr. Ég ætla að taka undir með hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni.

Nú hlýt ég að verða að rifja upp að fjárlög voru afgreidd með 3,7 milljarða halla. En það var ekki nema hluti hallans sem þá var festur á blað. Hluti af hallanum var dulinn og með fölskum tölum var honum leynt. Ég komst að þeirri niðurstöðu þegar fjárlög voru afgreidd að þessi hluti hallans, sem geymdur væri uppi í fjmrn. í skúffum hæstv. fjmrh. eins og ég orðaði það þá, væri í kringum 3 milljarðar. Ég taldi upp fjölmarga liði sem gerðu heldur meira en það að fylla þessa 3 milljarða. En ýmsir þeirra voru með þeim hætti að ég held að allir kunnugir hafi vitað að litlar eða engar líkur voru til annars en að þeir kæmu til gjalda hjá ríkissjóði er liði á árið. Svo er með meginhlutann af því sem er í kjölfar þessara kjarasamninga ákveðið að verja til niðurgreiðslna. Ég held einnig að allir hafi vitað að frítekjumark tekjutryggingarþega yrði ekki óbreytt eins og það var við áætlun þeirra fjárlaga. Ég lít því svo á að það sé rétt sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason segir, að það sem raunverulega hefur áhrif á afkomu ríkissjóðs, þ.e. útkomuna úr greiðslum og gjöldum ríkissjóðs á þessu ári, séu fremur 500–600 millj. en 1200–1300 millj. Nú vil ég gjarnan fagna þessum liðsmanni úr röðum hv. stjórnarsinna hér á Alþingi sem tekur undir með mér og lýsir því yfir eins og ég gerði við afgreiðslu fjárlaga að tölum og útgjöldum hefði verið leynt, að allir væru búnir að sjá — hann sagði: Allir eru búnir að sjá að farið var með falskar tölur við afgreiðslu fjárlaga. Vandinn var meiri, hallinn var meiri en kom fram á pappírnum. Ég tel að þetta sé hv. þm. til hróss. Hann hefur auðvitað komist að þessari niðurstöðu þegar hann fór að athuga sín mál í tengslum við kjarasamningana og það er honum til hróss að viðurkenna þetta og ég fagna þessum liðsmanni mínum.

Nú er hæstv. ríkisstjórn búin að lýsa því yfir að hún hyggist draga úr útgjöldum ríkissjóðs til að mæta því sem afleiðingar kjarasamninganna segja til um, hvort sem það er nú 500–600 millj. eða 1200–1300 millj. Það væri full þörf á því að það væri stærri talan vegna þess að vandinn er miklu meiri en þetta. Það er vitaskuld hlutverk hæstv. fjmrh. að gera tillögur um þann niðurskurð eða þann sparnað í útgjöldum ríkissjóðs sem fréttir berast um að hann hafi sýnt tillögur um innan ríkisstjórnarinnar. Ég held að þær séu auðvitað býsna athyglisverðar þær fréttir ýmsar sem frá stjórnarheimilinu berast um þetta efni og skal ég ekkert fara fleiri orðum um það en hér hefur verið gert. En jafnframt því að á sama tíma sem hæstv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir þessum vanda, sem vissulega er vandi, þá eru hæstv. ráðherrar út og suður að boða aukin útgjöld og hæstv. ráðherrar veigra sér ekki við að kaupa bíla af dýrustu gerð, ráða sér starfsmenn, aðstoðarmenn bara eftir hendinni eins og þeim þykir við þurfa. Þetta er auðvitað ljós vottur um það að það er ekki heildarstjórn á þessum málum hjá hæstv. ríkisstjórn og hjá hæstv. fjmrh. Það er auðvitað hans hlutverk að ná fastari tökum á meðferð þessara mála og koma í veg fyrir það bruðl sem á sér stað í útgjöldum ríkisins.

Hér hefur því verið lýst yfir af formanni Sjálfstfl. að fulltrúar Sjálfstfl. séu reiðubúnir til að taka þátt í starfi að þessum efnum og ég tek undir hans orð. Það er eigi að síður hæstv. ríkisstjórn sem hefur gefið

fyrirheit um þennan niðurskurð. Ríkisstjórnin hefur tekið þetta að sér og ríkisstjórnin verður að leggja fram tillögur.

Nú kallsaði hæstv. fjmrh. við mig hér í hliðarherbergi áðan að ég mætti gjarnan koma með niðurskurðartillögur. (**Fjmrh.:** Ég vitnaði bara í Friðrik Sophusson.) Já, og vitnaði í Friðrik Sophusson, hv. 1. þm. Reykv. Sá hv. þm. hefur ekki rætt það við mig en ég mundi auðvitað ekki hlíðra mér hjá því að taka á mig að gera slíkar tillögur ef ég væri í hlutverki fjmrh. Það væri sjálfsagt mál. En ég get auðvitað bent hæstv. fjmrh. á leiðir í þessu efni og það hér úr þessum ræðustól án þess að þurfa nokkuð að fara vítt yfir sviðið. Við vorum hér að tala t.d. um umhverfisráðuneyti í dag. Það er nærtækt. Það eru rúmar 20 millj., 22–23 millj. Það munar um það. En ég ætla að minna á það, hæstv. fjmrh., úr því að hæstv. fjmrh. fer fram á þetta við mig, að þegar fjárlagafrv. var lagt fram sl. haust kom í ljós að áætlað var að útgjöld fjmrn. hækkuðu úr 3540 millj. kr. í 5344 millj. kr. eða um 1804 millj. kr. frá fjárlögum 1989 til fjárlagafrv. fyrir árið 1990, eða um 51%, meðan gert var ráð fyrir því að verðlag hækkaði um 16%. Þá voru tillögur hæstv. fjmrh. þannig í hans eigin frv. að útgjöld hans eigin ráðuneytis hækkuðu um 51% á milli ára, í krónum talið 1804 millj. kr. Nú fór það svo að Alþingi lækkaði nokkuð útgjöld fjmrn. við afgreiðslu fjárlaga þannig að útgjöldin urðu í fjárlögum 5062 millj. kr. (**Fjmrh.:** Svona hundakúnstir eru fyrir neðan virðingu þingmannsins.) Hundakúnstir. Hæstv. ráðherra var að biðja um ábendingar um niðurskurð. 5062 millj. kr. (**Fjmrh.:** Þingmaðurinn veit hvað voru stærstu liðirnir í þessu.) Hæstv. fjmrh. getur fengið orðið hér á eftir ef hann þolir ekki að hlusta á það sem hann er að biðja um. Hækkun á milli ára varð því 1522 millj. kr. Ef hæstv. fjmrh. hefði látið sér nægja að hækka á milli ára um 16% eins og verðlagshækkun var, þá væri hægt að spara 956 millj. kr. í hans eigin ráðuneyti, 956 millj. kr. og er þá komið langleiðina í þann niðurskurð sem þarf til þess að mæta 1200–1300 millj. kr. sem hæstv. forsrh. nefndi hér í dag.

Mér þótti rétt að benda hæstv. ráðherra á þetta úr því að hann bað mig um það og hér úr þessum ræðustól. Það er nú svo að þeir sem ekki taka til heima hjá sér eiga einnig í erfiðleikum með að taka til á hinum bæjunum. Og ef einstakir fagráðherrar í þessari hæstv. ríkisstjórn eru óþekkir og vilja ekki skera niður og, eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði, ættu því að víkja og fá sér aðra vinnu, þá er það kannski að einhverju leyti vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur sjálfur látið gamminn geisa í útgjöldum í sínu eigin ráðuneyti og á sinni eigin aðalskrifstofu svo sem hér hefur verið sýnt fram á. Og hefur vanrækt að taka til heima hjá sér. Því er það að ég, eftir beiðni hans sjálfs, gef honum þessar ábendingar hér úr ræðustól að þarna er svigrúm til að spara í útgjöldum ríkissjóðs til að mæta að verulegu leyti því sem hér hefur verið talað um að þyrfti að taka til hendinni varðandi þessa kjarasamninga.

EFRI DEILD

48. fundur, miðvikudaginn 7. febr., kl. 3 miðdegis.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, 3. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 323.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Það er nú nokkuð um liðið síðan ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli og síðan hæstv. fjmrh. mælti fyrir málinu. Þó svo sé er mér nú alveg ljóst hver var rauði þráðurinn í því sem hæstv. ráðherra sagði þegar hann mælti fyrir þessu frv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frv. er borið fram til þess að afnema undanþágu frá tekjuskatti sem orkufyrirtæki njóta nú. Hæstv. ráðherra talaði sig í nokkurn eldmóð af þessu tilefni því að hann sagði að hann stæði hér í baráttu fyrir því að afnema forréttindi. Hann fór mörgum orðum um að aðalatriðið væri að það gilti jafnrétti hjá öllum fyrirtækjum gagnvart tekjuskatti. Hann fór líka mörgum orðum um að það yrði að gera allt til þess að samræmis væri gætt í þessu efni. Hann sagði að orkufyrirtækin ættu, líkt og önnur fyrirtæki, að bera skatta og sérstaklega tiltók hann bankana í því sambandi til þess að því er virtist að undirstrika hvað þessar stofnanir væru hliðstæðar, orkufyrirtæki annars vegar og bankarnir hins vegar. Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri svo mikið réttlætismál að þetta væri alveg í samræmi við stefnu Sjálfstfl. því að hann fylgdi náttúrlega réttlætismálum. Og hæstv. ráðherra gerði ekki endasleppt í þessari túlkun sinni á tilgangi þessa frv. Hann sagði að það ætti að stuðla að samræmingu við hagkerfi Evrópubandalagsins og þá varð manni hugsað til þess að ekki skorti umhyggju Alþb. fyrir sameiginlega markaðinum. Þannig mætti lengi halda áfram að telja upp það sem ég hef kallað rauða þráðinn í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir þessu máli. Hann þreyttist aldrei á að taka fram að aðalatriðið væri að orkufyrirtæki eigi að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki.

Það bar ekki mikið á í málflutningi hæstv. ráðherra að þetta frv. hefði nokkuð að segja varðandi stöðu ríkissjóðs eða hér væri um að ræða skatt í ríkissjóð.

Það virtist ekki vera neitt aðalatriði því að hér var á ferðinni krossferðin fyrir réttlætinu. Og hæstv. ráðherra, í öllu sínu tali, tók ekkert fram sem gæti borið vott þess að hjá honum örlaði á skilningi á séreðli og sérstöðu orkufyrirtækja. Það breytir hins vegar ekki því að auðvitað er það þetta atriði sem ekki verður gengið fram hjá því að svo veigamikið er það í þessu sambandi sem við nú ræðum.

Hæstv. ráðherra kom ekkert að því að það eru ríkissjóður og sveitarfélög sem eru eigendur orkufyrirtækjanna. Hann kom ekkert að því að eignir orkufyrirtækja ganga ekki kaupum og sölum eins og eignir annarra fyrirtækja geta gert. Hann kom ekkert að þeirri sérstöðu sem varðar orkulindirnar og eignarréttinn yfir orkulindunum, varmanum í iðrum jarðar og vatnsföllunum sem þessi orkufyrirtæki sem á að fara að leggja skatt á eru eignaraðilar að. Og þó var sérstök ástæða til þess að gera slíkt með tilliti til þess að það er gert ráð fyrir því, og það kemur fram í grg. með frv., að í framhaldi af skattlagningu á tekjur er ætlunin að leggja eignarskatt á orkufyrirtæki.

Hæstv. ráðherra vék ekkert að því séreðli orkufyrirtækjanna sem liggur í hinum mikla stofnkostnaði þeirra og hvaða þýðingu það hefur fyrir fjármagnskostnað þessara fyrirtækja. Hæstv. ráðherra var ekki að tíunda það í máli sínu að tekjuskattur á orkufyrirtæki leiði til almennrar hækkunar orkuverðs, hvað þá heldur að hann virtist gera sér grein fyrir eða vilja ræða þá hlið þessara mála. Það kom ekki fram hjá hæstv. ráðherra að álögur á orkufyrirtæki fara beint út í verðlagið. Það kom heldur ekki fram að ef verð innlendrar orku hækkar versnar markaðsstaða orkuveitna gagnvart innfluttri orku og ekki varðar það litlu fyrir okkar þjóðarbúskap. Það kom heldur ekki fram hjá hæstv. ráðherra að bein verðhækkun á orku hefur bein áhrif á samkeppnisiðnaðinn. Þannig gæti ég haldið áfram að rekja það sem hæstv. ráðherra vék ekki að í sínu máli, annaðhvort alls ekki eða með alls kostar ófullnægjandi hætti.

En hér er um fleira að ræða en sérstöðu orkufyrirtækjanna. Þegar þetta frv. sem hér liggur fyrir er skoðað kemur það í ljós að hvað sem má segja um réttmæti þess að leggja skattinn á eru miklir tæknilegir annmarkar á því. Þau reikningsskil orkufyrirtækja sem nú viðgangast samræmast t.d. ekki ákvæðum skattalaga m.a. hvað verðbreytingafærslur og afskriftir varðar. Og það er talið að verulegur hluti afskriftarstofns ýmissa orkuveitna fengist ekki viðurkenndur í skattalegu tilliti. Það er ekki tekið tillit til þess að ýmis sérkostnaður fellur til í orkufyrirtækjum sem ekki er fjallað um í gildandi skattalögum. Það er rétt eins og gildandi skattalög hafi ekki verið höfð að neinu leyti til hliðsjónar við gerð frv. sem hér liggur frammi. Þannig gæti ég haldið áfram að telja ýmis atriði sem sýna tæknilega annmarka á frv.

Fleira þarf að koma til umræðu og þá er það ekki síst hlutur hæstv. iðnrh. Þó að það sé deginum ljósara að hæstv. fjmrh. hafi takmarkaða þekkingu eða áhuga á orkumálunum eða þýðingu þeirra fyrir þjóðarbúskapinn skyldi ætla að hæstv. iðnrh. hefði þekkingu í þessum efnum sem gæti komið að gagni. En nú hefur það verið eitt af því sem hér hefur komið fram að það hafa verið bornar brigður á það að iðnrh. sé fylgjandi frv. þó að að forminu til sé hér um stjfrv. að ræða. Ég skal ekki fara að ræða þá hlið málsins sérstaklega, hvort hér er um að ræða stjfrv. samkvæmt þeirri merkingu sem venjulega er lögð í slíkt, þ.e. að ríkisstjórn sé einhuga með því frv. sem borið er fram í hennar nafni.

Nú þykir mér hins vegar rétt að vekja athygli á því sem er nokkuð sérstætt í þessu máli, að landssamtök þeirra fyrirtækja sem frv., sem við nú ræðum, nær til hafa sérstaklega snúið sér til hæstv. iðnrh. Það er enginn venjulegur málarekstur eða áhugamál sem þessum samtökum er á höndum. Það er hvorki meira né minna en að þessi samtök fara fram á að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir því að frv., sem við nú ræðum, verði tekið til baka. Samtök þessi, Samband ísl. hitaveitna og Samband ísl. rafveitna, hafa skrifað iðnrh. bréf í þessu tilefni. Nú þykir mér miklu miður að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, en mér þykir samt rétt að það komi fram í þessum umræðum hvert efni þessa bréfs er og það sé nauðsynlegt fyrir hv. deildarmenn að vita um það. Hæstv. ráðherra veit efni bréfsins þannig að það kemur ekki að sök þó að hann sé ekki við rétt í sömu andrá og það er kynnt. Hann veit hvað um er að ræða. Ég vil leyfa mér að lesa upp þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta, sem er dags. fyrir fáeinum dögum, 25. jan. sl., og er stílað á iðnrh. Jón Sigurðsson. Bréfið er svohljóðandi:

„Vegna stjfrv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja lýsa samtök þeirra, Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. hitaveitna, eftirfarandi skoðun:

1. Skattlagning af þessu tagi mundi óhjákvæmilega leiða til hækkaðs orkuverðs. Afleiðing þess yrði hærra verð á vöru og þjónustu, svo og verri staða íslenskra orkuveitna og fyrirtækja í samkeppni við erlenda orku og vöru.

2. Um áhrif skattsins til hækkunar á heildsöluverði Landsvirkjunar liggja fyrir ítarlegar athuganir fyrirtækisins. Þá er skatturinn talinn mundu snerta lánasamninga fyrirtækisins. Þannig gera lánasamningar Landsvirkjunar og Alþjóðabankans ráð fyrir því að bankinn geti rift samningum ef lögum og reglum um Landsvirkjun er breytt þannig að íþyngjandi sé fyrir fjárhag og rekstur Landsvirkjunar, svo sem með skattlagningu. Þá mun það lögfræðilegt álitaefni hvort skilyrði fyrir sameignarsamningi eigenda Landsvirkjunar yrðu ekki brostin ef til skattlagningar þessarar kæmi. Jafnframt hlyti nýr orkufrekur iðnaður að gjalda skattsins eins og aðrir viðskiptavinir, ella leiddi það af sér aukna hækkun til almenningsveitna en slíkt er óheimilt samkvæmt lögum um Landsvirkjun. Skattur á hagnað Landsvirkjunar af núverandi stóriðju yrði heldur ekki veginn upp með því að hækka rafmagnsverð til stóriðjunnar þar sem slíkt yrði brot á hlutaðeigandi orkusölusamningum. Yrði því almenningur fyrir viðbótarhækkunum af þessum ástæðum eins og í fyrrnefnda stóriðjutilvikinu er ólöglegt.

3. Frv. í núverandi mynd felur í sér óréttlæti og

hefur á sér ýmsa tæknilega annmarka. Má þar nefna að orkuveitur eru mjög ólíkt á vegi staddar. Fjármagnskostnaður margra þeirra er mjög hár og bundinn erlendum gjaldmiðlum. Gengissveiflur, eins og þekktar eru á síðustu árum, geta orðið til þess að mjög illa stödd fyrirtæki þurfa að greiða tekjuskatt. Aðrar veitur eru um það bil að snúa taprekstri í hagnað en munu ekki njóta taps undanfarinna ára í lægri sköttum, svo sem önnur fyrirtæki gera.

Ríkjandi reikningsskilavenjur orkuveitna samræmast ekki ákvæðum skattalaga, m.a. hvað verðbreytingafærslur og afskriftir varðar. Verulegur hluti afskriftarstofns margra orkuveitna fengist ekki viðurkenndur í skattalegu tilliti. En jafnvel þótt unnt yrði að sníða verstu annmarka af frv. þessu er það eftir sem áður skoðun Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. hitaveitna að frv. þetta feli í sér óskynsamlega leið til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Í raun nægir sú ástæða að skatturinn valdi hækkun á orkuverði með þeim afleiðingum sem nefndar hafa verið.

Meðfylgjandi eru yfirlit yfir meginröksemdir sambandanna gegn frv. ásamt greinargerð sem samin er af löggiltum endurskoðendum, Stefáni Svavarssyni og Ólafi Nilssyni."

Kemur þá lokasetning bréfsins:

„Þess er eindregið óskað, hæstv. iðnrh., að þér beitið yður fyrir því að fallið verði frá frv. þessu að fullu og öllu."

Hér lýkur bréfinu. Eins og ég sagði hygg ég að það sé nokkuð óvenjulegt að almenn samtök eins og hér er um að ræða fari formlega fram á það að eitt stjfrv. verði tekið til baka, verði fallið frá því að fullu og öllu. Svo fráleitt þykir frv. að mati þeirra sem gleggst þekkja til. Það er vitnað til gagna sem fylgja þessu bréfi, en ég ætla ekki að rekja hér þau gögn sem eru ítarleg. Það þarf hins vegar ekki að taka fram að þau skjóta fullkomlega stoðum undir álit það sem fram kemur í bréfinu og hina eindregnu ósk til hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir að fallið verði frá frv. að fullu og öllu.

Ég sagði áðan að það væri miður að hæstv. iðnrh. væri hér ekki viðstaddur, en hvað varðar bréfið sjálft gerði ég ráð fyrir að það þyrfti ekki að tefja umræður vegna þess því að hæstv. ráðherra væri kunnugt um efni bréfsins. Það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. iðnrh. um þykir mér svo sjálfsögð spurning að ég ætla að iðnrh. hefði gert grein fyrir slíku máli þó að ekki hefði komið bein spurning til hans. Ég treysti því að hæstv. iðnrh. komi að þessu máli síðar í þessum umræðum. En hvað ætlaði ég að spyrja hæstv. iðnrh. um? Ég ætlaði að spyrja hæstv. iðnrh. hver væri afstaða hans til þessa bréfs sem ég hef hér skýrt frá og Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. hitaveitna skrifuðu honum 25. jan. sl. Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra hver væri afstaða ríkisstjórnarinnar og þá hvort hæstv. ráðherra hefði haft svo mikið við þetta bréf, sem ég hef hér greint frá, að bera efni þess undir hæstv. ríkisstjórn.

Þá lá beint við að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hefði hvarflað að honum, iðnrh. — og ég vænti líka að hann komi að því máli óspurður, þegar rætt er um orkumálin — að ójöfnuðurinn í orkuverðinu, mismunur orkuverðsins, sé stærsta vandamálið, stærsti vandinn, sem við er að glíma í orkumálunum um þessar mundir. Og það má, ef ástæða verður til síðar í þessum umræðum, spyrja hæstv. ráðherra hvort hann finni enga köllun hjá sér til þess að hverfa frá þeim ójöfnuði sem ríkir í orkuverðinu og vera ekki ójafnaðarmaður í þessu sambandi.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að mismuninum á orkuverði. Ég ætla ekki að gerast hér fjölorður um það að lýsa ástandinu því ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti gjörla hvernig ástandið er, hve gífurlegur munur er á orkukostnaði um hinar strjálu byggðir landsins og hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem orkukostnaðurinn er minnstur. Ég geng út frá því að menn mæli ekki gegn slíkum staðreyndum sem þessum og ég held því hiklaust fram, eins og svo margir aðrir, að ójöfnuðurinn í þessum efnum sé óþolandi. Ég geri mér grein fyrir því að það eru þó skiptar skoðanir eða mismunandi viðhorf sem menn hafa til þessara mála. Það er til það viðhorf að það rétta sé að verðskrár orkufyrirtækjanna séu kostnaðarréttar eins og kallað er, þ.e. að kostnaður viðkomandi orkuveitu við að afhenda hverjum viðskiptamanni fyrir sig orkuna sé greiddur af viðskiptamanninum, allur kostnaðurinn í hverju tilfelli. Ég held hins vegar að það séu fáir sem í alvöru halda því fram að svo skuli vera og ég held að það sé þannig að almennt sé viðurkennt að þessi regla sé ekki haldbær, heldur verði að vera um verðjöfnun að ræða. En spurningin er hvað verðjöfnunin, og það getur menn greint á um, á að vera mikil. Við höfum vissa verðjöfnun í þessum efnum sem kemur fram m.a. í því að orka Landsvirkjunar er seld á sama verði frá öllum sölupunktum, hvar sem er á landinu. Hér er um verðjöfnun að ræða. Orkubú Vestfjarða, sem sér um orkudreifingu og orkusölu bæði í strjálbýli og þéttbýli í sínum landshluta, selur orkuna á nákvæmlega sama verði hvar sem viðskiptavinurinn er. Þetta er verðjöfnun á orku. Ef ætti að fylgja reglunni um að verðskrárnar ættu að vera kostnaðarlega réttar, ef ætti að færa það út í ystu æsar, ætti að vera mismunandi verð meira að segja á orkunni í Reykjavík. En auðvitað kemur mönnum ekki slíkt til hugar.

Það sem mönnum kemur til hugar og er viðfangsefnið í dag er að koma á frekari verðjöfnun orku en er í dag. Það er viðfangsefnið. Það geta verið og eru ýmsar leiðir til þess. Ég geri mér grein fyrir að það er vandasamt að ráða fram úr þessu máli. En þó að vandinn sé mikill verður hann ekki umflúinn og það er ekki hægt annað en að ráðast til atlögu við þennan vanda. Það geta verið ýmsar leiðir til þess. Ég nefni sem dæmi lækkun á útsöluverði orkunnar frá Landsvirkjun, lækkun frá því sem nú er. Það getur komið til greina yfirtaka ríkisins á skuldum dýrustu hitaveitnanna. Það er ein leiðin. Þá er það leið að verðjöfnun innan orkugeirans verði gerð með greiðslum orkufyrirtækja í jöfnunarsjóð sem þau sjálf ráðstafa eftir ákveðnum reglum. Þetta er leið sem að sjálfsögðu mjög kemur til greina. Og þá er, svo að fleira sé

upptalið, sú leið að verðjöfnun fari fram á vegum ríkisvaldsins af almennu skattfé borgaranna.

Ég er ekki núna og ætla mér ekki nú að koma með ákveðnar tillögur í sambandi við þetta mál, hvaða leið skuli fara í þessu mikla vandamáli, verðjöfnun orkukostnaðar. En ég vek athygli á þessu vandamáli. Það er þörf á að gera það hvenær sem orkumálin ber á góma og er aldrei of mikil áhersla lögð á þetta mál. Auk þess er sérstök ástæða til að víkja að þessu máli, verðjöfnun orkunnar, með tilliti til frv. sem við nú ræðum vegna þess að það felur ekki í sér aðgerðir til verðjöfnunar á orkukostnaði, heldur þvert á móti. Það hefur áhrif í þveröfuga átt. Það hefur ekki áhrif til réttlætis eins og hæstv. fjmrh. gumaði af í framsöguræðu sinni. Það hefur ekki áhrif til jafnréttis eins og hæstv. fjmrh. gumaði af. Það hefur ekki áhrif til samræmingar eins og hæstv. fjmrh. gumaði af. Sannleikurinn er sá að frv. er í eðli sínu þversögn við það sem hæstv. ráðherra gerði í framsöguræðu sinni að aðalatriði og að rauðum þræði í málflutningi sínum fyrir þessu frv.

Sannleikurinn er sá að engin skattlagning getur verið réttlætanleg á orkufyrirtækjum nema til verðjöfnunar og þetta hlýtur að marka afstöðu allra þeirra sem skilja vandann sem leiðir af ójöfnuðinum í orkumálunum, mismuninum á orkukostnaði. Ég vil ekki trúa því fyrr en ég reyni að þeir sem eru sérstakir umbjóðendur fyrir það fólk sem þolir óréttlætið geti léð þessu frv. fylgi sitt.

Ég vil að lokum, aðeins í nokkrum orðum, draga saman það sem ég tel að sé aðalatriðið varðandi frv. sem við nú ræðum og ég hef áður komið að. Frv. er ætlað að samræma það sem er ósamræmanlegt. Það er ósamræmanlegur rekstur t.d. bankastofnana og orkufyrirtækja. Frv., þó að vilji væri fyrir skattlagningunni, er ónothæft vegna tæknilegra galla sem ég hef vikið hér sérstaklega að. Þá er frv. ekki til verðjöfnunar, heldur til hins gagnstæða sem við skulum sérstaklega hafa í huga. Þá er frv. siðferðilega óréttlætanlegt vegna þess að það tekur ekkert tillit til þess óréttlætis sem er og fylgir verðlagningu orkunnar í landinu. Þá sýnir frv. fullkomið skilningsleysi hæstv. fjmrh. á meginvanda orkumálanna í dag. Það er augljóst af þeirri staðreynd að hæstv. ráðherra skuli bera fram frv. sem hér er til umræðu. Það er einnig augljóst af því sem hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni þegar hann talaði fyrir þessu frv. Kannski er það borin von en meðan það er ekki fullreynt hljótum við að bera einhverja von í brjósti um að svo kunni að vera að hæstv. iðnrh. hafi einhvern skilning á þessum málum, þessum þýðingarmiklu málum, og sem varða svo miklu um framkvæmd orkumálanna sem honum hefur nú verið falið að fara með um skeið.

Ég skal ekki á þessu stigi vera að gera hæstv. iðnrh. eitt eða annað upp um afstöðu hans. Ég bíð þess að hann komi og tjái sig um þetta þýðingarmikla mál þannig að það megi vera ljóst hver hans stefna er.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það urðu miklar umræður um þetta mál — mig minnir að það hafi verið í gær — hér á þinginu, en því miður var ég ekki viðstödd, kom inn í lok þeirra umræðna og veit því ekki gjörla hvernig orðin féllu. En það voru miklar spurningar uppi í huga hv. 3. þm. Vesturl. um það hvort hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði í máli sínu fyrir hönd stjórnarandstöðunnar allrar eða síns flokks einungis. Sama spurning vaknaði greinilega einnig í huga hæstv. iðnrh.

Þá er fyrst að nefna, og það án þess að ég hafi heyrt gjörla hvernig orðin féllu, að fulltrúar annarra stjórnmálasamtaka tala yfirleitt ekki fyrir hönd Kvennalistans, nema um það sé sérstaklega samið og það sérstaklega tekið fram. Hins vegar er ljóst að um skattskyldu orkufyrirtækja ríkja mjög skiptar skoðanir, einnig innan ríkisstjórnarinnar, og því er mjög eðlilegt að þingmenn vilji fá að vita hvort um málið ríkir samstaða stjórnarflokkanna eða ekki og það er sjálfsagt að þeir svari fyrir sig. Ekki var heldur hægt að sjá að krafa hv. 2. þm. Norðurl. e. um slíkt væri ósanngjörn þar sem ráðherrar voru hér í húsinu og mætti svo sem bæta því við að það væri nú ekki á hverjum degi sem þeir sæjust. Þingkonur Kvennalistans geta tekið undir það að nauðsynlegt er að fá ótvíræð svör ráðherra um stuðning við málið og svöruðu þeir reyndar fyrir sig í umræðunni sem fór fram hér í gær.

Ég vil víkja aðeins lítillega að málinu sjálfu, en eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf. hafa landshlutasamtök mótmælt þessu frv. við hæstv. iðnrh. og þá m.a. vegna þess að þessi skattlagning á orkufyrirtækin kunni að leiða til hækkaðs orkuverðs til neytenda. Víst er að orkufyrirtækin eru afar misjafnlega á vegi stödd og þola misvel auknar álögur, sum vel og eru þau aflögufær en önnur illa. Það er einnig ljóst að orkuverð til almennings er mikill fjárhagsbaggi fyrir heimilin víða á landsbyggðinni og má það alls ekki hækka. Er það ekki síst með tilliti til þeirra kjarasamninga sem nú eru nýgerðir og fela í sér verulega kjaraskerðingu, einkum fyrir láglaunafólkið, þrátt fyrir láglaunabætur. Það getur ekki greitt hærra orkuverð. Það er nauðsynlegt að fá glöggar upplýsingar um getu orkufyrirtækjanna til að greiða þann skatt sem hér er lagður til og munu þær væntanlega fást í fjh.- og viðskn. þar sem um þetta frv. verður fjallað. Ég mun því geyma mér frekari umræður um málið þangað til liggur ljósara fyrir hversu raunhæfur þessi skattur er og hvað má ætla að út úr honum fáist fyrir nú mjög bágstaddan ríkissjóð.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hann veit að ég er sanngjarn maður og ég vil minna á það að á fundi deildarinnar í gær lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að hann væri reiðubúinn til að skýra sérstöðu sína og Alþfl. til þessa frv. hér við umræðuna með því að hann taldi rétt að þingið athugaði efnisatriði frv. sérstaklega og kæmist að niðurstöðu um það hvaða breytingar væru nauðsyn-

legar á frv. sem hann taldi ýmsa annmarka á vegna þess að hæstv. fjmrh. skildi ekki þá sérstöðu sem orkufyrirtæki hafa varðandi fyrningartíma, afskriftir og ýmislegt annað. Ég fer fram á það að hæstv. forseti komi ekki í veg fyrir það með því að slíta umræðunni nú að hæstv. iðnrh. gefist kostur á að gera þingdeildinni grein fyrir sínum skoðunum á þessu máli og fer a.m.k. fram á það að hæstv. forseti geri hæstv. iðnrh. viðvart þannig að hann átti sig á að umræðunni ljúki að öðrum kosti.

Mér finnst líka, hæstv. forseti, að það sé ekki einkamál meiri hlutans hvort hæstv. iðnrh. gefist kostur á þessu. Hann var búinn að gefa okkur í stjórnarandstöðunni fyrirheit um að hann mundi reifa skoðanir sínar nú við umræðu málsins og ég fer fram á það að hæstv. forseti sýni hæstv. iðnrh. fyllstu kurteisi í þessu sambandi og tilhliðrunarsemi.

Forseti (Jón Helgason):

Hæstv. iðnrh. er ekki staddur í húsinu í augnablikinu, en ég mun kanna það hvort hann er væntanlegur alveg á næstunni og mun því fresta þessari umræðu og fundinum í korter. — [Fundarhlé.]

Hæstv. iðnrh. er senn að koma. Ég hef haft samband við hann. Hann hefur ekki kvatt sér hljóðs og tjáði mér að hann mundi ekki gera það nú.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Reglulegum fundartíma í deildinni lýkur á miðvikudögum kl. 4 og nú hefur það upplýst að hæstv. iðnrh. er vant við látinn og treystir sér ekki til þess að koma hér í deildina til þess að flytja þá ræðu sem hann var búinn að tilkynna og leggja áherslu á, bæði í blaðagrein og hér úr þessum ræðustóli, að nauðsynlegt væri að hann fengi tækifæri til að flytja. Ég legg afskaplega mikið upp úr því að hæstv. iðnrh. geti staðið við loforð sitt um að gera þingheimi grein fyrir sínum skoðunum og vil enn ítreka hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um það við forseta deildarinnar að fundi sé frestað þannig að hæstv. iðnrh. fái tækifæri til að flytja sína tölu.

Forseti (Jón Helgason):

Hæstv. iðnrh. er hér senn að koma, eins og ég sagði, en ég get að sjálfsögðu ekki ráðið því hvort hann heldur hér ræðu nú eða ekki. Það er hans ákvörðun.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég óska eftir að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur þessa umræðu til þess að ég geti flutt mál mitt. Ég óska eftir að hann verði látinn vita. (**Forseti:** Ég mun gera það.) Hvenær er búist við að fundi ljúki í dag? Ég ítreka að ég hafði ekki hugmynd um að hér ætti að halda áfram fundahöldum eftir kl. 4. Eins og ég hef sagt hæstv. forseta var ég búinn að mæla mér mót við mann utan af landi sem ég þarf að reka erindi með nú á milli 4 og 5. Mér skilst að það hafi verið samþykkt á forsetafundi að fundir héldu hér áfram eftir kl. 4, á óvenjulegum fundartíma. Hefði auðvitað verið elskulegt ef hæstv. forseti hefði gengið úr skugga um að þingdeildarmönnum hefði verið kunnugt um þessa breytingu á reglulegum fundartíma. Ég geri ráð fyrir að hæstv. forseti fallist á að fundi verði frestað stundarfjórðungi fyrir fimm þannig að mér gefist kostur á að reka þau erindi sem ég hef minnst á, en algengt er að þm. utan af landi þurfi að sinna mönnum úr sínum kjördæmum. — Ég var að spyrja hvenær búist yrði við því að fundi ljúki. (**Forseti:** Það var samið um það á fundi með forsetum og formönnum þingflokka í gær að fundir í deildum stæðu frá kl. 3 allt til kl. 5 en þá mundu þingflokksfundir hefjast. Ég mun að sjálfsögðu ekki halda áfram lengur en til kl. 5, en það mun fara þá eftir því hvernig gengur með þetta mál hvort hægt verður að verða við ósk hv. þm. um að hætta fyrr.)

Herra forseti. Ég hef haft samband við formann þingflokks Sjálfstfl. og hann segir mér að engir slíkir samningar hafi verið gerðir, en á hinn bóginn hafi forsetar tilkynnt að fundur deildarinnar stæði til kl. 5 þannig að það er ekki um samkomulag að ræða við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Nú skal ég ekki um það segja hvort formaður þingflokks Sjálfstfl. hafi sagt mér ósatt, en ég get auðvitað spurt hann að því. (**Forseti:** Vegna orða hv. þm. vil ég skýra frá því að það er skriflegt samkomulag *milli* forseta Nd. og formanna þingflokka að máli því sem núna er til umræðu í Nd. ljúki á tveimur tímum en vegna ástæðna sem allir þm. voru sammála um var fundi deildar frestað til kl. 3, þannig að vegna þessa samkomulags formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar og forseta Nd. varð að færa fundi fram til kl. 5.) Eins og ummæli forseta bera með sér hefur ekki verið samið um fundartíma í Ed. og mér var ekki kunnugt um það að fundur yrði hér á milli fjögur og fimm, en það er auðvitað alveg augljóst mál ef stjórn fundarins verður hagað með þeim hætti að ég mun ekki geta staðið við þær skuldbindingar sem ég hafði gefið á þessum tíma á milli kl. 4 og 5. Auðvitað verða einstakir deildarmenn, einstakir þm., að sætta sig við stjórn forseta deildarinnar á hverjum tíma. Ég mun að sjálfsögðu ræða það betur við formann þingflokks Sjálfstfl. hvort það sé rétt að hann hafi samið um það að fundur í efri deild stæði til kl. 5. Þingmaður sem hér er inni og sat þennan fund staðfesti að það væri rétt sem formaður þingflokks Sjálfstfl. sagði, að ekkert slíkt samkomulag hefði verið gert milli þingflokka og forseta þingsins. En það verður svo að vera.

Ég er þakklátur hæstv. iðnrh. fyrir að gefa sér tíma til að koma hér í deildina. Ég er að sjálfsögðu undrandi á því að hann skyldi senda þau skilaboð til okkar þingdeildarmanna að hann muni ekki kveðja sér hljóðs við þessa umræðu, sjái ekki ástæðu til þess. (**Forseti:** Ég sagði ekki „við þessa umræðu", ef mér leyfist að leiðrétta. Ég sagði að hann ætlaði ekki að kveðja sér hljóðs nú.) Ég skil það svo, herra forseti, að ef ég hefði ekki kvatt mér hljóðs hefði umræðunni lokið. (**Forseti:** Já.) Þannig að hans ákvörðun stóð á þeim tíma sem hæstv. forseti skýrði frá orðum iðnrh.

Hitt er mér náttúrlega ekki ljóst hvort hæstv. iðnrh. muni taka til máls eftir að minni ræðu er lokið. Það verður að ráðast.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs nú í dag er sú að þegar þetta mál var rætt hér í deildinni í gær lýsti hæstv. forsrh. því yfir að frumvarpstextinn í því frv. sem hér er til umræðu hefði verið samþykktur af Alþfl. Til þess að ljóst sé að ég fari ekki með rangt mál ætla ég að hafa orðrétt eftir þau ummæli sem hæstv. forsrh. viðhafði hér í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„En ég ætla ekki að fara að hætta mér út í umræður um það hér, en ég vona að ég hafi svarað þessum spurnigum fyrst og fremst. Þetta er stjfrv., samþykkt þannig af öllum flokkunum." Ég greip fram í: „Frumvarpstextinn sjálfur var samþykktur af öllum en ekki bráðabirgðaákvæðið." Hæstv. forsrh. hélt áfram: „Fyrirvari var við það að bráðabirgðaákvæðin þyrftu að athugast nánar á þingi og í nefndinni." Ég greip enn fram í og spurði: „En um frumvarpstextann sjálfan voru menn sammála?" Hæstv. forsrh. svaraði: „Það var ekki nefnt eitt einasta atriði sem ég man eftir með frumvarpstextann."

Nú hefur hæstv. viðskrh., í grein sinni í Morgunblaðinu, komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar hef ég bent á margvísleg skattatæknileg vandamál sem upp koma ef leggja á tekjuskatt á orkufyrirtæki samkvæmt lögunum um tekju- og eignarskatt. Ekki er ástæða til að rekja þau á þessum vettvangi, en nefna má atriði er varða fyrningarhlutföll, verðbreytingarfærslur, hlutfallslega háan og að mestu erlendan fjármagnskostnað, erfiðleika á að greina á milli fyrnanlegra eigna og viðhalds á eignum og loks mat á fyrningum eyðanlegra náttúruauðæfa." Svo mörg voru þau orð.

Ég vil enn fremur vitna í önnur orð hæstv. iðnrh. Hann segir á öðrum stað í þessari grein:

„Í greininni segir Halldór m.a. [með Halldóri er að sjálfsögðu átt við þann mann sem hér talar]: „Jón Sigurðsson iðnrh. hefur samþykkt orkuskattinn eins og hann liggur fyrir, bæði í ríkisstjórn og þingflokki Alþfl. Ég þori að fullyrða að hann átti drjúgan þátt í að leggja á ráðin um hvernig honum yrði hagað." Hér fer Halldór með staðlausa stafi. Þegar fjmrh. gerði tillögu um að skattleggja orkufyrirtæki á síðustu stigum afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár taldi ég ekki fært að stöðva málið í ríkisstjórn en benti á að þörf væri á að undirbúa slíkt mál mun betur en gert hefði verið. Þá þegar benti ég á fjölmarga annmarka sem á því væru að skattleggja orkufyrirtæki samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt. Ég lagði fram um þetta greinargerð þegar á undirbúningsstigi."

Hæstv. iðnrh. segir um skrif mín: „Staðreyndir í þessu máli eru því allt aðrar en Halldór heldur fram í pistli sínum og hlutur minn í málinu allt annar. Skrif hans að öðru leyti bera keim af þessu. Ég læt dylgjur Halldórs sem vind um eyru þjóta. Málatilbúnaður hans er hins vegar síst til þess fallinn að þetta vandmeðfarna mál fái farsælan endi." Dylgjur mínar eru í því fólgnar að ég sagði að hæstv. iðnrh., sem fer með orkumál, sem fer með málefni orkufyrirtækja, hefði verið með í ráðum þegar samið var frv. um að leggja skatt á orkufyrirtæki. Dylgjur mínar voru í því fólgnar að hæstv. iðnrh. hefði samþykkt efnisatriði frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef heyrt orðið dylgjur notað í því samhengi þegar stjórnarandstæðingur tekur fram að ráðherra fylgi stjfrv. sem svo mjög snertir hans málaflokk sem skattafrv. gerir varðandi orkumálin og orkuráðherrann. Ég held að það hefði verið réttara hjá hæstv. iðnrh. að segja að það hafi ekki verið dylgjur hjá mér að nefna nafn hans í þessu samhengi heldur hafi það verið skiljanlegur misskilningur minn að hæstv. orkuráðherra féllist ekki á frv. um skattlagningu orkufyrirtækja nema hann væri sáttur við þá aðferð sem beitt yrði til skattlagningar á þessum fyrirtækjum.

Nú hefur það verið upplýst af hæstv. forsrh. að Alþfl., og þar með ráðherrar Alþfl., þar með hæstv. orkumálaráðherra, hafi samþykkt þann hluta frv. sem fellur inn í lög um tekju- og eignarskatt. Það hafi einungis verið ákvæðin til bráðabirgða sem Alþfl. var andvígur.

Nú skilst auðvitað ekki þegar maður les þrjár fyrstu greinar frv. hvað efnislega felst í þeim þar sem þar er skírskotun til sérstakra kafla og orðalagið mjög lagatæknilegt. Þess vegna er óhjákvæmilegt að leita til athugasemda við einstakar greinar til þess að fá úr því skorið hvað felist í þeim einstöku greinum frv. sem hæstv. orkumálaráðherra hefur samþykkt samkvæmt yfirlýsingu hæstv. forsrh. á fundi hér í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að orkufyrirtæki verði skattskyld til tekjuskatts með sama hætti og almennir rekstraraðilar. Ekki er ætlað að þau verði eignarskattsskyld. Um skattlagningu skulu gilda öll ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Leiðir þessi regla til þess að orkufyrirtækjum ber að haga reikningsskilum sínum með þeim hætti er skattalög áskilja, m.a. að því er varðar ákvörðun um hvað teljist tekjur og gjöld. Reglur almennra skattalaga um endurmat eigna, fyrningar, söluhagnað og verðbreytingarfærslur koma því til með að gilda um skattaleg reikningsskil orkufyrirtækja. Einnig eiga við almennar reglur um framtalsskil, álagningu, yfirferð og úrskurði á sama hátt og hjá öðrum lögaðilum. Sama á og við um greiðslur skatta, gjalddaga og innheimtu.

Í 2. mgr. eru þeir aðilar, stofnanir og fyrirtæki tilgreind er skattskyld verða. Hér er um að ræða öll fyrirtæki er selja orku hvort sem um er að ræða raforku eða varmaorku. Rafmagnsveitur og hitaveitur eru háðar eftirliti og leyfum frá iðnaðarráðuneyti samkvæmt orkulögum, nr. 50/1967, og á því að liggja ljóst fyrir hvaða stofnanir og fyrirtæki starfa á því sviði sem hér er til umfjöllunar. Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Andakílsárvirkjun starfa eftir sérstökum lögum. Ljóst er að um er að ræða fjölbreyttan hóp aðila, allt frá tiltölulega

smáum héraðsrafveitum til stórfyrirtækja á borð við Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun.

Í 3. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að skattfrelsisákvæði, 4. gr. skattalaga um opinberar stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera o.s.frv., svo og annarra laga, eigi ekki við lengur varðandi orkufyrirtæki."

Ég þarf ekki að lesa frekar athugasemdir við 2., 3. eða 4. gr. Þetta dugir í því samhengi sem ég dreg þessar staðreyndir fram í.

Svo er að skilja á hæstv. iðnrh. í hans blaðagrein að margvísleg skattatæknileg vandamál rísi ef leggja eigi tekjuskatt á orkufyrirtæki samkvæmt lögunum um tekju- og eignarskatt. Og ég skildi grein hæstv. iðnrh. á þann veg að hann vildi gera einmitt athugasemdir við 1. gr. frv. Það veldur okkur í stjórnarandstöðunni hins vegar nokkrum vandkvæðum að skilja hvernig þetta mál stendur í ríkisstjórninni. Hæstv. forsrh. fullyrti í gær eða sagði það sína skoðun, skulum við segja, að eðlilegt væri að nákvæmlega sömu reglur giltu um orkufyrirtæki og önnur fyrirtæki í landinu. Um það sagði hæstv. forsrh.:

„Af því að hér hefur verið rætt um uppgjörsmál og skattlagningu Landsvirkjunar viðurkenni ég að mér þótti það sem ég náði í og las eftir þá virtu endurskoðendur og ágætu sem hér hefur verið vísað til, um skatta á Landsvirkjun, hið furðulegasta plagg. Ég viðurkenni að ég er ekki sérstaklega bókhaldsfróður maður en ég varð það eiginlega enn síður eftir að ég hafði lesið það rit. Þar segir beinlínis að samkvæmt reikningsvenjum Landsvirkjunar geti skattur þar orðið allt að 2 milljarðar. Þetta er nú satt að segja nokkurt alvörumál. En mér skilst að samkvæmt öðrum reikningsvenjum gæti hann orðið núll. Þetta er alvörumál og hlýtur að koma til athugunar hvort reikningsvenjur eigi ekki að vera þær sömu fyrir öll fyrirtæki í landinu. Í þessu riti, sem ég er nú ekki með hér fyrir framan mig en ég held að ég muni það úr því, leggjast þeir gegn því að reikningsvenjum Landsvirkjunar verði breytt. Ég er algerlega sammála hv. þm. Vitanlega á nefndin, þegar hún fær þetta til meðferðar, að láta rannsaka þetta mjög vandlega og vitanlega á Ríkisendurskoðun að skoða þetta mál. Það nær ekki nokkurri átt að eitt fyrirtæki, sem er opinbert fyrirtæki, hafi aðrar reikningsvenjur en önnur fyrirtæki í landinu. Kannski eru reikningsvenjur Landsvirkjunar miklu betri en annarra fyrirtækja, ég vil ekkert segja um það. Þetta verður náttúrlega rannsakað og ég treysti því að hv. þm. beiti sér fyrir því."

Þetta er það sem hæstv. forsrh. hefur um þetta mál að segja. Og mér skildist það á hæstv. fjmrh., þegar hann gerði grein fyrir frv. hér fyrir nokkru og bar Landsvirkjun saman við svo ágæta stofnun sem Búnaðarbanka Íslands, að hann teldi að eðlilegt væri að samsvarandi reglur giltu um skattlagningu Búnaðarbankans og Landsvirkjunar.

Nú held ég að óhjákvæmilegt sé að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann sé sammála þessum orðum og þessum málflutningi forsrh., hvort hann telji að fella eigi skattlagningu á orkufyrirtæki undir lög um tekju- og eignarskatt í einstökum atriðum, að teknu tilliti til þeirra ákvæða til bráðabirgða sem er að finna í frv. Og ef hann hefur eitthvað út á það að setja væri líka fróðlegt að fá að vita hvaða atriðum hæstv. iðnrh. vill breyta í sambandi við ákvæði til bráðabirgða. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að í málflutningi hæstv. iðnrh. hefur komið fram að hann telur að þingnefndin eigi að fara sérstaklega vel ofan í þetta mál vegna þess að hæstv. fjmrh. hafi kastað til þess höndum og nauðsynlegt sé að þingnefndin lagi þá agnúa sem eru á frv. frá hendi hæstv. fjmrh. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta liggi allt saman fyrir. Fróðlegt væri líka að fá um það upplýsingar frá hæstv. iðnrh. hvort rétt sé að stjfrv. hafi verið samþykkt af öllum stjórnarflokkunum eins og það liggur fyrir á þskj. 323, sem var yfirlýsing sem hæstv. forsrh. gaf hér á fundinum í gær.

Ég vil að síðustu spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann hafi í huga að beita sér fyrir brtt. við frv. þannig að þessi skattheimta nái einnig til vatnsveitna, en í grein sinni segir hæstv. iðnrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Annars hef ég bent á að þjónusta orkufyrirtækja hefur nokkra sérstöðu í samanburði við flest önnur þjónustufyrirtæki og í því sambandi minnt á að þau eru yfirleitt í eigu opinberra aðila. Þá er þjónusta hitaveitna og vatnsveitna náskyld að eðli og í sumum sveitarfélögum eru raunar vatns- og hitaveitur sama fyrirtækið. Það orkar því tvímælis að skattleggja orkufyrirtæki með þessum hætti en undanskilja ýmis önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaga." Ég endurtek: „en undanskilja ýmis önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaga".

Þegar ég las þessi orð fór ég að velta því fyrir mér við hvað hæstv. iðnrh. ætti. Augljóst er náttúrlega að hann er að velta fyrir sér Vatnsveitu Reykjavíkur, hvort ekki sé hægt að koma skatti á hana. Það getur vel verið að hann vilji þá kannski eitthvað lækka skattinn á Rafmagnsveitu Reykjavíkur á móti. Ég skal ekki um að segja. En á hinn bóginn hefur mér verið sagt, og skal ég ekki fullyrða að það sé rétt, að hvergi í nálægum löndum sé hafður sá háttur á að ríkisvaldið leggi tekjuskatt á þjónustustofnanir sveitarfélaga. Ég hef aldrei heyrt talað um það í nokkru siðmenntuðu landi. Má vera að ég fari hér rangt með. **(Iðnrh.:** Það gerir þú. Því máttu treysta. Því má treysta.) Það er gott. Ekki skal ég draga það í efa enda fullyrti ég ekki, en ég sagði að mér væri tjáð að í nálægum löndum væri hvergi lagður tekjuskattur á þjónustufyrirtæki sveitarfélaga. Ef það er gert óska ég eftir því að hæstv. iðnrh. upplýsi hvað hann eigi við, hvaða fyrirtæki það eru. Þá skal ég koma skilaboðunum til þess sem mér sagði og segja honum að þetta hafi verið leiðrétt, en þetta kallar enn á spurninguna: Hvaða þjónustufyrirtæki sveitarfélaga hefur iðnrh. í huga þegar hann er nú að ráðgera skattheimtu á slík fyrirtæki? Skólagarðana? Það má kannski hafa eitthvað upp úr sorpinu. Það er nauðsynlegt að láta taka frá sér sorpið. Það má kannski láta borga vel fyrir þá þjónustu svo að eitthvað renni í ríkissjóð. Kannski hæstv. fjmrh. hafi uppástungu um eitthvað í viðbót. Hann er nú oft hugmyndaríkur.

(**Fjmrh.**: Hljómskálagarðinn.) Hljómskálagarðinn, já. Aðgangseyri í Hljómskálagarðinn, það væri ekki ónýtt. Það má auðvitað láta sér detta ýmislegt í hug en hitt hygg ég að sé ... (Gripið fram í.) Ég held að oft sé nú greitt inn í Auðkúlu. Auðkúla stendur inni í Laugardalnum. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er það ljóst, en sem þingmanni Reykjavíkur ætti honum að vera ljóst hvaða mannvirki ber það nafn hér. Það er öðru nafni Íþróttahöllin og heitir Auðkúla, hefur heitað það alla tíð. (Gripið fram í.) Það má athuga það.

Það væri sem sagt fróðlegt að fá um þetta gagnlegar upplýsingar. Ég hlýt á hinn bóginn að lokum að vekja athygli á því, herra forseti, að ég var búinn að minnast á sum af þeim atriðum sem ég hef rætt um í minni fyrri ræðu. Þannig háttar til í þinginu að ráðherra má tala svo oft sem honum þóknast. Hins vegar hafa þingmenn ekki heimild til að tala nema tvívegis og það er náttúrlega ágæt aðferð, ef menn vilja ekki taka þátt í umræðum og eru ráðherrar, að haga sér með þeim hætti að þingmaðurinn ljúki öllum sínum ræðutíma þannig að hann getur ekki komið við einstökum athugasemdum.

Ég vil að lokum aðeins ítreka að það skiptir launþega þessa lands og raunar Íslendinga alla töluverðu máli hvernig haldið verður á skattamálunum á þinginu. Það liggur fyrir greinargerð, bæði frá Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins um það að þetta frv. hefur í för með sér 30% hækkun á heimilistöxtum nú á þessu hausti. Ég hef skorað á hæstv. iðnrh. að gera grein fyrir hvaða villur hann sjái í þeim reikningum og þeim greinargerðum sem ég hef hér lýst og hann hefur ekki fengist til þess þá fyrr en nú. Þetta er mjög þýðingarmikið vegna þess að mér skilst að fylgiskjal sé með þeim kjarasamningum sem nú voru gerðir, frá ríkisstjórninni, um að hún muni láta þessa skattheimtu ganga yfir þjóðina. Það er fylgiplagg með kjarasamningunum að orkuskatturinn muni ganga fram og þess vegna er það auðvitað mjög þýðingarmikið að á Alþingi verði frá því gengið að óeðlilegar hækkanir verði ekki á heimilistöxtum né húshitun.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að þetta komi fram. Ég geri ráð fyrir að ástæðulaust sé að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. hefur ekki séð ástæðu til að biðja um orðið eftir að hæstv. forsrh. lauk máli sínu í gær. Hæstv. forsrh. skýrði hvernig að þessum málum var staðið af ríkisstjórninni. Hann skýrði frá því að allir stjórnarflokkarnir hefðu samþykkt að frv. yrði lagt fram og hann skýrði frá því að Alþfl. hefði í grundvallaratriðum fallist á þá skattlagningu sem hér er lögð til.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þegar þetta mál var tekið fyrir 23. jan., kom fram ósk um að umræðum yrði frestað þar til hæstv. iðnrh. væri viðstaddur. Ég tók til máls í þessum þingskapaumræðum og mælti með þessu og sagði þá m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem ég á við er það að samtök allra raforkufyrirtækja í landinu og samtök allra hitaveitna í landinu hafa gert það sem er, mér liggur við að segja einsdæmi. Þessi samtök hafa skrifað hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni bréf þar sem farið er fram á að þetta frv. verði dregið til baka. Það er alveg óvenjulegt að svona skuli koma fyrir. Það kann að vera að hægt sé að finna einhver dæmi þess að slík almannasamtök sem hér um ræðir hafi farið fram á að stjfrv. verði dregið til baka, en ég fullyrði að það er mjög óvenjulegt."

Ég lít svo á að hæstv. forseti hafi tekið tillit til þessara sjónarmiða og það var ákveðið að fresta umræðum.

Ég rek ekki gang þessara mála síðan nema ég vil taka það fram að hæstv. iðnrh. hefur ekki tekið þátt í umræðum um þetta mál. Ég minni á það, sem ætti reyndar ekki að þurfa að gera, en vegna iðnrh. þá vil ég taka það fram, að þegar fundur hófst kl. 3 í dag hér í deildinni, um þetta mál, þá tók ég til máls um málið og talaði í um þrjá stundarfjórðunga. Ég gat um það að það væri miður að hæstv. iðnrh. væri ekki viðstaddur. En ég átti ekki von á því að umræðum lyki í dag því ég vissi ekki annað en fundartíminn væri aðeins til kl. 4. Ég átti því von á að hæstv. ráðherra tæki síðar til máls um þetta efni.

Ég minni á að í umræðum í dag las ég upp bréfið sem Samband ísl. hitaveitna og Samband ísl. rafveitna skrifaði hæstv. iðnrh. 25. jan. sl. þar sem farið er fram á að iðnrh. beiti sér fyrir því að ríkisstjórnin falli frá frv. Með tilliti til þess sem ég hafði áður sagt í þingskapaumræðu 23. jan. gerði ég þá fyrirspurn í dag hvað hæstv. iðnrh. segði um þetta atriði, hvort hann hefði orðið við tilmælum þessara almennu samtaka orkuveitna í landinu og hvort málið hefði verið lagt fyrir ríkisstjórnina og hver væru úrslit, hver væri staða þessa máls. Og ég tel að með tilliti til þessa og með tilliti til forsögu þessa máls, allt frá 23. jan. sl., sé ekki við annað unandi en að hæstv. iðnrh. tjái sig um efnisþætti þessa máls.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þennan fund en vildi koma hér til þess að skýra frá því, vegna fyrirspurna og athugasemda hv. 4. þm. Vestf., að ég hef átt fund með forsvarsmönnum Sambands ísl. rafveitna. Þeir hafa kynnt mér það mál sem þeir vilja leggja fyrir ríkisstjórn og þing. Ég átti á þeim fundi nokkur orðaskipti við þessa forsvarsmenn rafveitnanna, mun láta kanna það mál og leggja það fyrir í ríkisstjórninni. Ég er að sjálfsögðu fús til þess að taka þátt í efnisumræðum um þetta mál hér í þinginu. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram og þakka hv. 4. þm. Vestf. að gefa mér tækifæri til að skýra frá því í þingskapaumræðu en ég vil að sjálfsögðu virða ákvörðun forseta um að ljúka þessum fundi nú klukkan 17. Ég vildi þó nefna að lokum að frv. sem hér er til umræðu annars, ef ekki væri hér þingskapaumræða, er um skattskyldu orkufyrirtækja. Það þarf að kanna hvort tveggja, hvað er átt við með

orðinu orkufyrirtæki — það er reyndar vandasamt, þar af rís einn vandinn — hitt er svo að skilgreina skattskylduna. Það er líka vandasamt og um það er alllangt mál sem ég vil gjarna eiga þess kost að ræða við hv. deildarmenn í þessari virðulegu þingdeild.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég er ánægður yfir því að hæstv. iðnrh. skuli lýsa því yfir í lok hvers fundar að hann vilji taka þátt í þessari umræðu. Það gerði hann á síðasta fundi líka, en svo þegar málið var til umræðu hér sendi hann orð upp um það að hann ætlaði ekki að taka til máls. Nú er hann búinn að ítreka sína fyrri yfirlýsingu og ég hlakka sannarlega til þess að málið verði tekið fyrir á næsta fundi deildarinnar.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

44. fundur, miðvikudaginn 7. febr., kl. 3 miðdegis.

Stjórnarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 569.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Áður en umræðu um þetta 1. dagskrármál lýkur hér í hv. deild langar mig að fara um það nokkrum orðum og skal ekki lengja þessar umræður að óþörfu.

Ég vil í upphafi máls míns benda hv. þm. á að sú umræða sem hér hefur farið fram um frv. það til laga sem fyrir liggur nú á þskj. 569, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, er hinu háa Alþingi ekki til mikils sóma. Allir hv. þm. og mér er nær að halda öll þjóðin gerir sér ljóst að mikilvægt er að mjög verði styrkt stjórnun á umhverfismálum hér á landi eins og alls staðar annars staðar í heiminum. Ég vil því lýsa stuðningi mínum við það að stofnað verði umhverfismálaráðuneyti og mun ekki sitja hjá við atkvæðagreiðslu eins og kvennalistakonur gerðu þó að ég styðji stofnun þess heldur mun ég greiða því atkvæði.

Um þetta mál hélt ég að enginn þyrfti að deila hér á hinu háa Alþingi og því síður átti ég von á að með það yrði farið af slíku alvöruleysi og hér hefur verið gert þar sem umræðan hefur farið yfir í beinar persónulegar árásir á þann hv. þm. og hæstv. ráðherra sem við því ráðuneytinu á að taka auk þess sem umræður hafa farið út í innanflokksmál Alþb. og guð má vita hvað. Undir þessu hafa hv. þm. orðið að sitja nú um langt skeið og mál er að ljúki.

Auðvitað á að stofna umhverfismálaráðuneyti. Um það erum við öll í hjarta okkar sammála. Það má svo hins vegar margt um það segja hvernig það umhverfismálaráðuneyti eigi að vera, hvernig innviðir þess eigi að vera. Ég vil minna hv. þingmenn á að þegar umhverfismálaráðuneyti var stofnað í Danmörku var það einmitt gert á þann hátt ... (**Forseti:** Forseti vill áminna þingheim um að sýna ræðumanni tilhlýðilega virðingu og gefa honum færi á að ljúka máli sínu.) Hæstv. forseti. Ég mun ekki þreyta þingheim mjög með máli mínu. Það er fremur einfalt og ég get verið fljót að gera grein fyrir skoðunum mínum á því. — Ég vil minna hv. þm. á hvernig þessi mál gerðust í Danmörku og af því má margt læra. Danir stofnuðu umhverfismálaráðuneyti og hrúguðu inn í það á stuttum tíma nánast öllu sem til umhverfismála gat talist og niðurstaðan varð fullkomið öngþveiti sem Danir lentu í mestu vandræðum með. Skoðun mín er þess vegna sú að af þessu ættum við að draga lærdóma og fara okkur hægt við uppbyggingu þessa ráðuneytis jafnnauðsynlegt og það er að það verði stofnað. Ég hef áður sagt að við sem unnið höfum á erlendum vettvangi höfum saknað þess mjög illilega að enginn einn aðili var í raun og veru talsmaður umhverfismála fyrir Íslendinga. Ég held að það sé löngu kominn tími til að úr því verði bætt. Ég tel þess vegna að öll umræða um að þessi tvö frv., frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd o.s.frv. þurfi ekkert endilega að afgreiðast samtímis. Ég held að það sé ósköp auðvelt að vera sammála um að stofna umhverfismálaráðuneyti. Ég held hins vegar að hið háa Alþingi eigi að gefa sér góðan tíma til að fjalla um hvernig verkefni verði færð til þess ráðuneytis eða látin vera þar sem þau eru því að sá möguleiki er auðvitað líka fyrir hendi.

Við höfum yfir að ráða miklu og fjölmennu liði af fólki sem er vel menntað og hefur unnið mjög gott starf á þessum sviðum. Nægir þar að nefna Siglingamálastofnunina, sem hefur verið a.m.k. okkur í Norðurlandaráði afar hjálpleg við undirbúning mála sem við höfum síðar fengið samþykkt vegna þess að þau voru vel undirbúin, og Geislavarnir ríkisins og svo ótal, ótal margt annað. Og ég skal lýsa því yfir að ég er ekkert alveg sannfærð um að ég sé í öllum atriðum sammála því sem í hinu síðara frv. stendur og lengri sögu á eftir hér á hinu háa Alþingi. Ég get vel verið til viðtals um að breyta þar ýmsu og það verður auðvitað verkefni þeirra nefnda sem með þau mál fara, en það er einfaldlega annað mál. Aðalatriðið er að byrjað verði á stofnun ráðuneytisins og síðan fari menn sér hægt og hafi um það samráð við alla þá sem að þessum málum hafa unnið í hinum ýmsu ráðuneytum, hvernig með þau mál verði farið. En það hlýtur að valda undrun hversu mikið offors hefur verið við umræðu í þessu máli sem ætti að vera slíkt alltyfirskyggjandi hagsmunamál, jafnt Íslendinga sem annarra, og það er með öllu óskiljanlegt hvernig þessi umræða hefur farið fram. Þess vegna bið ég hv. þm. að ræða þetta mál málefnalega og af minna offorsi en verið hefur.

Ég held t.d. að nefnd sú er forsrh. skipaði hinn 11. júlí 1989 hafi verið allt of seint skipuð, hún hafði einfaldlega of lítinn tíma, og það má einnig deila um

hvernig sú nefnd var skipuð. Nú er mér kannski ekki nógu kunnugt um þetta. Vitaskuld hefur sú nefnd leitað ráða víða, eins og hér kemur fram, en ég held að það hljóti að gefa auga leið að þessi tími hefur verið of skammur. En hér er eftir að vinna þetta mál og ber að leggja í það mikla og vandaða vinnu, þannig að ég sé ekki að það sé nokkur nauðsyn á að þessi mál fylgist endilega að eins og mikil áhersla hefur verið á lögð.

Ég vil sem sagt, hæstv. forseti, lýsa eindregnum stuðningi mínum við stofnun ummhverfismálaráðuneytis og mun jafnframt, sem og aðrir þingmenn, reyna að leggja mitt af mörkum til þess að síðan verði vandað til vinnu um innviði þess ráðuneytis. Hef ég þá lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist eftir þessa ræðu hv. þm. sem er hæstv. forseti Sþ. Mér skildist að í gær hefði verið gert það samkomulag um framgang mála að sem minnstar umræður yrðu um þetta mál núna og þessi hluti þess, þ.e. stjórnarráðsfrv., hvað sem mönnum finnst um það, gengi nú sem fyrst til Ed.

Hæstv. forseti Sþ. kveður sér hljóðs og rýfur þetta samkomulag með því að hafa í frammi slíkar staðhæfingar og dylgjur í garð þeirra sem tekið hafa til máls og bent á veilur í þeim tillögum frá hæstv. ríkisstjórn sem fyrir liggja í þessu máli og enn fremur allri málsmeðferð ríkisstjórnarinnar frá upphafi. Hv. þm. segir það álit sitt að þessi umræða sé Alþingi ekki til sóma. Ég leyfi mér að láta í ljós það álit mitt að öll meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli frá því í haust er stjórninni til skammar og það er Alþingi ekki heldur til sóma ef það ætti svo fram að ganga að sjálfum stjórnarráðslögunum væri breytt á þann veg að stofnað sé ráðuneyti sem engin verkefni hefur. Þetta er auðvitað svo fráleitt og kúnstugt að engin leið er að fallast á að þetta sé í samræmi við neina þingsiði sem unnt er að bera virðingu fyrir.

Hv. þm. sagði að þessi umræða hefði verið til svo lítils sóma að hún hefði jafnvel farið að snúast um innanflokksmál Alþb., aukinheldur annað, og væri þess vegna mál að linnti. Þetta þykir mér satt að segja skiljanleg afstaða hjá hv. þm. eftir seinustu atburði á fundum Alþb. Ég get vel skilið að þeir sem þar hafa flutt mál telji að mál sé að linni umræðu um innanflokksvanda þar á bæ. Það get ég skilið. Hitt er annað mál að þetta er hluti af staðreyndum í íslensku stjórnmálalífi og það er eðlilegt að þm. láti slíkt til sín taka og tjái sig um þau mál ef þeir telja þau einhverju skipta.

Hv. þm. sagði: Auðvitað erum við öll sammála um að stofna umhverfisráðuneyti. — Þetta er rangt. Hv. þm. hefur hlustað á fjölmarga þm. flytja málefnalegar ræður með ábendingum um það að það er sitt hvað að styðja umhverfisvernd í landinu, sem er eitt af höfuðviðfangsefnum framtíðarinnar, og svo hitt að búa til silkihúfu eða nýtt ráðuneyti til að sinna málefnum sem þegar eru á verkefnaskrá annarra ráðuneyta en aftur á móti er kannski sinnt af stofnunum sem ekki hafa haft nægilegan stuðning, m.a. af fjárveitingavaldinu, til að sinna verkefnum sínum svo vel sem verið gæti.

Hv. þm. nefnir reynslu Dana. Það var nú heppilega valið dæmi eða hitt þó heldur. Við skyldum læra af reynslu Dana sem hefðu stofnað umhverfisráðuneyti á árum áður og þeir hefðu farið svo að ráði sínu að þeir hefðu hrúgað þar inn öllum mögulegum verkefnum. Í dag benda mál hér þó til þess að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að læra af dæmi Dana og í stað þess að hrúga þar inn öllum mögulegum málum, eins og Danir gerðu, er bara stofnað ráðuneyti með engum verkefnum. Þetta kallar maður nú að taka mið af reynslunni. Það verður sem sagt ekki ástæða til að álíta að hæstv. ráðherra þessara mála verði í fyrstunni kaffærður í verkefnum ef frv. þetta rennur áfram.

Hv. þm. segir að auðvitað ættum við að sameinast um að afgreiða þessi mál fljótt og vel og sem allra fyrst því að hér sé um að ræða alltyfirskyggjandi hagsmunamál og því ætti ekki að ræða það af slíku offorsi sem verið hefði. Ef um eitthvert offors hefur verið að ræða af andstæðingum þessa máls er það ekki vegna þess að verið sé að koma í veg fyrir framkvæmd hagsmunamála. Það er verið að koma í veg fyrir það að flækja framkvæmd þessara mála með þeim hætti að þau verði erfiðari í framkvæmd eftir en áður. Við erum að vísu mjög svo greinilega að tala um „alltyfirskyggjandi" hagsmunamál þessarar ríkisstjórnar, þ.e. lífshagsmunamál hennar, kannski í allra bókstaflegasta skilningi því að við erum hér að ræða um verðið fyrir ráðherrastól Borgfl. vegna þess að flokkur hv. síðasta ræðumanns vildi ekki láta af hendi ráðuneyti, sem nú þegar er til, handa hinum nýja ráðherra. Það er því rökrétt að hv. eldheitir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar úr flokki Alþb. telja að þetta mál eigi að hafa skjótan framgang.

Úr því að hv. 13. þm. Reykv., hæstv. forseti Sþ., setti þessa umræðu af stað á nýjan leik vil ég freista þess að biðja um það einu sinni enn að hæstv. ríkisstjórn skoði hug sinn á nýjan leik og spyrji sjálfa sig: Með hvaða hætti er stjórn umhverfismála í landinu í raun og veru best borgið? Og í öðru lagi: Er vandinn í umhverfismálum á Íslandi nú og í framtíðinni fólginn í stjórnunarvanda og skorti á ráðuneytum? Er það skortur á stjórnunarstöðum í ráðuneytum sem veldur því að ýmisleg verkefni sem kosta fé í stofnunum, sem eiga að stjórna og framkvæma ýmislegt á sviði umhverfismála, hafa orðið að einhverju leyti út undan? Þær hafa ekki getað sinnt þeim eins og allra best yrði á kosið, og er þó ekki vanþakkað hið mikla og merkilega starf sem þegar er unnið. Ég er hrædd um að það geri málin fremur erfiðari en auðveldari að skipta verkefnum einstakra stofnana milli ráðuneyta og að eitt ráðuneyti hafi eftirlit með öðru eins og sagt er um hluta af skógræktarverkefnunum og landgræðsluverkefnunum. Hver maður sér auðvitað að þetta er ekki skynsamlegt.

Ef við ætlum að læra af reynslu annarra, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á og tók þar dæmi af reynslu

Dana sem hafa sett of mörg mál inn í umhverfisráðuneytið og aðhyllist þess vegna þetta frv. sem nú á að afgreiða með engum verkefnum og engum málum í ráðuneyti, þá ættum við líka að taka mið af reynslu Norðmanna. Skýrsla sem vitnað er til á gjörvallri heimsbyggðinni, þar sem menn á annað borð ræða þessi mál, er kennd við Gro Harlem Brundtland sem var á sínum tíma umhverfisráðherra Noregs. Í þessari skýrslu gengur það eins og rauður þráður í gegnum allt álitið að ekki sé lengur skynsamlegt að safna öllum umhverfismálum undir einn hatt, heldur eigi einmitt að stýra því að verkefni umhverfismála nái framgangi á öllum þeim sviðum þar sem slíkt kemur til greina. Og það hlýtur auðvitað að vera rétt, það á ekki að einangra þessi mál ef við ætlum að ná árangri. Við ætlum að reyna að ná skilningi vítt um þjóðfélagið og vítt um stjórnkerfið og flétta umhyggjuna fyrir umhverfinu inn í öll störf í stjórnsýslunni þannig að við veitum þeim skilningi og áhuga sem svo verði að framkvæmdum út í allt þjóðfélagið, ella eru þessi mál til lítils unnin.

Því er það að þessi mál sem við erum nú að tala um, frá málefnalegu sjónarmiði séð, alveg burt séð frá hagsmunum ríkisstjórnarinnar og stokkun í stóla o.s.frv., frá málefnalegu sjónarmiði séð eru þau algjör tímaskekkja. Og þess vegna er það að ég vildi óska þess að hæstv. forsrh. tæki nú vini sína og samstarfsmenn í hæstv. ríkisstjórn úr Alþb. eða þá úr Alþfl. tali og fái þá til að láta af hendi ráðuneyti til handa hæstv. ráðherra Hagstofu. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég beri sérstaka umhyggju fyrir því að hann sitji í hæstv. ríkisstjórn. Hins vegar þykist ég vita að annað sé óraunhæft en að ætla að svo verði um einhvern tíma, enda virðast hæstv. ráðherrar fúsir til að ganga undir hin furðulegustu jarðarmen til að svo gæti orðið. Ég hef áður vitnað til þess að ég veit að hæstv. forsrh. hefur einlægan áhuga á umhverfismálum og hann hefur líka áhuga á því að halda saman þessari ríkisstjórn sem er sú óvinsælasta sem setið hefur í landinu að því er ég best veit. En vegna áhuga hans á fyrrnefnda málinu, umhverfismálunum sjálfum, þá vonast ég til þess að hann muni ráðstafa þessu með öðrum hætti af stjórnvisku sinni og fá — beinast virðist mér liggja við að Alþb. léti af hendi t.d. samgrn., það hlýtur að henta verkfræðingi ágætlega og gæti hæstv. forsrh. vitnað þar til eigin reynslu, ellegar þá iðnrn. Það er af ýmsu að taka í þessu sambandi.

Ég held að við ættum að huga betur að þessu ef við á annað borð berum umhyggju fyrir títtnefndri virðingu Alþingis sem er stundum svolítið, ja, menn gætu kannski stundum haldið að hún væri á einhverju undanhaldi. Auðvitað viljum við vanda til meðferðar mála hér á Alþingi en við viljum ekki una því að málefni eins og þetta sé notað eins og einhvers konar verslunarvara í hrossakaupum og við viljum stuðla að því að unnt sé að leysa það með öðrum hætti. Loks teljum við að umhverfismálunum sjálfum sé miklu betur borgið með því að hafa einhvers konar samræmingarnefnd starfandi sem annast tengsl milli umhverfisverkefna á sviði hinna ýmsu ráðuneyta eftir því sem þörf er á en forðast að telja okkur trú um að við séum að leysa umhverfisvandamál með því að búa til eina stjórnarskrifstofuna enn.

Ég þakka fyrir orðið, hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls nú vegna þess að ég hafði talið að samkomulag væri orðið um gang þessa máls þó fjarri væri því að samkomulag væri um efni þess. En augljóst er að hæstv. forseti Sþ. hefur rofið þetta samkomulag og látið í ljós nokkur atriði sem ég taldi nauðsynlegt að svara vegna þess að ég hafði áður látið mig þetta mál nokkru varða og hef enda, eins og fleiri hv. þm., haft af því nokkur afskipti, bæði sem ráðherra og þingmaður. Þess vegna tel ég að við höfum ýmis okkar allgóða aðstöðu til að fjalla um það með málefnalegum hætti. Við vísum því á bug að ástæðan sé eitthvert offors og það af síður virðingarskortur við Alþingi að fjalla um það ítarlega og málefnalega þegar hugmyndir af þessu tagi eru uppi.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það er mikil gæfa fyrir þessa hv. þingdeild að forseti Sþ. skuli eiga sæti í henni því að forseti Sþ. er öllum þingmönnum lagnari að greiða fyrir þingstörfum eins og allir vita og lagði fram sitt framlag hér rétt áðan þegar búið var að gera samkomulag um það að greiða fyrir, eða að ljúka umræðu um þetta mál. Þá fór hæstv. forseti Sþ. að tala um sóma Alþingis. Að umræðan um þetta mál hafi ekki verið Alþingi til sóma og þá átti hún við það að þingmenn hefðu leyft sér að andmæla þessu frv. og þá er virðing Alþingis í hættu. Ekkert var talað um það hvernig að þessum málum hefur verið staðið frá byrjun. Hvað var eðlilegra, þegar ríkisstjórnin ákvað að endurskoða lögin um Stjórnarráð Íslands, en að leita samvinnu við alla þingflokka um að taka þátt í þeirri endurskoðun? Stjórnarráðinu eða lögum um Stjórnarráð Íslands á ekki að breyta í hvert skipti sem ný ríkisstjórn er mynduð. Þetta eru lög sem eiga að standa og sem þingið á í raun og veru allt að standa að ef staðið er að því með eðlilegum hætti. Það sem hér er um að ræða er auðvitað afleiðing fljótfærnislegra samninga sem gerðir voru á sl. hausti þegar Borgfl. gerðist aðili að ríkisstjórn, þá er samið í mikilli fljótfærni. Það er forustuflokkur ríkisstjórnarinnar sem gefur eftir eitt ráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti. En formaður Borgfl. er í lausu lofti og hann fer inn í ríkisstjórnina án þess að hafa jörð til að ganga á. Ég kalla það ekki ganga á þó hann hafi tekið við þessu hagstofumálaráðuneyti. (**Gripið fram í:** Fínt að vera þar.) Já, það er ekkert að gera, það er fínt. Ég veit að það var auglýsing í Morgunblaðinu núna fyrir nokkru síðan með fyrirsögninni „Latur", það er einn sem óskar eftir atvinnu, þurfa ekkert að gera eða þá sem allra minnst en mjög hátt kaup. En ég veit að hagstofuráðherrann hefur ekki verið einn af þeim því hann er ekki atvinnulaus. (Gripið fram í.) Og þessi sem þarna auglýsir óskaði ekki eftir neinum bílafríðindum eða kaup á jeppa með skíðagrind. Nei. Það var nú þetta sem gerðist. (Gripið fram í.) Virðu-

legi forseti. Er ekki hægt ... (**Forseti:** Forseti vill beina því til þingdeildarmanna að hafa ekki samtöl hér í deildinni.) Nei, var þetta ekki bara hagstofuráðherrann sem var að þessu? Hann er að greiða fyrir umræðunni því þess fyrr verður hann umhverfisráðherra.

Ég ætla ekkert að flýta mér úr þessu. Ég ætlaði ekki einu sinni að tala hérna nema vegna þess að forseti Sþ. kom því á og hagstofuráðherrann, sá landlausi enn þá, hann ætlar líka að greiða fyrir framgangi málsins. Það er eftir að svara mörgum fsp. sem ég held að ég verði að treysta betur á forsrh. að svara en þann landlausa. Vitaskuld áttu hinir stjórnarflokkarnir að gefa eftir eitt ráðherraembætti. Það var ekki um neina svona þvælu að ræða, það var hægt að vinna þetta með eðlilegum hætti og eins og mönnum sæmir að vinna.

Það er vansæmd og ekki Alþingi til sóma hvernig hefur verið staðið að þessum málum um endurskoðun Stjórnarráðs og framlagningu mála og afgreiðslu mála úr nefnd. Menn koma hér og tala mikið um að allt sé að fara úr böndunum og láta sem svo að kjarasamningar sem gerðir voru með þeim hætti að þeir eru þeir skaplegustu sem gerðir hafa verið um langan tíma, að þeir séu að koma öllu úr böndunum, vitandi það að fjárlög voru afgreidd, fölsk fjárlög voru afgreidd hér fyrir jól, sem voru í raun og veru með fleiri milljarða halla. Svo koma þingmenn úr stjórnarliðinu fram í sjónvarpi og blöðum og segja að ráðherrar sem ekki skeri niður allar framkvæmdir við trog, þeir eigi að segja af sér. En hvað á að gera við þingmenn sem samþykkja hverja útgjaldatillöguna á fætur annarri? Hvað á að gera við þingmenn sem samþykktu 30 millj. til kaupa á dagblöðum rétt fyrir jólin? Ekki þurfti fjvn. að fara einu orði um þá tillögu. Hvað ætla þessir sömu þingmenn að segja þegar komið er á hér umhverfisráðuneyti og búið að ráða 10–15 manns í það þó að verkefnin eigi að vera eftir sem áður í öðrum ráðuneytum og stofnunum? Hvað á að gera við þá þingmenn ef ráðherrarnir eiga að segja af sér sem ekki geta skorið niður, hvað eiga þá þingmennirnir að gera sem samþykkja alla þessa tugi milljóna í aukin útgjöld? Eiga þeir ekki að segja af sér og hætta? Er það þá ekki sætt sameiginlegt skipbrot? Og hvar er byrjað að tala um niðurskurð? Það er auðvitað í því sem lýtur að verkefnum úti um landið eins og landsbyggðin hefur nú farið halloka að undanförnu. Þar á að byrja að skera, þar á að ná sparnaðaráformum, sem þeir kalla. Hver trúir á sparnað hjá þessum mönnum sem eru að færa út stjórnkerfið, gera það dýrara og dýrara með hverjum mánuði sem líður? Hver treystir þessu liði? Utanrrh., honum væri nær að sitja hér í stólnum inni á Alþingi og ræða sín sparnaðarviðhorf og áform eins og hann gerði á fundi nýlega í Vestmannaeyjum þegar hann talaði um að fækka ráðuneytum miklu meira en þessi nefnd, sem ríkisstjórnin skipaði, leggur til. Það var alls ekki nóg þegar hann var kominn á skyrtuna með uppbrettar ermarnar í Vestmannaeyjum. En hvað varðar Alþingi Íslendinga um áform utanrrh. Íslands, formanns Alþfl.? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann sést aldrei hérna, maðurinn, þá sjaldan hann er á landinu.

Ríkisstjórnin óvirðir Alþingi með því að svara ekki spurningum sem fram hafa komið. Hér hefur verið spurt: Hvað á að ráða marga starfsmenn í þetta væntanlega umhverfisráðuneyti? Hvað kostar að ráða þá starfsmenn? Hvaða áform eru uppi um að fækka annars staðar, spara á öðrum sviðum í stjórnkerfinu? Ekkert svar. Ekki eitt einasta orð um þetta. Hvað kemur Alþingi þetta við? Hugsið ykkur hversu lágkúrulegir þingmenn geta verið að samþykkja svona frv., svona útgjöld án þess að krefja framkvæmdarvaldið svara. Það er engu líkara en að hér séu gjörsamlega viljalaus verkfæri innan þess hóps sem hefur verið kosinn inn á löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Svo eru menn að spyrja: Af hverju nýtur Alþingi ekki þeirrar virðingar sem það ætti að njóta sem æðsta stofnun þjóðarinnar? Svarið er að enginn treystir orðið Alþingi. Það samþykkir eitt í dag og annað á morgun. Það samþykkir vegáætlun um tiltekin útgjöld og tilteknar framkvæmdir. Það er byrjað að skera þær niður rétt eftir að búið er að samþykkja. Það samþykkir lagabálka, hvern á fætur öðrum um framlög til ágætra mála, síðan kemur niðurskurðurinn á því árlega og það tekur út yfir lengri tíma en þessi ríkisstjórn hefur setið. Vitaskuld á Alþingi, þegar það stendur frammi fyrir því að breyta þessum lögum og lækka þessi útgjaldaáform, að standa við þau. Alveg sama hverjir eru við stjórn og það getur enginn svarið af sér þetta.

Með öðrum orðum, ég skora á forsrh. að upplýsa Alþingi um það hvað hann og ríkisstjórnin ætla að ráða marga starfsmenn í þetta ráðuneyti, fyrst hann er nú kominn hér í salinn. Ég skora líka á hann að gefa þinginu upplýsingar um það hvar sparnaður verður annars staðar í stjórnkerfinu, hvernig hann ætlar og ríkisstjórnin að stofna umhverfisráðuneyti án verkefna, án þess að breyta lögum og tilgangi ýmissa stofnana sem fara með vissa þætti umhverfismála. Það þýðir ekki að segja, hvorki mér né öðum, að hægt sé að breyta með reglugerð, því að reglugerðir geta ekki tekið af skýlaus lagafyrirmæli. Það vita allir menn og þýðir því ekki að segja manni það. Og það þýðir ekkert fyrir hagstofuráðherrann að vera með einhvern óróleika því hann gerði þá skyssu þegar hann fór í þessa ríkisstjórn að fara inn í hana án þess að hafa jörð til að ganga á, eins og ég sagði hér í upphafi máls míns. Og þetta er það sem hefur valdið honum mikilli angran allt síðan hann kom inn í þessa ríkisstjórn. Af hverju er Framsfl. einn að gefa eftir ráðuneyti en hinir flokkarnir tveir ekki nokkurn skapaðan hlut? Af hverju er verið að tala um fækkun ráðuneyta? Hvar er viðhorf utanrrh. um að fækka ráðuneytum enn meira en nefndin sem forsrh. skipaði um endurskoðun Stjórnarráðs Íslands? Svo kemur sami utanrrh. og greiðir hér atkvæði með stofnun nýs ráðuneytis. Það er engin furða þó að þessi flokksleiðtogi vilji láta dáta sína bjóða fram núna til sveitarstjórnarkosninga með öðrum til að fela nafn

Alþfl. Ég sagði það hér á dögunum að þetta væri alveg nákvæmlega sama aðferðin og landhelgisbrjótarnir notuðu hér. Þeir settu strigadruslu fyrir nafn og númer þegar þeir voru inni í íslenskri landhelgi. Og það er sama strigadruslan komin núna yfir nafn Alþfl. Svona er nú komið fyrir þessum kokhrausta manni, formanni Alþfl., sem sést aldrei hér inni í þinginu. Hann er kominn með strigadruslu yfir nafnið. Ekki á sér, hann setur enga druslu fyrir sitt nafn, en á Alþfl. er komin strigadrusla.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri en ég endurtek alveg sérstakar þakkir til forseta Sþ. fyrir þá einstöku lagni sem forsetinn hefur á því að greiða fyrir þingstörfum. Og ég sé að forseti Sþ. er búinn að biðja aftur um orðið og það er sennilega til þess að tefja enn um hríð að hæstv. hagstofuráðherra fái jörð til að ganga á.

Ingi Björn Albertsson: *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég veitti því athygli þegar ég fékk að líta yfir mælendaskrá forseta að ráðherrar hafa ekki enn sett sig þar á. Til þeirra hefur verið varpað fjölmörgum fsp. og vil ég því inna eftir því hvort ekki megi treysta því að ráðherrarnir muni svara þeim fsp. sem til þeirra hafa borist. En aðalástæðan fyrir því að ég kem hér upp er að spyrjast fyrir um framgang starfa þessarar deildar í dag, hvort ætlunin sé að ljúka hér fundi kl. 5, þegar þingflokksfundir hefjast, eða hvort einhver önnur áform séu uppi. Séu önnur áform uppi og þá hugsanlega um kvöldfund að ræða vil ég mótmæla því. Hér voru þingmenn að störfum fram yfir miðnætti sl. nótt og varla á þá leggjandi að taka annan kvöldfund í kvöld.

Forseti (Geir H. Haarde):

Út af fsp. hv. þm. vill forseti upplýsa að fyrir liggur samkomulag um að reyna að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir kl. 17 og á þessu stigi er ekki vitað annað en að það samkomulag haldi. Það eru engin áform uppi um kvöldfund af hálfu forseta á þessu stigi máls. Að því er varðar fsp. til ráðherra þá getur forseti ekki skyldað þá til svara. En hann beinir til þeirra sjálfra þeim tilmælum sem fram komu hjá ræðumanni.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að lengja þessa umræðu að ráði. Enda höfðum við þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna samið við hæstv. forseta um að þetta mál yrði afgreitt út úr deildinni í dag og var þá talað um fyrir kl. 4 en það flyst af eðlilegum ástæðum til kl. 5.

En ég verð að segja alveg eins og er að eftir þá dæmalausu ræðu sem hæstv. forseti sameinaðs Alþingis hélt hér áðan held ég að verði afskaplega erfitt að standa við þetta tímamark, svo ég ekki kveði fastar að. Hæstv. forseti sagði að umræðan hér hefði snúist upp í persónulegar árásir á þann mann sem ætti að taka við umhverfisráðuneytinu og auk þess hefði umræðan snúist um innri mál Alþb. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég hef kannski ekki hlustað á hverja einustu ræðu sem hefur verið haldin hér um þetta mál, en ég vildi gjarnan fá það rifjað upp hvað hefur verið rætt um innri mál Alþb. í sambandi við þetta frv. Hæstv. forseti mundi kannski fara aðeins yfir það. Ég veit að forsetinn er búinn að biðja um orðið.

Forseti sameinaðs þings sagði líka að það ætti að vera auðvelt að vera sammála um að stofna umhverfisráðuneyti. Ég heyri á þessum ummælum hæstv. forseta að hún hefur ekkert verið hér í deildinni þegar við höfum verið að ræða þetta mál, ef hún heldur að það sé auðvelt að verða sammála um að samþykkja þetta frv. Já, og svo eigum við að ræða málefnalega um þetta mál. Ég tel að við höfum gert það. Og fullyrði það.

Við þessa 3. umr. ætla ég að gera eina tilraun enn til að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessu máli. Ég veit ekki hvort það tekst. Tíminn er sjálfsagt of naumur ef við eigum að ljúka málinu í dag og við neðrideildarmenn verðum þá að setja traust okkar á hv. efri deild og þingmenn þar. Það hefur stundum verið gert áður.

Ég horfði á þáttinn Þingsjá sl. mánudagskvöld, þar sem hæstv. hagstofuráðherra og hv. þm. Kristín Einarsdóttir ræddu þessi umhverfismálafrumvörp. Máttlausari málflutning hef ég varla heyrt hjá einum hæstv. ráðherra en þar kom fram enda var svo sem verið að verja hæpinn málstað. Ég verð á þessum vettvangi að leiðrétta sjendurteknar rangfærslur hæstv. ráðherra um að Sjálfstfl. tefji afgreiðslu þessa máls með því að sjálfstæðismenn á Alþingi haldi uppi málþófi. Ráðherrann klifaði í sífellu á því að sjálfstæðismenn hafi núna tafið með málþófi afgreiðslu *málsins í þrjá mánuði. Og hann bætti við — ég held að* ég hafi heyrt það réttilega — að í raun og veru hafi málið verið rætt tíu sinnum til loka, eins og hann orðaði það. Ég verð, af þessu tilefni, aðeins að rekja gang málsins hér á Alþingi.

Hæstv. ráðherra sagði að málið hefði verið tekið fyrst fyrir 14. nóv. Það út af fyrir sig er rangt hjá honum. Það var fyrst tekið fyrir 8. nóv. Þá hófst sem sagt 1. umr. Þann 14. nóv. var málið á dagskrá en þá varð að fresta því vegna fjarveru hæstv. hagstofuráðherra og hæstv. forsrh. Þann 28. nóv. var málið í þriðja sinn á dagskrá og þá hélt 1. umr. áfram. Það var enn á dagskrá 6. des. til framhalds 1. umr. en þá varð að fresta því vegna fjarveru hæstv. hagstofuráðherra. Þann 11. des. var það í fimmta sinn á dagskrá, þá varð enn að fresta því. Umræðan hófst en það varð að fresta henni vegna fjarveru hæstv. forsrh. og hæstv. hagstofuráðherra. Og síðan, loks þann 13. des. var málið í sjötta sinn á dagskrá og þá lauk 1. umr. og málinu vísað til nefndar daginn eftir. Úr nefnd var það svo tekið, með aðferðum sem hér hefur verið lýst og ég þarf ekkert að endurtaka, þann 25. jan. án þess að það væri nokkuð rætt í hv. allshn.

Svo ég reki þetta svo áfram þá var 128. mál, þ.e. frv. um verkefnatilfærsluna, tekið hér fyrir 11. des. og vísað til nefndar. 2. umr. um 129. mál hefur síðan farið fram þann 1. febr., 2. febr., 6. febr. og svo núna. Í raun er þetta þannig í hnotskurn að málið hefur

aðeins verið rætt á þremur fundum deildarinnar við 1. umr., aðeins á þremur fundum. Og hefur nú verið rætt á þremur fundum til viðbótar við 2. umr. og einum fundi við 3. umr. Þetta er allt málþófið sem hæstv. ráðherra er að tala um og kenna Sjálfstfl. um að málið hafi tafist hér í meðförum þingsins í þrjá mánuði. Þetta flokkast ekki undir málþóf. En fyrir óþreyjufullan er auðvitað erfitt að bíða, bíða eftir að fá það sem hugurinn girnist mest. Það er út af fyrir sig skiljanlegt.

Ég sé að hæstv. hagstofuráðherra er ekki hérna. Mér er svo sem alveg sama, ég hef látið þess getið áður að það skiptir mig engu máli hvort hann er hér í salnum eða ekki þegar við ræðum þetta mál vegna þess að þessi málaflokkur heyrir ekki undir hann. Það er hins vegar mikilvægt að hæstv. forsrh. skuli vera hér. Hæstv. hagstofuráðherra hefur látið í ljós áhyggjur yfir því að sjálfstæðismenn, með málflutningi sínum, komi óorði á umhverfismál, eins og hann orðaði það svo snilldarlega í Þingsjárþættinum sl. mánudag. Ég spyr nú bara: Hvers konar rugl er þetta í hæstv. ráðherra? Er hann í raun og veru að segja að þetta sé slíkt dægurmál að ef það fái einhverja umfjöllun hér á þinginu þá verði almenningur afhuga að styðja umhverfismál? Sé svo, þá er það röng ályktun. Rétt ályktun er hins vegar að almenningur, ekki ríkisstjórnin að mér skilst, hefur fengið megnustu óbeit á því hvernig unnið er að málinu af hálfu stjórnarinnar og alveg sérstaklega átta menn sig á að hér er hégómamál á ferðinni, skaðlegt fyrir það nauðsynjamál að koma samræmdri stjórn á umhverfismálin í landinu.

Hæstv. ráðherra sagði líka að það væri enginn ágreiningur um 70% af verkefnunum sem ættu að færast til ráðuneytisins. Ég er ekki verkfræðingur og þess vegna áreiðanlega ekki eins reikningsglöggur og hæstv. hagstofuráðherra. En mér leikur hugur á að vita hvernig þessi tala er fengin, 70%, um það sé enginn ágreiningur. (**MB:** Það séu 90% ófyrirséð.) Já, það gæti verið, ég gæti trúað — ég á ekki að vera að giska á tölur, en ég gæti trúað að 70% af þessu sem hann segir sé rangt.

Ég hef sannfærst um að verið er að fara út í hreint glapræði með því að samþykkja þetta frv. til breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands. Ég er enn sannfærðari en áður hver nauðsyn er að frumvörpin fylgist að í gegnum þingið. Þessi sannfæring mín hefur styrkst á fundum í hv. allshn. nú síðustu dagana þar sem við höfum verið að athuga frumvarpið um verkefni umhverfisráðuneytisins, 128. mál. Til fundar við nefndina hafa komið, að mér telst til, 17 aðilar það sem af er. Aðeins einn af þessum 17 hefur lýst eindregnum stuðningi við frv., aðeins einn. Og það er forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins. En meiri hluti stjórnar Hollustuverndarinnar er andvígur frv. og þrír af fjórum forstöðumönnum hinna fjögurra sviða Hollustuverndar eru á öndverðum meiði við þennan hv. forstöðumann.

Við höfum fengið á fund okkar ráðuneytisstjórann í heilbrrn. Undir heilbrrn. heyrir Hollustuverndin og Geislavarnir, sem einnig eiga að fara undir umhverfisráðuneytið. Við höfum líka fengið á fund okkar landlækni. Þessir aðilar eru algerlega andvígir því sem hér er verið að efna til. Þeir eru andvígir því að þær stofnanir sem undir heilbrrn. heyra færist til umhverfisráðuneytisins. Er það virkilega svo að ekkert eigi að hlusta á þessa aðila, ekki neitt?

Við höfum fengið á fund okkar veðurstofustjóra. Veðurstofan er ein af þeim stofnunum sem eiga að fara undir umhverfisráðuneytið. Það er ekki nokkur lifandi leið að finna nokkur rök fyrir því hvers vegna Veðurstofan eigi að færast undir umhverfisráðuneytið. Við höfum ekki fengið nein svör við því. Veðurstofustjóri reynir að vísu í sinni umsögn að finna eitthvað en honum tekst það ekki. Hann segir á einum stað í sinni umsögn að kannski mætti alveg eins hugsa sér að Veðurstofan færi undir menntmrn. vegna þess að veðurfregnir eru lesnar í útvarpinu og útvarpið heyrir undir menntmrn. Það eru smárök fyrir því en það eru engin fyrir því að Veðurstofan verði tekin undan samgrn. Samskiptin eru mest við stofnanir sem heyra undir samgrn., mest við Póst og síma.

Mér er satt að segja alveg óskiljanlegt hvers vegna er verið að efna til þessa stríðsástands við þá sem eiga að búa við þetta nýja skipulag, mér er það alveg óskiljanlegt. Það á að þvinga þetta fram í ósátt við allt og alla sem við það eiga að búa, bæði embættismenn og ýmsa hópa í landinu eins og t.d. bændur. Ég hef það á tilfinningunni að það sé verið að reyna að finna bara einhver verkefni — einhver viðfangsefni fyrir þetta ráðuneyti þannig að starfsliðið þar, sem ég ætla nú ekkert að giska á hvað verður margt fyrr en varir, hafi þó eitthvað að gera. Dæmi um slíkan verkefnaflutning er þetta sem ég var að nefna, flutningur á Veðurstofunni. Það eru sem sagt engin rök fyrir þessu.

Þessi viðtöl sem ég var hér að vísa til og ætla ekkert að rekja frekar núna, það verður tækifæri til þess þegar 128. mál kemur til meðferðar aftur hér í deildinni eftir að allshn. hefur lokið umfjöllun sinni, hafa sannfært mig enn betur um að stofnun umhverfisráðuneytis er hrein vitleysa meðan ekki er vitað hvaða verkefni það fær.

Ég er einnig sannfærður um að það fær ekki þau viðfangsefni öll sem í frv. greinir. Þetta segi ég í trausti þess að þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, taki mark á því sem við þá er sagt af mönnum sem hafa meiri þekkingu á umhverfismálum og viðfangsefnum einstakra ráðuneyta en ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, með allri virðingu fyrir þeim þó.

Hæstv. hagstofuráðherra sagði í sjónvarpsviðtalinu, sem ég vitnaði til áðan, að ekkert mælti gegn því að málin, frv. tvö, væru afgreidd saman. Þetta var efnislega það sem hæstv. ráðherra sagði. Ég hlýt að fagna þessari yfirlýsingu. Ég tek fullt mark á henni. Þetta er auðvitað allt annað en hefur verið sagt hér áður í umræðunni og á öðrum vettvangi af hæstv. ráðherrum þar sem krafa hefur verið uppi, krafan til þingsins um að frv. um Stjórnarráðið yrði afgreitt

fyrst. Auðvitað átti samkvæmt þessari kröfu bæði hæstv. hagstofuráðherra og forsrh. að vera búið að afgreiða þetta fyrir löngu.

Ég tek þessa yfirlýsingu hæstv. ráðherra svo að frv. um Stjórnarráð Íslands verði ekki afgreitt frá hv. Ed. fyrr en frv. um verkefni er komið þangað frá þessari hv. deild og hefur þá jafnframt fengið þar umfjöllun og frv. verði afgreidd samtímis. Ég sagði áðan að ég tæki mark á þessari yfirlýsingu en ég verð hins vegar að bæta því við að ég treysti þessu ekki alveg og lái mér hver sem vill. Til þess að tryggja betur að gildistaka beggja frv. verði á sama tíma flyt ég hér brtt. við 2. gr. frv., það er gildistökuákvæðið. Eins og það er núna eftir 2. umr. í deildinni er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi, eftir að þau hafa verið samþykkt. En ég flyt hér brtt. ásamt Inga Birni Albertssyni um að 2. gr. frv. orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990."

Ég mun svo flytja hliðstæða brtt. við hitt frv., 128. mál, um að gildistaka þeirra laga, ef samþykkt verða, verði einnig 1. júní 1990.

Hæstv. forseti. Ég er með skriflega till. og óska eftir að leitað verði afbrigða þannig að hún megi koma til umræðu.

Ég hef lokið máli mínu og ítreka það að mér þykir slæmt eftir á að hyggja að við skyldum hafa fallist á að afgreiða þetta frv. út úr deildinni nú í dag. Ég tel að við þurfum að ræða það frekar og ef það kostar kvöldfund þá verður að hafa það en ég tek hins vegar undir mótmæli hv. þm. Inga Björns Albertssonar um að það er vart við hæfi að halda slíkan fund nú í kvöld.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 575, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum dögum var fundur þingflokksformanna þar sem gert var samkomulag um framgang þessa máls hér í deildinni. Fól það m.a. í sér að 2. umr. skyldi ljúka, eins og gerðist reyndar, í gær og að 3. umr. skyldi ljúka hér á tiltölulega stuttum tíma eða um tveim klukkustundum.

Þá sprengju, sem hæstv. forseti Sþ. varpaði hér inn í umræðuna í upphafi þessa fundar, er varla hægt að skilja á annan veg en þann sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gerði, að hér væri nánast um rof á þessu samkomulagi að ræða. Slíkt tilefni var gefið til frekari umræðna af þingmannsins hálfu. Þingmaðurinn hóf sína ræðu á því að tala um sóma Alþingis og að umræðan hér hefði ekki verið þinginu til sóma. Aðeins þessi fyrstu orð þingmannsins voru þinginu ekki til sóma og kannski í fyrsta sinn í þessari umræðu sem umræðan fer á það stig að nota megi slík orð. Þingmaðurinn talaði um að hér hefði verið farið með offorsi, að hér hefði nánast farið fram skítkast en þó verst af öllu að menn skyldu hafa vogað sér að blanda innanflokksmálum Alþb. í þessa umræðu.

Ég kannast ekki við neitt af þessu. Ég kannast við það að mönnum hafi hitnað eitthvað í hamsi en persónuníð og afskipti af innanflokksmálum Alþb., sem ég tel að engum heilvita manni detti í hug að fara að ræða hér, þau kannast ég ekki við. Ég tek undir þá ósk sem fram kom hér hjá síðasta ræðumanni að nánari grein verði gerð fyrir þessum staðhæfingum.

Hæstv. forseti Sþ. gekk enn lengra. Hann tók afstöðu hér fyrir allan þingheim, hann fullyrti að allir þingmenn vildu stofna sérstakt umhverfisráðuneyti. Hvaðan í ósköpunum fær forseti Sþ. þessi völd? Það veit ég ekki en hann hefur ekki mitt atkvæði í þeirri atkvæðagreiðslu. Hafi hins vegar einhvern tímann verið farið yfir markið í umræðunni vil ég minna menn sem sáu Þingsjá, sem sýnd var sl. mánudagskvöld, á það að þar sagði hæstv. hagstofuráðherra og verðandi umhverfisráðherra að hann hefði hagað sér nákvæmlega eins í okkar sporum. Nákvæmlega eins. Þannig að hafi hún farið yfir markið þá hefði hann verið tilbúinn að standa nákvæmlega eins að málum. Þessu gleymdi hæstv. forseti Sþ.

Eina innlegg forsetans í umræðunum var samanburðurinn við Danmörku og reynslu þeirra. Held ég að verri samanburð hefði naumast verið hægt að taka í máli sem slíku. Slík er reynsla Dana af umhverfisráðuneytinu og því bákni sem þar hefur blásið út.

Ég tel að hæstv. forseti Sþ. hafi nánast rofið það samkomulag sem gert var á fundi þingflokksformanna. Þetta er eins og að skvetta vatni framan í mann þar sem samstarfsvilji stjórnarandstöðunnar hefur verið, að ég tel, með eindæmum góður. Til að mynda hafa verið haldnir fundir í allshn. á hverjum degi í þessari viku þó að skráður fundartími, eins og deildarmenn vita, sé aðeins einu sinni í viku. Það er ekki um það að ræða, hv. þm. Matthías Bjarnason kom hér inn á það, að með þessum hætti hafi verið greitt fyrir þingstörfum og flýtt fyrir umræðu og ég tek undir þá skoðun þingmannsins.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson fór hér lítillega yfir störf nefndarinnar og hverjir hefðu komið á fund hennar og rætt þessi mál. Hann nefndi að á fund nefndarinnar hefðu komið sautján aðilar sem sjálfsagt getur verið rétt. Mín talning segir að tíu aðilar hafi komið, þ.e. frá tíu stofnunum, en það hafa að vísu komið fleiri en einn frá ákveðnum stofnunum þannig að þetta getur alveg gengið upp.

Af þeim aðilum sem leitað var til eftir umsögnum hafa 45 þegar sent inn svör, við tíu þeirra er búið að tala, sex hafa ekki svarað. Þar eru aðilar sem ég tel að nefndin þurfi að fá umsögn frá og ef ekki kemur umsögn á að kalla þessa aðila til spjalls og ráðagerða við nefndina. Það eru aðilar eins og Eðlisfræðifélag Íslands, Félag röntgentækna, Ferðaþjónusta bænda, Húsameistari ríkisins, sjútvrn. og utanrrn. Og síðan veiðistjóri sem láðist að senda frv. til umsagnar en mun verða kallaður fyrir nefndina til þess að gefa sitt álit.

Nefndin er búin að tala við fulltrúa frá tíu stofnunum og þegar liggur fyrir að a.m.k. tveir af þeim aðilum þurfa að koma aftur til frekari viðræðna við nefndina. Það er alveg ljóst að nefndin á mikið starf fyrir höndum.

Það var lítillega farið yfir álit þeirra aðila sem höfðu komið, og skýrt frá því að aðeins einn af þeim aðilum hefði í raun lýst yfir stuðningi við þetta mál, sem er alveg rétt. Ég ætla að fara aðeins í það líka og rifja aðeins upp hvert er helsta álit manna á frv. Starfsmaður nefndarinnar hefur tekið út kjarnapunkta og dreift til nefndarmanna úr þeim umsögnum sem borist hafa enda hefur nefndarmönnum ekki gefist tími til að lesa hverja einustu umsögn. Starfsmaðurinn er fyllilega fær um sitt starf og vel hægt að treysta því sem hann hefur tekið út. Hann tók út fjóra meginpunkta. Fyrsti punkturinn var: Hver er afstaða umsagnaraðilans til stofnunar sérstaks umhverfisráðuneytis? Annar punkturinn: Hver er afstaða viðkomandi til flutnings einstakra stofnana milli ráðuneyta?

Ég ætla að leyfa mér að fara í stuttu máli yfir nokkra meginpunkta úr svörum þessara umsagnaraðila við þessum tveimur spurningum. En eins og ég sagði áður þá voru lagðar fjórar spurningar fyrir þá, en kannski heyra þær frekar undir umræðu um verkefnatilflutning.

Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands segir: Bréf félagsins til nefndar Jóns Sveinssonar mátti skilja á þá lund að mælt væri með stofnun umhverfisráðuneytis og því að öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins flyttist til þess. En með erindi 258/112 til allshn. og umsögn 10. jan. 1990 er skýrt tekið fram að best sé að stofna heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti.

Þetta er svarið við stofnun sérstaks ráðuneytis.

Síðan segir Heilbrigðisfulltrúafélagið: Sé stofnað sjálfstætt umhverfisráðuneyti er lagt til að Hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna verði ekki flutt úr stað. Hefur félagið alltaf lagst gegn því að stofnunin verði klofin upp og skipt milli ráðuneyta. Félagið hefur einnig efasemdir um breytingu á hlutverkum Náttúruverndarráðs, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins og það telur að stjórnunarerfiðleikar hljóti að koma upp við rekstur Siglingamálastofnunar ef stofnuninni verður skipt á milli ráðuneyta.

Heilbr.- og trmrn. segir við fyrri spurningunni: Ráðuneytið telur umhverfisráðuneyti eingöngu eiga að fjalla um ytri mengun. Við síðari spurningunni: Því er alfarið mótmælt að Hollustuvernd og Geislavarnir flytjist yfir í umhverfisráðuneyti en mögulegt talið að flytja mengunarvarnadeild Hollustuverndar yfir. — Og, hæstv. forseti, meðan við erum að ræða um heilbr.- og trmrn., þá var frv. sent til umsagnar þess ráðuneytis en ráðuneytið hafnaði að senda inn umsögn og sagði í bréfi sínu 27. des. 1989 m.a.: „Ráðherra hefur ákveðið að ráðuneytið gefi ekki umsagnir um þessi mál til þingnefndar þar eð hann hefur tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við umræðu málsins á Alþingi."

Nú hygg ég að ég hafi setið undir allri umræðunni, svo til, en til öryggis þá fletti ég upp í umræðum og varð þess var að hæstv. ráðherra hefur ekki enn komið þessum skoðunum á framfæri. Ég fer fram á það við forseta að hann leitist við að fá hæstv. heilbrrh. til að gefa sitt álit á þessu máli í umræðunni í dag. Ég er hins vegar ekki að fara þess á leit að það verði sérstaklega kallað í hann núna heldur að séð verði til þess að við fáum að heyra hans álit á málinu. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að það er ekki á hans valdi að kveðja menn hingað í ræðustól. Ef hv. ræðumaður vill beina orðum til hæstv. ráðherra þá skal hlutast til um að hann komi í þingsalinn.) Þá skulum við, hæstv. forseti, geyma það að sinni. Ég tel ekki þörf á því að halda ráðherra hér í salnum lengur en nauðsyn krefur.

Veðurstofan segir sína skoðun og hefur áliti hennar á þessu máli verið lýst. Þar segir einfaldlega: Erum alfarið á móti því að Veðurstofan verður flutt úr samgönguráðuneytinu.

Orkustofnun svarar fyrri spurningunni svo: Ekki lagður dómur á hvort skipa eigi umhverfismálum í eitt ráðuneyti eða sérstakt umhverfisráðuneyti.

Og enn fremur: Er á móti því að Veðurstofan verði flutt úr samgönguráðuneytinu.

Náttúruverndarráð telur að mengunarvarnadeild Hollustuverndar eigi að tilheyra umhverfisráðuneytinu en ekki stofnunin öll.

Dýralæknafélagið svarar fyrstu spurningunni þannig: Félagið telur stofnun ráðuneytisins varhugaverða þar sem ekki er sett fram umhverfismálastefna. Leggja til að stofnað verði heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti.

Við annarri spurningunni: Félagið er andvígt því að Hollustuvernd verði í umhverfisráðuneyti.

Rannsóknaráð ríkisins svarar fyrstu spurningunni: Ráðið telur ekki tímabært að stofna umhverfisráðuneyti þar sem ekki kemur fram nein sannfærandi greining á þeim efnisvanda sem því er ætlað að fjalla um.

Þjóðminjasafn Íslands mælir gegn því að húsfriðunarnefnd og verkefni hennar verði flutt úr menntmrn.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur að í frv., 128. mál, vanti öll ákvæði um tilfærslu á stöðugildum og rekstrarfé frá ráðuneytum sem til þessa hafa sinnt viðkomandi verkefnum. Leggja til að sérstöku ákvæði verði bætt inn í 128. mál er tryggi að tilflutningur á stöðugildum og rekstrarfé verði frá öðrum ráðuneytum í samræmi við minni verkefni þeirra.

Félag ísl. náttúrufræðinga svarar fyrstu spurningunni, mælir með stofnun ráðuneytisins með vissri lágmarksstarfsemi, þótt ekki verði búið að ganga frá skipan umhverfismála í heild. Félagið bendir á að skilgreiningu á umhverfi vanti í frv. Áfram held ég, hæstv. forseti, en þetta sýnir mjög glögglega hversu mikill ágreiningur er um málið.

Það hefur verið fjallað um Hollustuvernd ríkisins hér úr þessum ræðustóli í dag. Þar eru nánast allir innan dyra á móti flutningi Hollustuverndarinnar. Stjórnin, framkvæmdastjórar sérsviðanna og framkvæmdastjórinn eru allir gegn því. Þeir senda inn allítarlegar athugasemdir sem ég ætla að sleppa að fara yfir núna en mun gera við seinna tækifæri.

Yfirdýralæknirinn í Reykjavík telur að sá mála-

flokkur sem heyrir undir dýravernd eigi frekar heima í landbrn. en umhverfis- eða menntmrn. Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur ekki rétt að skipta verklegum þætti Landgræðslunnar og Skógræktarinnar milli ráðuneyta og telur vegna náins samstarfs RALA við þær að stofnanirnar eigi heima undir landbrn. RALA vitnar til Brundtland-skýrslunnar um að rannsóknir á nýtingu auðlinda séu snar þáttur í því að gera atvinnuvegum kleift að fara með náttúruauðlindir með verndunarsjónarmið í huga.

Landlæknir telur að Geislavarnir og Hollustuvernd eigi heima undir heilbrrn. enda sé meiri hluti verkefna þessara tveggja stofnana á sviði heilbrigðismála. Mjög misráðið væri að fórna hagsmunum þessara stofnana vegna fljótræðisákvarðana.

Fulltrúi Samtaka jafnréttis og félagshyggju, Bjarni Guðleifsson, sem átti sæti í þeirri nefnd sem samdi þetta frv. en var á móti, svarar fyrstu spurningunni þannig að hann sé á móti stofnun umhverfisráðuneytis þar sem óskynsamlegt sé að aðskilja yfirstjórn nýtingar og verndunar auðlindanna. Ráðuneytið auki á miðstýringu og sé of kostnaðarsamt. Helsta verkefni umhverfisráðuneytis, ef stofnað verður, ætti að vera stefnumótun og ráðgjöf.

Stéttarsamband bænda leggur áherslu á að hlutverk væntanlegs ráðuneytis á sviði Landgræðslu og Skógræktar verði einskorðað við eftirlit með ástandi gróðurs og fræðslu um gróðurverndarmál. Framkvæmdaþáttur gróðurverndar og aðgerðir til landfriðunar verði áfram undir stjórn landbrn. Sama gildir um málefni Skógræktar ef frá er talið eftirlit með náttúrulegum birkiskógum.

Siglingamálastofnunin hefur hvergi lýst þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti, þar sem stofnunin telur að árangur opinberrar stefnu í umhverfisvernd á hverjum tíma ráðist frekar af vilja löggjafans til lagasetningar og útvegunar fjármagns til verkefnanna heldur en með hvaða hætti yfirstjórn málaflokksins er fyrir komið innan stjórnkerfisins. Hvergi er að finna í greinargerðum með frumvörpum mat á því hvernig það fyrirkomulag sem er á framkvæmd umhverfismála hafi reynst. Vegna sérstöðu Íslands er ekki sjálfgefið að fyrirkomulag það sem flest nágrannalönd okkar hafa tekið upp sé hagkvæm lausn fyrir Ísland.

Skógræktarfélag Íslands svarar fyrstu spurningunni þannig: Félagið telur að vænlegast sé að fara hægt í sakirnar varðandi stofnun umhverfisráðuneytis. Félagið telur mjög ósennilegt að starfsfólk ráðuneytisins geti unnið að lögboðnum störfum sínum og jafnframt unnið að lagabreytingum sem starfsemi ráðuneytisins kallar á. Við annarri: Félagið telur óviðunandi ósamræmi vera vegna flutnings á verkefnum úr landbrn. til umhverfisráðuneytisins er varða gróðurvernd og landnýtingu ef öðrum fagráðuneytum er ætlað að hafa forræði auðlinda sem þeirra atvinnugreinar byggjast á. Leggur félagið til að Skógrækt ríkisins verði óskipt í landbrn., þar á meðal gróðurvernd og allir þættir skógræktar, en eftirlitshlutverk verði í umhverfisráðuneyti. Ella kunni að verða rofin þau tengsl sem myndast hafa á undanförnum árum milli skógræktarmanna og bænda þar sem verkaskipting sú sem gert er ráð fyrir sé óhæf og telur félagið verksvið umhverfisráðuneytisins ekki vel skilgreint.

Landbrn. svarar í löngu máli og er ljóst að það er mjög svo á móti stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis, en ég mun geyma mér að fara út í þá sálma.

Geislavarnir ríkisins leggja áherslu á að leitað verði víðtækrar samstöðu um stjórnskipulegt fyrirkomulag umhverfismála. Stofnun umhverfisráðuneytis er nátengd endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og breyttri verkaskiptingu ráðuneyta. Því ætti að leiða þau mál til lykta fyrst, segja Geislavarnir ríkisins.

Við síðari lið segja þeir: Það er skýr skoðun stjórnar stofnunarinnar að ekki sé rétt að flytja yfirstjórn stofnunarinnar þar sem langstærsti hluti verkefna hennar sé á sviði heilbrigðismála. Jafnframt er bent á að í Danmörku og Noregi hafi heilbrrn. yfirstjórn geislavarna.

Röntgendeildir Landakots, Landspítalans og Borgarspítalans svara: Yfirlæknar deildanna beina þeirri ósk til nefndarinnar að Geislavarnir ríkisins verði áfram undir stjórn heilbrrn. og landlæknisembættisins þar sem sú ráðstöfun að færa stofnunina undir umhverfisráðuneytið sé afar misráðin. Langstærsta og veigamesta verkefni stofnunarinnar er á sviði heilbrigðismála. Einnig má benda á að Alþjóðageislavarnanefndin telur samkvæmt samþykktum sínum að geislavarnastarfsemi sé í eðli sínu tengd heilbrigðismálum.

Landgræðsla ríkisins telur frumvörpin að mörgu leyti ómótuð og við þá vinnu sem fram undan er leggur Landgræðslan áherslu á samráð hlutaðeigandi.

Samgrn. ítrekar óhagræðið sem hlýst af því að Siglingamálastofnun sé skipt á milli tveggja ráðuneyta. Einnig er ítrekað að Veðurstofan á fyrir flestra hluta sakir miklu fremur heima undir samgrn. en umhverfisráðuneyti.

Samband ísl. sveitarfélaga svarar fyrstu spurningunni þannig: Stjórnin telur ekki tímabært að taka afstöðu til frv. fyrr en fyrir liggja tillögur um endurskipulagningu Stjórnarráðs Íslands. Stjórnin harmar að ekki hafi verið unnið að þessu máli í nánu samstarfi við sveitarfélögin í landinu.

Ef mig misminnir ekki, þá svaraði hæstv. forsrh. mér því að náið samstarf hafi einmitt verið haft við sveitarfélögin í landinu við samningu þessa frv. en annað kemur sem sagt í ljós í umsögn þeirra.

Búnaðarfélag Íslands telur brýnt að sem víðtækust samstaða náist um stjórn umhverfismála, bæði innan stjórnsýslunnar og meðal alls almennings. Telur búnaðarþing að hinir einstöku þættir í stjórnun umhverfismála séu að meginhluta til best komnir í umsjón hinna ýmsu fagráðuneyta. Þó er fallist á nauðsyn þess að fyrir hendi sé ákveðinn aðili eða ráðuneytisdeild sem hafi m.a. á hendi samræmingarverkefni þar sem verkefni skarast og komi fram sem sameiginlegur

fulltrúi þjóðarinnar við umheiminn. Telur að Landgræðslan og Skógræktin eigi að vera undir landbrn. og nefnir margvísleg rök.

Líf og land eru að sjálfsögðu meðmælt stofnun umhverfisráðuneytis en treysta því að umhverfismál verði ekki gerð að dýru bákni í þjóðfélaginu. Fullir af bjartsýni.

Náttúrufræðistofnun telur ekki augjóst að allir verkþættir stofnunarinnar eigi að heyra undir hið nýja ráðuneyti og tínir til ýmsa þætti sem ég geymi mér.

Félag ísl. iðnrekenda er sammála því að þörf sé á að samræma yfirstjórn umhverfismála en telur óþarfa kostnað að stofna nýtt ráðuneyti.

Bændaskólinn á Hólum: Stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis ber keim af friðþægingu og er spor af leið ef eitthvað er. Bændaskólinn á Hvanneyri telur að í eðli sínu eigi umhverfismál ekki að vera í sérstöku ráðuneyti þar sem aukin hætta er á miðstjórn. Einnig er best að saman fari ábyrgð og framkvæmd. Með slíku ráðuneyti eykst hætta á árekstrum milli þéttbýlisbúa og bænda.

Hæstv. forseti. Ég stiklaði hér á stóru eða greip ofan í nokkur af þeim svörum sem við höfum fengið í nefndinni. Að sjálfsögðu eru þau miklu ítarlegri heldur en hér hefur komið fram. Ég taldi nauðsynlegt að fara aðeins ofan í þau þó ekki væri nema til að sýna fram á hversu gríðarleg andstaða er í raun við stofnun þessa ráðuneytis. Og þar sem hún er ekki, þá er verulegur ágreiningur um það hvaða verkefni eigi að flytjast til ráðuneytisins.

Í greinargerð með frv. kemur fram að til umhverfisráðuneytis er gert ráð fyrir samtals átta stöðugildum. Það kom fram þegar hæstv. verðandi umhverfisráðherra umhverfðist hér í stólnum þegar hv. þm. Matthías Bjarnason talaði, að hann hefði mjög mikið að gera í hagstofuráðuneyti, væri mjög upptekinn maður þar. Það er því spurning hvort hæstv. ráðherra hafi yfir höfuð tíma til þess að fara í annað ráðuneyti. Hann hefur sem sagt nóg að gera þrátt fyrir að hann hafi ráðið sér aðstoðarmann fyrir nokkru síðan. Lítum aðeins á verkefnin og viðfangsefnin sem eiga að fara yfir í þetta nýja ráðuneyti og aðeins átta stöðugildum er ætlað að sinna. Af þeim átta stöðugildum er að sjálfsögðu einn bílstjóri sem væntanlega kemur ekki til með að vinna inni á skrifstofunni.

Á bls. 14 í frv. eru viðfangsefnin talin upp. Þau eru:

1. Mál er varða náttúruvernd, þjóðgarða, landgræðslu að því er tekur til gróðurverndar, varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs, verndun, friðun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, jarðrask og efnistöku, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og efling alhliða umhverfisverndar. — Þetta er aðeins fyrsti liðurinn. Við skulum ekki gleyma að það eru aðeins átta manneskjur sem eiga að vinna að öllum þessum verkefnum. Menn geta velt því fyrir sér hvort þær ráði við það eða hvort þetta verði ekki eins og stjórnarandstaðan hefur margítrekað sagt, orðið að bákni áður en við vitum af.

2. Mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, mál sem varða meðferð eiturefna og varnir gegn skaðlegri geislun og mál sem varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

3. Skipulags- og byggingarmál, friðlýsing húsa, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar.

4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar, ástand lofthjúps jarðar og alþjóðlega samvinnu á því sviði.

5. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.

6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.

7. Mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu þjóða á sviði umhverfismála og framkvæmd á alþjóðasamningum um það efni.

Þetta eru viðfangsefnin sem átta stöðugildi eiga að duga til að sinna. Stofnanir og embætti sem falla undir ráðuneytið skv. frv. eru Náttúruverndarráð, Hollustuvernd ríkisins, eiturefnanefnd, Geislavarnir ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar, skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjórn, Landmælingar ríkisins, húsafriðunarnefnd, embætti veiðistjóra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofa Íslands. Dettur nokkrum manni í hug að átta stöðugildi dugi fyrir öll þessi viðfangsefni? Það hvarflar ekki að mér en ég óska eftir því, ef eyru hæstv. hagstofuráðherra eru nú einhvers staðar nálægt salnum, að hann geri nána grein fyrir því hvernig hann ætlar að deila verkefnum niður á þessa átta starfsmenn. Inni í því eru reyndar tveir ritarar og eins og ég sagði ráðherrabílstjóri og mjög upptekinn hagstofuráðherra, mjög upptekinn. Hann er ekki bara hagstofuráðherra, hann er líka að móta nýja atvinnustefnu fyrir þjóðina, þannig að ég óska eftir skýringum á því hvernig í ósköpunum þetta ráðuneyti, svo fámennt sem það verður, á að geta starfað með alla þá málaflokka og viðfangsefni sem því er gert að starfa með.

Hæstv. forseti. Það hefur auðvitað margoft komið fram að hér er verið að greiða Borgaraflokknum fyrir það að ganga til liðs við ríkisstjórnina og efla þingstyrk hennar. Auðvitað var aldrei ætlunin önnur en að efla þingstyrkinn, enda ekki hægt að ætlast til þess að meiri akkur væri í því samstarfi. Hér fær því þjóðin að gjalda fyrir valdafíkn — ég segi valdafíkn sitjandi stjórnarflokka, gömlu flokkanna plús vinstri flokks Borgaraflokksins. Ég segi að skattgreiðendur og þjóðin öll muni líða fyrir þetta í stórauknum

skattaálögum í framtíðinni, í nánustu framtíð, því að ráðuneytið verður orðið að bákni áður en við getum snúið okkur við, enda hef ég margoft lýst því yfir að hér er sennilega eitthvert dýrasta þskj. í sögunni á ferðinni. Aðeins eitt orð — en það er ansans ári dýrt. Þetta mega borgaraflokksmenn og hæstv. forsrh. sitja uppi með. Setja á stofn umhverfisráðuneyti sem er gegn þeirri meginstefnu sem ríkir alls staðar í hinum vestræna heimi, alls staðar. Hér hafa menn vitnað til Brundtland-skýrslu sem boðar akkúrat þveröfuga stefnu. Hún boðar ekki flatabeinsturnastefnu þar sem stjórnað er ofan frá heldur akkúrat öfugt. En völdin skulu keypt hvaða verði sem er.

Hv. þm. Pálmi Jónsson hefur lagt fram fsp. um bílakaup þess ráðuneytis sem ekki er í reynd til enn þá og hvaðan fjármagnið hafi komið. Ég ætla ekki að fjalla neitt um það fyrr en svar hefur fengist við því.

Ég treysti því að hv. formaður allshn. Nd. muni svara því á eftir, enda var hann spurður að því formlega. Hins vegar kemur náttúrlega í ljós með þennan bíl sem var talinn hafa verið keyptur á ákaflega góðum kjörum, ef marka má grein sem þingflokksformaður Sjálfstfl. ritaði í Morgunblaðið í dag, að þau kjör eru afar vafasöm þar sem bíll af þessari gerð kostar svona eins og allur almenningur mundi kaupa hann 2.2 millj. að mig minnir. En eins og ráðherrann keypti hann á góðu kjörunum kostaði hann 3,5 millj. Það eru góðu kjörin. Þetta er náttúrlega bara talandi dæmi um fjármálastjórn ríkisins, fjármálastjórn þessarar ríkisstjórnar. Góðu kjörin eru þessi.

Ég ætla nú ekki að velta mér mikið upp úr þessu en menn hafa talað hér um að ráðherra vildi komast í ráðuneyti án verkefna. Mér sýnist að það sé svipað og þessi bíll hefði verið án vélar, hann fer jafnlangt.

Það er hlálegt að hlusta á ríkisstjórnina boða það að hér eigi að fækka ráðuneytum á nákvæmlega sömu stund og þeir tala um að fjölga þeim. Hvernig getur nokkur einasti maður í landinu hlustað á svona stjórnarherra? Það er ekki nokkur einasta leið að ætlast til þess að fólk með sæmilega greindarvísitölu taki eitthvert mark á slíku. Þetta er svipað og að segja: Við ætlum að lækka skattana en fyrst ætlum við að hækka þá.

Nei, reynsla annarra þjóða af stofnun umhverfisráðneytis á að vera okkur víti til varnaðar. Við eigum ekki að berja hausnum við stein. Það á að taka á þessum þætti mála, það á að samræma stjórn umhverfismála en það þarf ekki að stofna um það sérstakt ráðuneyti.

Ég hef skrifað undir brtt. ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni um að fresta gildistöku laganna. Okkur er það nokkuð ljóst að við getum ekki stöðvað framgang þessa máls svo mjög sem við höfum reynt að koma vitinu fyrir stjórnarliða. Ég hefði persónulega viljað hafa gildistímann heldur seinna því að mér þykir einsýnt að þetta frv. fari ekki út úr Ed. fyrr en í fyrsta lagi í lok mars eða einhvern tíma í apríl jafnvel. Þannig að það eru ekki nema tveir mánuðir til stefnu. Ég hefði viljað sjá gildistímann frekar í kringum 1. júlí eða 1. ágúst, eitthvað slíkt. Enda eins og menn heyrðu, eða vita náttúrlega, af þeirri upptalningu sem ég las um viðfangsefnin, þá veitir ekki af aðlögunartímanum.

Hitt er annað mál að nú þegar hlýtur náttúrlega að hafa sparast verulega — jæja, það er kannski ekki rétt að segja verulega, en það hefur sparast eitthvert fé við það að ráðuneytið er ekki komið á laggirnar því að fjárveiting, t.d. launaútgjöld, er miðuð við 12 mánuði. Það getur varla verið komið í gang. Það er varla búið að ráða þetta fólk nú þegar þannig að nú þegar eru væntanlega tveir mánuðir, 2/12 komnir í sparnað.

Talandi um sparnað og kannski kjarasamningana í leiðinni, þá er það auðvitað leið til sparnaðar að hætta við þetta ráðuneyti eða í það minnsta fresta því og vinna það þá betur. Hér hef ég lesið upp glefsur úr fjölmörgum umsögnum þar sem kemur fram að menn telja að það þurfi að gefa þessu miklu, miklu betri tíma. Það sparast væntanlega um það bil 30 millj. við það að fresta þessu. Ég mælist til þess við hæstv. ríkisstjórn að hún skoði það nú gaumgæfilega, enda eins og fram kom, þá hefur hæstv. hagstofuráðherra feykinóg að gera. Það má líka segja það að Borgfl. hamast við að lýsa því yfir að það sé honum að þakka fyrst og fremst að þessir kjarasamningar náðust, að það skyldi vera grundvöllur fyrir þá, það hafi verið þeim að þakka með því að vernda ríkisstjórnina á síðasta þingi. Auðvitað vilja þeir gæta síns starfs og ef þeir geta lagt gott innlegg í þá björgunaraðgerð taka þeir auðvitað undir það að fresta því að setja á stofn umhverfisráðuneytið.

Hæstv. forseti. Það svo sem liggur í orðunum í nál. meiri hl. að menn séu ekki á eitt sáttir um þetta, en þar segir í fyrstu setningu eftir að upptalningu er lokið á þeim sem sendu inn umsagnir, með leyfi forseta:

„Flestir eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórn umhverfismála hérlendis en greinir á um leiðir að því markmiði."

Þetta er auðvitað hárrétt. Það eru auðvitað allir inni á því. Það hefði verið nær ef hæstv. forseti Sþ. hefði komið inn á þetta. Það eru allir sammála þessu. Það er ekki rétt að það séu allir sammála því að stofna sérstakt ráðuneyti um það. En þar sem flestir eru sammála því að það þurfi að taka á þessari yfirstjórn, þá telur meiri hl. hv. allshn. að það beri að stofna sjálfstætt umhverfisráðuneyti. Rökin eru ekki meiri en þau. Allir vilja taka á málaflokknum og það dugar meiri hlutanum.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með það að ekki skyldi verða tekið í útrétta hönd stjórnarandstöðunnar þegar hún bauð samstarf um þessi tvö mál, að þau ættu að fylgjast að í gegnum þingið. Ég hef bent á það áður að þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessum málum, þá gerði hann það samtímis og taldi það eðlilegt og það töldu held ég hér allir, bæði stjórnarandstaðan og stjórnarsinnar, en það náði bara ekki lengra þá. Síðan slitnaði upp. Síðan lá á að koma ráðuneytinu í gang þó það væru engin verkefni fyrir hæstv. hag-

stofuráðherra. Það er gott að menn eru skilvísir og vilja borga sínar skuldir sem fyrst. En það þarf fyrst að gera upp við fortíðina.

Hæstv. forseti. Ég hygg að ég láti þetta nægja að sinni. Ég ætla hins vegar að bíða eftir því að heyra í ráðherranum sem minnir mig reyndar á það, hæstv. forseti, að ég óskaði eftir því að heilbrrh. segði okkur sitt álit á þessu máli og óska eftir því að hann verði kallaður í salinn.

Á fund nefndarinnar í morgun kom m.a. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og var ekki alveg sammála því að stofna ætti slíkt ráðuneyti en gerði sér grein fyrir því að við því yrði ekki spornað héðan af. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að úr því að svo væri komið ætti að gera það í áföngum og varaði mjög við reynslu annarra þjóða í þessum efnum.

Hér hefur lítillega verið fjallað um skoðun Veðurstofunnar. Páll Bergþórsson kom á fund nefndarinnar og lýsti því mjög vel hve samstarf Veðurstofunnar og Pósts og síma er mikið og hversu fáránlegt væri í framhaldi af því að taka Veðurstofuna undan samgrn. Gerði hann það með skemmtilegum dæmum sem ég ætla ekki að fara yfir hér.

Hæstv. forseti. Það er sem sagt mikið starf eftir í nefndinni. Það er eftir að ræða við allnokkra aðila. Það hefur ekki verið rætt við 35 aðila. Er ég þó ekki með þessu að segja að við ætlum að ræða við þá alla en það eru enn allnokkrir sem þarf að ræða við.

Nú gengur hæstv. heilbrrh. í salinn og fagna ég því mjög. Það stendur styrr um ýmis málefni sem falla undir hans ágæta ráðuneyti. Ég kom inn á það í ræðu minni að það hefði verið óskað eftir umsögn heilbr.- og trmrn. um þetta frv. en í svari sem barst frá ráðuneytinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Ráðherra hefur ákveðið að ráðuneytið gefi ekki umsagnir um þessi mál til þingnefndar þar eð hann hefur tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við umræðu málsins á Alþingi."

Það er vegna þessarar setningar sem ég var að lesa, sem ég óskaði, hæstv. heilbrrh., eftir nærveru þinni og áliti þínu og þíns ráðuneytis á þessum málum.

Hæstv. forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa þetta lengra að sinni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég er enn að gera mér vonir um að staðið verði við það samkomulag sem hér var gert við afgreiðslu þessa máls og ég þykist vita að hv. síðasti ræðumaður hafi stytt verulega mál sitt til að stuðla að því að svo gæti orðið. Hann stóð hins vegar upp utan dagskrár um þingsköp og krafðist þess að ég stæði upp og svaraði spurningum. Ég hef ekki orðið var við margar spurningar til mín, engar í þessari umræðu. Ég svaraði nokkrum við 2. umr. og við 1. umr. Hv. þm. spurði hvort ríkisstjórnin væri reiðubúin að fallast á þá vinsamlegu tillögu að fresta þessu máli og svar mitt er nei. Ríkisstjórnin telur afar mikilvægt að koma ráðuneytinu á fót og er algerlega ósammála þeim sem telja það ekki tímabært hér á landi.

Hv. þm. fullyrti að ég hefði sagt að það hefði verið mjög náið samband við samtök sveitarfélaga. Það held ég sé misskilningur. Ég sagði að það hefði verið haft samband við samtök sveitarfélaga en þau svöruðu ekki nefndinni sem þetta mál vann. Ég hef grennslast eftir þessu sérstaklega og það var haft samband við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og hann upplýsti að það væri þá ekki að vænta svars. Það er náttúrlega ekki náið samband, en það var gerð tilraun til þess.

Hér hafa verið raktar alls konar umsagnir um þetta frv. og ég hef fengið það líka og farið í gegnum það. Það er alveg hárrétt, það er hægt að finna svo að segja í hverri einustu umsögn frá umsagnaraðilum að menn eru á móti einhverju. Það er ekkert undarlegt.

Í gær var gert að umræðuefni frv. um Stjórnarráð Íslands. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gerði það í ítarlegri ræðu og rakti meðferð þess máls. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp það sem Bjarni Benediktsson sagði í umræðu um það mál þegar það kom aftur frá nefnd. Hér segir í þessari samantekt:

„Næstur á mælendaskrá var Bjarni Benediktsson. Hann sagði m.a.: „Ástæðan til þess að ég stend upp nú er sú að sl. föstudag, hygg ég að það hafi verið, barst mér bréf frá ráðuneytisstjórum í Stjórnarráðinu þar sem þeir senda mér eins konar álitsgerð eða athugasemd við frv. Mér er ekki kunnugt um hvort hv. nefnd hefur fengið þá álitsgerð einnig, en vafalaust er hún ekki mér einum ætluð og þó ég hafi hana ekki við hendina, þá er rétt að ég skýri frá því að ráðuneytisstjórarnir virðast vera í meginatriðum andvígir frv.""

Er þetta ekki dálítið svipað og þegar ráðuneytisstjórarnir og yfirleitt þeir sem fara með forustu stofnana og eru á einum stað í dag vilja engar breytingar? Ráðuneytisstjórar í Stjórnarráði Íslands 1968 lögðust gegn þessu frv. sem allir róma nú að hafi verið hið ágætasta mál. Ég er ekkert undrandi þótt Hollustuverndin vilji vera þar sem hún er, Skógræktin þar sem hún er, Veðurstofan þar sen hún er. Ætli þeim líði ekki bara vel. En við berum ábyrgð á að haga málum þannig að betur fari miðað við þau stóru verkefni sem við teljum vera fram undan í þessu þjóðfélagi. Það hefur verið fjallað um það síðan 1975, ef ég man rétt, að raða þessum málum á annan veg svo að betur megi fara, nefnd eftir nefnd eftir nefnd. Og ég hygg að í öllum tilfellum hafi viðkomandi aðilar að meira eða minna leyti lagst gegn breytingum. Það er sjálfsagt að skoða þessar umsagnir vandlega og hér hefur aðallega verið fjallað um það frv. sem bíður í nefndinni. Ég hef sagt að ég tel sjálfsagt að skoða allt af hinni mestu vandvirkni en eftir því sem ég sé af umsögnum sem hafa borist og ég hef farið í gegnum, þá eru langflestir aðilar annaðhvort með því að setja upp umhverfisráðuneyti eða svara ekki þeirri spurningu. Af þeirri ástæðu þótti mér rétt fyrir mitt leyti og studdi það að þetta mál yrði afgreitt á undan en hitt fengi nánari meðferð í nefndinni.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs við þessa umræðu er sú að beint var til mín tilmælum við umræðuna í gær af hv. 2. þm. Norðurl. v. Tilmælin voru á þá leið hvort greitt hefði verið út af fjárlögum vegna umhverfisráðuneytis á þessu ári og hvort það stæðist lög ef gert hefði verið. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um þetta. Það hefur verið greidd út af sérstökum fjárlagalið 1357 þús. kr. upphæð á þessu ári sem notuð hefur verið til undirbúnings stofnunar umhverfisráðuneytis. Mér hefur ekki tekist á þessum skamma tíma að afla mér lögfræðilegrar greinargerðar um þetta mál. Ég tel vissulega á verksviði fjvn. að fylgjast með framkvæmd fjárlaga að þessu leyti og vísa málinu að öðru leyti þangað.

Framhald þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram hefur aðallega snúist um það frv. sem enn er til meðferðar í allshn. Við höfum unnið að því af kappi eins og rakið hefur verið. Það hafa komið fjölmargir aðilar á fund nefndarinnar og því hefur verið lýst að undirtektir þeirra hafa verið neikvæðar. Það er vissulega rétt. Skoðanir hafa verið skiptar. En þess ber að geta að við höfum fram að þessu verið að lýsa ofan í þau mál sem ágreiningur er um og þá aðila sem mest hafa haft við skipan mála að athuga höfum við kallað á fund nefndarinnar.

Fyrst ég er kominn hér upp vil ég leiðrétta annan misskilning sem fram kom við 2. umr. málsins. Því er haldið fram að þetta minnisblað sem er upp á 21 síðu innihaldi athugasemdir við frv. Þetta minnisblað er vinnuplagg sem starfsmaður nefndarinnar vafði upp fyrir nefndina til hagræðingar. Starf hans hefur verið til mikillar fyrirmyndar og þetta vinnuplagg er bæði athugasemdir og afstaða hinna ýmsu aðila sem fengið hafa málið til umsagnar. Það er tíundað í meginatriðum í þessu plaggi og það inniheldur bæði athugasemdir og jákvæð viðbrögð. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að mér fannst gæta misskilnings um þetta í 2. umr. málsins og minnir að það hafi verið hv. 1. þm. Reykn. sem veifaði þessu plaggi og sagði að það innihéldi aðeins athugasemdir við málið.

Það er unnið af kappi að 129. máli og 4. máli sem fjalla um umhverfismál. Við í nefndinni höfum kappkostað að skyggnast sem best inn í þá verkaskiptingu sem ætlað er að verði í væntanlegu umhverfisráðuneyti.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill nú upplýsa að fimm eru á mælendaskrá en samið hafði verið um að 3. umr. lyki hér áður en hefðbundnir þingflokksfundir byrja. Ég vil biðja formenn þingflokka að hitta forseta. En næstur á mælendaskrá er hv. 13. þm. Reykv.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins skýra hér örfá atriði vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið eða urðu sérstaklega í upphafi fundar. Það er alveg rétt sem fram hefur komið að gert var samkomulag um þinghald hér í dag og mér dettur ekki í hug annað en það samkomulag haldi eins og annað það samkomulag sem gert hefur verið og ég vil þakka þingflokksformönnum fyrir hversu vel hefur verið staðið að slíkum samningum, fyrr og síðar, og hef enga ástæðu til að halda að svo verði ekki einnig nú.

Vegna þess að eitthvað hefur farið öfugt ofan í menn að ég leyfði mér hér að leggja orð í belg í þessari löngu umræðu, og tók ræða mín nákvæmlega 4½ mínútu, þá vil ég segja þetta: Það vill nú svo til að ég hef komið töluvert nálægt umhverfismálum, einkum og sér í lagi innan Norðurlandaráðs, eins og ýmis þau rit sem gefin hafa verið út þar bera með sér, þannig að mér fannst nú engin goðgá þó að ég fengi að segja um þetta mál nokkur orð. Annað eins hefur nú, að ég hygg, verið sagt hér í þingsölum eins og að umræðan væri ekki alltaf málefnaleg, en mér þykir afar leitt ef ég hef móðgað einhverja hv. þm. með þeim ummælum.

Ég var á mælendaskrá í gær og ákvað þá að draga mig í hlé til þess að þinghald gæti farið fram með umsömdum hætti. Ég gekk til forseta — og vil ég biðja hæstv. forseta að hlusta á það — áður en þessi fundur hófst hér í dag og spurði hann hvort hann vissi til þess að einhver umræða yrði. Hefði svo ekki verið hefði ég sleppt því að taka til máls hér í dag. Forseti kvaðst vita um þó nokkra þm. sem mundu tala svo að ég tók ákvörðun um að segja þessi örfáu orð.

Í þriðja lagi vil ég taka fram að ég kann því afar illa að þegar ég stend hér í hv. Nd. sem venjulegur þm. sé ég ævinlega titluð forseti Sþ. Vitaskuld er ég það og ég er hreykin af að vera það, og ég hef enga ástæðu til að halda að neinn hv. þm. skammist sín fyrir það, en hér í Nd. er ég auðvitað fyrst og fremst 13. þm. Reykv. og það hefur aldrei verið um það samið við einn eða neinn að ég sé svipt málfrelsi hér sem þm. Þetta hlýt ég að taka fram vegna þess að ég minnist ekki að þessi virðulegi titill hafi yfirleitt verið notaður þegar hv. 4. þm. Vestf. var hér forseti árum saman og vann auðvitað öll sín störf sem þm. Vestfirðinga. Ég minnist ekki að hann væri titlaður foseti sameinaðs Alþingis þegar hann tók til máls hér í Nd. Og ég er formföst kona og vil gjarnan halda þeirri venju.

Að öðru leyti treysti ég því auðvitað að hv. þingmenn standi við það samkomulag sem liggur skriflegt fyrir og hafi ég átt einhvern sérstakan þátt í því að erfiðleikar verði með að halda það samkomulag, þá harma ég það auðvitað, en get ekki alveg í fljótu bragði séð hverja sök ég á þar á.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Til mín hefur ekki verið beint mörgum spurningum. Það hefur meira verið velt fyrir sér hvaða skoðanir ég muni geta hafa haft á málum og jafnvel hafa sett fram á öðrum vettvangi. Þó finnst mér rétt og skylt að svara hv. 5. þm. Vesturl. Ég held að hann hafi spurst fyrir um það hvernig ég hygðist deila störfum meðal þeirra starfsmanna sem fyrirhugað er að ráða til ráðuneytisins, ef það verður að lögum, og það koma til þess verkefni, að sjálfsögðu.

Það er gert ráð fyrir því í þeirri rekstraráætlun sem fylgir með í frumvarpsgreinargerðinni að ráðinn verði ráðuneytisstjóri, síðan einn skrifstofustjóri. Er talið eðlilegt að hann sjái fyrst og fremst um alþjóðleg samskipti og hugsanlega fræðslumál. Síðan verði ráðinn einn deildarstjóri sem mundi þá annaðhvort vera á sviði mengunarvarna og/eða á sviði byggingar- og skipulagsmála. Síðan er gert ráð fyrir tveimur sérfræðingum sem kæmu síðar á árinu. Annar þeirra mundi þá að sjálfsögðu fást við mengunarvarnasviðið eða byggingar- og skipulagssviðið eftir því hvort deildarstjórinn tæki hinn eða annan málaflokkinn og seinni sérfræðingurinn yrði þá fyrst og fremst á sviði náttúruverndarmála. Það er ekki gert ráð fyrir að ráða sérstakan bílstjóra. Ég hef þegar lýst því yfir að ég tel ekki þörf á slíku, nema að sjálfsögðu mun ég ráða bílstjóra til tímabundinna verkefna ef nauðsyn krefur.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands þurfi ekki að taka það sem neinar persónulegar árásir þó að mönnum verði tíðrætt um þetta mál. Hér er nefnilega um stórmál að ræða og eðlilegt að þm. reyni að fóta sig á þeim rökum sem færð eru fram fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu.

Hv. 2. þm. Reykn. og 5. þm. Vesturl. röktu hér umsagnir allmargra aðila sem komið hafa á fund allshn. og skal ég ekki fara út í þá sálma nú, en það er rétt að þær eru nánast allar á einn og sama veg, að segja má. Hitt er þó verra ef stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli gengur þvert á þá meginstefnu sem nú ryður sér til rúms í hinum siðmenntaða heimi, sem svo vill kalla sig að því er maður hefur spurt, og er þar mikið vitnað í hina frægu skýrslu Gro Harlem Brundtland.

Það hefur hins vegar verið gert samkomulag um framgang þessa máls og skal ég því ekki lengja mál mitt að sinni. En ég bendi aðeins á að það er mikill áhugi hjá alþm. fyrir þessu máli. Og sannarlega er þetta eitt stærsta mál sem kemur fyrir þetta þing. Ég hvet því alla hv. alþm. til að kynna sér málið sem allra best.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði hér til bréfs frá heilbrrn. vegna óskar um umsögn þess um frv. það sem hér er til umræðu, beindi kannski ekki beint til mín fsp. en vitnaði til bréfsins þar sem m.a. segir að *ráðherra hafi* að sjálfsögðu möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri á Alþingi varðandi þetta frv. eins og önnur og þess vegna sé ekki ástæða til sérstakrar umsagnar frá ráðuneytinu. Ég vil aðeins út af því segja það að ég er fullkomlega sammála frv. eins og það liggur hér fyrir þar sem gert er ráð fyrir að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti. Ég samþykkti það bæði í ríkisstjórn og í þingflokki þannig að afstaða mín til málsins hlýtur að vera alveg ljós af þeirri ástæðu einni. En þar að auki er mér ljóst að um ýmsa þætti eru skiptar skoðanir og t.d. hjá Hollustuvernd ríkisins hafa komið upp skiptar skoðanir hjá einstökum starfsmönnum og það á kannski við líka í ráðuneyti að það séu skiptar skoðanir um málið hjá einstökum starfsmönnum um hvernig að því beri að standa og hvernig því beri að framfylgja. En stefna ráðherra og þar með ráðuneytisins opinberlega er ljós.

Ég er fylgjandi því að Hollustuverndin flytjist yfir í einu lagi eins og gert hefur verið ráð fyrir í umræðum um hvaða verkefni eigi að flytjast til væntanlegs umhverfisráðuneytis og tel að það sé mikilvægt vegna *eftirlitshlutverks Heilbrigðiseftirlits* sveitarfélaganna og heilbrigðisfulltrúanna og þess eftirlitskerfis sem þar hefur verið komið á þó svo að auðvitað gætu menn sjálfsagt líka hugsað sér eitthvert annað form á þessu, en ég tel að þetta sé skynsamlegast og best eins og að *málum hefur verið* staðið og eins og uppbyggingu þessa málaflokks hefur verið háttað.

Forseti (Geir H. Haarde):

Enn er einn hv. þm. á mælendaskrá, en það verður reynt að ljúka þessari umræðu eins og til stóð og vænti ég að þingmenn hafi biðlund. Síðan verður þess freistað að afgreiða málið til hv. Ed.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil gjarnan þakka þau svör sem hv. 3. þm. Austurl. gaf hér við fyrirspurnum mínum frá því í gær en hann er formaður allshn. Þau svör voru þó takmörkuð. Ég hafði vakið á því athygli að í fjárlögum er sérstakur fjárlagaliður sem kallast umhverfisráðuneyti og ég spurðist fyrir um það og óskaði eftir því að hv. allshn. tæki það til athugunar á milli 2. og 3. umr. hvort heimilt væri að greiða fé út af þeim fjárlagalið meðan slíkt ráðuneyti væri ekki stofnað með lögum. Áður hafði verið veitt samkvæmt fjáraukalögum á síðasta ári fé til undirbúnings þessa ráðuneytis.

Hv. formaður allshn. upplýsti að af þessum fjárlagalið *hefðu verið greiddar út 1 millj.* 357 þús. kr. en kvað sér ekki hafa tekist að afla lögfræðilegrar álitsgerðar á því hvort heimild væri fyrir hendi til þess að greiða þetta fé út. Ég lít svo til að með þessari yfirlýsingu hv. formanns allshn. liggi það fyrir að það leikur a.m.k. vafi á því hvort þessi heimild er fyrir hendi. Hv. formaður allshn. Jón Kristjánsson lét þess getið að það gæti verið í verkahring fjvn. að fá úr þessu skorið og er sjálfsagt að leita úrskurðar um það efni á þeim vettvangi. Ég tel hins vegar að meðferð þessara mála sé í tengslum við afgreiðslu þessa máls og ég vænti þess að þó svo að þetta mál verði nú afgreitt héðan úr þessari deild verði þetta kannað nánar af hv. allshn. Ed. meðan málið er þar til meðferðar ef það verður samþykkt hér út úr deildinni.

Það hefur komið fram að hér hefur verið gert samkomulag og ég skal taka tillit til þess. Ýmislegt hefur þó verið sagt sem hefði gefið tilefni til nokkurra ræðuhalda, m.a. af hálfu hæstv. forsrh. sem fer með

forræði þessa máls. Það var helst á honum að skilja að það væri fremur kostur en löstur við þetta mál að flestir þeir sem veitt hafa um það umsagnir væru því andsnúnir og flestir þeir forstöðumenn stofnana og ráðuneyta sem með þau málefni fara sem undir hið nýja umhverfisráðuneyti eiga að fara væru andvígir þessu frv. Þetta eru einmitt menn sem hafa mesta reynslu og mesta þekkingu á þeim málaflokkum sem hér er verið að fjalla um. Um þetta gæti ég sagt ýmislegt og flutt alllangt mál. Það mun ég þó ekki gera vegna samkomulags en þetta er sýnishorn af því hvernig hæstv. ríkisstjórn vill standa að málum og hvernig röksemdafærslan er í þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 575 felld með 20:12 atkv.
Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

48. fundur, fimmtudaginn 8. febr., kl. 10 árdegis.

Akstur utan vega, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 273. mál. — Þskj. 502.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það fer nú að verða hátt í annað ár síðan samþykkt var hér á Alþingi tillaga um að settar skyldu reglur um akstur utan vega. Flm. að þeirri tillögu voru að ég held úr öllum þingflokkum þannig að ekki var það ágreiningur sem tafði fyrir því máli, en enn hafa þessar reglur ekki séð dagsins ljós. Því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvað framkvæmd þessarar tillögu líði. Það má segja að þörfin aukist með hverju ári og ástæður eru þrjár helstar. Þar ber auðvitað hæst náttúruverndarsjónarmiðið og þarf ekki að tíunda það hversu illa íslensk flóra er í stakk búin til að mæta þeim átroðningi sem er af völdum innlendra og erlendra ferðamanna en sumir hverjir eru á ökutækjum sem komast svo til yfir hvað sem er og hvert sem er.

Í öðru lagi og þó að ég segði hér áðan að hæst beri náttúruvernd, þá vil ég ekki gera minna úr þeirri slysahættu sem getur fylgt því að hægt sé að keyra hér um landið bæði eftirlitslaust og án þess að einhverjar slóðir eða troðningar séu til þess að fylgja. Menn geta bæði lent í slysum og týnst eins og dæmin sanna til ómælds skaða fyrir sjálfa sig og þjóðina.

Í þriðja lagi vantar sérlega samræmingarreglur vegna þess að sum farartæki sem leyft er að flytja inn í landið má ekki keyra á þjóðvegum landsins. Það er ekki aðstaða til þess að keyra utan þjóðvega landsins svo að þörfin er brýn að úr verði bætt.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Sú fyrirspurn sem hv. 18. þm. Reykv. hefur borið hér fram er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um akstur utan vega?"

Þingsályktunin hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna til að gera tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða um hvernig koma megi í veg fyrir náttúruspjöll af þeim sökum. Með nefndinni starfi fulltrúar dómsmrn., menntmrn. og samgrn. Nefndin skili skýrslu og tillögum til næsta reglulegs Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Að fengnum tillögum þingflokka og ráðuneyta voru eftirtaldir skipaðir í nefndina með bréfum dags. 12. ágúst 1988:

Samkvæmt tilnefningu þingflokka Árni Gunnarsson alþm., formaður, Friðjón Þórðarson alþm., Guðni Ágústsson alþm., Hjörleifur Guttormsson alþm., Kristín Karlsdóttir og Sigrún Helgadóttir lögfræðingur. Samkvæmt tilnefningu ráðuneyta: Guðmundur Þorsteinsson námsstjóri af hálfu menntmrn., Ólafur Walther Stefánsson skrifstofustjóri af hálfu dómsmrn. og Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri af hálfu samgrn.

Vegna þessarar fyrirspurnar hef ég fengið eftirfarandi greinargerð frá formanni nefndarinnar sem dags. er 30. jan. sl., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna fyrirspurnar í sameinuðu þingi um störf nefndar sem skipuð var til að fjalla um reglur um akstur utan vega skal eftirfarandi tekið fram: Það hefur dregist úr hömlu að nefnd þessi lyki störfum og er það alfarið á ábyrgð formanns nefndarinnar. Nefndin hefur haldið fjóra bókaða fundi, rætt við nærri tvo tugi hagsmunaaðila og safnað talsverðum gögnum, m.a. frá hinum norrænu löndunum. Nk. föstudag á formaður fund með framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs til þess að ræða hvernig Náttúruverndarráð getur aðstoðað nefndina við tillögugerð. Því verki verður nú hraðað sem kostur er og stefnt að því að tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða verði tilbúnar fljótlega í mars nk.

Þess má geta að verkefni nefndarinnar er hvorki einfalt né auðunnið. Fram hafa komið margvísleg og ólík sjónarmið þeirra aðila sem þetta mál snertir, bæði beint og óbeint, og verður vafalítið um það deilt hversu afgerandi lög og reglur um akstur utan vega skuli vera."

Svo mörg voru þau orð. Ég vil hins vegar leyfa mér að vænta þess að nefndin hraði störfum sínum svo sem tök eru á þannig að leggja megi skýrslu og tillögur fyrir Alþingi hið fyrsta.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):
Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin. Þau orð sem hann viðhafði í upphafi, að það hefði dregist úr hömlu, virðast nú vera það sem við á við framkvæmd afskaplega margra tillagna sem samþykktar eru á Alþingi og leiðir það vissulega hugann að því hvernig háttað sé eftirliti með því að það sem Alþingi samþykkir komist til framkvæmda.

Á tæpum tveim árum hefur ekki tekist að halda nema fjóra fundi. Samt er sagt að þetta sé ákaflega erfitt verkefni og það séu mörg sjónarmið sem þurfi að samræma. Það virðist renna stoðum undir það að full þörf hefði verið á að halda fleiri fundi, sérstaklega þar sem málið er brýnt, en ég vona þá að frá og með mars líti eitthvað af reglum dagsins ljós þannig að hugsanlega verði eitthvert skikk komið á þessi mál á sumri komanda þegar ferðamannatíminn gengur í garð.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Það hafa komið fram skýringar hér frá hæstv. dómsmrh. á hvað dvelur þessa nefnd sem átti að sinna tilteknu verki. Ég hef að sjálfsögðu áhuga á því að þessu máli þoki fram. Ég var einn af tillögumönnum og hafði frumkvæði um þetta mál hér á þinginu. Ég kann út af fyrir sig ekki skýringar á því að botninn datt úr starfi nefndarinnar í árslok 1988, en það voru haldnir fjórir fundir í striklotu mánuðina nóvember og desember 1988 en síðan hefur ekki verið boðað til fundar. Ég fagna því að breyting verði á því. Það er kannski bjartsýni að ætla síðan að ljúka störfum á sex vikum eða svo en það má sjá til og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir það að hreyfa þessu máli hér og ýta við framkvæmd þess.

Hlerun farsíma, ein umr.

Fsp. KSG, 213. mál. — Þskj. 255.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):
Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn á þskj. 255 um hlerun farsíma.

Notkun farsíma hefur aukist risaskrefum á undanförnum árum hér á Íslandi. Þetta eru þægileg tæki og nútímaleg og gegna ágætu hlutverki til að koma boðum á milli manna. Það er hins vegar ljóst að óviðkomandi geta hlerað samtöl og ég veit um þingmann sem hefur fengið senda segulbandsspólu með upptökum af trúnaðarmálum sem komið hafa fram í bílasíma. Sjómenn hafa og kvartað við mig, skipstjórar, sem auðvitað eiga ýmis trúnaðarmál hvað varðar fiskimið og annað og vilja gjarnan losna við þetta. Á fiskiskipaflotanum eru þessir símar mikið notaðir. Því hef ég talið ástæðu til að vekja athygli á þessu máli og varpað fram tveimur spurningum til hæstv. samgrh. sem eru svohljóðandi:

„1. Er unnt að koma í veg fyrir hlerun farsíma?
2. Ef svo er, hvað hefur verið gert til að koma í veg fyrir hlerun símanna?"

Mér er ljóst að Póstur og sími er árvökul stofnun og ég vænti þess að eitthvað hafi verið gert, en ég spyr: Hvað hefur verið gert?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi hvort unnt sé að koma í veg fyrir hlerun farsíma. Svarið við því er að eigendur einstakra farsíma geta tryggt leynd samtala sinna við fyrir fram ákveðið símanúmer. Sá búnaður er fyrir hendi og fáanlegur. Þetta er gert með þeim hætti að það er tiltekinn viðbótarútbúnaður settur í farsímann eða farartækið og einnig hjá viðkomandi móttökusíma. Hér er þetta þó þeim takmörkum háð að leyndin er einungis milli þessara tveggja tilteknu notenda sem koma sér upp þessum nefnda búnaði, þ.e. farsímans og eins tiltekins eða fleiri tiltekinna símanúmera. Þetta leiðir til þess að það er enn mjög lítið um slíkan búnað enda leyndin mjög takmörkuð og búnaðurinn tiltölulega dýr miðað við það gagn sem hann gerir.

Í öðru lagi er það svo að Póst- og símamálastofnunin fylgist mjög grannt með þróun þessara mála hjá símstjórnum og framleiðendum í nágrannalöndunum. Sérstaklega er fylgst með þessu hjá þeim símstjórnum sem nota sams konar farsímakerfi og hér er gert. En því miður hefur enn ekkert leyndarkerfi fundist sem nota má í öllum gerðum farsíma og dugar á hinar mismunandi tegundir farsíma sem seldar eru. Og enginn þeirra sem nota sama kerfi og við gerum, það er skammstafað NMT450/900, hafa enn getað boðið upp á slíka alhliða leyndarþjónustu. Það er þó vitað að í hönnun eru á fleiri en einum stað slík leyndarkerfi og það verður auðvitað fylgst mjög grannt með því sem fram kann að koma á næstu missirum í þessum efnum og um leið og tæknilega verður unnt að bjóða upp á slíka þjónustu verður athugað hvað það kostar og hvað það hefur í för með sér að koma því upp.

Það er nauðsynlegt og hefur reyndar ítrekað verið gert af hálfu bæði samgrn. og Póst- og símamálastofnunarinnar að vekja athygli notenda farsímans á því að sá möguleiki er fyrir hendi að hann sé hleraður. Það er tæknilega mögulegt þar sem um þráðlaus fjarskipti er að ræða að hlera a.m.k. annan helming og jafnvel báða hluta símtals. En því miður er í sjálfu sér ekki auðvelt að koma í veg fyrir að slíkt geti átt sér stað vegna þess að sá tæknibúnaður getur verið á margra höndum sem til þess er brúklegur.

Rétt er að undirstrika og vekja athygli manna á því að öll slík hlerun fjarskipta er ólögleg skv. fjarskiptalögum. Þar eru skýr ákvæði um leynd fjarskipta þar sem segir m.a. að hver sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl megi ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér á nokkurn hátt. Þannig að jafnvel þótt menn verði fyrir því óviljandi

að hlera slík fjarskipti eða nema þau er þeim með öllu óheimilt að nýta sér það á nokkurn hátt.

Ég vona að þetta svari að einhverju leyti fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda og ég fullvissa hann um að það verður fylgst mjög grannt með þessu máli af hálfu samgrn. og Póst- og símamálastofnunar.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka samgrh. skýr svör. Það er rétt hjá honum að það er ólöglegt að hlera fjarskipti. En í verslunum munu vera til tæki sem í daglegu tali eru nefnd „skanner", mjög ódýr tæki til að stunda þessa hlerun og því vil ég beina því til hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir því að sala á þessum tækjum verði stöðvuð nú þegar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég vil svara þessu síðasta sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á. Það er því miður nokkrum erfiðleikum bundið að banna innflutning og/eða notkun á ýmiss konar rafeindabúnaði sem er fjölnota, ef svo má að orði komast, og getur nýst mönnum til ýmissa hluta, þar á meðal að leita að þráðlausum fjarskiptasendingum, nema þær og stöðvast við þær. Sama er með ýmiss konar tæki sem geta verið notuð með fullkomlega löglegum hætti til ýmiss konar annarra fjarskipta. Þau geta jafnframt nýst eða óvart hlerað farsímann. Ekki verður í fljótu bragði séð að unnt væri að banna mönnum að eiga slík tæki þegar það er sannanlegt að þau eru til margra hluta nytsamleg og menn geta haft þau undir höndum og verið að nota þau í fullkomlega löglegu skyni þó að þau hafi þennan tæknilega möguleika, að geta jafnframt leitað uppi eða hlerað þráðlaus fjarskipti, m.a. farsímans. Þess vegna hygg ég að ekki sé auðvelt mál að koma því við að banna innflutning og notkun á þessum tækjum og hér verði frekar að treysta á að menn noti þau ekki í óheiðarlegum tilgangi. Og jafnframt að vona að sem fyrst verði tæknilega mögulegt að loka þessum fjarskiptum þannig að þau séu algerlega óaðgengileg fyrir óviðkomandi.

Skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, ein umr.

Fsp. KrP, 236. mál. — Þskj. 334.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram skriflega fyrirspurn til fjmrh. vegna skuldar frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er sú að þrívegis hef ég spurt hæstv. fjmrh. úr þessum ræðustól svipaðra spurninga í almennum umræðum sem hann hefur ekki látið svo lítið að svara. Því er þetta borið fram hér formlega.

„1. Hvers vegna hefur fjármálaráðherra ekki látið gjaldfæra skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1989 eða í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990?

2. Hvað er nú (14. des. 1989) um háa fjárhæð að ræða að meðtöldum fjármagnskostnaði?

3. Hvaða heimild telur fjármálaráðherra að hann hafi til þess að telja þessa skuld til eignar í bókhaldi ríkissjóðs í ljósi yfirlýsinga ráðherra og ríkisstjórnar um að frystingin verði ekki látin endurgreiða þessa upphæð?"

Ég vil taka það fram að ástæðan fyrir þessum spurningum er fyrst og fremst sú að ef menn ætla sér í alvörunni að ná tökum á stjórn efnahagsmála, þá er nauðsynlegt að nákvæmni sé viðhöfð í bókhaldi því bókhaldið er ákveðið stjórntæki og opinberar upplýsingar, hagtölur o.s.frv. eru reiknaðar út frá bókhaldinu. Ef bókhaldið er ekki rétt gefur það auga leið að allir aðrir útreikningar og áætlanir eru líka vitlaus.

Í ljósi síðustu kjarasamninga er líka ljóst að það er enn brýnni ástæða en nokkru sinni fyrr fyrir nákvæmni í sambandi við bókhald.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að efnisatriðum fsp. vil ég, vegna orða hv. fyrirspyrjanda þar sem hann lét að því liggja að ég hefði verið tregur til að svara þessum spurningum, geta þess að ég var fyrir hálfum mánuði reiðubúinn að svara þeim hér í hv. sameinuðu þingi en ekki var hægt að taka málið á dagskrá vegna fjarveru fyrirspyrjanda.

Hvað snertir fyrsta atriðið sem spurt er um vil ég vekja athygli á því, sem hv. alþm. er væntanlega kunnugt, að heimild til þessarar lántöku frystideildar Verðjöfnunarsjóðs er í bráðabirgðalögum um efnahagsaðgerðir frá 28. sept. 1988. Þau bráðabirgðalög voru síðan staðfest með lögum nr. 9/1989. Þá var einnig í lögum nr. 5/1989 veitt heimild til 400 millj. kr. viðbótarlántöku, en fyrri heimildin hljóðaði upp á 800 millj. kr.

Samkvæmt ákvörðun laganna skal lán þetta endurgreiðast af tekjum Verðjöfnunarsjóðs á næstu þremur árum eftir að það er tekið, en þau þrjú ár eru ekki liðin. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð. Það sem er ógreitt að þremur árum liðnum fellur á ríkissjóð. Í samræmi við þetta ákvæði laganna er skuldin ekki gjaldfallin og því ekki færð til gjalda í ríkisreikningi.

Svar við annarri spurningunni er á þá leið að skv. upplýsingum frá Seðlabanka Íslands var uppreiknaður höfuðstóll skuldanna 14. des. sl. 1250 millj. kr., þar af 1208 millj. vegna freðfisks og 42 millj. kr. vegna hörpudisks.

Hvað þriðju spurninguna snertir, þá hef ég þegar svarað henni með því svari sem ég veitti við fyrstu spurningunni. Þriggja ára tíminn er ekki liðinn og þess vegna liggur ekki bókhaldslega ljóst fyrir hvað af þessari skuld kann að falla á ríkissjóð.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst svarið við þessari fyrirspurn harla lélegt. Í fyrsta lagi segir fjmrh. að þetta sé gert skv. bráðabirgðalögum sem gefin voru út seinni hluta árs 1988 og hafi þannig verið heimilað. Ég dró réttmæti þeirra bráðabirgðalaga í efa þar sem um svo stórar fjárhæðir var að ræða á þeim tíma, þar sem milljörðum var ráðstafað án þess að málið kæmi nokkurn tíma fyrir fjvn. Alþingis eða hlyti eðlilega umfjöllun í Sþ. heldur voru gefin út bráðabirgðalög sem voru síðan afgreidd í gegnum deildir þingsins. Það er ekki hlutverk deilda þingsins að úthluta fjármagni heldur er það hlutverk sameinaðs þings.

Hvað varðar framhald málsins, þá vek ég athygli á því að Ríkisendurskoðun hefur þegar gert athugasemd við þetta í skýrslu sem ég er með hér, skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisins og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1988. Þá var gerð athugasemd um þetta á bls. 101 sem ég ætla að lesa hér aðeins upp úr, með leyfi hæstv. forseta. Hér stendur:

„Miðað við afkomu frystingarinnar á árinu 1989 og þær horfur sem fram undan eru verður ekki séð að hægt verði að endurgreiða lánið af tekjum Verðjöfnunarsjóðs. Ástæða er því til að ætla að að öllu óbreyttu muni mestur hluti lánsins falla á ríkissjóð.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að fyrir liggi ákvörðun um hvort ríkissjóður eða Ríkisábyrgðasjóður eigi að greiða þann hluta lánsins sem kann að vera ógreiddur að þrem árum liðnum."

Það er náttúrlega alveg út í hött að hæstv. fjmrh. haldi því fram hér í þessum ræðustól að með bráðabirgðalögum sé hægt að ráðstafa fjárlögum eftir þjú ár. Það er akkúrat þetta sem ég var að segja áðan í sambandi við nákvæmni í ríkisbókhaldi. Þeir kjarasamningar sem nú hafa verið gerðir skipta máli vegna þess að það skiptir máli að ríkisvaldið og hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisvaldsins fari að gera þær kröfur til sjáls sín að viðhafa þar nákvæmni og færa bókhald rétt þannig að þessar opinberu upplýsingar séu réttar en ekki kolvitlausar, séu ekki dulbúin fjárlög í pípunum. Og síðan segja menn að fjárlagahallinn hafi ekki verið nema þetta og þetta.

Hæstv. fjmrh. svaraði hér þeirri spurningu áðan hvað höfuðstóll þessa láns væri mikill, það var spurt um fjármagnskostnaðinn. Þetta er 1250 millj. kr. án fjármagnskostnaðar, rúmlega 1,2 milljarðar. Þetta eru engar smátölur og það er fleira af svona í ríkisbókhaldi sem þarfnast allsherjar hreingerningar, hæstv. fjmrh. Það er ekki hægt að ná verðbólgu niður og gera kjarasamninga og lofa og lofa og lofa og standa svo ekki í sínu stykki í sambandi við bókhald.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. fyrirspyrjanda vil ég bara ítreka að það stendur í þeim lögum sem Alþingi hefur sett að sú upphæð sem ógreidd verður að þremur árum liðnum skuli gjaldfærð á ríkissjóð. Þau þrjú ár eru ekki liðin. Lagatextinn er alveg skýr og framkvæmdarvaldinu ber að fara að lögum hvað sem hv. fyrirspyrjanda finnst persónulega um málið að öðru leyti. Hann getur haft sínar efasemdir um þau bráðabirgðalög sem voru gefin út. Alþingi hefur hins vegar staðfest bráðabirgðalögin samkvæmt stjórnarskránni. Það leikur enginn vafi á því að lögin eru gild og samkvæmt þeim, eins og kemur fram í texta Ríkisendurskoðunar, kemur málið ekki til gjaldfærslu fyrr en að þremur árum liðnum.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Mér blöskrar satt að segja sú ósvífni hæstv. fjmrh. að halda því fram að deildir þingsins geti ráðstafað fjármunum, að það sé hægt að ráðstafa fjármunum með bráðabirgðalögum og deildir þingsins séu síðan ákvörðunaraðili varðandi úthlutun fjármagns. Fjármagni er úthlutað hér í þinginu, hæstv. fjmrh., með fjárlögum og viðbótarfjárveitingu með fjáraukalögum.

Hæstv. fjmrh. hélt langa ræðu um þetta og miklaði sig af þessu hér að þetta væri í fyrsta skipti í sögunni sem fjáraukalög væru lögð fram fyrir fram, þ.e. seinni hluta árs 1989 og það er nú alveg rétt, það hefur ekki verið gert lengi. En menn verða þá að standa sig í því sem þeir eru að segja. Það þýðir ekkert að halda því fram að menn séu að gera einhverjar óskapa rósir og ætla sér að taka til í þessum húsum og vera svo með allt niðri um sig í máli eins og þessu. Það er alveg gersamlega útilokað að það sé hægt að afgreiða hlutina með þessum hætti.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur í svörum sínum sérstaklega vakið athygli á þeim bráðabirgðalögum sem eru að baki þessari skuld og vakið athygli á því að í bráðabirgðalögunum á að miða við árið 1991, þ.e. þá á að meta hvort eigi að færa þetta ríkissjóði til skuldar eða ekki. En hvernig stendur á því að hæstv. ríkisstjórn skyldi hafa valið árið 1991 þegar þetta lán var tekið? Ástæðan er auðvitað sú að þá er hennar kjörtímabil liðið. Þá eru aðrir væntanlega teknir hér við stjórn og þá er það þeirra að taka þetta vandamál til endanlegrar meðhöndlunar og afgreiðslu. Ríkisstjórnin skaut þessum vanda fram yfir sitt kjörtímabil.

Það er alveg ljóst af þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram að við hverja einustu tölu sem hæstv. fjmrh. kemur til með að setja fram um halla ríkissjóðs má bæta 1250 millj. Hæstv. sjútvrh. sagði mjög fljótlega eftir að þetta lán var tekið að ríkissjóður mundi þurfa að greiða það. Verðjöfnunarsjóður mundi aldrei geta greitt það. Það liggur því alveg ljóst fyrir, hvað sem öllum bókhaldskúnstum hæstv. fjmrh. líður, hvað sem þeim bráðabirgðalögum líður sem hann lét setja til að skjóta þessum vanda fram yfir þetta kjörtímabil í fangið á næstu ríkisstjórn, að ríkissjóður mun þurfa að greiða þetta. Með öðrum orðum, allar þær tölur sem fjmrh. setur fram um halla ríkissjóðs eru rangar, við þær tölur má bæta 1250 millj. kr. vegna þessa máls eins.

Álver á Grundartanga, ein umr.

Fsp. IBA, 245. mál. — Þskj. 382.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Það hefur verið nokkuð í umræðunni að hugsanlega rísi hér nýtt stórt álver, 200 þús. tonna álver, og mikið um staðsetningu þess rætt úti í þjóðfélaginu sem og hér í þinginu. Ég tel að þegar meta eigi það hvar staðsetja eigi slíka verksmiðju, þá eigi að horfa fyrst og fremst til þjóðhagsmuna. Hvar sé þjóðhagslega hagkvæmast og hvar arðsemin skilaði sér fyrst.

Ég tel að með það fyrir augum komi aðeins tveir staðir í raun til greina. Annars vegar við Straumsvík og hins vegar við Grundartanga í Hvalfirði. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fsp. á þskj. 382 fyrir hæstv. iðnrh. sem hljóðar svo:

„Hefur verið unnið að því að nýtt álver rísi á Grundartanga við Hvalfjörð?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fsp. á þessa leið: Hefur verið unnið að því að nýtt álver rísi á Grundartanga?

Ég ætla að fara dálítið aftur í tímann og segja frá því að á árunum 1981 og 1982 gerði staðarvalsnefnd iðnrn. athuganir á tíu stöðum þar sem hugsanlegt þótti að reisa álver. Meðal þessara staða var Grundartangi. Í áfangaskýrslu þessarar nefndar frá því í júlí 1982 sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnumarkaður við Grundartanga er við lágmark þess sem æskilegt getur talist fyrir álver. Einnig er svo stutt síðan járnblendiverksmiðjan tók til starfa að áhrif hennar á atvinnulíf á Akranessvæðinu hafa vart komið öll fram enn. Ýmis önnur áþreifanleg landfræðileg atriði mæla hins vegar með þessum stað og stuðla að fjárhagslegri hagkvæmni verksmiðju sem þar yrði reist. Niðurstaða nefndarinnar er þó sú að Grundartangi kæmi naumast til greina fyrir álver að þessu sinni, en það gæti hæglega breyst þegar fram líða stundir."

Á grundvelli þessarar áfangaskýrslu var svo ákveðið að athuga nánar aðstæður vegna staðarvals fyrir álver á sex stöðum á landinu, en Grundartangi var ekki meðal þeirra, þ.e. eftir það sem kalla hefði mátt forval var Grundartangi ekki lengur inni í athuguninni.

Ég tel sjálfur að þær forsendur sem staðarvalsnefnd lagði helst til grundvallar sínu mati á aðstæðum fyrir álverið á Grundartanga fyrir átta árum eigi sumar varla við lengur og Grundartangi, og reyndar fleiri staðir í Hvalfirði, séu meðal þeirra staða sem kæmu til greina sem staðir fyrir álver eða líkan rekstur í framtíðinni.

Ég vil láta þess getið að í þeim viðræðum sem fram hafa farið undanfarna mánuði við fulltrúa álfyrirtækjanna Gränges og Hoogovens Aluminium um að reisa álver hér á landi hafa þeim m.a. verið kynntir þeir staðir sem til greina geta komið. Hvalfjörður/Grundartangi er einn þessara staða. Ég vil einnig taka það fram að forstjóri Hoogovens Aluminium og aðalfulltrúi hans í viðræðunum heimsóttu Íslenska járnblendifélagið þegar þeir komu til Íslands 22.–24. nóv. sl. og þeir áttu þess því kost að kynna sér aðstæður þar af eigin raun.

Ég vil líka nefna að fulltrúar fyrirtækisins Elkem Aluminium komu tvívegis hingað til lands í fyrra, m.a. til þess að kanna möguleika á að reisa hér álver. Ég býst við því að Grundartangi yrði mjög ofarlega á blaði hjá þeim vegna eignarhluta fyrirtækisins Elkem í Járnblendifélaginu og vegna hagræðis af aðstöðunni við Hvalfjörð.

Ég vil líka minna á að þær athuganir á aukinni álframleiðslu hér á landi sem hófust með sérstöku samkomulagi um mitt ár 1988 voru allar einskorðaðar við aukna álframleiðslu í Straumsvík skv. sjálfu samkomulaginu. Það er ljóst að ný skoðun aðila á staðsetningu kallar á viðbótarathuganir og hlýtur að taka nokkurn tíma. Ég vil reyndar ítreka það sem ég hef áður sagt hér í Alþingi þegar ég svaraði fsp. um álver við Eyjafjörð frá hv. 2. þm. Norðurl. e. að mér er til efs að það sé þessu brýna hagsmunamáli allrar þjóðarinnar til framdráttar að við gerum af okkar hálfu afdráttarlausar kröfur um staðsetningu. Staðsetning iðjuvers eins og álvers er atriði sem samkomulag þarf að takast um milli Íslendinga og þeirra aðila sem ætla að reisa og reka álverið. Það er auðvitað skiljanlegt að mörg byggðarlög hafi áhuga á því að fá til sín stórfyrirtæki eins og álver. Álmálið er hins vegar miklu stærra en svo að við getum leyft okkur að hugsa um það þröngt með sérhagsmuni einstakra landshluta eða byggðarlaga að leiðarljósi. Það er, eins og ég hef áður sagt, landsmál en ekki landshlutamál.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er jafnan þarfaþing að ræða um álver hér á hv. Alþingi, en álverum fylgja oft orkuver. Ég vil leyfa mér að misnota mér aðstöðuna í pontunni til þess að vekja athygli á grein í Morgunblaðinu í dag eftir Guðmund B. Ólafsson um hugsanlegar afleiðingar af væntanlegum orkuverum á hálendinu.

Það má sjálfsagt lengi deila um það hvar álver á að vera í sveit sett. Byggðasjónarmið og fleiri sjónarmið ráða þar hugum manna. Sjálfur er ég eindregið þeirrar skoðunar að það eigi að vera við Straum. Þar er það best í sveit sett vegna þess að þar höfum við álver fyrir, þar er höfnin og landslag og jarðargæði þess eðlis að það yrði minnst röskun í landslaginu.

En það sem ég er hræddur við fyrst og fremst á þessari stundu eru þær upplýsingar sem koma fram í greininni hjá Guðmundi B. Ólafssyni. Nú veit ég ekki betur en þar sé farið með rétt mál, en þar er gert ráð fyrir svo skelfilegum tilfærslum á helstu jökulám landsins að það hlýtur að vekja menn til umhugsunar. Og jafnframt, þó að við deilum um það hvar álverið á að rísa, þá má aldrei vera nein spurning um það að orkuverin, hversu þörf sem þau eru eða kunna að

vera, mega aldrei valda slíku jarðraski á hálendinu og í óbyggðum Íslands, þau mega aldrei verða til þess að náttúra landsins taki stakkaskiptum.

Þetta er kjarni málsins því af álveri leiðir orkuver. Væntanlega verður þetta eitt af þeim verkefnum sem umhverfisráðuneytið fær í sinn hlut og þarna þurfum við svo sannarlega að taka saman höndum um það að passa upp á það að náttúran láti ekki í minni pokann fyrir orkunni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er tími til kominn að við hv. alþm. gerum okkur grein fyrir því að það er til lítils fyrir okkur hér að vera að ræða um hvar eigi að setja niður stór atvinnufyrirtæki í landinu, orkufrek iðnfyrirtæki, á meðan fylgt er þeirri erlendu stóriðjustefnu sem hæstv. iðnrh. og Alþfl. stendur fyrir og studd hefur verið lengst og dyggilegast af Sjálfstfl. Samkvæmt þessari stefnu er það hlutverk erlendra fjárfestingaraðila að velja sér stað, velja sér bólfestu á Íslandi. Hæstv. iðnrh. fylgir stefnu fyrirrennara síns, hv. þm. Friðriks Sophussonar, um það að hin erlendu fyrirtæki eigi að ráða ferðinni í sambandi við fjárfestingar, hvar þau setji sig niður. Það er nauðsynlegt, finnst mér, að þeir sem eru að kalla eftir álveri í sín byggðarlög geri sér þetta ljóst. Þarna liggur kjarninn og meðan svona stefnu er fylgt munu orkufrek iðnfyrirtæki einvörðungu rísa hér við Faxaflóa þar sem ýmsar ástæður eru lokkandi fyrir erlenda aðila að nema land.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að það sé svona heldur liðkað til með mér hér í stólinn. Hæstv. iðnrh. gaf hér afdráttarlaust svar um það að þær umræður sem nú eru um orkufrekan iðnað, um álver, standi eingöngu um að álverið rísi sunnan Hafnarfjarðar. Ekki var hægt að skilja hann öðruvísi. Á hinn bóginn kom fram að hann gerði því skóna að ýmsir aðrir staðir gætu svo sem komið til greina. Og í þetta skipti nefndi hann sérstaklega Hvalfjörð af því að fsp. kom þaðan. Ef fyrirspurnin hefði komið frá þm. Norðurl. e. hefði auðvitað Eyjafjörður verið nefndur sérstaklega.

Ég hlýt að harma að svo skuli vera. Það er ljóst að mikill straumur fólks liggur hingað til Reykjavíkur, til Stór-Reykjavíkursvæðisins utan af landi meðan þessari landeyðingarstefnu er fylgt sem nú er af hæstv. ríkisstjórn. Við erum þess vegna ekki að tala um hagsmuni einhvers landshluta, einhvers eins kjördæmis, þegar við erum að tala um það fyrir norðan að nauðsynlegt sé að fá álverið þangað, heldur erum við að tala um að nú sé nauðsynlegt að efla eyfirskar byggðir til þess að þær geti staðið í ístaðinu, til þess að þær geti verið mótvægi við Reykjavíkursvæðið.

Frá formanni Alþfl. hafa komið hæðiyrði vegna Háskólans á Akureyri. Alþfl. hefur býsnast yfir því að göng séu gerð í gegnum Ólafsfjarðarmúla og með ýmsum öðrum hætti hefur það komið í ljós að þangað er ekki stuðnings að vænta þegar við erum að reyna að byggja upp sterkan byggðakjarna norður við Eyjafjörð.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Umræða eða fsp. svipaðar og sú fsp. sem hér er til umfjöllunar hafa verið nokkuð tíðar á hv. Alþingi á undanförnum árum, þ.e. frá því 1983 að það varð sérstakur fjörkippur í undirbúningi að uppbyggingu álvers á Íslandi. Við höfum haft næstum daglegar fréttir af því að verið væri að undirbúa byggingu álvers í sambandi við þetta eða hitt stórfyrirtækið, ár frá ári allan þennan tíma. Í tíð núv. ríkisstjórnar koma fréttir af þessu viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Nefndir eru ýmsir aðilar til samstarfs. Öll þessi ár hafa hv. þm. komið og spurt: Er ekki von til þess að þetta álver sem verið er að tala um verði byggt við Eyjafjörð eða við Grundartanga? Svarið hefur verið á svipaðan máta ár frá ári: Ja, við munum láta þá sem vilja byggja álver fyrir okkur ráða því hvar það á að vera. En enn er staðan sú að ekkert liggur fyrir hvort á að byggja álver eða ekki. Og í flestum tilfellum munu nú hlutirnir vera á þann veg að undirbúningur að byggingu álvers, t.d. vistfræðilega og hagfræðilega, er mjög skammt á veg kominn, meira að segja við Straumsvík. Könnun á því hvaða áhrif bygging álvers hefði á Grundartanga liggur ekki fyrir.

Ástandið á Akranesi er þannig að núna eru líkast til yfir 100 konur á atvinnuleysisskrá. Kannski er það að sumu leyti afleiðing þess að við Akranes er stórfyrirtæki eins og járnblendiverksmiðjan. Það þarf að taka ýmislegt til greina þegar verið er að planleggja hvort á að byggja álver þarna eða þarna. Og kannski fyrst af öllu, áður en hv. þm. fara að slást fyrir sitt kjördæmi hvar þetta eða hitt álverið kemur, að einhver von sé til þess að það verði byggt álver. Jafnvel þó að hæstv. iðnrh. hafi mikla von um að það verði gert í hans ráðherratíð, þá getur farið eins og í ráðherratíðum fyrrv. hæstv. iðnrh. Friðriks Sophussonar, Alberts Guðmundssonar og Sverris Hermannssonar, að ekkert verði úr álversbyggingu eða vonum þeirra um að svo verði.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki staðist það að nota tækifærið og vekja athygli á hve margir taka til máls þegar orðið álver ber á góma vegna þess að mér þykir það í rauninni röng áhersla. Það er eins og menn geti ekki séð annan möguleika í atvinnuuppbyggingu hér á landi, þrátt fyrir að bent hafi verið á mengun, umhverfisspjöll og hversu dýrt hvert starf er þegar virkjað er til stóriðju. En greinilegt er að þessar áherslur eru út um allt land. Menn vilja fá stóriðju, þ.e. þeir sem ráða umræðunni. En á atvinnumálafundi einmitt á Akranesi nýlega kom í ljós að konurnar eru ekki ýkjahrifnar af þessum áherslum í atvinnumálaumræðunni. Það eru, eins og hv. þm. Skúli Alexanersson réttilega benti á, þær sem er atvinnulausar, það eru þær sem vantar vinnu og þetta er bein afleiðing stóriðjuáherslunnar.

Nú er að vísu örlítið að rætast úr í atvinnulífi á Akranesi og þar eru það smáfyrirtæki í prjóna- og saumaiðnaði sem einkum er litið til. Ég held að mönnum væri nær að leggja rækt við listhönnun og leggja aðrar áherslur í atvinnuuppbyggingu til að geta byggt upp blómlegt atvinnulíf.

Á laugardaginn var var haldið upp á 50 ára afmæli Myndlista- og handíðaskóla Íslands og í ræðu Björns Th. Björnssonar þar kom fram hversu mikið Danir hafa með markvissri hönnun á sínum listiðnaði hagnast á listiðn í útflutningi og hvað kúrfan þeirra er að fara mikið niður núna eftir að þeir eru farnir að spara einmitt á þessu sviði.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að minna á, þegar erlend stóriðja er hér til umræðu eða álver, að ef menn eru að tala um staðsetningu þá hlýtur hagkvæmnissjónarmið að hafa eitthvað að segja. Ef við hugsum málið frá þeirri hliðinni, þá var talað um að samfara nýju álveri þurfi að virkja í Fljótsdal og þá er auðvitað langstyst að senda rafmagnið niður á Reyðarfjörð, það gefur auga leið. Línubygging fyrir hendi til að nota þessar línur sem liggja þarna austur bæði norður í land og eins suður í land til viðbótar þessu. Mér finnst það liggja í augum uppi að hagkvæmasti orkusölustaðurinn er Austurland miðað við þessar forsendur.

Hagkvæmnissjónarmið hljóta að ráða þó fleiri sjónarmið eigi auðvitað að koma inn í. Ég tek undir með þeim sem tala hér um að við þurfum auðvitað að vera vel meðvituð um áhrif slíkra stórframkvæmda á íslenskt efnahagslíf, t.d. áhrif á peningakerfið og hvaða ráðstafanir þarf jafnframt að gera til að tryggja að komið verði í veg fyrir gegndarlausa þenslu og nýja verðbólguholskeflu. Þetta eru þau sjónarmið, að hægt sé að koma í veg fyrir neikvæð áhrif með því að vanda sig. Ég er alltaf að koma að því aftur og aftur. Við getum fengið erlend ráðgjafarfyrirtæki til þess að aðstoða okkur svo þetta hafi ekki vond áhrif á íslenskt efnahagslíf. Varðandi eignaraðildina bið ég bara til guðs að börnin okkar verði ekki veðsett fyrir erlendum skuldum meira en orðið er.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um álver sem fer hér fram með stuttu millibili er dálítið merkileg vegna þess að ég held að þeir sem reyna að fylgjast með hafi ekki mikla trú á því að álver rísi á Íslandi á næstunni. En ég held að það væri bara þarft fyrir hv. Alþingi að taka upp umræðu um atvinnuuppbyggingu í þessu landi. Það er ekki hægt að gera það í svona tíma. En aðallega kom ég upp til þess að leiðrétta hv. þm. Halldór Blöndal. Hann sagði: Við fyrir norðan, við fyrir norðan viljum fá álver. Það eru sumir fyrir norðan sem vilja það og það væri gaman að láta fara fram skoðanakönnun um það hvor hlutinn er stærri. Svona alhæfingu kann ég ekki við.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér hafa sjö þm. auk fyrirspyrjanda hreyft athugasemdum í málinu þannig að hér er greinilega mál sem menn telja sig nokkru varða. Hv. 4. þm. Vesturl. hafði alveg rétta röð á hlutunum. Hann sagði: Fyrst þarf að ákveða hvort hér verður byggt álver. Svo hvar það á að vera. Þetta er að sjálfsögðu alveg hárrétt. Þannig þarf að líta á málið.

Ég vildi hins vegar enn leiðrétta þann misskilning hv. 2. þm. Norðurl. e. að þær athuganir sem nú fara fram snúist eingöngu um álver við Straumsvík eða sunnan við Hafnarfjörð. Það er ekki rétt. (**HBl:** Ég sagði umræður.) Fyrirgefðu. Þær athuganir sem nú fara fram snúast um það hvort á Íslandi rísi álver eður ei og hvar það eigi að rísa. Hitt er rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. keppist við að gleyma að það samkomulag sem iðnrh. Sjálfstfl. gerði 4. júlí 1988 snerist eingöngu um álver við Straum. Hvar var þá árvekni hagsmunagæslumanns Norðlendinga? Hvar var þá hv. 2. þm. Norðurl. e.? Hvar var hans athygli á málinu þá? Ég spyr um það og er vonum síðar að spurt sé.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. velti því fyrir sér hvort almennur stuðningur væri út um land við byggingu álvers, skoðanakönnun þyrfti að fara fram. Hún hefur farið fram. Fréttastofa útvarpsins beitti sér fyrir henni á liðnu hausti um mánaðamótin október/nóvember. Niðurstaðan var sú að ¾ hlutar landsmanna, hvort sem þeir bjuggu í borg eða í hinum dreifðu byggðum, vildu auka álframleiðslu á Íslandi, vildu byggja álver. Ég veit að vísu ekki nákvæmlega hvernig þessu vék við á Norðurlandi eystra, en mér segir hugur um að það sé eitthvað líkt þar eins og það er hér og eins og það er annars staðar, af því að fólk skilur að það er þörf fyrir það að breikka grundvöll atvinnulífsins, að breikka grundvöll útflutningsins. (**SV:** Við skulum ræða þetta atriði í . . .) Það er alveg sjálfsagt, hv. 6. þm. Norðurl. e., en því miður eru þínar ályktanir fyrir fram ekki líklegar til að standast.

Ég vildi svo að lokum segja það eitt að þessar umræður um það hvar álver skuli rísa eru að mörgu leyti gagnlegar eins og þessi fyrirspurn hv. 5. þm. Vesturl. um það hvaða athuganir hafi verið gerðar vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Hvalfjörð. Þessi fyrirspurn er að mínu áliti mjög eðlileg. Ég reyndi að draga fram það sem um málið væri hægt að segja án þess að taka afstöðu til staðsetningar og ég endurtek, það er málið sjálft sem mestu varðar. Staðurinn kemur svo og það er fjarstæða að halda því fram sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. og reyndar í máli hv. 4. þm. Vesturl. að við ætluðum að láta hina erlendu menn eina ráða hvar álverið yrði. Það er misskilningur. Þetta er mál sem samkomulag þarf að takast um eins og aðra þætti þessa mikilsverða máls. Þar munu hin íslensku sjónarmið að sjálfsögðu koma fram og þau varða ekki eingöngu arðinn einn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. lét að því liggja hér áðan að þessi ríkisstjórn sem nú situr fylgdi

einhverri sérstakri landauðnarstefnu. (**SV:** Landeyðingarstefnu.) Landeyðingarstefnu. Ég hygg að ef hann athugar tölur um fólksflutninga til Reykjavíkur, þá komi það í ljós og það býsna skýrt að fólksflutningar til Reykjavíkur voru hvað mestir og þá allra mestir þegar Sjálfstfl. hafði forustu um landsstjórnina og þenslan var sem mest hér á höfuðborgarsvæðinu. En þessu eins og ýmsu öðru kýs hv. 2. þm. Norðurl. e. auðvitað að gleyma þegar hann kemur í þennan ræðustól.

Mér virðist sem ýmsum þm. skjótist yfir þá staðreynd að það kostar mismikið að reisa slíkt ver eftir því hvar er á landinu. Á því hlýtur að vera mjög mikill munur eftir því hvar valið er að setja niður slíka verksmiðju. Auðvitað þurfum við að vega og meta allt sem því fylgir og spyrja okkur þeirra spurninga og svara: Hvað viljum við borga fyrir staðsetningu utan þess svæðis eða staðar sem allra ódýrastur er eða viljum við ekki borga fyrir það? Ég held líka að það væri til góðs ef afgjald sem slík iðjufyrirtæki borga rynni í ríkara mæli til allra sveitarfélaga í landinu, sem skiptu því á milli sín, en til sveitarfélagsins þar sem verksmiðjan er staðsett vegna þess að það sveitarfélag hefur svo mikið beint og óbeint hagræði og tekjur af málinu að það er vel sett.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs hér var sú furðulega staðhæfing sem hv. 4. þm. Vesturl. lét sér um munn fara að það atvinnuleysi sem því miður er á Akranesi meðal kvenna væri vegna þess að á Grundartanga er járnblendiverksmiðja. Þetta er einhver furðulegasta fullyrðing sem ég hef heyrt haldið fram úr þessum ræðustól, en auðvitað á flokkur hans sér sína sögu í þessu máli sem ég ætla ekki að rifja upp hér en verður e.t.v. ástæða til að gera einhvern tíma seinna og verður kannski aldrei of oft gert. En ætli atvinnuleysi meðal karla á Akranesi og atvinnuleysi almennt á svæðinu væri ekki töluvert meira ef ekki væri þessi verksmiðja? Þess vegna skil ég það ekki og það er gersamlega út í hött þegar atvinnuleysi kvenna á Akranesi er tengt tilvist járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Slíkt er auðvitað alveg fullkomlega fáránlegt.

Kvennalistinn undrast það af hverju fólk í þessu landi vill stóriðju og vill álver. Ætli hið einfalda svar við þeirri spurningu sé ekki það að menn vilja vinnu og menn vilja velmegun?

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það kom fram með óbeinum hætti í ummælum hæstv. iðnrh. að þær viðræður sem nú fara fram um nýtt álver snúast um álver sunnan Hafnarfjarðar. Það er rétt sem hæstv. iðnrh. sagði að meðan umræðurnar snerust um það hvort ætti að stækka álverið við Straumsvík eða ekki meðan Alusuisse væri inni í dæminu, þá voru umræðurnar að sjálfsögðu bundnar við Straumsvík. Það er laukrétt hjá hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Hann er órólegur, maðurinn. Þá snerust auðvitað umræðurnar um Straumsvík.

Í þriðja lagi væri fróðlegt að fá það upplýst hjá iðnrh. hvernig hann hugsar það dæmi að fyrst sé samið um orkuver hér á landi og svo sé farið að velta fyrir sér á eftir hvar það skuli rísa. Ég hélt að það væri venjulega þannig að það væri talað jöfnum höndum um staðinn og hið hugsanlega stóriðjufyrirtæki og hvenig staðið yrði að orkuöflun fyrir það, skattlagningu o.s.frv. Þannig hefur það verið fram að þessu en það eru svona hálfgerðir útúrsnúningar sem hæstv. iðnrh. fór með í máli þessu. Hitt var rétt hjá hv. formanni þingflokks Alþfl., hv. 3. þm. Vesturl., að byggðastefna núv. ríkisstjórnar kemur m.a. skýrt fram í því atvinnuleysi sem nú er á Akranesi og víðar um land, Akureyri og mjög víða um land, atvinnuleysi sem er meira en verið hefur um áratugi, hygg ég.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Flokkur hv. 3. þm. Vesturl. hefur ekki sýnt sig í því á einn eða neinn hátt að koma fyrirtækinu á Grundartanga til góða. Frekar munu flest verk sem sá flokkur hefur gert verið á hinn verri veg. Aftur á móti gerði Alþb. á stjórnartíma sínum þann hlut að ef sá sem þá var iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, hefði ekki staðið að ákveðnum fjármagnsfyrirgreiðslum fyrir það fyrirtæki, fyrir Grundartangaverksmiðjuna, þá mundi sú verksmiðja líklega ekki vera starfandi enn og atvinnuleysi á Akranesi jafnvel meira nú ef ekki hefði notið starfa Hjörleifs Guttormssonar í iðnrn.

Hv. þm. Eiður Guðnason hefur aftur á móti notfært sér það trekk í trekk í ræðustól að vera með einhver skot á Alþb. fyrir það að það stóð frammi fyrir því að það væri undirbúin vel sú framkvæmd þegar farið var í það að byggja verksmiðju á Grundartanga og sem lýst hefur verið yfir af forustumönnum þess fyrirtækis að hafi orðið til þess að verksmiðjan á Grundartanga er fyrirmyndarverksmiðja sem járnblendiverksmiðja. Það er verk Alþb. og Alþb. getur verið stolt af því.

Hitt sem hv. þm. þurfti að gera athugasemd við hér var það þegar ég var að taka undir ræðu hæstv. iðnrh., samflokksmanns hans, um að það þyrfti að skoða fleira en einhverjar óskir þm. þegar ákveðin væri staðsetning verksmiðju. Það þyrfti að athuga atvinnuástand á viðkomandi stöðum. Þegar byggð eru, eins og á Akranesi, öflug og sterk karlafyrirtæki eins og þar eru, það er staðreynd, þá gerist það að upp koma ákveðin vandamál með útvegun atvinnu fyrir kvenfólk og sú hefur staðan verið á Akranesi í lengri tíma, því miður. Það hefur ekki tekist að byggja upp atvinnustaði til þess að vega upp á móti þessum sterku karlavinnustöðum sem eru Grundartangi og fleiri vinnustaðir á Akranesi.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp):*

Virðulegur forseti. Ég hef leitast við að fara eftir þingsköpum sem ég hélt að væru í gildi hér á hv. Alþingi og um fyrirspurnatíma veit ég ekki betur en það sé heimild fyrir hæstv. ráðherra sem svarar fyrirspurn að tala tvívegis og hv. fyrirspyrjanda einnig. Sá réttur hefur einnig verið hefðbundinn að

þeir fá að gera örstutta athugasemd að auki en aðrir þm. fái að gera stutta athugasemd sem hæstv. forseti hefur sett í starfsskrá þingsins að ætti að hámarki að vera ein mínúta.

Mér finnst það nokkurt alvörumál þegar látið er svo sem þessi þingsköp séu ekki í gildi og mér finnst það ekki ganga upp. Annaðhvort er að breyta þingsköpunum ef forusta þingsins telur ekki ástæðu til að fara eftir þeim þingsköpum sem í gildi eru og taka það þá til umræðu. Það er mál út af fyrir sig, en mér finnst það talsvert alvarlegt þegar farið er svo frjálslega með þingsköpin eins og hér gerist í þessari umræðu og hefur reyndar gerst áður og ég hlýt að vekja athygli á því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir aðstoðina við að stjórna Alþingi Íslendinga og hef ekki meira um það að segja.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fram fer hér vegna þessarar fyrirspurnar sýnir e.t.v. best þörfina á því að ræða atvinnumálin almennt. Ég vil taka undir þau orð hv. 6. þm. Norðurl. e. sem hann hafði um nauðsyn þess að ræða atvinnuuppbyggingu í landinu hér á Alþingi. En við verðum að gæta þess að vera ekki með glýju í augunum vegna hugsanlegra álvera og eins og fram hefur komið erum við kvennalistakonur á móti stóriðju, þ.e. álverum. Við teljum að stöðug umræða um stóriðju hafi m.a. komið í veg fyrir þróun eðlilegrar atvinnuuppbyggingar í landinu.

Íslenskur iðnaður er nú um stundir nánast að líða undir lok. Það virðist sem iðnaðarráðherrar undanfarinna ára hafi ekki haft áhuga fyrir öðru en þessum stóriðjuverum. Hæstv. iðnrh. sagði hér áðan eitthvað á þá leið að skv. könnunum hefði sýnt sig að almenningur vildi álver. Ég vil hins vegar benda á að það er aldrei bent á neitt annað en álver í umræðunni um atvinnumálin núna, eins og það sé eini kosturinn sem muni bjarga allri þjóðinni. Hvar sem farið er um landið á fundum, þá er einmitt verið að kynna þessa hugmynd um álver af hálfu iðnrn.

Það hefði verið fróðlegt að vita hér og nú hvað líður starfi þeirra atvinnumálanefnda sem starfa á vegum hæstv. forsrh. og hagstofuráðherra því að ég held að við ættum að snúa okkur að öðrum kostum heldur en að einblína á þennan eina. Það er óneitanlega dálítið undarlegt að hlusta á það að hv. þm. nánast krefjast álvers og síðan stendur baráttan um það hvar á að staðsetja það. Það kom fram í máli hv. 3. þm. Vesturl. áðan að fólkið vildi vinnu og velmegun. Ég spyr: Er alveg sama hvað sú velmegun kostar og hverjir njóta hennar?

Eiður Guðnason:

Athugasemd mín skal vera mjög stutt, virðulegur forseti. Ég held að það sé rétt að það komi fram að gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir og eru í undirbúningi ýmsar ráðstafanir til þess að bæta úr því böli sem atvinnuleysi er á þessu svæði, á Akranesi, einkum meðal kvenna og eru fleiri í undirbúningi á vegum ríkisstjórnarinnar.

En vegna ummæla hv. 4. þm. Vesturl. um að þessi verksmiðja á Grundartanga sé svo góð sem hún er vegna aðgerða Alþb., þá vil ég undirstrika það að það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að góðir stjórnendur og góðir starfsmenn hafa valist að fyrirtækinu. Það er ekki vegna afstöðu Alþb. til fyrirtækisins og ég minni á sérstaka ferð sem einn af þm. Alþb. gerði sér á Grundartanga áður en framkvæmdir þar hófust. Það var ekki til þess fallið að greiða fyrir vexti eða viðgangi þess fyrirtækis. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. (**SkA:** Ný tæki og betri búnaður.)

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil nú fá að þakka þeim sem hér hafa tekið til máls og hafa sýnt fram á að það er ekki vanþörf á því að taka atvinnumálin í heild til umræðu hér í þinginu og vonandi verður það gert fljótlega.

Ég furða mig á ummælum hv. 4. þm. Vesturl. líkt og hv. 3. þm. Vesturl. gerði, að tengja atvinnuleysið á Akranesi og atvinnustöðuna þar við járnblendiverksmiðjuna. Ég furða mig reyndar á slíkri rökleysu og bendi á eins og fram hefur komið hvernig staða atvinnumála væri á Akranesi í dag ef þessarar verksmiðju nyti ekki við.

Varðandi landeyðingarstefnu Alþfl. þá tel ég að hún komi best fram í því að þó að fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins hafi eitthvað minnkað, þá kemur hún sennilega fram í því að nú á fólk ekki lengur fyrir farinu til Reykjavíkur.

Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans sem voru greinargóð. Hann vitnaði til skýrslu og könnunar sem gerð var 1982, minnir mig að hann hafi sagt, þar sem ákveðnar forsendur voru gefnar sem væntanlega hafa mikið breyst eins og kom reyndar fram í máli hans, m.a. hvað varðar vinnumarkað. Á hann reyndar eftir að breytast enn meira með tilkomu Hvalfjarðarganga þegar þau verða komin í gagnið. En það sem eftir stendur þó í svari ráðherrans er það að Grundartangi, sem var fallinn út úr dæminu á tímabili, virðist vera aftur kominn inn í myndina og fyllilega koma til greina sem staður fyrir nýtt álver þegar það verður reist.

Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram að Íslendingar eiga auðvitað að taka virkan þátt í því að velja þann stað, útlendingar eiga ekki að velja hann. Auðvitað þurfa þeir að vera inni í myndinni en þeirri staðsetningu eigum við að stýra.

Þórhildur Þorleifsdóttur:

Virðulegi forseti. Í tilefni orða hv. 3. þm. Vesturl. hér rétt áðan langar mig til að beina þeirri spurningu til hans hvort ég hef ekki skilið mál hans rétt, að það væri verið að gera sérstakar ráðstafanir eða sérstakar aðgerðir væru í gangi til að draga úr atvinnuleysi á Vesturlandi og þá sérstaklega kvenna, held ég að hann hafi sagt. Mig langar til að spyrja annaðhvort

hann eða hæstv. ráðherra hverjar þessar aðgerðir eða áætlanir eru.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. að við erum komin alveg á mörk þingskapanna í þessum umræðum sem hér fara fram. En vegna beinnar spurningar hv. 18. þm. Reykv. vil ég segja þetta: Ríkisstjórnin hefur gert ýmsar ráðstafanir til að bæta úr atvinnuástandi á Akranesi. Ég nefni fyrst að hún hefur beint verkefnum til skipasmíðastöðvarinnar sem þar er og skiptir miklu máli í bæjarfélaginu. Þá er unnið að athugun á fjárhagsstöðu Akraprjóns sem er mikilvægt fyrirtæki fyrir atvinnu kvenna í byggðarlaginu, vegna þess að þau mál hafa hér verið rædd. Ég vonast til að þar verði hægt að finna einhverja úrlausn. Þar er hins vegar úr mjög vöndu að ráða.

Ég minni enn á að Atvinnutryggingarsjóður og aðrar ráðstafanir til þess að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja á Akranesi á liðnu ári hafa mjög gagnast þeim fyrirtækjum sem mesta atvinnu veita konum á Akranesi, þ.e. í fiskiðnaðinum. Þetta vildi ég segja, ekki af því að það svari til fullnustu því sem hér er hreyft, en eingöngu sem dæmi um það sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi í sinni stuttu athugasemd.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég á bágt með að trúa því að það að verið sé að athuga aðstæður Akraprjóns sé það sem hv. þm. Eiður Guðnason vitnaði til. Ég vil bara ítreka spurninguna. (**Gripið fram í:** Einn af stærstu vinnustöðunum fyrir konur á Akranesi.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég hlýt að minna hv. alþm. á að ekki er leyfilegt að koma með fsp. hér inn í fyrirspurnatíma sem ekki hafa verið lagðar fram á prentuðu þingskjali.

En vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um að umræða eins og þessi eða fsp. og svar við henni væru á mörkum reglna um fyrirspurnir og svör við þeim, þá vill forseti upplýsa að forseta er auðvitað leyfilegt að meta það sjálfur hvort fyrirspyrjandi fær svar við fsp. sinni. Óski hv. þm. eftir að gera athugasemdir í stöku *máli verður forseti einfaldlega að ráða því sjálfur* hvort hann leyfir það. Það er ekki hægt að stjórna nokkru málþingi eftir reglum svo nákvæmum að forseti sitji með sekúnduvísinn á meðan hv. þm. tala. Tilgangur með fsp. er að fyrirspyrjandi fái svar við fsp. sinni. Eins og hv. alþm. vita er nú verið að undirbúa endurskoðun þingskapalaga og forseta er engin launung á því að hann telur að breyting sú sem varð á fyrirspurnatíma fyrir nokkrum árum hafi verið til skaða og úr því verður nú bætt, vona ég.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það sem hér kemur úr forsetastóli vera mjög alvarlegt mál sem beri að ræða á hv. Alþingi. Að það geti staðist að hæstv. forseti hafi til þess leyfi, eftir eigin geðþótta, að miðla hér orði umfram það sem reglur þingskapa segja fyrir um, það get ég ekki séð að sé góð latína. Ég skil ekki hvernig Alþingi Íslendinga ætlar að haga störfum sínum ef menn virða þingsköpin að vettugi. Ég var ekki að deila um tímalengd í athugasemdum þeirra hv. þm. sem hér fengu orðið. Það getur verið erfitt fyrir hæstv. forseta að klippa þar á nákvæmlega eftir sekúnduvísi, það er alveg ljóst. En hér er verið að veita hv. þm. a.m.k. tvívegis orðið, þm. sem ekki eru aðilar að fsp. og það brýtur í bág við reglur þingskapa með alveg skýrum og ótvíræðum hætti.

Þegar síðan er farið með þetta vald forseta sem hæstv. forseti vill taka sér með þeim hætti að mér t.d. var meinaður sá réttur sem fyrirspyrjanda að gera örstutta athugasemd eins og hefð hefur verið í þingsköpum, þá vænti ég að menn sjái að hér er farið út á ekki aðeins mjög hála heldur hættulega braut í sambandi við starfsreglur þingsins. Þessu hlýt ég að mótmæla og það er allt annað mál hvort þingið tekur þingsköp til umræðu og endurskoðunar. Ef niðurstaða þingsins er að breyta þingsköpum þá er það gert. Og þá hlýtur hæstv. forseti að fara eftir því. En á meðan þingsköp eru í gildi eftir samþykkt Alþingis ber forsetum að fylgja þingsköpum og beita sér í þeim efnum og sýna þar fordæmi.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, ein umr.

Fsp. SV. 290. mál. — Þskj. 524.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég taldi mig knúinn til að koma hér með fsp. vegna ástandsins í loðdýraræktinni. Spurningarnar eru þannig, með leyfi forseta:

„1. Hvenær verður reglugerð um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar gefin út?

2. Hvenær má vænta þess að loðdýrabændur fái afgreiðslu á skuldbreytingum vegna lausaskulda sinna?

3. Hvað verður gert til þess að fóðurstöðvum loðdýraræktar, sem eru að stöðvast, m.a. vegna dráttar á afgreiðslu skuldbreytinga til bænda, verði ekki lokað á næstu dögum?"

Lög um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar voru samþykkt 17. des. sl. og voru dagana á undan í umfjöllun hér á Alþingi. 1. umr. fór fram í Ed. 5. des. og þá komst hæstv. landbrh. þannig að orði: „Ég tel að við það sem í þessum ráðstöfunum og afgreiðslu á hverju stigi hafi falist hafi verið staðið að öðru leyti en því, og það er sjálfsagt mál að viðurkenna og harma, að þessi vinna hefur dregist meira en góðu hófi gegndi og tekið lengri tíma en ætlunin var" o.s.frv.

Síðan lögin voru samþykkt eru liðnir tæpir tveir mánuðir. Það er verið að loka stöðvunum, sumum hverjum. Víða hafa bændur ekki fengið afurðalán og nú er skammur tími þangað til fara þarf að para dýrin,

t.d. vissar tegundir af refum. Því var heitið og það kemur greinilega fram í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar, formanns landbn. Ed., en einnig í raun og veru hjá hæstv. landbrh., að miðað sé að því að niðurgreiðsla á fóðri til loðdýraræktar haldi verðgildi sínu eins og þar er talað um. Það kemur fram víðar, en ég hef ekki tóm til að ræða það. En ég ætlast til, ef það er ekki meiningin að draga tímann þangað til þessir menn gefast upp eða fá ekki fóður, að það liggi hér og nú fyrir hvenær megi vænta þess og hvort það þýðir að reyna að gera ráðstafanir, hvort dýrunum verði gefið næstu daga, en þannig er nú komið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvenær megi vænta þess að reglugerð um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar verði gefin út. Svarið er: Ég vænti þess að hún verði gefin út í næstu viku. Það hefur verið unnið þannig að þessu máli síðan lög voru samþykkt á Alþingi að tilkynning var send til allra loðdýrabænda, þeirra sem stundað hafa loðdýrarækt á tímabilnu frá 1986 og síðar, hvort sem þeir halda enn áfram búskap eða ekki. Það var mat manna að ekki þýddi að gefa skemmri frest til þess að safna saman þeim upplýsingum en til 22. jan. og það var gert. Það voru send út gögn til um 250 bænda eða aðila sem stundað hafa loðdýrarækt einhvern tíma á þessu tímabili og umsóknir eða gögn hafa borist frá réttum 200 aðilum.

Það var ákveðið í samráði við þá aðila, sérstaklega hjá Framleiðnisjóði, sem standa fyrir þessum aðgerðum að bíða með útgáfu reglugerðarinnar þangað til búið væri að safna öllum upplýsingum og fá tæmandi yfirlit yfir umfang skuldanna og aðstæður hjá einstökum aðilum þannig að unnt væri að laga ákvæði reglugerðarinnar og láta þau taka mið af því að skuldbreytingaheimildirnar skv. lögunum nýttust sem best og sem flestum. Dróg að reglugerðinni liggja hins vegar fyrir og það mun ekki tefja þessar framkvæmdir á nokkurn hátt að gefa þau út sem reglugerð þegar það er tímabært að mati þeirra sem eru að safna saman og vinna úr upplýsingum frá bændum. Og það er einfaldlega að þeirra ráðum sem það hefur verið haft þannig að bíða með reglugerðardrögin og gefa þau ekki út fyrr en þessar upplýsingar, sundurgreindar, lægju fyrir þannig að unnt væri að hafa ákvæði reglugerðarinnar í sem bestu samræmi við aðstæður og umfang þessara aðgerða.

Í öðru lagi er spurt: Hvenær má vænta þess að loðdýrabændur fái afgreiðslu á skuldbreytingum? Það er stefnt að því að ljúka afgreiðslu eftir því sem kostur er í þessum mánuði og helst allir fái svör um sínar skuldbreytingar á næstu vikum. Að því er eindregið stefnt að niðurstöður og svör liggi fyrir í sem allra flestum tilvikum fyrir mánaðamót.

Í þriðja lagi er spurt: Hvað verður gert til þess að fóðurstöðvar sem eru að stöðvast m.a. vegna dráttar á afgreiðslu skuldbreytingar til bænda — eins og þarna segir reyndar — verði ekki lokað á næstu dögum? Ég hef m.a. átt fund með öllum stærstu hagsmunaaðilum þessa máls í síðustu viku, Framleiðnisjóði, fulltrúum viðskiptabanka og sparisjóða sem hér eiga hlut máli, Byggðastofnun, sem hefur alveg sérstaklega verið ætlað það hlutverk öðrum fremur að aðstoða fóðurstöðvarnar í þeirra erfiðleikum, og fulltrúum frá Stofnlánadeild. Þar var farið yfir þetta mál í heild sinni og fulltrúar Framleiðnisjóðs gerðu grein fyrir stöðu skuldbreytingamálanna. Það er alveg ljóst að staða ýmissa fóðurstöðva er mjög erfið og hefur lengi verið og dráttur á þessum skuldbreytingum, eins og fullyrt er í fyrirspurninni, leyfi ég mér að segja að sé ekki neinn orsakavaldur í því hvernig staða fóðurstöðvanna er. Hún hefur sl. 2–3 ár verið að versna mjög, m.a. vegna þess að bændur hafa átt í miklum erfiðleikum með að standa við sínar greiðslur á fóðri. En eftir sem áður verður reynt að sjá til þess að fóðurstöðvarnar starfi þangað til niðurstaða liggur fyrir í þessum skuldbreytingamálum því það snertir auðvitað verulega stöðu fóðurstöðvanna hvernig þær aðgerðir ganga og að hve miklu leyti bændum verður mögulegt í gegnum þær að gera upp a.m.k. að hluta til skuldir sínar hjá fóðurstöðvunum.

Það hefur líka verið gripið til þeirra ráðstafana sem í okkar valdi eru í sambandi við þetta. Til að mynda hefur jöfnunargjald á fóður fyrir tvo fyrstu mánuði þessa árs þegar verið sent inn á reikninga bænda hjá fóðurstöðvunum. Bankarnir upplýstu og fullyrtu í síðustu viku að þeir væru allir að hefja afgreiðslu afurðalána til bænda sem þar ættu þá frekar að geta greitt sitt fóður. Ég vona að með þessu samræmda starfi allra helstu hagsmunaaðila á þessu sviði takist að halda hlutunum gangandi út þennan mánuð þangað til niðurstaða liggur fyrir í þessu skuldbreytingamáli. Þá skýrist það endanlega hvernig aðstæður verða á svæði hverrar fóðurstöðvar fyrir sig, hversu margir bændur halda þar áfram loðdýrarækt og hversu mikil þörf verður fyrir fóður. Rekstrarmöguleikar fóðurstöðvanna til frambúðar hljóta auðvitað að taka mið af því. Og það er alveg ljóst að þar er og verður við mikinn vanda að etja þar sem er mikill samdráttur í loðdýrarækt á ýmsum svæðum og minni fóðursala hjá stöðvunum sem óhjákvæmilega hlýtur að gera rekstur þeirra erfiðari.

Varðandi jöfnunargjald á fóður sem fyrirspyrjandi spurði um, en ekki er sérstaklega tilgreint í fsp., get ég upplýst að þetta var ákveðið til bráðabirgða, óbreytt krónutala til samræmis við það sem var fyrstu mánuði síðasta árs. Ég hef jafnframt upplýst samtök loðdýrabænda um það að sú tala verði endurskoðuð um leið og liggur fyrir hversu margir það verða sem halda áfram loðdýrarækt og hve mikill dýrafjöldi verður á fóðrum á þessum vetri.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin þó að ég sé ekki ánægður með þau öll. Ég vil minna á það að þegar við ræddum um þessi mál var reiknað með því að það mundi halda verðgildi sínu, þetta jöfnunargjald, og það yrði jafnt allt árið. Því miður, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, hefur það verið gert á sama hátt og var fyrri helming síðasta árs.

Ég hef heyrt frá mörgum loðdýrabændum að þeir telji að þessi breyting út af fyrir sig sé bending um að ekki verði staðið við þetta. Þess vegna eru þeir mjög uggandi og geta ekki borgað, hvorki verkun á skinnum eða annað.

En þar sem tíminn er fljótur að líða, þá vil ég bara lesa hér upp úr ræðu hv. formanns landbn. Ed. Skúla Alexanderssonar, en hann segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú liggja fyrir upplýsingar um áhuga loðdýrabænda á því að halda bústofni sínum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til vill nefndin tryggja að eftir áramót haldi jöfnunargjaldið á fóður verðgildi yfirstandandi árs enda telur nefndin það grundvallaratriði til að aðgerðir þessar nái tilgangi sínum."

Áður var hv. þm. búinn að nefna það að búið væri að ákveða að hækka þetta gjald um 20 millj., úr 25 í 45. Og í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni, landbrh. og þeim sem fjölluðu um þetta var sagt að ef það kæmi fyrir að vantaði fjármagn þá yrði það útvegað. Það er nauðsynlegt að bændur viti það nú hvað á að gera vegna þess ástands sem er hjá þeim um þessar mundir. Og það er misskilningur hjá hæstv. landbrh. að skuldbreytingarnar skipti ekki máli í sambandi við fóðurstöðvarnar, það er alger misskilningur. Sumir hafa ekki fengið eða voru ekki í vikubyrjun búnir að fá neitt afurðalán á þessu ári einmitt vegna þeirra skulda sem á þeim hvíla fyrir afurðalánin.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég deili áhyggjum með hv. 6. þm. Norðurl. e. og hlýt að taka undir þær brýningar sem hann hafði hér uppi um að nauðsynlegt sé að ríkisstjórnin taki af skarið og ákveði sig hvað eigi að gera. Loðdýrabændur hafa lengi orðið að búa við mikla óvissu sem hefur mjög gengið nærri fjárhag þeirra og heimilum, vil ég segja. Ég get ekki komist hjá því, hæstv. forseti, að draga þá ályktun að innan ríkisstjórnarinnar sé mikill ágreiningur um þetta mál, hvernig taka eigi á málefnum loðdýrabænda, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það þótt síðar verði frá hæstv. landbrh. hvort það sé með hans vilja sem þessi dráttur er eða hvort það sé á hinn veginn, eins og mig grunar, að ríkisstjórnin sé ekki reiðubúin til að taka á málinu og hafi loðdýrabændur að ginningarfíflum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég held að við þurfum ekki að lengja orðræður hér á Alþingi hvað það snertir að vandi loðdýraræktarinnar er orðinn mikill og langvinnur. Auðvitað hefði fyrir lifandi löngu þurft að taka þannig og fastara á málum að fram úr þeim vandræðum yrði rist. Eitt er það sem allt of lengi hefur gerst, að menn hafa velkst í vafa um það hver framtíðin yrði og hver stuðningur stjórnvalda yrði. Hafa jafnvel verið gefnar vonir og væntingar um hluti sem síðan hefur gengið seint og illa að framkvæma. Og það er m.a. ein ástæðan fyrir því að ég hef ekki verið ginnkeyptur fyrir því og ekki stutt það að mönnum yrðu gefin fyrirheit um greiðslur jöfnunargjalds á fóður sem ekki væru örugglega innstæður fyrir til að efna. Ég vildi frekar geta haft það á hinn veginn, að þegar þau mál eru komin fram og dýrafjöldinn liggur endanlega fyrir, þá sé hægt að hafa gjaldið hærra, ef eitthvað er, en búið var að segja mönnum að örugglega yrði. Ég vil frekar hafa óvissuna á þann veginn en hinn. Það er nóg komið af því að síðan komi menn aftur nokkrum mánuðum seinna og segi: Við vorum hafðir að fíflum, við vorum plataðir til að halda áfram út á vonir um einhvern stuðning eða einhverja aðstoð sem síðan hefur ekki verið staðið við. Það verða þá aðrir að standa fyrir þeim efnum. Það er nóg komið af slíku af minni hálfu. Ég vonast til þess, eins og ég sagði, að unnt verði að endurskoða upphæð þessa fóðurgjalds núna strax í þessum mánuði þegar endanlega liggur fyrir hver fjöldi dýra verður á fóðrum. Ég get upplýst að þegar er orðinn þar mjög mikill samdráttur. Samkvæmt nýjustu upplýsingum sem ég hef undir höndum, sem gætu þó verið orðnar úreltar, voru um 46 þús. minkalæður á lífi núna upp úr áramótum í staðinn fyrir 72 þús. sem voru á fóðrum á síðasta ári og 5400 refalæður í staðinn fyrir 7000 sem voru á fóðrum á síðasta ári. Það er því auðvitað þegar ljóst að hér er orðinn verulegur samdráttur en hver hann verður að endingu skýrist á næstu vikum og þá munu upphæðir fóðurjöfnunargjaldsins verða endurskoðaðar og ég mun að sjálfsögðu reyna þá að tryggja viðbótarfjármagn til þess að greiða slíkt gjald út árið.

Ég vona svo að að öðru leyti hafi þessi svör verið fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda og ég undirstrika það að lokum að ég geri ráð fyrir því að þetta mál hafi þann framgang að í lok mánaðarins liggi í öllum aðalatriðum fyrir niðurstöður hvað þetta snertir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af því að hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði í orð mín í Ed. í sambandi við afgreiðslu á skuldbreytingum vegna loðdýraræktar vil ég undirstrika að það var meining okkar og trú þegar þetta mál var afgreitt að strax í upphafi árs yrði greitt út til fóðurstöðvanna það mikill stuðningur, það há upphæð að hún væri sambærileg við greiðslur á fyrra ári.

Hæstv. landbrh. hefur útskýrt hver var afstaða hans og að hverju hann stefni í þessu máli. Hann stefnir að því að staðið verði við þetta fyrirheit. En það fer ekki hjá því að ég lýsi yfir óánægju minni með að það skuli ekki hafa verið gert strax í upphafi árs.

Landbrh. hefur ákveðin rök. Það sé verið að bíða eftir og sjá hver staðan verður eftir að könnun hefur átt sér stað um hve mikið umfang verður í ræktuninni áður en gengið er til fullnustu frá greiðslum sem til þessa málefnis átti að veita. Ég vildi aðeins láta þetta koma í ljós og ég hef fallist á skoðun landbrh. Stefna hans í þessu máli er ábyrgari, að bíða ákveðinn tíma til að sjá hver staðan er, en ég treysti því að að þeirri könnun lokinni verði staðið við þá yfirlýsingu sem við í landbn. gáfum hv. Ed. við afgreiðslu þessara mála í haust.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði satt að segja ekki að blanda mér í þessa umræðu hér en eftir að hafa hlýtt á orð síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar og formanns landbn. Ed., langar mig aðeins að spyrja og fá ákveðin svör: Er það þá rétt skilið hjá mér að landbrh., að mati formanns landbn., hafi ekki farið að vilja þingsins í þessum efnum? Ég ætla ekki að segja fleira. Ég er búinn að fara hér oft upp til að ræða vanda þessarar atvinnugreinar og það er hryggilegt til þess að vita í mínum huga hvernig að þessum málum hefur verið staðið.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp hverjar ástæðurnar eru, hvað það er sem hér liggur að baki. Ég hef gert það hér margsinnis áður. Það eru margar ytri aðstæður sem vega þar langþyngst. Það er mjög ósanngjarnt hvað vegið hefur verið að bændunum sjálfum í þeirri umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um þessa atvinnugrein. Það eru ytri aðstæður sem vega þar langþyngst, hversu erfiðleikarnir eru miklir við að koma upp þessari atvinnugrein. En það vill oft verða svo í þessu ágæta landi okkar að þegar eitthvað nýtt á að verða til, þá er nánast aldrei séð til þess að hjálpa mönnum nema rétt upp á hnén og síðan ekki meir.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég gat ekki annað lesið af svörum hæstv. landbrh. áðan en að það væri engan veginn víst að staðið yrði við að útvega viðbótarfé þannig að út þetta ár mundi standa niðurgreiðsla á fóðri sem hefði svipað verðgildi og var á sl. ári. En ég vil í þessu sambandi minna á að það er einmitt tekið fram í bókun hæstv. ríkisstjórnar þann 28. nóv. að það verði gert. Landbúnaðarnefndir beggja deilda voru sammála og stóðu fyrir hönd allra flokkanna að þessu frv. eins og það er. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur í ræðu sinni sagt að auðvitað verði staðið við að útvega viðbótarfjármagn en svo gat ég ekki skilið annað núna en það væri eitthvert vafaatriði. Ég vildi fá skýringu á því.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég vil svara hv. þm. Stefáni Guðmundssyni þannig að ég tel mig ekki hafa brotið gegn vilja Alþingis, a.m.k. ekki gegn vilja fjvn. Og ég vek athygli manna á því að fleiri nefndir hafa hér hlutverki að gegna í þinginu en landbn. Hv. fjvn. var að sjálfsögðu kynnt staðan hvað snertir þetta jöfnunargjald og í fjárlögunum eru ekki fjárhæðir til þess að greiða meira og reyndar tókst nú ekki betur til en svo að það láðist að setja þessa upphæð inn í fjárlögin. Það er að sjálfsögðu hlutur sem verður leiðréttur með aukafjárveitingunni og/eða fjáraukalögum ef slíkt kemur til. Það eru ekki í hendi tryggar fjárveitingar til þess að greiða í raun og veru nema 45 millj. kr., annars vegar vegna ríkisstjórnarsamþykktar og hins vegar vegna skuldbindinga Framleiðnisjóðs. Ég stend við það. Ég mun beita mér fyrir því af öllum mætti að sækja það fé sem á vantar til þess að greiða jöfnunargjald á fóður svipað að verðgildi miðað við óbreyttar aðstæður, verð á skinnum og annað slíkt, en breytilegt eftir því sem slíkt kann að breytast út þetta ár. En ég vil ekki senda út skrifleg loforð til manna um hluti sem ekki er alveg öruggt að hægt sé að standa við. Þess vegna vil ég frekar fara þá leið að endurmeta fóðurgjaldið og það verður gert núna í þessum mánuði. Það er auðvitað mjög hægur leikur að leiðrétta það eftir á þannig að útkoman á ársgrundvelli verði sambærileg hvað verðgildi snertir auk þess sem fóðurnotkunin er auðvitað langminnst á þessum mánuðum þannig að það kemur síður við bændur en verður síðar á árinu.

SAMEINAÐ ÞING

49. fundur, fimmtudaginn 8. febr., að loknum 48. fundi.

Alþjóðasamþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, síðari umr.

Stjtill., 269. mál. — Þskj. 487, n. 565.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Félmn. Sþ. hefur fjallað um þetta mál og er álit hennar að finna á þskj. 565. Það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Gylfa Kristinsson og Margréti Margeirsdóttur, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Kristinn Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita nefndarmenn í félmn. nema sá sem fjarverandi var.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 584).

Könnun á ofbeldi í myndmiðlum, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 143. mál. — Þskj. 147.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um könnun á ofbeldi í myndmiðlum. Flm. hennar eru þingkonur Kvennalistans. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta kanna sérstaklega tíðni og tegund þess ofbeldis sem sýnt er í dagskrá Ríkissjónvarps, Stöðvar 2, í kvikmyndahús-

um og á þeim myndböndum sem eru á boðstólum í myndbandaleigum. Könnunin skal einkum beinast að líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi, þar með töldu klámi. Einnig að láta fara fram könnun á því hve mikið börn hér á landi horfa á sjónvarp, kvikmyndir og myndbönd og hvað þau horfa á. Enn fremur skorar Alþingi á menntmrh. að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum."

Þegar þessi tillaga var síðast hér á dagskrá, þá var einnig á dagskrá skýrsla um málræktarátak. Þar spunnust umræður um mikilvægi þess að talsetja erlent myndefni í sjónvarpi, sérstaklega það sem væri ætlað börnum og einnig að efla innlenda dagskrárgerð á barnaefni. Rætt var um það að hér þyrfti að koma á barnvinsamlegu samfélagi og minntist hæstv. menntmrh. einmitt á það. Þessi þáltill. er einmitt lóð á þá vogarskál. Hún er skref í þá átt að koma á barnvinsamlegra þjóðfélagi en hér ríkir nú.

Mörgum ógnar vaxandi ofbeldi í umhverfi okkar og daglegu lífi. Ofbeldi tekur á sig margvíslegar myndir. Það beinist oft gegn börnum og konum sem ofbeldi á heimilum og kynferðisleg misnotkun. En það eru ekki einungis hinir fullorðnu sem beita ofbeldi. Börn og unglingar beita því einnig gagnvart öðrum börnum, t.d. með einelti, en líka gagnvart fullorðnum eins og nýleg dæmi eru um. Og mig langar að vitna, með leyfi forseta, í grein sem skrifuð er af Kristjáni Sigurðssyni sem er fyrrv. forstöðumaður Unglingaheimilis ríkisins en núverandi skólastjóri skóla Unglingaheimilisins. Hann segir í grein í Morgunblaðinu 16. nóv. sl.:

„Ég sé tvennt sem hefur gjörbreyst í átökum unglinga frá fyrri tíð. Annars vegar er orðið áberandi að hópur unglinga níðist á einum af hrottaskap og miskunnarleysi, andlega og líkamlega, svo að stór meiðsl hljótast af. Hins vegar að hnífar eru notaðir í átökum unglinganna. Í fyrstu aðallega sem varnarvopn en virðast vera meir og meir notaðir til að ógna og gera árás." Hann segir enn fremur síðar: „Það var ekki fyrr en ég kynntist náið leikvöllum grunnskólanna eftir 1970 að ég fór að sjá alvarlegt einelti, en einelti lýsir sér í því að hópur ræðst á einstakling, andlega eða líkamlega, og misþyrmir honum. Ég hef rökstuddan grun um að þetta vandamál sé útbreitt á leikvöllum skólanna og sé gróðrarstía og undanfari misþyrminga meðal stálpaðra ungmenna."

Ég vil líka vekja athygli á því að mörg þau ofbeldisverk, það götuofbeldi sem hefur verið vitnað til í blöðum nýlega, það er einmitt oft unnið ekki endilega af unglingunum, heldur af ungum mönnum, í langflestum tilvikum, sem e.t.v. eiga sér forsögu sem má rekja til þess sem þessi reyndi skólamaður lýsir.

Rætur ofbeldis eru auðvitað margslungnar og þær eru samofnar gerð samfélagsins og sprottnar af lífsháttum þeirra sem það byggja. Óhóflega langur vinnutími og meira vinnuálag en gerist meðal nágrannaþjóða okkar leiðir til fjarvista íslenskra foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra en vaxandi fjöldi heimila þarfnast vinnuframlags tveggja til framfærslu. Börnin þurfa oft að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri. Í skólaskýrslum úr Reykjavík frá 1975 kemur fram að 40% 7–12 ára barna voru meira eða minna ein heima á daginn. Aðstaða einstæðra foreldra til að sinna börnum sínum er þó til muna erfiðari en annarra. Fram kemur t.d. í skýrslu landæknis, Mannvernd, frá því í desember 1987 að um fjórðungur barna einstæðra foreldra 7 ára og yngri og um 64% 7–12 ára barna gangi sjálfala á daginn.

Mörgum ógnar hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna. Einkum hafa menn áhyggjur af því að mikil sjónvarps- og myndbandanotkun geri börn að óvirkum þiggjendum og margir óttast neikvæð uppeldisáhrif þess efnis sem þannig berst að ómótuðum barnshugum. Sjónvarp, myndbönd og kvikmyndir flytja ofbeldi í auknum mæli, bæði í fréttum af átökum og styrjöldum og líka í leiknum myndum þar sem einstaklingar beita hvor annan grófu ofbeldi í návígi. Er skemmst að minnast voðaatburða á erlendum vettvangi, sem hafa þrásinnis komið fyrir, þar sem geðveilir menn eða áhrifagjarnir hafa ruðst fram með alvæpni, að hætti Rambós, í friðsömum bæjarfélögum og orðið fjölda manns að bana. Á heimili slíkra manna hefur fundist mikill fjöldi ofbeldismynda og vopna sem þeir hafa haft dálæti á. Ég vil minna hv. þm. t.d. á atburðinn í Hungerford á Bretlandi þar sem maður réðst að sextán öðrum og deyddi þá áður en hann fyrirfór sjálfum sér í kjölfar þeirra atburða. Mig langar að vitna í blaðagrein eða litla tilkynningu sem ég klippti út úr blaði 1987, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Eftir atburðina í Hungerford í sumar hefur breska ríkissjónvarpið BBC frestað sýningu nokkurra mynda sem innihalda meira ofbeldi en góðu hófi gegnir." Ég verð að skjóta því inn hér, ég skil ekki hvers vegna því var frestað. Hvað gat réttlætt að taka þær til sýningar síðar? En ég held áfram að vitna: „Með ákvörðuninni um að taka fyrrnefndar myndir af dagskrá fetar ITV", en það er sjónvarpsstöð sem líka er í Bretlandi, „í fótspor BBC þótt látið sé að því liggja að myndir þessar kunni að verða sýndar á næsta ári þegar mesti tilfinningahitinn vegna atburðanna í Hungerford er liðinn hjá."

A.m.k. er þarna um örlitla viðleitni að ræða og ég veit til þess að a.m.k. BBC lét fara fram könnun á ofbeldi í sjónvarpi í kjölfar þessara atburða. Ég veit hins vegar ekki um niðurstöðu þeirra kannana. En þetta gefur aðeins vísbendingu um að mönnum hefur brugðið og þeim hefur þótt ástæða til þess að bregðast við, sérstaklega þegar finnst á heimili manns eins og þessa ógrynni af ofbeldiskvikmyndum og ýmsar tegundir vopna.

Tæknin hefur fært okkur tölvuleiki sem eru vinsælt tómstundagaman en margir þeirra byggjast einmitt á herskáum baráttu- og samkeppnisleikjum. Stríðsleikföng eru seld af fjölbreytilegri gerð og eru oft svo eðlilegar eftirlíkingar af raunverulegum fyrirmyndum sínum að glæpamönnum tekst að blekkja fórnar-

lömb og lögreglu með leikfang að vopni. Vandinn er oft sá að ofbeldisáhrifin verða alvarlegust á þá sem veikastir eru fyrir og hafa minnstan stuðning hjá uppalendum sínum og umhverfi. Allt of oft eru börnin ein með hugsanir sínar og skilning á því sem þau sjá án þess að vinna úr því og tala um það sem þau sáu og heyrðu. Mikið af myndefni því sem börn horfa á er á ensku og þar sem tími til mannlegra samskipta er oft allt of naumur gefst mörgum börnum of lítill tími til að tala við fullorðið fólk og þjálfa þannig móðurmál sitt. Komum við nú aftur að erindi málræktarskýrslunnar.

Tilfinningaleg áhrif slíks afskiptaleysis geta orðið börnum alvarleg og valda mörgum foreldrum stöðugri sektarkennd. Kennarar hafa jafnframt veitt því athygli á síðustu árum að kunnátta grunnskólanema í íslensku fer minnkandi, bæði hvað varðar orðaforða, málfæri og stafsetningu. Öryggisleysi og vanmáttur barna sem eru tilfinningalega vanrækt og vanþroska í samskiptum við aðra og eiga auk þess erfitt með að tjá sig vegna þess að þau hafa takmarkað vald á móðurmáli sínu getur verið mikið. Hvort tveggja getur valdið innibyrgðri reiði og orðið til þess að þau bregðast við andstreymi eða jafnvel smávægilegu mótlæti með ofbeldi. Ofbeldi er iðulega sýnt sem eina leiðin til að leysa vandamálin og ofbeldið er oft slitið úr samhengi við þau áhrif sem það raunverulega hefur. Afleiðingar þess eru í raun ekki sýndar. Oft eru það hetjurnar og þá karlhetjurnar sem beita ofbeldi til að koma á reglu, stundum jafnvel réttlæti og friði. Almenn áhersla fréttanna á stríð og ofbeldi er slík að hún er líkleg til að valda verulegum ótta barna við framtíðina. A.m.k. nokkuð brenglaðri sýn á heiminn. Ég minni á það hve títt ung börn eru drepin í Palestínu nú á dögum og hefði betur utanrrh. ekki verið á förum út úr deildinni. Þá hefðum við getað rætt það örlítið meira.

Lokaniðurstaðan er reyndar sú að börnin vita mun meira um átök, ofbeldi og stríð en um frið og máltækið segir: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Við getum ekki unað því að börn alist upp við þá heimsmynd að ofbeldi sé eðlileg, viðurkennd og réttlætanleg leið til að leysa vandamál og ná sínu fram. Það eru réttindi barna að vera vernduð gegn ofbeldi. Hér áður þótti ekki hæfa að hafa ljótt fyrir barni. Meira að segja þótti ekki við hæfi að tala ljótt í návist þungaðrar konu.

Það eru einnig réttindi barna að fá sjónvarpsefni við sitt hæfi á vönduðu íslensku máli en hér er skammarlega lítið um slíkt í sjónvarpi. Það er í raun ótrúlegt hve kærulausir foreldar og ráðamenn hafa verið gagnvart þeim áhrifamikla og sterka fjölmiðli sem sjónvarpið er.

Flm. telja nauðsynlegt að gera kannanir á því hvernig og hve mikið ofbeldi er sýnt í sjónvarpi og öðrum myndmiðlum hér á landi. Stöð 2 hafði nýlega sýningar á klámmyndum undir því yfirskini að hér væri um kærkomið afþreyingarefni að ræða. Þessar myndir var að sjálfsögðu hægt að taka upp á myndbönd og þannig gátu þær eða í beinni sýningu verið aðgengilegar börnum. Auk þess sem klám er niðurlægjandi fyrir konur er vaxandi tilhneiging hjá framleiðendum slíkra mynda að tengja þær ofbeldi. Ég vil geta þess að eftir að þessi þáltill. var lögð fram hefur saksóknari kært þessar sýningar og málið er nú til meðhöndlunar hjá saksóknara ríkisins.

Slíkar kannanir krefjast þess að ofbeldið sé skilgreint. Það getur vafist fyrir mönnum en það er nauðsynlegt til þess að vekja umhugsun um og útiloka ofbeldi. Hlutverk Kvikmyndaeftirlits ríkisins er m.a. fólgið í því að skilgreina og útiloka ofbeldi en starfsmenn þess hafa um margra ára skeið unnið afar mikilvægt starf þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag og bágborinn tækjakost. Brýna nauðsyn ber til að veita raunhæfar fjárupphæðir til rekstrar þessarar starfsemi og stjórnvöld bera bæði ábyrgð og skyldur í þessum efnum. Þeim ber að framfylgja lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983 og þeim ber í víðtækum skilningi að standa vörð um þau réttindi barna að vera vernduð gegn ofbeldi. Og ég vil geta þess og vitna í greinargerð frá Kvikmyndaeftirlitinu að eftir að lögin um bann við ofbeldismyndum gengu í gildi hefur Kvikmyndaeftirlitið bannað um það bil 100 kvikmyndir sem samkvæmt skilgreiningu laganna teljast ofbeldismyndir.

Helsti ávinningur af setningu þessara laga var sá að innflutningur grófra ofbeldismynda snarminnkaði og jafnt framleiðendur ytra sem innflytjendur hér heima vita af þessum lögum og reyna að halda sig innan löglegra marka. Svipuð löggjöf var sett víða um Vesturlönd um sama leyti. Einnig er vert að minna á það — og nú er hæstv. utanrrh. genginn í salinn en þetta mál varðar hann líka — að það er ljóst að þegar landamæri innan Evrópu opnast, tollgæsla leggst af, fjölþjóðasjónvarp nær yfir lönd og álfur, þá þarf sameiginlegar alþjóðareglur um það myndefni sem dreift er. Það þarf að vinna í þá veru að taka mið af þeirri löggjöf sem þegar hefur verið sett einmitt víða á Vesturlöndum, sérstaklega á Norðurlöndum, til þess að banna ofbeldismyndir. Ég vil benda á það líka að slík vinna er í gangi hjá Evrópuráðinu og vekja athygli hæstv. ráðherra á því.

Það er nauðsynlegt einnig að vekja upp umræðu meðal barna og unglinga og forráðamanna þeirra, umræðu sem skírskotar til ábyrgðar og hvetur til aðgerða. Ég vil vekja athygli á því að þann 10. nóv. sl. var haldinn landsfundur um slysavarnir sem fjölmörg samtök stóðu að. Þar voru umræðuhópar á ráðstefnunni og m.a. var rætt um ofbeldisslys en erindi hafði verið flutt um þau á ráðstefnunni. Þetta var 26 manna hópur sem kaus að sitja og ræða um þessi mál, mjög margt skólafólk, hjúkrunarfræðingar, lögreglumenn og aðrir sem hafa afskipti af unglingum og átökum þeirra. Margar athugasemdir komu fram. Flestar miðuðu að því að styrkja unglingana, að styrkja heimili þeirra, að hvetja forráðamenn til þess að hafa áhrif á opnun skemmtistaða og söluturna af ýmsu tagi. Þarna komu einmitt fram mjög jákvæðar athugasemdir og umræða um aðgerðir þar sem unglingarnir höfðu verið virkjaðir til þátttöku til að rækta

það samfélag sem þeir bjuggu í og það hafði gerbreytt tíðni götuofbeldis í þeim hverfum þar sem áður hafði sést slíkt ofbeldi.

Ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Nýleg aðgerð, unglingar gegn ofbeldi, var lofsvert framtak sem tók einmitt á mörgum þessara þátta, hvatti unglinga og aðra til umhugsunar og til þess að taka afstöðu gegn ofbeldi. Það er jafnframt mikilvægt að leggja áherslu á að foreldrar og aðrir uppalendur fylgist vel með því sem börn horfa á í sjónvarpi og séu reiðubúnir að ræða við börnin um það sem þau upplifa.

Flm. vona að þessi tillaga megi stuðla að því að vernda börn gegn óhóflegu ofbeldi í umhverfi sínu.

Að lokinni umræðu vil ég leggja til að þessi tillaga verði send til hv. félmn. Sþ. en ég hefði mikinn áhuga á að heyra skoðanir og viðbrögð hæstv. menntmrh. því að hér er einmitt verið að skora á hann.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. Kvennalistans, Samtökum um Kvennalista, fyrir flutning á þessari tillögu um könnun á ofbeldi í myndmiðlum og ég er sammála flm. um það að það er nauðsynlegt að svona könnun fari fram. Ég bendi á það að könnun af þessu tagi, ef hún á að vinnast með skikkanlegum hætti, kostar talsvert af peningum. Ég er ekki að nefna það til þess að draga kjarkinn úr flm. heldur til að benda á að það gæti verið heppilegt að jafnframt því sem tillaga af þessu tagi kæmi til meðferðar í þinginu yrði á því máli sérstaklega tekið og bent á það hvaða fjármuna þyrfti að afla í þessu skyni til þess að ljóst sé fyrir löggjafann að hann verður um leið að ákveða fjárveitingar til þess að standa undir a.m.k. einhverjum hluta af þeim kostnaði sem hér um ræðir þó að hann mætti að einhverju leyti leggja á aðra.

Um málið ætlaði ég að segja það að í fyrsta lagi er ég alveg sammála hv. þm. um að þessi könnun á að fara fram. Þessi könnun á að fara fram til þess að vekja umræðu. Og þessi könnun á að fara fram til þess að unnt sé að ná sæmilegri samstöðu um það hvar á að draga markalínur því að það er flókið mál. Markalínur er ekki hægt að draga öðruvísi en um það sé tiltölulega víðtæk samstaða og allmargir geri sér grein fyrir því á hvaða forsendum þær markalínur byggjast.

Í öðru lagi vil ég tala hér í þessu samhengi aðeins um málefni Kvikmyndaeftirlitsins og segja: Þar hefur verið unnið mjög mikilvægt starf, mjög dýrmætt starf. Kvikmyndaeftirlitið starfar á grundvelli laga, m.a. laganna frá 1983 sem hv. þm. nefndi. Það er svo sérkennilegt að um leið og Alþingi samþykkir lög 1983 og þau eru í gildi æ síðan og hafa verið framlengd tvisvar eða þrisvar sinnum, 1987 og 1988 ef ég man rétt, 1989, um leið og það liggur fyrir, þá hefur aldrei fyrr en á árinu 1990 verið gert ráð fyrir fjárveitingum til Kvikmyndaeftirlits ríkisins á fjárlögum íslenska ríkisins. Hér hefur verið um að ræða stofnun sem hefur átt að ganga sjálfala eða ég veit ekki hvernig til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Það er mjög alvarlegt umhugsunarefni fyrir löggjafann og fjárveitingavaldið í senn að það skuli gerast að hlutirnir gangi sisvona fyrir sig í um það bil hálfan áratug eða rúmlega hálfan áratug. Ég hygg að það sé sérstaklega mikilvægt umhugsunarefni með hliðsjón af því að hér er um að ræða mjög mikilvæga starfsemi þar sem er Kvikmyndaeftirlitið.

Ég veit ekki hvort menn átta sig almennt á því hvaða starfsemi þarna fer fram. Hún er mjög víðtæk og snertir allar myndir sem koma í kvikmyndahúsum og hún snertir öll myndbönd líka nú orðið. Eftir að myndböndin héldu innreið sína, þá hefur starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins auðvitað margfaldast. Það hefur náð árangri með ágætri samvinnu við þá sem leigja út myndbönd. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að Kvikmyndaeftirlitið geti haldið áfram virkri starfsemi.

Á fjárlögum ársins 1990 er 1 millj. kr. til Kvikmyndaeftirlits ríkisins. Af þeim ástæðum hef ég hækkað mjög verulega öll skoðunargjöld, bæði kvikmyndahúsa og myndbandaleiga, hækkaði þau núna um áramótin auk þess sem ég ákvað að lækka laun forstöðumanns Kvikmyndaeftirlits ríkisins um helming til þess að halda mig innan ramma fjárlaga og jafnframt að takmarka starfsemi skoðunarmanna nokkuð frá því sem verið hafði, einkum til þess að þeir gætu haft samráð um mál sem þeir þurfa að fjalla um á fundum en fjárveitingarnar leyfðu því miður ekki meira.

Jafnframt er ljóst að Kvikmyndaeftirlit ríkisins hefur verið kallað til í seinni tíð til þess að fara yfir nýtt verkefni sem eru svokallaðir tölvuleikir sem ganga kaupum og sölum á milli manna og er satt að segja vonlítið eða vonlaust að hafa nákvæmt eftirlit með. Ég hygg að markalínan milli eðlilegs kvikmyndaeftirlits til verndar börnum og ungmennum og ritskoðunar verði að vera alveg skýr og ég hygg að enginn sé tilbúinn til þess að ganga svo langt í þessu efni að þetta eftirlit, sem byggist á siðrænum forsendum, gagnvart börnum og ungmennum sérstaklega, gangi út í öfgar. Þetta eftirlit má auðvitað aldrei taka á sig mynd ritskoðunar af neinu tagi. Það er mikilvægt grundvallaratriði.

Ég vil í annan stað, virðulegi forseti, taka undir þá grundvallarhugsun sem er á bak við þessa tillögu og hv. 6. þm. Reykv. lýsti í ræðu sinni, þá sömu hugsun og við komum hér inn á fyrir nokkrum dögum þegar við ræddum um málræktarskýrsluna, þ.e. að við vildum búa hér til þjóðfélag sem væri gott við börn. Hv. þm. rakti tölur úr könnun landlæknis um þessi efni þar sem fram kemur að mjög stór hluti barna er á eigin vegum utan skólatíma, meginhluta dagsins. Þetta leiðir hugann að því grundvallaratriði að við erum með svo bágborið skólakerfi hér á Íslandi og höfum verið það um langt skeið að yngstu börnin fá mjög stuttan tíma í skólunum. Það liggur fyrir að það hlýtur að vera forgangsverkefni, algjört forgangsverkefni stjórnvalda og fjárveitingavaldsins að standa

þannig að málum að yngstu börnin geti verið lengur í skólunum, ekki einungis til þess að sæta þar stundaskrárbundinni, hefðbundinni kennslu heldur til þess að geta lært að lifa í leik líka með margvíslegum hætti. Markmiðið hlýtur að vera það að við eignumst samfelldan skóladag og 35 stunda skólatíma á viku fyrir öll börn, einnig þau yngstu. Kostnaðurinn við það til viðbótar við það sem er í fjárlögum ársins 1990 er 500 millj. kr. Kostnaðurinnn við grunnskólakerfið alls er um 4,5 milljarðar. 500 millj. kr. eru litlir peningar í þessu samhengi vegna þess að þetta fólk er framtíðin og það er að skemmast á götunum.

Ég hitti í gærmorgun tvo skólastjóra sem sögðu mér frá því að þeir væru nú að fá inn í skólana hjá sér í Reykjavík fyrsta árganginn sem í rauninni hefur alist upp við stöðuga myndmiðlun sjónvarps og myndbanda frá upphafi, frá því að þau fóru að tala eða skilja. Þeir sögðu mér frá því að í skólaumdæmi Reykjavíkur væru 50–60 börn sem ættu við þannig löguð hegðunarvandamál að stríða að þessir skólastjórar höfðu aldrei kynnst neinu líku. Það væri mjög erfitt að ná sambandi við þessi börn. Þau hefðu bersýnilega alist upp á eigin vegum eða fyrir framan sjónvarps- og myndbandstæki. Þetta vekur okkur til umhugsunar um það grundvallaratriði sem ég nefni hér og tek undir með hv. 6. þm. Reykv. að er aðalatriðið. Það er í raun og veru eitt af stærstu málum þjóðarinnar, að mínu mati, að það takist að mynda þjóðarsamstöðu um að hafa hér í landinu grunnskóla og leikskóla sem kemur til móts við þann veruleika að þetta sama þjóðfélag heimtar það af foreldrum að báðir vinni utan heimilis allan daginn og hafi þess vegna ekki aðstöðu til að sinna börnum sínum eða tala við þau eða leika við þau.

Ef við gætum náð um það þjóðarsamstöðu, þennan skilning, þá dregur úr þeim vandamálum sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var að rekja hér áðan, enda þótt að sjálfsögðu sé nauðsynlegt að sú könnun fari fram sem hún gerði tillögu um.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það eru því miður oft einkenni á góðum málum að fáir eru í salnum þegar þau eru flutt, en það ber að þakka að vakin sé athygli á þessu máli, sérstaklega. Og mig langar að vera svolítið heimilislegur og segja frá því að ég fór með dóttur minni á skemmtun í skólanum hennar í fyrra þar sem 12 ára börn voru með skemmtiatriði og eitt af skemmtiatriðunum var að þau voru með spurningar, spurningakeppni. Það voru 20 spurningar og allar spurningarnar tengdust á einn eða annan hátt sjónvarpi eða sjónvarpshetjum. Ég veit ekki hvort þetta er einkennandi fyrir krakka á þessum aldri en alla vega sló þetta mig þannig að það fór ekki á milli mála hvar nafli alheimsins er hjá þessum krökkum. Það er skjárinn. Það er því ekki svo lítið mál hvað birtist á þessum skjá.

Nú er ég ekki reiðubúinn til þess að stokka upp og sortera hvað fólk á að sjá og hvað ekki, en ég veit að Kvikmyndaeftirlitið er í mjög góðum höndum. Ég þekki þar til. Ég hef hins vegar kannski fylgst meira með þjóðlífinu í gegnum annan skjá í 10 ár, í gegnum gluggann á pylsuvagninum í Austurstræti, og þar fann maður nákvæmlega sömu viðbrögð. Ég man t.d. eftir að þegar Hólmfríður Karlsdóttir var kosin ungfrú alheimur, þá byrjaði svokallað Hófí-æði í bænum. Þá var alltaf verið að kalla „hæ Hófí" á stelpur. Á sama hátt, þegar Michael Jackson var upp á sitt besta, þá voru krakkarnir að dansa í þeim dúr. Síðan, ef það komu myndir eða tilefni þar sem beitt var ofbeldi, þá kom það greinilega fram. Maður gat fylgst með þróuninni frá því að krakkar og stálpaðir unglingar og allt upp í fullorðið fólk slóst svona heldur karlmannlega, ef svo má segja með hnúum og hnefum, þangað til það fór að sparka og koma aftan að andstæðingnum. Og nú síðustu árin er byrjað að beita vopnum til þess að rista andstæðinginn á hol, hvort sem það eru hnífar, glerbrot, flöskur eða annað. Allt er þetta nokkurn veginn í takt við þá þróun sem sjónvarpið og myndböndin færa okkur beint inn á heimilin.

Ástæðan fyrir því að ég kom hérna upp var sú að hæstv. menntmrh. gerði að umræðuefni 1 millj. kr. fjárveitingu sem fjvn. mælti með að veitt yrði til Kvikmyndaeftirlitsins. Við fjölluðum að sjálfsögðu um Kvikmyndaeftirlitið í okkar starfi í fjvn. og okkar skoðun var sú að Kvikmyndaeftirlitið ætti ekki að kosta af almannafé. Kvikmyndaeftirlitið ætti að hafa það rúmar sértekjur að það gæti staðið undir sér sjálft. Og þeirra sértekna yrði aflað með því að rukka þá aðila, innflytjendur og sýnendur myndefnis, sem þurfa á þjónustu Kvikmyndaeftirlitsins að halda. Kúnninn borgi fyrir sig. Við teljum að sá rekstur sem býður upp á myndefnið sé það stæltur að hann geti staðið undir þessu eftirliti sjálfur.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. 16. þm. Reykv. fyrir undirtektirnar við þessa tillögu. Ég er ánægð með það að þeir taka báðir undir meginefni tillögunnar. Ég hefði þó viljað fá skýrari svör hjá hæstv. ráðherra um vilja hans og ætlun til þess að framkvæma slíka könnun. Ég trúi því ekki að hún geti orðið svo dýr að hún sé ofviða fjárhag íslenska ríkisins og þess vegna óframkvæmanleg þrátt fyrir bágan hag um þessar mundir. Ég tel könnun af þessu tagi svo mikilvæga að hana beri að líta á sem forgangsverkefni. Það er í raun fljótgert, bæði fyrir hæstv. ráðherra og líka fyrir flutningskonur þessarar tillögu, að láta áætla hver kostnaður mundi fylgja slíkri könnun og mér finnst reyndar sjálfsagt að myndmiðlarnir beri hluta þess kostnaðar í samræmi við þær skyldur og þá ábyrgð sem þeir bera gagnvart almenningi, ef ekki lagalega, þá siðferðilega. Það má kannski ætla að þessi kostnaður gæti orðið eitthvað um 1–2 millj., e.t.v., ég veit það ekki. Það er sjálfsagt að láta kanna það einmitt í nefndarvinnu um málið.

Hæstv. ráðherra minntist á málefni Kvikmyndaeftirlitsins og það er rétt, hagur þess hefur verið með miklum bágindum, má segja. Það vill svo vel til að

það er hugsjónafólk sem hefur unnið þar og hefur hreinlega gengið svo langt að það hefur greitt símareikninga Kvikmyndaeftirlitsins og ýmsan annan tilfallandi rekstrarkostnað, bara til þess að halda málum gangandi. Ein af ástæðunum fyrir því að málin hafa ekki gengið fjárhagslega upp þar, þrátt fyrir aðhaldssemi og útsjónarsemi í rekstri Kvikmyndaeftirlitsins, er sú að reglugerðin sem var samin um starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins bar ekki tilætlaðan árnagur. Það varð ekki á þann hátt sem hv. 16. þm. Reykv. var að geta og var ætlað í byrjun, að myndmiðlarnir stæðu í raun undir þessum kostnaði og þess vegna bæri þetta sig sjálft. Ég hygg að þessari reglugerð hafi verið breytt. (**Menntmrh.:** Hún var gefin út aftur núna í desember.) Já, einmitt, og til þess að brúa það bil sem hafði orðið vegna þess að reglugerðin komst í raun aldrei til framkvæmda var mjög gott að fjárveitingu var beint til Kvikmyndaeftirlitsins þannig að það gæti greitt skuldir sínar og rétt úr kútnum.

Hæstv. ráðherra minntist einnig almennum orðum á aðbúnað barna og þá sérstaklega í skólum og leikskólum. Samfelldur skóladagur er mál sem við höfum einmitt rætt ítarlega í það minnsta tvisvar heilan dag í Ed. þegar til umræðu var frv. okkar kvennalistakvenna um einsetinn skóla og samfelldan skóladag. Og það er mál sem ætti að vera metnaðarmál bæði stjórnvalda, foreldra og annarra uppalenda í þessu þjóðfélagi. Það er of löng umræða til að hefja hana nú því að tími minn er naumur, en ég er auðvitað sammála hæstv. ráðherra og það stendur upp á hann að taka til hendinni og ná samkomulagi við hæstv. fjmrh. í þeim efnum því að ég held að vilji allra liggi ljós í því máli. Mér fannst í raun hæstv. ráðherra renna sterkustum stoðum undir réttlætingu þess að sú könnun fari fram sen hér er lögð til þegar hann lýsti viðtali sínu við skólastjóra á förnum vegi um hag þeirrar kynslóðar sem hefur alist upp við myndmiðla svo lengi sem hún man eftir sér. Að svo stór hluti barnanna skuli eiga við vanda að stríða, einbeitingarvanda og kannski vandamál í sambandi við það að læra og hlusta og taka eftir og vinna með öðrum, finnst mér vera jafnvel sterkara en sumt af því sem ég kom með hér í greinargerð í framsögu um málið. Þess vegna skora ég á hæstv. menntmrh. að finna leiðir til að fjármagna könnun af þessu tagi og við munum leggja honum allt það lið sem við getum til þess að hún geti komið til framkvæmda.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég styð þessa tillögu. Það er afar nauðsynlegt að gera á því góða könnun hver raunverulega er staðreyndin að því er varðar afleiðingar ýmislegs myndbandaefnis sem hefur að geyma einhvers konar ofbeldi á barnshugann og þroska barna. E.t.v. verður aldrei hægt að vinna úr slíku með fullkominni nákvæmni en það er hægt að komast afar nærri sannleikanum, að ég held, og a.m.k. svo að við ættum að hafa enn betri grundvöll í höndum en við höfum nú þegar.

Þó að þessa könnun vanti, jafnítarlega og hér er farið fram á að gerð verði, liggja fyrir um það ýmis merki, líka kannanir, að það er alveg ljóst að hér er um mikla meinvætti að ræða og þess vegna var það skynsamleg ráðstöfun á sínum tíma að setja lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Það féll í minn hlut að gefa út reglugerð við þau lög og ég minnist þess að einn aðalvandinn var að ganga svo frá, m.a. merkingum myndbanda, að unnt væri að reiða sig á að þær væru réttar. Þar var um mikið kostnaðaratriði að ræða. Eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan tókst mjög góð samvinna við eigendur reksturs myndbandaleiga um þetta efni og þá einkanlega um merkingarnar. Jafnframt var þá gert ráð fyrir að tiltekið gjald af skoðunum stæði undir rekstrinum. Þetta gjald var hækkað síðar. Mér þótti það hins vegar hljóma einkennilega í máli ráðherra sem helst mátti skilja svo að ekkert fé hefði verið veitt til þessarar starfsemi. Það var nú svo að Kvikmyndaeftirlitið var um þessar mundir eflt mjög, einmitt í þessu skyni, og það var útvegað sérstakt húsnæði til þess arna þannig að unnt væri að verja miklu meiri tíma og mannafla til að vinna að þessu verkefni. Þetta vil ég að fram komi svo að menn haldi ekki að ekki hafi verið gert neitt í þessu efni. Það er alveg ljóst að þetta kostaði peninga á sinni tíð og gerir að sjálfsögðu enn. En þarna var um að ræða verulegt brautryðjendastarf af hálfu Kvikmyndaeftirlitsins því að aðferðir til þess að skoða myndböndin og fylgjast með myndbandaefninu er afar flókið verkefni. Eftir því sem menn komust helst að niðurstöðu um að væri framkvæmanlegt var gert verulegt átak í því efni. Það er því auðvitað ljóst að eðlilegt er að það gjald sem þarna var ákveðið hækki miðað við aðra þróun. Ég minnist þess að það kom fram að kvikmyndahúsum þótti erfitt að greiða þetta gjald því að það minnkaði töluvert aðsókn að kvikmyndahúsum á tímabili. Síðan hygg ég nú að sú aðsókn hafi eitthvað aukist aftur. Vafalaust hafa fleiri ástæður komið til, en nokkuð er það að vissulega þarf fjármuni til þessa verkefnis og því fer fjarri að ekki hafi verið veittir fjármunir til þess, einkanlega fyrir nokkrum árum þegar staðið var að því að efla þessa starfsemi að miklum mun vegna hins nýja, viðamikla verkefnis sem fólst í að fylgjast með myndböndunum og samvinnu við eigendur myndbandaleiga.

Þetta vildi ég láta koma fram til þess að forðast hugsanlegan misskilning að þessu leyti til. Ég hef auðvitað ekki handbærar tölur um þetta að öllu leyti frá þessum tíma nú þessa stundina, en svo mikið er víst að ég minnist þess að það voru gerðar áætlanir um kostnað og allt slíkt eins og staðið var að undirbúningi fjárlaga að því er varðaði aðra þætti í starfsemi menntmrn. Ég vonast sannarlega til þess að hæstv. ráðherra geti leiðrétt þá gerð að veikja Kvikmyndaeftirlitið eins og hann hefur gert með því að draga úr launum til þeirra manna sem að þessu erfiða verkefni vinna, en ég skildi hæstv. ráðherra svo að það hefði hann talið sér nauðsynlegt að gera. Ég hygg að ekki sé um slíkt forgangsverkefni að ræða að slíkt

sé algjörlega fráleitt og þessi starfsemi verði að geta gengið rétt eins og margs konar önnur starfsemi í þágu æsku þessa lands og ef nokkuð er, þá er það einungis það að betur má ef duga skal.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég byrja á því að taka aðeins undir orð hv. 16. þm. Reykv. um áhuga manna á málefnum. Hæstv. menntmrh. talar um að erfitt sé að draga markalínur en þær eru nú nokkuð skýrar hér þegar kemur að málefnum. Það vill þannig til að öðrum megin markalínunnar liggja yfirleitt það sem menn hafa kallað til einföldunar og oft sjálfum sér til afsökunar hin mjúku mál og svo þegar hin hörðu gildi eru til umfjöllunar, en þarna er greinileg markalína oft. En ég ætla nú ekki að fjölyrða um það.

Varðandi þessa könnun tek ég undir orð hv. flm. um það að þær upplýsingar sem þarna er farið fram á eru svo mikilvægar og eru svo mikið forgangsverkefni að kostnaður ætti helst ekki að standa í vegi og gott byrjunarskref væri einmitt að athuga hversu mikið svona könnun mundi kosta og hvort ekki er þegar til ýmislegt sem nýtist í slíkri könnun. Ég minnist þess t.d. að á fundi hjá Kvikmyndaeftirlitinu sl. vor kynnti Þorbjörn Broddason könnun sem hann var að gera, mig minnir að hann hafi nú ekki lokið henni, mjög viðamikla könnun á sjónvarps- og myndbandsnotkun barna og unglinga og tengdi hana að vísu ýmsu öðru í lífi unglinga, svo sem bókalestri. Þar hygg ég að liggi þegar fyrir miklar upplýsingar, a.m.k. um þann tíma sem varið er fyrir framan einhvers konar myndmiðil, og einhvern veginn skildi ég það nú þannig að hann ætti heilmikið annað efni sem hann ekki tók til meðferðar á þessum fundi eða þessari ráðstefnu sem ég vitnaði til.

Það kom náttúrlega margt athyglisvert þarna fram hjá Þorbirni Broddasyni. Það virtist t.d. greinilega, og kemur engum á óvart, vera mikið samband á milli þess tíma sem börn eyddu fyrir framan sjónvarp og bókalesturs þeirra.

Það er hins vegar annað sem mig langar aðeins að gera að umtalsefni varðandi þessa tillögu og það er að menn sættist ekki á það í rauninni sem óumbreytanlegt ástand að myndmiðlar séu jafnvel áhrifaríkasti þátturinn í lífi barna. Mér finnst bregða fyrir að það sé tekið eins og hver önnur staðreynd að börn séu svo og svo mikið fyrir framan sjónvarp og málið sé einungis að gæta þess hvað þau horfa á.

Ég held að sjónvarp eða myndband sem miðill sé þess eðlis að hann geti ekki komið í staðinn fyrir svo margt annað sem börnum er nauðsynlegt til þroska án þess að ég ætli að segja að það eigi að útiloka myndmiðla úr lífi barna. Það dytti mér ekki í hug. Ég hef hins vegar grun um að við höfum of mikið sæst á að þau eyði svo og svo miklum tíma fyrir framan þennan miðil. Og það vill nú þannig til að sjónvarp, vegna þess hve útbreiddur miðill það er og í rauninni ódýr, getur eðlinu samkvæmt aldrei orðið annað en altækur. Hann tekur sáralítið á því sérstaka, þ.e. hann útbreiðir einhvers konar almennt gildismat sem tekur óneitanlega mið af einhvers konar meðalmennsku. Þetta liggur bara í eðli og útbreiðslu miðilsins. Það kemur í hlut annarra að benda á og þróa hið sértæka sem hverjum manni er þó nauðsynlegt og kannski er ég þó fyrst og fremst að tala hér um listrænt innihald eða gildi miðla.

Mér blandast ekki hugur um það að ofbeldi í hvers konar mynd er í rauninni hættulegra í myndmiðli en í öðrum miðlum, hvort sem það eru bækur eða leikhús eða hvar það nú er sem ofbeldi ber fyrir augu. Í fyrsta lagi gerir náttúrlega tæknin sem notuð er í sjónvarpi svo auðvelt að blekkja. Það er hægt að framkvæma þar miklu stórkostlegri ofbeldisatriði og dráp en hægt er í öðrum miðlum, en þar að auki tekur í rauninni sú firring sem er í því fólgin að stillt er upp gleri á milli neytanda og þess sem neytandinn horfir á alvöruna úr því sem sýnt er þannig að viðbrögð við alvörunni skortir. Þetta er bara leikur.

Það hefur vissulega komið fram í mörgum ofbeldisverkum af ýmsu tagi, sérstaklega erlendis, að menn hafa getað bent á samhengi milli þess verknaðar sem framinn er og einhvers ákveðins myndaflokks eða hetju eða myndar. Og þá hefur mjög oft komið fram að börnin eða unglingarnir, eða jafnvel fullorðnir menn sem hafa þá ekki náð fullum þroska og geta þess vegna auðvitað að vissu leyti talist börn, hafa hreinlega ekki getað greint á milli þess veruleika sem þeir sjálfir búa í og þess sem þeim finnst vera veruleiki handan glersins eða handan skermsins. Þar gengur þetta svo snurðulaust fyrir sig, en afleiðingarnar verða bara hörmulegar í lífinu.

Nú er ekki þar með sagt að það eigi að hlífa börnum við því að angur fylgi oft lífinu og fólk verði fyrir sorgum og harmi en það er einmitt það sem skortir svo mikið á í myndmiðlunum. Við sjáum sjaldnast afleiðingarnar, við sjáum sjaldnast harminn og börnin þurfa þar af leiðandi yfirleitt ekki að taka tilfinningalega afstöðu til þess verknaðar sem þau horfa á. Aftur á móti þekkir maður af eigin raun og af umgengni við eigin börn og annarra einmitt þá afstöðu sem börn taka þegar t.d. bók er lesin og þeirra eigið ímyndunarafl fær að ráða úr efniviðnum hvernig þau taka þá tilfinningalega afstöðu með eða móti einhverju sem sagt er eða lýst er. Ég get ekki stillt mig um að segja af því tilefni örlitla smásögu. Ég fór í leikhús með lítinn dreng og hann grét svo mikið út af því að einn maður beið bana í leikritinu að ég varð að fara með hann út úr leikhúsinu. Og svona ekki síst til þess að fá hann sjálfan til þess að íhuga þetta aðeins spurði ég hvernig stæði á því að hann gréti svona mikið yfir því að einn maður hefði dáið. Hann sæi í sjónvarpinu daglega tugi ef ekki hundruð manna deyja. Og þá sagði drengurinn: Æ, þú veist, það er ekki það sama. Og ég held nefnilega að í þessu hafi legið mikil sannindi hjá drengnum. Í öðru tilfellinu þurfti hann að taka tilfinningalega afstöðu en hitt líður bara fram hjá í einhverju magni án þess að einstaklingurinn blandist inn í. En þeir sem ekki hafa þann bakhjarl eða þær aðstæður til þess að þroskast nógu mikið rugla þessum gerviveruleika saman við raunveruleikann.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er undarlegur misskilningur hjá hv. 6. þm. Reykv. að ég hafi tekið eitthvað dauflega í þessa tillögu. Málið er ósköp einfaldlega það að það er Alþingi sem lagt er til að afgreiði málið og ég held að það sé einfaldast að Alþingi taki afstöðu til málsins þó að ég væri út af fyrir sig tilbúinn til þess að hefja framkvæmd við þessa tillögu strax í dag. En ég teldi að með því móti væri ég að taka fram fyrir hendurnar á tillögumönnum og þeim sem um málið fjalla hér á hv. Alþingi.

Ég minntist á peninga til þess að undirstrika það að ég vil að menn viti að það sem verið er að leggja til kostar peninga. Ég vil ekki að hin hörðu gildi og hin mjúku gildi séu aðskilin með stálþili. Ég vil að menn geri sér grein fyrir samhengi hlutanna, jafnvel þótt þeir kosti ekki nema 1–2 millj. kr. eins og þeir kostuðu í þessu tilviki. Það væri mér styrkur við að framkvæma tillögu af þessu tagi ef Alþingi segði: Já, við viljum framkvæma tillöguna og það kostar þetta og við viljum styðja það líka. Það skiptir máli.

Varðandi það sem hér var komið inn á í sambandi við málefni Kvikmyndaeftirlitsins að undanförnu, þá hefur starfsemi þess verið styrkt, í fyrsta lagi með því að gefa út reglugerð 27. des. sl. um breytingar á öllum skoðunargjöldum Kvikmyndaeftirlitsins, bæði vegna myndbanda og kvikmynda. Þessi gjöld hafa verið hækkuð mjög verulega til þess að standa undir öllum kostnaði við skoðun út af fyrir sig.

Í öðru lagi hafa verið leyst út tæki sem höfðu legið á hafnarbakka um nokkurra missira skeið sem Kvikmyndaeftirlitið þarf á að halda til sinnar starfsemi og í því skyni eru notaðir þeir fjármunir sem veittir eru úr ríkissjóði á þessu ári.

Í þriðja lagi hefur verið tekin ákvörðun um vinnufyrirkomulag Kvikmyndaeftirlitsins í einstökum atriðum þannig að það er núna í raun og veru komið inn á skýra, faglega braut. Menn vita hvernig best er að vinna að málunum þar og ég tel að það sé mjög mikilvægt sem hér hefur komið fram hjá hv. 16. þm. Reykv. að fjvn. hafi rætt um þetta mál sérstaklega, það vissi ég ekki fyrr, og að hún ætlist til þess að Kvikmyndaeftirlitið sé að öllu leyti eða nær öllu leyti kostað af skoðunargjöldum. Fyrst svo er, þá verður það gert.

Ég þakka, virðulegi forseti, að öðru leyti fyrir þessa ágætu umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Opinber mötuneyti, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE. 157. mál. — Þskj. 166.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég fyrirgef hæstv. fjmrh. strax að hann skuli ekki vera hér í salnum. Það er mér í sjálfu sér ekkert trúaratriði hvort hann hlustar á mitt mál eða ekki. En ég skil það hins vegar mætavel að það skuli engir veitingamenn sitja á áhorfendapöllum því þeim veitir ekki af því að vinna ef þeir ætla sér að halda rekstri sínum gangandi til vors.

Það er kannski tímanna tákn að þegar þessi þáltill. er flutt hér í þingsölum skuli vera matartími og þingheimur allur meira og minna að snæða í opinberu ríkismötuneyti hér neðar í húsinu. Og sennilega er þetta umræðuefnið í hnotskurn. Þetta er kjarni málsins. Ég sé ekki þörfina á því að ríkissjóður sé að gefa fólki að borða eða greiða verulega niður máltíðir til starfsfólks eða annarra. Ef það er mat ríkisins að fólk eigi að fá frían eða niðurgreiddan mat, þá finns mér eðlilegt að sú matarveisla fari fram á veitingastöðum landsins þar sem hægt er að koma því auðveldlega við. Ég sé t.d. ekkert því til fyrirstöðu að þingheimur labbi út á Hótel Borg til þess að fá sér að borða eða Hressingarskálann eða út á önnur veitingahús sem eru hér í miðborginni. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu.

Einkarekstur og ríkisrekstur eru þau tvö öfl sem við verðum að fara að læra að skilja á milli í þjóðfélaginu. Hvað ríkið á að gera og hvað einstaklingar eiga að gera. Að mínu viti eiga einstaklingar að sjá um veitingareksturinn og ríkið á þar hvergi nærri að koma.

Það er þungt fyrir fæti í þjóðfélaginu í dag. Það þarf víst ekki að taka það fram eina ferðina enn. Fjöldi fyrirtækja er að loka. Fjöldi fyrirtækja í veitingarekstri skiptir um eigendur. Maður verður ekki eins var við eigendaskiptin því þau fara oft fram í kyrrþey. Eigandinn sem lætur fyrirtæki af hendi er yfirleitt með skuldabagga, jafnvel gjaldþrota og með brostnar vonir. Veitingarekstrinum í landinu veitir ekkert af þeirri veitingasölu sem hér fer fram því að á sama tíma er hann skattlagður. Veitingamenn eru ekki bara innheimtumenn ríkissjóðs á matarskatta heldur borga þeir öll önnur gjöld og skatta og axla þær skyldur sem á atvinnurekstur eru lagðar hér í þjóðfélaginu. Á meðan alþingismenn sjá varla aðrar tekjulindir fyrir ríkissjóð en skattlagningu verður a.m.k. að gefa fólkinu sem er skattlagt tækifæri til þess að vinna fyrir sköttunum sínum. Veitingahúsin fái að selja mat, fái alla þá matarsölu sem um er að ræða til þess að geta goldið keisaranum það sem keisararans er. Það er ekki sanngjarnt að ríkið bæði leggi skatta á veitingarekstur og standi síðan í umfangsmiklum veitingarekstri sjálft. Það gengur einfaldlega ekki upp. Fólkið getur aldrei keppt við ríkið því að ríkið lýtur öðrum lögmálum. Það er alveg gjörsamlega vonlaust að þar verði nokkurn tímann jafntefli. Einstaklingurinn hlýtur alltaf að láta í minni pokann þegar hann keppir við ríkið.

Mötuneyti Alþingis og mörg önnur mötuneyti hér í miðborginni eru það nálægt alhliða matsöluhúsum að það er auðvelt verk að láta starfsfólkið borða á

matsöluhúsunum. Til þess að auðvelda það í framkvæmd væri hægt að taka upp matarmiða, svipaða og alþm. eru með hér í opinberu mötuneyti niðri á jarðhæð, sem starfsmenn gætu síðan framvísað í þeim veitingahúsum sem vildu vinna með ríkinu á þennan hátt. Það sem vinnst fyrir starfsmanninn er fyrst og fremst það að hann fær úr fleiri réttum að velja. Hann getur ef hann vill safnað sínum miðum saman, komið með bita að heiman og notað miðana til þess að gera fjölskyldunni dagamun um helgar. Ekki þarf að tíunda hvað vinnst fyrir veitingareksturinn. Þetta mundi hleypa nýju blóði í allt veitingalíf. Þetta mundi vonandi fækka gjaldþrotum, draga úr því atvinnuleysi sem er tilfinnanlega farið að segja til sín í greininni. Þetta mundi gera þjóðfélagið miklu betur í stakk búið til að taka á móti erlendum ferðamönnum vegna þess að hver einasta króna sem með þessu móti fer í gegnum veitingareksturinn auðveldar veitingamönnum að fylgjast með kröfum tímans og búa staði sína betur undir að þjóna fólki.

Hvað vinnst síðan hjá ríkinu með þessu móti? Kostnaður við að gefa fólki að borða í ríkismötuneyti og kostnaður við að afhenda því matarmiða ætti fljótt á litið að vera sá sami, en það er trú mín að það sé miklu, miklu ódýrara fyrir ríkið að láta fólkið borða á veitingastöðunum. Í fyrsta lagi yrði það ódýrara vegna þess að mötuneytin taka mikið pláss í húsum ríkisstofnana. Oft er þetta verðmesta plássið í húsunum. Þá mundi losna pláss í stofnunum og fyrirtækjum sem mundi fresta a.m.k. í nokkur ár að stofnanirnar þyrftu að flytja eða byggja yfir sig nýtt húsnæði.

Í öðru lagi segir mér svo hugur um að kostnaðurinn við rekstur þessara mötuneyta sé mun meiri en nemur verði á veitingum á almennum markaðiog yrði því verulegur sparnaður fyrir ríkið. Víða er reglan sú að starfsmenn greiða sem nemur hráefninu en ríkið sér um allan annan kostnað við rekstur mötuneytisins.

Sömu sögu er að segja um veislusali ríkisins sem eru víða um borgina þar sem ríkið, ráðherrar, þingmenn og aðrir hafa aðgang til þess að halda fundi, skemmtanir og önnur mannamót. Það er í rauninni engin ástæða til þess að halda úti veisluhúsinu í rúgbrauðsgerðinni í Borgartúninu til þess eins að þjóna undir ríkið. Ég hef aldrei fundið neitt inni í Borgartúni sem veitingamenn á frjálsum markaði geta ekki boðið upp á sjálfir. Ég hef aldrei séð það og fundið neina þjónustu þar inni sem fjöldinn allur af veitingamönnum getur ekki boðið upp á. Því finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að allar opinberar veitingar séu á hinum frjálsa markaði en ekki séu rekin sérstök veisluhús fyrir ríkið.

Síðasta dæmið um óeðlilega viðskiptahætti er þegar Reykjavíkurborg kaupir veitingahúsið Broadway til þess að gera að unglingaskemmtistað, félagsheimili í Breiðholtshverfum. Broadway er þó í dag rekið eins og hvert annað veitingahús áfram. Þar eru um helgar árshátíðir og aðrar skemmtanir sem einstaklingar geta haldið. Húsið er leigt út til allra þeirra sem vilja taka það á leigu. Broadway er komið í bullandi samkeppni við aðra veitingamenn og er húsið þó í eigu Reykjavíkurborgar sem reyndar er ekki beinlínis ríkisfyrirtæki í þeim skilningi en samkeppnin er áfram óheiðarleg, vegna þess að einstaklingurinn getur ekkert frekar keppt við Reykjavíkurborg en hann getur keppt við ríkið.

Fari menn inn á þessar brautir með ríkismötuneytin er auðvelt að búa svo um hnútana að það starfsfólk mötuneytanna fái vinnu í veitingahúsum landsins við sitt hæfi í gegnum samtök veitingamanna eða þá annars staðar í ríkiskerfinu ef það kýs frekar. Á sama hátt á að vera auðvelt að losna við öll þau tæki og áhöld sem ríkið á, selja þau einstaklingum á markaðsverði þannig að ríkissjóður á ekki að þurfa að sitja uppi með eitt eða neitt sem hann getur ekki notað.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að minna aftur á það að við verðum að gera upp við okkur og læra að skilja muninn á einkarekstri og ríkisrekstri.

Ég óska eftir að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Ásgeir Hannes Eiríksson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessari tillögu um opinber mötuneyti beri að vísa til fjvn. þar sem hér er um hagræðingu í ríkisbúskap og fjárhagslega spurningu að ræða en ég sé ekki að þetta falli undir félmn. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. vegna þess að ég var ekki í þessum stól þegar umræðunni lauk: Vísaði hv. þm. tillögunni til fjvn.?) Upplýsingar komu frá skrifstofunni um að þetta væri undir félmn. og eftir því fór ég, en eftir á að hyggja og eftir að hafa kynnt mér þetta, þá óska ég eftir að henni verði vísað til fjvn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þm. hefur óskað eftir að tillögunni sé vísað til hv. fjvn. og forseti sér ekki ástæðu til annars en láta fara fram atkvæðagreiðslu um þá tillögu. Verði því ekki mótmælt þó að raunar sé búið að samþykkja að senda tillöguna til hv. félmn., þá er forseti tilbúinn til að láta fara fram aðra atkvæðagreiðslu.

Salome Þorkelsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þar sem þannig háttaði til að ég var í forföllum forseta hér í forsetastóli þegar hv. 16. þm. Reykv. lauk máli sínu og kom með tillögu eins og atkvæðagreiðslan hljóðaði upp á eftir að ég hafði látið spyrjast fyrir hvað væri eðlilegt að gera. Það var álit starfsmanna hér að það væri álitamál hvort þessi tillaga ætti að fara til fjvn. og bent á að sennilega væri heppilegra að hún færi til félmn. Það er auðvitað alltaf matsatriði og fjvn. hefði þá ansi

margt á sinni könnu ef öllum tillögum sem varða að einhverju leyti fjármál, sem oftast er nú, yrði vísað þangað. Þess vegna benti ég hv. þm. á að sennilega væri eðlilegra að vísa þessari till. til félmn.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram án þess að ég sé nokkuð að setja mig á móti því ef hv. þm. vill breyta þessari afstöðu sinni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að þessum upplýsingum hv. 6. þm. Reykn. gefnum hefur forseti ákveðið að úrskurða að atkvæðagreiðslan skuli standa sem hér fór fram áðan.

Viðskiptanefnd til að leita markaða í Austur-Evrópu, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 160. mál. — Þskj. 171.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um að Alþingi feli utanrrh. að skipa þegar í stað viðskiptanefnd til að leita nýrra markaða í Austur-Evrópu vegna þeirra breytinga sem þar eru að gerast. Ráðherra skal hafa samráð við samtök útflytjenda á hefðbundinni framleiðsluvöru og einnig huga að nýjum leiðum á sviði þjónustu, ferðamála, orkumála, hugvits og fleiri greina.

Ástæðan fyrir því að þessi till. er flutt er að sjálfsögðu sú mikla þíða sem núna er í Austur-Evrópu og þeir miklu möguleikar sem blasa við þegar járntjaldið er fallið. Að vísu heyrði ég það á fundi um daginn að þrátt fyrir almenna ánægju í öllum löndum heims með að járntjaldið hafi fallið sé einn hópur manna sem gráti og tregi fall járntjaldsins en það eru íslenskir útflytjendur því að gamla kerfið, þegar verðin voru tekin og metin á pólitískan hátt, hafi verið miklu einfaldara fyrir útflutninginn en núna þegar viðskiptahagsmunir ráða ferðinni. En hvað um það, járntjaldið er fallið og íbúar Austur-Evrópu munu smám saman krefjast þess að fá að njóta sömu lífskjara og íbúar í Vestur-Evrópu, enda er þegar búið að stofna sjóði til að auðvelda Austur-Evrópubúum viðskipti við Vesturlönd. Og ef ég man rétt er hlutur Íslendinga, sem er afskaplega lítill hlutfallslega í þessum sameiginlega sjóði, um 700 millj. kr. Þetta er því enginn smámarkaður sem menn gera ráð fyrir að þarna opnist. Íslendingar verða þess vegna að fylgjast með þessari þróun strax frá upphafi og nú eru liðnir 2½ mánuður, að ég held, síðan þessi tillaga var fram lögð. Þá þegar hafði ég spurnir af því að önnur Norðurlönd væru komin í startholur, Danir lagðir af stað með flokk manna, með sveit manna, til þess að kanna hvaða viðskipti þeir geta átt fyrir austan því að segja má að þessi Austur-Evrópuþjóðfélög séu svona um það bil fokheld miðað við þjóðfélögin í Vestur-Evrópu. Það vantar bókstaflega alla þá hluti sem við teljum vera nauðsynlega í okkar þjóðfélagi, hvort sem þar er um að ræða áhöld og búnað, fæðu, margs konar þjónustu eða eitthvað annað. Þjóðfélögin bíða þarna eftir að komast inn í Vestur-Evrópu í rauninni, komast inn í menningu og komast inn í lífnaðarhætti Vestur-Evrópu, og ef við tökum ekki þátt í að aðstoða þau þangað verða einhverjir aðrir til þess.

Íslendingar eiga framleiðsluvörur. Íslendingar eiga hugvitsmenn. Við eigum verkfræðinga. Við eigum fyrirtæki á sviði orkuframkvæmda, byggingarframkvæmda, sem hafa haslað sér völl og reynt fyrir sér í öðrum löndum. Við eigum hér marga aðra hópa af fólki sem gjarnan mundu vilja leita fyrir sér í öðrum löndum, á öðrum mörkuðum. Þarna eru að opnast tækifæri. Þarna er að opnast markaður sem er opinn og nýr og næstum því hrár. Það eru ekki bara möguleikar á að selja þangað vöru og þjónustu heldur opnast ýmsir aðrir möguleikar fyrir Íslendinga í kjölfarið ekki bara á viðskiptasviðinu heldur á ýmsum öðrum sviðum í kjölfarið.

En atburðarásin er mjög hröð og þess vegna vil ég beina því til hæstv. utanrrh., sem hér er í salnum og hefur sýnt flm. þá kurteisi að hlýða á mál hans, að hendur verði látnar standa fram úr ermum og við missum ekki af strætisvagninum heldur byrjum þegar í stað að kanna á hvern hátt við getum selt vörur okkar og þjónustu austur yfir hið fallna tjald.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Ég legg hér til að það verði skipuð viðskiptanefnd til að kanna þessi viðskipti, en forsenda þess að þau geti orðið að veruleika er að útflutningur sé gefinn frjáls. Við eigum öfluga stétt kaupsýslufólks sem hefur hingað til fengist við innflutning að mestu leyti og hefur séð þjóðinni vel fyrir vörum þannig að íslenskir innflytjendur verða aldrei sakaðir um að hér sé vöruskortur. Hér er meira vöruúrval en tíðkast víða annars staðar í sambærilegum eða svipuðum löndum og miðað við fólksfjölda er hér miklu meira úrval af góðum vörum en nokkrum útlendum manni gæti í rauninni dottið í hug. En kaupsýslustétt okkar er nánast verkefnalaus í útflutningi vegna þess að okkar útflutningur er allur í höftum og einokun. Ef við leysum þessi höft og lyftum þessu einokunartjaldi af kaupsýslustéttinni eru allar svona viðskiptanefndir óþarfar í rauninni því að ef kaupsýslumenn fá svigrúm sjá þeir um sig sjálfir. Það er engin hætta á öðru. Og eftir því sem þeir fá meira svigrúm, eftir því sem fleiri leitast við að selja okkar afurðir til annarra landa, þeim mun betri árangri náum við smátt og smátt, pínulítið hér, dálítið þar. Menn sem þurfa að spjara sig sjálfir finna upp á ýmsu til að koma sinni vöru á framfæri. Þeir leita. Þeir fara af stað. Er ekki möguleiki að selja þessari þjóð? Er ekki möguleiki að selja þessu fyrirtæki? Er ekki möguleiki að selja þessum manni eitthvað pínulítið? Og kornið fyllir mælinn. Kornið gerir það í rólegheitunum. En menn sem eru aldir upp við það áratugum saman að sitja hér heima og bíða eftir telexpöntunum að utan koma aldrei til með að vinna nýja markaði. Til þess þarf frelsi.

Ég vil leyfa mér að mæla með því að till. verði vísað til síðari umræðu og til hv. utanrmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 16. þm. Reykv. flytur hér till. til þál. um viðskiptamálefni þjóðarinnar við Austur-Evrópu og leggur til að Alþingi feli utanrrh. að skipa viðskiptanefnd til markaðskönnunar og markaðsleitar í Austur-Evrópu og það skuli gert í samráði við samtök útflytjenda. Nú er ekkert nema gott um þetta að segja og í raun og veru er þetta lýsing á því ástandi sem er. Við höfum viðskiptasamninga við flestöll lönd Austur-Evrópu, þar með talin Sovétríkin, Pólland, Tékkóslóvakíu og Austur-Þýskaland, og við höfum viðskiptanefndir starfandi sem sinna þessum viðskiptum, heimsækja þessi lönd reglulega og eru meira að segja á ferðinni núna. Það er óskað eftir nánu samráði við útflytjendur. Það er náið. Það eru nokkrir dagar síðan utanrrh. og viðskrh. kvöddu á sinn fund alla fulltrúa fyrirtækja og sölusamtaka sem sinna þessum viðskiptum og ræddu ítarlega við þá stöðu mála í þessum viðskiptum og leituðum eftir að fá þeirra hugmyndir um breytingar á þeim þannig að út af fyrir sig virðist mér að tillagan feli ekki í sér annað en að hvetja almennt til þess að sæmilega sé á þessum málum haldið.

Nú er það svo að viðskipti við þessi lönd, sem kenndu sig við sósíalismus, hafa verið með öðrum hætti en viðskipti við flest önnur lönd einmitt vegna mikilla ríkisafskipta í þessum löndum. Ég minni á að við tókum upp viðskiptasamband við Sovétríkin árið 1953. Það byggist á viðskiptasamningi milli ríkisstjórna og sá samningur er byggður á forsendum um ríkisviðskipti. Með öðrum orðum, í þessum samningi er kveðið á um með hvaða vörur skuli versla. Þar eru vörulistar, bæði varðandi inn- og útflutning. Þar eru hafðar viðmiðunartölur um magn þannig að það er ekki annað eftir fyrir viðskiptaaðilana sjálfa en að ná samkomulagi um verð og afhendingartíma. Því næst er því yfir lýst sem markmiði að stefnt skuli að jafnvægi í þessum viðskiptum. Um tíma voru þetta nánast vöruviðskipti. Allt fram á sl. áratug voru þetta svokölluð jafnkeypisviðskipti, þ.e. ef við keyptum olíu, sem var forsenda viðskiptanna, skuldbundu Sovétmenn sig til þess að kaupa af okkur fiskafurðir í þeim sama mæli sem við öfluðum gjaldeyris með olíukaupunum.

Nú er það svo að þessir viðskiptahættir eru væntanlega að breytast. Við höfum á undanförnum mánuðum og missirum horft á hrun þessa kerfis í flestum löndum Austur-Evrópu og við heyrum yfirlýsingar forustumanna umbótaaflanna um það í hvaða átt þeir stefni með sínar breytingar. Þeir lýsa því yfir að þeir vilji hverfa frá miðstýrðum áætlunarbúskap. Þeir lýsa því yfir að þeir vilji komast út úr því kerfi milliríkjaviðskipta sem Sovétmenn þröngvuðu upp á þá í stríðslok og kennt er við Comecon eða viðskiptabandalag kommúnistaríkjanna. Þeir stefna að blönduðu hagkerfi, þeir stefna að markaðskerfi í atvinnulífi og viðskiptum og þessu fylgja þeir síðan eftir með yfirlýsingum um að þeir stefni að fjölflokka lýðræði og réttarríki. Við erum að horfa á þessa þróun á byrjunarskeiði og við vitum út af fyrir sig ekki hvernig hún endar eða hversu hratt þetta gerist og reyndar ekki hvernig til tekst. Enda er ólíku saman að jafna um einstök lönd hvar þau eru stödd í þessari þróun.

Að því er varðar Sovétríkin bíður okkar það verkefni á þessu ári að taka aftur upp samninga við Sovétmenn. Það ræðst að sjálfsögðu af því hvernig þeir vilja halda á þeim málum og hvort einhverjar raunverulegar breytingar verða að koma til framkvæmda áður en að slíkri samningsgerð kemur. Seinasta fimm ára viðskiptasamningi lýkur eða gildistíma hans lýkur um næstu áramót og einmitt af þeim sökum þótti okkur ekki ráð nema í tíma væri tekið með því að efna til formlegs og skipulegs samráðs við útflytjendur og innflytjendur með góðum fyrirvara.

Meginmálið er það að á þeim tíma þegar stefnir í frjálsræðisátt og meira frumkvæði fyrirtækja og viðskiptaaðila í þessum parti heimsins, þá er kannski ekki ástæða til að hvetja til aukinna ríkisafskipta hér í okkar ranni. Á þessu geta menn að sjálfsögðu haft hver sína skoðun. Aðalatriðið virðist mér þó vera að við verðum að laga okkur, með þessi viðskipti, nokkuð að þeirri þróun sem verður. Eins og er, er það svo að þrátt fyrir yfirlýsingar um að menn vilji leggja af gamla kerfið, þá er eitthvað nýtt sem á að koma í staðinn ekki orðið starfhæft þannig að það er óvissuástand. Þetta á fyrst og fremst við um Sovétríkin.

Síðan er á það að líta að efnahagsástand í þessum löndum er afar bágborið. Lífskjör hafa farið versnandi, kaupgeta er lítil og oft á tíðum er það eitt höfuðvandamálið að verð á okkar útflutningsafurðum eru of há miðað við kaupgetu í þessum löndum. Það er ekki þess að vænta, miðað við staðreyndir sem við blasa um hlut utanríkisviðskipta í þjóðarbúskap þessara þjóða, að við getum á næstunni búist við að þar hefjist eitthvert gróskumikið skeið aukinna viðskipta. Nú vil ég taka það fram að þetta á ekki við um öll löndin. Það sem gildir er fyrst og fremst það að fylgjast vel með þróuninni, nýta þau tækifæri sem við komum auga á. Þau eru ýmis en það á fyrst og fremst að vera í höndum viðskiptaaðilanna sjálfra eftir því sem ný tækifæri til þess skapast með auknu frjálsræði á þessum slóðum.

Ég vil að lokum árétta það að þessar breytingar sem nú eru hafnar munu taka langan tíma. Við skulum átta okkur á því hversu mikið erfiðleikatímabil er fram undan á þessu breytingaskeiði. Það er ekki einfaldur hlutur að hverfa frá miðstýrðum áætlunarbúskap og ríkisrekstri yfir til markaðskerfis á grundvelli verðmyndunar á samkeppnismörkuðum og að gera þetta undir miklum pólitískum þrýstingi, eiga að skila árangri á skömmum tíma og skila þeim árangri að þessi ríki geti síðan spjarað sig í samkeppni við hinar háþróuðu þjóðir Vesturlanda. Sumir mundu kalla þetta nærri því óviðráðanlegt eða ómennskt verkefni. Að því er Sovétríkin varðar mun þetta taka langan tíma. Það er gersamlega út í hött þegar vestrænir fréttamenn eru að kveða upp dóm um það að Gorbatsjov verði að skila árangri innan sex mánaða, eins árs eða eitthvað þess háttar. Þeir sem til

þekkja í Sovétríkjunum vita að til þess að ná slíkum árangri þurfa menn áratugi. Sum landa Austur-Evrópu munu ná árangri væntanlega, eða hafa a.m.k. öll skilyrði til þess að ná árangri, með skjótari hætti. Það á sérstaklega við um Austur-Þýskaland og Tékkóslóvakíu.

Mér þykir þessi tillaga út af fyrir sig góðra gjalda verð, sérstaklega þau orð frsm. sem hann lét fylgja í lokin að við ættum sjálfir að losa um ýmsar hömlur á okkar útflutningsviðskiptum og stefna þar að auknu frelsi. Ég er sammála flm. um þá skoðun. Ég held að hún sé skynsamleg. Að því er varðar viðskipti við þessar þjóðir, þá verður það náttúrlega að gerast í áföngum og í samræmi við það hversu fljótt frjálsræðisþróunin gengur fyrir sig þar því að það verður að búa eins og á bæjum er títt. Meðan þeir bjóða ekki upp á aðra kosti en milliríkjasamninga og viðskipti á þeim grundvelli, þá verðum við einfaldlega að una því.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. Við erum, að því er ég best heyri, hjartanlega sammála í þessu máli og er það vel.

Sjálfur er ég alinn upp í heildverslun sem verslaði *áratugum saman við Rússland. Ég veit alveg hvernig* þessir hlutir gengu fyrir sig og ganga sjálfsagt fyrir sig enn. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar heildverslunin fékk sendingu sem átti að vera ýmsir varahlutir í rússnesk armbandsúr. Það var stór kassi. Í kassanum reyndust vera nálægt 5000 fjaðrir í eina sérstaka gerð. Þegar ég fór með eina svona fjöður til úrsmiðsins sem sá um viðgerðirnar sagði hann: Við erum vanir að taka þessa fjöður úr og fleygja henni. Þetta er gamli tíminn. Við erum að kveðja hann. Ég var ekki að tala um þann tíma. Ég er að tala um að við eigum að búa okkur undir framtíðina. Framtíðin er að koma. Vestur-Evrópa er að færast austur yfir járntjaldið. Það er staðreynd. Í Morgunblaðinu í dag, og ekki lýgur blessað Morgunblaðið á útsíðum, stendur hvorki meira né minna en að sameinað Stór-Þýskaland komi til með að verða áfram í NATO. Pangermanisminn er kominn inn í NATO. Þetta er meiri háttar. Og auðvitað verðum við að búa okkur undir þetta strax. Sendinefndir okkar í dag eru skv. gamla munstrinu. Þær eru að þvælast um með 5000 fjaðrir í armbandsúr sem er fleygt hérna heima. Svo einfalt er það.

EFTA/EB-umræðan má heldur ekki glepja okkur sýn. Það eru fleiri markaðir heldur en EFTA og EB. Það eru markaðir um allan heim og Austur-Evrópa er stór hluti af nýjum mörkuðum, stór hluti og sá hluti sem er aðeins fokheldur og er að opnast. Úr því að það er tímabært að leggja 700 millj. ísl. kr. í sjóð fyrir þessar þjóðir til þess að versla, til þess að aðlaga sig *nútímanum, þá er alveg eins tímabært að reyna að* selja þeim eitthvað fyrir þessar 700 millj.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er áhugavert að hlusta á þessar umræður. Ég þykist viss um það að flm. gangi gott eitt til en mér finnst það bara hljóma svolítið ankannalega. *Við urðum vitni að því að þeir í* Austur-Evrópu eru að leggja niður forsjárhyggjuna, en þessi tillaga hljóðar í þá veru að Alþingi álykti að fela utanrrh. að skipa þegar í stað viðskiptanefnd til að leita nýrra markaða. Þetta er einmitt sú forsjárhyggja sem Austur-Evrópuþjóðirnar eru að hverfa frá. Hví eigum við að vera að keyra inn í þessa forsjárhyggju? Erum við ekki öll sammála um það að þeir séu að gera rétt með því að keyra út úr henni, ef svo mætti orða hlutina?

En eins og ég sagði, ég efast ekki um að tilgangurinn er góður. Ég hefði heldur viljað sjá tillöguna í þá veru að viðskrh. eða utanríkisþjónustan mundi aðstoða einkafyrirtæki við að koma á nýjum tengslum við einkafyrirtæki þarna fyrir austan eða ríkisfyrirtæki á frjálsum grundvelli. Það þarf enga forsjárhyggju hér. Það er einmitt sú leið sem er að mistakast fyrir austan og er, bæði sögulega og vísindalega, margbúið að sýna fram á það að öll forsjárhyggja er dæmd til að mistakast.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. verður að átta sig á því hvað forsjárhyggja er. Þetta er ekki forsjárhyggja. Forsjárhyggja er t.d. skammstöfuð í tveim orðum, SH, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það er sú forsjárhyggja sem við ætlum að reyna að brjóta upp. Ég get ekki staðið upp á fundi þar og hvatt sölumiðstöðvarmenn til að fara erlendis að leita markaða af því að ég er ekki félagi í þeim merku samtökum. Ég get hins vegar gert það hér og beitt *mínum áhrifum hér til þess að virðulegur utanrrh.* hafi frumkvæði að því að bjóða nýja tímann velkominn. Eins og ég gat um í minni framsöguræðu, þá sagði mætur maður á fundi um daginn, þar sem við utanrrh. vorum báðir, að það væri aðeins einn hópur manna sem harmaði það að járntjaldið væri fallið og það væru íslenskir fisksalar, íslenskir fiskútflytjendur. Því að þeir lifðu enn þá og hrærðust í gamla tímanum með 5000 varahlutina í úrið, þar sem verðið á íslenskum vörum var pólitísk ákvörðun en ekki spurning um markað. Þetta er forsjárhyggjan. Ég er að tala um að opna hana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. GHH o.fl., 168. mál. — Þskj. 190.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem er svohljóðandi með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heimila Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins án tafar að hefja forkönnun á mögulegri staðsetningu og gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Íslandi."

Þetta mál hefur margoft borið á góma á hv. Alþingi á undanförnum missirum. Ég vil lítillega rifja upp hvað hefur komið fram í umræðum um þetta mál til þessa. Fyrir rúmlega ári síðan bar sá sem hér stendur fram fyrirspurn um málið til utanrrh. og óskaði skriflegs svars sem útbýtt var hinn 8. des. 1988 hér á hinu háa Alþingi. Í svari ráðherra sagði m.a., með leyfi forseta:

„Þetta mál er nú til vandlegrar athugunar í utanrrn. og liggur næst fyrir að taka þarf ákvörðun um hvort heimiluð verði forkönnun í samvinnu við Atlantshafsbandalagið með svipuðum hætti og dönsk stjórnvöld hafa heimilað að því er Grænland varðar. Sú ákvörðun verður tekin þegar niðurstöður þessara athugana liggja fyrir."

Þetta var sem sagt hinn 8. des. 1988, fyrir rúmu ári síðan.

Tæplega ári síðar, nú hinn 9. nóv. sl. svarar utanrrh. enn fyrirspurn hér á Alþingi um þetta mál og segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Forræði þessa máls er í höndum utanrrh. eins og upplýst hefur verið. Um það segi ég það eitt á þessu stigi málsins að ég mun taka mínar ákvarðanir að athuguðu máli, könnun á öllum staðreyndum og málsatvikum þegar ég tel það tímabært."

Hins vegar kom ekkert fram í máli ráðherra um það, og hefur ekki komið fram á öðrum vettvangi mér vitanlega, hvað líði þeirri athugun sem hann gat um í svari sínu hér á hinu háa Alþingi 8. des. 1988 og sagði að þá væri hafin. Þetta mál var rætt mjög ítarlega utan dagskrár hinn 20. febr. í fyrra að frumkvæði hv. 1. þm. Reykn. Matthíasar Á. Mathiesen. Þá flutti utanrrh. ítarlega ræðu um málið sem verður að teljast mjög gott framlag til umræðu um þetta mál því að í þeirri ræðu voru miklar upplýsingar. M.a. opinberaði ráðherra í þessari ræðu bréf sem honum barst fyrir ári síðan frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins varðandi þetta mannvirki. Í því kemur m.a. fram að flugvöllur sá sem tillaga liggi fyrir um muni á engan hátt gegna hernaðarhlutverki á friðartímum. Flugvöllurinn yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum og ekki talinn herflugvöllur nema á stríðstímum.

Í þessari umræðu hinn 20. febr. lét ráðherra þess einnig getið að hann teldi sér ekki aðeins heimilt að taka afstöðu til óska bandalagsins um að framkvæma forkönnun á hugsanlegum möguleikum á staðsetningu varaflugvallar hér á landi um leið og sama könnun fer fram á öðrum stöðum, þ.e. á Grænlandi og í Færeyjum, heldur væri sér skylt að taka afstöðu til þessa máls og tilkynna Atlantshafsbandalaginu svar sitt.

Síðan er liðið rúmlega ár, virðulegi forseti, en í þinglok á síðasta þingi fluttum við flm. þá tillögu sem nú er á ný komin til umræðu um að Alþingi taki af skarið í þessu máli og ákveði sjálft að heimila þessa forkönnun. Tillagan varð ekki útrædd á síðasta þingi. Hún hefur þess vegna verið endurflutt nú á þessu þingi og er til umræðu hér í dag.

Það hefur orðið mikill dráttur á því að einföld ákvörðun væri tekin í þessu máli, ákvörðun um það atriði eitt að heimila margumrædda forkönnun. Fram hefur komið ítrekað, bæði hjá hæstv. utanrrh. og öðrum aðilum, að forkönnun sem þessi, „feasibility study" eins og hún heitir á ensku, sé án allra skuldbindinga um framhald málsins. Hvers vegna má þá ekki taka slíka ákvörðun og vinna þetta mál aðeins lengra áður en kemur að endanlegri ákvörðun um hvort í slíka framkvæmd yrði ráðist? En það hlyti auðvitað að vegast og metast þegar þar að kæmi, m.a. í ljósi breyttra aðstæðna í umheiminum. M.a. í ljósi hugsanlegs endurmats Atlantshafsbandalagsins á sinni varnarstefnu, í ljósi þess hvort bandalagið teldi þörf fyrir þennan varaflugvöll að breyttum aðstæðum í Evrópu. Þar kemur auðvitað einnig til sögunnar sjálfstætt mat Íslendinga á því hvort þeir telja það í þágu varna landsins og þess samstarfs sem Íslendingar eiga við aðrar þjóðir um varnir að reisa slíkt mannvirki hér á landi. En auðvitað gerist ekkert í máli sem þessu nema ákvarðanir séu teknar.

Utanrrh. lýsti því yfir í blöðum í haust, m.a. í DV hinn 20. nóv., að hann ætlaði sér að heimila margumrædda forkönnun. Hann svarar spurningu blaðamanns DV skýrt og skorinort, en sá spyr, með leyfi forseta: „Munt þú eftir sem áður standa fast á ákvörðun þinni um að láta forkönnun fara fram?" Og svarið er einfaldlega „já" frá hæstv. ráðherra. Þannig að ráðherra hefur hvað eftir annað sagst mundu heimila margumrædda forkönnun, en hann hefur bara ekki gert það enn þá. Tíminn hleypur auðvitað frá okkur í þessu efni. Það hefur tekið ráðherrann lengri tíma að taka þessa einföldu ákvörðun um að heimila forkönnun en það tók að gera alla forkönnunina á Grænlandi.

Í ummælum ráðherra, sem ég vitnaði til áðan, í umræðunum 20. febr. í fyrra, segir hann að forkönnunin ætti helst að fara fram um leið og sambærileg könnun vegna Grænlands. Hann er þegar orðinn allt að því ári á eftir. Könnunin á Grænlandi mun hafa hafist um þetta leyti í fyrra, e.t.v. nokkru síðar, og lauk í ágústmánuði að því er fram kom í máli ráðherra hér fyrr í haust.

Hvað veldur því að þessi ákvörðun er ekki tekin þrátt fyrir að ráðherra gefi hvað eftir annað skýrar og ótvíræðar yfirlýsingar um að hann ætli að gera þetta? Hvað veldur þessum töfum á lítilli, óskuldbindandi ákvörðun eins og þessari? Ég hygg að þeir sem fylgjast hér með stjórnmálum geri sér grein fyrir því hvert svarið er við þessu. Svarið við þessu er auðvitað það að búið er að afhenda, að mér virðist, einum stjórnarflokkanna hálfgert neitunar-

vald um þetta mál þó að þessi málaflokkur heyri ekki undir þann stjórnmálaflokk. Ég er hér að tala um Alþb., virðulegi forseti.

Í ályktun landsfundar Alþb. um utanríkismál sem birt er í Þjóðviljanum 29. nóv. sl. segir svo, með leyfi forseta: „Alþýðubandalagið mun ekki sitja undir því í ríkisstjórn að neinn undirbúningur að hernaðarframkvæmdum fari fram, svo sem forkönnun að nýjum herflugvelli á Íslandi, hvaða nafni sem hann nefnist."

Ætli það sé ekki þessi hótun, sem hangir yfir hausamótunum á hæstv. utanrrh. og öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni, sem veldur því að ekki er tekin *jafneinföld ákvörðun og hér um ræðir*? Skyldi það ekki vera skýringin? Hvernig væri að hætta tvískinnungnum í þessu máli og segja það hreint út að miðað við aðstæður í ríkisstjórn Íslands treysti viðkomandi ráðherra sér ekki til að taka þessa ákvörðun *í andstöðu við sína samstarfsmenn*? Það held ég að menn mundu út af fyrir sig skilja. En hæstv. utanrrh. heldur því fram að hann muni heimila margumrædda forkönnun. Flm. þessarar tillögu eru orðnir leiðir á að bíða eftir þessari ákvörðun. Þeir hafa þess vegna *flutt þessa þáltill. um að Alþingi sjálft taki af skarið* og feli ráðherranum og ríkisstjórninni að taka þessa ákvörðun. Það mun þá koma í ljós í atkvæðagreiðslu á Alþingi hvort meiri hluti er fyrir því að taka þá óskuldbindandi ákvörðun að hefja þessa forkönnun. Ég hef ástæðu til að ætla að það sé meiri hluti fyrir því á Alþingi að sú ákvörðun verði tekin. Mér finnst mest um vert, úr því sem komið er, að úr því fáist einfaldlega skorið í atkvæðagreiðslu hér í sameinuðu Alþingi hvort sá meiri hluti er fyrir hendi eða ekki.

Hæstv. utanrrh. lætur hafa eftir sér í Alþýðublaðinu í gær að hann sjái enga ástæðu til þess að hafa á móti því að þingið lýsi vilja sínum með þeim hætti sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Ég vil taka það fram að hér er ekki um það að ræða í þessari tillögu að Alþingi lýsi einvörðungu vilja sínum. Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að Alþingi feli framkvæmdarvaldinu að taka ákvörðun um að heimila þessa forkönnun. Þannig að tillagan gengur lengra en ráðherrann gefur í skyn í viðtali sínu í Alþýðublaðinu í gær. En hann bætir við, með leyfi forseta, og ég vil vekja athygli á því í þessari umræðu:

„Sumir hafa haldið fram þeim falsrökum að heimild fyrir þessari forkönnun brjóti í bága við stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar. Það er einfaldlega ekki rétt. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákvæði sem segir að á stjórnartímanum skuli ekki efnt til meiri háttar nýrra hernaðarframkvæmda. Forkönnun vegna varaflugvallar er algerlega aðskilin frá því að byrja framkvæmdir. Bæði er að forkönnunin sjálf tekur talsverðan tíma og þar við bætist að skv. framkvæmdaáætlun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins eru núverandi áform þau að hefja framkvæmdir við byggingu varaflugvallar í fyrsta lagi árið 1994, þ.e. í fyrsta lagi þremur árum eftir að kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar er lokið."

Síðan koma nokkrar útskýringar á þeim töfum sem orðið hafa í þessu máli. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra er að reyna að skapa sér stöðu til þess að komast hjá því að taka þessa ákvörðun í ljósi hinna *pólitísku aðstæðna í ríkisstjórninni* og ber við að endurskoðun sé yfirvofandi á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Það er vissulega rétt og nauðsynlegt, en er eigi að síður annað mál að því leyti til að forkönnun sem slík hefur engin áhrif varðandi mat á *því síðar meir hvort hefja beri framkvæmdir* eða heimila þær af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það er að því leyti til sjálfstætt mál. Ég tek undir það sem fram kemur í viðtalinu við ráðherrann í Alþýðublaðinu í gær að það er sjálfsagt og eðlilegt í ljósi aðstæðna í Evrópu að kanna hvort bandalagið hefur sömu þörf fyrir þennan varaflugvöll og áður var gert ráð fyrir.

Ég leyfi mér hins vegar að lesa út úr þessu viðtali í Alþýðublaðinu í gær að það sé enn ásetningur ráðherrans að heimila þessa forkönnun þó að hann vilji draga það eitthvað til viðbótar þeim töfum sem þegar hafa orðið. Ég leyfi mér að lesa það út úr þessum ummælum sem ég sé ekki ástæðu til að lesa öll. Ég vænti þess því að hæstv. utanrrh. greiði þeirri tillögu atkvæði sem hér er til meðferðar þegar utanrmn. hefur lokið sinni umfjöllun um hana. Ég tel að það séu engar efnislegar forsendur fyrir því að bíða með þessa ákvörðun lengur. Þessar tafir eru einvörðungu til komnar vegna pólitískra aðstæðna og vegna þess að Alþb. hefur uppi hótanir um stjórnarslit vegna þessa máls. En Alþb. hefur nú látið ýmislegt yfir sig ganga eins og allir vita og ég sé enga ástæðu til að halda annað en að það muni líka sætta sig við ákvörðun um óskuldbindandi forkönnun eins og hér er verið að tala um þó að annað sé látið í veðri vaka.

Ég legg sem sagt áherslu á það, virðulegi forseti, að Alþingi taki nú af skarið í málinu, að hæstv. utanrmn. fjalli vel og ítarlega um málið og afgreiði það síðan til baka til síðari umr. hér í Sþ. þannig að atkvæði megi falla um málið.

Ég skal síðan ekki lengja þessar umræður, virðulegi forseti. Ég vísa til þess að í þingskjölum eru nú þegar mjög miklar upplýsingar fyrirliggjandi um þetta mál, m.a. í þeim umræðum sem ég gat um frá 20. febr. í fyrra og frá 9. nóv. sl. Þar hafa menn þær upplýsingar sem þeir þurfa til þess að átta sig á málinu.

Ég ætla síðan ekki lengja þetta frekar, virðulegi forseti, en vil leyfa mér að leggja til að að lokinni fyrri umr. verði máli þessu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur oft áður verið til rækilegrar umræðu hér á hinu háa Alþingi. Ég læt mér nægja um málið í heild sinni að vísa til þeirra umræðna og þeirra upplýsinga sem þegar liggja fyrir. Að gefnu tilefni er samt sem áður óhjákvæmilegt að leiðrétta fáein atriði sem kynnu að misskiljast í máli flm. og þau eru einkum eftirfarandi:

1. Það er mikill misskilningur ef menn ætla að töf sem orðið hefur á því að svara erindi sem fyrir liggur um að heimila forkönnun stafi af því að einum

stjórnarflokkanna, nefnilega Alþb., hafi verið framselt eitthvert neitunarvald í þessu máli. Það er ekki svo. Jafnframt er sjálfsagt að taka það skýrt fram enn einu sinni að þótt þessi heimild væri veitt nú þegar, þá væri það ekki brot á neinu ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnarflokka. Þetta verður að vera alveg skýrt. Í stjórnarsáttmála núverandi stjórnarflokka er ákvæði þar sem kveðið er á um það að ekki skuli á samstarfstímabilinu efna til nýrra meiri háttar hernaðarframkvæmda. Nú er því til að svara, eins og fram kom í máli hv. frsm., að það að heimila forkönnun er algerlega aðskilið frá ákvörðun um það að heimila framkvæmdir. Það er hægt að heimila forkönnun út af fyrir sig án nokkurra skuldbindinga um það að heimila framkvæmdir.

2. Það liggur ljóst fyrir að þótt heimildin um forkönnun væri veitt þegar í dag, þá mundu framkvæmdir ekki hefjast fyrr en að mörgum árum liðnum og áreiðanlega ekki fyrr en löngu eftir að þessu kjörtímabili væri lokið. Það hefur komið fram áður og er rétt að nefna það að skv. núgildandi framkvæmdaáætlun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins var gert ráð fyrir því að framkvæmdir hæfust árið 1994 þannig að þetta er alveg skýrt. Heimild til forkönnunar er ekki sama og ákvörðun um framkvæmdir. Hvaða skoðun sem menn hafa á þessu mannvirki, þá varðar það með öðrum orðum ekki þetta ákvæði stjórnarsáttmálans. Einhverjar yfirlýsingar þm. úr röðum stjórnarliða um það að þeir telji svo vera eru einfaldlega marklausar. Það er alveg á hreinu.

Þá er líka ástæða til að spyrja: Hvernig stendur á því að það hefur dregist svona mikið að taka þessa ákvörðun? Hv. 17. þm. Reykv. vitnaði til fyrri ummæla minna um það að málið væri í athugun, vandlegri athugun og ákvörðun mundi verða tekin þegar þeirri athugun væri lokið. Jafnframt hef ég áreiðanlega lagt á það áherslu að þetta er á ákvörðunarvaldi utanrrh. og um það er enginn ágreiningur heldur. Svar við þessari spurningu hvers vegna þetta hefur dregist er einfaldlega þetta:

Það tók starfsmenn varnarmáladeildar nokkurn tíma að afla, með fullnægjandi hætti, allra þeirra upplýsinga sem við töldum okkur þurfa á að halda, bæði frá flotamálayfirvöldum í Bandaríkjunum og frá Atlantshafsbandalaginu og stjórn Mannvirkjasjóðsins. Út af fyrir sig má segja að nauðsynlegri vinnu við að afla þessara upplýsinga og vinna úr þeim sé lokið. Þær lutu fyrst og fremst að því að ganga úr skugga um að ákveðin misvísun í þeim upplýsingum varðandi áform yrði leiðrétt, þannig að báðir aðilar væru að tala um sama hlutinn. Hins vegar er það svo að það má heita að allar áætlanir að því er varðar varnar- og öryggismál og framkvæmdir skv. þeim áætlunum séu nú í einni allsherjar endurskoðun. Þannig að það ríkir nokkur óvissa um það hvort fyrri áform, sem áður höfðu verið rækilega kynnt, standi. Ég segi einfaldlega: Ég vil ganga úr skugga um það með óyggjandi hætti hver þessi áform eru. Um það vil ég hafa skjalfestar og áreiðanlegar upplýsingar þannig að ekkert sé á reiki. Það er einmitt nákvæmlega þetta og þetta eitt sem veldur því að ákvörðun er ekki tekin nú þegar. Vegna þess einfaldlega að það er ástæðulaust að taka formlega ákvörðun um að heimila þetta ef síðan kæmi á daginn að það er verið að heimila einhvern allt annan hlut eða jafnvel að upphafleg áform sem reyndar voru kynnt árið 1985 standa ekki lengur. Svo einfalt er það nú.

En ég vil taka það alveg skýrt fram að ég hef gengið rækilega úr skugga um það, þannig að þar er ég ekki í neinum vafa, að sá dráttur sem hefur orðið á þessari ákvörðun hefur á engan hátt spillt þeim möguleikum sem hér er um að ræða. Með öðrum orðum, ég hef um það áreiðanlega vitneskju að jafnvel þótt þessi ákvörðun drægist enn nokkuð á langinn, meðan ég bíð eftir niðurstöðum ýmissa athugana sem ég veit að eru í gangi, þá mun það ekki loka neinum dyrum. Þ.e. ef þessar niðurstöður eru áfram óbreyttar, ef áformin eru óbreytt um óskir af hálfu Atlantshafsbandalagsins um að byggja þetta mannvirki, þá höfum við ekki, þrátt fyrir þennan drátt, komið í veg fyrir að af því geti orðið. Það er aðalatriði málsins.

Nú er ekki ástæða til, eins og ég sagði, að fara ofan í saumana á öllum efnisatriðum þessa máls að því er varðar nauðsyn málsins. Ég hef lýst afdráttarlaust mínum skoðunum á því að hér er um að ræða flugöryggismál og nauðsynjamál.

En það er ástæða til þess að víkja aðeins örfáum orðum, virðulegi forseti, að þeim kjarna málsins sem lýtur að hugsanlegri endurskoðun á áformum og það er þetta. Hvað svo sem líður hugsanlegum breytingum á starfi Atlantshafsbandalagsins sem slíks og hugsanlegum breytingum á stefnumörkun Bandaríkjastjórnar í öryggismálum, þá eru allar líkur á því, í framhaldi af þeim afvopnunarsamningum sem við getum því sem næst slegið föstu að verði undirritaðir og staðfestir á þessu ári, að það verði mikil nauðsyn á því að framfylgja þeim afvopnunarsamningum með öflugri eftirlitsstöð. Verulegar líkur benda til þess að eftir því verði óskað að sú eftirlitsstöð verði hér á landi.

Ég dreg því ekki dul á þá skoðun mína, sem ég byggi á margvíslegum gögnum, að þrátt fyrir þær breytingar sem nú eru í athugun, þá verði niðurstaðan óbreytt. Það verði óskað eftir því að varaflugvöllur verði byggður af efnislegri nauðsyn og að hlutverk hans í framtíðinni verði að vera einn af hyrningarsteinum þessa afvopnunarkerfis sem við vonum að um verði samið. Þannig að þeir sem öndverðast hafa látið gegn þessum áformum, út frá þeirri skoðun að hér sé um að ræða hernaðarmannvirki, mættu gjarnan endurskoða þá afstöðu sína í ljósi þess að þetta væri eitt hið mesta þjóðþrifafyrirtæki til eftirlits með afvopnun og til að stuðla að auknum friði á vorum slóðum.

En virðulegi forseti. Án þess að orðlengja þetta mál frekar, þá vil ég bara árétta það að það hefur engum dyrum verið lokað. Þetta mál er enn í skoðun af eðlilegum ástæðum og það er tryggt að þótt það dragist enn nokkuð á langinn, þá höfum við ekki þar

með útilokað að þessum áformum verði hrundið í framkvæmd.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. var lögð fram hér í hv. þingi 23. nóv. sl. Ég geri ráð fyrir því að hv. flm. mundu ekki hafa lagt þessa tillögu fram í dag eins og breytingar hafa orðið á síðustu vikum í Evrópu. Auðvitað blasir við hvað fyrir þeim vakir. Þeir standa í þeirri trú að Alþb. muni ganga úr ríkisstjórn ef svona tillaga yrði samþykkt. Þetta er fyrst og fremst það. En ég verð að segja að það væri hjákátlegt eins og mál standa í Evrópu ef Alþingi Íslendinga færi nú að samþykkja svona tillögu. Ég lít allt öðruvísi á þetta mál en hæstv. utanrrh. Það kann að vera rétt að því fylgi engin skuldbinding ef forkönnun yrði leyfð. En það felst í því að ef Alþingi Íslendinga mundi samþykkja svona tillögu, að það komi vissulega til greina að við munum samþykkja svona — ég segi hernaðarmannvirki. Og ég ætla að færa orðum mínum stað.

Það fór ekkert leynt, og hafa sjálfsagt allir hv. alþm. fylgst með því, að þessi könnun var gerð á Grænlandi. Og hvað var sagt um þann varaflugvöll þar? Það var talað um að þetta mannvirki mundi kosta 50–60 milljarða íslenskra króna. Þeir sem ég hef talað við og hafa vit á þessum málum telja að í því felist að það hafi átt að byggja neðanjarðarbyrgi fyrir svo og svo mikinn flugvélaflota. Öðruvísi geti það ekki verið. Slíkar upphæðir hljóti að byggjast á slíkum framkvæmdum. Og svo er hæstv. utanrrh. að tala um að þetta sé ekkert hernaðarmannvirki. Um hvað er verið að tala hér? Er verið að tala um allt annað en verið var að tala um á Grænlandi? Þegar verið er að tala um öryggismál hér þurfum við ekkert á svona að halda. Við þurfum að hafa varaflugvöll þar sem flestar flugvélar geti sest ef veður eru þannig. Það kostar ekkert himinháar upphæðir og við eigum að hafa manndóm í okkur til þess að gera það sjálfir. Og á næstu árum þurfum við ekki að hafa einn slíkan völl heldur mjög sennilega í hverjum landshluta ef á annað borð verður farið að flytja ferskan fisk í nokkuð miklum mæli á erlenda markaði. En þegar verið er að tala um varaflugvöll fyrir hernaðarbandalag er bara verið að tala um allt aðra hluti. Og hvar á að setja slíkan völl niður?

Ég verð að segja það að hæstv. utanrrh. hafði hér stór orð og sagði að yfirlýsingar einhverra stjórnarþingmanna um að það fælist í því nokkurs konar yfirlýsing um að til greina kæmi að við mundum samþykkja slíka byggingu hér væri markleysa. Hann hefur kannski allt aðra siðferðistilfinningu en ég og það er þá gott að það komi fram. Ef ég stæði að því að leyfa slíka forkönnun og hún kæmi þannig út að það væri hægt að koma henni fyrir á sæmilegan hátt án árekstra eða mikillar andstöðu við það landsvæði sem ætti að setja niður, þá væri ég að gefa yfirlýsingu um að ég mundi fylgja því máli fram. Ég held að flestir siðaðir menn mundu ganga þannig til verks. Ég kalla það því nokkuð stór orð þegar hæstv. utanrrh. er að tala um að slíkar yfirlýsingar séu markleysa þingmanna. Hann má bara passa sig á því að þau ummæli sem hann hefur haft yfir bæði í Vestmannaeyjum og annars staðar verði ekki taldar marklausar yfirlýsingar og að sumir stjórnarþingmanna muni ekki treysta honum fyrir að gera þá samninga sem er verið að ræða um á milli EFTA og EB. Hann gæti vissulega kallað það yfir sig með slíkum málflutningi.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þetta öllu lengra. Ég er yfirleitt ekki vanur því að níðast á forseta með tíma. En ég vil bara að endingu segja þetta við hv. flm.: Mannið þið ykkur nú upp í það að taka þessa tillögu til baka eða óska eftir því að það verði sest á hana eins og nú er umhorfs í Evrópu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu fjallar um hernaðarmannvirki. Við kvennalistakonur erum því andmæltar og leggjumst gegn málinu. Ísland á ekki að dragast inn í hernaðarnet meira en orðið er heldur eigum við fremur að losa okkur úr slíku neti. Íslendingar eiga sjálfir að byggja sína flugvelli eftir þörfum og getu.

Umræða um hernaðarmannvirki byggð á vegum hernaðarbandalags er í raun tímaskekkja í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa á sl. mánuðum. Má ég minna hv. þm. á stórfelldar breytingar sem orðið hafa í Evrópu nú nýlega. Þær eru ótrúlegar og nær stöðugar í lýðræðisátt, þær breytingar sem verða meðal þjóða Austur-Evrópu. Þessar breytingar raska grundvelli, römmum og innviðum stjórnmálakerfa og þjóðfélagsskipunar þessara þjóða. Það sem mikilvægara er, þær boða nýjan hugsunarhátt, nýtt gildismat. Þær eru afleiðingar hugarfarsbyltingar. Þær bjóða upp á óteljandi samstarfsmöguleika Evrópuþjóða á friðsamlegan hátt. Þær gera hernaðarbandalög gærdagsins að úreltum fyrirbærum.

Þessar breytingar krefjast mikils af almenningi og kjörnum fulltrúum hans í löndum Austur-Evrópu en þær gera einnig miklar kröfur á hendur Vestur-Evrópubúum og Bandaríkjamönnum um skynsamleg viðbrögð. Í kjölfar atburðanna í Austur-Evrópu hafa bandarískir þingmenn tekið þá ákvörðun nú nýlega að draga allverulega úr kostnaði vegna herstöðva sinna í Evrópu og víðar. Því verða allmargar bandarískar herstöðvar í Evrópu lagðar niður. Því miður er herstöðin hér á landi ekki enn þá þeirra á meðal. Ríkar ástæður eru til þess að ætla að afvopnun stórveldanna muni halda áfram og aukin áhersla verði lögð á uppbyggingu og friðsamleg samskipti Evrópuþjóða og Bandaríkjanna. Málefni og staða hernaðarbandalaga, bæði Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, eru nú í mikilli deiglu og væri nær að mannafla þeirra og fjárstyrk yrði beint að því að lagfæra þau alvarlegu umhverfisspjöll sem þegar eru orðin í Evrópu og enn fremur að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu umhverfis af völdum iðnaðar- og hernaðaruppbyggingar.

Ég endurtek: Við kvennalistakonur leggjumst gegn þessu máli. Það er óþarft. Íslendingar eiga sjálfir að byggja sína flugvelli. Það eitt er okkur sæmilegt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé komið eitthvað á annað ár síðan ég sagði úr þessum ræðustól að hæstv. utanrrh. ætti þá þegar að heimila þá forkönnun sem hér er rætt um. Það er líka komið eitthvað á annað ár frá því að ég sagði úr þessum sama stól að Atlantshafsbandalagið væri mikilvægasta bandalag mannkynssögunnar. Það hygg ég að hafi sannast á undanförnum vikum og ekki síst í gær hverju Atlantshafsbandalagið hefur áorkað, meira að segja í Sovétríkjunum sjálfum. Ég get þess vegna ekki tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að hernaðarbandalög, eins og þau eru að sjálfsögðu kölluð, séu gagnslaus og hafi alltaf verið. Auðvitað er hitt rétt, og við lítum það í öðru ljósi nú miðað við þá atburðarás sem orðin er, hvernig störf þessara bandalaga muni verða.

En ég steig nú í stólinn aðallega til að taka undir með hæstv. utanrrh. þau ummæli hans að það væri óvissa um framvindu og að flugvallarmálin, þetta sem hér er talað um, séu flugöryggismál og nauðsynjamál. En sérstaklega vil ég þó benda á bæði bein og óbein ummæli hans hér áðan og það sem eftir honum er haft í blaði hans, Alþýðublaðinu, í gær. En hæstv. ráðherra sagði áðan að mikil nauðsyn væri að efla eftirlit miðað við þá þróun sem nú væri og að svo gæti vel farið að slíkur varaflugvöllur hér yrði einn hornsteina afvopnunarinnar. Orðrétt segir hann í blaði sínu, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar og byggi það á mati sérfróðra aðila að yfirgnæfandi líkur bendi til að ekki verði fallið frá þessum áformum [þ.e. um flugvöllinn] einmitt með vísan til framtíðarhlutverks Íslands að verða miðstöð fyrir eftirlit með framkvæmd afvopnunarsamninga á ókomnum árum. Það kynni því að fara svo að varaflugvöllurinn, sem sumir hafa snúist harkalega gegn á þeim forsendum að hann væri hernaðarmannvirki, yrði eiginlega grundvöllur fyrir eldri hugmyndum um Ísland sem griðastað og miðstöð afvopnunar í okkar heimshluta."

Þetta voru orð hæstv. ráðherra. Undir þau tek ég og vona svo sannarlega að hann og ég höfum rétt fyrir okkur í því að hlutverk Atlantshafsbandalagsins muni auðvitað breytast en við erum samt ekki svo bláeygir að halda að engin hætta sé lengur á því að styrjaldarátök geti brotist út. Ég held raunar að allir hér inni séu sammála þessu tvennu, að við vonum að það sem hefur verið að gerast undanfarna mánuði haldi áfram og að ástandið í heimsmálunum verði betra. Við skulum samt ekki útiloka þann möguleika að til átaka geti komið og enn þá eru til svo gífurlegar vopnabirgðir í löndum heims að nægir til að granda mannkyni margsinnis. Afvopnunin verður að halda áfram og hún verður að halda áfram undir eftirliti. Og ég skil ekki hvernig við Íslendingar gætum lagt meira fram til þeirra varna en einmitt að a.m.k. heimila þessa forkönnun og bíða átekta og sjá hvað verður þegar henni lýkur. Hvað getum við lagt meira af mörkum til þess einmitt að greiða fyrir því sem við höfum ályktað um hér á Alþingi margsinnis, að reyna að friða hin nyrstu höf sem mest, vernda þau, rækta og nýta? Við erum þó öll sammála um að einmitt slík eftirlitsstöð, öryggisstöð og nauðsynjafyrirtæki eins og ráðherrann sagði, rísi hér. Og ég bæti við hans skoðanir og sjónarmið, sem ég tel rétt: Það á einmitt að hraða þessu meira. Við ætlum ekkert að bíða til 1994 eftir því að það verði afvopnun á höfunum eins og á landi. Ég sagði við ráðherrann hér fyrir ári síðan, held ég, að hann ætti að ákveða það í dag og ég segi það aftur: Hann ætti að heimila það í dag að þessi forkönnun hefjist því við ætlum ekkert að bíða eftir 1994. Við þorum ekki að bíða svo lengi. Og ég held að þjóðir í Austur-Evrópu þori heldur ekki að bíða svo lengi. Það gæti verið um seinan þá og þess vegna á að halda þeirri stefnu áfram, þeirri öryggis- og varnarstefnu sem Atlantshafsbandalagið hefur tryggt. Það á að afvopnast og það á að vernda þessi svæði og fylgjast með framþróun. Það er enginn kominn til með að segja í dag hvort svona varaflugvöllur yrði undir stjórn Íslendinga einna, Sameinuðu þjóðanna eða hverra sem væri, en hann verður að vera fyrir hendi ef afvopnun á að takast á skömmum tíma og standa undir ótvíræðu ákvörðunarvaldi okkar. Og það á að hefjast handa sem allra fyrst.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Inn í þessa umræðu hefur nokkuð blandast almennt ástand í alþjóðamálum og þá hvernig líklegt er að sú þróun hafi áhrif á stefnu okkar í varnarmálum. Ég ætla ekki að gera það sérstaklega að umtalsefni hér, en ég vil þó benda á að þó miklar breytingar eigi sér stað nú á stjórnmálaástandi í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum, þá er mikið óvissuástand fram undan. Við sjáum ekki enn fyrir hvernig sú þróun muni verða þó við vonum auðvitað öll hið besta.

Ég minni á að einhverjar alvarlegustu og verstu styrjaldir sem brotist hafa út í heiminum hafa einmitt brotist út í ástandi ójafnvægis og óvissu og þarf ekki að fara öllu lengra en til Sarajevo til að minna á það. Við vonumst auðvitað til að það verði engar Sarajevo á þessari braut sem nú er hafin til breytts og bætts ástands í Austur-Evrópu. En að setjast nú með hendur í skauti og ætla ekki að halda vöku sinni er að sjálfsögðu alveg fráleitt og andstætt hagsmunum þessarar þjóðar.

Við sáum það í sjónvarpinu í gær að Gorbatsjov á í mikilli og harðvítugri baráttu innan lands. Það sitja um hann, getum við sagt, harðlínumenn sem vilja ná völdum að nýju og búa yfir meiri vopnum en nokkur önnur þjóð. Þannig að ég held að við ættum ekki að vera of fljót að draga ályktanir af því sem er að gerast og ekki of fljót að hörfa frá þeirri varnarstefnu sem hefur reynst okkur vel frá því að við gengum í Atlantshafsbandalagið.

Það sem ég vildi hins vegar fyrst og fremst sagt hafa er að vekja athygli á því að hæstv. utanrrh. er nú enn hér að halda sams konar ræðu og hann er búinn að halda hér af og til í næstum 1½ ár. Hinn 8. des. 1988 segir hæstv. utanrrh.: „Málið er til vandlegrar athugunar í utanrrn. og ég mun taka mína ákvörðun þegar

þeirri athugun er lokið." Hann segir það aftur nú í haust. Hann sagði það líka 20. febr. 1989 að málið væri í athugun og hann mundi taka sína ákvörðun þegar þeirri athugun væri lokið. Hæstv. utanrrh. fer undan í flæmingi í þessu máli. Það er alveg ljóst. Og þessar stöðugu yfirlýsingar hans um athugun, að hann geti ekki tekið ákvörðun um hvort heimila skuli forkönnun, það er nú ekki verið að biðja um meira en að heimila forkönnun. Í því felst engin ákvörðun um framkvæmdir. Það er einungis að forkönnun liggi fyrir til að menn geti betur áttað sig á þessu máli.

Hæstv. ráðherra fer undan í flæmingi og öll umræli hans eru auðvitað til að kasta ryki í augu þess stóra hóps Íslendinga sem hafa verulegan áhuga á þessu máli og vilja fá í því niðurstöðu, a.m.k. könnun á hvernig slíkt mannvirki mundi koma út og hvar hentugast mundi að staðsetja það hér á landi. Mín spá er því sú, og ég bið nú þingheim um að taka eftir og muna, að hæstv. utanrrh. muni ekki taka þessa ákvörðun meðan hann situr í valdastóli. Það byggi ég á því að hann virðist engu nær kominn í ákvörðun sinni nú í febrúar 1990 en hann var í desember 1988. Þau orð sem hann viðhefur hér á þessum fundi eru öll í sömu átt og hann viðhafði í desember 1988. Þess vegna er það auðvitað nauðsynlegt að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að menn eru ekki allir á sama máli hér um þennan alþjóðlega varaflugvöll, hvorki hvort hann eigi að byggjast yfir höfuð í samvinnu við Atlantshafsbandalagið eða hvar hann eigi að vera staðsettur. En lágmarkið er að ákvörðun um forkönnun verði tekin og úr því að það er alveg ljóst að hæstv. utanrrh. mun ekki taka þessa ákvörðun, þá er ekki um annað að ræða en að hv. Alþingi taki hana. Því er þessi tillaga flutt og ég hvet utanrmn. eindregið til að taka þessa tillögu af alvöru og afgreiða hana fljótt og vel þannig að málið geti komið að nýju til síðari umræðu hér sem allra fyrst.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að hryggja hv. þm. Stefán Valgeirsson með því að flm. munu hvorki verða við þeim tilmælum hans að draga tillöguna til baka né að hún verði söltuð í nefnd eins og þingmaðurinn fór fram á. Ég vil einnig andmæla því að þetta sé lagt fram til þess að skapa óróa innan ríkisstjórnarinnar. Það þarf enga tillögu til þess. Nógur er hann fyrir. Það er náttúrlega athyglisvert að alþýðubandalagsmenn virðast forðast þessa umræðu og ekki ætla að taka neinn þátt í henni. Það væri athyglisvert að heyra sjónarmið þeirra annarra en almennra þingmanna, ráðherranna sjálfra, á tillögu sem þessari og viðbrögðum þeirra ef hún yrði samþykkt. Það eru hins vegar engar líkur fyrir því að við fáum svör við þeim spurningum.

Ég skil vel efasemdir manna sem hugsa svipað og hv. þm. Stefán Valgeirsson. Ef hann er hræddur um að hér eigi að reisa mannvirki sem inniheldur neðanjarðarbyrgi þá skil ég vel efasemdir manna. En það hvarflar ekki að mér að um slíkt sé að ræða.

Það er hins vegar ljóst, eins og fram hefur komið, að hæstv. utanrrh. hefur nú rekið í bakkgírinn. Hann hefur marglýst því yfir eða alla vega látið hressilega að því liggja að hann muni heimila þessa forkönnun. Nú er sem sagt búið að reka í bakkgírinn og nokkuð ljóst að hæstv. ráðherra muni ekki á þessu tímabili heimila forkönnunina, nema ef vera skyldi á síðustu dögum næsta þings þegar stjórnarsamstarfi er í raun lokið.

Ég fer ekki dult með það að hér er um hernaðarmannvirki sem slíkt að ræða á ófriðartímum. Það eru reyndar allir flugvellir í landinu. Ef við álpumst inn í slíka hringrás eru allir flugvellir á landinu orðnir að hernaðarmannvirkjum þannig að það þýðir ekkert að afneita því. Hins vegar hefur hv. 1. flm. tillögunnar mælt fyrir henni og er óþarfi að vera að endurtaka mikið sem hann sagði. Mig langar að spyrja, af því að hér í þingsal er hæstv. hagstofuráðherra sem hefur m.a. það verkefni að móta atvinnustefnu komandi ára og er að vinna að því, þar sem hér er um mannvirkjagerð að ræða af mjög stórri gráðu sem kostar milljarða á milljarða ofan og skapar væntanlega hundruðum manna atvinnu, hvort hann hefur tekið þetta inn í sína framtíðarstefnu í atvinnumálum Íslendinga. Ég tel, vegna þess að ég hef áhyggjur af því að ráðherra muni ekki heimila þessa forkönnun, að það sé rétt stefna flm. að fara fram á það við Alþingi að það létti þessari byrði af herðum hæstv. ráðherra og taki ákvörðunina fyrir hann.

Það hefði hins vegar, eins og ég sagði fyrr, verið athyglisvert að heyra álit þeirra alþýðubandalagsmanna á því hvort hér sé um brot á málefnasamningi að ræða eða ekki. En því miður er enginn hæstv. ráðherra þess flokks í salnum. Ef hæstv. utanrrh. ætlar sér hins vegar að bíða eftir einhverjum athugunum, skoðunum eða könnunum í framhaldi af þeim atburðum sem hafa verið að ske í Austur-Evrópu, þá er náttúrlega verið að kæfa málið og segja að það verði ekki tekin ákvörðun næstu 10–15 árin vegna þess að fyrr held ég að komi varla í ljós hver framþróun mála í Austur-Evrópu verður.

Hæstv. forseti. Ég tel að þrátt fyrir þá þróun mála sem hefur verið í Austur-Evrópu verði þörf fyrir þennan varaflugvöll, hann verði reistur og ég vona að það verði hérlendis. Til þess að svo megi verða tel ég að það þurfi að heimila þessa forkönnun og ég ítreka að hún er án allra skuldbindinga hvernig svo sem þróunin aftur verður.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það kemur ekki á óvart að hv. 6. þm. Norðurl. e. skuli vera andvígur því að forkönnun verði gerð á því hvar heppilegast muni vera að varaflugvöllur verði gerður hér á landi sem kostaður sé af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Fyrr í dag heyrðum við að hann var andvígur því að stóriðja risi við Eyjafjörð og er óþarft að hafa fleiri orð um það.

Ég vil rifja upp að hinn 20. febr. á sl. ári flutti hæstv. utanrrh. ítarlega ræðu um varaflugvallarmálið

í umræðum utan dagskrár þar sem hann lýsti vonbrigðum sínum yfir því að ekki hefði haldist það sama góða samkomulag milli samgrn. og utanrrn. um þetta mál og verið hefði í síðustu ríkisstjórn. Þegar flugmálaáætlun var til umræðu hér í deildinni, hæstv. forseti, óskaði ég eftir því að hæstv. utanrrh. yrði kallaður til umræðunnar svo hægt væri að ræða um þessi mál hér á þinginu þannig að báðir yrðu viðstaddir, hæstv. utanrrh. og hæstv. samgrh. En svo var litið á af hæstv. forseta að ósk mín væri ekki þingleg og þess vegna rétt að hafna henni. Nú ber þetta mál á góma hér í deildinni og hæstv. samgrh. sér ástæðu til að vera fjarverandi. Það liggur fyrir fsp. af minni hálfu um þetta mál sem væntanlega verður tekin fyrir í næstu viku. Vil ég biðja hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að hæstv. samgrh. geti verið viðstaddur í fyrirspurnatíma þegar hæstv. utanrrh. svarar. Ég kysi heldur að fyrirspurnin drægist þá um eina viku eða svo ef það mætti verða til þess að hægt væri að stilla saman tíma þessara hæstv. ráðherra.

Í umræðunum hér hinn 20. febr. lagði hæstv. utanrrh. áherslu á þetta m.a. Hann sagði að ljóst væri að varaflugvöllur yrði fullkominn flugvöllur sem þjónað gæti millilandaflugi, bæði farþega- og vöruflutningaflugi. Slíkur flugvöllur gæti gerbreytt efnahagsþróun heils landsfjórðungs og yrði því hvati að nýskipan atvinnumála. Eins og þessi tilvitnun ber með sér gerir hæstv. utanrrh. sér grein fyrir mikilvægi málsins.

Hæstv. utanrrh. sagði jafnframt að flugvöllurinn mundi ekki gegna öðru hlutverki en að auka flugöryggi fyrir alþjóðlega flugumferð sem nú fer um Keflavíkurflugvöll og að líkur séu á að fari þar um í framtíðinni á íslenska flugumsjónarsvæðinu. Einnig þetta lýsir því að hann gerir sér grein fyrir mikilvægi þessa flugvallar. Utanrrh. hefur orð á því að þriðja spurningin sem til hans hafi verið beint við umræðurnar hafi verið efnislega á þá leið hvort utanrrh. hyggist leyfa þessa könnun og þá hvenær. Hann svarar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svarið við því er að ég mun kynna málið rækilega í ríkisstjórn og utan hennar. Að því loknu mun ég taka um það ákvörðun, en það liggur ekki á að taka þessa ákvörðun því við höfum til þess allgóðan tíma. En ef ég að lokinni mjög rækilegri umræðu um málið hef ekki sannfærst um hið gagnstæða hyggst ég heimila að könnunin fari fram."

Og þá er spurningin: Hversu langan tíma taldi hæstv. utanrrh. hinn 20. febr. 1989 að við Íslendingar hefðum til þess að gefa svar við því hvort forkönnun yrði leyfð? Hann svarar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Virðulegi forseti. Að öðru leyti var beint til mín örfáum spurningum. Í fyrsta lagi var spurt: Stendur fjárveitingin sem varið er til þessarar forkönnunar út árið 1989 og verður henni þá lokið? Svarið er já. Verði þessari spurningu ekki svarað á yfirstandandi ári fellur þessi fjárheimild niður og væntanlega leiðir það til þess að þessi forkönnun fer þá fram annars staðar hvort sem það leiðir til þeirrar niðurstöðu að umrætt mannvirki verður byggt þar, en það er mat allra tæknimanna sem ég hef rætt við að það þyki miklum annmörkum háð, það komi ekki að sömu notum á íslenska flugumsjónarsvæðinu."

Þannig stóðu málin fyrir einu ári. Nú geri ég ráð fyrir því að hæstv. utanrrh. hafi um það einhver svör að honum hafi tekist í viðræðum við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins að fá þá til að draga á langinn, lengja frestinn eitthvað fram eftir þessu ári. Ég er þess fullviss að hæstv. utanrrh. muni svara eitthvað á þá leið, en ekki er það trúverðugt. Það liggur auðvitað fyrir að innan hæstv. ríkisstjórnar er ósamkomulag um þetta mál. Þetta mál, eins og mörg önnur, dregst á langinn af þeim sökum. Ef hæstv. utanrrh. hefði viljað vera öruggur um stöðu sína hefði hann að sjálfsögðu gefið svar á sl. ári fyrir árslok 1989.

Ég skal ekki, hæstv. forseti, vera með getsakir um hvernig framhaldið verður. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef haft um þetta mál er talið að málið hafi komist í mikla óvissu úr því að svar barst ekki a.m.k. fyrir janúarlok. Í öllu falli hlýtur hæstv. utanrrh. að velta því fyrir sér, úr því sem komið er, hvernig hann geti annars vegar haldið því fram að forræði málsins sé í sínum höndum en um leið dregið á langinn að gefa svarið þegar hann telur þýðingarmikið fyrir íslenskt flugumsjónarsvæði að varaflugvöllurinn komi hér á landi og þegar hann telur einnig að það yrði mikil lyftistöng fyrir efnahagsþróun heils landsfjórðungs og hvati að nýskipan atvinnumála ef þessi flugvöllur yrði lagður þar. Ég geri ráð fyrir því að ég og hæstv. utanrrh. séum sammála um að ekki veiti af því nú að reyna með öllum ráðum að beina nýjum straumum inn í íslenskt atvinnulíf. Ég hygg að við séum báðir sammála um að ástæðulaus dráttur nái engri átt og ég hygg að við getum verið báðir sammála um það, ef hann væri nú í stjórnarandstöðu en ég væri stuðningsmaður ríkisstjórnar, að hann mundi þá standa í sömu sporum og ég nú og spyrja mjög beinna spurninga um það hvernig á því megi standa að hæstv. utanrrh. skuli láta hæstv. samgrh. hafa þau áhrif á sig að þetta mál fái ekki eðlilegan framgang. Miðað við fyrri ummæli hæstv. utanrrh. hefur þetta mál ekki eðlilegan framgang.

Hæstv. utanrrh. minnti mig á að hæstv. samgrh. væri úr sama kjördæmi og ég og það er alveg laukrétt. Bæði hæstv. samgrh. og hv. 6. þm. Norðurl. e. eru annarrar skoðunar en ég, bæði um þetta mál og eins um stóriðjumálin. Það er enginn vafi á því að þau sjónarmið sem þessir þm. hafa haft uppi hafa haft þegar alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnuþróun nyrðra og má vera að svo haldi áfram enn um hríð.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Mér er ljúft að svara spurningum hv. 5. þm. Vesturl. til mín um hvaða álit ég og mínir flokksbræður höfum á þessu máli. Það hefur reyndar komið mjög skýrt fram áður en við höfum lýst því yfir í okkar hugmyndum og tillögum, m.a. í viðræðum sem við áttum í í sumar þegar við vorum að mynda þá ríkisstjórn sem nú situr, að við legðum á

það áherslu að hraðað yrði undirbúningi og áætlunum um fullkominn varaflugvöll á Íslandi, gjarnan með staðsetningu á Norður- eða Austurlandi. Við teljum mjög mikilvægt að komið verði á annarri útflutningshöfn sem gæti nýtt sér beina flutninga í lofti með t.d. ferskan fisk á markað í Austurlöndum fjær. Við höfum í sjálfu sér ekki verið með neina fordóma eða neina fyrirvara um það með hvaða hætti slíkur flugvöllur skyldi byggður. Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að það skapist sterk útflutningshöfn með slíkum flugvelli jafnframt því sem við gerum okkur grein fyrir því að mjög brýna nauðsyn ber til þess að hér sé fullkominn varaflugvöllur annar en Keflavíkurflugvöllur. En við höfum sem sagt ekki haft neinar hugmyndir uppi um það hvernig slíkur varaflugvöllur skyldi byggður og höfum heldur enga fordóma eða fyrirvara í þeim efnum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Í sambandi við þá tillögu sem hér liggur fyrir verð ég fyrst að segja að ég harma það að hæstv. utanrrh. skuli ekki þegar hafa leyft forkönnun varaflugvallar hér á landi. Þessi forkönnun er í sjálfu sér ekkert annað en athugun á hvaða staður væri líklegastur. Það má segja að það sé málefnaleg úttekt á aðstæðum til varaflugvallar og þá með tilliti til lands og veðurfars o.s.frv. En það er í sjálfu sér ekki verið að taka neina ákvörðun um framkvæmdina og auðvitað er ekki hægt að taka ákvörðun um framkvæmdina nema láta slíka forkönnun fara fram þannig að ákvörðunin verði byggð á ítarlegum athugunum sem nauðsynlegt er að gera.

Ég held að rétt sé að minna líka á það sem ég hef minnst hér á áður, að NATO er varnarbandalag mestu mannréttinda og bestu lífskjara sem til eru á jörðinni. Það er alls ekki hægt að bera þessi tvö hernaðarbandalög saman, NATO annars vegar og einræðisskipulagið hins vegar, og segjast vera einhvers konar sáttasemjari milli réttlætis og óréttlætis. Það er alger barnaskapur og sjálfsblekking. Ég lít á hlutverk Atlantshafsbandalagsins, NATO, sem nokkurs konar lögreglu lýðræðisskipulagsins hér í hinum vestræna heimi, öryggislögreglu fyrir lýðræðisskipulagið. Og lýðræðið er ekki falt, alls ekki. En sem betur fer er einræðið að laga sjálft sig til þessa dagana. Við skulum vona að þeim gangi vel þarna í austri að laga þann hrylling sem það fólk hefur orðið að búa við, sætta sig við að búa í stóru tugthúsi þar sem það getur ráðið hvar það býr, en mannréttindi eru fótum troðin á flestum sviðum. (**Utanrrh.:** Það getur ekki ráðið því.) Það getur ekki ráðið hvar það býr, segir hæstv. utanrrh. Hann veit meira um þetta en ég. Þetta er eitt stórt tugthús. Sem betur fer er það að lagast og við vonum að það gangi vel og óskum þeim alls hins besta. Ekki veitir af.

Það er hræðilegt, ég hef átt þess kost að koma einu sinni þarna austur fyrir tjald. Það eru nokkur ár síðan og maður er bæði sár og reiður enn þá fyrir hönd þess fólks sem verður að sætta sig við að búa við kúgun og ófrelsi, því við hér á Vesturlöndum vitum ekki hvað það er.

Ég vil enn fremur minna á það, ég hef gert það áður hér í þessum ræðustól, að Alþingi samþykkti fyrir 40 árum með 37:13 atkvæðum, þegar grjóti var kastað hér í Alþingishúsið, að við yrðum aðilar að bandalagi vestrænna lýðræðisþjóða. Þá voru hér dugmiklir menn sem heyktust hvergi. Meiri hluti Alþingis greiddi atkvæði þrátt fyrir grjótkast og mikil læti. Og ég tel að hæstv. utanrrh. sé með þær skyldur á herðunum að fara eftir þessari samþykkt. Þetta er samþykkt þeirra fulltrúa sem þá sátu löggjafarsamkomu þjóðarinnar um að við séum aðilar að bandalagi vestrænna lýðræðisþjóða þar sem við verjum sameiginlega mestu mannréttindi og bestu lífskjör í heimi. Hæstv. utanrrh. er bundinn af því, að mínu mati, að fara eftir þessari samþykkt. En ef einhver einn stjórnmálaflokkur eins og t.d. Alþb., sem er andstætt þessari forkönnun, fengi að ráða ferðinni í þessu máli er raunverulega verið að fótum troða þingræðið og vestrænt þjóðskipulag. Það er algerlega fyrir neðan allar hellur.

Minni hlutinn ræður einfaldlega ekki ferðinni í hinum vestræna heimi yfirleitt, en fyrir austan tjald hefur minni hluti valdhroka manna traðkað á mannréttindum og því sem meiri hluti þeirra þjóða hefur kannski viljað gera. Það er alveg í hróplegu ósamræmi við það sem er að gerast í heiminum ef minnihlutaflokkar eða lítill flokkur hér á Íslandi eins og Alþb. ætlar sér að komast upp með það að ráðskast með þetta mál. Þeir hafa ekkert umboð til þess. Það er andstætt stjórnskipun landsins. Alþingi hefur markað stefnu, hæstv. utanrrh., og það ber að fara eftir þeirri stefnu. Þetta er kjarni málsins.

Þar fyrir utan er hér um að ræða að mínu mati eitthvert alstærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar ef við horfum fram í tímann af þeirri ástæðu að svona stór og fullkominn varaflugvöllur skapar okkur stórkostlega nýja atvinnumöguleika. Það er ósköp einfalt að rökstyðja það. Flugfélag eins og Flying Tigers, sem notar aðallega stórar Boeing-747 vélar, þarf að hafa 20 tonn af eldsneyti aukalega til að hefja sig á loft héðan frá Keflavíkurflugvelli og eins þegar þær lenda vegna þess að næsti varaflugvöllur fyrir slíkar flugvélar er í Skotlandi. En 20 tonn af eldsneyti eru jafnþung og 200 farþegar, rúmlega það, með farangri. Við erum í fluglínunni mitt á milli Evrópu og Bandaríkjanna og það skapar okkur nýja möguleika vegna þess að það kemur nýr rekstrarhagkvæmnispunktur inn í þessa umferð við það að annar völlur verður á Íslandi. Það er ekki hagkvæmt að lenda á Íslandi fyrir þessar stóru flugvélar nema vellirnir séu tveir, tveir fullkomnir vellir. Og það er svo dýrt að reka svona stóra flugvelli með þeim kröfum sem flugfélög gera í dag með tilliti til hópa hryðjuverkamanna og annað sem við heyrum um.

Ég vil ítreka það að hæstv. utanrrh. er skyldugur til að láta þessa forkönnun fara fram og það sem fyrst og minni aftur á mikla jákvæða möguleika sem við eigum í þessum efnum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég lagði hér eina spurningu fyrir hæstv. hagstofuráðherra og vil þakka honum fyrir hans ágæta svar, en hann var bara ekki að svara spurningu minni. Hann var að svara allt öðru máli sem ég vissi alveg svarið við. Ég vil því fá að endurtaka spurningu til hæstv. hagstofuráðherra en ég sé nú hér í gegnum gættina að hann er á leiðinni í salinn, og er kominn núna.

Mín spurning varðaði ástand í atvinnumálum þjóðarinnar og að hæstv. hagstofuráðherra hefur verið falið að móta nýja atvinnustefnu og skoða þróun þeirra mála. Ég var að spyrja hæstv. ráðherra út í þá hlið mála en ekki stefnu Borgfl. varðandi varaflugvelli yfirleitt, enda þekki ég hana ágætlega. Ég fór fram á það við hæstv. ráðherra að hann upplýsti það í sinni könnun og í sinni stefnumörkun hvort varaflugvallargerð, sem er gríðarlega stór og mikil framkvæmd, kostar tugi milljarða væntanlega og skaffar tilteknum fjölda, ég hygg 100–300 manns, atvinnu og þjóðfélaginu að sjálfsögðu ómældar tekjur, hvort þessi þáttur sé inni í þeirri stefnumörkun sem ráðherrann er að vinna að. Þetta er sú spurning sem ég lagði fyrir ráðherrann, hvort þessir liðir séu inni í þeirri framtíðarsýn sem hæstv. ráðherra er að vinna að. Við þessu óska ég eftir að fá svar.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég held að litlu sé við svar mitt að bæta. Ég get að vísu greint frá því að það er rétt sem kemur fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., það er verið að vinna að mótun atvinnustefnu á mínum vegum og því verki miðar ágætlega áfram. Það eru tvær stórar nefndir sem starfa ötullega að því að fara yfir atvinnumöguleika og reyna að sjá fyrir sér framtíðina í þeim efnum. Við höfum hins vegar gert meira af því að horfa til þess hvernig við getum reynt að auka útflutning og útflutningsframleiðslu Íslendinga. Að sjálfsögðu, eins og ég gat um áðan í svari mínu, mundi annar öflugur varaflugvöllur, sem gæti sinnt þeirri þjónustu að þaðan gætu farið stórar vöruflutningaflugvélar með t.d. ferskan fisk á markaði í fjarlægum löndum, verið mikilvægur þáttur í framtíðaratvinnustefnu okkar. Ég tel sjálfsagt að hafa þetta í huga við mótun atvinnustefnu.

Hins vegar hef ég bent á það, bæði í sambandi við t.d. byggingu nýs álvers og reyndar í sambandi við byggingu sjálfs mannvirkisins sem slíks, þ.e. varaflugvallar með öllum þeim búnaði sem honum fylgir sem er eins og hv. þm. gat um ansi stórt og mikið verkefni, að það gæti leyst tímabundið þau atvinnuvandamál sem við eigum við að stríða. Ég tel hins vegar að ekki sé síður mikilvægt að horfa lengra fram í framtíðina. Hvað ætlar þessi þjóð að fást við næstu áratugina? Ég tel að við verðum fyrst og fremst að treysta útflutningsframleiðsluna og efla hana því að þá fyrst verði okkur borgið ef okkur tekst að halda hér uppi mjög öflugri útflutningstarfsemi.

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa til máls við þessa umræðu fyrir þeirra framlag. Ekki síst vil ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans upplýsingar hér í þessari umræðu. Ráðherrann hefur m.a. staðfest eftirfarandi:

1. Alþb. hefur ekki neitunarvald í þessu máli.
2. Heimild til forkönnunar er ekki brot á stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar.
3. Forkönnun og framkvæmd eru tvö aðskilin mál og hægt er að taka ákvörðun um forkönnun án þess að nokkuð liggi fyrir um hvort framkvæmdir hefjist síðar meir.
4. Sá dráttur sem orðið hefur á ákvörðun í þessu máli hefur ekki lokað neinum dyrum fyrir okkur Íslendinga og frekari dráttur, um nokkrar vikur hugsanlega, mundi ekki heldur skaða okkar hagsmuni að þessu leyti til.
5. Breytingar í starfsemi Atlantshafsbandalagsins og breytingar á varnarstefnu Bandaríkjanna í ljósi nýrra aðstæðna í umheiminum gætu hugsanlega þýtt að hlutverk þessarar stöðvar yrði fyrst og fremst eftirlitshlutverk með afvopnun, með þeim samningum sem gerðir verða á næstunni. Þetta hlutverk yrði síst veigaminna og ekki síður mikilvægt en það sem upphaflega var ráðgert.

Þetta tel ég að hafi verið mikilvægustu atriðin í máli hæstv. ráðherra þó að að vísu hafi ýmis fleiri atriði komið fram í hans ræðu hér.

Mig undrar það ekki, virðulegi forseti, að upp skuli koma hér þær raddir að þessi tillaga sé úrelt orðin í ljósi breyttra aðstæðna. En ég saknaði þess að þeir sem því hafa haldið fram skuli ekki hafa haldið því fram jafnframt að hún hafi átt rétt á sér fyrir ári síðan áður en þessar aðstæður komu upp. Auðvitað fagna því allir lýðræðissinnaðir menn að þjóðirnar í Austur-Evrópu eru að kasta af sér hlekkjum kúgunar og ófrelsis sem þær hafa mátt búa við í stærsta fangelsi veraldarsögunnar á umliðnum áratugum og við eigum að fagna því. Við eigum að bjóða þessar þjóðir velkomnar í samfélag frjálsra þjóða. Og auðvitað hefur okkur aldrei staðið nein ógn af þjóðunum sem þessi ríki, þessi lönd byggja, fólkinu sjálfu. Hættan hefur stafað af þessu botnfalli hugmyndasögunnar, kommúnismanum og því kerfi ófrelsis og kúgunar sem byggt var upp í kringum hann. En núna eru sem betur fer undirstöður þessa skolpræsis, þessa hugmyndafræðilega skolpræsis að hrynja og auðvitað býður það upp á mikil tækifæri fyrir okkur öll, lýðræðissinnað fólk sem vill og fær núna tækifæri til að rétta hinum kúguðu í þessum heimshluta hjálparhönd. Við hljótum auðvitað öll að vona að nú taki við tímar aukins frelsis, mannréttinda, lýðræðislegra stjórnarhátta og markaðsbúskapar í þessum ríkjum.

Að þessu var vikið lítillega, virðulegi forseti, í umræðum hér um annað mál. Utanrrh. kom inn á þetta í umræðum um annað dagskrármál fyrr í dag. Ég lýsi mig sammála honum um þessi atriði og ég er sammála þeirri greiningu sem fram kom í máli hans varðandi þetta dagskrármál að þessi framvinda mála í

Austur-Evrópu þýðir ekki að Atlantshafsbandalagið eða hinar vestrænu lýðræðisþjóðir eigi að kasta þar með frá sér öllum varnarviðbúnaði samstundis. Það væri auðvitað skammsýni og barnaskapur að haga sér þannig. En við eigum að nota tækifærið til þess að fylkja lýðræðissinnuðum þjóðum til samninga um afvopnun í heiminum og við eigum að byggja slíka afvopnunarsamninga á traustu eftirliti, gagnkvæmu eftirliti, þar sem ekkert má fara leynt sem að þessum málum víkur.

Mér finnst mjög líklegt, virðulegi forseti, að endurmat á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins leiði í ljós, eins og utanrrh. hefur gefið í skyn, að þörfin fyrir varaflugvöll verði meiri en áður en ekki minni. Hlutverk hans verði að einhverju leyti breytt og verði meira í þágu almenns eftirlits en upphaflega var gert ráð fyrir. Ég bíð í eftirvæntingu eftir því að niðurstöður fáist úr slíku endurmati og skal fúslega veita utanrrh. nokkurra vikna umþóttunartíma í því efni meðan hann bíður eftir frekari upplýsingum og niðurstöðum úr slíkum könnunum. En ég hlýt að gera þá kröfu, virðulegi forseti, jafnoft og þetta mál hefur komið til umræðu hér á hinu háa Alþingi, að að því búnu og fyrir vorið fáist þessi tillaga afgreidd úr utanrmn. og hún fái að koma hér til atkvæða í Sþ. og að allir þeir sem hafa svipaða afstöðu til mála og við hæstv. utanrrh. í þessum efnum sameinist um að veita henni brautargengi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. dró saman í skýru og skipulegu máli niðurstöður ræðu minnar hér áðan, gerði það ljómandi vel og ég hef engar athugasemdir við það að gera. Umræðan gefur mér að öðru leyti tilefni til þess að árétta eftirfarandi og fyrst um aðalatriðið: Það hefur engum dyrum verið lokað í þessu máli. Með vísan til ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég taka það skýrt fram. Fjárveitingin til að standa undir framkvæmd forkönnunar, ef heimiluð verður, stendur óbreytt árið 1990.

Í annan stað: Er þá eftir einhver ju að bíða með þessa ákvörðun? Svarið er já, því miður. Ástæðan er sú að sú endurskoðun sem nú fer fram á heildarvarnaráætlunum og mannvirkjagerð Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins getur út af fyrir sig, að þeirra eigin sögn ekki minni, breytt forsendum forkönnunarinnar. Hún snýst um þrennt. Hún snýst um frumkönnun sem er öflun upplýsinga. Hún snýst um staðarvalskönnun og hún snýst um verkfræðilega könnun. Og það ræðst af því hvernig þetta mannvirki er hugsað hvernig á þeirri könnun verður haldið. Þannig að ég er ekki að fara með neinar vífilengjur eða blekkingar þegar ég segi: Ástæðan fyrir því að málið hefur dregist er sú að þetta endurmat, þessi endurskoðun fer fram og getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Í fyrsta lagi hvort staðið er við áformin, óskirnar um það að forkönnun fari fram og í annan stað með hvaða hætti hún verði. Þetta eru aðalatriðin.

Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson gerðist hér spámaður. Hann spáði því að sá sem hér stendur mundi ekki taka þessa ákvörðun hvað svo sem í skærist. Það þótti stórmannlegt hér fyrr á tíð þegar menn gerðust spámenn og sáu fyrir óorðna hluti að þeir legðu nokkuð undir um það að spádómurinn rættist. Ég mundi kannski neyðast til þess að taka meira mark á þessum spádómi ef svo karlmannlega væri við brugðið, t.d. ef hv. þm. vildi leggja undir þingsæti sitt eða svo. Að öðru leyti ætla ég ekki að deila við hann um óorðna hluti. Hann má hafa þessa skoðun sína. Mér þykir hins vegar harla ólíklegt að þessi spádómur hans rætist.

Örfá orð að lokum um hugtakið markleysa í tilefni af ummælum hv. 6. þm. Norðurl. e. Það var ekki umræða um siðferðileg viðhorf eins eða neins heldur þetta: Sá maður sem segir að heimild fyrir þessari forkönnun sé brot á stjórnarsáttmálanum, hann fer með marklaus orð. Það er markleysa. Um það þarf ekki að deila og kemur engum siðferðilegum viðhorfum við. Þessa forkönnun má heimila án nokkurrar skuldbindingar um framkvæmdir þannig að það kemur þessum stjórnarsáttmála ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Það er svo annað mál og auðvitað öllu þýðingarmeira, að það er afar sennilegt að þeir menn, sem hafa byggt andstöðu sína við þessi áform á hefðbundinni hugsun gegn því að hér skuli rísa hernaðarmannvirki, séu að gera sig seka um tímaskekkju, en það var orðið sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, hv. 6. þm. Reykv., notaði. Það kynni nú ekki að fara svo að einmitt þetta mál, hugsanleg bygging varaflugvallar á íslenska flugumsjónarsvæðinu, yrði, þegar tímar líða fram ef af verður, skoðað sem mjög jákvætt framlag til þess að fylgja fram afvopnunarsamningum sem enn hafa ekki verið gerðir, en að mínu mati munu verða gerðir, sérstaklega til þess að fylgja fram samningum um afvopnun á höfunum. Það vill svo til að að frumkvæði þessarar ríkisstjórnar hefur því máli verið hreyft innan Atlantshafsbandalagsins og á alþjóðavettvangi. Meginkjarni þess máls er sá að svo þýðingarmikið og viðurhlutamikið sem eftirlit er með framkvæmd afvopnunarsamninga að því er varðar hefðbundin vopn, þá er það beinlínis lykilatriðið að því er varðar alla hugsanlega samninga um vígbúnaðareftirlit og afvopnun á höfunum. Slíkir samningar yrðu markleysa ef ekki yrði vel og rækilega um hnútana búið, að þeim yrði fylgt eftir í framkvæmd frá öflugri eftirlitsstöð, friðarstöð hér í miðju Atlantshafssvæðinu. Þannig að ég held að það séu aðrir sem þyrftu að taka til endurmats afstöðu sína til þessara áforma einmitt í ljósi þeirrar ánægjulegrar þróunar sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Mig langaði til að fá örfáar viðbótarupplýsingar hjá hæstv. utanrrh. Ég hjó eftir því að hann gat þess og auðvitað eðlilega í ræðu sinni hér áðan að heildaráætlun Atlantshafsbandalagsins og Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins um byggingar mannvirkja kynni að hafa áhrif á niðurstöðu þess máls sem við erum að tala um.

Það er sérstakur þáttur sem kynni að varða þessa heildaráætlun sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um. Það varðar hugsanlegan alþjóðlegan varaflugvöll í Syðri-Straumsfirði á Grænlandi. Mig langar til að vita um álit hæstv. ráðherra á því hvaða áhrif það hefði á líkur til þess að alþjóðlegur varaflugvöllur yrði byggður hér á landi með þátttöku Mannvirkjasjóðsins ef ákvörðun um slíkt efni stæði fyrir dyrum á Grænlandi og væri líkleg til að vera jákvæð.

Ástæða þess að ég spyr er sú að eins og hér hefur komið fram lauk forkönnun þess máls að því er Syðri-Straumsfjörð varðar nú í sumar. Mér er kunnugt um, eins og öllum hv. þm. auðvitað er kunnugt um, að stundum hafa komið upp umræður um það að e.t.v. gæti verið val milli þessara staða, þess staðar á Grænlandi og einhvers staðar hér á Íslandi. Ég veit ekki hvort þetta er rétt og mér finnst álit hæstv. ráðherra á því máli skipta miklu.

Í öðru lagi er mér kunnugt um það að ráðamenn á Grænlandi, a.m.k. forsrh. landsstjórnarinnar, á gott samstarf við ráðamenn hér á landi, a.m.k. hæstv. forsrh. Þess vegna fýsir mig að vita að hve miklu leyti íslenska ríkisstjórnin og þá í þessu tilviki hæstv. utanrrh. hefur tök á því að fylgjast með undirbúningi ákvarðana á Grænlandi að því er þetta mál varðar. Skal ég skýra það sérstaklega af hverju ég spyr um það. Ástæðan er sú að margt bendir til að það sé meira fylgi þar í landi við byggingu slíks mannvirkis en var fyrir nokkrum árum og má vera að þar hafi þegar verið stigin einhver skref frá því í haust. Þar sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hljóti að fylgjast með þessu með einhverjum hætti, þá langar mig til að hann upplýsi þingheim um það ef svo er, og þá um leið eins og ég sagði áðan, hver tök hæstv. ráðherra hefur á því að fylgjast með framvindu þessara mála á Grænlandi og hvort um eitthvert hugsanlegt samstarf milli ríkisstjórnanna um þessi mál sé að ræða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykv. spyr hvaða áhrif forkönnun á Grænlandi sem þegar hefur farið fram og niðurstöður hennar kunni að hafa á áform Atlantshafsbandalagsins og Mannvirkjasjóðsins á staðarvalið. Hvort sá sem hér stendur hafi einhver tök á því að fylgjast sérstaklega með því máli hvort um er að ræða samstarf milli ríkisstjórnar Íslands og Grænlendinga. Ég hef ekki á hraðbergi aðrar upplýsingar um þetta mál en þessar. Það liggur fyrir að heimastjórnin á Grænlandi hefur þegar heimilað forkönnun. Hún hefur verið framkvæmd aðallega á vegum danskra aðila. Hún er trúnaðarmál í danska stjórnkerfinu, þ.e. mat Dana á niðurstöðunum, þannig að ég hef ekki í höndum óyggjandi niðurstöður um það heldur einungis upplýsingar sem birst hafa opinberlega. Þar á meðal getgátur um það hvaða kostnaðartölur voru nefndar í því efni sem voru mun hærri en áður höfðu verið nefndar.

Ég geri ekki ráð fyrir því að það geti orðið um að ræða samstarf milli íslenskra stjórnvalda og grænlenskra í þessu efni. Ég mun ekki hafa neina sérstaka aðstöðu til þess að fá upplýsingar um niðurstöður Grænlandskönnunarinnar umfram það sem Atlantshafsbandalagið eða Mannvirkjasjóðurinn mun láta í té. En ætli kjarni málsins sé ekki einfaldlega þessi: Á þessu ári fer fram heildarendurskoðun á langtímaframkvæmdaáætlun Mannvirkjasjóðsins til næstu ára. Það er sú endurskoðun sem ég hef verið að vísa til. Niðurstöður þeirrar könnunar liggja ekki fyrir en hugsanlega gætu þær breytt áformunum, þ.e. óskunum um það yfirleitt að byggja varaflugvöll eða leitt til annarrar niðurstöðu en áður hefur verið gert ráð fyrir varðandi stærð og gerð mannvirkisins. Það gæti því haft áhrif á ákvörðun yfirleitt eða hvort heldur er að því er varðar Grænland eða Ísland.

Um fjárveitingar er ekkert vitað annað en það að fjárveiting er fyrir hendi á fjárhagsáætlun ársins 1990 til þess að fjármagna könnunina sem slíka. Þessi endurskoðun sem fram fer getur með öðrum orðum breytt fyrri hugmyndum, bæði um staðarvalið, um gerð mannvirkisins, stærð þess og kostnað. Það sem skiptir sköpum er það að fyrir því eru alveg öruggar heimildir að það mun ekki loka neinum dyrum að því er varðar ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um að heimila þetta þótt beðið sé fyllri upplýsinga um niðurstöður þessarar heildarendurskoðunar.

Mér er ekki alveg ljóst hvort þessi svör gefa hv. fyrirspyrjanda nægilegar upplýsingar en ég vona að svo sé, enda tel ég að vísu að umræðan hafi leitt þetta í ljós áður.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það verða ekki nema nokkur orð. Þetta hefur verið dálítið sérkennileg umræða. Eins prúður maður og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var að gefa það í skyn að við sem værum á móti þessari framkvæmd vildum halda að okkur höndum. Er það virkilega meining hv. þm. að það sé núna rétt stund til þess að fara að byggja upp ný hernaðarmannvirki? Ég er eiginlega alveg hættur að skilja hvernig þessir hv. þm. hugsa.

Í sambandi við það sem hæstv. utanrrh. sagði að það gæti verið lykilatriði að hér væri kominn upp varaflugvöllur. Hvernig hefur NATO komist af á undanförnum árum á meðan þessi spenna var? Hefur ekki verið notast við flugvöllinn á Miðnesheiðinni? Er það virkilega álit hv. þm. að aðstæður í Austur-Evrópu hafi breyst á þann veg að nú sé um að gera að fara að byggja ný hernaðarmannvirki og sú aðstaða sem NATO hefur á Íslandi sé nú ekki nægileg eftir að þessi breyting hefur farið fram? Ég eiginlega veit ekki hvernig stendur á þessum málflutningi. Ég held að þeir meini þetta ekki. Ég held að það sé allt annað sem liggur þarna á bak við.

Það er auðvitað alveg fjarstæða sem kom fram hjá hv. þm. Kristni Péturssyni að samþykkt sem var gerð fyrir um 50 árum í sambandi við réttindi NATO gildi nú. Það þurfi ekkert að fjalla um þetta mál vegna þess að sú samþykkt heimili, að mér skildist á hans málflutningi, að NATO geti gert hvað sem það vildi

hér á Íslandi. Það er náttúrlega alveg fráleitt. Ég er alveg hissa á því að nokkur hv. þm. hafi þessa skoðun og a.m.k. fari þá vel með hana þó hann hafi hana.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja mikið meira. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson fór að tala um það sem ég var að tala um, neðanjarðarbyrgi. Honum fannst það fráleitt að það yrði gert. Auðvitað er það fráleitt. En hvernig stendur á því að sú niðurstaða varð með könnunina í Grænlandi að þetta ætti að kosta 50–60 milljarða? Það er auðvitað alveg út í hött að það kosti þetta ef ekki er um að ræða neðanjarðarbyrgi fyrir nokkuð mikinn flugflota. Um þetta hef ég talað við menn sem hafa nokkra þekkingu á þessu sviði.

Nei, ég held að það sé alveg rétt sem kom fram hjá, að ég held, hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Þetta er tímaskekkja. Þetta á ekki við þennan tíma eins og ástandið er. Það lítur út fyrir að Varsjárbandalagið sé að liðast í sundur. Eins og staðan er í Evrópu eru engar forsendur fyrir því að fara að byggja nýtt hernaðarmannvirki hér á Íslandi. Allar umræður um atvinnuuppbyggingu og aukið atvinnulíf í sambandi við þessa herstöð er auðvitað út í hött. Það sem þarf að gera er að koma upp flugvöllum í þremur landshlutum a.m.k., sem flutningavélar geta flogið til og frá ef við á annað borð leitum með okkar fiskmeti ferskt á erlendan markað. En varaflugvöllur, herflugvöllur einhvers staðar leysir ekki þessi mál. (**Gripið fram í:** Hvaða landshlutar eru það?)

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög gagnleg og fróðleg umræða. Ég vil byrja á því að leiðrétta það sem hv. síðasti ræðumaður, Stefán Valgeirsson, sagði. Ég sagði ekki hér að samningur sá sem var samþykktur hér á Alþingi fyrir rúmum 40 árum, fyrir 40 árum og einhverjum mánuðum betur, gerði það að verkum að það þyrfti ekki að fjalla um málið, ég sagði það ekki. Ég sagði að utanrrh. væri bundinn af þeirri samþykkt. Varnarsamningurinn er í gildi milli Íslands og NATO. Ætlar hv. þm. að halda því fram að varnarsamningurinn sé ekki í gildi? Við erum aðilar að varnarskipulagi mestu mannréttinda og bestu lífskjara í heimi. Við getum verið stolt af því að vera þátttakendur í slíku.

Það er ekki rétt sem komið hefur fram að við viljum ekki sjá afvopnunarmöguleika, það sem er að gerast fyrir austan tjald. Það eru í einu orði sagt mjög stórkostlegir hlutir að gerast þar. Við skulum vona að það gangi vel. Ég vona bara til guðs að það gangi vel. En það þýðir ekki það að við ætlum eitthvað að fara að gefast upp á lýðræðinu. Við erum ekkert að gefast upp á lýðræðisskipulaginu, mestu mannréttindum í heimi og bestu lífskjörum í heimi. Það er svo órafjarri því. Það þýðir ekki það að við ætluðum að vera hér með einhverjar byssur í allar áttir.

Það er alveg rétt sem hæstv. utanrrh. sagði. Það eru líkur á því að hlutverk Íslands muni verða meira eftir væntanlega afvopnunarsamninga sem vonandi verða gerðir sem fyrst. Eftirlitshlutverkið hlýtur alltaf að verða mikið. Varaflugvöllur er nauðsynlegur þó ekki væri nema vegna reksturs á flugvélum. Það kostar mikla peninga í dag fyrir varnarliðið að fljúga alltaf með aukaeldsneyti fram og aftur yfir hafið vegna þess að næsti varaflugvöllur er í Skotlandi. Það kostar sennilega miklu meiri peninga en okkur dettur í hug. Þetta er rekstrarlegs eðlis og það gefur okkur á Íslandi stórkostlega möguleika varðandi útflutning á ferskum matvælum því að í því er mikil framtíð. Það er hinn nýi tími að flytja út matvæli fersk. Ég harma það að það skuli ganga jafnilla hjá flugfélagi eins og Flying Tigers í Keflavík (Gripið fram í.) Þeir lenda hérna þó það sé ekki varaflugvöllur en þeir mundu örugglega lenda miklu oftar, það er alveg gulltryggt, ef þeir hefðu varaflugvöll. Því að eins og ég sagði áðan þurfa þeir að hafa 20 tonn af aukaeldsneyti vegna þess að varaflugvöllurinn er í Skotlandi. Í staðinn gætu þeirra haft annaðhvort 200 farþega eða 20 tonn af einhverjum flutningi. Það gefur auga leið.

Þetta er mál sem varðar framtíðina. Flutningar fara í síauknum mæli loftleiðis. Það er verið að smíða þessar stóru flugvélar út um allan heim. Framtíðin er sú að flytja matvæli fersk á markaðinn. Dýrasti fiskmarkaður í heimi, hvar er hann? Hann er í Tókíó í Japan. Þangað komum við aldrei fiskinum nema ferskum og dýrum. Þar er dýrasti fiskurinn í heiminum. Á þetta eigum við að sigta. Á þetta eigum við að setja okkar markmið, að koma okkar matvælum á þennan markað. Þar fyrir utan er fullt af vannýttum matvælum hér við strendur landsins. Ég get nefnt bara krabbadýr og bobba og ígulker sem dæmi sem er enginn markaður fyrir nema fersk.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er engin spurning að ef íslensku þjóðinni stendur til boða að fá eitt stykki varaflugvöll, þá hljótum við að vinna að því að hér verði reistur varaflugvöllur. Í mínum huga er það engin spurning. Ef þetta er hermang, þá er ég hermangari. Ef þetta er hermang, þá er ég jafnvel stoltur hermangari eins og kollega minn frá Austfjörðum sagði áðan.

Það er engum vafa undirorpið að bandarískur her er ekki hér til þess að vernda Íslendinga. Hann er hér sem hluti af varnarlínu Bandaríkjanna. Ísland er varðturn í Atlantshafi. Það er ekki til sá maður í Bandaríkjunum sem mundi halda því fram í dag að bandarískur her væri hér til þess að vernda okkur sérstaklega. Í besta falli njótum við góðs af verndinni, ef til ófriðar dregur. Flugvöllur af því tagi sem talað er um gæti hins vegar aukið þá hugsanlegu vernd og í honum gæti verið nokkur vernd fyrir þessa þjóð. Þess vegna eigum við að sjálfsögðu ekki að slá hendinni á móti þessu tækifæri. Sama má segja um vegi. Vegir hljóta að vera hluti af vörnum. Veglaust varnarlið kemst ekki ferða sinna um landið. Það er lítið gagn að því. Svona má lengi telja. Það er eindregin skoðun mín að varaflugvöll eigum við að vinna að að fá, þó ekki væri nema til þess að lækka lendingargjöldin hjá Flying Tigers, þannig að sú merka þjónusta sem þeir hafa veitt hér á Íslandi falli ekki niður, heldur komi til

með að halda áfram þannig að við getum komið vörum á erlenda markaði með flugvélum þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hvalveiðimál og Andramál.

Beiðni um skýrslu, 325. mál. — Þskj. 568.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 32 shlj. atkv.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hyggst halda þessum fundi áfram til kl. fjögur a.m.k. Forseta er ljóst að hér er ofurlítið farið út fyrir venjulega skipan mála en eins og hv. þm. er kunnugt hafa hlaðist upp óræddar þingsályktunartillögur og verði því ekki harðlega mótmælt hyggst forseti reyna að koma til nefndar einu til tveimur málum í viðbót.

Mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskóla, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 169. mál. — Þskj. 191.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu á þskj. 191 um mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur. Flm. ásamt mér eru aðrar hv. þingkonur Kvennalistans.

Segja má að á síðustu 20 árum hafi verið mikil gróska í starfi framhaldsskóla á Íslandi. Nýir skólar hafa verið stofnaðir í öllum landshlutum. Nýjar hugmyndir um uppbyggingu náms á þessu skólastigi hafa rutt sér til rúms. Æ stærri hópur í hverjum grunnskólaárgangi hefur hafið nám strax að loknu grunnskólaprófi og nýtt námskerfi hefur auðveldað eldra fólki að taka upp þráðinn að nýju. Hinir nýju skólar úti á landsbyggðinni hafa gjörbreytt aðstöðu fólks í byggðarlögunum til að stunda nám á framhaldsskólastigi og öldungadeildir við flesta þessara skóla hafa komið til móts við námslöngun margra sem búsetu sinnar vegna hafa hingað til ekki átt þess kost að stunda nám á framhaldsskólastigi.

Þrátt fyrir þessa miklu uppbyggingu framhaldsskóla úti um landið er þó enn mikill munur á fjölda og úrvali námsbrauta í hinum ýmsu skólum. Alltaf þarf allstór hópur nemenda að sækja námið um langan veg og því eru margir sem ekki geta búið í foreldrahúsum eins og þeir sem búa á stærstu þéttbýisstöðunum þar sem skólarnir eru staðsettir.

Eins og sjá má í greinargerðinni með tillögu þessari er fjöldi námsbrauta við framhaldsskólana mjög mismunandi eftir landshlutum. Í svari við fyrirspurn minni og hv. þingkonu Kristínar Einarsdóttur á 110. löggjafarþingi, þskj. 203, kemur fram að í fræðsluumdæmi Reykjavíkur gátu nemendur valið um 105 mismunandi námsbrautir skólaárið 1985–1986. Í umdæmi Norðurlands eystra voru námsbrautir næstflestar eða 70 talsins, en í Vestfjarðaumdæmi gátu nemendur einungis valið um nám á 15 námsbrautum. Það segir sig því sjálft að jafnvel þótt framhaldsskólar séu í öllum landsfjórðungum verður námsframboð þeirra aldrei svo fjölbreytt að þeir uppfylli óskir allra sem á svæðinu búa

Á höfuðborgarsvæðinu eru allmargir sérskólar þar sem hægt er að stunda nám sem ekki er grundvöllur fyrir á fámennari stöðum. Má sem dæmi nefna listaskóla af ýmsu tagi og iðnnám, t.d. hárgreiðslu eða bifreiðasmíði. Þrátt fyrir fjölgun skóla og námsbrauta úti á landsbyggðinni er því augljóst, eins og ég sagði áður, að stór hópur skólafólks úr dreifbýli, bæjum og þorpum landsins verður á hverju ári að stunda nám utan sinnar heimabyggðar. Þessi ungmenni verða flest að yfirgefa fjölskyldur sínar og heimabyggð stærstan hluta ársins frá sextán ára aldri. Við flesta skólana utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið komið á fót heimavistum fyrir nemendur og hefur verið staðið mjög myndarlega að uppbyggingu þeirra í mörgum bæjarfélögum. En fæstar þeirra anna þó eftirspurn nemenda eftir húsnæði því aðsókn í þessa skóla hefur orðið miklu meiri en menn e.t.v. óraði fyrir. Víða er mötuneytisaðstaða mjög bágborin. Skortur á húsnæði og annarri aðstöðu fyrir nemendur stendur skólastarfinu víða beinlínis fyrir þrifum.

Þau fjölmörgu ungmenni sem verða að yfirgefa fjölskyldur sínar og heimahaga vegna námsdvalar eiga fárra kosta völ. Sumir eru svo lánsamir að geta dvalið hjá ættingjum, þ.e. þeir sem ekki fá inni á þeim heimavistum sem fyrir hendi eru. En flestir verða þó að leigja sér húsnæði á almennum leigumarkaði með þeim afarkjörum sem víðast hvar tíðkast. Hlutskipti þeirra er stöðugt öryggisleysi, himinhá húsaleiga og jafnvel húsnæði sem fullorðnir mundu vart sætta sig við.

Langar mig í því tilefni að vitna, með leyfi forseta, í blaðagrein. Hún er í Þjóðviljanum 13. jan. sl. og þar er fjallað um húsnæðisvandann í Reykjavík. Yfirskrift greinarinnar er: „Gert út á húsnæðisvandann." Þar segir: „Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skrifaði byggingarfulltrúa borgarinnar bréf á miðvikudag, þar sem honum er skýrt frá því að heilbrigðiseftirlitið hafi komist að því að skrifstofuhúsnæði á efstu hæð hússins við Grensásveg 14 hafi verið stúkað niður í 18 íbúðarherbergi og leigt skólafólki. Þvottaaðstaða í húsinu sé ófullnægjandi, hljóðeinangrun herbergja

ekki góð og eldvörnum kunni að vera eitthvað ábótavant. En enginn reykskynjari er í húsnæðinu og enginn neyðarútgangur." Síðar í sömu grein er þetta haft eftir Oddi R. Hjartarsyni, framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins: „Oddur sagði ýmsa galla vera á húsnæðinu og það uppfylli ekki skilyrði til að þar mætti reka gistiheimili. Húsnæðisvandinn í Reykjavík væri mikill og heilbrigðiseftirlitið mundi ekki reka út námsfólk sem ætti ekki í önnur hús að venda. En allt bendir þó til þess að þessi starfsemi á efstu hæðinni yrði að leggjast af." Mig langar að lesa örlítið meira þar sem segir: „Nokkur herbergjanna eru með gluggum fyrir ofan hurð sem eru óbyrgðir þannig að helst þarf að slökkva ljós á gangi þessum þegar einn fer að sofa og sögðust nemendurnir ítrekað hafa farið fram á að fá tjöld fyrir gluggana, en því hefði ekki verið sinnt. Þeir hefðu áhyggjur af brunavörnum húsnæðisins og bentu á að einungis eitt slökkvitæki væri á staðnum og það hefði síðast verið skoðað árið 1986. Um þau kjör sem gilda í þessu húsnæði segir: „Nemendurnir greiða tvenns konar leigu fyrir herbergin eftir stærð þeirra. Einn nemandi er í átta fermetra herbergi og greiðir fyrir það rúmar 16.000 kr. en fyrir stærri herbergi þarf að greiða 20.000 kr."

Hér er fjallað um húsnæði sem heilbrigðiseftirlitið hafði afskipti af vegna þess að þetta er hús sem fleira fólk kemur inn í. En auðvitað búa nemendur í kjöllurum og risíbúðum víða um bæinn. Ofan á það álag sem fylgir því að búa við slíkar aðstæður bætist svo það að mörgum unglingnum getur reynst erfitt að leigja einn úti í bæ og mikil hætta er á félagslegri einangrun. Algengt er einnig að fæði þessara nemenda sé alls ófullnægjandi.

Það fer því fjarri að hægt sé að tala um jafnrétti til náms ef litið er til þeirra kosta sem nemendur hafa varðandi húsnæði. Ég gat þess áðan að út á landsbyggðinni hefðu víðast hvar verið byggðar heimavistir í samvinnu sveitarfélaga og ríkis. En hér á Reykjavíkursvæðinu er ástandið algjörlega óviðunandi. Skólaárið 1985–1986 voru framhaldsskólanemendur með lögheimili utan Reykjavíkur en við nám hér á höfuðborgarsvæðinu alls 3110. Þar af voru reyndar nemendur úr Reykjanesumdæmi 1702 og má ætla að stór hópur þeirra hafi getað sótt skóla í Reykjavík frá heimili sínu. Eftir sem áður má ætla að um 1500 utanbæjarnemar hafi þurft á húsnæði að halda á höfuðborgarsvæðinu. Sú sem hér stendur hefur af því tveggja ára reynslu að hafa umsjón með heimavist nemenda í einum af framhaldsskólum landsins. Ég veit það af reynslu minni þaðan að nemendum getur reynst erfitt að fara að heiman í fyrsta skipti og koma í nýtt umhverfi. Vandamálin sem upp koma eru af ýmsu tagi, bæði persónuleg, varðandi nám og fjárhaginn. Þar að auki bætast við ýmis félagsleg vandamál sem nemendur standa frammi fyrir á degi hverjum í okkar flókna samfélagi.

Eins og ég gat um þá hefur höfuðborgarsvæðið algjöra sérstöðu hvað varðar skort á húsnæði og annarri aðstöðu fyrir utanbæjarnemendur. Ég gat þess áðan að hér hefðu veturinn 1985–1986 verið um 1500 nemendur sem trúlega hafa þurft á húsnæði að halda, þ.e. nemendur á aldrinum 16–20 ára. Það eru þeir sem ég tala um hér sem framhaldsskólanemendur. Á höfuðborgarsvæðinu eru einungis 20 heimavistarrými fyrir nemendur Sjómannaskólans. Þess vegna vil ég leggja sérstaka áherslu, og við flm. þessarar till., á að þegar verði hafist handa við að bæta aðbúnað utanbæjarnemenda á höfuðborgarsvæðinu. En ég bendi um leið á þann skort á heimavistarrými sem er í öðrum landshlutum.

Við umfjöllun um frv. til laga um framhaldsskóla á 110. löggjafarþinginu lögðu þingkonur Kvennalistans fram fjölmargar breytingartillögur. Þar á meðal um stofnun mötuneytis við alla framhaldsskóla. Hollir lifnaðarhættir eru ein af undirstöðum daglegrar vellíðunar, góðrar heilsu og þar með árangurs í starfi. Því miður er það staðreynd að margir unglingar lifa á mjög óhollu fæði. Í síðustu viku voru birtar tölur í dagblöðunum um neyslu sælgætis og gosdrykkja á Íslandi. Voru upplýsingar þessar birtar í tilefni af tannverndardegi. Á þessum tölum má sjá að áætluð neysla hvers Íslendings af sælgæti er árlega 17 kg og 500 gosdrykkjadósir. Við vitum það öll að sennilega eiga unglingar drjúgan þátt í þessari neyslu. Það kom reyndar líka fram að sælgætisverslanir hér eru fleiri miðað við íbúa en þekkist í nágrannalöndum okkar. Því miður er það svo vegna skorts á mötuneytum inni í framhaldsskólunum að þar hefur einnig verið komið upp sjoppum með sælgæti og sætu bakaríisbrauði og alls kyns skyndibitum sem hafa lítið næringargildi í.

Ég vil benda á að þessi óhóflega neysla á sælgæti er ekki einungis spurning um tannvernd, en fréttin í síðustu viku var reyndar tengd tannverndardegi, heldur spurning um almennt, heilbrigt líferni. Má þá enn og aftur minna á manneldis- og neyslustefnu sem samþykkt var í sameinuðu þingi sl. vor. Eins og flestir vita getur vinnudagur framhaldsskólanema orðið æðilangur og margir sækja skóla um langan veg. Við teljum það ekki síður mikilvægt fyrir nemendur en annað vinnandi fólk að geta neytt matar á vinnustað og þá auðvitað ekki sjoppufæðis.

Samkvæmt því sem ég hef bent á í máli mínu er ástandið í mötuneytis- og húsnæðismálum framhaldsskólanema utan heimabyggðar með öllu óviðunandi og þjóðfélaginu til lítils sóma. Við sem flytjum þessa till., þingkonur Kvennalistans, teljum það réttlætismál að úr því verði bætt eins og till. felur í sér og viljum við minna á að skv. nýsettum lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er verkefni sem þetta nú á ábyrgð ríkisins.

Ég vil aðeins geta þess hér í lokin að eins og allir vita þá er kostnaður nemenda við bókakaup afar hár á Íslandi. Fyrir hverja námsönn má búast við að nemendur í framhaldsskóla þurfi að eyða nokkrum tugum þúsunda í námsbækur með virðisaukaskatti samkvæmt nýsettum lögum. Sl. vor voru samþykkt hér á Alþingi lög um jöfnun á námskostnaði. Það var í raun endurskoðun á eldri lögum. Þó að þar sé ýmislegt sem ætti að geta verið til bóta. M.a. er sagt í

3. gr., c-lið: „Húsnæðisstyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem ekki eiga kost á heimavist og miðast þeir við helming áætlaðs húsnæðiskostnaðar." Við vitum að leiguverð er mjög mismunandi eftir því hvar er á landinu og einmitt eftir því hvernig húsnæði nemendur fá. Og miðað við þær fjárupphæðir sem ætlaðar eru í fjárlögum til þessa verkefnis og miðað við þann fjölda nemenda sem þarf að sækja sér þessa aðstoð þá nær þetta aldrei helmingi af húsnæðiskostnaði nemenda sem leigja sér húsnæði á almennum markaði. Þess vegna tel ég mjög brýnt að fyrir þessu verði séð með því að nemendur geti átt aðgang að heimavistum, bæði af fjárhagslegum og félagslegum ástæðum.

Ég vil að lokum minnast aðeins á að í júní í sumar kom út á vegum menntmrn. skýrsla eða tillögur ásamt greinargerðum um innra starf framhaldsskóla. Á bls. 42 í þeirri skýrslu er tiltekið hver skuli vera stofnbúnaður framhaldsskóla, þar er reyndar minnst á mötuneyti. Staðreyndin er sú að það er afar langt í land að hægt sé að tala um að mötuneyti séu í framhaldsskólum. Hér í Reykjavík er það aðeins í Iðnskólanum einum skóla sem hægt er að tala um raunverulegt mötuneyti.

Ég vil, virðulegur forseti, ljúka máli mínu með því að benda á að hér er gerð tillaga að stofn- og búnaðarskrá og þar er ekki minnst á heimavist, sem ég tel að ætti að vera hluti af stofnbúnaði þeirra skóla sem taka við nemendum frá öðrum landshlutum.

Ég vil síðan, með leyfi forseta, fá að lesa hér tillgr. eins og hún er fram sett. Ég gleymdi víst að lesa hana hér í upphafi. Þar segir, ef ég má aðeins syndga upp á náðina í eina mínútu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakt átak til að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð. Á grunni fyrirliggjandi upplýsinga verði gerð áætlun um uppbyggingu mötuneyta og heimavista og mörkuð fjárveiting til að hefja framkvæmdir þegar á árinu 1990."

Þetta var tillgr. eins og hún hljóðaði.

Að lokinni þessari umræðu vil ég fara fram á að málinu verði vísað til hv. félmn. og síðari umræðu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú fámennt hér í sal, en þeim mun góðmennara. Mig langaði aðeins að árétta mál hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur með nokkrum orðum.

Greinargerðin með þáltill. sem hér er til umræðu skýrir í meginatriðum hvers vegna hún er fram komin. Ég vil aðeins árétta nokkur atriði.

Héraðsskólarnir sem voru undanfari fjölbrautaskólanna um framhaldsmenntunina á landsbyggðinni, og starfa raunar flestir enn í einhverju formi, voru byggðir upp sem heimavistarskólar og með mötuneyti fyrir nemendur og starfslið. Á undanförnum árum hefur framhaldsskólum fjölgað mjög. Fjölbrautaskólar hafa verið byggðir í flestum landshlutum og allir eru fullsetnir eða jafnvel ofsetnir. Þessir framhaldsskólar hafa einkum verið byggðir í þéttbýli og e.t.v. aðallega verið miðaðir við íbúa staðarins og næsta nágrennis. Af þeim sökum hefur heimavistar- og mötuneytisaðstaða yfirleitt setið á hakanum. Raunin er sú að fólk flykkist í þessa skóla oft um langan veg, verður að leigja sér húsnæði, kaupa fæði eða reyna að matbúa sjálft oft við lélega aðstöðu.

Þetta ástand hefur ótal ókosti í för með sér. Aukin eftirspurn eftir tímabundnu húsnæði verður til þess að húsaleiga á staðnum hækkar sem veldur nemendum óhjákvæmilega miklum kostnaðarauka. Sums staðar, einkum utan höfuðborgarsvæðisins, er lítið um að húsnæði sé í boði sem verður til þess að nemendur sætta sig við nánast hvað sem er, jafnvel það sem mætti kalla heilsuspillandi. Það á að vísu líka við hér á höfuðborgarsvæðinu, en það er þó fremur vegna þess að hér er húsaleiga yfirleitt mjög há og ef fólk hefur lítil auraráð verður það að taka ódýrasta húsnæði sem kostur er, sem oftast er þá af lélegra taginu.

Skortur á mötuneytisaðstöðu er líka alvarlegt mál, ekki síst þar sem unglingar eiga í hlut. Unglingar sem hafa fulla þörf fyrir fjölbreytt og hollt fæði. Við slíkar aðstæður reyna þeir sem aðstöðu hafa að matbúa sjálfir en eru oft fákunnandi um matartilbúning og fæðuval. Mataræðið verður því einhæft og ekki svo hollt sem skyldi. Veitingahúsafæði er dýrt jafnvel þó samið sé um fast fæði með afslætti, sem oft er gert. Þessi skortur á aðstöðu við hina ýmsu framhaldsskóla leiðir til verulegrar mismununar á kostnaði fyrir nemendur almennt.

Önnur hlið á málinu sem e.t.v. er ekki eins augljós eru þær áhyggjur og hugraunir sem það veldur foreldrum og aðstandendum að vita af unglingum í lélegu húsnæði eða þrengslum sem kunna að orsaka félagsleg vandamál og valda því að fólk lendir þá fremur á einhvers konar glapstigum. Ásamt því verða foreldrarnir að hafa áhyggjur af heilsu þeirra og líkamlegri velferð. Það er augljóst að það er brýn þörf að hið opinbera komi til móts við þarfir skólafólks í þessum efnum.

Hér í höfuðborginni er aðeins einn framhaldsskóli með heimavistarrými og það er aðeins fyrir 20 manns. Sem er bara eins og dropi í hafið. Á Akureyri er menntaskólinn með heimavist og mötuneyti en fullnægir engan veginn þörfinni. Það er langt frá því. Hinir nýju fjölbrautarskólar vítt um landið hafa sem óðast verið að byggjast upp og þar hefur þessari þörf lítið eða ekkert verið sinnt eins og drepið hefur verið á.

Á höfuðborgarsvæðinu má segja að þörfin fyrir átak í þessum efnum sé brýnust. Eins og getið er í grg. með frv. þá er þar þetta eina heimavistarrými fyrir 20 manns sem fullnægir ekki einu sinni viðkomandi skóla. Þúsundir unglinga, víðs vegar að af landinu, sækja hingað framhaldsmenntun við þau skilyrði sem hér hefur verið lýst. Því er full nauðsyn að á þessum málum verði tekið og því fyrr því betra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnlánasjóður smáfyrirtækja, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 196. mál. — Þskj. 221.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stofnlánasjóð smáfyrirtækja sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um lánasjóð fyrir fólk sem vill ráðast í atvinnurekstur. Hverjum þeim sem uppfyllir almenn skilyrði um atvinnurekstur hér á landi standi þannig til boða einu sinni á fimmtán ára fresti að fá stofnlán í nýjan rekstur gegn tryggu veði. Frumvarpið verði lagt fram við þingbyrjun haustið 1990."

Ástæðan fyrir þessari till. er fyrst og fremst sá skortur á stofnfé sem er hér á landi þegar fólk vill ráðast í sjálfstæðan atvinnurekstur. Þar er ekki í mörg hús að venda.

Annaðhvort eru það bankarnir sem veita stutt lán eða þá að reksturinn byrjar allur í skuld, jafnvel á stuttum víxlum sem fljótlega þarf að endurnýja, borga af, skuldbreyta og þar fram eftir götunum. Engin lán til langs tíma standa fólki til boða á þessu sviði. Það er ekki nema fólk sé annaðhvort að hugsa sér til hreyfings í sjávarútvegi, landbúnaði eða í iðnaði og fáeinum öðrum greinum. Fólk sem vill ráðast í verslunarrekstur, margs konar þjónustu eða annan þann rekstur sem ekki fellur beint undir þessa þætti atvinnulífsins á ekki í mörg hús að venda.

Það er mikið öryggi fyrir mann sem byrjar lítinn verslunarrekstur að geta fengið lánaðar 2 millj. kr. í stofnfé. Ef þetta er hópur manna sem vill slá saman í hlutafélag eða sameignarfélag þá getur hver þeirra lagt 2 millj. kr. í púkkið. En þannig er þessi sjóður hugsaður. Þeir sem uppfylla skilyrði til þess að fá lánað úr sjóðnum geti fengið lán út á trygg veð einu sinni á 15 ára fresti gegn því að þessir peningar verði lagðir í höfuðstól í atvinnurekstur.

Á þennan hátt minnkar öll venjuleg greiðslubyrði hjá fólki sem stofnar lítil fyrirtæki og möguleikarnir vaxa stórlega að fyrirtæki geti borið sig. Eigendur geti jafnframt um frjálst höfuð strokið samfara því sem þeir byggja upp fyrirtækið.

Jafnframt er hér lagt til að sjóðurinn verði ekki sérstök stofnun, heldur verði hann í vörslu banka eða sparisjóða þannig að ekki verði byggð yfir hann óþörf yfirbygging. Að leitað verði að ódýrustu peningum sem kostur er á, bæði hér á landi og erlendis. Verði Íslendingum svo heimilt að taka bein lán erlendis í framtíðinni, þá breytist hlutverk sjóðsins í að hafa meðalgöngu um slík lán.

Ég vil ekki hafa fleiri orð um þetta í bili, en sjóður af þessu tagi mundi stórlega auka öryggi í viðskiptum, hann mundi auka möguleika fyrirtækja á að lifa af fyrstu skrefin og hann mundi á allan hátt koma viðskiptalífinu til góða hér á landi.

Að svo mæltu mæli ég með að þessari tillögu verði vísað til 2. umr. og til atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvískipting starfs ráðuneytisstjóra, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 200. mál. — Þskj. 232.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Hér mæli ég fyrir till. til þál. um að tvískipta starfi ráðuneytisstjóra. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú að næstum því öll fjárlög íslenska ríkisins fara í gegnum hendur íslensku ráðuneytanna og þar eru engir yfirmenn sérstaklega menntaðir eða sérhæfðir á sviði fjármála. Mikilvægi fjármálanna er því mjög svo vanmetið hjá hinu opinbera.

Núna er hart á dalnum og við þurfum að velta hverri krónu fyrir okkur áður en henni er eytt. Þess vegna er það nauðsynlegt að æðsta vald í hverju ráðuneyti einbeiti sér að fjármálum og til þess að svo megi verða þarf að tvískipta ráðuneytisstjórastarfinu. Enda eru fordæmi víða fyrir því í atvinnulífinu, bæði í einkarekstri og í opinberum rekstri og blönduðum rekstri.

Hin ýmsu útgerðarfyrirtæki hafa til að mynda tvo framkvæmdastjóra. Annar er faglegur útgerðarstjóri sem fylgist með öllu sem lýtur að útgerð skipanna, aflanum, vinnslunni og þeim hluta rekstursins. Hinn er fjármálastjóri sem snýr sér að þeim málefnum sem varða beinharða peninga og öðru sem að því lýtur. Ráðuneytin eru í eðli sínu ekkert annað en nokkurs konar skilvinda þar sem fé skattborgaranna er dreift út í þjóðfélagið og þar hefur hlutur fjármálanna verið stórlega vanræktur.

Þessi tillaga lýtur að því að sérstaklega verði tekið á þeim málum í framtíðinni. Ráðuneytisstjórar fjármála mundu starfa náið með fjmrn., með Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ríkisendurskoðun og fjvn. Alþingis. Þar með væri komin ný stoð undir fjármál íslenska ríkisins. Í framhaldi af því mætti byrja að móta þá stefnu að ráðuneytin fengju eina heildarfjárhæð á ári hverju sem þau mundu síðan skipta sjálf á milli þeirra liða sem undir ráðuneytin heyra.

Í framhaldi af því væri hægt að auka sjálfstæði landshlutanna, að þeir fengju eina fjárhæð til þess að skipta. Að því sé ráðið heima í héraði hvernig peningunum er skipt á milli hinna ýmsu skóla. Hvort þeir eru sameinaðir og nemendur keyrðir á milli eða gripið er til annarrar hagræðingar. Þess eru dæmi að hafnir eru byggðar í hverju plássi þegar það er kannski ekki nema nokkurra mínútna akstur á góðum vegi í næstu höfn.

Með þessu móti telur flm. að mundi fást miklu meiri hagræðing í ríkisfjármálin ef héruðin yrðu sjálfstæðari og fengju meira að ráða sínum innri málum sjálf. Tillagan lýtur að því að opna þann möguleika.

Jafnframt þessu vex svo fjárhagsleg ábyrgð innan ráðuneytanna þannig að það er ekki eingöngu hlutverk ráðherra, ráðuneytisstjóra og helstu yfirmanna að biðja um peninga frá Alþingi heldur vex nú ábyrgðin að verja þessum peningum vel. Það er að sjálfsögðu liður í því að allir peningar ríkisins beri meiri ávöxt.

Í þessu sambandi má geta að stutt er síðan Alþingi

sjálft réði til sín fjármálastjóra og er alveg óhætt að segja að hans starf hefur gefið mjög góða raun. Það er því ekki langt fyrir þingheim að leita að samjöfnuði. Í raun er það rökrétt framhald af þeirri ráðningu að ráðuneytin fái sinn fjármálastjóra er verður á ráðuneytisstjóraplani.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fylgja þessu úr hlaði með fleiri orðum, en með þessu móti verður ábyrgð aukin í ríkisfjármálum og dregið úr miðstjórn.

Að svo mæltu mæli ég með að þessari tillögu verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjur og stjórnkerfi smáríkja, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 212. mál. — Þskj. 254.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði till. til þál. um að kanna hvernig önnur smáríki afla sér tekna og haga stjórnkerfi sínu. Ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu er einfaldlega sú að þó að við Íslendingar séum stórhuga þjóð með langa og stóra sögu, þá hættir okkur oft til að margfalda íbúatöluna með 10 eða jafnvel 100. Við erum ekki nema 250 þúsund manns en stundum finnst okkur við vera 2½ milljón og af ýmsum framkvæmdum sem við höfum ráðist í mætti draga þá ályktun að við værum ekki undir 25 milljónum. Yfirbygging íslenska þjóðfélagsins er allt of stór og er ástæðan kannski aðallega sú að við viljum halda úti ýmsum þáttum sem aðrar þjóðir eru með fyrir miklu stærri þjóðfélög.

Íslendingar hafa oft leitað að fyrirmyndum til miklu stærri landa þar sem ríkja önnur lögmál stærri markaða og margfalt stærri þjóðfélaga. Þau tíðindi sem öðru hverju berast af helstu atvinnuvegum okkar, sjávarútvegi og landbúnaði, minna okkur reglulega á hversu hættulegt það er að hafa of mörg egg í sömu körfunni. Hversu dýrt og hættulegt hvert áfall getur reynst þjóðinni. Þess vegna telur flm. aldrei brýnna en nú að leita fleiri tekjuleiða fyrir lítið þjóðfélag og hafa ekki öll eggin áfram í sömu körfu.

Við höfum borið okkur saman við milljarðaþjóðir á borð við Bandaríkin, ríki Vestur-Evrópu, jafnvel Sovétríkin og önnur ríki en við höfum gleymt að skoða smærri þjóðir eins og Lúxemborg, Andorra, Lichtenstein, Mónakó, San Marínó, Möltu, Kýpur, Færeyjar, bresku eyjarnar á Ermarsundi, jafnvel ýmsar eyjar í Vestur-Indíum og hægt er að halda áfram enn lengra og skoða staði eins og Hong Kong, Formósu, Singapore og mörg fleiri lönd sem eru smáríki eins og við og nota smæð sína til þess að afla sér og sínum tekna.

Íslendingar hafa áður slegist í hóp smáþjóða Evrópu. Við höfum tekið þátt í íþróttamótum með þeim þjóðum. Við höfum meira að segja hlotið þar verðlaun, mörg gullverðlaun, silfurverðlaun og bronsverðlaun. Aðrar litlar þjóðir hafa margar gert sér grein fyrir því fyrir löngu að það þýðir ekki að taka upp alla siði í viðskiptum og atvinnulífi sem stærri þjóðir temja sér heldur að nýta sér smæðina.

Þjóðir eins og t.d. í San Marínó nota frímerkjaútgáfu, Mónakó spilavítin og svona má áfram telja. Þessar þjóðir hafa náð að lækka skatta í landinu verulega, hafa treyst mjög atvinnulífið og fólkið í þessum litlu ríkjum lifir alveg prýðilegu lífi. Flm. leggur því til að þessar þjóðir verði skoðaðar og að utanrrh. skipi nefnd til þess að kanna þessa hluti og jafnframt að stjórnkerfið verði skoðað í leiðinni því oft og tíðum búa þessar litlu þjóðir við margfalt einfaldara stjórnkerfi en við hér á Íslandi, miklu ódýrara í rekstri og þó engu að síður gott stjórnkerfi.

Allt er þetta ómaksins vert að skoða, tekjulindir og stjórnkerfi, safna upplýsingum saman og vinna úr þeim. Skoða hvort ekki sé eitt eða annað sem mundi henta okkur betur en það sem við höfum í dag.

Að svo mæltu mæli ég með að tillögunni verði vísað til 2. umr. og til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýtt hús fyrir Alþingi Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 214. mál. — Þskj. 256.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ágæti þingheimur. Ég mæli hér fyrir till. sem er endurflutt um byggingu nýs húss fyrir Alþingi Íslendinga. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga var flutt aftur í vetur var sú að þá var lögð fram tillaga um kaup á Hótel Borg undir starfsemi Alþingis.

Ég er eindregið á móti því að kaupa Hótel Borg undir þingið því að ég vil að einskis sé látið ófreistað til að reka áfram hótel og veitingasölu í því húsnæði. Ég tel að það sé mikið hagsmunamál fyrir deyjandi miðborg Reykjavíkur að hafa hótel og þó svo að húsið sé komið mjög til ára sinna og þurfi að endurnýja, þá veit ég að það eru til veitingamenn sem vilja ráðast í það verkefni, en á meðan Alþingi er að gæla við að kaupa húsið, þá eru eigendur ekki ginnkeyptir fyrir að selja öðrum fyrr en botn fæst í það mál.

Hugmynd flm. um nýtt hús fyrir Alþingi er sú að reist verði hús sem er nákvæmlega eins og gamla þinghúsið á bílastæðinu þar sem áður stóð hús Góðtemplara við Vonarstræti. Húsin mundu snúa bökum saman inn í garðinn og fallegi Alþingisgarðurinn fengi með þessu móti alveg nýtt hlutverk, að tengja saman þessi tvö hús. Undir nýja húsinu yrði síðan komið fyrir bílageymslu og göng neðan jarðar yfir í þinghúsið sem við erum stödd í.

Hús af þessu tagi er lausn sem veldur minnstu umróti hér í miðborginni. Lausn sem flestir gætu sætt sig við. Það kemur ekki til greina að byggja hér

gríðarmikið hús meðfram öllum Austurvelli að Tjarnargötu í þessu viðkvæma hjarta miðborgarinnar, að byggja steinbákn við sjálfan Austurvöll og skekkja með því gersamlega öll hlutföll í miðborginni. Ráðhúsbyggingin ótímabæra ofan í Tjörninni hefur líka þrengt svo mjög að þessum byggingarreit að það er nánast útilokað að tvö svona stór hús geti rúmast á þessum litla bletti. Með þessu telur flm. að húsnæðismál Alþingis fengju farsæla lausn. Í þessum tveim húsum mundi rúmast öll starfsemi á vegum þingsins. Húsin mundu ekki skera í augu. Þau mundu falla betur að umhverfinu en önnur hugsanleg mannvirki og flestir gætu sætt sig við þessi málalok.

Að svo mæltu mæli ég með að þessari tillögu verði vísað til seinni umræðu og til hv. allshn., til fjvn. Herra forseti. Í fyrra var henni vísað til allshn. (**Forseti:** Eftir því sem hv. þm. upplýsir að hún hafi farið til allshn., þá held ég að það væri rétt að hv. þm. geri þá tillögu. En þarna var ábending um að hún gæti farið til fjvn. þar sem hér er um að ræða bein útgjöld. Skv. þingsköpum eru slíkar tillögur ætlaðar fjvn. sem eru þó ekki margar. En þar sem fyrri tillaga um svipað efni og áður hefur verið flutt hér á hv. Alþingi fór til fjvn. þá þótti rétt að þessi færi á sama stað.)

Virðulegi forseti. Af vankunnáttu hélt flm. að þetta færi til allshn. en hann fagnar því ef tillagan færi til hv. fjvn. (**Forseti:** Þá lítur forseti svo á að það sé tillaga flm. Ef ástæða þykir til, þá er hægt að ræða um væntanlega atkvæðagreiðslu þegar þar að kemur, ef athugasemdir koma fram.)

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það kom í hug minn þegar hv. flm. þessarar tillögu var að flytja framsögu sína að í jafnmerku máli sem þessu væri rétt að sem stærstur hluti þingheims tæki þátt í umræðunni og meðan ég var hér einn í þingsalnum þá fannst mér tilhlýðilegt að þeir sem væru viðstaddir umræðuna tækju þátt í henni.

En það er fleira sem þar kemur til. Mér finnst að hv. þm. hafi bent á ákveðin atriði í sambandi við væntanleg húsnæðismál Alþingis og umræðu undanfarinna missira um þau mál. Hann upplýsti að það væru fyrir hendi veitingamenn sem hefðu áhuga á því að kaupa Hótel Borg og vildu halda þar uppi hótelrekstri. Þetta eru upplýsingar sem mér finnst sérstakar og rétt að vekja athygli á. Ef þannig er að umræða hér og fyrirætlanir forseta Alþingis um það að kaupa Hótel Borg koma í veg fyrir það að þessar hugmyndir nái fram að ganga, þá finnst mér það skylda Alþingis að vera ekki að halda málinu lengur á því stigi sem það er í dag heldur taka ákvörðun um hvort þingið ætli sér að kaupa Hótel Borg og nota það fyrir starfsemi þingsins en láta ekki tímann líða eins og undanfarið án þess að nokkur ákvörðun sé tekin.

Ég hef lýst því yfir áður að ég teldi það mikinn sjónarsvipti á miðborg Reykjavíkur ef Hótel Borg hætti að sinna því hlutverki sem hún hefur sinnt undanfarna áratugi, að vera miðborgarhótel, bæði sem góður veitingastaður og virðulegur og gott hótel. Ég hef samt ekki lagst gegn þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um það að Alþingi keypti Borgina fyrir sinn rekstur.

Aðalatriðið núna, að mínu mati, er að það verði tekin ákvörðun í þessu máli gagnvart Hótel Borg. Því ef svo er, sem ég efast ekki um, og sem fram kom í ræðu frsm., að fyrir hendi væru aðilar sem vildu fara í veitingarekstur þarna, þá á Alþingi ekki að tefja þá fyrirætlun með óþarfa drætti í ákvarðanatöku.

Um hugmyndir hv. þm. um það hvernig skuli byggja yfir Alþingi vil ég aðeins segja það að ég hef ekki áhuga á einhverjum tvílembingum hér á Alþingislóðinni, þ.e. tveimur eins húsum sem sneru bökum saman. Ég held að það mundi ekki prýkka útlit miðbæjarins, nema síður væri. En staðsetning á nýju húsi á gömlu Gúttólóðinni finnst mér koma vel til greina en ekki endilega eins byggingu og það hús sem hér stendur. En að beinlínis hugsa til þess að byggja nýja byggingu með nákvæmlega sama útliti og þetta hús sem við erum í núna, það finnst mér ekki frumleg tillaga, nema síður sé.

Ég hef haft það af að koma upp í ræðustól til þess að taka þátt í þessari umræðu og þar með hefur helmingur þeirra þm. sem staddir eru í þingsalnum fjallað um tillöguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nám fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 226. mál. — Þskj. 288.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef hér ásamt sex öðrum þm. lagt fram svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig nýta megi aðstöðu héraðs- eða heimavistarskóla landsins þannig að fötluðu fólki gefist kostur á að stunda þar fjölbreytt nám að loknu grunnskólanámi."

Meðflm. ásamt mér eru hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Stefán Valgeirsson, Kristín Einarsdóttir, Friðjón Þórðarson og Skúli Alexandersson.

Með þessari þáltill. höfum við lagt fram svohljóðandi greinargerð:

„Þótt mikið hafi áunnist í málefnum fatlaðs fólks á síðustu árum er ljóst að betur verður að gera svo að segja megi að þjóðfélag okkar gefi öllum kost á námi og vinnu við sitt hæfi. Öskjuhlíðarskólinn í Reykjavík og Löngumýrarskólinn á Akureyri hafa með starfi sínu skilað fötluðum mikilli þekkingu og verkkunnáttu og víða er nú í sérdeildum skóla unnið mikið og gott starf.

Hér er lagt til að kannað verði hvort unnt sé að skapa einhverjum héraðs- eða heimavistarskólanum,

einum eða fleiri, betri skilyrði og nýta þær aðstæður, sem þar eru fyrir hendi, til að styrkja með einhverjum hætti félags- og skólastarf fatlaðra sem er uppeldisstarf í víðasta skilningi. Húsnæði þessara gömlu menntastofnana eru nú að einhverju leyti vannýtt og því sjálfsagt að huga að vænlegri og happasælli nýtingu þess.

Oft hefur verið á það minnst í umræðum um nýtt hlutverk þessara gömlu mennta- og menningarstofnana að hver þessara skóla fengi sérverkefni með venjulegu grunnskóla- eða framhaldsnámi. Hér er varpað fram hugmynd um slíkt hlutverk.

Helstu markmið með kennslu í heimavistarskóla fyrir fatlaða væru eftirfarandi:

1. Að veita kennslu og þjálfun í starfsnámi og almennri umgengni varðandi athafnir daglegs lífs.

a. Að efla sjálfstæði, sjálfsöryggi og sjálfsímynd nemenda til að skapa betri líðan þeirra, úti í þjóðfélaginu jafnt sem heima fyrir, og auka þannig færni til starfa á almennum vinnumarkaði.

b. Að auka færni til þátttöku í þjóðfélaginu með þjálfun í athöfnum daglegs lífs og þátttöku í félagslífi og starfi við hæfi með reglubundnum samskiptum við vinnustaði, athafnalíf og félagslíf. Veita þjálfun í ýmiss konar hagnýtum störfum, svo sem ýmsum iðngreinum, bústörfum, fiskvinnslu og skrifstofutækni. Gera nemendur hæfa til búsetu á eigin vegum eða til sjálfstæðs heimilishalds og ákvarðana um eigið líf og starf.

2. Að auka færni í undirstöðuatriðum í lestri, stærðfræði og skrift.

a. Kennsla og þjálfun fari fram við fjölbreyttar og eðlilegar aðstæður og tengist sem mest daglegu lífi í því umhverfi þar sem skólinn er.

b. Með þátttöku í fjölbreyttu daglegu lífi og starfi í heimavistarskóla verði stefnt að því að nemendur nái færni í að lesa og tjá sig sér til gagns, komist leiðar sinnar af eigin rammleik og kunni helstu skil á peningalegum verðmætum, t.d. varðandi laun, launagreiðslur og framfærslu einstaklinga.

Kennsla fari fram í samfelldu starfi, þ.e. skólahald og daglegt líf utan skólatíma haldist í hendur þannig að það sem verið er að gera á einum stað verði einnig hagnýtt á öðrum. Stundaskrá verði ekki bundin við hefðbundnar 40 mínútna kennslustundir heldur verði við skipulagningu námsins tekið mið af verkefnum og þörfum nemenda.

Kennslan fari fram við heimavistarskóla sem þegar er starfandi og sé hluti af starfsemi hans þannig að fatlaðir nemendur hafi tækifæri til að kynnast öðrum nemendum í félagslífi, kennslu og starfi. Kennsla, þjálfun og félagslíf utan skólatíma verði fléttað sem best og nánast saman. Þess vegna þarf að vera unnt að hafa viðveru tengda skóla frá kl. 8 (9) til 15 (16). Tími utan þess verði einnig undirbúinn og skipulagður til þess að reyna að tryggja það að nemendur verði ekki utanveltu í félagslegum samskiptum. Því þarf að vera unnt að nýta heimavistarskóla með fleiri nemendum og gjarnan þar sem eru fleiri skólar eða öflugt atvinnulíf.

Ýmsar þjóðir hafa farið svipaðar leiðir og hér er lagt til, t.d. hefur Peder Morset lýðháskólinn í Noregi starfað í 12 ár og getið sér góðan orðstír. Skólinn rúmar 64 nemendur. Þar stunda nám fatlaðir og ófatlaðir nemendur og völ er á námi til eins eða tveggja ára, frá maí til ágústloka. Lágmarksaldur er 18 ár. Aðaláhersla er lögð á persónu- og félagsþroska þeirra og færni í verklegum greinum. Einnig er boðið upp á nám í bóklegum greinum. Í upplýsingum frá skólanum segir að reynslan sé sú að félagsþroski nemenda margfaldist við þetta nám.

Tillaga þessi er sett fram sem hugsanlegt framlag í réttindabaráttu fatlaðra og vænlegur kostur til frekari könnunar á viðbótarverkefni þeirra skóla sem eiga svo merka sögu að baki." Og þar er átt við t.d. héraðsskólana.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til hv. félmn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur ráðuneyta Stjórnarráðsins frá Reykjavík, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 242. mál. — Þskj. 373.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti og ört vaxandi þingheimur, hann hefur þrefaldast. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um að flytja ráðuneyti Stjórnarráðsins frá Reykjavík.

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt hér á Alþingi er sú að oft megum við Reykvíkingar heyra talað um Reykjavíkurvaldið eins og það sé einhver sérstakur óskalisti okkar að hafa sem mest af valdi landsins innan borgarmarkanna. Þetta er rangt.

Reykjavík er eðli málsins samkvæmt höfuðborg landsins. Þar er Alþingi, ráðuneytin og margar helstu stofnanir. Þess vegna leita mörg fyrirtæki og stofnanir ríkisins til Reykjavíkur með höfuðstöðvar og við það kemur óneitanlega nokkur slagsíða á landið, enda hafa þm. hér fyrr í dag talað um það og sannleikanum samkvæmt að þessi byggðaþróun sé að öllu leyti óæskileg. Þessi svokallaða landeyðingarstefna sem hv. þm. hafa hana kallað. Ég tek undir það að vissu leyti vegna þess að okkur Reykvíkingum og nágrönnum er enginn greiði gerður með því að öll byggðin færist hingað suður. Það er eðlilegast að byggðin sé dreifð um landið, enda lifi hvert byggðarlag af landsins gæðum. (**HBl:** Það má kannski flytja höfuðborgina norður bara?) Það má vel flytja höfuðborgina norður og hv. 2. þm. Norðurl. e. gæti tekið það að sér sem sérverkefni.

Þegar ég virði fyrir mér stjórnkerfið, þá get ég vel hugsað mér að dóms- og kirkjumálaráðuneyti flytti t.d til Selfoss. Þangað er greiður akvegur frá Reykjavík og mjög fljótlegt að komast á milli. Sjálft ríkis-

fangelsi Íslendinga er í næsta nágrenni við Selfoss og mætti í framhaldi af því vel færa nýstofnaða fangelsismálastofnun að Selfossi líka eða jafnvel enn þá lengra, austur að Litla-Hrauni sjálfu.

Kirkjumálaráðuneytið getur vel verið í Skálholti ásamt biskupssetri, enda hefur það lengi verið kappsmál innan kirkjunnar að endurreisa biskupsstól í Skálholti. Það væri fólgin töluverð einföldun og sparnaður í rekstri í því að færa sem mest af störfum kirkjumálaráðuneytisins beint undir biskup. Í raun inni er biskup Íslands hinn raunverulegi ráðuneytisstjóri í kirkjumálaráðuneytinu ef grannt er skoðað.

Í annan stað get ég vel hugsað mér að flytja landbrn. til Borgarness eða Hvanneyrar. Þangað er líka nokkuð greiður akvegur frá Reykjavík og mjög tíðar ferjusiglingar yfir til Akraness og þaðan góður akvegur til Borgarness og að Hvanneyri. Ráðuneytið mætti vel vera á Hvanneyri. Þar mundi það njóta nálægðar við Bændaskólann og önnur umsvif sem landbúnaðurinn hefur á staðnum. Ég get vel séð fyrir mér að fleiri stofnanir eða félög sem tengjast landbúnaði mundu flytja þangað líka. Mér þætti vænt um að sjá t.d. Búnaðarfélag Íslands á Hvanneyri. Ég sé ekki að það eigi endilega heima í Reykjavík, né heldur Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fleiri skyld fyrirtæki.

Í þriðja lagi er ekki úr vegi að flytja sjútvrn. suður með sjó, til Grindavíkur, Keflavíkur eða Njarðvíkur. Þangað er greiður akvegur og sjósókn er hvergi meiri en á Suðurnesjum. „Fast þeir sóttu sjóinn" o.s.frv. Því væri sjútvrn. mjög vel í sveit sett suður með sjó. Í framhaldi af því mundu væntanlega einhver fyrirtæki og félög og aðrir sem hafa hagsmuna að gæta í sjávarútvegi og fiskverkun flytja með ráðuneytinu, þannig að þar mundi myndast nokkur kjarni eins og á hinum tveimur stöðunum. Með þessu móti er hægt að dreifa stjórnardeildum ríkisins án þess að rjúfa bein tengsl við Reykjavík vegna þess að akstursleiðirnar eru í rauninni ekkert mikið lengri en akstursleiðir inni á sjálfu Stór-Reykjavíkursvæðinu, t.d. frá Seltjarnarnesi og til Hafnarfjarðar eða upp í Breiðholt eða Mosfellsbæ. Það þarf afskaplega litlu við að bæta til þess að ná sama aksturstíma og t.d. á Selfoss. Þetta eru ekki orðnar neinar vegalengdir í dag. Og flutningur af þessu tagi mundi ýta undir t.d. tvöföldun Reykjanesbrautar, göng undir Hvalfjörð og fleiri samgöngubætur sem vissulega eru mjög athyglisverðar.

Þá er ekki talinn upp sá möguleiki að flytja stjórnardeildir út fyrir Reykjavík til nágrannabyggðarlaga eins og Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, upp á Kjalarnes, í Kópavog, Garðabæ eða Hafnarfjörð og jafnvel enn lengra.

Til þess að einfalda síðan starfsemi ráðuneytanna er eðlilegt að ráðherrar sitji ekki á þingi jafnframt því sem þeir gegna ráðherradómi, heldur kveðji til varamenn og þar með gæfist þeim mun betri tími til þess að sinna sínum ráðuneytum. Og jafnframt mætti breyta þingsköpum þannig að ráðherrar þyrftu ekki að vera viðstaddir umræður sem féllu undir þeirra málaflokka, heldur væri nóg að formenn viðkomandi þingnefnda tækju við því hlutverki hér á Alþingi. Með þessu móti mætti jafnvel fækka þingmönnum töluvert.

Það eru fleiri stofnanir sem mætti færa. Ég sé t.d. fyrir mér Byggðastofnun á Akureyri sem gæti þá orðið fyrsti vísir að nýrri höfuðborg, Hafrannsóknastofnun á Ísafirði eða í Vestmannaeyjum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Héraði eða á Hólum í Hjaltadal eða hvar sem er. Með þessu móti væri hægt að koma á jafnvægi í byggð landsins, fjölga störfum þannig að allir mættu sæmilega vel við una.

Og væri því ekki óeðlilegt að í kjölfarið á þessum breytingum yrði atkvæðisrétti okkar hér á suðvesturhorninu breytt, þannig að við fengjum meiri atkvæðisrétt í staðinn. Á móti jöfnuði í ríkisstofnunum um landið kæmi jafn kosningarréttur. Að Reykjavíkurþingmenn hafi ekki einn sjöunda eða einn sjötta af atkvæðisrétti Vestfirðinga og Austfirðinga. Það út af fyrir sig er ekki ósanngjarnt. Þannig ætti þessi till. að vera jafnréttismál fyrir alla landsmenn.

Virðulegi forseti, ég mæli með því að till. fari til seinni umræðu og til hæstv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samræming opinbers ferðakostnaðar, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 243. mál. — Þskj. 374.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Skúli Alexandersson, hv. þm. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um að samræma opinberan ferðakostnað.

Ástæðan fyrir því að ég flyt þessa till. hér á hv. Alþingi er sú að mér finnst oft ekki vera mikið samræmi í ferðalögum fólks á vegum hins opinbera. Þetta misræmi veldur oft misskilningi og jafnvel tortryggni. Þess vegna er rétt að samræma öll ákvæði um ferðalög og ferðakostnað og setja fastmótaðar reglur í því sambandi.

Í fyrsta lagi þarf að tryggja að opinberir erindrekar, hverju nafni sem nefnast, ferðist jafnan á hagkvæmasta hátt. Keyptir séu hagstæðustu flugfarmiðar og aðrir farmiðar, og þá er sjálfsagt að leita samninga á ferðamarkaðnum um hæsta mögulega afslátt. Ríkið kaupir það marga farmiða á ári að samkvæmt lögmálum viðskiptanna ætti ríkið að fá hæsta mögulega afslátt. Með þessu móti er hægt að spara strax mikla peninga.

Í öðru lagi þarf að samræma gistingu. Þar er einnig hægt að leita tilboða á ferðamarkaðnum, kaupa boðlega gistingu á lægsta hugsanlega verði, semja við hótelhaldara þar sem opinberir ferðalangar þurfa að eiga viðkomu um að jafnframt sé keypt hagstæðasta gistingin á hverjum tíma.

Í þriðja lagi þarf að koma fastri reglu á greiðslur dagpeninga. Það verður að tryggja að allir opinberir ferðalangar séu með dagpeninga sem duga fyrir ferðakostnaði þeirra en safni ekki í sjóði á ferðalögum og komi heim með dagpeninga. Hið opinbera borgi svo allan kostnað. Ferðalögin sjálf mega ekki verða mönnum tekjulind og hvatning til þess að ferðast meira en nauðsyn krefur.

Síðast en ekki síst verður að meta þörfina fyrir ferðalög á vegum ríkisins. Stundum hafa komið upp deilur í stjórnkerfinu um það hvort eigi að senda fulltrúa á einhverja ráðstefnu, í einhverjar heimsóknir eða til þess að kanna einhver mál. Tækninni hefur fleygt það ört fram síðustu ár að oft og tíðum má nota nýjustu tækni við að afla upplýsinga. Við erum með slíkan fjarskiptabúnað að vegalengdir eru í rauninni hættar að skipta máli í þessu sambandi. Og í ljósi þessa tæknibúnaðar er sjálfsagt að endurskoða þörfina fyrir öll opinber ferðalög.

Þá má ekki gleyma innanlandsferðum, að leitað sé bestu kjara innan lands. Ég tók eftir því sjálfur þegar ég þurfti að fara norður í land um daginn að hefði ég pantað með fyrirvara þá hefði ég getað fengið verulegan afslátt af farseðlinum. Kannski hugsa þeir sem ferðast á vegum hins opinbera ekki svo mjög um afslátt þegar ríkið borgar þetta allt saman. En við verðum að hugsa um ríkissjóð eins og hann væri okkar eigin pyngja. Ef við ferðumst á vegum ríkisins ber okkur skylda til þess að reyna að ná hagstæðustu samningum og bestu kjörum þó að ríkið borgi brúsann en ekki við sjálf. Á þessu á ekki að vera neinn munur.

Ekki er langt síðan ríkið leitaði samninga við leigubifreiðastöð í Reykjavík um 30% afslátt af öllum leigubílaakstri. Og síðast þegar ég spurðist fyrir sagði stöðvarstjórinn á þessari stöð mér frá því að hið opinbera hefði sama og ekkert notað sér þessi kjör. Það er því ekki nóg að semja, það verður líka að fylgja því eftir að samningum sé fylgt. Það verður að fylgjast með því að góðir samningar séu notaðir og að allir möguleikar til þess að spara séu nýttir.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu og mæli með að till. fari til síðari umræðu og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skilgreining á bankarekstri, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 247. mál. — Þskj. 389.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Þingheimur. Ég flyt hér 16. og 17. dagskrármál saman. Þessar tvær þáltill. eru fluttar í samfloti. Þær lúta að því að skilgreina nánar bankarekstur og aðgreina hann frá öðrum rekstri. Jafnframt að opinber innheimta og sjóðir verði flutt inn í banka að eins miklu leyti og hægt er.

Í till. til þál. um nánari skilgreiningu á bankarekstri segir:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að undirbúa frv. til laga um breytingar á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og sparisjóði, nr. 87/1985, með það að markmiði að skilgreina og þrengja verksvið banka og sparisjóða þannig að þeir hætti að stunda aðra starfsemi en þá sem er í eðli sínu hrein bankastarfsemi. Þá verði bönkum og sparisjóðum ekki heldur heimilt að eiga að öllu leyti eða hluta fyrirtæki eða félög sem stunda annan rekstur. Viðskrh. leggi frv. fram í upphafi þings haustið 1990."

Í nútímaþjóðfélagi vaxa viðskipti með peninga mjög hröðum skrefum. Þess vegna er verksvið banka og sparisjóða skilgreint í lögum og jafnframt er það verndað þannig að almenningi er ekki heimilt að stofna banka nema með sérstöku leyfi frá ráðherra. Rekstur banka er stöðugt að færast yfir á hendur einstaklinga í þjóðfélaginu með sameiningu og sölu ríkisbankanna. Þar með lýkur ábyrgð ríkissjóðs á innistæðum í þeim bönkum sem áður voru í eigu ríkisins. Þess vegna tel ég að bankar eigi ekki að fást við annan rekstur en þann sem beinlínis má skilgreina sem bankarekstur, að þeim sé ekki íþyngt með öðrum og óskyldum rekstri.

Bankar og sparisjóðir eiga að verja óskiptum höfuðstóli sínum til að lána fólkinu og atvinnulífinu í landinu. Það er hlutverk banka. Þeir eiga ekki að *nota höfuðstólinn til að standa straum af óskyldum* kostnaði eða bera uppi annan rekstur með þeirri áhættu sem því fylgir. Með því að einbeita sér að bankarekstri er meiri möguleiki að bankar geti lækkað vextina og boðið ódýrari lán sem atvinnulífið og fólkið ræður við að borga. Í dag eru vextir orðnir einn stærsti útgjaldaliður í rekstri fyrirtækja og er það gjörsamlega fyrir neðan allar hellur. Þjóðfélagið stendur ekki undir atvinnulífi sem þarf að borga svo háa vexti, þegar vaxtakostnaðurinn er orðinn mun hærri en launakostnaðurinn.

Það er heldur ekki eðlilegt að bankar og sparisjóðir eigi að öllu leyti eða hluta í fyrirtækjum sem fást við annan rekstur en bankastarfsemi. Þannig finnst mér ekki eðlilegt að bankar eigi greiðslukortafyrirtæki, verðbréfasölur, kaupleigur, fjármögnunarfyrirtæki eða annan þvílíkan rekstur. Bankar og sparisjóðir eiga ekki að keppa við fyrirtæki sem þurfa að leita til þeirra um fyrirgreiðslu og almenna bankaþjónustu. Það er ójafn leikur og þar með safnast líka of mikil áhrif og of mikil völd á fáar hendur. Bankar og sparisjóðir eiga ekki að stunda rekstur sem einstaklingar og félög þeirra geta vel innt af hendi. Þar á ég við t.d. mötuneyti, prentsmiðjur, lögfræðiþjónustu, innheimtuþjónustu og aðra slíka starfsemi. Á þennan hátt geta myndast viðskiptahringir og vissulega óheilbrigð samkeppni.

Mötuneyti, ef við tökum það sem dæmi, er ekki bankarekstur undir neinum kringumstæðum. Bankinn á ekki að reka og halda úti mötuneyti. Hann á ekki að halda úti prentsmiðju eða lögmönnum sem innheimta kröfur. Bankinn getur auðveldlega versl-

að við þau veitingahús sem eru í borginni. Hann getur verslað við þá lögmenn sem eru starfandi á frjálsum markaði og hann getur látið prenta sína pappíra í prentsmiðjum landsins. Banki á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af þessum hlutum. Hann á að versla við fyrirtækin í landinu og síðan á hann að veita þeim almenna bankaþjónustu, ekki að keppa við þau um leið og hann er að veita þeim þessa þjónustu.

Það er heldur ekki hlutverk banka og sparisjóða að eiga eða hafa með höndum bókasöfn, orlofshús, laxveiðiár og þess háttar tómstundagaman. Bankinn á ekki að vera með hugann við þá hluti sem aðrir geta auðveldlega annast. Banki á að einbeita sér að bankarekstri og reyna að rækja það hlutverk vel.

Þessi þáltill. er, eins og ég sagði áðan, flutt í samfloti við till. um að bankar og sparisjóðir annist alla opinbera sjóði og innheimtu.

Virðulegi forseti. Ég vil að svo mæltu mæla með að till. verði vísað til seinni umræðu og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinberir sjóðir og innheimta ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 248. mál. — Þskj. 390.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti og uppáhaldsáheyrandi minn, Skúli Alexandersson, hv. alþm. Ég fylgi hér úr hlaði síðustu tillögunni sem ég mæli fyrir hér á dagskrá í dag, till. til þál. um að bankar og sparisjóðir annist alla opinbera sjóði og innheimtu ríkisins.

Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að sameina alla opinbera innheimtu og fela hana viðskiptabönkum og sparisjóðum. Einnig að þeir annist afgreiðslu fyrir opinbera sjóði sem nú hafa eigin afgreiðslur.

Könnuninni verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Virðulegi forseti. Ég mælti fyrir því hér áðan í till. að bankar og sparisjóðir hefðu ekki með höndum þann rekstur sem einstaklingar og félög þeirra geta auðveldlega leyst af hendi og mæli nú fyrir því að ríkið sé ekki með þá tegund af rekstri sem bankar geta auðveldlega leyst af hendi.

Með þessum tveimur till. er ég að reyna að skerpa skilin í þjóðfélaginu: Að skósmiðurinn haldi sig við leistann o.s.frv. Fyrirtæki og stofnanir hins opinbera reyni að sinna því sem þeim er falið að sinna og reyni að gera það vel, en báknið blási ekki út vegna þess að stöðugt sé verið að búa til nýja yfirbyggingu á einfalda hluti sem má auðveldlega reka undir sama þaki.

Við vitum að margar stofnanir ríkisins hafa komið sér upp eigin innheimtukerfi, t.d. Ríkisútvarpið, sjúkrasamlög, gjaldheimtur og aðrar stjórnardeildir. Einnig er svo farið með ýmis fyrirtæki á vegum bæjar- og sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hafði til skamms tíma sameiginlega innheimtu fyrir Hitaveitu og Rafmagnsveitu og sá Rafmagnsveitan um að innheimta fyrir bæði þessi fyrirtæki. Síðan þótti það ekki hagkvæmt fyrirkomulag og Hitaveitan tók innheimtuna til sín og við það kom ný innheimtudeild til sögunnar án þess þó að innheimtudeildin sem annaði báðum áður hafi minnkað neitt svo heitið geti. Þarna er dæmi úr stjórnsýslunni, að vísu frá sveitarfélögum, um hvernig báknið getur þanist út að ósekju.

Það er rétt að kanna hvort ekki sé eðlilegt og auðvelt að samræma alla þessa opinberu innheimtu, fela bönkum og sparisjóðum að annast hana fyrir ríkið, stofnanir þess og deildir, fyrirtæki, sjóði, hverju nafni sem nefnast. Í rauninni er rekstur þessara opinberu sjóða ekkert annað en hrein bankastarfsemi ef miðað er við sjóði eins og Byggingarsjóð ríkisins, Lánasjóð ísl. námsmanna og fleiri slíka. Því ætti að vera auðvelt að láta bankakerfið annast þessa þjónustu og þá mundi hún um leið ná til allra landsmanna í gegnum bankana, útibú þeirra og sparisjóði. Með því móti mætti fella niður sérstakar deildir í þessum stofnunum og einfalda þær en draga saman útgjöldin að sama skapi.

Til þess að auðvelda þessa hluti mun hin mikla tölvuvæðing síðari ára koma vel að notum. Í dag er ört vaxandi tölvuvæðing í bönkum og sparisjóðum og hægt að borga eina kröfu í hvaða banka sem er. Gjaldkerarnir slá henni upp í tölvuskjánum og afgreiða málið á svipstundu. Það þarf ekki að leggja margfalt net af þessu tagi um landið og eðlilegast og einfaldast að ríkið noti það net sem fyrir er hjá bönkum og sparisjóðum.

Á sama hátt telur flm. rétt að kanna á hvern hátt megi brjóta upp starfsemi Seðlabanka Íslands og færa til viðskiptabanka og sparisjóða.

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan eru þessar tvær þáltill. fluttar í samfloti til þess að skerpa línurnar í þjóðfélaginu, að bankar einbeiti sér að þeim rekstri sem bankar eru sérhæfðir til að gera og eftirláti einstaklingum það sem einstaklingar geta vel innt af hendi. Að ríkið eftirláti bönkum í staðinn sem mest af þeirri innheimtu sem ríkið hefur hingað til haft á hendi en bönkum og sparisjóðum er ekkert að vanbúnaði að inna af hendi.

Að svo mæltu mæli ég með að till. verði vísað til síðari umræðu og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Akstur utan vega (273. mál) 3415.
Alþjóðasamþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (269. mál) 3440.
Alþjóðaþingmannasambandið (109. mál) 3243.
Álver á Grundartanga (245. mál) 3423.
Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum (240. mál) 3266, 3372.
Flutningur ráðuneyta Stjórnarráðsins frá Reykjavík (242. mál) 3500.
Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi (168. mál) 3462.
Hlerun farsíma (213. mál) 4417.
Hvalveiðimál og Andramál (325. mál) 3487.
Könnun á ofbeldi í myndmiðlum (143. mál) 3440.
Laun forseta Íslands (130. mál) 3266.
Mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskóla (169. mál) 3487.
Nám fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla (226. mál) 3498.
Norrænt samstarf 1989 (271. mál) 3229.
Nýtt hús fyrir Alþingi Íslendinga (214. mál) 3496.
Opinber mötuneyti (157. mál) 3453.
Opinberir sjóðir og innheimta ríkisins (248. mál) 3505.
Samræming opinbers ferðakostnaðar (243. mál) 3502.
Skattskylda orkufyrirtækja (234. mál) 3267, 3372.
Skilgreining á bankarekstri (247. mál) 3503.
Skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins (236. mál) 3419.
Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar (290. mál) 3434.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 3281, 3318, 3387.
Stofnlánasjóður smáfyrirtækja (196. mál) 3493.
Tekjur og stjórnkerfi smáríkja (212. mál) 3495.
Tilhögun þingfunda 3487.
Tilkynning frá forsætisráðherra um kjarasamninga og efnahagsmál 3296, 3326.
Tvískipting starfs ráðuneytisstjóra (200. mál) 3494.
Viðskiptanefnd til að leita markaða í Austur-Evrópu (160. mál) 3457.
Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA (301. mál) 3252.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3318, 3431, 3433, 3456, 3457, 3487.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 3344.
Forseti Nd. Geir H. Haarde 3395, 3411, 3414.
Forseti Ed. Jón Helgason 3281, 3379.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3279, 3296, 3409.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 3416.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 3270, 3312, 3420, 3421.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 3233, 3331, 3412, 3476, 3479.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 3413.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 3418, 3419, 3435, 3437, 3439.
Menntmrh. Svavar Gestsson 3445, 3453.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3256, 3459, 3466, 3481, 3483.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3271, 3345, 3386, 3423, 3428, 3433.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3334, 3426.
Ásgeir Hannes Eiríksson 3424, 3447, 3454, 3456, 3457, 3461, 3462, 3486, 3493, 3494, 3495, 3496, 3500, 3502, 3503, 3505.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3422, 3472.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3431, 3487.
Eiður Guðnason 3238, 3270, 3428, 3431.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3471.
Friðjón Þórðarson 3413.
Geir H. Haarde 3243, 3251, 3463, 3480.
Guðmundur H. Garðarsson 3355.
Guðni Ágústsson 3498.
Guðrún Agnarsdóttir 3378, 3440, 3448, 3470.
Guðrún Helgadóttir 3250, 3387, 3411.
Halldór Blöndal 3267, 3273, 3378, 3379, 3381, 3387, 3425, 3429, 3437, 3474.
Hjörleifur Guttormsson 3234, 3248, 3259, 3325, 3417, 3425, 3430, 3433, 3440.
Ingi Björn Albertsson 3321, 3344, 3395, 3399, 3423, 3432, 3473, 3479.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 3337.
Jón Helgason 3267, 3273.
Jón Kristjánsson 3240, 3411.
Karl Steinar Guðnason 3328, 3417, 3419.
Kristinn Pétursson 3419, 3421, 3422, 3427, 3461, 3477, 3485.
Kristín Einarsdóttir 3257, 3325.
Matthías Bjarnason 3288, 3392.
Matthías Á. Mathiesen 3252, 3264, 3281.
Málmfríður Sigurðardóttir 3326, 3491.
Ólafur G. Einarsson 3229, 3395.
Páll Pétursson 3241.
Pálmi Jónsson 3292, 3318, 3367, 3414.
Ragnhildur Helgadóttir 3389, 3449, 3482.
Salome Þorkelsdóttir 3456.
Skúli Alexandersson 3364, 3426, 3430, 3438, 3497.
Stefán Guðmundsson 3439.
Stefán Valgeirsson 3341, 3427, 3434, 3436, 3439, 3469, 3484.
Þorsteinn Pálsson 3307, 3348.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3272, 3273, 3372, 3385.
Þórhildur Þorleifsdóttir 3415, 3417, 3432, 3433, 3451.

SAMEINAÐ ÞING

50. fundur, mánudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHH o.fl., 168. mál. — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 169. mál. — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 41 shlj. atkv.

Stofnlánasjóður smáfyrirtækja, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 196. mál. — Þskj. 221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til atvmn. með 43 shlj. atkv.

Tvískipting starfs ráðuneytisstjóra, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 200. mál. — Þskj. 232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Tekjur og stjórnkerfi smáríkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 212. mál. — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til utanrmn. með 45 shlj. atkv.

Nýtt hús fyrir Alþingi Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 214. mál. — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til fjvn. með 46 shlj. atkv.

Nám fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 226. mál. — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til félmn. með 45 shlj. atkv.

Flutningur ráðuneyta Stjórnarráðsins frá Reykjavík, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 242. mál. — Þskj. 373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Samræming opinbers ferðakostnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 243. mál. — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 46 shlj. atkv.

Skilgreining á bankarekstri, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 247. mál. — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 46 shlj. atkv.

Opinberir sjóðir og innheimta ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 248. mál. — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og til allshn. með 47 shlj. atkv.

Bygging fyrir Tækniskóla Íslands, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 119. mál. — Þskj. 123.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 123, um byggingu fyrir Tækniskóla Íslands. Flm. þessarar tillögu auk mín eru hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Ragnar Arnalds, Friðrik Sophusson og Sigríður Lillý Baldursdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta á árinu 1990 fara fram hugmyndasamkeppni um arkitektateikningar fyrir framtíðarbyggingu Tækniskóla Íslands á þeirri lóð sem hann hefur fengið fyrirheit um á Keldnaholti."

Það er orðið nokkuð langt síðan Tækniskóli Íslands tók til starfa. Hann hóf störf haustið 1964 og á 20 ára afmæli skólans haustið 1984 barst honum fyrirheit frá ríkisstjórn um lóð undir framtíðarstarfsemi hans að Keldnaholti. Síðan hefur ekkert miðað í byggingarmálum skólans og það væri vel við hæfi í tilefni af 25 ára afmæli skólans að efna til hugmyndasamkeppni um teikningar að framtíðarbyggingu skólans á lóð hans á Keldnaholti.

Tækniskóli Íslands var stofnaður til að annast framhaldsmenntun iðnaðarmanna. Því er staðsetning hans í framtíðinni í nágrenni við rannsóknastofnanir iðnaðarins á Keldnaholti mjög ákjósanleg. Má hugsa sér að tækja- og húsakostur rannsóknastofnana nýtist að hluta til kennslu og kennarar skólans vinni jöfnum höndum við kennslu- og rannsóknastörf í framtíðinni. Jafnframt gætu verkefni nemenda í mörgum tilvikum orðið hluti hagnýtra rannsókna sem unnið er að við stofnanir á Keldnaholti.

Það gefur auga leið að á 25 ára starfsferli skólans hafa orðið miklar breytingar á námi og kennsluháttum. Núverandi húsnæði skólans er iðnaðarhúsnæði og breidd hússins mjög mikil, módúlar stórir og henta illa framtíðarkennsluháttum. Það gefur líka auga leið að framtíðarhúsnæði væri unnt að hanna meira með þarfir skólans fyrir augum og ná fram hagkvæmari rekstri og hagkvæmari kennslu. Nemendur skólans eru nú rúmlega 400 en sveiflur í nemendafjölda einstakra námsbrauta eru verulegar. Fastráðnir kennarar Tækniskólans eru 20, en alls hafa um 100 kennarar á hendi reglubundna kennslu. Auk þess stunda um 100 aðilar óreglubundna kennslu og flytja gestafyrirlestra.

Fylgiskjöl með þessari þáltill. eru annars vegar greinargerð um hlutverk Tækniskóla Íslands eftir Bjarna Kristjánsson rektor og hins vegar skipurit um námsleiðir innan Tækniskólans. Í greinargerð rektors um hlutverk Tækniskólans segir m.a., með leyfi forseta, að Tækniskóli Íslands sé einn um það hlutverk að veita iðnaðarmönnum framhaldsmenntun. Skólinn starfar í deildum, frumgreinadeild og sérgreinadeild. Sérgreinadeildir eru byggingardeild, heilbrigðisdeild, rafmagnsdeild, rekstrardeild og véladeild. „Í sem stystu máli," segir rektor, „er það meginhlutverk Tækniskóla Íslands að veita menntun sem leiðir til aukinnar framleiðslu og framleiðni og framleiðslu í landinu til langframa og án þess að missa sjónar á náttúruvernd og náttúrubót."

Það er staðreynd að þróun skólans hefur gengið of hægt. Þörfin fyrir tæknimenntun hefur aukist örar en starfsemi menntakerfisins á því sviði, svo ör og svo margslungin sem iðnþróun er í heiminum.

Það er skoðun flm. að af ýmsum ástæðum sé mjög mikilvægt að stofna til slíkrar hugmyndasamkeppni. Henni fylgir lítill kostnaður en hún hreyfir málið og það er afar mikilvægt fyrir skólann, bæði kennara og nemendur að sjá einhverja hreyfingu þó að hægt miði.

Ég legg því til, virðulegi forseti, að að lokinni umræðu um þetta mál verði tillögunni vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Skólamáltíðir, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 166. mál. — Þskj. 183.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skólamáltíðir á þskj. 183.

Flm. þessarar till. auk mín eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson og Stefán Guðmundsson.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram lagafrumvarp er tryggi að komið verði á máltíðum í hádegi í öllum grunnskólum landsins haustið 1990."

Svo sem allir vita hafa breyttar aðstæður í þjóðfélaginu valdið því að skipan máltíða hefur í vaxandi mæli riðlast á heimilum á síðustu árum. Síaukinn fjöldi mæðra vinnur utan heimilis. Fjöldi barna á grunnskólaaldri gengur sjálfala mikinn hluta dagsins.

Mörg börn fá í hendur fjármuni í stað fæðu og fæðuval og neysluvenjur mótast um of af framboði söluskála í grennd við skóla. Oft er þar aðallega á boðstólum sælgæti, sætabrauð og gosdrykkir. Fæðan verður því vítamínsnauð og sykurneysla úr hófi, margfalt hærri en þekkist meðal grannþjóða okkar. Miklar tannskemmdir íslenskra barna eiga m.a. rætur að rekja til rangs mataræðis.

Of algengt er að börn borði ekki áður en þau fara í skóla á morgnana, og fá síðan ekki viðunandi máltíð í hádeginu. Fyrir börn og unglinga á vaxtarskeiði er ein máltíð á dag engan veginn nægjanleg. Talið er að börn þurfi auk morgunverðar tvær aðalmáltíðir á dag. Rétt fæðuval er sérstaklega mikilvægt fyrstu 15 árin en næringin hefur áhrif bæði á andlegan og líkamlegan þroska.

Skólinn er vinnustaður barnanna. Foreldrar fá í auknum mæli hádegisverð á vinnustað en börnin eru ekki alltaf tilleiðanleg til að taka með sér nesti í skólann. Helst eru það yngstu börnin, sem varla eru nema hálfan daginn í skóla, ýmist fyrir eða eftir hádegi, er hafa með sér smánesti, en skólarnir hafa þá gjarnan á boðstólum til sölu ýmiss konar drykkjarvörur og jógúrt. Spurning er hvort þessir nemendur fái góðan hádegisverð þegar heim kemur.

Tvísetning eykur enn meir á óreglu á matmálstíma á heimilum barnanna, en Ísland hefur nokkra sérstöðu hvað þetta snertir.

Tilraunir hafa verið gerðar með sölu á matarpökkum frá Mjólkursamsölunni, en þá vantaði m.a. starfsmenn í skólana til þess að annast þessa þjónustu. Sumum þótti þetta einnig dýr og leiðigjörn fæða.

Í Kópavogi hefur miðað vel að koma á skólamáltíðum.

Kannanir í Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að færni og námsgeta barna sé að hluta háð því fæði sem þau neyta. Nauðsynlegt er því að skólinn stuðli að hollum lífsvenjum með áherslu á heilbrigðu líferni og góðri næringu.

Skólinn á að ganga á undan og virða þau manneldismarkmið sem Íslendingar hafa sett sér. Koma þarf upp skólaeldhúsum í flestum ef ekki öllum grunnskólum. Máltíðir þurfa að miðast við góða, holla og næringarríka fæðu. Víðast geta börnin matast í skólastofunum.

Til greina kemur að miða við að hið opinbera greiði rekstrarkostnað vegna matmálstímanna sem og starfsmannahald og 25% hráefniskostnaðar.

Þáltill. þessi gerir ráð fyrir að skólamáltíðum í hádegi verði komið á í grunnskólum haustið 1990. Framhaldsskólar þurfa síðan að fylgja í kjölfarið.

Sem fylgiskjal með þessari þáltill. er m.a. úrdráttur úr erindi Heiðrúnar Sverrisdóttur, formanns skólanefndar Kópavogs, sem hún flutti 3. nóv. sl. hjá Manneldisfélagi Íslands.

Ef ég grip, virðulegi forseti, niður í þann útdrátt, þá segir þar m.a. að bæjarfélagið, þ.e. Kópavogur, greiði starfsmönnum laun og 25% af hráefniskostnaði og í tveimur skólum vinna nemendur við að afgreiða matinn.

Þar segir jafnframt að í Kópavogi séu á boðstólum í dag súpur, jógúrt, kakó, samlokur og ávaxtadrykkir, og eru seldir kaldir drykkir.

Skólanefndin álítur að skólar bæjarins eigi að hafa frumkvæði að bættum venjum barna með því að hafa aðeins til sölu ósykraða og lítið sykraða mjólkurdrykki og hreina ávaxtasafa. Enn fremur álítur nefndin að sætabrauð skuli ekki selt á vegum skólanna en áhersla lögð í staðinn á sölu brauða með áleggi og sölu ávaxta.

Skólanefndin í Kópavogi ákvað 1986 að komið yrði upp í öllum skólum kennslueldhúsum og gert er ráð fyrir að 1990 verði þar allir skólar með þokkalega aðstöðu til kennslunnar.

Þetta segir okkur dálítið um stöðuna í Kópavogi. Jafnframt er hér sem fylgiskjal útdráttur úr erindi Magnúsar Geirssonar, tannlæknis í heilbrrn., sem flutt er sama dag hjá Manneldisfélagi Íslands. Þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Í Íslendingum skemmast fleiri tennur en í flestum öðrum þjóðum. Tannskemmdarstuðull 12 ára barna var árið 1986 mun hærri en á Norðurlöndunum og er svo enn. Það sést fljótt á tönnum ef fæðuval, matarvenjur og tannhirða eru ekki í lagi." Þar segir jafnframt að „hérlendis hefur vönduðum heimilismáltíðum fækkað, sérstaklega á morgnana og í hádeginu. Aðrar þjóðir bregðast við sama vanda með skólamáltíðum en við með því að fjölga sjoppum," segir tannlæknirinn í þessu erindi sínu og hann segir jafnframt að Íslendingar fái 20% af orkuþörf sinni með neyslu sykurs þegar æskilegt er talið að aðeins 10% komi úr sykri.

Fróðlegar tölur eru í erindi tannlæknisins um sjoppufjölda á íbúa þar sem segir t.d. að í Reykjavík er ein sjoppa á hverja 170–180 íbúa en ein sjoppa á hverja 1200 íbúa í Helsingfors.

Tannlæknirinn segir síðan í sínu erindi: „Við verðum að koma á skólamáltíðum og sjá um að börn og unglingar eigi kost á heppilegri næringu í félagsheimilum og íþróttastöðvum í stað núverandi sjoppufæðis."

Í till. sem Alþingi hefur samþykkt frá heilbrrh., Guðmundi Bjarnasyni, um manneldis- og neyslustefnu segir m.a. að meðal þeirra aðgerða sem grípa þurfi til sé að nemendum í grunn- og framhaldsskólum gefist kostur á að borða í skólunum.

Að mati flutningsmanna er hér hreyft afar mikilvægu máli sem skiptir miklu fyrir framtíð þeirra kynslóða sem eiga að erfa þetta land.

Ég hygg að það sé ljóst, jafnframt mikilvægi málsins um fæðuval og fæðuöflun, að sparnaður við tannviðgerðir geti orðið verulegur með skólamáltíðum. Ég vil jafnframt að það komi fram, vegna þess að hér hefur sérstaklega verið vitnað til þess hversu langt Kópavogur er þó kominn í þessum málum, að

Reykjavíkurborg hefur farið sér ótrúlega hægt í þessum málefnum. Ég held að Reykvíkingum hljóti að verða sérstaklega starsýnt á það þegar þess er gætt að höfuðborgin hefur í rauninni mjög mikla fjármuni að spila úr. Eigi að síður hafa borgaryfirvöld fremur kosið að verja þeim til annarra hluta. Til mannvirkjagerðar stundum, sem orkar tvímælis, í stað þess að hlú að yngstu kynslóðinni í borginni og framtíð hennar með því að koma á skólamáltíðum. Í mínum huga er enginn vafi á því að borgaryfirvöld í Reykjavík hafa haft skakkar áherslur í meðferð sinna fjármuna þegar horft er einmitt til skólamáltíðanna.

Við flm. leggjum því, virðulegi forseti, fram þessa þáltill. og vonumst til þess að geta fengið um hana víðtæka samstöðu hér á háu Alþingi Íslendinga, svo mikilsvert mál sem hér er um að ræða.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði þessari þáltill. vísað til allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þetta ágæta mál sem hér er flutt. Það er furðulegt að það skuli í raun þurfa að vekja athygli á slíku máli á Alþingi Íslendinga. Að það skuli ekki fyrir löngu hafa verið komið á máltíðum á vinnustað barnanna í landinu, eins og tíðkast á öðrum vinnustöðum. Eða þá almennilegri aðstöðu og skipulagðri til þess að neyta nestis að heiman. Þessa njóta flestir fullorðnir. Og það er brýn nauðsyn, eins og hv. frsm. gat um hér áðan, og margar ástæður til þess að slíku fyrirkomulagi ætti að koma á.

Þessum málum hefur verið hreyft hér áður á þingi og ég vil vísa á frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla sem þingkonur Kvennalistans í efri deild hafa flutt í tvígang. Þar er sérstaklega lagt til að gerðar verði breytingar á skólamannvirkjum þannig að tekið sé tillit til þess að nemendur geti neytt matar í skóla. Einnig að þeim skólabyggingum sem hafa þegar verið reistar verði breytt á þann veg að börnin geti matast. Jafnframt er þar lagt til að skólabryti verði ráðinn t.d. að mötuneytum heimavistarskóla og við aðra grunnskóla sem kynnu að starfrækja slík mötuneyti ef þess væri óskað.

Mjög fáar neyslukannanir hafa verið gerðar til þess að kanna neysluvenjur barna. Og þær eru í raun gamlar, ef svo má segja, það hefur ekki verið varið fé til að kanna neysluvenjur hér almennt svo heitið geti. Þó má ráða af þeim könnunum sem gerðar hafa verið að þar megi talsvert bæta úr til þess að tryggja það að börnin borði hollan og næringarríkan mat. Og hv. frsm. tók einmitt fram ýmis veigamikil atriði í þessu sambandi.

Ég ætlaði ekki að flytja hér langt mál. Hv. frsm. hefur þegar getið mjög mikilvægra röksemda. Hann minntist m.a. á tannskemmdirnar. Það eru nokkur ár síðan ég lagði fram fsp. hér á þingi um fé Tannverndarsjóðs, eftir að hafa kynnt mér það sem hann minntist á og rétt er, að tannskemmdir í börnum hér á landi eru mun tíðari en hjá börnum nágrannaþjóðanna. Og einnig að hér er viðgerðarkostnaður í sambandi við tannlækningar barna miklu hærri en hjá nágrannaþjóðunum. Það stafar ekki síst af lélegri tannhirðu og gífurlega miklu sætindaáti sem er meira meðal barna og meðal almennings hér á landi en víðast annars staðar.

Fé Tannverndarsjóðs er fé sem safnað hefur verið með hlutfallstölu af viðgerðarkostnaði tannlækna. Það hafði aldrei verið nýtt neitt sérstaklega til tannverndar eins og því var ætlað. Eftir að þessar fsp. höfðu verið bornar fram í það minnsta í tvígang var málið athugað og fénu var varið sérstaklega til tannverndar. Tel ég það vera til talsvert mikilla bóta, auk þess sem margir hafa dregið athygli að því á síðustu árum að okkur er mjög brýnt að snúa okkur frekar að tannvernd heldur en að leggja þá áherslu á viðgerðarþjónustu sem við höfum gert. Það er bæði dýrara og auðvitað miklu, miklu óhagkvæmara fyrir einstaklingana.

Ég vil því veita þessu máli allan stuðning. Því fleiri hv. þm. sem vekja athygli á þessu máli með tillöguflutningi og sýna því fylgi þeim mun betra. Ég vona að þessi till. fái verðuga umfjöllun í nefndinni og sem flestir hv. þm. muni styðja efnisatriði hennar. Þá kynni að vera komið að því að úrbætur verði í augsýn í þessum málum því að þeirra hefur lengi verið þörf.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Þetta er sannarlega ekki í fyrsta sinn sem hreyft er þessu máli og má segja að allir vildu Lilju kveðið hafa. Hér eru fjórir framsóknarmenn sem lýsa fylgi sínu við þessa hugmynd og er það vissulega vel.

Lengi hefur verið að því stefnt að vinna ýmsum till. brautargengi sem stuðla að samfelldum skóladegi. Sem stuðla að því að samræma sem allra best vinnutíma foreldra og barna og á þann hátt auðvelda fjölskyldum það að eiga fleiri stundir til samvista á heimilum sínum. Um þetta hygg ég að við séum öll sammála.

Í þessu efni hefur nokkur árangur náðst í ýmsum skólahverfum og er það vitanlega vel. Sums staðar er það svo úti um landið að fjármunir hafa oft og tíðum farið til þess að byggja stórt og mikið og fullkomið eldhús sem gæti e.t.v. þjónað miklu stærri og stórkostlegri stofnun en um er að ræða þar sem litlir skólar eiga í hlut. Það er ekki spurningin um stór og fullkomin eldhús sem hafa miklu meiri framleiðslugetu en þarf í sjálfu sér handa skólabörnunum. Spurningin er um aðstöðu og hollustufæði handa börnunum þannig að foreldrar eða aðrir uppalendur geti treyst því að þótt lengdur skólatími sé eða samfelldur skóladagur þá sé það ljóst að þau matist með þokkalegum hætti í þokkalegri aðstöðu og það sé heppilegt fæði sem börnin fá.

Nú fjallar þessi till. einungis um máltíðir á hádegi. Það er í sjálfu sér gott svo langt sem það nær, en á síðasta þingi samþykktum við að vísa þáltill. til ríkisstjórnar með afar jákvæðum hætti og þessi tillaga var raunar flutt af þremur sjálfstæðismönnum svo að því sé nú hér komið á framfæri. Hér eru komnar

stuðningsyfirlýsingar hv. þm. Framsfl. og lýsing hv. þm. Kvennalistans á frv. sem þm. Kvennalistans fluttu bæði í vetur og í fyrra, en þess var að engu getið að sjálfstæðismenn hefðu á sama þingi, bæði í vetur og í fyrra, flutt frv. sem vissulega miðar að samfelldum skóladegi og aukin heldur þáltill. sem vísað var til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar á sl. vori. Þessi þáltill. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma til framkvæmda eftirfarandi atriðum varðandi skólastarf í landinu:

1. Gera sérstaka athugun á því hvers vegna skólaár sé styttra en 9 mánuðir á sumum stöðum á landinu og gera ráðstafanir til úrbóta þar sem ekki eru full rök fyrir styttra skólaári.

2. Setja á fót starfshóp við hverja fræðsluskrifstofu landsins sem hafi það verkefni að vinna að því að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum fræðsluumdæmisins."

Ég hygg að þessi síðari liður tillögunnar sé mjög raunhæf tillaga um úrlausn þess efnis sem við erum að tala um. Í því sambandi vísuðu flm. bæði til niðurstöðu og tillagna fjölskyldumálanefndar svonefndrar sem hv. 1. þm. Suðurl., þáv. forsrh., skipaði í ágúst árið 1987. Það var samstarfsnefnd ráðuneyta sem um þetta mál fjallaði. Og í nál. sem skilað var í ágúst 1988 sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti dagvistar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundum á viku í 30–37 stundir á viku." Síðan segir: „Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verði komnar til framkvæmda."

3. Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989–1990.

Það segir sig auðvitað sjálft að það er tómt mál að tala um samfelldan skóladag og lengdan daglegan skólatíma nema aðstaða sé til að matast í skólanum. Þess vegna eru þetta í raun og veru hliðar sama málsins. Þetta eru þættir í sama málinu og ég hygg að ekki verði of mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að aðstaða sé í skólanum til að matast og að boðið verði upp á, hugsanlega, einhvers konar áskrift að hollu fæði fyrir börnin. Það má hugsa sér lausn þess máls með ýmsum hætti. Það þarf ekki að vera eins dýrt og að reka veitingahús. Við styðjum það að sjálfsögðu að unnið sé frekar að því máli og ég leyfi mér að vitna til undirbúningsaðgerða sem fóru fram árið 1984 til þess að leita lausna á því að framkvæma þetta miðað við núverandi húsakost skólanna. Ég hygg að það sé vel hægt og m.a. stóð til boða ágætt samstarf hér í Reykjavík t.d. við Mjólkursamsöluna að þessu leyti, bæði hvað varðaði mjólkurafurðir, brauðmeti og grænmeti þannig að ég held að úr ýmsum heppilegum lausnum sé að velja miðað við þann húsakost sem við höfum.

Ég mun ekki ganga frekar á tímann, frú forseti, en hefði að sjálfsögðu gjarnan viljað rekja frekari tillögur og kannanir sem gerðar voru af nefnd sem fjallaði um samstarf heimila og skóla, nefnd sem starfaði á vegum menntmrn. á sinni tíð og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir veitti forstöðu, en ég bendi þeirri nefnd á, sem þetta mál fær til umfjöllunar, að þar eru einnig tillögur sem eru framkvæmanlegar miðað við núverandi húsakost. Og ég hygg að það sé höfuðkostur á máli sem þessu að það sé framkvæmanlegt.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem hér hefur komið fram í máli hv. 3. þm. Reykv. en hún gerði grein fyrir ýmsu því sem á döfinni hefur verið á undanförnum árum varðandi þessi mál.

Ég tek undir það að þetta er mjög þýðingarmikið mál en ég er ekki sammála því sem kom fram í máli hv. 1. flm., 10. þm. Reykv., þegar hann sagði að það hefðu verið rangar áherslur hjá skólamönnum í þessum efnum og tilgreindi þá sérstaklega Reykjavík. Ég held nefnilega að það séu allir sem eitthvað hafa með skóla að gera fyrir löngu farnir að gera sér grein fyrir því að það eru einmitt þessir þættir sem þarf að leggja ríka áherslu á, að hugsa um innra starf skólanna en ekki aðeins ytri umbúnað.

Það má vel vera að svo hafi verið á tímabili, enda er auðvitað þörf á að byggja hús yfir skóla en það er ekki síður þörf á að hugsa um það sem fer fram innan dyra og ég held að sem betur fer séu skólamenn almennt farnir að gera sér grein fyrir því vegna þess, eins og fram kom í máli hv. 10. þm. Reykv., að það eru breyttar áherslur í þjóðfélaginu. Fjölskyldulífið hefur breyst og samsetning fjölskyldunnar og aðstaða foreldra og þá um leið barna. Þess vegna er þetta mjög brýnt mál sem hér er verið að fjalla um, þ.e. skólamáltíðir, en ég er ansi hrædd um að það yrði erfitt að koma þessu í framkvæmd ef það ætti að setja um það lög sem ættu að vera komin í framkvæmd haustið 1990, þ.e. á komandi hausti.

Ég held að það sé svo margt hægt að gera í þessum efnum án þess endilega að lagasetningu þurfi til. Þetta eru fyrst og fremst framkvæmdaatriði og til þess að nýta sér þá aðstöðu sem er á hverjum stað, því að ég held að það séu fáir skólar svo illa settir að það sé ekki hægt með góðum vilja að lagfæra þessi mál og sinna nestismálum eða máltíðum barna í skólum. Það er ekki endilega víst að heit máltíð sé það besta. Aðalatriðið er að börnin fái hollan og næringarríkan mat. Sem betur fer er farið að leggja áherslu á þetta í skólum bæði hér í Reykjavík og annars staðar.

Í greinargerð með þessari þáltill. er sagt frá því sem gert hefur verið í Kópavogi og þar hefur verið gert margt gott. Ég held að þar hafi einmitt verið farin sú leið, og hún sé ekki mjög kostnaðarsöm, að ráða t.d. matmæður sem sinna þessu hlutverki, elda súpu og smyrja brauð fyrir börnin og gefa þeim annan hollan og góðan mat sem auðvelt er að gera kannski miðað við lítið breyttar aðstæður í skólanum.

Þetta vildi ég nú aðeins láta koma hér fram um leið og ég minni á það sem kom reyndar fram í máli hv. 3.

þm. Reykv. að það var strax á árinu 1983 þegar hún var nýlega orðin menntmrh. að hún skipaði nefnd sem hún skýrði hér frá og ég átti sæti í og veitti reyndar forstöðu ásamt öðrum þm. hér, hv. 6. þm. Reykv. Við sátum báðar í þessum vinnuhópi og þar var mikið fjallað um þessi mál. Ég vil benda hv. 10. þm. Reykv. á, ef hann hefur ekki lesið þær tvær skýrslur sem voru gefnar út um störf nefndarinnar, að kynna sér þær því þar kemur ýmislegt fram um einmitt þennan þátt. Eitt af okkar verkefnum var að fjalla um nestismál skólabarna fyrir utan samfelldan skóladag og fleira sem lýtur að börnum í skólum.

En ég vil endurtaka það að ég tel að hér sé mjög gott mál á ferðinni, þ.e. að tryggja börnum nr. eitt, tvö og þrjú holla og góða næringu í skólanum á skólatíma. Það hefur sýnt sig og rannsóknir hafa sannað það að þeim börnum sem er tryggð holl og góð næring í skólanum gengur betur í námi en öðrum. Rannsóknir á þessu hafa verið gerðar erlendis og sanna að það er rétt.

Eins og ég sagði áðan, þá dreg ég í efa að það sé endilega nauðsynlegt að setja sérstaka löggjöf um þetta mál. Ég held að það sé miklu raunsærra að framkvæma þetta í skólum landsins og það sé vel hægt að gera það svo viðunandi sé.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þessi umræða er búin að vera fróðleg og ég ætla að bæta hér litlu við. Það kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að það hefði verið gerð skýrsla af hálfu borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem farið er yfir þetta mál. Ég kynnti mér einmitt þessa skýrslu og taldi að hún hefði verið fróðleg, en verð að segja eins og er að ég varð kannski enn þá meira undrandi á því eftir þeim upplýsingum sem þar lágu fyrir hvers vegna menn stoppuðu þegar þeir höfðu áttað sig á hlutunum. Því að í þessari skýrslu kemur það m.a. fram að það eru vannærð börn í skólum Reykjavíkur, og ekki bara í skólum Reykjavíkur heldur í íslenskum grunnskólum. Það er staðreynd sem ekki er hægt að horfa fram hjá og það verður ekki leyst með tilmælum til foreldra um að útbúa nesti fyrir börn sín þegar þau fara í skólann. Það verður ekki leyst nema með samræmdum aðgerðum á þann hátt að börnin eigi kost á og fái mat í skólanum. Í sumum tilfellum vitum við að það mundi ekki duga því að það væri óvíst hvort þau hefðu þá aðstöðu heima fyrir þar fyrir utan, að fá þann mat sem þau þurfa að fá. Þannig er sá veruleiki sem blasir við.

Ég vil einnig undirstrika það að það er líka að hluta til krafan um samfelldan skóladag sem knýr á um að þetta verði að forgangsverkefni vegna þess að sú breyting hefur orðið t.d., svo ég nefni heima á Vestfjörðum. Þar var það föst regla að gera hlé á skólastarfi í hádeginu svo að nemendur kæmust heim og hefðu sinn hádegisverð með foreldrum. Þetta hefur breyst. Sums staðar er ekkert tillit tekið til þess og kennt á fullu í hádeginu. Þegar nemendurnir svo fara heim kannski um tvöleytið, þá er oft þannig ástatt að móðirin er útivinnandi og faðirinn einnig þannig að það er enginn sem tekur á móti börnunum.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að ég vara við því að blanda því saman, sem er auðvitað mjög æskilegt, að foreldrar búi börn sín út með nesti og ekkert nema gott um það að segja og vafalaust gerir það mikill meiri hluti íslenskra foreldra, en það er ekki lausn á því máli. Það er ekki fullnægjandi í þeirri stöðu sem við erum með íslenskt samfélag. Ég vil túlka þessa umræðu á þann veg að hér hafi menn rætt um þetta allir á jákvæðan hátt sem til máls hafa tekið og ég vona endilega að við látum ekki einhverjar deilur um fortíðina í þeim efnum, hverjir hefðu átt að vera búnir að þessu og hvers vegna það var ekki gert, stöðva það að menn snúi sér að því að reyna að leysa þetta mál og koma þeirri skipan á sem er í Evrópu víðast hvar, í það minnsta Vestur-Evrópu, ég hygg hér um bil allri, að börnin fái máltíð í skólanum og vil minna í því sambandi á það að Íslendingar hafi einnig skrifað undir sáttmála þess efnis að börn eigi að eiga kost á skólagöngu sér að kostnaðarlausu. Það er ekki þeim að kostnaðarlausu með neinum rökum ef gert er ráð fyrir að þau fæði sig á eigin kostnað á sínum vinnustað.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Tillagan sem hér er flutt er góð, lýsir skynsamlegum áherslum í skólamálum og uppeldismálum. Þó hún kosti í framkvæmd kannski á bilinu 50–100 millj. kr. í öllum skólum landsins, þá er þetta engu að síður góð og þörf tillaga. Ég vona að menn geti sameinast um að gera það sem gera þarf í þessu efni, þ.e. að tryggja til þess fjármuni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því eða í greinargerð hennar ef ég man rétt að hluti af efniskostnaði og allur launakostnaður verði greiddur af hinu opinbera eins og það er orðað. Skv. nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru þetta verkefni sveitarfélaganna og við þurfum auðvitað að átta okkur á því hvort við ætlum sveitarfélögunum þetta verk, hvort við segjum við sveitarfélögin: Þið eigið að bera þetta. Úr því að þið vilduð taka skólana, þá skuluð þið taka þetta líka. Eða hvort við eigum að segja: Ríkið kemur þarna til skjalanna á ný ásamt sveitarfélögunum til þess að leysa úr þessu bráða vandamáli, a.m.k. fyrst um sinn og meðan verið er að koma þessu af stað. Ég hygg út af fyrir sig að svo geti verið að menn reyni að efna þarna til samyrkjubúskapar ríkis og sveitarfélaga um þessar skólamáltíðir.

Ég tel út af fyrir sig að það væri þegar hægt að gera átak í þessu efni í nokkrum fræðsluumdæmum strax í haust. Í sjálfu sér þurfi menn ekki að bíða mikið lengur vegna þess að það er ekki fyrst og fremst aðstöðuleysið sem hamlar, heldur eru það fjármunir og almenn skipulagning. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að fulltrúar flokkanna hér á Alþingi eru tilbúnir til þess að taka á þessu máli og m.a. að stuðla að því að fjármunir fáist í þetta verkefni því að það er rétt að þetta er forgangsverkefni.

Þetta er forgangsverkefni og hluti af því stóra verki sem blasir við Alþingi að gera sér grein fyrir því að hér þarf að koma á samfelldum skóladegi og lengdum skóladegi fyrir yngstu börnin. Það er mjög brýnt

úrlausnarefni. Um það mál hefur verið rætt hér í öðru samhengi, bæði þegar fjallað hefur verið um málrækt og þegar fjallað hefur verið um að verja börn fyrir ofbeldiskvikmyndum. Þetta er í rauninni þáttur af sama máli og ég vil leyfa mér að fagna því sérstaklega að það er á því vaxandi skilningur á Alþingi að hér er um að ræða svo brýnt mál að það þolir í rauninni enga bið. Og þó að hér sé um nokkra fjármuni að tefla þá eru þeir sáralitlir í samanburði við það tjón sem einstaklingarnir og þjóðfélagið verða fyrir vegna þess að þessi mál hafa verið vanrækt. Og það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að hér eiga menn ekki að vera að hnotabítast um það hver byrjaði og hvar heldur snúa sér að því að hrinda hlutunum í framkvæmd.

Það er mjög athyglisvert sem hv. 10. þm. Reykv. benti hér á áðan hvernig þessum málum er komið fyrir í Kópavogi þar sem skólamáltíðir hafa verið um langt skeið, eða allt frá 1982. Þar hefur sveitarfélagið í raun og veru gengið feti framar en mörg önnur sveitarfélög. Og Kópavogur hefur ekki einasta stigið feti framar en önnur sveitarfélög á þessi svið, að því er varðar skólamáltíðir, heldur hefur þar líka verið boðið upp á gæslu fyrir yngstu börnin umfram þann kennslukvóta sem ríkið kostar. Ég hygg að fá byggðarlög hafi í rauninni lagt jafnmikið fram varðandi uppeldismálin og grunnskólann sérstaklega og Kópavogur, umfram það sem ríkið gerir með beinum framlögum í því formi að kosta kennslukvóta í grunnskólana eftir tilteknum reglum. Þar er sem sagt um að ræða fordæmi sem auðvelt er að byggja á við skipulagningu þessara mála og ég endurtek þakkir mínar til þeirra hv. þm. sem hér hafa talað í málinu og skil þá svo að málinu muni verða fylgt eftir rösklega.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef áður minnst á það hér í þingsölum að mér þykir alltaf afar óæskilegt þegar hv. þm. flytja mál sín að ekki sé rakin nokkur saga málsins ef hún er einhver hér í þinginu. Ég hefði nú kannski ekki hirt um að rifja upp eigin þátt í þessu máli nema af því að það hafa aðrir gert hér á undan mér. En þess vegna skal það upplýst sem augljóslega allir eru búnir að gleyma hér inni að á 106. löggjafarþingi 1983 flutti ég ásamt Svavari Gestssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur till. til þál. um að komið yrði á einsetningu skóla, samfelldum skólatíma og skólamáltíðum. Og það sem meira var, þessi till. var samþykkt, að vísu breytt, sem ályktun frá Alþingi og send ríkisstjórninni sem slík.

Þetta hlýt ég að minna á, þetta gerðist 10. apríl 1984. Þannig að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að hér komi ekki fram í þskj. það sem áður hefur verið gert í þessum málum og það sé verið að leggja fram aftur og aftur mál sama efnis. Mig furðar á að fyrrv. hæstv. menntmrh., hv. 3. þm. Reykv., skuli ekki muna eftir þessu máli, vegna þess að hinn 19. mars 1985 bar ég fram fsp. í þinginu til þáv. hæstv. menntmrh. og spyr þar hvað líði framkvæmd þál. sem samþykkt var 10. apríl 1984, um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir. Og ástæðan fyrir þessari breytingu á texta er sú að þál. hljóðaði svo á endanum, með leyfi hæstv. forseta, eftir að frá henni hafði verið gengið í nefnd:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta kostnaðarauka ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi grunnskólanema. Sú kostnaðarkönnun miðist við í fyrsta lagi einsetinn skóla, í öðru lagi samfelldan skóladag, í þriðja lagi skólamáltíðir handa nemendum og starfsliði.

Jafnframt verði kannað hvort þörf fyrir skóladagheimili og skólaathvarf minnkar með samfelldum skóladegi og hverju sá sparnaður kann að nema.

Niðurstöður þessarar könnunar verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing. Kostnaður greiðist af ríkissjóði." Þetta var samþykkt á Alþingi 10. apríl 1984.

En í till. okkar sexmenninganna hljóðaði textinn á þá leið að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að fyrir næsta skólaár verði komið á einsetningu í grunnskólum og samfelldum skóladegi þar sem húsnæði og aðrar aðstæður leyfa.

Þegar ég bar síðan fram þessa fsp. um hvað þessu verki liði þá sé ég nú að hæstv. ráðherra hefur óskað eftir því að fá að fresta svarinu vegna þess að gögn hefðu orðið eftir heima. Síðan, í töluverðri umræðu sem varð um þetta mál hér 26. mars 1985 telur ráðherra að unnið sé að undirbúningi einmitt í þeirri nefnd sem áður hafði verið skipuð um þessi mál og ráðherra segir þá að hún hafi skilað áfangaskýrslu í október sl., þ.e. í október 1984, og þar segir einmitt hæstv. þáv. ráðherra, svipað og hún sagði áðan, að það þyrfti að vinna að þessum málum innan ramma þess húsnæðis sem væri fyrir hendi.

En þetta má allt lesa á bls. 3824 í þingtíðindum 1985 og eftir stendur að málið er svo sem ekki komið miklu lengra í dag þó að þessi þál. hafi verið samþykkt. (Gripið fram í.) Könnunin að vísu hefur farið fram en þar við situr.

En erindi mitt í þennan ræðustól er fyrst og fremst það að biðja eins og ég hef hvað eftir annað beðið hv. þm. að gera okkur öllum til glöggvunar að rekja feril *mála í þinginu ef málin eiga sér einhverja forsögu*, heldur en þau komi hér fram eins og það sé verið að tala um þessi mál í fyrsta skipti. Ég minnist einnig ágætrar þátttöku hæstv. forseta þessa þings og hv. 3. þm. Reykv. og ótal margra annarra sem hafa þrábeðið um aðgerðir í þessum málum, þannig að þetta þarf auðvitað að koma fram þegar fjallað er um mál af þessu tagi. Við komumst ekkert lengra með því að vera að jagast um hvert okkar hafi lagt málinu mest lið, einkum og sér í lagi þegar mest lítið hefur orðið úr framkvæmdum.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Hv. 13. þm. Reykv., forseti sameinaðs þings, kom með, sem oftar, umvöndun við okkur þm. Ekki mælist ég undan því að reyna að kanna málin

eftir því sem færi er, en ég er ansi hrædd um að jafnvel þótt við hefðum nú viljað tína til allar þær tillögur til þm. á liðinni tíð sem um þetta mál hafa fjallað þá hefðum við ekki tæmt þann lista með þessum umræðum.

Ég minnist þess að hafa heyrt þessa máls getið í þingæsku minni, sem ég nefni svo, og ævinlega öðru hvoru síðan. Það að ég mundi ekki sérstaklega eftir þessari till. hv. 13. þm. Reykv. skýrist nú væntanlega af því að þegar tillaga sú var flutt var málið þá þegar í fullum gangi. Skipan nefndarinnar í þessu skyni var, að ég má segja, fyrsta verk mitt sem menntmrh. Þannig að þá afsökun hef ég kannski fyrir því að muna ekki sérstaklega eftir þessari tillögu.

En rétt er það að þegar ég heyri nú tillöguna rifjaða upp þá einungis veldur sá lestur því að ég gleðst yfir því að sá áhugi vakir enn með hv. þm. fyrst till. er nú rifjuð upp. Ég vil nú sérstaklega brýna hv. þm., hæstv. forseta Sþ., að nú er tækifærið, nú er tækifærið og hefur verið frá því í júlímánuði 1987 — nei, 1988, skelfing finnst manni nú tíminn vera lengi að líða þegar sumir sitja við stjórnvölinn — en hvað um það. (Gripið fram í.) Já og aðrir ekki. En hvað um það, til að gera langa sögu stutta, ég vil nú hvetja hv. þm. til þess að taka höndum saman við hæstv. menntmrh. sem einnig léði þessu máli lið í orðum sínum hér áðan og útvega hjá flokksbróður sínum fjármagn það sem til þarf. Hygg ég að því mundi vel varið.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er vissulega athyglisvert að hlýða á þær umræður sem hér fara fram um, auðvitað, mikilsvert mál og nauðsynlegt nú á niðurskurðartímum að loknum kjarasamningum, þegar þeir sem ráða ferðinni í íslenskum stjórnmálum telja þörf á að skera niður um 1200 millj. frá því sem afgreitt var við fjárlög í desember.

Hæstv. menntmrh. upplýsti það hér að þessi till. mundi kosta á bilinu 50–100 millj., a.m.k. það, en ekki nóg með það. Um hvað er þessi till.? Hún er ekki um það að ríkið taki þetta á sig. Þessi till. er um það að bæta þessum fjármunum á sveitarfélögin sem töldu sig verða fyrir mikilli skerðingu við verkaskiptinguna sem búið er að framkvæma. Og þarna eru þessir hv. þm., án þess að ég sé á nokkurn hátt að lasta þetta mál, síður en svo, en þessir hv. þm. eru hér að flytja till. um það að bæta þessum a.m.k. 100 millj. á sveitarfélögin, auk þess sem þau þurfa að bera varðandi verkaskiptinguna. (**Gripið fram í:** Heldurðu að börnin þurfi ekki að borða?) Það kann vel að vera, hv. þm., þau hafa þurft það til þessa og framsóknarmenn ættu nú ekki að tala svona sem hafa stýrt landinu lengst af með íhaldinu í gegnum tíðina. Þau hafa kannski ekki þurft að borða fyrr en núna. Þá er líka kominn tími til. En þetta hefur ekki verið á vegum sveitarfélaganna fyrr en núna. Menn eru nefnilega að skjóta sér alltaf á bak við þá hluti sem þeir hafa sjálfir borið ábyrgð á lengst af. Maður skyldi ætla að hafi börnin þurft að borða áður þá hefðu þm. Framsfl. átt að íhuga það fyrr. Ég tala nú ekki um að stóri bróðir hefði þá átt að borga það, ekki sveitarfélögin. En nú er skipt um.

Þegar menn telja að búið sé að velta þessum kostnaðarhluta af ríkisvaldinu yfir á sveitarfélögin þá koma menn með svona tillögu, sem er vissulega góðra gjalda verð að efninu til, en þetta er helber sýndarmennska eins og þetta er flutt. Helber sýndarmennska af þeim sem hér standa að þessu máli vegna þess að velflestir þessara hv. þm. gátu löngu verið búnir að hrinda þessu máli í framkvæmd hefðu þeir viljað, hefðu þeir vitað áður að börnin þyrftu að borða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég verð nú að byrja á því að biðjast afsökunar á hv. 3. þm. Vestf., honum hefur farið aftur. Hann var bæði í skóla í gamla daga og einnig við kennslu og vissi þá hvernig þessu var háttað þegar vinnutími barna var miklu skemmri og börn voru komin heim áður en hádegisverður var borðaður. Hann er einnig í verkalýðshreyfingunni og þar var sett fram sú krafa fyrir nokkrum árum að Vinnueftirlit ríkisins yrði stofnað. Það var ekki aðeins krafa um að það yrði aðstaða til að matast á vinnustöðum heldur þurfti að setja fram kröfu um ákveðið rými meðan menn væru að matast og samkvæmt því rými þá mátti ekki sitja við öll borð hjá Hótel Holti, það var of þröngt samkvæmt kröfunum sem þeir gerðu þessir herrar. Ég held þeim væri nær að vera ögn meiri jafnaðarmenn og ætla börnum og fullorðnum jafnari hlut í þessu samfélagi. Það má vel vera að hann lifi það sem fleiri — tvisvar verður gamall maður barn, stendur einhvers staðar, þannig að þetta á e.t.v. eftir að horfa til bóta þó seinna verði, en það getur orðið nokkur bið.

Ég gat aftur á móti ekki á mér setið að standa upp til að leiðrétta mjög slæman misskilning sem kom fram hjá hv. 13. þm. Reykv. Það er alls ekki verkefni forseta að prédika yfir þingmönnum hvernig þeir eigi að standa að málatilbúnaði. Þar verða þingmenn að eiga að sjálfsögðu við sjálfa sig hvað þeir rifja upp. Ólíkt var það meiri högværð hjá hæstv. menntmrh. hvernig hann flutti hér sitt mál þó að enginn efi að hann hafi haft áhuga á þessu máli og það mikinn þegar hann lagði fram sína beiðni um að þetta yrði kannað. En spurningin er, er könnun sama og framkvæmd? Það er nú af og frá. Menn geta kannað öll virkjunarsvæði Íslands, fallvatn og annað, án þess að virkja nokkurn skapaðan hlut. Hvað dvaldi hv. 13. þm. Reykv. eftir að upplýsingarnar lágu fyrir að sækja þá fram að nýju og ætlast til þess að þetta yrði framkvæmt? Hvað dvaldi?

Auðvitað er þetta ekki það sama. Annars vegar er köld ákvörðun um það að leggja það til að þetta verði gert og þeir fjármunir teknir af íslensku samfélagi sem þarf til að hrinda því í framkvæmd, hv. 3. þm. Vestf., og menn setji börn ekki í annan eða þriðja flokk sem þegna í þessu landi heldur láti þau hafa full mannréttindi þar sem gert er ráð fyrir að þau þurfi mat eins og aðrir, eða þá hitt að menn vilja bara veifa

könnunum og láta svo allt kyrrt liggja þegar þær kannanir liggja fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins stutt athugasemd. Í tilefni af því sem kom fram áðan í umræðunum um að kostnaðurinn við þetta mál mundi lenda fyrst og fremst á sveitarfélögunum, þá vil ég nefna það að í þeirri nefnd sem var minnst á áðan og fjallaði um verkefnið tengsl fjölskyldu og skóla og skipuð var af þáv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur voru gerðar kannanir um ósk nemenda, kennara og foreldra um þau meginatriði sem breyta þyrfti í skólanum. Þar var ofarlega í huga flestra, bæði nemenda, foreldra og kennara, eða skólastjóra reyndar því það bárust ekki svör frá kennurum, að koma þyrfti á máltíðum eða möguleika til þess að neyta nestis í skólum. Þetta var könnun sem gerð var á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu.

Önnur könnun sem gerð var úti á landi sýndi að þar voru þarfir aðrar. Þar var víða þannig háttað að börnin og foreldrar þeirra, eða a.m.k. foreldrarnir og kennararnir, töldu eðlilegt að börnin færu heim í hádeginu. Það færu flestir heim í hádeginu til þess að matast og vegalengdir væru ekki það miklar að það væri þægilegt og eðlilegt. Þá gæfist fjölskyldunni líka tækifæri til þess að hittast um miðjan daginn. Auðvitað þarf þetta að fara eftir aðstæðum og staðháttum á hverjum stað og í hverju byggðarlagi svo að kannski verða það ekki nema sum sveitarfélögin sem þurfa að bera þennan kostnað og þá miklu fremur í þéttbýlinu en í dreifbýlinu. Þetta þarf auðvitað allt að athuga. (Gripið fram í.) Í sveitunum já, en síðan eru kannski þorp og bæir þar sem gegnir öðru máli, enda var minnst á, held ég, heimavistarskóla og mötuneyti þar í umræðunni áðan. Ég vildi bara vekja athygli á þessu. Það háttar misjafnlega til víða um landið. Hins vegar afsakar það ekki að þessi mál skuli ekki vera í betra horfi og það skuli í raun og veru þurfa að tala um þau hér á Alþingi. Það er engin afsökun fyrir því.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þm. þær ágætu undirtektir sem þetta mál hefur hlotið hér og þessar ágætu umræður. Eftir að hafa hlýtt á mál þm. hér þykist ég þess fullviss að þetta mál muni fá brautargengi í þinginu.

Í máli hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur komu fram ýmsar ábendingar og hún vísaði sérstaklega til frv. sem kvennalistakonur hafa flutt um grunnskóla. Ég er alveg sannfærður um að einmitt í því frv. og í hennar máli komu fram ýmsar ábendingar sem eru gagnlegar fyrir þetta mjög svo mikilvæga mál.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsti þáltill. sem samþykkt hafði verið hér að undirlagi þeirra sjálfstæðismanna. Annað atriðið í þeirri þáltill. sem hún nefndi sérstaklega var samfelldur skóladagur. Ég hygg að hún hafi orðað það eitthvað á þann veg að tómt mál væri að tala um samfelldan skóladag nema að unnt væri að matast í skólanum og þess vegna væri hér um að ræða hliðar á sama máli.

Ég er ekki alveg sammála þessu vegna þess að það að koma á samfelldum skóladegi og einsetningu í skólum er gríðarlega mikið mál. Getur kallað á fjárfestingu og mikla skipulagningu. Það er hins vegar mjög mikilvægt líka. En þessi þáltill. gerir í rauninni ráð fyrir því að breyta áherslunni þannig að koma máltíðunum á nú þegar þó að hitt sé ekki komið. Ég er alveg sammála málflutningi hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur í því, að samfelldur skóladagur verði ekki nema unnt sé að matast í skólunum. Hin hlið málsins er sú hvort unnt er að koma því við að hægt sé að matast í skólunum þó að samfelldur skóladagur sé ekki kominn. Það er það áhersluatriði sem við höfum tekið fram fyrir með flutningi þessarar þáltill.

Hv. 6. þm. Reykn. gerði að umræðuefni þau orð mín að Reykjavíkurborg hefði haft skakkar áherslur þar sem ég í minni framsöguræðu lét að því liggja að þetta ríkasta sveitarfélag landsins hefði lagt meiri áherslu á ytri umbúnað og miklar byggingar en að sinna hinum innri málefnum og í þessu tilviki börnunum sjálfum. Hún taldi að skilningur væri mjög að aukast á því einmitt í Reykjavík að þarna þyrfti að breyta. Ég kemst ekki hjá því, vegna þessara orða þm., að vekja enn á ný athygli á því að Kópavogskaupstaður hefur af vanefnum sínum ráðist í framkvæmd þessara mála og framkvæmt mjög athyglisverð atriði á þessu sviði vegna þess hve málið er brýnt. En ríkasta sveitarfélag landsins sem ræðst í framkvæmdir sem vekja undrun allra landsmanna og hefur meiri fjárráð og meira fé til umráða en nokkurt annað sveitarfélag og mér liggur við að segja nokkur aðili þjóðfélagsins, hefur ekki séð ástæðu til að gefa gaum að þessu atriði.

Án þess að ég geri það sérstaklega að umræðuefni hér vegna þess að til þess mun gefast tækifæri síðar, þá er þetta enn eitt dæmið um rangar áherslur borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík. Á sama tíma og menn sjá ástæður til þess að byggja ráðhús og hringekjur, sem út af fyrir sig geta verið góð mál, þá eru líklega eru fleiri börn vannærð í Reykjavík en nokkurs staðar annars staðar á landinu einmitt vegna þess að borgaryfirvöld hafa ekki á sama hátt og yfirvöld í Kópavogskaupstað séð ástæðu til þess að bregðast við þessu vandamáli. Menn hafa einmitt, svo ég noti orð hv. 6. þm. Reykn., gefið meiri gaum og lagt þyngri áherslur á ytri umbúnað heldur en að sinna hinum félagslegu málefnum og í þessu tilviki börnunum sjálfum. Kannski er þarna um að ræða grundvallarágreininginn sem uppi er um stjórn Reykjavíkurborgar í dag. Um það skulum við ekki fara fleiri orðum hér en það er þó alveg ljóst að á sama tíma og þetta gríðarlega ríka sveitarfélag hefur mikla fjármuni og ræðst í meiri framkvæmdir en landsmenn hafa séð dæmi um áður, þá eru börn hér vannærð og tannskemmdir miklar í borginni, samanber skýrslur skólatannlækna. Heilbrigði og þroski barnanna og jafnvel námsárangur falla í skuggann fyrir byggingargleði, að ég tali nú ekki um áhyggjur foreldra sem vita af þessum vandamálum og fá ekki við ráðið. Hér er þungamiðjan í stefnu og framkvæmdum Sjálfstfl. í Reykjavík beinlínis á borðinu.

Ég vil taka undir þau orð sem menntmrh. lét falla hér. Mér fannst hann tala gott mál. Ég held að sá kostnaður sem við ræðum sé ekki stór. Ég er líka sammála honum í því að ég hygg að hér eigi að vera a.m.k. í byrjun um að ræða nokkurs konar samyrkjubúskap ríkis og sveitarfélaga meðan við erum að koma þessu máli á.

Ég hygg að hv. þm. Karvel Pálmason hafi misskilið málið dálítið í sínum málflutningi og geri það nú ekki frekar að umræðuefni.

Ég legg áherslu á það að ég er ekki sammála hv. 13. þm. Reykv. í því máli sem hann flutti um nauðsyn sagnfræðinnar í hverju máli. Kannski gera menn of mikið af því, einmitt hér í þingsölum, að lesa upp úr skýrslum og rekja fortíðina. Skýrslur geta verið ágætar en því miður verða þær sjaldnast að gagni nema bara fyrir þá sem ætla að semja aðrar skýrslur og lesa þær þess vegna. Það sýnir sig að þær skýrslur sem unnar voru í kjölfar þeirrar ágætu tillögu sem hv. 13. þm. Reykv. var flm. að og gerði hér að umræðuefni, að framkvæmdir í kjölfar þeirrar þáltill. hafa litlar sem engar orðið.

Sú þáltill. sem hér liggur fyrir er afdráttarlaus, hún gerir ráð fyrir því að skólamáltíðum verði komið á næsta haust. Þetta er ekki meira mál en það að það er enginn vandi að hrinda því í framkvæmd. Um þetta þurfum við hvorki fleiri kannanir eða skýrslur. Málið liggur algjörlega ljóst fyrir, málið er grafalvarlegt og það þolir enga bið. Þess vegna fagna ég alveg sérstaklega undirtektum þm. við þessu máli og treysti því að einmitt þau orð sem þeir hafa látið falla endurspegli þá skoðun þeirra og vilja að þetta mál fái brautargengi hér í þinginu og komist til afgreiðslu.

En, virðulegi forseti, má ég aðeins gera eina leiðréttingu: Í upphafi máls míns fór ég fram á að þessari till. væri vísað til hv. allshn. Að betur athuguðu máli hygg ég að heppilegra sé og jafnvel réttara að vísa till. til hv. félmn. og geri það því að tillögu minni að svo verði gert.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Maður skyldi ætla að flm. þessarar till. væri kunnugur málefnum Reykjavíkurborgar. Maður sem einu sinni lét þau mál mjög til sín taka og veittist m.a. harkalega að meiri hluta sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg fyrir þá ósvinnu að telja nauðsynlegt að Sundahöfn risi og taldi að gömlu hafnarmannvirkin hér niður við miðbæ mundu duga Reykvíkingum um aldur og ævi.

Það er eðlilegt að gera þá kröfu til slíks manns að hann sé kunnugur málefnum Reykjavíkurborgar og getur maður þá kannski látið sér detta í hug að honum sé kunnugt um það að þau ár sem Sjálfstfl. hefur haft forystu í málefnum Reykjavíkurborgar hefur fræðsluráð Reykjavíkur haft mikla forystu í sambandi við menntunarmál barna.

Það er skemmst að minnast þess þegar reglulegur skóladagur var tekinn upp fyrir sex ára börn. Það er skemmst að minnast þeirrar forystu sem fræðsluráð Reykjavíkur hefur haft um sálfræðilega þjónustu, um sérkennslu og önnur málefni sem lúta að börnum sem standa höllum fæti og má á mörgum öðrum sviðum rekja þá miklu forystu sem Reykvíkingar hafa haft í menntunarmálum ungs fólks og er ekki vafi á því að svo mun halda áfram enn um sinn, á meðan Reykvíkingar fá að vera í friði með sitt fræðsluráð. Þó ég geti ekki neitað því að sá klofningur sem kominn er upp í stjórn skólamála í Reykjavík eigi rætur sínar að rekja til þess að framsóknarmaður fór um stutt skeið með menntmrn. og kom þá á vissri óreglu í yfirstjórn skólamála í Reykjavík. Það er að vísu annað mál.

Ég get vel tekið undir ummæli þm. um það að samfelldur skóladagur sé æskilegur. Þetta er mál sem skólafólk hefur barist fyrir mjög lengi, um áratugi, en það hefur strandað á því að fjármunir hafa ekki verið fyrir hendi til þess að sinna þessu verkefni.

Sá maður sem er flm. að till. sem liggur fyrir á betri aðgang en við í stjórnarandstöðunni að því hvernig staðið er að fjárlögum hverju sinni. Það varð ekki vart við það við afgreiðslu fjárlaga að 1. flm. þessarar till. hefði uppi neinar sérstakar áherslur sem sýndu fram á að hann hefði brýnan áhuga á málinu. Það getur út af fyrir sig verið gagnlegt að flytja till. til þál. til þess að leggja áherslu á óskir sínar en á hinn bóginn er brýnt ef þm. í stjórnarandstöðu vill láta taka mark á sér að fyrir liggi einhver áætlun um hvernig hann ætli að afla fjár til verkefnisins. Að fyrir liggi einhver viljayfirlýsing frá viðkomandi þm. um það að hann vilji skera niður eitthvað annað af ríkisútgjöldum ef svo ber undir, eða hvaða hugmyndir hann hefur um nýja skattlagningu.

Nú hefur þessi þm. að vísu sýnt óvenjulegt hugmyndaflug með því að leggja fyrir þingið frv. um það að skattleggja hóffjaðrir. Mér telst til að það eigi að borga 48 kr. í ríkissjóð af hverjum hesti sem járnaður er. „Lítið dregur vesælan" stendur einhvers staðar og „Litlu verður Vöggur feginn" og má vera að þetta dragi eitthvað. En ég er hræddur um samt að tekjurnar verði næsta litlar til þess að hrinda í framkvæmd öllum þeim miklu framkvæmdum sem þessi hv. þm. ber fyrir brjósti.

Mér hefði þótt, hæstv. forseti, meiri myndarbragur yfir málflutningi þessa þm. ef hann hefði sleppt þessum skömmum um fræðsluráð Reykjavíkur og stjórn Reykvíkinga á skólamálum vegna þess að hann á að vita betur og vegna þess að hann á að vera mjög kunnugur þeim málum. En hér fer sem oftar að það virðist vera nokkuð sama hvaða málefni ber upp á þingi, þegar stjórnarsinnar komast í ham þá reyna þeir með einhverjum ráðum að varpa skugga á stjórn sjálfstæðismanna á Reykjavíkurborg og gengur illa, en eru meira hikandi við hitt að snúa sér að sínum eigin mönnum sem bera ábyrgð á stjórn landsins, sem bera ábyrgð á stjórn fræðslumála og skólamála.

Það var um daginn til umræðu skýrsla hæstv. menntmrh. um málvernd. Þar voru líka settar fram ýmsar óskir, fallegar óskir, en á hinu bar minna hvar ætti að afla fjármuna til verkefnisins. Nú skilst okkur að hæstv. menntmrh. hafi sagt að hann muni segja af sér ef ekki takist að halda áætlun um Þjóðleikhús,

hefði kannski verið nær að hann hefði lýst því yfir að hann segði af sér ef ekki væri hægt að halda áætlun um Þjóðarbókhlöðu en sérstakur skattur hefur verið lagður á í því skyni.

Ég sé svo ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að ræða þetta meira. Það er auðvitað laukrétt að við þurfum að stefna að samfelldum skóladegi en hitt er líka rétt að ástandið í menntmrn. er nú ekki beint gott upp á síðkastið. Mér skilst að þar sé búið að stofna sérstakt embætti sem heitir „breytingastjóri" og sá maður hafi það verkefni helst að endurskipuleggja menntmrn. frá degi til dags og mér skilst að andrúmsloft þar innan dyra sé ekki gott þessa dagana. En auðvitað er nauðsynlegt að skera upp ráðuneytið, auðvitað er nauðsynlegt að endurmeta þau verkefni sem því hafa verið falin og auðvitað er nauðsynlegt að koma á miklu betri og einbeittari stjórn fræðslumála en verið hefur.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir það mjög miður að þurfa að koma aftur í ræðustól vegna orða hv. 10. þm. Reykv. þar sem ég var ekki sátt við í fyrri ræðu hans þær athugasemdir sem hann gerði um áherslur skólayfirvalda í Reykjavík, taldi þær vera rangar. Ég gerði athugasemdir við þetta og benti honum á að það væri margt gott sem hefði verið gert í Reykjavík og ég væri ekki sammála þessum athugasemdum hans. Þetta varð til þess að hann fann hjá sér þörf og hvöt til þess að fara að blanda flokkapólitík inn í þessi mikilvægu mál sem eru fjölskyldumál, velferð fjölskyldnanna og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík að hans mati og velferð heimilanna og barnanna í skólanum. Ég verð að upplýsa hv. 10. þm. Reykv. um það að við höfum oft í Ed. Alþingis rætt þessi mál og ég minnist þess ekki að það hafi nokkurn tíma verið blandað þar inn í pólitík af slíkum toga sem hv. 10. þm. Reykv. gerði í ræðu sinni áðan, sem mér finnst vera mjög ósmekklegt og ég bið hv. þm. um að hugleiða það hvort þetta sé ekki slíkt velferðarmál að það eigi að vera hafið yfir umræðu á slíku plani sem hann hóf hér.

Hann sagði að heilbrigði og þroski barna í skólum Reykjavíkur félli í skuggann fyrir byggingargleði meiri hluta borgarstjórnar. Slíkur málflutningur finnst mér fyrir neðan allar hellur. Þetta er ekki vettvangur til þess að ræða málin á þennan hátt.

Hann sagði líka að fjöldi vannærðra barna væri mikill í Reykjavík og það má rétt vera og þau eru það sennilega víða. En það er kannski ekki eingöngu að kenna meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur að börn séu vannærð í Reykjavík. Það er vissulega dapurleg staðreynd ef rétt er og það þarf auðvitað að bregðast við slíku. Ég efast ekki um að þeir sem um slík mál fjalla í Reykjavík, Félagsmálastofnun og aðrir aðilar, reyni eftir fremsta megni að bregðast við slíkum vanda. Auðvitað er það mál sem hér er flutt í dag einmitt einn liður í að koma í veg fyrir að börn í grunnskólum séu vannærð með því að skapa þeim aðstöðu til þess að fá holla næringu í skólum.

Mér dettur í hug að nefna það hér að í a.m.k. 20

grunnskólum í Reykjavík er boðið upp á lengda viðveru umfram það sem skylda er, sérstaklega fyrir 6–8 ára börn og það er kannski ofurlítill vottur um að það sé hugsað um eitthvað fleira heldur en að byggja eins og hv. 10. þm. Reykv. gat um.

Hann sagði líka að málið væri brýnt og ég vil taka undir það. En ég get ekki séð að þessi þáltill., jafnvel þó samþykkt væri, tryggði það að leysa þetta brýna vandamál þannig að öll börn í grunnskólum landsins fengju máltíðir á haustinu 1990 eins og gert er ráð fyrir. Ég vildi benda hv. þm. á að það hefði verið skynsamlegra fyrir hann, þar sem um svo brýnt mál er að ræða að hann telur að það þurfi að semja frv., að leggja sjálfur fram frv. um málið en ekki þáltill. og fela ríkisstjórninni að semja frv. Það hefði verið miklu nær að hann hefði gert það sjálfur og lagt það fram. Það mundi flýta fyrir gangi málsins. En ég vil þó ítreka það að ég er ekki sammála því að það þurfi að semja frv. því að hér er um framkvæmdaratriði að ræða. Hér er um vilja skólamanna á hverjum stað að ræða, að skapa þessi skilyrði með því að veita börnum holla og góða næringu í skólanum sem er vel hægt að gera án þess að frv. sé flutt, án þess að lög séu sett, með því að nýta þá aðstöðu sem er til á hverjum stað.

Þetta vildi ég láta koma fram. Fyrst og fremst að gera athugasemdir við þennan málflutning sem hv. flm. hafði hér uppi vegna þessa mikilvæga máls, sem ég tel vera hafið yfir þá flokkadrætti sem komu fram hjá honum. Ég vildi í lokin benda honum á að Framsfl. er í ríkisstjórn. Hann leiðir þessa ríkisstjórn. Framsfl. hefur leitt ríkisstjórn í bráðum tvo áratugi eins og hann hefur sjálfur, ef ég man rétt, einmitt minnt á, áratugi Framsfl. Og nú er Alþb. einnig í ríkisstjórn, þeir hafa fjármálin svo að við sjáum það að málin hljóta þá að vera leyst. Við sjáum fram á það og ég gleðst yfir því.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá orð í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa orðið og fyrst út af hv. 2. þm. Vestf. Ólafi Þórðarsyni. Ekki ætla ég að gera samanburð á menntalegu útliti okkar tveggja. Ég hygg að allt hans fas beri með sér og útlit miklu meiri menntabrag en ég hef til að bera í þeim efnum þannig að það mál er þó afgreitt.

Varðandi hitt málið og það sem kom fram hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, frsm. og 1. flm. að þessari tillögu, um að ég hafi misskilið málið. Hann orðaði það svo að ég hefði misskilið málið en vildi ekkert tala um það á hvern veg það hefði verið. Hvað var það sem ég misskildi? Með leyfi forseta, tillagan er svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram lagafrv. er tryggi að komið verði á máltíðum í hádegi í öllum grunnskólum landsins haustið 1990."

Þetta skal gera. Mín spurning var þessi: Hver á að borga? Það geta ekki verið að mínu viti nema tveir aðilar. Ég hélt því fram og hélt ég vissi rétt að þarna væri verið að leggja kvaðir á sveitarfélögin. Þarna

væri verið að skikka þau til þess að borga 100 millj. eins og hæstv. menntmrh. upplýsti hér áður í umræðunni, umfram það sem verkaskiptingin gerði ráð fyrir sem búið er að afgreiða. Hvaða misskilningur er í þessu hjá mér? Ef sveitarfélögin eiga ekki að borga það, þá á ríkið að borga það hlýtur að vera, hv. þm. Annað hvort hlýtur að vera. Þannig að hundrað milljónirnar hljóta að koma frá öðrum hvorum þessum aðila. Þetta gerist á sama tíma og menn nánast leggja höfuð að veði í því að skera niður vegna kjarasamninganna og þar eru menn að tala um 1200 millj. Svo koma þm. Framsfl. og leggja til að bæta við a.m.k 100 millj. í útgjaldaauka vegna þessa. Hvort sem það lendir á sveitarfélögum eða ríkissjóði. Eru þetta heilindi í þeirri baráttu sem menn eru að tala um að þurfi að heyja í þjóðfélaginu? Vegna hvers? Vegna vanstjórnar stjórnvalda og ekki hvað síst Framsfl. í gegnum árin og áratugina. Hér er ekki verið um neinn misskilning að tala. Þetta eru þær staðreyndir sem hljóta að blasa við. Hér eru menn ekki að deila um þörf eða nauðsyn þessa máls. Það er fjöldinn allur af málaflokkum sem nauðsynlega þyrfti að hrinda í framkvæmd. Þessi er kannski einn af þeim. En menn geta ekki verið svona tvískinnungsháttugir í þessum efnum. Stjórnmálaflokkur, einn af stærri stjórnmálaflokkum landsins, sem búinn er að halda um stjórnvölinn í áratugi, þingmenn hans geta ekki verið svona ábyrgðarlausir í málflutningi hér á Alþingi. *Það er slepjukennt af þeim hv. þm. sem* koma með slíkar tillögur á þessum tíma í því ástandi þegar velflestir eru sammála um að þurfi frekar að draga úr en bæta við. Og ég bið um svar hv. þm., 1. flm. og frummælandi, hvað misskildi ég í þessu máli? Hver er misskilningurinn? Eða á enginn að borga þetta? Ef svo er, þá hef ég misskilið málið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er leiðinlegt til þess að vita ef jafnágætt málefni eins og hér er á ferðinni lendir þannig milli flokka vegna innbyrðis deilna að málið fái ekki þá afgreiðslu sem það verðskuldar. Ég hygg að allir sem einhvern tíma hafa komið nálægt stjórnun þessa lands, hvort sem er í sveitarfélögum eða í ríkisstjórn, eigi þarna nokkra sök og því þurfi ekki að vera að metast um það hverra sökin sé mest, en að gleðjast fremur yfir því ef allir eru nú sammála um að það sé mál til komið að taka til óspilltra málanna að koma þessum málum í lag.

Það er því miður ekki bara þetta eitt sem aflaga fer. Ef menn ætla að fara að telja upp syndalista, þá er hægt að nefna svo ótal margt annað hvað varðar börn. Má þá sérstaklega af þessu tilefni fyrst minna á sundurslitinn og stuttan skóladag. Það má minna á skort á dagvistun og skóladagheimilum. Það má minna á langan vinnutíma foreldra sem bitnar fyrst og fremst á börnum. Það má minna á þá láglaunastefnu sem virðist hafa verið fest í sessi og hún bitnar líka illilega á börnum. Hér hafa menn talað um vannæringu barna. Það skyldi þó ekki vera að láglaunastefna væri ein orsök vannæringar barna? Það mál sem er til umfjöllunar, að ekki skuli vera kostur á að neyta matar í skólum, er líka eitt dæmið enn um vanrækslu á börnum og það hversu aftarlega þau koma í forgangsröð þegar fé er úthlutað.

Það er líka eitt sem má nefna í þessu sambandi og það er það að skólar landsins hafa ekki megnað að framfylgja lögum og námsskrá. Þá er fyrst til að taka að lélegust er framkvæmdin í svokölluðum list- og verkmenntagreinum en heimilisfræði fellur einmitt þar undir og er ég þá kannski komin að tilefni þess að ég kem hér upp.

Þess er getið hér í fskj. 1 með tillögunni sem hér er til umræðu að skólamáltíðir hafi verið teknar upp í Kópavogi og þar er ein setning sem vekur athygli, ein af mörgum réttara sagt, en ein sem ég vil gera að umtalsefni og það er að í tveimur skólum vinna nemendur við að afgreiða matinn. Væri fróðlegt að fá örlítið nánari upplýsingar um hvernig því hefur verið hagað og hvern árangur það hefur borið.

Ég held að það sé nefnilega hollt fyrir okkur að hugleiða hvernig staðið hefur verið að þessum málum, hvort það sé ekki eðlilegt að börn og unglingar taki þátt í að leysa þennan vanda. Er ég þá ekki fyrst og fremst að hugsa um í sparnaðarskyni, þó að það sé út af fyrir sig ekki ókostur ef sparnaður hlytist af, heldur er ég að hugsa um uppeldislegt gildi þess að þeir taki þátt í því að undirbúa, afgreiða og ganga frá máltíðum. Ég hygg að það mætti vel koma því á með *góðu skipulagi að eftir vissan aldur tækju nemendur* fullan þátt í því og láta það ganga milli bekkja með einhverju móti. Það þyrfti ekki að taka svo langan tíma frá öðru námi á hverjum vetri en gæti jafnframt kannski talist hluti af heimilisfræðslu.

Það er nú svo að þegar báðir foreldrar vinna utan heimilis eins og nú mun í flestum tilfellum, þá er ekki mikill tími afgangs á heimilum til þess að koma til skila ýmsum þeim atriðum í uppeldi sem foreldrar kannski vildu. Þegar komið er heim eftir langan vinnudag eru það kannski aðrir hlutir sem foreldrar vilja fremur sinna í uppeldi en endilega því að upphefja sífelldar áminningar og leiðbeiningar um umgengni á heimilum, þó að ég haldi að við þekkjum flest að þess væri mikil þörf. En þegar samverustundir eru fáar og styttri en e.t.v. flestir óskuðu eftir, þá stendur valið um það, hvernig eyða skal stundunum með börnunum og á hvað lögð er áhersla.

Það þekkja sjálfsagt allir foreldrar að koma heim að kvöldi til eftir vinnudag og detta um úlpur og skófatnað, koma í eldhúsið og sjá allt ófrágengið eftir *daginn o.s.frv. Auðvitað taka flestir reglubundnar* rispur í þeim málum en eins og ég segi, ég hygg að flestir kjósi þó að verja tímanum með börnunum á annan veg. En þarna gæti skóli vissulega komið inn í með því að leggja börnum og unglingum þessa ábyrgð á herðar og gera þeim ljóst að matur kemur ekki á borð með einhverjum töfrabrögðum. Hann hverfur heldur ekki af borðum með einhverjum töfrabrögðum og góð umgengni er vegna þess að einhver tekur til en ekki vegna þess að einhver Ajaxbrúsi þjóti um eldhúsið eins og við sjáum í auglýsingunum.

Mér hefur t.d. alltaf þótt það alveg sjálfsagt mál að börn sem komin eru yfir einhvern tiltekinn aldur, það má deila um hann, þrifu sínar skólastofur sjálf. Ég get ekki skilið tilganginn í því að það komi alltaf aðrir til skjalanna þegar börnin eru horfin af vettvangi og taki til eftir þau. Og er sannfærð um að það mundi leggja þeim skyldur á herðar um bætta umgengni í skólum ef þau þyrftu að sjá sjálf um t.d. sína eigin kennslustofu. Það væri ekki óhóflegt vinnuálag á neinn nemanda og kæmi kannski til kasta hans 1–2 í mánuði. En meðvitaður yrði hann um sína eigin umgengni og félaga sinna og sama gildir þá um væntanlegar skólamáltíðir, sem ég vona að ég geti fullyrt að séu væntanlegar, og vil ég biðja menn að hugleiða þennan þátt í umfjöllun þessa máls, að börnin verði gerð ábyrg líka.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil bera það af mér að hér sé um sýndarmennsku að ræða og bera það af mér að hér sé um slepjulegan málflutning að ræða. Hins vegar mættu þm. almennt vita það að í sumum skólum landsins eru skólamáltíðir. Þar bera sveitarfélögin, ríkið og foreldrarnir kostnað af þessum máltíðum. Mig undrar það ef það er orðinn málflutningur jafnaðarmanna hér í sölum Alþingis að það sem eigi að stuðla að félagslegu réttlæti í þessu landi sé kallað sýndarmennska.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð að gefnu tilefni vegna þess að ég er einn af flm. þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir.

Ég vil beina því til hv. 3. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar þar sem hann var að tala um kostnaðinn af þessari tillögu næði hún fram að ganga, að menn verða að gera sér grein fyrir því að það eru nú tveir dálkar í bókhaldinu og flestir sem hafa komið hér upp og talað um þetta af fullkominni hógværð hafa einmitt getið um það hvað sparast á móti þeim 50–100 millj. sem hæstv. menntmrh. gat hér um áðan.

Við megum ekki gleyma því að við erum að tala um mikinn sparnað á margvíslegan hátt sem yrði ef þetta næði fram að ganga. Ég treysti mér ekki til að nefna tölur þar um. Ég veit það bara af því að skoða málið og kynna mér það að um mikinn sparnað er að ræða, og ekki bara í tannlækningum eins og hér hefur verið talað um. Það eru margir aðrir þættir sem þar koma til.

Annað vil ég líka koma inn á vegna þess að hv. þm. Karvel Pálmason hefur mikið talað um að við lifum á niðurskurðartímum á því fjárlagaári sem nú er og þess vegna þurfi og ætli ríkisstjórnin sér að skera niður fjárveitingar upp á ákveðnar upphæðir og ég skal segja það hér að ég fagna því að hún skuli ætla sér að gera slíkt. Ég hef verið talsmaður þess. En hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram lagafrv. er tryggi að komið verði á máltíðum í hádegi í öllum grunnskólum landsins haustið 1990."

Nú veit ég að það eru miklir afreksmenn í þessari ríkisstjórn. En ég verð að segja það og vera svo hreinskilinn að ég hef ekki trú á því að ríkisstjórnin komi með frv. áður en við förum heim í vor sem næði fram að ganga. Ég vil vera það raunsær að ég mundi fagna því ef við gætum komið því frv. fram og fengið það samþykkt í haust þannig að á árinu 1991 gengi þetta mál til framkvæmdar. Það held ég sé raunsætt mat miðað við það sem stendur í tillögunni. Ég held því að bæði hæstv. menntmrh. sem eitt sinn flutti slíkt mál sem þetta og hv. þm. Karvel Pálmason geti þess vegna sofið rólegir út af því að þetta ætti nú ekki að setja ríkissjóð á hliðina á þessu ári. (**Gripið fram í:** Á næsta ári.) Nei.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Til mín var á ný beint spurningum. Ein stutt athugasemd vegna ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Hann minnti sérstaklega á Sundahöfnina sem var framkvæmd í Reykjavík. Sundahöfnin er góð framkvæmd og nýtist vel en hún er dæmi um framkvæmd sem var skakkt tímasett og stóð árum saman ónotuð í Reykjavík.

Vegna spurningar Karvels Pálmasonar vil ég segja að ég taldi að í máli hans hefði komið fram misskilningur. Sá misskilningur lá, að mínu viti, í því að hann lýsti því yfir í fyrstu ræðu sinni að verið væri að varpa þessum bagga á sveitarfélögin, klárt og kvitt. Það er að mínu viti misskilningur vegna þess að í grg. kemur sérstaklega fram hver þáttur hins opinbera gæti verið í þessu máli. Hið opinbera í þeim skilningi er ríki og sveitarfélög. Ég held líka að þegar þessi þm. segir: Annaðhvort borgar ríkið eða sveitarfélögin, um annað er ekki að ræða, sé enn á ný misskilningur í máli þm. vegna þess að víðast hvar taka foreldrar þátt í þessu líka. Börnin þurfa að borða og þau greiða einhvern hluta af kostnaðinum þannig að þriðji aðilinn kemur til. En jafnframt er gert ráð fyrir því hér að ríki og sveitarfélög axli þessa byrði saman. Þess vegna fannst mér að þm. hefði misskilið málið. Nú má vel vera að hann hafi hagað sínum málflutningi það óskýrt miðað við sínar hugsanir að ég hafi misskilið hann og ætla ég ekki að fara frekar út í það.

Aðeins örstutt, vegna ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Það er rétt að þeim mun seinna sem þessi þáltill. kemst til afgreiðslu hér, þeim mun minnka líkurnar á að við náum haustinu. Það hefur dregist nokkuð að koma henni á dagskrá og tala fyrir henni og þess vegna eru minni líkur á að hún nái fram.

Og síðan örfá orð vegna ræðu hv. 6. þm. Reykn. Ég heyri að henni hafa sárnað þau orð mín sem ég lét falla um borgarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík. Um það þarf ekki að fara neinum orðum. Það eru allir sammála um það að börn í Reykjavík eru fleiri vannærð en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Það eru allir sammála um það að of mörg börn fá fjármuni í stað fæðu og að fæðuval mótast af framboði söluskálanna í nágrenni skólanna. Það eru allir sammála um það að þar er aðallega sælgæti og sætabrauð og gosdrykkir á borðum og að vítamínsnauð fæða og sykurneysla er um of í gangi.

Þessi staðreynd kemur fram á sama tíma og við erum að ræða um það sveitarfélag landsins sem er ríkast og fer með mest umsvif, stendur í gríðarlegum framkvæmdum. Það er alveg ljóst þegar borið er saman að á sama tíma og hv. þm. Sjálfstfl. Ragnhildur Helgadóttir vitnar til skýrslu sem hún og aðrir sjálfstæðismenn hafa unnið að varðandi þessi mál, þá hefur Sjálfstfl. sem fer með meiri hluta í Reykjavík ekki séð ástæðu til að grípa inn í þetta á sama tíma, virðulegi forseti, og Kópavogsbær af vanefnum hefur gripið inn í þetta mál.

Ég hygg að borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík sé nauðsynlegt að hafa í huga að þó menn leggi stræti borganna gulli verður fólkið ekki hamingjusamara sem í húsunum býr. Í þessu tilviki og allt of mörgum hefur borgarstjórnarmeirihlutinn einmitt gleymt fólkinu og horft á gullið og byggingarnar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki búið mig undir þessar umræður. Ég heyri að 1. flm. þessa máls telur nauðsynlegt að koma upp skólaeldhúsum í flestum ef ekki öllum grunnskólum. Þegar hann talar með þessum hætti um hversu illa borgarstjórn Reykjavíkur hefur staðið sig er kannski best að byrja á því að rifja upp að hér í borginni eru 204 bekkjardeildir sem ekki koma í skólann fyrr en eftir hádegi. Þess vegna sjáum við undir eins að verulega fjármuni þarf ef allar þær skólabyggingar eiga nú að rísa fyrir haustið sem dugi til að þessar bekkjardeildir geti verið árdegis í skóla.

Ég vil í þessu sambandi minna á að þegar ríkisstjórnin var að gera þeim sveitarfélögum skil sem ríkið skuldaði í sambandi við skólabyggingar, var svo stillt til að Reykjavíkurborg situr þar við verra og slakara borð en önnur sveitarfélög. Væri kannski fróðlegt að fá að vita hvert innlegg hv. 10. þm. Reykv. hefur verið til þess máls, en mér virðist hann hafa vaknað of seint, eftir hans málflutningi hefði hann átt að beita sér fyrir þessu fyrr þannig að hægt hefði verið a.m.k. að láta Reykvíkinga njóta sama réttar og aðra hvað þetta varðar.

Hér erum við að tala um slíkar fjárhæðir að allir byggingarfróðir menn eins og verkfræðingar sjá það og vita sem er að ekki er hægt að standa við það fyrirheit sem gefið er með flutningi þessar till. og fjórir þm. stjórnarmeirihlutans standa að.

Við getum líka velt fyrir okkur hvað það skyldi kosta að setja upp skólaeldhús í flestum grunnskólum landsins. Nýjustu tölur sem ég hef séð um það efni segja að það muni ekki kosta minna en 400 millj. kr. *Mér er ekki kunnugt um hversu gamlar þær tölur eru* en það er augljóst að þarna erum við líka að tala um mjög verulegar fjárhæðir.

Ef við horfum til þess hvernig búið er að börnum og unglingum í grunnskólum landsins kemur í ljós að 6–8 ára börn eru innan við þrjá tíma í skóla á hverjum degi, eða sennilega skemur en í nokkru nágrannalandi okkar. Og þá er auðvitað spurning hvaða erindi miðdegisverður ætti fyrir slík börn eða hvort kannski væri skynsamlegra að reyna að veita þeim betri fræðslu í skólanum en gert er, sinna þeim betur, lengja pínulítið tímann.

Ef við færum okkur upp þá er það svo um börn sem eru 9–10 ára að þau geta lokið öllum sínum skólatíma árdegis. Eftir því sem börnin eldast breytist þetta og 11 ára börn eru yfirleitt tvo tíma eftir hádegi í skólum. Reynt hefur verið að bregðast við þessu vandamáli með margvíslegum hætti. Gerð hefur verið könnun meðal foreldra á því hvort þeir telji rétt að hið opinbera reki matsölu og selji börnunum. Fyrir því reyndist ekki ríkur áhugi. Það var gerð tilraun til að bjóða út gott nesti fyrir börnin í hádeginu. Eins og fram kemur í grg. varð Mjólkursamsalan hlutskörpust og henni var falið að sjá um þetta. Næsta haust kom í ljós að Mjólkursamsalan hafði hækkað verðið á matarpökkunum mjög verulega og langt umfram verðbólgu og allt sannvirði. Af þeim sökum var horfið frá þessum viðskiptum við Mjólkursamsöluna. Á hinn bóginn hefur þetta verið að þróast smátt og smátt. Sums staðar er það þannig að nemendafélög selja holla fæðu handa skólabörnum í hádegi. Í mörgum skólum er aðstaða fyrir skólabörnin til að borða nestið sitt og þess eru jafnvel dæmi að foreldrafélög hafa gengist fyrir slíkri þjónustu.

Auðvitað er nauðsynlegt fyrir okkur að reyna með öllum hætti að leita eftir því hvernig hægt sé að koma við sómasamlegri aðstöðu fyrir börn til þess að nærast í hádeginu. Ég tek alveg undir þá nauðsyn. En um leið og við verðum að játa að þetta er mikið alvörumál gengur ekki að vera með tillögu af þessu tagi sem hér er flutt, að ríkisstjórnin eigi að undirbúa og leggja fram lagafrv. til að tryggja að komið verði á máltíðum í hádegi í öllum grunnskólum landsins haustið 1990.

Á sama tíma og þessi þm. Reykv. mælir fyrir till. og mælist til þess að þetta verði gert kveinka ráðherrar ríkisstjórnarinnar sér undan því að skera niður til að mæta þeim niðurskurði á lífskjörum sem síðustu kjaraskerðingar virðast fela í sér ef maður horfir ekki til hins að svo hóflegir kjarasamningar valda auðvitað því að það á að vera hægt að standa í stórum dráttum við það kaupmáttarstig sem við búum nú við. Og ef við lítum t.d. til einnar stéttar í landinu, bænda, þá var samið við þá um að þeir gæfu eftir um 250 millj. af sínum launalið, það er um 60 þús. kr. að meðaltali á hvern bónda í landinu, auk annars sem þeir hafa gefið eftir. Sú stétt hefur með þessu sýnt að hún er reiðubúin til að leggja mikið á sig til að ná saman endum og til að við getum sigrast á verðbólgunni sem er okkur auðvitað mikið mál. Ólafur Thors sagði að öll stjórnmálabarátta væri til einskis ef okkur tækist ekki að leggja hana að velli.

En þetta hugarfar, að leggja fram till. af þessu tagi nú, sem kallar á útgjöld sem eru langt, langt umfram það sem nokkur þm. treystir sér að leggja til, ekki flm. þessarar till., enginn annar þm. hér á hinu háa Alþingi treystir sér til að leggja til þessar fjárhæðir ef þeir horfa framan í tölurnar, ef þeir sjá tölurnar á blaði. Ef tillöguflutningur af þessu tagi verður mikið uppi hér í Alþingi þá missa menn auðvitað trúna á að

þetta geti tekist. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið sig vel. Hún hyggst leggja á orkuskattinn, hún hyggst tvöfalda bifreiðagjaldið og hún hyggst gera þetta, þetta og þetta. Allt af sama toga og hér er lagt til. Af tveim hlutum er kannski skömminni skárra að leyfa þm. að leggja tveggja krónu skatt á hóffjaðrirnar ef hægt yrði að koma vitinu fyrir hann að öðru leyti.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það eru bara örfá orð út af því sem hér hefur komið fram. Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að ég sé að mæla hér með ranglæti. Það sem ég er að gera er að skamma fulltrúa stjórnmálaflokks sem Framsfl. heitir og er búinn að sitja í ríkisstjórn svo áratugum skiptir og hefur ekkert gert í þessum efnum fyrr en nú að koma með þáltill. á þessum tíma. Þetta er meginmálið.

Í öðru lagi ... (**Gripið fram í:** Til að bera á menn sakir.) Ég er að bera af mér sakir, þetta er ekki að áliti okkar jafnaðarmanna eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vill láta í veðri vaka. Í öðru lagi, hv. þm. Stefán Guðmundsson, það kann vel að vera rétt að tveir dálkar séu yfirleitt í bókhaldi, en einhvers staðar hef ég nú heyrt um a.m.k. þrjá dálka í bókhaldi hjá tilteknum fyrirtækjum. Kannski verða í þessu bara tveir dálkar.

Í þriðja lagi stendur hér í till., eins og ég vitnaði til áðan, þetta á að gerast á haustinu 1990. Ég tók þetta trúanlegt en hv. þm. Stefán Guðmundsson segir að hann geri ekkert ráð fyrir því að þetta gerist fyrr en 1991. Það komi ekki fyrr en á fjárlög næsta árs og þá er náttúrlega allt annað uppi á teningnum. Ef þið meintuð þetta, hv. þm., þá áttuð þið að segja það í tillögutextanum en ekki láta okkur vaða í villu með það sem þið hugsuðuð en settuð allt annað á blað.

Í lokin, hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, út af þrifunum í skólastofum. Ég kenndi handavinnu í níu ár í grunnskóla, í níu ár, og það var alltaf þrifið eftir hvern tíma hjá mér, börnin gerðu það sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Dvergkafbátur, fyrri umr.

Þáltill. HJ og IBA, 195. mál. — Þskj. 220.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um könnun á kostnaði við kaup og rekstur dvergkafbáts. Flm. er auk mín Ingi Björn Albertsson. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna kostnað við kaup og rekstur dvergkafbáts."

Í grg. stendur m.a.: „Sumarið 1988 var fenginn hingað til lands dvergkafbátur til rannsókna við Kolbeinsey. Árangur þessa leiðangurs bendir til að vísindalegur og fjárhagslegur ávinningur yrði af rekstri dvergkafbáts. Það hefur víða færst í vöxt að slíkir bátar séu notaðir til rannsókna neðan sjávar og með góðum árangri. Þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á öflun sjávarfangs hlýtur að leggja vaxandi áherslu á rannsóknir til að auka sem mest afrakstur þess á komandi árum. Sú bylting, sem rannsóknir með dvergkafbát hefðu í för með sér, er augljós, en nú þegar hafa verið gerðar merkar rannsóknir neðan sjávar á hafsvæðum víða um heim sem ekki hefði verið unnt að framkvæma með öðrum hætti. Það má ekki gleyma hversu mikilvægt er að fylgjast með mengun og huga að mengunarhættu neðan sjávar en aðeins með varðveislu lífríkis sjávar er hægt að tryggja eðlilegan viðgang náttúrunnar í hafinu umhverfis landið. Einnig er ljóst að ný og óþekkt fyrirbæri í hafinu geta leitt til framfara og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Og enn á ný má minna á leiðangurinn til Kolbeinseyjar þar sem áður óþekktar lífverur fundust sem ef til vill geta orðið grundvöllur nýs iðnaðar hér á landi."

Í lok síðasta árs gátu sjónvarpsáhorfendur séð með eigin augum hvernig umhorfs er á háhitasvæðunum við Kolbeinsey. En þá var sýnd mjög fróðleg mynd um rannsóknir og leiðangra sem hafa verið farnir víða um heim um undirdjúpin. Þessi mynd sýndi glögglega að mikill ávinningur er að slíkum rannsóknum og ljóst er að vaxandi áhugi er á þessum vettvangi en hann hefur lítt verið kannaður. Vísindamenn hafa nú fengið aukinn áhuga á þessum vettvangi en þekkingin á undirheimum sjávar er enn mjög takmörkuð. Þann mikla áhuga sem núna hefur komið fram við rannsóknir á þessu sviði getum við Íslendingar ekki látið fram hjá okkur fara. Það er og brýnt að hér við land fari fram rannsóknir neðan sjávar sem sýni áhrif fiskveiða á sjávarbotn, gróður sjávar og jafnframt verði skoðuð hugsanleg mengun í hafinu hér í kringum landið.

Það þarf auðvitað ekki að lýsa því hversu mikilvægar slíkar rannsóknir eru fyrir fiskveiðiþjóð eins og okkur Íslendinga. Það er ekki nokkur vafi að kaup og rekstur á dvergkafbát er nýjung sem margir líta á sem dálítið skondið mál en það er það auðvitað ekki. Það hefur komið fram að þrátt fyrir hraðfara framþróun í gerð neðansjávarmynda með ýmsum hætti hefur ekkert enn komið fram sem getur komið í staðinn fyrir rannsóknarkafbáta sem fara niður á djúpin til að taka sýni og myndir. Smíði slíkra skipa er vaxandi atvinnugrein víða um heim. Þá hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði sem sést best á því að hjá nokkrum þjóðum hafa verið þróaðir bátar sem fara niður á dýpi sem er frá 6 þús. metrum niður á 7 þús. metra. Þessar framfarir þýða að hægt er að fara um svæði sem áður voru ókunn og hafa ekki verið könnuð áður.

Ég vil einnig undirstrika hér vaxandi þýðingu á rannsóknum á hafsbotni, til að mynda vegna deilna um yfirráðarétt hafsvæða. Ég nefni hér sem dæmi

okkar tilkall til Rockall-svæðisins sem m.a. þýðir að við verðum að leggja fram rannsóknir á þessu svæði til þess að við getum varið málstað okkar.

Þá er það svo að hin fullkomna tækni sem núna hefur verið þróuð hefur gert það sem áður var draumur að veruleika. Vel má vera að á næstu árum verði hlutir eins og vinnsla olíu og málma möguleiki með þeirri tækni sem er þróuð við smíði dvergkafbáta og þess búnaðar sem þeim fylgir.

Þá er ekki heldur úr vegi að minnast á þýðingu jarðfræðirannsókna með dvergkafbátum. Ég vil í þessu sambandi minna á að rætt hefur verið um að leggja rafstreng frá Íslandi til Evrópu til að flytja út orku og selja. Það þykir ekki fjarlægur möguleiki en ef við lítum á það atriði, þá er mjög mikilsvert að rannsóknir á hafsbotni fari fram til að tryggja að slíkur strengur yrði lagður með sem hagkvæmustum og bestum hætti. Þá er ekki úr vegi að víkja að því að hér hafa farið fram miklar umræður um jarðgöng neðan sjávar og eitt af því sem þarf að rannsaka er jarðfræði þess svæðis sem á að leggja slík jarðgöng um og þá mundi dvergbátur koma að miklum notum.

Ég vil einnig minnast á það að ég hygg að Íslendingar gætu tekið upp samvinnu við alþjóðastofnanir, t.d. Norðurlöndin, til fjármögnunar og reksturs slíks dvergkafbáts. Þá er auðvitað mikilvægt að við sem fiskveiðiþjóð förum í fararbroddi í rannsóknum neðan sjávar því að ekki er nokkur vafi á að slíkar rannsóknir munu skila þjóðarbúinu miklum verðmætum þegar fram líða stundir.

Ég hef aflað mér töluverðra upplýsinga um dvergkafbáta, bæði hvað varðar tækni og verð. Í þessari ræðu verður ekki farið sérstaklega inn á hinn flókna tæknibúnað sem dvergkafbátar eru búnir, en það er ljóst að það hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði og allmargar þjóðir og mörg fyrirtæki hafa lagt mikla áherslu á smíði þeirra á undanförnum árum. En mjög mismunandi er hvað þeir kosta eftir því hversu fullkomnir þeir eru og hve djúpt þeir geta kafað. Það má segja að hægt sé að fá dvergkafbáta sem fara frekar grunnt og kosta tiltölulega lítið, örfáar milljónir, og upp í mjög fullkomna kafbáta og stóra sem kosta kannski upp í 250 millj. En auðvitað þarf þetta miklu frekari og betri athugunar við og um það fjallar tillagan, að ríkisstjórninni verði falið að kanna þessi mál frekar og athuga jafnframt kostnað við kaup og gerð og rekstur slíkra báta.

Ég vil, hæstv. forseti, að svo stöddu ekki hafa þessi orð fleiri en mælist til þess að málinu verði vísað til allshn. sameinaðs þings.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Uppskurður og hagræðing í ríkiskerfinu, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 246. mál. — Þskj. 386.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 386 um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu. Flm. tillögunnar eru Stefán Guðmundsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Alexander Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja nú þegar á fót vinnuhópa til að móta tillögur um hagræðingu og uppskurð í ríkiskerfinu. Í starfi sínu taki vinnuhóparnir m.a. mið af eftirfarandi atriðum:

1. Starfsmarkmið ríkisstofnana verði endurmetin og þau markmið, sem til grundvallar eru lögð við reksturinn, skilgreind að nýju og sjálfvirkni afnumin í útgjöldum. Þetta verði gert í samstarfi og samvinnu við forstöðumenn viðkomandi stofnana. Þannig verði hlutverk stofnana endurskilgreind og mat lagt á hagkvæmni í rekstri þeirra.

2. Stofnanir verði sameinaðar, starfsemin einfölduð og hagræðingu komið á. Lagðar verði niður stofnanir þar sem færa má starfsemina undir aðrar stofnanir.

3. Flestar ríkisstofnanir fái sjálfstæðan fjárhag og stjórnendur beri ábyrgð á að halda stofnuninni innan fjárlagarammans.

4. Gerð verði úttekt á ýmsum þáttum í rekstri ríkisstofnana sem bjóða má út og haldið verði áfram athugun á sölu ríkisfyrirtækja.

5. Verkaskipting starfsmanna verði ekki eins afmörkuð og nú er, en gert verði ráð fyrir tilfærslum innan stofnana eftir álagi.

6. Stjórnkerfi ríkisstofnana verði gert virkara og við það miðað að stjórnendur þeirra geti lagað reksturinn að fjárlögum.

7. Miðað verði við að fækka ríkisstarfsmönnum um 1,5–2% á næstu þremur árum."

Í greinargerð með tillögunni segir svo:

„Ríkissjóður hefur á undanförnum árum verið rekinn með miklum halla. Þessi halli ríkissjóðs byggist fyrst og fremst á stórauknum útgjöldum. Hallinn á ríkissjóði gæti orðið um 5 þús. millj. kr. á þessu ári og e.t.v. annað eins á því næsta. 10 þús. millj. kr. halli á ríkissjóði á tveimur árum svarar til að hann tapi um fimmtán 500 tonna frystitogurum eða sem svarar 700 einbýlishúsum. Ljóst er að hvernig sem reiknað er verða tölurnar gríðarlega stórar.

Stjórnvöld hafa lýst yfir því að heildarskattálagning verði ekki hækkuð enda öllum ljóst að halli ríkissjóðs verður ekki brúaður með skattahækkunum. Ráðið til þess að bregðast við tapi ríkissjóðs er að skera upp ríkiskerfið og beita hagræðingu. Eitt brýnasta verkefnið í íslensku efnahagslífi er uppskurður ríkiskerfisins. Ríkisrekstur er af ýmsum ástæðum annars eðlis en einkarekstur. Almenningur gerir kröfur til ríkisins um ýmsa þjónustu, stjórnmálamenn finna sig knúna til að verða við slíkum óskum, nýir

tímar, nýjar áherslur kalla á nýja þjónustu, nýja starfsemi. Hættan við þetta allt er að ríkisumsvifin aukast, ríkisstofnanir þenjast út og mannahald eykst. Í þeirri þróun, sem þannig verður, gleyma menn alloft að taka tillit til gamla kerfisins, leggja niður starfsemi sem ekki á lengur rétt á sér, einfalda og hagræða. En þeir, sem reka sín fyrirtæki, verða fljótlega varir við það ef ekki er þörf á þjónustu þeirra lengur. Viðskiptavinurinn hættir einfaldlega að koma, hann borgar ekki og starfsemin leggst niður.

Hjá ríkinu er þetta öðruvísi þar sem ekki er greitt fyrir þjónustuna. Dugmiklir forustumenn stofnana verða jafnvel ekki varir við að tímarnir hafa breyst, þörfin fyrir þjónustuna er ekki sú sama, almenningur greiðir ekki fyrir hana í mörgum tilvikum og menn hafa þess vegna ekki þann mælikvarða á það hvort þjónustan eigi að halda áfram, hvort hún sé beinlínis þörf eða brýn. Dugmiklir ríkisforstjórar geta jafnvel *búið til nýjar þarfir, búið til aukna þjónustu* og þar með stóraukinn kostnað án þess að það sé í sjálfu sér þörf fyrir allt saman.

Parkinson sagði einhvern tíma að ef stofnun væri nógu stór þá þyrfti hún engin utanaðkomandi verkefni, allir gætu haft nóg að gera við að sinna innri málum stofnunarinnar. Því miður er það svo að ríkisrekstur hefur í eðli sínu innbyggða þætti sem verka í þessa átt. Í þeirri stöðu, sem íslenska þjóðarbúið er nú, samdrætti í þjóðartekjum og erfiðri stöðu heimila og atvinnulífs, hlýtur þetta mál að koma allt í nýtt ljós.

Nú þarf að setja harða vinnuhópa í að skera ríkiskerfið upp. Nú þarf að vinna markvisst að langtímaáætlun og einfalda ríkiskerfið. Eigi að síður tala menn stöðugt um aukin útgjöld ríkissjóðs, tala um að hengja nýja pinkla á ríkissjóð. Umræðan um gagngeran uppskurð á ríkiskerfinu hefur ekki verið inni í myndinni.

Fjármálaráðherrar hafa í auknum mæli nánast starfað sem rukkarar og sjaldan séð önnur úrræði en að auka skattana, afla nýrra tekna, herða innheimtuna. Þetta gengur ekki lengur. Það verður að skera ríkiskerfið upp, það verður að draga úr ríkisbákninu. Ríkisstjórnin krefst þess með aðgerðum sínum að atvinnulífið hagræði hjá sér, fækki fólki, dragi úr reksturskostnaði. Það verður að gera víðast hvar, en ríkissjóður gerir lítið í þá áttina sjálfur. Nú verða menn að stýra fleyinu eftir nýjum áttavita, hætta að taka stefnuna á meiri tekjuöflun, þess í stað að stefna á samdrátt í ríkisútgjöldum, uppskurð í ríkiskerfinu.

Við verðum að leggja niður eða selja þær stofnanir sem fást við verkefni sem þegnarnir, borgararnir geta sjálfir annast. Um samdrátt í rekstri ríkisins er vart að ræða nema fækka ríkisstarfsmönnum. Það er auðvitað mjög erfitt og ekki síst á tímum þegar atvinnuleysi hefur haldið innreið sína. Eigi að síður er það einmitt það, fækkun starfsmanna, sem ríkisstjórnin krefst af atvinnulífinu. Heimilin og atvinnulífið geta ekki greitt meira til þess að standa undir aukinni þjónustu ríkisins."

Virðulegi forseti. Flm. þessarar till. leggja á það þunga áherslu að eitt meginmarkmið í ríkisfjármálum sé að koma í veg fyrir ofþenslu í ríkisumsvifum sem þá um leið mun draga úr þörf fyrir hækkun skatta. Við ítarlega athugun flm. á umsvifum ríkisins er þeim það ljóst að aukin samvinna og samruni ýmissa stofnana sparaði mikið fé og mundi auka hagræði. Við blasir einnig sú staðreynd að margvísleg starfsemi þess opinbera væri betur komin í höndum annarra en þess opinbera.

Þær breytingar sem íslenska þjóðfélagið hefur verið að ganga í gegnum á sl. tveimur áratugum hafa tekið aðrar þjóðir aldir. Sú breyting öll hefur kostað mikið fé. Fáir vilja skerða það sem velferðarþjóðfélagið Ísland hefur að bjóða þegnum sínum. Allt okkar mikla aflafé hefur ekki dugað til að standa undir sívaxandi kröfum og því miður hefur verið gengið ógætilega á stofninn sjálfan. Eyðslan umfram efni, framkvæmdagleði ríkis og ekki síður sveitarfélaga *hafa farið úr böndunum.*

Í einu dagblaðinu í gær sá ég að auglýstar voru til sölu hvorki meira né minna en á milli 1500 og 2000 íbúðir hér á þessu svæði. Væri ekki skynsamlegt að skoða þessi mál aðeins nánar með tilliti til mikillar fjármagnsþarfar byggingarsjóðanna og athuga hver hin raunverulega þörf er? Mjög nauðsynlegt er að ná því markmiði að reka ríkissjóð hallalaust. Því markmiði verður ekki náð nema með róttækum uppskurði á útgjöldum ríkissjóðs og skipulagi í ríkisrekstrinum. Leita verður leiða til að hagræða og auka hagkvæmni hjá því opinbera. Í frekari skattheimtu er ekki skynsamlegt að ganga lengra eins og ég hef margtekið hér fram. Hagræðing í ríkiskerfinu verður að eiga sér stað. Það agaleysi sem ríkt hefur hjá því opinbera verður að taka föstum tökum og mjög róttækar breytingar eru þar óumflýjanlegar. Alvarleg mistök og ótrúleg sjálfvirkni í meðferð fjármagns ásamt slælegri innheimtu lögboðinna gjalda eiga að vera okkur víti til varnaðar.

Ég tel sjálfsagt að nefna hér dæmi máli mínu til stuðnings. Árið 1988 fóru fyrirtæki og stofnanir sem heyra undir B-hluta ríkissjóðs rúmlega 740 millj. kr. umfram fjárlagaheimildir. Við eftirgrennslan á A-hluta stofnunum ríkisins kom fram að 86 embætti og stofnanir höfðu farið meira en 20% fram úr heimildum fjárlaga 1988. Dæmi eru um að ákveðið verk hafi farið hundruð milljóna kr. umfram heimildir á fjárlögum. Árið 1988 afskrifaði ríkið um 1,4 milljarða vegna gjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga. Ef ég man rétt námu aukafjárveitingar á síðasta ári á milli 800 og 1000 millj. kr. Hvernig má það vera að söluskattsskuldir fyrirtækja og einstaklinga sem nema mörgum milljörðum kr. skuli ekki hafa verið innheimtar árum saman? Ég nefni árið 1988 nánast af tilviljun, en svona hefur þetta viðgengist allt of lengi. Og ég spyr: Hver er ábyrgur fyrir slíkum vinnubrögðum sem þessum? Hver er ábyrgur fyrir slíkum vinnubrögðum? Er nema von að fólkið í landinu spyrji.

Fámenni ráðuneyta verður varla kennt um. Mér sýnist að kostnaður við þau fari sífellt hækkandi. Dæmi er um að kostnaður við einstakt ráðuneyti hafi

hækkað á tveimur fjárlagaárum, að mig minnir, um rúmlega 80%. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðuneyti var það?) Ætli það hafi ekki verið sjálft fjármála- og hagsýslan.

Árið 1960 störfuðu um 39% landsmanna í þjónustugreinum. Nú starfa í þessari grein hvorki meira né minna en yfir 60%, yfir 60%. Enginn efi er að drjúgan hluta þessarar miklu aukningar má rekja til ríkisgeirans. Hlutur þeirra sem að framleiðslunni starfa fer sífellt minnkandi. Þessari þróun verður vitaskuld að snúa við.

Virðulegi forseti. Ég verð að hrella þm. með því að svona lestri gæti ég því miður haldið áfram mjög lengi enn, svo illa er komið. Ein skíma er þó sjáanleg í þessum vegvillum. Ófærðin er nefnilega orðin slík að við komumst bara alls ekki lengra. Þess vegna er sú tillaga, sem hér er til umræðu, flutt.

Með margvíslegum aðgerðum hefur núv. ríkisstjórn tekist að leggja grunn að miklum og jákvæðum umskiptum í þjóðfélaginu. Ef þau eiga að verða að veruleika verður að fylgja þeim eftir á markvissan hátt. Flm. þessarar till. telja að róttækur uppskurður og margvísleg hagræðing í ríkiskerfinu sé eitt af því sem nást verði fram ef sá árangur sem vænst er á að verða að veruleika. Von flm. er að Alþingi taki þessari till. vel og hún fái hér skjóta og jákvæða afgreiðslu.

Virðulegur forseti. Ég legg til að till. verði vísað að lokinni þessari umr. til allshn. (**EgJ:** Til ríkisstjórnarinnar.)

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það var afskaplega hressandi að hlusta á síðasta hv. ræðumann flytja þessa ræðu. Og ég vil óska þeim til hamingju, fjórmenningunum sem standa að þessari till. Þetta er sú fjórmenningaklíka úr þingflokki Framsfl. sem var rekin út í horn af því að formaður flokksins og formaður þingflokksins vildu hafa þessa óþekku pésa einhvers staðar úti í horni og gera veg þeirra sem allra minnstan. En þá tóku þeir sig til og fóru að hugsa, þessir fjórir, og niðurstaðan varð sú að það eina sem vit væri í væri að fylgja þeirri frjálshyggjustefnu sem ýmsir úr mínum flokki hafa verið þekktari fyrir að fylgja hingað til. Ég óska þeim til hamingju með það að vera komnir í þennan ágæta hóp og fagna því að hafa fengið tækifæri til að hlusta á hv. síðasta ræðumann flytja jafnskorinort og hann gerði þessa ágætu ræðu sína.

Við höfum oft heyrt ræður á borð við þessa. Það má rifja upp fjöldann allan af þáltill. og reyndar lagafrv. og ég minni aðeins á það að hjá hæstv. ríkisstjórn á nú að vera að vinna til að mynda að því að bjóða út rekstrarverkefni. En það var samþykkt fyrir örfáum árum og ég hef nýverið lagt fram fsp. um það efni.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með því að telja upp allar þær till. sem fluttar hafa verið hingað til, þar á meðal af þeim sem hér stendur, allar í svipuðum anda og efnisatriði þessarar till., sem ég tel vera mjög góða. Og vil láta það koma fram að ég styð flest það sem í þessari till. felst.

Þó er það eitt sem ég hnýt um strax. Og það er það traust sem þessir ágætu þm. bera til ríkisstjórnarinnar. Það á að fela hæstv. ríkisstjórn að annast þetta. Nú gæti maður haldið að það væri vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hafi unnið svo mörg afrek á þessu sviði að það sé full ástæða til að treysta henni fyrir þeim efnisatriðum sem fram koma í þessari till. Er það svo? Ég held að svarið sé því miður nei.

Ég gæti fyrst af öllu beðið hv. síðasta ræðumann að leiðrétta greinargerðina því ég hygg að hallinn á ríkissjóði á sl. ári verði ekki aðeins 5 milljarðar heldur tæpir 6 milljarðar þegar upp verður staðið. En vonandi fást nú frekari fréttir af því á næstunni. Og þetta gerist þrátt fyrir það að skattheimtan hafi verið hert mjög mikið að undanförnu og skattar stórkostlega hækkaðir. Það er nefnilega hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að skattahækkanir geta ekki brúað þetta bil. Það hefur sýnt sig, ekki síst hjá núv. hæstv. ríkisstjórn, að ávallt þegar skattarnir hafa verið hækkaðir hafa útgjöldin hækkað enn þá meira.

Eini hæstv. ráðherrann sem er í þessum sal er ráðherra án umhverfisráðuneytis. Og mér sýnist það eina og litla sem hæstv. ríkisstjórn er að gera í þessu skyni sé að fjölga ráðuneytum jafnvel þó það ráðuneyti sem nýjast á að verða hafi engin verkefni fyrst um sinn. Sýnist mér því ekki ástæða til að treysta hæstv. ríkisstjórn fyrir jafnveigamiklum efnisatriðum og koma fram í þessari ágætu þáltill.

Hvar eru aðrir hæstv. ráðherrar? Hvar er hæstv. fjmrh.? Hvar er hæstv. forsrh.? Af hverju talar ekki fjórmenningaklíkan við þessa herramenn? Af hverju er hún að halda þessar ræður yfir okkur? Ég held að það sé kominn tími til þess að þeir heimti það að hæstv. fjmrh. sitji hér og hann sé spurður spjörunum úr eða hæstv. forsrh. Því auðvitað þýðir ekki að afhenda þeim þetta verkefni nema þeir séu tilbúnir til þess að skera niður. Hvar skyldu þeir vera? Ætli þeir séu ekki núna að rembast við að skera niður svona eins og 500 millj. eða einn milljarð í tengslum við kjarasamninga, sem átti að gerast um síðustu helgi, ekki þessa sem er nýliðin, heldur helgina þar áður. Það hefur tekið átta daga. Þetta er árangurinn. Og samt sem áður eru fjárlögin afgreidd með tæplega fjögurra milljarða kr. halla og hallinn verður sannarlega 6–7 milljarðar ef læra má af reynslu síðasta árs.

Þetta eru stóralvarlegir atburðir sem hafa verið að gerast. Ég hvet hv. flm. þessarar till. til að fallast á það að láta Alþingi fremur kjósa nefnd en treysta ekki þessari ríkisstjórn sem ekki nokkur maður í landinu treystir fyrir utan örfáa þingmenn sem verða auðvitað að standa að baki ríkisstjórnarinnar því að annars verða þeir sendir heim og verða ekki endurkjörnir. Þannig er nú komið fyrir þessari hæstv. ríkisstjórn.

Hv. síðasti ræðumaður fór að hæla ríkisstjórninni fyrir það hvað hún hefði gert mikið fyrir atvinnulífið og aðra í landinu. (**StG:** Það er rétt.) Veit hv. síðasti ræðumaður hvað hefur gerst? (**StG:** Já, já.) Það sem hefur gerst ef þetta hefur farið fram hjá honum, hann er nú einn þeirra sem þekkja dálítið til atvinnulífsins úti á landi, ég veit það af eigin raun, og hefur staðið sig

ágætlega þar. Það sem hefur verið gert er einfaldlega það að peningar hafa verið fengnir að láni, mest erlendis frá, og þeir hafa m.a. verið settir í Verðjöfnunarsjóð. Þetta lán á eftir að detta allt saman á ríkissjóð því hæstv. sjútvrh. hefur sagt að ekki eigi að greiða þá peninga til baka. Þar liggja nokkrir milljarðar.

Ég veit að hv. þm. er nákvæmlega jafnvel kunnugt um það og mér að þeir fjármunir sem hafa runnið út í gegnum Hlutafjársjóð og þeir fjármunir sem hafa farið í gegnum Atvinnutryggingarsjóð eru ekki fjármunir sem verða greiddir til baka á tilsettum tíma. Hv. þm. veit hve miklum vandræðum fyrirtækin hafa lent í. Á meðan rekstrarskilyrði eru ekki fyrir hendi koma þessir peningar ekki aftur. En þetta kemur ekki hæstv. núv. ríkisstjórn að sök vegna þess að til skuldadaganna kemur ekki fyrr en eftir næstu kosningar. Með öðrum orðum, það sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert er að sópa vandamálunum undir teppið. Það var ekki tekið á þessum vandamálum. Það voru tekin erlend lán sem auðvitað auka á vandamálin og þau á ekki að borga fyrr en á næsta kjörtímabili. Síðan ætlast hæstv. ríkisstjórn til að hv. þm. komi hér upp í pontu og segi: Okkar ágæta hæstv. ríkisstjórn hefur staðið sig svo dæmalaust vel. Hún hefur staðið sig vel í því að slá peninga erlendis til þess að fela hin eiginlegu vandamál.

Hvað er að gerast núna? Hæstv. forsrh. kemur fram í sjónvarpi og útvarpi og segir frá því í blöðum að vandamálin hrannist svo mikið upp að það verði að búa til nýja byggðastefnu. Af hverju haldið þið að hann sé að þessu? Það er vegna þess að hann veit sem er að þær ráðstafanir sem núv. hæstv. ríkisstjórn greip til á sínum tíma hafa engan veginn dugað, engan veginn dugað. Það eina sem gerðist var að það voru slegnir peningar til þess að fresta því að vandamálin kæmu upp á yfirborðið.

Ef þetta eru fyrstu merki um það að hv. þm. Framsfl. séu að vakna til lífsins, séu að skilja hvar hin eiginlegu vandamál er að finna, þá fagna ég því. Ég mun að sjálfsögðu styðja við bakið á þeim á þessari leið sem þeir hafa nú valið að fara því að batnandi mönnum er best að lifa. En ég skora á þá að fallast á þá breytingu að vísa ekki þessu máli, með sama hætti og hér er gert ráð fyrir, til ríkisstjórnarinnar með því að fela henni að setja vinnuhóp á laggirnar. Látum frekar hv. Alþingi kjósa. Látum Alþingi taka völdin með sama hætti og aðilar vinnumarkaðarins gerðu núna um daginn, þegar þeir voru orðnir svo skíthræddir við hæstv. ríkisstjórn að þeir þorðu ekki lengur að eiga neitt undir henni heldur ákváðu að taka völdin í sínar hendur. Það var til fyrirmyndar og þetta skora ég á hv. þm. Framsfl. að gera. Því eins og þið sjáið þá þorir ekki einn einasti hæstv. ráðherra að sitja undir þessum ræðum þeirra.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér hafa haldið ræður tveir fyrrv. stuðningsmenn ríkisstjórnar sem sat að völdum í sex ár. Stuðningsmenn ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar. Lýsingin á því hvernig þessi ríkisstjórn skilaði af sér og hvernig ástandið er getur ekki verið skýrari en í ræðum þessara ágætu þingmanna. Hitt er svo kannski að sumu leyti satt að því miður hefur ekki tekist sem skyldi að laga ástandið eins og þyrfti miðað við þau ósköp hvernig þeir skildu við. Lýsingar hv. þm. Friðriks Sophussonar á þeim aðgerðum sem fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar í þessari lotu gerði, þær voru allt annað en fallegar.

Ég hef ekki heyrt yfirlýsingu frá þm. Sjálfstfl. fyrr um það að greiðslur úr Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði muni ekki verða greiddar. (**FrS:** Á tilskildum tíma.) Ég hef svona efast um þetta. Ég efast um þennan sjóð. En ég hef ekki heyrt betur en að þm. Sjálfstfl. hafi talið þetta hina réttu leið sem farin var í sambandi við Atvinnuleysistryggingarsjóð. Margir hverjir af þm. og forustumönnum Sjálfstfl. í almennum atvinnurekstri hafa talið þetta hina bestu leið. Lána, taka lán og lána bæði í Verðjöfnunarsjóð og beint til atvinnufyrirtækjanna. Þessar yfirlýsingar frá hv. þm. Framsfl. og Sjálfstfl. eru fyrst og fremst yfirlýsingar um það hvernig stjórnað var 1983–1988, til september 1988. Bein yfirlýsing um það. (Gripið fram í.) Sjálfsagt eru fleiri þm. Framsfl. tilbúnir að taka undir það að það er mjög erfitt að stjórna landinu með Sjálfstfl. Það hefur ekki tekist vel, því miður, og má vera að það sé eitthvert ljós fram undan núna vegna þess að styrkleiki Sjálfstfl. er ekki mjög mikill nema í skoðanakönnunum. (**Gripið fram í:** Og efnahagsmálin komi til framsóknar.) Efnahagsmálin til framsóknar. Þau hafa nú stundum verið hjá framsókn og forustan í annarri þessari ríkisstjórn var hjá framsókn og ekki tókst nú mikið betur til þá, þannig að það verður nú að líta svo á að þessi lýsing sem hér var sett fram af þessum tveimur þm. hafi verið sameiginleg yfirlýsing Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins um hvað hafi mistekist á þessu tímabili, stjórnartímabili þeirra.

Það væri hægt að hafa mörg orð um þessar útlistanir, þær undirstrikanir á því hvernig ástandið er, en ég sé ekki ástæðu til þess. Það er nú sjálfsagt komið að þeim tíma að menn þurfi að mæta á þingflokksfundum og ég ætla að gefa þeim framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum tækifæri til þess, eyða ekki miklu af þingflokksfundartíma þeirra, þannig að þeir geti farið að spekúlera í því, bæði hvernig liðinn tími var, samstjórnartími þeirra, og hverju má úr bæta.

Hér voru nefndir ágætis punktar sem að mörgu leyti er hægt að taka undir en það verður svolítil alvara að fylgja hverju slíku sem fram er lagt sem þessu og það væri kannski von til þess að við sæjum ákveðnari tillögur frá Framsfl. um það hvernig ætti að breyta ýmsum þáttum þjóðfélagsins, t.d. í sambandi við fiskveiðistefnuna. Ég hef grun um það að Framsfl. muni að miklu leyti standa að því að fiskveiðistefnunni verði ekkert breytt, hún komi bara óbreytt eins og hún hefur verið frá því 1983. (Gripið fram í.) Ja, formaður sjútvn. Ed. hefur hálfpartinn gefið til kynna að einhver von sé til þess að þar verði

einhver breyting á, um áramótin, og að fallið verði frá sóknarmarkinu sem átti að vera alveg hreint undirstaðan í fyrrverandi fiskveiðistefnu. Ég hélt nú að framsóknarmenn segðu um það að með því að breyta *slíku væri náttúrlega undirstaðan undir stefnunni* hrunin og það þyrfti að breyta mikið meiru. En nóg um það. Ég sé að það er a.m.k. einn þm. Sjálfstfl. sem þarf að undirstrika það hvernig ástandið var þegar Sjálfstfl. fór út úr ríkisstjórninni og ég vil endilega gefa honum tækifæri til að komast að.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Sú var tíðin að ég var í Heimdalli ásamt Friðriki vini mínum Sophussyni og þá lagði hann fram hernaðaráætlun sem hét „Báknið burt". Svo kynduglega hljómaði það nú á sínum tíma, en ég efast ekkert um að Friðrik meinti það sjálfur. En á sama tíma og Friðrik var með „Báknið burt" og vildi selja tunnuverksmiðjuna á Siglufirði hreiðraði Sjálfstfl. um sig í Framkvæmdastofnun. Þá hreiðraði Sjálfstfl. um sig í Seðlabanka og hann hreiðraði um sig alls staðar þar sem hann fann matarholu því að Sjálfstfl. hefur aldrei viljað báknið burt. Hann lifir og þrífst á bákninu. Hann þenur báknið út, það er málið, enda er það tímanna tákn að þá sagði Friðrik: Báknið burt, báknið burt, en nú er búið að draga úr þessum fullyrðingum. Það var fundur um daginn með ungum sjálfstæðismönnum og hvað sögðu þeir? Baráttan við báknið. Ekki lengur „Báknið burt", heldur eru þeir nú farnir að tala um baráttuna við báknið eins og það sé ekki eins auðvelt og þeir héldu að flytja báknið burt. Eftir fimm ár kemur kannski fundur með yfirskriftinni „Báknið og ég". Þá verða þeir farnir að sætta sig við báknið eða a.m.k. að þora að kannast við báknið, og þegar Friðrik er kominn á ellilífeyrisaldurinn getur hann mætt á fundi hjá ungu sjálfstæðismönnunum og sagt með stolti: Báknið sem gerði syni mína ríka. Svona getur hann haldið áfram. Og svo koma þeir upp, hver á fætur öðrum, hér í þingsölum, út af því að það á að fara að slá saman umhverfismálunum í eitt ráðuneyti. Og þeir ná ekki upp í nef sér út af því.

Við skulum aðeins skyggnast í þingsöguna, með leyfi forseta. Hér er ég með till. til þál. á þskj. 744 frá 111. löggjafarþingi. Flm. voru Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Ólafur G. Einarsson, en þar stendur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að stofnun sérstaks varnar- og öryggismálaráðuneytis er lúti sérstökum ráðherra."

Þarna vildu þeir hemja báknið — þarna vildu þeir hemja allt hermangið í einu ráðuneyti fyrir sig. Hvorki meira né minna. Það átti að hefja hermangið í ráðuneytishæðir. Þetta eru sömu mennirnir, sömu piltarnir, og segja í dag: Báknið burt.

Hvernig á maður að trúa þessum málflutningi? Jafnvel eftir 25 ára vist í Heimdalli, jafnvel eftir að hafa verið skólaður þar til á stuttum buxum í 25 ár, þá get ég ekki trúað þessu. Hins vegar þá styð ég þessa framkomnu tillögu. Hún er í þeim anda sem ég kýs að starfa hér inni.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

49. fundur, þriðjudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Frv. um skattskyldu orkufyrirtækja.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Tregða hæstv. ráðherra og forseta að ræða frv. um skattskyldu orkufyrirtækja er að verða undarleg framhaldssaga í þingsköpum. Þegar málið var fyrst lagt hér fyrir var lagt á það ofurkapp að því lyki á fyrsta fundi, en nú er allt í einu komið svo sem ekki skipti lengur máli hvort þetta mál sé rætt eða ekki. Annar mikill galli við þetta mál er að erfitt er að henda reiður á hvaða ráðherrar eru viðstaddir þegar þetta mál er rætt. Á hinn bóginn stendur svo á nú að hæstv. forsrh. — Ég vil taka fram að ég hafði beðið hæstv. foreta um að láta frv. um skattskyldu orkufyrirtækja sitja fyrir. Við erum hér að tala um framhald 1. umr. Það er að vísu óvenjulegt að stjórnarandstaða reki á eftir umræðum um mál, en ég held á hinn bóginn að nauðsynlegt sé að umræðan haldi áfram. Það kunna að vera skýringar á því hvernig á því stendur að ríkisstjórnin er búin að missa áhuga á málinu.

Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali í síðustu viku, eftir að hafa ekki fengist til að taka til máls um frv. hér í deildinni, að frv., eins og það liggur nú fyrir, hafi í för með sér almenna og verulega hækkun á rafmagnstöxtum. Og hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að þetta frv. sé úr takt við þá nýgerðu kjarasamninga sem víða hafa verið samþykktir og margir hafa kallað sögulega. Jafnframt liggur það fyrir að degi áður en hæstv. viðskrh. kom í sjónvarpið lýsti hæstv. forsrh. því yfir hér í þessari deild að Alþfl. hefði einungis gert athugasemdir við einstakar greinar með ákvæðum til bráðabirgða, en ekki við frv. í heild. Nú hefur hæstv. viðskrh. lýst hinu gagnstæða í þessum sjónvarpsþætti og hann hefur gengið svo langt að segja að frv. eins og það liggur fyrir hér í deildinni sé ekki lengur í spilunum, eins og sagt er, og segir að frv. svari ekki þeim kröfum sem gera verði til laga um skattlagningu á orkufyrirtæki.

Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. forsrh., úr því að hann er hér í þingdeildinni, hvort þetta mál hafi verið tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi eftir að hæstv. viðskrh. lýsti andstöðu sinni við frv. í sjónvarpsviðtali. Og ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. hvort hann líti svo á eins og hæstv. viðskrh. að það sé ekki lengur í spilunum að frv., eins og það liggur fyrir, verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil, vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e., taka það fram að ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að umræðu þessari megi ljúka á þessum fundi. (**HBl:** Það er nú einfalt að byrja á málinu.) Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt hef ég oft sett þetta mál á dagskrá og reynt að halda áfram umræðu þannig að það hefur ekki staðið á því að málið hafi verið á dagskrá. En það er ekki þörf á að rekja það frekar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Út af spurningu hv. þm. þá var umrætt frv. um orkumál á dagskrá ríkisstjórnarinnar í morgun en varð ekki útrætt.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svar. Eins og svarið ber með sér er allt í lausu lofti um það hjá ríkisstjórninni hvað verður um þetta frv. og það er greinilegt að frv. hefur á sínum tíma verið lagt fyrir Alþingi óunnið. Það er jafnframt greinilegt að sú fullyrðing hæstv. forsrh. sem hann setti fram í vantraustsumræðunum 30. nóv. sl. var röng, að ríkisstjórnin hefði þá þegar komið sér saman um þau fjáröflunarfrv. og þær fjáröflunarleiðir sem efnt yrði til á þessu ári.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 569.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun umhverfisráðuneytis. Í frv. er gert ráð fyrir því að bæta í þá upptalningu sem er í lögum um Stjórnarráð Íslands umhverfisráðuneyti. Ég flutti einnig í Nd. annað frv. þar sem gert er grein fyrir þeim verkefnum, í smærri atriðum, sem til umhverfisráðuneytisins eiga að fara.

Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls. Hann er að vísu orðinn æðilangur en ég held að nauðsynlegt sé að menn hafi þar ýmis atriði í huga. Ég held að segja megi að fyrsta alvörutilraunin til þess að skipa umhverfismálum í sérstakan málaflokk hjá stjórnvöldum hafi verið gerð 1975. Það ár fól þáv. forsrh. Geir Hallgrímsson þáv. félmrh. Gunnari Thoroddsen að fara með yfirstjórn umhverfismála, samræmingu þeirra mála o.s.frv., enda heyrðu þau þá, eins og nú, undir fjölmörg ráðuneyti. Þann 4. mars sama ár, 1975, var skipuð nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál. Var henni falið að gera tillögu um heildarlöggjöf um þau efni og kveða á um það hvernig stjórnarfyrirkomulagi skyldi háttað til að þau mál yrðu tekin föstum tökum. Formaður þeirrar nefndar var Gunnar G. Schram prófessor. Nefndin samdi slíkt frv. og sendi það ríkisstjórninni í apríl 1976. Um það var síðan fjallað töluvert í þeirri ríkisstjórn og borið undir aðila til umsagnar og var það lagt fram á 99. löggjafarþingi 1977.

Meginverkefni frv. var tvíþætt. Í fyrsta lagi er þar að finna ýmis ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir, m.a. ákvæði sem áskilja starfsleyfi til atvinnu- og iðnaðarreksturs sem rekja má til þess að hann hafi áhrif á umhverfið.

Í öðru lagi er að finna þar ákvæði um yfirstjórn umhverfismála og er gert ráð fyrir að yfirstjórnin verði sameinuð í höndum eins stjórnsýsluaðila. Hins vegar er í frv. ekki tekin afstaða til þess hvar sú stjórnsýsludeild skuli vera. Hún er hins vegar nefnd umhverfismáladeild. Þarna kemur því fram í fyrsta sinn sú viðleitni að draga umhverfismálin saman í eina stjórnsýsludeild.

Í frv. er gert ráð fyrir því að náttúruverndar- og útivistarmál falli undir stjórnsýsludeildina, mengunarvarnir í sjó, á landi og í lofti, friðun fugla og dýra samkvæmt sérlögum, dýraverndunarmál, framkvæmd alþjóðasamninga um mengun og önnur umhverfismál, meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna, skipulags- og byggingarmál, mál er lúta að frárennsli og vatni að því er umhverfisþátt varðar, svo og sorpi og hreinlæti utan húss og ýmis önnur mál eftir því sem ákveðið yrði í reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.

Mér þykir rétt að rekja þetta hér til að vekja athygli á því að þegar í þessari fyrstu tilraun til að skipa þessum málum betur en þáverandi ríkisstjórn þótti þá augljóslega vera er gert ráð fyrir að mjög margir málaflokkar falli undir umhverfismáladeild. Þetta frv. varð ekki útrætt, en á löggjafarþinginu 1980–1981 flutti hv. þm. Salome Þorkelsdóttir ásamt fleirum þetta mál enn inn á þingið og hygg ég að það hafi verið flutt óbreytt. Það varð heldur ekki útrætt þá. Hinn 13. júní 1981 skipaði svo þáv. félmrh. nýja nefnd til að semja frv. til laga sem m.a. skyldi fela í sér að helstu flokkar umhverfismála féllu undir eitt ráðuneyti. Nefndinni var falið að taka sérstakt tillit til frv. um sama efni sem ég hef nú getið og tvíflutt hafði verið.

Jafnframt var nefndinni falið að hafa hliðsjón af lögum sem í millitíðinni höfðu verið sett og að skoða ný viðhorf í heiminum almennt til umhverfismála. Í þessari nefnd áttu sæti Árni Reynisson, sem var formaður, Eysteinn Jónsson og Gunnar G. Schram.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að hið eldra frv. sem flutt var vorið 1978 væri um flest atriði í fullu gildi. Taldi nefndin því að hlutverk sitt væri aðallega að endurskoða það frv. með tilliti til þeirra breytinga sem höfðu orðið í millitíðinni. Nefndin skilaði frv. til laga um umhverfismál til ráðherra með bréfi 30. sept. 1981 og þar er getið um nokkrar breytingar sem nefndin hafði gert á fyrra frv. Nefndin leggur enn til að stofnuð verði sjálfstæð stjórnardeild innan vébanda félmrn. sem færi með umhverfismál. Frv. þetta var hins vegar ekki lagt fyrir Alþingi.

Næst er það í desember 1983 að nokkrir þm.

Sjálfstfl., með Gunnar G. Schram sem 1. flm., lögðu fram frv. til laga um umhverfismál. Frv. var að verulegu leyti samhljóða frv. sem lagt hafði verið fyrir á Alþingi 1978 og aftur 1981. Hliðsjón var þó höfð af tillögum þeirrar nefndar sem endurskoðaði frv. árið 1981 og voru sumar breytingar sem sú nefnd hafði lagt til teknar inn í hið nýja frv. Fáeinar aðrar breytingar voru gerðar á texta fyrsta frv.

Í þriðja kafla frv. þar sem fjallað var um stjórn umhverfismála er ekki gerð tillaga um að umhverfismálum verði vísað í tiltekið ráðuneyti. Lagt er hins vegar til að með þau verði farið í sjálfstæðri stjórnardeild í Stjórnarráðinu og er nokkuð um þetta fjallað í greinargerð sem ég ætla ekki að lesa hér en menn hafa auðveldan aðgang að. Það er þó fróðlegt að í greinargerðinni kemur fram m.a., og ætla ég að lesa það upp, með leyfi forseta: „Mjög margt mælir að vísu með því að stofnað verði sérstakt ráðuneyti sem eingöngu hefði umhverfismál með höndum. Það hlýtur að vera takmarkið," segir í þessu frv. hv. sjálfstæðismanna.

Næst er frá því að greina að í félagsmálaráðherratíð Svavars Gestssonar unnu þeir Ingimar Sigurðsson lögfræðingur og Stefán Thors enn að samningu frv. um umhverfismál, byggðu þá sína vinnu á fyrra frv. og nefndar Árna Reynissonar og fleiri sem ég hef áður minnst á. En það frv. var aldrei lagt fyrir Alþingi.

Þá er enn frá því að greina að 26. sept. 1983 skipaði Alexander Stefánsson, þáv. félmrh., fimm manna nefnd til að semja frv. um umhverfismál. Formaður þeirrar nefndar var Hermann Sveinbjörnsson og var þeirri nefnd að sjálfsögðu falið að hafa til hliðsjónar öll þau fyrri frumvöp og alla þá fyrri vinnu sem unnin hafði verið í þessu sambandi. Nefndin var leyst frá störfum hinn 12. apríl 1984 vegna ágreinings. Af hálfu ráðherra var áfram unnið að málinu og greinargerð kynnt í ríkisstjórninni haustið 1984. Þá var ekki samstaða í ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins að svo stöddu. Í ársbyrjun 1986 kynnti félmrh. í ríkisstjórninni frv. til l. um stjórn umhverfismála sem þeir höfðu samið í sameiningu að hans frumkvæði Hermann Sveinbjörnsson og Páll Líndal. Um frv. náðist ekki samstaða og var það því ekki lagt fram á Alþingi. Frv. gerði ráð fyrir að til umhverfismála teldust mengunarvarnir, náttúruvernd, skipulags- og byggingarmál o.s.frv. sem ég ætla ekki að rekja hér nánar. Má segja að það hafi verið í megindráttum byggt á þeim frumvörpum sem áður höfðu verið flutt.

Þann 3. sept. 1987 skipaði svo þáverandi forsrh. þriggja manna nefnd undir forustu Sigurðar E. Magnússonar til að semja frv. um umhverfismál. Nefndin skilaði lokaáliti sínu ásamt drögum að frv. í maí 1988. Þau drög voru kynnt í ríkisstjórn og þingflokkum en frv. var ekki lagt fram á Alþingi sem stjórnarfrv. Þá gerðist það að nokkrir þm. Sjálfstfl. lögðu fram frv. til l. um samræmda stjórn umhverfismála á 111. löggjafarþingi 1988–1989 sem að verulegu leyti byggði á tillögum nefndarinnar. Rétt er að geta þess að frv. það sem hv. sjálfstæðismenn hafa nú lagt fyrir Alþingi byggir á tillögum þessarar nefndar og ætla ég ekki að rekja það nánar.

Enn er til að taka að á síðasta Alþingi lagði ég fram frv. til l. um umhverfismál. Það frv. gekk lengst af þeim frumvörpum sem hér hafa verið nefnd og þó ekki eins langt og frv. það sem liggur nú fyrir Alþingi með þeim breytingum sem gert er ráð fyrir á ýmsum öðrum lögum. Þó er þess að geta að það er einn mikill munur á þessum tveimur frumvörpum.

Frv. það sem lagt var fram á síðasta þingi fjallar í heild sinni um umhverfismálin, þ.e. bæði stofnun umhverfisráðuneytis og einnig hin ýmsu verkefni þessa ráðuneytis. Það er með öðrum orðum í einu frv. og gert ráð fyrir því að það yrðu ein lög. Um þetta voru að vísu dálítið skiptar skoðanir því að ekki er að finna í lögum um Stjórnarráð Íslands svona skilgreiningu á hinum ýmsu verkefnum hinna ýmsu ráðuneyta. Þar eru t.d. ekki til lög um félagsmálaráðuneyti sem slíkt. Það segir bara að í Stjórnarráði Íslands skuli starfa félmrn. og síðan eru með ýmsum öðrum lögum og reglugerðum málin flutt til félmrn. svo að ég nefni dæmi. Sama er að segja um önnur ráðuneyti.

Þetta mál varð heldur ekki útrætt á síðasta þingi svo að ég skipaði enn á ný nefnd og bað þá þingflokka sem tjáð höfðu sig fylgjandi því að skipa umhverfismálum í eitt sjálfstætt ráðuneyti að tilnefna menn í þá nefnd. Formaður þeirrar nefndar var Jón Sveinsson, aðstoðarmaður minn. Niðurstaðan þá varð sú að breyta frá því sem ég hafði gert ráð fyrir í fyrra og fylgja heldur þeim venjum sem mótast hafa í sambandi við lög um Stjórnarráð Íslands, að telja þar upp ráðuneytin en færa síðan verkefnin til ráðuneytanna með sérstökum lögum eða með reglugerð. Þess vegna eru frumvörpin nú tvö.

Það er út af fyrir sig að mörgu leyti eðlilegur framgangsmáti. Benda má á það t.d. að þegar Bjarni Benediktsson þáv. forsrh. lagði, 1968 ef ég man rétt, fram frv. til l. um Stjórnarráð Íslands sem margsinnis hefur verið nefnt í umræðum um þetta mál hér, þá gerir hann ráð fyrir því að ekki sé rétt að ákveða nákvæmlega í lögum hvaða mál skuli falla undir viðkomandi ráðuneyti og segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Er ætlast til þess að forsetinn skv. tillögu forsrh. mæli fyrir um það hvaða málefni heyri undir hvert einstakt ráðuneyti."

Páv. forsrh. bendir á að slíkt yrði þó að meta í einstökum tilfellum og segir svo áfram: „Þótti ekki heppilegt að kveða á í einstökum atriðum hvaða málefni heyrðu undir hvert ráðuneyti fyrir sig vegna þess að slíkt hlýtur ætíð að vera álitamál um einstök atriði og umsvifamikið að hafa lagabreytingu til þess."

Þetta er satt að segja mjög athyglisvert sjónarmið hjá páv. forsrh. sem allir viðurkenna lagafróðastan af þeim sem gegnt hafa því embætti og mjög til umhugsunar og réði því að ég féllst á það að leggja fram mjög einfalt frv. til breytinga á stjórnarráðslögunum, en

síðan annað sem þyrfti þá að athugast betur og nánar ef menn vildu, um tilfærslu verkefna til þess ráðuneytis, sem jafnframt yrði í ýmsum tilfellum gert með reglugerð og er í þeim anda sem páv. forsrh. lagði til.

Við vinnu þessa máls kom það að sjálfsögðu í ljós sem allir máttu vita að það er búið að festa mjög mörg verkefni, stofnanir og verkefni hjá einstökum fagráðherrum og verður því að breyta þeim lögum. Þeim verður ekki breytt með reglugerð þannig að segja má að venjan í gegnum árin gangi gegn því sem páv. forsrh. leggur til og er það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt.

Í meðferð málsins í hv. allshn. Nd. var ákveðið að þetta mál færi sérstaklega fram en það frv. sem fjallar um verkefnin yrði athugað nánar, enda hafði mikill meiri hluti lýst sig sammála því að stofna sjálfstætt ráðuneyti eða sumir ekki tekið afstöðu til þess. Hins vegar eru mjög skiptar skoðanir um ýmis verkefni. Þetta tel ég eðlilegan framgangsmáta því að ef meta má af öllum þeim eldri frumvörpum sem hafa verið flutt og gert ráð fyrir sérstakri stjórnardeild og t.d. því sem ég las upp úr greinargerð með frv. hv. sjálfstæðismanna o.s.frv., þá held ég að hljóti að vera mjög víðtæk samstaða um að taka í raun þannig á þessum málum. Þó að ég viðurkenni að núv. frv. sjálfstæðismanna gengur gegn þessu fyrra sjónarmiði þeirra.

Ég vona einnig að menn séu sammála því a.m.k. að meiri hlutinn fái að ákveða að sérstakt ráðuneyti verði sett á fót og tel það ekki óeðlileg vinnubrögð sem boðið er upp á, að ítarlegar verði svo fjallað um verkefnin. Það er, eins og ég sagði áðan, í þeim anda sem stjórnarráðslögin voru kynnt á sínum tíma af Bjarna Benediktssyni. Ég ætla þess vegna ekki nú að fjalla um hitt frv., þ.e. um verkefnin. Það kemur seinna til meðferðar hér í deildinni. Málið er þetta. Lagt er til að sett verði á fót sjálfstætt ráðuneyti umhverfismála og til þess þarf að taka afstöðu hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil, herra forseti, svo leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hæstv. forsrh. hefur mælt hér fyrir lætur ekki mikið yfir sér og er ekki fyrirferðarmikið. Í raun má segja að það fjalli um eitt orð, umhverfisráðuneyti. En oft veldur lítil þúfa þungu hlassi. Þetta mál hefur orðið tilefni til mikilla umræðna í meðferð Nd. og þarf engan að undra það.

Málið ber að með afar sérstæðum hætti og óneitanlega þykir mér vera farið að hlutunum í öfugri röð. Það virðist vera sáluhjálparatriði fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma þessu frv. í gegnum þingið, helst án mikilla umræðna eða umfjöllunar. Það virðist ekki skipta máli hvert verksviðið eigi að vera í þessu væntanlega umhverfisráðuneyti, hvaða verkefni verði á endanum færð yfir í umhverfisráðuneytið. Þannig hefur málið þróast í meðförum Nd. að þau tvö frumvörp sem hæstv. ríkisstjórn lagði fram, þ.e. þetta frv. sem hér er fjallað um og svo fylgifrumvarp þess. Ég tek fram sérstaklega, fylgifrv. þess sem er 128. mál þingsins og fjallar einmitt um breytingar á einstökum lögum um verkefnasvið sem færa á til umhverfisráðuneytis. Þessi tvö frumvörp hafa nú verið aðskilin. Þetta frv. um Stjórnarráðið er komið til þessarar hv. deildar, en eftir situr fylgifrv. í Nd. og á þar greinilega eftir að fá mikla umfjöllun. En það er einmitt ástæða til að ítreka þessi orð því að það kemur fram í athugasemdum um það frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, vegna stofnunar umhverfisráðuneytis hinn 1. janúar 1990."

En einmitt þessu frv., 128. máli þingsins, er ætlað að ákvarða hvaða verkefni eigi að flytjast í væntanlegt umhverfisráðuneyti og þetta frv. situr eftir og er enn til umfjöllunar í allshn. Nd. Síðan eigum við hér í hv. Ed. að taka fyrri hluta þessa máls og afgreiða það án þess að bandormurinn sem því fylgir sé kominn í hv. deild. Því hefur reyndar verið haldið fram að stjórnarandstaðan sé að tefja þetta mál hér í þinginu. Slíkar fullyrðingar eru auðvitað alger misskilningur og rangar. Hér er um að ræða eitt stærsta og viðamesta mál sem hefur komið fram á þessu þingi, þ.e. hvernig skuli í framtíðinni staðið að því að samræma yfirstjórn umhverfismála og hvaða mál skuli falla undir þá yfirstjórn.

Snemma í haust lögðu þm. Sjálfstfl. fram frv. í hv. Nd. sem er 4. mál þingsins. Það fjallar einmitt um samræmda stjórn umhverfismála. Það frv. er enn til umfjöllunar í allshn. Nd. og fær þá væntanlega afgreiðslu samhliða því frv. sem þar situr eftir og ég nefndi áðan, þ.e. fylgifrv. þessa máls sem hér er á dagskrá.

Það kemur fram í því frv. að við sjálfstæðismenn erum með aðrar hugmyndir um skipan þessara mála en að nú skuli sett á laggirnar sérstakt umhverfisráðuneyti. Við teljum hagkvæmara og skynsamlegra að samræma stjórn þessara mála og koma þannig til móts við þau mismunandi sjónarmið sem endurspeglast í umsögnum þeim sem hafa verið sendar inn um þessi mál. En það vitum við að hagsmunir eru afar mismunandi og það eru skiptar skoðanir á því hvað eigi að færa í umhverfismálaráðuneyti og hvernig menn vilja standa að þeim málum. Enda má einnig benda á fylgifrv. sem hefur að geyma, ef ég man rétt, einar 22 greinar þar sem gert er ráð fyrir að breyta hinum ýmsu lögum til þess að hægt sé að færa þessa málaflokka yfir.

Forsrh. rakti hér nokkuð ítarlega framgang umhverfismála á hv. Alþingi frá því að frv. kom fyrst fram um þessi mál. Það kom fram í hans máli sem rétt er að sjálfstæðismenn á Alþingi hafa haft frumkvæði í þessum málum frá fyrstu tíð. Hann gat þess réttilega að fyrsta frv. sem flutt var um þessi mál var samið að tilhlutan páv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar og það var páv. hæstv. félmrh. Gunnar Thoroddsen sem lagði það frv. fram. Hann sagði að vísu vorið 1977, ég

held að það hafi ekki verið alveg rétt. Ég held að það sé vorið 1978 en það skiptir kannski ekki meginmáli.

Hann gat þess einnig að hliðstætt frv. hefði verið flutt sem þmfrv. hér á þingi 1980–1981. Það var ég sem var 1. flm. þess frv. og aðrir þm. Sjálfstfl. í þessari hv. deild voru einnig flm. Það frv. fékk ekki afgreiðslu, fór aðeins til nefndar. Þá endurflutti Gunnar Schram ásamt fimm öðrum þm. í Nd. þetta mál 1983. Ég held að hæstv. forsrh. hafi gleymt að geta þess, og ég geri það nú svona til gamans af því að hæstv. forseti Sþ. var að ávíta þm. í gær í umræðum í Sþ. fyrir það að þeir segðu ekki söguna um gang mála þegar verið væri að flytja mál sem hefði áður verið flutt, að nálægt vori 1987 lögðu Sjálfstfl. og Framsfl. fram till. til þál. um skipan umhverfismála. (**Forsrh.:** Það var frv.) Já, ég vildi bæta þessu við. Þetta er þá svona smá rósaknúppur í hnappagat framsóknarmanna af því að það eru sjálfstæðismenn sem hafa frumkvæði í þessum málum.

Að lokum, þá var þetta á stefnuskrá ríkisstjórnar þáv. forsrh., Þorsteins Pálssonar. Hann skipaði nefnd til að semja drög að frv. um samræmda stjórn umhverfismála, eins og hæstv. forsrh. gat hér réttilega um. Segja má að það frv. sem nú liggur fyrir og sjálfstæðismenn hafa flutt í neðri deild og er 4. mál þingsins, sé byggt á því frv. eða endurflutt. Ég held að óhætt sé að segja að nefndin sem samdi það frv. hafi með því reynt að ná sem víðtækastri samstöðu um málið meðal hagsmunaaðila, að frv. sé skref í þá átt að samræma yfirstjórn þessara mála í eitt ráðuneyti.

Hæstv. forsrh. talaði áðan um að við sjálfstæðismenn hefðum fallið frá okkar fyrri viðhorfum til þessa máls þar sem við hefðum lýst því yfir að endalokin hlytu að verða eitt umhverfisráðuneyti. Það er náttúrlega alls ekki rétt. Hins vegar gerist það stundum þegar menn geta gefið sér góðan tíma og skoðað málin frá öllum hliðum, og þeir eru sammála um að þetta sé mikilvægt og viðkvæmt mál, þá reyna þeir að ná sem víðtækastri samstöðu. Á því má segja að viðhorfin séu byggð og svo jafnframt því hvað er hagkvæmt fjárhagslega séð. Þetta þykir mér rétt að láta koma hér fram vegna orða hæstv. forsrh.

Ég vildi ítreka þessa söguskoðun hæstv. forsrh. af því að mér finnst rétt að það komi hér fram og það staðfestir að mínu viti hversu viðamikill og þýðingarmikill málaflokkur hér er á ferðinni, hann spannar yfir svo vítt svið, við getum sagt í öllum þáttum umhverfis okkar og mannlífs, að það er ekki auðvelt og einfalt úrlausnar. Og það felst engin lausn í því að bæta einu orði í lög um Stjórnarráð Íslands, að stofna umhverfisráðuneyti, án þess að búið sé að ákveða hvert verksvið þess á að vera.

Mér dettur í hug hvort mönnum fyndist það t.d. skynsamleg ráðstöfun að stofna skóla, ráða skólastjóra og kennara og auglýsa eftir nemendum án þess að fyrir liggi hvað eigi að kenna í skólanum, hvert námsefnið ætti að vera. Ætli mönnum þætti ekki þar vera farið öfugt að hlutunum? (**KP:** Eða hvort eigi að kenna.) Og yfirleitt kannski hvort eigi að kenna já, það má kannski líka bæta því við eins og hv. 3. þm. Vestf. skaut hér inn í ræðu mína. Ég þakka honum fyrir það. (**GuðmÁ:** Það ætti kannski að byggja skólahúsið fyrst áður en hafin er starfsemi.) Ég held, hv. 5. þm. Reykv., að það sé skynsamlegast að fullvissa sig fyrst um að þörf sé á að stofna skóla og að fyrir liggi hvað eigi að kenna í skólanum áður en húsið verður byggt og einnig hvert námsefnið eigi að vera. Ég held að það sé mjög brýnt áður en farið er að ráða starfsfólk og auglýsa eftir nemendum.

Ég hefði, hæstv. forseti, viljað sjá hér á dagskránni, til viðbótar við þau tvö mál sem þar eru, 128. mál, sem er frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd og Siglingamálastofnun og á ýmsum öðrum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála. Því, eins og ég sagði áðan, í athugasemdum með því frv. segir að það sé fylgifrv. þessa frv. sem hér er verið að fjalla um.

En því er ekki að heilsa, því er nú verr og miður. En eins og ég nefndi áðan er þar um viðamikið mál að ræða, 22 greinar, þar sem lagt er til hvaða breytingar þurfi að gera á ýmsum lögum með því að færa verkefni í umhverfisráðuneytið. Það er nefnilega þannig að þó að þeim stjórnarliðum hér á hv. Alþingi takist að koma þessu máli í gegn og það verði að lögum, er ekki séð fyrir hvernig hæstv. umhverfisráðherra fer að starfa að hinum ýmsu málum á meðan ekki er búið að breyta þeim lögum sem nauðsynlegt er til þess að færa honum verkefni sem eru við hæfi á vettvangi umhverfismála. Umhverfismálin heyra undir átta ráðuneyti eins og þeim er skipað í dag. Og þar stendur hnífurinn í kúnni. Þar sýnist sitt hverjum sem hafa með þessi mál að gera og það er alls ekki séð fyrir endann á lausn þeirra.

Við höfum fengið allar þessar umsagnir sem hv. neðri deild hefur kallað eftir. Þær varða þessi þrjú frv. sem ég hef hér minnst á, það frv. sem hér er verið að fjalla um, fylgifrv., sem er meginmálið, og frv. sjálfstæðismanna, 4. mál þingsins. Við eigum auðvitað mikið verk að vinna í hv. allshn. og munum að sjálfsögðu taka til hendi. Nú þegar hefur verið boðaður fundur í nefndinni kl. 9 í fyrramálið, svo það stendur ekkert á því að nefndin taki til starfa.

Af því að við vorum á fundi í allshn. í morgun þá leit ég aðeins á þennan bunka í möppunni minni. Þar rakst ég t.d. á umsögn frá einum hagsmunaaðila sem skiptir sjálfsagt miklu máli hvar hann lendir. Það er Hollustuvernd ríkisins. Í bréfi sem stjórnarformaðurinn, Hermann Sveinbjörnsson, ritar allshn. neðri deildar er fjallað um hvort það eigi að kljúfa þessa stofnun eða ekki. En þar segir, með leyfi forseta: „Stjórnin er sem áður sammála um að ekki komi til álita að kljúfa stofnunina og að varhugavert sé" — nú bið ég hv. þm. að taka eftir — „að hraða stofnun umhverfisráðuneytis það mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess." Þetta er einmitt það sem við erum hér að tala um, okkur finnst vera farið öfugt að hlutunum. Fyrst þarf að gefa sér góðan tíma og svara þeim grundvallarspurningum hver starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess eigi að vera. Þær felast

í afgreiðslu á fylgifrv., barninu sem var skilið frá móður sinni og enn þá situr í neðri deild og er ekki búið að ljúka afgreiðslu á.

Við höfum lofað því að setja ekki hér á langar ræður og þetta mál er auðvitað sjálfsagt að afgreiða til nefndar. Því ætla ég ekki að fara að setja hér á langa ræðu þó það væri að sjálfsögðu mjög freistandi að fjalla hér ítarlega um þessi mál eins og þau hafa verið á dagskrá hjá hinum ýmsu hagsmunasamtökum, áhugafólki um allt land á undanförnum árum. Eins og ég gat um áðan eru 12 ár síðan við sjálfstæðismenn vildum fara að koma þessum málum í gott horf hér á hv. Alþingi. En það hefur ekki tekist og af hverju er það? Það er einfaldlega af því að það er svo erfitt að koma sér saman.

Ég ætla að skjóta hér inn, hæstv. forsrh., ég gleymdi að geta þess að meira að segja í ráðherratíð Svavars Gestssonar voru samin tvö frv., ég man ekki hvort það kom fram hjá hæstv. ráðherra, ég held ekki, það var á tímabilinu 1980–1983. Hvorugt þessara frv. var lagt fyrir Alþingi. Af hverju? Eru menn ekki sammála um að taka þurfi á þessum málum? Af hverju er verið að semja öll þessi frv.? Það er af því að allir vita að það þarf að taka á þessum málum. En af hverju eru frv. ekki lögð fram? Það er af því að ekki er samkomulag um endanlega niðurstöðu. Menn geta ekki komið sér saman um hvernig eigi að standa að málinu. Þess vegna er það engin lausn að breyta hér einu orði í lögum um Stjórnarráð Íslands á meðan ekki er búið að afgreiða fylgifrv. sem þarf að fylgja með þessu frv.

Mig langar að lokum, af gefnu tilefni, að beina einni fsp. til hæstv. forsrh. ef hann vildi vera svo vinsamlegur að hlýða á mál mitt. (**Gripið fram í:** Forsrh. er að mæla fyrir frv. og verður örskotsstund.) Já, en hér erum við í miðri umræðu um þetta mikilvæga mál sem mér hefur reyndar skilist að lægi svo feiknarlega mikið á að afgreiða. En ég hef nógan tíma. (**Gripið fram í:** Hagstofuráðherra er hérna.) Það er ekki nóg. Ég hef nógan tíma, mér liggur ekkert á. Ég er alveg sammála því að það þarf að vinna þannig í þessu máli að við eigum að flýta okkur hægt, gefa okkur góðan tíma. (**Gripið fram í:** Bara að bíða.) Og þess vegna bíð ég bara eftir hæstv. forsrh., það er allt í lagi frá minni hendi. (**Gripið fram í:** Við höfum nú fordæmi um það svo sem.) Og já já, það hefur gerst. Ég veit ekki hvort ég gæti fundið mér eitthvað að lesa fyrir hv. þingdeild á meðan, það er sjálfsagt margt skemmtilegt aflestrar í öllum þessum umsögnum sem ég gat um áðan. (**JúlS:** Slá met Hreggviðs, slá met Hreggviðs.) Að slá met hv. 11. þm. Reykn.? Ég verð nú að viðurkenna það, hæstv. hagstofuráðherra, að ég er afskaplega lítið fyrir að keppa að því að slá met, hvort sem það er í íþróttum eða öðru. Svo ég held að ég hirði nú ekki um það. En ég bíð bara róleg, þetta er allt í lagi, liggur ekkert á.

Ég get náttúrlega á meðan bætt því við að í umsögn Hollustuverndar ríkisins segir í lokaorðum, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og málum er nú komið er besti kosturinn að fresta ákvarðanatöku um yfirstjórn umhverfismála og vinna að stofnun heilbr.- og umhverfisráðuneytis. Verði þessi leið ekki valin er samræmd yfirstjórn umhverfismála í einu af núv. ráðuneytum vænlegri kostur en stofnun umhverfisráðuneytis. Verði slík leið valin verður þó að meta hvert skuli verða starfssvið stjórnarnefndar umhverfismála og umhverfisráðs þar sem sérþekking er til staðar í stofnunum sem sinna störfum á þessu sviði." Þetta var svona smáinnlegg í þessa umræðu á meðan beðið var eftir hæstv. forsrh. sem nú er kominn.

Nú langar mig, hæstv. forsrh., að leggja hér fram, af gefnu tilefni, eina fsp. Í síðustu viku var haldinn hádegisverðarfundur í Verkfræðingafélagi Íslands. Þar mun hæstv. hagstofuráðherra hafa verið og rætt um þetta frv. en hann hafði upplýst á fundinum að gert væri ráð fyrir því að þetta frv., sem við erum hér að fjalla um, yrði að lögum og afgreitt út úr þingi á morgun, miðvikudag. (**KP:** Nei.) Ja, hv. 3. þm. Vestf. virðist vera hissa en það er eins og ég sagði, af gefnu tilefni sem ég er að spyrja. Og því var einnig bætt við af hæstv. hagstofuráðherra að samdægurs yrðu gefnar út reglugerðir, sem væru nú þegar tilbúnar og kveða á um verkefni sem færa á úr hinum ýmsu ráðuneytum til umhverfisráðuneytis.

Ég verð því að spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða reglugerðir eru þetta sem búið er að semja og eiga að birtast samdægurs? Og af því að manni verður spurn, innan hvaða lagaramma eru þær þá settar? Að sjálfsögðu hljótum við að óska eftir því að fá þessar reglugerðir því ég dreg ekki í efa að hæstv. hagstofuráðherra hafi farið þarna með rétt mál. Við munum óska eftir að fá að skoða þær í nefndinni.

Ég get ekki annað en lýst vonbrigðum mínum með hvernig að þessu máli hefur verið staðið hér á hv. Alþingi því ég hefði talið að það skipti meira máli að lögð væri ríkari áhersla á að vinna þetta mál þannig að það væri gert í sem breiðastri samstöðu hér á hv. Alþingi þegar verið er að breyta stjórnskipunarlögum eða lögum um Stjórnarráð Íslands.

Ég vil svo að endingu lýsa ánægju minni með hæstv. hagstofuráðherra í umræðuþætti, ég held í Þingsjá sl. mánudag, þar sem hann og hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir voru að spjalla um þessi mál. Ég verð að lýsa ánægju minni með ummæli hæstv. hagstofuráðherra og þakka honum fyrir hans skilning á þýðingu þessa máls, þar sem hann lýsti því yfir að að sjálfsögðu mundu þessi mál tvö, þ.e. þetta frv. og fylgifrv., fylgjast að héðan út úr þinginu og fá samtímis umfjöllun í hv. efri deild. Ég sé því fram á að það líður ekki á löngu þar til við sjáum hitt frv. og við getum þá fjallað um þessi tvö frv., sem skipta svo gríðarlega miklu máli eins og ég hef reynt að koma að hér í mínum orðum, og að þau verði afgreidd samtímis.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki ástæðu til þess að setja hér á langa ræðu. Ég á sæti í allshn. og fæ tækifæri til að fjalla nánar um þetta frv. þar. Því læt ég nú máli mínu lokið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið, bæði í máli hæstv. forsrh. og hv. 6. þm. Reykn., eiga umhverfismálin sér nokkurn aðdraganda í okkar stjórnkerfi. Það hafa verið samin frumvörp og tillögur án þess að nokkur þeirra hafi hlotið afgreiðslu. Eins og fram kom er það allt aftur til ársins 1975 að frumvörp um umhverfismál voru hér fyrst samin.

Frá stofnun Kvennalistans, sem reyndar er ekki mjög gömul hreyfing, hefur það verið eitt af meginatriðunum að vinna að umhverfisvernd. Við höfum oft og einatt bent á nauðsyn þess að sameina öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti í því skyni að tryggja virkari og hagkvæmari stjórn umhverfisverndar og eftirlit með umhverfi okkar. Stóraukin þekking og skilningur á náttúrunni er það eina sem getur forðað okkur frá að þurrausa auðlindir jarðar og eyðileggja það umhverfi sem við lifum á og ætlum komandi kynslóðum að lifa á líka.

Sem betur fer eru augu manna smám saman að opnast fyrir nauðsyn þess að taka tillit til umhverfisins og að ekki er hægt að ganga að auðlindum jarðar sem eilífðarbrunnum og að umhverfið tekur ekki endalaust við þeim margvíslegu úrgangsefnum og flóknu efnasamböndum sem fylgja búsetu okkar mannanna hér á jörðinni.

Allt frá því að Kvennalistinn eignaðist fulltrúa hér á Alþingi hafa kvennalistakonur átt frumkvæði að flutningi margra mála er tengjast umhverfismálum, enda stendur það nærri konum að vilja tryggja börnum sínum lífvænlega framtíð. Í stefnuskrá Kvennalistans segir, með leyfi forseta:

„Framtíð mannkyns veltur á því hvernig við umgöngumst náttúruna, hvernig við nýtum gögn hennar og gæði og hvort við berum gæfu til að bæta úr þeim spjöllum sem við höfum valdið henni. Móðir jörð setur ákveðin lögmál. Maðurinn gengur þvert á mörg þeirra á leið sinni til hámarks skammtímagróða og tekur hvorki tillit til hagsmuna heildarinnar, jarðar né framtíðar. Umhverfisvernd er að ganga um hverja auðlind með virðingu og nærgætni og taka aðeins vextina en láta höfuðstólinn óskertan til að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir.

Umhverfismál á Íslandi falla að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin. Afleiðingin er óstjórn og skörun. Sameina ætti öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti til virkari og hagkvæmari stjórnunar og markvissrar umhverfisverndar."

Í samræmi við þessa stefnu hafa þingkonur Kvennalistans haft frumkvæði að flutningi margra þingmála hér á Alþingi. Minni ég í því sambandi á tillögu um umhverfisfræðslu í skólum og meðal almennings sam samþykkt var á síðasta þingi. Þá lögðum við þingkonur Kvennalistans fram till. til þál. í fyrra þar sem lagt var til að stofnað yrði sérstakt ráðuneyti umhverfismála með ákveðnum verkefnum sem voru rannsóknir og stjórnun náttúruauðlinda, náttúruvernd, umhverfisfræðsla, skipulagsmál, mengunarvarnir og alþjóðleg samskipti um umhverfismál. Gerði tillagan ráð fyrir að undir þetta ráðuneyti yrðu fluttar stofnanir eða deildir sem nú starfa á þessum sviðum undir stjórn ýmissa ráðuneyta.

Í tillögunni er greint frá því hvernig við hefðum getað hugsað okkur að breyta skipan umhverfismála. Ég sé ekki ástæðu til þess að tíunda þá tillögu hér eða efni hennar í smáatriðum. Breytingarnar voru mjög róttækar en gerðu alls ekki ráð fyrir nýju bákni, eins og þeir sem leggjast gegn stofnun umhverfisráðuneytis kjósa oft að kalla það. Meginmarkmið okkar var að samræma og flytja málaflokka undir eina stjórn.

Ekki verður fram hjá því horft að það kostar nokkurt fé að gera það átak sem þörf er á sviði umhverfismála svo lengi sem þau hafa verið hornreka í hugum manna og þar af leiðandi allt of litlu fé verið veitt til þessa málaflokks. Er það trú okkar kvennalistakvenna að með þeirri skipan mála sem við bentum á í tillögu okkar hefði mátt gefa umhverfismálunum aukið vægi og svigrúm hefði gefist til að byrja að sinna þeim málum af þeirri alúð sem nauðsynleg er. Við gerðum okkur hins vegar að sjálfsögðu grein fyrir því að erfitt gæti verið að gera slíkar breytingar á stjórnkerfinu í einu vetfangi. Þess vegna töldum við að sá verkefnatilflutningur sem gert er ráð fyrir í 128. máli, þ.e. fylgifrv. þess frv. sem hér er til umræðu, væri þó alla vega fyrsta skrefið. Það þýddi þó ekki að við værum sáttar við endanlega niðurstöðu nefndarinnar sem vann það frv. Bryndís Brandsdóttir jarðeðlisfræðingur var fulltrúi Kvennalistans í nefndinni sem samdi frv. en eins og ljóst er klofnaði nefndin í afstöðu sinni til frv. í heild við endanlega afgreiðslu þess til þingsins. Það álit sem Bryndís stóð að fól í sér að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins flyttust frá landbrn. til umhverfisráðuneytis en þó þannig að landbrn. hefði áfram umsjón með ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum.

Þó við kvennalistakonur séu sannfærðar um að það fyrirkomulag sé betra en það sem ráð er fyrir gert í fyrirliggjandi frv. höfum við þó talið það skref í rétta átt. Við höfum lýst okkur samþykkar því að taka það skref þó það sé að okkar mati of skammt gengið. Við erum því fylgjandi að stofna umhverfisráðuneyti með ákveðnum verkefnum. Þess vegna voru þau þingkonum Kvennalistans í Nd. mikil vonbrigði að geta ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa frv. sem við nú ræðum þegar það var afgreitt úr deildinni í síðustu viku án þess að nokkuð væri vitað um hvenær fylgifrv., sem kveður á um hlutverk og verkefni umhverfisráðuneytisins, yrði afgreitt. Við sjáum engan tilgang í því að stofna ráðuneyti um svo mikilvægan málaflokk sem við berum svo mjög fyrir brjósti án þess að fyrir liggi hvernig verður að málum staðið og hver verða verkefni umhverfisráðuneytisins.

Á þeirri stundu sem frv. var afgreitt frá Nd. var engan veginn ljóst hver yrði staða og starfssvið umhverfisráðuneytisins. Það hafði í raun og veru ekki annað til umráða en ráðherrastól, bíl og skrifborð því að allir þeir málaflokkar sem með réttu ættu heima í slíku ráðuneyti heyra eftir sem áður undir sín

gömlu ráðuneyti þar til samkomulag hefur náðst um annað.

Virðulegur forseti. Í máli mínu hef ég nánast eingöngu talað um frv. um verkefnaflutninginn sem nú er til umfjöllunar í allshn. Nd., enda er þetta tvennt, þ.e. stofnun ráðuneytisins og væntanleg verkefni þess, ein órjúfanleg heild sem hvorki er hægt að ræða né afgreiða án þess að bæði málin fylgist að. Ég vil taka undir með hv. 6. þm. Reykn. um það sem hún sagði hér áðan varðandi orð hæstv. hagstofuráðherra í þættinum Þingsjá fyrir rúmri viku þar sem hann sagði að ekkert væri því til fyrirstöðu að þessi mál fylgdust að. Það væri aðeins verið að koma frv. um stofnun umhverfisráðuneytisins til Ed. en síðan gætu þau fylgst að héðan í lokaafgreiðslunni. En mér heyrðist hins vegar á máli hæstv. forsrh. áðan að honum lægi töluvert á og vil ég því spyrja hann ef hann heyrir til mín núna, (**Forsrh.:** Ég heyri vel.) hvort það sé Framsfl. sem hingað til hefur ýtt svo mjög á að þetta frv. fari með þessum ógnarhraða hér í gegnum þingið. Eins og hæstv. hagstofuráðherra hefur lýst yfir liggur ekkert á og frumvörpin eiga að fara saman út úr Ed. Mér skildist það hins vegar á orðum hæstv. forsrh. áðan að hann vildi að þetta mál yrði afreitt sem fyrst héðan út úr Ed. Það er auðvitað alveg út í hött að afgreiða annað frv. án þess að hitt fari með og er gott til þess að vita að hæstv. hagstofuráðherra hefur komið auga á það. Ég hélt reyndar að hann talaði fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar í þessum sjónvarpsþætti. Með því að frumvörpin fari saman frá Ed. er ekki einungis tryggður þessi verkefnaflutningur heldur er einnig komið í veg fyrir þá réttaróvissu sem skapast hefði og getið er um í grg. með frv. ef stofnað yrði ráðuneyti án verkefna.

Ég hef af því fregnir að allshn. Nd. haldi stöðuga fundi og vel gangi að vinna frv. um verkefnaflutninginn og ég sé ekki fram á annað en að auðvelt ætti að vera fyrir okkur hér í Ed. að vinna að málinu þannig að við getum stofnað umhverfisráðuneyti með verkefnum, sem við getum vonandi allir hv. þm. verið sæmilega sáttir við, í síðasta lagi fyrir þinglok í vor. Eins og fram hefur komið er ekki nóg að stofna umhverfisráðuneyti án verkefna. Það er heldur ekki nóg að stofna umhverfisráðuneyti með verkefnum ef ekki verður unnið að því um leið að efla vitund almennings um þau verðmæti sem er að finna í óspilltu umhverfi, ekki síst þeirra sem beinlínis nýta sér auðlindirnar. Þeirra hagsmunir eru ekki litlir þegar rætt er um verndun auðlindanna.

Að lokum langar mig til að beina þremur fsp. til hæstv. forsrh. Það er fyrst varðandi grg. sem með frv. fylgir en þar er talað um væntanlegt starfsfólk við hið nýja ráðuneyti þegar það verður stofnað. Mig langar til þess að fá um það upplýsingar hvort búið sé að ákveða á hvaða sviði þeir tveir sérfræðingar sem ráðnir verða eiga að vera. Það er reyndar ætlunin að bæta við tveimur 1. apríl í vor og ég vildi gjarnan fá um það upplýsingar, ef þær liggja fyrir, á hvaða sviði þeir sérfræðingar eigi að vera. Jafnframt langar mig til að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh. og hún varðar það mál sem varð að ágreiningsefni í nefndinni sem samdi frv. Það er varðandi Landgræðslu og Skógrækt ríkisins. Það er samdóma álit þeirra sem best þekkja til að stærsta umhverfisvandamál okkar Íslendinga nú sé gróðureyðing og uppblástur lands. Í lögum um Landgræðslu segir í 1. gr., með leyfi forseta: „Tilgangur þessara laga er að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs, að græða upp eydd og vangróin lönd." Og í lögum um markmið og stjórn Skógræktar ríkisins segir í 1. gr., með leyfi forseta: „Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar sem eru í landinu, að græða upp nýja skóga þar sem henta þykir, að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annars þess sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur."

Mér sýnist að hér séu mjög mikilvæg umhverfismál og þá ekki síst Landgræðslan. Mig langar því þess að spyrja hæstv. forsrh. með hvaða rökum menn telja sér stætt á að setja þessar tvær stofnanir ekki í hið nýja umhverfisráðuneyti. Að lokum vil ég undirstrika að ég fagna þeim sinnaskiptum sem hæstv. hagstofuráðherra hefur tekið og vona að hann fái aðra í hæstv. ríkisstjórn með sér til að gefa okkur svigrúm til að vinna að þessum málum báðum saman þannig að þau verði afgreidd hér þegar hv. þm. hafa athugað þau eins gaumgæfilega og við teljum okkur þurfa að gera. Enda, eins og fram hefur komið, eru ýmsar skoðanir uppi og við þurfum auðvitað að reyna að sætta sjónarmið og stofna umhverfisráðuneyti sem sem allra flestir geta verið sáttir við.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég lengja mjög þessa umræðu þó að vissulega væri til þess ástæða að fjalla nokkuð um þá einkennilegu málsmeðferð sem mér sýnist hér vera viðhöfð.

Ég vil í fyrsta lagi viðurkenna það að ég hef eiginlega aldrei verið sannfærður um ágæti þess að stofna eitt ráðuneyti í viðbót sem héti umhverfisráðuneyti. Þeim málum má koma við með öðrum hætti. Öllum er auðvitað ljóst að umhverfið þarf að vernda og bæta. En ég vil líka viðurkenna að ég beitti mér ekki gegn því í þingflokki Alþfl. og hafði ekki við það athugasemdir þegar þessi tvö mál komu saman inn í þingflokkinn og voru afgreidd þar.

Nú er allt annað uppi á teningnum í þessum efnum. Ég heyrði það fyrir rúmri viku síðan í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að hæstv. ríkisstjórn legði höfuðáherslu á það nú að fá afgreitt það mál eitt og sér sem hér er á dagskrá. Hitt liggur líklega eitthvað, nema rétt sé sem haft er eftir hæstv. hagstofuráðherra og væntanlegum umhverfisráðherra, skilji maður þetta rétt, að málin eigi að fylgjast að út úr Ed.

Mér finnst að hér sé verið að misbjóða þingmönnum almennt í vinnubrögðum og hér eigi flokkspólitísk sjónarmið að ráða. Vinnubrögð af þessu tagi, að haga málum með þessum hætti, eru auðvitað að misbjóða þinginu sem slíku. Og í mínum huga ber þetta allt of mikinn keim af mikilli kaupmennsku og hégómagirni tiltekinna einstaklinga sem hér eiga hlut

að máli. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því, hvað sem lögspekingar segja hér í hv. deild, það er auðvitað ekkert réttlæti í því að stofna til ráðuneytis og ráðherraembættis án nokkurra verkefna sem því er ætlað. Margir hafa að vísu haft áhyggjur af því að ef til þessa yrði stofnað mundi þetta verða að miklu bákni og hlaða upp á sig. Kannski verður það til hins betra ef engin verkefni verða, þá verður ekkert báknið. En vinnubrögð af þessu tagi eru að mínu viti algerlega óþolandi og þingmenn eiga ekki að láta bjóða sér svona, alls ekki. Telji menn nauðsynlegt að stofna slíkt umhverfisráðuneyti, þá á að gera það með verkefnum. En um það er trúlega ekkert samkomulag hvaða verkefni eigi þar að vera. Og litla trú hef ég á því að slíkt samkomulag verði í reynd á tiltölulega stuttum tíma. Það munu vera átta ráðuneyti sem um þetta fjalla núna, skilji ég og muni ég rétt, og það tekur ábyggilega einhvern tíma að sannfæra þau ráðuneyti um það hver eigi að láta af sínu inn í þetta. (**Gripið fram í:** Eru þau ekki níu?) Eða níu, ég vil ekki fullyrða, kannski níu. Það kann vel að vera. Þá þess heldur.

Ég segi fyrir mig, og það þarf ekkert að taka það fram, hv. þm. er það auðvitað ljóst hér að þessum orðum sögðum, að það er til of mikils ætlast af mér að ég ljái þessu máli stuðning eins og það liggur fyrir hér í deildinni.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir því að ég varð mjög hissa á þessum orðum hv. 3. þm. Vestf. og finnst raunar að hann sé orðinn nokkuð mengaður af málatilbúnaði Sjálfstfl. um þetta frv. Það er kannski út af því að ég sat í þeirri nefnd sem samdi bæði frumvörpin og raunar líka frv., sem ég mundi telja að væri nauðsynlegt að kæmi hér fram, um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands, að ég vil gera grein fyrir því hvernig þetta er upp byggt og af hverju þetta er gert á þennan hátt sem hér er gert, hvert mitt mat er á því sem fram hefur komið hér um það hvort eigi að afgreiða frv. saman eða hvort í sínu lagi.

Það er þannig í flestum löndum og eiginlega öllum löndum Vestur-Evrópu að ekki eru til sérstök lög um stjórnarráð þessara landa heldur eru ráðuneyti stofnuð með einfaldri ákvörðun, oft og tíðum í tengslum við nýjar ríkisstjórnir. Það hefur aldrei verið gagnrýnt í þessum löndum hvort eigi að stofna ráðuneyti. Og oftar en ekki liggur ekki fyrir hvaða verkefni eigi að falla undir viðkomandi ráðuneyti fyrr en löngu seinna. Þess vegna finnst mér þessi málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð um það að afgreiða þetta hvort í sínu lagi ekkert vandamál í sjálfu sér. (**Gripið fram í:** Hvaða lönd er þm. að tala um?) Öll lönd Vestur-Evrópu. Þess vegna finnst mér það eitt að Alþingi viðurkenni að hér skuli stofna umhverfisráðuneyti vera það atriði sem máli skiptir og ég er mjög undrandi á þeirri afstöðu sem fram kemur hjá fulltrúum Sjálfstfl. og Kvennalistans sem hafa lýst hér yfir úr þessum ræðustóli að þeir hafi verið frumkvöðlar að því að hugsa um umhverfismál. Hér tel ég fyrsta skrefið vera tekið með þessari viðurkenningu. Ég verð því að vísa því sem fram hefur komið í þessari umræðu algerlega á bug, að verið sé að keyra einhver mál í gegnum þingið vanhugsað og að verið sé að stofna ráðuneyti án verkefna.

Menn verða líka að líta til þess hvernig lögin um Stjórnarráð Íslands eru upp byggð. Hvernig gekk Bjarni Benediktsson frá lögunum um Stjórnarráð Íslands? Hann gekk frá þeim þannig að lögin eru örfáar greinar, síðan er málefnunum komið þannig fyrir að það er forseti Íslands sem mælir fyrir um það hvaða verkefni skuli falla undir viðkomandi ráðuneyti. Það sem fylgifrv. mælir fyrir um er aðeins eitt, að breyta yfirstjórn viðkomandi málaflokka sem þar koma fram úr t.d. landbrn. í umhverfisráðuneyti eða úr menntmrn. í umhverfisráðuneyti, en ekki að það sé ekki hægt að setja reglugerð og koma verkefnum með reglugerð undir umhverfisráðuneytið. Það er gert með einfaldri reglugerðarbreytingu og ég geri ráð fyrir því að þegar þetta frv. hefur verið samþykkt verði reglugerðinni um það hvaða málaflokkar skuli falla undir umhverfisráðuneytið breytt. Þetta frv. getur því lifað eitt og sér.

Ég hefði kosið, þar sem þetta er angi af miklu stærra máli, að fyrir þingið hefði verið lögð heildarendurskoðun á lögunum um Stjórnarráð Íslands til að sjá hvað er verið að gera í þeirri endurskoðun og hvernig verkefnatilflutningurinn lítur út milli allra ráðuneytanna, ekki bara að taka umhverfisráðuneytið eitt sér. Og ég vonast svo sannarlega til þess að hæstv. ríkisstjórn leggi þá endurskoðun fram innan tíðar.

Eins og ég sagði áðan er engin spurning í mínum huga um stofnun umhverfisráðuneytis. Það átti að gerast fyrir a.m.k. 10 árum síðan. Því miður erum við orðin mjög aftarlega í allri umræðu um umhverfismál. Á alþjóðavettvangi er í dag aðallega fjallað um umhverfismál. Í hverjum mánuði, næstum því í hverri viku er einhvers staðar um allan heim ráðstefna um umhverfismál. Umhverfismálin hafa tekið við af afvopnunarmálum á alþjóðavettvangi og menn eru betur meðvitaðir um þýðingu umhverfisins fyrir lífsafkomu alls heimsins en áður var. Og menn eru farnir að tala um þriðju heimsstyrjöldina í þeirri merkingu að við erum að tortíma okkur vegna mengunarinnar og eyðingar umhverfisins. Ég fagna því svo sannarlega að þetta umhverfismálafrv., eða breyting á lögunum um Stjórnarráð Íslands, skuli vera komið til Ed. og þar komi fram að stofna skuli umhverfisráðuneyti.

Eins og fram hefur komið er frv. ekki mikið að vöxtum. Í því er aðeins eitt orð. Á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti" komi orðið umhverfisráðuneyti. Niðurstaða nefndarinnar var að betra væri að koma þessu fyrir á þennan veg en að semja frv. þar sem verkefnin væru samtvinnuð því þetta er í samræmi við það sem lögin um Stjórnarráðið kveða á um. Þar er upptalning á þeim ráðuneytum sem skulu vera til. Og umhverfisráðuneytið er á þeim lista orðið 14.

ráðuneytið. Síðan kemur þetta fylgifrv. sem hér hefur verið gert að umtalsefni og er til meðferðar í Nd. og ég geri ráð fyrir því að það komi innan tíðar til þessarar deildar.

Ég vil ekki líta þannig á að óhjákvæmilegt sé að afgreiða þessi mál saman. Þvert á móti tel ég rök hníga til þess að nauðsynlegt sé að afgreiða þetta mál áður en hitt málið verður afgreitt vegna þess að því miður hefur það allt of oft gerst að hrúgað er inn miklum verkefnum áður en eða um líkt leyti og viðkomandi stofnun tekur til starfa. Þess vegna finnst mér eðlilegast og tel raunar að fyrsta kastið eigi ekki að hafa mörg verkefni undir umhverfisráðuneytinu heldur eigi það að þróast eftir því sem menn koma sér saman um og eftir því sem nauðsyn krefur um hinn og þennan málaflokkinn. Það er alveg rétt sem lesið var úr greinargerðinni með frv. um hinn svokallaða bandorm að það er fylgifrv. með þessu frv. en það eitt þýðir ekki að það eigi að afgreiða þau saman.

Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu af hv. 6. þm. Reykn. að hér sé farið að hlutunum í öfugri röð af því að hér er verið að stofna umhverfisráðuneyti án þess að það hafi verkefni. En eins og ég sagði áðan verður ákveðnum verkefnum komið undir umhverfisráðuneytið með einfaldri reglugerðarbreytingu. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því að starfsmenn ráðuneytisins hafi ekki nóg að gera fyrstu dagana. Það mætti líkja þessu við það að auðvitað byggir maður húsið áður en maður hefur starfsemina. Það er eins og fram kom hér í orðum hv. 6. þm. Reykn., að byggja húsið og kaupa vélina og hefja starfsemina, það er bara ekki hægt. Það verður fyrst að byggja húsið og síðan að kaupa vélarnar og síðan að hefja starfsemina ef um slíkt er að ræða, ef þetta á að ganga upp.

Í máli hv. 6. þm. Vesturl. kom fram að nefndin hefði klofnað í afstöðu sinni í heild. Það er alrangt. Hún klofnaði í afstöðu til tveggja mála, annars vegar skógræktar og hins vegar landgræðslu. Ég var þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að hvor tveggja þessara málaflokka, skógrækt og landgræðsla, eigi að falla undir umhverfisráðuneytið af því að skógrækt og landgræðsla verður ekki talið landbúnaðarmál, ég get ekki séð hvernig uppgræðsla geti verið talin landbúnaðarmál. Hins vegar var komið á þeirri málamiðlun milli þessara sjónarmiða vegna þeirrar miklu gagnrýni sem kom bæði frá Skógrækt ríkisins og Landgræðslu að fara þarna bil beggja, færð skyldu aukin verkefni til Náttúruverndarráðs og ýmsar heimildir í væntanlegri umhverfisverndarstofnun sem Landgræðslan hefur í dag. Ég held að það væri heppilegt sem fyrsta skref að hafa það með þeim hætti. Þegar þetta ráðuneyti og þessi málaflokkur, umhverfismálin, hafa þróast held ég að engin spurning sé um það að Landgræðslan og Skógræktin koma til með að falla undir umhverfisráðuneytið. Það er bara spurningin hve stórt skref á að taka í einu.

Það kom fram hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur að mælt sé gegn stofnun umhverfisráðuneytis í þeim umsögnum sem komið hafa til allshn. Nd. Það er alrangt. Í meginatriðum fagna flestir umsagnaraðilar stofnun umhverfisráðuneytis. Einstaka aðilar, og þeir aðilar einir sem óttast um hag sinna stofnana eins og t.d. Hollustuvernd ríkisins, eru með ýmsar efasemdir um það hvort eigi að fella stofnunina undir umhverfisráðuneytið eða ekki. Ég skil sjónarmið þeirra mjög vel. Í nefndinni var einmitt farið mjög ítarlega ofan í þessa þætti og niðurstaða Hermanns Sveinbjörnssonar, forstöðumanns Hollustuverndar, var að betra væri að Hollustuverndin færi undir umhverfisráðuneytið en að kljúfa stofnunina upp. Á þeim forsendum varð það niðurstaða nefndarinnar að fella þetta undir umhverfisráðuneyti en ekki að það hafi verið ágreiningur um stofnun ráðuneytisins. Í umsögnum og þeim viðtölum sem nefndin átti við þá menn var verið að velta upp öðrum möguleikum, hvort heppilegra væri að hafa heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti í einu ráðuneyti og um það urðu töluverðar umræður þar sem Hollustuverndin tengist mjög mikið heilbrigðismálum. Sama var um Geislavarnir ríkisins.

Ég ætla ekki að fara ofan í einstaka málaflokka. Ég tel heppilegra að bíða hins frv. sem hér hefur verið kallað, og ég hef raunar líka kallað, fylgifrv. þessa frv. hér. En ég vil segja það eitt að lokum og til upplýsingar um það hvað er að gerast á alþjóðlegum vettvangi um umhverfismál að í Sovétríkjunum hefur þetta mikla vandamál, sem er umhverfismálin, leitt af sér að stór hluti Sovétríkjanna er orðinn óbyggilegur vegna mengunar, hreinnar eitrunar. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef telja Sovétmenn sjálfir að helmingurinn af Síberíu sé dauður vegna iðnaðarmengunar, ekki eins og flestir mundu telja óbyggilegur vegna frosthörku heldur iðnaðarmengunar.

Í Bandaríkjunum eru núna mjög miklar umræður um það hvort eigi að stofna þar umhverfisráðuneyti og ég held að flestir á þingi Bandaríkjanna séu sammála um að stofna ráðuneyti. Sú umhverfisstofnun sem þeir settu á fót í kringum 1970 þjónar ekki þeim markmiðum sem þeir höfðu sett sér upphaflega. Þeir hafa tapað því frumkvæði, að þeir telja, sem þeir höfðu á alþjóðavettvangi vegna þess að þeir höfðu ekki umhverfisráðuneytið og höfðu ekki samræmda stjórn á sínum umhverfismálum.

Ég held að við ættum að athuga okkar gang mjög vel þegar þetta mál kemur til kasta allshn. Ed. og svara þeirri einu spurningu sem þetta frv. mælir fyrir um: Eigum við að stofna umhverfisráðuneyti eða ekki? Það er sú eina spurning sem frv. varpar fram. Ég skil ekki alla þá umræðu sem verið hefur um þetta frv., enda hefur hún ekkert verið um frv. Hún hefur verið um allt annað. Það er ein spurning sem frv. er að leita svara við. Og annað hitt, ríkisstjórnin tók þessa ákvörðun síðasta sumar og mér finnst mjög bagaleg öll þessi umræða, mér hefur fundist mjög leitt það sem þessi umræða hefur komið af stað, að menn úti í þjóðfélaginu eru orðnir neikvæðir gagnvart þessu ráðuneyti áður en það er komið á laggirnar af því að málið hefur ekki snúist um það sjálft heldur snúist um allt annað. (Gripið fram í.) Það er allt

annar hlutur. Þess vegna eigum við þm. á hv. Alþingi að reyna að halda okkur við efni málsins, ekki vera að eyðileggja góð mál með kjaftavaðli um einskis verða hluti. Auðvitað hefur margt komið fram í allri þessari umræðu um það hvernig einstakir menn hafa hagað sér og hvort það sé rétt að það sé verið að koma stól undir ákveðinn ráðherra. En það skiptir ekki máli. Málið er málefnið sem slíkt, hvort hér skuli stofna umhverfisráðuneyti eða ekki. Og eins og ég sagði áðan, í allri Vestur-Evrópu er hægt að taka svona ákvörðun af forsrh. viðkomandi lands með einu bréfi.

En ég vil þakka þeim sem hér hafa talað engu að síður fyrir það sem þeir hafa sagt um þetta og vænti þess að í hv. allshn. getum við farið yfir þetta einstaka mál án þess að vera að tengja það einhverju öðru sem er því óviðkomandi.

Auðvitað tengist margt umhverfismálum. (**Salþ:** Vill þm. nefna það sem sagt hefur verið hér og er málinu óviðkomandi?) Ég ætla ekkert að fara yfir þá hluti. Þingmenn sem hér eru inni vita hvaða stefnu málið hefur tekið. Og ég ætla ekkert að orðlengja það, enda held ég að það sem skipti máli sé það eitt að þetta frv. verði afgreitt og ætla því ekki að hafa þessi orð mín fleiri.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Svo að ég noti orð hv. síðasta ræðumanns: Við viljum ræða þetta mál vegna þess að við erum ekki að ræða um einskis verða hluti eins og hann notaði hér tungumálið okkar áðan og talaði um að menn ættu ekki að vera að karpa um einskis verða hluti, en auðvitað viljum við ræða þetta mál vegna þess að það er okkur einhvers virði og við viljum vanda til þess. Hv. þm. minntist reyndar á það að málið hefði nú snúist á þann veg að fólk úti í bæ væri orðið neikvætt gagnvart umhverfisráðuneytinu vegna umræðu sem hefði farið fram hér inni. Ég treysti fólki úti í bæ alveg til þess að fylgjast með fréttum og auðvitað veit fólk og skilur hvað er verið að gera hér, stofna ramma sem ekkert er inni í. Á meðan verið er að segja öllum að herða nú sultarólina enn einu sinni hefur fólk auðvitað á tilfinningunni að það sé einungis verið að stofna ráðuneyti án þess að það hafi nein sérstök verkefni eins og augljóst er. Það væri auðvitað annað ef verið væri að stofna ráðuneyti til þess að vinna að hagsmunamálum okkar í þessum málum, en þau eru eftir sem áður á víð og dreif í stjórnsýslukerfinu. Þess vegna er þetta, eins og það er fram sett núna, einungis viðbót, en ég ætla að vona að við þurfum ekki að fara að ræða frv. um stofnun umhverfisráðuneytis á þessum nótum vegna þess að eins og fram hefur komið telja alla vega einhverjir hæstv. ráðherrar sjálfsagt að þessi mál tvö fari hér saman. Ég hef reyndar beint spurningu til hæstv. forsrh. varðandi það hvort það sé Framsfl. sem er að reka á eftir og ítreka hana hér með. Hins vegar vegna orða hv. 5. þm. Reykv. hér áðan: Hann nefndi það að hann hefði setið í nefndinni og rétt er það. Hann hefur kannski misskilið orð mín. Ég átti ekki við að nefndin hefði klofnað í afstöðu sinni til málsins í heild sinni, mér er fullkunnugt um það. Það getur verið að ég hafi mismælt mig en það var varðandi þessar tvær stofnanir, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins, við endanlega afgreiðslu frv. frá nefndinni.

Hv. 5. þm. Reykv. átti sæti í nefndinni og á þá væntanlega aðild að þeirri greinargerð sem með frv. fylgir og þar eru reyndar þrír lögfræðingar, aðstoðarmaður hæstv. forsrh., Arnmundur Backman, og hv. 5. þm. Reykv. sem einnig er löglærður, en í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Í þeim frumvörpum, sem samin hafa verið um umhverfismál að undanskildu frv. um umhverfismál sem lagt var fram á síðasta þingi, var ekki greinilega tiltekið hvaða viðfangsefni ættu að falla undir heildarstjórn umhverfismála. Slík lög hefðu leitt af sér töluverða réttaróvissu."

Nú gat hv. 5. þm. Reykv. um það hér áðan að í Vestur-Evrópu tíðkaðist það að menn stofnuðu ráðuneyti án þess að lagaheimildir þyrfti til. Ég vil spyrja hann og reyndar hæstv. forsrh. líka: Hvaða réttaróvissu hefur verið eytt síðan greinargerðin með frv. var skrifuð?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Örfá orð um þær spurningar sem lagðar hafa verið fyrir mig. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir spurði hvort ætlunin væri að afgreiða frv. fyrir nk. miðvikudag. Ég hef ekki heyrt það. (Gripið fram í.) Já, ég hef aðeins kynnt mér það mál og mér skilst að á þessum fundi, sem ég var ekki á þótt ég sé nú verkfræðingur, hef ekki mætt vel þar, hafi komið fram áhugi hjá ýmsum á að afgreiða málið fyrr en seinna og það hefur verið nefnt að út af fyrir sig væri unnt að afgreiða málið á svo skömmum tíma. Ég er hins vegar ekki að leggja það til og mér skilst ekki að neinn hafi lagt það til. (Gripið fram í.) Ýmsir á fundinum, það hafi komið fram áhugi á því. (Gripið fram í.) Mér er sagt svo, ég var ekki á þessum fundi, að það hefði komið fram áhugi á fundinum á þessu máli og spurt hvenær það gæti orðið að lögum. Og við vitum það náttúrlega hér að iðulega hefur frv. orðið að lögum á einum sólarhring. Ég tek það hins vegar skýrt fram að ég hef alls ekki gert ráð fyrir því. Mér skilst að þetta hafi nú verið einhver umræða í þessum dúr. (**Gripið fram í:** Vangaveltur?) Vangaveltur, já, eða þess háttar.

Einnig var spurt hvort reglugerð væri tilbúin. Ég hef að sjálfsögðu látið skoða bæði hvað þarf lög til að flytja — því er annað frv. flutt sem er til meðferðar í allshn. Nd. — og hvað væri unnt að flytja með reglugerð. Ég vek athygli á því að í 8. gr. laga nr. 70 1969, um Stjórnarráð Íslands, segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra." Það er eitt meginatriði í skipan mála í Stjórnarráðinu. Það er mjög viðamikil reglugerð sem ákveður slíka hluti. Og ég vek athygli á því að í mörgum tilfellum hafa einstakir hlutir verið

fluttir á milli með reglugerð. Ég tek sem dæmi að þótt í lögum segi að viðskrn. fari með verslunarmálefni — ég man ekki hvernig það er orðað nákvæmlega — þá var talið fært þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð árið 1987 að breyta með reglugerð því að utanríkisviðskiptin flyttust yfir í utanrrn. og ég tel það nákvæmlega rétt sem Bjarni Benediktsson benti hér á og ég rakti síðast, að það þarf að verða unnt að meta hvar einstökum verkefnum er réttast fyrir komið.

Í mjög mörgum tilfellum eru stofnanir bundnar af lögum. Þær skulu heyra undir ákveðið ráðuneyti og því verður ekki breytt nema með lögum. Hins vegar er hægt með reglugerð að fela umhverfisráðuneyti samræmingu á t.d. ákvörðunum sem varða mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs, frá byggð og atvinnuvegum. Málefni sem í einstökum atriðum heyra undir einstök ráðuneyti þarf að samræma til að gætt sé heildaráhrifa þeirra á svið umhverfismála. Einnig er hægt að fela slíku ráðuneyti með reglugerð að vinna að fræðslustarfsemi og almennri eflingu umhverfisverndar sem er náttúrlega mjög stórt atriði. Ég held að það hafi komið fram hér í einhverri ræðunni áðan að fræðslu- og kynningarstarfsemin á þessum sviðum öllum er vitanlega afar mikilvæg og þar má bæta við upplýsingastarfsemi sem þætti í því.

Það má líka fela ráðuneytinu visst frumkvæði á ýmsum sviðum. Það er t.d. hægt að fela ráðuneytinu að vara við ef eyðing landsins er orðin eitthvað hættuleg á ákveðnum sviðum. Það er ekkert sem bannar það. Það er hægt að fela því eftirlitshlutverk og frumkvæði að því leyti á mjög mörgum sviðum.

Loks eru það hin alþjóðlegu samskipti sem hér hafa verið nefnd og eru orðin alveg gífurlegt viðfangsefni og hafa hvað eftir annað orðið okkur Íslendingum til leiðinda því að hér hefur ekki verið neinn aðili sem hefur tvímælalaust haft með þau að gera. Það hefur orðið til þess að á þessum mikilvægu fundum hefur enginn mætt eða kannski orðið annars kostar að mæta 3–5 ráðherrar. Þetta hefur oft borið á góma í þeim ríkisstjórnum sem ég hef setið í. Það er því ýmislegt sem svona ráðuneyti getur tekið við strax.

Menn tala um að hér sé bara rammi sem ekkert sé inni í. Þá getum við eins sagt að stjórnarráðslögin sem samþykkt voru 1969 hafi bara verið rammi. Þau sögðu ekkert til um það hvað átti að heyra undir hvert ráðuneyti. Mér sýnist ekki hafa skort á að fyllt hafi verið inn í þann ramma. Og í raun og veru er stefnt að því miklu hraðar hér því að að sjálfsögðu geri ég a.m.k. ráð fyrir að það frv. sem liggur fyrir í allshn., um verkefnin, verði afgreitt áður en þingi lýkur en þá geti þessi starfsemi verið komin af stað og það tel ég töluvert mikilvægt.

Hv. 6. þm. Vesturl. spurði hvort Framsfl. legði á það ofurkapp að afgreiða þetta frv. með ógnarhraða. Ekki þykir mér nú hraðinn mikill. Það var lagt fram um mánaðamótin október–nóvember á hæstv. Alþingi og ég er ekki að leggja áherslu á neinn ógnarhraða. Ég neita því ekki að eftir að hafa flutt mál tvisvar og í æðimörg ár stutt það að umhverfismál yrðu tekin föstum tökum þykir mér afar mikilvægt að umhverfisráðuneyti verði komið á fót og þess vegna geti undirbúningur að starfi þess hafist sem allra fyrst. Ég er hins vegar ekki að tala um neinn ógnarhraða og ég hef þegar rakið það að ég tel alls ekki nauðsynlegt að hitt frv. sé afgreitt um leið heldur fylgi fljótlega á eftir.

Þá spurði hv. þm. á hvaða sviði þeir tveir sérfræðingar ættu að starfa sem gert er ráð fyrir. Það hefur ekki verið ákveðið enn og þegar um þetta hefur verið fjallað hafa menn viljað hafa hliðsjón af því hvernig frv. það sem liggur fyrir hv. Nd. afgreiðist, þ.e. hver höfuðmálin verða þar, svo að ég skal ekki segja um það neitt frekar.

Þá var spurt af hverju mætti ekki flytja Landgræðslu og Skógrækt í heild yfir í þetta ráðuneyti. Ég veit að Kvennalistinn hefur stutt það. Meiri hluti nefndarinnar féllst ekki á það og ég vil taka fram að ég er henni sammála vegna þess að það er afar slæmt að taka allt starf viðkomandi fagráðuneyta á svona sviðum, mengunar og umhverfisverndar, frá þeim. Þetta verður líka að tengjast viðkomandi fagráðuneytum. Margoft hefur verið vitnað í Brundtlandskýrsluna í því sambandi. Ég hugsa að ég hafi verið einn af þeim fyrri sem las hana og mér til fróðleiks. Þar er lögð á hersla á það, það er alveg rétt. Hins vegar er líka lögð áhersla á samræmda stjórn umhverfismála og kemur náttúrlega mjög glöggt fram í því sem forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, sjálf framkvæmdi, en hún var formaður þeirrar nefndar sem samdi þessa skýrslu. Þarna þarf því að gæta að hvoru tveggja, að umhverfisstjórnin sé samræmd en jafnframt að viðkomandi fagráðuneyti hafi þar ríka ábyrgð. Þess vegna tel ég ekki koma til mála að færa Landgræðslu og Skógrækt alfarið. Hins vegar verð ég að segja: Lágmarksáhrif umhverfisráðuneytis á Landgræðslu og Skógrækt hljóta að vera þau að geta ákveðið hvar er um ofbeit eða eyðingu lands að ræða og þá lagt svo fyrir að hún verði stöðvuð. Síðan er þá eðlilega viðkomandi fagráðuneyta að bæta þar úr. Um þetta hefur mikið verið fjallað og rætt í hv. Nd. og í hv. allshn. og verður vitanlega rætt í nefnd hér þegar það frv. kemur til afgreiðslu. Þarna verður að mínu mati að lenda málinu þannig að umhverfisráðuneyti hafi afgerandi áhrif til að stöðva gróðureyðingu, hvort sem um er að ræða graslendi eða skóg, en hins vegar hafi líka fagráðuneytið áfram hagsmuna að gæta í því og tæki til þess að bæta úr slíku og getur þá tekið landið aftur til beitar o.s.frv.

Mig langar að geta þess, að gefnu tilefni, að mér þykir umræðan hér hafa verið fullkomlega málefnaleg og ég þakka það. Þetta er málefni sem á vitanlega ekki að ræða öðruvísi og ég vona að afgreiðsla þessarar hv. deildar geti öll orðið á þann veg.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ekki fannst mér ræða hv. 5. þm. Reykv. hér áðan bæta umbúðirnar utan um málsmeðferðina sem hér er viðhöfð nema síður væri. Sú fullyrðing hans að ég sé mengaður af viðhorfum Sjálfstfl. í þessum málum — ja, hann kannski þekkir betur til þar en ég. (Gripið fram í.) Já. Hv. þm. sver hann af sér. Nei, hv. þm. Guðmundur Ágústsson. Mín viðhorf eru ekkert menguð af viðhorfum sjálfstæðismanna í þessu máli. Ég hef yfirleitt í stjórnmálum, frá því að ég hóf afskipti af þeim, reynt að mynda mér sjálfur skoðanir á málefnum, ekki hvað síst stórum málefnum, viðfangsmiklum, sem menn verða auðvitað að hafa einhverja skoðun á, ekki bara flokkurinn, heldur einstaklingurinn líka. Og þetta á ekki að vera nein viðskiptavara milli flokka í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu eins og mér finnst málið bera æðimikinn keim af í þessum efnum. Af hverju var lögð á það áhersla, þegar þessi mál voru lögð fram bæði í haust, að þau fylgdust að? Af hverju, hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** Til að kynna frv.) Nei, að þau fylgdust að í gegnum þingið. (Gripið fram í.) Þannig var það lagt fyrir þingflokk Alþfl. a.m.k. Ég hygg að svo hafi verið um fleiri. Af hverju það? Og síðan núna fyrir rúmri viku er það höfuðnauðsyn hæstv. ríkisstjórnar að knýja á um afgreiðslu þessa máls, eins og sér, út úr þinginu. Af hverju? (Gripið fram í.) Ja, ég hef engin svör á reiðum höndum þar um. Ég tók þessi mál bæði svo, að þau væru þess eðlis að þau þyrfti að afgreiða samhliða en trúlega hefur eitthvað annað komið upp í meðferð, í hæstv. ríkisstjórn, hv. stjórnarflokkum kannski eða einhvers staðar annars staðar, þegar leið á.

Hv. þm. Guðmundur Ágústsson sagði að svona málsmeðferð hefði aldrei verið gagnrýnd í útlöndum eða í Vestur-Evrópu. Hverju breytir það fyrir okkur? Í þessum ummælum er hv. þm. orðinn mengaður frá útlöndum. Ef á að taka fyrirmyndina þaðan, af því að þeir hafa ekkert við svona málsmeðferð að athuga, þá eigum við að taka hana góða og gilda. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Við eigum auðvitað að hafa okkar skoðun á málinu burt séð frá því hvað menn í Vestur-Evrópu segja.

Það kann vel að vera að menn vilji leggja þetta mál þannig út að hér sé bara verið að spyrja hvort það eigi að stofna umhverfisráðuneyti. Þetta er auðvitað miklu meira en sú spurning. Hér er verið að ákveða að gera það án þess að nein verkefni liggi fyrir sem ráðuneytið á að starfa að. Það kann vel að vera að þetta kosti ekki mikla peninga þó að menn fari svona að með mál, en á svona fordæmi er eigi að síður ekki treystandi. Það gæti verið hættulegt að grípa svona upp og stofna til ráðuneyta, embætta eða hvers sem er án þess að nokkur verkefni lægju fyrir hjá viðkomandi aðilum. Það eru svona fordæmi sem á að forðast að séu tekin upp, hvað svo sem peningahliðinni líður. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að á þessum tímum væri kannski eitthvað annað frekar fyrir hæstv. ríkisstjórn að gera en að stofna til svona hluta án þess að nokkur verkefni eigi að fylgja.

Ég legg áherslu á það að ef menn ætla þessa leið, þá eru menn að skapa fordæmi sem ég tel mjög slæmt og pólitísk staða, tímabundin, á engu að ráða í slíkum efnum.

Þá talaði hv. þm. um að fólk úti í bæ hefði þessa og hina skoðun og talaði um það, að mér fannst, í heldur niðurlægjandi tón. Auðvitað á það fólk líka að hafa skoðun í þessum málum eins og öðrum, ekki kannski síst í þessu. Það á að hafa skoðun á því hvernig fulltrúar þess hér á Alþingi, sem kjörnir eru af því, fara með peningana sem það skaffar í sjóðinn. Menn á ungdómsárum ættu að temja sér það í pólitík að líta til þessara átta og ekki að tala um fólk úti í bæ í vanvirðutón. Það eru einstaklingar sem líka eiga að hafa skoðun.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta. Ég hef lýst minni skoðun í málinu en ég ítreka enn: Til hvers var verið að leggja bæði málin fram og fylgja þeim þannig úr hlaði að þau ættu að verða samferða í gegnum þingið en taka nú til þessara ráða fyrir rúmri viku síðan?

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að fylgifrv. þessa frv. hefur núna strandað í meðförum neðri deildar og eins og hæstv. forsrh. gat um hér áðan er allsendis óvíst hvaða lendingu það frv. fær. Kannski það sem meira er, mér heyrist á málflutningi að það sé í mikilli óvissu hvaða verkefni það umhverfisráðuneyti á að fá sem hér er efnt til. Hæstv. forsrh. talar að vísu um það að nauðsynlegt sé að taka umhverfismál föstum tökum og hann talar einnig um það að fela verði ráðuneytinu að grípa inn í ef eyðing lands verði mikil á ákveðnum svæðum en að hinu leyti eigi t.d. Landgræðsla og Skógrækt ekki að falla undir þetta ráðuneyti. Nú er það svo að mjög er unnið að því að græða upp landið og reynslan hefur auðvitað sýnt að við þurfum ekki á nýju ráðuneyti að halda til þess að halda þeirri vinnu áfram, heldur þurfum við á því að halda að markvisst verði að því unnið, með því að efla þá sem vilja leggja á sig sjálfboðavinnu í því skyni, með því að ýta undir þann áhuga sem bændur hafa sýnt t.d. í sambandi við skógrækt, efla landgræðslu o.s.frv. Það er þess vegna ekki sannfærandi þegar talað er um að þetta sérstaka umhverfisráðuneyti eigi að grípa inn í á því sviði og það hefur ekki verið sýnt fram á að þar sé um neina knýjandi þörf að ræða. Það má vel vera að það geti valdið einhverjum erfiðleikum nú og þá að enginn einn ráðherra fari með málefni er varða umhverfismál með sama hætti og einum ráðherra er falið að fara með mál er varða Norðurlönd og Norðurlandaráð, en ekki hefur þótt ástæða af því tilefni til að efna til nýs ráðuneytis.

Ég vil af þessum sökum beina því til forsrh. hvort honum finnist ekki eðlileg vinnubrögð í þinginu að sú nefnd sem fær málið til meðferðar, væntanlega allshn., athugi þessi mál og doki við þangað til fylgifrv. kemur hér upp í deildina og þessi tvö mál verði afgreidd saman. Ég held að slík vinnubrögð séu

altíð hér í þinginu. Þá fer oft svo að aðalumræðurnar verða um annað málið. Þá er talað um bæði málin samtímis þannig að slíkt mundi auðvitað koma í veg fyrir endurtekningu og greiða fyrir þingstörfum að öðru leyti.

Þetta er kjarninn í því sem ég vil segja. Það er verið að tala um að nauðsynlegt sé að draga saman ríkisrekstur. Þegar liggur fyrir að umhverfisráðuneytið, bara stofnun þess, án allra verkefna, kostar um 23 millj. kr. á þessu ári samkvæmt fjárlögum. Ef verkefni verða færð til umhverfisráðuneytis frá öðrum ráðuneytum er gert ráð fyrir að fjármunir til þeirra verkefna fylgi, þannig að það fellur ekki til kostnaður af þeim sökum á umhverfisráðuneytið. Þessar 23 millj. eru eingöngu eyðslukostnaður, ef svo má segja, til þess að koma á fót þessari sérstöku stjórnardeild til þess að fylla upp í húsnæði, til þess að kaupa tölvur og annað því líkt, án þess að nokkurt verkefni fylgi. Ég held að þetta sé í rauninni kjarni málsins. Við getum líka lesið það út úr fjárlögum að fjölgun ráðherra um tvo kostar einhvers staðar á milli 30 og 40 millj. eins og frv. liggur fyrir nú. Ég hygg að það kosti ekki minna fyrir ríkissjóð en 7 millj. að hafa sérstakan dómsmrh. þannig að við erum strax farin að tala um verulegar fjárhæðir, 30–40 millj., bara vegna þessara tveggja mála, bara vegna þess að ríkisstjórninni var breytt, fjölgað flokkum sem að henni standa án þess að þeir flokkar sem fyrir voru gætu á það fallist að fækka ráðherrum hjá sér sem auðvitað hefði verið eðlilegt miðað við þær þröngu kringumstæður sem við nú búum við.

Ég hlýddi á það í sameinuðu þingi í gær, hæstv. forseti, að fjórir þingmenn Framsfl. mæltu fyrir till. til þál. þar sem þá munaði ekki um að leggja til að ríkisstjórnin efndi til margvíslegra framkvæmda hér í Reykjavík sem ég hygg að nauðsynlegt sé að meta í milljörðum króna, ef ætti að leysa það sem þeir vilja fela ríkisstjórninni, að allir skólar í Reykjavík verði einsetnir frá og með næsta hausti, og ef þeir vilja koma því einnig áleiðis að skólaeldhús taki til starfa, sérstakt mötuneyti, fyrir nemendur í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Þarna erum við að tala um milljarða króna.

Auðvitað er þessi fjárhæð sem ég er að tala um ekkert í líkingu við það, litlar 40–50 millj., en það hefði verið viðkunnanlegra ef hæstv. forsrh. hefði fækkað ráðherrum þegar hann myndaði síðustu ríkisstjórn, ef Alþb. hefði verið látið hafa tvo ráðherra í staðinn fyrir þrjá sem er tölulega réttara en sá mismunur sem nú er, að þeir séu með þrjá ráðherra og Borgfl. tvo. Og ég get ekki betur séð en að Alþfl. hafi líka mátt missa af einum ráðherra, jafnmikla áherslu og þeir alþýðuflokksmenn vilja stundum leggja á sparnað í opinberu kerfi og eftir að fyrir liggur að formaður Alþfl. Jón Baldvin Hannibalsson hefur lýst yfir að hann vilji ekki hafa ráðuneytin fleiri en sex eða sjö. Ég geri því ráð fyrir að fyrir því gæti orðið hljómgrunnur í ríkisstjórninni að fækka bara ráðherrum þessara flokka, og þá væri hægt að komast hjá þessu öllu saman. Þá er hægt að spara einhvers staðar í kringum 10 millj., kannski 15 millj., í sambandi við dómsmrn. og svo allt það sem við sjáum að lagt er til að kosta til umhverfisráðuneytis án þess að nokkur verkefni fylgi. Þannig var frá fjárlögum gengið að þessar 23 millj. sem til þess fara eiga ekki að ganga til úrvinnslu á neinum verkefnum, bara til þess að veita fólkinu samastað. Á þetta vil ég leggja áherslu, líka vegna þess að ég veit að ríkisstjórnin á í erfiðleikum með að finna liði sem hægt er að skera niður og koma þannig til móts við aðila vinnumarkaðarins og þjóðina sem ekki vill setja þá kröfu fram meðan þessi ríkisstjórn situr að hægt sé að búast við að kjör batni. Það kemur annað slagið í blöðunum núna að einhverjir minnihlutahópar, t.d. hjá Dagsbrún, bílstjórar og fleiri, ég skal ekki segja um bankamenn sem eru búnir að fá verkfallsheimild, vilji kannski ná í svona 1–2% í viðbót (**Gripið fram í:** Verkfræðingar.) og verkfræðingar. Og það er litið á þessar stéttir sem hálfgerða svikara við þjóðarsáttina, þannig að ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. hafi á því glöggan og góðan skilning að það yrði mikils metið af þjóðinni ef umhverfisráðuneytinu yrði bara stungið ofan í stól, ef fækkað yrði um tvo ráðherra í ríkisstjórninni og þannig komið verulega til móts við stjórnina í sparnaðinum.

Hitt hljómar undarlega að segja í öðru orðinu að nauðsynlegt sé að taka umhverfismál föstum tökum en í hinu orðinu að enginn viti hver verði niðurstaðan um þá málaflokka sem falla undir umhverfisráðuneytið. Þar eru lausatökin. Ef lausatök eru á þeim vængnum er ekki hægt að búast við föstum tökum inni í ráðuneytinu sjálfu nema þá til að eyða þessum litlu 23 millj. sem hvort sem er verða til einskis.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri nú. Umræðurnar hljóta að verulegu leyti að fara fram hér í deildinni eftir að fyrir liggur í fyrsta lagi hvort hæstv. forsrh. vill fallast á þessa sanngjörnu ósk, að þessi frv. fari saman í deildinni. Ég veit að hann skilur það hagræði sem slíkt hefur í för með sér, fyrir okkur sem hér erum, nefndarstörfin öll o.s.frv. En ég hef ekki séð að það skorti neitt upp á það að hæstv. ráðherra Hagstofu geti annast alþjóðleg viðskipti, eða var það rangt tekið eftir hjá mér að hagstofuráðherra Íslands hafi boðið umhverfisráðherra Vestur-Þýskalands í opinbera heimsókn? Það má kannski vera að bréfið hafi lent á vitlausum stað úti í Vestur-Þýskalandi og hugmyndin hafi verið sú að reyna að leita uppi hagstofustjóra þeirra Vestur-Þjóðverja og hugmyndin sé að fara með hann um æðarvörpin hér á landi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki brýnt að bæta svo miklu við þessa umræðu sem hér hefur farið fram, en þó fannst mér ástæða til að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 5. þm. Reykv. Ætli hann sé hér einhvers staðar í nágrenninu? Það er kannski leiðinlegt fyrir hann að missa af ræðu minni af því að hún snýr að honum, a.m.k. að einhverju leyti.

Ég þakka hins vegar hæstv. forsrh. fyrir að hann svaraði hér nokkru af því sem ég spurði um en þó

virtist hann hafa misskilið spurningu mína. Ég var ekki að spyrja hann hvort þetta hefði verið sagt á þessum fundi Verkfræðingafélagsins. Ég var að upplýsa hann um að þetta hefði komið fram á fundinum, að hæstv. hagstofuráðherra hefði upplýst að þetta frv. yrði að lögum „miðvikudag í næstu viku" sem þýðir á morgun, miðað við daginn í dag, á morgun er þessi umtalaði miðvikudagur, og samdægurs yrðu gefnar út reglugerðir sem færðu væntanlegu ráðuneyti hans verkefni. Ég var eiginlega svona að spyrja hæstv. forsrh. um hvaða verkefni þetta væri sem hann fengi þarna samdægurs og eftir hvaða reglugerðum. Hann svaraði því nú — ég bið hæstv. forsrh. velvirðingar á því að ég get ekki á mér setið að segja: eiginlega með já, já og nei, nei. Mér fundust það ekki vera beint skýr svör, en það kom fram í hans máli að það væri ýmislegt hægt að gera til þess að væntanlegur hæstv. umhverfisráðherra yrði ekki alveg verkefnalaus fyrstu dagana eða vikurnar eftir að hann tæki við.

Ég vil ítreka það sem kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. um það hvort forsrh. sé ekki sammála hæstv. hagstofuráðherra um það að þessi frv. verði bæði afgreidd um leið héðan úr þessari hv. deild. Eins og ég upplýsti sagði hann, og væntanlega hefur hæstv. forsrh. líka séð og hlustað á sjónvarpið þegar hann lýsti þessari skoðun sinni í umræddum sjónvarpsþætti, að að sjálfsögðu mundu þessi mál verða samferða út úr þessari deild. Og nú væri gaman að heyra hvort hæstv. forsrh. tekur ekki undir þá skoðun og vill stuðla að því.

Hv. 5. þm. Reykv. er nú kominn hér aftur inn og vegna þess að hans ræða var ástæðan fyrir því að ég fór hér aftur í ræðustól fannst mér rétt að hann væri hérna viðstaddur því kannski er ekki gustuk að vera að svara mikið þessari ræðu hans. Hún endurspeglar kannski nýliðastarfið hans hér á hv. Alþingi vegna þess að hann var svo óskaplega hneykslaður og hissa á því að ég skyldi voga mér að tala um að við sjálfstæðismenn hefðum haft frumkvæði um þessi umhverfismál hér á hv. Alþingi og þá var hann náttúrlega um leið að hneykslast á hæstv. forsrh. því hann var búinn að rekja þessa sögu á undan mér, en við vorum bara að rekja staðreyndirnar, hv. 5. þm. Reykv., sem tala sínu máli. Þetta er allt skjalfest hér í þingtíðindum, bæði þessi frv. og eins umræður sem hafa farið fram, og hv. þm. gæti auðveldlega kynnt sér þau mál og séð að þetta var ekki nein della sem ég var að segja, að það er ekki núna fyrst sem verið er að byrja að tala um umhverfismál, góðu heilli verð ég að leyfa mér að segja.

Hv. þm. kom inn á það og var að fræða okkur um að umhverfismálin væru orðin mál málanna úti í heimi og ég held að við höfum nú sjálf sem hér erum inni haft grun um þetta og orðið aðeins vör við það líka. Hann minntist á austantjaldslöndin eða Sovétríkin og hvaða áhyggjur þeir hefðu þar og ég held að það hafi kannski komið mörgum á óvart, þegar dyrnar opnuðust þarna austur fyrir og gat kom á múrinn, hversu óskaplega slæmt ástand er í umhverfismálum í austantjaldslöndunum og hversu óskaplega illa hefur verið staðið að þeim málum á þeim hluta jarðarkringlunnar, ef við getum orðað það svo. Og ég tek undir það með honum að vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af því. En góðu heilli er þessi málaflokkur orðinn mál málanna, eins og hann var að upplýsa okkur um, og meira að segja hér á landi. Þó að ekki yrði stofnað umhverfisráðuneyti á morgun, eða í gær, er alltaf verið að sinna þessum málum. Bara nafnið eitt, umhverfisráðuneyti, breytir engu í þeim efnum. Nafnið eitt segir ekki neitt. Það eru verkefnin sem eru þungamiðjan í þessu. Það eru verkefnin sem skipta máli og þess vegna hefur þessi, eins og hv. þm. orðaði það, „kjaftavaðall um einskis verða hluti" farið fram hér á fundinum hjá okkur sem töluðum á undan honum. Þessir einskis verðu hlutir í hans huga eru einmitt þessir þýðingarmestu hlutir í okkar huga, og þeir eru: Hvað er það sem á að gera í umhverfisráðuneytinu? Hvaða verkefni á að færa því, hvernig á að sinna þeim og hvaða lögum á að breyta til þess að færa þeim hvaða verkefni? Þetta er það sem hann kallar „kjaftavaðal um einskis verða hluti" en við köllum „mál málanna." Þar skilur á milli okkar og hv. þm. Við höfum aðra skoðun á þessu. Ég heyrði það á hans málflutningi og það er ekkert við því að gera.

Mér finnst að ég þurfi aðeins að leiðrétta hv. þm. Hann taldi að ég hefði sagt að allir væru á móti því að stofna umhverfisráðuneyti samkvæmt umsögnunum. Það voru hreint ekki mín orð. Ég var aðeins að benda á allar þessar umsagnir. Það væru ýmsar athugasemdir í þeim þar sem menn væru ekki allir sammála um hvernig skuli staðið að þessum málum. Það eru margir sammála því og vilja fá sérstakt umhverfisráðuneyti, en svo eru ýmsir aðrir sem gera athugasemdir við það. Jafnvel þeir sem vilja ráðuneyti telja það ekki tímabært á meðan ekki er vitað hvað það á að gera, hvaða verkefni það fær o.s.frv. Það fer hins vegar fjarri því, hv. 5. þm. Reykv., að ég hafi haldið því fram að umsagnirnar væru allar neikvæðar um stofnun umhverfisráðuneytis. Þó að ég sé ekki búin að lesa þær frá orði til orðs er ég búin að lesa þær það vel að ég gæti rætt um það héðan úr ræðustóli, en af því að ég var búin að lýsa því yfir að við ætluðum ekki að vera að tefja þetta mál ætla ég ekkert að fara að eyða tímanum í að lesa þetta upp fyrir hann. Ég veit að hann getur gert það sjálfur. Við erum bæði í nefndinni svo að ég þarf þess ekki. (Gripið fram í.) Ég sný ekkert aftur með það að þetta er öfug röð á afgreiðslu málsins. Það er í okkar huga, þessara sem eru með „kjaftavaðalinn um einskis verða hluti", að hans áliti, og það er okkar skoðun að þetta þurfi hvort tveggja að fylgjast að. Og það er dálítið merkilegt, af því að hann upplýsti okkur nú um að hann hefði samið bæði þessi frv. eða tekið þátt í því: Hvers vegna í ósköpunum var verið að semja hitt frv. úr því að þess þarf ekki? Ég næ því nú ekki alveg, að vera að eyða tímanum í slíkt. Ég hélt að það hefðu allir nóg að gera og væru ekki að semja frv. um „einskis verða hluti" ef ekki væri þörf á því.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég er búin að gera athugasemdir við svör hæstv. forsrh. en ég vil ítreka þá ósk mína og beina henni til hæstv. forseta, sem er jafnframt formaður allshn., að við fáum inn í nefndina þessar reglugerðir sem hann er búinn að láta semja svo að við getum fengið að fylgjast með þeim. Ég ítreka það svo aftur að úr því að það er engin þörf á lagabreytingum til þess að umhverfisráðuneyti fái næg verkefni, þá næ ég því ekki alveg hvers vegna þetta frv. hefur verið lagt fram, hvort það var bara einhver málamyndasýndarmennska eða hvað. Það er full ástæða til að velta því fyrir sér.

Ég ætla þá að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, en ég vek jafnframt athygli á því að hæstv. hagstofuráðherra hefur ekki tekið til máls í þessu máli sem fjallar um umhverfisráðuneyti.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína langa heldur aðeins skýra það sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni af því að greinilegt er að það hefur verið lagt út á annan veg en ég ætlaði. Ég vil ekki þm. Sjálfstfl. eða Kvennalista það illt að halda því fram að þeir ætli að standa í vegi fyrir því að umhverfismál komi hér á dagskrá og það verði tekið á þessum málum af festu. Hins vegar finnst mér sá málatilbúnaður sem hefur einkennt umræðuna, ekki í þessari deild, heldur í Nd., vera þess eðlis að það sé ekki hugsað fyrst og fremst um hagsmuni umhverfisins, heldur hitt að umræðan hefur tekið mið af því hver á að taka við ráðuneytinu og hvernig hann hafi hagað sér. (Gripið fram í.) Ég sagði umræðan í Nd. (Gripið fram í.) Ég tók það jafnframt fram hér í lokaorðum mínum áðan að ég fagnaði því að við hér í Ed. skyldum hafa tekið á þessu á mjög málefnalegan hátt og menn ekki farið þannig út fyrir efnið að ástæða sé til að vera með gagnrýni.

Hins vegar, og eins og menn vita, hafa bæði þessi frv., þetta og fylgifrv., verið í Nd. meira og minna síðan um mánaðamótin október–nóvember, eða ég held að þau hafi verið lögð fram 10. eða 15. nóv.

„Um öfuga röð á afgreiðslu máls" hafði ég nóterað hérna fyrir framan mig. Það sem hv. 6. þm. Reykn. vildi að yrði gert var að fyrst ætti að afgreiða verkefnin og síðan stofna umhverfisráðuneytið. Mín skoðun er sú að fyrst eigi að stofna umhverfisráðuneytið og síðan að ákveða verkefnin. Um það snýst málið. Ég get ekki skilið hennar orð öðruvísi en að hún vilji fyrst ákveða verkefnin og síðan stofna ráðuneytið, hvenær svo sem ráðuneyti yrði síðan stofnað. Síðan kom hún inn á það af hverju hitt frv. hafi verið samið. Það kemur greinilega fram í greinargerð þess frv. og frv. sem við ræðum hér um að það er fylgifrv. þessa frv. og fjallar fyrst og fremst um það hvaða stofnanir, sem falla undir önnur ráðuneyti í dag, skuli falla undir umhverfisráðuneyti. Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að stofna umhverfisráðuneytið. Þvert á móti er það þannig að ýmis verkefni sem falla undir ráðuneyti er ekki mælt fyrir um í lögum heldur leiðir það af eðli máls og þeirri reglugerð sem er um Stjórnarráð Íslands, t.d. alþjóðasamskipti um viðkomandi málaflokk, eins og umhverfismála, að það er ekki mælt fyrir um það í lögum að ráðherra umhverfismála skuli fara á þessa eða hina ráðstefnuna, heldur leiðir það bara af ráðherratitlinum sem slíkum. Þetta vildi ég að kæmi hér fram og ég vildi leggja áherslu á það að með stofnun umhverfisráðuneytis er verið að koma á samræmdri stjórn umhverfismála og færa umhverfismál, sem eru núna undir átta ráðuneytum, á eina hendi til þess að gera veg umhverfisins það mikinn að við getum búið í þessu landi um ókomna tíð og að fylgst verði með því sem er að gerast í heiminum á sviði umhverfismála, en eins og allir vita eiga umhverfismál engin landamæri. Það sem er að gerast í Austur-Evrópu varðar okkur mjög, og það sem er að gerast í Sovétríkjunum og Bandaríkjunum, varðandi mengun þar, kemur okkkur við. Það kemur niður á okkur eftir nokkur ár. Þess vegna eigum við að taka myndarlega á þessum málaflokki og einnig hitt að við, sem viljum telja okkur búa í hreinu landi, eigum að vera frumkvöðlar að því að koma á alþjóðaráðstefnum hér á landi og leggja áherslu á það fyrir ímynd Íslands út á við að hér sé hreint og fagurt land og breiða það út um heimsbyggðina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 323.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að kveðja sér hljóðs um þingsköp í sambandi við annað dagskrármálið sem ætlunin var að hefja umræður um. Ég vil aðeins minna á að á fyrsta fundi sem þetta mál kom til umræðu á gerði ég fyrirspurn um það hvort hæstv. iðnrh. mundi verða við óskum Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. hitaveitna um að beita sér fyrir því að frv. verði dregið til baka. Ég taldi að ekki væri eðlilegt að umræðan þá héldi áfram nema fyrir lægi hver væru viðbrögð hæstv. iðnrh. við þessari ósk. Á þessari forsendu var umræðunni frestað.

Ég minni á að sl. fimmtudag kom þetta mál aftur upp og af sömu ástæðum. Ég benti á í þingskapaumræðu að ekki væru komin svör við þessum spurningum en það ylti mjög á þeim hvernig umræður gætu orðið um þetta mál. Hæstv. forseti tók tillit til þessa enn á ný og frestaði umræðum. Nú kemur málið fyrir og er ætlunin að taka það til umræðu. Þá minni ég enn á það að í dag, í þingskapaumræðu sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hóf, lýsti hæstv. forsrh. því yfir að þetta

mál sem hér um ræðir og ég hafði í bæði skiptin áður spurt sérstaklega um, hvort hæstv. iðnrh. ætlaði að leggja fyrir ríkisstjórnina, væri komið fyrir ríkisstjórnina, en, eins og hann orðaði það, það væri ekki útrætt í ríkisstjórninni. Nú þykir mér varða ákaflega miklu fyrir framhald þessarar umræðu að legið geti fyrir áður en umræðunni er haldið áfram hver úrslit þessa máls verða í ríkisstjórninni. Umræðan um þetta mál hlýtur mjög að mótast af því, en málinu er ekki lokið þar. Það mátti ætla af orðum hæstv. forsrh. að málið væri í ítarlegri athugun þar og það er ekkert einkennilegt því að auk þess sem efni frv. orkar mjög tvímælis, þá er sú staða komin upp hvort ríkisstjórnin hyggst standa vörð um þá kjarasamninga og samstöðu aðila vinnumarkaðarins sem nýlokið er eða hvort ríkisstjórnin ætlar að hlaupast frá því máli með því að heimila að haldið verði áfram afgreiðslu þessa frv. um skatt á orkufyrirtæki sem fyrirsjáanlegt er að mundi valda stórkostlegri kjaraskerðingu fyrir almenning í landinu og verða verðbólguhvetjandi og ganga þvert á yfirlýstan tilgang kjarasamninganna sem nú er lokið.

Með tilliti til þessa vil ég leyfa mér að fara þess á leit að þessari umræðu um 2. dagskrármálið verði frestað þar til fyrir liggur niðurstaða ríkisstjórnarinnar um þetta efni.

Forseti (Jón Helgason):

Það mun verða tekið til athugunar. Ég skil það svo að hv. 4. þm. Vestf. óski eftir því að umræðunni verði ekki lokið fyrr en . . . (**ÞK:** Já, að henni verði frestað. Það er erfitt að halda umræðunni áfram fyrr en það liggur fyrir hver afstaða ríkisstjórnarinnar er.) Vill ekki hv. 4. þm. Vestf. að hæstv. iðnrh. fái að tjá sig og gera grein fyrir málinu? (**ÞK:** Ég stend ekki á móti því.)

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Þessi umræða hefur tekið undarlegar vendingar. Nú skilst mér að hæstv. orkuráðherra sé reiðubúinn að kveðja sér hljóðs. En til þess að knýja fram þær málalyktir hafa þeir þingmenn sem hafa takmarkaðan fjölda ræðutíma orðið að tala sig dauða, eins og sagt er. Nú liggur það fyrir að hv. 4. þm. Vestf. hefur farið fram á að umræðunni verði frestað þangað til niðurstaða liggur fyrir í ríkisstjórn.

Hæstv. iðnrh. var svo smekklegur síðast þegar málið var hér til umræðu að senda þau skilaboð í þingsalinn að hann ætlaði ekki að taka til máls, en hljóp síðan í sjónvarpið þar sem hann lýsti því yfir að þetta frv. ylli almennum og verulegum hækkunum á raforkuverði, og lýsti því jafnframt yfir að frv. væri út úr kortinu, eins og sagt er. Og hann sagði þar að þetta frv. næði ekki sínum tilgangi, í fullvissu þess að enginn úr stjórnarandstöðunni var til andsvara. Síðan hefur það gerst í sjónvarpsþætti í gærkvöldi að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að það hefði verið hugmynd Alþfl. að leggja orkuskattinn á og að Alþfl. hefði átt allt frumkvæði að því á jólaföstu að þetta mál var knúið í gegn í ríkisstjórninni. Og ég hygg að á bak við ummæli hæstv. fjmrh. sé það að þegar sú ákvörðun var tekin hjá formönnum stjórnarflokkanna hinn 30. nóv. að lækka virðisaukaskattinn úr 26% í 24,5% hafi krafa Alþfl. verið sú að það bil yrði brúað með álagningu orkuskatts.

Ég spurði hæstv. forsrh. að því hvort þetta væri rétt og hann, aldrei þessu vant, var gleyminn og mundi nú ekki almennilega hvernig málið hefði borið að, hélt helst að Framsfl. hefði stungið upp á orkuskattinum, en sagði a.m.k. að það gerði ekkert til þótt Framsfl. yrði kennt um það. Hann er alltaf reiðubúinn til að taka á sig bæði vammir og skammir, hrós og lof, hæstv. forsrh., og veit eiginlega ekki stundum hvort heldur er. En svona er nú þetta.

Nú er auðvitað ekkert við því að segja, herra forseti, þó hæstv. iðnrh. kjósi að taka til máls áður en málið er afgreitt í ríkisstjórninni í fullvissu þess að þegar málið kemur þaðan og frá því verður skýrt hér í deildinni hver niðurstaðan hefur orðið geti helst enginn þingmaður tekið til máls að réttum þingsköpum. Þannig liggur þetta mál.

En eins og staðreyndirnar liggja fyrir, og maður sér þær, þá er það í fyrsta lagi að Alþfl. krafðist þess að orkuskatturinn yrði lagður á og átti hugmyndina. Í öðru lagi að Alþfl. segir að orkuskatturinn nái ekki sínum tilgangi og brjóti í bága við þá almennu kjarasamninga sem nú er búið að gera þar sem þessi skattur hafi í för með sér almenna og verulega hækkun á raforkuverði. Þetta er kjarni málsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Ég fór áðan fram á að umræðunni yrði frestað og taldi mig færa fram rök fyrir því. Síðan hefur komið í ljós að hæstv. iðnrh. hefur óskað að taka til máls. Um það vil ég segja: Ég set mig ekki upp á móti því en ég tel að það fari vel á því að fresta þá umræðunni eftir að ráðherra hefur talað. Ég fyrir mitt leyti kann að þurfa að svara hæstv. ráðherra, og ég veit að það er svo um fleiri hv. þm. hér. En ég vil ekki eyða, ef svo mætti segja, því tækifæri sem ég hef til þess að taka til máls, sem er bara í eitt skipti til viðbótar, fyrr en ég hef heyrt hver eru úrslit þessa máls hjá ríkisstjórninni. Þess vegna tel ég að ef iðnrh. leggur áherslu á að tala nú væri eðlilegt að fresta umræðunni eftir ræðu hans. (**Forseti:** Umræðunni verður þá frestað að lokinni ræðu hæstv. iðnrh. sem tekur nú til máls.)

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Áður en ég sný mér að því að fjalla efnislega um það frv. sem hér er til umræðu langar mig að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram áðan hjá hv. 4. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. e.

Vegna fyrirspurnar hv. 4. þm. Vestf. vil ég taka það fram að ég hef átt viðræður við fulltrúa Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. hitaveittna auk fulltrúa annarra orkufyrirtækja, þ.e. Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ég hef fengið orðsendingar frá ýmsum orkufyrirtækjum

sem varða þetta mál. Allt þetta efni hef ég kynnt mér og starfsmenn iðnrn. hafa unnið úr því og eru að vinna úr því. Þeir hafa kynnt þetta á sérstökum fundum með fulltrúum fjmrn., ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnunar að mínu fyrirlagi. Ég hef líka tekið þetta mál á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Eins og fram kom hér áðan hafði forsrh. skýrt frá því. Málið er þar ekki útrætt, krefst enda, eins og ég hef margítrekað, ákaflega rækilegrar athugunar. Hún fer nú fram. Ég vildi fullvissa hv. 4. þm. Vestf. um að það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að standa við forsendur kjarasamninganna sem nýlega hafa verið gerðir að því leyti sem þær eru á hennar valdi. Frá því verður ekki hvikað.

Ég kem þá að því sem kom fram hjá hv. þm. Norðurl. e. hér í inngangi. Ég vildi leyfa mér að leiðrétta hv. þm. hvað það varðar að auðvitað sagði ég ekki í títt tilvitnuðu viðtali við sjónvarpið að frv. ylli almennri og verulegri hækkun á orkuverði. Ég sagði hins vegar að ég mundi aldrei standa að neinni breytingu á skattlagningu orkunnar sem hefði þessar afleiðingar. Við það mun ég að sjálfsögðu standa. Það voru mín orð. Ég vil líka segja að það er fjarstæðukennt að halda því fram að Alþfl. hafi átt hugmyndina að þessu frv. sem hér er til umræðu. Þvert á móti liggur það fyrir og hv. þm. hlýtur að tala gegn sinni sannfæringu, hann hefur hlýtt á það bréf sem þingflokkur Alþfl. skrifaði 13. des., þar sem hann kynnir fyrirvara sína við þetta frv., lýsir efasemdum um ágæti þess, lýsir annmörkum á því og því jafnframt að hann vilji láta það fá rækilega meðferð í þinginu, athugun, þótt hann vilji ekki stöðva að það komi fram. Þetta veit hv. þm. og það er satt að segja dapurlegt að hlýða á það hvað eftir annað að hann leyfi sér að koma með slíkar fullyrðingar.

Ég sný mér þá að því að fjalla um efni frv. sem hér er til umræðu. Ég hef skýrt frá því fyrr í þessari hv. þingdeild að ég sjái á því ýmis vandkvæði að leggja venjulegan tekjuskatt á orkufyrirtæki. Ég nefni fyrst að í skattalegu tilliti eru orkufyrirtækin alls ekki jafnskýrt skilgreind og t.d. félög sem rekin eru í hlutafélagsformi eða viðskiptabankar og sparisjóðir sem starfa eftir sérstökum lögum, eftir sérstökum reglum um reikningsskil og annað sem því fylgir. Nokkuð hefur verið til þess vitnað í umræðunum um orkufyrirtækin að bankar og sparisjóðir voru gerðir tekjuskattsskyldir ekki alls fyrir löngu.

Í reynd er erfitt að draga markalínu á milli orkuveitna og annarra þjónustufyrirtækja sveitarfélaga. Og þessi markalína er ekki nægilega skýrt dregin í frv. Það nægir ekki, að mínu áliti, að vitna til laganna um orkuveitur. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að hér þarf að skilgreina hvort tveggja skýrt í upphafi. Hvað er orkufyrirtæki? Hver er sá lögaðili sem gera skal skattskyldan og hvernig skal skilgreina skattskyldu hans? Ýmis þjónustufyrirtæki sveitarfélaga eru oft í bland við orkuveitur. Þjónusta orkufyrirtækjanna hefur einnig verulega sérstöðu miðað við flest önnur þjónustufyrirtæki. Ýmsir erfiðleikar koma upp ef á að nota ákvæði laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, til þess að ná til orkufyrirtækjanna. Það má t.d. nefna að veitur sem eru í eigu sveitarfélaganna geta skotið sér undan skattinum með því að stofna hlutafélag um reksturinn. Ég er alls ekki að halda því fram að þetta væri óæskileg þróun en þetta er eitt af því sem menn þurfa að athuga hvort þeir vilja stefna að. Ef þeir eru talsmenn þess þá kynni að vera að skattskyldan væri skynsamleg. Þetta varðar eingöngu skilgreininguna á hinum skattskyldu aðilum en ekki skattskylduna og þar rísa mörg önnur vandamál.

Það eru ýmsir möguleikar á því að flétta saman rekstur orkuveitna og sveitarsjóða. Á þetta benti ég þegar fjallað var um málið á fyrri stigum. Ég vil gera það alveg skýrt að ég er ekki, og Alþfl. er ekki, að víkjast undan þeirri heildartekjuöflun sem kveðið er á um í fjárlögum. Ég tel hins vegar að það verði að skoða mjög rækilega hvaða leiðir séu færar og skynsamlegar til þess að skattleggja arð af orkufyrirtækjum á réttlátan hátt og sanngjarnan án þess að það gangi nærri fyrirtækjunum eða leiði til þess að orkuverð hækki almennt. Þetta má undir engum kringumstæðum ske nú. En auðvitað er þetta erfið þraut og þess vegna þarf þingið að kanna málið rækilega.

Það er kannski sérstaklega við núverandi aðstæður, þegar leggja verður kapp á að halda aftur af verðhækkun til að treysta forsendur nýgerðra kjarasamninga, sem menn verða að fara hér fram með gát. Ég vil þó láta þess getið að ýmsir stjórnarandstæðingar, ekki síst hv. 2. þm. Norðurl. e., hafa með tilvitnunum sínum í einstakar tölur, sem slegið hefur verið fram af fulltrúum orkufyrirtækjanna, stórlega ýkt áhrif skattlagningar skv. frv. á orkuverð. Þetta segi ég eingöngu af því að þeir hafa gripið til þess að veifa sem allra hæst ýmsum tölum sem þeir hafa viljað nota til að sverta málflutning stjórnarinnar. Engu að síður er fyllsta ástæða til að fara hér varlega og rasa ekki um ráð fram, athuga þetta sem vendilegast.

Áður en ég vík að þeim vandkvæðum sem eru á því að skattleggja orkufyrirtækin á grundvelli þess frv. sem hér er til umræðu langar mig líka, vegna fyrri umræðu um málið, að víkja nokkrum orðum að skattlagningu orkufyrirtækja í öðrum löndum. Menn hafa haldið því fram hér að það væri einsdæmi, liggur mér við að segja, að skattleggja fyrirtæki í orkugeiranum. Af ræðum hér í þinginu og því sem sagt hefur verið í fjölmiðlum af ýmissa hálfu mætti ætla að með því að reikna með einhverjum sköttum á íslensk orkufyrirtæki væru Íslendingar að fara alveg ótroðnar slóðir. Þetta er rangt og það er raunar fremur þannig að við séum undantekning meðal vestrænna ríkja með því að undanþiggja orkufyrirtækin skatti.

Í nokkrum ríkjum, t.d. Danmörk, eru orkufyrirtækin rekin á núlli, eins og sagt er, og hvorki ríki, sveitarfélög né aðrir eigendur mega íþyngja rekstri þeirra með álögum. Þetta verður þó að skoðast í ljósi þess að Danir leggja háan orkuskatt í formi gjalds á hverja selda orkueiningu á alla orkusölu og að sjálfsögðu einnig virðisaukaskatt. Noregur og Svíþjóð hafa einnig komið við sögu í þessum umræðum.

Samkvæmt ársreikningi Statskraft, sem er raforkuöflunarfyrirtæki í eigu norska ríkisins, greiddi það fyrirtæki 466 millj. norskra kr. í skatta árið 1986. Auk tekjuskatts, sem vel að merkja er lagður á eftir sérstökum reglum en ekki hinum almennu tekjuskattsreglum og tekur þannig ekki mið af beinni reikningslegri afkomu fyrirtækisins, er lagður á þetta fyrirtæki eignarskattur. Skv. upplýsingum frá Noregi eru lagðir skattar á norsk orkufyrirtæki skv. sérstökum reglum og skiptast þeir milli viðkomandi sveitarfélags, fylkis og ríkis. Í Svíþjóð greiðir þeirra Landsvirkjun, Vattenfall, sem er fyrst og fremst raforkuvinnslufyrirtæki í eigu ríkisins, eignarskatta en ekki tekjuskatt. Sydkraft sem er hlutafélag í eigu sveitarfélaga, tryggingarfélaga, fjárfestingarfélaga, iðnfyrirtækja og reyndar einstaklinga og framleiðir orku fyrir sænska orkudreifingarkerfið, greiðir skatta skv. venjulegum hlutafélagareglum. Í Svíþjóð gildir almennt sú regla að fyrirtæki sveitarfélaga eru þannig rekin að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, þ.e. þar gildir það sem Svíar kalla sjálfkostnaðarregluna. Við slíkan rekstur leggur hvorki ríki né sveitarfélag skatt á fyrirtækið eða tekur arðgreiðslur. En þegar orkufyrirtækin eru rekin í hlutafélagsformi gilda hins vegar almennar skattareglur. Bæði í Noregi og Svíþjóð er, eins og í Danmörku, lagður sérstakur orkuskattur á hverja selda orkueiningu. Í Svíþjóð og Danmörku, þar sem ekki eru lagðir tekju- og eignarskattar á orkufyrirtækin, mega sveitarfélögin ekki taka arð af fyrirtækjunum né íþyngja þeim með nokkrum öðrum hætti. Þetta er ákaflega mikilvægt til samanburðar því hér á landi hefur það hins vegar tíðkast að sveitarfélögin, ekki síst Reykjavík, taki arð úr orkufyrirtækjunum í sveitarsjóði eða leggi á þau afgjöld svokölluð. Láti þannig fyrirtækin greiða framkvæmdir sem eru þeim óviðkomandi eða gefi eða selji sér orku á lægra verði en almennt gerist.

Að sjálfsögðu eru mjög mismunandi reglur um það hvernig staðið er að álagningu skatta á orkufyrirtækin í okkar hluta heims, hinum vestrænu ríkjum. Forustumenn orkufyrirtækja hér á landi telja margir að auka þurfi sjálfstæði orkuveitnanna. Sumir tala reyndar fyrir einkavæðingu og þá væntanlega hlutafélagsrekstri og benda í því sambandi á þróunina í nálægum löndum. Hér tel ég að við eigum fordómalaust að nálgast málið í leit að hagkvæmustu leið til að reka þessi þjónustufyrirtæki almennings. Hins vegar fer heldur illa saman það ákall að fyrirtækin eigi ekki að greiða skatta í samræmi við afkomu og að óska eftir breytingu í átt til einkarekstrar á þessu sviði. Ég tel öllu máli skipta að skattar greiðist í samræmi við raunverulega afkomu fyrirtækja og vil beita mér fyrir því að svo verði. En umfram allt, og því megum við ekki gleyma, er megintilgangur orkufyrirtækjanna að sjálfsögðu að leggja til þá þjónustu fyrir almenning frá þessum fyrirtækjum, sem eru flest í almenningseigu, á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt.

Ég ætla hér að víkja að talnanotkun í þessu máli sem m.a. hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur beitt sér fyrir. Það hefur verið haft hér eftir forstjóra Landsvirkjunar að ef frv., sem hér er til umræðu, verði að lögum muni það leiða til 46% hækkunar á gjaldskrá Landsvirkjunar. Í áætlun Landsvirkjunar sem hér býr að baki er gert ráð fyrir rúmlega 3,8 milljarða kr. tekjum af orkusölu til almenningsveitna. 46% hækkun á gjaldskrá mundi auka tekjur Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna um hvorki meira né minna en 1,8 milljarða kr. Með öðrum orðum væri þá gert ráð fyrir að greiða þyrfti af hálfu Landsvirkjunar 1,8 millj. kr. í tekjuskatt. Þessi niðurstaða er víðs fjarri öllum veruleika. Hún er niðurstaða af talnadæmi. Ég fullyrði að þar sé ekki tekið mið af þeim heimildum sem skattalögin veita, þótt þau eigi ekki vel við rekstur orkufyrirtækja. Hér virðist einungis tekið mið af því að afskrift verður minni í reikningum Landsvirkjunar og hærri verðbreytingafærslur en reikningur fyrirtækisins sýnir. Þannig er þessi tala fundin og hún hefur ekkert með veruleikann að gera. Með þessu móti er ég alls ekki að tala fyrir því að skattskylda orkufyrirtækja verði með þeim hætti sem í frv. greinir, en það má nú fyrr rota en dauðrota. Og það er fjarstæða að halda því fram, sem gert hefur verið, að það muni af sjálfu leiða að orkuverð hækki um 46% og þar með almenningsveituheildsöluverðið um 30% vegna frv. verði það að lögum. Hér munar einkum því, og það hefur komið fram að áliti löggilts endurskoðanda Landsvirkjunar að sú sérstaka afskrift sem fyrirtækið gæti fært sér í nyt á móti verðbreytingarfærslunni — sem mestu veldur um þessa háu tölu sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur endurtekið á hverjum degi frá því að fréttin kom í Morgunblaðinu — að það vantar svona 2,2 milljarða inn í málið sem kæmu að fullu til frádráttar verðbreytingarfærslunni.

Í bréfi endurskoðanda fyrirtækisins til Landsvirkjunar hefur hann reynt að áætla töluleg áhrif skattlagningar á Landsvirkjun. Hann bendir á ýmsa erfiðleika því samfara og það er mikilvægt því að þeir leiða í ljós ýmis þau vandkvæði sem þetta frv. felur í sér. Hann bendir á mismun á verðbreytingarfærslutekjum, skv. skattalögum og reikningsskilum Landsvirkjunar, hann metur hann á 2½ milljarð kr., afskriftir telur hann muni lækka um 400–500 millj. kr., eins og áður sagði, og hann telur þó að fyrirtækið geti fært 2,2 milljarða kr. í sérstakar afskriftir til að vega á móti verðbreytingarfærslunni. Samkvæmt þessu yrði tekjuskatturinn af fyrirtækinu þó, miðað við þessa áætlun, talinn í hundruðum milljarða kr. en alls ekki 1,8 milljarðar eins og hv. þm. hefur hér talið vera staðreyndir í málinu og sagt hér ítrekað: Ætla menn að vefengja þessa menn, þessa vammlausu embættismenn og reiknimeistara? Sannleikurinn er sá að hv. þm. hefur gert sér far um að vanrækja að geta þeirra staðreynda sem talnameistararnir hafa sjálfir tíundað í sínum greinargerðum. Það sem er rétt í málinu er að því miður henta reglur skattalaganna svo illa orkufyrirtækjunum að það þarf að vanda þar miklu betur hinar sérstöku tengingar og bráðabirgðaákvæði sem í frv. eru. Það má reyndar vel vera að menn þurfi að hverfa að öðrum ráðum til þess að ná fram sann-

gjarnri skattlagningu á orkufyrirtækin án þess að hún valdi mismunun á milli þeirra eða almennri verðhækkun.

Ég held að þetta nægi til þess að sýna fram á að þær forsendur sem gengið er út frá í þessum reikningum eru ekki lýsing á veruleikanum. Ég bendi einnig á það að í þessum reikningum forstjóra Landsvirkjunar er einnig gert ráð fyrir 4% arðgjöf af eigin fé fyrirtækisins sem sjálfsögðum hlut. Þeirri arðgjöf hefur fyrirtækið alls ekki náð undanfarin ár og má nefna að arðgjöfin var 2% 1987 og 1,2% árið 1988. Allar forsendur þessara reikninga eru því mjög lausar í reipunum. Vandinn er sá að við þurfum að huga að grundvellinum sjálfum áður en við förum að slá fram tölum í málinu og ég ætla hér, með leyfi forseta, að vekja athygli á og rekja nokkur vandkvæði sem á því eru að skattleggja orkufyrirtækin á grundvelli þeirra tillagna sem í frv. eru. Þetta er nokkur upptalning og fyrsta atriðið sem ég ætla að nefna er það sem ég vék að í upphafi máls míns. Það er að það þurfi að skilgreina betur hvað við sé átt með orðinu orkufyrirtæki í 1. gr. frv. Einkum tel ég vart hægt að byggja á því að vitna eingöngu til orkulaganna um héraðsrafveitur og hitaveitur. Í því sambandi má nefna t.d. að í eigu sumra rafveitna eru virkjanir sem einnig væri nauðsynlegt að nefna í lögunum ef menn ætluðu sér þetta í alvöru.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir að almennar reglur um fyrningarhlutföll fyrir orkufyrirtækin verði skv. ákvæðum laganna um tekju- og eignarskatt. Ákvæði skattalaganna um afskriftahlutföll eru hins vegar verulega frábrugðin þeim hlutföllum sem notuð hafa verið í ársreikningum fyrirtækjanna og raunar í öllum útreikningum á arðsemi orkuframkvæmda hér á landi. Þau hlutföll sem fyrirtækin hafa notað hafa tekið mið af áætluðum raunverulegum endingartíma mannvirkjanna, líftíma þeirra. Raunar hafa þau til þessa fremur verið talin of há en of lág, þ.e. að endingartími orkumannvirkja sé í raun enn lengri en fyrirtækin þó miða afskriftir sínar við, þ.e. veruleikinn lægi enn fjær viðmiðunarreglum skattalaga. Afskriftahlutföllin sem fyrirtækin nota eru svipuð og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi má nefna að hér á landi er gert ráð fyrir því að afskrifa vatnsaflsstöðvar á 40 árum eða um 2,5% á ári. Skv. ársreikningum erlendra raforkufyrirtækja er miðað við að afskrifa vatnsaflsstöðvar í Noregi á 40 árum, í Svíþjóð á 40–60 árum, í Englandi á 50 árum og í Skotlandi á 25 árum, í Frakklandi á 50 árum og í Ontario í Kanada á 65 og allt upp í 100 árum. Þessi samanburður sýnir að afskriftir Landsvirkjunar eru fremur örar og þar með hærri en þær eru í flestum samanburðarlöndum. Þær eru hins vegar mjög lágar miðað við að farið væri að ákvæðum laganna um tekju- og eignarskatt því að skv. þeim bæri að nota 12% afskriftir fyrir allan vélbúnað og 4% fyrir stöðvarhús. Skv. lögunum, þ.e. tekjuskattslögunum, væri reyndar þegar búið að afskrifa mestan hluta orkumannvirkja á landinu.

Í ákvæði til bráðabirgða í frv. er gert ráð fyrir að nota megi gildandi fasteignamat í árslok 1990 í stað endurmatsverðs mannvirkja. Þetta ákvæði nýtist orkufyrirtækjunum hins vegar lítt eða ekki þar sem aðeins mjög lítill hluti mannvirkjanna sem tengjast virkjunum er metinn til verðs í fasteignamati. Þannig er ekkert fasteignamat til á vélbúnaði, stíflum, vatnsvegum, spennistöðvum, háspennulínum, borholum, aðveituæðum og fleiri mannvirkjum sem tengjast orkubúskapnum.

Þá nefni ég í þriðja lagi að skv. ákvæðum skattalaga ber að reikna verðbreytingarfærslu á grundvelli peningalegra eigna og skulda í byrjun hvers rekstrarárs. Þessi aðgerð getur gefið mjög misvísandi mynd af afkomu fyrirtækja ef peningalegar eignir og skuldir þeirra eru ekki í jafnvægi, en það er einmitt einkenni efnahagsreikninga fjölmargra orkufyrirtækja. Skv. ákvæðum skattalaga er verðbreytingarfærsla einnig reiknuð miðað við meðaltalsbreytingar á byggingarvísitölu milli ára. Þegar mikið misræmi er milli innlendra verðbreytinga og breytinga á gengi gefur afkomumæling skv. lögunum um tekju- og eignarskatt mjög misvísandi mynd af raunverulegri afkomu fyrirtækjanna. Fjármagnskostnaður orkufyrirtækja, að mestu erlendur, vegur mun þyngra í þeirra rekstri en algengast er í okkar atvinnuvegum og því er afar þýðingarmikið að útreikningar á þessum kostnaði í skattalegu tilliti séu vandaðir. Það liggur fyrir að lögin um tekju- og eignarskatt eru gölluð í þessu tilliti og þau þurfa almennrar lagfæringar við í þessum punkti. Hann verður sérlega mikilvægur þegar kemur að fyrirtækjum sem hafa þá fjárhagsskipulagsgerð sem raun ber vitni í orkubúskapnum. Það virðist þess vegna hæpið að yfirfæra þau á orkufyrirtækin, eða þá ekki fyrr en slík lagfæring hefur farið fram.

Ég nefni í fjórða lagi að í ákvæði til bráðabirgða í frv. er kveðið á um að á árinu 1990 skuli framkvæmt endurmat á fyrnanlegum eignum. Ég tel að slíkt mat geti orðið mjög erfitt, bæði af tæknilegum og eins bókhaldsástæðum, þ.e. að bókhald fyrirtækjanna undangengin ár og áratugi sé ekki nægilega sundurliðað til þess að unnt sé að nálgast matsverð á skynsamlegan hátt. Ég bendi á að orkufyrirtækin hafa þá sérstöðu að rekstrarkostnaður er mjög lítill miðað við stofnkostnað þannig að skattmat hjá þeim snýst að mestu leyti um fjármagnskostnað og um mat á stofnkostnaði.

Þá nefni ég í fimmta lagi, forseti, að skilin milli fyrnanlegra eigna og viðhalds á eignum, sem bera að í rekstri og heimilt er að draga frá tekjum skv. skattalögum sem rekstrarkostnað, eru næsta óljós í orkubúskapnum. Ég nefni nokkur dæmi þessu til skýringar.

Ég nefni fyrst borun nýrrar holu fyrir hitaveitu í rekstri. Þar getur ástæðan annars vegar verið sú að vegna langvarandi dælingar hafi afköst eldri holu minnkað og nauðsyn sé á að fá aðra í hennar stað eða hins vegar að orkuþörfin í sveitarfélaginu hafi aukist. Á þessu er eðlismunur frá sjónarmiði orkufyrirtækisins. Annað er í eðli sínu endurnýjun, hitt er ný fjárfesting. Ég sé að þetta vekur kátínu hjá hv. 2. þm.

Norðurl. e. en þetta er úrslitamál fyrir fyrirtæki eins og Hitaveitu Akureyrar.

Sem annað dæmi nefni ég aðveitulögn sem lögð væri frá nýju vinnslusvæði sem tekið er í rekstur og kemur í stað svæðis þar sem afköst hefðu minnkað svo vegna vatnsborðslækkunar að orkuþörf væri ekki fullnægt eða hætta talin á að salt eða önnur efni mengi vinnslusvæðið. Erfitt yrði að meta hvort þetta væri ný fjárfesting eða viðhald.

Ég nefni sem þriðja dæmi: Aðveituæð fyrir hitaveitu væri endurnýjuð en með meiri flutningsgetu en sú gamla, sem væri jafnframt rekin áfram til að auka öryggi. Hvar er fjárfestingin og hvar er viðhaldið?

Ég nefni sem fjórða dæmi endurbyggingu á stíflu fyrir 40 ára gamla vatnsaflsvirkjun sem um leið væri hækkuð nokkuð. Ástæða endurbyggingarinnar gæti t.d. verið skemmdir sem hefðu orðið á stíflunni við jarðhræringar.

Ég nefni sem fimmta dæmi endurnýjun á 30 ára gamalli raflínu með nýrri línu. En nýja línan væri með hærri spennu en sú gamla.

Ég nefni sem sjötta dæmi að skipt væri um spenna á gamalli línu til þess að hækka spennuna á henni.

Þessi sex dæmi sem ég hef tekið um mörkin milli fyrnanlegra eigna og viðhalds á eignum sem úrslitum mundu ráða um skattskyldu orkufyrirtækja eru ekki gamanmál. Þau eru mjög vandasamt úrlausnarefni ef beita á ákvæðum skattalaganna. Þau eru líka valin af því að þau lýsa veruleikanum í íslenskum orkubúskap. Við stöndum víða frammi fyrir þessum verkum og þess vegna þarf að vanda mjög hvernig á þeim er tekið ef menn ætla á annað borð að fara þessa leið.

Þá kem ég í sjötta lagi að því, virðulegi forseti, sem um er fjallað í 32. gr. laga um tekju- og eignarskatt, í 3. tölul. reyndar, undir yfirskriftinni „Eyðanleg náttúruauðæfi". Jarðhitasvæðin hljóta að falla undir þetta ákvæði því mörg þeirra endurnýjast a.m.k. ákaflega hægt miðað við vinnslu. Um þetta geta menn að vísu ekki fullyrt því reynsla okkar af nýtingu jarðhita, sérstaklega háhitans, er skömm. Við höfum hins vegar langa reynslu af nýtingu lághitasvæða en jafnvel þar er ekki hægt að líta svo á að jarðhiti falli undir endurnýjanlega orkulind.

Þá kem ég að því að það segir í 5. tölul. 38. gr. laganna um tekju- og eignarskatt: „Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra."

Ég ætla ekki að fjölyrða um það að skattstjórar væru lítt í færum að leggja slíkt mat á það hversu mikið væri gengið á hina eyðanlegu náttúruauðlind hverju sinni. Ég tek sem dæmi að skattstjórinn á Reykjanesi þyrfti þá að leggja mat á það hvernig fyrna ætti nýtingu jarðhitans undir Svartsengi. Skattstjórinn á Reykjanesi er hæfur maður. Ég held samt að hann ætti ekki að þurfa að leggja mat á þetta. Ég býst við því að hann mundi kalla til sérfræðinga í vinnslu jarðhita sér til halds og trausts og þeir eru ekki allir á einu máli um það hversu mikið sé gengið á forðann á hverju ári sem menn tappa af þessu svæði. Slíkt mat er því eðli málsins samkvæmt mjög mikilli óvissu háð og breytist gjarnan eftir því sem gengur á forða svæðisins. Í því sambandi má einnig nefna að oft eru þau vandamál sem upp koma þegar gengur á forðann engan veginn fyrirsjáanleg.

Ég nefni í sjöunda lagi að í 5. tölul. 32. gr. skattalaganna er kostnaður við tilraunavinnslu og rannsóknir settur undir stofnkostnað. Þetta á oft ekki við í sambandi við orkuvinnslu og orkar reyndar oft tvímælis hvort tilraunavinnslu og rannsóknir eigi að færa undir stofnkostnað þegar menn gera tilraunir upp á von og óvon með að finna nýtanlega orkulind.

Af þessum sjö atriðum sem ég hef talið og undirliðum þeirra er væntanlega ljóst að vandaðan undirbúning þarf til þess að gera orkufyrirtækin skattskyld eftir ákvæðum tekjuskattslaga. Í því sambandi þarf, auk framantalinna efnisatriða, að hafa í huga uppgjörsvenjur og reikningsskil fyrirtækjanna og eins og ég nefndi í upphafi um réttarstöðu þeirra sem persóna að lögum og tengsl þeirra við hinar skattfrjálsu einingar í landinu, sveitarsjóðina og ríkið. Reyndar má einnig á það benda að ýmsar af okkar veitum, ýmis okkar orkufyrirtæki eru stofnuð með sérstökum samningum og lögum þar sem gagnkvæmar skyldur hvíla á eigendum að íþyngja ekki meðeigendunum með nýjum álögum. Allt þetta er að sjálfsögðu í hendi löggjafans sem hefur sett þessi lög eða heimilað slíka samninga, en það leggur líka sérstakar skyldur á herðar þessari þingdeild og hennar hv. fjh.- og viðskn. að vanda meðferð málsins og forðast í því sleggjudóma, skæting og upphrópanir sem eru til þess ætlaðar að slá pólitískar keilur en ekki að finna lausn á því mikilvæga úrlausnarefni sem hér liggur fyrir deildinni.

Sú spurning hlýtur að vakna við athugun á þessu frv. hvernig menn eigi að áætla tekjur ríkissjóðs af skattlagningunni og líka til hvaða leiða vænta megi að eigendur fyrirtækjanna kynnu að grípa til þess að bregðast við skattskyldunni. Í þessu tel ég ekki felast neinar ávirðingar fyrir þá sem standa fyrir þessum fyrirtækjum. Að sjálfsögðu er það þeirra skylda að gæta hagsmuna þeirra. Í því sambandi má t.d. ætla að nokkur hætta kynni að vera á því að orkuverð hjá veitum í eigum sveitarsjóða, þar sem veitan skuldar lítið, verði einfaldlega lækkað langt niður fyrir jaðarkostnað við að afla nýrrar orku og í stað þess að fjármagna framkvæmdir með tekjum eða af eigin fé verði stofnað til skulda sveitarsjóðsins. Þetta væri auðvitað hrapalleg þróun og skattskyldan má ekki verða til þess að hún kvikni. Þá má benda á að veitur sem eru í eigu eins sveitarfélags kynnu að hafa af því skattalegt hagræði að stofna hlutafélag um reksturinn eða að blanda rekstri orkuveitnanna saman við annan rekstur á sínum vegum þannig að erfitt væri að greina á milli og færa tekjur sérstaklega á reikning orkuvinnslu og dreifingar.

Hjá öðrum fyrirtækjum gæti hins vegar orðið um óhjákvæmilega hækkun orkuverðs að ræða þar sem greiðslustaða fyrirtækja, misvægi milli peningalegra

eigna og skulda og reglna í skattalögum eru af því taginu. Hættan gæti verið sú að skatturinn leiddi til aukins verðmunar milli orkufyrirtækja gagnstætt yfirlýstri stefnu Alþingis og ríkisstjórnar um að stuðla að jöfnun verðs á orku í landinu.

Af þessum ástæðum hefur Alþfl. lýst efasemdum um ágæti þessa frv. En hann vill hins vegar ekki skorast undan því að taka þátt í hvoru tveggja, heiðarlegri athugun á því hvernig best sé að koma fyrir afskiptum hins opinbera af orkuverðinu og skattlagningu orkufyrirtækjanna því auðvitað hafa þau ekki eilífðarfrí frá því að taka þátt í kostnaði af velferðarríkinu. Það má vel vera að þessi umræða verði til þess að færa rekstur þeirra inn á atvinnulegar brautir. En ég vil kanna aðrar leiðir, jafnhliða þessari athugun, m.a. á grundvelli athugunar á orkuverði og skattlagningar á orku sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur nú að fyrir iðnrn.

Þessum ábendingum mínum í þessari tiltölulega stuttu ræðu beini ég til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Nefndin þarf að fara mjög vandlega yfir frv. og kveðja til sérfróða menn til að meta það hvað réttast sé í hverri grein og hvernig úr því megi ráða. Ég tel óhjákvæmilegt að við þá athugun verði til kvaddir sérfróðir menn og fulltrúar orkufyrirtækja en menn mega ekki gleyma því að orkufyrirtækin hafa ekki sjálfstæðan tilgang. Þau eru þjónustufyrirtæki almennings og það er verkefni þingsins að reyna að finna leiðir til þess að gera þá starfsemi sem hagkvæmasta og almenningi sem hollasta.

Umræðu frestað.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði þegar ég ræddi fyrr um þingsköp að það er nýstárleg venja hjá ráðherra að svara ekki ábendingum og fyrirspurnum, senda skilaboð í gegnum forseta deildarinnar um að viðkomandi sjái ekki ástæðu til að taka til máls við umræðuna og reyna með þeim hætti að knýja á um það að talsmaður stjórnarandstöðu geti ekki komið við andsvörum þegar hæstv. ráðherra loksins tekur til máls.

Ég þarf af þessum ástæðum, herra forseti, að taka nokkur atriði fram í sambandi við ræðu hæstv. iðnrh.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég benda hv. þm. á að að sjálfsögðu er heimild í þingsköpum fyrir menn að bera af sér sakir þegar umræðu verður haldið áfram um málið.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Þegar ég talaði hér áðan um þingsköp sagði ég að það hefði komið fram í máli hæstv. fjmrh., sem hér er nú staddur, að Alþfl. hafi átt hugmyndina að því að leggja tekjuskatt á orkufyrirtæki í þessari lotu á jólaföstu. Hæstv. iðnrh. kallaði mig ósannindamann þegar ég hafði þessi ummæli eftir hæstv. fjmrh. Nú er hæstv. fjmrh. kominn hér í deildina. Ég hef gert ráðstafanir til þess að fá vélritaðan þann þátt sem við vorum í í gærkvöldi, ég og hæstv. fjmrh., þannig að hægt verði að fá þessi ummæli orðrétt. Ég hef beðið um þessi ummæli og þá reynir á hvort ég fari rétt með það sem hæstv. fjmrh. sagði. Ef ég var ósannindamaður að þessum orðum get ég ekki betur heyrt en hæstv. iðnrh. kalli hæstv. fjmrh. ósannindamann. Nú er hæstv. fjmrh. hér í deildinni og vildi ég nú skora á hæstv. iðnrh. að endurtaka þau ummæli hér, að það séu ósannindi að Alþfl. hafi átt hugmynd að því að leggja tekjuskatt á orkufyrirtæki nú í þessari lotu.

Hæstv. iðnrh. sagði jafnframt að það hefðu verið ósannindi þegar ég talaði um það og hafði eftir honum þau ummæli að frv., eins og það liggur nú fyrir, feli í sér almenna og verulega verðhækkun. Ég hygg að ástæðulaust sé, herra forseti, að endurtaka oftar en ég hef gert þau ummæli sem ég hef haft eftir hæstv. orkuráðherra um þessi mál og skal ég, til að níðast ekki á þolinmæði hæstv. forseta, enn einu sinni vekja athygli á ummælum hæstv. orkuráðherra á almennum vettvangi þannig að úr því megi fá skorið hvor fari nær sannleikanum, ég í mínum ummælum eða hann í ummælum sínum hér áðan.

Ég vil í þriðja lagi, hæstv. forseti, og það snertir málsmeðferð, vekja athygli á nokkrum orðum í Þjóðviljanum hinn 9. febr. sl. þar sem rætt er við Bolla Bollason hagfræðing í fjmrn. Þar segir svo, og er hann borinn fyrir því: „Hins vegar sé alveg sjálfsagt að skoða allar tæknilegar athugasemdir frá orkufyrirtækjunum og raunar sé verið að fara yfir öll þessi mál. Bolli sagði að það hefði samt að öllu leyti verið hentugra ef fyrirtækin hefðu komið fram með sínar athugasemdir fyrr, enda hefðu fyrirtækin haft alla möguleika til þess þar sem þessi skattlagning hefði staðið til í 1½ ár og iðnrh. haft drög að frv. í höndum síðan í lok októbermánaðar." Svo mörg voru þau orð.

Ég heyrði að hæstv. iðnrh. las hér áðan upp úr gögnum frá endurskoðanda Landsvirkjunar og fór þar að sjálfsögðu rétt með. Á hinn bóginn hlýt ég að mótmæla því, herra forseti, þegar hæstv. iðnrh. kallar mig ósannindamann að því að Landsvirkjun hafi talið að þessi skattlagning hefði í för með sér 46% hækkun á rafmagnsverði og kallar mig ósannindamann þegar ég hef það eftir Aðalsteini Guðjohnsen og Eiríki Briem, má ég segja, að slík hækkun á verði Landsvirkjunar þýði 30% hækkun á verði á heimilisrafmagni og á öðrum töxtum hjá rafveitum. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram. Aðrar missagnir í ummælum hæstv. ráðherra verða að bíða.

Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta með því að hafa þessi orð lengri. En hvað sem um þessa athugasemd má segja er öldungis ljóst að hæstv. fjmrh. er ósannindamaður að mati ráðherra Alþfl. að því að það væri Alþfl. sem hefði átt hugmyndina að orkuskattinum nú.

Ég var svo auðvitað sammála öllum þeim aðfinningum sem hæstv. orkuráðherra setti fram um gæði

þess frv. sem hér liggur fyrir og get bætt ýmsum við. T.d. get ég minnt á það, úr því hann fór að tala um ónýtar holur, að mikið er af ónýtum holum fyrir norðan og Hitaveita Akureyrar skuldar af þeim sökum, hefur tekið erlend lán til að standa undir þeim borkostnaði. Eftir þeim endurmatsreglum sem eru í frv. er ekki gert ráð fyrir því að til þessa verði tekið tillit. Þetta vildi ég að fram kæmi.

Að síðustu aðeins þessi orð, herra forseti. Fyrr í dag vorum við að ræða hér frv. um umhverfismál. Þá hefur ríkisstjórnin þann háttinn á að slíta í sundur frv. sem felur í sér að bæta við einu ráðuneyti og nauðsynlegt fylgifrv. með því. Tefur þannig þingstörf í báðum deildum og gerir þingið eiginlega hálfbroslegt í augum þjóðarinnar, allra þeirra sem nenna að setja sig inn í málavöxtu. Í dag verðum við vitni að því að hæstv. iðnrh. leggur áherslu á að fá að taka hér til máls. Hann veit að tregða hans til að taka fyrr þátt í umræðunum veldur því að talsmaður Sjálfstfl. í málinu hefur ekki lengur þingskapalegan rétt til að svara málefnalega þeim málflutningi sem hann hafði uppi. Þetta veldur því að nauðsynlegt er að svara hæstv. iðnrh. á öðrum vettvangi. Það verður gert og jafnframt mun ég að sjálfsögðu kynna mér það hjá endurskoðanda Landsvirkjunar hvort það sé rétt sem hæstv. iðnrh. sagði, að ég hefði farið með fleipur og útúrsnúninga þegar ég vitnaði beint í hans ummæli, nema ef hæstv. iðnrh. er að tala um það að rétt sé að afskrifa Blönduvirkjun áður en hún verður tekin í notkun.

Eiður Guðnason *(um þingsköp):*

Herra forseti. Ég veit að vísu að forseti þessarar deildar er maður mildi og umburðarlyndis, en ég verð samt að lýsa furðu á því hversu þolinmóður hann er þegar hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, þverbrýtur hér allar þingskapareglur og heldur uppi langri efnisumræðu um mál undir því yfirskini að hann sé að tala um þingsköp. Þingsköp eru ákveðnar leikreglur sem þingmenn hafa samþykkt og eiga að gilda um ræðuhöld hér. Hv. þm. Halldór Blöndal telur greinilega að þau eigi að gilda um aðra þingmenn en ekki um hann.

Honum vil ég aðeins segja það að lokum að mér kemur það mikið á óvart hvernig hann þrástagast hér á rangfærslum um afstöðu Alþfl. í þessu máli, sérstaklega eftir að ég hef gefið honum ljósrit af bréfi sem ég skrifaði fyrir hönd þingflokks Alþfl. til fjmrh. 13. des. á síðasta ári, þar sem fram kemur, skýrt og glöggt, afstaða Alþfl. Þrátt fyrir það heldur hann áfram að koma hér í ræðustól og endurtaka sömu rangfærslurnar aftur og aftur.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það er út af fyrir sig undarlegt að formaður þingflokks Alþfl. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að taka efnislegan þátt í þeim umræðum sem hafa orðið um það frv. sem hér var verið að ræða, um tekjuskatt á orkufyrirtæki. Ég hef ekki haft uppi neinar getsakir um Alþfl. Það sem ég sagði var að ég hvatti hæstv. iðnrh. til að endurtaka þau ummæli sem hann viðhafði hér meðan fjmrh. var fjarstaddur, að það væru ósannindi að það væri hugmynd Alþfl. að leggja tekjuskatt á orkufyrirtæki nú í þessari lotu. Þetta sagði hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu í gær. Hæstv. iðnrh. kallaði mig ósannindamann að þessu hér áðan. Hér eru ráðherrarnir báðir, sá sem viðhafði umræðuna í sjónvarpsþættinum og hinn sem talaði svo digurbarkalega hér áðan. Mér finnst, herra forseti, ekkert óeðlilegt þótt stjórnarandstaðan vilji komast til botns í þessu máli, sérstaklega þegar svo er komið að ráðherra orkumála er farinn að klína ummælunum á stjórnarandstöðuna og hafa svo uppi hrópyrði um að málflutningur sé óheiðarlegur hjá þeim sem spyr.

NEÐRI DEILD

45. fundur, þriðjudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Lyfjadreifing, 2. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þskj. 107, n. 572, brtt. 573.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. um lyfjadreifingu sem hér liggur fyrir. Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin er við 1. gr. og hljóðar svo:

„Fyrri málsl. síðustu mgr. 36. gr. laganna, sbr. lög nr. 22/1989, orðist svo:

Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf."

Til viðræðna við nefndina um frv. kom Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn., og einnig bárust umsagnir um málið frá Apótekarafélagi Íslands og landlækni. Undir þetta álit skrifa Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson, en hv. þm. Geir H. Haarde var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 573 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108, n. 574.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um fyrirliggjandi frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Til viðræðna við nefndina um frv. kom Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn. Þá barst nefndinni einnig umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

Undir þetta nál. skrifa Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Hv. þm. Geir H. Haarde var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 2. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 80. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 81, n. 540 og 541.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands, hefur verið flutt á þremur þingum, fyrst árið 1987–88 og síðan á þinginu 1988–89 og nú á þessu þingi.

Á síðasta þingi var þetta mál afgreitt hér úr deildinni með 20 shlj. atkv. til Ed. þann 19. maí og sama dag fór fram 1. umr. í Ed. og því vísað til nefndar en þaðan kom það ekki aftur. Í fyrsta sinn sem málið var flutt var það ekki afgreitt úr nefnd en reynt var að leita eftir samstarfi við viðkomandi ráðuneyti um það að endurskoða þessi lög. Ég var þá ef ég man rétt formaður sjútvn. og ræddi það við ráðuneytisstjóra sjútvrn. og sagði að vilji væri fyrir því í nefndinni að endurskoða þessi lög en ekkert kom úr ráðuneytinu svo að flm. þessa frv. fluttu það öðru sinni. Og eins og ég sagði áðan var málið afgreitt frá þessari hv. deild til Ed. þar sem það dagaði uppi.

Flm. þessa máls nú eru fimm af sjö fulltrúum í sjútvn. 1. flm. málsins frá byrjun hefur verið Ólafur Þ. Þórðarson og með honum fyrrv. þm. Kjartan Jóhannsson. Þeir fluttu málið tveir í fyrsta skipti en á síðasta þingi tóku allir nefndarmenn í sjútvn., sem þá voru, að einum undanskildum, undir þetta mál með því að gerast flm. Málið fór því í gegn hér með samhljóða atkvæðum en segja má að það hafi gengið heldur þunglega að koma því út úr nefndinni. Þótti okkar nefndarmönnum sem erum flm. málsins engin tormerki á því að afgreiða málið strax til deildarinnar til afgreiðslu en formaður nefndarinnar óskaði eftir því að málið lægi í nefndinni og þaðan var það ekki afgreitt fyrr en 1. febr. Og senn er hálfur mánuður frá því að nefndin skilaði nál. þegar það kemur nú til umræðu í hv. þingdeild.

Eins og áður hefur komið fram, ræddi nefndin á síðustu tveimur þingum um frv. við skrifstofustjóra í sjútvrn., aðstoðarmann utanrrh. Þá lágu fyrir nefndinni umsagnir um frv. frá þingi Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi fiskimjölsframleiðenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að í fyrra þegar málið var afgreitt úr nefndinni, fannst mér ekki mikið koma til sumra þessara umsagna og var eiginlega farið undan í flæmingi í sambandi við afstöðu til málsins. Hér er um að ræða að undanskilja fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi ákvæðum síðari málsl. 1. mgr. þessara gömlu laga, sem eru orðin 68 ára.

Flestar þjóðir taka fegins hendi við hráefni sem berst og vilja með því auka framleiðslu þjóðarinnar og útflutningsverðmæti. Ekki veit ég til þess að Færeyingar neiti nokkru íslensku skipi um að landa ef það óskar eftir að landa fiski eða sjávarafurðum í Færeyjum heldur sækja þeir mjög eftir slíkum viðskiptum. En hér á að viðhalda lögum, sem voru góð á sinni tíð en eru löngu orðin úrelt, alveg í það óendanlega. Þetta skil ég ekki. Á sama tíma og verið er að takmarka veiðar innan 200 mílna fiskveiðilögsögu á að girða fyrir það enn um sinn að erlend skip sem veiða utan 200 sjómílna geti lagt afla hér á land nema að sækja um sérstakt leyfi til æðsta stjórnvalds.

Áður hefur verið sagt að frelsisalda leiki nú um álfuna. En það eru einhverjir annars konar vindar sem leika hér um þessa þjóð að dómi sumra manna. Ég hélt líka að það væri mikils virði að skip sem veiddu hér utan 200 sjómílna hefðu tækifæri til þess að leita hafnar og eiga viðskipti við landið, bæði þjónustu í fyrirtækjum sem nú standa mörg hver höllum fæti og sömuleiðis að auka viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir. Þess vegna er það skýlaust álit okkar sem skipum meiri hl. sjútvn. að þetta frv. beri að samþykkja og það sé meiri nauðsyn að samþykkja í ár en í fyrra, þegar það var samþykkt, því allt knýr á um það að við þurfum að létta þessum fjötrum af okkur.

Minni hl. nefndarinnar, tveir nefndarmenn, leggja til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Hvað þýðir það? Það þýðir það að ríkisstjórnin hefur ekki haft áhuga á því eða það ráðuneyti sem um málið fjallar að endurskoða þessi lög. Það er búið að hafa til þess tækifæri frá því að þeir félagar tveir fluttu þetta frv. í fyrsta sinn fyrir þremur árum. Hver er þá tilgangurinn með því að leggja til að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar? Hann er auðsær. Tilgangurinn er sá að hamla á móti því að gera þessa sjálfsögðu breytingu. Ég vona að stuðningsmönnum þessa frv. hafi ekki fækkað frá sl. ári heldur hafi þeim fjölgað.

Ég legg því eindregið til og við í meiri hl. sjútvn. að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á prentuðu þskj.

Ég vil svo þakka flm., sérstaklega þeim sem áttu frumkvæði að því að flytja þetta frv. á sínum tíma, fyrir að sýna þá þrautseigju að halda því áfram og ég vona að þetta mál fái nú snara afgreiðslu hér í hv. þingdeild þannig að Ed. geti ekki afsakað sig með því að hún hafi ekki tíma til þess að skoða málið.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. klofnaði sjútvn. í þessu máli í meiri hl. og minni hl. Meiri hl. leggur til að fram komið frv. verði samþykkt en minni hl., hv. þm. Guðni Ágústsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson, leggja til að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í þessu frv. er lagt til að undanþágur frá gildandi lögum, sem eru 68 ára gömul orðin eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., verði veittar fiskiskipum frá Grænlandi og Færeyjum til að landa afla sínum hér á landi. Minni hl. þótti sýnt að þetta frv. kæmi ekki til með að breyta neinu um þá framkvæmd sem er viðhöfð í dag. Samkvæmt samkomulagi hafa grænlensk skip sem stunda veiðar við Austur-Grænland heimild til löndunar og allrar skipaþjónustu í íslenskum höfnum. Þetta er eins og fram hefur komið frávik frá ákvæðum laganna. Færeyingar sem veitt hafa botnfisk hér við land hafa aldrei leitað eftir að fá afla landað hér á Íslandi. Í samningum milli Íslands, Grænlands og Noregs er skipum þessara þjóða sem loðnuveiðar stunda veittur löndunarréttur í hverju þessara landa. Á loðnuvertíðinni sem yfir stendur hefur þegar verið aflað á Íslandi yfir 200 þús. tonnum af loðnu. Af þessum rúmum 200 þús. tonnum hafa Norðmenn og Færeyingar landað 5–7 þús. tonnum og hafa þeir þó allar heimildir til að landa loðnu eins og þeir kæra sig um. Það virðist vera sem skip Norðmanna aðallega og að minnstum hlut Færeyinga hafi landað í hvert skipti einungis slöttum af loðnuafla þegar viðkomandi skip hafa rifið net sín og þurfa að koma inn til viðgerða, ekki í þeim tilgangi beinlínis að landa sínum afla á Íslandi heldur fyrst og fremst til að leita þjónustu. Þessar þjóðir notfæra sér þess vegna ekki þær heimildir sem fyrir eru til löndunar á afla, heldur eru fyrst og fremst að leita þjónustu, sem þær auðvitað fá.

Það er því álit minni hl. að fram komið frv. sé tilefnislaust. Það breytir engu um framkvæmd þessara mála eins og þau eru í dag. Þessar tvær þjóðir hafa allar þær heimildir sem þær þurfa til þess að landa því sem þær vilja landa hér á Íslandi. Það er því rétt eins og stendur í nál. minni hl. að láta breytingar á ákvæðum um löndunarrétt þessara þjóða bíða uns náðst hafa frekari samningar um gagnkvæma nýtingu sameiginlegra fiskstofna því að telja verður að löndunarréttindi muni skipta verulegu máli í viðræðum um nýtingu þessara stofna. Gæti það veikt samningsaðstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkur ákvörðunarrétti í þessu efni. Við hefðum viljað gera að okkar orðum álit Fiskifélags Íslands, sem sendi meðal annarra álitsgerð til nefndarinnar á fyrra ári um þetta mál, þar sem stendur:

„Stjórn Fiskifélagsins telur óæskilegt að fram komið frv. verði að lögum í þeirri mynd sem það er lagt fram." Og síðar segir í áliti Fiskifélagsins, með leyfi forseta: „Stjórn félagsins hvetur eindregið til að þessi úreltu lög verði endurskoðuð til samræmis við þær heimildir sem Íslendingar njóta hjá öðrum fiskveiðiþjóðum."

Og það er í því sambandi sem minni hl. mundi vilja taka þetta mál upp í heild, þannig að öllum þjóðum yfirleitt væri veittur löndunarréttur í íslenskum höfnum en það yrði þá gert í gagnkvæmum samningum við viðkomandi þjóð.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka meiri hl. sjútvn. fyrir hennar afgreiðslu og hv. formanni sjútvn. fyrir að hafa ekki lengur en þetta tafið afgreiðslu málsins. En það er ákaflega hvimleitt þegar menn fá mál til nefndar og nenna ekki að halda nefndarfundi af því að þeim finnst ekki taka því, af því að það er bara eitt mál, og svo þegar koma stjórnarfrumvörp á eftir, þá telja þeir að það mál sem fyrir var eigi þá náttúrlega að vera víkjandi verkefni og eigi að afgreiðast einhvern tíma seinna.

Hitt er þó sýnu verst þegar menn standa hér upp og vilja halda fram blekkingum í von um að með slíku tali sé hægt að komast fram hjá kjarna málsins. Lögþing þjóða setja lög og breytingar á lögum eru að sjálfsögðu breytingar á lögum. Þær breyta þess vegna einhverju. Og hverju breytir þetta? Þetta breytir því að Grænlendingar og Færeyingar eiga það ekki undir geðþóttaákvörðunum sjútvrh. Íslands hvort þeir hafi löndunarrétt á morgun eða ekki.

Nú er það svo með þá ágætu menn sem það embætti skipa að þeir eru misglaðlyndir, þó ekki sé meira sagt. Og á því hafa Grænlendingar svo sannarlega fengið að kenna. Þetta veit hv. formaður sjútvn. e.t.v. ekki en mætti þó vita. Hér er þess vegna ekki verið að fjalla um mál að nauðsynjalausu. Hér er verið að fjalla um mál vegna þeirrar alvöru að þjóð sem hefur verið með viðskiptahalla við útlönd í fleiri, fleiri ár vísar frá sér gjaldeyristekjum, hún vísar þeim frá sér. Hún vísar frá sér möguleikum á þjónustu við flota sem er að veiðum fyrir utan 200 mílna landhelgi Íslands. Og hún er að byggja upp skipasmíðastöðvar í Noregi og í Skotlandi með þessum vinnubrögðum sínum á sama tíma og menn tala um það hér í þinginu að það þurfi að styðja við bakið á íslenskum skipasmíðaiðnaði. En hver er þá réttur þeirra sem hafa farið í það að læra járnsmíði og stunda þessa vinnu? Hver er réttur þeirra sem hafa verið á netaverkstæðum og eru þar búnir að helga sér ákveðna iðn? Eiga þeir engan atvinnurétt í þessu landi? Á að standa þannig að lögum í landinu að við vísum verkefnum frá? Hvað hefur komið fyrir unga menn að ætla að verja svo fornaldarlegar kenningar? Hvað hefur

komið fyrir? Það er ekki skrýtið þó að þeir hristi hausinn. (**JSS:** Ekki einu einasta vísað frá.) Ekki einu einasta vísað frá. Það vill nú svo til að ég var staddur á Akureyri einn dag fyrir nokkrum árum þegar búið var að banna Grænlendingum löndun á Vestfjörðum. Og hvað var þar að gerast? Þar voru þjónustufyrirtæki sem við heimsóttum og ég spurði: Hvert hafið þið verið að selja ykkar þjónustu til útlanda? M.a. til Grænlands, sögðu þeir og voru nokkuð ánægðir með þau viðskipti. Og hvernig gengur það í dag, sagði ég. Það gengur ekkert í dag. Þeir eru steinhættir viðskiptunum vegna þess að það var lokað. Þeim var bannað að eiga viðskipti við Íslendinga varðandi hafnirnar og þeir svöruðu með því að hætta hinum viðskiptunum.

Ég verð að segja eins og er að ég hefði gjarnan viljað standa að því að opna þetta á víðari grunni þannig að ég gæti tryggt íslenskum iðnaðarmönnum, íslenskri verslun meira rými og þessari þjóð meiri tekjur. Ég þorði ekki að stíga stærra skref en þetta. En mig undrar, mig undrar stórlega að það skuli vera þannig ástatt að hér standi upp hv. 1. þm. Vestf., nokkuð við aldur, en svo víðsýnn að hann túlkar það svo vel hér í ræðu hvað um sé að ræða að mér finnst að þar fari hin nýja kynslóð þessa lands. En þegar ég hlusta á hv. 5. þm. Norðurl. v., þá finnst mér eins og grá fornöld fyrir árið 1900 sé komin hér upp í pontuna.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það er litlu við að bæta það sem hér hefur komið fram því að aðalrökstuðningurinn fyrir þessu er ósköp einfaldur og liggur í tillögunni sjálfri og þeirri greinargerð sem hér hefur verið kynnt.

Þetta er búið að vera nokkuð lengi til meðferðar hér á hv. Alþingi og ég verð að segja það alveg eins og er að þegar maður horfir á það að við erum að mikla okkur af því að efla sérstakt samstarf við þessar nágrannaþjóðir eins og Grænlendinga og Færeyinga, þá skýtur nokkuð skökku við að þurfa að hafa uppi svona efasemdir um það að við séum bæði að bæta þessi samskipti, gera þessum þjóðum auðveldara um vik og okkar eigin þjóð og okkar hagsmunaaðilum hér í landi að styrkja stöðu þeirra með svona einfaldri aðgerð.

Ég hef setið þing Vestnorræna þingmannasambandsins sem fjallar um náin samskipti þessara þriggja þjóða og mér finnst það vera ansi napurlegt að þurfa að segja við þingmennina, félaga okkar í þessum þjóðlöndum, að Alþingi Íslendinga treysti sér ekki til þess að hafa frjáls samskipti, að leyfa grænlenskum útgerðarmönnum og fiskimönnum að landa hér óhindrað án þess að vera á undanþágu og leyfa Færeyingum hið sama. Þetta finnst mér vera ósköp einföld rök og það er ekkert í mínum huga sem réttlætir það að standa gegn þessu. Og ég er alveg undrandi þegar ég hlusta á þau rök hv. frsm. minni hl. sjútvn., sem og raunar stendur hér í greinargerðinni, að það gæti veikt samningsstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkar ákvörðunarvaldi í þessu efni.

Þetta kemur bara ekkert við þeim samningum sem við kunnum að þurfa að gera í sambandi við fiskistofnana sjálfa. Þetta er útúrsnúningur og ég sé ekki að það veiki stöðu okkar í alþjóðasamningum um rétt okkar til yfirráða yfir fiskstofnum. Hér er eingöngu um að ræða að greiða fyrir eðlilegum samskiptum sem allir hafa hag af. Og ef þessar þjóðir hafa þennan rétt sem kom fram í máli hv. frsm. minni hl., hvað er þá í veginum fyrir því að setja þetta inn í þessi gömlu lög skýrum stöfum þannig að það þurfi ekki að vera að eltast við undanþáguákvæði þessara laga?

Hins vegar get ég tekið undir það og hef sagt það áður hér við umræður um þetta mál að það er ekkert eðlilegra en fara að endurskoða þessi lög. Og það er heldur ekkert eðlilegra heldur en að ætlast til þess að yfirstjórn sjávarútvegsmála komi með breytingu eða endurskoðun á þessum lögum inn á Alþingi. Það er rétt sem hér hefur komið fram. Þessi lög eru orðin 68 ára gömul og vissulega orðin úrelt miðað við þau samskipti þjóða sem eru talin eðlileg í dag. Og ég vona að hv. alþm. átti sig á því að hér er um einfalt og sjálfsagt mál að ræða sem ætti ekki að þurfa að vera að deila um.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er rétt að eyríkin þrjú í Norður-Atlantshafi, Færeyjar, Ísland og Grænland, hafa nokkur undanfarin ár átt sérstakt samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs, hið svokallaða útnorðursamstarf í Vestnorræna þingmannaráðinu. Þessi lönd hafa að sjálfsögðu þurft að vinna saman, ekki síst á sviði hafréttar og í margvíslegum öðrum málum. Það mál sem hér um ræðir er einfalt. Það snertir samvinnu þessara ríkja. Ég get ekki séð annað en að það sé útlátalaust fyrir Íslendinga að hlutast til um að þetta frv. verði samþykkt. Mér finnst það mjög vel til fallið og tek undir orð síðasta hv. ræðumanns að samþykkja frv. og leitast þar með við að styrkja samstarf hinna þriggja þjóða, sem er sjálfsagt og nauðsynlegt á mörgum sviðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 541 (frávísunartillaga) felld með 16:8 atkv.

1. gr. samþ. með 17:7 atkv.

2. gr. samþ. með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, MB, ÓÞÞ, PJ, RH, SighB, SV, AðB, AS, ÁHE, BÍG, EH, FÞ, GeirG, GGP, GHelg, HJ, GHH.

nei: JK, KE, MálmS, AÓB.

JóhS, JSS, ÓÞG, PP greiddu ekki atkv.

16 þm. (JBH, JónS, MÁM, ÓE, RA, RG, StH, SJS, ÞP, ÞÞ, ÁrnG, FrS, GB, GuðnÁ, HG, IBA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þegar mál þetta var fyrst flutt á Alþingi var annar af tveimur flm. þess fyrrv. formað-

ur Alþfl. og fyrrv. sjútvrh. þess flokks. Ég var honum sammála um rök hans fyrir málinu og studdi hann í málflutningi hans þá og mín afstaða til málsins hefur ekki breyst. Ég segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Laun forseta Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í frv. þessu eru gerðar tvær leiðréttingar, vil ég leyfa mér að kalla það, á lögum um laun forseta Íslands. Þessar breytingar eru í 5. og 6. gr. frv.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fella niður skilyrði um 65 ára aldur og örorku til þess að forseti Íslands geti öðlast rétt til eftirlauna. Sá fyrirvari er settur að eftirlaunin falli niður meðan fyrrv. forseti gegnir stöðu í þjónustu ríkisins ef henni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist þá launamismunurinn. Þeim sem hafa um þetta fjallað þykir eðlilegt að forseti geti notið eftirlauna þegar hann lætur af starfi eins og kemur hér fram án þess að hafa náð 65 ára aldri.

Í öðru lagi er breyting í 6. gr. sem er leiðrétting því að í 6. gr. er talað um ekkju forseta Íslands sem er að sjálfsögðu tímaskekkja og er því breytt í maka forseta Íslands þegar fjallað er um þau réttindi sem til maka falla í þessu tilefni.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að hafa um þetta langa framsögu. Þetta skýrir sig sjálft. Málið er búið að fara í gegnum Ed. og var samþykkt þar óbreytt. Ég vil því leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 270. mál (heildarlög). — Þskj. 495.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til skipulags- og byggingarlaga sem koma eiga í stað byggingarlaga nr. 54/1978 og skipulagslaga nr. 19/1964.

Frv. þetta var samið af nefnd sem ég skipaði 12. apríl 1989. Var nefndinni falið að semja frv. til l. sem næði bæði til skipulags- og byggingarmála og hafa við það hliðsjón af fyrirliggjandi frumvörpum um hvern málaflokk fyrir sig. Í nefndinni áttu sæti Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri sem var formaður nefndarinnar, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþm. og Guðrún Helgadóttir alþm. Með nefndinni störfuðu Stefán Thors skipulagsstjóri og Hólmfríður Snæbjörnsdóttir lögfræðingur sem var ritari nefndarinnar.

Frv. það sem vísað var til í skipunarbréfi nefndarinnar er í fyrsta lagi frv. til skipulagslaga frá því í júní 1986. Var það samið af starfshópi undir forsæti Hallgríms Dalbergs, fyrrv. ráðuneytisstjóra í félmrn. Það var lagt fyrir Alþingi veturinn 1986–87 en varð þá ekki útrætt. Haustið 1987 var starfshópi síðan falið að yfirfara frv. í ljósi athugasemda og brtt. sem fyrir lágu og hafði starfshópurinn gert nokkrar breytingar á frv. er hann lauk störfum hinn 18. nóv. 1987.

Í öðru lagi var vísað til frv. til byggingarlaga sem samið var af nefnd sem ég skipaði hinn 11. ágúst 1987. Var Stefán Thors skipulagsstjóri formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði frv. ásamt athugasemdum við það hinn 8. mars 1988.

Í umfjöllun um framangreind frumvörp hafa komið fram skiptar skoðanir um ýmis atriði þeirra. Á það var m.a. bent að eðlilegra væri að fjalla um skipulags- og byggingarmál í sömu lögum, enda væri hér um nátengd verkefni að ræða. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa t.d. skipulags- og byggingarlög verið felld í einn lagabálk á síðustu árum. Með því að sameina skipulags- og byggingarlög í einn lagabálk er stuðlað að nauðsynlegu samræmi í meðferð þessara mála jafnt hjá sveitarstjórnum og hjá Skipulagi ríkisins.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki hefur gefið tilefni til ýmissa athugasemda frá sveitarstjórnum og samtökum þeirra og hefur verið komið til móts við margar þessar athugasemdir með því m.a. að auka hlutdeild og ábyrgð þeirra í skipulagsmálum og skilgreina betur hlutverk skipulagsstjórnar, skipulagsstjóra og sveitarstjórnanna.

Lög um skipulagsmál voru fyrst sett hér á landi árið 1921. Á þeim voru gerðar breytingar á árunum 1926, 1932 og 1938. Lögin voru leyst af hólmi með núgildandi skipulagslögum nr. 19/1964, en á þeim hafa verið gerðar breytingar á árunum 1972, 1974 og 1978. Fram til ársins 1978 voru aðeins þau sveitarfélög skipulagsskyld þar sem voru þéttbýliskjarnar með 50 íbúum eða fleiri. Í tengslum við setningu nýrra byggingarlaga árið 1978 var gerð sú breyting á skipulagslögum að allt landið var gert skipulagsskylt þannig að allar byggingar ofan jarðar og neðan urðu að vera í samræmi við áður gert skipulag sem samþykkt hafði verið af sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Lög um byggingarmál eru frá 1978 og tóku þau gildi 1. jan. 1979. Þau koma í stað nokkurra laga og tilskipana frá eldri tíð þar sem heimild var veitt til þess að stofna byggingarnefndir og setja staðbundnar byggingarsamþykktir en meginbreytingin sem gerð var með lögunum er sú að skv. þeim var sett byggingarreglugerð sem gildir fyrir landið allt. Upphaflega reglugerðin er nr. 292/1979, en á henni hafa

nokkrum sinnum verið gerðar breytingar. Síðustu breytingar tóku gildi 1. ágúst 1989 og náðu þær m.a. til burðarþols bygginga.

Kröfur til skipulags byggðar og um gæði bygginga hafa aukist mikið á síðustu árum jafnframt því sem þekking á skipulags- og byggingarmálum hefur aukist mikið. Tekið er tillit til fleiri sjónarmiða við gerð skipulagsáætlana sem fjalla um heildarbyggð hvers sveitarfélags og einnig við gerð skipulagsáætlana sem gilda fyrir takmarkaða hluta byggðarinnar. Það sjónarmið er nú ríkjandi að með vönduðum skipulagsáætlunum megi bæta það umhverfi sem maðurinn, með sínum framkvæmdum, er stöðugt að breyta og spara jafnt heimilum, atvinnulífi og opinberum aðilum mikinn kostnað.

Stærstur hluti þéttbýlis hér á landi á sér ekki langan aldur og stærstur hluti íbúðar- og atvinnuhúsnæðis hefur risið á síðustu fimm áratugum. Á næstu áratugum má reikna með aukinni áherslu á endurnýjun eldri byggðarhverfa, jafnframt því sem auknar kröfur verða gerðar til vandaðs undirbúnings við skipulagningu nýrra hverfa og hönnun bygginga.

Allt fram á síðustu ár hefur megináherslan í skipulags- og byggingarmálum verið á þéttbýlisstöðum en eftir því sem tekist hefur að ljúka þar verkefnum sem hafa verið mest aðkallandi hefur áherslan verið að færast yfir í strjálbýli þar sem framkvæmdir hafa einnig verið miklar. Veruleg aukning hefur verið í byggingu sumarbústaða, fiskeldisstöðva og fleiri mannvirkja sem hafa veruleg áhrif á útlit umhverfisins.

Á næstu árum verður að öllum líkindum lögð mun meiri áhersla á gerð svæðaskipulaga eftir því sem byggð landsmanna þéttist. Svæðisskipulag nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og tekur m.a. til landnotkunar og samgangna. Á sama hátt og aukin áhersla er nú lögð á vandaðar skipulagsáætlanir hafa kröfur til bygginga aukist mikið með aukinni velmegun og tæknikunnáttu þjóðarinnar. Gerðar eru strangar kröfur til styrkleika og endingar bygginga og jafnframt til innra skipulags og ytra umhverfis þeirra m.a. með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Byggingar eiga að veita gott skjól gegn óblíðri veðráttu, þær eiga að stuðla að góðu heilsufari og ánægjulegu samfélagi. Byggingarnar þurfa að standast jarðskjálfta og álag vinda og útlit þeirra þarf að falla að heildaryfirbragði viðkomandi byggðarhverfis.

Skipulags- og byggingarmál eru mikilvægir málaflokkar í stjórn sveitarfélags og umhverfismótun almennt. Byggingarfulltrúar eru starfsmenn sveitarfélaga og þeirra hlutverk er m.a. að sjá til þess að ekki verði veitt byggingarleyfi sem brjóti í bága við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Byggingarnefnd og byggingarfulltrúum geta orðið á mistök og heimilað framkvæmdir sem eru á annan veg en skipulag eða lög og reglur segja fyrir um. Þessi mistök geta skert hagsmuni annarra íbúa. Með því að gefa þeim, sem telja rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar, kost á að skjóta máli sínu til ráðherra til úrskurðar, er verið að tryggja á fljótvirkan hátt rétt hins almenna borgara. Væri þessi leið ekki opin þyrfti fólk að leita réttar síns fyrir almennum dómstólum sem er mun kostnaðarsamari og seinvirkari leið.

Í löndunum í kringum okkur hefur vitund fólks um umhverfismál greinilega farið vaxandi að undanförnu. Það sama er að gerast á Íslandi og er það vel því ekki veitir af að hvetja fólk til að fara varlega með landið. Við búum í viðkvæmu umhverfi, byggðu og óbyggðu. Allar ákvarðanir um landnotkun og landnýtingu þarf að byggja á vandlega athuguðu máli. Í óbyggðum þarf að koma í veg fyrir gróðureyðingu og vernda náttúru landsins og í byggðu umhverfi þarf m.a. að taka mið af veðurfari og þeirri staðreynd að trjágróður sem á syðri breiddargráðum getur falið mistök í skipulagsmálum eða misheppnaðar byggingar á erfiðara uppdráttar á Íslandi.

Virðulegi forseti. Helstu breytingar frá núgildandi lögum í því frv. sem hér er mælt fyrir eru fólgnar í eftirfarandi:

Nánari ákvæði eru um afgreiðslu mála í skipulags- og byggingarnefnd og málsmeðferð þegar óskað er úrskurðar ráðherra um ágreining milli sveitarstjórnar og nefndarinnar um afgreiðslu máls.

Nýmæli er að skýrt er kveðið á um að slíkur úrskurður taki aðeins til formhliða málsins og lögmætisákvörðunar enda kemur ráðherra hér í stað stjórnsýsludómstóls en ekki í stað stjórnvalds, sbr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Þá er einnig í frv. lagt til að frestur til málskots til ráðherra sé styttur úr þremur mánuðum í tvo mánuði og tekið fram að umsagnaraðilar sem ráðherra leitar til skuli skila áliti sínu innan mánaðar. Þessar breytingar eru lagðar til í því skyni að stytta réttaróvissu sem oft getur verið kostnaðarsöm.

Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana hefur samkvæmt lögum verið í höndum skipulagsstjórnar ríkisins. Sú breyting verður að gerð og framkvæmd svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags verður í höndum sveitarstjórnar en landskipulags í höndum ríkisins eða ríkisstofnana enda er þar um að ræða skipulag framkvæmda sem ná til margra sveitarfélaga.

Í gildandi byggingarlögum er ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd. Í stærri sveitarfélögunum eru starfandi skipulagsnefndir án þess að ákvæði séu um það í skipulagslögum. Sú breyting er gerð að sveitarfélögum með 700 íbúum eða fleiri er gert skylt að hafa skipulags- og byggingarnefnd og heimilt að hafa sameiginlega nefnd með nágrannasveitarfélagi. Sveitarfélög með færri en 700 íbúa verður skylt að stofna byggðarsamlag samkvæmt sveitarstjórnarlögum um skipulags- og byggingarmál, þar á meðal um stofnun sameiginlegrar skipulags- og byggingarnefndar. Skipulags- og byggingarnefndum gæti því fækkað úr rúmlega 200 í 70–80 með þessari breytingu. Markmiðið er ekki að fækka þeim heldur að gera þær virkari því sumar þeirra funda sárasjaldan.

Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa er styrkt og stefnt að því að það geti í öllum tilvikum staðið undir heilu stöðugildi. Með þessu móti er verið að tryggja faglega umfjöllun og markvisst eftirlit á sviði skipulags- og byggingarmála í öllum sveitarfélögum en þar hefur víða verið nokkur misbrestur á.

Sameinuð eru í einn lagabálk skipulagslög og byggingarlög. Skipulagsmál og byggingarmál eru nátengd sem sést m.a. á því að ekki er hægt að veita byggingarleyfi samkvæmt byggingarlögum nema það sé í samræmi við deiliskipulag samkvæmt skipulagslögum. Þessi sameining verður til að einfalda málsmeðferð án þess að dregið sé úr grundvallarkröfum um faglega umfjöllun.

Þá er ekki síður mikilvægt að hinar ýmsu gerðir skipulagsáætlana eru skilgreindar í lögunum.

Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins tekur við af Skipulagi ríkisins eins og embætti skipulagsstjóra hefur verið nefnt. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint í samræmi við aukið frumkvæði og forræði sveitarfélaganna. Aukin áhersla er lögð á rannsóknir og eftirlitsþáttinn og ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverk undirstrikað. Þá er einnig gert ráð fyrir að stofnunin sinni meira en áður byggingartæknilegum þáttum og samstarfi við byggingarfulltrúa.

Skipulagsstjórn er nú skipuð þremur embættismönnum og tveimur fulltrúum sem ráðherra skipar, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga en hinn án tilnefningar. Embættismennirnir eru vegamálastjóri, húsameistari ríkisins og vita- og hafnamálastjóri. Sú breyting er gerð að ráðherra skipar alla stjórnina, þrjá samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga en tvo án tilnefningar.

Samkvæmt gildandi lögum er allt landið skipulagsskylt og gerð krafa um skipulagsáætlanir fyrir alla þéttbýlisstaði þar sem íbúar eru 50 eða fleiri. Orlofsbyggðir, iðnrekstur og þjónustumiðstöðvar í strjálbýli hafa gert að verkum að aukin þörf er á skipulagsáætlunum fyrir strjálbýlli sveitarfélögin jafnt sem þéttbýlið. Því er gerð sú breyting að gera þurfi aðalskipulagsáætlanir fyrir öll sveitarfélög þar sem tekin sé afstaða til allrar landnotkunar.

Gerð er sú breyting varðandi málsmeðferð og kynningu á aðalskipulagstillögum að áður en gerð eða endurskoðun aðalskipulags er hafin lætur sveitarstjórn semja greinargerð um helstu forsendur og markmið sem stefnt er að. Efni greinargerðarinnar skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á því að tjá sig innan þriggja vikna. Eftir að sveitarstjórn hefur unnið úr athugasemdum við greinargerðina lætur hún vinna aðalskipulagstillögu sem kynnt er á opnum fundi. Eftir það tekur við hefðbundin auglýsing eins og sagt er fyrir um í gildandi skipulagslögum.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga hefur reynst erfiður úrlausnar og því þykir nauðsynlegt að lögfest verði skýr ákvæði um það hvernig með verði farið. Er skipulagsstjórn falið að leysa málið með því að beina því til viðkomandi sveitarstjórna að þær geri með sér samkomulag um málið innan tiltekins frests. Ef það leiðir ekki til lausnar á deilunni getur skipulagsstjórn gert tillögu að svæðaskipulagi sem nær yfir mörk sveitarfélaganna og er nánar mælt fyrir um meðferð tillögunnar í frv.

Framangreind heimild skipulagsstjórnar mundi væntanlega þrýsta á sveitarstjórnir að ná viðunandi niðurstöðu í málinu með samningum sín á milli. Fjölmargar stofnanir ríkisins hafa frumkvæði á sinni könnu sem ná til landsins alls. Nauðsynlegt er að samræmis sé gætt milli áætlana um þessar framkvæmdir og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Því er í frv. mælt fyrir um að skipulags- og byggingarstofnun skuli beita sér fyrir gerð landskipulags á ýmsum sviðum en nefna má að gerð samgönguvirkja, aðflutningsæða við orkudreifingu og fjarskiptalagnir getur lagt kvaðir á skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Sem lið í hertu byggingareftirliti er skipulags- og byggingarfulltrúa veitt heimild til þess í sérstökum tilvikum að óska eftir prófreikningum hönnunar frá sérstökum prófhönnuðum en þar er um að ræða viðurkennda sérfræðinga á sviði hönnunar, t.d. varðandi styrkleika bygginga gagnvart jarðskjálftum. Er gert ráð fyrir að ráðherra geti gefið út sérstakar reglur um viðurkenningu slíkra prófhönnuða og um kröfur sem til þeirra eru gerðar en dæmi eru um slíkt fyrirkomulag í nágrannaríkjum okkar.

Þá verður einnig heimilað að krefja framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að söluvörur þeirra standist gæðakröfur byggingarreglugerðar. Krefjast má sérstakra eftirlitsmanna með framkvæmdum um meiri háttar mannvirkjagerð og krefjast má álagsprófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist.

Hönnunargögn eru samkvæmt frv. mun betur skilgreind en áður var og m.a. gerður greinarmunur á aðaluppdráttum, burðarþolsuppdráttum, kerfisuppdráttum og deiliuppdráttum. Kröfur til hönnuða sem sækja um löggildingu eru hertar til muna. Viðkomandi þarf þannig að hafa sérhæft sig á sviði aðaluppdrátta, burðarþolsuppdrátta, kerfisuppdrátta eða deiliuppdrátta. Umsækjandi þarf að hafa þriggja ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á viðkomandi sviði og hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf sem sérstök prófnefnd sem ráðherra skipar stendur fyrir.

Þá er einnig gerð sú krafa að allir hönnuðir sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd skuli hafa ábyrgðartryggingu. Þetta er gert til þess að tryggja að viðskiptavinir hönnuða geti sótt skaðabætur til þeirra sem valda tjóni með mistökum sínum.

Til að tryggja hagsmuni húsbyggjenda og að farið sé að fyrirmælum skipulags- og byggingarnefndar er skilgreind ábyrgð byggingarstjóra og iðnmeistara. Þá er kveðið á um að byggingarstjórar skuli jafnan hafa ábyrgðartryggingu samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Þótt nýbyggingar hér á landi séu yfirleitt hinar vönduðustu er enginn vafi á því að betur má gera,

ekki síst utan þéttbýlissvæðanna. Frv. þetta afmarkar verksvið Skipulags ríkisins á nýjan hátt og breytir nafni þess og hlutverki eins og hér hefur verið lýst. Það fjallar einnig um rétt einstaklinga og lögaðila við skipulagsaðgerðir og veitir þeim kost á hraðvirkari úrskurðarleið í deilumálum.

Frv. er samið með það í huga að meðferð skipulags- og byggingarmála verði einfölduð. Það er stefnt að því að styrkja stjórn sveitarfélaganna og setja skýr ákvæði um samráðsrétt almennings að því er varðar mótun byggðar í landinu.

Í frv. er einnig staðfest frumkvæði og ábyrgð sveitarstjórna í skipulags- og byggingarmálum en til þessa hefur það mest verið í höndum skipulagsstjórnar ríkisins. Samkvæmt frv. er frumkvæðið ótvírætt hjá sveitarstjórninni. Gerð skipulagsáætlunar um þróun og mótun byggðar er stjórntæki sveitarstjórna og því eðlilegt að þær sinni þessu hlutverki. Almenningur fær einnig betra tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótun í skipulagsmálum og unnt verður að koma athugasemdum á framfæri áður en sjálf aðalskipulagsgerðin fer fram vegna tilkomu greinargerðar um forsendur og markmið aðalskipulags.

Virðulegur forseti. Ég hef gert hér grein fyrir helstu efnisatriðum í þessu frv. og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til 1. umr. frv. til skipulags- og byggingarlaga sem hæstv. félmrh. hefur nú gert grein fyrir.

Ég vil fyrst vekja athygli á því að einmitt á þessari stundu er til umræðu í Ed. frv. til breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands þar sem gert er ráð fyrir að sérstakt umhverfismálaráðuneyti verði stofnað. Því fylgir frv. sem reyndar hefur verið skilið frá og bíður enn afgreiðslu í Nd. en frv. til breytinga á lögunum um Stjórnarráð Íslands hefur þegar verið afgreitt í Nd.

Samkvæmt því frv. sem bíður afgreiðslu í þessari hv. deild er gert ráð fyrir því að byggingar- og skipulagsmálefni verði flutt frá félmrn. til umhverfismálaráðuneytisins. Það er sem sagt dálítið einkennilegt að við skulum nú á sama tíma vera að ræða hér mál sem gerir ráð fyrir því að skipulags- og byggingarmál verði áfram til meðferðar hjá félmrn. því það er alveg skýrt tekið fram á mörgum stöðum í þessu frv. Maður hefur það á tilfinningunni að í þessari hæstv. ríkisstjórn viti hægri höndin ekki hvað sú vinstri gerir og maður hlýtur að vekja athygli á vinnubrögðum af þessu tagi.

Ég vil segja það í upphafi að ég hef mjög miklar athugasemdir við þetta frv. að gera og tel að með því sé verið að auka miðstýringu í skipulagsmálum. Það sé verið að gera meðferð skipulagsmála flóknari og erfiðari heldur en verið hefur og að það sé verið að efna til mikils ríkisbákns á sviði skipulags- og byggingarmála. Ég skal færa þessum ummælum mínum stað hér á eftir.

Ég vil, áður en ég vík efnislega að frv., aðeins víkja að málsmeðferð og finna að því að í grg. með þessu frv. og í ræðu hæstv. félmrh. sem talaði áðan er hvergi getið um það að einn nefndarmanna sem þetta frv. samdi, Sigurgeir Sigurðsson, gerði fyrirvara við veigamikla þætti þessa máls. Þ.e. hann gat þess í bréfi sem hann ritaði formanni þessarar nefndar að margt væri til bóta í frv. en hann gerði athugasemdir varðandi aðalskipulag, staðfestingu þess, kynningu og endurskoðun og jafnframt varðandi deiliskipulagið. Og það eru einmitt þeir þættir sem ég vil fyrst og fremst gera hér að umtalsefni og ræða dálítið nánar.

Mér finnst það satt að segja afar slæm vinnubrögð að þinginu skuli ekki vera kynntir slíkir fyrirvarar heldur látið sem svo að nefndin hafi verið sammála um þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Þess er heldur ekki getið í grg. að þegar frv. um skipulagsmál, sem lá fyrir Alþingi á sínum tíma og er grunnurinn að þessu frv. sem hér liggur fyrir um þann þátt mála, að eftir að það lá fyrir og Samband ísl. sveitarfélaga fékk það til umsagnar, þá gerði sambandið mjög ítarlegar athugasemdir og samdi alveg nýtt frv. um skipulagsmál sem gerir ráð fyrir miklu einfaldari og fljótvirkari meðferð skipulagsmála en þetta frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir. Mér finnst að þessa hefði líka átt að geta í þeirri grg. sem hér fylgir með.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að setja í einn lagabálk tvo málaflokka, þ.e. skipulagsmál og byggingarmál. Um hvorn þessara málaflokka hafa gilt sérstök lög hingað til og ég hef a.m.k. ekki komið auga á neitt atriði sem mælir gegn því að þetta sé sett í einn lagabálk og tel það fljótt á litið til bóta að gera það, svo náskyld sem þessi mál eru.

Áður en ég vík að einstökum atriðum frv. vil ég leyfa mér að ræða nokkuð almennt um stjórnkerfi í skipulagsmálum. Einn af okkar lærðustu skipulagsfræðingum, dr. Bjarni Reynarsson, hefur á undanförnum árum ritað margt um skipulagsmál, haldið erindi um skipulagsmál og m.a. hvernig stjórn skipulagsmála sé háttað í öðrum löndum og hann hefur beitt sér fyrir því að það liggja fyrir mjög ítarlegar upplýsingar um meðferð og stjórn skipulagsmála í okkar nágrannalöndum, þ.e. á Norðurlöndunum. Ég vil leyfa mér að vitna í skrif hans og ræður og byrja á því að vitna í tímaritið Arkitektúr og skipulag, 3. tbl. 10. árgangs 1989, en þar ritar hann grein sem heitir: Einfalt og skilvirkt: Nýjar áherslur í skipulagslöggjöf á Norðurlöndum.

Í upphafi greinar sinnar segir hann, með leyfi forseta:

„Seinustu árin hefur verið mikil umræða um skipulagsmál meðal fagmanna á Norðurlöndum og í framhaldi af þessari umræðu hafa komið fram breyttar áherslur í meðferð skipulagsmála, m.a. í nýjum skipulagslögum.

Hér á landi hefur fagleg umfjöllun um skipulagsmál verið lítil seinustu tvo áratugina. Á seinni hluta sjöunda áratugarins var aftur á móti töluverð umræða um skipulagsmál í framhaldi af nýsettum skipulagslögum 1964 og staðfestingu Aðalskipulags Reykjavíkur 1962–1963, árið 1967.

Nú er staðan þannig, að á seinasta ári var staðfest

nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík, eftir 20 ára tilraunir til endurskoðunar á eldra skipulagi. Frumvarp til nýrra skipulagslaga sem fyrst var lagt fyrir Alþingi haustið 1986 var fengið sérstakri nefnd til endurskoðunar í vor, því Samband ísl. sveitarfélaga skilaði nýrri tillögu að frumvarpi til skipulagslaga til félagsmálaráðherra 1987, sem í veigamiklum atriðum stangast á við frumvarp skipulagsstjórnar. Vegna skorts á faglegri umræðu um skipulagsmál er lítið um breyttar áherslur í frumvarpinu frá 1986, t.d. er frumkvæði og ábyrgð í gerð skipulagsáætlana (aðalskipulags og deiliskipulags) ekki nema að takmörkuðu leyti fært til sveitarfélaga, þótt því sé haldið fram í athugasemdum með frumvarpinu. Eitt mikilvægasta atriðið í nýjum skipulagslögum á Norðurlöndum eru einmitt minni afskipti ríkisvaldsins af skipulagsmálum sveitarfélaga."

Þetta er upphafið að þessari grein Bjarna Reynarssonar og ég vil leyfa mér að halda áfram og vitna í síðari hluta greinar hans þar sem hann gerir sérstaklega grein fyrir kafla sem hann kallar Stjórn skipulagsmála á Norðurlöndum.

„Á sl. ári var yfirlitsrit um skipulags- og byggingarlög á Norðurlöndum gefið út af Norrænu ráðherranefndinni. Titill ritsins er: „Översikt och jämförande analys av plan- och byggnadslagstiftningen i de nordiska länderna". Höfundur þess er finnskur lögfræðingur, Lauri Nordberg. Borgarskipulag hefur látið þýða valda kafla úr bók Lauri. Þeir sem áhuga hafa á þessari þýðingu geta snúið sér til Borgarskipulags. Lauri fékk þetta verkefni árið 1981 frá Norrænu ráðherranefndinni, en útgáfa ritsins dróst nokkuð vegna þess að höfundur beið eftir því að ný norsk skipulags- og byggingarlög tækju gildi 1985 og sams konar sænsk lög árið 1987. Dönsk skipulagslög tóku gildi 1977 og skipulagslögin í Finnlandi eru í endurskoðun eins og þau íslensku.

Reyndar er hafinn undirbúningur að endurskoðun dönsku skipulagslaganna frá 1977. Í endurskoðuninni er gerð tillaga um að stytta eldri lög úr 140 greinum í 40, færa vald frá svæðaskipulagsstofnunum til sveitarfélaga, kynna almenningi skipulagstillögur á fyrri stigum, einfalda deiliskipulagið og fækka möguleikum á kærum.

Reynslan af svæðisskipulagi hefur verið ærið misjöfn á Norðurlöndum. Helstu vandkvæðin hafa tengst „ofstýringu" svæðaskipulags yfir sveitarfélögum, þar sem reynt er að stýra hve mikið er byggt af íbúðum og atvinnuhúsnæði í einstökum sveitarfélögum. Það er m.a. vegna slíkra vandamála sem svæðisskipulagsstofnun Kaupmannahafnarsvæðisins (Hovedstadsrådet) var lögð niður í ár.

Hér verður eingöngu fjallað um skipulag á sveitarfélagastigi, þ.e. aðal- og deiliskipulag en ekki landsskipulag eða svæðaskipulag." Hann víkur síðan að aðalskipulagi og segir:

„Á Norðurlöndum hefur aðalskipulag (översiktsplan) sveitarfélaganna styrkt stöðu sína í skipulagskerfinu og fengið aukið vægi. Þetta á sérstaklega við eftir þær endurbætur sem gerðar hafa verið á skipulagslögum. Í öllum löndunum er aðalskipulagið landnotkunarskipulag. Í Noregi og Íslandi er aðalskipulag bindandi hvað varðar landnotkun. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi er aðalskipulagið eingöngu til leiðbeiningar.

Með endurbótum á skipulagslögum á Norðurlöndum hefur verið dregið mjög úr eftirliti ríkisvaldsins á aðalskipulagi sveitarfélaganna. Ríkið þarf þá hvorki að staðfesta né samþykkja aðalskipulag. Það gegnir hins vegar því hlutverki að skera úr um ágreiningsmál sem upp koma.

Uppbygging skipulagsmála er mjög svipuð í Danmörku og Noregi. Í báðum löndunum er meginreglan sú að aðalskipulagið öðlast gildi án þess að vera samþykkt af ríkisvaldinu. Mikilvægar undantekningar eru þó gerðar. Í báðum löndunum hefur yfirstjórn viðkomandi svæðis neitunarrétt. Ef sveitarfélag í sama amti eða fylki gerir athugasemdir við aðalskipulagið ræður niðurstaða ráðuneytis um úrlausn ágreiningsefnisins. Í Danmörku er t.d. gerð undantekning frá aðalreglunni þegar afmarkaðir hlutar sveitarfélags fara yfir ákveðna nýtingu. Í Svíþjóð er ekki lengur haft eftirlit með framfylgd aðalskipulags sveitarfélaga. Í stað þess kemur fagleg umsögn lénsstjórnar meðan á afgreiðslu skipulagsins stendur. Í Finnlandi eru sveitarfélög sjálfráð hvað varðar staðfestingu aðalskipulags. Ísland er því eina landið þar sem ákveðið er í lögum að ráðherra skuli staðfesta aðalskipulag."

Síðan víkur hann að deiliskipulagi og segir: „Deiliskipulag er elsta gerð skipulags og byggist á eldri hefð en nokkurt annað skipulag. Grundvöllur hinnar nýju löggjafar um deiliskipulag er að mestu leyti byggður á fyrri deiliskipulagslögum eins og þau hafa verið mótuð í lögum og viðteknum venjum. Í samanburði við aðrar tegundir skipulags eru breytingar litlar. Einkennandi er þó fækkun tegunda skipulags á deiliskipulagsstigi og einföldun skipulagskerfa.

Á Norðurlöndunum er deiliskipulag að öllu jöfnu samþykkt af sveitarstjórn. Í Danmörku er það samþykkt án skilyrða. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi geta veigaminni breytingar á skipulagi verið fengnar undirnefndum (skipulags- og byggingarnefndum). Minnkandi stjórn ríkisins á deiliskipulagi er einkennandi fyrir Norðurlönd. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þarf ríkisvaldið að öllu jöfnu ekki að staðfesta deiliskipulag. Undantekning eru þó Finnland og Ísland sem ekki hafa endurskoðað nýlega sína skipulagslöggjöf. Í Finnlandi skal leggja deiliskipulag fyrir til staðfestingar. Samkvæmt skipulagsreglugerð frá 1985 telst deiliskipulag hér á landi samþykkt þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og af skipulagsstjóra ríkisins, en þessi málsmeðferð á sér þó enga stoð í skipulagslögum. Ekki þarf að staðfesta deiliskipulag nema um sé að ræða nýtt deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Þótt ótrúlegt sé er ekki minnst á hugtakið deiliskipulag í skipulagslögum.

Á Norðurlöndum hefur ríkisvaldið aðeins afskipti af deiliskipulagi ef um ágreiningsmál er að ræða. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð getur lénsstjórnin undir

vissum kringumstæðum tekið deiliskipulag til umfjöllunar. Það er ef hagsmunum ríkisins, nágrannasveitarfélags eða kröfum um heilbrigði og öryggi hefur ekki verið fullnægt. Lénsstjórninni er skylt að taka ákvörðun innan þriggja vikna."

Þetta var tilvitnun í grein Bjarna Reynarssonar þar sem hann er að gera nokkra úttekt á því hvaða breytingar hafa orðið á skipulagsmálum í nágrannalöndum okkar, þ.e. á Norðurlöndum. Þetta kemur reyndar fram í ýmsum fleiri skrifum Bjarna. Hann hélt t.d. erindi í Norræna húsinu 22. okt. sl. á ráðstefnu sem hét „Við erum gestir og hótel okkar er jörðin". Erindi þessarar ráðstefnu hafa verið gefin út í prentuðum bæklingi og þar kemur það sama fram hjá honum að þróunin er frá miðstýringu í átt til valddreifingar sem leitt hefur til einföldunar á lögum og stjórnkerfi.

Hann vekur sérstaka athygli á því að í gildandi skipulagslögum sé mikil miðstýring og telur að þetta fyrirkomulag sem við búum við sé of tímafrekt, skrifræðislegt, þungt í vöfum og úreldist því fljótt og skipulag verði allt of fast bundið. Ég ætla ekki að vitna frekar í skrif þessa unga fræðimanns í skipulagsmálum, en bendi á að þetta frv. sem hér er til meðferðar gengur í þveröfuga átt við þá þróun sem orðið hefur á Norðurlöndum miðað við lýsingar þær sem ég hef gert grein fyrir.

Ég ætla þá aðeins að víkja að frv. og þeirri heildarstefnu sem það gerir ráð fyrir í skipulagsmálum og vek athygli á því og undirstrika að þetta er mikið miðstýringarfrumvarp í skipulagsmálum og gengur enn þá lengra en núgildandi skipulagslöggjöf frá 1964 í miðstýringu þrátt fyrir það að ýmsum aðilum hafi þótt nóg um núgildandi löggjöf að þessu leyti. Það er gert ráð fyrir því að sérstakt landsskipulag verði unnið á vegum ríkisins. Það segir í 3. gr. frv.:

„Gerð og framkvæmd svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags er í höndum sveitarstjórna. Gerð og framkvæmd landsskipulags er á vegum ríkisins. Sveitarstjórnum til ráðuneytis skulu vera byggingar- og skipulagsnefndir, skipulags- og byggingarfulltrúar og annað sérhæft starfslið."

Landsskipulag er síðan nánar skilgreint í 26. gr. þessa frv. en þar segir:

„Skipulags- og byggingarstofnun skal í samvinnu við aðra opinbera aðila beita sér fyrir að gert verði landsskipulag á hinum ýmsu sviðum. Skal hún afla gagna og aðgangs að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði, svo sem Byggðastofnunar, Búnaðarfélags Íslands, Fasteignamats ríkisins, Fiskifélags Íslands, Hagstofu Íslands, Hafnamálastofnunar, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjunar, Póst- og símamálastofnunar og Vegagerðar ríkisins."

Hér er verið að renna stoðum undir gífurlega umfangsmikla starfsemi á vegum ríkisins. Og ég sé ekki annað en að til þess að þetta geti orðið að veruleika sem þarna er skilgreint þurfi tugi nýrra starfsmanna á vegum Skipulags ríkisins til þess að uppfylla þau ákvæði sem þarna er getið um.

Hér er líka augjóslega um skörun að ræða við ýmsar stofnanir, t.d. Byggðastofnun. Við þekkjum það að Byggðastofnun hefur látið vinna ýmsar byggðaáætlanir sem eru eins konar skipulagsáætlanir fyrir hin ýmsu byggðarlög, sýslur, jafnvel landsfjórðunga. Það er alveg augljóst að hér er verið að fara inn á sama starfssvið að þessu leyti sem Byggðastofnun hefur annast.

Skilgreining þessa landsskipulags er líka mjög óljós skv. frv. og raunar hefur stofnunin, þ.e. Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins, það algerlega í hendi sér að víkka það svið út nánast eins og henni sýnist. Þetta landsskipulag á að snerta næstum alla þætti þjóðlífsins og ég segi að ég er í miklum vafa um að slíkt landsskipulag eigi rétt á sér. Ég hef ekki sannfærst um að það hafi orðið nokkur slys hér á landi í skipulagsmálum vegna skorts á landsskipulagi og held þvert á móti að það hafi ekkert háð okkur hingað til að hafa ekki slíkt landsskipulag. Auðvitað er það ljóst að það eru viss grundvallaratriði sem hafa ber í huga t.d. varðandi lagningu okkar þjóðvegakerfis eða línukerfis, en jafnumfangsmikið landsskipulag eins og þarna er gert ráð fyrir líst mér satt að segja ekki á og hygg að við séum þarna að stofna til mikils ríkisbákns með öllum þeim kostnaði sem því tilheyrir.

Ég ætla því næst að víkja að aðalskipulaginu en það er aðallega í 11., 12. og 13. gr. frv. sem fjallað er um aðalskipulag.

Áður en gerð eða endurskoðun aðalskipulags er hafin ber sveitarstjórn að semja greinargerð um helstu forsendur og markmið sem að er stefnt með skipulagsgerðinni. Greinargerðin skal kynnt skipulagsstjórn ríkisins og íbúum sveitarfélags. Sveitarstjórn tekur síðan afstöðu til fram kominna athugasemda og semur umsögn og kynnir íbúum sveitarfélagsins. Það er sem sagt stefnt þarna að allmikilli málsmeðferð, ég vil segja umfangsmikilli málsmeðferð varðandi sjálfa greinargerðina sem er algert nýmæli. Það er fyrst þegar þessari málsmeðferð varðandi greinargerðina er lokið að heimilt er að hefja gerð eða endurskoðun aðalskipulags.

Aðalskipulagstillögur skal kynna á opnum fundi eða opnum fundum og gefa íbúunum kost á að bera fram sínar sjónarmið. Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar sveitarfélags. Eftir fyrri umræðu skal sveitarstjórn senda skipulagsstjórn ríkisins tillöguna til umfjöllunar með beiðni um heimild til að auglýsa hana. Skipulagsstjórn fjallar þá um tillöguna. Ef hún hefur engar athugasemdir skal tillagan auglýst óbreytt. Ef skipulagsstjórn gerir athugasemdir skal hún endursenda sveitarstjórn tillöguna og leita samkomulags um breytingar. Náist eigi samkomulag innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst skipulagsstjórn er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna, en geta skal athugasemda skipulagsstjórnar ríkisins í auglýsingum.

12. gr. fjallar um auglýsinguna og þar er um að ræða hygg ég hefðbundna aðferð sem tíðkast hefur

hingað til. Ég sá í fljótu bragði ekki neinar breytingar á því. 13. gr. fjallar um það hvernig staðfesting fer fram og ég vil leyfa mér að lesa þá grein, með leyfi forseta:

„Þegar frestur til að gera athugasemdir við aðalskipulagstillögu er liðinn, skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar. Skal við þá umfjöllun m.a. taka afstöðu til þeirra athugasemda við tillöguna sem borist hafa. Senda skal niðurstöðu síðari umræðu í sveitarstjórn til skipulagsstjórnar innan 4 vikna frá fundi sveitarstjórnar ásamt afriti af þeim athugasemdum er bárust við tillöguna. Skipulagsstjórn skal þá fjalla um niðurstöðu sveitarstjórnar og síðan gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða synjun á slíkri staðfestingu, en aðalskipulag eða breyting á því tekur eigi gildi nema að fenginni staðfestingu ráðherra.

Tillaga skipulagsstjórnar um synjun staðfestingar skal rökstudd með greinargerð, þar sem m.a. komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar, hvort aðalskipulag sé í ósamræmi við settar kröfur um gerð þess eða hvort með því sé freklega gengið á rétt einstaklinga, hagsmuni nágrannabyggða eða ríkisins. Komi slík tillaga fram hjá skipulagsstjórn skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun í málinu."

Þetta er í stórum dráttum málsmeðferðin eins og frá henni er greint í 11., 12. og 13. gr. í þessu frv.

Það hljóta að vakna ýmsar spurningar við þessa málsmeðferð. Ég skal taka það skýrt fram að ég tel nauðsynlegt við gerð skipulags hvort sem er aðalskipulag eða deiliskipulag að hafa náið samstarf við almenning og íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Fólk á að fá að hafa áhrif á mótun umhverfisins en reglurnar um samskipti við almenning mega ekki verða of flóknar og ég vil segja of steinrunnar, sem of flóknar reglur hafa alltaf tilhneigingu til að verða. Ég hef t.d. sjálfur miklar efasemdir um kröfuna um sérstaka greinargerð og alla þá málsmeðferð í kringum hana sem þarf áður en vinna við aðalskipulag getur hafist. Reynslan sýnir, og ég hygg að það sé nokkuð sama við hverja maður talar sem hafa reynslu af meðferð skipulagsmála, að skipulagstillögur þurfa að vera nokkuð vel unnar og menn þurfa að átta sig dálítið á því um hvað þær fjalla áður en áhugi almennings á þeirri vinnu vaknar. Það er hægt að nefna mýmörg dæmi um þetta og ég hef reyndar sjálfur af því reynslu þegar ég var í borgarstjórn Reykjavíkur að það þurfti satt að segja æðimikið til þess að vekja áhuga almennings á skipulagsvinnunni. Þess vegna held ég að það sé varhugavert að festa slíkar reglur um of í lög.

Maður spyr líka sjálfan sig: Hvers vegna þarf heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa aðalskipulag? Maður spyr líka sjálfan sig: Er nauðsynlegt að ráðherra staðfesti gerð aðalskipulags? Mér finnst sú spurning vera vel þess virði að henni sé velt fyrir sér. Ég vek athygli á því að það eru engin tímamörk á því hversu lengi ráðherra geti haft það í meðferð að taka ákvörðun um það hvort hann staðfestir aðalskipulag eða synjar um staðfestingu. Hann getur nánast haft það alveg í sinni hendi að hafa það mál til meðhöndlunar eins lengi og honum sýnist.

En síðan vil ég vekja athygli á því að það er ráðherra sem sker endanlega úr um þessi atriði sem snerta aðalskipulagið. Ef ágreiningur er á milli sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar ríkisins um vissa þætti, þá er það ráðherra sem sker úr. Það á að vísu að leita umsagnar sveitarstjórnar en hann á að taka endanlega ákvörðun í málinu.

Á Norðurlöndum er það val sveitarstjórnanna sjálfra hvort þær leita til ráðherra um staðfestingu á aðalskipulagi. Staðfestingu á aðalskipulagi fylgja viss réttaráhrif og þess vegna kann að vera að sveitarstjórn sjái kost við það að fá sérstaklega staðfest aðalskipulag af ráðherra, en mér finnst að það eigi að vera undir sveitarstjórninni sjálfri komið hvort hún kýs þeirri málsmeðferð eða ekki.

Ég ætla þá næst að víkja að deiliskipulaginu og þeirri málsmeðferð sem það fær skv. þessu frv. Það eru 17. og 23. gr. frv. sem fjalla um deiliskipulag. Það sem vekur auðvitað mesta athygli þegar maður les þessar greinar er stóraukinn þáttur skipulagsstjórnar ríkisins í deiliskipulagi sveitarfélaga.

Í 20. gr. er t.d. fjallað um kynningu, ítarlegar reglur um hvernig á að kynna deiliskipulagið. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel nauðsynlegt að almenningur fái að fylgjast með og taka þátt í skipulagsákvörðunum. En sveitarstjórnirnar, jafnmargbreytilegar og þær í rauninni eru, eiga að fá að velja sjálfar sínar reglur um kynningu. Það eru mjög mismunandi aðstæður í hinum einstöku sveitarfélögum og það á ekki að vera hlutverk ríkisins og allra síst með lögum að setja reglur um það hvernig sveitarstjórnir eiga að umgangast það fólk sem hefur veitt þeim umboð og sveitarstjórnirnar bera ábyrgð gagnvart. Þannig að ég tel að þessar flóknu og ítarlegu reglur eigi ekki rétt á sér í löggjöf af þessu tagi.

Mesta athygli vekur þó 2. og 3. málsgr. 21. gr. frv. Þar segir:

„Deiliskipulag tekur ekki gildi fyrr en það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn við síðari umræðu og jafnframt verið samþykkt af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins. Er samþykki stofnunarinnar til staðfestingar því, að deiliskipulag sé í samræmi við gildandi aðalskipulag og það samrýmist þeim kröfum, sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Stofnunin getur óskað eftir lagfæringum á deiliskipulagi, en samþykki hún ekki deiliskipulag, skal synjunin rökstudd með greinargerð til sveitarstjórnar og ráðherra. Tekur deiliskipulag þá ekki gildi, en sveitarstjórn getur áfrýjað synjun stofnunarinnar til skipulagsstjórnar með greinargerð. Kveður skipulagsstjórn þá upp endanlegan úrskurð í málinu."

Það er skipulagsstjórn ríkisins sem hefur síðasta orðið um það hvernig deiliskipulag sveitarfélags á að vera ef ágreiningur kemur upp við Skipulagsstofnun ríkisins um deiliskipulag.

Það er að vísu svo að skv. núgildandi reglugerð á

deiliskipulag að samþykkjast af skipulagsstjórn ríkisins en það hefur ekki verið þannig í reynd. Síðustu 20 ár a.m.k. hefur deiliskipulag margra sveitarfélaga, t.d. hér í Reykjavík, aldrei verið samþykkt af skipulagsstjórn ríkisins. Enda er deiliskipulag nánast stöðugt í vinnslu. Þannig að þetta er auðvitað algert nýmæli í lögum að gera þessa kröfu og færa þetta aukna vald til ríkisins frá sveitarfélögunum eins og hér er gert.

Nú vil ég vekja sérstaka athygli á einu atriði í þessu frv. sem sýnir að í raun getur þetta ríkisapparat haft algert tangarhald á sveitarfélögunum í þessum málum. Þar segir í 3. málsgr. 17. gr.:

„Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa." Síðan kemur setning sem er mjög athyglisverð: „Auðkenna má sérstaklega svæði á áberandi stöðum, svo sem við torg og aðalgötur, og ákveða að leyfi til byggingar þar sé háð samþykki skipulagsstjórnar."

Það má sem sagt taka ákveðin hverfi, ákveðin svæði í sveitarfélagi út úr skipulagsuppdrættinum og gera kröfu um það að skipulagsstjórn ríkisins þurfi að fjalla um allar byggingar og allt það sem byggt er á viðkomandi svæði. Og hverjir geta nú tekið ákvarðanir af þessu tagi? Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins getur gert kröfu um það, þegar hún er að fjalla um deiliskipulag sveitarfélags, að ákveðin svæði séu auðkennd á þennan hátt og ef sveitarfélagið er andvígt því, þá er það skipulagsstjórn ríkisins sem kveður upp endanlegan úrskurð í því máli. Þannig að skipulagsstjórn ríkisins hefur algert tangarhald á sveitarfélögunum að því er ákvarðanir af þessu tagi varðar. Það er ekki mikið traust sem sveitarfélögunum er sýnt í skipulagsmálum í þessu frv., eins og ég hef rakið.

Ég er sannfærður um það að þetta eru mestu miðstýringarhugmyndir sem hafa sést á prenti í skipulagsmálum hér á landi. Stóri bróðir á alls staðar að vera vakandi yfir sveitarfélögunum, passa upp á þau frá upphafi til enda og hvergi mega sveitarfélögin um frjálst höfuð strjúka.

Ég vek aftur athygli á því að í núgildandi lögum er ekki gerð krafa um að deiliskipulag sé samþykkt af skipulagsstjórn ríkisins eða skipulagsstjóra. Því er hér um breytingu að ræða sem herðir að sveitarfélögunum, hvað sem segir í greinargerð almennt um það efni.

Í 22. gr. er fjallað um deiliskipulag í eldri hverfum. Þar segir:

„Sveitarstjórn getur óskað eftir staðfestingu ráðherra á deiliskipulagi og fer þá um málsmeðferð á sama hátt og um aðalskipulag væri að ræða sbr. 13. gr. Skylt er að óska eftir staðfestingu ráðherra, ef um er að ræða deiliskipulag fyrir eldri hverfi í þéttbýli, sem fyrirhugað er að endurbyggja að einhverju eða öllu leyti eða deiliskipulag á landi í einkaeign og einhverjir eigenda óska þess."

Hvorki meira né minna. Það er skylt að krefjast staðfestingar ráðherra á slíku skipulagi. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki þörf á að deiliskipulag í eldri hverfum sé samþykkt af skipulagsstjórn eða staðfest af ráðherra. Og það er ekki forsenda fyrir útgáfu byggingarleyfis að áður hafi verið gert deiliskipulag í eldri hverfum. Um þetta segir að vísu í reglugerðinni frá 1985, en því hefur verið hnekkt fyrir dómstólum, sem hafa sýnt fram á að sú reglugerð fer í mörgum atriðum langt út fyrir lagagrunninn sem lagður var með skipulagslögunum frá 1964. Og reyndar eru fleiri mál í gangi af þessu tagi enda var sú reglugerð samin á grundvelli frv. sem aldrei varð að lögum en á ekki stoð í sjálfum skipulagslögunum.

Ég gat þess áðan að eftir að frv. til skipulagslaga hafði verið lagt fyrir 109. löggjafarþingið samdi Samband ísl. sveitarfélaga nýtt frv. sem gerði ráð fyrir miklu einfaldari meðferð skipulagsmála. Þar voru felldar út hugmyndirnar um landskipulag. Þar voru gerðar miklu einfaldari reglur um undirbúning aðalskipulags og varðandi deiliskipulag þurfti ekki samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og ekki staðfestingu ráðherra. Og það var lagt í vald sveitarstjórnanna að ákveða hvort þær óskuðu eftir staðfestingu eða ekki. Ég ætla ekki að rekja nánar það frv. hér menn geta sjálfsagt kynnt sér það. Það er til í fjölriti sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur gefið út og skal ekki fjölyrða frekar um það.

Í greinargerð með þessu frv. segir á bls. 23 neðst, að frv. þetta sé samið með það í huga að meðferð skipulags- og byggingarmála verði einfölduð og það staðfesti frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga í þessum málaflokki. Þetta er alröng fullyrðing miðað við það sem ég hef rakið í mínu máli. Þetta frv. flækir alla málsmeðferð. Það eykur miðstýringu og það dregur úr því valdi sem sveitarfélögin hafa skv. núgildandi lögum í skipulagsmálum.

Ég veit satt að segja ekki hvað er verið að bera saman í þessum orðum. Það kann að vera að menn séu að einhverju leyti að bera saman við reglugerðina frá 1985. En samanburður við hana stenst auðvitað ekki. Sú reglugerð er afar flókin og gerir ráð fyrir margbrotinni meðferð skipulagsmála. En eins og ég sagði áðan þá fer sú reglugerð víða út fyrir þann lagagrundvöll sem hún á að byggjast á og virðist taka mið af frv. sem aldrei varð að lögum. Dómstólar hafa staðfest að ákvæði í þessari skipulagsreglugerð geta ekki breytt lagaskilningi og er þá vitnað til skipulagslaga frá 1964. Það er þess vegna ekki hægt að líta á þá reglugerð sem samanburðargrundvöll við þetta lagafrv. en auðvitað á að bera saman ákvæði núgildandi laga og þess frv. sem hér er á ferðinni.

Ég ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins en verkefni hennar eru talin upp í 6. gr.

Stofnuninni eru ætluð mun umfangsmeiri verkefni skv. þessari grein en skipulagsstjórn ríkisins hefur í dag. Samkvæmt gildandi lögum á hún að ganga frá skipulagsuppdráttum er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt sem skipulagsmál varðar og fara

að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því sem segir í lögum þessum.

Í 7. gr. lagafrv. eru stofnuninni ætluð mun umfangsmeiri verkefni. Hún á að heita Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins. Ég skal út af fyrir sig ekki gera athugasemdir við hið breytta nafn, en það er gert ráð fyrir mikilli útþenslu í þessari starfsemi ríkisins að skipulags- og byggingarmálum og stefnt að bákni.

Í þessari grein er skörun við ýmsar aðrar stofnanir t.d. á rannsóknasviðinu. Við höfum Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sem sinnir rannsóknarverkefnum. Við höfum Húsnæðisstofnun ríkisins sem líka hefur sinnt ýmsum rannsóknaverkefnum, en nú kemur ákvæði um það að Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins eigi að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila.

Við þekkjum það af reynslunni að þegar stofnanir hafa fengið lagaheimildir af þessu tagi þá eru þær fljótar að notfæra sér það og fljótar að sækja í fjárveitingar með tilvísun til laga um að þær geti ekki sinnt hlutverki sínu eins og vera ber og þar fram eftir götunum. Alþingi er því miður allt of oft veikt fyrir slíkum beiðnum og þess vegna hafa ýmsar ríkisstofnanir þanist eins mikið út og raun ber vitni.

Það er gert ráð fyrir því að skipulagsstjórn ríkisins skipi fimm menn. Er það breyting frá því sem nú er þar sem embættismenn eiga nú allmikinn hlut í skipulagsstjórn ríkisins. Það er gert ráð fyrir að þrír verði skipaðir af ráðherra skv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, tveir án tilnefningar. Þeir tveir sem skipaðir eru eftir tilnefningu skulu hafa menntun á sviði skipulags- og byggingarmála og annar þeirra sem skipaður er án tilnefningar. Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að meiri hluti nefndarinnar hafi faglega menntun.

Því er haldið fram að hlutur sveitarfélaga sé tryggður í þessari stjórn og kannski er átt við það þegar talað er um aukin áhrif sveitarfélaga í skipulagsmálum í þessu frv., þar sem meiri hlutinn sé tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég vil segja að í því er engin trygging og það er auðvitað aukin miðstýring hvernig sem þessir menn eru skipaðir. Ég vek athygli á því að meiri hlutinn á fyrst og fremst að vera fagmenn þannig að þeir líti á þetta frá faglegu sjónarmiði en ekki frá þjóðfélagslegu eða sveitarstjórnasjónarmiði. Reynslan sýnir að þegar menn veljast í stjórn slíkra stofnana þá er skeggið oft fljótt að verða skylt hökunni og oft eru það hagsmunir stofnunarinnar, raunhæfir eða ímyndaðir, sem fljótt sitja í fyrirrúmi. Þannig að þó að með þessu sé óbeint verið að færa sveitarfélögum einhver völd þá eiga sveitarfélögin að hafa þessi völd beint eins og þau hafa haft og reyndar losa um frá því sem verið hefur, eins og verið er að gera allt í kringum okkur og ég rakti áðan.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki fjalla nánar um þetta frv. Ég hef fyrst og fremst haldið mig við þann þátt sem snertir skipulagsmál. Ég hef lítið fjallað um byggingarþátt frv., hef ekki skoðað hann eins rækilega og hinn þáttinn, þannig að ég get lítið um hann sagt á þessu stigi. En ég held að ég hafi sýnt fram á það að í mörgum atriðum er aukin miðstýring fólgin í þessu frv. og vald tekið frá sveitarfélögunum, en það er í andstöðu við þá þróun sem er að gerast annars staðar.

Það er líka allt of mikið af smásmugulegum atriðum í þessu lagafrv. um málsmeðferð. Það er stefnt að verulega auknu ríkisbákni á sviði skipulags- og byggingarmála, sem getur aldrei orðið að veruleika eins og það er skilgreint hér í lögunum nema með því að ráða tugi nýrra starfsmanna. Ég tel því rétt, herra forseti, að þetta frv. fái að sofna svefni hinna réttlátu í nefnd og að sveitarfélögin fái stóraukinn þátt í samningu næsta frv. um skipulagsmál sem hér kann að verða lagt fram.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd, sem stóð að samningu þessa frv. og mér kemur mjög á óvart að heyra hversu harkalega er á þá vinnu ráðist hér af hv. 2. þm. Reykv. Ég varð ekki vör við þennan mikla ágreining í nefndinni þó að vissulega hefðu komið fram skiptar skoðanir á ýmsum þáttum þessa mikla bálks. En að slíkur ágreiningur væri uppi um megininntak þessa frv. vissi ég ekki fyrr en nú.

Ég held að mikill hluti áhyggna hv. 2. þm. Reykv. sé með öllu óþarfur. Samanburður við nágrannalöndin er í hæsta máta kyndugur þar sem það er auðvitað alveg ljóst að þarna er ekkert um sambærilega hluti að ræða. Bæði Noregur og Danmörk hafa sterkar fylkisstjórnir, sem gera þá miðstýringu, sem hann talar hér um, að miklum mun óþarfari heldur en hér gerist. Ég held að allir hv. þm. verði að viðurkenna að Ísland er mjög frumstætt land í skipulagsmálum og skipulagsmál mjög ný af nálinni hér á landi. Þannig að ég er alveg á öndverðum meiði við hv. 2. þm. Reykv.

Ég held að það þurfi að styrkja mjög og efla yfirstjórn skipulagsmála í þessu landi svo að ekki verði fleiri slys, eins og við sjáum allt í kringum okkur og nægir okkur Reykvíkingum að svipast um. Við hentum gaman að þeim þegar við sátum á þessum fundum í húsakynnum skipulagsstjórnar ríkisins og horfðum út á þá skelfingu sem sjá má allt í kringum það hús eitt og má víða leita fanga í því efni hér í höfuðborginni, að ég tali ekki um sveitarfélögin um land allt.

Ég fæ ekki heldur tekið þátt í þeim ótta hv. 2. þm. Reykv. að almenningur hafi of mikinn aðgang að ákvörðunum um sitt nánasta umhverfi. Auðvitað á fólk að hafa hann. Og eins og gert er ráð fyrir í hans eigin frv. sem við höfum nú verið að fjalla um í hv. félmn. neðri deildar þykir mér það heldur laklegt að fólki sé vísað til dómstóla ef um ágreining er að ræða varðandi nánasta umhverfi fólks. Við vitum öll hvað það þýðir.

Mér hefur verið bent á að á sl. tíu árum hafi 60 kærur komið fram í Reykjavík einni saman. Það er

því alveg ljóst að fólk þarf að eiga greiðan aðgang að yfirvöldum til þess að fá úr málum sínum skorið á skemmri tíma en dómstólar ráða við.

Hv. 2. þm. Reykv. fór hér í mörg stór og smá atriði og ég ætla ekki á þessu stigi málsins að svara því vegna þess að eins og ég sagði áðan á ég sæti í hv. félmn. og mun að sjálfsögðu vinna í þessu máli með öðrum hv. nefndarmönnum þar.

Ástæðan fyrir því að ég stóð hér upp er fyrst og fremst sú að ég vil minna á, eins og ég gerði í nefndinni, að á 107. löggjafarþingi var ég 1. flm. hér að frv. til laga um breytingu á byggingarlögum, sem fólst aðallega í því að skylda opinberar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir og atvinnufyrirtæki til að ganga frá hönnun lóðar áður en byggingarleyfi verði veitt.

Við höfum öll orðið að horfa upp á það hversu slaklega hefur verið gengið frá nánasta umhverfi bæði opinberra stofnana og atvinnufyrirtækja á hinum ýmsu stöðum á landinu þó að vissulega skuli það viðurkennt að hér hefur þó orðið veruleg breyting á á síðustu árum. Öll höfum við orðið að þjást vegna umhverfis okkar þar sem menn hafa ekki hirt um að ganga frá stórum landspildum sem þeir hafa haft þau forréttindi að fá að byggja á og látið það vera öllum til ama og armæðu árum saman áður en frá því var gengið.

Ég lagði því á það nokkra áherslu í þessari vinnu að gengið yrði betur frá þessum málum. Síðan ég flutti frv. mitt ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og Kristófer Má Kristinssyni hefur það gerst að landslagshönnuðir hafa fengið löggildingu og innanhússarkitektar raunar líka og þar af leiðandi er auðveldara að koma því fólki að í frv. sem þessu og hér má enda sjá 55. gr., þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Uppdráttur mannvirkis skal áritaður af löggiltum hönnuði, sem tekið hefur að sér samræmingu þeirra uppdrátta sem mannvirkið verður byggt eftir. Hinn löggilti hönnuður tekur þar með á sig ábyrgð á að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrætti og burðarþolshönnun.

Allir hönnuðir sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd skv. 24. gr. skulu hafa ábyrgðartryggingu skv. nánari ákvæðum í byggingarreglugerð."

Og í 54. gr. segir einnig: „Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir svipmóti mannvirkis, innra skipulagi, skipulagi lóðar, staðsetningu, stærð og útliti og hvernig það fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi."

Þetta er auðvitað mjög til bóta. Þá segir einnig í 58. gr.:

„Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu sem hönnuðir deiliuppdrátta, hver á sínu sviði".

Þannig hefur verulega verið komið til móts við þetta. Þó hygg ég að þar þurfi betur að kveða að, vegna þess að það er ekki minna mál hvernig gengið er frá umhverfi húsa heldur en hvernig gengið er frá húsinu sjálfu. Mín skoðun er sú að þarna þurfi að kveða fastar að.

Þegar frv. mitt var í afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi var því vísað til ríkisstjórnarinnar og ég hafði orð á því hér í þingræðu að það hneykslaði mig hvernig frá umsögnum um þetta mál var gengið. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sagði eftirfarandi um málið, með leyfi forseta:

„Stjórnin hefur kynnt sér frv. og mælir ekki með samþykkt þess. Þótt vitanlega sé æskilegt að gengið sé fljótt frá lóðum umhverfis byggingar þá telur stjórnin að frv. komi þar ekki að gagni."

Vinnuveitendasamband Íslands sagði í sinni umsögn: „Vinnuveitendasamband Íslands mótmælir því mjög ákveðið að sérstakar hömlur séu með löggjöf lagðar á byggingu atvinnuhúsnæðis."

Í umsögnum allflestra var allt gert til þess að létta af byggjendum þeirri sjálfsögðu skyldu að ganga frá umhverfi húsa. Það lengsta sem komist varð í þessari nefnd var að á þeim stöðum þar sem getið er um landslagshönnuði og frágang lóða er einnig heimild til að setja frekari reglugerðir og mér var lofað því að frá því skyldi gengið, að nokkuð strangar reglur yrðu um þau atriði.

Ég held að með þessu frv. hafi verið unnið verulega gott starf sem ætti að styrkja skipulagsmál almennt. Hér var talað um að úr þessu kunni að verða mikið bákn. Því ræður auðvitað sá ráðherra sem með málaflokkinn fer og er hægt að hafa hemil á því. Hitt er svo annað mál að það er fátt sem mótar allt líf okkar og umhverfi í ríkara mæli en einmitt skipulags- og byggingarmál og þess vegna held ég að það sé alveg þess virði að til sé starfslið til þess að fylgja þeim málaflokki grannt eftir.

Vitanlega er ekkert óeðlilegt við það þó að sveitarfélögum sé ekki gersamlega í sjálfsvald sett hvar komið er fyrir sjúkrahúsum, skólum, heilsugæslustöðvum og öðru slíku. Þjóð eins og Íslendingar verður að hafa eitthvert eftirlit með því að þessar stofnanir séu ekki annaðhvort allt of langt hver frá annarri eða allt of þétt, eins og gerst hefur. Nægir að nefna félagsheimili og heilsugæslustöðvar sem hafa verið settar niður með óeðlilega stuttu millibili.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu á þessu stigi málsins. Eg held að hér sé margt til bóta. Það má vel vera að einhverjar athugasemdir komi fram um það sem enn má betur fara og er auðvitað sjálfsagt að nefndin vinni að því. En ég vona svo sannarlega að samþykkt þessa frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég tel að mun betur sé frá þessum málum gengið með þessu frv. heldur en áður hefur verið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka örlítinn þátt í þessari umræðu þótt ég eigi sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um málið. Ég get á margan hátt tekið undir þau orð hv. 2. þm. Reykv. að hér sé um nokkuð aukna miðstýringu að ræða og kvennalistakonur hafa hingað til ekki verið mjög hrifnar af slíku.

Hins vegar tel ég að hér sé um tilhneigingu að ræða sem á sér ákveðnar orsakir og þær orsakir geta að hluta til einnig tengst aukinni valddreifingu eða rétti hvers íbúa sveitarfélags til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Öll atriði í þessu frv. sem varða samvinnu og samræmingu milli sveitarfélaga tel ég af hinu góða, þ.e. þær áherslur sem þar eru lagðar. Og ég held að það sé löngu orðið nauðsynlegt að slík samvinna taki á sig eitthvert form, þótt e.t.v. megi gagnrýna hvert það form er í þessu frv. Það varðar íbúa allra sveitarfélaga mjög miklu að heildarsýn og samræming sé í góðu lagi. Það varðar einnig hvern og einn íbúa sveitarfélags miklu hvernig þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru á umhverfi þessara íbúa eru settar fram, hversu mikil kynning er og hverra kosta íbúar eiga völ séu þeir ósáttir við þá breytingu eða skipulag á umhverfi sem fyrirhugaðar eru. Ég treysti sveitarfélögum og nefndum þeirra mætavel til þess í megindráttum að vera einfærar um að móta hugmyndir. Ég tel þó að í ákveðin atriði í þessi frv. um samráð séu sveitarstjórnum til góðs og þeim raunar þóknanlegar. Þá á ég einkum við þá kynningu sem er ætlast til að sé á aðalskipulagi. Ég vísa þá sérstaklega til þeirra opnu funda sem ætlast er til að sveitarstjórnir efni til þar sem þær fá tækifæri til þess að ræða málin við íbúa sveitarfélagsins og heyra skoðanir að undangenginni kynningu, með greinargerð sem ég geri ráð fyrir að geti þjónað sínum tilgangi verði rétt að staðið. Ég treysti raunar sveitarstjórnum til þess að útbúa slíkar greinargerðir þannig að gagn verði að. Ég vænti þess að sú hugsun sem er í þessu frv. miðist ekki síst við rétt íbúa sveitarfélaga til þess að hafa áhrif, séu þeir t.d. ekki sammála eða vilji hafa áhrif á það sem kjörnir fulltrúar þeirra eru að gera á hverjum tíma.

Ég vil í þessu sambandi minna á frv. til l. um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem flutt var veturinn 1986–1987. Flm. var María Jóhanna Lárusdóttir. Efni frv. er á þá leið að sveitarstjórn sé skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um einstök mál ef 1/10 hluti kjósenda óskar þess eða þriðjungur sveitarstjórnar. Í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa átti jafnframt að miða við fjórðung kosningarbærra manna. Þetta er liður í valddreifingu sem gengur enn lengra en að fela sveitarfélögum aukin verkefni og get ég þó mjög vel tekið undir að slíkt sé af hinu góða. Ég get heldur ekki látið hjá líða að taka undir orð hv. 13. þm. Reykv. um það að sá munur sem er á samfélaginu á Íslandi og skipulagi þjóðfélags á öðrum Norðurlöndum er mikill, þar sem fylkisstjórnir eða héraðsstjórnir eru hér ekki virkur samræmingaraðili. Þar af leiðandi höfum við ekki sömu möguleika á að nýta það stig stjórnsýslunnar til samræmingar þannig að það er eðlilegt e.t.v. að menn líti þá til landsins alls. En ég hef vissulega mínar efasemdir um það hvort slíkt á við í öllum þeim tilvikum sem lagt er til í þessu frv.

Varðandi þá umræðu sem hv. 2. þm. Reykv. hafði hér um umhverfismál vil ég taka undir það sjónarmið hans að skipulagsmál séu mjög mikilvægur þáttur umhverfismála og fagna því raunar að hann skuli bera umhverfismálin svo mjög fyrir brjósti. Það hefur ekki verið neitt launungarmál að kvennalistakonur hefðu kosið að það frv. um verkefni umhverfismálaráðuneytis sem nú liggur fyrir væri nokkuð á annan veg. Kvennalistakonur hafa viljað veg þess ráðuneytis sem mestan og kvennalistakonur hafa mjög oft bent á hversu ríkur þáttur í umhverfinu skipulag og skipulagsleysi er. Þó tel ég að í þessu frv. sé stigið skref í rétta átt, einkum þar sem fjallað er um samræmingu þessara mála og verði þróun mála sú síðar að skipulagsmál heyri undir umhverfisráðuneyti, þá geri ég ráð fyrir að það skref sem hér verður e.t.v. stigið með samþykkt þessa frv. verði þá fet í áttina.

Það eru nokkur atriði í sambandi við byggingarhluta þessa frv. sem mér þykir auk þess rétt að gera að umtalsefni. Það er sérstaklega sú kvöð sem lögð er á sveitarfélög og ráðamenn skipulags- og byggingarmála að hyggja meira að aðgengi fatlaðra en nú er gert. Þetta tel ég mjög gott og mundi raunar ekki hika við að styðja allar þær leiðir sem hægt væri að fara til þess að gera fötluðum sem léttast að fara ferða sinna.

Annað jákvætt atriði er hertir skilmálar vegna öryggismála, t.d. öryggis bygginga með tilliti til jarðskjálfta. Það hlýtur að vera mjög eðlileg þróun.

Í þriðja lagi vil ég nefna ábyrgð hönnuða og það samráð og þær kröfur sem gerðar eru til hönnuða, sem ég held að sé mjög nauðsynlegt að taka undir. En eins og fram hefur komið í máli mínu er ég ekki reiðubúin á þessari stundu að taka undir frv. í heild. Mér finnst hins vegar full ástæða til þess að vekja athygli á því sem ég tel til bóta og vona að þeir hlutar frv. fái eðlilega afgreiðslu. Ég geri ráð fyrir að í umfjöllun í nefnd verði hægt að sníða af einhverja þá annmarka sem of mikil miðstýring og of lítil valddreifing kunna að setja í þessu máli.

Ég vil þó að lokum benda á að þarna er um mjög margþætt mál að ræða og þó að samræming málaflokka sé vissulega af hinu góða, þá má ekki blína um of og stöðva góð mál með kröfu um allsherjarsamræmingu. Ég vona að það sem ég hef tínt til og tel jákvætt strandi ekki á heildarendurskoðun af einhverju tagi eins og allt of oft vill verða.

Umræðu frestað.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt er á þskj. 356. Það er frv. til l. vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Frv. þetta hefur verið samþykkt í hv. Ed. og kemur nú til meðferðar þessarar hv. deildar.

Hinn 26. nóv. 1987 var lagður fram til undirritunar í

Strasborg Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Þann dag var samningurinn undirritaður af 19 af 21 aðildarríki Evrópuráðsins, þar á meðal af Íslands hálfu. Því miður verður ekki fram hjá því gengið að pyndingar og ómannlegar eða vanvirðandi athafnir eru framkvæmdar víða í heiminum í ýmsu samhengi, svo sem skýrslur Amnesty International og annarra aðila greina frá. Enda þótt verstu ódæðin séu e.t.v. ekki framin í Evrópu þýðir það ekki að ekki sé hægt að bæta vernd manna gegn pyndingum í þeim heimshluta. Það ber líka að hafa í huga að samningar í Evrópu á þessu sviði geta þjónað tilgangi sem fyrirmynd í öðrum heimshlutum.

Í 3. gr. Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950 er ákvæði um bann við pyndingum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu." Þessi samningur inniheldur ekki neinar frekari skilgreiningar á þessum hugtökum. Telji menn þessa grein mannréttindasáttmálans brotna er hægt að kæra það til mannréttindanefndar Evrópuráðsins og síðan til Mannréttindadómstólsins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Með réttarframkvæmd hjá þessum aðilum hafa skapast fordæmi um hver mörk þess eru sem fellur undir ákvæði 3. gr.

Innan Evrópuráðsins var talið að hægt væri að bæta vernd manna gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu með aðgerðum sem hefðu meiri varnaðaráhrif í för með sér en úrræði skv. mannréttindasáttmálanum. Í þessum tilgangi var Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu gerður. Samkvæmt samningnum skal setja á fót sérstaka nefnd sem getur heimsótt þá staði í aðildarríkjunum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Eftir að heimsókn lýkur skal nefndin gefa skýrslu um heimsóknina og þær athuganir sem hún hefur gert og skal skýrslan send viðkomandi ríki. Í þessari skýrslu skal nefndin koma með athugasemdir og tillögur um hvernig bæta megi vernd frelsissviptra manna.

Ef ríki fer ekki að tillögum nefndarinnar um úrbætur eða neitar samvinnu við nefndina er ekki um önnur réttarúrræði að ræða samkvæmt samningnum en að nefndinni er heimilt að gefa út opinbera yfirlýsingu um málið. Í þessum nýja samningi er ekki skilgreint hvað felst í því að sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefndinni sem sett er á stofn samkvæmt samningnum er ekki heldur ætlað að skilgreina þessi hugtök eða á annan hátt að tjá sig um það hvort hún telji að mannréttindasáttmálinn hafi verið brotinn eða að túlka þann samning eða aðra alþjóðasamninga. Hlutverk nefndarinnar er eins og áður sagði að heimsækja sem flesta staði í aðildarríkjunum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og að kanna aðbúnað og meðferð þeirra á vettvangi. Nefndin á síðan að ræða við yfirvöld í hverju ríki og gagnvart þeim að leggja fram sínar tillögur um úrbætur. Með þessu kerfi er talið að hægt sé almennt að bæta stöðu frelsissviptra manna og að minnka líkur á að þeir sæti pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Eins og fram kemur í 17. gr. samningsins takmarkar þessi samningur ekki rétt manna til að kæra meðferð til mannréttindanefndar Evrópu. Samningur þessi hefur þegar verið fullgiltur af meiri hluta aðildarríkja Evrópuráðsins og gekk hann í gildi 1. febrúar 1989. Utanrrh. mun á næstunni leggja fram þáltill. um að þessi Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði fullgiltur af Íslands hálfu og er þetta frv. lagt fram til þess að tryggja að íslensk stjórnvöld geti fullnægt skyldum samkvæmt honum. Aðallega er þar um að ræða að leyfa og sjá til þess að nefndin, sem sett er á fót samkvæmt 1. gr. hans, hafi ótvíræðan rétt til að heimsækja fangelsi og aðra þá staði þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir, svo sem sjúkrahús og meðferðarstofnanir. Nauðsynlegt þykir að ótvíræð ákvæði þar að lútandi séu tryggð í lögum. Jafnframt er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði um friðhelgi nefndarmanna og aðstoðarmanna þeirra þar sem engin almenn lög eru í gildi þar að lútandi.

Áður en frv. þetta var lagt fyrir Alþingi var þess óskað við heilbr.- og trmrn. að það tjáði sig um hvort það hefði athugasemdir við efni þess fram að færa. Engar slíkar athugasemdir hafa borist. Ég mun nú gera grein fyrir einstökum ákvæðum frv.

Í 1. gr. er fjallað um gildissvið lagafrv. Ákvæði frv., verði það að lögum, gilda þannig ekki um önnur atriði en þau sem eru afleiðing af fullgildingu Íslands á þessum samningi Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóv. 1987.

Í 2. gr. frv. kemur fram einn megintilgangur þess. Það er að tryggja nefnd þeirri, sem stofnsett er með 1. gr. samningsins, rétt til að heimsækja þá staði hér á landi, þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Þessir staðir eru fyrst og fremst afplánunarfangelsi, gæsluvarðhaldsfangelsi, fangageymslur lögreglu, sjúkrahús, þar með talin geðsjúkrahús, og aðrar stofnanir, t.d. meðferðarstofnanir, án tillits til þess hver á þær eða rekur, ef frelsissviptir menn eru þar vistaðir. Samkvæmt greininni eru þær takmarkanir á rétti til að heimsækja framangreinda staði að tilgangur heimsóknar sé að rannsaka hvernig meðferð frelsissviptur maður sætir og að nefndin hafi fyrir fram tilkynnt þá fyrirætlun sína að heimsækja tilgreinda staði hér á landi, sbr. 8. gr. samningsins.

Í 3. gr. frv. er lögð sú skylda á þá sem ábyrgð bera á eða eru í fyrirsvari fyrir stofnun þar sem frelsissviptur maður er vistaður að aðstoða nefndina með þeim hætti er greinir í 8. gr. samningsins. Er þar fyrst og fremst um að ræða að veita nefndinni aðgang að þeim stöðum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og rétt til ferða innan slíkra staða án hindrunar. Tekið skal fram að réttur til ferða innan staðar án hindrunar útilokar ekki að fulltrúi íslenskra yfirvalda fylgi nefndarmönnum. Í öðru lagi er ákvæði í greininni um að nefndin geti átt viðtöl í einrúmi við frelsissvipta

menn og aðra sem veitt geta upplýsingar um meðferð þeirra. Rétt er að taka fram að hvorki frelsissviptum mönnum né öðrum er skylt að ræða við nefndina þótt hún óski þess, en nefndin hefur, sé viðtali í einrúmi hafnað, rétt til að ganga úr skugga um að frelsissviptur maður hafi hafnað viðtali af frjálsum vilja.

Í þriðja lagi er í greininni ákvæði um að nefndin fái aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um hvaða meðferð viðkomandi maður hafi fengið o.s.frv. Samkvæmt 9. gr. samningsins geta þar til bær yfirvöld andmælt við nefndina tímasetningu heimsóknar ef sérstaklega stendur á og eru í greininni nánari skilgreiningar á því við hvaða aðstæður er miðað. Samkvæmt greininni eru jafnframt ákvæði um að ef andmæli eru borin fram skuli fulltrúar viðkomandi ríkis og nefndin þegar taka upp viðræður um hvernig nefndin geti rækt störf sín ef tíma heimsóknar er andmælt og þar er nefndur sá möguleiki að frelsissviptur maður sé fluttur á annan stað til að nefndin geti heimsótt hann.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði um að ef sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun sem nefndin hyggst heimsækja hafi athugasemdir við tíma eða stað heimsóknar skuli hann þegar tilkynna það til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ráðuneytið taki síðan ákvörðun um hvort andmælum verði komið á framfæri við nefndina. Í 2. mgr. er jafnframt ákvæði um að ef á það reyni taki ráðuneytið ákvörðun um flutning á mönnum ef á þarf að halda til að nefndin geti rækt störf sín.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði um forréttindi og friðhelgi nefndarmanna og sérfræðinga er með þeim starfa. Ákvæði þessi eru í samræmi við 16. gr. samningsins og viðauka við hann en skv. þessum ákvæðum er aðildarríkjum skylt að veita þessum aðilum friðhelgi og tiltekin forréttindi. Þar sem engin almenn lög gilda hér á landi um friðhelgi og forréttindi erlendra sendimanna og annarra sem slíkra réttinda eiga að njóta er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði þar að lútandi í samræmi við ákvæði áðurnefndra greina samningsins.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir almennum forsendum þessa frv. sem hér er til umræðu vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og einstökum ákvæðum þess.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Að baki þessa samnings sem nú er óskað fullgildingar á er samningur sem þjóðir Sameinuðu þjóðanna gerðu árið 1984 og var undirritaður fyrir Íslands hönd 4. febr. 1985. Undirrituðu hann þá 21 ríki. Sá samningur hét svo til sama nafni og sá sem nú er fram lagður. Ég fagna því og vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að gangast fyrir því að þessi samningur verði undirritaður. En því stend ég hér upp að árið 1987 flutti ég hér fsp. í þinginu til þáv. hæstv. dómsmrh. um hvað liði fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í svari hæstv. þáv. dómsmrh. Jóns Sigurðssonar kom fram að vissulega væri ekki annað sæmandi en að samningurinn yrði fullgiltur, en hann gerði einnig að umræðuefni ýmis atriði sem þyrftu breytinga við í íslenskum lögum til þess að í raun og veru væri hægt að fara að samningi sem þessum og það hygg ég að eigi við báða samningana. Hæstv. þáv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi skal hvert aðildarríki skv. 4. gr. samningsins tryggja að hvers konar pyndingar teljist til afbrota skv. refsilögum þess. Það sama skal gilda um hlutdeild og tilraun til pyndinga. Skilgreiningin í 1. gr. samningsins á því hvað teljist pyndingar er ekki fullskýr og ekki svo skýr að ljóst sé án ítarlegrar athugunar hvort íslensk hegningarlög veiti refsivernd gagnvart öllum tegundum pyndinga."

Þá sagði hann í öðru lagi að sérstaklega þyrfti að athuga hvort refsilögsaga skv. 5. gr. samningsins væri í samræmi við íslensk lög.

Í þriðja lagi er talað um 14. gr. samningsins þar sem ekki séu fullskýr ákvæði um bætur til þess sem sætt hefur pyndingum. Og hann segir að lokum, með leyfi forseta: „Auk þess sem að framan hefur verið nefnt er ljóst að við fullgildingu þessa samnings taka íslensk stjórnvöld á sig skyldur sem taka þarf afstöðu til hvernig fullnægja skuli." Og hann nefnir nokkur dæmi, svo sem að tryggja að kennsla og upplýsingar um bann við pyndingum verði gagngert innifalin í þjálfun löggæslumanna, starfsfólks heilsugæslu, yfirheyrslu eða meðferð hvers þess manns sem sætir handtöku, varðhaldi eða fangelsun af nokkru tagi og að aðildarríkin skuli tilgreina þetta bann í þeim reglum eða fyrirmælum, sem sett eru með hliðsjón af skyldum og verksviði allra slíkra starfsmanna.

Þáv. hæstv. dómsmrh. brást mjög skjótt við fyrirspurninni og tilkynnti mér, að ég hygg þrem vikum eftir fyrirspurn mína, að samningurinn hefði verið staðfestur. En ég minnist þess ekki að hér á hinu háa Alþingi hafi komið fram frumvörp til laga sem skýrðu nánar það sem hæstv. þáv. ráðherra var að hafa áhyggjur af eða sú breyting væri gerð á íslenskum lögum að þeir sem sættu ómannúðlegri meðferð eða vanvirðandi væru á nokkurn hátt í raun og veru tryggðari skv. íslenskum lögum. Nú kann þetta að hafa farið fram hjá mér, en ég held þó að ég megi fullyrða að lítið hafi verið um það.

Við vitum öll að því miður á sér stað í heiminum óhugnanleg og skelfileg meðferð á fólki fyrir það eitt að hafa skoðanir sem ekki falla valdhöfum í geð. Við getum líka tekið sem dæmi um ómannúðlega meðferð, og það veit ég að hæstv. dómsmrh. veit allt of vel, meðferð á geðveikum afbrotamönnum sem ekki er til fyrirmyndar hér í okkar góða landi. Það er ómannúðleg meðferð og vanvirðandi að geðveikir menn sem ekki voru sakhæfir verði að híma í fangelsum með sakamönnum sem áttu að geta séð fótum sínum forráð og stjórnað gerðum sínum. Þannig mætti auðvitað lengi telja.

En ég er ekki að biðja hæstv. dómsmrh. um ákveðið svar eða svör við þessum spurningum mínum um íslensk lög. Ég vil einungis biðja hann að kanna hvort þessum annars góðu sáttmálum hefur verið fylgt eftir með breytingum á íslenskri löggjöf. Það hafa birst greinar í blöðum hér á landi þar sem ákærðir menn hafa kvartað yfir illri meðferð af hálfu lögreglumanna og við erum víst öll sammála um það að við vildum helst ekki heyra um slíkt hér í okkar landi. Harkalegri meðferð hvers konar hefur verið lýst í tímaritsgreinum og öðrum slíkum ritum. Það þarf því ekki að fara til Argentínu, Chile eða landa þar sem illa hefur verið farið með fólk í þúsundatali. Við getum áreiðanlega ekki alveg hvítþvegið okkur af því heldur og þess vegna hlýt ég að spyrja, um leið og ég fagna því að þetta frv. kemur fram af því að þar viljum við ekki láta okkar eftir liggja, hvort ekki sé ástæða til að fela einhverjum þar til bærum aðilum að fara ofan í refsilöggjöfina okkar með tilliti til þessara samninga.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. þessar athugasemdir sem hún bar hér fram og af því tilefni er það ætlan mín að leita til réttarfarsnefndar sem er nefnd sem starfar nánast óslitið til þess að fá svör við þeim fyrirspurnum sem þm. lagði hér fram og viðbrögð í því efni sem hún gerði hér að umtalsefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 270. mál (heildarlög). — Þskj. 495.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er ekki að koma hér til þess að hefja efnislegar umræður um þetta frv. Í þessu frv. eins og það liggur fyrir eru náttúrlega margvísleg nýmæli og það fyrst, sem er stórt mál, að hér eru felld saman í eina löggjöf skipulagslög og byggingarlög. Það hefur verið umdeilt atriði á undanförnum árum í meðferð þessara mála hvort ætti að steypa þessu saman. Ég hygg samt að þegar grannt er skoðað, þá sé heppilegra að hafa hér um samræmda löggjöf. En það þýðir að vanda verður miklu betur meðferð málsins þannig að sem flest atriði sem máli skipta séu þar nægilega skýr. Það hefur háð þeim lögum sem í gildi eru, sem eins og menn vita eru sum hver orðin allt of gömul, að ekki hefur tekist á undanförnum árum að endurnýja þá löggjöf í samræmi við þær framfarir og miklu breytingar sem hafa orðið á þessu sviði hér á landi og þess vegna eru álitamál alltaf að koma upp, álitamál sem hafa orsakað deilur og kallað á úrskurði sem oft og tíðum hafa verið mjög umdeildir og kannski í sumum tilfellum vafasamir.

Ég vil aðeins rifja það upp að í júní 1986 var búið að vinna frv. að nýjum skipulagslögum. Það gerði starfshópur undir forsæti Hallgríms Dalbergs, þáv. ráðuneytisstjóra í félmrn. Þetta frv. var samið þannig að það var haft mjög náið samband við sveitarfélögin í landinu og raunar sent til allra sveitarfélaga landsins. Hins vegar þótti rétt veturinn 1986–1987 að leggja frv. fram hér á Alþingi, til kynningar fyrst og fremst. Alþingi sendi frv. mjög víða og það komu miklar umsagnir og athugasemdir við það, m.a. athugasemdir um að það væri eðlilegra að endurskoða byggingarlögin samtímis og jafnframt, eins og kemur fram í greinargerð þessa frv., að athuga hvort ekki væri rétt að samræma þessi lög, hafa þetta einn heilan lagabálk, skipulags- og byggingarlög.

Fljótt á litið finnst mér, og ég get tekið undir með hv. 2. þm. Reykv. Birgi Ísl. Gunnarssyni, örla nokkuð mikið á miðstýringarvaldi í þessu frv. Ég tel að yfirstjórn þessara mála eigi meira að fjalla um ramma að þessum lögum en þolendur og þeir sem stjórnin hvílir fyrst og fremst á, þ.e. sveitarfélögin í landinu og hinir ýmsu aðilar sem stjórna þessum málum, eigi að hafa rýmri hendur innan lagarammans. Ég segi þetta vegna þess að mér hefur fundist á undanförnum áratugum sem ég sjálfur hef fjallað um þessi mál mjög erfitt að þurfa sífellt að vera með öll smærri atriði skipulags- og byggingarmála undir æðra stigi, sem oft og tíðum hefur ekki aðstöðu til að líta raunsæjum augum á staðreyndir í hinum ýmsu byggðarlögum eins og þau eru. Þetta vil ég láta koma hér fram og styðst við þá reynslu sem ég hef bæði sem sveitarstjórnarmaður um áratugi og eins þann tíma sem ég fór með þessi mál í félmrn. Þess vegna legg ég áherslu á það að til meðferðar þessa máls hér á hv. Alþingi þurfi að vanda vel, leita umsagna víða og gefa sér tíma til að fara vandlega ofan í þessi mál.

Ég er ekki að segja að ég vantreysti þeim aðilum sem sömdu þetta frv. En ég verð að viðurkenna að það kemur ekki fram í grg. hvað þessi nefnd hefur leitað víða fanga við samningu þessa frv. Mér finnst t.d. alveg óhætt að láta það koma fram hér að fulltrúar minni sveitarfélaga víða úti á landi hafa ekki átt sæti í þessari nefnd heldur einvörðungu fólk sem á heima hér í Reykjavík. Þetta finnst mér ekki nógu gott þegar leitast skal við að fá hin ýmsu sjónarmið fram, en oft eru kannski fyrirferðarmest í þessum málum, að því er varðar skipulagsstjórn ríkisins, einmitt skipulagsmálin úti um landið, meðal hinna fjölmörgu sem fjalla þar um mál. Og oft eru það kannski þýðingarmestu málin í sambandi við heildarskipulag í landinu sem eru viðkvæmust í nútímanum.

En ég ætla ekki að fara að gagnrýna þetta hér, vildi aðeins láta það koma hér fram að ég tel að þetta mál þurfi að fá mjög vandaða meðferð á Alþingi, þar sem hér er raunverulega verið að ræða um tvenns konar lög, skipulagslög og byggingarlög, sem á að sameina í eitt. Og það þurfa að koma fram miklu víðfeðmari umsagnir heldur en ella hefur verið og þess vegna verður að gera ráð fyrir því að félmn. og Alþingi í heild þurfi góðan tíma til að fara yfir þessi mál. Þetta er mjög mikikvægur málaflokkur, hefur mikla þýðingu fyrir

alla stjórnun hér á landi, bæði á vegum sveitarfélaga og annarra, og þess vegna finnst mér að það verði að gefa sér góðan tíma. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta mál verði ekki afgreitt fyrir þinglok heldur verði haldið áfram á komandi haustþingi og það afgreitt sem lög fyrir næstu áramót.

Ég vildi aðeins láta þessi sjónarmið koma fram. Það gafst ekki tími til þess í þingflokki framsóknarmanna að ræða þetta neitt efnislega en við vorum sammála um það að sjálfsagt væri að leggja málið fram og það fengi vandaða meðferð hér á hv. Alþingi. Ég er sammála því að það er löngu kominn tími til að setja ný lög um skipulags- og byggingarmál og þess vegna vil ég fylgja því eftir að þetta frv. verði að lögum eftir að búið er að fara yfir það á þennan hátt sem ég hef lýst.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 13. þm. Reykv. sem hér talaði áðan að ég var nokkuð undrandi á ræðu hv. 2. þm. Reykv. og tel ekki að það frv. sem hér er til umræðu gefi tilefni til þeirrar gagnrýni sem hann setti fram á frv. Ég vísa því á bug sem fram kom í máli hans að hér sé um mikla miðstýringu að ræða, hér sé verið að búa til mikið bákn og hér sé verið að skerða rétt sveitarfélaganna með þessu frv.

Ég tel mig einmitt, virðulegi forseti, hafa gert grein fyrir því í minni framsöguræðu áðan og skal ekki endurtaka það að hér er verið á margan hátt að einfalda málsmeðferð og auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna.

Ég tel einnig að það séu mjög margir sem hafa komið hér að verki og nefni í því sambandi að raunar hafa skipulags- og byggingarlögin verið í endurskoðun sl. fimm ár. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns var einmitt frv. til skipulagslaga lagt fram á þinginu 1986–1987 og fékk hér rækilega umræðu og umfjöllun í nefnd þar sem fram komu ýmsar umsagnir um það. Og það frv. var síðan tekið til sérstakrar skoðunar aftur í ráðuneytinu ásamt því að taka tillit til þeirra umsagna sem fram höfðu komið um málið. Hv. síðasti ræðumaður vék einmitt að því að um þetta frv. til skipulagslaga 1986–1987 hafi verið rækilega fjallað í sveitarstjórnum. Það frv. sem við ræðum nú byggir einmitt á því skipulagsfrv. ásamt þeirri endurskoðun sem fram hefur farið að undanförnu á byggingarlögunum. Ég tel því að þarna hafi komið mjög margir að verki.

Ég vil nefna það einnig að þegar þetta frv. var fullbúið fór Félag byggingarfulltrúa yfir frv. aftur og gerði nokkrar athugasemdir við það sem einnig var tekið tillit til en það eru einmitt byggingarfulltrúarnir sem gleggst þekkja til þessa máls.

Ég nefndi það áður að ég teldi að verið væri að auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga á ýmsum sviðum í þessu frv. Ég skal ekki tefja hér tímann og rifja það upp sem ég sagði í minni framsöguræðu, læt nægja að benda á það sem sagt er t.d. um deiliskipulagið, en þar er að mínu viti verið að einfalda málsmeðferðina. Það þarf t.d. ekki að leita staðfestingar ráðherra að því er varðar deiliskipulag nema í undantekningartilvikum eða þegar um er að ræða deiliskipulag fyrir eldra hverfi. Og ég sé ekki af hverju hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson þarf að agnúast út í það þó hér sé gert ráð fyrir því að eftir að sveitarstjórn hefur fjallað um deiliskipulag þurfi jafnframt að koma til samþykki Skipulags- og byggingarstofnunar ríkisins. Til hvers er það? Það segir beinlínis í 21. gr. frv., með leyfi forseta: „Er samþykki stofnunarinnar til staðfestingar því, að deiliskipulag sé í samræmi við gildandi aðalskipulag . . .“ Er nokkuð athugavert við það þó að Skipulags- og byggingarstofnun sé falið að athuga það hvort deiliskipulag sé í samræmi við gildandi aðalskipulag? Ég nefni það einnig að Samband ísl. sveitarfélaga á þrjá fulltrúa af fimm í skipulagsstjórn eftir þessa breytingu, ef að lögum verður, svo ég nefni bara tvær af fleiri breytingum í þessu frv. sem auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Og þetta frv. eykur líka samráð við fólkið í landinu. Ég veit ekki hvort það er það sem hv. þm. á við þegar hann talar um miðstýringu. En í frv. sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur lagt hér fram á hv. Alþingi er hins vegar verið að takmarka samráðsrétt fólksins í landinu og raunverulega að taka af því málskotsrétt þegar það telur á rétt sinn gengið í byggingar- og skipulagsmálum. Fólk getur nú leitað úrskurðar hjá ráðherra ef það telur á sig hallað. En hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson taldi það alveg nægja ef fólk teldi á rétt sinn hallað að það gæti leitað til dómstóla. En það tekur tvö til þrjú ár. Ef þetta frv. sem hv. þm. hefur lagt hér fram er lýsing á því hvernig Sjálfstfl. vill halda á byggingar- og skipulagsmálum og takmarka rétt fólksins þá vil ég bara leyfa mér að vona að við náum að samþykkja þetta frv. áður en og ef til þess kemur að Sjálfstfl. fer að hafa einhver áhrif á stjórn landsins.

Ég vil minna á það líka og það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að það er full ástæða til þess að hafa eftirlit með sveitarstjórnunum í þessum málum og varðveita málskotsrétt til handa fólkinu. Það kennir reynslan okkur. Ég virði og tek undir að það á auðvitað að auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna í þessu máli en fyrir því þurfa líka að vera ákveðin takmörk. Það er rétt sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að á sl. tíu árum hafa ráðuneytinu borist 60 kærur frá Reykjavík einni og ellefu sinnum hefur ráðuneytið neyðst til þess að fella úr gildi byggingarleyfi, þar af níu sinnum í Reykjavík. Mér finnst þetta einmitt lýsa því að það þurfi nokkurt aðhald og eftirlit í þessum málum. Ég hef veitt því sérstaka athygli í minni tíð sem félmrh. hvernig borgaryfirvöld hér í Reykjavík umgangast skipulags- og byggingarlög. Þau umgangast þau rétt eins og þetta sé hvert annað marklaust plagg sem þau þurfi ekkert að fara eftir í sínum byggingar- og skipulagsmálum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengur. Ég ítreka það sem ég sagði að málið hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun og hefur raunverulega

verið í umræðu hér á þingi, í ráðuneytinu og hjá sveitarfélögum í langan tíma.

Ég vil svo í lokin nefna það af því að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði að umtalsefni afstöðu eins nefndarmanna í þessari nefnd, Sigurgeirs Sigurðssonar, formanns Sambands ísl. sveitarfélaga, að mér fannst hann gera nokkuð mikið úr hans afstöðu í nefndinni. Sigurgeir Sigurðsson skilaði ekki neinu séráliti í þessari nefnd, heldur hafði hann fyrirvara sem ég vil lesa hér, með leyfi forseta: „Einn nefndarmanna, Sigurgeir Sigurðsson, gerir þó þann fyrirvara að þótt hann telji margt til bóta í frv. gerir hann athugasemdir við þá þætti þess er varða aðalskipulag, staðfestingu þess, kynningu og endurskoðun, sem hann telur vera of langan og flókinn feril miðað við það sem gerist og gangi í grannlöndum okkar. Þá telur hann ákvæðið um deiliskipulag m.a. í eldri hverfum verða of þungt í vöfum."

Að öðru leyti get ég ekki betur séð en formaður Sambands ísl. sveitarfélaga styðji það frv. sem hér er lagt fram. En frv. mun að sjálfsögðu fá skoðun í félmn. og ég vænti þess að það geti orðið að lögum hið allra fyrsta.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að gera athugasemd í tilefni af orðum hv. 13. þm. Reykv. hér áðan þar sem hún sagði að ekki væri hægt að líkja saman stjórnkerfi Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða að því er skipulagsmál snerti vegna þess að það væru svo sterkar fylkisstjórnir á Norðurlöndum og þess vegna þyrfti að efla yfirstjórn skipulagsmála hér á landi og þá væntanlega á vegum ríkisins. Þetta er misskilningur hjá hv. þingmanni. Það sem ég rakti mjög ítarlega í minni fyrri ræðu var hvernig meðferð skipulagsmála á Norðurlöndum hefur verið að breytast frá því að vera meira og minna undir yfirstjórn ríkisins yfir í það að vera á vegum sveitarfélaganna nær eingöngu. Fylkisstjórnirnar hafa sáralítið að gera með skipulagsmál á Norðurlöndum. Það eru núna sveitarfélögin sem hafa fengið þessi mál í sínar hendur. Það eru sveitarfélögin sem ráða því hvort þau leita staðfestingar aðalskipulags til ráðherra og það eru sveitarfélögin sem hafa alfarið með deiliskipulag að gera. Og það er þessi valddreifing sem ég er að tala um og þetta frv. gengur auðvitað þvert á þá stefnu sem verið er að framkvæma allt í kringum okkur. Fylkisstjórnir skipta þar engu máli.

Ég ætla ekki að ítreka það sem ég sagði hér áðan í löngu máli. En vegna ræðu hæstv. félmrh. þar sem hún ítrekar að verið sé að einfalda málsmeðferð og auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga hlýt ég að árétta að þetta er ekki rétt eins og ég rakti mjög ítarlega áðan. Það er verið að auka vald ríkisins í skipulagsmálum, taka vald frá sveitarfélögunum og færa það yfir til ríkisins. Hvar í lögum er það t.d. skylda að skipulagsstjórn ríkisins eigi að samþykkja deiliskipulag? Hvergi. Það er ekki í neinum lögum í dag. En skv. þessum lögum á núna að gera það að skyldu að deiliskipulag allra sveitarfélaga verði að samþykkjast af ríkinu. Og ekki nóg með það, ef ágreiningur verður þá er það skipulagsstjórn ríkisins sem á að skera úr um en ekki sveitarfélögin eða samtök þeirra. Og einnig — hvernig stendur á því að að núna á að fá skipulagsyfirvöldum ríkisins það vald að taka ákveðin svæði í ákveðnum sveitarfélögum og gera það að skilyrði að einstaka byggingar meira að segja þurfi að samþykkjast af ríkinu eða ríkisstofnunum eins og gert er í 17. gr.? Um það eru engin ákvæði í núgildandi lögum. Það er verið að færa þarna nýtt vald frá sveitarfélögum til ríkisins. Og hvers vegna eiga t.d. Ísfirðingar að una við það að skipulagsstjórn ríkisins taki ákvörðun um það að ekki megi byggja við Silfurtorg án þess að skipulagsstjórn ríkisins samþykki? Eða Akureyringar að ekki megi byggja við Ráðhústorgið á Akureyri nema skipulagsstjórn ríkisins samþykki? Eða Hafnfirðingar að ekki megi byggja við Ráðhústorgið við Strandgötu í Hafnarfirði án þess að skipulagsstjórn ríkisins samþykki? Hér er um að ræða ákvæði sem færa það vald til skipulagsstjórnar ríkisins að geta tekið ákvarðanir af þessu tagi og geta sett áskilnað af þessu tagi inn í deiliskipulag. Það er því auðvitað alrangt sem hæstv. ráðherra heldur hér fram að það sé verið að auka sjálfsforræði sveitarfélaga. Það er verið að draga vald frá sveitarfélögum og yfir til ríkisins.

Ég vil að lokum leiðrétta það sem hér hefur komið fram að það sé hægt að leggja að jöfnu annars vegar málsmeðferð deiliskipulags og aðalskipulags, sem ég hef gert að meginefni í mínum málflutningi hér, og hins vegar málskotsrétt einstakra aðila til ráðherra. Ég hef flutt hér frv. um það efni sem er alveg sjálfstætt mál sem ég minntist reyndar ekki á í minni framsöguræðu. Það er auðvitað tvennt ólíkt. Það getur vel verið að við hæstv. félmrh. gætum náð fullri samstöðu um það ef við settumst niður hvernig málskotsrétti eigi að vera háttað, ég efast ekkert um það. Ég vil ekki draga neitt frá almenningi í þeim efnum, að hann geti ekki firrt sig einhvers konar valdníðslu ef um hana er að ræða. En þetta eru ólík mál. Annars vegar málsmeðferð skipulagsins sem verið er að flytja nú í auknum mæli frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins og hins vegar hvernig málskotsréttur manna eða einstaklinga eigi að vera í þjóðfélaginu.

Ég vil líka og tók það margoft fram í minni ræðu að það sé haft samráð við fólkið í landinu um skipulagsmál og fólkið eigi að hafa aðstöðu til að móta sitt nánasta umhverfi. En það á ekki að gera með svo smásmugulegum og flóknum reglum eins og þarna eru í þessu lagafrv. Það gildir ekki það sama í öllum sveitarfélögum í þessu efni og sveitarfélögin þurfa að geta haft svigrúm til þess að móta sjálf sínar kynningarreglur en þurfa ekki að vera háð reglum af þessu tagi.

Ég er alveg sannfærður um það að þegar þetta frv. fer nú til umsagnar frá hv. félmn. til sveitarfélaganna í landinu munu mótmælin þaðan verða það sterk að þetta frv. þurfi að umskrifa meira eða minna áður en það getur orðið að lögum hér frá hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

50. fundur, miðvikudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Dómsvald í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 337. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 588.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 frá 27. apríl 1972 sem hér er flutt á þskj. 588.

Þann 9. jan. sl. kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu nr. 120/1989 sem var sakamál. Varð niðurstaðan sú að dómur uppkveðinn í sakadómi Árnessýslu var felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Var þetta gert sökum þess að sýslumaðurinn í Árnessýslu og fulltrúi hans er kvað upp hinn áfrýjaða dóm hafi verið vanhæfir til að fara með dómsstörf í málinu þar sem sýslumaðurinn sé jafnframt lögreglustjóri í sama umdæmi og hafi sem slíkur borið ábyrgð á lögregluannsókn málsins. Forsendur dóms Hæstaréttar voru þessar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í málinu er á þetta að líta. Í stjórnarskrá lýðveldisins er byggt á þeirri meginreglu að ríkisvaldið sé þríþætt og sérstakir dómarar fari með dómsvaldið. Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður sem bjuggu því að baki að sömu menn fara utan Reykjavíkur oftsinnis bæði með stjórnsýslu og dómsstörf hafa nú minni þýðingu en fyrr, m.a. vegna greiðari samgangna en áður var. Alþingi hefur sett lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem taka gildi 1. júlí 1992. Ísland hefur að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindanefnd Evrópu hefur einróma ályktað að málsmeðferðin í máli Jóns Kristinssonar hafi ekki verið í samræmi við 6. gr. 1. mgr. mannréttindasáttmálans.

Ríkisstjórn Íslands hefur, eftir að fyrrgreindu máli var skotið til mannréttindadómstóls Evrópu, gert sátt við Jón Kristinsson, svo og annan mann sem kært hefur svipað málsefni með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Í 36. gr. 7. tölul. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, segir m.a. að dómari skuli víkja sæti úr dómarasæti ef hætta er á því að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál skv. 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Í máli þessu er ekkert fram komið sem bendir til þess að dómarafulltrúi sem kvað upp héraðsdóminn hafi litið hlutdrægt á málavöxtu. Hins vegar verður að fallast á það með mannréttindanefnd Evrópu að almennt verður ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómsstörfum þegar sami maður vinnur bæði að þeim og lögreglustjórn.

Með tilliti til þess sem rakið hefur verið ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig að sýslumanninum í Árnessýslu og fulltrúa hans sem kvað upp héraðsdóminn hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Árnessýslu og vísa þeim heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar."

Svo mörg voru þau orð.

Í fyrrgreindu máli túlkar Hæstiréttur íslensk lög um hæfi dómara í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu en Ísland er aðili að þeim samningi og hefur skuldbundið sig að þjóðarétti til að virða niðurstöður mannréttindadómstólsins. Í þessu sambandi má og benda á dóm Hæstaréttar frá 2. febr. sl. þar sem Hæstiréttur taldi dómara vanhæfan til að fara með mál þar sem hann hafði kveðið upp gæsluvarðhaldsúrskurð á grundvelli 4. tölul. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, en mannréttindadómstóllinn hafði sl. sumar dæmt í máli gegn Danmörku þar sem sambærilegt ákvæði í dönskum réttarfarslögum var talið andstætt mannréttindasáttmálanum.

Eins og kunnugt er skiptist landið í 27 umdæmi. Alls staðar utan Reykjavíkur háttar svo til að sami maður, þ.e. sýslumaður eða bæjarfógeti, sinnir fjölþættum störfum. Hann er dómari, lögreglustjóri, tollstjóri og hefur ýmis önnur stjórnsýsluverkefni. Við sex af þessum embættum starfar einn eða fleiri dómarar sem starfa sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum sem forstöðumaður embættisins hefur falið þeim til meðferðar. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta starfa á þeirra ábyrgð og eru vanhæfir til meðferðar máls ef yfirmaðurinn er það.

Afleiðingar fyrrgreinds dóms vörðuðu grundvallaratriði í dómstólaskipan landsins. Hann þýddi í reynd að í 20 umdæmum landsins eru sýslumenn, bæjarfógetar og fulltrúar þeirra vanhæfir til að fara með öll sakamál sem rannsökuð eru í þeirra umdæmi og í flestum tilfellum er það meginþorri þeirra sakamála sem þar eru til meðferðar. Það var óviðunandi staða að í 20 umdæmum landsins væru ekki til bærir aðilar til að fara með jafnmikilvægan málaflokk og sakamál eru og því nauðsynlegt að úr því yrði bætt þegar í stað. Þar sem Alþingi sat ekki þegar framangreindur dómur gekk voru gefin út bráðabirgðalög um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972 og er frv. það sem hér er til umræðu flutt til staðfestingar þeim skv. fyrirmælum 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Framangreindur dómur hafði einnig afleiðingar í þeim sex umdæmum þar sem héraðsdómarar voru til staðar. Starfsmenn dómsmrn. höfðu heimsótt þessi embætti til að afla upplýsinga um með hvaða hætti mál geti eftir sem áður haft eðlilegan framgang. Niðurstöður liggja ekki enn fyrir en ljóst er að í sumum tilfellum þarf að grípa til sérstakra ráðstafana

af hálfu ráðuneytisins í samráði við viðkomandi bæjarfógeta þótt ekki sé um að ræða atriði sem varða breytingu á lögum.

Ég vil nú gera grein fyrir nokkrum atriðum varðandi efni frv. Skv. 1. gr. þess eru stofnuð fimm ný embætti héraðsdómara. Fjórir af þessum dómurum starfa í fleiri en einu umdæmi. Varðandi val á umdæmum sem hver þessara fjögurra dómara skyldi starfa við voru fyrst og fremst hafðar í huga landfræðilegar aðstæður og heildarfjöldi þeirra opinberu mála sem þar eru til meðferðar, að heildarfjöldinn væri innan þeirra marka að ætla mætti að einn maður gæti sinnt þeim.

Skv. 9. gr. laga um skipan dómsvalds í héraði o.fl. úthlutar forstöðumaður embættis héraðsdómurum verkefnum. Skv. 3. gr. þessa frv. verður þeim fjórum dómurum sem starfa við fleiri en eitt embætti ekki falið að fara með stjórnvaldsmálefni eða dómsstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með þeirra samþykki. Ástæða þessarar takmörkunar er sú að tilgangur frv. er að opinbert mál geti haft eðlilegan framgang í þessum umdæmum og ætla má að í flestum tilfellum sé það fullt starf að sinna þeim. Vissulega hefði í sumum tilfellum mátt fara aðrar leiðir, t.d. að núverandi héraðsdómarar gætu dæmt í fleiri umdæmum. Sú leið var ekki valin vegna þess að hér er um tímabundið ástand að ræða, þ.e. þangað til lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði öðlast gildi 1. júlí 1992 og þar sem þessir dómarar hafa allir meira en næg verkefni í sínu umdæmi var ekki talið rétt að gera víðtækari breytingar en nauðsynlegar væru til að í öllum umdæmum landsins væru bærir dómarar til að fara með opinber mál.

Skv. 2. mgr. 2. gr. frv. eru stöður þessara nýju héraðsdómara tímabundnar til 30. júní 1992. Ástæða þess er að þann 1. júlí 1992 öðlast gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds. Skv. 18. gr. þeirra laga hafa sýslumenn, bæjarfógetar og dómarar forgang til skipunar í embætti dómara við hina nýju héraðsdómstóla. Þar sem þessir aðilar eru fleiri en embætti við hina nýju héraðsdómstóla og með hliðsjón af því að hér er um bráðabirgðaástand að ræða eru í 2. gr. frv. ákvæði um að þessir nýju dómarar njóti ekki þess forgangs til skipunar í dómaraembætti sem um er fjallað í 18. gr. aðskilnaðarlaganna.

Í 3. mgr. 2. gr. frv. er ákvæði um að heimilt sé að skipa héraðsdómara í fyrsta sinn skv. lögunum án þess að embættin hafi fyrst verið auglýst laus til umsóknar. Þetta ákvæði var sett til að tryggja að unnt væri að ráða dómara þegar í stað svo að umrædd 20 umdæmi væru ekki dómaralaus um alllangt skeið.

Í 4. mgr. 2. gr. frv. er ákvæði um að skipa megi mann í héraðsdómaraembætti þótt hann uppfylli ekki skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936. Í þeirri grein er fjallað um skilyrði þess að skipa megi mann dómara. Í 7. tölul. er ákvæði um að menn þurfi að hafa sinnt tilgreindum störfum í þrjú ár svo að skipa megi þá dómara. Þótt markmiðið sé að dómarar þessir uppfylli öll skilyrði þess að skipa megi þá sem dómara þótti nauðsynlegt að hægt væri að víkja frá framangreindu skilyrði ef ekki fengist hæfur dómari sem uppfyllti öll skilyrði þess að fá skipun í embættið.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti en nú hefur verið rakið tel ég að svo stöddu ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir einstökum ákvæðum þessa frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. um staðfestingu bráðabirgðalaga sem gefin voru út síðustu daga janúarmánaðar, nokkrum dögum áður en Alþingi kom saman til fundar. Ýmsum fannst að þarna væri dálítið sérkennilega unnið, að það skyldi vera gripið til þess að gefa út bráðabirgðalög þegar ekki voru nema nokkrir dagar til þess að Alþingi kæmi saman.

Ég var ekki á þeirri skoðun og ég óska hæstv. dómsmrh. til hamingju með það að hann skuli hafa með röggsemi ákveðið að gefa út bráðabirgðalög þannig að þau ákvæði sem í þessu frv. eru yrðu eins fljótt að lögum og mögulegt var samkvæmt okkar stjórnarskrá. Ég tel að hér sé á ferðinni eitt af mikilsverðari málum sem fyrir Alþingi koma og hafi í þessu tilfelli ekki þolað neina bið eftir því að Alþingi kæmi saman til þess að fjalla um þau heldur var farin sú hin rétta leið að gefa út bráðabirgðalög strax eftir að dómar Hæstaréttar höfðu fallið eins og hæstv. dómsmrh. lýsti hér áðan.

Það er reyndar eftirtektarvert að um þetta mál, eins mikilsvert og ég tel það vera og ég geri ráð fyrir að margir séu sama sinnis, hefur verið tiltölulega lítil umfjöllun í fjölmiðlum. Sú umfjöllun reyndar að það væru búin til nokkur ný embætti og lítið annað. Það hefur ekki verið útskýrt neitt til hlítar í fjölmiðlum hvað raunverulega varð þess valdandi að þetta þurfti að eiga sér stað, þ.e. útgáfa þessara bráðabirgðalaga eða sú þróun sem hefur verið í réttindamálum sakborninga á undanförnum árum. Sú þróun hefur reyndar komið inn á hv. Alþingi í þeirri mynd að Alþingi er búið að samþykkja lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds sem taka eiga gildi 1. júlí 1992 eins og hæstv. dómsmrh. nefndi.

Þegar verið var að vinna að þeim lögum kom upp í þeirri umræðu að sá frestur sem gefinn var frá samþykkt laganna til gildistöku þeirra væri jafnvel of langur. Aðrir höfðu uppi þau rök, og á þau var fallist, að það þyrfti ákveðinn aðlögunartíma þar til þær breytingar sem í þeim lögum felast kæmu til framkvæmda. Reynslan er sem sagt sú að skoðun þeirra sem töldu að þessi lög þyrftu að taka fyrr gildi hafa sannast og bráðabirgðalögin í janúar staðfesta þá skoðun.

Það er þó ekki svo að ekki hafi átt sér stað smávegis umfjöllun um þetta mál í fjölmiðlum þó ég geri ekki mikið úr henni, og ætla ég að leyfa mér að lesa úr Morgunblaðinu, úr umfjöllun prófessors Davíðs Þórs Björgvinssonar um þetta mál í fyrsta lagi frá því 21. jan., með leyfi hæstv. forseta. Þar vísar prófessorinn

til umræðu um þau mál sem hæstv. ráðherra nefndi að hefðu orðið þess valdandi að nauðsyn hefði verið að gefa út bráðabirgðalögin eftir meðferð Hæstaréttar á þeim málum. Þá segir Davíð Þór:

„Í síðara málinu svaraði Hæstiréttur sambærilegum rökum með því að það samræmdist gildandi lögum að þeir sem hefðu með höndum lögreglustjórn færu jafnframt með dómsvald í héraði." Það er sem sagt verið að staðfesta það af hverju dómurinn var kveðinn upp áður í málinu, þ.e. sá dómur sem var vísað frá í Hæstarétti.

„Ákvæðum 6. gr. Evrópusamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11 9. feb. 1954, hefur ekki verið veitt lagagildi hér á landi. Breyta þau því ekki þeirri lögbundnu skipan sem að framan er greind þar sem hinn áfrýjaði dómur var samkvæmt þessu kveðinn upp af héraðsdómara sem til þess var bær að íslenskum lögum. Verður hann ekki ómerktur af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað þótt í málinu hafi verið lagðar fram skýrslur sem lögreglumaður í umdæmi héraðsdómara hafði tekið." Hér er verið að benda á rök fyrir því að héraðsdómur kvað upp sinn dóm.

Og áfram segir Davíð Þór: „Kjarni röksemdafærslunnar í þessu máli er sá að Evrópusamningurinn hefði ekki lagagildi hér á landi. Eðlilegt er að menn spyrji hvað hafi breyst síðan þá, sem réttlæti það að Hæstiréttur snýr nú alveg við blaðinu. Í forsendum dómsins frá 9. jan. sl. segir að í málinu beri að hafa eftirtalin atriði í huga: Að íslenska stjórnarskráin byggi á því að ríkisvaldið skuli vera þríþætt og sérstakir dómarar fari með dómsvaldið. Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður sem bjuggu því að baki að sömu menn fara með lögreglustjórn og dómsvald utan Reykjavíkur eigi nú miklu síður við. Alþingi hafi sett lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds sem taka eigi gildi 1. júlí 1992. Ísland hafi að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða mannréttindasáttmála Evrópu."

Og áfram fjallar þessi sami prófessor um þetta mál í Morgunblaðinu fyrir viku síðan. Þar er hann að fjalla um umsögn Gauks Jörundssonar, prófessors og umboðsmanns Alþingis, og segir þar, með leyfi forseta:

„Það er einkum sá hluti 6. gr. sem fjallar um rétt manna til réttlátari málsmeðferðar fyrir óháðum, óhlutdrægum dómstóli sem snertir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað." Í þriðja hluta greinar sinnar ræðir Gaukur nokkuð um hvað þarna er átt við og rekur nokkuð mál sem farið hafa fyrir mannréttindadómstól Evrópu vegna þessa. Hann bendir á að samkvæmt ákvæðinu séu sett þau skilyrði að dómstjórn sé í senn óvilhallur og óháður:

„Skv. 6. gr. telst dómstóll því aðeins óháður að hann sé óháður stjórnvöldum, framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi og málsaðilum. Þetta merkir að dómarar skuli vera í dómsstörfum sínum óbundnir af fyrirmælum frá öðrum. Krafan um að dómari sé óvilhallur felur í sér tvennt. Annars vegar að dómari má ekki í raun vera óvilhallur öðrum aðilanum í dómi sínum né má vera ástæða til að draga í efa hlutleysi dómara frá hlutlægu sjónarmiði. Þær aðstæður mega ekki vera þannig að þær séu til þess fallnar að hlutlægt sé að vekja tortryggni um að dómarinn sé ekki óvilhallur."

Svo mörg eru þau orð og eins og ég segi, þá held ég að þetta sé fyrst og fremst sú umfjöllun, sem hefur átt sér stað í fjölmiðlum um kjarna þessa máls, hvað hér er að eiga sér stað. Ég á sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál og ég mun ekki lengja mál mitt mikið umfram þetta. En ég taldi ástæðu til þess að benda á þá þætti sem hér koma fram í greinum prófessors Davíðs Þórs Björgvinssonar og ég tel að séu grundvallaratriði, eins og reyndar kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., í sambandi við ákvörðun ráðherra um hvernig staðið var að útgáfu bráðabirgðalaga og rökin fyrir því að óskað er eftir því að Alþingi samþykki þessi bráðabirgðalög.

En það fer ekki hjá því að við það að vera kominn inn í þessa hv. deild og upp í þennan hv. ræðustól að maður spyrji, ekki aðeins hvað hafi breyst gagnvart Hæstarétti og gagnvart umboðsvaldi, dómsvaldi og lögregluvaldi í landinu, heldur líka hvað hafi breyst hér í hv. deild og hvað hafi breyst ef við lítum til afgreiðslu þeirra laga sem við samþykktum hér á haustdögum.

Mig langar í fyrsta lagi að minna á það að við samþykktum hér á haustdögum lög um breytingu á lögum um fíkniefnadómstól. Þar var lögum breytt á þann veg að sá dómstóll hefði möguleika á að vera fjölskipaður og við töldum þá að við værum að lagfæra aðstöðu dómara í landinu til þess að framfylgja ákveðnu máli. Nú hefur reyndin orðið sú að sá dómari sem fyrir var í fíkniefnadómstóli hefur óskað eftir því að verða leystur frá því starfi einmitt í tengslum við það mál sem verið er að ræða hér og við aðgerðir mannréttindadómstóls Evrópu út frá því að sá dómari hafði þegar gert ákveðna hluti, úrskurðað menn í gæsluvarðhald, þannig að samkvæmt útskýringu mannréttindadómstólsins hafði hann komið of mikið nálægt málinu til þess að geta haldið áfram sem dómari.

Ég þarf kannski ekkert að hafa fleiri orð um þetta. Við minnumst þessa máls og ég hef það svona frekar á tilfinningunni að það ætti að skoða það með umfjöllun þessara laga hvort ekki væri æskilegt að fíkniefnadómstólnum yrði breytt um leið og við samþykkjum og göngum frá bráðabirgðalögunum en það er svo annað mál.

Annað mál samþykktum við hér á síðasta degi þingsins í haust áður en við fórum heim í jólafrí. Samþykkt voru lög af hv. deild um svokallað veiðieftirlitsgjald þar sem hæstv. sjútvrh. var að sækja eftir auknu valdi framkvæmdarvaldsins og tryggja sér fjármagn með beinni skattlagningu ráðuneytisins til þess að standa undir slíku valdi. Ráðuneyti sem starfar á vettvangi fiskveiða hefur vald til að taka ákvörðun um heildaraflamagn, ákvörðun um úthlutun þess aflamagns, ákvörðun um það hvernig hver og einn skuli notfæra sér þá veiðiheimild og ákvörðun um með hvaða veiðarfærum og á annan hátt skuli

gengið í fiskistofna, þ.e. allsherjarvald um það hvernig fiskur er sóttur í sjó við landið. Og ef einhver brýtur þau lög, þá hefur það rannsóknarréttinn, réttinn til að fylgjast með hvernig fiskurinn er sóttur í sjóinn, síðan að kanna það hvernig sá fiskur er meðhöndlaður sem í land kemur, síðan að úrskurða um það hvort það er rangt eða rétt, og síðan að úrskurða á a.m.k. tvenna vegu. Úrskurða um sekt manna og þá að ákvarða hvað sú sekt skuli vera mikil, og í þriðja lagi að úrskurða ef viðkomandi aðili fellir sig ekki við hina fyrri úrskurði ráðuneytisins. Til að sinna öllu þessu eftirliti með því hvort lögum landsins er framfylgt var síðan hér í haust samþykkt að veita þessu ráðuneyti heimild til þess að leggja sérstakan skatt á íslenskan skipastól til þess að standa undir eftirliti og byggja upp eftirlit innan ráðuneytisins sjálfs, ekki í neinni sérstakri stofnun, heldur innan ráðuneytisins sjálfs, með því hvernig hlutirnir eigi sér stað í íslenskum sjávarútvegi. Ég gleymdi reyndar, virðulegi forseti, að nefna fyrstu skref ráðuneytisins í þessu máli, þ.e. að undirbúa löggjöf um þessi mál og í öðru lagi gefa út reglugerðir um þessi mál og í þriðja lagi ákveða heildarafla og síðan skömmtun á hvern veg. Samþykkt var hér á hv. Alþingi að eitt ráðuneyti á Íslandi skyldi hafa þetta vald. Og ekki aðeins að það hefði möguleika til þess að skattleggja atvinnugreinina til að standa undir þeim eftirlitsflokk sem hér var af öðrum ræðumanni í haust nefnt lögreglulið, og er vitaskuld ekkert annað en lögreglulið. Ráðuneytið hefur sjálft heimild til þess að nýta sér skattstofn, innheimta hann, gefa þeim eftir sem það telur rétt og ganga eftir af öðrum án þess að það sé undir eftirliti hins eðlilega skattáleggjanda, fjmrn.

Ég taldi rétt við 1. umr. þessa máls að benda á þessa stöðu í íslensku réttarfari og hvort ekki væri nauðsynlegt um leið og þessi lög verða hér vitaskuld samþykkt af Alþingi að líta á þennan þátt, þennan alræðisþátt framkvæmdarvaldsins á þessum vettvangi um leið og þessi lög verða skoðuð.

Ég er hræddur um það, þó ég hafi það ekki í huga eins og stendur, að fleiri lög en þau sem ég hef nefnt í íslensku lagasafni séu á þann veg að framkvæmdarvald tekur sér dómsvald og rannsóknarvald í hendur. Ég tel nauðsynlegt, um leið og við viðurkennum 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að líta yfir og skoða íslensk lög alveg eins og hæstv. dómsmrh. er að gera með þessum bráðabirgðalögum. Það þarf að breyta þeim þá líka. Þetta er mikilvægt skref sem hér er stigið, en ýmsir aðrir þættir íslenskra laga eru sjálfsagt þannig að þörf er á að þeir verði skoðaðir. Og þó er kannski mest um vert að Alþingi hlýtur eftir samþykkt þessara laga og nú þegar búið er að gera þau gildandi sem bráðabirgðalög, að líta vel á þau lagafrv. sem verið er að leggja fyrir Alþingi og verða lögð fyrir Alþingi á næstu vikum og mánuðum og í framtíðinni út frá þeirri staðreynd að við höfum viðurkennt 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umfjöllunar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir þau varnaðarorð og áminningarorð sem hv. 4. þm. Vesturl. hafði uppi hér áðan. Það hefur verið allt of rík tilhneiging til þess að framkvæmdarvaldið hafi ýmist tekið sér dómsvald eða Alþingi hafi gefið framkvæmdarvaldinu dómsvald í hinum ýmsu málaflokkum og er það rétt líka sem hann sagði að gott dæmi um slíkt vald má finna í sambandi við fiskveiðistjórnun og ýmis refsiákvæði sem eru í höndum sjútvrn., sem eru rekin með þeim hætti að ráðuneytið gegnir ekki þeirri frumskyldu sem gera ber, að sjá um það að þeir sem sektaðir eru eða dæmdir hafi tök á því að koma við vörnum eins og hægt er að gera undir venjulegum kringumstæðum. Það eru með öðrum orðum ekki gerðar sömu kröfur til réttarfars undir slíkum kringumstæðum eins og gert er fyrir öðrum dómstólum.

Það er einnig mjög áberandi, sérstaklega þegar um ósvífin stjórnvöld er að ræða, að almenningur stendur höllum fæti gagnvart misbeitingu valds, jafnvel misbeitingu meiri hluta Alþingis. Ég hef raunar lengi verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að koma við sérstökum stjórnlagadómstóli sem hægt sé að senda málefni til rakleiðis í staðinn fyrir að viðkomandi þurfi að sækja mál gegn ríkinu með almennum hætti.

Og af því að við höfum hér við hlið okkar hæstv. dómsmrh. sem er hér að flytja frv. til l. um viðauka við lög um dómsvald í héraði þar sem verið er að aðskilja dómsvald og framkvæmdarvald má kannski minna á það að þessi hæstv. dómsmrh. stóð að því fyrir jólin að samþykkja löggjöf með þeim hætti að refsiviðurlögum er beitt á meðan málið er fyrir dómi og hafði ekkert við það að athuga. Ef við lesum þá löggjöf sem samþykkt var um aðstöðugjöld, þá rekum við okkur fljótt á það að í þeirri löggjöf er því slegið föstu, hæstv. dómsmrh., að fulltrúum ríkisvaldsins er gert að algerri skyldu að loka fyrirtæki ef talið er af skattayfirvöldum að fyrirtæki sé skuldugt ríkissjóði, þó svo að málið sé til meðferðar hjá ríkisskattstjóra eða ríkisskattanefnd, og skiptir þá ekki máli hvort drátturinn á afgreiðslu málsins sé ríkissjóði að kenna eða því fyrirtæki eða þeim einstaklingi sem verður fyrir barðinu á hinu refsiglaða ríkisvaldi. Ég verð því að segja, herra forseti, að það er mjög ánægjulegt að hæstv. dómsmrh. skuli þó í sumum tilvikum vilja aðskilja framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, en miklu meira sannfærandi hefði hitt verið ef hann beitti sér fyrir því að þeir menn sem verða fyrir barðinu á hinum skattglaða fjmrh. eigi jafnmikinn rétt og aðrir borgarar á því að leita réttar síns.

Það má segja að þessi undarlegi dans í kringum íslenska réttarríkið hafi orðið einna skoplegastur fyrir áramótin þegar inn til Alþingis barst frv. frá hæstv. dómsmrh. um að breyta lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum þannig að fíkniefnadómara yrði heimilt að taka með sér tvo dómendur til þess að hægt væri að reka málið þar í staðinn fyrir að reka málið fyrir sakadómi. Auðvitað er þessi fíkniefna-

dómstóll úreltur. Og okkur var sagt að við yrðum nú að samþykkja þetta undireins því að mikið lægi við. Síðan kom málið fyrir dóm og þá dæmdi dómarinn sig frá málinu og má kannski segja að meira vit hefði verið í því að Alþingi hefði tekið sér meiri tíma til þess að athuga frv. frá ríkisstjórninni og hefði vísað því til föðurhúsanna fremur en dómarinn úrskurðaði sjálfan sig vanhæfan.

En þetta er sem sagt kjarni málsins, herra forseti. Það ber að fagna því að óháðum héraðsdómurum fjölgi. Á hinn bóginn ber að harma að þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir lagasetningu hér á Alþingi sem er í því fólgin að svipta menn þeim sjálfsagða rétti, sem þeir eiga að hafa í lýðræðisþjóðfélagi, að geta rekið sinn atvinnurekstur óhultir fyrir, ég vil segja valdfíkinni ríkisstjórn. Ég vil því skora á hæstv. dómsmrh. að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að fallið verði frá þeirri ósvinnu að menn sem lenda í útistöðum við fjmrh. hafi ekki sama rétt og aðrir til að leita réttar síns fyrir dómstóli. Og nú er ég að tala í fullkominni alvöru og ekki ástæða til að brosa. Það nær auðvitað engri átt að vera að tala um það að maður vilji réttarríki, að maður sé vörður dóms og laga í landinu og á sama tíma beygja sig fyrir því að af sömu ríkisstjórn séu knúin fram frumvörp sem svipta menn þeim rétti sem þeir hafa jafnaðarlega haft.

Annað dæmi er mjög gott um það hvort menn séu jafnir fyrir lögunum og er uppi í blöðunum í dag. Á sl. vori var til afgreiðslu frv. um tekju- og eignarskatt. Þá var hugmyndin fyrst sú að það ætti einungis að þrengja kosti þeirra manna, annaðhvort framkvæmdastjóra, forstjóra eða starfsmanna eða stjórnarmanna í hlutafélögum, sem fengju bíl til afnota sem viðkomandi fyrirtæki ætti. Þá spurði ég ríkisskattstjóra að því í fjh.- og viðskn. hvort hann teldi að það stæðist landslög að hin þröngu ákvæði ættu einungis við hlutafélög en ekki t.d. samvinnufélög, en honum þótti öðru máli gegna um fríðindi sem samvinnufélög veittu mönnum heldur en hlutafélög. Þegar málið kom svo hingað inn í deildina og ég ræddi þetta mál við hæstv. sjútvrh. sem er vel að sér í skattalögum, löggiltur endurskoðandi og hefur metnað sem slíkur, sá hann auðvitað að þetta náði engri átt. Ég hafði látið ríkisskattstjóra semja fyrir mig brtt. við frv. sem er í því fólgin að þessi skattlagning á bifreiðahlunnindum skyldi ná til alls atvinnurekstrar í landinu. Hæstv. sjútvrh. var ekki ánægður með þessa brtt., þökk sé honum, og gerði þessa skattlagningu almenna þannig að nú eru lögin á þann veg að hver sá sem hefur ókeypis bíl til afnota fyrir sig verður að greiða tekjuskatt af þessum afnotum.

Nú er þetta, hæstv. dómsmrh., einn liður í því að lögin gangi jafnt yfir menn, að ráðherrarnir sætti sig við lögin sem þeir knúðu fram á síðasta Alþingi og vilji sitja við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins hvað þetta varðar, að greiða tekjuskatt af sínum bifreiðahlunnindum. Því að auðvitað getur það ekki hafa vakað fyrir ríkisstjórninni á síðasta þingi að þessi skattskylda skyldi lenda á öllum öðrum en ráðherrunum. Og nú er fróðlegt einmitt af því að við erum að tala um réttarfarið, að fá svar hæstv. dómsmrh. um það hvort hann telji eðlilegt að ráðherrar sitji að þessu leyti við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Af ummælum hæstv. forsrh. í blöðum hefur komið fram að hann er þeirrar skoðunar að ráðherrarnir eigi ekki að sitja við sama borð og telji að ráðherrarnir megi hafa þessi hlunnindi án þess að borga fyrir þau þó ætlast sé til þess að aðrir geri það.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég er sammála því sem fram hefur komið hér í umræðunni um að skjótra viðbragða var þörf þegar það mál kom upp sem er tilefni þessa frv. sem við erum að ræða hér nú. Ég vil hins vegar benda á að þegar þinghlé var gert hér fyrir jólin, þá var það með þeim orðum að það yrði kallað saman eigi síðar en 22. jan. og ég þykist þess reyndar fullviss að þó að það hefði verið kallað saman fyrr til þess að afgreiða mál sem þetta hér, þá hefðu þm. verið reiðubúnir til þess að afgreiða það á einum degi ef á hefði þurft að halda.

Ég er sammála því að það er óviðunandi að í landinu ríki réttaróvissa. En mér segir reyndar einnig svo hugur um að mér hefði ekki veitt af þessari viku ef okkar vinnuáætlanir eiga að standast eins og þær eru fram settar. Eins og fram kom við undirbúning og umræðu um frv. til l. um aðskilnað dóms- og umboðsvalds vorum við kvennalistakonur allan tímann sammála því að þá breytingu þyrfti að gera og vildi ég láta það koma fram hér. En í framhaldi af orðum mínum um setningu þessara bráðabirgðalaga vil ég geta þess að ég undraðist hversu seint þau komu fram hér. Ég bjóst við að sjá þau á fyrsta degi þingsins þegar við komum til starfa eftir jólahlé. Það er sjálfsagt að fjalla um bráðabirgðalög svo fljótt sem verða má, en e.t.v. eru einhverjar skýringar á þessari töf af hálfu ráðuneytisins.

Mig langaði aðeins til að láta þessi sjónarmið koma hér fram og varpa tveimur spurningum til hæstv. dómsmrh. varðandi undanþáguna sem er að finna í síðasta málsl. 2. gr. um skilyrði til þess að vera dómarar. Ég spyr: Er þetta eina undanþágan sem er að finna í lögum og hve margir hinna nýskipuðu dómara fullnægja ekki skilyrðum 7. liðar 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði?

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki fara efnislega út í umræður í þessu máli. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er fyrst og fremst sú að mig langar að varpa fram einni spurningu til hæstv. dómsmrh. Fyrir henni þarf ég kannski að hafa örstuttan fyrirvara.

Með setningu þessara bráðabirgðalaga í janúar varð sú breyting á að því er varðar bæjarfógetaembættið í Bolungarvík að þarverandi bæjarfógeti var gerður að héraðsdómara og við bæjarfógetaembættinu í Bolungarvík tók síðan sýslumaðurinn og bæjarfógetinn á Ísafirði. Enn fremur fylgdi þessu sú röskun að starfandi lögregluþjónar úr Bolungarvík voru

kallaðir til starfa til Ísafjarðar, í það lögsagnarumdæmi. Þetta hefur mætt mikilli andstöðu í Bolungarvík og undirskriftalistar hafa gengið. Hvort hæstv. ráðherra hefur fengið vitneskju um slíkt skal ég ekki um segja, en ég hygg þó að svo sé.

Nú skil ég þetta svo að þetta fyrirkomulag eigi ekki að gilda nema til 1. júní n.k. og mín spurning er því til hæstv. dómsmrh.: Má ekki treysta því að þá verði málin komin í hið sama horf og þau voru í þegar bráðabirgðalögin voru gefin út, þ.e. bæjarfógeti verði staðsettur í Bolungarvík og að löggæsla eigi sér stað á þeim stað eins og verið hefur? Þetta er stór spurning því að ég hygg að a.m.k flestir Bolvíkingar hugsi á þá leið að það gæti verið byrjunin á því að flytja þessa embættismenn frá staðnum og til Ísafjarðar. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra treysti sér til að lýsa því yfir að óbreytt skipan verði tekin upp þegar þessi tími er liðinn. Fyrir utan hitt, sem kannski er rétt að benda á líka, að þetta var gert á afskaplega slæmum tíma að því er varðaði árferðið og árstíma að ætla mönnum að keyra Óshlíð og sinna vinnuskyldu inni á Ísafirði.

Það mætti auðvitað segja margt varðandi dómskerfið í landinu sem er meingallað í framkvæmd og það bitnar á æðimörgum einstaklingum í þessu landi. Hvort sú breyting sem hér er lagt til að verði gerð kann að bæta ástandið skal ég ekki gerast dómsaðili um, en það er enginn vafi á því að á þessu þarf að verða breyting.

Hér hafa verið rifjuð upp nokkur dæmi um það hvernig þetta blasir við hinum almenna manni úti í þjóðfélaginu sem þarf að sækja undir dómsvaldið og líka dæmi um það að framkvæmdarvaldið hefur seilst æ lengra yfir á hendur Alþingis og Alþingi hefur látið miklu meira af sínu valdi til framkvæmdarvaldsins en góðu hófi gegnir. Ég skal ekki fara frekar út í það en víða mættu menn taka til hendinni.

Hv. þm. Skúli Alexandersson var að tala hér um löggjöf sem var sett í desember. Ég vil aðeins í lokin minna á lagasetningu sem fór fram hér í maí sl., þegar gerð var breyting á almannatryggingalögum. Með því átti a.m.k. að gera tilraun til þess að verja það fólk sem yrði fyrir mistökum í aðgerðum af höndum lækna og sjúkrastofnana og víðar. Þetta var samið úti í bæ. Það er ekki enn farið að setja reglugerð vegna þessara laga. Og það er kominn febrúar. (Gripið fram í.) Já, ég ætlaði einmitt að minna á það hér að í umræðum í gær var það upplýst hér held ég að hæstv. forsrh. væri búinn að semja reglugerðir fyrir væntanleg lög sem ættu að samþykkjast hér. Þetta var tiltölulega lítil lagabreyting sem var gerð í maí og allir voru sammála um, en það er ekki farið að setja reglugerðina, ekki mér vitanlega, þannig að það er víða pottur brotinn í þessu kerfi okkar og það er nánast hneisa að þurfa að horfa upp á svona vinnubrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins sem á að fara auðvitað eftir vilja Alþingis í þessu sem öðru.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur orðið af þessu tilefni og ég vil sérstaklega þakka öllum hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir undirtektir þeirra við meginefni þess máls sem hér er á dagskrá. Það gleður mig sannarlega að heyra að menn eru hér mjög sammála um þetta meginatriði. Ég bjóst raunar við því og gekk kannski að því nokkuð vísu, en engu að síður þykir mér það sérstakt ánægjuefni.

Hins vegar skal ég láta ósagt í þessu sambandi hvort í leiðinni er hægt að bæta fyrir allar misfellur í skattalöggjöf, fiskveiðistjórn eða hverri annarri löggjöf sem um er að ræða. Ég held þó að það sé alveg rétt sem kom hér fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. að það sem hér er að gerast mun hafa ómæld áhrif í framtíðinni, ekki síst hér á Alþingi í sambandi við vinnubrögð og í sambandi við viðhorf til lagasetningar almennt, enda fannst mér í rauninni sá grunntónn víða koma fram í máli þeirra manna sem hér töluðu.

Í máli hv. 3. þm. Vestf. var beint til mín sérstakri spurningu varðandi Bolungarvík. Vissulega er mér alveg ljóst hvaða áhrif þessi breyting sem er tímabundin hefur haft þar í bænum. Ég get lýst því hér yfir alveg ákveðið að minn vilji er sá að aðstæður í þessu efni fari til sama horfs eftir 1. júní nk. eins og það var áður en þessi breyting varð. Og ástæðan er fyrst og fremst sú að Alþingi Íslendinga hefur nýverið tekið þá ákvörðun að bæjarfógetaembættið í Bolungarvík verði ekki lagt niður, það verði þar áfram og hluti þess er auðvitað lögreglustjórn í kaupstaðnum. Þarf náttúrlega ekkert að minnast á landfræðilegar aðstæður í þessu sambandi, þær eru augljósar.

Í máli hv. 4. þm. Vesturl. og raunar hv. 2. þm. Norðurl. e. var minnst á löggjöfina, nýsetta, um fíkniefnadómstólinn og möguleikann á fjölgun í dómnum. Það er alveg rétt, þessi löggjöf var sett hér fyrir jól og það kom líka greinilega fram á þeim tíma að það var að beiðni þeirra aðila sem þar vinna. Kjarninn í þeirri löggjöf stendur auðvitað eftir sem áður, að hægt er að fjölga þar ef mönnum sýnist svo, eftir umfangi mála, og um það var löggjöfin fyrst og fremst. Það sem síðar gerðist, að viðkomandi dómari sagði sig frá dómi, er auðvitað af þeim ástæðum sem hér er verið að fjalla um í raun í dag og það hefur nú þegar verið settur dómari í hans stað til þess að málin hafi áfram sinn gang.

Um það hvort leggja eigi þann dóm niður eða ekki vil ég sem fæst segja á þessari stundu. Það kemur vafalaust til greina en það er vitaskuld þá þingsins að fjalla um það ef menn vilja fella það inn í þessa löggjöf.

Það komu fram til mín tvær fsp. frá hv. 6. þm. Vesturl. Ég held að ég svari þeirri fyrri best með því að gera grein fyrir hvaða skilyrði eru í lögum um það að menn taki dómarasæti. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

Engan má skipa í fast dómarasæti nema hann, í fyrsta lagi, sé svo andlega og líkamlega hraustur að hann geti gegnt stöðunni. Í öðru lagi, sé 25 ára

gamall. Í þriðja lagi, sé lögráða og hafi forræði fjár síns. Í fjórða lagi, hafi óflekkað mannorð. Í fimmta lagi, hafi íslenskan ríkisborgararétt. Í sjötta lagi, hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenskum lögum. Og í sjöunda lagi, hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða deildarstjóri eða fulltrúi í skrifstofu þess, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri, deildarstjóri eða fulltrúi í Stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, lögreglustjóri eða fulltrúi hans, kennari í lögum við Háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari eða gegnt opinberu starfi sem lögfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa töluliðar má gera um þann er sérstakan orðstír hefur getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.

Settur héraðsdómari og dómari samkvæmt 30. gr. skal fullnægja ákvæðum 1.–6. töluliðar, sem ég hér áðan las, þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á, setja yngri mann en 25 ára, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.

Seinni liður fsp. hv. 6. þm. Vesturl. var um það hvort þeir héraðsdómarar, sem settir voru samkvæmt þessum bráðabirgðalögum, fullnægi tilteknum skilyrðum. Þeir voru raunar settir inn með mikilli skyndingu, bráðabirgðalögin voru sett þann 13. jan., sem mig minnir að hafi verið laugardagur. Þann 15. jan., á mánudegi, var búið að manna öll þessi embætti, að vísu utan eitt, sem var mannað daginn eftir. Þeir héraðsdómarar fullnægja allir þessum skilyrðum. Þannig að sú varúð sem var viðhöfð í bráðabirgðalögunum, til hennar kom ekki, það þurfti ekki að gjalda þeirrar varúðar sem þar var viðhöfð, þannig að þetta atriði er í lagi.

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi svarað, eftir því sem efni standa til, þeim fsp. sem til mín var beint, en þakka að öðru leyti fyrir þá umræðu sem hér hefur fram farið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég mistalaði mig áðan, ég ætlaði að tala um lög um virðisaukaskatt en ekki aðstöðugjald en vil til skýringar minna á að í 12. gr. þeirra laga sem samþykkt voru um virðisaukaskatt nú fyrir áramótin segir á einum stað:

„Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans. En verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur."

Ég vil endurtaka þetta: Né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans.

Þetta er auðvitað mjög alvarlegt efnisatriði, að með hjálp núv. hæstv. dómsmrh. skuli meiri hluti Alþingis setja það í lög að leggja megi viðurlög á borgarana án þess að þeir fái leitað réttar síns og að setja það í lög að beita skuli strängustu viðurlögum — strängustu viðurlögum — meðan málið er á sínum stað, hjá ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd og eftir atvikum hjá dómstólum, þó svo að enginn dráttur málsins sé þeim að kenna sem sóttur er til saka af hinu opinbera.

Ég skil satt að segja ekki, hæstv. dómsmrh., hvernig hægt er að koma því heim og saman að vilja gæta réttarríkisins Íslands og standa að lagagrein eins og þessari. Og ég vil enn ítreka þá fsp. sem ég beindi áðan til hæstv. dómsmrh.: Ætlar hann að halda því fram hér í deildinni að þetta séu eðlileg ákvæði? Finnst honum eðlilegt, ef hið opinbera sækir mann til saka, að þá eigi viðurlögin að standa á meðan málið er rekið lögum samkvæmt og þegar svo stendur á að hvergi stendur á sakborningi, í þessu tilviki skattgreiðanda, en við höfum dæmi um það frá tíð þess hæstv. fjmrh. sem nú er — það á að ávarpa ráðherra hæstvirtur — að lokað hafi verið fyrirtækjum sem síðan féll úrskurður um að ekki skulduðu þær kröfur sem ríkissjóður hafði sett fram. Um þetta höfum við dæmin.

Í öðrum tilvikum höfum við dæmi um að slíkar fjárhæðir hafi lækkað um fjárhæðir sem nema tugum milljóna. Eins og lögin eru núna er engin heimild til þess að veita neinn drátt á neinum viðurlögum á meðan ágreiningur er uppi um vafaatriði, um t.d. virðisaukaskattinn sem var lagður á um áramótin og sem fullkomin óvissa ríkir um framkvæmdina á. Ég get tekið lítið dæmi: Það eru svona hálfkassabílar, sem voru kallaðir þegar ég var lítill drengur. Það eru bílar sem eru með stuttan pall og tvöfalda sætaröð. Nú hefur það fram í febrúarmánuð vafist fyrir dómsmrn. og fjmrn. hvernig leggja eigi virðisaukaskatt á þessa bíla og hvaða rétt viðkomandi fyrirtæki eigi á endurgreiðslu virðisaukaskatts eftir því hvaða bílategund viðkomandi atvinnurekandi eða fyrirtæki kaupir. Ef það fer nú svo fyrir viðkomandi að hann lendir vitlausu megin við strikið í úrskurði ráðuneytisins eða ráðuneytanna, þá tapar viðkomandi fyrirtæki nokkrum hundruðum þúsunda. Bæði vegna þess að þá verður innflutningstollurinn annar ef viðkomandi atvinnutæki er metið sem fólksbifreið og líka vegna þess að þá verður innskatturinn af virðisaukaskattinum ekki frádráttarbær. Þó er enginn ágreiningur um að verið sé að tala um atvinnutæki en ráðuneytin voru ekki búin undir það að svara svona einfaldri spurningu eftir að komið var fram í febrúarmánuð.

Fleiri atriði af þessu tagi bíða úrskurðar hjá ríkisskattstjóra og hjá ráðuneytum og auðvitað er það gefið mál að til málarekstrar hlýtur að koma út af sumum þessum dæmum.

Við fórum fram á það í stjórnarandstöðunni að það yrði hafður nokkur annar háttur á við fyrsta gjalddaga skattsins í apríl þannig að ekki yrði farið í innheimtuna þá með fullri hörku eins og síðar yrði. En það mátti ekki. Og nú er ríkisstjórnin búin að binda sig í lögum í sambandi við vafaatriðin í virðisaukaskattinum, ýmis framkvæmdaatriði sem eftir er að taka ákvörðun um eða sem er á reiki og svifi í kerfinu. Og lögin segja: Alveg sama hvernig á stend-

ur, það má hvergi liðka til. Viðurlögunum verður að beita að fullu, það verður að loka fyrirtækinu, jafnvel þótt augljóst sé að um ofáætlun er að ræða hjá ríkisvaldinu um álagningu skattsins. Hvergi svigrúm. Alveg hreint hið sama og gildir um skattlagninguna af ráðherrabílunum. Alþingi er búið að setja lögin, ráðherrunum ber að greiða tekjuskattinn af notkun sinni af ráðherrabílum, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt, þeir verða að gera það. Það er ekki til í dæminu að það séu til afturvirk skattalög að þessu leyti. Eins er það um virðisaukaskattinn að í lögunum er afdráttarlaust kveðið á um að ekki megi liðka til.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Þögn hæstv. dómsmrh. talaði sínu máli. Hann ætlar að standa fastur á því að ekki sé eðlilegt að þeir menn sem eiga í deilum við fjmrh. megi leita réttar síns. Hann ætlar að vinna á móti réttarríkinu og láta það verða eftirmælin um sig í ráðuneytinu að hafa ekki metnað að þessu leyti, vera skítsama, skeyta hvorki um skömm né heiður. Þó einhver atvinnurekandi verði gjaldþrota út af röngum kröfum ríkisvaldsins, hvaða máli skiptir það, þótt einhverjir menn missi vinnuna, hvaða máli skiptir það? Bókstafurinn blívur.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég bað nú raunar um orðið áðan vegna þess að mér hafði yfirsést að svara spurningu frá hv. 2. þm. Norðurl. e., sem ég allra síst vildi að hefði niður fallið. Spurningin var eitthvað á þá leið hvort ég teldi að ráðherrar ættu að sitja við sama borð og aðrir þegnar landsins varðandi skattlagningu. Svar mitt er ósköp skýrt og ákveðið: Auðvitað eiga þeir að gera það, það er engin spurning.

En varðandi þessa ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. um skattamál, ég að vísu náði því ekki alveg í fyrri ræðu hans þar sem hann var að tala um aðstöðugjöldin sem eru náttúrlega skattstofn sveitarfélaga. En það var virðisaukaskatturinn. Ég held ég hafi orðað það þannig áðan um það mál sem hér er á dagskrá að ég gerði vitaskuld ekki ráð fyrir því að allar hugsanlegar misfellur í skattalöggjöf yrðu hér leiðréttar í leiðinni. En ég vildi þó aðeins, af því sem kom fram í seinni ræðu hv. þm., vekja athygli hans á því að það er á forræði fjmrn. en ekki dómsmrn. að úrskurða um það hvernig á að haga skattlagningu virðisaukaskatts, t.d. varðandi bifreiðir, og hvort sem það eru hálfkassabifreiðir eða ekki, þannig að það getur ekki verið málefni dómsmrn. að fjalla um skattlagninguna sjálfa.

En mergur málsins er sá að það mál sem hér er til umræðu er náttúrlega ekki um skattlagningu eða skattlagningarmál. Auðvitað eiga allir menn að vera jafnir fyrir lögunum og það er kjarni þess sem hér er um að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Frv. DS o.fl., 326. mál (útibúaafgreiðsla). — Þskj. 570.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 570 um breytingu á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Ágústsson, Halldór Blöndal, Jón Helgason og Karl Steinar Guðnason.

Þrátt fyrir miklar samgöngubætur og nýja tækni við að koma boðum á milli manna og stofnana er það enn svo að víða um land er þjónusta hins opinbera torsótt fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Íbúar landsbyggðarinnar bera einnig oft ýmsan kostnað, t.d. vegna síma og ferðalaga, og fyrirhöfn vegna fjarlægðar við hinar ýmsu stofnanir, sem þeir sem búa í námunda við þær losna við. Opinber þjónusta er greidd úr sameiginlegum sjóðum og því er réttlætismál að landsmenn allir geti notið hennar jafnt og að aðgangur að þeim stofnunum sem um er að ræða sé sem greiðastur.

Nemendur sem rétt eiga á lánum frá Lánasjóði ísl. námsmanna koma frá öllum landshlutum og stunda nám við ýmsa skóla bæði hér á landi og erlendis. Hin síðari ár hafa verið stofnaðir margir nýir framhaldsskólar þar sem í boði er nám á brautum sem samkvæmt reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna er lánshæft. Má sem dæmi nefna nám á síðari hluta verkmennta- og tæknibrauta og árið 1988 var Háskólinn á Akureyri stofnaður. Þar stunda nú um 85 stúdentar nám. Má einnig nefna hér til sögunnar nemendur við búvísindadeildir bændaskólanna, Samvinnuskólann á Bifröst og Garðyrkjuskóla ríkisins svo að nokkur fleiri dæmi séu tiltekin en þau sem getið er um í greinargerð með frv. Allir þeir sem sækja um lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna þurfa að eiga margvísleg samskipti við starfsfólk sjóðsins bæði varðandi ráðgjöf og leiðbeiningar svo og þegar skila þarf inn skjölum og upplýsingum af ýmsu tagi, svo sem um tekjur og námsframvindu.

Þegar leitað er ráðgjafar og upplýsinga er mjög mikilvægt að þeir sem þeirrar þjónustu þarfnast hafi möguleika á að ræða beint við ráðgjafana. Oft getur valdið vandkvæðum að þurfa að reka öll sín erindi í gegnum síma auk þess kostnaðar sem því fylgir og ég gat um hér áðan.

Þeir sem stunda lánshæft nám, hvort sem er hér á landi eða erlendis, verða að sækja alla lánafyrirgreiðslu til afgreiðslu Lánasjóðs ísl. námsmanna í Reykjavík. Stúdent við nám erlendis verður að hafa umboðsmann hér heima sem sér um að koma upplýsingum og nauðsynlegum gögnum varðandi námsframvindu hans og fjárhag til lánasjóðsins. Alegngast er að umboðsmaður sé foreldri eða annar nákominn. Mjög erfitt og nánast óframkvæmanlegt er að gerast umboðsmaður búi viðkomandi ekki á höfuðborgarsvæðinu og eru mörg dæmi þess að foreldrar stúdenta sem stunda nám erlendis hafa hreinlega orðið að gefast upp við að gegna hlutverki umboðsmanns.

Fyrir lánþega Lánasjóðs ísl. námsmanna er það brýnt hagsmunamál að öll gögn berist skilvíslega á tilsettum tíma. Því er nauðsynlegt að boðleiðir milli Lánasjóðsins og stúdenta eða umboðsmanna þeirra séu sem greiðastar. Til þess að tryggja að svo megi verða leggja flm. þessa frv. til að bankaútibúum og sparisjóðum úti um landið verði gert kleift að annast afgreiðslu fyrir nemendur, stúdenta og umboðsmenn sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgr. svohljóðandi: Skylt er sjóðsstjórninni að sjá til þess að bankaútibú eða sparisjóðir á landsbyggðinni geti annast afgreiðslu fyrir sjóðinn."

2. gr. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1990." Skýringin á því er sú að auðvitað þurfa þeir sem taka að sér afgreiðslu fyrir Lánasjóðinn að kynnast þeim reglum sem gilda um úthlutun lána og hverjir eiga þar rétt, en þær reglur geta stundum reynst nokkuð flóknar.

Ég vil leggja áherslu á það að ef við ætlum að bregðast á einhvern hátt við þeirri byggðaröskun sem orðið hefur hin síðustu ár er það eitt af grundvallaratriðunum að færa þjónustuna út til fólksins, gera fólkinu sem býr utan höfuðborgarsvæðisins auðveldara að sækja sjálfsagða þjónustu. Þetta snertir aðeins einn afmarkaðan þátt en í tilefni af flutningi þessa frv. vil ég benda á annað sem lagt var fram í neðri deild í dag af hv. þingmönnum allra flokka fyrir frumkvæði hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríðar Sigurðardóttur, um að þjónusta Húsnæðisstofnunar ríkisins verði einnig færð út á landsbyggðina. Það mál snertir sennilega miklu fleiri. Þó að hér sé einungis um þennan afmarkaða hóp að ræða, þ.e. stúdenta, þá er þetta mjög mikilvægt fyrir þá sem þessa þjónustu þurfa að nota og legg ég því ríka áherslu á að frv. hljóti jákvæðar og góðar undirtektir hér í hv. deild.

Vil ég að lokinni þessari 1. umr. leggja til að málinu verði vísað til menntmn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

46. fundur, miðvikudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Laun forseta Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 270. mál (heildarlög). — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, 3. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þskj. 597.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í allri Austur-Evrópu gerast þeir hlutir að miðstýringin er að hrynja, hún er að gefa eftir og valdið er að færast aftur út til þjóðlanda sem áður höfðu það hlutskipti að vera leppstjórnir um stjórnun. Á sama tíma og þetta er að gerast og hin skynsamlega stefna Gorbatsjovs í þessum efnum er að breyta stóru svæði til betri vegar, þá bera menn það á borð fyrir þingheim hér að ekki sé hægt að láta starfsmenn heilbrigðisnefndanna úti á landi sjá um að meta það hver á sínu svæði hvaða ráðum eigi að beita til að atvinnufyrirtæki þessara svæða fari að lögum varðandi heilbrigðishætti og hollustuvernd. Menn vilja flytja valdið suður til ríkisins þannig að á fögrum sumardegi komi menn á góðum bíl úr höfuðborginni, gljáfægðum, trúlega teknum á leigu af bílaleigu hér í bænum, og tilkynni að þessu fyrirtæki verði lokað. Þetta er það sem menn eru að fara fram á að verði gert í gegnum Hollustuvernd ríkisins. Hvar er hin heilbrigða hugsun innan veggja þessarar stofnunar?

Er það sú hugsun að það þurfi sérhannaða bíla til að aka eftir Miklubrautinni í Reykjavík, það þurfi sérhannaða bíla erlendis frá því að venjulegir bílar mengi of mikið til að hægt sé að keyra eftir Miklubrautinni. Eru það menn með heilbrigð viðhorf sem þannig hugsa? Halda menn að atvinnulífi Íslands, þess mesta vaxtarbrodds sem sennilega verður, fiskeldinu, sé greiði gerður með svona tillöguflutningi? Mig undrar að Alþingi Íslendinga skuli styðja það að flytja valdið úr byggðunum suður. Mig undrar það.

Ég veit að ráðherrar landsins hafa gefist upp. Hugleysið hefur sigrað í þessum efnum. Þeir hafa lagt á flótta í orðsins fyllstu merkingu. Þeir vilja flytja þetta vald allt suður. En ég mótmæli því enn og aftur að þannig skuli að málum staðið. Við skulum hafa reglur og við skulum deila um hverjar reglurnar séu. En að bera það á borð fyrir menn að ekki sé hægt að nota þá fulltrúa sem eru í byggðarlögunum og þekkja þar betur til mála en aðrir til að framkvæma þessa hluti, það er rugl. Hvað eiga þeir að gera á eftir, þessir sem eru hafðir heima fyrir þegar búið er að flytja valdið suður? Hvert á þá að vera þeirra verkefni? Eiga þeir að vera upp á punt, áskrifendur að launanum? Hver er þá tilgangurinn? Ég mótmæli því enn og aftur að þetta skuli eiga sér stað og vil með þessari ræðu vekja athygli þingheims á því að það fari ekki á milli mála að menn eru að flytja valdið suður með þessum aðgerðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að taka aðeins til máls eftir þá ræðu sem hér var haldin áðan. Sérstaklega þó vegna upphafsorða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og mikillar hneykslunar á því að verið væri að halda í allt aðra átt en gerist í Austur-Evrópu um þessar mundir. Og það er sannarlega gott að hv. þm. hefur tekið eftir því af tilefni þessa frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ég hefði sannarlega kosið að fleiri hv. alþm. tækju eftir því að til stæði að flytja valdið til í þessu samfélagi. En það sem er á dagskrá í þeim efnum, virðulegur forseti, er ekki fyrst og fremst að samræma aðgerðir lögum samkvæmt eins og þetta frv. fjallar um, heldur að flytja valdið frá Alþingi Íslendinga — ekki suður, heldur út og suður, þ.e. í sambandi við þær umræður sem nú eru í undirbúningi varðandi hið svokallaða evrópska efnahagssvæði. Ég hef ekki orðið var við miklar áhyggjur frá hv. þm. Framsfl. í sambandi við þær fyrirætlanir. Þær snerta væntanlega nokkuð lagasetningu á Íslandi og stöðu manna hér á Alþingi, að ég nú ekki tali um landsbyggðina. Og það væri kannski meiri ástæða til að menn færu að setja sig inn í þá þætti mála en vera að hvessa sig hér í ræðustóli á Alþingi út af frv. af þessum toga. Þó er auðvitað sjálfsagt að athuga sinn gang í sambandi við öll þau mál sem eru á dagskrá og hér fara fram.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur tekið eftir því hvað felst í þeim aðgerðum, væntanlegum, sem felast í samningsgrundvelli um hið evrópska efnahagssvæði. Það snertir líka umhverfismálin á Íslandi, það snertir atvinnumálin á Íslandi og efnahagsmálin á Íslandi. Hugmyndin er að taka verulegan hluta þeirra mála sem hafa verið til umræðu á Alþingi og lög hafa verið sett um hér og flytja valdið yfir þeim málum til stofnunar úti í löndum. Það væri kannski ástæða til þess að hv. alþm. færu að átta sig á því hvað þar er á ferðinni. Meiningin er að taka upp lagagrundvöll sem þegar hefur verið lögfestur í Evrópubandalaginu, ekki á þingum heldur í þeim ólýðræðislegu stofnunum sem þar setja lög. Menn hafa verið að ganga inn á þann grundvöll, margir hv. þm., að styðja fyrirætlanir þar að lútandi. Það varðar drjúgan hluta af lagasafni Íslands sem ekki verður hreyfanlegur ef þau ákvæði verða bundin í lög sem þar eru á dagskrá og varðar talsvert mikið þróun mála í þessu landi í tíð komandi kynslóða ef farið verður að njörva þau efni niður í samningi, lögfestum samningi sem þar er á dagskrá.

Ég gat satt að segja, virðulegur forseti, ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessu vegna þess hvernig gustaði frá hv. ræðumanni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, út af því máli sem hér er á dagskrá. Mér sýnist að það sé á nokkrum misskilningi byggt hjá hv. þm. að um mikla valdatilfærslu sé að ræða frá því sem er í gildandi lögum. Ég hef að vísu ekki sökkt mér niður í þetta mál sérstaklega en mér sýnist að þar sé fyrst og fremst verið að tryggja samræmingu varðandi ákvæði í löggjöf þess efnis að Hollustuvernd ríkisins geti komið við athugasemdum þar sem hún þegar, lögum samkvæmt, fjallar um og fái þar hliðstæða stöðu og aðilar í heilbrigðisnefndum vítt um landið. Þetta er það sem ég hef skilið sem inntakið í þessu sem hér er verið að ræða en það kann að vera að það felist í því einhver tilfærsla á valdi, ég hef ekki sett mig inn í það í einstökum atriðum. En það væri hollt fyrir hv. þm. og aðra alþm. að átta sig á því hvað er í bígerð á vegum stjórnvalda í sambandi við hið evrópska efnahagssvæði að því er snertir valdastöðu Alþingis gagnvart útlöndum í sambandi við öll meginmál sem snerta þróun í þessu þjóðfélagi.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit lætur ekki mikið yfir sér og er ekki mikið að vöxtum. Í sannleika sagt skil ég ekki þau snörpu viðbrögð hv. 2. þm. Austurl. hér áðan út af ræðu hv. 2. þm. Vestf. Það er alveg satt og rétt hjá hv. 2. þm. Austurl. að það ber að ræða til fulls og hugleiða allar breytingar sem einstaka menn vilja leggja til varðandi það að minnka áhrif Alþingis og auka vald Evrópubandalagsins. En í þessu frv. kemur ekkert slíkt í ljós, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að hnýta þessi tvö mál þannig saman.

Í öllum meginatriðum er ég sammála hv. 2. þm. Vestf. í hans athugasemdum varðandi þessa breytingu á lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ég sé enga ástæðu til að auka vald miðstýringarinnar í þeirri stofnun sem fjallar um þessi mál, ekki

nokkra. Heilbrigðisnefndir í héruðum hafa ákveðnar skyldur og það eru auðvitað þær sem eiga að sinna þessum skyldum. Vitaskuld verður á hverjum tíma að vera náið samstarf milli heilbrigðisnefnda og Hollustuverndarinnar í þessum efnum.

Ég tek undir það sjónarmið hv. 2. þm. Vestf. að það er alveg nóg um þessar bílferðir vítt og breitt um landið frá höfuðbækistöðvum stofnana hér í Reykjavík. Það má gjarnan fara að nota betur það fólk sem víða er úti um landið og á að sinna þessu hlutverki. Ég stóð heils hugar að stofnun Hollustuverndarinnar á sínum tíma. En það er alveg eins með þá stofnun og aðrar að hún verður að gæta hófs í því að vera ekki að senda sendimenn um allt landið og senda svo reikninga í fjmrn. fyrir ferðum, það verður að nota betur starfsmennina sem eru úti um landið. Þess vegna tel ég að athugasemd hv. 2. þm. Vestf. eigi fullan rétt á sér.

Hins vegar harma ég það, herra forseti, að ráðherra sá sem leggur þetta frv. fram skuli ekki vera viðstaddur umræðu málsins þegar það kemur frá nefnd til þess að geta gefið frekari skýringar ef hann hefði athugasemdir fram að færa við ræðu hv. 2. þm. Vestf. Ég styð hans málflutning í þessu máli og mun greiða atkvæði í samræmi við það.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa gerst dálítið einkennilegir hlutir. Hv. 2. þm. Austurl. flutti hér snarpa ræðu. Í henni kom tvennt fram. Annars vegar fann hann hjá sér hvöt til að tala um Efnahagsbandalag Evrópu og hluti sem eru á viðræðustigi gagnvart samningum. Og það taldi hann rétt að gera undir þeim málaflokki sem hér er á dagskrá og fjallar um Hollustuvernd ríkisins. Ég hef litið svo á að hennar völd væru ærin þó EB yrði ekki sett undir hana líka. En hv. þm. hvetur menn til að fara að kynna sér þessi mál og ætlar mér sennilega það hlutverk. Og ég vil spyrja hann hér og nú: Hvað veit hv. 2. þm. Austurl. um það hvað ég hef kynnt mér í þessum efnum? Hvaða persónuupplýsingar hefur hann til að fylgja slíku eftir? Er njósnakerfi starfandi í kringum hvern þingmann til að lesa út úr hausnum á honum hvað hann veit og hvað hann veit ekki? Hvaðan koma svona yfirlýsingar og á hverju eru þær byggðar? Eru menn færir um að standa við þær?

Ég veit ekki betur en ég hafi gefið mér ærinn tíma til að kynna mér þessi mál og ég tel mig vita eitt og annað um þau. Aftur á móti er ég ófær um að fullyrða hvort hv. 2. þm. Austurl. veit meira eða minna. Ég hef einfaldlega ekki hugmynd um það hvað hann veit um málið, ekki hugmynd um það, og engin tök á því að komast að því.

Hin yfirlýsingin, sem ekki var betri, var sú að hann hafi ekki kynnt sér það mál sem nú átti að fara að greiða atkvæði um. Hann lýsti því hreinlega hér yfir að hann hefði ekki kynnt sér málið. Nú verður það ekki borið með réttu á hv. 2. þm. Austurl. að hann kynni sér ekki mál, svo vel þekki ég til hans vinnubragða að yfirleitt eyðir hann verulegum tíma í að kynna sér mál og henda reiður á þeim skjölum sem hann hefur undir höndum. En í þessu tilfelli lýsir hann yfir að hann hafi ekki kynnt sér málið. Að þeim orðum sögðum, herra forseti, óska ég hér og nú eftir því að það verði nafnakall um þetta mál og það komi fram hvort þingmenn hér í salnum greiði atkvæði án þess að hafa kynnt sér málið sem þeir ætla að fara að greiða atkvæði um.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Aðeins örstutta athugasemd út af því sem hér hefur farið fram. Þessi umræða hefur virkilega farið út um víðan völl. Þar hafa komið við sögu Gorbatsjov, Efnahagsbandalag Evrópu, Brussel, persónunjósnir og ég veit ekki hvað. Það sem hér er um að ræða er örlítil breyting á starfsháttum Hollustuverndar ríkisins. Það er nákvæmlega lagt niður í lögum hvert er starfssvið heilbrigðisnefnda og hvert er starfssvið Hollustuverndar ríkisins. Þar verður engin breyting á. Það eina sem við erum að gera hér er að skapa Hollustuvernd ríkisina þann möguleika að fylgja eftir eftirlitshlutverki sínu líkt og heilbrigðisnefndir gera. Það er ekkert því til fyrirstöðu að Hollustuvernd ríkisins geti falið viðkomandi heilbrigðisnefndum það hlutverk á þess vegum þannig að um aukna miðstýringu er hér ekki að ræða (**ÓÞÞ:** Þetta er rangur málflutningur og til skammar.) heldur einungis það að gefa Hollustuverndinni sömu möguleika og heilbrigðisnefndir hafa. (**Forseti:** Forseta er illa við að stöðva þessi fróðlegu orðaskipti en ég vil biðja þm. um að hafa ekki samtöl í salnum.) Og mér er óskiljanlegt hversu viðskotaillur hv. 2. þm. Vestf. getur orðið út af ekki meira máli en hér er um að ræða.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þessi umræða sem nokkrir þm. stjórnarflokkanna hafa hafið hér í tilefni af flutningi stjfrv. er um margt fróðleg. Fyrst vil ég segja það að eins og stundum áður þykir mér að hv. 2. þm. Vestf. geri eðlilegar athugasemdir við framkvæmd stjórnarstefnunnar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hv. þm., einn af aðaltalsmönnum Framsfl. í efnahagsmálum, gerir athugasemdir hér á hinu háa Alþingi við stjórnarstefnuna og framkvæmd hennar. Að þessu sinni tek ég, eins og stundum áður, heils hugar undir þær athugasemdir. Ég lít svo á að eðlilegt sé að gera við það alvarlegar athugasemdir þegar fram koma tilhneigingar til aukinnar miðstýringar. Ekki síst þegar ljóst má vera að það getur veikt framkvæmdaaðila opinbers valds á landsbyggðinni í ljósi þess að um þessar mundir þurfa menn miklu fremur að huga að því að treysta það vald, auka valddreifingu og ábyrgð þeirra sem fara með opinbert vald á landsbyggðinni. Í því ljósi finnst mér athugasemdir hv. 2. þm. Vestf. gegn stjórnarstefnunni mjög eðlilegar og nauðsynlegt að þær komi fram.

Auðvitað er ekki unnt að fjalla um þetta mál eins og það kemur fyrir öðruvísi en að vekja á því athygli

hvernig stjórnarflokkarnir standa að undirbúningi mála. Stjórnarþingmenn fara í hávaðarifrildi út af málum eins og þessu. Það lýsir býsna vel ástandinu í þeim efnum og hvernig staðið er að undirbúningi mála. Það er athygli vert að hv. 5. þm. Norðurl. v. skuli í einu og öllu taka undir og gerast hér talsmaður þeirra sjónarmiða að auka á miðstýringu og draga úr ábyrgð þeirra opinberu starfsmanna sem fara eiga með eftirlitshlutverk á landsbyggðinni. Það er athygli vert að hann skuli gerast talsmaður þeirra sjónarmiða.

Hitt er svo mjög sérstætt við þessa umræðu um heilbrigðiseftirlit að hv. 2. þm. Austurl., einn af aðaltalsmönnum Alþb. í utanríkismálum, skuli nota þetta tilefni til að gera árás á ríkisstjórnina og stjórnarliðið vegna þess að það viti ekki hvert það sé að fara í samningaviðræðum á vegum EFTA við Evrópubandalagið. Það eru aldeilis upplýsingar þegar einn helsti sérfræðingur Alþb. í utanríkismálum upplýsir hér að ætla megi að hvorki ríkisstjórnin né þingflokkar stjórnarliðsins viti hvert ríkisstjórnin er að stefna í þeim samningum. Fram að þessu hefur því verið haldið fram fullum fetum af hæstv. utanrrh. að full samstaða sé innan ríkisstjórnarinnar um aðildina að þessum viðræðum og hvert ríkisstjórnin er að stefna í þeim efnum. Og undir það hefur verið tekið af hæstv. fjmrh., sem nú býr sig undir að ganga úr salnum þegar umræða um þessi efni hefst, að full samstaða sé í ríkisstjórninni um að halda þeim umræðum áfram á þeim grundvelli sem lagður hefur verið.

Öllum er ljóst að það sem er að gerast í því efni er að Íslendingar eru, ásamt með öðrum EFTA-þjóðum, að ræða um það hvernig þær þjóðir eigi að tengjast löggjöf um innri markað Evrópubandalagsins, löggjöf sem þegar er búið að setja af þeim ríkjum. Það er ekkert nýtt. En það er nýtt þegar þessi áhrifamaður í stjórnarflokkunum varpar því hér fram að þm. stjórnarflokkanna viti ekki hvert hæstv. ríkisstjórn er að stefna í þessu efni. Það er ástæða til þess, svo sannarlega, að taka þær upplýsingar alvarlega og knýja á um það af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hvað hún veit um þær viðræður eða á hvern veg þm. stjórnarflokkanna hafa verið upplýstir í því efni.

Við sjálfstæðismenn gerðum það að umtalsefni hér í umræðum um Evrópubandalagið og undirbúningsviðræður EFTA við Evrópubandalagið að Alþingi þyrfti að marka stefnu þar að lútandi svo það væri alveg ljóst, bæði Alþingi og íslensku þjóðinni, hvert væri verið að fara, og ekki væri verið að draga fjöður yfir eitt eða neitt eða dylja einn eða neinn neins. Hæstv. ríkisstjórn kom í veg fyrir það og allir þm. stjórnarflokkanna bera ábyrgð á því. Hv. 2. þm. Austurl. hefur varið þessa ríkisstjórn með atkvæði sínu hér á Alþingi og ber þess vegna fulla ábyrgð á því að ríkisstjórnin kom í veg fyrir að slík stefnumörkun og markmiðslýsing yrði samþykkt á Alþingi Íslendinga, þannig að menn vissu nákvæmlega hvert væri verið að stefna. En það var ósk okkar sjálfstæðismanna að svo yrði gert. Hv. 2. þm. Austurl. ber sömu ábyrgð og aðrir þm. stjórnarflokkanna á því að ríkisstjórnin kom í veg fyrir það. Kannski var komið í veg fyrir það af þeim sökum að einhverjir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar hafi haft grunsemdir um að óeining væri innan stjórnarliðsins eða ekki full samstaða um það hvernig ætti að halda á málinu og hvert ætti að stefna. Ræða hv. 2. þm. Austurl. gefur ærið tilefni til að varpa spurningum fram þar að lútandi og óska eftir svörum, þó ég geti tekið undir það að býsna skondið sé að hefja slíka umræðu undir þessum dagskrárlið. En þm. stjórnarflokkanna hafa nú tamið sér það að standa hér upp á hinu háa Alþingi í þingskapaumræðum og með hvers kyns útúrdúrum við þingsköp til þess að varpa fram ágreiningi sín á milli þannig að það er út af fyrir sig ekki nýtt af nálinni.

En kjarni málsins er sá að einn af talsmönnum stjórnarflokkanna, hv. 2. þm. Vestf., hefur vakið hér réttilega athygli á þeirri stefnumörkun sem í þessu frv. felst og lýtur að aukinni miðstýringu. Ástæða er til að taka undir athugasemdir hans og gefa því gaum að meiri þörf er á því nú en nokkru sinni fyrr að stuðla að meiri valddreifingu og aukinni ábyrgð þeirra sem fara með opinbert vald á landsbyggðinni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að umræða þessi hefur farið nokkuð um víðan völl. Það er e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að ætla aftur að fara að ræða um efni þessa frv. sem hér er á dagskrá og ég hélt að væri umræðuefnið í dag.

En ég ætla að leyfa mér að gera það samt og finnst raunar furðuleg þau ummæli seinasta ræðumanns, hv. 1. þm. Suðurl., að tala um að hér sé verið að ræða, að ég held stjórnarstefnu í efnahags- og utanríkismálum, ef ég skildi hluta af hans ræðu rétt, og að hér væri verið að taka á málum á þann hátt að stórlega væri aukin miðstýring og ég veit ekki hvað og hvað. Reyndar hafa fleiri hv. ræðumenn vikið að því einnig. Ég vísa því algerlega á bug og vil leyfa mér að lesa úr greinargerð þessa frv. eins og eina málsgrein þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í þeim tilvikum, þar sem heilbrigðisnefndir fara með eftirlitið, geta þær beitt ýmsum ráðstöfunum til þess að knýja á um framkvæmdir eða til þess að látið verði af starfsemi, sbr. nánar 27. gr. áðurnefndra laga. Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlitið, er engum slíkum lagafyrirmælum til að dreifa þannig að heilbrigðisnefndir hafa þurft að grípa til ráðstafana vegna eftirlits sem Hollustuvernd ríkisins er falið. Þetta er á allan hátt óeðlilegt, ekki síst þar sem hlutaðeigandi sveitarfélög hljóta að bera ábyrgð á aðgerðunum án þess að starfsmenn þeirra, þ.e. heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúi í þessu tilviki, hafi lagt dóm á málið. Þannig fer ekki saman raunveruleg ákvörðunartaka og framkvæmd ráðstöfunar."

Þetta er í mínum huga afar einfalt og skýrt og ég skil ekki hvernig menn hafa í raun flækt þessu í

umræðunni á undarlegan máta. Og það er alveg ljóst, eins og kemur fram í seinustu málsgrein í greinargerð frv., að Hollustuverndinni er lögum skv. falið í undantekningartilvikum ákveðið eftirlitshlutverk og einnig í sérstökum tilvikum með samkomulagi ef slíkt samkomulag er gert við heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna.

Á sama hátt er reyndar hægt að snúa þessu við og fela heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna að annast hlutverk sem Hollustuverndin hefur þó í einhverjum tilvikum einnig tekið að sér að annast. Slíkt mál er einmitt til umræðu núna milli heilbrrn. og Hollustuverndar annars vegar og heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar, þ.e. að færa ákveðinn hluta eftirlits til heilbrigðiseftirlits sveitarfélags í því tilviki. Ég sé ekki annað en að hér sé um mjög eðlilegan hlut að ræða og menn geti staðið að málum á þann hátt að þar geti verið um gagnkvæm verkaskipti, ef það má orða það svo, að ræða í þessu tilviki. Heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna er auðvitað treystandi fyrir nánast öllu þessu eftirliti. Það eru einstaka sérhæfðar mælingar og rannsóknir sem þarf að framkvæma sem Hollustuverndinni hefur verið falið að vinna. Hlýtur að vera eðlilegt að það sé gert á einum stað en ekki verið að byggja upp rannsóknaraðstöðu og sérhæft eftirlit á mörgum stöðum og með ærnum kostnaði. Þetta hlýtur líka að vera hagsmunamál sveitarfélaganna algerlega óskylt því sem menn venjulega kalla að öðru leyti miðstýringu.

Þess vegna vona ég að þetta litla frv., sem er lagfæring á framkvæmd mála varðandi verkefni sem lög að öðru leyti kveða á um og skipta milli Hollustuverndar ríkisins annars vegar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hins vegar, geti orðið að lögum á þessu þingi og auðvitað helst sem fyrst. Má nánast segja að hér hafi verið um mistök að ræða í lagasetningunni í upphafi að þetta skyldi ekki vera skýrt tekið fram strax í upphafi.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég hef eiginlega litlu að bæta við það sem hæstv. heilbrrh. sagði. Hann færði nákvæmlega út það sem ég hefði viljað gert hafa. Ég sagði áðan í upphafi ræðu minnar að umræðan hafi farið um víðan völl. Og hv. 1. þm. Suðurl. bætti þar um betur og vó í sama knérunn og aðrir þeir sem tamt er að tala um Evrópubandalagið. (**Gripið fram í:** Hvar var hann að vega?) Í sama knérunn, það held ég sé rétt eftir haft úr Njálu. Það heitir ekki að höggva heldur vega. (**Gripið fram í:** Hvað þýðir það?) Við skulum tala um það á eftir.

Engu að síður lá ég undir þeim ásökunum sem landsbyggðarþingmaður að vilja færa vald frá landsbyggðinni hingað suður. Ég held að hv. 1. þm. Suðurl. hafi ekki kynnt sér það frv. sem hér er til umræðu. Þar stendur einfaldlega: „Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit skv. lögunum," sem sagt verkefni Hollustuverndar, ekki heilbrigðisnefndanna. Þar með gæti stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir. Og eins og stendur í athugasemdum með þessu lagafrv., með leyfi forseta: „Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlitið, er engum slíkum lagafyrirmælum til að dreifa, þannig að heilbrigðisnefndir hafa þurft að grípa til ráðstafana vegna eftirlits, sem Hollustuvernd ríkisins er falið. Þetta er á allan hátt óeðlilegt." Og það er einmitt þetta sem verið er að lagfæra. Það er ekki verið að færa neitt vald frá landsbyggðinni eins og hv. 1. þm. Suðurl. vildi ýja að. Það er ekki verið að taka neitt þaðan í burtu sem hefur verið þar áður. Það er einungis verið að gefa Hollustuverndinni nákvæmlega sömu möguleika til að fylgja eftir sínu eftirliti og heilbrigðisnefndirnar hafa. Og eins og ég sagði áðan er ekkert því til fyrirstöðu eftir sem áður að Hollustuverndin feli heilbrigðisnefndunum að hafa framkvæmdina með höndum. Þannig er þetta mál vaxið. Þetta er lítið mál og einfalt og ég held að við ættum að samþykkja það hér eins og það er.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem umræður um þetta, ja við getum kallað það smámál, hafa farið svo mjög út um víðan völl er kannski ekki úr vegi að gera tvær stuttar athugasemdir almenns eðlis sem e.t.v. yrði tekið eftir.

Í fyrsta lagi tel ég fyllstu ástæðu til þess að fólk úti um landsbyggðina sé vel á verði gegn því að einhverjir aðilar séu „sendir að sunnan" með æðsta lokunar- og innsiglisvald, að segja má, í ýmsum efnum. Heima fyrir í héruðunum eru bæði nefndir og ráð og embættismenn sem hafa eða geta haft þetta vald sem er náttúrlega mjög viðkvæmt. Fer vel á því að slíkar aðgerðir fari um hendur þeirra að öðru jöfnu.

Í annan stað, og það er af allt öðrum toga en kom þó hér fram í umræðunum, tel ég að við Íslendingar þurfum að vera vel á verði þegar við erum að undirrita alþjóðasamninga, sem oft eru mjög flóknir og viðamiklir, til þess að við komumst ekki að því eftir á að í samningum sem við höfum undirritað eða staðfest kunni að leynast atriði sem e.t.v. verða til þess að talið er nauðsynlegt að kollvarpa íslenskri löggjöf sem staðið hefur um aldir og reynst vel.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hóf þessa umræðu með skarpri ræðu. Þar lýsti hann andstöðu við þetta frv. á þeim grundvelli að með því væri verið að færa nokkuð af verksviði og valdsviði heilbrigðisnefnda sem starfa í héruðunum úti um landið yfir til Hollustuverndar. Hann hvatti þm. til að standa á verði gegn slíkum tilhneigingum af hálfu ríkisstjórnar en sagði jafnframt að þar hefði heimskan tekið völdin.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að ástæða sé til að standa á verði gegn slíkum tilhneigingum. Og þó svo að hér hafi talað hæstv. heilbrrh. og hv. 5. þm. Norðurl. v. hafa þeir ekki sannfært mig um það að með þessu frv. sé ekki verið að ganga í þá átt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur lýst.

Í fyrri ræðu sinni sagði hv. 5. þm. Norðurl. v. að með þessu frv. væri ekki verið að gera neina breytingu á starfssviði Hollustuverndar og heilbrigðisnefnda um landið. Ef ekki er verið að gera neina breytingu hvers vegna er þá verið að flytja slíkt frv.? Röksemdir hv. þm. í fyrri ræðu hans voru engar aðrar en reyna að breiða yfir frv. með því að það væri þýðingarlaust og gagnslaust. Skýringar hans í seinni ræðu voru litlu betri. Ég vil þess vegna taka hér undir með hv. 2. þm. Vestf. og öðrum þeim sem talað hafa með svipuðum rökum og mæla gegn þessu frv. sem er að mínu viti ekki einungis óþarft heldur einnig til óþurftar.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. vitnaði í fornt mál og kvað það vera tekið úr Njálu. Ég sé að í greinargerð þessa frv. er sérkennilegt orðalag sem menn hafa kannski haldið að væri úr fornu máli. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að kippa ofangreindu á klakk" — til þess að kippa ofangreindu á klakk — „telur ráðuneytið eðlilegt að Hollustuvernd ríkisins búi yfir sömu ráðum til þess að knýja á um . . ." — ég get nú bara ekki lesið þetta lengur því ég gleymdi gleraugunum mínum heima. En ég les þó fullvel að með þessu frv. ætlar ráðuneytið sér að kippa á klakk þeim ráðum sem Hollustuvernd ríkisins þarf að búa yfir til að koma þessum málum í það horf sem ráðuneytið telur við þurfa. Þetta er nú helsti hátíðlegt orðalag og ég fullyrði að það er ekki úr Njálu. (**GB:** Ég veit ekki hver er höfundur.) Hæstv. ráðherra segist ekki vita hver er höfundur að frv. sem hann flytur. (**GB:** Nei, að svona orðalagi.) Ég verð að lýsa því yfir að mér þætti ástæða til fyrir hæstv. ráðherra að fylgjast með því hver semur þau frv. sem hann flytur hér á hinu háa Alþingi. Og að áður en hann fer í rökræður um mál hafi hann a.m.k. lesið yfir greinargerðina, meira en það sem honum þykir við þurfa í sínum málflutningi.

En nóg um þetta. Ég lýsi sem sé yfir stuðningi við þau sjónarmið sem fram komu í skarpri ræðu hv. 2. þm. Vestf. og lýsi andstöðu við þetta frv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins örstutt og reyndar lítið um efnisatriðin annað en það að ég varð fyrir vonbrigðum með ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hann skuli leggjast gegn þessum sjálfsögðu lagfæringum sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Það var aðeins hitt atriðið, að auðvitað veit ég hver er höfundur greinargerðar frv. Frammíkall mitt varðaði það að ég vissi ekki hvaðan orðatiltækið „að kippa á klakk" væri komið, hvort það væri komið úr Njálu eða annars staðar frá. Ég ætla ekki að deila um það við hv. þm. Ég er alveg viss um að hann er betur heima í því en ég. (**Gripið fram í:** Hefurðu ekki lesið Njálu?) Ég hef lesið Njálu jú, en ég man orðatiltæki þaðan ekki svo gjörla og ég efast ekki um að það sé rétt hjá honum að þetta orðatiltæki sé ekki úr Njálu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AðB, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JK, JSS, KE, ÞP, SighB.

nei: BÍG, EH, FÞ, HJ, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SV, ÞÞ.

GHH greiddi ekki atkvæði.

14 þm. (ÞÞ, ÁrnG, FrS, IBA, JóhS, JBH, JónS, MálmS, ÓÞG, RA, RH, RG, StH, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Með þessu frv. er fyrir það girt að Hollustuvernd ríkisins þarf ekki að sækja fyrirtæki fyrir dómstól úti á landi og láta dæma í því hvort það hafi brotið lög. Hún getur tekið einhliða ákvörðun um að loka fyrirtækinu án nokkurs frests, án nokkurs fyrirvara. Þetta vald er svo mikið og svo stórt sem þarna er verið að flytja suður til misvitra sérfræðinga að ég treysti mér ekki til að veita því stuðning að þetta sé gert og segi því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 3. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 80. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AðB, AS, ÁHE, BÍG, EH, FÞ, GeirG, GGÞ, GHelg, HJ, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SV, ÞP, GHH.

nei: AÓB, GuðnÁ, HG, JK, KE, PP.

JSS greiddi ekki atkvæði.

16 þm. (ÞÞ, ÁrnG, FrS, GB, IBA, JóhS, JBH, JónS, MálmS, ÓÞG, RA, RH, RG, SighB, StH, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umræðum um þetta mál á yfirstandandi þingi en tjáði mig um það síðast þegar það var flutt og mælti þá gegn frv. Afstaða mín er óbreytt nú. Ég tel að mál þetta hafi ekki fengið nægilega athugun. Hér er um að ræða samskiptamál við önnur ríki, nágrannaríki vissulega sem eru alls góðs makleg af Íslendinga hálfu, en ég tel nauðsynlegt að mál af þessum toga fái ítarlegri athugun m.a. á vettvangi utanrmn. þingsins áður en lögfest er og segi því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 252. mál (vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 412.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem ætlað er að hnekkja ákvörðun sem tekin var í ríkisstjórn Íslands hinn 5. des. sl. Sú ákvörðun snertir vexti af lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins og er að dómi flm. hin versta lögleysa og stórkostlega ranglát í þokkabót.

Með frv. þessu er lagt til að framvegis verði óheimilt að ákveða mismunandi vexti af lánum innan sama lánaflokks hjá Byggingarsjóði ríkisins en ákvörðun ríkisstjórnarinnar 5. des. sl. snerist um það að taka út úr ákveðinn hluta lána innan tiltekins lánaflokks og hækka vextina af þeim en láta önnur lán innan sama lánaflokks bera óbreytta vexti. Við leggjum þess vegna til, flutningsmennirnir, að bætt verði inn í viðeigandi mgr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins eftirfarandi setningu, með leyfi forseta:

„Öll lán innan sama lánaflokks skulu bera sömu vexti óháð lántökudegi."

Þetta er sú viðbót sem frv. þetta gerir ráð fyrir að komi inn í 3. mgr. 48. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins en sú grein yrði að öðru leyti óbreytt.

Ég hygg að það þurfi vart að rifja upp fyrir hv. þingdeildarmönnum þær deilur sem urðu m.a. hér á hinu háa Alþingi í kjölfar þessarar umdeildu ákvörðunar ríkisstjórnarinnar. Ég hygg að mönnum sé enn í fersku minni hvernig þessi mál voru tekin hér upp á hinu háa Alþingi að forgöngu hv. 1. þm. Reykv. sem er einn af flm. þessa frv. en ég tel engu að síður óhjákvæmilegt að rifja þetta mál upp í stuttu máli og fjalla um helstu málavexti.

Það er ekki ofmælt að með þessari ákvörðun hefur ekki bara skapast alvarlegt óréttlæti gagnvart því fólki sem sótt hefur um lán hjá Byggingarsjóði ríkisins, heldur hefur jafnframt skapast hættulegt fordæmi gagnvart því hvernig um þessi mál kann að verða fjallað í framtíðinni ef það reynist standast skv. lögum að ráðherra geti tekið út úr ákveðinn hóp lána innan tiltekins lánaflokks og breytt þar vöxtum, hækkað eða lækkað nánast eftir geðþótta. En það er á slíkri lögfræðilegri útskýringu sem málstaður hæstv. félmrh. í máli þessu er grundvallaður.

Við sem flytjum þetta frv. viljum taka af allan vafa um það að framvegis verði þetta ekki heimilt og jafnframt er það skýrt tekið fram í greinargerð þessa frv. að nái það fram að ganga, þá beri að afturkalla ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. des. sl., þá sé henni þar með hrundið.

Það hefur skapast, virðulegi forseti, mikil réttaróvissa í kjölfar þessarar ákvörðunar einmitt vegna þess sem ég var að segja, að nú geta lántakendur átt það yfir höfði sér að pólitískur ráðherra breyti vöxtum á þessum lánum nánast eftir geðþótta eða eftir pólitísku samkomulagi við hina og þessa aðila án þess að fyrir því séu efnislegar forsendur og án þess að gætt sé eðlilegrar jafnræðisreglu íslensks stjórnarfars.

Þetta mál er þannig til komið, virðulegi forseti, að það hefur lengi legið fyrir að verulegt ósamræmi er milli þeirra vaxta sem Húsnæðisstofnun ríkisins greiðir sjálf til lífeyrissjóða og þeirra vaxta sem hún innheimtir af þeim lánum sem hún veitir. Vegna þessa hefur skapast fjárþörf hjá Byggingarsjóðnum sem að hluta til hefur verið mætt með framlögum úr ríkissjóði en að hluta til með því að ganga á eigið fé sjóðsins og það svo mjög að ábyrgir aðilar gera sér ljóst að stefnt getur í gjaldþrot þessa sjóðs áður en mjög langt um líður. Þannig vill til að hæstv. félmrh. hefur gengið fram í því að benda á þessa staðreynd, þannig að það hefur legið fyrir að óhjákvæmilegt væri að taka á þessum vanda því að auðvitað getur enginn sjóður árum saman borið slíkan vaxtamun sjálfur og ekki er lengur upp á ríkissjóð að hlaupa í því efni því að framlögin úr ríkissjóði hafa verið stórskert í tíð núv. ríkisstjórnar. Það hefur því legið fyrir, virðulegi forseti, að óhjákvæmilegt væri að taka á þessu máli með einhverjum hætti. Auðvitað væri það æskilegast, auðvitað væri það eflaust það sem allir helst kysu, að vextirnir af lánunum sem Byggingarsjóðurinn tekur sjálfur mundu lækka þannig að þessi vaxtamunur minnkaði eða hyrfi jafnvel alveg, jafnvel þannig að þessi sjóður hefði smávaxtamun sér í hag eins og er nú um flestar lánastofnanir. En því hefur ekki verið að heilsa. Þess vegna er óhjákvæmilegt og hefur blasað við að taka þyrfti á þessu vaxtavandamáli hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Hæstv. núv. félmrh. hefur hins vegar veigrað sér við því að gera það og það er kannski skiljanlegt að mörgu leyti vegna þess að slíkar ákvarðanir eru óvinsælar, það er ekki líklegt til vinsælda að hækka vexti á lánum sem þessum. En í þessum efnum er ekki bara spurt um vinsældir, virðulegi forseti. Það er líka spurt um þá ábyrgð sem menn bera á sjóðum sem þessum og þá ábyrgð sem fylgir því starfi sem fólk hefur tekið að sér.

Hæstv. félmrh. hefur sem sagt ævinlega skotið sér undan því að taka á þessu vaxtavandamáli þar til núna í desember sl. en þá var það gert með þeim hætti að við flm. þessa frv. teljum að það standist ekki núgildandi lög, að það hafi verið gert með þeim hætti að það brjóti í bága við ákvæði núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins af þeim ástæðum sem ég áður gat um. Reyndar tel ég mig hafa vissu fyrir því að það hafi ekki verið upphafleg áform hæstv. félmrh. að svona væri að málum staðið, heldur hafi áform ráðherrans verið það að láta hér eitt yfir alla ganga innan sama lánaflokks. En ástæðan fyrir því að það var ekki gert mun vera sú að í tengslum við húsbréfafrv. á síðasta þingi var gert samkomulag við Kvennalistann, aðila sem ekki stendur að núverandi stjórnarsamstarfi, um að koma því frv. hér í gegnum

þingið, þ.e. frv. um húsbréf. Það samkomulag sem þá var gert snerist að vísu að litlu leyti um húsbréf, mjög litlu leyti, heldur um ýmsa aðra þætti, suma innan húsnæðismála og aðra ekki, og eitt af þeim atriðum sem þar var um samið og liggur fyrir skjalfest í þingtíðindum var það að ekki skyldi hækka vexti á lánum frá Byggingarsjóði ríkisins hjá þeim sem þegar hefðu tekið slík lán.

Nú er rétt að bæta því við, virðulegi forseti, að í öllum skuldabréfum Byggingarsjóðsins er ákvæði um það að þeir sem taki þessi lán verði að búa við þann möguleika að vöxtunum verði breytt af Byggingarsjóðnum, enda eru um það skýlaus ákvæði í lögunum að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skuli vera breytilegir. En vegna þessa samkomulags sem gert var á síðasta þingi — sem manni hefur skilist á talsmönnum Kvennalistans að hafi nú verið brotið að öllu öðru leyti fram og aftur og í bak og fyrir — þá hafi verið sérstök ástæða til að standa við það samkomulag varðandi þetta eina atriði, endurgjalda stuðninginn frá síðasta þingi með því þó kannski að standa við eitt atriði af þeim sem samið var um milli þessara aðila á sl. vori.

En við flm. þessa frv. teljum að hér sé ekki leyfilega að málum staðið og ekki löglega og viljum hnekkja þessari ákvörðun. Og við teljum að það sjónarmið fái ekki staðist sem liggur á bak við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hinn 5. des., um að það megi færa rök fyrir því að ríkisstjórnin sé ekki bundin af neinum sérstökum reglum um það hvernig og hvenær hækka megi vextina af einstökum lánum Byggingarsjóðsins, við teljum að þetta sé fjarstæða. Og þannig vill til í þessu máli að flm. þessa frv. eru engir aðrir en sjálfur félmrh. sem flutti þetta mál, flutti þessi núgildandi lög á sínum tíma og þekkir þess vegna málið manna best, og formaður félmn. Nd. á þeim tíma, hv. 1. þm. Reykv., sem mælti fyrir nál. um þetta þingmál þegar það var til meðferðar hér í hv. deild. Hverjir skyldu þekkja þetta mál betur en einmitt þessir tveir aðilar? Og ég get bætt því við að sá sem hér stendur, 1. flm., var í vinnuhópnum sem undirbjó þessa lagasetningu á sínum tíma og kannast alls ekki við það úr því starfi að svona sjónarmiðum, sem ég gat um og þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar 5. des. grundvallast á, hafi þar nokkurn tímann verið hreyft. Og það þýðir bara ekki, það er bara ekki boðlegt, að koma síðan hingað inn í sali Alþingis með eitthvert lögfræðiálit og segja nánast sem svo: Það virðist vera vilji löggjafans samkvæmt þessum lögum að binda þessi mál ekkert í neinar reglur.

Ég held að þessir hv. þm. sem ég nefndi, páv. félmrh. og páv. formaður félmn., fari nokkuð nærri um það hver hafi verið vilji löggjafans á þeim tíma. Ég held satt að segja að það fari enginn nær um það en þessir tveir hv. þm., jafnvel ekki hæstv. núv. félmrh. þótt hún hafi setið í félmn. á þessum tíma. Ég tel því ekki að slíkur málflutningur sé raunverulega boðlegur eða að það geti gengið að bera slíkt hér á borð.

Ákvörðunin um þessa vaxtahækkun, um að láta vextina hækka þann 5. des. á þeim lánum sem þá voru óafgreidd og hjá því fólki sem þá hafði lengst staðið í biðröðinni, mismunar milli aðila. Hún er ranglát að því leyti til og hún er líka ranglát vegna þess að núna mun markaðsverð íbúðarhúsnæðis verða breytilegt eftir því hvers konar byggingarsjóðslán hvílir á íbúðunum. Liggur það ekki í augum uppi að þær íbúðir sem hafa áhvílandi lán með þessum hærri vöxtum verða verðminni fyrir eigandann, fyrir seljandann? Þar með er verið að skapa nýtt ranglæti í þessu efni líka og þá þurfa menn á fasteignamarkaðinum að grufla sérstaklega í því hvort lánin á viðkomandi íbúð hafi verið tekin fyrir eða eftir 5. des. sl. Þetta stenst engan veginn að okkar dómi, herra forseti.

Þegar þetta mál var til umræðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar fyrir nokkrum vikum síðan munu ráðherrar Borgfl. hafa lagt fram sérstaka bókun þar sem þeir lögðust gegn málinu en lögðu þess í stað til að vextir af öllum þessum lánum, innan þessa lánaflokks sem hér er verið að tala um, hækkuðu um 0,4% í stað þess að taka út úr lánin eftir 5. des. og hækka þau um 1%. Þetta bókuðu ráðherrar Borgfl. í ríkisstjórninni og aldrei þessu vant tel ég að ráðherrar Borgfl. hafi hitt naglann á höfuðið og lagt skynsamlega til. Ég skal ekki fara í neinar deilur um það hvað hefði átt að hækka lánin mikið, hvort 0,4% hefðu verið nákvæmlega rétta talan eða ekki. Það skiptir ekki meginmáli. Það er talið að sú hækkun hefði gefið Byggingarsjóðnum jafnmiklar tekjur og sú 1% hækkun sem ákveðin var. Aðalatriðið er það að láta eitt yfir alla ganga, að mismuna ekki milli borgaranna með þeim hætti sem gert var.

Þannig liggur fyrir, herra forseti, að það er ekki bara ágreiningur milli einstakra stjórnarþingmanna um þessa ákvörðun, heldur líka innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar, og að ráðherrar eins stjórnarflokksins hafa bókað sérstaklega gegn þessari ákvörðun. Í bókun ráðherra Borgfl., sem birtist í Morgunblaðinu 9. des. sl., sagði svo, með leyfi forseta:

„Sú vaxtabreyting sem félagsmálaráðherra leggur til hefur að okkar dómi ekki við önnur rök að styðjast en þau að þingnefnd sem fjallaði um málið í vor sem leið ályktaði að eðlilegt væri að vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu í 4–4,5% þegar húsbréfakerfið tæki gildi. Enn fremur er vitnað til samkomulags sem þáv. ríkisstjórn gerði við Kvennalistann en þar kemur fram að vaxtabreyting á húsnæðislánum skuli ekki gerð afturvirk."

Þannig liggur fyrir að ráðherrar Borgfl. eru andvígir þessari breytingu og væntanlega þá stuðningsmenn þeirrar hugmyndar sem fram kemur í þessu lagafrv. Það hafa hins vegar fleiri tjáð sig um þetta mál af stjórnarþingmönnum. Hv. 5. þm. Suðurl. sagði í blaðaviðtali út af þessu máli hinn 8. des. sl. að vaxtahækkunin hefði aldrei verið samþykkt í þingflokki Framsfl. Kannski getur formaður þingflokksins staðfest þetta áður en hann hverfur á braut. 5. þm. Suðurl. fullyrðir í blaðaviðtali að þessi vaxtahækkun hafi aldrei verið samþykkt í þingflokki Framsfl. og að framsóknarmenn ætli sér að fá þessari hækkun breytt.

Það er þess vegna ljóst að megn óánægja er með þessa hækkun og kannski ekki bara þessa hækkun,

heldur hvernig að henni er staðið á alla lund hér innan hins háa Alþingis. Það er ekki síst vegna þeirra atriða sem ég hef hér gert að umtalsefni. Þess vegna teljum við flm. einsýnt að það beri nú að breyta lögunum í þá veru sem hér er gert ráð fyrir, hnekkja þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og koma í veg fyrir að sambærilegar ákvarðanir verði teknar í framtíðinni.

Ég hafði hugsað mér að beina hér nokkrum orðum til hæstv. félmrh. í tilefni af þessu máli en mun láta það bíða betri tíma þar sem ráðherrann er ekki hér. Ég vil bara vekja athygli á því í lokin að ráðherrann hefur gjarnan stært sig af miklu og öflugu kynningarstarfi í sambandi við húsnæðismálin í hennar stjórnartíð og mætti þess vegna vænta þess að málgagn hennar, Alþýðublaðið, væri betur að sér um þessi efni heldur en almennt gerist. En því er nú ekki að heilsa, virðulegi forseti, eins og kemur fram í Alþýðublaðinu 23. des. sl. þar sem rakið er í dálknum „Þingmál vikunnar" hvaða mál hafa verið lögð fram á Alþingi þá vikuna, en þar segir að í þessu frv., um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sé lagt til að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði breytilegir. Þingfréttaritari Alþýðublaðsins og málgagns félmrh. virðist ekki vera betur að sér um þetta mál en svo að gera sér ekki grein fyrir því að í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1986 hefur staðið að vextir skuli vera breytilegir. Það er ekkert í þessu frv. sem breytir því. Hins vegar er rétt að fyrsta setning laganna, 48. gr. laganna sem hér eru til meðferðar, 1. gr. frv., hljóðar svo, en það er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum og viðbótin er þriðji málsliðurinn: „Öll lán innan sama lánaflokks skuli bera sömu vexti óháð lántökudegi."

Ég vek nú athygli á þessu, virðulegi forseti, meira kannski í gamni, til þess að sýna fram á að kynningarstarfi félmrh. í sambandi við húsnæðismál ætti kannski ekki síst að beina til blaðamanna Alþýðublaðsins, en það kom í ljós á síðasta þingi að þegar frv. um húsbréf var hér til meðferðar hafði leiðarahöfundur hjá því blaði gersamlega misskilið allt það mál og þau ákvæði sem Alþingi leyfði sér að breyta að ráðherranum forspurðum. Skal ég ekki rifja það upp frekar en vitna til þess sem ég sagði um það mál á síðasta vori.

Ég skal ekki lengja þetta að sinni, virðulegi forseti, en hefði hug á að eiga orðastað við ráðherrann um þetta mál þegar hún sér sér fært að vera hér. Ég hef nú reyndar frestað þessu máli hvað eftir annað til þess að hægt væri að koma því við að ráðherra væri viðstaddur umræðuna, en eitthvað hefur það nú farið úrskeiðis í dag og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Ég legg að endingu til að máli þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv., svo mikið sem við höfum rætt um meginþátt þessa máls. Skoðun kvennalistakvenna er að ekki skuli hækka vexti af þegar teknum lánum. Það samkomulag sem Kvennalistinn gerði við ríkisstjórnina í tengslum við húsbréfafrumvarpið, þ.e. einn liður þess samkomulags, þriðji liðurinn, hljómar svo, með leyfi forseta:

„Vextir af lánum sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd."

Við höfum margsagt það að við teljum ekki rétt að hækka vexti af þegar teknum lánum, ekki síst vegna þess að fólk hefur gert ráð fyrir því að það borgi ákveðna vexti og ákveðnar afborganir af lánum og þykir það þess vegna ekki fært að annar aðilinn, sá sem lánið veitir, geti einhliða hækkað vexti. Í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er gert ráð fyrir því að fólk þurfi að gera ákveðnar áætlanir um afborganir af lánum og meira að segja er heimild fyrir því í lögunum að hafna umsóknum m.a. vegna þess að fólk geti ekki ráðið við afborganir af lánum. Við óttumst það að ef vextir verða nú skyndilega hækkaðir af teknum lánum muni enn fleiri lenda í þeim hópi sem ræður ekki við afborganirnar. Það er þess vegna sem ég er ekki sátt við þetta frv. Að vísu er talað um það í grg. og hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde talaði um það hér í sinni framsögu að hann teldi, að því er mér skildist, nánast óþarfa að flytja frv. Þetta væri meira og minna túlkunaratriði og það væri bara verið að taka af allan vafa um að óheimilt sé að lán innan ákveðins lánaflokks sé með breytilega eða mismunandi vexti. Ég er ekki sátt við þessa túlkun og þar af leiðandi er ég ósátt við þetta frv. og mun ekki styðja það.

Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri, auk þess sem ég vil upplýsa hv. 17. þm. Reykv. um það að samkomulagið sem gert var milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans á síðasta þingi í tengslum við húsbréfafrv. var eingöngu um þætti er vörðuðu húsnæðismál. Það mátti skilja það á hv. 17. þm. Reykv. hér áðan að það væru einhver atriði í því samkomulagi sem ekki tengdust húsnæðismálum. Ég veit ekki við hvað hann átti þar en ég vildi bara upplýsa það að svo er ekki. Allir þeir þættir eru tengdir húsnæðismálum og það var eingöngu þess vegna sem við töldum okkur fært að gera þetta samkomulag, að með því töldum við að við kæmum til móts við það fólk sem færi verst út úr þeirri breytingu sem þar var verið að gera. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. 17. þm. Reykv. að það ekki hefur ekki nema að óverulegu leyti verið staðið við það samkomulag sem þá var gert.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að það er talsvert óeðlilegt í sjálfu sér að hæstv. félmrh. skuli ekki vera viðstaddur þegar þetta mál er rætt, ekki síst þar sem málinu hefur verið frestað hvað eftir annað til þess að koma því við.

Það má kannski einu gilda, en mér finnst ástæða til að bæta örlitlu við þetta mál. Rökin fyrir þessu frv. hafa komið greinilega fram í framsögu hv. 1. flm., 17. þm. Reykv., og hef ég litlu við þau að bæta, en ég vil

aðeins rifja það upp að þegar þetta mál kom upp á sl. hausti kom samstundis upp ákveðin andstaða gegn þessari kröfu félmrh., bæði innan ríkisstjórnarinnar og í stjórnarflokkunum. Og ekki aðeins það, heldur vil ég rifja einnig upp að í húsnæðisstjórn var andstaða mjög hörð gegn þessu máli og raunar meðal aðila sem eru tengdir þessari löggjöf meira en aðrir, þ.e. aðila vinnumarkaðarins, og í þingflokki Framsfl. — það má auðvitað segja um hv. formann þingflokksins, áður en hann fór út úr dyrunum hér áðan, að auðvitað var þögn hans sama og samþykki. Staðreyndin er sú að þegar þetta mál var fært inn í þingflokk Framsfl. frá ríkisstjórninni var ekkert hik á þingflokknum, allir sögðu nei. Því var algjörlega hafnað að þessi ákvörðun félmrh. fengi fram að ganga í þessu formi sem niðurstaðan varð svo um.

Því var haldið fram, sem ég tel að hafi verið skynsamleg niðurstaða í málinu miðað við þau rök sem fram voru sett, að Byggingarsjóður ríkisins væri að fara á hausinn ef hann fengi ekki þessa tilteknu hækkun. Það voru fyllilega rök í málinu að gefinn yrði tími eitthvað fram eftir þessu ári til þess að skoða málið í heild einnig í samráði við aðila vinnumarkaðarins, leita að samræmingu á ákvæðum um vexti í húsnæðissjóðunum báðum miðað við það að tryggja ætti stöðu þeirra sem átti að vera orðin svo bágborin sem haldið hefur verið fram en sem betur fer hefur ekki við rök að styðjast.

Það var alltaf talað um það að eðlilegt væri að sú vaxtabreyting sem gerð yrði yrði látin ná yfir báða byggingarsjóðina. Þá gæti þar orðið um litla hækkun að ræða sem skilaði jafnvel miklu meira inn í sjóðina en þessi takmarkaða aðgerð sem þarna var viðhöfð sem þarf ekki að rökstyðja í raun og veru meira. Þetta er það mesta óréttlæti sem sýnt hefur verið í sambandi við þennan viðkvæma málaflokk.

Á þessa málamiðlun var ekki fallist og félmrh. þvingaði fram sína ákvörðun sem hún hafði í sjálfu sér heimild til samkvæmt gildandi lögum, að taka ákvörðun um þessa vexti, en auðvitað varð ríkisstjórnin að samþykkja það í heild sem hún og gerði. Þessi meðferð málsins er í sjálfu sér mjög óeðlileg, ekki síst þegar það liggur fyrir að svo hörð andstaða var gegn málinu að ekki var þingmeirihluti fyrir því. En vegna ákvæða í gildandi lögum þurfti ekki að bera þetta undir Alþingi og þar af leiðandi varð þessi gerningur að veruleika sem er óeðlilegt í alla staði.

Ég vil einnig rifja það upp að lögin 1986 voru sett í samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og það frv. sem lögin hvíla á var samþykkt hér samhljóða á hv. Alþingi. Í þessum lögum eru alveg skýr ákvæði um meðferð vaxta. Hins vegar gefur þetta frumhlaup, sem ég kalla, sem gert var hér á sl. ári, fullkomna ástæðu til að setja þarna á varnagla þannig að það sé ekki hægt að fremja svona óeðlilega framkvæmd og mismuna fólki eins og þarna er gert eftir geðþótta einhvers ráðherra sem vill hafa sitt fram í viðkomandi ríkisstjórn.

Það er ljóst að umræðan um þetta mál, bæði úti í þjóðfélaginu og hér á Alþingi, á sl. ári sýndi að það er nauðsynlegt að taka þessi mál til meðferðar. Það hefur legið fyrir en ekki verið farið eftir þeim tilmælum að svo væri gert þannig að það fengist einhver heilstæð stefna að því er varðar vexti í húsnæðiskerfinu í heild. Þetta er nauðsynlegt að gera og það verður að ætlast til þess að ríkisstjórnin sýni þann manndóm að færa rök fyrir því hvernig að þessu á að standa til frambúðar.

En ég vil aðeins segja það í lokin að þessi tilvitnun í Kvennalistann er náttúrlega í alla staði óeðlileg, að það skuli vera hægt að skýla sér á bak við eitthvert samkomulag sem hefur verið gert við Kvennalistann um þetta. Það samkomulag var náttúrlega hreint skrípi og var gert hér í einhverju ofboði til þess að knýja fram ákveðið mál sem var í raun ekki þingmeirihluti fyrir hér á Alþingi. Þar á ég við húsbréf í þeirri mynd sem þau eru.

Og ég ætla aðeins að skjóta því hér inn, sem sýnir í hvaða stöðu þessi mál eru núna í Húsnæðisstofnun, að það er komin fram beiðni frá Húsnæðisstofnuninni um það að fá heimild til að fjölga starfsmönnum í stofnuninni, fastráðnum starfsmönnum fyrir utan þessa lausráðnu, upp í 61 fastráðinn starfsmann úr 39 sem núna eru starfandi. Og þetta er rökstutt með því að nú séu komin svo mikil ný verkefni, svo sem eins og ráðgjafardeild og húsbréfadeild og hvað eina, að það þurfi að fjölga fólki. Ég tel að það sé fullkomin ástæða til þess að stöðva þessa þróun meðan verið er að leita að raunveruleikanum í þessum málum. Þegar ráðgjafarstofnun Húsnæðisstofnunar var sett á fót 1984–1985 af þáverandi ríkisstjórn var ákveðið að færa til starfsfólk innan stofnunarinnar til að sinna þessu hlutverki og það var gert án þess að fjölga nokkuð fólki. Það var tekið úr tæknideildinni og fært yfir í ráðgjafardeild og fært milli deilda þannig að það jafnaðist út og þannig hefur þessu hlutverki verið sinnt til þessa dags. Nú kemur skriðan og samkvæmt þessu þætti mér ekki ótrúlegt, ef að þessu verður gengið sem ég vona að verði ekki, að fjöldi starfsmanna í Húsnæðisstofnun yrði brátt orðinn einhvers staðar um 80–90 manns án þess að árangur eða aukin þjónusta komi í ljós í sambandi við reksturinn í heild. Þess vegna er fullkomin ástæða til að stokka þessi mál upp og átta sig á því hvort það er ekki rétt þá að gera miklu róttækari breytingar á húsnæðiskerfinu en til þessa hefur verið gert. Mér sýnist að einhver ákveðin nefnd sem er að störfum sé að setja fram hugmyndir sem hljóta að kalla á þau viðbrögð að það sé þá jafnvel eðlilegt að fela bankakerfinu stóran hluta af húsnæðiskerfinu og stokka upp algerlega það aðstoðarkerfi eða félagslega kerfi sem menn vilja tala um þannig að það yrði þá einhver stjórnskipuð stjórn eða stofnun sem hefði með þetta að gera.

Að sjálfsögðu er þetta ekki tengt þessu máli hér en mér þótti ástæða til að nefna þetta hér því að á fundi sem ég sat í morgun í einni lögskipaðri nefnd kom þessi beiðni fram með miklum látum og kröfum um að það yrði afgreitt samstundis, sem ég að sjálfsögðu í umboði þingsins neitaði. Þetta er eitt af því sem blandast inn í þessi mál, en ég vil eindregið mælast til

þess að þm. átti sig á því að þó hér sé ekki um fyrirferðarmikil mál að ræða, þá er það nauðsynleg breyting meðan núgildandi lög eru við lýði að setja þetta ákvæði inn svo að misvitrir stjórnendur í ríkiskerfinu á hverjum tíma láti sér ekki detta í hug að mismuna þegnunum að því er varðar ákvæðin um vexti í ákveðnum lánaflokkum. Það ætti að vera einfalt mál, en því miður er það það ekki með þeirri ákvörðun sem félmrh. fékk ríkisstjórnina til að samþykkja. Þess vegna legg ég eindregið til að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Umræðu frestað.

Bann við förgun matvæla, 1. umr.

Frv. ÁHE, 285. mál. — Þskj. 517.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um bann við að farga matvælum. Kjarni málsins er sá að banna á að fleygja matvælum á Íslandi, urða þau, brenna, kasta í sjó innan fiskveiðilögsögu, eða í ár og vötn, eða farga þeim á annan hátt hverju nafni sem nefnast.

Duttlungar örlaganna hafa hagað því þannig að nýr flötur kom upp á þessu máli fyrir nokkrum dögum og er enn í brennidepli, en það er að fleygja íslenskum matvælum til útlanda. Við erum núna að fleygja dilkakjöti fyrir um 300 millj. um borð í skip til þess að fleygja því svo endanlega ofan í rúmenska þjóð. Hún hefur hins vegar lýst því yfir að hún vill ekki kjötið og lái henni það hver sem vill að afkomendur blóðsuganna í Karpatafjöllum vilji ekki frosið, þurrt íslenskt kjöt. Það er svo önnur spurning.

Við Íslendingar erum vanir þessu kjöti. Okkur þykir þetta kjöt gott, en frekar en að leyfa okkur að njóta þess á vægara verði en ella eða frítt er kjötinu fleygt til Rúmeníu. Má í þessu sambandi benda á að til er breskur málsháttur sem segir: „Charity begins at home". Vil ég leyfa mér að yfirfæra hann hingað í þingsali á þann hátt að gjafir af þessu tagi er best að byrja að gefa hér heima fyrir, áður en við förum að gera þær að útflutningsvöru.

Það er líka viðurkennt meðal þeirra sem fengist hafa við aðstoð við önnur lönd sem talin eru þurfandi á hverjum tíma að gjafir af þessu tagi koma ekki að fullum notum. Ef við viljum gera vel við þjóð sem við teljum að sé eftirbátur í samfélagi þjóðanna, þá eigum við að hjálpa henni til þess að fóta sig. Við eigum þá að aðstoða hana við að koma upp sínum eigin fjárstofni eða einhverju öðru sem heldur áfram að bera ávöxt í landinu en ekki að vera með þessa sýndargóðmennsku að rétta þeim kjöt sem við erum í vandræðum með hér heima og bíður þess eins að verða fleygt á haugana.

Kunningi minn sigldi lengi á norskum skipum og sagði mér þessa sögu. Seinna kom hann til Nígeríu á íslensku skipi með gjafaskreið og hitti þar gamla skipsfélaga sína sem voru á norska flotanum. Þeirra skip átti að leggja úr höfn daginn eftir og farmur þeirra reyndist vera íslenska gjafaskreiðin sem fara átti á erlendan sölumarkað. Þannig var Nígería í raun aðeins lestunarstaður fyrir brask með gjafavöru frá fjarlægu landi. Þessi hætta blasir alltaf við þegar menn eru að gefa gjafir sem þeir ná ekki að fylgja úr hlaði.

Eins og ég sagði áðan, þá er kjarni þessa máls að það er bannað að fleygja matvælum á Íslandi. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Bannað er að fleygja matvælum á Íslandi, urða þau eða brenna, kasta í sjó innan fiskveiðilögsögu, eða í ár og vötn, eða farga þeim á annan hátt hverju nafni sem nefnast."

Í 2. gr. er nánar útskýrt hvað átt er við með orðinu matvæli í lögunum og í 3. gr. segir m.a.: „Bannað er að farga matvælum skv. 2. gr. til að halda uppi verði þeirra til neytenda, vinnslustöðva, kaupmanna og annarra, eða til að rýma til fyrir nýjum birgðum."

Enn fremur: „Bannað er að farga sjávarafla sem veiddur er af áhöfnum fiskiskipa hvers konar sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða og löndunar hér á landi. Bannið gildir um hvers konar sjávarfang sem berst um borð í veiðiferðum skipanna og allt bendir til að sé boðleg söluvara til íslenskra neytenda eða til útflutnings. Með allan veiddan afla ber að koma að landi."

Og enn fremur segir í 3. gr.: „Á sama hátt er bannað að farga öllum öðrum matvælum nema til að losna við ónýta neyslu- eða söluvöru, enda sé það verk unnið samkvæmt úrskurði heilbrigðisfulltrúa, dýralækna, fiskmatsmanna" o.s.frv.

Í 4. gr. segir: „Ef framleiðandi, ræktandi eða kaupmaður matvæla eða annar leyfishafi stendur frammi fyrir því að birgðir af matvælum hlaðast upp án þess að hann nái að selja þau á frjálsum markaði ber honum að gefa neytendum kost á að bjóða í vöruna á meðan hún er enn söluhæf." Þetta er kjarni málsins. Að matvælum sé ekki fleygt heldur landsmönnum gefinn kostur á að kaupa þau fyrir lítinn pening.

Síðan er 6. gr. um viðurlög og 7. gr. um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er hér lagt fram er sú að að mati flm. er það glæpsamlegt að fleygja mat. Frv. er flutt til þess að sporna við því að matvælum sé fleygt til þess að halda uppi verði og til að koma í veg fyrir að afla sé kastað fyrir borð eða matvælum fargað í öðrum tilgangi en að losna við ónýtan mat. Íslendingar hafa að vísu nóg að bíta og brenna í augnablikinu, en það er stutt síðan matur var munaður hér á landi og það er óvíst hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim efnum. Margt eldra fólk man tímana tvenna í þessu sambandi og þegar það hefur gerst hér á landi, sem því miður er miklu algengara en maður skyldi halda, að matvæli hafa verið ýmist urðuð á öskuhaugum eða fargað á annan hátt. Fjölmiðlar eða aðrir hafa

stundum komist á snoðir um það og almenningur hefur fengið um það vitneskju, þá veit eldra fólk enga stærri synd en að fleygja mat og yngra fólki blöskrar reyndar líka. Hún er rík í þjóðinni, þessi tilfinning, að matvælum eigi undir engum kringumstæðum að fleygja. *Fólk trúir í rauninni hvorki eigin eyrum eða augum þegar því berst þessi vitneskja að það sé verið að fleygja mat, boðlegum mat fyrir milljónir og aftur milljónir, urða hann á haugum án þess að nokkur maður fái notið góðs af honum.*

Vinnslustöðvar og aðrar stöðvar framleiðenda hafa gert þetta eingöngu í því skyni að halda matarverðinu uppi og á þó fólkið nógu erfitt með að kaupa matinn fyrir. Sjálfur hef ég orðið vitni að því í mjólkursamlagi einu hér á landi að í heilan dag stóðu þrír starfsmenn við að *hella niður rjóma, hella niður* fullkomlega boðlegum rjóma af því að dagsetning síðast söludags var um það bil að renna út. Það mátti ekki selja hann næsta dag á eftir. Ég smakkaði á mörgum fernum af þessum rjóma þann tæpa klukkutíma sem ég stoppaði og ég fann ekkert athugavert við rjómann. Þess vegna hlýtur spurningin að vakna: Er ekkert hægt að gera annað við þennan rjóma en að fleygja honum? Það er hægt að frysta rjóma. Það er hægt að geyma rjóma. Það er hægt að gefa einhverjum rjóma. Það er hægt að leyfa einhverjum að njóta góðs af þessum rjóma, ekki bara fleyta rjómann ofan af til þess að halda verðinu uppi þannig að framleiðendur sætti sig við. Verðið á ekki að ráðast af því. Verðið á að ráðast af því sem fólkið vill borga fyrir rjómann, svo einfalt er það nú. Og ef menn treysta sér ekki til þess að framleiða rjóma á því verði, þá verður einfaldlega að kaupa rjómann frá einhverjum öðrum löndum. Svo einfalt er það.

Matvæli eru nefnilega dýr hér á landi, þau eru feiknalega dýr. Ofan á hið háa kostnaðarverð, hið háa framleiðsluverð, kemur ranglátur matarskattur sem er einhver svívirðilegasti skattur sem hægt er að leggja á því að hann bitnar mest á þeim sem minnst mega sín. Matur er nauðsyn. Allar siðaðar þjóðir stefna að því að hafa matvæli ódýr en munaðinn dýran, skattleggja munaðinn. Hafa matinn ódýran og skattleggja eitthvað annað sem er ekki nauðsynlegt til þess að halda lífi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt mjög, en ég vil að lokum segja það að ég viðurkenni fúslega að of mikill matur er jafnslæmur og of lítill matur. Ofát er jafnslæmt og sultur. Best er að sjálfsögðu meðalhófið. Engum manni er heldur gerður greiði með því að fleygja mat ofan í sig eins og því miður er allt of algengt. Menn eru ekki sorpílát. Hér þarf að finna meðalhófið og það finnst best með því að framleiðslan sé aldrei meiri en eftirspurnin, þá þurfum við ekki að fleygja mat. Og ef við stöndum frammi fyrir því að þurfa að fleygja mat, þá verði fólkinu í landinu gefinn kostur á að kaupa þann mat á hóflegu verði eða gefinn maturinn, frekar en að fleygja honum. Alla vega eru þær öfgar að fleygja óskemmdum mat á öskuhauga fjarri því að vera meðalhóf í þessu máli.

Að svo mæltu mæli ég með að þessu frv. verði vísað til allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

51. fundur, fimmtudaginn 15. febr., kl. 10 árdegis.

Myndbandamálið, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 289. mál. — Þskj. 523.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Hinn 22. des. 1986 var að kröfu dómsmrn. allt tiltækt lögreglulið á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og reyndar í Keflavík og Njarðvík líka, sent inn á myndbandaleigur með það í huga að leggja hald á að því er talið var ólögleg myndbönd. Aðgerðum þessum var fram haldið og hald lagt á myndbönd á fimm myndbandaleigum til viðbótar hinn 14. jan. 1987.

Með fyrirspurn þeirri sem ég legg fram til dómsmrh. á þskj. 523 er ég að forvitnast um afdrif þessa máls. Þær spurningar sem ég legg fyrir dómsmrh. eru þessar:

„1. Hve margar eigendur myndbandaleigufyrirtækja voru ákærðir og hve margir voru dæmdir til refsingar í framhaldi af aðgerðum lögreglu í desember 1986 og í janúar 1987?

2. Hve mörg myndbönd voru gerð upptæk í áðurnefndum tveimur aðgerðum?

3. Hve mörg myndbandanna hafa verið gerð upptæk með dómi?

4. Skv. 1. tölul. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 54. gr. höfundalaga, nr. 72 frá 1972, er fyrningartími brota af þessu tagi tvö ár og þar með liðinn. Mun dómsmrh. beita sér fyrir því að myndböndum verði skilað til eigenda í þeim tilvikum sem ekkert hefur verið aðhafst? Ef ekki, má þá búast við því að rannsókn verði haldið áfram og krafa gerð um eignaupptöku eina sér af hálfu ákæruvaldsins?"

Þegar mál þetta kom upp á sínum tíma vakti það áhuga minn fyrir það fyrsta vegna þess að það var dómsmrn. en ekki ríkissaksóknari sem ákvað aðgerðirnar, í öðru lagi vegna þess mikla magns myndbanda sem lagt var hald á í aðgerðunum, í þriðja lagi að aðgerðirnar skyldu hafa verið framkvæmdar undir yfirskini kláms og ofbeldis en raunveruleg ástæða meint brot á höfundarétti.

Þá vakti það undrun mína að út í aðgerðirnar skyldi hafa verið farið án þess að skýr fordæmi dómstóla lægju fyrir um ólögmæti myndbandanna og að kærendur þurftu ekki að sýna fram á umboð rétthafa áður en til aðgerða var gripið. Raunin hefur líka orðið sú að grundvöllur aðgerðanna hefur reynst

ótraustur. Eftir því sem ég kemst næst hafa málin stöðvast í kerfinu m.a. vegna þess að kærendur hafa ekki lagt fram gögn er staðfesta rétt þeirra til myndbandanna.

Virðulegi forseti. Það sem fær mig nú til þess að leggja fram þessa fsp. er ekki það að ég vilji slá rýrð á okkar ágæta réttarkerfi og þá sem stjórna því, heldur vil ég með fyrirspurninni beina þeim tilmælum til ráðuneytisins að leggja ekki út í lögregluaðgerðir nema grundvöllurinn sé traustur og sökin örugglega fyrir hendi.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 523 beinir hv. 5. þm. Reykv. til mín fyrirspurnum í fjórum liðum og fyrsta fyrirspurnin hljóðar á þennan veg:

„1. Hve margir eigendur myndbandaleigufyrirtækja voru ákærðir og hve margir voru dæmdir til refsingar í framhaldi af aðgerðum lögreglu í desember 1986 og janúar 1987?"

Svarið hljóðar á þessa lund: Enginn aðili hefur verið ákærður vegna aðgerða lögreglunnar en einn aðili hefur gengið að dómsátt í sakadómi Reykjavíkur í nóvember 1988 þar sem hann samþykkti að greiða sekt og enn fremur voru allmörg myndbönd gerð upptæk í dómi.

Önnur spurningin var svohljóðandi: „Hve mörg myndbönd voru gerð upptæk í áðurnefndum tveimur aðgerðum?" Í Reykjavík lagði lögreglan hald á 9.198 myndbönd en af þeim var 1.313 skilað aftur eftir skoðun og því eru nú í vörslu lögreglunnar 7.885 myndbönd. Í Kópavogi lagði lögreglan hald á 1.302 myndbönd en af þeim var skilað aftur eftir skoðun 164 myndböndum og því eru nú í vörslu lögreglunnar 1.137 myndbönd. Í Hafnarfirði lagði lögreglan hald á 2.547 myndbönd en eftir fyrstu athugun var 135 myndböndum skilað og eru því 2.412 myndbönd nú í vörslu lögreglunnar. Í Keflavík var lagt hald á 1.915 myndbönd.

Þriðja spurningin var svohljóðandi: „Hve mörg myndbandanna hafa verið gerð upptæk með dómi?" Í áðurnefndri dómsátt fyrir sakadómi Reykjavíkur í nóvember 1988 voru 95 myndbönd gerð upptæk.

Loks er það fjórða spurningin sem hljóðaði svo: „Skv. 1. tölul. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 54. gr. höfundalaga, nr. 72 frá 1972, er fyrningartími brota af þessu tagi tvö ár og þar með liðinn. Mun dómsmrh. beita sér fyrir því að myndböndum verði skilað til eigenda í þeim tilvikum þar sem ekkert hefur verið aðhafst? Ef ekki, má þá búast við því að rannsókn verði haldið áfram og krafa gerð um eignaupptöku eina sér af hálfu ákæruvaldsins?"

Svarið: Ráðuneytið er ekki formlegur aðili að þessum málum og mun því ekki hlutast til um hvort myndböndum verður skilað eða ekki. Hins vegar skal upplýst að í sl. viku tók ákæruvaldið ákvörðun að lokinni rannsókn í einu af myndbandamálunum um að ekki yrði krafist frekari aðgerða í því máli. Líta má svo á að afgreiðsla þess máls tákni það að afgreiðsla annarra mála sem eru til meðferðar vegna kæru um brot á höfundarétti verði með sama hætti og myndböndum í hlutaðeigandi málum skilað aftur.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og ég fagna því sem fram kom í svari við síðustu spurningunni sem er kannski kjarni fyrirspurnarinnar, að það skuli fyrst núna, þremur árum eftir þessar aðgerðir, vera að koma í ljós að myndböndunum verði skilað, viðurkenning á því að þarna hafi verið farið rangt að og að ekki hafi verið tilefni til að fara út í svo miklar og harkalegar aðgerðir sem raun varð á. Brotið sem slíkt er ekki þesslegt að ríkissaksóknari, að því er virðist í dag, líti á það sem stórglæp.

Gleraugnakaup barna og unglinga, ein umr.

Fsp. MálmS, 300. mál. — Þskj. 536.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á þingi veturinn 1988 fluttu þingkonur Kvennalistans frv. um viðauka við lög um almannatryggingar í þá veru að börn, unglingar og ellilífeyrisþegar fengju aðstoð til gleraugnakaupa eftir ákveðnum reglum. Í frv. þessu var vísað til ákvæða í 39. gr. almannatryggingalaga sem kveða svo á að Tryggingastofnun sé skylt að veita styrk til öflunar hjálpartækja sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta. Í samræmi við þessa lagagrein greiðir ríkissjóður fullan kostnað heyrnartækja fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldualdurs og hluta kostnaðar af heyrnartækjum fyrir þá sem eldri eru.

Flm. frv. um aðstoð við gleraugnakaup rökstuddu mál sitt með því að eðlilegt væri að sömu reglur giltu um kaup á aðstoðartækjum vegna fötlunar á sjón og á heyrn. Hvor tveggja þessi fötlun kemur til vegna meðfæddra galla eða af völdum sjúkdóma eða slysa og er viðkomanda ósjálfráð. Markmið frv. var að sjónskertir sætu við sama borð og heyrnarskertir um aðstoð til hjálpartækjakaupa. Ekkert hefur heyrst um afdrif frv. síðan á vordögum 1988 og því hef ég leyft mér á þskj. 536 að beina fsp. til heilbr.- og trmrh. um hvað ráðherra hafi aðhafst í framhaldi af samþykkt Nd. 29. apríl 1988 um að vísa til ríkisstjórnarinnar frv. til laga um almannatryggingar þar sem fjallað er um aðstoð við börn og unglinga til gleraugnakaupa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín fyrirspurn sem hann hefur nú gert grein fyrir. Frv. það sem hér var vitnað til var flutt á 110. löggjafarþingi sem 256. mál. Frv. gerði ráð fyrir því að sjúkratryggingar greiddu allan kostnað við gler og fasta upphæð sem samsvaraði meðalkostnaði við

gleraugnaumgerðir fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri og fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar. Einnig var gert ráð fyrir að aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar fengju greiddan kostnað vegna glerja.

Með nál. heilbr.- og trn. frá 22. apríl 1988 var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar með tilliti til þess að heildarendurskoðun laga um almannatryggingar færi fram og þá er spurt hvað ráðherra hafi aðhafst í málinu.

Ráðherra sendi málið til endurskoðunarnefndar og óskaði eftir að hún tæki afstöðu til tillögunnar þegar hún sendi frá sér lokanefndarálit sitt. Ég hef leitað upplýsinga frá nefndinni sem er nú á lokastigi sinna starfa, þessara endurskoðunarstarfa, og í svari hennar kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Í b-lið 39. gr. almannatryggingalaganna er gert ráð fyrir veitingu styrkja til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta. Í lögunum sjálfum er ekkert um það getið til hvaða hjálpartækjakaupa styrk skuli veita.

Tryggingaráð hefur sett reglur um framkvæmd b-liðar 39. gr. Í þeim reglum er hjálpartækjum skipt í flokka og styrkur greiddur sem ákveðið hlutfall af kostnaði við öflun hjálpartækja. Þegar ákveðið er að taka inn hjálpartæki á hjálpartækjalista Tryggingastofnunar sem styrkur er greiddur út á, þá er það gert að vandlega athuguðu máli og ávallt skoðað hvaða sjúkdómar séu ástæðan fyrir því að einstaklingurinn þurfi á hjálpartækjum að halda. Sjálfsagt má fullyrða að gleraugu séu hjálpartæki. Það er hins vegar svo að tryggingaráð hefur enn ekki treyst sér til að taka gleraugu inn á hjálpartækjalista stofnunarinnar þar sem mörg önnur hjálpartæki sem ekki er síður þörf á að styrkja hafa ekki verið tekin inn á listann. Kostnaður við að bæta gleraugum við þau hjálpartæki sem styrkja skuli hefur ekki verið áætlaður en er vafalítið mjög mikill og um leið yrði að taka fleiri hjálpartæki inn á lista stofnunarinnar. Engar lagabreytingar þarf að gera á almannatryggingalögunum til að hægt sé að veita styrki til gleraugnakaupa. Það er fyrst og fremst ákvörðun tryggingaráðs að ákveða hvort gleraugu skuli flokkast sem hjálpartæki eða ekki.

Nefnd sú sem er að endurskoða almannatryggingalögin telur hins vegar að gleraugu verði að flokka sem hjálpartæki og því eigi að greiða styrki til þeirra sem á gleraugum þurfi að halda eftir ákveðnum reglum þar um. Mun það álit nefndarinnar koma fram í endanlegum tillögum hennar um hjálpartækin þó það kalli ekki á beinar tillögur um breytingar á almannatryggingalögum."

Svo hljóðar það svar og við það vil ég bæta því áliti mínu að ég tel að eðlilegt og nauðsynlegt sé að taka upp stuðning vegna gleraugnakaupa eins og eða hliðstætt því sem kom fram í frv. því sem hv. þm. vitnaði hér til með fyrirspurn sinni. Og ég tel eðlilegt að það mál verði skoðað hið fyrsta ef það er svo að ekki þurfi að gera á þessu lagabreytingu eins og hér kemur fram í þessu svari frá nefndinni. Álit nefndarinnar hljóðar um, að eðlilegt sé að þessi hjálpartæki séu einnig styrkt eins og ýmis önnur. Ég vil hins vegar bæta því enn einu sinni við hér, eins og ég hef reyndar gert nokkuð oft áður, að ég treysti því og veit reyndar að þessu nefndarstarfi er að ljúka og ég mun geta lagt hér inn í þingið nú fyrir vorið frv. að nýjum almannatryggingalögum þó svo að úr því sem komið er séu ekki miklar líkur á að það verði afgreitt fyrir vorið. Kannski tækist að afgreiða það á haustþinginu og þá ætti a.m.k. að vera alveg ljós vilji og hugsun nefndarinnar hvað þennan þátt varðar og vonandi ýmsa fleiri þætti sem hafa verið hér til meðferðar á seinustu þingum og verið vísað til þessarar margumræddu endurskoðunar.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra svör hans og fagna því að heyra um þessi jákvæðu viðhorf nefndarinnar um endurskoðunina en óneitanlega vaknar hjá manni sú spurning, ef ekkert hefur verið í lögunum sem hindrar að þetta hafi verið tekið upp, hvers vegna það hefur þá ekki verið gert.

Það er nú svo að það er að verða áratugur síðan þessi endurskoðunarnefnd hóf störf sín og þingmenn eru óneitanlega orðnir svolítið leiðir á að heyra sífellt vísað til þess að brýnar leiðréttingar sem þeir hafa borið fram, lagafrv. og tillögur um breytingar á almannatryggingalögunum megi alltaf bíða. Það er nefnilega þannig að þeir eiga ekki alltaf sama aðgang að hlutunum hann Jón og hann séra Jón. Hér var lagt fram stjfrv. í vetur á þskj. 260 um breytingu á almannatryggingalögunum og það gekk í gegn eins og skot. Það var samþykkt og afgreitt umtölulaust. Þingmannafrv. um brýn mál hafa hins vegar legið í salti um árabil. Í stjórnarsáttmálanum stendur að þessari endurskoðun átti að ljúka um mitt sl. ár svo að menn eru nú að verða ofurlítið vantrúaðir á að þetta komi nú fram þrátt fyrir góð orð ráðherra. Ekki dreg ég í efa vilja hans til að koma fram nauðsynlegum breytingum á almannatryggingalögunum en það gengur ekki öllu lengur að vísa sífellt í þessa endurskoðun. Menn verða að fara að sjá hana. Þingmenn hljóta að krefjast þess að þetta nýja lagafrv. um almannatryggingalög fari að líta dagsins ljós svo að menn sjái hvaða meðferð þau mál hafa fengið þar sem þeir hafa borið fyrir brjósti á undanförnum árum og lagt fram til leiðréttingar og viðauka við þau annars góðu lög sem við höfum. En það er lengi hægt að bæta það sem gott er.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér skildist á hæstv. ráðherra að það væri jafnvel álitið að það þyrfti ekki lagabreytingar við til þess að setja reglugerð um gleraugu. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að vinda bráðan bug að því að reyna að koma þessum málum í lag. Ég held að ekki geti verið nokkur vafi á því að það sé hægt að flokka gleraugu undir hjálpartæki. Auðvitað er þörfin misjöfn en við þekkjum það að það eru jafnvel tilfelli þar sem öll börn í einni fjölskyldu þurfa að nota gleraugu

frá unga aldri og það segir sig sjálft að þetta er mikill útgjaldaliður fyrir slík heimili og ég tala nú ekki um einnig fyrir aldraða vegna þess að við vitum það öll að gleraugu eru mjög dýr. Þess vegna vildi ég, um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda, 7. þm. Norðurl. e., fyrir að bera fram þessa fsp. og vekja þannig aftur athygli á þessu máli, endilega hvetja hæstv. ráðherra til þess að vinda nú bráðan bug að því að koma þessum málum í höfn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er von að spurt sé: Hvers vegna ekki? Hvers vegna er ekki þetta gert og hvers vegna er ekki hitt gert? Hvers vegna bætum við ekki og höfum ekki enn öflugra tryggingakerfi en við þó höfum í raun í dag? Og við því er svo sem ekki annað svar en það sem kom fram í máli mínu áðan að þessu fylgir auðvitað verulegur útgjaldaauki og tryggingaráð er á hverjum tíma að reyna að meta það og vega hvað beri að hafa forgang, hvað skuli styrkja og bæta og hefur ekki enn treyst sér til þess að taka þennan þátt inn á hjálpartækjalistann sem styrkt er samkvæmt. Endurskoðunin, eins og að henni hefur verið staðið, hefur að hluta til miðað að því að þó að nýir þættir væru teknir inn í tryggingalöggjöfina sem bótaskyldir væri reynt að skoða það hvort aðrir þættir, sem í dag eru bættir, gætu ekki jafnvel leitt til sparnaðar á einhverjum sviðum og þar höfum við m.a. rætt um tekjutengingu alls lífeyris, en þá umræðu ætla ég ekki að taka upp hér og nú. Það á ábyggilega eftir að koma að því síðar og til frekari umræðu.

Varðandi það að vísa sífellt í þá endurskoðun á lögunum sem í gangi er, þá get ég tekið undir það með hv. þm. og sjálfsagt fleiri þm. en þeim sem bar fram fsp. að ég er líka að verða óttalega leiður á því að endurtaka þetta hér og þess vegna vonast ég til þess, eins og ég sagði áðan, að það styttist nú mjög í það að þessari endurskoðun ljúki og reyndar veit ég að svo er. En að hún hafi staðið í áratug er reyndar ekki rétt. Auðvitað hafa forverar mínir í ráðherrastóli eitthvað verið að láta endurskoða þessi lög en sú endurskoðun sem nú er í gangi hefur þó ekki staðið lengur en tæplega þann tíma sem ég hef setið sem ráðherra vegna þess að ég setti þá þessa nefnd fljótlega í gang, en það hefur nú þegar tekið meira en tvö ár og er það að sjálfsögðu líka langur tími þó það sé ekki og nálgist ekki enn að vera áratugur.

Skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi, ein umr.

Fsp. EG, 314. mál. — Þskj. 556.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Á þskj. 556 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd á samþykkt Alþingis frá 10. apríl 1986 um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi?"

Hinn 10. apríl 1986 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd.

Skipulagið miðist við að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu."

Þessi tillaga var samþykkt í framhaldi af tillögu sem sá er þetta mælir flutti ásamt tveimur öðrum hv. þm., þeim Kjartani Jóhannssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur, og var samþykkt svolítið breytt en í upphaflegu tillögunni var gert ráð fyrir að frv. til laga um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi yrði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi. Það var hins vegar ekki tekið upp í þá tillögu sem endanlega var samþykkt.

Nú er liðinn alllangur tími síðan þessi samþykkt var gerð hér á hinu háa Alþingi og leikur mér því nokkur forvitni á að vita hvað líði framkvæmdinni og hvað dvelji málið og hef því beint þessari fsp. til hæstv. félmrh.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í júní 1986 gerðu Skipulag ríkisins og Biskupstungnahreppur samning við Einar E. Sæmundsen um gerð aðalskipulags fyrir svæðið umhverfis Geysi í Haukadal. Að þessu verkefni hefur verið unnið síðan í samráði við Geysisnefnd og Náttúruverndarráð. Fyrir liggur tillaga sem unnið hefur verið eftir, m.a. þegar íþróttahúsinu var breytt í hótel. Ekki hefur náðst samstaða um þessa tillögu þannig að hægt sé að auglýsa hana samkvæmt skipulagslögum og er ástæðan fyrir því aðallega sú að óvissa ríkir enn um skiptingu lands. Fljótlega verður þó reynt að ná samkomulagi um tillögu sem auglýst verður. Skipulag ríkisins hefur einnig í samvinnu við Náttúruverndarráð, Biskupstungnahrepp og Ferðamálaráð unnið að gerð tillögu að skipulagi þjónustumiðstöðvar við Gullfoss. Tillagan miðaði við að miðstöðinni yrði valinn staður við nýjan Kjalveg þar sem hreinlætisaðstaða verður og bifreiðastæði fyrir hópferðabifreiðar og fleira. Ekki hefur enn fengist endanleg niðurstaða úr þeirri vinnu.

Á vegum Skipulagsstjórnar ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga er nú unnið að gerð svæðisskipulagsáætlana fyrir Grímsnes-, Grafnings- og Þingvallahreppa annars vegar og hins vegar fyrir Hveragerði, Selfoss og Ölfushrepp. Reiknað er með að tillögur

liggi fyrir í byrjun árs 1991. Í þessum svæðisskipulagsáætlunum er lögð mikil áhersla á samgöngumál, ferðamál, náttúruvernd, skógrækt, landgræðslu og sumarbústaði. Hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins er mikill áhugi fyrir því að hafinn verði í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir undirbúningur að svæðisskipulagi sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu, þ.e. Laugardals-, Biskupstungna-, Hrunamanna- og Gnúpverjahreppa. Í því svæðisskipulagi verður lögð megináhersla á samgöngumál, ferðamál, náttúruverndarmál, sumarbústaði o.fl. Í svæðisskipulaginu verður væntanlega jafnframt sýnt fram á tengingu helstu ferðamannastaða á öllu Suðvesturlandi í allsherjar útivistarsvæði íbúa þéttbýlisstaðanna.

Virðulegur forseti. Í tilefni af þeirri fsp. sem hér er til umræðu mun ég óska eftir því við Skipulag ríkisins að umræddri vinnu verði hraðað eftir föngum þannig að skipulagningu svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi verði lokið eins fljótt og kostur er. Ég vænti þess að þessi orð mín hafi svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. greinargóð svör sem ég hefði þó kosið að væru kannski nokkuð á aðra lund. Engu að síður er það gott að það skuli vera í gangi vinna við framgang málsins en ég held að hún hefði svo sannarlega mátt ganga svolítið hraðar fyrir sig. Þó er mér vissulega ljóst að þetta er mál sem kannski er ekki að öllu leyti auðvelt viðfangs. Það ber hins vegar að fagna því að innan skamms muni liggja fyrir tillaga um skipulag þessa svæðis sem verður þá auglýst og kynnt eins og lög gera ráð fyrir. Það er vissulega af hinu góða.

Mín skoðun er hins vegar sú að á þessu svæði eigi að ganga öllu lengra og það eigi að athuga það til hlítar að gera þetta svæði, Gullfoss/Geysissvæðið, að þjóðgarði vegna þess að þetta eru perlur íslenskrar náttúru og ég held að aðgangur og umgangur almennings og þjóðarinnar á þessu svæði verði best tryggður með því að gera svæðið að þjóðgarði. Ég held að það sé mikilvægt og ég er sannfærður um að það mun gerast í framtíðinni. Ég ítreka þakkir til ráðherra fyrir svörin og vona að það gangi eftir sem hún sagði að þessari vinnu verði hraðað vegna þess að það er mikilvægt.

Afnám jöfnunargjalds, ein umr.

Fsp. FrS, 305. mál. — Þskj. 546.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Lög um jöfnunargjald á innflutning voru samþykkt á hv. Alþingi 1978. Jöfnunargjald var lagt á þá tollflokka sem tollar voru felldir niður af vegna samkomulags annars vegar við EFTA og hins vegar við EB. Á öllum stigum málsins, þegar fjallað var um jöfnunargjald, var það alveg ljóst að fella skyldi þetta gjald niður þegar við breyttum okkar skattkerfi og hyrfum frá söluskatti og til virðisaukaskatts. Þetta kom fram ekki einungis í stjórnarfrumvörpum heldur einnig í þingmannafrumvörpum, þar á meðal í frv. sem hæstv. fjmrh., sem þá sat á þingi í efri deild, flutti. Í greinargerð með því frv. var sagt skýrt og skorinort að þetta gjald skyldi fellt niður þegar virðisaukaskattur yrði upp tekinn.

Í lögunum um virðisaukaskatt sem samþykkt voru 1987 er skýrt tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir að jöfnunargjald verði lagt á eftir að virðisaukaskatturinn gangi í garð. Til þess að kóróna síðan allt saman var fyrir ári síðan gerð samþykkt í ríkisstjórninni í tengslum við kjarasamninga þar sem sagt var beinlínis að jöfnunargjaldið yrði hækkað tímabundið úr 3% í 5% en fellt niður þegar virðisaukaskattur kæmi til framkvæmda. Þetta er loforð sem gefið er og kemur fram í bréfi hæstv. forsrh. til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og er dags. 30. apríl 1989, loforð ríkisstjórnarinnar hæstv. í tengslum við kjarasamninga. Hverjar voru svo efndirnar? Efndirnar voru þær að áfram er haldið að heimta inn 5% jöfnunargjald og gert er ráð fyrir því að þetta gjald komi til með að setja í ríkissjóð um 500 millj. kr. Sé það hins vegar reiknað út hve gjaldið ætti að skila miklu inn ef það er lagt á allt árið væri það líklega u.þ.b. milljarður. Af þessum ástæðum, virðulegur forseti, hef ég ákveðið í framhaldi af umræðum sem urðu hér um frv. til laga um breytingu á virðisaukaskattslögum fyrir jól að spyrja hæstv. fjmrh. á þessa leið:

„1. Hvenær á árinu verður jöfnunargjaldið afnumið?

2. Verður hlutfallið óbreytt þangað til gjaldið verður afnumið eða verður það lækkað í áföngum?“

Ef gjaldið er fellt niður allt í einu er eðlilegast að miða við 1. júlí, og í reynd mætti maður halda því fram að svo hlyti að vera, en ef annar háttur á að vera á óska ég eftir að hæstv. ráðherra skýri það hér.

Fjármálaráðhera (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson ber hér fram tvær fsp. Sú fyrri er: „Hvenær á árinu verður jöfnunargjaldið afnumið?“ Svarið við þeirri spurningu er að ekki hefur verið tekin ákvörðun um það, þannig að ekki er hægt að veita svar við þeirri spurningu.

Í öðru lagi er spurt: „Verður hlutfallið óbreytt þangað til gjaldið verður afnumið eða verður það lækkað í áföngum?“ Svarið við þessari spurningu er að ekki hefur heldur verið tekin nein ákvörðun á þessu stigi máls um það með hvaða hætti gjaldinu yrði breytt eða hvort því yrði breytt. Svörin við þessum spurningum liggja því ekki fyrir. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að geta um að mjög mismunandi skoðanir eru á þessu jöfnunargjaldi. Ýmsir telja þetta gott og eðlilegt gjald og til styrktar mikilvægum þáttum í íslensku atvinnulífi. Aðrir hafa á því þær skoðanir sem hv. þm. var að lýsa hér áðan svo að það er nú ekki einhlítt að almenn samstaða ríki

um það að þetta gjald eigi að fella niður. Margir telja að það sé í eðli sínu mjög mikilvægt fyrir ákveðna veigamikla þætti í framleiðsluatvinnuvegum okkar Íslendinga.

Svarið við spurningunum tveimur sem hér eru bornar upp eru á þann veg sem ég hef gert grein fyrir.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Er það ekki dæmalaust að hæstv. fjmrh. skuli koma hér í ræðustól á hinu háa Alþingi og segja að ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um það hvenær gjald skuli fellt niður sem gert var ráð fyrir að yrði fellt niður þegar lög voru samþykkt um virðisaukaskatt og hæstv. ráðherra lofaði í tengslum við kjarasamninga fyrir ári síðan að fellt yrði niður um áramótin þegar virðisaukaskatturinn yrði tekinn upp? Hann ber fyrir sig að menn hafi nú mismunandi skoðanir á því hvort þetta sé góður eða vondur skattur. Staðreynd málsins er sú að þessi lög voru sett á vegna þess að hér var söluskattskerfi og það var öllum ljóst, á öllum stigum málsins, að þetta gjald skyldi fellt niður þegar virðisaukaskatturinn væri tekinn upp.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra og vonast til þess að hann svari því skýrt og skorinort: Hvenær verður tekin ákvörðun um það hvenær þetta gjald eigi að falla niður? Það er alveg ljóst af fjárlögum íslenska ríkisins að gjaldinu er ekki ætlað að vera í núverandi mynd sinni út þetta ár.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna seinni ræðu hv. fyrirspyrjanda vil ég geta þess að þau áhrif söluskattskerfisins sem tengjast jöfnunargjaldinu eru auðvitað enn við lýði fram eftir því ári sem nú er að líða þó að söluskatturinn hafi að forminu til lokið tilveru sinni um síðustu áramót. Þess vegna eru engin einföld og bein tengsl milli þeirrar dagsetningar hvenær söluskatturinn er ekki lengur innheimtur og hvenær áhrifa hans, sem jöfnunargjaldinu er ætlað að tengjast, hættir að gæta.

Í öðru lagi vil ég lýsa þeirri skoðun, sem ég hef reyndar gert áður hér á Alþingi, að ýmsir telja að í viðræðum okkar Íslendinga við Evrópubandalagið sé nauðsynlegt að um leið og við höldum til haga því að innan Evrópubandalagsins eru margvíslegir styrkir til útflutningsatvinnugreina og greina sem eru í samkeppni við íslenskar útflutningsgreinar geti verið skynsamlegt út frá íslenskum hagsmunum að íhuga annars vegar jöfnunargjaldið og hins vegar spurninguna um það hvenær Evrópubandalagið hættir að mismuna og styrkja á sínum vettvangi vegna þess að það er auðvitað enginn frjáls markaður eða frjáls samkeppni ef Evrópubandalagið dælir botnlaust og vitlaust styrkjum í helstu samkeppnisatvinnuvegi Íslendinga en við eigum síðan að vera með algjörlega gjaldalausan og frjálsan innflutning og framleiðslu á öllum sviðum. Það er engin sanngirni í því.

Ég er ekki að segja að þetta sé mín skoðun. Ég er einfaldlega að lýsa því að það eru margir sem hafa haldið þessu fram og það er margt til í þessu sjónarmiði og auðvitað verðum við að halda öllu okkar til haga þegar við setjumst að þessum samningum. Það var m.a. þetta sem ég átti við þegar ég í fyrri ræðu minni benti mönnum á það að tilvera þessa jöfnunargjalds væri ekki alveg eins einföld út frá íslenskum hagsmunum og fyrirspyrjandi vildi vera láta. Ef menn hins vegar eru bara með einhverja orþódoxíu frjálsrar verslunar á vörunum til að mynda sína afstöðu má kannski finna stoð þess sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér í sinni ræðu, en ég hélt nú að við værum fyrst og fremst að hugsa um íslenska hagsmuni, hagsmuni íslenskra framleiðsluatvinnuvega og íslenskra útflutningsatvinnuvega.

Fyrirspyrjandi spurði svo: Hvenær á árinu verður þessi ákvörðun tekin? Ég get ekkert dagsett það hér og nú hvenær sú ákvörðun verður tekin en hún verður tekin á árinu.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa upplýst hér á hinu háa Alþingi að sú ákvörðun verði tekin á þessu ári að þetta gjald verði fellt niður. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og ég er honum auðvitað þakklátur fyrir að segja það hér og nú þótt það hefði verið fróðlegra að fá að heyra hvenær nákvæmlega það mundi gerast.

Ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að ég bið um að fá að gera hér örstutta athugasemd er ekki þær skoðanir sem hæstv. ráðherra reifaði, sem ég er ósammála og við höfum rætt áður hér, ég tel að íslenskir hagsmunir og fríverslun fari saman, heldur hitt að hæstv. ráðherra sagði að áhrifin vegna uppsafnaðs söluskatts væru ekki úr sögunni og þess vegna óeðlilegt að leggja gjaldið af strax. Þá er eðlilegt að spurt sé og nú getur hæstv. ráðherra gefið alveg skýr svör: Er þeim fjármunum sem nú innheimtast með jöfnunargjaldi, 5% frá áramótum, varið til þess að greiða uppsafnaðan söluskatt af framleiðslu iðnvarnings frá síðasta ári?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú setja þeir hv. fyrirspyrjandi og hæstv. ráðherra forseta í nokkurn vanda. Báðir hafa talað tvisvar og hv. fyrirspyrjandi fékk að gera athugasemd. Ég hlýt að veita hæstv. ráðherra sama leyfi en sú athugasemd verður að vera stutt.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég kem nú bara upp af því að ég var spurður í þessari stuttu athugasemdaræðu. Ég hafði enga athugasemd að gera við ræðu hv. þm.

Svarið er einfalt: Þessum tekjum er ekki varið til þess að greiða uppsafnaðan söluskatt á þessu ári. **(Gripið fram í:** Frá sl. ári.) Já, já, frá sl. ári. Þeim er ekki varið til þess. Hins vegar, eins og hv. þm. veit, var bætt við 350 millj. í fjáraukalögum í desembermánuði sl. sem komu til greiðslu fyrir síðustu áramót til viðbótar við það sem áætlað var í fjárlögum fyrir 1989 af uppsöfnuðum söluskatti. (Gripið fram í.)

Nei, það er ekki vegna fisks. Iðnaðurinn hefur fengið ákveðinn hluta af þeim greiðslum og aðrar þær greinar sem hafa notið slíkra greiðslna.

Starfræksla H1-heilsugæslustöðva, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 315. mál. — Þskj. 557.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. heilbrrh. tveggja spurninga í þessari fsp.:

„1. Hvað hefur heilbrrh. gert til að tryggja að H1-heilsugæslustöðvar séu starfræktar með eðlilegum hætti?

2. Eru laun lækna á H1-heilsugæslustöðvum lægri en ef þeir væru starfandi á H2-heilsugæslustöð?"

Ég tel að ekki sé nóg að hafa skráð í Lagasafni Íslands að á þessum og hinum staðnum skuli starfrækt H1-heilsugæslustöð ef æðstu yfirmenn gera sér ekki grein fyrir því að þessar stöðvar verður að manna. Lengi vel var þannig staðið að mönnun læknishéraða á Íslandi, ef með þurfti, að það var skylda og hluti af því sem læknakandídatar urðu að gangast undir að sinna þar læknisskyldu vissan tíma. Og ég veit ekki betur en að íbúar þessara svæða séu allir skyldugir að íslenskum lögum til að greiða skatta til Háskóla Íslands til að mennta þá sem þar stunda nám í læknisfræði og ég vil hafa þessar skyldur gagnkvæmar ef með þarf.

Hitt nær náttúrlega engri átt, ef rétt er, að með launagreiðslum sé svo mismunað þeim sem starfa við H1-heilsugæslustöðvar gagnvart hinum sem vinna við önnur læknisstörf í landinu að það sé ástæðan fyrir því að menn komi sér hjá því að sækja um þessi störf og sinna þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur hér beint til mín fsp. sem hann hefur gert grein fyrir og er í tveimur liðum.

Fyrri liðurinn er: „Hvað hefur heilbrrh. gert til að tryggja að H1-heilsugæslustöðvar séu starfræktar með eðlilegum hætti?"

Heilbrrh. hefur gert allt sem lög heimila til að tryggja það að H1-heilsugæslustöðvar séu starfræktar með eðlilegum hætti. Í landinu eru átján H1-heilsugæslustöðvar. Af þeim eru ellefu í nýbyggðu eða nýkeyptu og endurbættu húsnæði. Á tveimur stöðum er verið að byggja húsnæði sem lokið verður við á næsta ári og á fimm stöðum eru H1-stöðvar í eldra húsnæði sem þó hefur verið lagfært og endurbætt mjög verulega á síðustu árum.

Hvað varðar tækjabúnað stöðva hefur hann stöðugt verið í uppbyggingu og víðast hefur tekist að ná þeim tækjastaðli sem Læknafélag og landlæknisembættið telja að þurfi að vera á þessum stöðvum.

Hvað varðar mönnun stöðva hefur hún undanfarin ár víðast hvar gengið vel. Hjúkrunarfræðingar hafa yfirleitt fengist til starfa á H1-stöðvum og oft til lengri tíma, en tvær undantekningar hafa verið frá þessu, á Þórshöfn og á Þingeyri.

Það hefur gengið vel einnig að manna H1-stöðvar læknum þó að nokkuð hafi brugðið til verri vegar nú síðustu tvö árin. Læknar hafa yfirleitt setið til langframa á þessum stöðvum en undantekningar frá þessu eru þó hinar sömu stöðvar, þ.e. á Þingeyri og á Þórshöfn, og nú síðustu tvö árin á Flateyri. Á stöðinni á Raufarhöfn hefur ekki setið læknir mjög lengi en þeirri stöðu er nú gegnt frá Kópaskeri þar sem læknir situr og er það með góðu samkomulagi við heimamenn.

Sl. ár hafa læknar yfirleitt dvalið stuttan tíma á Þórshöfn en þess á milli hafa læknar á Vopnafirði sinnt þar læknisstörfum og hafa meginhluta sl. árs verið ráðnir tveir læknar á Vopnafjörð, m.a. vegna þessa ástands. Þar sem verst hefur gengið að fá lækna til starfa er, eins og fyrr sagði, á Þingeyri og Flateyri og þar virðist ekki lausn í sjónmáli, að fá lækni til lengri dvalar eins og sakir standa.

Með vísun til þessara upplýsinga tel ég að tekist hafi, eins og sagt var fyrst, að halda starfi H1-heilsugæslustöðva, er á heildina er litið, með nokkuð eðlilegum hætti en því miður eru þarna á undantekningar sem reynt er að bregðast við á hverjum tíma, m.a. með því að fá lækna til þess að sitja þar skamman tíma í senn og má nefna það að meira að segja landlæknir hefur sjálfur hlaupið þar í skarðið öðru hvoru.

Seinni liður fsp. var: „Eru laun lækna á H1-heilsugæslustöðvum lægri en ef þeir væru starfandi á H2-heilsugæslustöð?"

Hvað varðar laun lækna eru föst laun lækna á H1-stöðvum hærri en laun lækna á H2-stöðvum, enda hafa þeir stöðuga vaktskyldu. Heildarlaun lækna fara hins vegar að verulegu leyti eftir fjölda íbúa í læknisumdæminu og þar sem fámenn umdæmi eru eru laun lækna verulega lægri en þar sem fjölmenni er. Af þessum ástæðum eru laun lækna t.d. á Þingeyri og Flateyri lægri en á öðrum H1-stöðvum og getur það að sjálfsögðu átt og á vafalaust nokkurn þátt í því að erfiðlega hefur gengið að manna þessa staði.

Af hálfu ráðuneytisins, landlæknisembættisins og læknasamtakanna er nú unnið að því að endurskoða kjör lækna á H1-heilsugæslustöðvum með hliðsjón af þeim launum sem læknum eru greidd á sjúkrahúsum, en öll samningamál þar að lútandi koma að sjálfsögðu í hlut fjmrn. þegar lengra kemur.

Svo sem kunnugt er hefur læknadeild Háskóla Íslands takmarkað þann fjölda kandídata sem útskrifast á hverju ári og kemur það glögglega niður á læknisþjónustunni á heilsugæslustöðvum í landinu nú þegar því að 36–40 læknakandídatar sem útskrifast árlega fylla ekki einu sinni þær kandídatsstöður sem til eru á sjúkrahúsunum og með vaxandi fjölda kvenna í þessum hópi, sem lítið hafa leitað út til heilsugæslunnar, er fyrirsjáanlegt að framboð lækna

til heilsugæslustöðva muni minnka á næstu árum, að öllu óbreyttu.

Ég hef því hugleitt að nauðsynlegt muni reynast að taka á ný upp starf læknakandídata á heilsugæslustöð sem nauðsynlegan þátt í námi þeirra til þess að öðlast lækningaleyfi, en til þess að það geti orðið þarf að breyta reglugerð um lækningaleyfi og sérfræðileyfi og lög þar að lútandi eru á þann veg nú að læknadeildin er ákvarðandi um þetta fyrirkomulag.

Í ráðuneytinu eru nú í undirbúningi breytingar hvað þetta varðar, bæði á lögum og reglugerð, til þess að bregðast megi við svo sem hér hefur verið lýst og ég vona, ef það tekst, bæði hvað varðar hugmyndir um námið, að það sé nauðsynlegur hluti þess að læknakandídatar starfi á heilsugæslustöð, svo og einnig um breytt fyrirkomulag launa, að þá muni okkur takast að snúa þarna vörn í sókn og að á næstunni muni ganga betur að manna þessar einmenningsstöðvar, en það er rétt eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta er að sjálfsögðu óviðunandi ástand.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans. Ég vil bæta því við að ég tel að sú skylda hvíli á heilbrrn. og hæstv. ráðherra að leggja til lagabreytingar hér á Alþingi, ef þess þarf með, til að knýja fram lausn á þessu máli. Ég gæti sagt hér eitt og annað varðandi ástæðuna fyrir læknisleysi á Flateyri, en kannski er það nú svo að skynsamlegra sé að vera ekki að rifja þau mál upp en þá voru mín varnaðarorð að engu höfð og hefði verið nær fyrir heilbrrn. að gá að sér á sínum tíma en að stefna því máli í þá ófæru sem það fór í. Ég hins vegar þakka heilbrrh. fyrir hans svör og þó sérstaklega fyrir það að hann lýsir því yfir að ástandið sé óviðunandi og á því verði að taka.

Aðgerðir vegna tillagna nauðgunarmálanefndar, ein umr.

Fsp. GA, 317. mál. — Þskj. 559.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Þessa till. höfðu þingkonur Kvennalistans lagt fram í kjölfar fsp. frá Kvennalistanum en svör við þeirri fsp. gáfu til kynna að úrbóta væri sannanlega þörf í þessum efnum, sérstaklega hvað varðar rannsókn og meðferð nauðgunarmála en einnig og ekki síður hvað varðaði alla meðferð brotaþola.

Eftir samþykkt till. skipaði þáv. dómsmrh. Jón Helgason nefnd í júlí 1984. Í henni sátu Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur, Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi og sú sem hér stendur.

Nefndin vann af alúð að því verkefni sem henni var gefið og skilaði rannsóknarskýrslum ásamt ítarlegum tillögum til úrbóta í október 1988 í skýrslu sinni sem prentuð var í byrjun árs 1989. Þetta er viðamikil skýrsla upp á 361 síðu, og ég veit ekki til þess að henni hafi t.d. verið dreift til þingmanna enn. Síðan er liðið um eitt ár og fjórir mánuðir og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ýta á eftir málinu utan þings hefur litlu þokað. Á meðan verður ekkert lát á brotum og vandi brotaþola í kynferðisafbrotamálum er jafnbrýnn og áður og ekki er hægt að bíða lengur eftir úrbótum. Ég hef því kosið að bera fram fyrirspurnir til fjögurra ráðherra til þess að krefja þá svara því framkvæmd málsins er svo sannarlega nú á ábyrgð þeirra og verður ekki lengur unað við aðgerðarleysi. Í dag munu tveir ráðherrar svara fyrirspurn um málið, þ.e. hæstv. heilbrrh. og hæstv. dómsmrh. en hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. munu svara síðar.

Í tillögum nefndarinnar var lögð mikil áhersla á mikilvægi þess að fræða allt það starfsfólk sem þarf að annast brotaþola í nauðgunarmálum. Er það ekki síst vegna sérstöðu kynferðisbrota og alvarlegra áhrifa þeirra á tilfinningar og sálarlíf þeirra sem fyrir verða. Enn fremur gerði nefndin ítarlegar tillögur um neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisbrota, líkamsárása og annarra ofbeldisbrota í stað þeirrar ófullkomnu og lítt samræmdu þjónustu sem nú er að fá. Tillögur nefndarinnar voru sniðnar eftir óskum sem komu fram í viðtalskönnun við brotaþola og einnig að fyrirmyndum erlendis frá, en þar hafa víða verið gerðar róttækar breytingar á sl. áratug.

Ég hef því leyft mér að bera fram fyrirspurnir til hæstv. heilbrrh. um aðgerðir vegna tillagna nauðgunarmálanefndar á þskj. 559, sem ég mun ekki lesa upp nú en vænti góðra svara frá hæstv. ráðherra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur hér borið fram til mín fsp. um aðgerðir vegna tillagna nauðgunarmálanefndar í þremur liðum og undirliðum, ítarlega fyrirspurn.

Og það er sannast sagna, eins og reyndar fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, að þessi skýrsla hefur lítið verið til umfjöllunar. Nauðgunarmálanefnd var sett á laggirnar í júlí 1984 eftir samþykkt Alþingis á þáltill. þess eðlis að dómsmrh. yrði falið að skipa nefnd fimm manna sem kannaði hvernig háttað væri rannsókn á meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum. Nefndin mun hafa skilað áliti til dómsmrh. á árinu 1988 og nál. var gefið út sem skýrsla á vegum dómsmrn. 1989. Heilbrrn. átti engan fulltrúa í þessari nefnd.

Tillögur nauðgunarmálanefndar hafa það ég best veit lítið verið til umfjöllunar og engin formleg ákvörðun verið tekin um hvernig og að hve miklu

leyti skuli framfylgja þeim en þeim fylgja á ýmsum sviðum veruleg útgjöld. Þær fyrirspurnir sem bornar eru hér fram um framkvæmd þessara tillagna eru auðsjáanlega byggðar á því að ákvörðun hafi verið tekin um að framfylgja tillögunum. Í heilbrrn. hefur enn sem komið er lítil sem engin umræða farið fram um þann hluta tillagnanna sem að því ráðuneyti snúa og við gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 1990 var þess vegna af hálfu ráðuneytisins ekki gerð nein tillaga sem snertir framkvæmd málsins.

Hins vegar hefur það komið fram að við meðferð frv. til fjárlaga á sl. hausti gerði fjmrh. tillögu um stöðuheimild á Borgarspítala fyrir hjúkrunarfræðing vegna þessa máls en stjórn Borgarspítala mun aldrei hafa um málið fjallað og hefur eftir því sem best er vitað ekki tekið neina afstöðu til tillagna nauðgunarmálanefndar. Með vísun til þessa sem sagt hefur verið hér að framan verða svör við fyrirspurn hv. þm. svohljóðandi:

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvað hefur verið gert til að auka fræðslu í grunnnámi heilbrigðisstétta um kynferðisbrot, áhrif þeirra á brotaþola og meðferð þeirra?" Í þeim skólum sem heilbrrn. hefur afskipti af hefur fræðsla í grunnnámi ekki verið aukin um kynferðisafbrot en ráðuneytið getur ekki svarað fyrir meginhluta skóla heilbrigðisstétta því að þeir heyra og falla undir menntmrn.

Í öðru lagi er spurt: „Hafa verið haldin sérstök námskeið um kynferðisbrot fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og hefur slík fræðsla verið tekin upp sem hluti af reglubundinni endurmenntun heilbrigðisstarfsfólks?" Svar við þessari fsp. er að engin sérstök námskeið um kynferðisafbrot hafa verið haldin fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og engar ákvarðanir verið teknar um að taka slíka kennslu upp sem hluta af reglubundinni endurmenntun.

Í þriðja lagi er síðan spurt: „Hvað hefur verið gert til að koma á fót neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgana og annarra kynferðisafbrota eins og nauðgunarmálanefnd lagði til í skýrslu sinni er skilað var í október 1988?" Í undirliðum er spurt: „a. Hvar hefur neyðarmóttökunni verið valinn staður? b. Hefur starfsfólk verið ráðið sérstaklega að neyðarmóttöku og það undirbúið undir starf sitt þar? c. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tengja starf neyðarmóttökunnar starfi annarra þeirra sem annast brotaþola í nauðgunarmálum og öðrum kynferðisbrotamálum?" Og sem svar við þessari ítarlegu spurningu er nú því miður svo að afstaðan til þess hvort og hvar neyðarmóttakan fyrir fórnarlömb nauðgana og annarra kynferðisafbrota verði hefur ekki verið tekin. Svo sem fyrr sagði er ein stöðuheimild í fjárlögum til Borgarspítala vegna slíkrar móttöku en sú stöðuheimild hefur enn ekki verið notuð.

Það verður að segjast að það er reyndar slæmt að svo ítarlegt nefndarstarf og svo ítarleg skýrsla skuli ekki hafa fengið ítarlegri og betri umfjöllun heldur en þessi svör bera með sér. Málið hefur hins vegar nýlega verið tekið upp í ríkisstjórninni að frumkvæði hæstv. dómsmrh. og þar falið fjórum ráðherrum að taka til frekari meðferðar og umfjöllunar. Við hæstv. dómsmrh. höfum síðan átt fund um málin sem að okkar ráðuneytum lúta sérstaklega og hvernig framfylgja megi eða koma af stað a.m.k. vinnu til þess að framfylgja ýmsum góðum tillögum sem fram koma í þessari skýrslu og ég vænti þess að þessu sögðu að frekari ákvarðana um framkvæmd mála í samræmi við skýrsluna og þetta mikla og ítarlega nefndarstarf sé því að vænta innan tíðar, en umræða hefur verið lítil og ákvarðanir engar fyrirliggjandi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra og ég þakka reyndar svör hans að það er náttúrlega til háborinnar skammar að ekki skuli hafa verið meira gert. Þótt málinu hafi ekki verið hreyft hér á þingi með opinberum hætti, þá hefur svo sannarlega verið ýtt á eftir því inni í kerfinu, bæði innan ráðuneyta og í viðtölum við einstaka ráðherra og embættismenn ráðuneyta. Og miðað við það hvað þessi vandi hefur í raun verið mikill innan heilbrigðisgeirans þá er óskiljanlegt að ekki hafi verið brugðist við þessum tillögum til úrbóta, jafnvel þó að ég viti vel að málið var kannski fyrst og femst á ábyrgð dómsmrh. Ég hef reyndar lagt fram fsp. til hæstv. forsrh. um það hver beri ábyrgð á stefnumörkun í þessum málum og síðan á aðgerðum til framkvæmda og þá sérstaklega til að leita þeirra úrbóta sem margar hverjar liggja í tillögugerð nefndarinnar.

Það hefur verið vandi í mörg ár að tryggja brotaþolum í kynferðisbrotamálum viðunandi læknisskoðun og meðferð. Þetta hefur verið á hrakhólum í heilbrigðiskerfinu. Ég komst að því þegar það féll í minn hlut í nefndinni að kanna hvernig aðstæður væru í heilbrigðiskerfinu til þess að liðsinna brotaþolum í kynferðisbrotamálum. Ég hlýt þó að fagna því ef nú hefur verið tekið upp frumkvæði innan ríkisstjórnarinnar til að sinna þessum málum því að það má segja að vegna vanrækslu standa þau býsna illa. Og ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir hæstv. ráðherra að kynna sér feril þessara mála og stöðu, t.d. hjá Kvennaathvarfinu og hjá rannsóknarlögreglunni og hjá þeim aðilum í heilbrigðiskerfinu sem hafa sinnt læknisskoðunum og meðferð. Það mundi færa þeim heim sanninn um það að þessum úrbótum þarf verulega að hraða.

Hvað varðar kostnað í sambandi við tillögur nefndarinnar, þá er hann ekkert mjög verulegur. Það var t.d. gerð kostnaðaráætlun vegna neyðarmóttökunnar í skýrslu nefndarinnar. Hún var að vísu lausleg, en það var áætlað að stofnkostnaður vegna neyðarmóttöku mundi vera um 1½ millj. og rekstrarkostnaður, fyrst og fremst laun, mundu verða rúmar 3 millj. á ári því að miðað er við að nýta þá aðstöðu sem fyrir er í heilbrigðiskerfinu. Það er mjög lítil viðbót menntaðs fólks sem þarf til þess að sinna þessum störfum. Það er fyrst og fremst spurning um skipulagningu og samræmingu starfa þeirra sem þegar eru fyrir í kerfinu og þá menntun þeirra til þess að taka á þessum málum. Ég vona innilega að menn taki sig nú saman

og reyni að hrinda í framkvæmd einhverjum þessara góðu tillagna því að þær eru svo sannarlega þess verðar að þeim sé sinnt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Eins og reyndar kom fram í máli mínu fyrr, þá er það rétt að skýrsla þessi og málsmeðferð hefur lítið verið til umræðu í heilbrrn. Og af því að fyrirspyrjandi, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, sagði að það hefði verið mikið ýtt á eftir þessu í ráðuneytum við einstaka ráðherra og aðstoðarmenn þeirra, þá er mér kunnugt um það að nokkuð var fjallað um skýrslu þessa af hálfu aðstoðarmanna þriggja ráðherra á haustmánuðum en einnig þar var heilbrrn. ekki með í ráðum og ekki með í því starfi frekar en við skýrsluna sjálfa, enda nefndin sem þar er skipuð ekki skipuð skv. tilnefningum frá aðilum heldur valin af ráðherra og starfar á ábyrgð hans.

En einhverra hluta vegna er það svo að þetta mál hefur legið utan garðs í heilbrrn. Ég kannast við það og man eftir því að við hv. fyrirspyrjandi höfum að vísu rætt þetta mál einhvern tíma síðsumars 1989 og svo aftur við fjárlagaafgreiðsluna nú fyrir jólin. Það er rétt að hv. fyrirspyrjandi hefur vissulega spurt mig að því hvað væri að gerast í þessum málum hjá okkur. Þegar við áttum tal saman fyrr á sl. ári eða í fyrra skipti um þetta mál sérstaklega kom í ljós að þessi skýrsla var ekki einu sinni til í heilbrrn., hafði aldrei verið send þangað og aldrei beðið þar um neina umfjöllun og hafði þess vegna ekki verið tekin þar til neinnar meðferðar. Eins og ég nefndi líka áðan, þá var hún þess vegna ekki til umræðu eða tillögur þar að lútandi við gerð eða undirbúning fjárlagafrv. fyrir þetta ár.

Það kom einnig fram í máli hv. fyrirspyrjanda að gert væri ráð fyrir að nýta það sem nú þegar er til í kerfinu af aðstöðu og starfsfólki. Þá er það nú svo því miður að ég hygg að í flestum heilbrigðisstofnunum telji menn sig nú hafa meira en nóg að gera að glíma við þau verkefni sem þar eru fyrir og nýjum verkefnum verði ekki bætt inn öðruvísi en til þess komi a.m.k. aukinn mannafli og kannski einnig bætt aðstaða. Um það ætla ég þó ekki að segja neitt frekar á þessu stigi af því að málið hefur ekki verið skoðað svo.

Ég vil þó geta þess að einn af flöskuhálsunum í heilbrigðisþjónustunni hefur um árabil verið talinn slysavarðstofa Borgarspítalans. Þar hefur verið gríðarlegt álag á starfsfólki sem hefur reynt að gera sitt besta en á seinasta ári komu upp nokkrar athugasemdir, og reyndar líka á árunum þar áður, um þjónustu þessarar deildar. Ég setti því á laggirnar sérstakan starfshóp til að fjalla um starfsemi slysavarðstofunnar og hvernig mætti auka og bæta þjónustu þar. Það komu ítarlegar tillögur fram um það og reyndar náðist nokkuð af þeim inn í fjárlagafrv. og var samþykkt með fjárlögum fyrir þetta ár þannig að ég vonast til að þar megi nokkuð bæta þjónustu. En einnig í þeim tillögum var fyrst og fremst verið að fjalla um þá starfsemi sem þar hefur verið fyrir hvað þjónustustig varðar og hvernig bæta mætti það og auka, en ekki gert ráð fyrir nýrri starfsemi eins og þeirri sem hér er verið að tala um og neyðarmóttaka sú sem hér er rætt um kom aldrei til tals í þeirri nefnd varðandi endurskipulagningu á starfsemi slysadeildarinnar, sem mér skilst að í tillögum nauðgunarmálanefndarinnar sé talinn hugsanlega sá staður þar sem ætti að koma fyrir þessu neyðarathvarfi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þessara ummæla um neyðarmóttökuna. Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega að vissulega var henni valinn kjörstaður á slysadeild Borgarspítalans eftir að nefndin hafði kannað ýmsa aðra möguleika á höfuðborgarsvæðinu. En ég vek athygli hæstv. ráðherra og annarra á því að í könnun nefndarinnar á árunum 1981–1983 kom í ljós að að meðaltali voru kærðar um 25 nauðganir á ári, eitthvað því um líkt. Auðvitað eru nauðganir mun fleiri. Þær eru bara yfirleitt ekki kærðar. Rannsóknir hafa sýnt að það er ekki nema lítið brot af þeim nauðgunum sem raunverulega fara fram sem kemur upp í dagsljósið. Jafnvel þó þær væru eitthvað fleiri, þá yrði meðhöndlun og meðferð brotaþola aldrei nema lítill hluti af daglegu starfi fólks á deild eins og slysadeild. Þess vegna þarf ekki að bæta við mörgu fólki. Það þarf fyrst og fremst að mennta fólk. Það þarf manneskju til að sjá sérstaklega um þessa meðferð en það þarf fyrst og fremst að mennta bæði heilbrigðisstarfsfólk, lögreglumenn og aðra þá sem annast brotaþola í nauðgunarmálum. Þetta er fyrst og fremst spurning um skipulag og samræmingu og um leið og bættur verður húsakostur og aðstæður slysadeildarinnar er enginn vandi að koma þessu fyrir ef vilji er fyrir hendi.

Breytingar á XXII. kafla hegningarlaga, ein umr.

Fsp. GA, 318. mál. — Þskj. 560.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held áfram fyrirspurnum um sama efni í raun, en þessari fsp. er beint til hæstv. dómsmrh. Hún varðar breytingar á XXII. kafla hegningarlaganna sem fjallar um skírlífisbrot eða kynferðisbrot.

Nefndin sem ég gat um áðan gerði tillögur um breytingar á þessum lögum og fylgdi reyndar frv. með tillögum nefndarinnar og greinargerð um þær breytingar. Helstu markmið nefndarinnar með þeim breytingum voru:

1. Að ákvæði um kynferðisbrot verði ókynbundin.
2. Að ákvæði um kynferðisbrot verði samræmd í

anda ríkjandi viðhorfa nú á dögum og með hliðsjón af breytingum annars staðar á Norðurlöndum.

3. Að gleggri skil verði milli verknaðarlýsinga en í gildandi ákvæðum, sérstaklega varðandi mörkin milli nauðgunar og annarrar kynferðislegrar nauðungar.

4. Að refsivernd verði almennt aukin með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir að jöfnuði við samræði.

5. Að refsivernd barna og ungmenna verði styrkt frá því sem nú er.

Þetta frv. var reyndar lagt fram með tillögum nefndarinnar en annað ítarlegra frv. var skrifað sem nefndin sem slík vann ekki, heldur formaður nefndarinnar og ritari sem er deildarstjóri í dómsmrn. Þetta frv. var síðan lagt fram á 111. löggjafarþingi á árunum 1988–1989, en fór til nefndar og hlaut ekki afgreiðslu. Þegar málið var til umfjöllunar hér á þinginu komu fram ýmsar athugasemdir við nokkrar greinar frv. og á fund allshn. Ed. sem hafði málið til umfjöllunar komu fulltrúar Samtaka gegn kynferðislegu ofbeldi, fulltrúar Kvennaráðgjafar, Kvennaathvarfs og afbrotafræðingur sem setið hafði í nauðgunarmálanefnd. Allir þessir fulltrúar skiluðu ítarlegum greinargerðum um skoðanir sínar á málinu og reynslu af störfum í grasrótinni ef svo má segja og lögðu til nokkrar breytingar á frv. þó að allir væru í raun ánægðir með að komnar væru fram breytingar á þessum kafla hegningarlaganna.

Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.:

1. Hyggst hann láta fara fram endurskoðun og breytingar á þessum kafla hegningarlaganna, sem fjallar um kynferðisbrot, í samræmi við athugasemdir og tillögur sem komu fram við þessa umfjöllun síðast þegar málið var lagt fram?

2. Hvenær hyggst dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingar á þessum kafla hegningarlaganna?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 560 hefur hv. 6. þm. Reykv. beint fsp. til mín um það hvort ég hyggist láta fara fram endurskoðun á XXII. kafla hegningarlaganna, sem fjallar um kynferðisbrot, í samræmi við athugasemdir og tillögur sem fram komu við umfjöllun um frv. um sama efni á 111. löggjafarþingi 1988–1989 og hvenær ég hyggist leggja fram frv. til laga um breytingar á þessum kafla hegningarlaganna. Þarna er í raun vísað til þess frv. sem hv. fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni hér er hann lagði fsp. fram.

Í ríkisstjórn hefur verið samþykkt að leggja einmitt þetta frv. fram, sem lagt var fram á síðasta Alþingi, um breytingu á XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að nýju, óbreytt. Ástæða þess að frv. verður endurflutt óbreytt er sú að ágreiningur er um brtt. sem allshn. Ed. barst á sl. ári, þær sem hv. fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni hér áðan. Því tel ég rétt að Alþingi ákveði hvort og þá hvaða breytingar það telji nauðsynlegt að gera á frv. áður en það verður endanlega samþykkt.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og fagna því að nú skuli þetta frv. lagt fram aftur þannig að Alþingi fái tækifæri til að fjalla um það. Ég hefði kosið að tekið hefði verið tillit til þeirra breytinga sem fram komu a.m.k. að einhverju leyti, áður en það hefði verið lagt fram aftur. En það gefst tækifæri til að koma þeim á framfæri við umfjöllun málsins hér. Ég vona að það nái fram að ganga á þessu þingi þó að ég viti vel að tíminn á eftir að fljúga frá okkur þangað til þingi lýkur. Ég mun sannarlega gera mitt til þess að þetta mál nái í gegn og reyni að ná fram þeim breytingum sem ég tel æskilegar á málinu.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins bæta því við að þetta frv. verður lagt fram nú á allra næstu dögum og vitaskuld í sömu deild og það var til umfjöllunar á sl. ári.

Meðferð opinberra mála, ein umr.

Fsp. GA, 319. mál. — Þskj. 561.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held enn áfram með þetta mál því ekki veitir af að ýta við því og aftur vík ég máli mínu að hæstv. dómsmrh.

Í nauðgunarmálanefndinni kom fram að hún taldi nauðsynlegt að lögum um meðferð opinberra mála yrði breytt. Markmið lagabreytinganna sem hún hafði í huga voru fyrst og fremst að draga úr skaðlegum áhrifum brota og málsmeðferðar á brotaþola, tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska og að styrkja refsivörslukerfið í baráttu við refsiverð brot. Þetta voru meginmarkmið tillögugerðarinnar. Þær voru miðaðar við nauðgunarbrot og önnur þau kynferðisbrot sem falla undir verksvið nefndarinnar en flest af því sem lagt er til á í raun einnig við um önnur kynferðisbrot og sumt einnig við ofbeldisbrot almennt.

Ég vil lesa, með leyfi forseta, fsp. þar sem spurt er hvort dómsmrh. hyggist leggja fram frv. til laga um:

1. að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur,

2. að vikið verði frá frjálsu sönnunarmati varðandi fyrri kynferðishegðun brotaþola í nauðgunarmálum eins og þegar hefur verið gert meðal margra annarra ríkja,

3. að tilgreint verði tæmandi í lögum hvenær ákæruvaldið megi falla frá saksókn í nauðgunarmálum; einnig að sett verði ákvæði um rökstuðning fyrir niðurfellingu í nauðgunarmálum og hverjum hún skuli kynnt,

4. að brotaþoli í nauðgunarmálum öðlist skýlaus-

an rétt til að krefjast þess að með mál verði farið fyrir luktum dyrum,

5. að heimiluð verði skýrslutaka af brotaþola án návistar hins brotlega,

6. að ákveðnar reglur verði settar um fortakslaust fréttabann á persónulegar upplýsingar um brotaþola nema knýjandi nauðsyn sé til þess að birta slíkar upplýsingar opinberlega,

7. að brotaþola/konu verði tryggð greiðsla þeirra bóta, sem dómstólar dæma henni, með því að ríkissjóður greiði henni bæturnar og endurkrefji síðan dómþola.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beinir til mín á þskj. 561 nokkrum viðbótarspurningum. Þar er ég spurður hvort ég hyggist leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar. En í fsp. eru tillögur nefndarinnar um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála raktar.

Ég hef ekki tekið ákvörðun um hvort eða að hve miklu leyti ég hyggst láta semja frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar. Sumar tillögur nefndarinnar um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála hafa talsverð útgjöld í för með sér og um þær, sem og aðrar tillögur nefndarinnar á þessu sviði, eru skiptar skoðanir.

Áður en ég tek afstöðu til þessara tillagna hef ég ákveðið að óska eftir því við réttarfarsnefnd að hún láti mér í té rökstudda afstöðu til þeirra tillagna sem raktar eru í fsp. og í framhaldi af því mun ég taka ákvörðun um framhald málsins.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég vil vegna svara hans benda hæstv. ráðherra og öðrum á að það eru raunar aðeins tveir liðir þessara tillagna sem hafa einhver útgjöld í för með sér. Það er fyrsti liðurinn sem varðar heimild til aðstoðar löglærðs talsmanns fyrir brotaþola og síðasti liðurinn, að ríkissjóður tryggi greiðslur bóta þannig að brotaþoli, konan, þurfi ekki sjálf að eltast við brotamanninn sem oft er ekki borgunarmaður. Það er óþolandi fyrir brotaþola að þurfa sjálf að leita bótanna eða kosta til þess aðstoð lögfræðings. Það er í raun og veru réttlátara að ríkið sjái um þessa greiðslu og sjái síðan um að endurkrefja dómþola. Það eru þessi tvö atriði sem hafa kostnað í för með sér.

Ekkert hinna fimm atriðanna hafa neinn sérstakan kostnað í för með sér svo framarlega sem ég get séð. Það er fyrst og fremst spurning um viðhorf til brotaþola og vernd brotaþola gagnvart bæði fjölmiðlum og öðrum og stuðningur við brotaþola til þess að öðlast sjálfsvirðingu sína á ný. Mér finnst eiginlega einkennilegt að um þetta geti ríkt skiptar skoðanir, þ.e. þessi fimm atriði. Ég get skilið að á niðurskurðartímum hiki menn við að stofna til útgjalda, en þá vil ég benda á að þau eiga bara við þessa tvo liði.

Ég vona að réttarfarsnefnd verði snarari í snúningum en kerfið hefur verið hingað til og verði ekki til þess að tefja e.t.v. góðar fyrirætlanir hæstv. dómsmrh. um að sinna þessum þætti tillagnanna sem ég er viss um að hann hefur fullan hug á.

Skipuleg málsleið fyrir brotaþola í nauðgunarmálum, ein umr.

Fsp. GA, 320. mál. — Þskj. 562.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek nú fyrir síðustu fsp. í þessari lotu sem varðar þetta sama mál og beini henni til hæstv. dómsmrh. Hún fjallar um skipulega málsleið fyrir brotaþola í nauðgunarmálum og fræðslu lögreglumanna.

Í athugun nauðgunarmálanefndarinnar kom fram að konurnar væru ekki síst miður sín yfir því að vita ekki hvernig þær eigi að bregðast við eða hvert þær geti snúið sér til þess að fá upplýsingar, aðstoð eða leiðbeiningar um úrræði. Þetta kom fram í viðtalskönnun og var ljóst af öðrum rannsóknum og könnunum á málinu að kerfið er í raun og veru mjög tregt til upplýsinga gagnvart þeim konum eða einstaklingum sem lenda í kynferðisbrotum. Þess vegna þótti mjög brýnt að koma á skipulegri málsleið þar sem það lægi skýrt fyrir hvert væri fyrsta skrefið og hvert væri síðasta skrefið í málinu, allt frá því að nauðgun hefði átt sér stað og þar til málinu lyki af hálfu réttarkerfisins. Einnig að sjá til þess að vel skipulögð og greið aðstoð væri fyrir hendi á hverju stigi málsins og að fram fari rækileg kynning á málsleiðinni og hvert brotaþola beri fyrst að snúa sér. En slíkt er að sjálfsögðu forsenda fyrir því að aðstoð nýtist.

Ég hafði hér orð um það í upphafi máls míns fyrir öllum þessum fsp. að nefndin hefði lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að allir starfsmenn sem kæmu að því að liðsinna brotaþola og annast þyrftu á rækilegri kennslu og menntun að halda til þess að vera starfi sínu vaxnir. Þess vegna hef ég einnig spurt hæstv. dómsmrh. að því hvort haldin hafi verið sérstök námskeið fyrir lögreglumenn til að fræða þá um kynferðisafbrot og áhrif þeirra á brotaþola og hvort slík fræðsla hafi verið eða verði felld inn í grunnnám lögreglumanna eða tekin upp sem hluti af reglubundinni endurmenntun þeirra.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beinir hér enn fsp. til mín á þskj. 562. Þar er ég spurður hvort ég hafi beitt mér fyrir að koma á skipulegri málsleið fyrir brotaþola í nauðgunarmálum í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar og hvort haldin hafi verið sérstök námskeið fyrir lögreglumenn til að fræða þá

um kynferðisafbrot og áhrif þeirra á brotaþola og hvort slík fræðsla hafi verið felld inn í grunnnám lögreglumanna eða hvort hún verði tekin upp sem hluti af reglubundinni endurmenntun þeirra.

Ég hef kynnt ríkisstjórninni tillögur nauðgunarmálanefndar, eins og raunar hefur komið hér fram fyrr í þessum umræðum eða svörum við fsp. Á þessu stigi hafa ekki verið teknar aðrar ákvarðanir varðandi tillögur nefndarinnar en að endurflytja frv. til laga um breytingu á XXII. kafla almennra hegningarlaga, sem einnig hefur komið fram í þessum umræðum.

Ég tel að beint samhengi sé á milli tillagna nefndarinnar um neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisafbrota og þeirrar skipulögðu málsleiðar sem fsp. þessi beinist að sem og tillagna nefndarinnar um menntun og endurmenntun lögreglumanna. Ég skil tillögur nauðgunarmálanefndar m.a. þannig að það sé ekki síst í verkahring forstöðumanns umræddrar neyðarmóttöku að taka þátt í að skipuleggja umrædda málsleið og að undirbúa og taka virkan þátt í þeirri fræðslustarfsemi sem tillögur nefndarinnar ganga út á.

Ég mun nú á næstunni hafa frumkvæði að frekari úrvinnslu á tillögum nauðgunarmálanefndar, m.a. í samráði við heilbrrh. eins og hér hefur fyrr fram komið, menntmrh. og félmrh. í þeim tilgangi að hægt verði að taka afstöðu til þess að hve miklu leyti og með hvaða hætti hægt er að hrinda tillögunum í framkvæmd. Í þessu sambandi tel ég rétt að minna á, sem hefur raunar einnig komið fram í þessum umræðum, að samkvæmt upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun er á fjárlögum þessa árs fjárveiting fyrir einni stöðu hjúkrunarfræðings til þess að sinna konum er sætt hafa kynferðislegu ofbeldi.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Á langri ævi lærist manni að hætta að vera hissa á skeytingarleysi samfélagsins gagnvart þeim sem minnst mega sín. Ég hef nú samt orðið hissa hérna í dag. Í heilum ráðuneytum eru þessi mál bara ekki rædd, skýrslur sjást ekki, veittar eru stöður á Borgarspítalanum en þær eru ekki notaðar. Og allt finnst mér vera eftir þessu nema hvað það gleður mig mikið að heyra að hæstv. dómsmrh. hefur áhuga á að leggja fram tillögur og vona ég að úr því verði hið fyrsta.

Hér er dreift yfir okkur á Alþingi miklu pappírsflóði, misjafnlega gagnlegu. Hvernig væri ef við fengjum þessa skýrslu eða a.m.k. að okkur væri boðin hún til kaups einhvers staðar í þinghúsinu svo við gætum kynnt okkur þetta betur og þá sérstaklega þeir sem alls ekki gefa sér tíma til að hlusta einu sinni á neitt sem rætt er um þetta hér?

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Það sem fær mig hingað upp eru þær fjórar fsp. sem hv. 6. þm. Reykv. hefur lagt hér fram um nauðgunarskýrslu sem nefnd samdi á þarsíðasta ári.

Til að taka á þessum málum er ekki nóg að breyta hegningarlögunum. Það frv. sem lagt var fyrir á síðasta þingi um það hvernig ætti að breyta XII. kafla almennu hegningarlaganna hefur lítið vægi í þeim efnum. Þar er verið að mæla fyrir þyngri refsingu en ekkert tekið á málsmeðferðinni sem slíkri. Til þess þyrfti að breyta lögunum um meðferð opinberra mála. Þegar málið kom til umræðu í Ed. á síðasta þingi var talað um það af hæstv. dómsmrh., sem þá var Halldór Ásgrímsson, að í kjölfarið mundu fylgja breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Ég held að til að koma þessum málum í viðunandi horf í réttarkerfinu þurfi að taka verulega á þeim lögum um það hvernig staðið skuli að rannsókn þessara mála og einnig hvaða meðferð brotaþolar skuli fá í kerfinu í heild. Ekki aðeins í dómskerfinu heldur líka í heilbrigðiskerfinu. Ég vil þess vegna skora á hæstv. dómsmrh. að taka til athugunar lögin um meðferð opinberra mála með þetta að markmiði.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa komið upp og stutt þetta mál fyrir þeirra þátt í umræðunni og einnig hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans.

Ég vil af því tilefni segja að mikilvægt fræðslustarf hefur verið unnið nú þegar á vegum kvenna í Samtökum gegn kynferðislegu ofbeldi og einnig á vegum kvenna frá stuðningshópi Kvennaathvarfsins við brotaþola í kynferðisbrotamálum.

Þær höfðu fræðslunámskeið í Odda á sl. hausti og ég veit að það sóttu m.a. nokkrir rannsóknarlögreglumenn og voru mjög ánægðir með þá fræðslu. Þær hafa nú þegar fengið til þess nokkurt fé og var það veitt á síðustu fjárlögum reyndar en auðvitað þurfa þær meira.

Ég veit einnig til þess að Rannsóknarlögreglan hefur haft frumkvæði að því að hafa fræðsluerindi á sínum vegum fyrir starfsmenn sína um nauðgunarmál og þeir hafa tekið upp skýrslu eða skýrsluform sem kemur fram í tillögum og skýrslum nauðgunarmálanefndarinnar. Lögregluskólinn hefur einnig haft frumkvæði að því að biðja um þessa fræðslu bæði í fyrra og einnig nú í ár, hygg ég.

Það er rétt sem hæstv. dómsrh. segir, málsleiðin og skipulagning hennar á auðvitað að vera á vegum þeirrar forstöðumanneskju sem sér um að skipuleggja starf neyðarmóttökunnar og samræma starf allra aðila. En það er þó fyrst og síðast nú á ábyrgð ráðherra og ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan: meðan við höfumst ekki að þá verður ekkert lát á brotum. Vandi þeirra sem lenda í slíkum brotum er samur og áður og jafnbrýnn. Það verður ekki lengur unað við aðgerðarleysi í þessum málum. Þess vegna hvet ég og brýni hæstv. dómsmrh., því til embættis hans var skýrslunni skilað, reyndar áður en hann sjálfur varð dómsrh. En það er á ábyrgð dómsrn. að hafa frumkvæði í málinu og fá með sér aðra ráðherra í ríkisstjórninni og aðila í kerfinu sem geta hrundið málum til framkvæmda. Ég vona að þessi umræða

hér og nú hafi orðið til þess að vekja menn til umhugsunar og að vekja með þeim góðan vilja til úrbóta.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Þessi umræða öll sem hér hefur orðið hefur náttúrlega lotið að því fyrst og fremst að hrinda þessu þarfa máli áfram. Ég vil aðeins endurtaka hér í lokin það sem ég áðan sagði. Ég hef ákveðið að eiga að því frumkvæði, eins og ég raunar vék að að hefði þegar verið gert í ríkisstjórninni af hálfu þeirra fjögurra ráðherra sem ég minntist á í þessu sambandi. Varðandi þær ræður aðrar sem hér voru fluttar af hv. 5. og hv. 11. þm. Reykv. þá þakka ég líka þær ábendingar sem þar komu fram. Hv. 5. þm. Reykv. minntist á það að endurskoða þyrfti lögin um meðferð opinberra mála. Það hafði raunar fyrr fram komið í mínu svari og verður vitaskuld gert.

En ég endurtek eins og ég fyrr sagði, ég vil fá álit réttarfarsnefndar á þeim atriðum áður en til þeirrar endurskoðunar kemur.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta að leyfa mér að gera stutta athugasemd. Ég gleymdi í máli mínu áðan að taka undir með hv. 11. þm. Reykv. þegar hún lagði til að dómsmrh. gerði ráðstafanir til að dreifa þessari skýrslu hér á Alþingi, þannig að þeir sem vilja standa saman að því að reka á eftir málinu geti kynnt sér efni skýrslunnar. Ég þakka henni fyrir þessa góðu ábendingu.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Mér varð á sú yfirsjón að gleyma því atriði í ræðu hv. 11. þm. Reykv. um dreifingu skýrslunnar. Vitaskuld verður orðið við þeirri sjálfsögðu ósk.

Flugfélagið Flying Tigers, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 330. mál. — Þskj. 578.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. samgrh. svohljóðandi fsp.:

„Hvað hefur samgönguráðherra gert til að tryggja að flugfélagið Flying Tigers lendi áfram í Keflavík og flug með ferskan fisk til Japans geti haldið áfram ótruflað?"

Markmið mitt með þessari fsp. er fyrst og fremst að fá svar við því hvort samgrh. líti svo á að honum beri að stuðla að því að flugvöllurinn sé sem mest notaður til flugs í þjónustu Íslendinga, til flutnings á fiski og öðru sem við þurfum að koma til útlanda og að það frelsi eigi að ríkja í þessum efnum að menn setji ekki fótinn fyrir þá aðila sem hafa verið að vinna að uppbyggingu á vöruflutningaflugi til útlanda.

Það má alltaf deila um stærð mála. Ég tel að hér sé um gífurlegt stórmál að ræða. Ég tel að á sínum tíma, þegar Íslendingar þurftu að verjast í þorskastríðinu, hafi það ráðið úrslitum að við gátum fundið nýja markaði fyrir okkar vörur. Ég tel að í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir í Evrópu um viðskiptakjör Íslands í náinni framtíð sé stærsta málið hvort við nú vinnum vasklega að því að efla okkar markaði í Asíu til að tryggja að samningsaðstaðan sé á þann veg að við getum samið. Við vitum að fiskeldi í landinu hefur þörf fyrir hindrunarlaust flug og þjónustu frá Keflavík sem tryggi það að hægt sé að koma slíkum afurðum ferskum á markað. Við vitum það einnig að íslenskur sjávarútvegur hefur þörf fyrir slíkt flug. Og síðast en ekki síst, þeir sem hafa staðið í því að skipuleggja þetta vegna hestaútflutnings.

En ég vil ekki ganga á tíma minn. Forseti hefur slegið í bjölluna en sennilega hefði ég átt að kveðja mér hljóðs utan dagskrár í stað þess að vera hér með fsp.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er spurt að því hvað samgrh. hafi gert til að tryggja að flugfélagið Flying Tigers lendi áfram í Keflavík og að flug með ferskan fisk til Japans geti haldið áfram ótruflað.

Ég vil svara með því að rekja í eins stuttu máli og mér er unnt afskipti mín af þessu máli. Í fyrsta lagi veitti samgrn. með bréfi dags. 23. des. 1988 flugfélaginu Flying Tigers, samkvæmt umsókn þess dags. 30. nóv. sama ár, leyfi til fragtflutninga til og frá Keflavíkurflugvelli á eftirfarandi flugleiðum, þ.e. til og frá Frankfurt og öðrum stöðum í Evrópu og til og frá Tókíó, Seoul og Taipei og öðrum stöðum í Asíu handan Anchorage. Samkvæmt þessu bréfi var gildistími réttindanna til ársloka 1989 á Evrópuleiðum en til ársloka 1990 á Asíuleiðum. Og í lok síðasta árs framlengdi ráðuneytið leyfið á Evrópuleiðum til ársloka 1990.

Í öðru lagi féllst ráðuneytið, skv. ósk Flying Tigers, á yfirfærslu flugréttindanna á nafn fyrirtækisins Federal Express Corporation, með bréfi til hins síðarnefnda dags. 23. júní 1989, enda lá þá fyrir frá bandarískum yfirvöldum tilnefning þess í stað Flying Tigers.

Í þriðja lagi. Flugfax, sem er umboðsaðili Federal Express hér á landi, hefur upplýst okkur um umsvif þessa flugs á síðasta ári. Lendingar þessara aðila, Flying Tigers og síðar Federal Express, voru tæplega 200 á árinu 1989, þar af vegna flutninga 49. Flutt voru 435,5 tonn úr landi og til landsins 211 tonn. Í janúar á þessu ári lenti Federal Express 18 sinnum á Keflavíkurflugvelli án þess að ferma og afferma vöru. Þetta fyrirtæki, Flugfax, sem var stofnað 27. des., m.a. í tengslum við fyrirhugaða starfsemi hér á landi, hefur með sinni starfsemi opnað íslenskum útflytjendum tækifæri til að markaðssetja ferskar afurðir í Austurlöndum fjær með auðveldari hætti en áður var mögulegt, og tek ég þar undir áherslur í máli fyrirspyrjanda.

Í fjórða lagi vil ég nefna að allt sem lýtur að afgreiðslumálum fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli er, samkvæmt sérstökum samningi milli Flugleiða og utanrrn., á vegum Flugleiða. Flugleiðir sjá um alla afgreiðslu flugvéla á Keflavíkurflugvelli samkvæmt samningi sem gerður var í lok ársins 1987 af utanrrn. og gildir til ársloka 1992. Það er þess vegna þannig, eins og ég þykist vita að hv. fyrirspyrjanda sé kunnugt um, að afskipti samgrn. af þessu máli takmarkast fyrst og fremst við leyfisveitingar. Þar höfum við gert það sem í okkar valdi stendur og í raun og veru allt sem beðið hefur verið um til þess að auðvelda þessa flutninga. En allt sem lýtur að afgreiðslugjöldum, lendingargjöldum og samingum um afgreiðslu á Keflavíkurflugvelli er á forræði utanrrn. samkvæmt mjög sérstakri skipan mála sem ég ætla ekki að fara að eyða frekari tíma í að rekja. Þannig er nú þessi sérkennilega staða, að það ráðuneyti sem fer með flugmál okkar Íslendinga hefur ekki lögsögu yfir þessum anga þeirra, þ.e. rekstri Keflavíkurflugvallar og öllu sem lýtur að skipan mála og afgreiðslu þar.

Við höfum þó reynt að fylgjast mjög vel með þessu máli eftir sem áður og beitt okkur eftir því sem við höfum haft aðstöðu til til að reyna að leysa ákveðin vandkvæði sem komið hafa upp í samskiptum aðila sem þarna eiga í hlut, vegna þess að við teljum þá þjónustu sem þarna er boðið upp á mjög mikilvæga. Það hefur sýnt sig að þetta hefur auðveldað íslenskum útflytjendum að vinna nýja markaði og sækja fram, ekki síst í Austurlöndum fjær.

Við því sem fyrirspyrjandi spurði svo um í raun og veru munnlega, en liggur auðvitað í fsp., er svarið: Já, samgrn. vill beita sér fyrir því að útflytjendum standi sem flestir möguleikar til boða til að koma sínum vörum á markað. Við viljum að sjálfsögðu gjarnan, sé þess kostur, að slíkir flutningar séu á höndum íslenskra aðila. En þar sem þjónusta er ekki í boði er að mínu mati sjálfsagt að heimila erlendum flugfélögum réttindi hér til flugs og lendinga og það höfum við sem sagt gert. Og ég undirstrika það að í raun og veru eru þau réttindi sem hinum erlendu flugfélögum hafa verið veitt hér að því leyti til nokkuð sérstök að það er ekki mikið um að svokölluð fimmtu réttindi séu veitt með jafnvíðtækum hætti og við höfum gert, einmitt til þess að greiða fyrir þeim möguleikum sem þetta flug hefur opnað íslenskum útflytjendum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svar hans og þó sérstaklega fyrir þá afdráttarlausu yfirlýsingu að hann telur það verkefni samgrn. að vinna að sem frjálsustu flugi til landsins. Það tel ég að sé stórmál sem skipti öllu máli í þessu sambandi. Ég tel að brotið hafi verið blað í möguleikum íslenskra útflytjenda þegar þetta flug hófst. Ég hefði talið eðlilegt að þeir hefðu einnig fengið flugréttindi með flutning til Ameríku að fullu, því við erum með gagnkvæman loftferðasamning í þessum efnum. Og ég ætla að undirstrika eitt. Það eru númer eitt, tvö og þrjú hagsmunir Íslendinga að þetta flug haldi áfram. Þetta eru smámunir fyrir þá aðila sem eiga þessar vélar og reka þessi félög, það eru fyrst og fremst hagsmunir Íslendinga að þetta flug haldi áfram.

En ég vil taka undir það að það kerfi sem nú gildir um lestun flugvéla á Keflavíkurflugvelli og þjónustugjöldin og öll sú uppsetning á gjaldskrá er slíkur fáránleiki að það kallar að sjálfsögðu á það að það mál verði rætt við hæstv. utanrrh. næst þegar hann hefur lendingarleyfi á Íslandi.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Það mál sem hér er til umræðu er afar mikilvægt og ég hygg að almenningur hafi mest fylgst með því í fréttum. Flug Flying Tigers hefur verið mikilvægt vegna tengsla við ný markaðssvæði í Suðaustur-Asíu og víðar í Asíu. Fyrir ýmsa útflutningsaðila er mjög brýnt að fylgst sé náið með þeirri þróun sem þarna er um að ræða.

Það er út af fyrir sig alltaf umhugsunarefni þegar þjónusta er veitt af samkeppnisaðila. Ég vil sérstaklega þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér fyrir og samgrh. fyrir hans svör og taka undir með fyrirspyrjanda að það er mjög nauðsynlegt að einmitt hér á hinu háa Alþingi sé beint fsp. til utanrrh. þar sem hann geri nánari grein fyrir þessum samningum varðandi þjónustugjöldin.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að þakka fyrirspyrjanda fyrir fsp. og taka undir þau orð hans að hér er um gífurlegt stórmál að ræða. Ég held að hér sé um að ræða miklu stærra mál en margir hv. þm. hafa gert sér grein fyrir vegna þess að framtíð okkar veltur að verulegu leyti á því að við getum komið okkar afurðum á markað í Austurlöndum fjær og þar með dregið úr framboði á þá markaði sem við seljum þegar á í dag og komið ferskri vöru á dýrasta markað í heimi, dýrasta markað í heimi sem er Tókíó. Dýrasti fiskmarkaður í heimi er þar. Og þangað eigum við að stefna í vaxandi mæli okkar afurðum.

Ég ég vildi bara undirstrika það að hér er um mikið stórmál að ræða og taka undir það enn og aftur. Hér þarf í fyrsta lagi að gera bráðabirgðaráðstafanir og í öðru lagi einhverjar skammtímaáætlanir og í þriðja lagi langtímaáætlanir um það að við séum samkeppnishæf í þjónustu við flugvélar sem þessar. Því ef við getum gert fragtina ódýrari frá Íslandi til Japans fáum við þeim mun hærra skilaverð til íslenskra afurða sem þýðir auðvitað bætt lífskjör landsmanna. Þetta er slíkt stórmál. Og ég kemst ekki hjá því að minna örlítið á, þrátt fyrir þessa ágætu bjöllu, að til þess að þetta flug, til þess að það verði virkilega spennandi að lenda hér, þá þarf annan jafnstóran flugvöll og flugvöllinn í Keflavík. Vegna öryggisástæðna, til þess að þessar flugvélar þurfi ekki að vera að fljúga með 20 tonn af aukaeldsneyti fram og aftur hér í loftinu. Þá er rekstrarhag-

kvæmni þessara flugvéla yfir landið miklu, miklu meiri, sem nemur þessum 20 tonnum í þessum flugvélum sem þýðir að þeir geta boðið okkur ódýrari fragt og hærra skilaverð fyrir afurðirnar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það sem hv. síðasti ræðumaður vék nú síðast að er að nokkru leyti úreltar upplýsingar. Auk þess stendur þetta allt til bóta og ég hvet hv. 5. þm. Austurl. til að styðja dyggilega við uppbyggingu á Egilsstaðaflugvelli sem mun leysa þetta mál innan vonandi ekki lengri tíma en tveggja til þriggja ára.

Í öðru lagi vil ég segja að ég get ekki leynt þeirri skoðun minni og vil láta hana koma hér fram að ég tel þá verkaskiptingu sem er á þessu sviði innan Stjórnarráðs Íslands vitlausa. Ég tel að samgrn. eigi að sjálfsögðu að fara með alla yfirstjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli, m.a. ákvarða þar lendingargjöld og afgreiðslugjöld. Væru þau verkefni í mínum höndum hefði ég þegar gripið til ýmissa ráðstafana sem ég tel að gætu gert Keflavíkurflugvöll og Ísland að miklu, miklu mikilvægari tengistöð og þjónustustöð fyrir innlend og erlend flugfélög heldur en hann er í dag. Þar liggja verulega miklir möguleikar vegna landfræðilegrar legu okkar og það er ljóst að ýmis stór evrópsk, amerísk og jafnvel alþjóðleg flugfélög hafa talsverðan áhuga á því vegna legu Keflavíkurflugvallar að nýta sér hann. Enn fremur liggur það fyrir að Sovétmenn hafa áhuga á því að skoða þessa staðsetningu fyrir ýmiss konar þjónustustarfsemi við sitt alþjóðlega flug á þessu svæði. Við gætum þess vegna keppt við flugvelli eins og Shannon-flugvöll á Írlandi og Gatwick-flugvöll og fleiri slíka sem hafa af því miklar tekjur og mikla vinnu að þjónusta alþjóðlegt flug á þessu svæði. Þarna bíða okkar miklir möguleikar en við munum ekki geta nýtt okkur þá sem skyldi fyrr en mörkuð verður sérstök stefna í þeim efnum. Við getum boðið upp á ákveðna afslætti til stórra viðskiptavina á þessu sviði o.s.frv. Og það liggur auðvitað í hlutarins eðli að slíkt getur opnað okkur gríðarlega hagstæða möguleika hvað útflutning í allar áttir snertir. Þarna þarf að mínu mati að marka stefnu.

Ég vil taka það fram til að það misskiljist ekki að ég tel að okkar flugfélög, bæði Flugleiðir og Arnarflug, hafi verið að taka sér tak í þessum fragtflutningarmálum og það er vel. Ég veit að Flugleiðamenn hafa til að mynda gert talsverðar ráðstafanir til þess að veita aukna þjónustu fyrir útflytjendur á Ameríkumarkað á þessum vetri.

En ég hef engu að síður, og það má koma hér fram, tekið ákvörðun um það að veita leyfi amerísku flugfélagi sem nýlega hefur sótt um fragtflutningaleyfi á flugleiðinni Evrópa-Ísland-Ameríka. Ég hef um það upplýsingar að það hefur sótt til bandarísku flugmálastjórnarinnar um sérstaka tilnefningu af hennar hálfu og þá liggur það í hlutarins eðli á grundvelli gagnkvæmnisréttinda loftferðasamninga þessara ríkja að það fær slíkt leyfi. Ég hef þess vegna veitt flugfélaginu Arrow Air, sem í samvinnu við Pan Am hefur sótt um að fá að flytja vörur á flugleiðinni Evrópa-Keflavík-Ameríka, tímabundin leyfi til slíkra flutninga þangað til svör hafa borist við umsókn þess hjá bandarískum yfirvöldum.

Ég vinn samkvæmt þeirri reglu, eins og kom hér reyndar fram í mínu máli áðan, að auðvitað viljum við helst að íslensk flugfélög sinni sem mestu af þessari þjónustu og að því hljótum við auðvitað að stefna að breyttu breytanda en við megum ekki láta það koma í veg fyrir að útflytjendum á vörum standi sem flestir möguleikar til boða. Þess vegna er að mínu mati nauðsynlegt að byggja á víðsýnni stefnu hvað það snertir að veita erlendum flugfélögum hér réttindi ef það opnar íslenskum útflytjendum meiri möguleika en þeim ella stæðu til boða, meiri möguleika og hagstæðari. Samkvæmt þeim reglum vinn ég og hef þess vegna, þó að það þýði jafnvel samkeppni við innlend flugfélög, veitt þessi leyfi eins og ég hef nú hér gert grein fyrir.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég stend nú fyrst og fremst upp til að þakka þeim sem hér hafa tekið til máls og undirstrika hve sammála ég er þeirra málflutningi. Jafnframt vil ég færa ráðherra þakkir fyrir seinustu upplýsingar hans sem hér komu fram og ég tel að séu til hagsbóta fyrir land og þjóð. Ég undirstrika það, þetta er hluti af baráttunni um efnahagslegt sjálfstæði landsins, hvort við komumst inn á markaðinn, dýrasta markað heims eins og hér var réttilega sagt, vegna þess að það ræður öllu um viðskiptasamningsmöguleika okkar í Evrópu hvort þetta tekst eða ekki.

Kristinn Pétursson:

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að gera örstutta athugasemd. Það var margt ágætt sem kom fram hjá hæstv. samgrh. en hann talaði um það að ég hefði komið hér með úreltar upplýsingar og ég ætla að vísa þeirri fullyrðingu til föðurhúsanna. Hvenær verða upplýsingar úreltar? (**Samgrh.:** Þegar aðstæður hafa breyst.) Upplýsingar um það að flugvélar af stærðinni Boeing 747 þurfi 3160 metra við verstu skilyrði eru ekkert úreltar upplýsingar. Þetta eru staðreyndir.

SAMEINAÐ ÞING

52. fundur, fimmtudaginn 15. febr., að loknum 51. fundi.

Uppskurður og hagræðing í ríkiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 246. mál. — Þskj. 386.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það hlýtur óneitanlega að vekja athygli þegar fjórir þm. úr flokki sem styður ríkisstjórnina flytja hér till. í því formi sem hér er. Till. sem er í sjálfu sér athyglisverð og þess verð að um hana sé rætt og skoðað hvaða hugsanlegum árangri hún getur skilað. En menn hljóta að hugleiða hvers vega þessir stjórnarsinnar leggja fram slíkt plagg nú. Treysta þeir ekki þeirri ríkisstjórn sem þeir þó styðja til að koma á þeirri hagræðingu í ríkiskerfinu sem málefnasamningur ríkisstjórnarinnar boðar? Treysta þeir ekki þeim ráðherrum sem þeir hafa kosið að styðja til þess að koma fram hagræðingu og sparnaði?

Hér er drepið á mikilsvert mál sem vissulega getur skipt miklu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Mér býður í grun að þangað hafi hugurinn leitað við samningu þessarar till. Það hefur lengi verið áhugamál kvennalistakvenna, og að ég held enda komið fram í máli þeirra við flestar fjárlagaumræður síðan þær settust á þing, að endurmeta starfssvið ríkisstofnana, meta á ný hver þörfin er fyrir þær, hvaða skyldum þær eigi að gegna og hvaða tilkostnað það hefur í för með sér að því gefnu að þar verði gætt hagræðingar og sparnaðar á öllum sviðum. Þetta höfum við viljað að gert yrði og getum því tekið undir ýmsa þætti þessarar tillögu. Það er ljóst að á undanförnum áratugum hefur umfang ýmissa ríkisstofnana og ekki síður stjórnkerfisins sjálfs farið sívaxandi og kostnaður við hvort tveggja aukist að sama skapi. Í kynningu hæstv. fjmrh. á frv. til fjárlaga í haust var hæstv. ráðherra uppi með hávær fyrirheit um að starfsemi ríkisstofnana yrði endurmetin og reiknuð frá núllgrunni. Þetta virðist þó ekki vera sá andi sem svífur yfir vötnum innan ráðuneytanna úr því að stjórnarþingmenn sjá sig tilknúna að flytja þá till. sem hér er til umfjöllunar og ekki hafa borist neinar fregnir af því að hæstv. fjmrh. hafi uppi tilburði til að framfylgja þeim fyrirheitum sem hann lét svo drjúgt af í haust. Þó hefur verið dregið stórlega úr fjárframlögum til ýmissa ríkisstofnana en það hefur alls ekki gerst á þann hátt sem menn hefðu kosið að sjá. Niðurskurðurinn er ómarkviss, það er skorið niður á þeim sviðum sem auðveldast er að ná til, án tillits til hvaða þjónusta er þá skert og hvernig það kann að koma niður á þegnunum. Þessi happa og glappa aðferð í ríkisbúskapnum er auðvitað hreint glapræði. Hún veldur glundroða í kerfinu og veldur því að sú þjónusta sem ríkisstofnanir veita verður ómarkviss og leiðir oft til aukins kostnaðar á öðrum sviðum. Ég get fyllilega tekið undir það sem þessi tillaga gengur út á.

Á undanfarandi áratugum hefur farið fram víðtæk og nauðsynleg uppbygging t.d. í sjúkrahúsa- og heilsugæslustöðvamálum vítt um landið og nú er talið að hilli undir það takmark að húsakostur heilbrigðisþjónustunnar verði nægjanlegur. En þá fer maður að spyrja um skipulagið. Hverju sætir það að dýrar byggingar og tæki standa ónýtt hluta úr árinu eins og gerist þegar heilum deildum á sjúkrahúsunum er lokað í „sparnaðarskyni"? Er sannanlegur sparnaður fólginn í slíkum aðgerðum? Og mér er spurn hvort það hefur einhvern tíma verið rannsakað hvaða sparnaður hlýst af því, hvort hann kemur þá ekki fram í kostnaði á öðrum sviðum. Ég held að það sé fullkomin ástæða til að athuga það.

Vissulega er nauðsyn þess víða í ríkiskerfinu að stofnanir séu sameinaðar og það er hægt að ná fram hagræðingu í mörgum þáttum við slíka sameiningu. Það er líka nauðsynlegt að leggja mat á þörf fyrir stofnanir af ýmsu tagi og þörfina fyrir þá þjónustu sem þær veita og athugun á því hvort það er eðlilegt að ríkið hafi þau umsvif með höndum eða hvort eðlilegra er að það sé einkaframtakið sem gerir það og þegnarnir sem borga beint. Þetta þarf allt athugunar við.

En það er sérstaklega einn þáttur í þessari tillögu sem ég vildi gjarnan gera að umræðuefni hér. Það segir hér að fjármálaráðherrar undanfarinna ára hafi nánast starfað sem rukkarar og sjaldan séð önnur úrræði til að auka ríkistekjur heldur en að hækka skatta og herða innheimtu og að þetta gangi ekki lengur. Það er vissulega satt að skattheimtan er komin á það stig að það verður varla unað við öllu meira í þeim málum. En hér segir líka að það sé nauðsynlegt að ríkið dragi úr umsvifum sínum og starfsmannahaldi af því að það séu samdráttartímar. Það eru uppi ýmsar kenningar um það hvernig á málum skuli haldið á samdráttartímum. Það ber víst öllum saman um það að þegar þensla ríkir í þjóðfélaginu sé heppilegra að ríkið dragi úr sínum umsvifum. En á samdráttartímum held ég að ýmsir hagfræðingar telji heppilegra að ríkið dragi ekki mikið úr sínum umsvifum heldur reyni að halda uppi eðlilegri þjónustu og eðlilegri starfsemi til að magna ekki kreppuna upp. Því að þegar samdráttur er í einkageiranum og atvinnulífinu og ef ríkið dregur úr líka, þá hlýtur að verða víxlverkun þannig að tekjur ríkisins verða sjálfkrafa minni. Það getur ekki verið heppilegt fyrir ríkið að draga svo mjög úr sínum umsvifum þegar lítið er um að vera á öðrum sviðum. Það hlýtur að valda því að kreppan magnist upp og þá verður erfiðara þegar úr rætist að koma öllu í eðlilegt form á ný. Við þessar kenningar flm. set ég því sannarlega spurningarmerki.

Hér stendur að heimili og atvinnulíf geti ekki greitt meira til að standa undir aukinni þjónustu ríkisins og það er vissulega rétt. En þá ber að athuga það, eins og stendur í þessari tillögu, hvernig best sé að minnka umsvif ríkisins. Og það verður að gerast á þann hátt, eins og í till. stendur, að endurmeta ríkisstofnanir, starfssvið þeirra, markmið og hvernig þær eigi að koma fram sínum málum. Og þá bendi ég enn á þann glundroða sem hefur orðið vegna þess að niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar í samdrætti undanfarinna ára hafa verkað þannig, að það er einungis skorið á þá þætti sem auðveldast er að ná til án tillits til hverjum það bitnar á. Við sjáum það í skólakerfinu að þar eru gripnir burt einstakir þættir sem er auðvelt að ná til, eins og verkleg kennsla og sérkennsla. Þar er sannarlega ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur því að ég held að öllum beri saman um það

sem að fræðslumálum standa að þessir tveir þættir séu það sem laklegast hefur verið staðið að undanfarin ár í uppbyggingu og ætti síst af öllu að skerða.

Ég hefði kosið að sjá fleiri í salnum við umræðu um þessa tillögu því að mér finnst drepið þarna á merkilegt mál og ég mundi vilja sjá bæði að menn tækju afstöðu í þessum málum og eins að það yrði unnið faglega að því að ná fram þeim markmiðum sumum hverjum a.m.k. sem þessi tillaga miðar að.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu sem hér liggur fyrir og er til umræðu er að mörgu leyti athygli verð, en hún er kannski helst athygli verð fyrir það að að henni standa fjórir stjórnarþingmenn. Virðast þeir þurfa að fá sérstaka þál. til þess að geta beitt áhrifum sínum innan hæstv. ríkisstjórnar og er svo sem ekki nema gott eitt um það að segja þó að það segi manni ýmislegt.

En varðandi tillöguna sjálfa rek ég fyrst augun í það að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja nú þegar á fót vinnuhópa. Mig langar til þess að spyrja hv. flm. hvernig þeir túlki orðið vinnuhópur. Er vinnuhópur kerfiskarlar sem koma sér saman um það að gera ekki það sem tillagan fjallar um? Er það sem sagt vinnuhópur þegar starfsmenn ráðuneyta og stofnana og pólitískt valdir þóknanlegir kerfiskarlar eiga að fara að taka upp sjálfa sig, reksturinn hjá sjálfum sér? Eða þora hv. þm. að standa við meiningu sína að fullu og fela hreinlega ráðgjafarfyrirtækjum, sjálfstætt starfandi, að koma með tillögur um hagræðingu í rekstri alveg eins og þegar einkafyrirtækin eru tekin út. Þá er venjan sú að menn leita til ráðgjafarfyrirtækja og eru ekkert feimnir við að láta taka út fyrirtækin. Það er ekkert feimnismál í einkafyrirtækinu að það þarf að hagræða. Það koma tillögur og síðan er bara tekið á málinu. En ég velti svolítið vöngum yfir þessu orði, vinnuhópar. Og vinnuhópurinn á að taka mið af þessu og hinu. Þetta kemur fyrir nokkrum sinnum og m.a. segir í greinargerð: „Nú þarf að setja harða vinnuhópa í að skera ríkiskerfið upp." Hvaða meiningu hefur orðið „harður vinnuhópur"? Hvaða merkingarmunur er á því og orðinu vinnuhópur? Það er ekki verið að gera neitt lítið úr þessu heldur er þetta spurning um áherslu. Þora menn í alvöru, er markmiðið með vinnuhóp, ég hefði gjarnan viljað fá gott svar við því, er markmiðið með vinnuhóp að það sé vinnuhópur ráðgjafarfyrirtækja sjálfstætt starfandi sem hafa sjálfstæðar meiningar, eru ekki í neinum pólitískum plottum hvaða skoðanir þeir eigi að hafa? Ég hefði gjarnan viljað fá skýr svör við þessu, hvort hér er í alvörunni meiningin að taka ríkisreksturinn upp til skoðunar eða hvort þetta er eitthvað til þess að sýnast. Ég trúi því ekki á þessa hv. ágætu þm. að svo sé. En gott væri að fá útskýringu á málinu.

Ég tel það einmitt kjarna þessarar tillögu og gífurlega þýðingarmikið, sérstaklega í ljósi nýafstaðinna kjarasamninga, að reynt sé að gera róttækar ráðstafanir til að reka ríkissjóð Íslands og opinberar stofnanir í samræmi við fjárlög. Það hefur ekki verið gert undanfarin ár. Þetta hefur verið allt of losaralegt og nánast stjórnlítið að manni virðist. Það væri gaman að vita það, en það hafa ekki fengist svör við spurningum eins og þeim hvaða fyrirmæli þessir ágætu herramenn, yfirmenn opinberra stofnana, hafa um það að fara eftir fjárlögum. Þeir eru kannski búnir með fjárveitingarnar síðast í nóvember eða byrjun desember og svo er bara kerfið látið prenta seðla fyrir hallanum. Það heitir á „fagmannamáli" að fá yfirdrátt í Seðlabankanum, ef fagmennsku skyldi kalla. Þannig er gjaldmiðill landsins þynntur út. Svo botna menn ekkert í þessum fjármagnkostnaði og þessari gengisfellingu eins og þeir hafi aldrei vitað hvað þeir voru að gera. Er ekki einmitt tilvalin leið að selja eitthvað af þessum ríkisfyrirtækjum og ná upp í gatið þannig? Reyna að einkavæða ýmislegt hér eins og gert er í hinum vestræna heimi. Og hvað með starfsfólkið? Ég sakna þess að sjá það hvergi hér í þessari ágætu tillögu að það sé starfsfólk í þessum stofnunum. Það er einmitt starfsfólkið í þessum stofnunum sem hefur kannski mesta þekkingu á því hvernig væri hægt að ná rekstrarlegri hagræðingu. Þar liggur þekkingin. Hún liggur hjá fólkinu. Hún liggur ekki hjá einhverjum kerfiskörlum hvort sem þeir heita vinnuhópur eða eitthvað annað. Þekkingin er hjá fólkinu sem er inni í stofnununum. Og með góðu, jákvæðu samstarfi við starfsfólkið í þessum stofnunum plús utanaðkomandi ráðgjafarfyrirtækjum, ekki kerfiskörlum, væri hægt að ná árangri ef menn í raun og veru ætla sér að ná árangri.

Ég verð að segja það líka að það er góð leið til einkavæðingar að mynda almenningshlutafélög um einhver af þessum ágætu fyrirtækjum sem mundu smám saman yfirtaka rekstur þeirra. Það þyrfti ekki að gerast í neinum heljarstökkum, enda eru heljarstökk sjaldan vel fallin í rekstri. Það gæti gerst á t.d. fimm eða tíu ára tímabili og auðvitað þarf að marka stefnu í því þó að maður eigi kannski síst von á því að þessi hæstv. ríkisstjórn geri það. Þó er aldrei að vita. Menn hafa skipt um skoðun í hinum stóra heimi og viðurkennt ókosti miðstýringar og sósíalisma í öðrum löndum og því skyldu menn ekki gera það líka á Íslandi. Það væri áhugavert að fá að upplifa það að menn færu að viðurkenna ókosti ríkisrekstrar hér í vaxandi mæli.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu að mínu viti ein af mikilvægustu tillögunum sem lagðar hafa verið fram á Alþingi Íslendinga í langan tíma. Hér er þess freistað að fá þingið, fá alþm. til þess að fjalla um ríkisreksturinn á hlutlægan hátt, um tillögur og úrbætur til að ná tökum á þessum mikilvæga rekstri. Það hlýtur því að vekja mikla athygli að þm. almennt virðast ekki hafa mikinn áhuga á þessu máli ef marka má af setu manna hér í salnum, ekki síst þegar tekið er mið af því að fjölmargir þm. gera hallann á ríkissjóði að umræðuefni í fjölmörgum af sínum

ræðum og stærsti stjórnmálaflokkur landsins, Sjálfstfl., gerir það iðulega.

Ég verð þess vegna að játa það að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum, sérstaklega með þátttöku sjálfstæðismanna í þessum umræðum. Mér er eiginlega spurn eftir þeirra málflutning: Hvaða tillögur hafa sjálfstæðismenn gert til úrbóta í ríkisrekstrinum? Þær eru vandfundnar. Hvert er innlegg þeirra í þessa umræðu? Hv. þm. sjálfstæðismanna á Austurlandi sem hér talaði áðan eyddi meginhluta af sínum ræðutíma í fræðilegar umræður um það hvað væri vinnuhópur, algert smáatriði í þessu efni.

Sannleikurinn er sá, meginkjarni málsins er sá, að hallinn á ríkissjóði hefur verið mjög mikill undanfarin ár. Meginmálið er það að hvort sem það hafa verið fjármálaráðherrar Sjálfstfl. eða aðrir, þá hafa þeir ekki náð tökum á ríkisrekstrinum. Hallinn hefur verið svo mikill að það hefur jafnvel borið við að segja má að ríkissjóður hafi tapað sem svaraði 10–15 frystitogurum á tveimur árum með halla sínum. Það hlýtur að vera alveg ljóst að þessum halla verður ekki mætt eingöngu með tekjuöflun. Þess vegna verður að bregðast öðruvísi við vegna þess að við slíkan halla verður ekki búið. Hér er þess freistað að leggja fram vandaðar tillögur til úrbóta, hvernig bregðast skuli við. Það verði farið í uppskurð á ríkiskerfinu í heild og það tekið alvarlega fyrir. Þegar slíkar tillögur liggja fyrir, ég held mér sé óhætt að segja ítarlegustu og vönduðustu tillögur um uppskurð á ríkiskerfinu sem ég hef séð lagðar fyrir Alþingi Íslendinga, þá kemur það fram að Sjálfstfl. hefur hvorki áhuga eða tíma til að taka þátt í umræðum um þær. Það hlýtur að vera athyglisvert.

Það er alveg ljóst að það gengur ekki á samdráttartímum, þegar fyrirtæki og heimili eiga í erfiðleikum vegna samdráttar, að gera ráð fyrir því að ríkissjóður auki álögur á fyrirtæki og heimili til þess að standa betur sjálfur. Hann verður að bregðast öðruvísi við. Og einmitt nú í kjölfar kjarasamninganna, þegar sérstaklega er rætt um að skera niður framkvæmdir, hlýtur þetta mál að komast í brennidepil vegna þess að framkvæmdir ríkisins eru litlar. Þar er af litlu að taka. Og það er hörmulegt að verða þess áskynja þegar menn líta á þennan niðurskurð að það er verið að klípa eina og eina millj. af nauðsynlegum framkvæmdum hingað og þangað.

Þess vegna er það skoðun flm. að það sé reksturinn sem verður að taka fyrir. Eðli ríkisrekstrarins er slíkt að hann hefur náttúru til þess að vaxa. Hann hefur náttúru til að þenjast út. Bæði almenningur og þm. gera auknar kröfur og jafnóðum sem menn verða við þeim og auka kerfið, þá gleyma menn að taka tillit til gamla kerfisins sem verður að breyta og skera upp. Og það er einmitt þetta sem sagt er hér í greinargerðinni og hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir gerði að umræðuefni, að fjmrh. hafi í auknum mæli nánast starfað sem rukkarar. Þar undanskil ég ekki neinn flokk. Yfirleitt hafa fjmrh. lagt megináherslu á það að innheimta og leggja á skatta í stað þess að endurskipuleggja ríkiskerfið og reyna að ná fram hagræðingu. Það verður ekki lengur haldið áfram á þessari braut. Menn verða að taka þetta mál föstum tökum.

Danir hafa nýlega fjallað mjög um þetta hjá sér og freista þess nú að leggja fram harðar tillögur til að skera upp ríkisreksturinn. Ríkisstjórn Schlüters leitar jafnframt að mönnum í atvinnulífinu, að mönnum meðal þegna sinna sem hafa frumkvæði, þora að taka áhættu, þora að leggja allt sitt undir til þess að brjótast í framleiðslu og efla atvinnulífið. Hér er meira um það að slíkir menn liggi alla daga á hnjánum fyrir framan sjóði eða banka.

Það hlýtur að verða að ítreka það hér að hann er undraverður sá litli áhugi sem sjálfstæðismenn sýna þessum málum, hann er undraverður.

Menn gera það nokkuð að umræðuefni að það skuli vera stjórnarþingmenn sem flytja þessa tillögu. Tilgangurinn með því er augljós. Hann miðaði að því að fá Alþingi til að fjalla um þetta mikilvæga mál. Það er Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið og þess vegna er það eðlilegt að Alþingi fjalli um þetta mál.

Orðið „vinnuhópur" sem hv. þm. Kristinn Pétursson gerði hér að umræðuefni er auðvitað eitt af þeim orðum sem notuð eru yfir hóp manna sem vinnur að útboðum. Slíkur hópur getur undir mörgum kringumstæðum ráðið aðila til starfa hvort sem það eru ráðgjafarfyrirtæki eða sérfræðingar og kannski er ekki alltaf breitt bil á milli vinnuhóps og nefndar. Hér var kannski orðið „vinnuhópur" frekar notað vegna þess að áherslan liggur á því að í þessu felst mikil vinna. En við höfum hugsað það þannig að þeir vinnuhópar hafi sem frjálsastar hendur til að leita til sérfræðinga og aðila til úrvinnslu.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum. En ég ítreka það að hér er til umræðu afar mikilvægt mál. Hér er til umræðu þáltill. um að festa hendur á ríkisrekstrinum sem óneitanlega hefur farið úr skorðum. Og það hlýtur að vekja athygli að sá flokkur sem mest hefur talað um þessi mál hefur lítið lagt til málanna og hefur, að því er virðist, hvorki áhuga eða tíma til að taka þátt í umræðum um málið hér.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tillaga þessi um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu er hér tekin fyrir á þeim tíma þegar yfirleitt fáir þm. eru í salnum, á matartíma. Það er auðvitað algerlega út í bláinn sagt hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að sjálfstæðismenn hafi hvorki tíma né vilja til þess að ræða þessi mál. Ég hef sem oddviti sjálfstæðismanna í fjvn. rætt þessi mál ítrekað, við ýmis tækifæri hér á Alþingi og annars staðar á undanförnum mánuðum og undanförnum missirum þannig að þetta er mikill misskilningur. Annaðhvort hefur hv. þm. ekki fylgst með ellegar það er hreinn útúrsnúningur að halda því fram að við höfum ekki áhuga á þessum málum og að við höfum ekki vilja til að ræða þessi mikilvægu mál.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir er góðra gjalda verð. Hún er að mínum dómi staðfesting á því að innan stjórnarflokkanna, í Framsfl. a.m.k., eru til menn sem skilja það að þörf er á því að taka á fjármálum

ríkisins með öðrum hætti en gert hefur verið að undanförnu og þessu ber vitaskuld að fagna. Ég met það svo að tillagan sem flutt er, að ýmsu leyti í samræmi við minn málflutning um þessi mál, sé stuðningur við það sem ég hef haldið fram. Hvort hér er talað um það að setja á laggir vinnuhóp eða ekki skiptir ekki máli. Við höfum fyrir augum vinnuhóp sem er að fjalla um ríkisfjármál þessa dagana. Það er hæstv. *ríkisstjórn sjálf*. Hæstv. *ríkisstjórn er sá vinnu*hópur sem hefur tekið að sér að leggja fyrir Alþingi, fyrst fyrir þm. stjórnarflokkanna og síðan fyrir Alþingi tillögur um úrbætur í ríkisfjármálum. Og þessi vinnuhópur hefur auðvitað besta aðstöðu allra vinnuhópa í landinu þegar það er hæstv. ríkisstjórnin sjálf.

Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr starfi þessa vinnuhóps sem hefur á bak við sig allt það sérfræðingalið sem ein ríkisstjórn hefur á að skipa. En mér er nær að halda samkvæmt fréttum að það sem út úr starfi þessa vinnuhóps komi verði ekkert annað en smávægilegt krukk, smávægilegur niðurskurður á fé til hinna þörfustu framkvæmda. Þar *verði ekki tekið á rekstrarmálum ríkissjóðs*. Þar verði ekki tekið á eyðslu og sóun hjá æðstu stjórn ríkisins, hjá ráðherrunum sjálfum, í aðalskrifstofum ráðherranna þar sem þeir raða hverjum gæðingnum á fætur öðrum að jötunni, gæðingum sem síðan safna í kringum sig liði sem eyðir fé ríkisins og skattborgaranna. Ég hygg þess í stað að í þeim vinnuhóp verði tekið á með þeim hætti að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, þ.e. á það fé sem á að ganga til bráðnauðsynlegra framkvæmda víðs vegar um landið og til ýmissa félagslegra málefna. Ég hef auðvitað ekki séð þær tillögur, en það hefur spurst út m.a. í fjölmiðlum hvernig þær muni líta út.

Ég held þess vegna að þó að þeir flm. sem hér standa fyrir þessari tillögu hafi af góðum hug lagt til að kallaður verði saman vinnuhópur til þess að fara í þetta verk, þá hafi hæstv. ríkisstjórn tekið fram fyrir hendurnar á þeim. Og það er auðvitað svo að í sjálfri ríkisstjórninni er enginn vilji til þess að fara þá leið sem hér er lögð til, heldur með allt öðrum hætti. Hæstv. ríkisstjórn vill ekki eða hefur ekki burði til þess að ráðast að því að skera upp ríkiskerfið til þess að ná þar einhverjum sparnaði og samdrætti.

Ég vakti á því athygli hér fyrir fáum kvöldum í umræðum um þessi mál, sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur ekki hirt um að taka eftir, að þegar hæstv. fjmrh. lagði fram fjárlagafrv. sitt hér í haust, þá hækkuðu útgjöld fjmrn. sjálfs um 51% eða um 1804 millj. kr. Meðan fjárlagafrv. byggði á því að verðlag og þar með útgjöld ríkisins samkvæmt verðlagsbreytingum hækkaði umn 16% hækkaði hæstv. fjmrh. sitt eigið ráðuneyti um 51%. Ég held þess vegna að sá vinnuhópur sem nú er að starfi sem er ríkisstjórnin sjálf, hafi ærið verk að vinna að ráðast í það að taka á sparnaði þar á bæ og annars staðar.

Ég get alveg sagt þessum hv. þm. það að ef hæstv. fjmrh. hefur ekki vilja eða burði til að taka á málum í sínu eigin ráðuneyti, þá er hætt við að svo fari að ráðherrar í öðrum ráðuneytum verði ekki eins viljugir að taka á málum hjá sér. Sá hæstv. fjmrh. sem ekki getur tekið til á sínum eigin bæ er lélegur við að taka til á hinum bæjunum. Hann hefur ekki vald til þess eða burði. Þess vegna þurfa þeir sem fyrir málum ráða að byrja heima hjá sér til þess að þeir hafi möguleika á því að ráða við það verkefni að takast á við málin þegar fjær dregur í stjórnkerfinu, þar á meðal hjá samráðherrum sínum.

Ég ætla ekki að *hnýta á nokkurn hátt í* þennan tillöguflutning. En hann sannar auðvitað að þeir sem hér eru flm. og hafa þó skilning á því, sem ég fagna, að þörf sé á að taka á þessum málum, þeir ráða ekki ferðinni. Þeir hafa ekki nein tök á því að fá hæstv. ríkisstjórn, sem þeir styðja, til þess að fara að í samræmi við það sem þeir telja að þörf sé á. Og þó að þeir vilji kalla saman einhvern nýjan vinnuhóp eftir að ríkisstjórnin sjálf hefur starfað sem vinnuhópur, þá er hætt við að sá vinnuhópur verði burðaminni og ekki líkur til þess að hæstv. ríkisstjórn taki frekar tillit til þess heldur en þegar hún sjálf er búin að vera viku eftir viku í því að móta tillögur um niðurskurð *ríkisútgjalda*.

Ég veit, virðulegi forseti, að tími er takmarkaður í umræðum um þáltill. Ég hefði auðvitað haft tilhneigingu til að ræða þessi mál afar ítarlega, en sjálfsagt gefst ekki tími til þess. Við fulltrúar minni hl. í fjvn. höfum lagt hér fram plögg og mjög ítarlegar upplýsingar varðandi þróun ríkisfjármála síðustu árin og það er hægt að bæta við þær upplýsingar fyrir hv. þm. Ég skal ljúka máli mínu, virðulegi forseti, vegna tímatakmarkana og aðeins segja það að við skulum sjá hvað kemur út úr starfi þess vinnuhóps sem verið hefur að verki undanfarna daga og undanfarnar vikur, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar sjálfrar, um niðurskurð í útgjöldum ríkisins og þá kunnum við að sjá framan í það að til þessara hv. þm. er ekkert tillit tekið.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan eitthvað á þá leið að ég teldi að þessi tillaga væri gagnleg og væri flutt í þeim tilgangi að ná árangri. En eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar verð ég nú að segja að ég dreg það í efa að þessi tillaga sé flutt í öðru skyni en í sýndarmennskuskyni. Hann fjallaði í ræðu sinni aðallega um það að sjálfstæðismenn hefðu engan áhuga á og hefðu ekkert gert í sambandi við að hagræða í ríkiskerfinu. Mér finnst það nú einmitt benda til þess, ef menn þurfa að nota svona málflutning eftir að hafa hlustað alla vega á einn sjálfstæðismann, að vera með slíkar yfirlýsingar, það bendir eindregið til þess að menn ætli sér ekki neitt annað með þessu en að sýnast, þykjast, enda náttúrlega við hæfi sem stuðningsmenn ríkisstjórnar sýndarmennskunnar.

Ég var að tala hér um vinnuhóp. Hv. þm. sagði að það *væri hópur sem væri* að vinna og svaraði ekki spurningunni sem ég spurði, af hverju væri ekki hægt að fela ráðgjafarfyrirtækjum að taka út þessi ríkisfyrirtæki. Og það þarf engan sérstakan vinnuhóp sem

millilið milli ráðuneyta og þeirra fyrirtækja sem mundu gera það. Nema þá að þessi vinnuhópur sé settur sérstaklega á fót til þess að stíga á bremsurnar eftir pólitískum duttlungum hv. nefndarmanna í umræddum vinnuhóp, passa upp á það að þetta verði ekki gert og hitt verði ekki gert, svoleiðis bremsuhóp. Vinnuhópurinn á að verða einhverjir sérstakir pólitískir gæðingar sem bremsa af að það verði raunverulega hægt að taka upp þennan rekstur á hlutlausan hátt. Þannig verð ég að líta á þennan vinnuhóp eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Hér er því tillaga í fallegum umbúðum, en meiningin er, ég verð að álíta að meiningin sé bara að sýnast eins og ég sagði áðan, sýndarmennska, enda við hæfi. Hv. þm. sagði enn fremur að sjálfstæðismenn hefðu ekkert gert, ekki komið með neinar hugmyndir. Hann hefur þá ekki fylgst með því að ég hef nýlega lagt hér fram þáltill. um einkavæðingu þar sem yrði efnt til samkeppni um tillögur um einkavæðingu til þess að selja ríkisfyrirtækin. Það er ódýrasta leiðin, hagkvæmasta leiðin, fá tillögur sem kosta ekki mikla peninga og enginn nefndarhópur eða vinnuhópur á svimandi háum launum við að búa til skoðanir.

Ég vildi bara taka fram að því miður verður maður fyrir vonbrigðum með slíkan málflutning eins og hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni. Og ég verð að segja það að sá vinnuhópur sem nú stjórnar landinu, hæstv. ríkisstjórn, sem er náttúrlega að uppistöðu til sósíalískir draumóramenn, er ekki líklegur til að gera mikið gagn í þessum efnum.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það vekur vissulega eftirtekt að hér skuli vera til umræðu á Alþingi tillaga frá fjórum þm. Framsfl., sem að sjálfsögðu er stórpólitísk og snertir náttúrlega stjórnarstörfin sem fram fara um þessar mundir hér í stjórnarráðunum.

Ég mætti kannski minna hv. 1. flm. þessarar tillögu á að þegar við vorum saman í stjórnarsamstarfi flutti ég þáltill. um landbúnaðarmál, vel unna og vandaða tillögu um næstu verkefni í landbúnaðarmálum. Og hv. 1. flm. þessarar tillögu hafði mörg orð um það þá að slík tillaga ætti að sjálfsögðu að koma fram frá landbrh. en ekki einhverjum öðrum stjórnarliða.

Hér er að sjálfsögðu brugðið venju að þessu leyti þar sem blóminn úr Framsfl., fjórir þm. hans leggja hér fram tillögu um stefnumótun í efnahagsmálum. Spurningin er þessi: Hér er málefnasamningur ríkisstjórnarinnar grár og gugginn og ekki kominn mikið til ára sinna, hann er frá 10. sept. árið 1989. Því í ósköpunum notuðu nú þm. Framsfl. ekki tækifærið við endurskoðun þessa samnings til að fá tillögum sínum framgengt? Það vekur líka eftirtekt að málsvarar þeirra í þessari umræðu hafa haft orð á því að það gerði hinn pólitíska gæfumun í öllum þessum efnum að efnahagsmálin væru nú komin í hendur á Framsfl. Og þess vegna verður það enn þá furðulegra, miðað við allar þessar upplýsingar hjá þessum hv. þm. sjálfum, hvers vegna í ósköpunum mennirnir koma þessu ekki í framkvæmd.

Nú vill svo til að bæði þm. Alþb. og Borgfl. sem hafa talað í þessu máli hafa lýst yfir stuðningi við þessa tillögu. Svo koma þm. Framsfl. hér hver á fætur öðrum og tala um afstöðu Sjálfstfl. og fyrri samskipti Sjálfstfl. í samstarfi þessara flokka. Auðvitað er alveg guðvelkomið að ræða þau mál. En þm. Framsfl. báru ekki þá fram neinar svona tillögur. Engar tillögur af þessum toga voru þm. Framsfl. með í okkar samstarfi. Nú hafa þeir vaknað af værum svefni eða er þörfin meiri núna en hún var þá? Það er þess vegna alveg útilokað annað en menn líti til þessa máls eins og hvers annars yfirboðs. Auðvitað meina þm. Framsfl. ekki nokkurn skapaðan hlut með þessu.

Við þinglokin í fyrravor sagði 1. flm. þessarar tillögu um málefni sem þá var verið að ræða, ég held á næstsíðasta degi þingsins, að hann ætlaði að láta það bíða þingflokksfunda Framsfl. að ræða afkomuna í sjávarútvegi og efnahagsmálin. Og það var út úr þeirri umræðu sem þessi nefnd kom og þessi tillöguflutningur.

Það er einkennilegt miðað við þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í þetta að ríkisstjórnin skuli ekki virða þessa þm. og skoðanir þeirra, ekki í neinu. Skv. þessu virðist sem þeir hafi ekki komið sínum málum áfram við fjárlagagerð og þeir virðast ekki heldur hafa komið sínum málum áfram við endurskoðun á stjórnarsáttmálanum og nú eru þeir komnir í þingið. Það virðist þá helst mega ályktа að helst geti þessir hv. þm. búist við liðsstyrk frá stjórnarandstöðunni til að koma þessu máli fram. Ef það væri ekki skoðun þeirra, þá mundu þeir náttúrlega halda áfram þeirri leið sem að öðru jöfnu er langsamlega beinust og greiðust fyrir stjórnarþingmenn, að koma sínum málum áfram í ríkisstjórnarsamstarfinu.

Það getur þess vegna ekki verið nema um annað tveggja að gera með þessari tillögu. Annaðhvort að sýnast, annaðhvort að segja þjóðinni frá því eða geta sagt henni það síðar meir að framsóknarmenn hafi verið góðu börnin. Þegar ríkisstjórnin hafi bilað, þá hafi þeir flutt málið inn á Alþingi og svona séu framsóknarmenn góðir. Þeir eru kannski að skapa sér eitthvað svipaða vígstöðu með þessum tillöguflutningi gagnvart samstarfsmönnum sínum núna og þeir hafa verið að bera fram gagnvart okkur sem fyrrverandi samstarfsmönnum. Þetta eru e.t.v. bara þessar hefðbundnu framsóknaraðfarir sem hér eru á ferðinni. Eða þá hitt, sem maður verður að áætla, að óreyndu að þm. sjái von í því að koma þessari tillögu fram í samstarfi við stjórnarandstöðu. Þess vegna eru náttúrlega þessar kveðjur frá þm. Framsfl. til okkar sjálfstæðismanna býsna sérkennilegar og er alveg sjálfsagt að ræða þær síðar meir.

Það væri t.d. afar þýðingarmikið að fá vitneskju um þau byggðarlög sem forsrh. sem fer með efnahagsmálin var að lýsa yfir í sjónvarpinu að ætti að leggja af á Íslandi. Hann tilgreindi reyndar bara eitt, Kópasker, en það væri gaman að vita hvað það væru mörg Kópasker í öðrum kjördæmum. Það væri gaman að fá að sjá þennan lista hjá Framsfl. um niðurskurð eða úreldingu á byggðarlögum á móts við

Kópasker eins og forsrh. hefur lýst yfir að nýjar áherslur í byggðamálum ættu að byggjast á. Það vekur nefnilega býsna mikla eftirtekt að á því sem framsóknarmenn voru að þrætast á um hér í fyrravor er ekkert tekið í þessari tillögu. Þetta er bara venjulegt yfirlýsingargutl sem sýnir einungis frómar óskir.

Hér hef ég lýst og rætt sérstaklega þessi vinnubrögð og þennan málflutning og vera má, eins og ég sagði áðan, að þetta boði betri tíð með blóm í haga hjá blómanum úr Framsfl. en umræðurnar skýra það ekki og vinnubrögðin skýra það ekki því þá gátu geta menn ekki ráðið fyrr en framsóknarmenn komast til verka í þessum málum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Till. sem liggur hér frammi til þál., um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu, og er flutt af hv. þm. Framsfl. er góðra gjalda verð og ætti að njóta hér meiri athygli að því leyti til að kominn er tími til að setja hemil á útgjöld ríkisins. Það sem er athygli vert er hins vegar það að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa lítinn áhuga á þessari tillögu þrátt fyrir það að þessa dagana séu þeir að leggja fram niðurskurðartillögu í ríkiskerfinu og eftir því sem fregnir herma eru þær í allt aðra veru og gerðar með þeim hætti að þær vekja þá hugsun hjá manni að þeir viti ekkert um fjármál yfir höfuð eða hvernig þeir ætli að skera niður.

Ég heyrði það í fregnum að það átti auðvitað að skera niður aðila sem eru ekki tengdir ríkiskerfinu og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. En það er ekki farið í þau verkefni sem liggur fyrir að hægt væri að skera niður og bæta.

Það er nú svo að þessi tillaga stefnir í það að laga ríkisreksturinn og er á margan hátt ágæt, ég tek undir margt af því sem þar segir, en á meðan ríkisstjórnin vinnur á allt annan hátt að fjármálunum er þessi tillaga alveg marklaus, jafnvel þó að þetta séu stjórnarþingmenn sem flytja hana. Það er ekki björgulegt til þess að hugsa að ef þær fregnir sem voru í fjölmiðlum eru réttar, og virðast tillögur ríkisstjórnarinnar vera á sveimi í fjölmiðlum áður en þingmenn stjórnarandstöðunnar fá að sjá nokkuð um það, að enn þá eigi að sauma að húsbyggjendum í landinu, þ.e. þeim sem njóta ekki náðar hæstv. félmrh., þeim húsbyggjendum sem eru eftir gamla kerfinu, þeim sem hafa sótt um í Byggingarsjóð ríkisins, eru það nú ekki gleðifregnir. Hins vegar eiga allir þeir sem síðar og hafa núna sótt um í einhverjum nýjum kerfum sem hæstv. félmrh. hefur sett á laggirnar að fá alveg óskerta fyrirgreiðslu. Það eru slík vinnubrögð sem vekja upp hjá manni efasemdir um að þeir menn sem standa að þeirri ríkisstjórn sem núna ræður ríkjum séu færir um að taka þetta verkefni að sér.

Ég vil líka minna á eina af þeim fregnum sem bárust í sambandi við þennan niðurskurð sem nú átti að gera, auðvitað það lúsaframlag sem á að leggja til íþróttahreyfingarinnar og var nú ekki á það bætandi svo lítið sem það er enda eru það frjáls félagasamtök sem áttu að fá það og var því vafalaust hægur vandi að skera hann niður án mótmæla eins og þeir hafa orðið fyrir í ríkiskerfinu. Hins vegar er verið að ana út í framkvæmdir fyrir milljarða á vegum ríkisins sem liggur ekkert fyrir um að séu nauðsynlegar eða væri ekki hægt að gera með hagkvæmari og betri hætti. Ég ætla að minnast hér á Þjóðleikhúsið. Þær tölur sem eru á kreiki varðandi það eru ógnvekjandi og þær minna mann á það að eitthvað hlýtur að vera að í þessu ágæta ríkiskerfi. Ég vil líka koma hér inn á það sem stjórnandi fyrirtækis sem hefur notið fjárframlaga frá ríkinu í fjölda ára að það er alveg ljóst að stjórni maður vel er fyrirtækinu refsað. Ég get nefnt dæmi um það að ég hef horft á það að fyrirtæki hafa farið langt fram úr fjárlögum ár eftir ár. Það hefur endanlega orðið þannig að menn hafa sagt: Þetta fyrirtæki verður að fá meiri fjárframlög. Það verður að fá hærri fjárframlög. Það er aldrei tekið á hinum raunverulega rekstrarvanda og hvernig hægt er að reka fyrirtækin betur. Það er ekki litið á það í raun hvort fyrirtækin eru vel rekin eða ekki. Það er þessi stóri vandi sem þjáir það fjármálakerfi sem núna er uppi hjá ríkinu. Núverandi ríkisstjórn hefur aukið ríkissjóði útgjöldin, hefur ráðið sér nýja starfsmenn upp á marga milljarða og ég tala nú ekki um sérfræðingastóðið sem hleypur í kringum ráðherrana. Það er með þeim hætti að það setur að manni ótta, að slíkir menn skuli ráða ferðinni í fjármálastjórn ríkisins.

Ég vil hins vegar lýsa því yfir, eins og kom glögglega fram við umræðu fjárlaga hér í haust þegar hv. 5. þm. Vesturl. flutti sína fjárlagaræðu og lagði fram ýmsar hugmyndir um sparnað í ríkiskerfinu og nefndi það jafnframt um leið að við hefðum lagt mikla vinnu í að skoða það, og ég get sagt það hér að við höfðum þá hugmyndir um það að hugsanlegt væri spara upp á 10–12 milljarða í ríkiskerfinu þó það yrði ekki gert í einum áfanga. Og ég segi það enn að það er hægt að hagræða og spara í ríkiskerfinu, en það verður ekki gert með þeim hætti sem nú er gert að ætla eitthvert flatt sparnaðarhlutfall og höggva af eftir tilviljunum og ráðast helst á þá sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað vera mættur hér fyrr en ég festist því miður á öðrum fundi sem verður að teljast jafnvel mikilvægari en þessi hér um það mál sem við erum að ræða á þskj. 386 sem er till. um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu.

Í sjálfu sér þarf ég ekki að halda hér langa ræðu miðað við þá framsögu sem var haldin fyrir þessu máli, en það sem kom mér fyrst og fremst til að taka til máls var það að þegar þetta mál var til 1. umr. hér á fyrri fundi tóku margir til máls og m.a. hv. 1. þm. Reykv. sem er því miður ekki hér í salnum. Hann tók svo til orða að í fyrsta lagi væri svo um okkur sem erum flm. að þessu að við værum sérstakir uppreisnarmenn innan Framsfl. og það væru örlög okkar að vera settir út í horn, eins og hann orðaði það um leið og hann fagnaði þessari till. og lýsti yfir stuðningi við þá þáltill. sem hér er og við þær tillögur í efnahags-

málum sem við flm. þessarar till. höfum barist fyrir og lagt fram í okkar flokki. Ég skil auðvitað hv. þm. þannig að hann vill gjarnan setja okkur í sömu spor og hann er sjálfur í í sínum flokki þar sem hann varð að þola þau örlög að vera settur út, í fyrsta lagi úr ráðherradómi eftir stuttan tíma og síðan út úr því embætti sem hann hafði, að vera varaformaður síns flokks. Þetta er náttúrlega mál sem hefur vakið athygli, en ég ætlaði bara aðeins að segja honum það að svo er ekki með okkur, þessa fjórmenninga. Við vorum settir í þessa efnahagsnefnd flokksins til þess að móta ákveðnar tillögur og skiluðum þeim af okkur til þingflokksins í október 1989. Þessar tillögur hafa verið kynntar mjög meðal þjóðarinnar og eitt af því sem er í þessum tillögum er það sem við leggjum hér til að hluta til í þáltill.

Okkar flokkur, Framsfl., hefur fagnað tillögum þessara fjórmenninga. M.a. var þetta eitt af aðalmálum á síðasta miðstjórnarfundi. Fundurinn fagnaði þessu framtaki og þessum merku efnahagstillögum, eins og orðað var, og gerði þær að verulegu leyti að sínum samþykktum, miðstjórnarsamþykktum, um efnahagsmál, og þess vegna er langt bil á milli þess og þess sem hv. 1. þm. Reykv. vildi meina hér, að við værum einhver hornreka í flokknum. Það er eitthvað annað. Það er tekið meira tillit til okkar tillagna en áður hefur tíðkast um tillögur fárra aðila í þingflokknum sem eru settir í það að marka stefnu í efnahagsmálum. Og af því að ég fór að minnast á þetta vil ég aðeins nefna þessa stefnumótun sem kemur fram í okkar tillögum og miðstjórnarfundur flokksins samþykkti að verulegu leyti sem sínar, að þær ganga það langt og hafa þegar haft þau áhrif í meðferð ýmissa mála hér á landi að það gengur langt fram yfir það sem við, eftir þessa miklu vinnu sem við lögðum í þetta, gerðum okkur vonir um. Ég minni bara á núna, í sambandi við síðustu kjarasamninga, að þá er alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins voru með þessar tillögur í höndunum og þeir tóku fullt tillit til þeirra sjónarmiða sem við leggjum fram í sambandi við lausnir í atvinnu- og efnahagsmálum.

Eitt af því sem er náttúrlega eitt stærsta málið í þessu öllu saman er í sambandi við ríkisfjármálin. Við bendum á það í þessari þáltill. að hér er um mjög stórt og alvarlegt mál í okkar stjórnskipulagi að ræða sem verður að finna nýjan flöt á og við bendum á ýmsar leiðir, bæði í efnahagstillögunum og eins í þessari þáltill., sem þarf að fara til þess að ná því markmiði.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að eyða löngum tíma í upptalningu á þessu hér, en ég vil aðeins benda á það að fjvn. Alþingis hefur m.a. öll, einróma, lagt fram frv. til laga á Alþingi sem er eftir að ræða, um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og fleira, og þessar tillögur eru í mörgum veigamiklum atriðum nákvæmlega í sama stíl og sú efnahagsstefna sem við lögðum til í þessum málum og kemur raunar fram að hluta til í þessari þáltill.

Hér er þess vegna um mjög stórt mál að ræða sem Alþingi á eftir að fjalla um og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það að í sambandi við þennan uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu, hvað hann er mikilvægur, það eru alltaf að berast inn í Alþingi núna á hverjum degi og meira að segja núna í sambandi við aðgerðir í framhaldi af kjarasamningum, þá er alveg ljóst að þarna stöndum við strax frammi fyrir málum sem hefði átt að vera búið að leysa fyrir löngu, löngu síðan, þessa sjálfvirkni í ríkiskerfinu sem hefur verið svo erfitt að fást við og hefur leitt af sér útgjöld ríkisins sem enginn hefur vitað fyrir fram. Ég held að kominn sé tími til að menn fari að taka á þessu máli í alvöru, en það verður ekki gert nema slíkur uppskurður fari fram, sem við erum hér að benda á, og slíkar lagaákvarðanir verði teknar sem felast m.a. í frv. til laga frá hv. fjvn. sem hér liggur fyrir þinginu.

Ég vil t.d. nefna, af því að það er svo nálægt mér í nútímanum, að við erum núna að fjalla um ýmsa þætti í sambandi við kjaramál sem samið hefur verið um, bæði á sl. ári og einnig á þessu ári sem varða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta leiðir af sér það að það verður að fara að stokka upp kerfið. Þeir sem voru lausráðnir eða verkefnaráðnir öðlast allt í einu í gegnum þessa sérsamninga réttindi til ráðningar sem fastir starfsmenn ríkisins. Hér er um að ræða 600–700 starfsmenn sem eiga þá að koma inn sem fastráðnir ríkisstarfsmenn sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárhagskerfinu sjálfu. Þetta er lítið dæmi af hundruðum dæma um það hvernig nauðsynlegt er að breyta þessu ríkiskerfi og taka það til uppskurðar og gera ákveðna hagræðingu í kerfinu.

Virðulegi forseti. Ég er búinn með minn tíma, en ég vil aðeins undirstrika þýðingu þessarar þáltill., hvað sem menn að öðru leyti segja um umgjörðina o.s.frv., en alla vega er nauðsynlegt að taka hér fastar á málum.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál og ég tek undir það með hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni sem er einnig flm. að þessari till. að ég held að hér sé mjög merku máli hreyft og vel þess virði að eyða góðum tíma í að ræða þetta mál. Ég vona að það verði gert í meðferð þeirrar þingnefndar sem þetta fer til og fái þar góða umfjöllun eins og ég hef getið um áður.

Ég vil aðeins, í sambandi við það sem hér kom fram hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni, þegar málið var hér til umræðu, segja honum og skýra frá því sem þó var gert hér áðan af hv. þm. Alexander Stefánssyni. Hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson sagði að við værum örlítill minnihlutahópur, þessir fjórmenningar sem að þessum tillögum stæðu, í þingflokki Framsfl. Ég vil aðeins leyfa mér að lesa hér örfáar línur þar sem segir af miðstjórnarfundi Framsfl. sem er nú æðimikil samkoma í okkar starfi, en þar segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórnarfundurinn lýsir yfir ánægju með það starf sem nefnd á vegum þingflokks Framsóknarflokksins hefur unnið að stefnumótun fyrir flokkinn í efnahags-, atvinnu- og byggðamálum."

Þetta er nú sú samþykkt sem gerð var þar og var mikil ánægja með störf þessarar nefndar og miðstjórnarfundurinn lýsti yfir fullum stuðningi við og voru vissulega meginuppistaðan í þeim samþykktum sem gerðar voru á þessum fundi. Það skýtur því ærið skökku við í þessum málflutningi. Staðreyndin er sú að þessar tillögur sem þessi nefnd hefur gert og verið vikið hér að hafa mjög mikið fylgi innan raða Framsfl., yfirgnæfandi fylgi. (**EgJ:** Af hverju byrjið þið þá ekki?) Við erum byrjaðir.

Hv. 5. þm. Austurl. spurði um það hér áðan af hverju við gerðum tillögu um að settur yrði á stofn vinnuhópur til að leysa úr þessum málum. Ég tel það, og við flm. allir, rökrétt, að þannig eigi að vinna að þessum málum. Þetta verður ekkert gert eins og einhver hókus pókus, einn tveir og þrír, þó við vitum það og viðurkennum að það er morandi af fyrirtækjum í eigu þess opinbera þar sem má hagræða í rekstri. Það má sameina fyrirtæki og við höfum líka lagt til að fyrirtæki væru seld í eigu ríkisins og sagt að þau væru betur komin í eigu einstaklinga. Þetta segir í tillögunni. Menn verða að lesa það sem þar stendur. Við viljum að það verði gert, en þetta kostar allt vinnu. Það þarf að hagræða í ríkiskerfinu og ná fram auknum sparnaði. Það er ekki nóg að segja heimilunum í landinu að spara og þeim sem í atvinnurekstrinum standa. Það þarf líka að spara í ríkiskerfinu því þar er fjármagnið og þar er hægt að spara ef menn ganga með opin augun til þess verks.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. talaði hér og ég get tekið undir margt af því sem hann sagði þó að ég sé honum ekki sammála á allan hátt, en þó veit ég það, ekki bara af því að hlusta á þingmanninn tala hér, ég hef oft heyrt hann tala áður í sambandi við þessi mál, að hann er okkur sammála í þessum málum og hefði trúlega getað orðið meðflutningsmaður okkar að þessari tillögu.

Það hefur einnig verið sagt hér, og það gerði hv. þm. Pálmi Jónsson, að í tillögum ríkisstjórnarinnar um sparnað væri ekki gripið á þessum þáttum heldur öðrum. Þær koma nú fljótlega í ljós og þá mun það koma fram. Það getur vel verið að hv. þm. hafi hitt býsna vel í mark. Það breytir engu um rétt okkar til þess að flytja þessa tillögu hér og reyna að fá hana samþykkta, nema síður væri. Hún hlýtur þá einmitt frekar að undirstrika nauðsyn þess að við fáum slíka tillögu samþykkta hér, fáum fram greinilegan vilja Alþingis til að taka á þessu máli.

Hv. þm. Egill Jónsson talaði hér og ég verð að segja það að ég var ekki alveg sáttur við ummæli hans. Mér fannst nefnilega Egill Jónsson vera farinn að verja kerfið. Og ég verð að segja að ég átti nú síst von á því. En það hefur sjálfsagt fyrst og fremst verið til að vera á móti tillögunni. Ég hef ekki trú á að það sé þankagangur þingmannsins, hann sé þannig réttur.

Hv. þm. vitnaði til ummæla sem ég hafði viðhaft á næstsíðasta degi þingsins, að mig minnir hann hafi sagt, í vor, við umræður um ákveðið mál, að við skyldum bíða og sjá hvað gerðist í þingflokki Framsfl. daginn eftir eða þá seinni part þess dags. Það skiptir ekki máli hvort heldur var. Það er alveg rétt. Ég sagði þar ákveðna hluti og ég man eftir að það var ekki hann sem tók undir þá heldur var það hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem hvatti mig til þess að standa við það sem ég væri þar að segja. Og ég tel mig hafa staðið við það. Á þessum þingflokksfundi sem ég vitnaði þar til að þessi mál yrðu rædd var settur á laggirnar vinnuhópur frá þingflokki Framsfl. til að vinna að tillögum um efnahags-, atvinnu- og byggðamál. Þessar tillögur okkar eru hér. Við settum þessa vinnu í gang, lögðum í þetta mikla vinnu og hér eru að mínu viti gagnmerkar tillögur um marga þætti og sú tillaga sem hér er flutt er einn kafli úr þessum tillögum okkar. Við munum, ef ég get róað einhverja hér inni, halda áfram að flytja tillögur sem hér er getið um. Við ætlum að láta reyna á það hvort við höfum ekki unnið gott verk. Og ég er alveg sannfærður um það, eins og ég sagði áðan og vitnaði til miðstjórnar Framsfl., að yfirgnæfandi meiri hluti framsóknarmanna er okkur fjórmenningunum sammála.

Hér hefur aðeins verið vikið að tillögu á þskj. 399 frá fjvn. sem studd er af þingmönnum allra flokka. Ég fagna auðvitað þessari tillögu. Hv. þm. Egill Jónsson spurði um það hér áðan af hverju við hefðum ekki flutt þessar tillögur fyrr. Það er ósköp eðlilegt að spurt sé. Ég gæti hins vegar líka spurt hv. þm. Egil Jónsson á móti: Af hverju flutti fjvn. ekki slíkar tillögur fyrr en nú í vetur? Þörfin var jafnmikil. Ég skal bara viðurkenna það að mér ofbýður, mér er farið að ofbjóða í þessum efnum. Þess vegna stend ég að þessari tillögu og flyt hana. Og ég held að þetta sé eina leiðin til að vinna þessu máli gagn.

Í framsögu minni fyrir þessu máli dró ég fram nokkrar tölur um eyðslu umfram fjárlög. Ég sagði það að á síðasta ári hefðu aukafjárveitingar numið eitthvað um 800–1000 millj. kr. En hverjar voru aukafjárveitingarnar árið áður? Hverjar voru aukafjárveitingarnar árið 1988? Ætli þær hafi ekki verið rúmlega 2,5 milljarðar. Er ekki orðin ástæða til þess fyrir okkur, þingmenn góðir, að við förum að taka á þessum málum? Eitt enn langar mig að leiðrétta hér í umræðunni sem sneri ekki að þessum tillögum okkar. Þar vék hv. þm. Egill Jónsson að ummælum hæstv. forsrh. um Kópasker og sagði að forsrh. hefði lagt til að Kópasker yrði lagt af. Þetta eru hrein ósannindi. Þetta eru ekki ummæli forsrh. Þetta eru ummæli þingmannsins Egils Jónssonar en ekki Steingríms Hermannssonar. Og það er ómaklegt að víkja svona að mönnum sem ekki eru hér staddir í þingsölum til þess að geta skýrt mál sitt. Það er ómaklegt. (**EgJ:** Ég er með útskriftina.) Já. Hæstv. forsrh. sagði ekki að það ætti að leggja Kópasker af. Byggðamál getum við rætt síðar. Þau þyrftu hér drjúgan tíma. Þar hefur því miður margt farið úrskeiðis og þau þarf að taka föstum tökum og við höfum einmitt í þessu nál. okkar fjallað um byggðamál og við munum sjálfsagt flytja einmitt tillögu sem mun víkja að byggðamálum.

Að endingu þakka ég þeim sem hér hafa tekið til

máls. Þó að menn séu eitthvað að hnýta í okkur framsóknarmenn og flm. þessarar till. er það út af fyrir sig aukaatriði í mínum huga. Aðalatriðið er að þessi tillaga sem hér er flutt fáist samþykkt hér á Alþingi og hinir hæfustu menn veljist til að vinna þau verk sem við leggjum hér til, að gera tillögur um hagkvæmni og sparnað í ríkiskerfinu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga sem hér liggur fyrir er athyglisverð fyrir margar sakir.

Í fyrsta lagi er hún athyglisverð fyrir þá sök að þessir fjórir þingmenn Framsfl. sem að henni standa lýsa með frumvarpstextanum yfir vantrausti á ríkisstjórnina. Fjórir þingmenn sem veittu ríkisstjórninni traust og stuðning hinn 30. nóv. sl. hafa með þessum tillöguflutningi tekið þá traustsyfirlýsingu til baka. Tillagan hefst með þessum orðum: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja nú þegar á fót vinnuhópa til að móta tillögur um hagræðingu og uppskurð í ríkiskerfinu."

Nú vill svo til að í ríkisstjórnum er það siður að einn ráðherra frá hverjum samstarfsflokka hefur þetta verkefni, að vinna að hagræðingu í ríkiskerfinu. Það hefur jafnan verið svo áður en fjárlög eru fram sett að stjórnarflokkarnir hafa sett á fót vinnuhóp sem hefur einmitt það verkefni sem hér er lýst, að gera tillögur um hagræðingu og hér er talað um uppskurð í ríkiskerfinu. Ekkert frumkvæði að þessu leyti hefur komið fram í málflutningi einstakra ráðherra. Þvert á móti eru þau frv. sem núv. stjórnarflokkar leggja ríkasta áherslu á í þinginu til þess fallin að auka rekstrarútgjöldin, auka ríkisútgjöldin, en ekki til þess fallin að draga úr þeim.

Við getum byrjað á því að rifja upp hvernig þessi ríkisstjórn varð til sem nú situr. Áður höfðu ráðherrar í ríkisstjórninni verið níu. Hugmyndin var sú að reyna að ná einum stjórnarflokki til viðbótar inn í ríkisstjórnina og þá var um það verslað að tveir ráðherrar skyldu bætast í hópinn. Þó lá fyrir að ekki var samkomulag um það hjá stjórnarflokkunum að deila niður þeim ráðuneytum sem fyrir voru heldur var brugðið á það ráð, sem er einsdæmi í sögunni, að skipa sérstakan ráðherra Hagstofu Íslands og síðan hefur hálfkarað ráðuneyti umhverfismála verið við lýði. Ef við lítum á fjárlög og reynum að átta okkur á þeim viðbótarkostnaði sem þessi framkoma hefur haft í för með sér liggur það fyrir í fjárlögunum sjálfum að umhverfisráðuneyti kostar 23 millj. kr. án þess að nokkurt verkefni sé undir það sett. Það er frá því gengið að fjárveitingar vegna sérstakra verkefna flytjist til þessa umhverfisráðuneytis frá öðrum ráðuneytum ef um það verður að ræða að þangað séu málaflokkar fluttir. Þannig að þessar 23 millj. eru eingöngu nettóútgjöld vegna þess að ríkisstjórnin gat ekki komið sér saman um að halda sig við ráðherratöluna níu. Ef við horfum á hæstv. dómsmrh. geri ég ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna hans embættis sé 7–10 millj. kr. á ári.

Nú má vera að flutningsmönnum þessarar till. þyki þetta ekki háar fjárhæðir, en þetta sýnir með öðru hversu lítil alvaran er á bak við þennan tillöguflutning. Við getum tekið annað dæmi. Hér stendur í 2. tölul.: „Stofnanir verði sameinaðar, starfsemin einfölduð og hagræðingu komið á. Lagðar verði niður stofnanir þar sem færa má starfsemina undir aðrar stofnanir."

Á síðasta þingi, á vordögum þá, fór allur kraftur framsóknarmanna og annarra stjórnarmanna í það að setja á laggirnar tvær nýjar stofnanir. Annars vegar Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, hins vegar Hlutabréfasjóð. Báðir þessir sjóðir eru í sömu húsakynnum og Byggðasjóður, þannig að þar eru nú höfuðin þrjú í staðinn fyrir eitt áður. Verulegur kostnaður fylgir þessum nýju stofnunum og ekki nóg með það, þessi stofnkostnaður fellur ekki aðeins á skattgreiðendur og ríkið, heldur fylgir þessari þrígreiningu margvíslegt óhagræði og hún veldur því að viðbrögð eru seinni en ella mundi. Líka þarna hafa flm. þessarar þáltill. sýnt að hugur fylgir ekki máli. Ef þeim svo sýnist hika þeir ekki við að fjölga stofnunum. Í þessu tilviki þegar talað er um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og Hlutabréfasjóð var ástæðan sú að stjórnarsinnar gátu ekki fellt sig við að stjórnarandstaðan ætti neina aðild að þessum sjóðum eins og er um Byggðastofnun. Þarna fylgdi því alvara ekki máli.

Á síðasta þingi voru það þessir sjóðir, á þessu þingi er það umhverfisráðuneytið. Það fer ekkert leynt, hæstv. forseti, hér á göngum þingsins að margir stjórnarþingmenn kveinka sér yfir því að hafa þurft að standa að því að knýja umhverfisráðuneytið í gegn, eins og gert er, án þess að þörf sé fyrir það. Og auðvitað finnst þeim smánarlegt að til alls þessa kostnaðar skuli stofnað án þess að áður hafi verið fyrir því séð að verkefni yrðu færð til væntanlegs umhverfisráðuneytis.

Í 1. tölul. þessarar greinar er komist svo að orði að afnema skuli „sjálfvirkni í útgjöldum". Þá er spurningin: Hafa þeir framsóknarmenn í raun og veru hug á að afnema sjálfvirkni í útgjöldum? Er það hugsanlegt að fyrir þinginu liggi nú frv. sem einmitt felur í sér aukna sjálfvirkni? Er ég þar að tala um hinn dæmalausa skatt sem lagður er á hóffjaðrir og ætlað er að renna til ákveðinna verkefna. Ég get á hinn bóginn, og það skulu vera mín lokaorð til að tefja ekki, viðurkennt að ríkisstjórnin hefur afnumið sjálfvirkni í útgjöldum hvað varðar þjóðarbókhlöðuskattinn því að það er búið að stela honum öllum, og rúmlega það, með afgreiðslu síðustu fjárlaga.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég gat þess í ræðu minni áðan að augljóst væri að þeir hv. fjórir þm. Framsfl., sem flytja þessa tillögu, líti svo á að þörf sé úrbóta í meðferð ríkisfjármála eins og þau eru nú um þessar mundir og að út af fyrir sig sé ekki við þá hv. þm. að sakast. Nú hefur hv. 1. flm. tillögunnar upplýst að þessar tillögur, bæði þessi tillaga og aðrar sem þeir fjórmenningar hafa í sínu farteski, eigi mikið fylgi

innan Framsfl. og hafi hlotið mikinn stuðning á miðstjórnarfundi Framsfl. Nú hlýtur að verða spurt: Ef þessi skoðun er ríkjandi innan Framsfl., hver nauður rekur þá hv. þingmenn til þess að flytja tillögu af þessu tagi hér á Alþingi þar sem formaður Framsfl. er nú hæstv. forsrh. og þessi flokkur er ekki einungis forustuflokkur ríkisstjórnarinnar, heldur á hann þar öfluga forustumenn? Þá hlýtur það að liggja fyrir annað tveggja, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að í raun og veru sé hér verið að lýsa vantrausti á hæstv. ríkisstjórn í meðferð hennar á fjármálum ríkisins og þar með vantrausti á aðild Framsfl. að þessari ríkisstjórn, ellegar að hér sé meira eða minna um sýndarmennsku að ræða. Ég vitna þó til þess að í grg. með tillögunni er gerð nokkuð góð tilraun til þess að sýna fram á mismunun í því hvernig farið er með fjármál ríkisins annars vegar og fjármál heimilanna og fyrirtækjanna hins vegar. Heimilin og fyrirtækin í landinu verða í sífellu að draga saman á meðan útgjöldin þenjast út hjá ríkissjóði. Þetta er nákvæmlega í samræmi við það sem ég er margsinnis búinn að sýna fram á í mínum málflutningi um þessi mál. Til að mynda á þessu ári vaxa rekstrarútgjöld ríkissjóðs um 2% að raungildi. Á meðan er samdráttur í kaupmætti launafólks og samdráttur er í því fé sem fyrirtækin í landinu hafa til ráðstöfunar. Það þýðir að bæði einstaklingarnir og fyrirtækin skuli borga meira til ríkisins en áður á meðan þau hafa minna handa á milli til að geta staðið skil á þessum greiðslum til ríkissjóðs, þannig að þetta er út af fyrir sig alveg hárrétt.

Það virðist vera þannig að áhrif Framsfl. innan ríkisstjórnarinnar varðandi fjármál ríkissjóðs séu svo lítil, ef þessi tillöguflutningur er eitthvað sannferðugur, að þessir fjórir hv. þm. telja sér nauðsynlegt að flytja vantrauststillögu á Alþingi á meðferð þessara mála. Það er út af fyrir sig þeim ekki til lasts ef sá er tilgangurinn, en ef hinn er tilgangurinn, að vera hér einungis með sýndartillögu á ferðinni, þá er það auðvitað þeim lítið til hróss.

Á undanförnum árum hafa útgjöld ríkissjóðs þanist út og starfsmannafjöldi ríkissjóðs hefur farið vaxandi eins og ég hef iðulega rakið. Á tímabilinu 1980–1990, miðað við þau fjárlög sem fyrir liggja, fjölgar starfsmönnum í A-hluta ríkissjóðs um 3328 manns. Auðvitað er þetta ekki allt núverandi ríkisstjórn að kenna. En þetta sýnir hvernig þróunin er á heilum áratug. Á sama tíma hefur það gerst að ríkisútgjöldin hafa vaxið að raungildi um 20,7% og eru á árinu 1989 28,8% af vergri landsframleiðslu meðan þau voru 22,8% á árinu 1984.

Þetta sýnir meðferð ríkisfjármála á síðari árum. Það sýnir einnig að við alla þessa starfsmannafjölgun, til að mynda á árunum 1982–1988, fjölgaði starfsmönnum í einni aðalskrifstofu Stjórnarráðsins um 113%. Hér um bil allan þennan tíma var framsóknarmaður þar í forustu. Þetta var í landbrn. Þegar ég var í landbrn. 1982 voru þar 7½ stöðugildi, en árið 1988 hafði þeim fjölgað um meira en helming, um 113%. Og þeim er enn að fjölga, það er enn verið að innrétta í því ráðuneyti fyrir nýja starfsmenn.

Það er því öðru nær en að þeir sem hafa verið í forustu fyrir Framsfl. hafi eitthvað sérstaklega haldið vel á málum og forðast að auka starfsmannahald ríkissjóðs eða eyðslu á þessum árum. Og þó að tillögur af þessu tagi kunni að eiga í orði kveðnu mikinn hljómgrunn á miðstjórnarfundi Framsfl., þá sýna störf núv. ríkisstjórnar að það er bara ekkert að marka. Útgjöldin þenjast út þrátt fyrir að Framsfl. eigi þar fulla aðild að og hafi stjórnarforustu í ríkisstjórninni. Ef það væri svo að þetta væri raunverulegt vantraust á ríkisstjórnina í ríkisfjármálum af hálfu þessara fjórmenninga, þá væri það góðra gjalda vert. En þá eiga þeir að sýna í raun að þeir séu tilbúnir að snúa við, að þeir séu tilbúnir að taka málið öðrum tökum og þeir séu tilbúnir til að hætta stuðningi við þessa ríkisstjórn ef hún heldur áfram á sama vegi. Það er það sem gildir. Og öðruvísi verður málum ekki komið fram eða snúið við af hálfu þessarar ríkisstjórnar því þessir hv. þm., sem ég vænti að meini allt vel með sínum tillöguflutningi, fá auðvitað engu ráðið nema þeir sýni ríkisstjórninni í tvo heimana.

Þetta er svo þeim mun eftirtektarverðara sem meðal þessara fjögurra flm. tillögunnar eru einmitt tveir félagar mínir úr hv. fjvn. sem eru þar með aðaltalsmenn Framsfl. í fjármálum ríkisins hér á Alþingi. Þeir telja sig samt knúða til að flytja slíka vantrauststillögu hér í þingsölum.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt í framhaldi af því sem kom hér fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að vekja sérstaka eftirtekt á því sem 1. flm. tillögunnar hafði hér á orði í ræðu þar á undan eða næst þar á undan þegar hann sagði að eina vonin til að fá breytingar í þessum efnum væri að nota þennan vettvang hér. Það væri að nota þingið. Þetta er afar mikilvæg yfirlýsing, þetta er grundvallaryfirlýsing vegna þess að hún sýnir að þm. Framsfl. hafa ekki náð fram þessum markmiðum innan ríkisstjórnarinnar. Þess vegna nota þeir þingið, þess vegna er það eina leiðin. Og þá væntanlega vegna þess að þeir eru að leita eftir stuðningi stjórnarandstöðunnar, þar á meðal Sjálfstfl. við að koma fram þessum málum sínum.

Það er mikil ástæða til að vekja sérstaka eftirtekt á þessu, enda hafa þeir ekki notið mikillar virðingar af hendi flokksbræðra sinna eða ríkisstjórnarinnar hér í þessari umræðu. Ég held að enginn ráðherra Framsfl. hafi rekið hér inn nefið meðan á umræðunni hefur staðið, þaðan af síður alþýðuflokksmenn eða alþýðubandalagsmenn. Og þm. úr þeim flokkum hafa — ja, ég man ekki eftir að hafa séð nema einn eða tvo, kannski þrjá. Eins og einn mann úr hverjum flokki. Svo eru þeir að rífast um það að við sjálfstæðismenn skulum ekki sýna þeim sérstaka tillitssemi. (**Forseti:** Forseti vill gefa þá

skýringu vegna umræðna um fjarveru þm. að breyting varð á dagskrá þessa fundar og munu allmargir hv. þm. ekki hafa gert ráð fyrir fundi milli kl. 1 og 2.) Þá leiðir það væntanlega af því að forustumenn þessarar tillögu hljóta að óska eftir því að umræðu verði frestað þar til ráðherrum t.d. Framsfl. gefist kostur á að hlýða hér á mál þeirra og lýsa afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessarar tillögu.

En það var líka í framhaldi af þessu sem hv. þm. hafði mörg og stór orð um það hvað ég hefði vikist ódrengilega að forsrh. vegna þess sem ég hafði eftir honum um ummæli er hann viðhafði í sjónvarpsþætti. Nú vill svo til að ég er með útskriftina úr þessum sjónvarpsþætti og ég skal hafa hana hér yfir, með leyfi hæstv. forseta, þ.e. þann hluta sem hér er sérstaklega fjallað um. Þar segir svo:

„En málið er ekki svo mjög flókið og málið getur þýtt það að menn þurfa að þjappa eitthvað saman byggð og það er viðkvæmt. Ég er sannfærður um að þetta hlýtur að þýða að það þarf, eigum við að segja, að velja svona meginpunkt á landsbyggðinni þar sem rétt verður að veita sem mest af þeirri þjónustu sem fólkið vill fá og þarf að hafa. Og það getur náttúrlega þýtt að eitthvað sé dregið frá öðrum stöðum í nágrenninu."

Hvað haldið þið að þetta muni nú þýða? Ef teknar eru stjórnvaldsákvarðanir eða gefnar stjórnvaldsyfirlýsingar af þessum toga, hvernig haldið þið þá að þessum fámennari byggðum gangi að berjast fyrir sínum málum? Og svo er þessari sjónvarpssendingu lokað með þessu niðurlagi, með leyfi forseta: „. . . . að ýmis þjónusta sem menn hafa reynt að reka á smáum stöðum eins og Kópaskeri verði ekki veitt þar og menn verða þá að sætta sig við að fara lengra til að fá hana." Hvað haldið þið að svona ákvörðun gagnvart litlum og fámenum byggðarlögum þýði annað en dauðadómur? Auðvitað ekkert annað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðu verður nú frestað, svo og fundinum til kl. 2, en þá verður áfram hlé á þessari umræðu um stund þar eð lofað hefur verið að hálftíma umræða fari fram um málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri. Síðan verður 1. mál tekið á dagskrá en þar á eftir verður þessari umræðu haldið áfram. Það eru ástæður fyrir því að forseti hefur orðið að haga þessu svo til sem ég er sannfærð um að allir hv. þm. skilji. Fundi er nú frestað.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hér fer nú fram umræða utan dagskrár, hálftíma umræða samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapa. Umræðan fer fram að ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. og gerir hann að umræðuefni málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Eins og flestum er kunnugt er fiskiskip í smíðum á Slippstöðinni á Akureyri og hefur fundist kaupandi að því skipi. Á hinn bóginn er ógjörningur að halda smíði þess áfram nema fjármagn fáist sem dugi til þess að hægt sé að ljúka smíðinni. Það hefur verið viðtekin regla hér á landi undanfarin ár að 80% kostnaðar sé lánað til þeirra smíða sem fara fram innan lands. Og svo er um þetta skip að kaupandi er fundinn en á hinn bóginn stendur á því að fjárfestingarsjóðir sjávarútvegsins hlaupi þar undir bagga. Ég verð þó að taka fram að í stjórn Byggðasjóðs var samþykkt að veita 140 millj. kr. lán til þessarar smíði. En það skortir einhvern annan til að koma á móti. Tilefni mitt nú er að spyrja hæstv. iðnrh. hvað því máli líði.

Hinn 1. febr. var viðtal við blaðafulltrúa fjmrn. um þetta mál í Degi, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að sögn Marðar Árnasonar, upplýsingafulltrúa fjármálaráðuneytisins, var þetta mál ekki tekið fyrir í ríkisstjórninni í gær þar sem miklar annir voru í tengslum við kjarasamninga. Búist er því við að þetta mál komi til kasta stjórnarinnar í dag og ræðst því væntanlega þá hvort Ríkisábyrgðasjóður fær ósk um lánveitingu."

Hinn 10. febr. kom þetta mál til umræðu á opnum fundi sem forsætisráðherra efndi til á Akureyri hinn 8. febr. og er frásögn blaðsins á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram kom í máli Steingríms að Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra leggi á það áherslu að málið verði aftur tekið upp í stjórn Fiskveiðasjóðs en ekki fékkst staðfest í gær hvort þetta mál verður a borði stjórnar sjóðsins næsta þriðjudag. Fram kom að við afgreiðslu málsins í stjórn Fiskveiðasjóðs fyrr í vetur hafi atkvæði fallið þannig að sex voru mótfallnir lánveitingu til Meleyrar vegna kaupa á skipinu en einn stjórnarmanna var fylgjandi.

Steingrímur vék sérstaklega í máli sínu að Kristjáni Ragnarssyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna og stjórnarmanni í Fiskveiðasjóði, og sagði að hann mætti ekki ráða því hvort Fiskveiðasjóður fjármagni þessi kaup eða ekki."

Það er auðvitað útúrsnúningur hjá hæstv. forsrh. að einn maður ráði afstöðu heillar stjórnar, sjö manna stjórnar.

Spurning mín til hæstv. iðnrh. er þessi: Samkvæmt upplýsingum blaðafulltrúa fjmrn. hefur það mál átt að koma á dagskrá ríkisstjórnarinnar að Ríkisábyrgðasjóður hlypi undir bagga, eins og venja er þegar Fiskveiðasjóður hefur ekki gert það. Er hægt að nefna mörg dæmi um það. Á hinn bóginn talar hæstv. forsrh. um að málið eigi að leysast í gegnum Fiskveiðasjóð. Fundur var í stjórn Fiskveiðasjóðs í gær og ég hygg að málið hafi ekki komið fyrir þar.

Ég hygg þess vegna, hæstv. forseti, að brýnt sé, til að eyða óvissu, að hæstv. iðnrh. skýri hver sé afstaða ríkisstjórnarinnar til þessa máls.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að lausn verði fundin á fjármögnun nýsmíðaverkefnisins sem stendur á stokkum í Slippstöðinni á Akureyri til að tryggja þeirri stöð verkefni og til að félagið, sem ákveðið hefur að kaupa þetta skip, geti fengið það inn í sinn rekstur sem fyrst. Samningar hafa tekist milli væntanlegs kaupanda og Slippstöðvarinnar um að þessi kaup verði að veruleika. Sjútvrn. hefur fyrir sitt leyti fallist á að taka megi annað skip upp í kaupin og að fresta afskráningu þess skips, en það skiptir miklu máli fyrir framkvæmd málsins. Þetta hefur tekist með samstarfi iðnrn., sjútvrn. og fjmrn. en þessi þrjú ráðuneyti tóku upp samstarf í haust til að leysa fjármögnunarvanda og annan vanda sem risið hefur vegna þessarar nýsmíðar sem í var ráðist án þess að kaupandi væri fenginn að skipinu.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að því miður hafnaði stjórn Fiskveiðasjóðs lánsbeiðni frá væntanlegum kaupanda. Þessari beiðni var hafnað hinn 21. des. Ég brá því á það ráð að hlutast var til um nýjar fjármögnunarleiðir. Það var leitað til Byggðastofnunar, eins og hv. þm. nefndi, og reyndar til Landsbankans, auk Fiskveiðasjóðs. Og eins og kom fram hjá hv. málshefjanda, sem reyndar er einnig stjórnarmaður í Byggðastofnun, þá samþykkti stjórn þeirrar stofnunar hinn 30. jan. sl. að lána 40% af smíðaverðinu. Það liggur nú fyrir að 40% af smíðaverðinu fást að láni til þessa tiltekna fyrirtækis, hins væntanlega kaupanda, ef samkomulag næst við Byggðastofnun um veðrétti.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, ég tel að það eigi að vera unnt að ná samkomulagi um veðréttina og treysti því að báðar þessar mikilvægu lánastofnanir sem ég hef hér nefnt, Byggðastofnun og Landsbankinn, leysi það mál sín á milli. Þær hafa fyrr tekist á við slík verkefni, og ég fulltreysti því að ekki þurfi sérstakar umræður á Alþingi til að koma því í kring.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hæstv. iðnrh. sagði að Byggðasjóður hefði veitt lán til þessa skips en það er ekki að hans frumkvæði heldur lá það fyrir áður en byrjað var á smíði skipsins, þannig að það eru engar fréttir.

Ég vitnaði hér í ummæli, annars vegar blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar og ég var að spyrja iðnrh. hvort málið hefði verið tekið á dagskrá ríkisstjórnarinnar á þeim grundvelli sem blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar hefur tilgreint.

Á hinn bóginn var ég að vitna í ummæli hæstv. forsrh. þar sem hann talar um að málið eigi að leysast í gegnum Fiskveiðasjóð. Blaðafulltrúi fjmrn. segir að það eigi að gerast í gegnum Ríkisábyrgðasjóð, forsrh. talar um að það eigi að gerast í gegnum Fiskveiðasjóð. Um það voru mínar fsp. til hæstv. iðnrh. hvor þessara leiða yrði valin. Það hefur alltaf legið fyrir að viðskiptabanki, hver sem væri, mundi ekki lána stofnlán af þessu tagi til smíðinnar, það hefur alltaf legið fyrir. Og það er hreinn útúrsnúningur að blanda Landsbankanum í þetta mál með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. hefur gert. En þetta er hins vegar bara venjulegur málflutningur hjá þessum hæstv. ráðherrum, þeir tala hver með sínu nefi. Fulltrúi fjmrh. um Ríkisábyrgðasjóð, forsrh. um Fiskveiðasjóð, iðnrh. um Landsbankann. Svo situr hér fyrir framan mig einn ráðherra úr Norðurlandskjördæmi eystra. Það væri fróðlegt að fá að vita hvað hann hefur til málanna að leggja og hvernig hann hugsar sér að leysa þetta mál.

En meðan þannig er unnið að málinu er ekki von á góðu og má auðvitað búast við því að atvinnuleysið haldi áfram fyrir norðan hjá starfsmönnum Slippstöðvarinnar. Þá er ekki við því að búast að hægt verði að semja um ný verkefni sem liggja fyrir um leið og þetta mál er leyst.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Maður hlýtur að efast um að hv. 2. þm. Norðurl. e. beri í raun og veru málefni Slippstöðvarinnar og atvinnuöryggi fólksins sem þar starfar fyrir brjósti þegar hann gengur hér fram hvað eftir annað til að vekja athygli á sér og sínum málflutningi fremur en viðfangsefninu sem fyrir liggur. Þetta er fjarstæðukennt tal sem hann hefur hér uppi. Ég lýsti því eingöngu sem ég tel raunhæfa leið í málinu og ég vitnaði að sjálfsögðu til þess að leitað hefði verið til Byggðastofnunar um að hún yki lán sitt til þessarar framkvæmdar vegna þeirra vandræða sem málið hefði lent í.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að haustið 1987 samþykkti stjórn Byggðastofnunar að lána sem svaraði 15% af smíðaverði þessa skips gegn öðrum veðrétti. Nú hefur stofnunin með samþykkt sinni 31. jan. sl. aukið lánshlutfallið upp í 40% en biður um samhliða fyrsta veðrétt. Það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni, þ.e. að lánastofnanir komi sér saman um hvernig veðtryggingar verði best upp settar til að tryggja hagsmuni allra, kaupanda, seljanda og lánveitanda. Það er kjarni þessa máls. Fjármagnið er til reiðu ef samkomulag næst um þetta. Ég get líka látið þess getið hér að ég hef rætt við sjútvrh. og Fiskveiðasjóð um hugsanlega lánveitingu til skipsins úr þeirri átt, en ég tel hentugast að leita þangað þar sem lausnin kæmi fyrst að gagni.

Að lokum vil ég segja að sem betur fer blasir ekki atvinnuleysi við starfsmönnum Slippstöðvarinnar, þeir hafa verið endurráðnir frá 1. febr., 170 talsins eins og hv. málshefjandi veit mætavel. En það er vissulega nauðsynlegt, og að því verki vil ég vinna, að tryggja þeim verkefni í vetur. Þar er þetta nýsmíðaverkefni mjög mikilvægt og það verk sem á eftir því gæti komið. En það er satt að segja hálfþreytandi að hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli hvað eftir annað nota þennan virðulega ræðustól til þess að vekja athygli á sjálfum sér með þeim hætti sem hér ber raun vitni.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti, aðeins örfá orð. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum hefur stjórn Byggðastofnunar samþykkt að lána 40% af verðmæti skipsins með því skilyrði að fá samhliða veðrétt á móti þeim sem mundi lána á móti. Ég tel fyrir mitt leyti að Byggðastofnun hafi gengið eins langt og frekast er leyfilegt frá hennar bæjardyrum séð og stöðu hennar, að heita þessu loforði. Það var gert einmitt ef það mætti verða til að greiða fyrir endanlegri afgreiðslu þessa máls.

Ég harma fyrir mitt leyti afstöðu Fiskveiðasjóðs til málsins og tel að þetta mál verði að leysa á þessum grundvelli því að það er auðvitað ótækt að láta þetta velkjast um lengur en raun ber vitni. Ég ætla ekkert að halda hér uppi ásökunum á einn eða annan í þessum efnum. En ég get tekið undir þau orð að nauðsynlegt er að leysa þetta mál á þessum grundvelli sem allra fyrst.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi hreyfir hér mikilsverðu máli þar sem er staða skipasmíðaiðnaðarins og verkefnastaða Slippstöðvarinnar. Um það vil ég segja að þar er einfaldlega á ferðinni mál sem verður að leysa og hlýtur að leysast á næstu dögum eða vikum, um annað er ekki að ræða. Það er upplýst að um 10 skip eru í smíðum erlendis og ekki hefur verið greint frá sérstökum erfiðleikum við fjármögnun þeirra. Þess vegna er það einfaldlega niðurstaða sem við getum ekki sætt okkur við að ekki sé unnt að tryggja fjármögnun þess skips, sem þó er í smíðum hér innan lands, með fullnægjandi hætti. Þess vegna segi ég það að það er einfaldlega hlutur sem hlýtur að leysast, því held ég að menn megi treysta að það verði gert. Og þegar það liggur fyrir að Byggðastofnun hefur þegar tryggt fjármögnun á 40% af smíðaverðinu er mér illskiljanlegt að aðrir aðilar finnist þá ekki sem geta tryggt það sem á vantar. En það þarf að gerast og það þarf að gerast fljótt vegna þess að sú staða sem nú er uppi hjá Slippstöðinni hindrar það að stöðin geti í framhaldi af þessu verki tekið við öðrum sem hún verður auðvitað að afla sér. Og í því sambandi vil ég segja fyrir mitt leyti að það er auðvitað mikilvægt að haga þannig málum að verkefnum sé beint til innlendu skipasmíðastöðvanna. Þar á ekki síst að horfa til opinberra aðila, opinbera skipaflotans og ráðstafanir hafa verið gerðar á undanförnum mánuðum einmitt til þess að beina verkefnum af því tagi til innlendra skipasmíðastöðva. Ég nefni þar endurbyggingu Árna Friðrikssonar í skipasmíðastöð á Akranesi og ég nefni viðgerðir á skipum Skipaútgerðar ríkisins, en eins og kunnugt er er Hekla nýkomin úr mikilli viðgerð í Slippstöðinni á Akureyri og það verkefni lagfærði talsvert stöðuna þar nú í svartasta skammdeginu. Ég vil enn fremur upplýsa það að innan fárra vikna verða gögn tilbúin til að afla endanlegra tilboða í smíði Vestmannaeyjaferju og ég geri mér vonir um að fyrir apríllok verði unnt að taka ákvörðun um það hvar það skip verður byggt og auðvitað vonum við að innlendar skipasmíðastöðvar verði það vel samkeppnisfærar í því sambandi að menn geti tekið þar innlendu tilboði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í 32. gr. þingskapa þar sem talað er um hálftíma umræðu er skýrt og skorinort sagt: „Enginn má tala oftar en tvisvar." Vegna undanfarinnar umræðu um það að forseti sé til rýmilegur í umræðum sem þessum, þá hyggst forseti nú fara nákvæmlega að lögum.

Uppskurður og hagræðing í ríkiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 246. mál. — Þskj. 386.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að halda uppi hér miklu máli um þessa tillögu umfram það sem hér hefur komið fram, sem eru aðalatriðin í málinu. Þó vil ég aðeins segja það í sambandi við þær fullyrðingar sem komu hér fram áðan frá þremur þingmönnum Sjálfstfl., hv. 2. þm. Norðurl. e., hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Austurl., þar sem þeir voru að gefa það í skyn að þessi tillaga væri nokkurs konar vantrauststillaga á ríkisstjórn. Þetta er náttúrlega útúrsnúningur eins og allir geta séð sem eru sanngjarnir menn í sambandi við málafylgju á Alþingi.

Það hefur raunar komið fram að allir þessir hv. þm. fagna í raun og veru þessari tillögu. Það er hægt að rökstyðja nánar með því að a.m.k. tveir þeirra, hv. 4. þm. Austurl. og hv. 2. þm. Norðurl. v., eru þátttakendur af heilum hug í því að reyna að finna möguleika á því að breyta þessu kerfi okkar, ríkiskerfinu, að því er varðar fjármál og fjármálastjórn. Kemur það m.a. fram í því að báðir þessir hv. þm. eru flm. ásamt öllum nefndarmönnum í fjvn. að því frv. sem hér liggur frammi til laga um ríkisfjármál. Og þar koma fram enn þá skýrar en í þessari þáltill., sem er áhersluatriði, hin raunverulegu rök fyrir nauðsyn þess að fara að breyta til í meðferð ríkisfjármála, fara nýjar leiðir. Það er aðalatriðið.

Ég geri ráð fyrir því að þessi röksemd komi skýrar fram þegar þetta frv. verður tekið til umræðu hér á hv. Alþingi og miðað við þær undirtektir sem fram hafa komið í þjóðfélaginu, þá hygg ég að það sé mikill meiri hluti þjóðarinnar sem bókstaflega ætlast til þess af Alþingi að það verði farið að taka öðruvísi á þessum málum og fara nýjar leiðir. Og ég get bætt því við að eins og fram kemur í greinargerð með þessu lagafrv. þá er hér tekið mið af því sem er reynsla komin fyrir til hagræðingar á öllum Norðurlöndunum. Meðferð ríkisfjármála eins og hér er viðhöfð og hefur tíðkast í áratugi þekkist hvergi nokkurs staðar nema á Íslandi.

Og ég verð að segja það við þessa vini mína, hv. 2. þm. Norðurl. v. og 4. þm. Austurl., að auðvitað erum við framsóknarmenn ekki að firra okkur ábyrgð á því sem hefur skeð í þessum málum á undanförnum árum. Við erum jafnsekir í því eins og aðrir. Svo vill til að Sjálfstfl. hefur lengst af á því tímabili sem hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði til farið með forustu í ríkisfjármálum, ýmist sem fjmrh., formaður fjvn. o.s.frv. Þess vegna mætti spyrja af hverju þeir hafi ekki haft frumkvæðið að breytingum.

En það er ekki það sem er aðalatriðið heldur það að við söðlum um og tökum upp ný vinnubrögð og þar held ég að við séum allir í raun og veru sammála. Og það má svara því til þegar verið er að tala um af hverju áhrifin af þessu séu ekki komin strax fram að við vorum settir í þessa efnahagsnefnd vegna þeirrar óánægju sem kom fram strax við myndun núverandi ríkisstjórnar og þeirrar skoðunar að það þyrfti að ganga lengra í aðgerðum til þess að skera upp fjármál ríkisins en náðist samkomulag um. Við setjum fram okkar ákveðnu stefnu fyrir hönd flokksins og fylgjum því eftir með ákveðnum tillögum og síðan með þáltill. til þess að hefja umræður um það hér á hv. Alþingi hvort menn eru ekki sammála um, í hvaða stjórnmálaflokki sem þeir eru, að hingað og ekki lengra verði farið á þeirri braut sem hefur verið farin á undanförnum áratugum. Það þarf að stokka hér algerlega upp og fara nýjar leiðir og það skiptir ekki nokkru máli hver hefur haldið um stjórnartaumana á undanförnum áratugum í sambandi við þessi mál. Það er runnið sér til húðar. Það er ljóst um ríkisfjármálin alveg eins og kjarasamningana að þar verða ekki lengur notaðar sömu aðferðir og hafa verið viðhafðar á síðustu áratugum.

Það væri hægt að halda hér margra klukkutíma ræðu til þess að rökstyðja þetta. Ég ætla ekki að gera það hér. En ég vil bara undirstrika það að menn skulu láta niður falla alla togstreitu um það hverjir hafa farið með völd á undanförnum árum. Þörfin fyrir þetta er til staðar og það er hún sem er aðalatriðið og ég skora á hv. þm. að láta af öllum metingi um þetta mál. Hér þarf bara að taka til höndum og ná samkomulagi um það með hvaða hætti er hægt að gera skynsamlegar tillögur og leiða þær fram til raunhæfra aðgerða. Það er það sem íslenska þjóðin þarf og það þarf að gera þennan uppskurð á ríkiskerfinu. Það er alveg ljóst. Og við skulum hætta öllum metingi um hver hafi verið við völd og hver hafi gert þetta eða hitt. Aðalatriðið er að sjá fram á nýjar aðgerðir. Það er kominn tími til.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það að með þessum tillöguflutningi er þess freistað að fá Alþingi Íslendinga til að taka á þessu mikilvæga máli kerfisbundið og í alvöru.

Það er óhætt að segja um þá tillögu sem hér liggur fyrir að í hana hefur verð lögð glettilega mikil vinna. Hún fjallar um mjög mikilvæg markmið sem reynt er að ná fram og hún skýrir það í mörgum liðum hvað um er að ræða, endurskoða starfsmarkmið ríkisstofnana, sameina stofnanir, einfalda, leggja þær niður sumar, auka sjálfstæði ríkisstofnana, fá þeim sjálfstæðan fjárhag, auka ábyrgð stjórnenda, bjóða út rekstrarþætti, selja ríkisfyrirtæki, fækka ríkisstarfsmönnum o.s.frv.

Hér er um að ræða mál sem snertir alla þjóðina og er afar mikilvægt. Við verðum að ná tökum á halla ríkissjóðs. Við verðum að skera ríkiskerfið upp. Þetta hygg ég að við séum sammála um. Ég hef þess vegna orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með þá umræðu sem hér hefur farið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar og þá sérstaklega sjálfstæðismanna. Mér er engin launung á því að ég átti von á því að fá frá þeim talsvert mikinn stuðning við þessa tillögu vegna málflutnings þeirra á undanförnum árum. Í stað þess hafa þeir reynt að gera þessa tillögu tortryggilega og farið út í, mér er næst skapi að segja útúrsnúninga í umræðum um sýndarmennsku og annað slíkt. Þeir benda á að framsóknarmenn séu í ríkisstjórn og af hverju beiti menn þessu ekki þar.

Við höfum hins vegar sagt að við teljum að Alþingi, fjárveitingavaldið, eigi að fjalla um þessi mál, þau séu það brýn. Hér eru allir flokkar sekir um það að hafa aukið ríkisreksturinn. Og ég vil beina þeim hv. sjálfstæðismönnum sem svona tala inn á þá braut að athuga eigin málflutning. Á sama tíma og þeir hafa rætt um báknið, á sama tíma og þeir ræða um báknið burt eða baráttuna við báknið hafa þeir bæði haft forsrh. og fjmrh. og sáralítið gert. Af hverju skyldi það vera? Var það af því að þeir gátu ekki komið því fram í ríkisstjórn eða höfðu þeir ekki áhuga? Ég nenni ekki að ræða það hérna vegna þess að það skiptir ekki máli. Ég held að þetta sé svo stórt mál að því verði ekki fram komið nema með mikilli samstöðu og ég get tekið undir margt í málflutningi hv. þm. Pálma Jónssonar þó ég sé ekki sammála öllu sem hann sagði. Ég bjóst þess vegna við að við fengjum betri undirtektir einmitt sjálfstæðismanna undir þetta mál vegna þess að ég hélt að þetta væri að einhverju leyti í samræmi við þann málflutning sem þeir hafa haft uppi á undanförnum árum þó að tillögur þeirra hefðu kannski mátt vera ítarlegri. Og kannski hefðu þeir þá, ef við tökum upp málflutning hv. þm. Kristins Péturssonar, átt sjálfir að gera meira þegar þeir voru í ríkisstjórn með forsrh. eða fjmrh. Það er engin launung að fjmrh. Sjálfstfl. misstu reksturinn á ríkissjóði langt, langt fram úr fjárlögum. Það hafa flestir fjármálaráðherrar því miður gert. En þeir gerðu það líka. Og það er öllum ljóst að þennan halla ráðum við ekki við með því að auka tekjur eða skattlagningu eða skera niður framkvæmdir. Það verður að skera ríkisreksturinn upp.

Ég gerði mér vonir um það þegar við félagarnir ræddum um það að leggja þetta fram hér á Alþingi að einmitt hér á Alþingi Íslendinga gætu menn sameinast, tekið höndum saman í þessu mikilvæga máli og reynt að leysa þetta saman því að öðruvísi verður það ekki gert. Hér er um mörg, viðkvæm, erfið og flókin mál að ræða. Þetta þarfnast samstöðu, í þessu máli er

þjóðarnauðsyn að menn nái samstöðu. Ég vil þess vegna hvetja menn til þess að leggja til hliðar karp um fortíð og sýndarmennsku og tilraunir til að gera þennan *málflutning á einhvern hátt tortryggilegan.*

Í reynd hygg ég að allir séu sammála um markmiðið og ég held að menn væru meiri menn ef þeir réttu hver öðrum höndina, tækjust á við þetta því að við vitum allir að það stefnir í mikinn vanda ef menn ná ekki tökum á ríkisfjármálum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Mér kom í hug þegar hv. 4. þm. Austurl. var að krefjast þess hér að ráðherrar núv. ríkisstjórnar og sérstaklega framsóknarráðherrarnir kæmu hér í salinn til að fylgjast með þessari umræðu, taka eftir því hvernig efnisinnihaldið væri raunverulega vantraust á núverandi ríkisstjórn, að það væri alveg jafnmikil þörf á að kalla ráðherra fyrrv. ríkisstjórnar, samflokksráðherra Framsfl. úr fyrri ríkisstjórnum, til setu hér við þessa umræðu. Einn hæstv. ráðherra er nú kominn hér í salinn síðan þessi ósk var borin fram og það hefur komið einn ráðherra ríkisstjórnarinnar, þó að hann sé nú ekki framsóknarmaður, til þess að fylgjast með ... (Gripið fram í.) Gæti verið framsóknarlegur, hann gæti verið það.

Þessi umræða er fyrst og fremst metingur á milli þessara tveggja flokka. Enn þá treystir Sjálfstfl. *ekki Framsfl. og Framsfl. ekki Sjálfstfl. og þeir eru* að metast á um hvor hefur gert verri hluti. Þeir settust hér í ríkisstjórn 1983 eftir mjög góða fjármálastjórn Ragnars Arnalds. Ragnar Arnalds hafði stjórnað ríkiskassanum á þann veg að hann skilaði afgangi ár hvert en það var ekki lengi verið að skipta yfir þegar þessir herrar tóku við stjórnartaumunum. Og nú koma þeir hér upp og tala um það að nauðsyn sé að söðla um og nauðsynlegt sé að gera einhverja mjög merka hluti, koma sér niður á núlllausn í sambandi við ríkisfjármálin eins og gert hefur verið í sambandi við samskipti aðila vinnumarkaðarins.

Þessi umræða er ekkert annað en þessi umfjöllun og það fylgir því miður lítil alvara bak við þetta. Maður getur ekki lesið það út úr þeim punktum sem framsóknarþingmenn hafa talið upp eftir upphafsorðum tillögunnar. Annar punkturinn eða annar liðurinn í þessari tillögu er orðaður þannig, með leyfi forseta: „Stofnanir verði sameinaðar, starfsemin einfölduð og hagræðingu komið á. Lagðar verði niður stofnanir þar sem færa má starfsemina undir aðrar stofnanir." Mikil viska og skipulagningarhugsjón er saman komin í þessum eina þætti. Það er ekki nema eðlilegt að framsóknarþingmenn hafi þurft þó nokkuð mikinn tíma til þess að byggja upp þessa tillögu og þær efnahagstillögur sem þeir lögðu fyrir sinn flokk og við höfum reyndar ekki séð mikið af. (Gripið fram í.) Þá hef ég því miður bara kannski eins og sumir látið eiga sig að lesa þau. Vitaskuld er þörf á því að breyta til í sambandi við ríkisreksturinn. En ég veit ekki hvort það er endilega rétta leiðin til þess að flytja svona sýndartillögu eins og hér hefur verið flutt. Ætli það væri ekki eðlilegra og betra að framsóknarþingmennirnir *beittu áhrifum sínum við ráðherrana sína*, að þeir tækju sig til í ríkisstjórninni? Þeir byrjuðu á að vinna hlutina t.d. í þingflokki Framsfl., gerðu þar ályktanir sem þeir kæmu síðan inn í ríkisstjórn og þar væri fjallað um. Við þingmenn hinna stjórnarflokkanna mættum svo kannski sjá það eftir að búið væri að leggja þessar tillögur inn í ríkisstjórn. Og það væri ekki gengið frá öllum hlutum inni í ríkisstjórn eins og virðist hafa verið gert núna undir forsæti Framsfl. Tillögur um ákveðnar aðgerðir í sambandi við fjárlög, niðurskurð á fjárlögum, eru kokkaðar inni í ríkisstjórn og síðan sýndar þingmönnum. Þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð með flutningi þessarar þáltill. eru á ósköp svipaðan máta. Hér er verið að veifa tillögu sem er ekkert annað en metingartillaga milli Framsfl. og Sjálfstfl. um liðna tíð.

Matthías Bjarnason:

Virðulegur forseti. Þessi till. sem hér er til umræðu um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu er góðra gjalda verð og fullkomin nauðsyn á því að gera uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu. Og hefði verið mikið atriði að ná sem víðtækustu samstarfi um flutning á till. um þetta efni. En það *vekur töluverða tortryggni að þegar þessir ágætu* flm. leggja þetta til, að ríkisstjórnin skipi vinnuhóp sem á að taka mið af þessum tillögum, þá sjáum við að a.m.k. þrír af þessum flm. hafa greitt atkvæði með því að fjölga um eitt ráðuneyti og það án verkefna. Sá ráðherra sem á að fá þetta verkefnislausa ráðuneyti bíður í ofvæni eftir að fá heimild til að geta ráðið sennilega töluvert á annan tug starfsmanna. Og þetta kemur hann til með að framkvæma fyrir atbeina þeirra manna sem eru að leggja þetta til, þessa till., þriggja þeirra. Það hefur ekki enn reynt á 1. flm. en málið er nú komið til efri deildar. Við skulum vona að hann verði sjálfum sér samkvæmari en hinir þrír flm.

Hvað er verið að gera hér? Þvert ofan í það sem ríkisstjórnin er búin að lýsa yfir og forsrh., að það eigi að stefna að því að fækka ráðuneytum. Og utanrrh. — hann er nú auðvitað aldrei hér í þinginu, það heyrir til undantekninga — en hann brá sér til Vestmannaeyja þar sem hann var alls ekki á því að fækka ekki nema um tvö til þrjú ráðuneyti. Hann bauð betur í Eyjum. Hann hefur ekki endurtekið þessa ræðu á fasta landinu enn þá. Það getur vel verið að hann hafi flutt hana í Brussel yfir þeim eða einhvers staðar annars staðar, en þar varð að ganga lengra í sparnaði. Hver trúir á þetta lið?

Hvernig var meðferð fjármála hér við lok fjárlagafrv. í vetur? Þegar 3. umr. er að ljúka hleypur leiðtogi framsóknarmanna upp hér í þinginu og flytur till. um að kaupa 500 dagblöð til viðbótar við það sem fyrir var. Þessi till. var samþykkt. Hún var líka samþykkt af þessum mönnum sem vilja upp-

skurð og hagræðingu í ríkiskerfinu. Ég spyr þá að því: Af hverju samþykktuð þið slíka till.? Hún kostar ríkissjóð og skattgreiðendur 30 millj. Svo takið þið núna þátt í niðurskurði á bráðnauðsynlegum hlutum til framkvæmda sem áður var búið að skera niður við trog svo að segja.

Það er einmitt þetta framferði ykkar, hv. flm. í neðri deild sem hafið tekið þessa afstöðu, sem verður til þess að við sjálfstæðismenn, sem viljum slíkan uppskurð, tortryggjum ykkur, að það fylgi ekki hugur máli. Til þess að hugur fylgi máli verða menn að sýna það í verki í öllum sínum gerðum að þeir vilji uppskurð á ríkiskerfinu og fara betur með fjármuni en gert er. (Gripið fram í.) Hvað var formaður bankaráðs Búnaðarbankans að segja? Kom það ekki eitthvað við Búnaðarbankann, eða hvað? Ég var ekkert að ráðast á þann lið, þið megið kaupa málverk þrátt fyrir fsp. framsóknarþingmanna um það, alveg eins og þið getið fyrir mér.

Þetta er ekki leiðin til að efla samstöðu og samstarf, það ætla ég að segja hv. 1. þm. Vesturl., sem breiddi hér töluvert úr sér í ræðustólnum áðan. Ég vil fá skýringu hjá honum. Af hverju er hann að greiða atkvæði með því að auka stjórnkerfið? Af hverju er hann að greiða atkvæði með því að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti? Af hverju berjast framsóknarmenn ekki fyrir því að spara í þessum efnum? Af hverju er farið út í svona verslunarrekstur eins og með kaupum á Borgfl. á sl. hausti? Allt er þetta gert á kostnað skattborgaranna í landinu, allt þetta brask.

Og svo er talað um að spara. Umhverfisráðherrann er þegar búinn að bjóða umhverfisráðherra Vestur-Þýskalands til Íslands til þess að kynna honum æðarvarp. Sumir Þjóðverjar halda að Íslendingar reyti allar fjaðrir af kollunni til að selja sem æðardún og skilji hana eftir strípaða. Það stendur ekki á að bjóða, það er alltaf verið að bjóða og eyða. Utanrrh. ætlaði að fækka sendiráðum, hann hafði sterk orð um það. Svo kemur blessaður 4. þm. Vesturl. og segir að öllum fjmrh. hafi mistekist nema Ragnari Arnalds, honum hafi tekist vel. Við skulum segja að þetta se allt satt og rétt. Af hverju var þá verið að sækja hann Ólaf Ragnar Grímsson og gera hann að fjmrh., mann sem er ekki einu sinni inni á þingi, og ganga fram hjá afbragðs fjmrh. eins og Ragnari Arnalds? Er gæfuleysið algert? Það er öllum tækifærum lokað til þess að rétta við fjárhag þessarar þjóðar. Haldið þið að hann Ólafur Ragnar geri það? Nei, það dettur engum manni í hug að halda það, ekki nokkrum manni.

Nei, kæru, elskulegu framsóknarmenn. Ég bið ykkur að breyta nú algerlega um skoðun til þess að við sem viljum standa með ykkur í þessu máli getum það, að þið hættið að standa að svona eyðslutillögum og hættið að hlýða þessum fyrirmælum ykkar ráðherra og manna sem virðast ekkert vit hafa á fjármálum. Og þar er formaður þingflokks ykkar mjög framarlega í flokki. Enda hefur hann nú varla tíma orðið til að staldra lengi hér við því maðurinn þarf víða við að koma. Hann þarf nú að sjá líka um Sovétríkin og mestalla Evrópu. Ég tala nú ekki um Norðurlöndin sem eru nú bara svona innan túnsins hjá honum. Svoleiðis að hann hefur alveg nóg að gera.

En við skulum svo snúa okkur í alvöru að þessum málum. Þessi till. er góðra gjalda verð en til þess að við hinir sem viljum standa að þessum málum trúum ykkur og treystum, hættið þið þá að samþykkja eyðsluna og óráðsíuna.

Umræðu frestað.

Öryggi í óbyggðaferðum, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl. 327. mál. — Þskj. 571.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 571, um öryggi í óbyggðaferðum.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Valgeirsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Karvel Pálmason og Friðjón Þórðarson.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir."

Fjöldi sjálfboðaliða vinnur mikið og óeigingjarnt starf að björgunarmálum í björgunarsveitum og slysavarnafélögum um land allt. Reynslu þessara aðila og annarra af hálendis- og jöklaferðum þarf að nýta þegar lögð eru á ráð til að bæta öryggi í óbyggðaferðum. Þessir aðilar hafa oftsinnis bent á nauðsyn þess að efla öryggi í ferðalögum á hálendi Íslands.

Margar hugmyndir og tillögur hafa komið fram frá björgunarsveitafólki um það hvernig auka megi öryggi ferðafólks á öræfum, bæði í blaðagreinum og í beinni tillögugerð m.a. í samráði við Ferðamálaráð Íslands. Samvinna þeirra aðila sem vinna að þessum málum hefur aukist upp á síðkastið þó enn megi bæta þar um og mætti hlutur opinberra aðila vera meiri til stuðnings og til samræmingar. Á undanförnum árum hefur það oft komið fyrir að erlendir ferðamenn lendi í ógöngum í óbyggðum. Nýlegt dæmi og umtalað er þegar breskur ferðamaður varð úti í Öræfasveit í janúar sl. í veðri sem algengt er hérlendis á þessum árstíma. Slík dæmi eru mörg sem leitt hafa til manntjóns, slysa og kostnaðarsamrar leitar, oft vegna ófullnægjandi útbúnaðar og kunnáttuleysis. Þannig gerist það flest haust að leita þarf að rjúpnaskyttum sem týnt hafa áttum og villst. Fjöldi fólks leggur á sig mikla fyrirhöfn við leit og af því hlýst

ómældur kostnaður auk þess sem leitarmenn stofna sjálfum sér í hættu. Útlendingar eru e.t.v. í enn meiri hættu en Íslendingar þar sem þeir þekkja lítið sem ekkert til aðstæðna hér á landi og þeirrar óblíðu náttúru sem við búum við.

Í dagblaðinu Tímanum föstudaginn 19. jan. er sagt frá þeirri leit sem gerð var að breska ferðamanninum sem ég minntist á hér áðan. Og þar er haft eftir fólkinu sem hann talaði við áður en hann fór í þennan leiðangur, með leyfi forseta: „Við reyndum með öllum brögðum að telja honum hughvarf en honum varð ekki þokað. Við höfðum samband við lögreglu en þeir tjáðu okkur að ekki væri hægt að hefta för mannsins. Við spurðum hann hvers vel hann væri nestaður og hann tjáði okkur að hann ætlaði að lifa á berjum." Og svo aðeins síðar í þessari sömu blaðagrein stendur: „Það var með naumindum að húsmóðurinni á Hofi tókst að neyða brauðpoka upp á manninn um það leyti sem hann var að hverfa út úr dyrunum. Hvort það var eina nestið sem hann hafði meðferðis er ekki vitað. Útbúnaðurinn var ekki upp á marga fiska. Að vísu var hann með bakpoka og ég veit að hann var með ísöxi og brodda. Klossarnir sem hann var í virtust ekki vatnsheldir. Þá var hann ekki með tjald en sagðist grafa sig í fönn. Við spurðum hann eftir varmapoka eða slíku og reyndist hann hafa einhvern slíkan poka." Það er alveg greinilegt að maðurinn hefur ekki gert sér grein fyrir hvernig veður geta orðið hér á landi á þessum árstíma. Það er því í allra þágu að bæta öryggi ferðamanna sem leggja leið sína í óbyggðir. Þar eru fyrirbyggjandi aðgerðir af ýmsu tagi ódýrasta og besta ráðið.

Flm. till. mæla hins vegar ekki með ferðabanni eða því að loka svæðum fyrir ferðafólki nema í undantekningartilvikum. Ég tel mjög mikilvægt að hafa í huga að það er engin lausn að banna fólki að fara í slíkar ferðir sem hugsanlega geta haft einhverja hættu í för með sér. Íslendingar vilja sjálfir geta ferðast um land sitt og leitast er við að laða hingað erlenda ferðamenn, ekki síst með því að auglýsa íslenska náttúru og óbyggðir. Það leggur okkur skyldur á herðar. Þáttur í að gera óbyggðaferðir aðlaðandi fyrir innlenda sem erlenda er að bærilega sé séð fyrir öryggismálum og að ferðamenn verði sjálfir þátttakendur í að bæta þar úr og gera sér grein fyrir því sem orið getur að höndum. Frá því vorið 1985 hefur verið starfrækt tilkynningarþjónusta fyrir ferðamenn. Að henni standa Landssamband hjálparsveita skáta, Landssamband björgunarsveita og fyrirtækið Securitas. Þjónustan er þannig að fólk sem ætlar í óbyggðaferðir getur hringt og greint frá ferðaáætlun sinni. Komi það ekki fram á tilgreindum tíma er eftirgrennslan eða leit hafin. Í greinargerð sem Friðrik B. Friðriksson hjá Landssambandi hjálparsveita skáta hefur skrifað, þar sem hann lýsir þessari tilkynningarþjónustu sem þeir standa fyrir, stendur, með leyfi forseta:

„Oft kemur fyrir að ferðamenn óska eftir ráðleggingum vegna ferða sinna og er þeim þá vísað á skrifstofu Landssambands hjálparsveita skáta. Leitast starfsfólk sambandsins við að greiða götu fólksins eftir bestu getu. Stundum líst okkur ekki á fyrirætlanir fólks og reynum við þá að hafa áhrif á ferðaáætlanirnar. Komið hefur fyrir að við höfum hótað erlendum ferðamönnum að hafa samband við útlendingaeftirlitið vegna ferða sem við höfum talið vera glapræði, en það er sjaldgæft. Yfirleitt er ferðafólk sem hefur samband við okkur vel útbúið en stundum vantar mikið á að svo sé. Sennilega fáum við til okkar frekar fólk sem er varkárt en að okkar dómi mættu mun fleiri nýta þessa ókeypis þjónustu. Þess má svo geta að við teljum nær öruggt að tilkynningarþjónustan hafi bjargað mannslífum." Þetta segja þeir hjá Landssambandi hjálparsveita skáta.

Byggja mætti m.a. á þeirri reynslu sem fengist hefur af þessari þjónustu. Í mörgum löndum er þess krafist að fólk sem ferðast um svæði þar sem hættur eru miklar kaupi sér vátryggingu fyrir leitarkostnaði. Sums staðar er vátryggingarupphæðin svo há að það er varla á færi hins almenna borgara að kaupa slíka tryggingu. Ég get nefnt sem dæmi að á Grænlandi er þeim sem vilja fara upp á jökul bannað að fara þangað nema þeir hafi keypt sér vátryggingu og hún er svo dýr að það er nánast ógerlegt fyrir venjulegt fólk að kaupa hana og er þá raunar bara fyrir einhverja ríka menn að fara í ferðir þar upp á jökul. Við viljum ekki koma upp neinu slíku hér, við verðum að reyna að gæta okkar á því að ferðir upp á hálendið verði ekki einhverjar lúxusferðir. Það er hins vegar eðlilegt að kanna hvort slíkt kæmi til greina hér á landi í einhverjum tilvikum þegar um sérstaka ævintýramennsku er að ræða. Einnig heyrast þau sjónarmið að erlendir ferðamenn sem ætla í áhættusamar ferðir hér á landi verði skyldaðir til að kaupa leitar- og björgunartryggingu. En efnahagur fólks má alls ekki vera ráðandi um það hverjir geta ferðast um óbyggðir sér til yndisauka.

Með flutningi till. er ekki ætlunin að benda á tilteknar lausnir heldur að Alþingi láti málið til sín taka og hlutist til um aðgerðir. Við mótun þeirra þarf margt að athuga og er aðeins vikið að nokkrum þáttum í tillgr. Áhersla er lögð á fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks, en einnig að sett verði og samræmd lög og reglur sem stuðlað geti að bættu öryggi án þess að ganga um of nærri frjálsri og óheftri umferð um landið. Hafa ber í huga að ferðum fylgir ætíð nokkur áhætta en óþarfi er að ýkja hana eða bregðast við henni með boðum og bönnum. Flm. hafa m.a. í huga eftirfarandi atriði sem athuga ber þegar fjallað er um öryggi í óbyggðaferðum:

Fræðslu fyrir ferðamenn innlenda sem erlenda um helstu hættur sem orðið geta á vegi þeirra við breytilegar aðstæður á ólíkum árstímum og hvernig bregðast megi við. Slíkar leiðbeiningar er m.a. hægt að færa inn á kort og í bæklinga sem ætlaðir eru ferðamönnum.

Starfrækslu tilkynningarþjónustu í núverandi eða breyttu formi og tilkynningarskyldu sem gæti náð til ákveðinna fáfarinna eða erfiðra ferðasvæða. Dæmi um slíkt geta verið jöklaferðir, klifur í fjöllum og

jöklum og gönguferðir um fáfarin svæði svo eitthvað sé nefnt. Sameina mætti tilkynningarþjónustu og ráðgjöf um leiðaval og útbúnað, svo og aðrar leiðbeiningar.

Athuga þarf hvort tryggingafélög taka að sér að veita þeim tryggingu sem ferðast utan alfaraleiða án óhóflegs kostnaðar. Tengja mætti slíkar tryggingar við leitar- og björgunarþjónustu og jafnvel gera þær að skilyrði fyrir leit við tilteknar aðstæður.

Setja þarf skýrari reglur en nú gilda um akstur í óbyggðum, merkja akstursleiðir og koma upp viðvörunarskiltum á hættulegum stöðum, m.a. við ótrygg vöð á ám.

Heimildir þurfa að vera til að banna ferðalög inn á tiltekin svæði við sérstakar og afbrigðilegar aðstæður, t.d. vegna snjóflóðahættu eða vegna yfirvofandi óveðurs.

Aukið eftirlit af hálfu löggæslu í óbyggðum getur jafnframt stuðlað að bættu öryggi svo og samvinnu björgunaraðila og löggæslu.

Margar af þeim hugmyndum sem fram hafa komið til að bæta öryggi í óbyggðum krefjast ekki breytinga á lögum heldur betri skipulagningar og samræmingar og að settar verði reglur á grundvelli núgildandi laga. Af lögum og lagaákvæðum sem tengjast þessu máli má benda á eftirfarandi:

Lög um almannavarnir, nr. 94/1962. Hlutverk almannavarna er m.a. að skipuleggja og framkvæma aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni af völdum náttúruhamfara eða annarri vá. Lögin fjalla um aðgerðir sem snerta almenning vegna hættu sem steðjar að stórum fjölda frekar en aðgerðir sem snerta einstaklinga sem hafa komið sér í klípu af eigin rammleik.

Einnig má benda á lög um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988. Í a-lið 3. gr. segir m.a.: „. . . allt sem lýtur að því að draga úr hættu og óþægindum, greiða fyrir umferð og tryggja öryggi fólks . . .“ Þarna er verið að tala um skyldur ráðherra til að setja reglugerð um lögreglusamþykktir. Fljótt á litið sýnist að tilgangur lögreglusamþykkta sé ekki að vernda einstaklinginn fyrir eigin gerðum. Frekar er verið að banna hegðun sem raskar friði annarra borgara. Hugsanlegt er þó að bæta við greinum með nýjum ákvæðum sem skylda dómsmrh. til að setja reglugerð um lögreglusamþykkt á hálendinu er kæmi þá í stað lögreglusamþykkta einstakra sveitarfélaga.

Í þriðja lagi eru lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Ef einungis á að auka skyldur erlendra ferðamanna sem hyggjast fara inn á hálendið virðist rétt að setja ákvæði um slíkt í lög um útlendingaeftirlit. Hvað varðar tilkynningarskyldu þá er í lögunum heimild fyrir dómsmrh. að setja sérstakar reglur um tilkynningarskyldu útlendinga ef þeir dveljast hér á landi. Það er hugsanlegt að þetta ákvæði eitt sér sé nægjanleg lagaheimild til að kveða á um skyldu útlendinga til að tilkynna fyrirhugaðar fjallaferðir og skyldu til að tilkynna sig meðan á ferð stendur. En að sjálfsögðu gildir þetta ekki um Íslendinga.

Jafnframt því að athuga hvort gildandi lög og lagaákvæði séu fullnægjandi er rétt að kanna þörf á nýjum lögum og lagaákvæðum. Ég tel æskilegt að hraða þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir og hafa sem besta samvinnu við þá mörgu aðila sem málið varðar. Hef ég þá fyrst og fremst í huga þá aðila sem hafa staðið að björgunarmálum á undanförnum árum en fleiri þurfa þar að sjálfsögðu að koma til.

Að lokinni umræðu um tillöguna legg ég til að henni verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er um að ræða till. til þál. um öryggi í óbyggðaferðum. Hún er flutt af átta þingmönnum úr öllum flokkum. Hv. 1. flm., 12. þm. Reykv., hefur gert glögga grein fyrir málinu og er kannski ekki þörf á að bæta þar miklu við. Ég vil þó drepa á nokkur atriði.

Tillagan gengur í þá átt að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á. Ég hygg hér sé hreyft máli og ekki að ástæðulausu, eins og nánar kemur fram í greinargerð, því dæmi finnast um það, bæði gömul og ný, að ýmis slys og óhöpp henda bæði innlenda og erlenda ferðamenn sem hafa átt leiðir um óbyggðir þessa lands. Á það er bent í greinargerð að tillagan sé flutt í þágu allra til að bæta öryggi ferðamanna sem leggja leið sína í óbyggðir. Þar er vikið að óeigingjörnu starfi manna í björgunarsveitum og slysavarnafélögum sem ærið mörg dæmi finnast um. Það er minnst á að frá því vorið 1985 hafi verið starfrækt hér á landi tilkynningarþjónusta fyrir ferðamenn sem nánar er greint frá hér. Það er vikið að hlut vátryggingafélaga, á hvern hátt þau geta komið til liðs við að bera uppi þann mikla kostnað sem oft og iðulega hlýst af slíkum fjallleitum.

Flm. hafa einkum í huga nokkur atriði þegar þessu máli er hreyft og sem sérstaklega þarf að athuga þegar fjallað er um öryggi í óbyggðaferðum. Í fyrsta lagi má nefna fræðslu fyrir ferðamenn, starfrækslu tilkynningarþjónustu, eins og ég benti á. Það er bent á hvernig sameina má tilkynningarþjónustu og ráðgjöf. Það er vikið að hlut tryggingarfélaga. Það er nefnt að skýrari reglur þurfi um akstur í óbyggðum en nú gilda. Fyrir nokkrum dögum kom til umræðu í þinginu þál. sem samþykkt var fyrir einu ári eða svo um akstur utan vega. Það er ekki sama hvernig ferðast er um óbyggðirnar. Það þarf að gæta þar margra hluta.

Það er vikið að því að heimildir þurfi að vera til svo að hægt sé að banna ferðalög inn á tiltekin svæði eða jafnvel hefta ferðir einstakra manna inn á hálendið undir vissum kringumstæðum. Það er rétt að væntanlega þarf að athuga þetta efni sérstaklega. Ég hef stundum sagt þá sögu í þessu sambandi þegar nokkrir, ég held franskir, ferðamenn sem ætluðu að leggja leið sína illa útbúnir á Vatnajökul vissu þeir ekki fyrri til en allt í einu var kominn upp að hlið þeirra sýslumaður Norð-Mýlinga og bæjarfógeti Seyðfirð-

inga og bannaði þeim að leggja á jökulinn. Ég veit ekki til hvaða heimilda hann hefur skírskotað, en þarna var þó a.m.k. mættur sýslumaður í fullu úníformi og eins og við vitum bera útlendingar oft og iðulega meiri virðingu fyrir úníformi og stjörnum en við gerum hér á landi. Hvort sem sýslumaður hafði formlega heimild eða ekki dugði það í þessu tilfelli og þessir fávísu ferðamenn hættu við jökulferðina.

Af því að ég skipaði þennan ágæta sýslumann í starfið hef ég stundum sagt við hann síðar þegar ég hitti hann: Svona eiga sýslumenn að vera. Það er ekki alltaf tími til að velta fyrir sér hvort pottþéttar heimildir eru til að ráða fram úr málum þegar svona stendur á.

Svo er auðvitað nauðsynlegt að auka löggæslu í óbyggðum en það getur verið ærið kostnaðarsamt. Eigi að síður er hér bent á nokkur atriði sem full þörf er á að athuga til hlítar að mínum dómi og reyna að finna lausn á því máli sem vissulega er mikið oft og tíðum. Það er æskilegt að hraða þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir og vinna þær í sem bestri samvinnu við þá mörgu aðila sem þetta mál varðar.

Þessi fáu orð læt ég nægja til að lýsa viðhorfi mínu til þessarar tillögu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð til að þakka flm. þessarar tillögu fyrir að hreyfa þessu máli sem full ástæða er til. Það hefur svo sem oft verið rætt áður að margt sem lýtur að skipulagningu ferðalaga, upplýsingum og stjórnun hvað snertir umferð, bæði okkar sjálfra og útlendinga, um landið má betur fara og þarf að takast fastari tökum. Við gjöldum auðvitað á þessu sviði eins og víða annars staðar bæði fátæktar og fámennis. En ég held að tímabært sé að hreyfa við þessum málum og nauðsynlegt að stjórnvöld taki þau til rækilegrar skoðunar. Nærtæk eru dapurleg dæmi um afleiðingarnar þegar illa tekst til.

Ég vil upplýsa það að við höfum rætt það í tvígang eða svo, ég og dómsmrh., að skipuleggja starf í einhvers konar hópi þar sem helstu aðilar sem þessum málum tengjast á sviði löggæslu, ferðamála, slysavarna o.s.frv. kæmu saman og legðu á ráðin um það hvernig væri best hægt að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum og beita fræðslu og öðrum slíkum ráðstöfunum. En ég vil jafnframt láta það koma fram sem mína skoðun að ég held það sé líka óhjákvæmilegt, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að fara yfir réttarstöðu yfirvalda og ræða hvort nauðsynlegt sé að styrkja hana, styrkja réttarstöðu yfirvalda þegar á það reynir hvort heimilt sé að stöðva feigðarflan sem fyrirsjáanlega felur í sér mikla hættu fyrir viðkomandi. Á það hefur einmitt verið bent í umræðum undanfarnar vikur að það orki mjög tvímælis hvort fyrir hendi sé yfirleitt nægjanlega sterk réttarstaða stjórnvalda til að gera það sem sýslumaðurinn góði gerði, að koma í raun og veru í veg fyrir að menn fari sér að voða.

Nú skil ég vel þau rök sem hér eru færð fram af flutningsmönnum og hv. 1. flm. gerði grein fyrir í framsögu, að menn vilja ógjarnan grípa til mikilla boða eða banna í þessum efnum umfram það sem ekki er hægt að komast hjá. Að sjálfsögðu er æskilegt að ferðalög manna um landið geti verið sem frjálsust. En þær aðstæður geta sannanlega skapast, og eru jafnvel viðvarandi á miðhálendi landsins svo að dæmi sé tekið yfir vetrartímann, að ferðalög illa búinna einstaklinga eða hópa og illa skipulögð eru feigðarflan, eru áhætta sem orkar stórlega tvímælis að réttlætanlegt sé að leyfa mönnum að taka. Ég er hér að tala um þetta burt séð frá því hvort tryggingar hefðu verið framreiddar vegna útgjalda sem kynnu að leiða af leit eða björgun ef til slíks kemur.

Ég hef þess vegna oft og iðulega velt því fyrir mér hvort ekki sé óhjákvæmilegt að stjórnvöld hafi einhverjar heimildir í sínum höndum til að mynda til að taka upp skráningarskyldu á ferðalög erlendra hópa um tiltekin svæði á tilteknum árstíma. Það er vel þekkt víða erlendis frá að menn þurfa að tilkynna ferðalög sín, skrá sig og fá formleg leyfi til að skipuleggja ferðalög eða leiðangra um ákveðin svæði á ákveðnum árstímum.

Þetta er aðeins eitt af mörgum atriðum sem ég hygg að sé þarft að skoða í þessu sambandi. Mér finnst jákvætt að hv. Alþingi skuli hafa tekið málið upp með þessum hætti og er fyrir mitt leyti reiðubúinn til samstarfs við hið háa Alþingi eða þingnefndir sem kunna að vinna að þessu máli hér á næstunni.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég vona að um þetta geti verið samstaða því það er auðvitað mikilvægt að um þær reglur eða það sem út úr slíku starfi kemur, hvort sem það er hér á Alþingi eða eitthvað sem stjórnvöld hafa með höndum, sé sæmileg samstaða. Hér er að nokkru leyti til um býsna viðkvæmt svið að ræða þar sem öðrum þræði vakir í umræðunni spurningin um það hvort nauðsynlegt sé og þá hvernig að takmarka með einhverjum hætti eða stýra umferð um landið, annars vegar erlendra ferðamanna og síðan jafnvel okkar landsmanna sjálfra. Og þess vegna er mikilvægt að slík mál séu skoðuð af yfirvegun og rósemi og hvorki gengið í raun og veru lengra né skemmra heldur en skynsamlegt og sanngjarnt er talið.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. Friðjóni Þórðarsyni fyrir undirtektirnar, enda er hann meðflm. að tillögunni og hefur með því lýst stuðningi sínum við málið. Ég vil einnig þakka hæstv. samgrh. fyrir undirtektir við þetta mál. Ég ítreka og vil taka undir hans síðustu orð þar sem hann segir að fara þurfi mjög varlega í því að hefta ferðir manna og boð og bönn séu ekki það sem leysir þessi mál.

Ég er hins vegar sammála því að einhverjar heimildir þurfi að vera til til að koma í veg fyrir að fólk ani út í óvissuna. Og e.t.v. er ástæða til að setja aðrar reglur um ferðir erlendra aðila en Íslendinga þar sem útlendingar þekkja óhjákvæmilega minna til landsins og þeirra veðra sem er von á hér. Ég vil benda á það

að þó svo það geti verið hættulegt að fara upp á hálendið á veturna, sérstaklega um miðjan vetur, þá geti það líka verið hættulegt á sumrin. Það er ekki einhlítt að banna ferðir á einhverjum ákveðnum árstímum. Það getur verið hættulegt allt árið um kring og þess vegna verður að fara mjög varlega í þessum efnum.

Ég vil aðeins benda á að margar tillögur hafa komið fram um það hvernig slíkar reglur gætu litið út um ferðir aðila um hálendið, bæði að sumri og vetri til. Ég hef undir höndum tillögur sem voru unnar af fulltrúum Slysavarnafélags Íslands, Landssambands flugbjörgunarsveita og Landssambands hjálparsveita skáta. Þær voru unnar í samvinnu við Ferðamálaráð Íslands og eru reyndar frá 1984. Það var ákaflega lítið gert með þær tillögur en gjarnan má dusta rykið af þeim og athuga hvort hægt er að nýta þær. Árið 1988 beitti Landssamband hjálparsveita skáta sér fyrir því að koma með tillögur um hvernig þessum málum gæti verið fyrir komið. Það er einmitt mjög mikilvægt að byggja á þeim hugmyndum sem fram hafa komið og vera í góðri samvinnu við þessa aðila, flugbjörgunarsveitir, slysavarnafélög og hjálparsveitir skáta um land allt.

Ég er mjög ánægð með að eitthvað skuli hafa verið hreyft við þessu máli og vona að við getum afgreitt það fljótt og vel, sérstaklega eftir þær góðu undirtektir við þetta mál sem komu fram í máli hæstv. ráðherra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Uppskurður og hagræðing í ríkiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 246. mál. — Þskj. 386.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (frh.):

Herra forseti. Það varð óvænt hlé á þessari umræðu og einhverjir af þeim skemmtilegu mönnum, hv. þm. sem voru að tjá sig hér þá umræðan stóð áðan eru gengnir úr salnum, þar á meðal hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason sem varð þess eiginlega valdandi að ég kvaddi mér hljóðs, aðallega vegna þess að ég hafði upp til hópa gaman af því sem hann sagði. En það er út af fyrir sig líka tilefni til að ræða efni þessarar till. og væri ekki nema að vonum að hæstv. Alþingi tæki sér í það drjúgan tíma að ræða stöðu ríkisfjármála og meðferð þeirra í okkar stjórnkerfi. Allt sem lýtur að ákvörðunum í ríkisfjármálum, meðferð þeirra, valdi og ábyrgð, og svo hvernig til tekst og hefur til tekist, allt eru þetta slík stórmál að ekki er nema von að um það geti staðið nokkur umræða hér á hinu háa Alþingi. Og hvað sem menn að öðru leyti vilja segja um þessa till. tel ég út af fyrir sig fagnaðarefni að fá tilefni til að ræða það lítillega og væri reyndar full þörf á að fleiri sæju sér fært að vera viðstaddir og taka þátt í þeirri umræðu. Ég held að það megi í öllu falli segja, með leyfi forseta, um þessa till. svo maður sletti pínulítið eins og danskurinn gerir stundum þegar mikið liggur við, „meningen er god nok". Það er alveg óhætt að segja a.m.k. um þessa till. að „meningen er god nok". Menn geta svo haft sínar skoðanir á því hvort í þessum tillöguflutningi birtist annars vegar þau vinnubrögð í þessu sambandi sem séu vænlegust til árangurs og hins vegar hvort í till. séu þau úrræði, þau ráð sem duga til að koma hér á betri skipan mála.

Ég var að segja það, virðulegur forseti, þegar framíköll hófust í salnum að það mætti spyrja sig að því hvort þessi till. endurspeglaði þau vinnubrögð sem væru vænlegust til árangurs og enn fremur hvort í þessari till. kæmu fram þau úrræði og þær ráðleggingar sem mundu duga okkur til betri vinnubragða á þessu sviði. Ég lýsti engri afstöðu til þeirra hluta en hv. 1. flm. er greinilega afar viðkvæmur fyrir því að slíkar spurningar séu fram settar. Það var ekki hugsað öðruvísi af minni hálfu en svo að mér finnst eðlilegt að menn ræði efni till., ég vona að það sé ekki feimnismál hjá hv. 1. flm. að efni till. sé rætt úr því að hún er á annað borð birt hér á Alþingi, og það ætti ekki að vera heldur feimnismál þó að það sé rætt hér í hreinskilni og málefnalega hvernig er vænlegast að standa að málum til þess að ná betri árangri í okkar ríkisbúskap, meðferð ríkisfjármuna og öll þau atriði sem tengjast ábyrgð og meðferð þeirra hluta í okkar stjórnkerfi.

Ég ætla að leyfa mér að segja að ég tel hér vera á margan hátt lýst, en að vísu í mjög almennum orðum, markmiðum sem flestir ef ekki allir hv. alþm. hljóta að geta tekið undir. Eins og það að starfsmarkmið ríkisstofnana þurfi að endurskoða og það þurfi að setja þar skýrari markmið. Að stofnanir séu teknar til skoðunar, sameinaðar, lagðar niður eða hagrætt hjá þeim eftir því sem við verður komið. Að ríkisstofnanir fái sjálfstæðan fjárhag og stjórnendur beri meiri ábyrgð, gerð verði úttekt á ýmsum þáttum, verkaskipting verði skýrar afmörkuð o.s.frv., stjórnkerfið verði gert virkara. Og svo í lokin er sett ákveðið markmið, og það er kannski eitt það ákveðnasta sem kemur fram í tillögutextanum, um að stefnt verði að því að fækka ríkisstarfsmönnum um 1,5–2% á næstu árum. Og það er eitthvað sem verulega er hönd á festandi ef menn reyna t.a.m. að semja um það að setja sér slík markmið. En mér finnast þetta vera tiltölulega almenn markmið. Og það er auðvitað spurningin hvort ekki þurfi að færa umræðuna yfir á það plan að menn ræði afmarkaðar og beinar aðgerðir í þessum efnum og reyni á hinu háa Alþingi að koma sér saman um slíka hluti.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt ef þessir hlutir eru ræddir af einhverri alvöru á annað borð að við tökum sjálft grundvallarskipulagið til meðferðar. Ég

er til að mynda að tala um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins, ég er að tala um völd og ábyrgð fjárveitingavaldsins, fjmrn., fagráðuneytanna og opinberra stofnana. Og ég leyfi mér að lýsa minni afstöðu nánast í einni setningu: Ég held að það eigi að færa ábyrgðina út. Ég held að einn gallinn við núverandi fyrirkomulag sé sá að ábyrgðin liggur of innarlega í hringjunum. Í þeim innsta eða næstinnsta í langmestum mæli og hlutverk þeirra sem utar standa er fyrst og fremst það að banka á dyrnar, fyrst til að biðja um fjárveitingar og síðan til að biðja um aukafjárveitingar og lagfæringar þegar allt er farið úr skorðum. Þetta á ekki að vera svona. Og ég hef sannfærst enn betur um það á síðustu 15–16 mánuðum heldur en áður að það sem þyrfti að gera í þessum efnum væri ekki síst að breyta verulega um áherslur.

Ég tel að það eigi að gera fagráðuneytin miklu ábyrgari fyrir meðferð fjármuna á sínum sviðum. Það eigi að stofna embætti fjármálastjóra í fagráðuneytunum og það eigi að gera ríkisstofnanir — og inn á það kemur reyndar till. í einum lið — miklum mun ábyrgari fyrir þeim fjárveitingum sem þær fá og ábyrgari gagnvart því að halda sig síðan innan þess ramma. Ég tel að fjárlögin eigi ekki að vera smáatriðafjárlög, þar sem það er næstum að segja stafað út á mörghundruð blaðsíðum hvort menn megi kaupa ljósritunarvél eða saumnál eða ekki í sinni stofnun. Auðvitað á það ekki að vera svo. Þau eiga að vera miklu meira rammafjárlög. Og að mínu mati er deildaskipting Alþingis einn af þeim þröskuldum sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum og veldur því að útgjaldahlið málanna, fjárlögin sem útgjaldarammi, eru til umfjöllunar í fjvn. en tekjuöflunin og tekjubundnu málefnin að mestu leyti til umfjöllunar í fjh.- og viðskn., öðrum nefndum sem starfa í deildum þingsins. Ég tel að þessu þyrfti að breyta. Það er að vísu ekkert smámál eins og hv. alþm. vita. En ég hefði viljað sjá það rætt, ef menn eru að tala um þessa hluti á annað borð og ekki bara þá að busla á yfirborðinu, hvort þetta er ekki eitt af því sem við þurfum að taka til skoðunar að það verði til ein fjárlaga- og fjárhagsnefnd í þinginu sem fari bæði með útgjöldin, sem væru rammafjárlög, og með tekjuöflunina, skattamál og annað því um líkt. Og ég tel að sú nefnd eigi ekki að skipta sér af því hvort keypt er ljósritunarvél hér eða þar og jafnvel ekki af því hvort starfsmenn eru fleiri eða færri sem sinna tilteknum málefnum heldur eigi hún að fjalla um útgjalda- og tekjurammann, marka þar stefnuna og þannig eigi afstaða fjárveitingavaldsins að koma fram fyrst og fremst, en síðan eigi ábyrgð yfirmanna fagráðuneyta og stofnana að aukast að sama skapi eftir því sem þeirra leiðbeiningar frá fjárveitingavaldinu eru almennara eðlis.

Hér er hæstv. forseti farinn að banka ótæpilega í bjölluna. Það er greinilegt að það er naumast hægt að byrja á umræðum um svona mál þá er ræðutíminn búinn og það er miður. Þegar svona stórmál eru rædd þyrftu menn að hafa ótakmarkaðan ræðutíma og mega tala minnst þrisvar. (**Forseti:** Ég vil af þessu tilefni benda á að um þáltill. og flutning þeirra gilda ákveðnar reglur. Flm. hefur 15 mín. og má tala tvisvar og aðrir þm. og ráðherrar mega tala tvisvar í 8 mín.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það sé nauðsyn að gera sér grein fyrir því að það gengur ekki að standa að málum eins og verið hefur á undanförnum árum gagnvart útþenslu ríkiskerfisins. Menn mega deila um góð markmið í þeim efnum en eitt er víst, það verða ekki til menn til að borga þá skatta sem þarf þá að leggja á verði stefnan óbreytt. Og þegar ég segi stefnan óbreytt þá á ég ekki við einhverja eina ríkisstjórn, ég á raunverulega við það að stofnanirnar hafa meira og minna verið að taka völdin í þessu landi.

Hæstv. samgrh. lét að því liggja að vandamálið væri það að Alþingi væri of smámunasamt í sínum tillöguflutningi og hér væri starfað í tveimur deildum. Tvær deildir skapa meiri síur í þinginu til að hægja á því að vitlaus frv. verði að lögum. Og þess vegna hafa tvær deildir verulega mikið að segja. En hafa menn þá verið með smámunasemi? Byggðum við ekki flugstöð meira og minna fyrir utan heimildir? Við samþykktum að fara af stað. Fundum við ekki ákaflega fallegt bókasafn sem hvergi var tekið upp sem verkefni þeirrar stofnunar? Það var Seðlabankinn sem átti þetta bókasafn. Fundum við ekki fallega veislusali inn frá þar sem Rúgbrauðsgerðin var án þess að hafa heyrt talað um að það hefði verið veitt krónu í þessar framkvæmdir? (**Gripið fram í:** Hver var fjmrh.?) Og hver var fjmrh. má spyrja? Ég held að þeir hafi verið úr flestum flokkum meðan uppbyggingin stóð yfir. (**Gripið fram í:** Ja, a.m.k. úr Alþb.) Ég ætla að halda áfram, ég ætla að halda áfram. (**Gripið fram í:** Framsókn gæti nú hafa verið í ríkisstjórn.) (**Gripið fram í:** Hún var það.) (**Gripið fram í:** Já, það er rétt.) Forseti, getur orðið að samkomulagi að það verði eins og á knattspyrnuleikjum þegar óþarfa tafir verða að tíminn verður framlengdur? (**Forseti:** Forseti mun ekki framlengja tíma ræðumannsins.) Ég ætla að halda áfram.

Við erum með það kerfi að launaskrifstofa ríkisins borgar út. Það er búið að ráða mann í vinnu hjá stofnuninni og hún borgar út. Svo er sama stofnun með sértekjur. Sértekjurnar fara ekki inn í ríkiskassann, þær fara inn til gjaldkera stofnunarinnar, en ríkið borgar út. Svo bara gerist það í lok ársins að þetta passar ekki, það er búið að eyða sértekjunum í allt annað. En það hefur samviskusamlega verið haldið á því máli að borga starfsmönnum út.

Svona er náttúrlega ekki hægt að stjórna. Það er gjörsamlega vonlaust að búa við þetta. Stjórnendurnir verða að hafa pyngjuna undir höndum og þeir verða að vera blankir, þeir verða að standa frammi fyrir því að geta ekki borgað ríkisstarfsmönnum út hafi þeir sóað peningunum í hreina vitleysu. Þá kemur þrýstingurinn innan frá, að forstjórinn sé óhæfur og það verði annar að taka við.

Ég ætla að halda áfram að spyrja. Er það hundrað

prósent víst að við þurfum allar þær stofnanir og embættismenn sem við höfum? Embætti húsameistara ríkisins er eitt af þeim embættum sem hefur verið falið ákveðið verksvið. Og maður hefði haldið að það væri þó nokkuð að gera í því embætti. Engu að síður greinir forsrh. frá því að í tómstundum sé heimilt að vinna að öðrum verkefnum og þau verkefni eru af þeirri stærð að það hvarflar að manni að þau séu meiri háttar hugverk á sviði byggingarlistar. Og ég spyr: Hvar ætla menn að hafa eftirlit með því hvar menn hugsa? Flest stórfyrirtæki sem ráða menn í vinnu gera þá kröfu til starfsmanna að þeir séu ekki með önnur launuð verkefni. Hvíldartíminn sé sem sagt notaður til þess að hvíla sig. Og auðvitað er það grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að það vill enginn hafa mann í vinnu sem vinnur fyrst átta tíma og svo tólf tíma á einhverjum öðrum stað. Það er hætt við að það komi niður á þessum átta ef trúa má vinnurannsóknum í það minnsta.

Ég held þess vegna að það sé tímabært að menn reyni að setjast niður við það verkefni í fúlustu alvöru að spyrna það harkalega við fótum að peningar streymi ekki út úr fjmrn. til stofnana fram hjá fjárlögum, fram hjá vitund ráðherra nánast, svo sjálfvirkt að maður situr hissa á eftir. Þjóðleikhúsið er mjög gott dæmi um stofnun sem er rekin eftir því mottói, hefur verið rekið eftir því mottói að það er ekki hægt að hugsa sér öllu meira stjórnleysi en þar hefur viðgengist.

Ég mætti einu sinni fyrir Framsfl. að tilmælum fyrrv. menntmrh., Sverris Hermannssonar, inn í Rúgbrauðsgerð til þess að hlusta á hugmyndir leikara um hvað væri eðlilegt framlag hins opinbera til slíkrar starfsemi. Og það var tvennt sem sló mig svo út af laginu að ég hef ekki gleymt því enn þann dag í dag. Annað var það viðhorf eins leikara sem þar kom fram, að það skipti nánast engu máli hvort menn sæktu leiksýningar eða ekki, aðalatriðið væri að leiksýningin sem slík væri ósvikið listaverk, skulum við segja. Hitt var það að aðgöngumiðar ættu að borga um 10% af kostnaði. Þannig væri það á Norðurlöndum. Ég verð að segja eins og er, mér leist ekki á þessi markmið. Og ég veit að ég fékk ekkert hól fyrir mínar athugasemdir.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Ég hélt að síðasti ræðumaður ætlaði að fara að biðja um það að hér yrði rauða spjaldinu beitt, en sem betur fór varð það ekki. Því miður er tími minn liðinn svo ég get ekki átt orðastað við hæstv. samgrh. og landbrh., því miður. Ég hefði einnig haft gaman af því að eiga orðastað við annan fyrrv. ráðherra, Matthías Bjarnason, sem vék að þessum till. okkar og bara aðeins að fá að vita hver hefði verið ráðherra þegar heilbr.- og trmrn. var flutt inn á Laugaveg og hver hefði verið samgrh. þegar samgrn. var flutt niður í Hafnarhús? Ég hefði haft gaman af því að spyrja þessa ráðherra hvernig væri umhorfs núna uppi í Arnarhvoli, hvað væru mörg ráðuneyti þar. Mér finnst þeir vera býsna hvumpnir þessir fyrrv. og núv. ráðherrar.

Ég mótmæli því mjög kröftuglega að þessi till. sé flutt sem einhver sýndarmennska. Ég mótmæli því mjög kröftuglega fyrir hönd okkar flm. Þetta er ekki till. sem er flutt sem sýndarmennskutillaga, þetta er mjög góð till., merk og bráðnauðsynleg. Við flm. munum örugglega beita áhrifum okkar til þess að þessi till. verði virk. Ég ber það mikið traust til þingmanna að ég trúi því að þeir muni samþykkja hana hér og við munum reyna að sjá til þess að ríkisstjórnin komi henni í framkvæmd.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég get vel tekið undir það að þessi tillaga sé tímabær og að mörgu leyti umhugsunarverð. Ég hef a.m.k. haft það á tilfinningunni undanfarin ár að stjórnmálamenn séu hálfgerðir fangar embættismannakerfisins, að það séu ekki þeir sem ráða í raun og veru og það sé farið allt of mikið eftir þeirra ráðleggingum, þeirra skoðunum á hverju máli. Og það er rétt sem síðasti hv. ræðumaður sagði hér, að það er sýnilegt að sumir af þessum embættismönnum taka sér fyrir hendur margt sem ég a.m.k. geri mér ekki grein fyrir að þeir hafi leyfi til eins og með nýja teikningu á Þjóðleikhúsinu. Það er að vísu sagt að þetta sé gert í hjáverkum, þetta sé hans mál, en einhvern veginn finnst mér nú sú skýring ekki trúverðug. Og ef við líka hugsum um hvernig var með athugunina á að fara með Jökulsá á Fjöllum hér forðum daga austur í Jökulsá á Dal, stóru vitleysuna sem menn kalla á Norðurlandi. Í þetta fór stórfé. Ég man ekki til þess að það hafi verið samþykkt hér á Alþingi að gera þessa könnun. Kannski man ég ekki rétt. Hafi það verið gert er ekki nokkur vafi á því að þingið gerði sér ekki grein fyrir hver kostnaðurinn reyndist vera. Og það kann að vera að t.d. stóriðjunefndin sem hefur ferðast um þveran og endilangan hnöttinn, ef hún hefur ekki farið til annarra stjarna, til þess að reyna að plata einhverja álfursta til þess að setja hér í fjárfestingu. Ég man ekki til þess að það sé neitt sérstakt fjármagn, a.m.k. ekki miðað við það sem sagt er að kostnaðurinn hafi verið út af öllum þessum viðræðum. Það virðist vera að hinir og aðrir í okkar kerfi geti hagað sér alveg nákvæmlega eins og þeim sýnist. Þar séu engar bremsur á að ógleymdri Landsvirkjun.

En það er eitthvað fleira en þetta sem við þurfum að athuga og ég var nú að vonast eftir því að þeir félagarnir fjórir sem flytja þessa tillögu, vænti þess að þeir kæmu með aðra tillögu, kannski hefur það farið fram hjá mér, um það hvernig á að búa í þessu landi. Þó að þetta sé stórt mál og umræðan um það sé nauðsynleg til þess að vekja athygli á því hvernig okkar kerfi er og við áttum okkur á því sjálf, þá er hitt enn þá meira aðkallandi eins og nú er því að það er eins og menn geri sér bara ekki ljóst, a.m.k. sumir, hvert við erum að fara í þessu efni. Og ef á að taka mark á sumum stjórnmálamönnum í háum embættum — ja, ég verð bara að segja það hér og nú — hvarflar að manni að það sé eitthvað kortslúttað í kollinum á þeim. (**ÓÞÞ:** Það gæti verið rétt.) Ég þakka fyrir flutning á þessari

tillögu. Ég hef því miður ekki haft tækifæri til að hlusta á nema lítið af þessari umræðu. En þessir fjórmenningar, hv. þm. sem flytja þetta, áttu líka, að mér skildist, að koma fram með tillögur um atvinnumál, atvinnumálastefnu, á hvaða brautir við ættum að beina þeirri stefnu. Ég sakna þess ef hún kemur ekki fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum, ein umr.

Skýrsla viðskrh., 259. mál. — Þskj. 583.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 459 var borin fram beiðni um skýrslu frá viðskrh. um fyrirhuguð kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf. Það reyndist tímafrekara en ætlað var í upphafi að afla gagna og álitsgerða um þetta mál, en skýrslan er nú tilbúin og henni var dreift hér í þinginu sl. fimmtudag á þskj. 583. Ég mun nú í fáum orðum gera nokkra grein fyrir skýrslunni en vil að öðru leyti vísa til þingskjalsins.

Í skýrslunni er í upphafi lýst aðdraganda samningagerðar milli forsvarsmanna Landsbanka Íslands og Sambands ísl. samvinnufélaga um kaup á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubankanum. Þar er birt það skjal sem þeir Sverrir Hermannsson bankastjóri og Guðjón B. Ólafsson forstjóri SÍS undirrituðu 1. sept. sl. Þar er líka sagt frá afgreiðslu þessa skjals í bankaráði Landsbanka Íslands. Þá er skýrt frá viðbrögðum mínum við upphaflegri greinargerð Landsbankans um málið og frá tilboði Landsbanka Íslands frá 29. des. sl. Það tilboð var lægra en sú viðmiðunartala sem gengið var út frá í svokölluðum minnispunktum Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar, enda höfðu þá verið athugaðar óbókfærðar lífeyrisskuldbindingar Samvinnubankans og fleiri atriði sem hlutu að koma til lækkunar á kaupverði hlutabréfanna. Þá er einnig skýrt frá samþykkt stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga á tilboði bankaráðs Landsbankans frá 29. des.

Eins og fram kemur í skýrslunni var óskað álits bankaeftirlits Seðlabankans á kaupum Landsbankans á hlutabréfunum og er sagt frá niðurstöðum bankaeftirlitsins að svo miklu leyti sem unnt er sökum bankaleyndar. Þar koma m.a. fram útreikningar á eiginfjárstöðu Landsbankans og Samvinnubankans og útreikningar á eiginfjárhlutfalli Landsbankans fyrir og eftir hugsanlega yfirtöku hans á Samvinnubankanum og verður þetta hlutfall samkvæmt því 6,4% eða 6,1% á áætluðum samstæðureikningi bankanna eftir því hvor nánar tilgreindra aðferða er notuð við þennan útreikning, en til samanburðar má nefna að eiginfjárhlutfall Landsbankans, reiknað með sömu aðferðum, var 7,1% eða 6,9% miðað við bráðabirgðauppgjör um síðustu áramót.

Þá var óskað álits Ríkisendurskoðunar á kaupunum og fylgir álit Ríkisendurskoðunar í heild með skýrslunni. Þar er m.a. bent á að upphaflegt verð sem nefnt var í viljayfirlýsingu Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar frá 1. sept. sl. hafi verið byggt á því að af samruna bankanna yrði og Landsbankinn fengi verulegan hagnað af slíkum samruna. Síðan kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að verð bréfanna sé of hátt ef ekki verði af samruna bankanna. Kaupin þjóni því ekki tilgangi nema til komi frekari hlutafjárkaup þannig að Landsbankinn fái atkvæðamagn sem nægi til þess að sameina bankarekstur Samvinnubankans að fullu rekstri Landsbankans með yfirtöku eða samruna. Verði því að koma til frekari kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum. Bankaráð Landsbankans hefur þegar samþykkt að leita eftir slíkum kaupum. Hér er þó rétt að geta þess að í 28. gr. viðskiptabankalaganna eru settar takmarkanir á kaupum viðskiptabanka á hlutabréfum í öðrum fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt þeim reglum getur Landsbankinn ekki keypt öll hlutabréf í Samvinnubankanum að svo stöddu miðað við það að þau verði öll seld á því verði sem ákveðið var í tilboði Landsbankans frá 29. des. sl.

Í skýrslunni er einnig svarað spurningum um hugsanlegar afskriftir lána sem Landsbankinn hefur veitt Sambandi ísl. samvinnufélaga og fjárhagslega tengdum fyrirtækjum og spurningum um hugsanlegan atbeina Seðlabankans til að greiða fyrir umræddum viðskiptum. Eins og þau svör bera með sér hefur ekki verið gert ráð fyrir atbeina Seðlabankans vegna þessara kaupa. Þá er ekki um að ræða afskriftir skulda hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þá er að lokum í skýrslunni komist að þeirri niðurstöðu að bankaráð Landsbankans hafi ákvörðunarvald um þau kaup sem hér er um fjallað samkvæmt ákvæðum 21. gr. viðskiptabankalaganna og tilboð Landsbankans í hlutabréfin frá 29. des. 1989 sé bindandi fyrir Landsbankann. Þá er fjallað um ákvæði í 50. gr. viðskiptabankalaganna þar sem gerður er greinarmunur á samruna banka og yfirtöku ríkisviðskiptabanka á annarri innlánsstofnun. Þau ákvæði laganna þarf að kanna nánar áður en lengra er haldið.

Ég tel, hæstv. forseti, að með framlagðri skýrslu hafi ég svarað þeim spurningum sem fram voru bornar á þskj. 459 að svo miklu leyti sem unnt er og vísa ég til skýrslunnar um einstök atriði í því svari.

Ég vil, virðulegi forseti, fara hér nokkrum orðum um þær opinberu umræður sem fram hafa farið að undanförnu um kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf. Ég vil reyndar mælast til þess að menn stilli orðum sínum í hóf varðandi málefni Sambands ísl. samvinnufélaga

sem er viðskiptavinur Landsbankans og á lögvarinn rétt til þess að ekki sé af bankans hálfu, hvorki af hálfu starfsmanna hans né bankaráðsmanna, brotin trúnaðarskylda um viðskipti bankans við fyrirtækið. Þá verða starfsmenn Landsbankans og bankaráðsmenn að sjálfsögðu einnig að gæta þess að skaða ekki bankann með opinberum yfirlýsingum um viðkvæma viðskiptahagsmuni hans. Því miður hefur orðið nokkur misbrestur á þessu. Starfsmenn bankans og bankaráðsmenn hafa skipst á orðsendingum í fjölmiðlum og hafa þær ekki allar verið til þess fallnar að auka traust út á við. Ég vil mælast til þess að einstakir bankaráðsmenn séu ekki að reyna að slá pólitískar keilur í þessu máli á röngum vettvangi.

Ég vil taka það skýrt fram að með þessum orðum er ég ekki að skorast undan umræðum um kaup Landsbankans á hlutabréfum Sambands ísl. samvinnufélaga þar sem um er að ræða aukningu á umsvifum ríkisfyrirtækis sem lýtur stjórn þingkjörins bankaráðs og sem eðlilegt er að rædd sé hér á hinu háa Alþingi.

En hvert er þá baksvið þessara kaupa? Það er að mínu viti sú nauðsyn sem á því er að einfalda það kerfi fjármálastofnana sem hér hefur þróast á undanförnum áratugum. Slík einföldun er mikilvægt mál fyrir íslenska hagkerfið. Þetta kerfi er augljóslega byggt upp af of mörgum og smáum og of dýrum einingum sem hlýtur að koma niður á afkomu atvinnuvega og heimila í landinu. Þá er bankakerfið ekki í stakk búið til þess að mæta þeim breytingum sem líklega verða á rekstrarumhverfi atvinnulífsins á allra næstu árum þegar fjármálastofnanir í Vestur-Evrópu keppa um viðskipti á einum sameiginlegum markaði. Það er því nauðsynlegt að sameina banka og sparisjóði í færri og öflugri stofnanir. Við verðum einnig að einfalda verulega það kerfi fjárfestingarlánasjóða sem hér er við lýði. Í nágrannalöndum okkar er þessi þróun komin á flugstig. Það líður varla sú vika að ekki berist fregnir af samruna fjármálastofnana og stóraukinni samkeppni þeirra í milli. Ég hef beitt mér fyrir átaki sem ég tel afar mikilvægt á þessu sviði hér á landi með þeim samningum sem náðust um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. og þeim samruna þriggja annarra hlutafélagsbanka sem fylgdi í kjölfarið í hinum nýja Íslandsbanka. Í viðskrn. er einnig unnið að gerð frv. til almennra laga um fjárfestingarlánasjóði sem gæti orðið mikilvægt skref í átt til sameiningar þeirra í færri og öflugri stofnanir.

Fleiri ráðstafanir í málefnum banka og annarra fjármálastofnana eru nú á undirbúningsstigi, en það má nefna hér að vegna aukinna krafna til eiginfjárstöðu bankastofnana verður á næstu árum að mínu áliti að opna möguleika á því að breyta ríkisbönkum og sparisjóðum í hlutafélög sem geti aflað sér eigin fjár með útboði hlutafjár. Hér eru nú starfandi þrír tiltölulega öflugir bankar, þar af tveir í ríkiseigu og svo einn öflugur hlutafélagsbanki, Samvinnubanki Íslands hf. sem er tiltölulega lítil bankastofnun en hefur skilað allgóðri afkomu á síðustu árum. Í þeim samningaviðræðum sem fram fóru á milli hlutafélagsbankanna á liðnu ári varð Samvinnubankinn sér á báti, einkum vegna þess hvernig eignarhaldi hans er háttað þar sem Samband ísl. samvinnufélaga og tengd fyrirtæki hafa þar tögl og hagldir þótt fjöldi einstaklinga eigi litla hluti í bankanum. Forsvarsmenn hlutafélagabankanna þriggja sem keyptu Útvegsbankann töldu að samruni Samvinnubankans við hina fyrirhuguðu bankasamsteypu félli ekki að því rekstrarmynstri sem að var stefnt. Það taldi ég miður, hefði talið það æskilegt að Samvinnubankinn hefði átt þar samleið.

Ég vil þó alls ekki halda því fram að það hafi verið neitt úrslitamál, eftir að tekist hafði að mynda hina öflugu bankasamsteypu, Íslandsbanka, til mótvægis við ríkisbankana tvo, að stuðla í bráð að náinni sambúð Samvinnubankans og annarra eða annarrar bankastofnunar. En ég hlaut að fagna því þegar fréttir bárust af viðræðum forsvarsmanna Landsbankans við Samband ísl. samvinnufélaga um kaup á hlutabréfum þess síðarnefnda í Samvinnubankanum með yfirtöku bankastarfseminnar í huga. Hér var Landsbankinn að semja um viðskipti sem eru fjárhagslega á forræði bankastjórnar og bankaráðs fyrst og fremst innan ramma viðskiptabankalaganna. Yfirtaka ríkisbanka á Samvinnubankanum væri vissulega til þess fallin að styrkja enn íslensku bankana til þess að mæta fyrirsjáanlegum rekstraraðstæðum þeirra á næstu árum. En samruni og yfirtaka banka er háð samþykki viðskrh. en ég er þeirrar skoðunar að þrír öflugir, alhliða bankar hér á landi muni ásamt sameinuðum sparisjóðum í nokkrum rekstrareiningum og í einhverjum mæli starfsemi erlendra banka skapa hér umhverfi virkrar samkeppni í bankaþjónustu á komandi árum.

Ég taldi hins vegar, þótt þetta mælti með þeim kaupum sem hér eru rædd, rétt þegar í upphafi málsins að biðja um nánari upplýsingar um fjárhagslegan grundvöll kaupanna fyrir Landsbankann, enda er viðskiptaráðherrann ábyrgur fyrir málefnum ríkisbankanna gagnvart hinu háa Alþingi. Ég óskaði eftir greinargerð um málið sem ég ræddi á fundi með bankastjórn Landsbanka Íslands þann 19. sept. 1989. Þar óskaði ég eftir nánari upplýsingum um kaupin og sama dag óskaði ég jafnframt eftir álitsgerðum frá Seðlabanka Íslands og Ríkisendurskoðun. Það urðu á því nokkrar tafir að Landsbankinn sendi frá sér umbeðnar upplýsingar. Skýringin á því var fyrst og fremst sú að eftir þennan fund hófst ítarleg athugun á fjárhag Samvinnubankans sem lauk með því að bankaráð Landsbankans gerði stjórn Sambandsins tilboð um kaup á hlutabréfunum á lægra verði en upphaflega var um rætt. Þá höfðu verið gerðar leiðréttingar á fyrri viðmiðunartölum í samræmi við nánari upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar, útlán bankans og fleira eins og fram kemur í áliti Ríkisendurskoðunar og skýrslunni sem hér liggur fyrir.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir álitsgerðum Seðlabankans og Ríkisendurskoðunar. Ég vil ekki draga dul á það að efni þessara álitsgerða, þar sem m.a. kemur fram að Landsbankinn ræður ekki að svo

stöddu við kaup allra hlutabréfanna á sama verði innan gildandi heimilda viðskiptabankalaga, styður að mínu áliti þá skoðun að farsælasta lausnin í þessu máli sé sú að Búnaðarbankinn komi einnig inn í þessi kaup með einhverju móti og bankarekstur Samvinnubankans verði síðan sameinaður eða yfirtekinn af ríkisbönkunum báðum eftir nánara samkomulagi þeirra í milli. Bankaráðin hljóta að vinna að þessu verkefni á næstunni.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum að ýmsum forsvarsmönnum Sambands ísl. samvinnufélaga er mikil eftirsjá að sínum hlut í Samvinnubankanum sem þeir vildu að yrði öflug fjármálastofnun er gæti staðið að baki fyrirtækjum samvinnuhreyfingarinnar sem eins konar húsbanki hennar. Ég get vel skilið þá eftirsjá, en hins vegar er á það að líta að bankinn náði aldrei þeirri stærð að hann gæti veitt slíkum stórrekstri sem er á vegum samvinnufyrirtækjanna fullnægjandi fjármálaþjónustu.

Með lagabreytingum á sl. vori, sem ég beitti mér fyrir, var ákveðið að bankaráð skyldu setja ákveðnar reglur um hámark lánveitinga til einstakra lánveitenda, en slíkar reglur eru nú hluti af þeirri bankalöggjöf sem talið er að verða muni sameiginleg fyrir alla banka á hinu evrópska efnahagssvæði í framtíðinni. Tilgangur slíkra reglna er að tryggja eðlilega áhættudreifingu í útlánum bankanna og öryggi innstæðueigenda um eignir sínar. Þessar reglur eru einmitt ein meginástæða þess að við verðum að hafa hér stærri banka en verið hafa. Smáir bankar geta einfaldlega ekki sinnt þörfum stærri fyrirtækja. Nái íslenskir bankar ekki viðunandi stærð munu viðskipti íslenskra stórfyrirtækja færast til erlendra banka í vaxandi mæli.

Ég get heldur ekki sleppt því að nefna hér að fjárhagsvandi samvinnuhreyfingarinnar hér á landi stafar að hluta til af því að samvinnufélög geta ekki aflað sér eigin fjár með útgáfu einhvers konar eignarhaldsbréfa á sama hátt og hlutafélög geta aflað sér aukins eigin fjár með útgáfu nýrra hlutabréfa. Í viðskrn. liggja fyrir frumvarpsdrög til nýrra laga um samvinnufélög, en mér virðist að í núgildandi lög vanti ákvæði um útgáfu stofnsjóðsbréfa sem væru viðskiptabréf á sama hátt eða á svipaðan hátt og hlutabréf. Því miður virðist lítill áhugi vera á þeirri lausn hjá þeim forsvarsmönnum samvinnuhreyfingarinnar sem rætt hefur verið við um málið, en fréttir af fyrirhuguðum breytingum á rekstri Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis virðast mér vitnisburður um það að augu manna séu að opnast fyrir þessari nauðsyn. Samvinnufyrirtækin eru að þessu leyti í reynd á sama báti og sparisjóðir og ríkisbankar, þ.e. þau geta ekki aflað sér aukins eigin fjár á annan hátt en með stöðugum rekstrarafgangi eða þá í dæmi ríkisbankanna með framlögum úr ríkissjóði. Ég hlýt að leggja áherslu á það að það sé nauðsynjaverk að breyta í framtíðinni löggjöf varðandi ríkisbanka og sparisjóði þannig að þeim sé gert kleift að selja hlutabréf eða ígildi þeirra á verðbréfamarkaði. Alþjóðlegar reglur um eiginfjárhlutfall banka kveða á um strangari kröfur en hér hafa gilt. Aukin umsvif bankanna kalla á stöðuga aukningu eigin fjár og það er hætt við að stjórnendur ríkisbankanna muni á næstu árum við og við óhjákvæmilega þurfa að leita til ríkisins um veruleg eigendaframlög til bankanna, ekki endilega vegna þess að rekstur inn hafi gengið illa, heldur vegna þess að umsvifin hafi aukist og of lítið eigið fé standi rekstrinum fyrir þrifum og geri bönkunum ókleift að þjóna viðskiptavinum sínum með eðlilegum hætti. Ég sé ekki fram á að ríkissjóður geti lagt fram slíkar fjárhæðir til tveggja ríkisbanka og tel skynsamlegustu leiðina í málinu vera að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög sem í fyrstu séu algjörlega í eigu ríkissjóðs en hafi að ákveðnu marki heimild til þess að bjóða út nýtt hlutafé eða ígildi þess til almennings á innlendum verðbréfamarkaði.

Virðulegi forseti. Ég hef með þessum orðum í senn gert nokkra grein fyrir þeirri skýrslu sem hér liggur á borðum þm. og eins fyrir baksviði þeirra breytinga sem orðið hafa í íslenskum bankamálum á undanförnum missirum. Það eru breytingar sem ég tel að svari kalli tímans, breytingar sem gera bankakerfið betur í stakk búið að svara þörfum atvinnulífsins og heimilanna í landinu. Sú breyting sem nú mun væntanlega verða á næstunni með yfirtöku ríkisbanka á rekstri Samvinnubankans er skref í þá átt.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram og nokkrir þingmenn höfðu í samræmi við ákvæði þingskapa óskað eftir að gerð yrði og rædd hér vegna kaupa Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum. Í þessari skýrslu eru nokkrar gagnlegar upplýsingar. Þó er það fyrst og fremst í fylgiskjali með skýrslunni, greinargerð Ríkisendurskoðunar, sem fram koma nokkur svör við þeim spurningum sem uppi hafa verið í þessu efni.

Það vekur þó eigi að síður athygli hversu skýrslan er fátækleg og segir í raun réttri lítið um þetta mál, einkanlega sá hluti hennar sem hæstv. viðskrh. hefur samið sjálfur. Það er líka til lýta að í skýrslunni eru dæmi um beinlínis rangar upplýsingar. En það var óhjákvæmilegt og nauðsynlegt vegna áforma og ákvarðana Landsbankans í þessu efni og þeirrar umræðu sem fram hefur farið af hálfu ýmissa talsmanna stjórnarflokkanna, bankaráðsmanna stjórnarflokkanna og einstakra ráðherra, um þetta mál að Alþingi fengi hér að ræða þessar ákvarðanir.

Ég ætla fyrst að víkja að upphafi þessa máls. Í skýrslu hæstv. ráðherra segir svo, með leyfi forseta:

„Upphaf málsins er að á sl. vori hófust að frumkvæði Landsbankans viðræður milli bankastjóra Landsbanka Íslands og forsvarsmanna Sambands ísl. samvinnufélaga um kaup bankans á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf. Viðræðunum lauk hinn 1. sept. sl. með undirritun Sverris Hermannssonar, bankastjóra Landsbankans, og Guðjóns B. Ólafssonar, forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, á eftirfarandi skjali."

Hér er því með öðrum orðum haldið fram af hálfu hæstv. viðskrh. að upphaf þessa máls megi rekja til frumkvæðis Landsbankans. Ég held því fram að hér sé ranglega farið með og aðdragandi málsins sé allt annar og frumkvæði í þessu efni liggi annars staðar en hjá Landsbankanum. Í því sambandi vil ég í fyrsta lagi vitna til greinargerðar sem birt var í Morgunblaðinu um þetta mál 17. sept., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Guðjón B. Ólafsson, forstjóri Sambandsins, reifaði hugmyndina að sölu á hlut SÍS í Samvinnubankanum á stjórnarfundi Sambandsins sl. haust og fékk heimild stjórnarinnar til að kanna málið. Hann kynnti ríkisstjórninni þessar hugmyndir og í framhaldi af því, í nóvemberbyrjun í fyrra, nánar tiltekið 7. nóv., kom Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. að máli við bankastjóra Landsbankans og reifaði þá hugmynd að bankinn keypti hlut SÍS í Samvinnubankanum. Þá var staðan sú að Valur Arnþórsson, þáverandi stjórnarformaður Sambandsins, var þess fremur fýsandi að Landsbankinn keypti Samvinnubankann áður en hann hyrfi frá samvinnuhreyfingunni að Landsbankanum. Málið lá svo niðri um hríð en í marsmánuði ritaði Guðjón bankastjórn Landsbankans bréf þar sem 52% hlutur Sambandsins í Samvinnubankanum var boðinn falur fyrir 950 millj. kr. sem jafngildir því að allur bankinn hefði kostað 1890 millj. kr."

Hér kemur með öðrum orðum fram að allt frumkvæði í þessu efni var af hálfu Sambands ísl. samvinnufélaga en ekki Landsbankans. Hér kemur líka fram að hæstv. fjmrh. kallaði bankastjóra Landsbankans fyrir sig eftir að SÍS hafði borið þetta erindi upp við ríkisstjórnina til þess að athuga hvort Landsbankinn væri ekki tilbúinn til að ganga til þessa verks. Það er með öðrum orðum leitt í ljós að það var hæstv. ríkisstjórn sem hafði hér frumkvæði eftir að Samband ísl. samvinnufélaga hafði fyrir sitt leyti óskað eftir því við ríkisstjórnina að þetta mál yrði kannað.

Stundum kemur það fyrir hér í umræðum á Alþingi að ráðherrarnir sverja hver annan af sér. Ef hæstv. fjmrh. hefur gert eitthvað, þá standa aðrir ráðherrar upp og afneita því með öllu að það sé á vegum ríkisstjórnarinnar, en útskýringar af því tagi eru vitaskuld ekki gildar. Það eru útúrsnúningar.

Í þessu sambandi vil ég einnig í öðru lagi vitna í viðtal við Val Arnþórsson landsbankastjóra sem birt var í Morgunblaðinu föstudaginn 22. sept. 1989. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ég vona það vissulega því hér er um feiknalega þýðingarmikið mál að ræða. Sambandið bauð okkur að kaupa bréf sín í Samvinnubankanum á sl. vori. Við ræddum það okkar á milli bankastjórarnir og vorum sammála um að þetta gæti verið besta mál fyrir okkur eins og greindi frá hér áðan. Eftir umfjöllun í bankaráðinu fékkst svo grænt ljós á það að halda áfram samningum við Sambandið. Ákveðið var að Sverrir Hermannsson færi áfram með málið fyrir okkar hönd."

Hér er með öðrum orðum einnig staðfesting á því af hálfu bankastjóra Landsbankans að frumkvæði í þessu efni kom ekki frá Landsbankanum heldur Sambandi ísl. samvinnufélaga og, eins og athygli hefur verið vakin á, af hálfu hæstv. ríkisstjórnar með atbeina hæstv. fjmrh. Það er þess vegna ljóst að fullyrðingar í skýrslunni um frumkvæði Landsbankans standast ekki, eru beinlínis rangar. Allt hefur þetta auðvitað þýðingu þegar fjallað er um þetta mál og þær umræður sem um það hafa spunnist. Þá vaknar auðvitað þessi spurning: Um hvers konar aðgerðir er hér að ræða? Hæstv. ráðherra vék nokkrum orðum að því í ræðu sinni hversu brýnt það er að ná fram frekari samruna í bankakerfinu en orðinn er.

Ég get í sjálfu sér tekið undir það meginsjónarmið hjá hæstv. ráðherra að það kann að vera og er ekkert ólíklegt að það sé heppileg niðurstaða út frá bankalegum sjónarmiðum að Landsbanki Íslands og Samvinnubankinn sameinist. Það gæti verið þáttur í almennri þróun í uppbyggingu á heilbrigðu viðskiptabankakerfi og í samræmi við aðlögun okkar að hinum nýja evrópska markaði og því frjálsræði sem þar á að ríkja sem gengur reyndar þvert gegn þeim málflutningi sem forustuflokkur í hæstv. ríkisstjórn hefur nú haft í frammi í þeim efnum undanfarin missiri, en það er önnur saga. Ef þetta á hins vegar að falla undir þessa skilgreiningu hæstv. ráðherra að vera eðlilegur og hagkvæmur samruni skiptir auðvitað öllu máli með hvaða hætti staðið er að verki og við hvaða verði hlutabréfin í Samvinnubankanum eru keypt. Ég held að staðreynd málsins sé miklu fremur hin að Samband ísl. samvinnufélaga hefur átt við erfiðleika að etja og nauðsyn hafi þótt af opinberri hálfu að koma þar til bjargar, með öðrum orðum að hér sé um að ræða björgunaraðgerðir af hálfu opinberra aðila í þágu fyrirtækis sem lent hefur í miklum erfiðleikum.

Þessu sjónarmiði til áréttingar vil ég vitna til viðtals við einn af bankaráðsmönnum stjórnarflokkanna. Það var að vísu athyglisvert að hæstv. viðskrh. sá ástæðu til þess að setja svolítið ofan í við bankaráðsmenn vegna umfjöllunar um þetta mál og á þar ugglaust við einn af bankaráðsmönnum stjórnarflokkanna sem fékk hótanir frá samstarfsmönnum í stjórnarsamstarfinu um málshöfðun jafnvel vegna umfjöllunar sinnar um þetta mál. En þessi fulltrúi stjórnarflokkanna, Lúðvík Jósepsson, fulltrúi Alþb. í bankaráðinu, bæði fyrra bankaráði og hinu nýkjörna, segir í viðtali við Þjóðviljann sl. haust:

„Eina sjáanlega skýringin á þessu háa kaupverði er að Sambandið rambi á barmi gjaldþrots. Landsbankinn á ekki að greiða þann böggul, heldur ættu forráðamenn Sambandsins að leita til ráðamanna þjóðarinnar um lausn á þessum vanda."

Hér er kveðið skýrt að og það er ekki stjórnarandstaðan sem er að þyrla upp moldviðri vegna stöðu Sambandsins. Nei, hér er það einn af fyrrum forustumönnum Alþb. og fulltrúi ríkisstjórnarflokkanna í bankaráði sem talar. Og það fer ekki á milli mála hver hans skoðun er.

Í Morgunblaðinu 17. sept. er ítarleg greinargerð

um þetta mál. Að hluta til er hún byggð á viðtali við hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson. Þar segir, með leyfi forseta:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. segist vissulega líta á þessi kaup Landsbankans á Samvinnubankanum sem lið í björgunaraðgerðum til handa Sambandinu. „Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hvaða afleiðingar það hefði úti í þjóðfélaginu ef Sambandið yrði gjaldþrota," segir forsætisráðherra. „Það mundi teygja anga sína alveg gífurlega langt inn í þjóðfélagið og ég fæ ekki séð hvernig væri hægt að láta Hambrosbank og aðra erlenda banka tapa sínum innistæðum hjá Sambandinu," segir Steingrímur."

Það er ekki nóg með að það sé einn fulltrúa stjórnarflokkanna í bankaráði Landsbankans sem dregur fram þá staðreynd að hér er um björgunaraðgerðir að ræða en ekki viðskiptahagsmuni eða þátt í eðlilegri bankasameiningu, heldur kemur hæstv. forsrh. og staðfestir mjög skýrt og greinilega að þetta er tilgangurinn, að þetta er eðli þeirra ákvarðana sem hér hafa verið teknar. Því miður liggur það þess vegna ljóst fyrir að þetta er ekki hluti af eðlilegum framgangi bankasameiningar í landinu, heldur hluti af opinberum, pólitískum björgunaraðgerðum í þágu Sambands ísl. samvinnufélaga. Þá vaknar auðvitað þessi spurning: Er eðlilegt að opinberir aðilar hlutist til um björgunaraðgerðir af þessu tagi? Ég hygg að flestir geti verið á einu máli um að meginreglan á auðvitað að vera sú að fyrirtæki standi á eigin fótum og beri ábyrgð á athöfnum sínum og gjörðum og þar eigi ríkisvaldið ekki að koma við sögu. Ég hygg að lengur sé ekki um það deilt að þetta á að vera meginregla í viðskiptalífi landsmanna.

Hitt getur auðvitað komið til álita að opinberir aðilar þurfi í einstökum tilvikum að koma til aðstoðar. Þær aðstæður geta verið fyrir hendi í algjörum undantekningartilvikum. Ég hygg að allir þeir stjórnmálaflokkar sem komið hafa að stjórn landsins hafi tekið þátt í slíkum aðgerðum, en það eru undantekningartilvik og í þeim tilvikum þar sem fjármunir skattborgaranna eru notaðir í þessum tilgangi er það höfuðkrafa sem ekki er hægt að víkjast undan að draga allar staðreyndir mála fram. Með öðrum orðum, þegar þær aðstæður eru fyrir hendi þurfa viðkomandi fyrirtæki að leggja öll gögn um rekstrarlega stöðu, um skuldastöðu og eiginfjárstöðu á borðið fyrir stjórnendur landsins og löggjafarsamkomuna, fjárveitingavaldið, sem ber ábyrgð á því hvernig farið er með fjármuni skattborgaranna. Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir þegar um opinbera aðstoð er að ræða og ef í undantekningartilvikum á að réttlæta hana.

Ég get ekki dæmt um það á þessu stigi hvort staða Sambands ísl. samvinnufélaga er á þann veg að það réttlæti undantekningu frá meginreglunni, réttlæti opinbera aðstoð. Það má vel vera að svo sé. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að engar upplýsingar hafa verið lagðar fram fyrir fjárveitingavaldið í landinu sem sýna fram á hvort þessi aðstaða er fyrir hendi eða ekki, og það er kjarni málsins. Ég hef engar pólitískar áhyggjur af því þó að Samband ísl. samvinnufélaga missi yfirráð sín og tök yfir Samvinnubankanum. Það gleður mitt hjarta heldur ekki neitt sérstaklega þó að svo fari. (**Gripið fram í:** Smávegis.) Aðalatriðið er þetta, að hér verður að virða eðlilegar leikreglur og þegar opinberir aðilar veita aðstoð og verja fjármunum skattborgaranna í því skyni þarf að leggja allar upplýsingar á borðið. Og við slíkar aðstæður er rangt að hlaupa á bak við bankaleynd. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að leggja spilin á borðið.

Við þekkjum öll hinar eðlilegu og sjálfsögðu reglur um bankaleynd sem gilda þurfa í viðskiptum einstaklinga og atvinnufyrirtækja við banka. En þegar um er að ræða björgunaraðgerðir af því tagi sem hæstv. forsrh. hefur lýst og einn af talsmönnum stjórnarflokkanna í bankaráðinu, þá verður að leggja spilin á borðið, þá verður að fara þær leiðir sem gera stjórnvöldum kleift að leggja allar upplýsingar á borðið. Með öðrum orðum, ef það er niðurstaða og mat hæstv. ríkisstjórnar, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur fengið frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, að það sé hægt að réttlæta opinbera aðstoð, þá væri eðlilegt að koma með það mál inn á Alþingi og afgreiða það í tengslum við fjárlög. Þá gætu menn tekið afstöðu til þessara mála og ákveðið á lýðræðislegan hátt hvort og hversu mikið ætti að rétta til Sambandsins af fjármunum og hver nauðsyn krefði. Um þetta er ekkert hægt að segja á þessu stigi vegna þess að þessar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram. En það er hægt að fara þessa eðlilegu leið. Það er líka hægt, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert, að freista þess að fara með þetta inn í bankakerfið í þeim tilgangi að geta tekið á málunum í skjóli bankaleyndar. Og það er það sem er ámælisvert, að mínu mati, í þessu máli.

Ég ætla ekki fyrir fram að halda því fram að ekki hafi komið til álita að rétta Sambandinu hjálparhönd við þessar aðstæður, ég gæti best trúað því að fyrir því gætu verið rök, en þá þarf að gera það með eðlilegum hætti. Hæstv. viðskrh. fjallaði hér nokkuð um það að það mætti ekki fjalla um þetta mál á þann veg að það skaðaði hagsmuni fyrirtækisins og Landsbankans. Vitaskuld er það eðlilegt. Því miður er það hins vegar staðreynd að öll þessi umræða hefur reynst Landsbanka Íslands mjög óheppileg og hún hefur skaðað stöðu Landsbankans. Þess vegna hefði verið eðlilegra af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, eftir að hún fékk erindi hér um frá Sambandinu, að koma með þetta mál inn á Alþingi og taka þar ákvarðanir um það hvort eðlilegt væri að greiða eitthvert yfirverð í tengslum við hugsanleg kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum, í tengslum við eðlilegar viðskiptalegar ákvarðanir, að ríkisvaldið borgaði eitthvert yfirverð til Sambandsins til þess að treysta stöðu þess. Ef þessi þáttur málsins hefði verið dreginn út úr og það hefði verið komið með hann inn á Alþingi og um hann fjallað fyrir opnum tjöldum hefði engin hætta skapast í Landsbankanum og með öllu verið girt fyrir það að hann þyrfti að skaðast vegna málsins. Þvert á móti má færa að því rök að það hefði

allt styrkt stöðu Landsbankans. En ríkisstjórnin kaus að fara aðra leið og hún ber þess vegna ábyrgð á því hvers vegna Landsbankinn hefur skaðast af þessari umræðu.

Landsbankinn hefur stigið þessi skref í tveimur áföngum. Í fyrra sinnið í byrjun september og í síðara sinnið í lok desember á sl. ári. Niðurstaðan í greinargerð Ríkisendurskoðunar er sú að í báðum tilvikum sé um að ræða sambærilega niðurstöðu, sambærilegt kauptilboð af hálfu Landsbankans en lægri upphæð í desembertilboðinu skýrist af því að tekið hafi verið tillit til fyrirvara sem gerðir voru í hinu fyrra og öllum mátti vera ljóst að lækkað hefðu þær tölur sem þar voru settar á blað. Þetta kemur skýrt fram í áliti Ríkisendurskoðunar. Það sem hefur hins vegar gerst í framhaldi af ákvörðuninni í lok desember er það að Samband ísl. samvinnufélaga samþykkir í byrjun þessa árs að taka þessu kauptilboði í trausti þess að bætt verði við það 60 millj. kr. í formi vaxtaleiðréttingar. Hvers vegna samþykkja þeir það í trausti þess að það verði gert? Vegna þess að það liggur fyrir að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, hæstv. viðskrh. og formaður bankaráðsins, vildu beita sér fyrir því að þetta yrði gert, að 60 millj. kr. yrði bætt við sem vaxtaleiðréttingu.

Lítum nú aðeins á það mál. Hér er um að ræða 60 millj. kr. vaxtaleiðréttingu vegna fjögurra mánaða *tafar á afgreiðslu málsins, eins og það er orðað.* Það er býsna góð vaxtagreiðsla. Hæstv. forsrh. hefur stundum verið að tala um að vextirnir í landinu væru of háir og gera þyrfti gangskör að því að lækka vextina, ekki síst raunvextina. En hvaða vexti er verið að borga Sambandinu á þessum tíma? Það er verið að borga 33% vexti. Það er verið að borga tæplega 11% raunvexti. Á sama tíma og verið er að selja spariskírteini ríkissjóðs með 6% vöxtum, ef ég man rétt. Á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn er að hæla sér af því, og vitnar í skýrslu Seðlabankans frá því í nóvember, að raunvextir hefðu lækkað að meðaltali á sl. ári. Að vísu sleppa ráðherrarnir og talsmenn stjórnarflokkanna alltaf að geta þess að í þeirri skýrslu segir að raunvextir sjávarútvegsins hafi hækkað mjög verulega miðað við innlent verðlag á sl. ári. En þeir vitna réttilega í það að almennir raunvextir lækkuðu á sl. ári. Og í þessari skýrslu kemur fram að þeir voru að meðaltali 4,7%, tæp 5%. En það þykir sjálfsagt að Sambandið fái 11% raunvexti eða því sem næst.

Hvernig er þetta vaxtasiðferði hæstv. ríkisstjórnar? Þegar sparifjáreigendurnir, launafólkið sem á sparifé í Landsbankanum, á að borga Sambandi ísl. samvinnufélaga vexti, segir hæstv. ríkisstjórn: Það er sjálfsagt og eðlilegt að launafólkið, sem á innstæðurnar sínar í Landsbankanum, borgi Sambandinu 11% raunvexti. En þegar Sambandið á að borga til baka lánin sem það hefur tekið hjá þessu sama fólki, sem á innstæðurnar í Landsbankanum, þá kemur annað hljóð í strokkinn. Þá er komið alveg nýtt *vaxtasiðferði og það er algerlega óþolandi að Sambandið* þurfi að borga fólkinu vexti af þessu tagi. Þegar einstaklingarnir og launafólkið sem á sparnaðinn í Landsbankanum á að fá hann greiddan til baka, þá er komið alveg nýtt vaxtasiðferði.

Það væri æskilegt, og það var fyrst og fremst vegna þess sem ég óskaði eftir því, frú forseti, að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna, að hann gerði Alþingi nokkra grein fyrir þessu tvöfalda vaxtasiðferði hæstv. ríkisstjórnar sem snýr með þessum sérkennilega hætti að Sambandinu annars vegar og einstaklingunum, launafólkinu, sem á sparifé sitt í Landsbankanum og er að lána Sambandinu og öðrum atvinnufyrirtækjum, hins vegar. Ætli það komi ekki einhvers staðar niður þegar ákvarðanir af þessu tagi eru teknar? Ætli þetta þýði ekki að það þurfi að hækka vextina gagnvart öðrum, smáfyrirtækjunum og launafólkinu, húsbyggjendunum? Það skyldi ekki vera að svona ákvarðanir kæmu einhvers staðar niður? Það væri mjög fróðlegt í þessari umræðu að hæstv. forsrh. mundi skýra það nánar út.

Kaupverðið er auðvitað lykilatriði í þessu máli öllu saman. Það lá nokkuð ljóst fyrir þegar upphaflegt minnisblað um hugsanleg kaup var gert, þó þar væru mjög ákveðnir fyrirvarar, að þær tölur sem þar voru nefndar fólu í sér verulegt yfirverð. Þó tölurnar í tilboðinu frá 29. des. séu lægri sem nemur þessum fyrirvörum sem búið var að gera er það skýr niðurstaða í greinargerð Ríkisendurskoðunar að *kaupverðið á bankanum sé 200 millj. kr. of hátt,* að Landsbankinn er að tapa 200 millj. kr. á þessum kaupum. Og þetta er miðað við að um samruna verði að ræða og alla þá hagræðingu og þann hagnað sem af samruna getur hlotist. Ef ekki verður um samruna að ræða, eru þessi kaup algerlega út í hött. Það er í raun og veru þetta sem Ríkisendurskoðun er að segja í sínu áliti og nú hangir það mál enn allt í lausu lofti. Hér komum við að kjarna málsins. Það eru þessar 200 millj., miðað við að um samruna verði að ræða, sem eru yfirverð fyrir bankann. Það eru þær sem hafa valdið þessum miklu átökum um þetta mál. Það eru þær sem hafa leitt til umræðu sem hafa skaðað Landsbankann. Og það hefði verið miklu eðlilegra fyrir hæstv. ríkisstjórn, fyrst nota átti eignir skattborgaranna til að treysta stöðu SÍS, að koma með það mál hér inn á Alþingi og fjalla um það hér en að leyfa Landsbankanum að vera í friði og taka sínar ákvarðanir um kaup á bréfum og hugsanlegan samruna á viðskiptalegum grundvelli.

Þá kemur að ýmsum spurningum í framhaldi af þessari stöðu. Samruni bankanna er óhjákvæmilegt skilyrði ef þessi kaup eiga ekki að teljast vera hrein vitleysa. Það liggur fyrir að í upphafi var talað um að til þyrfti að koma umtalsverð aðstoð Seðlabankans, ef af þessum kaupum ætti að verða. Hæstv. forsrh. greindi frá þessu í áðurnefndri greinargerð Morgunblaðsins frá 17. sept. en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það má til sanns vegar færa að miklu meira þarf til til þess að Sambandinu verði bjargað. Auðvitað er *það lífsspursmál fyrir Landsbankann og Sambandið* að 1,6 milljarða skuld þess í Samvinnubankanum fái

að flytjast yfir í Seðlabankann. Forsrh. segir um þetta mál: „Ég skil það þannig að skuld Sambandsins við Samvinnubankann verði parkerað í Seðlabankanum í 15 ár. Ef Seðlabankinn lítur svo á að hér sé um hagræðingu í bankakerfinu að ræða og hér sé verið að afstýra einhverjum meiri háttar vandræðum í peningamálum, þá getur hann vitanlega stuðlað að því að málið leysist með því að taka við skuldabréfum frá Landsbankanum fyrir þessa upphæð.““

Hér talar hæstv. forsrh. mjög skýrt. Hann hefur skilið málið á þessum tíma á þann veg að parkera eigi skuldum Sambandsins í Samvinnubankanum í Seðlabankanum til að greiða fyrir kaupum á hlutabréfunum og samruna bankanna. Nú kemur hins vegar í ljós í þeirri skýrslu sem hér hefur verið lögð fram að hæstv. ráðherra upplýsir að hvorki sé fyrirhugað að ríkissjóður né Seðlabanki veiti nokkra fyrirgreiðslu af því tagi. En hvers vegna var óskað eftir slíkri fyrirgreiðslu þegar málið byrjaði? Hvers vegna segir hæstv. viðskrh. að Landsbankinn geti ekki klárað málið með því að kaupa öll hlutabréfin og þess vegna sé nauðsynlegt að Búnaðarbankinn kaupi hlutann sem eftir er? Er það svo að Landsbankinn geti ekki vegna eiginfjárstöðu sinnar keypt bréfin sem eftir eru? Þarf viðbótarstofnfé inn í bankann til að svo megi verða? Þetta eru upplýsingar sem æskilegt væri að fá hér fram.

Það er líka nokkuð kyndugt að hlýða á hæstv. viðskrh. tala um það, þegar fyrir liggur að samruni Samvinnubanka og Landsbanka sé óhjákvæmilegur ef kaupin eigi ekki að vera hrein vitleysa, að nauðsynlegt sé að Búnaðarbankinn kaupi annan hluta. Hvernig víkur því við að hæstv. ráðherra og einn af bankaráðsmönnum stjórnarflokkanna í Búnaðarbankanum, bankaráðsmaður Alþfl. þar, telja það nauðsynlegt að Búnaðarbankinn taki annan hluta bréfanna þegar fyrir liggur í áliti Ríkisendurskoðunar að þessi kaup koma að engu haldi nema að málið verði fullklárað og um verði að ræða samruna Landsbanka og Samvinnubanka? Hér ganga hlutir allmikið á misvíxl og bendir ýmislegt til að af hálfu stjórnvalda hafi verið haldið býsna skringilega á málinu og það sé í einkennilegri stöðu þegar þessar staðreyndir liggja fyrir. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að lýsa því hér yfir að hann muni samþykkja samruna bankanna verði af frekari kaupum Landsbankans? Nauðsynlegt er að það liggi hér alveg skýrt fyrir hvort hæstv. ráðherra er tilbúinn að samþykkja þau kaup eða hvort hann ætlar að halda áfram að vinna að því að Búnaðarbankinn taki hinn hluta hlutabréfanna þannig að úr þessu verði einhver óskapnaður eða öllu meiri óskapnaður en orðið er.

Í beiðni um þessa skýrslu var óskað eftir upplýsingum um eigið fé bankanna og hvert væri hlutfall útlána og ábyrgða þessara tveggja banka af eigin fé vegna Sambands ísl. samvinnufélaga og enn fremur var spurt um það hvort hætta væri á að afskrifa þyrfti lán vegna SÍS og fjárhagslega tengdra fyrirtækja. Í skýrslunni koma nokkur svör við þessum spurningum en þó ekki fullnægjandi. Athygli vert er að hér er staðfest á þremur stöðum í skýrslunni að tryggingar Sambandsins hafi verið ónógar. Í upphaflegri samþykkt Landsbankans í september segir í einu af þeim skilyrðum sem Landsbankinn setti, að nægjanlegar tryggingar séu lagðar fram af hálfu Sambandsins vegna skuldastöðu þess hjá báðum bönkunum. Samþykkt af þessu tagi hefði ekki þurft að gera ef nægjanlegar tryggingar hefðu verið fyrir hendi. Þessi samþykkt er enn á ný ítrekuð í seinna tilboðinu, þar sem segir:

„Áfram verði unnið að samkomulagi um viðbótartryggingar á viðskiptum Sambandsins við Landsbankann.“ Og í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um álit bankaeftirlitsins segir: „Í skýrslum Seðlabankans kemur fram það álit að endurmeta þurfi og afla nýrra greiðslutrygginga fyrir skuldbindingum Sambands ísl. samvinnufélaga gagnvart bönkunum báðum og hefur verið að því unnið að koma tryggingum bankanna vegna útlána til Sambandsins í viðunandi horf í samvinnu við stjórn Sambandsins.“

Hér vakna auðvitað upp ýmsar spurningar. Hvernig má það vera að um sé að ræða ófullnægjandi tryggingar í svo mikilvægum viðskiptum? Var þar um að ræða vangæslu af hálfu Landsbankans eða var þar um að ræða atriði sem snerta stjórnendur Sambandsins? Höfðu þeir ekki gefið bankanum eðlilegar eða nægilegar upplýsingar þannig að niðurstaðan varð sú að gera þurfti sérstakar samþykktir um að afla þyrfti haldbetri trygginga? Þetta er nauðsynlegt að skýra út betur og fá gleggri svör við. Hvar liggur ábyrgðin í þessu efni?

Enn fremur var spurt um það hvort bankaeftirlitið hefði rækt skyldur sínar samkvæmt bankalögum vegna þess að í bankalögunum er bankaeftirlitinu gert að hafa eftirlit með bankastarfsemi og m.a. því hvort bankar lána einstökum aðilum og skyldum fyrirtækjum eðlilega í hlutfalli við eigið fé. Um þessi efni eiga að gilda sérstakar reglur og hæstv. viðskrh. hefur nýlega upplýst að bönkunum sé skylt að greina frá hverjar hinar almennu viðmiðunarreglur séu.

Einn af bankaráðsmönnum stjórnarflokkanna, Lúðvík Jósepsson, upplýsti í Morgunblaðinu 14. sept. að skuldir Sambandsins hjá Samvinnubankanum hefðu verið um 1½ milljarður kr. á þeim tíma sem það viðtal fór fram. Nú kunna stærðir af þessu tagi að hafa breyst en ef þær upplýsingar eins af bankaráðsmönnum stjórnarflokkanna eru réttar, bendir ýmislegt til þess að útlán til eins aðila séu 200% af eigin fé. Og nú er spurningin: Er það í samræmi við almennar reglur og, ef svo er ekki, hvað hefur þá verið gert til að leiðrétta þá stöðu? Sami bankaráðsmaður upplýsti í sama viðtali að skuldir Sambandsins við Landsbankann hefðu verið 2,6 milljarðar kr. Þeirri fullyrðingu var mótmælt af ýmsum aðilum en fari hún nærri lagi eru útlán Landsbankans til Sambandsins eitthvað rétt innan við 50% af eigin fé. Og flest bendir þá til þess að ef um samruna yrði að ræða væru skuldir Sambandsins við nýjan sameinaðan banka um ⅔ af eigin fé. Það væri æskilegt ef hæstv. ráðherra vildi, í samræmi við

þá ósk sem fram kemur í skýrslunni, fjalla nokkuð nánar um þetta atriði því að því er með óljósum hætti svarað af hans hálfu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eða greinargerð sem hér er birt sem fylgiskjal segir m.a.:

„Ríkisendurskoðun vill taka fram í þessu sambandi að stofnunin fékk ekki tækifæri til að láta í ljós álit sitt á kauptilboðinu áður en það var sett fram, en Ríkisendurskoðun hafði óskað eftir því við bankastjórn Landsbankans á fyrri stigum málsins."

Þetta er athygli verð yfirlýsing af hálfu Ríkisendurskoðunar og bendir til þess að hún hafi ekki fengið, meðan málið var í meðferð, allar þær upplýsingar sem hún óskaði eftir og hafði þó hæstv. viðskrh. óskað eftir því að hún tæki málið sérstaklega til skoðunar um leið og það kom upp. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri það hér frekar hvers vegna Ríkisendurskoðun fékk ekki þær upplýsingar við meðferð málsins sem hún óskaði eftir. Ég tel að í þessu felist býsna harður dómur af hálfu Ríkisendurskoðunar á framkvæmd málsins, hverjir svo sem þar bera ábyrgð.

Það kemur einnig hér fram í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar að endanlegur samningur er í fullu samræmi við það sem upphaflegur gjörningur bankastjóra og forstjóra Sambandsins sagði til um. Í því sambandi segir Ríkisendurskoðun:

„Þá lítur Ríkisendurskoðun svo á að ætla megi að kaupverð á hlutabréfaeign Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hafi tekið mið af tilboði Landsbankans frá 10. sept. að teknu tilliti til mats á þeim fyrirvörum sem þar voru tilgreindir, þ.e. skuldbindingu vegna lífeyrisréttinda starfsmanna og mati á töpuðum útlánum."

Með öðrum orðum hefur í raun engin breyting orðið á niðurstöðu varðandi kaupverð á þessum hlutabréfum í þessa fjóra mánuði sem málið beið önnur en sú að ákveðið var að vaxtareikna töfina með þeim sérstaka hætti sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Hér kemur líka mjög skýrt fram, eins og áður hefur verið vikið að, að Landsbankinn er í raun og veru að tapa 200 millj. kr. á þessum viðskiptum og sú staða gæti litið enn verr út ef ekkert verður af samrunahugmyndunum. Í skýrslunni segir einnig svo:

„Af þessu má ráða að kanna þarf nánar lagagrundvöll þeirra samrunahugmynda sem uppi eru í máli þessu af hálfu Landsbankans. A.m.k. er nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem sýnist vera fyrir hendi í þessu efni."

Með öðrum orðum hafa hér verið teknar ákvarðanir um fjárhagslegar skuldbindingar sem byggja á því að áframhald verði á málinu af hálfu Landsbankans, en Ríkisendurskoðun telur að þar sé um að ræða lagalega óvissu, og ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. reyni að greiða eitthvað úr þeirri flækju í þessari umræðu.

Loks er ástæða til að minna hér á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á ákvæði 22. gr. laga um viðskiptabanka, en samkvæmt því er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Miðað við áform Landsbankans með kaupunum sýnist sem lagaákvæði þetta kunni að valda nokkrum vandkvæðum.

Það er ekki langt síðan miklar umræður urðu um hæfi manna til setu í bankaráðum og mönnum þótti sem það væri hæpið að starfsmaður verðbréfafyrirtækis sæti í bankaráði Landsbankans. Nú óska ég eftir því, með tilliti til þessarar athugasemdar sem hér er gerð af hálfu Ríkisendurskoðunar, að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir því hvernig bankaráð Samvinnubankans verður skipað eftir að þessi kaup hafa verið gerð. Munu bankastjórar Landsbankans eða bankaráð skipa meiri hluta bankaráðs í Samvinnubankanum og hvernig er hæfi þeirra manna til þess að taka ákvarðanir með tilliti til bankalaga og nýlegrar umræðu þar að lútandi?

Frú forseti. Ég hef farið nokkrum orðum hér um þessa skýrslu. Niðurstaðan er sú að gerð hafa verið kaup á hlutabréfum með atbeina og afskiptum ríkisstjórnarflokkanna í þeim tilgangi að koma Sambandi ísl. samvinnufélaga til aðstoðar. Það liggur líka fyrir að greitt hefur verið verulegt yfirverð fyrir þessi hlutabréf án þess að nægjanlegar upplýsingar, að mínu mati, hafi verið lagðar fram um stöðu fyrirtækisins sem réttlæta kunna undantekningu frá þessu tilviki. Og ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi staðið þannig að framgangi málsins að það hafi fremur skaðað stöðu Landsbankans sem viðskiptabanka en hitt. Þetta eru þær niðurstöður sem hér liggja fyrir og væri auðvitað æskilegt að ræða hér miklu nánar, og verður fróðlegt að heyra nánari skýringar hæstv. ráðherra á þeim atriðum sem með ófullnægjandi hætti hefur verið gerð grein fyrir fram að þessu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér hefur það gerst að vikið hefur verið verulega frá hinni skráðu dagskrá. Á eftir 2. dagskrármálinu er tekið fyrir það 11. Þetta er gert að ósk sjálfstæðismanna. Ég mundi ekki gera athugasemd við þetta af hendi forseta nema vegna þess að þann veg stendur á, sem ég tel tvímælalaust að taka verði tillit til, að málshefjandi hefur óskað eftir því að forsrh. sé hér við og hlýði á mál hans, en fyrir hálfum mánuði var boðaður framkvæmdastjórnarfundur Framsfl. Á hann koma menn af öllu landinu og vegna þess fundar eru hér fjarverandi allir ráðherrar flokksins og einnig formaður þingflokksins. Ég verð þess vegna að óska eftir því við hæstv. forseta að hann taki tillit til þessa og fresti þessari umræðu til reglulegs fundar í Sþ. og þá trúlega til mánudags.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka það fram að þegar ákveðið var að taka þetta mál á dagskrá gerði hann sér ekki grein fyrir öðru en að hér væri fyrst og fremst um að ræða málefni hæstv. viðskrh. Óskin um að forsrh. væri viðstaddur kom ekki fram fyrr en í dag. Forseta er auðvitað ljúft að fara að óskum hv. 2. þm. Vestf. en vildi þá gjarnan heyra skoðun hv. 1. þm. Suðurl. og talar hann nú um þingsköp.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það er rétt að við höfðum óskað eftir því að þessi umræða gæti farið fram hér í dag. Eg taldi alveg víst að hæstv. forsrh. mundi að eigin frumkvæði vilja vera viðstaddur þessa umræðu, en þegar ég tók eftir því hér síðdegis að hann var ekki staddur í þinghúsinu vakti ég athygli forseta á því að ég teldi nauðsynlegt að hann yrði viðstaddur umræðuna. Ég tók hins vegar alveg skýrt fram að ef hann ætti erfitt með að vera við umræðuna í dag væri það okkur að meinalausu, eða a.m.k. mér, að umræðan frestaðist fram á mánudag. Hæstv. forsrh. greindi mér frá því að það stæði yfir framkvæmdastjórnarfundur sem hann á mjög erfitt með að víkja sér frá. Á því hef ég fullan skilning og ég tel eðlilegt að Alþingi sýni stjórnmálaflokkunum þá tillitssemi þegar þannig stendur á að umræðum sé frestað. Ég tek þess vegna alveg heils hugar undir ósk hv. 2. þm. Vestf. og tel fyllilega eðlilegt að umræðunni sé frestað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þann skilning sem hér hefur komið fram og vænti þess að forseti taki tillit til þeirra aðstæðna sem hér hefur verið greint frá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Við þeirri ósk skal fúslega orðið.

Þórhildur Þorleifsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað sjálfsagt að fara hér að óskum hv. 1. þm. Suðurl. en ég get samt ekki orða bundist um framgang dagskrár hér í dag. Það eru haldnir fundir með formönnum þingflokka til þess að reyna bæði að koma sér saman um og kynna þingflokkum hvernig dagskrá skuli háttað og í gær var ákveðið, og þau skilaboð komu til þingflokka, að að loknum fyrirspurnum í dag yrði fundi frestað til kl. 2 og þá hæfist utandagskrárumræða og síðan gengi dagskrá fram eftir því sem hún hefur gert í dag.

Þær breytingar urðu strax í morgun að að loknum fyrirspurnatíma var ákveðið að halda dagskrá áfram og kom sjálfsagt ýmsum á óvart að þarna var komið til umræðu mál sem enginn hafði búist við að kæmi fyrr en kl. 2 um eftirmiðdaginn. Það mál stóð kannski lengur en nokkur hafði reiknað með og við því er ekkert að gera og ég er ekki að kenna neinum um það. Þetta mál kemur svo ekki á dagskrá fyrr en svo seint eins og raun ber vitni og enn er þá raskað dagskrá og frestað. Það verður að segjast eins og er að allur dagurinn hefur farið öðruvísi en ætlað var. Þetta er ákaflega bagalegt með tilliti til skipulagningar þingsins og skipulagningar tíma einstakra þingmanna líka.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti harmar að svo hefur farið sem raun er á að dagskrá hefur töluvert raskast. Ég vil þó taka fram að utandagskrárumræða fór fram á umsömdum tíma, en ljóst var að svo margir mundu óska eftir að ræða um annað dagskrármál að forsetum þótti ekki rétt að eyða deginum án þess að það mál hlyti umræðu.

Vegna þessarar umræðu sem hér um ræðir vil ég hins vegar endurtaka það að ekki var sérstök ósk fyrirliggjandi um það að hæstv. forsrh. þyrfti nauðsynlega að vera vistaddur þessa umræðu.

Umræðu frestað.

Sameining sveitabýla í hagræðingarskyni, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 253. mál. — Þskj. 448.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sameiningu sveitabýla í hagræðingarskyni. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að kanna hvort hagræða megi í landbúnaði með því að sameina sveitabýli í búrekstri. Könnuninni skal lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Þessi tillaga er liður í þeirri viðleitni að reyna að hagræða, draga saman og spara í þjóðfélaginu. Sveitabýli eru háð sömu lögmálum og annar rekstur. Það má víða spara, hagræða, draga saman, einfalda í búrekstri ekki síður en annars staðar í atvinnulífinu og því er þessi tillaga flutt. Ástæðan fyrir því að hún er flutt er fyrst og fremst sú að stutt er síðan þrjú myndarleg býli fyrir norðan voru sameinuð.

Ég nefni þetta aðeins hér sem dæmi því að víða í sveitum landsins er t.d. mun meiri vélakostur en þarf ef búin mundu slá saman á þennan hátt. Og þetta á ekki bara við um vélarnar, þetta á við um ýmislegt annað. Það er margvísleg vinnuhagræðing fólgin í þessu eins og fordæmi hafa sýnt hjá öðrum fyrirtækjum í landinu. Stutt er síðan stór tryggingafélög sameinuðust, þrír bankar sameinuðust um að kaupa þann fjórða og fleiri dæmi eru til sem öllum eru meira og minna kunn.

Þá tel ég einnig ástæðu til þess að íhuga hvort ekki sé rétt að landbúnaðarforustan kanni hvort hægt sé að veita peninga til þess að aðstoða bændur við sameiningu af þessu tagi og taka þá peninga úr sjóðum sem landbúnaðurinn hefur til sinna umráða. Aukin hagræðing mundi bæta bændum upp allan hugsanlegan tekjumissi sem af því kynni að hljótast. Það er víða byrjað að sameina t.d. mjólkursamlög í framhaldi af minnkandi mjólkurframleiðslu, byrjað að sérhæfa þau og eftir því sem ég best veit hefur það skilað ágætum árangri. Við þekkjum öll hina landskunnu osta frá Hvammstanga, en það mjólkurbú sérhæfir sig nú í að framleiða þá prýðilegu vöruteg-und.

Þannig telur flm. að eigi að halda áfram að finna aukna vörusérhæfingu í landbúnaðinum, leita jafnframt skipulega markaða fyrir þær vörur og deila verkefnum út eftir landkostum, legu og öðrum þátt-

um á hverjum stað sem hafa áhrif á framleiðslu vörunnar.

Íslenskir sveitabæir eru misjafnlega í sveit settir. Hjá sumum hentar betur að framleiða dilkakjöt, aðrir liggja nær laxveiðiám og möguleikum í fiskirækt. Með því að stinga út möguleikana á hverjum stað og reyna að aðlaga rekstur býlanna að þeim má koma upp ákveðinni sérhæfingu sem auðveldlega er hægt að leita markaða fyrir erlendis.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki lengri en legg til að tillögunni verði vísað til seinni umræðu og hv. atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilfærsla gjalddaga í þjóðfélaginu, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 254. mál. — Þskj. 449.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Virðulegi þingmaður. Ég flyt hér till. til þál. um að færa til gjalddaga í þjóðfélaginu. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að kanna hvort hagstætt er fyrir þjóðfélagið að færa til uppgjörs- og gjalddaga. Könnuninni skal lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú að oft eru gjalddagar þjóðfélagsins fyrstu dagar í mánuði og þeir dagar kalla á fleira starfsfólk og meiri vélakost en aðrir dagar mánaðarins. Það hefur í för með sér mikið álag sem nær hámarki í stofnunum, bönkum, fyrirtækjum og víðar þar sem innheimta og skýrslugerð er höfð með höndum. Því er hugmyndin að baki þessarar tillögu sú að reyna að jafna þetta álag út yfir mánuðinn til að spara í vélabúnaði og spara starfsfólk. Allur tækjabúnaður og fjöldi starfsmanna miðast við það að geta annað starfseminni þegar hún rís sem hæst, þegar álagið er mest.

Í þessu sambandi má benda á að skammt er á milli gjalddaga staðgreiddra skatta og eindaga söluskatts í upphafi hvers mánaðar. Ef þessir dagar væru færðir aðeins fjær hvor öðrum er það mat kunnáttumanna að þá mundi tækjakostur strax nýtast betur. Það mætti hafa einfaldari og ódýrari tæki og færra starfsfólk.

Því er lagt til hér að fjmrh. kanni hvort unnt sé að gera þetta með góðu móti, dreifa gjalddögum á fleiri daga mánaðarins eða jafnvel mánuði ársins. Jafnframt er sjálfsagt að kanna hvort heppilegra sé að gera upp reikninga þjóðfélagsins á öðrum tíma en um áramót þar sem ýmislegt annað er gert upp við þau tímamót. Með því móti á að fást hagræðing og sparnaður, bæði fyrir ríkið og fyrir einstaklinga.

Virðulegi forseti. Ég mæli með að tillaga þessi fari til síðari umr. og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting lausra leigusala, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 255. mál. — Þskj. 450.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Virðulegur þingmaður. Ég flyt hér till. til þál. um að nýta lausa leigusali undir starfsemi á vegum ríkisins. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvort hægt er að nýta lausa leigusali undir starfsemi á vegum ríkisins. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Ástæðan fyrir þessari tillögu er fyrst og fremst sú að með þessu móti telur flm. að hægt sé að spara í ríkisrekstri. Opinber starfsemi kallar stöðugt á meira húsnæði. Skólar og fleiri stofnanir virðast vera meira og minna í húsnæðishraki. Oft er húsnæðisvandinn tímabundinn eða árstíðabundinn. Í skólakerfinu tæmast barnaskólar og unglingaskólar smám saman eftir því sem íbúðabyggðin flyst til í borgarlandinu og í sveitarfélögum. Barnafólk sest að í úthverfum. Gildi skóla sem eru nær miðbæjum minnkar stöðugt vegna þess að fólkið flyst burt frá kjarnanum.

Þess vegna er hér lagt til að skoðað verði hvort ekki megi nýta ýmsa sali undir starfsemi ríkisins sem eru leigðir út. Er þá bæði átt við sali sem veitingastaðir og veitingahús bjóða upp á og eins sali sem félagasamtök, stéttarfélög og fleiri hafa komið sér upp víðs vegar um landið.

Salir af þessu tagi eru yfirleitt lítið notaðir, hugsanlega aðeins um helgar eða á kvöldin en standa langflestir auðir alla virka daga, t.d. þann tíma sólarhringsins sem kennsla fer yfirleitt fram. Flm. sér t.d. fyrir sér Múlahverfið í Reykjavík þar sem eru margir salir stéttarfélaga og félagasamtaka og stórir veitingasalir. Eins eru þar myndarlegir skólar, bæði fjölbrautaskólar og einnig fer þar víða fram kennsla á vegum Háskóla Íslands. Með því að taka þessa sali undir kennslu þegar á þarf að halda mundi sparast í flestum tilfellum annaðhvort kaup á húsnæði eða bygging eða þá leiga sem fylgja mundi breytingar og innréttingar á húsnæði og annar aukakostnaður.

Háskólinn hefur aðeins farið inn á þessa braut og má t.d. spyrja hvort lausn af þessu tagi mundi leysa vanda Háskólans á Akureyri. Eins og með skólana, þá sér flm. fyrir sér að þetta gæti leyst vanda víðar hjá hinu opinbera.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla með að þessi tillaga fari til síðari umræðu og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytt tilhögun við afgreiðslu fjárlaga, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 267. mál. — Þskj. 477.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Háttvirtur þingheimur. Ég flyt hér till. til þál. um breytta tilhögun við afgreiðslu fjárlaga. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að breyta þurfi tilhögun við afgreiðslu fjárlaga þannig að fjárlög verði framvegis afgreidd fyrir þinglausnir á vorin. Eins verði kannað hvort rétt sé að flytja til fjárlagaárið. Fjárveitinganefnd er falið að ganga frá drögum að frumvarpi þar að lútandi fyrir þinglausnir 1990."

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú að Alþingi lendir jafnan í tímaþröng með afgreiðslu fjárlaga fyrir jól og áramót. Þessu tímaleysi fylgja margvísleg vandamál fyrir Alþingi og alþingismenn. Í fyrsta lagi leiðir tímaþröngin til þess að alþingismönnum gefst síður tækifæri til að kynna sér þingmál til hlítar, brjóta þau til mergjar. Vinna í þingnefndum skilar ekki þeim árangri sem þarf. Fyrir bragðið er þingheimur ekki nægilega vel heima í hverju máli.

Í öðru lagi fylgir þessu mikil vinna hjá þingmönnum í fjvn. Alþingis. Þannig gefst þeim ekki nægilegur tími til að sinna öðrum þingstörfum eins og lög gera ráð fyrir.

Í þriðja lagi kallar þessi skorpuvinna á meiri yfirvinnu og mikið álag hjá starfsfólki Alþingis, fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Ríkisendurskoðunar og fleiri stjórnardeilda. Síðast en ekki síst býður þessi staða því heim að Alþingi lendir í hringiðu óvandaðra vinnubragða. Hópar þingmanna nota sér stöðuna til þess að knýja fram niðurstöður í óskyldum málum. Það er í rauninni kjarni málsins og ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt.

Við gerð fjárlaga núna fyrir jólin kom upp sú staða að stjórnin og stjórnarandstaðan sömdu um framgang þingmála hér á hv. Alþingi. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að ríkisstjórnin hefur öflugan meiri hluta á þinginu. Því er meirihlutavilji fyrir því að mál sem stjórnin leggur fram nái fram að ganga að lokinni eðlilegri umfjöllun í þingflokkum og þingnefndum. Tímaþröngin varð aftur á móti til þess að hópur þingmanna notaði sér á vægast sagt ódýran hátt stöðuna til að knýja á um að óskyld mál næðu fram að ganga annars staðar í þjóðfélaginu. Í því sambandi leyfi ég mér að vitna í frétt í Morgunblaðinu frá 19. des. Þar telur hv. þm. Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, upp ýmsa afarkosti sem sjálfstæðismenn settu Alþingi til að þingmenn fengju lokið nauðsynlegum störfum fyrir jól. Í fréttinni segir þingmaðurinn orðrétt:

„Þetta er skilyrði af okkar hálfu ef á að vera hægt að halda hér áram í sæmilegri sátt og ljúka þingi fyrir jól."

Eitt af því sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson átti við í þessari frétt var að í staðinn fyrir að fá það sem hann kallaði sæmilega sátt um að ljúka þinghaldi átti ríkisstjórnin að láta af ákveðnum kröfum í sambandi við spítalarekstur Reykjavíkurborgar.

Í sömu frétt er talað við Guðmund Bjarnason heilbrrh. þar sem hann telur að fallið verði frá þessum hugmyndum hans um heilbrigðismál. Þannig er ljóst að hin svokölluðu skilyrði þingflokks sjálfstæðismanna höfðu strax þvingandi áhrif á störf Alþingis. Nú kunna skilyrði og afarkostir af þessu tagi að hafa misjöfn áhrif á þingmenn. En flm. leið á þessum tíma eins og gísl í höndum flugræningja. Þannig miðar þessi þáltill. ekki síst að því að losa Alþingi úr klóm pólitískra hryðjuverkamanna um jól.

Þann skamma tíma sem flm. hefur setið á Alþingi hefur hann stundum heyrt talað um virðingu Alþingis og oft héðan úr ræðustól. Því er stundum slegið fram í málflutningi þegar rök eru á þrotum. Virðulegi forseti. Ég vil því ljúka þessu með því að spyrja hvort afarkostir af því tagi sem ég las upp hér áðan séu samboðnir þeirri virðingu sem þingheimur vill halda.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska eftir að þessi till. fái aðra umræðu og vísa henni til hv. fjvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðstoð við gjaldþrota fólk og eignalaust, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE og AðB, 279. mál. — Þskj. 509.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um aðstoð við gjaldþrota fólk og eignalaust. Flm. ásamt mér er hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna nú þegar á hvern hátt er hægt að aðstoða fólk sem verður gjaldþrota eða eignalaust á Íslandi. Könnun þessari skal lokið fyrir þinglausnir vorið 1990."

Ég vil leyfa mér að lesa meðfylgjandi greinargerð:

„Um tvö þúsund bú voru tekin til gjaldþrotaskipta á síðasta ári en um eitt þúsund árið 1988. Spáð er svipuðum fjölda gjaldþrota árið 1990 og jafnvel enn fleiri. Hér er um að ræða bæði fyrirtæki og einstaklinga en bú þeirra eru þó í miklum meiri hluta. Stór hópur Íslendinga missir líka allar eigur sínar um þessar mundir þó að bú þeirra séu ekki tekin til skiptameðferðar.

Það má áætla að ein vísitölufjölskylda sé á bak við hvert gjaldþrot. Þannig snerta gjaldþrot og eignamissir síðustu ára tugþúsundir Íslendinga. Gjaldþrota fólk heldur áfram að vera fólk þó að bú þess sé tekið til skipta. Eignalaust fólk heldur líka áfram að vera fólk þó að það tapi eigum sínum.

Gjaldþrot eru af misjöfnum toga spunnin. Sumir verða gjaldþrota af því að þeir reisa sér hurðarás um öxl í viðskiptum eða í daglegu lífi. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetanum í Reykjavík vex stöðugt

sá hópur ungs fólks sem á mál í skiptameðferð vegna þess að það kaupir of mikið af lausafjármunum með afborgunarkjörum. Þannig ýta viðskiptahættir í þjóðfélaginu undir gjaldþrot hjá ungu fólki.

Aðrir verða gjaldþrota vegna ábyrgða sem þeir axla fyrir vini og vandamenn eða í viðskiptum á milli fyrirtækja og einstaklinga. Má í því sambandi nefna hlut banka og lánastofnana sem lána stöðugt út á nafn ábyrgðarmanna frekar en getu skuldara til að standa í skilum. Mál er að setja lög til að sporna við þess háttar lánastarfsemi.

Enn aðrir verða gjaldþrota vegna keðjuverkandi áhrifa og gjaldþrota annarra sem þeim eru að öðru leyti ekki skyld. Þannig gerist nú æ algengara að gjaldþrot eins fyrirtækis valdi gjaldþroti eða missi eigna hjá fyrirtækjum sem eiga hjá því peninga. Alltaf missir nokkur hópur fólks bú sitt og eignir vegna óreglu og óreiðu og því miður færist í vöxt að fólk notar sér gjaldþrot á vafasaman hátt í viðskiptum.

Háir vextir ýta þó öðrum þáttum frekar undir gjaldþrot hjá fólki og fyrirtækjum og gífurlegan eignamissi. Á meðan okurvextir gera vaxtagjöld að hæsta kostnaðarlið í bókhaldi fyrirtækja hljóta laun fólksins að verða aukaatriði í rekstrinum. Í kjölfarið fylgja hærri skattar en nokkru sinni fyrr og nú síðast ranglátir eignarskattar. Hvert fyrirtækið á fætur öðru gefst upp og lokar eða er tekið til skipta. Fólkið missir atvinnu sína og eigur vegna vaxta og skattheimtu. Þetta er hörmuleg þróun sem grefur hratt undan eignarrétti fólksins í landinu; grefur undan þreki þess og trú á ættjörðina.

Gjaldþrotum fylgir ekki bara tap eigna fyrir þolendur heldur líka mikil röskun á stöðu og högum gjaldþrota fólks og einkum og sér í lagi á högum fjölskyldu þess og ástvina. Áhyggjum af þessu tagi fylgja svefnlausar nætur og margs konar lasleiki og sjúkdómar sem geta auðveldlega dregið fólk til dauða. Þunglyndi og brostnar vonir hafa leitt fólk út í að svipta sig lífi.

Lítil börn vaxa úr grasi við aukna spennu og vonleysi, verða bæld í umgengni við önnur börn og þola oft miskunnarlausa áreitni í skólum. Rosknir foreldrar og aðrir ástvinir rata í miklar raunir á efri árum þegar æskilegt er að um hægist hjá eldra fólki. Þannig snertir hvert gjaldþrot marga Íslendinga á mismunandi hátt. Það má ætla að gjaldþrot síðustu tveggja ára og yfirstandandi árs snerti beint meira en tuttugu og fimm þúsund manns.

Gjaldþrot er í rauninni nútímavergangur. En nú eru miklu fleiri Íslendingar á vergangi en þegar pestir og móðuharðindi urðu til þess að fólk flosnaði upp á sínum tíma. Vergangur heyrir því ekki sögunni til hér á landi þrátt fyrir allt tal um stóraukna velferð í nútímaþjóðfélagi.

Gjaldþrot leiða nú til þess að stöðugt fleiri landsmenn hugsa sér að flytja til annarra landa með fjölskyldur sínar og óvíst hve margir koma aftur til baka. Fjöldinn allur er þegar lagður af stað. Þjóðfélagið má ekki við því að missa fólk úr landi á þennan hátt. Það er fyrsta skylda hvers ríkisvalds að búa þegnum sínum viðunandi þjóðfélag og sérstaklega þegar áföll dynja yfir. Skemmst er að minnast aðstoðar vegna náttúruhamfara í Vestmannaeyjum og áttu þó mun færri Íslendingar um sárt að binda þá en nú er vegna gjaldþrota.

Þáttur ríkis og sveitarfélaga er líka stór í gjaldþrotum einstaklinga. Gjaldheimtur og opinberir innheimtumenn bíða líklega um flest gjaldþrotaskipti hjá einstaklingum hér á landi, oft vegna smáupphæða, til þess að afskrifa megi skattaskuldir fólks og slétta þannig út dálka í reikningum hins opinbera. Oftar en ekki eru þessar skattaskuldir vegna áætlunar á gjaldendur en ekki vegna raunverulegra tekna. Þess vegna er ábyrgð hins opinbera stór, hún er líka mikil.

Því er lagt til að ríkisstjórnin kanni þegar í stað á hvern hátt þjóðfélagið getur brugðist við gjaldþrotum þegna sinna. Oft hefur gjaldþrota fólk ýmis réttindi sem það veit ekki af og þarf að upplýsa það um. Eins er oft brotinn á fólki réttur á ýmsan hátt án þess að því sé það ljóst. Gjaldþrota fólk hefur stofnað með sér samtök, G-samtökin, og Alþingi hefur viðurkennt þau með framlagi á fjárlögum. Flm. telur því rétt að fjmrh. ráði til sín fulltrúa úr hópi gjaldþrota fólks í þessum samtökum svo ráðherra og ríkisstjórn kynnist þessum málaflokki frá fyrstu hendi.

Virðulegi forseti. Gjaldþrot eru enn þá feimnismál á Íslandi en því verður að breyta. Gjaldþrota fólk verður sjálfkrafa annars eða þriðja flokks við missi eigna sinna og missi stöðu sinnar í þjóðfélaginu. En því verður að breyta. Gjaldþrota fólk líður miklar kvalir á sál og líkama og margir missa heilsuna og láta jafnvel lífið. Ástvinir þjást með og sérstaklega börnin sem oft bera harm sinn í hljóði. Þessum kvölum verður að linna. Gjaldþrot á aðeins að taka til eigna manna en ekki til persónu þeirra. Þess vegna þarf ný viðhorf og ný lög. Þjóðfélag sem tekur ekki á þessum vanda er og verður annars eða þriðja flokks þjóðfélag."

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla með að till. fari til síðari umræðu og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagræðing í utanríkisþjónustunni, fyrri umr.

Þáltill. AHE, 286. mál. — Þskj. 518.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Þingmaður. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um hagræðingu í utanríkisþjónustunni. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela utanrrh. að hagræða þegar í stað í utanríkisþjónustunni og að leggja áherslu á utanríkisviðskipti. Sameina skal sendiráð á mikilvægustu stöðum og leggja önnur niður, opna ný sendiráð á nýjum markaðssvæðum og fjölga kjörræðismönnum. Enn fremur skal gefa íslenskum ríkisborgurum

kost á að reka sendiráð landsins. Verkinu skal að fullu lokið í árslok 1990."

Ástæðan fyrir því að þessi till. er flutt er fyrst og fremst sú að gera sendisveitir Íslendinga skilvirkari en þær eru í dag. Beisla þær í þágu landsframleiðslunnar, að aðstoða framleiðendur við að selja afurðir sínar á erlenda markaði. Í öðru lagi til þess að einfalda og spara í utanríkisþjónustunni eins og frekast er unnt og nota þann sparnað, þann ávinning til þess að efla utanríkisþjónustuna á væntanlegum markaðssvæðum þar sem okkur hefur ekki enn þá gefist kostur á að halda úti sendiráðum eða sendisveitum.

Það er dýrt að vera sjálfstæð smáþjóð og Íslendingar halda úti tólf sendiráðum auk nokkurra heimasendiherra. Sú þjónusta kostar þjóðfélagið nærri 350 millj. kr. skv. síðustu fjárlögum. Með sama hlutfalli þyrftu Bandaríkin 13.000 sendiráð fyrir sig. Því er lagt til að sendiráð verði sameinuð sem hér segir: Þrjú sendiráð eru nú á Norðurlöndum, í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló. Það er lagt til að sendiráðin verði sameinuð í eitt sendiráð í Kaupmannahöfn. Íslenskum ríkisborgurum verði gefinn kostur á að reka sendiráðin í Stokkhólmi og Osló fyrir eigin reikning gegn því að kosta líka einn verslunarfulltrúa á hvorum stað. Að öðru lagi ráði þeir fyrirkomulaginu sjálfir innan marka reglugerða sem utanrrn. setur um rekstur sendiráða á þennan hátt. Takist ekki að bjóða út rekstur sendiráðanna á þennan hátt verða þau lögð niður uns annað verður ákveðið. Jafnframt verði kjörræðismönnum fjölgað verulega á Norðurlöndum í samræmi við helstu viðskiptahagsmuni þjóðarinnar. Með þessu móti sparast a.m.k. 20–30 millj. á ári án þess að íslenska utanríkisþjónustan dragi nokkuð úr þjónustu sinni nema síður væri. Þá peninga má nota til að efla utanríkisþjónustuna annars staðar.

Sex sendiráð eða aðsetur sendisveita eru í Vestur-Evrópu. Sendisveitin hjá NATO er ekki undanskilin. En hin sendiráðin fimm er rétt að sameina í eitt sendiráð á meginlandi Evrópu og koma þá Brussel og París helst til greina. En flm. telur rétt að bíða eftir niðurstöðum í samningum EFTA og EB-landanna um sameiginlegan Evrópumarkað áður en ákveðið verður hvar sendiráði á meginlandi Evrópum verði valinn staður. Með þeim breytingum hverfur líka þörfin fyrir sendisveitir í höfuðstöðvum bæði EB og EFTA. Þá er spurning hvort það eigi ekki að halda úti sendiráði í London og telur flm. rétt að kanna þann kost vel áður en íslenskum ríkisborgurum er gefinn kostur á að reka þau sendiráð sem eftir standa á sama hátt og greinir frá í kaflanum um Norðurlönd.

Þá er lagt til að það verði stórfjölgað í liði kjörræðismanna í Vestur-Evrópu. Með þessu móti telur flm. að það sé hægt að spara a.m.k. 75 millj. kr. á ári.

Austur-Evrópa er að verða sérstakt markaðssvæði sem vissulega er þess virði að gefa gaum. Þar er nú eitt sendiráð, í Moskvu. Á þessu stigi er ekki lagt til að því verði breytt, heldur verði fylgst með þróun mála í Austur-Evrópu, því hún er bæði spennandi og mjög merkileg. Þar mun opnast gífurlega stór markaður sem mun gera kröfur til sömu lífskjara og á Vesturlöndum. Þegar eru komnir á laggirnar sjóðir þar sem þjóðir Austur-Evrópu munu fá mikið lánsfé frá Vestur-Evrópu til þess að ná sömu lífskjörum, til þess að kaupa vörur og þjónustu frá Vesturlöndum og til þess að auðvelda Austur-Evrópubúum frekari samskipti vestur á bóginn. Ef þungi viðskiptanna færist yfir á önnur lönd í Austur-Evrópu en Sovétríkin er rétt að færa sendiráðin til sem því nemur. Að öðru leyti er lagt til að beðið sé átekta þangað til ljóst er hver þróun mála verður í Austur-Evrópu.

Þá víkur sögunni til Ameríku. Þar er núna eitt sendiráð í Bandaríkjunum, í Washington og sendisveit í New York hjá Sameinuðu þjóðunum. Hér er lagt til að sendiráðið í Washington verði flutt til New York, enda er ekki langt á milli borganna og þörf fyrir sendisveit er brýnni hjá Sameinuðu þjóðunum heldur en í Washington. Þó er rétt að kanna hvort hafa þarf sendiherra í Washington vegna siðareglna utanrrn. eða hvort búseta í New York fullnægi slíkum kröfum. Þá skal athugað hvort bjóða á sendiráðið í Washington út og fjölga kjörræðismönnum í Bandaríkjunum og í Kanada.

Hins vegar er rétt að kanna hvort opna þurfi sérstök sendiráð vegna nýrra viðskiptahagsmuna í löndum Suður- og Mið-Ameríku. Nota má þá peninga sem sparast við sameininguna í Bandaríkjunum til að hrinda því í framkvæmd. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því að það hafi sparast peningar í ríkissjóð á þessu stigi heldur verði peningunum skipt á milli Norður- og Suður-Ameríku.

Að lokum eru sendiráð í Afríku, Asíu og Ástralíu. Þar eru engin sendiráð í dag. En þar hafa svokallaðir heimasendiherrar gegnt störfum og er kostnaður við þá um 17 millj. á fjárlögum og er hann ekki færður undir gjaldaliðinn Sendiráð. Flm. telur rétt að opna þegar í stað sendiráð í Japan til þess að þjóna hinum griðarstóra markaði í Austurlöndum fjær. Á sama hátt þarf að opna sendiráð í Austurlöndum nær til að þjóna hinum auðuga markaði Arabalandanna og öðrum markaði sem þar er ónumið land fyrir Íslendinga. Þá er rétt að kanna þegar í stað viðskipti við lönd Ástralíu og Afríku, auk annarra svæða í Asíu. Jafnframt telur flm. rétt að fjölga stórlega kjörræðismönnum í þessum stóru heimsálfum. Og vel má kanna hvort íslenskir ríkisborgarar vilji reka sendiráð á þessum slóðum.

Virðulegi forseti. Flm. telur að með þessu móti sé hægt að spara háar fjárhæðir í utanríkisþjónustunni sem síðan megi verja til að auka hana verulega í öðrum löndum heimsins og afla þar með nýrra markaða fyrir íslenska þjóð.

Að svo mæltu mæli ég með því að till. verði vísað til seinni umr. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3680, 3721, 3726, 3760, 3761.
Forseti Ed. Jón Helgason 3549, 3579, 3589.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3549, 3568, 3599.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3599, 3627, 3676.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 3678, 3679, 3680.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 3620, 3625, 3631, 3642, 3645, 3671, 3689, 3690, 3691, 3692, 3695.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 3654, 3657, 3672, 3675, 3681, 3684, 3687.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 3696, 3699, 3725, 3737, 3739.
Menntmrh. Svavar Gestsson 3520.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3580, 3723, 3724, 3745.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 3693.
Alexander Stefánsson 3597, 3625, 3664, 3712, 3726.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3618.
Ásgeir Hannes Eiríksson 3547, 3667, 3762, 3763, 3764, 3765, 3766, 3768.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3605, 3629.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3559, 3567, 3640, 3646.
Egill Jónsson 3709, 3720.
Eiður Guðnason 3591, 3676, 3677.
Friðjón Þórðarson 3598, 3656, 3736.
Friðrik Sophusson 3543, 3677, 3679, 3680.
Geir H. Haarde 3659.
Guðmundur Ágústsson 3563, 3577, 3670, 3672, 3693.
Guðmundur G. Þórarinsson 3511, 3512, 3525, 3534, 3698, 3704, 3727.
Guðrún Agnarsdóttir 3515, 3525, 3683, 3686, 3688, 3690, 3691, 3692, 3694, 3695.
Guðrún Helgadóttir 3521, 3616, 3623.
Halldór Blöndal 3527, 3535, 3548, 3549, 3572, 3579, 3589, 3591, 3638, 3643, 3717, 3722, 3723.
Hjörleifur Guttormsson 3649, 3658.
Hreggviður Jónsson 3537, 3711.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 3592, 3593, 3595, 3652, 3655.
Karvel Pálmason 3523, 3530, 3537, 3562, 3571, 3640.
Kristinn Pétursson 3698, 3700, 3703, 3708.
Kristín Einarsdóttir 3663, 3732, 3738.
Matthías Bjarnason 3593, 3650, 3725, 3730.
Málmfríður Sigurðardóttir 3672, 3674, 3701.
Ólafur Þ. Þórðarson 3519, 3524, 3533, 3596, 3648, 3651, 3658, 3681, 3683, 3695, 3697, 3700, 3742, 3760, 3761.
Pálmi Jónsson 3656, 3706, 3718.
Ragnhildur Helgadóttir 3516, 3522.
Salome Þorkelsdóttir 3518, 3529, 3553, 3574, 3674.
Sighvatur Björgvinsson 3598.
Skúli Alexandersson 3545, 3634, 3729.
Stefán Guðmundsson 3533, 3540, 3714, 3743.
Stefán Valgeirsson 3744.
Þorsteinn Pálsson 3652, 3750, 3761.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3578, 3580.
Þórhildur Þorleifsdóttir 3531, 3761.

SAMEINAÐ ÞING

53. fundur, mánudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf frá forseta Nd.:

„Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Kvennalista í Reykjavík, Sigríður Lillý Baldursdóttir eðlisfræðingur, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þá hefur forseta borist eftirfarandi bréf:

„Það tilkynnist yður hér með að vegna anna sér undirrituð sér ekki fært að taka sæti á Alþingi nú í fjarveru Kristínar Einarsdóttur alþm.

Guðrún Halldórsdóttir,
1. varaþm. Kvennalista í Reykjavík."

Sigríður Lillý Baldursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hana velkomna til starfa.

Samræming sveitabýla í hagræðingarskyni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 253. mál. — Þskj. 448.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Tilfærsla gjalddaga í þjóðfélaginu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 254. mál. — Þskj. 449.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nýting lausra leigusala, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 255. mál. — Þskj. 450.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Breytt tilhögun við afgreiðslu fjárlaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 267. mál. — Þskj. 477.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Aðstoð við gjaldþrota fólk og eignalaust, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE og AðB, 279. mál. — Þskj. 509.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Hagræðing í utanríkisþjónustunni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 286. mál. — Þskj. 518.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til utanrmn. með 42 shlj. atkv.

Steinataka í náttúru Íslands, síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 116. mál. — Þskj. 120, n. 598, brtt. 599.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. um till. til þál. um könnun á áhrifum steinatöku í náttúru Íslands og hertar reglur í þeim efnum til náttúruverndar. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Tillaga þessi var einnig flutt á 111. löggjafarþingi og studdist nefndin við umsagnir er lágu fyrir frá því þingi frá Landvernd, Náttúruverndarráði og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita aðrir nefndarmenn í félmn.

Á þskj. 599 eru brtt. við þessa þáltill. Þar er lagt til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif af steinatöku og söfnun steingervinga á náttúru Íslands og gera í framhaldi af því, að höfðu samráði við Náttúruverndarráð, tillögur um aðgerðir til náttúruverndar á þessu sviði eftir því sem þörf er talin á."

Í öðru lagi er lagt til að fyrirsögn tillögunnar verði: „Till. til þál. um könnun á áhrifum af steinatöku og söfnun steingervinga."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 599,1 (ný tillgr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 599,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 52 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 618) með fyrirsögninni:

Þál. um könnun á áhrifum af steinatöku og söfnun steingervinga.

Kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubankanum, frh. einnar umr.

Skýrsla viðskrh., 259. mál. — Þskj. 583.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að hafa nokkurn formála að máli mínu um skýrslu þá sem hér er til umræðu.

Fyrri hluti umræðunnar fór fram sl. fimmtudag en var ekki lokið vegna sjónarspils sem þá fór í gang. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, sem var einn skýrslubeiðenda, hafði samkvæmt upplýsingum virðulegs forseta Sþ. farið fram á að viðskrh. yrði viðstaddur umræðuna um skýrsluna sem hann og var. Jafnframt virðist hv. þm. hafa gert ráð fyrir að forsrh. yrði líka viðstaddur. Vegna tafa á dagskrá fór svo að forsrh. þurfti að yfirgefa þingið og var fjarvera hans útskýrð með fullkomlega viðunandi hætti. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson lét það ekkert á sig fá og ræddi ótrauður um skýrsluna í löngu máli, lét þess að vísu getið að hann hefði heldur kosið að forsrh. væri viðstaddur en þótti það ekki brýnna en svo að hann hélt áfram máli sínu þrátt fyrir skort á áheyrendum.

Þegar hv. þm. hafði lokið ræðu sinni kvaddi hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sér hljóðs um þingsköp og lýsti undrun sinni á því að umræðan færi fram án þess að forsrh. væri viðstaddur þar sem sú ósk hefði verið látin í ljós að hann væri það. Þá fannst hv. þm. Þorsteini Pálssyni það allt í einu þjóðráð, fór í pontu og óskaði eftir því að umræðunni væri frestað og var orðið við þeirri beiðni.

Ég vil taka skýrt fram, virðulegur forseti, að ég tel ekkert óeðlilegt við það að þegar málshefjandi fer fram á frestun fái hann hana. Hv. þm. hafði þó þegar flutt sína ræðu sem maður skyldi ætla að í hefði birst aðalerindi hans við hæstv. forsrh. Hver var þá ástæðan fyrir frestunarbeiðninni? Eitthvað annað en áhugi á því að forsrh. hlýddi á mál hans. En fjölmiðlarnir voru auðvitað búnir að heyra mál hans, enda uppskar hann í fréttum útvarps og sjónvarps um kvöldið. Þar komst mjög greinilega til skila að viðskrh. og hv. þm. Þorsteinn Pálsson ræddu kaup Landsbanka Íslands á Samvinnubankanum. Aðrir komu þar ekki við sögu, enda umræðu frestað eins og áður sagði. Þar með var tilganginum kannski náð. Síðan heldur umræðan áfram en kastljósið er komið eitthvað allt annað og skilaboð til þjóðarinnar eru skýr: Það er Sjálfstfl. sem hefur skoðun á málinu, aðrir ekki.

Svona nokkuð á sér allt of oft stað í þingstörfum. Hver þekkir ekki þegar stórmál eru til umræðu, sem ég er nú ekki að fullyrða að þessi skýrsla sé, að viðkomandi ráðherra mælir fyrir málinu, stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn talar næst, báðir lengja mál sitt úr hófi, komið að fréttatíma, allir drífa sig heim til að heyra hvað stórmennin sögðu. Fáeinar hræður mæta svo e.t.v. á kvöldfund í framhald umræðunnar, allur vindur úr umræðunni, fjölmiðlasjónarspilinu lokið, og hún fær hægt andlát. Því miður finnst manni oft að svona vinnubrögð séu úthugsuð til að sigra eða a.m.k. verða ofan á í kapphlaupinu mikla um athygli fjölmiðla. Og þeir bíta á agnið og spila með. Þessir hlutleysis- og sannleikselskandi ungu menn sem er falið það ábyrgðarhlutverk að upplýsa þjóðina í anda lýðræðis og hlutleysis bíta allt of oft á agnið.

Virðulegur forseti. Að þessu sögðu mun ég snúa mér að því sem hér er til umræðu, þ.e. skýrslunni.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa skýrslu sem er ágætlega upplýsandi plagg. Við stóðum, nokkrar kvennalistakonur, að þessari beiðni ásamt nokkrum þm. úr Sjálfstfl., ekki vegna þess að okkur þætti nokkuð athugavert við það að Landsbanki Íslands óskaði eftir kaupum á hlutabréfum SÍS í Samvinnubankanum heldur hitt að málið var farið að fá á sig nokkuð sérkennilegan blæ og helst var af því að frétta úr fjölmiðlum svo að það var ágætt að fá það skýrt á viðunandi hátt. Nú stöndum við að vísu frammi fyrir orðnum hlut. Kaupin hafa þegar gengið um garð og með þeim aukaskilmálum sem fylgdu í lokasamningum, þ.e. að Samvinnubankinn fær greiddar 60 millj. í vexti sem bætur fyrir óhóflegan drátt á málinu.

Eins og ég sagði er okkur kvennalistakonum það ekki á móti skapi að Landsbanki Íslands kaupi þessi hlutabréf, bæði vegna þeirra sjónarmiða að samruni banka sé af hinu góða en eins vegna hins að þarna voru miklir hagsmunir í húfi. Það er þó nokkuð einkennilegt sem fram kemur í skýrslunni, þar sem

verið er að skýra frá aðdraganda kaupanna, að það sé sett þannig fram að upphaf málsins hafi verið að á sl. vori hafi hafist að frumkvæði Landsbankans viðræður milli bankastjóra Landsbanka Íslands og forsvarsmanna Sambands ísl. samvinnufélaga um kaup bankans á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf.

Það virðist mega ráða af mörgu að svo sé alls ekki. Upphaf málsins hafi ekki verið með þeim hætti sem hér er skýrt og hlýtur maður að spyrja: Yfir hvað er verið að draga fjöður með þessari fullyrðingu? Því að það mun mála sannast að enginn þarf að bera neinn kinnroða fyrir þessi kaup. Það hlýtur að vera hagur Landsbankans og er vissulega hagur Sambandsins og auðvitað ríkisstjórnarinnar líka þar sem málum var þannig komið að það þurfti líklega að grípa til ráðstafana til að hjálpa Sambandi ísl. samvinnufélaga yfir örðugan hjalla. Þá er alveg sama til hvers þessara þriggja aðila er litið. Ábyrgð þeirra allra er stór þegar um er að ræða svo stórt og voldugt fyrirtæki eins og Samband ísl. samvinnufélaga er sem teygir starfsemi sína út um allar byggðir landsins og veitir fjölda manns atvinnu og væri svo sannarlega grínlaust ef skakkaföll þess yrðu svo mikil að alvarlegar afleiðingar hlytust af. Áhugi Landsbankans hlýtur auðvitað að markast af tvennu. Annars vegar að gera tiltölulega hagstæð kaup í góðu fyrirtæki en hins vegar að huga að hagsmunum stærsta viðskiptavinar, það er Sambandinu. Hagsmunir Sambandsins ættu auðvitað að vera augljósir í þessu efni. Þegar kemur að hlut ríkisstjórnarinnar er ekki óeðlilegt að hún hlutist til um að kaupin megi takast því að það hlýtur að vera ríkisstjórninni mikið áhugamál að það takist að hjálpa Sambandinu yfir örðugasta hjallann og vonandi einhverja tímabundna örðugleika og ef kaupin mega verða til þess að greiða götu Sambandsins þá er það vel.

Nú greinir menn auðvitað örlítið á um það hversu góð kaup Landsbankinn hafi gert. Í lok þessarar skýrslu er að finna skoðun Ríkisendurskoðunar á þessum kaupum þar sem þeir fullyrða að kaupverðið sé of hátt og að virði alls hlutafjár Samvinnubankans gæti verið um 900 millj. kr. Í lokakafla frá Ríkisendurskoðun segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun lítur svo á að til þess að hægt hefði verið að byggja nákvæmt mat á virði hlutabréfa í Samvinnubanka Íslands hf., hefðu þurft að liggja fyrir fyllri upplýsingar um þann sparnað sem af sameiningu bankanna hlytist. Stofnunin telur að forsendur kaupverðs Landsbankans á hlut Sambands ísl. samvinnufélaga hf. sé alfarið háð árangri í sparnaði við sameiningu bankanna í framtíðinni og að Landsbankanum takist að halda meginhluta innlánsviðskipta Samvinnubanka frá því sem nú er."

Að þessu sögðu er lögð áhersla á að kaup Landsbankans á 52% hlutabréfa í Samvinnubankanum þjóni engum tilgangi og sé ekki virði þess sem greiða á fyrir nema til komi frekari kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum, lágmark 15% til viðbótar þannig að um samruna geti verið að ræða.

Það er út af fyrir sig athyglisvert að Ríkisendurskoðun skuli komast að þessari niðurstöðu um kaupverð þegar þeir jafnframt lýsa því yfir að til að hægt hefði verið að byggja nákvæmt mat hefðu þurft að liggja fyrir fyllri upplýsingar. Auk þess virðist af því sem hér er sagt a.m.k. ekki verða ráðið að Ríkisendurskoðun hafi í rauninni haft nokkuð í huga hag Sambands ísl. samvinnufélaga í þessu máli og líti einungis á þetta út frá viðskiptalegu sjónarmiði Landsbankans. Hvort þetta eru óyggjandi tölur um virði hlutabréfa Sambandsins í Samvinnubankanum sem nú eru keypt er því vafamál.

Þá erum við kannski komin að því að við þessi kaup verður að ýmsu að hyggja. Staldra ég m.a. við það sem segir í 22. gr. laga um viðskiptabanka, „en samkvæmt því er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Miðað við áform Landsbankans með kaupunum sýnist sem þetta lagaákvæði kunni að valda nokkrum vandkvæðum", segir í áliti Ríkisendurskoðunar. Það þarf víst ekki að draga í efa að það hlýtur að vera erfitt fyrir Landsbankann að eiga 52% í þessum banka en ætla ekki að hafa samráð við hann um nokkurn hlut. Og sérstaklega verður manni hugsað til máls sem vakti mikla athygli upp úr áramótum, þ.e. kosningar fulltrúa Kvennalistans, Kristínar Sigurðardóttur, í bankaráð Landsbankans, þar sem mönnum varð mjög tíðrætt um hagsmunaárekstra, og ég er ekki að segja að ósekju, en maður hlýtur að spyrja: Hvernig verður þessu hagað og eiga sér ekki alvarlegir hagsmunaárekstrar þarna stað? Og hver á að sitja í bankastjórn Samvinnubankans? Ætlar Landsbankinn ekki að hafa neina aðild að stjórn þess banka? Vona ég að hæstv. viðskrh. geti skýrt nokkuð hér á eftir hvernig þessu verður hagað.

Jafnframt því að við kvennalistakonur setjum okkur hreint ekki upp á móti þessum kaupum, og gerðum heldur ekki áður en þau voru um garð gengin, er þó ýmislegt sem er athugunar virði í aðdraganda málsins. Hlýtur maður þá fyrst að staldra við þann samning, eða hvaða nafn sem við gefum því plaggi sem Sverrir Hermannsson bankastjóri undirritar fyrir hönd Landsbanka Íslands og Guðjón B. Ólafsson forstjóri fyrir hönd Samband ísl. samvinnufélaga, 1. sept. 1989. Margir virtust og virðast enn hafa litið á þetta sem samning, aðrir kalla þetta drög, enn aðrir kalla þetta minnispunkta o.s.frv. En hvað svo sem menn vilja nefna það er alveg ljóst að í því samkomulagi sem þessir tveir menn undirrita er gert ráð fyrir að Landsbanki Íslands greiði Sambandi ísl. samvinnufélaga 828 millj. fyrir þau hlutabréf sem hann síðan keypti.

Það mun náttúrlega öllum kunnugt hvernig þetta mál gekk áfram. Ég ætla ekki að rekja það hvernig mál breytast en svo er komið mánuðum síðar, nánar tiltekið 29. des., að verð bankans hefur fallið um 220 millj. Því er borið við að ýmislegt hafi komið í ljós í millitíðinni sem hafi lækkað töluna. Það kann vel að vera rétt og eru helst nefndar til sögunnar skuldbindingar um lífeyrisgreiðslur til starfsmanna sem ekki

hafi verið teknar með í reikninginn í fyrsta tilboði. Hvað svo sem veldur þessari lækkun er það mjög athyglisvert að fyrsta tilboð, eða fyrstu hugmyndir hvað svo sem við viljum kalla það, hafi verið byggt á svo óraunsæju mati sem raun bar vitni í þessu fyrsta undirritaða plaggi þar sem talað er um 828 millj. Það kemur fram hér í skýrslunni að það er ekki fyrr en eftir að viðskrh. fer fram á greinargerð um fjárhagsstöðu Samvinnubankans, ítarlega úttekt, sem tölur taka að breytast. Hvernig stendur á því að fram hjá þeim forsendum sem seinna eru inni í dæminu og gengið er út frá í kaupverði var litið í þessum fyrstu drögum?

Það er út af fyrir sig svo að í öllum venjulegum viðskiptum hefði verið erfitt að ganga fram hjá þessu fyrsta tilboði og jafnvel hefur maður heyrt þær raddir að það mundi ekki standast fyrir dómi að breyta þessari upphæð. Ég skal ekki fullyrða neitt um það en staðreyndin er sem sagt sú að það tekst að lækka verðið um 220 millj. á ekki lengri tíma. Hvað varðar vaxtagreiðslurnar sem síðan koma til sögunnar sem einhvers konar uppbót vegna dráttar málsins, þá er mjög böksulega að því staðið. Það er vel skiljanlegt að ýmsir bankaráðsmenn hafi efast um að þessar greiðslur ættu að eiga sér stað, sérstaklega með tilliti til þess að ef til stendur, og viðskrh. hefur reyndar lýst því yfir, að reyna að festa kaup á fleiri hlutabréfum, þá er alveg ljóst að þessar 60 millj. hljóta að koma þar inn í sem ákvörðun á kaupverði þeirra bréfa. En á hinn bóginn verður líka að líta til þess að þarna var mjög óeðlilega að hlutum staðið og því kannski skiljanlegt að bankinn reyni að setja plástur á sár. Klaufaskapurinn var kannski að vísa því út fyrir bankaráð og láta það í hendur bankastjóra sem þegar höfðu nefnt þessar tölur, þegar lýst því yfir að 60 millj. skyldu greiðast. Bankaráðið sjálft hefði átt að taka á þessu máli og hefði eflaust haft betri samningsstöðu varðandi þessa umtalsverðu vaxtaleiðréttingu, eins og það nefnist hér, en bankastjórarnir sjálfir höfðu.

Það er sem sagt fyrst og fremst allur aðdragandi og umfjöllun málsins sem okkur þykir ámælisverð. Í raun og veru hlýtur maður að spyrja hver skýringin sé á þessu ofmati í fyrstu tillögum og hvaða hagsmunir sátu þá í fyrirrúmi. Getur verið að Landsbankinn hafi ekki þar gætt eigin hagsmuna sem skyldi en hagsmunir Sambandsins setið í fyrrirúmi. E.t.v. var þetta einungis hefðbundið gönuhlaup í sérstökum og persónulegum stíl eins bankastjórans. Eða var það e.t.v. einhver annar sem stendur óhóflega nærri þessum stærsta viðskiptavini bankans sem togaði í spottana? Svona spurningum er sjálfsagt ekki auðvelt að fá svar við en í ljósi þess sem ég nefndi áðan um þá umræðu og fjaðrafok sem varð út af hagsmunaárekstrum og hagsmunatengslum vegna setu Kristínar Sigurðardóttur í bankaráði hlýtur þessi spurning að vakna í huga manns: Hvaða hagsmunir sátu í fyrirrúmi þegar 828 millj. voru kaupverðið?

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu snýst ekki um hvort sameina skuli viðskiptabanka heldur hvernig. Hver eigi að standa að slíkri sameiningu og hver kostnaðurinn sé við hana og hvort blanda eigi fjárhagserfiðleikum einstakra fyrirtækja, í þessu tilviki Sambands ísl. samvinnufélaga, inn í slíka samninga um samruna eða yfirtöku.

Áður en ég ræði sérstaklega vissan þátt í þeirri framhaldssögu sem kaup Landsbankans á hlut SÍS í Samvinnubankanum hefur verið undanfarna mánuði vil ég fjalla um nokkur atriði sem komu fram í ræðu hæstv. viðskrh. þegar hann flutti skýrslu sína sl. fimmtudag.

Hæstv. ráðherra lýsti framtíðarsýn sinni í bankaþjónustu hér á landi og nefndi sérstaklega að hann teldi að erlendir bankar ættu að starfa hér á landi í samkeppni við íslenskar lánastofnanir. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið rætt í ríkisstjórninni, hvort hæstv. ríkisstjórn hafi mótað afstöðu til þessara hluta, og hver sé skoðun stjórnarflokkanna.

Í öðru lagi fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli telja það skynsamlegustu leiðina í eignarhaldsmálum bankanna að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og bjóða skuli út nýtt hlutafé til almennings. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvort von sé á slíku frv. á þessu þingi, ekki síst í ljósi þess að Sjálfstfl. hefur lýst yfir þeirri stefnu sinni að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum. Ég spyr enn fremur: Hefur þetta mál verið rætt í ríkisstjórninni, hver er skoðun stjórnarflokkanna og hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til málsins? Ástæðan fyrir þeirri fsp. minni er að sjálfsögðu sú að í viðtali við Val Arnþórsson í laugardagsblaði Morgunblaðsins segir hann orðrétt: „Ég hef á undanförnum mánuðum ítrekað átt viðræður við forsrh. Íslands, Steingrím Hermannsson, um afstöðu ríkisstjórnarinnar til ríkisviðskiptabankanna. Í þeim samtölum hefur komið fram að stefna ríkisstjórnarinnar væri eindregið sú“ og ég endurtek, „væri eindregið sú að ríkisviðskiptabankarnir yrðu reknir áfram sem slíkir í óbreyttu formi. Vangaveltur viðskrh. á Alþingi um hugsanlega breytingu á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagabanka koma því sem þruma úr heiðskíru lofti og eru mér lítt skiljanlegar.“ Lýkur hér lestri úr viðtali við Val Arnþórsson, bankastjóra Landsbankans, þar sem hann vitnar í samtöl sín við hæstv. forsrh. sem ég satt að segja hélt að yrði hér við umræðuna. Því eins og hv. síðasti ræðumaður sagði þá var umræðunni frestað hér á fimmtudaginn var vegna þess að hæstv. forsrh. gat ekki verið við umræðuna þar sem haldinn var fundur í framkvæmdastjórn Framsfl. á sama tíma. Það væri nefnilega full ástæða til, auk þess sem ég legg þessa fsp. fyrir hæstv. viðskrh., að heyra álit hæstv. forsrh. og fá svar við þeirri spurningu hvort hann viðurkenni það sem Valur Arnþórsson hefur eftir honum eða hvort hann er sama sinnis og sá maður sem fer með æðsta vald í bankamálum þjóðarinnar þessa stundina, hæstv. viðskrh.

Í þriðja lagi kemst ég ekki hjá því að nefna hugmynd hæstv. ráðherra um að Búnaðarbankinn komi inn í kaupin á Samvinnubankanum. Eins og hæstv. ráðherra veit hefur meiri hluti bankaráðs Landsbankans samþykkt að kaupa hlut annarra hlut-hafa en SÍS og stefnir að samruna bankanna. Slíkur samruni getur ekki átt sér stað samkvæmt lögum nema með leyfi hæstv. ráðherra. Það liggur því beint við að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé samþykk-ur þeirri stefnu sem bankaráð Landsbankans hefur mótað. Sé hann það ekki og vilji að Búnaðarbankinn gangi nú þegar til samstarfs við bankaráð eða banka-stjórn Landsbankans þá er brostinn grundvöllur fyrir kaupunum eins og Ríkisendurskoðun undirstrikar rækilega í skýrslu sinni.

Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra svaraði þessari fsp. Og af því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn vil ég benda honum á og endurtaka að ég spurði fyrr í minni ræðu hæstv. viðskrh. að því hver væri stefna hæstv. ríkisstjórnar varðandi þá framtíðarsýn að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum. Og í tilefni af viðtali Morgunblaðsins við Val Arnþórsson sl. laugardag óskaði ég eftir því, fyrst beðið var um frestun á þessum umræðum til að hæstv. forsrh. gæti tekið þátt í þeim, að heyra hvert viðhorf hæstv. forsrh. væri til þessa máls.

Í fjórða lagi var athyglisvert að hlýða á hæstv. ráðherra lýsa ástæðunum fyrir fjárhagsvanda sam-vinnuhreyfingarinnar. Hann sagði í ræðu sinni sl. fimmtudag að í viðskrn. lægju frumvarpsdrög til nýrra laga um samvinnufélög þar sem gert væri ráð fyrir þeim möguleika að gefa út stofnsjóðsbréf eins og hlutafélög gefa út hlutabréf. Hann bætti því við að lítill áhugi væri á slíkri lausn hjá forsvarsmönnum samvinnuhreyfingarinnar. Þetta kemur satt að segja nokkuð á óvart og ég tel nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. skýri það nánar. Getur verið að forsvars-menn samvinnuhreyfingarinnar séu á móti því að nýta sér slíkt fyrirkomulag til að efla eiginfjárstöðu samvinnufyrirtækjanna? Sé svo er það auðvitað al-varlegt mál sem nauðsynlegt er að hæstv. ráðherra skýri betur og botni það sem hann sagði í ræðu sinni sl. fimmtudag.

Virðulegur forseti. Ég mun hér á eftir ræða einn þátt þessa máls sérstaklega en það eru umfram-greiðslur til SÍS vegna kaupanna á hlutabréfum Sam-bandsins í Samvinnubankanum, þ.e. umfram tilboðs-verðið. Einnig mun ég ræða sérkennileg afskipti stjórnvalda af þessu máli. Þau afskipti eru að minni hyggju skólabókardæmi um undirmál, yfirklór og klúður. Í þeim skollaleik hafa hæstv. ráðherrar leikið stór hlutverk.

Ég skil vel að hæstv. ráðherra skuli í ræðu sinni sl. fimmtudag hafa vikið að trúnaðarskyldu einstakra bankaráðsmanna og starfsmanna Landsbankans vegna lánsviðskipta SÍS í Landsbankanum. Það gerð-ist sl. haust, hinn 15. sept. 1989 nánar tiltekið, að bankaeftirlitið sá ástæðu til að senda þá sitjandi bankaráði og bankastjórum bréf til að minna þá á trúnaðarskylduna. Ástæðan var sú að einstakir aðilar nefndu tölur um skuld Sambandsins vegna lánsvið-skipta við bankann og aðra aðila. Lögmælt trúnaðar-skylda nær hins vegar ekki til kaupa Landsbankans á hlut SÍS í Samvinnubankanum. Þau viðskipti eru ekki lánsviðskipti heldur kaup á eignum. Slík við-skipti hljóta eðli máls samkvæmt að fara fram fyrir opnum tjöldum. Trúnaðarskyldan má aldrei verða einhvers konar ábreiða eða hulinshjálmur til að fela kaupverð sem bankinn greiðir. Eigendur Lands-bankans eiga kröfu á því að það sé upplýst, þótt viðkomandi aðilar eigi þar fyrir utan í lánsviðskipt-um, þar sem fullur trúnaður skal ríkja. Ég tel því mjög mikilvægt að þetta mál sé rætt ítarlega hér á Alþingi.

Afskipti stjórnvalda af þessu máli ná aftur til 7. nóv. 1988, þ.e. á afmæli rússnesku byltingarinnar, þegar hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson boðaði til sín tvo bankastjóra Landsbankans, þá Sverri Her-mannsson og Björgvin Vilmundarson, og ræddi við þá um hugsanleg kaup Landsbankans á Samvinnu-bankanum. Áður höfðu forráðamenn Sambandsins verið í sambandi við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, m.a. um þetta mál og reyndar einnig um sölu á hlut Regins hf. í Aðalverktökum. Það er athyglisvert að þessi fundur hæstv. fjmrh. átti sér stað um svipað leyti og hann lýsti því yfir hér á Alþingi að Samband ísl. samvinnufélaga yrði gjaldþrota á næstu 12–16 mán-uðum ef fram héldi sem horfði.

Ég ætla ekki að rekja kaup Landsbankans á hlut Sambandsins í Samvinnubankanum allar götur frá upphafi. Því er lýst í skýrslunni sem hér er til umræðu en einnig gerði hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson þessari sögu skil í sinni ræðu. Ég vil þó leggja áherslu á að það sem Sverrir Hermannsson og Guðjón B. Ólafsson undirrituðu hinn 1. sept. sl. var viljayfirlýs-ing um að gera kaupsamning en ekki kaupsamningur eins og haldið hefur verið fram í umræðunni.

Hinn 29. des. voru kaupin til umræðu í bankaráði Landsbankans, þ.e. í gamla bankaráðinu. Það er kannski athyglisvert fyrir hið háa Alþingi að gera sér grein fyrir því að allt í einu lá gífurlega mikið á að afgreiða þetta mál, jafnvel þótt nokkrum dögum áður hafi verið kosnir á Alþingi nýir bankaráðsmenn. Málið var keyrt í gegn 29. des. og afgreitt á þeim fundi þar sem samþykkt var bindandi kauptilboð á þeim hluta sem Sambandið á í Samvinnubankanum.

Þann 29. des. var sem sagt tekin sú ákvörðun í bankaráðinu að ýta út af borðinu samningsdrögum sem þá lágu fyrir á grundvelli áðurnefndrar viljayfir-lýsingar Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar. Í stað þess að samþykkja fyrirliggjandi samningsdrög ákvað bankaráðið samhljóða að gera Sambandinu tilboð upp á 605 millj. kr. og miðuðust kaupin við 1. jan. Enginn fyrirvari var í þessu tilboði en tilboðið er að finna í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Ekkert var minnst á lækkun fasteigna vegna munar á annars vegar bókfærðu verði og hins vegar á fasteignaverði, ekkert minnst á töpuð útlán og því síður á lífeyrisskuldbindingar Samvinnubankans.

Þegar stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga kom til

fundar föstudaginn 5. jan. sl. til að ræða þetta tilboð kom hins vegar babb í bátinn. Meiri hluti stjórnarinnar reyndist ekki vera samþykkur því að taka tilboðinu eins og það lá fyrir samþykkt af bankaráðinu. Þá var gert fundarhlé á fundi stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga og nokkrir stjórnarmenn áttu viðtöl við nokkra ráðherra. Þetta sáu landsmenn í sjónvarpi, heyrðu í útvarpi og sáu myndir af þeim þar sem þeir hímdu fyrir utan stjórnarráðsskrifstofuna þessa helgi. Þá áttu fulltrúar stjórnar Sambandsins viðtal við hæstv. viðskrh. og formann bankaráðs Landsbankans. Að sögn forráðamanna SÍS sögðust hæstv. ráðherra og formaður bankaráðs á þeim fundi mundu beita sér fyrir því að greiddir yrðu vextir fyrir tímabilið 1. sept. til 1. jan. af kaupverðinu. Það eru einmitt þessir vextir sem hér hafa verið til umræðu, en þeir samsvara tæplega 60 millj. kr.

Þessu til staðfestingar má vitna í Morgunblaðið hinn 10. jan. sl. þar sem haft er orðrétt eftir Eyjólfi K. Sigurjónssyni á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Mér finnst að það sé sanngirnismál, þar sem við tökum nú yfir bankann og fáum arð allt árið, að Sambandið fái reiknaða vexti af þessum 605 millj. kr. frá 1. sept. sl. Ég mun mæla með því að sá háttur verði hafður á og þannig fái Sambandið um 60 millj. kr. aukreitis", sagði Eyjólfur K. Sigurjónsson, formaður bankaráðs Landsbankans, í viðtali við Morgunblaðið hinn 10. jan. sl.

Reyndar hefur þetta sjónarmið verið staðfest af öðrum sem komu að málinu, t.d. hæstv. forsrh. sem hefur lýst því yfir opinberlega að hann telji að Landsbankanum beri að greiða vexti af kaupverðinu þennan tíma, þ.e. frá 1. sept. 1989 til 31. des. sama ár. Hinn 10. febr. staðfestir hæstv. forsrh. þetta í Tímanum og segir þar, með leyfi forseta, að í ljósi þess að nánast hafi verið kominn samningur á 1. sept. sé eðlilegt að miða vaxtagreiðslur af kaupunum við þá tímasetningu en það þýði að Landsbankinn spari sér ekki 60 millj. kr. á þeim drætti sem varð við að ganga frá kaupunum. Varla getur nokkur maður talað skýrar um það hvað við hafi verið átt, hvaða mál gengu á milli stjórnvalda og forráðamanna Sambands ísl. samvinnufélaga þegar stjórnarfundur Sambandsins stóð yfir snemma í janúarmánuði.

Strax á þessum tíma var ljóst að ekki var meiri hluti fyrir þessum sjónarmiðum í bankaráði Landsbankans því að láðst hafði að fá fylgi Lúðvíks Jósepssonar, fulltrúa Alþb., við þessa hugmynd. Hann lýsti því afdráttarlaust yfir í blaðaviðtölum, fleiri en einu, aftur og aftur, að hann mundi aldrei standa að því að greiða vexti af kaupverðinu í þessa fjóra mánuði, þ.e. frá 1. sept. til 1. jan. Nú var staðan orðin flókin því að erfitt var að möndla málið í þeim anda sem hæstv. ráðherra og formaður bankaráðs höfðu gefið fyrirheit um án þess að meiri hluti bankaráðs væri fyrir hendi. Það skal tekið fram að kaup á hlutabréfum og kaupverð eru að sjálfsögðu í höndum bankaráðsins en lánsviðskipti við viðskiptamenn í höndum bankastjórnar.

Í bankaráðsfundi sem haldinn var 8. febr. sl. var málið tekið fyrir. Fyrir þann fund var ljóst að ég gat ekki setið fundinn nema til kl. 5. Ég bað um frest á því að málið yrði afgreitt, sérstaklega vegna þess að ég hafði í mörgum liðum hinn 11. jan. sl. farið fram á það að fyrir lægju ákveðnar upplýsingar sem varða þetta mál áður en málið yrði endanlega afgreitt í bankaráði. Enn fremur var ljóst að það skaðaði ekki málið þótt geymt yrði í örfáa daga, einfaldlega vegna þess að andvirðið sem greiða átti fyrir hlutabréfin var ekki greitt Sambandinu út heldur kom til skuldajöfnunar á reikningum Sambandsins hjá Landsbankanum. Það var ekki fallist á þessa frestun, engin skýring gefin á því hvers vegna þurfti að klára málið á þessum fundi. Bankaráðið samþykkti að ganga frá kaupunum og samþykkti jafnframt, svo að ég vitni orðrétt í þá tillögu sem samþykkt var og snertir þetta mál sérstaklega, með leyfi forseta:

„Bankaráð vísar beiðni stjórnar Sambandsins um vaxtaleiðréttingu, sbr. bréf forstjóra Sambandsins dags. 15. fyrra mánaðar, til bankastjórnar til afgreiðslu."

Hér lýkur tilvitnun í samþykkt meiri hluta bankaráðsins frá 8. febr.

Það sem verið er að vísa til er bréf frá forstjóra Sambandsins til Landsbankans þar sem sagt er að tilboð Landsbankans sé samþykkt og ég vitna í þetta bréf, orðrétt, með leyfi forseta: „Þetta er samþykkt í trausti þess að umtalsverð vaxtaleiðrétting fáist vegna þess mikla dráttar sem orðið hefur á afgreiðslu málsins."

Það er kristaltært, og ég get staðfest það eftir viðtöl við þá menn sem þarna komu nærri, við hvað var átt. Það var átt við það sem hæstv. forsrh. nefndi og ég hef vitnað til og það var átt nákvæmlega við það sem formaður bankaráðsins, Eyjólfur K. Sigurjónsson, sagði 10. jan. að hann mundi mæla með í bankaráði. Það var sem sagt átt við það að Sambandið fengi um það bil 60 millj. kr. fyrir tímabilið 1. sept. til 1. jan.

Þegar hér var komið sögu, og ekki síst vegna þess að einn bankastjóranna lýsti því fyrir að hann teldi að þessi samþykkt meiri hlutans þýddi að greiða ætti Sambandinu 60 millj. kr., fannst mér ekki stætt á öðru en að bankaráðið væri kallað aftur saman og tilmælin til bankastjórnarinnar væru það skýr að bankastjórarnir vissu nákvæmlega hvað þeim bæri að gera. Þetta var auðvitað vegna þess að einn af bankaráðsmönnunum, Lúðvík Jósepsson, fulltrúi Alþb., sagði um þetta leyti að hann hefði aldrei samþykkt að greiða þessa vexti fyrir tímabilið 1. sept. til 1. jan., aldrei. Það var ljóst að eitthvað var athugavert við þessa samþykkt bankaráðsins. Og eftir að þrír bankaráðsmenn óskuðu eftir að halda fund í bankaráðinu féllst formaður bankaráðsins loks á að það væri gert, enda var það þá orðin skylda skv. lögum. Sá fundur var síðan haldinn miðvikudaginn 14. febr. sl. Og hvað gerðist á þeim fundi? Ég lagði fram á fundinum tillögu sem nánast var orðuð nákvæmlega eins og Lúðvík Jósepsson hafði orðað sínar hugsanir í blöðum. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í tilefni af þeim skilningi Sverris Hermannssonar að bankaráð hefði veitt bankastjórn umboð til þess að

greiða allt að 60 millj. aukalega til SÍS samþykkir bankaráð Landsbanka Íslands, í samræmi við samþykkt sína 29. des. sl., að greiða ekki vexti af kaupverði hlutabréfa SÍS í Samvinnubankanum hf. fyrir tímabilið 1. sept. 1989 til 1. jan. 1990 eins og farið er fram á í bréfi forstjóra Sambandsins dags. 15. jan. 1990, enda er slík vaxtaleiðrétting ekki í samræmi við bindandi kauptilboð bankaráðs frá 29. des. 1989."

Nú halda menn áreiðanlega hér í þessari lýðræðislegu stofnun að þessi tillaga hafi fengið umræðu í bankaráðinu. Svo var ekki því um leið og tillögu minni hafði verið lýst dró formaður bankaráðsins upp frávísunartillögu sem meiri hlutinn stóð að þar sem þessari tillögu var vísað frá þar sem málið væri afgreitt. Það sem hins vegar er athyglisvert við frávísunartillöguna er að hún er ekki eins orðuð og sú tillaga sem bankaráðið hafði samþykkt 8. febr. því að nú er sagt að óskir Sambandsins um vaxtaleiðréttingu séu annað mál en kaup bankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum. Og hvers vegna skyldi þetta hafa verið orðað um? Auðvitað vegna þess að Lúðvík Jósepsson varð að geta sýnt fram á að hann hefði aldrei samþykkt að vaxtaleiðrétting fyrir þetta tímabil yrði greidd. Ef á að leggja þann skilning í þetta, þá er ljóst að formaður bankaráðsins hefur ekki gert það sem hann ætlaði sér að gera og kom fram í viðtalinu sem ég nefndi áðan. Með öðrum orðum, menn fóru að reyna að klóra yfir það sem áður hafði gerst í þessum málum, klóra yfir það. Fela það sem raunverulega hafði gerst, en það voru þau undirmál sem áttu sér stað á sínum tíma þegar stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga lenti í erfiðleikum og vildi ekki samþykkja kauptilboðið eins og það lá fyrir frá bankaráði Landsbankans og samþykkt hafði verið 29. des. Þeir sem stóðu að því að vísa þessu máli frá voru fulltrúar stjórnarflokkanna en fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, þ.e. þeirra sem eiga sæti í bankaráði, Sjálfstfl. og Kvennalista, greiddu atkvæði gegn þessari frávísunartillögu.

Síðan gerðist það, virðulegi forseti, að sl. föstudag notuðu bankastjórarnir umboð sitt sem þeir fengu hjá meiri hlutanum og gengu endanlega frá kaupunum. Greiddar voru tæplega 60 millj. kr. í vaxtaleiðréttingu af kaupverðinu fyrir tímabilið frá 1. sept. til 1. jan. og þar með voru efnd þau fyrirheit sem hæstv. ráðherra og formaður bankaráðs höfðu gefið forráðamönnum SÍS. Ég hef reyndar ekkert heyrt í Lúðvík Jósepssyni en hann ruddi vissulega brautina á sínum tíma.

Ég tel það skyldu mína að skýra hv. Alþingi frá þessu sérkennilega máli. Það hlýtur að vera eðlilegt að kaup eins og þessi séu rædd á Alþingi. Ríkisendurskoðun telur að hlutur SÍS í Samvinnubankanum sé 450–500 millj. kr. virði. Bankaráð Landsbankans samþykkir 605 millj. kr. tilboð. Hæstv. ráðherra og formaður bankaráðs bæta síðan litlum 60 millj. við og meiri hluti bankaráðsins fellst á að gefa bankastjórunum umboð til að ganga frá málinu. Ég tek það fram að það er ekki við SÍS að sakast í þessu máli. Auðvitað vilja forráðamenn Sambandsins fá sem mest verð fyrr hlut sinn í Samvinnubankanum. Afskipti hæstv. ráðherra og formanns bankaráðs voru hins vegar óheppileg og eru skólabókardæmi um undirmál, yfirklór og klúður.

Af þessu tilefni, virðulegur forseti, vil ég spyrja hæstv. ráðherra tveggja spurninga:

1. Telur hann að Landsbankinn hafi staðið við þau fyrirheit sem hann og formaður bankaráðs gáfu SÍS á sínum tíma?

2. Telur hann að aðrir eigendur Samvinnubankans eigi að fá sams konar vaxtauppbót?

Verði það niðurstaðan verður heildarkaupverðið yfir 1300 millj. kr. eða álíka mikið og lá fyrir að greitt yrði samkvæmt fyrstu samningsdrögum að teknu tilliti til lækkunar fasteigna, tapaðra útlána og lífeyrisskuldbindinga Samvinnubankans. Það verð er um það bil 400 millj. kr. hærra en mat Ríkisendurskoðunar á kaupverði bankans er og skal ég ekki leggja dóm á það hvort það verð sé réttara en annað. En það er athyglisvert að það var hæstv. ráðherra en ekki Alþingi sem fór fram á það að Ríkisendurskoðun tæki þetta mál út á sínum tíma.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, rifja upp spurningar mínar, hafi þær farið fram hjá hæstv. ráðherra. Hver er afstaða hæstv. ríkisstjórnar til starfsemi erlendra banka hér á landi? Hvenær má búast við frv. um að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum? Er hæstv. forsrh. sammála hæstv. viðskrh. í því máli? Er hæstv. ráðherra sammála þeirri stefnu bankaráðs og bankastjórnar Landsbankans að yfirtaka Samvinnubankann og vinna að samruna áður en talað er við aðra banka? Hver eru rökin gegn fyrirliggjandi frumvarpsdrögum sem liggja í viðskrn. um samvinnufélög? Og loks: Telur hæstv. ráðherra að Landsbankinn hafi staðið við þau fyrirheit sem hann og formaður bankaráðs gáfu SÍS á sínum tíma? Telur hann að aðrir eigendur Samvinnubankans eigi að fá sams konar verð?

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum og gefst honum þá tækifæri til að slá pólitískar keilur á réttum vettvangi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram gat ég því miður ekki verið við umræðuna hér sl. fimmtudag. Ég hef orðið mér úti um ræðu hv. 1. þm. Suðurl. og finn þar tvö atriði sem rétt er að ég drepi á hér nú.

Í fyrsta lagi vísar hv. þm. í svar mitt við spurningu fréttamanns Morgunblaðsins frá 17. sept. þar sem ég segist vissulega líta á þessi kaup Landsbankans á Samvinnubankanum sem lið í björgunaraðgerðum til handa Sambandinu. Eins og kemur fram er ég að svara spurningu. Ég get ítrekað það að ég lít svo á og tel reyndar ekkert óeðlilegt við það að viðskiptabanki leiti leiða til að aðstoða stóran viðskiptaaðila. Um það eru að sjálfsögðu ótal dæmi og gerist nánast daglega. Ég held að alveg ljóst sé að erfiðleikar svo stórs viðskiptaaðila hljóta að hafa veruleg áhrif á viðskiptabankann. Og ég get tekið undir það sem

kom fram hér áðan hjá hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur, þar sem hún lýsti því, að mér skildist, sem eðlilegum viðskiptum banka og viðskiptaaðila.

Ég svara einnig þeirri spurningu sem til mín var beint hvort ég liti það ekki alvarlegum augum ef gjaldfelld yrði skuld við Hambros-banka. Ég hafði engar upplýsingar um að slíkt stæði til. Ég svara því eins og ég hygg að hver sjáandi maður hljóti að sjá að ef slík skuld félli, þá hlyti það að hafa hinar verstu afleiðingar fyrir viðskiptabanka og þjóðarbúið og held ég að það þurfi út af fyrir sig ekki að rökræða það. Ég held að hver maður hljóti að sjá að svo er. Ég held líka að hver einasti maður hljóti að sjá að gjaldþrot fyrirtækis eins og Sambandsins, ef um það hefði verið að ræða sem betur fer er alls ekki, þá væri það vitanlega hin mesta þjóðarvá. Þarna var um svör við slíkum spurningum að ræða og get ég endurtekið að það er allt hið alvarlegasta mál. En mér sýnist, eins og reyndar er komið hér fram í umræðu síðar af reikningum og öðru slíku, sem allir hafa aðgang að, að ekki sé um það að ræða að Sambandið verði gjaldþrota eins og um var spurt.

Í öðru lagi spyr hv. þm. um tvöfalt vaxtasiðferði hæstv. ríkisstjórnar. Ég skal viðurkenna að mér er ekki alveg ljóst við hvað hann á þar, en ég hef ekki metið það hvaða vexti eigi að greiða af þessum kaupum. Ég les hér eftir hv. þm. að þeir muni vera 11%. Er þar átt við nafnvexti, þ.e. vexti umfram verðbólgu? Að sjálfsögðu mun þarna vera átt við nafnvexti. (**ÞP:** Raunvexti.) Raunvexti, já. Ég viðurkenni að ég hef ekki hugleitt hvaða vexti er verið að greiða og vil ekki meta það. Ég tel það algerlega vera mál milli viðskiptabankans og viðskiptavinarins. Ég treysti bankastjórum Landsbankans fullkomlega til að ákveða hvaða vexti beri að greiða ef þeir telja rétt að greiða vexti.

Ég hef líka lýst því, það er rétt, að ég teldi ekki óeðlilegt að greiða vexti og vísa þá í þann samning sem var gerður 1. sept. og mætti reyndar hafa um þau mál mörg orð. Skýrslan sem hér er lögð fram er afar fróðleg um marga hluti. Ekki síst þykir mér fróðlegt ýmislegt sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég hafði ekki séð fyrr. T.d. segir í II. kafla að fjárhæðin 828 millj. kr. byggist á ákveðnum fyrirvörum, svo sem vantöldum lífeyrisskuldbindingum bankans við starfsmenn og mati á taphættu útlána. Er hér verið að vísa til þess bréfs sem bankastjórarnir rituðu 10. sept. 1989 þar sem þeir segja, með leyfi forseta:

„Bankaráð Landsbanka Íslands samþykkir að bankinn kaupi hlut Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf., sem er 52% af hlutafé bankans, fyrir 828 millj. kr."

Ég sé þessara fyrirvara hvergi getið í bréfinu og veit satt að segja ekki í hvað Ríkisendurskoðun er þarna að vísa. Jafnvel í því sem hér er birt úr samþykkt bankans, sem reyndar var fréttatilkynning, er ekki getið þessara fyrirvara, með leyfi forseta: „Af hálfu Landsbankans lúta fyrirvarar m.a. að greiðslukjörum, greiðslutilhögun og aðstoð stjórnvalda, einkum Seðlabanka, við kaupin." Þarna er hvergi getið um lífeyrissjóðsskuld við starfsmenn bankans eða mat á taphættu útlána heldur eingöngu rætt um greiðslukjör, greiðslutilhögun og aðstoð Seðlabanka Íslands. Það er engin furða þótt mönnum þyki þetta allfróðlegt og sé ég ekki annað en þetta bréf eða samþykkt stjórnar bankaráðsins sem bréfið frá 10. sept. byggir á sé æðiskuldbindandi fyrir Landsbankann, og reyndar staðfestur þar með samningurinn frá 1. sept. Af þeim sökum hef ég ekki talið óeðlilegt þó vextir væru greiddir og tel að þeir séu raunar viðurkenning á því.

Ég tek það fram að ég er ekkert að meta hvort verðið er rétt, 828 millj. eða 605 millj. Ég hef engin gögn til að meta slíkt, enda, eins og kemur fram mjög greinilega í skýrslu Ríkisendurskoðunar, er það bankaráðs bankans að meta þá hluti. Afskipti viðskrh. varða fyrst og fremst eiginfjárstöðu, hvernig hún verður eftir slík kaup en hins vegar ekki mat á upphæðinni.

Hér hefur verið nokkuð fjallað um þau ummæli hæstv. viðskrh. að breyta eigi ríkisbönkunum í hlutafjárbanka, hlutafélög, en um það er ekkert samkomulag og ekkert um það getið í stjórnarsáttmálanum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa það sem segir í stjórnarsáttmála um hagræðingu í bankakerfinu:

„Stefnt verður að samruna og stækkun banka, m.a. með endurskipulagningu á viðskiptabönkum í eigu ríkisins. Markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankakerfinu, draga úr vaxtamun og tryggja eðlilega samkeppni viðskiptabanka og bæta þjónustu."

Þarna er tekið fram að stefna eigi að hagræðingu og endurskipulagningu banka í eigu ríkisins. Ekkert er gefið undir fótinn með að breyta þeim í hlutafélög og verður ekki gert af þessum stjórnarflokkum. Um það hefur ekki verið samið þannig að hæstv. viðskrh. er að sjálfsögðu að lýsa sínum eigin skoðunum þar. Út af fyrir sig er það rétt að það kann að vera nokkrum vandkvæðum bundið að reka ríkisbanka ef ríkisvaldið er ekki í stöðu til að bæta eiginfjárstöðu þeirra. Hins vegar held ég að mjög mikilvægt sé að hér sé a.m.k. einn öflugur ríkisbanki sem geti notið bestu kjara í lántökum sem fáanleg eru erlendis. Það hefur sýnt sig og er margviðurkennt að ríkisbankarnir hafa notið betri kjara en einkabankar, enda ekki óeðlilegt því að á bak við þá stendur ríkisábyrgð. Sömuleiðis tel ég mikilvægt að hér sé öflugur ríkisbanki sem geti í ýmsum tilfellum hlaupið undir bagga þegar um efnahagsaðgerðir er að ræða. Að sjálfsögðu er slíkt að eigin mati en ekki að ákvörðun stjórnvalda, eins og t.d. Landsbankinn hefur gert nú mjög mikið. Landsbankinn hefur tekið mikinn þátt í því að breyta skuldum fyrirtækja við bankann í hlutafé, eitthvað nálægt einum milljarði. Það hefur verið afar mikilvægt í aðgerðum í þágu útflutningsatvinnuveganna. Sömuleiðis hygg ég að í þessu dvergþjóðfélagi okkar kunni að vera afar mikilvægt að hér sé a.m.k. einn öflugur innlendur banki ef og þegar erlendir bankar hefja starfsemi sína hér. En það er engin launung að í þeim viðræðum sem við eigum í um aðlögun að því

sem er að gerast í Evrópu stefnir í þá átt. Hvenær sem það verður held ég að mikilvægt sé, til að halda góðum hluta viðskipta í innlendum höndum, að hér sé öflugur banki. Og mér sýnist að sá banki verði varla öflugur nema með ríkisvaldið að bakhjarli.

Ég hef ekki sett á mig aðrar beinar spurningar til mín í þessari umræðu og ætla því ekki að lengja hana og læt máli mínu lokið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Það sem öðru fremur vakti áhuga minn varðandi þessa umræðu eru þær umræður sem hér hafa farið fram almennt um rekstrarform samvinnufélaganna og rekstrarhæfni þeirra. Þar sem ég hef verið trúnaðarmaður innan samvinnuhreyfingarinnar um árabil mun ég gera því hér eilítil skil.

Áður en ég fer inn í á þær brautir ætla ég að drepa örfáum orðum á þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um bankamál, um þau viðskipti að Landsbankinn sá sér hag í því að kaupa Samvinnubankann. Ég verð að segja að margt í þeirri umræðu hér hjá málshefjendum er með hreinum eindæmum. Það er einkum *tvennt sem ég ætla að nefna.*

Hvenær hefur það gerst að sá aðili sem, vegna mikillar skuldsetningar, neyðist til að selja fyrirtæki sem honum er kært ráði ferðinni og setji sterka aðilanum ofurskilyrði varðandi kaupin? Það er alveg nýtt í viðskiptasögu ef mál eru allt í einu farin að þróast á þennan veg.

Það segir kannski sína sögu líka að mál voru komin þannig að meiri hluti stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga var ekki tilbúinn að ganga að því tilboði sem Landsbankinn var búinn að setja fram. Hvers var þá að teygja sig eftir þessum viðskiptum? Var það ekki Landsbankans sem var búinn að komast að því að honum væri hagur að því í þeirri uppstokkun sem nú fer fram í bankakerfinu að kaupa Samvinnubankann? (**FrS:** Þetta er spurning til ráðherranna.) Þetta eru hvor tveggja fullgild rök sem að mínu mati sýna fram á það að málið er ekki svona einfalt og mér er óskiljanlegt hvað býr að baki þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður uppi.

Ég spyr líka: Hvað bjó að baki hjá hv. 1. þm. Suðurl. þegar hann ræddi um þessi viðskipti á fimmtudaginn var og segir úr þessum ræðustól, úr þessari hv. stofnun, að það verði almenningur, sparifjáreigendur, þeir sem eiga peninga inni í Landsbankanum og minni fyrirtæki sem eigi að bera herkostnaðinn að meintum, háum vaxtagreiðslum vegna þessara kaupa? Ég hef rakið það hér fyrr í máli mínu að ég sé ekkert sem bendir til annars en að þarna hafi verið viðskipti sem voru báðum aðilum hagstæð.

Og það er eitt enn: Hér ganga menn fram í sínu máli þannig að þeir horfa fram hjá því að viðskipti geti verið báðum aðilum hagstæð. Vissulega hlýtur það að vera grundvallaratriði í viðskiptaþjóðfélagi að viðskipti fari fram með þeim hætti. En hér er því haldið fram að hluti af þessu samkomulagi, og ég hef ekkert séð sem bendir til annars en að það sé báðum aðilum hagstætt, eigi að greiðast upp af tilteknum viðskiptaaðilum viðkomandi banka. Það býr eitthvað annað að baki þarna en hagsmunir ríkisbankanna. *Og kannski liggur hundurinn grafinn einmitt þarna,* allt þetta fjaðrafok eigi sér að verulegu leyti það upphaf að það sé liður í því að grafa undan trausti ríkisbankanna.

Ég get tekið þátt í umræðum um breytt form á ríkisbönkunum. En ekki á þeim nótum að það verði sú einkavæðing sem kynni að færa ríkisbankana á silfurfati til einstakra stórfyrirtækja. Það verður að vera á allt öðrum nótum.

En að lokum varðandi bankamálin og af því að viðskrh. hefur opnað þá umræðu upp á gátt með sínum ummælum á fimmtudaginn var. Ég er alveg sammála því að við eigum að ræða opinskátt um þá stefnu ríkisstjórnarinnar að fækka og sameina banka og gera bankakerfið á þann hátt virkara til að takast á við ný verkefni í stórbreyttu þjóðfélagi. Við þurfum breytt bankakerfi til þess, ég tek undir það. En ég mundi þá vilja sjá skýrslu um allt það sem gerst hefur undanfarið í sameiningu banka. Ég vildi ekkert síður sjá það sem gerst hefur bak við tjöldin við tilurð Íslandsbanka. Það gæti vel orðið efni í langa ræðu og miklu lengri en hér var haldin áðan af hv. 1. þm. Reykv., bankaráðsmanni í Landsbankanum. Miklu ítarlegri ræðu ef ætti að tíunda það í slíkum smáatriðum sem hann gerði áðan varðandi kaup Landsbankans á Samvinnubankanum. Ekki meira um bankamálin.

Ég ætla að koma að því sem hér var rætt um rekstrarform samvinnufélaganna af því að hæstv. viðskrh. bryddaði á þeirri umræðu hér á fimmtudaginn var. Hann nefndi þar að í skúffu í viðskrn. væru drög að frv. um ný lög um samvinnufélög. Ég ætla að koma eilítið að þróun samvinnufélaga hér á landi sem er nú orðin 100 ára gömul. Hún hefst í fjármagnslausu þjóðfélagi við þær aðstæður að eigið fé er byggt upp í gegnum stofnsjóði með arðgreiðslum eftir á. Þetta gekk vel í því þjóðfélagi, ekki síst vegna þess að það var svo miklu einfaldara en það þjóðfélag sem við búum í í dag. Þetta gekk áfram um áratuga skeið á tímum neikvæðra vaxta þar sem menn gátu byggt upp eigið fé með lántökum. Það gilti ekki bara um samvinnufélögin, það gilti um allan atvinnurekstur, að menn gátu byggt upp sitt eigið fé með því að taka lán sem ekki voru greidd nema að hluta til baka aftur.

Sjónarmið hafa hins vegar gjörbreyst eftir að verðtrygging fjármagns var tekin upp og síðan þegar til komu háir raunvextir. Við slíku verða menn að bregðast á gjörbreyttan hátt, ekki síst í þjóðfélagi nútímans sem byggist að verulegu leyti upp á því að allar fjármagnsfyrirgreiðslur gangi greiðlega fyrir sig. Það byggist að verulegu leyti á tilflutningi og tilfærslu fjármagns.

Á þetta hef ég ítrekað bent á vettvangi samvinnuhreyfingarinnar. Ég hef gert það bæði í mínu félagi og á aðalfundum Sambandsins, og það er alveg rétt sem hæstv. viðskrh. sagði hér á fimmtudaginn að þetta hefur ekki fengið, fyrr en þá á allra síðustu mánuðum, hljómgrunn meðal forustumanna Sambandsins,

með einstökum undantekningum þó sem hafa séð fram á breyttar aðstæður. Á því byggðust m.a. skipulagsbreytingar sem voru lagðar fram af hluta af stjórn Sambandsins fyrir hálfu öðru ári síðan undir forustu þáv. stjórnarformanns sem vill svo til að er núv. bankastjóri Landsbankans. Á þetta hafa menn ekki viljað hlusta fram að þessu, m.a. vegna þess að menn hafa ekki viljað viðurkenna það samhengi milli fjármagns og yfirráða sem hlutafélagsformið hefur að mestu leyti byggt á. Við sem höfum verið þessu meðmæltir höfum aftur á móti sagt að það geti ekki verið nein grundvallarregla að svo þurfi að vera. Og ef menn eru tilbúnir til að breyta nú samvinnulögunum á þann hátt að þar komi inn stofnbréf sem tryggi félagsmönnunum það að þeir geti lagt fjármagn í starfsemina án þess að því þurfi endilega að fylgja yfirráð í sömu hlutföllum, þá fagna ég því, ef hugur fylgir máli hjá þeim forustumönnum Sjálfstfl. sem hafa talað um það að þeir séu tilbúnir að taka upp á Alþingi mál sem séu til heilla fyrir Sambandið og ef menn ætli að aðstoða samvinnuhreyfinguna eigi þeir að gera það hér inni á Alþingi. Þarna er einmitt komið mál sem við getum þá vonandi tekið upp sameiginlega núna og breytt samvinnulögunum á þennan hátt.

Í öðru lagi hef ég bent á það að hugsunin á bak við almannahlutafélög standi kannski miklu nær upprunalegri hugsjón samvinnufélaganna heldur en því hvernig menn hafa beitt hlutafélögunum í áranna rás hér í okkar þjóðfélagi. Og það væri alls ekki óeðlilegt að samvinnufélögin tækju almenningshlutafélagsformið upp fyrir einhvern hluta af sínum rekstri.

Þetta er það sem ég vildi koma hér á framfæri varðandi þá umræðu um samvinnufélögin sem hér hefur komið upp. Ég treysti því að þetta mál verði tekið upp á Alþingi á næstunni og þeim öflum sem vilja beita samtakamætti fjöldans til góðra hluta verði fengin í hendur betri tæki til þess að vinna þeim hugsjónum sínum framgang. Þörfin hefur oft verið brýn og hún er ekkert síður brýn nú en hún var í árdaga samvinnuhreyfingarinnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil freista þess að svara hér nokkrum orðum því sem fram hefur komið í umræðunum til þessa og vík fyrst að ræðu hv. 1. þm. Suðurl.

Hann hélt því m.a. fram í ræðu sinni að í skýrslu minni séu dæmi um rangar upplýsingar. Hann færði þó ekki þessu til stuðnings nema eitt dæmi, þ.e. að hann heldur því fram að það sé rangt sem í skýrslunni segir, að það sé upphaf málsins að á sl. vori hafi að frumkvæði Landsbankans hafist viðræður við forsvarsmenn Sambandsins um kaup á hlutabréfum í Samvinnubankanum. Hv. 18. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Reykv. véku einnig nokkuð að þessu í sínum ræðum. Ég fullvissa alla þingmennina þrjá um það að hér liggur engin slík dýpri hyggja að baki orðunum. Þau ber að skoða og skilja eins og þau standa. Það sem í skýrslunni segir er einföld lýsing á staðreyndum. Málið sem hér um ræðir er sá kaupsamningur um hlutabréf sem gerður hefur verið milli Landsbankans og Sambandsins, hvorki meira né minna. Landsbankinn átti frumkvæðið að þeim viðræðum sem á endanum leiddu til kaupanna. Hvar, hvenær og af hverjum hugmyndum kann að hafa verið hreyft um slík kaup fyrr kemur þessu máli ekki við, en eins og allir vita er uppruna- og ættfræði hugmyndanna heldur ótraust fræðigrein. Það sem fyrir liggur er að Sambandið bar ekki upp erindi við ríkisstjórnina um þessi kaup og viðskrn. hafði ekki af þeim afskipti fyrr en eftir 1. sept. 1989.

Hv. 1. þm. Suðurl. vitnaði í þessu sambandi til þess sem hann kallaði greinargerð um málið sem birst hafi í Morgunblaðinu 17. sept. 1989. Ég vil vekja athygli á því að hér er alls ekki um að ræða neina opinbera greinargerð með tilvitnunum í tilgreindar heimildir heldur er hér um að ræða fréttaskýringu Morgunblaðsins. Nú geta menn haft á því misjafnar skoðanir hvernig fréttaskýringar Morgunblaðsins eru hverju sinni, en því fer fjarri að þær séu stóri sannleikur í þeim málum sem þar eru tekin fyrir þótt margar þeirra séu allra góðra gjalda verðar.

Hv. 1. þm. Suðurl. og reyndar hv. 1. þm. Reykv. fóru báðir mörgum orðum um það að hér hafi verið um björgunaraðgerðir að ræða en ekki eðlileg bankaviðskipti. Þeir héldu því reyndar fram að ríkisstjórnin hefði farið með málið, eins og hv. 1. þm. Suðurl. orðaði það, „inn í bankakerfið í þeim tilgangi að geta tekið á því í skjóli bankaleyndar". Þessu mótmæli ég harðlega. Ríkisstjórnin átti ekki frumkvæðið að þessu máli. Og það er eins og það hafi ekki hvarflað að hv. þm., þeim fyrsta frá Suðurl. og þeim fyrsta úr Reykv., eins og reyndar hv. 5. þm. Norðurl. e. vék hér að í sínu máli, að hér geti verið um að ræða gagnkvæmt hagkvæm viðskipti.

Það er nú einu sinni svo að tækifæri til viðskipta verða þannig til að einn vill eða þarf að selja það sem annar vill eða þarf að kaupa. Það hefur lengi verið um það rætt opinberlega á síðustu mánuðum að Sambandið þurfi að minnka skuldir sínar með sölu eigna. Hlutabréf þess í Samvinnubanka Íslands hf. voru einmitt ein slík eign. Þetta var öllum ljóst og þess vegna þurfti ekki að fara í grafgötur með það hvers vegna tækifæri til viðskipta spratt hér upp. Bæði Landsbankinn og Sambandið geta hagnast á þessum viðskiptum en gagn Landsbankans fer að sjálfsögðu, eins og á hefur verið minnst, eftir því verði og greiðsluskilmálum sem um er að ræða.

Það var einmitt þess vegna sem ég óskaði í september 1989 eftir upplýsingum um málið og eftir áliti Seðlabanka Íslands, bankaeftirlits og Ríkisendurskoðunar. Ef hægt er að kalla mál sem þannig er með farið markað undirmálum og yfirklóri og klúðri, þá held ég að ég verði að biðja hv. þingmenn, þann fyrsta frá Reykv. og þann fyrsta frá Suðurl., að skýra mál sitt betur.

Stjórnarfarslega eru línurnar alveg skýrar í þessu máli. Bankaráðið hefur heimild til að kaupa hlutabréf í öðrum fjármálastofnunum innan ramma ákvæða bankalaganna. Bankinn telur sig hagnast á

kaupunum og Sambandið telur sig hagnast á sölunni. Hér er ekki um að ræða að réttlæta björgunaraðgerðir fyrir Alþingi, heldur að meta ávinning af kaupunum frá sjónarmiði viðskiptahagsmuna Landsbankans með tilliti til stefnunnar í bankamálum, þeirrar stefnu að rétt sé að stefna að sameiningu banka, að stærri og öflugri bankastofnunum. Það er í hæsta máta eðlilegt að þetta mál sé rætt hér í þinginu. Það er út frá þessu sjónarmiði sem rétt er að ræða það.

Hv. 1. þm. Suðurl. hélt því fram, og vitnaði til álits Ríkisendurskoðunar í því sambandi, að hið endanlega verð hafi verið í samræmi við hið upphaflega viðmiðunarverð í viljayfirlýsingu þeirra Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar frá 1. sept. Því er haldið fram að lækkun verðsins skýrist af því einu að tekið hafi verið tillit til fyrirvara sem gerðir hafi verið í fyrri viðræðum. Þessi skilningur orkar tvímælis því eins og hv. þm. geta sjálfir séð af lestri þessa plaggs, sem nefnt er minnispunktar og dagsett er 1. sept. af hálfu þeirra Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar, er þar fátt um fyrirvara um verðið. Það er helst hægt að segja að almennur fyrirvari komi fram í bókun bankaráðsmannanna Kristins Finnbogasonar og Jóns Þorgilssonar sem líka er prentuð í skýrslunni. Sá fyrirvari er þó almenns eðlis og alls ekki sundurgreindur eins og vitnað er til í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hið endanlega verð í tilboði bankaráðsins frá 29. des. hlýtur a.m.k. í augum þeirra sambandsmanna að hafa verið talið verulega lægra en fyrri hugmyndir. Um það eru óræk vitnin. Það kom reyndar skýrt fram í viðbrögðum stjórnar Sambandsins við þeim breytingum sem urðu frá hugmyndunum 1. sept. til tilboðsins 29. des.

Mér finnst hins vegar rétt að ítreka það að endanlegt virði bréfanna fyrir kaupanda er háð því hvaða hagnað hann getur haft í framtíðinni af kaupunum. Ríkisendurskoðun miðar í sínu verðmati, sem skilar niðurstöðunni 900 millj. kr., við 8–10% arðgjafarkröfu, með öðrum orðum 8–10% raunvexti. Ef miðað er við lægra raunvaxtastig, eins og útlit er fyrir að ríki hér á landi á næstu missirum, hækkar virði bréfanna að sjálfsögðu. Þetta vildi ég nefna einnig vegna orða hv. 18. þm. Reykv. um þetta mál. Við þetta bætist svo að greiðslufyrirkomulag er allt annað í endanlegu tilboði en var í upphaflegri viljayfirlýsingu. Kaupverðið gengur nú allt til þess að lækka skuld Sambandsins við Landsbankann en í minnispunktunum, sem títt er til vitnað, var við það miðað að Sambandið fengi umtalsverða fjárhæð greidda út í hönd. Það er misskilningur hjá báðum þingmönnunum, hv. 1. þm. frá Suðurl. og hv. 1. þm. frá Reykv., að hugsanleg aðild Búnaðarbanka að þessum kaupum á einhverju stigi máls spilli því hagræði sem Landsbankinn kann að hafa af kaupunum. Svo er að sjálfsögðu ekki. Ávinningur bankanna tveggja gæti verið í samræmi við þá fjármuni sem þeir verja hvor um sig til kaupanna. Möguleikar á samrunaarði, samrunahagnaði, eru misjafnir eftir stöðum og eftir starfsemi bankanna, þannig að annar getur hagnast þar sem hinn mundi ekki gera það. Ég nefni í þessu sambandi til sögunnar skipulag bankaþjónustu á Suðurlandi sem ég bið hv. 1. þm. Suðurl. að hugleiða hvort gæti komið þessu máli við. Búnaðarbankinn gæti t.d. hagnast á yfirtöku starfsemi frá Samvinnubankanum þar sem Landsbankinn hefði lítinn eða engan hag af því að taka við. Það er að sjálfsögðu málefni bankanna tveggja og fyrst og fremst bankaráðanna að kanna þetta og ræða á sínum vettvangi og sín á milli. Ég hlýt þó að benda á að það er misskilningur hjá þeim þingmönnum sem líta svo á að ábending Ríkisendurskoðunar um það að fullt hagræði, fullur hagur af kaupunum, fáist ekki nema með því að meira sé keypt þannig að hægt sé að standa að yfirtöku eða samruna bankanna. Það breytist ekki þótt Búnaðarbankinn kynni að koma inn í málið. Þvert á móti gæti samrunaarðurinn orðið meiri.

Þá kem ég að því sem hér hefur oft verið nefnt vaxtaleiðréttingin. Hv. 1. þm. Suðurl. gerir mikið mál úr því eins og hv. 1. þm. Reykv., bankaráðsmaður í Landsbankanum, sem hér gefur okkur glöggar skýrslur um það sem þar fer fram. Hann hefur gert úr þessu mikið mál á opinberum vettvangi, að bankaráðið hafi falið bankastjórn að taka til afgreiðslu beiðni stjórnar Sambandsins um vaxtaleiðréttingu sem fram var sett í bréfi Sambandsins til Landsbankans frá 15. jan. sl. Hugleiðingar um vafasamt vaxtasiðferði og annað í þeim dúr er út í hött í þessu máli. Samkvæmt viðskiptabankalögunum, eins og hv. 1. þm. Reykv. reyndar vitnaði til sjálfur, ákveður bankaráðið meginatriðin í vaxtastefnu bankans og almenn vaxtakjör en bankastjórnin fer með framkvæmd viðskiptanna gagnvart hverjum einstökum viðskiptaaðila. Þar geta ýmis vafaatriði að sjálfsögðu komið upp, ekki síst varðandi dráttarvaxtaútreikning. Í þessu tilfelli er verið að fjalla um framkvæmdaratriði í viðskiptum Sambandsins og Landsbankans sem eru, eins og bankaráðsmaðurinn, hv. 1. þm. Reykv., veit, bæði mikil og margbrotin.

Með þessu tel ég að ég hafi að fullu svarað fyrirspurnum hv. 1. þm. Reykv. um þetta mál. (**FrS:** Já, ég mun koma að því síðar.)

Þá kem ég að takmörkunum bankalaga á hlutafjáreign Landsbankans í öðrum fyrirtækjum. Hv. 1. þm. Suðurl. spurði hvers vegna ég segði að Landsbankinn gæti að svo stöddu ekki klárað málið með því að kaupa öll hlutabréfin. Svarið er ofur einfalt, og kemur reyndar fram í skýrslunni á þskj. 583 á bls. 5. Þar segir að samkvæmt bráðabirgðauppgjöri á eigin fé Landsbankans í árslok 1989 geti Landsbankinn að áliti bankaeftirlitsins ekki átt meira en sem svarar tæplega 88% af hlutafé Samvinnubankans ef hlutafjáreign hans á að haldast innan marka sem sett eru í 28. gr. viðskiptabankalaganna en þar segir að slík eign megi ekki fara fram úr fimmtungi af eigin fé bankans. Nákvæmt mat á þessu er þó ekki unnt að gera nema með endanlega reikninga í höndum og með nánara mati á nokkrum atriðum. Ég tel þetta hins vegar gefa fullnægjandi skýringu og fullnægjandi mynd af því sem hér er um að ræða.

Það er svo aftur önnur spurning hversu stóran hlut

af heildarhlutafénu í Samvinnubankanum Landsbankinn eða aðrir hugsanlegir kaupendur þurfi að komast yfir til þess að af samruna eða yfirtöku á Samvinnubankanum geti orðið. Samkvæmt hlutafélagalögum og samþykktum Samvinnubanka Íslands, sem hér skipta máli, mun bankinn þurfa, eða sá sem kaupa vill, að fara með a.m.k. ⅔ hluta atkvæðanna til þess að geta ráðið slíku máli. Til þess að hluthafafundur samþykki slíkan samruna eða yfirtöku, með öðrum orðum. Við samruna eða yfirtöku, sem ég tel réttara að nota hér vegna þess að hér er ekki um það að tefla að tvær sams konar einingar renni saman í eina heldur að eitt rekstrarform taki við af öðru, þarf að sjálfsögðu að leysa öll hlutabréfin til kaupandans, en það eru þau kaup, þ.e. að leysa öll hlutabréfin til hins væntanlega kaupanda, sem Landsbankinn ræður ekki við samkvæmt ákvæðum viðskiptabankalaga eins og nú stendur á í hans fjárhag.

Ég hef þegar vikið að því sem ég taldi misskilning í máli hv. 1. þm. Suðurl., þ.e. þar sem hann fer um það orðum að hugsanleg aðild Búnaðarbankans að kaupunum mundi breyta þeim í einhvern óskapnað. Þetta hlýtur að vera mikill misskilningur. Sama máli gegnir þegar að því kemur hvernig sé háttað lagaheimildum til þess að ríkisbanki yfirtaki aðra innlánsstofnun. Það er alveg á hreinu að til þess þarf samþykki viðskrh. Hvort slíkt samþykki yrði veitt í einstöku tilfelli finnst mér ekki ráðlegt eða hyggilegt að gefa um yfirlýsingar fyrir fram. Með þessum orðum svara ég fyrirspurnum sem þeir hafa beint til mín bæði hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 1. þm. Reykv., um einhvers konar fyrirframsamþykki við óframkomnum gerningi af þessu tagi. Slíkt fyrirframsamþykki eða yfirlýsingu mun ég ekki gefa. Það verður að meta hvert slíkt mál þegar það kemur til ákvörðunar.

Í áliti Ríkisendurskoðunar var á það minnst að þörf kunni að vera á því að kanna lagagrundvöll vegna yfirtöku ríkisbanka á Samvinnubankanum. Nauðsynlegt sé að eyða hugsanlegri óvissu í þessu efni. Viðskrn. mun láta kanna þetta nánar, en ég tel það þó engum vafa undirorpið að ekki þurfi til sérstaka lagaheimild í hvert sinn sem til yfirtöku ríkisbanka á sparisjóði eða hlutafélagsbanka kæmi. Að því tilskildu að sjálfsögðu að ákvæða hlutafélagalaga, viðskiptabankalaga og sparisjóðalaga sé gætt. Fyrirvarinn sem fylgdi í grg. með frv. til viðskiptabankalaga á sínum tíma og til er vitnað um þetta efni virðist mér eiga við um samruna ríkisviðskiptabanka innbyrðis og um samruna ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka með því móti að eigendur hlutafélagsbankans eignuðust hlut í hinum sameinaða banka. Það er auðvitað eðlilegt að löggjafinn fjalli um slík mál ef upp kynnu að koma. Þetta verður kannað nánar eins og ég hef þegar skýrt frá í skýrslu minni.

Hv. 1. þm. Suðurl. ræddi um tryggingar fyrir lánum til Sambandsins. Eins og kemur fram í skýrslunni hefur Landsbankinn unnið að því með Sambandinu að koma öllum tryggingum vegna útlána til Sambandsins í viðunandi horf og samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna Landsbankans er það verk vel á vegi. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að ég hef beitt mér fyrir því að bankar setji sér reglur um hámark lána til einstakra lántakenda og að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands fjalli um slíkar reglur. Ég vil leyfa mér að benda á að sameining banka auðveldar að sjálfsögðu bönkunum að fylgja slíkum reglum sem ætlað er að auka öryggi í lánastarfseminni.

Hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 18. þm. Reykv. vöktu bæði máls á því að því kynni að fylgja nokkur vandi eftir að Landsbankinn er orðinn ráðandi hluthafi í Samvinnubankanum að í 22. gr. viðskiptabankalaganna eru ákvæði sem banna samráð milli lánastofnana við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda. Viðskrn. hefur rætt þetta mál við seðlabankastjórn og forsvarsmenn Landsbankans og það liggur fyrir að hvorki bankastjórar né bankaráðsmenn í Landsbankanum muni eiga sæti í bankaráði Samvinnubankans fyrir tilstilli Landsbankans. Eftir því verður litið að ákvæðisins í 22. gr. viðskiptabankalaganna verði gætt meðan Samvinnubankinn er rekinn sem sjálfstæð bankastofnun. Hitt er jafnljóst að æskilegt er að yfirtaka á Samvinnubankanum fari sem fyrst fram til þess að eyða vanda af þessu tagi sem upp kynni að koma.

Hv. 1. þm. Suðurl. leyfði sér í lok ræðu sinnar að halda því fram að ríkisstjórnin hefði staðið þannig að framgangi málsins að það hafi fremur skaðað stöðu Landsbankans sem viðskiptabanka en hitt, eins og hann komst svo einkennilega að orði. Ekkert gæti verið fjær sanni. Þvert á móti hef ég sem viðskrh. beitt mér fyrir því að hagsmuna Landsbankans verði sem best gætt í þessu máli. Ég tel það ótvírætt að þær breytingar sem orðið hafa á málinu frá því á sl. hausti hafi verið Landsbankanum og þar með almenningi til hagsbóta.

Ég mun að lokum, virðulegi forseti, víkja að nokkrum sérstökum fsp. sem hv. 1. þm. Reykv. beindi hér til mín og snerta ekki beinlínis málefni skýrslunnar sem hér er til umræðu. Hér á ég einkum við þrjár spurningar sem hann beindi til mín, hinni fyrstu um afstöðu ríkisstjórnarinnar til starfsemi erlendra banka hér á landi. Í öðru lagi um myndun hlutafélaga um bankarekstur ríkisins og í þriðja lagi um breytingar á samvinnufélagalöggjöfinni til að auðvelda samvinnufélögum að afla sér eigin fjár. Mér finnst heppilegt, virðulegi forseti, að nota það sem inngang að svörum um þessi þrjú málefni, og til þess að lýsa almennri afstöðu ríkisstjórnarinnar til breytinga á skipulagi á fjármagnsmarkaði, að lesa brot úr málefnasamningi ríkisstjórnarinnar frá 10. sept. sl. til viðbótar við það sem fram kom hjá hæstv. forsrh. í máli hans áðan um skipulag viðskiptabanka í eigu ríkisins. Með leyfi forseta hljóðar þetta svo:

„Í því skyni að auka sparnað og lækka vexti og fjármagnskostnað verður áfram unnið að umbótum á skipulagi innlends fjármagnsmarkaðar. Áhersla verður lögð á að auka eiginfjármyndun í fyrirtækjum og viðskipti með hlutabréf og að endurskoða skipulag fjárfestingarlánasjóða. Verður m.a. lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Íslenski fjármagnsmarkaðurinn verður aðlagaður breyttum aðstæðum í Evrópu, m.a. með því að rýmka heimildir innlendra aðila til að eiga viðskipti við erlenda banka án ríkisábyrgðar og njóta fjármagnsþjónustu þannig að innlendar lánastofnanir fái aðhald. Markmið þessarar aðlögunar er að lækka fjármagnskostnað fjölskyldna og fyrirtækja, enda verði þess vandlega gætt að ekki skapist óstöðugleiki á innlendum fjármagns- og gjaldeyrismörkuðum."

Í samræmi við þessa almennu stefnuyfirlýsingu hef ég unnið að því að semja tímasetta áætlun um heimildir fyrir erlendar lánastofnanir til að starfa hér á landi. Þessar tillögur eru til umræðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ég tel mikilvægt vegna aðlögunar íslenska þjóðarbúsins að breyttum aðstæðum í viðskipta- og efnahagsmálum í Evrópu að leggja fram slíkar tillögur. Stækkun banka hér á landi er reyndar forsenda slíkrar aðlögunar. Að því hefur sannarlega verið unnið undanfarin missiri. Þessar tillögur munu koma fram. Ég ætla ekki á þessari stundu að tímasetja þær en bendi á að það er nauðsynlegt að slík afstaða verði mótuð á þessu ári vegna þeirra samningaviðræðna sem standa yfir milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar. Þetta mál er þáttur í því máli öllu og dráttur í hinni stærri mynd af því hvernig við búum okkur best undir breyttar viðskiptaaðstæður í Evrópu frá og með 1. jan. 1993. Hér verður bæði fjallað um heimildir fyrir fjármálastofnanir sem eru að öllu leyti í eigu erlendra aðila að starfa hér á landi samkvæmt íslenskum lögum, einnig um heimildir fyrir erlendar lánastofnanir að eiga hér og starfrækja útibú og í þriðja lagi um heimildir fyrir innlendar fjármálastofnanir til þess að eiga hluti í innlendum lánastofnunum.

Í öðru lagi og reyndar má kannski segja að þarna fari það saman sem um var spurt, bæði um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi ríkisbanka sem hugsanlegar eru og á rekstrarfyrirkomulagi samvinnufélaga, vegna þess að bankarnir í eigu ríkisins og sparisjóðirnir og samvinnufélögin eru að sumu leyti á sama báti hvað það varðar að þau geta ekki aflað sér aukins eigin fjár á annan hátt en með stöðugum rekstrarafgangi þegar skilyrði jákvæðra raunvaxta ríkja og við skilyrði tiltölulega stöðugs verðlags sem vonandi fer í hönd. Það var alveg rétt ábending hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að þær aðstæður eru aðrar en verið hafa um langt árabil. Ég hlýt því að leggja áherslu á að við breytum löggjöf varðandi rekstrarform og skipulag og aðgang þessara fyrirtækja að fjármagni, því að allt eru þetta fyrirtæki, til þess að efla sína eiginfjárstöðu og gera bæði ríkisbönkum, sparisjóðum og samvinnufélögum kleift að selja hlutabréf eða ígildi þeirra á hlutabréfamarkaði. Þetta þarf alls ekki að fela það í sér að ríkið eigi ekki lengur ríkisbankana. Ég varpa hér einfaldlega fram þeirri spurningu: Telja menn líkur til að ríkið muni reiða fram af skattfé þær stóru fjárhæðir sem kynni að þurfa að koma til til að tryggja það að ríkisbankarnir standi við eiginfjárhlutföllin sem almennt verður gerð krafa um samkvæmt alþjóðasamkomulagi? Hér er ekki um það að tefla hvort ríkið á eða ekki á bankana, hvort ríkiseign vekur traust eða ekki. Það verður einfaldlega litið á fjárhagslegan grundvöll þeirrar starfsemi sem um er að tefla hverju sinni.

Ég fagna því sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. og var vitnisburður um skilning á því hvernig komið er fjárhagslegri uppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar. Það var ósköp einföld frásögn sem ég fór með að margir af forsvarsmönnum samvinnuhreyfingarinnar hefðu ekki sýnt þessu máli mikinn áhuga. Frá því eru undantekningar og reyndar nefndi ég í minni ræðu að hugmyndir sem fram hefðu komið um breytingar á fjárhagslegu skipulagi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis væru til vitnis um það að augu manna væru að opnast fyrir því að þarna þyrftu til að koma breytingar. Ég held að það sé alveg rétt ábending hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að mörkin á milli samvinnufélaga og almenningshlutafélaga muni breytast og í framtíðinni kynnu þau að hverfa alveg.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú skýrsla sem er til umræðu um kaup á Landsbanka Íslands á hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands er um mörg atriði fróðleg. Ég vil í fyrstu segja að ljótt er ef satt er þau ummæli sem hæstv. viðskrh. hafði áðan þess efnis þegar hann spurði þingmenn og væntanlega kjósendur hvort þeir vildu að ríkið legði fram af skattfé aukið fjármagn til bankanna til þess að þeir stæðust erlendar kröfur um eiginfjárstöðu banka. Það er ljótt ef svo er, sem hæstv. viðskrh. segir, að bankarnir standi svo illa að þeir standi ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru til banka erlendis. Á sama tíma er hæstv. bankamálaráðherra að leggja til að rýra eigið fé Landsbanka Íslands með kaupum á Samvinnubanka Íslands. Samkvæmt því sem stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar er Landsbanki Íslands ekki fær um að kaupa Samvinnubanka Íslands einn og mundi ekki eiga fyrir nema 88% til þess að kaupa Samvinnubanka Íslands sem er þó ekki stór banki, heldur yrði hann að fá til þess hjálp frá Búnaðarbanka Íslands. Og niðurstaða þessarar skýrslu sem liggur fyrir er sú og sú ein að það verður að greiða 50% hærra verð fyrir hlutabréf í Samvinnubanka Íslands en virði þeirra er samkvæmt Ríkisendurskoðun. Svo segja menn að sú ákvörðun landsbankastjóranna að kaupa hlutafé í Samvinnubanka Íslands sé í engum tengslum við samvinnuhreyfinguna og ríkisstjórnina. Það eru greinilega tengsl þar á milli. Sú ákvörðun að greiða 50% hærra verð fyrir hlutafé Samvinnubankans en Ríkisendurskoðun telur eðlilegt er auðvitað skýring á þessu. Það er verið að greiða himinháar upphæðir fyrir hlutabréfin miðað við mat Ríkisendurskoðunar og er það með ólíkindum. Eigendur Landsbanka Íslands hljóta að krefja ríkisstjórnina skýringa á þessu. Hverjir eru eigendur Landsbanka Íslands? Það er þjóðin, þeir sem eiga sparifé í bankanum. Það er rétt sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði í sinni ræðu, að það eru auðvitað hinir smærri sparifjáreigendur, smærri hlutafélög og smærri fyrirtæki sem verða að greiða þann herkostn-

að sem hlýst af þessum kaupum. Það sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um verðið sem er greitt er svo ótvírætt að það þýðir ekkert fyrir hæstv. viðskrh. að gefa í skyn að þetta séu hagstæð kaup. Það stendur hér skýrum stöfum og meðan sú skoðun Ríkisendurskoðunar er ekki hrakin að raunverulegt kaupverð til Sambands ísl. samvinnufélaga sé 50% hærra en vera ætti, þá er verið að gefa Sambandi ísl. samvinnufélaga þetta fé. Svo einfalt er það. Og ástæðan er augljós. Samband ísl. samvinnufélaga er svo illa statt að það verður að bjarga því. Það er svo allt önnur saga hvort við eigum að bjarga Sambandinu frá því að verða gjaldþrota. En það er ekki hægt að vefja það í þennan búning og reyna að blekkja fólk því að þetta er ekkert nema blekking.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir staðfestir í einu og öllu þá pólitísku misnotkun sem hefur átt sér stað í bankakerfinu og er ekki samboðin lýðræðisþjóðfélagi. Það er kominn tími til að þeir menn sem ráða ferðinni líti á gerðir sínar með tilliti til þess að þeir hafa umboð frá þjóðinni til að fara vel með fé en ekki gefa það út og suður.

Það er líka fróðlegt að lesa um þá málsmeðferð sem þetta mál hefur fengið og var fróðlegt að hlusta á ræðu hv. 1. þm. Reykv. um málið. Hann lýsti málsmeðferðinni í bankaráði Landsbankans og m.a. hvernig kaupunum og samþykktum var flýtt þrátt fyrir að Alþingi væri búið að kjósa nýtt bankaráð. Þau vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi sanna einfaldlega að borgað er miklu hærra verð fyrir en eðlilegt getur talist.

Og svo er annað í þessu. Enn er eftir að kaupa 48% af Samvinnubankanum og ég hef þá trú að hluthafar láti það ekki á þessu verði því að sjálfsögðu vilja þeir fá hærra verð. Þeir hafa enga þörf fyrir að selja sitt hlutafé. Og samkvæmt því sem stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru þessi kaup gagnslaus Landsbanka Íslands nema hann eignist bankann allan. Sem sagt, það er verið að borga stórar fjárhæðir fyrir ekki neitt nema það, og það getum við auðvitað rætt um sérstaklega, að verið er að bjarga Sambandi ísl. samvinnufélaga frá því að komast í greiðsluþrot og er það allt önnur saga. Við vitum vel að Sambandið er svo stór atvinnurekandi að það yrðu mikil vandræði að því ef það gerðist að það yrði gjaldþrota. En það verður auðvitað að nefna hlutina réttum nöfnum.

Ég kom að því í upphafi ræðu minnar sem bankamálaráðherra segir í lok sinnar ræðu að eigið fé Landsbanka Íslands er þegar allt of lítið til að það standist erlendar kröfur um slíkt. Og hann segir að aðeins með því að gera hann að hlutafélagsbanka og auka hlutafé verði hægt að laga það hlutfall sem eigið fé á að vera í bankanum. En samt stendur hann að því að rýra eigið fé Landsbanka Íslands með þessum hætti. Staða Landsbankans er ekki betri en það að hann verður að fá aðstoð frá Búnaðarbanka Íslands ef hann á að hafa gagn af þessum kaupum. Það er heldur ekki ljóst á hvaða verði hann muni kaupa þau 48% sem eru eftir af hlutafé í Samvinnubanka Íslands. Ég hef þá trú að þeir hluthafar sem eiga það vilji fá miklu hærra verð og að við séum ekki að tala um að Samvinnubankinn fáist á 1330 millj. eða í kringum það heldur eigi að kaupa hann á 1500–1600 millj. sem er reyndar jafnmikið og Samband ísl. samvinnufélaga skuldar bankanum.

Það var því ekki að ósekju að þessi skýrsla varð tilefni til þeirra umræðna sem þegar hafa orðið því að hún sýnir glögglega að þörf var á henni og hún upplýsir okkur um það að sú pólitíska spilling sem fylgir þessari ríkisstjórn á greiða leið inn í bankakerfið. Ef ég segði eins og hæstv. forsrh: Það var maður sem kom og hitti mig í gær og hann sagði: „Nú er forsrh. búinn að borga veiðileyfin sín hjá KEA, nú er hann búinn að borga þau til baka, öll veiðileyfin.“ Ég get því miður ekki sagt nafnið á þessum manni en marga svona menn hef ég hitt að máli og ég læt það vera mín lokaorð.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ræður hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. gefa tilefni til þess að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., formaður Alþb., verði viðstaddir þessa umræðu og ég óska eftir því að þeir verði það. A.m.k. tel ég nauðsynlegt að beina til þeirra tveggja máli mínu og óska fyrir mitt leyti eftir því að umræðunni verði frestað þar til þeir geta verið viðstaddir frekari umfjöllun málsins hér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú var þeim forseta sem hér situr þessa stundina tjáð að það hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að fá hingað í salinn þessa tvo ráðherra sem hv. þm. nefndi en hæstv. forsrh. mun ekki vera í húsinu svo ég mun láta kanna hvort von er á honum og jafnframt hæstv. fjmrh.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ósk hv. 1. þm. Suðurl. um það að hæstv. forsrh. komi hingað og verði viðstaddur vegna ákveðinna atriða sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh. fyrr í dag. Til að undirstrika það enn frekar eru það tvö atriði sem er mjög þýðingarmikið að fá skýrð vegna þess að þau lúta að grundvallaratriði þessa máls, þ.e. því atriði í skýrslu um Landsbanka Íslands og viðskipti bankans við Samvinnubanka Íslands hf., sem lýtur að eignarstöðu samvinnuhreyfingarinnar. Þetta er þvílíkt grundvallaratriði að það er raunverulega ekki hægt að ræða þetta mál nema hann skýri nánar hvað hann átti við. Hæstv. forsrh. sagði, ef ég tók rétt eftir, virðulegi forseti, eitthvað á þessa leið: Á borði ríkisstjórnarinnar er uppkast að frv. til laga varðandi stofnsjóði samvinnufélaganna sem mun m.a. hafa að markmiði að breyta stöðu þeirra, sbr. það sem segir um stofnsjóði í lögum um samvinnufélög, 3. gr. — Það er mjög þýðingarmikið að fá nánari skýringu hjá hæstv. forsrh. á því í hverju þessar breytingar eru fólgnar. (**Forseti:** Ég vildi aðeins upplýsa hv. þm. og aðra hv. þm. að þeir munu báðir vera á leiðinni, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.) Ég fagna því, virðulegur forseti, og

mun spyrja hæstv. forsrh. um þau atriði sem ég ætla að koma inn á.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis geta þess að að því er varðar ellefta málið, samningaviðræður við Evrópubandalagið, veit ég til þess að hæstv. utanrrh. ætlaði að tala í því máli þegar það var síðast á dagskrá en þá vannst ekki tími til að taka það mál til umræðu. Þetta mál hefur verið á dagskrá nokkrum sinnum og ég er hæstv. forseta þakklátur fyrir það, en mér finnst ekki við hæfi að ræða málið að honum fjarstöddum enda er hann veikur í dag. Það tengist þar að auki tólfta málinu, þannig að þó ég sé að sjálfsögðu tilbúinn til að mæla fyrir þeirri þáltill. tel ég eðlilegra að láta það bíða þangað til ráðherrann mætir.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. forsrh. skuli vera kominn í salinn en ég ítreka að það er útilokað að ræða þetta án þess að hæstv. fjmrh. sé einnig viðstaddur vegna þess að hér hefur verið talað um, ekki aðeins viðskipti Landsbankans og kaup Landsbankans á Samvinnubanka Íslands, heldur ræddi hv. 5. þm. Norðurl. e. einnig um samvinnuhreyfinguna, samvinnulög og annað skylt. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur því að það hefur verið boðað að breyta eigi Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag eða sameina það Miklagarði hf. en það snertir þetta mál mjög mikið þar sem bæði þessi fyrirtæki eru í tengslum við Samband ísl. samvinnufélaga. Þetta tengist samvinnulögunum í sambandi við stofnsjóði, sameignarsjóði og öllu er lýtur að uppgjöri samvinnufélags, bæði slit og breytingar á rekstri félagsins. Þetta tengist einnig því sem hæstv. forsrh. kom inn á þegar hann boðaði að á borði ríkisstjórnarinnar væri hugsanlega frv. til laga um breytingu á stöðu stofnsjóða samvinnufélaganna. Forsrh. hæstv. kom eitthvað inn á eitthvert frv. sem sneri að samvinnulöggjöfinni. (**Gripið fram í:** Það var viðskrh.) Nú það var viðskrh., það er sama, það er þó alla vega komið inn á borð hjá hæstv. ríkisstjórn eða er þá á leiðinni.

Þetta er þýðingarmikið atriði vegna þess að það tengist eignarstöðu þeirra aðila sem hér um ræðir sem eru Samband ísl. samvinnufélaga og Samvinnubanki Íslands hf.

Ég ætla ekki að fara út í efnislegar umræður fyrr en hæstv. fjmrh. kemur, þannig að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. verði viðstaddir þegar við fjöllum um málið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í þeirri von að hæstv. fjmrh. verði kominn klukkan hálf fimm þegar hæstv. viðskrh. gerir einnig ráð fyrir að vera kominn aftur til fundar mun forseti fresta þessum fundi til klukkan hálf fimm — ef það er nægjanlegt fyrir hv. þm. sem biður um að fá að tala um þingsköp. Ætlar hv. þm. að gera athugasemdir eða vill hann ræða um þingsköp þrátt fyrir þessar upplýsingar?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég geri athugasemdir við ummæli hv. 14. þm. Reykv. að ég hafi komið þeirri skriðu af stað að kalla þurfi til fundar alla ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ég fór að vísu nokkuð ítarlega í uppbyggingu samvinnufélaganna af því tilefni sem hafði gefist, bæði varðandi ummæli hæstv. viðskrh. og spurningu hv. 1. þm. Reykv. Ég held hins vegar að umræðu um efnisatriði í þeim smáatriðum sem hv. 14. þm. Reykv. ræðir um verðum við að geyma til ítarlegri umræðu um samvinnuhreyfinguna sem ég vona að við fáum tækifæri til að viðhafa hér á Alþingi. — [Fundarhlé.]

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessi umræða hefur tafist nokkra stund vegna fjarvista hæstv. ráðherra. Það er ekki í fyrsta skipti á þinginu í vetur að umræður um mál tefjast vegna fjarvista ráðherra. Nú er það svo að auðvitað er það í flestum tilvikum hæstv. ríkisstjórn sem á nokkuð undir því að mál gangi hér greiðlega fram og umræður geti gengið óslitið. Hitt er þó ljóst að það eru hagsmunir Alþingis í heild að umræður geti hér farið fram í samfellu og það er heldur til leiðinda þegar slíta þarf umræðum af þessum sökum. Þess vegna er af þessu gefna tilefni ástæða til þess að beina því til forseta að hann taki það mál upp við hæstv. ríkisstjórn að umræður geti gengið nokkuð greiðlega og þurfi ekki of oft að tefjast vegna fjarveru hæstv. ráðherra.

Frú forseti. Í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram þá vekja ræður hæstv. ráðherra, hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., nokkra athygli. Það er ljóst að þeir fara eins og köttur í kringum heitan graut. Það liggur fyrir að í raun og veru staðfesta þeir í ræðum sínum það sem komið hefur fram, að það er verið að fara með þetta mál inn í þennan farveg til þess að reyna að draga fjöður yfir þann meginþátt málsins að það er verið að færa með umframgreiðslum fjármuni til Sambands ísl. samvinnufélaga og það er verið með þeirri vinnuaðferð að komast hjá því að draga fram allar staðreyndir málsins um stöðu Sambands ísl. samvinnufélaga og koma með þær inn á Alþingi þannig að fulltrúar fólksins geti tekið ákvarðanir um það hvort fjármunir skattborgaranna í ríkissjóði eigi að renna til verkefnis af þessu tagi. Enginn, og hvorugur hæstv. ráðherra, hefur treyst sér til þess að mótmæla því mati Ríkisendurskoðunar að Landsbankinn sé að greiða 200 millj. kr. umframverð fyrir kaupin á þessum hlutabréfum. Og ég skil auðvitað hæstv. ráðherra mætavel að þeir skuli ekki gera tilraun til þess að mótmæla þeirri niðurstöðu því að ég hygg að um hana sé mjög erfitt að deila og það væri erfitt fyrir hæstv. ráðherra að gera tilraunir til þess að bera á móti eða vefengja skýra niðurstöðu Ríkisend-

urskoðunar í þessu efni. Það er þessi niðurstaða Ríkisendurskoðunar sem sýnir að það er verið að greiða yfirverð fyrir hlutabréfin, sýnir að hluti af þessu máli eru björgunaraðgerðir eins og hæstv. forsrh. reyndar viðurkennir en hæstv. viðskrh. reynir að færa þetta í annan búning. Það er þessi hluti málsins, björgunaraðgerðir með yfirverði, sem eðlilegt er að fjallað sé um á hinu háa Alþingi og eðlilegt væri að fulltrúar fólksins tækju ákvarðanir um í ljósi upplýsinga um stöðu fyrirtækisins vegna þess að hér er um allt annan hlut að ræða en venjuleg viðskipti með hlutabréf og eðlilega stefnumótun að því er varðar samruna banka.

Hæstv. forsrh. staðfesti í sinni ræðu að hér er um björgunaraðgerðir að ræða og hann fullyrti að það væri ekki óeðlilegt að viðskiptabankar stunduðu slíkar björgunaraðgerðir. Auðvitað þurfa viðskiptabankar að koma fyrirtækjum til aðstoðar í mörgum tilvikum og yfirleitt er um að ræða eðlileg viðskipti. En nú liggur fyrir samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar að það er verið að greiða yfirverð fyrir þessi hlutabréf og það liggur líka fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur haft af þessu máli margvísleg afskipti og beitt sér fyrir því að Landsbankinn afgreiddi málið með þeim hætti. Það er þetta sem gerir málið tortryggilegt og það eru þessi vinnubrögð sem hafa skaðað hagsmuni Landsbankans og rýrt álit hans. Það eru þau vinnubrögð hæstv. ráðherra að láta þennan viðskiptabanka, stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar, standa í þessum verkum. Ef það var eðlilegt og rétt að greiða Sambandinu sérstakt yfirverð þá hefði verið eðlilegt að koma með þann hluta málsins inn á Alþingi en ekki skaða hagsmuni Landsbankans með því að ýta honum til þess að taka þátt í þeim aðgerðum. Hitt var ósköp eðlilegt að hann keypti hlutabréfin á eðlilegu markaðsverði og reyndi að stefna að sameiningu.

Í annan stað vil ég víkja að vaxtagreiðslunni sem ákveðin var sem uppbót á þessi kaup. Það var athygli vert að heyra hæstv. forsrh. segja að hann hefði ekki metið hvaða vexti væri eðlilegt að greiða en margsinnis hefur hann lýst því yfir að rétt væri að Landsbankinn greiddi vexti í þessu tilviki og nú segir hæstv. forsrh. að það sé algjörlega mál bankans að ákveða vexti í þessum viðskiptum. Betur væri ef hæstv. forsrh. væri með þessu að lýsa almennum viðhorfum sínum til vaxtaákvarðana en hann hefur verið einn helsti formælandi þess að viðskiptabankar ættu ekki að hafa sjálfstæðan rétt til þess að ákvarða vexti heldur væri nauðsynlegt að gera það með handafli og nauðsynlegt að ná niður raunvöxtum með handafli og ákvörðunum stjórnvalda en ekki viðskiptabanka. En núna, þegar fyrir liggur að verið er að greiða Sambandi ísl. samvinnufélaga mun hærri raunvexti en voru gildandi að meðaltali á síðasta ári, þá er sjálfsagt að viðurkenna rétt bankanna til þess að ákveða vexti upp á eigin spýtur. Þá er sjálfsagt að viðurkenna þá meginreglu.

Það sem ég var að spyrja um var einmitt þetta tvöfalda siðgæði sem fram kemur í þessari afstöðu hæstv. ríkisstjórnar. Hún hefur talað um nauðsyn þess að ná niður vöxtum og um það meginmarkmið deila menn ekki þó að ágreiningur hafi verið um hvernig beita ætti vöxtum til að tryggja jafnvægi og koma í veg fyrir verðbólgu.

Hæstv. ríkisstjórn hefur margsinnis vitnað í skýrslu Seðlabankans frá því í nóvember á sl. ári og talið það sjálfri sér til ágætis að þar kemur fram að meðalraunvextir á sl. ári voru tæp 5%. Að vísu sleppir hæstv. ríkisstjórn gjarnan að minnast á að í sömu skýrslu kemur fram að raunvextir af lánum sjávarútvegsins hækkuðu mjög verulega á sl. ári. Hæstv. ráðherrar kjósa gjarnan að sleppa þeim upplýsingum úr þessari skýrslu. En hinir almennu raunvextir lækkuðu, það er staðreynd, og voru tæp 5% að meðaltali samkvæmt þessari skýrslu. En núna á að greiða Sambandi ísl. samvinnufélaga 11% raunvexti vegna tafa á því að ganga frá samþykktum og þá kemur hæstv. forsrh. og segir: Ég hef ekki metið þetta. Það er rétt að Landsbankinn ákveði þetta sjálfur.

Með öðrum orðum, hann er hér að staðfesta það tvöfalda siðgæði sem vakin var athygli á í umræðunni sl. fimmtudag. Þegar innistæðueigendurnir, launafólkið sem á sparnaðinn í Landsbankanum þarf að greiða Sambandinu vexti, þá er sjálfsagt að þeir raunvextir séu 11%. Þá er það hið eðlilegasta mál, en þegar Sambandið þarf að borga þessu sama fólki til baka lánin sem það hefur tekið, þegar Sambandið á að endurgreiða sparendum og launafólki sem sparar í Landsbankanum er það meiri háttar hneyksli ef vextirnir eru í einhverri líkingu við þetta. Þá er ekki hægt að viðurkenna rétt bankans til að ákveða vexti upp á eigin spýtur. Þá þarf ríkisstjórnin að hlutast til um það mál. Það er þetta tvöfalda siðgæði sem vakin var athygli á og hæstv. forsrh. gat ekki með nokkru móti klórað sig út úr í umræðunni fyrr í dag.

Síðan ætla ég að víkja að þeim yfirlýsingum sem hæstv. viðskrh. hefur gefið af þessu tilefni og hæstv. forsrh. hefur fjallað um, þ.e. yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um að nauðsynlegt sé að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Ég tek undir þá stefnumörkun og hef lengi talið hana vera nauðsynlega og eðlilega enda hefur Sjálfstfl. markað stefnu í þá veru. En hvað gerist? Um leið og hæstv. forsrh. tekur til máls í umræðunum segir hann að þetta sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Yfirlýsingar bankamálaráðherrans um nauðsyn þess að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög eru ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum, almenningur í landinu getur ekki tekið ummæli hæstv. viðskrh. um stefnumörkun í málefnum viðskiptabankanna sem góða og gilda vöru. Hæstv. forsrh. segir: Um þetta er ekkert samkomulag í ríkisstjórninni og þetta verður ekki gert meðan þessi ríkisstjórn situr.

Hins vegar tók hæstv. forsrh. undir það sjónarmið að stíga yrði skref í þá átt að leyfa erlendum bönkum að starfa hér á landi og skírskotaði þar til þeirra samninga sem eru á döfinni um aðild okkar að innri markaði Evrópubandalagsins. Af þessu tilefni er nauðsynlegt að fá fram afstöðu hæstv. fjmrh. Það

hefur margsinnis komið fram að hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að gerður yrði fyrirvari um breytingar á stefnunni í gjaldeyrismálum og peningamálum og gert fyrirvara um aðild okkar í alþjóðlegu samstarfi að slíkum breytingum, bæði að því er varðar efnahagsáætlun Norðurlanda og eins að því er varðar fyrirhugaða samninga við Evrópubandalagið og tengsl við innri markað þess.

Til þess að fá skýrari mynd af afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu efni er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari því hvort fyrirvarar af hans hálfu eru í gildi um þetta efni eða hvort hann hefur fallist á þá stefnumörkun sem hér hefur verið lýst um að leyfa erlendum bönkum að starfa hér á landi.

Hæstv. viðskrh. færði m.a. þau rök fyrir því að breyta yrði ríkisbönkunum í hlutafélagsbanka að nauðsynlegt væri að styrkja eiginfjárstöðu þeirra þannig að þeir gætu staðið í samkeppni við hugsanlega erlenda banka sem hingað kæmu á grundvelli nýrrar stefnumörkunar og samninga okkar við Evrópubandalagið. Og hann færði rök fyrir því að nauðsynlegt væri að breyta bönkunum í hlutafélagabanka með því að benda réttilega á að mínu mati að þess er varla að vænta að ríkissjóður geti staðið undir auknu eigin fé í þessum bönkum af þessu tilefni. Að nýtt fjármagn geti tæplega komið úr ríkissjóði heldur verði það að koma annars staðar frá, ef ég skildi orð hæstv. viðskrh. rétt. Og ég er í flestum atriðum sammála þessu mati hæstv. viðskrh. Hann hefur þess vegna tengt þessi tvö mál saman, þá ákvörðun að gera áætlun um að leyfa erlendum bönkum að hefja starfsemi hér á landi, sem hæstv. forsrh. hefur tekið undir þó að hann hafi kannski ekki mælt jafnskýrt í þeim efnum eins og hæstv. viðskrh., en engin svör hafa fengist um það hvort hæstv. fjmrh. hefur fallið frá fyrirvörum af sinni hálfu um að unnt sé að stíga þessi skref. En kjarni málsins er sá að viðskrh. hæstv. telur að nauðsynleg forsenda fyrir því að unnt sé að stíga þessi skref, sem þeir virðast þó vera nokkurn veginn sammála um, hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., sé það að á undan sé búið að taka ákvarðanir um að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagabanka þannig að unnt sé að styrkja eiginfjárstöðu þeirra.

Hverju svarar hæstv. ríkisstjórn þeirri stöðu sem hér er komin upp? Það á að stíga skrefin um opnun gagnvart erlendum aðilum. Viðskrh. telur að þá þurfi að styrkja eiginfjárstöðuna með því að breyta bönkunum en hæstv. forsrh. segir að það verði ekki gert meðan þessi ríkisstjórn situr. Nú stendur þannig á að kosningar til Alþingis eiga að fara fram í aprílmánuði á næsta ári, í síðasta lagi, og við höfum enga tryggingu fyrir því að þessi hæstv. ríkisstjórn fari frá fyrr en í aprílmánuði á næsta ári. En hvernig á að bregðast við og leysa þessi mál á þeim tíma? Á þeim tíma þurfum við að taka afstöðu gagnvart Evrópubandalaginu og þurfum að hafa tekið ákvarðanir innan lands um að stíga ákveðin skref til þess að breyta okkar löggjöf og okkar reglum eins og hæstv. viðskrh. hefur réttilega bent á. En misvísandi yfirlýsingar hæstv. ráðherra og hin klára yfirlýsing hæstv. forsrh. um að þessi ríkisstjórn muni aldrei taka þetta í mál gerir það að verkum að ljóst er að ríkisstjórnin ræður ekki við þetta verkefni vegna innri ágreinings. Og það er engin trygging fyrir því að við losnum við hæstv. ríkisstjórn fyrr en í aprílmánuði á næsta ári.

Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðherrar geri nánari grein fyrir þessum viðhorfum og ekki síst að hæstv. fjmrh. skýri það nákvæmlega út hver er hans afstaða og afstaða hans flokks í ljósi þeirra skýru fyrirvara um breytingar í þessa veru sem hann hefur gert og hans flokkur. Ef ekki fást skýr svör við þessum spurningum, þá er alveg augljóst að öll þessi mál eru í hinu mesta uppnámi. Þá er augljóst að við sitjum uppi með ríkisstjórn sem ekki ræður fram úr því að takast á við þessi stóru verkefni sem tengjast aðlögun okkar að efnahagssamvinnu þjóðanna í Evrópu. Þessi hæstv. ríkisstjórn ræður ekki fram úr því vegna innri ágreinings sem hún vill auðvitað reyna að breiða yfir í lengstu lög, sem hún vill auðvitað komast hjá að þurfa að upplýsa, en liggur núna fyrir eftir þær tvær ræður sem hæstv. ráðherrar hafa flutt í dag.

Frú forseti. Það væri unnt að fara mörgum orðum um svarræðu hæstv. viðskrh. Hann reyndi í upphafi máls síns að gera lítið úr þeim rangfærslum sem fram koma í skýrslunni varðandi frumkvæði að kaupum Landsbankans á Samvinnubankanum. Auðvitað skil ég þá afstöðu hæstv. ráðherra vegna þess að hún er liður í því að draga fjöður yfir þá staðreynd málsins að hér er um björgunaraðgerðir að ræða. Hún er liður í því af hans hálfu að sýna fram á að hér hafi einvörðungu verið um venjuleg viðskipti að tefla og þátt í eðlilegri bankasameiningu. En hæstv. forsrh. hefur reyndar viðurkennt eðli þessara aðgerða. Og staðreyndir liggja fyrir um frumkvæði í þessu máli. Yfirlýsing bankastjóra Landsbankans um það að Sambandið hafi hafið máls á þessu og fyrir liggja upplýsingar um afskipti hæstv. ríkisstjórnar. Öll þessi afsökun hæstv. ráðherra var því kattarþvottur einn.

Það er líka svolítið kynlegt að hæstv. ráðherra skuli tala um álit Ríkisendurskoðunar með þeim hætti sem hann gerir án þess að færa nokkur rök að því að Ríkisendurskoðun hafi komist að röngum niðurstöðum í sinni álitsgerð. Álitsgerðin er óþægileg fyrir hæstv. ráðherra og þess vegna fer hann þeim orðum um álitið, án þess þó að vefengja eða rengja niðurstöðurnar, að um sumt séu niðurstöður hennar vafasamar. Þetta er einvörðungu sagt vegna þess að álitið kemur óþægilega við hæstv. ráðherra og stöðu þessa máls sem hæstv. ríkisstjórn ber auðvitað ábyrgð á. Ég skil í raun og veru ekki hvers vegna hæstv. viðskrh. leggur svona mikið kapp á að draga úr afskiptum og áhrifum hæstv. ríkisstjórnar á endanlega niðurstöðu málsins.

Það er alveg óumdeilt og alveg skýr niðurstaða Ríkisendurskoðunar um samanburð á viljayfirlýsingunni frá því í byrjun september og endanlegu kauptilboði. En Ríkisendurskoðun segir: „Þá lítur Ríkisendurskoðun svo á að ætla megi að kaupverð á hlutabréfaeign Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf.

hafi tekið mið af tilboði Landsbankans frá 10. sept., að teknu tilliti til mats á þeim fyrirvörum sem þar voru tilgreindir, þ.e. skuldbindingum vegna lífeyrisréttinda starfsmanna og mati á töpuðum útlánum."

Hæstv. ráðherra reyndi að halda því fram í máli sínu að engir fyrirvarar hefðu verið gerðir í viljayfirlýsingunni frá því í september. Hann er einn um að hafa lesið þessa viljayfirlýsingu á þann veg. Ríkisendurskoðun lítur svo á að þar hafi verið gerðir skýrir fyrirvarar og að teknu tilliti til þeirra sé endanlegt kaupverð sambærilegt. Þar á ofan bætast svo við vaxtagreiðslurnar sem ákveðnar voru sem sérstök uppbót hér á. Það er hins vegar rétt hjá hæstv. viðskrh. að að því leyti er kauptilboðið og endanlegur samningur betri en minnisblaðið um viljayfirlýsingu til kaupanna frá því í september að nú er gert ráð fyrir því að allt kaupverðið fari til þess að lækka skuldir Sambandsins í Landsbankanum.

Það var sérstakt ádeiluefni og gagnrýniefni á upphaflega ráðagerð að það stóð ekki til þá að taka kaupverðið til þess að greiða niður skuldir Sambandsins í Landsbankanum. Það er ótvírætt veruleg bót frá því sem í upphafi var ákveðið að sá háttur er hafður á, það er rétt hjá hæstv. ráðherra. En ég hygg að eina ástæðan fyrir því að Samband ísl. samvinnufélaga lýsti óánægju sinni með þessa breytingu hafi einmitt verið sú að taka átti fjármunina til þess að lækka skuldir en áður átti að leysa þá undan þeirri skyldu sem var býsna kyndug fyrirætlan. En auðvitað er það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að leysa þann vanda líka og áformin um kaup á hlutabréfum Regins í Aðalverktökum eru sjálfsagt þáttur í að leysa þann vanda fyrir Samband ísl. samvinnufélaga. Samkvæmt yfirlýsingum hæstv. ráðherra er það ætlun þeirra að standa að því máli einnig án þess að ræða það á Alþingi Íslendinga, svo furðulegt sem það má vera að ríkisstjórnin geti komist að þeirri niðurstöðu að unnt sé að fara með það mál án þess að það sé rætt og um það tekin ákvörðun hér á Alþingi. En vafalaust linar það talsvert þjáningar og gagnrýni Sambandsins í garð hæstv. ríkisstjórnar að hún hefur fallist á að koma þeim til aðstoðar á þeim vettvangi í stað þess að leyfa þeim að nota kaupverðið á hlutabréfum í Samvinnubankanum til frjálsrar ráðstöfunar.

Frú forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að fara mörgum fleiri orðum um það sem fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. Staðeyndir málsins liggja ljósar fyrir. Hér er um að ræða björgunaraðgerðir, hér er um að ræða yfirverð. Skattgreiðendur, eigendur Landsbankans, eru látnir borga 200 millj. umfram til Sambandsins án þess að hæstv. ríkisstjórn hafi séð ástæðu til þess að láta Alþingi fjalla um þann þátt málsins. Það er einmitt þessi þáttur í málinu sem valdið hefur Landsbankanum tjóni.

Hér hafa komið nokkuð til umræðu yfirlýsingar hæstv. viðskrh. um breytingar á löggjöf um samvinnufélög og m.a. komið fram að innan samvinnuhreyfingarinnar virðist vera andstaða við að breyta löggjöfinni í þá veru að opna möguleika fyrir sérstök stofnfjárframlög í þeim tilgangi.

Hv. þm. Jóhannes Sigurgeirsson vék m.a. að því að ástæðan fyrir þessari afstöðu Sambandsins væri sú að menn vildu ekki tengja saman fjármuni og vald innan samvinnuhreyfingarnnar. Ég hygg að þarna kunni að vera fleiri ástæður. Hvaða þörf er fyrir samvinnuhreyfinguna að taka upp nútímalega skipan og viðurkenna í verki að núverandi rekstrarform gengur ekki meðan hún getur treyst því að þegar á bjátar verði fjármunir fluttir til og henni afhentir opinberir fjármunir til þess að komast hjá erfiðleikum. Meðan samvinnuhreyfingin getur treyst á að þannig sé brugðist við gagnrýnilaust — nú kann að vera eðlilegt að gera slíkt undir vissum kringumstæðum og ég er ekki að fullyrða að það sé í öllum tilvikum óeðlilegt — en meðan hún getur treyst því að það sé gert gagnrýnilaust, án þess að málefni viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamsteypu séu brotin upp og upplýst fyrir almenningi, er ekki von að það sé mikill áhugi innan samvinnuhreyfingarinnar fyrir breytingum af þessu tagi sem gætu styrkt hana þegar til lengri tíma er litið. Ég er þeirrar skoðunar að breytingar í þessa veru yrðu mjög til þess að styrkja þessi fyrirtæki, gera þau hliðsett öðrum fyrirtækjum í landinu. Víða vinna þau mikið og þarft starf og gegna þýðingarmiklu hlutverki í atvinnulífi landsmanna og það er full þörf á því að löggjöf um þau sé sniðin á þann veg að þau geti starfað í eðlilegri samkeppni við önnur fyrirtæki en þurfi ekki að veslast upp vegna gamaldags löggjafar. En ég ítreka það að meðan þau geta gengið að stuðningsaðgerðum af þessu tagi vísum er varla von á því að mikil hugarfarsbreyting verði innan dyra.

Að lokum, frú forseti, vil ég ítreka þær spurningar sem hafa verið settar fram í tilefni af þeim stóru og miklu yfirlýsingum um skipan bankamálanna sem hér hafa verið gefnar og þeirri miklu óvissu sem nú er í þeim efnum eftir þverstæðukenndar yfirlýsingar hæstv. ráðherra í umræðunni í dag.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

51. fundur, 20. febr.,
kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (ofbeldisverk í flugsamgöngum). — Þskj. 468, n. 603.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum frá allshn.

Aðdragandi frv. er sá að árið 1971 var gerður alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Samkvæmt

samningnum ber aðildarríkjum hans að uppfylla ákveðnar skyldur. Þau skuldbinda sig m.a. til að hafa þung refsiviðurlög í hegningarlögum við ofbeldi í loftfari á flugi, skemmdarverk á loftförum o.fl. og hafa sérstök ákvæði um refsilögsögu í slíkum málum.

Í febrúar 1988 var gerð viðbótarbókun við þennan samning á þá leið að hann næði einnig yfir ofbeldisverk í flughöfnum sem notaðar eru fyrir alþjóðlega flugumferð. Áður en framangreind bókun er fullgild af Íslands hálfu er nauðsynlegt að breyta nokkrum greinum almennra hegningarlaga til þess að tryggja að unnt sé að standa við þær skuldbindingar er af fullgildingu bókunarinnar leiða. Þetta ákvæði kemur í 1. gr. frv. Þá er einnig annað atriði að í 4. gr. frv. er ákvæði um að sambærilegri refsingu fyrir þetta skuli sá sæta og sá sem valdur er að sambærilegum verknaði í flugfari.

Á fund nefndarinnar komu Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmrn., Valtýr Sigurðsson, borgarfógeti og fulltrúi Dómarafélags Íslands, og Unnur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands. Þau gerðu grein fyrir sínum viðhorfum og bentu á nokkur atriði til athugunar. En að fengnum skýringum við þau varð nefndin sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 609.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða á þskj. 609. Það mál sem hér er til umræðu hefur hlotið víðtækari og rækilegri umfjöllun en algengt er um þingmál áður en það kemur til umræðu hér á hæstv. Alþingi. Er það í góðu samræmi við mikilvægi málsins og vil ég leyfa mér að fullyrða að fá mál sem til umfjöllunar koma á þessu þingi skipti jafnmiklu máli fyrir þróun íslensks efnahagslífs til frambúðar og samfélagsins og þar með fyrir velferð þjóðarinnar.

Þegar Alþingi samþykkti núgildandi lög til þriggja ára um stjórn fiskveiða um áramótin 1987 og 1988 ákvað það jafnframt að hafinn skyldi undirbúningur er við tæki í ársbyrjun 1991. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I skipaði sjútvrh. nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar að loknum gildistíma laganna. Jafnframt var nefndinni falið að móta tillögur um breytingar á lögunum á gildistíma þeirra eftir því sem efni væru til. Átti nefndin m.a. að kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofnanna. Einnig skyldi hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki eru bundnar við skip. Nefndin var skipuð 13. júlí 1988 eftir að tilnefningar höfðu borist frá þeim aðilum sem tilnefna áttu fulltrúa í nefndina. Nefndin hóf störf haustið 1988.

Þar sem nefndin var mjög fjölmenn, eða í allt 24 menn, var í upphafi starfsins ákveðið að nefndinni skyldi skipt í vinnuhópa sem hver um sig hefði afmarkað verksvið. Var settur verkefnastjóri fyrir hvern vinnuhóp og fékk hann starfsmann til aðstoðar. Þessir hópar störfuðu síðan sl. vetur og skiluðu áliti til nefndarinnar í maímánuði sl. Kom þá í ljós að breið samstaða var í öllum hópunum um mörg mikilvæg grundvallaratriði fiskveiðistjórnar. Ákvað nefndin því að fela formanni ásamt verkefnastjórum hópanna að móta tillögur er byggðu á niðurstöðum þeirra. Sömdu formaður og verkefnisstjórar drög að frv. til laga um stjórn fiskveiða á sl. sumri og fylgdu því minnisatriði um ýmis álitamál sem þeir voru sammála um að leggja fyrir nefndina sem umræðugrundvöll. Þessi frumvarpsdrög voru síðan rædd á nokkrum fundum í ráðgjafarnefndinni. Í október og nóvember var gert hlé á störfum nefndarinnar en á þeim tíma eru haldnir ársfundir flestra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Var stjórn fiskveiða og fyrirliggjandi frumvarpsdrög til ítarlegrar umfjöllunar hjá öllum þessum aðilum.

Nefndin tók svo aftur til við starf sitt um mánaðamótin nóvember og desember og hafði þá við að styðjast samþykktir Fiskiþings og þinga sjómanna og útvegsmanna á sl. hausti. Samkvæmt gildandi lögum átti nefndin að skila fyrsta áliti haustið 1989 og var að því stefnt í nefndinni að hún lyki þessum þætti starfsins og skilaði frumvarpsdrögum fyrir sl. áramót. Þetta reyndist ekki mögulegt þar sem nokkrir nefndarmanna óskuðu eftir frekari tíma til umfjöllunar um málið. Skilaði nefndin því stuttri skýrslu í desember en hélt áfram störfum eftir áramótin. Hélt nefndin nokkra fundi í janúar og er skilabréf nefndarinnar dags. 26. jan. sl. Er það að finna á fylgiskjali I með frv. þessu ásamt bókunum og sérálitum einstakra nefndarmanna. Auk þess hafa þingflokkar Alþb. og Borgfl. lagt fram sérstakar bókanir vegna framlagningar málsins á Alþingi.

Á síðustu stigum nefndarstarfsins voru taldar líkur á að samstaða væri um þann texta sem er að finna í frv. Þegar á átti að herða reyndust sjónarmið nokkuð ólík og skiluðu margir nefndarmenn bókunum eða sérálitum. Þessar bókanir ganga þó mislangt. Hins vegar er óhætt að segja að um ýmis veigamikil atriði frv. hafi verið almenn samstaða í nefndinni. Veldur það vissulega vonbrigðum að álit nefndarinnar skuli ekki hafa verið afdráttarlausara.

Nefndin hefur unnið afar gott starf undir forustu Árna Kolbeinssonar, ráðuneytisstjóra í sjútvrn., og skilað af sér drögum að frv. sem eru mjög góður

grundvöllur fyrir hina þinglegu meðferð sem nú er að hefjast. Er frv. hér flutt óbreytt í því formi sem nefndin skilaði því af sér og fylgja því bókanir og sérálit einstakra nefndarmanna. Verður að telja eðlilegt að Alþingi fái frv. til umfjöllunar í því formi sem kom frá nefndinni enda var hún skipuð samkvæmt beinum lagafyrirmælum í gildandi lögum um stjórn fiskveiða til að móta tillögur um hvað við skuli taka í árslok þegar lögin falla úr gildi.

Frv. er byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með fiskveiðistjórn undanfarinna ára. Það byggir því á þeirri meginhugsun að fiskveiðum skuli stjórnað með úthlutun aflaheimilda á sérhvert skip sem liggi fyrir í upphafi hvers tímabils. Í frv. eru hins vegar lagðar til viðamiklar breytingar á einstökum þáttum fiskveiðistjórnunarinnar og mun ég nú víkja að meginatriðum þeirra.

Á undanförnum árum hafa reglur um stjórn fiskveiða ávallt gilt til skamms tíma í senn. Á árunum 1984 og 1985 giltu lög til eins árs hvort árið fyrir sig. Síðan tóku við lög er höfðu tveggja ára gildistíma og nú gilda lög frá ársbyrjun 1988 með þriggja ára gildistíma. Alþingi er því að fjalla í fimmta skipti á rúmlega sex ára tímabili um reglur um stjórn fiskveiða. Það liggur í augum uppi hvílíkt óhagræði það er þeim er við sjávarútveg starfa að búa við reglur sem hafa svo skamman gildistíma. Þeir þurfa að taka ákvarðanir um fjárfestingu og um rekstur er horfir til margra ára. Það er alveg ljóst að forsendur sem slíkar ákvarðanir eru reistar á geta ekki verið traustar þegar jafnmikil óvissa ríkir um lögskipun fiskveiðistjórnar og verið hefur að undanförnu.

Í frv. því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir því að lög um stjórn fiskveiða verði ótímabundin. Það er hafið yfir allan vafa að langur gildistími er forsenda þess að það hagræði náist sem stefnt er að með frv., t.d. varðandi stærð fiskiskipaflotans. Ótímabundin lög er hið almenna form löggjafar á Íslandi og þarfnast í sjálfu sér ekki neins sérstaks rökstuðnings. Með því er sköpuð meiri festa og aðilum skapaðar forsendur til að vinna eftir. Alþingi ætti þó ekki með þessu á nokkurn hátt að binda hendur sínar til frambúðar. Alþingi er með þessu á engan hátt að veita einstökum útgerðum óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði yfir fiskstofnunum eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frv. Það hlýtur að vera ákvörðun Alþingis á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta fiskstofnana með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Lög um stjórn fiskveiða hafa á undanförnum árum þróast til aukinnar lögbindingar. Fyrstu lögin sem giltu fyrir árið 1984 voru rammalög sem fólu ráðherra mjög víðtækt vald til að taka ákvarðanir um einstaka þætti fiskveiðistjórnarinnar með reglugerðum. Undanfarin ár hafa ávallt fleiri og fleiri atriði verið ákveðin með lögum og heimildir ráðherra takmarkaðar að sama skapi. Engu að síður er ráðherra enn ætlað allvíðtækt valdsvið í gildandi lögum.

Með frv. þessu er lagt til að áfram verði haldið á braut aukinnar lögbindingar og þeim atriðum, sem löggjafinn ákveður, fjölgað og reynt að takmarka þau atriði sem ráðherra eru falin til ákvörðunar eins og kostur er. Hins vegar verður ekki hjá því komist varðandi ýmis mikilvæg atriði svo sem ákvörðun heildarafla hverju sinni, svo og ýmis smærri framkvæmdaratriði.

Á undanförnum árum hafa gilt strangar reglur varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans. Aðgangur að fiskiskipaflotanum hefur í raun verið lokaður því að einungis hefur verið heimilt að taka nýtt fiskiskip í notkun að sambærilegt skip hafi jafnframt horfið úr rekstri. Fyrir þessu eru augljós rök. Fiskiskipaflotinn er of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna og því er nauðsynlegt að sporna gegn frekari stækkun hans.

Með frv. er lagt til að þessar meginreglur verði lögfestar áfram og framvegis verði þær einnig látnar gilda um báta undir 6 brúttólestum að stærð að því er veiðar í atvinnuskyni varðar. Í núgildandi lögum eru hömlur á fjölgun báta á bilinu 6–10 brúttólestir. Hins vegar eru fjölgun minni báta engin takmörk sett í dag. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að menn sáu í hendi sér að erfitt yrði í framkvæmd að leyfisbinda allar veiðar án tillits til stærðar báta en slík leyfisbinding er forsenda þess að unnt sé að takmarka fjölgun báta af þessum stærðarflokki. Smábátum hefur hins vegar haldið áfram að fjölga og komið hefur í ljós að mælingareglur eru svo rúmar að unnt er að hanna afkastamikil fiskiskip sem mælast innan við 6 brúttólestir. Nú er svo komið að ekki verður lengur vikist undan því að taka á þessu máli þrátt fyrir alla framkvæmdarörðugleika.

Í frv. er lagt til að allar veiðar smábáta í atvinnuskyni verði framvegis bundnar sérstökum veiðileyfum á sama hátt og veiðar báta milli 6 og 10 brúttólestir hafa verið leyfisbundnar undanfarin tvö ár. Einungis er gert ráð fyrir að hægt verði að fá leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir báta sem skráðir eru hjá Siglingamálastofnun innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Þó er gefið þriggja mánaða svigrúm til að ljúka smíði á þeim bátum sem hafin er.

Ekki er með frv. þessu ætlunin að takmarka á nokkurn hátt fjölgun skemmtibáta eða frelsi manna til að renna fyrir fisk sér til gamans. Til að unnt sé að koma við banni við fjölgun atvinnumanna í greininni er því nauðsynlegt að um þessar tómstundaveiðar séu settar ákveðnar reglur og eru tillögur þar að lútandi í frv. Er þar lagt til að frístundaveiðimönnum verði einungis heimilað að veiða fisk til eigin neyslu þannig að þeim verði bannað að selja hann eða fénýta á annan hátt. Verði veiðarfæri þeirra bundin við handfæri og stöng, enda ekki þörf á afkastamiklum veiðarfærum miðað við nýtingarmöguleika aflans. Loks er lagt til að komið verði á fót nokkurs konar skráningarskyldu þessara aðila með því að gera kröfu til að þeir fái tómstundaveiðileyfi. Þau veiðileyfi eru hins vegar öllum kræf sem þess óska, þannig að ég ítreka að ekki er verið að gera neinar tillögur um að hefta frelsi manna til að veiða sér fisk í soðið eða skreppa sér til gamans á sjóinn.

Ég hef gerst nokkuð langorður um þær tillögur frv. að óheimilt verði að fjölga fiskiskipum og að því aðeins verði heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðileyfi að annað sambærilegt hverfi úr flotanum. Ég tel hins vegar að ef þær meginreglur sem lagt er til að lögbundnar verði í frv. nái að festast í sessi ætti þegar fram líða stundir að vera óhætt að afnema allar reglur um endurnýjun fiskiskipaflotans. Reglur frv. munu eflaust hafa þau áhrif þegar fram í sækir að menn munu ekki sjá sér hag í því að auka afkastagetu skipa sinna því að það leiðir ekki til aukins afla. Stærð fiskiskipaflotans mun því aðlagast afrakstursgetu fiskstofna ef fiskveiðistjórn á borð við þá sem frv. þetta gerir ráð fyrir verður lögleitt. Því ætti að vera óhætt þegar frá líður að afnema 5. gr. frv.

Með frv. er lögð til veruleg einföldun varðandi útgáfu veiðileyfa. Samkvæmt gildandi lögum eru botnfiskveiðar allra skipa stærri en 6 brúttólestir háðar útgáfu sérstakra veiðileyfa, svo og þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brúttólestum. Veiðar á fjölmörgum öðrum fisktegundum eru háðar sérstökum leyfum og er lögbundið að slík leyfi þurfi til veiða á rækju, humri, skelfisk, síld og loðnu. Í frv. er gert ráð fyrir að öll fiskiskip, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni, fái eitt almennt veiðileyfi fyrir viðkomandi fiskveiðiár. Þetta leyfi veitir heimild til veiða á öllum þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Til veiða á þeim tegundum sem sæta aflahámarki þarf viðkomandi skip, auk veiðileyfis, skilríki um aflamark í viðkomandi tegund. Þrátt fyrir þessa almennu stefnumörkun varðandi útgáfu veiðileyfa þykir nauðsynlegt að hafa nokkuð víðtæka heimild til útgáfu sérveiðileyfa ef sérstaklega stendur á. Hér er átt við leyfi til dragnótaveiða og leyfi til veiða í tilraunaskyni, svo að dæmi séu nefnd.

Þar sem gert er ráð fyrir að tekin verði upp samræmd endurnýjunarákvæði fyrir öll fiskiskip þykir og nauðsynlegt að gera skil milli þeirra sem stunda veiðar í atvinnuskyni og þeirra sem stunda veiðar í frístundum eins og áður var vikið að.

Með frv. er lagt til að öllum fiskiskipum sem fá leyfi til veiða í atvinnuskyni verði úthlutað fastri aflahlutdeild í leyfilegum heildarafla. Lagt er til að sóknarmarkið verði afnumið og sérreglum um veiðar smábáta fækkað verulega frá því sem nú er. Sóknarmarkið var tekið upp á sínum tíma til að koma til móts við sjónarmið þeirra sem höfðu laka aflareynslu á viðmiðunarárunum. Reglur um það hafa tekið nokkrum breytingum frá því sem þær voru þegar þær voru fyrst settar.

Á árunum 1986 og 1987 voru þessar reglur það rúmar að útgerðir flestra togara völdu þann kostinn, jafnvel fyrir þau skip sem höfðu bestu aflareynsluna. Sá möguleiki sem hefur falist í sóknarmarkinu til að auka afla skips á kostnað annarra skipa í flotanum hefur án efa verið ein meginástæða þess að ýmsir útvegsmenn hafa á undanförnum árum séð sér hag í því að fjárfesta í sem stærstum og afkastamestum skipum og að endurbæta þau skip sem þeir áttu fyrir. Sóknarmarksskipin gátu, fram til ársins 1988, aukið aflamark sitt á kostnað þeirra skipa sem aflamark völdu. Enn þann dag í dag veldur val á sóknarmarki því að aflaheimildir færast til frambúðar milli skipa. Þessi tilflutningur hefur valdið nokkurri óánægju vegna þess að sumir telja að misvægis hafi gætt milli landshluta varðandi ávinning sóknarmarks skipa. Fullvíst má telja að reglur um sóknarmark hafi átt mestan þátt í því að sú hagkvæmni sem hægt er að ná með kvótakerfinu hefur ekki náðst að fullu. Auk þess að hvetja til óþarfa fjárfestinga í fiskiskipum hefur sóknarmarkið valdið mikilli óvissu um heildarafla og verið helsti skekkjuvaldurinn í spám um heildaraflamarkið.

Í ákvæðum I, II og IV til bráðabirgða er að finna ákvæði um úthlutun aflaheimilda. Fyrir skip sem eru 10 brúttólestir og stærri er lagt til að aflamark í botnfiski og úthafsrækju verði byggt á úthlutuðu aflamarki eins og það var í upphafi þessa árs. Með því eru tekin af öll tvímæli um að ávinningur vegna sóknarmarks á árinu 1990 hafi ekki áhrif á úthlutað aflamark, verði frv. þetta að lögum. Lagt er til að reiknað verði meðalaflamark í þorskígildum í hverjum sóknarmarksflokki fyrir sig. Við þá útreikninga verði lagt til grundvallar aflamark í botnfiski og úthafsrækju. Þau skip sem hafa lægra aflamark en sem nemur meðaltali síns flokks fái ákvarðaðar bætur er nemi 40% af mismun milli aflamarks viðkomandi skips og meðalaflamarks skipa í sama flokki. Ljóst er að þessar bætur munu ekki að fullu eyða þeim sveigjanleika sem sóknarmarkið hefur valdið, sérstaklega hvað þorsk varðar. Aflamark allra skipa verði því hækkað með sama hætti og mundi gerast ef heildarafli væri aukinn. Með þessari tillögu um úthlutun aflaheimilda í upphafi er reynt að koma til móts við sjónarmið þeirra sem hafa staðið í nýfjárfestingum án þess þó að ganga að fullu á rétt þeirra sem hafa þokkalega aflareynslu fyrir. Aflahlutdeild skipa í síld, loðnu, skelfiski, humri, innfjarðarrækju og hörpuskel yrði, samkvæmt ákvæði IV til bráðabirgða, leitt af hlutdeild viðkomandi fiskiskips í úthlutuðum aflaheimildum fyrir gildistöku laganna.

Með gildandi lögum voru í fyrsta sinn settar skorður við fjölgun báta milli 6 og 10 brúttólestir og aflahámark sett á netaveiðar allra báta undir 10 brúttólestum. Þrátt fyrir skorður á veiðum þessara báta hefur hlutdeild þeirra í heildarafla haldið áfram að aukast. Þá hefur bátum undir 6 brúttólestum fjölgað og smíðaðir hafa verið bátar sem mælast undir 6 brúttólestum en eru mun afkastameiri en mörg skip yfir 10 brúttólestum sem sæta stífum aflatakmörkunum.

Í frv. er lagt til að öllum bátum, minni en 10 brúttólestir, sem stunda veiðar í atvinnuskyni verði úthlutað aflamarki er byggi á aflareynslu áranna 1987–1989, en byggt verði á meðalafla tveggja bestu áranna. Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um aflamark þessara báta og gilda um skip stærri en 10 brúttólestir. Þá er lagt til að bátum minni en sex brúttólestir gefist kostur á að stunda veiðar með línu

og handfæri án aflaheimildar en með dagatakmörkunum með hliðstæðum hætti og í gildandi lögum. Sett eru inn ákvæði sem eiga að tryggja að hlutur þeirra báta sem þann kost velja aukist ekki verulega umfram það sem nú er. Þá er lagt til að skipuð verði sérstök samstarfsnefnd til að gera tillögur um veiðiheimildir þeirra báta sem ekki hafa fulla aflareynslu á því tímabili sem lagt er til grundvallar. Þess misskilnings hefur gætt að þeim aðilum sem hafa stundað veiðar hluta úr ári í frístundum sínum gefist ekki kostur á öðru en tómstundaveiðileyfi samkvæmt frv. Þeim aðilum gefst kostur á atvinnuveiðileyfi með aflamarki sem byggir á eigin veiðireynslu. Tómstundaveiðileyfi er eingöngu ætlað fyrir þá sem ekki hafa aflareynslu.

Gerð er tillaga um að fiskveiðiárið fyrir botnfisk hefjist 1. sept. ár hvert og ljúki 31. ágúst ári seinna. Hér er á ferðinni róttæk breyting frá gildandi lögum en veiðiheimildum í botnfiski er nú úthlutað fyrir hvert almanaksár. Til að gera þessa framkvæmd mögulega þurfa tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar að vera tilbúnar fyrir 1. ágúst ár hvert. Kostir þessa fyrirkomulags eru nokkrir. Flest veiðitímabil og vertíðir falla innan þessa tímabils. Slíkt fyrirkomulag getur haft jákvæð áhrif á afkomu fiskvinnslunnar ef það leiðir til þess að dregið verði enn úr aflatoppum yfir sumarmánuðina en sá afli hefur jafnan nýst illa til vinnslu. Þá er mikilvægt, út frá allri áætlanagerð um þróun og framvindu efnahagsmála, að uppiýsingar um leyfilegan heildarafla liggi fyrir snemma á haustin. Ekki er ólíklegt að þetta fyrirkomulag leiði til minni atvinnu yfir sumarmánuðina og getur þess vegna haft slæmar afleiðingar fyrir sumarvinnufólk, sérstaklega námsmenn. Þá skapar þetta fyrirkomulag einnig vandamál hvað varðar úthlutun veiðiheimilda í upphafi, eins og gerð er grein fyrir í ákvæði til bráðabirgða III.

Í frv. er tekið upp ákvæði gildandi laga um framsal aflamarks innan hvers árs. Þó er gerð ein breyting þess efnis að séu minna en 25% af aflamarki skips ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður. Með þessu er komið til móts við þau sjónarmið að óeðlilegt sé að skip liggi óhreyfð árum saman við bryggju til þess eins að framselja veiðiheimildir. Veiðiheimildirnar falla endanlega niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og koma þær til hækkunar á veiðiheimildum annarra skipa.

Augljóst er að aukin hagkvæmni í fiskiskipaflotanum næst ekki nema með því að veita víðtækar heimildir til að færa aflaheimildir varanlega milli skipa. Með því móti einu geta menn hagrætt og dregið úr sóknarkostnaði við veiðar. Á þann eina hátt gefst aflamönnum kostur á að njóta sín því að sjálfsögðu munu aflaheimildir leita til þeirra í framtíðinni sem aflanum ná með minnstum tilkostnaði. Það er jafnframt eina leiðin til að sameina aflaheimildir skipa, fækka fiskiskipum og minnka þar með afkastagetu flotans. Framseljanlegar veiðiheimildir eru því grundvallaratriði í þessum tillögum um fiskveiðistjórn. Þær eru sá aflvaki sem stuðlar að aðlögun fiskiskipastólsins að afrakstursgetu fiskstofnanna. Þannig eru lögmál markaðskerfisins nýtt til að auka hagkvæmni veiðanna. Nauðsynlegt er þó að menn geri sér ljóst frá upphafi að í fyrstu munu þessum framsalsheimildum fylgja vandamál. Athygli skal vakin á því að þrátt fyrir rúmar framsalsheimildir er óheimilt að safna á skip aflaheimildum sem bersýnilega eru umfram veiðigetu þess. Óheftur flutningur veiðiheimilda getur valdið röskun í fiskiskipaflotanum innbyrðis, t.d. milli báta og togara, og getur jafnframt skapað staðbundin vandamál í byggðarlögum sem byggja alfarið á sjávarútveginum.

Síðara atriðið er þó í raun alls ekki bundið við framseljanleika veiðiheimilda. Sala skipa úr byggðarlagi eða stöðvun undirstöðufyrirtækja í sjávarútvegi vegna rekstrarörðugleika er raunar mun líklegri til að valda staðbundnum atvinnuvandamálum en framseljanleiki aflaheimilda. Ég tel miklu skipta að menn takist á við þennan vanda af raunsæi. Sumir vilja bregðast við með því að hefta framsal aflaheimilda verulega og binda þær við tiltekin byggðarlög með ýmsum hætti. Hætt er við að með því væri öll þróun og framvinda stöðvuð og hagkvæmni aflamarkskerfisins að engu gerð. Aðrir vilja láta skeika að sköpuðu. Þeir menn telja að hagkvæmnin ein eigi að ráða ferðinni og engin ástæða sé til aðgerða til að vernda hagsmuni fólks í tilteknum byggðarlögum. Slík sjónarmið eru að mínu mati ekki ásættanleg. Óhjákvæmilegt er að taka tillit til þeirra byggðarlaga sem eiga allt sitt undir sjávarútvegi. Í frv. er ekki gert ráð fyrir neinni bindingu aflaheimilda við byggðarlög eða landsvæði. Hins vegar eru sett inn ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem hyggjast selja fiskiskip eða hluta af sínum aflaheimildum varanlega. Er það gert til að skapa umþóttunartíma í skipasölu og ekki síst til að gefa heimaaðilum færi á að bjóða í þau skip sem til sölu kunna að vera.

Þess skal hér sérstaklega getið að fram til þessa hefur ekki verið heimilt að framselja varanlegan hluta aflahlutdeildar nema skip væri afmáð af skipaskrá. Þeir sem veðrétt áttu í skipinu þurftu ekki að óttast að skipið lækkaði í verði vegna flutnings aflahlutdeildar því afskráning skips var háð því skilyrði að skipið væri með öllu veðbandalaust. Verði frv. þetta að lögum verður framvegis nauðsynlegt fyrir veðhafa sem veðrétt öðlast í skipi eftir gildistöku laganna að tryggja með sérstökum hætti að veð þeirra rýrni ekki vegna framsals aflahlutdeildar skipsins. Hins vegar er í fimmta ákvæði til bráðabirgða V gert ráð fyrir að óheimilt sé að flytja hluta aflahlutdeildar af skipi nema fyrir liggi samþykki veðhafa sem veð eiga í skipinu þegar lögin öðlast gildi.

Margir hafa hugleitt hvaða milliveg sé unnt að rata í þessu efni, þannig að bæði sjónarmiðin um aukna hagræðingu í flotanum og öryggi byggðanna séu virt. Ég hef þar helst staðnæmst við það að með Úreldingarsjóði mætti skapa möguleika til að mæta slíkum vanda án fjölgunar fiskiskipa.

Í frv. til laga um Úreldingarsjóð sem nú liggur fyrir

þinginu er að vísu ekki gert ráð fyrir slíku hlutverki. Samkvæmt því er tilgangur sjóðsins eingöngu að fækka fiskiskipum með því að kaupa gömul skip og úrelda eða með því að veita úreldingarstyrki. Með Úreldingarsjóði er betur hægt að tryggja að fækkun fiskiskipa gagnist flotanum í heild og minni röskun verði milli hinna ýmsu skipaflokka, t.d. báta og togara. Auk þess mætti fela Úreldingarsjóði það hlutverk að koma til aðstoðar ef tilflutningur fiskiskipa eða veiðiheimilda hefur valdið verulegu atvinnuleysi og annarri röskun í byggðarlagi. Til þessa hlutverks gæti sjóðurinn fengið takmarkaðar aflaheimildir er ráðstafa mætti tímabundið til viðkomandi byggðarlaga. Þessar aflaheimildir gætu t.d. verið ákveðið hlutfall af því aflamarki sem ekki nýttist vegna kvótaálags á útflutning óunnins afla.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir starfsemi Úreldingarsjóðs og tel ég nauðsynlegt að frv. um hann sem nú er til umfjöllunar hjá hv. sjútvn. Ed. verði afgreitt samhliða þessu frv. ef nokkur kostur er.

Í ráðgjafarnefndinni náðist samkomulag um að álag vegna útflutnings á þorsk og ýsu verði hækkað úr 15% í 20%, en álag vegna útflutnings á öðrum tegundum verði óbreytt frá því sem nú er eða 15%. Þá er lagt til að skipuð verði nefnd er kanni hvort og þá með hvaða hætti mögulegt sé að koma við vigtun hérlendis á afla sem fluttur er óunninn úr landi. Einnig er lagt til að framkvæmd vigtunar á afla verði samræmd og eftirlit með henni eflt. Gerð er tillaga um að afli verði ávallt veginn á löndunarstað og hafnaryfirvöldum fengin yfirumsjón með vigtarmálunum og söfnun upplýsinga um landað aflamagn á hverjum tíma.

Með hliðsjón af minnkandi afla er hinn mikli útflutningur á óunnum fiski vaxandi áhyggjuefni. Allir eru sammála um að okkur beri að nýta ferskfiskmarkaðinn í Evrópu eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma. Með því að stilla framboði í hóf og gæta þess að senda aðeins úrvalsfisk fáum við á þessum mörkuðum hærra verð en með nokkru öðru móti. Menn greinir hins vegar á um hvaða aðferð skuli viðhöfð til að stjórna framboðinu á markaðnum. Þrjár leiðir hafa einkum verið ræddar í þessu sambandi og eru raunar tvær þeirra samtímis í notkun nú. Þessar leiðir eru í fyrsta lagi skömmtun, í öðru lagi kvótaálag og í þriðja lagi skylda til sölu á öllum afla innan lands.

Kvótaálagið var upphaflega tilkomið þannig að þau skip sem stundað höfðu siglingar á viðmiðunarárunum 1981–1983 þóttu ekki fá sanngjarnan grunn í kvótakerfinu nema tillit væri til þess tekið að þau höfðu verið frá veiðum vegna siglinganna. Var þetta leiðrétt með því að bæta 25% álagi ofan á þann afla þessara skipa sem landað var erlendis og láta hann þannig reiknaðan verða viðmiðun við ákvörðun aflamarks. Á hinn bóginn var svo ákveðið að sá afli sem seldur yrði erlendis skyldi á sama hátt reiknaður með 25% álagi og hið nýja skipulag yrði þannig í raun hlutlaust gagnvart ísfisksölum erlendis.

Í ljósi þessarar forsögu hef ég talið eðlilegt að hækka ísfiskálagið í kvótanum úr 15% og færa það aftur í upphaflegt horf eða 25%. Það er fullljóst að þetta álag er hluti af okkar fiskveiðistjórnunarkerfi og brýtur ekki á nokkurn hátt í bága við alþjóðlegar skuldbindingar. Þetta verður enn ótvíræðara þegar forsaga málsins er höfð í huga. Með hækkun álagsins minnkar áhugi á að selja fisk óunninn úr landi og þar með þörfin á að grípa samhliða til annarra aðgerða til að takmarka útflutninginn.

Önnur leið til að stýra útflutningnum er einhvers konar skömmtun á útflutningsheimildum. Þetta er og verður vandræðaleið án tillits til þess í hvaða formi og í hverra höndum slík skömmtun er. Ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína að ég tel hana þó best komna í höndum aflamiðlunar er stjórnað yrði sameiginlega af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins að aflamiðlun verði sett á fót. Bind ég vonir við að það verði gert svo fljótt sem auðið er.

Það fyrirkomulag í tengslum við hæfilegt álag á kvótann er án efa skársta leiðin sem völ er á í þessu efni. Sá kostur að gera kröfu til að allur afli verði seldur eða boðinn upp innan lands hefur átt vaxandi fylgi að fagna að undanförnu. Vissulega er mögulegt að fara þessa leið og láta hana jafnvel aðeins ná til ákveðinna tegunda. Með slíku fyrirkomulagi mundum við hins vegar hætta á að rjúfa rótgróin viðskiptasambönd og viðskiptaleiðir. Með þessari leið er ferskleika og gæðum ísfisksins einnig stefnt í hættu enda hætt við að krafa um sölu innan lands lengi í mörgum tilvikum þann tíma sem líður frá því að fiskur er veiddur þangað til hann kemur á markað.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir aðalatriðum þessa viðamikla frv. Að sjálfsögðu hefði verið ástæða til að fjalla á ítarlegri hátt um einstök atriði frv. En ég vísa til rækilegrar greinargerðar um einstök atriði þess. Einnig hefur frv. fengið ítarlega umfjöllun í þingflokkum og allmargir þingmenn þessarar hæstv. deildar hafa tekið þátt í mótun þess og undirbúningi og eiga þeir bestu þakkir skilið fyrir það starf.

Hér er um tiltölulega einfalt frv. að ræða sem aðeins er í 23 greinum. Verður það að teljast einsdæmi um jafnmikilvægt mál, þótt mörg veigamikil atriði þess komi fram í ákvæðum I–VI til bráðabirgða. Frv. er flutt óbreytt eins og það kom frá ráðgjafarnefndinni sem skipuð var samkvæmt ákvæði í gildandi lögum. Ég er sammála einróma áliti nefndarinnar um að mikilvægt sé að Alþingi ljúki afgreiðslu þessa máls fyrir þinglok þó þingstörfum ljúki í fyrra lagi í vor. Með því móti gefst aðilum sem við sjávarútveg starfa sanngjarn tími til að laga rekstur fyrirtækja sinna að breyttum forsendum.

Ljóst er að mörg viðkvæm atriði eru í þessu máli. Af þeim yfirlýsingum sem frv. fylgja má ráða að viðkvæmustu atriði þess eru framsal veiðiheimilda, sala fiskiskipa, útflutningur á óunnum fiski og handhöf veiðiheimilda. Sjónarmið um þessi atriði endurspegla mismunandi hagsmuni. Við lausn á einu þeirra

skapast önnur vandamál sem sjútvn. mun áreiðanlega fjalla ítarlega um. Ég vænti þess að um það geti skapast samstaða að hagkvæmni aflamarkskerfisins verði sem mest en jafnframt verði tekið tillit til þessara viðkvæmu atriða.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á hæstv. sjútvrh. mæla fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða. Það er ekki í fyrsta sinn sem slíkt skeður. Í fyrsta sinn mælti þessi hæstv. sjútvrh. fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða hér í þessari hv. deild í desember 1983. Það var þá sem mörkuð var ný stefna í fiskveiðimálum. Það er stefna sem síðan hefur verið fylgt og stefna sem hefur verið viðhaldið með því að samþykkja hvað eftir annað lög um framlengingu þessarar stefnu. Hæstv. ráðherra hefur alltaf talað fyrir þessum frv. um framlengingu. Það vill svo til að ég hef alltaf komið í kjölfarið á hæstv. sjútvrh. og geri það líka nú. Ég hef lýst mínum skoðunum á þessu máli, en ég hef verið mjög andvígur þeirri stefnu sem mótuð var með lögunum frá 1983. Ég mun halda uppi viðtekinni reglu. Ég er kominn hér í kjölfarið á hæstv. sjútvrh. og ég mun lýsa skoðunum mínum á þessu máli. (**StG:** Er ekki hægt að fá þingmanninn um borð?) Hv. 3. þm. Norðurl. v. er velkominn um borð til að vera með þeirri skipshöfn sem berst gegn þeirri fiskveiðistefnu sem fylgt hefur verið.

Ég er sammála því sem hæstv. sjútvrh. sagði í upphafi ræðu sinnar að þetta mál er eitt það allra mikilvægasta sem um ræðir fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar. Og eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. sjútvrh. kemur margt upp í hugann og margt er vissulega umhugsunarefni. Það getur vart verið til mikilvægara mál en það sem við nú fjöllum um. „Föðurland vort hálft er hafið", sagði skáldið. Ég skal nú ganga vafningalaust til verks og ræða vandamálið sem frv. þetta fjallar um.

Við Íslendingar stöndum vissulega frammi fyrir miklum vanda í fiskveiðistjórnun. Sóknargeta fiskiskipaflotans er meiri en samsvarar veiðiþoli fiskistofnanna. Góð ráð eru dýr. Minnka verður sóknargetuna annaðhvort með því að takmarka fiskveiðiflotann eða takmarka not skipaflotans. Geta menn sagt sér sjálfir hvað sé skynsamlegra eða þjóðhagslega hagkvæmara, að takmarka fjárfestinguna sem lagt er í eða takmarka nýtingu þeirrar fjárfestingar sem kostað er til. Þegar alls er gætt er nauðsynlegt að hafa hugfast hver tilgangurinn er með fiskveiðistjórnun. Grundvallaratriðið er verndun fiskistofna jafnframt hámarksafrakstri af fiskveiðum.

Og hver er þá okkar hlutur í þessum efnum? Á undanförnum árum hefur fiskveiðiflotinn stækkað. Nýting skipastólsins hefur versnað. Afrakstur fiskveiða hefur minnkað. Verndun fiskistofnanna hefur hrakað og veiðiþolið minnkað. Þannig höfum við ekki gengið til góðs götuna fram eftir veg. Þvert á móti er hér um að ræða hrakfallasögu. Menn þegja þunnu hljóði um þessa staðreynd. Það skaðar ekki að láta tölurnar tala, af mörgu er að taka. Hér eru örfá dæmi sem ég skal minna á.

Á árunum 1984–1988 fjölgaði fiskiskipum um 121 skip og smálestatala jókst um 9879 lestir. Auk þess fjölgaði opnum vélbátum um 161 og smálestatala þeirra jókst um 1725.

Á árunum 1979–1983 fækkaði hins vegar skipum um 71 og smálestatala jókst um 5357 lestir. Auk þess fjölgaði opnum vélbátum um 517 og smálestatala þeirra jókst um 1653.

Á árunum 1980–1983 fór þorskafli 64.000 tonn fram úr tillögum fiskifræðinga um veiði. Á árunum 1984–1988 fór þorskafli hins vegar 691.000 tonn fram úr tillögum fiskifræðinga um veiði.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út áhrif vannýtingar fiskiskipa á afkomu botnfiskveiða. Samkvæmt þeirri athugun gæti hagur útgerðar árið 1987 hafa batnað um nálægt því 1 milljarð kr. eða nálægt 5% í hlutfalli við tekjur ef fiskiskipum hefði verið fækkað um 10%. Þetta segir sína sögu. Ég gæti lengi haldið áfram og komið með fleiri tölur en ég neita mér um það.

Þessum ósköpum veldur röng fiskveiðistefna. Það fer ekki á milli mála að þessi óheillaþróun magnast um allan helming eftir að ný fiskveiðistefna var tekin upp með lögunum frá 1983 um fiskveiðistjórn. Það er að berja höfðinu við steininn að neita að draga ályktanir af þessari staðreynd. Samt er það sá skollaleikur sem stjórnvöld hafa leikið og enn heldur þessum leik áfram.

Við höfum nú hlýtt á mál hæstv. sjútvrh. Í ljósi þess sem hæstv. ráðherra sagði skulum við líta nánar á málið. Mér er spurn: Hvað gengur hæstv. ráðherra til að flytja annað eins frv. og hér er til umræðu? Í sannleika sagt var ég engu nær þegar hæstv. ráðherra hafði talað fyrir frv. Ég var engu nær um það sem mér er efst í huga. Það er brennandi spurning. Mín spurning til hæstv. sjútvrh. er: Hvers vegna vill hæstv. ráðherra halda áfram kvótakerfinu með tilliti til reynslunnar af því í sex ár? Og aftur spyr ég: Kemur ekki til greina með tilliti til reynslunnnar, hæstv. ráðherra, að taka upp á ný fiskveiðistjórnun sem byggist á sóknarstýringu eftir almennum reglum líkt því sem var 1976–1983? Enn spyr ég hæstv. ráðherra: Er kvótakerfið góð aðferð til fiskveiðistjórnunar með tilliti til fiskverndar þegar því fylgir að farið er tífallt meir en áður fram úr tillögum fiskifræðinga um leyfilega heildarveiði? Má ég einnig spyrja, hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að haldið er við kvótakerfið sem aðferð til fiskveiðistjórnunar þegar það er staðreynd að því fylgir tvisvar sinnum meiri aukning fiskiskipastólsins en áður var?

Sjá menn ekki að það hljóta að vera ríkar ástæður sem geti í ljósi reynslunnar réttlætt framhald kvótakerfisins? Hæstv. sjútvrh. verður að skýra betur þessar ástæður en komið hefur fram í framsöguræðu hans og í grg. frv. sem við nú fjöllum um. Hæstv. ráðherra verður, honum ber að draga upp skýra mynd af þessu. Engar felumyndir duga. Ég á fleira vantalað við hæstv. sjútvrh.

Það segir að tilgangur frv. sé að marka meginreglur varðandi framtíðarskipan stjórnar fiskveiða og skapa grundvöll fyrir hagkvæmari og skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna. Ég get ekki varist að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvernig má þetta ske með aðferð kvótakerfisins sem leiðir til stækkunar fiskveiðiflotans, verri nýtingar skipastólsins, minnkandi afraksturs fiskveiða, hrakandi verndunar fiskistofna og minnkandi veiðiþols? Ég spyr. Hinn yfirlýsti tilgangur frv. er hvorki meira né minna en bein þversögn við veruleikann. Fyrr má nú rota en dauðrota. Hæstv. ráðherra kemst ekki fram hjá því að gera hreint fyrir sínum dyrum um þessa framsetningu.

Þá segir í greinargerð með frv. að því sé ætlað að skapa sjávarútveginum almenna umgjörð og leikreglur. Almenna umgjörð og leikreglur. Innan þessa ramma sé þeim sem við sjávarútveg vinna hins vegar falið að taka ákvarðanir á þann hátt sem þeir telji hagkvæmast. Með því að nýta þekkingu og dugnað þeirra er gerst þekkja megi ætla að heildarafrakstri af framleiðsluauðlindinni verði náð fyrir þjóðfélagið í heild. Þannig hljóðar það. En þetta kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum. Hér er gefin lýsing á eðli almennrar sóknarstýringar sem er í hreinni mótsögn við einstaklingsbundna stjórnun fiskveiða, svo sem kvótakerfið er. Hvað á þetta að þýða? Á þetta kannski að rugla menn í ríminu? Blekking eða hvað? Nei, hæstv. ráðherra verður að svara fyrir þetta.

En snúum okkur þá að þeim breytingum frá núgildandi lögum sem felast í þessu frv. Er þá fyrst til að taka að lög um stjórnun fiskveiða skuli vera ótímabundin, svo sem algengast sé hér á landi, eins og það er orðað. Rétt er nú það. En málið er ekki svona einfalt. Man nú enginn hvað sagt var þegar kvótahelsinu var smeygt, í skammdeginu 1983, á líftaug undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar? Hæstv. sjútvrh. lagði þá ríka áherslu á að kvótakerfið væri sett til reynslu og til bráðabirgða ef svo bæri undir. Og þessu til áréttingar lagði ráðherra til að lögin um kvótakerfið yrðu aðeins til eins árs. Svo er nú farið að. Og framlagning laganna síðan hefur einnig verið tímabundin. Við hverja framlengingu hefur farið fram svokölluð endurskoðun. Og við hverja endurskoðun hefur árangurinn af kvótakerfinu birst í lakari verndun fiskistofnanna og minnkandi möguleikum á hámarksafrakstri fiskveiða.

Nú segir hæstv. sjútvrh., sami ráðherrann og í upphafi sagði kvótann til reynslu, að nú sé fullreynt. Hann segir að reynslan af þessari fiskveiðistjórnun sé slík að kerfið skuli sett á til frambúðar. Manni er spurn, hæstv. sjútvrh.: Hvað hefði að mati ráðherra fiskverndinni mátt hraka mikið meir og afrakstur fiskveiða mátt vera mikið lakari til þess að draga mætti þá ályktun að reynslan af kvótakerfinu réttlætti ekki framlengingu þess? Hverju svarar ráðherra þessu? En þögn um þetta atriði kallar á aðra spurningu. Getur verið að hæstv. sjútvrh. hafi alla tíð verið staðráðinn í að koma kvótanum á til frambúðar? Getur verið að talið um reynslutíma hafi alla tíð verið fyrirsláttur? Getur verið að hæstv. ráðherra hafi verið ákveðinn að fara sínu fram hvað sem tautaði og raulaði? Reynslan af kvótakerfinu gefur vissulega tilefni til að spyrja. Og svo gerir þráhyggja hæstv. ráðherra við að framlengja lífdaga þess. Og víst er það að ekki hefur það reynst að ófyrirsynju sem ég sagði þegar ég andmælti við 1. umr. hér í hv. deild kvótafrumvarpinu í desember 1983. Ég minnti á það sem eftir vitrum manni hafði verið sagt, að það sem í löggjöf héti að væri til reynslu eða til bráðabirgða væri oftast lífseigast og til mestrar frambúðar. En auðvitað á slík regla ekki að geta átt við slíkt afstyrmi löggjafar sem kvótakerfið er.

Þá er ein breytingin sem felst í frv. þessu að botnfiskheimildir verði miðaðar við tímabilið 1. sept. til 31. ágúst ár hvert en ekki almanaksárið eins og nú er. Þetta á að nefnast fiskveiðiár. Hæstv. ráðherra skýrði þetta. Mér þykir ástæða til þess að fara nánar út í þetta. Ástæðurnar sem eru fram taldar fyrir þessari breytingu eru sannarlega nokkuð skondnar. Það er tekið fram að með þessari skipan verði fyrr ljósar nauðsynlegar forsendur fyrir gerð þjóðhagsáætlunar og fjárlaga fyrir komandi ár. En bætt er við að á hinn bóginn sé því ekki að neita að aðskilnaður fiskveiðiárs og almanaksárs geti gert þessar forsendur ótryggari. Þá er tekið fram að þessi breyting á fiskveiðiárinu skapi vissa byrjunarörðugleika. Já, mikið skal til mikils vinna.

Fjarri er mér að stinga undir stól nokkru sem gæti mælt þessari breytingu bót. Þessi aðskilnaður fiskveiðiárs og almanaksárs er rökstuddur með því að hagkvæmara sé að láta þá þurrð á veiðiheimildum sem oft fylgir síðustu mánuðum hvers veiðitímabils koma frekar niður á sumrinu en öðrum árstíma. Bent er á að á þeim árstíma séu aflabrögð oft góð en fiskur verri til vinnslu en á öðrum árstímum og fiskvinnslan vanbúin að taka við miklum afla vegna sumarleyfa. Svo hljóða þau orð. Allt kemur þetta spánskt fyrir sjónir. Það er gert ráð fyrir að það dragi úr veiðum á þeim árstíma sem aflabrögð eru góð. Þá er gert ráð fyrir að dragi úr veiði. Það er gengið fram hjá þeirri augljósu staðreynd að hagkvæmast er fyrir sjálfa útgerðina að halda sér sem mest að veiðum þegar aflabrögðin eru sem best. Þannig er hagkvæmast fyrir hvert skip að veiða upp í kvóta sinn án tillits til þess hvort fiskur er verri eða betri til vinnslu eða fiskvinnslan sé vanbúin að taka við miklum afla vegna sumarleyfa starfsfólks. Kvótakerfið hefur ekkert innbyggt skipulag sem mælir fyrir hvenær skip skuli halda sér að veiðum. Það er hins vegar eðli fiskveiðistjórnunar sem er fólgin í sóknarstýringu eftir almennum reglum þar sem beitt er tímabundnum veiðibönnum, eftir árstímum og veiðisvæðum.

Til þess að ná því hagræði fyrir fiskvinnsluna og þjóðhagslegum ávinningi sem talað er um dugar ekki ákvæði frv. um fiskveiðiár. Það dugar ekkert nema að afnema sjálft kvótakerfið og taka upp almenna sóknarstýringu við stjórn fiskveiða. Hér breytir engu um þó að kvótaár sé tekið upp í tímatalið. Það hefði þess vegna alveg eins mátt notast við kirkjuárið. Ef menn vilja endilega afleggja almanaksárið í tilbeiðslu

sinni við kvótakerfið. Og þetta kallaði hæstv. ráðherra hér í ræðu sinni róttæka breytingu, tilkomu kvótaársins.

Ein breyting með frv. er skýrð svo að útgáfa veiðileyfa verði einfölduð verulega frá því sem nú er og gerð skil milli veiða í atvinnuskyni og tómstundaveiða. Hæstv. ráðherra skýrði þetta nokkuð út í ræðu sinni hér áðan. En ég kemst ekki hjá því að koma nokkuð nánar að þessu. Því það verður ekki séð að reglur frv. einfaldi leyfisveitingar frá því sem nú er. Þvert á móti er stefnt í þveröfuga átt með því að gera tómstundaveiðar háðar veiðileyfum. Er nú skörin farin að færast upp í bekkinn.

En hvað sem líður framkvæmd þessara fyrirmæla um tómstundaveiðar hnykkir manni við sjálfa miðstýringuna og alls ráðandi ríkisforsjá, hugsunina og lífsviðhorfið sem liggur hér að baki. Nú skulu menn sækja um leyfi til þess að geta varið tómstundum sínum. Í dag er það tómstundaveiði. Hvaða tómstundaiðkanir koma á morgun? Spyr sá sem ekki veit. Ef mönnum leyfist ekki að eiga fyrir sig tómstundir og njóta þeirra er friðhelgi einkalífsins stefnt í bráðan voða.

Og hvað felst í tómstundaveiðum samkvæmt frv.? Það er veiði til þess að fiska í soðið. Nei, nú hef ég ekki farið alveg rétt með. Það er veiði til að fiska sér í soðið, sér í soðið stendur þar. Sá sem fiskar verður að borða það sjálfur, þýðir þetta víst. En eiginkonan, jú, maður og kona eru að sjálfsögðu eitt. Börn, a.m.k. innan 16 ára. Gerum við ráð fyrir að heimilið allt fái soðningu? Við skulum gera það. En ef tvö heimili eru á sama sveitabæ eða tvíbýli þá vandast nú málið. Má þá bóndinn sem reri til fiskjar skektunni sinni láta hinn bóndann fá í soðið? Eða hvað um bóndann á næsta bæ? Væri hægt að bjarga honum með í soðið? (Gripið fram í.) Ég efast um að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi kynnt sér frv. og efni þess en það undrar mig ekki þó hann hafi kannski ekki mikinn áhuga á því. Væri hægt að bjarga bóndanum á næsta bæ með í soðið? Kannski hefði hann ekki getað róið sjálfur til fiskjar vegna þess að báturinn hans var í lamasessi eða hann lá veikur í bólinu.

Það þótti löngum engin goðgá að manni væri gefið í soðið. En æ sér gjöf til gjalda. Og bannað er að fénýta aflann eins og það er orðað. Það er orðað svo, fénýta aflann. Vandast þá málið ef handhafa tómstundaveiðileyfis hefði orðið á að gefa vini sínum eða nágranna svo sem spyrðling, þaraþyrskling eða annan tísling. Er þá gamanið tekið að grána þegar gefandinn fer að greiða sektir fyrir athæfið jafnframt því að sjálfsögðu að greiða gjald sitt fyrir tómstundaveiðileyfi sem honum ber að standa skil á samkvæmt ráðherralegri reglugerð. Hins vegar getur leyfishafi tómstundaveiðanna glaðst yfir því að gjaldinu sem af honum er tekið er ætlað að verja til eflingar hafrannsókna. Og segi menn þá að frv. sem við nú ræðum sjái ekki vel fyrir öllu. Margar spurningar rísa og margt kemur upp í hugann þegar við veltum þessu og þvílíku fyrir okkur.

Sú var tíðin að dyggðug hjú máttu hafa á báti húsbónda síns nokkra öngla í eigin þágu, svokallaða marköngla. Af því að markönglafiskurinn þótti reynast meiri en góðu hófi gegndi afdæmdi Alþingi árið 1689 alla marköngla vinnumanna. Spurningin er: Verður Alþingi nú jafnstrangt og forðum? Það er spurningin um hvaða merkingu eigi að leggja í það sem frv. þetta nefnir tómstundaveiði.

Svo er annað mál að vandséð verður að skilja hvernig jafnvel hið alsjáandi auga sjútvrn. má fylgjast með, svo og hvernig framkvæmdar verði reglur laga um fiskveiðistjórn, um allt er lýtur að tómstundaveiðum. Kannski mætti hafa til hliðsjónar tilskipun frá árinu 1781 um vegabréf sem framfylgja mátti með því að sóknarprestar neituðu útróðrarmönnum um altarisgöngu ef út af settum reglum var brugðið.

Ég hef ekki gert svo mjög tómstundaveiði að umtalsefni fyrir það að þær hafi nokkra þýðingu fyrir sóknargetu fiskiskipastólsins og veiðiþol fiskistofnanna, heldur til þess að vara við því að fara inn á þá braut að leyfisbinda tómstundaiðju á borð við tómstundaveiði til að fá sér í soðningu. En fyrst og fremst mega fyrirætlanir frv. um þetta efni vera glöggur vottur þess í hvert skötulíki fiskveiðistefnan er komin.

Enn fremur er tiltekið sem ein af meginbreytingum í frv. þessu frá gildandi lögum að óheimilt verði að fjölga öllum gerðum og stærðum fiskiskipa sem fái leyfi til að veiða í atvinnuskyni. Jafnframt verði teknar upp samræmdar endurnýjunarreglur fyrir þessi skip. Hvað er nú þetta? Hefur það ekki átt að heita svo sem með kvótakerfinu hafi átt að koma í veg fyrir að skipum fjölgaði og reglur um endurnýjun áttu að gilda? En það hefur bara komið fyrir ekki. Aldrei hefur skipum fjölgað meir og sóknargetan aukist meir en eftir að núgildandi reglur kvótakerfisins komu til eins og ég hef áður vikið að. En þetta er náttúrlega engin tilviljun. Kvótakerfið hefur í sér fólginn innbyggðan hvata til að koma í veg fyrir og torvelda að skipum geti fækkað og sóknargetan minnkað. Það varðar mestu að halda úti hverju skipi, hversu óhentugt og óhagstætt sem það er til útgerðar, í þeim tilgangi að fá útdeildan kvótaskammt á skipið. Ekkert fley er svo hrörlegt að því sé ekki haldið á floti til þess að það geti fengið kvótann sinn. Það er aðalatriði jafnvel þó að ekki sé til annars en að gera veiðileyfið að verslunarvöru.

Af þessum ástæðum fær ekkert breytt óheillaþróun síðustu ára og dregið úr sóknargetunni nema horfið verði frá kvótakerfinu. Hvorki Úreldingarsjóður fiskiskipa né aðrar beinar aðgerðir duga til að stuðla að jafnvægi milli sóknargetunnar og veiðiþols fiskstofnanna. Það dugar ekkert meðan kvótakerfið er við lýði vegna þess að það viðheldur vandanum sem við er að glíma. Ef menn vilja leysa vandann verða þeir að vera sjálfum sér samkvæmir og afleggja kvótakerfið. Því gerir þetta frv. ekki ráð fyrir. Þess vegna eru allar meiningar þess um takmörkun fiskiskipastólsins og endurnýjunarreglur skipa léttvægar fundnar og ábyrgðarlausar.

Ég hef hér, herra forseti, vikið að nokkrum atrið-

um sem eru tilgreind sem meginbreytingar frá gildandi lögum. Fleira er tilgreint í þessu efni en ég skal ekki fara að fjölyrða um þau atriði. Það er fyrst og fremst um að ræða atriði sem varða beina framkvæmd kvótakerfisins en ekki undirstöðu þess og grundvallarhugsun. Þessi atriði geta verið betri eða verri en nú gildir en allt slíkt fellur í skuggann fyrir eðlisbundinni óhæfu kvótakerfisins sem aðferð til fiskveiðistjórnunar. Og þess vegna má aldrei missa sjónar á að mikilvægast er að taka upp aðra fiskveiðistefnu.

Reynslan sýnir að betri fiskveiðistefna er finnanleg. Það hefur verið vísað á þá stefnu. Það hefur verið gerð tillaga um þá leið. Og það sem hefur verið lagt til er ekki óraunhæfara en svo að það er að grundvelli sama fiskveiðistefnan og fylgt var á árunum 1976–1984. Og hver er þá munurinn á því sem er og því sem koma skal? Ég skal ekki víkja mér undan að koma inn á það. En það er munurinn á einstaklingsbundinni stjórnun atvinnulífs og stjórnun almenns eðlis. Með einstaklingsbundnum stjórnunaraðferðum eru hverjum einstaklingi gefin bein fyrirmæli um athafnir sínar, um hvað hann megi gera og hvað mikið aðhafast. En stjórnun almenns eðlis er fólgin í reglum þar sem einstaklingnum er heimilað að athafna sig eins og hann hefur vilja og getu til innan ramma þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á hverjum tíma. Hér skilur á milli frelsis og ófrelsis, valddreifingar og miðstýringar. Önnur leiðin stuðlar að hagsæld og velmegun, hin er dragbítur á efnahagslegar framfarir.

Með kvótakerfinu sem nú er við lýði eru veiðiheimildir bundnar við einstök skip og því takmörk sett með hvað hvert skip má veiða mikið. Þannig er kvótakerfið einstaklingsbundin stjórnun fiskveiða með þeim göllum og annmörkum sem slíkri skipan fylgir. Árangur kvótakerfisins hefur borið þessu vitni en samt sem áður sitja kvótamennirnir fast við sinn keip. Það skal haldið við kvótakerfið hvað sem það kostar, já, hvað sem það kostar. Þeir tala um endurbætur á kerfinu sem raunar hefur verið lofað allan tímann. En það kemur fyrir ekki því að fyrir hvern og einn vankant sem sniðinn kann að vera af skjóta tveir hálfu verri upp kollinum í staðinn. Þannig hefur kerfið orðið óbærilegra við hverja breytingu sem gerð hefur verið. Þessu er svo farið vegna eðlis málsins. Vandinn liggur í kvótakerfinu sjálfu. Þess vegna verður vandamálið ekki leyst nema með afnámi kvótakerfisins. Samt þráast menn við og lofa endurbótum á kerfinu svo að sóknargetan verði ekki meiri en þarf til að fullnýta fiskistofnana. Hæstv. sjútvrh. kom inn á þetta áðan og hann var að gefa fyrirheit um að hans stefna gæti leitt til þess árangurs. Og þessu er verið að gera skóna með því frv. sem við nú ræðum.

En þetta verðum við að athuga nánar því að þetta er hjóm eitt svo sem ég hef raunar þegar skýrt út. Í þessu efni er frv. hvorki fugl né fiskur. Það verður að velja á milli markaðskerfis og skömmtunarkerfis kvótans. Þetta fer fyrir brjóstið á kvótamönnum, a.m.k. sumum. En það er enginn millivegur fremur en í uppgjörinu á milli markaðsbúskapar og kommúnismans austan járntjaldsins sem einu sinni var. Frv. ber þessa glögg merki með ráðleysi sínu, þversögnum og fyrirvörum höfunda þess.

Það er til þess aðeins að bæta gráu ofan á svart ef taka á alvarlega talið um endurbætur á kvótakerfinu. Það getur ekki merkt annað en að herða eigi á miðstýringunni sem er eðlisbundin kvótakerfinu. Þetta þýðir í framkvæmd að stjórnvöld ákveði hvað fiskveiðiskipastóllinn skuli vera stór, hvaða skip skuli úrelda, hvaða ný skip megi koma til, hvaða skip skuli endurbyggð, hver skuli vera eigandi að hverju skipi og frá hvaða verstöð skuli gera það út. En fyrirmæli stjórnvalda fela ekki í sér neina tryggingu fyrir hagkvæmum rekstri sjávarútvegsins. Þvert á móti skortir þessa aðferð það sem nauðsyn krefur til að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni. Engin miðstýring eða ríkisforsjá getur í eðli sínu verið fær um að gæta þess. Samkvæmt eðli málsins hljóta ákvarðanir stjórnvalda í þessum efnum að vera að meira eða minna leyti geðþóttaákvarðanir þegar best lætur. En hvað á að koma í staðinn? Aflatakmarkanir skulu ekki bundnar við skip heldur verði hverju einstöku skipi frjálst að afla og flytja þá björg í bú sem það er fært um innan þeirra marka sem leyfilegur hámarksafli úr hverjum einstökum fiskstofni heimilar. Verstöðvar skulu njóta aðstöðu sinnar til fiskimiðanna þannig að stuðlað sé að hagkvæmri verkaskiptingu í atvinnulífi landsmanna eftir byggðarlögum og með því eflt þjóðhagslegt gildi og heildarafrakstur fiskveiða.

Þessi skipan er frumskilyrði þess að ráðið verði við vandann. Þessi skipan felur í sér það úrval sem þarf að fara fram til að fækka fiskiskipum og minnka þannig sóknargetuna til samræmis við það sem nægir til að fullnýta fiskistofnana. Slíkt úrval geta engar stjórnvaldsráðstafanir framkvæmt. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða. Þeir halda velli sem kunna best til verka. Hinir falla fyrir borð. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins. Þannig njóta sín fiskiklærnar en fiskifælurnar stoðar ekkert. Þannig fær hagkvæmni, kunnátta og hagsýni að njóta sín í útgerðarstjórn en fúskurum ekki séð farborða í skjóli meðalmennskureglu skömmtunarkerfisins. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Þannig getur sóknargetunni miðað þegar til lengdar lætur í átt til jafnvægis við fiskistofnana.

En til að flýta fyrir þessari þróun og að fiskiskipaflotinn verði ekki stærri að sóknargetu en hámarksnýting fiskistofnanna krefur og stuðla að því að svo geti jafnan verið þarf að gera sérstakar ráðstafanir. Stofna verður úreldingarsjóð fiskiskipa til að taka af skipaskrá skip sem ekki eru hagkvæm til reksturs. Um þetta efni er ég algerlega sammála hæstv. sjútvrh. Okkur greinir samt á. Hann telur að þetta geti komið að gagni við kvótakerfið en ég tel að það sé vonlaust, eins og ég hef áður greint frá. Þá þarf að

setja þær reglur að endurnýjun skipastólsins, sem stöðugt þarf að eiga sér stað, megi ekki leiða til stækkunar hans meðan sóknargetan er umfram það sem nægir til að ná hámarksnýtingu fiskstofnanna. Allt miðar þetta að góðri stjórnun. En fiskveiðistjórnun er þeim mun betri sem minni veiðitakmörkunum er beitt. Og víst er það að æskilegasta ástandið í þessum efnum er ekki komið fyrr en náð er jafnvægi milli sóknargetunnar og veiðiþols fiskstofnanna. Þá á heldur ekki að þurfa að búa við sérstakar endurnýjunarreglur fiskiskipastólsins. Um þetta atriði er ég sammála hæstv. sjútvrh. er hann vék að þessu. En okkur greinir á um það að hann telur að hægt sé að ná þessu ástandi innan kvótakerfisins en ég tel að það sé vonlaust og tel mig hafa fært rök fyrir því.

Þó aldrei sé of mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að jafnvægi komist á milli sóknargetu fiskiskipastólsins og veiðiþols fiskstofnanna verður að gera ráð fyrir því að til veiðitakmarkana verði að koma og nú um þessar mundir er það vissulega höfuðnauðsyn og viðfangsefni. Varðar þá mestu að aðgerðirnar séu ekki einstaklingsbundnar með aflatakmörkunum á hvert einstakt skip heldur sóknarstýring eftir almennum reglum um gerð skipa og útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla. Hér er um að ræða aðferðina sem byggt var á áður en kvótakerfið var tekið upp. Viðfangsefni er að bæta alla framkvæmd við þessa sóknarstýringu. Það má gera með ýmsu móti, svo sem að skipta afla milli báta og togara og skipta árinu í veiðitímabil. Ákveða má tiltekna veiðibanndaga og fjölga, ef veiði ætlar að fara fram úr leyfilegum heildarafla. Margt fleira kemur til greina, svo sem að setja sérreglur um netaveiðar báta, togveiðar og aðrar veiðiaðferðir. Slík sóknarstýring eftir almennum reglum er ekki einungis besta leiðin til að halda veiðinni innan leyfilegs heildarafla af hverri fisktegund heldur og til að stuðla að sem jafnastri hráefnisöflun til fiskvinnslufyrirtækjanna. Þá er og hin almenna sóknarstýring leiðin til verndar og friðunar hrygningar- og uppeldisstöðva með svæðisbundnum og tímabundnum veiðibönnum. Með slíkum vinnubrögðum má gera það sem dugir til að ná hámarksafrakstri fiskveiða og leggja traustan grundvöll að vernd fiskstofnanna.

En allt kemur fyrir ekki. Kvótamenn berja sér á brjóst. Þeir forherðast við hverja raun. Engu breytir þó að engin dæmi séu þess í hinum svokallaða vestræna heimi að nokkur önnur þjóð búi undirstöðuatvinnuvegi sínum svo þröngan kost miðstýringar og ríkisforsjár sem við Íslendingar gerum. Og jafnvíst er það að kvótamennirnir geta hafa átt sína aðdáendur austan járntjalds áður en þar var lagt inn á braut markaðsbúskapar. En hætt er við að lítið færi fyrir markaðslögmálum ef beitt væri ráðum kvótamanna víðar en við fiskveiðistjórnun. Mörg eru gæðin takmörkuð önnur en fiskurinn í sjónum, en samt byggir markaðsbúskapur á frjálsri samkeppni en ekki skömmtun. Það kemur því spánskt fyrir sjónir þegar frjálshyggjumenn ganga fram fyrir skjöldu í lofinu um ríkisforsjá kvótakerfisins og bregðast þá krosstré sem önnur tré.

Forvitnilegast af öllu er framlag hinna lærðu manna í umræðunni um kvótann, háskólamanna og vísindamanna. Þar er að finna miklar og gagnlegar upplýsingar og fróðleik um sjálfstæðar athuganir og jafnvel vísindarannsóknir. En einn er galli á gjöf Njarðar. Þessi lærða umræða kemur yfirleitt of lítið eða alls ekki neitt inn á það sem í upphafi skyldi skoða. Það er gengið fram hjá spurningunni hvort halda skuli við kvótakerfið eða falla frá því og hvað væri þá að velja um. Menn þessir gefa sér sem forsendur að einstaklingsbundin stjórnun með aflatakmörkunum á hvert skip skuli það vera. Umræðan snýst því ekki um grundvöllinn að kvótakerfinu heldur um útfærslu og framkvæmd þess. Það er að sjálfsögðu um veigamikil atriði að ræða, svo sem hvort úthluta eigi kvóta ókeypis eða selja veiðileyfi, hvort kvóti eigi að vera til sölu á uppboði eða fyrir fast gjald, hvort kvóti eigi að vera framseljanlegur eða ekki og svo hverjum beri eignarrétturinn að fiskimiðunum. Ívaf rökræðunnar um þetta allt saman er sjálfur auðlindaskatturinn og er þá gefin sú forsenda að ekki sé hægt að skattleggja sjávarútvegginn sem skyldi nema kvótakerfið sé til staðar.

Svo vafasamar sem forsendurnar eru má hitt vera ljóst að öll atriði þessarar lærðu umræðu hafa þá náttúru að efna til slíks ágreinings að með eindæmum er. Þessi ágreiningsmál kljúfa þjóðina niður í andstæðar fylkingar eftir mismunandi sjónarmiðum, hagsmunaárekstrum, siðferðisskoðunum, byggðatogstreitu og stéttaríg. Hér er um að ræða djúpstæð mál sem höfða til réttlætiskenndar og tilfinninga sem valda sundurþykkju, úlfúð og illvígum deilum og er til þess eins fallin að sundra þjóðinni þegar mest ríður á samstilltu átaki til úrlausnar þeim vanda sem nú er á höndum til mótunar fiskveiðistefnu. Og vissulega er það kaldhæðnislegt að svo miklu skuli fórnað í vonlausum lífgunartilraunum á þeirri aðferð til fiskveiðistjórnunar sem er undirrót erfiðleikanna sem við er að fást. Hins vegar verður því ekki neitað að býsna fróðlegt er og eftirtektarvert að fylgjast með fræðilegum vangaveltum hvers og eins, svo að ekki sé minnst á leikni, rökfimi og skylmingar hinnar nýju skólaspeki þegar menn leiða saman hesta sína.

En á meðan þessum leikum fer fram magnast eldurinn sem fer eyðandi hendi um þjóðarbúið. Annmarkar kvótakerfisins færast meir og meir í aukana. Stöðugt verður augljósara að með kvótakerfinu næst ekki tilgangurinn með fiskveiðistefnu, hámarksafrakstur fiskveiða og verndun fiskstofnanna. Alltaf verður þungbærara að kvótakerfinu fylgir kostnaður langt umfram það sem þarf til þess að bera að landi það aflamagn sem kostur er á. Af þessum ástæðum er ekki einungis sjómannshluturinn æ rýrari og útgerðin lakar sett en vera þarf. Þess vegna verður framleiðslukostnaður hráefnis til fiskvinnslunnar meiri en nauðsyn krefur. Af því leiðir

að útflutningsframleiðslan kallar á sífellt lægra gengi krónunnar. Það leiðir hins vegar til hærra og hærra verðs á lífsviðurværi almennings. Þannig dregur kvótakerfið dilk á eftir sér. Það er þjóðin í heild sem verður að axla byrðarnar af kvótakerfinu í stöðugt lakari lífskjörum en vera þyrfti.

Og nú er enn verið, með frv. því sem hér er til umræðu, að endurskoða kvótakerfið til að viðhalda því og styrkja í sessi. Það er verið að skara í eldinn. Í frv. kennir ýmissa kynlegra grasa svo sem ég hef vikið að. En ég ætla að athyglisverðast af öllu sé að kvótalöggjöfinni er ekki ætlaður tímabundinn lífdagi svo sem verið hefur fram til þessa og hefur þrátt fyrir allt gefið vonarglætu um betri tíð. Nú er gildistíminn ætlaður ótakmarkaður í þeim yfirlýsta tilgangi að kvótakerfið fái að njóta sín til fullnustu og má það vera fullkomlega ljóst út í hvaða foræði stefnt er ef engum vörnum verður við komið.

Herra forseti. Megum við ekki, þrátt fyrir allt, vona að hér í hv. Ed. geti meðferð þessa frv. sem við nú ræðum orðið til nokkurs gagns? Megum við ekki vona að upp ljúkist augu þeirra sem haldnir eru efasemdum og kvíða um fiskveiðistefnu undanfarinna ára og þeim megi verða ljóst að ekkert úrræði er né sáluhjálp við hugarangri þeirra annað en afnám kvótakerfisins? Megum við biðja þess að hinir forhertu kvótakerfiskarlar snúi frá villu síns vegar. Ef frv. þetta fær verðuga afgreiðslu í þessari hv. deild, mun rofa til. Þá mun aftur morgna.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það voru mikil mistök sem áttu sér stað þegar hv. Alþingi samþykkti kvótalögin haustið 1983. Og það væri mikil ógæfa ef svo færi að það frv. sem hér er til umræðu yrði samþykkt óbreytt héðan úr hv. deild eftir meðferð deildarinnar á því. Staðreyndin er sú að þau fyrirheit sem gefin voru þegar verið var að fá samþykkt hv. Alþingis á kvótalögunum árið 1983 hafa því miður öll sömul mistekist. (**HBl:** Og var þó talað bærilega við umræðurnar.) Já, og var þó talað vel og mikið um þau. Það er eftirtektarvert að í ræðu hæstv. sjútvrh. núna voru þessi góðu fyrirheit alveg gleymd. Hæstv. ráðherra nefndi varla hin miklu fyrirheit sem talin voru upp 1983, 1984 og 1987, að hverju skyldi stefnt með því að halda áfram þeirri fiskveiðistefnu sem nú hefur verið ríkjandi í sex ár.

Það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér í ræðu sinni, saga kvótakerfisins er ein samfelld hrakfallasaga. Og það er næstum því ótrúlegt að hugsa til þess, eins og hv. 4. þm. Vestf. sagði, að í upphafi var talað um að aðeins skyldi setja þetta kerfi á til reynslu. Eftir að sú reynsla sýnir sig, eins og nú standa mál, er enn lagt til að framlengja skuli þetta kerfi, þó með ýmsum breytingum, en jafnvel með breytingum, eins og hv. 4. þm. Vestf. sagði, sem verða til þess að miðstýringarkerfið sem er undirstaða þessa kerfis verður enn þá öflugra en áður var.

Það er alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði hér í upphafi, að þetta frv. sem hér er til umræðu hefur fengið rækilega umfjöllun. Það hefur fengið umfjöllun í nefnd sem var skipuð 1988 og hóf starf á haustdögum 1988, 24 manna nefnd fulltrúa auk starfsmanna ráðuneytisins. Hefur hún fjallað næstum óslitið um undirbúning að þessu frv. síðan. Umræðan bar þó þann keim strax í upphafi að stefnt væri að því að byggja áfram upp svipað kerfi og hafði verið ríkjandi áður. Það virtist vera meirihlutaálit þeirra fulltrúa og starfsmanna ráðuneytisins sem störfuðu í nefndinni og ráðuneytisins sjálfs. Á árinu 1988 og fyrri hluta árs 1989 var unnið í starfshópum til undirbúnings frv., starfshópum sem voru byggðir upp á þann máta að þar voru starfsmenn ráðuneytisins, sums staðar einn, sums staðar tveir, og síðan fulltrúar úr nefndinni. Þeim mun hafa verið skipt niður í fjórar nefndir. Vorið 1989 skiluðu þessir hópar af sér og fundur var haldinn þar sem álit hópanna voru kynnt. Það var á þann veg, og það skal undirstrikað, að meiri hluti í öllum þessum nefndum mælti með því að áfram yrði haldið með svipað kerfi og við höfum búið við. En það var svo langt frá því að allir nefndarmenn hefðu þá skoðun. Það var aftur á móti barið á því á þessum fundi að eitt allsherjarsamkomulag væri um það að kvótakerfið skyldi vera áfram við lýði og það lítið breytt.

Mér er mjög í minni að einn ágætur háskólaprófessor kom þar upp með skemmtilega töflu sem sýndi svart á hvítu, reikningslega, að það væru bara allir sammála því sem búið hefði verið við undanfarandi ár og ráðuneytið ætlaðist til að væri samþykkt. Þetta voru svona svipaðar reikningskúnstir og þær sem hv. 4. þm. Vestf. var að lýsa áðan, hvernig háskólamennirnir reiknuðu út og fengju niðurstöðu. Vitaskuld var þetta ekki þannig. Það er oft á þann veg að þó að meiri hluti virðist vera í nefndum og meiri hluti sé í nefndum, þá þarf að einhverju leyti að virða skoðanir minni hlutans. Það var að mínu mati í túlkun á þessum fundi frekar á þann veg að lítið var gert úr skoðunum hans.

Áfram var haldið á þessum grunni og formenn nefnda undirbjuggu frv. í sumar og lögðu fyrir ráðgjafarnefndina á haustdögum frv. sem er mjög líkt því frv. sem við erum að fjalla um hér. Ég er nokkurn veginn viss um að nefndarformennirnir höfðu þá trú að mjög öflug samstaða væri í nefndinni, næstum allir í nefndinni væru á því að frv. ætti að vera á þann hátt sem þeir lögðu fram. Kannski var það byggt á þeirri túlkun á afgreiðslufundi nefndarinnar sem ég var að lýsa áðan, að meiri hlutinn væri sem sagt að túlka sjónarmið allra nefndarmanna.

Hv. þm. hafa sjálfsagt lesið þetta mikla frv. sem við höfum hér til umfjöllunar og þau fylgiskjöl sem því fylgja. Fylgiskjölin upplýsa að staðan á vordögum var ekki sú sem sumir hverjir töldu að væri. Staðan var þannig og staðan er þannig í þjóðfélaginu að ótrúlega mikill fjöldi af hagsmunaaðilum og þeim sem um þessi mál fjalla eru á allt annarri skoðun og vilja að fiskveiðistjórnunin sé á allt annan hátt en lagt er til í þessu frv. Bókanirnar sem fulltrúar í þessari 24 manna nefnd lögðu fram í lok starfsins í nefndinni nú

í lok janúar sýna það svart á hvítu að engin samstaða var í nefndinni um að leggja fram frv. í líkingu við það frv. sem hér er lagt fram. Hver bókunin á fætur annarri sannar þetta. Auk þess sem fram komu í nefndinni yfirlýsingar aðila eins og t.d. fulltrúa Sölusambands ísl. fiskframleiðenda á síðasta fundi nefndarinnar þó að hann legði ekki fram bókun. Hann taldi að það þyrfti að gera ákveðnar breytingar á þessu frv. Og vitaskuld komu oft og tíðum fram ýmiss konar yfirlýsingar á fundum nefndarinnar sem bentu í sömu átt.

Það má vel vera að hæstv. sjútvrh. hafi valið rétta leið til að fá þetta frv. til umræðu, að leggja fram það frv. sem sumir hverjir töldu að meiri hluti væri fyrir í nefndinni og samstaða gæti orðið um í ráðgjafarnefndinni, það væri kannski ekki önnur leið fyrir hæstv. ráðherra en að leggja fram þetta frv. hér á hv. Alþingi. Ég gagnrýni það ekki í sjálfu sér en ég hef þá trú að miðað við umræðu í ráðgjafarnefndinni og miðað við umræðu í þjóðfélaginu þá geti ekki verið meirihlutavilji fyrir því á hv. Alþingi að samþykkja þetta frv. nema með miklum breytingum.

Ég nefndi í byrjun að það hefðu verið mikil mistök að samþykkja kvótastefnuna í upphafi og það mundi líka vera ógæfa ef þetta frv. yrði samþykkt óbreytt. Ég byggi þá skoðun mína fyrst og fremst á því að þessi stefna hefur mistekist á öllum sviðum. Það voru fyrst og fremst fjórir punktar sem lagðir voru til grundvallar og þessi stefna átti að stuðla að að stæðust. Það var í fyrsta lagi að styrkja uppbyggingu fiskstofnanna, sem sumir hverjir voru í lægð, ég er fyrst og fremst að ræða um þorskstofninn, þegar þessi lög voru sett 1983.

Í öðru lagi, og í beinum tengslum við stærð fiskstofnanna okkar, skyldi fiskiskipaflotinn minnka. Í þriðja lagi að kostnaður við útgerðina þyrfti nauðsynlega að minnka. Og í fjórða lagi, og það var ekki síst talið nauðsynlegt við þær aðstæður þegar afli minnkaði, að gæði hráefnisins skyldu aukast.

Eins og ég nefndi áðan tók ég ekki eftir því að hæstv. sjútvrh. legði þessi höfuðatriði neitt sérstaklega fram við framlagningu frv. núna, hann væri neitt sérstaklega að benda á að við þyrftum að stefna að þessum markmiðum sem voru grundvöllur þess að nauðsynlegt var talið að samþykkja kvótakerfið frá 1983. Vitaskuld sannar það, bara eingöngu sú málsmeðferð og sú umræða, að hlutirnir hafa mistekist.

Ef við förum aðeins yfir þessa punkta, lítum á hvernig staðan er og förum svolítið aftur í tímann og lítum t.d. á stöðu og veiðigetu þorskstofnsins á tímabilinu 1950–1960, þá er fiskað á Íslandsmiðum 460 þús. tonn af þorski, meðaltal á ári. Á tímabilinu 1960–1970 erum við komnir rétt niður fyrir 400 þús. tonn, 393 þús. tonn. Og á tímabilinu 1970–1979 erum við komin aðeins neðar, í 384 þús. tonna meðalafla á ári. Síðan kemur kvótatímabilið. Þó eru þrjú ár utan kvóta og á því tímabili reyndar, það skal undirstrikað, var ákveðið tímabil þegar talið var að skilyrðin í hafinu væru mjög óhagstæð, en þá öfluðum við 365 þús. tonn á ári af þorski á þessu tímabili. (**Gripið fram í:** Hvaða tímabili?) 1980–1989 eða 1980–1990. Hvað skyldum við mega búast við að aflinn verði í ár, að sex ára gildistíma loknum? Að sex ára gildistíma loknum og eftir mjög góð skilyrði í hafinu umhverfis Ísland, bæði hvað varðar hita og átu. Hafrannsóknastofnun leggur til að á árinu 1990 verði fiskuð 250 þús. tonn af þorski, 250 þús. tonn. Sjútvrn. leggur til og úthlutar kvóta út frá því að það séu 260 þús. tonn sem megi veiða. En vegna teygjunnar sem talað er um að sé í þessu góða kerfi, þá geti aflinn farið í 300 eða kannski rúm 300 þús. tonn.

Þetta er sem sagt staðan í sambandi við fyrsta punktinn sem hvað mest áhersla var lögð á haustið 1983, haustið 1984, haustið 1987. Við værum að byggja upp sterkan veiðistofn og allt haustið 1983 var sagt og ítrekað að þetta væri til reynslu. Hefðum við átt að hætta við kvótakerfið, hefðum við átt að hætta við þetta kerfi sem við búum við núna, hefði það sýnt sig að við gætum sótt 460 þús. tonn á árinu 1990? Ég segi nei. Þá hefði kerfið staðist þó það hefðu ekki verið nema kannski 400 þús. tonn. Þá hefði það sýnt sig. En þegar það sýnir sig á þann veg að það séu ekki nema 300 þús. tonn sem við getum sótt af þorski á íslensk fiskimið, þá er það staðreynd að kerfið hefur mistekist. Og ef þetta hefur verið sett til reynslu, þá er ekkert svar við því annað en að hætta við kerfið.

Það skal svo aftur viðurkennt að ákveðið aflamarkaðskerfi á bát getur gengið upp við aðrar fisktegundir, t.d. í sambandi við loðnu og síld, torfufisk sem er sóttur á allt annan hátt, veiddur á allt annan hátt en bolfiskurinn. Á ýmsa vegu hefur tekist þar mjög vel til og ég vil undirstrika að það hefur tekist vel til með síldina, sérstaklega vel til með síldina. Bæði að stofninn hefur byggst upp og einnig að áhrif kerfisins hafa verið tiltölulega lítil í sambandi við áhrif á eignina á skipunum sem stunda þessar veiðar. Aftur á móti verður að benda á það að í sambandi við loðnuna hefur þróunin orðið önnur. Í sambandi við veiðarnar þar hefur fiskstjórnin tekist vel. En í sambandi við eignarhald á flotanum er mjög vafasöm þróun, þó maður orði það ekki sterkar en svo, á þann veg að verksmiðjurnar eru að eignast flotann. Ég lít á það sem mjög vafasama þróun ef það á að byggja upp loðnuveiðarnar á þann hátt að hver verksmiðja fyrir sig eigi sín veiðiskip. Þar er verið að hverfa frá þeirri eignaruppbyggingu og eignarstöðu sem hefur verið á íslenskum fiskiskipaflota á undanförnum áratugum. Ég tel það óheillaþróun. En með svipuðu kerfi og því sem við búum við núna verður sjálfsagt erfitt að hamla gegn því. Hver verksmiðja fyrir sig reynir að tryggja sér hráefni með því að kaupa fleiri og fleiri skip.

Þá er það punktur nr. tvö sem stefnt skyldi að með kvótakerfinu. Það er að takmarka stærð fiskiskipastólsins. Þar hafa átt sér stað sömu hlutirnar og í sambandi við fiskstofnana eða þorskstofninn sem við erum aðallega að fjalla um. Í staðinn fyrir að flotinn átti að minnka hefur hann stækkað. Og ekki aðeins að hann hafi stækkað í rúmlestatölu, heldur hefur hann stækkað mjög mikið að afli og veiðigetu um-

fram þá rúmlestatölu sem gefin er upp og við getum hæglega séð t.d. í þeim góðu ritum sem Fiskifélag Íslands gefur út, Útveg og Ægi. Þannig fór um sjóferð þá. Ef þetta hefur verið gert til reynslu, að setja á þetta kerfi til að minnka flotann, þá hefur farið hér á annan veg.

Þriðji punkturinn eða þátturinn um kostnað við sókn tengist vitaskuld þessum þætti, stærð flotans, og einnig hinu sem líka var verið að lofa í sambandi við kvótakerfið, að menn mundu ekki sækja eins stíft, það mundi ekki verða eins mikil kraftasókn. Staðreyndin er sú að skipin eru núna dýrari, olíufrekari og sóknin jafnvel harðari en nokkru sinni fyrr. Kostnaður hefur aukist á öllum stigum. Ef þetta hefði verið gert til reynslu, þá er hér einn þátturinn enn þá sem sýnir að varla er um annað að gera en hætta við þetta kerfi og reyna eitthvert annað.

Og þá kemur fjórði þátturinn. Það eru gæði hráefnis. Það var mjög útlistað að það væri nokkurn veginn alveg gefið mál að þegar sjómenn fengju þetta kerfi mundu þeir fara að vanda sig í því að koma með verðmætan og dýran og góðan afla að landi. Þeir færu ekki að stunda þessa kraftasókn sem þeir höfðu viðhaft hér á árum áður. (**GHG:** Þetta er rétt hjá þér.) Þessu var haldið fram, já, ég er nú ekki að segja að menn hafi verið að halda öðru fram en þeir héldu fram, en eins og ég nefndi áðan í sambandi við kostnaðinn, er kraftasókn enn þá til staðar. Og einkarétturinn á aflasókninni hefur orðið til þess að menn hafa verið kærulausari gagnvart því að koma með góðan afla að landi vegna þess að þeir hafa vitað að þeir höfðu valdið og það var ekki hægt að láta aðra sinna þeirri aflasókn sem þeir höfðu á milli handanna.

Til þess að staðfesta þetta ætla ég að leyfa mér að lesa hér úr plaggi frá einni af stofnunum sem heyra undir sjútvrn., þ.e. Ríkismati sjávarafurða, um þessa stöðu. Þar segir, með leyfi forseta, og þetta er eftir forstjóra þessarar stofnunar, Ríkismats sjávarafurða, Halldór Árnason. Þetta er leiðari í Fréttabréfi. Reyndar er það orðið rúmlega árs gamalt, frá 1988, en ég fullyrði það að þarna hafi orðið á mjög litlar breytingar. Leiðarinn heitir „Hráefni til fiskvinnslu. Fer gæðum þess hrakandi?“ Svo kemur lýsingin:

„Að mati Jóhanns Þorsteinssonar, forstöðumanns gæðaeftirlits sjávarafurðadeildar Sambandsins, fer gæðum þess hráefnis hrakandi sem tekið er til vinnslu í frystihúsunum. Þetta kom fram í erindi sem hann flutti á vorráðstefnu Gæðastjórnunarfélags en helstu atriði þess eru birt hér í fréttabréfinu. Jóhann rakti orsakir þessa m.a. til þess að besta hráefnið færi út í gámum en það elsta og lakasta færi til vinnslu. Einnig taldi hann að þær vonir sem bundnar voru við ferskfiskmarkaðina hefðu brugðist þar sem þeir hefðu ekki orðið til að auka hráefnisgæðin. Dagmerkingum væri víða hætt og sjómenn hrærðu saman lifandi og blóðguðum, nýjum og gömlum fiski áður en selt væri á mörkuðunum því þannig teldu þeir sig fá hæsta meðalverðið.“

Þetta er lýsingin á stöðunni í Fréttabréfi Ríkismats sjávarafurða um hvernig þróunin hefur verið í sambandi við gæðin. Ef þetta var til reynslu, þessi þáttur, þá er hér sama niðurstaða. Reynslan segir okkur að það eigi að hverfa frá þessu kerfi.

Nú hef ég nefnt þá fjóra punkta sem aðallega var rætt um þegar var verið að tíunda ágæti þessa kerfis og nauðsyn þess að lögfesta það. En fimmti punkturinn var alltaf með og hann er mikilsverður. Hann var það að þetta kerfi ætti að styrkja byggðirnar, sérstaklega landsbyggðina. Hver hefur reynslan orðið af því? Við þurfum ekki annað en hlusta á fréttir dag frá degi, heyra viðhorf fólks úti á landsbyggðinni. Það hnígur allt á sama veg. Þetta kerfi hefur orðið til þess að gera atvinnu- og framtíðarmöguleika byggðanna mikið ótryggari. Hvað eftir annað hafa vandamál komið upp í byggðum vegna þessa kerfis, vegna sölu skips, annaðhvort vegna þess að fyrirtæki fór á hausinn eins og kallað er eða skip var selt í burtu. Vandamál vegna kerfisins komu þá upp. Það var enginn réttur eftir í byggðinni til að halda uppi atvinnu og sækja fisk í sjó. Sé nokkurt kerfi á þann veg að það veiki byggðamynstrið í landinu, þá er það kvótakerfi á þann veg sem við höfum búið við á undanförnum árum. Og ef við eigum að fara eftir reynslunni þá eigum við að leggja þetta kerfi niður.

Ég er í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég mun því ekki halda langa ræðu hér. Ég tel þó rétt að fara yfir a.m.k. þau atriði sem ég gerði fyrirvara um í ráðgjafarnefndinni. Einnig þá þætti sem þingflokkur Alþb. samþykkti að taka þyrfti tillit til þegar málið yrði til umfjöllunar í þinginu þegar þingflokkurinn samþykkti framlagningu þessa frv. Ég tel rétt að það komi fram einnig að þó ég sé mótfallinn aflamarkskerfi eins og hér er lagt til að verði áfram við lýði og ég telji að það eigi að taka upp ósköp svipað kerfi og við vorum hér með á árunum 1983, 1982 og 1981, svokallað skrapdagakerfi endurbætt og með ýmsum nýjum þáttum, þá fór ég inn í ráðgjafarnefndina vitandi vits um það að þar mundi vera meiri hluti fyrir því að halda áfram þessu aflamarkskerfi. Ég taldi mig því eiga að vinna þar fyrst og fremst út frá því sjónarmiði að reyna að leggja því lið að gera þetta kerfi sem nú á að lögfesta á einhvern hátt skárra en það kerfi sem við höfum búið við síðustu árin, það kerfi sem nú yrði lögfest yrði á einhvern hátt skárra en það kerfi sem við höfum búið við.

Það er vitaskuld hálfgerður kratismi að falla frá sinni aðalskoðun og láta slag standa um það að reyna að lagfæra hlutina (**KP:** Hvað segir hv. þm.? Kratismi!) en þannig hef ég unnið að þessu. Reyndar hef ég ekki sannfærst um að í sjávarútvegsnefndum þingsins sé meiri hluti fyrir að halda aflamarkinu. Ég mun vinna að því að reyna að breyta þessu kerfi ef meira næst ekki þó að ég taki undir þær lýsingar hv. 4. þm. Vestf. að breytingar á þessu kerfi verka á margan hátt á þann veg að kerfið verður enn þá miðstýrðara og enn þá erfiðara til lagfæringar en það var áður. Það er vitaskuld staðreynd að t.d. með því að leggja sóknarmarkið niður er verið að herða á tökunum og

herða á miðstýringunni. Það gefur alveg auga leið. En gallinn við sóknarmarkið er svo augljós og kom kvótamönnunum í svo mikil vandræði við það að stjórna veiðisókninni að ég held að maður verði að viðurkenna að það verði að hjálpa þeim til þess að fjarlægja þennan galla þó að þeir teldu í upphafi að það væri ein af undirstöðum kerfisins að hafa sóknarmarkið líka, að það væri hægt að velja á milli aflamarks og sóknarmarks.

Það má svo sem segja einmitt í sambandi við þennan þátt að menn leggja ofuráherslu á það, eftir að það liggur alveg ljóst fyrir að þetta kerfi hefur mistekist, ofuráherslu á það af einhverjum sérstökum ástæðum sem maður á erfitt með að skilja, að viðhalda þó kerfinu. Mér datt í hug þegar hv. 4. þm. Vestf. var að tala hér um isma, kommúnisma og fleira, að þetta væri kannski eitthvað í líkingu við það sem Castro er að reyna að gera núna á Kúbu. Þegar kommar vítt og breitt um heiminn eru að leggja til hliðar þetta kerfi sem þeir hafa reynt að hanga í, útlistað fyrir ýmsum að væri af hinu góða þó að flestir hafi vitað að það væri meira og minna mislukkað, þá skyldu menn rembast við það eins og rjúpan við staurinn að viðhalda röngu kerfi. Og ég held að það væri gott einmitt í sambandi við þetta að minna á það sem forseti Tékkóslóvakíu sagði við komuna hingað til landsins að í Tékkóslóvakíu þyrfti hann ekki að berjast við kommúnista. Þeir væru velkomnir til samstarfs við hann og hann byggist við því að þeir gætu orðið góðir liðsmenn við það að byggja upp í Tékkóslóvakíu. En það sem hann þyrfti að berjast gegn og fá þá til að berjast með sér gegn væri miðstýringarapparatið, hv. formaður sjútvn. Það var það ógnvald sem forseti Tékkóslóvakíu taldi hættulegast og þyrfti að sækja gegn og fjarlægja. (Gripið fram í.) Það er sjálfsagt, hv. þm., að ræða um lífeyrissjóði og húsnæðiskerfið undir öðrum kringumstæðum en núna erum við að tala um sjávarútvegsstefnuna. (Gripið fram í.) Nei, ég var bara að benda á það að sumir ágætir málsvarar frelsisins gætu kannski í sumum tilfellum hengt sig aftan í miðstýringuna og talið hana bráðnauðsynlega til þess að tryggja eitthvert ímyndað frelsi. (Gripið fram í.) Herra forseti, ég var að hafa það eftir forseta Tékkóslóvakíu.

En þetta voru nokkrir punktar til að benda hv. þm. á það sem er hættulegast í þessu kerfi. Við horfum upp á það að við erum að missa þorskstofninn okkar niður og það er vitaskuld hættulegt og út á það verður hægt að réttlæta alls konar kjaraskerðingar og ýmsa þætti í þjóðfélaginu, minnkandi fé til vegamála og jafnvel engan flugvöll á Sauðárkróki o.s.frv. En ef við ætlum að telja okkur trú um það að við eigum að stjórna okkar þjóð með miðstýringarvaldi svipuðu því sem hér er verið að leggja til að verði framlengt, þá erum við á mikið hættulegri braut. Við vitum um og treystum á að við göngum aldrei það langt við ofveiði þorskstofnsins að innan stutts tíma undir góðri stjórn, þegar við höfum horfið frá miðstýringunni, þá getum við byggt þann stofn upp aftur. En það verður erfiðara að lagfæra hugarfarið þegar menn eru búnir að ala sig upp við svipaðar kenningar og hér er verið að leggja til að samþykktar verði.

Þá eru það athugasemdir mínar og bókun í ráðgjafarnefndinni þegar nefndin skilaði af sér til ráðherra. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í október sl. lagði vinnuhópur sem starfaði sl. sumar á vegum ráðgjafarnefndarinnar fram tillögur í formi frv. Tillögur þessar hafa síðan verið til umfjöllunar í nefndinni. Ekki hefur náðst allsherjar samkomulag í nefndinni um ýmis atriði í frumvarpsdrögunum. Um önnur atriði virðist vera fullt samkomulag, t.d. um afnám sóknarmarksins, veiðitímabil verði ekki miðað við almanaksárið og væntanleg lög verði ekki tímabundin.

Mínir fyrirvarar við frumvarpsdrögin nú við lokaafgreiðslu í nefndinni eru aðallega við eftirtaldar greinar: 9. gr. um skerðingu botnfisksaflamagns vegna sérveiða, 10. gr. um álag og vigtun á fiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað, 11. gr. og síðar í frumvarpsdrögunum um aflahlutdeild sem fylgir skipi við eigendaskipti og flutning milli byggða (sbr. tillögur Alþb. um sjávarútvegsstefnu og byggðakvóta) og við 17. og 18. gr. um eftirlit sjútvrn. um framkvæmd væntanlegra laga.

Ég mun fylgja brtt. sem fram kunna að koma við frumvarpsdrögin við meðferð málsins á Alþingi og í ríkisstjórn telji ég þær til bóta."

Í fyrsta lagi nefni ég hér að það eru þrír þættir sem virðist vera samkomulag um og þar er ég að lýsa yfir að ég telji þetta réttar breytingar.

Það er í fyrsta lagi afnám sóknarmarksins. Ég tel að sóknarmarkið hafi verið frá upphafi ranglátt þegar það var við hliðina á aflamarkinu. Aftur á móti hefði kannski verið enn þá hagstæðara og skemmtilegra ef það hefði getað orðið á þann veg að við hefðum lagt aflamarkið alveg af og tekið bara upp sóknarmarkið. En það var ekki til umfjöllunar og ekki möguleiki á því að koma því til leiðar í þessari nefnd. Ég hef þegar sagt það að sóknarmarkið var í upphafi talið eitt af aðalatriðunum í grundvelli kvótalaganna en núna er það eitt af höfuðmeinsemdunum. Höfuðmeinsemdin skapast af því að það gerir kerfið tvegjanlegt, gerir erfiðara um vik að stjórna heildaraflamarkinu og það er ranglátt að hafa sóknarmark við hliðina á aflamarki þar sem sóknarmarksskipið hefur meiri möguleika við vissar aðstæður en hinn sem er bundinn aflamarkinu þannig að ég tel þetta vera lagfæringu á kerfinu.

Um annað atriðið, veiðitímabil verði ekki miðað við almanaksárið. Vitaskuld er þetta að mörgu leyti aukaatriði en þetta er svolítið skemmtilegt og broslegt að færa áramótin eins og þegar var talað um að Castro ætlaði að færa til jólin eða jafnvel gerði hann það. En það kom fram ákveðin ósk frá Fiskifélaginu, fiskifélagsfulltrúum um það að miðað yrði við 1. sept. Ég er á því að meðan við búum við þetta kerfi þá sé þetta hagstæðari tími til þess að skipta árinu miðað við reynslu undanfarinna ára. Við óttumst að aflinn verði enn frekar lítill hjá okkur og að flest veiðiskipin verði búin að veiða kvótann kannski einum, tveimur

mánuðum fyrir árslok. Það er að mörgu leyti hagstæðara að láta það tímabil lenda á sumarmánuðunum ágúst–júlí en það komi á tímabilinu nóvember–desember.

Og svo var þriðji punkturinn um að lögin verði ekki tímabundin. Ég er með þveröfuga skoðun á þessu atriði en hv. 4. þm. Vestf. Ég tel að fyrir okkur sem erum andstæðir þessu kerfi sé það að samþykkja ótímabundin lög mikið betra. Með því að samþykkja ótímabundin lög, öfugt við það sem við höfum gert núna undanfarið, til þriggja ára, það átti reyndar að pína í gegn hér fimm ára tímabil síðast, þá höfum við möguleika strax á morgun, ef eitthvað breytist og upplýsist, að breyta þessum lögum. Aftur á móti ef við erum með tveggja eða þriggja ára lög þá stöndum við frammi fyrir þeim vanda að það verði túlkað sem svo, þannig hefur þetta verið túlkað undanfarið, að það sé verið að samþykkja lög fyrir þetta ákveðna, bundna tímabil. Núna treysta menn sér ekki til þess að breyta sóknarmarkinu vegna þessa. Við síðustu áramót og jafnvel við áramótin 1988–1989 hefðu kvótamennirnir gjarnan viljað breyta en þeir treystu sér ekki til þess vegna þess að þeir líta svo á að með því að hafa samþykkt þriggja ára lög séu þeir að segja við viðkomandi: Lögin áttu að gilda í þrjú ár. (**ÞK:** Það er alltaf hægt að breyta lögum, hvort sem þau gilda til ákveðins tíma eða ekki.) Alveg rétt, hv. þm. Þetta vita náttúrlega flestir, en menn líta mismunandi á hlutina og það er ekki nokkur vafi — ég endurtek það — það er ekki nokkur vafi að ef kvótamennirnir hefðu litið svo á að hægt væri að breyta þessum þriggja ára lögum sem við búum við núna hefðu þeir flutt brtt. við lögin. Þeir treystu sér hins vegar ekki til þess vegna þess að þeir líta svo á að þetta séu þriggja ára lög sem menn geti gengið út frá að gildi þetta ákveðna tímabil. Ótímabundin lög gefa okkur fyrirheit um það og möguleika á því að breyta þessum lögum og hver og einn þingmaður á mikið auðveldara með og léttara með að koma með breytingar við lög sem eru ótímabundin, hvenær sem er á þinginu, en það að fara að koma með breytingar við lög sem eru tímabundin. Mín afstaða og meðmæli með þessum þætti byggist á þeirri skoðun að ég tel að framtíðarmöguleikarnir, á því að breyta, séu betri við það að hafa lögin ótímabundin heldur en að hafa þau tímabundin. Það hefði ábyggilega verið sótt eftir því núna við samþykkt þessara laga að ef þau væru ekki ótímabundin væru það, eins og sumir háskólamennirnir hafa verið að tala um, fimmtán ár, tíu ár, og það er nú líkast til nokkur önnur aðstaða, að búa við það að geta hafið umræðu hér strax á vordögum um breytingar, hv. þm., á þessum lögum, daginn eftir að þau hafa verið samþykkt eða svo gott sem.

Jæja. Um fyrirvara mína um það sem ég tel að þyrfti að breyta í frv.: Það er í fyrsta lagi 9. gr. þar sem rætt er um skerðingu botnfisksaflamarks vegna sérveiða. Í þessari grein er lagt til að hægt verði að skerða bolfisksaflamarkið vegna sérveiða, t.d. vegna loðnuveiða, ef loðnuveiðarnar bryggðust. Það yrði 20% aflaskerðing eða verðskerðing. Mér finnst alveg fráleitt að hægt sé að festa það í lög að sérveiðiskipin geti gengið inn á aflamark bolfisksflotans ef eitthvað sérstakt kemur upp á hjá þeim, t.d. eins og aflabrestur sem gæti alltaf komið fyrir hjá loðnuskipunum vegna þess að loðnan er nú sá fiskurinn sem lifir hvað styst sem við göngum í veiði í. Það má alltaf búast við því að þar í komi aflabrestsár. En að allur þessi floti geti þá gengið inn í bolfisksaflahlutinn og skert hann. Ég er alveg mótfallinn þessu og tel þetta mjög mikil rangindi. Ef loðnuflotinn eða annar sérveiðifloti vill koma sér upp aflatryggingarkerfi eiga þeir að gera það af eigin rammleik, t.d. eins og loðnuflotinn, með því að byggja upp aflatryggingarsjóð, verksmiðjurnar og skipin, og taka á móti skakkafalli með greiðslu úr sínum eigin sjóði en ekki að sækja það yfir í þorskstofninn eða bolfiskinn. Þetta finnst mér mjög nauðsynlegt að hv. þingdeild og hv. sjútvn. taki mjög vel til athugunar, að fella þetta atriði burtu.

Þá er um álag og vigtun á fiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Í nefndinni urðu miklar umræður um þennan þátt, ég vil ekki segja að um þetta hafi verið deilur í lokin, menn náðu nálægt því samkomulagi um það að álag væri 20% og 15% í sambandi við gámafiskinn, en menn náðu ekki landi í sambandi við vigtunina og sumir hverjir efuðust þó nokkuð mikið um að hægt væri að koma því í kring að afli sem væri fluttur út ferskur í gámum væri vigtaður. Ég er á þeirri skoðun að það sé algjört ranglæti að gera það ekki. Ég er á þeirri skoðun að það sé ekki miklum erfiðleikum háð að koma því í kring. Afla sem landað er til fiskvinnslustöðva hér heima, það er skylda að vigta þar hvern ugga eftir ákveðnum reglum á hafnarvog, en að gefa einhverja undanþágu á því að afli sem er seldur til erlendra fiskvinnslustöðva sé ekki vigtaður fyrr en hann kemur á erlenda grund og þá með ýmsum vafasömum aðferðum, það finnst mér alveg fráleitt. Alveg fráleitt.

Og þá er það 11. gr., og víðar, um aflahlutdeild sem fylgi skipi við eigendaskipti og flutning á milli byggða. Í frv. er þetta á þann veg að aflahlutdeildin fylgir skipi án nokkurra kvaða. Eins og frv. er núna er mjög auðvelt að kaupa upp trilluflotann, færa hann allan yfir á togara eða á hvern annan veg. Ég efast um að trillumennirnir fari nokkurn tíma að kaupa upp togarana. Hætt er því við að þróunin verði á þann veg ef frv. verður samþykkt í þeirri mynd sem það er, að hægt sé að framselja aflaréttinn til frambúðar, verði ekki langur tími liðinn þar til þær verða ekki margar eftir trillurnar vítt og breitt um landið sem bundnar eru við kvóta. Á sama máta hefur sú þróun átt sér stað á undanförnum árum að togararnir hafa verið að kaupa upp bátaflotann, togaraflotinn hefur verið að stækka, sem ég lít á að sé mjög óhagstæð þróun, þróun sem er svipuð og hefur átt sér stað í Noregi, þ.e. að togararnir af Vesturlandinu í Noregi hafa meira og minna lagt undir sig aflamöguleika norska bátaflotans. Útkoman er að verða sú, sem við vitum um, að þorskstofninn við Noreg er hruninn, kannski af fleiri ástæðum en þeim að togaraflotinn þar hefur stækkað, en m.a. vegna þeirrar þróunar sem er nákvæmlega sama þróun og hefur verið hér.

Ég ætla nú aðeins, þegar ég nefni Noreg, að minna á það í sambandi við umræður um þessa stefnu að á fyrri árunum — a.m.k. 1984, ég held 1983 líka, — var sóttur til Noregs höfðingi einn mikill til þess að segja okkur hvernig við ættum að stjórna fiskveiðunum, Íslendingur sem hafði fengið embætti við, ja, ég held það hafi verið við háskóla í Bergen og var talinn hinn mesti fræðingur í þeim málum. Það var talið alveg nauðsynlegt að við fengjum að heyra þær kenningar sem uppi voru í Noregi um það hvernig átti að stjórna fiskveiðum. Ég hef ekki heyrt þennan ágæta mann nefndan núna upp á síðkastið enda eru fréttirnar frá Noregi á þann veg að þær eru kannski ekki alveg til fyrirmyndar fyrir okkur. Reynslan þaðan er kannski ekki góð, en sem betur fer hefur verið tekið mark á reynslunni í þessu tilfelli. Við erum hætt í ráðgjafarnefnd og umræðu um þessi mál að fá þennan leiðbeinanda til þess að segja okkur fyrir verkum um það hvernig við eigum að stjórna okkar fiskveiðum. Og menn eru líka hættir að tala um Nýja-Sjáland sem fyrirmynd okkar í því hvernig við eigum að stjórna fiskveiðum.

Þá nefni ég það að ég hafi fyrirvara við 17. og 18. gr. frv. Það eru aðalmiðstýringargreinarnar í frv., endahnúturinn á miðstýringuna. Í frv. er lagt til í upphafi að sjútvrh. verði falið að ákveða hvað megi fiska mikið. Honum er stjórnsýslulega falið að undirbúa lögin og hann hefur lagt hér fram frv. að lögum. Síðan býr hann til reglugerðir. (**Gripið fram í:** Er það ekki búið?) Þetta er verkefni ráðherrans. Og síðan úthlutar hann á hvern einn bát, eftir veiðarfærum, eftir svæðum og á ýmsa vegu, og ráðherra getur, eins og hér stendur, „bundið leyfi og úthlutun þess þeim skilyrðum er þurfa þykir". Ekki er nú bundið fast þar. (Gripið fram í.) Það er sagt „er þurfa þykir", það er kannski ekki eins og honum dettur í hug en það er nálægt því. Og áfram er ráðherra að fylgjast með því hvernig afli er sóttur í sjó. (Gripið fram í.) Því miður, hv. þm., get ég ekki alveg sagt um tíma. Ef þm. þarf að skreppa frá skal ég reyna að halda ræðu minni áfram þar til hann skilar sér aftur.

Ég sé ekki ástæðu til að telja hérna upp allt það sem ráðherra getur ákvarðað, en svona aðeins til að sýna þingmönnum hvar stendur í frv. að ráðherra skuli ákvarða þetta eða hitt get ég sýnt þeim gulu strikin þar sem ég hef undirstrikað. Hér er dálítið af gulu. Alls staðar er sagt: Ráðherra getur gert þetta og ráðherra getur gert hitt. Það er dálítið mikið af því hérna. Sem sagt, vald ráðherra yfir þessari atvinnugrein er algjört.

Síðan kemur að 17. og 18. gr. sem ég gerði ákveðinn fyrirvara við. Þær eru um eftirlit ráðuneytisins á þessum ákvörðunum öllum saman. Það er alveg sérstakt í íslenskri stjórnsýslu, og jafnvel þótt víðar væri leitað, að það sé sami eftirlitsaðili og sá aðili sem ákveður einhverja sérstaka framkvæmd. Hvergi í kerfinu, ekki í skattakerfinu, né neins staðar, eru það ráðuneytin sjálf sem annast þessa hluti, heldur eru það stofnanir sem eru óháðar ráðuneytunum og eru ekki undir beinni pólitískri stjórn. Það þarf ekki að leita til sömu aðila um kærur í sambandi við skatt og þeirra sem ákvarða skattinn og það eru aðrir aðilar en ráðuneytið sem sjá um innheimtu skattsins. Það eru sjálfstæðar stofnanir og þannig er talið að þetta eigi að vera þar sem er svona óvilhallt réttarfarskerfi.

Ég legg þess vegna til að 17. gr. verði felld niður og við það að hún verður felld niður þarf að koma á fót sérstakri stofnun, óháðri ráðuneytinu, sem annist þennan þátt. Ég gæti vel hugsað mér að það væri stofnun eins og Fiskifélag Íslands eða hver önnur stofnun á svipuðum grunni.

Þetta eru mínir fyrirvarar. Þingflokkur minn er með nokkuð ákveðnari og harðari fyrirvara í sambandi við þetta og ætla ég aðeins að fara yfir þann þátt og, með leyfi forseta, lesa tilkynningu frá þingflokki Alþb. sem send var hæstv. ríkisstjórn áður en það frv. sem hér er til umræðu var lagt fram, og Alþb. hefur samþykkt framlagningu frv. út frá þessari tilkynningu. Þessi tilkynning er þannig:

„Þingflokkur Alþb. tekur undir bókun Skúla Alexanderssonar í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu varðandi tillögur að frv. um fiskveiðistjórn. Jafnframt vill þingflokkurinn benda sérstaklega á eftirfarandi atriði:

1. Að athugað verði hvort nauðsynlegt er að útfæra betur í lögunum það grundvallaratriði þeirra, sbr. 1. gr., að tímabundinn og takmarkaður afnotaréttur myndi aldrei einstaklingsbundna og stjórnarskrárvarða eign.

2. Að í lögunum verði ákvæði sem draga úr útflutningi á óunnum fiski.

3. Að gætt verði byggðasjónarmiða og vísast í því sambandi til stefnuyfirlýsingar sem samþykkt var á síðasta landsfundi flokksins.

4. Sett verði ákvæði í lögin sem girða fyrir röskun stærðarhlutfalla milli smábáta og báta og báta og togaraflota.

5. Þá telur þingflokkurinn að sjávarútvegsráðuneytið eigi hvorki að annast eftirlit með framkvæmd laganna né að úrskurða vegna brota á þeim."

Þá var einnig um það rætt í þingflokki Alþb., þó það sé ekki nefnt hér í þessum punktum, að þingflokkurinn væri mótfallinn því að nokkrar sérstakar kvaðir og bönn væru sett á veiði smábáta undir sex rúmlestum.

Þá segir þingflokkurinn og: „Þingflokkurinn samþykkir að frumvarpsdrögin, eins og þeim var skilað frá ráðgjafarnefndinni, með öllum fyrirvörum og bókunum, verði lögð fram á Alþingi. Þingmenn Alþýðubandalagsins áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum og munu síðan meta afstöðu sína til samþykktar frv. á Alþingi þegar fyrir liggur við afgreiðslu málsins hverjar af athugasemdum þingflokksins ná fram að ganga. — 12. febr. 1990."

Eins og hv. þm. heyra er þessi tilkynning að mörgu leyti í svipuðum anda og fyrirvari minn þegar frumvarpsdrögin voru afgreidd úr ráðgjafarnefndinni. Þó eru ákveðin atriði sem þingflokkurinn leggur aukna

áherslu á. Það er í fyrsta lagi að afnotaréttur samkvæmt kvóta myndi aldrei einstaklingsbundna né stjórnarskrárvarða eign. Hæstv. sjútvrh. undirstrikaði þetta í framsöguræðu sinni, að hann liti svo á að það gerðist ekki með frv., ef að lögum yrði. Þennan þátt vil ég alveg sérstaklega undirstrika. Það hljóta að verða grundvallaratriði að kvótaúthlutun, þótt hún eigi sér stað ár eftir ár og með ótímabundnum lögum, myndi aldrei einstaklingsbundinn afnotarétt af fiskimiðum okkar landsmanna.

Í öðru lagi er það fimmti liðurinn þar sem segir í tilkynningu þingflokksins: „Þá telur þingflokkurinn að sjútvrn. eigi hvorki að annast eftirlit með framkvæmd laganna né úrskurða vegna brota á þeim." Þarna er bætt við. Ég benti á eftirlitsþátt ráðuneytisins og tel það grundvallaratriði að ráðuneytið komi þar hvergi nærri, en þingflokkurinn bendir einnig á að ráðuneytið skuli ekki koma að úrskurði í þessum málum.

Ég tek undir þessa stefnu flokksins, en þó tel ég eftirlits- og rannsóknarþáttinn höfuðatriði. Ég get að vissu leyti fallist á það að einhver stofnun sé búin til í ráðuneytinu til að úrskurða, en að ráðuneytið sjálft skuli vera eftirlits- og rannsóknaraðili á þeim lögum og reglugerðum sem það samþykkir og almenningur á að fara eftir er alveg fráleitt að mínu mati. Hitt er líka rangt, en af tvennu illu er þó betra að búa við úrskurðinn en það að þeir séu líka rannsóknaraðilinn í málinu. Vitaskuld eiga þessir þættir alls ekki heima í fagráðuneyti, hvorugur þátturinn.

Ég hef orðið heldur langorðari en ég ætlaði. Ég gaf hér loforð í ræðustólnum áðan að ég mundi ekki ljúka ræðu minni fyrr en hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson væri kominn aftur í salinn. Ekki sé ég hann hér og verð því að halda þessu eitthvað áfram ef ég á að standa við það loforð, og síst af öllu vil ég ganga bak orða minna hér. (**Gripið fram í:** Hann treystir á það.) Ég geri ráð fyrir því að hann treysti á það. Það er náttúrlega hægt að fitja upp á ýmsum þáttum í sambandi við þessi mál, t.d. það sem er að gerast í dag og menn eru í nokkrum vandræðum með í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þar er mér sagt að vandamálin séu á þann veg að það sé gert að kröfu að úthlutun gámasöluleyfa verði flutt úr utanríkisviðskiptaráðuneytinu yfir til sjútvrn. Maður hefur svo sem heyrt þetta fyrr, en ég hef alltaf litið á þetta sem pínulítið grín, að ráðherrar væru þarna fyrst og fremst að togast á, láta almenning sjá það að þeir væru ekki alltaf sammála um hvað þeir væru að gera, heldur þyrfti að hafa eitthvert leikbrúðustand í gangi. Að bæta nú við völd sjútvrn., að það fái einnig að hafa í höndum úthlutun gámaútflutningsins, efast ég um að sé af hinu rétta nema sjútvrn. tæki sig nú til og losaði sig við eitthvað af þeim völdum og ráðum sem það hefur nú milli handanna. En meðan ástandið er eins og það er í dag, og enn þá eigum við nokkurra mánaða tíma eftir undir kvótalögunum frá 1987, finnst mér alveg ástæðulaust af sjútvrn. að sækjast eftir meiru en það hefur.

Hitt er náttúrlega alveg nauðsynlegt að aðilar eins og fulltrúar frá Verkamannasambandinu, fulltrúar frá sveitarfélögum, fái að fylgjast með þessari úthlutun (**Gripið fram í:** Á gámafiski?) á gámaútflutningnum. En að farið verði að færa úthlutunina úr viðskrn. yfir í sjútvrn. (**HBl:** Það er í utanrrn.) Það er viðskiptautanríkisráðuneytið. Þannig er það. Það finnst mér svolítið sérstakt.

Ekki er úr vegi að nefna aðeins, meðan beðið er eftir hv. þm., þegar verið er að takast á um fiskverð, hvaða áhrif kvótinn hefur á fiskverðið. Hvað skyldi hver útgerðarmaður þurfa að fiska mikið á móti verðmæti kvótans sem er bundið í skipinu hans? Hann þarf að fiska nokkuð mikið. Það verður að setja þessi dæmi upp á þann veg að hann geti selt kvótann sem hann ræður yfir fyrir 100 kr. kg — þannig var það fyrir áramótin, er sjálfsagt komið í 110–115 kr. núna. Þetta fjármagn þarf hann að vaxta. Það þarf að vera með bæði lánskjaravísitölu og eðlilegum vöxtum.

Ég hef nú fengið upplýsingar um það að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er ekki næstur á mælendaskrá. Þess vegna mun ég nú mælast til þess eindregið við næsta ræðumann sem tekur við á eftir, þegar ég fer hér úr ræðustól, að taka við þessu loforði mínu að halda áfram ræðu sinni þar til Guðmundur H. Garðarsson mætir til ræðuhaldsins.

Ég undirstrika það svo að ég legg mikla áherslu á að frv. verði vel skoðað í sjávarútvegsnefndum og menn leggi sig fram í því að laga það og breyta því ef ekki næst meiri hluti fyrir því að falla alveg frá kvótastefnunni sem er þó höfuðatriðið fyrir sjávarútveg á Íslandi á næstu árum. Og vitaskuld alla efnahagsstefnu Íslendinga.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég neita að taka við þeim arfi sem hv. 4. þm. Vesturl. lét mér hér í té. Ég hafði ekki hugsað mér að tala mjög lengi að þessu sinni. Það er ekki ýkja langt síðan við áttum hér langa daga við að ræða það mál sem hér er til umræðu aftur.

Nú eins og þá eru sjónarmið ólík og skoðanir skiptar, enda er fiskveiðistefnan það mál sem skiptir alla þjóðina mjög miklu máli þannig að hagsmunaaðilar eru mjög margir. Það kemur ekki síst í ljós í þeim mörgu nefndarálitum og bókunum sem fylgja þeim drögum að frv. sem nefndin sendi frá sér nú í lok janúar. Mér er þó kunnugt um að ráðuneytismenn lögðu á það áherslu í störfum nefndarinnar að reyna að samræma sjónarmið en svo virðist sem línan hafi þó verið dregin í átt til útgerðarmanna.

Ég hlýt að byrja á því að lýsa yfir vonbrigðum okkar kvennalistakvenna með að ekki skuli hafa skilað sér inn í frv. öll umræðan um nauðsyn þess að gera byggðasjónarmiðum hærra undir höfði og taka tillit til fiskvinnslunnar. Við umfjöllun um fiskveiðistefnuna fyrir rúmum tveimur árum fluttum við kvennalistakonur fjölmargar brtt. Meginefni þeirra var að við vildum taka tillit til byggðasjónarmiða með því að úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga en ekki einstakra skipa eins og nú er gert og lagt er til að gert verði áfram verði frv. að lögum eins og það liggur

fyrir. Við lögðum til gjörbreytta skipan mála sem við þá kynntum á fundum með hagsmunaaðilum í greininni og einnig við umræðu hér á Alþingi með mörgum brtt. sem við lögðum fram við frv. ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Þær fengu litlar undirtektir þá en við höfum reyndar komist að því síðar, og ekki síst á ferðum okkar um landið nú á síðasta ári þegar við heimsóttum fjölmarga vinnustaði, ekki síst fiskvinnsluhúsin, að hugmyndir okkar eiga hljómgrunn víða meðal fólks sem vinnur í fiskvinnslunni.

Á fjölmörgum stöðum sem byggja tilveru sína á sjávarútvegi horfa menn nú með kvíðablandinni eftirvæntingu til þeirrar lagasetningar sem mun væntanlega taka gildi á næstu mánuðum. Þessir staðir eiga allt sitt undir því að atvinnan í landi sé ekki síður lögð til grundvallar en hagsmunir þeirra sem veiðarnar stunda, en það er einmitt rauði þráðurinn í okkar hugmyndum. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um þessar tillögur okkar. Við vildum að árlegur heildarafli yrði eftir sem áður ákveðinn af sjútvrh. að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. 80% hans yrði síðan skipt milli byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára en 20% heildaraflans skyldu hins vegar renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga. Tekjum af sölu eða leigu veiðileyfa yrði síðan varið til rannsókna og fræðslu í sjávarútvegi og jafnvel til verðlauna fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks. Með þessu vildum við draga úr miðstýringu og ofstjórn og gera byggðasjónarmiðum hærra undir höfði, stuðla að eflingu rannsókna og fræðslu og hvetja til meiri nýtingar og bættrar meðferðar aflans og betri aðbúnaðar starfsfólks.

Segja má, eins og ég reyndar minntist á áðan, að tillögur okkar hafi fallið í fremur grýttan jarðveg meðal svokallaðra hagsmunaaðila í útgerð — ég vil reyndar undirstrika það að ég lít á alla þjóðina sem hagsmunaaðila í þessu máli — og sömuleiðis meðal ráðuneytismanna. Á þeim rúmum tveimur árum sem lögin hafa verið í gildi hefur margt breyst. Staða margra sjávarplássa hefur versnað, einmitt vegna fiskveiðistefnunnar. Vinnustaðaheimsóknir okkar víða um land á sl. ári styrktu svo sannarlega trú okkar á gildi þessara tillagna og tel ég þess vegna að þær séu enn í fullu gildi og munum við því væntanlega laga þær að því frv. sem hér liggur fyrir og freista þess að ná fram þeim breytingum sem við höfum áður lagt til.

Varðandi hug okkar til frv. sem við nú ræðum í heild sinni vil ég undirstrika nokkur atriði sem fulltrúi Kvennalistans í nefndinni sem undirbjó drögin að frv. gerði athugasemdir við í áliti sínu. Byrja ég þá fyrst á því að vitna til 1. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Væntanlega geta allir samþykkt að þetta eru þau markmið sem okkur ber að stefna að. Auk þeirra má auðvitað nefna atriði eins og betri kjör, aðbúnað og öryggi þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Við teljum þessa yfirlýsingu í 1. gr. frv., um þjóðareign, hins vegar í algjörri mótsögn við það sem á eftir kemur. Veiðiheimildum er enn sem fyrr úthlutað beint til einstaklinga og útgerðarfélaga sem geta ráðskast með þær í eiginhagsmunaskyni. Jafnvel virðist einhver ótti innan ríkisstjórnarinnar um að hagsmunaaðilar í útgerð líti á þetta sem stjórnarskrárvarða eign sína eins og fram kemur í grg. með frv. Ekki er tekið tillit til hagsmuna fiskvinnslufólks og byggðasjónarmiða gætir hvergi þrátt fyrir vaxandi fylgi við þau sjónarmið innan nefndarinnar sem vann að mótun frumvarpsdraganna.

Þetta er meginmál og þrátt fyrir þá staðreynd að nokkur atriði hafa verið færð til betri vegar í frv. getum við ekki samþykkt það eins og það nú liggur fyrir. Ég vil benda á þau atriði sem við teljum að hér hafi verið færð til betri vegar. Vil ég þar sérstaklega nefna breytt mörk fiskveiðiársins sem við teljum og sjáum augljósa kosti við að geti leitt til hagræðingar og hagkvæmni í vinnslunni, tekið kúfinn af aflatoppum að sumrinu og hamlað gegn atvinnuleysi á síðustu mánuðum ársins. Þá vil ég einnig nefna afnám sóknarmarksins sem við teljum vera til bóta.

Við viðurkenndum það reyndar frá upphafi árið 1985 þegar kvótafrv. fyrst var samþykkt að kvótastjórn væri nauðsynleg og við studdum það frv. þá vegna þess að við sáum ekki aðra leið betri. Á þeim árum sem liðin eru síðan teljum við ýmsa galla hafa komið í ljós og einmitt í ljósi þess lögðum við fram ítarlegar brtt. hér um áramótin 1987/1988 þar sem meginefni þeirra er, eins og fram hefur komið, að við teljum affarasælast að úthluta hlutdeild í veiðiheimildum til byggðarlaga. Þá höfum við alla tíð lagt áherslu á nauðsyn þess að efla rannsóknir á auðlindinni og við teljum eðlilegt að ef umhverfisráðuneyti verður stofnað hér á landi verði Hafrannsóknastofnun í framtíðinni ein af þeim stofnunum sem settar verða undir umhverfisráðuneyti. Auk þess teljum við nauðsynlegt að huga enn frekar að gæðum en nú er gert, að bæta nýtingu sjávarafla, auka úrvinnslu sjávarafurða, vöruþróun og markaðsrannsóknir.

Við höfnum því algjörlega að íslensk útgerð haldi uppi erlendri fiskvinnslu á okkar eigin kostnað. Við verðum að tryggja okkar eigin vinnslu nægilegt hráefni, fyrst og fremst til að tryggja atvinnu fiskvinnslufólks. Einnig er nægilegt hráefni forsenda þess að unnt sé að auka fullvinnslu sjávarfurða, bæta nýtingu og auka verðmæti aflans. Við teljum þó rétt að leyfa takmarkaðan útflutning á ísfiski, en um það þurfa að gilda skýrar reglur. Á þeirri tækniöld sem við nú lifum á er vel framkvæmanlegt að fylgjast með því hvort menn nýta erlenda ísfiskmarkaðinn skynsamlega og því sjálfsagt að nota útflutning ásamt aflamiðlun innan lands til að taka kúfinn af aflatoppum.

Við teljum það ákvæði sem fram kemur í frv. um vigtun sjávarafla vera spor í rétta átt en hefðum þó

viljað ganga lengra og gera skylt að vigta allan afla innan lands. Um þann afla sem seldur er erlendis án viðkomu í íslenskri höfn mætti notast við þær reglur sem nú eru í gildi um kvótaskerðingu að því tilskildu að eftirlit erlendis verði í samræmi við kröfur hér á landi.

Rauði þráðurinn í þessum frumvarpsdrögum, eins og í núgildandi lögum, er sú ofuráhersla sem lögð er á yfirráð sjútvrn. og sjútvrh. á öllum stigum í stjórn fiskveiða og eftirliti. Þrátt fyrir áherslur okkar í Kvennalistanum á aukna valddreifingu viðurkennum við þó að viss nauðsyn er á miðstýringu í þessari atvinnugrein, einkum með tilliti til þeirra heildarhagsmuna sem um er að ræða þar sem, eins og segir í 1. gr. frv., umrædd auðlind er sameign íslensku þjóðarinnar. Við teljum þó að öllu megi nú ofgera.

Við höfum komið auga á nokkur ráð til að draga úr miðstýringu. Má þar sem dæmi nefna hugmynd okkar um að flytja Hafrannsóknastofnun undir umhverfisráðuneytið. Auk þess teljum við ástæðu til að íhuga vel leiðir til að flytja eftirlitsþáttinn frá ráðuneytinu til annarra aðila, t.d. Fiskifélags Íslands eða umhverfisráðuneytis. Þó mundi þyngst vega til að ná aukinni valddreifingu breytt tilhögun við úthlutun veiðiheimilda. Þess vegna teljum við að enn séu tillögur okkar í fullu gildi. Við viljum rjúfa það óeðlilega samband sem við teljum nú vera milli skips og veiðiheimilda og teljum eðlilegra að úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga. Með því móti væru hagsmunir þeirra og fólksins sem þar starfar í sjávarútvegi best tryggðir auk þess sem sú tilhögun mundi draga úr þeirri óhóflegu miðstýringu sem nú er fyrir hendi. Reynslan hefur sannað réttmæti þessara sjónarmiða og flestir annmarkar núgildandi tilhögunar sem bent var á eru komnir fram.

Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir vaxandi skilning og stuðning við áðurnefndar hugmyndir, m.a. í kvótanefndinni, er ekkert sem getur tryggt hag byggðarlaga. Því sjáum við okkur ekki fært að styðja þetta frv. eins og það nú lítur út og við munum, eins og ég gat um áðan, freista þess að gera okkar brtt. miðað við frv. eins og það hér liggur frammi.

Ég minntist hér á að nokkur atriði hefðu verið til bóta og hefði e.t.v. átt að bæta fleiri við. Ég talaði um afnám sóknarmarksins og fiskveiðiárið. Einnig er talað um opinbera tilkynningarskyldu við sölu á fiskiskipum og ætti það að geta orðið til bóta. En svo er auðvitað spurningin hvort viðkomandi byggðarlög hafi það fjármagn sem til þarf til að kaupa fiskiskipin. Síðan er það einnig til bóta að álag er hækkað vegna útflutnings úr 15% upp í 20%, en við teljum þó eins og fram hefur komið í máli mínu að betra hefði verið að taka upp vigtunarskylduna. Þrátt fyrir að hér sé hægt að finna nokkur atriði sem við teljum tvímælalaust til bóta stendur eftir að við teljum með öllu óverjandi að úthluta aflaheimildum með þeim hætti sem hér er lagt til og leggjum enn þunga áherslu á byggðakvótann.

Staðfesting á réttmæti þeirra hugmynda okkar kemur fram í greinargerð með frv. og það er í raun og veru í fyrsta skipti sem ég sé viðurkenningu á þessu vandamáli koma frá sjútvrn. Ekki veit ég hvort hugur fylgir máli eða hvort þar er einungis verið að friða þá fjölmörgu sem taka undir þessi sjónarmið. En í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir neins konar bindingu aflahlutdeildar við byggðarlög eða landssvæði en við það miðað að Byggðastofnun eða önnur stjórnvöld geti á hverjum tíma gripið til þeirra fjárhagsráðstafana er þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun.“ Þykir mér þessi málsgrein nokkuð loðin og óljós og get ekki séð hvernig á að fara að því að framkvæma hana með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Það mætti ræða ýmislegt fleira tengt sjávarútveginum og þá ekki síst atvinnumálin og það atvinnuleysi sem víða hefur því miður gert vart við sig, ýmist vegna þess að fiskiskipin hafa siglt með aflann og hráefni hefur skort eða hráefni hefur hreinlega skort vegna þess að skip hafa verð seld burt úr byggðarlögum. Það er ljóst að alls staðar er gríðarlegt vinnuálag í fiskvinnslunni og fólkið keyrt áfram af miskunnarleysi bónuskerfis í einhverri mynd. Áreiðanlega er óvíða annars staðar en í fiskvinnsluhúsum jafnrækilega unnið fyrir hverri krónu í launaumslaginu. Maður hlýtur að spyrja hverjum það sé í hag að ganga svo nærri starfsorku og heilsu þess fólks sem vinnur úr sjávaraflanum. Fá störf eru eins streituvaldandi og fiskvinnslustörf og óvíða eru atvinnusjúkdómar jafntíðir. Þeir sem semja um kjörin sjá hins vegar yfirleitt ekki önnur ráð til að bæta launakjörin en að pína upp hraðann og vinnuframlagið og spurning er hvenær það ranglæti verður leiðrétt.

Ég hafði ekki hugsað mér að hafa hér langt mál þar sem ég á sæti í hv. sjútvn. og mun fá tækifæri þar til að fjalla nánar um þetta mál í einstökum atriðum. En ég vil aðeins minna á að við umræðu um fiskveiðistefnuna fyrir tveimur árum fór eins og reyndar oft áður um jól og áramót. Við lentum í mikilli tímaþröng og vorum hér fyrstu dagana eftir áramótin. Það komu upp ýmsar hugmyndir og vangaveltur í umræðunni en það náðist einhvern veginn aldrei það svigrúm sem ég hefði talið nauðsynlegt til að skoða þær hugmyndir betur og gera tilraun til að útfæra þær.

Í þeirri nefnd sem tók þátt í undirbúningi þessa frv. hafa vissulega komið fram margar mismunandi hugmyndir og skoðanir og einnig hér í umræðunni. Þó fáir hafi talað það sem af er í dag hafa komið fram ólík sjónarmið og eiga e.t.v. eftir að koma fleiri. Það hlýtur því að vera meginverkefni sjútvn. á næstu vikum að reyna að vinna úr þessum hugmyndum og gera einhverjar þær breytingar sem fleiri geti sætt sig við. Ég held að við verðum að reyna að líta á allar hugmyndir og reyna að útfæra þær á einhvern hátt því að við erum að fjalla um hagsmuni rúmlega 250 þúsund manns í þessu landi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki, frekar en hv. 6. þm. Vesturl., tekið að mér það hlutverk að hlaupa í

skarðið fyrir hv. 4. þm. Vesturl. sem ætlaði að vera hér í ræðustóli þangað til hv. 14. þm. Reykv. gæti komið aftur í deildina til þess að hefja sína ræðu, en hann mun vera næstur á mælendaskrá að því er mér skilst. En það verður svo að vera. Ég ætlaði ekki að setja hér á langa ræðu en get ekki stillt mig. Ég á ekki sæti í sjútvn. og hef því ekki tækifæri til að koma með þær athugasemdir sem mig langar til að gera hér, sérstaklega við eitt atriði þessa frv.

Ég vil byrja á því að taka undir það sem komið hefur fram í máli þeirra sem hafa talað, bæði hv. 4. þm. Vesturl. og 6. þm. Vesturl. Það er greinilegt að hagsmunaaðilar sem koma inn í þessi mál, þ.e. í hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins, eru hreint ekki sammála um þetta frv. jafnvel þó þeir hafi tekið þátt í að semja það. Þó þeir hafi ekki skilað séráliti kemur það fram að þeir hafa af því miklar áhyggjur, sérstaklega með tilliti til þess að það muni, ef að lögum verður óbreytt, valda mikilli röskun og ósamlyndi innan samtaka sjómanna eins og ég hef heyrt eftir einum af þessum aðilum og reyndar fleirum.

Sterk umræða hefur verið í þjóðfélaginu að undanförnu um atvinnuástand víða út um land og ekki síst í sjávarplássunum. Ég held að óhætt sé að segja að ekkert geti styrkt landsbyggðina á þeim svæðum meira en einmitt arðbær sjávarútvegur. Manni sýnist að þá þurfi að huga vel að bátaútgerðinni og að hennar hagur verði ekki lakari en hinna stærri skipa.

Það sem ég vildi fyrst og fremst gera athugasemdir við eru 4. og 6. gr. þessa frv. Í 4. gr. stendur: „Enginn má stunda veiðar við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi eru tvenns konar; leyfi til veiða í atvinnuskyni og leyfi til tómstundaveiða. Veiðileyfi skulu gefin út til eins árs í senn."

Það er auðvitað ráðherra sem á að ákveða hverjir hljóta þessi veiðileyfi og eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl., sem flutti hér mjög athyglisverða ræðu, eru allar ákvarðanir í höndum hæstv. ráðherra. Eftirlitið, rannsóknarþátturinn og úthlutun leyfanna. En það var þetta með tómstundaveiðarnar sem fer svolítið fyrir brjóstið á mér. Mér finnst vera orðin fullmikil miðstýring og ofstjórnun ef menn mega ekki fara út á skektu sinni og veiða sér í soðið. Í 6. gr. kemur fram að þeir sem ætla að stunda slíkar tómstundaveiðar þurfa að biðja um leyfi til veiða „með handfærum án sjálfvirkniútbúnaðar til eigin neyslu", stendur hér í frv., mér skilst að það séu þau tómstundaveiðileyfi sem heimild verður veitt til. Þeir mega ekki selja eða fénýta afla sinn á annan hátt og manni verður á að hugsa: Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. ráðherra að fylgja því eftir hvað menn gera við þennan afla sinn? Ég spyr bara vegna þess að mér koma í hug t.d. laxveiðimenn og silungsveiðimenn sem fara í veiðiferðir í frístundum sínum. Sumir kjósa að veiða í vötnum og ám. Aðrir vilja kannski frekar fara út á saltan sjó og veiða sér í soðið. Ef veiðin verður umfram þarfir heimilisins hef ég aldrei orðið vör við að maður megi ekki selja veiðina, silunginn eða laxinn sinn, að verið sé að gera athugasemdir við það og fylgjast með því. Þetta fer að minna svolítið á lögregluríki, ég get ekki að því gert. Mér finnst þetta svo fráleit grein þarna að ég gat ekki annað en komið hér upp og gert athugasemd við þetta.

Nú skal ég viðurkenna að ég er ekki sérfræðingur í þessum málum og kannski eru til einhverjar tölur um að þessi frístundaveiði þeirra sem fara að gamni sínu út á sjó á handfæraveiðar eða jafnvel á bryggjusporðinn sé svo stór þáttur í heildarveiði landsmanna að þurfi að setja á það bönd. Vonandi gengur það ekki svo langt að krakkar megi ekki veiða marhnútinn sinn af bryggjusporðinum. Ég gat ekki látið hjá líða, hæstv. forseti, að koma inn á þetta atriði hér af því að það hefur, að ég held, ekki verið minnst á það hérna, enda varla von. Þetta er kannski svo mikið smámál miðað við heildina. Ég get alveg tekið undir það því að ég lít svo á að það mál sem hér er verið að fjalla um sé eitt af þessum stórmálum sem koma inn á hv. Alþingi, eitt af þessum þýðingarmiklu málum sem varða framtíð okkar, hvernig okkur gengur að lifa í þessu landi. Þetta er ein undirstöðuatvinnugrein Íslendinga. Þess vegna er það líka sem mörgum er heitt í hamsi og eru ekki sammála um hvernig á að skipa þessum málum. Ég vil taka það fram að ég tel að hæstv. sjútvrh. sé ekki öfundsverður af því að finna lausn á þessum málum svo allir geti vel við unað. En ég vil jafnframt taka það fram, — ég ætla ekki að trufla meðan hv. formaður þingflokks Framsfl. á tal við hæstv. ráðherra. (**PP:** Hann er hættur.) Hann er hættur, já. Þá ætla ég að halda áfram með þessa setningu mína sem ég er auðvitað búin að gleyma hver var. Mér lá mikið á hjarta en meginatriðið, eins og ég sagði, er að ég tel að hæstv. sjútvrh. þurfi, og það sé þýðingarmikið fyrir hann, að hlusta á þau sjónarmið sem menn hafa hér fram að færa í þessum málum og ekki síst með tilliti til þess að hagsmunirnir eru mismunandi.

Hér hefur verið minnst á og ekki síst af hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Vestf. að það fyrirkomulag sem hefur verið í gildi hefur ekki reynst vel. Mér dettur í hug að í gærmorgun heyrði ég af tilviljun samtal við skipstjóra sem var í miðri loðnutorfunni. Það var verið að kasta og það var fullur sjór af loðnu og í lok samtalsins spurði fréttamaðurinn: Hvernig er það, hafið þið ekki áhyggjur af því að þið eruð að veiða ætið frá þorskinum? Svarið var stutt og laggott eins og sjómanna er siður. Það er engin tæpitunga þar. Svarið var: Nei, vegna þess að það er enginn þorskur í sjónum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en mér fannst ég vera nauðbeygð að koma þessum athugasemdum mínum að eins og ég sagði í upphafi varðandi 4. og 6. gr. þessa frv.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram allítarlegar umræður um frv. til laga um fiskveiðistjórnun. Ég mun ræða hér nokkuð um stöðu Sjálfstfl. gagnvart þessu máli, en einnig mun ég ræða örlítið um þau atriði í umræðunum hjá einstaka stjórnarþingmönnum sem mér þóttu nokkuð furðuleg.

Mér fannst það mjög ósmekkleg samlíking, svo að ekki sé meira sagt, þegar hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson talaði þannig að það mátti eiginlega skilja að hæstv. sjútvrh. væri nokkurs konar Castro Íslands. Mér fannst þetta mjög óviðfelldið því þótt ég hafi oft deilt á hæstv. sjútvrh. í gegnum tíðina fannst mér ekki við hæfi að vera með samlíkingu sem þessa. Enda þótt það hafi verið í tísku gagnvart öðrum stjórnmálamönnum, þá veit ég að hv. þm. Skúli Alexandersson hefur örugglega ekki meint þetta eins og það kom fram í ræðu hans.

Hins vegar get ég tekið undir það sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. þar sem hann talaði um að það þyrfti að draga úr miðstýringu. En það á ekki aðeins við í sambandi við hugsanlega miðstýringu í fiskveiðistjórnun á Íslandi, heldur á það víðar við. Og ég vildi, áður en ég fer að ræða efnislega um frv., víkja að þeim atriðum og skal vera stuttorður.

Ég hefði gjarnan viljað að hv. 4. þm. Vesturl. hefði tekið þátt í því hér fyrir áramót að tryggja að miðstýring yrði ekki eins og hún er í dag í sambandi við húsnæðismál. Ég þekki ekki meiri miðstýringu eða meiri sósíalisma í neikvæðustu merkingu þess orðs en það að skylda menn til að afhenda fjármuni sína inn í eitt ákveðið og miðstýrt kerfi eins og á sér stað í húsnæðismálum, því miður. Því hefur hv. þm. tekið átt í og staðið fast að. Ég þekki ekki meiri miðstýringu en þá þegar menn eru skyldaðir hér á einum kvöldfundi til að afhenda eigur annarra sem nema hundruðum milljóna til að styrkja aðra starfsemi en þá sem viðkomandi fólk stendur að.

Ég minni einnig á það að hv. þm. Skúli Alexandersson hefur tekið þátt í því að byggja hér upp svokallaðan Atvinnutryggingarsjóð þar sem fara fram skuldbreytingar eða „konvertering" og einnig ákvörðun um framlagningu hlutafjár upp á samtals 6,4 milljarða, aðeins. Þetta eru miklar tilfærslur á peningum, miklar tilfærslur á fjármunum. Þetta er miðstýring. Ég held því að hv. þm. ætti nú að spara sér það að ráðast sérstaklega á hæstv. sjútvrh., án þess að ég þurfi að vera að verja hann sérstaklega. (Gripið fram í.) Ég vek athygli á þessu vegna þess að það er svo mikið ósamræmi í orðum og gjörðum. Og mér finnst það enn þá meira ósamræmi þegar maður hefur það í huga að hv. þm. telur sig vera stjórnarstuðningsmann, að ráðast með þessum hætti að hæstv. sjútvrh. Það væri skiljanlegt ef það væru einhverjir stjórnarandstæðingar sem í hita leiksins hefðu gert þetta. En mér finnst það bara ekki sæma stjórnarstuðningsmanni, sem ætlar svo að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir, að haga sér með þessum hætti.

Þetta er ekki meginatriði þessa máls, virðulegi forseti. Þetta er svona inngangur. Ég er bara að vekja athygli á því hvað stjórnarstuðningsmenn eru sjálfum sér ósamkvæmir og einnig að öllu sem þeir segja gagnrýnivert um hæstv. ráðherra og frv. eiga þeir eftir að kyngja og samþykkja frv. í stórum dráttum eins og það liggur hér fyrir. Ég ætla ekkert að orðlengja það eða deila við stjórnarþingmenn sem eru með slíka gagnrýni.

En það sem ég vildi segja, virðulegi forseti, er þetta: Hér erum við að fjalla um raunverulegan lífsgrundvöll íslensku þjóðarinnar og þá með hvaða hætti við ætlum að hagnýta fiskstofna við strendur landsins. Þetta er, eins og hv. þm. margir hafa sagt og einnig hæstv. sjútvrh., mjög viðkvæmt mál og erfitt í framkvæmd. Það að fjalla um fiskveiðistefnu og fiskveiðistjórnun er fyrir okkur Íslendinga, 250 þúsund manns, meginmál og grundvallaratriði. Það er því er mjög þýðingarmikið að við reynum að ná samkomulagi um meginatriði þessa máls.

Þegar ákveðið var að taka upp svokallað kvótakerfi á sínum tíma, í desember 1983, átti ég sæti á hinu háa Alþingi sem varaþingmaður. Ég var mjög gagnrýninn á að fara út í kvótakerfið. Í ræðum mínum þá kom ég sérstaklega inn á tvö atriði í sambandi við kvóta og stjórnun fiskveiða sem var að menn yrðu annars vegar að taka tillit til þess hvernig ætti að takmarka sókn fiskiskipanna í hugsanlegt veiðimagn, þ.e. hugsanlegan afla sem flotinn gæti gengið í, og hins vegar að taka afstöðu til þess að fækka fiskiskipunum, minnka fiskveiðiflotann. Um þetta urðu miklar umræður. Ég hallaðist þá að því sjónarmiði og geri enn, að það hefði verið réttara og betra að fara strax í það að minnka fiskveiðiflotann, fækka skipunum. Það sjónarmið fékk ekki stuðning og var það að ýmsu leyti skiljanlegt, bæði vegna þess að þegar verið var að fara út í kvótann í upphafi voru menn ekki undir það búnir, höfðu fjárfest í skipum, höfðu væntingar og voru skuldbundnir þannig að það var ekki eins auðvelt og menn halda að fækka fiskiskipunum.

Þá er það einnig annað atriði sem ég held að flestir hv. þm. hljóti að viðurkenna, að í tengslum við fiskveiðistefnuna og fiskveiðistjórnun er byggðastefnan mjög þýðingarmikið atriði. Það þýðir ekki að standa hér upp á hinu háa Alþingi og halda fram ákveðinni byggðastefnu, þ.e. að viðhalda byggð í landinu með eðlilegum hætti, án þess að menn taki afstöðu til þessara tveggja atriða sem er annars vegar magnið sem við ætlum að fá úr sjónum og hins vegar fjöldi fiskiskipanna. Ef við veldum þá leið að fækka fiskiskipunum erum við jafnframt að taka afstöðu til þess að breyta byggð í landinu. Ég held að enginn stjórnmálaflokkur sem á fulltrúa á hinu háa Alþingi treysti sér til að fara út í þá umræðu á þessu stigi frekar en menn voru 1983. Hins vegar liggur það í augum uppi þegar litið er á álitsgerðir fiskifræðinga að það kemur að því fyrr en síðar að Íslendingar verði að taka afstöðu til þess að fækka fiskiskipum. Mun ég víkja að því hér á eftir þegar ég fjalla um þátt fiskifræðinga í sambandi við mat þeirra á því hvernig eigi að haga fiskveiðistjórnun í nánustu framtíð.

Vandi okkar Íslendinga er auðvitað mikill í sambandi við fiskveiðar en við erum ekki einir um að eiga í miklum vanda í þeim efnum. Fiskstofnar eru yfirleitt alls staðar í heiminum ofnýttir. Ef maður lítur til Norður-Atlantshafsins þá þekkjum við okkar eigin stöðu, við þekkjum stöðu fiskstofnanna við strendur Íslands. Þeir sem eru kunnugir fiskveiðiþjóðum eða fiskveiðum í Norðursjónum vita að þar er fiskurinn

raunverulega að hverfa. Hið sama má segja um fiskimið út af Norður-Noregi. Þau eru að verða uppurin. Úti fyrir ströndum Norður-Frakklands, Spánar og Portúgals er sömu sögunna að segja. Sem dæmi um það hvað þessi þróun er hröð og neikvæð get ég nefnt að fyrir rúmri viku var ég staddur úti í Bretlandi. Þá las ég það í bresku dagblaði að skipstjórnarmenn á minni fiskiskipum í Skotlandi höfðu ekki getað stundað veiðar mikið síðustu vikurnar fyrir þann tíma sem ég var þarna úti, vegna þess hve veður voru vond. Þó hafði einum skipstjóra tekist að fara út og hann veiddi helminginn af kvótanum sínum í einni veiðiferð, á rúmum tveimur sólarhringum. Þannig að vandamálin eru víðar en hér á Íslandi. Í stuttu máli má segja það að helstu fiskimið í Norður-Atlantshafi og í Norðursjónum, þ.e. þau sem Evrópumenn hafa helst sótt í, eru því miður ofveidd og ofnýtt.

Miðjarðarhafið er mengað, þar eru minnkandi fiskveiðar. Og ef maður lítur síðan til Norður-Ameríku, þ.e. til fiskimiðanna út af austurströnd Norður-Ameríku, úti fyrir Kanada og Bandaríkjunum, má segja að þar sé ástand fiskstofna mjög óvíst. Sumir vilja halda því fram að stofnarnir séu að styrkjast eitthvað en um það eru mjög skiptar skoðanir.

Í stuttu máli sagt, virðulegi forseti, vegna mikils arðráns á auðlindum hafsins á liðnum árum og áratugum eru fiskstofnarnir hvarvetna í hættu, ekki aðeins við strendur Íslands. Þetta arðrán á sér ekki aðeins stað í sambandi við sjávarafla heldur á þetta sér hvarvetna stað í heiminum. Á sama tíma sem þetta gerist fjölgar íbúum jarðar. Neyslukröfur aukast og það verður stöðugt erfiðara að seðja þarfir fólks, neysluþarfir fólks. Það er áætlað að um næstu aldamót, þ.e. eftir aðeins 10 ár, verði íbúar jarðarinnar 7–8 þús. millj. en nú eru þeir rúmlega 5 þús. millj.

Sjávaraflinn, fiskurinn, fiskstofnarnir, eru mjög mikilvægur þáttur í fæðuöflun íbúa jarðarinnar eins og við vitum og um það þarf ekki að deila. En spursmálið snýst ekki aðeins um ofveiði. Það eru fleiri þættir en ofveiði eða auknar neyslukröfur sem hafa áhrif á hugsanlega stærð og nýtingu fiskstofna. Þar á ég við að mengun sjávar er hættuleg lífríki hafsins. Því miður er ekki fullnægjandi þekking á þróun þessara mála í heild og ekki heldur hér við strendur Íslands. Sem dæmi um það hvað mengun getur haft mikil áhrif á fiskstofna vil ég nefna að í Norðursjónum eru vissir fiskstofnar að hverfa vegna mengunar. Hið sama má segja um vissar fisktegundir í Eystrasalti, Kaspíhafi og Miðjarðarhafi. Þar er mengun orðin það mikil að raunverulega eru sumir fiskstofnar útdauðir. Þetta eru innhöf, Eystrasalt, Kaspíhaf og það má segja líka um Miðjarðarhafið, en þetta hefur allt áhrif á stöðu okkar hér á Íslandi í sambandi við nýtingu fiskstofna vegna þess að þverrandi fiskur frá öðrum fiskimiðum hefur áhrif á eftirspurnina eftir fiski frá Íslandi. Og þar af leiðandi með verðmyndandi áhrifum eins og við þekkjum. Hér býsnast menn yfir því hvað verð á ferskum fiski er hátt. Og verð á ferskum fiski er mjög hátt í Vestur-Evrópu. Það hefur áhrif á það hvað fer af fiski í aðrar vinnslugreinar eins og menn þekkja með þar af leiðandi neikvæðum áhrifum fyrir viðkomandi greinar og atvinnustig víðs vegar um landið.

Í stuttu máli sagt er full ástæða til að óttast að fiskstofnunum í Norður-Atlantshafi stafi hætta af fleiru en ofveiði.

Ég minni á það að á fyrstu áratugunum eftir fyrri heimsstyrjöldina var sökkt óhemju miklu magni af skaðlegum efnavopnum í Atlantshafið. Það veit enginn og það hafa engar athuganir verið gerðar á því hvort þessi efnavopn eru farin að leysast upp og berist með hafstraumum inn á fiskimið í Norður-Atlantshafi. Það er heldur ekki vitað enn hvort ferðir kjarnorkuknúinna kafbáta stórveldanna mengi hafið með þeim hætti að lífríki hafsins sé hætta búin. Þessi og fleiri atriði knýja á um það að þær þjóðir sem eru háðar sjávarafla afkomulega séð verði að hafa aukin afskipti af því hvernig íbúar jarðarinnar umgangast og nýta auðlindir hafsins. Þetta er okkur Íslendingum sérstaklega mikilvægt að hafa í huga þegar við erum að fjalla hér um stjórnun fiskveiða. Einnig verðum við að gera okkur grein fyrir því að viðhorf í heiminum hafa breyst á síðustu árum og síðasta áratug með þeim hætti að það verður að nálgast lausn þessara mála með öðrum hætti en við ýmsir hefðum óskað.

Þetta eru auðvitað augljós sannindi. Enn á ný stendur hið háa Alþingi frammi fyrir því að fjalla um hvernig fiskveiðistjórnun, takmörkun fiskveiða, skuli háttað gagnvart Íslendingum sjálfum. Við erum hér með til umfjöllunar frv. til laga sem hefur þann tilgang að „marka meginreglur varðandi framtíðarskipan stjórnar fiskveiða og skapa grundvöll fyrir hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna“, eins og segir í greinargerð með frv. Því er ætlað „að skapa sjávarútveginum almenna umgjörð og leikreglur. Innan þessa ramma er þeim er við sjávarútveg vinna hins vegar falið að taka ákvarðanir á þann hátt sem þeir telja hagkvæmastan. Með því að nýta þekkingu og dugnað þeirra er gerst til þekkja má ætla að hámarksafrakstri af fiskveiðiauðlindinni verði náð fyrir þjóðfélagið í heild.“ Ég get tekið undir þetta sjónarmið m.a. með vísan til þess sem ég hef þegar sagt um þróun þessara mála, ekki aðeins hér hjá okkur Íslendingum, heldur allt í kringum okkur.

Frv. felur í sér að fiskveiðum verður stjórnað með þeim hætti að við reynum að nýta takmarkaðar auðlindir sem best. Helst vildum við, ég vil segja öll, að fiskstofnarnir væru það sterkir að fiskveiðar gætu verið alfrjálsar í þeim skilningi sem við hér sem eldri erum þekkjum þær, þ.e. engir kvótar og engar takmarkanir. Þá fengi framtak, dugnaður, áræði og hæfileikar að ráða í einu og öllu. Það er í anda sjálfstæðisstefnunnar. En eins og stöðu mála er háttað í dag telja flestir sjálfstæðismenn það óraunsæi og ég vil segja ábyrgðarleysi að viðurkenna ekki að eðli málsins samkvæmt verður að hafa stjórn á fiskveiðum innan fiskveiðilögsögu Íslands í stórum dráttum eins og fram kemur í þessu frv. Þá vil ég taka það fram að það eru ákveðin atriði í þessu frv. sem við viljum skoða nánar og koma með brtt. við.

Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, fá að undir-

byggja þessa afstöðu enn frekar með því að líta á raunveruleikann eins og hann blasir við. Það eru sérstaklega tveir málsaðilar sem koma þar við sögu, annars vegar vísindamenn, þ.e. fiskifræðingarnir, og hins vegar þeir sem starfa úti á vettvangi í þessari atvinnugrein. Þar á ég við sjómenn, verkafólk, skipstjórnarmenn, útgerðarmenn og fiskframleiðendur.

Ég ætla, virðulegi forseti, fyrst að fjalla nokkuð um álit Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna og nokkra umhverfisþætti í sambandi við fiskimiðin og einnig um aflahorfur. Þetta álit sem er gefið út af Hafrannsóknastofnun í ágúst 1989 hefur ekki komið til umfjöllunar hér í umræðunni sem skyldi, þó nokkuð hafi verið tæpt á þessum atriðum, m.a. af hv. 4. þm. Vesturl. Ég tel nauðsynlegt og skyldu þingmanna að fjalla um það með hvaða hætti fiskifræðingar meta stöðu mála. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að hvaða niðurstöðu fiskifræðingar komast um ástand fiskstofnanna. Álit þessara manna, þessara mikilvægu trúnaðarmanna íslensku þjóðarinnar sem skoða þessi mál frá degi til dags með vísindalegum hætti, skiptir miklu fyrir líf og framtíð Íslendinga. Við rekum hér mikið og dýrt menntakerfi, mikinn og dýran háskóla og teljum okkur menntaða þjóð. Þá skulum við líka nýta þekkinguna og menntunina með þeim hætti sem við á í hverju tilfelli og það á alveg sérstaklega við í sambandi við það mál sem hér er til umfjöllunar.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um horfurnar 1990 segir m.a. í kafla um horfur og tillögur um hámarksafla 1990–1991, með leyfi forseta:

„Ef veidd verða 350 þús. tonn árið 1990 sem er lítið eitt meira en gert er ráð fyrir að veiðist á yfirstandandi ári“ — þ.e. árið 1989 — „mun veiðistofninn minnka úr 1 millj. 10 þús. tonnum í ársbyrjun 1990 í 820 þús. tonn í ársbyrjun 1992. Og hrygningarstofn“ — þetta á við um þorsk, ég gleymdi að taka það fram, virðulegur forseti — „um 40 þús. tonn.

Veiðidánarstuðlar munu haldast háir og árgangar endast illa enda afli 35–43% af stofnstærð. Verði aflinn árið 1990 takmarkaður við 300 þús. tonn mun veiðistofn minnka um 70 þús. tonn en hrygningarstofn vaxa lítið eitt.

Með þessari fiskveiðistefnu mun veiðidánarstuðull standa í stað. Með 250 þús. tonna afla á ári mun veiðistofn vaxa um 5% næstu tvö árin. Hrygningarstofn mun hins vegar vaxa um rúmlega 100 þús. tonn. Þá munu veiðidánarstuðlar lækka nokkuð á næstu árum.

Fjórði kosturinn, 200 þús. tonna afli á ári, yrði til þess að veiðistofn og hrygningarstofn mundu vaxa allnokkuð næstu árin.“

Þetta er það sem fiskifræðingar segja um þorskinn. Þorskurinn er meginundirstaðan í fiskveiðum okkar Íslendinga. Þessi spá og þetta mat er því mjög alvarlegt fyrir okkur Íslendinga ef á það er litið sem snýr að fjórða kostinum, aðeins 200 þús. tonnum. Þegar menn skoða þetta í ljósi þess sem vísindamenn segja, trúnarmenn okkar allra sem enginn ber brigður á að vinni sitt verk samviskusamlega, hljóta þeir að gera sér grein fyrir því að ekkert annað blasir við en að hafa ákveðna stjórnun á fiskveiðum og þá duga engin gífuryrði né óraunhæfar hugmyndir um það hvernig væri óskandi að hafa þetta með öðrum hætti.

Ef við lítum síðan á spá fiskifræðinga varðandi ýsu, virðulegi forseti, þá eru tillögur um hámarksafla 1990–1991 þessar, með leyfi forseta:

„Ýsa. Veiðistofn ýsu er nú áætlaður 240 þús. tonn í upphafi árs 1990 eða heldur minni en við upphaf árs 1989. Hrygningarstofn fer hins vegar stækkandi á árinu 1990 miðað við árið 1989. Þar sem nýliðun allra síðustu ára er undir meðallagi leggur Hafrannsóknastofnun til að dregið verði frekar úr sókn á aflahámarki 1990–1991 og verði óbreytt miðað við fyrri ár eða 60 þús. tonn.“

Um ufsa, sem hefur einnig mikla þýðingu, segir svo í skýrslu Hafrannsóknastofnunar: „Við 110 þús. tonna afla mun stærð veiðistofns fara minnkandi og verður 370 þús. tonn árið 1992. Við 90 þús. tonna afla mun veiðistofn verða um 420 þús. tonn árið 1992 og hrygningarstofn 220 þús. tonn.“ Þegar maður hugsar til fyrri tíma frjálsra fiskveiða og fiskignægtar og lítur síðan til þess sem að framan er sagt þá er hér vissulega um mjög alvarlegar spár að ræða svo að ekki sé meira sagt.

Þá er einnig sagt að aukin sókn í ufsa frá því sem nú er muni ekki leiða til aukins afraksturs á ári þegar til lengri tíma er litið þar sem afrakstur og nýliðun er nánast í hámarki. Með tilliti til þess leggur Hafrannsóknastofnun til að sókn í ufsastofninn verði ekki aukin frekar. Aflahámark árin 1990 og 1991 verði 90 þús. tonn.

Karfi hefur skipt miklu máli í fiskveiðum Íslendinga síðustu tvo áratugi, sérstaklega eftir að togaraflotinn efldist. Þá hefur karfinn einnig haft mjög mikla þýðingu fyrir fiskvinnsluna, frystinguna og þar með allt atvinnuástand í landinu. Það skiptir því verulega miklu máli að gera sér grein fyrir því hvernig fiskifræðingar meta útlitið varðandi karfa. Þar segir svo, með leyfi forseta, í umræddri skýrslu:

„Gert er ráð fyrir að aflinn á árinu 1989 verði 80 þús. tonn eða aðeins minni en árið 1988. Gert er ráð fyrir að nýliðun yngstu árganganna svari til meðaltalsárganganna 1956–1969 og verði 191 millj. ellefu ára fiska.“ Síðan segir: „Ef miðað er við 100 þús. tonna ársafla 1990 mun bæði veiðistofn og hrygningarstofn“ — ég bið hv. þm. að taka eftir þessu. Það getur verið, virðulegi forseti, að þar sem ég hef starfað í sambandi við sjávarútveg og fiskiðnað í tæplega 30 ár fari ég nákvæmar út í þetta en aðrir virðulegir þingmenn. Það fylgir því oft þegar menn eru að tala um það sem þeir þekkja nokkuð til, þá vilji þeir fara dálítið nákvæmlega í það. Ég vona að virðulegir þingmenn meti það. (Gripið fram í.) Já, ég var að tala um karfann sem hefur verið mjög þýðingarmikil afurð og haft mikið að segja í sambandi við afkomu íslensku þjóðarinnar síðustu áratugi. Segja má að karfinn hafi ráðið úrslitum um betri nýtingu á framleiðslugetu fjölda frystihúsa í landinu, sérstaklega eftir að togaraflotinn efldist þannig að þegar

verið er að fjalla um karfa, þótt Íslendingar sjálfir borði ekki mikinn karfa, þá erum við að tala um afurð, vöru, sem hefur mikla þýðingu fyrir heildarafkomu útgerðar. Ef miðað er við 100 þús. tonna ársafla 1990 mun bæði veiðistofn og hrygningarstofn minnka verulega. Sé miðað við 80 þús. tonna afla mundi veiðistofn standa í stað en hrygningarstofn minnka. Sé hins vegar miðað við 60 þús. tonna afla mundi bæði veiðistofn og hrygningarstofn aukast lítillega.

Ég vek athygli á því að það eru ekki nema 6–7 ár síðan að karfaaflinn, ef ég man rétt, var kominn í 120 þús. tonn þannig að hér er verið að tala um helminginn af því sem menn gátu veitt á sínum tíma. Ég get ekki tekið undir það sjónarmið þó að ég hafi gagnrýnt ýmis atriði í sambandi við útfærslu sjávarútvegsstefnu á Íslandi undanfarin ár að það sé alfarið kvótanum að kenna hvernig komið er í sambandi við fiskistofna við landið.

Ef hv. þm. sem töluðu hér áðan, hv. 4. þm. Vestf. og 4. þm. Vesturl., vilja ræða það hvað hugsanlega gæti ráðið úrslitum um þetta, þá held ég að það megi rekja það til annarrar ákvarðanatöku en þeirrar hvernig kvótinn var ákveðinn. Ég held að það væri eðlilegra að rekja það þá frekar með tilliti til byggðastefnu, þ.e. með tilliti til þess hvernig menn ákváðu á sínum tíma að byggja upp fiskveiðiflotann. Þar á ég sérstaklega við árin 1978–1983 og ég kannast ekki við það að sumir af hv. þm. sem eru mjög harðorðir hér um kvótann í höndum hæstv. sjútvrh. fjalli nokkuð um þann þátt hvernig fiskveiðiflotinn var byggður upp. Ég kannast ekki við það, þeir leiðrétta mig ef ég fer rangt með, að þeir hafi gert athugasemdir við það að fjöldi fiskiskipa var keyptur til ákveðinna sjávarplássa á þeim tíma. En um það er hægt að flytja langt mál og koma inn á það með þeim hætti að tala um byggðastefnu en ekki endilega það hvernig hæstv. sjútvrh. leggur hér fyrir tillögur um kvótann. (Gripið fram í.) Ég sagði það ekki, hv. þm., ég sagði að það væru mörg atriði sem kæmu til greina ef það verður rakið hvernig þessi skipastóll var byggður upp og hvort ástæða var til að byggja hann upp með þeim hætti sem gert var.

Þá mun ég halda áfram, virðulegi forseti, og ræða frekar um karfann. (Gripið fram í.) Jú, það er rétt, hv. 6. þm. Reykv., og er eiginlega erfiðast í sambandi við karfastofninn að hann er svo lengi að endurnýja sig í þá stærð sem æskileg er og er veiðihæf. Ef ég man rétt, þá þarf hann að vera 11–12 ára gamall til þess að teljast veiðihæfur og vinnsluhæfur, þannig að ef gengið er of nærri karfastofninum með þeim hætti sem menn óttast, þá getur tekið áratugi að byggja hann upp í þá stærð að Íslendingar geti veitt 100 þús. tonn, hvað þá 120 þús. tonn. Og hér erum við að tala um verðmæti, peningaverðmæti sem er undirstaða og forsenda þess að við rekum mikið og dýrt menntakerfi, heilbrigðiskerfi, velferðarkerfi sem Íslendingar vilja búa að þannig að við skulum ekki hafa þessi mál að gamanmáli.

Ég vil þá halda áfram þar sem segir í skýrslu Hafrannsóknastofnunar og fiskifræðinga um karfann: „Með hliðjón af niðurstöðum um stærð karfastofnsins og að hlutur djúpkarfa í karfaafla Íslendinga var svipaður og árin 1986 og 1987, um 20 þús. tonn, leggur Hafrannsóknastofnun til að hámarksafli á Íslandsmiðum árin 1990 og 1991 verði 80 þús. tonn hvort ár, af báðum tegundum samanlagt."

Við þessa ráðgjöf hefur einnig verið tekið tillit til niðurstöðu Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Ef ég man rétt, þá mun það hafa verið rætt á einhverjum fundum hvort ekki væri hægt að auka veiðar á svokölluðum djúpkarfa. Þessar upplýsingar benda til þess að það geti verið mjög vafasamt svo ekki sé meira sagt.

Þá vil ég, virðulegi forseti, ræða nokkuð um grálúðu. Grálúða er fisktegund sem Íslendingar veiddu lítið áður fyrr. Sem dæmi má nefna að árið 1976 var grálúðuaflinn ekki nema 5 þús. tonn og þykir þetta frekar óvirðuleg fisktegund. En árið 1989 mun grálúðuaflinn líklegast hafa farið upp í 60 þús. tonn þannig að grálúðuaflinn er farinn að hafa verulega þýðingu fyrir afkomu Íslendinga og útgerð og fiskvinnslu. Ég vil því víkja nokkuð að grálúðunni. Þar sem ég sé að hv. þm. Guðmundur Ágústsson lögfræðingur er mættur í salnum, fulltrúi Borgfl., þá er það gott að hann fylgist með því þegar menn eru að tala um grundvöllinn sem er forsenda þessa frv. sem hér liggur fyrir og hæstv. sjútvrh. hefur kynnt í stuttri ræðu. Ég held að það sé ágæt verkaskipting að hæstv. ráðherra hafi komið með meginlínurnar og að hv. þm. ræði þessi mál ítarlegar og veigamiklar forsendur fiskveiðistjórnunar. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar segir m.a. um grálúðu:

„Áætlað er að veiðistofn sex ára og eldri verði 190 þús. tonn í allt árið 1990. Ef veidd verða 60 þús. tonn árin 1990 og 1991 eða svipað og á yfirstandandi ári minnkar veiðistofninn í 110 þús. tonn árið 1992. Enn alvarlegra er að hrygningarstofn verður þá kominn niður í 30 þús. tonn eða aðeins þriðjung af hrygningarstofni ársins 1988. Leiða má að því sterk rök að svipuð sókn næstu tvö til þrjú árin og verið hefur undanfarið muni valda hruni í stofninum. Eldri hluti hans mun þá minnka mjög og viðkoman þar af leiðandi einnig. Verði afli minnkaður í 45 þús. tonn mun stofninn einnig minnka verulega á næstu árum. Við 30 þús. tonna afla mun veiðistofninn stækka örlítið, úr 165 þús. tonnum í ársbyrjun 1990 í 180 þús. tonn árið 1992. Á árunum 1980–1986 var veiðistofn áætlaður á bilinu 160–190 þús. tonn. Ársafli á þessu tímabili var á bilinu 30–35 þús. tonn að undanskildu árinu 1931. Því virðist sem grálúðustofninn geti staðið undir ársafla að þessu marki. Þetta er í samræmi við útreikning á afrakstri og nýliðun þar sem meðalárgangur gefur af sér um 35 þús. tonna afla. Með hliðsjón af þessu og því að afli útlendinga er um það bil tvö þús. tonn árlega leggur Hafrannsóknastofnun til að afli verði minnkaður í 30 þús. tonn á næstu tveimur árum."

Ég segi fyrir mitt leyti að fyrir þá sem starfa við útgerð og fiskvinnslu eru þetta vissulega mjög alvar-

legar tölur og það er alvarlegt fyrir Íslendinga að fiskifræðingar skuli þurfa að leggja fram tillögur þessa efnis eins og fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða hér um síld og loðnu, þó það væri vissulega tilefni til þess, heldur halda mig við þessar þorskfisktegundir sem ég hef fjallað hér um.

Í stuttu máli sagt, virðulegi forseti, þá er það álit sérfræðinga, fiskifræðinga, að útlit sé mjög dökkt í sambandi við fiskistofna við Íslandsstrendur. Þetta gerir það að verkum að við hv. þm. verðum að haga okkar málflutningi og tillögum og ákvarðanatöku í samræmi við staðreyndir. Ég talaði um það áðan, virðulegi forseti, að ég mundi ekki láta mér nægja að fjalla aðeins um álit fiskifræðinga, sem er auðvitað mjög þýðingarmikið framlag til ákvarðanatöku í þessu máli, heldur ætla ég að ræða einnig nokkuð um raunveruleikann, þ.e. eins og hann blasir við þeim sem standa í því verki að veiða fisk, verka fisk og selja fisk. Þar á meðal eru fulltrúar þessara aðila sem tóku þátt í störfum þeirrar nefndar sem stendur að baki því frv. til laga sem hér er til umræðu þótt menn hafi ekki orðið sammála um það sem heild.

Það er nefnilega svo að það er við fleiri að ræða um þessi mál heldur en fiskifræðinga. Og það er eins og ég gat um áðan, raunveruleikinn eins og hann birtist því fólki sem stendur í hinu daglega starfi í útgerð og fiskvinnslu, þ.e. staðreyndir hins daglega lífs sem segja okkur kannski enn meiri sögu en öll þau vísindi og sérþekking sem felst að baki þeirra tillagna sem fiskifræðingar eru með. Staðreyndin er sú og það vita þeir sem starfa við útgerð og fiskvinnslu að meðalþyngd afla0s fisks hefur minnkað og fiskurinn er smærri en hann var. Það verður að sækja fiskinn dýpra. Kostnaður á sóknareiningu hefur aukist mikið á síðustu árum. Framleiðslutækin eru dýrari, skipin eru dýrari og þau eru kraftmeiri. Og það eru gerðar meiri kröfur á hinum erlendu mörkuðum til gæða en áður fyrr. Við það hækkar framleiðslukostnaðurinn.

Þá eru kröfur innan lands sérstaklega harðar hjá þeim sem hvergi koma við sögu þessa máls, þ.e. eru ekki framkvæmdaraðilar. Kröfur þessa fólks sem stendur utan við og vill búa við góð lífskjör á grundvelli sjávarútvegs og fiskiðnaðar eru stöðugt meiri. Þess er krafist að útgerð og fiskvinnslan hagræði betur rekstri. Það eru gerðar kröfur um stærri og færri rekstrareiningar og þær raddir verða stöðugt háværari, sérstaklega hér í þéttbýlinu, að hagkvæmni aukist eftir því sem fyrirtækjum fækkar.

Þá er það og var krafa ákveðinna þingmanna, sem núna hafa gerst stjórnarþm., í umræðum áður fyrr að það ætti að fækka fiskiskipunum og það ætti að fjölga verkfræðingum sem sætu við stjórnvöl í sambandi við rekstur útgerðar og fiskvinnslu. Þá var lausnarorðið ekki það að gerast ráðherra á Hagstofu Íslands. Hann er því miður ekki hér í salnum, sá hæstv. ráðherra, hann mun eiga sæti í Ed. En það hefði verið æskilegt að sá „ágæti þm." hefði verið viðstaddur þessa umræðu því að hann lét mikið að sér kveða hér á sínum tíma þegar verið var að fjalla um fiskveiðistefnuna fyrir tveimur árum ef ég man rétt. (**HBl:** Og hefur auk þess það verkefni í ríkisstjórninni að marka stefnu í atvinnumálum.) Ég vildi því, virðulegi forseti, vekja athygli á því sérstaklega að hér er ekki mættur „sérfræðingur". — Ég skil vel að hv. þm. Skúla Alexanderssyni líði ekki vel þegar minnst er á hæstv. ráðherra hagstofumála. Ég held að hæstv. ráðherra sé ekki enn þá orðinn umhverfismálaráðherra. (**HBl:** En hann fer með atvinnumálin.) Atvinnumálin, já. Það er sérstök atvinnumálanefnd sem danskur maður er formaður fyrir, (**Gripið fram í:** Ekki formaður.) Ekki formaður nei, en aðalsérfræðingur. En ég verð að segja það að mér finnst þetta skondið, sérstaklega eftir að hafa setið í ráðgjafarnefnd um fiskveiðistjórnun, svo að ég bregði mér á skeið eins og hv. þm. Skúli Alexandersson gerir stundum hérna. Í ráðgjafarnefndinni voru m.a. fulltrúar Borgfl. og það er þess vegna dálítið skondið að hér skuli ekki vera mættir helstu oddamenn þess flokks að undanskildum hv. þm. Guðmundi Ágústssyni. (Gripið fram í.) Já, ég bið hv. þm. afsökunar, hann er þingflokksformaður. Ég er með það séstaklega í huga vegna þess að ef ég man rétt, þá gaf fulltrúi Borgfl. í ráðgjafarnefndinni mjög ákveðna yfirlýsingu þar sem hann lýsti andstöðu sinni við þetta frv. og hann mun einnig hafa gert sér sérstaka ferð vestur á Ísafjörð til þess að bíta í hælana á hæstv. sjútvrh. Það eru ekki góð vinnubrögð. (**EgJ:** Þetta er allt út og suður.) Já, það er rétt hjá hv. þm. Agli Jónssyni að þetta er allt út og suður hjá Borgfl. í þessu máli. Og ég verð nú að segja það að þetta vekur náttúrlega upp þá spurningu varðandi stjórnarsamstarfið, hvers konar stjórnarsamstarf er þetta? Hv. þm. Stefán Guðmundsson hristir höfuðið. Það skil ég vel vegna þess að hv. þm. vill ganga virðulega hér um sali og bera virðingu fyrir þeim sem vinna með honum og hann stendur með sínum mönnum og það er að skapi okkar sjálfstæðismanna. Hælbítar eru leiðindafólk og ekki húsum hæfir.

En ég vildi, virðulegi forseti, láta kanna hvort ráðherra hagstofumála er ekki í húsinu þannig að hann geti komið dálítið inn í umræðuna. Ég er að hugsa um að leggja nokkrar spurningar fyrir — ég ætlaði að segja verkfræðing, fyrir þennan hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands er ekki í húsinu.) Skelfing finnst mér þetta eitthvað leiðinlegur titill fyrir ráðherra að vera hæstv. hagstofuráðherra. En það verður víst að sætta sig við það.

Ég vildi þá víkja nokkuð að þeim sem eru úti á vettvangi og fjalla um þetta sem framkvæmdaraðilar. Það heyrist ekki mikið þeirra sjónarmið í sölum Alþingis. Að vísu er hv. þm. Skúli Alexandersson stundum að fjalla um þetta á þeim grundvelli sem er auðvitað mjög eðlilegt þar sem maðurinn er útgerðarmaður. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í þessari ráðgjafarnefnd voru mjög margir fulltrúar fyrir, ég vil ekki kalla hagsmunaaðila heldur menn úr sjávarútvegi og fiskiðnaði. Þetta eru útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, sjómenn, fiskframleiðendur, farmenn, verkafólk og aðstoðarmenn þessara aðila. Það

er búið að vinna að því að reyna að ná samkomulagi um frv. til laga um fiskveiðistjórnun í tæplega tvö ár og ég vil taka það fram að það hefur verið unnið mikið og gott verk af hálfu ráðgjafarnefndarinnar í þeim efnum þó menn séu ekki sammála í einstökum atriðum. En hvað sem því líður þá er það mín skoðun og kemur einnig fram í þeim plöggum og skýrslum sem koma frá ráðgjafarnefndinni að þeir aðilar sem eru helstu ábyrgðaraðilar í sjávarútvegi og fiskvinnslu telja óhjákvæmilegt að hafa stjórn á fiskveiðum í stórum dráttum eins og fram kemur í þessu frv. Þeir hafa ekki treyst sér til að koma með tillögu t.d. sem gengi í þá átt að skera verulega niður fiskiskipaflotann. Og ein meginástæðan fyrir því að þessir aðilar hafa ekki treyst sér til þess er sú, held ég, að með því að koma með tillögu um að skera verulega niður fiskiskipaflotann væri verið að leggja niður sjávarþorp, breyta byggð í landinu með þeim hætti sem menn hafa ekki treyst sér til þess að fjalla um enn þá hér í sölum Alþingis.

Ég heyri ekki hv. þm. sem eru mjög stóroröir eða gagnrýnir á þetta frv. ræða nokkuð um byggðastefnu eða byggðaþróun eða hvað mundi gerast ef fiskiskipum væri fækkað allverulega. Nú skal það viðurkennt að það eru of mörg fiskiskip að mínu mati sem mega veiða of takmarkað magn, sem er til ráðstöfunar, það skal viðurkennt. En ég treysti mér heldur ekki til þess á þessu stigi að koma með tillögur um að skera niður fiskiskipastólinn. Það kæmi þó til athugunar að sjálfsögðu að reyna að finna aðferðir til þess að fækka fiskiskipum á næstu árum sem ég held að sé óhjákvæmilegt. Að því verður að vinna.

Sjálfstfl. hefur ætíð lagt sérstaka rækt við sjávarútvegsmál og margir af forustumönnum Sjálfstfl. hafa forustu um ýmis helstu framfaramál í útgerð og fiskvinnslu. Ég minni m.a. á að það var undir forustu Sjálfstfl. sem fiskveiðilögsagan var færð út í 200 sjómílur á sínum tíma. Þá hafa sjálfstæðismenn ekki aðeins tekið þátt í sjávarútvegsmálum á vettvangi stjórnmála heldur hafa þeir með þátttöku sinni í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar komið mjög við sögu. Margir helstu forustumenn flokksins eru í röðum útgerðarmanna, fiskvinnslumanna, skipstjórnarmanna og sjómanna.

Þessir menn og annað sjálfstæðisfólk vill frelsi á sem flestum sviðum og það er á móti miðstýringu og of miklum afskiptum ríkisvalds. En við gerum okkur grein fyrir að það felst í því mikil ábyrgð að standa frammi fyrir því að reka fyrirtæki á þessu sviði á grundvelli veikra fiskstofna með þeim hætti að það sé tryggður rekstur fyrirtækjanna og örugg afkoma þess fólks sem á allt sitt undir sjávarútvegi og fiskiðnaði. Og það gerist ekki með gífuryrðum eða sýndarmennsku í sölum Alþingis. Það er komið nóg af því að hv. þm. ýmsir séu í pólitískum skollaleik með þetta fjöregg íslensku þjóðarinnar.

Við sjálfstæðismenn tökum tillit til staðreynda eins og ég hef rakið hér á undan. Annars vegar byggjum við okkar mat á rannsóknum og þekkingu fiskifræðinga um stöðu þessara mála og hins vegar á raunveruleikanum eins og það fólk hefur birt okkur hann og eins og hann birtist okkur úti á vettvangi sem er í útgerð og fiskvinnslu. Þessar staðreyndir segja okkur að við verðum að búa við fiskveiðstjórnun enn um sinn. En markmiðið er að þróa Íslendinga út úr kvótakerfi. Það er markmið okkar sjálfstæðismanna. En sú staða er því miður ekki fyrir hendi í dag. Því miður.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, gera hér enn frekari grein fyrir stefnu Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum svo það fari ekkert á milli mála að flokkurinn tekur ábyrga afstöðu til þessa máls eins og allra annarra mála sem við fjöllum um á hinu háa Alþingi. Við tökum afstöðu sem hefur þjóðfélagslegt gildi. Og þrátt fyrir það að við erum ekki stjórnarstuðningsmenn þá dettur okkur ekki í hug að efna til illdeilna eða tefla þessu máli í þá hættu að það gæti skaðað íslensku þjóðina. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, fá að árétta það hver er stefna Sjálfstfl. í sambandi við sjávarútvegsmál og sérstaklega það mál sem hér er til umfjöllunar eins og hún var ákveðin á 28. landsfundi Sjálfstfl., í október 1989. En þar segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Fiskimiðin umhverfis landið eru dýrmætasta auðlind Íslendinga. Viðskiptasamningar og verslunarhagsmunir mega ekki stefna í hættu yfirráðum okkar yfir þessari auðlind. Enn fremur er mikilvægt að Íslendingar taki forystu um varnir gegn losun úrgangs í hafið og mengun í norðurhöfum. Nýta ber sjávarspendýr undir vísindalegu eftirliti á sama hátt og fiskstofnana. Til þess að miðin skili okkur hámarksafrakstri til langs tíma er skilvirk fiskveiðistefna lykilatriði. Um stjórnun fiskveiða hefur ríkt mikill ágreiningur en það er höfuðnauðsyn að um þau mál takist víðtæk sátt. Viðurkennt er að takmarka þarf afla á svo til öllum nytjastofnum Íslandsmiða. Fiskveiðiflotinn er of stór og leita verður allra leiða til að hann minnki. Auðvelda þarf útvegsmönnum, sem vilja hætta, að losna skaðlaust við skip sín, t.d. með eflingu aldurslagatryggingar.

Undanfarin ár hefur verið fylgt þeirri meginstefnu að skipta leyfilegum hámarskafla niður á skip, þó með þeirri undantekningu að hluti flotans hefur sætt sóknartakmörkunum með þorskaflahámarki. Sjálfstæðisflokkurinn telur að það hafi reynst illa að nota samhliða tvenns konar stjórnkerfi fyrir fiskveiðar og margt hafi mistekist í framkvæmd núgildandi fiskveiðistefnu. Ljóst er að núverandi kvótakerfi á ekki erindi í hagkvæmni- og afkastahvetjandi fiskveiðistefnu. Tekin verði upp sú aðferð að sérhvert fiskiskip fái úthlutað ákveðinni hlutdeild í heildarafla landsmanna til lengri tíma, en með árlegri endurnýjunarskyldu. Markmiðið er að hámarksafrakstur náist við nýtingu fiskstofnanna þannig að hægt verði að afnema kvótakerfið og að frumkvæði og dugnaður einstaklingsins fái notið sín. Aflahlutdeildin verði ákveðin sem hlutfall af heildarafla skipanna með hliðsjón af tegundasamsetningu. Vilji einstakar útgerðir fá meira í sinn hlut en almennar heimildir kveða á um yrði sá aukni fiskveiðiréttur að fást frá

öðrum útgerðum eftir settum reglum í frjálsum viðskiptum. Á þennan hátt verður dregið úr miðstýringu veiðanna, sem mun leiða til fækkunar fiskiskipa af hagkvæmniástæðum innan greinarinnar sjálfrar.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að útgerðin eigi að taka meiri þátt í að greiða kostnað af rannsóknum á fiskstofnunum og eftirliti með þeim og hafi jafnframt áhrif á framkvæmd rannsókna, eftirlits og tillagna um heildaraflamagn, enda séu sjávarútveginum búin rekstrarskilyrði til þessa kostnaðarauka.

Miklar breytingar standa nú yfir í útgerð og hagnýtingu afla. Þar ber hæst frystingu um borð og ferskfisksölu. Þeim breytingum fylgir samdráttur í hefðbundnum vinnslugreinum. Bent er á að versnandi samkeppnisstaða hefðbundinna vinnslugreina getur leitt til verulegrar byggðaröskunar. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að sjávarútvegurinn, eins og aðrar atvinnugreinar, þróist sem frjálsast í átt til aukinnar hagkvæmni og framleiðni. Sjálfstæðisflokkurinn telur að bestur árangur í sjávarútvegi, svo og öðrum atvinnugreinum, náist með því að takmarka afskipti hins opinbera við það að skapa almenn skilyrði fyrir vexti hans og viðgangi."

Þetta er í stórum dráttum, virðulegi forseti, það sem Sjálfstfl. ályktaði á sínum landsfundi um sjávarútvegsmál. Þannig að Sjálfstfl. sem slíkur hefur tekið afstöðu til þess að kvótakerfi þurfi að vera áfram með hliðsjón af ríkjandi aðstæðum.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja hvað varðar einstakar greinar þessa frv. að frv. hlýtur auðvitað að fá eðlilega og þinglega meðferð og því verður vísað til nefndar þar sem það mun verða til umfjöllunar. Það er skoðun mín að nokkur atriði í þessu frv. þurfi að skoðast betur. Ég nefni sem dæmi að það þarf að athuga betur hvernig unnt sé að samræma veiði og vinnslu með tilliti til aukinnar framleiðslu hérlendis. Vísa ég þá sérstaklega til þess sem segir í niðurlagi 10. gr. frv., varðandi svokallað álag þar sem gert er ráð fyrir að það sé 20%. Þá er það einnig skoðun mín að það sé óþarfi að vera með þá, ég vil segja miðstýringu, sem á sér stað skv. 6. gr. um tómstundaveiðar. Það er atriði sem ástæðulaust er að hafa í lögum og á að fella úr frv. Þá eru það ákveðin atriði sem varða framkvæmd þessara mála sem þarf að athuga mun betur með það sérstaklega í huga að allt vald í þessum málum sé ekki fært undir einn aðila í Stjórnarráðinu. Framkvæmdarvald og dómsvald, eða jafngildi þess, á ekki að vera í hendi sama aðila.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil við 1. umr. um frv. til laga um fiskveiðar segja nokkur orð og gera grein fyrir afstöðu Borgfl. til þessa frv.

Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni þá skilaði fulltrúi Borgfl. séráliti í þeirri nefnd sem skipuð var við samningu þessa frv. Þegar málið kom til þingflokks Borgfl. áður en það var lagt fram var málið afgreitt með svofelldu bréfi og vil ég lesa það til þess að það komi skýrt fram hver afstaða míns flokks er til frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Borgfl. hefur fjallað um drög að frv. til laga um stjórn fiskveiða sem taka eiga gildi í ársbyrjun 1991. Þingflokkur Borgfl. er ekki samþykkur þeirri fiskveiðistefnu sem frumvarpsdrögin bera með sér, sbr. sérálit fulltrúa flokksins í ráðgjafarnefnd um stjórn fiskveiða. M.a. telur flokkurinn vafasamt að eftirfarandi markmið sem þingflokkurinn leggur áherslu á nái fram að ganga:

1. Að þróun fiskveiða og vinnslu gangi sem jafnast miðað við hlutdeild yfir byggðir landsins.
2. Að aflanýting verði betur tryggð en nú er. En það mætti t.d. gera með sérstakri löndunarheimild fram hjá aflamarki skipa til frádráttar aflamarki í umsjón Úreldingarsjóðs og með skiptingu arðs af þeim afla.
3. Að hlutdeild sóknarmarksskipa verði nægilega sanngjörn miðað við aflareynslu. Auk þeirrar heildarhlutdeildar í aflamarki mætti aðstoða þau með sérstakri fyrirgreiðslu úr Fiskveiðasjóði til umþóttunar.
4. Að fylgt verði nægilega fast eftir kröfum um vigtun alls afla. Til að svo megi verða telur þingflokkurinn að leggja beri allt kapp á að leysa þau vandamál sem talin eru hindra það.
5. Að lagagerð, eftirlit með fiskveiðum og viðeigandi dómsvald verði ekki í höndum sama aðila.
6. Að fiskveiðistefnan leiði ekki til þess að fámennur hluti þjóðarinnar ávinni sér eignarhald á fiskveiðiauðlind Íslands.

Þingflokknum er ljóst að í þjóðfélaginu eru mjög skiptar skoðanir um hvernig haga beri stjórn fiskveiða. Á þetta ekki síst við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo og þingmenn í öllum flokkum. Þingflokkur Borgfl. gerir sér hins vegar ljóst að á ríkisstjórninni hvílir sú skylda að leggja sem fyrst fram frv. til laga um stjórn fiskveiða. Því felst þingflokkur Borgfl. á að drögin verði lögð fram á Alþingi sem stjfrv. Þingmenn Borgfl. áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við það eða fylgja öðrum er fram kunna að koma við frv."

Ég vildi að þetta kæmi hér fram til skýringar á því að þingflokkur Borgfl. hefur ekki breytt frá þeirri stefnu sem boðuð var þegar núgildandi lög tóku gildi árið 1987 og að við höfum ákveðnar athugasemdir við það frv. sem hér er rætt um.

Við gerum okkur hins vegar fyllilega grein fyrir því að það verði að nást samstaða um stjórn fiskveiða næstu ár. Og þess vegna viljum við ekki standa í vegi fyrir því að það frv. sem hér er um fjallað og er niðurstaða nefndar sem skipuð er helstu hagsmunaaðilum og fulltrúum úr öllum stjórnmálaflokkum verði lagt fram og rætt og fundin niðurstaða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri en geri ráð fyrir því að mér verði heimilað að sitja fundi í sjútvn. þegar málið verður rætt þar, þó ég sé ekki kosinn í sjútvn., og vil því frekar við 2. umr. frv. fjalla um inntak þess nánar og það sem við komum til með að leggja megináherslu á.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það kom fram ósk um það frá hv. 14. þm. Reykv. að sá ráðherra sem fer með atvinnumál verði viðstaddur þessa umræðu, hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands. Við þurfum að leggja fyrir hann nokkrar spurningar og ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti fallist á að það sé nauðsynlegt.

Í öðru lagi vil ég benda á að það er nú komið í ljós að bæði þingflokkur Alþb. og þingflokkur Borgfl. hafa gert sérstakar samþykktir um það frv. sem fyrir liggur en á hinn bóginn liggur það líka fyrir að í þeirri nefnd sem fjallaði um frv. lýsti formaður þingflokks Alþfl. því yfir að Alþfl. hefði mjög deildar meiningar uppi um þetta frv. miðað við meiri hlutann í nefndinni. Og það var vegna beiðni Alþfl. sem það dróst fram yfir jólahátíð að skila nál. í þessari endurskoðunarnefnd.

Nú er einn þingmaður Alþfl. á mælendaskrá, hv. 3. þm. Vestf., og ég hlýt að gera þá kröfu að þm. Alþfl. gefist kostur á því að tala þegar við 1. umr. Hv. 3. þm. Vestf. á sæti í sjútvn. og eðlilegt að við því verði orðið. Ég þarf ekki að minna á að það var rætt hér fyrir skömmu um annað stjfrv. sem fyrir lá, það var um svokallaðan orkuskatt. Þá kom það í ljós eftir að okkur hafði tekist að knýja ráðherra Alþfl. til að taka til máls að hann var í grundvallaratriðum á móti þeirri stefnu sem kom fram í þessu frv. þó svo að hæstv. fjmrh. hafi upplýst að krafan um orkuskattinn í þessari lotu væri frá Alþfl. komin. Ég hygg því að það sé sjálfgert fyrir hæstv. forseta að verða við þessari kröfu stjórnarandstöðunnar, annars vegar að sá ráðherra sem fer með atvinnumálin í ríkisstjórninni verði viðstaddur við þessa umræðu og hins vegar að þeim þingmanni Alþfl. sem á sæti í sjútvn. og hefur beðið um orðið verði gefinn kostur á því. Það mun svo fara eftir viðbrögðum hæstv. sjútvrh. eða hæstv. forseta hvort ég hef ræðu mína í kvöld. En að sjálfsögðu stendur ekki til að ljúka þessari umræðu þegar kvöldmatarhlé verður gert, kl. 7 að þingvenju. (**Forseti:** Hv. 3. þm. Vestf. tjáði mér að hann óskaði ekki eftir að umræðunni verði frestað sín vegna. Þannig að það er ekki þörf á því.)

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. og ósk hans um að umræðu um þetta mál verði frestað í kvöld vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort það sé meining hans að fresta fundi. Mér skildist á hv. þm. að hann ætti eftir að halda hér tölu. Ef umræðan á að halda áfram á morgun vildi ég frekar taka þátt í umræðunni þá eða eftir kvöldmat. (**Forseti:** Ég hef ekki reiknað með kvöldfundi í kvöld. Ég hef reiknað með að umræðan gæti haldið áfram fram undir hálf átta. Það fer að sjálfsögðu eftir því hverjir verða á mælendaskrá.) (**HBl:** Það var beðið um ráðherra Hagstofu hingað.) (**Forseti:** Hann er ekki í húsinu, eins og hér kom fram.) (**HBl:** Og er það Salómonsorðið að stjórnarandstaðan eigi ekki að fá að ræða við ráðherra Hagstofu án þess að út úr því verði einhver átök í þinginu?) (**Forseti:** Hv. 4. þm. Vesturl. hefur orðið.)

Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir yfirgripsmikla ræðu sem fjallaði á góðan hátt og kunnuglegan um stöðu fiskistofnanna. Hann skýrði rit Hafrannsóknastofnunar um fiskstofnana eins og hlutirnir lágu fyrir á síðasta hausti. En upphafsorðum hv. þm. um það að ég hefði verið að líkja hæstv. sjútvrh. við Castro á Kúbu vil ég vísa alveg frá. Aftur á móti benti ég á, og ég get endurtekið það, að málin virtust vera að þróast á svipaðan veg hér í íslenskri pólitík eins og ætti sér stað á Kúbu, þ.e. að á meðan austur-evrópskir kommúnistar köstuðu frá sér miðstýringunni þá héngi Castro á Kúbu við miðstýringarpólitíkina. En ég var hvorki að jafna hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni við Castro né hæstv. sjútvrh. Þegar ég ræði um kvótastuðningsmenn þá jafna ég þar alveg saman hæstv. sjútvrh. og hv. 14. þm. Reykv. Og ef hv. 14. þm. Reykv. hefur fundist ég vera að jafna hæstv. sjútvrh. við Castro, sem ég alls ekki var að gera, þá hefði hann mátt alveg eins taka það til sín. Vegna þess að ég er ekkert að gera upp á milli manna í þeim flokki sem stendur fast að kvótakerfinu. Þar eru jafnir hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson og hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson, sem telja þetta grundvallaratriði í fiskveiðistefnu. Og ég get ekkert verið að gagnrýna þeirra skoðun á því máli. Þeir hafa þessa skoðun á málinu, en ég er bara á annarri skoðun.

Talað var um að ég hafi staðið að Atvinnutryggingarsjóði, hinum mikla miðstýringarþætti þess sjóðs og einnig í sambandi við húsnæðismál og annað eftir því. Ekki ætla ég að bera á móti því að ég hafi staðið að samþykkt þess að þessar stofnanir gætu orðið til, en ég hef ekki verið mjög hrifinn af starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs. Margir sjálfstæðismenn hafa verið miklu hrifnari og mælt vinnubrögðum þar bót langt umfram það sem ég hef tekið mér í munn. Og það sama má segja um vissa þætti í ráðstöfun fjármagns í sambandi við húsnæðiskerfið. Þar hafa ýmsir tekið þátt í.

Ég sé ekki að þetta tengist í sjálfu sér nokkuð umræðunni um þá miðstýringaruppbyggingu sem er í fiskveiðistjórnarfrv. Mér fannst einhvern veginn að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson væri að réttlæta sína stöðu að vissu leyti á þann hátt að fyrst einhverjir og einhverjir hefðu staðið með miðstýringarfrv. Atvinnutryggingarsjóðs og húsnæðismála þá væri svo sem ekkert mjög vont þó að hann stæði að miðstýringunni þegar hún kæmi fram í þessu máli sem verið er að fjalla um hér. Það kallast á venjulegri íslensku hundalógík þegar verið er að rökstyðja mál á þennan máta og skapa sér stefnu og skoðun út frá þessum grunni.

Nokkuð talaði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson um stöðu mála hér á hv. Alþingi árið 1983 og umræðu um þetta mál þá og minnti á að hann hefði haldið hér tölu um fiskveiðistefnuna þar sem hann andmælti mjög þessu kerfi. Hann hefur sem sagt skipt um skoðun og um það er ísjálfu sér ekkert að segja. En það gæti verið að margt af því sem Guðmundur sagði þá ætti við enn þann dag í dag og við sem enn erum á móti þessu kerfi gætum notað það sem rök í umræðum um þetta mál á ósköp svipaðan máta og við getum notað ræður hæstv. sjútvrh. frá þessum tíma. Bent á það að

hverju skyldi stefnt í sambandi við fiskveiðistefnuna og undirstrikað það hvað þar hefur margt mistekist. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson talaði um að það gerðist ekkert með gífuryrðum eða stóryrðum í sambandi við fiskveiðistefnuna, þar yrðu menn að taka á hlutunum með alvöru. Ég tek undir þetta, undirstrika það að menn þurfa að taka á málum eins og fiskveiðistefnunni með mikilli alvöru og taka til greina þá þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum og þá stöðu sem er í þessum málum í dag. Það finnst mér aftur á móti að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson geri ekki. Hann tekur ekki til greina að öll þau stóru orð sem sögð voru í umræðum 1983, 1984 og 1987 um að hverju skyldi stefnt og að hverju væri verið að stefna í sambandi við fiskveiðimálin. Hann tekur ekki til greina hvað gjörsamlega allir hlutir hafa þar mistekist. Ég kalla það nokkuð mikil gífuryrði að standa á því, þegar öll þau markmið sem sett voru á þessum árum í sambandi við fiskveiðistefnu hafa mistekist, að menn skuli eftir sem áður segja að þetta sé sú leið sem við skulum halda. Það kalla ég ekkert annað en gífuryrði.

Í anda Sjálfstæðisflokksstefnunnar sagði hv. þm. að það skyldi stefna að því að öll veiði væri frjáls. Ég hef þá skoðun að miðað við alla þá tækni og allan þann búnað og alla þá möguleika sem við höfum til þess að sækja fisk í sjó geti sá tími aldrei komið, hvort sem það er í anda sjálfstæðisstefnunnar eða annarrar stefnu, að við getum sótt fisk í sjó án þess að hafa þar á einhverja skipulagningu. Það sem við þurfum aftur á móti að velja um er hvernig við viljum skipuleggja þetta og á hvaða grunni við viljum byggja það kerfi sem við notum til þess að vinna að þeim markmiðum sem voru sett hér 1983.

Hv. þm. nefndi ýmsa hluti sem væri freistandi að fjalla um en ég ætla ekki að gera það að sinni, við eigum sjálfsagt eftir að fjalla um þetta í hv. sjútvn. En hann nefndi einn þátt sem ekki hefur verið hér sérstaklega fjallað um, þ.e. hvernig þróunin hefur verið í sambandi við fiskstærðina, hvað fiskurinn væri orðinn smár. Þetta er eitt af einkennum þess þegar verið er að ganga á veiðistofna, fiskurinn verður smærri og smærri, bein ábending um það að við séum að ofveiða stofninn. Og ekki aðeins það heldur að við séum að gera stofninn þannig að hann verði okkur mikið verðminni auðlind en ef við leyfðum fiskinum að stækka í eðlilega veiðistærð. Ætli það sé ekki um 40% verðmunur á svokölluðum fullstórum saltfiski og smæsta fiskinum. (Gripið fram í.) Þá erum við að ræða um eins og sagt er 20–40 upp í 10–20, svona venjulegan vertíðarfisk hér sunnan lands, fimm til sjö eða níu kílóa fisk. Sá fiskur er um 40% verðmeiri í útflutningsvöru en smáfiskurinn, smæstu tegundirnar. Það er hrikaleg staða sem er að skapast þegar við erum að sækja meginhluta hráefnisins af þessari smástærð og þýðir að útflutningsafurðir okkar eru 40% verðminni en verið gæti. Fyrir utan það að vinnan og kostnaðurinn í kringum það að vinna smáfisk er náttúrlega mikið meiri en við að vinna stærri fisk og það þekkir enginn betur en hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. En þetta hefur verið þróunin á undanförnum árum og ég kenni það fyrst og fremst þeirri stefnu sem við höfum fylgt í fiskveiðistjórninni.

Á annan máta nefndi hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson að það mundi enginn verða til þess að óska eftir því að fiskiskipaflotinn yrði skorinn niður, það mundi enginn þora að gera það. Ég held að þetta sé einhver misskilningur vegna þess að það var eitt af stefnumiðunum í sambandi við fiskveiðilögin 1983 að minnka flotann. Og það varð varla gert á annan máta en að skera niður, á einhvern máta þurfti að minnka flotann. Aftur á móti hefur þróunin verið sú á undanförnum árum að flotinn hefur stækkað eins og hefur komið fram í ræðum manna og hann hefur ekki aðeins stækkað í tonnatölu og hestaflatölu, heldur hafa skipin stækkað og einmitt verið að gerast það sem hv. þm. benti á að mætti ekki gerast, að skipunum fækkaði og grundvöllurinn undir ákveðnum byggðum í landinu brysti þar með. Þetta eru allt afleiðingar þessa fiskveiðikerfis sem við höfum búið við. Stærri og stærri skip, öflugri og öflugri skip, færri og færri skip. Vitaskuld er það andstætt allri byggðastefnu í landinu, þveröfugt við það sem hv. þm. var að segja að menn vildu ekki taka þátt í. Þeir eru að gera þetta. (**GHG:** Er ekki hv. þm. stjórnarstuðningsmaður? Er þetta ekki stefna núv. ríkisstjórnar?) Jú, jú, stefna núv. ríkisstjórnar? Mér heyrðist þetta vera stefna hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar.

Umræðu frestað.

Réttur til veiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 80. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

47. fundur, þriðjudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Bann við förgun matvæla, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 285. mál. — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 252. mál (vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 412.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Umræðu um þetta dagskrármál varð ekki lokið á fundi hér í hv. deild í síðustu viku. Ég vænti þess að henni megi nú ljúka og málið koma til nefndar og hljóta þar eðlilega málsmeðferð.

Ég tel ástæðulaust að hafa mjög langt mál um þetta dagskrármál að þessu sinni. Ég gerði hér á síðasta fundi ítarlega grein fyrir tilurð frv. og tilganginum með því. Tilgangurinn er sá að hnekkja ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. des. sl. um vaxtahækkun á tilteknum hluta lána hjá Byggingarsjóði ríkisins. Tilgangurinn er að hnekkja þessari ákvörðun og koma í veg fyrir að slíkar ákvarðanir verði teknar í framtíðinni. Frv. felur sem sagt í sér að inn í 3. mgr. 48. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins komi málsliðurinn „Öll lán innan sama lánaflokks skulu bera sömu vexti óháð lántökudegi."

Eins og menn rekur eflaust minni til var tekin sú ákvörðun í ríkisstjórn Íslands, þvert gegn samþykkt húsnæðismálastjórnar og gegn tillögu Seðlabanka Íslands, að hækka vexti á óteknum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins frá þeim degi en láta vexti þegar tekinna lána sama lánaflokks standa óbreytta. Húsnæðisstofnun ríkisins hafði lagt til að engum vöxtum yrði breytt. Seðlabankinn lagði hins vegar til að vextir bæði ótekinna og þegar tekinna lána yrðu hækkaðir, að vísu um aðra prósentutölu en hér var ákveðin en eigi að síður þannig að eitt mundi yfir alla ganga innan sama lánaflokks.

Niðurstaða ríkisstjórnarinnar að tillögu félmrh. varð hins vegar sú að hækka eingöngu vextina á óteknum lánum. Að því er manni skilst grundvallast það á samkomulagi sem gert var við þingmenn Kvennalistans á síðasta þingi í tengslum við afgreiðslu húsbréfafrv. Samkomulagi sem lýst hefur verið yfir af hálfu Kvennalistans að ekki hafi verið staðið við í einu eða neinu nema e.t.v. í þessu eina atriði. Samkomulagi sem er gersamlega farið í svaðið, ef svo mætti segja, ekki síst með tilliti til þess að eitt nýjasta afrek ríkisstjórnarinnar í tengslum við Byggingarsjóð ríkisins mun vera að skerða ríkisframlagið á þessu ári um 100 millj., úr 150 millj. í 50.

Ég held að öllum sé það ljóst, og ekki síst hæstv. félmrh. sem ábyrgð ber á þessu máli, að fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins er með vissum hætti stefnt í voða. Það hefur verið margrakið hér í þessum sölum á hinu háa Alþingi hvernig þar gæti stefnt í gjaldþrot innan ekki mjög langs tíma ef ekki verður gripið í taumana. Þessu hefur verið mætt með því að ganga á eigið fé sjóðsins og með því að leggja honum til fjármuni beint á fjárlögum. Ég vek til að mynda athygli á ummælum hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum eða hinn 4. nóv. sl. þar sem hún fullyrðir að Byggingarsjóði ríkisins verði stefnt í gjaldþrot á 2–3 árum. Það er skemmri tími en ég hef áður heyrt nefndan í því efni. Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Vaxtamunur á inn- og útlánum stefnir nú í það að verða 3% að sögn Jóhönnu eftir að húsnæðismálastjórn felldi tillöguna um vaxtahækkun. Það er munurinn á vöxtum þeirra lána sem Byggingarsjóður ríkisins tekur hjá lífeyrissjóðunum og þeim lánum sem veitt eru íbúðarkaupendum."

Í framhaldi af þessu ástandi var auðvitað ekki óeðlilegt að breyta þarna vöxtunum, hækka þá eitthvað, ekki síst með tilliti til þess að til eru komnar sérstakar vaxtabætur til að bæta fólki það upp í skattkerfinu sem lakast stendur, þeim aðilum sem höllustum fæti standa. Það sem er óeðlilegt er að mismuna innan sama lánaflokks eins og nú hefur verið gert.

Það sem hins vegar hefur gerst síðan, virðulegi forseti, er að nú hefur verið ákveðið að skerða framlagið til Byggingarsjóðs ríkisins um 100 millj. kr. til viðbótar. Samkvæmt kenningum ráðherrans sjálfs — og reyndar blasir það við og þarf ekki kenningar hans til — rýrir það fjárhag sjóðsins enn frekar og þyrfti þá samkvæmt því að koma til enn frekari hækkun vaxta á móti því framlagi úr ríkissjóði sem lækkað hefur verið. Það hlýtur a.m.k. að mega álykta sem svo að til að mæta minnkuðu ríkisframlagi þurfi að hækka vexti sjóðsins á móti og ég vil leyfa mér að spyrja ráðherrann: Stendur það til? Stendur til að mæta þessu minnkaða framlagi, sem við gerum okkur öll ljóst að fyrirhugað er, með því að hækka vexti sjóðsins á móti til þess að eiginfjárstaða hans rýrni ekki sem þessu nemi? Eða á að fljóta sofandi að feigðarósi og stefna að gjaldþroti sjóðsins á 2–3 árum eins og ráðherrann hefur lýst yfir að yfir vofi?

Því var lýst yfir hér í vor í tengslum við afgreiðslu húsbréfafrv. svokallaða að vaxtamunur á teknum og veittum lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins yrði ekki nema 0.5–1% framvegis. Engu að síður er nú ljóst að þessi vaxtamunur er 2–2,5%, eða svo segir í það minnsta hæstv. félmrh. í grein í Morgunblaðinu 14. des. sl. Það er því ljóst að fjárhag Byggingarsjóðsins er síður en svo borgið með þessari ákvörðun sem tekin var og ég vil hér leyfa mér að gagnrýna. Þetta er auðvitað ekkert nema hálfkák á hvern veginn sem litið er.

Það sem er alvarlegast í þessu er að hér hefur verið tekin ákvörðun sem mismunar lánþegum hjá Byggingarsjóðnum og sem mun þegar koma fram í því að verð á nákvæmlega sambærilegum íbúðum verður breytilegt eftir því hvort lánin frá Byggingarsjóðnum sem á þeim hvíla hafa verið tekin fyrir eða eftir 5. des. sl. Þetta er auðvitað fáránlegt ástand og þessu verður að breyta. Ég hygg að meiri hluti sé fyrir því hér í

þessari hv. deild að breyta þessu. A.m.k. liggja fyrir skjalfestar yfirlýsingar hv. þm. Framsfl. Einn þeirra er meðflm. að þessu frv., hv. fyrrv. félmrh. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., sem hefur lýst því yfir að sú ákvörðun sem tekin var hafi verið hreinasta lögleysa.

Ég gagnrýni það ekki, virðulegur forseti, að hæstv. félmrh. skuli reyna að ná utan um fjárhagsvanda Byggingarsjóðsins. Ég hef frekar gagnrýnt ráðherrann undanfarin 2–3 ár fyrir að vera tregur til að taka á því vandamáli. Hér urðu til að mynda umræður í Nd. Alþingis haustið 1987 um það mál vegna þess að lengi hefur blasað við að fjárhagsvandi sjóðsins væri svo mikill að undan því yrði ekki vikist að taka á honum með einhverjum hætti. Og það er auðvitað alveg ljóst að það verður ekki gert nema með því að hækka vextina. En það verður þá að standa þannig að því að þegnunum sé ekki mismunað. Og ef ráðherrann er hræddur um að það fólk sem áður hefur tekið lán hjá þessum sjóði, fyrir 5. des. sl., geti ekki staðið undir þeim byrðum sem hann hefur ákveðið að velta yfir á nýja lántakendur, þá má auðvitað spyrja sem svo: Gagna ekki vaxtabæturnar því fólki í sama mæli og því sem tekur lánin síðar eða eru vaxtabætur ríkisstjórnarinnar, sem ákveðnar voru á síðasta vori, eitthvað sérstaklega ætlaðar því fólki sem tekur lán úr sjóðnum eftir 5. des.? Vitaskuld ekki. Vitaskuld gagnast þær nákvæmlega öllum jafnt, hvort sem þeir hafa tekið lánin fyrir eða eftir þá dagsetningu ef menn á annað borð uppfylla skilyrði þau sem skattalögin setja um vaxtabætur.

Reyndar er nú komið á daginn, virðulegi forseti, að það hefur orðið alvarlegur galli að mínum dómi við setningu laga um vaxtabætur sem hér var gengið frá á síðasta vori og var fjallað um í lögum um tekjuskatt og eignarskatt hér á Alþingi rétt fyrir jól. Ég mun koma að því við annað tækifæri, en þar hefur verið svikist illa aftan að því fólki sem fékk á síðasta ári úthlutað húsnæðisbótum í fyrsta sinn og taldi sig eiga rétt á þeim til sex ára. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að svipta það fólk þeim rétti og skylda það til þess að þiggja eingöngu vaxtabætur í staðinn og tekið frá því valið, eins og þó var alltaf ætlunin, að fólk gæti valið milli vaxtabóta og húsnæðisbóta. Ég mun koma nánar að því máli við annað tækifæri, herra forseti, en vildi láta þetta koma fram.

En ég ætla ekki að tefja þessar umræður, virðulegi forseti. Mér er það kappsmál að þetta þingmál komist til nefndar. Ég vil ítreka fyrirspurn mína til ráðherra varðandi þá ákvörðun sem nú liggur fyrir og ég geri ráð fyrir að sé tilkomin að tillögu ráðherra þessa málaflokks, um að lækka framlagið til Byggingarsjóðs um 100 millj. kr. Mun það verða til þess að ráðherrann beiti sér fyrir frekari hækkun vaxta á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins eða á það að koma fram í skertri eiginfjárstöðu sjóðsins? Og ráðherrann gæti þá kannski frætt okkur örlítið meira um hvaða áhrif þetta minnkaða fjármagn mun hafa á starfsemi Byggingarsjóðsins. Muna menn eftir því að þegar núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru samþykkt vorið 1986 var það talið skilyrði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar til að þetta kerfi gæti gengið að ríkissjóður legði fram árlega 1000 millj. kr. inn í sjóðinn á verðgildi þess tíma? Muna menn eftir því hvað það var gagnrýnt næstu árin á eftir að þetta framlag var óbreytt í krónutölu? Muna menn eftir því hvað talsmenn Alþfl. og verkalýðshreyfingarinnar gagnrýndu það? Og vita menn hvað það framlag er komið ofan í núna, sem var þó um 1 milljarður kr. hér fyrir örfáum árum? 50 millj. kr. er framlagið úr ríkissjóði, samkvæmt síðustu upplýsingum, til Byggingarsjóðsins sem þó stefnir hraðfluga í gjaldþrot, að því er félmrh. sjálfur upplýsir. Þetta er frammistaðan. Þetta er frammistaða þeirra sem hæst hafa talað um þessi mál á undanförnum árum.

Ég vil að endingu beina þeirri spurningu, virðulegi forseti, til ráðherrans hvort af hans hálfu séu uppi einhver áform um að breyta ákvörðun sinni frá 5. des. Ef henni verður breytt í þá átt sem eðlilegt verður að telja, að vaxtahækkunin hver sem hún verður, hvort sem hún verður 1% eða 0,5%, nái jafnt yfir alla innan sama málaflokks, þá er þetta frv. óþarft í bili nema ég tel að það mundi eiga rétt á sér inn í lögin til að koma í veg fyrir sambærileg mistök í framtíðinni. En það lægi þá kannski ekki á að afgreiða það hér á þessu þingi. En ég vil sem sagt spyrja: Stendur til að breyta þessari ákvörðun? Stendur til að fara að vilja þm. Framsfl. sem hafa lýst því yfir að þeir ætli ekki að láta þessa hækkun yfir sig ganga? Stendur það til? Stendur til að brjóta þetta eina ákvæði samkomulagsins við Kvennalistann sem eftir stendur? Ég held að stjórnarflokkana muni ekki um að brjóta þetta eina atriði til viðbótar öðru því sem þar var, eins og öllum loforðunum um stórfellda aukningu framlaga til félagslega húsnæðislánakerfisins og fleira og fleira sem í því samkomulagi var. Munar stjórnarflokkana nokkuð um að bæta þeim pinkli á sig í þessu sambandi? Hér er um að ræða réttlætismál, sem ég tel því miður að Kvennalistinn hafi misskilið. Þess vegna eru þær okkur ósammála um þetta atriði og hafa verið alveg frá því á síðasta vori. Það liggur líka fyrir að ráðherrar Borgfl. hafa bókað sérstaklega út af þessu máli í ríkisstjórninni, ég skal ekki endurtaka það sem ég hef þegar sagt um það atriði. Það liggur fyrir að þeir eru andvígir þeirri ákvörðun sem tekin var. Ég tel því að það blasi við að meiri hluti sé hér í hv. deild fyrir samþykkt frv. eða fyrir því að ríkisstjórnin breyti fyrri ákvörðun sinni yfir í til að mynda það sem ráðherrar Borgfl. lögðu til, sem var skynsamlegt að mínum dómi.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, virðulegi forseti. Umræða um þetta mál hefur frestast nokkuð oft frá því að það var hér fyrst lagt fram. Allt var það í góðu samkomulagi milli mín og ráðherrans og ekkert við því að segja vegna þess að ég óskaði eftir því að hún yrði hér viðstödd þessar umræður, en mér ætti það fengur ef nú væri hægt að koma málinu áfram þannig að það geti fengið eðlilega meðferð í þingnefnd.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í desember sl. urðu umræður á Alþingi um vaxtaákvörðun ríkisstjórnarinnar á húsnæðislánum sem tekin var 5. des. Sú umræða var að frumkvæði hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar. Sú umræða sem hér hefur farið fram um það frv. sem hér er til umræðu, bæði í dag og í fyrri viku sem ég hef haft tök á að kynna mér, sýnist mér ekki færa fram neitt nýtt í þessu máli umfram það sem rætt var hér á Alþingi í desember sl. Mér heyrist að hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde flytji sömu efnisatriði og rök í þessu máli og hv. þm. Friðrik Sophusson gerði. En í umræðunum í desember sl. svaraði ég hv. þm. Friðrik Sophussyni lið fyrir lið þeirri gagnrýni sem hann setti fram í þessu máli.

Það sem nú kemur fram í máli hv. síðasta ræðumanns, og fram kom einnig í desember, er að ekki sé gætt eðlilegrar jafnræðisreglu íslensks stjórnarfars, að ákvörðun ríkisstjórnarinnar standist ekki lög og það beri að hnekkja henni. Ég dró fram í umræðunni í desember lögfræðilálit þar sem ég hafði lagt mig sérstaklega eftir að kanna það hvort hér væri ekki farið að í fyllsta samræmi við lög. Það álit las ég hér fyrir hv. þingdeild. Það var ekki einn lögfræðingur sem kom að þessu máli heldur fleiri. Álit þeirra um það hvort þessi ákvörðun ríkistjórnarinnar frá 5. des. stæðist ekki lög varð á eina lund og í þá veru að þessi ákvörðun stæðist fyllilega lög og þá jafnræðisreglu sem hér hefur verið nefnd.

Ég vitna til einnar setningar í lögfræðilegu áliti sem þá lá fyrir en þar segir, með leyfi forseta:

„Það eitt sér að breyta reglum um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins miðað við ákveðið tímamark má því segja að sé eðlilegt og brjóti engan veginn í bága við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar."

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu, herra forseti, til að endurtaka það sem fram fór í desember. Ég vil þó leyfa mér að rifja upp að í þeirri umræðu dró ég fram að þegar Framsfl. og Sjálfstfl. voru í ríkisstjórn á árinu 1984 stóðu þeir með alveg sama hætti að vaxtaákvörðun í húsnæðislánakerfinu eins og nú er gert. Þá lá einnig fyrir lögfræðiálit frá lögfræðingi Húsnæðisstofnunar ríkisins þar sem fram kom að heimilt væri að hækka vexti á þegar tekin lán frá árunum 1980–1984. Engu að síður stóðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn að þessari ákvörðun með nákvæmlega sama hætti og nú er gert. Þar var verið að hækka vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins, ekki um 1% eins og nú er gert, heldur um 1,25% og hún virkaði ekki á þegar tekin lán fremur en nú. (**FrS:** Það eru allt önnur lög.) Ég er að draga fram, virðulegi þm., að þá lá fyrir álit um það hvort heimilt væri að hækka vexti á þegar tekin lán. Það álit var að það væri ótvírætt heimilt.

Sú ákvörðun sem var tekin í desember átti engum að koma á óvart. Sú ákvörðun að vextir mundu ekki hækka á þegar tekin lán átti heldur ekki að koma neinum á óvart. Af hverju segi ég þetta? Vegna þess að það lá fyrir í umræðum um vaxtabætur sl. vor að þegar vaxtahækkun kæmi til framkvæmda samfara upptöku húsbréfakerfisins yrðu vextir ekki hækkaðir á þegar tekin lán. Þetta kom fram í ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þetta kom fram í meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. og þetta kom einnig fram í samkomulagi því sem ríkisstjórnin hafði gert við Kvennalistann. Enginn mótmælti því á þessum tíma að ákvörðuninni, þegar hún yrði tekin með upptöku húsbréfakerfisins, yrði hagað með þeim hætti. Ég man ekki eftir að hafa heyrt Sjálfstfl. andmæla því og ekki stjórnarflokkana. Þvert á móti var lögð áhersla á það af stjórnarliðum sem tjáðu sig um þetta mál að þegar vextir yrðu hækkaðir með upptöku húsbréfakerfisins yrðu þeir ekki hækkaðir á þegar tekin lán. Þetta lá alveg skýrt fyrir.

Það sem er kannski nýtt í þessari umræðu er að hér er komin fram krafa í formi frv. til laga flutt af fjórum hv. þm., þar á meðal einum stjórnarliða, um að hækka vexti á þegar tekin lán. Annað verður ekki séð af því frv. sem hér liggur fyrir og það er auðvitað athyglisvert út af fyrir sig.

Því hefur verið haldið fram að hægt væri að ná sömu upphæð með því að hækka vexti á þegar tekin lán frá 1984 um til að mynda 0,4%, það mundi skila svipuðu inn í Byggingarsjóð ríkisins og 1% vaxtahækkun frá 5. des. sl. Þetta er ekki rétt vegna þess að útreikningar sýna að vaxtahækkun sem einungis miðar við 5. des. og þau lán sem eru tekin eftir það gefur meira en vaxtahækkun upp á 0,4% frá til að mynda 1984.

Á árinu 1992 mundi 0,4% á lán frá 1984 gefa 222 millj. en vaxtahækkun upp á 1% frá 5. des. sem virkar ekki á þegar tekin lán mundi gefa 267 millj. Á árinu 1993 mundi 0,4% hækkun frá 1984 gefa 252 millj. meðan 1% vaxtahækkun frá 5. des. gefur 343 millj. Og ef við tökum 1994 sem dæmi, þá gæfi 0,4% frá 1984 282 millj. meðan 1% vaxtahækkun frá 5. des. gefur 419 millj. Samtals á fimm ára tímabili mundi vaxtahækkun upp á 0,4% gefa um 1100 millj. meðan 1% vaxtahækkun frá 5. des. mundi gefa 1337 millj.

Ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa mikið lengra mál um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil þó koma með nokkrum orðum inn á það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi nú síðast í sínu máli sem er fjárhagsstaða Byggingarsjóðs ríkisins. Ég tek alveg undir það og deili áhyggjum hv. þm. um það að fjárhagsstaða Byggingarsjóðs ríkisins er ekki góð. Það vita auðvitað allir sem hafa skoðað þetta mál að miðað við þau lög sem eru í gildi og þá sjálfvirkni sem er raunverulega í okkar útlánakerfi með lögunum frá 1986 kallar þetta á gífurlega mikið ríkisframlag. Vaxtamismunurinn hefur líka verið mjög mikill í þessu kerfi. Það hefur verið tilhneiging, ekki bara í þessari ríkisstjórn heldur líka ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, svo að ég nefni hana sem dæmi þar sem ég sat líka sem félmrh., til að ganga á þessi ríkisframlög sem ætluð eru í Byggingarsjóð ríkisins. Og vænti ég að hv. þm., t.d. Friðrik Sophusson og Þorsteinn Pálsson, sem voru í þeirri ríkisstjórn muni að það var alltaf tilhneiging til að draga úr ríkisframlögum í Byggingarsjóð ríkisins. (**ÞP:** Hver gerði þá tillögu?)

Gerði þá tillögu í ríkisstjórn að draga úr framlögum í Byggingarsjóð ríkisins? (**Gripið fram í:** Hver var fjmrh.?) Ég er að nefna hver var forsrh. og menn sem eru að gagnrýna það nú að gengið sé á ríkisframlagið, það er stutt síðan þeir studdu dyggilega að slíkt yrði gert í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Ég hef marglýst yfir, og lýsti því yfir í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, að það gengi ekki að ganga svona á ríkisframlagið. Og það er alveg ljóst, eins og ég hef sagt, að fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins er stefnt í hættu með þessu. (**ÞP:** Hvað ætlarðu nú að gera?) Það er nefnd núna sú ákvörðun að lækka ríkisframlagið enn um 100 millj. Ég viðurkenni að það er mjög erfið ákvörðun að taka. En við höfum gengið hér í gegnum kjarasamninga, tímamótakjarasamninga og það byggir á því að þessir kjarasamningar og forsendur þeirra haldi, að allir leggi sitt af mörkum til þess að svo megi verða. Ég ætla mér ekkert að ganga þar undan merkjum og leggja ekki mitt fram til að svo geti orðið. Það er ekki margt að sækja í félmrn. í því efni. Ég er ekki viss um að menn hefðu viljað ganga á framlög Byggingarsjóðs verkamanna eða framlög í málefnum fatlaðra. Ef svo er að menn hefðu viljað það frekar en að velja Byggingarsjóð ríkisins, þá væri ágætt að þær raddir kæmu fram hér í þingsölunum nú. En það er ekkert ráðuneyti sem getur skorast undan því að taka þátt í óhjákvæmilegum niðurskurði til að forsendur þessara kjarasamninga haldi. Vissulega var þetta erfið ákvörðun fyrir mig að fallast á, að ríkisframlagið í Byggingarsjóð ríkisins yrði skert. En ég hef margtekið þetta mál upp í ríkisstjórninni og ríkisstjórnin hefur samþykkt að gerð verði úttekt á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins með það að markmiði að leiða í ljós áætlaða meðalvexti á eignum og skuldum sjóðsins og rekstrarafkomu næstu árin. Og á grundvelli þeirrar úttektar verða gerðar tillögur um leiðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins. Þessar tillögur verða lagðar fyrir ríkisstjórnina til ákvörðunar eigi síðar en 1. júní nk. Þar þurfa menn að taka ákvarðanir um það hvað þurfi að gera til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins. Það gerist annaðhvort með auknu ríkisframlagi eða breytingu á vöxtum eða með því að draga úr útlánum. Ég sé ekki aðrar leiðir í því efni.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að með þessu áframhaldi, að skerða svo framlög í Byggingarsjóð ríkisins, gengur verulega á eiginfjárstöðu sjóðsins. Og þetta er ekkert nýtt sem verið er að upplýsa á þessari stundu. Ég hef marghaldið því fram opinberlega að það þyrfti að grípa til aðgerða til þess að styrkja fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins þannig að það eru engin ný sannindi sem nú eru að koma fram um þessi mál.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. frekar en tel óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að koma inn á atriði sem fram kom í umræðunni í síðustu viku hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni, sem mér þykir nú miður að er ekki viðstaddur þessa umræðu. Að vísu vék hv. þm. að óskyldu efni, ekki því efni sem þetta frv. varðar, en notaði tækifærið við þá umræðu til að fjalla um annað málefni, starfsmannamál Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar sem fram komu að mínu viti miklar rangfærslur sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þar ræðst hv. þm. með miklu offorsi á starfsmannahald Húsnæðisstofnunar ríkisins sem endurspeglar að mínu mati þekkingarleysi hv. þm. á störfum Húsnæðisstofnunar og skilningsleysi á miklu vinnuálagi starfsfólks stofnunarinnar. Hér er beinlínis, virðulegi forseti, mjög gróflega og ranglega farið með staðreyndir í þessu máli sem nauðsynlegt er að leiðrétta svo hið sanna komi fram. Það sem gerir þetta mál kannski alvarlegra er að þessi þingmaður á sæti í ráðninganefnd ríkisins og getur því haft aðstöðu til að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Ég vil lesa stuttan kafla úr ræðu hv. þm., en þar segir, með leyfi forseta:

„Og ég ætla aðeins að skjóta því hér inn, sem sýnir í hvaða stöðu þessi mál eru núna í Húsnæðisstofnun, að það er komin fram beiðni frá Húsnæðisstofnuninni um það að fá heimild til að fjölga starfsmönnum í stofnuninni, fastráðnum starfsmönnum fyrir utan þessa lausráðnu, upp í 61 fastráðinn starfsmenn úr 39 sem núna eru starfandi. Og þetta er rökstutt með því að nú séu komin svo mikil ný verkefni, svo sem eins og ráðgjafardeild og húsbréfadeild og hvað eina, að það þurfi að fjölga fólki. Ég tel að það sé fullkomin ástæða til að stöðva þessa þróun meðan verið er að leita að raunveruleikanum í þessum málum." Og síðan segir hv. þm.: „Þegar ráðgjafarstofnun Húsnæðisstofnunar var sett á fót 1984–1985 af þáverandi ríkisstjórn var ákveðið að færa til starfsfólk innan stofnunarinnar til að sinna þessu hlutverki og það var gert án þess að fjölga nokkuð fólki. Það var tekið úr tæknideildinni og fært yfir í ráðgjafardeild og fært milli deilda þannig að það jafnaðist út og þannig hefur þessu hlutverki verið sinnt til þessa dags." Síðan segir hv. þm.: „Nú kemur skriðan og samkvæmt þessu þætti mér ekki ótrúlegt, ef að þessu verður gengið sem ég vona að verði ekki, að fjöldi starfsmanna í Húsnæðisstofnun yrði brátt orðinn einhvers staðar um 80–90 manns án þess að árangur eða aukin þjónusta komi í ljós í sambandi við reksturinn í heild."

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að hér er hv. þm. að láta að því liggja að fjölgun starfsfólks í Húsnæðisstofnun ríkisins hafi öll orðið í tíð minni sem félmrh., sem vissulega er alrangt. Það hefur ekki verið heimiluð fastráðning starfsfólks í Húsnæðisstofnun ríkisins síðan 1983 þrátt fyrir mjög aukin verkefni hjá þessari stofnun, bæði með upptöku kerfisins sem var tekið upp 1986, með kaupleigukerfinu og fleira. — Ég fagna því að hv. þm. gengur í salinn og hlýði á þessa umræðu vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að taka upp ákveðinn kafla úr ræðu hv. þm. frá síðustu viku sem fjallar um starfsmannahald í Húsnæðisstofnun ríkisins.

Staðreyndin er nefnilega sú að sú fjölgun sem átt hefur sér stað í Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1983 og til dagsins í dag verður raunverulega mest á tímabilinu 1983–1987. Fastráðnir voru 39 manns 1983 en á

árinu 1987 eru 55 fastráðnir starfsmenn þar. Þar af var stór hluti, eða 17 starfsmenn sem höfðu verið lausráðnir. Frá þessu tímabili hefur aðeins fjölgað um einn starfsmann. Því er það mjög furðulegt að hv. þm. láti að því liggja að í tíð hans sem félmrh. hafi einungis verið hagrætt og fært milli deilda en engin aukning á starfsfólki hafi átt sér stað. Ég tel að það sé mjög villandi sem hér kemur fram og nauðsynlegt að leiða fram hið sanna í þessu máli. Það er auðvitað ótækt að sitja undir því að hv. þm. lætur að því liggja að öll fjölgunin, öll skriðan eins og hv. þm. orðaði það, hafi orðið í minni tíð sem ráðherra og nauðsynlegt að það rétta komi fram í þessu efni.

Hér er ekki öll sagan sögð, virðulegi forseti, því þessi hv. þm. telur að hans hlutverk í ráðninganefndinni sé að stöðva þessar fastráðningar eða eðlilega fjölgun á starfsfólki Húsnæðisstofnunar ríkisins í umboði þingsins, eins og hv. þm. sagði. Ég vil lesa þessa setningu, með leyfi forseta: „Að sjálfsögðu er þetta ekki tengt þessu máli en mér þótti ástæða til að nefna það hér því að á fundi sem ég sat í morgun í einni lögskipaðri nefnd kom þessi beiðni fram með miklum látum og kröfum um að það yrði afgreitt samstundis, sem ég að sjálfsögðu í umboði þingsins neitaði.“ Þ.e. að fastráða starfsfólk sem verið hefur lausráðið alveg frá 1983 og að verða við beiðni um eðlilega fjölgun í þessari stofnun í samræmi við þann vöxt sem orðið hefur á starfsemi stofnunarinnar.

Ég get nefnt hér sem dæmi að svo er ástandið innan þessarar stofnunar, af því að hvorki fæst heimild til að fastráða þá sem lausráðnir eru né heimild fyrir eðlilegri fjölgun, að í húsbréfadeildinni sem hefur starfað núna í nokkra mánuði er einn starfsmaður, forstöðumaður þessarar deildar. Þessi forstöðumaður sér um alla afgreiðslu fyrir deildina, svarar í símann, er í móttöku þegar fólk kemur o.fl. Hann hefur ekki einu sinni ritara sér til aðstoðar eða nokkurn sem svarar í símann. Álagið á honum hefur verið það mikið að afgreiðslutími hefur sífellt verið að lengjast að því er varðar húsbréfakerfið því hann einn hefur ekki undan og ekki fæst heimild hjá ráðninganefndinni til að ráða starfsfólk. Og fyrir utan það, virðulegi forseti, er alveg ljóst að þarna er verið að hafa réttindi af starfsfólki ef ekki á að heimila fastráðningar hjá þeim sem nú eru lausráðnir.

Í kjarasamningum ríkisins við BSRB og BHMR í apríl og maí 1989 var bókað að stefnt skuli að því að fastráða þá lausráðnu starfsmenn ríkisins sem höfðu tveggja ára samfleytt starf. Þetta hefur ekki verið framkvæmt þar sem ráðninganefndin hefur ekki enn staðfest þessa samninga að því er varðar Húsnæðisstofnun ríkisins. Og það er auðvitað alveg furðulegt ef hv. þm. telur það hlutverk sitt í ráðninganefnd að standa gegn því að fólk sem þar hefur verið lausráðið, og missir þar af leiðandi ýmis réttindi, fái ekki fastráðningu og að heimiluð verði nauðsynleg fjölgun.

Þetta taldi ég rétt, virðulegi forseti, að draga fram svo að hið sanna komi í ljós í þessu máli og vænti ég þess að hv. þm. sjái að sér og velji sér annað hlutverk í nefndinni en standa gegn eðlilegri ráðningu starfsfólks í Húsnæðisstofnun ríkisins. Mér finnst það lýsa miklu skilningsleysi hv. þm. á því mikla álagi sem er á þessari stofnun ef hv. þm. ætlar að standa gegn þessu með þeim hætti sem hann hefur gert og telur að hann sé að gera það í umboði þingsins.

Að gefnu tilefni, virðulegi forseti, taldi ég nauðsynlegt að draga þetta inn í umræðuna þar sem hv. þm. taldi nauðsynlegt í umræðu um þetta frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins að fara fram með þessi ósannindi sem hann gerði í sl. viku. En ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um það frv. sem hér er til umræðu og læt máli mínu lokið.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom mér á óvart að fyrr í þessari umræðu um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins var fjallað um starfsmannahald í Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég get ekki stillt mig um það hér í upphafi máls míns að koma örlítið inn á það mál til upplýsingar.

Þegar fyrir lá að starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins flyttist í nýtt húsnæði vildi stjórn stofnunarinnar skoða hvernig skipulag stofnunarinnar gæti best orðið og þá fyrirkomulag starfseminnar þannig að innréttingar húsnæðisins tækju mið af því. Stjórnin kaus úr sínum hópi fjögurra manna starfshóp, hið hæfasta fólk, og leitaði jafnframt utanaðkomandi ráðgjafar til að vinna þetta verk. Þessi starfshópur skilaði tillögu um ákveðna verkaskiptingu og starfsmannafjölda til stjórnarinnar og það var alger einhugur í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins um þá niðurstöðu og þar með tilflutning starfsmanna milli deilda sem fólst í þessari tillögu. Þar var líka alger einhugur um að starfsmönnum yrði ekki fjölgað miðað við þau verkefni sem lágu fyrir. Það var fremur útlit fyrir fækkun stöðugilda en jafnframt ákveðið að engar uppsagnir kæmu til vegna þessarar uppstokkunar.

Ég vil líka benda á það, fyrst farið var að ræða þessi mál hér í hv. deild, að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins gerði þá samþykkt í maí 1987 að stofnunin hefði sjálf með höndum lögfræðiþjónustu og lögfræðilega innheimtu vanskila fyrir byggingarsjóðina um leið og rættist úr húsnæðismálum stofnunarinnar. En þessi samþykkt var gerð í lok síðasta kjörtímabils. Landsbankinn hafði haft þessa innheimtu og þessi lögfræðistörf með höndum og hefur sótt það fast að stofnunin tæki þetta til sín. Sú fjölgun sem tillaga var um felst í því að taka yfir þetta verkefni samkvæmt samþykkt frá 1987. Að sjálfsögðu er húsbréfadeild utan við þetta, enda var ekki tímabært að fjalla um hana á þessum tíma, en félmrh. hefur gert ráð fyrir starfsmannahaldinu þar. Mér fannst mjög eðlilegt að leiðrétta þetta þar sem málið er mér mjög tengt sl. tvö ár og fannst eðlilegt að það kæmi fram hér hvernig var staðið að starfsmannahaldi. Fannst mér það sjálfri til fyrirmyndar gagnvart ríkisstofnunum.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér að öll lán innan sama lánaflokks hjá Byggingarsjóði ríkisins skuli bera sömu vexti óháð

lántökudegi. Í greinargerð með frv. er það áréttað að ríkisstjórn skuli óheimilt að ákveða að lán innan eins og sama lánaflokks skuli bera mismunandi vexti. Enn fremur að verði frv. að lögum verði að breyta ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. des. sl. um að almennir vextir Byggingarsjóðs ríkisins skuli hækka úr 3,5% í 4,5% af lánum sem sjóðurinn veitti frá þeim degi. En málið er samt ekki eins einfalt og það er sett fram hér og ýmsar spurningar vakna í því efni sem ekki finnast svör við í greinargerð. Á mig virkar frv. óyfirvegað og fljótfærnislegt og það kemur á óvart með tilliti til þess hverjir eru flm.

Markmið frv. er óljóst að öðru leyti en því að flm. vísa til jafnræðisreglu eins og þeir túlka hana í greinargerð og mun ég koma að því örlítið síðar. En ég spyr líka: Hvað hefur breyst frá árinu 1984 þegar nákvæmlega eins vaxtaákvörðun var tekin af þáv. ríkisstjórn og tveir af fjórum flm. voru aðilar að sem ráðherrar? E.t.v. eru flm. aðallega með í huga lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum og lán til kaupa á notuðum íbúðum þegar þeir setja fram frv. um að vextir skuli vera eins í öllum flokknum. En vissulega mundi samþykkt frv. þýða að vextir, t.d. af láni til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði og sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir svo að ég nefni tvo lánaflokkanna, mundu jafnframt hækka á þegar teknum lánum. Árið 1984 var ákveðið að þau lán bæru 1% vexti en þau bera nú 2% vexti. Þá, 1984, voru jafnframt hækkaðir vextir af lánum í fimm mismunandi lánaflokkum af sjö.

Ef við tökum einn lánaflokk fyrir og skoðum lánaflokkinn Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum, þann sérstaka lánaflokk, þá eru þau lán með mismunandi kjörum, bæði hvað varðar vexti og lánstíma eftir því á hvaða tíma þau voru veitt. Í greinargerð húsnæðismálastjórnar vegna fyrirhugaðrar vaxtahækkunar 1984 kemur fram að eigi hækkun að ná til þegar veittra lána sé eðlilegt að hún taki til lána sem veitt voru frá júlí 1979 til júlí 1984, en þau lán báru 2,25% vexti og fulla verðtryggingu. Þá var líka bent á að líka yrði að lengja lánstíma þeirra lána hlutfallslega þannig að greiðslubyrði yrði ekki þyngri en hjá þeim sem tækju lán eftir 1. júlí 1984 og voru með lengri lánstíma. Jafnframt var bent á að breyta þyrfti vöxtum á hluta af verðtryggðum lánum sem veitt voru 1974–1979. Og mér finnst ástæða til að upplýsa það hér í hv. deild hvernig lán við erum með í einum og sama lánaflokknum.

Í einum og sama lánaflokknum erum við með hlutaverðtryggð lán með 30% verðtryggingu, hlutaverðtryggð lán með 40% verðtryggingu og 9,75% vöxtum og hlutaverðtryggð lán með 60% verðtryggingu og 2,8% vöxtum. Síðan erum við með fullverðtryggð lán með 2,25% vöxtum, 3,5% vöxtum og svo núna með 4,5% vöxtum.

Menn geta velt því fyrir sér hvernig það kæmi út að breyta og setja sömu vexti á allan þennan lánaflokk. Ég mundi vilja segja það til upplýsinga hér að hlutaverðtryggðu lánin koma hagstætt út í heildina fyrir lántakendur sem tóku þau á sínum tíma og hafa haldið þeim sjálfir síðan. Hins vegar eru þau með þunga greiðslubyrði og þyngri en núgildandi lán fyrir þann sem keypt hefur eign með slíku láni áhvílandi eftir að verðtryggingin er komin á það með fullum þunga og viðkomandi hefur þá ekki notið þeirrar ívilnunar sem fólst í óverðtryggða hluta lánanna. Fjölmargir sem hafa yfirtekið slík lán hafa óskað eftir því að fá lánskjörum breytt til samræmis við það sem gildir um nýrri lán. Og þrátt fyrir að heimildarákvæði í lögum séu þess efnis hefur vöxtum af 30 og 40% verðtryggðum lánum ekki verið breytt og þá væntanlega verið tekið mið af forsendum lánanna. Ég vil líka upplýsa það að ef vöxtum af hlutaverðtryggðum lánum yrði breytt til samræmis við nýrri lán má áætla að það mundi kosta Byggingarsjóð ríkisins 60–70 millj. kr. á ári.

Það kemur líka fram í greinargerðinni frá 1984 að mjög mikil vinna fylgdi breytingum á lánskjörum eldri lána og æskilegt að stilla breytingu þeirri í hóf og gera það að yfirveguðu ráði. Þetta tel ég m.a. skýringu þess að ríkisstjórnin ákvað 1984 að breyting vaxta tæki eingöngu til lána sem eru tekin frá þeim tíma.

Af því sem ég hef hér rakið er ljóst að það er ekki einfalt mál að hækka vexti á þegar tekin lán innan sama lánaflokks og að á því eru margar hliðar. Að mínu mati eru bæði tæknilegir og siðferðilegir annmarkar á þeirri framkvæmd sem lögð er til. Ef flm. eru hins vegar að hugsa um að einungis eigi að hækka vexti af lánum innan lánaflokksins frá einhverjum ákveðnum tíma eða ákveðinni lagasetningu hefði það þurft að koma fram. En það virkar reyndar andstætt þeirri túlkun á jafnræðisreglu sem fram kemur í greinargerð með frv. Þar kemur fram að ákvörðun ríkisstjórnar um vaxtahækkun í desember geti nálgast það að vera brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. En þýðir ekki jafnræðisreglan að eins skuli fara um alla sem eins er ástatt um? Þ.e. alla sem taka lán á sama tíma, við sömu aðstæður en ekki að eins skuli fara með alla sem einhvern tíma hafa tekið lán óháð aðstæðum. Í þessu efni megum við ekki gleyma því að við erum að fjalla um langtímalán og yfirleitt stærstu lán viðkomandi lántakanda og í húsnæðiskönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins kemur fram að hæst hlutfall allra aldurshópa er með stærstan hluta ógreiddra lána sinna hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í þeirri sömu könnun kemur líka fram að alvarlegir erfiðleikar vegna íbúðakaupa eða íbúðabyggingar hafa einkum hrjáð yngsta aldurshópinn. Þannig segjast tæp 45% þeirra yngstu hafa lent í alvarlegum fjárhagsörðugleikum vegna íbúðakaupa og 20% í alvarlegum erfiðleikum innan fjölskyldu. Alvarlegir fjárhagserfiðleikar eru hlutfallslega mestir meðal þeirra yngstu en minnka hlutfallslega með hærri aldri svarenda.

Þá kemur fram að 23% flestra stétta telja sig hafa lent í alvarlegum erfiðleikum en þó eru þær undantekningar að um 30% fólks úr millihópnum telja sig hafa lent í slíkum erfiðleikum en einungis 17%

sérfræðinga og atvinnurekenda. Um 28–33% þeirra sem keyptu eða byggðu eftir 1980 lentu í alvarlegum fjárhagserfiðleikum vegna húsnæðiskaupa en einungis 14–17% þeirra sem keyptu fyrr. Þetta eru athyglisverðar tölur. Þá lentu 14% þeirra sem keyptu 1980–1983 í alvarlegum erfiðleikum innan fjölskyldu, tæp 9% þeirra sem keyptu eftir 1983 en 4–7% þeirra sem keyptu fyrir 1980.

Þegar við skoðum aðstæður lántakenda í dag og það hefur verið rætt hér, þá hafa tekið gildi lög um vaxtabætur sem taka mið af tekjum og eignum þannig að fólk með lágar og miðlungstekjur greiðir í raun innan við 3% raunvexti. Og það liggur við að maður spyrji sig að því núna þegar maður fjallar um þessa þætti og fer yfir þessa skýrslu Félagsvísindastofnunar hvort þingmenn séu nokkuð búnir að gleyma neyðarástandi fólksins sem var að koma sér þaki yfir höfuðið á fyrri hluta 9. áratugarins og því ástandi sem í raun var tilefni greiðsluerfiðleikalánanna. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er ekki hægt að líta fram hjá þeim hópi. Misgengi launa og lánskjara hafði þau áhrif að allar áætlanir fólks sem stóðu í húsnæðisöflun ruku út í veður og vind og við tóku ómældir erfiðleikar hjá fjölmörgum fjölskyldum. Og það kemur fram í töflu fjmrn. frá 20. des. um húsnæðisbætur, vaxtaafslátt og vaxtabótakerfi að vaxtabyrði þeirra sem hljóta vaxtaafslátt telst 14–16,7% en það er einmitt þessi hópur sem vísað er til.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að það fólk sem eftir margra ára basl er e.t.v. loksins að komast á lygnari sjó mundi við samþykkt þessa frv. telja sig fá kalda kveðju frá Alþingi. Og það má leiða að því getum hv. flm., í tilefni spurningar um það mál, að vaxtabæturnar komi þessu fólki ekki nú til góða á sama hátt og nýjum lántakendum. Þeir eru e.t.v. eftir þessi ár fimm, sex, sjö, átta, ef við tökum misgengishópinn 1983, 1984 með, þeir eru komnir yfir þetta eignahlutfall, e.t.v. búnir að koma sér út úr verstu stöðunni en vaxtabæturnar koma í dag til allra þeirra sem eru að festa kaup og miðast við eignir eða tekjur. Má leiða að því getum að þær koma ekki á sama hátt þessu fólki til góða og jafnvel að verið sé að búa til nýja greiðsluerfiðleikahópa.

Eins og menn heyra, þá er ég mjög ósammála flm. um túlkun þeirra á jafnræðisreglunni varðandi þetta mál og ósammála því frv. sem hér er sett fram. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða frv. sem í rauninni er nokkuð furðulegt að þurfi að flytja vegna þess að hér gerist það að nokkrir hv. þm. þurfa að flytja frv. til þess að fá úr því skorið hvort hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hafi brotið lög. Því er haldið fram m.a. af þeim sem hér stendur að svo sé og enn fremur af þeim ráðherra sem á sínum tíma stóð fyrir lagabreytingunni á 48. gr. húsnæðislaganna árið 1986. En áður en ég vík að þessu efnisatriði sem ég reyndar hef gert áður í umræðum á Alþingi, nánar tiltekið snemma í desember á sl. ári, vil aðeins víkja að því sem hér hefur verið teymt inn í þessar umræður en það eru þeir fjármunir sem renna til húsnæðismála.

Það er athyglisvert að hlusta á hæstv. ráðherra lýsa því yfir aftur og aftur að það stefni í þrot í Byggingarsjóði ríkisins innan nokkurra ára. Samt virðist vera fátt um úrræði til þess að komast hjá slíku gjaldþroti sjóðsins. Það er einnig harla einkennilegt að hlusta á þögn hæstv. ráðherra þegar hann kom í ræðustólinn og svaraði ekki fsp. frá hv. 17. þm. Reykv. um það hvort sú skerðing sem nú á að eiga sér stað til Byggingarsjóðs ríkisins muni framkalla hærri vexti og auknar tekjur vegna hærri vaxta og þá til hvaða hóps slík vaxtahækkun ætti að taka.

Ég vil, virðulegur forseti, þá víkja nokkrum orðum að þessu frv. Ég efast um lögmæti þess að láta vaxtabreytingar aðeins ná til hluta þeirra sem tekið hafa lán í sama lánaflokki á sömu kjörum á grundvelli sömu laga. Það hefur komið fram í þessari umræðu að hæstv. félmrh. og þar með hæstv. ríkisstjórn fór hvorki að tillögum húsnæðismálastjórnar né umsögn Seðlabankans en í lögunum er skylt að leita tillagna og umsagna þessara aðila. Það hefur verið rifjað upp að húsnæðismálastjórn lagði til óbreytta vexti en Seðlabankinn taldi rétt að vaxtahækkunin yrði 1% á nýjum lánum í lánaflokknum en 0,5% hækkun yrði á eldri lánum. Það hefur enn fremur komið fram í þessari umræðu að það sé vafasamt að á hv. Alþingi sé meiri hluti fyrir þessari ráðstöfun. Það er ljóst að stjórnarandstöðuflokkarnir styðja ekki þá hækkun sem varð á lánunum sem tekin voru eftir 5. des. sl. Borgfl. lýsti afstöðu sinni í ríkisstjórn og lagði til allt annað en hér hefur verið gert. Það hefði vissulega verið æskilegt að einhver talsmaður Borgfl. hefði tekið þátt í þessum umræðum. Það hefur einnig komið fram að sá skilningur er ríkjandi í Framsfl. að ekki skuli fara að með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur gert.

Í raun hefur hæstv. ráðherra fyrst og fremst notað eina röksemd máli sínu til stuðnings og hún er sú að hæstv. ráðherra hafi gert samning við Kvennalistann til þess að koma fram húsbréfafrv. á sínum tíma. Á móti kemur að Kvennalistinn hefur lýst yfir að aðeins hafi verið staðið við lítinn hluta þess samkomulags sem var gert að mig minnir 1. maí eða í lok aprílmánaðar. Það er því verið að hengja sig þar í hluti sem varla er eðlilegt þegar tillit er tekið til þeirra efnda sem urðu á samkomulaginu.

Hæstv. ráðherra hefur enn fremur vitnað til lögfræðiálits sem ég hef kynnt mér harla vel. Það lögfræðiálit er fyrst og fremst skrifað til að svara þeirri spurningu hvort hækkunin í desember sé brot á svokallaðri jafnræðisreglu, en niðurstaða lögfræðingsins er sú að svo sé ekki. Í raun segir lögfræðingurinn að hægt sé með sama hætti, og það er kannski það alvarlega í þessu máli, að hækka eða lækka eftir atvikum vexti af lánum tiltekins hóps sem hefur tekið lán á einhverjum tilteknum tíma allt frá árinu 1986. Með öðrum orðum, hæstv. ráðherra hefur með

ákvörðun sinni lagt grunn að því að hægt sé að taka þann hóp út úr sem t.d. fékk lán á árinu 1988, á þriggja mánaða tímabili og hækka sérstaklega vexti af lánum þess hóps án þess að hreyfa vextina hjá öðrum í þeim hópi sem hefur fengið lán í sama lánaflokki frá þeim tíma sem lögin voru sett. Það er átakanlegt að hæstv. ráðherra, sem kallar sig jafnaðarmann og situr í þessari ríkisstjórn, skuli ekki þegar hann finnur andstöðuna við þetta frv. a.m.k. reyna að átta sig á því hvort hér sé lögum fylgt og leita eftir fleiri lögfræðilegum álitum um þetta tiltekna atriði, ekki síst í ljósi þess að þeir sem komu að þessu máli á sínum tíma og báru kannski hitann og þungann af því að koma þessu máli í gegn á Alþingi, höfðu þann skilning á málinu að breytingin sem gerð var á lögunum 1986 — og ég undirstrika vegna ræðu síðasta ræðumanns að það var gerð breyting á lögunum 1986, veruleg breyting hvað þetta atriði snertir. (Gripið fram í.) Ég skal fara ítarlegar í þetta atriði.

Þegar lögin frá 1986 voru samþykkt var gerð sú breyting, eins og ég vona að hæstv. ráðherra viti og muni ef hann nennir að rifja það upp fyrir sér, að það var ákveðið að fjármagna þetta kerfi með hjálp lífeyrissjóðanna með þeim hætti að félagar í þeim lífeyrissjóðum sem lánuðu byggingarsjóðnum 55% af greiðsluflæði sínu innan ársins ættu rétt á því að fá lán úr sjóðnum. Þá var gerð sú breyting sem skiptir öllu máli, það er kjarninn í þessu máli. Þetta segi ég af því að ég var formaður í þeirri nefnd sem fjallaði um málið og þekki það afar vel. Það var gerð sú breyting að í stað þess að áður var ætlast til að vaxtaákvörðun yrði tekin einu sinni á ári þegar húsnæðismálastjórn gerði fjárhagsáætlanir fyrir stofnunina, var í staðinn sett að vextir *skulu* vera breytilegir. Af hverju var þessi breyting gerð? Hún var gerð vegna þess að það var ákveðið að taka ætti tillit til hvaða samningar væru gerðir við lífeyrissjóðina á hverjum tíma. Og vaxtaákvörðunin átti að vera í hlutfalli við þá ákvörðun því allir vita að ríkissjóður þurfti að borga þann vaxtamun sem varð, annars vegar á vöxtum sem fengust inn í sjóðinn frá lífeyrissjóðunum og hins vegar á útlánavöxtunum. Þetta liggur kristaltært fyrir og það er að berja höfðinu við steininn að halda öðru fram.

Jafnframt var gengið út frá því, ég man ekki hvort það er skráð nokkurs staðar en það var rætt á sínum tíma, að þegar talað var um breytilega vexti væri verið að taka tillit til þessa vaxtamunar, öðrum þræði vegna lífeyrissjóðslánanna og útlánanna og hins vegar þeirra vaxta sem í gildi væru á hverjum tíma. Það var aldrei ætlun löggjafans að festa vextina niður heldur átti þvert á móti að taka tillit til vaxtanna eins og þeir eru á hverjum tíma í bankakerfinu. Það er mjög athyglisvert að lesa þetta lögfræðiálit vegna þess að lögfræðingurinn segir sem svo:

Þar sem ekki hafa verið gerðar breytingar á vaxtaákvörðun fyrr, á meðan breytilegir vextir í bankakerfinu hafa hækkað og lækkað, má ætla að þessir vextir gegni öðrum lögmálum en vextirnir í bankakerfinu.

Við skulum aðeins skoða þetta betur. Hvers vegna voru vextir ekki hækkaðir í stjórnartíð núv. hæstv. félmrh. sem tók við þeirri stöðu sumarið 1987? Þetta veit sá sem hér stendur mætavel því að í ríkisstjórninni á þeim tíma var margoft talað um vaxtahækkun eins og hæstv. ráðherra veit, en þá var ákveðið, af því að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að það stæðu til breytingar á húsnæðiskerfinu, að bíða með það í nokkra mánuði. Þetta kom fram í umræðum 1987 í september, en þá var ætlunin að breytingar á húsnæðiskerfinu lægju fyrir innan nokkurra mánaða. Þessir nokkru mánuðir urðu hér um bil tvö ár. Og nú á að láta þetta tómlæti hæstv. ráðherra ráða því að hér ríki það ójafnrétti sem er verið að koma í framkvæmd með þeirri breytingu sem varð á vöxtum til nýrra lánþega 5. des. 1989. Í raun og veru er það út í bláinn að tala um að 0,4% yfir alla línuna gefi minna en það sem nú hefur verið ákveðið. Það skiptir engu máli hvort það er 0,4%, 0,6% eða 1%. Það sem skiptir máli og þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að reyna að skjóta sér undan því, er að það var ætlast til þess frá því að lögin voru sett 1986 að vextirnir í þessum lánaflokki yrðu breytilegir og þeir sömu hjá öllum í lánaflokknum. Og það þýðir ekkert að reyna að víkja sér undan ábyrgð jafnvel þótt hún sé óvinsæl, eins og hæstv. ráðherra virðist gera allt of oft í sínum verkum, því miður.

Ósanngirnin sem kemur fram í þessu máli er sú að þeir sem hafa orðið að bíða lengst eftir því að fá lán, hafa orðið að þola hæstu vexti á almennum markaði, lenda einir í vaxtahækkuninni, loksins þegar þeir fá lánið útborgað úr húsnæðiskerfinu. Þeir þurfa að borga hærri vexti en hinir sem nutu lægri lána og þurftu að bíða í styttri tíma. Hvers konar sanngirni er þetta? Þetta er auðvitað ekki sanngirni sem er bjóðandi upp á og allra síst þegar það er ljóst að þetta er gert í blóra við meiri hluta Alþingis.

Mig langar til þess þó ég hafi ekki gert það áður að lýsa einu dæmi sem kannski sýnir best hvernig þessi ákvörðun getur leikið fólk. Það er dæmi sem ég þekki persónulega. Tveir aðilar hér í bænum gerðu með sér kaupsamning, makaskiptasamning. Annar aðilinn átti í vændum húsnæðislán og átti að fá útborgaðan fyrri hlutann í desemberbyrjun og síðari hlutann í maí. Hinn aðilinn hafði fengið lán fyrir 1½ ári. Það var gerður makaskiptasamningur með þeim hætti að lánin voru talin jafna sig út, enda voru upphæðirnar svipaðar. Nú gerist það allt í einu eftir að samningur er gerður, að vextir eru hækkaðir hjá þeim sem tók lánið síðar. Auðvitað er farið fram á að borgaður sé vaxtamunurinn. Það sé sanngirnismál því að þegar litið er á allt endurgreiðslutímabilið, þá skipti þetta líklega hundruðum þúsunda. Hinn aðilinn getur ekki samið um þennan vaxtamun. Það er ekki nokkur leið fyrir hann að gera það einfaldlega vegna þess að lögfræðiálitið sem hæstv. ráðherra styðst við segir það skýrt og skorinort að það sé hvenær sem er hægt að hækka eldra lánið jafnvel meira en nýja lánið þannig að það er útilokað að borga þennan vaxtamun.

Nú gætu menn haldið því fram að þá sé hægt að

benda á vaxtabæturnar eins og hér var sagt. Halda menn virkilega að vaxtabæturnar hafi verið settar upp til þess að ráðherra gæti mismunað í vöxtum? Það er auðvitað algerlega út í bláinn. Vaxtabæturnar voru settar upp í allt öðru skyni og það veit hæstv. ráðherra mætavel.

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni mál sem er mikið sanngirnismál og mikið jafnréttismál. Hér er á ferðinni mál þar sem alveg er kristaltært hvernig ætlunin var að standa að í upphafi. Hér er á ferðinni mál sem meiri hluti Alþingis hefur, að sögn þeirra manna sem hér hafa talað, ekki lýst sig samþykkan, þ.e. að hækka vexti hjá hluta lánþeganna. Ég hélt satt að segja eftir þær umræður sem fóru fram í desembermánuði að hæstv. ráðherra mundi endurskoða ákvörðun sína aðeins vegna þess að það er sanngjarnt. En hæstv. ráðherra hefur ekki kosið að fara þá leið. Hann hefur fremur kosið að láta einstaka þingmenn flytja brtt. við lögin til þess að það sé samkvæmt laganna hljóðan ekki hægt að komast hjá því að beita jafnósanngjörnum aðferðum og hæstv. ráðherra beitti þegar hann hækkaði vexti á því fólki sem lengst hefur beðið og þurft að borga hæstu vextina á biðtímanum.

Það er í raun og veru nokkuð hart að það skuli vera fulltrúar jafnaðarmanna sem þannig standa að þessu máli. Þetta mál er mikið alvörumál fyrir mig og þetta er mikið alvörumál fyrir marga aðra sem hafa séð hvers konar ósanngirni getur komið út úr kaupum og makaskiptum þegar svona hlutir eiga sér stað sem er algjör handvömm. Og það þýðir ekkert að koma hér í ræðustól og segja að samningurinn við Kvennalistann sé lögum æðri. Það er algjörlega út í bláinn. Auðvitað eru samningar við Kvennalistann mjög mikilvægir og samskipti við Kvennalistann afskaplega mikilvægir, en það breytir ekki því að það eru lög í þessu landi sem menn verða að virða en hvorki láta stjórnast af tilfinningum sínum né samningalipurð við Kvennalistann. Því verður hæstv. ráðherra að átta sig á. Það þýðir ekkert að nefna til sögunnar að gerðir hafi verið samningar við einn stjórnmálaflokk. Það veit auðvitað hæstv. ráðherra.

Hér er, að mínu áliti, á ferðinni frv. sem nauðsynlegt, bráðnauðsynlegt er að fái hraða meðferð í þinginu til þess að Alþingi geti tekið völdin af þeim hæstv. ráðherra sem hefur látið fara þannig með sig að hann hefur gripið til þessa óyndisúrræðis að þarflausu. Og ég skora á fulltrúa í hv. félmn. að taka til óspilltra málanna, leita sér lögfræðilegra skýringa og koma þessu sanngirnismáli áfram sem allra fyrst. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra kjósi að vefja inn í silkipappír andrökum sínum með því að tala um fjármál í þessu sambandi en þetta mál snýst ekkert um það. Við getum gefið okkur niðurstöðuna fyrir fram, hvað þarf að ná í mikla peninga, og síðan eiga auðvitað allir þeir sem hafa fengið lán úr þessum flokki frá 1986 að borga sömu vexti. Af hverju segi ég 1986? Það er vegna þess að lögunum var breytt þá. Af því að lögunum var breytt þá. Lögunum var breytt úr því að það stóð í lögunum áður að það ætti að gera tillögur um breytingar á vöxtunum einu sinni á ári — það var reyndar aldrei gert — eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, á grundvelli fjárhagsáætlunar sem hún legði fram. Þetta var tekið út, inn komu lífeyrissjóðirnir og nú áttu vextirnir að miðast við þann vaxtamun sem fékkst í samningum við þá. Það er tilgangslaust að koma hér upp og reyna að klóra yfir þetta með jafnaumlegum hætti og hæstv. ráðherra og fylgifiskar hans hafa gert hér í þessari umræðu. Það er kominn tími til þess að menn taki völdin af ráðherranum í þessu sanngirnismáli. Auðvitað getur hæstv. ráðherra leikið sér að því að karpyrðast við fyrri hæstv. ráðherra, núv. hv. þm. Alexander Stefánsson. Það hafa þau gert árum saman. En það á ekki að bitna á fólkinu í landinu.

Kjarni málsins er sá að 1986 átti að ganga tryggilega frá því að jafnræði ríkti í þessum málum og þeir sem fengju lán úr þessum lánaflokki sætu við sama borð. Og það er skylda hæstv. ráðherra í raun og veru að endurskoða þessa ákvörðun sína. Ef hæstv. ráðherra kýs að gera það ekki verður hv. Alþingi að taka til sinna ráða.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég er nú aldrei þessu vant sammála hv. 1. þm. Reykv. og sérstaklega um það að mikilvægt sé að semja við Kvennalistann og konur yfirleitt. Ég tek undir það. En mér gafst ekki vel að semja við hæstv. félmrh. þegar hæstv. ráðherra samdi við Kvennalistann vegna þess að ég sá í gegnum hana og vissi hvernig fara mundi, enda hefur það farið í þann farveg.

Hv. 9. þm. Reykn. fór að tala um það hvernig ástandið hefði verið 1980, en minntist ekki á það hvernig það er í þessum málum. Það er nefnilega ekkert betra en það var 1980 eða eftir þann tíma. Og það er alveg merkilegt að Alþýðusambandið skuli svo gera samninga sem leiða af sér að margir af þeim sem eru í neyð nú af því að þeir fá ekki lán verða að bíða lengur. Mig undrar þetta mjög af því að þarna er margt af góðu og gætnu fólki sem stjórnar slíkum samningum, en þetta leiðir af sér það að þeir sem eru í mjög erfiðri aðstöðu, í neyðaraðstöðu — það veit ég vel um — fá ekki fyrirgreiðslu á næstunni. Og það er rétt sem hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan. Það er eiginlega broslegt að hann skuli vera uppi í þessum ræðustól að tala fyrir auknu jafnrétti en fulltrúar Alþfl. á móti. Mér fannst það alveg ólíðandi þegar ákveðið var að hækka vexti um 1% í desember sl. og nær að hækka þá minna og á öllum þeim sem hefðu tekið lán síðan lögin tóku gildi 1986. En á það var náttúrlega ekki hlustað.

Ég vildi bara fá tækifæri til þess, fyrst farið er að ræða um þessi mál og ástandið í þessum málum, að minna á það og undirstrika að þeir sem eru að fjalla um þetta, t.d. menn í húsnæðismálastjórn, eru rasandi yfir þessum niðurskurði — og vita betur, virðast vita betur en hæstv. ráðherra. (**Félmrh.:** Hvað á að skera niður?) Hvað á að skera niður? Er það samkvæmt jafnaðarstefnunni að láta það bitna á fólki

sem er í neyð? (**Félmrh.:** Hvar vill þingmaðurinn láta skera niður?) Hvar vil ég skera niður? Ég vildi láta, svo að hæstv. félmrh. viti það, leggja skatt á fjármagnstekjur, og það var um það samið þegar ríkisstjórnin var mynduð, en við það hefur ekki verið staðið því það þarf að hlífa þeim en ekki þessu fólki sem er í neyð. Það er jafnaðarstefna hæstv. félmrh.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þetta hafa verið athyglisverðar umræður um margt. Það hefur verið leitt í ljós að hæstv. félmrh. hefur gengið til ákvarðana í vaxtamálum sem leiða til aukins misréttis, sennilega ekki fyrir þá sök að hæstv. ráðherra hafi þá hugsjón, heldur vegna þess að hann taldi sig skuldbundinn að hlýða fyrirmælum Kvennalistans í þeim efnum. Umræðurnar hafa síðan snúist nokkuð í uppgjör á milli núv. hæstv. félmrh. og fyrrv. félmrh., hv. 1. þm. Vesturl.

Það var athyglisvert að hlýða á annars mjög vandaða ræðu hv. 9. þm. Reykn. þar sem m.a. komu fram tölur um þá sem lent höfðu í erfiðleikum í húsnæðismálum á tilteknu árabili. Í þeim talnalestri kom í ljós að þeim snarfækkaði sem lent höfðu í húsnæðiserfiðleikum um leið og hv. núv. 1. þm. Vesturl. varð félmrh. árið 1983 og kann það að vera skýringin á því að ýmsir sakna nú vinar í stað að hann skuli ekki vera lengur í stóli félmrh.

Í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur ýmislegt verið gert gagnvart húsbyggjendum, mestallt í þá veru að gera þeim erfiðara um vik að koma sér þaki yfir höfuðið. Með skattahækkunum hefur byggingarkostnaður verið aukinn. Með sérstökum hækkunum á tekjuskatti hefur þeim verið refsað sem vilja og þurfa að leggja á sig aukna vinnu til þess að standa undir kostnaði við öflun húsnæðis. Allt hefur þetta verið gert undir forustu og fyrir frumkvæði ríkisstjórnar félagshyggju og með þátttöku Alþfl.

Hæstv. félmrh. minntist svo á það að meðan formaður Alþfl. var fjmrh. hafi verið gerð í þeirri ríkisstjórn hörð hríð að framlögum ríkisins í byggingarsjóði ríkisins, báða byggingarsjóðina. Það mun auðvitað rétt vera hjá hæstv. ráðherra, en þrátt fyrir þessa neikvæðu félagslegu afstöðu sem hæstv. félmrh. og varaformaður Alþfl. lýsir hér á hendur formanni Alþfl. tókst á þessum tíma að verja stöðu byggingarsjóðanna allbærilega. A.m.k. hygg ég að framlagið hafi ekki farið niður fyrir 1 milljarð kr. þrátt fyrir harkalegar árásir á þetta kerfi frá formanni Alþfl. eins og hæstv. félmrh. lýsti. En það tókst að verja kerfið og það var ekki fyrr en sjálfstæðismenn voru farnir úr ríkisstjórn að þessi framlög voru með öllu þurrkuð út og hugsjón formanns Alþfl. um að brjóta þetta kerfi niður varð að veruleika. Það er þessi staðreynd sem hæstv. ráðherra á í erfiðleikum með að gera hinu háa Alþingi grein fyrir. Það eru þessi umskipti sem hæstv. ráðherra á í erfiðleikum með að gera grein fyrir, kannski vegna sögulegra hefða og sögulegrar skírskotunar Alþfl. til launafólks og þeirra sem vilja stuðla að auknu jafnrétti í þjóðfélaginu.

Hæstv. ráðherra fór svo nokkrum orðum um það að hann hefði neyðst til þess að skera niður útgjöld ríkisins til þess að félmrn. gæti tekið fullan þátt í niðurskurði útgjalda í tengslum við kjarasamninga og skírskotaði til samstöðu um það efni. En hvað hefur nú hæstv. ráðherra gert í niðurskurði útgjalda? Hefur hæstv. ráðherra skorið niður einhver útgjöld? Nei. Hæstv. ráðherra hefur engin útgjöld skorið niður. Hann hefur ekki takmarkað skuldbindingar byggingarsjóða ríkisins. Hann hefur ekki minnkað rekstrarkostnaðinn við byggingarsjóði ríkisins á þessu ári. Engar slíkar ákvarðanir hafa verið teknar af hæstv. ráðherra í tengslum við nýgerða kjarasamninga. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar fært til vanda. Hann hefur fært tímabundið útgjaldavanda af ríkissjóði yfir á byggingarsjóði ríkisins sem mun enn grafa undan stöðu byggingarsjóðanna eins og hæstv. ráðherra viðurkenndi og viðurkenndi að staða þeirra væri í mikilli hættu. Ákvörðunin hefur ekki dregið úr útgjöldum en hún hefur leitt til þess að staða byggingarsjóðanna hefur veikst, en það hefur úr engum skuldbindingum verið dregið. Þetta mun koma með tvöföldum þunga niður á byggingarsjóðum ríkisins eða ríkissjóði þegar þar að kemur. Með öðrum orðum, það er verið að taka lán en ekki draga úr útgjöldum. Það er í raun verið að vinna gegn því sjónarmiði, sem sett hefur verið fram, að það þurfi að draga úr útgjöldum ríkisins í heild í tengslum við kjarasamningana, enda hefur forseti Alþýðusambandsins séð ástæðu til að mótmæla þessari aðgerð sérstaklega með býsna ákveðnum hætti. Svo kemur hæstv. ráðherra hér upp og leyfir sér að segja að þetta sé aðgerð í tengslum við kjarasamningana þegar forseti Alþýðusambandsins hefur komið fram fyrir alþjóð og mótmælt mjög harkalega þessum aðferðum enda sýnt fram á að þær fela ekki í sér neinn niðurskurð á útgjöldum, heldur tilfærslu á vanda. Það er verið að reyna að blekkja fólk með ákvörðunum af þessu tagi sem munu auka á þann vanda sem fyrir er en ekki draga úr honum. Þetta er nú kjarni málsins að því er þetta atriði varðar. En eftir hinu hlýtur að vera lýst þegar ráðherra hefur viðurkennt hér á hinu háa Alþingi að byggingarsjóðirnir séu í þessum mikla vanda sem raun ber vitni og hæstv. ráðherra hefur lýst þremur leiðum til þess að bæta úr þeim vanda: Hverjar eru tillögur hæstv. ráðherra í því efni? Eða ætlar hann að láta málin þróast áfram á þann veg að vandi byggingarsjóðanna aukist ár frá ári svo að gjaldþrot þeirra verði að veruleika eins og hæstv. ráðherra hefur bent á að í stefni?

Hæstv. ráðherra hefur nefnt þrjár leiðir. Hverja af þeim ætlar hann að velja? Eða ætlar hann að láta málin halda áfram í þessu fari þannig að gjaldþrotið verði að veruleika? Það eru svör við þessum spurningum sem menn hljóta að ætlast til að komi í þessari umræðu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en lengra er haldið í þessari umræðu vill forseti taka það mjög skýrt fram að í gær var gert

samkomulag á milli forseta og formanna þingflokka um að hér hæfist nýr fundur í deildinni ekki síðar en kl. 4 svo að hefja mætti umræður um frv. ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Verði þessari umræðu ekki lokið fyrir kl. 4 mun forseti fresta henni enn á ný og hefði þó kosið að reyna að koma þessu máli áfram til 2. umr. og nefndar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Því miður gat ég ekki mætt hér þegar umræða hófst um þetta merka mál vegna anna á öðrum vettvangi og missti ég þess vegna af fróðlegum umræðum sjálfsagt og athyglisverðum um þetta mál, en um leið og ég kom hér í anddyrið heyrði ég að hæstv. félmrh. var að senda mér kveðjur í sambandi við þær umræður sem hér urðu við 1. umr. þessa máls en missti af aðalkjarnanum í þessum umræðum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að tefja tímann með því að fara út í miklar almennar umræður um húsnæðismálin eða stöðu þeirra í heild. Það liggur að sumu leyti ljóst fyrir í dag hvernig það er. En mér þykir rétt í sambandi við frv. sem hér er til umræðu á þskj. 412 að endurtaka það sem ég sagði hér í byrjun umræðunnar, rifja það upp að þessi ákvörðun hæstv. ráðherra, um að hækka einhliða vexti í einum lánaflokki og láta það aðeins gilda frá þeim degi sem lögin voru sett, var tekin með óvenjulegum hætti að því leyti til að stærsti stjórnarflokkurinn í ríkisstjórninni var áður búinn að hafna þessari hugmynd ráðherra eða ríkisstjórnar. Og afstaða þingflokks Framsfl. var alveg einum rómi sú að það kæmi ekki til mála að hækka vextina á þennan hátt sem raunin varð á. Hins vegar var lagt til að tími yrði gefinn til að skoða þetta mál í heild í samráði við aðila vinnumarkaðarins í heild og samræma ákvæðið um vexti í öllum málaflokkum beggja byggingarsjóðanna og marka þar með stefnu í vaxtamálum. Ríkisstjórnin tók því miður ekki tillit til þessa, sem er óvenjulegt, en hæstv. félmrh. hafði sitt fram, sem öllum er kunnugt, og olli strax viðbrögðum í þjóðfélaginu, mótmælum aðila vinnumarkaðarins, og ég vil þá í leiðinni benda á það að húsnæðisstjórn var andvíg þessari ákvörðun einnig.

Ég vil í þessu sambandi rifja það aðeins upp um þessi lög sem vitnað hefur verið til, frá árinu 1984, það er verið að vitna til þess að þá hafi verið svipaðar aðgerðir í gangi, og benda þeim hv. þm. sem halda slíkri firru fram á að það voru sett ný lög 1984, ný húsnæðislöggjöf, sem tóku til allra þessara þátta og opnuðu um leið möguleika á því að hafa mismunandi vexti eftir lánaflokkum. Það er þess vegna alveg út í hött að vitna til þessara laga sem skjóls fyrir þessa ákvörðun sem ríkisstjórnin tók eftir kröfu hæstv. félmrh.

Það mætti að sjálfsögðu tala margt um þetta mál og aðrir ræðumenn sem fylgja þessu frv. fram hafa gert skilmerkilega grein fyrir afstöðu í þessu sérstaka máli með vextina sem ég ætla ekki að endurtaka hér. Ég vil aðeins minna á tímamótalög sem sett voru 1986 í samráði við alla aðila vinnumarkaðarins, ný húsnæðislöggjöf, sem mörkuðu vissulega þáttaskil og voru samþykkt einróma hér á hv. Alþingi. Það var engin hjáróma rödd í sambandi við þá löggjöf og ég hygg að sé vitnað til þess sem síðan hefur liðið væri rétt að rifja það upp í leiðinni hverjir það voru sem höfu árásir á þessi lög. Og það er dálítið merkilegt að það skuli ske núna í þessari ríkisstjórn, félagshyggjustjórninni sem ég og fleiri studdum að tæki hér völdin. Hvað var gert af hálfu hæstv. félmrh. og forustu Alþfl.? Vilja menn rifja upp? Það yrði of langt mál á svo stuttum tíma sem er til fundarhlés. En ég vil aðeins rifja það upp að það voru ekkert smáar yfirlýsingar. Það átti bara að ríf a niður og eyðileggja lögin frá 1986. Þau voru svo gjörsamlega ómöguleg að það var gefin hátíðleg yfirlýsing um að það skyldi vera aðalmarkmiðið. Mér býður í grun að allt sem hefur skeð síðan í húsnæðismálum stefni að þessu sama, að eyðileggja þessa löggjöf sem sett var 1986 í samráði við aðila vinnumarkaðarins og samþykkt í einu hljóði hér á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki að fara meira í það atriði, en mig langar til að rifja það aðeins upp, af því að hér hefur verið minnst á ýmsa aðra þætti og þar á meðal ráðgjafardeild Húsnæðisstofnunar, að þessi ráðgjafardeild var sett um áramótin 1983 og 1984 og á því kjörtímabili sem sú stjórn sat sem tók þá ákvörðun. Hvaða halda menn að hafi farið mikið í gegnum hendur þessarar ráðgjafardeildar? Það voru hvorki meira né minna en rúmir 5 milljarðar sem fóru í beina aðstoð við þá húsbyggjendur í landinu sem þurftu á aðstoð og ráðgjöf að halda, bæði með beinum fjárframlögum úr Húsnæðisstofnun og í beinum aðgerðum ráðgjafardeildar við hinar ýmsu peningastofnanir í landinu til að greiða götu þessa fólks. Og af því að hér var farið inn á starfsmannahald og skipulag stofnunarinnar vil ég geta þess að þessi ráðgjafardeild var stofnsett á þann veg að það var fært til í stofnuninni milli deilda og aðalstarfsfólk þessarar ráðgjafardeildar var fyrst og fremst frá tæknideild stofnunarinnar. Þetta er nauðsynlegt að komi hér fram vegna vissra umræðna sem hér hafa orðið.

Það sem ég tel þó fyrst og fremst ástæðu til að koma inn á er það sem ég heyrði óljóst upphafið að þegar ég kom inn í þinghúsið. Það var í sambandi við þau ummæli sem ég lét falla í ræðu minni um Húsnæðisstofnunina að því er varðar starfsmannahald. Ég sagði þar, eins og hér hefur réttilega verið skýrt frá, að hjá launadeild ríkisins lægi inni krafa um það að fjölga fastráðnum starfsmönnum Húsnæðisstofnunar úr 39 í 61 stöðugildi eða sem svarar tæpum 22 stöðum miðað við það sem hefur verið. Ég tók þannig til orða að þessu hefði verið frestað, m.a. af mér, af þeirri einföldu ástæðu að ráðninganefndin hefur verið að glíma við hinar ýmsu umsóknir sem komið hafa frá ráðuneytum og stofnunum undanfarið og stór hluti af því er vegna kjarasamninga sem hefur verið deilt um, bæði að því er varðar BHM- og BSRB-samninga, varðandi fastar og lausar stöður, þ.e. að breyta lausum stöðum sem hafa verið í meðferð t.d. á síðasta ári í fastar stöður. Og auðvitað var alveg ljóst að það þurfti að halda þannig á málum í þessari nefnd að

fresta öllum þessum ákvörðunum þangað til búið væri að kanna málið í botn.

Það sem gerðist hins vegar í sambandi við Húsnæðisstofnun, svo að ég skýri það öllu nánar, var það að þessu fylgdu upplýsingar um að Húsnæðisstofnun væri að láta sérstaka ráðgjafarstofnun hér í borg gera úttekt á starfsmannahaldi stofnunarinnar og skipulagi. Það var einmitt þessi ákvörðun sem gerði það að verkum að það var ástæðulaust annað en að fresta þessu máli vegna þess að í fórum nefndarinnar voru þessi gögn ekki til reiðu og það sem meira var, það var ákveðið að kalla á formann og framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar á fund sem verður 23. febr. nk. til að ræða þessi mál. Hér er raunverulega um stórmál að ræða þar sem verið er að gera endurskipulagningu á Húsnæðisstofnuninni í heild. Og það er alveg ljóst að þetta er það stórt mál í þessari stofnun ásamt nokkrum öðrum sem svipað er ástatt um að það er a.m.k. fullkomin skylda þeirra sem eiga sæti í þessari nefnd að gera sér fulla grein fyrir því hvernig þetta er byggt upp og hvernig það fer saman við þá fjárhagsstöðu sem er í bæði þessari stofnun og annarri í sambandi við almennan rekstur. Það væri hrein glópska, ekki síst fyrir fulltrúa úr fjvn. í þessari ráðninganefnd, að ætla að fara að taka þær ákvarðanir áður en hann væri búinn að gera sér grein fyrir því hvað hér var á ferðinni. Ég tel ástæðu til að koma þessu hér á framfæri og ætla þar með að svara þeim hugmyndum sem mér virðist hafa komið hér fram í ræðu hæstv. félmrh., um það að hlutaðeigandi hafi ekki sett sig inn í mál eða hefði e.t.v. ekki vit á þessum málum o.s.frv. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Ég er að gera þarna skyldu mína og ég mun fylgjast grannt með því að hér sé ekki verið að byggja upp kerfi sem hleður sjálfkrafa upp á sig útgjöldum á sama tíma sem er verið að gera tilraun til að skera niður ríkisreksturinn og kostnað við ríkisreksturinn í heild.

Ég mun geyma mér til betri tíma að ræða þessi mál sem sjálfsagt gefst þegar þau mál koma til frekari umræðu, en ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það ekki vera rétt meðferð þessara mála að það er sífellt verið að gera róttækar breytingar á húsnæðislögum án þess að gildandi lög hafi í raun fengið tíma til að sanna gildi sitt. Þessa dagana veit ég ekki betur en að á ferðinni séu ný áform um róttækar breytingar á húsnæðiskerfinu sem sjálfsagt eiga að raska enn því sem fyrir var og þar verður sjálfsagt ýmislegt sem kallar á nýjar kollsteypur í þessum málaflokki.

Ég verð að segja það í lokin að mér finnst mjög slæmt, þegar ákvarðanir eru teknar, eins og þessar um vextina, að félmrn. og hæstv. félmrh. skuli vera í stríði við meiri hluta húsnæðisstjórnar um meðferð þessara mála. Það finnst mér ekki lofa góðu og ekki þau vinnubrögð sem ætti raunverulega að viðhafa því að það ætti einmitt að vera þveröfugt. Í fyrsta lagi ætti að vera fullkomin samvinna og samstarf milli húsnæðismálastjórnar og stofnunarinnar í heild og þess ráðuneytis sem stýrir þessum málum. Ég verð líka að vitna til þess að við erum nýlega búin að sjá á opinberum vettvangi yfirlýsingar hæstv. ráðherra um það að hann leggi til að draga úr valdi húsnæðismálastjórnar. Það er opinber yfirlýsing sem liggur fyrir í sambandi við þessi mál.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt að þessu sinni. Það gefst sjálfsagt tækifæri síðar. Ég vil hins vegar segja það í sambandi við þetta frv. að með því eru fullkomin rök. Hér var tekin röng ákvörðun fyrir síðustu áramót um þessa vaxtabreytingu, ákvörðun sem eykur á misrétti í sambandi við lánakjör fólks og ákvörðun sem var ekki tímabær vegna þess að það hefði þá átt að gefa sér tíma til þess að skoða þessi mál í stærra samhengi. Þessi ákvörðun hefur ekki þau áhrif að bæta stöðu húsnæðissjóðanna að því marki sem hefði e.t.v. þurft að gera. Þetta er einvörðungu til þess að auka ójöfnuð milli fólks.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er ekki ýkja margt sem hefur komið fram í þessari umræðu sem ég tel ástæðu til að svara. Það er endurtekið hér í síbylju að hér sé um brot á lögum að ræða, brot á jafnræðisreglunni o.s.frv. Ég hef í tvígang svarað þessu, hæstv. forseti, og tel ekki ástæðu til að endurtaka það hér.

Það sem er auðvitað athyglisvert við þennan frumvarpsflutning og mjög sjaldgæft er að einn stjórnarliði gangi til samstarfs við stjórnarandstöðuna til að hnekkja ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ákvörðun sem hans ráðherrar stóðu einnig að. Það er nokkuð sérstakt í þessu máli. Það sem er líka sérstakt í þessu máli, sem er náttúrlega nauðsynlegt að komi skýrt fram hér, er að frv. felur í sér að það á að hækka, ef það verður að lögum, vexti á þegar teknum lánum fólks. Stundum er talað um frá 1984 og stundum er talað um frá 1986. Og það er auðvitað gagnlegt að fá það fram í þessari umræðu að ef þetta verður að lögum verða þessir vextir hækkaðir á þegar tekin lán kannski alveg til 1984. Og það er ekkert verið að hnekkja ákvörðun ríkisstjórnarinnar, hv. þm., vegna þess að ákvörðun um 1% vexti getur auðvitað staðið fyrir það þó að þetta frv. verði samþykkt. Það mundi þá þýða það eingöngu að það ætti að hækka vexti um 1% á þegar tekin lán, kannski til 1984 eða 1986 eins og hv. þm. nefndi. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að þetta komi fram.

Mér finnst hins vegar ástæða til þess að draga það fram að það kom fram í orðum síðasta ræðumanns að hann mótmælir því ekki sem ég hélt fram í minni ræðu hér áðan að hann hefði farið með rangt mál í sl. viku, og að sú fjölgun sem hefur orðið á starfsmönnum Húsnæðisstofnunar ríkisins var mestöll komin til í tíð hv. þm. sem ráðherra. Það sem verið er að biðja um einungis núna er að þetta fólk verði fastráðið og fái réttindi samkvæmt því. Ég er alls ekki að lasta það að fjölgað hafi verið í Húsnæðisstofnuninni í tíð hv. þm. sem ráðherra, síður en svo, vegna þess að verkefnin hafa verulega aukist, bæði með stofnun ráðgjafardeildarinnar, með upptöku húsbréfakerfisins 1986, með lögum um kaupleiguíbúðir o.s.frv. Það sem ég

var að lasta hér í mínum málflutningi áðan er að mér fannst þess gæta í málflutningi hv. þm. að hann hefði ekki nægilega mikinn skilning á því mikla álagi sem er á fólki í Húsnæðisstofnun ríkisins. Og hv. þm. talaði um að það sé verið að skoða þessi mál, að fastráða þetta fólk hjá stofnuninni og að athuga þær beiðnir sem nú liggja fyrir um að fjölga með tilliti til aukinna verkefna. Í því sambandi minni ég á að hv. þm. sagði í sinni ræðu hér um daginn að hann vonaði að ekki yrði orðið við beiðni Húsnæðisstofnunar og taldi sig þar tala í umboði Alþingis. Þetta tel ég mjög nauðsynlegt að komi fram, að þær ráðningar sem hv. þm. vill ekki að verði samþykktar eru flestar frá tíð hv. þm. sem félagsmálaráðherra. Það er mikilvægt að slíkt komi fram í þessari umræðu út af þeirri makalausu ræðu sem hv. þm. flutti hér í síðustu viku.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að bæta neinu efnislega frekar við þessa umræðu. Ég þakka þeim sem lagt hafa hér orð í belg, sérstaklega þeim sem hér hafa tekið til máls til að lýsa stuðningi við frv. Það eru reyndar fleiri úr liði stjórnarliða en sá sem er einn af flm. sem hafa lýst sig fylgjandi þessu frv. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur einnig lýst stuðningi sínum og sama er að segja um ýmsa fleiri úr stjórnarliðinu. Þó að þeir hafi ekki talað hér í þessari umræðu liggur það fyrir skjalfest á öðrum vettvangi.

Það er þess vegna ljóst að það er víðtækur stuðningur við málið hér í hv. deild og ég vænti þess að það fái málefnalega skoðun í hv. félmn. Ef það reynist rétt vera sem formaður félmn. taldi, hv. 9. þm. Reykn., að á því væru einhverjir tæknilegir meinbugir, þá er ég sannfærður um að við getum sameinast um að vinna bug á slíkum atriðum til þess að frv. geti að öðru leyti náð tilgangi sínum.

Að svo mæltu endurtek ég ósk mína, virðulegi forseti, um að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

48. fundur, þriðjudaginn 20. febr., að loknum 47. fundi.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 631.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og heiti frv. ber með sér er hér um að ræða að lögfesta þau atriði sem lögfesta verður sem framhald af þeim loforðum sem ríkisstjórnin gaf aðilum að nýgerðum kjarasamningum. Ég hef áður gert grein fyrir þeim bréfum sem ég ritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í umræðum hér á þingi og þarf ekki að fara ítarlega út í það, en mun þó fara yfir einstakar greinar og nefna það sem mikilvægast er í því sambandi. Það er rétt að geta þess strax að hér eru nokkur atriði sem reyndar eru afleiðingar kjarasamninga á sl. ári og sömuleiðis er hér einn kafli, VII. kafli, sem fjallar um breytingu a lögum um ríkisábyrgð á launum sem er töluvert ítarlegri en beint má rekja til þessara kjarasamninga. Engu að síður þótti rétt að hafa þann kafla allan hér með því að hann er unninn að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og reyndar á grundvelli samkomulags sem við þá var gert um breytingar á þessum lögum.

Í þessum síðustu kjarasamningum lögðu aðilar vinnumarkaðarins jafnframt fram ákveðnar tillögur um breytingar á þeim frumvarpsdrögum sem lágu fyrir um greiðsluábyrgð á launum og þær breytingar voru gerðar að liðum í þeim loforðum sem ríkisstjórnin veitti.

Í 1.–3. gr. frv. eru gerðar breytingar sem eiga að tryggja að ellilífeyrisþegar fái hlutdeild í orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi BSRB og fjmrh. dags. 2. febr. 1990 og hygg ég að það skýri sig fullkomlega sjálft.

Í næsta kafla er fjallað um ráðningu starfsmanna. Þessar breytingar ber að rekja til kjarasamninganna í fyrra við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en eins og ég hygg að hv. þm. þekki er mikið af lausráðnu starfsfólki, bæði hjá Stjórnarráði og alveg sérstaklega hjá ýmsum ríkisstofnunum, og hefur ríkt töluverð óvissa um réttindi þessa starfsfólks. Yfir þetta mál hefur nú verið farið vandlega af lögfræðingum og rætt við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og er þessari 4. gr. ætlað að koma þessu á hreint, bæði að ákveða hvaða réttindi slíkt starfsfólk hefur sem ráðið hefur verið í ákveðinn umsaminn tíma og sömuleiðis að greina á milli þess og þeirra sem ráðnir eru til sumarafleysinga. Þetta er tvímælalaust hið mikilvægasta mál og þeir sem um þetta mál hafa fjallað vænta þess, eins og ég sagði áðan, að þar með komist slík mál á hreint.

Í 5. gr. frv. er fjallað um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Þar er um að ræða greiðslu bænda á fasteignagjöldum en sú ákvörðun var tekin um síðustu áramót að færa grundvöll fasteignagjalda til samræmis við það sem er hér á Reykjavíkursvæðinu með ákveðnum margfeldisstuðli. Þetta hefði hækkað mjög fasteignagjöld af t.d. útihúsum bænda og var gert að skilyrði í þeirra samkomulagi við aðra aðila vinnumarkaðarins að þessi fasteignagjöld af útihúsum yrðu ekki lögð á á hinum nýja margföldunargrundvelli heldur á þeim gamla. Um þetta var rætt við samtök sveitarfélaga og var á það fallist og er síðan staðfest í þessari grein.

Í 6. gr. er tekið inn ákvæði þar sem sveitarstjórnum er heimilað að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Þetta er orðið töluvert aðkallandi ákvæði vegna þess að við samdrátt þann sem orðið hefur í landbúnaði er mikið af slíkum útihúsum og það hefur staðið nokkuð í vegi fyrir eðlilegum samdrætti að bændur hafa talið sér erfitt að nýta ekki slík hús ef þeir eru krafnir um fasteignagjöld af þeim.

Í IV. kafla frv. er ákvæði til bráðabirgða sem *breytir lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru*. Í lögum er ákveðið að verðlagsgrundvöllur skuli ákveðinn til tveggja ára og síðan framreiknaður af Hagstofu Íslands. Nú er hins vegar gert samkomulag um það á milli bænda og aðila vinnumarkaðarins og með staðfestingu ríkisstjórnarinnar, með vilja hennar til að breyta lögum um þennan framreikning, að landbúnaðarverð verði óbreytt til 1. des. þetta ár.

Í V. kafla er ákvæði í 8. gr. frv. sem fjallar um hækkun á frítekjumarki almannatrygginga. Gefið var fyrirheit um það við gerð kjarasamninga að frítekjumark *lífeyrisþega* verði hækkað í 19.200 kr. 1. *júlí* og 21 þús. kr. 1. jan. 1991. Þetta þýðir í raun að frítekjumark verður mismunandi eftir því hvernig teknanna er aflað. Þetta er út af fyrir sig mjög umhugsunarvert. Staðreyndin er hins vegar sú að það er mismunandi nú að því leyti að tekjur af sparifé koma ekki til frádráttar greiðslum lífeyrissjóða og var það meginrökstuðningur aðila vinnumarkaðarins fyrir því að tekjur sem aflað er með greiðslu í lífeyrissjóði, sem líkja má við sparifé, komi heldur ekki til frádráttar. Hér er sem sagt í raun veitt heimild *til að mismuna í frítekjumarkinu og er með tilvísun til* þessa samkomulags sem ég hef nú nefnt. Það skal jafnframt tekið fram að ríkisstjórnin lagði á það áherslu, og það kemur fram í bréfi hennar, að enn er í undirbúningi að samræma bæði skattlagningu og aðra meðferð tekna, m.a. sparifjár, og það tel ég vera orðið afar aðkallandi.

Í VI. kafla er fjallað um þá ósk aðila vinnumarkaðarins að þeir aðilar sem atvinnulausir eru í fjóra mánuði eða lengur á 12 mánaða tímabili fái greiddar láglaunabætur í samræmi við þær láglaunabætur sem *ákveðnar voru í kjarasamningum. Hér er um að ræða* heimild fyrir Atvinnutryggingarsjóð til að inna slíkar greiðslur af hendi. Þær geta orðið um 8–9 þús. kr. á hvern atvinnulausan í fjóra mánuði eða lengur. Áætla má, þó að þær tölur liggi nú ekki mjög ljóst fyrir, að þetta geti orðið um 6–7 millj. á ári.

Í VII. kafla er, eins og ég sagði áðan, um að ræða breytingar á ríkisábyrgðum á launum. Sá kafli er allviðamikill eða viðameiri en aðrir kaflar í frv. og stafar af því að sérstök nefnd hefur í nokkuð langan tíma unnið að endurskoðun á umræddum lögum. Það er rétt að það komi fram að í þessari nefnd voru Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Lára V. Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Ragnar H. Hall borgarfógeti, tilnefndur af dóms- og kirkjumrn., Skúli Thoroddsen lögfræðingur, tilnefndur af fjmrn., og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félmrn., sem var formaður nefndarinnar. Menn voru sammála um að þessi lög þurfi að endurskoða. Það hafa orðið miklu meiri greiðslur á slíkum ábyrgðum en gert var ráð fyrir eins og kemur fram á bls. 6 í athugasemdum með frv. Greiðslur hafa orðið margfalt meiri en fjárlög t.d. hafa gert ráð fyrir ár hvert. Auk þess vöknuðu í umræðu um málið fjölmargar spurningar og var þessari nefnd falið að athuga hvort breyta þyrfti lögum í því sambandi. T.d. hefur verið *mikil áhersla á það lögð að einfalda framkvæmd* þessara laga og af hálfu ríkisvaldsins var talið eðlilegt að stytta það tímabil sem ríkisábyrgðin tekur til og samræma slík tímabil. Þá var talið rétt að setja í lög ákvæði sem takmarka greiðslur til einstaklinga, hvort sem miðað er við viku- eða mánaðarkaup og þá sérstaklega hvort slíkar greiðslur ættu að ganga upp úr, getum við sagt, án tillits til þeirra launa sem menn höfðu í fyrirtækinu áður, þ.e. þeir hæstlaunuðu ættu rétt á greiðslu á fullum launum við gjaldþrot.

Þá var talið rétt að fjalla um það hvernig háttað *væri greiðslu til stjórnarmeðlima og þeirra sem bera* ábyrgð á rekstri fyrirtækis o.s.frv. Í umræðum um þessi mál eða viðræðum við aðila vinnumarkaðarins kom fram að þeir gátu ekki fellt sig við að ríkisábyrgð yrði ekki veitt á greiðslum til lífeyrissjóða. Hugmynd nefndarinnar hafði verið, eða a.m.k. fulltrúa stjórnvalda í nefndinni, að fella þá ábyrgð út. Sú ábyrgð var ekki í lögum og kom inn í meðferð málsins á Alþingi minnir mig 1985. Ríkisstjórnin féllst á að þetta yrði ekki tekið úr lögum þannig að enn þá er ábyrgð á greiðslum til lífeyrissjóða, þó sett það ákvæði inn að *þeir skuli hafa gert innheimtutilraun, enda gjaldþrot*ið þeim ljóst. Hins vegar var samkomulag um að takmarka mánaðarlega greiðslu við þreföld lágmarkslaun.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þennan kafla. Þetta sem ég hef nú talið eru meginlýsingar á þeim breytingum sem hér er gert ráð fyrir, ég en endurtek að þarna var að eindregnum tilmælum aðila vinnumarkaðarins horfið frá þessu tvennu sem ég nefndi, að fella niður greiðslur til lífeyrissjóða og takmarka enn meira hámarksgreiðslur til einstakra aðila og sömuleiðis var fallið frá því að takmarka greiðslur til einstaklinga við 10 mánuði.

Ég vil jafnframt geta þess að þetta frv. hefur verið sent aðilum vinnumarkaðarins til meðferðar og þeir hafa gert við það lítils háttar athugasemdir sem allar voru teknar til greina þannig að ég lít svo á að engra frekari athugasemda sé í raun að vænta frá þessum aðilum.

Eins og ég sagði, herra forseti, þá hafði ég áður í allítarlegri ræðu lýst þeim fyrirheitum sem ríkisstjórnin gaf við gerð kjarasamninga og sé ekki ástæðu til að rekja það nánar. Allir flokkar á þingi hafa lýst að meira eða minna leyti stuðningi við kjarasamningana þó að einstaka athugasemdir hafi komið fram og það er von mín að Alþingi sjái sér fært að afgreiða þetta mál eins fljótt og frekast er unnt þannig að engin óvissa þurfi að ríkja um framkvæmd á þessum

loforðum. Hér er sérstaklega eitt atriði sem er bundið við næstu mánaðamót. Það er ákvæði um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, þ.e. það ákvæði til bráðabirgða sem heimilar að búvöruverð skuli ekki framreiknað þannig að mikilvægt er að það fáist afgreitt sem fyrst. Ég kynnti fyrir öllum þingflokkum innihald þessa frv. á sínum tíma og vona að menn hafi haft tíma til að fjalla eitthvað um það.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og félmn. Ég vil geta þess strax að ég hef nokkuð hugleitt hvort það ætti að vísa því til félmn. eða fjh.- og viðskn. Staðreyndin er vitanlega sú að einstakar greinar eiga heima í hinum ýmsu nefndum þingsins. Stærsti kaflinn, um greiðslu í gjaldþrotum, á tvímælalaust heima í félmn. og fleiri kaflar sem hér er um fjallað. Auk þess er hér um framkvæmd á loforðum sem tengd eru kjarasamningum, sem sagt um félagsmál að ræða. Niðurstaða mín varð því sú að réttast væri að frv. væri vísað til hv. félmn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það mun hafa verið 1. febr. sem aðilar vinnumarkaðarins komust að samkomulagi um nýja kjarasamninga. Þessir kjarasamningar mörkuðu tímamót má segja, ekki síst vegna þess að þar var ákveðið að taka völdin úr höndum ríkisstjórnar. Óttinn við ríkisstjórnina og skaðaverk hennar var orðinn svo mikill hjá þessum aðilum að þeir ákváðu að færa niður verðlag og gera hóflegri kjarasamninga heldur en hæstv. ríkisstjórn hafði reiknað með þegar hún setti fram sínar áætlanir, m.a. í fjárlögum íslenska ríkisins.

Við sjálfstæðismenn teljum eðlilegt að greiða fyrir því ekki síst þess vegna að þetta frv. geti fengið hraða og þó eðlilega meðferð á hv. Alþingi og gerum ekki athugasemd við það þótt málinu sé vísað til hv. félmn., en ég hygg að stundum áður hafi slík mál verið send hv. fjh.- og viðskn.

Áður en ég vík örstutt að einstökum greinum frv., en um þær mun ég verða stuttorður, enda gefst síðar tækifæri til þess að ræða þær, tel ég ástæðu til að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga sem varða afskipti hæstv. ríkisstjórnar af kjarasamningunum og varða efndir á loforðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið.

Í fyrsta lagi tel ég eðlilegt við 1. umr. þessa máls að hæstv. forsrh. greini Alþingi frá því hvort hæstv. ríkisstjórn hafi tekið ákvörðun um aflamiðlun, en eitt af því sem tekið var fram í bréfi hæstv. ríkisstjórnar, undir lið nr. 10 sem hæstv. forsrh. skrifaði undir og er dags. 1. febr., er að sjá til þess að svo fljótt sem verða megi sé komið á fót aflamiðlun til þess að stýra útflutningi á óunnum fiski og í stjórn aflamiðlunar verði fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það er ljóst að þótt hinir almennu kjarasamningar séu þegar orðnir að veruleika, þá er fiskverðsákvörðun ákaflega mikilvæg fyrir stóran hluta launþega, þ.e. þá sem sækja sjó. Þess vegna skiptir afar miklu máli að hæstv. forsrh. geti upplýst það hér við 1. umr. þessa máls hvort hún hafi efnt þá yfirlýsingu sem kemur fram í þessu bréfi sem ég vitnaði til fyrir stuttu. Það hefur komið fram að það strandar á þessari gerð ríkisstjórnarinnar hvort samkomulag næst um fiskverð sem er auðvitað mjög þýðingarmikið, annars vegar sem kjarasamningur sjómanna, hins vegar sem grundvöllur undir þá stefnu sem mörkuð var í kjarasamningunum 1. febr. Ef fiskverð hækkar umfram það sem þar var ráð fyrir gert getur það haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir framhaldið.

Í öðru lagi tel ég ástæðu til að hæstv. forsrh. segi frá því hér hvenær megi búast við því að frv. um lífeyrissjóði verði lagt fram, en hæstv. ríkisstjórn lofaði því að frv. um lífeyrissjóði sem var samið fyrir nokkrum árum síðan yrði lagt fram á yfirstandandi þingi.

Í þriðja lagi finnst mér ástæða til að hæstv. forsrh. svari því hvort hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir hafi komist að samkomulagi um þann niðurskurð sem stóð til að gera í tengslum við kjarasamningana. Það leikur ekki nokkur vafi á því að þýðingarmesta aðgerð hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á hinu háa Alþingi er að draga úr ríkisútgjöldunum. Ef það verður ekki gert má búast við að árangur kjarasamninganna renni út í sandinn. Í byrjun febrúar lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að slíkar tillögur yrðu tilbúnar þá eftir helgina, líklega fyrir þremur helgum síðan. Mér finnst að hæstv. forsrh. þurfi hér við 1. umr. þessa máls, þegar Alþingi fjallar um hluta af efndum hæstv. ríkisstjórnar, að segja frá því hvernig það mál standi.

Hæstv. ríkisstjórn lofaði í tengslum við kjarasamningana 1. febr. að lækka verðlag um 0,3%. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi hér og nú að gera grein fyrir því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að efna þetta loforð þannig að hv. nefnd fari með það veganesti til sinna starfa þegar fjallað er um þann hluta loforðanna sem koma fram í frv. sem hér er til umræðu.

Loks vil ég minna hæstv. forsrh. á að fyrir tæpu ári síðan skrifaði hæstv. forsrh. Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna bréf, dags. 30. apríl ef ég man rétt. Í því bréfi voru tvö atriði sem ég man eftir, annars vegar það að jöfnunargjald yrði hækkað frá 1. júní en yrði afnumið þegar virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Virðisaukaskattur var tekinn upp um síðustu áramót. Jöfnunargjaldið er 5% en ekki 3% eins og það var fyrir ári síðan. Hins vegar var í því bréfi vikið að því að hæstv. ríkisstjórn lofaði að breyta skattalögum og færa þau til þess horfs sem þau eru í nágrannalöndum okkar sem við viljum helst bera okkur saman við og þurfum að gera vegna vaxandi samkeppni atvinnugreina hér og þar. Þá er að sjálfsögðu átt við ríkin sem eru í EFTA annars vegar og Evrópubandalaginu hins vegar.

Nú vill svo til að sams konar klausa er í því bréfi sem nú er ritað og ég bið hæstv. forsrh. að gera okkur grein fyrir því hér á eftir, þegar hann tekur áfram þátt í þessari umræðu, hvort og hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera það trúanlegt að hún standi við þær yfirlýsingar sem hún hefur nú gefið þegar ljóst er að

ekki var staðið við þær yfirlýsingar, a.m.k. ekki þessar tvær, sem gefnar voru fyrir tæpu ári síðan. Ég get að vísu bætt því við að ekki er gert ráð fyrir að komi nema 500 millj. í ríkissjóð vegna jöfnunargjaldsins. Væri það innheimt allt árið gæfi það líklega um einn milljarð. Hæstv. ríkisstjórn virðist því hafa haft lok innheimtunnar í huga við setningu fjárlaga þótt hæstv. fjmrh. fáist ekki til að staðfesta það. Hann hefur þó staðfest hér á hinu háa Alþingi að á þessu ári verði tekin ákvörðun um hvenær jöfnunargjaldið verði lagt af. Á þetta minni ég, virðulegur forseti, vegna þess að við erum að fjalla um efndir á loforðalista sem kom fram í bréfi frá hæstv. forsrh. til aðila vinnumarkaðarins en slík bréf hafa áður verið til umræðu hér á hinu háa Alþingi.

Eins og ég sagði var ekki ætlun mín að ræða um einstakar greinar frv. sérstaklega. Við munum að sjálfsögðu skoða þær í nefnd og gera það sem í okkar valdi stendur til þess að þetta mál fái þá afgreiðslu sem til var ætlast í samningunum sem gerðir voru á vinnumarkaðinum hinn 1. febr. Þó kemst ég ekki hjá því að minna á að nokkrar greinar hafa í för með sér tekjuminnkun ríkissjóðs og útgjaldaauka þannig að það er bráðnauðsynlegt að hv. Alþingi fái sem allra fyrst og helst núna við þessa umræðu að skoða niðurstöður stjórnarflokkanna um niðurskurð og lækkun ríkisútgjalda.

Þó er ein grein í þessu frv., 7. gr., sem ég vil í örstuttu máli gera að umræðuefni. Þegar sá texti sem þar birtist er borinn saman við samkomulag Stéttarsambands bænda, ASÍ, BSRB, VSÍ og VMS um málefni landbúnaðar kemur í ljós nokkur munur á textunum. Í öðrum lið þess samkomulags sem gert var á milli þessara aðila og undirritað 1. febr. 1990 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stéttarsamband bænda fellst á að verð til framleiðenda skv. verðlagsgrundvelli búvöru, mjólkur- og kindakjötsframleiðslu, verði óbreytt til 30. nóv. 1990." Síðan er vitnað til bókunar framleiðenda.

Það eru auðvitað fleiri atriði sem mætti vitna til í þessu samkomulagi, en það vekur athygli að í frumvarpsgreininni, þ.e. 7. gr. sem er jafnframt IV. kafli frv., segir að þrátt fyrir 10. og 12. gr. laganna sé verðlagsnefnd búvöru heimilt að fresta að hluta eða öllu leyti framreikningi verðlagsgrundvallar 1. mars 1990 og 1. júní 1990 og útreikningi grundvallarins 1. sept. 1990. Ég spyr hæstv. forsrh. hvernig á því standi að ekki er fylgt þeim texta sem var samkomulagstexti. Þá mætti orða lagagreinina t.d. á þá leið að verðlagsnefnd búvöru væri heimilt að halda óbreyttu verði til 1. des. eða 30. nóv. í samræmi við samkomulag Stéttarsambands bænda og aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt atriði og full ástæða til að átta sig á því hvort hér er um að ræða frestun eða hvort menn fallast á að hækka ekki án þess að um sé að ræða frestun sem safnast upp. Mér finnst þetta orðalag ekki vera í samræmi við þann samning sem gerður var á milli aðila og án þess að ég leggi nokkurn dóm á það hér og nú hvernig eigi að taka á þessu máli, þá kýs ég að hæstv. forsrh. svari því hvernig á því standi að ekki er fylgt þeim texta sem hlaut að vera lagður til grundvallar þar sem hann er aðaltexti þess samkomulags sem gerður var á milli Stéttarsambands bænda annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar.

Ég minni jafnframt á varðandi 9. gr. að þar er verið að auka hugsanlega útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs og á sama tíma og það er gert, og vissulega stendur ríkissjóður að baki, þá hefur það heyrst, — ég segi hefur það heyrst því enn hefur niðurstaða ekki borist, a.m.k. ekki hingað inn á Alþingi, að hugmyndir séu uppi hjá ríkisstjórninni að skera framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs niður um 200 millj. Er það meira en fjórðungur af þeim niðurskurði sem nefndur hefur verið í þeim sögusögnum sem gengið hafa um væntanlegan niðurskurð hæstv. ríkisstjórnar.

Ég verð að taka undir það með fulltrúum launþega að það skýtur dálítið skökku við og gefur manni vissulega tilefni til að álíta að hæstv. ríkisstjórn ætli sér ekki þann niðurskurð sem hún taldi sig geta framkvæmt, heldur sé hér aðeins um bókhaldspretti að ræða og hér sé skorið í liði sem ríkisstjórnin þarf hvort sem er að greiða ef nægir fjármunir reynast ekki fyrir hendi í þessum sjóði.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að tefja þessa umræðu frekar en ég vænti þess fastlega að hæstv. ráðherra geri grein fyrir og svari þeim fyrirspurnum sem ég hef til hans beint og snúa allar að þeim kjarasamningi sem gerður var 1. febr. og þeim loforðum sem hæstv. ríkisstjórn gaf í tengslum við þann samning.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að byrja þessa umræðu um það frv. sem hér liggur fyrir með því að lýsa yfir ánægju með það að staðið skuli við gefin fyrirheit í kjarasamningum. Það hefur fremur verið lenska að bókanir og fyrirheit ýmis sem stóðu utan samninga hafi verið svikin jafnóðum. En þarna er greinilega gerð á bragarbót og er það auðvitað til fyrirmyndar og vonandi boðar betri tíma í samskiptum opinberra aðila við launþega.

Hæstv. forsrh. rakti hér í nokkuð ítarlegu máli grein fyrir grein innihald þessa frv. og er ekki ástæða til að endurtaka það. Allt þetta er til bóta fyrir launþega. Sumt eru réttarbætur, annað má líklega flokka undir kjarabætur. Sumt af því veldur ríkissjóði auknum útgjöldum en einnig eru hér ákvæði sem ættu að vera til þess fallin að geta undir einhverjum kringumstæðum dregið úr útgjöldum ríkissjóðs.

Í 1. gr. frv., og kannski þeirri sem mestu varðar fyrir launþega og er um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er nú sjóðfélögum og launagreiðendum gert að greiða iðgjöld af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Þetta mun að einhverju leyti vera tilkomið til að stuðla að því m.a. að eftirlaunaþegar fái umsamdar kjarabætur í sínum eftirlaunum. Þetta vekur þó þá spurningu hvernig standi á því að yfirvinna skuli

ævinlega standa utan við svona samninga, að ekki séu greidd almenn iðgjöld af yfirvinnu eins og af dagvinnu.

Þessi síaukna áhersla á yfirvinnu launþega vekur vissulega grunsemdir um að yfirvinna sé ódýrari þegar allt kemur til alls fyrir atvinnurekanda en vinna á almennum dagtöxtum. Og vert er að taka það fram að þegar launþegar sækja æ stærri hluta launa sinna í yfirvinnu vex auðvitað nauðsyn þess að þeir ávinni sér jafnframt réttindi með þeirri yfirvinnu. Að vísu er málum þannig komið að það verður æ minna um yfirvinnu nú vegna atvinnuleysis, en þó erum við ekki svo langt komin að von sé til að þessari hömlulausu yfirvinnu á Íslandi linni.

Þrátt fyrir það sem hér horfir til bóta fyrir almennt launafólk í landinu er ýmsum spurningum ósvarað í sambandi við gerð þessara kjarasamninga. Ber þá auðvitað fyrst að nefna að það liggur ekki enn þá ljóst fyrir hvernig niðurskurði verður háttað til að mæta kostnaði við þessa kjarasamninga. Það hefur verið sagt að það muni bitna á ráðuneytum jafnt en ekki verið tíundað frekar með hvaða hætti. Þó hefur tvennt borist mönnum til eyrna og hvorugt til fyrirmyndar. Annað er niðurskurður á fé til Byggingarsjóðs um 100 millj. kr., þannig að nú fær hann einungis 50 millj. ríkisframlag. Mun mála sannast að sú upphæð nægir varla til að standa straum af þeim vaxtamismun sem Byggingarsjóður ber. Þessi þáttur var talsvert ræddur hér áðan í umræðum um frv. nokkurra þingmanna um vexti á húsnæðislánum og var nokkuð vel tíundað þar hversu slæmt það væri ef til þessa niðurskurðar kæmi.

Nú er auðvitað ljóst að eins og málum er háttað í fjármálum ríkisins verður að reyna að finna liði til þess að mæta þessum aukakostnaði. En það verður að teljast nokkuð sérkennilegt hjá ríkisstjórninni að byrja á því að höggva í sjóði þess fólks sem kannski þarf hvað mest á þessu fé að halda. Hér er ég bæði að tala um það fólk sem þarf á lánum að halda til að koma sér þaki yfir höfuðið og ekki síður vil ég þá tala um hitt atriðið varðandi niðurskurð sem líka hefur borist til eyrna, að dregið skuli úr framlögum ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er lagaleg skylda ríkisins að greiða í þann sjóð og virðist sem ekki þurfi lagabreytingar til að ákveða að gera það ekki eins og þó er raunin um flest önnur atriði hér í þessu frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Nú er ég ekki að fara fram á að lögum verði breytt á þann hátt að ríkið geti skotið sér undan þessum greiðslum, en þegar spurt er hvernig á þessu standi eru svör harla léttúðleg, svo að ekki sé meira sagt. Þegar ASÍ mótmælti því að gengið yrði á Atvinnuleysistryggingasjóð fannst hæstv. fjmrh. það svar nægja að sjóðurinn væri ríkur og munaði ekkert um þessa peninga. Það er náttúrlega óviðunandi að það sé persónulegt mat fjmrh. hverju sinni hvort einhver sjóður sé nógu vel stæður til að hægt sé að svipta hann lögbundnum framlögum. Og vonandi gefur þetta ekki fordæmi um vinnuaðferðir í framtíðinni.

Það er alveg sama hvernig á það er litið, það er og verður siðferðilega rangt að ganga á þennan sjóð launafólks, þennan bakhjarl sem launafólki er ætlaður á erfiðum tímum og þeir tímar eru vissulega nú. Atvinnuleysi er meira en þekkst hefur um árabil og ekkert bendir til að það dragi úr atvinnuleysi heldur virðast líkur benda til þess að það aukist ef eitthvað er. Og það er von að launafólki líki ekki þegar það hefur sýnt þann takmarkalausa skilning sem það hefur gert í þessum samningum að höggvið sé í þennan sjóð sem það sjálft vill geta treyst á á erfiðum tímum.

Það var mjög sérkennilegt í umræðunni um kjarasamningana um daginn að nánast allir lýstu mikilli hrifningu yfir þessum samningum. Helsta ágreiningsefnið um samningana hér á þingi var eiginlega það að allir vildu Lilju kveðið hafa og menn bitust um það hver ætti mestan heiðurinn af samningunum. Við kvennalistakonur höfum ekki getað sungið mjög hátt í þessum hamingjukór sem hefur hljómað undanfarið en þess hefur lítið verið getið, enda eru hjáróma raddir í kórum ekkert vel liðnar. En þó er niðurstaða þessara nýgerðu kjarasamninga auðvitað ömurleg, hvort sem launafólk hefur með góðu eða illu kosið að sætta sig við þá núna, sjálfsagt enn einu sinni í þeirri von að þar með leggi það svo þungt lóð á vogarskálina að verulegar bætur komi fyrir seinna. Það þarf kannski engan að undra að fólk, mér liggur við að segja neyðist til að samþykkja þessa samninga þó að víða hafi það verið gert af hálfum hug, þar sem atvinnuleysisgrýlunni er auðvitað óspart att á fólk og er það gert af meira kappi en því að leita úrræða til að draga úr atvinnuleysi. Eins virðist vera búið að slá því föstu að verðbólga sú sem ríkt hefur á Íslandi sé og verði launafólki að kenna og þá auðvitað ekki síst þeim lægst launuðu. Og ef þjóðfélagið í heild eigi að bjargast, eins og það er orðað, þá verði þeir enn einu sinni að axla þyngstu byrðarnar. Með öðrum orðum, það er fyrst og fremst láglaunafólk þessa lands og þar af leiðandi fyrst og fremst konur sem eiga nú að bera ábyrgð á því að reyna að koma einhverju lagi á þjóðarbúskapinn.

Það hvarflar oft að manni að stjórnvöld hafi ekki hugmynd um kjör kvenna og annarra láglaunahópa í þessu landi. Það liggur við að maður hugsi, ef þeir skildu þessi kjör, ef þeir þekktu þau, þá dytti þeim aldrei í hug að fara fram á slíka afarkosti við láglaunahópa þessa lands. Hæstv. forsrh. sjálfur lét taka saman skýrslu um tekjur karla og kvenna. Niðurstöður þeirrar skýrslu voru þær að meðaltekjur kvenna væru rétt rúmlega 60% af meðaltekjum karla. Það hefur hvorki orðið honum né öðrum í ríkisstjórninni nokkur hvatning til að rétta hlut þessara hópa. Þannig að spurningunni um til hvers var verið að gera skýrsluna er eiginlega ósvarað nema einhver telji heppilegt að hafa þessar upplýsingar á borðinu, kannski til að geta markað nýja framtíðarsýn. En þá hlýtur marga að vera farið að lengja eftir henni. Það hvarflar þó að manni að hér sé einungis um marklaust plagg að ræða og eins og svo oft er miklu fremur gripið til kannana og skýrslna en aðgerða. Hér hafa

menn mjög mikið undanfarna daga notað orðið yfirklór og á það vel við í þessu sambandi.

Þessir síðustu kjarasamningar virðast því staðfesta eftirminnilega að hér skuli ríkja jafngífurlegur launamunur og raun ber vitni. Þeir festa í sessi þá ósvinnu að konur geti ekki einu sinni séð sér farborða með tekjum sínum. Og það er algerlega litið fram hjá þeirri staðreynd að 10 þús. konur á Íslandi eru einstæðar mæður og meiri hluta þeirra er gert að reyna að draga fram lífið á lægstu launum.

Það er líka til marks um skilningsleysi og áhugaleysi stjórnvalda á atvinnu og kjörum kvenna að á sama tíma og fyrir liggur að atvinnuleysi kvenna er miklu meira en atvinnuleysi karla er það eina sem *ríkisstjórnin starfar að af kappi til að reyna að bæta úr* atvinnuleysi að leita allra hugsanlegra ráða til að fá samstarfsaðila hér um stóriðju. Þessi staðreynd, að þar er áhugi þeirra, sýnir svo að ekki verður um villst að atvinnuleysi kvenna heldur ekki fyrir hæstv. ríkisstjórn vöku. Hæstv. ráðherra Júlíus Sólnes, sem maður veit nú ekki alveg hvernig á að titla þessa dagana, boðar fundaferð um landið, framhald á því sem hann upphóf fyrir jólin, og hann ætlar nú að *þeytast um landið í leit að einhvers konar atvinnu*stefnu. Og enn er skilningsleysið glöggt því ef marka má auglýsingar í dagblöðum um þessa fundi nær skilningur hans ekki lengra en svo að hann hefur boðað eina konu til hvers fundar. Það er vert að taka fram að þegar hann hélt fyrstu fundina fannst honum ekki einu sinni taka því að hafa eina konu. Það varð að benda honum á að það væri náttúrlega ósæmilegt að þær væru víðs fjarri og hann bætti um betur með þessum *eftirminnilega hætti að nú hefður birst ein* kona á hverjum fundi. Jú, það má að vísu segja að batnandi mönnum sé best að lifa en ári er nú batinn hægur.

Þegar kjarasamningarnir voru til umræðu kom það glögglega fram að menn líta svo á að með þeim náist væntanlega það jafnvægi sem okkur sé nauðsynlegt til að geta staðið jafnfætis öðrum Evrópuþjóðum og er þá sérstaklega litið til samstarfs okkar bæði við EFTA og EB. Hæstv. fjmrh., sem maður reyndar saknar hér í salnum, orðaði það svo að með þessum samningum værum við loksins komin í hóp siðaðra þjóða. Þá má nú huga aðeins að því hvaða ástand er hjá þessum siðuðu þjóðum sem er svona mikið gleðiefni fyrir okkur að hafa nú komist í hóp með.

Flest þau lönd sem hér um ræðir búa við miklu stórfelldara atvinnuleysi en við gerum hér á landi. Er það keppikefli? Er það eftirsóknarvert að taka upp þá hætti þessara siðuðu þjóða sem eru farnar að líta á atvinnuleysi sem varanlega staðreynd sem varla er barist gegn lengur? Jafnvel jafnaðarmenn í Þýskalandi boða nú þau ein ráð að aðrir verði að taka á sig byrðar til að halda lífinu í því fólki sem hefur ekki atvinnu og mun kannski aldrei á allri sinni ævi fá að stunda atvinnu.

Í öðru lagi er tekjumunur í þessum þjóðfélögum sannarlega ekki til fyrirmyndar heldur. En það má kannski segja að við höfum náð langt í þeirri samkeppni því launamunur á Íslandi hefur eflaust sjaldan verið meiri en hann er í dag. Félagsleg vandamál eru í þessum löndum af stærri gráðu en við þekkjum. Fátækt er meiri, þrátt fyrir allt, en við þekkjum, að maður tali nú ekki um alls konar umhverfisvandamál sem þessar þjóðir eiga við að etja og eru afleiðing stórkostlegrar iðnvæðingar og neyslu. Þetta er sem sagt keppikefli, það er eftirsóknarvert að komast á sama stig og þessar siðuðu þjóðir.

Ef litið er til þeirrar nauðsynjar á samræmingu sem talað er um, að við fylgjum þessum þjóðum í einu og öllu, þá er athyglisvert í því sambandi að líta hér yfir svar fjmrh. við fyrirspurn hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar um virðisaukaskatt í ríkjum Evrópubandalagsins. Og þá brestur nú samræmingin allt í einu, því ekki er hægt að finna eitt einasta dæmi um það virðisaukaskattsstig sem við búum við hér. Það er einungis hægt að finna eitt dæmi um land sem hefur eitt stig í virðisaukaskatti. Sérstaklega athyglisvert er auðvitað ef maður skoðar yfirlit um núllskatt í virðisaukaskattslöggjöf EB-ríkjanna að þó nokkur ríki hafa ekki neinn skatt á matvöru og heldur ekki á vöru ætlaðri börnum og flest þeirra hafa miklum mun *lægra virðisaukaskattsþrep á matvöru en við þekkj*um. Það væri nú gaman ef hæstv. fjmrh. sæi það sem hluta af inngöngu okkar í bandalag siðaðra þjóða að taka upp þessa háttu líka í leiðinni.

Það eru auðvitað forsendur þessara samninga að þeir nái þeim tilætlaða árangri sem menn lögðu upp með, eða eins og það er gjarnan orðað, að hefja nýja sókn, að reyna að halda verðbólgu í skefjum eins og mögulegt er. Í hádegisútvarpinu í dag voru birtir *nýjustu útreikningar Þjóðhagsstofnunar um verð*bólgu. Þar kom fram að hún er núna 29% á ársgrundvelli. Þetta er auðvitað ekki í neinu samræmi við það sem menn vonuðust eftir og því vert að spyrja hvort uppi séu einhverjar sérstakar ráðstafanir til að draga með skjótum hætti úr verðbólgunni. Ein af forsendunum er sú að verði á opinberri þjónustu verði haldið í lágmarki. Þær fréttir bárust líka í dag að Starfsmannafélag Selfossbæjar hefði fellt samninga vegna hækkana sem bærinn samþykkti, m.a. á hitaveitu. Því hlýtur maður að spyrja hvort ríkisstjórnin hafi einhver áform uppi um að tryggja að ekki komi til verðhækkana, þ.e. að verðlag á þjónustu haldist stöðugt. Þess er skammt að minnast að í samninga- og kauphækkunarbanninu svokallaða var jafnframt sett á bann við verðhækkunum. Og mig langar að spyrja hæstv. forsrh. hvort það hafi aldrei komið til álita eða hvort uppi séu einhver áform um slíkt bann núna eða, ef hlutir virðist ætla að keyra úr hófi fram, hvort gripið muni verða til slíkra ráðstafana.

Maður hlýtur að vona að samningstíminn verði notaður til að leggja drög að úrbótum til handa launafólki í landinu. Hér eru áætlanir um ýmislegt sem á að athuga á samningstímabilinu og reyna að færa til betri vegar. Má þar sérstaklega nefna að ætlað er að gera úttekt á framleiðslukostnaði í landbúnaði og fleira í því sambandi. En væri ekki ráð að setja á stofn einhvern viðlíka hóp með aðild aðila vinnu-

markaðarins og ríkisstjórnarinnar til að reyna að finna raunhæfar lausnir, varanlegar lausnir til að draga úr þeim stórkostlega tekjumismun sem var í raun festur í sessi með þessum kjarasamningum? Það eru til leiðir í skattlagningu, og er þá auðvitað fljótlegast að benda bæði á hátekjuþrep og skattlagningu fjármagnstekna. Það hafa ýmsar tillögur komið fram um launajöfnuð eða hvernig megi stuðla að launajöfnuði og væri þá auðvitað handhægast fyrir Alþb. að grípa til tillagna sem þeir hafa flutt hér á Alþingi um lágmarkslaun. Þar var líka ýmis ákvæði að finna, m.a. það að hæstu laun mættu aldrei vera hærri en mig minnir þrisvar sinnum lægstu laun innan hvers fyrirtækis. Margar slíkar leiðir eru auðvitað til, ef menn eru tilbúnir að taka frá þeim sem nóg hafa og meira en það og færa til þeirra sem lítið hafa og geta varla dregið fram lífið á þeim launum sem þeim er svo naumt skammtað.

Við kvennalistakonur höfum ekki verið miklir talsmenn þess að bætur væru notaðar í því skyni að jafna þennan mun, þ.e. launabætur, en auðvitað má nota tryggingakerfið betur en nú er og meira í þá átt að auðvelda fólki lífsbaráttuna. Í tryggingakerfinu er vissulega hægt að taka tillit til misjafnrar framfærsluþyrðar fólks, t.d. hvað varðar barnafjölda þó í því sambandi megi ekki gleymast að það er ekki bara bundið við barnafjölda hvernig afkoman er. Þar getur bæði sjúkleiki eða krankleiki ýmiss konar og aldur ráðið því að fólk getur ekki aflað þeirra tekna sem þarf til framfærslu.

Það gerði þessa samninga alla trúverðugri og gæfi meiri von um að við þá væri staðið og forsendur þeirra stæðust ef ríkisstjórnin hefði uppi einhver slík áform, þ.e. að nota samningstímabilið til gagngerðrar vinnu í þá átt að draga úr þeim mismun sem viðgengst í þjóðfélaginu og reyna að létta hlut þeirra lægst launuðu. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort einhver slík áform séu uppi eða hvort honum finnist þau athugunarverð.

Væntanlega verður frv. í heild skoðað vandlega í nefnd og kann að vera að eitthvað komi í ljós þar sem mér hefur yfirsést núna. En ég vil aftur leggja áherslu á að í fljótu bragði sýnist manni fátt eða ekkert í þessu frv. sem er ekki til bóta, en aftur eru aðrar ráðstafanir sem maður hlýtur að bíða eftir í ofvæni hverjar verða.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Þegar slík frumvörp hafa verið til umræðu á undanförnum árum hafa þau á máli þingmanna gengið undir nafninu bandormur. Flestir fagna því að þessir kjarasamningar komust á þó meiningar muni vera deildar um ýmsar verkanir sem þeir hafa í þjóðfélaginu og síðasti hv. ræðumaður kom að verulegu leyti inn á.

Ég get þó ekki tekið undir það að það sé út af fyrir sig alvarlegt þó að Atvinnuleysistryggingasjóður sé skertur vegna þess að hvað sem líður fjármagni í þeim sjóði er ríkið á hverjum tíma ábyrgt fyrir því að greiða allar bætur sem á hann falla. Ég held að ýmislegt annað sé miklu alvarlegra.

Mér hafa ekki borist þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur verið með til umfjöllunar um niðurskurð og sennilega á ekki að hafa mig neitt í samráði um þann niðurskurð. Má segja að það sé kannski gott fyrir þann sem hér stendur, en ég verð að leggja fyrir hæstv. forsrh. í því sambandi nokkrar spurningar. Þegar ríkisstjórn hans var mynduð ræddum við um það, og það er í málefnasamningnum, að stefnt yrði að því að leggja tekjuskatt á fjármagnstekjur. Mér finnst það a.m.k. frekar í samræmi við nafnið, málefnasamningur ríkisstjórnarinnar var kenndur við jafnrétti og félagshyggju, en að skera niður ýmislegt og ekki síst hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eins og ástandið er í þjóðfélaginu.

Það var líka rætt um það, og ég man ekki betur en það hafi verið tekið inn í málefnasamninginn, að setja á hátekjuþrep og það var gert að kröfu minna samtaka. Að vísu var rætt um að stefna að því, ef ég man þetta rétt. En hvernig stendur á því að þessi félagshyggjustjórn grípur frekar til þeirra úrræða að skera niður en að afla tekna miðað við þær vonir og ég vil segja fyrirheit sem gefin voru í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar?

Það var verið að hafa það eftir hæstv. fjmrh. að hann væri ánægður með það að við værum að færast í hóp siðaðra þjóða. Ég ætla að minna hæstv. forsrh. á það að þessar siðuðu þjóðir leggja yfirleitt allar, nema kannski ein, skatt á fjármagnstekjur. Ég hugsa að það sé aðeins ein af þessum Evrópuþjóðum sem er ekki með þann skatt, þannig að ekki er það til að hindra hæstv. ríkisstjórn í að taka á því máli frekar en stunda niðurskurð.

Það vekur ugg í brjósti að heyra niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um verðbólgustigið, ekki síst vegna þess að ég hef ekki orðið var við það að hæstv. ríkisstjórn reyndi að gera ráðstafanir til þess sem að var stefnt, að lækka raunvexti ofan í a.m.k. 6%.

Ég var að sjá rukkun fólks sem tók lán í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda í janúar 1984 og þá með 4% vöxtum. Nú í janúar í ár þegar það á að borga eru vextirnir á áttunda prósent. Þetta er þó lífeyrissjóður þessa fólks. Kjörin á þessum lánum eru það mismunandi að mér er tjáð að það séu til sjóðir sem lána með vöxtum allt ofan í 3%. Og mér er kunnugt um að sumir sjóðir eru með 4–5% þannig að við sjáum hver munurinn er á þessum vöxtum. Ég mun koma með fyrirspurn út af þessu máli við hentugleika, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, eða hvernig á þessari vaxtatöku stendur.

Það er líka eitt sem ég vil fá svar við hjá hæstv. forsrh. Þó ég hafi ekki fylgst mikið með undirbúningi þessa máls, þá hefur verið haft í blöðum eftir framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðju ríkisins að miðað við að áburður verði hækkaður um 12% á næsta vori þýði það að Áburðarverksmiðjan verði rekin með eitthvað á annað hundrað millj. halla. Hvernig verður farið með það? Verður það niðurgreitt eða verður því ýtt á undan sér, sem mun hafa komið fyrir hér áður fyrr? Þá er auðvitað verið að ýta því á undan sér og það kemur á bændur síðar. Við þessari spurningu vil ég fá

svar og ég sakna þess að hæstv. landbrh. er ekki hér staddur.

Það er auðvitað margt fleira sem ég ætti að gera athugasemdir við. Ég geri ekki athugasemdir við það að ríkisstjórnin sé að reyna að standa við þann þátt sem vinnumarkaðnum var heitið, en ég geri athugasemdir við það hvernig á að taka á því máli. Og þegar ég fæ betri upplýsingar um það mun ég ræða það hér úr þessum stól.

Ég vil bara endurtaka að ég vænti þess að það komi hér fram hjá hæstv. forsrh. hvort hann sjái sér ekki fært að leggja til að staðið verði við það að lækka raunvexti, að leggja heldur skatt á fjármagnstekjur en að skera niður og, þó að ég viti að það verður ekki gert í einni svipan, að setja á hátekjuþrep, hvort það verði ekki undirbúið og gert síðar. Og hvaða leið hæstv. forsrh. sér til þess að verðbólgustigið fari niður í þau mörk sem stefnt er að því ég sé ekki betur en að öll teikn séu á lofti um að þessum mörkum verði ekki náð, því miður.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem liggur hér frammi um ráðstafanir vegna kjarasamninga, svokallaður bandormur, er með nokkuð mörgum greinum og breytingum á lögum sem er of langt mál að fara í gegnum hér í ræðu. Það er hins vegar svo að þau háleitu markmið sem liggja að baki þessu frv. eru auðvitað ágæt, þau markmið að með þessum kjarasamningum eigi að halda verðbólgu niðri m.a. og halda verðlagi í skefjum. Og ég er út af fyrir sig sammála þeim markmiðum. En ég er ekki sannfærður um að þau markmið náist, því miður, og sé ýmsar blikur á lofti varðandi það og ég vil minna á að í hádeginu lá fyrir spá Þjóðhagsstofnunar þar sem talað var um að verðbólgan væri nú miðað við ársgrundvöll 29%. Það vekur ekki bjartar vonir í byrjun þessara samninga.

Það eru ýmis áhyggjuefni sem maður hlýtur að hafa við gerð þessara samninga, m.a. að ekki hefur verið tekið tillit til skatta almennings sem þó hafa hækkað gífurlega á undanförnum árum og það hefur orðið gífurleg kjararýrnun hjá launafólki.

III. kafli frv. er um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og ég vil vekja athygli á að ég vakti máls á því fyrir tæpu ári að sú breyting sem þar var á ferðinni um tekjustofna sveitarfélaga varðandi fasteignagjöld mundi enda með ósköpum.

Það er alveg ljóst að það hafa orðið gífurlegar hækkanir á fasteignagjöldum úti á landi. Hér er verið að leiðrétta einn þáttinn af því, þ.e. í frv. sem var samþykkt fyrir tæpu ári síðan var samþykkt að færa útihús á verðlag Reykjavíkur sem þýddi auðvitað gífurlega hækkun á fasteignagjöldum í dreifbýli og hver maður hlaut að sjá að væri hrein firra.

Ég skrifaði mjög ítarlega grein um þetta nýlega í Morgunblaðinu og rakti þá þessar álagningar, með hvaða hætti þær kæmu fram og sýndi fram á að víða geta orðið mjög miklar hækkanir og líklegast að hækkun í mesta strjálbýlinu sé 177% á milli ára, sem er gífurleg hækkun, þó að almennt verði hækkunin miklu minni, algengasta hækkunin verði 25–45%.

Þessi gjöld hafa auðvitað mikil áhrif á afkomu fólksins, meiri en menn átta sig á, en hér á þinginu voru menn sammála um að leggja þessi auknu útgjöld á fólkið úti á landi, nema við frjálslyndir hægrimenn sem teljum þetta allt of miklar hækkanir.

Við þetta frv. nú mun ég flytja brtt. sem kemur fram við 2. umr. þar sem reynt er að takmarka álagningu fasteignagjalda með þeim hætti að hún verði aldrei hærri en 0,625% með öllum gjöldum. Þá á ég við þau gjöld sem eru nú lögð á auk svokallaðs fasteignaskatts, þ.e. lóðarleigu, vatnsskatt, húsatryggingar, sorphreinsunar- og holræsagjald. Það verður að takmarka þetta vegna þess að upphaflega var þessi prósenta sett svo há til þess að hinar strjálu byggðir geti hækkað sínar álagningar en þéttbýlið mundi hafa lægra hlutfall. Með breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytast forsendur og það er ástæðulaust að menn geti lagt á allt upp í 0,9% eða nálægt 1% fasteignaskatta á húseignir eins og gert er sums staðar. Ég nefni hér sem dæmi að í Kópavogi eru e.t.v. hæstu fasteignagjöld landsins þegar allt er talið.

Það er auðvitað nauðsynlegt að hafa hemil á skattlagningu sveitarfélaga og það séu skýr ákvæði um það í lögum hve hátt þau geta farið. Svo er ekki nú og því mun brtt. mín verða með þeim hætti að hún takmarkar möguleika sveitarstjórnar á að leggja á þessa skatta við 0,625% nema sérstaklega standi á, og þá verði sveitarfélagið að bera það undir íbúana, þannig að menn geti ekki lagt á þessi gjöld eins og nú er og í rauninni blekkt kjósendur með þeim hætti sem gert er. Ef við lítum á þetta t.d. hér í Reykjavík er álagning fasteignaskatts 0,421% en í raun er skatturinn í kringum 0,6%. Á seðlinum stendur auðvitað ekkert nema að álagningin sé 0,421% og greiðandinn heldur að hann sé að greiða 0,421%, en í raun er ekki svo. Hann er að greiða miklu hærra. Það er kominn tími til að breyta þessu þannig að fólkið sjái á sínum seðlum samanlagt hlutfall álagðra gjalda. Þetta vil ég segja við þessa umræðu, sérstaklega um þennan lið, en vísa að öðru leyti til ítarlegrar greinar sem ég skrifaði um þetta í Morgunblaðið 13. jan. Þar er rakið mjög ítarlega hvað fasteignagjöld hækka og geta orðið há.

Það væri hægt að hafa langt mál um þennan lið sérstaklega en ég mun ekki gera það að sinni en vil sérstaklega vekja athygli á þessum kafla. Og ég vona að þm. geti sameinast um það að setja skýrari reglur um álagningu fasteignagjalda sem þurfa auðvitað að vera alveg ljósar þannig að kjósendur í hverju sveitarfélagi viti nákvæmlega um hlutfall gjalda og geti borið það saman við önnur sveitarfélög þannig að það geti ekki munað allt að 50%, eins og ég hef séð dæmi um á höfuðborgarsvæðinu, eftir því hvort þú býrð á Seltjarnarnesi eða í Kópa-

vogi. Þar er orðinn mikill munur á. Það hlýtur að vera krafa til Alþingis að þessi mál séu tekin hér fyrir og ég mun gera þá kröfu að það verði litið gaumgæfilega á þessi mál og frv. ekki hent í gegn að óathuguðu máli.

Í þessu frv. er að vísu ekki hægt að merkja það sem er ekki tekið fram um svokallaða tillögu ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda en hefði auðvitað þurft að ræða jafnhliða frv. því að mörg þau atriði koma mjög við fjárhag heimilanna. Ég vil nefna t.d. Byggingarsjóð ríkisins. Ef ætlunin er að skera hann niður um 100 millj. hlýtur að rísa krafa um að það fólk sem hefur beðið árum saman verði aðstoðað á einhvern annan hátt.

Ég hef lagt fsp. fram í þinginu sem var dreift í dag um þessi atriði þar sem ég óska eftir svörum um umsóknir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins, bæði hvað þær hafa verið lengi þar og mismunandi hvað varðar lánshæfni, hvað varðar fjölda þeirra og hvað varðar fjárhæðir sem þar kunni að vera óskir um. Það er alveg bráðnauðsynlegt í sambandi við þetta frv. að það liggi fyrir hvað á að gera fyrir það fólk sem beðið hefur árum saman eftir láni og hæstv. félmrh. hefur mismunað freklega. Það hefur verið gengið á rétt fjölda manna um lán og þeir settir aftur í röðina, seinkað lánum og þeir njóta ekki þess réttar að fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji það réttlætanlegt að menn geti beðið árum saman eftir láni úr Byggingarsjóði ríkisins aðeins vegna þess að hæstv. félmrh. hefur ákveðið að mismuna mönnum gróflega. Það sem hefur verið gert núna í þessu lánakerfi er það sem hæstv. félmrh. sagði margoft á Alþingi að ætti ekki að gera, að taka menn fram fyrir í röðinni þegar væri verið að hjálpa þeim á einhverju sviði. Þetta hefur hæstv. félmrh. gert með mjög grófum hætti og gengið á rétt fjölda fólks sem er þegar komið í þrot og vandræði vegna þess að það hefur ekki fengið afgreiddar umsóknir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Sumir hafa ekki fengið úrskurð um lánshæfni. Menn geta þurft að bíða allt í ár eftir honum. Aðrir þurfa að bíða mjög lengi eftir ákvörðun um lánsupphæð. Og þriðji hópurinn er búinn að fá lánsloforð og bíður og bíður eftir að fá lánin útborguð. Það hlýtur að vera mikilvægt að þessi hópur fái skýr svör við því hvenær þeir sem bíða eftir lánum fá úrlausn sinna mála.

Það er því miður ámælisvert fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa ekki tekið þetta upp í nýgerðum samningum. Ég tel að verkalýðshreyfingin hafi á margan hátt ekki hugsað um hag fólksins með þessum samningum. Þegar svo er komið að verkalýðshreyfingin er orðin einn stærsti atvinnurekandi landsins fyrir utan ríki og sveitarfélög, þá fara hagsmunirnir heldur betur að skarast. Það hlýtur að vera íhugunarefni þegar verkalýðshreyfingin er jafnframt orðin einn aðaleigandi fjármagns í landinu og rekur einn stærsta banka landsins. Þetta er orðið íhugunarefni fyrir launafólk og kjósendur í landinu hvert stefnir og það bera auðvitað þessir samningar með sér. Ég get tekið undir að sumu leyti með hv. talsmanni Kvennalistans, Þórhildi Þorleifsdóttur, 18. þm. Reykv. Ég held að vísu að þegar hún sagði að þær væru eins og hjáróma í kórnum þá hafi það hljómað frekar eins og dýrlegur einsöngur hjá hv. talsmanni Kvennalistans og ég held að margt af því sem hv. 18. þm. Reykv. sagði hafi verið rétt og það er margt sem vekur okkur áhyggjur um gerð þessara samninga. Ég vil sérstaklega vara við því að sú skattaáþján sem verður lögð á launþega skuli ekki vera tekin hér til umræðu. Raunverulega hefði verkalýðshreyfingin átt að taka það mál upp, en svo er ekki. Það er sorglegt að vita til þess, sem fram kom í svari við fyrirspurn sem hv. 2. þm. Reykv. bar fram nýlega varðandi virðisaukaskattinn, og hv. 18. þm. Reykv. vitnaði í, hversu matvæli til að mynda eru mun hærra skattlögð hér með virðisaukaskatti en víðast annars staðar. Það vekur manni ekki bjartar vonir að þeir menn sem töluðu hér rösklega gegn virðisaukaskattinum og eru nú í þeirri aðstöðu að geta lagfært það atriði í þessari ríkisstjórn skuli nú vera talsmenn þess að þessi hái virðisaukaskattur sé lagður á ýmsar lífsnauðsynjar. Ég vil hér og nú ítreka það að auðvitað er hægt að reikna endalaust út að fólk hafi það þokkalegt en þegar allt kemur til alls eru það þeir fjármunir sem eru í buddunni sem skipta máli. Og fólkið finnur hvað það hefur af fjármunum með höndum. Lífskjör almennings hafa versnað fyrst og fremst vegna gífurlegrar aukningar skatta hjá ríkinu á þessu kjörtímabili og í öðru lagi hefur skattbyrði úti á landi verið aukin með fasteignagjöldum eins og ég rakti hér áðan og sú skattbyrði er orðin mjög þung víða um land. Það hlýtur að verða að líta á heildardæmið um rekstur heimilisins því að heimilin þola ekki að það sé endalaust lagðir á þau skattar og komið í veg fyrir að tekjur hækki þegar allt annað má hækka og verða meira en tekjur heimilanna.

Ég vil að svo stöddu ekki hafa þetta lengra en vonast til að sú brtt. sem ég mun flytja við þetta frv. fái hér umfjöllun og verði tekin til umræðu í þeirri nefnd sem fær málið til afgreiðslu þannig að hún megi fá þinglega meðferð.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga sem hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir. Það er ljóst að atbeini ríkisstjórnarinnar a.m.k. gagnvart Alþingi vegna þessara kjarasamninga er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða breytingar á ýmsum lögum til að greiða fyrir samningunum í samræmi við bréf sem hæstv. ríkisstjórn sendi aðilum vinnumarkaðarins á sínum tíma og fylgir hér með í afriti sem fskj. með þessu frv. og hins vegar lækkun á útgjöldum ríkissjóðs sem stendur fyrir dyrum. Áður en ég vík að því atriði vil ég vekja sérstaka athygli á að hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson gaf hér dálítið merkilega yfirlýsingu áðan þegar rætt var um væntanlegan niðurskurð og þær tillögur sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið með á borðinu vegna hans. Hann upplýsti að honum og hans samtökum hefðu ekki borist tillögur hæstv. ríkisstjórnar um niðurskurð á ríkisútgjöldum. Hér er

um að ræða einhverja erfiðustu pólitísku ákvörðun sem þessi ríkisstjórn hefur staðið frammi fyrir nú um nokkurt skeið og það er mjög athyglisvert að hv. 6. þm. Norðurl. e. og samtök hans skuli ekki hafa verið með í ráðum um þetta viðkvæma pólitíska mál. Það vekur auðvitað upp þá spurningu hvort einhver breyting hafi orðið á stuðningi samtaka hans við hæstv. ríkisstjórn og ef svo er, þá er um meiri háttar pólitísk tíðindi að ræða. Við vitum að samtök hv. þm. hafa haft sérstakan launaðan starfsmann sem fyrst var á launaskrá hjá forsrn. en var síðan breytt í það horf að greitt er samkvæmt reikningi fyrir sérfræðiaðstoð. Nú þegar hv. þm. hefur gefið yfirlýsingu af þessu tagi, að honum berist ekki tillögur eins og hér er um að ræða, þá spyr maður sjálfan sig: Hvað fær þá hv. þm. og hans samtök til yfirlestrar og hvert er verkefni þessa hv. starfsmanns? Ég vil eindregið að hæstv. forsrh. skýri það hér hvort einhver breyting er orðin á samsetningu ríkisstjórnarinnar því að Samtök jafnréttis og félagshyggju hafa verið formlegur aðili þessarar ríkisstjórnar þó þau hafi ekki haft ráðuneyti í henni.

Meginástæðan fyrir því að ég kom hér upp var sú að ég ætla að fara þess á leit við hæstv. forsrh. að hann upplýsi í sambandi við væntanlegar niðurskurðartillögur eitt atriði. Auðvitað er það áhyggjuefni að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn lagt fyrir Alþingi tillögur um niðurskurð eða um lækkun útgjalda. Það vekur grunsemdir um að ríkisstjórnin sé ekki fær um að standa við sinn hluta af því samkomulagi sem gert var við aðila vinnumarkaðarins. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að þegar um er að ræða tillögur um lækkun útgjalda, þá er þar um meiri háttar viðkvæmnismál að ræða og sitt sýnist hverjum í þeim efnum, en eitt atriði vil ég gera að umtalsefni sérstaklega. Það eru samskiptin við sveitarfélögin og þá uppgjör við sveitarfélögin.

Ég rifja upp að þann 15. des. sl. fóru fjórir ráðherrar, þ.e. hæstv. félmrh., fjmrh., heilbrmrh. og menntmrh., þess á leit við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að kannað yrði hvort hægt væri að fresta að taka yfir á ríkið á næsta ári andvirði þeirra tveggja þátta, þ.e. tannlæknaþjónustunnar og heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík, sem duttu út við gerð kostnaðaruppgjörs eins og segir í bréfi sem ritað var og rætt á sérstökum fundi þessara ráðherra og forsvarsmanna Sambands ísl. sveitarfélaga. Þess var óskað af þessum hæstv. ráðherrum við stjórn sambandsins að rætt yrði nánar hvernig fara ætti með þessa þætti í framtíðinni og þann kostnaðarauka sem af þeim kynni að verða og beðið yrði með að ríkið tæki að sér þessa tvo kostnaðarþætti í eitt ár meðan viðræður færu fram um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig bregðast skyldi við þessum þætti vandans.

Stjórn sambandsins svaraði þessu erindi samdægurs. Þar krafðist stjórnin þess að staðið yrði við nýsett lög, þ.e. lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og mótmælti hvers konar hugmyndum sem gengju í berhögg við þau og það víðtæka samkomulag ríkis og sveitarfélaga er að baki lægi.

Síðan gerðist það þann 20. des., eftir að fram höfðu farið viðræður milli fulltrúa sveitarfélaganna og hæstv. ríkisstjórnar, að hæstv. forsrh. skrifaði bréf sem ég tel rétt að lesa úr, með leyfi forseta. Í bréfi forsrh. segir:

„Þar sem kostnaður ríkissjóðs hefur reynst meiri af verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en áætlað var og vegna erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs er þess hér með óskað að samkomulagi um skiptingu tannlæknakostnaðar verði frestað um eitt ár. Þann tíma greiði sveitarfélögin ⅓ hluta heildartannlæknakostnaðar. Til þess að greiða fyrir framangreindu er ríkissjóður reiðubúinn að auka framlag sitt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu 1989 um 40 millj. kr. Í uppgjörsmálum vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga er ríkissjóður jafnframt tilbúinn að gera ráð fyrir 300 millj. kr. Að öðru leyti en að framan greinir stendur verkaskiptasamkomulag ríkis og sveitarfélaga."

Þetta bréf sendi hæstv. forsrh. stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og hún féllst á bréfið og þar með var auðvitað kominn á samningur eða samkomulag milli hæstv. ríkisstjórnar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Það vakti þess vegna töluverða athygli þegar þær fréttir bárust út að ríkisstjórnin hefði gert þær tillögur að lækka þennan fjárlagalið úr 300 millj. kr. í 270 millj. kr., þ.e. taka að mestu leyti þær 40 millj. sem fjárlögin voru hækkuð um vegna sérstakra mála sem frá greindi í því bréfi sem ég las upp áðan. Ríkisstjórnin var með þessum samningi jafnframt búin að skuldbinda sig til þess að halda þessum 300 millj. sem gert var ráð fyrir. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé rétt að ríkisstjórnin hafi gert tillögur um að lækka þennan fjárlagalið um 30 millj. kr. og þar með að brjóta þá samninga sem gerðir voru fyrir um tveimur mánuðum síðan og hvers megi vænta í þeim efnum.

Mér þótti nauðsynlegt að þetta kæmi fram nú þegar við þessa umræðu en ég vil enn fremur óska eftir því og ítreka að hæstv. forsrh. upplýsi eftir þessa merkilegu yfirlýsingu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar hvort einhver breyting sé orðin á því sambandi sem verið hafi milli Samtaka jafnréttis og félagshyggju og ríkisstjórnarinnar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ætli hv. þm. Friðrik Sophusson sé inni í hliðarherbergi. Hann heyrir þar eflaust til mín.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Friðrik Sophusson um aflamiðlun og hvað því máli liði. Ég ætla með leyfi forseta að lesa hér blöð sem hafa farið á milli um það mál síðasta sólarhring. Í fyrsta lagi bréf frá Verðlagsráði sjávarútvegsins dags. 19. febr. sem barst mér seint í gærkvöldi og ég ætla að lesa. Þar segir:

„Stefnt er að því í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins að ákveða fiskverð sem gilda á frá 1. febr. sl. með samkomulagi. Ef samkomulag tekst mun það fela í sér það markmið að bæta kjör þeirra fiskseljenda sem landa afla sínum til íslenskrar fiskvinnslu samanborið við kjör þeirra sem selja afla á uppboðsmörkuðum heima og erlendis. Það er samkomulag

aðila málsins að draga úr útflutningi á ferskum fiski og efla innlenda fiskvinnslu. Til þess að ná þessum markmiðum eru aðilar sammála um að nauðsyn beri til að komið verði á fót aflamiðlun í því skyni að greiða fyrir fiskviðskiptum innan lands og takmarka útflutning á óunnum fiski með þeim hætti að hann sé bundinn við nýtingu ferskfiskmarkaðar.

Til þess að aflamiðlun verði komið á fót telja undirritaðir fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi að leyfi til útflutnings á ferskum fiski þurfi að flytja frá utanrrn. til sjútvrn. Með þessum hætti má betur tryggja samræmi ákvarðana um útflutning á ferskum fiski og betri framkvæmd fiskveiðistefnunnar og eðlilegt eftirlit. Samtök í sjávarútvegi lýsa sig reiðubúin að stofna aflamiðlun til þess að taka að sér þetta verkefni eftir að ákvörðun hefur verið tekin um flutning leyfisveitinga milli ráðuneyta. Gert er ráð fyrir að eftirtaldir aðilar eigi aðild að stjórn aflamiðlunar: Landssamband ísl. útvegsmanna tvo fulltrúa, samtök sjómanna einn fulltrúa, samtök fiskvinnslunnar einn fulltrúa, Verkamannasamband Íslands einn fulltrúa. Allur útflutningur á ferskum fiski mun að áliti undirritaðra falla undir aflamiðlun. Ljóst er að samkomulag næst ekki um fiskverð nema fyrir liggi ákvörðun ríkisstjórnar um þetta efni."

Undir þetta skrifa fulltrúar allir í yfirnefnd nema oddamaður, Þórður Friðjónsson.

Þetta mál var ítarlega rætt í ríkisstjórninni í morgun og þar staðfest að staðið yrði við það samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins að koma á fót aflamiðlun undir stjórn fulltrúa hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskvinnslu eins og reyndar var greint frá áðan í því sem hv. þm. Friðrik Sophusson las hér upp. Hins vegar er rétt að geta þess að ríkisstjórnin ákvað að utanrrh. gæfi út reglugerð um þetta og gerði hann ráð fyrir því að gera það án tafar. Mál þetta fellur undir utanrrh. og í samkomulagi því sem gert var við aðila vinnumarkaðarins er ekkert um það fjallað að flytja þennan málaflokk yfir til sjútvrh. sem hins vegar er af ýmsum talið skynsamlegt og er til athugunar í ríkisstjórninni að það verði gert í tengslum við stjórn fiskveiða og skapa þar betri tengsl á milli. Hins vegar er talið rétt að utanrrh. skipaði þessum málum eins og nú er háttað.

En í lok fundarins barst bréf frá Verkamannasambandi Íslands sem ég ætla einnig að leyfa mér að lesa hér:

„Herra forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson, Reykjavík.

Vegna frétta er borist hafa um að stjórn væntanlegrar aflamiðlunar verði skipuð fimm mönnum, einum frá Verkamannasambandi Íslands, einum frá aðilum fiskvinnslunnar, einum frá Sjómannasambandi Íslands og tveimur frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Stjórn VMSÍ lýsir því hér með yfir að hún telur með öllu ósæmilegt að LÍÚ hafi tvo fulltrúa í nefnd eða stjórn aflamiðlunar, telur að hún verði skrípaleikur einn og á kostnað fiskvinnslufólks. Við héldum að nóg væri að aflakvóta væri úthlutað á hvert skip þótt þessir aðilar hefðu ekki fiskmiðlun á hendi sér einnig og teljum slíka nefndarskipan hnefahögg í andlit Verkamannasambandsins. Eðlilegasta málamiðlun í þessu teljum við að ráðherra tilnefni formann nefndarinnar og LÍÚ hafi einn fulltrúa sem aðrir.

Við leggjum þunga áherslu á það við yður að þér beitið yður fyrir að slík verði niðurstaða í stjórn aflamiðlunar."

Undir þetta skrifar fyrir hönd Verkamannasambands Íslands Guðmundur J. Guðmundsson, formaður. Síðan stendur hér undir:

„PS. Samkomulag til þrautavara gæti verið einn frá hvorum aðila og samkomulag milli aðila um oddamann."

Að þessum bréfum fengnum ritaði ég Verðlagsráði sjávarútvegsins svohljóðandi bréf:

„Verðlagsráð sjávarútvegsins, Tjarnargötu 4, Reykjavík.

Á ríkisstjórnarfundi í morgun var bréf Verðlagsráðs sjávarútvegsins frá 19. febr. sl. tekið til ítarlegrar umfjöllunar. Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu koma á fót aflamiðlun til að draga úr og stýra útflutningi á óunnum fiski í samræmi við fyrirheit vegna nýgerðra kjarasamninga. Í stjórn aflamiðlunar munu verða fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Ráðherra utanríkisviðskipta sem nú fer með þessi mál er reiðubúinn að koma slíkri aflamiðlun á fót án tafar með reglugerð.

Hins vegar með tilvísun til bréfs Verkamannasambands Íslands er barst forsrn. í dag er óhjákvæmilegt að kanna betur með viðtölum við aðila hvernig best verði staðið að skipun stjórnar áður en reglugerð verður gefin út."

Ég hef óskað eftir því við utanrrh. að hann ræddi við viðkomandi aðila og hann hefur átt í þessum viðræðum í dag. Hann er mættur hér og getur ef óskað er betur skýrt frá þeim niðurstöðum, en eftir því sem ég best veit var ekki komin niðurstaða í málið fyrir stuttri stundu.

Það er vitanlega afar leitt að upp skuli kominn þessi ágreiningur á milli aðila sem ríkisstjórnin taldi að samkomulag hefði verið á milli um skipan stjórnar aflamiðlunar og það mál verður að leysast án tafar. Það er fullt samkomulag um það að koma á fót umræddri aflamiðlun og væntanlega verður hún til þess að draga úr útflutningi eins og yfirlýst er, bæði í bréfi viðkomandi aðila í Verðlagsráði sjávarútvegsins og sömuleiðis eins og kom fram í tengslum við kjarasamninga. En samfara þessari breytingu þarf að gera fleira sem sjútvrh. hefur lagt til, bæði um hækkun á lækkun kvóta vegna siglinga og sömuleiðis um álag vegna vigtunar á afla sem fluttur er úr landi og ég ætla ekki að rekja hér nánar. Þannig mun þetta verða samræmt átak. Við skulum vona að þetta mál leysist á næstu klukkutímum.

Þá spurði hv. þm. um frv. um lífeyrissjóði. Það verður lagt fram. Ég get ekki nefnt dagsetninguna.

Það er verið að fara yfir það núna í fjmrn. Ekki er gert ráð fyrir því að málið verði afgreitt á þessu þingi heldur komi til umræðu. Síðan er gert ráð fyrir að skipuð verði milliþinganefnd með mönnum frá öllum flokkum sem fjalli á milli þinga um þetta mjög mikilvæga mál. Ríkisstjórnin gerir síðan jafnframt ráð fyrir því að frv. um lífeyrissjóði verði afgreitt á næsta þingi. Það er afar mikilvægt því að lífeyrissjóðir landsmanna stefna í hreint öngþveiti ef ekki verður tekið á málum.

Hér er búið að ræða mikið um niðurskurðinn. Hann er að vísu ekki hér til umræðu en eðlilegt að menn spyrji um hann. Fjmrh. gekk frá tillögum um þessi mál sem rædd voru mjög í ríkisstjórninni og síðan rædd við fulltrúa stjórnarflokkanna í fjvn. og þingflokka. Mér þykir það satt að segja mjög miður að hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur ekki fengið þau mál og mun kanna án tafar hvernig á því stendur en það er kannski vegna þess að hann situr ekki í fjvn.. Sá siður hefur ætíð verið á að viðkomandi ráðherrar hafa séð um að koma málum til allra þingflokka.

Um niðurskurð að öðru leyti. Hér var spurt um niðurskurð sérstaklega á því sem ráðstafa á til greiðslu til sveitarfélaga. Það verður að sjálfsögðu ekki skorið niður nema að höfðu samráði og þá með samþykki þeirra aðila sem þetta samkomulag var gert við. En það er rétt að fram hefur komið að e.t.v. væri ekki óeðlilegt að sveitarfélög tækju þátt í þessum niðurskurði með því að fresta vissri greiðslu og ég hafði hugsað mér að ræða þetta við formann samtakanna þegar ég hefði séð nokkur viðbrögð við ýmsum þeim hugmyndum sem þarna hafa komið fram. Þetta verður ekki gert án samkomulags við samtök sveitarfélaga, enda eins og kom fram hér liggur fyrir það samkomulag sem ekki verður breytt nema með samkomulagi beggja aðila.

Ég geri ráð fyrir því að endanleg ákvörðun um niðurskurðinn af hálfu stjórnarflokkanna liggi fyrir í þessari viku og veit ekki um neitt sem á að standa þar í vegi. Ég er sammála því að koma þarf þessu máli fram sem allra fyrst og þó að það sé út af fyrir sig ekki knýjandi fyrir t.d. næstu mánaðamót, þá þarf að liggja fyrir fljótlega hvernig að þessu máli verði staðið.

Í ríkisstjórninni liggja fyrir ýmsar athuganir á því hvernig 0,3% lækkun á framfærsluvísitölu verði náð og ég á von á nánari útreikningum frá fjmrn. í dag eða á morgun sem ég hafði síðan hugsað mér að ræða við fulltrúa vinnumarkaðarins. En það væri ekki skynsamlegt hjá mér að greina frá því hér á þessari stundu. Ég held að hv. þm. muni skilja það.

Það er rétt að í tengslum við fjárlög er gert ráð fyrir hækkun á jöfnunargjaldi og framhaldi þess um 5%. Það er hvergi tekið fram hvenær það verði fellt niður. Það var fallist á að ekki væri óeðlilegt að halda þessu jöfnunargjaldi á meðan virðisaukaskatturinn er að festast í sessi. Það er alls konar óvissa í sambandi við hann en talið að þar gæti varla verið um klögumál að ræða af aðilum fríverslunarsamninga við okkur í Evrópu. Einnig er í þessu sambandi vakin aftur og aftur athygli á því að hinar ótrúlegustu greiðslur eiga sér stað til stuðnings, við skulum segja t.d. fiskvinnslunni í Evrópu. Það skiptir milljörðum kr. sem varið er til slíks stuðnings og ríkisstjórnin hefur aflað sér allítarlegra upplýsinga um. Það eru mjög umtalsverðar upphæðir sem sannanlega breyta mjög samkeppnisstöðu á fiskmörkuðum og yfirleitt í fisksölu í Evrópu. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um það hvenær þetta verður fellt niður, en sú ákvörðun verður tekin á þessu ári að sjálfsögðu.

Samræmi skattalaga. Öll sú gífurlega vinna sem nú er unnið að í samræmingu á, ekki bara skattalögum heldur fjölmörgu fleiru er á góðri ferð. Að vísu eru þar erfiðleikar eins og þýðing á mjög miklu af gögnum sem rætt hefur verið um í fjölmiðlum og er áhyggjuefni hvernig á að standa að. En það er rétt að ítrekað var í þessum samningum að aðilar vinnumarkaðarins skuli vera með í ráðum. Þeir eru með í ráðum í fjölmörgum nefndum sem starfa að samræmingu á íslenskum reglum og reglum sem gilda innan Evrópubandalagsins. Út af fyrir sig gæti utanrrh. flutt hér langa ræðu um allt það mál. Það hefur verið haft náið samband m.a. við Félag ísl. iðnrekenda og framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda hefur starfað sem formaður í nefnd hjá EFTA sem fjallar mjög um þessi mál. Við teljum að þarna sé fullra samráða gætt, en það er ekki enn þá komið á það stig að teknar hafi verið ákvarðanir um slík mál.

Ég vil geta þess hér að ósk kom frá samtökum sveitarfélaga um samráð við ríkisvaldið um framkvæmd á virðisaukaskatti gagnvart sveitarfélögum. Þetta var rætt í ríkisstjórninni nú fyrir skömmu og það er ákveðið að verða við þeirri ósk samtaka sveitarfélaga að menn frá þeim og fjmrn. kynni sér sérstaklega þau mál og að öllum líkindum með því að fara til þeirra landa, einkum Danmerkur þar sem talið er að hlutirnir séu sem líkastir því sem hér þarf að vera. Staðreyndin er sú að það gengur ekkert allt of vel að fá upplýsingar um hvernig þessi mál eru innan dyra í Evrópubandalaginu því að þetta er mjög mismunandi frá einu landi til annars og Evrópubandalaginu hefur ekki enn tekist að samræma þessi mál hjá sér eins og allir vita. Ég held að of fljótt sé að segja að það standi neitt upp á íslensk stjórnvöld í þessu sambandi.

Þá kem ég að 7. gr. frv. og ég skal strax taka undir með fyrirspyrjanda að sú grein þarf að athugast vel og getur valdið misskilningi. En staðreyndin er sú að þegar lesið er í gegnum þetta samkomulag allt, þá eru ýmsir hlutir þar heldur óljósir. Í samkomulagi Stéttarsambands bænda, ASÍ, BSRB, VSÍ og VMS segir, með leyfi forseta: „2. liður. Stéttarsamband bænda fellst á að verð til framleiðenda samkvæmt verðlagsgrundvelli búvöru mjólkur- og kindakjötsframleiðslu verði óbreytt til 30. nóv. 1990. Sjá bókun framleiðenda.“ Í bókun framleiðenda segir: „Samþykkt Stéttarsambands bænda fyrir því að halda búvöruverði óbreyttu fram til 30. nóv. 1990 er háð því að stjórnvöld sjái til þess að ekki verði um að ræða lagalega meinbugi á þeirri framkvæmd með tilvísun til ákvæðis laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verð-

lagningu og sölu á búvöru, er fjallar um framreikning og ákvörðun á verði búvöru til framleiðenda."

Við samningu þessarar greinar var leitað til landbrn. og lögfræðingar þess beðnir að taka þetta mál fyrir og setja í lagatexta þannig að fullnægði þessum bókunum og samkomulagi. En í þessum bókunum kemur hvergi fram hvort frestað sé hækkunum eða algerlega felldar út. En mönnum er að sjálfsögðu ljóst að þegar framreikningur hefst á ný, þá verður hann að byrja á einhverjum grundvelli. Hann verður að byrja á grundvelli og sá grundvöllur liggur núna þegar fyrir og er samþykktur í sex manna nefndinni. Ég vil geta þess að eftir að þetta frv. var prentað komu athugasemdir frá aðilum vinnumarkaðarins sem sjálfsagt er að láta nefndinni í té og hún skoði. En ég sé ekki að þær leysi úr þeirri spurningu hvort þarna er um frestun að ræða eða algerlega falli brott. Og reyndar er ekkert í þessu samkomulagi sem segir að algerlega sé fallið frá því að þessar hækkanir komi síðar inn í verðið. Þó vil ég vekja athygli á því að bændur hafa í raun eins konar rautt strik 1. des. 1990 í sínu samkomulagi og vitanlega mundi allt svona, ef kemur inn í verðlag, hafa þar veruleg áhrif á. En þetta rauða strik var þó fyrst og fremst gert með tilvísun til þess að sauðfjárbændur fá nú greidd laun, 3%, gegnum niðurgreiðslur, þ.e. niðurgreiðslur voru fluttar beint af greiðslu til bænda og því er ljóst að þau 3% eru ekki inni í verðlagsgrundvellinum. Ríkisstjórnin hefur gefið út yfirlýsingu um það að ljóst sé að þegar þetta verðlagstímabil sauðfjárafurða rennur út 1. sept. og mjólkurafurða má segja 1. des. þegar þessi ákvæði koma til, þá verður að taka afstöðu til þess hvort þetta verður tekið inn í verðlagsgrundvöllinn eða greiðslum á niðurgreiðslufé haldið áfram.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir spurði m.a. um verðbólguna 29%. Framfærsluvísitalan hækkaði um 1,6% núna 10. þessa mánaðar. Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um framreikning var gert ráð fyrir 1,5%. Hér er hins vegar þessi háa verðbólgutala færð til ársgrundvallar og þá verður hún þetta há. Þarna ber nú ekki mikið á milli. Sjálfir töldu þeir að töluvert væri í pípunum, eins og sagt er, og það mundi koma fram núna. Ég vil geta þess að aðrir aðilar töldu að þetta yrði reiknað fyrir neðan 1,5 en þetta varð niðurstaðan, 1,6%. Og samkvæmt öllum áætlunum á hún að verða töluvert lægri núna í marsmánuði.

Spurt var hvort ríkisvaldið hafi tekið að sér að tryggja að engar verðhækkanir verði. Það er ekki svo. Um verðstöðvun var rætt en ekki óskað eftir henni af aðilum vinnumarkaðarins. Verðstöðvun hefur bæði kosti og galla. Hún safnar á bak við sig ýmsum hækkunum sem síðan brjótast fram og ég held að það sé almenn niðurstaða þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að æskilegra sé að losna við þessa hluti úr pípunum, svo að ég noti það orð aftur, frekar en að loka þessi hækkunartilfelli inni. Hins vegar varð samkomulag um það milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda að fylgjast mjög náið með þróun þessara mála og er gert ráð fyrir því að setja á fót samstarf launanefndar aðila vinnumarkaðarins og ýmissa opinberra starfsmanna sem á þessum sviðum eru. Ég get jafnframt getið þess hér að ég hef lagt drög að því að kalla saman ýmsa opinbera starfsmenn og fela þeim að vinna jafnt og þétt að athugun á þessum málum og benda á hættur sem kunna að vera á verðhækkunum einhvers staðar. Í því verða menn eins og fulltrúi Seðlabankans, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, forstjóri Verðlagsstofnunar og hagsýslustjóri, hagstofustjóri og fleiri, þannig að allar stofnanir verða virkjaðar til þess að fylgjast með þeim málum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði um skatt á fjármagnstekjur. Það er rétt, það er í stjórnarsáttmála og liggja reyndar þegar fyrir ýmsar hugmyndir um hvernig það verði gert. Það hefur sýnt sig að það er afar erfitt í framkvæmd í verðbólgu. Það er rétt hjá hv. þm. að flestöll lönd eru með slíka skattlagningu en skattleggja yfirleitt nafnvexti, ekki raunvexti. Ég held að það séu eiginlega í öllum tilfellum nafnvextir skattlagðir. Það sýnir sig að að sjálfsögðu er dálítið erfitt að skattleggja nafnvexti þegar verðbólga er þetta mikil og ekki skynsamlegt að skattleggja nafnvexti. Svo það var ákveðið að hinkra við með þetta mál þangað til verðbólgu væri náð nokkuð verulega meira niður. En það hefur alls ekki verið fallið frá skattlagningu fjármagnstekna, þvert á móti og ég sagði áðan að það væri afar mikilvægt að hrinda því máli í framkvæmd.

Það er misskilningur að í stjórnarsáttmála sé ákvæði um hátekjuþrep. Ég kannast ekki við það. Hins vegar var ákveðið í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti, eins og menn muna, að gera línuna brattari, hækka persónufrádráttinn eða skattleysismörkin og gera línuna brattari þannig að meira félli af tekjuskatti á hátekjumenn.

Hvernig ríkisstjórnin hyggst ná raunvöxtum í a.m.k. 6%. Ég hef nú ekki ómerkari mann en hv. 1. þm. Suðurl., formann Sjálfstfl., fyrir mér því hann sagði í ræðu á fimmtudaginn, sem ég er með hér fyrir framan mig, þar sem hann vitnar í skýrslu Seðlabanka Íslands um vexti, með leyfi forseta: „Og í þessari skýrslu kemur fram að þeir voru að meðaltali 4,7–5%", þ.e. raunvextir. Þarna gætir þess náttúrlega að lánskjaravísitölugrundvellinum var breytt og menn mega ekki sleppa því að það er ekki bæði hægt ... (**ÞÞ:** Miðað við framfærsluvísitöluna.) Þetta er miðað við framfærsluvísitölu, já, ég veit það. (**ÞÞ:** Það er annað miðað við lánskjaravísitölu.) Þetta er miðað við framfærsluvísitölu en lækkunin náðist með því m.a. að breyta lánskjaravísitölu. (**Gripið fram í:** Þeir eru hærri miðað við lánskjaravísitölu.) Við nýja grundvöllinn. Þetta er mikill misskilningur og ótrúlegt að hv. þm., sem svo vel er að sér um bankamál, skuli haldinn þessum misskilningi. Í skýrslu Seðlabankans segir einnig að meta megi lækkun vegna breytingar á lánskjaragrundvellinum um 3–4%. Það er varla hægt að halda því fram annars vegar, eins og haldið er fram í fjölmiðlum, að sparifjáreigendur hafi verið hýrudregnir um fleiri milljarða vegna breytinga á lánskjaravísitölugrundvellin-

um ef á sama tíma það hefur ekki þýtt minni greiðslur hjá þeim sem lánin hafa tekið. Svo þetta er rétt. Miðað við framfærsluvísitölu yfir allt tímabilið, þ.e. fært yfir á sama grundvöll, þá þýðir þetta að meðaltali 4,7–5% og það er vitanlega ekki hægt að bera saman raunvexti á tveimur ólíkum lánskjaragrundvöllum. Þess vegna var horfið að því að bera þetta saman á þessum grundvelli.

Hækkun áburðarverðs um 12%. Ríkisstjórnin hefur heitið því að við það muni verða staðið. Núna er verið að endurreikna fyrri útreikning Áburðarverksmiðjunnar miðað við nýjan grundvöll, fastgengi t.d. sem munar Áburðarverksmiðjuna mjög miklu því að lán hennar eru yfirleitt erlend lán, og sömuleiðis þá lækkun vaxta sem þegar hefur orðið á því sem hún er með af innlendum lánum, sem að vísu er miklu minna. Núna liggja því fyrir útreikningar á þessu dæmi bæði frá Áburðarverksmiðjunni og fjmrn. og eru til meðferðar hjá fjmrh. og landbrh.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði um tvo liði sem ég tel mig báðum hafa svarað.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Fyrst, vegna þeirra ummæla hæstv. forsrh. sem hér féllu um vexti er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því hvað fram kemur í þessari gagnmerku skýrslu Seðlabankans sem hæstv. ráðherrar vitna stundum til. Þar segir mjög greinilega að raunvextir hafi á síðasta ári verið tæpir 5%, rúmlega 4,7%, ef ég man rétt, miðað við framfærsluvísitölu. En ef raunvextirnir hefðu verið miðaðir við lánskjaravísitöluna hefðu þeir orðið hærri.

Sannleikurinn er sá að Seðlabankinn telur hina nýju lánskjaravísitölu ekki lengur vera neinn viðmiðunargrundvöll. Þess vegna hvarf hann að því að miða við framfærsluvísitölu. Með öðrum orðum, í þessari afstöðu Seðlabankans kemur fram býsna hörð gagnrýni á þá ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar. Sú vísitala mælir minni breytingar á sl. ári vegna þess að kaupbreytingar voru mjög óverulegar. Verðlagshækkanir voru á hinn bóginn miklu meiri og af augljósum ástæðum leiðir það til þess að mat á raunvöxtum verður af þeim sökum lægra ef miðað er við framfærsluvísitölu. Þetta ætti hæstv. forsrh. að kynna sér með því að lesa af athygli þessa skýrslu og þann harða dóm yfir stefnu hans í peningamálum sem í henni felst. Hæstv. forsrh. ætti líka að lesa það sem segir í skýrslunni að raunvextir sjávarútvegsins hækkuðu um nálægt 30%, 25–30% á sl. ári. Og hann ætti að leiða nokkuð hugann að því hvers vegna það gerist undir ríkisstjórn félagshyggjunnar.

En þetta voru nú, herra forseti, ekki aðalatriði þess máls sem ég ætlaði að gera stuttlega að umræðuefni. Það kom fram hér í umræðunni að enn væri óleyst af hálfu ríkisstjórnarinnar, í tengslum við gerð kjarasamninga og ákvörðun fiskverðs, það verkefni sem lengi hefur verið á döfinni og kallast aflamiðlun. Það liggur fyrir og kom fram í þeim bréfaskriftum sem hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir að aðilar að Verðlagsráði sjávarútvegsins geta náð samstöðu um fiskverðsákvörðun á svipuðum grundvelli og hinar almennu kjarabætur, eða almennu kjarasamningar réttara sagt, eru í þjóðfélaginu. En um leið upplýsir hæstv. ráðherra að enn strandi á hæstv. ríkisstjórn. Aðilarnir að Verðlagsráði sjávarútvegsins hafa komið sér saman ef hæstv. ríkisstjórn gæti leyst innri ágreining sín á milli. Og hæstv. forsrh. staðfestir hér að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki getað leyst úr þessu vandamáli. Hvernig má það nú vera? Hefur hæstv. ríkisstjórn haft svo skamman tíma til að taka á þessu viðfangsefni? Nei. Það er ekki að koma upp í tengslum við kjarasamningana núna. Það kom upp í tengslum við ákvörðun fiskverðs fyrir ári síðan. Þá lofaði hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir því að hér yrði komið á fót aflamiðlun undir sjútvrn. Það er heilt ár síðan þeim aðilum sem hlut eiga að máli í Verðlagsráði sjávarútvegsins var gefið fyrirheit um þetta. Reyndar var það fyrir ári síðan lykilatriði að lausn fiskverðsákvörðunar. Hæstv. ríkisstjórn hefur haft heilt ár til að taka á þessu verkefni, en vegna innri ágreinings ekki getað leyst það. Og nú kemur það aftur upp í tengslum við kjarasamninga og fiskverðsákvarðanir og enn situr hæstv. ríkisstjórn ráðalaus vegna innri ágreinings. Eiga menn að horfa upp á það að mál haldi áfram í þessum farvegi? Hér eru miklir hagsmunir í húfi og á það að ganga í fleiri klukkutíma til viðbótar að það sé ekki hægt að staðfesta samkomulag sem fyrir hendi er vegna innri ágreinings í hæstv. ríkisstjórn?

Það væri, herra forseti, æskilegt að hæstv. sjútvrh. sæi sér fært að vera um stutta stund viðstaddur þessa umræðu. Ég man ekki betur en hann hafi gefið um það mjög ákveðnar yfirlýsingar á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna fyrir fáum mánuðum síðan að ríkisstjórnin ætlaði að taka á sig rögg þrátt fyrir margra mánaða drátt og koma þessu máli í höfn. Ég man ekki betur en hann hafi þá sagt að það yrði í síðasta lagi um áramótin sem þessi verkefni yrðu færð til sjávarútvegsins þannig að hæstv. ríkisstjórn gæti staðið við það loforð sem gefið var fyrir ári síðan. Ég man ekki betur en hæstv. sjútvrh. hafi talað með svo skýrum hætti eins og hans er von og vísa og vandi af hans hálfu að tala skýrt.

Nú er hæstv. sjútvrh. genginn í salinn. Þá er rétt að ég beri fram til hans þá fyrirspurn hvort það sé rangminni að hann hafi á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna fyrir fáum mánuðum lýst því yfir að ríkisstjórnin ætlaði að taka á sig rögg og koma ársgömlu loforði um aflamiðlun til framkvæmda og að þetta verkefni yrði flutt frá utanrrn. til sjútvrn. um sl. áramót. Og hvers vegna gat það ekki gerst þá? Hvers vegna hefur ríkisstjórnin verið ráðalaus í þessu máli í heilt ár? Hvers vegna lætur hæstv. sjútvrh. það viðgangast Ætlar hæstv. ráðherra að láta það viðgangast að hæstv. ríkisstjórn vegna innri ágreinings komi í veg fyrir að staðfest verði samkomulag í Verðlagsráði sjávarútvegsins sem getur orðið ef hæstv. ríkisstjórn kemur sér saman?

Hæstv. forsrh. var að vísa hér í bréfaskipti ríkisstjórnar og Verkamannasambands Íslands. Auðvitað má öllum ljóst vera að hér er hæstv. ríkisstjórn að slá bréfum frá Verkamannasambandinu fyrir sig sem skildi vegna innri ágreinings í þessu efni, vegna getuleysis að taka á þessu máli sem hefur legið fyrir henni í heilt ár. Það er engin afsökun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að veifa hér bréfi frá Verkamannasambandinu þó að það sé góðra gjalda vert. Það er á valdi hæstv. ríkisstjórnar að leysa þetta mál og það er fullkomið ábyrgðarleysi að láta það dragast í einhverja klukkutíma til viðbótar að ganga frá svari sem gerir það að verkum að þeir aðilar sem eiga aðild að Verðlagsráði sjávarútvegsins geti sætt sig við niðurstöðuna og það samkomulag sem liggur í loftinu geti komið til framkvæmda. Annað er fullkomið ábyrgðarleysi, annað lýsir getuleysi hæstv. ríkisstjórnar til að taka á þessu verkefni og er það deginum ljósara eftir að hún hefur legið með það í heilt ár. En ég vildi gjarnan heyra viðhorf hæstv. sjútvrh. í þessu efni og hvað dvelur yfirlýsingar hans í þá veru að málið verði flutt til sjútvrn. frá og með síðustu áramótum og hvers vegna hæstv. ríkisstjórn getur ekki komið sér að þessu verki.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef ekki getað fylgst með þessari umræðu vegna þess að ég er bundinn við aðra umræðu inni í hv. Ed. en vegna fyrirspurna hv. 1. þm. Suðurl. vil ég taka það fram að í fyrsta lagi er það ekki rétt að ég hafi gefið yfirlýsingu um þetta mál á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Þar fjallaði ég með almennum hætti um það vandamál sem varðar útflutning á ferskum fiski og lýsti þeirri skoðun minni að það væri rétt að gera það með tvennum hætti, annars vegar með því að viðhalda því sem menn hafa viljað kalla skömmtunarkerfi, þ.e. miðla aflanum inn á hina erlendu markaði með stýringu sem yrði alltaf erfitt að framkvæma, sama í höndunum á hverjum það væri, og í öðru lagi sagði ég það sem mína skoðun að nauðsynlegt væri að hækka álagið sem er nú á ferskum fiski, þ.e. þeirri skerðingu sem kemur fram í kvóta.

Ég lýsti þeirri skoðun minni jafnframt á þessum fundi að ég teldi eðlilegast að slík aflamiðlun yrði í höndum hagsmunaaðilanna sjálfra en ekki inni í Stjórnarráðinu. Ég sagði það hins vegar í sjónvarpsviðtali á sl. hausti, ég hef ekki dagsetningu á því, að ég gerði ráð fyrir að aflamiðlun yrði komið á fót eigi síðar en um áramót og forræði hennar yrði í höndum sjútvrn. Ég tel það eðlilega ráðstöfun vegna þess að hér er um hluta af fiskveiðistjórnun að ræða og vont að þetta mál sé tengt viðskiptahagsmunum okkar erlendis. Hitt er svo annað mál að það er ekkert aðalatriði í mínum huga undir hvaða ráðuneyti þessi aflamiðlun heyrir, heldur er það aðalatriði að henni verði komið á stofn.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að það hefur verið viss áherslumunur í þessu máli milli einstakra manna í ríkisstjórninni og ég og utanrrh. höfum ekki verið þar sammála um hvert einasta atriði. Hins vegar hafa hagsmunaaðilarnir sjálfir heldur ekki verið sammála í þessu erfiða og viðkvæma máli sem e.t.v. má telja eðlilegt. Það sem hins vegar hefur gerst núna í fyrsta skipti er að aðilar í Verðlagsráði hafa komist að ákveðinni niðurstöðu um það hvernig þeir vilja koma þessu máli við og hverjir eigi að eiga aðild að aflamiðluninni.

Ég hef kastað þeirri skoðun fram áður að ég teldi eðlilegt að hver þessara aðila sem þar eru nefndir, þ.e. Verkamannasambandið, sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsla, ættu einn aðila í þessari stjórn og síðan kæmu þessir fjórir sér saman um oddamann. Ég tel að flestir geti fallist á þessa skoðun nema Landssamband ísl. útvegsmanna sem telur að þeir hafi haft svo mikið um mál þetta að segja á undanförnum árum og jafnvel áratugum að það sé eðlilegt að þeir tilnefni tvo menn í þessa stjórn.

Ég er þeirrar skoðunar að sá ágreiningur sem þarna er uppi muni ekki hindra það að þetta mál leysist. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að það er mikilvægt að leysa þetta mál svo fljótt sem verða má, e.t.v. ekki næstu tvær eða þrjár klukkustundirnar, svo brýnt er það ekki, en nú alveg á næstunni verður að fást niðurstaða í þetta mál og þeim mun fyrr þeim mun betra. Ég óttast það ekki, miðað við þær umræður sem hafa farið fram, m.a. í ríkisstjórn í morgun, að við munum ekki finna lausn á þessu máli í samvinnu við hagsmunaaðilana og við munum leggja okkur fram um það nú næstu klukkutímana að komast að þeirri niðurstöðu.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki fjölyrða um það mál sem hér er til umræðu, enda viljum við freista þess að koma því til nefndar svo að það fái eðlilega og góða afgreiðslu hér á þingi.

Það var athygli vert að hlusta á síðustu ræðurnar um aflamiðlunina því að í ræðu hæstv. sjútvrh. kom fram að hann hefði lýst þeirri skoðun sinni að eðlilegast væri að sjútvrn. færi með þessi mál og hann staðfesti enn fremur að í samræmi við það sem gert var ráð fyrir við fiskverðsákvörðun í fyrra yrði gripið til þessarar aflamiðlunar þá þegar og kvaðst telja eðlilegast að það gerðist þegar um síðustu áramót. Nú kemur í ljós að hæstv. ríkisstjórn hefur enn ekki komið sér saman um það hvernig leysa skuli þetta mál nema hæstv. utanrrh. sem hér er staddur vilji vera svo góður að koma í ræðustól og gera grein fyrir niðurstöðu málsins. Það alvarlega við þetta mál er að það tefur fiskverðsákvörðun sem líta verður á sem hluta af kjarasamningum, enda ræður fiskverðsákvörðun úrslitum um kjör sjómanna og leggur grundvöllinn í verðlags- og gengismálum þjóðarinnar. Hér er því um ákaflega brýnt mál að ræða.

Það er harla athygli vert að hlusta á hæstv. forsrh. segja frá því hér að eftir að bréfið frá yfirnefndinni barst hæstv. ríkisstjórn hafi borist bréf frá Verkamannasambandinu þar sem mótmælt er tillögu yfirnefndarinnar um skipan hagsmunaaðila í nefndina

sem fjalla skal um aflamiðlunina. Ef taka skal mark á bréfi Verkamannasambandsins — og geri ég síst lítið úr áhrifum þess í hinni nýju skipan efnahagsmála á Íslandi sem varð við síðustu kjarasamninga þegar aðilar vinnumarkaðarins tóku að sér hlutverk hæstv. ríkisstjórnar — þá hlýtur maður að spyrja í framhaldi af því hvort ekki sé á sama hátt tekið tillit til óska Alþýðusambands Íslands sem sent hefur hæstv. ríkisstjórn bréf og farið fram á að ekki verði skorið af Atvinnuleysistryggingasjóði og Byggingarsjóði ríkisins. Má þá skilja orð hæstv. forsrh., og reyndar hæstv. sjútvrh. sem virtist taka undir þau sjónarmið sem koma fram í bréfi Verkamannasambandsins, svo að tekið skuli tillit til þessara sjónarmiða?

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að leggja þetta í hendur þessara aðila, ekki síst ef þeir ná samkomulagi um það við aðra aðila á vinnumarkaðinum og treysti þeim reyndar betur en hæstv. ríkisstjórn, en þetta torveldar manni að átta sig á því hver stjórnar í þessu landi og hvort um fullt framsal er að ræða til þessara aðila eða hvort ríkisstjórnin hefur einhverja skoðun og ætlar að leysa þessi mál, og þá hvort hún leysir þau með sama hætti, burt séð frá því hvaða mál er um að ræða. Væntanlega tekur hæstv. utanrrh. til máls og skýrir sína hlið á þessu mjög svo mikilvæga máli.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, ætla ég ekki að hafa mörg orð um það sem hér hefur farið fram. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa svarað ýmsum fyrirspurnum sem til hans var beint. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að svörin væru skýrari. Það mátti ráða af máli hæstv. ráðherra og af máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og á það hefur verið bent fyrr í þessum umræðum, þar á meðal af 2. þm. Reykv., að hæstv. ríkisstjórn virðist ekki telja Stefán Valgeirsson með þegar rætt er við stjórnarliðið því að í umræðunni kom fram að hæstv. fjmrh. hefði ekki haft fyrir því að senda honum þær tillögur sem liggja fyrir um niðurskurð á ríkisútgjöldum. Ég skil það vel og það er í þeim anda sem nú er unnið að hæstv. forsrh. beri sig saman við fulltrúa vinnumarkaðarins áður en hann leggur fram tillögur um það hvernig staðið verður við það fyrirheit að lækka verðlag um 0,3% í þessum mánuði og ætla ekki að ganga frekar eftir þeim svörum. En formsins vegna kemur auðvitað að því að slíkt mál kemur inn á hv. Alþingi jafnvel þótt aðilar vinnumarkaðarins hafi tekið að sér að stjórna þessum málum eins og raun ber vitni.

Hins vegar er ég afar óánægður með svör hæstv. forsrh. að því er varðar jöfnunargjaldið og tel að hæstv. fjmrh. hafi selt hæstv. forsrh. kött í sekk sem lofar ekki góðu ef hæstv. forsrh. trúir öllu sem hæstv. fjmrh. segir um jöfnunargjaldið. Það er staðreynd að fyrir tæpu ári síðan skrifaði hæstv. forsrh. bréf og sagðist mundu fella niður jöfnunargjaldið um leið og virðisaukaskatturinn yrði tekinn upp. Hinn 30. apríl 1989 var þetta bréf skrifað. Þar segir fyrst að jöfnunargjaldið verði hækkað úr 3% upp í 5%, en síðan muni það verða fellt niður um leið og virðisaukaskattur verði tekinn upp.

Hæstv. utanrrh. sem jafnframt er utanríkisviðskiptaráðherra veit það manna best að það er brot á samkomulagi við aðrar þjóðir að heimta þennan skatt inn og allra verst er það brot á samþykktum í samskiptum við fríverslunarþjóðir ef það er gert með þeim hætti að gjaldið renni í ríkissjóð. Við verðum að átta okkur á því að samkvæmt lögum um jöfnunargjaldið á það að renna til iðnþróunar. Það hefur verið gert með þeim hætti að gjaldið hefur að verulegu leyti verið greitt iðnfyrirtækjum vegna uppsafnaðs söluskatts. Nú standa leikar þannig að þetta gjald fer ekki til slíkra hluta. Jafnvel framleiðsla á sl. ári, þar sem framleiðendur þurftu að greiða söluskatt á söluskatt, skatt á skatt ofan, slík framleiðsla fær ekki endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt af innheimtu jöfnunargjaldsins. Það hefur verið upplýst af hálfu hæstv. fjmrh.

Hæstv. forsrh. kom með sömu röksemdir og hæstv. fjmrh. Hann sagði að það yrði þolað í viðskiptum við aðrar þjóðir að halda úti þessu gjaldi fram eftir árinu á meðan við værum að jafna okkur á virðisaukaskattinum. Við verðum að átta okkur á því hvað það þýðir að jöfnunargjaldið er lagt á. Það þýðir að vöruverð er hærra hér á landi en annars staðar. Ef þessir fjármunir hefðu verið notaðir til þess að koma að fullu til móts við framleiðslufyrirtækin með því að peningarnir rynnu beint til þeirra, þá hefði málið hugsanlega horft öðruvísi við. Það er nefnilega mikill misskilningur, þó að hæstv. fjmrh. og nú hæstv. forsrh. haldi því fram, að okkur geti liðist að halda úti þessu gjaldi af því að ýmsar Evrópuþjóðir láti fé af hendi rakna til ýmissa útkjálkabyggðarlaga. Ef við skoðum þetta dæmi dálítið betur kemur það í ljós að með því að greiða styrki t.d. til Skotlands sem gert er í stórum stíl, bæði af breskum yfirvöldum og eins Evrópubandalaginu, er verið að styðja atvinnureksturinn til þess að hann geti framleitt fyrir lægra verð og þar með er vöruverð í Glasgow lægra en það ella mundi verða. Íslensk stjórnvöld haga sér hins vegar þannig að þau leggja skatta á innflutninginn, láta skattinn renna í ríkissjóð en ekki til fyrirtækjanna og hækka með því verðlagið þannig að íslensk verslun verður ekki samkeppnisfær við verslunina í Glasgow. Þetta hefur því þveröfug áhrif við það sem hæstv. forsrh. hafði eftir hæstv. fjmrh. Og ég bið menn að athuga það að ég spurði ekki út frá þessari röksemdafærslu heldur út frá því að fyrirheit var gefið fyrir ári síðan. Við það fyrirheit hefur ekki verið staðið. Margt af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur lofað í tengslum við kjarasamningana kemur ekki fram í því frv. sem við nú ræðum. Hvernig geta aðilar vinnumarkaðarins treyst því að hæstv. ríkisstjórn standi við það sem hún hefur lofað núna frekar en í fyrra? Þetta var meginatriðið í því sem ég sagði. Ekki meira um þetta mál.

Varðandi 7. gr. frv. tek ég undir það með hæstv. forsrh. að ugglaust hefði mátt orða þetta ákveðið betur. Ég vil ekkert segja meira um það mál en eigi veldur sá er varir. (**Gripið fram í:** Varar.) Já, varar, mér er sama hvort er. Það getur hvort tveggja staðist. Það er ljóst að með því að orða ákvæðið á þessa leið

getur hæstv. ríkisstjórn lent í vandræðum næsta haust, en auðvitað verður hún að sjá fram úr sínum eigin vandamálum.

Að lokum þetta, virðulegur forseti. Hér er á ferðinni frv. sem að sumu leyti dregur úr tekjum ríkissjóðs og sveitarfélaga og eykur enn fremur útgjöld. Það verður aldrei of oft brýnt fyrir þeim sem um þessi mál fjalla að það sem skiptir langsamlega mestu máli er hvernig okkur tekst að eiga við ríkisútgjöldin á næstunni. Við höfum enn ekki séð tillögur hæstv. ríkisstjórnar. Við höfum heyrt á skotspónum, lesið í Morgunblaðinu, að þær tillögur séu tilbúnar og ef þær eiga að koma hér inn á Alþingi er auðvitað um það að ræða í verulegum mæli að verið er að gera bókhaldsfiff því að sum útgjöld sem þar eru til niðurskurðar eru útgjöld sem hvort sem er lenda á ríkissjóði fyrr eða síðar. Nú eru heimildir fyrir því að hallinn á sl. ári hafi verið tæpir 6 milljarðar kr. og ef fram heldur sem horfir verður hallinn á yfirstandandi ári a.m.k. sá sami, kannski meiri. Þetta þýðir að á næstu árum munu vaxtagreiðslur aukast, þessi vandi hlaðast upp. Ríkissjóður þarf á fjármunum að halda til þess að brúa bilið milli tekna og gjalda. Slík eftirspurn eftir nýju fjármagni innan lands veldur því að vextir hækka og sá grundvöllur sem kjarasamningarnir byggjast á er í stórkostlegri hættu. Þessu til viðbótar, það er annað mál sem ég ætla ekki að ræða hér, vil ég benda hæstv. ríkisstjórn á það að nú þegar eru að skjóta upp kollinum ný vandamál í tengslum við svokallaða lausn sem átti sér stað í gegnum Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og Hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Augljóst er að þau fyrirtæki sem nutu fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum koma til með að leita aftur á náðir hæstv. ríkisstjórnar eða þá næstu ríkisstjórnar þannig að í raun hafa vandamálin ekki verið leyst. Lausninni hefur verið frestað. Þetta tel ég að þurfi að koma fram við þessar umræður um leið og ég lýsi því yfir að að sjálfsögðu munu þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem sæti eiga í félmn. taka þátt í því að reyna að hraða þessum málum í gegnum þingið, enda er þetta frv. að langsamlega mestu leyti í takt við þá kjarasamninga sem gerðir voru fyrir skömmu eða nánar tiltekið 1. febr.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. fór þess á leit að ég gerði grein fyrir því hver væri niðurstaðan að því er varðar svokallað aflamiðlunarmál og af því tilefni er rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Niðurstaðan fékkst í tengslum við gerð kjarasamninga þegar ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún mundi beita sér fyrir því að koma á fót svokallaðri aflamiðlun og aðild að stjórn hennar skyldu eiga fulltrúar hagsmunasamtaka, þannig að samkomulag um lausn þess máls var fengið í tengslum við kjarasamninga.

2. Að því er varðar útfærslu eða framkvæmd á því er þess að geta að upphafleg áform um að hrinda þessu í framkvæmd hafa hingað til strandað á samkomulagsleysi hagsmunaaðila vegna þess að þeir hafa ekki náð saman um það með hvaða hætti stjórn aflamiðlunar yrði skipuð.

Ég hef í dag í viðræðum við þessa aðila lýst því yfir að ég væri reiðubúinn að ganga með formlegum hætti frá stofnun þessarar aflamiðlunar á þeim forsendum að samkomulag tækist um það að hver aðili ætti þar einn fulltrúa, þá á ég við útgerðarmenn, sjómenn, fiskverkendur og fiskvinnslufólk, en oddamaður yrði skipaður með samkomulagi allra aðila. Á þessari stundu er ekki ljóst hvort samkomulag hefur tekist milli hagsmunaaðila um þessa lausn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Ég vil hins vegar þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan við fyrirspurn sem ég beindi til hans. Ég fagna því sérstaklega að það er alveg sameiginlegur skilningur okkar á því að í þeim bréfaskiptum sem fóru á milli hæstv. forsrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga 20. des. felist samningur. Sá samningur er þess efnis að ríkissjóður leggur 300 millj. kr. á þessu ári til uppgjörs við sveitarfélögin auk 40 millj. kr. í sérstakt framlag vegna tannlæknaþjónustu.

Ég fagna mjög ótvíræðri yfirlýsingu hæstv. forsrh. um það að þetta framlag verði ekki lækkað nema í samkomulagi við sveitarfélögin og fagna yfirlýsingu hans um það að hann muni nú hafa samband við forsvarsmenn sveitarfélaganna til að leita eftir slíku samkomulagi. Það er svo auðvitað sveitarfélaganna og samtaka þeirra að segja til um það hvort þau fallast á að þetta framlag verði lækkað eins og ríkisstjórnin hefur reyndar þegar gert tillögu um. Mér er reyndar ekki grunlaust um að sveitarfélögin muni í þeim efnum líta til þess að síðan þetta samkomulag var gert hefur verið lagður á þau virðisaukaskattur sem er einhvers staðar á bilinu 600–800 millj. kr. Það er hins vegar annað mál, en ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör, sem voru mjög afdráttarlaus, og sveitarfélögin hljóta auðvitað að fagna þeim.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst færa hæstv. sjútvrh. þakkir fyrir að hafa komið til þessarar umræðu þó að hann sé á sama tíma bundinn við umræður í annarri deild. Það kom mjög glöggt fram í hans máli að hann ber góðan hug til sjávarútvegsins og vilja til þess að leysa þau verkefni sem þar blasa við. Á hinn bóginn staðfestist hér í umræðunni að eins og stundum áður hafa ráðherrar Alþfl. brugðið fæti fyrir hæstv. sjútvrh. og komið í veg fyrir að hann næði góðum áformum sínum fram.

Það liggur hér fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur haft þetta verkefni með höndum í heilt ár án þess að geta leyst það. Það liggur hér fyrir í yfirlýsingu frá hæstv. sjútvrh. að ágreiningur hefur verið á milli hans og hæstv. utanrrh. um málið og ég hygg að engum dyljist að það er meginorsök fyrir því að lausn hefur ekki fundist. Það er ástæðan fyrir því að niðurstaða dregst nú á langinn að því er varðar fiskverðsákvörðun.

Þetta eru þær staðreyndir sem fyrir liggja eftir þessar umræður, að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki getað tekið á þessu máli og leyst það af sinni hálfu þó að samkomulag liggi fyrir á milli þeirra sem aðild eiga að Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Svo stendur á að til þess að hægt sé að koma málinu til nefndar og 2. umr. vantar einn þingmann. Takist það ekki nú á næstu mínútum mun forseti gera nokkurra mínútna hlé á þessum fundi til að ná í þá stjórnarþingmenn sem hér eiga að vera. — [Fundarhlé.]

Enn verður að gera nokkurt hlé á þessum fundi, í a.m.k. stundarfjórðung, því að enn hefur fækkað í húsinu og vantar nú þrjá hv. þingdeildarmenn til þess að ná megi fram atkvæðagreiðslu. Telur forseti ástæðu til þess að minna á 34. gr. þingskapa þar sem segir: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni" og gildir þetta jafnt um stjórnarliða sem stjórnarandstæðinga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

EFRI DEILD

52. fundur, miðvikudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 263. mál (ofbeldisverk í flugsamgöngum). — Þskj. 468.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 569, n. 632, 633 og 640.

Frsm. meiri hl. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. allshn. sem er á þskj. 632 og er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og haft til athugunar umsagnir þær er allshn. Nd. bárust um það. Til viðræðna um efni frv. komu Hermann Sveinbjörnsson, stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins, Leifur Eysteinsson, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn., Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri í landbrn., Eyþór Einarsson, formaður Náttúruverndarráðs, Þóroddur Þóroddsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsrh., Snorri Sigurðsson, fagsviðsstjóri Skógræktar ríkisins, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Þórhallur Halldórsson, forstöðumaður heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins, Franklín Georgsson, forstöðumaður rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins, Daníel Viðarsson, forstöðumaður eiturefnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Auður Antonsdóttir, formaður Félags ísl. náttúrufræðinga, Sigurbjörg Gísladóttir, varaformaður Félags ísl. náttúrufræðinga, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri í iðnrn., Árni Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í menntmrn., Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgrn., Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Sigurgeir Sigurðsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félmrn. og Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá.

Í máli flestra viðmælenda nefndarinnar kom fram að þörf er á samræmingar- og eftirlitsaðila umhverfismála innan stjórnsýslunnar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum Nd."

Undir þetta rita Jón Helgason, Guðmundur Ágústsson, Skúli Alexandersson og Jóhann Einvarðsson.

Eins og sjá má á nál. voru margir aðilar kallaðir fyrir nefndina og beðnir álits á frv., hvort stofna skyldi umhverfisráðuneyti. Þá lágu fyrir nefndinni umsagnir fjölmargra aðila, bæði umsagnir er nefnd sú er vann frv. leitaði eftir, svo og umsagnir sem bárust hv. allshn. Nd. Ekki verður sagt að málið hafi fengið óvandaða meðferð hér í þinginu. Ég minnist þess tæpast að nokkurt mál hafi fengið eins vandaða meðferð hér í þinginu og einmitt þetta mál.

Jafnhliða umfjöllun um það frv. sem hér er til umræðu var fjallað um fylgifrv., 128. mál þingsins. Var það óhjákvæmilegt svo nefndarmenn gætu betur gert sér grein fyrir umfangi og starfssviði hins nýja ráðuneytis. Náðist um það samstaða í nefndinni að fjalla um málin saman svo ekki þyrfti, þegar fylgifrv. kæmi til deildarinnar, að kalla sömu aðilana fyrir aftur. Má því segja að þrátt fyrir þá töf sem hefur orðið á afgreiðslu fylgifrv. í Nd. sé Ed. ekkert til fyrirstöðu að afgreiða þetta mál og stofna þar með hið nýja ráðuneyti.

Meiri hl. allshn. er þeirrar skoðunar, þar sem umfjöllun um frv. er lokið í nefndinni, að taka beri það á dagskrá í þingdeildinni. Deilur urðu að vísu innan nefndarinnar um hvort bíða ætti með frv. þetta til þess tíma er fylgifrv. kæmi til Ed. og afgreiða málin samtímis úr deildinni. Stjórnarandstaðan lagði á það

áherslu með þeim rökstuðningi að til lítils væri að stofna umhverfisráðuneyti ef verkefnin væru engin. Má það til sanns vegar færa og staðfesti formaður þeirrar nefndar er samdi frv. að hugsun nefndarinnar hafi verið sú að frv. þessi fylgdust að. Hins vegar sagði þessi sami formaður, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður hæstv. forsrh., að ekkert væri því til fyrirstöðu að afgreiða frv. hvort í sínu lagi. Yrði þá reglugerð um Stjórnarráð Íslands breytt á þann veg að umhverfisráðuneytið fari fyrst í stað með ákveðin verkefni sem ekki væri bundið í lög að heyrðu undir önnur ráðuneyti. Átti hann þar við að ráðuneytið tæki fyrst í stað að sér samræmingu umhverfismála innan ráðuneytanna, stefnu í umhverfismálum, fræðslu á sviði umhverfismála, alþjóðasamskipti á þessu sviði og fleiri verkefni, þar á meðal skipulagningu ráðuneytisins sjálfs.

Á það má minna að í næstu viku er Norðurlandaráðsþing og efast meiri hlutinn ekki um að væntanlegur umhverfisráðherra hafi ærinn starfa við mótun stefnu Norðurlanda í umhverfismálum, þrátt fyrir að fylgifrv. verði ekki samþykkt þá.

Umhverfismál eru mikill málaflokkur og koma inn á flest svið þar sem einhver starfsemi er í gangi. Þegar stofnað er umhverfisráðuneyti er hins vegar stór spurning hvaða mál og málaflokkar skuli undir ráðuneytið falla.

Í fylgifrv. því sem er með frv. þessu eru tilgreindir málaflokkar er fari til umhverfisráðuneytisins en aðrir, eins og t.d. eftirlit með ástandi og lífríki sjávar, ekki. Þetta vandamál eða takmörkun er þekkt og því hefur í skýrslu er nefnd hefur verið eftir Gro Harlem Brundtland jafnhliða öflugu umhverfisráðuneyti fagráðuneytum verið gert að skyldu að efla umhverfisþáttinn innan sinna ráðuneyta. Byggist sú skipan mála á samræmingarhlutverki í umhverfisráðuneyti og að það hafi með höndum skipunarvald til fagráðuneyta, jafnhliða fræðsluhlutverki og erlendum samskiptum á þessu sviði.

Ég vildi að þessi síðasti þáttur kæmi hér fram til leiðréttingar á þeim óvana sumra aðila að vitna til Brundtland-skýrslunnar er færð eru rök fyrir því máli að stofna ekki umhverfisráðuneyti.

Við verðum að viðurkenna að við erum tíu árum á eftir tímanum með stofnun umhverfisráðuneytis og skýrslan á ekki við eins og sakir standa, þ.e. Brundtland-skýrslan, en eins og ég sagði þá byggir hún á þeirri forsendu að fyrst skuli koma umhverfisráðuneyti og síðan eigi fagráðuneytin að efla umhverfisþátt innan sinna eigin ráðuneyta.

Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum öllum fyrir mjög gott samstarf í nefndinni og málefnaleg vinnubrögð. Vonast ég eftir að sá andi sem ríkti megi endurspeglast í umræðunni hér á eftir.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Áður en ég hef mál mitt til þess að mæla fyrir nál. 1. minni hl. verð ég að leiðrétta það sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykv., frsm. meiri hl. allshn. Ed. Ég minnist þess ekki að sérstaklega hafi verið um það samið eða rætt að vinna málin bæði saman. Það var fyrir beiðni stjórnarandstöðunnar að kallaðir voru til þeir aðilar sem hafa faglega þekkingu á þeim verkefnum sem til stendur að flytja til þessa nýja ráðuneytis. Við sáum okkur allan tímann ekki fært að ræða þetta mál eitt og sér án þess að um leið væri rætt um það hver skyldu verða verkefni hins nýja ráðuneytis. Eins og margoft kom fram í störfum nefndarinnar og einnig í umræðum við þá sem komu til fundar við okkur, þá taldi yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem til okkar komu og stjórnarandstaðan, og mér segir svo hugur um að innst inni við hjartarætur einhverra stjórnarliða gæti leynst sú tilfinning, að það sé auðvitað alveg út í hött að stofna umhverfisráðuneyti sem ekki hefur nein verkefni til að vinna. Það er ekki ljóst hvenær það fær verkefni og hljóti þetta frv. afgreiðslu áður en hitt verður afgreitt skapast af því réttaróvissa, eins og reyndar kemur fram í grg. með frv. sem samin er af þeim sem undirbjuggu þessa frumvarpssmíð.

En nál. 1. minni hl. allshn. er á þskj. 633 og ætla ég mér að byrja með því að lesa það, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands felur það eitt í sér að stofnað verði sérstakt ráðuneyti umhverfismála.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á úrbætur í umhverfismálum og verið þeirrar skoðunar að nauðsyn beri til að hafa sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Þingkonur Kvennalistans hafa alla tíð reynt að vinna því máli brautargengi á Alþingi og lögðu m.a. fram ítarlega tillögu um það efni á 111. löggjafarþingi þar sem fram kemur hvernig þær vilja sjá málum borgið í slíku ráðuneyti.

Í lok 111. löggjafarþings kom loks fram stjfrv. um stofnun umhverfisráðuneytis og starfssvið þess. Kvennalistakonur lýstu stuðningi við það frv. enda þótt það væri í raun ófullburða og gengi miklu skemur en þær hefðu kosið. Málinu var síðan vísað til sérstakrar nefndar sem vann að því á milli þinga og átti fulltrúi frá Kvennalistanum sæti í þeirri nefnd.

Niðurstaða nefndarinnar var að skipta málinu í tvennt, þ.e. frv. það sem hér um ræðir um einfalda breytingu á stjórnarráðslögunum og annað frv., 128. mál, sem skilgreindi verkefni umhverfisráðuneytis. Svo sem vænta mátti hefur reynst erfitt að ná samkomulagi um hið síðarnefnda. Um starfssvið umhverfisráðuneytis eru mjög skiptar skoðanir, ekkert síður innan stjórnarflokkanna en annarra.

Fyrsti minni hl. er þeirrar skoðunar að það veiki verulega grundvöllinn undir ásættanlegu samkomulagi um meginmál þessarar stjórnkerfisbreytingar ef umhverfisráðuneyti verður stofnað áður en slíku samkomulagi er náð.

Þegar þetta frv. var afgreitt frá nefndinni var frumvarpið um verkefni umhverfisráðuneytisins enn í umfjöllun allshn. neðri deildar. Ljóst er að í neðri deild munu koma fram brtt. við það en á þessari stundu er ekki vitað í hverju þær felast. Því er með öllu ófrágengið verkefni hins nýja ráðuneytis.

Fyrsti minni hl. telur það lýsa fullkomnu ábyrgðarleysi og vanvirðu ríkisstjórnarflokkanna við málefnið að þröngva fram afgreiðslu þessa frv. án þess að ljóst sé hvaða verkefni hinu nýja ráðuneyti verða falin.

Kvennalistakonur vilja koma á fót raunverulegu umhverfisráðuneyti málefnisins vegna og telja því nauðsynlegt að um leið og slíkt ráðuneyti verði stofnað fái það ákveðin verkefni og þann sess í stjórnarkerfinu sem því ber.

Ríkisstjórnin hefur með afgreiðslu þessa máls misst sjónar á því sem ætti að vera aðaltilgangurinn með stofnun umhverfisráðuneytis, að koma betra skipulagi á stjórn umhverfismála með markvissa umhverfisvernd í huga. Það eru kvennalistakonum mikil vonbrigði að geta ekki greitt stofnun umhverfisráðuneytis atkvæði sitt á Alþingi.

Fyrsti minni hl. telur að stofnun umhverfisráðuneytis sé fyrsta skrefið í átt til þess að umhverfismál skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. Umhverfisráðuneyti án verkefna er hins vegar umbúðirnar einar, og sér 1. minni hl. sér því ekki fært að taka þátt í afgreiðslu þessa frumvarps."

Þar lýkur lestri mínum á nál. 1. minni hl. en ég vil minna á það í upphafi máls míns hér að kvennalistakonur hafa frá upphafi borið umhverfismál og verndun náttúrunnar mjög fyrir brjósti, enda stendur það nærri konum að vilja sjá börnum sínum borgið í framtíðinni. Framtíð mannkyns veltur á því hvernig við umgöngumst náttúruna, hvort við berum gæfu til þess að bæta úr þeim spjöllum sem við höfum valdið henni og hvernig okkur tekst til með að nýta gögn hennar og gæði.

Eins og margoft hefur komið í ljós í umræðunni höfum við frá upphafi talið brýna nauðsyn bera til að koma á samræmdri stjórn umhverfismála og við lítum reyndar svo á að stofnun sérstaks ráðuneytis um þennan málaflokk sé besta og öruggasta leiðin til að tryggja þá faglegu yfirsýn sem nauðsynleg er. Að því leyti getum við tekið undir með hæstv. ríkisstjórn um stofnun sérstaks ráðuneytis umhverfismála. En eins og fram kemur í því nál. sem ég hef nú mælt fyrir viljum við stofna nýtt ráðuneyti málefnisins vegna, ekki stofnunarinnar eða væntanlegs ráðherra. Það undrar mig mjög að svo mikil tímaþröng, eða ímynduð tímaþröng að mínu áliti, skuli setja okkur þær skorður að nú er ætlunin að afgreiða þetta mál þegar hitt mun vera langt komið í umfjöllun Nd. Ég tel aðalatriðið í þeim efnum vera það að auðvitað á að fjalla um þessi mál saman. Það er ekki hægt að ákveða að stofna ráðuneyti sem ekki hefur skilgreind verkefni eins og margoft hefur komið fram í umræðunni. Eins hefur því verið lýst yfir af a.m.k. tveimur hæstv. ráðherrum að ekkert sé því til fyrirstöðu að þessi tvö mál fari samstiga hér frá þessari deild.

Það ætti auðvitað að vera draumur okkar allra, og ég held að hann sé raunhæfur, að við Íslendingar gætum orðið fyrirmynd þjóða um verndun náttúrunnar og leiðandi í sókn til betra mannlífs í sátt við umhverfið. Mér finnst við hafa alla burði og aðstæður til þess en skilningur og vilji verður auðvitað að vera fyrir hendi og slík sókn verður að vera markviss og skipulögð til að skila árangri. Sú sókn sem nú er hafin til þess að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti er mjög langt frá því að vera markviss, þar sem enn er ekki vitað hvernig frv. sem Nd. hefur til umfjöllunar reiðir af.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. meiri hl., 5. þm. Reykv., komu allmargir aðilar til funda við hv. allshn. Ed. þegar við fjölluðum um málið. Það voru starfsmenn stofnana og sérfræðingar á ýmsum sviðum umhverfismála. Mér sýnist niðurstaða af umræðum okkar við þessa fjölmörgu aðila sem hér voru upptaldir áðan hafa verið á þá lund að þeir töldu allir nauðsynlegt að samræma yfirstjórn umhverfismála. En þó þeir væru allir sammála um nauðsyn þess að koma betri stjórn á þessi mál er þó rétt að láta koma fram að það voru nokkuð mismunandi áherslur sem menn vildu leggja og leiðirnar að því marki voru mismunandi milli aðila.

Einn þeirra sem til fundar við okkur komu var aðstoðarmaður hæstv. forsrh., Jón Sveinsson lögfræðingur, en hann var formaður þeirrar nefndar sem samdi bæði frumvörpin. Í máli hans kom fram að alveg frá upphafi og allan tímann sem nefndin starfaði var það verkefni nefndarinnar og tilgangur að frv. fylgdust að við afgreiðslu mála hér á Alþingi. Verð ég því að segja að mér þykir með ólíkindum sá yfirgangur og sú lítilsvirðing sem hæstv. ríkisstjórn sýnir þessum nánasta samstarfsmanni hæstv. forsrh. og því ágæta starfi sem hann og aðrir nefndarmenn hafa skilað með því að ætla nú að afgreiða frv. um stofnun umhverfisráðuneytis án þess að verkefnatilflutningur fylgi með um leið.

Það kom einnig fram hjá öllum þessum fjölda sem til okkar kom að honum þótti til harla lítils að ákveða stofnun umhverfisráðuneytis sem ekki hefur nein skilgreind verkefni. Í því frv. sem við erum með til umfjöllunar nú kemur ekki fram nein stefna í umhverfisverndarmálum. Samkvæmt upplýsingum aðstoðarmanns forsrh. er í mesta lagi hægt að gefa út einhverjar yfirborðskenndar reglugerðir í því skyni að reyna að skilgreina einhvern starfsvettvang sem ekki er að finna í lögum um aðrar stofnanir umhverfismála fyrir tilvonandi ráðherra. Trúlega yrði það þá helst á sviði alþjóðlegra samskipta og e.t.v. fræðslumála. Ég vil þá minna á að á síðasta löggjafarþingi var samþykkt tillaga frá Kvennalistanum um umhverfisfræðslu meðal almennings og í skólum. Veit ég ekki betur en sú tillaga sé í höndum menntmrn. og vona ég reyndar að hún sé þar í góðum höndum. Það er þá e.t.v. ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. um þessa fræðslu, þetta fræðsluhlutverk sem tilvonandi umhverfisráðherra mun fá og oft hefur verið nefnt. Ég vildi gjarnan fá að vita í hverju sú fræðsla á að vera fólgin og að hverjum hún á að beinast.

Mig langar líka til að leggja spurningu fyrir hæstv. forsrh. vegna skýrslu hæstv. samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar. Í skýrslunni er að finna sérstakan kafla um umhverfisvernd og þar er reyndar tiltekið að ekki hafi verið hér sérstakt um-

hverfisráðuneyti og það mun hafa verið félmrn. sem einkum hefur sinnt þeim verkefnum út á við og á Norðurlandavettvangi. Í skýrslunni segir hér, ef ég má vitna til hennar, með leyfi forseta:

„Með bréfi forsrh. dags. 10. sept. 1989 var ráðherra Hagstofu Íslands falið að annast meðferð einstakra þátta umhverfismála sem ekki heyra beint undir önnur ráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum."

Samkvæmt mínum skilningi á þessari setningu hlýtur ráðherra Hagstofu Íslands að hafa sinnt umhverfismálum frá 10. sept. 1989 og vildi ég gjarnan fá um það upplýsingar á hvaða sviðum hann hefur einkum starfað. Það sem er auðvitað aðalspurningin, hvers vegna getur þetta bréf ekki staðið aðeins lengur og þessi tiltekni hæstv. ráðherra haldið þeim verkefnum sem honum hafa verið falin með þessu bréfi? Hvað er það sem knýr á nú að gerð verði á önnur skipan? Er bréf hæstv. forsrh. ekki í gildi lengur? Það kemur reyndar ekki fram hér að það hafi verið tímasett, enda hlýtur það að vera ótímabundið þar sem ekki lá fyrir þá nákvæm dagsetning um það hvenær umhverfisráðuneyti skyldi stofnað. Reyndar kom fram í umræðunni um daginn að fregnir bárust af því á fund verkfræðinga úti í bæ að umhverfisráðuneyti yrði stofnað ákveðinn dag nú um miðjan febrúar, þann 15. minnir mig. Þetta kom fram í 1. umr. um málið hér í síðustu viku.

Ég vil vekja athygli á því að í bráðabirgðaákvæði með því frv. sem við höfum hér til umfjöllunar er þess getið að tilvonandi ráðherra skuli skipa nefnd sem semja skal frv. til laga um umhverfisvernd. Í umsögn frá Jarðfræðafélagi Íslands kemur fram athugasemd um þetta atriði. Stjórnarmenn þar telja ástæðu til að kveðið sé á um að í nefndina verði valdir a.m.k. nokkrir eintaklingar sem hafa faglega þekkingu og starfreynslu á sviði náttúruvísinda og með þekkingu á umhverfismálum, t.d. ákveðið hlutfall miðað við heildarfjölda nefndarmanna.

Í máli aðstoðarmanns hæstv. forsrh. kom fram að tvíeggjað væri að setja þetta ákvæði inn. Það undirstrikar að mínu mati aðeins það að með þessu frv. fylgir engin stefna í umhverfisverndarmálum. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort honum hefði ekki þótt það tilhlýðilegt að kveða nánar á um skipan slíkrar nefndar með tilliti til þess að þar eigi örugglega sæti fólk með faglega þekkingu.

Ég vil svo leyfa mér að vitna aðeins til ræðu sem flutt var hér í Sþ. í fyrravetur þar sem fjallað var um tillögu Kvennalistans um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Þar kom einmitt fram að hugtakið „umhverfisvernd" er afar víðtækt og flókið og það á auðvitað að vera kjarninn í umhverfisráðuneyti því sem við ætlum að stofna að við verndum umhverfi okkar. Ég vitna hér aðeins til ræðu einnar varaþingkonu Kvennalistans, Sigrúnar Helgadóttur, en hún vildi í ræðu sinni hverfa aftur til ársins 1955. Hér segir, með leyfi forseta: „... en þáv. menntmrh. fól þeim Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi og Ármanni Snævarr prófessor að semja frv. til laga um náttúruvernd. Með þeim mun einnig hafa unnið Finnur Guðmundsson fuglafræðingur. Frv. var lagt fyrir 74. og síðan aftur fyrir 75. löggjafarþing árið 1955. Frv. fylgir löng og gagnmerk grg. Þar segir á einum stað, með leyfi forseta: „Hugtakið náttúruvernd er mjög víðtækt hugtak og tekur í rýmstu merkingu til verndar á öllum þáttum náttúrunnar, kvikum og dauðum."

Síðan er sagt frá hinum þrem megingerðum náttúruverndar, þ.e. menningarlegri náttúruvernd, félagslegri náttúruvernd og fjármunalegri eða búskaparlegri náttúruvernd. Menningarleg náttúruvernd felst í því að taka frá og friða staði eða náttúruminjar í þágu vísinda og menningar. Félagsleg náttúruvernd felst í því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru landsins og hin fjármunalega eða sem síðar hefur verið kölluð hin hagræna náttúruvernd felst í því að virða náttúrulögmál búsvæðis síns og fylgja ákveðnum umgengnisreglum um búskap og náttúrunýtingu vegna þess að slík hegðan borgar sig þegar til langs tíma er litið.

Í grg. segja höfundar það skoðun sína að ráðlegra sé að skipa ákvæðum um hagræna náttúruvernd í sérlög því virða þurfi hverja tegund náttúruauðæfa, hversu takmarka eigi nytjun þeirra eða stuðla að eðlilegri nýtingu þeirra. Þessi umræða er mjög merkileg og þær skilgreiningar sem þar eru gerðar."

Það er auðvitað mjög brýnt þegar farið verður að semja lög um náttúruvernd, að aðild að þeirri nefnd og því starfi sem þar verður unnið eigi fólk sem hefur faglega þekkingu á þessum sviði.

Umhverfisráðuneyti á að mínu mati að hafa yfirsýn yfir allar náttúruauðlindir landsins. Það er mikilvægt að einhver aðili í stjórnkerfinu hafi það hlutverk en eins og við vitum þá er svo ekki nú og skil milli verksviða og stofnana eru óljós, togstreita um suma þætti og aðrir verða út undan.

Við umfjöllun í Nd. urðu einnig á frv. þær breytingar að annað bráðabirgðaákvæðið um endurskoðun á lögum um þær stofnanir sem hugsanlega verður lagt til að kljúfa upp hefur nú verið fellt brott. Að mati aðstoðarmanns forsrh. er óhjákvæmilegt að taka þetta ákvæði inn í fylgifrv. svo og um aðrar þær stofnanir sem e.t.v. verður lagt til að skipt verði upp. Þar eð ekki hafa komið fram endarlegar brtt. við frv. um verkefnin, þ.e. 128. mál, það mál sem nú er til umfjöllunar hjá allshn. Nd., er allt í óvissu um hvernig þessum sem og reyndar öðrum málum verður skipað. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á brtt. sem kynnt var í allshn. Nd. nú í morgun, frá meiri hl. nefndarinnar væntanlega, en þar hefur orðið nokkuð undarleg lending að mínu mati. Lýsir sú niðurstaða sem þar er nokkuð ágreiningi þeim sem þar er meðal stjórnarliða í hnotskurn. Nú er gert ráð fyrir því að einni greininni verði breytt á þann veg að umhverfisráðherra geti, eftir að hafa fengið tillögur frá Náttúruverndarráði, lagt til við landbrh. að gripið verði til friðunar- og uppgræðsluaðgerða á sviði gróður- og skógverndar. Og það undarlega er, seinni setningin í þessari fyrirhuguðu brtt.: „Náist ekki samkomulag um framkvæmd slíkra aðgerða getur umhverfisráð-

herra vísað málinu til úrskurðar forsætisráðherra" segir hér orðrétt, með leyfi forseta.

Vil ég nú spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að slíkt fyrirkomulag mundi einfalda málin frá því sem nú er þegar um þrjá aðila er að ræða eða í raun fjóra, tillagan á upphaflega að koma frá Náttúruverndarráði. Ég vil spyrja forsrh. hvort hann trúi því í raun að þetta muni verða til þess að einfalda málin frá því sem nú er og hvaða sess hann hafi hugsað sér að þetta umhverfisráðuneyti hafi í framtíðinni. Eðli málsins samkvæmt á umhverfisráðherra og ráðuneyti hans, umhverfisráðuneytið fyrst og fremst, ráðherrarnir koma og fara, en í umhverfisráðuneytinu þarf að byggja upp sterka fagþekkingu og það á að hafa mjög sterka stöðu. Eins og málin eru hér lögð fram þarf einn að ganga með betlistafinn til annars og þeir enda síðan með ágreiningsmál sín hjá forsrh. Ekki veit ég hvað hann ætlar að leggja til grundvallar dómum sínum þegar þar að kemur, hvorum aðilanum beri að hlýða í þessu tilviki. Ég hefði haldið að umhverfisráðuneyti ætti að hafa þá fagþekkingu sem til þarf til að grípa inn í og það er nauðsynlegt að það skipi þann sess að það geti ráðið einhverju um framgang mála.

Ég vil í tilefni af þessu vitna í grein úr DV frá 30. nóv. sl. sem Kristín Halldórsdóttir, starfskona Kvennalistans, hefur skrifað og fjallar um umhverfismálin þar sem hún lýsir áhyggjum sínum af því hvaða sess hið fyrirhugaða ráðuneyti muni fá í stjórnkerfinu. Ég les hér örlítið brot úr grein hennar, með leyfi forseta:

„Við eigum enn langa leið að því marki að geta verið öðrum til fyrirmyndar. Engin ástæða er þó til þess að mikla fyrir sér erfiðleikana heldur skilgreina vandann og hefjast handa af myndarskap svo að orð Bretanna geti orðið að áhrínsorðum. Náttúra landsins og lega þess á jarðarkringlunni leggja okkur allt upp í hendurnar. Við þurfum aðeins að nota vit okkar og þekkingu. Fyrsta skrefið og það stærsta og mikilvægasta er því að auka við okkar þekkingu. Sem betur fer virðist kandídat ríkisstjórnarinnar í embætti umhverfisráðherra hafa gert sér einhverja grein fyrir mikilvægi umhverfisfræðslu, hefur e.t.v. kynnt sér tillögu Kvennalistans um það efni sem samþykkt var fyrir ári á Alþingi. Við hljótum að vona að hann verði þá til þess að hrinda henni í framkvæmd. Aðrir hafa víst ekki gert það enn þá.

Hitt er öllu verra að hvorki fyrrnefndur kandídat né aðrir ráðherrar virðast skilja algera nauðsyn þess að umhverfisráðuneyti fái það vægi sem gerir því kleift að snúa vörn í sókn. Þetta marka ég m.a. af orðum kandídatsins á fundi Landverndar nýlega. Þar leyfði ég mér að minna á margþætt hlutverk hans í núverandi ríkisstjórn þar sem hann hefur m.a. það verkefni að móta atvinnustefnu næstu ára hér á landi og benti á þau augljósu sannindi að sjónarmið atvinnurekstrar og umhverfisverndar rekast oft á.

Í framhaldi af því beindi ég til hans þeirri samviskuspurningu með hverjum hann mundi standa þegar slíkir árekstrar yrðu. Svarið var dæmigert loðmullusvar stjórnmálamanns um bil beggja og annað eftir því. Þessi afstaða vekur ugg. Það er mín skoðun að umhverfisráðuneytið þurfi að hafa sama vægi og *fjmrn. og eigi að geta sett stólinn fyrir dyrnar ef* umhverfinu er ógnað. Annars nær það ekki tilgangi sínum.

Það er verulegt áhyggjuefni hversu kærulausir og ábyrgðarlausir ráðamenn eru gagnvart umhverfismálum. Þeir fjalla um þau líkt og tískufyrirbrigði og af álíka mikilli alvöru og þekkingu eins og menninguna eða húsmóðurhlutverkið. Þeir verða að fara að skilja að við erum í miðri þriðju heimsstyrjöldinni eða jafnvel síðari hluta hennar, styrjöld mannsins við náttúruna. Það er okkar tap og þó fyrst og fremst afkomenda okkar ef við stöndum ekki með móður jörð."

Ég vil gera að sérstöku umræðuefni þetta atriði með þann sess sem umhverfisráðuneytið verður að geta skipað ef það á að hafa burði til þess að taka á þeim málum sem eru nú brýnust og blasa við okkur um landið allt.

Varðandi þá tillögu sem kynnt var í allshn. Nd. í morgun minni ég á að í grg. með því frv. sem við *fjöllum um hér kemur fram að nefndin sem vann bæði* frv. klofnaði í tvennt í afstöðu sinni til málefna Landgræðslu og Skógræktar ríkisins, þ.e. þess hvar þessar stofnanir skyldu staðsettar innan stjórnsýslunnar. Fulltrúi Kvennalistans fyllir þann hóp innan nefndarinnar sem er þeirrar skoðunar að Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins eigi að flytja til umhverfisráðuneytis, þó með þeim hætti að landbrn. fari áfram með mál er varða ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum. Ég vil reyndar benda á að þetta virðist nú vera það mál sem veldur mestum ágreiningi og verð enn og aftur að lýsa yfir furðu minni á þeirri niðurstöðu sem kynnt var í morgun í hv. allshn. Nd. Nú veit ég ekki hvort hún er endanleg en alla vega fengu fundarmenn þessa tillögu til skoðunar, væntanlega þá með sínum þingflokkum á þingflokksfundum í dag.

Eins og ég minntist á virðast málefni, eða staðsetning öllu heldur, Landgræðslu og Skógræktar ríkisins vera þau mál sem hvað umdeildust eru og það hefði *getað virst svo sem þar væri algjör eining um að* þessar tvær stofnanir ættu og vildu vera áfram innan landbrn. Það kom reyndar í ljós á síðasta fundi okkar í nefndinni um þetta mál að umsögn Skógræktar ríkisins var ekki fyrir hönd allrar stofnunarinnar. Þar er starfandi rannsóknastöð sem er nokkuð sjálfstæð stofnun innan Skógræktar ríkisins. Það voru e.t.v. einhver mistök að sú stöð fékk ekki sérstaka beiðni um að senda inn umsögn, því að þótt hún sé deild innan Skógræktar ríkisins starfar hún sjálfstætt og hefur sjálfstæðan fjárhag.

Fulltrúi rannsóknastöðvarinnar, Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður þeirrar stofnunar, tjáði okkur að þeir sem ynnu í rannsóknastöðinni hefðu um þetta aðrar hugmyndir. Þar eru starfandi 15 starfsmenn, 25 þegar mest er, en þar af eru átta háskólamenntaðir náttúrufræðingar. Hann telur að það sé sjálfgefið að Landgræðslan, rannsóknastöðin

og gróðurnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins ættu að fara saman og þá inn í umhverfisráðuneyti þannig að þar komi í raun og veru nýr flötur upp á því. Við trúðum e.t.v. að það væri algjör eining innan Skógræktar ríkisins. Hann benti á að e.t.v. hefði orðið minna úr því að þessar deildir, þar sem þær starfa dreifðar, eins og t.d. gróðurnýtingardeild RALA sem er lítil deild, hefðu getað náð að blómstra innan þeirra stóru stofnana þar sem þær eru staðsettar, en gróðurnýtingardeildin hefur starfað frá árinu 1961. Þessi viðmælandi okkar, forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, taldi mjög brýna nauðsyn bera til að sameina kraftana en dreifa þeim ekki á þær stofnanir eins og nú er gert. Hann lýsti sig jafnframt algjörlega andvígan því að stofnað verði umhverfisráðuneyti án þess að fyrir liggi hvaða verkefni það muni hafa. Og hann benti á nokkuð sem ég held að sé okkur verðugt umhugsunarefni en það er sá óróa og sú upplausn sem slíkt gæti valdið innan þeirra stofnana sem á að fara að flytja til eða jafnvel kljúfa. Það verður að liggja fyrir um leið og umhverfisráðuneytið verður stofnað hverjir eiga að hefja störf undir umsjón þess. Hann benti reyndar líka á að aukið sjálfstæði stofnunarinnar á Mógilsá hafi farið að skila árangri hin seinni ár og í sinni munnlegu umsögn sem hann gaf okkur í gær á fundi nefndarinnar telur hann sig tala fyrir 40% fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins þannig að e.t.v. er sitthvað fleira sem þarfnast nánari athugunar, atriði sem okkur hefur sést yfir þar sem við höfum formlega séð ekki verið að fjalla um seinna frv. en við teljum okkur þó eins og fram hefur komið hafa fjallað um alla helstu megindrætti í því.

Eins og virðulegur forseti veit manna best eftir störf okkar í allshn. Ed. síðustu dagana getum við ekki staðið hér, ekki núna frekar en í störfum nefndarinnar, og fjallað um annan þáttinn án þess að hitt fléttist inn í, svo samtvinnað er þetta tvennt. Um leið vil ég samt undirstrika og benda á að það hefur að sjálfsögðu leitt til þess að við höfum flýtt fyrir störfum nefndarinnar og erum í raun búin að kynna okkur allar þær mismunandi skoðanir og sjónarmið sem uppi eru varðandi tilflutning verkefna frá öðrum ráðuneytum til hins fyrirhugaða umhverfisráðuneytis. Eins og ég gat um fyrr í máli mínu fluttu kvennalistakonur till. til þál. á síðasta þingi þar sem við lögðum fram okkar hugmyndir um það hvernig við vildum sjá þessum málum borgið. Sú tillaga er á þskj. 159 frá þinginu í fyrra og ætla ég að lesa hana hér, með leyfi forseta. Í tillgr. segir:

„Alþingi ályktar að stofnað verði sérstakt ráðuneyti umhverfismála sem fari með: a) rannsóknir og stjórn náttúruauðlinda, b) náttúruvernd, c) umhverfisfræðslu, d) skipulagsmál, e) mengunarvarnir og f) alþjóðleg samskipti um umhverfismál.

Undir þetta ráðuneyti verði fluttar stofnanir eða deildir sem nú starfa á þessum sviðum undir stjórn ýmissa ráðuneyta. Stefnt skal að setningu löggjafar um yfirstjórn umhverfismála fyrir lok yfirstandandi þings."

Eins og fram hefur komið og kom reyndar fram strax við 1. umr. hefur hver atrennan af annarri verið gerð í þá veru að samræma og skipuleggja stjórn umhverfismála en allt komið fyrir ekki.

Það mun hafa verið fyrst árið 1975 sem fyrsta frv. var samið og fyrir þá ríkisstjórn sem tók við árið 1987 var samið séstakt frv. sem var ekki flutt þegar upp úr því samstarfi sauð. Það frv. var flutt síðar, þ.e. á síðasta þingi, af þingmönnum Sjálfstfl., örlítið breytt reyndar. Það hafa í raun verið samin a.m.k. fjögur heildstæð frv. um yfirstjórn umhverfismála en aðeins tvö hafa verið lögð fram á Alþingi og annað reyndar oftar en einu sinni.

Ástæðan fyrir því að hvorki gengur né rekur í þessum efnum er sú að skoðanir eru skiptar og við komumst svo sannarlega að því í starfi okkar í allshn. Ed. Menn eru ekki sammála um hvernig standa beri að framkvæmd málsins og þau skref sem menn eru tilbúnir að taka eru svo feikilega misstór eða jafnvel mislítil. Það er reyndar skoðun okkar kvennalistakvenna — það var skoðun okkar, og er enn, þegar við fluttum þessa tillögu — að tregðan sé ekki fyrst og fremst hjá stjórnmálamönnunum, heldur ekki síst í kerfinu sjálfu, eins og við köllum okkar stjórnsýslu gjarnan daglega. Það er kannski ekki síst fyrir það að menn telja sig vita hvað þeir hafa þar sem þeir eru núna, en mér heyrist reyndar á þeim að flestir hafi allt of lítið fjármagn til sinna verkefna. Það hefur staðið þessum málum fyrir þrifum í mörg undanfarin ár að um leið og áhugi manna hefur vaknað fyrir umhverfismálum hafa þeir samt ekki verið reiðubúnir til að leggja meira fé til þeirra. Umhverfismál eru núna í átta ráðuneytum og þó að flestir okkar viðmælenda viðurkenni svo sannarlega óhagræði þess, þá er tregðulögmálið ótrúlega seigt og virkt. Sem dæmi má nefna mengunarmálin. Nú er unnið að mengunarvörnum hjá mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins, Geislavörnum ríkisins og eiturefnanefnd sem heyra undir heilbrrn. og hjá Siglingamálastofnun sem heyrir undir samgrn. Þær heyra reyndar einnig undir utanrrn. sem hefur með að gera mengun frá hernum.

Þegar sett voru lög um varnir gegn mengun sjávar árið 1986 reyndu kvennalistakonur að sannfæra þingheim um gildi þess að nýta það tækifæri til að samræma stjórnun mengunarvarna og færa undir einn hatt, þ.e. mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins. Bent var á það þá að það væri e.t.v. fyrsta og eitt mikilvægasta skrefið í átt til þeirrar samræmingar í stjórn umhverfismála sem koma skyldi. Á það vildi þingheimur því miður ekki fallast svo að enn eru varnir gegn mengun sjávar hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Ég vil benda á það hér um leið að ef herinn skyldi menga vatn á einhverri heiðinni okkar, og það hefur legið við og jafnvel gerst, og mengunin bærist þaðan út í á og áfram út í sjó kynni það að koma til kasta a.m.k. þriggja ráðuneyta, þ.e. utanrrn., heilbrrn. og samgrn. Það er að sjálfsögðu ekkert vit í þessu. Þetta eru menn sem betur fer sem óðast að viðurkenna, en það er nú einu sinni svo með íhaldssemina, hún ríður ekki við einteyming.

Í nál. því sem ég las upp hér áðan kom fram, og ég

undirstrika það, að við höfum mikla fyrirvara, kvennalistakonur, á þessari stundu við frv. sem er til umfjöllunar í Nd. þar sem ekki er ljóst hvaða brtt. verða þar fluttar og ekki líst okkur á þessa tillögu sem kynnt hefur verið í nefndinni. Samt sem áður undirstrika ég það að við höfum alveg frá upphafi verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála og sú skoðun hefur reyndar komið margoft fram og var m.a. einn af áherslupunktunum í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem við tókum þátt í sumarið 1987.

Í þáltill. sem Kvennalistinn lagði fram á síðasta þingi voru lagðar til nokkuð róttækar breytingar en þær gerðu reyndar alls ekki ráð fyrir nýju bákni eins og þeir sem eru á móti stofnun umhverfisráðuneytis kjósa gjarnan að kalla það. Við gerðum okkur auðvitað ljóst að við lögðum til miklar breytingar á stjórnsýslunni sem kölluðu á enn frekari uppstokkun. Það hefur t.d. verið rætt í röðum kvennalistakvenna að stokka upp ráðuneytin og jafnvel hefur þeirri hugmynd verið komið á framfæri innan okkar raða að sameina beri atvinnumálaráðuneytin þrjú í eitt atvinnumálaráðuneyti. Það væri að okkar mati að mörgu leyti eðlileg skipan, en við hefðum talið að þurft hefði að stíga þetta skref, stofnun umhverfisráðuneytis, af fullri dirfsku eftir sem áður og ekki síður fyrir það.

Það hefur reyndar komið fram á fundum allshn. að fyrir liggja hugmyndir frá stjórnskipaðri nefnd um uppstokkun ráðuneyta og heilmiklar breytingar að því er mér skilst á skipulagi ráðuneyta. Það er auðvitað fremur óþægilegt fyrir okkur í þessari umræðu að hafa aldrei barið þær augum. Það hefði verið betra fyrir okkur að öllu leyti, og reyndar vil ég láta þess getið að ég hefði talið að um svo stórt mál hefði verið viturlegra að hafa fulltrúa allra stjórnmálaflokka með vegna þess að við sjáum hvað stofnun eins ráðuneytis er greinilega mikið ágreiningsmál. Þær hugmyndir sem hafa komið fram um sameiningu og stækkun og fækkun ráðuneyta eiga sennilega eftir að vekja upp margar spurningar. Mér segir svo hugur um að það verði margir sem hafa mismunandi skoðanir á því, en það hefði auðvitað verið mjög þægilegt fyrir okkur að sjá hvað stjórnvöld hefðu í hyggju varðandi það mál. Við fengum reyndar upplýsingar um það frá ýmsum sem komu inn á fundina, t.d. ráðuneytisstjórum, sem höfðu haft slíkar hugmyndir til umfjöllunar og umsagnar innan sinna raða. Burt séð frá því vil ég ekki draga úr þeirri áherslu sem við höfum lagt á raunverulegt umhverfisráðuneyti og ég get reyndar tekið undir með ráðuneytisstjóra félmrn., Berglindi Ásgeirsdóttur, sem var einn af gestum okkar á síðasta fundi nefndarinnar, en hún sagði að þrátt fyrir þessa fyrirhuguðu uppstokkun, hvort sem af henni verður eða ekki, hafi hún metið það svo að auðvitað þyrfti að samræma umhverfismálin. Hún taldi það vega þyngra en hugmyndir um stækkun og fækkun og ég get tekið undir það með henni. Auðvitað hefði samt eftir sem áður verið mjög gott fyrir okkur, þar sem við erum að fjalla um breytingar á Stjórnarráði Íslands, að hafa þær hugmyndir við höndina.

Það eru allir sammála um þá samræmingu sem þörf er á, en þó að við viljum ekki byggja upp nýtt og meira bákn verðum við samt sem áður auðvitað að gera okkur grein fyrir að það kostar nokkurt fé að gera það átak sem þörf er á í umhverfismálum. Hingað til hefur allt of lítil áhersla verið lögð á þau verðmæti sem hreint umhverfi er fyrir okkur þegar fjárveitingar eru ákveðnar. Vil ég í því sambandi minna á vaxandi fjölda ferðamanna sem fara um landið. Bæði hefur það færst í vöxt á undanförnum árum, sem betur fer, að Íslendingar ferðast um eigið land en fjöldi erlendra ferðamanna hefur einnig vaxið mjög mikið og á síðasta ári er talið að hingað hafi komið 113 þúsund erlendir ferðamenn. Allflestir sem hingað koma koma í þeim tilgangi að njóta hinnar fögru náttúru landsins sem er gjarnan auglýst sem hrein og ómenguð. En hvernig skyldi ástandið vera þegar umferðin er mest og hvernig lítur landið út þegar háannatíminn í ferðaþjónustunni er um garð genginn?

Á ráðstefnu Ferðamálaráðs um síðustu helgi, sem haldin var á Egilsstöðum, var mikið fjallað um umhverfismál. Þeim spurningum var jafnvel varpað fram hvort nú væri svo komið að ástæða væri til að takmarka aðgang fólks að ákveðnum svæðum, hvort ástæða væri til að loka einstaka svæðum algjörlega fyrir umferð ferðamanna, hvort ástæða væri til að hafa sérstaka ítölu eins og gert er með sauðkindina. Ég held að svör við þessum spurningum hljóti að þurfa að koma til kasta fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis. En það var óvenjumikið rætt um þörfina á að vernda umhverfið og mér sýnist að menn séu sem óðast að skilja að umhverfisvernd og ferðaþjónusta eru greinar sem gætu stutt hvor aðra eins og umhverfisvernd og önnur landnýting, hvort sem er landbúnaður eða eitthvað annað, allt þetta styður hvað annað. Vissulega þarf víða að bæta og laga umhverfið en slíkt væri auðvitað besta auglýsingin sem atvinnugreinin, ferðaþjónustan, á völ á og það er nú einu sinni svo að öll okkar umræða um atvinnumál nú um stundir beinist einmitt mjög að ferðaþjónustunni. Það er ekki undarlegt þar sem tölur sýna nú að á síðasta ári hafi ferðaþjónustan skilað okkur 6% af heildargjaldeyristekjum okkar, 9–10 milljörðum.

Varðandi ferðamálin vil ég reyndar einnig minna á tillögu sem flutt var af kvennalistakonum og samþykkt sem ályktun Alþingis um úrbætur í ferðamálum. Það var árið 1986 sem samgrh. var falið að láta gera úttekt á ferðaþjónustu í landinu og tillögur til úrbóta. Eins og fram kom í greinargerðinni og umræðum var tilgangurinn fyrst og fremst sá að auðvelda fólki að ferðast um landið og skoða það og njóta þess án þess að vinna á því spjöll. En það verður því miður að segjast að ekki hefur þess verið gætt sem skyldi að hlífa okkar dýrmætu auðlindum úti í náttúrunni við óhóflegum ágangi og þess vegna eru þær nú margar í hættu. Nægir þar að nefna staði eins og Dimmuborgir, Landmannalaugar, Þórsmörk og jafn-

vel fleiri. Ekki mun ástandið við Gullfoss og Geysi vera sérlega björgulegt þegar verst lætur. Því miður hefur þessi ályktun aðeins verið framkvæmd að hluta til. Fé hefur skort til þess að bæta þar úr svo sem þörf er á.

Í þeirri miklu umræðu sem farið hefur fram um stofnun umhverfisráðuneytis og hugmyndir manna um umhverfismál hefur oftlega borið á góma skýrsluna sem ber heitið „Sameiginleg framtíð okkar" en er gjarnan kennd við Gro Harlem Brundtland þar sem hún var formaður þeirrar nefndar sem vann skýrsluna. Svo virðist sem nokkurs misskilnings gæti þegar rætt er um þær hugmyndir sem fram komu í skýrslunni um skipan umhverfismála. Einhvern veginn hefur sú hugmynd komist á kreik að Brundtland-skýrslan mæli ekki með stofnun sérstakra umhverfisráðuneyta, en þeir sem lesið hafa skýrsluna frá orði til orðs vita auðvitað að svo er alls ekki. Hins vegar er lögð á það rík áhersla að þrátt fyrir stofnun umhverfisráðuneyta breytist ábyrgð hinna ýmsu atvinnugreina á athöfnum sínum alls ekki. Hins vegar skiptir öllu máli að umhverfisráðuneyti hafi svo mikið vægi að það geti sett stólinn fyrir dyrnar sé umhverfinu ógnað og þar kem ég aftur að greininni úr DV frá því í nóvember sl. þar sem Kristín Halldórsdóttir fjallaði um stöðu og sess þess umhverfisráðuneytis sem hér yrði stofnað og hugmyndir okkar kvennalistakvenna um það hvers konar stöðu það ætti að hafa innan stjórnkerfisins.

Brundtland-skýrslan fjallar um umhverfismálin vítt og breitt. Þar er lögð mikil áhersla á nauðsyn þess að tengja umhverfisvernd, nýtingu náttúruauðlinda og þróunarmál í þriðja heiminum og það eru e.t.v. mál sem við ræðum ekki allt of oft um hér, hvernig gengið er á þær auðlindir sem þriðji heimurinn byggir afkomu sína á. Eins og vænta má í svo vandaðri skýrslu sem Brundtland-skýrslan er er mikil áhersla lögð á framsýni í stað þess að láta stundarhagsmuni ráða för. Það hefur verið allt of áberandi að við höfum talið okkur geta gengið á auðlindir jarðar og sú hugmynd virðist hafa verið mjög sterk meðal okkar lengi vel að þær séu óþrjótandi.

Ein af þeim spurningum sem ég hefði viljað beina til hæstv. forsrh. varðar Brundtland-skýrsluna. — Ætli hæstv. forsrh. sé hér? (**Forseti:** Ég hef óskað eftir að forsrh. verði látinn vita.) Brundtland-skýrslan hefur verið mjög rædd í allri þessari umræðu um umhverfisráðuneyti og þar kemur margt fram sem getur reynst okkur gott veganesti þegar við höfum fengið hér ráðuneyti sem hefur raunveruleg verkefni. — Ég var að minnast hér á Brundtland-skýrsluna og hvernig hún hefur verið meðhöndluð af íslenskum stjórnvöldum. Það er auðvitað spurning nú, þegar e.t.v. hillir undir stofnun umhverfisráðuneytis á Íslandi, hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur um aðgerðir tengdar Brundtland-skýrslunni og hvernig ríkisstjórnin hefur til þessa fjallað um þá skýrslu. Mér er kunnugt um að á Norðurlöndunum hefur skýrsla þessi verið mikið notuð til stefnumótunar til framtíðar. T.d. er nú í Noregi unnið að endurmati umhverfismálastefnu á grundvelli skýrslunnar og þar verður þýðing umhverfisráðuneytisins enn meiri eftir þá endurskoðun sem nú fer fram á starfssviði umhverfisráðuneytisins norska. Mun ráðuneytinu ætlað að hafa með höndum yfirstjórn umhverfismála og ráðgjöf og eftirlit gagnvart öðrum ráðuneytum að því er varðar umhverfissviðið. Þá vil ég einnig benda á bók sem danska ríkisstjórnin hefur gefið út og er framkvæmdaáætlun til næstu ára um það hvað dönsk stjórnvöld hugsa sér að gera til þess að fylgja eftir þessari skýrslu. Í formála með skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir bágan efnahag í Danmörku um þessar mundir sjá menn sér ekki lengur fært að hunsa umhverfismálin og langtímasjónarmiðin og hafa því ráðist í að setja upp slíka áætlun. Af því tilefni vil ég endurtaka spurningu mína: Hvað er á prjónunum í þeim efnum hjá íslensku ríkisstjórninni? Með hvaða hætti mun hún nýta sér það efni, sem er að finna í Brundtland-skýrslunni, til þess að vinna að umhverfismálum og hvernig hefur hún verið notuð hingað til?

Það er mikið talað um langtímasjónarmið. Við höfum hingað til, jarðarbúar, gengið þvert á öll lögmál náttúrunnar á leið okkar til þess að ná hámarks skammtímagróða. Við höfum hvorki tekið tillit til hagsmuna heildarinnar, jarðar né framtíðar. Þeir sem vilja bjarga umhverfinu hafa þó fyrir löngu gert sér grein fyrir að okkur er aðeins leyfilegt að taka vextina en okkur ber að láta höfuðstólinn óskertan til þess að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir. Helst ætti það auðvitað að vera metnaðarmál okkar að skila landinu í betra ásigkomulagi en þegar við tókum við því. Það má hins vegar minna á að talið er að gróið land hafi verið tvisvar til þrisvar sinnum meira við upphaf landnáms en nú er. (**Gripið fram í:** Farðu nú gætilega með þessar tölur.) Ég fer gætilega með þær, hv. þm. (**Gripið fram í:** Þetta veit enginn maður.) Það veit það auðvitað enginn maður en ýmsar jarðabækur liggja fyrir og ferðabækur með lýsingum á landinu. Ég held að það sé enginn sem ekki viðurkennir það að gróðureyðing og fok er stærsta umhverfisvandamálið sem við stöndum frammi fyrir og þess vegna hlýtur það að vera mjög mikilvægt þegar við tökum það skref að stofna ráðuneyti umhverfismála að við snúum okkur af öllu afli — veit ég að vel hefur verið gert undanfarin ár og allir hafa reynt að gera eftir bestu getu, en það þarf í raun að gera alveg sérstakt átak sem væri að mínu mati vel komið í höndum umhverfisráðuneytis þar sem fagleg þekking væri fyrir hendi og reynsla þeirra sem nú vinna í þessum málum.

Ég vil aðeins minna aftur á umhverfisfræðsluna. Hún er mikilvægur þáttur í umhverfismálum. Hún beinist að því að auka skilning og um leið virðingu fyrir náttúrunni og áhuga á verndun hennar. Sá áhugi er e.t.v. harla lítill hérlendis. Það þarf að stórefla fræðslu, ekki síst með tilliti til þess að nú er mjög stór hluti þjóðarinnar orðinn borgarbúar. Það eru eflaust mjög mörg íslensk börn að alast upp núna sem eiga enga ættingja sem þeir heimsækja utan höfuðborgar-

innar. En eins og ég sagði áðan: Sem betur fer hefur fólk aukið ferðalög sín um landið, en það er ekki nóg. Það þarf að efla slíka fræðslu og hvetja til ferðalaga innan lands. Ég vil t.d. nefna eina ábendingu sem fram kom á ferðamálaráðstefnunni um síðustu helgi, það eru ferðalög skólabarna. Það færist nú í vöxt að skólabörn fari í ferðalög til útlanda, bæði eftir að 9. bekk lýkur og svo gjarnan til annarra heimsálfa að loknu stúdentsprófi. Það var ein af þeim tillögum og hugmyndum sem ræddar voru, hvort ekki væri ástæða til að hvetja til þess að skólaferðalög, alla vega barna á skólaskyldualdri, skyldu einungis vera innan lands. Það er auðvitað mjög góður vettvangur þegar börnin fara með kennurum sínum í slík ferðalög að tengja þau við náttúruna og fræða þau um öll helstu fyrirbærin í náttúrunni og hvernig okkur ber að umgangast hana. Það getur einmitt opnað augu þeirra fyrir þeim verðmætum sem felast í því að komast út í óspillta náttúru og mun eflaust auka ánægju þeirra af útivist síðar meir og bæta umgengni þeirra við landið. Eins og ég gat um áðan komu á ferðamálaráðstefnunni á Egilsstöðum fram nokkrar áhyggjur af því hvernig væri gengið um landið og hversu mikill sá fjöldi er sem gengur nú eftirlitslaust um landið. Það þarf auðvitað líka að taka á því skipulagsleysi og óstjórn sem hefur verið í ferðamálum að undanförnu þannig að sumir af fegurstu stöðum landsins eru í hættu vegna ógætilegrar umferðar og átroðnings.

Áður en ég lýk máli mínu, virðulegur forseti, get ég ekki látið hjá líða að minnast á starf okkar í nefndinni. Við fengum, eins og fram kom í nál. meiri hl., fjölmarga aðila til viðræðna við okkur. Kannski hefðu þeir þurft að vera fleiri eins og ég minntist á áðan. Kannski hefur okkur yfirsést í einhverjum atriðum, en það kemur þá í ljós þegar við fáum seinna málið til umfjöllunar. Ég hlýt hins vegar að harma það að málið skyldi vera afgreitt út úr nefndinni með þeim hætti sem gert var. Ég hef ekki setið lengi hér á hinu háa Alþingi en ég hef aldrei orðið vör við slík vinnubrögð. Að slíkt væri gert á þann hátt sem staðið var að málum í gær.

Við í minni hl. nefndarinnar lýstum okkur reiðubúin til að afgreiða seinna málið hratt þegar þar að kæmi því við vorum í öllum aðalatriðum búin að fjalla um efni þess. Við höfum beðið í a.m.k. 12 ár ef ekki lengur eftir því að frv. um samræmda stjórn uhverfismála yrði afgreitt hér á þinginu. Örugglega hefði þurft að huga að þeim málum fyrr eins og flestar aðrar þjóðir hafa gert. Við erum búin að bíða í 12 ár, við þyrftum kannski að bíða í tvær vikur enn til þess að geta afgreitt þessi mál saman út úr þessari hv. deild og staðið að því með þeim hætti sem við sjálf gætum verið ánægð með. Þetta er virðingarleysi við störf okkar hér og þetta er ekki síst virðingarleysi við alþjóð sem horfir upp á slík vinnubrögð, að hér er verið að stofna nýtt ráðuneyti. Enginn veit hvað það á að gera, það hefur komið fram að það mun skapa réttaróvissu ef ekki eru nein lög um hvaða verkefni eiga að vera í þess umsjá. Það er hægt að búa til einhverjar reglugerðir um eitthvert fræðsluhlutverk og alþjóðleg samskipti. Ég get ekki betur séð en að þau samskipti séu tryggð hér með bréfi hæstv. forsrh. frá því í september í haust og vil reyndar endurtaka og ítreka spurningu mína til hans frá því áðan. Ég hlýt auðvitað líka að spyrja að lokum, eftir þessa tólf ára bið a.m.k. eftir stofnun umhverfisráðuneytis: Hvers vegna má ekki bíða í tvær vikur enn? Við höfum lýst því yfir í nefndinni að við gætum afgreitt þetta mjög hratt þegar við fáum það formlega í hendurnar. Strandar á einhverju í neðri deild nú? Og ég endurtek enn og aftur: Hvaða máli skipta tvær vikur á tólf árum?

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Ég ætla að hefja mál mitt á því að fara yfir nál., með leyfi hæstv. forseta:

Nefndin hefur haft frv. til umfjöllunar. Eins og fram kemur og upp er talið á nál. meiri hl. allshn. komu fjölmargir aðilar til viðræðna um efni frv., auk þess sem nefndin hafði til athugunar þær umsagnir sem bárust neðri deild.

Annar minni hl. harmar að málið hafi verið tekið út úr nefndinni á meðan fylgifrumvarp þess, 128. mál, er enn til umfjöllunar í allshn. neðri deildar. Fylgifrumvarpið kveður á um þær lagabreytingar sem gera þarf svo að unnt sé að færa hin ýmsu verkefni undir umhverfisráðuneyti. Þessi tvö frv. verða því ekki aðskilin, enda hefur það endurspeglast í viðræðum við þá aðila sem komu á fund nefndarinnar.

Umhverfismálin eru flókin og samofin flestum málaflokkum, heyra undir átta ráðuneyti. Það er því brýnt að færa þau undir samræmda yfirstjórn. Vísast í þeim efnum til nál. minni hl. allshn. neðri deildar, þ.e. álit okkar sem undirritum þetta nál. er samhljóða því.

Á sama tíma og vitað er að í undirbúningi er að fækka ráðuneytum og samræma þau skýtur það skökku við að stofna nýtt ráðuneyti og það án þess að fyrir liggi hvaða verkefni eigi að tilheyra því.

Annar minni hl. allshn. telur að farsælla hefði verið að meiri hl. nefndarinnar hefði gefið sér tíma til að vinna þannig að málinu að beðið hefði verið eftir fylgifrumvarpinu, 128. máli, og breið samstaða hefði getað náðst um það. Þannig hefði afgreiðsla málsins orðið með meiri reisn en felst í því að beita minni hl. nefndarinnar ofríki og keyra þetta frv. í gegnum þingið án fylgifrumvarpsins sem er meginþáttur málsins.

Þetta frv. fjallar um nafnið tómt en ekki verkefni. Við leggjum því til að frv. verði fellt.

Undir þetta nál. skrifa Salome Þorkelsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Ég tók eftir því að frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv., gat um það að ekkert mál hefði fengið jafnvandaða meðferð og mikla umfjöllun og þetta mál hér á hv. Alþingi. Ég tel að það sé mikið of sagt í

þeim orðum vegna þess að hér er um svo viðamikið mál að ræða að ég held að það hafi sjaldan gerst að slíkt mál fengi jafnlitla umfjöllun á Alþingi og einmitt þetta mál. Þá hef ég auðvitað fyrst í huga það hvernig að þessu máli hefur verið staðið, þegar aðeins helmingur eða fyrri hluti málsins er tekinn hér til afgreiðslu og á að keyra hann hér út úr þinginu án þess að meginhlutinn, fylgifrumvarpið, sé afgreitt samhliða.

Það kom vel fram í máli hv. 6. þm. Vesturl. að þetta mál fékk meiri umfjöllun í nefndinni en meiri hl. nefndarinnar hafði óskað eftir og var það besta sönnun þess að það er ekki hægt að afgreiða þetta frv. öðruvísi en að fjalla um verkefnin sem hugsað er að eigi að flytjast undir þetta ráðuneyti þegar og ef það verður sett á laggirnar.

Það eru auðvitað skiptar skoðanir nú sem fyrr um verkefnaflutninginn. Það kom vel fram í máli þeirra sem komu til viðræðna við nefndina. Og það var nokkuð áberandi hjá ýmsum þeim sem komu til viðtals að þeim þótti óþægilegt að þurfa að ræða um þetta frv. ef þeir mættu ekki ræða um fylgifrumvarpið jafnhliða. Þess vegna kom það eins og af sjálfu sér að það var ekki gert og það var ekki hægt að ræða þessi mál öðruvísi en að taka þau bæði fyrir. Ég man ekki eftir einum einasta viðmælanda nefndarinnar sem ekki kom inn á 128. mál, þ.e. fylgifrumvarpið. Það voru hins vegar ýmsir sem hófu mál sitt á því að segja: „Það sem ég segi hér segi ég þar sem ég geng út frá því að það eigi að stofna þetta ráðuneyti." Menn vildu ekki tjá sig um viðhorfið til þess hluta málsins, gengu út frá því að það væri búið að ákveða það og allt bendir nú til þess að svo verði. Það er því ekki undarlegt þó að minni hl. nefndarinnar, sem hefur talið nauðsynlegt að fjalla um þessi tvö frv. samhliða, ræða þau samhliða og afgreiða þau samhliða, sé ekki sáttur við afgreiðslu málsins eins og málum er nú háttað.

Ég vil taka það strax fram að það var ágæt samvinna í sjálfu sér innan nefndarinnar og ástæða er til að þakka fyrir það vegna þess að formaður nefndarinnar hafði skilning á því að það var ekki hægt að ræða þessi mál öðruvísi en að taka þau bæði samhliða. Og mér er ekki grunlaust um að hann sé þeirrar skoðunar að það sé eðlilegasti gangur málsins, að þau væru bæði afgreidd hér nú á þessari stundu en ekki verið með þessi gönuhlaup að afgreiða frv. sem aðeins hljóðar upp á eitt orð, orðið tómt.

Það er því ekki undarlegt þó að ýmsar spurningar séu í huga okkar þegar við erum komin hér til 2. umr. að fjalla um brot af þessu máli, 129. mál, á meðan 128. málið ætti frekar að vera hér á undan til umfjöllunar vegna þess að við getum ekki skilið hvers konar flýtir er á ferðinni. Og nú vildi ég biðja um að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur, hæstv. forseti, því að ég ætlaði að leggja hér fyrir hann eina mikilvæga spurningu, og kannski tvær, áður en ég held lengra áfram með mál mitt. — Ég ætla aðeins að skjóta hér einni stuttri spurningu inn til hæstv. forsrh. áður en ég held áfram, þakka honum fyrir að koma hér aftur inn í salinn, og það er þessi brennandi spurning: Hvers vegna liggur svona á að afgreiða þetta mál í þessari viku? Hvers vegna má ekki bíða eftir fylgifrumvarpinu og afgreiða bæði málin héðan úr deildinni samtímis? Hvers vegna, þegar búið er að bíða í tólf ár, eins og hv. 6. þm. Vesturl. benti réttilega á, getum við þá ekki beðið í tvær vikur? Þetta er brennandi spurning sem væri mjög þarft að fá svar við hjá hæstv. forsrh. Ég vil benda á að það er ekki nærri komið að þinglausnum og ég hefði talið það mjög vel við hæfi að ljúka þessu þingi í vor með því að afgreiða svona merkilegt og mikilvægt mál sem allir þingmenn eru sammála um að þurfi að fá góða umfjöllun og hafa áhuga á að fái sem besta afgreiðslu.

Nú þurfti hv. 5. þm. Reykv. að skjótast fram. Hann er talsmaður meiri hl. allshn. svo það er nú kannski óheppilegt að hann sé ekki hérna við þessa umræðu, hæstv. forseti. Annars er það dálítið athyglisvert hvað hæstv. hagstofuráðherra hefur lítinn áhuga á þessu máli því að hann virðist ekki heldur mega vera að því að sitja hér inni í deildinni. (**Hagstrh.:** Ég heyri hvert orð.) Hann segist heyra hvert orð, en hann lætur ekki sjá andlitið á sér hér í deildinni og hann um það. En ég ætlaði bara að taka undir þessi fyrri orð hæstv. hagstofuráðherra þegar hann tjáði sig í sjónvarpsþættinum sem við ræddum hér nokkuð um við 1. umr. Hann taldi það vera við hæfi að þessi tvö frv. yrðu tekin samhliða út úr þessari deild þó að honum þætti það ekki skipta máli. Þó að þetta yrði aðeins á undan hingað inn í deildina þá gætum við gefið okkur tíma til að vinna fyrir fram í málinu sem við reyndar höfum gert. Við höfum allan tímann verið að vinna í nefndinni fyrir bæði þessi frv. Og við tókum það fram á nefndarfundi að við teldum að við værum að flýta fyrir afgreiðslu hins málsins, einmitt með því að fjalla um þau samtímis sem var í raun og veru dálítið skrýtið að þurfa að gera en leiddi af sjálfu sér, eins og ég sagði áðan, að það var ekki nokkur einasta leið að ræða um þetta frv. öðruvísi en að taka fylgifrumvarpið með. Enda kom það nógu skýrt fram hjá aðstoðarmanni hæstv. forsrh., þegar hann mætti á fund nefndarinnar, að hann taldi það vera óheppilegt og skapa réttaróvissu, eins og hér kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl., að afgreiða þetta frv. án fylgifrumvarpsins. Ef fylgifrumvarpið hefði ekki skipt máli hefði það ekki verið lagt fram og flutt. Þá hefði nefndin varla verið að eyða tíma í slíka vinnu ef það hefði verið óþarft.

Þess vegna er nú kannski ekki skrýtið þó að okkur liggi þessar mikilvægu spurningar á hjarta. Hvers vegna liggur okkur svona á í þessari viku? Hvers vegna má ekki ljúka þessu máli eftir að þing kemur aftur saman þegar Norðurlandaráðsþinginu er lokið? Ég skil það vel að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands hafi áhuga á að fá þetta mál í gegn en varla getur nú staðið svo illa á fyrir honum því að hann er nú samstarfsráðherra í Norðurlandaráði og fer því með öll þessi samræmingarmál á þeim vettvangi hvort eð er. Ég spyr þess vegna einu sinni enn: Hvers vegna? Vegna hvers?

Það er náttúrlega ýmislegt sem leitar á hugann þegar maður sér fram á að það á að afgreiða málið þrátt fyrir allar þær aðvaranir sem settar hafa verið fram. Þá leitar þetta á huga manns: Hvernig verður starfsemi þessa væntanlega umhverfisráðuneytis? Eins og ég sagði áðan fjallar þetta frv. aðeins um það að breyta einu orði í 1. gr., að á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti" í fyrstu mgr. 4. gr. bætist við umhverfisráðuneyti.

Á síðasta þingi lagði ríkisstjórnin — hún var að vísu svolítið öðruvísi saman sett ... (**Gripið fram í:** Það var önnur.) Já, menn vilja kalla það aðra ríkisstjórn en það var samt sem áður ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, ekki satt? — Þá lagði hún einnig fram frv. um stjórn umhverfismála og um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Það frv. var miklu ítarlegra en frv. sem við erum hér að fjalla um því að þar var gerð grein fyrir ráðningu starfsfólks og ýmislegs annars. Með leyfi hæstv. forseta, ég vona að hann fyrirgefi mér það þó að ég rifji þetta frv. upp en þar stóð í 2. gr. að 7. gr. skyldi orðast svo: „Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum." Og í 3. gr. er fjallað um hvað sé heimilt að ráða af starfsfólki og þar stendur að heimilt sé að skipa skrifstofustjóra eða deildarstjóra ráðuneytis aðstoðarráðuneytisstjóra þess ráðuneytis. Aðstoðarráðuneytisstjóri tekur við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans. Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra. Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður skrifstofustjóri eða deildarstjóri þess ráðuneytis og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954. Í lok þessarar 3. gr. segir: „Ráðherra setur aðstoðarráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra erindisbréf þar sem m.a. skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur." Svo kemur í 4. gr. að auk ráðuneytisstjóra, aðstoðarráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra. Þarna er því lýst hve starfsemi í væntanlegu ráðuneyti verður umfangsmikil. En það er ekki minnst á þessi mál í því frv. sem hér liggur fyrir og manni verður þá spurn: Hvernig á að fara með þessi mál sem þótti nauðsynlegt að hafa í hinu fyrra frv.? — Það er erfitt að halda talsmanni þessa frv. inni, hæstv. forsrh. Hann mun vera upptekinn. (**Forseti:** Hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., mun hafa óskað eftir honum í Nd. og hann hefur verið að skjótast hér á milli af þeim sökum.) Já, það er skiljanlegt. Ætli það sé ekki líka verið að ræða mikilsverð mál í þeirri deild, eftir því sem mér skilst. (**EgJ:** Þá verður bara að fresta málinu.) Já, ég bíð bara með þessar spurningar til forsrh. þangað til ég er komin lengra í ræðu minni en ég er rétt að byrja.

Það er frétt í Dagblaðinu í dag sem einnig vekur upp spurningar, vekur sjálfsagt athygli margra. Með leyfi hæstv. forseta langar mig að lesa þessa frétt. Hún er undir fyrirsögn: „Umhverfisráðuneyti, óánægja með afgreiðslu málsins eykst." Og svo kemur: „„Mér hefur fundist eðlilegt að þessi frumvörp fylgdust að og þegar gengið væri frá umhverfisráðuneyti væri þar allur pakkinn, þannig að við vissum hvað við værum að samþykkja í raun og veru," sagði Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Alþb. En meðal margra þingmanna stjórnarinnar má greina óánægju með hvernig ætlunin er að standa að samþykkt frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands og stofnun umhverfisráðuneytis. Ætlunin er að fá fyrst í gegn stofnun ráðuneytisins, en geyma til næsta þings hvernig málum verður skipað í hinu nýja ráðuneyti, enda er ljóst að mikill ágreiningur er um þau mál. Margrét sagði að þetta væri eins og margt annað, samþykkt ríkisstjórnarinnar sem síðan stjórnarþingmönnum væri gert að staðfesta."

Síðan kemur: „„Mér hefði þótt eðlilegt að þessi frumvörp fylgdust að. Því sé ég ekki tilganginn í því að stofna umhverfisráðuneyti án þess að verkefnin séu komin þangað um leið," sagði Margrét Frímannsdóttir." Ég vil svo sannarlega taka undir þessi orð hv. 4. þm. Suðurl., formanns þingflokks Alþb. Í sjálfu sér kemur þetta mér ekki á óvart því þessi þingmaður hefur svo oft sannað okkur það að hún er málefnalegri en margir aðrir þingmenn hér á hv. Alþingi þegar um ýmis mál er að ræða þar sem ríkisstjórnir ætla að taka ráðin af þingmönnum um hvaða afstöðu þeir taka. Hún hefur margsýnt að hún er ekkert hrædd við að styðja jafnvel þingmenn úr liði stjórnarandstöðunnar ef henni finnst málið vera gott og ber að virða hana fyrir það. (**KP:** Það eru fleiri.) Það eru fleiri, það er alveg rétt, hv. 3. þm. Vestf. Ég get alveg tekið undir það og hann er meira að segja einn í þeim hópi og á hann heiður skilið fyrir það. En ég get ekki látið hjá líða að beina þeirri fyrirspurn til hv. 4. þm. Suðurl. hvernig þingflokkur Alþfl. ætlar að afgreiða þessi mál. (**Gripið fram í:** Alþb.) Afsakið, ég ætlaði að segja Alþb. Ég mismælti mig þarna. En að undanförnu hafa nú sumir verið að sameina þessa tvo flokka. Það eru ekki allir sammála um það held ég, en það eru margir í Alþb. sem endilega vilja innlima Alþfl. eða öfugt. (**KP:** Nei.) Ekki það? Þá kemur hv. 3. þm. Vestf. hér á eftir og skýrir það nánar en mér hefur heyrst á fréttum að mikill áhugi væri fyrir þessu. Ég tala nú ekki um formennina tvo sem voru komnir af stað á mýrarljósi hérna um daginn og voru á rauða ljósinu í fyrra. Það hefur að vísu farið hljótt um þá að undanförnu. (**KP:** Þeir ráða nú litlu.) Þeir ráða litlu, sagði hv. 3. þm. Vestf. Þetta voru góðar upplýsingar og fróðlegar og taki menn eftir þeim. En hver það er sem ræður í Alþb. hlýtur að koma í ljós þegar þetta mál verður afgreitt hér úr deildinni. Þegar atkvæðagreiðslan fer fram hlýtur að koma fram hver það er sem ræður, en formaður þingflokksins er ekki feiminn við að láta í ljósi hvaða afstöðu hún hefur til málsins. Ég vænti þess að hún upplýsi okkur nánar um þetta vegna þess að ég hefði haldið að ef svona er komið, að frv. sem hæstv. hagstofuráðherra hefur viðurkennt að sé mikilvægt líka, fylgifrv. margumrædda, fær afgreiðslu, þá eigum við eftir að sjá hvernig hægt er að afgreiða það ef stjórnarliðið er ekki sammála um afgreiðslu þess frv. Ég hefði haldið

að þá yrðum við bara að fresta þessu máli, hæstv. forseti. Er ekki bara komið að því að fresta verði frekari umræðu um þetta mál svo að stjórnarliðar geti haldið fundi og gefið sér góðan tíma og reynt að ná samstöðu um málið? Því ef þeir hafa ekki samstöðu um þetta mál, þá er ég hrædd um að atkvæðagreiðslan geti orðið eitthvað erfið. (**SkA:** Það gæti komið eitthvað frá Sjálfstfl.) Það er nú hætt við því, í þessu máli er afstaða Sjálfstfl. alveg á hreinu eins og í svo mörgum öðrum málum.

En svona er þetta, hæstv. forseti. Það er von að maður sé farinn að hugsa til þess með kvíða fyrir hönd meiri hlutans hér á Alþingi að þetta mikilvæga mál, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um að aldrei hefði neitt mál fengið aðra eins umfjöllun, það nái bara alls ekki í gegnum þingið og hvað verður þá? Hvað eiga ráðuneytisstjórarnir og aðstoðarmenn ráðherra og fulltrúar og deildarstjórar og bókarar og guð má vita hvað að gera í ráðuneytinu ef ekki verður hægt að afgreiða þetta mál? Það er nokkuð sem okkur langar til að fá svör við og skyldi engan undra.

Það fer ekki hjá því að þegar maður er að fjalla um svona alvarlegt mál og mikilvægt, eins og hv. 5. þm. Reykv. og ég erum sammála um að sé, þá vill hugurinn leita á svolítið víðara svið, fara svolítið út fyrir þetta eina orð sem hér er verið að fjalla um vegna þess að mér finnst stundum að talað sé um þetta mál eins og það sé eitthvert sáluhjálparatriði, stjórnunarþátturinn. Það skipti engu máli hvað eigi að vera þarna, bara fá þetta ráðuneyti. Þá séu öll mál leyst.

Mér hefur stundum heyrst á mönnum að aldrei hafi verið gert neitt í umhverfismálum hér áður. Það er mikill misskilningur og við getum lagt fram mörg gögn því til sönnunar. Mér dettur bara í hug þetta fallega, litla rit sem við fengum á fund nefndarinnar hjá landgræðslustjóra, Gróðurvernd, markmið og leiðir. Það var lagt fram af sjálfum landgræðslustjóranum og ég verð að segja að mér finnst þetta vera til mikillar fyrirmyndar. Það kemur í ljós í formálsorðum í þessu fallega, myndskreytta riti að ágætt samstarf fleiri aðila hefur verið þar. Og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þessi formálsorð hérna. En þar stendur:

„Lengi hefur verið til umræðu hjá Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og landbrn. að aðkallandi væri að marka opinbera stefnu í gróðurverndarmálum. Hlutverk Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins er skilgreint í lögum um landgræðslu og skógrækt, en þar sem þessi málefni hafa verið mikið til umfjöllunar var ákveðið að marka þessum stofnunum sameiginlega stefnu og birta í greinargerð.

Stefnumörkun sú, sem hér kemur fyrir almenningssjónir, er afrakstur starfs sem hófst í mars í fyrra með reglubundnum fundum fulltrúa frá umræddum stofnunum. Þeir skiluðu greinargerð um gróðurvernd, markmið og leiðir til landbrh. í ágúst sama ár, 1988. Í framhaldi af því var sömu aðilum falið að skýra nánar einstaka þætti efnisins. Starfshópurinn skilaði síðan áliti til landbrh. í janúar 1989 og var hópnum þá falið að ganga frá þeirri greinargerð sem hér birtist. Í framhaldi af þessu starfi hafa verið ákveðin sérstök verkefni sem stofnanirnar ætla að leysa á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir að sú áætlun verði endurskoðuð árlega.

Með þessari vinnu hafa skapast aukin tengsl á milli Landgræðslu og Skógræktar sem eru til þess fallin að efla samvinnu stofnananna."

Undir þetta skrifa Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Steingrímur J. Sigfússon landbrh. og Sigurður Blöndal skógræktarstjóri. Ég tel að þarna sé um fyrirmyndarbækling að ræða og þar er verið að setja fram markmið og leiðir. Þetta er m.a. eitt af því sem hefur verið gert þrátt fyrir að ekki væri búið að stofna umhverfisráðuneyti. Og eins og ég sagði áðan er ekki hægt að komast hjá því að hugleiða nokkuð á breiðari grundvelli og í víðara samhengi hvað við erum í raun og veru að fjalla um hér. Það er hvort við höfum látið þessi mál afskiptalaus á undanförnum árum, hvort við höfum ekki sinnt þeim, hvort við höfum gengið áfram með lokuð augu. Það er staðreynd að umræða um mengun og umhverfisvernd hefur verið á dagskrá víða um heim, einkum á seinni árum, og fer vaxandi. Mengun virðir engin landamæri og verndun náttúrulegra auðlinda varðar oft sameiginlega hagsmuni margra þjóða. Það er því óhætt að segja að umhverfismál séu í eðli sínu alþjóðleg.

Við lifum í tæknivæddri veröld og afleiðingar þess að menn hafa ekki verið á varðbergi til að bregðast nógu skjótt við áhrifum mengunar í lofti, láði og legi blasa við víða um heim. Fyrir liggja marghátttaðar mælingar og rannsóknir um jarðvegs- og gróðureyðingu, ofnýtingu auðlinda, mengun í lofti, vatni og sjó sem stefnir öllu lífi í voða. Við höfum heyrt um afleiðingar af völdum brennisteins- og köfnunarefnisoxíða í andrúmsloftinu á tilteknum svæðum í Evrópu, svo sem súrt regn sem veldur eyðingu skóga, eyðingu ósonlagsins og loftslagsbreytingar vegna aukins koltvísýrings í andrúmsloftinu. Jafnframt mengun hafsvæða af úrgangi og eiturefnum. En við vitum hvað það þýðir fyrir okkur Íslendinga ef ekki er stemmt stigu við mengun hafsins í kringum landið. Það á ekki lengur við, máltækið góða: „Lengi tekur sjórinn við" heldur væri kannski betra að segja að sjórinn tekur ekki lengur við.

Þjóðir heims, eins og við Íslendingar, eru nú óðum að vakna til meðvitundar um að mengun virðir engin landamæri og því hefur samstarf um umhverfismál verið tekið upp á alþjóðlegum vettvangi. Ég ætla aðeins að fara inn á þann þátt til að það komi fram að þessum málum hafi eitthvað verið sinnt, t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna og ýmissa alþjóðastofnana og ríkja sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Ég veit ekki betur en Ísland hafi gerst aðili að tveimur alþjóðasamningum; um verndun ósonlags jarðarinnar og um aðgerðir til að draga úr notkun klórflúorsambanda og halóna sem eru talin valda eyðingu ósonlagsins. Ísland hefur einnig tekið þátt í alþjóðasamstarfi til að koma í veg fyrir mengun sjávar og er aðili að alþjóðasamningum um varnir gegn mengun

sjávar frá skipum, um bann við losun úrgangsefna í hafið og samnings ef olíuslys ber að höndum, svo að eitthvað sé nefnt. Og svo má minna hér aftur á Norðurlandaráð. Þar er náið samstarf norrænt um umhverfismál og það fer vaxandi. Sérstakt aukaþing Norðurlandaráðs var haldið fyrir ekki löngu síðan um umhverfismál. Ég held að það hafi verið fyrir liðlega ári síðan. Á því þingi sem fram undan er verða umhverfismálin á dagskrá. Á þessu aukaþingi voru afgreiddar tvær samstarfsáætlanir Norðurlanda um umhverfismál. Annars vegar almenn umhverfisáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun um aðgerðir gegn mengun hafsvæða. En sú áætlun var m.a. til orðin vegna mikillar mengunar í Kattegat og Skagerak á Norðursjó sem talin er helsta orsök hins mikla þörungablóma sumarið 1988 sem olli tjóni á fiskeldi og á náttúrulegum fiskstofnum í hafinu. Fiskeldið er orðinn einn stór þáttur í okkar atvinnulífi og skiptir ekki litlu máli að við séum þar vel á varðbergi.

Á vettvangi Evrópubandalagsins hefur samstarf um umhverfismál aukist á undanförnum árum og hlotið aukinn forgang, m.a. vegna þrýstings frá almenningi og ýmissa umhverfisslysa sem hafa opnað augu manna fyrir mikilvægi þessa máls. Þar getum við rifjað upp Tsjernobíl-slysið árið 1986 og eiturefnaslysið í Sviss árið 1987. Og góðu heilli kemur einnig til breyttur tíðarandi og breytt lífsviðhorf fólks með aukinni áherslu á heilbrigði, hollustu og heilnæmt umhverfi.

Þó enn þá gæti staðbundinnar mengunar á Íslandi minna en annars staðar í Evrópu vegna legu landsins gegnir öðru máli um áhrif loftmengunar, svo sem eyðingar ósonlagsins, breytinga á loftslagi og hugsanlegrar mengunar og geislavirkni. Slíkar breytingar gætu haft meiri áhrif hér á landi en víða annars staðar einmitt vegna áhrifa á vatnsbúskap og fiskstofna. Það er því mikilvægt fyrir Íslendinga að taka þátt í samstarfi um rannsóknir og undirbúning aðgerða til úrbóta. Ekki hvað síst er það mikilvægt að komið verði í veg fyrir mengun hafsvæðanna umhverfis landið. Undir því er lífsafkoma íslensku þjóðarinnar m.a. komin í framtíðinni, þ.e. ef við getum haldið rétt á málum í sambandi við fiskinn okkar og lífið í sjónum, eins og var til umfjöllunar í gær í þessari hv. deild, frv. um stjórnun fiskveiða. Þeirri umræðu er ekki lokið og veit ég ekki af hverju það mál er ekki á dagskrá í dag, það mikilvæga mál sem skiptir lífsafkomu okkar einnig eins og þetta mál sem hér er verið að fjalla um.

Við þurfum sem sagt bæði að taka þátt í samstarfi á alþjóðavettvangi og hafa frumkvæði og ganga á undan með góðu fordæmi með því að gera þær ráðstafanir sem tök eru á innan lands til að fyrirbyggja mengun sjávarins. Við Íslendingar stærum okkur oft af hreinu lofti, ómenguðu vatni og mikilli og sérstæðri náttúrufegurð og ekki að ástæðulausu. Vissulega er loftið enn hreint og tært og vatnið sömuleiðis og hin stórbrotna og sérstæða náttúrufegurð verður vart dregin í efa og hefur margan ferðamanninn laðað til landsins, eins og hv. 6. þm. Vesturl. kom svo ítarlega inn á í sinni ræðu. Var mjög athyglisvert að heyra frá þeirri ráðstefnu sem hún var að skýra okkur frá.

En einmitt vegna þessa verðum við að spyrna við fótum ef við ætlum að halda þessum sérkennum okkar, hreinleika og náttúrufegurð. Við viljum selja ferðamönnum þessa vöru, ef við getum orðað það svo, en við viljum hreint ekki að þeir flytji fjöllin með sér úr landi, fari með grjótið eins og nokkuð hefur borið á. Það var einmitt, ef ég man rétt, viðtal við formann Leiðsögumannafélagsins að ég held, í útvarpinu annaðhvort í morgun eða í gær þar sem hún var að lýsa áhyggjum stéttarfélags síns vegna þess hversu útlendingar eru farnir að gera út og selja ferðir til Íslands þar sem þeir beinlínis flytja allt með sér inn í landið og bjóða þess vegna ódýrari ferðir. Einmitt þessi þáttur átti að vera ein af framtíðaratvinnugreinum okkar og er reyndar orðinn það að vissum hluta. Við verðum að taka landið í fóstur í þess orðs fyllstu merkingu. Við verðum að hafa það hugfast að við höfum landið aðeins að láni og við verðum að leitast við að viðhalda og skila kostum þess og gæðum til komandi kynslóða. — Ég vildi aðeins spyrja, hæstv. forseti, hvað þessi fundur eigi að standa lengi. (**Forseti:** Hann verður fram að því að þingflokksfundir hefjast en hv. Nd. er enn að funda. Þingflokksfundir hefjast víst ekki fyrr en Nd. lýkur sínum fundi en ég mundi óska eftir því að hv. þm. frestaði sinni ræðu þegar að því kemur.) Það er alveg sjálfsagt, hæstv. forseti.

Nú er svo komið að umhverfismálin eru málaflokkur sem allir stjórnmálaflokkar taka til umfjöllunar í einhverri mynd. Þannig hafa verið fluttar fjölmargar þáltill. um umhverfismál á Alþingi og frv. sem varða umhverfismál á einhvern hátt. Eins og ég gat um hér við 1. umr. hefur Sjálfstfl. árum saman látið umhverfismálin til sín taka og ályktað um þau, m.a. á landsfundum sínum, jafnframt því að hafa frumkvæði um flutning frv. um umhverfismál hér á hv. Alþingi.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að rifja upp aftur öll þau frv. sem við höfum flutt hér en það var gert við 1. umr., bæði af mér og hæstv. forsrh., svo það er kannski óþarfi að endurtaka það. En það má þá fara aðeins skemmra aftur í tímann en allar götur til 1975 og minna á að í ríkisstjórnartíð Þorsteins Pálssonar var sérstök ályktun um umhverfismál í stjórnarsáttmálanum. Í samræmi við það skipaði Þorsteinn Pálsson, þáv. hæstv. forsrh., nefnd sem falið var að semja drög að frv. til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Formaður þeirrar nefndar var Sigurður M. Magnússon og ég held að óhætt sé að segja að nefndin hafi unnið mjög ítarlega að þessu frv. Við þá vinnu var haft samráð við fjölmarga hagsmunaaðila, því eins og margoft hefur komið fram er hér um mjög viðkvæmt mál að ræða og vandmeðfarið. Þess vegna lagði sú nefnd áherslu á að ná sem víðtækastri samstöðu við hagsmunaaðilana. En því er nú ekki að heilsa við það frv. sem við höfum verið að fjalla um því komið hefur fram í viðræðum við ýmsa sem komu á fund nefndarinnar að ekkert samráð var haft við

hagsmunaaðilana við samningu þess. Þetta kom m.a. fram hjá formanni Sambands ísl. sveitarfélaga og hann tók fram að álit það sem stjórn sambandsins sendi allshn. Nd., þ.e. umsögn um frv., var samhljóða álit allrar stjórnarinnar og byggðist á tvennu. Fyrst og fremst því að aldrei var haft samráð við þá aðila um gerð frv. og svo hinu að stjórnin taldi óeðlilegt að samþykkja frv. um Stjórnarráð Íslands á meðan ekki lægi fyrir hver verkefnin ættu að vera. Og á sama tíma, og ekki var minni áhersla lögð á það, væri verið að fjalla um tillögur innan ráðuneytanna um hvernig hægt væri að fækka, stækka og samræma ráðuneytin frá því sem nú er. Sem sagt að fækka þeim í staðinn fyrir að fjölga þeim.

Ég er aðeins að hugsa um það, hæstv. forseti, að ég er eiginlega komin þar í minni ræðu að heppilegt væri að gera hlé núna. Úr því að hvort eð er þarf að fresta þessum umræðum og ég að fresta minni ræðu, þá þætti mér, með leyfi hæstv. forseta, heppilegt að gera það nú. — [Fundarhlé.]

NEÐRI DEILD

49. fundur, miðvikudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Mæting á þingfundum.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirra atburða sem urðu hér við atkvæðagreiðslu í hv. deild í gærkvöldi vill forseti í mestu vinsemd benda hv. þingdeildarmönnum á 34. gr. þingskapalaga, en þar segir m.a.:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Vegalög, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 332. mál (reiðvegaáætlun). — Þskj. 580.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og Guðna Ágústssyni frv. til laga um breytingu á vegalögum á þskj. 580. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr.: 40. gr. laganna, sbr. 72. gr. laga nr. 87 1989, orðist svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

Vegagerð ríkisins skal sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Kostnaður við gerð reiðvega skal greiddur af hóffjaðragjaldi skv. 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, og sérstökum fjárveitingum á fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þetta frv. er flutt samhliða frv. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, þar sem aflað er fjár til reiðvegagerðar með sérstöku hóffjaðragjaldi, og þáltill. um gerð reiðvegaáætlunar, þ.e. þessi þrjú mál mynda eina samstæða heild:

1. Að fela Vegagerð ríkisins, svo að skýrt sé, gerð og viðhald reiðvega, en hingað til hefur slík framkvæmd ekki verið á höndum neins sérstaks.

2. Að afla fjár til reiðvegagerðar.

3. Að fela samgrh. í þingsályktun að láta vinna sérstaka reiðvegaáætlun þar sem forgangsröð verkefna komi fram.

Eins og allir vita sem hér eru inni nýtur hestamennska sívaxandi vinsælda. Umferð ríðandi manna er orðin mjög mikil, einkum í nágrenni við þéttbýli. Það gefur auga leið að sambýli umferðar ríðandi manna og aukinnar umferðar bifreiða getur orðið örðugt. Það er nauðsynlegt að taka tillit til hestamanna í umferðinni umfram það sem þegar hefur verið gert.

Þess vegna er nauðsynlegt að taka þessi mál fyrir með skipulegum hætti. Í núgildandi vegalögum er einungis fjallað um reiðvegi í 46. gr. en þar segir:

„Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt."

Eins og fyrr segir: Með flutningi þessa frv. eru tekin af öll tvímæli um það að Vegagerð ríkisins skal annast gerð og viðhald reiðvega. Þar með er ákveðinn sá aðili sen hefur veg og vanda af framkvæmdinni.

Það er rétt að hér komi fram að í maí 1982 var undirritað samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Þessi mál hafa verið þannig að á fjárlögum hafa hverju sinni verið takmarkaðar fjárveitingar til gerðar reiðvega og Landssamband hestamanna hefur ákveðið skiptingu þessarar fjárveitingar milli hestamannafélaga en umdæmisverkfræðingar Vegagerðarinnar fylgjast með því að áætlaðar framkvæmdir séu inntar af hendi og greiða féð út. Það eru einnig dæmi um það að Vegagerð ríkisins hefur annast framkvæmdir fyrir hestamannafélögin.

Það mun vera mat manna að ágreiningur hafi fljótlega orðið um túlkun á því samkomulagi sem ég hef hér lýst og reyndar er birt sem fylgiskjal með þessu frv. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að koma þessum málum í fastara form. Ég ætla ekki að fara hér náið út í sjálft samkomulagið milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins, en þeir sem gerst til þekkja vita að það samkomulag

hefur valdið ágreiningi. Allra hluta vegna og vegna þróunar hestaíþróttarinnar er nauðsynlegt að koma þessum málum í ákveðinn farveg og Vegagerð ríkisins hefur til þess betri möguleika, tæki, reynslu og þekkingu að sjá um þessa vegagerð en aðrir þó að sveitarfélög geti vissulega komið þarna inn í og unnið ákveðna hluti. Gerð reiðvega er yfirleitt ekki kostnaðarsöm, en allir hlutir kosta nokkuð og hér er sem sagt gert ráð fyrir að unnið sé eftir sérstakri reiðvegaáætlun sem gerð er til fjögurra ára í senn og þar sé verkefnum forgangsraðað.

Gert er ráð fyrir að þessi reiðvegaáætlun, sem vitnað er til í frv., sé unnin í náinni samvinnu við fjölmarga aðila í þjóðfélaginu sem að þessu máli koma, svo sem Landssamband hestamannafélaga, samtök sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðslu, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn og Ferðaþjónustu bænda, einstök sveitarfélög og landeigendur allt eftir því sem við á. Áætlunin á að miða að því að bæta aðstöðu hestamanna á þjóðvegum og haga þessari umferð þannig að öryggi gegn slysum verði sem mest. Hún miðar að því að viðurkenna umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna, að friðlýstar verði fornar reiðleiðir og þeim haldið við. Við mat á umferð á hestum þarf að hafa sérstaklega hliðsjón af hesthúsahverfum, staðsetningu þeirra, skeiðvöllum, hrossabúum, hagagöngu, staðsetningu gisti- og ferðamannastaða, veitinga- og útivistarstaða. Þar kemur einnig fram að við gerð þessarar áætlunar er nauðsynlegt að hafa hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast en jafnframt að tryggja vernd svæða og leiða sem hafa gildi vegna náttúrufegurðar og skilyrða sem gera þau eftirsóknarverð sem reiðlönd. Og að sjálfsögðu má umferð ríðandi manna eigi spilla ræktuðu landi, túnum, görðum eða skógrækt eða valda öðrum spjöllum.

Var það samkomulag, forseti, að ég mælti fyrir báðum frv. í einni ræðu og í einu máli, þau hanga alveg saman, eða vill forseti afgreiða þetta mál fyrst? (**Forseti:** Já.)

Ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Frv. lýtur sem sagt í einföldum orðum og örfáum að því að fela Vegagerðinni þetta verkefni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 27 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 333. mál (höffjaðragjald). — Þskj. 581.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Flm. frv. auk mín eru hv. þm. Guðni Ágústsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Alexander Stefánsson. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — höffjaðragjald — af höffjöðrum. Gjald þetta skal nema 2 kr. á hverja höffjöður. Innlendir framleiðendur skulu einnig greiða höffjaðragjald. Innflutningsgjaldið skal greitt í tolli en gjalddagar innlendra framleiðenda skulu vera tveir, 1. janúar og 1. júlí ár hvert, en eindagi mánuði síðar.

Höffjaðragjald skal fylgja vísitölu byggingarkostnaðar.

2. gr.

2. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðist svo:

Gjöld samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun nema tekjum skv. 2. gr. sem skal varið til að gera reiðvegi samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera til fjögurra ára í senn í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Ríkissjóður skal að auki leggja til gerðar reiðvega jafnvirði höffjaðragjalds næsta ár á undan."

Eins og fyrr segir er þetta frv. hluti af þremur málum sem flutt eru samhliða. (**PJ:** Þetta er grundvallarmál.) Þetta er grundvallarmál. Ég þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir þetta inngrip og það er gaman að sjá að flutningur málsins skuli gleðja þingmanninn því að það er ekki svo oft sem við sjáum svona gleðibros hér. Hitt er afar mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að hvort sem það eru reiðvegir eða annað sem við viljum gera gerum við það ekki án þess að hafa til þess fé. Reiðvegagerð er mjög sérstök að því leyti að reiðvegi nota eingöngu hestamenn. Stór hluti þjóðarinnar, og kannski sá stærsti, nýtir ekki reiðvegi. Þess vegna er óeðlilegt að leggja það sérstaklega á sem almennan skatt á alla að gera slíka vegi sem aðeins hluti þjóðarinnar nýtir.

Ég held að hestamönnum sé það ljóst ef litið er til síðustu ára og hversu lítið hefur unnist í þessu þjóðþrifamáli, þessu mikla öryggismáli, að nauðsynlegt sé að afla til þessarar vegagerðar fjár og ég hygg að langflestir hestamenn séu þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að þeir leggi nokkuð af mörkum. Með hverjum hætti slíkt gjald skal leggja á þá sem reiðvegi nota er auðvitað umhugsunarefni. Og það er ekki sama hvernig það er gert. Það gæti komið til greina að leggja slíkt gjald sérstaklega á hvert hross, það gætu fleiri leiðir komið til greina. Kannski á skeifur. Í þessu tilviki er það valið að leggja sérstakt gjald á höffjaðrir. Þetta gjald munar hestamenn ekkert eða sáralítið um. Ég veit að hv. þm. Pálma Jónsson munar ekki mikið um þetta gjald. (**Gripið fram í:** Hann járnar aldrei.) Þess vegna er honum svona

skemmt við álagningu þess. Eigi að síður mun þetta gjald skila til reiðvegagerðar einhvers staðar um 10 millj. kr. á ári sem er meira en veitt hefur verið eða ráðstafað til reiðvegagerðar. Jafnframt er í þessum lögum gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi annað eins á móti. Það er því von okkar flm. að með því verði þáttaskil í gerð reiðvega, ekki bara í þéttbýli heldur víðar um landið, umferðaröryggi þar með stóraukið og fullt tillit tekið til þessa mikilvæga þáttar í okkar þjóðlífi í dag. Þannig mætti ef að líkum lætur verja um 20 millj. til slíkra framkvæmda á ári og síðan mundi það aukast með byggingarvísitölu.

Þeir hestamenn sem ég hef rætt við hafa tekið þessu máli mjög vel. Þeir hafa raunar, ekki skal ég fullyrða að allir séu á einu máli, talið að með þessu opnaðist sú leið að eitthvað yrði gert í reiðvegum því menn segðu beint, „hestamenn leggja sjálfir ákveðið af mörkum", þetta er þeirra mál. En úr því að þeir gera það þá er eðlilegt að úr ríkissjóði komi annað eins á móti og þar með verði unnt að koma þessum málum í viðunandi horf.

Ég hygg að reiðvegafé á sl. ári hafi verið um 4 millj. Það er auðvitað ekki mikið hægt að gera fyrir slíka fjármuni og mál þessi eru í hinum mesta ólestri. Fjöldi hestamanna fer stöðugt vaxandi. Þessi íþrótt verður stöðugt vinsælli. Til hennar þarf að taka meira og meira tillit, ekki síst í okkar ferðamannaþjónustu. Það er þess vegna nauðsynlegt að þetta sé gert skipulega.

Hér hafa flm. gert lauslega grein fyrir því hversu miklu þetta gjald gæti numið. Gert er ráð fyrir að 7000–8000 manns stundi hestamennsku um þessar mundir og séu að meðaltali með um fjóra hesta hver, sumir auðvitað miklu fleiri og aðrir færri. Ef gert er ráð fyrir að það geti farið upp undir 30 hóffjaðrir í hverja járningu þá gefur þetta tveggja króna gjald um 10 millj. kr. á ári. (Gripið fram í.) Það er auðvitað eftir því hversu lagnir menn eru við járningarnar, það er rétt. En það er alveg ljóst að nái frv. fram að ganga verða þáttaskil í gerð reiðvega á Íslandi. Ákveðnum aðila verður falið að sjá um framkvæmdina, fjármunir verða tryggðir og áætlun gerð. Ég hygg og er reyndar sannfærður um að hér sé hið besta mál á ferðinni og vonast til að það njóti stuðnings á hinu háa Alþingi og legg til, herra forseti, að að loknum umræðum verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv., fyrsti flm. þessa máls, gat þess í framsöguræðu sinni að með samþykkt frv. yrðu væntanlega þáttaskil í gerð reiðvega í landinu. Ekki ætla ég að gera tilraun til að draga úr gildi þessarar fullyrðingar. En flutningur þessa frv. markar þáttaskil í miklu stærri og víðtækari skilningi en hinn hógværi flm. gerði hér grein fyrir í ræðu sinni. Hér hafa orðið þáttaskil í sögu Framsfl. Hér hefur fallið sterkasta vígi framsóknarmanna í skattamálum í sögu flokksins. Sú var tíð að það var gerð hörð hríð að hóffjöðrum í tollalögum og skattalögum. En Eysteinn stóð ávallt dyggan vörð um hóffjöðrina í samræmi við grundvallarstefnu flokksins í skattamálum. Í tollskrá voru skýr ákvæði um þann toll sem lagður skyldi á nagla, en þar stóð: „þó ekki hóffjaðrir". Áratugum saman var gerð hörð hríð að þessum fyrirvara Eysteins, „þó ekki hóffjaðrir", en alltaf stóð Eysteinn af sér stormana og hlóð upp varnarvígi í kringum hóffjöðrina. Nú eru mörg ár síðan nokkrum manni eða nokkrum stjórnmálaflokki hefur flogið í hug að leggja skatt á hóffjöðrina þegar það gerist svo allt í einu hér að nokkrir þingmenn Framsfl. koma fram og brjóta þetta vígi Eysteins niður á einum degi.

Ég hef haft spurnir af því að ýmsir dyggir stuðningsmenn Framsfl. hafi haft nokkrar áhyggjur á fundum þingmanna að undanförnu vegna þessarar stefnubreytingar og þeir hafi jafnvel spurt sjálfa sig hvort von sé á því að flokkurinn falli frá fleiri grundvallaratriðum frá tíma Eysteins. Og það er auðvitað ástæða fyrir framsóknarmenn, þegar þessi tímamót verða í sögu flokksins, að spyrja sem svo hvort von sé á fleiri grundvallarbreytingum, hvort fleiri varnarvígi frá Eysteinstímanum eigi að falla á næstunni.

Herra forseti. Ég kom fyrst og fremst hér upp til þess að vekja athygli á þeirri miklu hógværð sem var yfir ræðu hv. flm., að hann skyldi hafa látið hjá líða að geta þessara miklu þáttaskila í sögu Framsfl. sem þetta frv. er með því að þar með er fallið vígi Eysteins um hóffjöðrina.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að það sé í þeirri góðu bók Faxa, eftir dr. Brodda Jóhannesson, þar sem hann vekur athygli á því hvílíkt draumaland Ísland hefur verið meðan hér voru ekki til neinar girðingar. Og ég tala nú ekki um neinir skurðir og menn höfðu þetta land frjást til ferðalaga t.d. að vetrarlagi eins og Skagafjörðinn sem þá hefur verið slíkt draumaland fyrir hestamenn að með ólíkindum má vera. Enda var harðasta andstaða gegn girðingarlögum í Skagafirði og þeir vöruðu við þeirri hættu sem fylgdi þegar búið væri að girða þvers og kruss og menn kæmu ríðandi heim frá Króknum, færu glannalega og væru fullir.

En samt er það svo að þetta höfum við gert og við höfum spillt þessu landi. En á þessari öld núna í rólegheitunum er verið að taka þann mesta umferðarrétt af venjulegum þéttbýlisbúum sem hægt hefur verið að taka af þeim og það er ferðafrelsið um þetta land fyrir ríðandi mann. Það er gert með ýmsum aðferðum. Skipulagslögum og mörgu, mörgu öðru. Og í nágrenni við þéttbýli horfir til vaxandi vandræða hvernig þeir eiga að ferðast á hestum sem á því hafa áhuga, vegna þess að þannig er staðið að málum að veruleg slysahætta skapast í umferðinni eins og allir vita sem hafa kynnst umferðarmálum t.d. í kringum höfuðborgina á sunnudögum og laugardögum þegar fer að vora hér á þessu svæði.

Ástandið í kringum þéttbýlisstaðina úti á landi er ekkert betra. Ég held þess vegna að hestamenn muni mjög fagna því að hér er kveðið skýrt á um skyldurnar og ekki undan því skorast að þeir sem eiga að njóta

öðrum fremur taki þátt í að greiða þann kostnað. Ég hélt satt best að segja að þrátt fyrir þá staðreynd að Eysteinn Jónsson, sá mæti foringi framsóknarmanna, hafi vafalaust haft sterk áhrif í Alþingi Íslendinga á sinni tíð og mótað um margt viðhorf manna þá væru sjálfstæðismenn svo vel lesnir í þeirri fyrstu bók í hagfræði kapítalismans sem kennd er í skólum og heitir Litla gula hænan, að það færi ekkert á milli mála að þeir skildu að réttindi og skyldur ættu að fara saman. En eins og menn muna þá hafði Litla gula hænan það alveg á hreinu að þeir einir ættu rétt á að éta brauðið sem tækju þátt í þeim kostnaði sem því fylgdi að baka það. Og ég vissi ekki til að Sjálfstfl. hefði samþykkt neina stefnuyfirlýsingu gegn þessum grundvallarrökum.

Hins vegar kemur mér ekki á óvart þegar stórmál eru flutt þó formaður flokksins standi hér upp til að lýsa stuðningi og fagna ég því að sjálfsögðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

50. fundur, miðvikudaginn 21. febr., að loknum 49. fundi.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 631, n. 638, brtt. 634, 639.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin er við 7. gr. frv. og miðar að því að gera ákvæði greinarinnar skýrara. Þessi breyting er flutt að höfðu samráði við eftirtalda aðila er komu á fund nefndarinnar um málið: Láru V. Júlíusdóttur, framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Björn Arnórsson, hagfræðing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Hjört Eiríksson, framkvæmdastjóra Vinnumálasambands samvinnufélaga, Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda, og Gísla Karlsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Þá komu jafnframt á fund nefndarinnar María Jóna Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands ísl. hitaveitna, Eiríkur Þorbergsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. rafveitna, Sigurður Snævarr, hagfræðingur við Þjóðhagsstofnun, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, Sigríður Kristinsdóttir, frá Samtökum kvenna á vinnumarkaði, og Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins."

Undir nál. rita allir nefndarmenn, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Eggert Haukdal, Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson og Alexander Stefánsson.

Ég vil geta þess að nefndin sá ekki ástæðu til að fjalla um brtt. 634 sem flutt var við 1. umr. af Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni þar sem nefndin taldi efni hennar ekki vera beinlínis tengt þessu frv. En brtt. 639, sem nefndin flytur, hljóðar svo:

„Í stað orðanna „er verðlagsnefnd búvöru heimilt að fresta" í 7. gr. komi: skal verðlagsnefnd búvöru fella niður."

Eins og kom fram í nál. þá mælir nefndin með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin gerir tillögu um.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef engu við þá framsögu fyrir nál. að bæta, sem hér var flutt. Nefndin hafði hraðar hendur um afgreiðslu þessa máls og leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Við sjálfstæðismenn í nefndinni og í þinginu höfum viljað stuðla að því að þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við nýgerða kjarasamninga fái staðist og lýsum fyllsta stuðningi við kjarasamningana og markmið þeirra.

En þannig er, herra forseti, að það er fleira í tengslum við þessa kjarasamninga en það eitt sem nefndin hefur haft til umfjöllunar í formi þessa frv. Fleiri atriði sem snúa að ríkisstjórninni sem ekki er endanlega upplýst hvernig hún hyggst mæta. Nokkuð var vikið að þessum málum hér við 1. umr. í gær, eins og m.a. því hvernig staðið yrði að því að lækka framfærsluvísitölu í samræmi við gefið fyrirheit, en óneitanlega hefur ríkisstjórnin gefið mun fleiri fyrirheit heldur en til meðferðar eru í þessu frv. og um nokkur þeirra ríkir mikil óvissa. Hér er til að mynda endurtekið það fyrirheit frá í fyrra að unnið verði að því að samræma skattlagningu fyrirtækja því sem gerist í samkeppnislöndunum en það bólar ekkert á frekari upplýsingum um hvernig því máli miði eða með hvaða hætti eigi að vinna að þessari samræmingu. Það liggur heldur ekkert fyrir um það hvernig eigi að lækka framfærsluvísitöluna í þessum mánuði. En alvarlegast er kannski að samtímis því sem í frv. er gert ráð fyrir að skuldbindingar Atvinnuleysistryggingasjóðs verði auknar og á hann lagðar nýjar byrðar í samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins, þá liggur fyrir að ríkisstjórnin hyggst skerða framlag ríkissjóðs til sjóðsins um 200 millj. kr. og þar með rýra getu hans, ekki bara til að standa við þessar nýju skuld-

bindingar heldur líka eldri skuldbindingar. Þetta rekst að sjálfsögðu hvað á annars horn, herra forseti.

Ég þarf svo ekki að nefna það sem efst er á baugi þessi dægrin sem er fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að koma á fót aflamiðlun til að stýra útflutningi á óunnum fiski. Það virðist vera uppi algjört stríð af hálfu ríkisstjórnarinnar við hagsmunaaðila í þessu máli og verður ekki annað séð en að yfirlýsingar hæstv. utanrrh. í blöðum í dag séu til þess eins fallnar að grafa undan möguleikum á eðlilegu samkomulagi við hagsmunaaðila um þetta mál. Hann er þar með óviðurkvæmilegar dylgjur um að formaður Landssambands ísl. útvegsmanna ætli sér eitthvert alræðisvald í þessum efnum. Minna má það ekki vera í munni hæstv. utanrrh. Hér liggur fyrir fyrirheit sem ríkisstjórnin er að koðna á að uppfylla að því er best verður séð.

Það er margt fleira, virðulegi forseti, sem ástæða er til að nefna í tengslum við afgreiðslu þessa máls. Frv. sem nú er til meðferðar grípur á mjög mörgum lögum. Sumt er minni háttar, annað er meiri háttar. Ég tel til að mynda að breytingarnar sem eru ráðgerðar á lögum um ríkisábyrgð á launum séu að mörgu leyti til bóta enda er það röng stefna að mínum dómi að láta aðila í atvinnulífinu halda að ríkið geti borið ábyrgð á öllum þeirra gerðum með beinum eða óbeinum hætti. Að menn geti tekið óábyrgar ákvarðanir í atvinnurekstri í trausti þess að ríkið beri síðan ábyrgð á launagreiðslunum, sem stofnað er til, komi til gjaldþrots. Og þær breytingar sem hér er verið að gera stefna a.m.k. að vissu leyti í þá átt að draga úr þessari ábyrgð og ég tel það rétt og skynsamlegt. Ég tel reyndar að það eigi að skoða þessi lög enn betur með það fyrir augum að draga úr ábyrgð hins opinbera á ákvörðunum í atvinnulífinu og draga úr fjárhagsskuldbindingum ríkissjóðs í því sambandi. En í þessari stöðu tel ég að það sé skynsamlegt sem hér er lagt til, en vek athygli á því að hér er jafnframt um að ræða auknar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum komi til gjaldþrota þar sem frv. gerir ráð fyrir því að greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum verði lengd í 18 mánuði við gjaldþrot fyrirtækja, enda hafi verið reyndar innheimtuaðgerðir þar sem krafan hefði mátt vera lífeyrissjóðunum kunn. Ég tel að það sé síðari tíma mál að draga úr þessari skuldbindingu á nýjan leik, jafnvel fella hana niður, þegar lífeyrissjóðunum hefur verið búinn eðlilegur rammi með nýrri löggjöf um starfsemi þeirra.

Þannig er, virðulegi forseti, að kjarasamningarnir tengjast að sjálfsögðu mjög hinu almenna efnahagsumhverfi og það hefur ekkert farið á milli mála að eitt af stóru málunum í tengslum við það að forsendur þessara samninga geti staðist sé að ríkisstjórnin standi við sitt í tengslum við ríkisútgjöld, dragi úr ríkisútgjöldunum eftir mætti og reyni að sporna gegn þenslu af ríkisins hálfu. Allt er það að sjálfsögðu virðingarvert og rétt að gefa mönnum á þessu stigi sæmilegustu einkunn fyrir viðleitni hvað sem út úr því kann að koma á endanum.

En það vill þannig til að í dag er útbýtt á borð þingmanna greinargerð um afkomu ríkissjóðs árið 1989, sem ég hygg að menn hafi haft á borðunum fyrir framan sig klukkan tvö þegar menn komu hér til starfa og þar koma fram býsna athyglisverðar upplýsingar, að því er mér sýnist á þeim stutta tíma sem ég hef haft þetta plagg í höndum. Þar kemur fram að rekstrarhallinn á ríkissjóði á síðasta ári var 6 milljarðar og 55 millj. kr. Nú hafa auðvitað allir gleymt því hverju fjárlög fyrir það ár gerðu ráð fyrir, enda var því lýst yfir hér fyrir jólin að það skipti engu máli lengur því við tóku sérstök fjáraukalög samþykkt á Alþingi kvöldið áður en þingmenn fóru í jólaleyfi. Þá átti að vera búið að ná utan um þann halla sem yrði á árinu svo öllum væri ljóst í hvert stefndi. En þannig vill til að það er ekki minnst, að því er ég best fæ séð, einu aukateknu orði á fjáraukalögin og afgreiðslu þeirra hér á Alþingi í þessari greinargerð um afkomu ríkissjóðs á sl. ári.

Á bls. 2 er sérstakur dálkur um fjárlögin eins og þau voru afgreidd á Alþingi upphaflega, annar um útkomuna 1989 og sá þriðji um útkomuna 1988. En það vantar fjórða dálkinn um hverju fjáraukalögin fyrir árið 1989 gerðu ráð fyrir. Og það er kannski ekkert skrýtið, virðulegi forseti, að þennan dálk skuli vanta í þessa töflu miðað við þær yfirlýsingar og það stærilæti sem menn minnast úr umræðum um það frv. á sínum tíma. Það er kannski ekkert skrýtið að þennan dálk vanti vegna þess að ég sé ekki betur en að frá þeim tíma þegar fjáraukalög voru afgreidd á Alþingi kvöldið áður en þingmenn fóru í jólaleyfi hafi bæst við a.m.k. 100 millj. kr. í halla á ríkissjóði fyrir hvern virkan dag til áramóta.

Það var ekki meiri nákvæmni í þessum áætlunum sem fjmrh. stærði sig svo af síðustu dagana fyrir jólahlé. Hallinn sem átti að verða 5 milljarðar 460 millj. kr. hinn 22. des. sl. er orðinn að 6 milljörðum 55 millj. samkvæmt þessari greinargerð sem liggur fyrir. Með öðrum orðum, það hefur bæst við vandi upp á um 600 millj. kr. frá því þessi mál voru síðast rædd hér á hinu háa Alþingi. Það hefur bæst við vandi upp á 600 millj. kr. sem þarf að fjármagna og sem ekki var vitað um til að mynda þegar aðilar vinnumarkaðarins gerðu sínar áætlanir fyrir u.þ.b. mánuði og sem samningarnir byggjast á og sem frekari áætlanir um niðurskurð ríkisútgjalda og eftirspurn ríkissjóðs eftir lánsfé byggjast á. Og hvaða áhrif ætli þetta hafi á forsendur þeirra kjarasamninga sem við erum að ræða í tengslum við frv. um ráðstafanir vegna þeirra? Það er a.m.k. augljóst að þessi aukna eftirspurn eftir lánsfé sem er til komin vegna þessa viðbótarhalla, hún verður ekki til að lækka vextina í landinu, hún verður ekki til að minnka eftirspurnina á lánamarkaðinum og hún verður ekki til þess almennt séð að greiða fyrir því að forsendur þessara samninga fái staðist.

Auðvitað er það miður, auðvitað held ég að allir hljóti að harma það en það segir kannski mest um það hvað fjáraukalagafrv. á sínum tíma náði þrátt fyrir allt skammt. Þó það hafi vissulega verið virðingarvert framtak, eins og ég margtók fram í umræðum um það

mál, að leggja fram slíkt frv. á líðandi fjárhagsári, þá er eigi að síður ljóst að við hafa bæst a.m.k. 100 millj. kr. á dag þessa síðustu viku sl. árs í halla á ríkissjóði. Og hver er eiginlega skýringin á þessu? Hver er skýringin á því að á milli jóla og nýárs eykst hallinn á ríkissjóði um 600 millj. kr.? Eru þetta lokatölurnar eða á enn eftir að bætast eitthvað við sem ekki hefur komið upp úr kafinu? Er hugsanlegt að eitthvað hafi bæst við fleira sem hefur verið flutt yfir áramótin og sé látið koma til gjalda á árinu 1990? Það væri vissulega forvitnilegt að fá einhver svör við því í þessari umræðu en fjmrh. sér ekki ástæðu til þess að vera hér, enda kannski ekki átt von á umræðum um þetta efni, þó hann hafi að ég hygg kynnt þetta mál fyrir fjölmiðlum fyrr í dag.

Þannig vill til, herra forseti, að útbýtt hefur verið á borð manna í dag einnig frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 og frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988. Það er góðra gjalda vert. Ég held að þingið ætti að sjá sóma sinn í því að afgreiða þau tvö þingmál á þessu þingi.

En ég vek athygli á því að það er ósamræmi í því sem segir um niðurstöðu á rekstrarreikningi ríkissjóðs fyrir árið 1988, annars vegar í frv. til fjáraukalaga og hins vegar í þeirri grg. sem útbýtt hefur verið til þingmanna og ég var að vitna til í tengslum við útkomu ársins 1989. Það segir í grg., í töflu á bls. 2 sem ég hef þegar vitnað til, að hallinn á árinu 1988 hafi verið 7,2 milljarðar, en það segir í fjáraukalagafrv. að gjöld umfram tekjur hafi verið 8 milljarðar 165 millj. á einum stað en á öðrum stað í sama frv. segir 8 milljarðar 112 millj. Þannig að þar skeikar, hvor talan sem kann að vera rétt í fjáraukalagafrv., u.þ.b. milljarði í uppgefnum halla á árinu 1988. Ekki skiptir þetta miklu máli á þessu stigi málsins en ég vil vekja athygli á því að þetta er auðvitað óþolandi ónákvæmni í skjölum sem þinginu eru sýnd og sem væntanlega eru birt í fjölmiðlum um þessi mál. Það má vel vera að fjmrh. þyki ekki skipta miklu máli hvort hallinn er 8 milljarðar eða 7 í þeirri sláturtíð sem blasir við í þessum efnum. Það muni ekkert um einn slíkan kepp upp á heilan milljarð í þessari sláturtíð, en fyrir okkur hér sem fáum þessi skjöl í hendur er þetta auðvitað óviðunandi ónákvæmni. (Gripið fram í.) Það er ekki mikill munur á því, virðulegi viðskrh., vegna þess að fjáraukalagafrv. gerir upp útkomu fjárlaganna á árinu og ég sé ekki betur en í þessari greinargerð sé átt við nákvæmlega það atriði eins og verið er að tala hér um fyrir árið 1989.

En kjarni málsins í sambandi við þetta er sá að hér hafa bæst a.m.k. 600 millj. kr. óvænt við hallann undanfarnar vikur og mánuði sem verður að fjármagna einhvers staðar í frá. Það vantar allar skýringar á því efni og það vantar auðvitað alla tengingu milli þess máls og ríkisfjármálanna að öðru leyti í samhengi við þá kjarasamninga sem eru til umfjöllunar.

Ég hyggst ekki lengja þetta mál, virðulegi forseti, eða gera sérstakar efnisathugasemdir við frv. sjálft sem hv. félmn. hefur afgreitt, enda er ég aðili að því nál. Ég tel að eins og þetta mál er allt í pottinn búið sé rétt og eðlilegt að hafa samkomulag um að afgreiða þetta mál hratt og örugglega í gegnum þingið. En ég vek athygli á þeim athugasemdum sem ég hef gert varðandi framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, lögin um ríkisábyrgð á launum en ekki síst þau atriði önnur í fyrirheitayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1. febr., þegar kjarasamningar voru gerðir, um ýmis önnur atriði sem ekki eru í þessu frv. og sem óljóst er um efndir á en eru þó eigi að síður ein af forsendum þess að aðilar vinnumarkaðarins gerðu þessa kjarasamninga af ótta við frekari áföll og árásir af völdum núv. ríkisstjórnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. formanni félmn. Nd. fyrir skjót og góð viðbrögð við tilmælum Kvennalistans um að fjölgað yrði í hópi þeirra sem komu á fund nefndarinnar til umsagnar um það mál sem hér er til umfjöllunar. Þar á ég við að kallaðir voru til auk fulltrúa vinnumarkaðarins, Stéttarsambands bænda, Framleiðsluráðs landbúnaðarins og annarra þeirra aðila sem getið er í fyrri mgr. nál. Voru einnig kallaðir til fulltrúar frá Sambandi ísl. hitaveitna, Sambandi ísl. rafveitna, Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði, Landssambandi lífeyrissjóða, Samtökum kvenna á vinnumarkaði og frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Nokkrir í viðbót voru kallaðir til en komust ekki vegna annríkis með svo stuttum fyrirvara. Þetta þykja mér góð vinnubrögð og vil koma því á framfæri.

Þótt þetta frv. láti lítið yfir sér vakna ýmsar spurningar í kjölfar þess og í umfjöllun nefndarinnar var mikilvægt að fá úr þeim greitt eftir því sem hægt var. Þrátt fyrir það er vitanlega ekki verið að mæla með töfum á því að fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf varðandi kjarasamninga verði efnd, síður en svo. Mjög gagnlegar upplýsingar komu fram hjá þeim sem kallaðir voru á fundinn. Mig langar aðeins að drepa á fátt eitt af því sem tilefni er til eftir þessa umræðu.

Eins og glöggt kom fram í umræðunum um frv. í gær verður að líta á það í samhengi við aðra liði kjarasamninganna og í samhengi við aðrar aðgerðir sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir til að mæta auknum útgjöldum.

Í umræðum á fundi nefndarinnar kom m.a. fram að þær auknu álögur á Atvinnuleysistryggingasjóð, þótt litlar þyki, sem felast í þessu frv. verða að skoðast í samhengi við mögulega skerðingu sjóðsins. Atvinnuhorfur og gjaldþrot fyrirtækja sem lítið lát er á hafa áhrif á stöðu sjóðsins og því er útilokað að fjalla um þarfa leiðréttingu á stöðu fólks sem er atvinnulaust langtímum saman eins og gert er í þessu frv., án þess að líta á stöðu sjóðsins í þessu samhengi. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur áður verið skertur með aðgerðum stjórnvalda svo sem menn muna væntanlega vel og þá með fyrirheiti um endurgreiðslu síðar. Það er ekki hægt að líta fram hjá þessu.

Því miður kom fram í umfjöllun nefndarinnar og viðræðum við þá aðila sem hún kallaði til að lítið má

út af bera til að rammi samningsins bresti og menn eru lítt búnir undir það að mæta jafnvel minnstu breytingum á forsendum samningsins.

Svo sem kunnugt er urðu verðhækkanir á Hitaveitu Selfoss til þess að Starfsmannafélag Selfossbæjar felldi samningana og þótt forsvarsmönnum orkuveitna þyki hækkanir sinna veitna litlar og minni en þeir vildu sjá vegna rekstrarstöðu fyrirtækjanna, skipta þær miklu launafólkið sem þarf að bæta þessari litlu upphæð við útgjöld sín. Það er ekki hægt að reyna endalaust á þanþol láglaunafólks og það verður að fjalla um hvert eitt mál í því samhengi sem það er.

Fram kom í máli fulltrúa Verslunarráðs og Þjóðhagsstofnunar að nokkur atriði, svo sem breytingar á dollaragengi að undanförnu, þ.e. áframhaldandi lækkun dollarsins, hafi komið mönnum í opna skjöldu og skekki nú þegar forsendur samningsins og þær forsendur sem byggt er á og samningurinn má ekki við miklu. Þetta á jafnt við um aðgerðir ríkisstjórnarinnar eins og annað sem tengist þessum samningum. Það ásamt fleiru sýnir svo að ekki verður um villst að útilokað er annað en reyna að tryggja sér heildarsýn yfir gang mála og reyna að spá í hvað fram undan er nú þegar hið fyrsta frv. sem tengist þessum samningum er til umfjöllunar.

Varðandi skertar greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot munu flestir sammála um að ástæða var til að kanna hvernig lækka mætti þennan kostnað og grípa til aðgerða. Þessar greiðslur eru orðnar verulegar. Þetta verður að gerast án þess að skerða réttindi þolenda, þeirra er verða atvinnulausir og þurfa á greiðslunum að halda. Það verður að hugsa fyrir öllu. Það er vissulega óþolandi til þess að vita að þessar lögbundnu greiðslur úr ríkissjóði hafa, að því er sagt er, verið misnotaðar vegna þess að kerfið bauð upp á það. Á það skal ég ekki leggja dóm, en þetta er ein af þeim röksemdum sem menn hafa notað og það er eðlilegt að spyrna við fótum þegar upphæðir hækka mjög vegna ríkisábyrgðar á launum fólks. En þetta verður að gerast þannig að engan saki og síst þá sem síst mega við því, láglaunafólkið og atvinnulausa.

Ekki er hægt að sjá fyrir hvort sú leið sem farin verður með frv. er gallalaus. Ábendingar hafa komið og komu raunar seinast fram núna á fundinum í morgun um mögulega hættu á að einhverjir yrðu þolendur án þess að vera gerendur nema að litlu leyti. Tími og reynsla verða að skera úr um hvort þessar ábendingar reynast réttar. Ég tel skipta verulegu máli að það fé sem til ráðstöfunar er komi þangað sem þess er helst þörf og í því sambandi ítreka ég enn áhyggjur mínar vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég vil spara mér frekari umræður í bili um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna þótt fullt tilefni sé til að gera þeim skil í mun lengra máli, en ég veit að það munu gefast fleiri tækifæri síðar og lýk því máli mínu nú.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Umræðurnar um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga hafa verið býsna fróðlegar á margan hátt.

Ég mæli hér í fyrsta lagi fyrir brtt. við frv. sem er flutt af okkur hv. 5. þm. Vesturl. Brtt. eru svohljóðandi:

„Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:

a. Á eftir 3. mgr. 3. gr. laganna komi tvær nýjar mgr. svohljóðandi:

Sveitarstjórn er óheimilt að leggja nokkur önnur gjöld á fasteign, svo sem lóðaleigu, vatnsskatt, holræsagjald, sorphreinsunargjald og tunnuleigu, þannig að heildarupphæð gjalda á fasteignina miðað við fasteignamat til álagningar verði hærri í hundraðshlutum en ákvæði a- og b-liðar 3. mgr. kveða á um, sbr. þó 4. mgr.

Þá er sveitarstjórn skylt að tilgreina hlutfall álagðs fasteignaskatts á fasteignaseðli og hlutfall hvers annars gjalds miðað við fasteignamat og jafnframt heildarhlutfall samanlagðra álagðra gjalda.

b. Við 4. mgr. (sem verður 6. mgr.) bætist svohljóðandi málsliður: Þá er sveitarstjórn og heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að hækka hundraðshlutana í 3. mgr. um 50%, enda sé ákvörðun um slíkt borin undir íbúa viðkomandi sveitarfélags í almennri atkvæðagreiðslu."

Hæstv. forseti. Sú brtt. sem hér er lögð fram kveður á um að ekki sé hægt að leggja á hærri heildarskatt á fasteignamat en 0,625% að öllum gjöldum meðtöldum. Við breytingu sem gerð var sl. vor á fasteignagjöldum tel ég að þetta sé mjög mikilsvert því að þar með voru brostnar forsendur fyrir þeim ákvæðum sem áður voru í lögum um miklu hærri prósentur af fasteignagjöldum vegna þess að nú er búið að samræma álagningarstofn fasteignagjalda um allt land. Þess vegna er mjög mikilsvert að kjósendur sjái það svart á hvítu hver álagning fasteignagjalda er. Í þessari brtt. er jafnframt kveðið á um það að skylt sé að tilgreina á seðlinum hlutfall heildar gjaldaálagningar á fasteigninni þannig að hver og einn geti séð hver hin raunverulega álagning fasteignagjalda er og geti borið saman við önnur sveitarfélög.

Í dag eru fasteignagjöld geysilega mismunandi eftir sveitarfélögum. Ef tekið er dæmi hér á höfuðborgarsvæðinu mundi fasteign sem á væru lagðar 100 þús. kr. á Seltjarnarnesi bera rúmlega 107 þús. í Reykjavík og 150 þús. í Kópavogi. Það sjá allir að slíkur mismunur á álagningu fasteignagjalda gengur ekki. Því er það þörf breyting að halda þessum gjöldum innan ákveðins ramma þannig að sveitarstjórn geti ekki lagt hærra gjald en 0,625% á fasteign en sé, eins og í b-lið er getið um, heimilt að fara fram á það við íbúa viðkomandi sveitarfélags í sérstökum tilfellum að fá að hækka þetta álag eða þennan skatt í heildartölu upp á 0,75%. Þessi gjöld eru mörgum þung og ekki hvað síst láglaunafólki. Þess vegna hlýtur það að vera krafa til sveitarstjórna og til Alþingis að þessum gjöldum sé haldið innan ákveðins ramma, en svo er ekki í dag.

Samkvæmt gildandi lögum er hægt að leggja á fasteignaskatt upp á 0,625%. Auk þess er hægt að leggja á ýmiss konar önnur gjöld, svo sem vatnsskatt, holræsagjald, sorphreinsunargjald, tunnuleigu og lóðaleigu þannig að álagningin verður miklu, miklu hærri. Það sem ég hef séð hæst er í kringum 0,9% sem er miklu hærra en gert er ráð fyrir í lögum. Þá er það auðvitað mjög bagalegt og í rauninni óskiljanlegt að sveitarfélögum skuli ekki vera skylt að geta þess á seðlinum hverjir skattarnir eru og hvað háir en það vantar í núverandi lög. Þessi brtt. kveður á um það og með því að samþykkja hana yrði séð til þess að fólkið sem greiðir þá skatta geti borið þá saman við skatta í öðrum sveitarfélögum þannig að það viti hvað er verið að leggja á það, en því sé ekki haldið leyndu eins og nú er með gildandi reglum um álagningu fasteignagjalda. Þessa brtt. tel ég því mjög brýna og mjög þarfa eins og málin eru. Þá er einnig spurning hvort þau gjöld sem nú eru lögð á með reglugerð standast ákvæði stjórnarskrár um það að skattar skuli lagðir á með lögum. Þegar þeir eru orðnir svo háir sem þeir eru núna, þá er það spurning hvort þeir standist ákvæði stjórnarskrár. Ég hef efasemdir um að svo muni vera.

Ég mun í þessu sambandi ekki hafa fleiri orð um þessa brtt. en mér þykir rétt vegna þess að frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga kemur auðvitað inn á fjármál ríkisins og vegna þeirra skjala sem voru lögð fram hér í hv. deild í dag frá fjmrh., annars vegar greinargerð um afkomu ríkissjóðs frá árinu 1989 og hins vegar frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir 1988, að vekja athygli á nokkrum atriðum sem virðast vera röng. Það skiptir auðvitað máli þegar verið er að segja fólkinu hver skattbyrðin og hver rekstrarafkoma ríkissjóðs sé.

Samkvæmt því sem hér má sjá í fskj. III frá fjmrn., greinargerð um afkomu ríkissjóðs 1989, kemur það skýrt fram að tölur fyrir árið 1988 stangast á við tölur á ríkisreikningi fyrir árið 1988. Ég vil ekki segja það að hæstv. fjmrh. hafi verið að setja rangar tölur fram í sínu skjali, sem er fjölritað, um afkomu ríkissjóðs en ég held þó að hann hljóti að hafa haft einhvern annan reikning til að skoða og fara eftir en ríkisreikninginn sem hann leggur fram því ekki eru þessar tölur í samræmi við það sem þar stendur. Ef við skoðum nokkur dæmi um þetta þá er ljóst að heildargjöld 1988 eru allmiklu hærri á ríkisreikningi en í þessu skjali hér og sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu er ljóst að þau eru komin upp í 28,8% en ekki í 28,1% eins og hér stendur. Og það munar auðvitað töluvert um þessar tölur. Og þá veltir maður fyrir sér hvort tölurnar fyrir 1989 eru ekki líka rangar og allmiklu hærri. Og það segir að við séum með tölur hér sem gefa ekki rétta mynd af afkomu ríkissjóðs.

Það kemur líka í ljós að hlutfall skatttekna af vergri þjóðarframleiðslu er miklu hærra 1988 en stendur í þessu skjali og þar munar svo miklum upphæðum að maður verður að staldra við því þær eru komnar upp í 26,1% samkvæmt þeim tölum sem eru í ríkisreikningi en eru 23,8% samkvæmt þeim tölum sem standa á blaði fjmrh. Og það liggur ljóst fyrir að hækkanir á sköttum hafa orðið gífurlegar, frá 1985 hafa þeir hækkað um 19,8%. En samkvæmt tölum 1989, sem ég trúi ekki lengur, hafa þeir hækkað um 15,7% sem er mikil hækkun frá 1981, en minna frá 1980 því skattarnir fóru lækkandi til 1985. Það vita allir hver var fjmrh. það árið og lækkaði skattana á fólkinu. Það var hæstv. sendiherra í París, Albert Guðmundsson, sem lækkaði skattana þannig að þeir voru með því lægsta sem þekkist á þessum áratug. En síðan hafa þeir hækkað um 19% samkvæmt niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1988 sem er náttúrlega gífurleg hækkun. (Gripið fram í.) Það er skotið hér að mér að aðstoðarmaður fjmrh. var þá hv. þm. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., þannig að hann ætti vel að kannast við þessar tölur.

Þessi tvö skjöl segja að það hlýtur að verða að taka til athugunar þær greinargerðir sem koma frá fjmrn. því að þetta er ekki í fyrsta sinn sem núverandi fjmrh. virðist senda frá sér rangar upplýsingar til þingsins og það allverulega rangar. Ef á að taka mark á hæstv. ráðherra þá hlýtur maður að spyrja sig, fyrst hann getur ekki haft réttar tölur á tveimur skjölum sem eru lögð fram sama dag: Er hann að gera þetta vísvitandi, er hann að reyna að falsa tölurnar eða er hann bara ekki betri í samlagningu? Hann hefur kannski aldrei lært að fara með tölur. Manni dettur það í hug. Þessar tölur frá 1988 segja manni það að fjmrh. hafi sennilega ekki fengið mikla kennslu í reikningi og tími til kominn að hann læri svolitla samlagningu og frádrátt.

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu en vil þó ítreka að þær brtt. sem fyrir liggja frá okkur hv. 5. þm. Vesturl. fái umfjöllun og þinglega meðferð. Ég á von á því að hv. félmn. fái þessar tillögur til meðhöndlunar. Það hlýtur að vera krafa í nútímaþjóðfélagi að fólkið sem greiðir skattana fái að vita hverjir þeir eru og hvernig þeir eru lagðir á og geti borið sig saman við fólkið í næstu sveitarfélögum. En með núverandi álagningarseðlum og núverandi kerfi er það ekki hægt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu en eins og sakir standa hefur hann gefið hinu málinu forgang, þ.e. umræðum um stofnun ráðuneytis án verkefna og er það ekki í fyrsta sinn sem hæstv. ríkisstjórn lítur fremur til þess verkefnis en hins að huga hér að stöðu kjaramála og þeim efnahagsgrundvelli sem aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt.

Það hefur vakið athygli hér á hinu háa Alþingi að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki getað gefið skýr svör við því enn hvort hún ætlar að falla frá ákvörðunum um skattheimtu af ýmsu tagi. Þar á meðal hefur hún ekki getað gefið skýr svör um orkuskattinn sem sýnt hefur verið fram á að getur leitt til 30% hækkunar á orkureikningum heimilanna. Hún hefur engin skýr svör getað gefið um það hvað á að verða um áform hennar um 90% hækkun á bifreiðagjöldum.

Það vakti athygli strax og kjarasamningarnir voru undirritaðir að hæstv. ríkisstjórn hafði engin svör við þessu. Það vekur enn athygli að þegar hún flytur staðfestingarfrumvarp sitt við það að hún hefur sam-þykkt hinn nýja efnahagsgrundvöll aðila vinnumarkaðarins, þá eru engin svör við þessum spurningum heldur. Og það vekur sérstaka athygli í þessari umræðu að enn á hæstv. ríkisstjórn eftir að uppfylla fyrirheit sem hún gaf aðilum vinnumarkaðarins í fyrra í tengslum við fiskverðsákvarðanir og kjarasamninga á sl. ári. Er nema von að fólkið í landinu hafi misst trú á hæstv. ríkisstjórn þegar hún getur ekki einu sinni sýnt fram á að hún uppfylli fyrirheit sem hún gefur í ársgömlum kjarasamningum? Það hefur verið vakin á því athygli hér að hæstv. forsrh. hefur engin svör getað gefið um það hvenær falla á frá jöfnunargjaldinu. Þar stendur hann með loforð frá síðustu kjarasamningum. Kemur svo hér þegar aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt nýjan efnahagsgrundvöll fyrir hæstv. ríkisstjórn og segir: Loforðið frá því síðast, ég veit ekkert um það hvenær ég get efnt það, um það hef ég engin svör, þar hef ég engin úrræði.

Og það vakti sérstaka athygli í gær að hæstv. forsrh. gat engin svör gefið um það hvernig ríkisstjórnin ætlaði að koma til móts við þá aðila sem eiga fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins varðandi aflamiðlun. Hæstv. forsrh. stóð hér berskjaldaður í umræðum um ráðstafanir í kjölfar kjarasamninga og átti engin svör við þessum spurninum. Er þó heilt ár síðan hæstv. ríkisstjórn gaf fyrirheit um að koma til móts við aðila í þessi efni. Enn eru engin svör. Meira niðurlag er varla hægt að sýna, meiri getur auðmýking hæstv. ríkisstjórnar varla orðið. Fyrir ári síðan gerðu aðilar í Verðlagsráði með sér samkomulag og fiskkaupendur gengu þá til samkomulags um hærra fiskverð en ella hefði orðið vegna þess að hæstv. ríkisstjórn gaf *fyrirheit um að koma á aflamiðlun. Fiskvinnslan, í* þeirri erfiðu stöðu sem hún var þá, gaf þetta eftir, færði þessa fórn, greiddi þetta í þeim tilgangi að ná samkomulagi um aflamiðlun — og þegar þetta er rifjað upp þá gengur hæstv. forsrh. úr hliðarherbergi og óska ég eftir því, herra forseti, að hæstv. forsrh. geri upp við sig hvort er forgangsmál hjá hæstv. ríkisstjórn ráðstafanir vegna kjarasamninga eða frv. um stofnun ráðuneytis án verkefna. Ef hitt atriðið er forgangsatriði þá tel ég eðlilegt að þessari umræðu sé frestað. — Hæstv. forsrh. gengur nú á ný til hliðarherbergis.

Fiskvinnslan gekk til þessara samninga á sl. ári, fyrir heilu ári síðan. Hún féllst á að greiða hærra fiskverð til þess að ná samningum af þessu tagi í trausti þess að það væri eitthvað að marka yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar. Nú er heilt ár liðið og á þessum grundvelli hefur enginn árangur orðið — og enn á ný gengur hæstv. forsrh. úr hliðarsal til þess að taka þátt í umræðum um forgangsverkefni og beini ég því enn til forseta að fá úr því skorið hvort sé forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar, hvort hæstv. forsrh. getur ekki tekið þátt í þessum umræðum sem hér fara fram. (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að fá forsrh. í salinn.) Hæstv. forsrh. gengur nú í þriðja eða fjórða sinn í salinn. Það er ljóst að hann þolir illa við undir þeim umræðum sem hér fara fram og kýs heldur að koma forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar fram en að taka þátt í umræðum sem snúast um grundvöll efnahagslífsins, þann grundvöll sem aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Ég var að rifja það upp, hæstv. forsrh., hvernig fiskvinnslan teygði sig til samkomulags í erfiðri stöðu fyrir ári síðan og treysti á að hæstv. ríkisstjórn aðhefðist eitthvað í málinu. Það kom þegar í ljós að lítið hald var í yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar. Vegna innri ágreinings gat hún ekkert aðhafst og þrátt fyrir góðan vilja hæstv. sjútvrh. sem vildi þoka málinu fram og lýsti því margsinnis yfir þá gerðist ekkert að því er virðist vegna þvergirðings hæstv. utanrrh. Og svo virðist sem hæstv. forsrh. hafi heldur hallast á sveif með hæstv. utanrrh. fremur en hæstv. sjútvrh., varla væri málið í þeirri sjálfheldu sem það er í dag ef hann hefði, hæstv. forsrh., séð ástæðu til þess að styðja viðleitni sjútvrh.

Ríkisstjórnin brást við á þann veg vegna innri ágreinings að segja við aðilana sem hlut eiga að máli í Verðlagsráði sjávarútvegsins: Komið þið ykkur saman. Við getum ekkert gert, við getum ekki uppfyllt þau loforð sem við höfum gefið nema þið komið ykkur saman. — Svo gerist það í kjölfar nýgerðra kjarasamninga þar sem allir þessir aðilar vilja leggja sitt af mörkum til þess að fiskverð verði ákveðið í samræmi við þá niðurstöðu, að þeir *ná samkomulagi sín á milli* og segja: Svona getum við staðið að málum, svona getum við komist að niðurstöðu. Það liggur í loftinu að það er hægt að ná samkomulagi í Verðlagsráði um fiskverð, einungis ef hæstv. ríkisstjórn getur komið sér saman um að fallast á það samkomulag sem hún er búin að biðja aðilana í Verðlagsráði að komast að. — En þá kemur hæstv. forsrh. hér í gær og segir: Ég get *ekkert gert, ég er úrræðalaus. Jafnvel* þó að þessir aðilar hafa komið sér saman, þá getur ríkisstjórnin ekki uppfyllt loforðið frá í fyrra, hún getur ekki uppfyllt loforðið frá því fyrir nokkrum dögum. Og hæstv. ríkisstjórn reynir að skjóta sér á bak við bréfaskriftir frá Verkamannasambandi Íslands í þessu efni.

En gerir hæstv. forsrh. sér ekki grein fyrir því hvaða vandi er á höndum? Ef þessi aumingjaskapur í hæstv. ríkisstjórn heldur áfram þá gæti svo farið að það samkomulag sem liggur í loftinu í Verðlagsráði færi út um þúfur. Heldur hæstv. forsrh. að það séu meiri líkur ef svo fer að það verði unnt í samningum út um allt land að fylgja þeirri línu eftir sem lögð var í kjarasamning-unum?

Fiskvinnslan hefur í þessum umræðum enn á ný ákveðið að ganga lengra en efnahagslegar forsendur eru fyrir, í annað skipti á einu ári, til þess að kaupa sér samkomulag um aflamiðlun og samkomulag um það hvernig ráðstafa á óunnum afla. Í annað skipti á einu ári gengur fiskvinnslan lengra til þess að kaupa slíkt samkomulag, í trausti þess að ríkisstjórnin aðhafist eitthvað af sinni hálfu. Og enn situr hæstv. forsrh. hér og hefur engin svör.

Menn voru býsna undrandi á því í umræðunni í gærdag að hæstv. forsrh. gat ekki svarað. En ég hygg að enginn hafi trúað því að kvöldið mundi líða án þess að nokkuð gerðist og að morgunn þessa dags mundi líða án þess að nokkuð gerðist og sólarhring seinna stæði hæstv. forsrh. enn í þeim sporum að geta ekki svarað skýru samkomulagi aðila að Verðlagsráði sjávarútvegsins, þeirra aðila sem ríkisstjórnin er búin að henda sínum eigin vanda í fangið á. Treystir hæstv. ríkisstjórn sér til þess að taka ábyrgð á því með úrræðaleysi sínu og getuleysi í þessu efni að hugsanlega náist bara ekkert samkomulag í Verðlagsráði sjávarútvegsins? Telur hæstv. ríkisstjórn að það verði auðvelt fyrir ýmsa af forustumönnum verkalýðsfélaganna sem staðið hafa að hófsömum kjarasamningum að fara með þau mál út um allt land í samningum í einstökum félögum? Það liggur í loftinu vegna sérstöðu þessa máls að í Verðlagsráði er hægt að ná samkomulagi um sérstakt jöfnunarálag vegna heimalöndunar á fiski. Það þýðir að í sumum tilvikum getur fiskverð hækkað um 15%. Ég held að flestir líti á þetta sem mjög eðlilegan hlut í stöðunni. En það hlýtur að verða erfitt fyrir ýmsa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar að takast á við þetta í einstökum verkalýðsfélögum úti um landið í ljósi þeirra samninga sem þeir sjálfir hafa gert fyrir verkamenn. Ætlar hæstv. ríkisstjórn að nota bréf Verkamannasambandsins til þess að koma forustumönnum verkalýðsfélaganna úti um land í þessa stöðu? Treystir hæstv. ríkisstjórn sér til þess að bera ábyrgð á því að þessi mál lendi í útideyfu og þeirri upplausn sem gæti orðið ef engin niðurstaða fæst? Hún hefur sjálf, hæstv. ríkisstjórn, óskað eftir því að þetta samkomulag yrði gert á milli aðila að Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hún hefur fengið það samkomulag og getur ekki brugðist við því af sinni hálfu.

Það er sérstök ástæða til að óska eftir því hér enn einu sinni að hæstv. forsrh. gefi skýr svör í þessu efni. Það verður auðvitað ekki þolað að einn sólarhringur líði enn án þess að ríkisstjórnin svari aðilum vinnumarkaðarins hér um. Fiskvinnslan er í sérlega erfiðri stöðu í þessu máli. Ekki síst í ljósi þess að útgerðin hefur með þeirri fiskveiðistefnu sem hér er fylgt aflahlutinn á sinni hendi. Rekstrarstaða fiskvinnslunnar er mjög erfið og hún er í annað sinn á einu ári að kaupa sér samkomulag við ríkisstjórnina án þess að fá viðbrögð. Og það er útilokað að einn sólarhringur líði enn án þess að ríkisstjórnin hæstv. gefi hér skýr svör um.

Helst hefði ég viljað að á þessum fundi og fyrir lok þessarar umræðu kæmu þessi svör, yrði fiskverkendum, fiskverkafólki og útgerðarmönnum og sjómönnum færður sá boðskapur að ríkisstjórnin treysti sér til að samþykkja það samkomulag sem gert hefur verið. Að hún léti ekki innri ágreining innan ríkisstjórnarinnar hindra þá samstöðu sem getur orðið í þessu máli. Það er mikill ábyrgðarhluti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hafði vænst þess að unnt yrði að ljúka umræðu og atkvæðagreiðslu um þetta samkomulagsmál fyrir þingflokkafundi kl. 4. Hann vonar enn að svo geti orðið. Ef hv. þm. stytta ræður sínar þá mun það takast. Ella verður að fresta þessum fundi til kl. 6 þegar þingflokksfundum er lokið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir að endurtaka enn einu sinni þessa sömu plötu og reyna þannig að draga fjöður yfir getuleysi þeirrar ríkisstjórnar sem hann veitti forustu. Þessi ríkisstjórn hefur leyst vandamál eftir vandamál, ótal vandamál sem hún tók við af borði þeirrar ríkisstjórnar. Þess vegna hafa þeir kjarasamningar verið gerðir sem nú hafa verið gerðir o.s.frv. Þetta veit hv. þm. að sjálfsögðu allt saman mætavel. Og ég er ekki að amast út í það þó hann leitist við að draga upp einhverja aðra mynd.

Ég fullvissa hv. þm. um það að fiskverð verður ákveðið fyrir 28. febr. eins og ráð er gert fyrir. Aflamiðlun var alls ekki lofað 28. febr. þegar fiskverð var ákveðið á síðasta ári. Þá voru lögð drög að hugmyndum um aflamiðlun. En t.d. í þeim drögum var enn óákveðið hvort togarafiskur yrði með í þeirri aflamiðlun. Það er ekki fyrr en nýlega að ákveðið er að togarafiskur verði þar með. Og ef hv. þm. vill gera lítið úr bréfi Verkamannasambands Íslands þá hann um það. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en að á bak við þetta bréf liggi það sem í því stendur að Verkamannasambandið er óánægt með að Landssamband ísl. útvegsmanna fái tvo menn í þessa aflamiðlun. Að því hefur verið unnið í gærkvöldi og í morgun að leysa það mál og ég get fullyrt að það mál mun leysast áður en fiskverð verður ákveðið fyrir 28. febr. M.a. tefur það málið núna að Kristján Ragnarsson fór erlendis í morgun, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna. Og þeir menn sem hefur verið talað við hafa lagt á það áherslu að við hann yrði haft samband einnig um málið. Það er ekki óeðlilegt. Ég fellst fullkomlega á það. Hann hefur tekið mjög virkan þátt í því að móta þessa stefnu. Og þeir hafa sjálfir óskað eftir því að afgreiðsla ríkisstjórnarinnar verði ekki án þess að við Kristján Ragnarsson sé haft samband. Þannig að ég vil leyfa mér að upplýsa það hér að enn einu sinni mun hv. þm. verða fyrir vonbrigðum. Þessi ríkisstjórn mun leysa þetta mál. Fiskverð verður ákveðið og farsællega þannig til lykta leitt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hv. félmn. hefur orðið sammála um að koma fram með brtt. við 7. gr. og hún er þannig, með leyfi forseta: „Í stað orðanna „er verðlagsnefnd búvöru heimilt að fresta“ komi: skal verðlagsnefnd búvöru fella niður.“

Ég hef rætt þetta við hv. þm. sem eru í félmn. og hef ekki fengið viðhlítandi svör um hvernig á þessari breytingu stendur. Vegna þess að þeir hafa talið að

samkomulagið sé þannig að þessi breyting sé í samræmi við það. Í samkomulaginu stendur ekkert annað en að það eigi að endurskoða búvörusamningana og að hækkanir sem eiga að verða 1. mars, 1. júní og 1. sept. hafi ekki áhrif á verðið, komi ekki til framkvæmda. En það er dálítið annað mál að fresta þessu eða fella niður. Bændur hafa áður fellt niður, ég man ekki hvort það var 1949 eða 1951, t.d. 12% sem voru þá loforð að yrði leiðrétt en aldrei efnt. Það felst ekkert í þessu samkomulagi sem réttlætir það að koma með þessa brtt. Þó fara eigi yfir verðlagsgrundvöllinn og meta hann upp á nýtt, þá er það allt annað mál. En ég skil a.m.k. þessa brtt. á þann hátt að það sé verið að ákveða það að þessi frestun sem áður var talin verði endanlega felld út. Ekki til 30. nóv. En ég vil a.m.k. biðja hæstv. landbrh. eða þá sem stóðu að þessari brtt. að skýra hér mál sitt. Því þó ég sjái að það hafi verið haft samband við formann Stéttarsambandsins og framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs er það ekki nóg fyrir mig. Ég vil fá að skilja í hverju þessi breyting felst. Er minn skilningur réttur eða rangur og hvað eru menn að fara?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég lýsa þeim skilningi mínum að í raun og veru hefði hvort orðalagið sem var, það sem er í 7. gr. frv. og það sem er í brtt. félmn., dugað til að gefa verðlagsnefnd heimild eða skyldu til að bregðast við í samræmi við það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér og Stéttarsamband bænda stóð að. Það er nauðsynlegt að afla sérstakrar lagaheimildar til þess að ekki komi til annars lögboðins framreiknings verðlagsgrundvallarins á þriggja mánaða fresti og útreiknings nýs grundvallar 1. sept. ár hvert eins og lög mæla fyrir um. Það þarf einfaldlega að afla heimildar til þess að víkja frá þessu annars bindandi ákvæði laganna um að slíkur framreikningur fari fram. Hér er ekki að mínu mati, hvort orðalagið sem notað er, verið að gera neitt annað en að fresta því að framreikningurinn sjálfur eigi sér stað og mun engin áhrif hafa á verðlagsgrundvöll búvöru að loknu þessu tímabili sem samningarnir taka til. Það er ljóst að strax 1. des. 1990 fer fram venjulegur framreikningur verðlagsgrundvallar búvöru svo fremi sem ákvarðanir verði ekki fyrir þann tíma teknar um annað. Og í raun og veru er engin hætta á ferðum hvað það snertir að það er eingöngu verið að afla nauðsynlegrar lagaheimildar til þess að aðild Stéttarsambands bænda og bænda að þessu samkomulagi megi ganga fram samkvæmt lögum.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. félmn. hefur unnið hratt að þessu máli sem er þegar komið til 2. umr. þó 1. umr. hafi staðið hér í gær.

Ég hafði við umræðu um skýrslu forsrh. um kjarasamningana fyrir fáum vikum gert þá athugasemd að ef það atriði samkomulagsins sem lýtur að búvöruverði stæði kynni það að þýða frystingu á verði til sauðfjárbænda út verðlagsárið 1990–1991, vegna þess að grundvallarverð er ákveðið í september og lög gera ekki ráð fyrir hækkun á verði til bænda vegna sauðfjárafurða eftir að það hefur verið ákveðið. Þess vegna væri athugavert hvernig þetta yrði framkvæmt. Ég hef spurst nokkuð fyrir um þetta og fengið þær upplýsingar m.a. að inni í þetta reiknist ekki sú frestun sem varð á launalið verðlagsgrundvallarins við verðákvörðun í haust sem mun vera á þessu verðlagsári um 115 millj. kr. eða sem svarar 3% af verði. Þetta fé er greitt af niðurgreiðslulið utan hins eiginlega verðlagsgrundvallar og ég hefði kosið að fá það staðfest í þessari umræðu að þessi hluti af verði til sauðfjárbænda verði áfram greiddur, væntanlega af niðurgreiðslulið, á verðlagsárinu 1990–1991. Verði það ekki gert og komi ekki fram hækkun þá er verið að hafa beint af bændum sem þessu nemur.

Ég hef þær upplýsingar frá aðilum sem gerst vita um þessi mál að ef markmið kjarasamninganna nást og verðlagshækkanir fara ekki upp fyrir rauðu strikin kynni það að þýða á næsta verðlagsári fyrir sauðfjárbændur allt að 3% lægra verð en ella væri. Það er sú skerðing sem þeir mundu taka á sig og kúabændur að líkum sambærilega.

Ég ætla ekki að gera athugasemdir við það að bændasamtökin og bændur landsins taki á sig sem því nemur ef þau mikilvægu markmið sem kjarasamningarnir byggja á nást og náist þau ekki þá koma til hin rauðu strik og þá gilda auðvitað ekki lengur ákvæðin um fast verð eins og allir vita. Ég hefði gjarnan viljað fá upplýst hvort á næsta verðlagsári standi áfram sú greiðsla á allt að 3% af verði sem á þessu ári verður um 115 millj. kr. og frestað var í haust.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað, ef hæstv. forsrh. treystir sér til að svara þessari fsp. minni við umræðuna, spyrjast fyrir um það í leiðinni hvað liði undirbúningi að niðurskurði ríkisútgjalda sem birst hafa fregnir af í fjölmiðlum og stundum er þar sagt að þau mál hafi verið lögð fyrir fjvn., sem ekki er rétt. Þau mál hafa vafalaust verið fyrir lögð meiri hl. fjvn., en ekki fyrir nefndina í heild. Og ég hef ekki séð neinar tillögur frá hæstv. ríkisstjórn um þetta efni utan þess sem sagt hefur verið um þetta mál í fjölmiðlum. Þess vegna vildi ég gjarnan spyrjast fyrir um hvernig þau mál standa

Ég get svo tekið undir með hv. 17. þm. Reykv. að það er auðvitað mjög ankannalegt að sjá í þeim plöggum sem hér var dreift í dag, t.d. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988, frv. til laga um samþykkt ríkisreikningsins fyrir árið 1988 og greinargerð fjmrn. um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1989 sem einnig nær yfir fleiri ár, hversu þar gætir mjög misræmis í tölum. Og í greinargerðinni sem dags. er 20. febr. eru ekki réttar tölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1988, heldur eru þar gamlar tölur sem er sagt að séu bráðabirgðatölur þar sem hallinn er sagður á því ári um 7,2 milljarðar, en er í raun nær 8,2 milljarðar. Það er auðvitað hálfankannalegt að sjá þessum gögnum dreift hér með slíku misræmi í tölum sem nú eiga að liggja fyrir.

Vegna þess að skammt er til þingflokksfunda ætla ég ekki að ræða þessi mál á víðari grundvelli þó að af nógu sé að taka en láta þetta nægja, herra forseti.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér er ánægja að staðfesta, og það kemur fram í yfirlýsingu til bænda, að sú launauppbót eða þau laun, 3%, sem greidd hafa verið af niðurgreiðslufé, hljóta að greiðast þannig áfram á nýju verðlagsári ef ekki er svigrúm til að gera hækkun á verðlagsgrundvellinum. Ef verðlagsgrundvöllurinn fer yfir rauða strikið þá verður að greiða það af niðurgreiðslufé eða réttara sagt af verðlagi landbúnaðarafurða. Um þetta er fullt samkomulag og staðfest af ríkisstjórn og ég vil endurtaka það hér. Ég vil vekja athygli á því að slík greiðsla fellur ekki nema að hluta á árið 1990 að sjálfsögðu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það lýsir mætavel ráðþroti hæstv. forsrh. þegar hann í þessari umræðu segir sig enn einu sinni frá allri ábyrgð á fyrri ríkisstjórnum sem hann hefur átt sæti í. Það er ekki nýtt af nálinni, alkunnugt í hans málflutningi en lýsir vel ráðþroti hans í þessu máli. Ekki síst í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur setið í ríkisstjórn frá 1978 og flokkur hans í 20 ár samfellt.

Hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir að fiskverð yrði ákveðið og ekki voru það mikil tíðindi. Það ber að gera lögum samkvæmt. Hitt hefðu kannski verið tíðindi ef hann hefði lýst því hér yfir að það yrði ekki gert, en það vita allir að það hefur nú dregist að unnt væri lögum samkvæmt að ákveða fiskverð vegna innri ágreinings í hæstv. ríkisstjórn og að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki getað svarað aðilum vinnumarkaðarins fyrirheiti sínu frá því fyrir ári síðan um aflamiðlun. Þegar hæstv. forsrh. segir: Ríkisstjórnin mun leysa það mál, þá er það mikill misskilningur. Aðilar að Verðlagsráði sjávarútvegsins hafa með samkomulagi sín á milli nú þegar leyst það mál. Það eina sem tefur að sú lausn komi til framkvæmda er innri vandi hæstv. ríkisstjórnar. Það er staðreyndin í þessu máli.

Það er líka athygli vert þegar hæstv. forsrh. segir að innri vandi ríkisstjórnarinnar verði ekki leystur fyrr en hún nái sambandi við Kristján Ragnarsson. Formaður Verkamannasambandsins hefur nýlega lýst því yfir að sá maður ráði býsna miklu í þjóðfélaginu. Hann muni að vísu ekki geta ráðið yfir Verkamannasambandinu þó hann ráði hugsanlega yfir ríkisstjórninni og nú kemur hæstv. forsrh. og segir: Við getum ekki svarað skilmerkilegu samkomulagi aðilanna í Verðlagsráði fyrr en við höfum náð sambandi við Kristján Ragnarsson. Ég held að meiri geti niðurlæging hæstv. ríkisstjórnar ekki verið. Kjarni málsins er enn og aftur sá að aðilarnir að Verðlagsráðinu hafa náð samkomulagi. Fiskvinnslan hefur í annað skiptið, í erfiðri stöðu, keypt slíkt samkomulag talsverðu verði en enn stendur á því að hæstv. ríkisstjórn komi sér saman til þess að það samkomulag geti orðið að veruleika. Og það er þetta sem hæstv. forsrh. ber ábyrgð á. Auðvitað vonum við að aðilar vinnumarkaðarins knýi fram niðurstöðu og ég hef enga trú á öðru, en vandræðagangur hæstv. ríkisstjórnar og getuleysi hennar er jafnaugljóst eftir sem áður.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Það er einn eftir á mælendaskrá, hv. 5. þm. Austurl. Nú hefur forseta borist það til eyrna að þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna hafni því að þessum fundi verði fram haldið kl. 6. Honum yrði því að fresta til kl. hálfníu í kvöld. Þá eru eftir sáralítil verkefni, eingöngu atkvæðagreiðsla og 3. umr. og að ljúka málinu þar með og koma því til Ed. Ég tel að ég eigi því miður engan annan kost í þeirri stöðu sem upp er komin (**KrP:** Ég fell frá orðinu.) Hv. 5. þm. Austurl. fellur frá orðinu. Ég vil bera það undir hv. þingdeildarmenn hvort þeir kjósi að forseti geri tilraun til þess að ná fram atkvæðagreiðslu og ljúka málinu þannig að ekki þurfi að koma hér til kvöldfundar.

Það hefur orðið að samkomulagi að ljúka atkvæðagreiðslu og afgreiða til Ed. dagskrármálið, ráðstafanir vegna kjarasamninga, fremur en þurfa að kalla hv. þingdeildarmenn til kvöldfundar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1.–3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 634.a,1 felld með 19:5 atkv.
Brtt. 634.a,2 felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, PJ, RH, HJ, IBA.

nei: JóhS, JK, JSS, SLB, MálmS, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, GHelg, ÁrnG.

ÓE, ÓÞÞ, ÞP, BÍG, EH, FÞ, GHH, GGÞ greiddu ekki atkv.

8 þm. (JBH, JónS, MB, MÁM, ÞP, FrS, GuðnÁ, HG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það að sveitarstjórnum sé skylt að láta kjósendur vita hve há fasteignagjöld eru samtals sem þau leggja á húseigendur. Það er ekki í lögum nú að það sé skylda að gera það og ekki gert á álagningarseðlum þannig að hér er verið að leggja til að kjósendur fái að vita hver raunveruleg álagning fasteignagjalda er og ég segi já.

Brtt. 634,b felld með 22:2 atkv.
6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 639 samþ. með 29 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
10.–17. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

51. fundur, miðvikudaginn 21. febr., að loknum 50. fundi.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 646.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

EFRI DEILD

frh. 52. fundar, miðvikudaginn 21. febr., kl. 8.30 síðdegis.

Um þingsköp.

Boðun kvöldfundar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar þessum fundi var frestað hér í dag kom það mjög á óvart að hæstv. forseti tilkynnti að fundinum væri frestað til kl. 8.30 í kvöld. Ég bað um orðið um þingsköp. Það var ekki hægt af því að það var búið að fresta fundi. Þess vegna vil ég nota tækifærið nú og gera athugasemd við hvernig að þessu var staðið. Það er venjan þegar kvöldfundir eiga að fara fram að það sé fyrirvari þannig að þingmönnum sé tilkynnt það, annaðhvort úr ræðustóli eða þá að það er formlega afgreitt á milli þingflokksformanna og forseta. Svo var ekki gert að þessu sinni og ég vil gera athugasemd við þetta. Mér þykir það mjög miður. Við erum að ræða hér mjög mikilvægt mál og við þurfum að hafa til þess góðan tíma og þannig stendur á hjá mér að ég er í raun og veru annars staðar á þessari stundu, kom hingað niður eftir til þess að spyrjast fyrir hvort það sé virkilega meiningin að þessum fundi verði fram haldið í kvöld eða hvort hægt verður að fresta honum.

Ég tel að forseta hefði borið að tilkynna það í upphafi fundarins í dag eða a.m.k. það tímanlega að þingmenn hefðu haft tækifæri til þess að ræða þetta við forseta sinn meðan þingfundur stóð. En svo var ekki og þess vegna vil ég gera þessa athugasemd nú og endurtaka þessa spurningu mína hvort meiningin sé að halda þessum fundi áfram eða hvort hægt er að verða við þeirri ósk að honum verði frestað.

Forseti (Jón Helgason):

Mér þykir það miður að ekki skuli ekki hafa komist nægilega skýrt til skila þau áform að hér yrði fundur í kvöld. Ég ræddi við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar í gær. Reyndar var fundur með forsetum og formönnum þingflokka fyrir rúmri viku þar sem ég lagði áherslu á að í þessari viku mætti búast við kvöldfundum og fundi á föstudag, en síðan ræddi ég í gær við formenn fulltrúa þingflokka stjórnarandstöðunnar um það sérstaklega að ég ætlaði ekki að hafa fund í gærkvöldi en hins vegar mundi ég reikna með fundi a.m.k. í kvöld. Af þeim sökum láðist mér að geta þess frekar þar sem ég taldi að það væri komið til skila.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég tala nú ekki æðioft um þingsköp en mér finnst brýnt að gera það nú.

Ég skil forseta þannig að hann ætli ekki að verða við þeirri ósk að fresta þessum fundi eins og við höfðum þó búist við að gert yrði og ég hlýt að harma það. Það fer eitthvað á milli mála ef formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur vitað af því að þessi fundur yrði haldinn hér í kvöld því að hann sagði okkur skömmu áður en fundi var frestað að svo yrði ekki. Hvort eitthvað hefur verið talað í gær um það að einhverjir kvöldfundir gætu orðið í þessari viku er allt annað mál. Við okkar flokksformann var ekki talað um að þessi fundur yrði hér í kvöld.

Þetta mál og öll meðferð þess er með algjörum eindæmum. Ég hef verið viðloðandi þingið nokkuð lengi en ég minnist ekki að vinnubrögð hafi verið með þeim hætti sem nú tíðkast. Sérstaklega harma ég að þurfa að gagnrýna störf hæstv. forseta, þess venjulega mjög sanngjarna manns og formanns allshn. þar með.

Það var með ólíkindum á fundi í hv. allshn. í gær hvert ofurkapp var á það lagt að kljúfa nefndina og hætta brýnum störfum, að reyna að komast til botns í því mikla máli sem hér er um að ræða, þ.e. stofnun umhverfisráðuneytis, og hvaða hlutverk því ættu að verða falin, en allir vita að í báðum þingdeildum hefur verið mjög mikið starfað að því að samræma sjónarmið og reyna að greiða úr þeirri flækju sem óhjákvæmilega hlaut að koma upp þegar til þess var gripið að ætla sér að breyta stjórnlögum til þess að geta komið nýjum manni í ráðuneyti þegar stjórnarskipti höfðu orðið hér eða öllu heldur Borgfl. var keyptur til samvinnu við þá flokka sem voru í ríkisstjórn. Það er auðvitað vítavert út af fyrir sig að ætla að hrófla við stjórnskipunarlögum bara af hentisemi einni saman. Það tíðkast nú yfirleitt ekki í siðuðum þjóðfélögum og hefur ekki tíðkast á þessu landi því að auðvitað ganga lög Stjórnarráðs Íslands næst sjálfri stjórnarskránni og það er betra að umgangast þau með varkárni.

Mig langar að bera fram hér eina tillögu sem gæti orðið til lausnar á þessu máli og beini henni til hæstv. ráðherra Hagstofu sem raunar er nú líka samstarfsráð-

herra Norðurlandaráðs og ég geri það af heilum hug og ég hef ekkert að saka þann ágæta mann um, hæstv. ráðherra Hagstofu. Við störfuðum lengi saman og ég held að okkur hafi líkað vel að starfa hvorum með öðrum. Ég held að hann geti leyst þetta mál ósköp vel með því einfaldlega að standa við orð sín úr sjónvarpsþætti um daginn, að óska þess að þessi tvö þingmál fylgist að og að við vinnum öll að því, þessa daga til helgarinnar og vikuna eftir að Norðurlandaráðsfundum lýkur, að reyna að greiða fram úr þessari flækju og leysa málið. Hæstv. ráðherra sagði að vísu í frammíkalli, hann hefur lítið tekið þátt í umræðum ef nokkuð um þetta mál sem væri þó eðlilegt að hann gerði, að þetta hefðu verið vangaveltur sem allir aðrir sem á þessum fundi voru skildu, að ég hygg þannig, að hann hefði sagt að tilbúnar væru reglugerðir sem tækju gildi sl. miðvikudag og að frv. sem hér er til umræðu yrði þá afgreitt og gert að lögum. Náttúrlega vissi hann ekkert um það hvort það mundi verða. Það er Alþingis að ákveða hvenær það lýkur störfum um hvert einstakt mál, en sjálfsagt hefur hann haft einhver loforð samt frá stjórnarflokkunum eða einhverjum ráðherrum um það að þetta yrði og kannski talað þess vegna á þennan hátt. Nú hefur það ekki orðið og þá finnst mér að hann væri maður að meiri að sýna það og sætta sig við það. Hann getur auðvitað mætt í Norðurlandaráði sem samstarfsráðherra, reyndar sem ráðherra Hagstofu. Það þótti nú einu sinni ekkert athugavert við það að Hagstofan væri sérstakt ráðuneyti. Þar unnu að vísu fáir menn og spöruðu mikla fjármuni. Og það voru ekki margar stofnanir að sinna hagsýslu með mörg hundruð mönnum og öllu þessu tölvuflóði þannig að enginn botnar neitt í neinu. Þá voru hlutirnir sæmilega einfaldir og Hagstofan var fyrirmynd annarra stofnana og það er engin vanvirða að vera ráðherra Hagstofu um eitthvert skeið.

Ég á kannski ekki von á að við þessari ósk verði orðið en ég vil ítreka þá ósk sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir bar hér fram og það er ósk þm. Sjálfstfl. að þessum fundi verði frestað.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég hef ekki tekið þátt í umræðunni hingað til til þess að gera grein fyrir misskilningi sem því miður virðist hafa komist inn hjá allmörgum þingmönnum varðandi ummæli mín, bæði á fundi með Verkfræðingafélaginu hér á dögunum og svo í sjónvarpsþætti fyrir alllöngu síðan. Í þeim sjónvarpsþætti talaði ég um að í sjálfu sér þætti mér það ekkert óeðlilegt að hægt væri að afgreiða þessi tvö mál samhliða út úr Ed. Það sem ég átti við þá, við skulum hafa það í huga að það er kannski liðinn rúmlega mánuður síðan, var að ef þinghald væri með eðlilegum hætti teldi ég, og tel nú, að bæði þessi mál gætu verið komin út úr Ed. og orðin að lögum. Þinghald hefur bara ekki verið með eðlilegum hætti og þar með hafa þessi mál hvorki getað fylgst að né eru þau orðin að lögum. Það er mikill þingmeirihluti á bak við þessi tvö mál og þar af leiðandi er það ekkert óeðlilegt þó að ég fyrir kannski mánuði síðan hafi talið að það gæti vel gengið eftir að þessi mál fylgdust að, en það hefur því miður farið á annan veg.

Varðandi fund sem ég átti með verkfræðingum líklega fyrir tæpum hálfum mánuði, þá tók ég svo til orða — það voru vangaveltur eins og ég reyndar sagði í frammíkalli hér á dögunum til að skýra það mál út — að það væri ekkert því til fyrirstöðu að stjórnarráðsfrumvarpið gæti orðið að lögum jafnvel nk. miðvikudag. Nú varð það ekki. Ég get ekkert sagt um það hvenær mál verða hér að lögum. Ég hef þó setið hér tvö og hálft þing og ég hef séð þingmál fara hér í gegn og verða að lögum með ógnarhraða þannig að það er mjög erfitt að segja neitt um það fyrir fram. Á þeim tímapunkti þegar þessi fundur var haldinn í Verkfræðingafélaginu var í sjálfu sér ekkert sem mælti gegn því að það yrði að lögum í þeirri viku. Þessi fundur var, ef ég man rétt, á þriðjudegi, eða á mánudegi kannski, og það var ekkert út af fyrir sig því til fyrirstöðu að frv. um Stjórnarráð Íslands, þ.e. breytinguna þar sem umhverfisráðuneyti er bætt við í upptalningu á ráðuneytum, gæti orðið að lögum þannig að það var í sjálfu sér ekkert mjög óeðlilegt hvernig ég tók til orða þar. Ég var ekkert að segja að það yrði svo, heldur að það gæti orðið svo. Það er mikill munur þar á.

Varðandi spurningu sem ég fékk um verkefnin: Hvað þá með verkefnin? Ég sagði að það kæmi til greina að einhver verkefni yrðu flutt yfir með reglugerð og reyndar væru menn að íhuga þau mál. Ég held að fréttaflutningur af þessum fundi hafi eitthvað skolast til og vildi bara fá tækifæri til að leiðrétta hann svo að það kæmi skýrt fram hvað þar hefði farið fram.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hafði að vísu heyrt áværing af því að til greina kæmi að halda kvöldfund í þessari viku en ég trúði því satt að segja ekki að úr því yrði í kvöld. Þegar maður lítur á dagskrá þessa fundar kemur í ljós að hér er ekkert mál sem er brýnt en á hinn bóginn var ekki talin ástæða til að ræða út um frv. um stjórn fiskveiða í gærkvöldi sem er áreiðanlega merkilegasta mál sem liggur nú fyrir þinginu og mest knýjandi. Þessi stjórn deildarinnar lýsir því með undarlegum hætti hvaða mat forseti hennar hefur á því hvaða mál þurfi að ganga fram og sé nauðsynlegt að láta sitja fyrir.

Ég trúi því raunar ekki enn að hæstv. forseti haldi því til streitu að þingfundur verði í kvöld. Honum er kunnugt um að einstakir þingmenn höfðu bundið sig og honum er kunnugt að það er af þeim sökum bagalegt fyrir þá að halda þessum fundi áfram.

Það er annað, sem kom hér fram hjá hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands, sem nauðsynlegt er að vekja athygli á. Hann talaði um það að ef þinghald væri með eðlilegum hætti, það eru þau orð sem hann notaði, hefðu frumvörpin tvö fylgst að, frv. um stofnun nýs ráðuneytis og frv. um þau verkefni sem í ráðuneytinu eiga að vera. Nú hlýt ég að skilja þessi ummæli svo, herra forseti, að með sínum hætti sé

ráðherra Hagstofu að finna að því að þessi ofuráhersla skuli lögð á það að frv. um Hagstofu Íslands skuli knúið hér fram án þess að verkefnin fylgi og hlýt að skilja ummæli ráðherrans á þann veg að hann kunni ekki þessum vinnubrögðumn og finnist ástæðulaust að hraða frv. með þessum hætti. Ég á síður von á hinu að hæstv. ráðherra eigi við, þegar hann talar um að þinghald sé ekki með eðlilegum hætti, að stuðningsmenn, flokkar ríkisstjórnarinnar, hafi ekki komið sér saman um það hvaða málaflokkar eigi að fara í hið nýja ráðuneyti. Við munum eftir því þegar þessi ríkisstjórn var mynduð að ekki aðeins einstakir venjulegir fagráðherrar höfðu orð á því að nauðsynlegt væri að verkstjórnin væri góð. Mig minnir að sá maður sem nú er fyrir hópnum, hæstv. forsrh., hafi sagt í sömu andránni og hann komst aftur í stólinn að nú væri góður verkstjóri tekinn við stjórninni í Stjórnarráðinu. Og eins og við heyrðum í kvöld, þegar talað var um fiskmiðlun, hefur hæstv. forsrh. það alveg í hendi sér að tukta fagráðherrana til og þingflokkana og láta þá samþykkja hvaðeina þegar honum sýnist eða honum þykir tími til kominn. Það getur verið að ráðherra umhverfismála eigi við, þegar hann talar um að þinghald sé ekki með eðlilegum hætti, að hæstv. forsrh. hafi ekki beitt sér nægilega í málinu, að hæstv. forsrh. hafi ekki lagt á það neina áherslu að fylgifrv. fylgi og hann sé með þessum hætti að senda forsrh. sínum tóninn, skamma Albaníu þegar hann meinar Kína.

En mér fyndist, herra forseti, nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort fyrsta skýringin sé ekki rétt, að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands sé í raun og veru að biðja um að umræðum um þetta mál verði frestað þangað til það frv. kemur til deildarinnar sem fjallar um þau verkefni sem í umhverfisráðuneyti eiga að vera. Það er auðvitað hálf nöturlegt að vera húsbóndi yfir tómu húsi.

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 569, n. 632, 633 og 640.

Salome Þorkelsdóttir (frh.):

Hæstv. forseti. Ég neyðist til að halda áfram ræðu minni þar sem ekki hefur verið orðið við þeirri frómu ósk að þessari umræðu verði frestað til næsta fundar.

Áður en ég fer lengra finn ég mig knúna til að upplýsa hæstv. ráðherra Hagstofu aðeins um, þó það væri ekki nema eitt smáinnlegg úr þeirri umræðu sem fór fram í sjónvarpinu í Þingsjá milli hans, fréttamannsins og hv. þm. Kristínar Einarsdóttur. Á mörgum stöðum var komið inn á þetta atriði í viðræðuþættinum og auðvitað væri freistandi að rifja hann upp frá orði til orðs, því ég er með útskrift af honum hér, en ég ætla að sleppa því að svo stöddu a.m.k. en grípa hér niður þar sem hæstv. ráðherra Hagstofu segir í framhaldi af svörum sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur gefið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er, eins og ég segi, alveg fráleit og óskiljanleg afstaða" — þ.e. að taka þurfi þessi tvö frv. samtímis — „vegna þess, eins og ég hef margítrekað, að þetta eru tvö sjálfstæð mál og auðvitað" — nú vil ég biðja hæstv. ráðherra sem situr hér í hliðarsal að taka eftir — „og auðvitað", segir hann, „ber að ræða þau í samhengi enda hefur það verið gert. Hins vegar er aðeins verið að tala um það að fyrra málið sé tilbúið til afgreiðslu, það geti farið upp í efri deild til að hægt sé að hefja umræðuna þar meðan hitt málið fylgir þar, nokkrum dögum á eftir ef til vill, þannig að það er ekkert farið að segja að þessi mál verði ekki að lokum afgreidd saman út úr þinginu. Það er bókstaflega ekkert sem mælir gegn því."

Ég veit ekki hvernig hægt er að misskilja þessi orð, hæstv. forseti. Eins og ég sagði, ég er hér með þessa útskrift og get rakið fleira ef hæstv. ráðherra óskar eftir því. En mér finnst þetta í raun og veru segja það sem segja þarf, þetta er það sem við höfum haldið fram. Ég var nú í góðum tilgangi að reyna að gefa hæstv. ráðherra Hagstofu smá knúpp í hnappagatið og taka undir þessi orð hans og samfagna því að hann væri kominn að þeirri niðurstöðu að þessi tvö mál skyldu afgreidd samtímis út úr þinginu. (**Gripið fram í:** Má ég biðja ræðumann að lesa þetta aftur, ráðherrann heyrði það ekki.) Jú, jú, hann sat hérna í hliðarsal og hlustaði og hann veit að enginn hefur verið að segja ósatt í þessu máli. Hann ítrekaði það sjálfur að það væri ekkert því til fyrirstöðu að ræða málin samtímis.

Hæstv. forseti. Þetta var smá útúrdúr af gefnu tilefni. Oft getur verið dálítið erfitt þegar slíta þarf ræðu í sundur að byrja að nýju. Ég ætla samt að reyna að gera það, hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða. Ég tel að nauðsynlegt sé að koma inn á sem flesta þætti sem snúa að þessu stóra máli málanna í heiminum í dag. Það er svo stórt að það kemur kannski næst því sem er að gerast milli austurs og vesturs. Og það sem þar er að gerast, þegar múrinn opnaðist, hefur opnað augu þeirra í austri kannski ekki síður en okkar í vestri fyrir því að stóra vandamálið er einmitt mengunin. Og þeir fá nú væntanlega tækifæri í austrinu til að læra eitthvað af okkur í vestrinu í þeim efnum.

En ég var komin þar í máli mínu, ef ég man rétt, að ég var að rifja upp hvernig unnið hafði verið að frv. um samræmda yfirstjórn umhverfismála sem nefnd samdi og skipuð var af páv. hæstv. forsrh. Þorsteini Pálssyni. Ég var að rifja upp að nefndin sú lagði ríka áherslu á að hafa samráð við hagsmunaaðila og að ná sem víðtækastri samstöðu meðan verið var að semja það frv. Og þetta frv. er nú reyndar til afgreiðslu í allshn. Nd. þar sem þm. Sjálfstfl. í Nd. hafa endurflutt það, það er 4. mál þingsins vel að merkja svo það hefur komið fyrr inn á borð þingmanna en þau mál sem við erum að fjalla um hér í dag og hæstv. ráðherra hefur haft mörg orð um að verið sé að tefja og sé búið að taka þrjá mánuði. En það frv. er sem

sagt árangur þeirrar samstöðu sem reynt var að ná í þessum málum til að það væri, ef maður getur orðað það svo, raunhæft frv. sem væri hægt að reikna með að færi hér í gegnum hv. Alþingi eftir þennan tólf ára biðtíma sem hefur nokkrum sinnum borið hér á góma í ræðum okkar. Því miður verður að segjast eins og er að þveröfugt við viðleitni þeirrar nefndar hefur ekki verið leitað slíks samráðs eða reynt að ná þessari samstöðu við þau frv. sem hafa verið samin að tilhlutan ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar til að málið gæti fengið afgreiðslu hér í þinginu.

Ég kom inn á það í máli mínu að umhverfismálin heyra undir átta ráðuneyti og ég ætla aðeins að rifja upp hvaða ráðuneyti þetta eru. Fyrst er að nefna heilbr.- og trmrn. en undir það heyra hollustumál og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 109/1984 og reglugerðir nr. 45/1972 og nr. 390/1985, heilsugæsla, heilbrigðismál og heilsuvernd, sbr. lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, eiturefni og hættuleg efni, sbr. lög nr. 85/1968 með síðari breytingum og svo geislavarnir, sbr. lög nr. 117/1985.

Undir menntmrn. falla lög um náttúruvernd nr. 41 1971, friðunarmál, sbr. lög um dýravernd nr. 21/1957 og fuglafriðun nr. 33/1966.

Þá er það landbrn. og þar er stóri þátturinn gróðurverndin, sbr. lög um Landgræðslu ríkisins nr. 17/1965 og lög um Skógrækt ríkisins nr. 5/1955.

Svo er það samgrn., undir það heyra mengunarvarnir á sjó, sbr. lög nr. 32/1986 og málefni Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þá er það félmrn., þar eru það skipulagsmálin, sbr. skipulagslög nr. 16/1964 og embætti skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar ríkisins, vinnuverndarmál, sbr. lög nr. 41/1980, um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins.

Auk þess eru svo eftirtalin ráðuneyti sem fara með viðamikla málaflokka sem tengjast umhverfismálum beint eða óbeint: Sjútvrn., þar er það friðun fiskimiða, sbr. lög nr. 44/1948. Iðnrn., það eru ýmis sérlög um verksmiðjur, sbr. lög nr. 76/1966, varðandi álbræðslu í Straumsvík, flúornefnd, lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og lög nr. 18 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Og svo er utanrrn. en öll umhverfismál á umráðasvæði varnarliðsins heyra undir það. Það er því heilmikið í þessum átta ráðuneytum sem varðar þau mál sem við höfum hér verið að fjalla um.

Ég var búin að fara hér nokkuð vítt yfir sviðið, hæstv. forseti. Mér fannst einhvern veginn að ekki væri hægt að standast það að hugsa svolítið upphátt um þessi mál almennt, hvernig þau snúa að okkur Íslendingum og umheiminum. Þetta eru mál sem okkur koma við og þetta eru mál sem öllum heiminum koma við. Eins og ég var búin að segja fyrr í ræðu minni í dag er það ekki síst það sem snýr að lífríki sjávar og loftið, sem hefur engin landamæri, sem skiptir miklu máli að sé góð samstaða um, að búið sé betur að þessum málum en verið hefur.

Ég get ekki hætt að rifja upp svolítið úr fortíðinni, fara svolítið aftur í tímann vegna þess að það rifjaðist upp fyrir mér að fyrir 25 árum var mér gefin bók sem ég skal viðurkenna að mér fannst þá vera nokkuð öfgakennd. Þetta var á þeim árum þegar menn voru að byrja að nota alls konar eiturefni til að dreifa í kringum sig ef pöddur eða flugur urðu á vegi þeirra. Þá voru menn ósparir á að nota DDT til að drepa flugurnar í gluggunum. Við áttum svona sprautur flestar húsmæður og notuðum þær ef flugurnar voru eitthvað að ónáða okkur eða óhreinka gluggana. En svo áskotnaðist mér þessi bók, hún er gefin út 1965 og er eftir bandaríska höfund, Rachel Carson. Níels Dungal skrifar inngangsorð að þessari bók og ég ætla, hæstv. forseti, að leyfa mér að lesa þessi inngangsorð. Þau eru örstutt en segja ansi mikið um þau mál sem við erum hér að fjalla um. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er á leiðinni bók, sem vart á sína líka í bókaheiminum. Þetta er engin skáldsaga, heldur tekinn fyrir stór þáttur af líffræðivísindum, sérstaklega ýmiskonar skaðdýr, sem valda alvarlegum uppskerubresti víða um heim. Á þessari öld og raunar nokkru fyrr hafa efnafræðingar þeirra landa, sem lengst eru komin í þeim vísindum, lagt hart að sér að finna leiðir til þess að útrýma ófögnuðinum, hver á sínu sviði, sérstaklega þar sem svo illa var komið, að akrarnir eyðilögðust algjörlega af einhverju skordýri.

1874 fann þýzkur efnafræðingur upp efnið DDT, en enginn vissi, að það var voldugt skordýraeitur fyrr en 1939, er svisslenzki efnafræðingurinn Paul Müller rannsakaði efnið ítarlega og benti á að það mætti nota til þess að halda ökrunum hreinum fyrir áður ólæknandi sjúkdómum. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin og sá heiður, sem þeim fylgdi, hjálpaði til að flytja hina nýju þekkingu um DDT ört í kringum allan hnöttinn.

Smám saman lærðu menn að DDT er hættulegt eitur og fólk þarf að forðast að það komist inn í líkamann. Sumir geta andað því að sér, en aðrir fá það ofan í sig með mat, því að lyfið er svo mikið notað af bændum og garðræktarmönnum, að allir geta fengið það ofan í sig með káli, ávöxtum o.fl.

En reynslan sýnir að það er erfitt að vara sig á að fá DDT ofan í sig. Rachel Carson segir frá því hvernig akrar af alfalfa eru stráðir með DDT. Síðan er alfalfa hakkað niður í mjöl handa hænsnum. Hænurnar verpa eggjum, sem í er DDT. Eða þá að heyið er gefið kúnum. Í heyinu eru þá venjulega eftir 7–8 hlutar af milljón af DDT. Það kemur fram í mjólkinni í 3 hlutum af hverri milljón, sem kýrin hefir fengið af alfalfa." — Ég er alveg sannfærð um það, hæstv. forseti, að hann hlustar með athygli á þessi orð sem fjalla um landbúnaðinn og mjólkina því eftir því sem ég best veit er hann góður bóndi. Ég skal ekki segja hvort hann er með kúabú en alla vega þekkir hann áreiðanlega vel til þessara vandamála. — „En ef smjör er framleitt úr þessari mjólk, getur DDT aukist til muna, farið allt upp í 65 pr. milljón.

Annað sem við megum ekki gleyma, er hve gætilega þarf að fara með pencillin, ef það er gefið kúm. Kýrnar fá stundum júgurbólgu, sem pencillin getur læknað, en þá þarf að gæta þess vel, að ekki sé seld

mjólk með pencillini í. Því að í hverju þjóðfélagi hefur viss fjöldi manna ofnæmi fyrir pencillini og veikist stundum mjög illa og jafnvel hættulega, ef hann neytir mjólkur með pencillini.

Þetta eru tvö dæmi þess, hvernig framfarirnar á sviði efnafræði og læknavísinda geta haft skaðleg áhrif, ef almenningur er ekki fræddur um þær hættur sem ýmsum efnum eru samfara.

Þessi bók bendir annars vegar á hið mikla ósamræmi, sem er á milli framfara þeirra, sem orðið hafa á svo mörgum sviðum, einkum í viðureigninni við skordýr, sem eyðileggja akra, aldintré og stundum jafnvel húsdýr eða alifugla í stórum stíl, og sýnir hins vegar hve lítið hefir verið sinnt hættunni, sem mönnum getur stafað af eyðingu þeirra með eiturefnum.

Hér á Íslandi er farið að nota mörg af þessum lyfjum, svo sem DDT við lús í mönnum og skepnum, parathion og malathion gegn skordýrum í gróðurhúsum, einkum blaðlús og ýmsum kvikindum, sem lifa á plöntunum, en bæði þessi efni eru eitur, sem þarf að fara mjög varlega með, ef ekki á illa að fara. „Bladan" (E 605) er líka mikið notað og er mjög hættulegt eitur, en þó að vart hafi orðið eitrana hér af þessum lyfjum, er ekki vitað að þau hafi valdið bana, en slíkt getur komið fyrir hvenær sem er, ef ekki er fyllstu varúðar gætt.

Þessi bók á erindi til allra þeirra, sem gera sér ljóst að menningarframfarir 20. aldarinnar hafa ekki aðeins gert okkur lífið hagkvæmara og heilsubetra, heldur einnig skapað nýjar hættur, sem hingað til hafa verið óþekktar. Og hún ætti að láta okkur skiljast hve nauðsynlegt er að fylgjast vel með öllu nýju, sem maðurinn fer að neyta eða vera í snertingu við, og kunna að forðast það, ef nauðsyn krefur."

Undir þetta ritar Níels Dungal og þetta er skrifað fyrir 25 árum. Mér er ekki grunlaust um að það sé ekki fyrr en á allra síðustu árum sem farið er að koma í ljós að ýmis eiturefni eru í matvælum af völdum notkunar á skordýraeitri. Og komin eru upp vandamál hér, t.d. hjá garðyrkjubændum, vegna skordýra sem hafa flust inn með ýmsu innfluttu grænmeti og öðru slíku og þannig mætti lengi telja. Við höfum ekki haft á okkur nægan andvara í þessum efnum fyrr en nú á síðustu árum, kannski innan áratugar eða svo.

En ég get ekki staðist freistinguna því ég veit að mönnum mun þykja fróðlegt að heyra 1. kafla þessarar bókar sem er ekki nema tvær litlar blaðsíður. Hann er eins og framhald af þessum formála og gefur ákaflega skýra mynd af því sem við megum eiga von á ef við höfum ekki vara á, ef við gætum okkar ekki. Ég ætla þess vegna, hæstv. forseti, að leyfa mér að hlaupa yfir þennan litla kafla sem er, eins og ég sagði, ekki nema rétt tæpar tvær blaðsíður og ég vona að menn þrauki það.

Þegar ég var að fara yfir þau mál sem snúa að umhverfismálum rifjaðist dæmisagan, sem þessi bók byrjar á, upp fyrir mér því hún er varnaðarorð sem á fullan rétt á sér í dag. Dæmisagan eða kaflinn heitir „Ævintýrið um hið ókomna" og sagan er látin gerast í borg í Ameríku. Sú staðsetning er aðeins tekin sem dæmi og tekið fram að hún geti gerst hvar sem er. Og þá ætla ég að hefja lesturinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var einu sinni borg í Ameríku, þar sem allt líf virtist lifa í sátt við umhverfi sitt. Borgin var inni í miðju landi og allt í kringum hana voru blómleg sveitabýli með kornakra og aldingarða á ávölum hæðum, þaðan sem drifhvít blómblöð komu svífandi eins og ský á vorin yfir akrana. Á haustin klæddust eik og hlynur og birki skæru litaskrúði, sem lýsti móti dökkum bakgrunni barrtrjánna. Þá gögguðu refirnir í hæðunum og dádýrin rásuðu hljóð yfir engin, nærri hulin í móðu haustmorgunsins." — Þetta er falleg lýsing. — „Með fram vegunum óx lárviður, elri og trönuberjarunnar, stórir burknar og allskyns villiblóm, sem glöddu augu vegfarenda næstum árið um kring. Jafnvel á veturna var fagurt um að litast með fram vegunum þegar mergð fugla kom til að eta berin á runnunum og fræbelgina á þyrrkingsgróðrinum, sem stóð upp úr snjónum. Sveitin var í sannleika víðkunn fyrir hið auðuga fuglalíf sitt, og þegar farfuglarnir áttu þar skamma viðdvöl vor og haust, kom fólk langar leiðir að til að skoða þá. Aðrir komu til að veiða í ánum, sem komu tærar og svalar ofan úr hæðunum og mynduðu skuggasæla hyli, þar sem silungurinn vakti. Þannig hafði þetta verið alla tíð frá því að fyrstu landnemarnir reistu hús sín og kornhlöður og grófu brunna sína.

Svo fór einhver undarleg óáran að gera vart við sig í sveitinni og allt tók að breytast. Einhver bölvun hafði lagzt yfir byggðina: Dularfullir sjúkdómar herjuðu í kjúklingahjörðunum, búféð veiktist og dó. Skuggi dauðans lagðist alls staðar yfir. Bændurnir töluðu um mikil veikindi í fjölskyldum sínum. Í borginni tóku nýir og áður óþekktir sjúkdómar að gera vart við sig og læknarnir stóðu undrandi og ráðalausir gagnvart þeim. Nokkur skyndileg og óskýranleg dauðsföll áttu sér stað, ekki aðeins meðal fullorðinna, heldur einnig meðal barna, sem veiktust skyndilega í miðjum leik og voru dáin eftir nokkra klukkutíma.

Undarleg þögn ríkti alls staðar. Fuglarnir — hvert höfðu þeir farið? Margir töluðu um þá, í senn undrandi og uggandi. Í görðunum bak við húsin stóðu fóðurstallar fuglanna auðir. Þeir fáu fuglar, sem sáust, voru í dauðateygjunum; það var ákafur skjálfti í þeim og þeir gátu ekki flogið. Raddir vorsins voru þagnaðar. Þeir vormorgnar, þegar loftið titraði af söng þrastanna, kurri dúfnanna, tísti músarrindlanna og öðrum fuglaröddum — þessir morgnar voru nú hljóðir; yfir ökrum, skógum og mýrum ríkti þögnin ein.

Á bæjunum lágu hænurnar á eggjum, en engir ungar komu úr þeim. Bændurnir kvörtuðu undan því, að ekki væri hægt að ala upp grísi — gylturnar áttu fáa grísi, og þeir lifðu aðeins fáa daga. Eplatrén blómstruðu, en engar býflugur tylltu sér á blómin, svo að þau frjóvguðust ekki og báru engin aldin.

Gróðurinn með fram vegunum, sem áður hafði verið svo fallegur, var nú brúnn og visinn, eins og eldur hefði herjað hann. Og þar var allt hljótt og

hvergi kvikt að sjá. Jafnvel í ánum var ekki lengur neitt kvikt. Veiðimenn voru hættir að vitja þeirra, því að allur fiskur í þeim var dauður.

Í þakrennunum og milli þakhellnanna sáust hvítar duftskellur hér og þar; nokkrum vikum áður hafði þetta duft fallið eins og snjór á þök og grasbletti, akra og ár.

En það voru hvorki gjörningar né óvinaárás, sem kæft höfðu raddir vorsins í þessari ólánssömu sveit. Fólkið hafði gert það sjálft."

Og síðan segir: „Þessi borg er ekki til í raun og veru en það er hægðarleikur að finna þúsundir borga, sem líkt er ástatt fyrir í Ameríku eða annars staðar í heiminum. Ég þekki enga sveit, sem orðið hefur fyrir öllum þessum hörmungum, sem ég hef lýst. En sérhver þessara hörmunga hefur uppáfallið einhvers staðar og margar þeirra sums staðar. Óhugnanleg vofa hefur læðzt að oss, og þessar ímynduðu hörmungar, sem ég hef lýst hér, geta hæglega orðið að veruleika, sem vér eigum öll eftir að kynnast.

Hvað er það, sem þegar hefur þaggað niður raddir vorsins í ótalmörgum borgum? Bók þessi er tilraun til að skýra það."

Þetta er, eins og ég sagði í upphafi, 1. kaflinn í bók sem heitir „Raddir vorsins þagna" og var gefin út af Almenna bókafélaginu fyrir 25 árum. (**Gripið fram í:** Passar.) Passar, já. (**JGS:** Fáum við ekki að heyra meira?) Ég væri alveg til í að lesa meira, hv. 5. þm. Norðurl. e. (**JGS:** Maður hefði gott af að heyra meira.) Ég er nú aðeins að byrja mína fyrstu ræðu svo að ég get alveg tekið framhaldið síðar ef svo ber undir. Ég er ánægð að heyra að hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur hlustað með athygli og ekki síst vegna þess að ég veit að hann er það nálægt þessum málum sem hér hefur einmitt verið fjallað um og ég las upp úr þessari bók. Hann er væntanlega í nánum tengslum við náttúruna, við gróðurinn og hefur þess vegna skilið hvað hér var á ferðinni.

En svona er það nú. Ég held að það fari ekkert á milli mála að við höfum öll áhyggjur af þessum málum og við viljum standa sem best að því hvernig skipan þeirra verður í stjórnkerfi okkar í framtíðinni. Við viljum samræma yfirstjórn þessara mála en það er varla hægt að lá okkur það, þeim þingmönnum sem ekki eru sammála því, að hér sé verið að finna lausn á þessu máli með því að afgreiða þetta frv. sem hér er til umræðu og á dagskrá meðan ekki fylgir fylgifrv. sem ég held að allir séu, í hjarta sínu a.m.k., sammála um að eigi einnig að vera á dagskrá.

Mér dettur í hug að það kom fram í máli hæstv. ráðherra Hagstofu í þessum títtnefnda umræðuþætti í sjónvarpinu, Þingsjá, að hann hafði áhyggjur af því að vegna þess að sjálfstæðismenn væru búnir að tefja þetta mál mikið yrði fólkið í landinu afhuga umhverfismálum. Ég held að þetta sé mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Ég held að því sé alveg þveröfugt farið og það kom meira að segja fram í máli eins af gestum okkar á fundi allshn. Hann sagðist hafa verið nokkuð á ferðinni um landið að undanförnu og þar hefði komið fram mikil gagnrýni einmitt á hvaða meðferð þetta mál hefur fengið hér í þinginu, að afgreiða ætti þetta frv. án þess að fylgifrv. fylgdi þar með.

Stundum hefur verið talað um það að í nútímanum hafi unga fólkið ekki áhuga á þessum málum, láti sig ekki varða hvernig við förum með landið okkar og hvernig við umgöngumst það. En við þekkjum það öll að t.d. skáldin okkar hafa mikið látið sig varða landið sitt og gróðurinn og það lýsir sér í þeirra skáldskap, ég tala nú ekki um í ljóðum okkar ágætu ljóðskálda. Það er stundum sagt að íslensk skáld geti ekki lengur ort um landið. En þetta er vissulega misskilningur og í því sambandi dettur mér í hug bók sem Hörpuútgáfan gaf út á sínum tíma og heitir „Til landsins". Það er Ísland í ljóðum 17 nútímaskálda sem Jóhann Hjálmarsson valdi. Þetta var nú hvorki meira né minna en í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Það er mjög gaman að lesa þessi fallegu ljóð sem eru auðvitað mismunandi eftir því hver yrkir. Hér er t.d. ljóð eftir ljóðskáldið sem nýlega fékk verðlaun, Stefán Hörð Grímsson. Hann yrkir um vorið og um bifreiðina sem hemlar hjá rjóðrinu. Og Tómas yrkir fallegt ljóð sem heitir „Morgunljóð úr brekku", þar sem hann er að hugsa um lækinn og blómin. Og ég er að hugsa um, hæstv. forseti, að gera þessi orð hans að mínum lokaorðum í þessari umferð.

En áður en ég geri það ætla ég að ítreka þær spurningar sem ég bar hérna fram fyrr í dag af því að það er svo langt um liðið og það er varla hægt að ætlast til þess að hæstv. forsrh. muni allt sem hér hefur verið sagt. Ég spurði hann: Hvers vegna í ósköpunum liggur svona á að afgreiða þetta mál í þessari viku? Hvers vegna má það ekki bíða eftir fylgifrv.? (**Gripið fram í:** Er þetta fyrirspurn til forsrh.?) Já, til hæstv. forsrh. og ég hef ekkert á móti því að hæstv. ráðherra Hagstofu svari þessi einnig. En það er hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á þessu frv. sem við erum að fjalla um og mælir fyrir því. Þess vegna spyr ég hann. Það er erfitt að skilja hvaða máli skipta ein eða tvær vikur. Það er ekki komið að þinglausnum fyrr en í apríl. Það hljóta að vera alla vega tveir mánuðir og vel það þangað til. Ef við fengjum að fresta þessu máli og ljúka við að fjalla um þýðingarmesta þáttinn, sem er fylgifrv., vesalings barnið sem var skilið eftir í Nd. foreldralaust, ef við fengjum að taka það hér í faðm okkar og afgreiða það með, þá ættum við kannski von á því að það yrði meiri reisn yfir afgreiðslu þessa máls hér í gegnum hv. Alþingi.

En svona til gamans ætla ég að ljúka þessu með því að rifja upp hvernig eitt af okkar ástsælu skáldum er með hugann við umhverfi sitt þegar það yrkir Morgunljóð úr brekku. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Heyr morgunljóð úr brekku,
ég er silfurlindin litla,
og leik mér við að skoppa
og hoppa

niður kletta.
Og blómin flykkjast saman
um bakka mína á vorin
og bara ef þau sjá mig
þau flýta sér að spretta.
Og taki ég að syngja
þau hlusta hrifin á mig
og heila vendi flétta
til dýrðar minni snilli.
Þó læst ég hvorki skilja,
hvað þau skrafa sín á milli
né skeyti um þeirra hylli,
svo sjálfsagt finnst mér þetta.
Því af lindum þeim, sem detta
og syngja á svona stöðum,
hef ég sólbjartasta róminn.
Um slíkt er engum blöðum
að fletta
segja blómin.

Heyr morgunljóð úr brekku,
ég er lítil lind, sem tindrar,
í ljósi hvítra daga,
og það er öll mín saga.
Mest langar mig að geyma
allt glitskrúð vorsins bjarta
og gríp hvert ský á lofti,
sem auga mínu sindrar.
Ég brýt það óðar af mér,
sem ekki er mér að kenna,
því enn verð ég að renna
og flýti mér að streyma.
En seinna, er dalinn þrýtur
og sól og degi hallar,
mér syngur annar strengur,
þá niða ég ei lengur,
en fel mig niðri í hyljum
og hlusta skelfd í giljum
á hafið, sem mig kallar
og tæmir lindir allar.
Og þung og köld er röddin,
sem þaggar silfurljóðið,
en það er alveg sama:

Ég verð að renna á hljóðið.

Og við skulum vona að skáld framtíðarinnar hafi tækifæri til að upplifa slíkar unaðsstundir í brekkum í blómskrúði við hreina og tæra læki og falleg ský á himni.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í mörg ár hefur það verið baráttumál Alþb. að hér yrði stofnað umhverfisráðuneyti. Í dag heyra þessi mál, umhverfismálin, undir átta ráðuneyti og því nauðsynlegt, til að ná fram samræmingu, að setja þennan málaflokk undir eitt ráðuneyti.

Nú seinni árin hefur umræðan um umhverfismál og nauðsyn á aukinni umhverfisvernd orðið meira og meira áberandi og þetta gamla baráttumál Alþb. hefur nú verið tekið inn í stefnuumræðu allra flokka. Það var því sérstakt fagnaðarefni þegar hæstv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að sett yrði á stofn sérstakt umhverfisráðuneyti og lagði fram tvö stjórnarfrumvörp þess efnis. Fyrir mér var það augljóst og sjálfsagt að umræða og afgreiðsla beggja þessara frumvarpa færi fram samhliða því lítil ástæða væri til þess að stofna ráðuneyti umhverfismála án þess að fyrir lægi hvaða verkefni það ráðuneyti ætti að hafa. Það hlýtur líka að hafa verið ætlunin í upphafi því að frumvörpin voru unnin og lögð fram samhliða.

Ég sagði áðan að Alþb. hefði lengi barist fyrir stofnun umhverfisráðuneytis. Um það vitna ályktanir og samþykktir flokksins. Við höfum rætt hvaða málaflokkar eiga heima undir þessu ráðuneyti og liggja fyrir samþykktir flokksins þessa efnis. Þegar frumvörp hæstv. ríkisstjórnar voru lögð hér fram í haust og loks hillti undir það að stjórn umhverfismála yrði sett undir einn hatt datt mér satt að segja ekki í hug að við yrðum fyrst að kaupa hattinn og setja hann á kollinn á einum hæstv. ráðherra. Hvað færi undir hattinn að öðru leyti yrði að koma í ljós seinna. En því miður þróuðust málin þó þannig og sú ákvörðun sem hér blasir við var tekin. Sem stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar og eftir umfjöllun í þingflokki Alþb. gekkst ég undir það að haga afgreiðslunni á þennan hátt, en þó í trausti þess að það frv. sem nú er til umfjöllunar í allshn. Nd. fengi nægan tíma og vandaða umfjöllun. Það að allshn. Ed. fjallaði um frumvörpin saman, þrátt fyrir að fylgifrv. er ekki komið til þessarar hv. deildar, sýnir svo að ekki verður um villst að þingmenn virðast álíta það eðlilega málsmeðferð. Þrátt fyrir að ég hafi hér lýst mínum persónulegum vilja gagnvart afgreiðslu málsins ítreka ég að eftir umræðu í þingflokki Alþb. urðu önnur sjónarmið ofan á.

Hv. þm. Skúli Alexandersson er fulltrúi Alþb. í allshn. þessarar hv. deildar. Hann skrifaði nafn sitt undir nál. og gerir það með samþykki þingflokks Alþb. Ég vona að þetta hafi svarað spurningu þeirri sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir beindi til mín í dag en ég vil þá líka segja að fyrirsögnin fyrir þessu stutta viðtali sem birtist í Dagblaðinu, þar sem segir: „Óánægja eykst", getur varla átt við mig vegna þess að þessi ástæða mín hefur legið fyrir alveg frá upphafi.

Ég vil svo aðeins nefna hér þá tillögu sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir nefndi að hefði verið birt í allshn. Nd. í morgun. Sú tillaga hefur ekki verið rædd af þingflokki Alþb. Ef staðreyndin er hins vegar sú að þessi tillaga sé samkomulag milli einhverra hv. fulltrúa stjórnarflokkanna og kynnt sem slík, án þess að þingflokkarnir hafi fengið tækifæri til þess að fjalla um hana, ef hún er samþykkt af væntanlegum hæstv. umhverfisráðherra, lýsir það metnaðarleysi og stefnuleysi í þessum málum öllum. Við samþykkjum líklega í þessari hv. deild að stofna umhverfisráðuneyti án þess að vita hvaða málaflokkar eða verkefni færast undir þetta væntanlega ráðuneyti. Með þessu sýnum við, hv. þm. sem stöndum að þessum stjórnarfrv., hæstv. ríkisstjórn mikið traust. Treyst-

um því að frekari ákvarðanir og útfærsla á verkefnum umhverfisráðuneytis fái hér vandaða umfjöllun og vinnubrögðin verði vönduð í hvívetna. Ef hins vegar á að keyra fylgifrv. í gegn líka sýnir það aðeins eitt, að hugur fylgir ekki máli hvað varðar stofnun umhverfisráðuneytis.

Ég hef ákveðnar skoðanir á því hvaða verkefni eigi að færast undir umhverfisráðuneyti, en tel rétt að láta þá umræðu bíða þess að niðurstaða fáist í hv. Nd. og við fáum frv. þess efnis til umfjöllunar hér.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Umhverfismál eru málaflokkur sem mun marka framtíðina meira en nokkurt annað mál sem við höfum verið að ræða hér á undanförnum þingum. Umhverfismál hafa verið víðs vegar í ráðuneytum og fjöldi þingmanna og annarra hefur lýst því yfir að ástæða sé til að samhæfa þessa hluti, koma þeim yfir í eitt ráðuneyti, gera átak, reyna að verða við kröfum þeirra sem vilja bæta umhverfismálin í landinu. Nú hefur verið tekin sú ákvörðun af ríkisstjórn og stjórnarflokkum að fara þessa leið. Það er pólitískur veruleiki, það er pólitísk staðreynd.

Ég hef verið að furða mig á því í dag og undanfarna daga hvað menn hafa átt erfitt með að afgreiða þetta mál. Þetta er mjög einfalt frv. Það er spurningin um það hvort eigi að stofna umhverfisráðuneyti eða ekki og síðan er ákvæði til bráðabirgða þar sem segir:

„1. Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frv. til laga um umhverfisvernd.

2. Fyrir 1. nóv. 1990 skal umhverfisráðherra í samráði við viðkomandi ráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum, svo og öðrum lögum . . .“ **(Salþ:** Það er búið að sleppa þessu og breyta frv.) Er búið að breyta þessu? **(Gripið fram í:** Þetta er allt farið.) Þetta var í fyrstu gerð frv. og síðan er það komið hér annars staðar. (Gripið fram í.) Frv. var breytt í Nd., nú já, en eftir stendur 1. gr. um það hvort eigi að stofna umhverfisráðuneyti eða ekki. Það er spurningin sem þarf að svara. Og það vefst mjög fyrir mönnum að svara þeirri einföldu spurningu. Menn velja að ræða um skordýr og skordýraeitur, um hænur og hænsni, um hvers konar aðra hluti og lesa upp úr ljóðabókum, tefja mál, hafa uppi málþóf sem er þinginu vissulega til niðurlægingar.

Sannleikurinn er sá, og ég hélt að það væri líka veruleiki, að ef menn ætla að róa til fiskjar byrja menn á því að ráða skipstjóra og áhöfn og síðan fara þeir á sjóinn. **(EgJ:** Þeir byrja með því að kaupa sér bát, byrja á bátnum.) Við skulum vænta þess að menn sem ætla að fara til fiskjar eigi bát. Það gera menn hér alla vega á þessu landshorni. Og það er akkúrat sú mynd sem blasir við í dag. Það hefur verið ákveðið hver á að taka þetta verkefni að sér. Það hefur verið ákveðið af ríkisstjórnarflokkunum að stofna þetta umhverfisráðuneyti. Það mætir mótspyrnu annarra, það er alveg rétt, hversu mikið sem menn tala um það hvað þeir vilja gera umhverfismálum gott, hvað þeir vilja gera vel í þeim málum, þá velkist þetta þingtæknilega atriði fyrir mönnum, hvernig með þetta mál skuli fara. Hvort þetta frv. er afgreitt sér eða bæði saman, hvort á eftir öðru, er spurning um þingtæknilegt atriði og ekkert annað. Og ég tel þessa umræðu alla markast af því eða einhverjum annarlegum ástæðum sem koma ekki málinu við. Þarna er annað og meira á bak við. **(Gripið fram í:** Vill ræðumaður ekki skýra þetta nánar? Af annarlegum ástæðum?) Ég tel að þetta sé af annarlegum ástæðum, og ég endurtek það. Ég held að það sé nær þeim sem hafa staðið í því að tefja þetta mál að skýra hvers vegna þeir gera það. Það er spurt hér, ráðherra er spurður að því: Hvers vegna má þetta mál ekki bíða? En ég spyr: Af hverju eiga mál að bíða? Af hverju má ekki afgreiða mál? Hvers konar vinnubrögð eru það að standa í vegi fyrir því að menn geti afgreitt hlutina hér á Alþingi? Hvernig stendur á því að fólk sem hefur umhverfismál á vörunum meinar ekki meira með því en svo að leggja til í nál. að tillagan um umhverfisráðuneyti verði felld? Og nú vill Kvennalistinn ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Þar er ekki rökstuðningur að baki heldur þingtæknilegar hundakúnstir og ekkert annað.

Ég leyfi mér að ætla að mjög sjaldan hafi það komið svo berlega í ljós að menn meina ekkert með því sem þeir eru að segja þegar þeir halda hér langar ræður. Þeir sem eru að tefja þetta mál eru náttúrlega á móti málinu. Þeir sem vilja fella þetta mál eru á móti því að gera betur í umhverfismálum. Þeir sem ekki vilja skipta sér af afgreiðslu þessa máls heldur bara tala um það eru á móti málinu. Þeir vilja tefja fyrir því að umhverfismálum verði komið í betra horf hér í landinu, vilja tefja fyrir því að þessi mál verði samhæfð, þessi málaflokkur verði samræmdur, það verði gert átak í þessum málum. Ég fullyrði að þar liggur ekkert annað að baki en tefja framgang þeirra mála. Það eru engin rök fyrir því að svo verði gert.

Fylgifrv. er í Nd. og væntanlega fær það afgreiðslu þar eða fær frið fyrir því málþófi sem uppi hefur verið. En ekki vil ég spá um það, líklega verður það tafið eins og mönnum dettur í hug. Ég vænti þess að þetta frv. fái verðugan framgang og sem fyrst vegna þess að nauðsynlegt er að sinna þessum málum betur. Því fyrr sem þetta mál verður samþykkt því betur verður gert í þessum efnum. Við í Alþfl. höfum rætt þessi mál mjög oft og mikið og þingflokkur Alþfl. styður eindregið að þessu máli verði hraðað.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar fyrst að víkja lítillega að máli hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, síðasta ræðumanns hér. Hann flutti hina merkustu ræðu að mörgu leyti og má segja kannski að hann hafi skýrt málstað ríkisstjórnarflokkanna betur en aðrir hafa gert og með berorðari hætti. Hann sagði að þeir hefðu farið þannig að því að þeir byrjuðu að ráða

skipstjóra. Þeir ákváðu sem sagt að einhver maður ætti að róa á einhverri fleytu og síðan skyldi byggja hana utan um skipstjórann. Það gæti verið gott ef góður skipstjóri væri, að kaupa bát eða byggja handa honum bát. En það hefur fram að þessu ekki verið játað, það sem þó alþjóð veit, að það var fenginn skipshafnarmaður, hann nefndi það nú reyndar líka, skipstjóri og skipshöfn, skipstjóri er hann nú varla orðinn enn þá og þess vegna þurfti hann að fá einhverja fleytu. Og það er það sem verið er að gera núna. (**Gripið fram í:** Fleytan er til.) Hvar er hún? (**Gripið fram í:** Það er ríkisstjórnin.) Hún er nú alveg hriplek, sekkur. Þá ferst nú hæstv. ráðherra, það vil ég honum ekki. Og búinn meira að segja þó hann sé ekki eldri en þetta. Við skulum vona að hann fái nú eitthvað skárra að róa á en samanlagða ríkisstjórnina.

En þingnmaðurinn sagði að þetta væri mjög einfalt. Það er eftir hans lýsingu. Það vantaði einnig að ráða annan mann til þess að geta farið í róður, þó að hann endaði nú kannski með því að fleytuna fyllti, og þess vegna var svona að þessu farið. Enginn hefur skýrt þetta svona vel áður nema þjóðin sjálf. Hún hefur séð þetta og fylgist með því dag frá degi hvað er að gerast. Eftir því sem kappið að fá eitthvert nafn á fleytuna verður meira, eftir því verður háðung þeirra sem að málunum standa meiri. Það er skýringin á þessu öllu.

Að vera að kenna okkur um einhverjar annarlegar ástæður, það fæst ekkert svar við því hvaða annarlegar ástæður það eru. Við sem erum að reyna að vinna núna á degi hverjum í þessum málum, við erum að reyna að kynna okkur þetta. *Fyrir mér er þetta flókið* mál, ég skal játa það. Öll stjórnsýsla er það raunar fyrir mér. Ég hef aldrei verið í neinu kerfi. Ég hef aldrei verið í þessum skrifstofuöngstrætum, eða hvað maður á að kalla það. Ég rata ekki um þessa frumskóga. En maður verður auðvitað að reyna að greiða sér götuna og hlusta á þá sem kunna þetta, sem eru í kerfinu og hafa vanist því og reyna að gagnrýna það sem þeir eru að segja. Maður verður líka að taka mark á því sem manni finnst nýtilegt og maður heldur að geti orðið til þess að bæta málin en ekki að skaða þau. Við höfum eytt í þetta miklum tíma, bæði í lestur og að tala við alla mögulega menn sem eru í þessu kerfi. Ég man ekki hvað þessar greinargerðir eru orðnar margar en það er mjög þykkur bunki sem við höfum verið að reyna að lesa og botna í. Okkur veitir sannarlega ekkert af því að fá 2--3 vikur í viðbót til að geta afgreitt þetta mál af einhverju viti og greitt fram úr flækjunum. Það eru engar annarlegar ástæður sem því ráða og þess vegna tek ég það a.m.k. ekki til mín af því að ég hef starfað í þessari nefnd eins og ég hef getað, en af vanmætti, ég játa það, þetta er flókið. Þetta er í átta ráðuneytum. Það er kannski rétt að geta þess núna strax að komið hefur fram hjá fleirum en einum af viðmælendum okkar að Brundtlandskýrslan svokallaða, þessi fræga skýrsla um mengun og mengunarvarnir, gerir málin að mörgu leyti erfiðari. Megininntakið í henni er kannski einmitt að hafa mengunarvarnirnar sem víðast og að umhverfissjónarmiða eigi að vera gætt í öllum ráðuneytum en ekki í einu, þó hins vegar sé tekið fram að einhvers staðar þurfi að vera hægt að samræma sjónarmiðin. En það sé hættulegt að byggja eitt báknið bara utan um þetta afmarkaða svið en síðan geti allir aðrir í stjórnkerfinu spilað frjálst.

Á það gagnstæða hefur reyndar líka verið bent, að það gæti kannski hentað okkur betur en stórþjóðunum að hafa eitt umhverfisverndarráðuneyti, því það hafi betri yfirsýn yfir svo lítið þjóðfélag og tiltölulega lítið stjórnkerfi, þó að það sé allt of stórt. Þess vegna vil ég líka draga það sjónarmið fram. Það kann vel að vera, stærri þjóðirnar eru að hverfa frá því að hafa þetta í einu stjórnarráði allt saman. Mér skilst að það *séu komnir 3000 manns í Danmörku bara í umhverfisráðuneyti* og þar séu meiri og minni flækjur og menn séu að reyna að greiða þær í sundur og beina þessum málum aftur út í hin ýmsu ráðuneyti til þess að hafa beina yfirsýn og vera í návígi við vandamálin. Ég skal ekkert þræta fyrir það að það geti verið skynsamlegt hjá okkur að reyna þetta, að koma upp litlu ráðuneyti umhverfismála sem hefði þá tiltölulega lítið starfssvið en fyrst og fremst það að fylgjast með hinum ráðuneytunum sem framkvæmdu málin og leiða menn saman til samstarfs. Það hljómar allt nokkuð vel í mínum huga og ég skal ekkert taka fyrir að það sé skynsamlegt en þróunin er nú að verða hin og mér skilst að t.d. í Noregi sé ekki orðið alveg jafnmargt í þessu umhverfisráðuneyti þar en það skiptir þó víst þúsundum eða a.m.k. vinna þar yfir eitt þúsund manns og öll eru þessi ráðuneyti að *þenjast út. Við þekkjum það í stjórnarkerfinu bæði* vestan tjalds og svo að maður tali ekki um austan tjalds sem áður var og enn er að hluta til a.m.k.

Meðal þeirra sem komu á fund nefndarinnar var Jón Sveinsson sem er aðstoðarmaður hæstv. forsrh. og hann var ekkert myrkur í máli. Hann bað ekkert fyrir það að hans sjónarmið væri það að þessi mál ættu að fylgjast að og það væri sjálfsagt, hann notaði það orðalag. Og að einhverjar reglugerðir væru sem hægt væri að byggja á bara með því að setja þetta eina nafn inn í löggjöf, að lögfesta umhverfisráðuneyti, það væri engin slík reglugerð til og það væri ekki hægt að gera neitt með slíkan pappír. Hann dró ekkert úr því. Hann notaði það orð að þetta væri yfirborðskennt allt saman þar sem stofnanirnar sjálfar yrðu skildar eftir. Þetta væri sem sagt yfirborðsmennska, svo að hans orð séu notuð. Ég held að hæstv. forsrh. ætti einmitt að hlusta á þann mann sem er nú hans hægri hönd og gera sér grein fyrir því að þetta er sýndarmennska og ekkert annað. Það veit raunar þjóðin öll. Hæstv. ráðherra, hagstofuráðherra er hann víst, hlustar aldrei hér. Hann er alltaf að tala eða hlaupa um húsið þvert og endilangt. Hann virðir ekki það mikils umræðuna hér í þessari hv. deild í þessu máli að hann sé yfirleitt að hlusta á nokkurn skapaðan hlut. Og ekki tekur hann hér til máls til þess að skýra hvað hann ætli nú að gera í þessu ráðuneyti. Það er líka lítilsvirðing við þingið og þessa hv. deild.

En hann varðar ekkert um það bara ef hægt er að fá titlana og upphefðina. Ég skora nú á hann að láta í sér heyra úr þessum ræðustól. Hann hefur fengið þá spurningu hér fram borna hvers vegna liggi svona mikið á, hvað það sé sem hann ætli að gera t.d. í næstu viku ef hann fái þennan titil. Ég skora á hann að svara því hvers vegna sé ekki hægt að bíða í 2–3 vikur og vinna þetta mál með skynsamra manna hætti, og með heilbrigðum hætti, eftir þau störf sem menn hafa verið að vinna. Ég skora á ráðherrann að svara þeim spurningum sem bornar eru fram til hans. Hann þarf að fara í símann núna. Hann hefur tíma til að tala í símann þó að hann hafi ekki tíma til að tala við okkur hv. þm. Kannski fáum við aðeins að heyra í honum í um það er lýkur. Ég endurtek að það hefði auðvitað verið nær að vinna betur að þessu máli og kannski verður það nú, kannski sjá menn að sér og fresta þessari umræðu og ganga aftur til eðlilegra starfa.

Það hefur komið hér í ljós að það er bullandi ósamstaða innan stjórnarflokkanna líka um þetta mál eins og raunar flest önnur. Það er enginn sem segir að þetta mál fari óbreytt í gegn, hvorki þetta frv. sem við erum að ræða um hér og nú, þetta gagnslausa frv. og meiningarlausa, né fylgifrv. og enn þá síður það. Það eru svo margir hlutir þar sem þarf að skoða áður en menn ná þar einhverjum áttum og a.m.k. áður en menn verða þar sammála. Það hefur komið fram bæði á nefndarfundum og raunar hér úr þessum ræðustóli líka.

Þá vil ég gjarnan víkja að máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Hún sagði að það væri augljóst og sjálfsagt mál að þessi frv. fylgdust að. Hún sagði að vísu að í Alþb. hefði verið talið að ekkert væri við því að segja þó að hv. þm. Skúli Alexandersson skrifaði undir þetta nál. og hún mundi beygja sig undir það. Í þessu nál. er nákvæmlega ekki nokkur skapaður hlutur annað en það að um frv. hafi verið fjallað og síðan taldir upp þeir sem komu að máli við nefndina og síðan ein setning og hún er á þennan veg, með leyfi forseta:

„Í máli flestra viðmælenda nefndarinnar kom fram að þörf er á samræmingar- og eftirlitsaðila umhverfismála innan stjórnsýslunnar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum neðri deildar."

Í þessu segir nákvæmlega ekkert um hvort eigi að hraða þessu eða ekki, hvort frv. eigi að fylgjast að og vera samhliða eða ekki þannig að það sé komin heilsteypt löggjöf. Ég spurði hv. þm. að því hvort þetta væri ekki rétt skilið hjá mér og hún sagði það rétt vera og margtók hér fram, eins og menn heyrðu, að það væri augljóst og sjálfsagt að þessi frumvörp ættu að fylgjast að. Ég hef heyrt hér einn stjórnarþingmann, ég held bara einn, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, lýsa yfir stuðningi við þessa málsmeðferð. Ég hef engan annan heyrt gera það og telja það eðlilegt. En með náttúrlega furðulegum rökum, eins og ég hef áður vikið að, þ.e. að ráða fyrst einhvern mann sem hjálparkokk eða eitthvað og síðan á að gera hann ... (**Gripið fram í:** Fyrst ráða menn skipstjóra.) Já, við skulum ekki fara lengra út í það aftur. Það er búið að ræða það af okkar beggja hálfu svo að það ætti að nægja. Að vísu er það nú kannski ekki alveg rétt. Ég átti við að í umræðum núna í dag hefði ég ekki heyrt slíkt nema hjá þessum eina þingmanni. Að vísu var hér annar þingmaður þegar 1. umr. fór fram og það var hv. þm. Guðmundur Ágústsson. Hans rök voru þau að hann lét sér um munn fara héðan úr þessum ræðustól að það sem við værum að segja hér um að vanda þessi vinnubrögð væri kjaftavaðall um einskis verða hluti. Ég hefði haldið að það ætti að víta svona orðalag úr þessum stóli, en það var ekki gert. En þetta er nú vinnubrögðin. Þetta er siðferðið. Það er kjaftavaðall ef ég, eða einhver annar, hef einhverja aðra skoðun en hv. þm. Guðmundur Ágústsson. Því miður er hann ekki hér inni, en það voru reyndar aðrir sem bentu á þau vinnubrögð sem viðhöfð eru. (Gripið fram í.) Ja, það er nú mjög sjaldan sem hann er hér inni, en það væri gaman að fá hann hingað. Kannski bíðum við eftir honum. Nú, hann er kominn hér. Ég var að geta um það að hv. þm. Guðmundur Ágústsson hefði hér við 1. umr. sagt að það væri kjaftavaðall um einskis verða hluti þegar menn hefðu aðra skoðun en hann á vinnubrögðum í sambandi við þetta frv. Já, hann brosir blítt, finnst þetta voðalega sniðugt. Svona eru nú vinnubrögð þessara manna sem að því standa að láta kaupa sig inn í þessa ríkisstjórn — verðið var auðvitað lágt sem vonlegt var, enda lítið að kaupa, en þeir um það.

En úr því að hv. þm. Skúli Alexandersson er hér kominn vildi ég vekja athygli á því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði hér áðan að það væri augljóst og sjálfsagt að þessi tvö frv. ættu að fylgjast að. Hins vegar hefði málið verið rætt í Alþb. og hún sætti sig við að hv. þm. Skúli Alexandersson undirskrifaði þetta nál. Ég vil þá vekja athygli á því að hann hefur ekkert undirskrifað annað en nafnalista og svo eina setningu í lokin, ekkert um það að hér eigi ekki að hafa heilbrigð og lýðræðisleg vinnubrögð og láta þessi mál fylgjast að. Ég spurði hv. þm. hvort það væri ekki réttur skilningur og hann sagði að hann væri réttur. Og hún samþykkti það, en það hefur ekkert komið fram í hennar máli um það að hún ætlaði að hjálpa til við að beita einhverju ofbeldi við að knýja þessi mál fram eða þetta mál sem hér er til umræðu án þess að við fáum leyfi til að skoða málavexti og reyna að vinna þetta að heilbrigðra manna hætti með þessu ágæta fólki eins og hv. þm. Skúla Alexanderssyni sem við höfum verið að gera. Við höfum verið að yfirheyra fólk, við höfum verið að reyna að pæla í gegnum þessa bunka af erindum.

Ég var að geta þess líka að ég væri ekki góður að rata um þessa frumskóga kerfisins. Ég veit að hið sama á við um hv. þm. Skúla Alexandersson. Ég hugsa að við séum álíka vitlausir í þessu kerfisstandi öllu saman og þurfum góðan tíma til að átta okkur á því, greiða úr því öllu saman. Ég mundi halda jafnvel að hæstv. ráðherra Hagstofu hefði líka gott af því að

kynna sér svolítið innviðina í kerfinu áður en hann á að fara að stjórna því, fara svolítið ofan í það og lesa þessar álitsgerðir með okkur hinum og ræða við okkur um hvað væri gagnlegt að gera, hvað ætti að fella undir þetta hv. ráðuneyti hans væntanlega og mundi vera mjög gaman að vinna með honum. Ég hef gert það áður og líkað stórvel að vinna að málum og skýra þau hver fyrir öðrum. Það er nú einu sinni svo að það er oft miklu þægilegra að tala um málin, fyrir nokkra menn saman, að rabba um þau en að lesa þessa doðranta, þessar skýrslur sem þeir eru nú að gera, allir þessir kerfiskarlar, og þær tölvuskriftir sem er nú eiginlega varla hægt að botna í lengur. Þar er meira að segja stafsetning og annað slíkt með þeim hætti að maður þarf helst að hafa orðabók við til þess að skilja þessa vélrænu hluti alla saman, við sem lærðum bara á venjulegar ritvélar hér í gamla daga. Þess vegna er engin leið að segja að þetta sé einfalt mál. Þetta er mjög flókið mál. Hins vegar má segja það að það eru kannski einfaldir hlutir í þessu.

Við erum míkið að tala um mengun hafsins og ég held að við höfum kannski meiri áhyggjur af mengun hafsvæðanna en af nokkru öðru. Ég held að þær stofnanir sem fyrir eru í landinu sinni sæmilega öllum mengunarvörnum á landinu. Við þurfum auðvitað að skila landinu jafngóðu og við tókum við því eins og hér kom fram og var ágætlega sagt af einhverjum ræðumanna. Og ég held að við séum að gera það. Ég held að við séum að rækta upp landið og þær stofnanir sem að því vinna, t.d. bæði Skógræktin og Landgræðslan, hafi unnið stórvirki og það geta menn séð ef þeir fara á vettvang þar sem þetta áhugafólk hefur verið að verki. Og ég held að þar sem áhugafélög eru, sjálfseignarstofnanir og fólk sem ekki er bundið á klafa ráðuneyta, sé best að verkum staðið og hafi gerst með meiri samviskusemi og fyrir minni peninga og með meiri árangri. Þess vegna er það auðvitað áhuginn, og peningar, sem vantar í þetta starf til að geta fullkomnað það. Það vantar engar toppfígúrur þar, enga hatta á hatta ofan. Það er til nóg af fullgóðu og duglegu fólki til að sinna þessu og það hefur sýnt sig. Það vantar auðvitað fyrst og fremst peninga, en ég endurtek samt að ég er ekkert frá því að lítið umhverfisráðuneyti, ef það væri þá öruggt að það yrði lítið með örfáum starfsmönnum, sem væri til samræmingar og annað slíkt, að það gæti hentað okkur að hafa slíka miðstýringu þó að menn séu farnir að efast um það úti í hinum stóra heimi að það sé rétta leiðin, heldur miklu frekar að reyna að dreifa valdinu til sem flestra stofnana í þjóðfélaginu. Það er það sem maður getur lesið út úr þessari frægu Brundtland-skýrslu eins og ég var að tala um hérna áðan.

Hitt er svo annað mál að við getum náttúrlega, ef við höldum áfram að ræða um þetta stjórnkerfi sem verið er að tildra hér upp og vanvirðingu við stjórnskipunarlög þessarar þjóðar þar sem náttúrlega lög um Stjórnarráð Íslands ganga næst stjórnarskránni, að tala um þá mengun, mengun hugarfarsins í þessu landi, þá er náttúrlega hægt að tala hér í alla nótt um það hvernig níðst er á lögum og rétti, sanngirni og heiðarleika í stjórnkerfinu. Það vitum við öll að er gert í stórum stíl og fer vaxandi. Og það er ekki verið að greiða fram úr kerfinu eða hreinsa til. Það er verið að auka á þá mengun dag frá degi og kann ekki góðu að stýra.

Hæstv. ráðherra Hagstofu sagði um orð sín á fundi í Verkfræðingafélaginu, í frammíkalli hér, að þetta hefðu bara verið vangaveltur. Ég hef allt aðrar upplýsingar um það en að þetta hafi verið vangaveltur þegar hann sagði að það væru til reglugerðir sem mætti gefa út sama daginn og þetta vandræðafrv., sýndarfrv., yfirdrepsfrv. eða hvað menn vilja kalla það, það var nefnt mörgum nöfnum í viðræðum við embættismennina í nefndinni, að það frv. yrði sem sagt lögfest á miðvikudaginn í sl. viku. Það voru ekki neinar vangaveltur. Það var staðhæft. Við höfum spurst fyrir um það hvar þessar reglugerðir séu. Þær eru hvergi til. Það eru bara hrein ósannindi. Það eru engar slíkar reglugerðir til. Við báðum um að fá að sjá þær, nefndarmenn, óskuðum eftir því. Það var upplýst að þær væru alls ekki til. Við báðum formann um að ganga í það.

Aðstoðarmaður hæstv. forsrh., Jón Sveinsson, sagði það alveg umbúðalaust að það væri ekki hægt að gera neitt með reglugerðum. Orðalagið var eins og ég gat um áðan, þetta væri yfirborðskennt, þar sem stofnanirnar væru skildar eftir og engin slík reglugerð gæti neinu breytt í því. Það er ekkert sem breytist þó að þessum aðferðum sé beitt núna, að reyna að knýja þetta frv. fram. Það er nákvæmlega ekkert sem breytist nema einn titill, ekkert annað. Og ég held að hæstv. hagstofuráðherra þurfi ekkert á þeim titli að halda, ekki nokkurn skapaðan hlut, þó að Norðurlandaráð eigi að byrja núna um helgina með fundi sína. Hann er samstarfsráðherra Norðurlanda. Það er nú ærinn titill. Og hann er ráðherra Hagstofu. Hann getur notað báða þessa titla sameiginlega eða á víxl og út og suður eins og hann lystir. Hann vex ekkert við það að bæta umhverfismálaráðuneyti ofan á þegar allir vita hvernig það er tilkomið. Að fara að lögfesta titilinn hér einan, án allra málefna, án þess að gefa eðlilegt tóm til að samræma málin og koma á því ráðuneyti.

Ég efast ekkert um að hæstv. ráðherra muni vel stjórna ef þessi ríkisstjórn verður áfram eða hann í einhverri annarri ríkisstjórn yfir þessu ráðuneyti. Ég efast ekkert um að hann er áreiðanlega mikill áhugamaður og muni reyna að gera sitt besta í því. En að hann geri einhver stórvirki á tveimur eða þremur vikum í þeim málum. Og vonandi gerast engin umferðarslys á þessum tíma, umhverfisslys ætlaði ég nú að segja. Umferðarslys geta náttúrlega verið talin umhverfisslys en látum það vera og a.m.k. væri naumast í hans valdi að stöðva það ef einhverjar slíkar hræringar yrðu af náttúrunnar völdum eða einhverju slíku.

Ég get vel unnt honum þess að fá að byggja upp þetta nýja ráðuneyti, en það á þá líka að vera byggt öðruvísi en á sandi. Það ætti þá að vera byggt á

einhverjum grundvöllum og einhverju sæmilegu samkomulagi innan þingsins en ekki þar sem allir eru óánægðir, í öllum flokkum og innan alls stjórnkerfisins væru menn meira og minna óánægðir fyrir það að ekki gæfist tóm til þess að skýra sjónarmið. Það mætti enginn vera að að tala við þá því það væri alltaf verið að tala við — ja, ég veit ekki hvað, vindinn, tala upp í loftið eða út og suður. En það gefst ekki nokkurra daga tóm til þess að ræða við alla þessa menn sem hafa skrifað nefndunum og viljað fá að ræða við þær og skýra sín sjónarmið. Nei, nei. Það skal ekki gera, bara koma titlinum á og hrúga þessu svo og velta áfram sem einhvers konar — ég veit ekki hvað á að kalla það, nota einhvern valtara yfir þetta allt saman. Það eru þeirra ær og kýr og titillinn skal því í gegn.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Formaður þingflokks Alþb. er nýkominn úr þessum stól og einnig varaformaður Verkamannasambands Íslands. Við munum nú á morgun ræða lagabálk sem tengist þeim nýju kjarasamningum sem verkalýðshreyfingin hefur staðið að ásamt vinnuveitendum, kjarasamningum sem eru byggðir á því að viðurkenna þá miklu kjaraskerðingu sem hefur orðið, kjaraskerðingu sem var óhjákvæmileg eftir að sú stjórn settist að völdum sem nú ríkir. Jafnframt liggur það fyrir að í þessum samningum lögðu aðilar vinnumarkaðarins ríka áherslu á að nauðsynlegt væri að ríkisvaldið sýndi mikið aðhald og má raunar segja að bæði Alþýðusamband Íslands og vinnuveitendur hafi verið sammála um það að nauðsynlegt væri að ríkisstjórnin sýndi að sínu leyti vilja til þess að draga úr ónauðsynlegum rekstrarútgjöldum. Það vekur þess vegna athygli að eini stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar hér í þessari hv. deild sem réttlætir þá málsmeðferð, og telur hana raunar rétta, sem hér er viðhöfð, að slíta í sundur það frv. sem hér er til umræðu, um umhverfisráðuneyti, og hins vegar fylgifrv. þess, um þau verkefni sem í ráðuneytið eiga að fara, skuli vera varaformaður Verkamannasambandsins. Það er nú svo samkvæmt fjárlögum að það kostar um 23 millj. kr. að stofna þetta ráðuneyti og það kom einnig fram við umræðurnar um fjárlög og í greinargerðum að þetta er hreinn kostnaður vegna stofnunar ráðuneytisins, stofnkostnaður vegna nýrrar yfirstjórnar ráðuneytis, en um leið tekið fram að ef verkefni verði færð frá öðrum ráðuneytum til umhverfisráðuneytis sé gert ráð fyrir fé til þess að standa straum af þeim verkefnum undir þeim ráðuneytum þar sem verkefnin eru núna. Við erum þess vegna að tala um 23 millj. kr. „spandans" í þetta ráðuneyti. Eftir því sem það dregst lengur að ráðuneytið taki til starfa verður meira eftir af þessum 23 millj. kr.

Þessi varaformaður Verkamannasambands Íslands sá á hinn bóginn ekki ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs hér í gær þegar til umræðu var frv. um stjórn fiskveiða. Þá sá hann ekki ástæðu til þess að gera grein fyrir sínum sérstöku skoðunum á því frv. þó svo að fyrir liggi í bókun, sem formaður þingflokks Alþfl. gerði þegar gengið var frá málinu í þeirri samstarfsnefnd sem samdi það frv. sem hér var lagt fram, að í Alþfl. væru uppi ýmsar skoðanir um það frv., ýmsar athugasemdir, og að Alþfl. teldi óhjákvæmilegt að því frv. yrði breytt í ýmsum atriðum hér í deildinni. Það frv. vakti ekki áhuga þessa hv. þm. Suðurnesja. Hann sá ekki ástæðu til að taka til máls um það en var með ósmekklegar athugasemdir hér áðan og reyndi að gera lítið úr því þegar aðrir þingmenn gerðu athugasemd við að ekki héldist í hendur að stofna umhverfisráðuneyti og sjá því fyrir verkefnum. Mun ég víkja nánar að því síðar.

En skýrasta svarið við orðræðum þessa þingmanns var ræða formanns þingflokks Alþb. sem talaði næst á undan honum. Þar sagði formaður þingflokks Alþb. að hann teldi eðlilegt að málin fylgdust að, frv. um umhverfisráðuneyti og um þá málaflokka og þau verkefni sem þangað færu. Formaður þingflokks Alþb. talaði jafnframt um það að ef síðara frv. yrði keyrt áfram með sama hætti og þetta frv. sýndi það glögglega að hugur fylgdi ekki máli með stofnun umhverfisráðuneytis. Það er þess vegna alveg ljóst að það er ekki einungis stjórnarandstaðan sem hefur kveðið skýrt að orði hér í þessum ræðustól um að hér sé öfugt farið að hlutunum, heldur hefur þessi fulltrúi Alþb. talað hér skýrt og afsakaði raunar hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexandersson þegar hv. þm. gat þess að hv. 4. þm. Vesturl. hefði skrifað undir nál. sem fulltrúi Alþb. sem ætti sér skýringu í því að Alþb. hefði samþykkt þessa málsmeðferð. Ómögulegt var að skilja ummælin öðruvísi en svo að sú undirskrift hefði verið veitt með blendnum hug, satt að segja.

Formaður þingflokks Alþb. sagði að þessi vinnubrögð væru þau að fyrst ætti að kaupa hattinn og setja á haus eins ráðherra en síðan kæmi í ljós hvað undir honum yrði og við vitum af hverju nauðsynlegt er að setja hattinn á haus ráðherrans núna. Það er vegna þess að Norðurlandaráð kemur saman nú á næstu dögum hér í Reykjavík.

Ég varð var við það að hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason kunni ekki að meta góðan skáldskap sem farið var með hér áðan. Ég get þó ekki stillt mig um að fara með eitt stutt kvæði í tilefni af ummælum formanns þingflokks Alþfl. sem líka minnir raunar á tengsl okkar Íslendinga við Norðurlönd:

Ég geng um Eyrar götur.
Æ, guð komi til! Hvað er það,
sem skyggir á hálfan himininn?
Er það hattur eða hvað?

Nú, hér er ei neitt að hræðast!
Frú Hansen er þar á ferð
með hatt, sem var keyptur í Kaupmannahöfn

og kostaði jarðarverð.

En heyrið þér mig, frú Hansen!
Er hátignarsvipurinn
líka keyptur í Kaupmannahöfn?
Hvað kostaði meterinn?

Við vitum að sá hattur sem hér er verið að tala um kostar 23 millj. kr. samkvæmt fjárlögum. Hitt er aftur óljósara hversu mikið hattur frú Hansen hafi kostað. Það er kannski örlítil vísbending að kvæðið byrjar eitthvað á þessa leið:

Á Öngulseyri búa
á annað hundrað manns
og Hinrik kaupmaður Hansen
er herra til sjós og lands.

Hver karl er þreyttur og þjáður
með þrælkunarmerki ljós,
hver kerling er kámug og rifin
og kofarnir eins og fjós.

En Hansen er sá eini
sem aldrei handtak vann.
Þó safnar enginn auði
og ístru nema hann.

Það virðist vera, ef svo fer að engin verkefni komi í umhverfisráðuneytið, að líka verði lítið um handtökin í því húsi.

Nú skal ég ekki segja með hvaða rökum hv. þm. getur haldið því fram að óvenjulegt sé hér í deildinni að afgreiðsla mála stöðvist. Ég á t.d. í fjh.- og viðskn. Nd. tvö lítil frv. sem ekki hafa fengist þaðan afgreidd. Þó liggur fyrir loforð um að annað þeirra skuli afgreitt og er raunar liðinn sá tími sem gefinn var til þess arna. Auðvitað er það algengt í þingsölum og algengt raunar líka í nefndum að ýmis mál fá ekki afgreiðslu undir eins með skjótlegum hætti. Við getum rifjað eitt lítið mál upp af því tagi. Nú liggur fyrir Alþingi og þessari deild raunar frv. um orkuskatt. Ef það frv. verður samþykkt og gert að lögum, eins og það liggur fyrir deildinni, eru til mjög glöggar upplýsingar um það frá Landsvirkjun og frá samtökum rafveitna og hitaveitna að það muni hafa það í för með sér að heimilisrafmagn muni hækka um 30% síðari hluta ársins. Þetta frv. átti að keyra fram, hæstv. forseti, með mikilli óbilgirni hér og það kostaði satt að segja ekki lítil átök að fá ráðherra orkumála, ráðherra Alþfl., til þess að segja sína skoðun. Þó tókst það að síðustu.

Þá kom m.a. í ljós, eftir að hæstv. fjmrh. hafði líka sagt sína meiningu og sína sögu, að það var Alþfl. sem átti hugmyndina að því að orkuskatturinn yrði lagður á í þessari lotu. Og það sem er enn þá merkilegra er það að hæstv. iðnrh., ráðherra Alþfl., hefur síðan lýst því yfir í þessum stóli hér að þó svo að athugun sýni að orkuskatturinn sé reistur á röngum forsendum sé Alþfl. þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að leggja á skattinn eigi að síður. Er þá talað um að skattheimtan sé ekki minni en 250 millj. kr. síðari hluta ársins sem auðvitað kemur á almenning í landinu, skerðir kaupmátt almennings frá því sem nú er. Og einmitt þetta frv., sem við nú erum að tala um, er ein af ástæðunum fyrir því að nauðsynlegt er að halda áfram skattheimtunni. Og svo er það varaformaður Verkamannasambands Íslands sem hér stendur upp og segir að nauðsynlegt sé að stofna til þessarar eyðslu þegar í stað og hefur hrópleg ummæli um þá þingmenn sem telja að eðlilegt sé að hverfa frá þessari ákvörðun vegna þess að hún er óþörf, vegna þess að engin samstaða er um það hjá einstökum stjórnarflokkum hvaða verkefni skuli flytjast í hið nýja umhverfisráðuneyti.

Nú var það svo, hæstv. forseti, að formaður þingflokks Alþb. vék nokkrum orðum að brtt. sem hefði verið lögð fram í félmn. Nd. í orðum sínum hér áðan og gerði þá tillögu að sérstöku umræðuefni. Það er nauðsynlegt, að minni hyggju, ég skal ekki fara fram á það að við þingmenn deildarinnar fáum það orðalag nú í kvöld á þessum fundi, heldur fyrir 3. umr., að við fáum upplýsingar um það hvaða brtt. við fylgifrv. þessa frv. hér var um að ræða, þannig að við getum deilt skoðunum við þann hv. þm., en hann komst svo að orði að ef væntanlegur ráðherra umhverfismála hafi samþykkt þessa brtt. sýni það metnaðarleysi ráðherrans og stefnuleysi í þessum málum öllum.

Nú er mér ekki alveg ljóst hvernig hægt er að ætlast til þess að deildin haldi þessum umræðum áfram. Hæstv. forseti deildarinnar féllst á það í sambandi við orkuskattinn að eðlilegt væri að deildin gerði hlé á umræðunni á meðan orkuskatturinn væri til nánari athugunar og umræðu í ríkisstjórninni. Eins stendur á um það frv. sem við erum að ræða. Það er ekki afgreitt hjá stjórnarflokkunum, ekki í ríkisstjórn, hvaða verkefni skuli fara undir umhverfisráðuneytið. Formaður þingflokks Alþb. hefur lýst því yfir að ef vinnubrögðin við fylgifrv. verði þau sömu og við það frv. sem við erum nú að ræða sýni það metnaðarleysi og stefnuleysi og það sýni að hugur fylgi ekki máli.

Ég get ekki fundið að því þótt hæstv. forsrh. hafi brugðið sér frá til að fá sér sterkt kaffi til að hressa sig á undir þessum umræðum, eins höllum fæti og ríkisstjórnin stendur í þeim og skiljanlegt að ráðherrarnir vilji reyna að ná andlegu þreki inn á milli til þess að þola betur getuleysi sitt. En ég verð strax nú við 2. umr. að leggja áherslu á þetta: Í röðum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar er mikil óánægja yfir þessum málatilbúnaði. Það er einungis hv. þm. Karl Steinar Guðnason sem telur að hér sé rétt farið að og tók þá skemmtilegu líkingu að honum fyndist hæstv. umhverfisráðherra einna helst svipa til karlsins í brúnni, skipstjórans. Ég er nú ekki viss um að sjómennirnir séu ánægðir yfir þessum samanburði og má vera að þeir telji sitt hlutverk sýnu merkilegra og þjóðhagslega nauðsynlegra en það sem við erum hér að tala um.

Óhjákvæmilegt er, að minni hyggju, að þessi hv. þm. fari einhverjum orðum um það hvaða verkefni hann vilji að séu í umhverfisráðuneytinu. Hann talaði hér um það að með því að við erum á móti því að stofna það með þeim hætti sem hér er gert, og Sjálfstfl. er raunar þeirrar skoðunar að stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis sé óþarfa munaður, ástæðulaus, og held ég að nauðsynlegt sé að þessi hv. þm. útskýri fyrir okkur hvaða málaflokka hann vilji

fá undir ráðuneytið. Við vitum um það af frásögnum af fundum sem formaður Alþfl. hefur átt, hann er orðvar maður, formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, eins og þingmenn vita, að hann lét þau ummæli falla að yfirlögðu ráði og vel grundað fyrir skömmu að það væri nóg fyrir okkur að hafa sex til sjö ráðuneyti á Íslandi. Hér höfum við eitt af þessum sex til sjö, umhverfisráðuneyti án verkefna, og þá eru eftir fimm til sex sem eiga að sjá um þau stjórnsýslustörf sem þarf að annast.

Ég hygg að ástæðulaust sé, áður en hv. 4. þm. Reykn. hefur gert nánar grein fyrir sínum málum hér á eftir, sem hann hlýtur að gera eins og hann talaði, að hafa þessi orð fleiri, en ég ítreka þá fsp. mína til hæstv. forseta hvort hann telji ekki að hið sama eigi við um þetta mál og um orkuskattinn, að full ástæða sé til að fresta umræðunni á meðan ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um með hvaða hætti frá málinu verði gengið í ríkisstjórninni.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna spurningar hv. 2. þm. Norðurl. e. vænti ég þess að hæstv. forsrh. muni gera nokkra grein fyrir málinu á eftir og svara spurningum og þá einnig þeirri hvort þar sé um einhvern ágreining að ræða.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það er nú raunar bagalegt að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa svarað þeim fyrirspurnum sem fyrir hann hafa verið lagðar hér í þessari umræðu svo að hægt væri að fjalla um hans svör samtímis öðru því sem hér hefur komið fram. Umræðunni er ekki lokið, eins og kunnugt er, og 3. umr. til baka. Það verður þess vegna að álykta að hæstv. forsrh. líti svo á að þingmenn hafi nægan tíma til þess að fjalla um svör hans á síðari stigum þessarar umræðu. Annars hefði forsrh. að sjálfsögðu leitast við að auðvelda mönnum að ná hér skilvirkri umræðu með því að svara þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar.

Þetta er nú e.t.v. eitt dæmið um áhuga ríkisstjórnarinnar á því að koma þessu máli áfram, að það reynist tæpast unnt að fá svör við þeim spurningum sem hér eru lagðar fram. Og hvað skyldi þeim hv. ræðumanni, sem lýsti hér vinnubrögðum þessarar deildar með þeim orðum að hér ættu sér stað þingtæknilegar hundakúnstir, finnast um það að hæstv. forsrh. skuli ekki ganga hér til svara og auðvelda þannig umræðuna. Það væri afar mikilvægt ef hv. þm. Karl Steinar Guðnason mundi hér síðar í umræðunni segja frá því, svo að engin tvímæli þyrftu að vera hér á ferðinni, hvort þessi vinnubrögð féllu undir þá skilgreiningu sem hann hafði hér í frammi í kvöld, að hér væri um þingtæknilegar hundakúnstir að ræða, eins og ræðumaður orðaði það.

Það voru ýmis fleiri blóm sem sprungu út þegar hv. ræðumaður var að flytja ræðu sína hér fyrr í kvöld. (**Gripið fram í:** Farðu nú ekki að nefna fjólur.) Hann hafði m.a. sérstaklega orð á því að mikil þörf væri á því að ráða skipstjóra í brúna og áhöfn á skútuna. Og þegar ræðumaður var inntur eftir því hvort ekki væri ástæða til þess að fá skútuna á undan skipstjóranum sagði hann hér úr þessum ræðustól að ríkisstjórnin væri skútan. (**KSG:** Ekki var það nú rétt.) Þannig hefur fengist býsna góð skýring á því hvað stjórnarliðinu liggur hér á. Það vantar skipstjóra á skútuna og hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur sagt að skútan sé ríkisstjórn og má nú náttúrlega nærri geta hvort varaformanni Verkamannasambandsins finnist ekki nokkuð liggja á að fá skipstjóra á skútuna.

En annar hv. þm., formaður þingflokks Borgfl. og frsm. fyrir þessu nál., hv. þm. Guðmundur Ágústsson, tók raunar af öll tvímæli í þessum efnum. Hann sagði að Norðurlandaráðsþing væri skammt undan og þar væru umhverfismál stærsti og þýðingarmesti málaflokkurinn og það væri engin leið að fara með ókrýndan ráðherra á þann fund. Ég tala nú ekki um ef bætt er við skýringu formanns þingflokks Alþb. sem komst þannig að orði að tilgangurinn væri sá að kaupa hatt á haus eins ráðherra. Þess hefur nú reyndar orðið vart að meiri háttar ráðherrar í ríkisstjórninni hafi verið að kaupa sér hatta upp á síðkastið og skýring formanns þingflokks Alþb. er þannig til í raunveruleikanum. (**Fþ:** Heldurðu að þetta hafi ekki verið á þunnhærðan ráðherra?) Það er sem sagt skýring þessara tveggja þingflokksformanna ríkisstjórnarflokkanna, skýringin á öllu þessu óðagoti, að þegar Norðurlandaráð kemur má ekki vera hér hattlaus ráðherra. (**Gripið fram í:** Ókrýndur ráðherra.) Ókrýndur hattlaus ráðherra. En þá er það bara spurningin hvort mönnum liggur svona mikið á með Norðurlandaráð. Væri ekki hægt að hugsa sér að taka sér tíma í það að ljúka þessu máli og velja góðan hatt og líka góðan ráðherra? Og nú vill svo til að það stendur illa á hjá fleirum. Þannig hefur verið sagt frá því að um þessar mundir vanti að krýna forsætisráðherra í Svíaríki og menn eru með hugmyndir um það að Ingvar Carlsson muni ekki vilja koma hingað sem umboðslaus ráðherra og fregnir hafa gengið um það að í Svíaríki eigi að fara að stofna nýja ríkisstjórn undir forsæti Ingvars Carlssonar og með þátttöku Miðflokksins þar. Spurningin er hvort ekki væri ástæða til að hafa samband við Svía, af því að svona stendur á í því landi, um að þessar tvær þjóðir beittu sér nú fyrir því að fresta Norðurlandaráðsþingi þar til búið væri að krýna íslenska umhverfisráðherrann og kaupa á hann nýjan hatt. Menn hafa held ég tæpast orðið varir við aðrar áherslur en þessar. Þá væri líka svo komið að það væri komið andlit á ríkisstjórnina og skipstjóri í brúna, svo að notuð séu orð hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar sem hefur sýnilega miklar áhyggjur af því að ásjóna ríkisstjórnarinnar sé ekki með þeim hætti á Norðurlandaþingi sem boðlegt sé.

Hér í þessari umræðu hafa komið fram nokkrar áherslur í sambandi við umhverfismál og sérstaklega var eftirtektarverð ræða hv. 6. þm. Vesturl. Danfríðar Skarphéðinsdóttur sem talaði um mikla þörf á umhverfisráðuneyti vegna þess að gróðureyðing og fok væru mesta umhverfisvandamálið. Það má vel vera að menn geti skilgreint hlutina með þeim hætti að gróðureyðing og fok séu mikið umhverfisvanda-

mál á Íslandi, en ætli sandfok og sandbyljir stöðvist nú svo mikið þó að sett sé á stofn nýtt ráðuneyti umhverfismála og nýr hattur keyptur á hæstv. hagstofuráðherra? Ætli það breyti nú svo afar miklu um sandstormana þó að það sé gert? (**Gripið fram í:** Fýkur kannski af honum hatturinn.)

Það liggur nú alveg ljóst fyrir að í þessum efnum hafa menn náð miklum árangri á síðustu árum og það færist mjög margt til betri vegar í uppgræðslu- og landgræðslumálum. Og ég er alveg sannfærður um það að það er ekki vegna neinnar umhyggju fyrir gróðrinum í landinu, græðslu landsins, sem menn eru að setja á fót þetta umhverfisráðuneyti. Það er náttúrlega augljóst mál að þeir sem ganga þar harðast fram hafa af því áhyggjur að slík stofnun sé þarflaus og þess vegna er verið að leitast við að koma þar inn áhugaverðum málaflokkum eins og landgræðslu og skógrækt.

Hv. þm. var hér með tölur um það hvað gróður hefði minnkað mikið frá landnámstíð. Ég veitti því alveg sérstaka athygli að þingmaðurinn hafði engin orð um það hverjar hefðu orðið gróðurfarsbreytingarnar á síðustu árum og áratugum. Það skyldi nú vera eitthvert undrunarefni þótt graslag breyttist í því landi sem var ónumið, þar sem engin búseta var, þar sem engir grasbítar voru. Og það er í rauninni alveg stórmerkilegt að þetta áhugasama fólk um gróðurvernd tekur gjarnan samlíkingar frá þessum tímum, frá upphafi landnáms, og hefur þó ekki minnstu hugmynd um það hvað landið var mikið gróið þá. Ég tala nú ekki um það að minnst sé á það hvernig veðráttan hefur leikið þetta land frá landnámi og hvað gróðrarskilyrðin hafa verið ákaflega misjöfn frá því að hér hófst búseta manna.

Það verður náttúrlega ekki komist hjá því, vegna þessara ummæla hv. þm., að fara nokkuð ítarlega yfir þau mál þó að ekki sé ástæða til að lengja þessa umræðu sérstaklega af þeirri ástæðu. En hv. þm. svona til viðvörunar, þá er nú kannski ástæða til að minnast á örfáar staðreyndir svo að Kvennalistinn geti hugað að einhverju öðru gróðurfari í þessu landi en var þegar Ingólfur Arnarson kom hingað í fyrri tíð. Það er t.d. sannað að um þær mundir hafi verið allt önnur og betri veðrátta í landinu en síðar varð og það vill svo til að um þessa hluti þarf ekki að deila því að jöklarannsóknir í suðurjaðri Vatnajökuls sýna að á fyrstu öldum byggðar á Íslandi var snælínan um 1100 metra yfir sjávarmáli, það er líkt og hún hefur verið á þessari öld, en í þrjár aldir og líklega líðlega það hefur verið sannað að snælínan hefur verið 400 metrum lægri. Hún hefur verið um 700 metra yfir sjávarmáli. Snælínan hefur verið í líkri hæð og Kjölur er og Sprengisandur þannig að í þessar þrjár aldir hafa verið þar allt önnur gróðrarskilyrði en áður voru þegar menn fóru þar til kola og allt önnur gróðurfarsskilyrði en eru þar enn í dag. En á þetta er ekkert minnst, ekki einu orði. Ég held að það væri ráð fyrir Kvennalistann að kynna sér aðeins hvernig náttúrufarið hefur verið á Íslandi í gegnum aldirnar.

Ég held að ég fari rétt með og muni það rétt að t.d. við landnám hafi ýmsir jöklar sem nú eru ekki verið til, eins og Ok og Drangajökull, svo að ég nefni dæmi, eins og jöklarnir austur af Vatnajökli sem nú eru, Hofsjökull og Klofajökull. Það liggur fyrir að langt fram eftir öldum var enginn jökull á milli Hornafjarðar og Möðrudals svo að dæmi séu nefnd. Þetta voru samgöngulönd. Og hvað skyldi hafa gerst á Íslandi við allar þessar stórkostlegu breytingar á náttúrufari landsins? Hvað skyldi hafa gerst þegar úrkoman var bundin í snjó og gadd? Hvernig skyldi hafa farið með grunnvatnsstöðuna t.d. norðan við Vatnajökul þar sem lönd hafa eyðst á síðari árum svo að dæmi séu nefnd? Hvenær talar Kvennalistinn um þetta? Það er hægt að rekja það með mjög nákvæmum hætti og það er ástæða til að gera það hér í þessari umræðu þótt síðar verði. Það er hægt að rekja með mjög nákvæmum hætti, t.d. hvenær gróðurlendi í Austur-Skaftafellssýslu eyddust. Það eru fyrir því alveg óyggjandi upplýsingar. Þar voru gróin lönd endanna á milli þegar Ingólfur Arnarson fór þar um. Þreföld bæjaröð á Skeiðarársandi svo dæmi séu nefnd. Og reyndar á öllu því svæði. Fjögur hundruð manna byggð eyddist svo á einni nóttu í Öræfasveit, mesta náttúruslys sem hefur orðið á Íslandi. Hvenær talar Kvennalistinn um þessar staðreyndir? Skyldi það hafa einhverju breytt þótt Júlíus Sólnes, hæstv. hagstofuráðherra, hefði verið kominn með titil og hatt á hausinn þegar þetta átti sér stað? Ekki held ég það.

Svona mætti lengi telja. En um þessa hluti þarf ekki að deila vegna þess að þeir eru allir skráðir og liggur allt saman fyrir með alveg óyggjandi hætti. En það er svo annað að af því að Kvennalistinn sér svona vel til fortíðarinnar þá ætti hann að geta aðeins hugað að nútímanum og séð hvernig gróðurfar er að breytast í landinu þegar veðrátta hefur breyst, þegar betri tíð er komin. Löndin sem eyddust á sautjándu, átjándu og nítjándu öld eru öll að gróa upp. Jöklarnir hafa minnkað, vatnsföllin hafa einnig minnkað. Landbrot hefur ýmist verið stöðvað eða hefur af öðrum ástæðum minnkað að mjög verulegu leyti og þessi lönd eru að gróa upp. Og það væri vissulega ástæða til, ef maður hefði verið undir það búinn, að fara yfir ummæli þeirra manna sem sáu þessa eyðingu verða að raunveruleika, sem ferðuðust þá um íslenskar byggðir. Þessar lýsingar eru fyrir hendi. Og meira að segja sáu þeir menn sem eru mér sérstaklega hugstæðir í þessum efnum, eins og Eggert Ólafsson og Sveinn Pálsson, þeir sáu það fyrir sér hvað mundi síðar gerast. Þeir sögðu fyrir um það að þau lönd sem voru að tortímast í aur og grjót mundu gróa upp síðar. Þetta voru menn með þekkingu sem vissu hvernig náttúruöflin voru í þessu landi.

Ég tek hins vegar undir það, sem ég vildi vona að ég hefði skilið rétt hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, að það þyrfti að kenna meira um náttúrufarið í landinu. Og það held ég að sé mikið grundvallaratriði, eitt af því þýðingarmesta sem ætti að kenna í skólum landsins, fyrir utan að sjálfsögðu tunguna, það er náttúrusaga, eins og hv. þm. sagði hér fyrr í þessari umræðu. Það er saga þessa lands, náttúrusaga

þessa lands. Og það gæti vel verið að ef menn hefðu verið eitthvað ofurlítið betur að sér í henni hefðu menn séð að umhverfisráðuneyti sem slíkt mundi ekki hafa áhrif á gróðurfarið í landinu.

Það er náttúrlega grundvallaratriði að menn athugi að fjármagn til þessara verka verður ekki til af sjálfu sér. Hæstv. forsrh., sem hefur verið manna duglegastur í því að gera tillögur um að skera niður fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar, ætti að átta sig á því að auðvitað verður að taka einhvers staðar það fjármagn sem á að fara til þess að reka nýtt umhverfisráðuneyti. Þess hefur ekki orðið vart t.d. í fjárlagagerð og það hefur ekki komið fram opinberlega í sparnaðartillögum hæstv. ríkisstjórnar að það eigi að skera niður í ráðuneytunum, spara þar, þar sem mest eyðslan hefur átt sér stað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þar halda menn áfram iðju sinni. Og það þarf enginn að láta sér detta það til hugar að það auðveldi að ná fjármagni til gróðurverndarmála, landgræðslu og skógræktar, að stofna eitt flibbaráðuneyti til viðbótar. Þetta eru að sjálfsögðu grundvallaratriði í þessum málum.

Það er svo allt annað mál, eins og hefur komið fram í málflutningi sjálfstæðismanna, að aðstæður hafa breyst á margan hátt með aukinni vélvæðingu og í tæknivæddu þjóðfélagi. Við leggjum ekki minni áherslu á en aðrir að það þurfi að mæta slíkum utanaðkomandi breytingum og við höfum að sjálfsögðu flutt það mál bæði hér og líka með þinglegum hætti hér í þinginu.

En vegna þess hvað orðið er áliðið kvölds sé ég ekki ástæðu til að orðlengja þessa ræðu. Það var ekki hægt undir nokkrum kringumstæðum að láta þeim staðhæfingum ómótmælt sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir viðhafði um gróðurfarið í landinu. Og það var raunar meginástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umræðu. En ég geri ráð fyrir að gera því máli miklu gleggri skil síðar við 3. umr. og þá með þeim hætti að vera betur undir það búinn.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Að vísu voru ekki margar spurningar til mín, en þó nokkrar og skal ég leitast við að svara þeim.

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir spurði: Fræðslu um hvað ætti umhverfisráðuneytið að fara með og jafnvel ákveðið þá með reglugerð strax og umhverfisráðuneyti er sett á fót? Þar er um að ræða að sjálfsögðu, eins og ég veit að hv. þm. er ljóst, eitthvert allra mikilvægasta verkefni umhverfisráðuneytis. Umhverfi verður aldrei verndað nema almenningur í landinu taki mjög virkann þátt í því. Það verður aldrei verndað gegn skilningi og vilja almennings. Við vitum að sá skilningur fer ört vaxandi, sem betur fer, en engu að síður er ekki nokkur vafi á því að víðtæk fræðsla um stöðu mengunarmála, umhverfismála, gróðureyðingar o.s.frv. er afar mikilvæg. Við þurfum því miður ekki annað en að aka víða um landið til að sjá t.d. bílhræin á fögrum stöðum og fleira mætti nefna. Þannig að fræðsluhlutverkið tel ég einna mikilvægast í störfum umhverfisráðuneytis.

Hv. þm. spurði hvort ekki mætti enn um sinn duga bréfið frá 10. sept. 1989. Þetta bréf er svipað bréfi sem þáv. forsrh. Geir Hallgrímsson skrifaði þáv. félmrh. árið 1985 og fól honum að fara á svipaðan máta með mál sem ekki væru falin neinu einstöku ráðuneyti. Það bréf var látið duga ansi lengi, í fjórtán ár eða svo. Og það þykir mér orðið of langt, satt að segja, og sannarlega tími til kominn að festa umhverfismálin í sessi á þann hátt sem hér er lagt til, að ákveða umhverfisráðuneyti.

Ég vek athygli á því, og kem þá reyndar einnig að spurningu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um hvað liggur á, ef ég má orða það svo, að þessi mál bæði voru á forgangslista ríkisstjórnarinnar fyrir áramótin og þess vænst að þau yrðu afgreidd fyrir áramót. Og vitanlega var það unnt ef vilji hefði verið til þess. Það var ekki og ég féllst á það að málin biðu fram yfir áramótin. Minn skilningur var þá sá að menn mundu afgreiða málin úr nefnd í neðri deild á fyrstu eða annarri viku þingsins. Leitað var umsagnar mjög margra aðila og tími gefinn til 10. jan. sem var vissulega nægur. Um það náðist samt ekki samstaða, það brást og þá var gripið til þess ráðs að taka þetta mál út úr eins og hér hefur oft verið rakið.

Ég get í þessu sambandi sannarlega viðurkennt að það hefði verið að mörgu leyti ágætt að láta málin fylgjast að en það er ekkert úrslitaatriði. Vitanlega koma verkefnin og þau liggja fyrir í því frv. sem liggur fyrir í hv. allshn. neðri deildar. Og eftir því sem ég best veit eru ekki nema tvær brtt. sem meiri hlutinn þar hefur rætt um og ekkert á þessari stundu vitað hvort þær verða bornar fram. Í öllum meginatriðum liggja verkefnin svo sannarlega þegar fyrir og veldur mér miklum vonbrigðum að það skuli ráða því að Kvennalistinn snýst gegn þessu máli sem hefur þó eins og kom fram hjá hv. þm. einmitt barist fyrir stofnun umhverfisráðuneytis.

Það má kannski vekja athygli á því að árið 1969 þegar sá merki maður Bjarni Benediktsson, þáv. forsrh., mælti fyrir frv. um stjórnarráðslög tók hann sérstaklega fram að hann teldi að ekki ætti að festa ítarlega í lögum hvaða málefni heyrðu undir sérhvert ráðuneyti. Og það var ekki gert í því stjórnarráðsfrv. sem hér var lagt fram. (Gripið fram í.) Hann lýsti því þá, hv. þm., að hann teldi að forsrh. með tilstuðlan forseta landsins ætti að vera frjálst að skipa málum eins og hentaði. Þetta getur hv. þm. lesið úr gögnum frá þeim tíma. Ég er meira að segja með það samantekið ef hv. þm. óskar að skoða það betur. Og það er mjög mikið til í þessum orðum Bjarna Benediktssonar eins og æði mörgu sem hann sagði og mættu hv. þingmenn taka sér það til fyrirmyndar.

Málin munu koma, hitt málið verður afgreitt á þessu þingi, á því er ekki minnsti vafi. Hins vegar nýtist sá tími ákaflega vel sem núna fæst til að undirbúa starfsemi umhverfisráðuneytis, ráða starfslið, hefja viðræður við hina fjölmörgu aðila sem undir það ráðuneyti munu heyra o.s.frv.

Hvaða sess hefur umhverfisráðuneyti? var spurt. Má kannski í því sambandi einnig taka spurninguna um Brundtland-skýrsluna, rétt að ég hverfi að henni aðeins fyrst. Ég las Brundtland-skýrsluna mjög fljótlega eftir að hún kom út og ég skal viðurkenna að ég hef nokkuð annan skilning á þeirri skýrslu en hv. þm. Brundtland-skýrslan leggur gífurlega áherslu á umhverfismálin og er afar merk í þessu sambandi. En Brundtland-skýrslan gerir tvennt. Um leið og hún leggur áherslu á samræmda stjórn umhverfismála leggur hún mjög mikla áherslu á að öll fagráðuneyti verði einnig að koma inn í þau mál. Og það er rétt sem hv. sjálfstæðismenn hafa einmitt lagt áherslu á í því sambandi. Það verður að gæta þess að fara hinn gullna meðalveg, að umhverfisráðuneyti megi ekki vera eins konar yfirvaldastofnun í landinu sem tekur frumkvæðið af fagráðuneytunum heldur verður að tryggja samstarf. Umhverfisráðuneyti hefur þann gífurlega mikilvæga sess að rannsaka og fylgjast með hvernig umhverfið þróast, hvernig mengun þróast, hvernig gróður þróast o.s.frv., vekja athygli á þegar hætta skapast á einstökum sviðum og hafa síðan vald til að grípa inn í. En það á að gerast að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Það á ekki að vera þar stríð á milli heldur samstarf. Og samanburðurinn við fjmrn. var að mínu mati á nokkrum misskilningi byggður því að eftir að Alþingi hefur samþykkt fjárveitingar til einstakra ráðuneyta hefur fjmrn. ekkert neitunarvald yfir því hvernig einstök ráðuneyti ráðstafa því fé. Það er þegar ákveðið af hv. Alþingi. Brundtland-skýrslan hefur ekki verið lögð fyrir ríkisstjórn Íslands, það er alveg hárrétt. Hins vegar veit ég að margir ráðherrar hafa lesið hana og hún var höfð sem grundvallarplagg ásamt ýmsu fleiru í því starfi sem nefndin vann sem frumvörpin samdi.

Ég hef þegar svarað spurningu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um hvað liggur á. Ég tel að þessum málum hefði átt að vera búið að skipa fyrir mörgum árum á Alþingi, og sé okkur til lítilsvirðingar að það hefur ekki tekist. Og svo sannarlega liggur á að koma þessum málum í fasta skipan. Við erum að verða líklega einir þjóða sem ekki höfum gert það. Bandaríkjamenn hafa ákveðið að koma upp sérstöku umhverfisráðuneyti. Það vekur nokkra athygli að það gera þeir á sama tíma og hv. sjálfstæðismenn flytja hér miklar ræður um að menn séu að hverfa frá því að hafa sérstök umhverfisráðuneyti. Þeir hafa augljóslega ekki heyrt þau ráð.

Það voru engar spurningar hjá hv. þm. Agli Jónssyni, en hann fullyrti áðan að ég hefði sérstaklega gengið fram í því að skera niður fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Þóttu mér það hin furðulegustu ummæli og vildi gjarnan heyra þau rökstudd hvenær ég hef beitt mér fyrir slíku. Ég gæti komið með tölur um hið gagnstæða en þetta held ég hafi bara verið svona eins og hver önnur fullyrðing sem svo oft heyrast því miður, órökstuddar. (**Salþ:** En vill hæstv. ráðherra svara nánar því sem ég var áðan að spyrja um. Af hverju liggur svona á í þessari viku?) Út af fyrir sig getum við dregið þetta viku eftir viku. Hvað liggur á í næstu viku? Hvað liggur á í þarnæstu viku? Þessu þingi á að ljúka 27. apríl samkvæmt tillögu forseta þingsins. Ég skal ekkert um það segja hvort það tekst, en svo sannarlega tekst það fremur því fleiri mál sem fást afgreidd, og þetta mál er búið að fá ítarlega umræðu, fullkomlega þingræðislega umræðu, bæði í Nd. og Ed. og ekki minnsta ástæða til að fresta því. Ég held að það sé hins vegar mjög ráðlegt fyrir þingið að afgreiða þau mál sem augljóslega hafa hér góðan meiri hluta og og hafa fengið góða umræðu í nefndum og deildum. Þetta er eitt af þeim málum sem þess vegna á að afgreiða. (Gripið fram í). Ég veit að hv. þm. kannast vel við það að við höfum oft afgreitt mál á miklu, miklu skemmri tíma. Þetta mál fjallar eingöngu um það hvort það eigi að stofna umhverfisráðuneyti. Í nefndinni var hins vegar fjallað um allt aðra hluti sem vissulega tengjast þessu máli. (**HBl:** Er nokkur reglugerð tilbúin, hvar er reglugerðin?) Reglugerð er ekki tilbúin. Reglugerð verður gefin út strax og þetta mál er afgreitt, m.a. með tilliti til þess sem hv. þm., hinn hláturmildi og hægláti þm. deildarinnar, segir hér. Ég hef hlustað á það og tek vitanlega mikið mark á slíkum orðum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Metnaðarleysi var orð sem einhver hv. þm. tók sér í munn hér fyrr í kvöld og virðist vera dálítið rauður þráður í þessu máli öllu saman, bæði metnaðar- og stefnuleysi.

En ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér, þó að ég hafi ýmislegt við þau að athuga.

Varðandi spurninguna um það hvort bréf hans frá því í september dygði ekki lengur. Ég er alveg sammála honum um það að tólf ár voru of löng bið þegar fyrra bréfið var skrifað um það að félmrn. skyldi sinna umhverfismálunum út á við alla vega eða vera samræmingaraðili. En ég get enn ekki séð rökin fyrir því að ekki sé hægt að bíða í þær tvær vikur sem við hugsanlega þyrftum að bíða með frv. til að geta afgreitt bæði frumvörpin í einu, veitt þessu máli það brautargengi sem það verðskuldar.

Ég vil líka koma að athugasemdum hæstv. forsrh. um Brundtland-skýrsluna. Vera má að það hafi ekki komið nógu skýrt í ljós en ég talaði einmitt um að í Brundtland-skýrslunni væru hugmyndir um að auðvitað þyrfti að samræma stjórn umhverfismála. En ég gat þess líka að eftir sem áður ættu atvinnumálaráðuneytin, þ.e. önnur fagráðuneyti, að axla sína ábyrgð og sinna sínum skyldum þannig að skilningur okkar á þessari skýrslu fer þar saman. Ég er reyndar líka sammála honum í því að auðvitað er aldrei hægt að einangra umhverfismálin við eitt ráðuneyti. Umhverfismálin snerta hvern einasta einstakling hvar sem hann er, hvort sem hann er inni í ráðuneyti eða úti í þjóðlífinu.

Þegar ég fjallaði um þann sess sem ég taldi að umhverfisráðuneyti ætti að skipa minntist ég á fjmrn. sem oft getur sett stólinn fyrir dyrnar í ýmsum málum. Ég talaði um nauðsyn þess að umhverfis-

ráðuneytið hefði vald til þess einmitt að grípa inn í. Það var einkum tengt þeirri tillögu sem kynnt var í hv. allshn. Nd. á fundi í morgun, sem mér sýnist vera hringavitleysa ein. Hún leiðir hvorki til einföldunar né skilvirkni miðað við það fyrirkomulag sem nú ríkir. Umhverfisráðherra er þar ætlað að taka við tillögum um friðunaraðgerðir frá Náttúruverndarráði. Síðan þarf hann að leggja leið sína í landbrn. Ef ekki næst eining um viðkomandi friðunaraðgerðir við landbrh., þá verða ráðherrar þessara tveggja ráðuneyta að fara til forsrh. og hann skal skera úr um hvor skal ráða í hverju tilviki. Þetta finnst mér undarleg niðurstaða og leiðir hvorki til einföldunar né skilvirkni né heldur tryggir að umhverfisráðuneytið hafi þau völd, þau áhrif sem það þarf að hafa til þess að geta sinnt hlutverki sínu.

Hæstv. forsrh. sagði að Kvennalistinn hefði snúist gegn málinu. Ég gat um það oft í ræðu minni í dag að Kvennalistinn hefði frá upphafi verið sannfærður um að nauðsynlegt væri að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála og það erum við enn. Við bárum fram tillögu um það, sem ég kynnti rækilega fyrr í dag, í Sþ. á síðasta ári þannig að það er ljóst að við snúumst ekki gegn málinu sem slíku. Við erum enn sannfærðar um að þessum málum sé best komið fyrir í sérstöku ráðuneyti. Auðvitað getum við ekki annað en snúist gegn þeirri afgreiðslu sem hér er lögð til og í því nál. sem ég las upp fyrr í umræðunni í dag kom fram að vegna þess hvernig málsmeðferðin öll er og vegna þeirrar óvissu sem fram undan er, við vitum ekkert hvað hið nýja umhverfisráðuneyti á að fá af verkefnum, sjáum við okkur ekki fært að standa að afgreiðslu mála eins og hér er lagt til. Það þykir okkur miður eins og reyndar líka kemur fram í nál. okkar.

Það hafa komið fram undarleg viðbrögð einmitt vegna þeirrar afstöðu, m.a. í máli hv. 4. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar. Ég hef það á tilfinningunni að kannski vildu ýmsir aðrir hv. þm. líka taka þessa afstöðu, enda trúi ég ekki að þeir stofni með glöðu geði ráðuneyti sem ekki hefur nein verkefni — og það sem er aðalatriðið, stofnun þessa ráðuneytis fylgir engin stefna í umhverfismálum. Það er bráðabirgðaákvæði um að skipa skuli nefnd til að semja lög um umhverfisvernd, reyndar bar ég fram spurningu varðandi þetta atriði við hæstv. forsrh. en fékk ekki svar við henni. Ég minntist á það í dag að Jarðfræðafélag Íslands hefði gert þá athugasemd að ekki væri tryggt, fyrst þetta bráðabirgðaákvæði var sett inn, að í þeirri nefnd sitji a.m.k. tiltekið hlutfall af fólki sem hefur bæði menntun og reynslu á þessu sviði. Ég vil því endurtaka þá spurningu mína til hæstv. forsrh.

Það voru undarlegir útúrdúrar hv. 4. þm . Reykn. þegar hann fór að tala um þingtæknileg atriði og þingtæknilegar hundakúnstir. Tel ég slíkar athugasemdir ekki svara verðar en mér finnst menn hins vegar koma upp um sig með því að ætla öðrum að vera í svokölluðu málþófi. Og í sjónvarpsþætti um daginn gat hæstv. hagstofuráðherra þess einmitt að ef hann væri í stjórnarandstöðu mundi hann líka „láta svona eins og menn létu" eins og hann orðaði það í umræðunni í Nd. um þær mundir. Mér finnst ekkert annað liggja í þessum orðum heldur en einmitt það hvernig viðkomandi hv. þm. eða hæstv. ráðherra hugsa sjálfir.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að ræða þetta mál. Það er ekkert smámál að stofna nýtt ráðuneyti, sérstaklega ráðuneyti sem þetta sem við ætlum mjög mikilvæg verkefni og ætti að geta hjálpað okkur að snúa af þeirri braut eyðingar á náttúruauðlindum sem hefur verið stunduð hingað til án umhugsunar. Það hefur allt of lengi viðgengist að menn héldu að þeir gætu gengið á auðlindirnar og þær væru óþrjótandi. Höfum við Íslendingar reyndar lent í hremmingum sem því fylgja og má minna á síldarævintýrið í því sambandi.

Ég ætla aðeins að víkja að orðum hv. 4. þm. Austurl. Egils Jónssonar vegna þess að hann gerði að umræðuefni orð mín fyrr í dag. Hann áminnti mig reyndar sérstaklega um að nota tölur varlega og ég gerði það reyndar og hef prentaða fyrir framan mig setninguna sem ég sagði og ætla að lesa hana því að þetta var ekki mitt mat heldur sagði ég nákvæmlega: „Talið er að gróið land hafi verið tvisvar til þrisvar sinnum meira við upphaf landnáms en nú er." (**EgJ:** Af hverju gat ræðumaður ekki um heimildarmann fyrir þessu? Hver er það sem telur þetta?) Það eru náttúrlega margar heimildir eins og við vitum. Þetta kemur fram víða í bókum. (**EgJ:** Er ræðumaður bara með eina heimild?) Já, t.d. Náttúruverndarráð og ég sagði reyndar að gróðureyðing og fok væru stærsta umhverfisvandamálið og það eru menn sammála um. Það eru ýmsar ástæður fyrir þessu vandamáli. Það er búseta mannsins hér og það eru líka loftslagsbreytingar eins og hv. þm. réttilega kom inn á. En það er auðvitað líka spurning hvernig keðjan er, hvað kemur fyrst og hvað á eftir. Hv. þm. efaðist um að slíkt yrði stöðvað með stofnun umhverfisráðuneytis og minntist á mikinn árangur á undanförnum árum. (Gripið fram í.) Það gerði ég reyndar líka fyrr í dag og nefndi þá miklu reynslu sem menn hefðu öðlast á þessu sviði. Samt sem áður stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, hvort sem okkur líkar eður ei, að við náum ekki að græða upp jafnmikið land á ári hverju eins og það sem glatast og það er af ýmsum ástæðum.

Ég minntist á það fyrr í dag að hér færi um mikill fjöldi ferðamanna, e.t.v. miklu meiri en landið þolir. Það hefur líka farist mjög í vöxt að farið er í fjölmennar hestaferðir um viðkvæm svæði og ég gerði ferðamálin að sérstöku umræðuefni í dag. Það er því alls ekki grasbítum einum um að kenna að svo hefur farið sem er og auðvitað ljóst að breytingarnar eru af ýmsum ástæðum. (**EgJ:** Við ræðum betur um þetta mál.) Já, við eigum sennilega eftir að ræða þetta mál allt saman í heild sinni miklu betur sýnist mér og ég vil benda á það og ég gat þess líka fyrr í dag að með því að stofna umhverfisráðuneyti, þá hlýtur hæstv. ríkisstjórn að ætla sér eitthvað meira. Við verðum að vona að hugur fylgi máli þó að því miður hafi komið í ljós eins og ég sagði bæði metnaðar- og stefnuleysi.

En við vitum líka að þessi hæstv. ríkisstjórn situr ekki til eilífðarnóns. Með því að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála hlýtur um leið að vera ætlunin að gera það átak sem þörf er á, bæði í mengunarmálum, í uppgræðslu lands og öðrum þáttum sem við þurfum að sinna til þess að geta áfram talað um að við lifum hér í tiltölulega hreinu og óspilltu landi.

Ég vil að lokum aðeins ítreka það sem margoft hefur komið fram að það er einungis vegna þess hvernig staðið er að þessu máli sem kvennalistakonur geta ekki hugsað sér að greiða atkvæði með þessu frv. Það kom fram í nefndarálitinu að við munum ekki taka þátt í afgreiðslu þess. Frv. felur það eitt í sér að bæta orðinu „umhverfisráðuneyti" inn í upptalningu ráðuneyta, en ekkert samkomulag liggur fyrir um starfsemi þess. Það eina sem við vitum um ráðuneytið er að það hefur nú þegar til umráða ráðherrastól, mengunarvarða bifreið með skíðabogum og ef til vill hatt, hvort sem hann kemst á hæstv. ráðherra þegar þar að kemur eða ekki. Allir málaflokkarnir sem ættu að heyra undir ráðuneyti umhverfismála heyra eftir sem áður undir sín gömlu ráðuneyti þar til samkomulag hefur náðst um annað.

Ég minntist á það í dag að nauðsynlegt væri að auka fræðslu um umhverfismál og hæstv. forsrh. tók undir það í sínu máli. Mér fannst hins vegar ekki koma skýrt fram hvernig þessi fræðsla verður. Að hverjum beinist hún? Verður hún í skólunum eða meðal almennings? Ég minnti reyndar á tillögu Kvennalistans um umhverfisfræðslu í skólum og meðal almennings en sú tillaga er væntanlega í menntmrn. núna. Hvort sem henni hefur verið hrint í framkvæmd eða ekki, er þá ætlunin að sú tillaga fari yfir í hið nýja umhverfisráðuneyti? Mun umhverfisráðuneyti taka upp samstarf við t.d. skóla og samtök af ýmsu tagi eða er hér einungis verið að tala um einhvers konar upplýsingabæklinga eða því um líkt?

Það vakti athygli mína í kvöld þegar smáhlé gafst frá umræðum að fundi á Selfossi um atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar var frestað vegna anna á Alþingi. Hæstv. ráðherra Hagstofu hefur hafið á ný þá fundaferð sem hann hóf fyrir jólin í leit að atvinnustefnu. Hann hefur vissulega verið í önnum hér í kvöld við að hlusta á umræður í þinginu um málefni þessa nýja ráðuneytis, en ekki veit ég hvort hann hefur endilega heyrt hvert einasta orð sem hér hefur verið sagt. Ég vona þó að svo sé vegna þess að hér hafa farið fram mjög gagnlegar umræður þar sem flestum hliðum þessa máls hefur verið velt upp og hv. þm. hafa skipst á skoðunum og reynt að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Hins vegar hefur hæstv. ráðherra ekki verið í önnum við að taka þátt í umræðunni um þetta mikilvæga mál. Það sem eftir stendur við stofnun umhverfisráðuneytis er sú staðreynd að það fyrirfinnst engin stefna í umhverfismálum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem aftur í ræðustólinn þar sem ýmis tilefni hafa gefist til þess í þessum umræðum að fjalla hér um ýmislegt sem sagt hefur verið. Ég vil byrja á því að þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir upplýsingar sem hún gaf okkur með sinni yfirlýsingu sem hún flutti snemma í kvöld í tilefni af þeirri frétt sem birtist í Dagblaðinu í dag og ég minntist á og beindi til hennar spurningum af því tilefni. Það kom fram í hennar máli að ekki eru allir hv. þm. Alþb. sammála um fylgifrv. margumræddra sem ekki hefur komið enn á dagskrá í Ed. en er að áliti margra okkar, og hennar *einnig, meginmál þessa máls eins og kom fram í* hennar ræðu. Það stendur eftir hvað hún muni gera við afgreiðslu þessa máls þegar þar að kemur í atkvæðagreiðslu, hún gerði ekki grein fyrir því enda ekki hægt að ætlast til þess. Það kemur fram í atkvæðagreiðslunni.

Það var hins vegar athyglisverð ræða sem hv. 4. þm. Reykn. flutti. Hann byrjaði á því að fjalla um þetta frv. og hafði þá ekki fylgst betur með en svo að hann vissi ekki að það var búið að breyta frv. og taka frá því þau verkefni sem þó voru tilgreind í ákvæði til bráðabirgða. En þetta getur komið fyrir bestu menn og ekki ástæða til að fjölyrða neitt frekar um það. Það var svolítið sérkennilegt að hlusta á orðatiltæki hans sem ég er ekki enn þá farin að skilja þegar hann var að tala um þessa þingtæknilegu meðferð sem hér væri verið að fjalla um, þetta væri bara pólitískur veruleiki og pólitísk staðreynd og hann furðaði sig á því að það væri erfitt að afgreiða þetta mál, að það væri svona erfitt að svara svona einföldum spurningum. Þess í stað væru menn hér með málþóf og að tala um egg og hænur og skordýr og fara með ljóð. Ég er í sjálfu sér ekkert hissa á því þó að hann undrist svona ræður þar sem þingmenn hafa þörf fyrir að ræða efnislega það sem er meginmálið og það er hvað á að gera í þessu umhverfisráðuneyti. Það virðist ekki skipta hv. þm. neinu máli hvað á að vera undir þeim hatti sem hefur verið nefndur í umræðunni í kvöld. (**KSG:** Það kemur.) Það kemur, segir hv. þm. og hann er sammála hæstv. forsrh. *sem allt í einu er þeirrar skoðunar* að það liggi ekkert á að ákveða hvað eigi að gera í væntanlegu umhverfisráðuneyti.

Ég ætla ekki að fjölyrða um það en ég vil bara segja við hv. 4. þm. Reykn. að ég held að þingmenn hafi bara gott af því stundum að vera svolítið skáldlegir í hugsun og gefa sér tíma til að lesa svolítið í bókmenntum, ég tala nú ekki um ef þar er um leið einhvern fróðleik að finna sem getur komið að gagni í okkar störfum. (**GA:** Annað eins er nú lesið yfir manni.) Annað eins hefur nú verið lesið yfir manni hér í þinginu, segir hv. 6. þm. Reykv. og tek ég heils hugar undir það. En hv. þm. hefði kannski þótt betur hæfa að lesa eitthvað um efnahagsmál og tölur og prósentureikninga, kerfiskarlamál. Hann hefði kannski skilið það betur en svona málflutning.

Mér hefur oft dottið það í hug að við hefðum gott af því að byrja hvern þingfund með því að vera svolítið skáldleg og jafnvel að syngja ættjarðarljóð. Okkur mundi þá kannski ganga betur að ná saman um góð mál. Læt ég þar með útrætt um þann þátt sem snýr að hv. 4. þm. Reykn.

Ég vil taka undir það sem hæstv. forsrh. sagði

þegar hann svaraði hv. 6. þm. Vesturl. að fræðsluþátturinn er auðvitað mjög þýðingarmikill og ekki síður þýðingarmikið, eins og hann nefndi, að almenningur taki þátt í umhverfisvernd. Hann sagði að það væri afar mikilvægt og ég er honum hjartanlega sammála. Það er afar mikilvægt og sem betur fer lætur almenningur í landinu og hin ýmsu frjálsu félagasamtök sig þessi mál heilmiklu varða og gera ýmislegt gott, m.a. til þess að græða upp landið, taka landið í fóstur. Það eru margir sem hafa það á sinni stefnuskrá og er það af hinu góða. En svo furðar hæstv. ráðherra sig á þessum spurningum, hvað liggi á, og hann segir að það liggi alveg óskaplega mikið á og hann getur ekki svarað því, af hverju endilega í þessari viku, öðruvísi en svo að það sé búið að bíða í tólf ár og þess vegna sé ekki hægt að bíða líka þessa viku.

Við fengum þetta mál hér í allshn. og héldum um það okkar fyrsta fund 14. febr. og næsta fund 15. febr. og þriðja fundinn 19. febr. og sama dag annan fund klukkutíma eftir að fyrri fundinum lauk. Þetta er sú umfjöllun sem við höfum fengið um þetta mál í allshn. hv. deildar þannig að mér finnst það vera dálítið út úr kortinu að vera að væna hv. þm. um það að þeir eyði of miklum tíma í þetta mál. Því er ég ekki sammála. Og þó við hefðum haldið fund í nefndinni aftur 21. febr. og 22. febr. og kannski 9. mars, 11. mars og 13. mars eða hvað við viljum segja, þá hefðum við sjálfsagt haft mjög gott af því og það verið gagnlegt fyrir okkur, að ég ekki tali um að með því hefði gefist tækifæri til þess að fjalla um fylgifrv. jafnhliða og afgreiða þetta með þeirri reisn sem Alþingi ber að gera í svo mikilvægu máli. En hæstv. ráðherra sagði að það væri ekkert úrslitaatriði að afgreiða bæði frumvörpin. Og frv. liggur fyrir, það er meiri hluti fyrir því, sagði hann. Þá er hann að tala um fylgifrv. En við vitum að það eru mjög skiptar skoðanir um ýmsa efnisþætti í frv. og það á eftir að koma í ljós, ekki bara meðal ýmissa þm. heldur líka þeirra sem hafa með þessi mál að gera utan þings. Við höfum fengið smjörþefinn af því við meðferð málsins í allshn. að það er eftir að leysa mörg vandamál. Og ef ekki þarf að festa í lögum hvaða verkefni þurfi að færa undir hvert ráðuneyti, eins og hæstv. ráðherra var að vitna til Bjarna heitins Benediktssonar, að forsrh. hefði það í hendi sinni, þá spyr ég bara einu sinni enn: Því í ósköpunum er þá verið að tefja þetta mál með því að semja tvö frumvörp og hafa fylgifrv. sem skiptir engu máli? Ég hefði haldið að fylgifrv. væri nauðsynlegt vegna þess að það þurfi að breyta lögum til þess að hina ýmsu málaflokka sem eru samkvæmt lögum í öðrum ráðuneytum megi færa þaðan. Auðvitað hlýtur hæstv. forsrh. að vita þetta betur en ég, en ég hef ekki sannfærst þrátt fyrir það þó ég eigi kannski að taka meira mark á honum.

Ég kemst líklega ekki hjá því að fara aftur svolítið til baka. Ég ætlaði eiginlega að vera búin að afgreiða hv. 4. þm. Reykn. en mér finnst einhvern veginn að hann hafi ekki skilið að við hefðum einhverjar skoðanir á þessum málum og hefðum eitthvað verið að fjalla efnislega um þau. Þess vegna er vel við hæfi að eyða svolitlum tíma í að rifja upp með honum þau frumvörp sem hafa verið flutt um breytingar á þessum málum. Ég get m.a. bent honum á frv. sem er 4. mál þingsins og liggur í allshn. Nd. sem þm. Sjálfstfl. flytja. Það er um nákvæmlega sama mál og hér er verið að afgreiða, en bara málefnalega og ítarlega flutt, það er um samræmda stjórn umhverfismála. Það er hægt að fara fleiri leiðir en eina í þeim efnum og það liggur ljóst fyrir að það frv. er samið og flutt vegna þess að það hefur ekki verið samkomulag um hvernig ætti að standa að þessum málum, þ.e. hvar ætti að staðsetja umhverfisráðuneyti og það frv. er flutt eftir að náðst hefur samstaða hinna ýmsu aðila um lausn á því. Frv. er í 16 greinum ásamt ákvæðum til bráðabirgða sem eru í 8 liðum. Og það er dálítið mikill munur á því eða frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands sem er ein grein plús lögfesting, þ.e. tvær greinar sem segja í sjálfu sér ekki nokkurn skapaðan hlut, eru bara orðið tómt.

Sjálfstæðismenn hafa ekki lagt til að stofnað væri sérstakt umhverfisráðuneyti af einmitt þeirri ástæðu sem ég var að nefna og ekki síður af því að það kostar fjármagn. En það virðist ekki skipta hv. 4. þm. Reykn. neinu eða hann hafi skilning á að það sé einhver munur þar á. Og það verður fróðlegt að fylgjast með því hversu miklu hagkvæmara þetta reynist þegar búið er að koma á umhverfisráðuneyti, ráða til þess starfsfólk eins og hæstv. forsrh. gat um að yrði fyrsta verkefnið, og það skiptir þá engu máli hvað þessir starfsmenn eiga að gera.

Það er hægt að skella í góm eins og hv. 5. þm. Reykv. var að gera og hv. 4. þm. Reykn. Þeir skella í góm yfir því að ég leyfi mér að segja að það liggi ekki fyrir hvaða verkefni þetta ráðuneyti eigi að hafa á meðan ekki er búið að samþykkja fylgifrv. En það er staðfesting á því að þeim finnst það aukaatriði og skulu nú menn vel merkja.

En ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu lengri, hæstv. forseti, ekki á þessu stigi. Það er alltaf tækifæri til að koma hér aftur ef ástæða er til, en ég ítreka það að ég hef ekki enn þá sannfærst um að ekki hafi verið hægt að bíða með afgreiðslu frv. í þessa fáu daga fram yfir þinghléið sem verður vegna Norðurlandaráðsþingsins í næstu viku. Ég hef ekki enn þá getað trúað því eða komið því inn í kollinn á mér að það sé eitthvert sáluhjálparatriði fyrir ráðherra að geta skreytt sig með þessari nafngift, umhverfisráðherra, á Norðurlandaráðsþinginu. En það er eina skýringin sem maður hefur heyrt svona utan frá þó að enginn hafi þorað að nefna það hér í þessari hv. deild. Ég hef ekki fram að þessu verið með neinar persónulegar athugasemdir við háttalag hæstv. ráðherra Hagstofu. Ég hef látið það liggja á milli hluta vegna þess að ég hef talið að við ættum að vera málefnaleg í umræðunni og halda okkur við umhverfismálin þó að við höfum talað um þau vítt og breitt, og ég tel að við séum í fullum rétti til að gera það, en þegar upp er staðið situr þetta eitt eftir, nafnið tómt. Og ég næ því enn ekki hvers vegna menn hafa ekki séð hversu

skynsamlegra það hefði verið fyrir þá sjálfa að láta þetta bíða, fresta afgreiðslu á þessu frv. þar til hitt frv. væri komið hér inn í Ed.

En ég hef, hæstv. forseti, ákveðið að leggja fram brtt. við frv. ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni varðandi það hvenær lögin ættu að öðlast gildi. Það er gert í trausti þess að ef þessi brtt. verður samþykkt, þá verði a.m.k. búið að afgreiða hitt frv. sem er enn þá í Nd. og við erum ekki búin að sjá hvenær kemur hér í Ed., en ef þessi lög öðlast gildi 1. júní 1990 í staðinn fyrir strax, þá ætti að vinnast tími til að koma þessum málum samhliða í framkvæmd. Ég hef því lagt hér fram skriflega brtt., hæstv. forseti og ég óska eftir að það verði leitað afbrigða við henni.

Síðan vil ég ljúka máli mínu með því að hryggja hv. 5. þm. Norðurl. e. með því að ég ætla að fresta því að lesa fyrir hann meira um raddir vorsins sem geta þagnað fyrr en varir. Ég er alveg tilbúin að taka smásnerpu í því við 3. umr. ef ástæða er til. Þá er kannski hv. 4. þm. Reykn. líka betur undir það búinn og kemst ekki í eins mikla geðshræringu og hann virtist komast í við lestur minn hér í kvöld en ég vona að hann hafi biðlund þangað til á morgun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 652 sem var of seint fram komin samþ. með 14 shlj. atkv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og ítrekað hefur komið fram í þessari umræðu, þá fylgir engin stefna því frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Hins vegar standa vonir til þess að svo gæti orðið á næstu vikum, að það ráðuneyti sem hér er lagt til að stofnað verði fái verkefni og hlutverk og að mótuð verði heildstæð stefna í umhverfismálum og yfirstjórn þeirra samræmd. Ég vil í ljósi þess lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér var mælt fyrir af hv. 6. þm. Reykn. rétt í þessu, um að gildistöku laganna verði frestað til 1. júní 1990 vegna þess að þá verður væntanlega búið að skilgreina þau verkefni sem eiga að fara inn í hið nýja ráðuneyti og tími hefur gefist til að móta ákveðna stefnu og t.d. að taka þá ágætu skýrslu sem Brundtland-skýrslan er fyrir í hæstv. ríkisstjórn. Ég verð að segja að ég undraðist það áðan að um hana hefði ekki verið rætt formlega á fundi ríkisstjórnarinnar. Ég vildi aðeins koma hér og lýsa stuðningi mínum við þessa brtt. með tilliti til aðstæðna.

Ég vil láta það koma enn og aftur fram að við kvennalistakonur teljum málið brýnt. Umhverfisráðuneytið þarf að hafa verðug verkefni og skipa ákveðinn sess. Það er engin reisn yfir að afgreiða þetta mikilvæga mál með þeim hætti sem hér er stefnt að. Ég held að allir gætu farið sáttari héðan af þessum fundi ef ákvörðun yrði tekin um að fresta gildistökunni því við vitum að þess er ekki langt að bíða að við höfum frv. um verkefni ráðuneytisins hér í okkar höndum. Það hefur komið margoft fram í umræðunni að alla vega minni hl. í hv. allshn. þessarar deildar er reiðubúinn til þess að afgreiða það mál nokkuð fljótt og vel þar sem við höfum þegar fjallað um meginefni þess.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja á því athygli að hæstv. hagstofuráðherra hefur ekki tekið til máls í þessari umræðu þrátt fyrir áskoranir, m.a. frá mér, um að gera það. Ég beindi til hans beinni spurningu um það hvað gæti glatast við að bíða í tvær, þrjár eða fjórar vikur eftir því að hægt væri að afgreiða heilsteypta löggjöf um þetta málefni en ekki bara nafnið á hinu nýja ráðuneyti sem á að byggja í kringum hæstv. ráðherra. Ég inni hann eftir svörum um það. Við höfum hér mörg lýst því hvað gæti áunnist með því að bíða þennan tíma, kannski þrjár vikur, kannski fjórar. Alla vega afgreiða málið fyrir þinglok. Það er ekki lítið sem gæti unnist ef næðist samkomulag um það og heilbrigð skipan væri komin á. Ég treysti því að hann svari því nú hvað gæti glatast við það að bíða eftir því að Norðurlandaráðsfundum ljúki og við fáum starfsfrið á eftir í tvær, þrjár vikur. Ég skora á ráðherra að koma hér og skýra sín sjónarmið.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það. Mér er ljúft að tjá hv. 8. þm. Reykv. það að ég tel eðlilegt að mál fái eðlilega afgreiðslu hér á þingi. Þegar málin eru tilbúin til afgreiðslu, þá ber að afgreiða þau. Við vitum það öll vel að afgreiðslutímar þingmála eru fyrst og fremst í tímaþrönginni fyrir jól, í tímaþrönginni á vorin eða ef tímaþröng skapast með einum eða öðrum hætti. Ef engin pressa er á málum, þá vilja þau þvælast vikum saman og mér finnst ekkert óeðlilegt þess vegna að þegar færi gefst sé reynt að koma þessu máli í gegn, svo og öllum öðrum málum sem hæstv. ríkisstjórn leggur áherslu á. Þetta er svo sjálfsagt að það þarf varla að skýra það út. (**EKJ:** Spurningin var ekki um þetta.) Ég er bara að segja það að eins og önnur stjórnarframvörp sem ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að nái fram að ganga á þessu þingi. Að sjálfsögðu hlýtur hæstv. ríkisstjórn að koma sínum málum áfram með öllum tiltækum ráðum. Það er verkefni ríkisstjórnarinnar að gera það. Það gildir um þetta mál sem önnur.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það þarf varla að hafa orð á því að spurningin var alls ekki um það sem ráðherrann var að tala um. Hann sagði að ríkisstjórnin ætti með öllum tiltækum ráðum að koma málum fram, heiðarlegum jafnt sem óheiðarlegum væntanlega, ofbeldi ef því er að skipta. Ég vek athygli á því að ráðherrann svaraði ekki spurningunni. Hann hefur ekki tekið þátt í þessari umræðu nema með útúrsnúningum og það á þá kannski við að þetta hafi verið kjaftavaðall um einskis verða hluti, svo að notuð séu orð leiðtoga hans í þessum málum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. forsrh. hér áðan vil ég taka þetta fram: Hæstv. forsrh. sagði að fyrir jól hefði sinn skilningur verið sá að þetta mál yrði afgreitt á fyrstu eða annarri viku þessa þinghalds og einnig fylgifrv. þessa frv., eða svo skildi ég hæstv. forsrh. Í þessum ummælum hæstv. forsrh. felst sá skilningur hans að það hafi verið með öllu óþarft að þingið athugaði þetta mál, að þingið færi ofan í nauðsyn þess að umhverfisráðuneyti yrði stofnað og að þingið velti fyrir sér þeim verkefnum sem slíku ráðuneyti yrðu falin.

Nú er það svo að þær tafir sem hafa orðið í allshn. Nd. eru ekki tafir sem hafa orðið vegna stjórnarandstöðunnar. Þvert á móti hafa tafirnar orðið vegna þess að fulltrúar stjórnarflokkanna í allshn. hafa ekki komið sér saman um hvernig þeir vilji hafa og orða fylgifrv. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eru ekki búnir að átta sig á því hvaða verkefni er eðlilegt að fela hinu nýja ráðuneyti.

Ég hygg, herra forseti, að hæstv. forsrh. hafi mismælt sig. Hann hafi sennilega ætlað að segja að hann hafi talið víst að frumvörpin yrðu afgreidd í 10. eða 20. viku eftir að þing kemur saman því að ekki dettur mér í hug að hæstv. forsrh., eins og hann talaði um umhverfisráðuneytið og störf þess, hafi ætlast til þess að þingið gerði ekkert annað en rétta upp hendurnar með eða móti frv. og fylgifrv. þess. Ég hef heyrt þennan málflutning áður. Mér finnst hann ekki hæstv. forsrh. til sóma vegna þess að ég veit að hæstv. forsrh. getur ekki hafa ætlast til þess að þingið afgreiddi þessi frumvörp bæði á einni eða tveim vikum. En líka má velta fyrir sér hvernig stóð á því að það dróst að vísa þessu máli til nefndar. Skýringin var sú að ríkisstjórnin var í algeru uppnámi fyrir áramót. Ég hygg að þess séu engin dæmi að meiri háttar frumvörp hafi borist þinginu jafnseint og á jólaföstu og það kemur m.a. fram í því að ríkisstjórnin er enn ekki búin að koma sér saman um það t.d. hvernig standa skuli að orkuskattinum sem hefur í för með sér 30% hækkun á raforkuverði til venjulegs heimilishalds. Það er nú um það.

Ég vil líka vekja athygli á öðru sem sýnir hversu illa þetta mál er undirbúið og óskammfeilni, vil ég segja, ríkisstjórnarinnar með þessum málatilbúnaði. Hér er ákvæði til bráðabirgða, herra forseti, svohljóðandi:

„Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frv. til laga um umhverfisvernd." Ef hugur hefði fylgt máli, þá hefði forsrh. skipað slíka nefnd sama daginn og hann myndaði ríkisstjórnina eins og hann hafði fulla heimild til. En þetta ákvæði bendir til þess að málið sé með öllu óhugsað, með öllu óundirbúið, kastað til þess höndunum og í rauninni næsta tilviljanakennt hvað að síðustu verði falið þessu ráðuneyti. Og næsta tilviljanakennt hvernig að þeirri löggjöf verði staðið sem hér er verið að tala um. Af sama toga eru þær upplýsingar hæstv. forsrh. að engin reglugerð sem tengist þessu máli hefur enn verið samin né sú auglýsing sem óhjákvæmilegt er að gefa út í tengslum við þessa breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Hæstv. forsrh. segir stundum þegar hann er að reyna að koma illa við sjálfstæðismenn, eða koma sér í mjúkinn við þá, ég veit ekki hvort heldur er, að hann vilji gjarnan tileinka sér vinnubrögð gamals formanns Sjálfstfl., nú látins, Bjarna Benediktssonar. Skal ég fúslega verða við þeirri áskorun hæstv. forsrh. að taka við 3. umr. málsins upp athugun á því hvernig staðið var að breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands á árinu 1969 þannig að við getum þá í sameiningu borið saman hvernig málin stóðu þann dag sem lögin um Stjórnarráð Íslands tóku gildi. Við getum þá athuguð hvort þáv. hæstv. forsrh. hafi haft sama háttinn á og nú að vera ekki búinn að velta því fyrir sér hvað ætti að vera í einstökum ráðuneytum eða hvort þáv. hæstv. forsrh. hafi e.t.v. verið búinn að átta sig á því til fullnustu hvaða verkefni yrðu í hinum einstöku ráðuneytum. Það væri fróðlegt að bera þetta saman og alveg sjálfsagt, herra forseti, að verða við tilmælum hæstv. forsrh. um að við tökum nú til umræðu þau vinnubrögð sem þá voru, athugum þær skoðanir sem Bjarni Benediktsson hafði á stjórnsýslunni og vinnubrögðum í því sambandi. Við getum kannski líka athugað hvort einhvers staðar sé að finna í hans ritum vísbendingu um það hvernig hann taldi að Alþingi ætti að vinna.

Ég get auðvitað ekki, fremur en hæstv. forsrh., fullyrt hvernig hann hefði brugðist við því ef einhver maður hefði orðað það við hann að hann setti inn í löggjöfina nafn á einu ráðuneyti til viðbótar sem ekki hefði nein verkefni en reynt yrði að athuga það síðar hvað það ráðuneyti ætti að gera. Ég hygg að þeir séu ekki margir sem þekkja stjórnmálasöguna sem láta sér detta í hug að hann hefði verið fús til þess.

En að síðustu aðeins þetta, herra forseti. Mér fannst nauðsynlegt að leiðrétta hæstv. forsrh. þegar hann sagði hér áðan að hann hafi ætlað þinginu eina eða tvær vikur til þess að fjalla um þessi mál bæði. Það getur ekki verið rétt. Sá hinn mikli verkstjóri hefur enn ekki getað stillt saman kraftana, komið stjórn á samstarfsmenn sína og fengið þá til þess að koma sér niður á það hvernig verkefnaskiptingin eigi að vera í ríkisstjórninni. Og svona til þess að bæta aðeins við nokkrum ljóðlínum:

Vinsemd þeim, sem vinsemd eiga,
virðing þeim, sem ber.
Ég hneigi mig fyrir hatti þínum,
höndina rétti þér.

En alltaf stendur það einhvern veginn
óljóst fyrir mér,
hvort þú varst sniðin fyrir föt
eða fötin handa þér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JGS, GuðmÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SkA, StG, JHelg.

nei: EgJ, EKJ, HBl, SalÞ.

DS, GA greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (SvG, ÞK, EG, GHG, HÁ, KP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Enn er með öllu óvíst hvaða verkefnum fyrirhugað umhverfisráðuneyti á að sinna og engin stefna í umhverfisverndarmálum fylgir því frv. sem hér er til afgreiðslu. Ég tel það lýsa fullkomnu ábyrgðarleysi og vanvirðu ríkisstjórnarflokkanna við málefnið að þröngva fram afgreiðslu þessa frv. án þess að ljóst sé hvaða verkefni hinu nýja ráðuneyti verða falin.

Við kvennalistakonur höfum sýnt það mörgum sinnum að við viljum sinna umhverfismálum betur en hingað til hefur verið gert, m.a. með því að koma á fót raunverulegu umhverfisráðuneyti og teljum það í raun lykilatriði. Við viljum við setja á stofn umhverfisráðuneyti málefnisins vegna og því teljum við nauðsynlegt að um leið og slíkt ráðuneyti verður stofnað fái það ákveðin verkefni og þann sess í stjórnkerfinu sem því ber.

Hæstv. ríkisstjórn hefur misst sjónar á því sem ætti að vera aðaltilgangurinn með stofnun umhverfisráðuneytis, þ.e. að koma betra skipulagi á stjórn umhverfismála með markvissa umhverfisvernd í huga. Það eru kvennalistakonum því mikil vonbrigði og við hörmum að svo skuli staðið að afgreiðslu mála sem hér er gert og munum ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls. Því greiði ég ekki atkvæði.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Með þeirri afgreiðslu sem nú er hér í Ed. er náð stórum áfanga í stofnun umhverfisráðuneytis. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við séum að ganga fram á veg. Með tilliti til þeirra verkefna sem koma til með að falla undir þetta ráðuneyti kemur þetta mál til með að marka djúp spor í Íslandssögunni. Ég kvíði því ekki, eins og fram kom hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, að væntanlegur umhverfisráðherra hafi ekki næg verkefni þegar ráðuneytið hefur verið sett á stofn. Þess bíða einmitt mjög stór verkefni, samræmingarverkefni, fræðsluverkefni og önnur verkefni sem brýnt hefur verið að taka á í umhverfismálum. Ég segi því já.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hér í kvöld var við umfjöllun um frv. í þingflokki Alþb. ákveðið að standa að afgreiðslu þessa máls í trausti þess að fylgifrv. fái hér vandaða og málefnalega umfjöllun. Ég segi því já.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að farsælla hefði verið ef unnið hefði verið þannig að þessu máli að beðið hefði verið eftir fylgifrv. þess og þá hefði breið samstaða getað náðst um það. Þannig hefði afgreiðsla málsins orðið með meiri reisn en felst í því að beita hér ofríki og keyra þetta frv. í gegnum þingið án fylgifrv. sem er meginþáttur málsins. Þetta frv. fjallar um nafnið tómt en ekki verkefnin. Ég segi nei.

Brtt. 652 kölluð aftur til 3. umr.

2. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Um þingsköp.

Tilhögun þingfunda.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óvenjulegt að boða til fundar í deild á fimmtudegi. Þegar samkomulag náðist um það að hefja fundi kl. 10 árdegis í Sþ. var ekki reiknað með því að fundir teygðust jafnlengi fram eftir degi um og áður þegar fundir hófust kl. 2. Ég geri ráð fyrir því að þessi háttur þýði þá að fundarhöld verði látin liggja niðri nk. föstudag til að greiða fyrir því að þingmenn utan af landi geti farið í sín kjördæmi, en eins og forseta er kunnugt falla þingfundir niður í næstu viku.

Ég tel líka óhjákvæmilegt þegar boðaður er fundur með svo óvenjulegum hætti eins og nú er gert, að hæstv. forseti tímasetji fundinn með þeim hætti að þingmönnum sé a.m.k. gefin vísbending um hvenær fundur geti hafist í fyrsta lagi, hvort búist sé við að fundur hefjist kl. 11, 12, 1, 2, 3, 4 eða 5, því annir eru miklar og það getur verið þægilegt fyrir þingmenn að fá sem gleggstar upplýsingar um þinghaldið.

Ég er sem sagt þakklátur hæstv. forseta ef hann hefur þennan óvenjulega hátt á vegna þess að þingfundir muni þá falla niður á föstudag.

Forseti (Jón Helgason):

Samkvæmt samkomulagi við forseta Sþ. var gert ráð fyrir að deildafundir hæfust í síðasta lagi kl. 3, kl. 2–3. Vegna orða hv. þm. að öðru leyti vil ég ítreka það sem ég sagði hér fyrr á fundinum, að í síðustu viku var um það rætt að annir mundu verða í þinginu í þessari viku og rætt við þingflokksformenn á fundi með forsetum að það mundi þurfa a.m.k. fund annan hvorn föstudaginn og einhverja kvöldfundi í þessari viku.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég heyri á hæstv. forseta að til greina komi að fundur verði á föstudag og þingmenn geta þá

farið heim kannski um kvöldið á föstudegi. Látum það vera. En ég heyrði líka rétt hjá hæstv. forseta að fundir í deild hefjist ekki fyrr en kl. 2 á morgun, að því megi treysta. (**Forseti:** Já.)

SAMEINAÐ ÞING

54. fundur, fimmtudaginn 22. febr., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Viðvera samgönguráðherra.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hafði komið þeirri ósk minni á framfæri að hæstv. samgrh. yrði viðstaddur þegar fsp. minni yrði svarað. Ástæðan er sú að þegar rætt var um flugmálaáætlun var hæstv. utanrrh. fjarstaddur og þegar rætt var um könnun á hagkvæmni varaflugvallar er greidd yrði af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins var hæstv. samgrh. fjarverandi. Fyrir liggur að yfirlýsingar þessara tveggja ráðherra um það hversu brugðist verði við beiðni um að forkönnun verði leyfð ganga á víxl. Ég hafði komið þessari beiðni áleiðis til hæstv. forseta og skildi það svo að við því yrði orðið að fsp. yrði tekin á dagskrá þegar hæstv. samgrh. hefði tíma til að hlýða á svar utanrrh. við þessari fsp. (**Forseti:** Hæstv. samgrh. þarf að svara hér fsp. á þessum fundi og mun vera væntanlegur á hverri stundu. Ég vil því spyrja hv. 2. þm. Norðurl. e. hvort hann vilji fresta fsp. sinni.) Telur hæstv. forseti að samgrh. megi nema mál mitt, ef ég tala, þar sem hann er nú staddur? (**Forseti:** Nú veit forseti ekki hversu góða heyrn hæstv. ráðherra hefur en hann mun koma hér á hverri stundu.) Þá óska ég eftir að fsp. bíði þangað til hann kemur.

Kynning á sérstöðu Alþýðubandalagsins gagnvart viðræðum EFTA og EB, ein umr.

Fsp. ÞP, 311. mál. — Þskj. 553.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í umræðum hér á Alþingi 29. nóv. sl. lýsti hæstv. fjmrh. og formaður Alþb. ályktun sem sá flokkur hafði gert vegna könnunarviðræðna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Í þeirri ályktun kom fram að þingflokkur Alþb. ítrekaði þá stefnu varðandi samninga EFTA og Evrópubandalagsins að fullur fyrirvari, eins og þar segir, verði hafður um þátttöku og fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Hér er hafður af hálfu eins stjórnarflokkanna fullur fyrirvari. Enn fremur segir í ályktuninni að Alþb. hafi almennan fyrirvara við málið í heild sinni.

Nú hagar þannig til að þeir samningar sem á döfinni eru byggjast á því að EFTA-þjóðirnar, þjóðir Fríverslunarsamtakanna, gerist aðilar að löggjöf sem Evrópubandalagsþjóðirnar hafa þegar sett um innri markað og frelsi á nokkrum meginsviðum efnahags- og atvinnumála. Þess vegna er nauðsynlegt að fá nánari skýringar á því hvað „fullur fyrirvari" við nokkra meginþætti þessara samninga hefur að þýða, hvað er í raun og veru verið að segja.

Í þessari ályktun og í ræðu hæstv. fjmrh. á Alþingi var gerð sú krafa til hæstv. utanrrh. að hann kynnti ráðherrum, bæði Fríverslunarsamtakanna og Evrópubandalagsins, þessa sérstöku ályktun Alþb. og þá fyrirvara sem þar eru gerðir. Þess vegna hef ég leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. utanrrh. í fyrsta lagi um það hvenær hann kynnti öðrum ráðherrum EFTA og ráðherrum Evrópubandalagsríkjanna þessa sérstöku samþykkt Alþb. gagnvart viðræðum Fríverslunarsamtakanna og Evrópubandalagsins. Hvenær fór sú kynning fram? Og í öðru lagi er nauðsynlegt að upplýsa með hvaða hætti hæstv. utanrrh. lýsti fyrirvörum Alþb. Hversu víðtækir eru þessir fyrirvarar? Samkvæmt orðanna hljóðan mætti gera ráð fyrir því að Alþb. hefði algjöran fyrirvara og væri þar með í raun og veru í andstöðu við málið. En auðvitað er unnt að túlka þetta með mildari hætti.

Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. geri hér nánari grein fyrir því hvernig hann túlkaði þessa fyrirvara, hversu víðtækir þeir eru, í hvaða skilningi samstarfsráðherrar okkar innan Fríverslunarsamtakanna og viðsemjendur innan Evrópubandalagsins eru um þessa sérstöðu Alþb. sem hæstv. utanrrh. var falið að kynna. Auðvitað hefði ég helst kosið að utanrrh. hefði með öllu látið vera að kynna þessa ályktun því hún er nú tæpast útflutningsvara en ég geri ráð fyrir því að hann hafi orðið við þeirri kröfu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fsp. hv. 1. þm. Suðurl. vil ég skýra frá því að ég álít ekki að það sé í mínum verkahring að kynna ályktanir einstakra stjórnmálaflokka og afstöðu þeirra í þessu máli. Það gera þeir sjálfir og á það jafnt við um ályktanir Alþb. sem og annarra flokka. Mitt hlutverk var annað, það var að kynna samþykkt og bókun ríkisstjórnar Íslands um málið sem ég kom að sjálfsögðu á framfæri við samráðherra mína, utanríkisviðskiptaráðherra EFTA-landanna. Bókun ríkisstjórnar Íslands kynnti ég sem afstöðu þeirrar ríkisstjórnar, studda þeim þingmeirihluta sem á bak við hana er.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju með þetta svar hæstv. utanrrh. Ég tel það vera mjög góðs vita að hann skuli með öllu hafa hafnað því að verða við kröfu hæstv. fjmrh. og formanns Alþb. um að kynna samstarfsráðherrum í EFTA og viðsemjendum í Evrópubandalaginu ályktun Alþb. Þessi krafa var borin hér fram með talsverðum þunga í umræðum á Alþingi. En ég ítreka það að ég tel ályktun af þessu tagi

ekki vera útflutningsvöru og hún hefði verið hagsmunum okkar til tjóns ef hún hefði verið kynnt sérstaklega.

Ég hef staðið í þeim skilningi að Alþb. í ríkisstjórn hafi litið á samþykkt ríkisstjórnarinnar og þessa sérstöku samþykkt Alþb. sem eina heild og í þeim tveimur samþykktum fælist í raun stefna hæstv. ríkisstjórnar. En ég fagna því og ítreka það, ég fagna því sérstaklega ef því má treysta að hæstv. utanrrh. hafi vísað þessari ályktun eins stjórnarflokkanna út í hafsauga og ætlar í engu að taka tillit til hennar í þeim viðræðum sem fram undan eru.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í málefni ráðherra í ríkisstjórn Íslands eða þeirra samskipti, hvorki varðandi þetta mál eða önnur, að öðru leyti en því sem snýr að mér sem þingmanni og aðila að þingflokki Alþb. Fyrir liggur samþykkt þingflokks Alþb. frá 29. nóv. 1989 þar sem m.a. kemur fram að Alþb. hefur almennan fyrirvara við viðræður EFTA og Evrópubandalagsins á þessu stigi, eins og sagt er, og telur samkvæmt samþykkt þingflokksins 29. nóv. að áður en til þátttöku í beinum og formlegum samningaviðræðum komi verði málið tekið til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Þetta held ég að varpi skýru ljósi á stöðu málsins að því er aðild Alþb. snertir og það varðar auðvitað stöðu málsins í ríkisstjórn Íslands um leið.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ræða hv. 2. þm. Austurl., aðaltalsmanns Alþb. í utanríkismálum, vekur jafnmikil vonbrigði og svar hæstv. utanrrh. var jákvætt. Hv. þm. ítrekar þá samþykkt sem Alþb. hefur gert í þessu efni og menn hljóta að spyrja: Hvað er að marka samþykktir ríkisstjórnar sem eru háðar gagnstæðum samþykktum einstakra stjórnmálaflokka? Það er greinilega ekki mikið í þær spunnið og óvissan því enn ríkjandi.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Allt þetta mál er náttúrlega dálítið sérkennilegt og svar hæstv. utanrrh. við þessari fsp. Bókun ríkisstjórnarinnar getur ekki gilt að öðru leyti en því hvaða stuðning hún hefur meðal þeirra þingmanna sem styðja þessa ríkisstjórn. Og við það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér bætist það að ég hef lýst því yfir að ég telji það alveg út í hött á þessu stigi, eins og mál standa, að vera að stefna að miklum umræðum um þetta mál, a.m.k. á því sviði að stefna að inngöngu í Efnahagsbandalagið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Nú hefur hæstv. utanrrh. svarað fsp. og til máls hafa tekið tveir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar. Verður málið æ ljósara sem fleiri taka til máls úr þessum herbúðum.

Forkönnun á hagkvæmni varaflugvallar, ein umr.

Fsp. HBl, 304. mál. — Þskj. 545.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrir allnokkru var till. til þál. um flugmálaáætlun árið 1990–1993 á dagskrá hér í sameinuðu þingi og þá lýsti hæstv. samgrh. því yfir, ef ég man rétt, og hefur reyndar gert það oft endranær, að ekki kæmi til greina meðan hann væri samgrh. að heimila Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins forkönnun á mögulegri staðsetningu og gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Íslandi.

Síðan það gerðist hefur till. til þál. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi komið til umræðu hér í sameinuðu þingi og þá ítrekaði hæstv. utanrrh. fyrri yfirlýsingar sínar um að forræði þessa máls væri í sínum höndum og hann mundi veita heimild til slíkrar forkönnunar nægilega snemma til þess að tryggt yrði að fjárveiting til hennar fengist úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Áður hefur hæstv. utanrrh. lýst því yfir að slíkur flugvöllur hefði mikla almenna þýðingu fyrir okkur Íslendinga og stuðlaði að meira öryggi í flugi hér á landi, yrði auk þess mikill hvalreki þeirra byggðarlaga þar sem slíkur flugvöllur yrði lagður.

Nú sé ég, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. er genginn í salinn en mér skilst að það sé brtt. einhvers staðar í loftinu í sambandi við nýtt umhverfisráðuneyti um það að ef umhverfisráðherra og landbrh. komi sér ekki saman þá úrskurði forsrh. og má vera að eins verði í þessu máli um forkönnun varaflugvallar hér á landi. En spurning mín til hæstv. utanrrh. er svohljóðandi: „Hversu má það vera að ekki hefur verið gefið svar við því hvort Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins verði leyft að gera forkönnun á hagkvæmni þess að fullkominn varaflugvöllur verði lagður hér á landi?"

Ég óskaði sérstaklega eftir því að hæstv. samgrh. yrði viðstaddur þessa umræðu til þess að honum veittist tóm til að gera athugasemdir og var forseti svo elskulegur að verða við því.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það vill svo til að fsp. sama efnis hefur verið svarað nýlega á Alþingi, rækilega og ítarlega, en það fór fram í fyrirspurnatíma í sameinuðu þingi þann 8. febr. sl.

Í svörum mínum þá, sem ég vísa til, kom fram og ég vil einungis ítreka það að því er varðar þetta mál:

Í fyrsta lagi. Það hefur engum dyrum verið lokað í þessu máli. Málið er enn í undirbúningi og það er enn í skoðun og athugun þótt ákvörðun hafi enn ekki verið tekin. Fjárveiting er fyrir hendi í fjárhagsáætlun Mannvirkjasjóðsins fyrir yfirstandandi ár til að standa undir kostnaði við forkönnun ef á þarf að halda.

Svar við því hvers vegna ekki hefur verið veitt

formlegt leyfi enn? Það liggur fyrir og það svar gaf ég við umræðurnar þann 8. febr. og ég vitna til þeirra. Svarið er þetta: Nú fer fram endurskoðun á mannvirkjaáætlun og langtímaáætlun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins sem getur, að þeirra eigin sögn en ekki minni eins og þá sagði, breytt forsendum forkönnunarinnar. Forkönnunin snýst um þrennt, henni er þrískipt, fer fram í þremur áföngum. Hún snýst um frumkönnun, sem er nánast öflun og úrvinnsla upplýsinga sem fyrir liggja, hún er könnun sem lýtur að staðarvali og hún er verkfræðileg forkönnun. Það ræðst af því hvernig þetta mannvirki er hugsað hvernig á þeirri könnun verður haldið. Það er því ekki af neinum undandrætti út af fyrir sig sem ákvörðun hefur ekki verið tekin, heldur styðst það við eðlileg rök. Ég lít með öðrum orðum svo á að ég bíði enn haldgóðra upplýsinga um það hvort þessi áform eru óbreytt áður en ákvörðun verður tekin.

Það hefur svo oft komið fram við þessar umræður að ákvörðun um heimild til forkönnunar og heimild til þess að hefja framkvæmdina sjálfa eru algerlega aðskildar ákvarðanir. Með öðrum orðum, það er unnt að heimila forkönnunina út af fyrir sig þótt ákvörðun um það að hefja byggingarframkvæmdir verði tekin síðar. Þetta eru tvær aðskildar ákvarðanir. Þess vegna er það alveg ljóst að heimild til forkönnunar er ekki brot á núv. stjórnarsáttmála sem kveður einungis á um það að hefja ekki nýjar meiri háttar hernaðarframkvæmdir á starfstíma þessarar ríkisstjórnar.

Það hefur legið fyrir frá upphafi að áformin um það að hefja byggingu mannvirkisins snúast um það að upphaf framkvæmda verði á árinu 1994.

Virðulegi forseti. Ég vísa enn og aftur í þær umræður að öðru leyti sem fram fóru 8. febr., þar sem ég tel að hafi verið gefnar viðhlítandi upplýsingar í þessu máli. (**Forseti:** Vegna orða hæstv. ráðherra vill forseti upplýsa að hinn 8. febr. var hér umræða í sameinuðu þingi um till. til þál. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi.)

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hafði skýrt hæstv. forseta frá því eftir að umræður höfðu orðið um þáltill. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins að full rök væru fyrir því að draga til baka þá fsp. sem hér er til umræðu nema vegna þess að hæstv. samgrh. var ekki við þá umræðu. Nú hefur hæstv. samgrh. hlýtt á svar hæstv. utanrrh. við fsp. minni og ég skil þögn hans svo að hann sé sammála þeirri túlkun hæstv. utanrrh. að það brjóti ekki í bága við stjórnarsáttmála að hæstv. utanrrh. leyfi þá forkönnun sem hér hefur verið lýst og við vitum af fyrri ummælum utanrrh. og raunar þeim sem hann lét sér um munn fara hér áðan að hæstv. utanrrh. er staðráðinn í því að leyfa forkönnunina.

Ég vil, hæstv. forseti, lýsa yfir ánægju minni yfir því að hæstv. samgrh. skuli ekki ætla að setja fótinn fyrir þetta mál og sé sáttur við það að forræði málsins sé í höndum utanrrh. og hann þurfi ekki með einum eða neinum hætti að bera það undir ríkisstjórnina.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. er hjálpfús maður og tekur að sér óbeðinn að leggja öðrum mönnum til orð. Um þetta mál hef ég fyrst og fremst tvennt að segja. Það er verið að leysa með farsælum og fullnægjandi hætti hið svokallaða varaflugvallarmál fyrir okkur Íslendinga og fyrir alla flugumferð hér á þessu svæði. Og það með bæði einfaldari, ódýrari og skjótvirkari hætti heldur en kappsamir menn um hernaðarflugvöll geta boðið upp á, þar sem ljóst er og yfirlýst reyndar að til slíkra framkvæmda yrði fyrst stofnað, eða að þær hæfust fyrst eftir allmörg ár. En innan þriggja ára eða á næstu þremur árum verða a.m.k. tveir íslenskir flugvellir fyrir utan suðvesturhornið þannig í stakk búnir að þeir fullnægja öllum kröfum alþjóðlegra flugvalla í sínum stærðarflokki. Og innan fárra ára til viðbótar munu væntanlega fleiri bætast við.

Í öðru lagi hefur sú afstaða mín lengi legið fyrir og er ekkert nýmæli í því að ítreka hana hér en skal þó gert, að bygging hernaðarflugvallar samrýmist ekki ákvæðum stjórnarsáttmálans um engar nýjar meiri háttar hernaðarframkvæmdir. Það er augljóst mál og engin deila um það. Okkur utanrrh. greinir hins vegar á að því er virðist í þeim efnum að ég tel það ótvírætt að um undirbúning undir slíkar framkvæmdir gildi hið sama. Ég geri ekki greinarmun á því að heimila aðgerðir sem eru aðdragandi og undirbúningur að slíkum framkvæmdum. Enda er það að sjálfsögðu rangt séu menn andvígir því að framkvæmdin sjálf fari fram. Og um það getur ekki verið deila að ákvæði stjórnarsáttmálans rúma ekki þessa hernaðarframkvæmd. Þá er að sjálfsögðu rangt að leyfa einhverjar þær aðgerðir sem eru undirbúningur undir slíkar framkvæmdir og væri í rauninni verið að hafa þá menn að fíflum sem ætlast væri til að legðu peninga í slíkt. Ég er þess vegna sömu skoðunar og ég hef verið og hef margsinnis lýst yfir að ég tel það að heimila slíka forkönnun, það að heimila undirbúning undir framkvæmdir sem ekki samrýmast ákvæðum stjórnarsáttmálans, sömuleiðis brot á honum.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Út af þeirri umræðu sem hér er orðin langar mig aðeins að leggja orð í belg, ekki síst vegna þess sem hæstv. samgrh. sagði hér rétt áðan. Mig langar til þess að vita á hvern hátt er verið að fullnægja því að reisa hér varaflugvöll fyrir millilandaflug okkar Íslendinga. Samkvæmt flugmálaáætlun sem dreift hefur verið sé ég ekki að svo sé. Ef ég lít t.d. til þess sem varið er til Alexandersflugvallar við Sauðárkrók sé ég það ekki. Og ef ég les till. til þál. sem flutt var af hæstv. núv. samgrh. um þessi mál, þá segir hann í sinni greinargerð og vitnar þar til tveggja aðila, annars vegar Sigurðar Aðalsteinssonar, flugstjóra Flugfélags Norðurlands, þar sem hann segir í greinargerð með tillögum núv. samgrh.: „Ef við

lítum á fjóra flugvelli sem oft hafa verið nefndir í þessu sambandi og liggja utan veðursvæðis Reykjanesskagans þá er aðflug og veðurfarsskilyrði líklega best á Sauðárkróki." Síðan segir varaflugmálastjóri þá, Hilmar Baldursson, um þetta mál: „Ég er sammála þeirri niðurstöðu sem komið hefur fram varðandi samanburð á Akureyri og Sauðárkróki, að flugtæknilega og veðurfarslega er Sauðárkrókur mun betri kostur." Þetta eru vopnin sem núv. samgrh. notaði þá til þess að vinna fylgi við byggingu varaflugvallar í sínu kjördæmi. Þess vegna segi ég að það skýtur skökku við, þegar hann leggur fram flugmálaáætlun, hvernig að þessum málum er unnið miðað við þá sem hann vitnar hér til og hafa þekkingu á þeim málum sem þeir eru að fjalla um.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði hér áðan. En ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því að beiðni um forkönnun á hugsanlegum varaflugvelli á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins barst fyrir nokkrum árum, ég held að það hafi verið 1985, í tíð páv. utanrrh. Matthíasar Á. Mathiesen. Hann hafði með þetta mál að gera í mörg ár og einhvern veginn vafðist það fyrir honum að veita þessa heimild, hann hopaði undan og veitti ekki þessa heimild. (**Gripið fram í:** Hann var ekki utanrrh. 1980.) Hann var utanrrh. alveg frá því að þessi beiðni kom til og heyktist á því að veita þessa heimild. Ef hann hefði brugðist þannig við og ekki lent í einhverjum sálarflækjum við sína samstarfsmenn, eða vegna sinna samstarfsmanna, þá væri löngu búið að byggja þennan varaflugvöll. Vænti ég þess að hv. fyrirspyrjandi athugi þetta.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta varaflugvallarmál tekur á sig einkennilegar myndir. Ég skil ekkert í málflutningi Sjálfstfl. í þessum efnum. Og það vakna ýmsar spurningar í þessu sambandi. Er Sjálfstfl. á móti því að Mannvirkjasjóður NATO endurskoði sínar langtímaáætlanir í ljósi þeirra atburða sem gerst hafa? Ég fæ ekki skilið þennan mikla áhuga sem er á þessu máli núna og það sé af hinu illa að þessar áætlanir séu endurskoðaðar. Í mínum huga getur sú endurskoðun verið m.a. um það hvort það á að byggja hér stóran herflugvöll eða útbúa einhvern af þeim flugvöllum sem fyrir eru með tækjum, slökkviliði og öðru sem nægir til þess að fullnægja kröfum varavallar. En þetta eru undarlegar umræður sem upp eru hafnar hér trekk í trekk um þetta mál.

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Mín athugasemd er örstutt. Mér þótti ræða hæstv. samgrh. kyndug. Orðið forkönnun getur ekki eftir mínum málskilningi falið í sér ákvörðun um framkvæmd. Það gerir það ekki, engan veginn. Og þess vegna sýnist mér annaðhvort hæstv. samgrh. ekki skilja stjórnarsáttmálann eða ekki íslensku nema hvort tveggja sé.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fyrir utanrmn. þingsins liggur till. til þál. flutt af þingmönnum Sjálfstfl. um það að fela ríkisstjórninni að heimila án tafar að hefja forkönnun á mögulegri staðsetningu alþjóðlegs varaflugvallar, eins og það er orðað. Ég hef af því tilefni óskað eftir því í utanrmn., ég upplýsi það hér, að ítarleg athugun fari fram á forsögu þessa máls. Eitt af því sem tengist forsögu málsins er viðtal sem Ríkisútvarpið átti við hæstv. utanrrh. 9. febr. sl., þar sem m.a. kom fram, ef ég hef tekið rétt eftir, að engin formleg beiðni hafi borist frá Atlantshafsbandalaginu eða Mannvirkjasjóði þess um þennan hernaðarvaraflugvöll. Og það er auðvitað ástæða til að átta sig á því hverjir það eru sem eru að knýja á um þetta mál. Ég held að staðreyndin sé nefnilega sú að betlistafurinn er á lofti frá aðilum hér á landi og nær alla leið inn á Alþingi Íslendinga og það sér ekki á hvor reiðir hann hærra á loft þingmenn Borgfl. með hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson í fararbroddi, sem vilja fá herliðið til að leggja hér vegi, eða þm. Sjálfstfl. og Alþfl., sem vilja fá herliðið til að byggja hér varaflugvelli fyrir Íslendinga.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að upplýsa hv. þm. Karl Steinar Guðnason um það að það var fyrst í viðræðum sem ég átti við Bagget aðmírál í ágústmánuði 1988 að bandarísk yfirvöld féllust á þau skilyrði sem íslensk stjórnvöld hafa sett fyrir því að slíkur flugvöllur yrði byggður hér, m.a. um borgaralega stjórn á friðartímum, þannig að það var fyrst eftir þann tíma sem efni voru til þess að hefjast handa af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það er rétt að hv. þm. viti þetta.

Það liggur hins vegar alveg í augum uppi að þau rök sem hæstv. utanrrh. færir núna fyrir því að fresta ákvörðun mæla þvert á móti í þá veru að ástæða væri til að flýta þessari ákvörðun. Það sem gerst hefur í málinu er það að fyrir tæpu ári lýsti Þjóðviljinn yfir því að hæstv. utanrrh. hefði verið beygður í málinu. Nú hefur Alþb. gert formlega samþykkt um það að það muni láta þetta mál varða stjórnarslitum. Hæstv. forsrh. hefur hins vegar lýst því yfir að þetta sé ekki ríkisstjórnarmál heldur alfarið á valdi utanrrh. Niðurstaða málsins er því sú að því miður hefur hæstv. utanrrh. beygt sig fyrir þessari lélegu hótun þeirra alþýðubandalagsmanna og stjórnarliðið er hér allt hvað upp á móti öðru í þessu máli eins og ýmsum öðrum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er nú aðeins til þess að leiðrétta misskilning sem kann að hafa sprottið upp þegar vitnað er til þess að ekki hafi borist formleg beiðni um þetta mál. Erindi hafa borist um það að fá að framkvæma slíka forkönnun frá tveimur aðilum, annars vegar frá Atlantshafsbandalaginu fyrir hönd Mannvirkjasjóðs, — þau hafa verið kynnt hér að hluta til og vísa ég þá til bréfs aðalframkvæmdastjóra

Atlantshafsbandalagsins — og hins vegar af hálfu flotayfirvalda bandarísku flotans í Norfolk.

Erindin bárust fyrst árið 1985 þegar ráðherrar Sjálfstfl. gegndu bæði embættum utanrrh. og samgrh. Það var því á þeirra valdi að svara þessum erindum. Niðurstaðan var, eins og kunnugt er, að það var samgrh. sem var falið forræði í málinu í tíð þeirrar ríkisstjórnar og það var veitt 1 millj. kr. fjárveiting til málsins og sett af stað könnun á alls óskyldu máli, þ.e. spurningunni um lagfæringar á núgildandi flugvöllum.

Í annan stað, það eru alls óskyld mál hugmyndin um að reisa hér fullkominn varaflugvöll eða lagfæringar á þeim flugvöllum sem hér hafa verið á dagskrá, alls óskyld mál og ber ekki að ræða í sömu andránni.

Í þriðja lagi vegna ummæla hæstv. samgrh. vil ég taka skýrt fram: Ákvæði í stjórnarsáttmála er um það að í tíð þessarar ríkisstjórnar skuli ekki efna til nýrra meiri háttar hernaðarframkvæmda. Það er með öðrum orðum alveg ljóst og hafið yfir allan vafa að þótt forkönnun væri heimiluð væri það ekki brot á þessum stjórnarsáttmála. Að vísu fara fram framkvæmdir í þágu varnarliðsins með eðlilegum hætti samkvæmt langtímaáætlun þrátt fyrir þetta ákvæði. En það liggur alveg ljóst fyrir að þetta eru tvær aðskildar ákvarðanir, um forkönnun og framkvæmd, að framkvæmdir munu ekki hefjast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Og loks er það alveg skýrt að málið er á forræði utanrrh. þannig að þar fer ekkert á milli mála. Þá vænti ég að málið sé skýrt.

Dylgjum hv. 1. þm. Suðurl. um eitthvert neitunarvald Alþb. í þessu máli vísa ég gersamlega á bug.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þær umræður sem hér hafa átt sér stað eru nú býsna fróðlegar og sýna það að ríkisstjórnin er sér sjálfri sundurþykk og rífst um hvert einasta mál. Ekki er samstaða í henni og er því furða að hún skuli enn þá tolla í stólunum og má vera að það sé eingöngu þess vegna sem hún tollir þar. En það kemur skýrt fram að hæstv. ráðherra utanríkismála þorir ekki að fara út í forkönnun af því að Alþb. hefur sett honum stólinn fyrir dyrnar og hótar stjórnarslitum. Svo einfalt er málið. Og það liggur líka ljóst fyrir að það að vefja mál sitt inn í einhverjar umbúðir um einhverjar lagfæringar á flugvöllum hér innan lands eins og hæstv. samgrh. hefur gert er náttúrlega alveg út í loftið. Því hljótum við að krefjast þess að það verði þegar í stað hafin forkönnun á því hvað slíkt mannvirki muni kosta og hvernig hagkvæmast er að gera það.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. bar það á mig að ég hefði verið með aðdróttanir um það að Alþb. hefði beitt neitunarvaldi í þessu efni. Hann hefur algerlega misskilið orð mín. Ég var þvert á móti að sýna fram á að Alþb. hefur ekkert slíkt neitunarvald, en það hefur hótað að svipta hæstv. ráðherra ráðherrastólnum og hann hefur bognað fyrir þeim hótunum. Það er niðurstaða málsins.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta eru merkilegar umræður sem fara hér fram. Í öðru orðinu er talað um að það þurfi endilega að útbúa varaflugvelli til þess að flug hér um sé öruggt. Þegar fram kemur að það er verið að vinna að því og það er að leysast, þá auðvitað koma þessir hernaðarsérfræðingar upp um sig að það er ekki það sem verið er að hugsa um. Það er verið að hugsa um að byggja herstöð eins og við höfum bent á áður.

Ég er alveg sammála hæstv. samgrh. að því leyti til sem hann ræddi þetta mál. Hins vegar hryggir mig afstaða þm. Stefáns Guðmundssonar, sem a.m.k. mætti draga af orðum hans, að hann væri að berjast fyrir herstöð. Þannig kom mál hans fram og ég trúi því ekki og ég vildi að hann leiðrétti sitt mál, ég hygg að það séu fleiri sem hafa skilið hann á þann veg.

Það er undarlegt að heyra í hæstv. utanrrh. Hann segir hér á Alþingi að það hafi verið að hluta til sem hafi verið skýrt frá þeirri umsókn sem barst frá Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Hann sagði að að hluta til hafi verið skýrt frá því. Það er eitthvað sem Alþingi Íslendinga má ekki sjá eða ráðherrann veit ekki hvað hann segir hér í þessum ræðustól.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. hefur hér enn á ný sagt að það sé sitt hvað, forkönnun og framkvæmd. Rétt er það, en enginn lætur fara fram forkönnun á hugsanlegri framkvæmd án þess að hann hafi a.m.k. áhuga á að gera slíka framkvæmd. Þess vegna eru þetta auðvitað ekki tvö aðskilin mál heldur eins og alþýðubandalagsmenn álíta — þetta er sama málið. Og þess vegna er það deginum ljósara að það sem nú er að gerast er að hæstv. utanrrh. frestar þessu máli langtímum saman til þess að halda saman þessari ríkisstjórn og stefnir þar með stórkostlegu öryggismáli og hagsmunamáli í samgöngum Íslendinga í hættu til þess að geta haldið saman þessari sundurþykku ríkisstjórn. Þetta sýnist mér vera algerlega augljóst.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég kalla það að bera af mér og öðrum sakir sem lagt hafa grundvöll að þeirri stefnu sem nú er framfylgt í flugmálum okkar Íslendinga, ég kalla það að bera af okkur sakir þegar því er ítrekað haldið hér fram án nokkurs rökstuðnings að öryggishagsmunir séu fyrir borð bornir með því að heimila ekki undirbúning að byggingu flugvallar eftir mörg, mörg, mörg, mörg ár. Það er hins vegar stórkostlega alvarlegt mál og væri að bera öryggishagsmuni fyrir borð ef ekki væri verið að vinna að því að leysa þetta mál eins og nú er gert og það með áformum og flugmálaáætlun sem gerir ráð fyrir því að lausn verði komin í þetta mál mörgum árum fyrr en sú herstöð, sem hér ætti þá að reisa undir dulnefninu varaflugvöllur, liti dagsins ljós.

Að lokum, forseti, er auðvitað mjög athyglisverð sú mikla eftirsjá og hryggð sem kemur fram í máli sérstaklega hv. þm. Sjálfstfl. yfir því að kalda stríðinu skuli vera lokið. Öðruvísi þeim áður brá.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er mjög nauðsynlegt að leiðrétta þann misskilning að þetta tvennt, að efna til forkönnunar og að taka ákvörðun um framkvæmd, séu ekki tvær aðskildar ákvarðanir. Það fer eftir niðurstöðum forkönnunarinnar hvort ákvörðun verður tekin. Ef forsendur þessarar forkönnunar eru að breytast eins og gefið er til kynna, þá kann það að breyta upphaflegum áformum um framkvæmdina. Þetta eru tvö aðskilin mál. Ákvörðun um framkvæmdina ræðst af niðurstöðum forkönnunarinnar. Þetta verður að vera alveg skýrt.

Í annan stað vek ég athygli á því að þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem hér tala segja það hið alvarlegasta mál að ekki skuli vera búið að taka ákvörðun í þessu máli. Það er hið alvarlegasta mál að utanrrh. hefur dregið þetta mál, að taka ákvörðun, í meira en ár. Þetta eru þeir hinir sömu menn sem höfðu ábyrgð á þessu máli árið 1985, árið 1986 og árið 1987 og tóku enga ákvörðun í málinu. Þeim ferst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að hafna frekari athugasemdum, annars er komið hér út fyrir öll þingsköp og þá óttast forseti að hv. 2. þm. Austurl. setji ofan í við forseta svo að reynt mun verða að halda hér þingsköpum að þessu sinni.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því þegar hæstv. utanrrh. talaði síðast að hann fékk orðið án þess að hann væri áminntur um að það væri til þess að bera af sér sakir þó á hinn bóginn aðrir þm. verði undir því að sitja sem er eftirtektarvert. Og hann notaði tækifærið til þess að hafa uppi sömu dylgjur og áður um að það hefði staðið á Sjálfstfl. að leyfa forkönnun og er með því að afsaka aðgerðarleysi sitt. Staðreyndin er sú, eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl., að fyrir því voru málefnaleg rök að ekki var hægt að heimila forkönnun á þeim tíma sem dylgjur hæstv. utanrrh. ná til. En ég vil þakka hæstv. forseta fyrir röggsemi hans.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. misnotaði nokkuð leyfi forseta til að ræða um þingsköp vegna þess að þessi umræða var ekki um þingsköp. Upplýst skal einnig að hæstv. utanrrh. hafði talað tvisvar eins og henn hefur leyfi til skv. þingsköpum. Hann fékk leyfi til að gera örstutta athugasemd.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram nú í þessari umræðu vegna síðustu ræðu hæstv. utanrrh. sem gaf það til kynna í sínum orðum að Sjálfstfl. hefði látið undir höfuð leggjast að taka ákvörðun um forkönnun árin 1985, 1986 og 1987 að það er á misskilningi byggt þegar af þeirri einföldu ástæðu að það var ekki fyrr en sumarið 1988 sem fyrir lá að Bandaríkjamenn mundu ganga að skilyrðum Íslendinga varðandi þetta mál sem hér er til umræðu. Þess vegna er þessi fyrirsláttur hæstv. ráðherra algerlega út í hött og árásir hans á fyrrv. utanrrh. eru honum náttúrlega ekki til sóma.

Ríkisstyrkir til sjávarútvegs í Noregi, ein umr.

Fsp. ÞP, 312. mál. — Þskj. 554.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í Oslóaryfirlýsingu Fríverslunarsamtakanna frá því í fyrra kemur fram að samkomulag hafði tekist á milli aðildarríkja samtakanna um að koma á fríverslun með fisk. Sú niðurstaða hefur verið grundvöllur fyrir viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið að því er varðar útflutning á sjávarafurðum inn á markað Evrópubandalagsins.

Nú hafa borist af því fréttir að Norðmenn eru að auka mjög styrki sína til sjávarútvegs. Fyrir því eru sérstakar ástæður vegna þeirra miklu áfalla sem norskur sjávarútvegur hefur orðið fyrir og þeirra miklu erfiðleika sem Norðmenn þurfa að horfast í augu við. Eigi að síður liggur fyrir að Norðmenn munu á næstunni auka styrki til sjávarútvegs en ekki draga úr þeim og falla með öllu frá þeim. Með því sýnast litlar horfur á að raunveruleg fríverslun með fisk verði að veruleika innan Fríverslunarsamtakanna eins og áður hafði verið stefnt að.

Því hef ég talið rétt að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að þessir auknu styrkir samrýmist þeirri samþykkt sem Fríverslunarsamtökin hafa gert um þetta efni eða hvort hann hefur gert þar um athugasemdir á ráðherrafundum samtakanna.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessari fsp. hv. 1. þm. Suðurl. tel ég rétt fyrst að rifja upp eftirfarandi. Í samþykkt EFTA hinn 14. júní 1989 er kveðið á um að frá og með 1. júlí 1990 taki gildi fríverslun með fiskafurðir með þeim hætti að ákvæði sem gilt hafa um fríverslun með iðnaðarvörur nái einnig yfir fisk og fiskafurðir að öðru leyti en því að ákveðinn var aðlögunartími varðandi þrennt:

1. Ákvæði 13. gr. varðandi ríkisstyrki taka gildi eigi síðar en 31. des. árið 1993.

2. Svíþjóð er heimilt að beita innflutningskvótum á þorsk og síld í fersku eða kældu formi til 31. des. 1993.

3. Finnlandi er heimilað að halda tímabundið núverandi innflutningshöftum á laxi og Eystrasaltssíld en ber að tilkynna fyrir 31. des. 1992 hvenær þau verði afnumin.

Þetta eru með öðrum orðum aðlögunarákvæði sem eru hliðstæð við þá aðlögun að fríverslun með iðnaðarvörur sem átti sér stað á sínum tíma innan EFTA. Svar við fsp. hv. þm. sem slíkri og með tilvísun í það sem þegar hefur verið sagt er því þetta: Þar sem ákvæðin um ríkisstyrki í samþykkt EFTA um fríverslun með fiskafurðir taka ekki gildi fyrr en í árslok 1993 er ekki tilefni til þess fyrir utanríkisviðskiptaráðherra Íslands að mótmæla með formlegum hætti þeim ákvörðunum sem norsk stjórnvöld hafa tekið um ríkisstyrki fram að þeim tíma.

Fyrirspyrjandi (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Kjarni málsins er hins vegar sá að sú aðlögun, sem hæstv. ráðherra réttilega minnir hér á að er hluti af þessu samkomulagi, hlýtur samkvæmt eðli máls að vera í því fólgin að á þeim tíma dragi þjóðirnar úr styrkjum. Nú liggur hins vegar fyrir að Norðmenn, vegna sérstakra aðstæðna, hafa talið sig þurfa að auka styrkinn á þessum aðlögunartíma. Það er því raunverulega spurningin hvort þetta samrýmist þessum markmiðum og hvort sú staðreynd að ein þjóða Fríverslunarsamtakanna er að auka styrki á sama tíma og við erum að undirbúa og væntanlega hefja formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið, þar sem gerð er krafa um fríverslun á grundvelli þessa samkomulags, hvort þessar aðstæður veiki ekki samningsstöðu Fríverslunarsamtakanna á þeim grundvelli sem lagður hefur verið í þessu efni. Ég minni á að það hefur verið lögð sérstök áhersla á það að Íslendingar gættu sérstaklega að hagsmunum sínum varðandi hindrunarlausan útflutning á sjávarafurðum en af hálfu utanrrh. hefur verið lögð megináhersla á að þessi samþykkt EFTA-ríkjanna ætti að tryggja íslenska hagsmuni. Kjarni málsins er auðvitað sá hvort hæstv. ráðherra telur ekki að þessar ákvarðanir Norðmanna um að auka styrkina á aðlögunartímanum í stað þess að draga úr þeim veiki samningsstöðu EFTA-ríkjanna á þessum grundvelli.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel mjög eðlilegt að um þetta efni sé spurt sem hv. 1. þm. Suðurl. hefur haft frumkvæði að. Það liggur fyrir að norska Stórþingið hefur samþykkt hækkun á beinum styrkjum til sjávarútvegs í Noregi úr um 900 millj. nkr. í 1125 millj. nkr. á þessu ári. Stefnir sem sagt í þveröfuga átt við það sem kveðið var á um varðandi aðlögun að samkomulaginu í Osló. Aðlögun hlýtur í reynd að þýða að dregið er úr í áföngum. Hitt er svo annað mál að spurningin um fríverslun með fisk er kannski flóknara mál en látið hefur verið að liggja miðað við íslenska hagsmuni. Fullkomin fríverslun með fisk felur það auðvitað í sér að ekki er hægt að reisa skorður við útflutningi á afla frá Íslandi og það getur haft veruleg áhrif á okkar stöðu í sambandi við fiskvinnslu í landinu.

Ráðstafanir til að lækka verðbólgu og vexti, ein umr.

Fsp. SV, 291. mál. — Þskj. 525.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegur forseti. Það er liðið meira en mánuður síðan þessi fsp. var lögð hér fram á hæstv. Alþingi. En ástæðan fyrir því að hún var lögð fram er sú að það fóru fram kjarasamningar og það var krafa aðila vinnumarkaðarins að einn þátturinn í því að slíkir samningar næðust sem að var stefnt væri það að lækka verulega vexti. En þá kemur auglýsing í blöðum frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka þar sem heitið er 8% vöxtum ofan á verðbólgu ef viðskiptavinirnir geymi þar fjármagn og allt upp í 10,5% vöxtum af hlutabréfum sem þar eru í sölu. Allt upp í 10,5%. Af þessari ástæðu lagði ég fram eftirfarandi spurningar til hæstv. forsrh.:

„1. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að vextir og þar með verðbólga lækki verulega?

2. Í auglýsingu Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf. er fjármagnseigendum boðin ávöxtun allt að 10,5% yfir lánskjaravísitölu. Telur forsrh. líklegt að vextir lækki eftir slík yfirboð?

3. Mun ríkisstjórnin gera ráðstafanir til að hindra að innlánsvextir verði á uppboði eins og þeir voru á árinu 1987 og nú virðist eiga að endurtaka?

4. Ef vextir standa í stað — og hvað þá ef þeir hækka — er þá nokkur von að skynsamlegir kjarasamningar verði gerðir?"

Síðan hafa verið gerðir kjarasamningar. Nafnvextir hafa að vísu lækkað ögn en raunvextir ekkert og eru nú á bilinu 7,5% og eins og sést á þessu auglýstir yfir 8% og munu vera í mörgum tilfellum enn hærri.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það hefur dregist of lengi að svara spurningunni. Stafar það m.a. af því að miklir hlutir hafa verið að gerast sem varða þessa fsp., ekki síst fjórða liðinn.

Ég er hér með svar frá Seðlabanka Íslands sem ég ætla að reyna að hlaupa nokkuð hratt yfir, með leyfi forseta, næ líklega ekki að lesa það allt. Þar segir: „Ríkisstjórnin hefur þegar stuðlað að lækkun vaxta, m.a. með því að ganga á undan með vaxtalækkun spariskírteina á sl. ári. Í upphafi þessa árs voru vextir spariskírteina 6,8–7% en eru nú á bilinu 6–6,2%." Hér segir svo jafnframt: „Algengir vextir af vísitölubundnum lánum banka og sparisjóða lækkuðu einnig á sl. ári." Þetta kemur miklu nánar fram í töflu sem hér er rakin og ætla ég að fara aðeins yfir hana á eftir. Hér segir einnig: „Raunvextir óverðtryggðra lána banka og sparisjóða lækkuðu einnig á sl. ári. T.d. voru þeir 4% af almennu skuldabréfi að meðaltali á árinu samanborið við 12% árið 1988 þegar fært er til sama grundvallar. Nafnvextir hafa einnig verið að lækka undanfarnar vikur. T.d. hafa vextir ríkisvíxla verið lækkaðir úr 27% fyrir skömmu í 16–18%."

Í þessari skýrslu sem gefin var út 24. nóv. er þetta

allt rakið miklu ítarlegar, allt frá árinu 1986, en til að stytta mál mitt fer ég yfir það mjög fljótt. Hér er þess getið að á árunum fram til 1989 er lögð til grundvallar lánskjaravísitalan eins og hún var, en á árinu 1989 er það framfærsluvísitala. Þannig verður samanburðurinn raunhæfari því að framfærsluvísitalan vó ⅔ af heild lánskjaravísitölunnar áður. Hér kemur fram að raunvextir allt árið 1986 voru 5,2%, allt árið 1987 7,7%, allt árið 1988 9,2% og þrjá fyrstu ársfjórðunga 1989 4,7%, fært til sama grundvallar, eins og ég skýrði hér í umræðum nýlega en menn virtust ekki skilja.

Svo vil ég nefna kannski það allra mikilvægasta í þessu máli að með lögum er nú ábyrgðin á vöxtum færð mjög yfir til bankaráðanna sjálfra, ekki bankastjóranna. Með því eru að sjálfsögðu fengnir þar pólitískir fulltrúar sem gæta þess að vextir lækki, eins og ég veit t.d. að hv. fyrirspyrjandi beitti sér fyrir þegar hann var í bankaráðinu. Um auglýsingu Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hef ég satt að segja ekki mjög miklar upplýsingar því að umrædd auglýsing fannst ekki. En önnur auglýsing sem kom síðar fannst og það er óheimilt að auglýsa vexti svona fram í tímann. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá bankaeftirlitinu gerði bankaeftirlitið þegar athugasemd við Verðbréfamarkað Íslandsbanka og var tjáð að um hrein mistök hefði verið að ræða. Það er sem sagt ekki heimild til að auglýsa vexti þannig. Nú hefur komið fram að það er ekki mikið framboð af svona skuldabréfum, það var m.a. auglýst eftir þeim, og telur Seðlabankinn að ýmislegt bendi til þess að þessir vextir muni fara lækkandi.

Þá er enn spurt: „Mun ríkisstjórnin gera ráðstafanir til að hindra að innlánsvextir verði á uppboði eins og þeir voru á árinu 1987?“ Það má kannski taka saman 3. og 4. spurningu. Nú hafa nafnvextir lækkað mjög verulega, eða um 7%, um leið og kjarasamningarnir voru gerðir. Og þeir aðilar sem ég hef rætt við um þessi mál telja allir að það séu ekki nokkur líkindi til þess að uppboð geti hafist á innlánsvöxtum því að með þessum móti er mjög verið að draga úr vaxtamun bankanna sem ég veit að hv. fyrirspyrjandi þekkir manna best. Og það væri fullkomið ábyrgðarleysi hjá bönkunum að fara að bjóða upp innlánsvexti. Íslandsbanki gerði það í einu tilfelli þegar hann hafði viðskiptin við Fríhöfnina svonefndu á Keflavíkurflugvelli og það er flestum mönnum óskiljanlegt hvernig bankinn hefur treyst sér til þess. En ég læt nægja að vísa til þess sem fróðustu menn um þá hluti hafa sagt, að það eru engar líkur til annars en að vextir almennt lækki eftir þá samninga sem hafa verið gerðir.

Að lokum: Eitt af því allra jákvæðasta í þessu máli er það að á síðasta ári náðist loks aftur jafnvægi í innlánum og útlánum. Það náðist líka að fjármagna skuldahalla ríkissjóðs í langtum ríkari mæli innan lands en áður hefur verið. Og það náðist þrátt fyrir það að vextir af ríkistryggðum skuldabréfum voru lækkaðir eins og ég sagði áðan. Um allt það sem ég hef orðið að rekja hér í mjög hröðu máli mætti vitanlega hafa langa ræðu. Í fyrsta lagi er staðfest að vextir hafa lækkað mjög mikið á síðasta ári, að hluta til vegna þess að lánskjaravísitölugrundvellinum var breytt, og það bendir allt til þess að það jafnvægi sem nú er að nást á lánamarkaðnum verði til þess að vextir lækki enn.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svör hans þó að ég sé nú ekki sammála hvorki honum eða útskýringum Seðlabankans á þeirri vaxtaþróun sem hefur orðið og þeim viðmiðunum sem menn gefa sér í slíkum útreikningum. Ég er hér með aðra auglýsingu í höndum frá Íslandsbanka þar sem er verið að bjóða í sparifé. Og ef slíkar auglýsingar má ekki túlka sem uppboð þá er ég hættur að skilja íslenskt mál. Og hvað sem Seðlabankinn eða aðrir eru hræddir um þá vissum við hvernig fór á árinu 1987 þó að vísu sé dálítið annað útlit í þessum málum vegna þess að a.m.k. sumir bankarnir, en bara sumir, hafa töluvert ráðstöfunarfé handa á milli. En ég held að það sé full ástæða fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka fast á þessu máli. Og ég mun reyna að fylgjast með því, eins og ég hef gert áður þó að ég hafi ekki eins góðar aðstæður til þess, hvernig þróun þessara mála verður. Og ég vil bara ítreka það að síðustu að ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki staðið við sinn stjórnarsáttmála í því er varðar vaxtalækkun. Í henni var miðað við lánskjaravísitölu og við hvað er miðað á hverjum tíma sem er auðvitað umdeilanlegt eins og allt í okkar lífi.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Því miður er það svo að lánskjaravísitala hækkar nú meir en reiknað hafði verið með og er þar um að kenna ýmsum ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir á jólaföstu. Í öðru lagi þykir mér hálf spaugilegt þegar hæstv. forsrh. er að hrósa sér af því að nafnvextir lækki á sama tíma og verkalýðshreyfingin hefur fallist á að láta það bíða að heimta til baka þá kjaraskerðingu sem launþegar hafa orðið fyrir síðan þessi ríkisstjórn var mynduð. Skárra væri það nú ef nafnvextirnir yrðu þeir sömu nú og áður.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hæstv. forseti. Ég tel ekki svaravert það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Ég tók það skýrt fram að með kjarasamningunum voru nafnvextir lækkaðir, það er engin deila um það. Og ber að þakka að það náðist. Lánskjaravísitala er of há núna. Það kom mjög greinilega fram í fjölmiðlum, m.a. af hálfu aðila vinnumarkaðarins. Það stafar af því að uppmælingarmenn hafa tekið sér í raun viðbót sem nemur 0,8% af byggingarvísitölu. Menn geta kennt ríkisstjórninni um það ef þeir vilja. En ég held að það detti nú engum manni í hug.

Einu vildi ég bæta við þá málefnalegu umræðu sem hér er á milli okkar hv. fyrirspyrjanda og það er að vitanlega er það mikilvægast að útlánsvextir lækki. Og þeir hafa lækkað og við gerðum það hvorugir. Ef

einhver banki treystir sér til þess að greiða sparifjáreigendum hærra þrátt fyrir lækkun útlánsvaxta, þá get ég ómögulega lagst gegn því og ég veit að hv. fyrirspyrjandi getur það varla heldur. Hættan er í því fólgin, sem hann kemur inn á, að það skapist kapphlaup um innlánsfé sem muni síðan hækka útlánsvextina. En það eru margar ástæður til að ætla að hagræðingin í bankakerfinu muni leiða til minni vaxtamunar og kannski gerir hún bönkunum kleift að greiða eitthvað hærra á innlánsfé þótt þeir lækki útlánsvexti. Það er sú þróun sem við viljum vitanlega sjá.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegur forseti. Það er aðeins eitt í þessu sem ég vil benda hæstv. forsrh. á. Í gegnum þessa verðbréfasjóði er tekið inn sparifé á mikið hærri vöxtum en annars væri hægt og lánað út á hærri vöxtum. Það er galdurinn. Það er í raun og veru verið að fara í kringum þessa hluti. Þarna þarf hæstv. ríkisstjórn að vera virkilega á varðbergi. Og þarf að skoða starfsemi þessara sjóða. Ég gæti bent á og komið með dæmi um það, ef tími væri til, hvernig þetta hefur verið að þróast og er enn í dag.

Úrbætur í meðferð nauðgunarmála, ein umr.

Fsp. GA, 316. mál. — Þskj. 558.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi svohljóðandi þáltill. sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Þessa till. höfðu þingkonur Kvennalistans lagt fram í kjölfar fsp. frá Kristínu Halldórsdóttur, en svör við henni gáfu til kynna að úrbóta væri sannarlega þörf í þessum efnum. Eftir samþykkt till. skipaði þáverandi dómsmrh., Jón Helgason, nefnd í júlí 1984. Í henni sátu Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur, Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi og sú sem hér stendur.

Nefndin vann af alúð að því verkefni sem henni var falið og skilaði rannsóknarskýrslum ásamt ítarlegum tillögum til úrbóta í október 1988 í skýrslu sinni sem prentuð var í byrjun árs 1989. Síðan er liðið um eitt ár og fjórir mánuðir og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ýta á eftir þessu máli utan þings hefur litlu þokað. Á meðan verður ekkert lát á brotum og vandi brotaþola í kynferðisafbrotamálum er jafnbrýnn og áður og ekki er lengur hægt að bíða eftir úrbótum. Því greip Kvennalistinn til þess ráðs að bera fram ítarlegar fyrirspurnir til fjögurra ráðherra til þess að krefja þá svara um framkvæmd málsins sem sannarlega er nú á ábyrgð þeirra og verður ekki lengur unað við aðgerðarleysi, þ.e. framkvæmd málsins er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Tveir ráðherrar svöruðu fyrirspurnum um málið sl. fimmtudag og kom í ljós af svörum þeirra að næsta lítið hefur verið gert. Daginn eftir birtust fréttir um athæfi kynferðisafbrotamanns sem er síbrotamaður og það vakti óvænta athygli á þessu máli sem fáir höfðu í raun gefið gaum hér í þingsölum. Það vakti líka mikla reiði meðal almennings sem því miður beindist kannski fyrst og fremst að þessum ógæfumanni en þó einnig að stjórnvöldum og vakti spurningu í hugum margra hvernig það gæti verið að slík mál, svo mikilvæg sem þau eru, séu vanrækt á þennan hátt.

Það er vegna þessa sofandaháttar stjórnvalda sem ég lagði einnig fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. til þess að hann svaraði því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hver eða hverjir ráðherrar bera í raun ábyrgð á því að marka stefnu og skipuleggja úrbætur í meðferð nauðgunarmála í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar sem skilað var í október 1988.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda skipaði Jón Helgason dómsmrh. nefnd 1984 til að vinna að þessum málum. Ég held að það sé allra mat að sú nefnd vann hið ágætasta starf og ég held að ég fari rétt með, ég tók ekki eftir því hvort það kom fram, en nefndin skilaði af sér síðla árs 1988. Og ef ég veit rétt, þá var mjög ítarleg skýrsla og athyglisverð prentuð sl. haust.

Þetta mál var af núv. dómsmrh. lagt fyrir ríkisstjórnina 13. nóv. sl. ásamt tillögum um fjórar aðgerðir getum við kallað það. Það var nokkuð rætt á þeim fundi og þegar samþykkt fyrsta tillaga dómsmrh. um að leggja fyrir Alþingi frv. Aðrar tillögur eru enn til meðferðar.

Í þessu tilfelli eins og öðrum er það viðkomandi ráðherra sem metur hvort þarf að leggja mál fyrir ríkisstjórn, t.d. í framhaldi fyrirspurnar. Það er því algerlega á hans ábyrgð. Mér sýnist að hér sé það dómsmrh., með við skulum segja tilstuðlan heilbr.- og trmrh. því að þeir komu báðir að þessu máli, sem meta það hvað þarf að leggja fyrir ríkisstjórn og hvað þarf samþykki ríkisstjórnar í þessu máli. Núv. dómsmrh. hefur talið að svo þurfi að vera og því lagt það fyrir ríkisstjórnina og ég er honum fullkomlega sammála. Hér er um mál að ræða sem þarf að taka á. Ég er fullkomlega sammála hv. fyrirspyrjanda. Og mér þykir slæmt að dregist skuli hafa frá a.m.k. sl. hausti þegar skýrslan var gefin út eða jafnvel 1988 að koma þessu máli fyrir ríkisstjórn.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Það hefði kannski verið eðlilegra að þessi fyrirspurn hefði verið borin fram um leið og þær ítarlegu fyrirspurnir sem ég lagði fyrir hæstv.

dómsmrh. og heilbrrh. voru teknar til umræðu hér sl. fimmtudag, en það er mjög brýnt að fleiri en einn ráðherra taki á þessum málum. Tillögurnar varða ráðuneyti a.m.k. þriggja og líklega fjögurra ráðherra því að menntmrh. er í þeim hópi líka þar sem fræðsla starfsstétta og annarra er brýnn þáttur í þessum tillögum til úrbóta. Þess vegna vona ég að sú athygli sem beinst hefur að málinu hér á Alþingi hafi vakið ríkisstjórnina til meðvitundar um það hversu stór skylda hennar er og ábyrgð til þess að hrinda þessum málum í framkvæmd. Ég vona að þeir víkist ekki undan því en standi við þau loforð og þær fyrirætlanir sem þeir hafa lýst hér úr ræðustól, þeir sem nú hafa svarað spurningum. Enn er eftir að svara fyrirspurn hæstv. menntmrh. en undir hann heyra fræðslumálin sem eru, eins og ég sagði áðan, mjög brýnn þáttur í þeim aðgerðum sem gera þarf.

Samfélagsþjónusta sem úrræði í viðurlagakerfinu, ein umr.

Fsp. GA, 323. mál. — Þskj. 566.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Á þinginu 1986–1987 var samþykkt þál. um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu. Málið var flutt af Kristínu S. Kvaran og fleiri þm. Sjálfstfl. og vil ég lesa ályktunina eins og hún var samþykkt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar sem lagt verði fyrir Alþingi."

Samfélagsþjónusta felst í því að hinn dæmdi innir af hendi ýmis störf í þágu samfélagsins ákveðinn tíma í viku hverri, oftast utan vinnu- eða skólatíma. Störfin eru unnin undir stjórn og eftirliti og eru oft í tengslum við líknar- eða góðgerðarfélög eða hjá bæjar- og sveitarfélagi. Reglan hjá nágrannaþjóðum okkar er sú að lágmarksdómstími sem leiðir til samfélagsþjónustu eru 3 mánuðir en hámark 12 mánuðir og afbrotin sem höfð eru til hliðsjónar eða viðmiðunar eru einkum auðgunarbrot, bílþjófnaðir, innbrot, skemmdir á eignum o.s.frv. Ölvunarbrot og grófari brot koma yfirleitt ekki til greina fyrir dóma af þessu tagi.

Samfélagsþjónusta var tekin upp í Englandi 1973, í Danmörku 1982 og í Noregi 1984. Það sem einkum hefur þótt mæla með þessu úrræði er sá langi tími sem meðferð mála tekur oft í dómskerfinu. Það getur leitt til þess að brotamenn hafa í millitíðinni komist á réttan kjöl og komið undir sig fótunum þegar loks kemur að afplánun og slík röskun getur haft afdrifaríkar og mjög óæskilegar afleiðingar fyrir lífsferil hins dæmda.

Annar mikilvægur þáttur málsins er sá að fangelsi og þá ekki síst þau fangelsi sem boðið er upp á hér á landi geta varla talist mannbætandi. Má nærri fullyrða að líklegra sé að margir fangar og þá sérstaklega ungar manneskjur bíði frekara tjón á sálu sinni og leiðist út í óæskilegan félagsskap og vítahring afbrota eftir vistun í þeim fangelsum sem hér eru rekin. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. um störf nefndar um samfélagsþjónustu:

„1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var samkvæmt þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 5. mars 1987, um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu?

2. Hvenær mun hún ljúka störfum og skila niðurstöðum?"

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 566 hefur hv. 6. þm. Reykv. lagt fyrir mig spurningu um það hvað líði störfum nefndar sem skipuð var samkvæmt þál. sem samþykkt var á Alþingi 5. mars 1987, um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu og hvenær nefndin muni ljúka störfum og skila niðurstöðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Þorsteini Geirssyni ráðuneytisstjóra sem er formaður nefndarinnar er nefndin að vinna að lokaniðurstöðum í skýrslu sinni og mun væntanlega ljúka störfum fyrir vorið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það háttar þannig til að ég hafði sjálf skrifað fyrirspurn sama efnis til að leggja fram í þinginu þegar ég sá að hún var komin hér á dagskrá, en ég var á sínum tíma einn af flm. þessarar þáltill. og lagði jafnframt fram fyrirspurn í nóvember 1987 um hvort búið væri að skipa þessa nefnd. Þá kom fram að hún hafði ekki verið skipuð þrátt fyrir að þál. var samþykkt í mars, en við þá fyrirspurn mína var drifið í því að skipa þessa nefnd. Þess vegna vil ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu máli og leggja fram þessa fyrirspurn því að ég er sammála henni. Þetta er einn af þeim þáttum sem ætti að geta verið mjög góður liður í því að bæta aðstöðu og hjálpa þeim ógæfumönnum sem lenda í afbrotum. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. dómsmrh. til þess að það verði eitthvað gert í þessu máli en að niðurstöður nefndarinnar verði ekki settar aðeins niður í skúffu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og fagna því að nefndin skuli í þann veginn að ljúka störfum. Ég vil einnig þakka hv. 6. þm. Reykn. fyrir hennar innlegg í málið. Ég sá af lestri á umræðum um þessa þáltill. á sínum tíma að hún hafði verið einn af flm.

Ég vil vekja athygli á því að víða erlendis þar sem dómar hafa tíðkast af þessu tagi, þ.e. um samfélagsþjónustu, hefur lífsferill margra þeirra, sem reynt hafa slíkan dóm breyst umtalsvert til batnaðar, ekki síst vegna þess að hinum dæmdu hefur þótt sem þeir í raun og veru væru að bæta fyrir afbrot sitt á þennan hátt með því að veita samfélaginu endurgjaldslausa þjón-

ustu. Þessa tilfinningu fá menn sjaldan og miklu síður í fangelsi og koma yfirleitt forhertari þaðan en þeir fóru þangað inn, einkum og sér í lagi ef mörgu er ábótavant í fangelsum eins og hér er nú.

Félagslegar aðgerðir fyrir fanga, ein umr.

Fsp. GA, 324. mál. — Þskj. 567.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Enn geri ég fyrirspurn um fangelsismál til hæstv. dómsmrh.

Ný fangelsislöggjöf tók gildi 1. jan. 1989. Þá voru fangelsismál færð undir nýja stofnun, Fangelsismálastofnun ríkisins. Hlutverk hennar er að sjá um fullnustu refsidóma og að annast félagslega þjónustu við fanga og hún hefur einnig með höndum daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa. Þetta er ung stofnun og hún tók við verkefnum dómsmrn. annars vegar og skilorðseftirliti ríkisins hins vegar. Undir stofnunina heyra fimm fangelsi, þ.e. Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, Síðumúlafangelsið, Litla-Hraun, Kvíabryggja og Kópavogsfangelsi sem er nýjast. Alls er rúm fyrir um 105 afplánunarfanga og svo 13–15 gæslufanga í Síðumúlafangelsinu.

Það er skemmst frá því að segja, að aðbúnaður og aðstaða í fangelsum er víða mjög slæm en trúlega verst í Hegningarhúsinu gamla við Skólavörðustíginn sem reyndar er orðið 115 ára gamalt. Þar er rými fyrir 23 fanga en 30 fangar voru skráðir þar um tíma á sl. ári. Þrengslin eru mikil, jafnvel tveir til þrír fangar saman í litlum fangaklefum og verða þeir að matast í herbergjum sínum eða á mjóum gangi þar sem engin önnur aðstaða býðst. Þar er heldur engin aðstaða til tómstundaiðkana eða vinnu og er iðjuleysið mesta kvörtunarefni fanganna og undirrót óánægju um alla mögulega hluti eins og fram kom í bréfi frá fanga þaðan. Síðumúlafangelsið var annaðhvort byggt sem bílageymsla eða bílaþvottastöð fyrir lögregluna í Reykjavík og er ekki hentugt sem fangelsi. Kvartanir hafa borist frá föngum um aðbúnað og húsakost á Litla-Hrauni.

Í stuttu máli sagt, húsakostur og aðbúnaður fanga hér á landi er í mesta ólestri. Mjög alvarlegur þáttur þessa vanda bitnar svo á þeim afbrotamönnum sem ekki eru sakhæfir vegna geðveiki og eiga því ekki að vistast í fangelsi. Reyndar skortir lagaheimild til þess að vista þá þar og geðdeildir geta ekki í mörgum tilvikum eða vilja ekki taka við þeim. Engin gæslustofnun eða staður er til hér á landi til að sinna öryggisgæslu slíkra einstaklinga. Mikil þörf er fyrir aukna félagslega og sálfræðilega þjónustu við fanga almennt og verður sú þörf enn brýnni þegar öðrum aðbúnaði er svo ábótavant.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. fjölmargra og kannski nokkuð ólíkra spurninga undir sömu fyrirspurninni en til þess að taka ekki upp tíma Alþingis með aðskildum fyrirspurnum féllst ég á að setja allar saman á eitt blað þó að ég viti að það verði erfitt fyrir hæstv. dómsmrh. að þurfa að svara þeim öllum í senn. En ég vænti góðra svara frá honum.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beinir hér enn til mín fsp. á þskj. 567 í átta spurningum um félagslegar aðgerðir fyrir fanga og aðbúnað þeirra. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvaða undirbúningur er veittur í fangelsum þeim sem ljúka refsivistardómi eða losna úr fangelsi gegn skilyrðum?“

Undanfarin missiri hafa um 100 manns verið í afplánun á hverjum tíma og rúmlega 200 manns ljúka afplánun á hverju ári. 60% af föngum afplána að jafnaði þrjá mánuði eða skemmri tíma. Fjölmargir fangar æskja ekki eftir félagslegri aðstoð á meðan á afplánun stendur eða aðstoð varðandi losun úr fangavist.

Þrír starfsmenn Fangelsismálastofnunar sinna sálgæslu og félagslegri aðstoð við fanga, m.a. með reglulegum heimsóknum í fangelsin. Aðstoð við undirbúning að losun úr fangavist er fyrst og fremst fólgin í aðstoð við útvegun húsnæðis ef um er að ræða milligöngu um samskipti við félagsmálastofnanir, meðferðarstofnanir og í einstaka tilfellum aðstoð við útvegun vinnu.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða félagslegur stuðningur er í boði fyrir þá sem fá ákærufrestun eða skilorðsbundna dóma?“

Á undanförnum árum hefur einungis einum aðila sem dæmdur hefur verið í skilorðsbundna refsingu verið sett það viðbótarskilyrði að hann sé háður umsjón og eftirliti á skilorðstímanum, en það er grundvöllur þess að fullnustuyfirvöld geti haft með mál þessara aðila að gera. Aftur á móti er það almenna reglan varðandi ákærufrestun að viðkomandi sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar á skilorðstímanum. Aðstoð við þessa aðila er fyrst og fremst almenn félagsleg þjónusta og aðstoð varðandi samskipti við fjölskyldu viðkomandi, vinnuveitendur og aðila í dómskerfinu.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvað hefur verið gert til að bæta það ófremdarástand sem ríkir í aðbúnaði fanga?“ Að vísu er ekki alveg ljóst af spurningunni hvað fyrirspyrjandi á við með henni. Það kom hins vegar betur fram þegar hún var borin hér fram í töluðu máli.

Það er öllum ljóst sem til þekkja að aðstæður og aðbúnaður í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík er ekki góður og erfitt úr að bæta þar á staðnum. Það er jafnframt ljóst að ýmislegt má bæta á Litla-Hrauni og á ég þar sérstaklega við klefa í elsta hluta hússins. Þetta þýðir þó ekki að ekkert hafi á undanförnum árum verið gert í málefnum fanga.

Á síðasta ári var t.d. tekið í notkun nýtt fangelsi í Kópavogi sem sérstaklega var ætlað kvenföngum og á þessu ári verður fullnaðarfrágangi á því húsnæði

lokið og að því loknu verða þar pláss fyrir 12 fanga. Ég veit ekki betur en allur aðbúnaður þar þyki til fyrirmyndar.

Á undanförnum missirum hefur markvisst verið unnið að endurbyggingu á Litla-Hrauni og mun ég hér aðeins nefna þrjú atriði. Fyrir tveimur árum var tekin í notkun ný vinnuaðstaða fyrir stjórnendur stofnunarinnar. Fyrir rúmu ári var vinnuaðstaða bætt og vinnuframboð fyrir fanga aukið er hafin var framleiðsla á bílnúmerum. Og nú á þessum dögum er verið að ganga frá samningi við verktaka eftir útboð um áframhaldandi endurbyggingu á húsnæði þar sem gert er ráð fyrir að skóli sá sem rekinn er á Litla-Hrauni fái loks viðunandi húsnæði.

Þá má nefna að allt viðhald, sérstaklega í Hegningarhúsinu, hefur verið stóraukið og á þessu ári verður loftræstikerfi í fangelsinu við Síðumúla endurnýjað. Þá hefur verið unnið að því að auka og bæta aðstöðu fanga til tómstundaiðju.

Þetta eru allt atriði sem til þess eru fallin að bæta aðstöðu og aðbúnað fanga. Ég á eftir að svara um helmingi fyrirspurna, en það tekur ekki langan tíma, hæstv. forseti.

Í fjórða og fimmta lagi er spurt: „Hefur verið fundið fangelsishúsnæði í stað Hegningarhússins við Skólavörðustíg? Ef svo er, hvenær verður flutt í það húsnæði?" Það hefur ekki verið fundið nýtt húsnæði í stað Hegningarhússins við Skólavörðustíg. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á að ég óskaði eftir því við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár að heimild væri sett í þau til að kaupa nýtt húsnæði í þessu skyni. Málið var ekki afgreitt en við 3. umr. um fjárlög sagði hv. formaður fjvn. m.a. um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá eru einnig vissulega ýmis mál sem hefðu þurft betri skoðun hjá fjvn. en tími vannst til. Þar má nefna málefni fangahúss í Reykjavík. Komið hefur fram í blöðum við hvers konar vandkvæði þar er að etja og hefur hæstv. dómsmrh. lýst áhuga sínum á að skoða með hvaða hætti væri hægt að taka þar á málum til lausnar. Erindi frá hæstv. ráðherra barst fjvn., en nokkuð seint þannig að nefndin hafði ekki tíma til þess að skoða það erindi vel." Hér á hv. formaður fjvn. vafalaust við sérstakt erindi sem barst í desemberbyrjun, en annað erindi hafði komið við fjárlagagerðina eins og raunar mun hafa verið um árabil. Síðan segir hv. formaður: „Nefndin mun hins vegar að sjálfsögðu, þó að hún geri ekki tillögu um lausn málsins að þessu sinni, vera fús til að skoða málið með dómsmrh. áfram á næsta ári [þ.e. 1990]."

Í trausti þessara orða formanns fjvn. við fjárlagaafgreiðsluna hefur verið unnið að því að leita lausnar á þessu máli en endanleg lausn er ekki fundin enn.

Í sjötta lagi er spurt: „Hvaða úrbætur hafa verið gerðar á fangelsishúsnæðinu að Litla-Hrauni? Hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar þar?" Í svari við þriðju spurningu hef ég rakið nokkur atriði sem varða úrbætur á Litla-Hrauni. Það sem fram undan er þar er að bæta vinnuaðstöðu fyrir fanga, eldhús og mötuneyti, aðstöðu til tómstunda, en það sem þó er e.t.v. stærst er að taka ákvörðun um hvort og með hvaða hætti unnt er að nota áfram klefa í elsta hluta Litla-Hrauns.

Í sjöunda lagi er spurt: „Hve margir öryggisgæslufangar, sem hafa verið úrskurðaðir ósakhæfir, eru í fangelsum landsins?" Í fangelsum landsins eru nú vistaðir þrír aðilar sem dæmdir hafa verið til vistar á viðeigandi hæli.

Í áttunda lagi er spurt: „Hvað hefur verið reynt til að vista þá í viðeigandi stofnun?" Eins og kunnugt er er ekki til nein sérstök stofnun fyrir þessa aðila, enda má færa rök fyrir því að ekki sé til þess ætlast, heldur að þessir aðilar verði vistaðir á viðeigandi stofnunum sem til eru í landinu. Undanfarin ár hefur ekki tekist að fá þessa aðila vistaða á heilbrigðisstofnunum og fyrir því eru ýmsar ástæður sem ekki verða raktar hér. En frá því að ég kom í dómsmrn. hef ég verið að vinna að viðunandi lausn þessara mála, m.a. í samvinnu við hæstv. heilbrrh. Á þessu stigi liggur ekki fyrir með hvaða hætti unnt er að leysa málið, en ég hef fulla ástæðu til að ætla að á næstu mánuðum finnist viðunandi lausn á málinu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn en hún er nú það viðamikil og efnismikil að það er ekki hægt að ræða hana efnislega í stuttri athugasemd. Ég vil þó taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá fyrirspyrjanda og einnig þakka ráðherra hans svör.

Ég hef sjálfur skoðað öll þau fangelsi sem hér hafa verið til umræðu nema það sem er í Kópavogi og get staðfest það að aðbúnaður allur er í raun í molum og að mörgu leyti ekki mönnum sæmandi. Þess vegna vildi ég nú fá að spyrja hæstv. ráðherra hvað líður því máli og hvar það er statt, þ.e. sá grunnur sem tekinn var uppi á Höfða, að mig minnir, fyrir nýtt og fullkomið fangelsi fyrir allnokkrum árum og gerðar voru teikningar að. Ég vildi gjarnan inna eftir því hvort endanlega hefur verið fallið frá þessu, hvort jafnvel er búið að selja grunninn, hvar það mál er statt í dag.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. þetta innlegg hans og vil svara honum fáeinum orðum. Þessi kostur sem hann nefnir, grunnurinn sem til er hér í Reykjavík og er nú raunar kjallari undir hálfu húsinu, málið stendur sem sagt nákvæmlega eins og það hefur gert í mörg ár, er einn af þeim sem verið er að athuga varðandi varanlega lausn fyrir fangelsishúsið á Skólavörðustíg, einn þeirra sem eru í skoðun.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans, en eins og kom fram bæði hjá mér og honum hefur þessi fyrirspurn verið gerð svo viðamikil að það er mjög erfitt að fjalla um hana, einmitt vegna þess að það er svo margt að segja um hvern lið fyrirspurnarinnar.

Varðandi svör hans almennt vil ég í raun leggja áherslu á að þau gefa til kynna alvarlegan brest í fangelsismálum okkar Íslendinga og e.t.v. varpa þau líka ljósi á það að heildarstefnu vantar í raun í fangelsismálum hér á landi. Og mig langar að vitna í grein eftir Harald Johannessen sem er forstjóri Fangelsismálastofnunar og skrifaði í Morgunblaðið 19. des. sl. Þar segir hann:

„Þrátt fyrir að frv. til fjárlaga ársins 1990 geri ráð fyrir um 260 millj. kr. framlagi til alls fangelsiskerfisins má halda því fram að heildarstefnu í þessum málaflokki skorti. Áætlun um brýnar úrbætur og æskilega skipan fangelsismála þarf að ljúka. Þá þarf jafnframt að skoða aðrar leiðir en fangelsisrefsingu einvörðungu." Þar vitnar hann einmitt í þá samfélagsþjónustu sem við ræddum í fyrri fyrirspurn. Og hann segir áfram: „Á Íslandi er til fiskveiðistefna, landbúnaðarstefna, utanríkisstefna og stefnur í flestum öðrum málaflokkum sem stjórnmálaflokkarnir á Alþingi hafa mótað. Ég get hins vegar fullyrt að enginn flokkur á Alþingi hefur stefnu í fangelsismálum", og líti nú hver í sinn barm í þessum sal.

Varðandi svör hæstv. ráðherra vil ég vekja athygli á því að fangelsið í Kópavogi er fyrst og fremst ætlað fyrir konur og það er ekki síst vegna þess að það var ekkert fangelsi til fyrir konur. Þess vegna vantaði úrbætur í þeim efnum sárlega. Sem betur fer eru ekki margar konur sem bíða afplánunar eða hafa þörf fyrir að fara í fangelsi en þær sem það gera hafa ekki getað fengið vistun hingað til nema með vandkvæðum.

Svo vil ég líka vekja athygli á því að Kópavogsfangelsið er sniðið með öðrum hætti en hin fangelsin. Það er opið fangelsi, og þess vegna geta ekki allir fangar dvalist þar jafnvel þó að eitthvað verði fjölgað föngum.

Varðandi fangahús í Reykjavík, þá hef ég sjálf farið í heimsókn til þess að kynna mér málin, bæði í Hegningarhúsið á Skólavörðustíg og eins í Síðumúlafangelsið, og séð með eigin augum að þar þarf verulega að taka til hendinni. Þar eru hreint og beint óviðunandi vistarverur fyrir menn og þá sérstaklega í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Það er ekki mönnum bjóðandi hvað svo sem þeir hafa af sér brotið, og verður að finna lausn á þeim vanda.

Ég vil líka vitna aftur í þessa sömu grein þar sem forstjóri Fangelsismálastofnunar segir um það hús: „Vistarverurnar eru slíkar að varla er sæmandi þjóð sem telur sig til vestrænna velferðarþjóðfélaga." Hann segir reyndar einnig að það sé óumdeilt að ráða verði bót á húsakosti Hegningarhússins og Síðumúlafangelsisins og væntanlega leysist þau mál ekki fyrr en með tilkomu annarra húsakynna. Ég legg mikla áherslu á að formaður fjvn. og hæstv. dómsmrh. taki þessi mál fyrir og sinni þeim því að það verður ekki lengur við unað að fangelsi séu þeir lélegu geymslustaðir sem þau eru nú. Þau verða að vera staðir sem eru eitthvað í átt að betrunarhúsum þannig að menn fái meðferð og komi út styrkari en þeir fóru inn en ekki eins og nú líklegri til þess að halda áfram á afbrotabrautinni.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessara seinustu orða hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka það fram að ég er sammála því að það vantar að móta ákveðna stefnu í þessum efnum og það var mér fullkomlega ljóst þegar ég kom til starfa í dómsmrn. á sl. hausti. Þess vegna var það mitt fyrsta verk að skipa, það var að vísu ekki fjölmenn nefnd, þriggja manna nefnd sem var raunar undir forustu Haralds Johannessen sem hér var nefndur fyrr í umræðunum, forstjóra Fangelsismálastofnunar, um eitt ákveðið atriði í þessu efni. Sú nefnd vann mjög hratt og skilaði áliti á fyrstu dögum í desember. Í framhaldi af því fékkst samþykkt í fjvn., síðan hér í þinginu, um 27 millj. kr. sérstakt framlag, að vísu tvískipt, í þessu efni sem annars vegar var vegna öryggisgæslumanna og hins vegar vegna ungra fíkniefnaneytenda sem eru fangar og þess hvernig ætti að taka sérstaklega á þeirra málum. Þarna var ég í rauninni að reyna að leggja grunn að nýrri stefnumótun í þessu efni og held að hún sé fyllilega tímabær.

Persónuafsláttur látins maka, ein umr.

Fsp. KolbJ, 338. mál. — Þskj. 589.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir fsp. til fjmrh. um nýtingu persónuafsláttar látins maka sem hv. varamaður minn, Kolbrún Jónsdóttir, flutti hér fyrr á þinginu en var þá ekki unnt að svara.

Það er um þetta mál að segja að í lögum um tekjuskatt er gert ráð fyrir að hægt sé að veita persónuafslátt fyrir látinn maka, um 80%, sem geta þá orðið um 200 þús. kr. á einu ári. En það sitja ekki allir við sama borð hér að lútandi og fer það eftir því hvenær á almanaksárinu andlát ber að. Það er því nauðsynlegt að reglur séu samræmdar á þessu sviði og réttlátt að aftirlifandi maki sé eins settur á hvaða tíma ársins sem andlát hefur borið að höndum því að auðvitað hlýtur það að vera í anda löggjafarinnar. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Telur fjármálaráðherra eðlilegt að heimild, sem eftirlifandi maki hefur skv. 64. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaga til að nýta persónuafslátt látins maka, nái eingöngu til þess almanaksárs er maki lést eða telur ráðherra koma til greina að þegar maki fellur frá sé eftirlifandi maka heimilt að nýta sér persónuafslátt hins látna í tólf mánuði eftir andlátið óháð því hvenær almanaksársins það bar að?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi vil ég vekja athygli hv. alþm. á því að það fyrirkomulag sem hér er spurt um hefur verið við lýði í rúman áratug. Það hefur nokkuð borið á því í umræðu að ýmsir hafa talið að það væri nýtt ákvæði í skattalögum að binda persónuafsláttinn

við almanaksárið hjá eftirlifandi maka. Það ákvæði hefur hins vegar verið í lögum með þessum hætti síðan árið 1978. Á árinu 1978 voru gerðar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt til að gera það kleift að eftirlifandi maki gæti nýtt persónuafslátt fráfallins maka á andlátsári hans.

Það sem e.t.v. kann að valda því að þetta atriði hefur verið umrætt að undanförnu er að við upptöku staðgreiðslunnar árið 1988 hækkaði persónuafsláttur mjög mikið og þess vegna hefur smátt og smátt verið að koma í ljós sá mismunur sem reglurnar og ákvæðin frá 1978 kunna að hafa í för með sér. Ég vil þó vekja á því sérstaka athygli hér, vegna þess að ég hef orðið var við að þau ákvæði skattalaganna hafa farið fram hjá ærið mörgum, að skv. 66. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt getur skattstjóri lækkað tekjuskattsstofn ef mannslát hefur haft í för með sér röskun á stöðu og högum eftirlifandi maka og er þá tekið tillit til allra þátta, m.a. hvernig persónuafsláttur fráfallins maka nýtist þeim eftirlifandi. Og það er alveg ljóst að það eru mörg dæmi um það að skattstjórar nýti þessa heimild 66. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt til þess að létta skattbyrði á einstaklingum eða fjölskyldum þegar mannslát hefur orðið í fjölskyldunni. Þetta er atriði sem ég vildi vekja sérstaka athygli á vegna þess að ýmsir einstaklingar eða aðrir sem fjallað hafa um þetta mál virðast ekki hafa áttað sig á því að í núgildandi skattalögum er gert ráð fyrir því beinlínis að skattstjórar meti tilvik af þessu tagi og breyti þá álagningu og auðveldi fólki að nýta þá möguleika, m.a. hvað persónuafsláttinn snertir, sem fyrir hendi eru til þess að létta byrðina ef andlát verður í fjölskyldunni.

Ég vil hins vegar geta þess sérstaklega hér að mér finnst vera tími til þess kominn að kanna rækilega hvort ekki eigi að breyta reglunum á þann veg að heimildin gildi óháð því hvenær andlát á sér stað innan ársins. Ég sé í sjálfu sér enga sanngirni í því að heimildin til að nýta persónuafslátt styttist eftir því hvenær á árinu fráfall makans verður. Ég hef því ákveðið að láta vinna í fjmrn. og hjá ríkisskattstjóra athugun á þessu máli og tillögur um breytingar á umræddu lagaákvæði og mun innan tíðar gera Alþingi og ríkisstjórn grein fyrir þeim tillögum. Það er því ljóst að ég hef í hyggju sem fjmrh. að beita mér fyrir breytingum á þessu ákvæði en vil ítreka það sem ég sagði hér áðan að þar til þær breytingar taka gildi hafa skattstjórar skv. 66. gr. núgildandi tekjuskatts- og eignarskattslaga heimild til þess að taka tillit til breytinga sem verða á fjölskyldu- og tekjuháttum vegna fráfalls maka.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er þannig vaxið að það er afskaplega skiljanlegt að það skuli vera rætt hér og komist að niðurstöðu um það því að eins og nú háttar skiptir miklu í þessu sambandi hvenær fólk deyr, hvort það deyr snemma eða seint á árinu, en það hlýtur að vera hlutverk okkar á löggjafarþinginu að gera ráðstafanir til þess að jafnræði ríki í skattamálum fyrir þá sem eftir lifa.

Ég tók því miður ekki eftir þessari fsp. sem lögð hefur verið hér fram fyrr en nú en fyrir fáeinum vikum hafði ég lagt drög að því að samið yrði frv. um þetta mál og það er tilbúið en hefur ekki verið lagt fram. Ég fagna því að hæstv. ráðherra segir hér að ástæða sé til þess að breyta lögum og jafnvel vinna að frumvarpsgerð og ég óska þá eftir því a.m.k. að fá að sjá það til þess að kanna hvort það verði í samræmi við hugmyndir okkar sem höfum nokkuð hugsað um þetta mál sem felst í þessum lagagreinum báðum, annars vegar greininni um réttindi eftirlifandi maka og hins vegar almennu ívilnunargreininni sem vitnað var til hér.

Ég vil aðeins, virðulegur forseti, og lýk nú máli mínu, þakka það að athygli skuli vera vakin á þessu máli og vonast til þess að hv. Alþingi geti á þessu þingi afgreitt lög sem verði á þann veg að jafnræði ríki þegar um aðstæður er að ræða eins og hér er verið að tala um.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir svar hans og tek undir það að hér verði lagt fram frv. á þessu þingi og það fái hraða afgreiðslu til lagfæringar á þessum málum. Ég vil hins vegar aðeins minnast á það í þessu sambandi, vegna þess að hann minntist hér á 66. gr. laganna, um það að eftirlifandi maki geti sótt um ívilnanir vegna dauða maka síns, að mjög fáir hafa notfært sér þetta. Og ekki hafa allir áttað sig á að þessi grein er til. Þar að auki er ekki ljóst hver sú ívilnun er í hvert skipti og væri fróðlegt að fá að vita hver vinnureglan er í þessu sambandi. Betra væri að afdráttarlaus regla væri í lögunum, að ekki þyrfti að sækja um slíka ívilnun því að það er oft erfitt hjá fólki sem hefur misst maka.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Reykv. og síðan hv. staðgengils fyrirspyrjanda vil ég geta þess að það er meira en sjálfsagt að hafa samráð og samvinnu við einstaka þingmenn um flutning frv. sem felur í sér breytingar á þessu ákvæði. Ég taldi nauðsynlegt að afla upplýsinga um það hvernig skattstjórar hefðu beitt heimildinni í 66. gr. núgildandi laga vegna þess að eins og eðlilegt er er það kannski nokkuð misjafnt eftir umdæmum hvernig slíkum heimildum er beitt í reynd. Einnig þarf að skoða hvort á að hafa hana nákvæmari eða setja sérstakar reglur um framkvæmd hennar til að tryggja að samræmi sé milli einstakra umdæma og til viðbótar tryggja það að einstaklingum sé ljóst að það séu heimildir í skattalögum til að leita eftir sérstöku mati þegar óvæntar aðstæður ber að hendi.

Þessa skoðun vildi ég láta framkvæma áður en frv. væri flutt vegna þess að það gæti verið nauðsynlegt að orða í leiðinni breytingar á 66. gr. um

leið og þetta afmarkaða atriði, sem snertir tímasetningu persónuafsláttar og fráfall maka, væri tekið til skoðunar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég hef talað við starfsfólk ríkisskattstjóra og mér er sagt þar að það sé misjöfn framkvæmd á þessu máli eftir umdæmum og þess vegna og þess heldur þarf að setja skýrari lagafyrirmæli. Að öðru leyti þakka ég aðeins fyrir að þessi fyrirspurn skyldi koma fram og eins orð hæstv. ráðherra um það að hann vilji eiga samstarf við þá þingmenn sem áhuga hafa á þessu máli og vænti ég góðs af því samstarfi nú á næstu dögum og vikum.

Olíuhöfn, ein umr.

Fsp. ÁHE, 341. mál. — Þskj. 592.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég spyr hér um olíuhöfn á Íslandi og ástæðan er sú að í viðræðum við mann sem gjörþekkir olíuviðskiptin við Sovétríkin kom það í ljós að floti sovéskra olíuskipa fer það ört stækkandi að þessi Sovétmaður sagði mér að innan nokkurra ára yrðu engar hafnir nógu stórar fyrir þeirra skip hér á landi. Spurningin er því: Er einhver viðbúnaður í gangi til þess að mæta þessum ört stækkandi skipum í flota Sovétmanna eða annar viðbúnaður til þess að mæta þessu á annan hátt?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Spurt er hvort áætlanir séu uppi um að gera nýja olíuhöfn á Íslandi til að taka á móti ört stækkandi olíuskipum. Því er til að svara að það hefur staðið yfir allveruleg uppbygging á aðstöðu hér í landinu til að taka á móti olíu eða eldsneyti, fyrst og fremst hér í Reykjavíkurhöfn þar sem yfirgnæfandi meiri hluti olíu landsmanna kemur á land eða um 80–90% að mér er tjáð. Þær breytingar hafa þar orðið á helstar að löndunaraðstaða í Skerjafirði hefur verið lögð niður en mikil uppbygging átt sér stað sérstaklega í Örfirisey og er þeirri uppbyggingu nú langleiðina lokið. Aðstaðan er þannig að olíunni er dælt í land af legu þar sem skipin liggja. Það er því ekki í raun og veru um það að ræða að hafnarrými eða viðlegurými takmarki í sjálfu sér stærð skipanna sem hingað geta komið til losunar vegna þess að þau liggja, eins og ég hygg að Reykvíkingar þekki af eigin raun, við bólfæri út af Örfirisey og inni við Laugarnestanga.

Það er einnig að því að hyggja að það sem frekar takmarkar stærð olíuskipa sem hingað geta komið með olíufarma er ekki hafnaraðstaða heldur tankarými. Það er í raun og veru meira spurning um það hversu stórum förmum er hægt að taka á móti í senn. Spurningin er frekar um það hversu mikið tankarými er fyrir hendi í senn í hverju einstöku tilviki.

Eftir því sem fróðir menn hafa tjáð mér, að vísu ekki Sovétmenn en fróðir menn hér innan lands, þá telja þeir ekki að sérstakra vandkvæða sé að vænta af þessum sökum og sú uppbygging sem staðið hafi yfir eigi að verða fullnægjandi hvað þarfir okkar landsmanna fyrir móttöku á eldsneyti snertir, a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er að vísu rétt sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að olíuskipaflotinn er að stækka. Það má deila um það hvort þar sé um mjög öra stækkun að ræða því að hann er af mjög blandaðri stærð þó að mörg nýrri skipin séu stór. Það er samt sem áður ekki mat þeirra manna sem fyrir uppbyggingu og endurskipulagningu þessara mála hafa staðið hér að ástæða sé til að ætla að við lendum í vandræðum af þessum sökum á næstu árum.

Það er líka rétt að geta þess að olíumagnið eða eldsneytismagnið sem hingað er flutt er ekki vaxandi að neinu ráði og hefur ekki verið um sinn. Kemur þar sérstaklega inn í að olíunotkun til húshitunar hefur verið að dragast saman jafnt og þétt alveg fram á hin síðustu ár og það hefur vegið upp á móti vaxandi notkun á öðrum sviðum. Magnið hefur því ekki breyst ýkja mikið milli ára.

Af þessum sökum, virðulegu forseti, held ég að svarið við fyrirspurninni hljóti að verða að ekki séu uppi sérstakar áætlanir um viðbrögð umfram þær aðgerðir sem í gangi eru og hafa verið á þessu sviði.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að það er algjörlega óþarft að leggja í fjárfestingar vegna nýrrar olíuhafnar. Hún er til. Það er til fullkomin olíuhöfn í Helguvík sem tekur stærstu skip, tekur skip allt að 45 þús. tonnum, og það er fyllsta leyfi fyrir því að nota þá höfn eins og Íslendingar vilja. Ég á von á því einnig að verði það gert muni það flýta fyrir lagningu nýrrar brautar milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Hvað varðar tankarými má sjálfsagt bæta við þar, en þar er fyrir mikið tankarými. Ég held að þetta sé ekki neitt vandamál. Ef það verður vandamál hér í Reykjavík á aðeins að flytja það til þeirrar olíuhafnar sem er stærst í landinu, best búin og við höfum fyllsta leyfi til þess að nýta eins og okkur sýnist.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir ágætt svar, en ég held að því megi bæta hér við að það hefur orðið töluverð breyting á olíuflutningum til landsins að því leyti til að nútímaolíuskip eru miklu hraðskreiðari og búin öflugum dælum sem þýðir að hægt er að taka olíuna oftar til landsins og ekki þarf að liggja með eins miklar birgðir og oft áður, þannig að sú olíuhöfn sem hér er við Örfirisey er alveg fullnægjandi fyrir allt landið. Ég tel líka að ef við lítum á notkunina hér innan lands sem hefur ekki vaxið á síðustu árum sé sú aðstaða sem er í dag til að taka á móti olíu algjörlega fullnægjandi.

Þar að auki hefur bæst við fullkomin olíuhöfn í Helguvík, eins og hv. 4. þm. Reykn. kom hér inn á, og það er hægt að nota hana ef á þyrfti að halda sem er ekki sýnilegt í náinni framtíð.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):
Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra greinargóð svör. Mér er miklu rórra. Ég sef núna rólegur út af þessu máli og jafnframt er ég ánægður með að heyra um hið mikla framboð af olíuhöfnum sem hefur komið fram í máli síðustu ræðumanna.

Norræna sjóréttarstofnunin, ein umr.

Fsp. RH, 342. mál. — Þskj. 593.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):
Frú forseti. Á þskj. 593 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh., svohljóðandi:
„Hver er afstaða menntmrh. til tillögu á norrænum vettvangi um að leggja niður Norrænu sjóréttarstofnunina?"
Ástæðan til þessarar spurningar er sú að fyrir dyrum stendur að taka afstöðu til ábendingar embættismannanefndar um það að í sparnaðarskyni skuli sá þáttur norrænna fjárlaga sem er framlög til menningarmála breytast á þann veg að þar verði spöruð sérstaklega framlög til þeirra stofnana sem kalla má fastar stofnanir, og í staðinn verði peningunum veitt til annarra nýrra viðfangsefna.
Nú er það svo að Norræna sjóréttarstofnunin sem aðsetur hefur í Osló varðar Íslendinga mjög miklu. Af starfsemi þessarar stofnunar hafa Íslendingar mikla hagsmuni og þangað hafa íslenskir lögfræðingar getað sótt ómetanlega þekkingu sem nýtist okkur vel í hagsmunamálum okkar hér á landi og ekkert virðist benda til þess að úr því dragi á næstu árum. Stofnun þessi er eina samnorræna stofnunin á sviði lögfræði og nýtur orðið alþjóðlegrar viðurkenningar og það svo að verið er að reisa sambærilega stofnun eftir þeirri fyrirmynd í Þýskalandi og sama er uppi á teningnum í Englandi. Á þessum rúmu 25 árum sem stofnunin hefur starfað hafa nærri 20 Íslendingar dvalist þar við nám og rannsóknir með styrk frá henni. Þannig er að aðstaða við þessa stofnun stendur Íslendingum opin, hvort sem þeir eru styrkþegar eða ekki, og Íslendingar hafa unnið þar, bæði í hópi fastra starfsmanna, svo og sem fræðimenn eingöngu. En að sjálfsögðu er það svo við þessa stofnun sem víðar að það fer saman að menn eru starfsmenn stofnunarinnar og leggja stund á fræðilegar rannsóknir.
Nýlega hefur verkefni stofnunarinnar verið víkkað nokkuð með því að nú tekur hún einnig til rannsókna á réttarsviðinu að því er varðar auðlindir, m.a. á hafsbotni. Sett hefur verið á fót sérstök olíuréttardeild, sem svo er kölluð, við stofnunina. Sjóréttarstofnunin fæst einnig við ýmiss konar verslunarrétt. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra skýri afstöðu menntmrh. Íslands til þessa máls en afstaða mun væntanlega verða tekin á Norðurlandaráðsþingi í næstu viku og á fundum í framhaldi af því.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Hæstv. forseti. Ég flyt hér fyrir hönd menntmrh. svör við fyrirspurn hv. þm. og í raun og veru í senn svar við tveimur fyrirspurnum, 10. og 11. fyrirspurn á dagskrá fundarins og ég vildi gjarnan mælast til þess að hæstv. forseti sýndi mér umburðarlyndi hvað tíma snertir er ég flyt svar við báðum fyrirspurnunum í einu lagi.
Örstutt fyrst um tildrög þessa máls sem fyrirspurnin lýtur að. Í febrúar í fyrra ákvað embættismannanefnd um norrænt menningarmálasamstarf sem skipuð er fulltrúum menntamálaráðuneytanna á Norðurlöndum að skipa vinnunefnd til að fara yfir samstarfsverkefni á gildissviði norræna menningarmálasamningsins, einkum þær stofnanir sem kostaðar eru af menningarmálahluta norrænu samstarfsfjárlaganna. Markmið þessarar endurskoðunar skyldi vera að leggja fram tillögur um hugsanlega niðurfellingu viðfangsefna, breytingar á tilhögun fjármögnunar og forgangsröðun í því skyni að losa um ráðstöfunarfé og skapa aukið svigrúm til að kosta ný og brýn verkefni. Voru þá sérstaklega höfð í huga þau viðfangsefni sem lögð er áhersla á í framkvæmdaáætlun um norrænt menningarsamstarf sem ráðherranefnd Norðurlanda samþykkti árið 1988 eftir umfjöllun í Norðurlandaráði.
Fyrirsjáanlegt er að ýmis þeirra samstarfsverkefna munu krefjast umtalsverðra fjárveitinga á næstu árum. Þar má t.d. nefna Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn, aukið samstarf um vísindamenntun, styrkjakerfi Nordplus sem á að greiða fyrir nemenda- og kennaraskiptum milli norrænna háskóla og áætlun um aukna tungumálasamvinnu. Þar sem raunaukningu fjárveitinga á norrænu samstarfsfjárlögunum eru eðlilega takmörk sett þótti blasa við að fjármögnun nýrra verkefna yrði nokkrum erfiðleikum háð m.a. vegna þess hversu mikill hluti þess fjár sem rennur til norræns samstarfs á sviði vísinda- og menningarmála er bundinn við rekstur fastastofnana. Vinnunefndin sem áður getur taldi koma til greina að fækka þessum föstu samstarfsstofnunum á sviði vísinda með hliðsjón af því að forsendur höfðu breyst frá því að sumar þeirra voru settar á laggirnar. M.a. hefði í ýmsum tilvikum þeim fræðum sem stofnanirnar eru helgaðar vaxið fiskur um hrygg við háskóla einstakra landa og allar horfur á að eðlilegt og nauðsynlegt samstarf gæti haldið áfram að þróast án milligöngu sérstakra norrænna stofnana. Með því að leggja niður stofnanirnar og losa þannig um fastakostnað ætti að vera unnt að auka ráðstöfunarfé til verkefnasamstarfs á viðkomandi fræðasviðum.
Vinnunefndin skilaði áliti í nóvember sl. Tillögur hennar um aðgerðir til að auka fjárveitingasvigrúm er þríþættar.
Í fyrsta lagi er lagt til að eftirtaldar fjórar norrænar stofnanir verði lagðar niður: Norræna þjóðfræðistofnunin í Åbo í Finnlandi, norræn stofnun í Asíufræðum í Kaupmannahöfn, norræn stofnun í skipulagsfræðum í Stokkhólmi og norræna sjóréttarstofnunin í Osló sem hv. fyrirspyrjandi spyr um.
Í öðru lagi lagði vinnunefndin til að átta fastar

samstarfsnefndir á afmörkuðum vísindasviðum verði lagðar niður.

Í þriðja lagi að þeim samstarfsstofnunum sem eftir standa verði gert kleift að leita aukinnar hagræðingar í starfi með minnkun fjárframlaga til þeirra sem nemur 10% á tveimur árum eftir nánari athugun á forsendum hjá hverri einstakri stofnun.

Álitsgerð vinnunefndarinnar var lögð fyrir fund ráðherranefndar Norðurlanda 27. nóv. sl. Þar var ákveðið að senda álitsgerðina til menningarmálanefndar Norðurlandaráðs og taka fram að ráðherranefndin stefndi að því að hafa hliðsjón af tillögunum við undirbúning samstarfsfjárlaganna fyrir árið 1991. Engin afstaða var að svo stöddu tekin til einstakra tillagna, til að mynda þeirra að leggja niður einstakar norrænar stofnanir. Álit menningarmálanefndar Norðurlandaráðs um framangreindar tillögur liggur ekki fyrir enn en þess er vænst að málið verði til umræðu í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík um næstu mánaðamót. Ekki er því tímabært að marka afstöðu til hugmynda um breytingar á stöðu einstakra samstarfsstofnana fyrr en gefist hefur kostur á að meta þau sjónarmið sem vænta má að fram komi á þeim vettvangi. En staðgengill menntmrh. vill hins vegar taka fram fyrir sitt leyti að hann telur að sé ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að standa fremur vörð um einhverja af þeim stofnunum sem vinnunefndin hefur gert tillögur um eða hefur haft uppi hugmyndir um að leggja skyldi niður, þá sé það einmitt sú stofnun sem hv. fyrirspyrjandi spyr hér um, þ.e. Norræna sjóréttarstofnunin í Osló, af auðskiljanlegum ástæðum.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu máli hér. Ég kynntist þeirri umræðu nokkuð þau ár sem ég var formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs hvernig spara mætti í rekstri og leggja niður stofnanir. Um það voru gerðar ýmsar tillögur og ég minnist þess sérstaklega að það kom fram tillaga um að leggja niður stofnun sem heitir Norræni sumarháskólinn. Nefndarmenn menningarmálanefndarinnar fóru og heimsóttu þá stofnun og komu til baka þeirrar skoðunar að ef eitthvað væri, þá ætti sú stofnun að fá enn meiri peninga til umráða en hún áður hefði haft.

Staðreyndin er sú að fæstar þær stofnanir sem eru á norrænu menningarfjárlögunum, og þær eru margar, fengju annars staðar fé ef þær fengju ekki norræna peninga. Þess vegna hefur reyndin orðið sú að það hefur verið ákaflega erfitt að leggja til atlögu við það að skera niður með þeim hætti að leggja niður stofnanir. Ég held að það væri fráleitt og mikill skaði ef sú stofnun sem hér um ræðir — hinar þrjár þekki ég öllu minna — yrði lögð niður vegna þess að ég veit af samtölum við íslenska fræðimenn sem þar hafa dvalið að hún nýtur mikils álits og er beinlínis talin Mekka þessarar fræðigreinar við lagastofnanir og skóla í Evrópu. Hún hefur þar að auki ekki fjallað bara um sjórétt heldur líka í mjög vaxandi mæli um orkurétt og sérhæft sig á því sviði og ég held að það væri mikill skaði í norrænu samstarfi ef sú ákvörðun yrði tekin að leggja þessa stofnun niður. Ég held að það yrði beinlínis röng ákvörðun.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég blanda mér í þessa umræðu vegna þess að ég á um þessar mundir sæti í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs sem varamaður. Þessi mál hafa verið rædd í nefndinni, síðast á fundi í Stokkhólmi 29. jan. og verða til umræðu á þingi Norðurlandaráðs í næstu viku. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að fara mjög varlega. Ég hef orðið rækilega var við, þó ég þekki ekki beinlínis til starfs þeirrar stofnunar sem um ræðir af eigin raun, að þeim sem hafa unnið í tengslum við hana hér á landi finnst eftirsjá í henni og þannig er með norrænt samstarf að við höfum sem lítil þjóð í þessu samstarfi mjög mikinn hag af samstarfinu þannig að það er mín skoðun að við þurfum að fara varlega í að leggja niður þessar stofnanir.

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér og ráðherra fyrir svör hans.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem tóku til máls. Við eigum það öll sammerkt að hafa verið í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs og við höfum því haft nokkuð af þessu máli að segja á ýmsum tímum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans en mér þóttu þau ekki nægilega afdráttarlaus. Mér þótti gott að heyra að hæstv. ráðherra er persónulega þeirrar skoðunar að okkur beri að halda í starfsemi þeirrar stofnunar sem við erum að ræða um. Mér hefði þótt betra að hann vissi til þess að starfsbróðir hans, hæstv. menntmrh., væri ákveðinn í því að berjast gegn þeirri hugmynd að Norræna sjóréttarstofnunin yrði lögð niður.

Það skyti skökku við ef fulltrúar Íslands, sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi og byggja framtíðarvonir sínar á auðlindum sjávar og hafsbotns, gerðu sér ekki ljósa grein fyrir því hvers virði það er að eiga góða sjóréttarfræðinga og aðferðin til þess er að eiga aðgang að þessari stofnun. Það gildir ekki aðeins um okkur, heldur um hvern þann í veröldinni sem hugsar sér að kynna sér sjórétt. Hann sækir þekkingu sína til Norrænu sjóréttarstofnunarinnar. Þess vegna tel ég það miklu skipta að Íslendingar standi allir sem einn vörð um þessa stofnun, þeir sem á annað borð munu sitja fundi á þeim vettvangi þar sem þetta mál kemur til afgreiðslu.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Mig langar bara rétt aðeins að koma því á framfæri að ég hugðist taka upp þetta mál í umfjöllun um skýrslu samstarfsráðherra sem er á dagskrá á eftir, en þetta mál hefur töluvert borið á góma á fundum okkar samstarfsráðherra.

Norræna þjóðfræðistofnunin, ein umr.

Fsp. RH, 343. mál. — Þskj. 594.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn sem svo hljóðar:

„Hver er afstaða menntmrh. til tillögu á norrænum vettvangi um að leggja niður Norrænu þjóðfræðistofnunina?"

Stofnunin stendur andspænis hugsanlegum örlögum af því tagi sem við fjölluðum um áðan þegar við töluðum um Norrænu sjóréttarstofnunina, en hér erum við að fjalla um Norrænu þjóðfræðistofnunina sem hét upphaflega og reyndar enn Nordisk Institut för folkdiktning. Hún vinnur að rannsóknum og kynningu á norrænum þjóðháttum, þjóðkvæðum, þjóðlögum og yfirleitt því sem kalla má hluta af hinni norrænu menningarhefð sem sameinar þessar þjóðir og er grundvöllurinn undir öllu norrænu menningarsamstarfi. Ástæða þess að norrænar þjóðir telja sig eiga svo margt sameiginlegt er ekki efnahagslegir hagsmunir, eins og nú gildir víða um veröldina, heldur arfleifð á menningarsviðinu. Og þessi stofnun er næstelsta stofnunin á sviði sameiginlegra norrænna rannsókna, er orðin 30 ára gömul, og hefur unnið mikið og merkilegt starf. Hvað sem líður efnahagsmálum okkar teljum við okkur ekki hafa ráð á því að leggja til hliðar ræktina við menningarlega, sameiginlega arfleið. Þessi stofnun vinnur einmitt að því að rækta og rannsaka hina alþýðlegu menningararfleifð. Hún sameinar vísindamenn á þessu sviði og veitir tækifæri til starfa sem ella væri ef til vill ekki tækifæri til að sinna.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra upplýsi um afstöðu hæstv. menntmrh. og gjarnan sína eigin og ég tala nú ekki um afstöðu ríkisstjórnarinnar. Það verður tekin afstaða til þessa máls á ráðherrafundi í næstu viku á Norðurlandaráðsþingi og í framhaldi af því á ráðherrafundi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að upplýsa að mig rekur ekki minni til að málið sem slíkt hafi komið til umfjöllunar í ríkisstjórn. Sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda um Norrænu þjóðfræðistofnunina hlýt ég að vísa í það svar sem ég gaf áðan þar sem vitnað var til málsmeðferðarinnar almennt og rakinn aðdragandi málsins. Í niðurlagi þess svars kom fram að afstaða menntmrh. eða menntmrn. er á þessu stigi sú að það sé ekki rétt að taka afstöðu til einstakra tillagna á þessu stigi heldur bíða niðurstöðu menningarmálanefndar þangað til fyrir liggi endanlegar tillögur um sparnað eða ráðstafanir til að skapa aukið svigrúm til útgjalda eða nýrra verkefna á þessu sviði. Það er sem sagt sú afstaða sem ráðuneytið hefur að það sé ekki rétt að tína út úr einstakar tillögur hvorki um að leggja niður einstakar stofnanir né aðrar sparnaðarráðstafanir sem vinnunefndin velti upp og síðan fóru til umfjöllunar í menningarmálanefndinni.

En ég hygg að í raun og veru eigi ekki að þurfa um það að deila hvað það hlýtur að vera sem við Íslendingar mundum öðru fremur leggja áherslu á að yrði varið fyrir slíkum sparnaðar- eða niðurlagningaraðgerðum. Ég nefndi það áðan að ég teldi auðsætt að Norræna sjóréttarstofnunin hlyti þar að vera okkur mikilvægari en flest annað og ég vil sömuleiðis nefna þá stofnun sem var spurt um, þ.e. Norrænu þjóðfræðistofnunina í Finnlandi, og leyfa mér að fullyrða að það geti varla verið deilumál að þurfi að fórna einhverju af þessari starfsemi, þá standi þessar tvær stofnanir okkur Íslendingum nær en til að mynda sérstök stofnun í Asíufræðum, svo ágæt sem hún ábyggilega er út af fyrir sig. Hér er annars vegar um að ræða starf sem er okkur ákaflega mikilvægt vegna okkur undirstöðuatvinnuvega og hins vegar menningarstofnun á norrænu sviði sem sömuleiðis hlýtur auðvitað að vera mikilvægt að standa vörð um.

Á hinn bóginn verður ekki horft fram hjá því að það verður ekki mikið um nýja starfsemi á vettvangi Norðurlandaráðs á þessu sviði nema annað tveggja gerist, að það verði um auknar fjárveitingar til þess málaflokks að ræða eða mönnum takist að spara útgjöld frá þeim rekstri sem þegar er fyrir. Eins og ég nefndi í fyrra svari mínu eru uppi hugmyndir og hafa verið teknar ýmsar ákvarðanir um að reyna að auka og taka upp starfsemi, og ég nefndi dæmin um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn, samstarf um vísindamenntun, nemenda- og kennaraskipti og fleira af því tagi, og þess vegna hefur sú vinna farið fram sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, að skoða hvar hægt væri að draga úr útgjöldum. Niðurstöður liggja sem sagt ekki fyrir og afstaða ráðuneytisins er sú að það sé ekki rétt að taka, á þessu stigi málsins, afstöðu til einstakra tillagna.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég verð að láta þá skoðun í ljós að mér þykir með ólíkindum að ekki skuli liggja fyrir afstaða menntmrh. á Íslandi til tillagna um að leggja niður stofnun um sameiginlega norræna rannsóknastofnun í þjóðfræðum, þjóðháttum og þjóðmenningu þar sem einmitt Íslendingar eiga mikið erindi. Það erindi sem við höfum fyrst og fremst átt í hið norræna menningarsamstarf er að leggja fram það séríslenska og þær íslensku heiðir sem við höfum sumpart varðveitt öðrum norrænum þjóðum betur.

Nú veit ég að við megum ekki telja okkur trú um að við stöndum okkur betur í varðveislu menningararfleifða en aðrar þjóðir, en nokkuð er það að þetta er það sem einkennir okkur sérstaklega. Engum blandast hugur um það að framlag okkar til norrænnar menningar og heimsmenningarinnar er einmitt á bókmenntasviðinu, á sviði skáldskapar og okkar vel varðveitta tungumáls. Ef við viljum líka halda áfram að láta aðra sýna virðingu okkar séríslensku menningareinkennum, þá megum við ekki láta það koma fyrir að stofnanir sem þessi verði lagðar niður.

Eitt enn, frú forseti. Ég veit að ástæðan til þess

arna er sú að menn hyggjast spara með því að leggja niður það sem kallað er fastar stofnanir svo hægt sé að losa fjármagn til að kosta nýja starfsemi. Ég tel það illa farið ef sú nýja starfsemi sem verja á fjármagni til verður til þess að leggja af þær stofnanir sem fyrir löngu hafa sannað gildi sitt og við getum illa án verið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég bið hv. fyrirspyrjanda að leggja enga aðra merkingu í svörin en þau gefa tilefni til, sem sagt nákvæmlega þá að ekki hefur verið tekin afstaða til einstakra tillagna heldur hefur verið valin sú leið að vísa þeim til umsagnar og umfjöllunar í menningarmálanefndinni. Þess vegna ber alls ekki að leggja þann skilning í svör mín að á nokkurn hátt liggi fyrir stuðningur menntmrh. Íslands eða ríkisstjórnar um að leggja þessar stofnanir niður. Þvert á móti hefur engin afstaða verið tekin til slíks.

Sá vandi er uppi að Norðurlandaráð hefur á undanförnum árum fjallað um ýmis mikilvæg menningarverkefni sem hugur manna þar hefur staðið til að hrinda í framkvæmd. Til þess vantar hins vegar peninga og það er sá meinlegi galli á hverri krónu að hún verður ekki notuð til að borga hlutina oft heldur aðeins einu sinni og það á við í þessu tilviki. Menn sjá ekki fram úr því að borga meiri starfsemi en nú er á vegum Norðurlandaráðs með þeim fjárveitingum sem þangað renna til menningarmálanna. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, verður annað tveggja að gerast, að til koma auknar fjárveitingar og/eða mönnum takast að spara í núverandi starfsemi ef ný starfsemi af þessum toga á að komast á fót.

Ég held að málsmeðferðin hafi verið fullkomlega eðlileg og ég vona að það sé alveg skýrt að ekki liggur fyrir á nokkurn hátt stuðningur fyrir fram við neinar af þeim tillögum sérstaklega sem hér hefur verið fjallað um né heldur hafa menn tekið þá afstöðu að taka fyrir fram upp andstöðu við þær heldur hefur málið í heild sinni verið sett í skoðun.

Lögregluvarðstofa í Stykkishólmi, ein umr.

Fsp. IBA, 344. mál. — Þskj. 595.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Fyrir stuttu síðan svaraði hæstv. dómsmrh. fsp. frá hv. þm. Eiði Guðnasyni um húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi. Í svari ráðherra kom fram að vandi þessi yrði leystur snögglega og það var skilningur þm. Vesturl. að lögreglustöðin mundi flytjast í bráðabirgðahúsnæði á staðnum. Nokkrum dögum síðar kom frétt og viðtal í Dagblaðinu við aðila frá ráðuneytinu þar sem staðhæft er að ráðuneytið hafi tekið þá ákvörðun að lögreglustöðin yrði flutt í einingahús sem staðsett yrði einhvers staðar í bæjarfélaginu. Þessi ákvörðun kom okkur nokkuð á óvart og ekki síður það sem á eftir fylgdi, að þetta hús yrði fengið annars staðar frá en frá bæjarfélaginu sjálfu þar sem á staðnum eru tvær trésmiðjur sem báðar sinna þessum málum. Báðar eru í því að byggja einingahús. Með þetta í huga er sú fsp. lögð fram sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 595 til dómsmrh. um nýja lögregluvarðstofu í Stykkishólmi en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaðan kemur það 100 fermetra einingahús sem fyrirhugað er samkvæmt blaðafregnum 10. febr. sl. að reisa fyrir lögregluna í Stykkishólmi? Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa og ef svo er, hjá hverjum og hvert þeirra var hagstæðast? Hver er áætlaður heildarkostnaður við hina nýju lögregluvarðstofu í Stykkishólmi?"

Því má kannski bæta við í lokin að nægilegt húsnæði er til staðar, það er nægilegt húsnæði laust í Stykkishólmi og fékk ég það staðfest síðast í gær hjá bæjarstjóra Stykkishólms. Þar að auki má einnig inna eftir því hvort heimild er fyrir kaupum á slíku húsi yfir höfuð og einnig geta þess að nýrri lóð fylgja að sjálfsögðu ýmis gjöld.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. beinir til mín á þskj. 595 fsp. um nýja lögregluvarðstofu í Stykkishólmi. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaðan kemur það 100 fermetra einingahús sem fyrirhugað er samkvæmt blaðafregnum 10. febr. sl. að reisa fyrir lögregluna í Stykkishólmi? Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa og ef svo er, hjá hverjum og hvert þeirra var hagstæðast? Hver er áætlaður heildarkostnaður við hina nýju lögregluvarðstofu í Stykkishólmi?"

Eins og hv. þm. er vitaskuld kunnugt er ekki fjárveiting á fjárlögum 1990 til byggingar lögreglustöðvar í Stykkishólmi. Af því leiðir að ekki er önnur leið til lausnar í þessu efni en leiga húsnæðis, eins og raunar hefur komið fram fyrr hér á Alþingi í umræðum um þetta mál.

Nokkur hús hafa komið til álita í þessu sambandi en ekkert hefur verið talið nægilega gott til að viðunandi væri. Einn kostur sem til álita hefur komið er leiga á færanlegu einingahúsi sem hugsanlega gæti nýst til bráðabirgða fyrir lögregluna í Stykkishólmi. Þennan kost, sem einingahúsaverksmiðja á Selfossi hefur boðið fram, er nú verið að athuga nánar og möguleika á að hrinda honum í framkvæmd. Af eðlilegum ástæðum hefur tilboða ekki verið leitað í þessu sambandi og kostnaður þessu samfara liggur heldur ekki fyrir.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Mér var að sjálfsögðu ljóst að ekki væri fjárveiting til að fara út í byggingar. Það eru nokkur hús laus í Stykkishólmi nú þegar og nokkur sem henta vel undir þessa starfsemi, að mati bæjarstjórans. Bæjarstjórnin þar er hrædd um að með því að fara þá leið sem nú er verið að fara þýði það verulega frestun á uppbyggingu stjórnsýslustöðvar og lögreglustöðvar í Stykkishólmi.

Ég get hins vegar alls ekki séð neitt eðlilegt við það að leita ekki tilboða annars staðar. Á staðnum eru tvö fyrirtæki sem hafa m.a. þá starfsemi að reisa einingahús. Þeim er einfaldlega ekki gefinn kostur á að bjóða í verkið og bjóða þá jafnvel sömu skilmála og framleiðandinn á Selfossi gerir. Ég verð að segja það að mér finnst, svo að maður segi nú ekki of mikið, lykta verulega af þessu. Og ég óska eftir skýringum á því hvers vegna heimamönnum er ekki gefinn kostur á að bjóða a.m.k. sömu kjör, alla vega að leita eftir því hvað þeir hafa að bjóða. Ég held ég þurfi ekkert að minna á það í þessu sambandi að lyktin er náttúrlega vegna þess að hæstv. ráðherra kemur frá Selfossi og ég tel að hann verði að gera grein fyrir því hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu að eðlilegt sé að leita aðeins í sinn heimabæ eftir tilboðum.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Það er ákaflega mikilvægt að menn geri sér grein fyrir aðalatriði þessa máls sem er að tilboða hefur ekki verið leitað. (**IBA:** Á Selfossi.) Tilboða hefur ekki verið leitað. Það kom fram í svari mínu hér áðan að viðkomandi aðili hefur boðið fram þetta húsnæði til leigu ef það getur hentað og það er það sem verið er að athuga ásamt öðrum hugsanlegum leigukostum. En svona til að fara yfir þá staðhæfingu hv. fyrirspyrjanda um að nægilegt framboð væri af húsnæði til leigu eru mér vitanlega fjórir möguleikar sem hafa verið athugaðir.

Sá fyrsti er kjallari í húsnæði sveitarfélagsins í Stykkishólmi sem ég taldi raunar að væri í lagi í þessu sambandi við fyrri umræðu hér í þinginu. Komið hefur í ljós að það húsnæði dugar ekki og ástæðan er sú að Vinnueftirlitið samþykkir ekki það húsnæði vegna lofthæðar. Að vísu hefur tannlæknir verið þar til húsa undanfarin ár, en þessi er ástæðan.

Annar kosturinn er íbúðarhús sem hefur verið boðið fram til sölu en það dugar ekki í þessu sambandi af þeim ástæðum sem hér hafa fyrr verið raktar.

Í þriðja lagi hefur íbúðarhúsnæði verið boðið fram til leigu en það er hálfinnréttað og fjármagn ekki fyrir hendi til þess að leggja í þann kostnað eins og hér hefur fyrr fram komið.

Í fjórða lagi hefur verið boðið fram leiguhúsnæði í sláturhúsi staðarins til haustsins. Það er varla boðlegur kostur, en vissulega þó einn af þeim sem eru í athugun ásamt þessum sem ég fyrr greindi frá.

En hvaðan einingahús kæmi, ef sá kostur verður framkvæmanlegur, get ég ekki séð að skipti neinu meginmáli í þessu efni frekar en öðrum.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég trúi vel orðum bæjarstjóra Stykkishólms um að til sé húsnæði sem hentar fyrir þessa starfsemi en ég ætla á engan hátt að rengja þá yfirferð sem hæstv. ráðherra fór hér yfir fjóra tiltekna kosti.

Ráðherra sagði í lok svars síns að það skipti í sjálfu sér engu máli hvaðan húsið kæmi. Ég er honum innilega sammála og það er nákvæmlega það sem ég er að fara fram á, að heimamönnum verði gefinn sami kostur og utanaðkomandi aðilum. Það er nú ekkert annað. Og það vantar kannski líka í svar ráðherra hvers lags leigu er verið að tala um. Er verið að tala um kaupleigu? Er verið að tala um leigu í hversu langan tíma? Til eins árs, tveggja ára, þriggja ára? Hvað kostar það og verður þá ekki hagkvæmara þegar upp er staðið að fela heimamönnum verkið?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Rétt vegna seinustu orða hv. þm. um hversu leigusáttmálinn ætti að vera til langs tíma. Það er ekkert farið að ræða þá hluti enn þá vegna þess að verið er að athuga það boð verksmiðjunnar, sem fyrr er greint hér í þessum umræðum, hvort sá kostur er framkvæmanlegur eða ekki. Þá fyrst er hægt að ræða þessi atriði sem hv. þm. vék að í lok máls síns.

Innflutningur á grænmeti og öðrum matvælum, ein umr.

Fsp. SV, 349. mál. — Þskj. 606.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir þessari fsp. er frétt sem kom í Dagblaðinu 13. febr. sl. Þar er sagt frá því að Svíar hafi stöðvað sölu á papriku frá Spáni hvað eftir annað frá því í haust. Í fréttinni kemur fram að bæði gúrkur og tómatar eru fluttir inn frá Spáni til Íslands ásamt papriku og í verslunum fáist þessar vörur nú einungis frá því landi.

Í fréttinni kemur fram að fimm eiturtegundir, skordýraeiturtegundir hafi fundist í þessum innflutningi til Svíþjóðar. Og í fréttinni er farið nokkrum orðum um það að hér sé ekkert eftirlit með þessu. Ég man ekki betur en að fyrir tveimur árum hafi verið fjallað um þetta ástand í Ed., bæði af þeim sem hér stendur og hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og þá hafi því verið heitið að á þessum málum yrði tekið. Ég hef svo ekki fylgst með því máli fyrr en þessi frétt barst og ég hrökk heldur betur við. Og ekki batnar það þegar maður les fréttina áfram. Þar segir sölustjóri Ágætis, Sturla Guðmundsson, að nú fari að koma grænmeti frá Hollandi, eins og það séu eitthvað mjög gleðilegar fréttir í þessu sambandi.

Ég hafði samband við Svíþjóð, hafði aðstöðu til þess, og bað þá um að athuga þetta. Þeir segja að Holland sé versta landið í Vestur-Evrópu og í Svíþjóð sé beitt mjög ströngu eftirliti ef þeir neyðist til að flytja inn grænmeti frá Hollandi. Það er því ekki beint tilhlökkunarefni fyrir neytendur á Íslandi að það muni vera á næstu grösum innflutt grænmeti frá þessu landi sem er með þennan stimpil. Af þessari ástæðu hef ég leyft mér að koma fram með eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hvernig fer fram eftirlit með innflutningi á grænmeti og jarðávöxtum?

2. Hvernig er eftirlit með innflutningi á matvælum yfirleitt og hafa breytingar orðið á því eftirliti á þessu kjörtímabili, og ef svo er þá hvernig?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur beint til mín fsp. í tveimur liðum varðandi eftirlit með innflutningi á grænmeti og öðrum matvælum. Vegna tilvitnunar hans í frétt í dagblöðum nýlega verð ég að segja það strax í upphafi að ég er ekki með svar við því sérstaklega, enda var fyrirspurnin ekki þannig orðuð heldur almennt hvernig að þessu sé staðið og miðast svar mitt við það.

Varðandi fyrri lið fsp.: „Hvernig fer fram eftirlit með innflutningi á grænmeti og jarðávöxtum?" er því að svara að Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast eftirlit með innflutningi þessara vörutegunda með tilliti til plöntusjúkdóma. Eftirlitið byggir bæði á skoðun vörunnar og heilbrigðisvottorðum sem henni fylgja. Heilbrigðisvottorð veita ekki upplýsingar um efnainnihald, svo sem innihald varnarefna, útrýmingarefna eða annarra aðskotaefna, enda verður eftirlit með efnainnhaldi að mestu að grundvallast á efnarannsóknum sem mikilvægt er að gerðar séu hér á landi. Hollustuvernd ríkisins skal annast eftirlit með hollustu innflutts grænmetis og annarra garðávaxta, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Stofnunin vinnur nú að því að skapa aðstöðu til efnarannsókna á þessum vörum með tilliti til innihalds, varnarefna og annarra aðskotaefna. Stefnt er að því að rannsóknir hefjist sem fyrst á þessu ári en enn hafa ekki verið settar reglur um hámarksmagn aðskotaefna í matvælum.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er ljóst að viðhlítandi eftirliti með innflutningi garðávaxta hefur ekki verið komið á. Hins vegar hefur á undanförnum árum verið haft eftirlit með innflutningi tiltekinna vörutegunda vegna tilkynninga sem Hollustuvernd hafa borist um hættulegt efnainnihald. Stofnunin er aðili að samnorrænu tilkynningakerfi þannig að henni berast tilkynningar um vörur sem ekki er heimilaður innflutningur á í nágrannalöndum okkar. Slíkar tilkynningar frá aðildarríkjum EB berast einnig til stofnunarinnar frá Danmörku. Þetta sem hér er sagt gæti hugsanlega verið forsenda þess að skoða sérstaklega þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi nefndi í framsögu fyrir fsp. sinni varðandi fréttir úr dagblöðum um papriku og aðrar grænmetistegundir frá Spáni og jafnvel Hollandi.

Af málefnum sem hafa verið til umfjöllunar á undanförnum árum má nefna eftirfarandi: Eftirlit með innflutningi garðávaxta frá tilteknum Austur-Evrópuríkjum eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl. Eftirlit með innflutningi garðávaxta frá Chile vegna blásýrumengunar í vínberjum. Eftirlit með innflutningi á gráfíkjum vegna aflatoxínmengunar. Eftirlit með innflutningi kínverskra sveppa vegna enterotoxínmengunar.

Rannsóknakostnaður vegna framangreindra málefna er verulegur auk þess sem tollafgreiðsla hefur tafist þar sem rannsókn sýna hefur að verulegu leyti farið fram erlendis og þá helst í Svíþjóð. Auk efnarannsókna hefur eftirlit að hluta verið byggt á skoðun sérstakra vottorða um efnainnihald. Rétt er að taka fram að vottorð um efnainnihald fylgja venjulega ekki innfluttum garðávöxtum heldur er eingöngu um þau að ræða þegar sérstök mál koma upp. Þá er rétt að fram komi að erfitt er að byggja eftirlit með efnainnihaldi á skoðun vottorða þar sem dreifing efna í hverri vörusendingu er ærið misjöfn og eftirlitsaðili ákvarðar ekki þá tilhögun sýnatöku. Sérstök eftirlitsverkefni eru iðulega unnin í samvinnu Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og tollyfirvalda. Þá er einnig höfð náin samvinna við systurstofnanir erlendis.

Seinni liður fyrirspurnarinnar hljóðaði svo: „Hvernig er eftirlit með innflutningi á matvælum yfirleitt", og ég vildi taka þennan hluta fyrirspurnarinnar sérstaklega. Þá má því svara að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna annast eftirlit með innfluttum matvælum eftir að þau eru komin í dreifingu. Ekki er mikið um gerlafræðilegt eftirlit þar sem innflutningur viðkvæmra vörutegunda er lítill. Eftirlitið byggist því að mestu á skoðun umbúðamerkinga, m.a. með tilliti til innihalds aukefna. Í þeim tilvikum þar sem vörur eru rannsakaðar með tilliti til efnainnihalds hefur rannsóknastofa Hollustuverndar milligöngu um efnarannsóknir. Stofnunin veitir heilbrigðisfulltrúum einnig ráðgjöf um efnainnihald og umbúðamerkingar. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 81 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, hóf Hollustuvernd ríkisins sérhæft eftirlit með innfluttum matvælum sl. haust. Eftirlit stofnunarinnar er enn í mótun en mun að mestu byggjast á skoðun vörutegunda í tolli og vörugeymslum innflytjenda. Í þessu eftirliti verður meginhersla lögð á ákveðin eftirlitsverkefni sem geta beinst að afmörkuðum þáttum, svo sem tilteknum umbúðamerkingum eða efnasamböndum í matvælum.

Fyrsta eftirlitsverkefni stofnunarinnar er nú lokið og er unnið að gagnavinnslu. Verkefni þetta fólst í skoðun umbúðamerkinga og innihalds aukefna í innfluttum frystivörum. Næsta eftirlitsverkefni stofnunarinnar verður skoðun innflutts krydds með tilliti til gerlafræðilegra þátta. Verkefni þessi geta verið unnin að öllu leyti af stofnuninni eða í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og tollyfirvöld. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég á því miður nokkuð eftir af svarinu enn þá við þessari fsp. Hún er það ítarleg og ég held að svo mikilvægt sé að koma þessum upplýsingum á framfæri að ég bið virðulegan forseta um leyfi til þess að halda örlítið áfram þó að það brjóti að einhverju leyti þröng tímamörk.

Samvinna tollyfirvalda og Hollustuverndar ríkisins á þessu sviði hefur aukist verulega á undanförnum árum. Nú framkvæma starfsmenn stofnunarinnar vöruskoðanir að beiðni starfsmanna í tolli. Í flestum

tilvikum er um að ræða skoðun matvæla sem liggja undir skemmdum vegna langrar geymslu í vöruskálum. Einnig hafa starfsmenn í tolli samband við stofnunina ef þeir telja ástæðu til vöruskoðunar af öðrum ástæðum. Hollustuvernd ríkisins hefur á undanförnum tveimur árum skoðað innflutningsvörur frá nokkrum innflutningsfyrirtækjum með tilliti til umbúðamerkinga og aukefnainnihalds. Jafnframt hefur stofnunin haft milligöngu um sams konar skoðun hjá öðrum innflytjendum sem framkvæmd hefur verið af sjálfstætt starfandi matvælafræðingum. Þá hefur starfsfólk fjölda innflutningsfyrirtækja framkvæmt sambærilega vöruskoðun með tilliti til gildandi reglna. Þessar vöruskoðanir hafa m.a. verið framkvæmdar í góðri samvinnu við Félag ísl. stórkaupmanna. Eftirlitshlutverk stofnunarinnar hefur því einnig byggst á leiðbeiningum og ráðgjafarverkefnum sem hafa skilað miklum árangri. Sum heilbrigðiseftirlitssvæði hafa einnig náð verulegum árangri á þennan hátt.

Seinni liður síðari fsp. hljóðar svo: „hafa breytingar orðið á eftirliti á þessu kjörtímabili, og ef svo er þá hvernig?" Mig langar einnig, virðulegur forseti, að fá að fara yfir það með nokkrum orðum.

Haustið 1988 voru í fyrsta skipti sett ákvæði í lög um sérhæft innflutningseftirlit með matvælum. Hollustuvernd ríkisins var þá falið að annast þetta eftirlit með gildistöku laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna átti innflutningseftirlit að hefjast einu ári eftir gildistöku laganna eða haustið 1989. Þá var einnig í bráðabirgðaákvæði laganna fjallað um rannsóknaraðstöðu Hollustuverndar vegna eftirlitsins. Eins og áður hefur komið fram hefur Hollustuvernd ríkisins unnið að undirbúningi og framkvæmd eftirlitsins í samræmi við ákvæði laganna. Þá flutti hluti stofnunarinnar í nýtt húsnæði í Ármúla í desember sl. og mun hún sameinast þar í einu húsnæði. Hingað til hafa rannsóknarstofa og heilbrigðiseftirlit, sem eru þau svið sem hafa starfað við matvælaeftirlit, ekki verið í sama húsnæði. Rannsóknastofur stofnunarinnar eru eina svið stofnunarinnar sem enn hefur ekki flutt í hið nýja húsnæði en af því mun verða um næstu mánaðamót. Í nýju húsnæði er gert ráð fyrir aðstöðu til efnarannsókna en hún hefur ekki áður verið fyrir hendi. Fjármagn hefur verið veitt á fjárlögum ársins 1990 til að hefja uppbyggingu nauðsynlegrar aðstöðu innflutningseftirlitsins og einnig er gert ráð fyrir fjárveitingum til þessa verkefnis á komandi árum. Þá var heilbrigðiseftirliti Hollustuverndarinnar veitt heimild fyrir einu nýju stöðugildi og hefur stofnunin nýlega auglýst laust starf við innflutningseftirlit með matvælum. Grundvöllur að virku innflutningseftirliti með matvælum er að lög og reglur um umbúðir og merkingar, innihald og aðra meðferð matvæla hafi verið settar og að virkt samstarf sé milli eftirlitsaðila, hagsmunaaðila og annarra er eftirlitið varðar. Hollustuvernd hefur unnið að því að koma á tengslum milli þeirra aðila sem tengjast framkvæmd innflutningseftirlitsins. Þá tóku á árinu 1988 gildi nýjar reglur um umbúðamerkingar og innihald aukefna í matvælum. Setning þessara reglna varð kveikjan að umfangsmestu skoðun matvæla sem fram hefur farið hér á landi. Sá árangur sem náðst hefur með tilliti til þessara þátta á undanförnum tveimur árum á mikinn þátt í að auðvelda innflutningseftirlit með matvælum.

Nú vinnur Hollustuvernd ríkisins að gerð reglugerðardraga um mesta leyfilega magn aðskotaefna í matvælum. Reglur þessar munu m.a. fjalla um mesta leyfilega magn varnarefna í grænmeti og öðrum garðávöxtum. Þegar þessar reglur hafa verið settar og efnarannsóknaaðstöðu komið á mun Hollustuvernd hefja eftirlit með efnainnihaldi í innfluttum sem og innlendum matvælum.

Þrátt fyrir að Hollustuvernd ríkisins hafi verið falið sérhæft eftirlit með innfluttum matvælum með setningu laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, hefur stofnunin ekki sömu heimild til aðgerða og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga þegar hætta er talin geta stafað af neyslu matvöru og/eða þegar hún uppfyllir ekki settar reglur um merkingar eða aðra þætti. Nú er til umræðu á Alþingi frv. um breytingu á áðurnefndum lögum þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin hafi sömu heimildir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga þegar henni er falið að annast sérhæft eftirlit. Samþykkt þessa frv. er ein af forsendum þess að innflutningseftirlit með matvælum á vegum Hollustuverndar ríkisins skili þeim árangri og verði eins skilvirkt og til er ætlast. Því miður greiddu sumir hv. þm. í Nd. atkvæði gegn framgöngu þessa máls en það var þó samþykkt og er nú til umfjöllunar í Ed. Vonandi tekst að lögfesta það fyrir vorið. En þessi málsmeðferð í hv. Nd. er e.t.v. besta dæmið um það viðhorf sem oft kemur fram hér í hv. Alþingi, að ekki vantar kröfur um hert og aukið eftirlit og að Hollustuvernd ríkisins standi í stykkinu en þegar á að gera henni það kleift annaðhvort með styrkari lagaákvæðum eða með fjárveitingum svo að hún geti sinnt hlutverki sínu, þá virðast viðhorf og viðbrögð hv. alþm. vera önnur.

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því hvað ég hef farið illilega fram úr settum tímamörkum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst full ástæða til að beðist sé afsökunar á þessu þar sem hæstv. ráðherra hefur nú talað í tíu mínútur í staðinn fyrir fimm. Forseti vill af þessu gefna tilefni, og reyndar öðrum fyrr, beina því til hæstv. ráðherra að þegar þeir leita eftir svörum við fyrirspurnum til sinna embættismanna þá hafi þeir í huga að einungis eru fimm mínútur til umráða. Ég þykist vita að sú sé ástæðan fyrir því að oft verða hæstv. ráðherrar í vandræðum. Þeir vilja auðvitað svara sem ítarlegast en kannski vantar þarna upplýsingar til þeirra sem undirbúa svörin um að þau eigi ekki að vera lengri en fimm mínútur í senn. Hins vegar mætti reyna að skipta þeim þannig að hægt sé að nýta þessar tvisvar sinnum fimm mínútur. Þetta vill forseti segja, ekki einungis vegna ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. heldur almennt til hæstv. ráðherra

þó að því miður séu þeir ekki margir inni til að taka við þessum skilaboðum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp):*

Herra forseti. Það hlýtur að vera tímabært hjá forsetum að meta það hvort þeir vilji beita sér fyrir tillöguflutningi á Alþingi um breytingar á þingsköpum eða hvort þeir ætli að koma einhverju vitrænu formi á þessar fyrirspurnir. Mér er ljóst að lengi er hægt að teygja lopann í frásögn eins og hér var gert áðan. Þegar menn telja svo að líka þurfi að hella sér yfir þingmenn ef þeir eru ekki á sama máli allir, því að nú er það svo að þó að einn þingmaður komi með fyrirspurn sannar það ekkert um afstöðu hinna sextíu og tveggja.

Ég hef aldrei upplifað það áður að í fyrirspurnatíma teldi Hollustuvernd ríkisins að hún væri komin á það eftirlitsstig að hún ætti að hella svívirðingum yfir þingmenn, ég hef aldrei upplifað það áður. Og ég verð bara að segja eins og er, megum við búast við því að forseti veiti sérstaklega tíma til að messa yfir þingmönnum í fyrirspurnatíma langt fram yfir tímann, að lesa upp slíkar svívirðingar? Mér finnst þetta alveg makalaust, ég segi það eins og er. Og ég tek því ekki þegjandi þegar ríkisstofnun, sem náttúrlega hugsar ekki frekar en aðrar stofnanir, einstakir starfsmenn stofnunarinnar hugsa að sjálfsögðu þar eins og annars staðar, þegar þeir telja sig vera einhverja sérstaka hugsuði fyrir stofnun sem starfar samkvæmt lögum. Þessi stofnun er ekki hugarsmíð þeirra. Hún starfar eftir lögum, lögum sem samþykkt voru á Alþingi. En það er eins og hún hafi gleymt því að hún starfi eftir þeim heldur er þetta komið á það stig að þeir eru farnir að hugsa sjálfsætt, stofnunin er farin að hugsa sjálfstætt. Og stofnunin hefur álit á þessu eða hinu. Stofnunin talar um hvernig þingmenn bregðast skyldum sínum hér í þinginu. Einn segi þetta og annar hitt, það sé ekkert samræmi. Er einhvers staðar skráð í lögum að það eigi að vera samræmi á skoðunum þingmanna? Mér er spurn.

Ég held það hljóti að vera lágmark að ráðherrar segi sínum skríbentum að þeir fái ákveðinn tíma og ætlist til þess að sá sem skrifar lesi það inn á segulband. Þá geta þeir tímamælt það þannig að þeir þurfi ekki í ofanálag að lesa hér í belg og biðu og verða sér hreinlega til skammar í framsögn miðað við eðlilega meðferð á íslenskri tungu. Mér er ljóst að það er erfið þraut hjá þessum mönnum að stytta mál sitt.

Það er sagt að einu sinni hafi konungur falið ráðgjöfum sínum að útbúa fyrir sig mannkynssögu sem hann ætlaði að kynna sér áður en hann dæi. Þeir komu með ritverk upp á margar bækur. Hann gaf fyrirmæli um að stytta þetta því að sér mundi ekki endast ævin til að lesa. Þegar hann lá banaleguna komu þeir með þetta stytt, mig minnir að þá hafi þetta verið orðin ein bók. En hann sá fram á að enn fengi hann ekki notið þess að kynna sér mannkynssöguna áður en hann yrði allur. Þá var það einn af ráðgjöfunum sem leysti þetta mál með því að segja einfaldlega að mannkynssagan væri falin í þeim sannindum að mennirnir fæðast, þjást og deyja. Og það hlýtur að vera hægt að setja þessa blessaða menn í kennslustund í stílagerð þannig að þeir nái valdi á því efni sem þeim er ætlað að svara.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur sig hafa í raun og veru svarað þessum athugasemdum hv. 2. þm. Vestf.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það kann að vera að ég hefði átt að færa þeim þarna í ráðuneytinu þessa frétt en ég óskaði eftir svari við því hvernig grænmetisinnflutningi væri háttað. Og því miður kemur í ljós, bæði í þessari frétt og í raun og veru í máli ráðherrans, því sem ég gat numið af því, að þessi mál eru ekki í lagi, bara alls ekki. Þegar þessi breyting á lögunum var gerð var gefið fyrirheit um að þessum málum yrði kippt í lag. Eitthvað virðist mér hafa þokast í þá áttina í sambandi við matvæli miðað við þá skýrslu sem hæstv. ráðherra las hér upp, en engan veginn viðhlítandi.

Það kemur fram í þessari frétt hér að það sé ekkert virkt eftirlit með leifum skordýraeiturs í innfluttum matvælum til Íslands, ekkert. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að athuga þetta. Sturla Guðmundsson, sem er sagður vera sölustjóri Ágætis, stendur í þeirri trú að það sé allt í lagi með grænmeti frá Hollandi. Fylgjast þessir menn ekkert með sem flytja inn þessar vörur? Vita þeir ekki hvernig eftirlitið er, t.d. á Norðurlöndum og þá sérstaklega Svíþjóð? Þetta er stoppað hvað eftir annað og hann viðurkennir það, þessi Sturla, að það grænmeti sem komi frá Spáni sé mjög lélegt. Ég held að það væri ástæða til að láta rannsaka þetta grænmeti í verslunum og bjóða fólki ekki upp á svona matvæli.

Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Ég ætla bara að segja eina setningu í viðbót. Það vantar líka eftirlit með þeim smygluðu matvörum sem berast til Íslands og mér er sagt að hafi aukist mikið eftir að ávinningur af smygli á bjór minnkaði. Ég held það þyrfti að skoða það mál líka og líklega er eftirlitið ekki betra með þeim innflutningi.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra var ekki eingöngu að fjalla um þessa fyrirspurn sem hér liggur fyrir til umfjöllunar heldur fór hann að blanda inn í umræðuna máli sem er komið til umræðu og umfjöllunar í Ed. Máli sem að vísu snertir þetta mál að nokkru leyti en þó ekki á þann veg að ég teldi rétt að hæstv. ráðherra færi að blanda umræðu þingdeildar inn í fyrirspurnamál hér á hv. Alþingi og nota til þess tíma sem er langt umfram það sem ætlað er til að svara fyrirspurnum.

Það mál sem hæstv. ráðherra nefndi áðan var um aukin völd Hollustuverndar til að gera ákveðna hluti, loka eða ná meira valdi yfir sinni starfsemi með því að ganga á rétt aðila. Ég vildi benda á að mér fannst þessi aðferð hæstv. ráðherra dálítið sérkennileg.

Umræða um það frv. á að vera í deildum en ekki blanda því inn í umræðu eins og hér átti sér stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal lofa því að syndga ekki upp á náðina aftur enda var það rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það mátti kannski frekar líkja þessu við skýrslu en svar því þetta var nokkuð langt mál og ítarlegt. Ég las það vissulega nokkuð hratt og kann að vera að ég hafi orðið mér til skammar í framsögn og talað í belg og biðu. Þá verð ég að biðja hv. þm. afsökunar á því. Þó ég telji mig nokkuð vel læsan þá er þetta ekki skemmtileg framsetning á máli og ég tek til mín og undir athugasemdir hæstv. forseta varðandi svarið.

Varðandi það sem fram kom aftur hjá hv. fyrirspyrjanda, að málin séu ekki í lagi, þá eru þau það ekki enn þá. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögunum átti innflutningseftirlitið að vera komið í lag seinni hluta árs 1989. Ég gerði í nokkru grein fyrir hvernig á því stæði og hverjar væru ástæður þess og jafnframt að hvort tveggja stendur til bóta. Það er verið að setja reglur um aðskotaefni í matvælum þannig að menn hafi alveg skýrar reglur um það annars vegar og sú rannsóknaraðstaða sem Hollustuverndin á að fá í nýju húsnæði verður vonandi tilbúin í næsta mánuði þannig að þessir tveir þættir ættu að standa verulega til bóta.

Og vegna máls hv. 4. þm. Vesturl. verð ég að segja við hann að ef hann hefur lesið fyrirspurnina, þá hljóðar seinni hluti seinni töluliðarins: Hafa breytingar orðið á efirliti á þessu kjörtímabili og þá hverjar? Ég verð auðvitað að gera grein fyrir því hvaða möguleika og hvaða aðstöðu Hollustuverndin hefur til þess að gegna sínu hlutverki og umræðan tengdist fyrst og fremst því, en að sjálfsögðu verður hún tekin upp aftur í Ed. eins og vera ber þegar það þingmál, sem vitnað var til, verður þar á ferðinni.

Fóstureyðingar, ein umr.

Fsp. ÁHE, 350. mál. — Þskj. 607.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég tel að æðsta skylda Alþingis í öllum málum sé að verja lífið og hvarvetna þar sem líf og dauði takast á á Alþingi að leggjast á árar með lífinu. *Í mínum huga er það engin spurning að* fóstureyðing er ekki læknisaðgerð. Þó hún sé gerð á spítala og þó hún sé unnin af lækni. Hún er andstæðan. Hún lýtur að því að taka líf en ekki að vernda það eða hlúa að því á nokkurn hátt. En samt sem áður eru fóstureyðingar greiddar úr sameiginlegum sjóðum okkar eins og um hverja aðra læknisaðgerð væri að ræða. Þess vegna spyr ég hvað það kosti þjóðfélagið í beinhörðum peningum að framkvæma fóstureyðingu, fyrir utan þann skaða, það tjón sem þjóðfélagið verður fyrir að fá ekki að taka á móti þessum litla varnarlausa þegni heldur sé honum eytt í móðurkviði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal lofa því að reyna að spara *eitthvað af þeim tíma sem ég eyddi áðan við* að svara þessari fyrirspurn sem liggur fyrir og er í tveimur liðum.

Fyrri liður fyrirspurnarinnar: „Hvað kostar ein fóstureyðing (aðgerð og legudagar) þjóðfélagið?“ Langflestar fóstureyðingar hér á landi eru gerðar á kvennadeild Landspítalans og var því leitað upplýsinga þar um kostnað við fóstureyðingu. Nákvæmar tölur liggja ekki fyrir en samkvæmt upplýsingum frá áætlanadeild ríkisspítalanna er áætlað að ein fóstureyðing kosti nú um 26 þús. kr. Innifalið í þessari upphæð eru viðtöl við lækna og félagsráðgjafa fyrir aðgerð, svo og *svæfing og aðgerð og lega inni á* deildinni ef það er nauðsynlegt.

Seinni liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo: „Hve margar fóstureyðingar voru gerðar árið 1989 á Íslandi?“ Á árinu 1989 voru gerðar 654 fóstureyðingar hér á landi samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins. *Þetta er nokkuð lægri tala en á árinu 1988 en* þá voru fóstureyðingar 673 og á fimm ára tímabili, 1981–1985, voru þær 670 að meðaltali hvert ár. Miðað við þessar tölur var heildarkostnaður heilbrigðiskerfisins vegna fóstureyðinga um 17 millj. kr. árið 1989.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrirspurn sú sem hér er til umræðu varðandi fóstureyðingar kallar á aðrar spurningar sem krefjast svara og viðbragða í samfélaginu. Á bak við *sérhverja fóstureyðingu er* sorgarsaga. Það er mín skoðun að það gangist engin kona undir slíka aðgerð öðruvísi en nauðbeygð.

Ástæður þess að grípa þarf til fóstureyðingar geta verið margvíslegar. Sumar eru þess eðlis að því miður er ekki hægt að koma þar við neinum forvörnum. *Aðrar hins vegar eru því miður ef til vill með þeim* hætti að við gætum með samstilltu átaki og ábyrgð gert samfélagið þannig úr garði að hjá þeim mætti komast með því m.a. að gera samfélagið fært um að taka ætíð vel á móti öllum nýjum samfélagsþegnum en á því er nú misbrestur. Og með bættri kynlífsfræðslu mætti einnig koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og þá um leið í veg fyrir fóstureyðingar.

Kvennalistinn hefur bæði með þingsályktunartillögu, fyrirspurnum, frumvörpum og breytingartillögum við frv. til fjárlaga margoft lagt til að taka til hendi hér af myndarskap, bæði að því er varðar kynlífsfræðsluna og bætur í samfélagsgerðinni til handa nýfæddum börnum og mæðrum þeirra. En því miður höfum við oftast talað fyrir daufum eyrum annarra þingmanna.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra góð svör og vænti þess að hægt verði síðar undir öðrum liðum hér á hv. Alþingi að ræða þessi mál öllu nánar. Að mörgu leyti get ég tekið undir það sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Þjóðfélagið er á margan hátt vanbúið að takast á við mál af þessu tagi. En þegar talað er um slæmar móttökur í þjóðfélaginu þá get ég ekki ímyndað mér neinar verri móttökur en dauðann. (**SighB:** Þá fer ég út.) Þá fer hv. formaður fjvn. En ef það eru einhverjar verri móttökur í þjóðfélaginu sem bíða fólks en dauðinn, þá hef ég ekki þær upplýsingar undir höndum.

Ég vil ítreka þakkir til ráðherra fyrir góð svör.

SAMEINAÐ ÞING

55. fundur, fimmtudaginn 22. febr., að loknum 54. fundi.

Norræna ráðherranefndin 1989–1990, ein umr.

Skýrsla samstarfsráðherra, 353. mál. — Þskj. 610.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Eins og þegar er komið fram er að finna á þskj. 610 skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar á sl. ári, nánar tiltekið frá síðasta þingi Norðurlandaráðs sem var það 37. í röðinni og haldið í Stokkhólmi í febrúarlok 1989 og fram til 38. þings Norðurlandaráðs sem verður haldið í Reykjavík í næstu viku.

Á þessu starfsári hefur orðið sú breyting að við myndun nýrrar ríkisstjórnar undir forsæti Steingríms Hermannssonar hinn 10. sept. sl. tók ég við starfi samstarfsráðherra Norðurlanda af hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni. Hann hafði þá gegnt starfi samstarfsráðherra frá myndun fyrra ráðuneytis Steingríms Hermannssonar á þessu kjörtímabili hinn 28. sept. 1988. Því fellur það í minn hlut að leggja þessa skýrslu fram á Alþingi til umræðu nú.

Íslendingar hafa farið með formennsku í öllum meginnefndum Norðurlandaráðs á liðnu starfsári í samræmi við þá hefð að það land sem heldur næsta Norðurlandaráðsþing tekur við formennsku. Þannig hefur samstarfsráðherra Norðurlanda í íslensku ríkisstjórninni verið formaður norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu. Í formennskutíð hæstv. iðnrh. voru haldnir fjórir fundir norrænu samstarfsráðherranna en aðrir fjórir fundir undir formennsku núv. samstarfsráðherra. Til aðstoðar samstarfsráðherra er skrifstofa Norðurlandamála í utanrrn. Þar eru tveir starfsmenn, Jón Júlíusson skrifstofustjóri sem er staðgengill samstarfsráðherra og Áslaug Skúladóttir deildarstjóri. Hefur Jón verið formaður norrænu staðgenglanefndarinnar seinni hluta starfsársins en Haukur Ólafsson, sendiráðunautur í utanrrn., gegndi störfum fyrir Jón í veikindaforföllum hans fyrri hluta starfsársins.

Skýrsla samstarfsráðherra byggir að nokkru leyti á skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar til Norðurlandaráðs um Norðurlandasamstarfið, svokallaðri C1 skýrslu þar sem fjallað er á ítarlegan hátt um hin ýmsu samstarfsverkefni á starfsárinu og fjárhags- og rekstrargrundvöll þeirra. Er sú skýrsla upp á 315 blaðsíður. Til marks um umfang hinnar norrænu samvinnu er niðurstaða fjárhagsáætlunar fyrir árið 1990 fyrir Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina alls 678 millj. danskra króna.

Þá er í fyrsta sinn leitað til hinna ýmsu ráðuneyta innan Stjórnarráðsins eftir upplýsingum um þátt þeirra í norrænu samstarfi. Flest ráðuneytin sendu yfirlit yfir hin ýmsu norrænu samstarfsverkefni sem þau hafa unnið að og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir. Í skýrslu samstarfsráðherra er síðan reynt að draga saman meginþættina í starfsemi ráðherranefndarinnar og gefa yfirlit yfir starfsemina séð frá sjónarhóli Íslendinga. Ég mun fara hér yfir helstu verkefnin séð frá okkar sjónarhóli og mig langar fyrst að fjalla um verkefnið Norðurlönd og Evrópa.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að halda áfram verkefninu Norðurlönd og Evrópa 1989–1992, sem hófst árið 1988. Í góðri samvinnu við Norðurlandaráð er leitast við að kanna áhrif hins fyrirhugaða innri markaðar Evrópubandalagsins á norræna samvinnu í framtíðinni. Þannig var haldið sérstakt aukaþing Norðurlandaráðs í Maríuhöfn á Álandseyjum 13. og 14. nóv. á sl. ári þar sem starfsáætlun ráðherranefndarinnar, Norðurlöndin í Evrópu 1989–1992, var höfuðmál þingsins. Starfsáætlunin hefur síðan verið endurskoðuð og afhent Norðurlandaráði á nýjan leik til umræðu á 38. þingi þess í Reykjavík.

Starfsáætlunin tekur í heild til 82 sviða sem snerta afstöðu Norðurlandanna gagnvart þeim miklu breytingum sem eru í vændum innan Evrópu. Starfsáætlunin á fyrst og fremst við um hinn innri markað Evrópubandalagsins 1992 og væntanlegar samningaviðræður EFTA-landanna og Evrópubandalagsins um samevrópskt efnahagssvæði 18 ríkja Vestur-Evrópu, svo og hina öru þróun sem nú á sér stað í Austur-Evrópu.

Á aukaþinginu í Maríuhöfn bar málefni Austur-Evrópu mjög á góma sem eðlilegt er, enda þar fjallað um hugmyndir um hugsanlegt samstarf milli Norðurlandaráðs og Sovétríkjanna, einkum þó Eystrasaltslandanna. Hafa mál þróast þannig að fyrirhugað er að þingmannanefnd á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs fari til Moskvu innan skamms og eigi viðræður við Æðstaráð Sovétríkjanna. Áður hefur embættismannanefnd á vegum Norðurlandaráðs farið til Moskvu til viðræðna um með hvaða hætti hugsanlegu samstarfi Sovétríkjanna og Norðurlandaráðs, einkum á sviði menningar- og umhverfismála, skuli hagað.

Það er ljóst að Norðurlöndin verða að huga vel að málefnum Evrópu. Hlutirnir gerast nú með ógnar-

hraða og því mikilsvert að Norðurlöndin haldi vöku sinni. Norræna ráðherranefndin mun því fylgjast vel með þróun mála í Evrópu og huga að framtíðarstöðu norræns samstarfs í því samhengi. Norðurlöndin eru sammála um að varðveita það sem áunnist hefur í norrænu samstarfi þótt þau komi til með að tengjast hinu sameiginlega evrópska efnahagssvæði með einum eða öðrum hætti. Þannig hefur m.a. áfram verið unnið að efnahagsáætluninni „Öflugri Norðurlönd" en framkvæmd hennar er þegar hafin á flestum sviðum.

Ráðherranefndin gerir m.a. ráð fyrir að í síðasta lagi 1. júlí 1990 verði búið að ryðja burt síðustu hindrununum vegna frjálsra fjármagnsflutninga milli landanna. Íslendingar hafa gert fyrirvara um þetta atriði og á þessi tímasetning því ekki við um Ísland.

Þá hefði ég viljað fjalla í nokkru máli um umhverfismál. Norrænt samstarf á sviði umhverfismála verður stöðugt víðtækara. Árið 1989 var gerð tillaga um endurskoðun á framkvæmdaáætluninni um varnir gegn mengun sjávar. Tillögur ráðherranefndarinnar um ráðstafanir til mengunarvarna sjávar og mörkun stefnu í þeim efnum voru lagðar fram og verða áfram til umræðu á þingi Norðurlandaráðs. Sérstök ráðstefna um mengun sjávar var haldin á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í október sl. Hana sóttu fulltrúar 15 þjóðþinga. Þá hefur verið unnið að gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar um varnir gegn loftmengun. Felur hún m.a. í sér markmið, leiðir og ráðstafanir til að sporna við loftmengun, einkum hvað varðar aðgerðir til að draga úr útblæstri gastegunda í andrúmsloftið. Í stefnuyfirlýsingu Norðurlandanna í umhverfismálum sem var samþykkt í janúar 1989 er í viðauka gerð grein fyrir þeim áformum að á tímabilinu 1989–1994 skulu allar bifreiðar vera með mengunarvarnabúnaði samkvæmt bandarískum stöðlum. Á Íslandi er gert ráð fyrir samkvæmt mengunarvarnareglugerðinni að frá og með 1992 verði allar nýjar bifreiðar með mengunarvarnabúnaði samkvæmt bandarískum stöðlum.

Þá hefur einnig verið gerð framkvæmdaáætlun um úrgang. Gerir hún ráð fyrir að bæta verulega sorphirðu, meðferð og eyðingu hættulegra úrgangsefna. Skal stefnt að því að nota bestu mögulega tækni í því sambandi. Er áætlunin gerð í samræmi við niðurstöður Brundtland-nefndarinnar.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn í nóvember 1989 var enn fremur fjallað um stofnun norræns fjárfestingarfélags sem taki þátt í fjármögnun aðgerða til umhverfisbóta í Austur-Evrópu. Umhverfisráðherrar Norðurlandanna lýstu stuðningi við þau áform og verður endanlega gengið frá tillögum þar að lútandi á 38. þingi ráðsins í Reykjavík. Umhverfisráðherrarnir samþykktu enn fremur mótmæli við byggingu endurvinnslustöðvar fyrir kjarnorkuúrgang í Dounreay í Skotlandi og var þeim mótmælum komið á framfæri við bresku ríkisstjórnina. Umhverfisráðherrarnir munu einnig leggja þetta mál fyrir Parísarnefndina sem fjallar um mengun í sjó frá landstöðvum og leggja það fyrir fyrirhugaða ráðstefnu um mengunarvarnir í Norðursjó sem verður haldin í Hollandi í marsmánuði.

Norðurlandaráð og ráðherranefndin hafa samþykkt að norrænt umhverfis- og líffræðiár verði haldið 1990 til 1991. Er miðað við að umhverfisárið hefjist 5. júní n.k. en það er umhverfisdagur Sameinuðu þjóðanna. Ákveðið hefur verið að norrænu félögin annist framkvæmdina í samráði við ráðherranefndina og var starfsáætlun samþykkt á fundi umhverfisráðherranna í Maríuhöfn. Yfirstjórn þessa verkefnis verður í höndum sérstakrar norrænnar nefndar og verður forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, formaður hennar.

Þá hafa ráðherrar neytendamála tekið ákvörðun um að koma á norrænni umhverfismerkingu á neysluvörur sem sýni að þær séu í samræmi við norræna umhverfismálastefnu.

Næst hefði ég viljað fjalla um menningarsamstarf Norðurlanda. Samstarf Norðurlanda á sviði menningar- og menntamála er sem áður hornsteinn norrænnar samvinnu. Í janúar 1989 voru m.a. staðfestar reglur um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn og hefur hann nú tekið til starfa. Hann verður sjálfseignarstofnun með aðild ráðherranefndarinnar fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðherra og norrænna sjónvarps- og kvikmyndastofnana. Af Íslands hálfu munu Ríkisútvarpið, Stöð 2 og Kvikmyndasjóður Íslands eiga aðild að Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum. Fyrstu fimm árin mun sjóðurinn fá til ráðstöfunar 45 millj. danskra króna árlega en honum er ætlað það hlutverk að styrkja norræna sjónvarps- og kvikmyndagerð.

Mjög fjölþætt starf hefur átt sér stað á sviði skólamála á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. NORDPLUS-verkefnið heldur áfram af fullum krafti en tilgangur þess er að greiða fyrir samskiptum og samstarfi allra æðri menntastofnana á Norðurlöndum. Styrkir til nemenda- og kennaraskipta milli menntastofnana voru alls 700 á árinu og voru veittar samtals 11 millj. danskra krónaí þessu skyni.

Nú hefur verið ákveðið að 1/10 hluti fjárframlags til NORDPLUS-verkefnisins fyrir árið 1990 sem nemur alls 17½ millj. danskra króna renni til samskipta nemenda og kennara á framhaldsskólastigi en það hefur verið kallað NORDPLUS JUNIOR verkefnið. Á sviði rannsókna og æðri menntunar starfar norræna vísindaráðið og hefur það lagt fram tillögur um stefnumörkun fyrir starfsemi sína og þar með áhersluatriði þess í norrænu vísindasamstarfi 1990–1992. Verða þessar tillögur til umræðu og til væntanlegrar staðfestingar á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í næstu viku.

Of langt mál yrði að telja upp hin fjölmörgu önnur verkefni á sviði menningar- og menntamála sem ráðherranefndin hefur afskipti af og tengjast norrænu samstarfi. Hins vegar verður ekki undan því vikist að nefna hugmyndir um niðurskurð á fjárframlögum til ýmissa norrænna stofnana. Með hliðsjón af þeim hugmyndum um breytingu á fjárlagagerð Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar sem miða að því

að gera fjárlagakerfið skilvirkara og veita betri heildaryfirsýn yfir ráðstöfun fjármuna hefur verið ákveðið að hverfa frá þeirri grundvallarviðmiðun að fjárlögin hækki sjálfkrafa milli ára um 3% að raungildi. Framvegis verður einungis tekið mið af vel rökstuddum tillögum um kostnaðarhækkanir og hinum ýmsu fagsviðum gert að raða verkefnum í forgangsröð og endurskoða þau með reglulegu millibili.

Á vegum menningarmálanefndar, embættisnefndar ráðherranefndarinnar fyrir hönd menningar- og menntamálaráðherra, var starfshópi falið að gera tillögur um sparnað og tilsvarandi endurskoðun á ýmsum verkefnum, þar með talinn rekstur ýmissa norrænna stofnana. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til embættismannanefndarinnar þar sem m.a. kom fram sú hugmynd að leggja niður ýmsar norrænar stofnanir. Þetta hefur vakið áhyggjur margra og sætt mikilli gagnrýni en ég vil geta þess að hér er um að ræða tillögur starfshóps sem var settur á laggirnar af embættismannanefndinni sem fjallar um menningar- og menntamál og það ber að líta á þessar tillögur sem slíkar. Þær hafa alls ekki verið samþykktar endanlega né heldur frá því gengið að þær muni ná fram að ganga.

Í tillögum starfshópsins er lagt til m.a. að leggja niður fjórar norrænar stofnanir sem eru Norræna stofnunin fyrir Asíurannsóknir í Kaupmannahöfn, Norræna skipulagsstofnunin Nordplan, Norræna sjóréttarstofnunin í Osló og Norræna stofnunin fyrir þjóðleg fræði í Helsinki. Enn fremur lagði starfshópurinn til að skera niður fjárhagsáætlun nokkurra norrænna verkefna. Í skýrslu sem starfshópurinn skilaði til embættismannanefndarinnar er þetta kallað ostaskurðaraðferðin, þ.e. að tálga utan af fjárlögum með ostaskera. Um eftirfarandi verkefni er að ræða: norræna ráðið fyrir sjávarlíffræði, norræna ráðið fyrir vistfræði, norræna ráðið fyrir haffræði, norræna samstarfsnefndin fyrir læknisvísindi á heimskautssvæðum, norræna samstarfsnefndin fyrir alþjóðastjórnmálafræði, þar með taldar friðar- og átakaathuganir og rannsóknir, norræna samstarfsnefndin fyrir rannsóknir sem tengjast krabbameinsathugunum, norræna samstarfið vegna rannsókna á málefnum Suður-Ameríku og norræna nefndin sem fer með rannsóknir á málefnum Austur-Evrópulanda.

Ég vil taka það fram að það hefur ekki verið tekin nein endanleg ákvörðun um hvernig staði skuli að breyttum forsendum í sambandi við fjárlagagerðina, en þau koma til með að byggja á því, eins og áður gat, að fjárlögin munu eftirleiðis ekki gera ráð fyrir sjálfvirkri hækkun milli ára sem hefur verið 3% að raungildi undanfarin þrjú ár heldur verður byggt á forgangsröðun verkefna og á því að nauðsyn hinna ýmsu verkefna verði endurskoðuð árlega. Það fellur því í verkahring ráðherranefndarinnar, þ.e. menningar- og menntamálaráðherranna, að taka endanlega ákvörðun um hvernig þeir vilja verja þeim fjármunum sem þeim verða ætlaðir á norrænu fjárlögunum og gera forgangsröðun um þau verkefni sem þeir vilja að nái fram að ganga. Við bíðum eftir því að fá niðurstöður menningar- og menntamálaráðherranna og embættismannanefndar þeirra um hvernig þeir hyggjast bregðast við hinum breyttu viðhorfum í fjárlagagerðinni. Það er alls ekki þar með sagt að þessar stofnanir sem hér um ræðir verði lagðar niður né að endilega verði tálgað utan af fjárlögum þeirra verkefna sem ég nefndi. Þetta voru aðeins tillögur starfshóps sem var ætlað að fara yfir og athuga þessi mál en það má allt eins vera að við nánari athugun komist menn að allt annarri niðurstöðu og það verði önnur verkefni sem huganlega verði skorin niður og/eða aukin. Þetta vildi ég segja af því að það hefur verið töluverð umræða um einmitt þetta mál og m.a. voru hér tvær eða þrjár fyrirspurnir út af þessu í Sþ. á fundinum í morgun.

Þá langar mig til að fjalla um önnur samstarfsverkefni en það yrði of langt mál að gera þeim öllum skil hér í framsögu með skýrslunni. Ég læt mér nægja að vísa til skýrslunnar þar sem þau eru flestöll talin upp. Mig langar þó til að taka sérstaklega fyrir tvö verkefni. Það eru Norræni fjárfestingarbankinn og Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn.

Norræni fjárfestingarbankinn hefur starfað í 13 ár og hefur tvímælalaust sannað gildi sitt sem einn árangursríkasti vettvangur norræns samstarfs. Íslendingar hafa notið góðs af útlánum bankans en á árinu 1989 veitti bankinn íslenskum aðilum samtals lán að upphæð 68,7 millj. SDR sem er jafnvirði 5,5 milljarða íslenskra króna. Heildarlán bankans til íslenskra aðila nema í árslok 1989 um 18 milljörðum íslenskra króna.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn var stofnaður 1982. Hann hefur það verkefni með höndum að styrkja norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem gætu leitt til verk- og sölusamninga utan Norðurlandanna. Er fyrst og fremst haft í huga að ná viðskiptasamningum við löndin utan hins vestræna heims, þ.e. þróunarlönd og Austur-Evrópu. Eftirspurn eftir aðstoð frá sjóðnum hefur farið ört vaxandi og má búast við að íslensk fyrirtæki eigi eftir að njóta góðs af starfsemi sjóðsins. Eitt íslenskt fyrirtæki, Virkir-Orkint hefur fengið fyrirgreiðslu hjá Norræna fjárfestingarbankanum sem er móðurstofnun Norræna verkefnaútflutningssjóðsins vegna jarðhitaframkvæmda í Ungverjalandi í samvinnu við þarlenda aðila. Áframhald slíkra verkefna fellur því vel að starfsvettvangi sjóðsins. Nýlega hefur Þorsteinn Ólafsson, efnahagsráðgjafi forsrh., verið ráðinn forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Er hann fyrsti Íslendingurinn sem er ráðinn til forstjórastarfs á vegum ráðherranefndarinnar utan Íslands.

Að lokum langar mig til að fjalla um þær tillögur sem ráðherranefndin mun leggja fram á 38. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í næstu viku. Það er allt of langt mál að gera grein fyrir öllum þeim tillögum í smáatriðum og leyfi ég mér að vísa til skýrslunnar um nánari umfjöllun um tillögurnar, en alls er um að ræða 12 tillögur frá ráðherranefndinni sem eru eftirfarandi:

1. Samningur um gagnkvæma viðurkenningu æðri menntunar.
2. Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála.

3. Víkkun á lánaramma verkefnalána Norræna fjárfestingarbankans.
4. Stefnumörkun Norræna vísindaráðsins.
5. Framkvæmdaáætlun um norrænt tungumálasamstarf 1991–1995.
6. Breyting á reglugerð menningarmálasjóðsins.
7. Samstarfsáætlun um vinnuumhverfi.
8. Framkvæmdaáætlun um sorphirðu og eyðingu úrgangsefna.
9. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar.
10. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun.
11. Samstarfsáætlun um byggðamál.
12. Framkvæmdaáætlun um landbúnaðarmál og skógnytjar.

Að auki hefur ráðherranefndin á fundi sínum í Kaupmannahöfn hinn 31. jan. sl. fjallað um tillögur jafnréttisráðherra Norðurlanda um að halda nýja kvennaráðstefnu, svokallaða Nordisk Forum á árinu 1994 eða 1995. Þessi tillaga hlaut jákvæðar undirtektir ráðherranefndarinnar en ekki vannst tími til að gera hana að formlegri ráðherranefndartillögu fyrir þing Norðurlandaráðs í næstu viku. Hennar mun þó getið í framsöguræðu formanns ráðherranefndarinnar á þinginu.

Þá hafa Svíar komið með tillögu til ráðherranefndarinnar um að halda samnorræna ungmennaráðstefnu með svipuðu sniði og kvennaráðstefnuna. Hefur sú hugmynd hlotið góðar undirtektir hjá samstarfsráðherrunum. Sömu sögu er að segja um tillögu frá Svíum um að koma upp norrænni menningarstofnun, norrænu húsi í Riga, höfuðborg Lettlands.

Virðulegi forseti. Ég hef farið í nokkrum orðum yfir inntak þeirrar skýrslu sem ég legg fram á Alþingi um störf norrænu ráðherranefndarinnar. Eins og gefur að skilja er hér um mjög viðamikið mál að ræða, enda eru verkefnin mörg og ekki hægt að gera þeim nákvæmlega skil í stuttu máli. Að lokum vil ég segja eftirfarandi:

Oft bryddar á því í almennri umræðu um Norðurlandasamstarfið að það sé gagnslítið, það sé fyrst og fremst mikið málæði og miklar ritsmíðar en lítið gagn höfum við af þessu öllu saman. Ég er samt ansi hræddur um að ef í einu vetfangi yrði kippt í burtu öllum þeim ávinningi sem við höfum haft af Norðurlandasamstarfinu og við vöknuðum upp við það á morgun að við nytum í engu þeirra réttinda sem Norðurlandasamstarfið hefur fært okkur, þá mundu margir vakna upp við vondan draum og verða hissa. Sannleikurinn er sá að við tökum mikið af þessum réttindum sem sjálfsögðum hlut, það sem við eigum hreint alveg sjálfgefið í okkar daglega lífi, m.a. það að við getum farið til hinna Norðurlandanna án þess að sýna vegabréf, við getum leitað að vinnu hvar sem er á Norðurlöndunum, notið þar félagslegrar þjónustu, Íslendingar geti sótt um verkefnalán til Norræna fjárfestingarbankans og margt, margt fleira mætti telja upp. Ég held að það þurfi enginn að skammast sín fyrir að mæla fyrir norrænu samstarfi hvað svo sem menn hafa að segja um þau mál og þá gagnrýni sem oft heyrist um að norrænt samstarf sé fyrst og fremst málþing og pappír. Það er rangt að mínum dómi. Norrænt samstarf hefur skilað Íslendingum miklum og góðum hagsmunum sem við njótum í dag.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. hagstofuráðherra fyrir þá skýrslu sem hann hefur mælt fyrir. Ástæðan til að ég tek þátt í þessari umræðu er sú að ég vildi bæta örfáum orðum inn í þá umræðu sem hér hefur verið og eins í framhaldi af fyrirspurnum í morgun um niðurskurð og sparnað í menningarmálageiranum. Ég tók til máls í stuttum athugasemdatíma í morgun um þetta efni en ég vildi bæta við örfáum orðum.

Afstaða mín sem ég hef flutt í menningarmálanefndinni í þessum efnum er sú að ekki sé ástæða til að amast við endurskoðun sem verður til þess að auka sveigjanleika í fjárframlögum til menningarmálageirans, afnema sjálfvirkni sem hefur verið lýst hér. Eigi að síður hef ég lýst ströngum fyrirvörum um fjórar þær stofnanir sem ætlast er til að lagðar verði niður en ekki verið ákvörðun tekin um eins og hér hefur komið fram.

Ég tel grundvallaratriði að það fjármagn sem sparast við þessa endurskoðun og breytingar haldist inni í menningarmálageiranum til að auka þar við verkefni sem mönnum finnst vera aðkallandi á hverjum tíma og ég vil undirstrika þetta alveg sérstaklega í sambandi við umræðuna um þessa skýrslu. Ég tel að samstarf Norðurlandanna hvíli á samstarfi í menningarmálum öðru fremur. Það hefur áreiðanlega verið lík menning og líkur hugsunarháttur sem kom þessu samstarfi af stað upphaflega og það er grundvöllurinn að norrænu samstarfi fremur öllu öðru, samstarf í menningarmálum.

Að öðru leyti hef ég engu við þessa umræðu að bæta en ég vildi koma þessu á framfæri vegna þess að tími var knappur í fyrirspurnatíma fyrr í morgun til að ræða þessi mál. Ég þakka svo aftur þessa skýrslu sem hér hefur verið lögð fram.

Efling löggæslu, fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 181. mál. — Þskj. 204.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um eflingu löggæslu. Flm. eru Guðmundur H. Garðarsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Þorsteinn Pálsson og Salome Þorkelsdóttir. Tillagan hljóðar svo sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að grípa nú þegar til ráðstafana er fela í sér eflingu löggæslu í landinu."

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi var tillaga sama efnis lögð fram en fékkst ekki afgreidd. Því má segja að löggæslumál séu, að mati flm., enn sem fyrr í ófullnægjandi ástandi og þáltill. er því enn á ný lögð fram í þeirri von að Alþingi taki afstöðu með því að löggæsla í landinu verði efld og viðeigandi ráðstafanir gerðar. En því miður hefur það ekki átt sér stað. Ég vildi, virðulegi forseti, áður en ég fjalla frekar um þetta án þess að taka af tíma mínum spyrjast fyrir um hvort hæstv. ... já, dómsmrh. gengur í salinn. En mér var kunnugt um að hann hafði vilja til þess að vera viðstaddur þegar þetta mál væri til umfjöllunar.

Ég var, hæstv. dómsmrh., rétt að byrja að skýra frá efni þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir um eflingu löggæslu og fjalla um efnisatriði í sem stystu máli þar sem ræðutími er takmarkaður. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að hann hefur fimmtán mínútur til að skýra tillögu sína.)

Eins og ég sagði áðan er þetta endurflutningur þáltill. sem flutt var á síðasta þingi en fékkst ekki afgreidd. Það er mat flm. að þrátt fyrir að tillagan hafi komið fram og þrátt fyrir að meiri umræða hefur verið um þessi mál en áður og þrátt fyrir að með uppstokkun þeirrar vinstri stjórnar sem nú er við völd hafi verið skipaður nýr dómsmrh. þá hafi ekki verið gerðar fullnægjandi né viðeigandi ráðstafanir til eflingar löggæslu í landinu. Þess vegna endurflytjum við tillöguna þar sem við teljum að hér sé um mjög brýnt hagsmunamál að ræða sem snerti sérhvern borgara. Það dylst engum að mikilvægi traustrar löggæslu fer stöðugt vaxandi.

Að mati okkar flm. ber að leggja enn meiri áherslu á forvarnarstarf á sviði löggæslumála og m.a. vil ég vekja athygli á því að breytt samskipti þjóða krefjast þessa. Aukið samskiptafrelsi á alþjóðavísu hefur leitt til þess að milljónir manna eru á stöðugum ferli milli landa. Það krefst mikils og stöðugs eftirlits því að lítið þarf út af að bera til að af hljótist mikið slys. Í slíku verndarstarfi gegnir löggæslan mjög mikilvægu hlutverki. Á það við um Ísland sem önnur lönd þar sem fullkomið ferðafrelsi ríkir.

Á síðustu árum hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á Íslandi sem gera aðrar og meiri kröfur til ýmiss konar þjónustu í þágu borgaranna. Meðal þessara krafna er krafa um aukna löggæslu á ýmsum sviðum svo sem vegna umferðarmála, forvarnarstarfs gagnvart aukinni útbreiðslu fíkniefna og vegna alhliða þjónustu í þágu fólksins, auk þess atriðis sem ég gat um í upphafi máls míns. Heilbrigð og öflug löggæsla er einn af hornsteinum lýðræðislegra stjórnarhátta. Þess vegna er mikilvægt að ætíð sé svo vel búið að löggæslunni að hún geti mætt þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Þörfin fyrir aukna vernd borgaranna eykst stöðugt. Í þeim efnum gegnir löggæslan veigamiklu hlutverki. Enn sem fyrr er þó frumskylda löggæslunnar fólgin í því að veita fólki nauðsynlega vernd og öryggi gagnvart misindis- og afbrotamönnum.

Framkvæmd laga og réttar byggist á öruggri og vel uppbyggðri löggæslu. Án þess væri dómsvaldið óvirkt og allt réttarfar í mikilli hættu. Þá hefur hlutdeild löggæslunnar í útfærslu umferðarmála aukist ár frá ári. Sá þáttur hefur vaxið mikið að umfangi og er stöðugt tímafrekari í starfi löggæslumanna.

Á síðustu árum hafa önnur atriði komið til skjalanna sem gera eflingu löggæslu enn brýnni. Illu heilli hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeirri alvarlegu þróun sem fylgir mikilli útbreiðslu og neyslu fíkniefna. Vel skipulagðir, ég vil segja glæpahringir teygja anga sína um allan heim og því miður þar af leiðandi einnig til Íslands. Þessir aðilar hafa mikinn fjölda misindismanna á sínum snærum sem dreifa og selja hættuleg fíkniefni. Ágengni þeirra og ófyrirleitni teflir árlega lífi tuga ef ekki hundraða Íslendinga hérlendis í mikla hættu. Þessum aðilum verða nútímalöggæslumenn að mæta með öllum ráðum.

Starfssvið löggæslu er orðið gífurlega yfirgripsmikið og krefst mikillar árvekni af hálfu þeirra sem bera þar ábyrgð. Þrátt fyrir það hefur ekki verið búið að löggæslunni sem skyldi og alls ekki í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Segja má að flotið sé að feigðarósi í þessum efnum og það er ekki seinna vænna að löggæslumálin verði tekin enn fastari tökum í fullu samræmi við nútímakröfur og aðsteðjandi hættur. Það verður ekki gert nema til komi öflugur stuðningur af hálfu ríkisins og sveitarfélaga en eðli málsins samkvæmt heyra þessi mál undir samfélagið í heild. Hér er því ekki verið að gera tillögu um eflingu ríkisvalds sem slíks heldur þess þáttar er lýtur að nauðsynlegri vernd borgaranna.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og upplýsinga um ófullnægjandi aðbúnað íslensku löggæslunnar er þessi þáltill. flutt. Aðgerðarleysið af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar til eflingar löggæslu setur öryggi borgaranna í mikla hættu og getur veikt framkvæmd laga og réttar í landinu. Við ákveðnar aðstæður gæti lýðræðislegu stjórnarfari einnig verið ógnað ef löggæslan getur ekki veitt borgurunum nægilega vernd og tryggt öryggi þeirra gagnvart afbrotamönnum eða ofbeldisöflum. Að standa gegn eflingu löggæslu jafngildir því að vísvitandi sé verið að grafa undan lýðræðislegu réttarfari og þingræðislegum stjórnarháttum.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, minna á það að á vegum Lögreglufélags Reykjavíkur var árið 1988 gefin út bráðabirgðaskýrsla um stöðu og þróun löggæslumála í Reykjavík. Þessi skýrsla var birt sem fskj. með þáltill. þeirri um eflingu löggæslu sem fyrr er getið, en sú tillaga var lögð fram á 111. löggjafarþingi 1988. Vil ég vísa til þeirrar skýrslu um ástand þessara mála eins og það var þá og hefur því miður ekki batnað neitt sem heitið getur. Þó vil ég taka það fram hér að eftir að nýr dómsmrh. tók við störfum sl. haust er kominn fram annar og ég vil segja betri vilji af hálfu ríkisvaldsins til að sinna þessum málum.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þessi þáltill. fái þinglega meðferð og henni verði að lokinni umræðu vísað til allshn. og að allshn. sjái nú sóma sinn í því að afgreiða tillöguna. Ég tel að það mundi styrkja þann hæstv. ráðherra sem nú fjallar um dómsmál í því starfi

sem ég held að hann hafi vilja til að framkvæma betur en fyrirrennari hans. Þannig að ég vona og treysti því að að lokinni umræðu og eftir að tillagan hefur farið til meðferðar allshn. komi hún aftur hér til afgreiðslu.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. fyrir flutning þessarar þáltill. og þann áhuga sem þeir þar með sýna á þessum mjög svo mikilsverða málaflokki sem hér er um að ræða. Það er alveg rétt að t.d. fjölgun mannafla í lögregluliði hér Reykjavíkursvæðinu á undanförnum árum hefur verið tiltölulega lítil. Ef tillit er tekið til annarrar fjölgunar og aukningar í umfangi þessara verkefna hér á svæðinu er það alveg víst að þetta hefur verið lítil fjölgun. Þar nægir að minna á það að á árunum 1983–1986 fjölgar einungis um fjögur stöðugildi hér á Reykjavíkursvæðinu og raunar um eitt í viðbót árið 1989. Hins vegar verður að halda því til haga að við afgreiðslu fjárlaganna núna fyrir árið 1990 breytti sannarlega um til hins betra í þessu efni. Þá var í fyrsta lagi í fjárlagafrv. lögð til fjölgun um sex stöðugildi, en til viðbótar í meðferð málsins í fjvn. var bætt við tíu stöðugildum og enn tíu stöðugildum eða ársverkum í afleysingastöðum þannig að fjölgun á þessum vettvangi á árinu 1990 verður um 26 stöðugildi miðað við aðeins fimm á árunum 1983–1989. Þarna er vissulega um að ræða verulegt spor í rétta átt og vil ég þó síst undan draga að það er fráleitt nóg að gert því það er meira en mannaflaaukningin ein sem skiptir máli. Það eru ekki síður starfshættirnir sem skipta máli. Og ég vil taka sérstaklega undir það sem kom fram í máli frsm. hér áðan að auðvitað eru það forvarnirnar og samstarf margra aðila á þessum vettvangi sem skiptir meginmáli um það hvernig framvindan verður til bóta á næstu mánuðum og árum. Það eru afbrotavarnir almennt sem eru verkefnið og þar þýðir ekki annað en sækja fram á mörgum sviðum í senn ef árangurs á að vænta.

Ég tel að á Reykjavíkursvæðinu bryddi verulega á nýjum vinnubrögðum sem horfi til heilla. Þar á ég við það samstarf sem þegar hefur tekist með lögreglustjóraembættinu og borgaryfirvöldum hér í Reykjavík. Undirbúningsnefnd hefur undanfarið unnið að því samstarfi. Þetta er mjög víðfeðmt samstarf og kemur í rauninni víða við. Ég er hér fyrir framan mig með skrá yfir þá aðila sem þeir menn sem að þessu hafa unnið á undanförnum mánuðum telja að þyrftu að koma inn í þetta samstarf. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að fá að lesa þessa skrá í fljótheitum. Það sýnir í örfáum orðum hversu umfangið er mikið. Fulltrúarnir sem mynduðu þennan starfshóp töldu að leita ætti til eftirtalinna aðila í þessu samstarfi:

1. Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, þ.e. alls þessa svæðis.
2. Íþrótta- og tómstundaráðs.
3. Æskulýðsráðs.
4. Rauða krossins.
5. Borgarstjórnar.
6. Barnaverndarnefndar.
7. Barnaverndarráðs.
8. Samtakanna Vímulaus æska.
9. Kirkjunnar.
10. Samtakanna Gamli miðbærinn.
11. Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur.
12. Félagssamtakanna Samfok.
13. Slysadeildar.
14. Slökkviliðs Reykjavíkur.
15. Strætisvagna Reykjavíkur.
16. Rannsóknarlögreglu ríkisins.
17. Fangelsismálastofnunar ríkisins.
18. Menntamálaráðuneytisins.
19. Dómsmálaráðuneytisins.
20. Félagsmálaráðuneytisins.

Þetta sýnir hversu gífurlega umfangsmikið samstarf af þessu tagi þarf að vera til þess að árangurs geti verið að vænta.

Ég vil ekki lengja þessa umræðu en aðeins geta þess hér í framhjáhlaupi að af hálfu dómsmrn. er í þessu sambandi verið að undirbúa að koma á svokölluðum degi lögreglunnar sem er hugsaður þannig að einn ákveðinn dag á ári færi fram kynning á störfum, starfsháttum og aðstæðum lögreglunnar um allt land, ekki síst á þéttbýlissvæðum, til að upplýsa almenning betur um það sem fram fer á vegum þessara aðila og hvernig mál horfa. Það leiðir hugann ekki síst að húsnæðismálum lögreglunnar. Ég tel að þar sé fráleitt búið að gera hlutum skil svo að vel sé, eins og raunar hefur komið fram í umræðum hér fyrr í dag, á fyrri fundi sameinaðs Alþingis.

Í lokin langar mig að nefna að fyrirhuguð er á vegum dómsmrn. og yfirstjórnar lögreglumála ráðstefna um fíkniefnamál. Þar geri ég ráð fyrir að verði fjallað sérstaklega um þann vágest sem mestur er á þessum vettvangi hér á landi sem annars staðar í dag.

Aðeins í lokin vil ég geta þess að í undirbúningi er samstarf löggæsluaðila og ýmissa annarra sem hafa annast og ætla að annast mótshald ýmiss konar víða um land á komandi sumri til að undirbúa betur og vera í betri viðbragðsstöðu en verið hefur svo mótshaldið megi fara fram í sem bestu lagi sem kostur er eins og víða er út um land á sumrin.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af flm. þessarar till. til þál. og kann því betur við að láta örfá orð falla af minni hálfu þó að gerð hafi verið rækileg grein fyrir tillögunni af hálfu 1. flm. og einnig hafi komið fram upplýsingar af hálfu hæstv. dómsmrh. Tillaga þessi fjallar með öðrum orðum um að efla löggæslu í landinu og dómsmrh. er samkvæmt henni falið að grípa til ráðstafana sem fela það í sér.

Það er deginum ljósara að hlutverk lögreglu í lýðræðisríki er mjög mikilvægt og ekki sama hvernig á því er haldið. Það er ekki einungis að halda uppi lögum og reglu. Það er einnig að greiða götu manna þar sem það á við. Það atriði gleymist oft, að lögreglumenn eru almenningi til aðstoðar, til leiðbeininga og þar á almenningur að eiga greiðan að-

gang að upplýsingum og aðstoð sem veitt er af fúsum vilja. Þess vegna er menntun löggæslumanna mjög mikilvæg og nauðsynleg. Því ber að fagna að nú hefur verið komið á fót sérstökum lögregluskóla. Að vísu á lögregluskólinn sér langan aðdraganda. En sem betur fer hefur honum verið að vaxa fiskur um hrygg á undanförnum áratugum og er nú orðin merk og mikilvæg stofnun sem lýtur forustu sérstaks skólastjóra.

En hlutverk lögreglu er einnig að stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstran brota sem framin eru og vera dómara til aðstoðar í hvívetna. Þess vegna þurfa lögreglumenn að kunna góð skil á þeirri löggjöf sem lýtur að þeirra starfi og hafa í huga að ábyrgð sú sem fylgir starfi þeirra er mjög rík.

Það er hægt að leggja lögreglumönnum margar lífsreglur ýmist í löngu máli eða fáum orðum. Ég kom einu sinni inn á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Þar voru leiðbeiningar hengdar upp á vegg í þremur setningum. Ég hygg að þær séu mjög lærdómsríkar þó að fram séu settar í fáum orðum og meitluðu máli. En þær hljóða svo í lauslegri þýðingu. Fyrsta regla til löreglumannsins: Hafðu augun opin. Önnur: Hafðu munninn lokaðan. Þriðja: Haltu skildi þínum hreinum.

Þó að þessar reglur láti ekki mikið yfir sér hygg ég að þær séu mjög hollar til leiðbeiningar hverjum sem annast löggæslu. En til þess að rækja hlutverkið og skilja þarf bæði menntun og reynslu.

Það er einkennilegt að þegar menn vilja fara að spara hjá ríki, borg og bæjum virðist mjög snemma koma upp í hug þeirra hvort ekki sé hægt að spara eitthvað í löggæslu. Þetta er þeim mun einkennilegra þar sem við þurfum engu að kosta til landvarna. Við höfum ekki her, erum lausir við herkostnað, látum aðra verja okkur. Landvarnakostnaður okkar er því mjög lítill. Þess vegna hefur mér oft komið í hug hvort við hefðum ekki efni á að gera vel við löggæslu okkar og byggja hana vel upp, bæði til sjós og lands. Ég held að Nordal segi einhvers staðar í sínum miklu og merku skrifum að við séum ekki skyldug til að fara út á vígvöllinn og láta lífið fyrir föðurlandið, en þá megum við heldur ekki gleyma að lifa fyrir það. Við höfum þá fornu reglu við að styðjast að með lögum skuli land byggja. Ég álít því að þeim aurum sé vel varið sem ganga til þess að byggja upp og kosta og mennta góða löggæslumenn í landinu. Heilbrigð og öflug löggæsla er jafnan einn af hornsteinum lýðræðislegra stjórnarhátta. Þessi staðhæfing stendur enn í fullu gildi. Þess vegna ber okkur að athuga þessi mál vel, efla löggæslu okkar, því að á hana þurfum við að teysta og á henni þurfum við að byggja.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir góðar undirtektir við þessari þáltill. sem var flutt á sínum tíma að frumkvæði sjálfstæðismanna með góðum stuðningi Lögreglufélags Reykjavíkur. Hæstv. ráðherra tók mjög jákvætt undir það að þessi tillaga fengi stuðning hans. Því vænti ég þess að hún verði afgreidd út úr allshn. og verði þá liður í því að efla það starf sem máli skiptir í tengslum við löggæsluna á Íslandi.

Það sem vakti athygli mína í ræðu hæstv. dómsmrh. voru tölur um fjölgun í lögreglu á Íslandi á síðustu árum, sérstaklega í sambandi við mannafla í Reykjavík. Hæstv. ráðherra sagði m.a. að á árunum 1983–1989 hefði fjölgun stöðugilda verið fimm á Stór-Reykjavíkursvæðinu á sama tíma sem hér á sér stað mikil fjölgun íbúa, svo ekki sé meira sagt, jafnframt því sem öll umferð gerbreytist á þessum árum svo sem hv. þm. þekkja.

Jafnframt sagði hæstv. dómsmrh., sem okkur hv. þm. er kunnugt um, að stöðugildum hefði fjölgað um sextán, m.a. við meðferð fjárlaga um tíu en áður hefði verið ákveðið að fjölga um sex og einnig mundu koma núna tíu afleysingamenn. Hér er um grundvallarafstöðubreytingu að ræða sem við hljótum að fagna, sérstaklega flm. þessarar tillögu sem og þeir aðilar sem eiga mikilla hagsmuna að gæta sem íbúar Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Það ber að virða og þakka fyrir það sem vel er gert í þessum efnum, en jafnframt vil ég, virðulegi forseti, vekja athygli á því sem hæstv. dómsmrh. sagði um að á Reykjavíkursvæðinu hefðu verið tekin upp ný og betri vinnubrögð og vísaði sérstaklega til aukins samstarfs lögreglustjórans í Reykjavík og borgaryfirvalda. Ég vil undirstrika þetta atriði sérstaklega. Ég tel að þetta samstarf hafi einnig átt mikinn þátt í því að þessi mál fá núna meira og betra brautargengi en áður fyrr. Og ég minni á það að borgarstjóri Reykjavíkur, Davíð Oddsson, tók þetta mál sérstaklega til meðferðar sl. haust og nefndi þá m.a. í ræðu og riti að til greina kæmi að færa lögregluna í Reykjavík aftur inn á framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar. Nú er ég ekki að koma með tillögu um það hér á þessu stigi en ég vek athygli á þessu.

Sem sagt, gott samstarf þeirra aðila sem eiga að fjalla um þessi mál og geta komið við sögu með áhrifamiklum hætti hefur leitt til þess að nú er fjallað um eflingu löggæslu með allt öðrum og mun betri hætti en áður fyrr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umræðu með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Nýtt álver, beiðni um skýrslu.

Beiðni FrS o.fl. um skýrslu, 372. mál. — Þskj. 636.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþykkt með 33 shlj. atkv.

Öryggi í óbyggðaferðum, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 327. mál. — Þskj. 571, n. 637.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Allshn. Sþ. varð sammála um að samþykkja þessa till. til þál. sem ályktun Alþingis, ekki síst í ljósi þess að nú þegar liggur fyrir að samgrh. og dómsmrh. ætla að skipa nefnd í þetta mál. Nefndin er sammála um að þál. eigi erindi sem gagn í þá vinnu sem fram þarf að fara.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn allshn. nema hv. þm. Ingi Björn Albertsson sem var fjarverandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JE, JHelg, JSS, SLB, MF, MálmS, ÓE, ÓÞG, RG, SalÞ, SV, JGS, ÞÞ, AS, AÓB, ÁrnG, BÍG, DS, EgJ, EKJ, FÞ, GHG, GGÞ, GuðnÁ, GA, GHelg.

JónS, ÓÞÞ, SkA, ÞP, ÞK, ÁHE, GHH greiddu ekki atkvæði.

30 þm. (HG, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JúlS, KSG, KP, KrP, MB, MÁM, PP, PJ, RA, RH, SighB, StG, StH, SJS, SvG, AðB, EH, EG, FrS, GeirG, GuðmÁ, GB, HÁ, HBl) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, ÁrnG, ÁHE, BÍG, DS, EgJ, EG, EKJ, FÞ, GHH, GHG, GGÞ, GuðnÁ, JE, JHelg, JónS, JSS, JúlS, KP, KrP, SLB, MF, MálmS, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SV, StH, SJS, JGS, ÞP, ÞK, ÞÞ, AS, GHelg.

ÓÞÞ, SkA greiddu ekki atkvæði.

25 þm. (EH, FrS, GeirG, GuðmÁ, GB, GA, HÁ, HBl, HG, HJ, IBA, JóhS, JBH, JK, KSG, MB, MÁM, ÓÞG, PP, RA, RH, SighB, StG, SvG, AðB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 654).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo hefur samist milli forseta þingins að vegna þeirra anna sem nú eru í deildum þingsins og vegna yfirvofandi þings Norðurlandaráðs verði fundi í Sþ. nú slitið og fundur hefjist í hv. Ed.

EFRI DEILD

53. fundur, fimmtudaginn 22. febr., að loknum fundum í Sþ.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 646 (sbr. 631).

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bara lýsa yfir undrun minni. Ég hélt að annað mál væri fyrst á dagskrá en að sjálfsögðu mun ég hlíta úrskurði forseta og gera ekki frekari athugasemdir.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni yfir því að við endurskoðun skuli forseti hafa komist að þeirri niðurstöðu að ráðstafanir vegna kjarasamninga væru meira virði en umhverfisráðuneytið. Ég er yfirleitt andvígur því að málaröð sé breytt og vil að fyrsta mál sé tekið fyrir fyrst, en undir þessum kringumstæðum hlýt ég að lýsa ánægju minni yfir því að hæstv. forseti skuli brjóta prinsippið. Það er eins og segir í gamalli þingvísu:

> Allt var gott er gerði drottinn forðum.
> Prinsipp þetta þó hann braut
> þegar hann bjó til Pétur Gaut.

Ég verð að segja það að mér finnst rétt að brjóta prinsippið undir þessum kringumstæðum.

Karvel Pálmason *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg ósammála þeim hv. ræðumönnum sem hér hafa talað. Ég tel að það mál sem hér sé brýnast að ræða á þessum fundi og skipti kannski mestu í framtíðinni sé stjórnun fiskveiða og það mál eigi að ganga fyrir. Og ég óska eindregið eftir því að hæstv. forseti láti það mál hafa forgang. Ég er ekki að biðja um það að umræður verði dregnar á langinn. Ég held að nauðsynlegt sé að koma málinu til nefndar áður en næsta vika kemur í ljós. (**Gripið fram í:** Allt rétt.) Já, og þess vegna sé mjög nauðsynlegt að það mál njóti forgangs hér í umræðunni í þessum efnum. Hitt er hjóm í ljósi þess máls að mínu viti og ég óska eindregið eftir því að það mál verði tekið fyrst til umræðu. Hitt getur síðan komið á eftir ef menn svo vilja.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vonast til þess að geta orðið við beiðni hv. 3. þm. Vestf. og komið öðru dagskrármálinu til nefndar á þessum fundi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta er flutt til þess að efna þau fyrirheit sem ríkisstjórnin hefur gefið í tengslum við kjarasamninga og þurfa lagabreytinga við. Þessi fyr-

irheit hef ég öll rakið í umræðu í Sþ. skömmu eftir að kjarasamningarnir voru gerðir og skal ég hlaupa hratt yfir sögu, enda eru í þessu fáein atriði sem má segja að séu utan þeirra fyrirheita og ganga aðeins lengra.

Í sambandi við 1., 2. og 3. gr. er það að segja að þeim er ætlað að tryggja að ellilífeyrisþegar fái hlutdeild í orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh., dags. 2. febr. 1990.

Fjórða gr. fjallar um ráðningu starfsmanna ríkisins og er reyndar eftirstöðvar af samningi BSRB og ríkisins frá því í fyrra. Þá var því heitið að skoða mjög vandlega hvernig leidd yrði til lykta deila um réttindi og skyldur og ráðningu mikils fjölda manna sem eru lausráðnir hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum. Um það hefur náðst samkomulag og er með þessari grein kveðið á um það hverjir eiga rétt til fastrar ráðningar eftir ákveðinn reynslutíma og eftir að hafa starfað í ár hjá Stjórnarráðinu og sömuleiðis að þeir njóti þá þeirra fríðinda sem ríkisstarfsmenn njóta og þarna er jafnframt greint á milli manna sem eru lausráðnir til sumarleyfa. Þeir njóta að sjálfsögðu ekki sömu fríðinda.

Þriðji kaflinn, þ.e. 5. og 6. gr., fjallar um tekjustofna sveitarfélaga og varðar álagningu fasteignaskatts á útihús í sveitum. Í samkomulagi við bændur var því heitið af hálfu ríkisstjórnarinnar að álagningarstofn útihúsa í sveitum yrði færður til fyrra horfs en um áramótin síðustu hafði verið ákveðið að hækka allan grundvöll fasteignamats á landsbyggðinni með ákveðnum margföldunarstuðli þannig að hann yrði sambærilegur við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefði valdið mjög mikilli hækkun á fasteignagjöldum af útihúsum og varð samkomulag um að þar yrði gjaldið lagt á á gamla mátann. Það skal tekið fram að um þetta var haft samráð við samtök sveitarfélaga. Sjötta gr. heimilar hins vegar að fella niður fasteignagjald af útihúsum sem er ekki í notkun eða mjög lítilli notkun en mikið er um slíkt nú eftir að samdráttur hefur orðið mikill í landbúnaði.

Sjöunda gr. fjallar um heimild til þess að fella niður framreikning á grundvelli landbúnaðarvöruverðs á verði til framleiðenda, en í gildandi lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru er gert ráð fyrir að grundvöllurinn sé ákveðinn til tveggja ára í senn og síðan framreiknaður og það gerist sjálfkrafa. Bændur gerðu hins vegar samkomulag um að engin hækkun yrði 1. mars og 1. júní. Hins vegar kemur útreikningur grundvallarins 1. sept. til framkvæmda í samræmi við samkomulag Stéttarsambands bænda. Þá er útreikningurinn endurnýjaður. Þessari grein var breytt í meðferð félmn. Nd. Í greininni segir að heimilt sé „að fresta" en í breytingunni er kveðið á um að þessi útreikningur skuli felldur niður og var það gert með samkomulagi við fulltrúa bænda.

Fimmti kafli fjallar um hækkun á frítekjumarki svonefndu og er hér í raun gefin heimild til að hafa það misjafnt eftir því hvernig teknanna er aflað. Reyndar er það misjafnt í dag því að tekjur sem aflað er af sparifé eru ekki dregnar frá, koma ekki til frádráttar í greiðslu lífeyrissjóðs, og það var á þeim grundvelli sem aðilar vinnumarkaðarins fóru fram á að frítekjumark, þegar um lífeyrisgreiðslur er að ræða, skyldi hækkað. Samþykkt var að það skuli hækkað 1. júlí í 19.200 kr. og 1. jan. í 21 þús. kr. Það skal hins vegar tekið fram að allt þetta mál er í raun og veru nauðsynlegt að skoða frá grunni og hefur ríkisstjórnin gefið þá yfirlýsingu að hún muni halda áfram athugun á samræmdri skattlagningu allra slíkra tekna, þar með talið sparifjár svo að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða þar til slík samræming hefur farið fram.

Þá fjallar næsti kafli, VI. kafli, um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til þeirra sem atvinnulausir eru í fjóra mánuði eða lengur á 12 mánaða tímabili. Þeir skuli fá viðbótargreiðslu í samræmi við þær láglaunabætur sem samið var um í samningunum. Þar er um að ræða helminginn af greiddum launum og 60 þús. krónum og gætu orðið í þessu tilfelli um það bil 8–9 þús. kr. á hvern mann því að greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði munu nú vera rúmlega 40 þús. kr. Þetta eru greiðslur sem inntar eru af hendi úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hér er eingöngu um að ræða heimild fyrir stjórn sjóðsins að ákveða slíkar greiðslur. Það er dálítið erfitt að áætla hvað þetta getur orðið mikil upphæð. Þó má geta þess að á síðasta ári voru 300 manns taldir atvinnulausir í fjóra mánuði eða lengur. Nú virðist heldur vera að draga úr atvinnuleysi en á þessum grundvelli má ætla að þetta gæti orðið á bilinu 6–8 millj. kr. ef atvinnuleysi helst svipað.

Sjöundi kafli frv. er langviðamestur og fjallar um breytingu á lögum um ríkisábyrgð á launum. Samkomulag varð um það í fyrra við aðila vinnumarkaðarins að endurskoða þau lög frá grunni því að með mjög auknum gjaldþrotum hafa greiðslur úr ríkissjóði margfaldast eins og kemur fram í töflu sem fylgir hér í athugasemdum og menn voru sammála um að ýmis ákvæði þyrfti að endurskoða eins og t.d. hámarksgreiðslu o.s.frv. Að því hefur unnið nefnd sem í eru fulltrúar bæði ASÍ og VSÍ og hafði unnið málið nokkuð til lykta en ágreiningur var um nokkur atriði, fyrst og fremst þann vilja ríkisvaldsins að greiða ekki það sem gjaldfallið er til lífeyrissjóða, fella það út úr greiðsluskyldunni. Um það var ekki samkomulag og hefur verið fallist á að halda lífeyrissjóðunum inni í greiðsluskyldunni þó með þeirri kvöð að þeir skuli hafa gert tilraun til innheimtu enda kunnugt um hvert stefndi með gjaldþrotið. Hins vegar var samkomulag um það að takmarka hámarksgreiðslu við þreföld lágmarkslaun samkvæmt greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Að öðru leyti eru í frv. ýmsar lagfæringar sem fullt samkomulag er um við aðila vinnumarkaðarins og ég held að það sé ekki raunhæft að fara um það öðrum orðum en að þar er um lagfæringar að ræða sem ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í. Það eru rakin hér nokkur atriði á bls. 6 og náðist um þau öll samkomulag.

Eins og ég sagði áðan er hér um að ræða fram-

kvæmd á fyrirheitum ríkisstjórnarinnar og mjög æskilegt er að þetta mál komist í gegn sem fyrst. Fyrst og fremst er það 7. gr., sem fjallar um framreikning á grundvelli búvöru, sem er mjög aðkallandi því að slíkur framreikningur getur annars ekki komið til framkvæmda 1. mars nk. Að vísu skal tekið fram að það liggur ekkert fyrir núna hvort einhver hækkun yrði þá en til þrautavara hygg ég að sé nú skynsamlegast að hafa lögfest þetta ákvæði fyrir þann tíma og þá þar með önnur ákvæði þannig að ljóst liggi fyrir að við þau fyrirheit verður staðið sem gefin voru og krefjast aðgerða löggjafans. Þetta mál fékk mjög skjóta meðferð í Nd. og er von mín að svo geti orðið hér einnig.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið til ítarlegrar umfjöllunar í hv. Nd. þannig að það er kannski ekki ástæða til að lengja mjög umræður um það hér í hv. Ed. Þó eru nokkur atriði í þessu frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga sem ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á jafnframt því sem ég vil fjalla um nokkur önnur atriði.

Það sem vekur athygli við lestur þessa frv. er í fyrsta lagi að aðild ríkisstjórnarinnar að þessum kjarasamningum er með þeim hætti að margt er þar óljóst. Þar eru gefin ákveðin fyrirheit um það hvernig ríkisstjórnin hyggist standa að þessum málum. Jafnframt hefur ríkisstjórnin gert ákveðnar skuldbindingar við gerð samninganna eins og birtist hér í frv., undirgengist ákveðnar skuldbindingar, sem ég vildi gjarnan fá betur upplýst um hvað í felst þar sem ég tel að það komi ekki nægilega skýrt fram og ég er ekki viss um að aðilar vinnumarkaðarins hafi allir gert sér grein fyrir því hvernig sum þessara ákvæða muni verða í framkvæmd. Alla vega vildi ég fá það upplýst hjá hæstv. forsrh. hvort hann telji að t.d. fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafi gert sér það ljóst, þegar þeir voru að ganga frá samningunum, að þegar verið var að ganga frá ákveðnu samkomulagi í sambandi við breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins — ég er ekki viss um það að fulltrúar Alþýðusambandsins hafi gert sér grein fyrir því — að 1.–3. gr. frv. feli það í sér að bilið breikki á milli lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna annars vegar og þeirra sem taka lífeyri úr lífeyrissjóðum hins almenna vinnumarkaðar hins vegar.

Ég vil skýra þetta nokkuð nánar, virðulegi forseti. Eins og segir í frv. er gert ráð fyrir, skv. 2. gr., með leyfi forseta, að launagreiðendur greiði „6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga". Þetta er sú prósenta sem ríkið borgar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og í henni felst ákveðin skuldbinding um það að nú skuli tryggja að ellilífeyrisþegar fái hlutdeild í orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi BSRB og fjmrh., enda verði greidd iðgjöld af orlofsuppbótinni á sama hátt og af dagvinnulaunum og persónuuppbót. Þetta er, virðulegi forseti, nýmæli í sambandi við lífeyrisgreiðslur. Ég sé ekki að í samningum verkalýðshreyfingarinnar við Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið séu hliðstæð ákvæði eða hliðstæð trygging fyrir ellilífeyrisþega sem taka lífeyri úr lífeyrissjóðum hins almenna vinnumarkaðar eins og ég benti á hér áðan. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forsrh. að því hvað þetta þýði mikla hækkun í lífeyrisgreiðslum til opinberra starfsmanna vegna þess að þessi ákvæði, þessi lög, virðast vera afturvirk hvað varðar ellilífeyrisþega. Hvað er um háar upphæðir að ræða miðað við núverandi skuldbindingar ríkissjóðs og hvað hækkar raunverulega ellilífeyrir til einstakra lífeyrisþega í það heila tekið, þ.e. hjá þeim sem taka ellilífeyri frá hinu opinbera?

Þetta mun breikka bilið á milli lífeyrisþeganna. Það er nú vart á bætandi og þótt ríkisstjórnin gefi fyrirheit um það að leggja hér fram frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða felst ekkert í því fyrirheiti gagnvart hinum almenna verkamanni og verkakonu eða launamanni úti á hinum almenna vinnumarkaði, ekki neitt fyrirheit um það að þótt frv. verði lagt fram tryggi það betur stöðu lífeyrisþega sem taka lífeyri úr hinum almennu sjóðum nema síður sé. Ég vildi því gjarnan heyra hvað hæstv. forsrh. hefur um þetta að segja, að þarna er verið að tryggja enn betur stöðu þeirra sem taka lífeyri úr lífeyrissjóði hins opinbera.

Síðan er það annað atriði í þessum samningum í sambandi við lífeyrismál þar sem ég er að tala um þau núna. Þar segir að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða verði lagt fram á vorþingi og milliþinganefnd skipuð til að fjalla um málið í sumar. Gert er ráð fyrir afgreiðslu frv. um lífeyrissjóði á næsta þingi.

Ég vildi þess vegna að gefnu tilefni spyrja hæstv. forsrh. hvort hæstv. ríkisstjórn sé búin að skuldbinda sig með óbeinum hætti að standa að því frv., sem vísað er til, óbreyttu eða hvort það sé tilgangur þessarar yfirlýsingar að hæstv. ríkisstjórn ætli að tryggja öðrum lífeyrisþegum en opinberum starfsmönnum sambærileg kjör og opinberir starfsmenn hafa. Við vitum það sem hér erum inni og höfum fjallað um þessi mál að það er mikið bil þarna á milli. Ég hlýt að leggja áherslu á það að í slíkri yfirlýsingu felist það að lífeyriskjör hins almenna launamanns, þ.e. þeirra sem taka lífeyri frá hinum almennu sjóðum, batni til muna og hæstv. ríkisstjórn sé þess vegna að vinna að því, m.a. með því að undirrita yfirlýsingu sem þessa í bréfi til Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins að það sé tilgangurinn. Annars er þetta bara orðaleikur eða, ég vil ekki segja blekkingar, heldur er verið að gefa til kynna hluti sem menn hafa svo ekki hugsað sér að standa við. Ég legg sem sagt, virðulegi forseti, áherslu á það og þann skilning að með þessu eigi að bæta verulega lífseyriskjör hins almenna launamanns.

Þá vildi ég gjarnan, virðulegi forseti, fá betur upplýst hjá hæstv. forsrh. í hverju hinar félagslegu hugmyndir eru fólgnar í sambandi við húsnæðiskerf-

ið. Í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins, sem er dags. 1. febr., segir svo, með leyfi forseta:

„Nefnd félmrh. sem fjallar um félagslega húsnæðiskerfið mun skila niðurstöðum á næstu dögum. Nefndin mun leggja fram tillögur um endurbætta tilhögun lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga og ráðstafanir og leiðir til að auka framboð leiguhúsnæðis. Með hliðsjón af þeim áformum um félagslegt húsnæði sem kynnt hafa verið lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna til að kanna hvaða leiðir til úrbóta eru færar þannig að félagslega húsnæðiskerfið geti leyst úr brýnustu þörf."

Ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hæstv. forsrh. hvort þessar tillögur liggja fyrir og hvort hann geti kynnt þær hér, svona í meginatriðum.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja að öðru atriði sem er auðvitað grundvallaratriðið í þessu máli en það er yfirlýstur tilgangur þessara samninga, bæði af hálfu aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar, að samningarnir feli það í sér að launakjör skuli vera með samræmdum hætti, bæði á grundvelli þess samnings sem hér er verið að fjalla um og þeirra ráðstafana sem tengdar eru samningnum þannig að aðrir aðilar fari ekki út fyrir þann ramma sem hér er starfað samkvæmt. Ég vildi þess vegna, virðulegi forseti, gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. forsrh. hvort hann geti skýrt okkur frá því hvað líði ákvörðun um fiskverð. Það hefur nú dregist of lengi að ákveða fiskverð. Raunverulega hefði átt að vera búið að ákveða fiskverð 1. febr., en það hefur nú dregist úr hömlu eins og þingmenn vita. Í sambandi við ákvörðun fiskverðs og stöðu útgerðar og fiskvinnslu almennt er mjög veigamikið mál enn þá óútkljáð sem lýtur að aflamiðlun, en eins og hv. þm. vita er það meginatriði að komið verði á fót aflamiðlun til þess að stýra útflutningi á óunnum fiski með þeim hætti að aðeins fari úr landi sá fiskur sem segja má að fari beint á borð neytenda en ekki verði fluttur út fiskur sem fari í vinnslu í erlendum höfnum. Þetta mál er ekki enn komið í höfn, aflamiðlunin, þ.e. það er ekki búið að ganga frá því sem skyldi að aflamiðlun komist til framkvæmda með þeim hætti að atvinnuástand verði tryggt betur en nú er og ekki heldur tryggt að ekki sé fluttur út fiskur sem síðan keppi við okkur á erlendum mörkuðum.

Þá er það einnig mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við alla aflamiðlun að upplýsingar um ásetning manna í sambandi við útflutning liggi fyrir þannig að þau skipti geti átt sér stað á fiski á milli útflytjenda og framleiðenda sem hámarka þann hagnað sem við þurfum að hafa af fiskframleiðslu og útgerð. Ég vildi þess vegna óska eftir því að hæstv. forsrh. upplýsti okkur um það hvernig þetta mál stendur nú. Eins og þingmenn vita hafði náðst samkomulag á milli aðila í útgerð og fiskvinnslu, þar á ég við útgerðarmenn, fiskframleiðendur og sjómenn, um tilhögun þessara mála, en það mun stranda á hæstv. utanrrh. að þetta komist til framkvæmda. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. forsrh. skýri frá því hér í þessari umræðu hvernig þetta mál stendur og einnig með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst stuðla að því að fiskverð verði ákveðið.

Þá vildi ég einnig, virðulegi forseti, fá það upplýst hvort hæstv. ríkisstjórn ætli virkilega að láta stranda á einhverjum ágreiningi á milli einstakra ráðherra um það hvernig framkvæmd þessara mála verður háttað og einnig hlýt ég að óska eftir því að fá upplýsingar um það hvort hæstv. forsrh. ætli ekki að leysa þá deilu sem upp mun vera komin um skipan þeirrar nefndar sem á að fjalla um þetta mál.

Varðandi frítekjumarkið sem hæstv. forsrh. fjallaði hér um áðan verð ég að segja það sem mína skoðun að mér finnst það vera of lágt. Frítekjumarkið hefði þurft að vera mun hærra og það hefði þurft að tryggja það að sú skattlagning sem á sér stað á lífeyrisþegum væri raunverulega þurrkuð út. Það hefur ekki gerst í þessum samningum, því miður. Hins vegar lofar ríkisstjórnin að hún muni halda áfram athugun á samræmingu skattlagningar og frítekjumarks allra tekna gagnvart tekjutryggingu almannatrygginga. Þetta er almennt fyrirheit en eftir sem áður munu margir lífeyrisþegar því miður þurfa að greiða skatta af sínum lágu lífeyristekjum og er um tvísköttun að ræða í mörgum tilvikum.

Eitt er það atriði í sambandi við þetta samkomulag allt sem mér finnst að menn þurfi að huga að sem er dálítið óvanalegt og öðruvísi en menn hafa átt að venjast. — Ég skil það að formaður og varaformaður Framsfl. þurfi að ræða saman (**Forsrh.:** Forsrh. og sjútvrh.) Já, ég leit nú fyrst og fremst á samflokksmenn en auðvitað átti ég að segja hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Það er nú ekki svo oft sem maður sér þá sitja saman hér í þingsölum. (**Gripið fram í:** Það er sjaldgæft.) Maður á helst ekki að vera að trufla þá í þeirra viðræðum. Ég skil það vel að þegar verið er að tala um aflamiðlun þurfi þeir að bera saman bækur sínar og þetta er ekki einfalt mál. Það hafa örugglega farið fram miklar bréfaskriftir á milli málsaðila og hæstv. forsrh. um aflamiðlun og nú mun formaður Verkamannasambandsins, Guðmundur J. Guðmundsson, einnig hafa blandast í leikinn og hefur sínar skoðanir á því hvernig þetta eigi að gerast, en það mun nú ekki breyta því að aðilar atvinnulífsins munu geta komið sér saman um að starfa saman í fimm manna nefnd.

Spursmálið er bara það hvort pólitíkusarnir í ríkisstjórninni, hæstv. utanrrh., geti sætt sig við það að þessi mál verði flutt í sjútvrn. sem er auðvitað eðlilegra þar sem hér er um útflutning á vöru að ræða sem eru sjávarvörur. (Gripið fram í.) Þetta snýst ekki um völd, hv. þm. Þetta snýst um það hvaða tilhögun gæti verið best og æskilegust í sambandi við framkvæmd þessara mála. (**KSG:** Viðskiptamál.) Ja, viðskiptamál, það fer eftir því hvernig á það er litið. Við skulum snúa okkur að því ef það eru viðskiptamál, og það er verið að tala um völd. Fyrst hv. þm. Karl Steinar, varaformaður Verkamannasambandsins, fór að grípa hér fram í vildi ég óska eftir því að hv. þm. tæki þátt í með mér, ég skal semja tillöguna, till. til þál. um það að hæstv. utanrrh. birti skýrslu um þau

útflutningsleyfi sem hafa verið veitt á vegum utanrrn. sl. tvö ár. (Gripið fram í.) Það hefur verið reynt að fá slíka skýrslu. Því miður hefur hún ekki fengist en það væri mjög æskilegt að fá að sjá það hvernig hæstv. utanrrh. eða starfsmenn utanrrn. hafi metið það hvernig eigi að haga útflutningsmálum þjóðarinnar. Það væri mjög þýðingarmikið að fá að sjá hvernig þeir meta það hverjir eigi að fjalla um ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Karvel Pálmason vill vera meðflm. þessarar tillögu. (**KP:** *Vitanlega.*) *Ég þakka honum fyrir það.* Ekki er það lakara. Það er þess vegna ekki alveg sama hverjir fjalla um þetta. Við sem erum í tengslum við sjávarútveginn höfum átt ágætt samstarf við hæstv. sjútvrh. Hins vegar hefur það verið dálítið flóknara og erfiðara í sambandi við hæstv. utanrrh. En eins og ég sagði áðan munu þeir aðilar sem eru starfandi í atvinnugreininni ekki láta stranda á því hvernig nefndarskipun verður. Hins vegar gerum við kröfu til þess að hæstv. ráðherrar komi sér saman um það þannig að hægt sé að koma aflamiðlun á fót og það sem fyrst. Þetta er hagsmunamál verkafólks. Það er hagsmunamál þeirra sem starfa í frystihúsunum að þetta sé ekki dregið og að það sé ekki verið að flytja hér út ferskan fisk sem fer beint í fiskvinnslustöðvar í Grimsby og Bremerhaven og keppir svo við íslenskan fisk á mörkuðum Vestur-Evrópu.

Þá er það eitt atriði til viðbótar sem ég vildi gjarnan fá að fjalla um. Ég segi það, virðulegi forseti, að ég held að hæstv. forsrh. ætti að hætta að halda fundi ... (**Forsrh.:** Ég heyri vel í þér. Ég heyri nógu vel í þér.) Það er ég ekki viss um. Ég er ekki viss um að hæstv. forsrh. heyri nægilega vel það sem ég ... (**Forsrh.:** Ég má ekki við meiru.) (Gripið fram í.) Já, ég skil það vel, en vera með hæstv. fjmrh. við vinstra eyrað — það er svo mikið álag að ég vil forða hæstv. forsrh. undan því. (**Forsrh.:** Það gæti verið ágætt ...) Já, einhvern tíma var sagt um íhaldið og kommana að þeir gætu nálgast hverjir aðra, en nú er bara hæstv. fjmrh. búinn að afneita kommúnismanum (**Forsrh.:** Nú er hann farinn svo að þér er óhætt að halda áfram.) þannig að ég er ekki viss um að jafnvægið verði með *sama hætti og áður.* (**HBl:** Markaðshyggjukommúnisti.) Já, það er hæstv. fjmrh. Hann er sósíalmarkaðshyggjukommúnisti. (**KP:** Hver?) Hæstv. fjmrh. Hann sagði hér í ræðu ... (**KP:** Ólafur Ragnar?) Er hann ekki enn þá fjmrh.? Jú.

En það er þetta atriði í bréfi forsrh. sem mér finnst vera mjög sérkennilegt svo að ekki sé meira sagt. Ég vil taka það fram áður en ég vík að þessu atriði að ég er þess mjög fýsandi að gott samstarf sé á milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisstjórna hins vegar. En ég er ekki alveg viss um það að ég sé sammála því, þótt ég hafi hér áður fyrr verið virkur þátttakandi í forustu verkalýðshreyfingarinnar, að æskilegt sé að gera það með þeim hætti sem kemur fram í bréfi forsrh. 1. febr. með tilliti til þeirrar skyldu sem hið háa Alþingi hefur og ríkisstjórnin varðandi stjórn landsins. Ég er ekki viss um að það sé rétt gagnvart lýðræðinu og þingræðinu í landinu að njörva niður með þeim hætti sem hér birtist í þessu bréfi samkomulag á milli ákveðinna hagsmunaaðila því að við skulum ekki gleyma því að þó að Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið og Alþýðusambandið og verkalýðshreyfingin séu fjölmennar og sterkar fjöldahreyfingar á Íslandi, þá eiga þær raunverulega ekki að stjórna landinu þótt mikilvægt sé að samningar náist á milli þessara aðila og friður haldist á vinnumarkaðnum. En í bréfi hæstv. forsrh. til þessara aðila segir m.a., með leyfi forseta:

„Til þess að greiða fyrir að sameiginleg markmið náist mun ríkisstjórnin fela sérstakri nefnd embættismanna að eiga reglulega fundi minnst einu sinni í mánuði með launanefnd ASÍ og VSÍ og VMS. Á fundunum skal farið yfir þróun helstu hagstærða, peningamála og ríkisfjármála og munu aðilar í sameiningu leita leiða til að ná fram því jafnvægi sem nauðsynlegt er til að markmið kjarasamninganna náist."

Ég hefði nú haldið að það væri hlutverk og skylda stjórnvalda, og þá sérstaklega ríkisstjórna á hverjum tíma, að annast þetta verkefni. En í þessu finnst mér felast ákveðið framsal á skyldum og hlutverki Alþingis og ríkisstjórnar, í vissum skilningi. Við skulum vona að þessir aðilar kunni að fara með þetta umboð sitt sem felst í þessu sem fram kemur í bréfi hæstv. forsrh. til þeirra, en mér finnst vera nokkuð langt gengið þegar ákveðnir hagsmunaaðilar, þó svo að ég virði stöðu þeirra og rétt í íslensku þjóðfélagi, í samræmi við stöðu þeirra, eiga að fá, ég vil segja þessi ákveðnu forréttindi til að fjalla um þessi veigamiklu mál með þeim hætti sem birtist þarna í bréfinu. Ég neita því ekki. Ég vildi gjarnan fá nánari skýringu hæstv. forsrh. á því hvernig hann hugsar sér að framkvæma þetta og hvert verður þá hlutverk t.d. *Alþingis í sambandi við afskipti af þessum málum.* Verður ríkisstjórnin í samráði við þessa aðila búin að koma sér saman um það hvernig þessu skuli hagað þannig að Alþingi komi eftir á, eftir að sá meiri hluti sem stendur að baki núv. ríkisstjórn og þessir aðilar koma sér saman um það? Er ekki hæstv. forsrh. búinn að ganga nokku langt í framsali á ákveðnu *frumkvæði?*

Ég mun ekki, virðulegi forseti, orðlengja þetta frekar, en ég legg áherslu á að fá það upplýst hér á eftir hvort það fyrirheit sem ríkisstjórnin hefur gefið í sambandi við aflamiðlun fari ekki að koma til framkvæmda. Ég treysti því að hæstv. forsrh. skýri betur það sem ég legg áherslu á að fá fram, hvað felst í fyrstu greinum þessa frv. varðandi ellilífeyrisgreiðslur til opinberra starfsmanna og hvernig það snýr að hinum almenna lífeyrisþega sem tekur lífeyrisgreiðslur úr almennum sjóði.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því við 1. umr. frv. í þessari hv. deild að geta þess að ég tel það virðingarverðan áhuga sem hæstv. ríkisstjórn sýnir með því að vilja afgreiða þetta mál eins fljótt og auðið er í kjölfar kjarasamninga. Það hefur fremur heyrt til *undantekninga að svo fljótt sé brugðist við og sannast*

sagna algengast að bókanir, yfirlýsingar og ýmis loforð hafi verið svikin jafnóðum. Launþegar hafa í gegnum tíðina sýnt einstaka þolinmæði og langlundargeð gagnvart stjórnvöldum en það er auðvitað ljóst engu að síður að þeir eru orðnir langþreyttir á að reyna að draga fram lífið á loforðasúpum sem hinar ýmsu ríkisstjórnir hafa stöðugt verið að reyna að drýgja með því að sjóða lengur og þynna. Hér er gerð bragarbót á og tel ég það svo sannarlega vera til fyrirmyndar og vona að það boði betri tíma í samskiptum opinberra aðila við launþega.

Flest af því sem fram kemur í frv. og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir áðan er til bóta fyrir launþega. Ýmist er um að ræða réttarbætur eða kjarabætur. Sumt veldur ríkissjóði auknum útgjöldum en einnig eru ákvæði sem ættu að geta verið til þess fallin undir einhverjum kringumstæðum að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Í 1. gr. frv. er að finna þá breytingu sem e.t.v. skiptir mestu máli fyrir launþega og varðar Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þar er kveðið á um að launþegum og launagreiðendum verði gert skylt að greiða iðgjöld af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót og eins og fram hefur komið er þetta að nokkru leyti gert til að stuðla að því m.a. að eftirlaunafólk fái umsamdar kjarabætur á eftirlaun sín. Hins vegar hlýtur þessi breyting að vekja upp spurningu um hvernig stendur á því að yfirvinna stendur ætíð utan við samninga. Hvers vegna eru iðgjöld ekki greidd af yfirvinnu á sama hátt og dagvinnu? Á síðari árum hefur tilhneigingin orðið sú að launafólk sækir æ stærri hluta tekna sinna með yfirvinnu. Um leið vex auðvitað þörfin fyrir að fólk geti áunnið sér réttindi vegna þeirrar yfirvinnu. Það er nú svo að síaukin áhersla á yfirvinnu launafólks vekur vissulega upp þær grunsemdir að hún sé jafnvel ódýrari fyrir launagreiðendur þegar öllu er á botninn hvolft. Eins og ástandið er á vinnumarkaðinum núna á fólk ekki jafnmikla möguleika á yfirvinnu og oft áður. Þó er alltaf töluvert um hana í ýmsum atvinnugreinum, oft tímabundið eða staðbundið, og því spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að tryggja rétt þeirra sem fá stóran hluta tekna sinna vegna yfirvinnu.

Þó frv. sem hér um ræðir sé vissulega til bóta fyrir almennt launafólk sé litið á það eitt og sér þá er enn auðvitað mörgum spurningum ósvarað. Ekki liggur enn þá fyrir hvernig niðurskurði verður háttað og greinilegt að þar eiga ríkisstjórnarflokkarnir erfitt með að ná samstöðu. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa einungis haft fregnir af þeim niðurskurði í fjölmiðlum og virðast fjölmiðlarnir eiga mun greiðari aðgang að slíkum upplýsingum en fulltrúar stjórnarandstöðunnar hér á þinginu, jafnvel fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn., að ekki sé nú minnst á „óbreytta" þingmenn stjórnarandstöðunnar. Því eru fregnir af fyrirhuguðum niðurskurði á þessari stundu allar í véfréttastíl. Mér virðist þó á þeim takmörkuðu fregnum sem borist hafa okkur til eyrna um niðurskurðinn að nokkuð skorti á heildarsýn eins og oft vill verða. Heyrst hefur að í leit sinni að fé til að mæta þeim aukakostnaði sem hlýst af samningunum hugsi ríkisstjórnin sér einna helst að leita fanga í sjóði þess fólks sem hvað mest þarf á því fé að halda. Á ég þar bæði við það fólk sem þarf á lánum að halda til að koma sér þaki yfir höfuðið og ekki síður fólkið sem vegna atvinnuleysis fær bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Lögum samkvæmt á ríkið að greiða í þann sjóð og það kemur nokkuð undarlega fyrir sjónir að ef til stendur að draga úr framlögum ríkisins í sjóðinn skuli ekki þörf á lagabreytingu eins og raunin er um flest önnur atriði hér í frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Í 9. gr. frv. er að finna mikilvæga réttarbót þeim til handa sem atvinnuleysisbóta njóta, en um leið er verið að setja auknar kvaðir á sjóðinn á sama tíma og skerðing á framlögum í hann er fyrirhuguð. Atvinnuleysistryggingasjóður á að vera bakhjarl fyrir launafólk á erfiðum tímum og burtséð frá lagabroti hlýtur það alltaf að vera siðferðislega rangt að ganga á þennan sjóð launafólksins. Tímarnir eru svo sannarlega erfiðir nú, atvinnuleysi meira en þekkst hefur um árabil og engin teikn á lofti um að úr því dragi á næstunni heldur þvert á móti virðast líkur benda til að það eigi enn eftir að aukast.

Þá virðist einnig svo af þeim hugmyndum um niðurskurð sem nefndar hafa verið í fjölmiðlum að nokkuð halli á landsbyggðina í þeim efnum. Enn einu sinni eru uppi áform um að skerða fjárframlög til vegamála eftir þá skerðingu sem þegar hefur átt sér stað. Fregnir af þeim niðurskurði og afstöðu Alþb. til hans sló mig nokkuð furðulega í morgunfréttum útvarpsins í dag. Var látið að því liggja að þingflokkur Alþb. væri á móti þeim niðurskurði en ætlaði að doka við með að taka afstöðu þangað til fyrir liggur hvaða vegaspottar verða fyrir valinu. Það er auðvitað ljóst að miðað við fjárframlög til vegamála á þessu ári er ekki ein sinni hægt að sinna lágmarksframkvæmdum og því vandséð hvernig hægt er að velja á milli þeirra vegarspotta sem hægt er að setja í bið. Bættar samgöngur eru auðvitað ein helsta kjarabót þess fólks sem þarf að aka um vegina úti á landsbyggðinni daglega.

Það var nokkuð undarlegt og sérkennilegt að hlusta á umræðuna um kjarasamningana í Sþ. núna um daginn. Þar hljómaði einn allsherjar hallelújakór með ýmsum milliröddum. Milliraddirnar hljómuðu þó aðeins til að undirstrika hverja bæri helst að lofa og prísa fyrir að samningar skyldu takast. Vildi þar einn af öðrum syngja einsöng sjálfum sér til lofs og dýrðar. Ekki sáum við kvennalistakonur ástæðu til að taka þátt í þessum samsöng og sjáum ekki með hvaða rökum menn geta komist í slíkt hamingjukast yfir þeim samningum sem nú hafa verið samþykktir. Niðurstaða þeirra er auðvitað alls ekki með þeim hætti sem hún hefði þurft að verða hvort sem launafólk hefur með góðu eða illu kosið að sætta sig við þá niðurstöðu sem varð. Það sem eftir stendur eftir atkvæðagreiðslu í hinum ýmsu stéttarfélögum sem hafa samþykkt samningana er í raun samþykki launa-

fólks til að láta reyna á þessa leið í von um, eins og svo oft áður, að verulegar bætur komi seinna. Það er ef til vill heldur ekki undarlegt að fólk sjái sig tilneytt til að samþykkja samningana þar sem atvinnuleysi er yfirvofandi og að því er virðist er ekkert ofurkapp lagt á að leita úrræða til að draga úr því. Reyndar fól hæstv. forsrh. hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands að móta stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Sá hæstv. ráðherra hefur í vetur farið um landið í leit að þeirri atvinnustefnu. Hann hefur því miður ekki getað sinnt þeirri stefnu ótruflaður vegna anna við að koma sér upp umhverfisráðuneyti og neyddist því í gærkvöldi til að aflýsa fundi um atvinnumál með Sunnlendingum. (**KP:** Vegna anna?) Það var samkvæmt auglýsingu í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi. Þá var fundi á Selfossi aflýst vegna anna. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra Hagstofu er hér í húsinu en ég hefði gjarnan viljað fá að heyra hvað líður störfum þeirrar nefndar sem hann skipaði í haust. Ætli hann sé í húsinu, forseti? (**Forseti:** Það verður komið til hans skilaboðum.)

Ég vildi gjarnan beina spurningum til hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands en honum hefur verið falið það verkefni að móta atvinnumálastefnu fyrir ríkisstjórnina. Spurning mín til hæstv. hagstofuráðherra var á þá leið hvað liði starfi hinnar svokölluðu hugarflugsnefndar sem vinnur að mótun atvinnustefnu. (**KP:** Hvað segir hv. þm.?) Hvað liði starfi hugarflugsnefndarinnar svokölluðu. Í sömu andrá vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvernig gangi starf þeirrar nefndar um sama mál sem hann skipaði í haust og spurning til þeirra beggja hvenær vænta megi að fyrstu hugmyndir þessara nefnda líti dagsins ljós.

Það eru alvarlegar staðreyndir sem við blasa í fréttatilkynningum félmrn. um atvinnuástandið. Í janúarmánuði voru skráðir 85 þúsund atvinnuleysisdagar í landinu öllu sem jafngildir því að 3,2% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði hafi verið atvinnulaus. Ástandið er mismunandi eftir landshlutum, verst á Austurlandi þar sem atvinnuleysi er 7,7% af vinnuaflinu. Konur eru mikill meiri hluti hinna atvinnulausu og ef ríkisstjórnin fer ekki að sinna því átaki sem hún hefur gefið fyrirheit um í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni má vænta þess að byggðaröskunin verði enn meiri og hraðari en nú er.

Það er dæmigert fyrir áhugaleysi stjórnvalda á atvinnu og kjörum kvenna að nú þegar atvinnuleysi kvenna er svo mikið sem raun ber vitni er unnið að því af kappi að bæta úr atvinnuleysi með því að fá hingað nýtt álver. Þar fer umsjónarmaður atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar, hæstv. hagstofuráðherra, fremstur í flokki. Skilningur hans á stöðu kvenna á vinnumarkaðinum birtist skýrast í því að hann lét sér ekki til hugar koma að fá konu til liðs við sig á þeim fundum sem hann heldur vítt og breitt um landið fyrr en hann hafði fengið um það ábendingu. Í auglýsingum um þessa fundi nú er greinilegt að hann hefur tekið þá stefnu að hafa eina konu í hópi framsögufólks á hverjum fundi. Gleggst kom þó skilningur hans á atvinnumálum kvenna í ljós á einum þessara funda þar sem hann ýmist vísaði spurningum fundargesta um atvinnumál kvenna á bug eða þá til þeirra kvenna sem tóku þátt í fundinum um leið og hann fór lítilsvirðandi orðum um ýmsar þær atvinnugreinar sem konur leggja stund á, svo sem prjónaskap og hannyrðir. Þetta er dapurleg staðreynd í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem ríkisstjórnin hefur falið honum. Hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir mikilvægi kvenna á vinnumarkaðinum.

Í tilefni af þessum hugleiðingum mínum hafði ég hugsað mér að beina einni spurningu til hæstv. forsrh. sem ég veit reyndar ekki hvort heyrir í mér núna og mun ég þá doka við með það. Það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. forsrh. um var hvenær megi vænta þess að fram komi hugmyndir ríkisstjórnarinnar um með hvaða hætti hún hyggst ná fram markmiðum sínum um átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Mér er kunnugt um að félmrn. réð starfskraft til að sinna tímabundnu verkefni við upplýsingasöfnun. Ég spyr því: Er því verki lokið og hvert verður framhaldið?

Þegar hæstv. forsrh. lét vinna skýrslu um tekjur karla og kvenna í þjóðfélaginu hefði mátt ætla að nú hefði honum þótt nóg komið og viljað kortleggja ástandið með það fyrir augum að leiðrétta þann gífurlega og óréttláta launamun sem er milli karla og kvenna. Niðurstöður skýrslunnar sýna að meðaltekjur kvenna eru rétt rúmlega 60% af meðaltekjum karla. Það hefur því miður hvorki orðið honum né öðrum í hæstv. ríkisstjórn hvatning til að rétta hlut kvenna og því er spurningunni um það hver var tilgangurinn með gerð skýrslunnar ósvarað.

Ég hafði eina spurningu enn til hæstv. forsrh. um þá skýrslu sem hann lét gera um tekjur kvenna og karla í þjóðfélaginu og vildi spyrja hann hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggist bregðast við þeim staðreyndum sem við blasa í umræddri skýrslu. Það er ekki að sjá að með gerð þessara kjarasamninga sé verið að gera annað en að staðfesta á eftirminnilegan hátt að hér skuli ríkja jafngífurlegur launamunur og raun ber vitni. Þeir festa í sessi það óviðunandi ástand sem við búum við að konur geta ekki séð sér farborða af tekjum sínum. Að ekki sé minnst á þá staðreynd að algerlega er horft fram hjá því að 10 þúsund konur á Íslandi eru einstæðar mæður og meiri hluti þeirra neyðist til að draga fram lífið á lægstu launum.

Á dögunum rakst ég á grein í Pressunni þar sem rætt er við tvær konur um þau kjör sem þær búa við og langar mig til þess að vitna til þeirrar greinar rétt á eftir. Í greininni koma fram útreikningar um framfærsluvísitölu vísitölufjölskyldunnar eins og hún var í janúar 1990. Þá var áætlað að heildarútgjöld eða framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar sem er miðuð við 3,48 manns, hversu geðfellt sem manni finnst að reikna fólk út í slíkum tölum, er 2.282.007,49 kr. nákvæmlega tiltekið. Samkvæmt sundurliðuðu yfirliti um útgjöld vísitölufjölskyldunnar þarf hún 464.226,51 kr. á ári í mat og 354.886,46 kr. í húsnæði, rafmagn og hita. Þetta eru stærstu útgjaldaliðir hverrar fjölskyldu og nema samtals

819.112,97 kr. Í umræddri grein er rætt við unga konu sem hefur tvo syni á sínu framfæri. Heildarárslaun hennar í starfi sem sérhæfður starfskraftur á barnaheimili eftir að hafa lokið þremur námskeiðum á vegum Sóknar sem gefa henni 10 þús. kr. aukalega á mánuði — heildarárslaun þessarar konu eru 669 þús. 600 kr. Fram kemur í búreikningum hennar að hún eyðir um 600 þús. kr. í mat á ári og þá er auðvitað harla lítið eftir til annarra hluta. Um kjör sín segir þessi kona, með leyfi forseta:

„Ég kaupi aldrei það sem ég þyrfti að kaupa. Lambalæri eða hrygg hef ég ekki keypt lengi fremur en kjúklinga sem eru allt of dýrir. Ég kaupi mikið af fiski en ég er mikið til hætt að eltast við ódýrari matvörur um allan bæ þar sem maður þarf alltaf að hafa peninga til að geta verslað ódýrt. Ég er farin að versla mest við kaupmanninn á horninu því að hann er sá eini sem skrifar hjá fólki fram að mánaðamótum. Mér sýnist fólk ekki spara mikið á því að fara bæinn á enda eftir ódýrari vörum því bensínkostnaður er orðinn mikill og fólk í fullu starfi hefur ekki tíma til að fara með strætisvagni eftir ódýrari hlutum. Þarna kemur aftur inn í að þeir sem hafa peninga geta grætt meira en þeir sem ekki eiga peninga til að versla fyrir."

Þetta er heillöng grein. Ég ætlaði ekki að þreyta þingheim með því að lesa hana alla en mig langar til þess að vitna aðeins aftur til hennar hér síðar þar sem segir um þessa ungu konu, með leyfi forseta:

„Á vegum Sóknar sótti Jónína námskeið í félagsfræði og sálfræði sem hún segir að hafi gerbreytt launum sínum" — og hér er haft eftir henni beint: „Þær starfsstúlkur hér sem ekki hafa átt þess kost að sækja slík námskeið eru á 10 þús. kr. lægri launum en ég. Og margar hér hafa það mjög efitt. Ég hef klofið mínar skuldbindingar með hjálp bankanna. Ég hef verið með safnlán, lagt fyrir 5 þús. kr. á mánuði og fengið 150% hærra lán eftir ákveðinn tíma. Ég hef ekki keypt mér nein föt í mörg ár og mamma hefur hjálpað mér að kaupa föt á strákana sem og hin amma þeirra og afi. Föt á strákana kaupum við aldrei nema í Hagkaup. Sjálf á ég nokkuð af fötum frá þeim tíma sem maður gat leyft sér meira og hef verið svo heppin að kaupa fatnað sem endist og endist. Það verður að hafa það þótt maður sé ekki alltaf í tískunni. Ég geri ekki miklar kröfur sem allir ættu þó að geta gert því við erum jú öll lifandi manneskjur" og lýkur þar tilvitnun minni í þessa grein og þetta viðtal, en ég held að þessi lýsing gefi eimitt raunsanna mynd af lífi margra í þjóðfélaginu, ekki síst einstæðu mæðranna sem eru að reyna frá degi til dags að framfleyta sjálfum sér og börnum sínum.

Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er í húsinu en flokkur hans kom með nýja launastefnu sem kynnt var í tillöguformi hér á Alþingi í mars 1988 og áður en hún var lögð fram hér í þinginu var hún kynnt sérstaklega á blaðamannafundi sem haldinn var rétt áður en þingfundur hófst. Ég hefði gjarnan viljað vita hvað hefði orðið um þá launastefnu. (**Forseti:** Það er verið að athuga hvort fjmrh. er ekki á næstu grösum.) (**KP:** Hagstofuráðherra er við.) Ég hef þegar beint til hans mjög mikilvægum spurningum sem varða einmitt atvinnustefnuna í framtíðinni og það starf sem honum hefur verið falið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. (**GHG:** Hv. þm. ætti að óska eftir því að forsrh. væri viðstaddur.) Já, hann er hér í hliðarherbergi og ég vænti þess að hann sé að fylgjast með.

Það hefur reyndar komið í ljós í umræðunni og mér er kunnugt um að þegar þetta frv. var til umsagnar í félmn. Nd. og til hennar komu ýmsir umsagnaraðilar, að allir leggja auðvitað gífurlega áherslu á að ef þetta samkomulag á að halda má enginn hlekkur í keðjunni bresta. Ég vil koma aðeins aftur að því sem ég sagði um Atvinnuleysistryggingasjóð að það er auðvitað áhyggjuefni að um leið og fyrirhugað er að skerða hann skuli á hann lagðar auknar álögur sem enginn veit hverjar verða. Það er lítið lát á gjaldþrotum fyrirtækja og atvinnuhorfur eru ekki góðar og það mun hafa áhrif á stöðu sjóðsins. Það er auðvitað útilokað að fjalla um þarfa leiðréttingu á stöðu fólks sem er atvinnulaust langtímum saman án þess að líta á stöðu sjóðsins í þessu samhengi. Mér er kunnugt um að þetta kom fram frá fulltrúum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar þeir komu til félmn. Nd.

Ég vil nota tímann meðan beðið er eftir hæstv. fjmrh. og minnast aðeins á a.m.k. eina aðra grein þessa frv. Það snertir IV. kaflann, 7. gr. þar sem fjallað er um verðlag á búvörum. Það gildir auðvitað það sama um bændur og aðra í þjóðfélaginu að þeir eru mjög misvel í stakk búnir til að taka á sig það sem þessu samkomulagi fylgir og það hefur komið í ljós að 40% heimilisbundinna búa í landinu eru svo smá að þau veita ekki nema öðrum á búinu atvinnu, þ.e. öðru hjónanna. Bændakonurnar eru sjaldnast á atvinnuleysisbótum af því að þær hafa ekki verið í vinnu annars staðar þannig að bændur hafa svo sannarlega sýnt mikinn samstarfsvilja með því að koma til móts við launþegahreyfinguna í landinu á þann hátt sem hér er gert. Hæstv. forsrh. minntist á ríkisábyrgð á launum áðan og það sést greinilega á þeirri töflu sem er í greinargerð með frv. að það var full þörf á að gera eitthvað til að stöðva það útstreymi sem er og í sjálfu sér e.t.v. ekki óeðlilegt að einhverjar skorður séu settar við þessari ríkisábyrgð. En í einu ákvæði í 11. gr. segir: „Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati félmrh. getur hann ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna."

Það er nú svo með mörg hugtök að þau geta verið ansi teygjanleg og það gæti orðið mikið matsatriði hvað teldist ósanngjörn niðurstaða varðandi þetta atriði en hér er trúlega átt við maka þess sem lendir í gjaldþroti.

Mér sýnist þó ekki ósanngjarnt að hafa eitthvert ákvæði þar um en vildi benda á að þetta ákvæði getur orðið dálítið erfitt fyrir þann sem á að meta. — Það virðist dragast eitthvað að hæstv. fjmrh. geti komið hér. (**Forseti:** Er óskað eftir að ítreka það við hann?)

Þá gengur hæstv. fjmrh. í salinn og mun ég þá beina þeim spurningum til hans sem ég hafði óskað svara

við áðan. Ég var að minnast á í sambandi við þá samninga sem nú hafa verið gerðir að í mars 1988 var lögð fram till. til þál. hér í þinginu af öllum þingmönnum Alþb. um nýja launastefnu en skömmu áður en tillagan kom til formlegrar umfjöllunar í þinginu var haldinn blaðamannafundur þar sem hæstv. núv. fjmrh., sem formaður Alþb., kynnti þá stefnu. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna til fyrsta liðar í tillögu alþýðubandalagsmanna sem þeir lögðu fram í mars 1988, nokkrum mánuðum áður en þeir gengu inn í ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Þar segir:

„Launamunur í landinu taki mið af því að hæstu laun nemi á næstu árum ekki hærri upphæð en nemur fjórföldum lágmarkslaunum og á hverjum vinnustað verði lægstu laun aldrei lægri en ⅓ af hæstu launum sem þar eru greidd. Stefnt verði að enn frekari launajöfnuði þannig að launamunur verði í framtíðinni aldrei meiri en tvöfaldur."

Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., sem stýrir mikilvægasta ráðuneytinu í hæstv. ríkisstjórn og sem snertir fjárhag okkar allra beint, hver gæti verið launamunur nú innan hans ráðuneytis milli þess aðila sem lægst laun fær og þeirra sem hæstu launin hafa. Hvort þessi áform sem fram koma í tillögunni hafi náðst fram innan ríkiskerfisins. Og ef svo er ekki hvaða áætlanir liggi fyrir um að ná fram þessari launastefnu innan stofnana ríkisins. En til að nefna dæmi um stéttir þá vildi ég gjarnan fá upplýsingar um hver gæti verið launamunur t.d. milli ritara sem er kominn upp í hæsta launaflokk og ráðuneytistjóra, svo að dæmi sé tekið.

Þá vildi ég einnig spyrja hæstv. fjmrh. hvort fjallað hafi verið formlega um tillögu í þessa veru innan ríkisstjórnarinnar og ef svo er ekki, mér sýnist að ekki hafi þokað með þessum samningum, hvort hæstv. fjmrh. geti ekki haft áhrif á samráðherra sína í núv. ríkisstjórn í þessu máli. Í fylgiskjali með þessari tillögu er ályktun miðstjórnarfundar Alþb. frá 31. jan. 1988. Þar segir m.a. í nokkrum liðum þar sem upp er talið ýmislegt varðandi hag læaunafólks:

„Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin lagt á 5 milljarða matarskatt sem fyrst og fremst bitnar á láglaunafólki þar eð venjuleg matvæli vega mun þyngra í heimilishaldi þeirra sem minni tekjur hafa."

Nú hafa gengið í gildi lög um virðisaukaskatt og þeim fylgdu ákvæði og fyrirheit um að lækka verð á matvælum. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvernig sú lækkun hefði skilað sér í verði á matvælum það sem af er þessu ári, þ.e. síðan lögin tóku gildi. (**KP:** Það vitum við nú sjálf.) Það vitum við nú sjálf já, rétt er það, hv. 3. þm. Vestf. En það er einn liður til viðbótar í þessu fskj. frá miðstjórnarfundi Alþb. sem mig langar einnig að vitna til, með leyfi forseta. Hér segir:

„Í þriðja lagi hefur ríkisstjórnin lagt á tekjuskatt með einu skattþrepi þannig að þeir sem hæst hafa launin borga sömu prósentu og hinir sem hafa margfalt lægri laun. Fiskvinnslukonan sem með gífurlegri vinnu nær e.t.v. 50 þús. kr. mánaðarlaunum greiðir sömu prósentu af skattskyldum hluta sinna launa og bankastjórinn með 250 þús. kr. tekjur. Í stað þess að þyngja skattbyrðina þegar ofar dregur er hún nú hlutfallslega þyngri eftir því sem tejurnar verða minni."

Ég veit að það hefur lengi verið áhugamál hæstv. fjmrh. að koma á öðru tekjuskattsþrepi. Ég veit líka að hann hefur séð á því ýmsa annmarka það sem af er setu hans í ríkisstjórninni. Það hafa verið nefndir ýmsir annmarkar á þeirri framkvæmd og einnig það gífurlega álag sem hefur verið á fjmrn. og skattstofunum vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á skattalögunum svo ekki sé tekið yfir lengra tímabil en þetta kjörtímabil. En ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort uppi séu áform um það nú þegar annir fara að minnka vegna þessarar stóru skattkerfisbreytinga vegna virðisaukaskattsins og vegna staðgreiðslunnar að sett verði á annað tekjuskattsþrep alveg á næstunni og þá jafnvel hvort til standi að leggja fram um það frv. á þessu þingi.

Þetta voru helstu athugasemdir sem ég hef við þetta mál svona í fyrstu lotu, en ég vil ítreka það enn og aftur að það hefur verið mynduð keðja með þessum samningum. Það má enginn hlekkur í henni bresta því þá fer allt úr böndunum og þá þarf að byrja upp á nýtt. En ég vil enn og aftur leggja áherslu á að auðvitað er með öllu óviðunandi sá mikli launamunur sem er í landinu og sá mikli munur sem er á launum kvenna og karla og ég hef fjallað um hér. Á því verður að ráða bót og ég ítreka spurningar mínar um það efni til hæstv. forsrh. og auðvitað væri gott að heyra um áform hæstv. fjmrh. um það líka.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég get lýst því hér yfir og fer ekkert á milli mála að það er vilji Sjálfstfl. að styðja að því að þetta frv. nái fram að ganga og fljótt og vel þó sjálfsagt sé auðvitað að menn spyrji hér spurninga og leiti skýringar. Það er ekki neinn munur á skoðun okkar sjálfstæðismanna í þessari deild og í Nd. og þess vegna ætti að verða auðvelt að afgreiða þetta frv. án mikilla tafa.

Þess er líka að geta að strax og það spurðist út að einhverjar vonir væru til að unnt yrði að ná samkomulagi á vinnumarkaði þannig að aðilar vinnumarkaðarins eins og það er nú kallað, þ.e. launþegar annars vegar og vinnuveitendur hins vegar, gætu náð samningum sem yrðu á lágu nótunum eins og það hefur verið nefnt, þ.e. litlar kauphækkanir sem gætu þýtt einhvern stöðugleika í þjóðfélaginu, þá lýsti formaður Sjálfstfl. þegar í stað yfir að Sjálfstfl. mundi ekki berjast gegn slíku heldur beinlínis stuðla að því eftir því sem í hans valdi væri. Það voru sem sagt þeir menn sem vinna í trúnaðarstörfum annars vegar fyrir launþega og hins vegar vinnuveitendur sem leystu þetta mál og komu því í kring. En ég vil biðja hv. þm. af því að sumir gleðjast hér og ég geri það gjarnan líka að hlýða nú á það sem ég ætla að segja.

Það er engin gleði í mínum huga að vita af þeim kjörum sem það fólk á að búa við sem ýmist er á atvinnuleysisstyrkjum eða í láglaunastörfum. Ég held

að það geti ekki verið gleði í huga neins Íslendings yfir því að svo skuli komið að slíka kjarasamninga þurfi að gera sem þýða gífurlegar kjaraskerðingar, sem þegar hafa að vísu gengið yfir að mestu leyti en eru þó fram undan líka, og vaxandi kreppu í þjóðfélaginu. Þannig er ástandið á Íslandi að kjör hafa ekki bara versnað mjög mikið sl. ár og eru enn að versna heldur hefur kjaramismununin, launamismununin líka stórlega vaxið. Óréttlætið í þjóðfélaginu fer vaxandi með hverjum deginum sem líður. Yfir þessu getur enginn glaðst. Þetta var nauðvörn fólksins hygg ég eða kjarkur forustumanna launþegasamtakanna að þora að gera þessa samninga og það var nauðvörn fólksins að styðja þá í því að svo miklu leyti sem það hefur þá verið gert. Ég get ekki ráðið í tölurnar sem við höfum af fundum í verkalýðsfélögunum, þeir eru yfirleitt fámennir og ég get ekki ráðið af þeim í hug fólksins. En ég held að hugur fólksins til okkar alþm. sé ekkert glæsilegur um þessar mundir. (**KP:** Það er rétt.) Og þess vegna er alveg ástæðulaust að vera að gleðjast mikið yfir því að svona kjarasamninga skuli þurfa að gera og atvinnuvegirnir meira og minna í rúst og kjörin fara ekki bara versnandi almennt heldur líka kjaramunurinn vaxandi. Þetta held ég að við eigum að hafa í huga og þó að við auðvitað bregðum hér á glens stundum og ekki hlæ ég síður en aðrir ef sagðir eru hnyttnir hlutir, þá er mér ekkert slíkt í huga núna á þessari stundu þó að ég lýsi að sjálfsögðu yfir stuðningi flokksins við þær aðgerðir sem hér eru til umræðu og aðeins lina þá erfiðleika sem láglaunafólkið verður við að búa. Og ég held að við getum öll hugsað á þann sama veg og ég veit að við gerum það raunar öll.

En hver er þá leiðin til þess að bæta kjörin? Hún er ekki sú að halda hér áframhaldandi kreppuástandi, síður en svo. Hún er ekki leið skattlagningarinnar, ofsköttunarinnar á öllum sviðum þar sem leitað er að nýjum tekjuliðum eða eignaliðum til að skattleggja þá, færa eignarráðin frá fólkinu og fyrirtækjunum yfir í ríkisvaldið, ríkishítina sem verið er að gera á hverjum einasta, einasta degi. (**Gripið fram í:** Það er ekki gert núna.) Er það ekki gert núna? Skattlagningar. Eru ekki að dynja yfir skattlagningar sem ekki þekktust áður? Ég held að það viti allir menn að þeir greiða hærri skatta núna heldur en nokkru sinni fyrr, bæði háir og lágir. Þetta er mesta skattpíningarþjóðfélag sem hugsast getur. Og það er sem sagt verið að svipta fólkið eignarráðum að fjármunum þjóðfélagsins á hverjum einasta, einasta degi, bæði fólkið og fyrirtækin og færa yfir til ríkisins, í ríkishítina, hina mismunandi sjóði og stofnanir. Það er verið að því alla daga, það veit hv. þm. (Gripið fram í.) Mér er ekkert glens í huga á þessari stundu. Ef hv. þm. Karvel Pálmason vill glensast, þá held ég að hann ætti að gera það í öðru en umræðu um kjör láglaunafólks. Hann ætti að gera það í umræðu um margt annað og ætlar nú víst að gera það hér, vona ég, í sambandi við kvótamál t.d. og ýmislegt slíkt og ég kannski bregð á glens við hann þar. En ég vil fá að ljúka þessu án þess að það sé verið að gantast með það, þessa staðreynd sem okkur ber öllum að hafa fast í huga og ég veit að við erum með í huga að kjarasamningana var sjálfsagt óhjákvæmilegt að gera þannig að það væru kjaraskerðingarsamningar, það eru þeir og það er mikill kjarkur hjá leiðtogum verkalýðs og launþega að þora að gera þessa samninga og ég hrósa þeim fyrir það. Það fer ekki á milli mála, það þurfti kjarkmenn til þess og það þurfti stillingu og aðgæslu og gífurlegt starf til þess að ná þessum samningum saman. Ekkert af því var ríkisstjórn að þakka, síður en svo. Allan tímann var hún að hækka sínar álögur, hrifsa meira til sín á einu sviði og öðru. Alls staðar fór verðlag hækkandi, alls staðar fór þjónusta hækkandi. Allt gerðist þetta á sömu stundu og fólkið háði sína nauðvarnarbaráttu. Hún heldur auðvitað áfram næstu mánuðina og missirin.

Og þá ætla ég enn að víkja að því hvað ég tel hennar réttu stefnu, ég hef raunar skrifað um það og rætt a.m.k. allar götur frá 1978, ráðlagt ríkisstjórnum að slaka á klónni, að ríkið gæfi eftir og það gæfi það mikið eftir og ekki síst á neyslusköttum að allt verðlag stöðvaðist og verðbólga. En fólk gæti samt búið við óbreytt kjör um stundarsakir ef allt verðlag stöðvaðist af sjálfu sér sem það mundi hafa gert ef það væri farið að þeim ráðum að lækka álögurnar. Og í því tilfelli hefði ég ekkert verið hræddur við það og er meira að segja mikill stuðningsmaður þess að ríkissjóður væri rekinn með halla. Það hefur gerst í flestum lýðræðislöndum ef ekki öllum að einhver halli sé á ríkissjóði þegar rétt er upp gert en það á ekki að nota þann halla til að auka á hítina, til að auka á yfirbygginguna. Það á að nota þann halla til að gera kjör fólksins þannig að það þurfi ekki að knýja fram kauphækkun og það er einfalt mál. Og hvað gerist þegar það þarf ekki að knýja fram kauphækkun? Verðbólgan stöðvast af sjálfu sér. Atvinnuvegirnir ganga. Fólkið lifir við betri kjör og meira öryggi. Og hvað gerist þá? Þá auðvitað snúast hjól atvinnulífsins og þá vex framleiðslan og þá batna lífskjörin og þá er hægt að bæta þau og þá má kannski fara að borga aftur þann halla sem hefur orðið á ríkissjóði kannski í eitt, tvö eða þrjú ár. En þó að ríkið fái eitthvað af því fé sem það þarf til framkvæmda að láni hjá borgurunum um skeið þá er ekki verið að velta böggum á komandi kynslóðir ef um er að ræða innlendan sparnað. Þvert á móti. Þessir peningar eru vel notaðir ef þeir færu til framkvæmda. Ef þjóðin, þ.e. ríkissjóður, skuldar svo og svo mikið, við skulum segja 100 milljarða eða eitthvað slíkt á einhverju árabili af því að hann hafi tekið lán hjá borgurunum í landinu, þá verður auðvitað einhver að vera kröfuhafinn. Það eru menn nú loksins og meira að segja fjmrh. farinn að skilja. Ég vona bara að forsrh. fari að skilja það líka að það út af fyrir sig er ekki verið að velta böggum á fólkið vegna þess að fólkið sjálft í landinu er kröfuhafarnir. Ef ríkið á að borga þetta til baka þá verður einhver að vera móttakandi og það er auðvitað fólkið sem hefur lánað þessa peninga, lífeyrissjóðir o.s.frv.

Þetta úrræði hefur verið til. Það er erfiðara að gera

þetta núna auðvitað. Þegar skattarnir eru orðnir svona gífurlega háir þá þarf náttúrlega að lækka þá það mikið og það er það lengi verið að vefja ofan af óheillasnældunni sem þeir eru að spinna á hér félagarnir í ríkisstjórninni á hverjum degi. Það er verið að ræða um skattamál núna á þessu augnabliki, held ég, bílaskatta eða eitthvað svoleiðis hér í hornunum. Ég hef það á tilfinningunni að það sé verið að ræða það núna. (Gripið fram í.) Nú, var það ekki núna rétt í augnablikinu. Það var rétt áðan verið að ræða um það. Bílarnir eru mjög vinsælir til skattlagningar og það hefur verið rætt um það í hornum núna að „hagræða" svolítið í þeim geiranum, en við skulum sleppa því.

En ég ætla ekkert að hafa þetta lengra. Ég vil aðeins að menn geri sér grein fyrir því að það er enginn fögnuður í röðum frjálslynds fólks í þessu landi yfir kjarasamningunum. Þetta er ekki réttlátt þjóðfélag sem við búum við. Þetta er ofstjórnarþjóðfélag og þetta er ofsköttunarþjóðfélag. Og það kemur fram á öllum sviðum, þar á meðal í kvótamálunum og fiskveiðimálunum. Það er alls staðar verið að reyna að auka völd ríkisins í staðinn fyrir að minnka þau. Það er alls staðar verið að reyna að ná meira valdi inn til ríkisstofnana og ríkissjóðs sjálfs náttúrlega og ríkisstjórnarinnar en allt verður þetta óstjórn.

Þær eru nefnilega, eins og ég margsinnis hef sagt, tvíburasystur ofstjórn og óstjórn, meira að segja eineggja tvíburar. (**KP:** Ha?) Þær eru tvíburasystur, ofstjórn og óstjórn, meira að segja eineggja tvíburar. Ofstjórn leiðir alltaf af sér óstjórn. Og hv. þm. Karvel Pálmason, stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar, veit það vel. (**KP:** Hver segir það?) Hann er það annað veifið alltaf þegar tekið er aftan í hann svolítið. (**KP:** Eftir málefnum.) Ég hef nú aldrei vitað til þess að hv. þm. hafi verið sérstaklega staðfastur þegar til atkvæða hefur komið. (**KP:** Þetta er auðvitað rangt.) En hvað sem því líður, þá leiðir alltaf óstjórn af ofstjórn ef þá ofstjórnin leiðir ekki til hreins einræðis eins og í Hitlers-Þýskalandi og í kommúnistaríkjunum. Það er þannig með ofstjórnina að annaðhvort verður að berja hana niður eða þá að hún leiðir til þess sem við höfum séð í einræðisríkjum. Og fólkið austur í Evrópu er núna að berja hana niður, ofstjórnina. Við erum að auka á hana. Ég ætla ekki að fara að erfa það við menn þó þeir hafi verið kommúnistar einhvern tíma. Mér finnst þeir liggja nógu lágt án þess að ég ætli að fara að sparka í einhverja af þeim mönnum. Það er ekki mitt geð að sparka í liggjandi fólk. Ég vil bjóða þá menn velkomna sem vilja snúa við blaðinu, hætta ofstjórnarbrjálæði og tilbeiðslu á því og starfa með okkur sem viljum frjálslyndi og að draga úr ríkisvaldi, auka vald fólksins, fjárhagslegt vald fólksins og efla atvinnuvegi. Ég vil bjóða þá velkomna að taka þátt í þeirri baráttu að breyta Íslandi úr ofstjórnarríki í frjálslynt ríki og ofsköttunarríki í... (Gripið fram í.) Það er allt í lagi að gripið sé fram í, ég hef mjög gaman af því en ég held samt að við ættum í þetta skiptið að staldra við í nokkrar mínútur að hugleiða það þegar við erum að reyna að lina í örlitlu þessa erfiðleika sem á fólki dynja.

Við vitum öll að það er atvinnuleysi í landinu. Ég sagði það í mínu gamla kjördæmi, Norðurl. v., oft og tíðum, og það getur hv. þm. Stefán Guðmundsson dæmt um, að það væri ekki láglaunafólkið úti á landi sem byggi við verst kjör, það væri láglaunafólkið í Reykjavík. Og það ber ýmislegt til. Það er að sumu leyti hægt að lifa betur úti á landi. Það er meiri samhjálp þar. Konur t.d. skiptast á um að hafa börnin meðan aðrar eru í vinnu o.s.frv. Það er allt þægilegra um vik þar og ekki alveg jafn kostnaðarsamt. Menn geta þá kannski fengið fiskinn sem hv. þm. Stefán Guðmundsson gat ekki nýtt fyrir lítinn pening o.s.frv. Það er ýmislegt sem hjálpar fólki þar sem ekki er í Reykjavík. Í Reykjavík er sár neyð hjá fólki, sem betur fer ekki kannski mörgum tugum prósenta af íbúunum, en það er samt sár neyð hjá láglaunafólkinu.

Við skulum samþykkja þetta frv. og vona svo það besta. Það er að birta, það er að koma vor og menn verða þá bjartsýnni venjulega og við skulum vona að atvinnuvegirnir styrkist og að fólkið fái betri og öruggari atvinnu en það hefur í dag og laun geti farið hækkandi en þó fyrst og síðast að ríkið slaki á klónni í staðinn fyrir að herða á henni. Það þarf ríkið að gera, en það gerir ekki þessi ríkisstjórn. Hún gerir það aldrei, þetta eru hennar ær og kýr að auka á skattana, auka vald sitt, auka umsvifin hjá öllum öðrum en fólkinu og fyrirtækjunum.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það væri auðvitað ástæða til þess að setja á nokkuð langt mál út af því sem hér hefur verið talað. Ég skal að vísu ekki gera það að sinni en vil minnast á nokkur atriði og fyrst út af síðasta ræðumanni, hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni.

Það er alveg með eindæmum hvað sumir þm. Sjálfstfl. annaðhvort eru illa að sér eða vilja ekki vita. Ég hélt að hv. þm. vissi það alveg frá upphafi þessarar hæstv. ríkisstjórnar að ég var ekki yfirlýstur stuðningsmaður hennar. (**EKJ:** Ég bið bara afsökunar.) Já, það er rétt og þar kom að því. Og það er auðvitað að menn eru að meiri ef þeir biðja afsökunar á sínum rangmælum. (**EKJ:** Sjáum bara í atkvæðagreiðslunni.) Atkvæðagreiðslur eftir málefnum, hv. þm. Eyjólfur Konráð. Það er annað heldur en hægt er kannski að segja um suma aðra í öðrum flokkum. Þar fylgir flokkslínan. (**SalÞ:** Það er rétt.) Er það rétt, já. Það er rétt, segir hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Þar fylgir flokkslínan í öðrum flokkum. (**Fjmrh.:** Enda ríkisstjórnin bara með góðum málum.) Það kann vel að vera, hæstv. fjmrh., ég er ekki sammála því. Það hafa nú skotist inn ýmis mál sem ekki eru að öllu leyti góð, ekki í mínum huga. Nóg um það.

En varðandi kjarasamningana er auðvitað fagnaðarefni þegar tekst að ná samkomulagi á vinnumarkaðinum. Það er auðvitað öllum fagnaðarefni þó svo að það sé á þann veg sem gerðist núna og raunar gerðist líka fyrir tæpu ári síðan með tiltölulega litlum kauphækkunum. Forsendur kjarasamninganna frá 1. maí 1989 voru þær að það voru tiltölulega litlar kauphækkanir miðað við það sem fólk gerði sér vonir um, en byggt á [illegible]forðum stjórnvalda um framkvæmd ýmissa

mála. Og ég verð að segja það, hverjum sem líkar það vel eða illa, að þær forsendur héldu ekki nógu vel. Og það er ekki bara sú ríkisstjórn sem gaf loforð á þeim tíma. Það voru margar áður sem höfðu gefið loforð og kannski svikið verr. (Gripið fram í.) Ég segi kannski. En það er auðvitað engin réttlæting að annar sviki af því að hinn gerði það.

Það er þetta sem ég held að hái stjórnmálalífi í landinu eða trúnaði á stjórnmálamenn að það er ekki hægt að treysta þeim loforðum sem gefin eru. Það háir ekki bara stjórnmálamönnum sem slíkum, það háir Alþingi líka. Almenningur í landinu er hættur að trúa því að hægt sé að treysta loforðum stjórnvalda. **(Gripið fram í:** Þetta er rétt.) Og þá erum við komin á allt of lágt plan að mínu viti. Kannski á ég ekki að tala svona á elliárum, en auðvitað fær maður reynsluna í gegnum árin. **(Salþ:** Á þroskaárunum.) Á þroskaárunum, já. Ég þakka hv. þm. Salome Þorkelsdóttur fyrir það að ég skuli vera enn á þroskaárum. En ég er eigi að síður þeirrar skoðunar að vantrú á stjórnmálamenn hafi vaxið, hún eykst, vantrú á Alþingi, vegna þess að fólk er hætt að trúa því sem menn segja hér. Það hefur sýnt sig í gegnum margar ríkisstjórnir, ekki bara þessa hæstv. ríkisstjórn heldur hina á undan, ég tala nú ekki um þar á undan og enn á undan ekki síður. Og það er þetta sem ég held að menn ættu almennt að fara að hugleiða. Það getur ekki gengið til enda að almenningur í landinu geti ekki treyst þeim mönnum sem hann felur forsjá sína.

Ég rifjaði það upp hér í október eða nóvember á sl. hausti hvaða loforð voru gefin við síðustu kjarasamninga sem voru undirritaðir aðfaranótt 1. maí. Ég held að ég muni það rétt að af tólf yfirlýsingum, fyrirheitum eða loforðum, hvað sem menn vilja kalla það, var ekki búið að efna nema fjögur. Og þá er ég mjög réttsýnn, held ég. Mér er alveg sama hvað hæstv. fjmrh. hristir hausinn mikið, ég er mjög réttsýnn í þessu mati. Þetta var líka mat skrifstofu Alþýðusambands Íslands. **(Fjmrh.:** Það var frá kontórnum.) Frá kontórnum! Er það ekki sama skrifstofan og gerði samninga núna, er það ekki sami kontórinn sem gerði samninga núna? Hver er breytingin þar? Hvaða breyting hefur orðið á kontórnum hjá Alþýðusambandi Íslands frá því í maí í fyrra til samninganna sem voru gerðir núna? **(Fjmrh.:** Það voru greidd atkvæði í félögunum um samningana áður en ...) Það voru greidd atkvæði í félögunum líka núna, hæstv. fjmrh. Lýðræðið er nú einu sinni þannig sem betur fer að félagar fá sjálfir að greiða atkvæði um samningana. Sem betur fer er það enn og ég vona að það verði sem lengst. Og það er nákvæmlega sama aðferðin núna eins og var í fyrra. Það er óbreytt þannig að það þýðir ekki að vera að flækja menn í því að kontórinn sé einhver annar heldur en var í fyrra. Hann er nákvæmlega sá sami. Og það eru sömu mennirnir, sömu einstaklingarnir hvort sem hæstv. fjmrh. líkar þessi einstaklingur sem núna er á kontórnum betur en sá sem kann að hafa verið í forsvari þar í fyrra. Það breytir engu. Og það er auðvitað þetta sem kollvarpaði samningunum í fyrra og ekki bara í fyrra, kannski miklu frekar 1987, hæstv. ráðherra, þegar allt var svikið sem lofað var og þá fyrst og fremst á þeim sem verst voru settir og lægst launaðir. Þegar þáv. hæstv. forsrh., sem var formaður Sjálfstfl., kom aftan að því láglaunafólki sem var búið að semja og samdi við aðra sem voru betur settir um enn meira. (Gripið fram í.) Ég dreg það nú í efa, hæstv. ráðherra. Ég dreg það nú mjög í efa. Ég hygg að núv. hæstv. fjmrh. hafi samið betur við þá sem voru betur settir á síðasta ári heldur en hina sem voru verr settir. Ég nefni BHMR t.d. og ég hygg að hæstv. fjmrh. muni ekki neita því. Þar var betur farið með þá sem voru betur settir en hina sem voru verr settir. Það kann vel að vera að hæstv. fjmrh. hafi ekki ráðið ferðinni í báðum tilvikum en hann gat haft áhrif hefði hann viljað.

Ég ítreka að það er vissulega mjög gott ef menn geta náð samkomulagi á vinnumarkaðinum. En samkomulag verður því aðeins í reynd að menn standi við loforðin. Ég vona að svo verði þó mér sýnist ýmsar blikur á lofti um að það verði ekki og þá á ég ekki bara við hæstv. ríkisstjórn. Ég á við ýmislegt annað sem lofað var en mér sýnist að muni ekki standa. Og ég brýni hæstv. fjmrh. á því að standist ekki öll þau loforð sem gefin voru eru það hrein svik við hreyfinguna út af þessum samningum. **(EgJ:** Þetta eru stór orð.) Það er nákvæmlega sama, hv. þm. Egill Jónsson, það eru stór orð en þau eru sönn. Kannski sumir þori ekki að segja sönnu orðin, bara skýli sér bak við.

Ég fullyrði að verði ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru gagnvart hreyfingunni í þessum samningum, þá hygg ég að stjórnmálamönnum, ekki bara forustunni heldur stjórnmálamönnum almennt, verði ekki trúað fyrir neinu í framtíðinni. Svo illa er búið að leika fólk, almenning í þessu landi af hálfu stjórnmálamanna og þá fyrst og fremst forustumanna í stjórnmálum sem ráða ferðinni, stjórnvalda á hverjum tíma, að almenningur hefur enga trú orðið á þeim. Og ég spyr menn að því, er það mjög trúverðugt, hæstv. fjmrh., — líttu til mín, ekki á blaðið, er það mjög trúverðugt að almenningur í landinu, þeir verst settu, við skulum segja með 50 þús. á mánuði, við skulum gefa þeim það, að vísu eru nú sumir þar fyrir neðan, er það trúverðugt að þeir láti sér það líka til lengdar að una hlutskipti sínu, ef opinberi geirinn, fjmrh., ríkið og aðrir aðilar sem ráða ferðinni í kaupmannastétt ganga á undan og hækka miklu meira en gert er ráð fyrir að kaup þessa fólks fái að hækka? Mér þætti gaman að sjá framan í þann þingmann stjórnarliðsins núna sem ætlar að ganga til kosninga eftir rúmt ár með allt niður um sig í þeim efnum. Það yrði ekki frítt föruneyti til framdráttar. Og það á ekki við bara um núv. hæstv. ríkisstjórn. Það á auðvitað við um stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn almennt. **(HBl:** Þú mátt nú ekki kenna okkur um.) Sko, ég held að ég verði að rifja upp fyrir hv. þm. Halldór Blöndal það sem ég sagði áður.

Fyrstu svikin sem ég tiltók í þessum efnum voru svikin gagnvart láglaunafólki sem Þorsteinn Pálsson framdi fyrir kosningarnar 1987 þegar hann kom aftan

að láglaunafólki og samdi við þá sem betur voru settir um hærra en hinir fengu. Það voru auðvitað fyrstu svikin. En það réttlætir auðvitað ekkert það sem hinir hafa gert á eftir, það réttlætir ekkert. Menn verða af sjálfu sér að standa við gefin fyrirheit eða loforð. (**EgJ:** Þeir ættu að reyna það.) Það kann vel að vera. Þeir gerðu það ekki sem stjórnuðu fyrir 1987 og þá var hv. þm. Egill Jónsson stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar og þeirra sem réðu þá. (**EgJ:** Það þarf ekki að skamma þá fyrir það.) Nei, hv. þm., ekki þá, bara hv. þm. sjálfan sem studdi þá ríkisstjórn. Það þýðir ekkert að vísa á þá. Menn verða að taka sjálfir á sig sem styðja það.

Ég óttast það og ég vil láta það koma hér fram, ég *óttast það mjög en ég vona* að svo verði ekki, að þetta riðlist meira og minna. Ég óttast að þeir sem miklu betur standa klifri upp eftir bakinu á hinum þrátt fyrir að stjórnvöld hafi gefið fyrirheit um annað. Og ég spyr: Hvað á að gera við BHMR-menn sem eiga að fá miklu meiri launahækkun, næstum helmingi meiri en Alþýðusambandið fékk á þessu ári? Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera þar? (**Fjmrh.:** Það stendur ekki í samningnum.) Stendur ekki? (**Fjmrh.:** Nei.) Þeir túlka þá á þann veg. Og hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera? (Gripið fram í.) Það er ekkert annað mál. Ég krefst þess að fá að vita það. Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera þar? Hann er gagnaðilinn í málinu. Á að setja lög á þá að þeir fái sama og aðrir? Til þess er ég reiðubúinn. En hvað segir hæstv. fjmrh.? Hvað vill hann gera? Þetta er það sem hann samdi um fyrir tæpu ári síðan, meira heldur en aðrir fengu. Og ef menn ætla að hleypa þessu fram með þessum hætti eins og hæstv. ráðherra gerði, þá eru menn að brjóta þetta allt saman niður til grunna. Og hafi tiltrú almennings verið lítil, sem hún er auðvitað á forustu í stjórnmálum, þá er hún enn þá minni ef þetta klúðrast allt saman þrátt fyrir fögur fyrirheit og gefin loforð. (**HBl:** Hefur Framsfl. nokkuð komið við þessa sögu?) Já, ég á kannski eftir að tala við hæstv. forsrh. Það er nú bara ekki komið að honum enn. En auðvitað væri nægur tími til þess að tala um það því að núv. hæstv. forsrh. hefur verið viðloðandi ríkisstjórnir ja, yfir 20 ár ef ég man rétt. (**Forsrh:** Nei.) Viðloðandi. Nei. (**Forsrh.:** Ég hef verið í ríkisstjórn í 10 ár.) Viðloðandi, sagði ég. Ég sagði ekki í ríkisstjórn, það væri of mikið, í 20 ár. Það er nú einum of mikið en viðloðandi og ber þó aldrei ábyrgð á einu eða neinu. Það er alltaf allt öðrum að kenna. Það er allt öðrum en hæstv. núv. forsrh. að kenna sem aflaga fer. Það skiptir engu máli þótt hann sé í ríkisstjórn sjálfur, þó að hann sé forsrh. sjálfur, það breytir engu. (**EgJ:** Það má bera af sér sökina.) Ja, ég sagði það nú að vísu ekki. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þingdeildarmenn að breyta ekki ræðuhöldum í samtalsþætti.) Það er ekkert út á það að setja, virðulegi forseti, að menn grípi inn í. Það er bara hin eðlilega lýðræðislega regla að menn fái að hafa tjáningarfrelsi hvenær sem þeir vilja. (**HBl:** Forseti á ekkert að vera að grípa fram í.) Ja, ég vildi nú ekki bæta því við. (**Gripið fram í:** Egill var að tala við sjálfan sig.) Nei, það er að vísu ekki rétt.

En varðandi forsrh., fyrst menn viku að því, þá er það afskaplega sérkennilegt. Nú dreg ég ekki í efa ágæti einstaklingsins sem þessu embætti gegnir, en ég er að tala um hvernig þessi viðkomandi einstaklingur hefur brugðist við í gegnum árin annaðhvort sem forsrh. eða einhver annar ráðherra varðandi efnahagsmál þjóðarinnar, lífakkerið í landinu. Það er ekki svo að heyra eða sjá að hann hafi nokkurn tíma komið nálægt því eða þurft að bera ábyrgð á því. Það eru einhverjir allt aðrir sem hafa gert það. Og mikið vildi ég að ég hefði getað í gegnum 20 ár í pólitík farið svona í gegnum hlutina, vísað alltaf ábyrgðinni á aðra. (**Gripið fram í:** Ég held að það sé nú sérgrein þín, ábyrgðarlaus.) Hvað segir hv. þm.? (**JGS:** Hann sér ekki betur en þetta sé þín sérgrein, að bera aldrei ábyrgð á neinu.) Nei, þarna kemur auðvitað ungi framsóknarandinn fram. Það er ekki nóg að þessir gömlu séu svona, heldur er ungdómurinn uppalinn í þessu líka. Þessir nýjustu hafa nákvæmlega sömu skoðun og foringinn, eru uppaldir í því að vera eins og foringinn hefur verið í yfir 20 ár, bera aldrei ábyrgð á neinu. (**EgJ:** Það má þakka fyrir að þeir séu ekki verri.) Ja, ég verð nú að segja það að mér ofbýður svona málflutningur. Að vísu má bæta því við að maður verður yfirleitt að fyrirgefa ungdómi sem villist á hálar brautir eftir foringjum. En að menn væru svona hlekktir alveg í flokkskerfið með eina og ákveðna skoðun gegnum þykkt og þunnt, bara flokkurinn, ekkert annað.

Ég heyrði að ritari var að segja áðan að ég væri þessi eini sem væri með þessa sérstæðu skoðun. Það er rétt, ég hef skoðun á málum, ekki eftir pólitískum flokkum. Því miður hefur það aldrei þekkst í Framsfl. að menn hefðu slíkar skoðanir þar. Þar er það bara flokksheðjan sem á að ráða. Hlekkirnir eiga að ráða og það er það sem þessi ungdómur hér til vinstri er að vísa til og hefur lært greinilega. Þá er ekki við góðu að búast í framtíðinni gagnvart Framsfl. ef svo er um framhaldið sem mér heyrist vera. En menn geta auðvitað bætt sig, menn geta séð að sér þó að ég ætlist ekki til þess að hæstv. forsrh. geri það úr því sem komið er. En það geta yngri menn gert.

Ég ítreka enn að ég hygg að almennt launafólk hefði ekki gert ráð fyrir því að gera samninga á þeim nótum sem voru gerðir, og þá er ég að tala um launakjör, vegna þess hversu launahækkanirnar eru litlar. Það hefur eigi að síður tekið þá afstöðu víðast hvar að fallast enn einu sinni á þessa tilraun til að bæta þjóðfélagið, ekki síst fyrir sig. Og það veldur því miklu hvernig verður tekið á þessum málum í framhaldinu. Það skiptir sköpum fyrir þetta fólk sem hefur borið þyngstu byrðarnar og ber enn, það skiptir sköpum fyrir það hvað stjórnvöld gera í áframhaldi þessa máls. Verði þetta ekkert nema loforð eru menn endanlega að setja grafskriftina yfir sig. Ég vona að svo verði ekki og vænti þess raunar og þykist vita að menn vilja standa við gefin loforð og þau verði framkvæmd. En á því hefur orðið mikill misbrestur sem ég vona að verði ekki að því er þetta varðar.

Ég vil aðeins koma inn á lífeyrissjóðsmálin. Ég tek

mjög undir það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði hér áðan. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að opinberir starfsmenn fleyti rjómann ofan af í lífeyrismálum, það gengur bara ekki og því verður að breyta. Ef ekki er hægt að treysta stjórn sem telur sig vera félagshyggjuvinstristjórn til þess að breyta því, þá verður það ekki gert. Ég er þeirrar skoðunar að verði það ekki gert áður en langur tími líður, þá gerist það ekki. Það gengur ekki að við, þá er ég að tala um almenning, okkur hér alla og almenning í landinu, að við borgum alltaf fyrir þá miklu meira en okkar fólk fær úr lífeyrissjóðum. Það væri slíkt óréttlæti að engu tali tekur og búið að líðast allt of lengi. Því verður að breyta og ég hef raunar orð hæstv. fjmrh. fyrir því úr Sþ. fyrr í haust að slíkt frv. komi fram, að því verði breytt. (**Fjmrh.:** Á næsta ári.) Já, og ég fagna því.

Kannski er þetta orðið allt of langt. Hér var gripið fram í áðan, að mér heyrðist af hv. skrifara Agli Jónssyni, varðandi niðurskurðinn, að Alþfl. væri búinn að samþykkja allt. Ég veit nú að vísu ekki hvað allt er í þeim efnum því að það tekur breytingum nánast daglega, þetta „allt". En að því er mig varðar, ef menn telja mig tilheyra Alþfl. enn, ... (**Gripið fram í:** Hvað telur þm. sjálfur?) Það er ekki hans að meta — þá hef ég lýst því yfir að ég mun aldrei taka þátt í því að skera niður vegafé umfram það sem búið er að gera. Það er klárt. (**EgJ:** Það á að fara að bora fyrir vestan.) Bora? (**EgJ:** Í gegnum fjöll.) Ég er ekki að tala um að bora, ég er bara að tala um framlög til vegamála, ef hv. þm. skilur það ekki öðruvísi en að tala í þeim dúr. Það eru framlög til vegamála sem voru skorin niður um meir en 600 millj. á fjárlögum, ég man ekki nákvæmlega töluna. Og ég tek ekki þátt í því að skera það meir. Ég vil að það sé á hreinu.

Það eru auðvitað ýmsir aðrir liðir að því er varðar niðurskurðinn sem menn hafa athugasemdir við. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að menn geti ekki alltaf sagt nei, nei, nei við öllu, en ég vil bæta því við að það sem á að taka af niðurskurði að því er varðar vegamál, það á að taka af framkvæmdafé Þjóðleikhússins. Það má fresta því um eitt ár. Það skeður ekkert það slæmt varðandi listina í landinu þó fresta verði framkvæmdum við Þjóðleikhúsið um eitt ár. Það skeður miklu verra ef menn ætla að fara að skera niður vegafé á þeim svæðum sem fyrst og fremst þurfa á því að halda að samgöngur batni. Það er líka menning að byggja upp landið. Og ég er til þess reiðubúinn, hæstv. fjmrh., að taka til þann niðurskurð af Þjóðleikhúsinu sem nemur því sem á að skera niður vegafé þannig að við getum mæst að jöfnu. (**EgJ:** Það er nú viðkvæmt mál.) Nú er ég að tala við hæstv. fjmrh. en ekki hv. skrifara. En ég heyri að hæstv. fjmrh. telur það ekki viðkvæmt, það er greinilegt. En þetta er mín skoðun og ég vildi láta hana koma hér fram. (**HBl:** Það er svo langt síðan hann fór að vestan.) Hver? (**HBl:** Fjmrh.) Versna? (**HBl:** Nei, langt síðan hann fór að vestan.) Að vestan, já, já.

Að síðustu varðandi atvinnumálin og stefnu hæstv. ríkisstjórnar í atvinnumálum. Ég hlustaði á fréttir Ríkisútvarpsins í hádeginu í gær, fréttir af ræðu núv. hæstv. hagstofuráðherra, trúlega væntanlegs umhverfisráðherra, svo ég fari nú að nefna það rétt, vestur á Ísafirði þar sem hann talaði í umboði ríkisstjórnarinnar að því er varðaði atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar í náinni framtíð. Og sé sá fréttaflutningur réttur, nú tek ég það fram að sé rétt frá sagt, (Gripið fram í.) já, já, það er rétt hjá hæstv. fjmrh., það er fyrrv. flokksbróðir hans, fréttamaðurinn sem sagði frá og það skýrir kannski eitthvað, ég veit það ekki. En séu þær fréttir réttar sem þar var frá sagt, þá vildi ég ekki búa undir slíkum umhverfisráðherra á Vestfjörðum. (**Gripið fram í:** Og endilangt.) Ég orða það svo, þú skilur það hvernig sem þú vilt, hv. þm. Ég vildi ekki að Vestfirðingar byggju undir því sem þar var frá sagt í því ástandi sem núna ríkir t.d. á Vestfjörðum að því er varðar atvinnumál. Og ég efast mjög um það, — nú gengur hæstv. hagstofuráðherra í salinn og það er líklega rétt að endurtaka allt sem ég sagði áðan. Ég var að vitna í frásögn af fundi frá Ísafirði sem var sagt frá í Ríkisútvarpinu í hádeginu í gær af fréttamanni. Og ég ítreka: Ef rétt er frá sagt, ég tek það fram, ef rétt er haft eftir fulltrúa ríkisstjórnarinnar á fundinum með boðskap hennar, þá sagði ég: Ég sem Vestfirðingur vildi ekki búa undir slíku lengi, undir slíkum stjórnvöldum. (**Fjmrh.:** Það var Jón Baldvin ...) Ja, ég get náttúrlega ekkert svarað fyrir Jón Baldvin, þeir Á rauðu ljósi hljóta að geta svarað því sjálfir hvar þeir eru á hverjum tíma, það er ekki mitt mál. En ef þessar frásagnir eru réttar, sem ég veit ekkert um og vil ekki fullyrða neitt um, ég hef heyrt bæði neikvætt og jákvætt um það. En séu þær réttar, þá mundi ég ekki vilja una því sem landsbyggðarmaður vestur á fjörðum að búa undir forskrift af því tagi sem þessi fulltrúi ríkisstjórnarinnar viðhafði, að fréttamannsins sögn, ég bæti því við, á þesum fundi. Og sé það boðskapurinn ofan á allt annað, hæstv. fjmrh., sé það boðskapurinn í áframhaldinu frá hæstv. ríkisstjórn, þá held ég að hæstv. ráðherrar megi fara að biðja fyrir sér. (Gripið fram í.) Ja, það kann vel að vera en þá er tími til kominn að fara að taka í taumana ef þetta er ekki með þínum vilja gert, hæstv. ráðherra. (**EgJ:** Hver auglýsti fundinn?) Ríkisstjórnin auglýsti fundinn. Hann var haldinn í nafni ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Hver borgaði?) Það er kannski ekki búið að borga hann enn, ég veit það ekki, en trúlega kemur að því að hann sendir reikninginn, borgar hann. (**EgJ:** Þetta var rödd ríkisstjórnarinnar þarna.) Það var það sem ég var að segja, það var fulltrúi ríkisstjórnarinnar sem þarna talaði og trúlega í hennar umboði. En eins og frá var sagt, þá mundi ég ekki vilja una undir því ef það verður framhaldið að því er varðar atvinnuuppbyggingu á þeim landssvæðum sem þurfa fyrst og fremst á því að halda að stutt sé við bakið á þeim til eflingar frekar en hitt.

Forseti (Jón Helgason):
Það eru enn nokkrir á mælendaskrá svo að ljóst er að þessi umræða stendur enn nokkurn tíma. Síðan eru tvö mál önnur á dagskrá svo óvíst er hvort þeim lýkur fyrir kvöldmat, en að sjálfsögðu er það ekki útilokað enn. Ég vildi koma því hér á framfæri að ef svo tekst ekki, þá mundi verða óhjákvæmilegt að halda fundi áfram að honum loknum.

Halldór Blöndal *(um þingsköp):*
Herra forseti. Ég hef kannski heyrt vitlaust. Í gær var tilkynnt úr forsetastóli að fundur yrði í dag en ekki talað neitt um kvöldfund í því sambandi. Og ég skildi það áreiðanlega rétt að við það verði staðið að ekki verði kvöldfundur. Ber svo að skilja að forseti hafi verið að boða kvöldfund með óljósum hætti? (**Fjmrh.:** Það fer eftir því hvað menn tala mikið.) Ja, forseti vill ekki svara. (**Forseti:** Ég sagði að ef umræðu um málið lyki ekki fyrir kvöldmat yrði óhjákvæmilegt að hafa fund eftir kvöldmat. Í gærkvöldi lýsti ég því yfir að fundur yrði í dag og á morgun. Þá kom líka fram að ég hafði fyrir rúmri viku síðan rætt við formenn þingflokka á fundi forseta þar sem hann undirstrikaði að búast mætti við kvöldfundum í þessari viku. Hið sama hef ég tjáð formönnum þingflokka síðan og þá einnig í kvöld.) Hæstv. forseti hafði þetta orð í eintölu í gær og er auðvelt að fletta því upp. Hann sagði að þá hefði hann tilkynnt að búast mætti við kvöldfundi í þessari viku.

Nú þekkir hæstv. forseti það jafn vel og ég að það er ekki vel séð í þinginu að kvöldfundur sé tvö kvöld í röð. Ég minnist þess m.a. þegar Lúðvík Jósepsson átti sæti á Alþingi að hann gekk mjög hart fram í því að þessi regla yrði ekki brotin. Ég minnist þess ekki að öðruvísi hafi verið farið að og ég minnist ekki annars en að forsetar hafi tekið tillit til þess, bæði vegna starfsfólks þingsins og þingmanna, að þessi *regla yrði í heiðri höfð.* Ég vil vekja athygli á því að fundi í Sþ. var haldið áfram þangað til, ja, ætli klukkan hafi ekki verið langt gengin í þrjú eða orðin þrjú þegar fundi lauk í Sþ. og ljóst að þar voru ekki á dagskrá jafnknýjandi mál og það sem við erum að ræða hér. Ég get á hinn bóginn ekki skilið ummæli hæstv. forseta svo að hann telji að það mál sem nú er til umræðu sé ekki svo þýðingarmikið að nauðsynlegt sé að þingmenn ræði um það.

Ég vil beina því til forseta að hann virði þá reglu að ekki séu haldnir kvöldfundir tvö kvöld í röð. Það er auðvitað á valdi þingsins eða forseta þingsins að ganga fram með hörku í þessum efnum og ég veit að við þingmenn stjórnarandstöðu getum lítið við því gert ef sú er skoðun forseta að virða að engu gamlar og góðar þingvenjur. En ég vil sem sagt beina því til hæstv. forseta að hann í lengstu lög reyni að virða þessa reglu og falli frá þeirri ákvörðun sinni að efna til kvöldfundar nú.

Salome Þorkelsdóttir *(um þingsköp):*
Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa í góðan tíma gert okkur grein fyrir því hvað hann hefur hugsað sér um þinghaldið hér í dag. Jafnframt vil ég fara þess á leit við hann að hann endurskoði hug sinn því ég tel útilokað að bjóða upp á að kvöldfundir séu hér tvö kvöld í röð, ekki síst þar sem þessi fundur í dag hófst kl. 10 í morgun. Þetta er því lengri fundardagur en venja er til á fimmtudögum ef þar ofan á á svo að bæta kvöldfundi. Mér skildist á hæstv. forseta að hann gerði jafnframt ráð fyrir fundi á morgun. Ég held að við gerum okkur grein fyrir því að ef ekki tekst að ljúka störfum hér fyrir kvöldmat í dag verðum við að sætta okkur við fund á morgun, en kvöldfund í dag tel ég vera útilokaðan. Þessu vil ég koma hér á framfæri og biðja hæstv. forseta endilega að endurskoða hug sinn í þeim efnum.

Forseti (Jón Helgason):
Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að taka tillit til þessara ábendinga og athuga hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um lok mála fyrir helgina og mun gera það núna.

Guðrún Agnarsdóttir *(um þingsköp):*
Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa verið sögð að því leyti til að það er óvanalegt að hér séu haldnir kvöldfundir tvö kvöld í röð nema sérstaklega standi á fyrir þinghlé eða þinglok. Jafnvel þó við ætlum nú að hverfa af þingi í eina viku sé ég ekki neina ríka ástæðu til að halda áfram kvöldfundum sem eru mikið álag fyrir starfsfólkið, svo við minnumst þess, ekki bara fyrir þingmenn, því það eru fleiri sem vinna í þessu húsi en við. Ég veit ekki til þess að þau mál hafi verið rædd sérstaklega og reynt að semja um þau við þingflokkaformenn eða fulltrúa þingflokkanna til að ná samkomulagi um afgreiðslu mála. Það hefur enginn neitað eða beðist undan því að sækja fund á morgun og það er eðlilegt að þinghald verði á morgun. Ég biðst ekki undan því, en ég bið hæstv. forseta að endurskoða hug sinn í sambandi við kvöldfund í kvöld, hvort ekki verði hægt að ljúka þessum málum á eðlilegum vinnutíma. Það er bæði fyrirhafnarsamt og líka talsvert kostnaðarsamt fyrir þingið að halda starfsfólkinu hér frá kl. 10 á morgnana og kannski fram eftir öllu kvöldi.

Forseti (Jón Helgason):
Ég vil bara ítreka það að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða þessi mál við fulltrúa þingflokka nú og vita hvort við getum ekki náð samkomulagi um afgreiðslu mála.

Karvel Pálmason *(um þingsköp):*
Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í dag um þingsköp og óskaði eftir því að það mál sem er nr. tvö á dagskrá þessa fundar yrði tekið til umræðu fyrst. Ég tel að það sé mikilsvert mál og þurfi að fá ítarlega umfjöllun og þyrfti e.t.v. að komast til nefndar áður en þessari viku lýkur. Nú er það ekki sérstaklega ósk mín að þetta mál fari endilega á þennan vergang sem hér er verið að tala um. Ég virði vissulega þriðja

málið sem hér er verið að ræða, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, það er mikilvægt frv. líka. En ég held að nauðsynlegra sé að koma hinu málinu áfram og það sé ekki rétt að slíta mjög lengi í sundur umræður um það mál sem er eitt af mestu stórmálum sem þingið kemur til með að fjalla um, sem er stjórn fiskveiða. Ég a.m.k. mótmæli því harðlega að menn ætli sér að setja hér á kvöldfund að því er það mál varðar og tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að ef menn vilja endilega ljúka þriðja málinu, þá kann það að þurfa að gerast en þá þarf það að gerast líka fyrir kvöldmat. Ég hef enga trú á því ef menn taka upp umræður um stjórn fiskveiða að þeim ljúki neitt um kvöldmatarleytið ef menn ætla að taka hitt á undan. Um það hljóta að verða meiri umræður en tíminn til kvöldmatar leyfir. Það er það stórt mál sem ég hygg að margir þurfi að tjá sig um og menn verða auðvitað að fá til þess tækifæri að tjá sig í slíkum stórmálum.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Þeir ræðumenn Sjálfstfl. sem hafa talað við þessa umræðu hafa skýrt afstöðu okkar til kjarasamninganna og til þeirra ákvarðana sem þeim fylgdu. Þess vegna er óþarfi að fara nákvæmar út í þá umræðu á þessu stigi málsins. Ég ætla hins vegar að minnast hér með örfáum orðum á það sem snýr að landbúnaðinum og bændum landsins í samkomulaginu.

Það er auðvitað áhyggjuefni hvernig menn hafa komist að niðurstöðu um verðlagningu á landbúnaðarvörum á þessu hausti. Rifja ég þá upp það sem gerðist við ákvörðun haustverðlags sem á að taka gildi 1. sept. ár hvert. Eftir að verðlagsgrundvöllur hafði verið ákveðinn að hluta til voru gerðar breytingar á honum eftir örfáa daga. Að sjálfsögðu voru ekki fyrir hendi nein lög til að gera þær breytingar því lög kveða á um hvenær eigi að ákveða verð á búvörum sem, eins og kunnugt er, er fjórum sinnum á ári. Nú var hins vegar búið að fjalla um þessi mál 1. des. og þá var kominn nýr grundvöllur, haustgrundvöllur, verðlagsgrundvöllur eins og hann er gjarnan kallaður.

Það liggur fyrir að að hluta til var ekki búið að koma inn í þann grundvöll þeim skerðingum á sauðfjárafurðum sem ákveðnar voru fyrst um haustið. Samkomulag var gert um það að síðasti hluti þeirrar skerðingar ætti að ganga inn í verðið, eða réttara sagt, það átti að skrá það þann 1. mars nk. Með þeim breytingum á búvörulögunum sem hér er lagt til að gerðar verði verður öll sauðfjárframleiðsla fyrir þetta ár með þessari umræddu skerðingu. Eins og frv. gerir ráð fyrir á ekki að skrá verð á sauðfjárafurðum í rauninni fyrr en 1. sept. árið 1991. Það er náttúrlega meira en furðulegt að í þessu svokallaða samkomulagi skuli ekki koma fram hver sé ástæðan fyrir því að hér sé sérstaklega gengið á rétt sauðfjárbænda að þessu leyti. Þess vegna vil ég spyrjast fyrir hjá hæstv. forsrh. hver sé ástæðan fyrir því.

Nú hefur það líka verið þannig að verð á sauðfjárafurðum hefur verið með tvennum hætti að haustinu til, þ.e. verð á nýju dilkakjöti hefur verið skráð hærra, eðlilega, en eldra kjötið. Eftir þessar breytingar fæ ég ekki séð annað en að allt dilkakjöt verði á sama verði, hvort heldur það er eins árs eða aðeins nokkurra daga gamalt. Þarna skapast að sjálfsögðu ákveðinn vandi og ég vil spyrja hæstv. forsrh. um það hvernig honum verði mætt.

Ég hef ekki getað fengið um það upplýsingar hvernig frá þessum málum hefur verið gengið í þessu svokallaða samkomulagi og það er alveg útilokað að hugsa sér annað ef menn ætla a.m.k. að virða eðlileg sanngirnissjónarmið en að þetta mál verði upplýst með fullnægjandi hætti við meðferð málsins hér í hv. Ed.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en leita eftir skýrum svörum hjá hæstv. forsrh. við þessum spurningum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal taka það fram strax í upphafi að ég ætla ekki að setja hér á langa ræðu. Ég á sæti í félmn. sem fær þetta frv. til umfjöllunar og hef því tækifæri til að fylgjast með og koma á framfæri athugasemdum þar. Það eru þó nokkur atriði sem mig langar samt að koma inn á hér við þessa 1. umr. ekki síst með tilliti til þess að það er tækifæri til að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga. Það kemur mér að vísu svolítið á óvænt að þetta frv. fari fyrir félmn. Ég hefði haldið að það ætti að vera í fjh.- og viðskn. En það er kannski vegna þess að þetta eru kjarasamningar að svo er og er ég svo sem ekki að gera athugasemdir við það.

Eins og hér hefur komið fram, þá eru þetta nokkuð merkilegir samningar sem hér er verið að fjalla um. Það má segja að þeir marki tímamót að því leyti að það eru aðilar vinnumarkaðarins sem taka völdin úr höndum ríkisstjórnar og ákveða að færa niður verðlag og gera hóflegri kjarasamninga en hæstv. ríkisstjórn hafi reiknað með þegar hún setti fram áætlanir sínar m.a. í fjárlögum í haust.

Við sjálfstæðismenn teljum eðlilegt að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls svo að það fái eðlilega meðferð hér á hv. Alþingi og höfum þess vegna ekki hugsað okkur að tefja neitt fyrir því. En það er eðlilegt að mönnum liggi ýmislegt á hjarta þegar svo mikilvægt mál og merkilegt er til umfjöllunar og ég get tekið undir flest það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér um það hvernig ástandið er í þjóðfélaginu í dag og það sé í sjálfu sér ekki ástæða til að fagna slíkum samningum. Má segja að þetta séu að mörgu leyti neyðarsamningar en vonandi eiga þeir eftir að bera það úr býtum sem markmið þeirra er, að viðhalda þeim lífskjörum sem eru viðvarandi nú. En það er eitt stórt „en" því allt byggist á því að ríkisstjórnin standi við sín fyrirheit og komi í veg fyrir að það sem að henni snýr fari úr böndunum.

Það eru nokkrar spurningar sem mig langaði að koma með og kannski athugasemdir jafnframt. Það er þá fyrst varðandi það loforð hæstv. ríkisstjórnar í

tengslum við kjarasamningana að lækka verðlag um 0,3% nú í febrúar. Það væri mjög æskilegt og beinlínis nauðsynlegt að fá að heyra hjá hæstv. forsrh. hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að efna þetta loforð vegna þess að það hlýtur að vera stórt atriði. En ekki held ég að fólkið í landinu hafi orðið vart við enn þá að það hafi tekist og nú er ekki langt í land að febrúarmánuði fari að ljúka.

Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 14. þm. Reykv. að frítekjumarkið er of lágt. Það er líka annað sem mig langar að spyrja um og skil ekki alveg en það er skýringin við 8. gr., hvað hún þýðir. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú hækkun á frítekjumarki almannatrygginga, sem gefið var fyrirheit um við gerð kjarasamninga, felur í sér að frítekjumark verður mismunandi eftir eðli og uppruna tekna. Nauðsynlegt þykir að breyta 19. gr. laga um almannatryggingar á þann veg sem hér er lagt til þannig að heimildin til slíkrar mismununar sé ótvíræð."

Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu hjá hæstv. forsrh. Það kemur fram sem rétt er að atvinnuleysi hefur verið mikið og er mikið. Þeir eru margir í dag sem mæla göturnar og ganga frá Heródesi til Pílatusar í leit að vinnu. Þeir hafa misst vinnu sína jafnvel eftir áratuga starf hjá sama fyrirtæki vegna þess að fyrirtækin eru að hagræða hjá sér eins og svo er nefnt og fækka starfsfólki. Það hefur verið þó nokkuð áberandi að það er fólk á miðjum aldri sem verður fyrir þessum niðurskurði á starfsmannafjölda í fyrirtækjum og það er einmitt fólkið sem á kannski erfiðast með að komast inn á vinnumarkaðinn að nýju. Ég vona svo sannarlega að það sé rétt sem kom fram hjá hæstv. forsrh. að atvinnuleysið fari minnkandi. Ég veit ekki hvað hann hefur fyrir sér í því, hvort það er aðeins óskhyggja, en ég vona svo sannarlega að hann hafi rétt fyrir sér í þeim efnum. Það er nefnilega svo að það að missa atvinnuna og vera ekki gjaldgengur á vinnumarkaðinum, að vera hafnað á hverjum vinnustaðnum eftir öðrum er til þess fallið að menn missi sjálfsvirðinguna. Það er ekki bara það að missa tekjurnar vegna vinnutapsins. Það er ekki síður sjálfsvirðingin sem þar kemur inn í og það getur orðið einn vítahringur og er kannski alvarlegra mál heldur en við hugsum um svona dags daglega.

Það kemur fram í þessu plaggi að ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir hinu og þessu en við eigum væntanlega eftir að sjá hvernig hún ætlar að framkvæma það. Það er ekki nóg að tala um hlutina. Það þarf að framkvæma þá einnig. Það kemur hér fram að hún muni beita sér fyrir breytingum á sköttum og á gjaldskrám opinberra fyrirtækja sem svarar til 0,3% lækkunar á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar. Ég vonast til þess að hæstv. forsrh. geti upplýst hvernig þetta eigi að gerast vegna þess að manni hefur fundist vera talsvert um fyrirhugaðar hækkanir á ýmsum gjöldum og sköttum. Ég hef grun um að hér sé á döfinni bifreiðagjald svokallað. Bifreiðaeigendur hafa ekki enn þá fengið gjaldseðlana sína sem áttu að koma 1. jan. og var frestað að senda þá út til 1. mars og hef ég heyrt einhvern ávæning af því að það eigi að fresta því enn til 1. apríl. Vonandi fáum við þá ekki dráttarvaxtatilkynningu á meðan sú frestun stendur yfir. Það er mikið um það þessa dagana að fólk er að fá dráttarvaxtatilkynningar með hörðum hótunum um eignaupptöku ef bílar finnist ekki vegna þess að það sé búið að taka þá af skrá, ef gjöldin eru ekki greidd o.s.frv. En kannski ætlar hæstv. fjmrh. að lækka bifreiðagjöldin 1. apríl og það væri vel ef svo væri. Og þegar ég er að tala um að lækka, þá er ég ekki að tala um lækkun frá fyrirhugaðri hækkun heldur frá status quo. Það er mikill munur á því. Það er nefnilega oft dulbúin hækkun sem felst í því þegar hann ætlar að lækka það sem hann hefur fyrirhugað að hækka. Það er ekki alveg það sama.

Þá eru það húsnæðismál fatlaðra. Þar er sagt að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að á grundvelli úttektar á framkvæmdaþörf í þágu fatlaðra sem nú er á lokastigi verði gerð áætlun til nokkurra ára um úrbætur í húsnæðismálum þeirra, bæði í sambýlum og innan félagslega húsnæðiskerfisins. Það er staðreynd að forustumenn samstarfsnefndar fatlaðra hafa verið mjög óánægðir með viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeim umleitunum sem þeir hafa haft í frammi við fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Þeir hafa átt viðræður við hæstv. forsrh. og félmrn. og þótt uppskeran vera rýr frá þeim viðræðum. Þeir hafa eðlilega miklar áhyggjur. Hér er um að ræða húsnæði fatlaðra einstaklinga sem búa við mikla neyð að því leyti og að áliti forsvarsmanna þeirra er þarna um rúmlega 100 einstaklinga að ræða. Þeir hafa gert kröfur um að það verði tafarlaust reynt að leita úrbóta í þessum efnum og þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það eigi að bíða lengi eftir þessari skýrslu eða hvort það megi búast við að nú verði gengist í að gera þessa framkvæmdaáætlun svo að menn viti hvar þeir standa á næstu árum hvað það varðar.

Það er þáttur í útvarpinu, ég held næstum daglega, sem flestir þekkja og heitir „Þjóðarsálin". Menn hafa kannski mismunandi skoðanir á þeim þætti en það er nú svo að þessi þjóðarsál endurómar oft ástandið í þjóðfélaginu þar sem vandamálin berja að dyrum. Og þar hefur komið greinilega fram að undanförnu eftir að breytingar voru gerðar á gjaldskrám hjá læknum og lyfjakostnaði að einmitt hækkanir í þessum efnum koma verst niður á mörgum sjúklingum sem hafa litlar tekjur. Ég minnist þess að í gær heyrði ég af tilviljun konu upplýsa hvernig hennar aðstæður væru. Hún þarf að greiða fyrir vitjun til sérfræðings sem skiptir þúsundum króna á ári vegna þess að hennar ástand er þannig að hún getur ekki farið til heimilislæknis, er í meðferð hjá sérfræðingi og nú hækkar þetta gjald úr 630 kr. í 900 kr. Þessi kona er með 40 þús. kr. mánaðartekjur og hún sagði að ef hún ætti ekki góðan að sem greiddi fyrir hana það sem á vantaði vissi hún ekki hvernig hún færi að komast af með sín veikindi. Þetta vildi ég nefna hér vegna þess að mér finnst það skjóta svolítið skökku við að á sama tíma og verið er að skera allt niður virðist það allt bitna á þeim sem síst skyldi, eins og t.d. sjúklingum.

Mér er minnisstætt að þegar við vorum að afgreiða

hér frv. um málefni aldraðra þá voru samþykkt lög á Alþingi um það að nú skuli aldraðir sem þurfa að fara á hjúkrunarheimili borga fyrir sig. Og það átti að þýða einhvers konar jöfnuð vegna þess að þegar þeir eru ekki á hjúkrunarheimili heldur á dvalarheimili þurfi þeir ekki að borga og þess vegna sé óeðlilegt að þeir borgi ekki fyrir sig þegar þeir eru komnir á hjúkrunarheimili. Nú hef ég heyrt, en ég vona svo sannarlega að það sé rangt, að nú eigi þessir sömu aðilar, þ.e. aldraðir ef þeir þurfa að fara á sjúkrahús, nú er ég ekki að tala um hjúkrunarheimili heldur sjúkrahús, og hafi tekjur umfram það sem almannatryggingakerfið gerir ráð fyrir, nú eigi þeir að borga hluta af þessum sjúkrahúskostnaði og þá á það líklega að vera til að jafna þennan kostnað af því að þeir eru ekki á hjúkrunarheimili.

Mér finnst full ástæða til að nefna þetta hér því að ég get ómögulega skilið og sætt mig við að þessi leið sé farin að afla heilbrigðiskerfinu tekna á sama tíma og fólk sem hefur fullar tekjur og jafnvel góðar tekjur fær að leggjast inn á sjúkrahús til rannsókna og er ekki látið greiða fyrir það. En þetta er kannski í sama anda og hugsað er nú að fólk sem reynir að bjarga sér, t.d. menn sem eiga bátkænu og vilja fara út á sjó og róa og fá sér fisk í soðið til að drýgja tekjurnar mega það ekki lengur öðruvísi en borga fyrir það og fá leyfi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri, hæstv. forseti. Ég sagði það hér í upphafi að ég ætti sæti í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar og hef tækifæri til að fjalla um það þar. En kannski aðeins að lokum af því að hv. 3. þm. Vestf. kom inn á kjaramálin sem við var að búast áðan og hann talaði um það að fyrstu svikin í kjarasamningum hefðu verið í tíð Þorsteins Pálssonar, þáv. hæstv. forsrh., þegar hann hefði samið um hærra kaup við þá sem voru betur settir og hefði þannig svikið láglaunafólkið. Ég veit ekki hvort hv. 3. þm. Vestf. er hérna einhvers staðar. Hann er það ekki en ég sé að hv. 4. þm. Reykn. er hérna og hann er einnig fagmaður í kjarasamningum. Ég ætlaði rétt að spyrja hv. 3. þm. Vestf. og get þá alveg eins spurt hv. 4. þm. Reykn. hvort mig misminni að það sé miklu eldra vandamál í kjarasamningum þegar fyrst er samið við þá lægst launuðu og síðan koma hinir og skríða eftir bakinu á þeim og fá hærri laun. Hefur þetta ekki alla tíð verið vandamál þegar verið er að semja fyrir verkafólkið? Það er eins og mig minni það. Og ég var að beina þessu til hv. 3. þm. Vestf. því að hann fór að tala um að fyrstu svikin hefðu verið þegar Þorsteinn Pálsson var forsrh. Ég held að þetta sé miklu, miklu eldra vandamál, hv. þm., og vildi þess vegna bara rifja það upp. Almennt hefur þetta alla tíð verið vandamál að þegar á að bæta kjör láglaunafólksins eru það venjulega hinir sem skríða eftir baki þeirra og fá miklu, miklu meira þegar upp er staðið.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Hvers vegna gera menn svona kjarasamning? Hvers vegna leita menn leiða öðruvísi en gert hefur verið á undanförnum árum? Það er náttúrlega vegna þess að menn sjá fyrir sér þá stöðu atvinnulífsins sem er staðreynd, menn sjá fyrir sér stöðu launþega, menn sjá fyrir sér stöðu efnahagslífsins hvar verðbólga hefur ætt áfram og eyðilagt lífskjörin í landinu. Menn sjá það fyrir sér að ef ekki er vikið af þeirri hefðbundnu leið sem farin hefur verið undanfarin ár blasi við hrun efnahagslífsins, hrun fyrirtækjanna, hrun heimilanna.

Þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið eru tímamótasamningar að mínu mati, kjarasamningar sem munu skipta sköpum ef vel tekst til, en það er líka með alla kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum árum að menn hafa ekki séð það fyrir hvernig þeir enduðu. Menn hafa það fyrir sér í sögunni að yfirleitt alltaf hafi lok kjarasamninga verið á þann veg að menn hafa gert sér glæstar vonir í upphafi en þegar samningstíminn hefur verið að renna út hafa menn gert sér það ljóst að kjörin voru verri en þegar hafist var handa. Ástæðan fyrir þessu er verðbólgan, óstöðugleiki og annað sem truflað hefur samningana.

Þeir kjarasamningar sem nú hafa verið gerðir hafa kostað mikla vinnu og líka það að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar þurftu að fá sína félaga til að breyta um leiðir. Við lok kjarasamninganna er það rétt eins og fram kom hér hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur að þjóðin fékk mikið hamingjukast. Reyndar færði hún það upp á Alþingi og ég held að hamingjan hafi ekki verið síðri hér enda eru það mikil og góð tíðindi þegar vel tekst til. Einkenni þessara kjarasamninga er það að allir helstu aðilar sem skipta máli náðu saman, ekki aðeins Alþýðusambandið, ekki aðeins BSRB, heldur líka bændur. Aldrei fyrr hefur það gerst að aðilar vinnumarkaðarins hafa tekið upp viðræður við þá. Ég var einn af þeim sem tóku þátt í þeim viðræðum og verð ég að játa að þær stundir voru afar fróðlegar og oft og tíðum skemmtilegar og mér er það alveg ljóst að menn gera of lítið af því að tala saman um þessi mál. Mér var það líka ljóst að bændur eru á margan hátt mun betur upplýstir um ástand landbúnaðarmála, um það hvernig þau standa en þeir stjórnmálamenn sem fyrir þá tala hér á Alþingi. Ég held að þeir sjái vandann betur, skynji hann betur, greini það hver staðan er. Það var ekki aðeins samið um landbúnaðarverð eða niðurgreiðslur heldur var samið um það að setja á stofn nefnd sem var falið að ræða um stefnumörkun í landbúnaði á þann hátt að landbúnaðarframleiðslan verði hagkvæmari, að landbúnaður verði ódýrari, að við getum horft fram í framtíðina á þann veg að neytendur geti fengið ódýrari vöru og bændur geti unað vel við sitt. (Gripið fram í.) Hv. þm. Egill Jónsson er hér með frammítökur. Hann skynjar greinilega ekki það sem ég var að segja eða veit ekki hvað ég var að segja því að hann var að koma inn. Hitt er annað mál að ég get endurtekið það að ég er sannfærður um að bændur skynja betur vanda landbúnaðarins heldur en þeir stjórnmálamenn sem sitja hér og þykjast vera að tala fyrir hann. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt að hann greiddi atkvæði með matarskattinum.

Hér hafa verið gerðar ýmsar athugasemdir við þá kjarasamninga sem liggja fyrir og þau fyrirheit sem

ríkisstjórnin hefur gefið. Auðvitað geta menn gert athugasemdir en ég verð að játa það á mig að ég ber mikla virðingu fyrir því samkomulagi sem gert hefur verið hér bæði hvað varðar opinbera starfsmenn og líka sérstaklega við ASÍ.

Það er fundið að því er varðar 1. og 2. gr. hvar talað er um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég vil geta þess að fyrir 3–4 árum samdi Alþýðusambandið um það að greitt yrði í lífeyrissjóð af öllum tekjum. Það hafa opinberir starfsmenn ekki gert enn. Nú er samið um að persónuuppbót og orlofsuppbót falli undir lífeyrissjóðsgreiðslur þannig að það má segja að þeir hafi að þessu leyti færst nær því að greiða af öllum tekjum. Mismunurinn er hins vegar sá milli ASÍ-sjóðanna og lífeyrissjóðs ríkisins að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er verðtryggður. Hitt er annað mál að tekjutryggingin gerir það að verkum að greiðslur til fólks úr BSRB eru mjög svipaðar og til ASÍ-félaga. Jöfnun á sér stað svo mikil. Það eru helstu topparnir hjá BSRB sem eru þar fyrir ofan.

Ég veit ekki hvað ég á að fara ítarlega yfir þetta. Menn hafa engan áhuga á þessu máli greinilega, það er varla nokkur maður hér í salnum. Hér er hv. 3. þm. Vestf. og örfáir aðrir. Þessir kjarasamningar eru samningar sem gerðir eru til að verja kjörin, til þess að verja atvinnuna, til að verja atvinnulífið. Þetta er varnarsigur ef svo mætti segja sem náðist. Kjarasamningarnir fela í sér atriði sem snerta alla þjóðina. Þá á ég við lækkun verðbólgu og lækkun vaxta. Þessi kjarasamningur er á lágum nótum í því skyni að ná þessu markmiði.

Mér er það alveg ljóst eins og hv. 3. þm. Vestf. að það er veruleg hætta á því að þeir sem betur eru settir reyni að klifra á baki láglaunafólksins. Það hefur því miður oftast gerst og menn hafa lítið við því getað gert. Þess vegna er það skoðun mín að þennan kjarasamning eigi að lögfesta. Það eigi að lögfesta þennan samning. Þetta er óvenjuleg aðgerð sem lýtur að allri þjóðinni og ef það verður ekki gert má alveg búast við að einstaka sérhagsmunahópar ríði á vaðið nú þegar þeir hafa skjól af þessum samningi og reyni að fá meira, óháð því hvað gerst hefur hjá láglaunafólkinu, óháð því hvað er verið að gera fyrir allt efnahagsumhverfi í landinu. Þess vegna tel ég að þessa leið eigi að fara. Ég tel að verði það ekki gert lendi þessir samningar í miklum ógöngum.

Það þarf líka fleira að gerast. Það þarf að vera virkt verðlagseftirlit, ekki bara hjá opinberum stofnunum heldur líka hjá aðilum vinnumarkaðarins. Það eru líka fyrirheit um það hjá viðsemjendum Alþýðusambandsins að svo verði gert. Þeir hafa tekið heiðarlegan þátt í því og munu gera það. Það er mjög raunhæft líka og virðingarvert að þeir hafa tekið þátt í að auglýsa að þeim kauphækkununum sem nú eiga sér stað verður ekki fleygt út í verðlagið.

Það var talað um launanefndina sem samið var um og þótti mér það miður að einn ræðumanna, hv. 14. þm. Reykv. sem á sér góða fortíð í verkalýðshreyfingunni, skuli sá tortryggni um þá hluti. Ég tel að sú launanefnd sem nú hefur verið samið um sé betri kostur en var 1986. Menn eru mjög brenndir af þeim samningum. Þar voru ekki allir endar hnýttir. BSRB var fyrir utan og ýmsir aðrir sem gátu eyðilagt þá samninga og ríkisstjórnin sem þá var kom aftan að okkur og aftan að láglaunafólkinu. Ég veit að oft var erfitt fyrir þá ríkisstjórn að ráða við hlutina en niðurstaðan varð sú að þeir kjarasamningar stóðust ekki. Ég á hins vegar von á því að þessir kjarasamningar komi til með að duga betur. Þeir eiga eftir að takast betur en þá verða allir að leggjast á eitt um að svo verði.

Ég tel að t.d. samningurinn sem gerður var við bændur skipti miklu máli. Verð landbúnaðarvara verður stöðugt á þessu tímabili sem gerir það að verkum að sú skrúfa sem myndast hefur af verðhækkunum á landbúnaðarvörum á sér ekki stað en það er þekkt að ýmsar vörur hækka í takt við landbúnaðarvörur.

Þau fyrirheit sem ríkisstjórnin hefur gefið eru samkomulagsatriði við aðila vinnumarkaðarins og ég á von á að þau muni standast. Það var vísað í það hér að ýmis loforð frá 1988 hefðu verið svikin. Ég tel að það sé rangt nema hvað varðar jöfnunargjald. Þar var orðið við kröfu atvinnurekenda um að fella niður jöfnunargjald og ætla ég ekki að gerast baráttumaður fyrir að það gangi fram en vissulega eiga menn að efna öll sín loforð. Ég ætla ekki að tíunda þessa hluti mikið meira. Ég legg áherslu á að þessir kjarasamningar stefna að því að halda óbreyttum kaupmætti. Kjörin versnuðu mjög á síðasta ári. Menn hafa gert sér grein fyrir að kjarabætur sæki þeir ekki við það ástand í efnahagsmálum sem hefur verið. Sá kjarasamningur sem liggur fyrir gefur góðar vonir um bjarta framtíð, betri tíð hvar efnahagslífið getur náð vopnum sínum, hvar launþegar geta búist við að eiga betri daga fram undan með lægri verðbólgu, lægri vöxtum og betra efnahagslegu umhverfi.

Það vakti athygli mína hversu hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var jákvæður varðandi kjarasamningana. Þar var talað af mikilli ábyrgðartilfinningu manns sem gerir sér grein fyrir að samningagerð af þessu tagi mun efla kjör fólksins í landinu þegar frá líður og þakkarvert hvernig á því var tekið af hans hálfu.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að auðvitað er það skreytni að halda því fram að ríkisstjórnin hafi ekki haft með þessa hluti neitt að gera. Það er reyndar svo að ríkisstjórn semur ekki við aðila vinnumarkaðarins beint. En ef tilstillis hennar hefði ekki notið við þá hefðu þessir kjarasamningar ekki orðið að veruleika og líka það að það efnahagslega umhverfi og það umhverfi almennt sem skapast hefur á undanförnum mánuðum gerir það að verkum að unnt var að gera þessa kjarasamninga. Við skulum vona að það takist að halda þeirri stefnu sem þeir marka og ég trúi að það gerist ef menn standa saman um þá hugsjón sem þar er að verki. Það þýðir ekki að einn og einn dragi sig út úr og segi: Ég vil

ekki draga úr þessu eða hinu, spara hitt eða annað hjá ríkinu. Menn verða að leggjast á eitt um að ná samkomulagi um þá hluti með þá fullvissu að menn séu að gera rétt.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að taka almennt þátt í umræðunum heldur svara hér nokkrum fyrirspurnum sem hefur verið beint til mín. M.a. beindi hv. 6. þm. Vesturl. til mín fyrirspurn eitthvað á þá leið hvað liði starfi svokallaðrar hugarflugsnefndar. Mér er ljúft að verða við því að svara þessari fyrirspurn.

Þegar ég fékk í hendur það verkefni að vinna að því að móta atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar við myndun núv. hæstv. ríkisstjórnar 10. sept. sl. hafði þegar verið skipuð atvinnumálanefnd með aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem heyrir undir forsrh. og vinnur að úttekt á atvinnulífinu og skilyrðum þess. En til að kanna þar fyrir utan hvaða möguleikar bjóðast í framtíðinni í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins skipaði ég lítinn starfshóp sem sumir hafa kallað hugarflugsnefnd til að kanna og fjalla um hvaða tækifæri við eigum ónýtt og hvort hægt er að gera eitthvað betur í hinum ýmsum atvinnugreinum sem við stundum á Íslandi. Þessi hópur hefur starfað mjög ötullega síðan í nóvember. Hann hefur haldið vikulega fundi og farið mjög ítarlega yfir nánast alla þætti íslensks atvinnulífs. Þar fyrir utan hefur hann velt upp ýmsum nýjum hugmyndum og athugað hvaða nýjar leiðir væri hægt að fara í atvinnumálum. Ég geri ráð fyrir að það verði hægt e.t.v. þegar líður fram á vorið að fá fram drög að skýrslu eða a.m.k. áfangaskýrslu um það starf sem þar er unnið. Síðan er gert ráð fyrir að halda þessu verkefni áfram og um næstu áramót ljúki verkinu með skýrslu um niðurstöður starfshópsins.

Hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason kom inn á fund sem var haldinn um atvinnumál á Ísafirði og ég held að það sé kærkomið tækifæri til að fjalla eilítið um þann fund hér. Ég skal ekki taka langan tíma í það. Svo er mál með vexti að í tengslum við þetta verkefni sem var mótun atvinnustefnu til framtíðar hafa verið haldnir nokkrir atvinnumálafundir í kjördæmunum til að móta atvinnustefnu framtíðarinnar í samvinnu og í samráði við fólkið í landinu. Sl. þriðjudagskvöld var slíkur fundur auglýstur á Ísafirði og hann var haldinn og ég verð að segja eins og er að ég hef sjaldan ef nokkurn tíma setið betri fund um mál sem þar var á dagskrá. Umræður voru málefnalegar, fjöldamargir heimamanna tóku til máls og á málefnalegan hátt lýstu þeir vandamálum atvinnulífsins og hvaða framtíð þeir sæju fyrir sér. Ég hef sjaldan ef nokkurn tíma hlustað á jafnfróðlegar ræður og gagnlegar. Við tókum niður nákvæma fundargerð af þessum fundi og hyggjumst nota hana í því verkefni sem bíður sem er mótun atvinnustefnu. Það kom því eins og köld gusa þegar Ríkisútvarpið flutti fréttir af þessum fundi daginn eftir sem voru greinilega falsaðar. Ég get ekki líkt þessum fréttum við neitt annað en fréttafölsun og þykir mér furðulegt að fréttamaður Ríkisútvarpsins úti á landi skuli leyfa sér að afflytja fréttir af þessum fundi og viðhafa hreina fréttafölsun. Ég hef haft samband við bæjarstjórann á Ísafirði, Harald L. Haraldsson, sem bað mig um að þess yrði getið í þingræðu í dag að hann og aðrir Ísfirðingar eru furðu lostnir yfir þessum fréttaflutningi og eru harmi slegnir yfir því að þessi fundur svo og ýmis önnur mál sem fjallað er um í fréttum Ríkisútvarpsins frá Ísafirði skuli afflutt með þessum hætti. Og ég vil beina því til þeirra sem stýra Ríkisútvarpinu, mér þykir leitt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér því að ég mundi þá biðja hann um að athuga þetta mál, að það verði skoðað hvað hér er á ferðinni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það var beint til mín þeirri fyrirspurn hvort það hefði miðað í samræmi við viðhorf okkar alþýðubandalagsmanna til launajöfnunar í þróun kjaramála á undanförnum tveimur árum. Ég vil í fyrsta lagi geta þess að bæði þeir kjarasamningar sem gerðir voru við BSRB og síðan þeir kjarasamningar sem nú hafa verið gerðir eru til hagsbóta fyrir láglaunafólk. Þeir samningar sem gerðir voru í fyrra fólu í sér sérstakar hækkanir fyrir láglaunafólk sem er starfandi hjá ríkinu, sérstaklega í mörgum fjölmönnum stéttarfélögum þar sem konur eru meginhluti félagsmanna.

Ég vil geta þess að á Alþingi næstu daga verður lagt fram svar við fyrirspurn sem borin var fram fyrr í vetur þar sem koma fram launagreiðslur til félagsmanna í öllum aðildarfélögum sem eiga starfsmenn í þjónustu ríkisins. Þetta svar er upp á marga tugi blaðsíðna og mun veita mjög víðtæka möguleika til að skoða þann samanburð sem hv. þm. vék hér að. Þess vegna teldi ég kannski skynsamlegra að ræða þetta efni þegar þær upplýsingar hafa verið lagðar fram hér á Alþingi. Ég vildi hins vegar geta þess að í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið í fyrra og á þessu ári teljum við að nokkuð hafi miðað þó það hefði mátt vera meira í átt að launajöfnuði. Það mál hefur einnig verið rætt á vettvangi ríkisstjórnarinnar þar sem ríkisstjórnin er eindregið þeirrar skoðunar að það eigi að stuðla að aukinni launajöfnun í okkar landi. Þetta vildi ég að kæmi hér fram sem svar við þeirri fyrirspurn sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir bar fram.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þeim spurningum sem til mín hefur verið beint skal ég leitast við að svara. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði: Hvað kosta 1–3 gr. í frv. þar sem gert er ráð fyrir að ellilífeyrisþegar fái aðgang að lífeyri vegna orlofsgreiðslna? Samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. nemur kostnaður að þessu leyti 11 millj. kr. á ári.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um frv. um lífeyrissjóði, hvort og hvenær það yrði lagt fram og hvort það yrði þá lagt fram óbreytt. Frv. um lífeyrissjóði verður lagt fram fljótlega eftir Norðurlandaráðsþing. Það verður

lagt fram óbreytt frá því samkomulagi sem gert var í svonefndri 17 manna nefnd. Hins vegar gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að frv. fari í milliþinganefnd á milli þinga í sumar og verði þá lagt fram á ný á haustþingi. Að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin ekki ábyrgst að það frv. verði í öllu og einu óbreytt frá því sem milliþinganefndin tekur við. Milliþinganefndin hlýtur að hafa heimild til að hreyfa þar atriði. Hins vegar hefur ríkisstjórnin í viðræðum sínum við aðila vinnumarkaðarins lofað að beita sér fyrir að frv. um lífeyrissjóði, eins og nákvæmlega er orðað í bréfi mínu, verði samþykkt á öðru þingi.

Hv. þm. spurði um félagslega kerfið og við hvaða tillögur væri átt sem þar er vísað til. Þar er vísað til mjög viðamikillar vinnu sem fer fram núna í samráði m.a. við verkalýðshreyfinguna um endurskoðun á félagslega kerfinu í heild. Niðurstaða þeirrar nefndar er nýkomin fram. Ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér hana þannig að ég geti rætt um hana hér í neinum smáatriðum. Hins vegar var á það lögð áhersla og á það fallist að á grundvelli þessarar skýrslu verði gerð áætlun um þörf fyrir félagslegar íbúðir og sú áætlun þá að sjálfsögðu framkvæmd.

Spurt var um fiskverð og aflamiðlun. Það er mikill misskilningur að strandi á deilum innan ríkisstjórnarinnar um aflamiðlun. Þar er fullt samkomulag. Ríkisstjórnin er sammála um að aflamiðlun verði með þeim hætti sem t.d. sjútvrh. lýsti hér á Alþingi í fyrradag. Hann lýsti því að hann teldi að í stjórn Aflamiðlunar ætti að vera einn fulltrúi frá hverjum aðila, þ.e. LÍÚ, sjómannasamtökunum, fiskvinnslunni og Verkamannasambandi Íslands og veldu þessir fjórir aðilar sér síðan oddamann. Sömu yfirlýsingu hefur hæstv. utanrrh. gefið í fjölmiðlum og hefur horfið frá því að í þessari aflamiðlunarstjórn verði fulltrúar m.a. svokallaðra útflutningsheildsala og fiskmarkaða. Þetta er sú tillaga sem ég styð og ég geri fastlega ráð fyrir því að frá henni verði gengið á ríkisstjórnarfundi í fyrramálið. Þá verður ekki af ríkisstjórnarinnar hálfu neitt því til fyrirstöðu að fiskverð ákvarðist á næsta fundi yfirnefndar sem er reyndar, ef ég veit rétt, boðaður á morgun. Ég vil leggja áherslu á að ég tel afar mikilvægt að allir þeir aðilar sem aðild eiga að hafa að stjórn Aflamiðlunar séu sáttir við skipun stjórnar hennar, m.a. Verkamannasamband Íslands sem gerði við það athugasemdir og ég tel að það samkomulag sé að nást.

Hv. þm. taldi afar alvarlegt að hér væri gefið undir fótinn með það að samstarfsnefnd vinnuveitenda og launþega ætti að leita leiða í erfiðleikum sem upp kunna að koma. Ég er ósammála þessu. Í lögum frá 1979 um efnahagsmál segir að stjórnvöld skuli hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Þetta samráð hefur verið með ýmsum hætti og ég hef ekki orðið var við að nokkur hafi að því fundið þótt í slíku samráði hafi verið leitað leiða. Það er að sjálfsögðu síðan ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins að framkvæma þær tillögur sem þar koma fram. Það er allt annað mál. Sumum kann að verða hafnað af einhverjum þessara aðila, aðrar samþykktar og framkvæmdar og reyndar er þetta samstarf þegar hafið. Ég vek athygli á því að ég átti viðræður við verkfræðinga sem höfðu hækkað sinn taxta um 10% eða um það bil og fór fram á að hann yrði lækkaður. Á það var fallist samstundis. Og ég vek athygli á að Verðlagsráð hefur verið á fundum m.a. í dag, að sjálfsögðu að ósk ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins, til að brjóta á bak aftur hækkanir sem eru umfram það sem samræmist því samkomulagi sem hefur verið gert. Og þar er um samráð og samstarf að ræða sem er ekkert um að segja nema gott eitt.

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir ræddi nokkuð um atvinnuleysi og ég tek undir það með hv. þm. að atvinnuleysi er hið mesta böl og þó að það sé miklu, miklu minna hér en annars staðar tíðkast viljum við ekki þola það. Atvinnuleysi í janúar var nokkru minna en spáð hafði verið. Talið hafði verið að það yrði um 4,5% vinnufærra manna en varð um 3,2%. Í nýlegri könnun sem Þjóðhagsstofnun gerði kemur fram að mjög hefur dregið úr fyrirætlunum um uppsagnir og fækkun hjá atvinnurekendum. Sums staðar er vöntun, eins og t.d. í fiskvinnslunni, en fullkomið jafnvægi virðist vera núna í byggingariðnaðinum þannig að Þjóðhagsstofnun telur að fram undan muni vera minnkandi atvinnuleysi.

Hv. þm. spurði um störf atvinnumálanefndar sem er samstarfsnefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins. Ein af þeim nefndum sem var gerð athugasemd við áðan er að leita leiða og gera tillögur um hvernig megi vinna gegn atvinnuleysi og skapa meira öryggi og jafnvægi í þjóðarbúskapnum þegar til lengri tíma er litið. Hún hefur haldið tíu fundi og henni er ætlað að skila áliti næsta haust. Henni var veitt ár til að vinna þetta verk og eftir því sem ég best veit er verið að vinna þar athyglisverða vinnu sem ég get ekki greint frá nánar núna enda er hún í miðjum klíðum.

Það er rétt hjá hv. þm. að gerð var athyglisverð skýrsla um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Hún kom fram um það leyti sem verið var að ljúka meðferð fjárlaga hér á Alþingi. Félmrh. gerði tillögu um 15 millj. kr. fjárveitingu til að framkvæma það sem þar er lagt til. Því miður tókst ekki að koma því inn í fjárlög og brann það úti. Ég hef síðan rætt við forstjóra Byggðastofnunar um hvort stofnunin gæti tekið þetta mál í sínar hendur og það er til athugunar. Að vísu verður að viðurkennast að þar er líka fjárskortur en við höfum rætt það í ríkisstjórninni að þessu máli sé brýnt að koma áfram.

Það er rétt hjá hv. þm. að mjög mikil vinna hefur verið unnin síðustu ár má segja við að kanna tekjur kvenna og karla og komin reyndar út mjög athyglisverð skýrsla með samanburði við Norðurlönd og margt fleira. Það liggur sem sagt orðið afar mikið fyrir um þessi mál. Þarna er tekjumunur sem stafar að vísu af fjölmörgum þáttum sem ekki er tími til að rekja hér en sem mikilvægast er að mínu mati að koma á framfæri m.a. við aðila vinnumarkaðarins sem semja. Ríkisvaldið hefur lýst sig reiðubúið að stuðla í sínum samningum að meira tekjujafnvægi og

fjmrh. kom inn á það hér áðan. Samningar á almennum vinnumarkaði eru ekki í höndum stjórnvalda en þar sýnist mér vera aukinn skilningur á þessum málum þó ég taki undir með hv. þm. að það hefur miðað heldur lítið í þessa átt.

Ég hefði haft mjög gaman af að ræða við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson um heimspekilegar hugleiðingar hans áðan en það skal bíða annars tíma. Engar spurningar komu frá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Ég tók þetta meira sem vestfirskan gamanþátt. Ég er vanur þeim og læt mér þá nokkuð í léttu rúmi liggja. (Gripið fram í.) Já, já, svona stundum og stundum ekki.

Ég vil taka það fram vegna þess sem hann sagði um ábyrgðarleysi. Að vísu var þarna kallað fram í. Ég skal taka fulla ábyrgð á öllu sem ég hef tekið þátt í í ríkisstjórnum hvort sem það hefur verið til góðs eða ekki tekist eins og að var stefnt. Ég hef einnig þegar ég hef verið þm., ekki í ríkisstjórn, ætíð tekið ábyrgð á því sem sú ríkisstjórn hefur gert sem ég hef stutt og aldrei leikið þar tveimur skjöldum.

Hv. þm. Egill Jónsson spurði um verð sauðfjárafurða. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt mál og var ítarlega rætt við fulltrúa bænda bæði á milli aðila vinnumarkaðarins og þeirra og einnig á milli stjórnvalda og þeirra. Ég átti margar viðræður við forustumenn Stéttarsambands bænda. Eins og kemur fram í bréfi mínu ábyrgjast stjórnvöld óbreytt heildsöluverð til 1. des. 1990. Í því sambandi hafa bændur tekið á sig að verð til framleiðenda verði óbreytt þennan tíma þó með þeim fyrirvörum að áburðarverð hækki ekki nema um 12% og það mun ekki hækka meira og sömuleiðis að fasteignagjöldin lækki til fyrra horfs og í frv. er einmitt ákvæði sem tryggja það. Þeir hafa hins vegar haft þann fyrirvara gagnvart stjórnvöldum að þau 3% launa sem greidd eru núna af niðurgreiðslufé, lokagreiðslan er í næsta mánuði, hljóti annaðhvort að koma inn í verðlagsgrundvöllinn 1. sept. eða greiðast áfram af niðurgreiðslufé. Stjórnvöld hafa þegar lýst yfir að rúmist það ekki innan verðmarka muni það verða greitt áfram af niðurgreiðslufé. Ég vek athygli á því að sú greiðsla fellur ekki nema að hluta á árið 1990.

Einnig átti ég persónulega fund með fulltrúum vinnslustöðvanna ásamt sérfræðingum úr fjmrn. og landbrn. og þar var farið ítarlega í gegnum þær fyrirgreiðslur sem vinnslustöðvarnar fá. M.a. var staðfest að það er búið að breyta til fyrra horfs greiðslu vegna vaxta- og geymslukostnaðar sem er nú greiddur mánaðarlega. Þar var staðfest að ríkisvaldið tekur ábyrgð á þeirri greiðslu sem að hluta er í gegnum bankakerfið og þessir aðilar lýstu sérstakri ánægju með þá breytingu. Einnig var staðfest að hluti af þeim 750 millj. sem ætlaðar eru í aukna niðurgreiðslu eru til að lækka byrði. Mikil ánægja kom fram með það einnig á þessum fundi og þeir staðfestu að þeir sæju ekki að frá þeirra hendi væri þörf á hækkun, a.m.k. ekki þar til nýr verðlagsgrundvöllur verður ákveðinn 1. sept. Það er rétt hjá hv. þm. að þá þarf að hafa varann á og það er skoðun ríkisstjórnarinnar að verði þá um hækkun að ræða sé borð fyrir báru í því fjármagni sem ætlað er til niðurgreiðslna og tekið tillit til þess þannig að það getur a.m.k. orðið óbreytt út þann tíma sem ábyrgðin gildir eða til 1. des. 1990.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að bændur og aðilar vinnslustöðvanna leggja afar mikið af mörkum í þetta mál, alveg sérstaklega mikið. Þeir rökstyðja það að vísu með því, sem er tvímælalaust rétt, að það sé mikil búbót fyrir bændur að vextir lækki sem fyrst og að sjálfsögðu sé mikil hagkvæmni í minni verðbólgu.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir lýsti í fyrstu efasemdum um að málið ætti að fara til félmn. Ég hugleiddi það einnig nokkuð og ræddi það við skrifstofustjóra og niðurstaðan varð sú að stærstur hluti þessa frv., þ.e. kaflinn um greiðsluábyrgðir, á tvímælalaust að vera í félmn. Auk þess eru þetta kjaramál. Því fór það til félmn. í Nd.

Um lækkun framfærsluvísitölu um 0,3% hefur verið fjallað og liggja fyrir hugmyndir um það. Auðveldast er að gera það með því að hækka bensíngjaldið minna en heimildir gera ráð fyrir. Þannig má auðveldlega ná þessari lækkun á framfærsluvísitölu. Það er nú til meðferðar, m.a. í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins og verður gengið frá þeim hlutum á þriðjudaginn, þ.e. það verður gert fyrir næstu mánaðamót. Á það er lögð áhersla.

Ég vil geta þess að ríkisvaldið hefur reyndar verið með aðra hluti í athugun sem geta einnig stuðlað að lækkun eða minni hækkun framfærsluvísitölu, m.a. að fresta þeirri hækkun sem ákveðin var með lögum í fyrra á bifreiðagjaldi í einn mánuð, það þýðir 0,1%. Sömuleiðis hefur t.d. verið ákveðið að höfðu samráði við Póst og síma að þær hækkanir sem þar áttu að koma til framkvæmda, sem reyndar voru ákveðnar langtum lægri en í upphafi hafði verið ráðgert, komi ekki til framkvæmda um sinn. Það má rekja fleira þess háttar sem gert er til að stuðla að lækkun framfærsluvísitölu af stjórnvalda hálfu, eða minni hækkun.

Hv. þm. spurði um frítekjumarkið og það er von að um það sé spurt. Satt að segja er það ekki að öllu leyti skemmtileg framkvæmd. Þarna er heimilað í raun að mismuna á milli þeirra sem hafa tekjur af lífeyrissjóðum og þeirra sem hafa tekjur af vinnu. Frítekjumarkið verður með þessu móti hærra fyrir þá sem hafa tekjur af lífeyrissjóðum, en hins er að gæta, sem ég nefndi áðan, að hafi menn tekjur af sparifé er enginn frádráttur. Þar njóta menn fullra lífeyrisgreiðslna, sama hve miklar tekjur þeir hafa af sínu sparifé svo að þarna er mismunun þegar í dag sem verður að leiðrétta.

Ég vona að ég hafi svarað þessum spurningum, virðulegi forseti, og læt lokið máli mínu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Bæði hv. 4. þm. Reykn. og hæstv. forsrh. viku nokkuð að ræðu hv. 14. þm. Reykv. hér áðan og varð af hálfu hv. 4. þm. Reykn. vegna þess að

þeim þingmanni, sem raunar er varaformaður Verkamannasambands Íslands og stóð að þeirri samningsgerð sem nú hefur verið gengið frá og samþykkt víðast hvar, þótti sem hv. 14. þm. Reykv. fyndist óvissa um það hvort sú hugmynd sem væri á bak við launanefndina gengi upp. Með sama hætti held ég að það sé misskilningur hjá hæstv. forsrh. að við sjálfstæðismenn höfum nokkuð á móti því að samráð eða samstarf sé haft við verkalýðshreyfinguna. Það er þvert á móti. En ég vek athygli á hinu að varaformaður Verkamannasambandsins er ekki trúaðri á það að þessir samningar gangi upp en svo að hann lét hér í ljósi þá skoðun sína að nauðsynlegt væri að lögfesta samningana.

Nú voru þetta auðvitað fróðlegar upplýsingar og væri gott að fá um það vitneskju frá hæstv. forsrh. hvort þær umræður séu uppi og hvort það hafi komið til tals milli hans og forustumanna launþegasamtakanna, Verkamannasambands eða Alþýðusambands, að sú samningsgerð sem nú hefur verið gengið frá með frjálsum hætti og án atbeina ríkisstjórnarinnar verði lögfest. Ég tel að það yrði mjög miður og finnst sú hugmynd satt að segja mjög ógeðfelld, jafnógeðfelld og þau ummæli þingmanns Alþfl. að þessi ríkisstjórn hafi átt einhvern þátt í því að samningarnir tókust hjá aðilum vinnumarkaðarins. Það er svona hálfbroslegt þegar menn eru að lesa það eftir einstökum ráðherrum að þeir hafi átt einhvern sérstakan þátt í því að launafólk í landinu sá fram á þá stöðu að ekki gengi við þær aðstæður sem nú eru, meðan þessi ríkisstjórn situr, að ganga að kjarasamningum sem hefðu í för með sér einhverja launahækkun á þessu ári, einhverjar kjarabætur á þessu ári. Það mesta sem hægt væri að vona væri að kaupmátturinn gæti nokkurn veginn haldist og að atvinnuástand versnaði ekki frá því sem nú er. Það er auðvitað alveg laukrétt sem varaformaður Verkamannasambandsins sagði. Hann hefur langa reynslu af kjarasamningum, nauðaþekkir atvinnumálin, a.m.k. á Suðurnesjum, og fáum mönnum er það jafn vel kunnugt og honum að jafnan fer svo þegar atvinnuöryggi fólks er í hættu að fólkið sættir sig við minna en ella af því að það gerir sér grein fyrir því að hagur launafólks og fyrirtækja fer saman, svo einfalt er það mál. Og af þeim sökum er það líka rétt sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan að varla mun koma til jafnmikils atvinnuleysis á þessu ári eins og óttast var fyrir áramótin einmitt vegna þess að nú hafa launþegar og vinnuveitendur tekið höndum saman um þessa samninga.

Ef við lítum á aðdraganda samninganna, þá hygg ég að það sé alveg ljóst að sú kjaraskerðing sem orðið hefur frá því að þessi ríkisstjórn settist að völdum er tveggja stafa tala. Ég skal ekki segja hvort hún er 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16% en kjaraskerðingin er einhvers staðar á þessu bili. Um síðustu áramót stóð þjóðin frammi fyrir því að ríkisstjórnin var staðráðin í að þyngja enn skattheimtuna. Ég hygg að það sé einhver grófasta lagasetning sem samþykkt hefur verið frá Alþingi að þyngja beinu skattana um 2% um síðustu áramót. Ég man ekki eftir neinni annarri lagasetningu sem er jafnósvífin. Það má auðvitað segja að þessi lagasetning hafi verið eins og að slá launþega þessa lands utan undir með blautum sjóvettlingi. Og auðvitað er það ljóst að menn hefðu risið upp ef ekki hefði staðið svo á að undirstöður atvinnulífsins voru að bresta og allur almenningur gerði sér grein fyrir að nú yrði að doka við, bíða þess að jákvæðari og heilbrigðari stefna yrði tekin upp í atvinnu- og ríkisfjármálum. Það er alveg laukrétt að þeir kjarasamningar sem hér voru gerðir eiga að vera raunhæfir, þeir eiga að geta verið það. Ég minni sem fordæmi á þá kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 1969 undir forsæti Bjarna Benediktssonar þegar náð var þjóðarsátt við þá Hannibal Valdimarsson, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson og aðila vinnumarkaðarns með atvinnumálanefndum víðs vegar um landið. Og ég minni raunar líka á að þegar Sjálfstfl. myndaði ríkisstjórn með Framsfl. 1974 og 1983 voru lögfestar ákveðnar kaupgjaldshækkanir á tilteknu tímabili, eitt eða eitt og hálft ár, til þess að halda verðlagi niðri þó svo það kostaði launaskerðingu í bili, en hugsunin á bak við lögin 1974 og 1983 var öldungis sú sama og þeir kjarasamningar sem nú var gengið að með frjálsum vilja. Við erum með öðrum orðum með þessum kjarasamningum að tala um gömlu íhaldsúrræðin sem jafnan hafa reynst best þegar að því hefur komið að nauðsynlegt er að spyrna við fótum og reisa atvinnulífið úr rústum.

Ég get vel tekið undir ánægju forsrh. yfir því að atvinnuleysi í janúarmánuði varð minna en margir óttuðust. Og ég get vel skilið að hann vilji trúa því að það muni þýða að ekki komi til jafngeigvænlegs atvinnuleysis og menn þóttust sjá fyrir. Á hinn bóginn hygg ég að enn sé of snemmt að spá um það hvernig fer með sumarvinnu skólabarna og ég óttast satt að segja að við getum staðið frammi fyrir meira atvinnuleysi hjá því unga fólki en verið hefur nema álfyrirtækið Alumax sé tilbúið að gefa viljayfirlýsingar sem muni gera okkur kleift að hraða virkjunarframkvæmdum.

Ráðherrum er gjarnt að þakka sér eitt og annað. Þannig var það t.d. broslegt á fundi sem ég átti með unglingum í Verkmenntaskólanum á Akureyri í gær þegar kunnur leikstjóri sem var fulltrúi Alþfl. fór að draga það sérstaklega fram að hæstv. iðnrh. hefði haft þau áhrif á stjórnendur hins mikla auðhrings að e.t.v. væri betra að skoða Eyjafjörð fyrst áður en ákvörðun yrði tekin um endanlegt staðarval. Nú veit ég að iðnrh. er vaskur maður og gjarn að skipta sér af, en ég er á hinn bóginn ekki viss um að hann hafi haft mikið að segja í því efni.

Ég verð að segja í sambandi við atvinnumálin og í sambandi við þá atvinnumálanefnd sem skipuð var, hygg ég á sl. hausti, að ég held það sé rangt hjá hæstv. hagstofuráðherra að stjórnmálaflokkarnir eigi aðild að þessari atvinnumálanefnd. Ég held hún sé einvörðungu skipuð fulltrúum ríkisstjórnarinnar og svo vinnumarkaðarins. Mér er ekki kunnugt um að Sjálfstfl. eigi fulltrúa í þeirri nefnd. Ég er út af fyrir sig mjög ánægður yfir því að þessi atvinnumálanefnd

skuli hafa hist tíu sinnum. Og ég var mjög ánægður yfir því líka að hæstv. iðnrh. hefur af og til gefið yfirlýsingar um að búið sé að skila áliti og gera margvíslegar samþykktir í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn. En þó er það nú svo að á fundinum í Verkmenntaskólanum á Akureyri í gær spurðu unglingarnir mjög um atvinnumálin og þar var ég m.a. spurður hvernig á því stæði að ekki hefðu fengist lánveitingar til þess að Meleyri gæti samið við Slippstöðina um að ljúka því raðsmíðaskipi sem hefur verið í byggingu. Og ég varð að segja börnunum eins og satt var að fyrir jólin hefðu ráðherrarnir verið mjög líklegir. Ég varð að segja þeim að í byrjun þessa árs hefði blaðafulltrúi fjmrh. sagt í viðtali við Dag að þann hinn sama dag, ja, það var kannski 1. febr. eftir á að hyggja sem það viðtal var, það er ekki aðalatriðið, að þann hinn sama dag mundi ríkisstjórnin hittast til að taka ákvörðun um það hvort Ríkisábyrgðasjóður mundi taka ábyrgð á láni til að ljúka þessari smíði.

Einni viku síðar var haft eftir hæstv. forsrh. að óskiljanlegt væri að Fiskveiðasjóður skyldi hafa fellt það að veita lán til að ljúka smíði skipsins. Í Fiskveiðasjóði féllu atkvæði svo að sex voru á móti en einn með og þá sagði hæstv. forsrh. að það gengi auðvitað ekki að Kristján Ragnarsson réði einn yfir þessum sjóði. Allir skildu hæstv. forsrh. svo að hann ætlaði að grípa í taumana. Þetta olli því að ég tók málið upp hér utan dagskrár. Þá vantaði auðvitað fjmrh. sem blaðafulltrúinn talaði fyrir. Forsrh. var ekki viðstaddur en það var iðnrh. Og þá kom iðnrh. upp með þær upplýsingar að það væri sök Byggðastofnunar að ekki skyldi hafa fengist nægilegt lánsfé til þessarar smíði. Byggðastofnun afgreiddi málið með þeim hætti að veittar yrðu 140 millj. kr. til smíðinnar sem yrði jafnhliða á 1. og 2. veðrétti. Ég hefði að vísu lagt til að Byggðastofnun færi á 2. veðrétt. Það er ekki kjarni þessa máls. Hitt er kjarni málsins að hæstv. iðnrh. sagði að búið hefði verið að ganga frá því að bilið yrði brúað, þessar 140 millj. sem upp á vantaði ef Byggðasjóður færi á 2. veðrétt.

Nú er það auðvitað mikið íhugunarefni ef svo var og ef ríkisstjórnin vildi á annað borð leysa þetta sérstaka málefni hvers vegna einstakir ráðherrar gengu þá ekki í það að tala við sína menn í stjórn Byggðastofnunar, ef þeir vildu að málið næði fram að ganga og ef þeir voru búnir að útvega fé til smíðinnar annars staðar. En þess varð ekki vart. Nú geri ég mér að vísu vonir um að þeir aðilar sem þarna eiga í hlut, Meleyri og Slippstöðin, muni geta fengið lausn á þessu máli án þess að stjórnvöld komi nálægt og það yrði auðvitað besta lausnin. En ekki er við góðu að búast og ekki er hægt að vænta þess að atvinnuleysi minnki í landinu þegar framkvæmd af þessu tagi dregst svo vikum og mánuðum skiptir án þess að einstakir ráðherrar fáist til þess að tala hreint út um hlutina. Það er verulegt atvinnuleysi á Akureyri. Eftir síðustu tölum sem ég hef séð er atvinnuleysi hvergi meira á landinu og hluti þessara manna höfðu áður unnið í Slippstöðinni á Akureyri.

Ég vil taka annað dæmi. Stjórn Byggðastofnunar hefur tvívegis samþykkt einróma á fundi sínum að erfiðleikarnir á Þórshöfn séu svo miklir að engin von sé til þess að Byggðastofnun geti ein mætt þeim með þeim hætti að Stakfellið verði kyrrt í byggðarlaginu og hægt verði að koma þeim fótum undir atvinnulífið þar sem dugi til þess að fólk fái aftur trú á staðnum og trú á því að atvinnulífið komist í fyrri skorður. Þó svo að hæstv. forsrh. sé þetta kunnugt höfum við, sem eigum sæti í stjórn Byggðastofnunar, ekki fengið neina vísbendingu frá honum um að hann muni beita sér fyrir því, t.d. nú við þau fjáraukalög sem fram eiga að koma, að Byggðastofnun fái sérstaka fjárveitingu til að mæta þessu máli, enda er sannleikurinn sá að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og Hlutabréfasjóður hafa þau verkefni fyrst og fremst að hlaupa undir bagga þegar illa gengur hjá þeim fyrirtækjum sem eru möndull atvinnulífs á viðkomandi stað. Og hvað getur verið meiri möndull atvinnulífs á stað eins og Þórshöfn en þegar horft er framan í það að kaupfélagið verði kannski gjaldþrota, að togarinn verði seldur burt af staðnum og frystihúsið á staðnum sitji uppi með lítið hráefni? Þó svo að á þessum stað séu sterkir einstaklingar, þá er óvíst að það dugi til að mannlíf þar haldist í réttum skorðum.

Löng og þreytandi umræða af þessu tagi í litlum byggðarlögum veldur því að fólk fer að hugsa til brottferðar. Fyrir þessu höfum við langa reynslu og þess vegna er hálfbroslegt þegar ráðherrar koma hér í stól og eru að hrósa sér af því að hafa skipað einhverjar sérstakar atvinnumálanefndir. Spurning hvort hugur fylgir þar máli.

Ég var um daginn, ásamt öðrum þingmönnum Norðurl. e., staddur á Kópaskeri á mjög fróðlegum fundi sem þar var haldinn. Á þeim fundi tóku tveir ráðherrar til máls en ég held samt sem áður að íbúar staðarins hafi verið litlu nær. Og ég get bætt því við að ég hef hér fyrir framan mig samþykkt sem útgerðarmenn á Húsavík sendu bæjarstjórn Húsavíkur hinn 28. jan. sl. og ég fullyrði að hæstv. forsrh. hefur í sínum höndum. Þessi ályktun er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur bátaútgerðarmanna á Húsavík haldinn 22. jan. 1990 vill vekja athygli bæjaryfirvalda á Húsavík á þeirri þróun og þeim geigvænlega rekstrarvanda sem bátaútgerð á Húsavík, eins og víða annars staðar á landinu, á nú við að etja. Flest útgerðarfyrirtæki á staðnum eru nú þegar komin á vonarvöl og ekkert blasir við annað en rekstrarstöðvun og sala á bátum úr bænum ef ekkert verður að gert þegar í stað. Ef slíkt gerist er ljóst að mikill hluti af þeim aflakvóta sem hér er til staðar flyst úr bænum og grundvelli búsetu margra fjölskyldna hér í bæ er stefnt í voða. Síðustu ár hefur afkoma bátaflotans farið mjög versnandi og benda nýjustu tölur nú til þess að afkoma síðasta árs sé neikvæð um 20–30%. Mestu munar hér um hinn mjög svo háa fjármagnskostnað og stórhækkað verð olíu auk annarra rekstrarliða sem hafa hækkað margfalt á móti tekjuliðum sem hafa raunar dregist saman vegna síminnkandi aflaheimilda. Fundurinn skorar á bæjaryfirvöld að

taka þessi mál þegar í stað til alvarlegrar skoðunar og beita öllum sínum áhrifum til að aðstoða bátaútgerð á staðnum við að komast út úr þessum vanda jafnframt því sem fundurinn varar við öllum hugmyndum í þá átt að auka álögur sveitarfélagsins á hendur útgerðinni við þessar aðstæður."

Undir þetta skrifa níu útgerðarmenn, allir útgerðarmenn á staðnum. Þetta var 22. jan. Ég hygg ég fari rétt með það að síðan hafi einn bátur verið seldur frá Húsavík. Ég veit ekki annað en um það hafi tekist samningar. Að hluta til eru erfiðleikar bátaútgerðarinnar auðvitað sprottnir af því hversu misjafnt fiskverð er hér á landi. Því er alls ekki að leyna að þeir bátar sem hafa lagt upp hjá ýmsum vinnslustöðvum á Norðausturlandi hafa verið í lægri eða lægsta kantinum á fiskverðinu sem auðvitað hefur nú hefnt sín í verri rekstrarafkomu hjá þessum bátum. Þegar við hugsum um þetta atriði minnumst við þess, hæstv. forsrh., að þegar gengið var frá fiskverði fyrir einu ári tók fiskvinnslan á sig nokkra hækkun fiskverðs gegn því að ríkisstjórnin beitti sér fyrir fiskmiðlun hér á landi. Ég hef hér í höndum bréf sem send voru hæstv. utanrrh. Ég er hér með eitt bréf sem sent var 14. mars 1989 og snertir þetta mál. Ég er hér með annað bréf sem var sent 12. júlí og varðar þetta sama mál og loks er ég með bréf sem er dags. hinn 6. apríl á sl. ári og því bréfi hefur heldur ekki verið svarað. Engu af þessum þrem bréfum hefur verið svarað. Öll varða þessi bréf fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að koma til móts við aðila fiskvinnslu og útgerðar til að koma á fót aflamiðlun hér á landi. En auðvitað vitum við að fiskvinnslan getur tekið á sig nokkra fiskverðshækkun ef hægt er að tryggja henni öruggari aðgang að hráefni. Þeir sem hafa séð reikninga fiskvinnslufyrirtækja vita að stöðugleiki í hráefnisöflun er einhver þýðingarmesti þátturinn í því að koma rekstri fiskvinnslufyrirtækis á heilbrigðan grundvöll.

Í sambandi við fiskverðsákvörðun að þessu sinni. Þegar samkomulag hafði tekist í grófum dráttum um það hvernig staðið yrði að fiskverðsákvörðun bregður svo við að einstakir ráðherrar eru með, ég vil segja mjög ósvífnar glósur, nafngreina jafnvel einstaka menn, reyna að koma á þá höggi til þess að afsaka getuleysi sjálfra sín í sambandi við meðferð þessara mála. Það er t.d. eitt atriði sem mjög hefur komið illu til leiðar, vil ég segja, og það er sú mikla leynd og sú mikla þoka sem hefur verið í sambandi við afgreiðslu utanrrn. á útflutningsheimildum á fiski. Ég verð því að segja að það yrði mikið fagnaðarefni ef ríkisstjórnin hefur nú fallist á að láta þessi mál algerlega í hendur hagsmunaaðila, launþega og atvinnurekenda, því að þá er við því að búast að hægt verði að ná verulegum árangri. Ég skal ekki segja að það takist á fyrsta degi, en auðvitað munu þessir aðilar, hvort sem við tölum um útgerðarmenn eða sjómenn, fiskverkendur eða verkamenn eða verkakonur, reyna að koma þessu máli í svo gott horf að við getum nýtt ferskfiskmarkað erlendis þannig að við fáum hámarksverð á hverjum tíma fyrir útflutta afurð án þess að sá fiskur verði tekinn til frekari vinnslu erlendis og um leið styrkt hráefnisöflun hér á landi. Nefnd af því tagi getur ekki starfað undir hrópyrðum. Og nefnd af því tagi getur ekki starfað ef atkvæðagreiðslur eiga að verða um sérhvert mál. Þess vegna vil ég segja að upphrópanir formanns Verkamannasambands Íslands hafa satt að segja verið mjög undarlegar, svo að ekki sé meira sagt. Maður hefði getað látið sér detta í hug að formaðurinn hefði gleymt neftóbaksdósunum heima eða þá að hann sé eitthvað eftir sig eftir að hafa rifjað upp samskipti sín við Ceausescu, fyrrum leiðtoga Rúmeníu, sem formaður Verkamannasambandsins átti að gistivini.

Ég vil líka segja, hæstv. forsrh., að það bréf sem nú er skrifað og er sem fskj. með þessu frv. er dags. hinn 1. febr. 1990. Það er sent Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaga og er áferðarfallegt. En spurningin er, hvaða alvara er á bak við það? Ég vil, herra forseti, taka lítið dæmi. 10. liður hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skattlagning fyrirtækja. Ríkisstjórnin áréttar fyrri yfirlýsingar um að unnið verði að því að samræma skattlagningu á fyrirtæki því sem gerist í samkeppnislöndunum."

Ef við förum aftur til maímánaðar á sl. ári, þá skrifaði hæstv. forsrh. bréf þar sem þessi sami punktur var, en það var eitt öðruvísi þá en nú. Þá var því heitið að samráð yrði haft við hagsmunasamtök atvinnurekenda, við vinnuveitendur um þessa samræmingu skattlagningar á fyrirtæki, en nú er því sleppt. Og af hverju er því sleppt, hæstv. forsrh.? Því er sleppt vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir hvað eftir annað hér í þinginu að aldrei hafi staðið til að standa við þau orð forsrh. að unnið yrði að þessu máli í samráði við vinnuveitendur. Þetta er yfirlýsing sem hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson hefur hvað eftir annað gefið hér í þinginu. Nú langar mig að spyrja hæstv. forsrh. sem sagði hér áðan að hann vildi ekki skjóta sér undan: Hvenær hyggur hæstv. forsrh. þetta koma til framkvæmda, að skattlagning á fyrirtækjum hér á landi verði samræmd því sem gerist í nágrannalöndum? Gerir hæstv. forsrh. ráð fyrir því að það geti orðið það snemma að skattlagning vegna ársins 1990 falli undir slíka löggjöf? Með öðrum orðum að frv. verði lagt fram á þessu þingi og við getum afgreitt það fyrir vorið. Ríkisstjórnin er þegar búin að hafa tíu mánuði til að vinna að þessu verkefni, tíu mánuði. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir fyrir nokkrum mánuðum að það hafi gengið vel. En hæstv. fjmrh. hefur aldrei gefið neitt slíkt í skyn. Hann hefur sagt að ekki verði litið á þetta fyrr en með vorinu. Hann hefur aldrei gefið undir fótinn með það að nein skattalög í þessa veru yrðu samþykkt meðan hann er fjmrh. Og nú spyr ég hæstv. forsrh.: Hvenær ætlar hann að standa við þetta? Þorir hann að gefa yfirlýsingu um það? Treystir hann sér til að segja nú á þessari stundu: Ég skal kannski beita mér fyrir slíkri löggjöf en hún kemur þá ekki til framkvæmda fyrr en ég er hættur að vera forsrh., fyrr en þessi ríkisstjórn er farin? Eða þorir hann að segja: Ef ég verð forsrh. að ári skuluð þið sjá það, sem nú

gagnrýnið mig fyrir að standa ekki við orð mín, að hin nýja löggjöf verði gengin í gildi og að fyrirtækin muni þegar á næsta ári njóta þess að vilji minn stendur til þess að skattlagning fyrirtækja hér á landi verði hliðstæð því sem gerist í nágrannalöndunum?

Það vekur athygli mína að í bréfi því sem hæstv. forsrh. skrifar aðilum vinnumarkaðarins er ekki minnst einu einasta orði á Byggingarsjóð ríkisins. Ég held að nauðsynlegt sé að rifja upp nokkur atriði úr sögunni til að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig fjármál þess sjóðs eru nú. Þegar hv. þm. Alexander Stefánsson fór með húsnæðismál var lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun. Ég man ekki hvort það var í marsmánuði 1986, 442. mál og í grg. með því frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé gert ráð fyrir að um helmingi af þeim lánveitingum, sem reiknað er með hér á undan til þeirra sem eiga íbúð fyrir, verði frestað um eitt ár yrði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins til lána vegna nýrra og notaðra íbúða um 3,5 milljarðar kr. á árinu 1987. Framlag ríkissjóðs mætti á þessum forsendum ekki vera lægra en 1 milljarður kr. Lögbundið lágmarksframlag ríkissjóðs miðað við samþykktar útlánaáætlanir á árinu 1986 eru 940 millj. kr. Á hinn bóginn mun ríkissjóður verja á þessu ári 1,1 milljarði til sjóðsins auk 200 millj. kr. til lána til þeirra sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum. Hafa verður í huga að framlag ríkissjóðs umfram hið lögbundna lágmark byggist á sérstakri fjáröflun sem fellur niður í lok þessa árs. Þessu til viðbótar ver ríkissjóður 300 millj. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna þannig að samtals nema framlög ríkissjóðs til byggingarsjóðanna beggja 1,6 milljörðum kr. á þessu ári.

Vegna mikillar aukningar ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða næstu árin á ekki að skapast hætta á sífellt vaxandi biðröð þótt lánum sé frestað í upphafi. Heppilegt virðist að útjöfnunar lánsfjáreftirspurnarinnar gæti fyrst og fremst á árinu 1987 en eftir það ætti ekki að taka nema 2–3 ár að ná jafnvægi. Er þá miðað við lánsfjárhæðir samkvæmt frv. þessu, ofangreindar tölur um fjölda lána og að framlag ríkissjóðs verði ekki lægra en 1 milljarður á ári.

Þörfin fyrir framlag ríkissjóðs ræðst þegar fram í sækir ekki einungis af lánsfjáreftirspurn heldur ekki síður af vaxtaniðurgreiðslunni. Hún er svo aftur háð vaxtamuninum á teknum lánum og veittum og muninum á endurgreiðslutíma lánanna. Verði hér um verulegan mun að ræða í vöxtum og tíma og vaxtaniðurgreiðslan því mikil kallar það sem fyrr segir á vaxandi framlag ríkissjóðs. Á hinn bóginn er einnig ljóst að framlag ríkissjóðs ræður miklu um eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Því er óhjákvæmilegt að ákvarðanir um framlög ríkissjóðs á fjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins ár hvert verði teknar með hliðsjón af hvoru tveggju, útlánaþörf sjóðsins á árinu og eiginfjárstöðu sjóðsins."

Svo mörg voru þau orð. Okkur hefur gengið illa að standa við það að viðunandi framlag úr ríkissjóði kæmi til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég vil minna á það að þegar Þorsteinn Pálsson var forsrh. var svo ákveðið í fjárlögum að á árinu — ég verð nú að biðja afsökunar á því að ég hef ekki þær tölur með mér, en það kemur ekki að sök í þessu samhengi. Á árinu 1989, það er best að fara einu ári lengra, var ekki talið fært að Byggingarsjóður ríkisins fengi nema 1 milljarð 50 millj. kr. á fjárlögum. Sú fjárhæð var síðan skorin niður í 550 millj. kr. og nú er svo komið að til Byggingarsjóðs ríkisins renna einungis 150 millj. kr. Það er með öðrum orðum vísvitandi, með opin augun verið að brjóta niður eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins með þeim rökum væntanlega að ríkissjóður hafi ekki efni á því að mæta þeim skuldbindingum sem hann hefur þar tekið á sig. En um leið og þessi ákvörðun er tekin hefur verið ákveðið að veita æ meiri straumi húsnæðislána í gegnum Byggingarsjóð verkamanna þar sem lánin eru mun hærri og niðurgreiðslan á lánunum þeim mun meiri sem vextir í Byggingarsjóði ríkisins eru 3,5% en vextir í Byggingarsjóði verkamanna 1%. Og nú er munurinn orðinn sá að Byggingarsjóður verkamanna sem fékk 300 millj. kr. úr ríkissjóði á árinu 1986 fær nær tvöfalda þá upphæð í krónutölu eða 500 millj. en á hinn bóginn fær Byggingarsjóður ríkisins einungis 150 millj. á móti 1,1 milljarði á árinu 1986. Og ekki nóg með þetta heldur hefur það heyrst, ekki veit ég hvort það er satt, að ríkisstjórnin hugsi sér að skera enn niður þessar greiðslur til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt við þessa umræðu nú að hæstv. forsrh. geri deildinni grein fyrir því hvort hann hafi í hyggju að leggja Byggingarsjóð ríkisins niður eða hvort hann með öðrum hætti hyggst draga svo úr lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins að það fólk sem þar á nú umsókn inni geti undir engum kringumstæðum vænst þess að fá þá lánsfyrirgreiðslu sem það hefur vænt og talið sig geta treyst á. Ég held að hitt sé algerlega ófullnægjandi að ætla að reyna að skjóta sér á bak við orðið verkamaður í heiti sjóðsins Byggingarsjóður verkamanna því við vitum vel að víða úti um land hefur fólk orðið að fara í félagslegar íbúðir vegna þess að staðið hefur á því að Byggingarsjóður ríkisins hafi getað veitt þá lánsfyrirgreiðslu nógu fljótt sem fólk hefur viljað geta treyst á og hefur þóst geta treyst á. Með þessu háttalagi er hæstv. forsrh. auðvitað að binda þunga bagga á framtíðina. Hann er að segja við það unga fólk sem nú er að vaxa úr grasi að það verði að taka á sig þessa miklu pinkla sem fram undan eru. Það er þess vegna kannski eðlilegt að forsrh. segi í fjölmiðlum að það sé meira beinskorið núna í ríkisfjármálum en verið hafi nokkru sinni fyrr. En hvar er beinskorið? Það er beinskorið í Byggingarsjóði ríkisins. Það er beinskorið hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og það er víðar á öðrum stöðum þar sem beinskorið er þegar hægt er að ávísa sköttunum á það fólk sem nú er að vaxa úr grasi.

Hæstv. forsrh. gerir sér grein fyrir að hann verður ekki langlífur úr þessu í sínu embætti. Á hinu á ég ekki von, sem hann sagði hér áðan, að hann muni þá taka á sig ábyrgðina af því hversu illa hefur tiltekist.

En ég skrifaði það niður eftir honum að hann segist aldrei hafa leikið tveim skjöldum í sambandi við pólitíska ábyrgð. Hann segist ekki hafa leikið tveim skjöldum þegar hann talaði um að Róm brynni. Hann segist ekki hafa leikið tveim skjöldum þegar hann sagðist hafa verið uppi í fílabeinsturninum og hann segist ekki hafa leikið tveim skjöldum yfir höfuð að tala allan þann vetur, 1987–1988 og fram á haust 1988. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma. Það er spaugilegt að eiga þessi ummæli í þingtíðindum og er auðvitað sjálfgert að setja smáblýantsstrik við þegar þingtíðindin koma út. Maður verður þá fljótur að finna þetta gullkorn sem hraut þarna af vörum hæstv. forsrh. sem gaf sér þá einkunn að hann hefði aldrei leikið tveim skjöldum.

Ég geri, herra forseti, kannski ekki kröfu til þess að hæstv. forsrh. svari öllum þeim athugasemdum sem ég hef hér komið með, en ég tel óhjákvæmilegt að fá a.m.k. um það upplýsingar hvort umræður hafa verið í gangi milli ríkisstjórnarinnar og Verkamannasambandsins eða þá ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands um að lögfesta þá samninga sem nú eru í gildi. Ég deili áhyggjum með hv. 6. þm. Vesturl. um það að hæstv. fjmrh. skýri ekki rétt og satt frá því hvernig rétt sé að túlka þá kjarasamninga sem gerðir voru við Bandalag háskólamanna á sl. ári. Það er óhjákvæmilegt líka að rifja upp að öll sú samningsgerð sem þá fór fram, fyrir einu ári, var samkvæmt uppskrift og að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað hálfspaugilegt þegar þeir sömu ráðherrar og komu þeirri verðbólguöldu af stað eru nú að tala um að þeir hafi átt einhvern sérstaklega góðan þátt í lausn kjaramálanna.

Við höfum nú fengið vitneskju um það í þinginu að búast megi við því að á morgun verði lagt fram, ef ekki er búið að því, frv. frá hæstv. fjmrh. um að fresta því um einn mánuð að bifreiðagjald gjaldfalli. Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin vill nú fresta greiðsludeginum um einn mánuð er sú að ríkisstjórnin ætlar að þyngja þessar skattaálögur. Á sama tíma og hæstv. forsrh. var að hrósa sér af því áðan að hann hafi gengið á vit verkfræðinga og beðið þá að taka til baka launahækkun sem þeir voru búnir að semja um, stendur hann að því nú í dag að taka ákvörðun um það að flutt verði stjórnarfrv. á morgun um að fresta greiðsludegi bifreiðagjalds um einn mánuð til að hægt verði að auka álögur á fólkið í landinu. Það er með þessum hætti sem ríkisstjórnin ætlar að ganga á undan, auka álögurnar, sitja ein við það borð að hún megi leggja á þennan skattinn, hún megi leggja á hinn skattinn. Þeir eiga þetta ráðherrarnir allt saman á blaði hjá sér, þessa ótrúlega mörgu möguleika sem þeir hafa fundið upp til að þyngja skattheimtuna í landinu. Okkur tókst hér í deildinni að brjóta á bak aftur tilraunir þeirra til að hækka raforkuverðið um 30% nú á haustmánuðum. Nú eigum við hér í deildinni eftir að kljást um það í næsta mánuði hvort hitt gengur fram, að bifreiðagjaldið verði lagt á. Það á eftir að koma í ljós. En þessi umræða er haldin í skugga þess forsrh. sem þurfti að fjölga stuðningsmönnum sínum á Alþingi á þessu þingi þegar hann stóð frammi fyrir því að hann yrði að öðrum kosti að segja af sér. Þess hæstv. forsrh. sem talar um að fólkið í landinu eigi að spara og ganga hart að sér.

Ráðherrarnir voru níu og ekki hefur sést að afköstin hafi neitt aukist þó nú séu þeir ellefu. Það hefur lítið borið á því. Og hæstv. forsrh. var búinn að semja við Borgfl. um að bæta tveim ráðherrum við. En hann fór ekki þá leiðina að fækka ráðherrum hjá öðrum flokkum eða hjá sjálfum sér. Hann fór hina leiðina, að fjölga ráðherrunum. Einungis kostnaðurinn við nýja stjórnarhattinn er 23 millj. Hvað ætli kostnaðurinn við ráðherradóm hins ráðherra Borgfl. sé? Getum við komið okkur saman um 10 millj. eða 15? Hvað skyldi þessi samningsgerð hæstv. forsrh. á sl. hausti, þegar allt kemur til alls, hafa kostað þjóðina? Skyldu nýju ráðherrarnir hafa kostað þjóðina meira en sá dráttur sem orðið hefur á því að ganga frá lánamálum vegna raðsmíði Slippstöðvarinnar hefur kostað það fyrirtæki? Ég get haldið svona áfram og tekið fleiri fyrirtæki hringinn í kringum landið. Við höfum auðvitað áhyggjur af því, þingmenn utan af landi, hvernig þar er komið og auðvitað hafa þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness áhyggjur af því hvernig hér er komið. Þjóðin sjálf sættir sig þess vegna við að launakjörin batna ekki að sinni eða meðan þessi stjórn hneppir okkur í fjötra, menn sem eru að reyna að sameina vinstri blokkina í einn flokk og hafa ekki meiri smekk en svo að þeir taka kommúnistana með eftir allt það sem gengið hefur á í málefnum Austur-Evrópu upp á síðkastið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Áður en ég hef mál mitt verð ég að leiðrétta eitt atriði sem fram kom í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég hygg að það hafi verið hv. 3. þm. Vestf. sem minntist á túlkun kjarasamninga BHMR því að ég minntist örugglega ekki á þá í máli mínu hér fyrr í dag.

Ég vildi aðeins þakka hæstv. ráðherrum fyrir þær tilraunir sem þeir gerðu til að svara þeim fyrirspurnum sem ég bar fyrir þá fyrr í dag. Reyndar sást hæstv. fjmrh. yfir a.m.k. tvær spurninga minna. Hann tjáði mér hins vegar að hann þyrfti nauðsynlega að hverfa af þessum fundi og geri ég ekki við það athugasemdir. Hann tjáði mér jafnframt hér í hliðarherbergi að nú væru til umræðu innan hæstv. ríkisstjórnar tillögur um að setja annað skattþrep og fyrirhugað væri að leggja fram tillögur þar um í haust. Vil ég fagna því þar sem þetta hefur verið eitt af stefnuatriðum okkar í Kvennalistanum, að koma á sérstöku þrepi fyrir hátekjufólk sem er frekar aflögufært en þeir sem lægri launin hafa. Þetta er ein mikilvæg leið til tekjujöfnunar. Eftir stendur reyndar spurning mín til hæstv. fjmrh. um það hvernig til hefur tekist með að lækka verð á matvælum síðan lög um virðisaukaskatt tóku gildi en ég reikna með að við gætum átt um það umræður síðar.

Þá vil ég víkja aðeins að þeim svörum sem hæstv. forsrh. gaf. Ég varð hvorki vör við eldmóð né hug-

sjónaólgu í þá áttina að reyna að jafna launamismuninn í landinu heldur kom hann með klassískt svar um það að ríkið sæi ekki um samninga á hinum almenna vinnumarkaði. Ég vil hins vegar benda á það fordæmi sem ríkið getur gefið með því að ganga á undan með því að jafna launin milli hópa og milli kynja. Ég vil einnig benda á að í könnun BHM sem gerð var í vetur kom fram að meira launajafnrétti er hjá einkafyrirtækjum en opinberum. Í þeirri könnun kemur fram að hjá sveitarfélögum t.d. eru heildarlaun kvenna einungis rúm 60% af heildarlaunum karlmanna og jafnframt kemur fram að algengara er að karlmenn fái bónusgreiðslur af einhverju tagi eða fasta ómælda yfirvinnu, sem virðist vera orðið fast hugtak í umræðunni um launamál, en hlutfallslega fleiri konur fá yfirvinnu greidda samkvæmt tímamælingu. Þetta þýðir auðvitað ekkert annað en það að væntanlega séu karlmenn oftar yfirborgaðir. Ég vil ítreka að ríkið, hið opinbera, getur gengið á undan með góðu fordæmi og reynt að laga þessi mál í sínum stofnunum.

Hæstv. forsrh. minntist einnig á að hæstv. félmrh. hefði farið fram á 15 millj. kr. fjárveitingu til að hefja það átak í atvinnumálum kvenna úti á landsbyggðinni sem ég held að allir hljóti að telja nauðsynlegt. Þetta virðist mér ekki há fjárhæð og ég fór að velta fyrir mér hvað skyldi kosta í beinhörðum peningum að hafa allar þær konur atvinnulausar sem nú eru atvinnulausar svo að ekki sé talað um ýmis önnur atriði sem ekki er hægt að meta til fjár í þeim efnum.

Ég vildi aðeins koma þessum athugasemdum mínum að. Reyndar var sagt hér að þær nefndir sem starfa á vegum hæstv. ríkisstjórnar séu að störfum og það er auðvitað von mín að fyrstu hugmyndir þeirra fari að birtast sem allra fyrst. Það kom reyndar fram í máli forsrh. að gert er ráð fyrir skýrslu næsta haust frá þeirri nefnd sem hann skipaði. Við höfum ekki tíma til að bíða miklu lengur. Það þarf sérstaklega að taka á atvinnumálum úti á landsbyggðinni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. bað um svar við einni spurningu. Hann vildi fá að vita hvort ríkisstjórnin ráðgerði að lögfesta þá samninga sem nýlega hafa verið gerðir. Svo er alls ekki og hefur engin áætlun um það verið gerð og engar viðræður farið fram á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

54. fundur, föstudaginn 23. febr., kl. 1 miðdegis.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 609.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er áreiðanlega ekki ofsögum sagt að fiskveiðistefnan sé eitt stærsta eða stærsta mál þessa þings og vissulega vandmeðfarið mál. Þess vegna hefði maður getað rætt það vel og lengi en það ætla ég ekki að gera því að tíminn er naumur nú. Það er að mínu mati eðlilegt að málið gangi til nefndar því að mikið starf er óunnið og ágreiningur mikill sem líklega leysist betur í nefndarstörfum en að við byrjum við 1. umr. harðari deilur en nauðsynlegt er. Ég kemst þó ekki hjá því að láta í ljós álit mitt á ýmsu því sem frv. fjallar um.

Það er fyrst til að taka að menn telja að frv. sé ótímabundið eins og það er orðað og það þýði að þetta ástand eigi að vera varanlegt og jafnvel til eilífðarnóns. Auðvitað er það fáránlegt og ég hygg að hæstv. sjútvrh. geri sér grein fyrir því að auðvitað getur Alþingi hvenær sem er breytt lögum sem það hefur sett, jafnvel á sama þingi og daginn eftir að þau taka gildi. Ég hygg að hæstv. ráðherra og heyrðist á hans framsöguræðu að hann geri sér alveg grein fyrir því. Þess vegna er auðvitað villandi þegar menn tala um að frv. sé ótímabundið í þeim skilningi að öll ákvæði þess eða einhver eigi að vera í lögum lengur en Alþingi vill, það Alþingi sem nú situr eða það Alþingi sem væntanlega verður kosið á þessu ári eða í öllu falli hinu næsta. Það er nauðsynlegt að menn hafi þetta í huga og ég tel það vera kannski einn ljósasta punktinn í þessu frv. og þessu kerfi öllu saman að það er þó alla vega hægt að breyta því þegar í óefni er komið og menn telja að svo sé. Þess vegna undirstrika ég það og vænti þess að menn greini frá því hvar og hvenær sem er að þetta frv. er auðvitað ekki ótímabundið í þeim skilningi að það þurfi að vera í lögum deginum lengur en Alþingi vill.

Sömu sögu er að segja um þær reglur sem í gildi eru í dag. Við lokaumræðu í þessari hv. deild um kvótafrv. til þriggja ára lýsti ég því einmitt yfir og undirstrikaði, sem mönnum þótti kannski eitthvað einkennilegt fyrst þegar þeir heyrðu það, að það frv. og sú skipan gilti ekki deginum lengur en Alþingi vildi að hún gilti. Þess vegna hefði auðvitað verið hægt á þessu tímabili að breyta reglunum og kvótasala t.d. hefði ekki getað verið þá nema til einnar vertíðar í senn ef Alþingi hefði breytt því. Þá hefðu náttúrlega getað sprottið málaferli á milli þeirra manna sem kvótasölu stunduðu og það sama er auðvitað að segja um þetta frv. Það getur enginn selt bát með réttindum sem eiga að vara í eitt ár, tvö ár svo ég tala nú ekki um tíu ár eða lengur. Það er ekkert

slíkt í þessu frv. og það tel ég einna best við það að hægt er að breyta því og verður kannski gert á þessu þingi. En það kemur náttúrlega í ljós og einhverjar breytingar verða náttúrlega ef fiskveiðistefnan verður afgreidd hér á vordögum. En því væri hægt að breyta ef mönnum sýndist að haustlagi. Þetta er nauðsynlegt að menn hafi í huga.

Annað sem ég tel að menn verði vel að íhuga er það að mér sýnist að verið sé að færa í eitt ráðuneyti, fagráðuneyti eins og það er kallað þó það sé slæmt orð, völd sem ég hygg að hvergi hafi áður safnast saman í neinu ráðuneyti, skipulagsleg völd sem ég tel vera algerlega óeðlilegt og ekki samrýmast þrískiptingu valdsins og eðlilegum lýðræðislegum stjórnarháttum. Það liggur sem sagt fyrir að auðvitað er það Alþingi sem hefur forustu um löggjöf en líka náttúrlega ráðherrann sem fer með þessi mál á hverjum tíma. Hann hefur fyrst og fremst forustu um setningu löggjafarinnar og er þar af leiðandi löggjafi ásamt okkur hinum.

Síðan kemur að framkvæmd þeirra laga og reglna sem settar eru og þar er æðsti maðurinn líka sjútvrh. og á ég þá ekki við endilega hæstv. núv. sjútvrh. Stöðu sinni samkvæmt ætti hvaða sjútvrh. sem væri að fara með framkvæmd löggjafarinnar, þar á meðal lögreglustjórn í raun og veru. Því að t.d. þær reglur sem var verið að samþykkja fyrir áramótin um sérstakt gjald til veiðieftirlits eða hvað það er kallað er ætlað til lögreglustarfsemi. Það er starfsemi sem ætti að vera á höndum Landhelgisgæslunnar að sjálfsögðu en alls ekki sjútvrh. Það eru löggæslustörf sem ætti að greiða af almannafé eins og önnur löggæslustörf og heyra undir Landhelgisgæsluna en hana ber auðvitað að efla og eru mörg rök sem hníga að því að hversu illa sem ríkissjóður er staddur þá þurfi að efla Landhelgisgæsluna. Ég kem raunar að því á eftir þó að ég ætli að reyna að stytta mál mitt eins og kostur er. Þar að auki er komið dómsvald í sjútvrn. Ég hygg að hvergi hafi jafnikið vald safnast saman á einn stað eins og núna er verið að safna saman í sjútvrn.

Nú tala menn þar að auki um aflamiðlun og í hvaða ráðuneyti hún eigi að vera eða hvort hún eigi að vera í ráðuneyti. Ég held að hún eigi alls ekki að vera í neinu ráðuneyti en látum það vera. Ef hún er í sjútvrn. þá er það enn meiri samþjöppun valds. Hér er sem sagt ekki um þrískiptingu valdsins að ræða, alveg þveröfugt. Öllu valdi er safnað á einn stað sem er mjög óhollt bæði fyrir ráðuneytið og ég tala nú ekki um þann ráðherra sem á að stjórna því og fyrir eðlilega þróun í þjóðfélaginu.

Áður fyrr safnaðist í dómsmrn. margvíslegt vald, t.d. náðanir fyrir skulum við segja ölvun við akstur og annað slíkt. Fyrir forustu Bjarna Benediktssonar var þetta afnumið og slíkt vald tekið af framkvæmdarvaldinu enda óeðlilegt að það sé þar. Á sama hátt ættu auðvitað dómsmál í sambandi við hugsanleg brot á reglum um veiðar að vera hjá dómstólum eða saksóknara eða einhverjum óháðum aðila, alls ekki í ráðuneytinu og síst að hlaða einu valdinu ofan á annað og hræra öllu saman. Það hlýtur fyrr eða síðar að leiða til ógæfu.

Þetta þurfa menn að ræða í nefndinni og þetta þurfa menn að ræða á næstu mánuðum og missirum. Ég held að enginn sé út af fyrir sig ósammála mér um þetta þegar menn fara að hugsa það niður í kjölinn og ætti að geta náðst gott samkomulag um að reyna að greiða úr þessari hættulegu flækju því að hún á ekki heima í lýðræðislegu stjórnskipulagi. Má t.d. nefna dóma Hæstaréttar sem nýverið féllu þegar dæmt var eftir raunverulega erlendum lögum. Ég var ekki sammála því að Hæstiréttur ætti að fara með þessum hætti að enda yrði þá Alþingi að setja löggjöf um það. En þar var greint frá því að ekki mætti sami maður vera rannsóknaraðili og dómari. Ég tel að það sé kannski of mikill gauragangur í því öllu. Og hvað þá um þetta sem er ætlast til að við samþykkjum núna. Þarna er öllu hrært í einn og sama grautinn. Öllu valdi í sjávarútvegsmálum þjappað á hendur eins ráðuneytis. En nóg um það.

Að því er varðar kvótamálin yfirleitt er það ekkert launungarmál að frá upphafi hef ég verið mjög efins, svo að ég hafi nú ekki sterkari orð, um það að þetta væri hið eina rétta til að takmarka fiskveiðar og vernda stofnana sem við öll erum sammála um. Ég taldi og tel raunar enn að það sé hægt að finna heppilegri leið og það er að takmarka veiðar við ákveðin tímabil. T.d. eins og hefur komið fram hjá fleirum en mér að skipta kvótanum milli báta og togara og skipta árinu líka í einhver tímabil og síðan væri einn allsherjarkvóti ýmist fyrir báta eða togara og þegar honum væri náð þá bara hreinlega veiddu menn ekki meir. Menn gætu kannski valið eitthvað innan þessa stigs, t.d. hve marga daga, þyrftu ekki að vera nákvæmlega sömu dagarnir sem öll skipin mættu veiða. Það gæti dreifst eitthvað en þegar heildarkvótinn væri búinn þá yrði stöðvun þó skipin þyrftu ekki öll að stöðvast á sama tíma. Þetta væri einfaldara og ég held happadrýgra. En um það deila menn auðvitað og verður deilt áfram.

Hitt held ég að sé ekki hægt að deila um að það er hvati í kvótakerfinu sérstaklega þegar kvótinn minnkar á hvert skip eins og nú er verið að gera, ekki skal ég gagnrýna það, að þá er það auðvitað alveg ljóst að menn vilja koma með besta fiskinn að landi. Ef það er í tonnum talið hvað þau mega veiða þá er ekki hirtur hver smáfiskur. Það er alveg ljóst. Smáfiskadrápið fer vaxandi ekki síst auðvitað á því sem hefur verið nefnt ryksugutogarar eða hinir glæsilegu frystitogarar. Það er beinlínis innbyggður hvati í kerfinu að hirða ekki allt. Ef hvert skip má veiða ákveðið tonnamagn t.d. af þorski þá fer nú smáfiskurinn fyrir lítið er ég hræddur um, það er auðvitað alveg ljóst. Maður veit að eðlið er svona hvað sem menn segja um að það sé óþjóðlegt eða eitthvað í þá áttina að menn bjargi sér með þeim hætti sem fiskimenn eru vanir að gera. Þeir eru vanir að ná sem mestu til sín í gegnum aldirnar þegar hart hefur verið í ári og ekki síst þegar hart er í ári eins og núna af hvaða sökum sem það nú er. Menn geta

rifist um það líka hvort kreppan er heimatilbúin eða ekki. En þetta er ekki stefnan til þess að gæta dýrmætustu eignar okkar, þ.e. fiskimiðanna.

Hvað varðar auðlindaskattinn þá er ég enginn stuðningsmaður hans. En ég held að ef við búum áfram við kvótann, ég tala nú ekki um í þeim skilningi að það sé til eilífðarnóns, þá leiðir það auðvitað fyrr eða síðar til auðlindaskatts einfaldlega vegna þess að það verða örfá fyrirtæki þá sem kaupa upp kvótana og verða öflug og ekkert nema gott um það að segja. Þá kemur auðvitað krafan um að skattleggja þau fyrirtæki og þá verður auðlindaskattur studdur af meginþorra fólks. Ég hygg að ef svo væri komið að það væru aðeins örfáir einstaklingar eða útgerðarfyrirtæki sem væru með meira eða minna allan kvótann í sínum höndum þá væri það talin réttlætiskrafa að setja á auðlindaskatt. Ég vona að ekki komi til þess. Ég hef von um að þetta kerfi verði afnumið eða því breytt með einhverjum þeim hætti að ekki þurfi til þess að koma.

Af minni háttar atriðum finnst mér vera ósköp langsótt að heimta það að menn fái einhver sérstök leyfi til þess að stunda frístundaveiðar. Menn megi ekki fara út á flóa og veiða sér í soðið nema hafa bréf upp á það frá lögreglustjóra eða ráðuneyti eða hvaðan sem það bréf á nú að koma. Mér finnst þetta óþarflega mikill ótti um rányrkju og held að það ætti að sleppa því. Þetta er ekki til neins annars en að gera menn arga og reiða út í kerfið.

Hitt væri þá miklu frekar að það mættu vera einhver ákveðin tímabil sem menn veiddu og væri þá allsherjarþorskveiðibann á öðrum tímabilum. Þetta þekkjum við auðvitað um veiðar í vötnum o.s.frv. Það er hægt að gera það og gengi þá eitt og það sama yfir alla. Þetta er svona til athugunar og auðvitað minni háttar atriði.

En ég held að það þurfi að huga að því nú hvernig við ætlum að komast út úr kerfinu og það verður að gerast í áföngum. Það er alveg ljóst að verð á skipum hefur stórhækkað og er allt annað vegna kvótans og er ekkert við því að segja. Menn hafa bundið sér bagga með kvótakaupum og því miður með of mikilli aukningu flotans sem líka má rekja til þessa kerfis. Þess vegna eru ekki nein önnur ráð en að finna leið til að komast til baka út úr þessu í áföngum. Það er eitt sem ég held að nefndirnar þurfi að athuga.

Ég ætla ekki að fara lengra út í einstök atriði þessa máls vegna hins nauma tíma en ég vona að það verði ekki talið óeðlilegt að ég víki hér að frv. auðvitað alveg nátengdu þessu sem því miður var tekið hér á dagskrá utan venjulegs fundartíma og ég áttaði mig ekki á að það færi hér umræðulaust til nefndar.

Það frv. er 84. mál Nd., um breytingu á lögum nr. 33/1932, sem er ein merkasta löggjöf sem stendur í lagasafni Íslendinga, jafnast að sumu leyti kannski á við stjórnarskrána og sýnir þá miklu framsýni sem forverar okkar höfðu fyrir 65 árum sem getið er um í greinargerð með þessu frv. og mér finnst oftast að það sé gert í hæðnistón, að það sé verið að breyta ákvæðum sem staðið hafa í 65 ár, að þetta séu gömul ákvæði. Þau eru gömul en þau eru góð og þau eru ekki úrelt. Og það sem gerir það að verkum, að ég hygg, að Nd. hefur hleypt þessu máli í gegn er að menn vita ekki hvað þeir voru að samþykkja því að grg. fjallar alls ekki um það, hvað verið er að samþykkja. En þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja færeysk og grænlensk fiskiskip ákvæðum 65 ára gamalla laga sem banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra."

Það er miklu meira í þessu frv. (Gripið fram í.) Það er rétt að ráðherra hefur skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga um fiskveiðar og réttinn til fiskveiða í landhelgi leyfi til að veita undanþágur — en það er verið að breyta allt öðru ákvæði en að afnema gagnvart Færeyingum og Grænlendingum og ætla ég nú aðeins að rekja það svo að menn viti hvað um er að ræða. Í 1. mgr. 3. gr. þessarar merku löggjafar, sem ég jafna til stjórnarskrárinnar í okkar frelsisbaráttu og baráttu fyrir yfirráðum yfir okkar eigin auðlindum — þetta er hin merkasta löggjöf sem sett hefur verið og á henni byggt frá upphafi til þessa dags og engum hefur dottið í hug að breyta meginefni löggjafarinnar, segir:

„Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar til þess að bjarga sér undan stormi og óveðri." Síðan kemur: „Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi." Þennan seinni málslið þessarar málsgreinar á að afnema. Og það sem á að afnema að auki er eftirfarandi, 2. mgr.: „Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni; enn er bannað öllum öðrum en íslenskum ríkisborgurum að flytja veiði sína í landhelgi eða á land, til þess að verka hana." Þetta á líka að afnema, að vísu eingöngu gagnvart Færeyingum og Grænlendingum. Sem sagt, menn mega fara öllu sínu fram innan landhelginnar, hvar sem þeim sýnist. Þeir mega gera að afla sínum, jafnvel hér úti á Austurvelli ef borgaryfirvöld grípa ekki í taumana. Það er sem sagt verið að afnema þetta meginatriði í okkar stefnu í fiskveiðilöggjöf, að svo miklu leyti sem við höfðum löggjafarvald á meðan gamli samningurinn frá 1901 var í gildi, það sem við höfum byggt á allan okkar rétt til að verjast ofsóknum og rányrkju útlendinga. Og það er auðvitað alveg ljóst ef menn lesa þetta saman að það getur ekki komið til greina gagnvart einum eða neinum að við segjum sem sagt með gagnályktun: Leyft er Færeyingum og Grænlendingum að hafast við við land og í höfnum til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi. Leyft er þeim og þeirra skipum að verka veiði í landhelgi eða í höfnum inni og enn er þeim leyft, eins og íslenskum ríkisborgurum og framar þeim kannski, að flytja veiði sína í landhelgi eða á land til þess að verka hana. Ekki til þess að selja íslenskum fiskverkendum aflann. Nei, nei. Þeir mega gera hvað sem þeir vilja innan okkar landhelgi.

Nú er ég ekki minni vinur Færeyinga og Grænlend-

inga en einhverjir aðrir þeir í Nd. sem óvart samþykkja þetta. Þess vegna kannski gæti maður séð í gegnum fingur sér ef það vildi nú ekki svo til að verið er að ræða við forsvarsmenn einhverra sterkustu fjármálaafla veraldarinnar í Evrópu um einhvers konar samvinnu við þá og verðum við ekki alltaf tilneyddir að hafa hana einhverja? En að við færum þá að veifa því framan í þá að við værum að afnema allar hömlur á verkun afla útlendinga á Íslandi og að innan landhelginnar mættu þeir hafa hvað sem þeir vildu, óbúlkuð veiðarfæri, mættu gera hvað sem þeir vildu, að við værum að heimila það. Svo ætluðum við að setjast að samningaborði um viðskiptamálefni við Evrópubandalagið, af því að samningar um sjávarútvegsmál koma auðvitað ekki til greina við það bandalag, en þeir vitandi það að við værum að opna hér allar gáttir. Auðvitað verður að breyta þessu. Það má auðvitað, ef mönnum finnst það eitthvað geðfelldara eða ef menn sætta sig betur við það í Nd., hverfa til 3. mgr. þar sem veitt eru tímabundin leyfi o.s.frv. til að milda þetta. Þetta mál verður auðvitað að stöðva. Það var stöðvað í fyrravor hér í þessari hv. deild og ég vek athygli á því að það er algjör nauðsyn að það verði gert að nýju.

Að lokum bendi ég á að það eru mörg úrræði önnur en þau sem beitt hefur verið til þess að auka afla íslenskra skipa. Árið 1982 helguðum við okkur Reykjaneshrygg út í 350 mílur. Þar hafa verið að veiðum þetta 50–100 skip frá Austur-Evrópulöndum árum saman og fiskað vel, hygg ég. Sem betur fer eru menn aðeins farnir að huga að þessu. Þar eru ósótt verðmæti, mjög mikil verðmæti, og mér er tjáð og ég veit raunar að a.m.k. eitt útgerðarfélag vill senda tvö skip og ég hygg að þau muni fleiri. Ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur áhuga á því að greiða fyrir því að þessar veiðar verði stundaðar í einhverjum mæli og a.m.k. þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru, en eins og menn væntanlega vita er það fullveldisréttur sem við eigum 350 mílur út á Reykjaneshrygg og í þeim fullréttisrétti felst að enginn má snerta botninn, það má engar botnvörpuveiðar þar stunda, það má ekki koma upp með stein eða skel, þá er það lögbrot og á að færa þann aðila í land og sekta hann ef svo er. Það má heldur ekki fleygja neinu í hafið sem sekkur til botns. Það er sérstakt ákvæði um það í Evrópusáttmálanum, 210. gr. Það er algerlega óheimilt að fleygja nokkru því fyrir borð sem fellur til botns. Þar er fullveldisréttur. Það er eignarréttur viðkomandi þjóðar að botninum og menn hafa verið furðulega seinir að skilja þetta hér á Íslandi. Menn skilja það þó væntanlega núna, að það þarf að styrkja landhelgisgæsluna til þess að vernda þessi mið og ber að gæta þeirra og fylgjast mjög náið með veiðum útlendinga. Auðvitað á ekki að fara með neinu offorsi gagnvart mönnum sem halda að þeir séu í einhverjum rétti þar heldur aðvara þá og hægt og bítandi beina þeim út af þessum miðum sem við Íslendingar kunnum alveg, að láta menn skilja aðvörunina.

Þá er það nú Hatton-Rockall svæðið. Það er nú komið frá sjálfum forsætisráðherra Breta bréf til okkar forsætisráðherra þar sem Bretar lýsa sig mjög fúsa, „very willing", til að ræða málin til að hægt sé að nálgast lausn þeirra. Bretar gera sér fullkomlega ljóst að þeir fá aldrei eina fermílu af hafsbotninum á Hatton-Rockall svæðinu án samvinnu við okkur, Færeyinga og Dani. Það er útilokað að þeirra réttur geti verið meiri en okkar. Það held ég að öllum fræðimönnum beri saman um. Bretar skilja það þess vegna auðvitað og hafa nú boðið okkur til viðræðna í fyrsta skipti í 12 ára sögu okkar. Það eru 12 ár síðan Alþingi fyrst samþykkti tillögu um Rockall-svæðið og bauð fram samvinnu og samstarf. Það var sem sagt 22. des. 1978. Núna fyrst hefur komið svar frá sjálfum forsætisráðherra Breta um það að Bretar séu mjög fúsir að taka upp samninga við okkur og viðræður. Það ber auðvitað að gera nú alveg á næstu vikum og mánuðum og ég þykist þess fullviss auðvitað, enda samþykkti utanrmn. Alþingis að beina því til ríkisstjórnarinnar að þessu boði yrði feginsamlega tekið og þar er að koma lausn. Ætlar einhver að segja mér eða öðrum að það sé enginn fiskur á öllu þessu gífurlega svæði? Ég veit raunar að það fór hér fyrir nokkrum árum línuveiðari frá Noregi og kom drekkhlaðinn af saltfiski eftir 3–4 vikna skeið af þessu svæði, af Hatton-bankanum sem við eigum alveg einir hvernig sem allt annað færi vegna þess að miðlínan er þannig vaxin að allur Hatton-bankinn tilheyrði okkur ef ekki næðist samkomulag um sameign og samnýtingu.

Og auðvitað á að rannsaka hvaða auðæfi eru þarna á hafsbotni. Að það sé enginn skelfiskur í volga sjónum þarna suður frá, að íslenski þorskurinn okkar hafi kannski ekki skroppið þangað þegar köldu árin voru hér, það var ekki reynt að kanna það. Ég er ekki að ásaka neinn einstakan. Það var enginn sem hafði neina forgöngu um það. Mönnum hefur þótt þetta fjarlægt alveg eins og 200 mílurnar voru fjarlægar fyrir 15 árum. En svona er það nú að þarna eru líka möguleikar sem ber að kanna og við verðum líka að sýna eins og við gerðum í samvinnu við Dani þegar við sendum rannsóknarleiðangur til þess að kanna hafsbotninn sem hefur borið mikinn árangur, með mjög merkilegum rannsóknum sem hafa farið fram sem benda til þess að þarna geti verið mjög ríkulegar olíulindir og annað slíkt. Ég er ekkert að sækjast eftir þeim út af fyrir sig, en það styrkir okkar rétt að við, með Dönum, gerðum þennan leiðangur út alveg á sama hátt og þegar við viljum, gjarnan með Færeyingum, gera út leiðangur til fiskileitar á þessu svæði jafnvel þó að það kosti eitthvað. Það er betri fjárfesting en að vera að drepa smáfiskinn okkar að senda einhver skip þangað.

Jan Mayen-málið. Við höfðum þar stórkostlega sigra 1980 varðandi fiskveiðarnar þegar við fengum 85% af allri loðnunni í stað þess sem Norðmenn buðu okkur hér, þrír ráðherrar með fríðu föruneyti dagana 29. og 30. júní 1979. Þeir buðu okkur upp á 60–70 tonn í tvö ár af loðnu af miðunum gegn því að þeir fengju að eiga allt Jan Mayen-svæðið einir. Við áttum að hafa þessa titti í tvö ár og margir vildu samþykkja

þetta. Og þeir sem stóðu gegn því urðu fyrir verulegum ádeilum, opinberlega, á prenti — og líka að Norðmenn mættu fara inn að miðlínu hjá okkur í staðinn fyrir að við fengjum óskertar 200 mílur. Það skall hurð nærri hælum þar. Norðmennirnir ætluðu að klára þetta á einum degi, þotan þeirra beið hérna úti á Reykjavíkurflugvelli. En þeir sváfu nú um nóttina og héldu svo burt kl. 5 daginn eftir, samningslausir. Eftir nokkra mánuði var búið að semja um það sem ég var að tala um. Og eftir réttum skilningi á Jan Mayen-samkomulaginu frá 1980 eiga Íslendingar a.m.k. 50% af öllum öðrum auðæfum, lífrænum auðæfum, í hafinu, fiskum og slíku á öllu Jan Mayen-svæðinu, ekki bara út af Jan Mayen heldur 200 mílur austur fyrir Jan Mayen líka. Þar er að vísu djúpur sjór fljótlega þegar komið er austur fyrir Jan Mayen, austur og norður fyrir Jan Mayen, en við eigum þar þessi réttindi, og við eigum helmingsréttindi á hafsbotni sem fékkst með gífurlega merkilegum samningi sem gerður var árið 1981 um hafsbotnssvæðin. Og Norðmenn hafa fyllilega staðið við hann. Við fengum meira en helmingsréttindi vegna þess að þeir eiga að kosta allar forrannsóknir og hafa gert það á síðustu 3–4 árum, kostað til þess miklu fé, og allt bendir til þess að þar geti verið ríkulegar olíulindir líka þó að það sé nú ekki aðalkappsmálið að við gerumst einhverjir olíufurstar. Menn hafa verið að lesa um það að talið sé mjög líklegt að á Austur-Grænlandi séu slíkar olíulindir, kannski með 16 km þykkum setlögum, hafa þeir talið sig hafa fundið þar, sem eru 4 km á þykkt í Norðursjónum, og partur af þessu landi er einmitt Jan Mayen-hryggurinn sem rak frá Grænlandi og eins er um Rockall-hásléttuna, hana rak líka frá Grænlandi. Þetta þurfum við allt saman að kanna og nýta. Við þurfum að hagnýta þessi réttindi á Jan Mayen-svæðinu til að þau falli ekki bara aftur í skaut Norðmanna. Ef við ekki sýnum neina tilburði til þess að nýta þessi skrifuðu réttindi og lögfestu í báðum löndunum, þá gætu þau fyrir vanrækslu okkar orðið einskis nýt.

Allt er þetta orðið lengra en ég ætlaði mér en mér fannst ég verða að koma þessu að hér og vona að mér fyrirgefist það. Ég skal að öðru leyti greiða fyrir framgangi mála hér eins og ég get. Raunar langar mig til að segja margt fleira um þessi málefni, en ég held að hv. þm. hér í þessari deild skilji þetta allt saman og það þurfi ekkert að hafa neinar málalengingar. Við ætlum okkur að vernda þessi mið og við ætlum að varðveita þau og nýta á skynsamlegan hátt og við ætlum ekki að hleypa í gegn neinum vanhugsuðum tillögum.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Mér skilst að komist hafi verið að samkomulagi um það að menn lengdu ekki umræður um of við 1. umr., og tek það skýrt fram, við 1. umr., þannig að málið komist til nefndar. Ég hvatti til þess í gær að menn tækju þetta mál umfram önnur til þess að koma því til nefndar því að auðvitað er þetta eitt af grundvallarmálum þjóðfélagsins í dag. (**Gripið fram í:** Það er stærsta málið.) Stærsta málið. Og auðvitað hefðu menn átt að taka það fyrir í gær og ræða það þá en ekki vera að brenna sig inni í tíma við 1. umr. með því að taka það til umræðu í dag. Ég skal ekki hafa mörg orð um það, ég skal ekki níðast á tímanum að því er þetta varðar. Ég hefði hins vegar mjög vel kosið að geta gert þetta í gær og þá með rýmri tíma því að þetta mál er þess eðlis að menn þurfa auðvitað að ræða það hafi menn á annað borð skoðun á því, aðrar skoðanir en flokksfjötra úr ýmsum stjórnmálaflokkum.

Ég skal ekki vera langorður, herra forseti, og skal reyna að virða það sem hefur verið gert hér að samkomulagi og ekki fara út fyrir þau mörk, en ég fagna því sérstaklega að hæstv. menntmrh. er mættur í deildina sem ekki hefur sést lengi en fagnaði því fyrir tveimur árum að vera kominn í þessa deild (Gripið fram í.), skemmtilegu, en hefur því miður lítið látið sjá sig.

Það hefur verið rifjað hér upp að málið sem hér er á dagskrá varð að lögum um áramótin 1983/1984, ef ég man rétt. Það var samþykkt 1983 en varð að lögum um áramótin, muni ég rétt, þannig að þetta mál er búið að vera meira og minna við lýði frá þeim tíma. (**HBl:** Sjö ár. Sex ár.) Já, já. Ég veit það, hv. þm. Halldór Blöndal. Þó ég sé ekki góður í reikningi kann ég þessa reikningstölu. Þó að ég sé ekki lærður kennari kann ég að leggja saman þennan tíma og þarf ekki að tala sérstaklega þar um.

Þegar þetta kerfi var sett á voru menn að tala um það til reynslu og hverju það mundi skila til þjóðfélagsins í mikilvægasta útflutningi þessa lands. Það átti að draga úr fiskiskipaflotanum. Það átti að minnka sóknina og það voru kannski tvö af einkennum þessa kerfis sem þeir sem tala fyrir því og hafa talað fyrir því tóku fram að mundu verða. En hverjar eru nú staðreyndir þessa? Hér væri auðvitað ástæða til, og til þess hefur maður gögn, að halda 8–10 tíma ræðu varðandi sögu þessa máls og hvaða áhrif það hefur haft á hin ýmsu landsvæði í kringum landið, fyrst og fremst þau landsvæði sem byggja númer eitt, tvö og þrjú á sjávarútvegi, og ég hygg að menn ættu að líta til ársins 1989. Það eru að vísu mörg dæmi á því ári hvernig kvótinn, í því formi sem hann hefur verið framkvæmdur, hefur farið með ýmis sjávarútvegssvæði. Ég nefni t.d. Patreksfjörð. Hvað gerðist þar? Ég vil ekki trúa því að þeir stjórnmálamenn sem gefa sig út fyrir það að hugsa um hag almennings í landinu, þar með væntanlega fiskvinnslufólks, sjómanna á þeim svæðum þar sem það á við, íhugi ekki þessi dæmi sem hafa brunnið á þessu fólki svo vikum og mánuðum skiptir.

Ég hefði kannski átt að taka það strax fram í upphafi að ég er algjörlega andvígur því frv. sem hér liggur fyrir, og það kemur auðvitað engum á óvart. (**EgJ:** Jú.) Það kann vel að vera að hv. ritara þingsins, Agli Jónssyni, komi það á óvart. Hann kannski man ekki umræðurnar hér í þessari hv. deild, frá 1987, þegar hann var tilneyddur, í flokksfjötrum, að sam-

þykkja kvótann — tilneyddur, trúlega gegn sinni samvisku eins og margir fleiri voru þá. (**EgJ:** Menn verða nú að vera ábyrgir.) Það kann vel að vera að menn telji sig ábyrga gagnvart flokknum en ekki gagnvart umbjóðendunum og mér heyrist að hv. þm. Egill Jónsson geri það í þessu tilviki. Það er flokkurinn sem ræður, það eru ekki sjónarmið almúgans, umbjóðendanna. Það eru flokksfjötrarnir sem hefta menn um of, ekki bara í þessu máli heldur og mörgu öðru.

Þetta er eitt stærsta málið sem menn ræða nú um. Ég er þeirrar skoðunar að kvótinn eins og hann hefur verið framkvæmdur — ég er ekki að tala gegn því að menn þurfi að hafa stjórn á fiskveiðum, alls ekki, en að afhenda slíkt miðstýringarvald einum aðila, þó að hann sé út af fyrir sig ágætur, en allir eru nú mannlegir, að afhenda einum aðila slíkt vald sem gert hefur verið og á að gera áfram, með frv. sem hér er gert ráð fyrir, í auknum mæli, það er auðvitað út hött og tekur engu tali að Alþingi afsali sér því valdi sem það á að hafa, ég tala nú ekki um í grundvallaratvinnugrein þessa lands.

Menn hafa margir haldið því fram að við andstæðingar kvótans höfum bara sagt nei og nei, ekki flutt neinar tillögur til breytinga um eitthvað annað sem ætti að koma í staðinn fyrir það sem nú er. Þetta er auðvitað rangt, gjörsamlega rangt. Ég vil minna menn á það hér í þessari deild, sem menn eiga auðvitað að muna, að 1987 þegar þetta var hér til umræðu, undir forsæti páv. hæstv. forsrh. Þorsteins Pálssonar, af því að hann er nú í salnum, fluttum við ég og hv. þm. Matthías Bjarnason brtt. við þetta mál, tillögur í þá átt að reyna að rétta hlut þeirra sem byggja númer eitt á fiskveiðum og fiskvinnslu. Það var allt saman fellt, allt saman fellt. (**ÞP:** Þið viðurkenndu kvótann með því.) Ég veit nú ekki hvort maður á að tala við hv. þm. af því að hann er ekki í deildinni, hvort það er heimilt, en ekki hefði ég á móti því. En þetta er rangt hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni, þó að hann grípi fram í hér inni í annarri deild en þar sem hann á að vera. (Gripið fram í.) Það var ekkert viðurkennt, ekki af minni hálfu. Nú er ég að tala um mig. Það var ekkert viðurkennt, Þorsteinn Pálsson, á engan hátt. Ég veit ekki hvort hv. þm. Þorsteinn Pálsson á við Matthías Bjarnason, að hann hafi viðurkennt þetta. Eru þetta glósur til hans? (**ÞP:** Það svíður undan þessu.) Eða hv. þm. Þorvaldar Garðars? Eru þetta glósur til þeirra af því að þeir hafa verið á móti kvótanum frá upphafi?

Nei, ég held að menn verði að horfast í augu við þær staðreyndir að það kerfi sem við höfum búið við dugar ekki. Því verður að breyta. Ég minni á það að ég og hv. þm. Matthías Bjarnason, sem vorum formenn sjávarútvegsnefnda 1987, þegar kvótafrumvarpið var afgreitt þá í þinginu, fluttum tillögur til breytinga um það að gera kerfið mannúðlegra og réttlátara gagnvart þeim sem ættu við það að búa, fyrst og fremst þeim sem höfðu þetta sem eina atvinnu á vissum landsvæðum. Nú gefa menn yfirlýsingar út og suður um álver, kannski ekki hingað og þangað, til atvinnuuppbyggingar. Mér skilst að það eigi að gerast hér á Reykjanessvæðinu, á Suðurlandssvæðinu. Menn hafa nefnt Eyjafjarðarsvæðið, en þá er trúlega upptalningunni lokið. (**EgJ:** Hver hefur forræði þessara mála?) Ég hygg að það muni vera hæstv. ríkisstjórn sem hafi það, viti þingmaðurinn ekki betur. Ég hygg að svo muni vera. En í ljósi þess að menn eru að gefa slíkar yfirlýsingar, væntanleg loforð og væntingar um álver hér og þar á tilteknum svæðum án þess að huga að einu eða neinu um hin svæðin sem eru út undan, og ég tiltek Vestfirði, Vesturland, Austurland. Hvað ætla menn að gera þar? Ætla menn bara að viðhalda óbreyttu ástandi í niðurníðslu í atvinnuuppbyggingu á þessum svæðum? Ég sé ekki annað. Og ég ítreka enn: Þetta hlýtur að vera á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar, allra ráðherranna, hvaða nafni sem þeir nefnast. (**Menntmrh.:** Líka kratanna?) Já, ekki síst. En þegar menn tala um krata eru menn ekki að tala um jafnaðarmenn í einu orði, er það? (**Menntmrh.:** Ja, þú veist hvað ég á við, Karvel. Fyrsti stafurinn er Ó.) Já, því er verr og miður, hæstv. menntmrh., að ýmsir ráðherrar, þó að þeir séu ágætir að mörgu leyti, geta villst af vegi í þessum efnum. Ég vil ekki sérstaklega gagnrýna hæstv. sjútvrh. fyrir þetta. Auðvitað á hann að hafa sína skoðun og halda henni fram. En hitt liðið, að dansa eftir því öllu saman, það er gagnrýnisvert. Að láta hann, þó að ágætismaður sé, einstaklingur, dansa þannig með sig í sex ár — eða jafnvel ævilangt eins og menn leggja núna til í frv., ævilanga ráðningu á kvótanum, það er gagnrýnisvert og það ætti formaður Sjálfstfl. líka að skilja sem hefur tekið þátt í slíku. Og meira að segja Sjálfstfl. samþykkti, það ég best man, fyrir ekki alllöngu að ganga nánast inn á kvótakerfið hjá hæstv. ráðherra Halldóri Ásgrímssyni. (**Menntmrh.:** Sjálfstfl. er eini flokkurinn sem hefur flokkslega samþykkt það.) Ég hygg það, já, hæstv. ráðherra. Ég er nú einn af þeim sem fullyrði aldrei meira en ég veit, en ég held að þetta sé rétt. (Gripið fram í.) Já, það má að vísu ekki tala við menn úr öðrum deildum hér þó að ég vildi það gjarnan. En það er eini flokkurinn, að ég best man, í heild sem hefur fallist á þetta kerfi sem er helstefna gagnvart þeim landsvæðum sem fyrst og fremst byggja á sjávarútvegi og fiskvinnslu. Og ég hlýt að spyrja þá ráðherra sem nú sitja í hæstv. ríkisstjórn: Hvað ætla þeir að gera við okkur þegar menn eru búnir að lofa álverum út og suður í tilteknum kjördæmum vegna atvinnuuppbyggingar — sem ég er á engan hátt að gagnrýna, ef það er rétt? En hvað ætla menn að gera við okkur hina sem erum eftir? Ætla menn að byggja blokkir hér í Breiðholtinu til þess að flytja Vestfirðinga, Vestlendinga, Austfirðinga í þær? (Gripið fram í.) Ég spyr um þetta. Hér eru að vísu tveir ráðherrar og þeir eiga að geta svarað. Það er ekkert um það að ræða að flytja svona mál eins og hér er flutt, einhliða, gegn þeim sem búa fyrst og fremst við það vandamál að hafa einhæfan atvinnuveg sem er fiskveiðar og fiskvinnsla. Ég held að menn hljóti að krefjast þess — a.m.k. geri ég það. Hvað

ætla menn að gera við Vestfirði, Vesturland, Austurland, ja, kannski Suðurland, ég veit það ekki — (**EgJ:** Suðausturlandið.) Já, a.m.k. — í þessum efnum? Það er náttúrlega alveg um tómt mál að tala að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn geti leyft sér að flytja svona einhliða mál gagnvart grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar án þess að taka neitt annað inn í. Og ég spyr hæstv. sjútvrh. og hæstv. menntmrh., af því að hann heyrir til mín þó að hann sé í símanum: Ef þau áform verða að álver verði reist hér og þar, eins og ég hef verið að tala um, á þeim svæðum, hvað ætla menn þá að gera við hin landsvæðin sem byggja fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu? Er þá ekki kominn tími til að segja: Við tökum þau þorskígildi af álverssvæðunum og færum þau til hinna. Eru menn reiðubúnir til þess? Á að taka þorskígildi af Reykjanesi? (**Gripið fram í:** Hvar er Kalli?) Hann er kominn. Á að taka þorskígildin þar vegna hugsanlegs álvers sem menn eru að tala um að reisa þar og færa til þeirra staða sem ekki hafa annað neitt að byggja á en fiskveiðar? (**KSG:** Þið þurftið að fá útlendinga til að vinna.) Já, það er gott að heyra þetta frá varaformanni Verkamannasambandsins og þetta hefði hann átt að segja í ræðu en ekki í frammíkalli ef hugsunarhátturinn er með þessum hætti. (**KSG:** Þið bara getið ekki unnið allan kvótann, hvað þá meira.) Ég ætla ekki að skattyrðast við hv. þm. Karl Steinar Guðnason hér. (**EgJ:** Flokksbróðir þinn.) Ja, hver segir það? En mér finnst að ábyrgðaraðilar í verkalýðshreyfingu eigi ekki að haga orðum sínum með þessum hætti. Þeir þurfa að bera ábyrgð á fleirum en bara sínum nánustu í félaginu. (**KSG:** Það er ekki satt.) Það er rangt, hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Og ég er tilbúinn til þess að taka hér upp umræður um það ef hv. þm. Karl Steinar óskar sérstaklega eftir því, sem mér heyrist, en þá riðlast náttúrlega það samkomulag sem menn voru búnir að gera um umræðu í þessu máli og þar er ég ekki skaðvaldur, það eru aðrir.

Það er út af fyrir sig rétt, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, að það hefur þurft að flytja inn fólk til fiskvinnslu í fiskvinnslufyrirtækjum. Vegna hvers? Og sú spurning hlýtur að snúa að hv. þm., varaformanni Verkamannasambandsins. Vegna þess að launin eru það slæm, það illa borgað, að Íslendingar vilja helst ekki vinna við það. Og það væri kannski nær að forustan í verkalýðshreyfingunni hugaði að því. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? Gæti ég fengið það endurtekið? (**KSG:** Það er búið að hringja bjöllunni.) Já, ég heyri það að menn vilja ekki tala beinskeytt um þessi mál og finn að sú gagnrýni knýr á þeim sem uppi er í þjóðfélaginu vegna þess að hinn almenni launþegi og þar með fiskvinnslufólk, sem ber uppi þetta þjóðfélag, ekki síst, og sjómenn bera skarðan hlut frá borði.

Hæstv. forseti, ég skal ekki lengja mjög tímann. Ég hefði gjarnan vilja tala hérna í 6–8 klukkutíma, a.m.k. (**EgJ:** En ætlarðu að tala . . .?) Nei, nei. Ég vil virða samkomulag ef um það er að ræða, að menn ætli að halda sér innan viss ramma, en 2. og 3. umr. eru eftir um þetta mál og þar gefst trúlega tækifæri til að taka málið frekar í gegn en hér hefur verið gert við 1. umr. Ég minni á það að þeir kvótamenn, með hæstv. sjútvrh. í fararbroddi, formann Sjálfstfl. í fararbroddi — ja, líklega formann Alþfl. í fararbroddi. Ég spyr: Er það ekki rétt? (Gripið fram í.) Jæja, í fylgdarliðinu þá. Formann Alþb. í fararbroddi, er það ekki rétt? (**MF:** Fararbroddi fyrir hverju?) Fararbroddi fyrir kvótafrv. Ég hygg að formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, sé nú með á því hvaða mál er verið að ræða hér í þessum umræðum.

Og síðan komum við að Borgfl. Hver var afstaða hans 1987 þegar hörðustu deilurnar voru hér í þessari deild um málið? Nú vildi ég gjarnan fá hæstv. hagstofuráðherra hér í salinn. (**Salþ:** Þetta heyrir undir umhverfismál . . .) Hæstv. hagstofuráðherra, það er enginn umhverfisráðherra orðinn enn það ég best veit. Og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra sé ekki hér í þinginu þennan dag sem mest ríður á að mál fái afgreiðslu. Ekki er ég að tefja málið, það eru þá þeir sem gera það. (**Gripið fram í:** Hvern vantar?) Hæstv. hagstofuráðherra. (**Forseti:** Er óskað eftir því að hann komi hingað?) Já. Það er greinilega góður samgangur milli framsóknarmanna og hæstv. hagstofuráðherra því að hér er sagt að hann sé að flytja erindi á ráðstefnu úti í bæ. (Gripið fram í.) Já, ég óskaði eftir því að hæstv. hagstofuráðherra yrði við þessa umræðu vegna fortíðarinnar. (**Gripið fram í:** Hann er nú að verða umhverfisráðherra.) Vegna fortíðarinnar, það er enginn að tala um umhverfisráðherra, það er ekki orði minnst á slíkt.

Ég man ekki betur, og ég bið hæstv. hagstofuráðherra að rétta mig af í málinu ef ég er á rangri braut, ég man ekki betur en að hér í hv. deild í desember 1987 hafi borgaraflokksmenn barist hvað harðast ásamt mér gegn kvótanum. Og ég hlýt að spyrja: Hafa orðið sinnaskipti í þeim herbúðum og ef svo er, hvers vegna? Skipta menn bara um skoðun eftir því í hvaða stól þeir sitja? Er það málið? Ég spyr. Ég man ekki betur, vil þó ekki fullyrða en trúlega verður það þá leiðrétt hér á eftir, ég man ekki betur en að allir þingmenn Borgfl. berðust þá hatrammlega gegn kvótakerfinu. Nú er þetta lagt fram, að mér skilst, sem frv. hæstv. ríkisstjórnar eða ég skil það svo. Og hver hefur breytingin orðið, af hverju er þessi breyting, hvað hefur breyst? Er það vegna æviráðningar kvótans til eilífðar? Menn sem vildu afnema æviráðningu ríkisstarfsmanna, vilja þeir nú æviráða kvótann til eilífðar? Eða hver er skýringin? (**EgJ:** Stóllinn, hægindin.) Ég dreg nú mjög í efa hægindin í þeim stól sem menn eru að tala um. Kannski koma þau en ég held nú samt að þau séu ekki fyrir hendi í dag, þau hægindi. En hvernig stendur á því að menn í ábyrgðarstöðu í pólitík, stjórnmálum, þjóðfélagsmálum skipta um skoðun eftir því sem þeim hentar hverju sinni? Hver er skýringin á því? (**Hagstofuráðherra:** Þingmaðurinn hefur ekki fylgst með umræðunni.) Hæstv. ráðherra. Ég fylgdist gjörla með umræðunni 1987, tók þátt í henni. (**Hagstofuráðherra:** Ég átti við 1. umr. um þetta mál.) Þetta er 1. umr. Ég held að

hæstv. ráðherra sé eitthvað ruglaður í ríminu, þetta er 1. umr. Það eru einhverjir aðrir ruglaðir en ég í þessu máli, heyrist mér. Þetta er 1. umr. um málið það ég best veit. Og við hæstv. hagstofuráðherra töluðum á svipuðum nótum 1987 í desember. Kannski hefur hæstv. núv. hagstofuráðherra verið harðorðari gegn þessu máli þá en ég var og mörgum þótti nóg um þá. En hvað hefur breyst? Eru þessi fimm stykki keyptu í þessu og kannski öðru? Ég spyr. Og er það sú þróun sem almenningur vill hafa í íslenskum stjórnmálum að menn séu keyptir upp til skoðana í hverju tilviki? Er það það sem menn vilja? Ég held ekki. Við höfum dæmin, því miður, hér á Alþingi um kaup á tilteknum einstaklingum frá fyrri ríkisstjórn og líklega núverandi ríkisstjórn til stuðnings. Eru menn virkilega að selja sig þrátt fyrir sannfæringuna? Er þetta það sem koma skal í stjórnmálum hér á Íslandi? Ef svo er, þá frábið ég mér allt slíkt. Ég tek ekki þátt í slíku.

Ég sé að hér er komið blað til mín frá hæstv. forseta, trúlega um að tíminn sé liðinn sem ég á að tala, en nóg er eftir. Það eru líka tvær umræður eftir um þetta mál. Ég minni á það að síðustu að Vestfirðingar hafa kannski verið hvað harðastir gegn því miðstýringarkerfi sem kvótinn hefur innleitt og á að innleiða nánast til æviloka að mér skilst með þessu frv. Það voru haldnir tveir fundir á Ísafirði á sl. ári þar sem þessu kerfi var harðlega mótmælt, þessu miðstýringarkerfi þar sem skrifstofa í Reykjavík á að ráðsmennskast með alla hluti og virða að vettugi sjálfsbjargarviðleitni þeirra manna sem stunda fiskveiðar. Og þessu andófi verður haldið áfram. A.m.k. krefjumst við Vestfirðingar þess að fá að vita frá hæstv. ríkisstjórn, þeim ráðherrum sem eru að lofa álverum út og suður, hingað og þangað annars staðar en á Vestfjörðum, hvað ætla þeir að gera við okkur? Á að flytja okkur í blokk í Breiðholti? Og hvað þýðir það fyrir þjóðfélagið?

Menn eiga auðvitað að hafa sjálfstæða stefnu í öllum þessum atvinnumálum. Fiskveiðin er ekki síður atvinnugrein en aðrar og náttúrlega nr. eitt. Það kann vel að vera að álver hér og þar geti bjargað einhverjum hlutum á þeim svæðum sem það á við, en það bjargar ekki þeim sjávarplássum sem byggja fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu. Það er ráðamanna hverju sinni að sjá fyrir því að þessum svæðum verði bjargað. Ég sé ekki, og segi það hér, ég sé ekki að núverandi hæstv. ríkisstjórn skynji sinn vitjunartíma í þessum efnum, því miður. Það gengur auðvitað ekki að hagkvæmustu verstöðvar, fengsælustu fiskimið sem þjóðin býr við, séu rækt af allt öðrum en þeim sem búa í nálægð við þau. Það gengur ekki. Það er því kominn tími til að hæstv. ráðherrar, forustumenn í stjórnmálum íhugi þessi mál.

Og í lokin vil ég minna á það að Alþýðusamband Vestfjarða, kjördæmisþing Alþfl. á Vestfjörðum, ráðstefna Fjórðungssambandsins á Vestfjörðum um atvinnumál skoraði á þingmenn Vestfjarða að bylta því kvótakerfi sem hér er til umræðu. Þetta eru auðvitað þau skilaboð sem a.m.k. þingmenn Alþfl. á Vestfjörðum hljóta að framfylgja og ég hygg, eða vona a.m.k., þingmenn annarra flokka þó að ég viðurkenni að vísu að einn þingmanna Vestfjarða brást síðast og innleiddi það kerfi sem við höfum búið við. (**StG:** Hver var það?) Það var hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, ef hv. þm. Stefán Guðmundsson veit það ekki. Það var hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ég hygg að hann sé 2. þm. Vestf. Ég bið menn að hafa í huga að þetta eru skilaboðin að vestan. Og ég bið menn að gleyma þeim ekki og það á jafnt við hæstv. ráðherra og aðra þingmenn, hvar í flokki sem þeir eru.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa lengri orð um þetta að sinni nema tilefni gefist til, en auðvitað er nægur tími til að ræða þetta mál í áframhaldi af þessu.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Bara örstutt til að svara því sem hv. 3. þm. Vestf. sagði. Það kom vonandi fram hér við 1. umr. málsins þegar hún ... (**KP:** Þetta er 1. umr.) Fyrirgefðu, hún er búin að vera í tveimur hlutum eða kannski þremur, ég veit það ekki nákvæmlega, en þingflokksformaður Borgfl. gerði grein fyrir afstöðu flokksins, las þar upp bréf í umræðunni sem við sendum ríkisstjórninni þegar afgreiðslu málsins lauk þar. Þar kemur skýrt fram hver okkar afstaða er. Hún er einfaldlega sú að við erum enn þá mótfallnir þeirri fiskveiðistefnu sem frv. ber með sér og áskiljum okkur rétt til þess að fylgja brtt. eða flytja brtt.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það var að vísu gott að fá þessar upplýsingar, hvort sem þær standast eða ekki í reynd. Ég lít þá svo á að þetta sé ekki frv. hæstv. ríkisstjórnar ef svo er að ráðherrar Borgfl. standi ekki að því. Hverjir eru það þá sem standa að þessu frv. í nafni ríkisstjórnar? Ég spyr um það og óska eftir svörum. Er það formaður Alþb.? Er það formaður Alþfl.? Það er trúlega ekki formaður Borgfl. Líklega er það formaður Framsfl. (Gripið fram í.) Ja, af hverju ekki? (Gripið fram í.) Margt hefur nú gerst með ólíkari hætti en það gæti verið. En hverjir standa þá að þessu í nafni ríkisstjórnar? Ég held að nauðsynlegt sé að fá það upplýst. Ég er þeirrar skoðunar að andstaðan gegn þessu máli í því formi sem það hefur verið, ég tala nú ekki um eins og það er núna, hafi vaxið. Ég er ekkert viss um að þetta mál eigi meirihlutafylgi hér á Alþingi ef menn á annað borð vilja taka tillit til raunveruleikans í málinu. En af því að hæstv. hagstofuráðherra kom hér upp, þá spyr ég hann: Hvaða ráðherrar úr hæstv. ríkisstjórn standa að þessu frv.? Og ég óska svars.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Frv. um stjórn fiskveiða.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Því miður þurfti ég að víkja af fundi hér örstutta stund og var ekki við lokaumræðuna hér. Ég vil lýsa undrun minni yfir því að hæstv. sjútvrh. hafi ekki séð ástæðu til þess að svara í einu eða neinu þeim fyrirspurnum sem hér voru lagðar fyrir hann af sumum hv. þm. Og ég vil líka lýsa undrun minni og mikilli óánægju yfir því að jafnmikilsvert mál og stjórn fiskveiða skuli lenda í þeirri sjáldheldu við umræðu hér á hv. Alþingi að eðlileg umræða geti ekki átt sér stað. Mér er kunnugt um það að sumir hv. þm. hér í hv. deild ætluðu sér nú við 1. umr. að fjalla um þetta mál, en vegna þess hvernig mál liggja hér fyrir, var að því horfið að reyna að takmarka umræður, það var óskað eftir því við suma hv. þm. að þeir féllu frá því að ræða þetta mál hér við 1. umr.

Það er eins með þetta mál og önnur að þegar þau eru komin til 2. umr. er oftast nær búið að vinna málin á þann veg að umræða lík þeirri sem á að eiga sér stað við 1. umr. fer ekki þá fram.

Ég vil og benda á það að rétt fyrir jólin átti sér einnig stað að mikilsvert mál, sjávarútvegsmál, var afgreitt á svipaðan máta hér í hv. deild, haldið utan umræðu eða þannig staðið að að umræða gat ekki orðið um málið á eðlilegan hátt. Ég vil lýsa óánægju minni með þessi vinnubrögð og að jafnmikilsverð mál og veiðileyfisgjaldið fyrir áramótin og fiskveiðistefnan nú skuli ekki fá eðlilega og sjálfsagða umræðu hér í hv. deild. Það er sjálfsagt heldur seint hjá mér núna að fara fram á að umræðan haldi áfram. Það er þegar búið að samþykkja, og ég tók þátt í þeirri samþykkt, að vísa málinu til 2. umr., en ég hefði talið eðlilegt að við í sjútvn. hefðum unnið að þessu máli núna í þingfríinu alveg eins og það væri komið til nefndarinnar, en umræðan hefði frestast. En það er víst of seint að tala um það á þessari stundu. En ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér við lok umræðunnar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu haft mikla ástæðu til þess að gera að umræðuefni ýmislegt sem hefur komið fram við umræðuna og svara ýmsu sem hér hefur verið spurt um. Hv. deildarmönnum er vel kunnugt um að verið er að reyna að ljúka þingstörfum í dag. Ég veit að gott tækifæri verður til að ræða þetta mál með ítarlegri hætti við 2. umr. Ég mun leitast við að koma svörum við þeim fyrirspurnum sem hér komu fram til nefndarinnar og ég vænti þess að jafnframt verði hægt að gera hv. deildarmönnum grein fyrir þeim. Ég tel að annað hefði verið æskilegt, en í ljósi aðstæðna hlýt ég að virða það samkomulag sem var gert um að reyna að ljúka þingstörfum hér sem fyrst í dag.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég hlýt að virða það samkomulag sem gert hefur verið þó mér finnist að þetta mál sé svo brýnt að það hefði þurft meiri tíma og lengri. Í gær hafði ég nánast frumkvæði að því að þetta mál yrði tekið á dagskrá þá og fengi umræðu. En hér eru menn að loka málið inni við þessa umræðu og ég skal á engan hátt spilla því. En mér finnst eigi að síður mjög nauðsynlegt, þegar það kemur fram frá einum hæstv. ráðherra, ráðherra Hagstofu, að borgaraflokksmenn séu andvígir frv., að krefja menn svara um það: Eru þeir flm. að þessu stjórnarfrv. eða ekki? Við því hefur ekkert svar fengist. Og ég hlýt að krefjast þess nú áður en málið fer til nefndar. (**Gripið fram í:** Það er komið til nefndar.) Það er ekki komið til nefndar. (**Gripið fram í:** Jú, jú, það er búið að samþykkja það.) Umræðu er lokið, það er ekki komið til nefndar, það er rangt. (**Forseti:** Atkvæðagreiðsla hefur þegar farið fram.) Já, til 2. umr. (**Forseti:** Og nefndar.) Og nefndar líka, þá biðst ég velvirðingar á því, en hlýt að krefjast þess, þó það sé komið til nefndar og kannski ekki síður, að ráðherrar Borgfl. segi til um það hér: Eru þeir flm. að þessu frv. eða ekki? Ég hlýt að krefjast svars við því frá þessum ráðherrum í ljósi fenginnar reynslu frá 1987, hvort þeir flytja þetta mál eða ekki. Ég óska eftir því að hæstv. hagstofuráðherra verði hér viðstaddur og svari svona einfaldri fyrirspurn. Mér finnst þetta mál þess eðlis að menn hljóti að hafa á því þann áhuga, ég tala nú ekki um ráðherra, hvort þeir flytja málið eða ekki. Er það Borgfl., hæstv. ráðherrar hans í ríkisstjórn, sem flytja þetta mál eða ekki? Ég spyr vegna reynslunnar frá 1987 og viðhorfa sem þá voru frammi og er á engan hátt að gagnrýna þó menn hafi skipt um skoðun. Það kemur bara fram og það er öllum heimilt, komist þeir að einhverju öðru sannara en þeir héldu áður. En ég óska eftir því að þeir verði báðir hér. (**EgJ:** Þeir eru komnir.) Já, þeir eru komnir, ég veit það, hv. þm., en trúlega þarf bara annan hæstv. ráðherra til að svara, það þarf nú ekki báða. Ég hygg að þeir séu sammála, ekki fleiri en þeir eru.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið um að auðvitað er mjög bagalegt að ekki skuli vera unnt að halda uppi eðlilegum umræðum um mál hér í deildinni, halda uppi eðlilegri málafylgju um þau lagafrv. sem hér liggja fyrir. En það sýnir betur en annað þann glundroða sem störf þingsins eru í og sýnir betur en annað hversu litla stjórn hæstv. forsrh. hefur á sínum mönnum í ríkisstjórninni, að ég ekki tali um þingliðið. Ég skal ekki segja hvort það muni koma áfram í fréttum að stjórnarandstaðan haldi uppi málþófi í deildinni. Það hefur auðvitað ekkert málþóf verið í þessari deild það sem af er þessu þingi. En á hinn bóginn hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar verið önnum kafnir við að greiða fyrir því að mál kæmust áleiðis svo að allt endaði ekki hér í hringavitleysu.

En ég tek undir með hv. 3. þm. Vestf. að það er auðvitað fróðlegt að fá um það upplýsingar frá ráðherrum Borgfl. hvort þeir hafa vitað um það að búið er að leggja fram frv. um stjórn fiskveiða.

EFRI DEILD

55. fundur, föstudaginn 23. febr.,
að loknum 54. fundi.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 646 (sbr. 631), n. 657.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 657 er nál. frá félmn. Ed. um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá hv. Nd. Allir hv. nefndarmenn skrifa undir nál.

Ekki var talin þörf á að kalla aftur fyrir þá aðila sem komu á fund félmn. Nd. og tilgreindir eru á nál. hennar á þskj. 638. Ein breyting varð á frv. í meðförum Nd. Sú breyting er við 7. gr. frv. og miðar að því að gera ákvæði greinarinnar skýrari. Breytingin er gerð í samráði við þá aðila sem komu á fund félmn. Nd.

Í umræðu um frv. á fundi nefndar þessarar hv. deildar í morgun var rætt um 10. gr. frv., um breytingu á lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum, þar sem fjallað er m.a. um greiðslu til lífeyrissjóða vegna vangoldinna lífeyrissjóðsgjalda launþega og vinnuveitenda, hvort ekki væri rétt að taka sérstaklega fram að Lífeyrissjóður bænda félli þar undir. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að hér væri ekki þörf á brtt. því fram að þessu hefði Lífeyrissjóður bænda fallið undir þessi lög.

Virðulegi forseti. Félmn. Ed. leggur til að frv. þetta verði samþykkt með þeim breytingum sem samþykktar voru af hv. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
10.–18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

56. fundur, föstudaginn 23. febr.,
að loknum 55. fundi.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 646 (sbr. 631).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 661).

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun gjalddaga til 1. apríl). — Þskj. 655.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í Nd. er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um bifreiðagjald. Í samkomulagi þingflokkanna fyrir áramót var ákveðið að afgreiðslu þess máls yrði frestað og í því skyni var dagsetningu breytt til 1. mars. Umfjöllun um málið er ekki lokið í Nd. Eins og fram kemur á fskj. með nýgerðum kjarasamningum, sem m.a. eru prentað í Fréttabréfi Alþýðusambandsins þar sem lýst er ýmsum breytingum á gjaldskrám opinberra stofnana og breytingum á ýmsum sköttum og gjöldum sem eigi að koma til framkvæmda á þessu ári, er breyting á bifreiðagjaldi einn af þeim liðum sem þar eru nefndir.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að taka til skoðunar með hvaða hætti þessu gjaldi kunni að verða breytt ásamt ýmsum öðrum breytingum á liðum nefndum á þessu fskj. Til þess þarf tíma í næstkomandi marsmánuði. Þess vegna var ákveðið að flytja það frv. sem nýlega var samþykkt í hv. Nd. um að breyta dagsetningunni um einn mánuð, í stað 1. mars kæmi 1. apríl.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þetta frv. fái eins greiða meðferð hér í hv. Ed. og það fékk í hv. Nd. og legg til að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. Það mun svo gefast tækifæri í marsmánuði til þess að ræða þetta mál efnislega. Hér er hins vegar eingöngu um að ræða breytingu á dagsetningu um einn mánuð.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er ekki rétt sem hæstv. fjmrh. segir að hér sé eingöngu um að ræða að breyta dagsetningu á gjalddaga um einn mánuð. Það sem hér er um að ræða er að ríkisstjórnin, með þingmeirihlutanum, ætlar að knýja fram skattahækkanir eftir einn mánuð.

Það getur vel verið að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar eða þeir menn sem stóðu að samningsgerðinni fyrir hönd vinnuveitenda haldi að allur almenningur í landinu, þetta launafólk sem verður að sæta verstum kjörum þjóðfélaginu, hafi búist við því að ríkisstjórnin héldi áfram að hækka skattana eins og nú er komið. Það getur vel verið að einhverjir haldi það. Við höfum séð það af atkvæðagreiðslum sem hafa orðið um kjarasamningana að það er engin hrifning í landinu. Sums staðar hefur verulegur fjöldi greitt atkvæði gegn samningunum, eins og t.d. í Dagsbrún, og ég þori að fullyrða að ef öllum almenningi, launþegum, hefði verið ljóst að í kjölfar samninganna, um leið og búið yrði að greiða atkvæði um þá mundi ríkisstjórnin halda áfram skattahækkunum — 1. apríl á að hækka bifreiðagjaldið. Við höfum verið að tala um skatta á orkufyrirtæki. Í blöðunum um daginn var verið að segja frá fundi Gigtarfélagsins vegna þess að þeir sjúklingar sem þurfa á slíkri læknisþjónustu og lyfjum að halda þurfa að greiða tvöfalda þá upphæð, stóð í blaðinu, 100% meira en þetta fólk þurfti áður að greiða, og svo er um ýmsa aðra sjúklinga.

Ég tók eftir því að varaformaður Verkamannasambands Íslands hefur kvatt sér hljóðs nú við umræðuna og ég vænti þess að hann hafi kvatt sér hljóðs hér í deildinni til að lýsa því yfir að hann sé mér sammála um að ekki komi til greina að Alþingi samþykki eina einustu skattahækkun á meðan þessir samningar eru í gildi.

Í gær hlýddum við á hæstv. forsrh. hrósa sér af því að hann hefði gengið á fund þeirra í Verkfræðingafélaginu og þeir hefðu fallist á að láta launahækkanir, sem búið var að semja um, bíða til samræmis við kjarasamningana. Á fundinum í gær lét varaformaður Verkamannasambands Íslands líka þau orð falla að hann treysti ekki samningsgerðinni sjálfri, treysti ekki launanefndinni og af þeim sökum teldi hann nauðsynlegt að kjarasamningarnir yrðu lögfestir. Af þeim sökum líka er ég sannfærður um að þingmenn munu bregðast við með sama hætti og ég, gera sér grein fyrir því siðleysi sem í því felst að hækka skattaálögur nú og knýja á ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. um að hann stingi þessum nýju skattahækkunum ofan í pokann sinn. Ég held að ríkisstjórninni veiti ekki af einhverri andlitslyftingu og það má vera að einhverjum þætti upplitið ofurlítið skárra ef hæstv. fjmrh. mundi endurskoða hug sinn.

Hitt er auðvitað ekki gæfulegt ef lyktir þessara síðustu funda í Ed. Alþingis áður en þing Norðurlandaráðs kemur saman verði þær, það sem eftir er þessa þinghalds, að byrja á því, herra forseti, að staðfesta lög sem nauðsynleg eru beinlínis vegna kjarasamninganna. Næsta mál á dagskrá verði síðan að samþykkja frv. til að gefa hæstv. fjmrh. svigrúm til að hækka verulega bensíngjaldið 1. apríl og tekjurnar sem eiga að koma inn af bensíngjaldinu eiga svo að fara til þess að borga stjórnunarkostnaðinn við umhverfisráðuneytið sem verður stofnað með þriðju lögunum sem verða samþykkt nú á eftir. Ráðuneyti sem ekki hefur nein verkefni, ráðuneyti sem hefur 23 millj. kr. á fjárlögum án þess að nokkurt verkefni falli undir það. Þetta verður röðin. Fyrst eigum við að samþykkja sem lög frv. sem tengist beinlínis kjarasamningunum. Nr. tvö kemur frv. til þess að gefa hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. möguleika á að hækka bifreiðagjaldið eftir einn mánuð til þess í þriðja lagi að standa undir óþörfum kostnaði við þjattráðuneytið umhverfisráðuneyti sem stofnað var á sl. hausti þegar hæstv. forsrh. þurfti að styrkja stöðu sína því að hann vissi að öðrum kosti mundi hann ekki lifa af sem forsrh. þetta þinghald. Fyrir þjóðina hefði það auðvitað orðið betri kostur ef svo hefði farið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð vegna þessa frv. Ég held það sé mjög mikilvægt að leggja áherslu á það erindi sem okkur barst aftan á nál. fjh.- og viðskn. Nd. Það er erindi frá Alþýðusambandi Íslands sem nú nýlega hefur staðið að kjarasamningum við þessa ríkisstjórn m.a. Þar er lögð áhersla á þau loforð ríkisstjórnarinnar að ekki verði neinar þær breytingar sem geti leitt til hækkunar framfærsluvísitölu, fremur lækkunar hennar. Þess vegna er mjög mikilvægt að með þessari frestun fylgi loforð um að bifreiðagjaldið verði ekki hækkað þannig að það geti leitt til hækkunar á framfærsluvísitölu. Þessar launabætur, ef kalla skyldi, eru hreinlega ekki til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði heimilanna, því miður. Þess vegna skiptir auðvitað öllu máli ef það mál á að halda sem var verið að greiða um atkvæði hér áðan, þ.e. breytingar í tengslum við kjarasamningana, að staðið verði við gefin loforð. Mér finnst nauðsynlegt að slíkt komi fram áður en hægt sé að gera svo mikið sem að láta sér detta í hug að samþykkja frv. eins og þetta.

Ég vil líka aðeins reifa hér hugmynd sem kom fram hjá fulltrúa Kvennalistans í Nd., hv. 18. þm. Reykv. Það væri auðvitað mjög eðlilegt að nota þá aðferð til tekjujöfnunar, því að ekki eru þær nú of margar, aðferðirnar við tekjujöfnunina sem þessi ríkisstjórn hefur fundið upp á, því miður. Það væri hægt að nota þá aðferð að binda bifreiðagjald við verðmæti bifreiða hverju sinni þannig að greiðsla bifreiðagjalds væri um leið tekjujafnandi aðgerð. Það væri nokkurt vit í því, hæstv. fjmrh. Ég bið hann að stinga því bak við eyrað.

En ég ætla ekki að segja fleira í þessari 1. umr.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég get ekki stillt mig um að leiðrétta þá rakalausu fullyrðingu sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði í frammi hérna áðan, þegar hann fullyrti að ég hefði sagt í gær að ég treysti ekki launanefndinni sem

á að vakta samningana. Þetta eru bara ósannindi, hv. þm. Hins vegar fór ég nokkrum orðum um það að við samningana 1986 var líka launanefnd sem byggð var á hugsuninni um jafnvægi óttans, eins og kallað var. Hún reiknaði út hver væri staða framfærsluvísitölunnar og hvað bæri að hækka kaup eða hvort það ætti að hækka, en hafði engin tök á því að koma í veg fyrir ýmsar hliðarverkanir í þjóðfélaginu með aðgæslu, með verðgæslu, með því að þrýsta á þegar verðbólguhvetjandi þættir færu af stað. Þeir samningar brugðust vegna þess að ríkisstjórnin sem þá var kom aftan að okkur. Þetta er viðurkennd staðreynd.

Ég hef oft sagt að þáv. hæstv. forsrh. gerði mikið til að hjálpa til við að koma þeim samningum á en þrekið var ekki meira en svo að launþegar þurftu að upplifa það að þeir samningar runnu út í sandinn. Verkalýðshreyfingin ásamt vinnuveitendum setti launanefnd aftur á stofn nú. Það var breytt launanefnd, launanefnd sem hafði meira valdsvið eða meiri umsvif, launanefnd sem á að fylgjast með þróun verðlagsmála hvarvetna í þjóðfélaginu og gæta þess að ekki fari allt úr böndunum, fylgjast með þjóðhagsstærðum, fylgjast með hinum ýmsu þáttum þjóðfélagsins í því skyni að tryggja að kjarasamningarnir haldi. Öfugt við það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. segir hef ég mikla trú á þessari nefnd og hana munu skipa hæfir einstaklingar sem munu duga vel í sínu starfi. Ég hef trú á því að þetta fyrirkomulag muni verða aðalmöndullinn í því að tryggja að þessir kjarasamningar haldi.

Hvað varðar bifreiðagjald sem nú hefur verið rætt um vil ég upplýsa það sem ég hef upplýst áður, og er reyndar staðreynd, að aðilar vinnumarkaðarins gerðu ráð fyrir þeirri skattlagningu. Það sýnir hvað þessi samningagerð er vönduð að menn gerðu ráð fyrir því sem væntanlegt var og þar á meðal þetta bifreiðagjald. (Gripið fram í.) Já, og það er tilgreint í fylgiskjölum samninganna. Og ég vil upplýsa það að á minnisblaði sem Alþýðusambandið lét frá sér fara við fjh.- og viðskn. Nd. segir svo, með leyfi forseta:

„1. Í viðræðum fulltrúa ASÍ við ríkisstjórnina var lögð áhersla á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr hækkun framfærsluvísitölu beindust að því að lækka verð á brýnustu lífsnauðsynjavörum, t.d. brauðum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki talið sér fært að verða við þeim tilmælum.

2. Með frestun gjalddaga bifreiðagjaldsins er verið að koma í veg fyrir að framfærsluvísitalan hækki 1. mars vegna þessa gjalds. ASÍ telur þessa aðgerð jákvæða, enda er með henni komið í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu 1. mars miðað við upphaflegar áætlanir.

3. Fulltrúar fjmrn. hafa viðrað hugmyndir við ASÍ um hvernig þeir geti hugsað sér að ná takmarkinu um 0,3% lækkun á framfærsluvísitölunni miðað við það sem annars hefði orðið. Okkur er ekki kunnugt um að búið sé að útfæra þessar hugmyndir endanlega."

Undir þetta ritar fyrir hönd ASÍ Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambandsins.

Ég tek undir þessi rituðu orð frá Alþýðusambandinu. Ég ítreka að mönnum er ljóst hvað var í farvatninu, hvað var í pípunum. Mönnum var ljóst að til stóð að setja þetta bifreiðagjald á. En á meðan ekki hefur fundist leið til þess að verða við óskum okkar um 0,3% lækkun framfærsluvísitölu er það jákvæð aðgerð að fresta gildistöku þessa bifreiðagjalds um einn mánuð.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég bið Karl Steinar Guðnason afsökunar á því hafi ég misskilið orð hans og ugglaust hefur framsetning mín hér verið röng í sambandi við launanefndina. En það breytir ekki hinu að í ræðu hér í gær lýsti þessi hv. þm. yfir þeirri skoðun sinni að hann vildi að samningarnir yrðu lögfestir. Í máli hans þá kom ekki fram jafnmikil trú á samningunum og í ræðu hans hér áðan. Ég skal ekki fara út í nein fín blæbrigði í hans túlkun, en í gær kom fram að hann taldi æskilegt að samningarnir yrðu lögfestir til að tryggja þá og það var á því sem ég var að vekja athygli.

Ég verð auðvitað að lýsa yfir vonbrigðum mínum þegar ég heyri að forustumenn í verkalýðshreyfingunni eru í ráðagerð með ríkisstjórninni að hækka venjuleg útgjöld heimilanna í landinu. Kannski maður eigi næst eftir að heyra að þessi ágæti þm. Alþfl. og forustumaður í verkalýðshreyfingu sé líka inni á því að hækka húsarafmagn um 30% síðari hluta ársins. Kannski það hafi líka verið inni í samningsgerðinni. Maður veit auðvitað ekki hversu langt þessir leynifundir hafa gengið. En ég vil óska hæstv. fjmrh. til hamingju með að hafa verkalýðsleiðtogana svona í pokanum sínum. Kannski fyrrv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem nú er orðinn krati, sé líka meðmæltur því að hækka bifreiðagjaldið sem mest. Það getur vel verið. Það getur vel verið að allir verkalýðsleiðtogar í Alþfl. nema Karvel Pálmason séu inni á því að hækka bifreiðagjaldið. Ég veit ekkert um það. En hitt veit ég að fólkið í landinu, launþegarnir sem samþykktu að láta það yfir sig ganga að sitja uppi með kjaraskerðinguna næstu 18 mánuðina, þetta fólk sættir sig ekki við bifreiðagjaldið. Og þetta fólk lætur sig einu gilda þótt ráðherrarnir hafi verið að pukrast með aðilum vinnumarkaðarins með ýmiss konar skattahækkanir sem áður hafði verið búið að boða.

Ég held þessum stjórnarsinnum hér væri nær að fara að dæmi ýmissa sveitarstjórnarmanna sem hafa verið að lækka álögurnar eftir að samningarnir voru gerðir í staðinn fyrir að nota þá sem tilefni til að þyngja enn hlutfallslega álögurnar því að auðvitað er það alveg ljóst að ríkisstjórnin tapar ekki einni einustu krónu á því að verðbólgan lækki í landinu. Það þarf ekki að lesa lengi forsendur fjárlagafrv. til að rifja upp þann ótta sem hæstv. fjmrh. hafði af því að þeim fyrirtækjum færi fjölgandi á þessu ári sem yrðu gjaldþrota og það er beinlínis talað um í sambandi við tekjuskatt á fyrirtækjum að í krónum talið er sú áætlun um það bil ½ milljarði lægri á þessum síðustu árum vegna erfiðs atvinnuástands þannig að auðvitað græðir ríkisstjórnin á þessum samningum, auðvitað græðir ríkissjóður á því.

Mér þykir bara verst, herra forseti, að í raun og veru hafa þingmenn ekki málfrelsi hér í deildinni vegna

þess hversu seint þetta frv. er fram borið. Hæstv. fjmrh. var svo smekklegur að tala fyrir því í fyrri deild í dag með þeim afleiðingum að nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. gefst ekki kostur á að ræða við aðila vinnumarkaðarins né spyrja hæstv. forsrh. út úr né heldur gefst okkur færi á því núna að fá fullgild og ítarleg plögg í fjh.- og viðskn. um þær ýmsu áætlanir sem gerðar hafa verið fyrir og eftir þessa samninga og þar fram eftir götunum. En það hryggir mig sem sagt að skattpíningin á að halda áfram. Það hryggir mig að fulltrúi Verkamannasambandsins hér í deildinni skuli vera mesti skattpíningarmaðurinn og raunar hrósa sér af því að vilja halda þessari stefnu til streitu.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Hryggð hv. 2. þm. Norðurl. e. er mjög sorgleg því hún er byggð á misskilningi. Það er reyndar svo að kjarasamningarnir liggja allir ljósir fyrir. Þá geta allir lesið sem það vilja og hafi menn gert það, þá býst ég við að hvötin til þess að rangfæra og dylgja minnki.

Í samninganefndum aðila vinnumarkaðarins eru menn ekki spurðir að því hvað verði skattar og hvað ekki. Okkur þótti eðlilegt og raunsætt að taka tillit til þess hvað væri í pípunum. Við biðjum ekki um skatta, öðru nær, en þetta var þáttur sem mönnum var ljóst að yrði að lögum og öll samningagerðin er ein heild þar sem fetað er það þrönga einstigi að reyna að halda kaupmættinum óbreyttum út samningstímabilið. Inn í þá útreikninga er þessi skattur byggður. Og við gerðum vissulega kröfur um meiri aðgerðir til lækkunar framfærsluvísitölu en punkturinn sem náðist fram var 0,3% lækkun, en það er í hendi ríkisstjórnarinnar hvernig það verður og við treystum því að það nái fram að ganga. Þegar talað er um lækkun framfærsluvísitölu þá er talað um að lækka vöruverð sem inn í hana er reiknað.

Hvað varðar fordæmi þeirra sveitarfélaga sem eru að lækka gjaldskrár vil ég segja að auðvitað er það mjög jákvætt en ég minni á að það sem mest hefur verið auglýst er lækkun svokölluð á töxtum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þeir voru hækkaðir mjög verulega í samningagerðinni. Samninganefndin mótmælti því mjög harðlega en það varð samt að veruleika. Síðan var þessi taxti lækkaður mjög óverulega. En staðreyndin er sú að þegar upp er staðið hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur hækkað hvað allra mest á þessu ári.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

57. fundur, föstudaginn 23. febr., að loknum 56. fundi.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun gjalddaga til 1. apríl). — Þskj. 655, n. 662 og 663, brtt. 664.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Eftir 1. umr. málsins kom fjh.- og viðskn. saman til fundar og ræddi frv. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frv. Meiri hl. nefndarinnar lagði fram nál. á þskj. 662 þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt. Undir nál. rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason og Guðrún Agnarsdóttir með fyrirvara.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir geri grein fyrir þessum fyrirvara og legg því til fyrir hönd meiri hl. að málið verði samþykkt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. að meiri hl. nefndarinnar, fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni voru ekki reiðubúnir til þess að standa að brtt. þess efnis að svigrúmið til 1. apríl yrði ekki notað til að undirbúa frekari skattahækkanir. Það liggur með öðrum orðum ljóst fyrir að á þessari stundu er hæstv. fjmrh. að fara fram á þessa frestun til að hækka bifreiðagjaldið hinn 1. apríl.

Eins og við heyrðum áðan liggur það líka fyrir að hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason hefur talið sér skylt að verja sérstaklega þessar fyrirætlanir og hefur stigið hér í ræðustól til að lýsa sérstakri ánægju sinni yfir því að fram undan sé hækkun á bifreiðagjaldi. Á hinn bóginn vék hann ekki einu einasta orði að þeirri miklu hækkun sem orðið hefur á sjúkrakostnaði í landinu. Ég tók dæmi áðan af mjög þrálátum sjúkdómi, gigtarsjúkdómum, og mér er sagt að svo sé yfirleitt með alvarlega sjúkdóma að um verulega hækkun sjúkrakostnaðar sé að ræða hjá fólki sem þjáist af þeim. Ekki minntist hv. þm. á hvaða áhrif það hefði á framfærsluvísitölu.

Það er nú þetta með framfærsluvísitöluna. Það er svolítið óljóst hvað hún er og eins og að fara inn í einhvern myrkvið. En hitt kemur undir eins við pyngjuna ef menn eiga að svara út verulega hærri bifreiðagjöldum en áður.

Ég sé hér í minnisblaði frá hagfræðingi Alþýðusambandsins að með frestun gjalddaga bifreiðagjaldsins sé verið að koma í veg fyrir að framfærsluvísitalan hækki 1. mars vegna þessa gjalds. ASÍ telur þessa aðgerð jákvæða enda er með henni komið í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu 1. mars mið-

að við upphaflegar áætlanir. Með því að fresta bifreiðagjaldinu 1. jan. komum við í veg fyrir 0,3% hækkun á vísitölunni í janúar. Með því að bifreiðagjaldið var ekki innheimt 1. febr. er komið í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu í febrúar. Með því að fresta til 1. apríl komum við í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu í mars. Ef við mundum nú fresta til 1. maí þá mundum við koma í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu í apríl o.s.frv. Og ef reikningskúnstir ríkisstjórnarinnar yrðu notaðar mundi þetta á ári þýða 3,6% lækkun á framfærsluvísitölu sem er náttúrlega hundalógík af versta tagi. Auðvitað mælist það ekki í framfærsluvísitölunni hvort einhverju gjaldi er frestað um einn mánuð frá 1. mars til 1. apríl ef það er sama fjárhæðin og við erum að tala um að í stórum dráttum séu verðlags- og launaforsendur óbreyttar. Auðvitað mælist það ekki í framfærsluvísitölunni. Svo einfalt er það.

En ég sé ekki, herra forseti, að það sé ástæða til að tala mikið meira um þetta. Ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir þessu. Sem fylgiskjal með nál. fjh.- og viðskn. Nd. er þetta minnisblað frá hagfræðingi Alþýðusambandsins. Það er merkilegt í 1. tölul. þess blaðs hvar stendur: „Í viðræðum fulltrúa Alþýðusambands Íslands við ríkisstjórnina var lögð áhersla á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr hækkun framfærsluvísitölu beindust að því að lækka verð á brýnustu nauðsynjavörum, t.d. brauðum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki talið sér fært að verða við þeim tilmælum."

Það væri mjög fróðlegt að heyra, svona bara fyrir forvitnissakir, hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstjórnin vill ekki beita sér fyrir því að verð á brauðum lækki. Ef við t.d. mundum lækka brauðin sem nemur 0,3% í vísitölu. Þetta eru náttúrlega hálfbroslegar blaðaskriftir en segja má að á meðan hægt er að koma í veg fyrir hækkunina sé það gott.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að ef ríkisstjórnin ætlar sér að knýja fram þessar skattahækkanir nú í marsmánuði, þá verður ekkert samið eins og nú um þinghaldið. Þá held ég verði nauðsynlegt að ráðherrarnir sitji fram á nótt yfir því að haga sér þannig. Best væri auðvitað að koma þeim fyrir í hliðarherbergi og hafa heldur skuggalegt þar inni. Það ætti best við. Nálægð þeirra yrði nógu prúgandi samt sem áður þegar þeir eru í slíkum hugleiðingum eins og nú er búið að alþýðu þessa lands.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem upp hér til þess að lýsa fyrirvara mínum, en ég stend að nál. meiri hl. um þetta frv. sem leggur til að það verði samþykkt. Fyrirvari minn byggist á því að þetta gjald verði ekki hækkað. Ég gerði grein fyrir því hér í 1. umr. að mér þætti ekki koma til greina að auka kostnað við rekstur heimilanna eins og nú er í pottinn búið. Það kemur ekki til greina að þetta verði til að hækka framfærsluvísitöluna.

Hins vegar ákvað ég fyrir hönd Kvennalistans að styðja ekki nál. minni hl. vegna þess að fulltrúar hans munu greiða atkv. gegn frv. Ég tel mjög mikilvægt að þessu verði frestað nú. Þess vegna styð ég málið. En ég mun einnig styðja brtt. minni hl. þar sem lagt er til að gjaldið hækki ekki á gjaldtímabilinu. Það er til að undirstrika þá afstöðu sem við kvennalistakonur tökum í þessu máli. Ég tel mig ekki vera bundna að neinu leyti öðru en því að ég tek þátt í að fresta þessu. Hins vegar tek ég og við ekki þátt í því að hækka bifreiðagjald þannig að það verði til þess að hækka framfærsluvísitöluna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 664 felld með 9:6 atkv.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

58. fundur, föstudaginn 23. febr., að loknum 57. fundi.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun gjalddaga til 1. apríl). — Þskj. 655.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 665).

Stjórnarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 129. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 569, brtt. 652.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Umhverfið mótar okkur og hefur áhrif á gerðir okkar alveg á sama hátt og við mótum umhverfið og höfum áhrif á það með okkar gerðum. Þess vegna verðum við að taka mið af umhverfissjónarmiðum við stefnumótun í öllum málum og skoða valkosti í ljósi umhverfissjónarmiða áður en ákvarðanir eru teknar.

Hæstv. hagstofuráðherra gegnir margþættu hlutverki í ríkisstjórninni. Hann hefur m.a. mótun atvinnustefnu á sinni könnu og mun nú vera ætlað að taka að sér yfirstjórn umhverfismála. Það eru augljós

sannindi að sjónarmið atvinnurekstrar og umhverfisverndar rekast oft á. Það er því fyrirsjáanlegt að hann mun oft standa frammi fyrir því að taka ákvarðanir með hliðsjón af því. Vil ég nú leyfa mér að beina nokkrum spurningum til hæstv. hagstofuráðherra og hlýt að spyrja hann í framhaldi af þessum orðum mínum hvar hann muni standa þegar slíkir árekstrar verða, þ.e. milli umhverfissjónarmiðanna og sjónarmiða atvinnurekstursins.

Það hefur komið fram í umræðunni að skilgreining á hugtakinu „umhverfisvernd" er nokkuð á reiki. Það vekur athygli að hæstv. hagstofuráðherra, sem á að taka að sér þennan mikilvæga málaflokk, hefur alls ekki tjáð sig um sínar skoðanir á umhverfismálum í þeirri ítarlegu umræðu sem hér hefur farið fram. Vil ég því spyrja hann hvernig hann sjálfur skilgreini hugtakið umhverfisvernd. Ég gerði athugasemd við það í ræðu minni við 2. umr. að fram hefði komið athugasemd frá Jarðfræðafélagi Íslands um skipan þeirrar nefndar sem fyrirhuguð er samkvæmt bráðabirgðaákvæði með frv. því sem við nú ræðum í þriðja skipti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. hagstofuráðherra hvernig hann hugsi sér að skipa þá nefnd sem ætlað er að semja lög um umhverfisvernd og á ég þá við hvaða aðila hann telji nauðsynlega í nefndinni varðandi faglega þekkingu.

Það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. hér í umræðunni, sem svar við fyrirspurnum mínum, að eitt af meginverkefnum hins nýja ráðuneytis á að vera á sviði umhverfisfræðslu. Tek ég svo sannarlega undir mikilvægi þess og minni á tillögu Kvennalistans sem samþykkt var á síðasta þingi um umhverfisfræðslu í skólum og meðal almennings. Spurning mín til hæstv. hagstofuráðherra er með hvaða hætti hann hyggist sinna því fræðsluhlutverki sem honum er ætlað og að hverju og hverjum hún muni fyrst og fremst beinast.

Þá vil ég einnig gera athugasemd við frétt sem ég las í DV í gær þar sem verið var að spyrja um afgreiðslu þessa máls hér í þinginu. Þar er haft eftir hæstv. hagstofuráðherra að hann telji þessa umræðu um umhverfisráðuneytisfrv. komna út í hött. Vil ég spyrja hann hvað hann eigi við með því sem hann þar segir og hvort hann telji að ekki hafi verið þörf á þeirri umhverfisumræðu sem fram hefur farið hér í þessari hv. deild. Hér hefur að mínu mati farið fram mjög málefnaleg umræða og innihaldsrík um þennan málaflokk sem er mjög viðamikill og mikilvægur.

Nú í dag er haldin ráðstefna á vegum Félags ísl. náttúrufræðinga undir yfirskriftinni Umhverfi, gróðurvernd og landnýting. Mér gafst í morgun tækifæri til að hlusta á nokkra sérfræðinga sem fjölluðu um þessi mál bæði út frá reynslu sinni og menntun á þessu sviði. Við 2. umr. um þetta frv. fjallaði ég nokkuð um okkar mesta umhverfisvandamál sem er gróðureyðing sem enn hefur ekki tekist að stöðva og hefur verið vandamál nú um aldaraðir, má segja.

Það urðu nokkur orðaskipti milli mín og hv. 4. þm. Austurl. við 2. umr. málsins þegar rætt var um gróðureyðinguna og langar mig í framhaldi af því að vitna aðeins í heimild. Hann bað um heimildir þá og ég nefndi eina. Ég hefði getað nefnt fleiri en ég vil sérstaklega vitna í eina núna. Það er árbók Landgræðslu ríkisins frá 1988. Þar er grein um jarðvegseyðingu sem Ólafur Arnalds hefur skrifað, og segir þar, með leyfi forseta:

„Jarðvegseyðing hefur orðið meiri á Íslandi en þekkist í nálægum löndum. Afleiðingar eyðingarinnar eru einnig mun varanlegri sem stafar e.t.v. ekki hvað síst af því að hér er náttúruleg endurgræðsla og vistheimt mjög hæg og sums staðar líða jafnvel aldir áður en gróður nær fótfestu á ný. Nú er svo komið að aðeins um 25% landsins eru gróin en ætlað er að um landnám hafi allt að 65% þess verið hulin gróðri. Jarðvegseyðing á Íslandi er af mörgum talin alvarlegasti umhverfisvandi þjóðarinnar."

Á ráðstefnunni í morgun var nokkuð fjallað um þetta vandamál, orsakir þess og afleiðingar. Eins og fram kom bæði í mínu máli við 2. umr. málsins, svo og máli hv. 4. þm. Austurl., eru orsakirnar af ýmsum toga. Nú er svo komið að umferð manna og athafnir eiga ekki síst stóran þátt í gróðureyðingunni á seinni árum. T.d. má minna á að það lón sem mun myndast vegna Blönduvirkjunar mun ná yfir gróið land, jafnstórt landflæmi og þau svæði sem Reykjavík, Kópavogur og Seltjarnarnes ná yfir. Það hlýtur því að vera mál málanna að nýtt umhverfisráðuneyti hafi burði, þá á ég við bæði faglega þekkingu, fjármagn og vald, til að takast á við þetta vandamál sem verður okkar mesti vandi í umhverfismálum þangað til okkur tekst að snúa vörn í sókn. Vil ég því spyrja hæstv. hagstofuráðherra um hans hug til gróðurverndarmála: Telur hann tillögu þá sem kynnt hefur verið í hv. allshn. Nd. vera til bóta? Telur hann að með því fyrirkomulagi sem þar er lagt til sé nauðsynlegum friðunaraðgerðum borgið? Treystir hann því að nauðsynlegur árangur náist með því að ráðherrar þurfi að fara milli ráðuneyta nánast með betlistaf og treysta loks á úrskurðarvald forsrh. í hverju tilviki?

Það hefur komið greinilega fram í umræðunni um flutning verkefna og stofnana til umhverfisráðuneytis að tregðulögmálið er seigt og sú staðreynd að ætíð hefur verið talað um stofnanirnar í þeirri mynd sem þær eru í í dag og því sjá menn ýmsa annmarka á að skipta þeim milli ráðuneyta. Mesta ágreiningsefnið hvað þetta varðar tengist Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, en þær stofnanir eru auðvitað nátengdar þessu stærsta umhverfisvandamáli okkar. Hvernig sér hæstv. hagstofuráðherra fyrir sér framtíð þessa málaflokks innan stjórnskipulagsins? Þetta tengist auðvitað fyrri fyrirspurn minni um þá tillögu sem kynnt var í allshn. Nd.

Við stöndum nú hér á þessum bjarta og fagra vetrardegi, ættum raunar frekar að vera úti í náttúrunni og njóta blíðunnar og fegurðar himinsins. Við erum að afgreiða gríðarlega mikilvægt mál, stofnun nýs ráðuneytis, ráðuneytis umhverfismála innan Stjórnarráðs Íslands. Það ber þó nokkurn skugga á þá umræðu sem hér fer fram þar sem við höfum enn ekki fengið að heyra stefnu þess hæstv. ráðherra sem á að

taka að sér þetta ráðuneyti og við vitum ekki enn hvaða verkefni verða flutt til hins nýja ráðuneytis. Þetta hefur komið fram í umræðunni æ ofan í æ. Ég vil aðeins víkja að stærsta ágreiningsmálinu varðandi flutning stofnana samkvæmt því frv. sem fyrir liggur í Nd. Ég tel að með því að afgreiða þetta frv. hér í dag séum við að lögfesta ráðuneyti án verkefna. Við vitum ekki hvað verður um hitt. Við vitum ekki um samstöðu, ekki einu sinni stjórnarliða í hv. Nd., og þar af leiðandi sjáum við ekki hvenær það mál kemur til umfjöllunar hér í hv. Ed. Vil ég í því tilefni minna á brtt. sem fyrir liggur, flutta af hv. 6. þm. Reykn., um að lögin um stofnun umhverfisráðuneytis öðlist ekki gildi fyrr en í sumar, 1. júní. Vil ég lýsa aftur stuðningi mínum við hana, eins og ég reyndar gerði þegar við 2. umr. Ég tel að úr því sem komið er hefði verið skynsamlegra að bíða og skilgreina verkefni þessa mikilvæga ráðuneytis áður en það er stofnað, umbúðirnar einar, það vantar allt innihald í þær.

Við verðum að vona að okkur takist að snúa unhverfismálunum til betri vegar. Í fornum bókum er ýmsan fróðleik að finna. Í Völuspá t.d. dylst ekki trúin á endurnýjunarmátt sköpunarverksins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sér hún upp koma öðru sinni jörð úr ægi iðjagræna." Íslendingar vilja græða upp landið og inn í þessar línur í Völuspá þarf einungis að setja orðið „auðn" í staðinn fyrir „ægi" til að tjá vilja okkar nú. Til þess að þetta megi takast verður að skapa skilyrði sem nauðsynleg eru fyrir sköpunarverkið til að það nái að blómstra. Til þess þarf líka samstöðu og sýn á hið stærra samhengi hlutanna. Ég minnist á þetta sérstaklega hér þar sem ég hef viljað leggja mikla áherslu á það stóra umhverfisvandamál sem gróðureyðingin er, en það er auðvitað svo að umhverfismálin snúast í raun um allt okkar daglega líf.

Ég ætlaði ekki að hafa hér langt mál við þessa síðustu umræðu, get vitnað til margs af því sem ég hef áður sagt. Það stendur allt enn. Hér er verið að stofna ráðuneyti sem ekki hefur skilgreind verkefni og við það mun skapast nokkur réttaróvissa. Það er e.t.v. hægt að setja einhverjar yfirborðskenndar reglugerðir um hlutverk þess hæstv. ráðherra sem tekur að sér yfirstjórn þess ráðuneytis. Mér hefði þótt öllu skemmtilegri blær á því að standa hér og geta stutt heils hugar við stofnun umhverfisráðuneytis vegna þess að það hefur verið á stefnuskrá Kvennalistans frá upphafi. Við höfum hins vegar, eins og fram hefur komið, lagst gegn þeirri afgreiðslu sem hér er fyrirhuguð og munum því ekki greiða frv. okkar atkvæði, — við höfnum því að taka þátt í að afgreiða málið með þessum hætti.

Ég vil að lokum aðeins minna á að ábyrgð þeirra sem munu taka fyrstu skrefin í að samræma stjórn umhverfismála á Íslandi er mikil. Við megum ekki gleyma því að við höfum aðeins eina jörð og hana höfum við aðeins fengið til varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Ég hlýt því að ljúka máli mínu með því að skora á hæstv. ríkisstjórn að sýna það í verki að hún hafi í raun áhuga fyrir að þetta umhverfisráðuneyti verði með þeim myndarbrag sem það auðvitað verðskuldar, með því að sjá til þess að það fái fjármagn, að það fái verkefni, og skora ég á hv. stjórnarliða að reyna að ná samstöðu um þær brtt. sem þeir ætla að leggja fram í Nd. þannig að við getum sem fyrst fengið þetta mál. Auðvitað vona ég fyrst og fremst að hv. þm. sjái skynsemina í því að fresta gildistöku laganna til 1. júní þannig að hægt sé að fara betur í það frv. sem liggur fyrir allshn. Nd. og ná betri samstöðu um þetta mál því að ég tel mjög óheppilegt málsins vegna að það skuli vera afgreitt með þeim hætti sem hér er gert.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þá er þetta frv. komið til 3. umr. sem við höfum verið að fjalla hér um, eitt lítið orð, umhverfisráðuneyti, og er 129. mál þingsins. Við höfum hvað eftir annað gert tilraunir til þess að fá svör við þessari veigamiklu spurningu: Hvers vegna í ósköpunum má ekki bíða með að afgreiða þetta mál þar til fylgifrv. þess er komið hingað til afgreiðslu í deildinni og þannig hægt að ná breiðari samstöðu um þá afgreiðslu og meiri reisn yfir afgreiðslu málsins í heild frá hv. Alþingi?

Illu heilli hefur ekki tekist að fá svar við þessari spurningu. Þess vegna þykir mér athyglisvert að sjá frétt í DV sem birtist þar í gær í ramma undir fyrirsögninni „Umhverfisráðuneytið" og „Borgarar krefjast afgreiðslu strax". Og það gefa menn sér að það sé samkvæmt heimildum blaðsins að borgarar hafi krafist þess að frv. verði afgreitt fyrir Norðurlandaráðsþing sem hefst hér í Reykjavík í næstu viku eins og allir vita. Getið er um það að hæstv. hagstofuráðherra hafi ekki viljað staðfesta þessa kröfu en í þess stað sagt við fréttamanninn að þessi umræða um frv. væri orðin út í hött. Þetta finnst mér vera ansi merkileg fullyrðing vegna þess að ég get ekki skilið að það sé út í hött, ef hæstv. hagstofuráðherra hefur á annað borð áhuga á því að vita hvaða verkefni hann á að fá, að fjallað sé málefnalega um meginefni þessa máls sem er fylgifrv. Það stendur því eftir að það sem sé nú að gerast sé í raun og veru það sem fréttamaður Dagblaðsins gefur sér, að nú loks sé Borgfl. að fá víxilinn sinn greiddan sem þeir gáfu út á hæstv. ríkisstjórn og hún samþykkti að greiða þeim þegar Borgfl. fékk að ganga til liðs við ríkisstjórnina. Ég hef ekkiýjað að þessum orðum fyrr, en þetta er í raun og veru það eina sem stendur eftir úr því að svona mikið liggur á. Og eins og ég sagði: Þó að frv. láti lítið yfir sér, það er aðeins eitt orð, orðið tómt, umbúðirnar án innihalds, þá felur þetta orð svo miklu, miklu meira í sér í huga okkar sem höfum áhyggjur af því hvert innihald umbúðanna verður í framtíðinni, hver verða verkefni umhverfisráðuneytisins væntanlega.

Við höfum reynt að ná eyrum stjórnarliða og ég veit að margir þeirra eru í hjarta sínu sammála því að það sé út í hött að afgreiða þetta frv. án fylgifrv. Þeir eru í hjarta sínu sammála okkur og sammála þeim mörgu aðilum sem komu á fund nefndarinnar og létu þá skoðun í ljósi, jafnvel þeir sem vilja sérstakt

umhverfisráðuneyti, að bæði þessi frumvörp beri að afgreiða samtímis, þau séu samtengd, þ.e. að innihaldið fylgi umbúðunum.

Það er ekkert skemmtilegt upplit á Alþingi eða traustvekjandi gagnvart almenningi í landinu að á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa nýverið gert samninga sem fela í sér litlar kjarabætur, en launþegar taka á sig byrðarnar sem því fylgja, keyrir ríkisstjórnin hér í gegnum Alþingi frv. sem er umbúðirnar einar ásamt útgjöldunum án þess að vita í hvað þessi útgjöld eiga að fara, hver verkefnin verða. Það eru vissulega vonbrigði að ekki hefur tekist að ná samkomulagi um þetta mál sem þó hefur verið boðið upp á, en nú skal gerð lokatilraun til að ná eyrum stjórnarliða. Það er málamiðlun en eins og fram hefur komið flytjum við, ég og hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson, brtt. við frv. Hún er á þskj. 652 um að lög þessi öðlist gildi 1. júní í stað þess að þau öðlist þegar gildi. Með því væri hægt að tryggja að umhverfisráðuneytið verður búið að fá verkefnin sín áður en þingi lýkur og gildistakan fylgir þar með.

Ég verð að segja það, eins og fram hefur komið í máli okkar hvað eftir annað, að við teljum þetta vera skynsamlega leið og þetta er, eins og ég sagði, málamiðlun. Tímasetningin er líka nokkuð skynsamleg vegna þess að 1. júní eru afstaðnar sveitarstjórnarkosningar í landinu og öll þau mál sem með einum eða öðrum hætti er hægt að tengja umhverfismálum eru fyrst og fremst tengd sveitarstjórnunum, skipulagsmál, byggðamál, gróðurvernd, landvernd, skógrækt, náttúruvernd almennt, umhverfisvernd, hollustuvernd, mengunarmál, vinnueftirlit, heilbrigðiseftirlit. Þetta eru bara örfá dæmi sem ég nefni hér. Ég held þess vegna að það hefði verið nokkuð gæfulegt að tengja þetta saman, að lögin öðlist gildi 1. júní og þá sæjum við fram á að málefnin, fylgifrv., væri líka komið í höfn og þá gætu menn vel við unað.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að setja hér á langa ræðu. Ég er búin að fjalla nokkuð mikið vítt og breitt um umhverfismálin, meira að segja svo mikið að einhverjir fréttamenn, að því er mér var sagt, fundu hjá sér hvöt til að kalla það málþóf þegar ég og hv. 6. þm. Vesturl. töluðum hér, fyrir líklega tveimur kvöldum. Við vorum að sjálfsögðu að fjalla um umhverfismálin vegna þess að ég held að það sé enginn hér á hv. Alþingi sem ekki láti sig þessi mál varða og meira að segja það nú hv. 5. þm. Norðurl. e. mig um að lesa svolítið meira fyrir sig úr þessari ágætu varnaðarbók sem ég tæpti þá aðeins á. Ég var reyndar búin að lofa honum að endurtaka þann lestur og það er margt í bókinni sem ætti erindi til okkar einmitt núna. Bókin fjallar, eins og sumir vita, um það hvernig lífkeðjan raskast þegar eitrinu er dreift yfir landsbyggðina, hvort sem það er á láði eða legi, og það hefði verið freistandi að fara hér í nokkra fleiri punkta, en ég ætla samt sem áður að sleppa því. Ég ætla að benda hv. 5. þm. Norðurl. e. á að ef hann á ekki bókina er sjálfsagt að lána honum hana og ég er viss um að hann hefði ánægju af að lesa þar eitt og annað sem snertir áreiðanlega hans taugar eins og svo margra annarra.

En ég leyfi mér að skora á stjórnarliða og þá ekki síst hæstv. hagstofuráðherra og forsrh. að styðja nú þessa brtt. okkar ásamt öðrum stjórnarliðum og þannig að sýna alvöruna á bak við þetta, að það sé ekki bara verið að stofna hér umhverfisráðuneyti um nafnið tómt, heldur vilji þeir að umbúðirnar fylgi með.

Hv. 6. þm. Vesturl. flutti hér ágæta ræðu áðan og hún sagði frá því að hún hefði setið á þingi náttúrufræðinga í morgun þar sem einmitt var verið að fjalla um umhverfisvernd og gróðurvernd. Og hún minntist á þennan bjarta sólardag sem við gætum notið í dag ef við værum ekki hér inni að afgreiða þetta mál sem í hugum okkar er svo þýðingarmikið að við teljum það í raun ekki eftir okkur að sitja hér innan dyra ef við gætum haft áhrif á og komið vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum.

Ég ætla að ljúka, hæstv. forseti, þessu máli mínu með því að gefa fréttamönnum tækifæri til þess að fá svolítið aðra mynd af ræðu okkar kvennanna hér í deildinni. Við tölum ekki mikið um prósentur og tölur en það sem þeir kalla málþóf. Ég datt hérna ofan á, þegar ég var að hlusta á ræðu hv. 6. þm. Vesturl. áðan, lítið fallegt ljóð um vorið eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur og ég ætla að fara með það sem lokaorð í þessari umræðu um leið og ég lýsi því að við sjálfstæðisþingmenn getum ekki stutt frv. sem er nafnið tómt en innihaldið ekkert. En ljóð Vilborgar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Ég taldi feimin eggin
í hreiðrinu sem við fundum.
Gamall spádómur segir
að börnin mín verði jafnmörg.
Svo hallaðist ég að öxl
vinar míns og sagði:
Veist þú, er líka helryk
í Jónsmessunæturdögg?

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég var nú búinn að orða það við fyrri hluta þessarar umræðu að rökstyðja enn þá betur það mál sem ég flutti þá um þátt náttúruaflanna í því að breyta ásjónu þessa lands. Auðvitað liggur það fyrir að hér hefur búsetan að sjálfsögðu átt hlut að máli, enda eru nú engar spurnir fyrir því í heiminum að búseta hafi ekki breytt ásjónu landanna frá því að þau voru óbyggð, og skárra væri það. Ég leiddi hins vegar rök að því hver þáttur náttúruaflanna hefur verið í því að eyða hér gróðri. Og ég stend við það sem ég sagði, að það er mér mikið undrunarefni hvað einmitt sá þáttur í útliti landsins er stórkostlega vanmetinn. Og fyrri ræða hv. 6. þm. Vesturl. bar gróflega mikinn keim af þeim skýringum í umræðum um útlit landsins. Ég tek hins vegar undir það sem hv. þm. sagði hér í fyrri ræðu sinni og er gífurlega mikilvægt mál. Það er að varið verði meiri tíma í skólum landsins hér eftir en hingað til hefur verið gert til þess að uppfræða æsku landsins um það hvernig náttúrufarið er í þessu landi.

Hv. þm. hafði orð á því í fyrri ræðu sinni að þróunin í gróðureyðingunni væri sú að enn væri ekki græddur

upp nema ⅓ þess lands, held ég að þingmaðurinn hafi sagt, sem eyddist. Þetta er nú einn sleggjudómurinn um þessi mál. Það voru heimildir fyrir þessu sem ég var að biðja um, en það er út af fyrir sig kannski gott að geta þeirra hér. Menn hafa nefnilega verið að giska á það, án þess að hafa nokkra hugmynd um það, hvað gróðurfar í landinu hefur verið í upphafi landnáms og síðan hafa menn jafnað gróðureyðingunni niður á það tímabil sem hér hefur verið búið og fundið út að á hverju ári eyddust 3000 hektarar, að því er ég hygg. Árleg landgræðsla á vegum Landgræðslu ríkisins hefur hins vegar numið 1000 hekturum og þannig hefur dæmið verið sett upp. Það hefur ekki verið tekið inn í þetta dæmi t.d. hver sjálf uppgræðslan í landinu hefur orðið á þessu tímabili.

Nú vill t.d. svo til, og ég trúi því að hv. þm. hafi ekki komist hjá því að virða þær staðreyndir fyrir sér, að hér með allri suðurströndinni á sér stað gífurlega mikil uppgræðsla. Eyðisandar sem áður voru eru nú mjög víða að verða algrónir og gróður er þar alls staðar á uppleið. Ég geri ráð fyrir að það megi áætla að sjálfgræðslan að þessu leyti sé um það bil 4–5%, kannski 5%, af því landi sem gróður getur vaxið á á Íslandi, þ.e. þá eru dregnir frá jöklarnir og hæstu fjöllin. Hér er sem sagt um að ræða gífurlega mikla breytingu í þessum efnum. Og þegar Kvennalistinn breiðir úr sér hér í ræðustól og ber sér á brjóst, segir frá því hvað þessi þróun sé skelfileg, þá er ekki minnst á staðreyndir af þessum toga, ekki minnst einu einasta orði á staðreyndir af þessum toga. Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram við þessa umræðu, en aðrir þættir málsins verða að bíða betri *tíma því væntanlega gefst tóm til að fara nákvæmar* yfir þessi mál öll hér við síðari umræður málsins á Alþingi. Hér hefur hins vegar gefist kostur á því að hrekja mestu og stærstu og ónákvæmustu staðhæfingar Kvennalistans um þróun þessara mála og það er grundvallaratriði að menn geti talað og tekist á um þennan vanda án þess að vera yfirhlaðnir fordómum eins og Kvennalistinn hefur á margan hátt verið í málflutningi sínum. Það er óumdeilanlegt að við stöndum frammi fyrir miklum verkefnum til að græða og bæta og fegra landið okkar. Það er líka óumdeilanlegt að fyrir því er mjög mikill vilji, bæði til sveita og líka meðal þeirra sem búa í þéttbýlinu, að græða og bæta landið. Margt þéttbýlisfólk vinnur mikið að uppgræðslumálum, t.d. yfir sumartímann og ver miklum tíma í það að fegra kringum sig þar sem það hefur sumardvöl. Þetta er allt af hinu góða og þannig eigum við að rækta garðinn okkar í því að bæta og breyta landinu okkar en láta fordómana lönd og leið.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum í þessari umræðu. Ég mundi fyrst vilja segja að stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis felur í sér umhverfisstefnu sem er mjög athyglisvert og raunar langþráð markmið. Í næstum tvo áratugi hefur verið unnið að því að koma því til leiðar að hér verði tekið með festu á umhverfismálum í framtíðinni. Svo ég hlýt að fagna því, sem ég trúi að allir þingmenn í raun geri, að nú er farið að hilla undir lokaáfangann í þessu langa máli.

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir beindi til mín nokkrum spurningum sem ég skal reyna að svara eftir bestu getu. Hún spurði hvort ekki væri hætta á því að ég mundi lenda í árekstrum við atvinnulífið í landinu varðandi ákvarðanir í umhverfismálum, þar sem ég hef með höndum það verkefni að móta atvinnustefnu framtíðarinnar. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að auðvitað eru þetta erfið og viðkvæm mál og það þarf að fara með ákaflega mikilli varúð fram í þessu sem öllum öðrum málum þar sem hagsmunaárekstrar geta orðið. Það verður auðvitað verkefni umhverfisráðherra í allri framtíð að reyna að fara fram með þeim hætti að hægt sé að laða fram samkomulag milli þeirra aðila sem eru með atvinnureksturinn í sínum höndum og svo þeirra aðila sem bera umhyggju fyrir umhverfinu. Í raun tel ég að það fari mjög vaxandi að atvinnurekendur beri umhyggju fyrir umhverfinu þannig að ég held að þar sé orðin það breið samstaða um að vernda umhverfið að auðveldara sé að ná þessu samkomulagi en áður var.

Síðan kom spurning um það með hvaða hætti sú nefnd sem er ætlað að undirbúa lagasetningu um umhverfisvernd verði skipuð. Ég vil einungis segja að ég hef í huga að reyna að ná mjög breiðri samstöðu um það starf þannig að sem flestir aðilar sem láta umhverfismálin sig einhverju varða fái að koma þar að þannig að það verði leitað eftir samráði við hina fjölmörgu aðila og þær hreyfingar sem hafa borið umhverfismálin fyrir brjósti.

Ég vil að lokum þakka fyrir þær málefnalegu umræður sem hafa farið fram hér í Ed. Hafi ég verið eitthvað óþolinmóður og fundist málin kannski ganga stundum of hægt, þá á það ekki við um þá umræðu sem hér hefur farið fram því að það er eins og oft vill verða að mér hefur stundum fundist að umræður í Ed. séu yfirleitt málefnalegri en í Nd. Það kann að vera að það stafi af því að ég á sjálfur sæti hér í Ed. og hér hef ég starfað mest þann tíma sem ég hef setið á Alþingi.

Ég get svo að lokum fullvissað hv. þm. um það að ég er mikill gróðurverndarsinni og mun sinna þeim málum af eins miklum krafti og mér er unnt svo lengi sem ég kem til með að hafa afskipti af þessum málum í þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Mér er sérstaklega umhugað um að laða fram samstarf allra þeirra aðila sem láta sig gróðurverndarmálin einhverju skipta. En sannleikurinn er sá að öll þjóðin í heild sinni er mjög samstiga um gróðurverndarmál og ég held því í raun að mjög auðvelt eigi að vera að laða fram samstarf þeirra fjölmörgu aðila sem sinna gróðurvernd til að gera myndarlegt átak í þeim málum.

Fjölmargir útlendir aðilar hafa rætt við mig um *umhverfismál, því að ég hef haft afskipti af umhverf*ismálum frá því löngu áður en ég gerðist ráðherra í hæstv. ríkisstjórn og ég hef fjallað um umhverfismál vítt og breitt, bæði í gegnum starf mitt sem prófessor í Háskóla Íslands og reyndar áður, og á erlendum

vettvangi höfum við oft rætt einmitt þann vanda sem Íslendingar eiga við að stríða sem er gróðureyðingin, náttúruöflin sem eru oft óblíð og hafa kannski hvað mest stuðlað að þeirri gróðureyðingu sem hér hefur orðið frá landnámsöld. Þetta hefur vakið mikinn áhuga þeirra erlendu fræðimanna sem mér hefur gefist tækifæri til að ræða þessi mál við. Þess vegna held ég að mjög æskilegt og gagnlegt væri að við gætum átt samstarf við erlenda fræðimenn og umhverfisverndarhópa sem hafa sérstakan áhuga á gróðurverndarmálum og reynt að ná samstarfi á erlendum vettvangi um að ná árangri í þeim efnum. Þess vegna get ég fullvissað hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur um að ég mun eftir fremsta megni leitast við að sinna þeim málaflokki eins vel og framast verður unnt.

Að lokum vil ég svo þakka hv. þm. í Ed. enn frekar fyrir málefnalegar umræður og vona að þetta eigi allt eftir að verða okkur til góðs, landi og þjóð.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr. komst hæstv. forsrh. svo að orði að ómögulegt var að skilja hann öðruvísi en svo að við undirbúning þess frv. sem hér er til umræðu hafi hann mjög reynt að fara líkt að og forveri hans Bjarni Benediktsson hafði gert á sínum tíma. Og hæstv. forsrh. skírskotaði mjög til þess stjórnmálamanns í ræðu sinni hér til að reyna með þeim hætti að hafa áhrif á þá sem hlustuðu í þá veru að þeir hefðu meiri trú á málflutningi hans. Honum þótti með öðrum orðum gott að geta leitað skjóls hjá þessum fyrrverandi formanni og forsrh. Sjálfstfl.

Af þessu tilefni hef ég flett upp í Alþingistíðindum á þskj. um frv. til laga um Stjórnarráð Íslands sem lagt var fyrir Alþingi í byrjun þings haustið 1968. Það frv. var til meðferðar allt það þinghald og var að lokum samþykkt hinn 28. maí 1969, þá um vorið. Það vekur athygli að auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands er dagsett hinn 31. des. 1969, en hin nýju stjórnarskrárlög taka ekki gildi fyrr en 1. jan. 1970, eða daginn eftir. Auglýsingin um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands birtist með öðrum orðum áður en breytt lög um Stjórnarráð Íslands tóku gildi.

17. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1970. Frá sama tíma eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin: Lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 3. okt. 1903, 1. gr. Lög nr. 1 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Auglýsing um breyting á konungsúrskurði 12. febr. 1917, um skipting mála milli deilda Stjórnarráðs Íslands, nr. 1 5. jan. 1922. Lög nr. 58 11. jan. 1938, um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Önnur lagaboð er fara í bága við lög þessi." Í greinargerð við 17. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gildistaka laganna 1. jan. 1970 er við það miðuð að hæfilegur tími gefist til að undirbúa framkvæmd þeirra. Má í því sambandi m.a. og sérstaklega nefna setningu reglugerðar skv. 9. gr., um skiptingu starfa og málefna milli ráðuneyta. Meðal lagaboða sem fara í bága við hin fyrirhuguðu lög og eiga því að falla úr gildi eru sérákvæði í lögum er skipa stjórnarmálefnum til tilgreindra ráðuneyta."

Svo mörg voru þau orð. En þau staðfesta það sem við þingmenn Sjálfstfl. höfum sagt, að þegar stjórnskipunarlögin voru sett á sínum tíma var gildistaka laganna við það miðuð að hæfilegur tími gæfist til að undirbúa framkvæmd þeirra. Meðal annars og sérstaklega var talað um setningu reglugerða um skiptingu starfa og málefna milli ráðuneyta. Af þessu tilefni, herra forseti, er óhjákvæmilegt að ítreka þá spurningu sem ég bar fram á síðasta fundi til hæstv. forsrh.: Er hafinn undirbúningur að setningu reglugerða um breytta verkefnaskiptingu ráðuneyta? Hvenær hugsar hæstv. forsrh. sér að lögin, fylgifrv. með þessu frv., taki gildi? Hvaða sérstöku rök liggja fyrir því að hæstv. forsrh. hyggst hafa annan hátt á hér en gert er með lögunum um Stjórnarráð Íslands frá 1969?

Ég skal svo ekki lengja þessar umræður frekar. Það var einungis óhjákvæmilegt að leiðrétta þau ummæli hæstv. forsrh. að hann hefði svipuð vinnubrögð nú við undirbúning þessa frv. sem við tölum nú um og forveri hans, Bjarni Benediktsson, meðan hann gegndi sama embætti.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hvarflar oft að mér að ég sé e.t.v. of lágróma, það heyrist ekki þegar ég er að reyna að ná hér eyrum hv. þm. og hæstv. ráðherra stundum. Ég reyni því að hækka rödd mína í von um að önnur hlustunarskilyrði trufli ekki.

Ég bar fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. hagstofuráðherra, og nú er mér ekki kunnugt um hvort hann heyrir til mín. (**Forseti:** Ég skal athuga hvort ekki er hægt að sækja hann.)

Ég mun þá snúa mér aftur að fyrirspurnum mínum en mér fannst eins og annaðhvort hefði ég talað of lágt áðan eða hlustunarskilyrði verið eitthvað slæm hér inni í deildinni. Hæstv. hagstofuráðherra gerði tilraun til að svara tveimur spurninga minna. Hinar standa eftir og þeim hefur ekki verið svarað. Þær voru reyndar fimm eða sex. Þau svör sem hann gaf gáfu svo sem ekki tilefni til neinnar bjartsýni um að væntanlegt umhverfisráðuneyti yrði afgerandi, t.d. ef um væri að ræða árekstra milli atvinnulífsins og umhverfisins, umhverfisverndarsjónarmiða. Ég spurði hæstv. ráðherra áðan í ræðu minni hvernig hann skilgreindi hugtakið umhverfisvernd. Ég fjallaði nokkuð um það hér við 2. umr. málsins. Eins og fram kom í máli mínu áðan hefur ekki heyrst neitt um það hver sé umhverfisverndarstefna eða umhverfisstefna tilvonandi ráðherra þessa málaflokks. Því vildi ég gjarnan fá að heyra hvernig hann skilur þetta hugtak, umhverfisvernd. Ég spurði líka um umhverf-

isfræðsluna, á hvaða sviðum hún yrði fyrst og fremst, hvað hann teldi að fyrst bæri að leggja áherslu á, að hvaða atriðum og að hvaða aðilum í þjóðfélaginu hún ætti að beinast. Ég spurði hann líka um þá brtt. sem kynnt hefur verið í Nd. og hvert væri hans viðhorf, hvaða skoðun hann hefði á þeirri brtt. sem þar er lögð fram varðandi friðunaraðgerðir.

Þá vil ég aðeins bæta við örfáum atriðum vegna þeirra orðaskipta sem við höfum átt hér, hv. 4. þm. Austurl. og ég. Mér sýnist einhvern veginn að það sama gildi þar um hlustunarskilyrðin. Ég sit nú einmitt með fyrri ræðu mína frá því um daginn og hann talaði hér um fordóma áðan. Ég get ekki komið auga á fordóma í þeirri ræðu sem ég þá flutti og vil undirstrika að ég gat um það í máli mínu, og ég endurtek það nú, að Landgræðslan hefur unnið mjög gott starf alveg frá því að hún var stofnuð. Hún hefur auðvitað eins og aðrar stofnanir ríkisins haft mislítið fé, liggur mér við að segja, vegna þess að þar hefði auðvitað þurft að vera miklu meira fjármagn til að snúa vörn í sókn eins og ég hef líka talað um aftur og aftur í máli mínu. Sennilega er það einmitt vegna fjárskorts að hluta til að ekki liggur fyrir nein heildarúttekt á árangri Landgræðslunnar því þar hafa menn trúlega kosið að eyða þeim takmörkuðu fjármunum sem þeir hafa fengið í uppgræðsluna því þau sár sem eru í landinu blasa við. Ég vil líka að það komi fram hér og nú, það hefur komið fram fyrr í þessari umræðu af minni hálfu, að það er mikið fagnaðarefni hversu jákvæð viðhorf ríkja í landinu almennt meðal þjóðarinnar og þá á ég við alla þjóðina, bændur líka, til gróðurverndar. (**EgJ:** Þetta er nákvæmlega það sem ég sagði.) Þetta er nákvæmlega það sem hv. þm. sagði og ég sagði það líka í minni fyrri ræðu og get reyndar sýnt honum það hér á eftir. Eins og hann veit og reyndar ég líka, þá hafa bændasamtökin um árabil ályktað um margvíslega þætti skynsamlegrar landnýtingar, svo og um landgræðslu og skógrækt. Eins og við vitum þá er þeim, alla vega í tilteknum landshlutum, ætlað að hafa atvinnu af þessu í þar sem litið er á landgræðslu og þá sérstaklega skógrækt sem sérstakar búgreinar í framtíðinni. Það er auðvitað von okkar allra að þar takist vel til. Mér finnst reyndar sú hugmynd að koma af stað skógrækt með þeim hætti sem nú er stefnt að bera vott um nokkra framtíðarsýn og ég fagna því sérstaklega vegna þess að við vitum að skógrækt gefur ekki beinharðan arð strax í dag.

En ég vil ítreka enn og aftur spurningar mínar til hæstv. hagstofuráðherra og undrast loðin og óljós svör eins og: „Ég hef nú reyndar alltaf verið mikill gróðurverndarsinni og lýsi því yfir hér.“ Það eru ekki svör við spurningum mínum og vil ég mega vænta þess að hann svari þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson:)

Herra forseti. Mér þykir leitt ef þær tilvísanir sem ég var með hér í ræðu þess ágæta manns Bjarna Benediktssonar hafa valdið einhverjum misskilningi. Ég var með tilvitnanir í það sem hann sagði á Alþingi 1969 sem ég taldi mjög athyglisvert og skal ég ekki fara fleiri orðum um það. Sjálfsagt var það allt hárrétt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi hér í þessu sambandi.

En um þau verkefni sem umhverfisráðherra eru ætluð hef ég reyndar fjallað hér. Ég vil nú fyrst upplýsa að eftir því sem mér er tjáð af formanni allshn. Nd. er samkomulag þar milli fulltrúa stjórnarflokkanna um mjög litlar breytingar á því frv. sem þar liggur fyrir. Það mun verða afgreitt þar, gerir hann ráð fyrir, annan mánudag og fær þá vonandi tiltölulega skjóta umferð hér í gegn af því að um þetta mál er mikið búið að ræða.

Hins vegar mun ég með reglugerð fela umhverfisráðherra mál sem ég skal endurtaka í fáeinum orðum.

1. Almenna yfirstjórn og samræmingu á aðgerðum hinna fjölmörgu ráðuneyta sem um umhverfis- og mengunarmál fjalla að einhverju leyti nú. Hér hefur oft verið nefnt að þau séu átta og því alveg ljóst að það þarf vissulega að samræma það sem þaðan kemur.

2. Fræðslu- og upplýsingahlutverk. Að hefja þegar undirbúning að því og sjá um það verkefni.

3. Alþjóðleg samskipti á sviði umhverfismála sem, eins og ég hef áður rakið, eru mjög mikil.

4. Ýmis málefni umhverfismála er verið að skoða þessa stundina sem hvergi eru í raun og veru fast bundin í lögum og kemur til greina að fela umhverfisráðuneytinu þegar að fjalla um. Ég vil gæta þess mjög vandlega að með reglugerð verði ekkert flutt til umhverfisráðuneytis sem bundið er í lögum þótt, eins og ég sagði áðan, um það séu skiptar skoðanir milli fræðimanna hvort það kunni jafnvel að vera heimilt. Og ég vil ekki flytja neitt sem ég hef þegar með frv. lagt fyrir Alþingi og spyr Alþingi um. Ekkert slíkt verður flutt jafnvel þó að það hefði e.t.v. mátt að öðrum kosti. En mikilvægasta verkefni umhverfisráðherra að þessu upptöldu verður að sjálfsögðu að undirbúa starfsemi umhverfisráðuneytisins sjálfs, hefja þann undirbúning þannig að þegar fylgifrv. kemur í gegn, væntanlega mjög fljótlega, þá verði þar umhverfisráðuneyti til sem getur tekið til óspilltra málanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 652 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, EgJ, EKJ, GHG, GA, HBl, SalÞ.

nei: JGS, EG, GuðmÁ, HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SkA, SvG, JHelg.

3 þm. (ÞK, KP, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Með því að samþykkja þessa brtt. væri hægt að tryggja að verkefnin, sem við vitum ekki nú hver verða í væntanlegu umhverfisráðuneyti, yrðu lögfest. Því segi ég já.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Mér finnst við vera búin að bíða nógu lengi eftir umhverfisráðuneyti. Umræða um stofnun umhverfisráðuneytis er búin að standa yfir á þrettánda ár. Að fara að bæta við einhverjum mánuð-

um eða dögum nú held ég að sé hið versta mál. Þess vegna segi ég nei.

Frv. samþ. með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, JE, JúlS, KSG, MF, SkA, SvG, JGS, EG, GuðmÁ, JHelg.

nei: HBl, SalÞ, EgJ, EKJ, GHG.

GA, DS greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (KP, StG, ÞK) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þau vinnubrögð sem stjórnvöld hafa beitt til að koma á umhverfisráðuneyti eru þeim og þinginu ekki til sóma og umhverfismálum lítt til framdráttar. Megináherslan hefur verið lögð á mikilvægi þess að stjórnin fengi sín mál afgreidd, eins og það hefur verið orðað, líkt og vegsemd þeirra væri mæld í afköstum án tillits til eðlis verkanna. Hér hafa hégóminn og yfirborðsgildin verið höfð að leiðarljósi en láðst hefur að ræða og kynna fyrir þingheimi stefnumörkun í hinum ýmsu þáttum umhverfismála.

Okkur kvennalistakonur tekur það sárt að sjá hvernig nú er farið með þennan mikilvæga málaflokk sem verið hefur eitt af forgangsbaráttumálum okkar alla tíð. Við hefðum viljað að öðruvísi hefði verið að verki staðið þar sem megináherslan hefði verið á málefnin og verkefnin en ekki á tóman rammann. Það hefði verið okkur sannkallað fagnaðarefni að styðja slíka málsmeðferð og er leitt að horfa upp á þetta verklag en geta ekki stutt heils hugar við þetta baráttumál okkar, jafnbrýnt og verðugt verkefni sem stofnun umhverfisráðuneytis er.

Herra forseti. Ég greiði ekki atkvæði.

Hagstofuráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Hér verða tímamót í Íslandssögunni því með samþykkt Alþingis á því að hér verði stofnað sérstakt umhverfisráðuneyti verður nú tekið á umhverfismálum og þau mál fá nú þann sess í stjórnkerfinu sem þeim ber. Þetta er einhver mikilvægasti málaflokkur nútímans og gengur nú alda yfir alla heimsbyggðina þar sem menn hafa vaxandi áhyggjur af umhverfismálum og ætla sér að taka á þeim málum og reyna að vinna að því að skila jörðinni til afkomendanna í betra lagi en hún er núna í dag. Þess vegna þykir mér leitt að heyra hér suma hv. þm. tala um eitthvert hégómamál í þessu sambandi. Umhverfismál eru ekkert hégómamál. Ég segi já.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefðu svo sannarlega getað orðið tímamót að stofna umhverfisráðuneyti með verkefnum. En umhverfisráðuneyti án verkefna eru innantóm orð, orðið tómt, umbúðir án innihalds. Ég segi nei.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Með þeirri ákvörðun meiri hluta Alþingis að stofna umhverfisráðuneyti er verið að taka mjög þýðingarmikla pólitíska stefnuákvörðun. Meiri hluti Alþingis mun að sjálfsögðu tryggja á komandi vikum og mánuðum að þessari ákvörðun verði fylgt eftir. Hér er því verið að taka mikilvæga ákvörðun og ég fagna því að eiga þátt í því að hún er tekin. Ég hygg að um þá sem ekki kjósa að verða samferða í þetta skipti muni verða sagt síðar að þeir vildu gjarnan allir Lilju kveðið hafa en hafi fyrir mistök misst af þessum strætisvagni. Ég ætla ekki að gera það og segi já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég undrast þögn hæstv. hagstofuráðherra varðandi þær fyrirspurnir sem ég bar fram hér áðan og ítrekaði reyndar aftur í seinni ræðu minni. Þögn hans í umræðunni um þetta mikilvæga mál hlýtur að vekja upp spurningar um raunverulegan áhuga á málefninu og stefnu í umhverfismálum.

Ég tel það lýsa fullkomnu ábyrgðarleysi og vanvirðu ríkisstjórnarinnar við málefnið að þröngva fram afgreiðslu þessa frv. án þess að ljóst sé hvaða verkefni umhverfisráðuneytinu verða falin. Ríkisstjórnin hefur með afgreiðslu þessa máls misst sjónar af því sem ætti að vera aðaltilgangurinn, að koma betra skipulagi á stjórn umhverfismála með markvissa umhverfisvernd í huga. Það eru kvennlistakonum mikil vonbrigði að geta ekki greitt stofnun umhverfisráðuneytis atkvæði sitt á Alþingi, svo mjög sem þær hafa alla tíð borið það mál fyrir brjósti. Ég greiði ekki atkvæði.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega um mikilvægt mál og mikilvægan málaflokk að ræða, málaflokk sem við höfum ekki sinnt svo sem skyldi og er sannarlega kominn tími til að við tökum okkur á í þeim efnum. Þess vegna er hér um tímamót að ræða. Og það er sorglegt á þessum tímamótum að hlýða hér á fulltrúa Kvennalistans sem ekki geta stutt málið og fulltrúa Sjálfstfl. sem eru málinu andvígir. Þess verður áreiðanlega minnst þegar málið verður skoðað er fram líða stundir hver afstaða þessara tveggja stjórnmálasamtaka var. Ég segi já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hér er ekki verið að greiða atkvæði um umhverfismál. Við erum öll sammála um mikilvægi þeirra. Hér er verið að greiða atkvæði um ráðuneyti án verkefna. Ég segi nei.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um stofnun umhverfisráðuneytis, stofnun ráðuneytis sem hefði átt að vera komið fyrir a.m.k. tíu árum síðan. Þau verkefni sem koma til með að falla undir þetta ráðuneyti verða að öllum líkindum samþykkt hér á þinginu innan mjög fárra daga og kvíði ég því

ekki að væntanlegur umhverfisráðherra hafi ekki nóg að gera við að skipuleggja það ráðuneyti sem hann kemur til með að fá í hendur og taka ákvarðanir nú strax á Norðurlandaþingi sem varða framtíð Íslands. Ég segi með þessum orðum já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 666).

NEÐRI DEILD

52. fundur, föstudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun gjalddaga til 1. apríl). — Þskj. 655.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í fjh.- og viðskn. þessarar deildar er til meðferðar frv. um bifreiðagjald. Það varð að samkomulagi hér í þinginu fyrir áramót að fresta afgreiðslu þess og var þess vegna flutt af fjh.- og viðskn. brtt. um að gjalddaga væri frestað til 1. mars.

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga voru lögð fram tvö skjöl til aðila vinnumarkaðarins sem birt eru í Fréttabréfi Alþýðusambandsins þar sem raktar voru breytingar á gjaldskrám opinberra fyrirtækja og breytingar á sköttum sem gengið var út frá að tækju gildi á þessu ári. Hins vegar ákvað ríkisstjórnin að samþykkja að lækka þessar breytingar með einhverjum hætti um 0,3% í framfærsluvísitölu.

Ríkisstjórnin stefnir að því í þeirri athugun að taka til endurskoðunar útfærslu þess bifreiðagjalds sem liggur fyrir í hv. fjh.- og viðskn. og til þess að gera kleift að vinna að þeirri endurskoðun er nauðsynlegt að fresta gjalddaganum um einn mánuð.

Eftir viðræður við fulltrúa þingflokkanna í gær varð það að ráði að ég flytti þetta frv. hér um breytingu á dagsetningu um einn mánuð og gefst þá tími til þess í marsmánuði að ræða málið efnislega. Hér er þess vegna ekki verið að leggja til efnisbreytingu á málinu heldur eingöngu frest um einn mánuð svo að þinginu gefist að loknu Norðurlandaráðsþingi tækifæri til að ræða málið.

Ég legg svo til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. þá gerir þetta frv. ráð fyrir því að breyta gjalddaga bifreiðagjalds vegna gjaldtímabilsins frá 1. jan. til 30. júní á þessu ári, að hann skuli vera 1. apríl í stað 1. mars.

Í sjálfu sér er þetta ekki mikilvæg breyting og þarf ekki að gagnrýna þá breytingu sem slíka. Hins vegar liggur fyrir þinginu og í nefnd í Nd. frv. um breytingu á lögum um bifreiðagjald þar sem gert er ráð fyrir gífurlegum hækkunum og auknum tekjum ríkissjóðs af bifreiðagjaldi en það verði um 1290 millj. kr. á þessu ári, þ.e. miðað við allt árið 1990 og þar af er áætlað að sérstök hækkun á bifreiðagjadi þýði 550 millj. kr. viðbótartekjur fyrir ríkissjóð. Á þessu ári gerir frv. ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðasköttum, þ.e. bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðagjaldi, verði um 5,5 milljarðar kr. Þessari hækkun mótmæltum við sjálfstæðismenn mjög ákveðið þegar frv. kom til umræðu hér og sömuleiðis í nefndinni. Það var fallið frá að afgreiða þetta frv. fyrir jól. Síðan hefur það gerst að gerðir hafa verið kjarasamningar, sátt á vinnumarkaðinum sem byggist á því að halda launakröfum mjög í hófi og vinna gegn verðbólgu og taka myndarlega á í þeim efnum og um það hefur tekist mjög víðtæk samstaða aðila vinnumarkaðarins, bæði launþegasamtaka og samtaka atvinnurekenda. Allir hafa orðið að taka á sig fórnir og það mjög miklar fórnir og þá ekki síst launþegar í landinu sem hafa séð það og skilið að það er nauðsynlegt að brjóta blað í sambandi við kjarasamninga og atvinnureksturinn tekur á sig stórfelldar byrðar. Það hefur heldur ekki farið á milli mála að ríkisvaldið hefur einnig orðið að taka á sig nokkrar byrðar. Þó fer ríkisvaldið best út úr hlutunum með slíkri kjaramálastefnu því annað hefði haft för með sér enn stórfelldari útgjöld fyrir ríkissjóð.

Nú er liðinn rúmur mánuður frá því að Alþingi kom saman á þessu ári og þetta mál um bifreiðagjaldið hefur ekki verið tekið fyrir í fjh.- og viðskn. Nd. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að ég hélt að ríkisstjórnin væri gersamlega fallin frá þessari skattheimtu vegna þess að frv. var ekki tekið fyrir og hélt að hún væri nú að sjá að sér, hún væri nú að vitkast enda veitti ekki af. Allir eru sammála um það. En hvað kemur svo? Hér er flutt frv. um að breyta gjalddögunum. Maður las það á milli línanna að það er ekki gert af umhyggju fyrir þeim sem bílana eiga að færa gjalddagana fram um einn mánuð og veita þeim lánsfrest á þessum skatti um einn mánuð. Fjmrh. segir að það sé í bígerð að endurskoða þetta frv. og telji hann nauðsyn á að það sé gert í marsmánuði því að febrúarmánuður er búinn með þessum degi hér á Alþingi — því að þetta er sennilega eina þjóðþingið í veröldinni sem lýkur störfum þegar haldið er annað þing sem er mikilvægara. Þá má nú hægja á enda eru nógir peningar til í þessu þjóðfélagi þegar boðað er til slíkra ráðstefna. Þá þarf ekki að halda hér áfram á fullri ferð á meðan. En kostnaðurinn er eigi að síður sá sami. — Tilgangurinn er sá að að endurskoða þetta frv. um bifreiðagjald en enginn veit enn þá í hvaða veru. Uppi eru hugmyndir um það að hækka bifreiðagjaldið verulega hvort sem það verður eins og það liggur fyrir eða ekki. En ef ríkisstjórnin ætlar við þessa stöðu sem núna er í þjóðfélaginu, ef hún ætlar að byrja á skattlagningu þegar allir aðrir eru krafnir

um það að láta af sínum kröfum og viðhalda jafnvægi í peningamálum, í kjaramálum, í þjóðarbúskapnum, þá held ég að ríkisstjórnin sé að fara út á mjög hála braut. Það hlýtur að vera íhugunarefni fyrir ríkisstjórnina sjálfa, fyrir stuðningslið hennar hvort það ætlar að brjóta hér blað og koma á stað hækkunarskriðu. Menn verða að gera sér grein fyrir því, bæði þingmenn stjórnarliðsins og meira að segja ríkisstjórnin sjálf, að eftir þessu verður tekið. Ef slíkt skattafrumvarp nær fram að ganga rétt eftir að kjarasátt er gerð í þjóðfélaginu og allir hafa slegið af sínum kröfum og allir verða að þola það sem nú er stefnt að, að færa verðbólguna niður, þá verður það að hækka þessa skatta á öllum bifreiðaeigendum í landinu alveg það sama og hella bensíni á eld.

Ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til úr því að svona er komið að standa í vegi fyrir breytingu á gjalddaganum. En það breytir ekki afstöðu okkar sjálfstæðismanna sem eigum sæti í fjh.- og viðskn. og þeirra sjálfstæðismanna sem skipa þessa deild að við vörum við þessari skattahækkun en getum eftir atvikum fallist á að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

53. fundur, föstudaginn 23. febr., kl. 2.30 miðdegis.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun gjalddaga til 1. apríl). — Þskj. 655, n. 658, brtt. 659.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 658 er álit fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt. Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson áskilja sér rétt til að flytja eða styðja brtt. er fram kunna að koma. Ari Skúlason, hagfræðingur ASÍ, og Hannes Sigurðsson, hagfræðingur VSÍ, komu til viðræðna við nefndina um frv. Undir þetta rita allir nefndarmenn en með fyrirvara Þórhildur Þorleifsdóttir, Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson.

Hagfræðingur Alþýðusambandsins, Ari Skúlason, dreifði á fundinum minnisblaði fyrir fjh.- og viðskn. og ég vil, með leyfi forseta, lesa það upp vegna þess að þar kemur fram viðhorf Alþýðusambandsins til þessa máls.

„Minnisblað vegna fundar með nefndinni þann 23. jan. 1990 um frestun gjalddaga bifreiðagjalds.

1. Í viðræðum fulltrúa ASÍ við ríkisstjórnina var lögð áhersla á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr hækkun framfærsluvísitölu beindust að því að lækka verð á brýnustu nauðsynjavörum, t.d. brauði. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki talið sér fært að verða við þeim tilmælum.

2. Með frestun gjalddaga bifreiðagjaldsins er verið að koma í veg fyrir að framfærsluvísitalan hækki 1. mars vegna þessa gjalds. ASÍ telur þessa aðgerð jákvæða, enda er með henni komið í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu 1. mars miðað við upphaflegar áætlanir.

3. Fulltrúar fjmrn. hafa viðrað hugmyndir við ASÍ um hvernig þeir geti hugsað sér að ná takmarkinu um 3% lækkun á framfærsluvísitölunni miðað við það sem annars hefði orðið. Okkur er ekki kunnugt um að búið sé að útfæra þessar hugmyndir endanlega."

Undir þetta ritar fyrir hönd ASÍ Ari Skúlason.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt, þrír nefndarmenn að vísu með fyrirvara.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. fjh.- og viðskn. höfum við lagt hér fram brtt. við þetta frv. hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson og ég þess efnis að við greinina bætist: „enda hækki gjaldið ekki á gjaldtímabilinu."

Þetta er í samræmi við það sem ég sagði við 1. umr. þessa máls að við teljum að það sé ekki ástæða til og mjög varhugavert að hækka skatta og því höfum við talið rétt að ganga tryggilega frá því. Hins vegar virðist það vera ætlun ríkisstjórnarflokkanna að hugleiða þetta mál eitthvað betur í næsta mánuði og þá sjáum við til hvort þær hugleiðingar verði með þeim hætti að þeir sjái að sér og telji rétt að fara ekki út á hálan ís. Það hefur gengið svo mikið á hjá þessari stjórn að þegar samningar og kjaramál virðast vera í góðu lagi þá er rétt að standa báðum fótum og það verður sennilega henni happadrýgst. En sá veldur ekki sem varar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur stöndum að því að veita þennan frest á gjalddaga bifreiðagjaldsins en skrifum undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari okkar er fyrst og fremst fólginn í því að við vonum að ríkisstjórnin noti þennan mánuð til að íhuga vel breytingar á bifreiðagjaldi og hafi þá í huga að ábyrgð ríkisstjórnar er mikil hvað það varðar að halda í skefjum verðhækkunum svo ekki komi til hækkunar framfærsluvísitölu.

Í því sambandi vil ég minnast á þann möguleika í bifreiðagjaldi að hægt er að nota það til tekjujöfnunar líkt og flestar aðrar tekjujöfnunarleiðir ef áhugi er á. Í þessu tilfelli væri helst um það að ræða að bifreiðagjald færi ekki einungis eftir þyngd bifreiða heldur væri líka haft í huga verð bifreiða. Það liggur í hlutarins eðli að því meiri efni sem fólk hefur því líklegra er að það keyri á dýrum bílum og því væri

stighækkandi bifreiðagjald eftir verði bíla ein leið sem ríkisstjórnin gæti notað til tekjuöflunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 659 felld með 17:7 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Laun forseta Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134, n. 644.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um laun forseta Íslands. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn, Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson, Ingi Björn Albertsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 32 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

54. fundur, föstudaginn 23. febr., að loknum 53. fundi.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun gjalddaga til 1. apríl). — Þskj. 655.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Laun forseta Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál (heildarlög). — Þskj. 134.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 660).

Efnisskrá.

Aðstoð við gjaldþrota fólk og eignalaust (279. mál) 3774.
Almenn hegningarlög (263. mál, ofbeldisverk í flugsamgöngum) 3808, 3925.
Bann við förgun matvæla (285. mál) 3866.
Bifreiðagjald (380. mál, frestun gjalddaga til 1. apríl) 4156, 4162, 4164, 4179, 4181, 4184.
Breytt tilhögun við afgreiðslu fjárlaga (267. mál) 3774.
Efling löggæslu (181. mál) 4076.
Félagslegar aðgerðir fyrir fanga (324. mál) 4041.
Fjáröflun til vegagerðar (333. mál, hóffjaðragjald) 3953.
Forkönnun á hagkvæmni varaflugvallar (304. mál) 4024.
Fóstureyðingar (350. mál) 4067.
Hagræðing í utanríkisþjónustunni (286. mál) 3774.
Húsnæðisstofnun ríkisins (252. mál, vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins) 3867.
Innflutningur á grænmeti og öðrum matvælum (349. mál) 4060.
Kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubankanum (259. mál) 3775.
Kynning á sérstöðu Alþýðubandalagsins gagnvart viðræðum EFTA og EB (311. mál) 4021.
Laun forseta Íslands (130. mál, heildarlög) 4183, 4184.
Lögregluvarðstofa í Stykkishólmi (344. mál) 4057.
Mæting á þingfundum 3951.
Norræna ráðherranefndin 1989–1990 (353. mál) 4069.
Norræna sjóréttarstofnunin (342. mál) 4051.
Norræna þjóðfræðistofnunin (343. mál) 4055.
Nýting lausra leigusala (255. mál) 3774.
Nýtt álver (372. mál) 4082.
Olíuhöfn (341. mál) 4049.
Persónuafsláttur látins maka (338. mál) 4046.
Ráðstafanir til að lækka verðbólgu og vexti (291. mál) 4034.
Ráðstafanir vegna kjarasamninga (370. mál, breyting ýmissa laga) 3891, 3957, 3975, 4084, 4155, 4156.
Réttur til veiða í landhelgi Íslands (80. mál, færeysk og grænlensk fiskiskip) 3866.
Ríkisstyrkir til sjávarútvegs í Noregi (312. mál) 4032.
Samfélagsþjónusta sem úrræði í viðurlagakerfinu (323. mál) 4039.
Samræming sveitabýla í hagræðingarskyni (253. mál) 3773.
Steinataka í náttúru Íslands (116. mál) 3774.
Stjórn fiskveiða (352. mál, heildarlög) 3809, 4138.
Stjórnarráð Íslands (129. mál, umhverfisráðuneyti) 3925, 3979, 4164.
Tilfærsla gjalddaga í þjóðfélaginu (254. mál) 3773.
Um þingsköp 3975 (boðun kvöldfundar); 4020 (tilhögun þingfunda); 4021 (viðvera samgönguráðherra); 4153 (frv. um stjórn fiskveiða).
Úrbætur í meðferð nauðgunarmála (316. mál) 4037.
Varamaður tekur þingsæti 3773.
Vegalög (332. mál, reiðvegaáætlun) 3951.
Öryggi í óbyggðaferðum (327. mál) 4083.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3773, 4031, 4083.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 3800, 3801, 4064, 4066.
Forseti Ed. Jón Helgason 3976, 4001, 4020, 4084, 4111, 4112.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 3886, 3925, 3951, 3970, 3974.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3786, 3892, 3910, 3970, 3973, 4005, 4034, 4036, 4038, 4084, 4122, 4137, 4175.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 4040, 4042, 4044, 4046, 4058, 4059, 4060, 4079.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3871, 3890.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 4046, 4048, 4122, 4156, 4179.
Hagstrh. Júlíus Sólnes 3977, 4016, 4054, 4069, 4084, 4121, 4152, 4171, 4177.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 4061, 4067, 4068.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 3971, 4026, 4030, 4049, 4052, 4055, 4057.
Menntmrh. Svavar Gestsson 4178.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3809, 3919, 4153.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3923, 4022, 4024, 4028, 4031, 4032.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3791.
Alexander Stefánsson 3887.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3962.
Ásgeir Hannes Eiríksson 4049, 4051, 4067, 4069.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3908, 3924.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3842, 3927, 4008, 4015, 4019, 4092, 4136, 4164, 4174, 4178.
Egill Jónsson 4001, 4113, 4170.
Eiður Guðnason 4027, 4053, 4178.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3801, 3976, 3990, 4016, 4100, 4138, 4178.
Friðjón Þórðarson 4080.
Friðrik Sophusson 3780, 3879, 3895, 3920, 4031, 4047, 4049.
Geir H. Haarde 3867, 3891, 3958.
Guðmundur Ágústsson 3861, 3925, 4019, 4162, 4178.
Guðmundur H. Garðarsson 3800, 3801, 3848, 4076, 4081, 4087.
Guðmundur G. Þórarinsson 3951, 3954.
Guðni Ágústsson 4083.
Guðrún Agnarsdóttir 4037, 4038, 4039, 4040, 4041, 4044, 4112, 4158, 4163, 4177.
Halldór Blöndal 3863, 3978, 3997, 4017, 4020, 4021, 4023, 4024, 4025, 4031, 4036, 4084, 4111, 4126, 4154, 4157, 4160, 4162, 4173.
Hjörleifur Guttormsson 3774, 4023, 4028, 4033.
Hreggviður Jónsson 3798, 3905, 3964, 3974, 4029, 4046, 4048, 4050.
Ingi Björn Albertsson 4044, 4057, 4058, 4059.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 3789, 3802.
Jón Helgason 3808.
Jón Kristjánsson 4027, 4054, 4076, 4183.
Karl Steinar Guðnason 3989, 4027, 4050, 4117, 4158, 4161.
Karvel Pálmason 4084, 4104, 4112, 4145, 4152, 4153.
Margrét Frímannsdóttir 3987, 4019, 4155.
Matthías Bjarnason 4179, 4182.
Ólafur Þ. Þórðarson 3956, 4065.
Páll Pétursson 4181.
Pálmi Jónsson 3971.
Ragnhildur Helgadóttir 4030, 4051, 4054, 4055, 4056.
Rannveig Guðmundsdóttir 3876, 3957.
Salome Þorkelsdóttir 3846, 3942, 3975, 3979, 4011, 4020, 4040, 4111, 4114, 4168, 4176, 4177.
Sigríður Lillý Baldursdóttir 4068.
Skúli Alexandersson 3829, 3863, 4066, 4153, 4176.
Stefán Guðmundsson 4026.
Stefán Valgeirsson 3884, 3903, 3970, 4023, 4030, 4034, 4036, 4037, 4060, 4066.
Þorsteinn Pálsson 3800, 3802, 3885, 3917, 3924, 3955, 3966, 3973, 4021, 4022, 4023, 4028, 4029, 4032, 4033.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3819.
Þórhildur Þorleifsdóttir 3775, 3898, 4182.

SAMEINAÐ ÞING

56. fundur, mánudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 5. mars 1990:

„Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra, Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður fjmrh., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd.“

Samkvæmt þessu bréfi og skv. 4. gr. þingskapalaga ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Svanfríðar Jónasdóttur, 1. varamanns Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi, kjörbréf 1. varaþingmanns Alþb. í Norðurl. e., Svanfríðar Jónasdóttur, sem kæmi inn í stað 4. þm. Norðurl. e. Steingríms J. Sigfússonar.

Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta erindi og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Svanfríðar Jónasdóttur samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svanfríður Jónasdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Ég býð hana velkomna til starfa á Alþingi.

Málrækt 1989, frh. einnar umr.

Skýrsla menntmrh., 266. mál. — Þskj. 475.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Afnám togveiðiheimilda fyrir Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. GuðmÁ, 287. mál. — Þskj. 520.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 520 um afnám sérstakra togveiðiheimilda fyrir Vestfjörðum.

Þáltill. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á sjútvrh. að endurnýja ekki heimild til togveiða á sérstökum svæðum fyrir Vestfjörðum, sbr. C-lið 1. gr. reglugerðar nr. 417 29. ágúst 1989.“

Sérstakar heimildir fyrir togveiðar umfram ákvæði B-, F- og G-liða 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 voru að sögn fyrst gefnar út í tilraunaskyni í september 1984 og hafa verið endurnýjaðar árlega síðan.

C-liður reglugerðarinnar, sem fjallar um sérstakar togveiðar fyrir Vestfjörðum, var meðal annars settur í þeim tilgangi að nýta betur flatfisk innan almennra togveiðimarka, á mörgum stöðum allt að fjögurra mílna mörkunum.

Smábátar á Vestfjörðum hafa að verulegu leyti stundað línuveiðar á þessum miðum en eftir að togskip komu þangað hafa smábátarnir orðið annaðhvort að leggja lóðir sínar innan fjögurra mílna markanna, við rýran hlut, eða sækja allt að 20–30 sjómílur á haf út til að forðast veiðislóð togskipanna.

Augljóst er að þetta hefur stóraukna hættu í för með sér fyrir útgerð og áhafnir smærri báta ef óveður brestur á eins og títt er á þeim árstíma sem reglugerðin gildir, eða frá október til loka desember ár hvert. Á sama hátt má benda á lýjandi og kostnaðarsama sókn smábáta á svo fjarlæg mið.

Á síðustu árum hefur því verið haldið fram að hlutur flatfisks í afla þeirra togskipa, sem þessar veiðar stunda, hafi dregist verulega saman og meginuppistaðan í afla þeirra sé nú ýsa og þorskur. Einnig hefur verið á það bent að togskipum frá Vestfjörðum hefur stórlega fækkað í þeim flota sem nýtir heimildir reglugerðarinnar og í þeirra stað eru komin skip frá öðrum byggðarlögum.

Það má ljóst vera að reglugerðin leiðir til óhagkvæmra veiða þar sem langsigling aðkomuskipa á þessi mið er freistandi meðan þau eru opin í stað þess að stunda þau sem nær liggja löndunar- eða heimahöfn. Gæði aflans og verðmæti rýrna að sama skapi við þessa sókn, borið saman við línuafla smábáta frá nálægum höfnum sem óefað mundi aukast til mikilla muna fengju þeir frið til að stunda línuveiðar á þessari fiskislóð.

En þyngst á metunum vegur sá háski sem smábátum og sjómönnum á þeim er teflt í með því að þvinga þá á þennan hátt í langsiglingar á fjarlæg mið í vetrarbyrjun þegar allra veðra er von.

Verði reglugerðin endurnýjuð er því lagt til að C-liður hennar verði felldur niður.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða mál sem af eðlilegum ástæðum verða alltaf nokkrir árekstrar um, þ.e. árekstrar milli hinna ýmsu flokka skipa í íslenska fiskiskipaflotanum.

Þegar núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett fyrir u.þ.b. þremur árum var framlengt ákvæði sem heimilaði sjútvrh. að opna fyrir togveiðar á sérstökum svæðum fyrir Vestfjörðum og Austurlandi. Þessi svæði voru opnuð af þeim ástæðum að þar var talið að væru kolastofnar í allmiklum mæli sem væru vannýttir og væri rétt að opna þessi svæði fyrir togskip.

Reynsla af þessum veiðum er allgóð. Það er hins vegar rétt að það er allmikið hlutfall af bolfiski í afla skipanna fyrir Vestfjörðum á haustin. En þó er hér um að ræða veiðar sem eru mjög mikilvægar fyrir nokkur skip, ekki síst frá Vestfjörðum. Mér er tjáð að mestur hluti afla þessara skipa hafi verið ýsa, skarkoli og ýmsar aðrar tegundir svo sem steinbítur, en þorskur hafi ekki verið í mjög miklu magni. Hins vegar liggja ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um skiptingu aflans þannig að ég get ekki alveg fullyrt um það. En veit þó að eitt skip frá Ísafirði fékk á sl. hausti um 70 tonn af skarkola á þessu svæði og að þetta svæði er mjög mikilvægt fyrir nokkur togskip á Vestfjörðum.

Þeir sem stunda smábátaveiðar eru óánægðir með að þetta svæði skuli vera opið fyrir togskipum. Hv. flm. leggur til að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra en ekki sjónarmiða hinna sem hafa jafnframt hagsmuna að gæta og þess fólks sem vinnur aflann.

Þannig er víða um landið að því er varðar mál sem árekstrum valda. Í slíkum tilvikum er reynt að hafa sem best samráð við heimaaðila um málið. En í þessu tilviki eru skoðanir mjög skiptar.

Sjútvrn. hefur í ákvörðunum sínum reynt að taka tillit til heildarhagsmuna en að sjálfsögðu ber að endurskoða allar ákvarðanir í ljósi breytinga sem upp koma. Ef í ljós kemur að það er andstætt hagsmunum fólksins sem byggir á þessum afla að umrædd svæði séu opin þá ber að sjálfsögðu að breyta þeim ákvörðunum. En ég efast um það og tel að það hafi þjónað heildarhagsmunum að þessi svæði hafi verið opnuð til togveiða á haustin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Nám og þjálfun í öðrum löndum fyrir atvinnulífið, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 295. mál. — Þskj. 529.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um nám og þjálfun í öðrum löndum fyrir atvinnulífið. Ástæðan fyrir þessari þáltill. er tvíþætt:

Annars vegar er hugmyndin að mennta fólk í þeim löndum sem við annaðhvort seljum vörur núna eða komum til með að selja vörur í náinni framtíð. Flm. sér það þannig fyrir sér að ungt fólk verði aðstoðað við að sækja skóla í þessum löndum, vaxa þar úr grasi, kynnast siðunum sem eru í löndunum, kynnast venjum, kynnast neysluvenjum þjóðanna. Sjá hvað bjóða má þessum löndum og hvað þýðir ekki að bjóða þeim, ganga í skóla með jafnöldrum sínum og leita inn í viðskipta- og verslunarskóla í þessum löndum, innan um það fólk sem væntanlega tekur við forustu í þjóðfélögunum á sviði viðskipta og stjórnsýslu. Þannig að í framtíðinni eigi okkar fólk skólafélaga, lykilmenn í viðkomandi löndum sem það getur leitað til þegar þörf krefur og það er komið heim til Íslands að taka til óspilltra málanna við að selja okkar afurðir til annarra landa.

Hins vegar er það hlutverk þeirrar áætlunar sem hér er talað fyrir að mennta fólk í öðrum löndum til þess að kynna sér og fræðast um einstaka þætti atvinnulífsins hér heima og vil ég þá sérstaklega taka álverið sem dæmi. Þegar álverið var reist voru engir Íslendingar til sem höfðu sérþekkingu á álvinnslu eða viðskiptum með ál og þess vegna . . . Má ekki bjóða hv. þm. Halldóri Blöndal að koma hér í pontuna til mín? Þá getum við sameinað fundina tvo í salnum. (Gripið fram í.) Já, já.

Það sem ég vildi sagt hafa var að þegar álverið var reist hér á Íslandi höfðum við ekki fólk sem var í stakk búið til þess að takast á við álmálin í landinu. Fólk sem kunni að framleiða ál, selja það eða fylgjast með álrekstrinum hér á landi. Þess vegna lýtur helmingur þessarar tillögu að því að mennta fólk til verkefna á borð við álvinnslu, þ.e. að senda fólk til að læra allt sem hægt er að læra um ál, vinna í áliðnaði og við álsölu, koma hingað heim með þá þekkingu til þess að taka við stjórnunarstöðum í álverinu og í viðkomandi ráðuneyti þannig að ekkert komi okkur á óvart í þessum málum og að við þurfum ekki að taka orð erlendra eigenda álversins sem góða latínu. Gætum heldur gengið úr skugga um hlutina sjálf af því að við höfum kunnáttu og þekkingu til þess að fylgjast með. Getum þess vegna sjálf tekið á hækkunum í hafi og öðrum slíkum æfingum sem hugsanlega koma upp. Ég nefndi álverið sem dæmi en þetta gildir líka fyrir ýmsa aðra þætti í þjóðfélaginu sem við erum vanbúin til þess að takast á við í dag.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fylgja þessu úr hlaði með fleiri orðum, en að lokum legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Kynning á nýjum Evrópumarkaði, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 296. mál. — Þskj. 531.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipulega kynningu á nýjum Evrópumarkaði EFTA og EB. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað kynningu meðal þjóðarinnar um málefni EFTA og EB vegna sameinaðs markaðar í Evrópu. Ríkisstjórnin skili Alþingi áfangaskýrslu um málið í þingbyrjun haustið 1990."

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er fyrst og fremst sú að í skoðanakönnunum hefur komið í ljós að íslenska þjóðin hefur ekki fylgst nógu vel með þeim viðræðum sem verið hafa í gangi á milli EFTA og EB-ríkjanna um væntanlegan og hugsanlegan sameinaðan markað í Evrópu.

Þjóðin stendur brátt frammi fyrir mjög stórri spurningu sem hún þarf að svara á einn eða annan veg. Nú standa samningar EB og EFTA enn þá yfir þannig að það er ekki ljóst hvaða kostir það eru sem okkur bjóðast en það styttist óðum í það að við þurfum að gera upp hug okkar frammi fyrir þeim kostum og þess vegna telur flm. nauðsynlegt að þjóðin sé látin fylgjast betur með framvindu þessara mála en verið hefur.

Flm. telur að það sé hlutverk Alþingis að sjá til þess að öllum Íslendingum standi til boða að kynna sér forsögu þessa máls, kynna sér allt um Efnahagsbandalagið og EFTA, um þreifingarnar og undirbúninginn sem verið hefur og þær viðræður sem núna eru byrjaðar. Við þurfum að hafa tækifæri til að meta þetta, raða upp kostum og ókostum, nákvæmlega eins og í bókhaldi, debet og kredit, og hver einasti maður verður fyrr eða síðar að vera nógu vel að sér um þessi mál til þess að geta gert upp hug sinn sjálfur. Þess vegna þarf að nota í þessu sambandi alla fjölmiðla þjóðfélagsins. Það þarf að nota skólana, vinnustaði, fundi, félagslíf og samkomur til að koma þessu áleiðis því að þetta er einhver stærsta spurning sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir. Hún er þó þannig í laginu einhvern veginn að fólk hefur ekki áhuga, lítur á þetta sem hversdagslegan og sjálfsagðan hlut. Það hefur í rauninni ekki áhuga vegna þess að eðli málsins er frekar þurrt. Fyrir bragðið má búast við því einn góðan veðurdag að menn geti staðið frammi fyrir því að ekki verði aftur snúið, það sé búið að samþykkja eitthvað sem þeim er sjálfum þvert um geð og kemur beint á þeirra vilja, hagsmuni eða skynsemi.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki þurfi að fara fleiri orðum um þetta nema ég ítreka það að það er skylda Alþingis að koma kynningu og fræðslu um þessi mál til allrar þjóðarinnar þannig að enginn maður velkist í vafa um hvað þetta mál snýst um þegar að því kemur að hann þarf að taka ákvörðunina um að ganga til samstarfs við þessar þjóðir eða hafna samstarfi. Og að lokum vil ég leggja til að þetta mál verði lagt fyrir dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu samfara alþingiskosningum eða næstu kosningum eftir að valkostir eru ljósir.

Að svo mæltu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Fræðsla fyrir útlendinga búsetta á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 299. mál. — Þskj. 535.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 535, um skipulega fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi. Flm. ásamt mér eru þingkonur Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að útlendingar, sem taka sér búsetu á Íslandi, hljóti skipulega fræðslu og leiðsögn sem miði að því að auðvelda þeim að takast á við daglegt líf í íslensku umhverfi.

Fræðslan skal einkum ná til eftirtalinna atriða: kennslu í íslensku, fræðslu um réttindi og skyldur íslenskra þjóðfélagsþegna, fræðslu um íslenska þjóðfélagið og helstu stofnanir þess, fræðslu um sögu landsins og staðhætti, íslenska menningu og þjóðlíf."

Í fylgiskjali með tillögu þessari er að finna fréttatilkynningu frá Hagstofu Íslands frá 12. jan. sl. þar sem m.a. má sjá fjölda þeirra sem búsettir eru á Íslandi en fæddir erlendis, en það eru nú um 10 þús. einstaklingar. Eins og sjá má á því fylgiskjali er nú búsett á Íslandi fólk frá öllum heimsálfum auk þess sem fjölmargir hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt hin síðari ár. Á allra síðustu árum hefur æ oftar komið í ljós að erlendar konur, sem giftast Íslendingum, virðast að ýmsu leyti verr settar en karlar hvað varðar það að tengjast og aðlagast íslensku þjóðfélagi. Einkum er þetta erfitt fyrir konur sem eru upprunnar í þjóðfélögum þar sem staða konunnar og viðhorf til kvenna er gjörólíkt því sem gerist hér á landi, þjóðfélögum þar sem litið er svo á að vettvangur konunnar sé eingöngu heimilið og engin félagsleg þjónusta er fyrir hendi.

Um málefni kvenna frá fjarlægum heimsálfum hefur nokkuð verið fjallað í blöðum undanfarin rúmlega tvö ár en samkvæmt frétt í Pressunni frá 11. maí sl. leita íslenskir karlmenn í auknum mæli til Thailands og Filipseyja eftir kvonfangi. Talið er að í hverjum mánuði komi milli 10 og 20 einstaklingar til

landsins með thailenskt eða filipeyskt vegabréf og er hluti þess hóps konur sem hingað koma með væntanlegum íslenskum eiginmönnum sínum. Ég ætla aðeins að fá að vitna til þessarar greinar, með leyfi forseta, en þar segir í síðasta hluta greinarinnar undir yfirskriftinni „Flýja fátæktina":

„Á Filipseyjum og í Thailandi er mikil fátækt og sennilega er það hluti skýringarinnar á því að stúlkur þaðan hætta á ferð út í óvissuna með karlmönnum sem koma frá velmegunarríkjum Vestur-Evrópu. Það er reynsla tollyfirvalda á Norðurlöndum að ættingjar stúlkna frá þessum löndum sæki í að komast til þeirra og setjast að í viðkomandi landi. Karl Jóhannsson segir það sama uppi á teningnum hér á landi og að ásókn Asíubúa í að koma hingað fari vaxandi." Það er rétt að geta þess að Karl Jóhannsson, sem hér var nefndur, vinnur hjá útlendingaeftirlitinu.

Þrátt fyrir þá staðreynd að staða kvenna hér á landi er allt önnur er ekki auðvelt fyrir þessar konur að brjótast undan því viðhorfi sem þær hafa vanist frá bernsku. Hér á landi koma þær inn í nýjan menningarheim og er þá trúlegt að ýmsir árekstrar verði og þá kannski ekki síst árekstrar milli kynslóða því að í umræddri frétt í Pressunni frá 11. maí kemur fram að eiginmenn þessara kvenna eru oft um það bil helmingi eldri en þær. Ég ætla aðeins að fá að vitna til greinarinnar aftur, með leyfi forseta. Þar segir:

„Starfsfólk á ferðaskrifstofum kannast við íslenska karlmenn sem biðja um ferð til Filipseyja eða Thailands. Lausleg athugun leiddi í ljós að gjarnan eru það eldri menn sem sækja þessar ferðir, oft komnir á sextugsaldur." Og skömmu síðar í greininni segir: „Eftir því sem Pressan kemst næst eru stúlkurnar sem koma hingað frá Filipseyjum og Thailandi iðulega á aldrinum 20–25 ára eða helmingi yngri en eiginmennirnir." Hlutskipti þessara kvenna verður oft það að einangrast við heimilisstörf. Af þeim sökum kynnast þær e.t.v. aðeins þröngum hópi fólks og leita sumar eingöngu eftir félagsskap við eigin landsmenn séu þeir til staðar. Þar eð engin upplýsinga- og fræðsluskylda er fyrir hendi í þjóðfélaginu reynist þeim mjög erfitt að læra tungumálið og fæstar þekkja réttindi sín og skyldur og leita ekki eftir slíkri fræðslu af eigin hvötum. Við hjúskaparslit eða fráfall maka standa þær oft frammi fyrir vandamálum sem eru þeim óyfirstíganleg.

Í DV 27. jan. sl. eru tvær fréttir um konur sem koma frá Asíulöndum og hér segir í yfirskrift annarrar fréttarinnar, með leyfi forseta: „Fá slæmar móttökur hér á landi", en það er haft eftir Guðrúnu Ágústsdóttur, aðstoðarmanni menntmrh. Það kemur einnig fram og er auðvitað áhyggjuefni að konur þessar hafa, reyndar eins og aðrar konur, þurft að leita til Kvennaathvarfsins en í annarri frétt, sem er undir yfirskriftinni „Kvenfyrirlitning fremur en kynþáttahatur, segir Nanna Christensen hjá Kvennaathvarfinu", segir, með leyfi forseta:

„Á síðasta ári leituðu um 170 konur í Kvennaathvarfið og af þeim eru sex konur frá framandi menningarsvæðum, Thailandi og Filipseyjum," sagði Nanna Christensen hjá Kvennaathvarfinu í Reykjavík. „Það hefur komið í ljós í viðtölum við þessar konur að þær eru afar ófróðar um réttarstöðu sína og hvaða möguleika þær hafa hér á landi. Sem dæmi má nefna að ein varð afar undrandi á því að hún gæti skilið við mann sinn án þess að verða rekin úr landi sem hún gat ekki hugsað sér."

Nanna taldi ekki að hér væri um kynþáttahatur að ræða, heldur miklu fremur almenna kvenfyrirlitningu. „Það er nú svo að margir karlmenn eru haldnir þessari kvenfyrirlitningu og telja að þeir geti vaðið yfir konur á allan máta. Íslenskar konur sem leita til athvarfsins eru margar hverjar mjög beygðar, en þær eiga betri möguleika á að taka föggur sínar og losa sig úr þess konar ástandi. Tungumálaerfiðleikar austurlensku kvennanna koma einnig í veg fyrir að þær fái atvinnu við sitt hæfi. Þeim vex í augum að standa á eigin fótum og verða fyrir bragðið algerlega háðar eiginmanni sínum."

Það eykur enn á vandann að oftast eru þessar konur ekki talandi á öðru tungumáli en sínu móðurmáli og því er hægt að telja þeim trú um hvað sem er."

Þó að við sem flytjum þessa tillögu hér bendum sérstaklega á stöðu kvenna sem setjast að á Íslandi vegna hjúskapartengsla teljum við að sjálfsögðu ekki síður nauðsynlegt að karlar úr fjarlægum þjóðfélögum sem kvænast íslenskum konum fái haldgóðan skilning á þeim viðhorfum sem konur þeirra hafa alist upp við. Eins og ég gat um í upphafi máls míns hafa fregnir af þessum hópum austurlenskra kvenna sem hingað hafa flust alltaf birst öðru hverju í fjölmiðlum. Kvennalistakonur hafa um nokkurt skeið fjallað nokkuð um þetta mál og reynt að gera sér grein fyrir með hvaða hætti væri best að taka á því. Mig langar, með leyfi forseta, til að vitna í stutta frétt úr Alþýðublaðinu frá 30. des. 1987 en þar er haft eftir þingkonu Kvennalista, Guðrúnu Agnarsdóttur:

„Guðrún Agnarsdóttir sagði að þær hafi rætt þessi mál í sínum hópi og hyggist þær beita sér fyrir því að þeir sem flytji hingað til lands, hvort sem það er vegna giftingar eða annars, eigi vísan upplýsingaaðila sem kynni þeim réttindi sín og eigi greiðan aðgang varðandi aðstoð ef með þarf."

Þetta mál er búið að vera í deiglunni nokkuð lengi bæði í fjölmiðlum og í okkar röðum og sáum við þann kost vænstan að flytja tillögu þess efnis sem hér er flutt.

1. des. 1989 bjuggu tæplega 5000 erlendir ríkisborgarar á Íslandi. Starfsfólk erlendra sendiráða og erlendir þegnar á vegum Bandaríkjahers eiga ekki lögheimili hér á landi og fylla því ekki þennan hóp. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 1. des. 1989 tæplega 10 þús. manns búsettir á Íslandi sem fæddir eru erlendis. Vitað er að nokkur hluti þess hóps eru börn íslenskra foreldra sem búið hafa erlendis um skeið. Ekki liggja fyrir aðgengilegar tölur um hve margir í þessum tæplega 10 þús. manna hópi eru í raun útlendingar en tölurnar sýna þó að hér á landi er búsettur stór hópur fólks sem á rætur sínar í

öðrum og ólíkum samfélögum. Og hin síðari ár hefur þeim fjölgað sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Á Norðurlöndunum og í mörgum öðrum nágrannalöndum okkar telja stjórnvöld sér skylt að bjóða erlendu fólki sem flyst til landsins skipulega fræðslu og leiðsögn sem miði að því að auðvelda því að aðlaga sig samfélaginu og nýta sér þá þjónustu sem í boði er. Í Danmörku eru í gildi sérstök lög um kennslu fyrir fullorðna innflytjendur, þ.e. fólk yfir 18 ára aldri, en gert er ráð fyrir að skólakerfið sinni þeim sem yngri eru. Samkvæmt dönsku lögunum er hverju sveitarfélagi gert að standa fyrir fræðslu sem miði að því að gera innflytjendum kleift að vera raunverulegir þátttakendur í danska þjóðfélaginu. Í Svíþjóð þykir svo sjálfsagt og rétt að útlendingar búsettir í landinu fái sænskukennslu og fræðslu um þjóðfélagið að vinnuveitendum er skylt að gefa þeim leyfi frá störfum til þess að sækja slík námskeið.

Í fréttum á Stöð 2 fyrr í vetur voru viðtöl við nokkrar austurlenskar konur og íslenska eiginmenn þeirra. Hjá öllum kom fram að lífið hefði verið mun auðveldara ef þær hefðu getað fengið kennslu og fræðslu.

Íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti hópum flóttamanna og falið Rauða krossi Íslands umsjón með þeim meðan þeir eru að stíga sín fyrstu spor í framandi þjóðfélagi. Þannig hafa þeir sem hingað hafa komið í skipulögðum hópum notið nokkurrar kennslu í íslensku og leiðsagnar um íslenska þjóðfélagið. Þess má vænta að framhald verði á innflutningi fólks sem ekki á athvarf í sínu heimalandi en auk þess koma árlega fleiri eða færri einstaklingar til landsins á eigin vegum, ýmist vegna hjúskapartengsla, til náms eða í atvinnuleit. Með auknum samskiptum við umheiminn og bættum samgöngum hafa bæði námsdvalir í öðrum löndum og fjarlægum aukist að miklum mun auk þess sem Íslendingar hafa lagst í ferðalög til hinna fjarlægustu heimshluta. Einnig hefur athygli útlendinga beinst að Íslandi í auknum mæli. Áhugi á því að kynnast landi og þjóð hefur orðið til þess að fólk frá öðrum löndum hefur flykkst hingað til náms og í atvinnuleit. Öll þessi samskipti hafa leitt til nánari kynna og jafnvel hjúskapartengsla þannig að erlent fólk hefur sest hér að í sívaxandi mæli. Mjög mismunandi er hvernig þetta fólk er í stakk búið til að aðlagast íslenskum aðstæðum.

Í stuttu máli má segja að það muni vera því þeim mun erfiðara eftir því sem tungumálið er óskyldara og þjóðfélagið ólíkara. Lega landsins, loftslag og veðurfar hefur einnig mjög mikil áhrif. Sú fræðsla sem hér er lagt til að fari fram hlýtur að vera nauðsynleg öllu erlendu fólki sem hyggur á búsetu hér. Þekking á sögu og uppruna þjóðarinnar, réttindum og skyldum þegnanna og góð tök á íslenskri tungu hljóta að vera frumskilyrði þess að fólk sem hér sest að skynji sig sem raunverulega þátttakendur í samfélaginu. Erlent fólk sem velur sér búsetu á Íslandi stendur frammi fyrir marghátttuðum erfiðleikum við að samlagast þjóð og þjóðlífi. Það ætti því að vera stjórnvöldum metnaðarmál að leggja þessu fólki lið í viðleitni þess til að gerast góðir og gegnir þegnar í samfélagi okkar.

Ég hef beint sjónum mínum aðallega að þeim hópi kvenna sem hingað flytja frá Thailandi og Filipseyjum. Okkur flutningsmönnum er að sjálfsögðu kunnugt um þá óformlegu nefnd sem sett var á laggirnar fyrir ábendingar frá Mörtu Bergmann, félagsmálastjóra í Hafnarfirði, og hæstv. félmrh. hafði forgöngu um. Í þeirri nefnd er fulltrúi frá Kvennaathvarfi og Jafnréttisráði auk aðstoðarkonu menntmrh.

Við kvennalistakonur teljum það jákvæða viðleitni og í raun vissa viðurkenningu á því að íslenska þjóðfélagið hafi ákveðnar skyldur gagnvart þeim hópi kvenna sem hingað flytja frá framandi menningarsvæðum. Við teljum þó nauðsynlegt að fræðsla sem þessi nái til allra þeirra útlendinga sem hingað flytja og tekið sé á henni með formlegum hætti.

Að lokinni þessari umræðu vil ég leggja til að tillögunni verði vísað til félmn. og síðari umræðu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég stend upp aðeins til að lýsa yfir stuðningi við þetta mál. Ég tel að hér sé afar gott mál á ferðinni og geti orðið mjög jákvætt þegar til lengdar lætur. Það er ljóst að þetta á ekki einungis við um þá útlendinga sem augljóst er að hafa þegar lent í erfiðleikum vegna þekkingarskorts á ýmsu því sem íslenskt er og íslenskum aðstæðum eða lenda fyrirsjáanlega í slíkum erfiðleikum. Það ætti að vera keppikefli hvort eð er að upplýsa erlenda ríkisborgara sem gerast Íslendingar sem allra best um þær aðstæður sem þeir flytjast í þannig að það verði íslensku þjóðfélagi fengur og auðgandi fyrir íslenska menningu að bæta þeim aðfluttu mönnum í hópinn hvort sem um er að ræða börn, karla eða konur. Það er vissulega rétt sem hv. frummælandi sagði að í flestum tilvikum á þetta við um erlendar konur og þær eiga alla jafnan erfiðara með að sækja sér fræðslu um margvísleg efni vegna þeirra verkefna sem þær hafa að öðru leyti tekist á hendur. Enn fremur er ljóst að fræðsla af þessu tagi hlýtur að þurfa að standa til boða börnum sem hingað flytja stálpuð en eru alin upp erlendis af erlendum foreldrum og hafa engu því kynnst sem íslenskt er. Öllum þessum útlendingum mætti auðvelda aðlögunina og afstýra hugsanlegum erfiðleikum síðar. Og ekki einungis það heldur gæti slík fræðsla orðið jákvæð á báða vegu.

Ég gæti ímyndað mér að í þessu skyni væri afar hentugt að nýta fjarkennslu vegna þess að ýmsir þeir útlendingar sem erfiðast eiga með aðlögun búa á fámennum stöðum víða um landið, þ.e. fólk sem kemur hingað til starfa t.d. í fiskvinnslu og gengur síðan í hjúskap með íslenskum mönnum. Fræðsla þeirra útlendinga sem í fámenninu búa gæti orðið flókið mál. Kæmist ef til vill nokkuð seint í framkvæmd að láta skólakerfið á hverjum stað hafa slík námskeið á boðstólum með jafnaðlilegum hætti og skólareksturinn er á þeim stöðum þar sem fólkið býr. En vissulega væri það æskilegast. Mér virðist að

einmitt í slíku tilfelli ætti að vera hægt að greiða stórlega fyrir og auka jafnrétti þessa aðflutta fólks hvar sem það býr á landinu með því að nota fjarkennslu sem hefur verið allt of lítið notuð. Nýta má sjónvarpið og útvarpið í þessu skyni ásamt leiðbeiningu frá skólanum á staðnum. Þetta vildi ég sérstaklega nefna en þó fyrst og fremst það að orðalag sjálfrar tillögunnar þykir mér jákvætt. Vildi ég óska að tillagan fengi sem greiðastan gang í gegnum þingið og yrði framkvæmd sem allra fyrst.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil eindregið taka undir efni þessarar tillögu sem hér er fram borin og tel mjög brýnt að það verði komið á skipulegri fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi eins og þessi tillaga kveður á um.

Ég tel ástæðu til þess að nefna það í þessari umræðu að seint á sl. ári bárust félmrn. tvö erindi sem lúta að þessu efni. Annars vegar frá verkamannafélaginu Dagsbrún og hins vegar bréf frá félagsmálastjóra í einu sveitarfélaganna.

Í bréfinu frá Dagsbrún var vakin athygli á því að brýnt væri að réttarstaða útlendinga sem vinna við heimilisstörf verði tryggð eins og kostur er og dvalarleyfi ekki veitt nema að fyrir liggi að viðkomandi hafi kynnt sér upplýsingar sem varða réttarstöðu og fleira, þannig að viðkomandi vissu að hverju þeir gengju varðandi vinnuna og fleira.

Efni bréfs félagsmálastjórans var að það væri brýnt að könnun færi fram á högum og aðstæðum þeirra kvenna sem koma frá fjarlægum menningarsvæðum og stofna til hjúskapar án teljandi kynna.

Ég taldi því brýnt í ljósi þessara erinda sem ég fékk að skipa starfshóp sem ég og gerði á sl. ári til þess að athuga stöðu kvenna sem koma frá fjarlægum menningarsvæðum. Um er að ræða um 100 konur frá Filipseyjum og Thailandi. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá dómsmrn., félmrn. og Útlendingaeftirlitinu og verkefni hans er m.a. að kanna hvernig sé best að upplýsa þessar konur um réttarstöðu þeirra og koma á fræðslu um ýmis atriði sem tengjast henni eins og fram kemur í þessari þáltill.

Hér er ekki um að ræða sama starfshóp og hv. 1. flm. þessarar þáltill. nefndi. Það var óformlegur starfshópur á vegum menntmrn. en í honum voru einnig fulltrúi Kvennaathvarfsins og Jafnréttisráðs. Ég hef einmitt talið það brýnt að tengja saman starf starfshópsins sem ég skipaði og þessa óformlega starfshóps á vegum menntmrn. og óskaði eftir því að fulltrúi frá menntmrn. kæmi inn í starfshópinn sem ég skipaði í fyrra.

Ég vænti þess að niðurstaða starfshópsins liggi fyrir hið allra fyrsta og geri mér vonir um að fljótlega verði hægt að kynna niðurstöðu þessa starfs í ríkisstjórninni og hrinda því í framkvæmd, sem ég tel mjög brýnt, að réttarstaða þessara kvenna verði tryggð og þær fái skipulega fræðslu einmitt eins og þessi þáltill. kveður á um.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær jákvæðu undirtektir sem efni þessarar till. hefur hlotið hér. Ég þakka fyrst hv. 3. þm. Reykv. fyrir ýmsar góðar ábendingar sem hún kom með og ekki síst þá, sem ég minntist trúlega ekki á í mínu máli, hvað það gæti auðgað íslenska menningu og aukið á fjölbreytni mannlífsins hér að fá hingað fólk sem er tilbúið til þess að koma og búa í okkar samfélagi. En það er mjög mikilvægt að komið sé í veg fyrir ýmsa erfiðleika sem gætu komið upp vegna þess að fólk á misjafnlega auðvelt með að aðlaga sig aðstæðum hér.

Í máli mínu áðan gerði ég aðallega ráð fyrir að um fræðslu fyrir fullorðið fólk væri að ræða, þ.e. fólk sem er komið af skólaaldri en ég er hjartanlega sammála hv. 3. þm. Reykv. um að auðvitað þarf að huga að börnum á grunnskólaaldri líka. Mér er reyndar kunnugt um að skólarnir gera það eftir megni en kvóti til sérkennslu hefur ekki verið nægjanlegur til þess að hægt hafi verið að sinna því sem skyldi en auðvitað þarf að taka á því máli líka.

Ég þakka líka hæstv. félmrh. fyrir jákvæð viðbrögð hennar. Það starfa greinilega tveir hópar að þessu máli nú um stundir og auðvitað mjög nauðsynlegt og sjálfsagt að þeir tengist til þess að ekki sé unnið að sömu verkefnunum á mörgum stöðum. Ég vona að tillagan fái brautargengi hér miðað við þær undirtektir sem hún fær og þakka enn og aftur fyrir jákvæð viðbrögð við henni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 302. mál. — Þskj. 539.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 539 um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dvelja langdvölum fjarri heimilum sínum."

Flytjendur auk mín eru þingkonur Kvennalistans, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Þessi tillaga er nú endurflutt óbreytt í þriðja sinn. Hún var seinast flutt á 110. löggjafarþingi veturinn 1987–1988. Það er skoðun flutningskvenna að þörf á húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga sé síst minni nú en hún var þá enda þótt ýmsir hafi verið að reyna að

bæta úr þessari brýnu þörf. Það að verið er að reyna að bæta úr þessari þörf staðfestir í rauninni að hér er um mikinn vanda að ræða en ekki að honum hafi verið fullnægt. Taka má sem dæmi að Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um nokkurt skeið styrkt aðstandendur krabbameinssjúklinga til 14 daga dvalar á sjúkrahóteli Rauða krossins eða greitt húsaleigustyrk að sömu upphæð. Það átak er tímabundið og ekki ráðið hvert framhald þess verður þegar það fé sem ætlað er til þessa verkefnis er þrotið.

Eins og fram kom er málið var flutt í fyrsta sinn er einnig til ein íbúð handa foreldrum barna með illkynja sjúkdóma í nágrenni Landspítalans sem kvenfélagið Hringurinn, Rauði krossinn og Krabbameinsfélag Íslands gáfu fyrir tilstuðlan Samhjálpar foreldra. En það er samdóma álit þeirra sem gerst þekkja til þessara mála að þær úrbætur dugi hvergi nærri til.

Eins og nærri má geta reyna foreldrar með öllum ráðum að vera með börnum sínum þegar þau eru oft í erfiðri læknismeðferð á sjúkrahúsum. Og sérhvert foreldri getur spurt sig hvort um annað sé að ræða en að gefa barni sínu allan þann tíma og umhyggju sem hægt er þegar þannig stendur á. Þegar barn veikist er ekki spurt um búsetu. Öll sérhæfðasta læknismeðferðin er í Reykjavík. Öruggt húsnæði í Reykjavík gæti létt mörgum foreldrum þann þunga róður að þurfa ofan á veikindi barns síns að hverfa frá heimabyggð, störfum þar, ættingjum og vinum, oft að skilja önnur börn eftir og heimilið í umsjá annarra. Þetta á ekki einungis við um foreldra sem fylgja veikum börnum sínum. Allir þeir sem þurfa að fara af heimaslóð með veikum ástvinum sínum ættu a.m.k. að eiga í öruggt hús að venda meðan á borgardvölinni stendur.

Kveikjan að því að þetta mál er flutt í þriðja sinn er einmitt ábending frá félagsráðgjafa á krabbameinsdeild Landspítalans. *Í starfi sínu kynnist hún vel* aðstæðum þess fólks sem á deildina leggst og leitar til hennar og fjölskyldna þess. Nærri lætur að einn af hverjum fjórum sjúklingum á deildinni séu utan af landi. Aðstæður fólks til að hverfa frá heimili sínu og störfum, atvinnu og ábyrgð eru misjafnar, en þegar á reynir er stundum ekki um nokkurt val að ræða.

Ég vil taka dæmi. Þroskaheftur maður utan af landi, sem vel getur spjarað sig í sambýli á heimaslóð, getur ekki verið einn þegar hann kemur til lækninga í Reykjavík. Aðstandendur hans eiga ekkert val. Þeir gera sjálfir ráðstafanir til að fylgja honum en það er ekki sjálfgefið mál að þeir gangi að húsnæði vísu og dagarnir 14 sem Krabbameinsfélagið greiðir á Rauðakrosshótelinu eru fljótir að líða.

Og svo ég víki að öðru dæmi. Eiginmaður krabbameinssjúkrar konu úr Eyjum er ekki í vafa um að nærvera hans létti konu sinni róðurinn þegar hún fer til meðferðar í Reykjavík. Þetta staðfestir konan. En hverjar eru aðstæður þessa fólks? Hann losar sig sjálfur úr vinnu, þykist heppinn að geta það. Tekur á sig þá tekjuskerðingu sem hann verður fyrir en 14 dagarnir hans sem Krabbameinsfélagið greiðir eru fljótir að líða. Aftur gerist það og hann getur ekki endalaust látið börn ganga úr rúmi fyrir sér, eins og hann orðar það sjálfur. Þar fyrir utan getur hver maður spurt sjálfan sig hvort ekki sé erfitt að búa langdvölum við erfiðar aðstæður inni á heimilum hjá öðrum. Veikindi náins aðstandanda eru nógu þung byrði að bera þótt ekki bætist það ofan á. En hverra kosta á fólk völ annarra en að leita á náðir sinna nánustu þegar svona stendur á, ef þessara kosta er þá völ?

Ég hygg að flestum sé það ljóst að ef húsnæðismál aðstandenda sjúklinga yrðu leyst er ekki verið að tala um verulega háar upphæðir eða útgjöld fyrir þjóðarbúið. En fyrir þá sem málið varðar gætu þessar upphæðir gert mikið gagn. Hér er ekki fyrst og fremst verið að tala um fjármuni og í raun má aldrei beina athyglinni aðallega að fjármunum þegar um slík mál er að ræða heldur fyrst og fremst að taka afstöðu til hvers máls. Þarna er það spurning um hugarfar.

Ég vil taka dæmi um það að hugarfar og afstaða sem tekin er á Alþingi getur hreyft við málum. Annar baggi sem aðstandendur sjúklinga þurfa að bera er ferðakostnaður er þeir koma utan af landi. Nú er það mál, í kjölfar frv. kvennalistakvenna, til umfjöllunar í tryggingaráði og fær þar mjög jákvæða umfjöllun. Á því má sjá að hægt er að breyta hlutum hafi menn löngun til og taki þá afstöðu sem þarf hverju sinni.

Sérhvert samfélag og ekki síst samfélag eins og okkar ætti að bera hag sjúklinga og fjölskyldna þeirra fyrir brjósti. Við getum ekki skýlt okkur á bak við fáfræði, að við vitum ekki hverjar aðstæðurnar eru. Við verðum að taka afstöðu samkvæmt vitneskju okkar. Í þeirri þáltill. sem hér er flutt er bent á eina leið sem vel er fær til að styðja við bakið á þeim sem á þurfa að halda. Ég vonast því til að málið fái jákvæða umfjöllun á þingi að þessu sinni. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Frjáls flugrekstur, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 303. mál. — Þskj. 544.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um frjálsan flugrekstur og flug. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa frv. til laga um að gefa flugrekstur frjálsan á Íslandi ásamt leyfi til áætlunarflugs, leiguflugs og vöruflutninga innan þeirra marka sem alþjóðalög og samningar leyfa. Frumvarpið verði lagt fyrir næsta löggjafarþing haustið 1990.“

Flutningsmaður er þeirrar skoðunar að þar sem

Íslendingar eru mjög háðir flugsamgöngum, bæði innan lands og utan, sé eðlilegt að flugsamgöngur séu ekki heftar á þann hátt sem hér hefur verið nánast frá upphafi, leyfisbundnar þannig að mjög erfitt og nánast útilokað er fyrir einstaklinga að hasla sér völl á þessu sviði þar sem allar helstu áætlunarleiðir frá landinu og innan lands eru bundnar. Því er ekki um auðugan garð að gresja á þessum vettvangi. Rekstur ferðaþjónustu er mikilvæg atvinnugrein hér á landi og við bindum mjög miklar vonir við hana sem eina af þeim framtíðargreinum sem taka við vinnuafli og skapa okkur gjaldeyri í þjóðarbúið. Flugið er einn stærsti þátturinn í þessum atvinnuvegi. Þegar er farið að bera á nokkru atvinnuleysi, bæði í flugrekstrinum og í ferðamannaþjónustunni.

Áratugum saman voru hér starfandi tvö flugfélög sem héldu uppi samkeppni en þau voru sameinuð í fyrirtækið Flugleiðir á sínum tíma. Merkilegar tölur eru til í sambandi við komu ferðamanna til landsins á þeim tíma sem flugfélögin voru tvö og síðan eftir sameininguna. Í fskj. með tillögunni er súlurit sem sýnir fjölda erlendra ferðamanna til Íslands árin 1960–1988. Með leyfi forseta vil ég vitna í það. Meðan flugfélögin störfuðu tvö á árunum 1960–1973 jókst ferðamannastraumur til landsins úr 10 þús. manns á ári hægt og bítandi upp í rúmlega 70 þús. árið 1973. Á tímabilinu 1973–1982 þegar Flugleiðir voru einar um hituna stóð fjöldi ferðamanna nánast í stað. Það voru litlar breytingar. Árin 1974 og 1980 fer fjöldinn niður fyrir 70 þús. en annars er hann rétt um og yfir 70 þús. mörkin. Árið 1982 er Arnarflugi veitt leyfi til að fljúga á milli landa. Þá strax fer erlendum ferðamönnum að fjölga og það mjög ört. Um það bil 72 þús. erlendir ferðamenn koma hingað 1982 en súlan rís strax og er á árinu 1987 komin upp í 130 þús. manns.

Af þessu má draga þann lærdóm að samkeppni sé af hinu góða í flugrekstri. A.m.k. virðist samkeppnin fjölga erlendum ferðamönnum á landinu og það er mikilvægur þáttur í að byggja upp þá ferðaþjónustu sem við ætlum okkur að treysta á í framtíðinni. Ferðaþjónustan þarf á fleiri ferðamönnum að halda til að draga úr atvinnuleysi í stéttinni og almennu atvinnuleysi í landinu og taka á móti nýju fólki á vinnumarkaðinum. Okkur veitir ekki af nýjum peningum í þjóðarbúið, sérstaklega á þessum erfiðu tímum þegar atvinnuleysi er í mörgum stéttum og gjaldþrot víða.

Þá er flm. eindregið þeirrar skoðunar að með frelsi í flugrekstri fái Íslendingar sjálfir notið þeirra lágu fargjalda sem Flugleiðir bjóða erlendu fólki á útlendum mörkuðum en hafa verið forboðnir ávextir fyrir okkur Íslendinga hingað til. Þannig geta útlendingar flogið hingað fyrir mun lægri fargjöld en okkur standa til boða, Íslendingum sjálfum, að fljúga frá Íslandi og til annarra landa. Þetta er náttúrlega svo hróplegt misræmi að það nær ekki nokkurri átt, sérstaklega þar sem hér er um flugfélag að ræða sem oftar en einu sinni hefur leitað á náðir almennings í landinu. Bæði til að láta fella niður gjöld úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og eins hefur þetta flugfélag oftar en einu sinni beðið almenning um að ábyrgjast flugvélakaup með vinnu sinni og eignum um ókomna framtíð í formi ríkisábyrgðar. Það er því lágmarkskrafa flm. að þetta flugfélag sjái sóma sinn í að bjóða Íslendingum a.m.k. jafnhagstæð fargjöld og útlendingum.

Árið 1992 mun sameiginlegur Evrópumarkaður væntanlega taka gildi. Þá losnar um allan flugrekstur í álfunni. Á þessari stundu er erfitt að sjá hvernig það kemur við á flugrekstur okkar Íslendinga. Þess vegna er ekki seinna vænna að gefa flugrekstur frjálsan til þess að Íslendingar geti búið sig undir þá samkeppni sem óneitanlega fylgir hinum mikla Evrópumarkaði árið 1992. Það er trú flm. að það eina sem geti haldið okkar hlut í þeim viðskiptum sé algert frelsi.

Stutt er síðan ríkið gaf eftir og veitti fólki möguleika á að stofna útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar. Ljósvakinn var gefinn frjáls. Reynslan af því frelsi er sú að hér hafa sprottið upp fjölmargar nýjar stöðvar. Fjöldi fólks hefur fengið atvinnu við þessar stöðvar mál og ekki er að sjá annað en landsmenn kunni ágætlega að meta þær. Frelsið á ljósvakanum hefur greinilega borið þann ávöxt sem við var að búast. Næst er að gefa frelsi í loftinu þannig að flugrekstur verði frjáls eins og fuglinn.

Í því kerfi sem við búum við í dag erum ýmsar brotalamir. Það er aldrei hægt að tryggja öllum þegnum sama rétt þegar áætlunarleiðum er úthlutað á þann hátt sem gert er í dag. Áætlunarleiðir til útlanda og innan lands eru bundnar árum og áratugum saman hjá sama flugfélaginu og öðrum er ekki heimilt að keppa á þeim leiðum. Flm. lítur svo á að það sé skylda Alþingis að tryggja öllum þegnum sama rétt. Þess vegna sé það í rauninni í þeim anda sem Alþingi á að starfa eftir að gefa flugreksturinn frjálsan. Því er lagt til hér að samgrh. hefjist strax handa við að undirbúa lagafrv. sem tryggi að frelsi ríki í flugmálum í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri um tillöguna en mæli með að henni verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þessarar tillögu og þess sem fram kom í máli hv. flm., 16. þm. Reykv. Hann taldi þörf á að leyfa frjálsan flugrekstur til að geta fengið hingað sem flesta ferðamenn. Það þyrfti að fjölga komum ferðamanna til landsins. Komið hefur fram, og kom mjög sterklega fram á ráðstefnu Ferðamálaráðs nú fyrir hálfum mánuði, að það sem við Íslendingar þurfum miklu frekar á að halda er að gæta þess að vernda landið og var talað um að jafnvel þyrfti ítölu á ákveðnum svæðum uppi á hálendinu þar sem ágangur ferðamanna er mjög mikill.

Nú hefur verið stofnað sérstakt umhverfisráðuneyti og á þetta mál sennilega eftir að koma til kasta þess, að vernda landið, hvort sem er gegn mönnum og þeirra athöfnum eða þá dýrum. Þar sem formaður Borgfl., flokksfélagi hv. flm., hefur nú tekið sæti

umhverfisráðherra vona ég að þar verði áherslan ekki sú sem fram kom hér í máli hv. þm. Mörg vandamál hafa fylgt í kjölfar þess að hingað fóru að koma hópar ferðamanna, einmitt á vegum erlendra aðila. Það hafa verið vandamál varðandi innflutning á matvælum, eldsneyti með bílum og bílainnflutning af ýmsu tagi. Ég vildi aðeins benda á, vegna þess að hv. flm. lagði ríka áherslu á fjölgun ferðamanna, að ég held að við ættum frekar að huga að því að hafa ferðamennina færri heldur en fleiri en reyna að stefna að því að fá hingað þá ferðamenn sem eru tilbúnir til þess að koma og vera á ráðstefnum og fundum eða jafnvel að njóta okkar heilsulinda og skilja þess vegna eftir sig töluverðar tekjur. Ég held að hér sé ekki spurning um fjöldann heldur til hvaða hóps við reynum að höfða þegar við markaðssetjum okkar ferðaþjónustu, ef ég má nota það orð.

Hv. 16. þm. Reykv. hefur flutt hér margar tillögur og mér þykir þessi hér vera nokkuð stórhuga, um frjálsan flugrekstur sem gæfi væntanlega öllum mögulegum flugfélögum kost á því að fara hér um. Veit ég ekki hvort það er tímabært fyrir okkur að hugsa svo stórt enn þá því að auðvitað er markaðurinn takmarkaður. Ég man ekki betur en að hv. þm. flytti hér till. til þál. fyrr í vetur, sem mun vera 212. mál þingsins, þar sem hann leggur til að við Íslendingar reynum að kanna hvernig önnur smáríki afla sér tekna og haga stjórnkerfi sínu. Mér sýnist að sú tillaga sem hér var mælt fyrir sé þversögn við það sem fram kemur í grg. með smáríkjatillögunni.

Ég hef ákveðnar efasemdir um að frjáls flugrekstur sé tímabær vegna þess hversu takmarkaður markaðurinn er og vildi einnig koma þessu að með stefnuna í ferðaþjónustunni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vakti verulega athygli mína að fulltrúi Kvennalistans, hv. 6. þm. Vesturl., flutti hér ræðu og taldi það með brýnni verkefnum að fækka ferðamönnum til Íslands, nánast að sérstöku ráðuneyti væri komið á laggirnar sem hlyti að snúa sér að því að stöðva það að jafnmargir ferðuðust um íslensk öræfi og þar ferðast í dag.

Nú fer það ekki milli mála að við þurfum margt upp að byggja á íslenskum öræfum til þess að hægt sé að taka þar á móti ferðamönnum. En mér er spurn: Ætlum við að fara að setja lög um það að hingað til lands eigi aðeins að koma ríkir ferðamenn? Þeir eigi að fara á ráðstefnu á Loftleiðum og í sundlaugarnar í Reykjavík en þeir eigi ekki að þvælast upp á fjöll? (**Gripið fram í:** Er það frá Kvennalistanum?) Ég átta mig beinlínis ekki á stefnunni, en svona var þetta sett fram. Hér áðan var verið að hreyfa máli sem vafalaust er hægt að segja um með sanni, eins og um svo mörg önnur, að það væri á margan hátt gott mál en það kosti peninga. Og það sem mér virðist gjarnan vanta í málflutning Kvennalistans er hvernig þær hafa hugsað sér að standa að þeirri fjárhagslegu þörf sem um er að ræða ef við gerum alla hina góðu hluti en stígum svo á bremsurnar þegar um atvinnuuppbyggingu er að ræða.

Ég held að aðalatriðið í þessari umræðu hafi gleymst. Aðalatriðið er það að íslenska þjóðin hefur loftferðasamninga við aðrar þjóðir. Og þessir loftferðasamningar eru gagnkvæmir. Það þýðir það að ef við megum fljúga til New York-borgar, þá má flugfélag í New York-borg fljúga til Íslands. Það þýðir það að ef við megum fljúga til Amsterdam, þá má flugfélag í Amsterdam fljúga til Íslands. Og ef við megum fljúga til kóngsins Kaupmannahafnar, þá má flugfélag í Danmörku fljúga til Íslands. Þetta þýðir það að ef það frelsi kemst á, sem menn eru margir að tala um að eigi að komast á árið 1992, þ.e. að frjálst sé fyrir Íslendinga að taka þátt í atvinnurekstri á ýmsum stöðum erlendis og einnig að rýmka möguleika útlendinga til að taka þátt í atvinnurekstri á Íslandi, gæti komið upp sú staða að til þess að ungir athafnamenn á Íslandi ættu kost á því að stofna flugfélag og hefja flug á milli Íslands og Kaupmannahafnar yrðu þeir að stofna slíkt flugfélag í kóngsins Kaupmannahöfn. Þá gæti komið upp sú staða að ef þeir vildu hefja flug á milli Íslands og Amsterdam yrðu þeir að stofna slíkt flugfélag í Amsterdam. Og það sem meira er, það væri ekkert sem bannaði þeim að gera það.

Ég verð nú að segja eins og er að miðað við það að ég er hlynntur uppbyggingu á Íslandi og í íslenskum atvinnurekstri og að íslenskir athafnamenn muni frekar reka slíka starfsemi frá þessu landi en öðrum löndum, þá neita ég að líta svo á að hér sé verið að tala um einhverja hluti úti í fjarskanum. Hér er verið að tala um þá hluti að í stað þess að binda þetta leyfum verði þetta frjálst. Og auðvitað mun markaðurinn ráða umsvifunum en því má slá föstu, miðað við það mannhaf sem er erlendis, að það skiptir ekki höfuðmáli í þeirri stöðu hvort eitthvað fleiri reyna að glíma við það að fá erlenda ferðamenn til landsins. Sá markaður er það stór að hér er ekki um það að ræða að hægt sé að segja að menn séu að kroppa augun hver úr öðrum, nema menn vilji líta svo á að nú séum við búnir að fá þann fjölda ferðamanna til landsins sem við viljum fá og við viljum alls ekki fá fleiri. Ef við lítum þannig á málið erum við vissulega að skipta niður í smátt því sem fyrir er.

Ég held þess vegna að þessi tillaga sé þess virði að menn setjist niður með opnum huga og hugleiði þetta: Hvað mælir með því að þetta skuli vera bundið? Hvða mælir með því? Er það bundið leyfum að hafa siglingar á milli landa? Er eitthvað sem segir að þannig skuli að því staðið? Ég hef orðið miklar efasemdir við þessi leyfi eins og þau eru og hafa verið. Ég skil ekki þann Íslending, hreint út sagt, sem telur að eðlilegt sé að ef þú vilt kaupa flugfar frá Keflavík til New York eigir þú að borga miklu hærra verð fyrir það en ef þú vilt kaupa flugfar frá New York til Lúxemborgar og millilend-

ir svo í Keflavík og ferð af þar. Ég skil ekki að eðlilegt sé að þannig sé staðið að málum. Og í ljósi þess verð ég að segja eins og er að ég tel að það séu ferskir vindar sem blási um þá menn sem vilja ráðast á það kerfi sem við höfum byggt hér upp, með bænaskjölum og leyfisveitingum, og þori að leggja til breytingar á því kerfi.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Mig langar til að leggja hér örfá orð í belg. Auðvitað er frjálsræði og frelsi göfugt hugtak en raunsæi verður líka að fylgja því. Hvað eiga menn við þegar menn tala um frjálsa flugsamkeppni? Eru menn að tala um flugið bara á milli landa? Ef svo er, hvað ætla menn að gera við hitt sem er þá út undan, milli svæða innan lands? Á að aðskilja þetta? Eða finnst mönnum líklegt að í frjálsræðinu öllu taki hinir stóru að sér að sjá um landsbyggðina og flytja þar í milli í lofti? Er þetta inni í dæminu hjá þeim sem núna tala um frjálsræði í flugrekstri? Eða hvernig ætla menn að leysa málið í heild, bæði fyrir þá sem vilja fara til útlanda og eins fyrir hina sem verða og þurfa að ferðast innan lands með flugi? Eða eru menn að afgreiða þetta alveg? Dettur mönnum í hug að það verði margir til þess að sjá fyrir flugi innan lands á hin dreifðu svæði ef einhver einn stór aðili fengi flugið til útlanda? Menn hafa séð þetta fyrir sér, án þess að ég sé að mæla gegn því að þetta mál sé skoðað, hvort það sé raunsætt að taka upp svona stefnu.

Ég hugsa hins vegar að það sé fleira en bara farþegagjöldin sem er þess valdandi að færri ferðast til landsins. Ætli það sé ekki líka ástandið hér innan lands, efnahagsástandið hjá okkur sjálfum, sem hefur orðið til þess að færri koma til landsins en ella hefði orðið? Ég hygg að menn megi ekki einvörðungu leita til þessa farkosts, sem er flugvélin, og dæma hann einn sökudólginn í því hve fækkað hefur frá því sem áður var.

Hér var líka minnst á fjölmiðlana, sjónvarpið. Það er út af fyrir sig rétt að stöðvum hefur fjölgað, en hvernig var komið fyrir Stöð 2? Var hún ekki komin á hnén að biðja um að fá að fara á ríkisjötuna? Bað hún ekki um styrk frá ríkinu á sínum tíma, í öllu frjálsræðiskjaftæðinu sem uppi var haft þegar henni var hleypt af stað? (**ÓÞÞ:** Var þingmaðurinn ekki að segja að frjálsræðið væri göfugt?) Jú, vissulega er það, en ég bætti líka við, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson: Menn þurfa að skoða hvað er verið að tala um. — Það er ekki hægt að veita ótakmarkað frjálsræði í byrjun og ætla síðan að láta okkur hina borga það sem á eftir kemur. Það var það sem mér sýndist vera að gerast með Stöð 2. Þeir ætluðu sko sjálfir að spjara sig án þess að fá nokkuð frá ríkinu en komu síðan aðra leið. (Gripið fram í.) Það var rétt. Þeim var ekki leyft að fara hana, en þeir vildu fara hana, og það er það sem skiptir máli. Þeim var hafnað, að fá styrk með þeim hætti frá almenningi eins og þeir vildu fá, þrátt fyrir það sem þeir höfðu hafnað á undan. Og ég held að menn þurfi að skoða þetta líka. Það er vissulega gott, frjálsræðið og frelsið, en menn geta ekki farið með það bara eins og þeim sýnist sjálfum. Það getur leitt til þess að menn lendi í einstigi og vitleysu og geri hlutina enn þá verri en þeir voru þó fyrir.

Ég ítreka það að ég er ekki að hafa á móti því að þetta mál sé skoðað, en til þess eru vítin að varast þau og við höfum víti sums staðar, í frjálsræðinu, sem við þurfum að huga að þegar lengra er gengið í því frjálsræði sem menn vilja fá af stað.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er varla hægt að ljúka þessari umræðu um flugsamgöngur hér og frelsi í þeim án þess að minnt sé á aðstæður þess félags sem hefur einmitt verið í þeirri aðstöðu að vera samkeppnisaðili, og er ég þar að tala um Arnarflug. Rekstur þess félags hefur vissulega ekki vakið vonir um það að hér sé grundvöllur fyrir mörgum flugfélögum í utanlandsflugi, og hefur ríkið þurft að hlaupa þar undir bagga svipað eins og það hefur oft þurft að gera þegar þetta svokallaða einkaframtak og samkeppni leiðir til þess að þegar ekki reynist grundvöllur fyrir starfseminni þá þarf ríkið að koma til skjalanna.

Ég vil líka minna á það að í nánustu framtíð má búast við því að flugfélögum fækki í Evrópu. Þau stækki og nái þar með sterkari tökum, það verði færri sem nái sterkari tökum á markaðnum, og þá held ég að hyggilegra sé fyrir okkur Íslendinga að hafa heldur eitt sterkt félag sem geti hugsanlega reynst eitthvert mótvægi við þá aðila sem hugsanlega fá þá að fljúga til Íslands en að dreifa kröftunum of mikið innan lands. Og enn vil ég minna á það að tilvera Arnarflugs virðist ekki hafa leitt til lækkunar fargjalda eða minni kostnaðar, e.t.v. vegna þess að Arnarflug hefur ekki haft burði til þess að reynast verðugur samkeppnisaðili við Flugleiðir. Ég skal ekki dæma um það. En þegar mál Arnarflugs voru hvað mest í deiglunni hér í fyrra og hæstv. samgrh. gerði hér góða grein fyrir þeirri stöðu, virtist ekkert benda til þess að tilvera Arnarflugs hefði í rauninni minnkað kostnað eða gert nokkra hluti hagkvæmari í þessu sambandi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vildi leiðrétta hér smámisskilning. Í fyrsta lagi held ég að það viti það hver einasti maður, sem fylgst hefur með verði á flugi til útlanda, að frá 1970 og til okkar tíma hefur verð á farseðlum til útlanda farið hlutfallslega lækkandi miðað við annað verðlag. Þetta hélt ég að öllum væri kunnugt um. Menn mega þá spyrja sjálfa sig að því hvort þeir haldi að þetta sé tilviljun, hvort þetta hafi komið til vegna samkeppni eða af einhverjum öðrum ástæðum, en ég hélt að allir vissu þetta. Annað blasir líka við. Það er náttúrlega enginn samkeppnismöguleiki á milli Arnarflugs og Flugleiða í dag vegna þess að annað félagið situr að öllum helstu leiðum, innan lands sem erlendis, og þess vegna er ekki um frjálsa samkeppni að ræða. Það er um leyfisbundna samkeppni að ræða sem býður ekki upp á neina möguleika til neins

jafnvægis á milli. Í þriðja lagi: Það sem slegið var hér fram, eins og, ja, eins og spámennirnir gerðu í biblíunni þegar þeir tilkynntu hvað mundi nú gerast á næstu árum, að vísu spáðu þeir stundum aldir fram í tímann — ég veit ekki hvað þessi spá náði langt fram í tímann, að flugfélög mundu sameinast, þeim mundi fækka, sirka til aldamóta, kemur hér fram. Það þarf ekki að leita út fyrir þingið til að fá svona upplýsingar í framtíðinni. Það má vel vera að hér séu lagðar þær staðreyndir á borðið sem menn vilji segja að sé hinn eini mikli sannleikur í þessu máli. Ég ætla ekki að dæma um það. Ég hef ekki þessar upplýsingar undir höndum. Ég sló því aftur á móti fram hér að eftir nokkur ár blasir það við að Íslendingar gætu stofnað flugfélag erlendis og fengið leyfi til að fljúga milli Íslands og útlanda vegna þess að allir flugferðasamningar eru gagnkvæmir. Þess vegna gætu þeir t.d. stofnað félag úti í Svíþjóð eða Noregi og óskað eftir því að hefja flug hér á milli. Nú eða þá í Amsterdam eða New York. Það er þetta sem blasir við. Íslendingar eiga þegar fyrirtæki sem starfa í Bandaríkjunum, tvö verulega stór og vel rekin fyrirtæki. Hvers vegna gætu þeir ekki alveg eins stofnað þar flugfélag og hafið samgöngur þaðan? Það er ekkert sem bannar að þetta sé gert og þess vegna vaknar spurningin: Er skynsamlegt að standa þannig að málum að bannað sé að gera þetta frá Íslandi?

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur frammi um frjálsan flugrekstur og flug snertir hvert mannsbarn hér á landi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að við sem búum á Íslandi erum afar háð flugi, bæði innan lands og til að komast til útlanda. Það er svo að hjá fáum er kostnaður við að komast til nágrannalandanna og ferðast meiri en hjá okkur. Fjöldi Íslendinga fer í sumarleyfi á hverju ári með flugi til Evrópu og Bandaríkjanna. Þetta snertir Íslendinga meira en nokkur önnur samgönguleið hvað varðar farþegaflutninga. Það er því tímabært að láta athuga þessi mál mjög náið. Það er rétt sem kom hér fram í máli hv. 2. þm. Vestf. að Íslendingar gætu hæglega stofnað flugfélag, t.d. í Danmörku og hafið áætlunarflug til Íslands í samkeppni við Flugleiðir á leiðinni Kaupmannahöfn–Keflavík því þeir samningar sem eru í gildi eru gagnkvæmir og því er hægt að hefja flugrekstur frá þeim löndum sem við fljúgum til.

En það er einnig svo, og hefði mátt koma inn á það hér, að nýverið er búið að leggja á sérstakan skatt, lendingargjöld, t.d. í Kaupmannahöfn sem þýðir að lægstu fargjöld héðan hækka um 10–20%. Það hefði verið áhugavert að heyra sjónarmið hæstv. samgrh., hvort hann ætlar að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að þessu verði mótmælt harðlega því þetta kemur niður á öllum þeim farþegum sem fara þarna á milli. Lágu fargjöldin sem boðið hefur verið upp á hækka verulega við tilkomu þessa nýja skatts sem er lagður á.

Ég ætla nú ekki að hafa öllu fleiri orð um þessa þáltill. en það er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir hvern og einn að flug sé sem ódýrast milli landa. M.a. hefur verkalýðshreyfingin staðið að því að semja um sérstakt leiguflug til ýmissa staða fyrir sína umbjóðendur og hefur það lækkað verðið á þeim tímum, þ.e. sumarleyfistímum, fyrir ákveðinn hóp fólks. En auðvitað þyrftu að vera miklu meiri möguleikar á að fljúga ódýrt.

En það er náttúrlega eitt sem þyrfti líka að gera og það er að skoða betur flugsamgöngur almennt. Í því sambandi vil ég minna á að Evrópubandalagið hyggst fella niður ýmsar takmarkanir á flugi innan þess svæðis sem mun þýða harðari samkeppni þar. Það gæti farið svo að við verðum að taka tillit til þeirra hluta mjög bráðlega.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt en tel að þetta sé mjög þarft mál til að athuga og vona að það verði afgreitt jákvætt.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég heyri það að hv. 2. þm. Vestf. er orðinn æði mikill frjálshyggjumaður. Og kannski er það tónninn úr flokknum, ekki veit ég það, en það er auðvitað frjálsræði á fleiri sviðum en í flugi. Það er með verðlagið. Á ekki að gefa það frjálst, leyfa samkeppnina? Er það stefna Framsóknar? Er hún einhver önnur? (Gripið fram í.) Er hún einhver önnur á því sviði? Menn geta ekkert einangrað einn þátt í þjóðlífinu og sagt: Hér á að gera algert frelsi, annars staðar höft. Þetta verða menn auðvitað að hugsa. Og ég spyr hv. 2. þm. Vestf.: Hvað með verðlagseftirlitið Á að leggja það niður, leyfa frjálsa samkeppni? Þetta var gert á sínum tíma, ef ég man rétt, að hluta til, að vörur voru undanþegnar verðlagseftirliti, að ég held að frumkvæði þáv. forsrh., man ég það ekki rétt, Ólafs Jóhannessonar? Ég þori ekki að fullyrða það en menn leiðrétta mig þá ef ég fer rangt með. Ég hygg að þetta sé rétt. (**Gripið fram í:** Viðskiptamál heyra ávallt undir viðskrh.) Ja, hann gat verið viðskrh. þá. Hann var það nú stundum. Nokkru eftir að þetta var gert var gerður samanburður annars vegar á þeim vörum sem voru í frjálsri samkeppni og áttu að skapa lægra vöruverð og hins vegar hinum sem voru háðar verðlagseftirliti. Og hver var útkoman? Útkoman var sú að frjálsræðið var miklu dýrara en með verðlagseftirlitinu. Það var engin samkeppni sem veitti lægra vöruverð, a.m.k. ekki á þeim árum. Það kann að vera breytt. Ef svo er hlýtur það að vera víðar en í fluginu sem þetta getur lánast og gott ef hv. þm., sem eru miklir frelsispostular og frjálshyggjumenn, nánast í hvaða flokki sem er á Íslandi, gætu sýnt fram á það að með frjálsræðinu væri hægt að skapa minnkandi kostnað, lægra vöruverð, lægri fargjöld og fleira og fleira, lægri vexti. Ef menn geta sýnt fram á að þetta sé raunhæft þá á auðvitað að fara þá leið. En með því að tala um að þetta og hitt sé gott án þess að geta sagt nokkurn skapaðan hlut um hvernig á að framkvæma það, hvað menn eru að hugsa um, hvað á að gera, þá verður það ekki trúverðugt tal. Það a.m.k. sannfærir ekki okkur efasemdamennina um að þetta sé raunhæft. En trúlega er sjálfsagt að skoða það.

En ég segi enn, við höfum reynt að feta þennan veg í einhverjum mæli og það hefur ekki gefið góða raun, það hefur ekki skilað því sem menn voru að vonast eftir að það skilaði.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu enda fór framsagan fyrir málinu því miður fram hjá mér. En ég hef sjálfur reynslu af frjálsri verðlagningu og verðmyndun sem hv. þm. Karvel Pálmason kom hér inn á og ég get alveg fullvissað hann um það að hún hefur leitt til lægra vöruverðs. Í dag er frjáls álagning á innfluttum vörum að meginstofni til, ef ekki öllum. Ég held að þingmaðurinn ætti að beita sér fyrir nýrri könnun til að fá sannleikann í ljós því að ég hygg að þá komi það skýrt fram að verðlag í landinu hefur lækkað neytendum og allri þjóðinni til góðs.

Það má kannski líka rifja það upp að þegar hér voru tvö skipafélög, annað sem enn er við lýði og heitir Eimskip og hitt sem ákveðin öfl í landinu drápu sem hét Hafskip, þá var mikil samkeppni um verð á fragt sem leiddi til miklu lægra vöruverðs, miklu lægri fragtflutninga. Nákvæmlega það sama gildir um flugreksturinn og þess vegna styð ég þá hugmynd og þá tillögu sem hér er lögð fram, að flugrekstur á að vera frjáls. Þó menn hafi hér aðallega talað um farþegaflug verðum við líka að tala um fragtina. Hér er mikið flutt inn með flugvélum og eru þeir flutningar má segja eingöngu í höndum Flugleiða og á slíku verðlagi að það er ekki nokkru lagi líkt sem verður til þess að verðlag í landinu er allt of hátt. Það er ekki síst með þetta í huga sem ég styð hugmyndir eins og fram eru komnar hjá hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni. Hins vegar er spurningin, hversu frjálst á það að vera? Hvað á að hleypa mörgum flugfélögum inn á ákveðnar leiðir? Ég hygg að það séu til einhverjar alþjóðlegar reglur um það og eftir þeim ber væntanlega að fara.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fá að undirstrika það að frjáls samkeppni leiðir til góðs. Fyrir því höfum við mörg dæmi og margt sem sannar það. Ég hvet hv. 3. þm. Vestf. til að kanna betur málið áður en hann fer með slíkar fullyrðingar hér úr ræðustól.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls, sérstaklega þeim þingmönnum sem hafa lýst sig meira og minna sammála um að liðka eigi um flugrekstur á Íslandi, það eigi að gefa hann frjálsan, enda segir í þáltill. þar sem tekið er til áætlunarflugs, leiguflugs og vöruflutninga, „innan þeirra marka sem alþjóðalög og samningar leyfa."

Það er ekki margt sem ég tel að ég þurfi að svara hér í rauninni því búið er að svara því flestu fyrir mína hönd. Er ég því þakklátur, það sparar mér ómakið. Hins vegar vil ég ekki blanda saman ferðamönnum og umhverfisvernd eins og það væri einn og sami hluturinn.

Sem betur fer hefur nú náðst samkomulag um umhverfisráðuneyti og það er komið til síns heima. Það er í góðum höndum, ég þekki það best sjálfur. Við munum væntanlega sjá tekið hraustlega á þeim málum núna á næstunni. Umhverfið er viðkvæmt og ber að vernda það. En ekki er þar með sagt að við eigum að útiloka ferðamenn frá landinu. Það er ekki lausnin. Ferðaþjónustan er allt annar hlutur. Ef við fækkum ferðamönnum þá erum við að draga úr tekjum þjóðarinnar og því hlýt ég að spyrja: Hvar á að finna tekjur í staðinn? Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir nefndi hér áðan að ferðamenn kæmu til landsins með bíla sína fulla af bensíni og matvælum. Það er mikið rétt. En þeir koma einfaldlega ekki með flugi, þeir ferðamenn koma með skipum þannig að það er nær að fjölga þeim ferðamönnum sem koma með flugvélum og ekki hafa tök á að koma með bensín og matvæli inn í landið frekar en að draga úr flugfarþegum á þeim forsendum að þeir komi með neysluvöl landsins sem hér eru seldar.

Arnarflug var nefnt til sögunnar áðan og er vissulega rétt að það stendur ekki föstum fótum í dag, enda hefur það aldrei fengið annað en frákastið. Arnarflug hefur aldrei fengið að fljúga á eftirsóttustu flugleiðum milli landa á Íslandi og heldur ekki innan lands. Arnarflug hefur mátt sætta sig við flugleiðir sem eru rýrari og gefa ekki eins vel í aðra hönd. Þetta er kjarni málsins. Samkeppnin er í rauninni engin í flugi því eitt félag ræður ferðinni og annað er sett hjá. Það er ekki nema von að því félagi gangi illa meðan það er stöðugt haft sem kolbítur í öskustó.

En hvað gerist ef Arnarflug hættir rekstri í dag og það verður engin samkeppni? Þá förum við nákvæmlega í sama farið og hv. þm. Ingi Björn Albertsson minntist á áðan, þá fáum við nýtt Hafskip/Eimskip. Þá rýkur verðið upp. Alls staðar þar sem sem Arnarflug hefur þó veitt samkeppni hefur verði verið haldið niðri. En hættan er sú að verðið rjúki strax upp um leið og þeirri samkeppni lýkur.

Með leyfi forseta langar mig að lesa hér tölur um viðkomu farþega- og fragtflugvéla á Keflavíkurflugvelli árið 1989, í fyrra. Þá lentu flugvélar Flugleiða 2434 sinnum á flugvellinum, flugvélar Arnarflugs 525 sinnum og erlendar flugvélar 2949 sinnum. Arnarflug er ekki með nema tæp 9% af flugumferðinni til landsins. Það er nú ekki meira. Flugleiðir eru aftur á móti með 50%. Ég er líka með tölur um flutninga um Keflavíkurflugvöll. Í fyrra fóru samtals 658 þús. farþegar um flugvöllinn. Þar af fóru 262 þús. frá Íslandi og 259 þús. komu til Íslands og 135 þús. voru farþegar sem héldu áfram för sinni. Hvorki meira né minna en 25 þús. tonn af vörum fóru um flugvöllinn sem sýnir hve vöruflutningar eru miklir um Keflavíkurflugvöll.

Ég nefni þetta til þess að sýna hve flugið er í rauninni snar þáttur af lífi Íslendinga, hvað við fáum mikið af erlendum ferðamönnum, hvað við notum flugið mikið sjálf og hvað hingað berst mikið af vörum með flugvélum. Fyrir þá sem vilja eitt sterkt, gott flugfélag í framtíðinni er ég með miklu betri lausn en Flugleiðir. Þá lausn sem hlýtur að duga. Það er að sameina Flugleiðir og SAS. Þá erum við komin með eitt sterkt, gott flugfélag. Úr því sameiningin gildir, af hverju

eigum við þá að láta staðar numið við Flugleiðir? Af hverju höldum við þá ekki áfram alla leið og sameinum Flugleiðir og SAS?

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið að mæla fyrir þessu máli hér í dag og ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa skapast.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur viljað setja mig í flokk frjálshyggjunnar með þeim manni sem skrifað hefur um það lærðar greinar, þann hugsanlega möguleika að selja ömmu sína. Ég biðst undan því að vera færður þannig til í íslenskum stjórnmálum. Hins vegar biðst ég ekki afsökunar á því að hafa tekið þeim rökum sem Jón Sigurðsson setti fram í sínum greinum um verslunarfrelsi og ferðafrelsi til og frá landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Veruþróunarsjóður, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 322. mál. — Þskj. 564.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um veruþróunarsjóð. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagafrumvarp sem heimilar að leggja ósótt orlofsfé til launþega hjá Pósti og síma og gleymdar innistæður hjá bönkum og sparisjóðum í sérstakan sjóð til að efla þróun á nýjum framleiðsluvörum hér á landi. Verkinu sé lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Ástæðan fyrir því að þessi till. er flutt er sú að víða eru peningar í kerfinu sem hafa ekki verið sóttir, hafa aldrei verið hafnir. Hjá Pósti og síma liggur orlofsfé, um 50 millj. kr., í lok síðasta árs, sem enginn hafði sótt, þrátt fyrir ábendingar, auglýsingar og ítrekanir. Það sama gildir um ýmsa banka og sparisjóði og aðra sjóði að þar eru peningar sem hafa gleymst einhverra hluta vegna, enginn á, en þeir liggja áfram inni í viðkomandi bönkum og sparisjóðum.

Flm. er þeirrar skoðunar að þessa peninga eigi að nota til veruþróunar og stofna í því skyni sérstakan sjóð. Sjóðurinn verði notaður til að þróa nýjar vörur til útflutnings. Það mundi koma allri þjóðinni til góða þar sem segja má að þjóðin eigi þessa peninga þar sem þjóðin hefur gleymt þeim. Það mundi efla allt atvinnulíf og framleiðsluna í landinu. Það mundi styrkja útflutninginn. Þetta styrkir og eflir hag þjóðarinnar allrar.

Íslenskir hugvitsmenn hafa margir hverjir aldrei náð að koma sínum hugmyndum á framfæri vegna þess að ekki hafa verið peningar til þess. Stöðugt eru að skjóta upp kollinum nýjar og nýjar hugmyndir sem eru þess virði að þær séu skoðaðar og þeim sé gaumur gefinn. Hvort hægt sé að vinna úr þeim nýjar vöruteg undir sem gætu orðið að útflutningsvöru.

Það er lagt til að í stjórn þessa sjóðs séu skipaðir menn frá samtökum útflytjenda, framleiðenda og iðnrekenda, ásamt Verslunarráði og Félagi hugvitsmanna. Sjóðurinn heyri undir viðskrh. og verði honum falið að semja reglugerð um sjóðinn og skipa oddamann í stjórnina.

Virðulegi forseti. Ég mæli með því að þessi till. fari til síðari umr. og til hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Reiðvegaáætlun, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 331. mál. — Þskj. 579.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 579 um reiðvegaáætlun. Flm. þessarar þáltill. eru auk mín Jón Kristjánsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Páll Pétursson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson og Jóhann Einvarðsson.

Till. sem ég mæli hér fyrir hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga gera reiðvegaáætlun. Áætlun þessi skal gerð til fjögurra ára í senn.

Samgönguráðherra skal í því skyni skipa nefnd er hafi það hlutverk að vinna reiðvegaáætlun og endurskoða hana reglulega.

Í starfi sínu taki nefndin meðal annars mið af eftirfarandi atriðum:

1. Gera skal reiðvegaáætlun til fjögurra ára í senn og forgangsraða skal verkefnum.

2. Hafa skal nána samvinnu við m.a. Landssamband hestamannafélaga, samtök sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðslu, Skógrækt ríkisins, skipulagsstjórn og Ferðaþjónustu bænda sem og einstök sveitarfélög og landeigendur.

3. Bæta skal aðstöðu hestamanna á þjóðvegum og haga þannig að öryggi gegn slysum verði sem mest.

4. Viðurkenna skal í raun umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna.

5. Friðlýsa þarf fornar reiðleiðir og halda þeim við.

6. Við mat umferðar á hestum skal höfð hliðsjón af hesthúsahverfum, skeiðvöllum, hrossabúum, hagagöngu, staðsetningu gisti- og ferðamannastaða og veitinga- og útivistarstaða.

7. Hafa skal hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast.

8. Tryggja skal vernd svæða og leiða sem hafa gildi vegna náttúrufegurðar og skilyrða sem gera þau eftirsóknarverð sem reiðland.

9. Umferð ríðandi manna má eigi spilla ræktuðu landi, túnum, görðum eða skógrækt og ekki ónáða búfé."

Þáltill. þessi er flutt samhliða tveimur frv. til laga. Annað frv. er um breytingu á vegalögum, og hefur þegar verið mælt fyrir því hér á þingi og því vísað til samgn. Þar er kveðið svo á að Vegagerð ríkisins skuli sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem hér er síðan mælt fyrir með þáltill.

Hitt frv. fjallar um sérstakt hóffjaðragjald sem greiða skal af hóffjöðrum og notað skal til reiðvegagerðar, en ríkissjóður leggi jafnframt fram jafnvirði hóffjaðragjaldsins til slíkrar reiðvegagerðar.

Það sem hér er um að ræða er í fyrsta lagi að tekin eru af öll tvímæli og Vegagerð ríkisins falið alveg skýrt að sjá um gerð og viðhald reiðvega. Það hefur enginn einn aðili haft á höndum hingað til og Vegagerðin er af ýmsum ástæðum mjög vel fallin til þess.

Í öðru lagi er aflað fjár til reiðvegagerðar á móti því sem ríkið leggur til enda eðlilegt að hestamenn greiði að talsverðum hluta sjálfir fyrir gerð reiðvega.

Í þriðja lagi er síðan sú till. til þál. sem hér er flutt um reiðvegaáætlun sem gerð reiðvega verði unnin eftir og þar skiptir meginmáli auðvitað forgangsröðun.

Þessi till. hefur það hlutverk að fela samgrh. að vinna í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga að gerð reiðvegaáætlunar og forgangsröð verkefna en eins og kunnugt er nýtur hestamennska sívaxandi vinsælda og hestaeign fer vaxandi. Því verður ekki hjá því komist að taka tillit til ríðandi manna í umferðinni en aukin bílaumferð á þjóðvegum landsins gerir nauðsynlegt að það sé gert með skipulegum hætti.

Árið 1982 var gert samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Það samkomulag er fylgiskjal með frv. um breytingu á vegalögum sem ég hef lagt hér fram í þinginu og mælt fyrir. Reynsla af þessu samkomulagi hefur ekki orðið nægilega góð og nauðsynlegt er að skýra málin frekar og koma þeim í fastara horf. Bæði er að fé til gerðar reiðvega hefur verið mjög af skornum skammti sem og að nauðsynlegt er að kveða skýrar á í lögum um hver beri veg og vanda af reiðvegagerð, hvernig fjár sé aflað til hennar og hverjir vinni áætlun um reiðvegagerð og ákveði forgang verkefna.

Óhjákvæmilegt er að umferð ríðandi manna verði í raun viðurkennd sem hluti af samgöngum landsmanna. Til þess að þetta sé unnt verður að taka tillit til umferðar ríðandi manna við skipulagningu vegakerfis landsins. Sérstaklega þarf að hafa hliðsjón af staðsetningu hesthúsahverfa, skeiðvalla, hrossabúa, hagagöngu, gisti- og veitingastaða og útivistar- og ferðamannastaða.

Mikilvægt er einnig að friðlýsa fornar reiðleiðir og halda þeim við. Með þeim hætti er varðveittur ákveðinn þáttur í menningarsögu landsins. Mikilvægt er í þessu sambandi að tryggja að gróður spillist ekki og sjá til þess að saman geti farið vernd og notagildi. Hestamennska og hestaíþróttir eru sem fyrr segir mjög vaxandi. Íslenski hesturinn er í auknum mæli orðinn útflutningsvara en jafnframt koma erlendir ferðamenn hingað í vaxandi mæli til hestamannamóta og ferða á hestum. Fram hjá þeirri staðreynd geta Íslendingar ekki litið og þurfa að bregðast rétt við enda getur hesturinn einmitt orðið mikilvægur þáttur í uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í landinu í nánustu framtíð. Í því sambandi er auðvitað mikið starf óunnið og margt sem þarf að hafa í huga. Eigendur veitingastaða þurfa víða að gera hestamönnum kleift að njóta þeirrar þjónustu sem þeir hafa á boðstólum. Til þess þurfa þeir að koma upp góðri hrossarétt, vel mölborinni og með skjólgirðingu sem er t.d. 1½ metri á hæð. Aðstaða þarf að vera til að brynna hestunum og æskilegt að hey geti verið til sölu. Við gististaði, tjaldstæði og orlofsbúðir þarf að hafa aðstöðu til hagbeitar, þar þurfa að vera hrossaréttir og geymslur fyrir reiðtygi.

Ferðaþjónusta bænda þarf að geta veitt hestamönnum fyrirgreiðslu af ýmsu tagi, ekki aðeins leigt mönnum hross heldur einnig haft hagbeit til sölu. Sveitarstjórnir og upprekstrarfélög eiga mörg góða skála á fjöllum, skála sem nýta mætti betur og leigja ferðafólki og gætu fallið vel inn í ferðir ríðandi manna um landið. Þannig mætti hugsa sér eins konar net náttstaða á hálendinu en hey þyrfti að vera til sölu á sem flestum stöðum svo að gróður spillist ekki.

Við gerð reiðvega þarf að hafa í huga að vegir, sem hægt er að fara allt árið, eru nauðsynlegir í nágrenni hesthúsabyggða. Slíkir vegir eru eðlilegt viðfangsefni viðkomandi sveitarfélaga, hestamanna og Vegagerðar. Talsvert aðrar kröfur þarf að gera til slíkra vega en þeirra sem aðeins eru notaðir stuttan tíma á ári vegna þess að umferð getur orðið mikil á takmörkuðu svæði vetur og vor þegar blautt er um. Slíkir vegir þurfa að falla vel inn í skipulag en gera má ráð fyrir að mest álag sé á þessa vegi næst hesthúsunum, 5–10 km umhverfis þau, en fjær dreifist álagið verulega.

Vel má hugsa sér að reiðvegir í þéttbýli geti verið meðfram þjóðvegum eða lagðir sérstaklega um útivistarsvæði, en áherslu verður að leggja á að friða alla reiðvegi fyrir umferð vélknúinna farartækja og kveða þarf skýrt á um umferðarrétt með merkingum þar sem reiðmenn þurfa að fara þvert á veg. Víða eru gömlu malarvegirnir ágætir reiðvegir þegar þeir eru opnir. Við gerð reiðvega þarf sérstaklega að gera ráð fyrir áningarstöðum, helst með því móti að víkja megi spölkorn frá vegi.

Fskj. með þessari þáltill. er þáltill. sem flutt var árið 1986 af þingmönnunum Páli Péturssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni þar sem var farið fram á að Alþingi ályktaði að ríkisstjórnin skipaði nefnd er gerði áætlun um reiðvegagerð.

Ég held að hér sé hreyft mjög nauðsynlegu máli og í heild mynda þessi þrjú mál samstöðu og þau þurfa að fara saman í gegnum þingið til þess að full not séu af.

Ég hef orðið var við að hestamenn víða um land hafa mikinn áhuga á þessu máli, að einmitt reiðvegagerð verði komið í skipulagt og fast horf. Ég vil nefna það, virðulegur forseti, að til að mynda hefur mér borist skýrsla frá ferðanefnd Landssambands hestamannafélaga, sem formaður ferðanefndarinnar, Ólafur B. Schram, sendi mér, þar sem nokkuð er fjallað um þessi mál. Ég grip hér stutt ofan í þá skýrslu, með leyfi forseta, en ferðanefnd Landssambands hestamanna hefur nú gefið út reiðvegakort og lýsingar á reiðleiðum yfir landshlutana Mið-Vesturland og Mið-Ísland. Tilgangur þessarar útgáfu er tvíþættur, annars vegar að vera hjálpargagn ferðamanna við skipulagningu ferðalaga og hins vegar liður í heildarskipulagningu reiðvegakerfis um landið allt.

Stuttu síðar segir svo í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Sú aukning sem orðið hefur á vinsældum hestaíþróttarinnar hefur m.a. komið fram í mikilli aukningu sumarferða. Umferð ríðandi fólks um byggðir og óbyggðir landsins hefur ekki farið fram hjá neinum og er það eitt af hlutverkum Landssambands hestamanna að hafa forustu um skipulagningu og stjórn þeirra mála er snúa að aðbúnaði og aðstöðu fyrir ferðafólk."

Það er alveg ljóst að umferð ríðandi manna fer stöðugt vaxandi og þessi mál verður að taka föstum tökum. Ég vona því að Alþingi Íslendinga taki þessar tillögur til afgreiðslu og legg til, hæstv. forseti, að að lokinni umræðu um þetta mál verði till. vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Einkavæðing, fyrri umr.

Þáltill. KrP, 334. mál. — Þskj. 582.

Flm. (Kristinn Pétursson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. um einkavæðingu sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna nú þegar til samkeppni um tillögur um einkavæðingu með sölu ríkisfyrirtækja og hvernig skuli að henni staðið."

Öllum er ljós sá vandi sem við blasir í ríkisfjármálum. Til þess að leysa hluta þessa vanda er nærtækt ráð að selja ríkisfyrirtæki og því er þessi tillaga flutt.

Eðlilegt er að standa að þessu með þeim hætti að efna til samkeppni um tillögur af þessu tagi, hvaða ríkisfyrirtæki skuli seld og hvernig skuli að því staðið.

Ég tel að einkarekstur hafi sýnt það í hinum vestræna heimi að hann hafi yfirburðakosti hvað varðar hagkvæmni í rekstri, borgurum hins vestræna heims til bættra lífskjara. Það er mjög þýðingarmikið í ljósi nýafstaðinna kjarasamninga að leitað verði sem flestra leiða til þess að minnka hallann á fjárlögum. Sala á ríkisfyrirtækjum er mjög auðveld leið til þess að rétta af fjárlagahalla og því eðlilegt að efna til samkeppni nú þegar um hvaða ríkisfyrirtæki skuli seld og hvernig skuli að því staðið.

Samkeppni um mál sem þetta tryggir það að margar góðar hugmyndir komi fram þannig að hér yrði um vandaða málsmeðferð að ræða. Ég teldi eðlilegt að forsrh., fjmrh. og viðskrh. skipi einn mann hver í nefnd sem sæi um framkvæmd málsins.

Hugmyndir frá einkaaðilum um málefni sem þetta verða alltaf ferskari og betri en hugmyndir ofan úr kerfinu, þ.e. ég hef meiri trú á fólkinu en kerfinu sjálfu. Markmiðið, eins og áður sagði, með þessari tillögu er að finna leiðir til þess að minnka fjárlagahallann og um leið að minnka glórulausa seðlaprentun framkvæmdarvaldsins sem lengi hefur viðgengist því ríkissjóður Íslands hefur mörg undanfarin ár verið fjármagnaður með svokölluðum yfirdrætti í Seðlabankanum sem síðan er breytt í erlenda lántöku og þannig hefur fjárlögum hvers árs verið lokað. Þessi aðgerð felur í sér útþynningu á gjaldmiðli landsins og skapar að mínu mati gífurleg vandamál. Ég tel að afleiðingin af því að þynna út gjaldmiðilinn með seðlaprentun sé m.a. sú gífurlega verðbólga sem við höfum búið við undanfarin ár og þensla og að vextir rjúka upp úr öllu valdi. Vísitalan hækkar og spákaupmennska t.d. í fasteignum vex. Síðan vill fólk auðvitað launahækkanir vegna verðhækkana, gengið er fellt o.s.frv. Þessa sögu þekkjum við. En forsögu málsins tel ég vera þá að ríkissjóður hafi lifað um efni fram og prentað bara seðla fyrir hallanum. Því er þessi tillaga flutt um einkavæðingu með því að selja ríkisfyrirtæki til að reyna að snúa ofan af hlutunum en ekki halda áfram á sömu braut. Ég tel að efnahagslegt umhverfi hér á landi sé að mörgu leyti beinlínis fjandsamlegt öllum heilbrigðum atvinnurekstri og með fjandsamlegt á ég við það að óstjórn í efnahagsmálunum og glórulaus seðlaprentun geri það að verkum að ekki er hægt að reka fyrirtæki nærri eins vel og undir eðlilegum kringumstæðum.

Við getum nefnt sem dæmi að blaðið Economist gerði könnun á því með svokölluðu hamborgaragengi hér fyrir rúmu ári síðan. Þá kom það í ljós að hamborgarar á Íslandi voru 186% dýrari en í New York. Það er ágætis sýnishorn þess að allt er dýrt á Íslandi, bókstaflega allt, því að verðbólgan er svo mikil og óstjórnin að við erum ekki að verða samkeppnisfær á neinum sviðum, enda hráefnin í vaxandi mæli flutt úr landi, einmitt vegna þess að efnahagslegt umhverfi er hér hálffjandsamlegt eins og ég áður sagði. Við eigum nóg af fínum auðlindum og við getum gert miklu betur í að nýta þessar auðlindir á alla vegu, en forsendan fyrir því er að ríkissjóður Íslands verði rekinn með miklu betri hætti en hann er í dag og nákvæmni verði viðhöfð á öllum sviðum þar.

Ég vil nefna það sem dæmi að efnahagsleg stórveldi

úr rústum seinni heimsstyrjaldarinnar, eins og Japan og Þýskaland, urðu að veruleika m.a. fyrir mikla nákvæmni í fjármálum, fjárfestingum og opinberum rekstri. Ég held að það sé alveg orðið tímabært að við tökum þessa nákvæmni í rekstri til fyrirmyndar og reynum að fara í spor þessara þjóða hvað þetta varðar. Með vaxandi einkavæðingu á næstu árum getum við minnkað fjárlagahalla og tryggt þannig vaxandi stöðugleika í efnahagsmálum. Stöðugleika í efnahagsmálum tel ég vera forsendu fyrir því að bæta lífskjör hér á landi og auka kaupmáttinn síðar meir. Ég held að aukin einkavæðing með sölu ríkisfyrirtækja sé lykillinn að auknum stöðugleika vegna þess að það leiðir af sér minni halla á fjárlögunum og lántökuþörf ríkisins minnkar við sölu ríkisfyrirtækja og þannig minnkar eftirspurn ríkisins eftir fjármagni sem aftur leiðir af sér lækkandi fjármagnskostnað.

Tillagan fæst vonandi samþykkt hér í hv. Alþingi, enda felur hún einungis í sér söfnun á hugmyndum um hvernig skuli staðið að sölu hinna ýmsu ríkisfyrirtækja og til að tryggja það að góðar hugmyndir eigi greiða leið að kerfinu og að þessari umræðu. Ég held að stjórnmálamenn eigi að gera meira að því að treysta fólkinu í landinu til að reka fyrirtækin og það muni leiða okkur til farsældar og efnahagslegrar velmegunar.

Ég legg því til að lokum, virðulegi forseti, að þessari tillögu verði vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

EFRI DEILD

59. fundur, þriðjudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216, n. 624.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Nál. er á þskj. 624 og er frá félmn. Frv. var flutt af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og er á þskj. 216. Hér er aðeins um tvær greinar að ræða þar sem í 1. gr. kveður á um það að við 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem upptalning er á verkefnum sveitarstjórna bætist við nýr liður svohljóðandi: varnir gegn slysum.

2. gr. er um gildistöku þess 1. júní 1990.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og bárust umsagnir um málið frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Umferðarráði. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að eitt af verkefnum sveitarfélaga sé að vinna að slysavörnum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins enda er það skoðun nefndarmanna að til þess að ná árangri í slysavörnum sé nauðsynlegt að vinna að slíkum málum í hverju byggðarlagi fyrir sig. Telja verður að meiri líkur séu á skipulegu forvarnarstarfi ef sveitarstjórn hefur það verkefni að fylgjast með slíkum málum heima í héraði, t.d. með því að sameina krafta þeirra sem að þessum málum vinna beint eða óbeint.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Aðrir nefndarmenn skrifa undir nál.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til að þakka hv. félmn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli. Um leið minni ég á að annað frv. þessu máli tengt liggur fyrir heilbr.- og trn. Ed. og fjallar í raun og veru um sama efni en þar er verið að gera tilraun til að færa undir lög um heilbrigðisþjónustu einmitt þennan sama þátt, þ.e. að á þeirra verkefnaskrá séu einnig slysaforvarnir eða slysavarnir. Ég vil um leið og ég ítreka þakkir mínar fyrir góða afgreiðslu á þessu máli vænta þess að hitt frv. fái jafnframt góða afgreiðslu í hv. heilbr.- og trn. Ed. en hv. 3. þm. Norðurl. v. sem er formaður þeirrar nefndar hlustar á orð mín.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, 1. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þskj. 597.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Með frv. því til laga um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum sem ég mæli hér fyrir er ætlunin að heimila lyfjaheildsölum að selja lyf til annarrar lækningastarfsemi en þeirrar sem flokkuð er sem sjúkrahús skv. lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt gildandi lögum um lyfjadreifingu er lyfjaheildsölum óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja svo og til notkunar á sjúkrahúsum og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

Nái breyting sú sem ég mæli hér fyrir fram að ganga mundu bætast við heilsugæslustöðvar og læknastöðvar. Það liggur ljóst fyrir að sú starfsemi sem fram fer á

heilsugæslustöðvum og læknastöðvum er sambærileg við þjónustu sjúkrahúsa í mörgum tilfellum og er því óeðlilegt að ekki gildi um þessa starfsemi sömu reglur gagnvart kaupum á lyfjum í heildsölu, en það er mikið hagsmunamál fyrir þá aðila að geta keypt lyf af lyfjaheildsalanum.

Það er skoðun ráðuneytisins og Lyfjaeftirlits ríkisins að nauðsynlegt sé að heilsugæslustöðvar og læknastöðvar, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, búi við sömu kjör hvað lyfjakaup varðar og annar hliðstæður rekstur. Hér er um að ræða starfsemi sem jafna má til starfsemi sjúkrahúsanna eins og áður sagði.

Sem stendur standa lög beinlínis í vegi fyrir því að lyfjaheildsalar geti selt lyfjaheilsugæslustöðvum og læknastöðvum lyf og hlýst af því margvíslegt óhagræði og röskun, ekki síst fyrir þá sjúklinga sem leita þjónustu þessara aðila og þurfa því ekki að leggjast inn á sjúkrahús. Samkvæmt lyfjadreifingarlögum þarf að tryggja ákveðna þjónustu lyfjafræðinga nái frv. þetta fram að ganga, þ.e. lyfjafræðingar hafi umsjón með og beri ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun innan heilsugæslustöðva og læknastöðva. Í sjálfu sér þyrfti ekki að ráða lyfjafræðing nema í hlutastarf við þessar stofnanir þannig að ekki er um teljandi kostnað að ræða þar. Rétt er að geta þess að með þessu er ekki verið að veita heilsugæslustöðvum heimild til þess að nota lyf utan stöðva, hvað þá að afhenda hlutaðeigandi sjúklingum lyf, heldur er eingöngu um að ræða notkun á stöðvunum sjálfum.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um frv. þetta fleiri orðum. Ég tel það skýrt og ekki stórvægilega breytingu um að ræða en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu. Ég bendi á að hv. Nd. gerði á frv. smávægilegar breytingar frá því að það var lagt fram í upphafi. Annars vegar var tilvitnun í lagabreytingu sem gerð var á þingi í fyrra og hins vegar skýrara orðalag hvað átt er við með læknastöðvar sem greint er frá í frvgr.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. sem ég tel í sjálfu sér eðlilega breytingu. Hér er um að ræða tillögu til að laga lyfjadreifingu að breyttum aðstæðum í heilbrigðisþjónustunni. Ástæða þess að ég kem hér upp er fyrst og fremst sú að flutningur þessa frv. vekur upp hugsun og spurningar um hvort ekki sé kominn tími til þess að endurskoða lyfjadreifingu og skipulag hennar eins og hún er nú og þar með lögin sem um hana gilda. Þessu hefur fylgt vaxandi kostnaður innan heilbrigðiskerfisins fyrir ríkið sem reynt hefur verið að koma böndum á með ýmsum aðferðum en gengið misvel. Á síðustu vikum hafa einmitt verið send út tilmæli til lækna og reynt að koma á fyrirskipunum um notkun ódýrari lyfja en áður. Að mínu viti þarf í raun miklu róttækari endurskoðun á þessum málum öllum. Og ég vil aðeins víkja að því hér og minna á að það er mjög nauðsynlegt, eins og með marga aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar, að endurskoða reglulega bæði skipulag og megináherslur og jafnvel hugmyndafræði sem liggur að baki heilbrigðisþjónustunni og hinum ýmsu þáttum hennar. En ég vek athygli hv. þm. og hæstv. ráðherra einmitt á þessum þætti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af því sem fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv. Það er vissulega rétt að það er sjálfsagt þörf á ítarlegri og róttækari endurskoðun á lögum um lyfjadreifingu heldur en hér er gert ráð fyrir, hér er aðeins um litla lagfæringu að ræða. Eins og fram kom hjá hv. þm. hefur kostnaður við lyfjanotkun farið vaxandi í landinu á undanförnum árum. Þó fer það svolítið eftir því hvernig það er skoðað og hvaða sjónarmið liggja þar að baki. Vissulega hafa komið fram ný lyf sem hafa verið dýr en þau hafa þá væntanlega dregið úr kostnaði á öðrum sviðum, t.d. við sjúkrahúslegu og við aðgerðir, sem ef til vill og vonandi eru ónauðsynlegar ef hægt er að lækna viðkomandi sjúklinga með nýjum lyfjum og fyrir því eru auðvitað dæmi.

En við höfum nú að undanförnu verið að vinna að því að leita leiða til að draga úr þessum kostnaði. Heilbrigðisyfirvöld hafa nýlega fengið mjög ítarlega skýrslu frá nefnd sem skoðaði þessa þætti og vann við það í um það bil þrjú ár. Sérstök starfsnefnd á vegum ráðuneytisins er þessar vikurnar að vinna úr þeim tillögum sem þar komu fram. Dæmi um það eru þær hugmyndir sem hafa verið til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu, t.d. það að ávísa á ódýrari lyf með sama virka efninu eins og við erum að reyna að ná fram. Það er hluti af þeim tillögum sem fram koma í fyrrgreindu nefndaráliti og margt fleira er þar til skoðunar. Eins og er hefur þessi starfshópur sem vinnur á vegum ráðuneytisins ekki lagt til lagabreytingar og telur að margt megi færa til betri vegar án þess, en ekki er ólíklegt að til þess þurfi þó að koma á síðari stigum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur frammi um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er samið í samráði við stjórn Hollustuverndar ríkisins og er tilgangur frv. sá að Holl-

ustuvernd ríkisins búi yfir sömu ráðum til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og heilbrigðisnefndir búa yfir í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með það sem kallað hefur verið beint eftirlit.

Samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem að grunni til eru frá 1981, er heilbrigðiseftirlit hér á landi í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og starfa heilbrigðisfulltrúar sem framkvæmdaaðilar heilbrigðisnefndanna og eru starfsmenn sveitarfélaganna. Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna er ætlað að hafa með að gera það sem kallað hefur verið frumheilbrigðiseftirlit eða beint eftirlit. Þetta eftirlit er því rekið á kostnað og ábyrgð sveitarfélaganna með nokkrum undantekningum. Samkvæmt 2. tölul. 17. gr. laganna er Hollustuvernd ríkisins ætlað beint eftirlit með innflutningi á matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Enn fremur er gert ráð fyrir því í 4. tölul. 13. gr. laganna að Hollustuvernd ríkisins geti samkvæmt ákvörðun ráðherra, náist samkomulag þar um við hlutaðeigandi sveitarfélög, tekið að sér beint eftirlit og hefur þessu verið þannig háttað í reynd að Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit með ýmiss konar mengandi starfsemi í samræmi við mengunarvarnareglugerð. Þar sem heilbrigðisnefndir fara með eftirlitið geta þær samkvæmt lögunum beitt ýmsum ráðstöfunum til þess að knýja á um framkvæmdir eða til þess að viðkomandi starfsemi verði stöðvuð ef ekki er orðið við fyrirmælum, sbr. nánar 27. gr. laganna. Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlitið, eins og gildir um innflutningseftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og eftirlit með mengandi starfsemi, er engum slíkum lagafyrirmælum til að dreifa þannig að heilbrigðisnefndir hafa þurft að grípa til ráðstafana vegna eftirlitsins sem Hollustuvernd ríkisins er falið.

Þetta er að mati ráðuneytisins ekki eðlileg ráðstöfun þar sem hafa verður í huga að hlutaðeigandi sveitarfélög hljóta að bera ábyrgð á aðgerðum sem þau grípa til í þessu skyni án þess þó að starfsmenn þeirra, þ.e. heilbrigðisnefndirnar eða heilbrigðisfulltrúarnir, hafi með málið að gera að öðru leyti. Þannig fer ekki saman raunveruleg ákvarðanataka og framkvæmd ráðstöfunarinnar. Hefur þetta m.a. leitt til þess að erfiðlega hefur gengið að fá heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna til þess að grípa til ráðstafana sem hugsanlega kynnu að baka þeim fjárhagsábyrgð án þess að geta dæmt um málið á fyrri stigum. Það er því álit ráðuneytisins og stjórnar Hollustuverndar ríkisins að eðlilegt sé að sú stofnun búi yfir sömu ráðum til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og heilbrigðisnefndirnar búa yfir fari stofnunin með þetta beina eftirlit. Slíkt eftirlit heyrir til undantekninga, eins og fram hefur komið, en getur hins vegar varðað mjög mikilvæg atriði, atriði sem að öðru jöfnu gætu haft alvarlegri afleiðingar, sé ekki við brugðist, en margt af því sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur með að gera. Í þessu tilviki má benda á eftirlit Hollustuverndar ríkisins með mengandi starfsemi eins og t.d. stóriðju. Þeir þættir sem Hollustuvernd ríkisins hefur með að gera í formi frumeftirlits eru þekktir og sé ætlunin að breyta þeim eða auka við þarf til sérstakt samkomulag við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, sbr. nánar 4. tölul. 13. gr. laganna eins og áður var til vitnað og ætti því ekki að verða hætta á árekstrum við eftirlit sveitarfélaganna um framkvæmdina.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um lagafrv. þetta því að það er í eðli sínu ákaflega skýrt og kveður á um hluti sem hljóta að teljast eðlilegir með hliðsjón af því að haldið skuli út heildstæðu heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirliti. Ég legg því til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem urðu allhörð orðaskipti um í Nd. Hv. þm. Ólafur Þórðarson gagnrýndi ákvæði frv. Ég ætla ekki beinlínis að fara að taka upp hanskann fyrir þann hv. þm. en ég vil þó vekja athygli á því sem hann benti á að með þessum lögum er verið að gefa Hollustuvernd ríkisins mjög mikið vald til ákveðinna hluta í sambandi við einstaklinga og fyrirtæki og í vissum tilfellum getur þetta vald verið á þann veg að það jaðrist þau mörk sem eðlileg geta talist.

Ég vil sem sagt við þessa umræðu aðeins benda á það að ég tel að hér sé á ferðinni mál sem er mjög æskilegt að verði vel skoðað í nefnd áður en hv. nefnd skilar hér áliti til þingsins til 2. umr. Sjálfsagt eru hér ákvæði, eins og hæstv. ráðherra nefndi, sem nauðsynlegt er að binda og lögfesta en þegar verið er að samþykkja ákveðin þvingunarákvæði er mjög nauðsynlegt að líta vel til hvað þar er verið að samþykkja.

Í sumum tilfellum er verið að eiga, eins og hæstv. ráðherra nefndi, við stóriðju jafnvel, mengandi stórfyrirtæki og í öðrum tilfellum er kannski verið að eiga við litla manninn, bóndann eða smákaupmanninn í sambandi við heilbrigðiseftirlitið.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég taldi ástæðu til þess að benda á þá ákveðnu og hörðu umræðu sem átti sér stað í Nd. um þetta og vekja athygli á þessum þáttum málsins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt út af því sem hv. 4. þm. Vesturl. benti á. Það er rétt að um þetta urðu nokkuð hörð orðaskipti í Nd. en ég bendi á að um málið varð þó fullkomið samkomulag í nefnd. Ég vil að sjálfsögðu taka undir það með hv. þm. að ég tel nauðsynlegt að hv. heilbr.- og trn. skoði þetta mál ítarlega, eins og reyndar öll önnur þingmál, og átti sig á því hvað hér er í raun á ferðinni, en það held ég að þeir sem harðast töluðu gegn málinu í Nd. hafi ef til vill ekki sett sig nægjanlega vel inn í, þ.e. þeir hafi blandað inn í umræðuna óskyldum hlutum. Ég vil taka sem dæmi það sem hv. þm. nefndi sérstaklega, að Hollustuverndinni er ætlað að hafa eftirlit með

mengandi starfsemi eins og stóriðju, og verður að telja eðlilegt að Hollustuverndin fylgi því eftirliti eftir, að það geri hins vegar ekki heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eins og núna þyrfti að ske að óbreyttum lögum. Verður nánast að telja að hér hafi verið um að ræða mistök við lagasetninguna þegar núgildandi lög nr. 81/1988 voru samþykkt.

En á hinn bóginn er það heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sem fer með eftirlitið heima í héraði í nánast öllum tilvikum og þar sem ekki er kveðið á um það alveg skýrt í lögum þá er það samkomulagsatriði milli Hollustuverndarinnar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna ef á að fela Hollustuverndinni eftirlitið í einhverjum ákveðnum tilvikum. Hið almenna eftirlit með bóndanum eða smákaupmanninum, svo að orð hv. þm. séu notuð, er á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og þvingunarúrræðin eða eftirlitsúrræðin eru þá líka í höndum viðkomandi aðila. Þau er ekki undir neinum kringumstæðum færð til Hollustuverndarinnar heldur aðeins í sambandi við það eftirlit sem Hollustuverndinni er falið og hún hefur með að gera. Ég treysti því þess vegna að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hér sé um eðlilegt og þarft mál að ræða og ekki sé verið að flytja til vald á óeðlilegan hátt eða, eins og það var orðað í Nd., að taka vald og jafnvel störf heiman úr héraði og flytja þau á höfuðborgarsvæðið til Hollustuverndar ríkisins, undir stjórnvald þar. Um það er ekki að ræða nema þá í þeim tilfellum þar sem um slíkt hefur náðst samkomulag við viðkomandi sveitarstjórnir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 627.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 627. Í 1. gr. frv. eru talin upp tíu nöfn manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla allir þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu árin.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

55. fundur, þriðjudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. MálmS o.fl., 7. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 7, n. 648.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Þá studdist nefndin við umsagnir frá síðasta þingi frá Tryggingastofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Öryrkjabandalagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands. Jafnframt kom Finnur Ingólfsson, formaður endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga, á fund nefndarinnar.

Þar sem nefndinni er kunnugt um að efni þessa frv. verður í tillögum sem endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga mun brátt skila frá sér leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta rita allir nefndarmenn, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnhildur Helgadóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til ríkisstjórnarinnar með 28 shlj. atkv.

Lyfjafræðslunefnd, 2. umr.

Frv. ÁJ og FrS, 114. mál. — Þskj. 118, n. 649.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá Apótekarafélagi Íslands, Lyfjaeftirliti ríkisins, lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands og lyfjanefnd.

Nefndin getur fallist á þá hugsun sem býr að baki tillögunni, um að efla lyfjafræðslu, en telur hins vegar að ná megi árangri í lyfjafræðslustarfi án þess að stofna sérstaka lyfjafræðslunefnd og telur eðlilegra, einfaldara og sennilega mun ódýrara að slíkt fræðslustarf verði á vegum einhverrar stofnunar sem þegar starfar á sviði lyfjamála. Nefndin leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nefndarálit rita allir nefndarmenn, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnhildur Helgadóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til ríkisstjórnarinnar með 28 shlj. atkv.

Áfengisfræðsla, 2. umr.

Frv. ÁJ og FÞ, 118. mál. — Þskj. 122, n. 647.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Nefndin hefur einnig fjallað um þetta frv. og fengið um það umsagnir frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, áfengisvarnaráði, heilbr.- og trmrn. og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Í ljósi þess að frv. fjallar um efni sem áfengisvarnaráði er falið að annast og Alþingi hefur jafnan kosið í það ráð menn með þekkingu á áfengisvarnamálum leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta rita allir nefndarmenn, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Geir Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnhildur Helgadóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til ríkisstjórnarinnar með 27 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 263. mál (ofbeldisverk í flugsamgöngum). — Þskj. 468.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 468. Það er frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973. Frv. þetta hefur þegar verið afgreitt frá hv. Ed. og kemur nú til meðferðar þessarar hv. deildar.

Frv. er flutt vegna aðildar Íslands að bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem gerður var í Montreal 23. sept. 1971. Hryðjuverk með alþjóðlegu ívafi halda áfram að vera alvarlegt vandamál um heim allan. Með þeim er lífi saklausra manna oft stefnt í voða og á slíkum stundum stendur hinn siðmenntaði heimur á öndinni og bíður eftir fréttum af afdrifum þeirra sem eru fórnarlömb slíkra ódæða. Ekkert land getur fyrir fram varið sig algerlega gegn slíkum ofbeldisbrotum, sama hvaða öryggisaðgerðum er beitt. Í takt við það að alþjóðleg hryðjuverk hafa aukist hefur skilningur aukist á því að til að berjast gegn slíkum brotum þarf aukið alþjóðlegt samstarf. Ástæðan er sú að þessi brot stefna oft í hættu grundvelli fyrir alþjóðasamgöngum og alþjóðasamstarfi.

Samfara óskum um aukið alþjóðlegt samstarf á þessu sviði hafa þó komið upp vandamál þegar á að fara að skilgreina nákvæmlega í hverju samstarfið eigi að vera fólgið. Ástæður þess eru m.a. að oft eiga hryðjuverk sér forsendur í félagslegum, fjárhagslegum eða pólitískum aðstæðum þeirra er til slíkra verka grípa. Þrátt fyrir ýmis vandamál er hægt að benda á góðan árangur af alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Má þar til nefna þrjá alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið til að auka öryggi í alþjóðaflugsamgöngum. Það er Tókíó-samningurinn frá 1963 varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum, Haag-samningurinn frá 1970 um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og Montreal-samningurinn frá 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á samninginn frá 1973 um vernd diplómata, Evrópusamninginn frá 1977 um varnir gegn hryðjuverkum og alþjóðasamninginn sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna árið 1979 um varnir gegn töku gísla. Auk þessara samninga hafa allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið samþykkt ýmsar ályktanir varðandi alþjóðleg hryðjuverk. Ísland hefur fullgilt alla framangreinda samninga. Allir framangreindir samningar eiga það sameiginlegt að í þeim eru ákvæði um hvernig aðildarþjóðir þeirra hyggjast vinna saman í baráttunni gegn hryðjuverkum, en þau stefna alþjóðasamgöngum og alþjóðasamstarfi í hættu.

Hinn 23. sept. 1971 var, eins og áður er fram komið, gerður alþjóðasamningur í Montreal um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Samkvæmt þeim samningi ber aðildarríkjum hans að uppfylla ákveðnar skyldur. Þau skuldbinda sig m.a. til að hafa þung refsiviðurlög í hegningarlögum við ofbeldi í loftfari á flugi, skemmdarverkum á loftförum og fleiru. Sá samningur sem fullgiltur hefur verið af rúmlega 100 ríkjum var fullgiltur af Íslands hálfu 29. júní 1973. Áður en þessi samningur og Haag-samningurinn frá 1970 voru fullgiltir var almennum hegningarlögum breytt, sbr. lög nr. 41/1973, svo að Ísland gæti staðið við þær skuldbindingar sem af fullgildingu þeirra leiddi. Bæði Haag- og Montreal-samningurinn fjalla um verknaði sem framdir eru um borð í loftförum eða verknaði sem beint er gegn loftförum í notkun. Reynslan hefur hins vegar sýnt að flughafnir, ætlaðar fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, eru stundum vettvangur fyrir aðrar tegundir ofbeldisverka sem beint er gegn alþjóðlegri flugumferð. Þetta á t.d. við um sprengjuárásir eins og þær sem á þessum áratug voru gerðar á alþjóðaflughöfnunum í Vín og Róm.

Í febrúar 1988 stóð Alþjóðaflugmálastofnunin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Montreal í þeim tilgangi að semja bókun við Montreal-samninginn frá 1971 er næði til ofbeldisverka í flughöfnum sem notaðar eru fyrir alþjóðlega flugumferð. Á ráðstefnunni var

gengið frá bókun við samninginn frá 1971 og var hún þá þegar undirrituð af Íslands hálfu.

Utanríkis- og samgönguráðuneytin beindu þeirri fyrirspurn til dómsmrn. hvort það teldi nauðsynlegt að breyta gildandi lögum til að unnt væri að standa við skuldbindingar sem af fullgildingu bókunarinnar frá 1988 leiðir. Í dómsmrn. var talið nauðsynlegt að bæta við og breyta þeim ákvæðum almennra hegningarlaga er lögfest voru 1973 með lögum nr. 41 1973, svo að tryggt væri að unnt væri að standa við umræddar skuldbindingar. Utanrrh. mun á næstunni flytja á Alþingi till. til þál. um að framangreind bókun verði fullgilt af Íslands hálfu. Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að unnt verði að standa við þær skuldbindingar sem af fullgildingu bókunarinnar leiðir.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 4. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 41 1973, verði breytt á þann veg að refsilögsaga íslenska ríkisins nái til þeirra brota er bókunin frá 1988 tekur til. Auk þess eru gerðar smávægilegar breytingar á núgildandi orðalagi greinarinnar til samræmis við aðra töluliði greinarinnar.

Í 120. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973, eru nú ákvæði um að það geti varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum að veita vísvitandi rangar upplýsingar eða láta uppi vísvitandi rangar tilkynningar sem til þess eru fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna eða um atriði sem varða loftferðaöryggi. Þá er í greininni ákvæði um að sömu refsingu varði að breiða út slíkan orðróm. Í 2. gr. frv. er lagt til að þær breytingar verði gerðar á þessari grein að það sama gildi um öryggi í flughöfn.

Þau ákvæði sem lagt er til að felld séu brott úr 165. gr. hegningarlaganna í 3. gr. frv. eru í reynd einungis færð til, sbr. lokamgr. 4. gr. frv.

Í 1. mgr. 4. gr. frv. er lagt til að tveim nýjum málsgreinum verði bætt við 165. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, um að sá sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skuli sæta a.m.k. tveggja ára fangelsi, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu. Varðandi skýringar við þessa grein að öðru leyti vísast til athugasemda við hana í frv.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir almennum forsendum þessa frv. sem hér er til umræðu um breytingu á almennum hegningarlögum og einstökum ákvæðum þess. Eins og áður er fram komið er frv. flutt til að unnt verði að standa við skuldbindingar sem leiða af væntanlegri fullgildingu bókunar frá 23. febr. 1988 við Montreal-samninginn 23. sept. 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 297. mál. — Þskj. 532.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota. Frv. er á þskj. 532 og er 297. mál þingsins. Flm. þessa frv. eru Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson og Ásgeir Hannes Eiríksson.

Á undanförnum árum virðast ýmiss konar afbrot í atvinnurekstri hafa færst í aukana. Hægt væri að nefna mörg dæmi af fyrirtækjum og einstaklingum sem gróflega hafa brugðist skyldum sínum í atvinnurekstri og þar með brotið gegn almennum hegningarlögum, ýmsum lögum um opinber gjöld og bókhaldslög. Rekja má slóð sömu einstaklinganna í gegnum hvert gjaldþrotafyrirtækið af öðru þar sem skuldum hefur verið safnað og fyrirtækin síðan gerð gjaldþrota. Þannig hafa fjölmargir grandalausir lánardrottnar tapað stórfé. Þannig er hægt að rekja langa slóð og oftast nær sömu einstaklinganna sem með skipulögðum hætti hafa svikið lánardrottna sína og jafnvel dregið sjálfum sér fé. Sögur af slíkum málum þekkja margir. Í íslenskum lögum eru takmarkaðar heimildir til að stöðva þá menn sem stunda þessa iðju með skipulögðum hætti. A.m.k. hafa þau úrræði, sem til eru, lítið verið notuð. Tilburðir stjórnvalda á undanförnum árum til að koma í veg fyrir slíka háttsemi hafa verið þó nokkrir og það sem kannski vegur þyngst í þeim efnum er að árið 1985 skipaði dómsmrh. nefnd til að gera tillögur um greiðari meðferð efnahagsafbrota í dómskerfinu. Í framhaldi af því nefndarstarfi var stofnuð sérstök deild við Rannsóknarlögreglu ríkisins til að rannsaka efnahagsbrot.

Í íslenskri löggjöf eru takmörkuð ákvæði um sviptingu starfsréttinda og heimildir til að svipta menn leyfum til að stunda atvinnurekstur. Í 2. mgr. 68. gr. almennu hegningarlaganna er einungis gert ráð fyrir því að hægt sé að svipta einstaklinga leyfum til að stunda starfsemi vegna afbrota og þá fyrst er dómur hefur gengið í málinu. Greinin hljóðar svo, og vitna ég þá til 2. mgr. 68. gr. hegningarlaganna:

„Nú er maður dæmdur sekur um brot, og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild er hann hefur öðlast til að stunda starfsemi sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna að veruleg hætta sé á því að sakborningur muni fremja brot í

stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt má einnig svipta mann ofangreindum rétti ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna. Lögaðilar verða ekki sviptir réttir til að stunda starfsemi samkvæmt þessari grein. Réttarsvipting einstaklings samkvæmt greininni takmarkast við þá starfsemi þar sem opinbert leyfi eða löggildingu þarf til eða skipun eða próf."

Í íslenskri löggjöf eru víða ákvæði um að menn þurfi að uppfylla ákveðin almenn skilyrði og í sumum tilfellum að hafa ákveðin próf til að mega sinna störfum á viðkomandi sviði eða stunda ákveðna starfsemi. Auk þess er í mörgum tilfellum, auk almennra skilyrða, gerð krafa um að til þess að mega sinna starfi eða stunda ákveðna starfsemi þurfi leyfi viðkomandi yfirvalda. Skilyrði þess að menn verði sviptir réttindum samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennu hegningarlaganna eru tvenns konar. Í fyrsta lagi að þeir séu dæmdir fyrir refsiverðan verknað. Brotið gefi til kynna að veruleg hætta sé á að sakborningurinn muni fremja það í stöðu sinni eða starfsemi. Hugsunin er sú að tengsl séu milli afbrots og starfsemi þeirrar sem svipting lýtur að. Þrátt fyrir þessa aðalreglu, að tengsl séu á milli afbrots og þeirrar starfsemi sem svipting lýtur að, er þó talið að svipting geti komið til greina vegna afbrots sem ekki er í tengslum við starfsemi ef veruleg hætta er á að það sama gerist þar.

Í öðru lagi er heimilt að svipta menn réttindum skv. 2. mgr. 68. gr. ef brot er stórfellt og viðkomandi telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna. Þegar haft er í huga hversu skilyrði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eru ströng til sviptingar á rétti til að stunda starfsemi vegna afbrota liggur beinast við að álykta að þetta ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennu hegningarlaganna sé ekki virkt úrræði í baráttu gegn afbrotum, enda er staðreyndin sú að sárafáir dómar hafa fallið þar sem heimildir þessar hafa verið notaðar.

Eins og ég gat um áður verða lögaðilar ekki sviptir starfsréttindum skv. 2. mgr. 68. gr. almennu hegningarlaganna. Hins vegar eru í nokkrum sérlögum heimildir til að svipta lögaðila starfsréttindum vegna brota á þeim. Má þar nefna lög um tekju- og eignarskatt og lög um varnir gegn mengun sjávar. Þar sem ákvæði í sérlögum um sviptingu starfsleyfa eru sjaldgæf og heimildir þessar sjaldan eða aldrei notaðar er full ástæða til að veita þeim sem atvinnurekstur stunda meira aðhald en verið hefur og mun frv. þetta gera það verði það að lögum. Sem dæmi um það hversu dómstólarnir hafa verið sínkir á sviptingu starfsréttinda voru á árunum 1985 og 1986 kveðnir upp í sakadómi Reykjavíkur þrír dómar varðandi stórfelld brot gegn lögum um söluskatt. Í öllum tilfellum var gerð krafa um sviptingu starfsréttinda. Þessum kröfum var hafnað og voru forsendur þessar:

Mál nr. 1. Ekki þykja alveg næg efni til að svipta viðkomandi smásöluleyfi. Mál nr. 2. Eftir atvikum og m.a. með hliðsjón af því hve langt er um liðið frá því að brotin voru framin þykir ekki alveg næg ástæða til þess að taka til greina kröfur ákæruvaldsins um sviptingu starfsréttinda. Mál nr. 3. Eins og atvikum máls þessa öllum er háttað þykir ekki alveg næg ástæða til að svipta hvorki fyrirtæki starfsréttindum né ákærða heildsöluleyfi.

Ef niðurstöður þessara dóma eru skoðaðar liggur beinast við að álykta sem svo að svipting starfsleyfa hjá lögaðilum og einstaklingum, þar sem það er á annað borð heimilt, sé ekki virkt úrræði. Því er þetta frv. til laga um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota flutt.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að hvern þann sem gróflega bregst skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem hann er í forsvari fyrir megi með dómi útiloka frá frekari atvinnurekstri um tiltekinn tíma. Samkvæmt þessu, og það ber að undirstrika, nær atvinnurekstrarbannið einungis til einstaklinga ef skilja má atvinnureksturinn sjálfan frá þeim brotlega. Svo væri t.d. í mörgum tilfellum um atvinnurekstur hlutafélaga. Hlutafélagið gæti haldið áfram sinni starfsemi en einstaklingur sá sem í forsvari fyrir atvinnurekstrinum hefði verið og brotið hefði af sér yrði dæmdur í atvinnurekstrarbann. Þetta er gert til að hægt sé að halda atvinnurekstrinum áfram gangandi og koma þannig í veg fyrir að atvinnureksturinn sem slíkur þurfi að líða fyrir það að í forsvari hafi verið óvandaðir menn.

Í 2. gr. frv. er skilgreint með hvaða hætti maður telst hafa brugðist gróflega skyldum sínum í atvinnurekstrinum. En það er með því að hafa brotið gegn almennum hegningarlögum eða framið annað meiri háttar afbrot, að hafa framið meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld og bókhald eða framið önnur meiri háttar auðgunarbrot. Í 2. mgr. greinarinnar er tilgreint hvað skuli hafa til hliðsjónar við mat á því hvort brot er meiri háttar eða ekki. Í 3. mgr. 2. gr. er sérregla um gjaldþrot. Þar er gert ráð fyrir því að dæma megi mann í atvinnurekstrarbann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota, enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Sama gildir um einstakling sem hefur í störfum sínum sem forsvarsmaður lögaðila er verður gjaldþrota gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gegn lánardrottninum.

3. gr. frv. nær einungis til atvinnurekstrar lögaðila. Þar er lýst hverja af forsvarsmönnum atvinnurekstrarins megi dæma í atvinnurekstrarbann nema þeir sýni fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um hina ólögmætu háttsemi. En þetta eru sameigendur í sameignarfélagi, félagsmenn með ótakmarkaða ábyrgð í samlagsfélagi, stjórnarformenn og framkvæmdastjórar hlutafélaga, stjórnarformenn og forstöðumenn hvers kyns annars konar lögaðila með fjárhagsleg markmið og sá sem í raun veitir atvinnurekstri lögaðila forstöðu eða hefur komið fram sem slíkur út á við.

4. gr. frv. fjallar um tímalengd atvinnurekstrarbanns. Bannið skal standa í þrjú ár hið skemmsta og

í fimm ár hið lengsta. Þessi tímalengd er í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegri norrænni löggjöf.

5. gr. fjallar um þær hömlur sem settar eru á hvern þann mann sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, óheimilt að gangast undir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri hvers kyns félags, annars lögaðila með fjárhagsleg markmið og óheimilt að vera í stjórn eða varastjórn hvers kyns félags eða lögaðila með fjárhagsleg markmið, óheimilt að vera framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra eða veita í raun forstöðu atvinnurekstri lögaðila sem hefur fjárhagsleg markmið.

Í 6. gr. frv. er reynt að koma í veg fyrir að hægt sé að fara í kringum atvinnurekstrarbannið. Í 1. mgr. kemur fram að manni sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann er ekki heimilt að starfa við atvinnurekstur tilgreindra venslamanna sinna megi hann ekki hafa það hlutverk með höndum á eigin vegum. 2. mgr. fjallar um að manni í atvinnurekstrarbanni sé meinað að starfa við eða taka að sér reglubundin verkefni í sams konar starfsemi og hann braut af sér í.

7. gr. frv. tekur til þess hvernig megi úrskurða mann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Sé brotið mjög gróft og augljóst má úrskurða mann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða því rétt þykir að koma í veg fyrir að maður sem augljóslega og gróflega hefur brotið af sér fái að halda áfram starfsemi sinni meðan mál hans er fyrir dómi. Í 2. mgr. greinarinnar kemur þó fram að atvinnurekstrarbann til bráðabirgða getur staðið hið lengsta í sex mánuði. Þó getur það verið framlengt um allt að þrjá mánuði sé mál enn fyrir dómstólum þegar fyrra bann rennur úr gildi. Það gerist aðeins að kröfu saksóknara og samkvæmt mati dómstóla. Í 3. mgr. er saksóknara veittur ákveðinn frestur til málshöfðunar að uppkveðnum úrskurði um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Ljóst er að atvinnurekstrarbann er mjög viðurhlutamikið. Því verður að leitast við að flýta því svo sem auðið er að fá endanlega niðurstöðu. Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða fellur úr gildi ef saksóknari nýtir ekki takmörkin. Í 4. mgr. kemur fram að dómur fellir úr gildi bráðabirgðabann. Atvinnurekstrarbann skal talið hefjast við uppkvaðningu úrskurðar um bráðabirgðabann.

8. gr. skýrir sig að mestu leyti sjálf, en þar er gert ráð fyrir því að úrskurð um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða sé hægt að kæra til Hæstaréttar.

Um 9. gr. frv. er það að segja að eins og fram kemur í 1. gr. frv. nær atvinnurekstrarbann aðeins til einstaklinga en ekki til lögaðila. Er það gert til þess að takmarka tjón samfélagsins af stöðvun atvinnurekstrarins. Því er brotlegum, samkvæmt þessari grein, veittur ákveðinn frestur til að koma í veg fyrir að atvinnureksturinn líði undir lok, t.d. með því að selja hann. Brotlegur verður þó við þessar ráðstafanir að njóta aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda og fara þær fram undir umsjá skiptaráðanda í viðkomandi umdæmi. Haganlegast þykir að hafa þann hátt á því að ætla má að nokkur skyldleiki sé með þessum ráðstöfunum og meðferð þrotabúa og greiðslustöðvana.

Í 10. gr. frv. er kveðið á um viðurlög við brotum við atvinnurekstrarbanni og að þá sem það brjóta megi dæma í allt að tveggja ára fangelsi. Sé brotið hins vegar minni háttar megi dæma þá sem það brjóta til varðhalds eða greiðslu sektar. Brot gegn atvinnurekstrarbanni skuli að lágmarki leiða til þess að sá tími sem menn hafa verið dæmdir í atvinnurekstrarbann tvöfaldist. Sameiginlegur tími atvinnurekstrarbannsins og brota gegn því getur þannig farið fram úr fimm árum.

11. gr. frv. kveður á um að mál til höfðunar atvinnurekstrarbanns skuli sæta meðferð opinberra mála skv. lögum nr. 74/1974 þar sem frv. kveður á um refsikennd viðurlög. Þykir því eðlilegt að láta fara með mál þessi að hætti opinberra mála. Enn fremur má gera ráð fyrir því að á lög þessi mundi reyna jafnhliða öðrum lögum, t.d. almennum hegningarlögum, í einu og sama máli.

12. gr. frv. kveður á um gildistöku laga þessara en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þau taki gildi 1. jan. 1991. Annars staðar á Norðurlöndum hafa heimildir til leyfissviptinga færst í aukana á undanförnum árum og jafnvel hefur mönnum almennt verið meinuð þátttaka í atvinnurekstri vegna brota í atvinnurekstrinum. Tilgangur þessa er ekki síst að koma í veg fyrir að sömu einstaklingar brjóti ítrekað af sér. Eins og meginákvæði íslenskrar löggjafar um heimildir til sviptingar starfsréttinda vegna afbrota eru nú og lýst hefur verið hér að framan þá fullyrði ég að ólíklegt sé að brotlegir atvinnurekendur leiði hugann að öðru en sektum í gildandi lögum. Refsivist kemur sjaldan til nema brot sé þeim mun alvarlegra. Stæðu brotamenn hins vegar frammi fyrir hugsanlegri sviptingu réttinda til atvinnurekstrar eins og frv. gerir ráð fyrir má ætla að þeir muni hugsa sig betur um. Þannig gengur frv. þetta lengra en nokkurt gildandi lagaákvæði sem aðeins heimilar sviptingu réttinda samkvæmt útgefnum stjórnvaldsleyfum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til athugunar í hv. allshn. deildarinnar. Á dagskrá þessa fundar er 298. mál, meðferð opinberra mála, á þskj. 533, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Þetta frv. er fylgifrv. með hinu frv. og þarfnast ekki sérstakrar framsögu og legg ég til að það verði látið fylgja hinu frv. og að sjálfsögðu þá einnig vísað til hv. allshn.

Umræðu frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 298. mál (atvinnurekstrarbann). — Þskj. 533.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er hér um fylgifrv. að ræða með frv. því sem er 297. mál þingsins. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að mál samkvæmt lögum verði rekin að hætti opinberra mála skv. lögum nr. 74/1974. Rétt þykir að kveða einnig á um það í þeim lögum. Gildistökuákvæði er hið sama og í frv. til laga um tímabundinn atvinnurekstur og bann. Eins og ég sagði áðan þá legg ég til að þessu máli verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 297. mál. — Þskj. 532.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Flm. þess frv. sem hér er til umfjöllunar hafa með flutningi þess vakið athygli á ákveðnu vandamáli sem við er að glíma hér í þjóðfélaginu. Það lýtur að því að menn standa ekki við skuldbindingar sínar og svíkja það sem þeir hafa lofað og stofna hugsanlega æ ofan í æ til starfsemi sem verður síðan gjaldþrota og lánardrottnar tapa peningum. Ég hygg að hv. 2. flm. hafi lýst þessu vandamáli nokkuð réttilega hér í upphafi máls síns en ég hygg engu að síður að það frv. sem nú er til umfjöllunar leysi ekki þennan vanda sem hér er við að glíma og sé reyndar að mörgu leyti mjög vafasamt.

Það er engin ástæða til að hafa neina samúð með þeim aðilum sem hv. 2. flm. gerði hér að umtalsefni og sem hann vill ná í skottið á með þessu frv. Það vilja auðvitað allir. En ég hygg að um slíka menn gildi í flestum tilfellum að núgildandi refsiákvæðum laga hafi ekki verið beitt, þeir hafi ekki hlotið dóma eða verið fundnir sekir um refsivert athæfi að núgildandi lögum. Ef svo væri efast ég um að viðkomandi gæti haldið áfram uppteknum hætti, eða vita flm. um einhverja slíka aðila sem sætt hafa refsiábyrgð og síðan stofnað ný fyrirtæki með þeim hætti sem frsm. lýsti?

Ég er sannfærður um það, herra forseti, að flm. þessa máls gengur gott eitt til en hér er lagt til að farið sé inn á nýja leið í refsingum og tekin upp áður óþekkt viðurlög sem felast í því að svipta menn rétti til að stunda starfsemi sem öllum öðrum er heimilt að stunda án sérstakra leyfa. Og það vill nú þannig til að atvinnufrelsið á Íslandi er tryggt með ákvæðum í stjórnarskrá. En hér er sem sagt stungið upp á alveg nýrri refsileið sem ekki þekkist í íslenskum refsirétti nú þar sem aðeins er gert ráð fyrir sektum og refsivist sem viðurlögum við refsiverðu athæfi.

Þannig er, herra forseti, að samkvæmt gildandi lögum þarf ekki almennt séð sérstök leyfi til að stofna til atvinnurekstrar, enda getur verið afar erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað í atvinnurekstri felst. Reyndar er það þannig að í gildandi lögum er ekki annað um það hvað sé atvinnurekstur en skilgreiningar skattalaganna og þar er það auðvitað þannig að öll einyrkjastarfsemi telst atvinnurekstur. Þarf ég ekki að fara nánar út í það eða nefna dæmi um slíka starfsemi. En í frv. er gert ráð fyrir, herra forseti, að dæma megi menn í svokallað atvinnurekstrarbann í 3–5 ár hafi þeir „gróflega brugðist skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem þeir eru í forsvari fyrir", eins og segir í frv. Í slíku banni felst m.a. að viðkomandi yrði óheimilt að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða vera í stjórn eða varastjórn félags með fjárhagsleg markmið. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég tel mjög varhugavert að ætla að banna einstökum mönnum að hefja rekstur í atvinnuskyni jafnvel þótt þeir hafi misstigið sig í atvinnurekstri fyrr á lífsleiðinni. Það gegnir auðvitað allt öðru máli um sérstök leyfi eða stjórnvaldsheimildir eða starfréttindi sem hið opinbera veitir mönnum, svo sem verslunarleyfi, lækningaleyfi eða lögmannsréttindi og fleira þess háttar sem menn kannast við. Það getur verið eðlilegt og auðvitað óhjákvæmilegt oft og tíðum að svipta menn slíkum leyfum hafi þeir brugðist þeim skyldum eða kröfum sem að baki slíkum leyfisveitingum liggja, enda er gert ráð fyrir því í gildandi lögum.

Ég vil til viðbótar benda á, herra forseti, að með slíku banni sem hér er lagt til gæti í mörgum tilfellum staðan orðið sú að með því að dæma menn í slíkt bann væri í raun verið að skerða möguleika þeirra sem lent hafa í erfiðleikum, manna sem féllu undir þessi ákvæði, skerða möguleika þeirra til að koma undir sig fótunum á nýjan leik og gerast borgunarmenn fyrir tjóni sem þeir hafa valdið öðrum. En vissulega hlýtur það að vera markmið að mönnum sé gert kleift að standa í skilum en ekki lagðar óeðlilegar hömlur á möguleika þeirra til að afla tekna til þess að borga tjón sem þeir kunna að hafa valdið.

Ég tel enn fremur, herra forseti, að með því að setja ákvæði sem þessi í lög sé verið að veita fólki falska vernd, gervivernd, gegn þeim sem brjóta af sér í atvinnurekstri. Það er enginn skyldugur til þess að stunda lánsviðskipti við aðra aðila og allra síst aðila sem hann ekki treystir. Og það verður ævinlega svo í lánsviðskiptum að þeim fylgir einhver áhætta og þá áhættu þurfa menn ekki að taka nema þeim sýnist svo. Í gildandi lögum, sem hv. frsm. vitnaði títt til, eins og hegningarlögum, skatta- og bókhaldslögum er að finna margs konar refsiákvæði sem eiga við um brot á þessum lögum og marghátt að refsivert athæfi annað. Ég tel að brotalömin í núverandi kerfi sé framkvæmd þessara ákvæða og veikleikar í því eftirlits- og rannsóknakerfi sem fyrir er. Ég vil benda á að samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því að sömu aðilar annist framkvæmdina og eftirlitið og þeir sem það gera í núverandi eftirlitsrannsóknakerfi. Ég tel að ekkert bendi til þess að yfirvöld, þessi hin sömu, yrðu betur í stakk búin til að framfylgja lögum um

atvinnurekstrarbann, ef sett yrðu, en núgildandi lagaákvæðum. Ég tel hins vegar eðlilegra að bregðast við því vandamáli sem hér er vissulega vakin athygli á með því að styrkja núverandi eftirlitsaðila, jafnvel að herða á þeim refsiákvæðum sem fyrir eru og fylgja þeim fastar eftir. Ég tel að það sé eðlilegra en að taka upp það atvinnurekstrarbann sem lagt er til í frv. Með slíku frv. er að mínum dómi verið að fara inn á brautir sem hugsanlega sér ekki fyrir endann á.

Það mætti nefna ýmis önnur ákvæði í þessu frv. sem koma mönnum, eða a.m.k. mér, sérkennilega fyrir sjónir. Ég sé t.d. ekki betur en í 3. gr. frv. sé verið að snúa við sönnunarbyrði aðila vegna þess að þar segir að dæma skuli menn sem framið hafi brot samkvæmt 2. gr nema þeir sýni fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um ólögmætt athæfi, ólögmæta háttsemi.

Það má benda á það að í 6. gr. segir að sá sem dæmdur hafi verið í atvinnurekstrarbann megi ekki heldur taka að sér reglubundin verkefni í atvinnustarfsemi sams konar þeirri sem hann brást skyldum sínum í. Ég sé ekki betur en þetta þýði að aðilar með tiltekna sérþekkingu megi ekki taka að sér verkefni á því sviði samkvæmt ákvæðum þessa frv. Þetta þýðir það að menn sem hafa sérhæft sig í alls kyns einyrkjastarfsemi, það má t.d. nefna hárskera og aðra þá sem veita alls kyns persónulega þjónustu, sem kynnu að verða dæmdir í bann sem hér er verið að tala um mundu ekki mega stunda störf á sínu sérsviði eða taka að sér verkefni ýmiss konar sem tengjast fyrri atvinnustarfsemi viðkomandi eða er í sömu grein. Ég tel að þetta sé mjög sérkennilegt.

Ég hyggst ekki, herra forseti, fjalla nánar um einstakar greinar. Ég vildi koma þessum almennu sjónarmiðum mínum hér að við þessa umræðu. Ég held að refsiréttur á Íslandi sé ekki svo illa á sig kominn að það þurfi að bæta við nýrri tegund refsinga eins og þeirri sem hér er lögð til. Ég held að málið sé miklu fremur það, eins og ég hef þegar sagt, að framfylgja gildandi ákvæðum og gera þá aðila í hinu opinbera kerfi sem því eiga að framfylgja þess megnuga þannig að aðilar, eins og þeir sem hv. frsm. ræddi hér um í upphafi síns máls, geti ekki leikið lausum hala í okkar samfélagi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að flestir sem hér sitja inni hafi glímt við það að meta hverju væri hægt að stjórna með lögum og hverju ekki. T.d. væri það ákaflega einfalt ef hægt væri að stoppa lögbrot með lögum, að setja bara í lög að bannað væri að brjóta lög og kanna hvort menn væru ekki búnir að leysa þetta mál.

En margar hugmyndir vakna og margt sem mönnum dettur í hug þó það sé illframkvæmanlegt. Eins er það svo með mannanna börn að þó að meiri hlutinn vilji setja einhverjum öðrum hóp leikreglur gengur oft erfiðlega að fá menn til að fara eftir þeim. Meginreglan hefur verið sú að svipta menn frelsi eða dæma menn til fjársekta. Að vísu voru hýðingar áður fyrr notaðar einnig og ýmsar aðrar aðferðir munu notaðar af Múhameðstrúarmönnum, m.a. að handhöggva þjófa og vafalaust hefur þetta allt þær afleiðingar að menn eiga erfiðara með eftir en áður að brjóta af sér. Ég held aftur á móti að menn þurfi að meta það í rólegheitunum þegar þeir skoða frv. til laga eins og þetta hvernig það hefði leikið íslenskt athafnalíf hefði það verið samþykkt fyrir 50 eða 70 árum. Hefði það t.d. stoppað það að Thor Jensen hefði haft sín umsvif í þessu landi? Hefði þeim sem lentu í erfiðleikum forðum vegna heimskreppunnar um 1930 og urðu gjaldþrota verið rutt endanlega út úr röðum atvinnurekenda vegna þess að þeir hefðu fengið á sig stimpil atvinnurekstrarbanns og þar með verið dæmdir óhæfir? Ég man eftir mönnum vestur á fjörðum sem upplifðu það að vera gerðir upp og fengu svo veisluboð frá Landsbanka Íslands 50 árum seinna og þáðu það ekki. Þeir fyrirgáfu það kannski aldrei og það er líka matsatriði hvenær rétt er að slíku staðið.

Þegar menn fara hér í upptalningu í þessari grein, 6. gr., sem er nú ansi vel úthugsuð gagnvart öllum hugsanlegum tengslum, þá spyr maður náttúrlega sjálfan sig hverjir séu eftir sem viðkomandi aðilar gætu notast við. Jú, það eru einfeldningar, menn sem eru það hreinræktaðir asnar, ef svo mætti komast að orði, að hægt væri að láta þá skrifa sig fyrir forstöðu í fyrirtæki þó þeir væru það ekki. Og mér er spurn, væri íslenskt samfélag eitthvað betra þó þeir sem nú hafa verið að brjóta lögin í eigin nafni mundu ráða einhverja slíka til þess að vinna verkið fyrir sig og við mundum svo dæma þá í tugthús á eftir?

Þó það sé vissulega rétt, eins og hér hefur komið fram í máli 2. flm., að margt hefur farið úrskeiðis í þeim efnum að tryggja eðlilegt eftirlit með atvinnustarfsemi og koma þannig í veg fyrir það að prettum sé jafnmikið beitt og við vitum dæmi um, þá hallast ég mjög að því að þetta frv. sé ekki til þess að betrumbæta það ástand. Þvert á móti sýnist mér að það gæti beinlínis orðið til skaða þannig séð að það gæti orðið til þess, eins og ég gat um hér áðan, að ýmsir einstaklingar yrðu fengnir til að vera að nafninu til skráðir í forsvari fyrir fyrirtækjum þó þeir væru það ekki. Og þó að við setjum það hér í lög að snúa því við að menn eigi að fara að sanna sakleysi sitt, þá er ég ekki búinn að sjá það að íslenskir dómarar mundu almennt fara að dæma eftir slíkum lögum. Við erum nú einu sinni með stjórnarskrá í þessu landi sem setur löggjafanum almennar leikreglur og mér sýnist að vissulega sé teflt á tæpasta vað hvað það snertir með þeim hugmyndum sem hér eru.

Ég veit að hv. 2. flm. hefur ekki verið þekktur að því að brjóta lög. Mig minnir þó að hann hafi einu sinni orðið svo frægur að vera framarlega í riddaraliðshópi sem reið til fjalla og rak hross á undan sér og braut þar með lög um upprekstur, ef ég man rétt. Og ég veit ekki hvort veröldin væri nokkuð betri þó sett hefði verið búrekstrarbann í fimm ár á viðkomandi einstakling fyrir tiltækið. En hitt veit ég að hann hefði haft klækjavit til að sjá við öllum þeim lagagreinum sem hér eru ef slíku banni hefði átt að beita. Þó að

hugsunin sé vafalaust góð á bak við þetta frv. þá tel ég að menn þurfi mjög að athuga sinn gang áður en þeim dettur í hug að samþykkja það.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég er meðflm. að þessu frv. til laga og gerði það eftir vandlega íhugun án þess að gera miklar kröfur um efnislegar breytingar þó ýmislegt væri í þessum texta sem ég vissi að mundi orka tvímælis. Ég lít fyrst og fremst á þetta frv. sem heiðarlega tilraun til að reyna að bæta siðferðið í íslensku athafnalífi. Þess vegna er það nr. 1 að þetta mál sé rætt hér á Alþingi eins og nú er gert. Hér er verið að velta upp flötum á textanum og þá kemur ýmislegt í ljós. Og áður en sagan er öll verðum við vonandi komin að niðurstöðu sem við getum vel við unað og sem er til þess fallin að ná markmiði frv.

Ég þekki sjálfur atvinnurekstur, ég hef stundað ýmiss konar atvinnurekstur og brask frá því að ég var í verslunarskóla og hef verið báðum megin. Bæði hef ég hagnast á atvinnurekstri og tapað á atvinnurekstri. Ég hef líka brotið þau lög sem hafa snúið að atvinnurekstri lítillega og ég hef orðið fórnarlamb þeirra brota ekki síður. Í mínum huga er ákaflega brýnt að skoða ýmsa þætti sem tekið er á í þessum lögum. Í 2. gr. segir:

„Maður skal teljast hafa brugðist skyldum sínum gróflega hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um:" — og síðan koma nú hlutir sem þarf eiginlega ekki að fjölyrða um að eru brot —

„a. brot gegn almennum hegningarlögum eða annað meiri háttar afbrot,

b. meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld,

c. meiri háttar brot gegn lögum um bókhald,

d. önnur meiri háttar efnahagsbrot."

Hér er alls staðar í 2. gr. rætt um brot. Brot eiga ekki að orka tvímælis.

Síðar í 2. gr. segir: „Einnig má dæma í atvinnurekstrarbann mann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota, enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum." — Það er málið. Ekki af því að maðurinn er gjaldþrota. Thor Jensen var gjaldþrota á sínum tíma. Það var ekkert ámælisvert fundið við það gjaldþrot, þ.e. hann var gjaldþrota af ástæðum sem hann réð ekki við. Það varð ekki fundið að hann hefði gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Stórlega ámælisverð háttsemi brýtur yfirleitt einhver lög, hún stríðir yfirleitt gegn einhverjum gildandi lögum þannig að það er nokkuð sjálfgefið að sé því fylgt eftir verða menn dregnir fyrir rétt út af lögbroti.

Virðulegur alþm. Geir Haarde sagði áðan í pontu að menn væru ekki sviptir leyfum í dag fyrir brot heldur ýmist dæmdir í sektir eða dæmdir til fangelsisvistar. Ég man nú ekki betur en það sé tiltölulega stutt síðan að forsvarsmenn fyrirtækja voru dæmdir fyrir brot á innflutningslöggjöf, fyrir verðlagsbrot og bókhaldsbrot og þá hafi leyfishafar verið sviptir leyfum. Lögmenn hafa verið sviptir réttindum og leyfum til málflutnings fyrir brot í sínu starfi. Læknar hafa verið sviptir leyfum fyrir brot og meira að segja prestar hafa verið sviptir kjóli og kalli. Svo að það er alls enginn nýr sannleikur að menn séu sviptir leyfum, að þeim sé haldið utan við atvinnugrein vegna þess að þeir hafa brotið af sér á einn eða annan hátt. Annaðhvort lögin eða reglur eða þeir hafa haft í frammi stórlega ámælisverða háttsemi á sínum starfsferli.

Ég ítreka það að ég sé alls ekki fyrir mér að þessi lög nái til fólks sem lendir í erfiðleikum við gjaldþrot nema að það hafi beitt sviksemi í rekstri eða við þann rekstur sem gjaldþrota hefur orðið. Ég þekki vel dæmi af rekstri fyrirtækis þar sem eigandinn borgaði engin gjöld, safnaði í sjóði og lét fyrirtækið fara til skiptameðferðar, en hélt eftir þekkingu, hélt eftir tækjum og hélt eftir sviksamlega fengnum peningum. Byrjaði síðan á sama grunni með sams konar fyrirtæki og gamla fyrirtækið sem sett var í gjaldþrot. Og fjöldinn allur af fólki sat eftir með miklar skuldir og sárt ennið. Það eru atburðir af þessu tagi sem við erum að reyna að koma í veg fyrir. A.m.k. er minn skilningur á frv. sá að við séum að reyna að koma í veg fyrir að fólk, saklaust og grandalaust, bíði tjón og skaða af alls kyns svikastarfsemi sem er rekin í skjóli leyfa og leyfisveitinga í þjóðfélaginu.

Nái Alþingi einhverjum árangri á þessu sviði þá tel ég að þetta frv. sé af hinu góða. Hvort það verður samþykkt orðrétt eins og það kemur fyrir hér eða hvort það tekur miklum breytingum. Ég vona að frv. leiði til þess að viðskiptalíf í landinu verði betra á eftir og hægt sé að hefja atvinnureksturinn víða á hærra plan.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklinga vegna afbrota, sem hér liggur fyrir, er á margan hátt athyglisvert mál en hálf er ég hræddur um að lögfræðilega hliðin á þessu máli sé dálítið varasöm. Ég er sannfærður um að allir geta tekið undir það að það sé óhæfa að menn geti með svikum og prettum náð fé af fólki en þetta frv. mun ekki koma í veg fyrir það vegna þess einfaldlega að þeir menn munu nú sleppa hvort sem þetta verður sett í lög eða ekki. En hitt er miklu alvarlegra að það er töluverður vafi á því að ákvæði þessara laga standist ákvæði stjórnarskrár og standist almennar reglur um réttarfar og réttaröryggi. Ég hefði talið rétt að skoða þetta mál mjög náið og fá til þess snjalla lögfræðinga sem hefðu skoðað hvort þessar greinar standast yfir höfuð miðað við þær réttarfarsreglur sem við búum við hér á Íslandi, sem ég dreg í efa.

Það hefur verið vinsælt að slá sig til riddara með þeim hætti að segja að það eigi að hegna þeim sem setja fyrirtæki á hausinn, stundum hefur manni fundist með vafasömum hætti, og þetta er náttúrlega frv. sem er lagt fram með þeim hætti að menn eru að reyna að slá sig til riddara. En það eru liðin ár og

dagar síðan hætt var að kjöldraga menn því sú aðferð við að refsa mönnum gafst ekki vel og stundum var það svo að menn voru kjöldregnir án saka. Það gæti verið svo að slíkt réttarfar sem kemur fram í frv. er afturför í okkar réttarfarsreglum og gengið til baka til miðalda í hugsun.

Það er hins vegar hárrétt að auðvitað verður að koma í veg fyrir það að menn geti sett fyrirtæki á hausinn og skotið undan fjármunum en það mun nú gerast hvort sem þetta frv. verður samþykkt eða ekki. Það eru aðrar reglur sem verða að gilda þar og m.a. eru þeir aðilar sem helst geta komið í veg fyrir að svona gerist eru bankarnir. Í viðskiptum manna á meðal erlendis er mun algengara að menn fái banka-ábyrgðir, að bankinn gefi yfirlýsingar um hvort við-komandi aðili er trausts verður í viðskiptum. Þær upplýsingar sem t.d. Verslunarráð Íslands gefur um aðila hér á landi og erlendis eru taldar miklu traustari og menn leita eftir því að sjá um að þær upplýsingar um menn liggi fyrir. Ég hef orðið vitni að því að hér eru menn dálítið barnalegir í viðskiptum ef maður getur sagt það. Það er stofnað eitthvað nýtt fyrirtæki og aðilar telja bara sjálfsagt að það megi lána því verðmæti upp á hundruð þúsunda eða milljónir jafn-vel og síðan reynast þetta menn sem ekki eru trausts verðir og fyrirtækið fer á höfuðið. Og ég held að það sé einmitt miklu mikilvægara að það sé meira og strangara eftirlit, m.a. að menn leiti til aðila eins og Verslunarráðs Íslands, til bankanna og traustra aðila um upplýsingar um menn þannig að menn komist ekki upp með það að gera sig gjaldþrota með svik-samlegum hætti. Hitt er annað mál að það getur auðvitað alltaf komið upp gjaldþrot sem verður vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Við höfum mörg dæmi um það í íslensku þjóðlífi að ágæt fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota einfaldlega út af ytri aðstæðum. Það eru allt aðrir hlutir og ekki hægt að blanda því saman við þau gjaldþrot sem virðist hér verið að reyna að taka á. En ég held að hugmyndin sem slík, að reyna að koma höndum yfir þessi atriði, sé ekki óskynsam-leg en skynsamlegra hefði verið að flytja hér þáltill. sem hefði síðan verið útfærð af mönnum sem hafa þekkingu til að bera í lögfræði. Því mér sýnist þetta frv. ekki standast þær ströngu kröfur sem verður að gera til frv. til laga um tímabundið bann við atvinnu-rekstri sem er mjög flókið og erfitt lögfræðilegt mál að fást við.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Nú óttast ég að mér hafi orðið illa á í messunni því að þrír af mestu heilum þessarar stofn-unar hafa greinilega misskilið ræðu mína og hef ég þá væntanlega ekki talað nógu skýrt því ótrúlegt þykir mér að jafnmiklir heiðursmenn vilji fara að gera sig hér að málsvörum svindlara og skjóta skildi fyrir þá. Ég tel það raunar fjarstæðu að jafnmiklir heiðurs-menn og hér hafa verið að gagnrýna þetta frv. láti sér detta það í hug. Það hvarflar ábyggilega ekki að þeim að gerast málsvarar efnahagslegra síbrotamanna.

En til áréttingar því og til leiðréttingar á því sem ég kannski hef ekki sagt nógu skýrt í framsöguræðu minni þá langar mig til að lesa hérna tvær af fyrstu greinum frv.

1. gr. hljóðar svo: „Hvern þann, sem bregst gróf-lega“ — ég endurtek — „gróflega skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem hann er í forsvari fyrir, má með dómi útiloka frá frekari atvinnurekstri um tiltekinn tíma. . .“

2. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Maður skal teljast hafa brugðist skyldum sínum gróflega hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um:

a. brot gegn almennum hegningarlögum eða annað meiri háttar afbrot,

b. meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld,

c. meiri háttar brot gegn lögum um bókhald,

d. önnur meiri háttar efnahagsbrot.

Við mat á því hvort brot telst meiri háttar skal til þess litið hvort misferli hefur verið kerfisbundið, lotið að verulegum peningaverðmætum eða veruleg-um hagnaði miðað við umfang atvinnurekstrar og þess hvort brot hefur haft í för með sér hættu á verulegu tjóni.

Einnig má dæma í atvinnurekstrarbann mann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota, enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega“ — og ég endurtek — „stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Sama gegn-ir um einstaklinga sem hafa í störfum sínum sem forsvarsmenn lögaðila, er verða gjaldþrota, gerst sekir um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum.“

Ég held að hv. þm. hefði verið í lófa lagið að lesa þetta úr þskj. ef ég hef ekki komið nógu skýrt orðum að hugsun minni í framsögu. Hér er sem sagt ekki verið að eltast við einhvern tittlingaskít, hér er verið að tala um að ná til manna sem kerfisbundið hagnast á misferli og sýna af sér stórlega ámælisverða hátt-semi.

Það er út af fyrir sig kannski nokkuð til í þeim ótta hv. 17. þm. Reykv. að þetta frv. leysi ekki allan vandann né stöðvi til frambúðar meiri háttar efna-hagsbrot en refsiákvæði núgildandi laga gera það ekki heldur. Þess sjáum við dæmi til og frá í þjóðfé-laginu. Þetta mein er fyrir hendi og þetta mein hefur versnað stórlega á síðustu árum. Menn hafa fært sig upp á skaftið og iðulega eru það sömu mennirnir sem ganga fyrirtæki úr fyrirtæki og tíðka það ekki bara að verða gjaldþrota því það getur hent bestu menn að vera ráðlausir og lenda í óhöppum og orðið gjald-þrota og það er ekki hugmyndin að vera neitt að níðast á þeim. Hugmyndin er að reyna að ná til manna sem með stórlega ámælisverðri háttsemi brjóta gróflega og kerfisbundið af sér og mér finnst nú ekki vera neitt óeðlilegt að reyna að stöðva þá. Það eru ákveðnir menn sem tíðka það — án þess að nokkur hreyfi legg eða lið, menn bara sitja eftir með sárt ennið — að eignast fyrirtæki eftir fyrirtæki sem þeim tekst að misfara með, viðskiptamönnum sínum til stórtjóns.

Ég er ekki að tala um menn sem misstíga sig, ég er

ekki að tala um menn sem verður eitthvað lítils háttar á, ég er að tala um menn sem beinlínis viljandi brjóta gróflega af sér.

Hv. 17. þm. Reykv. var að undrast það að verið væri að telja það eftir, að það væri verið að skerða möguleika þessara manna til að afla sér tekna. Ég sé ekkert á móti því að skerða möguleika svindlara til þess að svindla meira. Hv. þm. talaði um að þetta frv., ef að lögum yrði, mundi veita falska vernd. Það getur verið dálítið til í því en ég fullyrði að núverandi 68. gr. hegningarlaganna veiti mönnum falska vernd vegna þess að þessir menn hafa ekki stoppað.

Varðandi ræðu sem hv. 2. þm. Vestf. flutti hér þá er hann lögvitur maður og frjór löggjafi en því miður þá féll hann í það, annaðhvort að snúa út úr fyrir mér, sem mér þykir líklegra því hann er svo skarpur að ég skil ekki í öðru en að þetta frv. hafi verið honum alveg morgunljóst. Og ég skil ekkert í honum að nefna þjóðkunnan athafnamann og brautryðjanda í íslensku atvinnulífi til þessarar sögu og hann meira að segja genginn til feðra sinna fyrir löngu. Ég lít svo á að sá maður hafi ekki brugðist gróflega skyldum sínum. Hann fór að vísu á hausinn en ég held að það sé ekki hægt að segja að hann hafi stundað misferli kerfisbundið. Ég vil ekki taka mér það í munn, alls ekki. Ég þekki að vísu ekki bókhald hans nákvæmlega en að hann hafi stundað misferli kerfisbundið finnst mér alveg fjarstæða að taka upp í sig.

Það er alls ekki meiningin að svipta menn atvinnurekstrarleyfi fyrir það að reka fyrirtæki með tapi, lenda í kreppu eða fara á hausinn. Og það er afar mikill misskilningur hjá hv. 2. þm. Vestf. ef hann heldur að svindlarar séu einir manna færir um að reka atvinnufyrirtæki, ef hann heldur að það séu ekki neinir eftir nema kjánar sem ekki verði tekin af atvinnurekstrarleyfi ef þetta verður að lögum. Ég fer að hafa stórkostlegar áhyggjur af viðskiptasiðferði þessa hv. þm. (Gripið fram í.) Já, það er nefnilega það. Svindlararnir hafa nefnilega gengið á það lagið að hagnýta sér einfeldningana og fléfletta þá. Þess vegna erum við kannski komnir í þessa vondu stöðu.

Ég held að það sé misskilningur hjá skrifara deildarinnar, hv. 11. þm. Reykn., ef hann heldur að rétt sé að láta bankana eina um að gæta laga og réttar í landinu. Ég held að það hafi ekki neitt upp á sig að ætla þeim einum að gera það. Þeir eru að passa sig og sín viðskipti, þeim tekst það nú reyndar ekki alltaf, ekki undantekningarlaust. Þeir reyna þá að vísu að bjarga sér með því að hækka þjónustugjöld sín þannig að þeir geti haldið áfram að þenjast út, en ég held að þeim sé ekki treystandi einum fyrir þessu, að gæta laga og réttar.

Þetta frv., þó að lögum verði, sem ég vona sannarlega, verður ekki til þess að lama atvinnulífið í landinu. Frv. er flutt til þess að stöðva efnahagslega síbrotamenn, menn sem kerfisbundið hafa komist upp með stórafbrot á afbrot ofan. Ég hef horft upp á blásaklaust fólk verða fórnarlömb stórsvindlara sem það í góðri trú hafði hversdagsleg viðskipti við. Ég þekki fólk sem hefur beðið svo verulegan efnahagslegan hnekki að það er a.m.k. ekki búið að rétta sig af enn þá, fyrir það að lenda í að gera viðskipti við svona herra. Og þar af leiðir að ég held að þessir ágætu alþingismenn hafi misskilið þeta mál. Ég vil ekki gera þeim það að þeir séu að skjóta skildi fyrir skúrka, þeir hafi misskilið þetta og við nánari athugun komist þeir að raun um að þetta er réttmætt mál. Það getur vel verið að á því séu einhverjir tæknilegir annmarkar. Ég er manna fúsastur til viðræðu um að breyta frv. á einhvern hátt. Ef menn koma með betri lausnir er ég tilbúinn að skoða þær. Ég hef nú þegar lagt til að frv. verði vísað til hv. allshn. þar sem situr valinn maður í hverju rúmi og ég veit að málið mun hljóta þar hina bestu athugun og ég er ekki vitund hræddur um að Alþingi komi því ekki í þann búning að þetta verði til bóta á íslenskri löggjöf og viðskiptasiðferði í landinu.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki hafa mjög mörg orð um frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Þegar hafa allmargir hv. þm. tekið til máls og ljóst er að frv. á heldur lítinn stuðning í hv. deild, eðlilega, enda hafa komið fram mjög skýr og sterk rök gegn því.

Það er alveg rétt og það þarf ekkert að deila um það að vandamálið er til staðar. Það þekkjum við öll. Það er ljóst að fólk verður gjaldþrota og það getur gerst með ýmsum hætti. Þar á meðal geta menn auðvitað, og einnig þeir sem stunda atvinnurekstur, með saknæmum hætti náð sér í fjármagn sem þeir ekki eiga, en það geta menn jafnvel þótt þeir stundi ekki atvinnurekstur. Málið er því ekki eins einfalt og hv. 2. flm. og framsögumaður málsins vill láta í veðri vaka. Það sem kannski skiptir mestu máli er að átta sig á því að það eru viðurlög við þeim brotum sem hér er verið að fjalla um. Þau viðurlög eru m.a. í almennum hegningarlögum, í lögum um opinber gjöld, í lögum um bókhald o.s.frv. o.s.frv. Spurningin hér er hins vegar sú hvort eigi að beita nýjum viðurlögum, nýrri tegund viðurlega, það sé ekki látið nægja að beita sektum og frelsissviptingu heldur eigi að koma til viðbótar ný viðurlög fyrir þessa sérstöku brotamenn sem stunda atvinnurekstur.

Þá er fyrst að athuga það að ég veit ekki betur en að slíkur réttindamissir sem hefur verið notaður sem viðurlög sé að hverfa eða sé á undanhaldi í löggjöf flestra siðaðra þjóða. Tökum dæmi: Það var algengt fyrr á árum að menn misstu kosningarrétt ef þeir brutu af sér. Mér skilst að hætt sé að dæma kosningarrétt af mönnum. Kosningarréttur er almenn réttindi rétt eins og atvinnufrelsi manna, það að fá að stunda atvinnurekstur, er almenn réttindi. Hins vegar getur í mörgum tilvikum verið þörf á að sækja um leyfi eða þá að menn þurfi að hafa sérstaka menntun eða það séu tiltekin skilyrði til að stunda vissa tegund af atvinnurekstri. Það er síðan allt annað mál. Þessu mega menn ekki rugla saman.

T.d. er eðlilegt, eins og kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv., að gripið sé til þess að réttindi og leyfi sem hið opinbera lætur af hendi séu afturkölluð um sinn ef menn brjóta af sér. Tökum t.d. lækningaleyfi, lög-

mannsréttindi, réttindi til þess að stunda fasteignaviðskipti o.s.frv. o.s.frv. Það er allt önnur saga. Hér er hins vegar verið að brydda upp á algjöru nýmæli. Það er verið að brydda upp á því að þeir sem stunda atvinnurekstur hjá sjálfum sér eða öðrum lendi í atvinnurekstrarbanni. Þetta er ný tegund af viðurlögum, allt önnur tegund en við höfum átt að venjast hér í þessu landi. Í raun og veru er hér verið að finna viðurlög sem eru tengd starfseminni þar sem brotið átti sér stað. Hugsum okkur t.d. að maður brjóti af sér í sundlaug og þá mundi hv. þm. Páll Pétursson koma hér og segja: Nú er kominn tími til þess að þeim sem brjóta af sér í sundlaugum verði bannað að fara í það í svo sem þrjú til fimm ár vegna þess að brotið tengist því að maðurinn var í sundi. — Auðvitað er það svo að þeir sem brjóta af sér í sundlaugum bæjarins verða að þola það að vera dæmdir samkvæmt og eftir almennum hegningarlögum og þurfa að hlíta þeim viðurlögum sem eru til í lögum. Það þarf ekki nein sérstök ný viðurlög fyrir slíka menn jafnvel þótt brotið hafi átt sér stað þegar þeir voru að baða sig eða voru í sundlaug í Reykjavík. Það sama á auðvitað við um atvinnurekstur.

Það eru viðurlög í íslenskum lögum í dag. Það sem hins vegar kann að hafa gerst er það að þeim er ekki beitt sem skyldi vegna þess að dómstólar og yfirvöld ráða ekki við málin. Hægagangur er of mikill. En þetta frv. leysir ekkert úr því. Það væri miklu fremur að hv. þm. sem flytja þetta mál og hafa talað fyrir því, hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson og hv. þm. Páll Pétursson, sameinuðust um það að reyna að ná fjármunum til þess að flýta fyrir afgreiðslu dóma hér á landi og til þess að réttvísin geti gengið fyrir sig með sæmilegum hraða. Það er það sem skiptir miklu meira máli en það sem hér er verið að brydda upp á, ný viðurlög. Við höfum næg viðurlög.

Hv. þm. sagði að í frv. væri aðeins verið að tala um allra grófustu brot. Ég sé ekki betur en að í 2. gr. standi að maður skuli teljast hafa brugðist skyldum sínum gróflega ef hann hefur gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum. Brot gegn almennum hegningarlögum geta verið mjög mismunandi, sum jafnvel þannig að okkur finnst þau vera smávægileg. Þess vegna er ekki eingöngu verið að tala um allra grófustu brot til þess að menn hafi brugðist skyldum sínum gróflega skv. 2. gr. þessara laga.

Í öðru lagi er talað um „meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld". Auðvitað er brot á lögum um opinber gjöld ýmiss konar að greiða ekki gjöld á réttum tíma. Samt vitum við það að þingmenn meira að segja ganga erinda fyrirtækja til þess að slá út frest og koma í veg fyrir að fyrirtækjum sé lokað ef þau skulda söluskatt, eða virðisaukaskatt nú, og þykir það ekki nema sjálfsagt mál. Fyrir ári urðu umræður hér í hv. deild um þetta atriði og þá kom fram sú röksemd frá ýmsum þingmönnum úti á landsbyggðinni að nú mætti ekki láta til skarar skríða samkvæmt lögunum vegna þess að það væri svo alvarlegt ef fyrirtækin færu á hausinn. Hvað höfðu fyrirtækin brotið af sér? Jú, þau höfðu ekki sinnt lagaskyldu sinni og þau höfðu unnið gegn lögum um greiðslu opinberra gjalda, ekki greitt á gjalddaga sem var refsiverður verknaður. Hvað átti að gera við þessa menn? Taka af þeim atvinnureksturinn? Hvað um fyrirtæki í kjördæmi hv. þingmanns sem fær lán hjá ríkinu, borgar ekki til baka, og síðan gengur forráðamaðurinn niður í fjmrn. og lætur breyta þessum lánum í hlutafé, við skulum segja að það séu svona 300–400 millj. kr., af því að hann borgar ekki til baka? Ef þetta væri maður í venjulegum rekstri hefði fyrirtækið auðvitað verið látið fara á hausinn, en þessi er heiðraður með því að láninu er breytt í hlutafé. Hvar á að draga þessi mörk?

Ég held að það sé miklu nær að menn reyni að framfylgja núgildandi lögum en séu ekki að brydda upp á nýnæmi í þessum efnum nema menn vilji þá halda áfram og tengja refsiviðurlög við verknaðinn eða hvar brotin hafa orðið. Þá reynir nú á hugmyndaflug hv. þingmanna. Með öðrum orðum, ef brot eiga sér stað í atvinnurekstri, þá á að banna mönnum að stunda atvinnurekstur um nokkurt skeið. Ef brotið á sér stað, ja, í sundlaug, þá á að banna mönnum að fara í það um nokkurt skeið o.s.frv. o.s.frv. Menn *þurfa ansi mikið hugmyndaflug.* (**ÁHE:** *Baðar hv.* þm. sig í sundlaugum?) Hv. þm. fer í sundlaug og baðar sig í böðum þar. Það veit ég hins vegar að hv. frammíkallandi kannast ekkert við því hann fer aldrei í það og hefur ekki farið í það árum saman eins og sjá má á honum. (**ÁHE:** Hefur hv. þm. fylgst með því í gegnum árin?) Þessu til viðbótar vil ég segja hv. þm., sem heiðrar mig með frammíkalli, að ég veit ekki betur en að hann hafi flutt nýlega þáltill. — ég veit ekki hvort hann man eftir því, það er ein af þessum hundrað sem hann hefur flutt. Og um hvað skyldi sú till. hafa fjallað? Hún fjallaði um að gera könnun á því hvernig hjálpa mætti mönnum sem hefðu orðið gjaldþrota. Að vísu kemur fram í grg. að sumir hafi orðið gjaldþrota vegna þess að þeir hafi sjálfir ekki hagað sér vel, þeir hafi sjálfir brotið lög, en samt sem áður kemur fram skilningur hv. þm. á því að þetta fólk geti átt bágt. Þannig veit hægri höndin á hv. þm. Ásgeiri Hannesi ekkert hvað sú vinstri er að gera hér í þingsölum. (**ÁHE:** Fyrir hv. þm. er gjaldþrot aðeins spurning um lögmannataxta.) Það er ekki spurning um lögmannataxta. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. úr flokki dómsmrh. að æpa hér fram í með tóma vitleysu og halda því fram að ég sé einhver fulltrúi lögmannaíhaldsins í landinu. Eina krafan sem ég geri til hv. þm. — ég geri ekki kröfu um að hann fari í það eins og aðrir menn, það verður heimilisfólkið heima hjá honum að sjá um — er að hann viti um hvað hann er að tala þegar hann er hér í þingsölum og það gera ugglaust fleiri.

Ég ætlaði ekki, virðulegur forseti, að taka hér upp sérstakt samtal við hv. þm., en hann gaf kost á því með frammíköllum sínum. Það sem skiptir máli er að átta sig á því að hér er á ferðinni frv. um það að koma með nýja tegund af viðurlögum. Það eru viðurlög við öllum þeim brotum sem hér er verið að tala um í núgildandi rétti. Það sem skiptir máli er það að

dómstólar og réttvísin geti fylgt þessum málum eftir nægilega hratt og komið í veg fyrir að þessi brot verði síendurtekin. Þeir sem halda því fram að þessi nýju viðurlög komi að meira gagni eru að fara inn á varasamar brautir vegna þess að í rétti flestra siðaðra þjóða eru menn að hverfa frá því að taka almenn réttindi af fólki, t.d. kosningarrétt og rétt sem menn hafa án þess að þurfa að sækja sérstaklega um leyfi til þess að stunda einhverja ákveðna starfsemi. Þess vegna bið ég hv. þm. að taka því ekki illa þótt þetta mál sé rætt með þessum hætti og ég þakka hv. frsm. fyrir það að hann skuli meira að segja taka það í mál að hv. nefnd rannsaki málið til hlítar og kanni. Það veit ég að hv. nefnd gerir og auðvitað endar það með því að þetta mál fær ekki afgreiðslu á yfirstandandi þingi, heldur er þetta mál sem er lagt hér fram til þess að við áttum okkur á hvað þurfi að gera til þess að þessari brotastarfsemi linni sem menn hafa verið að tala um hér í dag. Ég er ekki trúaður á þessi nýju viðurlög en ég hef skilning á vandamálinu og tel að hv. stjórnarþingmenn, tveir sem hér hafa talað, annar úr flokki hæstv. dómsmrh. og hinn úr flokki hæstv. forsrh., ættu nú að sameinast um það að gera átak í þessum efnum þannig að hægt verði að taka á þessum brotum með þeim viðurlögum sem nú eru til í gildandi rétti hér á landi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur það ekki sér til afsökunar að hann hafi ekki fengið útskýringar á umræðuefninu sem er hér á dagskrá því ég var ekki einasta búinn að flytja framsögu sem mér þótti sæmilega skilmerkileg, heldur var ég búinn að ítreka meiningu mína með því að lesa tvær af frumvarpsgreinunum upphátt fyrir hann hér í ræðustólnum. Ég á bágt með að trúa því að hjarta hans slái með stórsvindlurum en ég verð að segja það að því miður hafa runnið dálítið á mig tvær grímur þar um. Ég viðurkenni það að hv. 1. þm. Reykv. er skýr og skarpur maður svoleiðis að hann hefur það ekki sér til afbötunar að hann viti ekki um hvað hann er að tala.

Það er rétt að viðurlög í gildandi lögum eru sektir og frelsissvipting. Því miður hefur þetta ekki dugað og ég held að þar sé ekki neinum seinagangi í dómskerfinu um að kenna. Það hefur myndast sú réttarvenja og það viðhorf til hegningarlaga að menn skáka í því skjólinu að verða ekki dæmdir eftir þeim, enda eru þeir það ekki. Dómar ganga ekki og þar af leiðir að þessi lög eru bara orðin bókstafurinn. Ég tel hins vegar að réttindamissir geti átt rétt á sér þegar um mjög alvarlegt misferli er að ræða og þess vegna stend ég að þessu frv.

Þetta er ný tegund af viðurlögum, að vísu hefur hún verið ný og þó gömul, en ég vonast eftir að hún geti reynst árangursríkari en sú sem er í gildandi lögum vegna þess að hún dugir ekki og það er búið að sanna sig. Og gildandi lög veita ekki eðlilegt aðhald.

Hv. þm. var hér með orðhengilshátt og útúrsnúninga og málflutningur hans byggðist nú náttúrlega, eins og iðulega, á útúrsnúningum. Þegar hann hefur lítið að segja og er í vandræðum byrjar hann að snúa út úr. Og hann notaði sundlaugar til þess að snúa út úr eins og það væri nú sérstakur staður sem líklegur væri til þess að menn brytu af sér. Mér hefði nú síst af öllu dottið sundlaugar í hug. Ég veit ekki hvaða afbrot væri sérstaklega hentugt að tíðka í sundlaugum, meiri háttar gróflegt afbrot. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. ætti að vita af því að svo gæti farið að það væri skynsamlegt að neita síbrotamanni sem t.d. gengi einstaklega sóðalega um sundlaug um aðgang að þessum opinbera stað. Mér fyndist það vel geta komið til greina. Ég veit um að óeirðamönnum er stundum neitað um aðgang að skemmtistöðum. Ég veit að hv. 1. þm. Reykv. er ekki í þeim hópi, en það hefur komið fyrir að mönnum, sem eru með óspektir á almannafæri og uppistand á samkomum, er neitað um aðgang að þeim vegna þess að að þeim er ekki mannfagnaður. Brotastarfsemi linnir ekki að óbreyttum lögum. Þess vegna þurfum við að gera þetta frv. að lögum eða þá að breyta því eða finna þau ráð sem duga. Ég er ekki að halda því fram — nú er hv. 1. þm. Reykv. löglærður maður og ég vil nú ekki gera lítið úr að hann sé júristi. Það er fjarri mér að gera lítið úr því að hann sé fær júristi. En ég fullyrði að það er ofmælt ef farið er að kalla hann einhvern fulltrúa lögmanna hér í deildinni. Ég held að það sé fjarri lagi. Alveg sama þótt hann sé löglærður, alveg hreint eins og mér dettur ekki í hug að kalla hann fulltrúa Hafskipsmanna þó að hann eigi hlut í Hafskip eða hafi átt.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Með leyfi forseta ætla ég að ræða hér aðeins um sundlaugar og sundstaði. Það hefur því miður gerst að fólk hefur orðið brotlegt á sundstöðum og þá hefur því verið meinaður aðgangur að þeim. Fólk hefur leitað á lítil börn á sundstöðum og fyrir bragðið hefur starfsfólkið og yfirvöldin gripið til þess að meina því aðgang. Það er í alla staði eðlilegt að svo sé að málum staðið. A.m.k. geri ég ráð fyrir því að hv. 1. þm., og tilvonandi 2. þm. Reykv., sé á sama máli að eðlilegt sé að meina fólki að umgangast börn á sundstöðum ef það hefur gerst brotlegt við börnin á þeim stöðum. Þetta er nákvæmlega andinn á bak við það sem við erum að tala um hér í dag. Þetta er kjarni málsins. Þau lög sem eru í gildi í dag eru okkur einskis virði ef brotlegt fólk fær áfram tækifæri með öllum réttindum og leyfum frá hinu opinbera til að halda áfram sínum atvinnurekstri og getur tekið upp fyrri iðju þó það hafi tekið út aðra refsingu eins og að greiða sektir eða setið í varðhaldi eða fangelsi. Þá nær refsingin alls ekki tilgangi sínum og lögin ekki heldur. Hérna er verið að reyna að koma í veg fyrir síbrot af þessu tagi. Frv. er sjálfsagt meingallað eins og flest önnur mannanna verk en við skulum vona að Alþingi beri gæfu til að láta þetta frv. marka leiðina að því að koma einhverjum skikk á þessi mál. Hvort sem það verður í formi þessa frv. eða á annan hátt þá er tilganginum náð.

Hv. 11. þm. Reykn. nefndi áðan að upplýsingar frá

Verslunarráði og bönkum mundu duga miklu betur en ákvæði í því lagafrv. sem hér er til umræðu. Það er nú svo með þessar upplýsingar að þær segja ekki allan sannleikann. Það er í rauninni mjög sjaldgæft að banki eða Verslunarráð geti gefið siðferðisvottorð af þessu tagi. Það er yfirleitt of seint á ferðinni og kemur því ekki að nokkru gagni. Þessi sviksamlegu gjaldþrot, sem óneitanlega hafa sett mjög svip sinn á athafnalífið upp á síðkastið, eru ný tegund af brotum í rauninni. Þó þau hafi alltaf verið fyrir hendi í þjóðfélaginu í einhverjum mæli þá hefur þeim fjölgað upp á síðkastið og þau hafa haft meiri og skelfilegri afleiðingar en áður. Þess vegna þarf nýja tegund af viðurlögum. Það þarf að taka á rótum vandans og hann er að mínu mati að útiloka þá frá atvinnurekstri sem hafa gerst sekir um stórfelld afbrot á því sviði.

Virðulegi forseti. Ég held að við lengjum ekki þessa umræðu. A.m.k. lengi ég hana ekki meir hér, en ég harma það hvað hv. 1. þm. Reykv. er viðskotaillur í dag. Hann er vanur að vera prúður og mér dettur einna helst í hug að hann hafi farið öfugu megin fram úr baðkarinu í morgun.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er kannski óþarfi að ræða mikið um þetta mál. Auðvitað fer það ekkert í gegn á þessu þingi og fær vonandi góða umfjöllun þegar að því kemur eða ef að því kemur að meiri hluti hér á hv. Alþingi vill standa að svona frv. Ég stend í þeirri trú að ekki vanti lagaákvæði til að taka á þessum málum, það er ekki það sem skortir. Réttarfarið er bara rotið. Sannleikurinn er sá.

Síðasti ræðumaður var að tala um gjaldþrot. Hvernig fara þessir menn að sem hafa verið að leika sér að því að gera fleiri en eitt og fleiri en tvö fyrirtæki gjaldþrota? Þeir hafa fengið aðra menn til að stofna hlutafélag og opnað jafnvel daginn eftir að þeir hafa óskað eftir gjaldþroti annars staðar. Um það veit ég dæmi. Þó að ég hafi í raun og veru ekki stúderað refsilöggjöfina nógu vel, þá stend ég í þeirri trú að þar liggi ekki ástæðan fyrir því réttarfari, því aðhaldi sem þarf að vera í þessum málum. Auðvitað þarf að skoða öll þessi mál, skoða þá löggjöf sem er í landinu í þessum efnum og eðlilegra, ef menn komast að þeirri niðurstöðu að þar þurfi einhverju að bæta við, að breyta henni en vera að setja nýja löggjöf um sama efni.

Ég vil bara segja að ég vonast til þess að ekki verði rekið á eftir þessu máli í gegnum þingið vegna þess að ég held að það séu mörg atriði í því sem þurfa að fá nákvæmari umfjöllun en tími er til á þessu þingi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki taka mikinn tíma frá hv. þm. til viðbótar. Ég er ekki hingað kominn til þess að svara því sem fram hefur komið. Mér finnst ekki neitt hafa komið fram í umræðunum frá því að ég talaði sem ástæða er til að fjalla frekar um. Hins vegar væri vissulega ástæða til að ræða einhvern tíma um refsingar og gildi þeirra og hvaða hugmyndir búa að baki refsingum. Mig langar aðeins til þess að árétta örfá atriði.

Í fyrsta lagi: Almenn réttindi sem menn hafa í þjóðfélaginu hafa menn á undanförnum áratugum oft misst með dómi. Þróunin er sú að menn eru að hverfa frá slíkum viðurlögum. Þá er ég að tala um réttindi sem menn fá annars staðar en frá yfirvöldum. Þá á ég við réttindi sem menn hafa eingöngu með því að vera Íslendingar og búa við íslenska stjórnarskrá en íslenska stjórnarskráin tryggir mönnum atvinnufrelsi og hún tryggir mönnum líka kosningarrétt. Sú var tíðin að menn sem misvirtu íslenskt stjórnarfar eða stjórnskipun með einhverjum hætti, einum eða öðrum, voru dæmdir frá kosningarrétti. Þetta er mjög harður dómur. Það er verið að taka ákveðin mannréttindi af mönnum og þess vegna hafa menn horfið frá slíku. Þetta verðum við að hafa í huga.

Í öðru lagi gleymdi ég í ræðu minni að minnast á hlutlægu ábyrgðina sem hér er verið að gera tillögu um að verði viðhöfð. Þegar menn starfa hjá lögaðila eigi t.d. forsvarsmenn fyrirtækisins að bera hlutlæga ábyrgð og þeir verða að sanna sakleysi sitt. Ég bið menn um að hugleiða þetta. Slíkar lagagreinar í refsirétti eru ekki mjög algengar. Í raun og veru finnst mér að menn ættu að leiða hugann að því hvort þetta sé ekki fullviðurhlutamikið í þeirri grein frv. eða greinum þar sem á að beita hlutlægri ábyrgð.

Loks sé ég að í 6. gr. segir að þeim sem dæmdur hafi verið í atvinnurekstrarbann skuli ekki heimilt að starfa við eða taka að sér föst reglubundin verkefni í atvinnurekstri þeirra sem hann er skyldur eða mægður og svo er heil upptalning. Ég bið menn um að hugsa það sjálfir, ég er ekki að biðja menn um að svara því hér, hvernig þetta geti farið ef um lítið byggðarlag er að ræða þar sem kannski ein og sama fjölskyldan býr, hvað þá ef þetta er nú bara einn bóndabær, hugsum okkur það. Ég veit að sumir hv. þm., jafnvel frsm. málsins, hafa kannski leitt hugann að því, þá mega menn ekkert vinna. Ég tel að hér sé farið inn á svið sem sé svo erfitt og óljóst og geti mismunað mönnum með slíkum hætti að menn verði jafnvel að flytja búferlum ef þeir hafa lent í erfiðleikum og lent í því að brjóta lög. Og ég spyr: Vilja menn virkilega að gerður sé munur á einstaklingum sem búa í litlum byggðarlögum og stórum? Auðvitað hlýtur það að verða ef beita á 6. gr. þessa frv.

Ýmsar slíkar spurningar mætti draga hér inn í þessa umræðu. Ég held að okkur væri sæmst að segja að hér hafi verið lýst ákveðnu vandamáli sem við þekkjum úr þjóðfélaginu, því vandamáli að menn leika það að verða gjaldþrota aftur og aftur, svíkja út fjármuni og komast upp með það. Svar mitt er eindregið á þá leið að grípa eigi til þeirra ráða sem til eru í íslenskum lögum. Það hlýtur að vera okkar, fjárveitingavaldsins, og kannski helst þeirra sem þó styðja núv. hæstv. ríkisstjórn að gera bragarbót í þessum efnum og sjá til þess að yfirvöld og dómstólar geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki í þjóðfélaginu. Það er auðvitað aðalatriði þessa máls.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætla að bera af mér sakir. Ég gleymdi nefnilega að leiðrétta hv. 2. þm. Vestf. Ólaf Þ. Þórðarson þar sem hann bar á mig lögbrot varðandi upprekstur hrossa í ræðu sinni sem hann hélt hér fyrr í dag. Ég braut ekki lög í þessu umgreinda tilfelli. Þar var um að ræða tilskipun sem ekki átti stoð í lögum en þótti hagkvæm. Ég sleppti hrossum í heimalandi sem ég hafði heimild til, en þetta heimaland var að vísu ekki girt frá þeim afrétti sem tilskipunin tók til. Nú hef ég borið af mér sakir.

En athugasemdina ætla ég þá að láta fylgja því að ég gleymdi atriði líka eða það hefur ekki komið nógu skýrt fram í máli mínu. Þetta lagafrv. er sniðið eftir norrænum lögum. Á öllum Norðurlöndunum er löggjöf hliðstæð þessari. Þetta frv. er mjög lítið frábrugðið þeim lögum sem gilda í Svíþjóð um þessi efni. Þar er altítt að svipta menn leyfi til atvinnurekstrar eða meina mönnum atvinnurekstur jafnvel þó að ekki þurfi sérstakt leyfi til að sinna honum.

Svo þakka ég herra forseta fyrir góðsemina.

Friðrik Sophusson:

Ég skal ekki, virðulegur forseti, tala lengi. Þetta er örstutt athugasemd. Nú hefur komið í ljós hvers vegna þetta frv. er flutt hér. Það er auðvitað forseti Norðurlandaráðs sem er að sýna hvað hann kann mikið í norrænum rétti og hann er að reyna að flytja okkur þann boðskap sem þaðan kemur. Nú vitum við jafnframt að hv. þm. og núverandi forseti Norðurlandaráðs er á förum til Sovétríkjanna og ætlar að innlima Rússland í Norðurlandasamstarfið samkvæmt hugmyndum sínum og hugsjónum. Ég vonast til þess að hann verði ekki fyrir þeim áhrifum þar að hann hafi meðferðis hingað þá löggjöf sem þeir hafa haft í refsirétti næst þegar hann kemur til þess að hafa stutta viðdvöl í landinu og heiðra okkur með nærveru sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launasjóður stórmeistara í skák, 1. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 622.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa íslenskir stórmeistarar í skák á undanförnum áratugum eða allt frá 1957 notið launa hjá íslenska ríkinu. Núna eru fjórir stórmeistarar á launaskrá menntmrn. Hefur sá háttur verið hafður á að stórmeistarar hafa með ráðherraúrskurði verið settir á launaskrá hjá menntmrn. og í fjárlögum hefur verið veittur sérstakur styrkur árlega til að standa straum af kostnaði vegna þessa. Með þessum ákvörðunum undanfarandi áratuga hafa íslensk stjórnvöld viljað leggja sitt af mörkum til að auka veg íslenskrar skákmenntar og til að skapa stórmeisturum fjárhagslegan grundvöll svo þeir gætu helgað sig skáklistinni í sem ríkustum mæli. Þessar launagreiðslur hafa frá upphafi verið miðaðar við laun menntaskólakennara enda á því byggt að á móti kæmi nokkur skylda til að kenna skák í skólum landsins. Engar reglur hafa þó til þessa verið settar um réttindi og skyldur stórmeistara, vinnuframlag þeirra eða launagreiðslur. Á hinn bóginn er ljóst að ef að líkum lætur þá munu fleiri bætast í hóp stórmeistara á næstu árum og þess vegna er löngu tímabært að fastmótaðar reglur um framtíðarskipan þessara mála verði settar.

Með frv. þessu, herra forseti, er lagt til að stofnaður verði með lögum Launasjóður stórmeistara í skák. Stofnfé sjóðsins samsvari árslaunum fjögurra háskólakennara og að auki verði sjóðnum í fjárlögum hvers árs úthlutað svipaðri upphæð og nú er varið til greiðslu launa stórmeistara.

Í fjárlögum þessa árs er varið 5,3 millj. kr. til þessa málaflokks. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til að verði lögfest mun því ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð svo nokkru nemi.

Með stofnun Launasjóðs stórmeistara í skák er stefnt að hagræðingu hvað tilhögun launagreiðslu til þeirra varðar. Gert er ráð fyrir að úr sjóðnum verði úthlutað launum til stórmeistara kjósi þeir að helga sig skákiðkun en á móti komi kennslu- og fræðsluskylda við Skákskóla Íslands sem hefur einnig verið fjallað um í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. Hefur hún lagt fyrir mig og ríkisstjórnina frv. til laga um Skákskóla Íslands sem er enn til meðferðar í stjórnarflokkunum.

Með frv. eins og það liggur hér fyrir eru birt drög að hugsanlegri reglugerð um starfsemi Launasjóðs stórmeistara. Og í frv. er gerð grein fyrir þeim réttindum og þeim skyldum sem stórmeistarar mundu hafa ef frv. þetta yrði að lögum. Gert er ráð fyrir því í 5. gr. frv. að stórmeistarar þiggi laun samkvæmt lögum þessum, þeir teljist opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Þá er gert ráð fyrir því í 4. gr. hverjar eigi að vera skyldur stórmeistara. Það er í fyrsta lagi að sinna skákkennslu við Skákskóla Íslands eða fræðslu á vegum skólans, sbr. lög um Skákskóla Íslands ef þau verða sett. Í öðru lagi að sinna rannsóknum á sviði skáklistar og í þriðja lagi að tefla fyrir Íslands hönd á skákmótum heima og erlendis.

Hér er með öðrum orðum annars vegar gert ráð fyrir því að sett verði lög um þátt í fjárlögum sem lengi hefur verið til en ekki hefur verið byggður á öðrum lögum en fjárlögum á hverjum tíma. Hins vegar er verið að setja reglur um það hvaða kröfur megi gera til þeirra stórmeistara sem njóta launa úr ríkissjóði á hverjum tíma.

Ég tel mikilvægt að þetta frv. verði afgreitt. Ég vil einnig taka fram að ég tel að það sé mikilvægt jafnvel þó að frv. til laga um Skákskóla Íslands yrði ekki afgreitt, sem þýðir þá vissar breytingar á þessu frv. í

þá veru að stórmeistararnir hefðu vinnuskyldu við Skákskóla eftir reglum sem settar yrðu, að sjálfsögðu í samráði við þá og væntanlega Skáksamband Íslands.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil við þessa 1. umr. um frv. til laga um Launasjóð stórmeistara í skák gera nokkrar athugasemdir. Ég vil í upphafi segja að ég fagna því að þetta frv. skuli vera fram komið og styð í meginatriðum efni þess. Eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. hefur það verið svo á undanförnum áratugum, eða allt frá því að Friðrik Ólafsson vann til stórmeistaratignar 1957, að íslenskir stórmeistarar í skák hafa notið launa hjá íslenska ríkinu. Nú er svo komið að þeir eru fjórir sem njóta þessara launa, eru á launaskrá hjá menntmrn. og stunda ekki aðra atvinnu en skákiðkunina. Um þetta hafa hins vegar ekki verið neinar fastmótaðar reglur og því hefur verið nauðsyn á því, nokkuð lengi, að setja lagaramma um þessar launagreiðslur.

Ég vil geta þess að þann tíma sem ég sat í menntmrn. lagði ég drög að því að frv. yrði samið um þetta efni en ekki vannst tími til að ljúka því verki. Hér er farin sú leið að stofna sérstakan sjóð. Það má auðvitað hugsa sér ýmsar aðrar leiðir í þessu efni eða lagaramma með öðrum hætti en að stofna sérstakan sjóð. Ég geri ekki sérstakar athugasemdir við það. Mér finnst hins vegar vera spurning hvort rétt sé að takmarka hann í lögum við fjögur stöðugildi eins og hér er gert samkvæmt 1. gr. og tel rétt að nefndin sem fær málið til meðferðar hugi frekar að því efni. Mér finnst líka rétt að huga betur að því ákvæði í 3. gr. frv. að rétt til greiðslu úr sjóðnum hafi þeir íslenskir skákmeistarar sem öðlast hafi alþjóðlegan titil stórmeistara og sýna skákstyrk sinn með því að ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á tveggja ára tímabili. Það kann að vera að þarna þyrfti að hafa eitthvað rýmra svigrúm því að við vitum að skákmenn, eins og ýmsir aðrir afreksmenn, eiga bæði sína slæmu tíma og sína góðu tíma. Það kann að vera að hér séu settar of þröngar skorður.

Hér eru lagðar vissar starfsskyldur á stórmeistara og það hefur ávallt verið hugmyndin á bak við þessar launagreiðslur að þeim fylgdu einnig skyldur og ekkert við því að segja. Ég held, eins og þetta er orðað, að ekki sé þrengt um of að skákmeisturunum í þessu efni en þó er rétt að kanna það örlítið nánar í nefndinni.

Ég tel hins vegar að í 6. gr., þar sem vísað er til þess að menntmrh. setji reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir úr honum, væri eðlilegra, úr því að þessi leið var farin að hafa sérstakan launasjóð, að fella inn í lögin sjálf hver færi með vörslu sjóðsins — ég hef engar athugasemdir um það sem fram kemur í reglugerðardrögunum um það efni að það sé menntmrh. — og hvernig úr honum skuli úthlutað, þ.e. í samráði við stjórn Skákskóla Íslands og Skáksamband Íslands. Ég hefði talið að ákvæði af þessu tagi ættu að vera í lögunum sjálfum en það væri ekki einfalt reglugerðaratriði að breyta því ef mönnum sýndist svo.

Ég ítreka að ég fagna því að þetta frv. skuli vera fram komið. Ég á sjálfur sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um það og skal gera mitt til þess að þetta frv. fái skjóta meðferð í hv. nefnd þannig að það fái afgreiðslu hér á þinginu í vetur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um Launasjóð stórmeistara í skák. Þetta frv. er um margt athyglisvert og markar tímamót að því leyti til að í því felst viðurkenning á að opinberir sjóðir, Alþingi, ætli að launa ákveðnum hópi manna fyrir árangur á tilteknu sviði. Ég geri ráð fyrir því, og vil spyrja hæstv. menntmrh. í framhaldi af þessu, hvort ekki megi vænta þess að lagt verði fram frv. til laga um launasjóð íþróttamanna. Í þeim löndum sem ég þekki til er ekki óalgengt að afreksmenn í íþróttum séu settir á launaskrá. Það væri því fróðlegt að fá að vita hvort svo muni ekki verða í framhaldi af þessu frv. því mér sýnist að miðað við þá stefnu sem hér er lögð til muni ýmsir forustumenn einstaklingsíþrótta óska eftir því að samið verði frv. til laga um launasjóð afreksmanna í íþróttum.

Það er til að mynda svo á Norðurlöndunum að afreksmenn í íþróttum, sérstaklega einstaklingsíþróttum, eru launaðir af ríkinu með ákveðnum hætti með það í huga að þeir nái sem bestum árangri, t.d. á Ólympíuleikum. Sú fjárhæð sem núverandi ríkisstjórn hefur varið til íþróttahreyfingarinnar og sérsambanda hennar er afskaplega lág. Má segja að þær upphæðir sem voru skornar allverulega niður og hafa verið núna á undanförnum þremur árum nægi fyrir afskaplega litlu fyrir þá stóru hreyfingu sem er þar á bak við. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. menntmrh.: Mun menntmrh. beita sér fyrir því að framlög til íþróttamála verði aukin og mun hann beita sér fyrir því að samið verði frv. til laga um launasjóð afreksmanna í íþróttum?

Þá hlýtur það að vekja athygli að hér fylgir ekki nákvæm kostnaðaráætlun og maður hlýtur að spyrja sig að því: Hver eru áætluð laun þessara stórmeistara, eru það lektorslaun, eru það prófessorslaun? Hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni að hér væri ekki um umtalsverðan kostnaðarauka að ræða. Þær greiðslur sem hafa fram að þessu verið til stórmeistaranna eru rétt um 1300 þús. kr. á mann á ári. Miðað við fjóra menn sem þetta verkefni gerir ráð fyrir má spyrja hver launin og launatengd gjöld muni vera áætluð þegar þetta nær fram að ganga. Og í öðru lagi hvort þeir muni njóta sömu réttinda og opinberir starfsmenn. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að komi hér fram.

Ég vil að svo komnu ekki gera þessa ræðu öllu lengri en tel nauðsynlegt að frv. verði samið hið snarasta eins og ég sagði hér áðan um launasjóð fyrir

afreksmenn í íþróttum því að margar íþróttagreinar hafa átt um sárt að binda vegna þess hve lítið fjármagn fer til íþróttamála, sérstaklega í einstaklingsgreinum þar sem ekki er hægt að selja svo mikið inn á eða mikið fjármagn er ætlað til.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um málið og tel að þær ábendingar sem fram komu hér í máli hv. 2. þm. Reykv. séu allar með þeim hætti að þær beri að athuga í hv. menntmn.

Varðandi fsp. hv. 11. þm. Reykn. er það að segja að auðvitað liggur ekkert fyrir um það að tekin verði ákvörðun hér og nú um að auka fjármuni til íþróttahreyfingarinnar sem heildar. Vandinn er sá að tekin hefur verið ákvörðun af þinginu, með atkvæðum trúi ég allra alþm., um að flytja íþróttastarfsemina í raun og veru alla yfir á sveitarfélögin. Það þótti skynsamlegt til að gera skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þó það sé auðvitað álitamál hvort svo hefur verið, en það var sem sagt niðurstaðan. Þetta eru landslög í dag sem þýðir að hlutur ríkisins, eða mér liggur við að segja lagaskyldur ríkisins eru þeim mun minni en áður var í þessum efnum.

Varðandi framtíðina í þessu sambandi er hins vegar það að segja að ég hef verið með nefnd að störfum nú um nokkurt skeið sem á að gera tillögur um mótun stefnu í íþróttamálum til aldamóta. Ég geri ráð fyrir að fá álit frá henni seinna í vetur og ég vænti þess að þar verði tekið á ýmsum málum, m.a. málum sem lúta að fjármögnun íþróttahreyfingarinnar.

Í annan stað spurði hv. þm. um það hvort á döfinni væri að semja frv. um launasjóð fyrir aðra íþróttamenn, m.a. menn sem eru í afreksíþróttum. Svarið er að ekki hefur verið unnið neitt í því í minni tíð í menntmrn. og ég man ekki til þess að það hafi verið gert áður. Það kann að vera álitamál af hverju það stafar að það hefur ekki verið gert. Ég hygg þó að það stafi kannski fyrst og fremst af því að menn vilja gjarnan að þessi mál séu á ábyrgð íþróttahreyfingarinnar sem slíkrar sem allra mest frekar en það sé verið að gera íþróttamenn í mjög verulegum mæli að opinberum starfsmönnum eins og við erum raunar að gera í sambandi við stórmeistarana og má segja að það orki tvímælis í sjálfu sér. En þetta frv. er fyrst og fremst viðurkenning á veruleika sem Alþingi hefur fyrir sitt leyti staðfest í fjárlögum aftur og aftur undanfarin 33 ár. Ég er þeirrar skoðunar persónulega að langeðlilegast sé að íþróttahreyfingin ákveði sjálf hvernig hún gerir við sína menn, bæði almenna félagsmenn og afreksmenn á hverjum tíma. Það hefur verið rætt um þann möguleika að stofnaður verði sérstakur afreksmannasjóður á vegum Íþróttasambands Íslands til að styðja við bakið á þeim mönnum sem þurfa að vera oft og tíðum langtímum saman launalausir til að stunda æfingar, íþróttamenn á heimsmælikvarða. Það er auðvitað ekki vansalaust að það er í raun og veru ekkert kerfi til hér á landi sem styður við bakið á þeim né heldur íþróttahreyfingunni sem slíkri í þessu efni. Íþróttahreyfingunni hefur verið vísað á óvissa liði eins og happdrætti af ýmsu tagi sem hafa nú gefist misjafnlega eins og kunnugt er. Stundum hafa þau ekki skilað neinum árangri heldur jafnvel tapi eins og nýjustu dæmi sanna.

Varðandi opinbera starfsmenn eða stöðu þessara manna sem hv. þm. spurði um, þá er gert ráð fyrir því í 5. gr. að þeir teljist opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, sbr. lög nr. 38 1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er alveg tekið af skarið með það. Varðandi það hver verður hugsanlegur munur á launum þessara manna samkvæmt frv. annars vegar og hins vegar núgildandi kerfi er það að segja að í dag er miðað við menntaskólakennaralaun. Hér er gert ráð fyrir því að launin verði miðuð við háskólakennaralaun. Um hvaða háskólakennaralaun er verið að tala? Í starfi nefndarinnar var rætt um lektorslaun. Hvort það verður endanlega lendingin fer m.a. eftir því hvaða fjármunir verða veittir til þessa á fjárlögum en kostnaðaraukinn, jafnvel þó þetta fari úr menntaskólakennaralaunum upp í lektorslaun, er reyndar mjög óverulegur og telst í 200–400 þús. kr. eða eitthvað þvílíkt þannig að hér er ekki verið að leggja á ríkissjóð nein veruleg viðbótarútgjöld.

En ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og sérstaklega til hv. 2. þm. Reykv. fyrir þær ábendingar sem hann kom með og eru gildar og ég vænti þess að nefndin sjái sér fært að skoða.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör í þessu sambandi. Mér heyrðist samt á máli hans að það væri um smámisskilning að ræða vegna þess að þrátt fyrir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þá falla sérsambönd ÍSÍ, Íþróttasambandið og Ólympíunefnd ekki undir þessa verkaskiptingu og heyra undir ríkið áfram skv. íþróttalögum. Þessir aðilar hafa margir hverjir átt mjög erfitt með fjármuni í áraraðir og er svo enn þannig að það væri mikið framfaraspor í sjálfu sér ef um það væri að ræða að stofna sérstakan launasjóð fyrir afreksmenn í íþróttum. En ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt þá munum við eiga bjarta daga í vændum í sambandi við íþróttirnar og ég geri ráð fyrir því að á næstu fjárlögum muni hæstv. ráðherra sjá til þess að framlög til ÍSÍ og Ólympíunefndar Íslands verði hækkuð allverulega. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir fram fyrir að hann muni væntanlega sjá til þess að þessir aðilar fái meira og betra fjármagn en áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listskreytingasjóður ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins. Frv. er flutt í framhaldi af vinnu nefndar sem skipuð var til að gera tillögur um endurskoðun á lögum um Listskreytingasjóð. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, segir svo:

„Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga."

Og með bréfi dags. 20. mars 1987 fól menntmrh. stjórn Listskreytingasjóðs að vinna að endurskoðun laganna í samráði við framangreint ákvæði. Frv. það sem hér liggur fyrir er niðurstaða þeirrar vinnu, en formaður nefndarinnar og stjórnar Listskreytingasjóðs er Árni Gunnarsson ráðuneytisstjóri.

Listskreytingasjóður ríkisins hefur nú starfað í rúmlega sjö ár. Sjóðsstjórnin var skipuð 31. ágúst 1982 og hefur sem sagt starfað síðan við að úthluta fjármunum úr Listskreytingasjóði. Fjármunir til sjóðsins hafa allan tímann verið mikið takmarkaðri en lögin sjálf gera ráð fyrir og þessir fjármunir hafa verið takmarkaðir með öðrum lögum, þ.e. lánsfjárlögum sem iðulega hafa breytt ákvæðum laganna um Listskreytingasjóð ríkisins.

Ég mun nú fara yfir það, herra forseti, hvernig þessum málum hefur verið háttað.

Árið 1983 fékk sjóðurinn 40,3% af því sem hann átti að fá. Árið 1984 fékk hann 66%, 1985 fékk hann 48%, 1986 fékk hann 46,8%, 1987 fékk hann aðeins 29,6%, 1988 fékk sjóðurinn 25,7% og 1989 fékk sjóðurinn 23,5% eða lægsta hlutfallið í sögu sinni en á árinu 1990 er þetta hlutfall eitthvað dálítið hærra. Ég hef ekki handbærar nákvæmar upplýsingar um það hver talan er en á þessu ári er framlag í sjóðinn, ef ég man rétt, í fjárlögum ársins 1990 10 millj. kr. en var á síðasta ári aðeins 6 millj. kr. þannig að þar var um ekki aðeins krónutölu heldur einnig þó nokkra raunhækkun að ræða.

Þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá gildandi lögum eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi er gerð nokkur rýmkun á verksviði sjóðsins. Í öðru lagi er sett inn í frv. skýr heimild til að binda framlag eða styrk úr sjóðnum skilyrði um mótframlag frá eiganda mannvirkis í ákveðnum tilvikum og í þriðja lagi eru sett ákvæði sem varða meðferð listskreytinga sem sjóðurinn veitir framlag til. Þessar meginbreytingar koma síðan fram í hinum einstöku greinum frv.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins miðist ekki einungis að fegrun opinberra bygginga heldur og að umhverfi opinberra bygginga og þykir þetta mikilvæg breytingartillaga.

Í 5. gr. frv. felst sú breyting að sá tilnefningaraðili í sambandi við skipun sjóðsstjórnarinnar sem þar er nefndur verður framvegis Samband ísl. myndlistarmanna í stað Bandalags ísl. listamanna.

Í 7. gr. eru einnig nokkrar breytingar. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að menntmrh. setji að fengnum tillögum tiltekinna aðila reglur um opinbera samkeppni vegna meiri háttar listskreytingaverkefna. Þessar reglur hafa aldrei verið settar en á vegum Sambands ísl. myndlistarmanna hafa verið samdar reglur um listaverkasamkeppni með hliðsjón af sambærilegum reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í 7. gr. er gert ráð fyrir að miðað verði við þessar reglur þegar efnt er til samkeppni um listskreytingaverkefni á grundvelli laganna. Þá er og ákvæði um hugsanlega þátttöku erlendra listamanna í slíkri samkeppni rýmkað á þá lund að það taki ekki einungis til Norðurlanda heldur og annarra landa þar sem íslenskir myndlistarmenn njóta sömu réttinda.

Í 10. gr. eru nokkrar breytingar. Þannig er 2. mgr. ný. Þar er stjórn Listskreytingasjóðs heimilað að gera það að skilyrði framlags úr sjóðnum til listskreytingar í byggingu sem sveitarfélög standa að ásamt ríkinu að á móti komi framlög frá hlutaðeigandi sveitarfélögum. Það verður að telja eðlilegt að sveitarfélag sem reisir og á byggingu á móti ríkinu taki að öðru jöfnu þátt í kostnaði vegna listskreytingar eins og annarra þátta byggingarframkvæmdanna. Í stað þess að gera ráð fyrir lögskipuðum framlögum sveitarfélaga til sjóðsins er búið í haginn fyrir kostnaðarþátttöku þeirra með þessu ákvæði. Í þessu sambandi má minna á að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir skv. lögum einn fulltrúa í stjórn Listskreytingasjóðs og er það með sínum hætti vísbending um að eðlilegt þyki að sveitarfélögin láti verkefni sjóðsins til sín taka. Heimildin til að áskilja mótframlag á skv. frv. einnig að gilda gagnvart ríkisstofnunum sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Það er nýmæli og gilda um það að mestu hliðstæð rök og lýst var hér á undan varðandi byggingar með aðild sveitarfélaganna.

Í 3. mgr. 10. gr. er svo það nýmæli að sjóðsstjórn er heimilt að veita styrk vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar, svo sem samkeppni eða gerð viðamikilla líkana. Slíkur styrkur mundi þá ekki teljast með við útreikning hámarksframlaga skv. 1. mgr. 10. gr.

Hér er með öðrum orðum um nokkrar breytingar að ræða á lögunum um Listskreytingasjóð ríkisins með hliðsjón af fenginni reynslu. Út af fyrir sig gætu menn rætt það hér ef þeir vildu hvort setja ætti ákvæði um það að lækka eitthvað þetta hlutfall til Listskreytingasjóðs miðað við það framlag sem Alþingi hefur treyst sér til að veita Listskreytingasjóði á undanförnum árum. Ég vil ekki gera neina tillögu um slíkt. Ég tel eðlilegt að halda sig við þetta 1% eins og það hefur verið. Ef það verður hins vegar niðurstaðan við meðferð lánsfjárlaga að breyta því þá kemur sá vilji Alþingis í ljós. Ég legg á það áherslu að þetta prósent verði ekki skert í sjálfum lögunum um listskreytingar.

Í fskj. með frv. er afar fróðleg upptalning á því hvað þessi sjóður hefur í raun og veru gert mikið gagn miðað við þá fjarska takmörkuðu fjármuni sem hann hefur haft. Það má segja að hann hafi styrkt verkefni, listskreytingar, málverk, veggteppi, myndvefnað og skúlptúra í öllum byggðarlögum landsins og í fjöldamörgum opinberum stofnunum. Árið 1983 voru þetta 7 verkefni, 1984 voru það 6 verkefni, 1985 voru

þau 14, 1986 voru þau 12, 1987 voru þau 10, 1988 21 verkefni og 1989 12 verkefni. Samtals er hér um að ræða 84 verkefni sem Listskreytingasjóður hefur veitt fjármuni til og eins og menn sjá af þessu yfirliti, þá er ekki vafi á því að þarna hefur oft munað verulega um þetta framlag ríkisins, Listskreytingasjóðs, og það hefur áreiðanlega iðulega ráðið úrslitum um það að listskreytingar voru ákveðnar í eða á viðkomandi byggingu. Þess vegna er það mjög brýnt að starfsemi þessa sjóðs fái að halda áfram. Um sjóðinn og meginstefnu hans hefur út af fyrir sig verið ágætur friður á undanförnum árum þannig að ég vænti þess að hv. Alþingi taki þessu frv. vel og ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins og eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. menntmrh. er frv. þetta flutt til að uppfylla ákveðna lagaskyldu um endurskoðun núgildandi laga um Listskreytingasjóð ríkisins. Frv. byggir á gildandi lögum með nokkrum breytingum sem hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir og ég skal ekki gera nánar að umtalsefni hér.

Ég hef hins vegar áhuga á í þessari 1. umr. að ræða þetta nokkuð almennt og þá að velta þeirri spurningu upp hvort sú leið sem valin var á sínum tíma með stofnun Listskreytingasjóðs ríkisins hafi verið rétt eða ekki. Ég vil í því sambandi minna á — ég held að það hafi verið fyrsta mál sem ég flutti eftir að ég var kosinn á þing, veturinn 1979–1980 — að ég flutti ásamt tveimur öðrum þm. Sjálfstfl., þeim hv. þm. Halldóri Blöndal og Ólafi G. Einarssyni, sérstakt frv. til laga um listskreytingar opinberra bygginga þar sem gert var ráð fyrir að skylt væri að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð sem næmi 1–2% af byggingarkostnaði mannvirkis og að kostnaður sem af þessu leiddi teldist til stofnkostnaðar byggingar. Þetta frv. endurfluttum við síðan á tveimur næstu þingum þannig að það var flutt samtals þrisvar sinnum. Það komst aldrei lengra en í nefnd en niðurstaða þessara umræðna varð þó sú að páv. hæstv. menntmrh., Ingvar Gíslason, flutti frv. um Listskreytingasjóð ríkisins sem varð að lögum. Ég studdi það frv. þegar það kom fram þótt ég hefði vissar efasemdir um að þessi sjóðsleið væri rétt og skynsamleg í stöðunni.

Ég held að reynslan hafi sýnt okkur að ótti manna við þessa leið, að stofna sérstakan sjóð sem Alþingi veitti fé til árlega, hafi verið á rökum reistur. Það er að vísu alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þegar lesin er sú skrá sem fylgir þessu frv. um þau listaverk sem þessi sjóður hefur kostað þá er enginn vafi á því að hann hefur stuðlað að gerð margra listaverka víða og breitt um landið og vafalaust rétt að mörg þeirra listaverka væru ekki til í dag á þessum stöðum eða í þessum byggingum eða við þær ef sjóðurinn hefði ekki verið til staðar. En ég held engu að síður að ef sú leið hefði verið farin að viðurkenna strax í upphafi að 1–2% af stofnkostnaði hverrar byggingar ætti að vera til listskreytinga og byggjendurnir sjálfir ráðstöfuðu þeirri upphæð þá megi færa fyrir því rök að allmiklu meira fé hefði runnið til þessa málaflokks en ella.

Við höfum í gildi margvíslegar reglugerðir og staðla um opinberar byggingar. Við höfum byggingarreglugerðir sem gera kröfur um frágang á ýmsum sviðum varðandi byggingar. Við höfum staðla um frágang á ýmiss konar atriðum varðandi byggingar, ég nefni gólfefni, málningu og þess háttar til að gera þessar byggingar vandaðar. Allt eykur þetta auðvitað kostnað við byggingarnar. Við fáum góða arkitekta í flestum tilvikum til þess að hanna opinberar byggingar. Þeir gera vissar kröfur um útlit og annað sem eykur kostnað þessara bygginga umfram það sem einföldustu byggingar mundu kosta og allt miðar þetta auðvitað að því að gera byggingarnar vandaðri, endingarbetri en auka kostnað við þær um leið og enginn segir neitt við því að þetta sé hluti eðlilegs byggingarkostnaðar. En þegar kemur að jafnsjálfsögðum hlut og að listskreyta opinberar byggingar, þá vandast málið. Þá þarf einhverja miðstýringu í þessu öllu, þá þarf sérstakan sjóð, sérstaka stjórn og Alþingi að ákveða fjármuni í þennan sjóð sem hefur ekki tekist betur en raun ber vitni. Hæstv. menntmrh. rakti réttilega í sinni ræðu hér áðan að hæst hefur þetta hlutfall farið í 66% af því sem lögin gera ráð fyrir og allt niður í 23%.

Ég velti þessu hér upp til þess að menn hugleiði það hvort við séum raunverulega á réttri braut með þennan listskreytingasjóð. Ég er ekki með þessu að andmæla þessu frv. og mun auðvitað styðja það ef meiri hluta Alþingis finnst rétt að halda áfram á þessari braut. En mér finnst að þetta þrönga hlið, sem Alþingi er búið að setja með þessum lögum, á þeirri leið sem er jafn sjálfsögð og eðlileg og það er að listskreyta byggingar hafi frekar verið hamlandi en hitt. Og ég er sannfærður um að ef sú leið hefði verið valin að gera það að skyldu að byggjendur hverrar byggingar, ríkisstofnanir í þessu tilviki, viðurkenndu listskreytingar sem ákveðinn hluta af byggingarkostnaði eins og allt annað sem byggingu tilheyrir þá hefðum við, með því að opna það á þann veg, náð í meira fjármagn til jafnsjálfsagðra hluta og að listskreyta opinberar byggingar.

Þessar hugleiðingar vildi ég nú setja hér fram við 1. umr. um þetta mál. Ég ítreka að ég er ekki að lýsa neinni andstöðu við þetta frv. nema síður sé en tel að menn ættu að hugleiða það mjög rækilega. Kannski er ekki ráðrúm til þess á þessu þingi að breyta um stefnu en mér finnst að menn ættu að hugleiða það mjög rækilega hvort ekki eigi að rífa niður þetta þrönga hlið sem búið er að setja á þessum vegi og opna það meira með því að leggja þá skyldu, bara þegjandi og hljóðalaust og án nokkurra frekari málalenginga, á herðar allra sem byggja opinberar byggingar að þeir verji 1–2% af byggingarkostnaði til listskreytinga.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég stend einungis upp til þess að fagna því að þetta frv. hefur nú verið lagt fram. Á þskj. 86 á þessu þingi bar ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um framkvæmd laga um Listskreytingasjóð ríkisins og fékk mjög ítarleg svör um hvernig veitt hefur verið úr þeim sjóði. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að menntmrn. hefði í mars 1987 falið páv. stjórn sjóðsins að vinna að endurskoðun laganna og að niðurstöður þeirrar endurskoðunar hefðu verið lagðar fram í desember 1988 í formi draga að frv. til nýrra laga um Listskreytingasjóð ríkisins. En lokaorð hæstv. ráðherra voru þá í því svari: „Ekki hefur verið ákveðið hvort lagafrv. verði lagt fram á þessu þingi." Það er því mikið fagnaðarefni að svo hefur raunar orðið og ýmislegt í þessu nýja frv. held ég að sé mjög til bóta. Skera sig þar nokkur atriði úr sem hæstv. ráðherra hefur þegar minnst á, svo sem eins og atriðið í 1. gr. þar sem starfsemi sjóðsins skal ekki lengur einungis miðast við að fegra opinberar byggingar heldur einnig umhverfi þeirra. Það held ég að sé til mikilla bóta.

Vegna orða fyrrv. menntmrh., hv. 2. þm. Reykv., þá held ég að hann hafi rakið alveg rétt þróun þessa máls. Ég man mjög glöggt eftir frv. þeim sem hann flutti og hans meðflutningsmenn, en ég sat einmitt í menntmn. Nd. í ráðherratíð Ingvars Gíslasonar, páv. hæstv. menntmrh., og tel mig eiga nokkuð í því að lögin um Listskreytingasjóð ríkisins náðu fram að ganga. Það má auðvitað endalaust deila um það hvort þessi framlög eigi að vera í sjóðsformi eða hreinlega lagaskylda hverra þeirra aðila sem fyrir opinberum byggingum standa, að sú kvöð hvíli á þeim að hluti byggingarkostnaðar fari í listskreytingar. Persónulega held ég nú að sjóðsaðferðin sé betri og ég held að þannig sé líka betur tryggt að um sé að ræða vönduð og vel gerð listaverk sem séu okkur öllum til gleði og umhverfinu til sóma. Og mér finnst listi sá sem hér fylgir með frv. ánægjuleg lesning og sýnir okkur að mikið af þeim listaverkum sem hér eru talin upp hefði sjálfsagt aldrei verið sett á sinn stað ef menn hefðu átt að ráða því meira og minna sjálfir hverjir ynnu þau og ég sé ekki annað en að hér hafi verið vel og vandlega að staðið. Einkum gleður það mig að sjá að Borgarspítalinn í Reykjavík hefur fengið 800 þús. kr. á árinu 1989 til fullhönnunar myndverks við aðalinngang sem Jón Gunnar Árnason, sá ágæti listamaður, vann síðustu daga ævi sinnar, dauðveikur þar á spítalanum. Og margt annað er þarna mjög ánægjulegt að sjá.

Ég vil því eindregið fagna framlagningu þessa frv. og vona svo sannarlega að það nái fram að ganga. Vel má vera að hv. menntamálanefndir geri á því einhverjar smávægilegar breytingar en ég held að í stórum dráttum eigi þetta frv. að þjóna tilgangi sínum. Hv. þm. verða síðan að vona, alla vega þeir fjórir sem hér eru í salnum, að hæstv. forseta meðtöldum, að framvegis fáist það framlag sem ætlast er til lögunum samkvæmt, en á það hefur vantað tölulvert eins og hæstv. ráðherra hefur margsinnis sýnt fram á.

Ég vil því að lokum þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa nú lagt þetta frv. fram og vona að allir hv. þm. reyni að vinna að framgangi þess.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um frv. og þann áhuga sem þau hafa sýnt málinu bæði fyrr og nú, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 13. þm. Reykv. Ég get út af fyrir sig viðurkennt það að ég hef velt því dálítið fyrir mér hvort þessi aðferð sem hérna er gert ráð fyrir er endilega sú eina rétta. Ég velti fyrir mér þeim möguleika að einfaldlega yrðu sett í lög ákvæði um að 1% af útlögðum kostnaði ríkisins til opinberra bygginga yrði sjálfkrafa, um leið og greiðslur eru inntar af hendi úr ríkissjóði, látið renna í Listskreytingasjóð, sem ég hugsaði sem aðferð til að tryggja peningana pínulítið betur en gert hefur verið á undanförnum árum, og að með þessari aðferð væri e.t.v. erfiðara fyrir okkur sem hér eigum sæti og afgreiðum lánsfjárlög líka af og til að skerða sjóðinn eins og við höfum oft gert. Stjórn Listskreytingasjóðs sá ekki að hægt væri að framkvæma þetta með góðu móti. Ég velti líka fyrir mér þeirri hugmynd sem hv. 2. þm. Reykv. talaði hér fyrir sem gengur út á það að einfaldlega verði gert ráð fyrir að þessi sjóður verði lagður niður en eigendum þessara bygginga og þeim sem fyrir þeim standa verði gert að skyldu að verja a.m.k. 1% af kostnaðarverði byggingarinna til listskreytinga og að í raun og veru væri horfið frá því miðstýrða kerfi sem að nokkru leyti felst í sjóðsfyrirkomulaginu.

Ég bar mig satt að segja saman við nokkra aðila og menn sáu helst þá annmarka á þessu fyrirkomulagi að með því móti yrði sennilega lítið um listskreytingar af því að menn mundu alltaf frekar vilja nota síðustu krónurnar til þess að kaupa búnað eða gera aðra hluti sem eru að því er virðist yfirleitt taldir brýnni en að hafa list inni í húsum í þessu landi. Þess vegna varð það úr að ég flutti frv. óbreytt eða mjög lítið breytt frá því sem það kom frá stjórn Listskreytingasjóðs og endurskoðunarnefndinni.

Ég get ekki neitað því að það sem mér finnst kannski alvarlegast í þessu sambandi er almennt áhuga- og skilningsleysi á því að vera með listaverk inni í opinberum byggingum. Og það er satt að segja ömurlegt að koma inn í stofnanir, sem eru byggðar fyrir kannski hundruð milljóna króna, þar sem eru berir hvítir veggir, fleiri tugir metra. Það virðist óvíða vera til nægilegur metnaður til þess að gera þetta að mannsæmandi vistarverum, sem þær verða auðvitað því aðeins að þar séu listaverk, því að það er auðvitað ekki hægt að lifa eðlilegu lífi öðruvísi en að menn séu í tengslum við einhverja tegund af list. Ég held að það þurfi satt að segja býsna víðtæka vakningarumræðu í þjóðfélaginu til þess að menn fáist til að taka við sér í þessu efni. Við sjáum það þegar við heimsækjum opinberar byggingar erlendis að þar er yfirleitt heldur vel að málum staðið. Við sjáum það líka hjá einstökum sveitarfélögum að þau hafa oft og tíðum staðið mikið betur að þessu en ríkið. Ég gæti í því sambandi nefnt mörg sveitarfélög. Ég nefni t.d. sveitarfélög

eins og Kópavog sem tók um það ákvörðun fyrir 20 eða 25 árum að verja tilteknu hlutfalli allra sinna útsvarstekna til þess að kaupa myndverk og eignaðist þar með geysilega myndarlegt listaverkasafn. Þarna hafa ríkisbyggingar hins vegar legið eftir og það er satt að segja til vansa. En ég tel að þær athugasemdir sem hér hafa komið fram falli allar í þann farveg að reyna að hjálpa málinu heldur áfram og þakka fyrir góðar undirtektir, og ég vænti þess að okkur auðnist á yfirstandandi þingi að gera þetta frv. að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

60. fundur, miðvikudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Frv. SalÞ, 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipan prestakalla, 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 678.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt er á þskj. 678. Frv. það sem hér er lagt fram fjallar um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Áður en ég rek efni frv. vil ég víkja nokkrum orðum að undirbúningi þess. Upphaflega var hér um að ræða tvö frumvörp. Annað var frv. til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Það frv. var lagt fram á 108. löggjafarþingi 1985–1986 en hlaut ekki afgreiðslu. Haustið 1988 skilaði nefnd er skipuð var til þess að endurskoða lög um skipan prestakalla og prófastsdæma frv. til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma. Bæði frumvörpin fjölluðu um náskylt efni, þ.e. um stjórnskipan kirkjunnar og þá starfsmenn er gegna eiga störfum í þágu hennar. Að athuguðu máli þótti rétt að steypa þessum frumvörpum saman sem hér eru nú til umfjöllunar.

Frv. hefur komið til umfjöllunar á kirkjuþingi, kirkjuráði og prestastefnu. Það hefur verið sent til umsagnar til prófasta landsins er hafa lagt það fyrir á fundum heima í héruðum. Frv. hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var lagt fyrir kirkjuþing á haustdögum 1988. Hér er um nokkuð viðamikil mál að ræða fyrir þjóðkirkjuna er snertir stjórnsýslulega uppbyggingu hennar, starf hennar í heild og því mikilvægt að vandað sé til þeirrar lagasetningar.

Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir þeim meginbreytingum sem frv. hefur í för með sér. Í I. kafla frv. er gerð grein fyrir skipan prestakalla og prófastsdæma. Prófastsdæmi landsins eru nú 15 en skv. frv. verða þau 16 talsins. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurprófastsdæmi sem er langstærsta prófastsdæmi landsins verði skipt í tvö prófastsdæmi. Skv. gildandi lögum er prestaköllum skipað með lögum nema í Reykjavíkurprófastsdæmi. Í frv. er gert ráð fyrir að sama skipan gildi í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum og gilt hefur í Reykjavíkurprófastsdæmi að ráðherra ákveði skipun prestakalla með reglugerð. Með þessu móti er hægara að breyta prestakallaskipuninni og laga hana að byggðaþróuninni en utan Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmis þótti þó ekki ástæða til að breyta frá gildandi lögum að ákveða prestakallaskipanina með lögum. Frv. gerir ráð fyrir að utan Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins verði sex prestaköll lögð niður en jafnframt er gert ráð fyrir að fjögur ný verði tekin upp. Mörkum milli prestakalla er í nokkrum tilfellum breytt. Geta má þess að nefnd sú er samdi frv. í upphafi lagði til að fækkunin yrði í heild um sex prestaköll.

Breytingar á skipun prestakalla er í grófum dráttum þessi: Í Skaftafellsprófastsdæmi fækkar prestaköllum um eitt þar sem Ásaprestakall sameinast Klausturprestakalli. Í Rangárvallaprófastsdæmi fækkar prestaköllum sömuleiðis um eitt þar sem Kirkjuhvolsprestakall er lagt niður og sóknir þess færðar undir Fellsmúla- og Oddaprestakall. Einnig er sú breyting gerð að Stórólfshvolssókn er færð undir Breiðabólstaðarprestakall. Í Árnesprófastsdæmi er eitt prestakall lagt niður, Stóra-Núpsprestakall, en tvö ný stofnuð, Þorlákshafnar- og Hraungerðisprestakall. Jafnframt er Stóra-Núpssókn færð undir Hrunaprestakall. Í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi er eitt prestakall lagt niður, Söðulholtsprestakall, en eitt stofnað, Ingjaldshólsprestakall, með preststsetur á Hellissandi. Í Barðastrandarprófastsdæmi er Sauðlauksprestakall lagt niður en stofnað nýtt prestakall, Tálknafjarðarprestakall. Breiðabólstaðarprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi er lagt niður en upp tekið Hvammstangaprestakall er tekur yfir Hvammstangasókn og sóknir er heyrðu undir Breiðabólsstaðarprestakall að undanskildri Víðidalstungusókn sem færð er undir Melstaðarprestakall. Í Skagafjarðarprófastsdæmi eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á mörkum prestakalla. Jafnframt er gert ráð fyrir að prestur er situr á Mælifelli verði til aðstoðar vígslubiskupi á Hólum. Siglufjarðarprestakall er flutt frá Eyjafjarðarprófastsdæmi í Skagafjarðarprófastsdæmi. Miðgarðasókn í Grímsey færist frá Glerárprestakalli undir Akureyrarprestakall. Í Þingeyjarprófastsdæmi fækkar prestaköllum um eitt þar sem lagt er til að Háls- og Staðarfellsprestaköll sameinist og nefnist Ljósavatnsprestakall.

Alls fækkar því prestaköllum yfir landið í heild um tvö.

Skv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að í hverju prestakalli verði aðeins einn sóknarprestur. Jafnframt er heimilt að ráða aðstoðarprest eða presta í mjög fjölmennum prestaköllum. Með þessari breytingu ætti að verða leyst úr vissum stjórnunarlegum árekstrum sem hafa einstaka sinnum komið upp í tvímenningsprestaköllum.

Í 4. gr. og 6. gr. eru rýmkaðar heimildir ráðherra til að leggja niður prestakall fari íbúafjöldi niður fyrir 250 manns eða taka upp ný prestaköll ef nauðsyn krefur eða breyta mörkum prestakalla án þess að til þurfi að koma lagabreyting. Í 8. gr. eru ítarlegri ákvæði um prestssetur en eru í gildandi lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma.

Helstu nýmæli í II. kafla frv., er fjallar um sérþjónustuembætti, eru þau að ráðherra er heimilað að ráða sérstaka farpresta til starfa í einu eða fleiri prófastsdæmum er annist forfalla- og aðstoðarþjónustu og annist tiltekin sérverkefni. Heimild þessi takmarkast að sjálfsögðu við þær fjárveitingar er fást hverju sinni. Líkur eru til þess að fyrst og fremst fjölmenn prófastsdæmi mundu nýta sér þennan möguleika. Sem nýmæli mætti nefna að frv. gerir ráð fyrir aukinni prestsþjónustu á sjúkrastofnunum.

III. kafli frv. fjallar um embættisgengi presta. Helstu nýmæli í þeim kafla eru að ítarlegri skilyrði en nú gilda eru sett um skipun eða setningu í prestsembætti. Þar er m.a. kveðið á um skyldubundna þjálfun í a.m.k. fjóra mánuði áður en kandídatar hljóta vígslu. Skv. 17. gr. skal biskup gæta þess að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir sem til þess eru hæfir.

IV. kafli frv. fjallar um ýmis ákvæði um presta og starfsskyldur þeirra. Hér er um nokkur nýmæli að ræða sem að nokkru hafa mótast af framkvæmd. Lögð er sérstök áhersla á samstarf presta innan hvers prófastsdæmis. Er það í samræmi við þróun síðari ára.

V. kaflinn fjallar um prófasta. Þessi kafli er allítarleg upptalning á verkefnum prófasts og réttarstöðu. Að verulegu leyti er hér verið að fjalla um verkefni sem þeir annast nú þegar.

Í VI. og VII. kafla frv. er fjallað um embætti biskups Íslands og embætti vígslubiskupa. Í áðurgreindu frv. til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands var gert ráð fyrir að landinu yrði skipt í þrjú nokkurn veginn jafnsett biskupsdæmi. Hér er lagt til að landið verði áfram eitt biskupsdæmi. Hins vegar verði embætti vígslubiskupa landsins, sem eru tveir skv. frv., efld. Með þessari tilhögun verða vígslubiskuparnir með vissum hætti aðstoðarmenn biskups er geta sinnt ýmsum samskiptum við söfnuði og presta landsins. Skv. 42. gr. er gert ráð fyrir að þeir sitji á hinum fornu biskupsstólum í Skálholti og á Hólum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir verði sóknarprestar er þjóni Skálholtsprestakalli og Hólaprestakalli.

Skv. 42. gr. er gert ráð fyrir að vígslubiskupi í Skálholti verði ráðinn aðstoðarprestur en Mælifellsprestur verði aðstoðarprestur vígslubiskups á Hólum. Ekki er gert ráð fyrir að ráða vígslubiskupi annað starfsfólk.

Þótt hér sé gengið skemmra en frv. um starfsmenn þjóðkirkjunnar gerði ráð fyrir er komið að nokkru til móts við sjónarmið þeirra sem vildu efla biskupsþjónustu í landinu. Þessi tilhögun gerir einnig ráð fyrir að síðar geti sú breyting orðið að landinu verði skipt í þrjú biskupsdæmi ef reynslan sýnir að það sé nauðsynlegt. Einnig má benda á að breyting þessi hefur tiltölulega lítinn aukakostnað í för með sér.

Í gildandi lögum eru sárafá ákvæði um embætti biskups. Ákvæðin um biskup eða biskupsembættið eru að verulegu leyti í samræmi við þá lagaframkvæmd sem í gildi hefur verið undanfarin ár. Þess má geta að nýlega hefur farið fram endurskipulagning á starfsskipulagi Biskupsstofu. Stofnuð hefur verið fræðslu- og þjónustudeild og ráðinn hefur verið skrifstofustjóri er annast m.a. fjármálastjórn. Frv. ýtir undir þá þróun að efla biskupsembætti en jafnframt eru efld tengsl biskupsembættisins við presta og söfnuði með aukinni þátttöku vígslubiskupanna.

Rétt er að gera sér grein fyrir hvað sú breyting kostar er frv. felur í sér. Embætti vígslubiskupanna hafa tiltölulega lítinn aukakostnað í för með sér. Hólabiskup verður jafnframt sóknarprestur í Hólaprestakalli. Til aðstoðar honum verður sóknarprestur á Mælifelli. Á sama hátt verður Skálholtsbiskup jafnframt sóknarprestur í Skálholtsprestakalli en gert er ráð fyrir að ráða honum aðstoðarprest. Hér er um nýja stöðu að ræða sem er að sjálfsögðu háð samþykki fjárveitingavaldsins. Gera má ráð fyrir mjög lágum skrifstofukostnaði vígslubiskupa en eitthvað auknum ferðakostnaði.

Eins og áður er á minnst er gert ráð fyrir að guðfræðikandídatar starfi í fjóra mánuði undir handleiðslu prests. Gengið er út frá að ráðherra setji reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Hér verður um einhvern aukakostnað að ræða sem er launakostnaður guðfræðikandídata umræddan reynslutíma. Með góðri skipulagningu mundu starfskraftar guðfræðikandídata geta nýst í fjölmennum prestaköllum. Eins og fyrr greinir mun prestaköllum utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins fækka um tvö.

Frv. gerir ráð fyrir að heimilt verði að ráða farpresta til aðstoðar- og forfallaþjónustu í prófastsdæmum. Hér er um heimild að ræða sem háð er vilja fjárveitingavaldsins. Einnig má benda á að gert er ráð fyrir að núverandi farprestsembætti, sem eru tvö, verði lögð niður og gera má ráð fyrir einhverjum stofnkostnaði vegna breytinga á prestakallaskipaninni. Má þar einkum tilnefna byggingu prestsseturs í Hraungerðisprestakalli, Þorlákshafnarprestakalli, Ingjaldshólsprestakalli, Tálknafjarðarprestakalli og Hvammstangaprestakalli en á móti kemur væntanlega sala á sjö prestssetrum.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir einstökum atriðum þessa frv. en megineinkenni þess má draga saman í örfáum orðum með svofelldum hætti:

1. Frv. miðar að því að færa löggjöf um kirkjuleg málefni til þarfa nútímans en jafnframt að hún búi yfir þeim sveigjanleika er dugi til nokkurrar frambúðar.

2. Frv. byggir á samruna tveggja frumvarpa er verið hafa til umfjöllunar víða undanfarin ár og er nú byggt á samkomulagi mjög margra aðila er fjallað hafa um þessi efni.

3. Frv. gerir ráð fyrir að Ísland verði áfram eitt biskupsdæmi.

4. Frv. gerir ráð fyrir því að embætti vígslubiskupa verði efld og þeir sitji hin fornu biskupssetur að Skálholti og Hólum.

5. Kostnaðarauki er samþykkt frv. hefði í för með sér er mjög óverulegur utan sá er ákveðinn yrði með samþykkt fjárlaga hverju sinni.

Að svo mæltu legg ég til, hæstv. forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

56. fundur, miðvikudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess um fundarhald í dag að samkomulag hefur náðst við formenn þingflokka um að fresta þingflokkafundum til kl. 5 til þess að lengri tími gefist til að ræða sjötta dagskrármálið, Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, og er það m.a. gert til þess að í þeirri umferð umræðunnar sem hér verður í dag gefist fulltrúum stjórnarandstöðunnar kostur á að taka til máls. Þetta telur forseti eðlilegt og nauðsynlegt til að tryggja það að sjónarmið beggja aðila fái að koma fram áður en þessari umræðu, sem líklega verður frestað kl. 5, lýkur.

Launasjóður stórmeistara í skák, frh. 1. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 622.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Listskreytingasjóður ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 297. mál. — Þskj. 532.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 298. mál (atvinnurekstrarbann). — Þskj. 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Þegar litið er hér á dagskrá þess fundar sem nú er að hefjast í hv. neðri deild kemur í ljós að þegar hafa verið afgreidd fjögur fyrstu málin. Síðan gerist það að virðulegur forseti breytir frá prentaðri dagskrá, sleppir fimmta málinu en fer yfir í það sjötta. Það sem ég vildi segja hér er það að fimmta málið hefur verið tilbúið nú um nokkurt skeið eða frá því áður en þing Norðurlandaráðs var haldið. Mér var kunnugt um það að því máli var frestað í gær vegna fjarveru hæstv. ráðherra. Ég veit ekki betur en nál. séu tilbúin og þar sem ég er frsm. nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og var undir það búinn að taka hér til máls og fylgja því nál. úr hlaði hlýt ég að spyrja hæstv. forseta hvernig á því standi að vikið er frá dagskránni þótt mér sé vel kunnugt um það að auðvitað getur virðulegur forseti vikið frá dagskrá. Hér er þó um óvenjulega ákvörðun að ræða því hér er verið að fjalla um stjfrv. Ábyrgðadeild fiskeldislána er stjfrv. sem allir vita að mikið liggur á að fái afgreiðslu sem allra fyrst frá hinu háa Alþingi.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 1. þm. Reykv. vill forseti geta þess að í morgun var haft samband við formenn allra þingflokka í hv. deild og þeim greint frá því að hér yrði rætt frv. fjvn. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Til þess að greiða fyrir umræðunni og því að stjórnarandstöðufulltrúar fengju tækifæri til að taka þátt í umræðunni hér í þessari umferð í dag varð það að samkomulagi að þingflokksfundum yrði frestað til kl. 5 svo að klukkutími gæfist til viðbótar til þessarar umræðu og stjórnarandstaðan fengi tækifæri til þess að láta í ljós hug sinn gagnvart málinu.

Þrisvar sinnum hefur verið rætt um að taka þetta frv. hér á dagskrá. Það er búið að liggja mjög lengi hér inni á þingi og forseta var kunnugt um að óþolinmæði væri farið að gæta hjá hv. fjvn. vegna þess að þetta frv. sem nefndin flytur öll hefur ekki verið tekið fyrir. Forseti vill einnig geta þess að frv. sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, um ábyrgðadeild fiskeldislána, verður væntanlega á dagskrá deildarinnar nk. þriðjudag. Það hefði verið freistandi fyrir forseta að halda fund nk. föstudag. Það er hins vegar ekki á þeirri dagskrá sem forsetar hafa gefið út að hafa fund á föstudaginn kemur enda er þingveisla á föstudagskvöld og forseti hyggur að það hefði ekki mælst vel fyrir.

Forseti væntir þess að þessi svör nægi.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég staðfesti það að haft var samband við mig í morgun til þess að leita eftir samþykki við því að haldið yrði áfram fundum til kl. 5 einmitt vegna þess sem hæstv. forseti nefndi, til þess að fulltrúar flokkanna — ég tók það nú svo, ekki sérstaklega stjórnarandstöðunnar vegna þess að fulltrúar frá stjórnarandstöðunni eru meðflm. að frv. því sem hér á að ræða, um fjárgreiðslur úr ríkissjóði — gætu fengið tækifæri til þess að tjá sig á fundinum. Ég féllst á þessa tilhögun. Hins vegar var ekkert sérstaklega nefnt að það yrði vikið frá röð á dagskrá. En ég tek það fram að ég hef engar athugasemdir við það að gera og sýnist þetta vera rétt aðferð.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það upplýsist hér og nú að það hefur ekki verið gert samkomulag um að víkja frá dagskránni. Það hefur eingöngu verið gert samkomulag um að flytja til þingflokksfundi til þess að ýmsir þingmenn og væntanlega þá hæstv. ráðherra geti tjáð sig um fyrirliggjandi frv., sem er sjötta mál á dagskrá, og er sjálfsagt að verða við því. Ef hins vegar virðulegur forseti hefur talið að samið hafi verið um það að víkja frá dagskránni og taka ekki mál sem er stjfrv. til 2. umr., en það er mjög óvenjulegt að það hafi ekki forgang í dagskrá, þá finnst mér það a.m.k. lágmarksskylda hæstv. forseta og þeirra sem standa að slíku samkomulagi að hafa samband við framsögumenn í því máli því að allir vita að það liggur mjög mikið á að það mál fái afgreiðslu. Ég vil því að það komi skýrt fram hér og reyndar sagði hv. síðasti ræðumaður frá því að samkomulagið næði aðeins til þess að víkja til þingflokksfundatíma til að menn gætu tjáð sig í síðara málinu, þ.e. sjötta dagskrármálinu, en ekkert samkomulag er um það að víkja skuli til hliðar fimmta málinu sem er hér á dagskrá og bíður eftir því að fá afgreiðslu við 2. umr.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 1. þm. Reykv. vill forseti taka fram að hann hafði nokkrar áhyggjur af því að ef fimmta dagskrármálið yrði tekið á dagskrá á undan frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði yrðu um það mjög miklar umræður sem mundu leiða til þess að við kæmumst í tímahrak með umræðu um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, enda vill forseti taka mjög skýrt og rækilega fram að hann hefur fulla heimild til þess að víkja frá dagskrá eins og hún er prentuð á hverjum tíma.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er auðvitað deginum ljósara að hæstv. forseti hefur fulla heimild til þess að víkja frá prentaðri dagskrá og raða málum öðruvísi en þar er gert. Ég vil hins vegar að fram komi að ég skildi það þannig þegar ég féllst á það að þingflokksfundir hæfust ekki fyrr en kl. 5 að ég reiknaði með því að haldið yrði þeirri röð sem á dagskránni var prentuð og frv. um ábyrgðadeild fiskeldislána tekið til 2. umr. og undir það var ég búinn, að það yrði rætt, og síðan yrði farið í sjötta dagskrármálið. Ég var reyndar undrandi á því í gær að þetta frv. skyldi ekki vera tekið til 2. umr. og ekki á dagskrá. Ég átti alveg von á því að það yrði gert því að það er nokkuð síðan nál. komu fram í málinu og þetta mál hefði verið hægt að ræða fyrr. (**FrS:** Það var fjarvera hæstv. ráðherra.) Já, það kann að vera að það hafi verið það sem var ástæðan til þess að það var ekki rætt í gær. En allt um það þá átti ég von á því að þetta mál yrði tekið til umræðu hér í dag. Ég viðurkenni hins vegar að það er í valdi forseta deildarinnar að ákveða að breyta út af þeirri röð sem prentuð er á dagskránni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill taka fram vegna orða síðasta ræðumanns að ástæðan fyrir því að frv. um ábyrgðadeild fiskeldislána var ekki tekið fyrir á fundi í gær var einfaldlega sú að hæstv. fjmrh. var fjarverandi og hann ku hafa ýmislegt um málið að segja. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um þingsköp og verður nú fram haldið dagskrá.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Frv. þetta er samið og flutt af þingmönnum allra flokka sem sæti eiga í fjvn. Alþingis. Að frv. standa sem sé þingmenn í fjvn. en formsins vegna geta tveir þingmenn í nefndinni ekki skráð sig fyrir frv. Það eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Egill Jónsson, en þessir tveir þingmenn eiga sæti í efri deild Alþingis. Fjárveitinganefndarmenn sem sæti eiga í neðri deild eru hins vegar allir skráðir fyrir frv., þ.e. auk mín þingmennirnir Pálmi Jónsson,

Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Ásgeir Hannes Eiríksson og Friðjón Þórðarson.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, herra forseti, sem mál af þessu tagi kemur til kasta Alþingis. Það hefur oft verið um það rætt í umræðum á Alþingi að það væri ekki eðlilegt hvernig staðið væri að svokölluðum aukafjárveitingum sem réttara sagt eru greiðslur án heimilda sem inntar eru af hendi úr ríkissjóði. Einnig hafa komið fram nokkur þingmál þessu að lútandi hér á Alþingi, m.a. eitt sem lagt var fram fyrir um það bil einu ári og var þá fjallað um í fjvn.

Hæstv. núv. fjmrh. og ríkisstjórn hafa gert allverulegar breytingar á meðferð ríkisfjármála sem m.a. hafa valdið því að fjáraukalög hafa komið fyrr og betur til umfjöllunar á Alþingi heldur en vaninn var og m.a. hefur hæstv. fjmrh. nú í annað sinn lagt fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga á yfirstandandi fjárlagaári. Þetta hefur einnig orðið til þess að breyta talsvert vinnu fjvn. þannig að nefndin hefur lagt sig meira eftir því nú en oft áður að fylgjast með því hvernig staðið hafi verið við upphaflegar áætlanir fjárlaga í framkvæmdinni. Ég held að ég geti talað fyrir hönd allra nefndarmanna þegar ég segi að þessi skoðun hafi styrkt menn í trúnni á það að það væri nauðsynlegt að breyta þeim starfsháttum sem viðgengist hafa og hafa verið nefndar aukafjárveitingar ríkisstjórna en eru í raun réttri greiðslur úr ríkissjóði án lagaheimilda eins og ég áður hef vikið að. Og það eru ekki einvörðungu þm. í fjvn. sem hafa komist að þessari niðurstöðu að hér þurfi að gera bragarbót á. Hæstv. fjmrh. hefur átt frumkvæði að því að það yrði gert einmitt með því að leggja fyrir Alþingi frumvörp til fjáraukalaga þannig að í þessu sambandi erum við sem flytjum þetta frv. og hæstv. fjmrh. sammála. Það verður að gera á þessu breytingar, það verður að auka það vald sem Alþingi hefur eða löggjafarsamkoman til þess að ákveða fjárgreiðslur úr ríkissjóði og það verður að takmarka meira en gert hefur verið og stöðva greiðslur úr ríkissjóði sem ekki styðjast við tilskildar lagaheimildir.

Fyrir um það bil ári ákvað fjvn. að leggja sérstaka vinnu í að kanna þessi mál og vita hvort nefndarmenn gætu orðið sammála um hvernig best væri á þeim tekið því að auðvitað hlýtur Alþingi sem er löggjafarstofnunin, sem er fjárveitingavaldið að hafa skoðun á því, ekkert síður og jafnvel fremur en framkvæmdarvaldið, hvernig rétt sé að meðhöndla þessi mál. Auðvitað hafa ráðherrar og embættismenn sína skoðun á því og hún getur verið ágæt og eins og ég nefndi hér áðan þá er skoðun hæstv. fjmrh., eins og hann hefur sýnt fram á í verkum sínum, mjög svipuð þeirri skoðun sem hefur komið fram hjá Alþingi. En auðvitað hlýtur Alþingi fyrst og fremst að láta þau mál til sín taka sem varða stöðu þess og hlutverk sem fjárveitingavalds. Og auðvitað hljóta alþm. og þá ekki síst sú nefnd á vegum Alþingis sem vinnur að þessu máli að hafa á því skoðun hvaða breytingar eigi þar á að gera. Okkar hlutverk er ekki bara það að taka við tillögum annarra. Okkar hlutverk í þessu máli er miklu fremur að hafa frumkvæði. Það tel ég að fjárveitinganefndarmenn hafi gert með þessum tillöguflutningi.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, fyrir um það bil ári urðu fjárveitinganefndarmenn sammála um að skoða, að eigin frumkvæði, hvaða breytingar þyrfti að gera á þeim siðvenjum sem orðið hafa í áranna rás á meðferð framkvæmdarvaldsins eða á því hvernig framkvæmdarvaldið hefur hagað gerðum sínum í sambandi við fjárlög, fjárlagaafgreiðslu og greiðslur úr ríkissjóði yfirleitt. Þetta var unnið með þeim hætti að sett var á stofn sérstök undirnefnd á vegum fjvn. sem hófst handa við þá vinnu snemma ársins 1989 eftir nokkrar umræður í nefndinni og vann síðan í allt sumar meira og minna að skoðun þessa máls. Í því sambandi kynntu menn sér sérstaklega hvernig tilhögun þessara mála er á Norðurlöndum og sú könnun styrkti okkur enn í þeirri trú að það væri nauðsynlegt að breyta þeirri venju sem ríkt hefur hvað varðar meðferð framkvæmdarvaldsins á fjárgreiðslum úr ríkissjóði sem fjárlög gera ekki ráð fyrir. Vegna þess að hvergi nokkurs staðar í þeim löndum sem við sækjum lagafyrirmyndir helst til, þ.e. Norðurlöndunum, ríkir það kerfi sem kemst neitt nálægt því sem háttur hefur verið á hafður á Íslandi um alllanga tíð. Menn þar í löndum, og ég tel að það sama eigi að gilda um okkur Íslendinga, menn virtu það svo mikils að þjóðþingin fengu fjárveitingavaldið í sínar hendur að þar hafa menn gætt þess að standa vörð um að fjárveitingavald þjóðþinganna væri ekki frá þeim tekið. Hér á Íslandi hefur Alþingi því miður ekki verið eins vakandi og skyldi í því máli og í þeirri könnun sem við gerðum á ástandi þessara mála á Norðurlöndum rákumst við hvergi á nein dæmi þess að eins væri að málum staðið með fjárgreiðslur úr ríkissjóði og tíðkast hefur hér á Íslandi um alllangan aldur og hefur farið frekar vaxandi en hitt. Þannig að fordæmi, a.m.k. þar sem við bárum niður, fyrir svipuðum framgangi og hér hefur verið vaninn er hvergi að finna í þeim löndum sem við sækjum helst lagafyrirmyndir til.

Eftir að við höfðum kynnt okkur hvernig þessum málum er hagað á Norðurlöndum þá settum við fram í undirnefnd fjvn. okkar hugmyndir um breytingar sem þyrfti hér að gera og ræddum síðan við tvo valinkunna lögmenn, þá Sigurð Líndal og Stefán Má Stefánsson, um niðurstöður okkar og hvað væri þar helst sem gæti e.t.v. verið ástæða til þess að skoða betur. Þegar fyrir lágu meginhugmyndir nefndarinnar sem samstaða var um var leitað aðstoðar til að koma þeim í frumvarpsform og enn leitað til Sigurðar Líndals og Stefáns Más Stefánssonar um umsögn þeirra. Þeir geru nokkrar athugasemdir við frv. í frumgerð þess sem við féllumst á allar saman. Að því loknu, þegar við höfðum lokið með þessum hætti undirbúningi málsins, kynnti undirnefnd málið fyrir fjvn. Fjvn. varð síðan sammála um frv. með mikilvægum breytingum og fjárveitinganefndarmenn í Nd. tóku að sér að flytja það fyrir hönd nefndarinnar í heild.

Ég vil aðeins, herra forseti, gera grein fyrir því hvað er að finna í þessu þskj. áður en ég vík að frv. aftur. Á bls. 10 í þskj. er að finna þá frumgerð sem var lögð sem grundvöllur undir samningu sjálfs frv., þ.e. tillögur undirnefndar fjvn. um afnám aukafjárveitinga. Þar lýsir undirnefndin í almennum orðum þeim meginniðurstöðum sem hún varð sammála um, hvað hún vill fá fram til breytingar og bóta á þeim vinnubrögðum sem ríkt hafa. Þessar tillögur um afnám aukafjárveitinga lagði undirnefndin síðan fyrir fjvn. í heild sem gerði þær að sínum og fékk lögfróða menn til þess að semja frv. á grundvelli þessara tillagna eins og ég gat um áðan. Frv. var síðan borið undir lagaprófessorana, sem ég nefndi hér áðan, til nánari skoðunar. Í fskj. I, bls. 10, 11 og 12 má sem sé finna meginkjarna þeirra hugmynda sem fjárveitinganefndarmenn voru sammála um að byggja þyrfti nýjar reglur á. Og menn voru sammála um að að það væri rétt, til þess að taka af öll tvímæli, að Alþingi setti í lög hvernig með þessi nýju vinnubrögð skyldi fara.

Ég vil einnig vekja athygli á því, herra forseti, að á bls. 12, 13, 14, 15 og 16 er lýst í stuttu máli, það er til miklu ítarlegri greinargerð um það, hvernig nágrannalöndin haga vinnubrögðum sínum við fjárlagagerð. Ég vil aðeins í því sambandi fara stuttlega yfir það. Í Finnlandi tíðkast ekki greiðslur úr ríkissjóði án lagaheimilda. Aukafjárveitingar eins og við köllum eru ekki til í því landi og ég er ansi hræddur um að finnska löggjafarþinginu mundi koma það nokkuð á óvart ef þar yrði breytt til þeirra venjubundnu hátta sem við Íslendingar höfum tileinkað okkur.

Í Svíþjóð er um sama að ræða. Þar leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á fjárhagsárinu. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem framkvæmdarvaldið leitar eftir samþykki sænska þingsins fyrir með slíkum fjáraukalögum, eru innan við 1% af heildarútgjöldum. Það er kannski helst ástæða til þess að benda á að í Svíþjóð og raunar víðast hvar er fjármálum ríkisins ekki eins miðstýrt og reynt er að gera hér heima. Reynt er að láta hvert ráðuneyti vera fjárhagslega ábyrgara fyrir því að virða fjárlög en hér er gert þó það sé raunar verið að stefna til þeirrar áttar á síðari árum hér að gera fagráðuneytið fjárhagslega ábyrgara og draga þannig úr miðstýringu á Íslandi. En einnig í Svíþjóð eru aukafjárveitingar, þ.e. greiðslur úr ríkissjóði án formlegra lagaheimilda, ekki til.

Í Noregi er meginatriðið enn hið sama, að fyrir minni háttar viðbótarútgjöldum nægir samþykki fjmrn., enda yfirleitt áætlað fyrir því í óskiptum fjárhæðum í fjárlögum, en fyrir hærri útgjöldum þarf að koma til samþykki ríkisstjórnar eða samþykki þingsins ef um umtalsverðar upphæðir er að ræða. Í Danmörku er þessum málum svipað farið.

Ég vil aðeins benda á í þessu sambandi að sá háttur er einnig hafður á, í a.m.k. einu þessara landa, að engin fjárgreiðsla getur farið fram úr ríkissjóði, jafnvel þó áætlað sé fyrir því undir óvissum útgjöldum, nema formlegt samþykki Ríkisendurskoðunar viðkomandi lands komi til. Og er ég nú ekki viss um að allir væru mjög ásáttir með það að þurfa að leita með öll sín mál til slíkrar stofnunar hér á landi en látum það liggja á milli hluta. En í öllum þessum dæmum sem ég hef tekið virða menn það gamla baráttumál sem þjóðþingin áttu að hafa leitt til sigurs fyrir mörgum áratugum síðan að fjárveitingavaldið er hjá löggjafarvaldinu, en hvorki hjá dómsvaldinu né framkvæmdarvaldinu. Það er því ástæða til, a.m.k. ef við ætlum að hafa löggjöf Norðurlandaþjóða okkur til fyrirmyndar í þessu efni eins og svo mörgum öðrum, að við gerum okkur það fyllilega ljóst að sá háttur sem hér hefur verið á hafður í samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þekkist þar ekki.

Tilgangur þess frv. sem hér liggur fyrir er því mjög skýr. Hann er mjög einfaldur og mjög skýr. Tilgangur þess er sá einn að virt sé ákvæði 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð og er það tvímælalaust álit okkar að ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hafi verið að heimilda til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Herra forseti. Þetta er skilningur nágrannaþjóða okkar á sambærilegum ákvæðum í stjórnarskrá þeirra landa. Þar dettur mönnum ekki í hug að það sé rétt að staðið að handhafar framkvæmdarvalds greiði fé úr ríkissjóði án formlegrar lagaheimildar. Þetta ákvæði hefur án efa einnig verið skýrt í huga þeirra sem settu það í stjórnarskrá lýðveldisins á sínum tima. En það hefur gerst hér á Íslandi sem ekki hefur gerst í nálægum löndum að smátt og smátt eftir því sem tímar liðu hættu menn að virða þetta ákvæði til fullnustu og fóru þess í stað að tíðka svokallaðar aukafjárveitingar sem er rangnefni því að enginn getur veitt fé nema sá sem hefur til þess fjárveitingavaldið. Menn fóru þvert á móti að grípa til greiðslna úr ríkissjóði án lagaheimilda og því miður hefur það farið frekar farið í vöxt að menn hafa gripið til slíkra greiðslna en hitt. Þetta er einnig álit hæstv. ríkisstjórnar í öllum meginatriðum, enda hefur fram komið frá henni eins og ég sagði áðan, að hún vill fyrir sitt leyti taka á þessum málum og færa fjárveitingavaldið aftur þangað sem það á heima, þ.e. til löggjafans.

Það er líka alveg ljóst og mér er það alveg ljóst og vonandi öllum samflm. mínum á þessu frv. að auðvitað verður ágreiningur um þetta. Auðvitað verður andstaða við það að fjárveitingavaldið skuli fengið löggjafarvaldinu að fullu á ný. Það hefur alltaf verið. Framkvæmdarvaldshafar fóru hér áður og fyrr með þetta vald og það voru mikil átök um að fá fjárveitingavaldið inn í þjóðþingin. Þau átök eru auðvitað fyrir hendi nú ekkert síður en þá og það er skiljanlegt og það er mannlegt að það sé andstaða við því hjá framkvæmdarvaldinu að þingið sæki fjárveitinga-

valdið til sín aftur. Ráðherrar koma að sjálfsögðu og fara. Ráðherrar, t.d. þeir hæstv. ráðherrar sem nú sitja, komu ekki með þetta aukafjárveitingavald með sér inn í ráðuneytin og þeir taka það heldur ekki með sér þegar þeir fara. Þetta vald var fyrir hendi í ráðuneytunum þegar þeir komu þangað og þetta vald verður fyrir hendi í ráðuneytunum þegar þeir fara þaðan nema breytingar séu gerðar á vinnubrögðum eins og hér er lagt til. Það að tillaga skuli vera gerð um að breytingar eigi sér stað nú er mjög eðlilegt. Það er jafneðlilegt að hv. Alþingi skuli hafa á slíku áhuga og það er eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa á því áhuga eins og hún hefur sýnt með framlagningu fjáraukalagafrv. Hins vegar er það alveg ljóst að ef við lítum á framkvæmdarvaldið ekki endilega sem þá einstaklinga sem sitja í ráðherrastólum í dag eða sátu þar í gær eða sitja þar á morgun, heldur sem þá stofnun sem framkvæmdarvaldið er, þá er auðvitað alveg ljóst að þeir sem hafa haft þetta vald til ákvarðana um útgjöld úr ríkissjóði og getað beitt því án tillits til þess hvað sá ráðherra hefur heitið sem setið hefur í ráðherrastólnum hverju sinni eða hvort sú ríkisstjórn sem setið hefur hverju sinni hefur verið kölluð hægri stjórn eða vinstri stjórn eða eitthvað þar á milli, það framkvæmdarvald sem hefur haft í sínum höndum þann möguleika að geta veitt fé úr ríkissjóði án þess að þurfa að leita lögformlegra heimilda fyrir því, mun auðvitað berjast fyrir því að þurfa ekki að láta það vald af hendi. Og andstaðan við frv. sem hér liggur fyrir markast að sjálfsögðu af því að framkvæmdarvaldið er ekki reiðubúið til þess að skila þessu fjárveitingavaldi aftur til löggjafans. Af sömu ástæðu ætti áhugi löggjafarvaldsins að vera fyrir því að Alþingi sem stofnun fái aftur það vald sem stjórnarskráin kveður á um að Alþingi sem stofnun skuli hafa. Og það skiptir í því sambandi engu máli hvaða einstaklingar það eru sem sitja á Alþingi nú eða sátu þar í gær. Það skiptir heldur engu máli hvað þeir ráðherrar heita sem sitja í ríkisstjórninni núna eða sátu þar í gær. Það skiptir heldur engu máli í þessu sambandi hvort einn ráðherra eða ein ríkisstjórn hafi gengið lengra eða skemmra í þá átt að nýta sér þetta vald sem ríkisstjórnir hafa tekið sér. Hvort einn ráðherra eða ein ríkisstjórn hafi gengið lengra eða skemmra í því en önnur. Þetta skiptir engu máli í þessari umræðu. Það sem við erum að tala um er að Alþingi sem stofnun, sem löggjafarvald í landinu, fái fjárveitingavaldið til baka frá framkvæmdarvaldinu sem hefur í áranna rás svipt Alþingi því fjárveitingavaldi sem Alþingi á að hafa samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það er kjarni málsins.

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera að mönnum finnist þetta ekki skipta neinu máli. Það var nú samt heldur leiðinlegt fyrir okkur Íslendinga að það skyldi þurfa málskot til Mannréttindadómstóls til þess að menn féllust á að gera skarpari skil en gerð höfðu verið milli framkvæmdarvalds og dómsvalds, en það þurfti til, málskot til Mannréttindadómstóls, svo það yrði framkvæmt. Ég veit ekki til að nokkur þingmaður hafi í huga að fara með þessi deilumál fyrir Mannréttindadómstól en það á kannski ekkert illa við að á sama tíma og markalínurnar eru dregnar á milli framkvæmdarvaldsins og dómsvaldsins dragi menn líka markalínurnar á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Á sama tíma og framkvæmdarvaldið skilar dómsvaldinu aftur til dómstólanna skili framkvæmdarvaldið löggjafarvaldinu aftur til löggjafans.

Ég hef áður bent á það og rætt um það að hvergi á Norðurlöndum hafi tíðkast þær aukafjárveitingar svokallaðar sem hér hafa verið plagsiður, en það út af fyrir sig þarf ekki að vera þau haldbærustu rök fyrir breytingu hér á sem hægt er að finna. Auðvitað verða fleiri ástæður að koma til en menn spyrja sig: Hver er ástæðan önnur en einhver formlegheit fyrir því að Alþingi sæki á ný fjárveitingavaldið sem Alþingi á að hafa samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins?

Hvaða efnislegar ástæður eru fyrir því að það sé gert? Þær efnislegu ástæður eru þrjár. Í fyrsta lagi held ég að það fari ekki á milli mála að menn, sem skoðað hafa annars vegar áætlanir um greiðslur úr ríkissjóði sem fjárlög eru og hins vegar þá niðurstöðu sem ríkisreikningur er, komist ekki hjá að viðurkenna það að við fjárlagagerð í mörg ár, mismunandi mikið að vísu, hafi menn skákað í skjóli vanáætlana um ýmis útgjaldamál Alþingis og afgreitt þannig hér á Alþingi fjárlög sem ekki hafi verið raunhæf nema að hluta til. Þetta er fyrsta ástæðan. Með öðrum orðum, löggjafarvaldinu Alþingi hefur ekki verið stillt upp gagnvart staðreyndum málanna eins og þær liggja fyrir, þ.e. hvaða útgjöld það eru sem ríkið og ríkisstofnanir verða að inna af hendi og hvernig löggjafinn ætlar þá að bregðast við ef tekjurnar, sem ríkið getur fengið til sín til að greiða þessi gjöld, nægja ekki fyrir útgjöldunum. Menn hafa með öðrum orðum beitt vísvitandi vanáætlunum til þess m.a. að koma í veg fyrir það að alþingismenn og stjórnvöld þurfi að svara spurningum af þessu tagi.

Í öðru lagi eru þess mýmörg dæmi að ríkisstjórnir hafi á fjárlagaárinu stofnað til nýrra útgjalda, jafnvel sem hundruðum millj. kr. nemur, án þess að um þau atriði hafi nokkurn tímann verið fjallað á Alþingi, með öðrum orðum verið stofnað til útgjalda til viðfangsefna sem löggjafarþingið hefur aldrei rætt og enginn veit hver afstaða löggjafans er til. (**Gripið fram í:** Og verið fellt . . .) Og í þriðja lagi eru einnig mörg dæmi um það að framkvæmdarvaldið hafi ákveðið að veita fé til viðfangsefna sem löggjafarvaldið hefur hafnað, framkvæmdarvaldið hafi ákveðið að greiða úr ríkissjóði án heimilda fé sem Alþingi hefur hafnað í atkvæðagreiðslum hér á þingi að greitt yrði.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í það að rekja dæmi um þessi þrjú meginatriði sem ég var að nefna hér áðan. Slík dæmi eru mýmörg. En mýmörg dæmi um slík tilvik, þetta þrennt, í fyrsta lagi vísvitandi vanáætlanir og síðan tilætlunarsemi um það að Alþingi afgreiði slík fjárlög athugasemdalaust, í öðru lagi að framkvæmdarvaldið stofni til nýrra útgjalda án þess að leita nokkurn tíma heimilda eða kanna hug Al-

þingis til þeirra og í þriðja lagi að efna til útgjalda og greiða úr ríkissjóði fjárgreiðslur sem Alþingi hefur hafnað, hljóta að gera það að verkum að menn komist að þeirri niðurstöðu að svona geti þetta ekki gengið lengur og hér verði að verða breyting á.

Í þessu sambandi langar mig, virðulegi forseti, að geta nokkuð um þá þróun sem átt hefur sér stað hér á árunum 1980–1989. Á þessum árum hefur uppsafnaður halli, samkvæmt áætlun fjárlaga á árunum 1984–1989, numið samtals 5 milljörðum 970 millj. kr. á verðlagi ársins 1989. Með öðrum orðum, Alþingi hefur afgreitt fjárlög sem á verðlagi ársins 1989 gerðu ráð fyrir að á árunum 1984–1989 væri halli fjárlaga samtals tæpir 6 milljarðar kr. Hallinn hefur hins vegar reynst vera á þessum árum og á þessu verðlagi 23,4 milljarðar kr., með öðrum orðum fjórum sinnum meiri en fjárlög gáfu tilefni til að ætla. Útgjöldin á þessum tíma reyndust vera 44 milljörðum kr. meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir og tekjurnar 26,5 milljörðum kr. meiri en hallinn milli fjór- og fimmfaldur á við það sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Skýringarnar á þessu eru tvær. Í fyrsta lagi: Menn hafa á þessu árabili vanáætlað útgjöld og miðað við þær upplýsingar sem menn nú hafa þegar menn fá niðurstöður úr ríkisreikningi, jafnvel frá sama mánuði og þegar menn eru að fjalla um ríkisfjármálin, miðað við þær upplýsingar sem menn hafa og þá tækni sem menn búa yfir, þá er algjörlega útilokað að jafnmikil vanáætlun og þarna reynist vera geti orðið óvart, heldur er alveg ljóst þegar um svona háar fjárhæðir er að ræða að þarna er um að ræða útgjöld sem menn eiga að vita að þarf að inna af hendi en ekki hefur verið tekið tillit til. Þetta er önnur skýringin. Hin skýringin á þessum mikla mun er sú að framkvæmdarvaldið hefur á þessu árabili tekið ákvarðanir um viðbótarverkefni umfram það sem fjallað hefur verið um á Alþingi, bæði ný verkefni og aukið umfang í þeim verkefnum sem Alþingi hefur fjallað um. Þetta, vanáætlun og ákvarðanir framkvæmdarvaldsins um stórar fjárgreiðslur til nýrra verkefna og aukinna verkumfanga, er skýringin á því að hallinn á ríkissjóði á árunum 1984–1989 er fimmfalt meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Það sem er e.t.v. einna lærdómsríkast er að það er eins og þessi hallarekstur verði án tillits til þess hvernig ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum eru eins og kemur t.d. fram ef menn skoða afkomu ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þá kemur það fram að þegar uppsveiflan er einna mest í efnahagslífi þjóðarinnar er hallinn á ríkissjóði líka mestur. Menn eyða sem sé einna mestu umfram áætlanir þegar bestar aðstæður eru í þjóðarbúskapnum.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvað ég á að fara langt út í þessa sálma, en vil þó aðeins geta þess svona í framhjáhlaupi og biðja menn að hugleiða það að við höfum núna alveg nýverið, gerðum það skömmu fyrir jólin, fjallað um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Ég held að við höfum afgreitt það mál í kringum 20. des., afgreiddum frv. með nokkrum viðbótum héðan úr þinginu frá því sem upphaflegt frv. hafði gert ráð fyrir þegar það var lagt fyrir þingið og fannst ýmsum nóg í lagt um þær viðbætur.

Hæstv. fjmrh. hefur nýlega gert grein fyrir bráðabirgðatölum um endanlega afkomu. Þar kemur því miður í ljós, þrátt fyrir það að við reyndum svona frekar að vera réttum megin við strikið í okkar áætlunum, að það mun hafa vantað u.þ.b. einn milljarð upp á að Alþingi áætlaði rétt um hallann á árinu 1989 þann 20. des. þegar rétt rösk ein vika var eftir af árinu. Ef við skoðum enn betur þá niðurstöðu sem við fengum þá liggur það auðvitað alveg ljóst fyrir að það náðist umtalsverður árangur í sparnaði í launakostnaði ríkisstofnana á verðlagi síðasta árs, u.þ.b. 700–800 millj. kr. Þar tókst því virkilega að ná árangri í aðhaldsaðgerðum hvað varðaði útgjöld vegna launakostnaðar ríkisins. Á sama tíma jukust hins vegar önnur útgjöld sem stafa annars vegar af nýjum ákvörðunum á fjárlagaárinu og hins vegar af, skulum við segja, vanáætlunum, með öðrum orðum stafa af því að niðurstöður úr rekstri ríkisstofnana miðað við óbreytt umfang reyndust vera mun meiri í krónum talið en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þetta tvennt, nýjar útgjaldaákvarðanir og vanáætlanir, nam hins vegar um 5 milljörðum kr. Þegar menn standa frami fyrir slíkum tölum verður þess vegna ekki eins mikið úr þeim 800 millj. kr. sem menn náðu árangri í í niðurskurði í launaútgjöldum og efni standa til.

Það er einmitt þetta sem við þurfum að skoða saman, Alþingi og ríkisstjórn, og reyna að taka einhverjum öðrum tökum. Það er lofsvert að ná þeim árangri í sparnaði og aðhaldi í ríkisrekstri að draga á einu ári, á föstu verðlagi, úr launakostnaði um 800 millj. kr. Það er mjög lofsverður árangur, en sá árangur fellur í skugga þegar ný útgjaldaverkefni og aukið umfang í rekstri og vanáætlanir á því sama ári eru upp á 5 milljarða kr.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda öllu lengri tölu um þetta frv. Það væri vissulega ástæða til að fara í greinarnar hverja fyrir sig. Ég ætla hins vegar ekki að gera það nú heldur geyma mér það þar til síðar þegar fram eru komnar þær athugasemdir sem menn hafa við þessar greinar að gera, sem sjálfsagt verða margar. En ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að kjarninn í andstöðunni við frv. er andstaða við það að löggjafarvaldið fái fjárveitingavaldið til sín á ný. Auðvitað er margt í þessu frv. sem betur má fara en andstaðan við frv. er andstaðan við það að Alþingi fái fjárveitingavaldið á ný. Sú andstaða er skiljanleg, en þeim mun meiri hlýtur áhugi alþingismanna, sem með löggjafarvaldið fara, að vera fyrir því að þetta vald verði fært þinginu á ný.

Ég vildi aðeins víkja að einu sem ég hef orðið var við að menn hafa misskilið í þessu frv. Það er ákvæði 2. gr. um kjarasamninga þar sem stendur: „Kjarasamninga, sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir, skal undirrita með fyrirvara um samþykki Alþingis. Leita skal samþykkis Alþingis fyrir auknum launaútgjöldum svo fljótt sem verða má eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir.“

Ég hef orðið var við að þetta ákvæði sætir nokkrum misskilningi. Ýmsir vilja snúa út úr því og gera því skóna að þetta þýði það að í hvert skipti sem launaskrifstofa ríkisins eða fjmrh. gerir kjarasamning við minni eða stærri hóp þurfi að gera grein fyrir samningnum hér á Alþingi og hann taki síðan ekki gildi og ekki sé hægt að greiða samkvæmt þeim kjarasamningi fyrr en Alþingi hafi um hann fjallað og síðan standi deilurnar og rifrildi hér á þinginu um hverja grein fyrir sig í kjarasamningum, sem kannski skipta tugum, sem gerðir eru á hverju ári við minni og stærri starfsstéttir. Það er auðvitað ekki þetta sem fyrir flutningsmönnum vakir nema síður sé. Ég ætla í því sambandi að biðja menn að skoða aðeins hvernig þessum málum er fyrir komið á hinum Norðurlöndunum. Í Finnlandi fer fjármálaráðuneyti með launasamninga við opinbera starfsmenn en í þinginu starfar sérstök nefnd þingmanna sem þarf að staðfesta launasamninga við opinbera starfsmenn. Í Svíþjóð er sá háttur hafður á að það ráðuneyti sem fer með samninga hefur nána samvinnu við fjárveitinganefnd þingsins við gerð samninganna og eru þeir samþykktir af nefndinni. Umframkostnaður kemur svo fram í næstu fjáraukalögum. Í Noregi eru launasamningar við opinbera starfsmenn gerðir af ríkisstjórn með fyrirvara um samþykki þingsins með sama hætti eins og hér er lagt til. Í Danmörku fer fjármálaráðherra með samningsumboðið en þarf að gera grein fyrir niðurstöðum kjarasamninga við fjáraukalagagerð hverju sinni. Sá háttur sem hér er verið að leggja til að tekinn sé upp er því alveg sambærilegur við það sem gert er á hinum Norðurlöndunum í þessu sambandi.

Það sem ekki er verið að leggja til er að fyrir Alþingi sé lagður hver kjarasamningur sem fjmrh. undirritar og hér ræði menn þá kjarasamninga síðan lið fyrir lið og þeir séu síðan bornir upp til samþykktar í formi þáltill. eða einhvers slíks. Það er ekki þetta sem verið er að leggja til. Það sem ég vil vekja athygli á er það að til undantekninga heyrir að fjármálaráðherrar hafi gert Alþingi grein fyrir niðurstöðum kjarasamninga. Hæstv. núv. fjmrh. hefur gert það, en það heyrir til undantekninga að það sé gert. Það er sennilega engin ein ákvörðun sem skiptir jafnmiklu máli við útgjöld ríkissjóðs og kjarasamningar vegna þess að þeir varða ekki aðeins laun þau sem greidd eru ríkisstarfsmönnum heldur mjög oft aðra stóra þætti eins og niðurgreiðslur, útflutningsbætur, almannatryggingar og fleira, útgjaldaþætti sem e.t.v. skipta hundruðum millj., jafnvel milljörðum kr. Það er oftar en ekki sem það ber við að fjármálaráðherrar, sem þessa samninga gera, gera Alþingi aldrei, ekki einu sinni við afgreiðslu ríkisreiknings og fjáraukalaga, grein fyrir því hvaða útgjaldaáhrif kjarasamningar, sem þeir hafa gert, hafi haft. Menn geta að sjálfsögðu orðið fyrir því að slíkt mat reynist ekki rétt þegar upp er staðið alveg eins og matið sem lagt var á kjarasamningana vorið 1989 reyndist ekki rétt þegar upp var staðið í árslok. Þeir voru miklu dýrari en menn gerðu ráð fyrir, næstum því þrefalt dýrari. Engu að síður er það staðreynd að fjármálaráðherrar hafa ekki þurft að gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum kjarasamninga hvað útgjöld varðar og hafa ekki þurft að leita sérstaklega samþykkis Alþingis fyrir þeim útgjöldum.

Það sem við eigum við sem flytjum þetta frv. er að sami háttur sé tekinn upp hér og tíðkast í nágrannalöndunum, sá að fjmrh. undirriti kjarasamninga með fyrirvara um staðfestingu fjárveitingavaldsins og geri Alþingi grein fyrir kostnaðarlegum áhrifum kjarasamninga sem hann kann að hafa gert þegar hann leggur fjáraukalagafrv. fram fyrir þing, eins og hæstv. fjmrh. hefur talað um, vor og haust og þar sé hið formlega samþykki Alþingis fyrir þeim ráðstöfunum sem hæstv. ráðherra hefur gert veitt, að hver kjarasamningur sé borinn upp til atkvæða. Það er ekki gert með því að hver kjarasamningur sé ræddur hér á Alþingi í einstökum liðum heldur með því, sem er eðlilegt og sjálfsagt, að áhrif kjarasamninganna til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð séu skýrð í fyrsta fjáraukalagafrv. eftir að samningar hafi verið gerðir og fjmrh. leiti síðan eftir staðfestingu Alþingis á kostnaðarlegum áhrifum kjarasamninga í fjáraukalagafrv. eins og hann leitar eftir staðfestingu Alþingis á öðrum atriðum sem ráðherra hefur tekið ákvörðun um að leggja fyrir þingið að samþykkja, með t.d. nákvæmlega sama hætti og ráðherrar hafa gert þegar þeir hafa undirritað kaupsamninga á fasteignum með fyrirvara um samþykki Alþingis og leitað síðan eftir samþykki Alþingis í næstu fjárlaga- eða fjáraukalagaafgreiðslum sem fram fara á þingi. Þetta er nú svona einfalt. En auðvitað má snúa út úr þessu og segja að þarna sé verið að setja á launaumræðu í Alþingi, stanslaust, sýknt og heilagt, og megi ekki gera samninga við smástarfsstéttir á vegum fjmrn. öðruvísi en svo að það þurfi að hlaupa fyrir Alþingi og gera grein fyrir þessu öllu saman, og bera þá upp lið fyrir lið og fá þá afgreidda. Það er ekki sá háttur sem fyrir okkur vakir.

Herra forseti. Eins og ég sagði hér áðan væri vissulega ástæða til að rekja þetta frv. grein fyrir grein. Það er hins vegar gert mjög skilmerkilega í athugasemdum við frv. og ég ætla að virða það samkomulag sem ég gerði við hæstv. forseta um ræðutíma. Því ætla ég að láta máli mínu lokið og vil aðeins segja það að lokum að auðvitað eru ýmis atriði í frv. sem mættu betur fara. Við flm. erum ekki búnir að binda okkur nema síður sé við hvern stafkrók í frv. en við teljum að það horfi mjög til heilla og við teljum að tímabært sé orðið fyrir Alþingi að takast á við úrlausn þeirra vandamála sem ég hef gert hér að umræðuefni, sem hæstv. fjmrh. hefur gert að umræðuefni hér á Alþingi áður og sem lagt er til að tekist sé á við með sérstökum hætti í frv. sem hér er fylgt úr hlaði.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fulltrúar allra flokka í hv. fjvn. hafa flutt hér mjög athyglisvert frv. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður fjvn., hefur mælt fyrir í ítarlegu máli. Ýmsir aðrir þingmenn hafa einnig flutt á öðrum þingskjölum tillögur um veigamiklar breytingar á stjórn ríkisfjármála. Má þar nefna sérstakar tillögur frá nokkrum þingmönnum Framsfl. sem hér voru til umræðu á Alþingi fyrir skömmu síðan, enn fremur tillögu frá hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, þingmanni Borgfl., og ýmsum öðrum.

Það er alveg ljóst að hér á Alþingi ríkir mikill áhugi á því að koma þeirri skipan á stjórn ríkisfjármála að hún fullnægi ákveðnum formlegum kröfum um lagalegan rétt og ákvörðunarvald Alþingis og framkvæmdarvalds en hún þjóni einnig ýmsum mikilvægum markmiðum á sviði efnahagsmála eins og árangri í hagstjórn og hagkvæmni í ríkisrekstri. Mér hefur fundist nokkuð á því bera að tilhneiging væri til þess að líta á þessi mál frá nokkuð þröngu formlegu sjónarmiði eins og t.d. að telja að vandinn felist fyrst og fremst í því hvort aukafjárveitingar svokallaðar séu afnumdar eða ekki. Ég tel að vandinn sé miklu víðtækari og það þurfi í reynd mun umfangsmeiri breytingar á verklagi Alþingis og á valdsviði Alþingis og framkvæmdarvalds en felst í tillögunum um að afnema aukafjárveitingar.

Ég vil þó í upphafi segja það að ég tel framlag fjvn. til þessarar umræðu með flutningi þessa frv. vera mjög mikilvægt og í grundvallaratriðum sé hugsun nefndarinnar sprottin af sama meiði og sú viðleitni sem ég hef beitt mér fyrir síðan ég varð fjmrh. að flytja Alþingi á nýjan leik það fjárveitingavald sem þingið hafði á fyrstu áratugum þessarar aldar en hefur síðan smátt og smátt, með vitund og vilja Alþingis legg ég áherslu á, verið tekið frá Alþingi af öllum þeim ríkisstjórnum sem hér hafa setið og af öllum stjórnmálaflokkum. Það er í anda þessarar stefnubreytingar sem ég dró mjög úr aukafjárveitingum á liðnu ári og lagði síðan fyrir Alþingi fyrstur fjármálaráðherra í nær 70 ár frv. til breytingar á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og það er í anda þeirrar siðabótar sem engin einasta aukafjárveiting hefur verið veitt það sem af er þessu ári og verður ekki veitt með mínum vilja það sem eftir er af þessu ári.

Þess vegna hef ég lagt hér fram á Alþingi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 til að Alþingi geti staðfest með samþykki sínu þær breytingar sem þarf að gera á fjárlögum yfirstandandi árs vegna nýliðinna kjarasamninga. Það mun einnig vera í fyrsta sinn um langt árabil, marga áratugi, sem ríkisstjórn bregst við með þeim hætti að flytja málið í hendur Alþingis með flutningi fjáraukalagafrumvarps. Ég vil þess vegna í upphafi taka skýrt fram að það er enginn ágreiningur milli mín eða núv. ríkisstjórnar og hv. fjvn. um að hér þurfi að koma á nýskipan í þessum efnum. Ég tel líka að við höfum sýnt það í verki með því að vera fyrsta ríkisstjórnin í um 70 ár sem flytur fjáraukalagafrumvarp til breytinga á fjárlögum yfirstandandi árs og felur það vald þess vegna í hendur Alþingis.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls tel ég að vandinn sé í reynd mun víðtækari og nauðsynlegt sé, ef Alþingi hefur vilja, sem ég vona að Alþingi hafi, til þess að taka á þessum málum svo að árangur náist, að menn horfi yfir sviðið allt og hiki ekki við að takast á við ýmsar mjög erfiðar breytingar sem þarf að gera á starfsháttum Alþingis, skipulagi Alþingis og valdaskiptingunni í okkar þjóðfélagi og eru í reynd mun víðtækari en felast í þessu frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég hef þess vegna kosið að setja hér fram við þessar umræður 14 tillögur sem eru framlag mitt til þess að skerpa og skýra þá umræðu sem hér þarf að fara fram og fer m.a. fram í umræðu um frv. sem hér er til umræðu og ég hef valið umræðuna um þetta frv. vegna þess að frv. er veigamesta og metnaðarfyllsta tilraun þingmanna til að taka á málinu þótt vissulega hefði einnig komið til greina að flytja þetta í fyrri umræðum um þær þingsályktunartillögur sem ég vék að áðan.

Vandamálið felst að mínum dómi í því, svo að ég reki örfá meginatriði, að í fyrsta lagi hefur ekki ríkt samræmi í störfum Alþingis milli þess hluta þingsins sem ákveður útgjöldin og hins hluta þingsins sem ákveður tekjuöflunina. Þetta misræmi endurspeglast mjög greinilega í nefndarnafngiftinni sjálfri, fjvn. Hún fjallar um veitingu fjármuna en aðrar nefndir þingsins fjalla um tekjuöflunina þannig að hvergi í störfum þingsins þarf þingheimur að standa frammi fyrir því að vega og meta hvort innra samræmi ríkir í þessum störfum því að það eru aðrir sem bera ábyrgð á tekjuöfluninni en þeir sem fjalla um útgjöld. Ég er sannfærður um að það kemst aldrei nein regla eða festa á þessa hluti fyrr en sami aðilinn innan þingsins fjallar um fjárlögin í heild sinni, bæði útgjaldahliðina og tekjuhliðina en það er ekki nú eins og kunnugt er.

Annar þáttur vandans felst í því að þær nefndir Alþingis sem bera ábyrgð á einstökum málaflokkum, menntamálanefndir, heilbrigðisnefndir, samgöngunefndir, koma aldrei að því verki að fjalla um tekjuöflun eða útgjaldaákvarðanir í þessum málaflokkum. Þeirra verkefni er eingöngu að fjalla um efnisþætti málanna sem koma fjárhagsvandanum ekkert við. Í öðrum þjóðþingum hefur um langan tíma tíðkast sú skipan að hinar einstöku sérhæfðu nefndir þingsins fjalla um þann hluta fjárlaganna sem að þeim snýr. Menntamálanefndir fjalla um menntamálafjárlögin, heilbrigðisnefndirnar um heilbrigðisfjárlögin. Slík skipan gerir nefndirnar mun ábyrgari í störfum sínum og stuðlar líka að því að umræðan í heild verður raunhæfari. Verkefni fjárveitinganefndarinnar er að hafa heildaryfirsýn yfir dæmið allt og tryggja innra samræmi milli hinna einstöku málaflokka.

Þriðja ástæðan felst að mínum dómi í því að þingið hefur leyft sér ár eftir ár að samþykkja veigamikil frv. til útgjaldaauka án þess að gera sér nokkra grein fyrir því hvernig eigi að afla teknanna til þess að standa undir þessum útgjöldum. Þess vegna tel ég brýnt að

það sé rætt í fullri alvöru hvort hér á Alþingi eigi að taka upp þá sömu lagalegu kvöð og tíðkast í öðrum þjóðþingum að enginn þingmaður né heldur ríkisstjórn megi leggja fram frv. eða þáltill. um útgjaldaauka nema gera um leið tillögu um breytingar á sköttum eða annarri tekjuöflun ríkisins til að standa undir þessum útgjaldaauka eða samsvarandi niðurskurð annarra útgjalda á gildandi fjárlögum. Með slíkri lagalegri kvöð yrðu þingmenn og ríkisstjórn að horfast í augu við það að sérhverjum góðum vilja til framkvæmda og framfara fylgir reikningur um kostnaðinn.

Í fimmta lagi tel ég að vandinn felist að nokkru leyti í því að á sama hátt og nauðsynlegt er að skilja á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins hvað ákvörðunina um fjárlögin sjálf snertir verður líka að vara sig mjög á því að fulltrúar löggjafarvaldsins séu of virkir á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Við höfum lengi búið við þá skipan að fulltrúar fjvn. sitja t.d. í ráðninganefndum starfsmanna ríkisins og í samstarfsnefndum um opinbera framkvæmdir eða með öðrum orðum eru virkir aðilar á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Er þess vegna ekki eins nauðsynlegt og það er að flytja valdið yfir fjárveitingunum til þingsins á nýjan leik að gera skýran greinarmun á þeim verkum nefnda þingsins sem eru lagasetningarverkefnin og þeirri tilhneigingu þingnefnda að vilja gera sig gildandi einnig á sviði framkvæmdarvaldsins. Ef við náum samstöðu um það að skýra línurnar hvað lagasetninguna snertir þurfum við líka að ná samstöðu um að skýra línurnar hvað starf framkvæmdarvaldsins snertir.

Ég hef einnig í umræðum um fjárlög yfirstandandi árs og áður á Alþingi gert grein fyrir ýmsum breytingum við gerð fjárlaga og við endurskoðun ríkiskerfisins á hverjum tíma, bæði nauðsyn þess að fyrir Alþingi sé lögð fjárlagaáætlun til lengri tíma og hún formlega afgreidd og ráðuneytin sjálf þurfi að gera fjárlagatillögur innan ákveðins fjárlagaramma og á hverju ári sé hluti af ríkiskerfinu tekinn til allsherjarendurskoðunar frá grunni þannig að réttlæta þurfi á nýjan leik alla þættina í rekstri ríkisstofnunar eða á vettvangi ráðuneytis a.m.k. einu sinni á hverjum áratug.

Virðulegi forseti. Ég vil þess vegna áður en ég kem að frv. sem hér er til umfjöllunar og vegna þess að forseti hv. deildar hefur lagt á það ríka áherslu að menn reyni að halda umræðunni innan eðlilegra marka lýsa hér þessum 14 tillögum sem ég vil leggja inn í þessa umræðu. Ég vil þó leggja á það áherslu að ég tel þessa umræðu mjög mikilvæga og þykir miður að hér skyldi hafa orðið deila í upphafi fundar um það hvernig ætti að verja fundartímanum í dag því ég tel að það frv. sem hér er til umræðu og málið allt sé það mikilvægt að það réttlæti vissulega að hv. deild taki sér góðan tíma til þess að fjalla um það.

1. Tillaga um að Alþingi endurskoði þingsköpin á þann hátt að útgjaldahlið fjárlaga og tekjuhlið fjárlaga sé afgreidd á sama tíma og af sömu aðilum á Alþingi. Það þýðir að skattafrumvörp séu ekki bara ákveðin í deildum án tillits til þess hvað gerist í Sþ. með fjárlögin heldur séu þessi störf samtengd á þann hátt að annaðhvort fjalli deildirnar um fjárlögin sjálf og búi til sameiginlegan vettvang til þess að fjalla um það í nefndum eða þá að skattafrumvörpin verði hluti af fjárlagafrumvarpinu og geti þess vegna verið afgreidd í Sþ.

2. Í stað þeirrar fjárveitinganefndar sem starfað hefur um áratugi á Alþingi verði sett upp, með lagabreytingu, fjárlaganefnd sem fjalli bæði um útgjaldahlið og tekjuhlið fjárlaganna og hafi það verkefni að hafa heildaryfirsýn yfir dæmið allt en ekki bara fyrst og fremst útgjaldahliðina eins og fjvn. hefur haft í áratugi.

3. Ákveðin verði verkaskipting milli hinnar nýju fjárlaganefndar og einstakra fagnefnda Alþingis. Fjárlaganefndin hafi það verkefni að fjalla um heildargerð fjárlaganna og stærstu drættina í gerð þeirra en fagnefndir þingsins, menntamálanefndir, heilbrigðisnefndir og samgöngunefndir fjalli um þann þátt fjárlaganna sem snýr að þeirra vettvangi, þ.e. menntamálafjárlögin, heilbrigðisfjárlögin o.s.frv.

4. Samin verði og lögð fram á Alþingi fjárlagaáætlun til þriggja ára í senn og hún formlega afgreidd og notuð sem viðmiðun og grundvöllur fyrir fjárlagagerð hvers árs. Stór þáttur í útgjaldaaukningu íslenska ríkisins á undanförnum áratugum er að menn eru á hverju ári að reyna að þrýsta inn útgjöldum til verkefna m.a. vegna þess að menn telja að lítil von sé til þess að ná þeim fram á næstu árum ef það tekst ekki í ár. Með slíkri langtímafjárlagaáætlun sem formlega væri samþykkt á Alþingi vissu menn um lengri tíma hvað væri fyrirhugað að gera.

5. Hlutverk, markmið og starfshættir ákveðins hluta allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja verði metin árlega frá grunni. Með slíkum hætti verður að finna réttlætingu fyrir öllum útgjaldaliðum viðkomandi stofnana á reglulegu árabili og skera þá niður ella. Þannig yrði með raunhæfum hætti og með gagnrýnum hætti knúin fram réttlæting með reglubundnu millibili á öllum útgjaldaþáttum ríkisins en vaninn einn ekki látinn ráða því frá ári til árs hvað í fjárlögin er sett.

6. Til að tryggja aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds verði starfsvettvangur fjvn. eða hinnar nýju fjárlaganefndar bundinn við setningu fjárlaga. Þátttöku fulltrúa fjvn. í framkvæmd fjárlaga sem tíðkast hefur á mörgum undanförnum áratugum og bundin er reyndar í ýmsum lögum sem Alþingi hefur sett verði hætt með öllu á sama hátt og aukafjárveitingum verður hætt með öllu og þannig báðum megin frá dregnar skýrar aðskilnaðarlínur milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Ég er sannfærður um það að slík skipan mundi gera Alþingi gagnrýnna á störf framkvæmdarvaldsins og draga úr þeirri samábyrgð sem óhjákvæmilega þróast þegar menn eru báðum megin við borðið.

7. Innan hvers ráðuneytis verði komið upp öflugum fjármálaskrifstofum sem annist undirbúning fjárlagagerðar í hverju ráðuneyti og eftirlit með fram-

kvæmd fjárlaganna innan þess. Ég er sannfærður um það að sú reynsla sem fengist hefur af fjárlagamati heilbrrn. og menntmrn. hefur gefið góða raun og það sé nauðsynlegt að efla í senn sjálfstæði og ábyrgð ráðuneytanna við gerð fjárlaganna með því að flytja hluta af þeim verkefnum sem hafa verið hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. yfir í einstök fagráðuneyti og gera þau um leið þar með ábyrgari fyrir undirbúningi fjárlagatillagna og framkvæmd fjárlaga.

8. Að fjárlagagerðin fari fram á grundvelli rammafjárlaga þar sem heildarupphæð fyrir hvert útgjaldaráðuneyti verði ákveðin fyrir fram og ráðuneytunum síðan falið að gera tillögur um útgjöldin innan þess ramma.

9. Eins og ég hef vikið að áður og tek undir meginþáttinn í því frv. sem hér hefur verið mælt fyrir, að allar greiðslur úr ríkissjóði verði annaðhvort samkvæmt heimildum í fjárlögum eða fjáraukalögum og aukafjárveitingar lagðar niður.

10. Að með hverju því þingmáli, stjórnarfrv. eða þingmannafrv., sem leitt gæti til aukinna útgjalda fylgi tillaga eða greinargerð um það hvernig þeirra viðbótarútgjalda skuli aflað með breytingum á skattalögum eða með niðurskurði á öðrum ríkisútgjöldum. Þannig verði dregið úr þeirri þróun að auka sífellt ríkisútgjöldin með setningu nýrra laga án tilsvarandi tekjuöflunar.

11. Til að tryggja vandaða meðferð Alþingis á fjárlögum og fjáraukalögum og öðrum skyldum frumvörpum er nauðsynlegt að annaðhvort verði fjárlagaárinu breytt, eins og ég reifaði hér á sl. hausti, þannig að fjárlagaárið verði ekki almanaksárið heldur t.d. frá 1. júní til 1. júní og Alþingi hafi þannig allnokkra mánuði til þess að fjalla ítarlega um fjárlögin eða, ef ekki er vilji til þess að breyta fjárlagaárinu á þann hátt að það verði ekki það sama og almanaksárið, þá komi Alþingi fyrr saman til fundar en nú er. Og ekki síðar en í byrjun septembermánaðar ár hvert. Það er að mínum dómi vonlaust verk að standa sómasamlega að því á Alþingi, ef vilji er til að vanda verkið og virða það vald sem Alþingi er fært á nýjan leik, ef á tveimur mánuðum á í senn að afgreiða fjárlög fyrir nýtt ár, fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár og ýmis þau önnur skyld frumvörp sem þessum málum tengjast. Ég hef því sannfærst um það að vilji Alþingi ekki flytja fjárlagaárið til þá verði Alþingi að horfast í augu við það að með auknu valdi og kröfum um vandaðri vinnubrögð verður að koma til breyttur þingtími.

12. Til að auðvelda störf þingsins að ríkisfjármálum verði fjvn. eða hin nýja fjárlaganefnd gerð að heilsársnefnd líkt og utanrmn. Það er nauðsynlegt að þessi sess nefndarinnar sé festur í lögum og hún hafi formlegan rétt til starfa allt árið og hún fái einnig sjálfstæða starfsmenn. Ég er þeirrar skoðunar að sú skipan sem verið hefur núna um tveggja ára skeið að starfsmenn Ríkisendurskoðunar gegni jafnframt þeim störfum að vera aðstoðarmenn fjvn. sé ekki til heilla þegar til lengdar lætur með mikilli virðingu fyrir þeim einstaklingum sem þessum störfum hafa gegnt. Því það skapar mikinn rugling og margvísleg vandamál að þeir sem samkvæmt lögum eiga að starfa í hinni sjálfstæðu stofnun Ríkisendurskoðun séu jafnframt starfsmenn einnar nefndar þingsins og dragist þannig óhjákvæmilega stig af stigi inn í gerð þeirra fjárlaga sem þeim er síðan ætlað að endurskoða og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að ákveða að fjvn. fái sína eigin starfsmenn sem séu fyrst og fremst háðir nefndinni einni og engum öðrum. Það getur vissulega verið með þeim hætti að þeir séu lánaðir frá Ríkisendurskoðun um 2–3 ára skeið en séu sjálfstæðir meðan þeir eru í starfi fyrir fjvn. en þeim sé ekki jafnframt ætlað að gegna einnig fjölmörgum öðrum störfum á vettvangi Ríkisendurskoðunar.

13. Að ríkisreikningsnefnd, sem lítt hefur starfað á undanförnum árum, verði falið að endurskoða og meta hvaða úrbótum megi ná fram á þáttum eins og geymdum fjárveitingum og verðuppfærslu útgjalda fjárlaga.

14. Að ríkisfjármálanefnd, sem einnig hefur því miður lítt starfað á undanförnum árum og þar með talið síðan ég var fjmrh., verði endurvakin til markvissara og reglubundinna starfa en áður hefur verið og hún verði fyrst og fremst vettvangurinn fyrir samráð og skoðanaskipti milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins með fulltrúum fjmrn. og fjvn.

Virðulegi forseti. Ég hef kosið að rekja þessar tillögur hér vegna þess að mér finnst brýn nauðsyn vera á því að Alþingi líti yfir þetta mál í heild sinni. Það er alltaf töluverð tilhneiging til þess að telja að með einum eða tveimur breytingum geti menn náð fram umtalsverðum þáttaskilum en ég held að þau vandamál sem við eigum við að etja í ríkiskerfinu á Íslandi séu svo víðtæk að kröfurnar um efnislegar breytingar og kröfurnar um ný vinnubrögð feli í sér mun víðtækari umsköpun á öllu þessu sviði en það frv. sem hér hefur verið mælt fyrir felur í sér þó margt sé í því athyglisvert.

Ég vil einnig leggja á það ríka áherslu að menn mega ekki í allri þessari umræðu gleyma því að ríkisfjármálin eru hluti af hagstjórninni. Ríkisfjármálin eru ekki bara formleg ákvörðun þings um það til hvaða verkefna eigi að verja útgjöldunum eða hvernig eigi að afla teknanna heldur eru þau hluti af heildarefnahagsstjórninni í landinu. Þáttur ríkisfjármálanna í heildarefnahagsstjórninni getur á ákveðnum tímum gert það eðlilegt að ríkissjóður sé rekinn með halla vegna þess að sú aðferð er tæki til þess að ná þeim heildarmarkmiðum í efnahagsmálum sem þingið og þjóðin stefnir að. Ég er t.d. sannfærður um það að á árinu 1990 er efnahagslega skynsamlegt og réttlætanlegt að reka ríkissjóð með nokkrum halla. Það eru hins vegar vissulega takmörk fyrir því hvað hann má vera mikill. Þau takmörk liggja að mínum dómi einhvers staðar á bilinu 3–4 milljarðar. En það að fylgja þeirri kenningu að ríkissjóð eigi alltaf að reka með tekjuafgangi hvað sem tautar og raular í efnahagsstjórn landsins getur aldrei leitt til annars en efnahagslegra ófara.

Á sama hátt voru það mikil mistök sem ég ætla þó ekki að ræða hér í löngu máli hjá þeim sem stýrðu ríkisfjármálum á kjörtímabilinu 1983–1987 að reka ríkissjóð með halla í því mikla góðæri sem þá var. Þegar réttu viðbrögðin út frá efnahagsstjórninni hefðu þá verið að reka ríkissjóð með allmiklum afgangi. Ég nefni þetta hér vegna þess að einstaka þættir í því frv. sem hér er til umræðu geta takmarkað eðlilegt svigrúm ríkisins til þess að nota ríkisfjármálin sem tæki í hagstjórninni.

Virðulegi forseti. 1. flm. þessa frv. kaus að hafa þann hátt á að víkja ekki að einstökum greinum frv. Hann sagði þó í sinni ræðu að hann mundi bíða eftir því að fram kæmu hugleiðingar, ábendingar eða athugasemdir um einstakar greinar áður en hann fjallaði um þær. Ég vona að það verði þess vegna ekki misskilið þó að ég taki hér nokkurn tíma í að víkja að einstökum greinum frv. þótt 1. flm. hafi ekki gert það í sinni framsöguræðu. Ég tel að hann hafi beinlínis óskað eftir því með sínum orðum að sá háttur yrði hafður á hér við umræðurnar að fyrst fjölluðu einstakir ræðumenn um frv. og síðan mundi hann koma og fjalla um einstakar greinar. Ég vil þess vegna með þeim skilningi flm. víkja hér nokkuð að frv. sjálfu og einstökum greinum þess í ljósi þeirra tillagna og meginsjónarmiða sem ég hef sett fram í fyrri hluta minnar ræðu.

Í upphafi tel ég þó nauðsynlegt að ítreka það að skipta má fjárveitingum í fjárlögum í þrjú meginsvið þegar þau eru flokkuð út frá eftirlitssjónarmiði. Í 1. flokknum eru þær fjárveitingar sem eru föst fjárhæð og er yfirleitt aldrei þokað. Undir þetta falla fjárveitingar til framkvæmdakostnaðar, beinir fjárstyrkir til samtaka og aðila utan ríkiskerfisins og ýmislegt annað. Þessar fjárveitingar fara nær ávallt eftir ætlan fjárlaga og eru örfáar undantekningar þar á. Eftirlitið með þessu á því að vera tiltölulega mjög auðvelt á ári því sem fjárlögin ná til.

Í 2. flokknum eru verðlagstengdar fjárveitingar. Hér er fyrst og fremst um að ræða laun og önnur rekstrargjöld stofnana, svo og rekstrartilfærslur, t.d. til almannatrygginga og annarra þátta. Þessar fjárveitingar eru yfirleitt settar fram á janúarverðlagi fjárlagaársins. En síðan er gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð til að mæta verðlagshækkunum innan ársins. Hvernig sú fjárveiting dugir fer eftir því hvort og þá hversu mikið verðlags- og launaferlið víkur frá áætlun. En það hljóta allir menn að sjá að það er í raun og veru ekki á valdi nokkurs mannlegs máttar að segja alveg nákvæmlega upp á punkt og prik fyrir um þróun verðlags og launa 12 mánuði fram í tímann þegar sérstaklega hagkerfið er jafnháð utanaðkomandi áhrifum eins og íslenska hagkerfið er.

Tryggasta leiðin auðvitað til þess að auka þetta öryggi er að minnka verðbólguna, láta kjarasamninga spanna fjárlagaárið í heild og stuðla að meiri stöðugleika í efnahagslífinu. Ég tel satt að segja að þeir þættir í efnahagsstjórninni sem stuðla að minni verðbólgu og meiri stöðugleika í efnahagsmálum og sú vinnuregla að gera kjarasamninga til lengri tíma sé í reynd miklu árangursríkari leið til þess að ná festu í þennan þátt ríkisfjármálanna heldur en stífar, formlegar reglur um það hvað megi eða megi ekki. Þess vegna ætti sem betur fer eftirlitið með útgjöldum fjárlaga á yfirstandandi ári að verða mun auðveldara en á mörgum undanförnum árum þar sem óvissan og sveiflurnar í hagkerfinu voru þá miklu meiri.

Í 3. flokknum eru ýmsar fjárveitingar sem ekki eru aðeins háðar verðbreytingum heldur eru aðrar forsendur á bak við þær oft óljósar. Skýrasta dæmið um þetta eru vextir af skuldum ríkissjóðs en þeir nema nú um 1/10 hluta allra ríkisútgjalda á fjárlögum. Vextir á stórum hluta erlendra lána ríkissjóðs eru breytilegir og því háðir bæði gengisskráningu krónunnar, svo og sveiflum í erlendum vaxtakjörum og þess vegna ekki heldur á valdi neins mannlegs máttar að segja nákvæmlega fyrir um það hverjir þeir verða upp á tugi eða hundruð milljóna 12 mánuði fram í tímann, m.a. vegna þess að endanlega niðurstaðan er afleiðing af atburðarás á erlendum gjaldeyrismörkuðum sem með engum hætti eru á okkar valdi.

Annað dæmið eru skuldbindingar almannatrygginga þar sem raunþróun útgjalda umfram verðlagsbreytingar hefur oft sigið fram úr fjárlögum. Þriðja dæmið sem má nefna er rekstur framhaldsskólanna þar sem nemendafjöldi vegna frjálsra ákvarðana nemenda sjálfra sem almennings og borgara í þessu landi getur breytt forsendum fjárlaga. Og hvað sem menn óska eftir miklu raunsæi í áætlunum um útgjaldaauka í framhaldsskólakerfinu búum við sem betur fer í þjóðfélagi þar sem einstaklingurinn getur ákveðið sjálfur hvort hann sest í skólann eða ekki. Við veitum honum þann borgaralega rétt og verðum þá að bregðast við þeim útgjöldum sem það hefur í för með sér.

Ég vildi í upphafi umfjöllunar minnar um einstaka þætti í frv. rifja upp hinar ólíku forsendur hinna ýmsu tegunda ríkisútgjalda vegna þess að mér finnst því miður stundum bera of mikið á því, bæði hér innan þings og þó ekki síður utan, að menn setji ríkisútgjöldin öll undir einn hatt og ræði um umbætur á því sviði eins og þau séu öll sömu tegundar og forsendurnar á bak við fjárlagafrv. allar eins. Við getum ekki breytt þeim veruleika að ríkisútgjöldin eru af margvíslegu tagi, eins og ég hef hér rakið, og mjög mismunandi aðferðir þarf til að ná árangri í stýringu þeirra. Á nokkrum veigamiklum sviðum í ríkisfjármálunum hlýtur ávallt að vera um áætlanir að ræða sem breytast þegar yfir lengri tíma er litið.

Kjarni 1. gr. þess frv. sem hér er til umræðu er ítrekun á því sem fram kemur í 41. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir að úr ríkissjóði megi ekkert gjald greiða nema til þess sé heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ég þarf ekki að árétta skoðanir mínar varðandi þetta efnisatriði frekar en ég gerði hér í upphafi ræðu minnar. Ég hlýt þó að vekja athygli á því að í tímans rás hefur túlkun manna á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar breyst mjög, eins og reyndar á ýmsum öðrum ákvæðum hennar. Við á Íslandi búum við stjórnarskrá þar sem skilningur á

öllum ákvæðum hennar hefur ekki verið óbreyttur síðan stjórnarskráin var sett. Þess vegna finnst mér ekki rétt að leggja jafnmikla áherslu og sumir gera á stjórnarskrárþáttinn í þessu máli heldur væri miklu nær að rökstyðja breytingarnar út frá þeirri almennu reglu nútímans að framkvæmdarvaldið eigi ekki að greiða úr hinum almenna sjóði landsmanna nema löggjafarvaldið hafi veitt til þess samþykki.

Í 2. mgr. 1. gr. er skýrt frekar hvað í þessum almennu orðum felst og hnykkt á að ekki sé aðeins óheimilt að greiða úr ríkissjóði heldur einnig að stofna til skuldbindinga fyrir hann án aðildar Alþingis. Þetta atriði er mjög flókið og nauðsynlegt og skynsamlegt að töluverður sveigjanleiki sé fyrir hendi eins og reyndar kemur fram í ákvæðum 3., 4., 5. og 10. gr. frv.

Ef við lítum á þennan þátt málsins getur í fyrsta lagi verið þarft að setja skýrari reglur en nú gilda um ráðstöfun fjárveitinga, t.d. um sértekjur sem veittar eru til ríkisstofnana, en að því er lítt vikið í frv. Ég minni á í þessu sambandi að óvíða meðal annarra þjóða hafa stofnanir jafnóbundnar hendur og ríkisstofnanir á Íslandi til ráðstöfunar á því fé sem til starfsemi þeirra hefur verið veitt. (**SighB:** Það er tekið á því í 4. gr.) Það er tekið á því í 4. gr., vissulega, en ég vek athygli á þessu vandamáli vegna þess að mér finnst að um þann þáttinn þurfi að fara fram nánari umræða. Með vissum hætti þarf líka að gefa ríkisstofnunum, sem ætlað er að reka sig að einhverju eða öllu leyti fyrir eigin reikning, ákveðið svigrúm til þess að geta lagað sig að breyttum aðstæðum. (**SighB:** Það er líka gert í 4. gr.) Já, já, vissulega, flm., er það líka gert í 4. gr. en ég bið nú flm. að hafa opinn huga gagnvart þessum athugasemdum og halda ekki að frv. sé svo haganlega smíðað að fyrir öllum hlutum hafi verið séð í öðrum greinum frv. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að svara þessari athugasemd frá hv. þm. Pálma Jónssyni og tel ekki að umræður mínar um þetta mál hér gefi tilefni til að flytja þessa umræðu yfir á þetta stig. Ég hef þvert á móti kappkostað að reyna að leggja inn í umræðuna um þetta frv. athugasemdir og ábendingar og tillögur sem ættu að geta stuðlað að því að þessi umræða yrði vandaðri en stundum tíðkast hér á hv. Alþingi. Ég get fullvissað hv. flm. Pálma Jónsson um það að þetta frv. hef ég lesið oft og mörgum sinnum og þess vegna tel ég m.a. að nauðsynlegt sé að huga að ýmsu. Ég nefni í þessu sambandi 54. grein laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Að öðru leyti er fyrirtækjum og sjóðum heimilt að nota rekstrarhagnað til aukinnar hreinnar eignar með þeim takmörkunum sem fjmrh. setur eða ákvarðaðar eru með lögum."

Á grundvelli þess ákvæðis sem ég hef nú lesið má setja þær starfsreglur sem menn vilja en um það hverjar þær reglur eigi að vera tel ég nauðsynlegt að hafa samvinnu við Alþingi. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að fjalla nokkuð um það hvað það er í frv. sem hér er mælt fyrir sem ekki er í reynd hægt að framkvæma á grundvelli ákvæða gildandi laga. Bið ég bæði flm. frv. og þá nefndarmenn sem um frv. kunna að fjalla að skoða rækilega samhengið á milli þeirrar greinar sem í frv. eru og laganna nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlög.

Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á því að nokkur hætta er á því að of þröngar reglur komi í veg fyrir þá auknu ábyrgð og hvatningu sem ég held að við séum öll sammála um að þurfi að efla hjá forstöðumönnum ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og hjá öllum starfsmönnum ríkisins á þessu sviði. Og það er viss hætta á því, ef Alþingi færi að formbinda alla þessa þætti og gefa til kynna að þar með væri stýringin á verksviðinu öllu fyrir árið í heild ákveðin, að tilhneigingar mundi gæta hjá forstöðumönnum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja til að skjóta sér undan hinni daglegu ábyrgð á rekstrinum og flytja hana yfir til þingsins sem hefur enga möguleika til þess að sinna henni í verki. Það þarf þess vegna í lagatextanum að tvinna saman bæði kerfi sem eflir ábyrgð og hvatningu stjórnenda og starfsmanna í ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og tryggir þann lögformlega rétt sem Alþingi vill hafa.

Í athugasemdum um 6. gr. frv. er vikið að því að ólíkar ástæður séu fyrir viðbótarútgjöldum ríkissjóðs og upp kunni að koma tilvik þar sem ómögulegt er að víkjast undan fjárgreiðslum af hálfu ríkisins. Og í 10. gr. er sleginn sá varnagli að ef fyrirvaralaus greiðsluskylda fellur á ríkissjóð þá er fjmrh. heimilt að fengnu samþykki fjvn. að inna greiðslurnar af hendi. Það kann að þykja til bóta að lögfesta þessa starfsvenju, að til slíkra greiðslna verði ekki stofnað án atbeina þess ráðherra sem málefnið heyrir undir og gaumgæfilegrar umsagnar. Ég tel þó að mergur málsins sé sá að fjmrh. eigi ekki að ljá máls á að auka útgjöld af lítt rökstuddum ástæðum eða vegna þrýstings frá samstarfsráðherrum, alþingismönnum eða öðrum aðilum.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að 7. og 8. gr. frv. sem taka til greiðslna úr ríkissjóði innan ársins og geymdra fjárveitinga. Fjárlög fela ekki í sér greiðsluskyldu. Ég vil leggja ríka áherslu á þennan skilning minn því sumir virðast telja, og má jafnvel lesa þann skilning að nokkru leyti út úr því frv. sem hér er til umfjöllunar, að í fjárlögum felist greiðsluskylda en ekki greiðsluheimild. Það er nokkuð óljóst í skýringum með því frv. sem hér er birt hvaða skilning núverandi hv. fjvn. hefur á þessu grundvallaratriði. Ég teldi það vera rangt skref að leggja þann skilning í fjárlögin að þegar Alþingi hefur ákveðið greiðslur til ákveðinna verkefna sé skylt að greiða þá peninga út úr ríkissjóði á því ári, hvað sem tautar og raular. Það getur leitt til margvíslegra vandræðaverka og komið í veg fyrir að hægt sé að gæta nægilegs sparnaðar og aðhalds við breyttar aðstæður. Ég veit hins vegar að það kann að ríkja tilhneiging hjá þingmönnum til að vilja knýja framkvæmdarvaldið til að greiða út þær

upphæðir sem hafa verið ákveðnar. En ég teldi það ekki siðabót í ríkisfjármálum að taka upp þann skilning að ríkissjóði beri að greiða út á gildisári fjárlaganna allar þær upphæðir sem ákveðnar eru í fjárlögunum.

Ég vil í því sambandi víkja að því að í 66. gr. laga nr. 52/1966 og í lögum nr. 84/1985 er vikið að heimild fjmrh. til að geyma stofnkostnaðarframlög. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar sem geyma má ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára. Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs reksturs ríkisstofnana eða annarra aðila sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga." Þá er jafnframt heimild í lánsfjárlögum hverju sinni til geymslu á lántökuheimildum til 1. júlí að fjárlagaári afstöðnu sé sérstaklega um það rætt og fjmrh. heimilað slíkt.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1988 kemur t.d. fram að 169 millj. kr. voru geymdar í árslok 1988 og búast má við að hluti þessarar fjárhæðar hafi verið hafinn 1989. Ég tel ákvæði um geymslu fjárveitinga skynsamleg eins og ég gaf til kynna hér áðan, framkvæmdir geta tafist, það geta verið margvíslegar ástæður fyrir því að ekki sé skynsamlegt að hefja framkvæmdir og fjárveitingavaldið verður að treysta framkvæmdarvaldinu til þess að meta það. Mér finnst hins vegar gæta þess vantrausts í orðalagi á þessari grein að fjárveitingavaldið vilji líka verða framkvæmdarvald og vilji í reynd hafa í sínum höndum alla framkvæmd fjárlaganna og setji þess vegna þau ákvæði að úr ríkissjóði skuli greiða, hvað sem gerist, þær upphæðir sem ákveðnar hafa verið í fjárlögunum.

Með sama hætti og ég hef hér nefnt að skynsamlegt kunni að vera að geyma fjárveitingar og greiða ekki út úr ríkissjóði á gildisári fjárlaganna, getur verið skynsamlegt að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma en eins árs. En það er nokkuð óljóst í frv. hvort hv. fjvn. sé þeirrar skoðunar í raun að afnema eigi möguleikana á því án samþykkis Alþingis að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma en eins árs. Sá möguleiki að geta skuldbundið ríkissjóð til lengri tíma en eins árs er lykilþáttur í því að tryggja betri verk- og kaupsamninga á fjölmörgum sviðum. Við afgreiðslu þessa frv. er því nauðsynlegt að skoða þennan þátt einnig sérstaklega.

Annað atriði sem mér sýnist að þurfi að skoða og skýra mun nánar en gert er í frv. er meðhöndlunin á verðlagsuppfærslu, bæði í fjárlögunum sjálfum og í greiðsluáætlunum ríkissjóðs. Hér tel ég að sé reyndar nauðsynlegt að marka mjög skýrar reglur, bæði í samvinnu við fjvn. og ríkisreikningsnefnd sem ég nefndi hér áðan. Í athugasemdum við greinina segir enn fremur að í 6. gr. fjárlaga hafi þó verið heimild til fjmrh. til að inna af hendi greiðslur eða innheimta tekjur í samræmi við breytingar á lögum. Til þess að mæta slíkum útgjöldum undir sérstökum lið fjmrn. eru áætlaðar árlega nokkrar fjárhæðir fyrir útgjöldum sem með engu móti sé hægt að sjá fyrir. Það kemur þess vegna vel til greina að setja nánari reglur um hvaða greiðslur falli eðlilega undir þennan lið og hve víðtæk þessi heimild eigi að vera í 6. gr. fjárlaganna. Þegar sú grein er skoðuð sést hins vegar að hún er oft og tíðum nokkuð undarlegt samansafn margra mikilvægra og mismikilvægra mála sem menn hafa ekki treyst sér til að taka inn í gjaldaáætlunina.

Hv. 1. flm. Sighvatur Björgvinsson vék síðan nokkuð að þeirri grein frv. sem fjallar um meðferð kjarasamninga. Ég tel reyndar að þessi grein sé á ýmsan hátt varhugaverð í ljósi þeirrar venju sem skapast hefur á íslenskum vinnumarkaði og einnig í ljósi þess hvað íslenska ríkið semur við marga aðila. Við búum hér á Íslandi við vinnumálalöggjöf og skipulag samtaka launafólks þar sem samningsréttur-inn er í höndum stéttarfélaganna hvers fyrir sig en ekki hjá heildarsamtökum þeirra. Á Norðurlöndunum, sem hér var vitnað til sem fordæmis, hefur ríkt töluvert önnur skipan í þessum málum og miklu algengara að heildarsamtökin geti gert skuldbindandi samninga fyrir allan meginþorra launafólks. Nú er skipulagi stéttarfélaga starfsmanna ríkisins háttað á þann veg að fjmrn. þarf að semja við 90–100 stéttarfélög og starfsmannasamtök á hverju ári. Það getur verið nokkuð flókið mál að vega það og meta hver af þessum samningum er sá sem ræður úrslitum um það að launaforsendur fjárlagafrv. kunni að breytast ef ekki er um að ræða einn veigamikinn samning á árinu sem tekur til aðildarfélaganna flestra. Málið er vissulega auðvelt viðureignar ef bara er um einn slíkan samning að ræða á hverju ári eða tvo þannig að hægt sé að skoða málið í heild sinni. En það er engin trygging fyrir því, í því lýðræðislega þjóðfélagi sem við búum við, að þessi 90–100 samningsaðilar og stéttarfélög sem ríkisvaldið þarf að semja við kjósi að vera á þann hátt samferða í kjarasamningum sínum að hægt sé að meðhöndla málið með þessum hætti.

Þar að auki vil ég líka víkja að þeim þætti málsins að ekki er endilega víst að það stuðli að efnahagslega skynsamlegum eða félagslega réttlátum kjarasamningum að stéttarfélögin telji að þau geti sótt til Alþingis það sem ekki tókst við gerð kjarasamnings-ins. Þingið gæti þannig kallað yfir sig þann þrýsting sem óhjákvæmilega er samferða kjarasamningum. Það getur vissulega verið mjög erfitt verk fyrir fjmrh. eða ríkisstjórn, og fjmrh. sérstaklega sem fer með samningsumboðið, að eiga í erfiðum og langvarandi deilum við stéttarfélög launafólks sem oft eru með réttlátar kröfur sem ekki er hægt að uppfylla af efnahagslegum ástæðum. En ég er ekki alveg viss um að það væri heppileg skipan að síðan yrði önnur umferð þeirra deilna og átaka í sölum Alþingis eftir að kjarasamningurinn hefur verið gerður. Það gæti leitt til þess að draga úr félagslegum rétti, félagslegu valdi og samningsumboði forustumanna stéttarfélaganna og einnig fjmrh. eða ríkisstjórnarinnar fyrir hönd almennings í landinu. Ég bið menn þess vegna

að gaumgæfa mjög vel þessi ákvæði frv. áður en menn ákveða að festa þau í lög vegna þess að þau taka að mínum dómi mið af óðruvísi skipan samtaka launafólks og óðruvísi skipan samningsréttarins í okkar lýðræðislega þjóðfélagi en tíðkast hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum velflestum.

Ég vek einnig athygli á því að það getur komið upp gífurleg óvissa ef t.d. kjarasamningar eru gerðir rétt fyrir kosningar, jafnvel eftir að Alþingi hefur verið slitið og við höfum nokkur dæmi um það að fjmrh. hafa freistast til þess að gera kjarasamninga fyrir kosningar sem ekki voru jafnskynsamlegir eða réttlátir eftir kosningar. Og hver er það þá sem ber ábyrgðina? Er það hin nýja ríkisstjórn sem á að taka við eða hið nýja Alþingi sem kjósa á til eftir einhvern tíma? Og kann ekki sú skipan að leiða til þess að það verði orðið svo óljóst hvar ábyrgðin liggur að slík skipan geti gert okkur erfiðara fyrir að ná félagslegu réttlæti og efnahagslegum stöðugleika í gegnum kjarasamninga en reynslan hefur verið á undanförnum árum?

Ég tel einnig að í þessari grein gæti nokkuð þeirrar tilhneigingar sem ég hef vikið að á nokkrum öðrum stöðum í frv. að vilja að löggjafarvaldið, bæði þingið í heild og einnig fjvn., sé með nokkuð veigamiklum hætti inni á vettvangi framkvæmdarvaldsins og þannig dregið úr þeim skörpu skilum sem menn vilja skapa milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds hvað snertir fjárveitingavaldið sjálft með því að teygja löggjafarvaldið inn á verksvið framkvæmdarvaldsins of víða og með of óljósum hætti.

Í 9. gr. frv. er lagt til að tímabundinn yfirdráttur í Seðlabanka Íslands skuli takmarkaður í fjárlögum hvers árs. Hér er vissulega fitjað upp á mjög athyglisverðu máli. Mér finnst þó nokkuð skorta á að í greinargerð frv. sé að finna ítarlega efnahagslega greinargerð fyrir því hvað það hefði í för með sér ef þessi háttur yrði tekinn upp hér á Íslandi eða hvað þurfi að gerast áður en slík skipan er tekin upp. Í dag er sá háttur hafður á að gerður er samningur við Seðlabankann um fjármögnun árstíðabundinnar sveiflu í fjármálum ríkisins. Sá samningur tekur bæði til þess hve há mánaðarleg fjármögnun úr Seðlabankanum megi vera og til þeirra vaxta sem ríkissjóður greiðir fyrir þessa fjármögnun. Ég tel fyllilega koma til athugunar að fjalla um það nánar á Alþingi en gert hefur verið hvernig ríkissjóður skuli standa að nauðsynlegri skammtímafjármögnun. En ég vek hins vegar athygli á því að það er aðeins á síðustu 2–3 árum sem ríkisvíxlar, sem seldir eru á frjálsum peningamarkaði, hafa að nokkru leyti leyst yfirdráttinn í Seðlabanka Íslands af hólmi sem skammtímafjármögnun ríkissjóðs. Ríkissjóður leitar þess vegna ekki lengur til Seðlabankans til þess að fá lausn á þessum vandamálum heldur út á hinn almenna markað. Og það er athyglisvert að á nýliðnu ári tókst ríkissjóði að gerbreyta svo þessum starfsháttum að 80% af umframfjárþörf ríkissjóðs var mætt með sölu spariskírteina ríkissjóðs og ríkisvíxla á frjálsum peningamarkaði án nokkurrar lögþvingunar og nokkurra formlegra samninga við bankastofnanir eða Seðlabankann eða nokkurn annan aðila heldur með frjálsum kaupum almennings, fjárfestingarlánasjóða og peningastofnana á þessum verðpappírum ríkissjóðs. Ríkissjóður hefur ekki í jafnlangan tíma þurft að leita jafnlítið til Seðlabankans eins og hann hefur gert á sl. ári eða gerir nú.

Ríkissjóður sækir heimildir til þessarar fjármögnunar á spariskírteinum ríkissjóðs og sölu ríkisvíxla til Alþingis og ég gerði það sérstaklega á liðnu ári í frv. sem ég flutti þar sem óskað var viðbótarheimilda. Ég varpa þess vegna fram þeirri spurningu hér hvort það sé endilega skynsamlegt að taka á því efnahagslega vandamáli sem væntanlega liggur á bak við þetta orðalag 9. gr. með þeim hætti sem gert er í frv. og hvort það þurfi ekki að skoða þau ákvæði frv. mun betur í ljósi víðtækra aðferða til þess að fjármagna þörf ríkissjóðs, bæði á almennum peningamarkaði og eins með sérstökum samningum við Seðlabankann.

Virðulegi forseti. Ég hef notað umræðutíma minn hér fyrst og fremst til þess að kynna annars vegar heildaryfirlit yfir þær breytingar sem ég tel að nauðsynlega þurfi að gera eigi árangur að nást á þessum sviðum og hins vegar til þess að víkja nokkuð, þó í styttra máli en ég hefði kosið, að einstökum greinum í því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég vil þó ítreka það sem ég sagði áðan að mér hefur fundist að í umræðum um ríkisfjármál á Íslandi gæti ærið mikið tveggja tilhneiginga. Annars vegar að horfa ekki á ríkisfjármálin sem grundvallarþátt í efnahagsaðgerðunum og hins vegar að telja að það séu til einhverjar einfaldar patentlausnir á því að skera niður ríkisútgjöldin. Ég vona að mér verði fyrirgefið þó að ég segi það hér að ég held að enginn fjmrh. hafi jafnoft og ég gengið í þau verk að skera niður ríkisútgjöldin og það frv. sem ég mæli fyrir nú á morgun um fjáraukalög fyrir árið 1990 er þriðja niðurskurðarlotan á ríkisútgjöldunum á fjórum mánuðum. Þegar útgjaldahlið fjárlaganna var aukin við 2. umr. með tillögum fjvn. var gengið í það verk að leggja til við 3. umr. niðurskurðartillögu á móti í kringum milljarð samtals og á morgun verður mælt hér fyrir fjáraukalagafrv. þar sem tæpur milljarður í viðbót er lagður inn í þetta dæmi. Eða með öðrum orðum frá því að fjárlögin voru afgreidd við 2. umr. hafa verið lagðar fyrir Alþingi tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda um rúma 2 milljarða til viðbótar við þann niðurskurð sem fólst í fjárlagafrv. sjálfu.

Ég veit að ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. að meira hefur borið á gagnrýni á einstakar niðurskurðartillögur heldur en nýjum tillögum um það hvar eigi að finna viðbótarniðurskurð. Jafnvel sömu mennirnir og mæla hér fyrir þingsályktunartillögum um það að skera eigi niður ríkisútgjöldin og hver ríkisstofnun eigi bara að fá ákveðna upphæð í fjárlögum og svo ekki söguna meir, ganga út úr þingsalnum til einkaviðræðna við fjmrh. um hvernig eigi að auka ríkisútgjöldin á sviðum einstakra ríkisstofnana á yfirstandandi Alþingi. Og ég vona að mér verði fyrirgefið þó að ég segi við hv. alþm.: Þessari tvöfeldni verður að

ljúka. Það verður auðvitað að ljúka þeirri tvöfeldni að menn standi hér í þingsalnum og slái sig til riddara um það að vera miklir tillögumenn um niðurskurð ríkisútgjalda og sitji svo fyrir fjmrh. á göngum Alþingis til að knýja hann til að auka ríkisútgjöldin á þeim sviðum sem þeir bera fyrir brjósti eða eru sérstaklega tengdir. Fjmrh. sem upplifir slíkt venst smátt og smátt á það að taka þingmenn ekki mjög alvarlega og það er vont vegna þess að fjmrh. á auðvitað að taka þingmenn alvarlega. Og af því að við stöndum öll frammi fyrir því sameiginlega verkefni að skera niður ríkisútgjöldin og koma á hagræðingu í ríkisrekstrinum, þá verðum við auðvitað að gera umræðuna það raunhæfa að þeir sem í reynd vilja takast á við þetta verkefni leggi fram raunhæfar, skýrar og afdráttarlausar tillögur um það hvað þeir vilji gera.

Hitt atriðið er svo að menn átti sig á því að fjárlagafrv. og fjáraukalög og skattafrumvörp fyrir hvert ár eru í reynd veigamesta framlag ríkisins til efnahagsaðgerða á hverjum tíma. En hér hefur allt of lengi borið á því að menn litu á fjárlögin og skattamálin sem eitthvað eitt og sér og ræddu það eignöngu út frá því hvort ríkisútgjöldin væru mikil eða lítil, hallinn mikill eða lítill, skattarnir miklir eða litlir og síðan væri það allt annað sem héti efnahagsaðgerðir sem kæmi svo jafnvel nokkrum vikum eða mánuðum seinna og kannski oft á ári. Ég gæti rakið hér í löngu máli feril ríkisstjórna allra á þessum nýliðna áratug þar sem þetta munstur hefur verið endurtekið aftur og aftur. Ef efnahagsstjórnin er í samræmi við þann stöðugleika sem við viljum ná, þá eru fjárlögin, lánsfjárlögin og skattafrumvörpin meginburðarásarnir í efnahagsaðgerðum hvers árs og verður að ræða sem slíkt, en ekki eitthvað sem er algerlega einangrað frá árangri í efnahagsmálum. Þeir alþm. t.d. sem leggjast gegn niðurskurði ríkisútgjalda, leggjast gegn skattahækkunum eru um leið að biðja um vaxtahækkun þó þeir segi það ekki í sama orðinu og komi kannski næsta dag og flytji mikla ræðu um það að nauðsynlegt sé að lækka vextina. Þannig er einfaldlega samhengið í efnahagskerfinu sjálfu.

Virðulegi forseti. Það var líkt með mig eins og hv. þm. Sighvat Björgvinsson. Ég gaf hæstv. forseta vilyrði um að ljúka þessari ræðu í kringum kl. 4. Ég hefði vissulega kosið, vegna þess að ég tel að málið sé mikilvægt, að hafa lengri tíma til þess að víkja að ýmsum þáttum þess, en vona að það frv. sem hér hefur verið mælt fyrir, þær tillögur og hugmyndir sem ég hef hér lagt fram til umræðu og þær athugasemdir sem ég hef gert við einstakar greinar frv. verði til þess að hér á Alþingi geti farið fram ítarleg og raunhæf umræða um þetta mikla sameiginlega vandamál þings og þjóðar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. 1. flm. þessa máls, hv. 5. þm. Vestf., hefur mælt fyrir því frv. sem hér er á dagskrá í ítarlegu máli. Ég vil aðeins lýsa því að ég tel ekki ástæðu til að endurtaka þær röksemdir sem hann hefur hér flutt né þær skýringar sem hann hefur gefið á þessu frv. en lýsa því að ég er samþykkur því sem fram kom í hans ræðu, enda erum við sameiginlega flm. þessa máls.

Ég vil áður en ég vík að ræðu hæstv. fjmrh. eigi að síður leggja áherslu á nokkur atriði þessa frv. Í fyrsta lagi tel ég að það sé eftirtekarvert að fjvn. sameiginlega tekur ákvörðun um það að semja og flytja frv. um nýja skipan á heimildum framkvæmdarvaldsins til meðferðar á fjármálum ríkisins. Það er athyglisvert að nefndarmenn í fjvn., sem allir standa að flutningi þessa frv., skiptast ekki í fylkingar eftir einstökum flokkum og ekki eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu heldur eru þeir allir þeirrar skoðunar að þarna þurfi að verða breyting á.

Frv. sem hér liggur fyrir er eins og fram hefur komið vandlega undirbúið. Starfað hefur undirnefnd úr frárveitinganefnd og það hefur verið leitað upplýsinga um meðferð þessara mála á hinum Norðurlöndunum og þær upplýsingar eru birtar sem fskj. með þessu frv. Það hefur enn fremur verið leitað til lagamanna um lokayfirferð frv. og þó að þar megi e.t.v. eitthvað finna sem betur megi fara, þá verður ekki um það sagt að hér sé ekki um vandaðan undirbúning að ræða, undirbúning sem er á ábyrgð flm. sem eru úr öllum flokkum sem fulltrúa eiga í fjvn. Þetta er að mínum dómi ákjósanlegt og hyggilegt vinnulag þegar fyrir Alþingi er lagt frv. til laga sem á að breyta skipan í einum eða öðrum þætti stjórnsýslunnar. En ekki að einstök ríkisstjórn eða einstakur meiri hluti á Alþingi, sem þar situr um stundarsakir, komi fram meirihlutavaldi sínu gegn vilja minni hlutans við það að breyta slíkum reglum sem ýmsar ríkisstjórnir eiga síðan að búa við.

Frv. felur sem sé ekki í sér að með því sé verið að gera atlögu að einni ríkisstjórn, ekki að núv. hæstv. ríkisstjórn eða núv. hæstv. fjmrh., heldur er hér verið að gera tilraun til þess að fá lögfesta nýja skipun um betri meðferð þessara mála. Og það er alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að það er hinn heppilegi undirbúningur þegar við erum að breyta lögum um ýmsa þætti stjórnsýslunnar. Við höfum séð hér á Alþingi undanfarna mánuði aðra meðferð mála þegar verið er að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands. Þar er á annan veg að verki staðið sem ekki skal rætt hér, annan veg sem ekki er til eftirbreytni.

Ég lít svo á að með þessu frv. sé nokkurt tímamótamál á ferðinni. Þetta frv. er vitaskuld flutt til þess að verja valdsvið löggjafarvaldsins, verja valdsvið Alþingis fyrir ásælni framkvæmdarvaldsins. Þetta valdsvið Alþingis er þó eigi að síður bundið í stjórnarskránni, þ.e. í 41. gr. stjórnarskrárinnar. Svo langt hefur þessi ásælni framkvæmdarvaldsins gengið yfir á verksvið löggjafarvaldsins í meðferð fjármuna ríkisins að fjvn. hefur talið sig knúna til þess að leggja fram þetta frv. og það án tillits til þess hvar einstakir fjárveitinganefndarmenn eru í flokki eða hvort þeir styðja núv. hæstv. ríkisstjórn eða eru í andstöðu við hana. Þetta er það grundvallarsjónarmið sem rétt er að hafa í huga við alla umfjöllun um þetta mál.

Nú er best að segja það eins og það liggur fyrir að

engin ríkisstjórn í áratugi er saklaus af því að hafa gengið yfir á þetta valdsvið Alþingis sem bundið er í stjórnarskrá. Engin ríkisstjórn í áratugi er saklaus af því að hafa veitt það sem kallað er aukafjárveitingar í mismunandi miklum mæli. Og sumir telja að þegar slíkt hefur gengið í áraraðir, jafnvel áratugi, þrátt fyrir að það sé andstætt ákvæði stjórnarskrárinnar, þá hafi myndast svokallaður venjuréttur sem helgi það að slík vinnubrögð geti haldið áfram. En það er nú svo að slíkt fyrirkomulag hefði e.t.v. getað haldið áfram ef ekki væri gengið of langt og ef Alþingi væri í rauninni ekki misboðið í þessum efnum. Og ég hef sagt hér áður að þegar svo er komið að útgjöld ríkissjóðs fara ár eftir ár, fyrst árið 1988 og síðan 1989 um 8–9 milljarða á ári fram úr því sem fjárlög heimila, þá hlýtur Alþingi að vera nóg boðið og með þessu var fjvn. nóg boðið. Þetta er því með þeim hætti að fjvn. hefur ekki séð sér fært að sitja undir þessari meðferð mála lengur án þess að gera tilraun til þess að fá breytingar á.

Nú þarf ég í rauninni ekki að rekja það hvernig þetta hefur orðið, en í ræðu sinni áðan sagði hæstv. fjmrh. að hann hefði takmarkað mjög aukafjárveitingar og á þessu ári væri ákveðið af hans hálfu að engin aukafjárveiting yrði veitt. Til þess að rifja það aðeins upp, þó að það hafi verið gert fyrr, var það svo að skömmu fyrir stjórnarskiptin í lok september 1988 lagði páv. fjmrh. fyrir ríkisstjórnina greinargerð um líklega afkomu ríkissjóðs á því ári. En þá höfðu fjárlög verið afgreidd með jöfnuði. Sú greinargerð páv. fjmrh. sagði til um það að áætlað var að útgjöld ríkissjóðs mundu fara fram úr fjárlögum þannig að halli yrði 693 millj. kr. Ný ríkisstjórn tók við og nýr fjmrh., núv. hæstv. fjmrh., lýsti því í hverri ræðu sem hann flutti um þessi mál að þessar áætlanir mundu fara úr böndum og halli verða stórum meiri. Það var síðan áætlað, öðru hvoru megin við áramótin 1988/89, að þessi halli yrði ekki 693 millj. kr. heldur 7200 millj. kr. Þannig breyttust þessar áætlanir á örfáum mánuðum frá því í september og til ársloka úr 693 millj. halla yfir í 7200 millj. halla. Og greinargerð um afkomu ríkissjóðs á síðasta ári, sem einnig fjallar um afkomu ríkissjóðs á árinu 1988, sýnir að hallinn það ár er ekki 7200 millj. kr. heldur 8100 millj. kr. og ekki hefur þetta gerst án þess að veittar væru aukafjárveitingar. Sömu sögu er í raun að segja um síðasta fjárlagaár en þá fóru útgjöld ríkissjóðs fram úr fjárlagaheimildum um 9,5 milljarða kr.

Ég er viss um að hæstv. fjmrh. segir það satt og rétt að hann hafi ekki veitt aukafjárveitingu á þessu ári og ég mundi styðja hann í því ef það tækist að halda á þann veg á málum út þetta fjárlagaár sem nú er nýlega hafið. En það frv. sem hér liggur fyrir miðar að því að móta reglur sem styrkja hæstv. fjmrh. í því að ná fram þeirri ætlun sinni. Ég skal ekki fara um það mörgum orðum og engum svigurmælum í garð hæstv. ráðherra, en ég held að þessi meðferð mála síðustu tvö árin, þó svo hún hafi viðgengist áður í minna mæli, hljóti að leiða til þess að Alþingi sæki sér það vald sem því ber samkvæmt stjórnarskránni. Og um það fjallar þetta frv: að festa í lög reglur um það hvernig það skuli framkvæmt.

Ég held að þessi ásælni framkvæmdarvaldsins hafi sumpart, eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Vestf., leitt til þess að fjárlög hafi verið afgreidd vitandi vits óraunsætt. Þessi ásælni, sem ég gæti kallað sjálftökurétt framkvæmdarvaldsins, hefur leitt til þess að framkvæmdarvaldið hefur beitt sér fyrir því við fjárlagaafgreiðslu að útgjöld á vegum ríkisins sem vitað er að munu til falla á fjárlagaárinu hafa ekki verið færð á gjaldahlið fjárlaga heldur hefur þeim verið leynt, þau hafa verið geymd, þau hafa verið dulin. Og þetta kom glögglega fram í máli hv. 1. flm. þessa frv. Ég hef lýst því við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 og fyrir árið 1990 hvernig þessu er háttað. Ég segi það eins og það liggur fyrir að þegar ég lýsti því við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989, hvernig þar væru dulin ýmis útgjöld sem mundu til falla á árinu, þá varð ég ekki eins stórkarlalegur í útreikningum mínum eins og raunin varð. Útkoman varð miklu hrikalegri og verri en ég gerði mér þá grein fyrir eða vildi áætla því ég vildi gjarnan fara varlega í mínar áætlanir. Enn fremur nú við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990 lýsti ég þessu allítarlega að um leið og fjárlögin fyrir árið í ár væru afgreidd með 3,7 milljarða halla þá væri það ekki nema hluti hallans því ég taldi upp í fjölmörgum fjárlagaliðum það sem vantaði inn í fjárlögin sem samtals væri eigi fjarri þremur milljörðum. Það væru útgjöld sem til mundu falla að verulegu eða mestu leyti á fjárlagaárinu og geymd væru uppi í skúffum hæstv. fjmrh. og hann kynni síðan að láta til falla á fjárlagaári með einhverjum hætti þegar honum byði svo við að horfa. Og e.t.v. á þann hátt að ekki bæri eins mikið á því og þegar verið væri að afgreiða fjárlög. Þetta er sú hneigð framkvæmdarvaldsins sem fylgir því að hafa möguleika til sjálftökuvalds í meðferð fjármuna ríkisins. Og þetta kom einnig glöggt fram í máli hv. 1. flm. frv.

Ég held að það sé öllum ljóst að þegar svo gengur fram sem verið hefur nú um hríð þá þurfi að spyrna við fótum. Hæstv. fjmrh. hefur talað í þá átt og það má bera á hann lof fyrir það að hafa talað í þessa átt en því miður er árangur hans í störfum í öfuga átt til þessa. Það væri sannarlega gott ef sú nýbreytni hefði orðið um síðustu áramót að árangurinn yrði í samræmi við það sem hann hefur haldið fram í sínum málflutningi. Það væru sannarlega gleðileg stakkaskipti.

Áður en ég fer út í einstaka efnisþætti í þessu frv. vildi ég koma að örfáum atriðum. Í þeirri ítarlegu ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti hér — sem í sjálfu sér var hófsamleg og ítarleg ræða og það er nú ekki alltaf að hæstv. ráðherra flytur ræðu með þeim hætti — lagði hann fram það sem hann kallar tillögur í 14 liðum sem mér sýnist að miklu leyti sé óviðkomandi þeirri nauðsyn að afgreiða þetta frv. Að sumu leyti sló þetta mig þannig að með þessum 14 punktum væri hæstv. fjmrh. að gera tilraun til að drepa á dreif dagskrármálinu sem hér liggur fyrir. En þegar betur er að gáð, þó að þetta kynni að hafa hvarflað að

hæstv. ráðherra, þá segir í einum af þessum 14 punktum, þ.e. þeim níunda, nákvæmlega það sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, byggist á. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Allar greiðslur úr ríkissjóði verði annaðhvort samkvæmt heimildum í fjárlögum eða fjáraukalögum og aukafjárveitingar lagðar niður.“ Með þessari tillögu, með þessum punkti í 14 punktum hæstv. ráðherra, þá lýsir hann efnislega fullum stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir og hefði getað stytt ræðu sína mjög mikið með því að átta sig á þessu aðalatriði málsins. Aðrir þættir í þessum 14 punktum hæstv. ráðherra eru sumir hverjir athyglisverðir og hafa verið til umræðu langa hríð. Aðra líst mér ekki á og tel að ekki mundu vera til bóta en ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um þessa 13 punkta í tillögum hæstv. ráðherra vegna þess að þeir eru margir hverjir óviðkomandi því hvort þetta frv. er afgreitt eða ekki. Þeir geta eigi að síður haft þýðingu í meðferð ríkisfjármála og er sjálfsagt að taka þá alla til athugunar í tengslum við þau mál þó að það verði e.t.v. ekki gert í tengslum við afgreiðslu þessa frv.

Varðandi 14. punktinn í þessum tillögum hæstv. fjmrh. þar sem segir: „Myndaður verði vettvangur fyrir samráð og skoðanaskipti milli fulltrúa framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að endurvekja ríkisfjármálanefnd“ o.s.frv. finnst mér sjálfsagt mál og eðlilegt og áreiðanlega fullkomlega á valdi hæstv. fjmrh. að gera það. Ég trúi því að fulltrúar meiri hl. í fjvn., sem eðli málsins samkvæmt eiga aðild að slíkri nefnd, séu fúsir til þessa verks. En það er einmitt þessi hæstv. fjmrh. sem fellt hefur niður þetta starf og mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. hefur áttað sig á því að þetta starf ber að taka upp aftur vegna þess að það er til góðs og það er nauðsynjaverk að tengja saman áætlanir, ákvarðanir og umræður um einstakar tillögur sem eru á ferðinni í fjmrn. og í undirstofnunum þess er varða ríkisfjármál við fulltrúa stjórnarliðsins, fyrst og fremst stjórnarliðsins í fjvn. Það er auðvitað miður fyrir samhengi þessara mála og samstarf á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins um ríkisfjármál að hæstv. fjmrh. skuli hafa fellt þetta niður. Mér þykir það til bóta að hann skuli hafa áttað sig á því að það sé réttara að taka þetta upp að nýju.

Ég held að það séu í þessu punktar sem koma nálægt því sem er í frv. Í 10. punkti t.d. er fjallað um það að með hverju þingmáli, stjfrv. og þmfrv. sem leitt geti til aukinna útgjalda, skuli fylgja áætlun um það hvernig útgjöldunum skuli mætt. Í frv. okkar fjárveitinganefndarmanna er að þessu vikið í 6. gr. með skýrum hætti, sem ég tel mjög nauðsynlegt, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði laga og reglugerða, er hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs, svo og ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis, öðlast ekki gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til þessara útgjalda í fjáraukalögum eða fjárlögum settum eftir birtingu laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem hér um ræðir.“

Þetta lýtur að þessum þætti í punktum hæstv. fjmrh. og er nauðsynlegt vegna þess að það hefur iðulega komið fyrir að framkvæmdarvaldið seilist til þess með reglugerðum að festa með reglugerðum ákvæði sem hafa útgjöld í för með sér og Alþingi, eins og hæstv. fjmrh. sjálfur tók fram, hefur hneigð til þess að afgreiða mál sem hafa útgjöld í för með sér þó að þau séu ekki á fjárlögum. Þessu verður að linna og ég get alveg tekið undir það með hæstv. fjmrh. að sá tvískinnungsháttur sem tíðkast hefur iðulega á hv. Alþingi, að hér vilja menn samþykkja ýmis góð mál sem hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð en standa síðan undrandi og gapandi hissa þegar kemur í ljós við afgreiðslu fjárlaga að það er erfitt að finna peninga til að standa undir þessum útgjöldum, þeim tvískinnungshætti verður að linna. Það er alveg sama hvaða ríkisstjórn er við völd. Slíkum tvískinnungshætti verður að linna af hálfu Alþingis, enda á þetta frv., eins og ég hef mjög skýrt tekið fram, að leiða til þess að mótaðar verði reglur sem hafa heillavænlegri meðferð mála í för með sér og eru ekki bundnar við einhverja eina ríkisstjórn.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fjalla um þessa 14 punkta umfram það sem ég hef þegar gert. Einn þeirra, sá hinn níundi, er grundvallaratriði í því sem viðkemur þessu frv. Aðrir mega bíða betri tíma þó að þar sé um athyglisverðar hugleiðingar að ræða sem sumar hverjar hafa margsinnis verið ræddar og þarf að taka til nánari athugunar hvað mönnum sýnist réttast í þeim efnum. Í ræðu sinni sagði hæstv. fjmrh. m.a. að fjmrh. ætti ekki að ljá máls á nýjum útgjöldum vegna þrýstings af hálfu samráðherra sinna eða einstakra þingmanna. Þetta er góð regla og hér er væntanlega átt við málefni og útgjöld sem ekki eru á fjárlögum. Og fyrir þetta væri tekið með því frv. sem hér liggur fyrir. En því miður sýnir reynslan, eins og ég hef hér sagt, bæði frá ráðherratíð hæstv. fjmrh. seinni hluta ársins 1988 og á fjárlagaárinu 1989, að útgjöld ríkisins fóru 8–9 milljarða fram úr því sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Hæstv. ráðherra fjallaði nokkuð um það að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um það í þessu frv. hvaða þættir í útgjöldum fjárlaganna bæru greiðsluskyldu og hvaða fjárlagaliði mætti líta á sem greiðsluheimild. Það má vel vera að um þetta megi kveða fastar og skýrar að orði. Það liggur fyrir samkvæmt mínum skilningi a.m.k. að launaútgjöld og rekstrarútgjöld ýmiss konar eru samkvæmt greiðsluheimildum. En þær greiðsluheimildir hafa sín takmörk þannig að það er ekki heimilt að fara fram úr því sem fjárlög kveða á um samkvæmt þessu frv. nema nýrra heimilda sé aflað í fjáraukalögum. Á hinn bóginn lít ég svo á varðandi tilfærslur til ýmissa sjóða eða verkefna, fjárfestingarframlög og styrki til einstakra aðila að þar sé um að ræða greiðsluskyldu nema hinir einstöku aðilar sem eiga að fá fjárveitinguna séu ekki í stakk búnir til þess að taka við henni. Við skulum segja að um fram-

kvæmdaframlag væri að ræða og undirbúningur framkvæmdarinnar væri ekki á þeim vegi að eðlilegt væri að greiða fé til fjárfestingarinnar, þá gæti það takmarkað að féð verði greitt. En að öðru leyti á þessi tiltekni aðili þá fjárveitingu sem Alþingi hefur ákveðið ef undirbúningur hans til fjárfestingarinnar er á þeim vegi að réttlætanlegt sé að hún sé greidd. Þetta er tvímælalaust minn skilningur og ef undirbúningur er ekki kominn það langt að framkvæmdir geti hafist, sem féð er veitt til, þá beri að geyma þá fjárveitingu á milli ára.

Hæstv. ráðherra sagði að skynsamlegt gæti verið að skuldbinda ríkissjóð til tveggja ára, til að mynda með verksamningum, og það getur verið rétt. En ég fæ ekki séð að þetta frv. komi í veg fyrir það því að hér segir að óheimilar séu fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, umfram heimildir fjárlaga fyrir hvert reikningsár. Þótt gerður sé verksamningur sem nær yfir tvö ár þá grípur hann að hluta til yfir á annað fjárlagaár sem væntanlega mundi þá vera skuldbinding að fé yrði veitt til á því ári og ég sé ekki að það komi neitt í veg fyrir þau ákvæði sem hér eru í frv.

Hv. 1. flm. frv. skýrði hér nokkuð 2. gr. þess sem fjallar um kjarasamninga og það er rétt að það eru nokkuð skiptar skoðanir um það hvort sú grein verði til einhverra trafala við gerð kjarasamninga. Við höfum ekki litið svo á, okkar lögfræðilegir ráðgjafar og ráðgjafar með víðtæka reynslu hafa talið að svo sé ekki. Þetta getur þurft að skoða nánar en ég lít svo til að þó að fjmrh. gerði kjarasamning skömmu fyrir kosningar þá breytti það ekki því að skylt væri, samkvæmt þessari grein, að leggja hann fyrir Alþingi. Ef nauðsynlegt þætti að slaka aðeins á þessum ákvæðum er hægt að hugsa sér að á þeim tíma sem Alþingi situr ekki og ekki væri hentugt að kalla það saman og gerður væri kjarasamningur sem færi t.d. eitt eða tvö prósent fram úr launaforsendum fjárlaganna, þá gæti það gilt að fjvn. lýsti því yfir að hún mundi leggja til við Alþingi að þessi aukaútgjöld yrðu samþykkt. Það er hægt að hugsa sér einhverja slíka millileið ef menn hafa beyg af því að þarna kunni að verða árekstrar, sem ég hef nú talið að væri að ástæðulausu. En þetta er auðvitað atriði sem er mögulegt að skoða.

Hæstv. ráðherra sagði að það hvarflaði að sér að með frv. væri löggjafarvaldið að teygja sig inn á svið framkvæmdarvaldsins. Ég hef hins vegar lýst því yfir að með þessu frv. sé löggjafarvaldið að sækja sinn rétt sem framkvæmdarvaldið hefur tekið í sinn hlut með eins konar sjálftökuvaldi. Ég held að framkvæmdarvaldið verði að gera sér grein fyrir því, þar á meðal hæstv. núv. fjmrh. og hann verður væntanlega ekki einn um það að búa við þessar reglur ef frv. verður lögfest, að það er Alþingis að setja þær reglur sem framkvæmdarvaldinu ber að starfa eftir en ekki öfugt. Það er ekki framkvæmdarvaldsins að segja Alþingi fyrir verkum. Alþingi er sá aðili sem ræður og ef Alþingi setur lög þá ber framkvæmdarvaldinu að fara eftir þeim.

Ég hef rifjað það upp hér stundum í umræðum um ríkisfjármál að núverandi hæstv. ríkisstjórn hættir til að líta svo á að hún geti farið sínu fram án tillits til þess sem lög heimila í vissum atriðum. Skýrast og algengast er þetta í sambandi við greiðslu fjár úr ríkissjóði en jafnvel svo að í leiðinni séu brotin önnur lagaákvæði. Ég vakti þetta mál upp í byrjun þessa þings í haust og ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., en svör þeirra voru í rauninni á þá lund að ef þeim þætti haganlegt og þeir teldu rétt að fara á svig við lög, þá væri það að þeirra dómi allt í lagi. Ég á við t.d. að einn hæstv. ráðherra hefur þrjá pólitíska aðstoðarmenn en má samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands hafa einn. Af því hann taldi það nauðsynlegt fyrir sig og sitt ráðuneyti að hafa þrjá pólitíska aðstoðarmenn þá er það bara sjálfsagt. Og af því að einn ráðherra sem ekki gegnir því starfi í þessari ríkisstjórn hafi sett upp sérstaka deild innan fjmrn. án heimildar og núv. hæstv. fjmrh. sagði að það væri nauðsynlegt að hafa þessa deild, þá skiptir það litlu máli þó hún hafi á sínum tíma verið sett án þess að heimildir væru fyrir.

Þetta sjónarmið verður að víkja. Það verður að fara að í þessum málum eins og lög segja í landinu og Alþingi hefur ákveðið. Og með því að hæstv. fjmrh. hefur í sínum fjórtán punktum, í þeim hinum níunda lýst grundvallarsamþykki sínu við þetta frv. þá er þetta frv. þeim mun líklegra til þess að renna hér ljúflega í gegn og verða hæstv. ráðherra núv. og þeim sem á eftir koma til hjálpar til þess að fara að í afgreiðslu mála í fjármálum ríkisins þannig að þau fari ekki í bága við fyrsta lagi við stjórnarskrána og í einstökum atriðum við allt önnur lög. Og þessu vona ég að hæstv. fjmrh. taki fagnandi.

Það er hins vegar skiljanlegt að hæstv. ráðherrum á ýmsum tímum hafi þótt það þægilegt að geta með aukafjárveitingum liðkað til fyrir þeim verkefnum sem þeir vilja verja fé til, bæði til sinna eigin aðalskrifstofa og ýmissa annarra verkefna, en þetta hefur því miður gengið það langt að hjá því verður ekki komist að breyta til.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að verða við þeim tilmælum að flytja hér ekki of langt mál og ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að við eigum að ræða þessi mál vandlega og við eigum að byggja okkar niðurstöðu á því að við séum að móta lagareglu sem komi betri skipan á þessi mál, skipan sem leiðir til þess að við séum ekki sífellt að deila um misnotkun á fé ríkissjóðs. Og ef þessari lagareglu sem er sett fram í frv. verður fylgt þá þarf ekkert um það að deila lengur, þá eru hér skýrar reglur festar á blað um það hvernig framkvæmdarvaldið skuli haga sínum málum að því er varðar fjárreiður ríkisins og greiðslur og skuldbindingar á fé ríkissjóðs. Ýmis önnur atriði sem hæstv. fjmrh. hefur nefnt og eru umhugsunarefni ætla ég ekki að fjalla hér frekar um, þau bíða betri tíma. Þessi mál eru vissuleg víðfeðm og það er margt sem þarf að athuga en þetta frv. nær ekki yfir öll þau atriði og ekki ástæða til. Þau atriði eru sum hver þannig að hæstv. fjmrh. getur haft í hendi sér framkvæmd mála

en önnur eru þess efnis að þau þurfa nákvæma athugun hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil svo leyfa mér að vænta þess að það frv. sem hér er flutt og ég kalla tímamótafrumvarp megi verða að lögum á því þingi sem nú situr.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

57. fundur, fimmtudaginn 8. mars, kl. 10 árdegis.

Leigubifreiðar, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 384. mál. — Þskj. 673.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Um langt skeið hafa verið deilur um atvinnusvið milli fólksleigubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra. Með því að virðisaukaskattur er lagður á flutning varnings en ekki á flutning fólks hafa þessar deilur blossað upp að nýju.

Af þessu tilefni hef ég lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 673 um reglugerð um leigubifreiðar. Spurningarnar sem ég legg fyrir samgrh. eru tvær og eru á þessa leið:

„1. Var með þeirri reglugerð, sem sett var 1. júlí sl. með heimild í lögum um leigubifreiðar, tekið af skarið um það hvað telst til fólksflutninga og hvað vöruflutninga? Kemur fram í sömu reglugerð sá vilji Alþingis að skýr verkaskipting sé á milli þeirra er flytja fólk og þeirra er flytja varning?

2. Stendur til að breyta reglugerðinni um leigubifreiðar með tilliti til laga um virðisaukaskatt þar sem þeim er stunda vöruflutninga er gert að greiða virðisaukaskatt en þeir er stunda fólksflutninga eru undanþegnir virðisaukaskatti?"

Frv. til laga um leigubifreiðar var á dagskrá Alþingis á 110. löggjafarþingi 1987–1988. Þá voru sett lög nr. 39/1988, um leigubifreiðar, sem var ætlað að taka af allan vafa um verksvið þeirra þriggja stétta leigubifreiðastjóra sem undir lögin heyrðu, þ.e. fólksleigubifreiða-, vörubifreiða- og sendibifreiðastjóra. Í frv. þessu var tryggður einkaréttur fólksleigubifreiðastjóra á flutningi fólks. Samgn. Ed. Alþingis sá ástæðu til þess að gera brtt. við frv. til að tryggja sendi- og vörubifreiðastjórum samsvarandi einkarétt á sínu atvinnusviði. Eins og fram kemur í nál. með brtt., sem síðar varð að lögum, var þetta gert af sanngirnissjónarmiðum og til samsvörunar.

Lög um leigubifreiðar voru aftur á dagskrá Alþingis ári síðar á 111. löggjafarþingi 1988–1989. Þá voru sett ný lög sem miðuðu að því að gera lögin skýrari og binda í lögum ýmis ákvæði sem áður höfðu aðeins stoð í reglugerðum. Við umfjöllun Alþingis við þá lagasetningu kom hvergi fram að til stæði að breyta þeirri verkaskiptingu sem Alþingi hafði áður samþykkt. Raunar kom fram við umfjöllun í samgn. Ed. Alþingis sá skilningur að ekki væri ætlunin að breyta fyrra fyrirkomulagi. Í lögum nr. 77/1988 sem samþykkt voru á síðasta þingi er atvinnusvið fólksleigubifreiðastjóra bundið við flutning á farþegum og farangri þeirra en atvinnusvið vöru- og sendibifreiða við flutning vöru. Í 4. mgr. 1. gr. laganna er ráðuneytinu veitt heimild til að kveða nánar á með reglugerð um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða. Með reglugerð nr. 308 1. júlí 1989, um fólksbifreiðar, er fólksleigubifreiðastjórum heimilað án verulegra takmarkana að starfa á atvinnusviði sendibifreiðastjóra, en 2. gr. þessarar reglugerðar er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Leiguakstur telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal flytja í farangursgeymslu bifreiðar en þó má setja ferðatöskur inn í bifreiðina ef farþegi krefst þess. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema í undantekningartilfellum, enda sé um að ræða flutning bréfa, skjala og annarra sérstakra verðmæta."

Það er skoðun fyrirspyrjanda að með þessu ákvæði í reglugerð hafi framkvæmdarvaldið gengið þvert á þá stefnu sem Alþingi markaði með lagasetningu. Í stað skýrrar verkaskiptingar milli þessara atvinnubílstjóra hefur ráðherra flækt málið enn frekar sem leitt hefur af sér aðgerðir af hálfu sendibifreiðastjóra.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það eru tvær spurningar sem lagðar eru fyrir hæstv. samgrh. af hv. 5. þm. Reykv. Í fyrsta lagi er spurt:

„Var með þeirri reglugerð, sem sett var 1. júlí sl. með heimild í lögum um leigubifreiðar, tekið af skarið um það hvað telst til fólksflutninga og hvað vöruflutninga? Kemur fram í sömu reglugerð sá vilji Alþingis að skýr verkaskipting sé á milli þeirra er flytja fólk og þeirra er flytja varning?

Út af fyrir sig held ég að vel sé hægt að svara báðum þessum spurningum játandi, að í reglugerðinni komi fram sá vilji sem birtist í lögunum eins og þau eru og í reglugerðinni er einnig reynt að skýra verkaskiptinguna á milli þeirra er flytja fólk og þeirra er flytja varning en auðvitað er hér um að ræða tiltölulega flókið og viðkvæmt úrlausnarefni þannig að út af fyrir sig er ekki óeðlilegt þó að í framhaldi af slíkri reglugerð komi upp deilur um það hvar markalínuna á að draga.

Það sem hins vegar er sennilega aðalvandi þessa máls birtist kannski fyrst og fremst í 2. tölul. fsp. þar sem segir:

„Stendur til að breyta reglugerðinni um leigubifreiðar með tilliti til laga um virðisaukaskatt þar sem þeim er stunda vöruflutninga er gert að greiða virðisaukaskatt en þeir er stunda fólksflutninga eru undanþegnir virðisaukaskatti?"

Ég hygg að stóri vandinn liggi í raun og veru þarna þar sem um er að ræða mismunandi skattskyldu að

því er varðar greiðslu virðisaukaskatts. Samgrn. undirbjó svör við þessum fsp. hv. þm. Þau eru á þessa leið:

Í fyrsta lagi: Í framhaldi af gildistöku nýrra laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, setti samgrn. tvær reglugerðir, annars vegar reglugerð nr. 308/1989, um fólksbifreiðar sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, og hins vegar reglugerð nr. 307/1989, um vörubifreiðar og sendibifreiðar sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra. Þessar reglugerðir útfærðu ákvæði laganna um atvinnusvið leigubifreiða en til leigubifreiða samkvæmt lögum um leigubifreiðar teljast fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar sem notaðar eru til leiguaksturs. Í 1. gr. laganna er kveðið á um að fólksbifreiðar eigi að annast flutninga á farþegum og farangri þeirra en sendibifreiðar og vörubifreiðar flytji vörur. Síðan segir að heimilt sé með reglugerð að kveða nánar á um mörkin á milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða. Í reglugerð um fólksbifreiðar er fólksbifreiðum bannað að flytja farangur án farþega nema í undantekningartilfellum, enda sé um að ræða flutning bréfa, skjala eða annarra sérstakra verðmæta, eins og það er orðað. Samkvæmt reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar er heimilt að flytja í sendibifreið þegar nauðsyn krefur umsjónarmenn þeirrar vöru sem flutt er.

Reglugerðir þessar voru settar að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Hins vegar reyndist ekki kleift að fara í einu og öllu eftir óskum þeirra enda oft um margs konar óskylda hagsmuni að ræða. Þessi ákvæði eru þau fyrstu, og það er nauðsynlegt að undirstrika það: Þetta eru fyrstu ákvæðin í reglugerð sem fjalla um þetta efni, en um langan aldur hafði það tíðkast að fólksbifreiðar flyttu einhvers konar varning. Þessum ákvæðum var ætlað og er ætlað að takmarka mjög rétt fólksbifreiða til slíkra flutninga frá því sem áður var og hafði viðgengist með því að heimila þá aðeins í undantekningartilfellum og tilgreina nánar þann varning sem heimildin nær til. Rök þóttu ekki standa til þess að banna með öllu flutning þessa ákveðna varnings með fólksbifreiðum. Flutningur þeirra verðmæta sem fellur undir 2. gr. reglugerðar nr. 308/1989 er því frjáls og hafa sendibifreiðastjórar og jafnvel vörubifreiðastjórar því fulla heimild til þess að stunda slíkan akstur ef eftir því er leitað að mati samgrn.

Sagt er í fyrirspurn að það hafi verið vilji Alþingis að skýr verkaskipting sé á milli þeirra er flytja fólk og þeirra er flytja varning. Líta verður svo á að vilji Alþingis komi helst fram í lögunum sjálfum, þ.e. í þeirri meginreglu 1. gr. að fólksbifreiðar flytji fólk og farangur og að sendibifreiðar flytji vörur og að nánar verði kveðið á um mörkin í reglugerð og síðan skeri samgrh. úr ef ágreiningur rís um mörkin. Ákvæði reglugerðanna verða að sjálfsögðu að standast lög og hefur það álitaefni verið borið undir umboðsmann Alþingis en hann komst að þeirri niðurstöðu að umræddar reglugerðir stæðust lög.

Í öðru lagi segir hér í því svari sem mér hefur borist frá samgrn. vegna þessarar fyrirspurnar: Sömu rök búa enn að baki ákvæðum reglugerða um leigubifreiðar þrátt fyrir tilkomu virðisaukaskatts og hefur því ekki komið til tals að undanförnu í samgrn. að breyta reglugerðum um leigubifreiðar. Ef hins vegar er óhjákvæmilegt að taka á þessu máli virðist ýmislegt koma til athugunar en það er nokkuð flókið úrlausnarefni. Í þeim efnum eru uppi þrír aðalmöguleikar. Í fyrsta lagi sá möguleiki að breyta reglum um heimild leigubílstjóra til þess að flytja vörur í undantekningartilvikum, enda sé um að ræða bréf, skjöl eða önnur slík sérstök verðmæti eins og þetta er í reglugerðinni núna. Þessu væri út af fyrir sig hugsanlega hægt að breyta með reglugerð. Í öðru lagi væri hugsanlegt að breyta lögum um virðisaukaskatt þannig að fólksflutningar verði skattskyldir líka. Þetta gerist þá með lagabreytingu og væri þá á verkefnasviði fjmrn. og í þriðja lagi væri það hugsanlegur hlutur að breyta virðisaukaskattslögum þannig að vöruflutningar verði undanþegnir skattskyldu en þetta yrði þá líka að gera með lagabreytingu.

Ég tel, virðulegi forseti, að það sé sjálfsagður hlutur að fara yfir þessi mál og ég tel ekkert óeðlilegt við það að sendibifreiðastjórar vilji fá sem allra skýrust mörk á milli starfa sinna og þeirra er aka leigubifreiðum til fólksflutninga og ég tel heldur ekkert óeðlilegt við það að það komi upp viss vandi í framkvæmdinni til að byrja með en vandinn verður fyrst nokkuð flókinn viðfangs eftir að ákveðið er að mismunandi reglur gildi um sendibifreiðar annars vegar og leigubifreiðar til fólksflutninga hins vegar að því er varðar virðisaukaskatt. Þar stöndum við og það hygg ég að sé í raun og veru kjarni málsins.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem til samgrh. var beint.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh., sem gegnir störfum samgrh., fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan. Að vissu leyti tók hann undir það sem fram kom í fyrri ræðu minni, að sú verkaskipting sem rætt var um hefði átt að gilda en hann getur ekki svarað beint fyrir samgrn. að því leyti hvernig þessari reglugerð var komið á. Þar sem ég tel mig ekki þurfa að spyrja menntmrh. sem starfandi samgrh. meira um þetta langar mig, af því að hæstv. fjmrh. er staddur í salnum, að spyrja hann, ef ég mætti, þeirrar spurningar hvort fjmrh. hyggst breyta eitthvað lögunum um virðisaukaskatt þar sem þarna er um að ræða þessa reglugerð sem óneitanlega brýtur að vissu leyti í bága við lögin um virðisaukaskatt. Ef við tökum sem dæmi leigubifreiðar eða fólksflutningaleigubifreiðar þurfa bílstjórarnir eiginlega að ganga frá tvöföldu skattframtali, annars vegar fyrir flutninga á vörum og hins vegar fyrir flutninga á fólki. Er ekki ástæða til þess að taka þessar reglur upp aftur og koma á þarna skýrri verkaskiptingu? Það hlýtur að vera hagsmunamál fjmrh. eða ríkissjóðs að þarna sé um skýrar reglur að ræða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Í upphafi vek ég athygli á því að í þeim lögum sem Alþingi setti árið 1988 um virðisaukaskatt, og Alþingi sá ekki ástæðu til þess að breyta þessum ákvæðum þegar lögin um virðisaukaskatt voru aftur til meðferðar nú á þessu þingi, er skýrt kveðið á um það að fólksflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti en virðisaukaskatt ber að greiða af vöruflutningum. Fjmrn. hefur þess vegna enga möguleika í dag til þess að breyta í þessu efni. Til þess verður að koma lagabreyting á hv. Alþingi. Ég tel hins vegar ekki rétt, og hef sagt það af öðrum tilefnum, að fara aftur inn á þetta þing með breytingar á lögunum um virðisaukaskatt heldur sé rétt að safna reynslu á fyrri hluta þessa árs og skoða síðan málið í haust og meta það hvaða breytingar menn vilja þá gera.

Ég hef hins vegar orðið var við það að sendibílstjórar hafa nokkuð misskilið eða ekki gert sér nægilega vel grein fyrir því hvaða hagræði getur falist í því fyrir sendibifreiðastjóra að virðisaukaskattur sé lagður á vöruflutninga. Ástæðan er nefnilega sú, eins og hv. alþm. er kunnugt, að virðisaukaskatturinn skiptist annars vegar í innskatt, sem menn fá endurgreiddan, og hins vegar útskatt. Leigubílstjórarnir sem ekki þurfa að greiða virðisaukaskatt sem útskatt fá hins vegar ekki virðisaukaskattinn sem þeir greiða öðrum af aðföngum til síns rekstrar endurgreiddan. Það fá aftur á móti sendibifreiðastjórarnir sem geta gert skil með þeim hætti að reikna innskattinn á móti útskattinum og fá innskattinn frádreginn.

Þetta ber sérstaklega að hafa í huga þegar viðskipti sendibifreiðastjórans eru sérstaklega við fyrirtæki eða aðila sem eru skattskyldir í virðisaukaskatti vegna þess að þá fá fyrirtækin eða aðrir rekstraraðilar þann virðisaukaskatt sem sendibifreiðastjórarnir leggja á sína þjónustu endurgreiddan frá ríkinu sem innskatt hjá fyrirtækjunum. Í reynd kemur því þessi virðisaukaskattur á þjónustu sendibifreiðastjóranna ekki til greiðslu hjá fyrirtækjunum af því að þau fá hann frádreginn hjá sér sem innskatt. Það er þess vegna alveg ljóst rekstrarlega og efnahagslega að fyrir sendibifreiðastjóra sem fyrst og fremst starfar á þann veg eða hefur meginhlutann af sínum viðskiptum við fyrirtæki eða aðra rekstraraðila sem greiða virðisaukaskatt er tvímælalaust mun meira hagræði, efnahagslegt og tekjulegt hagræði fyrir sendibifreiðastjórana að hafa núverandi skipan sem gildir en ekki þá skipan sem gildir um leigubifreiðastjórana. Þetta vildi ég nefna hér vegna þess að ég hef orðið var við það að það gera ekki allir sér grein fyrir því enn sem komið er að þetta eðliseinkenni virðisaukaskattsins að skiptast í innskatt og útskatt hefur í för með sér veigamikið hagræði fyrir marga rekstraraðila, m.a. stóran hluta sendibifreiðastjóra. Hins vegar er það alveg ljóst að fjmrn. getur ekki breytt núverandi skipan nema lögum sé breytt hér á Alþingi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það hafi verið fullkomlega eðlilegt að leggja fram þá fsp. sem hér er til umræðu. Því miður er ekki hægt að hafa langar umræður um þetta mál því menn hafa aðeins örstuttan tíma. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa kennslustund í innskatti og útskatti sem ég held að flestir hafi heyrt reyndar áður, en beini til hans þeirri áskorun að hann sjái til þess að opinberar stofnanir, opinberir aðilar sem hafa hingað til skipt við þá aðila sem eru virðisaukaskattskyldir, haldi áfram að gera það og hverfi ekki yfir til leigubílanna sem eru til fólksflutninga vegna þess að opinberir aðilar eru að reyna að koma í veg fyrir það að borga þennan virðisaukaskatt sem lendir hjá hæstv. fjmrh. Það hefur talsvert verið undan þessu kvartað og mér finnst það vera lágmarksskylda okkar að sjá til þess að slíkt gerist og ég veit að hæstv. fjmrh., sem skilur þetta vandamál vel, mun bregðast vel við þessari áskorun og láta þau mál ganga þannig eftir að áfram verði stunduð viðskipti með eðlilegum hætti af hálfu opinberra aðila í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það vegna þess að til mín var beint þessari fsp. (**FrS:** Áskorun.) Já, það er nú rétt að svara áskoruninni einnig. Það er alveg sjálfsagt að koma þeirri ósk á framfæri við opinber fyrirtæki og aðila að þeir breyti ekki sínum viðskiptaháttum þó þessi breyting hafi orðið á skattkerfinu og mér er ekki kunnugt um að það hafi verið mikið um það að menn hafi breytt þannig sínum viðskiptaháttum vegna þessara skattbreytinga. Hitt er hins vegar ljóst að tilkoma fax-véla hefur mjög breytt starfsháttum opinberra stofnana. Stærsti hlutinn af bréfum og gögnum, sem áður voru send með bifreiðum eða sendiboðum milli húsa, er nú sendur í krafti tækninnar með símalínum milli skrifstofa. Það er ein meginástæðan fyrir því að mjög hefur dregið úr slíkum sendiferðum milli opinberra stofnana og ríkisfyrirtækja.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu svo og hv. 1. þm. Reykv. og fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf okkur hér áðan um eðli virðisaukaskatts. Að sjálfsögðu höfum við þingmenn vel gert okkur grein fyrir virðisaukaskattinum og hvernig hann kemur til með að lenda á hinar og þessar stéttir. En það er rétt sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Reykv. að sendibifreiðastjórar hafa einkum lýst óánægju sinni með það að opinber fyrirtæki og einstaklingar og aðrir sem hafa notað þjónustu þeirra hafi að vissu leyti breytt frá sendibílum yfir í leigubíla til ýmissa pakkaflutninga út af því að virðisaukaskatturinn hefur lagst ofan á gjaldið hjá sendibílstjórum.

Ég skora á fjmrh. að athuga þessi mál nánar innan Stjórnarráðsins og kannski einnig virðulegan forseta Alþingis hvernig háttað er málum á Alþingi, hvort

leitað er eftir sendibílum eða leigubílum þegar flytja skal ýmsan varning, bréf og annað.

Að lokum þakka ég kærlega fyrir þessa umræðu og ráðherrum og öðrum sem tekið hafa til máls í henni.

Könnun á tilhögun opinberra rekstrarverkefna, ein umr.

Fsp. FrS, 307. mál. — Þskj. 548.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 548 til hæstv. fjmrh. um könnun á tilhögun opinberra rekstrarverkefna. Fsp. er auðveld og einföld og á þessa leið:

„*Hvað líður könnun á tilhögun útboða opinberra* rekstrarverkefna samkvæmt þál. frá 18. maí 1989?"

Á 111. þingi flutti ég till. um þetta efni. Hún var á þessa leið, með leyfi forseta:

„*Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði* við aðra ráðherra að gera athugun á því á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé hagkvæmt að efna til útboða. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu þegar að athugun lokinni."

Hv. fjvn. fjallaði ítarlega um þessa tillögu og í samráði við mig var till. breytt og var í þremur liðum ályktað að fela fjmrh. í samráði við aðra ráðherra að framkvæma ákveðna hluti. Í fyrsta lagi að kanna á hvaða sviðum og í hve miklum mæli útboðum hafi verið beitt. Í öðru lagi hvaða reynsla hafi fengist af slíku með tilliti til kostnaðar miðað við sambærileg verkefni sem unnin hafa verið án útboðs. Og loks, sem skiptir kannski mestu máli, á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé rétt og hagkvæmt að efna til slíkra útboða og hvaða sjónarmiða skuli gæta við val slíkra útboðsverkefna.

Árið 1970 voru sett lög hér á landi um útboð opinberra framkvæmda. Þau hafa reynst vel. Að vísu hefur lögunum ekki verið fylgt út í ystu æsar og þarf auðvitað að ganga eftir því að svo verði gert, eins og t.d. hvað varðar skilamat sem er nauðsynlegt til þess að menn átti sig á því hve góða hluti þeir eru að gera. Það er þess vegna sem áhugi minn beindist að því að bjóða jafnframt út opinber rekstrarverkefni sem er tiltölulega auðvelt og hefur verið gert víða í öðrum löndum.

Með tillögu minni var ítarleg grg. sem mestan part var þýðing á dönskum leiðbeiningum, þ.e. leiðbeiningum dönsku hagsýslunnar til ýmissa opinberra aðila sem hafa með höndum opinber rekstrarverkefni.

Ég minni á það að lokum, virðulegur forseti, að nú hefur verið settur á virðisaukaskattur sem auðvitað hjálpar verulega til í þessum efnum því að þegar söluskattskerfið var í gildi þá var nánast ómögulegt fyrir einkaaðila að keppa við opinbera aðila sem slepptu eða gátu sleppt því að greiða söluskattinn. Nú hafa forsendur breyst og þess vegna full ástæða til þess að gera breytingar á þessu sviði og því kref ég hæstv. fjmrh. svara við þessari spurningu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hv. þm. Friðrik Sophusson flutti hér á síðasta ári og var samþykkt í nokkuð breyttri mynd á Alþingi var mjög athyglisverð og þau markmið sem þar koma fram eru í fullu samræmi við það sem ég tel eðlilegt að keppa að og fylgja í tilhögun opinberra framkvæmda og á sviði reksturs hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Það hefði vissulega verið ástæða til að sinna þessu máli af miklum krafti strax í kjölfar þess að tillagan var samþykkt. Hins vegar verður að segja þá sögu eins og er að það hefur ekki verið unnið með þeim hætti að þessari framkvæmd að á þessu stigi liggi fyrir sú heildarúttekt og könnun sem hv. þm. reifaði hér að samþykkt var á Alþingi á sínum tíma.

Ég tek alveg undir það með honum að það er nauðsynlegt að hún fari fram hið fyrsta og mun beita mér fyrir því að á þessu ári verði verkinu lokið. Hins vegar hefur með ákveðnum hætti verið unnið að því á þeim vettvangi þar sem opinber útboð fara aðallega fram að fylgja eftir markmiðum þáltill. sem hv. þm. vék hér að. Eftir samþykkt till. fól fjmrn. Innkaupastofnun ríkisins að sinna sérstaklega athugun á breyttum starfsháttum á þessu sviði. Í því skyni voru markmið og áherslur í starfi Innkaupastofnunar ríkisins endurmetin og skipulag hennar tekið til endurskoðunar m.a. í því skyni að auka útboð á rekstrarvörum og kynningu á þeim afsláttarsamningum sem Innkaupastofnun ríkisins hefur gert við verslunarfyrirtæki í ýmsum greinum viðskipta og þjóna þeim tilgangi að opinberir aðilar geti fengið vörur og þjónustu með ódýrari hætti. Þessi útboð hafa aðallega beinst að rekstrarvörum á undanförnum tveimur missirum og er þar um að ræða bæði smátt og stórt sem þó skiptir máli þó smátt sé þegar á heildina er litið.

Í þessu sambandi vil ég nefna sem dæmi að slík útboð í samræmi við ákvæði þáltill. og hina nýju starfshætti Innkaupastofnunarinnar hafa þegar skilað verulega hagkvæmari innkaupum á m.a. pappírsvörum, á röntgenvörum af ýmsu tagi, á margvíslegum rekstrarvörum sjúkrahúsa, á plastpokum og plastvörum af ýmsu tagi. Nú þegar hafa verið gerðir afsláttarsamningar við u.þ.b. 60 fyrirtæki sem mjög stuðla að því að bæta hagkvæmni útboða og innkaupa.

Þetta vildi ég láta kom fram um leið og ég undirstrika sérstaklega að fjmrn. mun á næstu tveimur til þremur mánuðum halda þessu verki áfram og byggja á því starfi sem Innkaupastofnunin hefur unnið á seinni hluta síðasta árs og fyrstu mánuðum þessa árs og leggja síðan fyrir Alþingi niðurstöður þessarar heildarkönnunar þegar Alþingi kemur saman næsta haust.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég kynnti mér það fyrir nokkrum vikum hvernig þetta mál stæði og varð þá fyrir nokkrum vonbrigðum því að ekki hafði mikið gerst. Nú upplýsir hæstv. ráðherra að þessi mál séu farin af stað og þegar hafi verið gert átak hvað varðar útboð á rekstrarvörum. Ég fagna því að sjálfsögðu en hinu þó fremur að hæstv. ráðherra skuli hafa sagt hér að hann telji að hugmyndirnar í þál. séu í samræmi við þær hugmyndir sem hann hafi um útboð á opinberum þjónustuverkefnum. Ég tel það mjög mikilvægt að hagsýslustofnunin standi undir nafni. Ég tel að á undanförnum árum hafi því miður of lítið verið gert af því af hálfu viðkomandi fjmrh. að notfæra sér þá þekkingu sem þar er eða hægt er að kaupa í ýmsum efnum en eitt er þó augljóst, og það hafa dæmi annars staðar sannað, að hægt er að spara verulega og ná meiri árangri í fjármálum ríkisins ef opinberir aðilar bjóða út þá opinberu þjónustu sem ætla má að menn sækist eftir að inna af hendi og næg samkeppni er fyrir á útboðsmarkaðinum.

Ég fagna svari hæstv. ráðherra og vænti þess að á næstu mánuðum verði þessu starfi fram haldið og mun ég að sjálfsögðu fylgjast með að svo verði gert og áskil ég mér þá rétt til þess að vera með frekari fsp. á næsta hausti ef svo vill til að hæstv. ríkisstjórn lifir til þess tíma.

Réttindastaða kennara hjá Námsgagnastofnun, ein umr.

Fsp. DS, 310. mál. — Þskj. 552.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Í júní sl. kom út skýrsla um stöðu Námsgagnastofnunar og framtíðarþróun og er hún unnin af nefnd sem skipuð var í janúar í fyrra. Í skýrslu þessari er að finna fróðlega úttekt á stöðu stofnunarinnar og fram koma ýmsar ábendingar og tillögur um æskilega þróun og verkefni stofnunarinnar í framtíðinni. Eins og flestir vita hefur Námsgagnastofnun því miður búið við fjársvelti í áraraðir. Þess vegna hefur stofnunin þrátt fyrir mikla nýsköpun á sviði námsefnisgerðar á síðustu árum ekki haft burði til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem henni eru ætluð. Í skýrslunni kemur fram að gerð hefur verið könnun á viðhorfum kennara til námsefnis en samkvæmt henni kemur fram það mat kennara að námsbækur gegni afar þýðingarmiklu hlutverki í skólastarfi og gæði þeirra skipti sköpum um þá menntun sem veitt er í landinu. Þá kemur einnig fram í rannsókn á breytingum á námsskrá í líffræði að nýsköpun í námsefnisgerð hefur hvetjandi áhrif á kennara til nýbreytni starfs í skólum. Auðvitað þarf svo ekki að minnast á hversu mikilvægt það er í uppeldi barna að þau læri að nota bækur. Í því ástandi sem nú ríkir eru kennarar í hverjum skóla að bjarga sér með hjálp ljósritunarvéla og dreifa stökum blöðum eða heftum til barnanna en afar misjafnt er hvernig börnum tekst að halda slíku í röð og reglu og hvaða virðingu þau bera fyrir slíku pappírsflóði að ekki sé minnst á þann kostnað sem því fylgir.

Kennarar öðlast í starfi sínu mjög fjölþætta reynslu og vegna þess hve lítið úrval námsgagna hefur staðið til boða hafa margir hreinlega samið sitt eigið námsefni til notkunar fyrir nemendur sína. Afar mismunandi er hvernig til tekst með að dreifa slíku efni til annarra kennara og skóla og öruggt er að víða eru menn að vinna að svipuðum eða sambærilegum verkefnum meðfram sínum kennslustörfum. Vegna hinnar fjölþættu og dýrmætu reynslu sem kennarar öðlast inni í skólastofunni í daglegri umgengni við nemendur tel ég mjög mikilvægt að þá reynslu væri hægt að nýta til námsefnisgerðar. Kennsla er mjög krefjandi og getur verið lýjandi starf og því mjög æskilegt að kennarar eigi þess öðru hverju kost að fást við önnur viðfangsefni tengd skólastarfinu. Því er nauðsynlegt að einhver sveigjanleiki sé í kerfinu og hindrunarlaust sé hægt að nýta áhuga og reynslu kennara til námsefnisgerðar en þeir gætu þá um leið fengið tækifæri til að horfa á skólastarfið frá öðru sjónarhorni og bæta enn við reynslu sína.

Það vakti athygli mína við lestur þessarar ágætu skýrslu um Námsgagnastofnun að kennarar sem ráða sig tímabundið til starfa við námsefnisgerð missa þá um leið ýmis mikilvæg réttindi svo sem lífeyrisréttindi og það sem mér fannst enn undarlegra er sú staðreynd að vinna við námsefnisgerð skuli ekki metin jafngild kennslureynslu, t.d. gagnvart rétti til námsorlofs. Að mínu mati er kennslureynslan og þær hugmyndir sem kennarar fá í starfi sínu eitt það mikilvægasta við samningu góðs og fjölbreytts námsefnis.

Vegna þessa hef ég leyft mér á þskj. 552 að beina tveimur fsp. til hæstv. menntmrh. og þar sem þær eru hér á þskj. mun ég ekki lesa þær.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fsp. hv. 6. þm. Vesturl. á þskj. 552 varðandi réttindastöðu kennara sem ráða sig tímabundið hjá Námsgagnastofnun er á þessa leið:

„1. Hvers vegna er starf þeirra kennara, sem vinna tímabundið höfundarvinnu fyrir Námsgagnastofnun, ekki metið jafngilt kennslureynslu og hvers vegna halda þeir ekki samningsbundnum réttindum sínum hjá ríkinu, t.d. lífeyrisréttindum meðan þeir vinna að námsefnisgerð?

2. Hyggst menntmrh. breyta þessu? Ef svo er, hvenær er þeirra breytinga að vænta?“

Fram til þessa hefur sá háttur verið hafður á að námsefnishöfundar hafa verið ráðnir að hverju verkefni fyrir sig með sérstökum samningi sem hefur verið gerður við hvern námsefnishöfund. Umfang verkanna hefur verið metið eftir svokölluðu arkarmati og greiðsla fyrir hverja örk ákveðin sem hlutfall af mánaðarlaunum í tilgreindum launaflokki. Fyrir

þessu er löng hefð. Greiðslur til höfunda samkvæmt þessum samningum eru bókfærðar og gefnar upp til skatts samkvæmt reglum sem gilda um svokallaðar verktakagreiðslur. Hér er með öðrum orðum ekki um venjulegar launagreiðslur að ræða með launatengdum gjöldum heldur eru þessar greiðslur gefnar upp til skatts sem svokallaðar verktakagreiðslur.

Námsgagnastofnun hefur ekki ráðið kennara í fast starf til höfundarvinnu. Þar af leiðandi hefur ekki á það reynt hvort þeir héldu réttindum síðan meðan á því stæði. Fram til þessa hafa kennarar og aðrir tekið að sér námsefnisgerð og aðra höfundarvinnu sem aukaverkefni, oft með föstu starfi. Ráðningarform námsefnishöfunda eru sífellt til endurskoðunar, m.a. innan Námsgagnastofnunar og í stjórn Námsgagnastofnunar. M.a. hefur verið rætt um hvort ráða eigi námsefnishöfunda í fullt, tímabundið starf og með hvaða hætti því verði við komið. Ef til slíks kæmi yrðu að eiga sér stað viðræður um það mál milli Námsgagnastofnunar, menntmrn. og hagsmunasamtaka kennara. Eins og heyra má af þessu svari getur það út af fyrir sig verið til skoðunar að fyrirkomulagi á greiðslum fyrir þessa vinnu verði breytt. En til þess að það gerist er eðlilegt að það sé rætt með hliðsjón af kjarasamningum kennara um aðra vinnu sem þeir inna af hendi. Og af hálfu þeirra hafa ekki komið fram sérstakar óskir nýverið um að fram fari viðræður um þessi atriði.

Eins og kunnugt er, virðulegi forseti, hafa málefni Námsgagnastofnunar verið til meðferðar, m.a. hér á hv. Alþingi. Það sem liggur fyrir í þeim efnum er þrennt. Í fyrsta lagi að framlög til Námsgagnastofnunar hafa farið hækkandi að raunvirði og hækkað að raunvirði á þessu ári, 1990, frá árinu 1989 á sama tíma og niðurskurður eða sparnaður í flestöllum stofnunum skóla- og menntakerfisins á sér stað. Með þessum hætti vildi menntmrn. fyrir sitt leyti leggja á það áherslu að námsefnisgerðin er forgangsverkefni í menntamálum hér á landi.

Í öðru lagi hefur það gerst að Alþingi hefur ákveðið að heimila ríkisstjórninni að kanna sérstaklega hvernig bætt verði úr húsakosti Námsgagnastofnunar frá því sem verið hefur en stofnunin er núna með aðsetur á tveimur stöðum við afar óhentugan húsakost. Og í þriðja lagi hefur Alþingi til meðferðar frv. til nýrra laga um Námsgagnastofnun sem ég geri mér vonir um að verði að lögum á þessu þingi. Þessi mál hafa því verið hér til meðferðar og eru og þau mál sem hv. 6. þm. Vesturl. bendir á eru auðvitað líka verkefni sem á að huga að og hljóta að komast á dagskrá á næstu mánuðum og missirum og árum þar sem það er augljóst mál að tengja verður þessi mál hinum almennu reglum sem gilda um kjaramál kennara. En um það verður að gera samning og út af fyrir sig stendur ekki á menntmrn. að fara í viðræður um þau mál.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans hér. Það kom reyndar fram í svari hans, eins og við vissum, að þessi námsgagnagerð er venjulega aukabúgrein hjá kennurum. Þeir sinna henni samhliða starfi sínu. Ég tel mjög nauðsynlegt að kennarar geti um tíma unnið eingöngu að námsefnisgerð. Ekki mæli ég þó með að einhverjir höfundar verði æviráðnir eða því um líkt því auðvitað hlýtur að þurfa að nýta reynslu, hugmyndir og þekkingu sem flestra. En ég teldi mjög æskilegt að kennarar gætu horfið frá störfum, t.d. í eitt ár eða tvö, til þess að sinna gerð ákveðins námsefnis án þess að þeir þó missi við það réttindi. Í skýrslunni segir á bls. 39, með leyfi forseta:

„Kennarar sem ráðast tímabundið sem höfundar að Námsgagnastofnun halda ekki ráðningarbundnum réttindum sínum hjá ríkinu. Starf þeirra kennara sem vinna höfundarvinnu fyrir stofnunina er ekki metið jafngilt kennslureynslu, t.d. gagnvart rétti til námsorlofs. Flestir höfundar semja námsefni samhliða öðru starfi og geta því ekki helgað sig námsefnisgerðinni. Þetta kemur sér einkum illa þegar um stærri verk er að ræða."

Ég heyri það á hæstv. menntmrh. að hann sér ekkert því til fyrirstöðu að fara í viðræður um aðra skipan mála, alla vega um ákveðin verkefni, stærri verkefni. Ég vona að námsefnisgerð eigi eftir að eflast og kennarar geti nýtt sér þekkingu sína og tekið sér hvíld frá daglegu amstri skólastarfsins til þess að sinna slíkum skapandi og uppbyggilegum verkefnum. Ég tel einmitt að við námsefnisgerð hljóti að koma fram hámarkskrafa um kennslureynslu þar sem þeir sem semja námsefni hafi ekki viðbrögð nemendanna við námsefninu meðan þeir eru að semja það. Það hlýtur því að þurfa að gera alveg sérstakar kröfur til þeirra sem námsefni semja um að þeir hafi reynslu af kennslu sem nýtist þeim í námsefnisgerðinni.

Hönnunarkostnaður við Þjóðleikhúsið, ein umr.

Fsp. ÁHE, 313. mál. — Þskj. 555.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég spyr menntmrh. um hönnunarkostnað við Þjóðleikhúsið. Spurningin hljóðar svo:

„Hver er hönnunarkostnaður við fyrirhugaðar viðgerðir og breytingar á Þjóðleikhúsinu miðað við 1. febr. 1990 og hvernig skiptist hann á milli einstakra hönnuða og ráðgjafa?"

Þessar spurningar vöknuðu hjá mér þegar ég fékk í hendur þessa bók sem ég held hér á og er sennilega milli 4 og 5 kg að þyngd. Lái mér hver sem vill að hafa brugðið nokkuð við þetta lesmál, enda er ég vanur að handleika pylsubréf. Það hefði kannski mátt spyrja aukaspurningar: Hvað kostaði að gefa þessi bók út? Í bókina vantar nafn útgefanda og það kemur ekki fram hvar hún er prentuð þó að ákvæði séu í prentlögum um að svo skuli vera. En við útkomu þessarar

bókar kviknuðu þessar spurningar hjá mér sem ég leita nú svara við hjá hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Sá hönnunarkostnaður sem hér er spurt um snertir verkefni sem kostar á verðlagi ársins 1989, í september, 540 millj. kr. Þar er annars vegar um að ræða þau verkefni sem ætlunin er að vinna á þessu ári sem kosta í kringum 300 millj. kr. og hins vegar verkefni sem gætu komið til framkvæmda á næstu árum sem kosta þá um 240 millj. kr. til viðbótar.

Algengur hönnunarkostnaður, ráðgjafar- og skipulagskostnaður bygginga hér á landi, hvort sem það eru opinberar byggingar eða byggingar í einkaeigu, er 15–20% af kostnaðarverði verkefnanna. Ef um er að ræða 15% hlutfall af þessari vinnu gæti hönnunarkostnaður orðið í kringum 80 millj. kr. Til eru dæmi um mikið hærri hönnunarkostnað, sérstaklega þegar um er að ræða gamlar byggingar. Þar eru til dæmi um fjórðungskostnað við hönnun og endurskipulag og endurmælingar á viðkomandi gömlum húsum. Þar höfum við dæmi um mjög háar tölur, allt upp í 25% af kostnaði.

Sá kostnaður sem áfallinn er vegna hönnunar Þjóðleikhússins til þessa er hins vegar 8–9% af kostnaðarverði þess verkefnis sem hér er verið að tala um og fjallað er um í hinni stóru, þungu, þykku bók, um 8% af því verkefni eða samtals 48.906.199 kr. Þessi kostnaður skiptist þannig að á árinu 1988 komu til skjalanna 1.529.165 kr. Þar var um að ræða Almennu verkfræðistofuna, Rafhönnun hf., Línuhönnun hf. og Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar. Á árinu 1989 er um að ræða tölur sem skiptast sem hér segir:

Fyrst vegna hönnunar. Kostnaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins 261.500 kr., kostnaður Innkaupastofnunar ríkisins 821.780 kr., Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 162.430 kr., fyrirtæki sem heitir Guðmundur og Kristján og ég kann engin deili á 229.897 kr. Síðan kemur hér liður sem gæti verið svar við hliðarfyrirspurn hv. þm., þ.e. liðurinn ljósritun 431.698 kr. Línuhönnun hf. 669.543 kr., Rafteikning hf. 1.240.761 kr., Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar 3.222.803 kr., fyrirtæki sem heitir því skemmtilega nafni Forsjá og ég veit nú ekki alveg hvað gerir 1.485.057 kr., Rafhönnun hf. 3.413.397 kr., Lagnatækni sf. 4.698.850 kr., Almenna verkfræðistofan 5.784.170 kr. og húsameistari ríkisins 14.850.682 kr. Samtals er hér um að ræða kostnað vegna hönnunar upp á 37.291.652 kr.

Þá hefur verið greitt vegna ráðgjafar sem hér segir:

Það er í fyrsta lagi Miklos Ölvercky 560.149 kr., Hjörleifur Stefánsson arkitekt 231.084 kr., Skipulag og stjórnun sf. 484.472 kr., dr. Steindór Guðmundsson 110.880 kr., Krone og Koch 338.644 kr., Stefán Einarsson 582.370 kr., Jón Thordarson 13.861 kr. Samtals 2.321.460 kr.

Þá er um að ræða greiðslur til starfsmanns og starfsliðs byggingarnefndar upp á 2.936.922 kr. Síðan til viðbótar þessu og inni í tölunni sem ég nefndi áðan upp á 48,9 millj. eru væntanlegir reikningar frá húsameistara ríkisins upp á 4,8 millj. kr., getur því miður ekki verið nákvæmara þar sem reikningarnir eru ekki komnir í hús. Heildarniðurstaða verður þá 48.906.199 kr. eða sem svarar 8–9% af kostnaðarverði þess áfanga sem hér hefur verið unnið að sem kostar á verðlagi í september 1989 540 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég þakka mjög greinargóð og skýr svör sem ég er alls ekki búinn að melta. Ég fæ satt að segja dúndrandi höfuðverk af svona háum tölum en ég ætla að skoða þetta í rólegheitunum. Ég þakka góð svör.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa mjög svo athyglisverðu fyrirspurn og ráðherra fyrir hans ekki síður athyglisverða svar sem leiðir í ljós að hönnunarkostnaður er gersamlega úr böndum í þessu landi. Nægir að taka sem dæmi hönnunarkostnað við hið nýja Alþingishús sem mér skilst að sé núna orðinn einhvers staðar á bilinu 30–40 millj. kr. fyrir þær teikningar sem við höfum fengið að berja augum. Það væri mjög athyglisvert að fá upplýst, til að mynda með það verkefni, nýja þinghúsið, hvað það mundi leggja sig út í tímakaupi. Ég er hræddur um að skjálfti færi um fólk ef það fengi þær upplýsingar í hendur. En eftir að hafa hlustað á þessi svör þykir mér alveg einsýnt og ljóst að það verður að taka á þeim þætti sem er hönnunarkostnaður yfirleitt í landinu. Hann er gersamlega úr böndum og allt, allt of hár.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og síðasti ræðumaður, þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera þessa fyrirspurn hérna fram. Hins vegar fyndist mér mjög æskilegt að við þingmenn fengju þessar upplýsingar í hendurnar í skriflegu formi og er fyrirspurnin reyndar þess eðlis að á margan hátt hefði verið betra að hún hefði verið skrifleg. Að vísu kemur þetta í þingtíðindum á sínum tíma þannig að við fáum þessar upplýsingar þar.

En það er annað sem ég ætla að vekja athygli á hérna og ég held að sé tímabært að hið opinbera skoði, hvort sem það er ríki, borg eða sveitarfélög að það virðist svo sem hönnunaraðilar gangi á lagið þegar um er að ræða opinbera aðila og treysti því að þar sé hægt að koma með nánast hvaða reikning sem er. Það er ekki einsdæmi að við sjáum svona tölur þó að það sé sjaldnar sem við fáum að sjá upplýsingarnar sundurliðaðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Vesturl. Þessir kostnaðarþættir eru úr böndunum, já, það er rétt, í þjóðfélaginu. Þeir eru mjög háir. Og þeir eru mjög erfiðir viðfangs vegna þess að þeir aðilar sem hér um ræðir eru mjög oft í einokunaraðstöðu gagnvart þeim fyrirtækjum sem eru að skipta við þá.

Hér er oft um að ræða tiltölulega þröngt sérfræðisvið sem opinberir aðilar eru svo að segja dæmdir til að nota sér og eiga erfitt með oft og tíðum að leita til annarra því að viðkomandi aðili hefur þjálfun og færni viðurkennda. Þetta veldur því að reikningar af þessum toga eru satt að segja oft og tíðum með þeim hætti að það er með öllu blöskranlegt fyrir hinn almenna mann að sjá þær tölur sem þar birtast stundum.

Satt að segja er ekki hægt að svara þessum vanda með því að bjóða alla hönnunarþætti út því margir eru svo litlir. Hins vegar mætti auðvitað hugsa sér að hið opinbera gerði gangskör að því að gera heildarsamninga við fyrirtæki sem ríkið verður að skipta við á ýmsum sviðum. Vandinn er sá að ríkið hefur samið við einn lagnasérfræðing í þessari byggingu og kannski þann sama í annarri án þess að í raun og veru séu nein sérstök tengsl á milli þessara tveggja ríkisstofnana. Spurningin er sú hvort ríkið gæti beitt sér fyrir því að tekið væri á þessum málum heildstæðara en oft er gert. Ég hygg að margir ástæður séu fyrir því að það er ekki gert. Ein er einmitt sú að upphæðirnar eru oft svo litlar að mönnum finnst satt að segja ekki taka því að vera að leggja í sérstakt vesen út af þeim. En þegar menn sjá tölurnar svona samanlagðar eins og ég var að lesa upp áðan þá sést að margt smátt gerir eitt firnastórt stundum.

Fræðsla um kynferðisbrot, ein umr.

Fsp. GA, 321. mál. — Þskj. 563.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Af ærnu tilefni lagði ég fram margar og ítarlegar fyrirspurnir til fjögurra ráðherra um það hvað liði aðgerðum vegna tillagna nauðgunarmálanefndar, en hún skilaði niðurstöðum og tillögum til úrbóta í skýrslu til dómsmrh. í október 1988, eins og þingmönnum ætti nú að vera kunnugt. Síðan hefur lítið sem ekkert verið gert og var það einmitt tilefni fyrirspurnarinnar.

Hæstv. heilbrrh. og dómsmrh. svöruðu fsp. sínum í byrjun febrúar og forsrh. viku síðar. Þessi fsp. sem hér er borin fram tengist hinum efnislega en hún hefur beðið þar til nú vegna anna.

Það er skemmst frá því að segja að svör ráðherranna gáfu til kynna að harla lítið hefur í raun verið gert í þessum efnum. Hins vegar kom jafnframt í ljós að fsp. höfðu þegar hreyft við málinu og kynntu ráðherrar ýmsar fyrirætlanir sínar um samstarf ráðuneyta til að hrinda tillögum nauðgunarmálanefndar í framkvæmd og það hið fyrsta. Í þeim tillögum kom einmitt fram hve mikilvægt væri að fræða alla þá sem hlúa að fórnarlömbum kynferðisbrota. Það er í raun grundvallaratriði til að tryggja hugarfars- og viðhorfsbreytingu sem leiðir til árangursríkrar meðferðar. Almenn fræðsla um kynferðisbrot er líka nauðsynleg til að auka skilning manna á vanda þeirra sem verða fyrir kynferðisofbeldi en sérstaklega er þó mikilvægt að beina fræðslu og umræðu að ákveðnum markhópum eins og t.d. þeim sem nú eru að vaxa úr grasi og verða fullorðna fólkið og foreldrarnir í samfélagi morgundagsins.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 563:

„1. Hefur verið skipulögð sérstök fræðsla á vegum menntamálaráðuneytisins um kynferðisbrot, áhrif þeirra á brotaþola, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn slíkum brotum og meðferð þeirra?

2. Hefur menntamálaráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að slík fræðsla verði

a. hluti af grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og lögreglumanna,

b. hluti af reglubundinni endurmenntun þessara starfsstétta,

c. hluti af skyldunámi í framhaldsskólum?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir að bera fram þessa fsp. og vekja athygli á þessum málum. Það hefði auðvitað verið æskilegra að mér hefði verið gefinn kostur á því að svara henni fyrr þannig að hv. alþm. hefðu getað séð og heyrt svör allra ráðherranna í samhengi. Þess var því miður ekki kostur.

Í fyrsta lagi spyr hv. 6. þm. Reykv.: „Hefur verið skipulögð sérstök fræðsla á vegum menntmrn. um kynferðisafbrot, áhrif þeirra á brotaþola, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn slíkum brotum og meðferð þeirra?"

Svarið er þetta: Á síðasta ári var skipaður starfshópur á vegum menntmrn. til að gera tillögur um hvernig mæta megi illri meðferð á börnum, sérstaklega á grunnskólaaldri, ekki síst kynferðislegri misnotkun. Hópurinn skilaði tillögum sl. haust og eru þar m.a. gerðar tillögur um hvernig fara skuli með slík mál sem uppgötvast í grunnskólum og að skipuleggja fræðslu til að starfsfólk grunnskóla þekki einkenni á börnum sem sæta illri meðferð og hvernig bregðast skuli við. Þar var ekki síst verið að huga að sifjaspellsmálum.

Einnig lagði hópurinn til að stofnaður yrði sérstakur starfshópur á vegum ráðuneytisins til að skipuleggja kennslu og námsefni fyrir:

1. Kennaranema, þannig að kennsla um barnaverndarmál verði fastur liður í námi kennaranema í Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og víðar.

2. Starfandi kennara og annað starfsfólk skólanna. Gert er ráð fyrir að boðið verði upp á námskeið á þessu sviði, m.a. fyrir starfsfólk einstakra skóla eða fræðsluumdæma.

3. Námsefni fyrir börn í grunnskóla.

Þessi starfshópur verður myndaður núna á næstunni og er enn þá beðið eftir tilnefningum í hann frá örfáum aðilum.

Í nýrri aðalnámsskrá grunnskóla sem var gefin út sl. vor, 1989, er sérstakur kafli um kynfræðslu á bls.

175. Þar segir m.a.: „Markmið kynfræðslu eru einkum að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir, kynsjúkdóma og kynferðislegt ofbeldi."

Nú er að hefjast tilraunakennsla á nýju kynfræðslunámsefni fyrir efstu bekki grunnskóla er ber titilinn „Lífsgildi og ákvarðanir". Þar er lögð mikil áhersla á að kenna nemendum að standa gegn kynferðislegri áreitni, að virða hvert annað og að greina á milli jákvæðrar og neikvæðrar snertingar. Ákveðin gildi eru lögð til grundvallar námsefninu. Þau eru: Jafnrétti kynja, félagslegt jafnrétti, heiðarleiki, virðing, ábyrgð, sjálfsstjórn og orðheldni.

Allt sem hér hefur verið nefnt beinist að börnum á grunnskólaaldri. Ætlunin er að beina kröftunum að þeim aldurshópi fyrst og fremst um sinn en síðan mun ráðuneytið fyrir sitt leyti leggja áherslu á leikskóla- og framhaldsskólastigið þegar nokkur reynsla er fengin af þeirri vinnu sem nú er í gangi á grunnskólastiginu.

Þess má geta að Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, hefur sinnt þessum málum að eigin frumkvæði eins og kunnugt er.

Í öðru lagi spyr hv. 6. þm. Reykv.: „Hefur menntmrh. í hyggju að beita sér fyrir því að slík fræðsla verði

a. hluti af grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og lögreglumanna,

b. hluti af reglubundinni endurmenntun þessara starfsstétta,

c. hluti af skyldunámi í framhaldsskólum?"

Mitt svar er það að ég tel að það sé skylda menntmrh. að sinna öllum þessum málaflokkum sem hér eru nefndir. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Við höfum lagt megináherslu á að sinna grunnskólaþættinum eins og ég hef hér rakið. Auk þess er það þannig að fagmenntun lögreglumanna er ekki á vegum menntmrn., eins og hv. alþm. er kunnugt. Fagmenntun heilbrigðisstarfsfólks, þ.e. lækna og hjúkrunarfræðinga, fer hins vegar fram í Háskóla Íslands og sjúkraliðanám er kennt í fjölbrautaskólunum.

Þar sem starf að þessum málum í menntmrn. hefur aðallega beinst að grunnskólanemendum hefur ekki enn þá verið haft samband við læknadeild Háskólans og námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands. Hins vegar er skólahjúkrunarfræðingur með í starfshópi þeim sem núna er að hefja störf og starfshópurinn verður beðinn um að hafa samband við þær deildir í Háskóla Íslands sem mennta heilbrigðisstéttir og enn fremur við aðra skóla þar sem heilbrigðisstéttir eru við nám, eins og t.d. fjölbrautaskólana.

Hv. þm. spyr einnig sérstaklega um framhaldsskólana og að þeim málum verður unnið með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

Ég tel satt að segja að vinnubrögð stjórnkerfisins í þessum málum öllum séu til vansa og þau lýsi stjórnkerfinu ákaflega vel í raun og veru. Það er eitt ráðuneyti sem hefur þetta verkefni, sem heita menntamál, annað hefur heilbrigðismál og þriðja hefur félagsmál og fjórða hefur dómsmál o.s.frv. Og menn vinna í þessum ráðuneytum á grundvelli laga sem eru lögð til ráðuneytanna. Menn gera mjög lítið að því að vinna þvert á ráðuneyti, þverfaglega, mjög lítið að því. Þess vegna lendir málaflokkur af þeim toga sem hv. 6. þm. Reykv. hefur gert hér að umtalsefni, og oft áður í fyrirspurnatímum, í raun og veru á milli og týnist nema einhver sé til sem rekur á eftir stjórnkerfinu að vinna sín verk. Þetta kemur mjög víða fram, t.d. í þjónustu við unglinga, svo ég nefni dæmi, þar sem um er að ræða skyldur mjög margra ráðuneyta en samvinna þeirra er lítil sem engin.

Það er umhugsunarefni nú á tímum þegar við erum að fjalla um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands hvað má gera til þess að þessi slys eigi sér ekki stað aftur og aftur og aftur.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við spurningum mínum og sérstaklega fagna ég því sem verið er að gera í grunnskólanum því að það var löngu tímabært. Mjög miklu máli skiptir einmitt að fræða starfsfólkið í skólanum um þau einkenni sem greina má hjá börnum sem verða fyrir kynferðisofbeldi. Ég þakka honum einnig fyrir allt annað sem hann nefndi í því sambandi og ég ætla ekki að endurtaka hér.

Varðandi það sem hann vísar til um aðalnámsskrá grunnskólans og það sem hún segir um kynfræðslu er það allt af hinu góða. Hins vegar vil ég vekja athygli hans á því að í tvö kjörtímabil hefur Kvennalistinn einmitt vakið athygli á því með fsp., þáltill. og með öðrum hætti að kynfræðsla í grunnskólanum, þó hún sé í aðalnámsskrá, er í raun og veru ekki almennt framkvæmd. Það kom glögglega fram í svörum við fsp. hér á síðasta kjörtímabili. Þess vegna var einmitt samþykkt þál. um að gera verulegt átak í kynfræðslu í grunnskólum. Ég veit að ekki er ætlast til að hér sé spurt spurninga sem ekki standa skrifaðar á blaði, en þetta gefur tilefni til að spyrja: Verður þetta í raun framkvæmt? Fæst fé til að framkvæma þessa fræðslu eða ekki? Það skiptir öllu máli, þó nauðsynlegt sé að hafa góð markmið í aðalnámsskránni.

Ég vil líka leggja áherslu á það að ég held að afskaplega mikilvægt sé að taka framhaldsskólann inn í sem markhóp og þá með fræðslu sem fer fram á annan hátt og með öðrum áherslum en í grunnskólanum að sjálfsögðu. Varðandi fagskólana vil ég líka leggja áherslu á það, og biðja hæstv. menntmrh. um það, að ekki einungis þessi starfshópur veki athygli fagstéttanna á málinu. Það sem ég er í raun að spyrja um er hvort þessi fræðsla verði tekin upp sem hluti af grunnnámi og endurmenntun starfsstéttanna. Það er auðvitað atriði sem menntmrn. sem slíkt á ekki að hlutast til um, námsefni í skólum þessara stétta. Ráðuneytið getur hins vegar skrifað þeim bréf og spurt hvort þessi fræðsla fari fram í grunnnámi og sem endurmenntun, hvort forráðamönnum þessara skóla þyki ástæða til að taka hana upp. Ég býst við að

ráðuneytið hafi fullt leyfi og í raun skyldur til að gera slíkt.

Ég vil vekja athygli hv. þm., þeirra sem hér eru staddir nú, á að í dag er 8. mars, alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Tilefnin til kvennabaráttu virðast því miður sígild og mjög erfið viðureignar. Þó ýmislegt hafi áunnist á undanförnum árum miðar samt grátlega hægt, finnst manni stundum.

Konur eiga við hugarfar og hugmyndafræði að glíma sem stendur styrkum fótum á afar gömlum merg hefðanna. Þær una ekki þeim órétti og þeirri lítilsvirðingu sem þær eru beittar og sem betur fer eru æ fleiri sem vísa henni á bug. Sú lítilsvirðing sem e.t.v. verður minnst mest á í dag í tilefni af þessum degi er sú lítisvirðing sem konum er sýnd á vinnumarkaði og felst í því að greiða þeim lægri laun en körlum. Hún er auðvitað óþolandi. Hins vegar er sú niðurlæging og sú lítilsvirðing sem konunni er sýnd sem manneskju og felst í kynferðislegu ofbeldi, sem einmitt hefur verið til umræðu að undanförnu, kannski ljótasta hliðin á þeirri hugmyndafræði og því hugarfari sem konur þurfa að etja kappi við á hverjum degi og sumar af miklum vanmætti. Þess vegna er mikilvægt að fræða alla í þjóðfélaginu, hæstv. menntmrh., til að reyna að breyta þeim viðhorfum sem eru grundvöllur fyrir kúgun manneskjunnar, þeirrar manneskju sem er kona.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil bara vekja athygli á því sem hefur kannski farið fram hjá hv. þm. í svari mínu áðan að nýtt námsefni hefur verið útbúið, kynfræðslunámsefni fyrir grunnskóla, og verið er að kenna það núna í mörgum grunnskólum. Ég tel mjög mikilvægt að það sé haft í huga. Jafnframt hef ég hagað orðum mínum með ónákvæmum hætti ef hægt væri að skilja þau þannig að ég hafi verið að tala um að beina áróðri eða fræðslu að þeim sem nú starfa í viðkomandi grein, hvort það eru lögreglumenn eða læknar, eða hver sem er. Ég var auðvitað að tala um skólana líka, námið í Háskóla Íslands, í Kennaraháskólanum, í Lögregluskólanum, sem þarf að taka til athugunar með hliðsjón af því alvarlega vandamáli sem hv. 6. þm. Reykv. hefur rækilega vakið athygli á hér.

Ég get út af fyrir sig tekið undir hvert einasta orð sem hún sagði hér áðan og tel mjög nauðsynlegt að hv. Alþingi sé allt vakandi í þessu efni og menn sýni málinu áhuga og fylgi hlutunum eftir af krafti því ég er sannfærður um að skilningur á þessum vanda er fyrir hendi. Stóri vandinn er hins vegar sá að mjög víðtæk trúarvakningar- og áróðursherferð þarf að eiga sér stað. Það tekur kannski eins og eina öld í viðbót eða svo að breyta því hugarfari sem er grundvöllur þeirra vandamála sem við erum hér að tala um og hv. 6. þm. Reykv. rakti með svo ágætum hætti hér áðan.

Könnun á olíu í jörðu við Axarfjörð, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 375. mál. — Þskj. 643.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hvar skipar iðnaðarráðherra því í framkvæmdaröð að láta kanna hvort olía er í jörðu við Axarfjörð?"

Eins og hæstv. iðnrh. er kunnugt um hefur fundist þar jarðgas. Þegar lagt er mat á hvort gasið hafi inni að halda efni sem bendir til þess að olía sé í jörðu hefur m.a. verið metið hversu mikið af þungu gasi er um að ræða. Mér hefur verið sagt að ef hlutfallið af þungu gasi nái 5% sé almennt viðurkennt að hefja beri rannsóknir á því hvort um olíu sé að ræða. Mér hefur einnig verið sagt að þarna sé hlutfallið af þungu gasi e.t.v. nálægt því að vera 16%. Ég tel þess vegna að það sé mjög áhugavert verkefni hjá iðnrn. að láta rannsaka þetta og e.t.v. leita eftir samstarfsaðila sem hefði áhuga á slíkum rannsóknum.

Ég tel að þó að það sé kannski ríkt í huga okkar flestra að gera ekki ráð fyrir því að olía finnist á Íslandi þá sé ekkert sem segi að í þeim miklu setlögum sem eru norður af landinu og ná undir þetta svæði séu ekki olíulindir.

Hvatinn að þessari fsp. er þess vegna þær upplýsingar sem fyrir liggja og einnig hitt að mér finnst nauðsynlegt að iðnrh. móti stefnu í þessu máli og Alþingi geti metið það út frá slíkri stefnu við afgreiðslu fjárlaga næst hvernig taka beri á þessu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Vestf. spyr mig hvar því sé skipað í framkvæmdaröð að láta kanna hvort olía sé í jörðu við Öxarfjörð. Þetta gefur mér tækifæri til að skýra frá þeim rannsóknum sem unnið hefur verið að undanfarin þrjú ár til að meta náttúruleg skilyrði til fiskeldis í Öxarfirði. Þær rannsóknir hafa leitt í ljós að allmikinn jarðhita er að finna undir söndunum fyrir botni fjarðarins. Háhitasvæði er við Bakkahlaup, lághitasvæði við Skógarlón og vísbendingar um annað lághitasvæði austarlega í Öxarfirði. Enn fremur rennur mikið ferskvatn til sjávar um sandana. Fiskeldisstöðvar á svæðinu nýta þessar auðlindir þegar að nokkru leyti.

Í fyrra sumar sendi Orkustofnun ráðuneytinu greinargerð með hugmyndum um frekari rannsóknir á auðlindum í Öxarfirði. Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi virðulegs forseta: „Auk jarðhitans hefur komið í ljós að heita vatninu fylgir örlítill vottur af lífrænu gasi sem frumrannsóknir sýna að sé hliðstætt því sem fylgir olíulindum í jörðu. Ekki er þar með sagt að umtalsverðar olíulindir sé að finna undir söndum Öxarfjarðar heldur einungis að þar sé til staðar a.m.k. hluti þeirra skilyrða sem þurfa að vera til að olíulindir geti myndast í jörðu."

Síðar í þessari sömu greinargerð segir:

„Lífrænu gastegundirnar í Öxarfirði myndast vegna áhrifa jarðhita eða jafnvel kvikuinnskots á

lífrænt efni í setlögum. Út frá almennum jarðfræðilegum forsendum er fremur ólíklegt að þar hafi myndast olía eða gas í vinnanlegu magni."

Þetta eru hinar fræðilegu útlistanir á gasfundinum í Öxarfirði. Hins vegar er það rétt hjá hv. fyrirspyrjanda og Orkustofnun er þeirrar skoðunar að ástæða sé til þess að fylgja þessum gasfundi eftir með frekari rannsóknum þar sem slíkar rannsóknir gætu haft mikla þýðingu fyrir mat á líkum þess að olíu eða gas sé að finna í þeim þykku setlögum sem eru undan Norðurlandi og eru ein af jarðfræðilegum forsendum olíulinda hvar sem þær er að finna á jörðinni. Ég minni á boranir sem gerðar voru í Flatey á Skjálfanda fyrir nokkru.

Í greinargerð Orkustofnunar er lagt til að gerð verði þriggja ára áætlun um rannsóknir á jarðhita, gasi og setlögum í Öxarfirði. Tillaga Orkustofnunar er að þessi áætlun taki til áranna 1990–1992. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að fyrsta árið verði framkvæmdar fimmþættar rannsóknir.

Í fyrsta lagi, og það er mikilvægt, að rannsaka efnasamsetningu gassins ítarlegar en gert hefur verið.

Í öðru lagi að greina sýni úr skeljalögum úr grunnum borholum en það er hugsanlegt að gasið eigi upptök sín í þeim.

Í þriðja lagi að ljúka úrvinnslu jarðeðlisfræðilegra mælinga sem gerðar voru árið 1987 í samvinnu við vísindamenn í Sovétríkjunum.

Í fjórða lagi að endurskoða úrvinnslu úr setþykktarmælingum sem gerðar voru af bandarísku olíuleitarfyrirtæki, Western Geophysical Incorporated, árið 1978 til að kanna hvort þykk setlög í Öxarfjarðardjúpi gangi inn undir landið.

Í fimmta lagi að staðfesta með viðnámsmælingum hvort jarðhitasvæði er austast í Öxarfirði og kanna útbreiðslu þess.

Það er áætlun Orkustofnunar að samtals þyrfti að verja til slíkra rannsókna á þessu ári rúmlega 4 millj. kr. Þar af er rúmlega 1 millj. eingöngu vegna rannsókna á jarðhita.

Á verkáætlunum Orkustofnunar fyrir yfirstandandi ár er ekki gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verks en þar er hins vegar nú gert ráð fyrir því, m.a. vegna áhuga sem ráðuneytið og þingmenn kjördæmisins hafa sýnt, að það verði unnið að liðum 3 og 4 í þeirri áætlun sem ég lýsti áðan, þ.e. að ljúka úrvinnslu hinna jarðeðlisfræðilegu athugana sem gerðar voru árið 1987 í samvinnu við sovéska vísindamenn og að vinna úr gögnum bandarísku fyrirtækisins frá árinu 1978 til að kanna betur jarðeðlisfræðilega setlögin í Öxarfjarðardjúpi.

Ég geri ráð fyrir því að þetta verði gert og hafist handa við bæði verkin innan skamms. Hins vegar er ekki fé til að framkvæma þessa áætlun að öllu leyti. Á öðru ári þessarar áætlunar er gert ráð fyrir tveimur verkþáttum enda reynist niðurstöður úrvinnslurannsóknanna jákvæðar. En það er mikilvægast að fara fyrst í hina fræðilegu umgjörð. Síðan er gert ráð fyrir endurkastsmælingum, bergmálsdýptarmælingar mætti kalla þær eða ómskoðanir, til að afla nákvæmari upplýsinga um gerð og þykkt setlaganna og svo að bora rannsóknarholu í jarðhitakerfi austurhluta Öxarfjarðar. Slíkar rannsóknir mundu kosta a.m.k. 20 millj. kr. Í þær rannsóknir verður ekki ráðist án sérstakrar fjárveitingar. Loks er svo á þriðja ári gert ráð fyrir úrvinnslu úr bergmálsmælingunum, endurkastsmælingunum og er kostnaður áætlaður um 5 millj. kr. Ég hef hug á því að fylgja þessari rannsóknaráætlun Orkustofnunar eftir. En að sjálfsögðu verður framhaldið að ráðast af niðurstöðum undirstöðurannsókna.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að setja fram þessa fyrirspurn og hv. iðnrh. svarið. Ég flutti hér við afgreiðslu fjárlaga till. um 10 millj. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis en sú till. hlaut ekki náð fyrir augum þingmanna þá. Eitt kemur mér á óvart í svari hæstv. ráðherra. Ég stend í þeirri trú að það liggi nokkuð fyrir um þykkt setlaganna þarna. Hún er eitthvað á annan kílómetra og ef ég hef tekið rétt eftir þá er það niðurstaða sem kom fram af athugunum Rússa á undanförnum árum.

Ég er alveg sannfærður um að ef þetta gas hefði fundist annars staðar en þarna á Norðurlandi þá væri búið að athuga meira í því máli en gert hefur verið. Því miður er enginn tími til að ræða þetta en þetta er mál sem verður að taka á. Þarna virðast vera möguleikar og það er athyglivert að þetta gas er með öllum þeim efnum sem finnast á olíusvæðum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans svar. Mér er ljóst að hann hefur nú þegar hert tökin á því að skipulega verði að þessum málum staðið. Ég tel gjörsamlega óverjandi annað en að þessum rannsóknum verði hraðað og ég ítreka það að ég tel eðlilegt að leitað verði eftir samstarfsaðila. Og ég undirstrika það sérstaklega sem fram kom í hans máli að ef hin þykku setlög út af Axarfirði ná undir þetta landsvæði þá gæti rannsókn á þessu svæði líka haft mikið forsagnargildi um líkurnar á því að olía væri undan ströndinni. Þess vegna er hér ekki verið að tala um litla hluti. Hér er e.t.v. verið að tala um stærri auðlindir en nokkrar aðrar sem þetta land hefur upp á að bjóða. Við höfum einfaldlega ekkert kannað þetta og vitum þess vegna ekki hvaða möguleikar eru til staðar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka aftur fyrir þetta tækifæri til þess að ræða þetta áhugaverða rannsóknarverkefni. Það er rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það var ekki unnt að fá til þessa verks svo ríflega fjárveitingu sem hann gerði till. um. Hins vegar, eins og kom fram í mínu máli, er nú unnið að úrvinnslu úr þyngdar- og hljóðhraðamælingum sem unnar voru í samvinnu við sovéska vísindamenn á árinu 1987. Það verður farið til þess að endurskoða úrvinnslu úr setþykktarmælingum sem gerðar voru af bandarísku

olíuleitarfyrirtæki árið 1978 til þess að kanna þykkt setlaganna í Öxarfjarðardjúpinu og hvort og hversu langt þau ganga inn undir land en það er afar mikilvægt eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf. Þetta eru áhugaverð viðfangsefni og ég tek undir það með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað að það er full ástæða til þess að fylgja þessum rannsóknum eftir. Eins og jafnan er hér um að tefla hversu hratt menn geta farið fjármunanna vegna. Ég tel ekki tímabært að leita eftir samstarfsaðila í málinu, eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf., fyrr en við höfum unnið úr þessum grundvallarrannsóknum og látið fara fram efnarannsóknir á gasinu, ítarlegri en til þessa hafa farið fram, og unnið að jarðlagagreiningu. Þetta eru allt saman verkefni sem ég vil að fái sinn stað í rannsóknaráætlun Orkustofnunar á þessu og næsta ári og mun semja fjárveitingatillögur í samræmi við það.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, bæta því við að mér finnst það ekki makleg orðsending frá hv. 6. þm. Norðurl. e. að halda því fram að slík rannsókn hefði að sjálfsögðu farið fram hefði þessi gasfundur verið annars staðar á landinu. Þetta er órökstutt og ómaklegt.

Þróunarsjóður lagmetis, ein umr.

Fsp. ÁHE, 340. mál. — Þskj. 591.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Það hefur verið heldur stormasamt í kringum lagmetisiðnaðinn upp á síðkastið. Komið hefur í ljós að Sölustofnun lagmetis á undir högg að sækja. Það hefur verið mikill taprekstur hjá stofnuninni. Og stærsti framleiðandi lagmetis innan vébanda þessarar stofnunar K. Jónsson á Akureyri, hefur sagt skilið við hana og hyggur á að selja upp á eigin spýtur í framtíðinni. Þess vegna velta lagmetismenn því fyrir sér í dag hverjir hafa fengið úthlutað úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins frá stofnun hans. Hve oft og hvaða fjárhæð fór til hvers aðila? Þetta eru þær spurningar sem ég leyfi mér að leggja fyrir hæstv. iðnrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn hv. 16. þm. Reykv. er að mínu áliti þess eðlis að henni verður best svarað skriflega. Ég mun þess vegna ekki geta gert grein fyrir í nákvæmum atriðum svörum við þeim spurningum sem hann bar hér fram.

Ég ætla hins vegar að fara nokkrum almennum orðum um starfsemi Þróunarsjóðs lagmetis og gefa hugmyndir um þá fjármuni sem þar hefur verið ráðstafað með styrkjum eða lánum en býðst til að svara hv. þm. með öðrum hætti utan þingfundar. Enda er í ýmsum greinum um það að tefla að ekki er heppilegt að gefa upplýsingar um lán eða fjárveitingar til einstakra manna eða fyrirtækja en ég vonast til þess að í mínu svari geti komið fram nokkur meginatriði í málinu sem veiti upplýsingar sem gildi hafa fyrir meðferð þess síðar.

Þróunarsjóðurinn hóf sín störf árið 1973 og hann hefur það að markmiði að efla lagmetisiðnaðinn með óendurkræfum styrkjum og lánum á hagkvæmum kjörum til að stuðla að tæknilegri uppbyggingu á þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Ráðstöfun fjár úr Þróunarsjóðnum má skipta í fimm megingreinar.

1. Kostnaður sem Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins greiddi í upphafi vegna uppbyggingarstarfs.
2. Styrkir til framleiðenda vegna tæknilegrar uppbyggingar, vöruþróunar og vinnsluaðferða hjá þeim og samtökum þeirra.
3. Lán vegna sömu verkefna.
4. Styrkir vegna markaðsöflunar erlendis.
5. Lán til markaðsöflunarstarfa.

Eðlilega var fyrstu árin fyrst og fremst um kostnað vegna uppbyggingarstarfs að ræða. Sá kostnaður var á árunum 1973–1977 363.677 kr. á verðlagi þess tíma — ég mun síðar gefa hv. þm. verðtryggðar tölur um þessi málefni.

Styrkir vegna tæknilegrar uppbyggingar hafa verið greiddir flest árin sem sjóðurinn hefur starfað. Árið 1973 námu styrkirnir 6.800 kr., árið 1974 5 þús. kr., fer síðan hækkandi og er orðið 1914 þús. kr. árið 1986 og 1140 þús. árið 1988. Heildarstyrkir frá upphafi eru 6 millj. kr. rúmlega á verðlagi hvers árs.

Lán vegna tæknilegrar uppbyggingar voru veitt í fyrsta skipti árið 1982 og það ár voru lánaðar 472 þús. kr., síðan 1 millj. kr. árið 1983, síðan 3,6 millj. kr. árið 1987 og loks 8 millj. kr. rúmlega árið 1988. Heildarlánveitingar úr sjóðnum nema á þessum árum 19,3 millj. kr.

Styrkir vegna markaðsöflunar hafa verið veittir öll árin frá 1974. Þá 9.583 kr., síðan nokkuð stöðugt hækkandi og árið 1986 11 millj. kr. rúmlega, árið 1987 tæplega 12 millj. kr. og árið 1988 tæplega 23 millj. kr. Heildarstyrkir nema frá upphafi 63,4 millj. kr.

Lán vegna markaðsöflunar hefur aðeins verið veitt árið 1988 og þá 11,3 millj. kr. til Sölusamtaka lagmetis. Heildarráðstöfun Þróunarsjóðsins til styrktar lagmetisiðnaðinum er á árunum 1973 til ársloka 1988 rúmlega 100 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Það er ekki unnt að nafngreina hér sérhvern aðila sem fengið hefur styrk úr sjóðnum á umræddu tímabili, enda mundi það skipta tugum og rétt að gæta ákveðins trúnaðar varðandi slíkar upplýsingar eins og ég hef þegar nefnt.

Langstærsti og tíðasti styrk- og lánþeginn eru Sölusamtök lagmetis. Ef ég tek árið 1988 sem dæmi þá námu styrkir til Sölustofnunar lagmetis um 20 millj. kr. af þeim 23 millj. kr. tæplega sem veittar voru. Þessum styrk var varið til markaðsaðgerða í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. En styrkir til vöruþróunar námu á því ári um 1 millj. kr. Lánveitingar til tæknilegrar uppbyggingar og þróunar vinnsluaðferða námu þá um 8 millj.

Ég vil láta þess getið að ég læt nú fara fram endurskoðun á starfi Þróunarsjóðs lagmetis og gagnsemi hans. E.t.v. væri réttast að hverfa frá þessari

starfsemi og hætta gjaldtöku af útflutningi vegna hans. Reyndar var það svo að þegar sjóðakerfi sjávarútvegsins var endurskoðað og að mestu aflagt árið 1986 þá var af einhverjum ástæðum Þróunarsjóður lagmetis ekki þar með. Ég tel kominn tíma til að huga að því og e.t.v. skipta sjóðnum milli aðildarfyrirtækjanna, ekki síst vegna þeirra atburða sem hv. 16. þm. Reykv. nefndi hér áðan að orðið hefðu innan þess félagsskapar.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör. Það er rétt að spurningin er flókin. Það er kannski ekki einfalt að svara þessu. Ég held þó að kjarni málsins sé sá að hæstv. iðnrh. sér að það þarf að endurskoða þennan sjóð og hann hefur lýst því hér yfir að það sé á hans verkefnaskrá. Eins og hæstv. ráðherra benti á er engin sanngirni í því að aðeins ein útflutningsgrein borgi í sjóð af þessu tagi í sjávarútvegi þegar aðrar hafa hætt greiðslum.

Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Ég vonast til þess að fá frá honum lista yfir lán og styrki til stærstu styrkþeganna úr sjóðnum. Það hefur þegar verið upplýst að það er Sölustofnun lagmetis, og læt ég alla frekari umræðu bíða þangað til ég fæ þá skýrslu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem er vissulega athyglisverð og einnig fannst mér svar hæstv. ráðherra athyglisvert þar sem hann í raun skoraðist undan því að svara fyrirspurninni. Það er minn skilningur að þegar forsetar Sþ. hafa leyft fyrirspurn sé það jafnframt skilyrði að ráðherra sé kleift að svara henni, hann hafi möguleika á því og reyndar beri að svara henni. Nú hefur ráðherra hins vegar boðist til að svara þessu utan þings, að hvísla þessu í eyra hv. fyrirspyrjanda. Ég get ekki sætt mig við slíkt svar. Ég tel að það eigi ekki að vera mál þessara tveggja hv. þm. að fara með þessar upplýsingar og fer fram á svör. Ef hv. fyrirspyrjandi breytir þessu ekki í skriflega fyrirspurn mun ég gera það sjálfur vegna þess að ég tel að svona svör veki grunsemdir um að ekki sé allt hreint í pokahorninu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég leit svo sannarlega á að það skriflega svar sem ég bíð eftir væri svar sem allur þingheimur fengi sem um skriflega fyrirspurn væri að ræða og hef það eftir hæstv. iðnrh. að hann telji eðli fyrirspurnarinnar þannig, sem ég er alveg sammála. Þetta er fyrirspurn sem er erfitt að svara munnlega, þetta er langur lestur og upptalning, þannig að ég tel að spurningunni hafi verið breytt úr munnlegri og yfir í skriflega fyrirspurn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til þess að lengja þessi orðaskipti um fyrirspurn hv. 16. þm. Reykv. Ég vil eyða áhyggjum hv. 5. þm. Vesturl. af því að hér hafi einhver leyndarmál verið í bland við svarið. Það var ekki. Spurningarnar eru einfaldlega þess eðlis að það er ókleift að svara þeim munnlega samkvæmt þeim þingsköpum sem við störfum eftir.

Mitt stutta svar þar sem ég tæpti á nokkrum heildarstærðum fór fram úr tímanum eins og þingmenn urðu vitni að. Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti ljúka þessum orðaskiptum með því að bjóðast til að leggja fram skriflegt svar við þessari fyrirspurn með þeim hætti sem unnt er vegna trúnaðar sem ríkja þarf um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja, en hægt verður að gera spurningunum betri skil skriflega og ekki síst þar sem ljóst er að langoftast og langstærst eru viðskipti Þróunarsjóðsins við samtök framleiðenda, upphaflega Sölustofnun lagmetis, síðar Sölusamtök lagmetis, en reyndar er þarna margt annað sem hægt er að upplýsa betur skriflega.

Sjónvarpssendingar á fiskimiðin, ein umr.

Fsp. ÁHE, 368. mál. — Þskj. 629.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Sjónvarp og sími eru sennilega þau þjónustutæki sem við getum síst verið án í dag. Bæði eru þetta ríkisfyrirtæki og ekki um neina samkeppni að ræða fyrr en núna á allra síðustu árum að Ríkissjónvarpið hefur fengið nokkra samkeppni og er það vissulega af hinu góða.

Þjónustueðli sjónvarps og síma er slíkt að mikið hagsmunamál er að allir landsmenn geti notið þessara tækja og sérstaklega á það við um sjómenn á bátum flotans sem eru á veiðum kringum landið. Hins vegar eru stórir fletir á hafinu þar sem hvorki sími né sjónvarp næst. Öryggisleysið er mikið sem því fylgir, sérstaklega í sambandi við símann, en sjónvarpið líka þó það hafi kannski fyrst og fremst afþreyingargildi. Sjómenn vilja fylgjast með því sem er að gerast. Sérstaklega vekur það mikinn áhuga þegar landsleikir eru í sjónvarpi og annað slíkt efni eins og fegurðarsamkeppnir. Þá hópast oft bátar saman á litlu svæði þar sem hægt er að ná efninu. Því spyr ég hæstv. samgrh.:

„1. Hvað kostar að efla dreifikerfi ríkissjónvarpsins þannig að sjónvarpssendingar náist á helstu fiskimiðunum umhverfis landið?

2. Eru áætlanir í bígerð þar að lútandi?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt svartillögu samgrn. við fyrirspurn hv. 16. þm. Reykv. kemur þetta fram:

„1. Áætlun um dreifingu sjónvarpssendinga á fiskimiðin umhverfis landið hefur ekki verið gerð síðan 1974. Í skýrslu sem menntmrn. gaf út 29. nóv. 1974 er sýndur sá viðauki við þáverandi dreifikerfi og til hvaða svæða sjónvarpsmerkið næði. Síðan hefur dreifikerfið verið stækkað, en sá viðauki hefur þó óverulega beinst að fiskimiðunum nema þeim sem

næst ströndum liggja. Því má segja að forsendur aðrar en kostnaður standist að mestu leyti. Kostnaður á verðlagi 1974 [sem ég veit að segir hv. þm. ekki mjög mikið] var áætlaður 650 millj. kr.

2. Þar sem allt dreifikerfi sjónvarps og útvarps er í eigu Ríkisútvarpsins og það hefur verið byggt upp og rekið á þess kostnað liggur ákvörðunartaka um stækkun kerfanna ekki hjá Póst- og símamálastofnun né hjá samgrn."

Í framhaldi af þessari snubbóttu svartillögu óskaði ég eftir frekari upplýsingum um þetta mál í menntmrn. og þar kemur það fram í bréfi sem skrifað var til útvarpsstjóra 16. des. 1988 að kostnaður við sjónvarp til sjómanna, eins og það er orðað, er talinn vera á verðlagi þá 490 millj. kr. Í þessu bréfi til útvarpsstjóra segir svo, með leyfi forseta:

„Í áætlun um dreifingu sjónvarps til sjómanna er gert ráð fyrir aflmiklum sendum sem ná munu um 25–50 sjómílur út fyrir grunnlínu landhelginnar. *Stofnkostnaður þessarar áætlunar er um 490 millj.* kr. Upphafleg áætlun sem er frá 1974 og er óendurskoðuð var síðast send ráðuneytinu 28. apríl 1988. Af fjárhagsástæðum hefur áætlun um framkvæmdir við þetta viðamikla verkefni fram að þessu ekki verið tímasett en auk stofnkostnaðar mundi fylgja um tvöföldun á núverandi rekstrarkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins sem er áætlaður um 34 millj. kr. á ári."

Við þetta er svo því að bæta, virðulegi forseti, að á þessum málum hefur sérstaklega verið tekið í *menntmrn. í framhaldi af þál. sem samþykkt var á* Alþingi 11. maí 1988 þar sem segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við það að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Fyrrv. menntmrh. fól Ríkisútvarpinu að vinna að *þessari áætlun með bréfi dags. 22. júlí 1988.* Þegar ég kom þarna til verka og menn fóru að líta á útvarpslögin og sérstaklega þær óskir sem uppi eru um að dreifikerfið nái víðar um landið og þó einkum og sér í lagi og ekki síst til fiskimiðanna skrifaði ég Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu bréf þann 3. febr. 1989 sem er á þessa leið:

„Menntmrn. hefur ákveðið að skipa sérstakan starfshóp til þess að fjalla nánar um dreifingu og útsendingar Ríkisútvarpsins í tilefni af þingsályktun *samþykktri á Alþingi hinn 11. maí sl. sem er á þessa* leið:" og svo fylgir tillagan sem ég las áðan. Síðan segir í þessu bréfi:

„Af hálfu Ríkisútvarpsins hefur slík kostnaðar- og framkvæmdaáætlun verið samin að beiðni ráðuneytisins [en það er sú áætlun sem ég var að vitna hér í áðan]. Menntmrn. telur heppilegt að áætlun um framangreint efni verði athuguð nánar í samráði við fulltrúa samgrn. og Póst- og símamálastofnunar. Er því þess hér með farið á leit við Póst- og símamálastofnun" o.s.frv. að hún tilnefni af sinni hálfu fulltrúa til þess að taka þátt í starfi framangreinds starfshóps. Í honum verða fulltrúar frá menntmrn., Ríkisútvarpi, samgrn. og Póst- og símamálastofnun. Og það er skemmst frá því að segja að þessi hópur er um það bil að taka til starfa og það er ómögulegt að neita því að þessi fyrirspurn hv. 16. þm. Reykv. hafði áhrif á það að menn fóru að sinna þessu verki af meiri krafti en ella hefði verið. Það eru þannig uppi áform um að sinna þessu máli með því að gera framkvæmdaáætlun *til nokkurra ára um eflingu þessa kerfis.* Forsenda hennar er svo aftur á móti sú að Alþingi sjái til þess við afgreiðslu fjárlaga á hverjum tíma að það verði til þess fjármunir hjá Ríkisútvarpinu að framkvæma þessi verk. Þau eru dýr því að eins og fram kom hjá mér áðan kostar það um hálfan milljarð kr. að koma á dreifikerfi fyrir sjónvarp þannig að það nái til allra fiskimiðanna í kringum landið.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég kveð mér hljóðs hérna vegna þess að þann 5. maí 1988 flutti ég nákvæmlega samhljóða fyrirspurn og fékk mjög svipuð svör við henni og hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson fær nú. En það sem vekur athygli mína í svarinu frá 5. maí er að þar gerir ráðherrann ráð fyrir að áætlaður heildarkostnaður vegna úrbóta í þessum efnum muni vera um 430 millj. kr. Nú kemur ráðherrann með tölur sem voru útreiknaðar sex mánuðum síðar, í desember 1988, og þá hefur heildarkostnaðurinn hækkað upp í 490 millj. Á sex mánuðum hefur hann hækkað um 10 millj. á mánuði eða um 60 millj. kr. Þetta vekur auðvitað upp spurningar um áætlanagerð hjá ríkisvaldinu yfir höfuð, að á sex mánuðum skuli sami liður, sami heildarkostnaður, vaxa um 60 millj. kr. Hygg ég að það fylgi ekki almennri efnahagsþróun í landinu.

Að öðru leyti tek ég að sjálfsögðu undir efni þessarar fyrirspurnar og vonast eftir því að hugur ráðherrans fái að verða að veruleika sem allra fyrst. Þó var það mat manna í maí 1988 að þetta væri svo dýrt að það yrði að bíða betri tíma.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa stuttu umræðu. Ég vil sérstaklega þakka ráðherranum greinargóð svör. Hann talaði hér tungum tveim í rauninni því hann talaði bæði fyrir ráðherrann sem spurður var og síðan bætti hann við því sem upp á vantaði frá sínu eigin ráðuneyti. Mér þykir þetta gott. Ráðherra hefur svarað vel í dag. Hann hefur ekki klikkað á smáatriðunum.

Eins þakka ég hv. þm. Inga Birni Albertssyni fyrir hans innlegg. Þetta er þarft mál, en ljóst er að upphæðir þær sem hér um ræðir eru það háar að enn gæti orðið einhver bið á því að hafist verði handa.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Aðeins út af orðum hv. 5. þm. Vesturl.: Þetta mál er þannig vaxið að í desember

1988 var gerð áætlun og samkvæmt henni vantaði um 40 millj. kr. á verðlagi þess tíma upp á það að sjónvarpið næði til allra byggðra staða á landinu. Sveitabæir sem ekki náðu sjónvarpi þá eða bjuggu við léleg móttökuskilyrði voru 80 talsins þannig að kostnaður á hvern bæ var um ½ millj. kr. Í öðru lagi taldi Ríkisútvarpið á þeim tíma að kostnaðurinn við að dreifa sjónvarpsefni til sjómanna á hafi úti þannig að skaplegt væri væri 490 millj. kr. Í þriðja lagi var gerð sérstök athugun á kostnaði við að bæta FM-dreifikerfi Rásar 1 og Rásar 2. Áætlaður stofnkostnaður við endurbætur á því var um 34 millj. kr., en þá var talið að um 2000 manns næðu ekki útsendingum Rásar 2 og að um 25 senda þyrfti til þess að ná til þessara 2000 Íslendinga. Auk þess var fjallað um það í þessari áætlun að endurbyggja og endurnýja þyrfti lang- og miðbylgjustöðvarnar vegna útvarps til sjómanna. Langdýrasti þátturinn þar er endurbætur og í raun og veru algjör endurnýjun á langbylgjusendinum á Vatnsenda. Kostnaður við það og langbylgjustöðvar í framhaldi af breytingum á stöðinni er talinn vera 420 millj. kr. Þegar allt þetta var lagt saman var talið, á verðlagi í desember 1988, að heildarkostnaður við að ná öllu landinu, byggðu bóli hvarvetna og landhelginni allri og reyndar rúmlega það, væri 1100 millj. kr. Þegar ég sá þessa áætlun fannst mér það liggja nokkuð í augum uppi að vafasamt væri að menn réðu við þessar endurbætur á mjög stuttum tíma, þ.e. fyrir árslok 1991 eins og Alþingi tók ákvörðun um með þál. 1989. Þess vegna bað ég um það að þessar framkvæmdaáætlanir yrðu allar endurskoðaðar með hliðsjón af m.a. þeirri fjárhagsgetu sem ætla má að Ríkisútvarpið hafi í þessu sambandi.

Leikskólar, ein umr.

Fsp. SLB, 381. mál. — Þskj. 656.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Það lætur nærri að fjórða hver fjölskylda í landinu sé með börn á forskólaaldri. Með aukinni atvinnuþátttöku foreldra utan heimilis vex vitaskuld þörfin fyrir góða dagvistun fyrir börnin. Samkvæmt lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar virðast 65–70% mæðra og 94% feðra forskólabarna stunda launavinnu í dag. Í stuttu máli má segja að það þurfi að tvöfalda umfang dagvistarkerfisins fyrir börn til að koma til móts við þarfir yngstu samborgara okkar. Í barnaskap mínum trúði ég því að hæstv. ríkisstjórn hygðist bæta aðbúnað þessara barna sem eru um það bil 12% þjóðarinnar einkanlega þar sem ég átti sæti í nefnd á vegum menntmrn. sem var sérstaklega falið að vinna frv. til laga um leikskóla. Við skiluðum af okkur fyrir síðustu jól og lagði ráðherra menntamála ofurkapp á að svo yrði. Síðan hef ég ekkert frétt af afdrifum frv. en það liggur þó ljóst fyrir að það hefur ekki verið lagt fram hér á Alþingi. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

„1. Hyggst menntmrh. leggja fram frv. til laga til úrbóta í dagvistarmálum barna á yfirstandandi þingi?

2. Ef svo er hvenær má vænta þess að það verði?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda þá hefur á vegum menntmrn. verið unnið að frv. um leikskóla nú um nokkurt skeið. Þetta frv. og þessi vinna byggist á ákvæði í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar þar sem segir: „Sett verði löggjöf um forskólastigið.“ Þessi vinna hófst snemma á árinu 1989, ég hygg í janúar eða febrúar. Fjölmenn nefnd vann að tillögugerð um málið og skilaði mér í nóvember eða desember tillögum að tveimur lagafrv. Annars vegar frv. til laga um leikskóla og hins vegar frv. til laga um fjármögnun leikskóla.

Fyrra frv. fjallar um innra starf leikskólans og gerir ráð fyrir því með hvaða hætti menntmrn. hefur með að gera og stýrir hinum uppeldislegu þáttum sem hljóta að vera grundvallaratriðið í starfsemi leikskólanna í landinu.

Hitt frv. gerði ráð fyrir því að aflað yrði sérstakra fjármuna til þess að aðstoða sveitarfélögin við það að byggja upp leikskólakerfi í landinu að því marki að unnt væri að bjóða öllum börnum, þar sem sérstaklega væri óskað eftir því, vist í leikskóla. Rökin fyrir þessu eru augljós. Þau eru þau að fyrir mörgum áratugum var sú kvöð lögð á allar fjölskyldur í landinu svo að segja, allar fjölskyldur í landinu, að báðir foreldrar, þar sem tveimur er til að dreifa, ynnu utan heimilis frá börnum sínum á sama tíma og það liggur hins vegar fyrir að þjóðfélagið hefur ekki nema í undantekningartilvikum eða kannski ekki einu sinni í einu tilviki af hverjum tveimur komið til móts við þarfir þeirra barna sem hér um ræðir.

Það er líka augljóst mál að þrátt fyrir ákvarðanir um breytta verkaskiptingu sveitarfélaga munu sveitarfélögin ekki að óbreyttum tekjustofnum geta uppfyllt þær þarfir sem hér er um að ræða og eru þarfir barnanna eins og hv. 12. þm. Reykv. gat um hér áðan. Þess vegna verða að koma til viðbótarfjármunir. Og það er í rauninni höfuðatriði að Alþingi geri sér grein fyrir því að hér er um að ræða eitt allra brýnasta verkefni uppeldismála hér á landi.

Við erum með grunnskólakerfi sem tekur til sín á ári hverju úr ríkissjóði 4,6 milljarða kr. Við erum með framhaldsskólakerfi sem kostar um 2,3 milljarða kr. Við erum með háskólakennslu sem kostar um 2,5 milljarða kr. Það er alveg ljóst að það leikskólakerfi sem við þurfum á að halda til þess að þetta samfélag verði boðlegt börnunum mun taka til sín, til viðbótar við þann kostnað sem þegar liggur fyrir á sveitarfélögunum í þessu efni, um 1,5 milljarða kr. Það er alveg ljóst að miðað við ástandið eins og það er í dag þá munu menn eiga erfitt með að afla þessara fjármuna.

Hitt er jafnljóst að það er dýrara fyrir þjóðfélagið að standa þannig að málum eins og gert er í dag, að henda svo að segja öðru hverju barni út á götuna af því að það er ekki aðstaða til að sinna þessu fólki. Það tjón verður ekki metið í halla fjárlaga. Það tjón verður ekki metið í debet- og kreditreikningum fyrirtækja. En það getur hins vegar verið að það tjón birtist þjóðfélaginu með öðrum og alvarlegri hætti á síðari stigum. Og reyndar er það svo, virðulegi forseti, að við erum einmitt nú að sjá afleiðingar þessa. Við höfum núna fengið inn í grunnskólana í Reykjavík í fyrsta sinn í haust 60–70 börn með óvenjuleg hegðunarvandamál og aðlögunarvandamál, sálræn vandamál sem eru allt öðruvísi en áður hefur verið um að ræða. Þetta eru fyrstu börnin sem í rauninni hafa frá því að þau fengu vit til verið fyrir framan sjónvarp, sum þeirra, langdvölum, heilu dagana, heilu sólarhringana, vikurnar og mánuðina og árin sem þau eiga að baki og það er augljóst að sérkennslukerfið eins og það er núna í landinu ræður ekki við að nálgast þessi börn. Og hvaða skaði er þarna skeður, hversu stór er hann miðað við þá fjármuni sem verður að leita og fá til þess að byggja upp bætt leikskólakerfi í landinu? Leikskólakerfið hér á Íslandi er íslensku þjóðinni til skammar. Þjóðin er of rík til að láta þetta viðgangast lengur.

Svarið við fyrirspurnunum er þetta: „Hyggst menntmrh. leggja fram frv. til laga til úrbóta í dagvistarmálum barna á yfirstandandi þingi?“ Svarið er já. „Ef svo er, hvenær má vænta þess að það verði?“ Ég vænti þess að það verði innan mjög skamms tíma.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans þó ég hefði nú viljað hafa þau skýrari, sérstaklega hvað varðar tímasetningu þess að frv. verði lagt hér fram á þinginu. Og ég tek undir þau orð hans að það sé eitt allra brýnasta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar í dag að taka hér vel á málum. Það spurðist út sl. haust að í félmrn. væri unnið að frv. um félagslega þjónustu þar sem gert væri ráð fyrir að dagvistun barna heyrði undir félmrn. Að öðru leyti er mér sagt að það frv. boði framfarir á sviði félagsþjónustu. Að mér læðist sá grunur að deilur ráðherra um vistun dagvistarbarna komi í veg fyrir að tvö góð frumvörp verði lögð fyrir þingið. Það er auðvitað óviðunandi og við hljótum að gera þær kröfur til viðkomandi ráðherra að þessi mál verði leyst.

Við sem erum svo heppin að hafa öruggt leikskólapláss fyrir börn okkar eða, eins og líklega flestir þingmenn, búin að koma börnum okkar á legg megum ekki gleyma því að enn býr a.m.k. helmingur forskólabarna og foreldra þeirra við slíkt óöryggi í þessum efnum að allar líkur eru á að það geti haft alvarlegar afleiðingar. Gleymum því ekki að það er hagur okkar allra að vel sé búið að börnum og að uppeldi sé almennt gott í samfélaginu. Það er ekki síður hagur barnlausra en þeirra sem börn eiga.

SAMEINAÐ ÞING

58. fundur, fimmtudaginn 8. mars, kl. 1 miðdegis.

Um þingsköp.

Skýrsla um viðræður EFTA og EB.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég hygg að það hafi verið í nóvembermánuði sem umræður hófust hér á Alþingi um skýrslu utanrrh. um viðræður Fríverslunarsamtakanna við Evrópubandalagið. Umræðu þessari er enn ólokið hér á hinu háa Alþingi. Það sýnist vera til marks um það hvernig hæstv. ríkisstjórn heldur á málum að allnokkuð er komið fram á nýtt ár og enn stendur þessi umræða og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn komið því við að ljúka henni. Ýmislegt hefur gerst í þessum efnum og tíðindi af þessum vígstöðvum síðustu daga og vikur færa stoðir undir þann málflutning sem við sjálfstæðismenn höfðum í upphafi þessarar umræðu. Ég tel því afar brýnt að þessari umræðu verði fram haldið og að Alþingi ljúki henni. Það er með fádæmum að umræða um slíkt mál skuli dragast jafnlengi. Það eru að koma fram fjölmörg atriði sem knýja á um að umræðunni verði fram haldið og lokið. Ég vil þess vegna inna hæstv. forseta og hæstv. forsrh. eftir því hvort það sé eitthvað í vegi fyrir því af hálfu stjórnarliðsins að umræðunni verði fram haldið eða hvort hæstv. ríkisstjórn kinoki sér af einhverjum ástæðum við því að fram halda umræðunni og ég óska eftir svörum við því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill fullvissa hv. þm. um að kannað hefur verið á hverjum einasta fundi síðan umræðan fór síðast fram um þetta umrædda mál hvort hæstv. utanrrh. gæti verið viðstaddur fundinn. Það verður að segjast eins og er að svo hefur gjarnan staðið á að hann hefur verið fjarverandi svo að forseti hefur ekki tekið málið á dagskrá. Ég veit ekki betur en þessi umræða geti farið fram n.k. mánudag og mun að sjálfsögðu láta kanna það. Það eru enn þá tveir hv. þm. á mælendaskrá, þar á meðal hv. 1. þm. Suðurl. Af forseta hálfu get ég alveg fullvissað hv. þm. um að allt hefur verið reynt sem hægt hefur verið til þess að ljúka þessari umræðu og því verður haldið áfram. En eins og hv. þm. vita hefur hæstv. utanrrh. mikið þurft að vera að heiman einmitt vegna starfa að þessum málum og álitið hefur verið að það væri illmögulegt að halda þessari umræðu áfram án hans viðveru. En það mun svo sannarlega verða reynt að taka málið á dagskrá eins fljótt og unnt er.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil staðfesta það sem forseti sagði. Ég þekki ekkert sem er því til fyrirstöðu af hálfu stjórnvalda að ræða málið nema ég tel afar

nauðsynlegt að utanrrh. sé við og ég þykist vita að hv. þm. vilji það einnig svo að vel má vera að þetta geti þá orðið á mánudaginn. Ég veit ekki betur en hann komi heim í dag.

En það er rétt hjá hv. þm. að það hafa orðið núna upp á síðkastið miklar breytingar vegna þeirra atburða sem eru að gerast í Evrópu og hafa áhrif á þetta mál allt eins og hugsanleg sameining Þýskalands og fleira í því sambandi og er sannarlega ástæða til að ræða um breytt viðhorf.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það vakti óneitanlega athygli þegar maður las í Morgunblaðinu í morgun frétt um sérstaka beiðni hæstv. utanrrh. um viðræður við utanrrh. Danmerkur, Uffe Elleman-Jensen. Ég sá ekki betur en í þeirri frétt kæmi glögglega fram að sá málflutningur sem þm. Sjálfstfl. héldu uppi í þessu máli fyrir áramót ætti við fullkomin rök að styðjast. En danski utanrrh. virðist hafa látið það álit sitt í ljós að hann teldi rétt að beina viðræðum við EFTA í þann farveg að hvert ríki fyrir sig tæki upp slíkar viðræður frekar en að EFTA sem heild ræddi við Evrópubandalagið.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum sem hafa verið að gerast undanfarnar vikur í þessu mikilvæga máli og það vekur auðvitað mjög mikla furðu að allar þessar vikur skuli hafa verið látnar líða hér á hv. Alþingi án þess að þessi umræða um skýrslu utanrrh. um þetta mál gæti haldið hér áfram. Mér er auðvitað fullkunnugt um að hæstv. utanrrh. hefur skyldum að gegna í útlöndum. En hæstv. utanrrh. hefur líka skyldum að gegna við Alþingi Íslendinga. Hann er óspar á yfirlýsingar og dóma í fjölmiðlum. Ég var að lesa viðtal við hann, ég held að það hafi verið í Þjóðlífi, þar sem hann gerir m.a. að umtalsefni málflutning Sjálfstfl. í þessu máli og skrumskælir þar allt og fer rangt með í flestum greinum. Hann er óspar á að taka þátt í almennri umræðu þar sem ekki er hægt að svara honum. En hér á Alþingi Íslendinga er ekki hægt að halda þesari umræðu áfram og alltaf borið við að hæstv. ráðherra sé ekki á landinu. Þetta eru að sjálfsögðu óhæf vinnubrögð. Ég veit að hæstv. forseti ræður ekki við þetta og ég er ekki að ásaka hana í þessu efni, ég vil taka það skýrt fram. En ég vil biðja hæstv. forsrh. að kyrrsetja nú hæstv. utanrrh. í landinu þó ekki væri nema í 2–3 daga þannig að hægt væri að halda þessari umræðu áfram og ljúka henni því að það þarf að krefja hæstv. utanrrh. svara um ýmislegt sem hann hefur látið frá sér fara á opinberum vettvangi um þetta mál. Og ég vænti þess að þessi umræða geti farið hér fram á mánudag eins og boðað hefur verið.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka góðar undirtektir undir þá ósk að umræðan um þetta efni getið farið fram sem allra fyrst og þá ekki síðar en á mánudag. Ég lít svo á að í ummælum hæstv. forseta hafi falist fyrirheit þar um og ég vil færa þakkir fyrir skjót og góð viðbrögð við þessari málaleitan.

Vegna þeirra ummæla sem hér féllu vegna fjarveru hæstv. utanrrh. þá er það auðvitað kórrétt að hæstv. utanrrh. verður að vera viðstaddur slíka umræðu. Það er daglegt brauð og getur alltaf komið fyrir að ráðherrar geti ekki verið viðstaddir umræður á tilteknum degi og að fresta þurfi umræðu. Um það er enginn ágreiningur og sjálfsagt að hliðra til í þeim efnum. En ég minni á að þessi umræða hefur staðið síðan í nóvember og ég minni á að nú er komið fram í marsmánuð og þingið kom saman í síðari hluta janúar og enn hefur þetta ekki tekist. Hæstv. utanrrh. hefur mestan hluta þessa árs verið á landinu, hann hefur haldið fjölda funda úti um land og í skólum undir því yfirskini að verið væri að kynna samningana við Evrópubandalagið, þó fréttir af þeim fundum hafi kannski fyrst og fremst snúist um að greina frá árásum hæstv. utanrrh. á landbúnaðarstefnu Framsfl. Og þó slíkir fundir séu góðra gjalda verðir, ég ætla ekki að gagnrýna þá í sjálfu sér, hefur hæstv. ráðherra greinilega haft tíma til slíkra funda. En skyldur hans við Alþingi ganga þó á undan kennsluskyldu í skólum landsins. Því er það mín skoðun að þessi umræða hefði getað farið fram ef einhver vilji hefði verið fyrir hendi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hún hefur greinilega kosið að láta hana dragast á langinn og kannski ætlað að reyna að láta hana gleymast.

En ég ítreka þakkir mínar til forseta fyrir að bregðast svo vel við óskum um það að umræðan fari fram eigi síðar en á mánudag.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er eins og vera ber að umræða um Evrópumálin fari fram sem allra fyrst. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram að ekkert er því til fyrirstöðu af hálfu ríkisstjórnarinnar að framhald geti orðið á umræðunni um skýrslu utanrrh. Hins vegar tel ég það ákaflega æskilegt að utanrrh. geti verið viðstaddur næstu umræðu um skýrsluna. Því miður hafa atvikin ráðið því að hann var það ekki þegar skýrslan var rædd í desember en þá kom hún hér fyrir, eins og þingmenn muna, oftar en einu sinni.

Nú háttar svo til að utanrrh. er erlendis en hann verður kominn aftur og getur tekið þátt í umræðum á mánudag. Eins og fram mun hafa komið í orðum forsrh. er margt sem á dagana hefur drifið í Evrópumálefnum frá því að skýrslan var síðast rædd og þess vegna mjög æskilegt að þau efni geti einnig komið hér til umræðu.

Kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum, frh. umr.

Skýrsla viðskrh., 259. mál. — Þskj. 583.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Sú skýrsla sem hér er á dagskrá hefur verið til umræðu um alllanga hríð. Þetta er

skýrsla sem til er komin vegna beiðni nokkurra þingmanna sem óskuðu eftir skýrslu hæstv. viðskrh. hinn 21. des. sl. Frá þeim tíma hefur auðvitað margt gerst í þessu máli sem óþarfi er að rekja. Þó vil ég segja frá því að nú þegar hefur verið gengið endanlega frá kaupum á hlutabréfum SÍS í Samvinnubankanum, Landsbankinn keypti hlut Sambandsins á 665 millj. kr. miðað við sl. áramót. Þetta þýðir að heildarverðið er u.þ.b. 400 millj. kr. hærra en Ríkisendurskoðun metur að sé eðlilegt verð fyrir Samvinnubankann enda geri ég ráð fyrir því að aðrir eigendur njóti sömu kjara og Sambandið. Ég vek athygli á að verð á hlutabréfum SÍS varð að lokum 60 millj. kr. hærra en bankaráðið hafði samþykkt hinn 29. des. sl. Þannig hafa afskipti hæstv. viðskrh. og formanns bankaráðs orðið til þess að kaupverð á Samvinnubankanum öllum verður u.þ.b. 115 millj. kr. hærra en samþykkt bankaráðs þann 29. des. 1989 gerði ráð fyrir.

Talsvert hefur verið rætt og ritað um þessi mál að undanförnu, einkum hefur Alþýðublaðið reynt að bera í bætifláka fyrir hæstv. viðskrh. Í leiðara Alþýðublaðsins er því haldið fram að hæstv. viðskrh. hafi látið meta verðgildi hlutabréfa Sambandsins í Samvinnubankanum og þar er gefið í skyn að hann hafi með þeim hætti lækkað verðið. Þetta er auðvitað alrangt vegna þess að hæstv. ráðherra fór fram á það *við Ríkisendurskoðun að hún legði mat á verð* bankans. Öllum er ljóst hver niðurstaða þess mats varð.

Alþýðublaðið segir orðrétt í leiðara sínum fyrir skömmu, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra og formaður bankaráðs Landsbankans hafa sýnt mikla ábyrgð og látið viðskiptaleg sjónarmið ráða í þessu máli öllu. Þeir hafa, ásamt bankaráðsmanni Alþýðubandalagsins, staðið vörð um hagsmuni Landsbankans." Hér lýkur tilvitnun í leiðara Alþýðublaðsins sem er málgagn hæstv. viðskrh.

Maður hlýtur að spyrja þegar maður les þetta: Er það að standa vörð um hagsmuni Landsbankans að greiða yfirverð fyrir þessi hlutabréf og beita sér fyrir því að greiddar séu 60 millj. umfram það sem bankaráðið hafði samþykkt?

Án þess að ég hafi upplýsingar á reiðum höndum um afkomu Landsbankans á síðasta ári þá er ljóst að megnið af rekstrarágóða bankans mun fara til þess að greiða þetta yfirverð sem menn hafa kallað vaxtaleiðréttingu. Alþýðublaðið óskapast yfir því að ég skuli hafa leyft mér að kalla afskipti hæstv. ráðherra og formanns bankaráðs „skólabókardæmi um undirmál, yfirklór og klúður" og Alþýðublaðið tekur undir með hæstv. ráðherra að ég geri frekari grein fyrir þessum ummælum. Það skal ég gera með mikilli ánægju.

Ég kalla þetta undirmál vegna þess að hæstv. viðskrh. og formaður bankaráðs lofuðu að beita sér fyrir umframgreiðslu án þess að hafa samband við bankaráðið sem samkvæmt lögum á að fjalla um málið. Þetta var gert til þess að fá meiri hluta stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga til að samþykkja tilboð Landsbankans.

Ég kalla það yfirklór þegar reynt er að fela greiðsluna með því að kalla hana vaxtaleiðréttingu vegna lánsviðskipta þegar ljóst er að um er að ræða vaxtaleiðréttingu vegna kaupanna. Það liggur fyrir núna að Landsbankinn greiddi Sambandinu tæplega 60 millj. kr. og sú upphæð var fundin út með því að taka vexti af kaupverðinu og reikna þá frá 1. sept. 1989 til 1. jan. 1990.

Og ég kalla það klúður þegar meiri hluti bankaráðsins skilur sína eigin niðurstöðu með mismunandi hætti og í raun veit enginn í dag hvernig semja á við aðra eigendur.

Virðulegur forseti. Ræða hæstv. viðskrh. sem hann flutti okkur fyrr í þessari umræðu gefur tilefni til frekari umræðna um bankamálefni. Það er þess vegna m.a. að þess hefur verið beiðst að aðrir viðkomandi hæstv. ráðherrar verði viðstaddir umræðuna.

Hæstv. ráðherra segist hafa lagt fram í hæstv. ríkisstjórn tímaáætlun sem nái m.a. til starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi. Þetta er gert til að undirbúa okkur undir þær breytingar á viðskiptaháttum sem verða vegna sameiginlega markaðarins í Evrópu. Hæstv. ráðherra telur, og segir frá því í ræðu hér á hinu háa Alþingi, að ákvörðun um þetta verði að taka á þessu ári. Hæstv. viðskrh. segir réttilega að það sé forsenda þess að starfsemi erlendra lánastofnana verði leyfð hér á landi að styrkja íslenska banka, m.a. með því að efla eiginfjárstöðu þeirra. Og hann hefur sjálfur bent á þá aðferð að breyta ríkisviðskiptabönkum í hlutafélög, m.a. til að hægt sé að auka hlutafé.

Í ræðu hæstv. forsrh. fyrr í þessari umræðu kom hins vegar fram að hann telur ekki að um slíkar breytingar verði að ræða í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þessar misvísandi skoðanir hæstv. ráðherra í hæstv. ríkisstjórn hljóta að vekja ýmsar spurningar. Hvað *ætlar hæstv. viðskrh. að gera nú þegar sjálfstæðis*menn hafa lagt fram frv. um þetta mál hér á hinu háa Alþingi? Ætlar hann að stjórnast af fyrirvörum Alþb., yfirlýsingum hæstv. forsrh. eða vill hann eiga samstarf við Sjálfstfl. og Frjálslynda hægriflokkinn sem eru tilbúnir að fylgja eftir þeirri stefnu sem ráðherrann hefur lýst yfir að hann styðji?

Á þskj. 688 flytja nokkrir þingmenn Sjálfstfl. og Frjálslynda hægriflokksins frv. til laga um breytingu á Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög. Þetta frv., sem ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni, er sniðið m.a. eftir frv. um Útvegsbankann hf. og að nokkru leyti eftir frv. um Gutenberg sem hæstv. ráðherra flutti inn á Alþingi á sínum tíma. Í grg. er m.a. bent á að þetta sé nauðsynlegur undirbúningur undir meira frjálsræði í viðskiptaháttum í álfunni og þar er upplýst að hæstv. viðskrh. hafi sett þessa tímasettu áætlun um heimildir fyrir erlendar lánastofnanir til að starfa hér á landi inn á borð hæstv. ríkisstjórnar.

Að auki hafa fulltrúar úr þingliði sjálfstæðismanna og Frjálslynda hægriflokksins flutt till. til þál. þar sem gert er ráð fyrir að hæstv. ríkisstjórn sé falið að gefa

gjaldeyrisviðskipti frjáls og í tillgr. er jafnframt lagt til að hæstv. ríkisstjórn verði falið að falla frá sérstökum fyrirvara sem gerður var af Íslands hálfu við efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.

Það er eðlilegt á grundvelli framlagningar þessara tveggja þingmála, sem ég sé ekki betur en hæstv. viðskrh. hafi lýst yfir stuðningi við í ræðum sínum hér á hinu háa Alþingi, að spyrja hann um það hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir stuðningi Alþfl. við þessi fram komnu mál. Jafnframt er full ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann sé tilbúinn til að falla frá þeim fyrirvara sem ég hef þegar nefnt í minni ræðu. Og enn fremur er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann geti hugsað sér, þrátt fyrir orðalag stefnuyfirlýsingar þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr að völdum um sinn, að beita sér fyrir breytingu á stefnu ríkisstjórnarinnar í átt til þeirra hugmynda sem fram hafa komið í orðum hæstv. viðskrh.

Hæstv. viðskrh. sagði frá því í ræðu sinni þegar hann fylgdi úr hlaði skýrslunni um kaup Landsbankans á hlut SÍS í Samvinnubankanum að hann hefði tilbúið á skrifborði sínu frv. til breytinga á lögum um samvinnufélög þar sem m.a. væri gert ráð fyrir því að samvinnufélög gætu aukið eigið fé sitt með stofnfjársjóðsframlögum. Undir þessi viðhorf hefur m.a. Erlendur Einarsson, fyrrum forstjóri SÍS, tekið í stórri grein í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Hæstv. viðskrh. hefur upplýst að andstaða sé í samvinnuhreyfingunni við það frv. sem liggur tilbúið á borði hæstv. ráðherra. Það er full ástæða til þess að spyrja hvað hæstv. ríkisstjórn ætli að gera í þessum efnum því auðvitað er jafnnauðsynlegt fyrir samvinnufélög eins og hlutafélög í breyttu þjóðfélagi að geta styrkt eiginfjárstöðu sína, m.a. með því að gefa út ný skírteini, hvort sem það eru hlutabréf eða stofnfjársjóðsbréf í einhverju formi.

Ég vil rifja það upp, virðulegur forseti, að fyrir u.þ.b. 16 mánuðum lét hæstv. fjmrh. þau orð falla að ef fram héldi sem horfði mundi Samband ísl. samvinnufélaga verða gjaldþrota á næstu 12–16 mánuðum. Nýlega spurði blaðamaður DV hæstv. ráðherra að því hvort hann hefði skipt um skoðun en hann taldi viðhorf sín óbreytt í þessum efnum. Hér er auðvitað um mjög alvarlega yfirlýsingu að ræða af hálfu þess manns sem fer með æðstu völd íslenska ríkisins í fjármálum. Því er full ástæða til þess að þeir sem eiga viðskipti við Samband ísl. samvinnufélaga og þeir sem eru félagar í þessari stóru hreyfingu fari fram á að hæstv. ráðherra lýsi því yfir hér við þessa umræðu hvort hann sé enn sömu skoðunar og hann var fyrir 16 mánuðum síðan. Og ef hann lætur svo lítið að taka til máls í þessari umræðu, eins og hann hefur verið beðinn um, óska ég eftir því að hann ræði þetta örstutt og lítillega út frá þeirri yfirlýsingu sem hann sjálfur hefur gefið um þetta mál.

Loks, virðulegur forseti, vil ég beina fsp. til hæstv. viðskrh. sem varðar nefndarstarf á vegum ráðuneytisins. Ég vil rifja upp að í tengslum við kjarasamninga var það lykilatriði að viðskiptabankarnir lækkuðu vexti í takt við lækkun verðbólgunnar. Viðskiptabankarnir áttu viðtöl við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og lýstu því yfir að þeir væru tilbúnir til að lækka nafnvexti í takt við lækkun verðbólgunnar. Hins vegar var það bundið því skilyrði að hæstv. ríkisstjórn kæmi til móts við þarfir viðskiptabankanna á ýmsum sviðum. Af því tilefni höfðu viðskiptabankarnir, samtök þeirra, samband við hæstv. ráðherra sem léði máls á því að sett yrði á laggirnar nefnd til þess að vinna að ýmsum hugðarefnum bankanna. Þar á meðal var hagræðing í bankakerfinu sem bankarnir hljóta auðvitað að vinna að sjálfir, en það sem snýr að ríkisstjórninni voru einkum tvö atriði. Annars vegar skattar á gjaldeyrisviðskipti og hins vegar þjónustugjöld bankanna. Það er alveg ljóst að ef draga á úr þeim vaxtamun sem ríkir hér á landi, vaxtamun milli innláns- og útlánsvaxta verður bankakerfið að geta, eins og gert er víðast annars staðar, skapað sér tekjur með hærri þjónustugjöldum. En nú er svo í íslenska bankakerfinu að tekin eru þjónustugjöld sem ekki svara til kostnaðar eða jafnvel engin gjöld tekin fyrir veitta þjónustu. Þessu þarf að sjálfsögðu að breyta, undir það hefur hæstv. viðskrh. tekið, með því að setja á stofn þessa nefnd sem ég hef minnst á og starfar undir forustu Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra. Sagt var frá því þegar nefndin hóf störf um mánaðamótin janúar/febrúar að hún mundi ljúka störfum í febrúar, fyrir febrúarlok. Það var skilyrði af hálfu bankanna, forsenda af þeirra hálfu að semja við aðila vinnumarkaðarins að komið væri til móts við þeirra sjónarmið á því sviði sem ég hef hér rætt. Það er alveg ljóst að ef ríkisstjórnin stendur ekki við sitt þá verður erfitt fyrir bankakerfið að lækka vexti í takt við lækkandi verðbólgu án þess að það bitni á þeim sem leggja fjármuni til hliðar. En það er opinbert mál að innlánsvextir voru það lágir að raunvextir voru neikvæðir á síðasta ári. Allir vita að slíkt kann ekki góðri lukku að stýra til frambúðar. Ég vil þess vegna biðja hæstv. ráðherra, þegar hann tekur til máls á eftir, að svara þeirri fsp. hvort búast megi við að á allra næstu dögum liggi fyrir álit þeirrar nefndar sem Björn Friðfinnsson er formaður fyrir og starfar með þátttöku viðskiptabankanna og sparisjóðanna í landinu. En það var sagt frá því við upphaf þess starfs að starfinu mundi verða lokið í síðasta mánuði.

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til að fjalla miklu meira um þetta mál sjálft. Aðalmálið, kaup Landsbankans á hlut SÍS í Samvinnubankanum, er orðinn hlutur. Það er orðin saga, saga sem skráð er í sögu bankamála á Íslandi, en um leið saga sem er skráð í afskiptasögu núv. hæstv. ríkisstjórnar af bankamálefnum. Satt að segja er það ekki kafli sem ég hélt að hæstv. ríkisstjórn mundi vilja láta skrá um sig. En það hefur hæstv. viðskrh. samt sem áður gert og reyndar hæstv. fjmrh., en báðir þessir menn höfðu, ásamt reyndar fleiri hæstv. ráðherrum, afskipti af máli sem í raun og veru var í valdi bankaráðs Landsbankans annars vegar og forráðamanna Sambands ísl. samvinnufélaga hins vegar. Það er orðinn hlutur.

Að sjálfsögðu er það forsenda þess að eitthvert vit sé í þessum kaupum að Landsbankinn kaupi fleiri hlutabréf í fyrirtækinu þannig að hægt verði að taka bankann yfir og að um samruna verði að ræða. Það kemur glöggt fram í skýrslu hæstv. ráðherra. Þess vegna skiptir miklu máli að Landsbankinn fái nú frið til að vinna að þessum málum en þurfi ekki að búa við það að yfirlýsingar komi frá æðstu mönnum þjóðarinnar um að eitthvað eigi að gerast öðruvísi en ráð var fyrir gert. Með þessu móti, ef ég tala ekki nægilega skýrt, á ég við að það kann að vera óheppilegt að hæstv. ráðherra sé með yfirlýsingar í þá átt að aðrar bankastofnanir eigi að koma til liðs við Landsbankann um kaup á hlut í Samvinnubankanum á þessu stigi málsins. Það er augljóst að í framtíðinni þegar búið verður að ganga frá þessum kaupum og hægt að leggja Samvinnubankann niður þá kann að fara svo að Landsbankinn og Búnaðarbankinn til að mynda komi sér saman um að skipta útibúum með nýjum hætti. Það kann að verða rétt á þeim tíma að Búnaðarbankinn kaupi einhver útibú og viðskipti af Landsbankanum. Það kann að vera mjög eðlilegt. Bankaráðið ræðir það við bankaráð Búnaðarbankans þegar þar að kemur. En ég tel óhyggilegt á þessu stigi að tala í þá veru að Búnaðarbankinn komi nú til skjalanna og kaupi hlut annarra eigenda en Sambandsins í Samvinnubankanum sem ég tel að Landsbankinn eigi fyrst og fremst að kaupa til að byrja með, enda er gert ráð fyrir því og það er í raun og veru eina réttlætanlega forsendan fyrir þessum kaupum, að hægt verði að reka einn banka úr þessum tveimur, enda miðast allir útreikningar við það, hvort sem það er endurskoðun til bankans eða hverjir aðrir þeir sem um þetta mál hafa fjallað að um þennan samruna verði að ræða. Ella er ekki hægt að réttlæta það yfirverð sem bankinn er keyptur á. En það er ljóst og það er viðurkennt af öllum að Samvinnubankinn er keyptur á yfirverði og það verð hækkaði vegna afskipta hæstv. ríkisstjórnar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Spurning hv. 1. þm. Reykv. til mín er um afstöðu ríkisstjórnarinnar til aukins frelsis fjármagnsflutninga almennt. Ég vek athygli á því að ég gerði grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar sem þá sat í þessum málum hinn 7. febr. á síðasta ári. Þá hafði málið verið mjög ítarlega rætt innan ríkisstjórnarinnar. Þar lýsti ég því að ríkisstjórnin telur að auka beri frjálsræði í fjármagnsflutningum að vel athuguðu máli, og við getum sagt svona stig af stigi. Reyndar hafa fyrstu skref í slíkum málum verið tekin síðan eins og hæstv. viðskrh. hefur lýst. Það er rétt að fyrirvarar hafa verið í sambandi við samþykkt Norðurlandanna í þeim efnum og þeir hníga einmitt að smæð hins íslenska peningamarkaðar. Þess vegna er nauðsynlegt að fara hægar en stærri lönd hafa gert ráð fyrir. Og ég leyfi mér að fullyrða að um það er fullkomin samstaða innan ríkisstjórnarinnar.

Síðan hefur verið unnið að því að gera hinn íslenska peningamarkað hæfari til að taka þátt í opnu samstarfi, m.a. með samruna bankanna. Það er að mínu mati mjög mikilvægur þáttur í því og verður vonandi til þess að efla þá svo að þeir geti staðist opnari samkeppni. Ég tel einnig afar mikilvægt í þessu sambandi að verðlag og verðbólga hér á landi verði svipað og er í þeim löndum sem við störfum með. Erfitt er að hafa stjórn á peningamálum í mikilli verðbólgu. Ég tel einnig afar mikilvægt að vísitölutrygging fjármagns verði afnumin hér eins og er í öllum þessum löndum sem við ætlum að starfa með, þar er hvergi vísitölutrygging fjármagns, og nauðsynlegt að aðstæður séu samsvarandi hér og þar að því leyti einnig. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að afnema verðtryggingu fjármagns þegar verðbólga er orðin 10% á sex mánaða grundvelli. Og eins og þar er reiknað fram og aftur.

Loks telur ríkisstjórnin afar mikilvægt að skýrar reglur verði settar um eignarhlut útlendinga í fyrirtækjum hér á landi. Og ég vek athygli á því að frv. um það efni var lagt hér fram í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem hafði verið unnið þá í nokkur ár. Það hefur nú verið skoðað nokkurn tíma af fulltrúum stjórnarflokkanna og ég geri mér vonir um að slíkt frv. verði lagt fram á því þingi sem nú situr. Ég stefni að því en þar eru viss atriði sem ekki eru að vísu leyst enn þá.

Þetta sem ég hef nefnt tel ég allt vera mjög mikilvægar forsendur fyrir því að frjálsræði geti orðið hér verulegt í fjárstreymi til og frá landinu. Og að þessu er öllu unnið eins og ég hef nú rakið.

Um tímaáætlun í þessu sambandi er það að segja að hæstv. viðskrh. hefur ekki lagt fram formlega tímaáætlun í ríkisstjórninni. En í þeirri umræðu sem fram fór, t.d. í byrjun febrúar í fyrra, gerði hann grein fyrir hugsanlegri tímaáætlun. Það má kalla það drög að hugmyndum um tímaáætlun í þessu máli. En tímaáætlun eða tíminn hlýtur að byggjast á því að öll þessi, ég vil kalla það forvarnaratriði sem ég tel að okkar örsmáa peningakerfi þurfi að gæta vel að hafi verið leyst. Að því er unnið og að því mun verða unnið, eins og ég hef rakið, á næstu vikum og mánuðum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hef með mikilli athygli hlýtt á umræðu þá sem nú fer fram og hefur raunar verið á dagskrá æðilengi. Margt hefur verið sagt nýtilegt og skal ég ekki fara að rekja gang málsins um samskipti Landsbanka og Samvinnubanka eða Sambands ísl. samvinnufélaga öllu frekar. Hins vegar er tilefnið það að mjög hefur verið rætt um eiginfjárstöðu fyrirtækja og er það vel, þá veiku eiginfjárstöðu sem hefur verið um langt skeið í íslenskum atvinnufyrirtækjum miðað við það sem gerist t.d. í nágrannalöndunum og í hinum vestræna heimi. En þar er yfirleitt mikið eigið fé í atvinnurekstri og þar er alþýða manna löðuð til samstarfs um mikilvæg atvinnufyrirtæki, bæði stofnun þeirra og síðan rekstur. Kannski er gleggsta dæmið í seinni tíð þegar Volkswagen-verksmiðjurnar þýsku og þýski stálhringurinn eða prússneski voru afhent almenningi í lok styrjaldarinnar af

þeim stjórnvöldum sem voru að taka við völdum í Þýskalandi þegar þýska undrið var að hefjast, þ.e. dreifing valds og fjármagns. Þýska undrið þekkja allir. Á örfáum árum reif sú þjóð sig upp úr sárri fátækt og neyð eftir styrjöldina til mikilla efna og er nú meðal auðugustu þjóða heims. Svipuð var þróunin í Japan, þar sem menn höfðu vit á því að dreifa fjármagni þjóðfélagsins þannig að fólkið ætti fyrirtækin, sem allra flestir einstaklingar væru beinir aðilar að atvinnurekstri, gagnstætt því sem var í sósíalistaríkjunum sem auðvitað fóru allt aðra leið og raunar gagnstætt því sem verið hefur lengst af á Íslandi.

En ég held að merkasta dæmið um almenningshlutafélag sé kannski íslenskt. Það var stofnun Eimskipafélags Íslands sem unnið var að 1913 og 1914 og 1915 var því verki lokið. Þá safnaðist gífurlegt fé til atvinnufyrirtækis, íslensks atvinnufyrirtækis, miðað við aðstæður sem þá voru. Skal ég ekki rekja það ítarlegar heldur aðeins benda á að þá svaraði hlutafé í Eimskipafélaginu nákvæmlega 1/10 hluta alls innflutnings ársins 1913, svo geta menn reiknað hvað það mundi vera í dag. Það náði tæplega 10% útflutningsteknanna það ár. Þetta var stofnfé félagsins. Og hlutaféð, það er ekki há tala á nútímamælikvarða, en það var 1 milljarður 680 millj. kr., eitthvað í þá áttina.

Enginn mátti fara með nema sem svaraði 500 atkvæðum en eitt atkvæði var fyrir hverjar 25 kr. í félaginu. Enginn mátti fara með meira en 500 slík atkvæði. Valdið í félaginu dreifðist þar af leiðandi þannig að enginn gat farið með meira atkvæðamagn en innan við 1% heildarhlutafjárins. Hagir Eimskipafélagsins breyttust þegar tímar liðu eins og allir vita en félagið er nú mjög öflugt og þar hafa menn verið að gefa úr jöfnunarbréf og leitast við að gera eign fólksins í félaginu einhvers virði gagnvart því sem það varð vegna skattheimtu og af ýmsum öðrum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja núna en hef gert oftsinnis áður. Þess vegna fagna ég auðvitað þeirri þróun og þeim aukna skilningi sem nú er að verða á mikilvægi þess að félög séu rekin að verulegu leyti fyrir áhættufé, eigið fé.

Samvinnufélögin voru auðvitað til skoðunar um leið. Og það er dálítið athyglisvert og gjarnan mættu hv. þm. hugleiða breytingar á félagalöggjöf á Íslandi, t.d. gömlu hlutafélagalögin sem voru í gildi þegar Eimskipafélagið var stofnað og samvinnufélagalög sem voru í sköpun á svipuðum tíma. Menn höfðu opin augun fyrir báðum þessum félagsformum. Og bæði félagsformin voru gífurlega mikilvæg í atvinnusögu Íslendinga þegar feður okkar og mæður, afar og ömmur voru að byggja upp þetta land.

Því miður hefur þarna gerst á breyting, þarna hefur skilið á milli. T.d. samþykkti Alþingi árið 1978 mjög merka og nútímalega hlutafélagalöggjöf. Hún er að bera árangur nú eftir rúmlega áratug. Menn eru að skilja hvaða hugsun var að baki þeim. Þar var leitað fanga bæði í Evrópulöggjöf, hlutafélagalöggjöf en eins ameríkskri. Engilsaxneska löggjöfin er ekki endilega sú sama og t.d. Norðurlandalöggjöfin. Þau lög voru samþykkt einróma, ef ég man rétt, og gífurlegt starf unnið að þeirri lagasetningu. Það löggjafarstarf var mjög merkilegt. Allir flokkar voru sameinaðir um að það þyrfti að breyta löggjöfinni þannig að fólkið hefði meiri áhrif á rekstur fyrirtækja og þau gætu dafnað og eflt sig með auknu eiginfjármagni. Um það leyti bar auðvitað samvinnufélagalöggjöf á góma líka og ég man ekki betur en að ég hafi þá flutt þáltill. sem samþykkt var um að samvinnufélagalöggjöfin yrði endurskoðuð líka með sama hætti og sama hugarfari. Það var því miður ekki gert og hefur ekki verið gert fram á þennan dag, en það er tímabært að huga að því.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sem raunar er ekki viðstaddur, en hann veit hvað ég ætla að segja hér svo það er allt í lagi þó að hann heyri það ekki, hann getur þá lesið sér til um það. (Gripið fram í.) Ég var búinn að segja honum já, hvað ég ætlaði að segja. Það er ekkert launungarmál að hann vék að því að samvinnufélög þyrftu að breytast og þar þyrfti að gera einhverjar þær ráðstafanir sem gætu aukið áhættufé í samvinnurekstri. Hann sagði að um þetta hefðu bæði hann og aðrir verið að ræða nú á síðustu árum.

Fyrir skemmstu birtist mjög merkileg grein eftir fyrrv. forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, Erlend Einarsson, í Morgunblaðinu sem ég vona að hv. alþm. hafi lesið. Þar getur hann þess að fyrir 19 árum síðan hafi hann hreyft hugmyndum um að samvinnufélögin yrðu nokkurs konar almenningshlutafélög. Svo vildi til að við vorum saman á ráðstefnu í Bifröst á vegum Stjórnunarfélags Íslands þar sem ég var fenginn til að tala um almenningshlutafélög og hann um samvinnufélög. Erindi okkar hafa verið birt og er ég með það hér fyrir framan mig sem við sögðum. Það eru birtir kaflar úr þessum erindum. Þess vegna get ég undirstrikað að það er rétt sem Erlendur Einarsson segir í grein sinni að hann vék að því máli á þessari ráðstefnu. Hins vegar var ekki hlustað á rödd hans á þeim tíma. Að vísu gekk hann ekki nærri eins langt á þeirri ráðstefnu og hann gerir í greininni núna í Morgunblaðinu, þar sem hann segir beinlínis að samvinnufélög eigi að gefa út hlutabréf. Hann kallaði þau þá stofnbréf og vildi kannski ekki undirgangast það að hann væri sammála mér í einu og öllu varðandi rekstur almenningshlutafélaga og samvinnufélaga sem ég taldi að ættu að vera af sama stofni þó að þau væru með nokkuð ólíkri uppbyggingu, en sannleikurinn er sá að á Vesturlöndum og víða um heim hafa hlutafélög auðvitað þróast í gegnum aldirnar, eru orðin æðigömul og mörg mistök hafa orðið í þeim rekstri. Þau má rekja allt frá 16. öld þegar Hollendingar og Bretar og fleiri voru að safna saman fé til þess að efla sinn atvinnurekstur og umsvif, en þau hafa líka borið gífurlegan ávöxt, ekki síst í Bandaríkjunum í byrjun þessarar aldar og á síðustu öld og svo auðvitað í Þýskalandi og Japan eins og ég nefndi og víða um heim og eru mjög nútímalegt rekstrarform eins og mér skilst að hv. alþm. séu nokkuð sammála um nú að sé það sem koma skal og að dreifa valdinu,

dreifa auðnum til fólksins, fjárstjórn fjöldans eða auðstjórn almennings getum við kallað það, þar sem virðulegir stjórnmálamenn og ágætir, eins og við erum öll, eru ekki með puttann niðri í öllum hlutum heldur fái fólkið sjálft að ráðstafa fjármununum með eignarráðum að því og beinum yfirráðum en ekki með sífelldri skattheimtu og ríkisrekstri. Um þetta held ég að menn séu meira og minna að verða sammála. Það er hvort eð er ekki jafnt hyldýpi á milli minnar hugsunar og þeirra sem áður töldu sig vera sósíalista, og sumir reyndar orða það enn að það hugtak geti verið lifandi í heilbrigðum þjóðfélögum þó að ég skilji það nú ekki, hvernig það á að geta gengið upp eftir allt sem upplýst hefur verið um afleiðingar af því stjórnskipulagi. En sem betur fer, og því fagna ég, eru menn núna að átta sig á því að einkum landi eins og Íslandi, jafnlitlu landi, ber að einbeita sér að því að dreifa þjóðarauðnum með beinum eignarráðum fólksins að atvinnufyrirtækjunum.

En ég held þó að það sem fór fram á þessari ráðstefnu, og ég sagði að þess vegna hefði ég tekið til máls, að ég vildi minna á það, að það verði ekki betur skýrt en með því að ég fái leyfi hæstv. forseta til þess að lesa hér örstutta kafla og þá líklega fyrst úr því sem ég sagði þar sjálfur til að skýra hver svör Erlends Einarssonar voru, en það eru einkum þau sem ég ætla nú að vekja athygli á. Ég talaði sem sagt á undan honum og sagði þá svo, með leyfi forseta:

„Ég hef ekki nefnt samvinnufélög sem hugsanlega eigendur nýrra stórfyrirtækja. Fyrir nokkrum árum vakti ég á því athygli í erindi sem ég flutti og birt var að ógjörlegt væri að stofna ný samvinnufélög sem tekist gætu á hendur meiri háttar atvinnurekstur af þeirri einföldu ástæðu að ekki yrði unnt að afla áhættufjárins með óbreyttu skipulagi samvinnuhreyfingarinnar." Einmitt þetta er atriði sem Erlendur Einarsson víkur að. Það hafa ekki verið stofnuð nein samvinnufélög um langa langa tíð, ekkert sem því nafni er hægt að nefna, og það er af þessari ástæðu sem þarna er vakin á athygli. Síðan heldur áfram: „Þátttaka samvinnureksturs í atvinnuuppbyggingu yrði því að byggjast á eignum þeirra samvinnufélaga sem fyrir væru og ber út af fyrir sig ekki að vanmeta það, enda hafa þau bæði fyrr og síðar komið upp mörgum merkum fyrirtækjum. Hitt hygg ég staðreynd að verulegs fjár verði ekki aflað til að koma á fót nýjum samvinnufyrirtækjum og margir merkir samvinnumenn hafa tekið undir þá skoðun.

Nú nýlega hefur Erlendur Einarsson, forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, vakið athygli á því að nauðsynleg væri skipulagsbreyting hjá samvinnufélögunum einmitt í þeim tilgangi að afla aukins fjár frá alþýðu manna til samvinnureksturs. Ekki skal ég hér rekja þessi sjónarmið forstjóra SÍS, enda mun hann sjálfur kynna þau hér á eftir. En þar er að minni hyggju um að ræða náskyld sjónarmið þeim sem við sem sérstakan áhuga höfum á almenningshlutafélögum höfum barist fyrir, þ.e. að fólk verji verulegum hluta eigna sinna til atvinnureksturs þar sem margir starfi saman að einu markmiði og menn fái eðlilegan arð af þessari nýtingu fjármagnsins. Mér virðist Erlendur Einarsson að vísu ganga út frá því að atkvæðisréttur í slíkum fyrirtækjum væri með þeim hætti að hver þátttakandi hefði eitt atkvæði hversu stór sem hlutur hans væri. Ég hygg að það sé of langt gengið þótt veruleg takmörkun atkvæðisréttar geti verið heilbrigð og eðlileg eins og t.d. var upphaflega í Eimskipafélaginu. En hvað sem því líður, þá er áreiðanlega rétt að endurbóta er þörf að því er varðar fjárhagslega skipulagningu samvinnuhreyfingarinnar engu síður en hlutafélaganna og það er einmitt ánægjulegt að sjónarmið þeirra sem gerst þekkja til bæði á sviði einkarekstrar og samvinnurekstrar falla nú mjög saman. Nægilega sterk þjóðfélagsöfl eru þess vegna til sem geta hrint þessum úrbótum í framkvæmd og munu án efa gera það þegar pólitískar aðstæður verða fyrir hendi til eðlilegs samstarfs í þessu efni. Að sjálfsögðu skiptir minnstu máli hvort slík nútímaleg félög verða nefnd samvinnufélög eða almenningshlutafélög. Hitt er fyrir öllu að uppbygging þeirra verði heilbrigð og unnt reynist í senn að fá áhættufjármagn frá einstaklingunum og örva áhuga manna á því að taka þátt í uppbyggingu þjóðfélagsins í ríkari mæli en verið hefur fram til þessa."

Erlendur Einarsson talar síðan í framhaldi af þessu á þessari ráðstefnu Stjórnunarfélagsins 1972, þar sem hann fjallar um róttækar hugmyndir um nauðsyn þess að opnuð verði ný leið, eins og hann orðar það, í íslenskri samvinnuhreyfingu, en fyrst fjallar hann um samvinnustarf hér og erlendis og bendir þar m.a. á að í Bretlandi þar sem kaupfélögin byrjuðu, eins og allir vita, hjá vefurunum í Rochdale, þá eru bresku kaupfélögin að formi til hlutafélög. Svo er líka í Bandaríkjunum. Hann segir hér orðrétt um Bretland: „Þar sem kaupfélögin byrjuðu þá eru bresku kaupfélögin að formi til hlutafélög." Síðan segir forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, með leyfi forseta:

„Þá kem ég loksins að þessum hugmyndum um nýjar leiðir í fjármagnsuppbyggingu hjá okkur hér heima. Enda þótt leggja beri áherslu á þýðingu þess að félögin eigi aðgang að lánsfjármagni, og í því sambandi vil ég minna á útgáfu skuldabréfa eins og Svíar hafa gert. Ég tel að það komi mjög vel til greina að fara út í slíkt t.d. hjá Sambandinu í dag. Þá er orðið mjög tímabært að mínu áliti að leita að ótroðnum slóðum." Og síðan segir: „Það er ekkert launungarmál að ég er sannfærður um nauðsyn þess að opnuð verði ný leið í þessum efnum er gerði félagsfólki samvinnufélaganna og almenningi mögulegt að ávaxta fé sitt í samvinnufélögum. Það er skoðun mín að þessu verði best hrint í framkvæmd með því að gera fólki kleift að kaupa hluti í kaupfélögunum og öðrum samvinnufélögum.

Ég vil leyfa mér að vísa til þess sem ég sagði áðan að þessi leið í fjármagnsuppbyggingu hefur lengi verið notuð í Bretlandi þar sem vagga samvinnuhreyfingarinnar stóð og þar sem upprunnar eru þær meginreglur sem orðið hafa undirstaða samvinnulífs hvarvetna um heim og þá á ég við Rochdale-reglurnar.

Ég vil strax gera það ljóst að þeir hlutir sem hér er um að ræða eru alls ekki það sama og hlutabréf og ég

verð líka að skúffa Eyjólf Konráð Jónsson með því að minna á að við erum samvinnufélag og við verðum að starfa sem slíkt. En þetta er ekki það sama og að gefa út venjuleg hlutabréf og því vaknar strax spurningin að finna þessum bréfum nafn ef út í þetta yrði farið. Ég vil nota hér nafnið stofnbréf. Þetta er gamalt og gott orð í samvinnusögunni. Þegar bændurnir í Þingeyjarsýslu, svo að ég vitni nú aftur í Þingeyinga, fóru á milli bæja, er verið var að stofna Kaupfélag Þingeyinga 1882, þá skrifuðu menn sig fyrir stofnbréfum í þessu nýja félagi."

Og Erlendur heldur áfram:

„Í sambandi við útgáfu og notkun stofnbréfa vakna að sjálfsögðu fjölmargar spurningar. En áður en ég vík að þeim, hverri fyrir sig, vil ég leggja áherslu á eitt meginatriði, nefnilega það að hver einstaklingur getur aðeins farið með eitt atkvæði. Þá kem ég aftur að því að við erum að starfa innan ramma grundvallarreglna samvinnufélaga. Stofnbréfunum fylgja því ekki atkvæðisréttindi eins og vera mundi ef um hlutabréf væri að ræða. Ef við brytum það boðorð, þá værum við ekki með samvinnufélög í höndum. Það eru samt til hliðstæður við þetta, bæði í hlutafélögunum og samvinnufélögunum. Það er sérstaklega hliðstæða við þetta í Bandaríkjunum þar sem lengi hefur tíðkast að samvinnufélögin gefi út svokölluð „non-voting preference shares", sem sagt: forgangshlutir án atkvæðisréttinda."

Ég skal ekki vitna meira í þessa umræðu. Ég held að hún skýri sig sjálf, en það er auðvitað alltaf matsefni hversu mjög á að dreifa atkvæðamagni og réttindum til að nota hluti þótt færri séu en ef þeir eru stærri en eitthvert ákveðið mark og þarf ég ekkert að rökstyðja það frekar. Ég hef haldið að þetta væri svo náskylt. Þegar Erlendur Einarsson sagði þetta sem ég nú var að lesa, þá átti hann við að maður sem ætti hlutabréf fengi eitt atkvæði. Það held ég að þurfi ekki endilega að vera svo mikið takmarkað, það gæti verið eitthvað meira. En þessi félagastarfsemi er sem sagt náskyld að formi til og á því vildi ég vekja hér athygli.

Nú er svo komið, því miður, að samvinnufélögin eru kannski eiginfjárlaus, eða hvað? Svo hefur verið látið í veðri vaka, ekki af mér heldur allt öðrum mönnum, að samvinnuhreyfingin gæti jafnvel verið á gjaldþrotsbarmi og er ekki fagnaðarefni ef svo er komið. En hefði nú verið hlustað á Erlend Einarsson á þessum tíma — eða þá bara mig, sem var nú varla von kannski að samvinnumenn gerðu, en þó, þeir buðu mér oft að koma á umræðufundi hjá sér og fór vel á með okkur — þá væri kannski öðruvísi umhorfs í samvinnufélögunum, enda væru þau þá allt aðrar stofnanir en þau eru í dag. Þau væru þá raunverulegar stofnanir fólksins þar sem fólkið hefði áhrif, en það væru ekki örfáir menn, kannski tveir eða þrír eða fjórir sem réðu þar lögum og lofum og þá væri heldur ekki svo komið, eins og raunar hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson vakti athygli á, að samvinnuhreyfingin væri fjármagnslítil eða fjármagnslaus, og hann benti á að þetta hefði allt saman gengið á meðan félagið bjó við neikvæða vexti. Hann orðaði það svo. Þá gat það gengið, neikvæða vexti. Núverandi forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga hefur raunar í sjónvarpsþætti, ef ekki víðar, getið um það, ekki alls fyrir löngu, að nú þyrfti að koma á neikvæðum vöxtum til þess að samvinnuhreyfingin gæti gengið.

En hvað eru neikvæðir vextir í atvinnurekstri? Það er verið að taka fé af fólkinu, taka fé af þeim sem njóta þjónustunnar, gera það upptækt til fyrirtækis sem ekki ber sig, sem er að tapa, óarðvænlegt fyrirtæki. Það eru neikvæðir vextir þegar hulunni er af því létt, og hér er það játað, og ekki nema gott um það að segja, af miklum samvinnumanni að þannig hafi þetta gengið hjá samvinnufélögunum og það gangi ekki lengur vegna þess að nú eru ekki lengur neikvæðir vextir, þ.e. sparifé landsmanna er ekki gefið ákveðnum félögum til þess að þau geti haldið áfram að tapa í það óendanlega. Þess vegna er þessi umræða mjög mikils virði og skal ég ekkert vera að lengja hana, en við erum auðvitað að nálgast þann sjálfsagða hlut að peningar séu metnir eftir markaðsverði, eftir því hvaða ávöxtun þeir geta skilað, og ég leyfi mér að minna á tillögu, sem einmitt var útbýtt á þessum fundi, til þál. um frelsi í gjaldeyrismálum og aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkja sem er flutt af formanni Sjálfstfl. og okkur fleiri flokksmönnum og menn geta lesið um.

Við getum auðvitað ekkert einangrað okkur í peningamálum og peningastjórn kemur alltaf verst við þá sem minnst mega sín. Við hin sem betur erum sett getum kannski marið okkur út lán á neikvæðum vöxtum. Þeir komust nú einu sinni í 30–40% neikvæða hér á einu gullaldarári vinstri manna og það gat verið notalegt að ná sér í svoleiðis lán þá, enda minnist ég þess oft og tíðum þegar menn voru að spyrja hvort ég sem þingmaður — það er nú oft sem menn leita til þingmannsins — gæti hjálpað sér að ná í lán einhvers staðar og ég spurði kannski: Ja, skuldarðu þessum banka eða hinum? Nei, en ég á 100 þús. kr. víxil í Landsbankanum. Ósjálfrátt var fólkið farið að tala um það að það ætti víxil. Það var líka ágætis eign ef það voru 30% neikvæðir vextir og menn höfðu notað peningana vel. Fólkið fann það nokk út. Núna er t.d. alveg hætt að tala um lántökur á Íslandi. Nú er þetta allt saman fyrirgreiðsla. Nei, nei, nú tekur enginn maður lán. Það er bara fyrirgreiðsla. Það eru bara stjórnmálamennirnir, þeir skaffa manni þetta. Þeir skammta eitthvað úr hnefa sem ekki skal nefnt úr þessum virðulega stóli. En bara þetta sem fólkið finnur á sér segir svolítið um það hve brenglað atvinnulífið hér er og hve brenglaður hugsunarhátturinn er í sambandi við allan atvinnurekstur, að það skuli vera gott að eiga víxil og að það skuli enginn taka lán heldur fá fyrirgreiðslu.

Ég læt svo lokið máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna framhalds fundarins vill forseti geta þess að vonast er til að á þessum fundi verði hægt að mæla fyrir fjáraukalögum 1988 og 1990, en þessari umræðu verður haldið áfram um stund.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni það sem hann kallaði afskiptasögu þessarar ríkisstjórnar í bankamálum. Þetta gefur mér gott tilefni til að lýsa því í örstuttu máli hver sú saga er. Hún er nefnilega, þótt í allri hógværð sé mælt, *sennilega merkilegri en flestra ríkisstjórna á síðustu áratugum.* Það er í starfstíma þessarar stjórnar sem raunveruleg uppstokkun, endurskipulagning, verður í bankakerfinu. Það hefur verið myndaður einn stór hlutafélagsbanki úr fjórum bönkum. Það stefnir í að ríkisbanki, Landsbankinn, yfirtaki þann hlutafélagsbanka, Samvinnubankann, sem einn stendur eftir af hinum smærri hlutafélagsbönkum. Þetta er saga sem hver ríkisstjórn getur verið fullsæmd af og málið sem við ræðum hér í dag er einn lítill kafli í þeirri sögu. Ríkisstjórnin getur hvar og hvenær sem er komið fram og lýst því sem hún hefur fengið áorkað í bankamálum. Ég þakka þess vegna hv. 1. þm. Reykv. fyrir að gefa mér tilefni til að víkja að þessari merku sögu.

Því miður held ég að ég verði að segja annað um sumt annað sem hv. þm. sagði, sérstaklega um verðið *á bréfunum í Samvinnubankanum* og um það sem hann kallaði afskipti formanns bankaráðs og viðskiptaráðherra af þessu máli sem á honum var að skilja að hefðu verið óviðurkvæmileg. Ég freistast til að beita málflutningsaðferð hv. 1. þm. Reykv. því að hann hefur fyrr í þessari umræðu orðið ákaflega hrifinn af þrenningu nokkurri sem hann hefur kallað til sögunnar, sem hann kallar undirmál, yfirklór og klúður, því miður verður það að segjast um mest það sem hann hefur sagt um verðið á bankanum og þau skipti öll, að það er misskilningur mestan part eða bull og klúður eða kannski jafnvel bull og slúður vegna þess að hann hefur farið þar með staðlausa stafi.

Það sem er rétt í málinu með verðið á bankanum er að sjálfsögðu að Landsbankinn greiðir 605 millj. kr. fyrir hlutabréfin miðað við 1. jan. Vaxtaleiðrétting sem títt er nefnd til sögunnar er sjálfstætt mál sem bankaráðið hefur falið bankastjórn að fara með eins og starfsreglur bankanna segja til um. Þetta þekkir bankaráðsmaðurinn mætavel.

Það er alveg greinilegt, a.m.k. litu þeir sambandsmenn svo á, að hið endanlega tilboð bankaráðsins, sem að var gengið og gert var í árslok, hafi í þeirra augum verið mun lægra en þær fyrri verðhugmyndir sem fram komu. Ég eftirlæt þingmönnum það sjálfum að meta það hvort svo muni ekki hafa verið. Það sem er svo rétt í þessu máli er að hið endanlega verðmæti bréfanna fyrir kaupandann er háð þeim arði, þeim hagnaði, sem hann getur haft af þeim í framtíðinni. Ríkisendurskoðun miðar í sínu verðmati við 8–10% arðgjafarkröfu og fær þá niðurstöðu að Landsbankanum væri hyggilegt að greiða 900 millj. kr. fyrir allan bankann, en ef miðað væri við lægra vaxtastig, eins og útlit er fyrir að hér ríki á næstu missirum, hækkar virði bréfanna að sjálfsögðu.

Það er líka misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv. að hugsanleg aðild Búnaðarbankans að þessum kaupum, að þessu máli, á einhverju stigi máls, eins og ég hef ítrekað sagt, spilli því hagræði sem Landsbankinn hefur af kaupunum. Þvert á móti er það einmitt leið til þess að meira hagræði sé að þeim en ekki minna. Þetta skilur hver sá sem skilja vill. Það er svo að *sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. að það er málefni bankaráðanna tveggja að kanna þetta mál og ræða sín á milli* og ég fulltreysti því að það verði gert, en það er að sjálfsögðu hyggilegt en ekki óhyggilegt að hreyfa því máli snemma.

Síðan kem ég þá að því sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín og er um önnur mál. Það er fyrst um yfirlýsingar um nauðsyn þess að laga íslenska fjármagnsmarkaðinn að breyttum aðstæðum utan lands og innan. Eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. hefur ríkisstjórnin unnið skipulega að þessu máli frá því hún var fyrst mynduð undir forsæti Steingríms Hermannssonar 28. sept. 1988 og eins og forsrh. vék að í sínu máli samþykkti ríkisstjórnin sérstaklega um þetta mál í febrúar 1989, að gera skyldi tímasetta áætlun um aðlögun að þessum breyttu aðstæðum. Þar var m.a. nefnt að vinna skyldi að hagræðingu og samruna banka og lánastofnana. Ýmislegt hefur í því máli skeð frá því í febrúar í fyrra eins og þingheimi er vel kunnugt. Ég hef síðan á vettvangi ríkisstjórnar og í samstarfi milli ráðuneyta kynnt hugmyndir um áfangasettar breytingar til frjálsræðis í lánamálum og viðskiptum við önnur lönd. Sumt af því hefur þegar verið framkvæmt, eins og ég minni á að gert var á liðnu ári, bæði í byrjun árs 1989 og um haustið 1989, að rýmkað var um heimildir til lántöku í sambandi við vörukaup og ýmsar breytingar gerðar á því sviði. Eins eru í undirbúningi rýmri reglur með það að markmiði að innan fárra ára hafi hið íslenska fyrirkomulag verið lagað að því sem erlendis gerist. Þetta er að sjálfsögðu mál sem tengist okkar viðræðum við Evrópubandalagið á vettvangi EFTA-ríkjanna og okkar Norðurlandasamstarfi eins og hæstv. forsrh. vék að. Að þessu máli er unnið og það mun koma í ljós innan skamms hvernig á því verður haldið í nánari greinum. Þarna kemur m.a. við sögu það mál sem hv. 1. þm. Reykv. vék að og lýtur að starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi. Ég get vel endurtekið það að ég tel fulla þörf á því að marka þar stefnu fyrir lok þessa árs, einmitt vegna þeirra samninga sem við stöndum í við önnur Evrópuríki en líka vegna okkar sjálfra því að ég tel feng að aukinni samkeppni á lánamarkaði — en ein forsenda þess að það sé sanngjarnt og rétt að opna fyrir aukna samkeppni er að innlendar lánastofnanir hafi verið efldar með samruna og hagræðingu. Reyndar þurfa þær þá líka að geta aukið sitt eigið fé með þeim hætti sem hentugastur er, þ.e. með því að fá aukið áhættufé frá almenningi. Stofnun Íslandsbanka er mikilvægt skref í þessa átt, eins og hver maður getur séð, en eins kemur þá upp sá vandi sem ríkisbönkunum og ríkinu er á höndum vegna sinnar bankastarfsemi. Það mál verður leyst og ég er þess fullviss að þar hljóti menn að velja þá leið að reyna að efla þeirra eiginfjárstöðu í framtíðinni með

áhættufé með því að gefa almenningi kost á að kaupa bréf í þeim. Hvaða nafn slík bréf bæru eða nákvæmlega hvaða réttarstöðu þau hefðu er kannski fullfljótt að ræða. En þetta gefur mér náttúrlega ástæðu til að víkja að þeim tveimur þingmálum sem hv. 1. þm. Reykv. vék hér að og er á vegum þingmanna Sjálfstfl. og frjálslyndra hægrimanna. Að sjálfsögðu verða þau mál skoðuð en fyrir fram vil ég hvorki lýsa yfir stuðningi né andstöðu við þau mál. Þau eru nýframkomin. Það má vel vera að í þeim kunni að vera nýtilegar tillögur og að sjálfsögðu eiga málefnin að ráða þar. En að sjálfsögðu mun ég ekki fyrir fram lýsa yfir afstöðu til þeirra að óathuguðu máli eða áður en þau hafa fengið nánari skoðun.

Í þessu sama samhengi er rétt að víkja að samvinnufélögunum. Eins og kom hér fram hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv. er fjárhagsskipulag samvinnufélaganna mjög mikilvægt málefni fyrir okkar atvinnulíf og fyrir okkar fjármálalíf. Í umræðum okkar hér um þessa skýrslu fyrr í þinginu, m.a. með þátttöku hv. 5. þm. Norðurl. e. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar hefur nokkuð verið rætt um kosti þess að samvinnufélögin gæfu út stofnbréf eða stofnsjóðsbréf sem gæfu af sér ávöxtun með líkum hætti og um hlutabréf væri að ræða þótt atkvæðisréttur væri takmarkaður. Ég tel enn að slík breyting á samvinnulöggjöfinni sé skoðunar virði og fagna merkri grein Erlends Einarssonar í Morgunblaðinu fyrir stuttu sem hv. 8. þm. Reykv. vék hér að og reyndar sá fyrsti líka. Ég tel greinina vitna um að þar sé á gangi hreyfing í rétta átt og sú rétta átt er að gera muninn á samvinnufélögunum og öðrum almenningsfélögum, almenningshlutafélögum, minni en hann hefur verið og, eins og mig minnir að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson kæmist hér að orði, kannski hverfur sá munur þegar fram í sækir.

Þá kem ég að því sem hv. 1. þm. Reykv. spurði mig um beinlínis og varðar nefndarstarf sem viðskrn. hefur stofnað til með viðskiptabönkum og sparisjóðum í tengslum við nýlega gerða kjarasamninga. Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. þm., að um mánaðamótin næstsíðustu, janúar/febrúar, var skipuð nefnd að tilmælum viðskiptabanka og sparisjóða til þess að kanna leiðir til hagræðingar og breytinga á starfsskilyrðum þessara stofnana til þess að gera mögulega þá lækkun vaxta sem fylgja mun snöggri hjöðnun verðbólgunnar í kjölfar kjarasamninganna. Þetta er vandasamt verk og mun víða reyna á bæði innviði bankanna og ytra starfsumhverfi þeirra. Þarna er um að ræða í senn nauðsynlega hagræðingu í starfi bankanna og þau starfsskilyrði sem þeim eru búin bæði af hálfu Seðlabanka og ríkisvalds. Nefndarstarfinu var settur mjög skammur tími. Það var ætlunin að því lyki nú um mánaðamótin síðustu, febrúar/mars en vegna ýmissa eðlilegra frátafa að mínu áliti, veikinda m.a., hefur ekki tekist að ljúka því nákvæmlega á þeim degi. Það er reyndar ekki nýtt í Íslandssögunni að slíkt hafi upp á borið. Það hefur verið unnið mjög vel að þessu verki og kappsamlega í nefndinni. Ég á von á því að hún geri grein fyrir sér í heild alveg á næstunni. Ég hef átt með henni fund og heyri og sé að þar er unnið að mjög gagnlegum málum.

Virðulegi forseti. Ég tel að með þessu hafi ég svarað því sem að mér var beint í þessari umræðu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur farið nokkuð víða eins og gengur og hún hefur færst á köflum inn á skipulagsmál samvinnuhreyfingarinnar og fjárhagsuppbyggingar hennar almennt. Það er vegna þessa þáttar í umræðunni sem ég vil leggja inn í hana örfá orð vegna þess að hér er hreyft athyglisverðu máli og þarft að þessi umræða komi inn á hv. Alþingi.

Samvinnufélagsformið hentaði vel á sínum tíma, samvinnufélögin voru þáttur í því að færa verslunina inn í landið eins og menn vita og í kjölfar þeirrar verslunarstarfsemi var farið út í ýmsa aðra þætti atvinnulífs og þjónustu og notað til þess það fé sem skapaðist einkum í verslunarrekstrinum. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, þjóðfélagið hefur breyst og aðstæður í samvinnurekstri breyst að mun, einkum seinni árin og sú starfsemi sem samvinnufélögin byggðu tilveru sína á í stórum dráttum, eins og landbúnaðarstarfsemin, hefur dregist mjög mikið saman og rekstrarumhverfið hefur breyst. Umræðan um eigið fé og fjármögnun í samvinnuhreyfingunni hefur verið á kreiki nokkuð lengi en því miður er ekki niðurstaða í þeim efnum.

Hlutafélagsformið hefur reynst á síðari árum heppilegra til þess að fara út í nýja starfsemi, það hefur reynst liðlegra til þeirra hluta og liðlegra til þess að ná áhættufjármagni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Og það hefur satt að segja verið þróunin að samvinnuhreyfingin hefur verið með ýmsa nýja starfsemi í hlutafélagsformi eða tekið þátt í hlutafélögum með öðrum aðilum.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er nauðsynlegt að endurskoða samvinnulögin og endurskoða þau á þann hátt að samvinnufélögin geti verið raunverulegt mótvægi við hlutafélagsformið við núverandi aðstæður og veitt hinum stóru hlutafélögum samkeppni. Það er skilsmunur hvort þau eru kölluð samvinnufélög eða almenningshlutafélög, en munurinn er kannski ekki svo mikill þar á, þó að það sé grundvallarmunur hvort hver félagsmaður hefur eitt atkvæði eða hvort hann hefur atkvæði í hlutfalli við það fé sem hann á í félaginu. Það verður að finna úrræði sem leiða til þess að það fjármagn sem í þessum félögum er safnist ekki á fárra hendur, í þeim verði ekki fámennisstjórn og menn geti í krafti fjármagns ráðið þar öllu.

Það hefur oft verið sagt að það sé fámennisstjórn í samvinnuhreyfingunni og það bryddaði aðeins á því í annars ágætri ræðu hv. 8. þm. Reykv., sem ég var að hlusta á áðan. Ég held að þetta sé orðum aukið og ég vil undirstrika það, sem oft hefur verið mistúlkað, að kaupfélögin víða um land eru sjálfstæð fyrirtæki undir sjálfstæðum stjórnum og eru ekki háð Sambandinu að því leyti til. Oft hefur þetta verið túlkað

þannig að Sambandið væri yfirstjórn kaupfélaganna. Það er ekki, en á síðari árum hefur Sambandið stofnað ný fyrirtæki í hlutafélagsformi og stjórnendurnir hafa setið í stjórnum þessara hlutafélaga. Það er alkunna. Samvinnulögin þarf að endurskoða á þann hátt að samvinnufélögin verði áfram félög fólksins, það verði komið í veg fyrir það að þar sé fámennisstjórn eins og sú sem heyrðum lýst í fréttatíma Stöðvar 2 í gærkvöldi. Nú er að myndast mikill samruni stórra fyrirtækja hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem stjórnendur sitja sitt á hvað í stjórnum þessara stóru félaga þannig að um einn samfelldan stóran hring verður að ræða innan tíðar. Ég held að það þurfi að koma málum samvinnufélaganna fyrir þannig að þau verði áfram mótvægi við slíkt. Við samvinnumenn höfum áreiðanlega ekki verið nægilega vakandi við endurskoða þá lagasetningu sem öll starfsemin byggist á.

Erindi mitt í þennan ræðustól var að undirstrika að það er nauðsynlegt að breyta samvinnulögunum á þann hátt að almenningur geti lagt fé í þessi fyrirtæki og atkvæðisréttur í skjóli þess fjármagns verði sem jafnastur.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég get hvort heldur sem er komið hér í ræðustól til að gera örstutta athugasemd eða bera af mér sakir því að sakir voru á mig bornar af hæstv. ráðherra hér áðan og mun ég víkja að því. Ég hef ekki hugsað mér að tala lengi, ég hef þegar gert grein fyrir mínu máli nokkuð rækilega og skýrt að ég tel. Það eru örfá atriði sem mig langar til að nefna. (**Forseti:** Ég verð að áminna hv. þm. að þau atriði mega ekki vera mörg. Örstutt athugasemd ætti ekki að taka mikið meira en eina mínútu eða svo.) Það tekur nokkrar mínútur, forseti, og ég held að það sé siður að gefa mönnum kost á að gera það sem kallað er örstutta athugasemd og það sé ekki bundið við eina mínútu. Ég bið a.m.k. hæstv. forseta að sjá í gegnum fingur sér með það því venjan er sú að skýrslubeiðendur og málshefjendur hafi rétt til þess að gera athugasemd þriðja sinnið. (**Forseti:** Ég treysti hv. þm. til að stytta mál sitt svo sem mest hann getur.) Ef ég verð ekki fyrir miklum truflunum þá hygg ég að það taki mjög stuttan tíma.

Í fyrsta lagi, virðulegur forseti, tel ég rétt að benda á að sú tímasetta áætlun um heimildir fyrir erlendar lánastofnanir til að starfa hér á landi virðist hafa verið sett fram í febrúar í fyrra. Hæstv. viðskrh. segir að hún sé til umræðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. segir að hún hafi ekki verið til umræðu þar frá því í febrúar í fyrra. Þetta er niðurstaðan í umræðunni.

Í öðru lagi er það athygli vert varðandi fyrirvara við efnahagsáætlun Norðurlanda að hæstv. forsrh. segir að ríkisstjórnin sé sammála um þennan fyrirvara. Það er út af fyrir sig athygli verð yfirlýsing þegar skoðaðar eru yfirlýsingar hæstv. ráðherra Alþfl. fyrr í þessum málum. Maður hlýtur auðvitað að velta fyrir sér, virðulegur forseti, hvernig svona ríkisstjórn hefur traust til þess að fara með málefni sem varða undirbúning EB-málanna.

Það vekur líka athygli, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. tók ekki til máls, hann kaus ekki að ræða þennan fyrirvara né heldur að fjalla um málefni SÍS sem hann hefur gert áður úr þessum ræðustóli.

Þá þakka ég hæstv. viðskrh. fyrir að útiloka ekki stuðning við tillögur sjálfstæðismanna. Og kem ég þá að því að bera af mér sakir, virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði — og grípur þar til gamals bragðs — að sjónarmið mín og ræðuflutningur byggðist á misskilningi, bulli og slúðri og staðlausum stöfum. Það er ákaflega sjaldgæft að gætinn, grandvar og vel gefinn maður eins og hæstv. ráðherra er taki svona til orða. Ég vil bera af mér sakir með því að lýsa því hér yfir að hvaðeina sem ég hef sagt í þessu máli stenst fyllilega. Ég get nákvæmlega sagt hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig. Nú er staðan sú að verðið sem greitt er fyrir bankann eða þann hluta bankans sem Landsbankinn hefur keypt núna er nánast það sama og var í upphafi, þ.e. 1., sept. þegar búið er að taka tillit til þess að færa niður fasteignir, taka tillit til lífeyrisskuldbindinga, tapaðra útlána og til viðbótar hafa komið vextir af kaupverðinu. Og ég vil undirstrika það að þetta eru vextir af kaupverðinu enda er það yfirlýst og viðurkennt af öllum aðilum sem nálægt málinu hafa komið.

Ég get því sagt, virðulegur forseti, að þetta mál allt er, og það stendur eins og stafur á bók, skólabókardæmi um undirmál, yfirklór og klúður.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd til þess að bera af mér áviðingar. (Gripið fram í.) Þeim mun fremur, virðulegu þm., er full þörf á því að andmæla því enn á ný að afskipti og málflutningur ríkisstjórnarinnar í málinu hafi einkennst af því sem virðulegur 1. þm. Reykv. hefur ítrekað leyft sér að kalla, og er greinilega ákaflega hrifinn af orðum sínum þremur, „undirmál, yfirklór og klúður". Ekkert gæti verið fjær sanni. Hver var það sem bað um álit Ríkisendurskoðunar og bankaeftirlits Seðlabanka í upphafi málsins? Hver var það sem lagði fram í þinginu skýrslu Ríkisendurskoðunar, annar en viðskrh.? (Gripið fram í.) Bíddu hægur, hv. 1. þm. Reykv., þar kem ég að því að ég freistast enn til að beita sömu málflutningsaðferð og hv. 1. þm. Reykv. Það sem hann nú bætti við í sinni síðustu ræðu leiðir mig enn til þess að hugsanlega væri rétt að nota hans málflutningsaðferð og lýsa framlagi hans til málsins sem misskilningi mestanpart og slúðri.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. viðskrh. þurfi að fá að komast hér að aftur en náttúrlega á ekki að brjóta þingsköp eða annað í þeim efnum. En það hefði verið tilefni til þess að ræða nánar um þeirra umræður hér áðan um þetta mál mun betur en gert hefur verið. Ég vil, virðulegur forseti, þá víkja máli mínu að öðru og sé að mættur er

í salinn aftur Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl., sem ég vildi beina orðum mínum sérstaklega til.

Það sem mér finnst athyglisvert í sambandi við umræðuna um kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands ísl. samvinnufélaga í Samvinnubankanum er það að í umræðunni hefur það verið staðfest af einum helsta stuðningsmanni samvinnuhreyfingarinnar hér á hinu háa Alþingi, hv. 3. þm. Austurl. Jóni Kristjánssyni, að það rekstrarform sem við sjálfstæðismenn höfum barist fyrir frá upphafi, sem er hlutafélagsformið, sé það form sem hann sem samvinnumaður telur að hafi reynst betur en samvinnufélagsformið. Mér finnst felast í þessu mikil viðurkenning á því að einkaframtakið með sínum rekstrarformum, einstaklingsfyrirtækjum sem og hlutafélögum, hefur reynst betur en það form sem hv. þm. hefur verið að berjast fyrir á síðustu áratugum ásamt sérstaklega Framsfl. Þetta finnst mér mjög merkileg yfirlýsing af hálfu þessa forustumanns Framsfl. og þess virði að ræða nokkuð nánar.

Hv. þm. sagði orðrétt: „Hlutafélagsformið hefur reynst betur og það þarf að endurskoða lög um samvinnufélögin."

Ég ætla ekki að fara að vitna hér í ræðu fyrrv. forstjóra Sambandsins, Erlendar Einarssonar, það gerði hv. 8. þm. Reykv., en það koma einnig fram í grein þessa fyrrv. forstjóra Sambandsins, sem birtist í Morgunblaðinu, miklar efasemdir um það rekstrarform sem hann notaði þegar hann byggði upp Sambandið í það veldi sem það var á sínum tíma. Það hefur reynst íslenskri þjóð illa og þeim mun verr sem framþróun verður meiri og tímarnir breytast. Enda mun það vera staðreynd að ungt fólk hefur lítinn áhuga fyrir því að starfa undir þessu rekstrarformi. Það segir einnig sína sögu og bendir til framtíðarinnar um það hvað hentar best á sviði atvinnulífs hvað rekstrarform fyrirtækja áhrærir.

En það var eitt atriði í ræðu hæstv. viðskrh. sem ég var ekki alls kostar sáttur við, og það var þessi hugsun sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra og virðist vera ríkjandi hjá gömlu sósíalistunum, m.a. í Framsfl. og Alþfl. Ég vona að enginn misskilji orðið sóasíalisti þó að ég nefni Alþfl. í sömu andránni. Þeir hafa talið sig sósíalista fram á síðasta dag. Það var þessi nýja hugsun sósíalistanna í Framsfl. og Alþfl., sem kom hér fram áðan og maður hefur orðið var við því miður allt of víða og kom mjög skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. Það er að í stað þess að stíga skrefið að fullu og viðurkenna það og standa að því að hlutafélagsformið eða einkarekstursformið henti best þá vilja þessir aðilar finna eitthvert nýtt form á milli þessa úrelta fyrirkomulags sem samvinnuhreyfingin er orðin og hefur raunverulega ætíð verið og hlutafélagsformsins. Það felst m.a. í því að þeir tala um, eins og fyrrv. forstjóri SÍS, að það þurfi að koma á einhvers konar stofnbréfakerfi til að fjármagna þetta nýja fyrirkomulag sem á að vera mitt á milli samvinnurekstrarformsins og hlutafélagsformsins. Ég er ekki alveg sáttur við það að menn skuli ætla sér að finna einhverja leið aðra en þá sem hefur reynst best. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna á að takmarka atkvæðisréttinn hjá þeim sem leggja fram fjármagnið? Hvernig hefur hann hugsað sér það að takmarka atkvæðisrétt? Hvernig hefur hann hugsað sér að fá fólk til að leggja fram fé í gjaldþrota fyrirtækjasamsteypu með þeim hætti að það eigi að takmarka rétt manna til að hafa afskipti af því hvernig á að bjarga því sem bjargað verður úr þrotabúi samvinnuhreyfingar á Íslandi. Hvernig á að takmarka rétt þeirra sem ætla að taka þá áhættu að reyna að byggja upp það sem er þess virði að byggja upp og halda rekstri áfram á ef þeir eiga að leggja fram fjármagn sem á að duga til þeirrar enduruppbyggingar sem þörf er fyrir? Mér er ekki alveg ljóst hvernig á að gera slíkt. Hins vegar get ég tekið undir þá hugmynd út af fyrir sig að fjármagnið eitt skuli ekki ráða öllu þannig að það myndi svokallað fámennisvald í stórum fyrirtækjum. Inn á það kom líka hv. þm. Jón Kristjánsson. Þessu eru víða sett takmörk með lögum og það er einnig gert í íslenskri hlutafjárlöggjöf. Þar er reynt að takmarka það að fáir, stórir og sterkir fjármagnsaðilar geti náð algerum undirtökum í hinum stóru fyrirtækjum. En það er ekki gert á grundvelli þeirra hugmynda sem hér hafa alla vega verið skýrðar í sambandi við stofnbréf. Fjármagnið á auðvitað að hafa sama rétt eða svipaðan rétt til afskipta hvar sem það er nýtt í þágu fyrirtækja. Hlutafélagsformið hefur reynst best í þessum efnum en það þarf hugsanlega að setja einhverjar takmarkanir í sambandi við stór fyrirtæki. Það væri t.d. ekkert óeðlilegt að takmarka að væri enn meir en er í núgildandi lögum að einn eða fáir aðilar geti farið með mikið fjármagn í sambandi við þátttöku og atkvæðagreiðslur í þeim fyrirtækjum. En ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á því hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hugsar sér að takmarka atkvæðisréttinn og tengja hann svokölluðum stofnbréfum.

Hv. þm. Jón Kristjánsson viðurkenndi í ræðu sinni áðan að það yrði að endurskoða samvinnulögin. Fyrir tveim árum lagði ég fram hér frv. til laga um að það væri eðlilegt og rétt að færa upp í reikningum Sambandsins eignarhlut eignaraðila í þessu móðurfyrirtæki samvinnufélaganna. Þetta frv. fékkst ekki afgreitt hér á hinu háa Alþingi, ég segi því miður, þannig að við erum engu nær í dag um hvað við erum raunverulega að tala þegar við erum að fjalla um samvinnuhreyfinguna og sérstaklega Sambandið eins og hér er gert nú og Samvinnubankann. Við erum engu nær um það hver er raunveruleg eignarstaða þessarar samsteypu sem hér er til umræðu. Það furðulega hefur skeð, sem er náttúrlega alger þversögn við upphaf og tilgang samvinnufélaganna, að það ríkir mikil leynd yfir því hver er raunveruleg eignarstaða samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi og alveg sérstaklega Sambands ísl. samvinnufélaga. Þetta er þeim mun furðulegra þegar maður hefur það í huga að Sambandið á eðli sínu samkvæmt að vera fjöldahreyfing, öllum opin, þ.e. það eiga ekki að vera nein leyndarmál um það hver er raunveruleg eignarstaða þessarar hreyfingar. Hugsanlega gæti hæstv.

viðskrh. upplýst okkur betur um það hvernig staða samvinnuhreyfingarinnar er þannig að við gætum þá rætt frekar um nauðsyn þess að endurskoða lög um samvinnufélög og á grundvelli nánari upplýsinga en bara þeirra sem lúta að kaupum Landsbankans á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubankanum. Það eitt út af fyrir sig nægir ekki í því mikla uppgjöri og þeirri miklu umræðu sem er að hefjast.

Það væri t.d. mjög fróðlegt að fá upplýst, ef það er hægt, hvort salan á byggingardeild Sambandsins bæti til muna eignarstöðu Sambandsins umfram það sem verður við sölu Samvinnubankans. Þá væri einnig mjög fróðlegt og nauðsynlegt í þessari umræðu að fá upplýst hvort sala á hlutabréfum Regins hf. í Aðalverktökum sé á næsta leiti þannig að staða Sambandsins og þar með samvinnuhreyfingarinnar batni enn frekar og hægt sé að nálgast það að leysa vandamál þessara fyrirtækja með því að ræða þá hér um hvort eigi að breyta Sambandinu í hlutafélag, hvort það sé rétt að brjóta upp einstakar deildir Sambandsins. Ég nefni sem dæmi að breyta sjávarafurðadeild í hlutafélag og þá með hvaða hætti. Vegna þess að ég held að hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir því að samkvæmt lögum um samvinnufélög eiga þessi atriði raunverulega öll að liggja fyrir þegar svona eignauppgjör fer fram eins og nú virðist eiga sér stað í sambandi við Sambandið og samvinnuhreyfinguna. Það eru mjög skýr ákvæði í samvinnulögunum um hvernig skuli halda á þessum málum og hvaða meðferð þau skuli fá. Ég leyfi mér að setja fram þá skoðun að menn hafi ekki litið sem skyldi á það ákvæði í samvinnulögum sem kveður á um hvernig skuli gera upp samvinnufélag, hver skuli vera meðferð eigna og skulda samvinnufélags. Það hafa hv. þm. ekkert fjallað um enn þá.

Ég leyfi mér einnig að draga í efa að sala á einstökum eignum Sambandsins, t.d. með þeim hætti sem á sér stað í sambandi við Samvinnubankann, gæti staðist lagalega ef hún væri skoðað ofan í kjölinn. Ég hugsa að samkvæmt samvinnulögunum geti eigendur Sambandsins, þ.e. kaupfélögin og félagarnir í kaupfélögunum, krafist þess að fundir séu haldnir í félögunum og fjallað um hvaða áhrif þetta hefur á eignastöðu eignarfélaga Sambandsins. Ég vildi nú gjarnan fá að heyra skoðun hæstv. fjmrh. á því því að ég veit að hann er sérfróður um störf og rekstur kaupfélaga. M.a. hefur hann verið virkur þátttakandi í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Það væri mjög fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi lesa upp þann kafla úr samvinnulögum sem fjallar um meðferð eigna samvinnufélags, þ.e. kaupfélags. Ég sé að hæstv. ráðherra kannast við það sem ég er að tala um. Það stendur í samvinnulögum að við gjaldþrot eða við það að kaupfélag er lagt niður þá skuli eiga sér stað uppgjör með alveg ákveðnum hætti. Þessi umræða hefur ekki enn farið fram.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, vekja athygli á því að hér er verið að fjalla um miklu meira en aðeins sölu á nokkrum hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubankanum. Hér er raunverulega farið að nálgast það sem hv. þm. Jón Kristjánsson er búinn að átta sig á, að það verður að endurskoða samvinnulögin til þess að þetta dæmi gangi upp. Og ég vona að ég hafi skilið hv. þm. rétt að það væri einmitt þetta sem hann átti við þegar hann talaði um að hlutafélagsformið hefði reynst betur og það þyrfti að endurskoða lögin um samvinnufélög. Vegna þess að ég veit að hv. þm. sem er heiðarlegur og grandvar maður gerir sér grein fyrir að það kemur að því, fyrr en síðar, að þau ákvæði í lögum um samvinnufélög, sem kveða á um hvernig skuli farið með eignir og skuldir samvinnufélaga, kaupfélaga sem og Sambandsins, þau ákvæði hljóti auðvitað að koma inn í þessa umræðu og það uppgjör sem nú fer fram innan samvinnuhreyfingarinnar.

Ég segi fyrir mitt leyti að þó að ég hafi ekki verið hrifinn af samvinnurekstrarforminu gegnum árin þá harma ég auðvitað hina mjög svo erfiðu rekstrarstöðu samvinnuhreyfingarinnar, að svo illa skuli fyrirtæki hennar stödd sem raun er. Því að það hefur ekki aðeins áhrif á stöðu þessara félaga sjálfra heldur er þetta því miður farið að hafa áhrif víðar úti í íslensku þjóðfélagi. Og við skulum vona að þetta mikla uppgjör eigi ekki eftir að skaða stöðu og álit íslensku þjóðarinnar á erlendum fjármagnsmörkuðum þar sem við þurfum að eiga góð viðskipti.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, ræða þann kafla í ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar þar sem hann segir í sambandi við hlutafélagsformið að það þurfi að setja því ákveðnar takmarkanir og koma í veg fyrir fámennisvöld í stórum lykilfyrirtækjum. Ég get tekið undir það sjónarmið og það er auðvitað okkar hlutverk, hv. þm., að skoða þetta atriði mun betur. En það er ekki nóg að skoða það atriði eitt út af fyrir sig heldur verða menn einnig að þora að horfast í augu við nýja tíma og ný form í tengslum við útfærslu hlutafélagsformsins. Og eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kom hér inn á tengist það mjög hugmyndum sem hann m.a. hefur haft forgöngu um í gegnum árin, að Íslendingar viðurkenni það að hér þurfi að rísa upp öflug og sterk almenningshlutafélög. Þetta hefur verið eitt af aðalstefnumálum og baráttumálum Sjálfstfl. á síðustu áratugum. Það þýðir að hv. þm. sem og margir aðrir verði að viðurkenna það og fagna því að nýtt fjármagn kemur inn í stóru almenningshlutafélögin sem við höfum verið að berjast fyrir. Og með nýju fjármagni kemur nýtt fólk með nýjar hugmyndir. Það mætir nýjum tímum og breyttum viðhorfum eftir því sem þörf krefur í ljósi þess hvernig það metur framtíðina.

Þetta tengist einnig umræðunni um það hvernig Ísland ætlar að nálgast t.d. Vestur-Evrópu. Við sjálfstæðismenn höfum verið mjög opnir fyrir því eða jákvæðir að við þyrftum að tengjast betur erlendum fjármagnsmörkuðum, þ.e. að auka frelsið gagnvart erlendum fjármagnsmörkuðum. En þó auðvitað ætíð með í huga hvernig staða okkar sjálfra er best tryggð. Og þá kemur að því að við þurfum að gera upp við okkur hvar er hið nýja fjármagn í íslensku þjóðfélagi sem getur stutt við bakið á þeim stóru fyrirtækjum,

m.a. almenningshlutafélögum sem þurfa að keppa við erlenda aðila sem munu koma meira við sögu í sambandi við Ísland og stöðu Íslands í framtíðinni.

Ég veit að hv. þm. skilja alveg hvað ég er að fara. Þá á ég við það m.a. að hv. þm. verða að vera reiðubúnir til þess að taka afstöðu til að t.d. stærstu söfnunarsjóðir á Íslandi sem er í eigu fólksins, sem eru lífeyrissjóðirnir, komi inn í fyrirtækin í ríkari mæli en nú er. (**ÓÞÞ:** Þetta er hárrétt athugað.) Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það var gott að fá þessar undirtektir frá hv. þm. Ég sé það að sumir framsóknarmenn eru að nálgast það að fara rétta leið. Alla vega er hugsunin opnari en hún var fyrir tveimur árum í þessum efnum og ber að fagna því. Þess vegna vil ég undirstrika að þetta er, ég vil segja, eitt af hinum stóru atriðum sem hv. þm. þurfa að taka afstöðu til, sem er að lífeyrissjóðirnir verði virkari þátttakendur í íslensku atvinnulífi og í íslenskum stórfyrirtækjum framtíðarinnar. En til þess að það sé unnt, virðulegi forseti, þurfum við að breyta lögum. Við þurfum með lögum að heimila lífeyrissjóðunum að vera þátttakendur sem hlutafjáreigendur í fyrirtækjum. Og þá vaknar spurningin í hve ríkum mæli. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, hér í þessari ræðu að leggja fram neinar ákveðnar hugmyndir um það, en við munum væntanlega sjálfstæðismenn leggja fram frv. til laga um þetta efni á næstunni. M.a. mun hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson vera með það í undirbúningi fyrir okkar hönd.

Þess vegna fagna ég því að þeir þingmenn og hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað skuli vera jafnjákvæðir fyrir þessum hugmyndum okkar sjálfstæðismanna og baráttumálum um það að rekstur fyrirtækja skuli vera í hlutafélagsformi og einnig því að það er almennur skilningur á því að við Íslendingar þurfum að byggja hér upp öflug og sterk almenningshlutafélög.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra kom hér í ræðustól og endurtók órökstudd ummæli sín um málflutning minn í þessu máli sem hann sagði vera mestan part misskilning, bull og slúður. Ég hef, virðulegur forseti, í þessum umræðum reynt að segja sannleikann í þessu máli eins og hann blasir við. Ég hef fært rök fyrir máli mínu og ég get staðið við hvert einasta atriði í þeim ræðum sem ég hef flutt í umræðunni. Ég segi það jafnframt, virðulegur forseti, að niðurstaða mín og umfjöllun er með sama hætti og umfjöllun Ríkisendurskoðunar þannig að ef það sem ég hef sagt er misskilningur mestan part, bull og slúður, þá er hæstv. ráðherra að gefa Ríkisendurskoðun sömu einkunn.

Ég veit, virðulegur forseti, að þessi orð hæstv. ráðherra falla niður dauð og ómerk ef þau eru ekki rökstudd. Það kann að gerast hér í deilum á hinu háa Alþingi í rökþrota málflutningi að nota slík orð við andstæðinga sína, en vonandi gildir það ekki um aðra og ég vænti þess, virðulegur forseti, að þetta hafi verið mistök og ég þurfi ekki að taka aftur þau orð mín að hæstv. ráðherra sé hvort tveggja í senn gætinn og grandvar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. 1. þm. Reykv. um það að hann mun aldrei þurfa að taka aftur þessi allra síðustu orð sín, það er alveg víst. Hitt þykir mér líklegra að hann þurfi að afturkalla þá vanheilögu þrenningu sem hann hefur til sögunnar kvatt, nefnilega þau orð sem hann notaði til þess að lýsa afskiptum viðskrh. af ákveðnum þætti þess máls sem hér hefur verið til umræðu. Ég ætla ekki að endurtaka þau orð en vil minna þm. á það að það sem ég sagði til þess að lýsa málflutningi 1. þm. Reykv. varðaði þann þátt málsins eingöngu því að sjálfsögðu var sumt — og sérstaklega það síðast sagða — alveg rétt hjá hv. þm.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en hins vegar verð ég að koma hér í ræðustól á ný vegna þess að hv. 14. þm. Reykv. virðist hafa misskilið ræðu mína hér áðan hrapallega ef hann heldur að ég hafi gefið einkaframtakinu einhvern sérstakan gæðastimpil í minni ræðu. Það var einmitt það sem ég gerði ekki þó ég segði að hlutafélagsformið væri liðlegra eins og nú standa sakir til þess að taka upp nýja starfsemi. Hann kom að því sjálfur í ræðu sinni síðar að hlutafélagsformið er náttúrlega meingallað og hann er sammála mér í því að það getur leitt til mikillar fámennisstjórnar og hringamyndunar þannig að ég sé ekki að það skilji svo mikið á milli okkar þegar allt kemur til alls. Hv. 14. þm. Reykv. fór í hring í ræðu sinni í þessum efnum og ég tek auðvitað ekkert aftur af því sem ég hef sagt, að það þarf að endurskoða samvinnulögin og laga þetta ágæta form að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Það er mergurinn málsins.

Guðmundur H. Garðarsson:

Ég vil leiðrétta, virðulegi forseti, það sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði. Ég talaði aldrei um að einkarekstursformið eða hlutafélagsformið væri meingallað, það er alrangt. Það er alröng ályktun hjá hv. þm. að það þurfi endilega að fara saman fámennisvald og illa rekin fyrirtæki. Það er alrangt ályktað. Fámennisvald getur einnig falið það í sér, virðulegi forseti, að reksturinn gangi vel. Ég vitna sérstaklega til þess, virðulegi forseti, það er full ástæða til þess vegna þess að hv. þm. var að vitna í þátt á Stöð 2 í gærkvöldi, í sambandi við gagnrýni hans á fámennisvaldi. Ég tók það fram að það gæti verið þörf á því að setja ákveðnar takmarkandi reglur til að koma í veg fyrir neikvætt fámennisvald í stórum fyrirtækjum. En það vill svo til að fyrirtækið sem hv. þm. vitnaði til áðan, Eimskipafélag Íslands, hefur verið alveg sérstaklega vel rekið á sama tíma og Samband ísl. samvinnufélaga hefur verið illa rekið. Þannig að í því tilviki hefur fyrirtækið sem flokkast undir fámennisvald staðið sig mjög vel.

Ég skal ekki orðlengja það en það var heldur ekki rétt hjá hv. þm. þegar hann sagði að hann hefði ekki sagt að það þyrfti að endurskoða samvinnulögin. Hann sagði orðrétt: „Það er nauðsyn á því að endurskoða samvinnulögin."

Landgræðsla, síðari umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 43. mál. — Þskj. 43, n. 676.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég mæli fyrir nál. hv. atvmn. vil ég taka fram að það er mikil ástæða í þessu máli til þess að geta nokkurra atriða sem fram hafa komið í umsögnum um málið sem margar hverjar eru býsna fréttnæmar, bæði fyrir þingmenn og aðra sem á vilja hlýða. Ég vil geta þess í byrjun að það er alveg ljóst að þær landgræðsluáætlanir sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförnum árum hafa meira og minna farið úr böndunum og haft sáralítil áhrif til þess að vernda gróðurlendi Íslands. Ástand á því sviði er nú svo að gróið land er enn þá á undanhaldi og það er álit sérfræðinga að grípa þurfi til örþrifaráða til að stöðva þann uppblástur sem nú á sér stað, bæði á láglendi og hálendi og þá einkum og sér í lagi á afréttum. Vil ég þar nefna til Biskupstungnaafrétt, Landmannaafrétt og Mývatnsafrétt.

Atvmn. fjallaði um þetta mál og fékk margar gagnmerkar umsagnir um það. Ég vil einkum og sér í lagi geta tilboðs sem kom frá Áburðarverksmiðju ríkisins sem ég hygg að sé alveg einstakt í sinni röð. Áður en ég kem að því vil ég lesa nál. en í atvmn. var algjör samstaða um að fylgja þessari þáltill. og helst að fylgja henni með nokkrum þunga inn í sali þingsins. Í nál. um tillögu um landgræðslu segir á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Nefndin vill vekja athygli á því að þar sem Alþingi hefur enn ekki afgreitt frumvarp til laga um yfirstjórn umhverfismála liggur ekki fyrir hvort það verkefni, sem landbúnaðarráðherra er falið samkvæmt tillögunni, verði á hans hendi eða hjá umhverfisráðherra.

Nefndinni bárust umsagnir um tillöguna frá Áburðarverksmiðju ríkisins, landbúnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Skógrækt ríkisins.

Ólafur Þ. Þórðarson og Matthías Á. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu."

Undir þetta álit rita nöfn sín sá sem hér stendur og hv. þm. Hreggviður Jónsson, Geir Gunnnarsson, Jón Kristjánsson og Geir H. Haarde.

Í tillögugreininni segir á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur.

Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf.

Kannað verði hvort Áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna.

Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður."

Og þá kemur að því sem ég hygg að sé nokkur frétt fyrir hv. þm. Í umsögn og svari Áburðarverksmiðju ríkisins segir á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Landgræðsla ríkisins hefur á undanförnum árum keypt 1630 tonn af áburði að meðaltali á ári. Ef áburðarkaup Landgræðslunnar ykjust verulega gætu þau viðskipti orðið Áburðarverksmiðjunni mjög hagstæð. Til þess að stuðla að auknum viðskiptum við Landgræðsluna vill Áburðarverksmiðjan því lýsa yfir þeim vilja sínum að selja til Landgræðslunnar áburð sem hún keypti umfram 1630 tonn á ári á afsláttarverði. Gæti afslátturinn numið um það bil 20% af heildsöluverði á hverjum tíma. Afslátturinn yrði þó að vera háður því skilyrði að heildsöluverðið sé á hverjum tíma ákvarðað í samræmi við raunverulegan framleiðslukostnað. Enn fremur telur Áburðarverksmiðjan það eðlilegt að umrædd viðbótarviðskipti á afsláttarkjörum næmu á ári hverju í það minnsta 4–5 daga framleiðslu eða 1000 tonnum."

Þetta er auðvitað mjög gott tilboð frá Áburðarverksmiðju ríkisins og fyrir það ber að þakka.

Ég sagði í upphafi að þær áætlanir sem gerðar hefðu verið hér á landi á undanförnum árum um landgræðslu til þess að hefta sandfok og jarðvegseyðingu hefðu meira og minna farið úr böndunum. Öll álit sérfræðinga sem við höfum undir höndum, og þingmenn hafa væntanlega kynnt sér flestir hverjir, sýna það að þjóðargjöfin margfræga hefur komið að sáralitlu gagni. Í henni felast að vissu leyti svik við þjóðina og svik við gróðurinn í landinu einfaldlega vegna þess að með þjóðargjöfinni var sú yfirlýsing gefin að við ætluðum að stöðva jarðvegseyðingu. Það hefur ekki tekist, því miður. Jarðvegseyðing heldur áfram og við erum stöðugt að tapa grónu landi. Þetta eru auðvitað hörmuleg tíðindi og sérfræðingar fullyrða jafnvel að jarðvegseyðing á Íslandi sé meiri en gerist í þeim löndum þar sem hungur er samfara jarðvegseyðingu og skemmdum á grónu landi. Hún sé hraðari og jafnvel meiri.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins frá Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra segir m.a. og í því felast mikil viðvörunarorð og þetta les ég með leyfi virðulegs forseta:

„Stefna ber að því að búið verði að stöðva alla hraðfara gróður- og jarðvegseyðingu fyrir aldamót. Tekið er undir þau sjónarmið að sérstök áhersla verði lögð á að afmarka alvarlegustu svæði jarðvegseyðingarinnar til að unnt sé að vinna þar markvisst gróðurverndar- og uppgræðslustarf. Ýmsar forsendur í búskap og landnýtingu almennt hafa breyst á allra

síðustu árum. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessara nýju viðhorfa við gerð nýrrar áætlunar. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hraða svæðaskiptingu landbúnaðarins með tilliti til landkosta og leita leiða til að auka stjórn á beit á viðkvæðum svæðum."

Virðulegi forseti. Þetta eru orð landgræðslustjóra. Ég hef í umræðum um landnýtingu, landeyðingu og gróðurfar í landinu oft minnst á það að ég tel það hreina fásinnu að miðað við núverandi vitneskju um eyðingu lands, um ástand á afréttum landsins, skulum við enn þá reka fé á afrétti. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það ætti að styðja bændur í því að rækta upp heimalönd svo að þessi afréttarupprekstur heyri sögunni til.

Það væri freistandi, virðulegi forseti, að lesa hér hluta af umsögn fimm mjög kunnra sérfræðinga á sviði landnýtingar sem allir starfa á Rannsóknastofu landbúnaðarins. En þeir tóku sig saman og skrifuðu sameiginlegt álit um þessa tillögu sem þeir fagna mjög eindregið. Þeir segja þar m.a., til þess að lengja ekki þessa umræðu, að þeir telji að áætlunargerð í landgræðslu eigi að fela í sér fjóra meginþætti.

1. Áætlun um landnýtingu.
2. Flokkun lands með tilliti til gróðurfars, jarðvegs, ástands gróðurs og jarðvegs og umhverfisþátta.
3. Val svæða sem græða á upp og ákvörðun um að hvaða gróðurfari skuli stefnt á hverju svæði.
4. Val aðferða til að ná settu marki.

Það kemur fram í þeirra umsögn að mikið skortir á að rannsóknarstörfum sé sinnt nægjanlega vel og til þeirra veitt því fjármagni sem nauðsyn krefur á hverjum tíma. Leit að nýjum plöntum sem nota má til jarðvegsbindingar er látlaus, hún fer fram á hverju ári, en til þess að sú leit megi bera árangur þarf meira fjármagn. Og við verðum að gera okkur ljóst að á þessum vettvangi verður ekki árangri náð öðruvísi en að fjárveitingavaldið sjái til þess að meiri fjármunir fari til þessa verkefnis en farið hafa á undanförnum árum. Að öðrum kosti er um tómt mál að tala.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég ítreka það sem ég hef oft sagt hér í sölum þessa virðulega húss þegar umræður hafa farið fram um landgræðslu og landnýtingu, að áhugi þingmanna á þessum málaflokki virðist oft og tíðum vera bundinn ræðum sem þeir flytja við hátíðleg tækifæri. Áhuginn nær oft og tíðum ekki inn í þingsali eins og í svo mörgum öðrum málum sem hér er fjallað um. Þetta er auðvitað alveg hörmulegt vegna þess að við erum og okkur er ætlað að vera gæslumenn þess gróðurlendis sem við eigum að afhenda komandi kynslóðum og börnunum okkar. Og mér finnst einhvern veginn að í þessum málaflokki hafi ríkt allt of mikið ábyrgðarleysi af hálfu þjóðþings Íslendinga. Það hafi ekki verið tekið á þessum málaflokki af neinni alvöru. Við höfum gefið yfirlýsingar við hátíðleg tækifæri, samanber þjóðargjöfina frægu sem var engin þjóðargjöf því að það var ekkert gefið. Það var ekkert gefið. Þess vegna hvet ég til þess að þessi till. til þál. verði nú samþykkt og að ríkisstjórnin taki við henni opnum örmum og hyggi að því sem í þáltill. segir og geri eitthvað í framhaldi af því. Ég vil líka þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir það frumkvæði sem hann hafði að flutningi þessarar tillögu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég færi atvmn. sameinaðs þings undir forustu hv. þm. Árna Gunnarssonar þakkir fyrir afgreiðslu á þessari þáltill. sem átta alþm. flytja hér á Alþingi og þar sem allir stjórnmálaflokkar sem eiga kjörna þingmenn eru málsaðilar að með þessum hætti.

Tillagan hefur nú verið skýrð, bæði við fyrri umr. og eins af hv. frsm. fyrir nál. atvmn., Árna Gunnarssyni, og þar af leiðandi er ekki mikil ástæða til að lengja þessa umræðu. Ég tek undir það sem hann sagði hér og lagði áherslu á, að á þeim merka degi sem fyrsta landgræðsluáætlunin var samþykkt, og meira að segja á Þingvöllum, þá gætti óhóflegrar bjartsýni um árangur af því starfi sem þar var ákveðið. Og það er rétt hjá hv. þm. að það var ekki staðið við þau fyrirheit í fjármálum sem þar var gert ráð fyrir. Mér finnst hins vegar ástæða til þess að vekja athygli á því að þær tvær landgræðsluáætlanir sem síðar hafa verið gerðar, og sú síðari endar á næsta ári, hafa í meginatriðum fengið það fjármagn sem áætlanirnar segja fyrir um. Það er hins vegar hárrétt hjá hv. þm. að þar er kannski ekki sérstaklega ríflega skammtað og raunar ekki.

Ég vek athygli á því að þáltill. kveður í raun á um að nú verði gerð fjórða landgræðsluáætlunin sem miðist við tímamörk við næstu aldamót. Það gefur meira svigrúm og það er hægt að taka stærri ákvarðanir og það ætti að vera metnaðarmál fyrir Alþingi Íslendinga og þær ríkisstjórnir sem kunna að vera við völd og hafa áhrif næsta áratuginn að geta stutt þau mál með þeim hætti að til verulegs árangurs leiði. Ég undirstrika það sérstaklega að hér er kveðið á um að afmarka landeyðingarsvæðin og það er mikilvægt að um leið ætti að vera óþarfi að hafa uppi deilur um það hvort gróður í þessu landi er á undanhaldi eða í sókn. Hann er reyndar hvort tveggja. Hann er í mikilli sókn á sumum svæðum en annars staðar er hann á undanhaldi.

Ég vek athygli á og undirstrika sérstaklega að við búum núna við bæði meiri þekkingu og betri tækni en áður hefur verið. Það eru núna aðstæður til þess að dreifa hátt í 5000 tonnum af áburði, þrefalda áburðardreifinguna miðað við það sem verið hefur, og fræræktarstöðin í Gunnarsholti gerir það að verkum að sáningarstarfið sem slíkt verður miklu markvissara en áður hefur verið.

Ég fagna líka alveg sérstaklega því sem fram kom í umsögn Áburðarverksmiðju ríkisins, en eins og menn vita hafa áburðarkaup til hins hefðbundna búskapar hér í landinu dregist mjög saman á síðustu árum. Fyrir nokkrum árum var áburðarframleiðslan um 70 þús. tonn. Núna er hún hins vegar um 50 þús. tonn. Og það gefur auga leið að með betri nýtingu Áburðarverksmiðjunnar er hægt að lækka verð á tilteknu áburðarmagni sem mætti líta á sem sérstaka

umframframleiðslu. Það væri auðvitað þeim mun þægilegra sem sú framleiðsla yrði meiri. Það eru óneitanlega viss tímamót sem felast í þessum fyrirheitum því að eins og menn vita er það nú að stórum hluta orka okkar vatnsfalla sem gerir það að verkum að hér er framleiddur tilbúinn áburður og að þarna er með vissum hætti orðið eðlilegt og jákvætt samspil á milli náttúruaflanna og landgræðslunnar með því að nýta þessa orku til þess að ná hér fram góðum árangri.

Ég endurtek svo, virðulegi forseti, þakklæti mitt til atvmn. og til formanns hennar fyrir skýra og góða afgreiðslu þessa máls.

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 1988, 1. umr.

Stjfrv., 373. mál. — Þskj. 641.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988. Í frv. eru lagðar fyrir Alþingi til ákvörðunar og afgreiðslu niðurstöður ríkisreiknings á greiðslugrunni þar sem gerð er grein fyrir þeim greiðslum sem veittar voru á árinu 1988 umfram samþykktar heimildir einstakra stofnana í fjárlögum og lögum nr. 10/1988.

Ég hef áður gert Alþingi ítarlega grein fyrir þróun ríkisfjármála á árinu 1988, annars vegar með árlegri skýrslu um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar frá 14. apríl 1989 og hins vegar með skýrslu um aukafjárveitingar á tímabilinu október–desember 1988. Þá liggur fyrir endurskoðunarskýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1988.

Ég ætla hér við 1. umr. ekki að fara mörgum orðum um einstaka þætti frv. Í frv. er haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var í fjáraukalögum 1987 og 1989, þ.e. að gerð er nákvæm grein fyrir umframgreiðslum úr ríkissjóði hjá öllum stofnunum ríkisins sem ekki tókst að halda rekstri sínum innan marka fjárlaga. Einnig er fylgt þeirri meginreglu að frv. er sett fram á svipaðan hátt og fjárlög og þær tölur sem þar koma fram gefa til kynna þau frávik sem urðu frá þeim greinum fjárlaga sem fjalla um útgjöld ríkissjóðs.

Þetta er gert þannig að í 1. gr. frv. eru sett fram þau frávik sem urðu frá 1. gr. fjárlaga ásamt ákvörðunum í lögum nr. 10/1988 og greiðsluyfirliti ríkissjóðs samkvæmt niðurstöðum ríkisreiknings 1988 á greiðslugrunni.

Í 2. gr. frv. er gerð grein fyrir umframgjöldum einstakra ráðuneyta miðað við 2. gr. fjárlaga fyrir 1988 og lög nr. 10/1988.

Í 3. gr. frv. er síðan að finna umframgreiðslur vegna einstakra stofnana umfram ákvæði 4. gr. fjárlaga og heimilda í lögum nr. 10/1988. Með þessu móti er vonast til að hv. þingmenn geti með sem auðveldustum hætti gert sér grein fyrir umframgreiðslum til einstakra stofnana miðað við fjárlög og ákvarðanir í lögum nr. 10/1988.

Frv. fylgir grg. um helstu ástæður frávika á milli fjárlaga og niðurstöðu ríkisreiknings á greiðslugrunni og verður það sem þar stendur ekki endurtekið hér. Í grg. er gerð sérstök gein fyrir þeim B-hluta fyrirtækjum og sjóðum sem tengjast A-hluta ríkissjóðs með beinum hætti. Annars vegar er um að ræða fyrirtæki og sjóði B-hluta sem fá bein framlög frá A-hluta ríkissjóðs og hins vegar aðila sem gert er að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. var í fjárlögum gert ráð fyrir að framlög A-hluta til B-hluta nettó yrðu um 556 millj. kr. Niðurstaðan varð hins vegar að framlög til B-hluta fyrirtækja og sjóða umfram skil á hagnaði urðu um 1140 millj. kr. og urðu því umframgreiðslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 584 millj. kr. Aðalskýringarnar á þessum mismun eru umframgreiðslur vegna hallareksturs Þjóðleikhússins, en þær námu um 242 millj. kr. og greiðslur til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækkuðu um 129 millj. kr. vegna verðlagsbreytinga. Þá voru veittar aukagreiðslur til Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 75 millj. kr. vegna greiðsluörðugleikalána og um 94 millj. kr. til fyrirtækja á vegum landbrn., en þar er aðallega um að ræða afskriftir á skuldum grænfóðurverksmiðja. Aðrar umframgreiðslur námu samtals 74 millj. kr.

Af gefnu tilefni tel ég rétt að víkja nokkrum orðum að uppgjörshætti fjárlaga og ríkisreiknings. Ríkisreikningur er gerður upp á svokölluðum rekstrargrunni, þ.e. tekið er tillit til skuldbindinga hvort heldur þær eru kröfur á ríkissjóð eða öfugt. Niðurstöðutölur ríkisreiknings eru því ekki hreinar greiðslustreymisfjárhæðir sem eru fyrst og fremst áhugaverðar þegar fjallað er um ríkisfjármálin í almennri efnahagsumræðu. Á síðari árum hefur þó einnig verið birt í ríkisreikningi yfirlit um greiðslustreymisfjárhæðir og er svo einnig í ríkisreikningi 1988.

Eins og segir í athugasemdum með fjáraukalagafrv. og einnig er skýrt í athugasemdum með greiðsluuppgjöri í ríkisreikningi eru nokkrar háar fjárhæðir sem ekki teljast greiðsluhreyfingar taldar með. Til þess að tryggja að fullt samræmi væri milli greiðsluyfirlits ríkisreiknings og niðurstöðu fjárlagafrv. eru í athugasemdum frv. sýndar á bls. 13 tvær niðurstöðutölur uppgjörs fyrir árið 1988, annars vegar það sem kallað er bráðabirgðauppgjör 1988 og hins vegar reikningur 1988. Mismunartala gjalda, sem er alls 1 milljarður og 35 millj. kr., skýrist af, eins og segir í athugasemdum, eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Strangt tekið eru þessar færslur ekki greiðslustreymistölur úr ríkissjóði, en eru eigi að síður færðar í endanlegu greiðsluuppgjöri ríkisreiknings 1988. Þessi liður er yfirtaka lána hjá hitaveitum að fjárhæð 138 millj. kr., uppgjör vegna Útvegsbanka Íslands hf. að fjárhæð 384 millj. kr., afskriftir á skammtímakröf-

um að tilhlutan Ríkisendurskoðunar að fjárhæð 382 millj. kr. og aukin vaxtagjöld að fjárhæð 130 millj. kr. Auk þessa er um að ræða 40 millj. kr. hækkun framlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en á móti kemur að kostnaður vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins lækkar um 20 millj. kr. og kostnaður vegna Gjaldheimtunnar í Reykjavík lækkar um 18 millj. kr."

Virðulegi forseti. Í greinargerð um afkomu ríkissjóðs á árinu 1989, sem lögð var fram fyrir nokkru síðan, er gerður samanburður við afkomu ríkissjóðs 1988 í nokkrum tilvikum. Til þess að skekkja ekki samanburð áranna 1988 og 1989 hef ég borið saman greiðsluhreyfingartölur beggja ára á sambærilegum grundvelli. Hefði samanburðurinn verið við reikningsniðurstöður hefði útgjaldahækkunin milli ára orðið talsvert minni.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. til fjáraukalaga vísað til hv. fjv. Það er mjög mikilvægt að nefndin hafi tækifæri til að fara ítarlega yfir málið og þingheimi gefist tækifæri að lokinni þeirri yfirferð til að fjalla nánar um niðurstöðu ríkisrekstursins á árinu 1988.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera langorður en vil rétt minna hæstv. fjmrh. á að það hefði mátt leggja þetta frv. til fjáraukalaga fyrr fram, en betra er seint en aldrei. Ég geri þó athugasemd við það að í því skuli ekki vera gjaldfærður sá hluti sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var látinn greiða fiskvinnslunni eða neikvæðar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði á árinu 1988 og eins 1989. Það heyrir reyndar ekki undir þessi fjáraukalög. En ég vil gera athugasemdir við það og spyrja fjmrh. hvers vegna hann fallist ekki á þau rök að rétt sé að gjaldfæra í ríkissjóð fjárgreiðslur sem þegar hefur verið lýst yfir að fiskvinnslan verði ekki látin endurgreiða. Tveir hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa gert það, forsrh. og sjútvrh. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa fyrir hæstv. fjmrh. og aðra hv. þm. úr lögum um ríkisbókhald. Það stendur hér í 30. gr. laga um ríkisbókhald, svohljóðandi: „Gjöld skulu færð á því ári er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi er hefur för með sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði." Samkvæmt þessum texta á að færa þetta til gjalda því að þegar hefur verið sagt að sjávarútvegurinn verði ekki látinn endurgreiða það. Hér er um að ræða skekkju í ríkisbókhaldinu í dag samtals upp á um 1,5 milljarða sem ríkissjóður stendur verr en hæstv. fjmrh. hefur viljað viðurkenna.

Í þeirri umræðu sem fer fram í dag um ríkisfjármál er engum greiði gerður með því að sópa greiddum fjármunum undir teppið á kostnað framtíðarinnar. Það þjónar ekki tilgangi, það er rangt og gefur skakka mynd af raunverulegri stöðu ríkissjóðs. Af því leiðir að allar opinberar tölur um ríkisbókhald verða ekki réttar, nema það sé meiningin að láta sjávarútveginn endurgreiða þessa fjármuni. Það stendur í lögunum um Verðjöfnunarsjóð, bráðabirgðalögum frá árinu 1988, að það sem eftir standi af þessum fjármunum árið 1992 falli á ríkissjóð. Auðvitað er hreint fráleitt að halda því fram að hægt hafi verið árin 1988 og 1989 að ákveða fjárveitingu ársins 1992. Það er alveg glórulaust að ætla sér að halda svoleiðis löguðu fram. Og þó að talað sé um að lagfæra svona hluti, og margt er nú verið að færa til betri vegar, er enginn sómi í því að vera að sópa svona hlutum undir teppið á kostnað framtíðarinnar, eins og ég sagði áðan.

Ég tel að hér sé um rangfærslur í ríkisbókhaldi að ræða og þetta hefði átt að gjaldfærast á fjáraukalögum 1988 og 1989. Ég vil spyrja fjmrh. að því aftur hvenær hann ætli að drífa í því að gjaldfæra þetta þannig að bókhald ríkisins geti verið rétt.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér mælt fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988. Frv. til fjáraukalaga og fjáraukalög sýna í raun niðurstöðu af fjármálum ríkisins fyrir það ár sem hlut á að máli. Þar er að finna vitnisburð um fjármálastjórnina, hvernig hún hefur tekist á því ári sem fjáraukalögin fjalla um.

Ég held að ástæða sé til að nefna hér hver voru helstu markmiðin sem sett voru þegar fjárlög fyrir þetta ár, árið 1988, voru afgreidd. Nú er rétt að taka fram að á því ári, árinu 1988, sátu tveir fjármálaráðherrar, tvær ríkisstjórnir störfuðu á því ári þannig að vera kann að ekki liggi ljóst fyrir hverjum beri heiður eða hverjum beri skömm af því sem þá hefur gerst nema að einhverju takmörkuðu leyti. Ég vil hins vegar rifja upp að þegar fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1988 voru meginmarkmiðin þessi:

Að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum. Að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs þannig að engar nýjar erlendar lántökur þyrfti fyrir A-hluta ríkissjóðs. Endurskoða átti tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs með það að markmiði að gera kerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara, eins og það var orðað. Draga átti úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Það átti að aflétta ríkisábyrgðum og stefna að sölu ríkisfyrirtækja. Öllum er kunnugt að a.m.k. eitt af þessum markmiðum komst í framkvæmd, en það var endurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs með veigamiklum skattalagabreytingum. Hvort þær urðu til þess að gera kerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara getum við látið liggja á milli hluta. Það er enn fremur álitamál hvort með þeim kerfisbreytingum hafi náðst jafnmikil breyting í þá átt að koma innheimtu af óbeinum sköttum í betra horf en áður var eins og til var ætlast. Aðrir þættir í þessum markmiðum ýmist náðust ekki eða illa.

Það kemur auðvitað best fram í þessum fjáraukalögum vegna þess að það var síður en svo að jöfnuður næðist í ríkisbúskapnum. Afkoma A-hluta ríkissjóðs var miklu verri en stefnt var að við fjárlagagerð fyrir árið 1988. Þá voru fjárlög afgreidd með jöfnuði og að því var vitaskuld stefnt að framkvæmd fjárlaganna yrði með þeim hætti að sá jöfnuður héldist. Niðurstaðan liggur hér fyrir og er raunar kunn. Hún er á þann veg að halli varð á ríkisbúskapnum sem nemur 8,1 milljarði kr. Þessi niðurstaða er auðvitað hrapal-

leg. Og þetta gerðist með þeim hætti að þrátt fyrir að samdráttur yrði í veltu í þjóðfélaginu, eins og hefur verið lögð rík áhersla á sem orsök að þessum mikla halla, var það nú samt svo að tekjur ríkissjóðs urðu um 930 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. En á hinn bóginn urðu útgjöld A-hluta ríkissjóðs yfir 9 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þrátt fyrir að segja megi að tekjur ríkissjóðs á þessu ári hafi eigi vaxið jafnmikið og hefði mátt vænta með tilliti til breytinga á verðlagsforsendum er þó ljóst af þessu að útkoman stafar fyrst og fremst af útgjaldaþenslu, gífurlegri útgjaldasprengingu. Útkoman stafar af útgjaldavanda en ekki af tekjuvanda nema að litlum hluta. Þetta er sú niðurstaða sem fyrir liggur.

Nú ætla ég ekki að auðvelt sé að skilja nákvæmlega á milli hvar mistökin hafi verið gerð, skilja á milli þeirra hæstv. ríkisstjórna sem sátu á þessu ári, í fyrsta lagi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem sat fram undir lok september og síðan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem settist að völdum að ég ætla 28. september þetta ár. En ljóst er að ríkisfjármálastjórnin fór úr böndum í höndum þeirra tveggja hæstv. ráðherra sem sátu að störfum þetta ár, þ.e. hæstv. núv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar og hæstv. núv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Ég hef leyft mér að rifja það upp á stundum að sá af þessum tveimur fjmrh. sem fyrr gegndi starfi á því ári, þ.e. Jón Baldvin Hannibalsson, hafði gefið um það skýrslu til þáv. ríkisstjórnar í ágústmánuði 1988 að líklegur halli á ríkissjóði á því ári yrði 693 millj. kr. Þegar Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við þessa skýrslu hæstv. fjmrh. brást hann hinn versti við og hafði sína starfsmenn með sér í þeim leik að hrekja ályktanir Ríkisendurskoðunar í mörgum liðum. Og hann hélt því fram innan ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar fram undir það síðasta að hallinn yrði þessi, hvorki meiri né minni.

Nú fór það svo að hallinn varð eins og hér liggur fyrir um 8,1 milljarður kr. Það er sannarlega mikil breyting frá áætlunum hæstv. fyrrv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar til þeirrar niðurstöðu sem varð í höndum hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar. Hvort áætlanir hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar hafa verið rangar, annað tveggja vegna þess að hann eða hans menn hafa ekki séð þróunina fyrir, eða hvort þar var um villandi greinargerð að ræða skal hér ósagt látið. Þetta var hins vegar það sem lagt var fyrir þáv. ríkisstjórn. Segja má sem svo að miðað við þær áætlanir að halli á ríkissjóði yrði eigi meiri en þetta er kannski ekki hægt að ásaka þá ríkisstjórn stórkostlega fyrir að hafa ekki gripið til ráðstafana til að mæta hinum breyttu horfum í ríkisrekstrinum. Á hinn bóginn þegar það blasir við á þeim mánuðum sem fóru í hönd eftir að ný ríkisstjórn hafði tekið við völdum, þá var heldur ekki gerð nein tilraun til að bregðast við versnandi horfum til þess að reyna að hafa áhrif á það að halli ríkissjóðs yrði minni en varð. Þetta er auðvitað ásökunarefni og hefði verið full þörf á því að leitast við með sparnaði og miklu aðhaldi og e.t.v. með lagabreytingum að koma því til leiðar að útkoman yrði ekki jafnhrapalleg og hér hefur verið lýst og hér liggur fyrir í því frv. sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir.

Ég ætla ekki að greina mjög í sundur milli þessara hæstv. ráðherra. Það hefði kannski ekki verið óeðlilegt að sá hæstv. fjmrh. sem tók við á síðari hluta ársins hefði hugsað sem svo að það gerði ekki eins mikið til frá pólitísku sjónarmiði frá hans hálfu þó að útkoma þess árs, þ.e. ársins 1988, yrði lakari, ef það gæti orðið til þess að hann næði betri tökum á ríkisfjármálum árinu á eftir, þ.e. árinu 1989. Það væri kannski ekkert einkennilegt þó að hann hefði haldið svo á málum að hnika til útgjöldum þannig að útgjöldin færðust meira á árið 1988 nálægt áramótum heldur en kannski væri mögulegt og ekki unnið að þeim málum með þeim hætti að fara að geyma útgjöld fram yfir áramót og ég vænti að svo hafi verið gert. En útkoman á árinu 1989 sýnir að ekki varð breyting til batnaðar svo neinu nam.

Þessi staða er auðvitað dómur um það að fjármálastjórnin hefur mistekist hrapallega á árinu 1988 í höndum þeirra tveggja hæstv. fjmrh. sem þá sátu, sem síðar urðu félagar og nær fóstbræður í fundaferð um landið sem þeir kölluðu „Á rauðu ljósi". Þeir hafa margt átt saman að sælda síðan og hafa gert miklar tilraunir til að breyta flokkaskipun í landinu með því að sameina sína flokka og ætla sér þá að fara um í nýju ljósi. Látum svo vera.

Ég sagði áðan að mikið hefði verið gert úr því af hálfu fjmrh. að það hefðu orðið þáttaskil í efnahagskerfinu og mikill samdráttur hefði orðið í veltu. Víst varð nokkur samdráttur í veltu og samdráttur í efnahagskerfinu en eigi að síður var þetta þó svo að í heild urðu tekjur ríkissjóðs á umræddu ári um 930 millj. hærri en að var stefnt í fjárlögum. Þetta gerðist m.a. með því að beinir skattar voru um 1 milljarði hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á hinn bóginn varð innheimta söluskatts lægri þrátt fyrir þær breytingar sem orðið höfðu á söluskattskerfinu. Ég hef stundum sagt það að yfirlýsing fyrrv. hæstv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar á miðju ári varðandi það að hafa reiður á innheimtumálum fyrir ríkissjóð hafi verið afar óheppileg. Þá gaf hæstv. þáv. fjmrh. út þá yfirlýsingu að felld yrðu niður viðurlög af hálfu ríkisins við vanskilum á opinberum gjöldum. Ég hef satt að segja sjaldan heyrt jafnóviturlega yfirlýsingu af hálfu eins fjmrh. Þetta leiddi auðvitað til þess að innheimta hrapaði niður sem sýnir sig í því m.a. að á árinu í heild varð innheimta á söluskatti 1,2 milljörðum lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Um þá miklu útgjaldasprengingu sem varð á því ári er auðvitað hægt að hafa mörg orð. Sú útgjaldasprenging er sundurgreind í þessu frv. Það má draga það nokkuð í sundur. Þar er gert ráð fyrir að hækkun gjalda vegna verðlagsbreytinga hafi orðið um 3,3 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Aukin útgjöld vegna nýrra verkefna og magnaukningar í umfangi ríkiskerfisins urðu um 1,3 milljarðar umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Magnaukning og ný verkefni á vegum ríkisins á

þessu ári kostuðu sem svaraði 1,3 milljörðum meira en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Síðan má tala um hækkanir sem stafa af breyttum forsendum og vanáætlunum í fjárlögum og magnaukningum frá áætlun fjárlaga sem nemur alls um 3,4 milljörðum kr.

Ég held að auðvitað sé rétt að taka eftir því að um ⅔ af allri þessari aukningu útgjalda eru vegna vaxta, launa, lífeyris- og sjúkratrygginga. En um 12% af þessari aukningu eru vegna niðurgreiðslna á búvöru og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Á árinu 1988 varð hrein aukning á starfsmannahaldi, magnaukning á starfsmannahaldi ríkisins hjá A-hluta ríkissjóðs, um 280 stöðugildi. Það sýnir að þurft hefði að halda fastar á málum af hálfu þeirra sem fóru með fjármál ríkisins á þessu ári. Miðað við versnandi horfur í ríkisbúskapnum hefði þurft að koma í veg fyrir ný útgjöld vegna nýrra viðfangsefna, vegna magnaukningar, vegna nýrra stöðugilda og margs konar eyðslu. Því miður var þetta ekki gert. Ég minnist þess til að mynda að á þessu ári var stofnuð án heimilda ný deild, sett á laggir ný deild innan fjmrn., svokölluð hagdeild. Voru þó ærið margar hagstofnanir til í þjóðfélaginu. Hagstofnanir sem sumar hverjar höfðu það að markmiði að þjóna starfandi ríkisstjórn. Og í tengslum við fjmrn. starfar Fjárlaga- og hagsýslustofnun, eins og kunnugt er, sem hefur m.a. hagsýsluverkefni með höndum, auk þess sem Þjóðhagsstofnun hafði til þess tíma haft með höndum í umboði Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að reikna út og gera áætlanir um tekjuhlið fjárlaganna og tekjur ríkissjóðs.

Hér var eigi að síður sett á laggir ný deild innan fjmrn. og það án þess að heimildir lægju fyrir og án þess að nokkur stafkrókur væri fyrir því í fjárlögum eða á annan hátt heimildir frá Alþingi að það skyldi gert.

Á árinu 1988, árinu sem átti að koma í veg fyrir allar nýjar erlendar lántökur vegna A-hluta ríkissjóðs, urðu nýjar erlendar lántökur eigi að síður 4 milljarðar 230 millj. kr. Og innlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs hækkuðu einnig stórlega. Að meðaltali var skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands á því ári um 6,8 milljarðar á mánuði hverjum, í hverjum einasta mánuði ársins að meðaltali. Það var u.þ.b. tvöfalt hærri skuld hjá Seðlabankanum en gert hafði verið ráð fyrir þegar lagt var upp með fjárlög ríkisins í upphafi ársins.

Ég held að ástæða sé til að draga þessi atriði fram og ég tek vitaskuld fram að með því er ég ekki að ásaka núv. hæstv. fjmrh. fyrir allt það sem miður fór á árinu 1988. Þar var meðferð þessara mála meiri hluta ársins í höndum annars ráðherra, hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar. En það haggar ekki því að á því ári fóru fjármál ríkisins úr böndunum í höndum þessara tveggja hæstv. ráðherra. Og þetta varð vitaskuld til þess m.a. að umræður spruttu upp hér á Alþingi og annars staðar um að svo búið mætti ekki lengur standa. Ég man að hv. 2. þm. Vestf. tók stundum skarplega til orða um þessi mál og við tveir hv. þm. Sjálfstfl. fluttum frv. sem átti að hafa að markmiði að hafa nokkurn hemil á sjálftökuvaldi hæstv. fjmrh. um útgjöld ríkissjóðs. En síðan tók fjvn. það mál upp og undirbjó það frv. sem hér var til 1. umr. í gær.

Því miður hefur það farið svo að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1989, sem átti að verða tímamótaárið mikla í höndum núv. hæstv. fjmrh., þar sem hætt skyldi hallarekstri, sóun og eyðslu og tekinn upp jöfnuður í búskap ríkissjóðs, því miður fór það að litlu leyti betur. Einnig þá fóru útgjöld ríkissjóðs um 9 milljarða eða yfir 9 milljarða fram úr því sem fjárlög kváðu á um. Þá hækkuðu að vísu tekjur ríkissjóðs umfram fjárlög meira en á árinu á undan, eða um tæpa 3 milljarða, en eigi að síður leiddi það til þess að þau tímamótafjárlög sem þá voru afgreidd með 635 millj. kr. tekjuafgangi snerust upp í það að halli á ríkissjóði varð yfir 6 milljarðar. Framhaldið hefur því verið með svipuðum hætti á árinu 1989 í höndum hæstv. núv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar, og með þeim hætti að ég tel að Alþingi geti ekki sætt sig við það að fjármál ríkisins verði rekin með þeim hætti sem hér hefur verið gert í tvö ár. Það er eitt af hinum þýðingarmestu viðfangsefnum í efnahagsmálum okkar Íslendinga að ná tökum á fjármálum ríkissjóðs þannig að þessum gífurlega hallarekstri linni. Að ekki safnist upp í sífellu skuld ríkissjóðs erlendis sem innan lands með vaxandi vaxtabyrði sem á fjárlögum þessa árs er á milli 9 og 10 milljarðar kr.

Þetta hlýtur að verða meðal hinna þýðingarmestu viðfangsefna sem taka verður á þegar núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lokið sinni göngu. Og þáttur í því, veigamikill þáttur í því að stemma stigu við þeirri óráðsíu og þeirri miklu útþenslu í útgjöldum ríkissjóðs umfram fjárlög sem nú hefur viðgengist síðustu tvö árin er að fá lögfest það frv. sem hér var mælt fyrir í gær af hv. 5. þm. Vestf., formanni fjvn. Alþingis. Engir útúrsnúningar eða tillögugerð af hálfu fjmrh. um ýmsa aðra hluti hagga því að á þessu máli þarf að taka.

Ég ætla ekki að fara ofan í einstök atriði þessa frv., sem væri auðvitað hægt að gera í mjög mörgum greinum, eða að endurteka það sem ég hef raunar oft áður sagt um misnotkun á opinberu fé, sem þó kastaði fyrst tólfunum á árinu á eftir, þ.e. árinu 1989, þar sem fé ríkissjóðs var notað í heimildarleysi til ýmissa ráðstafana á vegum ríkissjóðs og ríkisstjórnar og sumpart þannig að um leið voru brotin önnur lög, þ.e. lög um Stjórnarráð Íslands. Og enn er ekki að sjá nein merki þess að vilji sé fyrir því hjá hæstv. ríkisstjórn að taka tillit til þeirrar hörðu gagnrýni sem ég hef margoft látið koma hér fram á ráðslag ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Enn heldur hæstv. ríkisstjórn áfram að bæta fleiri rósum í hnappagat sitt hvað þetta snertir. Og ég veit ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi nú nýlega ráðið enn nýjan mann í sína þjónustu án heimilda og í bága við lög.

Virðulegur forseti. Hv. fjvn. mun auðvitað taka þetta mál til athugunar og hefur raunar þegar farið yfir það að verulegu leyti þrátt fyrir að málinu hafi enn ekki verið vísað til hennar, vegna þess að nefndin

þarf að drýgja tíma sinn til starfa þar sem svo mörg mál bíða þess að hægt sé að takast á við þau eftir að svokallað niðurskurðarplagg eða niðurskurðaráætlun ríkisstjórnarinnar verður tekin til afgreiðslu, sem er í fjáraukalögum fyrir árið 1990. En fyrr en það mál hefur verið afgreitt er ekki hægt að takast á við ýmis veigamikil verkefni sem bíða fjvn. og Alþingis og sum hver enn ekki komin fram, svo sem till. til þál. um breytingar á vegáætlun. Það bíður hins vegar síðari umræðu um þetta mál að fara ofan í einstök atriði frv. en ég taldi eðlilegt að fjalla um þetta hér í örfáum orðum með almennum hætti eins og ég hef gert í þessari umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef sagt það áður um hæstv. fjmrh. og segi það enn að ég lít svo á að hann sé viss siðbótamaður í vinnubrögðum varðandi það að koma upplýsingum til þingsins og vinna að því að breyta framkvæmd í samskiptum framkvæmdarvalds og þingsins á þann hátt að vænta megi að stjórnarskráin verði virt í framtíðinni. Á því sviði að ekki verði greitt úr ríkissjóði annað en það sem heimilað hefur verið í fjárlögum og fjáraukalögum.

En ég ætla að nefna hér örfá dæmi um það sem vissulega hefur komið við skap manna sem hafa þurft að vinna í fjvn. Ég minnist þess að 1987 var verið að vinna að fjárlagagerð og þá var verið að skipta fjármunum til framhaldsskóla. Ég verð að segja eins og er að mér fannst það vera lítið fjármagn sem við höfðum til skiptanna. Búið var að merkja þetta fjármagn af ráðuneytinu, stefnumótandi mjög, hvert það ætti að fara, og satt best að segja sýndist okkur ekki auðvelt að breyta þar miklu um. Það eru ýmsir góðir skólar sem hafa verið í uppbyggingu. Norður á Akureyri er einn mjög merkur skóli tekinn til starfa, Verkmenntaskóli Akureyrar. Og það verður um þá norðanmenn að segja að þeir eru miklir skólamenn. Enda sóttu þeir mjög fast að fá meira fjármagn til þessa skóla. Þeir leituðu til sinna þingmanna um meira fé. Í Degi birtist viðtal við hv. 3. þm. Norðurl. e. þar sem hann gerði grein fyrir því að velviljaður fjmrh. hefði lofað honum aukafjárveitingu á næsta ári í þennan skóla. Þetta var gert á sama tíma og menn sátu með sveittan skallann úti í fjvn. að reyna að skipta því sem ráðherrar töldu að væri til skiptanna. Ég óskaði eftir að fá þetta blað í hendur, og fæ það nú kannski, en mig minnir að sú upphæð sem þarna hafi komið fram hafi verið einnar tölu upphæð, sem sagt ekki tugur milljóna, heldur eftir því sem ég best man, nálægt 6 millj. kr. Skal þó ekki segja nákvæmlega hvað þetta var há upphæð. **(Gripið fram í:** Var þetta fyrir tveimur árum?) Þetta var 1987. Við sem sátum í fjvn. lögðum frá okkur vinnugögnin og spurðum: Til hvers er verið að sitja hér og vinna að svona málum? Af hverju styttum við ekki frv. og setjum þar aðeins eina grein sem snýr að útgjöldum er hljóðar svo: „Fjármálaráðherra er heimilt að greiða út eftir þörfum"? Hann yrði svo að meta það eftir vinnulagi hvort hann teldi rétt að dreifa tékkheftum til ráðherranna eða að sitja einn að undirskriftum.

Þegar við fórum yfir frv. sem hér liggur fyrir til fjáraukalaga, við fórum yfir það í fjvn., höfum verið að vinna við að skoða það undanfarið, kom í ljós að til Verkmenntaskólans hafði verið veitt sem aukafjárveiting í uppbyggingu 16 millj. kr. En þegar umræðan átti sér stað í fjvn. þótti formanni, hv. 5. þm. Vestf. Sighvati Björgvinssyni, ekki gæfulegt að við færum að stytta frv. svona mikið og breyta textanum heldur vildi hann halda á fund fjmrh. og fá úr því skorið hvort þetta væri satt, að hann væri að veita og semja um aukafjárveitingar á sama tíma og fjvn. sæti að störfum. Svarið var að það væri alrangt, ekkert slíkt hefði verið gert, engu lofað. Nú hefur það aftur á móti komið í ljós svo ekki fer á milli mála að hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur sagt satt í viðtalinu við Dag. Og satt best að segja vil ég að það komi hér fram, ég átti aldrei von á öðru en að hann hefði sagt satt.

Ég tel þess vegna að menn hljóti að hugleiða það í fúlustu alvöru hvaða tegund af mönnum lætur bjóða sér það að sitja fund eftir fund í mikilli vinnu í svona nefnd ef það er vitað fyrir fram að það eigi ekkert með það að gera. Það held ég að séu þrautþjálfaðir drullusokkar. Annað orð held ég að sé ekki til yfir þá sem hafa geð til slíkra hluta.

En ég spyr líka sjálfan mig þegar ég horfi á tölur eins og eru hér á bls. 5, er hugsanlegt að þetta eina dæmi sem kom í blöðunum og varð þess vegna opinbert, vegna þess að ágætur þingmaður vildi létta af sér þeirri pressu sem hann hafði á sér af heimamönnum og gera þeim strax grein fyrir árangri í stað þess að vera að þegja yfir því í marga mánuði, sem hefði nú kannski verið öllu meira klækjavit að gera. Er hugsanlegt að samið hafi verið um stóra pósta, mjög stóra pósta, alveg kalt og forstöðumönnum stofnana gerð grein fyrir því að málin yrðu leyst með þessum hætti? Hvernig stendur á því að Þjóðleikhúsið hefur fengið 242 millj. kr. sem aukafjárveitingu á þessu ári? Halda menn virkilega að það geti átt sér stað að slík vinna hafi verið framkvæmd í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, að þeir hafi ekki vitað að þessi fjárvöntun sem hér hefur verið sett fram mundi leiða til stöðvunar á húsinu? Ég tel að það fari ekkert á milli mála. Við getum ekki, við getum hreinlega ekki tekið því sem trúverðugum hlut að þeir hafi ekki vitað þetta. Og þess vegna sækir að mér sú hugsun: Var ekki samið um það fyrir fram að blekkja þingið, gefa því alrangar upplýsingar um þau umsvif sem ætlunin væri að hafa hjá þessari stofnun og þau útgjöld sem menn mættu búast við? Mér sýnist allt benda til þess.

Þegar maður fer yfir ýmsa liði hér kemur í ljós að það er víða sem maður trúir ekki öðru en að upplýsingarnar hafi legið fyrir. Við skulum færa okkur örlítið yfir í sjúkrahúsakaflann. Ríkisspítalarnir hafa fengið hækkun upp á 292 millj. kr. en St. Jósefsspítali hefur fengið hækkun upp á 218 millj. kr. Það þarf náttúrlega ekki mikla leikni í hlutfallareikningi til að

átta sig á því að það er ekkert samræmi í þessum hækkunum. Það þarf ekki annað en skoða fjárlögin til að átta sig á því að umsvif ríkisspítalanna, fjölmennasta vinnustaðar Íslands, eru náttúrlega margföld á við hina. Þarna er kippt inn stórum pakka, enda flestir þekktustu fjármálamenn þjóðarinnar hafðir innan borðs í þeirri miklu fylkingu sem að nafninu til á að stjórna þeim spítala fjárhagslega.

Ég verð að segja eins og er að með því að lesa þetta yfir þá stendur maður frammi fyrir því að það var raunverulega ekki nema um tvennt að ræða. Ef maður ætlaði að una þessum vinnubrögðum þá var að leggja niður störf í fjvn., segja bara eins og er að þau væru óþörf. Þingið íslenska hefði alls ekki fjárveitingavaldið, það þyrfti bara e.t.v. að samþykkja greiðsluheimild um áramót og svo sæi framkvæmdarvaldið um þetta. Það er nefnilega ákaflega forvitnilegt hvað mundi gerast ef þingið tæki sig til og felldi svona frv. Hvað haldið þið að mundi gerast? Ég ætla örlítið að fara yfir það sem mér sýnist að mundi gerast.

Það væri hugsanlegt að það yrði lagður fram ríkisreikningur og látið á það reyna hvort þingið samþykkti ríkisreikninginn. Og þá yrði sagt: Fyrst þingið samþykkti ríkisreikninginn þá er það eiginlega búið að samþykkja þetta gums og það þýðir ekkert að vera að þrasa um það meir. Segjum nú að þingið felldi ríkisreikninginn. Vafalaust yrði þá komin ansi mikil ókyrrð þó að ríkisreikningar hafi náð um það bil 10 ára aldri án þess að vera sendir eins og sá sem kom nú til þingsins frá árinu 1979. En það er ekki þar með sagt að neitt yrði gert við þá ráðherra sem hefðu hegðað sér á þennan hátt vegna þess að til þess að hægt væri að veita þeim aðför yrði Alþingi Íslendinga að samþykkja að þeir færu fyrir landsdóm. Það er ekkert víst að Alþingi mundi samþykkja það þó að það felldi bæði fjáraukalög og ríkisreikning. Þetta kerfi er þess vegna að því leyti flókið að í staðinn fyrir að hver þingmaður hafi rétt til þess að stefna viðkomandi ráðherra fyrir Hæstarétt ef hann telur að hann hafi brotið af sér í störfum og tekið fjármuni út úr ríkissjóði ófrjálsri hendi svo að hundruðum milljóna skiptir, þá á hann það algerlega undir meiri hlutanum hér á hverjum tíma hvort þetta er gert.

Ég hef sagt það áður og segi það enn að ég ætla ekki að leggjast gegn samþykkt þessa frv. Ég ætla að taka því sem búið er að gera. En mér finnst það hreint skop ef menn telja að Sturlumálið sé orðið eitthvert stórmál í þeirri súpu sem hér er á dagskrá. Kannski var það hans einkenni og mistök að hann sagði það upphátt sem hinir hugsuðu og framkvæmdu. Hann sagði það að fjárlögin væru vitleysa, þau væru röng, þau pössuðu ekki við önnur lög sem þau ættu að gera. Þess vegna ætti ekkert að fara eftir þeim. Þetta þoldu menn ekki. En hvað gerðu hinir í framkvæmdinni? Þeir hugsuðu og framkvæmdu það sem þar var sagt.

Ég verð að segja það eins og er og bæta því við, svo að enginn misskilji mín orð, að ég tel að skóli eins og Verkmenntaskólinn á Akureyri eigi fullan rétt á sér og ég tel vel varið því fjármagni sem þar er varið til uppbyggingar. Spurningin er aðeins þessi: Erum við að reyna að hafa fjárlögin sem stjórntæki eða eru þau skrípaleikur? Það er nefnilega glettilega þægilegt að segja um mitt sumar: Fjárlögin standast. Þau eru rétt. Hallinn er bara 700 þúsund. Og þurfa svo að gera grein fyrir því mörgum, mörgum árum seinna þegar menn eru hættir í pólitík kannski að þetta hafi náttúrlega verið bara lygi og þeir hafi vitað það allan tímann að þeir voru að ljúga. En þá er líka spurning hvort það gengur upp að hafa menn á launum í fjmrn. til þess að ljúga að þinginu. Gengur það upp? (**Gripið fram í:** Hefurðu landsýn?) Hv. 2. þm. Norðurl. e. gengur í salinn og heiðrar hann með nærveru sinni og rétt er að hann sé upplýstur um það að hér er verið að ræða um fjáraukalög fyrir árið 1988.

Ég hygg að það sé þó nokkur nauðsyn á því að hæstv. utanrrh. sé við þessa umræðu áður en henni lýkur og geri grein fyrir því hvernig hann telur að kökunni hafi verið skipt á milli sín og núv. fjmrh. Því það er nefnilega rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að ef skiptin eru á þann veg að hæstv. utanrrh. á ekki nema 700 millj., svo að við rúnnum þetta af, af pakkanum og sá sem nú situr í sæti fjmrh. á afganginn, þá hefur nefnilega ástandið ekki batnað. Það er alveg voðalegt að hugsa til þess nema hæstv. utanrrh. hafi hreinlega litið svo á að honum bæri að eyða þeim fjármunum sem fjárlög gerðu ráð fyrir að dygðu út árið þann tíma sem hann ætlaði sér að sitja í stólnum. Þá er nefnilega hugsanlegt að það hafi kannski ekki verið margra kosta völ hjá núv. fjmrh.

Mönnum finnst það vafalaust stór orð þegar ég spyr hvort það sé hægt að hafa menn að störfum í fjmrn. til þess að ljúga að þjóðinni. En hafi þeir ekki logið þegar þeir töluðu um þennan halla á sínum tíma þá spyr ég: Er hugsanlegt að vanþekking fjmrn. á því hvað verið er að greiða út sé slík að þar fari út fleiri, fleiri milljarðar án þess að þeir hafi hugmynd um það? Er það hugsanlegt? (**HBl:** Það eru margar hliðar á sannleikanum.) Það eru margar hliðar á sannleikanum, segir nú sá sem hér hefur mjög oft glímt við að verja hinar ólíklegustu hliðar á sannleikanum.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál. Ég trúi því samt ekki að starfsmenn fjmrn. séu svo illa að sér um fjármagnsstreymið út úr ríkissjóði að þeir hafi ekki vitað betur þegar þeir gáfu út sína yfirlýsingu. Það er erfitt að þurfa að segja þetta, en ég trúi því ekki. Og ég verð að segja að ég tel að það hafi gerst mjög alvarlegir hlutir þegar þessi yfirlýsing er gefin út miðað við þá niðurstöðu sem hér blasir við. En hafi ég einhvern tíma verið sannfærður um að það frv. sem fjvn. öll hefur staðið að að semja, og þeir hennar sem sitja í Nd. hafa staðið að að flytja, eigi rétt á sér þá er ég sannfærður um það eftir að hafa skoðað þetta plagg. Vegna þess að starfandi fjmrh. verður að standa frammi fyrir þeim vanda að þurfa að segja þjóðinni satt og þinginu satt um það hver staða ríkisfjármálanna er og hann verður að þurfa að leita eftir heimildum áður en hann borgar svo að það sé útilokað að leyna þjóðina sannleikanum. Þetta eru grundvallaratriði. Ég veit að hagræðingin að hinu

getur verið gífurleg, pólitískt séð, til að sleppa fram hjá erfiðum augnablikum í pólitískri umræðu. En það bara gengur ekki að hafa þannig fjöregg sjálfstæðis Íslendinga að leiksoppi. Því að svo mjög er hægt að reka ríkissjóð með halla á þenslutímum að það kosti landið sjálfstæðið. Ég tek aftur á móti undir það sem núv. hæstv. fjmrh. hefur sagt að undir sumum kringumstæðum er réttlætanlegt að reka ríkissjóð með halla. Það getur verið réttlætanlegt að gera það og þá verða menn líka að hafa þrek til að gera það og verja það þegar það er gert. En á því ári þegar dúndrandi verðbólga geisaði og verðþensla á öllum sviðum þá gat það ekki verið réttlætanlegt að láta siglinguna vera stjórnlausa í fjmrn.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns sé ég mig tilknúinn til þess að blanda mér inn í þessa umræðu sem mér kemur raunar á óvart að ég skuli þurfa að gera. En ástæðan er blaðaviðtal, segir hv. þm., sem við mig hafði verið haft í Degi norður á Akureyri fyrir líklega um það bil þremur árum. Þar greindi ég frá því að þáv. hæstv. fjmrh. hefði lofast til að beita sér fyrir því að fjárveitingar til Verkmenntaskólans á Akureyri yrðu hækkaðar. Ég hygg að þetta hafi verið sagt í fullvissu þess að þáv. hæstv. fjmrh. mundi gera þetta að tillögu sinni til hv. fjvn.

Ég á hins vegar mjög bágt með að trúa því að hv. síðasti ræðumaður hafi aldrei leitað til sinna ráðherra um aukafjárveitingar til stofnana og framkvæmda í sínu kjördæmi. Þvílíkur áhugamaður um kjördæmismál og um framfarir í sínu kjördæmi er þess hv. þm. að ég þyrði næstum að segja að það væri haugalygi ef hann neitaði því að hann hefði reynt að knýja fram aukafjárveitingar af því tagi sem hann stendur hér hvítþveginn í framan og þykist vera að hneykslast yfir. Ég ætla að benda hv. þm. á að það er sáralítill munur á þessu sem hann er hér að ræða um og því sem nú er að gerast á hv. Alþingi þegar hann og flokksbróðir hans, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, ganga í lið með stjórnarandstöðunni við það að breyta stjórnarfrv. um ábyrgðadeild fiskeldisfyrirtækja til þess að skuldbinda ríkssjóð um miklu hærri ábyrgðir og peningaupphæðir en ríkissjóður treystir sér til að gera. (**Fjmrh.:** Og án þess að setja þak á það.) Án þess að setja þak á það og annað sem því fylgir.

Ég hygg að píslarganga hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hér í ræðustól og sá kattarþvottur sem hann viðhafði minni á söguna um karlinn sem hélt að hann gæti gert við götin á sokkunum sínum með því að klippa þau af. Þessi umræða er með ólíkindum enda þótt ég geti tekið undir það sem hv. þm. segir um nauðsyn á fullkomnum aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Og þar með þess valds sem þingið hefur inni í fjvn. og við ákvörðun á fjárlögum. Ræða hans var í raun og veru í beinu framhaldi af því sem var rætt á Alþingi í gær um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Ég skal taka undir það með honum hvenær sem er ef hann getur í hreinskilni og með góðri samvisku gagnrýnt verk annarra á þessum vettvangi sem hann telur að hafi verið mistök og þar sem hann ræðir um fyrrv. hæstv. fjmrh. sem ósannindamann. Hann sagði það berum orðum.

Ég ætla ekki að dæma um það hversu margir fyrrv. fjármálaráðherrar hafa gert eitthvað í líkingu við þetta. En ekki er mér grunlaust um að þar sé engin undantekning. Þeir hafi allir á öllum tímum gert nákvæmlega þennan sama hlut enda eru aukafjárveitingar taldar í milljörðum kr. Ég veit ekki hvort hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er í raun að gera að gamni sínu þegar hann flytur svona ræðu. Ég vona ekki vegna þess að málið er miklu alvarlegra en svo að hann hafi leyfi til þess. Hins vegar vil ég segja honum að ég mun á hverjum tíma og ávallt og ævinlega taka undir það með honum að við eigum sem þingmenn að vinna að því að aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds geti orðið sem mestur. Og ég tek undir með honum að það nær auðvitað ekki nokkurri átt ef ráðherrar gera sig seka um það í stórum stíl að veita aukafjárveitingar fram hjá Alþingi. En þetta hafa allir fjármálaráðherrar gert. Það er ekki bara sá hæstv. fjmrh., sem hv. þm. nefndi, sem er sekur. Þetta á við um alla fjármálaráðherra sem starfað hafa hér á landi.

Varðandi það verkefni sem hv. þm. nefndi, þ.e. Verkmenntaskólann á Akureyri, vil ég geta þess að á það voru færðar nokkrar sönnur að fjvn. hefði í þessu tilviki svikist um að veita skólanum þau framlög til byggingarframkvæmda sem til stóð í áætlunum sem fyrir hendi voru um uppbyggingu skólans. Þannig að bara af því tilefni er fyrrv. fjmrh. nokkur vorkunn. Ég vil líka segja það og vona að það hafi ekki falist nein gagnrýni í því hjá hv. þm., enda hygg ég að hann hafi tekið það skýrt fram að hann væri ekki að gagnrýna uppbyggingu þessa tiltekna skóla norður á Akureyri. En mín skoðun er sú að þetta sé með merkari skólum hér á landi. Slíkan skóla hefur raunverulega vantað í skólakerfið, skóla sem elur upp fólk til þess að vinna að undirstöðuverkefnum í þessu þjóðfélagi. Úr þessum skóla útskrifast nefnilega ekki tómir embættismenn. Ég sem slíkur hef mjög góða samvisku af því að hafa barist fyrir auknum fjárveitingum til þessa skóla og ég skora nú á hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að gera sér ferð norður til Akureyrar og skoða þennan skóla. (**ÓÞÞ:** Ég hef skoðað hann.) Hann hefur skoðað hann. Þá skilur hann kannski hvers vegna ég barðist fyrir því að skólinn fengi meira fjármagn en honum var ætlað í tillögum fjvn.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki mikið meira um þetta mál að segja. Ég ætla ekki að fella dóma um góða eða vonda fjmrh. Það hvarflar ekki að mér. Mér finnst satt að segja sumir hv. þm. stundum taka dálítið stórt upp í sig þegar þeir eru að hneykslast á framferði annarra en gleyma stundum sjálfum sér. Dæmi ætla ég ekki að nefna. Ég er búinn að geta þess að hér inni í þingi er frv., sem ég hygg að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ætli sér að styðja, sem gengur á svig við stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er stjfrv. um frekari útgjöld ríkisins, hikstalaust, ekki

spurning. Mun meiri ábyrgðir en ríkisstjórnin telur sér fært að standa við. Engu að síður skal þetta keyrt í gegn. Og hver er nú munurinn á hv. þm. og þeim hæstv. fjmrh. sem hann var að gagnrýna?

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður þó aldrei um hv. 3. þm. Norðurl. e. sagt að hann hafi ekki kjark til að segja satt um það að hann sótti mjög á ráðherra um að fá þessa fjárveitingu. Aftur á móti hafði hann hljótt um það hvenær það var. En það kom fram í Degi, eins og ég sagði, að hann var að þessu á sama tíma og nefndin var að störfum. Og það kom líka fram að hann hafði fengið jákvæðar undirtektir og þar með staðfesti hann það sem ég sagði hér áðan, að ég teldi að ráðherrann hefði logið vegna þess að formaður fjvn., í vitna viðurvist í fjvn., lýsti því yfir að hann hefði ekkert slíkt loforð gefið. Það liggur alveg ljóst fyrir og ég skal aldrei trúa því að það lið sem ég sit með í fjvn. muni ekki bera sannleikanum vitni í þeim efnum að formaðurinn lýsti því yfir eftir ráðherranum að ekkert slíkt loforð hefði verið gefið.

Ég hef ekki sakfellt hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að vinna að uppgangi þessa skóla, þar erum við alveg sammála. Skólinn er merkur í sínu hlutverki í skólakerfinu og á allt gott skilið. Spurningin var aðeins þessi. Það voru tveir möguleikar: Annars vegar að flytja brtt. við fjárlagafrv. og láta reyna á það hvort þingið samþykkti brtt. (**ÁrnG:** Ég hélt að það væri fjvn. sem það gerði.) því að það er nú einu sinni svo að fjvn. úthlutar ekki fjármunum. Í eðli sínu leggur hún tillögur fyrir þingið. Það eru örfáir litlir skiptiliðir sem hún skiptir og má segja að hún fái á þann hátt rétt til úthlutunar. En hún leggur tillögur fyrir þingið. Og hverjir skyldu nú að stórum hluta móta þær tillögur sem hún leggur fyrir þingið? (**ÁrnG:** Hagsýslan.) Hagsýslan, það er rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., og ráðherrarnir. Fagráðherrarnir leggja fram tillögur um það hvað þeir vilji að hafi forgang í sínum ráðuneytum. Þeir leggja þær tillögur fram. Og hér stendur hv. 3. þm. Norðurl. e. upp og vill halda því fram að það sé einhver kattarþvottur sem ég sé að framkvæma hér, engilhreinn í framan. Ég hef að vísu aldrei séð ketti nema þokkalega til fara þannig að mér sýnist að þeir sleppi nú hjálparlaust hvað þvottinn snertir. En ég vil bara segja það alveg eins og er að ekki er hægt að áfellast neinn mann fyrir það þó að hann hafi áhuga á einhverju og vilji vinna að því. Spurningin er fyrst og fremst þessi: Er það heiðarlegt af framkvæmdarvaldinu að vinna á tveimur stöðum samtímis að fjárlagagerðinni? Það var það sem ég var að koma hér á framfæri. Og ég bið hv. þm. að misskilja það ekki. Ég tel að ekki nái nokkurri átt að halda mönnum í vinnu frá því að þing er kallað saman á haustin og fram að jólum, í mikilli vinnu, fyrir fram ákveðnir í því að taka ekkert mark á niðurstöðunni. Það er þetta sem ég er að undirstrika. Ég held aftur á móti að þessi umræða hafi sannað að hún átti rétt á sér vegna þess að hv. 3. þm. Norðurl. e. lýsti því yfir hér í ræðustól að hann vildi breytt vinnubrögð. Og ég fagna því.

Hins vegar, herra forseti, hóf hv. þm. hér umræðu um mál sem ekki er á dagskrá, (**Gripið fram í:** Frú forseti.) herra forseti, og setti mig í verulegan vanda. Það er ekkert þingskjal hér sem ég hef skrifað undir sem segir fyrir um mína afstöðu. En þetta mál fjallar um laxeldi. Það fjallar ekki um fjárframlög íslenska ríkisins, það fjallar um ábyrgðir.

Ríkið ber ábyrgð á ýmsu. Það ber m.a. ábyrgð á Framkvæmdasjóði Íslands sem að stofni til kemur frá Marshall-aðstoðinni, Mótvirðissjóði, og ef — og nú bið ég hv. 3. þm. Norðurl. e. að taka vel eftir — ef við stöndum þannig að rekstrargrundvellinum fyrir laxeldið að það eigi enga möguleika hér innan lands til fjármögnunar, þá er ekki nema tvennt sem gerist: Annars vegar tapar Framkvæmdasjóður Íslands og verður gjaldþrota á því tapi sem þá bætist við eða þá að þeir aðilar sem eru í þessu fiskeldi selja erlendum aðilum hlutabréf í fiskeldinu og útlendingar yfirtaka þessa nýju atvinnugrein. Það er þeim frjálst að gera samkvæmt íslenskum lögum. Og ég segi það alveg eins og er að það er ekki bara Framkvæmdasjóður sem mun tapa. Þeir munu tapa fleiri sjóðirnir á Íslandi og það stórum upphæðum ef svo fer að menn vilja ekki skapa fiskeldinu rekstrargrundvöll.

Ég mun hugsa mig um tvisvar áður en ég styð þá stefnu sem flytur þessa nýju atvinnugrein í hendurnar á útlendingum, ég mun hugsa mig um tvisvar. Þegar mönnum er stillt upp við vegg að tapa öllu eða afhenda útlendingum yfirráðin hljóta þeir að hugsa sig um. Er það það sem Alþingi Íslendinga telur sanngjarnan möguleika, að þessir menn eigi að fara til kóngsins Kaupmannahafnar eða New York eða annarra staða og leita þar eftir hlutafé? Er það það sem þeir vilja að þeir geri til að laxeldið haldi velli? Ég held að framkvæmdarvaldið þurfi að hugsa sig um. Það ber ábyrgð á Framkvæmdasjóði Íslands í dag. Hæstv. forsrh. og fjmrh. ásamt Seðlabankanum skipa stjórnina. Hvernig skyldi hafa farið fyrir eigin fé þessa sjóðs þann tíma sem þeir báru ábyrgðina? Hefur hv. 3. þm. Norðurl. e. kynnt sér það? Og ef menn telja nú að vænlegasti kosturinn sé að setja laxeldið á hausinn í stórum stíl . . . (**Fjmrh.:** Það er enginn að tala um það. Það var verið að tala um það hvað ríkið á að borga mikið af . . .) Hæstv. fjmrh. gerði hér athugasemd og mér vitanlega lýsir athugasemdin, miðað við að hér talar greindur maður, því að hann hefur ekki kynnt sér málið. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á það að mál það sem hann hefur nú gert að umræðuefni verður á dagskrá í hv. Nd. og er allt annað mál en hér er verið að tala um.) Ég þakka hæstv. forseta þessa ábendingu. Hæstv. forseti hefði gjarnan mátt vera svona vel vakandi þegar hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði hér og gefið honum ábendinguna.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu. Mér finnst hún vera ákaflega fróðleg og ég efast ekki um að hún sé gagnleg. Þetta er nauðsynleg umræða. Stundum hefur það gerst að hæstv. fjmrh. hefur ekki svarað

þegar maður er að spyrja hann og ég var að spyrja hann hér áðan í sambandi við Verðjöfnunarsjóð og ætlaði að vera á undan og minna hann aftur á að svara hér tilteknum spurningum um Verðjöfnunarsjóð. (**Fjmrh.:** Ég svaraði því í fyrirspurnatíma.) Því hefur ekki verið svarað. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. segist hafa svarað þessu, en ég ætla þá að leyfa mér að lesa aftur upp fyrir hann hérna úr lögum um ríkisbókhald, 30. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Gjöld skulu færð á því ári er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi er hefur í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði."

Þetta er ákaflega skýrt orðalag. Hæstv. fjmrh. hefur verið að tala um að lagfæra ýmislegt í ríkisbókhaldinu og ég hef ekkert nema gott um það að segja. Hér var hann t.d. í gær með tillögur um umbætur við fjármálastjórn ríkisins, nýskipan í samskiptun löggjafarvalds og framkvæmdarvalds af vettvangi ríkisfjármálanna um aukið aðhald í ríkisrekstrinum. Þetta er voða fallegur texti. Hér eru 14 minnispunktar. Í ljósi þessa plaggs sem hann lét frá sér í gær finnst mér það vera frekar ömurlegt að taka þátt í því að leggja hér fram frv. til fjáraukalaga sem allir vita að er ekki rétt. Inn í það vantar gjaldfærslur Verðjöfnunarsjóðs, upphæðir sem er búið að borga og verða ekki endurgreiddar og allir vita að verða ekki endurgreiddar. Meira að segja eru tveir hæstv. ráðherrar búnir að gefa yfirlýsingu um að þær verði ekki endurgreiddar. Fyrir utan það er búið að bókfæra þetta sem eign hjá viðkomandi fyrirtækjum. Eign getur ekki verið bókuð á tveimur stöðum, hæstv. fjmrh. Það er útilokað. Þetta eru 1500 millj. í dag. Þó að hluta af því eigi bara að gjaldfesta á fjáraukalög 1988, þá er hér um rangfærslur í bókhaldi að ræða. Ef menn í raun og veru ætla sér að taka á þessum ríkisfjármálum þýðir ekki að vera að sópa málinu undir teppið. Það eru líka fleiri hlutir eins og í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem á eftir að gjaldfæra sem búið er að semja um. Hver sú upphæð er veit ég ekki. Það gæti þess vegna verið annar 1½ milljarður. Af hverju er verið að færa þetta allt saman skakkt og vitlaust ef menn í alvörunni ætla sér að gera eitthvað í þessum málum? Koma svo með fín plögg og tala um umbætur í fjármálastjórn ríkisins, nýskipan í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds en gera svo ekkert í því. Ég get satt að segja ekki ætlað hæstv. fjmrh. annað en að hann ætli sér eitthvað með þessari umræðu.

Mér finnst líka rétt að minna á það, úr því að ég er kominn hér aftur, að þessi umræða er bara sönnun þess að kerfið hér á Íslandi gengur sjálfala, það er engin stjórnun á þessu. Hvernig má það vera að slíkt sé hægt? Hvernig má það vera að fjmrh. landsins geti komist upp með það að reka ríkissjóð með fleiri, fleiri, fleiri milljarða halla án samþykkis Alþingis? Hvernig gerist svoleiðis? Það gerist með því að það er prentað fyrir hallanum. Þeir prenta bara seðla fyrir hallanum og hafa gert öll þessi ár og sérstaklega árið 1988 því að þá var ekki nóg með það að halli ríkissjóðs væri 8 milljarðar, heldur var efnt til skuldbreytinga í sjávarútvegi upp á marga milljarða. Og það var allt saman prentað líka. Eiga menn svo von á góðu? Í sannleika sagt er skelfilegt að verða vitni að svona fjármálastjórn. Verðmæti verða ekki til við prentun.

Einn ágætur maður sagði eitt sinn: Tveir menn róa til fiskjar og draga 10 fiska. Þessir tveir menn skipta aldrei nema 10 fiskum í fjörunni. Verðmæti verða ekki til við prentun. Seðlaprentun er ávísun á verðmæti, en hvar? Hvar eru verðmætin tekin? Hvar er mótbókunin, hin dulbúna mótbókun? Hvar er hún? Hún er hjá framleiðslufyrirtækjunum í landinu og hjá unga fólkinu sem skuldar peninga. Þar er mótbókunin. Það er alltaf einhvers staðar mótbókun. Það er debet og kredit í bókhaldi. Einu sinni var stolið af sparifjáreigendum með þessari seðlaprentun en síðustu árin hefur verið stolið af framleiðslufyrirtækjum. Þess vegna er þessi umræða mjög nauðsynleg og ég vil ítreka þessa fyrirspurn til fjmrh., hvers vegna hann telji ekki rétt að gjaldfæra það sem augljóst er að eigi að gjaldfæra og skylt að gjaldfæra.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hér fyrir nokkuð löngu síðan í fyrirspurnatíma á Alþingi gaf ég ítarleg, skýr og afdráttarlaus svör við þeim spurningum sem hv. þm. bar hér fram enn á ný. Ég get ekki gert að því þó að honum misliki svarið og þótt svarið passi ekki inn í þá formúlu sem hann er búinn að fara með hér allt þetta þing og síðasta þing. Svarið er engu að síður rétt. Þau lög sem samþykkt voru af Alþingi, þinginu 1988–89, (**Gripið fram í:** Geta tveir aðilar átt einn hlut?) kveða skýrt á um að ekki kemur til þátttöku ríkissjóðs í þessu dæmi fyrr en þrjú ár eru liðin frá því að lögin voru sett. Það er alveg skýr lagatexti. Frá honum er ekki hægt að hvika. Það hefur Alþingi samþykkt og eftir því er farið og verður gert, hve oft sem hv. þm. kýs að fara með sína rullu hér í ræðustól Alþingis. (**KrP:** Ég geri það.) Ég get sagt þetta jafnoft og hann fer með rulluna ef hann kýs svo. En texti minn mun ekkert breytast. Lagaákvæðin voru skýr. Þau kváðu á um að þátttaka ríkissjóðs, ef til kemur, gerðist ekki fyrr en að þremur árum liðnum. Í samræmi við allar reikningsvenjur ríkisins fyrr og síðar kemur það ekki til gjaldfærslu fyrr en ef og þegar að því kemur, samkvæmt þeim lögum sem þessi greiðsluskuldbinding fer eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Frestun umræðu um fjáraukalög.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins láta þess getið hér að ég tel mjög óheppilegt að mælt verði fyrir 5. dagskrármáli, fjáraukalögum 1990, nú þar sem ýmsir þing-

menn, sem örugglega hefðu áhuga á að taka þátt í þeirri umræðu, hafa bundið sig annars staðar, á fundi t.d. kl. 5. Ég hefði viljað mælast til þess að þessu máli yrði frestað.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grimsson):

Virðulegi forseti. Á fundi í hv. Nd. í gær og aftur hér í dag hefur það verið ítrekað hvað eftir annað að mjög brýnt sé að afgreidd séu fjáraukalög vegna þeirra breytinga sem gera á á greiðsluskyldum ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Ef það er vilji hv. Alþingis að þessari nýskipan í meðferð ríkisfjármála verði fylgt eftir, og ég hef lýst því yfir margoft og ég hef sýnt það í verkum mínum að ég er tilbúinn að fylgja eftir þessari nýskipan, þá er líka mikilvægt að Alþingi sýni þessari nýskipan þá virðingu að hafa á því skilning að nauðsynlegt er að taka þau fjáraukalög fyrir og afgreiða þau á tiltölulega stuttum tíma. (**Gripið fram í:** Rétt.)

Ég ætla ekki að gera athugasemd við að þessari umræðu var frestað, en ég vek athygli á því að formaður Sjálfstfl. óskaði eftir því hér fyrr í dag að nk. mánudag yrði alfarið umræða um EFTA–EB hér í Sþ. Væri farið að þeirri ósk kæmi ekki að nýju tækifæri til þess að mæla fyrir þessu fjáraukalagafrv. fyrr en næsta fimmtudag. Tíminn líður senn að páskaleyfi þingsins. Það væri í algeru ósamræmi við eðli fjáraukalagafrumvarpa vegna breytinga á fjárlögum yfirstandandi árs ef það ætti að dragast um 2–3 vikur að skapaður yrði tími hér á Alþingi til þess að mæla fyrir frv. og það yrði síðan ekki afgreitt fyrr en eftir páska. Ég hlýt sem fjmrh. og þeir sem á eftir mér koma að fara að hugleiða hver sé eiginlega tilgangurinn með því að færa Alþingi þetta vald á nýjan leik sem beðið hefur verið um ef þingið sýnir málinu svo lítinn áhuga sem raun ber vitni varðandi þann fjölda þingmanna sem hefur ætlað sér að taka þátt í þessari umræðu hér í dag eða áhuga manna á því að geyma umræðuna og jafnvel geyma hana enn áfram í næstu viku. Formaður Sjálfstfl. setti fram þá kröfu í dag að næsti fundur í Sþ. yrði helgaður umræðum um EB–EFTA.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að leggjast gegn því að þessari umræðu verði frestað vegna þess að ég tel satt að segja að það sé fyrir neðan virðingu þingsins að ræða frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár við þær aðstæður og þá þátttöku sem viðvera manna hér í þingsalnum gefur til kynna. En það hvarflar kannski að mér hvort það sé bara nokkur alvara á bak við þá ósk og kröfu þingsins að vilja taka upp þessa nýskipan í stjórn ríkisfjármála sem við höfum talað hér um og sumir þeir sem hástemmdustu ræðurnar hafa flutt um það mál eru farnir úr salnum, hafa greinilega engan áhuga á því að tala um málið í reynd. Ég verð hins vegar að bera fram þá ósk við virðulegan forseta að nk. mánudag verði skapaður tími hér í þinginu til að mæla fyrir þessu frv. svo að hv. fjvn. geti fengið það til meðferðar. Því í þessu frv. er verið að leggja til niðurskurð á ríkisútgjöldum og það eru fjölmargir aðilar í þessu þjóðfélagi sem bíða eftir því að fá að vita varðandi ákvarðanir sínar, framkvæmdir, fjárfestingar og rekstur á þessu ári, hver verður hin endanlega afgreiðsla þingsins á málinu. Þess vegna er mjög brýnt að málið sé afgreitt til fjvn. í byrjun næstu viku.

Ég endurtek það svo að ég ætla ekki að leggjast gegn því að þessari umræðu sé frestað, en ég verð því miður að bera fram þá ósk við forseta þingsins að þessi umræða fái þá forgang fram yfir umræðuna um EB–EFTA nk. mánudag þótt fyrr í dag hafi verið sett fram sú ósk að fram yrði haldið þeirri umræðu sem hófst í nóvember um EFTA og EB-viðræður.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það að þetta mál kemst ekki til nefndar í dag. Þó hægt yrði að mæla fyrir báðum þessum frv. þá getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram. Það er ljóst vegna þess að hér munu ekki vera nema liðlega 20 þingmenn í þinghúsinu. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt þegar komið er svo langt fram á dag, þingfundur hófst kl. 10 í morgun og nú er klukkan farin að ganga 6. Þingmenn nota oft tímann á fimmtudögum og eru búnir að binda sig á öðrum fundum. Af gefnu tilefni, vegna þess að hæstv. fjmrh. minntist á að þingmenn sýndu málinu ekki áhuga með því að vera ekki hér við umræðuna, þá veit ég til þess að t.d. hv. 2. þm. Norðurl. v. er bundinn á fundum hér í þinghúsinu með mönnum úr sínu kjördæmi. Ég veit að hann hefði viljað vera við þessa umræðu, en var búinn að binda sig á öðrum vettvangi.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram um leið og ég ítreka það að hvort eð er fara þessi mál ekki til nefndar í dag þannig að það yrði að dragast fram yfir helgi að atkvæðagreiðsla færi fram.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. fjmrh. að það er undrunarefni þing eftir þing hversu hv. þm. sýna þessum málum lítinn áhuga, þ.e. þeirri nýsköpun í meðferð fjármála að leggja fram fjáraukalög. Ekki síst nú þegar þau eru lögð fram á sama árinu og fjárlögin eru, þá skuli það endurtaka sig fund eftir fund að hér sitja aðeins örfáir þingmenn til að hlusta á eða taka þátt í umræðum um svo mikilvæg mál. Ég segi fyrir mig að ég afboðaði tvo fundi sem ég var búinn að ráðgera með okkur þingmönnum Vesturl. til að vera viðstaddur þessar umræður hér þar sem ég taldi e.t.v. ástæðu til að taka þátt í þeim.

En ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er alveg útilokað annað en að afgreiða þessi mál til fjvn. í síðasta lagi á mánudag. Við í fjvn. erum búnir að skipuleggja okkar vinnulag í ýmsum málum og þetta eru þau frv. sem við viljum endilega reyna að ljúka sem fyrst. Við höfum í öðru tilfellinu, í fyrra málinu fyrir 1988, þegar lokið að miklum hluta umfjöllun um það mál. Þannig hyggjumst við reyna að flýta afgreiðslu þeirra. Og það á ekki síður við um það frv. sem hér liggur fyrir í sambandi við kjarasamningana og fleira á þskj. 677, fjáraukalög fyrir

árið 1990. Ég legg áherslu á það að verði þessu máli frestað nú vegna þess að einungis örfáir hv. þm. mega vera að því að sitja hér inni á Alþingi, þá verði það ekki látið henda að þetta verði ekki fyrsta mál á næsta fundi Sþ. nk. mánudag og það afgreitt þá. Ég legg áherslu á að það verði gert því að það raskar störfum fjvn. til að skila þessu nógu fljótt inn í þingið miklu meira en menn gera sér grein fyrir ef á þessu verður meiri dráttur en þegar er orðinn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ef það mætti spara nokkra umræðu um þingsköp vill forseti upplýsa að nk. mánudag hefur verið lofað að hér fari fram margnefnd umræða um viðræður EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið. Í öðru lagi hefur hv. 6. þm. Norðurl. e. verið lofað að taka upp mál utan dagskrár. Það er ófært fyrir forseta að geta aldrei haldið dagskrá sem um hefur samist við hv. þm. Það er auðvitað ljóst að þar sem umræðum um þessi tvö frv. til fjáraukalaga verður ekki lokið nú verður þeirri umræðu haldið áfram á mánudaginn og þá verður fundur auðvitað að standa eins lengi og þurfa þykir. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Vesturl. að þessi mál verða vitanlega að komast til nefndar.

Ég vil einnig upplýsa að á þessu þingi eru eftir níu fundir í Sþ. Það er alveg ljóst að þingmenn verða að búa sig undir að vera viðstaddir hér í húsinu þegar þessir fundir eru haldnir ef ljúka á því verki sem fram undan er. Og vitaskuld er það hárrétt hjá hv. 6. þm. Reykn. að það er tæpast sæmandi að ræða þessi mál hér þar sem svo fáir eru viðstaddir, hæstv. fjmrh. minntist einnig á það. Ég held því að forseta sé nauðugur einn kostur að fresta umræðu um fjáraukalög fyrir 1990. Forseti hlýtur að fara að ósk þingmanna þar um og í trausti þess að hv. þingheimur treysti sér til þess að eiga langan dag á mánudaginn verður auðvitað leitast við að koma þessu máli til nefndar þá.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst vonlaust að lúta þessum úrskurði forseta. Mér finnst það alveg makalaus ósvífni af stjórnarandstöðunni að semja fyrst um dagskrá og ryðjast svo hér upp í pontu til að þrasa um það að ekki sé hægt að fara eftir henni. Hvernig hefur forseti hugsað sér að vinna? Telur hann rétt að svíkja þau loforð sem gefin hafa verið formanni Sjálfstfl. um dagskrá á mánudegi? Eru það eðlileg vinnubrögð? Hvenær hefur það gerst að fjárlög fyrir yfirstandandi ár væru orðin að aukaatriði í umræðu á Alþingi? Aldrei. Það er talað um að hér eigi að fara fram umræða um fjáraukalög 1990. Svo dettur mönnum bara í hug að það sé hægt að fleygja þessu út af dagskránni eins og einhverju aukaatriði.

Ég mótmæli svona löguðu. Og ég skil ekki hvernig þingmenn Sjálfstfl. láta sér detta í hug að vaða uppi á þennan hátt. Það geta fleiri farið í þras um þingsköp ef þessi vinnubrögð eiga að verða það sem hefur betur í umræðunni í þinginu. Það hlýtur að verða að halda sem samið er undir þessum kringumstæðum við formann Sjálfstfl. og ég krefst þess af forseta að hann virði það og þessi umræða verði kláruð. Ég gef ekkert fyrir þau rök að fimmtudagar séu sérstaklega hugsaðir til þess að menn séu að þvælast út um borg og bý. Þeir sem vita að hér er fundur og vilja vera við geta verið hér við og þeir hljóta þá sjálfir að ráða sínum tíma. En það er merkileg árátta þegar sumir telja að það sé einhver heilög tala þegar klukkan verður 5, þá sé það búið spil, nú eigi þeirra mál sérstaklega að vera tekin fyrir á dagskrá.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir það miður að þurfa að koma hér í þriðja sinn en ég tel ekki að ég hafi verið að ryðjast hér í ræðustólinn. Ég held að ég hafi gengið svona nokkuð sæmilega prúðmannlega hér upp og bent kurteislega á hvernig ástandið er hér í þinginu þegar þessi mikilvæga umræða átti að hefjast. Og ég vil taka það fram sérstaklega að ég er ekki meðvituð um neina samninga milli sjálfstæðisþingmanna eða formanns Sjálfstfl. og forseta um þinghaldið nk. mánudag. Ég var aðeins að benda á að þetta væri óheppilegur tími nú þegar svo langt er liðið á dag að hefja þessa mikilvægu umræðu þar sem ég vissi að þingmenn, og þá vil ég taka fram að ég er ekki að tala um þingmenn Sjálfstfl., því að sá þingmaður Sjálfstfl. sem kemur til með að taka þátt í þeirri umræðu, hv. 2. þm. Norðurl. v., er hér í húsinu og ég var búinn að geta þess sérstaklega. En það eru aðrir þingmenn sem ég veit um sem eru ekki í þingflokki Sjálfstfl. sem vildu vera við þessa umræðu og eru búnir að binda sig á fundi kl. 5 og lái þeim það hver sem vill.

Ég vil aðeins láta þetta koma fram. Að öðru leyti læt ég þetta mál afskiptalaust.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að taka undir það með hv. 6. þm. Reykn. að engir sérstakir samningar fóru fram um hvernig unnið yrði á þessum degi. Forseti vill einnig benda á að ekki einungis stjórnarandstaða heldur einnig allmargir stjórnarþingmenn hafa tekið þátt í umræðum hér í dag og við það hafa umræður lengst og við því er ekkert að segja.

En einhver misskilningur virðist vera milli okkar hv. 2. þm. Vestf. Ég hyggst á engan hátt svíkja það loforð sem ég gaf hv. 1. þm. Suðurl. í dag. Umræða um EFTA fer fram hér kl. 2 á mánudaginn og síðan verður frv. til fjáraukalaga 1990 tekið inn á dagskrá þann dag einnig.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í samninga forseta við einstaka þingmenn stjórnarandstöðu. En það er óhjákvæmilegt að ég geri þinginu grein fyrir því að þegar flutt er frv. til fjáraukalaga um breytingu á fjárlögum yfirstandandi árs, þá er afar brýnt að þingið taki slíkt frv. skjótum og föstum tökum. Það væri afar vont að skapa það fordæmi hér

á þingi eða láta það viðgangast að mál af því tagi sé vikum saman til meðferðar hér í þinginu, sérstaklega þegar fyrir liggur að með því frv. sem hér á að koma til umræðu er verið að skera niður ríkisútgjöldin og þar með takmarka þau umsvif sem ríkisstofnanir og fjölmargir aðrir aðilar hafa til framkvæmda og reksturs á því ári sem nú er að líða.

Ég veit að umræðan um EFTA og EB er mikilvæg. En hún hefur þó ekki bein áhrif frá degi til dags. Þar er um að ræða dagskrárefni sem búið er að vera til umræðu af og til sl. fimm mánuði og getur varla breytt miklu til eða frá hvort það kemur áfram til umræðu deginum fyrr eða síðar. Ég verð hins vegar að vara við því að ef það gerist hér á mánudag að umræða um EFTA og EB standi allan daginn og fram til kvölds getur farið svo að þá verði ekki heldur tími eða aðstæður til þess að taka fyrir frv. til fjáraukalaga og það þurfi að bíða til fimmtudags í næstu viku. Það líði því hálfur mánuður frá því að frv. sem hefur áhrif á rekstrarútgjöld ríkisstofnana nánast nú þegar, vegna þess að hér er verið að leggja til niðurskurð á ríkisútgjöldum í kringum 3 milljarða þegar allt er talið, bæði vegna breytinga á forsendum og vegna sérstakra aðgerða og það skapar svo gífurlega óvissu í rekstrarstöðu og framkvæmdum fjölmargra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja að það er algerlega óviðunandi. Þess vegna verð ég að leggja á það ríka áherslu við þingflokkana og við forseta að menn íhugi í alvöru möguleikana á því að semja um að taka þetta frv. til fjáraukalaga fyrir 1990, sem er miklu mikilvægara en 1988 vegna þess að það er liðin tíð, til umræðu á mánudag og semja um það að ljúka — ekki bara taka það á dagskrá, virðulegi forseti, heldur ljúka þeirri umræðu nk. mánudag svo að þingið geti sameinast um að afgreiða þetta frv. í þessum mánuði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu gera allt sem í hans valdi stendur til þess að þetta mál megi afgreiðast til nefndar á mánudag, en svo að allrar sanngirni sé gætt, þá vil ég benda hæstv. ráðherra á að frv. til fjáraukalaga 1990 var dreift 5. mars sl. Það hefur því ekki legið vikum saman fyrir þinginu heldur fjóra daga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér sýnist að vandamálið sé ekki þingsins heldur forseta þingsins og það er merkileg uppákoma. Ég vil vekja á því athygli að fyrsta mál á hverju þingi, hið prentaða mál sem fyrir þingið er lagt, eru fjárlög. Og þetta mál er hluti af því vegna þess að það fjallar um það sama, þ.e. greiðslur á árinu 1990. Svo brýn er talin nauðsynin að þetta mál hafi forgang á haustin að allt verður að víkja þegar menn ákveða þá umræðu. En svo telja menn þegar verið er að fjalla um nákvæmlega sömu útgjöldin í fjáraukalögum að hægt sé að hafa það eins og hvert annað leikaraspil hér á þinginu hvort menn bindi sig á fundum annars staðar eða sinni hér þingskyldu og mæti. Ég verð að segja eins og er að mér líkar ekki þessi úrskurður forseta. Og ég er ekkert kominn til með að samþykkja að það sé þá sjálfsagt að við stjórnarsinnar séum til friðs varðandi þingsköp þó að forseti hafi samið við stjórnarandstöðuna um eitt og annað. Það getur alveg eins kallað á ófrið á mánudeginum, að menn fari hér í þingskapaumræðu til þess að fá úr því skorið hvernig stjórninni er háttað á Alþingi Íslendinga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég verð að minna hv. 2. þm. Vestf. á það að forseti setti þetta mál á dagskrá eins fljótt og unnt var. Frá því að frv. var fram lagt liðu þrír dagar þar til það var tekið til umræðu. Betur held ég að sé ekki hægt að gera. Ég vil aðeins ítreka þetta við hv. þm. þannig að ég held að forseti þurfi ekki að hafa neitt sérstakt samviskubit af því að þetta mál hafi verið látið liggja hér.

Það er nú einu sinni svo að forseti hefur vald til að úrskurða í máli sem þessu. Hv. 6. þm. Reykn. og hæstv. 1. varaforseti Sþ. hefur farið þess á leit fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að þessum fundi verði frestað. Þessum fundi er frestað.

SAMEINAÐ ÞING

59. fundur, mánudaginn 12. mars, kl. 1 miðdegis.

Fjáraukalög 1988, frh. 1. umr.

Stjfrv., 373. mál. — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseta nokkur vandi á höndum. Eins og þeir hv. þm. minnast sem hér voru á síðasta fundi hafði verið lofað að fundur þessi hæfist á umræðu um viðræður EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið, en nú sé ég að hæstv. utanrrh. er ekki kominn til fundar svo að ég vænti þess að þrátt fyrir þessa röskun á efndum umræðds loforðs hljótum við að taka fyrir 3. mál á dagskrá, fjáraukalög 1990, þangað til hæstv. utanrrh. kemur til fundar og mótmæli hv. 1. þm. Suðurl. því ekki verður svo gert.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég tek alveg heils hugar undir það að það er ekki hægt að hefja þessa umræðu fyrr en hæstv. utanrrh. kemur til þingstarfa, en honum ber samkvæmt lögum að gegna þingskyldum sínum og á það vil ég minna. Ég vil líka minna á að þessi umræða hefur dregist mánuðum saman vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur ekki getað sinnt skyldum sínum hér á Alþingi Íslendinga og ég vil vinsamlegast fara fram á að honum verði án nokkurrar tafar gerð grein fyrir þeirri skyldu sinni að vera hér viðstaddur þessa umræðu í dag þannig að hann komi þegar í stað til þingstarfa og þegar hann kemur verði sú umræða hafin og umræðu um síðari dagskrármál frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að biðja hæstv. utanrrh. að koma til fundar.

Fjáraukalög 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 677.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 og er þetta frv. flutt til að afla nauðsynlegra heimilda til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs frá fjárlögum yfirstandandi árs í tengslum við niðurstöður nýgerðra kjarasamninga, bæði samninga milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins við opinbera starfsmenn. Ég vil í upphafi þessarar umræðu vekja athygli á því að þetta er í fyrsta skipti í 70 ár sem lagt er fyrir þingið frv. til fjáraukalaga svo snemma á þinginu og í annað sinn í 70 ár sem lagt er fram frv. til fjáraukalaga til breytingar á fjárlögum yfirstandandi árs. Það er þess vegna mjög mikilvægt, ef við eigum í sameiningu að geta fest í sessi þessa nýskipan í ríkisfjármálum, að Alþingi afgreiði frv. fljótt og vel. Ég vil þess vegna eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta og virðulegra alþm. að stuðlað verði að því að þessari 1. umr. verði lokið hér í dag svo að hv. fjvn. geti þegar í þessari viku hafist handa við að fjalla um frv. svo að það megi hljóta afgreiðslu hið fyrsta.

Allar ríkisstofnanir og öll ríkisfyrirtæki bíða eftir því að þetta frv. verði afgreitt svo að hægt sé að miða útgjaldaáætlanir ársins 1990 við niðurstöðu Alþingis. Mér er ljóst að það eru ýmsar aðrar umræður sem menn gjarnan vilja að hér fari fram eins og t.d. sú umræða um Evrópubandalagið og EFTA sem vikið var að hér áðan, en ég hlýt þó að leggja áherslu á það að breyting á fjárlögum yfirstandandi árs er það mikilvægt mál að það þolir ekki bið. Það er venja að fjárlögin hafi forgang í störfum Alþingis. Hér erum við í reynd að fjalla um fjárlögin í formi fullburðugs fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár. Ég vil þess vegna í upphafi máls míns og vegna umræðna hér sl. fimmtudag og þeirrar staðreyndar að þá tókst ekki vegna tímaskorts og fjarveru þingmanna að mæla fyrir þessu frv. þá leggja á það ríka áherslu að það ber að kappkosta að á þessum sólarhring sé hægt að ljúka þessari 1. umr. og koma málinu til hv. fjvn.

Kjarasamningarnir hafa með tvennum hætti áhrif á afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Annars vegar féllst ríkisstjórnin á að leggja ákveðnar kvaðir á ríkissjóð í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Hins vegar lækka bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs frá fjárlagaáætlun vegna þess að launa- og verðlagshækkanir verða minni á árinu en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót.

Í því augnamiði að greiða fyrir gerð kjarasamninganna ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir aðgerðum sem fælust í hækkun útgjalda um 1010 millj. kr. og lækkun tekna um 300 millj. kr. Til þess að vinna gegn óheppilegum áhrifum aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið er jafnframt lagt til við Alþingi að tilteknir útgjaldaliðir verði lækkaðir um samtals 915 millj. kr.

Hækkun gjalda ríkissjóðs sem tengist yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna er þríþætt:

Í fyrsta lagi verða niðurgreiðslur auknar um 800 millj. kr. svo koma megi í veg fyrir hækkanir á smásöluverði hefðbundinna búvara, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að

verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu fram til 1. des.

Í öðru lagi var í fjárlögum við það miðað að greiðsluábyrgð ríkissjóðs við gjaldþrot yrði breytt með lögum. Þar er gert ráð fyrir verulega þrengri ákvæðum um bótarétt á hendur ríkissjóði samanborið við ákvæði núgildandi laga. Þannig var áætlað að bótagreiðslur ríkissjóðs mundu að breyttum lögum lækka um allt að 150 millj. kr. á árinu 1990 frá því sem ella hefði orðið. Til að greiða fyrir gerð kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að falla frá fyrirhugaðri þrengingu bótaréttar að stórum hluta. Því er nauðsynlegt að hækka áætluð útgjöld ríkissjóðs um 100 millj. kr.

Að lokum hækkar framlag til lífeyristrygginga vegna fyrirhugaðrar hækkunar á frítekjumarki tekjutryggingarþega í 19 þús. kr. hinn 1. júlí nk. sem er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þess efnis. Áætlað er að þetta hafi í för með sér 110 millj. kr. aukningu útgjalda á árinu 1990.

Auk þessa lýsti ríkisstjórnin því yfir að til þess að greiða fyrir kjarasamningunum mundi hún beita sér fyrir lækkun skatta, eða öðrum sambærilegum aðgerðum, sem leiddi til 0,3% lækkunar á framfærsluvísitölunni. Þessar breytingar fela í sér um 300 millj. kr. sérstaka lækkun á bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðasköttum. Unnið er að útfærslu á þessum aðgerðum.

Fjárlögin fyrir árið 1990 byggðust á þeim forsendum að verðlag hækkaði að meðaltali um 16–17% milli áranna 1989 og 1990, verð á erlendum gjaldeyri um 13–14% og laun um 11%. Í forsendum nýgerðra kjarasamninga felast að jafnaði um 2,0–3,2% minni breytingar þessara þátta milli ára. Af þessu leiðir að breytingarnar koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna. Þannig er áætlað að tekjur ríkissjóðs lækki um 2,3 milljarða kr. frá fjárlögum og útgjöld um allt að 2 milljarða 50 millj. kr. Í 4. gr. frv. er sótt um heimild til lækkunar á gjöldum vegna breytinga á verðlags- og launaforsendum.

Að athuguðu máli er talið að breyttar verð- og launaforsendur hafi ívið minni áhrif til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs en tekjum. Skýringarnar eru þær að lækkunin kemur ekki fram á öllum útgjaldaþáttum, svo sem niðurgreiðslum og vaxtagjöldum, og að áhrif verðbreytinganna koma fyrr fram á tekjuhlið fjárlaganna en gjaldahlið. Ástæður þess að ekki er talið fært að færa niður vaxtagjöld vegna breyttra verðlagsforsendna eru af tvennum toga. Nálægt 75% af vaxtagjöldum ríkissjóðs eru langtímalán. Annars vegar er um að ræða erlend lán en útreikningar vaxta af þeim miða við gengisskráningu sem var nálægt raunverulegu gengi í byrjun ársins. Hins vegar er um að ræða innlend spariskírteini sem hafa að geyma uppsafnaða vexti frá fyrri árum.

Þá hefur fyrirsjáanleg skammtímafjármögnun ríkissjóðs á árinu 1990 aukist frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í fyrsta lagi er um að ræða aukningu á útistandandi ríkisvíxlum sem fjármagna þarf á árinu. Í öðru lagi hefur gjaldfrestur á virðisaukaskatti verið lengdur og í þriðja lagi er halli á ríkissjóði áætlaður meiri en áður. Sá auki vaxtakostnaðar sem þessu fylgir vegur upp þann ávinning sem hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta annars hefur í för með sér fyrir ríkissjóð.

Gert er ráð fyrir að lækkun gjalda vegna breyttra verð- og launaforsendna verði framkvæmd við gerð greiðsluáætlunar fyrir allar stofnanir og ráðuneyti með sama hætti og gert er við dreifingu verðbóta. Miðað er við að launagjöld verði færð niður um 860 millj. kr. eða nálægt 3,2%. Öll önnur útgjöld ríkissjóðs að undanskildum niðurgreiðslum og vaxtagjöldum verða færð niður um nálægt 2%. Þannig verða útgjöld vegna annarra rekstrargjalda ríkisstofnana færð niður um 232 millj. en á móti vegur að kröfur um sértekjur ríkisstofnana lækka um 90 millj. kr. Þá lækka gjöld vegna rekstrar- og neyslutilfærslna um 818 millj. kr. og gjöld vegna viðhalds- og stofnkostnaðar um 230 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ýmsar aðstæður í þjóðarbúskapnum benda til þess að raunveruleg hætta sé á peningaþenslu á þessu ári. Það er því mikilvægt að koma í veg fyrir að slík peningaþensla stofni árangri kjarasamninganna í hættu. Fjárlög fyrir árið 1990 voru afgreidd með tæplega 3,7 milljarða rekstrarhalla. Fyrirsjáanlegt er mikið útstreymi úr ríkissjóði á fyrstu mánuðum ársins bæði vegna halla á fjárlögum og greiðslufrests vegna upptöku virðisaukaskatts. Þá er lausafjárstaða bankanna tiltölulega góð og sama er að segja um gjaldeyrisstöðu Seðlabanka. Aukinn ríkissjóðshalli við þessar aðstæður getur valdið óæskilegum þensluáhrifum sem leitt gætu til aukinnar verðbólgu og viðskiptahalla. Við þessar aðstæður er mjög mikilvægt að beita aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum. Til þess að forðast enn frekari halla á rekstri ríkissjóðs í kjölfar kjarasamninganna ákvað ríkisstjórnin því að beita sér fyrir beinum niðurskurði útgjalda og leggja fyrir Alþingi tillögur um lækkun útgjalda ríkissjóðs um 915 millj. kr. Það er alveg ljóst að umræðan um þann niðurskurð hefur eðlilega verið á þann veg að ýmsum sýnist sitt hvað um þá liði sem þarna eru valdir sem eru mjög margir og það er auðvitað aldrei létt verk, hvorki fyrir ríkisstjórn eða Alþingi, að skera niður ríkisútgjöldin. Ég vek þó athygli á því að þetta er í annað sinn á fáeinum mánuðum sem ríkisstjórnin og Alþingi leggja til atlögu um niðurskurð ríkisútgjalda en milli 2. og 3. umr. fjárlaga var framkvæmd veigamikil tilraun til þess að lækka ríkisútgjöldin enn frekar. Samanlagt fela þessar tvær niðurskurðarlotur því í sér að á fáeinum mánuðum hafa ríkisútgjöldin verið skorin niður um röska 2 milljarða kr. frá þeirri upphæð sem fjárlagafrv. stóð í að lokinni 2. umr. Ég vænti þess því að það takist góð samvinna hér á Alþingi um að festa í lögum þann niðurskurð ríkisútgjalda sem lagður er til í frv.

Þrátt fyrir að þessi niðurskurður verði samþykktur eru að öllu samanlögðu horfur á að halli ríkissjóðs í heild aukist um 645 millj. kr. og geti á árinu 1990 orðið rúmlega 4,3 milljarðar kr. Það er því mjög

mikilvægt að stuðla að því, til að koma í veg fyrir aukna þenslu á innanlandsmarkaði, að lögð verði rík áhersla á að afla lánsfjár innan lands til þess að fjármagna þennan halla. Því verður leitað á næstu vikum til innlendra fjármagnseigenda, svo sem lífeyrissjóða og annarra aðila, um þátttöku í þeirri fjármögnun. Er það í samræmi við þau viðhorf sem fram komu við gerð kjarasamninganna að leitað yrði leiða til þess að koma í veg fyrir að peningaþensla stofnaði árangri kjarasamninganna í hættu.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka þá ósk mína að Alþingi geti í dag lokið 1. umr. um fjáraukalagafrv. og því verði vísað til hv. fjvn. Það er mjög mikilvægt þegar þessi nýskipan er tekin upp í meðferð ríkisfjármála að við sameinumst um að afgreiðslan geti orðið með skjótum og öruggum hætti en slík mál séu ekki vikum saman til meðferðar á Alþingi. Það er venja í þingstörfum að fjárlagafrv. og afgreiðsla fjárlaga hafi vissan forgang. Og við erum í reynd að fjalla um fjárlagaígildi með því fjáraukalagafrv. sem ég hef hér mælt fyrir.

Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjvn. til meðferðar.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. beindi því til Alþingis, bæði til hæstv. forseta og okkar hv. þm. og fjvn. að það væri mikil nauðsyn á að afgreiða þetta frv. hið allra fyrsta og að ekki færi svo að það lægi vikum saman til meðferðar hjá hv. fjvn. og Alþingi.

Í sjálfu sér er hægt að taka undir það með hæstv. fjmrh. að það eru ekki heppileg vinnubrögð að hafa mjög lengi til meðferðar mál sem lúta að því að taka upp fjárlög fyrir gildandi fjárlagaár. Frv. er flutt, eins og fram hefur komið í máli hæstv. ráðherra, í tengslum við ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins um að ráðast að því verki að skera niður ríkisútgjöldin til þess að mæta áhrifum útgjaldaauknингar vegna kjarasamninganna. Nú er komið á annan mánuð síðan kjarasamningar voru gerðir. Ekki er hægt að segja að hæstv. ríkisstjórn hafi unnið skarplega að þessu máli þegar það kemur þá fyrst til 1. umr. að liðinn er meira en mánuður frá því að kjarasamningar voru gerðir og hæstv. ríkisstjórn hefur haft allan þann tíma til þess að undirbúa málið og koma því áfram. Og þó að meðferð frv. taki nokkurn tíma, sem hlýtur að verða, getur hæstv. ríkisstjórn átt um það við sjálfa sig að hafa eigi unnið skarplegar að því en raun ber vitni að koma þessu máli fyrir þingið.

Hæstv. ráðherra hlýtur að verða að taka þessi atriði til greina. Það er svo aftur önnur saga að þær tillögur sem hafa verið á kreiki af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um niðurskurð ríkisútgjalda á þessu tímabili, frá því að kjarasamningar voru gerðir og þangað til frv. loks kemur fram, hafa verið með næsta sérkennilegum hætti. Ég man aldrei eftir því fyrr að hæstv. ríkisstjórn hafi kosið að birta sínar tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda í fjölmiðlum áður en þær hafa verið lagðar fyrir Alþingi. Jafnvel áður en þær hafa verið lagðar fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar hér á hinu háa Alþingi. Þetta hefur þó verið raunin og ég trúi því sem mér er sagt af ýmsum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar hér á hinu háa Alþingi að þeir hafi ekki séð tillögurnar sem mótast hafa hjá ríkisstjórninni fyrr en þær birtust í fjölmiðlum. Síðan hafa þessi drög að tillögum, sem birtust í fjölmiðlum, tekið nokkrum breytingum frá einni viku til annarrar og allt farið fram fyrir opnum tjöldum áður en tillögurnar voru lagðar fyrir Alþingi. Þetta eru vítaverð vinnubrögð þannig að þess er naumast að vænta að gott lag komist á þessi mál.

Það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi ekki ætlast til að svo færi en þó er einkennilegt ef það er rétt, sem ég hef sannar spurnir af, að þegar tillögurnar voru gerðar og komu fram innan ríkisstjórnar þá hafi þær fyrr birst fjölmiðlamönnum og þjóðinni í gegnum fjölmiðla en stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar. Þessa sögu þekkja allir og ég skal ekki hafa um hana fleiri orð en hún er síst til eftirbreytni.

Frv. sem hér liggur fyrir, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 og er með undirfyrirsögn „vegna kjarasamninga í febrúar 1990“, er vissulega nokkuð tengt þeim kjarasamningi og það er auðvitað flutt svo snemma árs vegna ákvarðana sem þá voru teknar. Hins vegar er það ofrausn að láta þetta atriði koma fram í fyrirsögn frv. og það á þar ekki heima. Eðlilegt væri að þetta atriði kæmi fram í grg. frv. en ekki í sjálfum lagatextanum. Það er enda svo að mikil þörf væri á því að taka ýmislegt fleira til athugunar í þessu máli en það sem beint kemur við kjarasamningunum. Ég skal síst mæla gegn því að í tengslum við þá var auðvitað augljós sú þörf að draga úr ríkisútgjöldum á þessu ári. Sú þörf var þó vitaskuld brýn fyrir, vegna þess að fjárlögin voru afgreidd, eins og þau liggja fyrir nú, með um 3,7 milljarða halla og dulinn halli í fjárlagadæminu var ekki fjarri 3 milljörðum, eins og ég hef ítrekað lýst. Þannig að ærið tilefni var til, þó að kjarasamningar hefðu ekki komið til, að draga úr útgjöldum ríkisins á þessu ári.

Hæstv. fjmrh. sagði hér að þetta væri í annað sinn sem hann beitti sér fyrir niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs fyrir þetta ár, það hefði einnig gerst á milli 2. og 3. umr. um fjárlagafrv. í desember á síðasta ári. Það má vel vera rétt. En það er óhætt að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. hefur í sinni fjármálaráðherratíð haldið svo á fjármálum ríkisins á síðasta ári að útgjöld ríkissjóðs umfram fjárlög voru með fjáraukalögum 20. des. aukin um 8,5 milljarða kr. Nú liggur það fyrir samkvæmt yfirliti um afkomu ríkissjóðs á árinu 1989 að útgjöldin aukast enn um 1000–1100 millj. kr. og hafa því aukist á síðasta ári um 9600 millj. kr. umfram fjárlög. Þetta gerist þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. lýsi sér sem sérstökum niðurskurðarmanni og sem sé afar duglegur við að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Það liggur sem sagt fyrir að á rúmri viku, frá því að fjáraukalög voru afgreidd rétt fyrir jólin og til áramóta, hækkuðu útgjöld ríkissjóðs enn um liðlega 1 milljarð. Þau eru drjúg verkin hjá hæstv. fjmrh. og hans fylgifiskum dagana milli jóla og nýárs. Þannig er

um sparnaðinn og niðurskurðinn hjá hæstv. fjmrh. miðað við það sem reynslan kennir okkur. Hver niðurstaðan kann að verða á þessu fjárlagaári skal ég ekki spá um.

Frv. sem hér liggur fyrir er að því leyti sérkennilegt, miðað við önnur slík mál, að í því er niðurskurður allt niður í 10 þús. kr. á einstaka fjárlagaliði. Þetta kemur fram í tillögum hæstv. fjmrh. örfáum vikum eftir að hann hefur staðið fyrir því, dagana milli jóla og nýárs, að auka útgjöld ríkissjóðs um liðlega milljarð umfram fjárlög og fjáraukalög. Það eru nákvæmar áætlanir hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. að leggja hér fram frv. sem í ýmsum greinum felur í sér að einstaka fjárlagaliði skuli skera niður um 10 þús. kr., aðra um 20 þús. kr., í þriðja lagi um 50, 60, eða 70 þús. o.s.frv.

Nú ber út af fyrir sig ekki að lasta það ef þetta væri raunhæft. En spyrja má hvort svo sé og því verður vitaskuld ekki svarað í þessum umræðum heldur mun svarað ýmsum fyrirspurnum sem við úr stjórnarandstöðunni viljum bera fram við meðferð þessa máls í fjvn. og verður væntanlega að því vikið við síðari umræðu málsins.

Ég vil hins vegar geta þess að þrátt fyrir að hér sé farið svo grannt í saumana að gera tillögur um 10 þús. kr. niðurskurð á hinum ýmsu fjárlagaliðum, er hvergi tekið á því sem kalla má gæluverkefni þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Svo er til að mynda um verkefni eins og hið nýstofnaða umhvrn. Það er hvergi tekið á í þeim fjárlagalið sem aukin voru verulega útgjöld við í lok afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár, þ.e. í fyrsta lagi styrkir til blaða og blaðaútgáfu og kaup á dagblöðum. Eins og hv. þm. muna flutti hv. 1. þm. Norðurl. v., þingflokksformaður Framsfl., brtt. við lokaafgreiðslu fjárlaga um það að ríkið keypti 500 eintök af dagblöðunum til viðbótar við þau 250 eintök sem keypt voru áður. Þessi eina tillaga hygg ég að kosti um 30 millj. kr. Það er hvergi stafkrókur sem sýnir að hæstv. ríkisstjórn vilji hverfa frá einhverju af þessum útgjaldaauka ríkissjóðs. Það er heldur hvergi að því vikið að hæstv. ríkisstjórn ætli að takmarka eitthvað þá eyðslu og raunar sóun sem fram fer innan ráðuneytanna, í aðalskrifstofum ráðherranna sjálfra, eins og ég hef hvað eftir annað bent á í umræðum hér vegna þess að það er óviðunandi að hæstv. ríkisstjórn skuli haga svo málum sínum, ekki síst undir kringumstæðum þegar þarf að skerða fé til hinna margvíslegustu verkefna og ýmissa þýðingarmikilla, að hún skuli á sama tíma eyða fjármunum ríkisins til þess að ráða fleiri pólitíska aðstoðarmenn en lög heimila. Og mér er ekki grunlaust um að enn sé verið að fjölga slíkum flokkspólitískum gæðingum ráðherranna sjálfra til þess að starfa á vegum aðalskrifstofa ráðuneytanna í trássi við lög sem um þetta fjalla. Ekkert kemur hér fram sem sýnir að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að draga úr þessum kostnaði, ekki stafkrókur. Ýmislegt er þannig sem hlýtur að verða spurt eftir þegar málið kemur til meðferðar í fjvn.

Ég skal ekki við þessa umræðu fara ofan í marga einstaka liði þessa frv. En ég bendi á að í umræðum um kjarasamningana bauð hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., upp á það fyrir hönd síns flokks, lýsti því yfir að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til þess að taka þátt í starfi sem miðaði að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs til þess að mæta áhrifum kjarasamninganna. Þessu tilboði hefur ekki verið sinnt. Það hefur á engan hátt verið haft samband við okkur sjálfstæðismenn sem störfum að þessum málum á vettvangi fjvn. Ég á ekki von á því að hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. fjmrh. hafi á nokkurn hátt heldur sýnt lit á að taka því tilboði sem formaður Sjálfstfl. lagði hér fram frá forustumönnum Sjálfstfl. Þetta tilboð hefur sem sé verið að engu haft. Og það má vera að ef leitað hefði verið til okkar sem erum fulltrúar Sjálfstfl. og ég vænti fulltrúar stjórnarandstöðunnar, þá hefði þetta frv. litið út með öðrum hætti en raun er á.

Ég bendi á í sambandi við þetta frv. að það kallar vitaskuld á nokkra vinnu. Í fyrsta lagi kallar það á vinnu að því er lýtur að skiptingu stofnkostnaðarliða sem á að skera niður samkvæmt frumvarpinu. Ef stofnkostnaðarliðir, til að mynda að því er lýtur að héraðsskólum, að því er lýtur að fjárfestingu í heilbrigðismannvirkjum o.s.frv., ef þeir eiga að standa og verða lögfestir þá hlýtur að verða að kveða á um hvaða mannvirki það eru sem eiga að taka á sig þann niðurskurð sem hér er á ferðinni. Hér er vitaskuld ekki um mjög mikla vinnu að ræða en þetta er þó verk sem þarf að vinna.

Ég bendi á að í þessu frv. er gert ráð fyrir að skera niður framlög sem í senn eru lögbundin og samningsbundin. Við afgreiðslu fjárlaga var staðfest samkvæmt sérstöku samkomulagi hvernig með skyldi farið. Þar á ég við til að mynda framlög til jarðræktar og búfjárræktar sem, auk þess að vera lögbundin, var gert sérstakt samkomulag um hvernig skyldi staðið að því að uppfylla það lagaákvæði. Síðan er það brotið niður hér í þessu frv. eins og hv. alþm. geta séð. Þá er einnig skert framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem enn fremur er lögbundið sem hlutfall af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar og hefur aldrei fyrr verið skert eða þau lagaákvæði brotin. Hér er enn gerð tillaga um að brjóta þau lagaákvæði niður.

Ég bendi einnig á að í vissum tilvikum eru hér mjög einkennilegar tillögur á ferðinni. Ég nefni til að mynda tillögu undir samgrn. er varðar Flugmálastjórn. Við afgreiðslu fjárlaga vakti ég á því rækilega athygli að meðferð hv. meiri hl. fjvn. og Alþingis væri sérkennileg að því er varðar Flugmálastjórn. Eins og fjárlagafrv. var lagt fram og eftir að við höfðum fengið það brotið niður í hina smæstu liði lá það fyrir að inn í frv. vantaði laun á vegum Flugmálastjórnar sem námu um 68 millj. kr. Úr þessu var bætt á þann máta við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár við 3. umr. að í launaliðinn var bætt 20 millj. kr. og vantaði þá enn 48 millj. kr. Þau svör voru gefin að skipa ætti nefnd til þess að fjalla um þennan fjárlagalið og athuga hvort hægt væri að ná þar einhverjum sparnaði. Ella lægi það fyrir að það væri því líkast sem starfsmenn þessarar stofnunar ættu að vinna verk sín

í sjálfboðavinnu og voru flugumferðarstjórar nefndir í því sambandi. Þetta var vitaskuld eins og hvert annað grín en það er ekkert grín að afgreiða fjárlög sem eru fölsk, með fölskum tölum, óraunverulegum tölum sem ekki fá staðist.

Í þessu fjáraukalagafrv. er enn vikið að Flugmálastjórn og hér er gert ráð fyrir að skera niður rekstrarliði á vegum Flugmálastjórnar um 19,4 millj. kr. Nú vil ég taka það fram og beina því til hæstv. fjmrh., sem ég mun auðvitað taka upp í fjvn., að ég vil að það liggi fyrir hvort árangur hefur orðið af starfi nefndar sem um þetta átti að fjalla og þá verði skýrt hvaða verkefni það eru á vegum Flugmálastjórnar sem á að fella niður fyrir um 67–68 millj. kr. og það sundurgreint eftir einstökum verkefnum. Ég vil t.d. fá það á hreint áður en þetta frv. er afgreitt hvaða flugvöllum á landinu á að loka til að hægt sé að segja upp því starfsliði sem er þar á vegum Flugmálastjórnar eða hvað á að fella niður af verksviðum Flugmálastjórnar eða hvort það sé enn meining hæstv. fjmrh. að starfsmenn á vegum Flugmálastjórnar, t.d. flugumferðarstjórar, eigi að vinna í sjálfboðavinnu. Ég vil fá svör við þessu áður en þetta frv. verður afgreitt út úr fjvn. Þannig eru ýmis mál í frv. sem nauðsynlegt er að taka sér eðlilegan tíma til að athuga og fá þau svör við sem nauðsynleg eru.

Ég tek eftir því að í þessu frv. er gert ráð fyrir að skera niður framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 200 millj. Nú lá það fyrir við afgreiðslu fjárlaga að Atvinnuleysistryggingasjóð vantaði fé til að geta staðið eðlilega að starfsemi sinni og staðið við sínar skuldbindingar um atvinnuleysisbætur en starfsemi hans er hvort tveggja í senn lögbundin og samningsbundin milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins. Og þó einkum og sér í lagi milli ríkisvaldsins annars vegar og launþegasamtakanna hins vegar. Því var þá svarað til að Atvinnuleysistryggingasjóður ætti skuldabréf í sínum fórum sem hægt væri að selja til þess að standa undir útgjöldum sjóðsins. Ég vakti athygli á því við 3. umr. fjárlaga og geri enn að þó það sé rétt að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi skuldabréf í sínum fórum þá eru þau yfirleitt óverðtryggð og með mjög lágum vöxtum. Ef selja ætti þau á frjálsum markaði mundu þau ekki seljast nema með miklum afföllum þannig að það væri afar óhagkvæmt fyrir sjóðinn að selja þessi bréf með þeim hætti. Eini aðilinn sem gæti keypt þessi bréf á nafnverði er ríkissjóður sjálfur og mundi það þá enn kosta útgjöld frá ríkissjóði þrátt fyrir að að nafninu til sé verið að skera sjóðinn niður með þessum hætti og vísa á að hægt sé að selja bréf sjóðsins til að standa undir útgjöldum hans. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir svörum varðandi þennan lið frv. í meðferð málsins í fjvn.

Ég vek einnig athygli á því að í einstökum tilvikum í þessu frv. er ráðist að stofnunum sem sýnt hafa raunverulegt aðhald í útgjöldum sínum á undanförnum árum og þess gætt með mikilli nákvæmni í rekstri að fara ekki fram úr heimildum fjárlaga. Það er nú svo að hætt er við að það kerfi sem er við lýði á vegum fjmrn. vinni þannig að þær stofnanir sem fara fram úr fjárlögum ár eftir ár fá einhverja viðbót, þær fá aukin framlög til að mæta sínum umfram gjöldum. En þær stofnanir sem ár eftir ár reyna að passa sinn rekstur, reyna að passa sín útgjöld, fara ekki fram úr fjárlagaheimildum, eru jafnvel skornar enn þá meira niður þannig að að lokum verður þeim gert ókleift að starfa án þess að starfsemi þeirra sé dregin saman.

Ég tek eftir því að t.d. ein stofnun sem skorið er niður hjá í þessu frv. er undir þessa sök seld. Hér á ég við Rannsóknarlögreglu ríkisins. Á síðasta ári og ýmsum árum að undanförnu hafa flestar stofnanir dómsmálakerfisins farið fram úr fjárlögum. Í fjáraukalögum fyrir síðasta ár höfðu margar, meira að segja flestar stofnanir á vegum dómsmálakerfisins farið fram úr fjárlögum ársins 1989. Ekki var Rannsóknarlögregla ríkisins í þeirra hópi og ekki örfáar aðrar stofnanir, mig minnir tvö, í allra mesta lagi þrjú af sýslumanns- og fógetaembættunum. En síðan er þá að þessu unnið með þeim hætti að hér er þessari stofnun, Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hefur að mér virðist gætt mjög vandlega að sínum rekstri á undanförnum árum, gætt þess að fara ekki fram úr heimildum fjárlaga og ekki þurft á aukafjárveitingum að halda, henni er þakkað fyrir með þeim hætti að fá niðurskurð í fjáraukalagafrv.

Ég vænti þess, þó ég segi að hætt sé við að það kerfi sem liggur að baki þessum gögnum í fjmrn. hafi tilhneigingu til að vinna á þennan hátt, að þá hafi það ekki verið raunverulegur ásetningur hæstv. fjmrh. En ég minni þó á það sem er tengt þessu atriði og þessu vinnulagi að í fjárlagafrv. fyrir þetta ár var um mjög mikla hækkun að ræða á fjárveitingum til fjmrn. Í heild var þar um að ræða hækkun sem nam 51% frá fjárlögum ársins á undan, 51% hækkun í fjárlagafrv. meðan fjárlagafrv. byggði á verðlagsforsendum sem sýndu að hækkun milli ára skyldi vera 16–16,5%. Skýringarnar í athugasemdum með fjárlagafrv. að því er varðaði fjárlagaliði fjmrn. voru m.a. þær að það hefði sýnt sig að fjárveitingar hefðu ekki dugað, að fjárveitingar í fjárlögum hefðu reynst óraunhæfar og þess vegna væri nauðsynlegt að hækka fjármálaliði fjmrn. af því að fjárveitingar fyrri ára hefðu ekki dugað. Sem sé, af því að fjmrn. sjálft fór duglega fram úr heimildum sínum samkvæmt fjárlögum ríkisins þótti sjálfsagt að hækka við fjmrn. til að standa þar undir auknum útgjöldum og eyðslu. Þarna var alveg öfugt að farið við það sem er um einstakar stofnanir svo sem Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem ég hef nefnt hér, og jafnvel stofnanir eins og Flugmálastjórn. Þó Flugmálastjórn hafi farið fram úr sínum fjárlagaheimildum hefur þar þó a.m.k. verið afar skýrt upp sett hvernig útgjöld hennar hafa þróast og til hvaða verkefna þeim er varið.

Ég held að ekki sé ástæða við þessa umræðu til að fara yfir fleiri einstaka liði í þessu frv. Ég tel að auðvitað þurfi að fara mjög vandlega yfir þær forsendur sem hér er lagt upp með, til að mynda þær að tekjur ríkisins vegna breyttra verðlagsforsendna í kjölfar kjarasamninga hækki minna en útgjöldin. Það er þó skýrt með því að sum útgjöld ríkissjóðs taki ekki

verðlagsbreytingum svo sem vextir og niðurgreiðslur. Þetta eru eðlilegar skýringar. En ég bendi á að í þessum útreikningum hygg ég að hvergi sé tekið tillit til þess að miðað við þær forsendur sem skapast hafa í kjölfar kjarasamninga er gert ráð fyrir meiri kaupmætti en hæstv. ríkisstjórn lagði upp með í sínum áætlunum og notaði sem grundvöll fyrir fjárlagadæminu og efnahagsstarfseminni á þessu ári. Hæstv. ríkisstjórn lagði sem sé upp með þann grundvöll að kaupmáttur launa á þessu ári skyldi minnka um 5,5%. Kaupmáttur launatekna hafði þó minnkað um 8% á árinu á undan. En eigi að síður lagði hæstv. ríkisstjórn upp með þann efnahagsgrundvöll í sínum útreikningum og þar með fyrir fjárlagadæminu að kaupmáttur almennings skyldi minnka á þessu ári um 5,5%. Niðurstöður þeirra sem stóðu að kjarasamningunum, þ.e. aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa bænda sem að þessum samningum komu, voru þær að með þeim niðurstöðum sem fengust með samningunum væri hægt að sjá fram á að kaupmáttur þyrfti ekki að lækka nema um 0,5%. Og þó menn hafi verið að segja úti í þjóðfélaginu að það sé sérkennilegt að aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. launþegar, skyldu sætta sig við kjarasamninga sem lækka kaupmáttinn um 0,5% var þó með þessum samningum unninn sá sigur að lækka kaupmáttinn minna en ríkisstjórnin ætlaði sér og lagði upp með. Mismunurinn varð 5% og það er ekki svo lítið. En þessi mismunur á kaupmætti hefur vitaskuld áhrif á greiðslugetu almennings og væntanlega á veltu í þjóðfélaginu og ég hygg að til þessa atriðis sé ekki tekið tillit í þeim útreikningum sem liggja að baki þeim nýju forsendum sem þetta frv. til fjáraukalaga byggir á að því er varðar tekjur ríkissjóðs. Þetta atriði þarf auðvitað að taka til athugunar við meðferð málsins í fjvn. sem og fjöldamörg önnur eins og ég hef hér vikið að.

Þá vil ég geta þess að ástæða kann að vera til að taka nokkur fleiri atriði til meðferðar eða athugunar er snerta fjármál ríkissjóðs á þessu ári umfram það sem vikið er að í þessu frv. þótt ég sé ekki með því að gera því skóna að ég eða aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar ætli að flytja tillögur um aukin útgjöld. Svo er ekki. Og væri nær, sem verður að koma í ljós hvort við gerum eða ekki, að við tækjum til athugunar að flytja einhverjar aðrar tillögur um útgjaldalækkun en allar þær sem hér liggja fyrir. En ég minni á það að í 6. gr. fjárlaga fyrir þetta ár er hæstv. fjmrh. heimilað að skera niður rekstrarútgjöld ríkissjóðs á þessu ári um 300 millj. kr. Þetta var afgreitt sem opin heimild í fjárlögum fyrir þetta ár. Og vafalaust vegna tímaskorts þar eð þessi tillaga kom seint fram reyndist ekki kleift að skipta þeim 300 millj. kr. niður á einstaka rekstrarliði í ríkiskerfinu. Ég tel að nú við afgreiðslu þessa frv. sé óhjákvæmilegt að skipta þessum 300 millj. kr. niður á einstök rekstrarframlög því það verður tæplega hægt að sætta sig við það að hafa það vald opið í höndum hæstv. fjmrh. að hann einn geti ráðstafað því hvar þessi 300 millj. kr. niðurskurður eigi að koma niður. Það er eðlilegt nú í marsmánuði þegar liðinn er þessi tími af fjárlagaárinu að taka þetta mál upp, enda hlýtur að vera búið á þeim tíma sem liðinn er síðan fjárlög voru afgreidd að leggja línur um það hvar þessi niðurskurður skuli koma. Ég greini frá því að ég mun gera það að tillögu minni innan fjvn. að þar verði þetta mál tekið upp og þessum niðurskurðarlið skipt á einstaka fjárlagaliði.

Ég bendi svo að lokum á að það er sérkennileg hringferð sem farin er í þeim málum er varða Vegasjóð. Ég þarf ekki að rifja það upp í mörgum orðum að við afgreiðslu vegáætlunar hér á hv. Alþingi 20. maí sl. var vegáætlun afgreidd samhljóða og hæstv. samgrh. lýsti því hátíðlega yfir að ekki mundi verða um niðurskurð að ræða á sérmerktum tekjustofnum vegagerðar. Þetta var öllum fastmælum bundið og skipt í vegáætlun þannig að sérmerktum tekjustofnum var skipt niður á útgjöld í vegáætlun til nýrra verkefna alveg í botn. Síðan kemur fjárlagafrv. Þá er gert ráð fyrir því að skera þessi útgjöld niður um 1015 millj. kr. Þá leit það þannig út að taka átti vegáætlun upp í þeim tilgangi að skerða framlög til verkefna sem Alþingi hafði þegar ákveðið að skyldu unnin á árinu 1990 um þessa fjárhæð, eða a.m.k. í heild til vegamála um 1015 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga var nokkuð hopað frá þessum mikla niðurskurði þannig að niðurskurðurinn í heild var samkvæmt fjárlögum 750 millj. kr.

Nú er enn hringlað með þetta með því að skera niður að nýju um 78 millj. kr. Ef það er á þann máta að draga á úr sérmerktum tekjustofnum til vegamála sem þessu nemur þá hefur það ekki áhrif á rekstrarútkomu ríkissjóðs en það sést ekki greinilega á þessu frv. Ef sérmerktir tekjustofnar vegagerðar eru skertir, t.d. um 78 millj. kr., minnka bæði tekjur og útgjöld sem þessu nemur og hefur ekki áhrif á endanlega niðurstöðu A-hluta ríkissjóðs. Það kemur hins vegar fram í því að það verður að skerða meira af þeim verkefnum sem ákveðið hafði verið að vinna samkvæmt vegáætlun. Það er svo næsta hlálegt að á sama tíma sem hæstv. ríkisstjórn er með þessum hringlandahætti að skera niður framlög til vegamála sitt á hvað eftir því hvaða mál er verið að afgreiða, fyrst er kveðið á um miklar framkvæmdir í vegáætlun 20. maí, síðan á að skera niður skv. fjárlagafrv., svo er dregið úr því við afgreiðslu fjárlaga, svo er enn aukið við niðurskurðinn í frv. til fjáraukalaga, á sama tíma sem allur þessi hringlandaháttur er í gangi í vegamálunum og niðurskurður þá tilkynnir hæstv. samgrh., raunar fyrst í fjölmiðlum, um stóraukin framlög til vegamála með því að flýta stórframkvæmdum. Það er út af fyrir sig gott að flýta stórframkvæmdum sem eru þýðingarmiklar framkvæmdir á Vestfjörðum en þetta sýnir hvað ráðslagið í þessum málum er handahófskennt og hringlandalegt.

Ég skal svo, virðulegi forseti, ekki hér við 1. umr. hafa um þetta frv. öllu fleiri orð. Ég ítreka að það er full þörf samdráttar og raunar niðurskurðar í útgjöldum ríkissjóðs. Ég ítreka þá skoðun mína sem iðulega hefur komið fram að þegar ný ríkisstjórn verður mynduð að þessari genginni þá verður þar eitt þýðingarmesta verkefnið sem þarf að fást við að ná

nýjum tökum á fjármálum ríkissjóðs. Því þetta framhald, þessi eyðslustefna ríkissjóðs sem birtist náttúrlega mest hjá hæstv. ráðherrum sjálfum með sífelldri aukningu rekstrarútgjalda, sífelldri aukningu á umfangi ríkiskerfisins og það á meðan greiðslugeta skattborgaranna er minni en áður var, getur ekki gengið áfram. Þar verður að breyta um stefnu og taka þessa hluti nýjum tökum til að stöðva þessa sífelldu útþenslu. Þar verður að byrja, eins og ég hef áður sagt, ofan frá, hjá ráðherrunum sjálfum og hætta því sem þessir hæstv. ráðherrar leyfa sér, að bruðla í eigin skrifstofum með fé skattborgaranna og ríkisins. Þessu háttalagi verður að breyta og það verður eitt þýðingarmesta viðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar þegar hún verður mynduð.

Ég held að hæstv. fjmrh. sem hér leggur fram þetta frv., sem í mörgum greinum gerir ráð fyrir að skera niður einstaka fjárlagaliði um 10 þús. kr. og suma 20 þús. kr., hann ætti að hafa það til viðmiðunar að frá því hann gaf hér hástemmdar yfirlýsingar við afgreiðslu fjáraukalagafrv. fyrir árið 1989 skömmu fyrir jól tókst honum eigi að síður að auka útgjöld ríkisins umfram heimildir fjárlaga og umfram heimildir nýsettra fjáraukalaga um liðlega 1 milljarð kr. á þeim fáu dögum sem lifðu ársins á milli jóla og nýárs. Þó hér sé klipið af einstökum fjárlagaliðum þá bendir reynslan af starfi þessa hæstv. fjmrh. ekki til þess að nú verði á nokkurn hátt raunhæfar að verki staðið og meiri aðsjálni og sparnaðar gætt í hans störfum þó að árið heiti 1990 en var á árinu 1989.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Auðvitað er nauðsynlegt að sjá sem fyrst hvaða afleiðingar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í kjarasamningamálum og fleiru hafa fyrir ríkissjóð þó að vissulega hefði þetta mátt sjást fyrr á Alþingi en ekki endilega fyrr verið kynntar í fjölmiðlum þær tillögur sem ríkisstjórnin gerir í þessum málum því þessar tillögur eru búnar að vera til umræðu á opinberum vettvangi nú um hríð áður en þær koma til umfjöllunar í Alþingi. Þetta eru mjög svo óvenjulegar aðferðir, að ekki sé meira sagt.

Í fyrirsögn þessa frv. er það sagt vera vegna kjarasamninga. En auðvitað er þar um fleira að ræða eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. benti á áðan. Og þar er vissulega um fleira að ræða eins og stjórnarandstaðan benti á við afgreiðslu fjárlaga. Verulegur innbyggður halli var í fjárlögunum sem fer nú örugglega að birtast okkur. Það má minna á að seint á fyrra ári lágu fyrir loforð frá ríkisstjórn um að búvöruverð skyldi ekki hækka til neytenda á því ári sem nú stendur. Ég benti á við afgreiðslu fjárlaga að ef ríkisstjórnin ætlaði sér að standa við þetta loforð vantaði 400–500 millj. kr. í niðurgreiðslur til að mæta því. Það er því alls ekki réttmætt að telja þessa upphæð til kostnaðar við kjarasamningana, þetta var vísvitandi vanáætlun.

Þetta er þó aðeins eitt af þeim atriðum sem vert er að benda á. Það má líka nefna að þrátt fyrir þann niðurskurð sem ráðherra hefur talað um að hann standi í nú og hafi staðið í áður hefur öll fjármálastjórn ríkisins á tveim síðustu árum farið úr böndum. Allt virðist stefna í að þetta ár verði ekki með öðrum hætti í þeim efnum þar sem sá innbyggði halli sem í fjárlögunum er hlýtur að koma í ljós fyrr eða seinna. Verður fróðlegt að vita hvaða nafn þeim ráðstöfunum verður gefið sem til hljóta að koma vegna þess.

Það er erfitt að sjá forgangsröð í þessum niðurskurði eða hvort einungis gildir einbert handahóf við hann. Og maður hlýtur að spyrja hvort þessi niðurskurður fari fram á einhverjum skynsamlegum nótum. Þegar maður flettir frv. er í rauninni ekki hægt að sjá að svo sé. Ef ég fletti frv. eins og það kemur fyrir þá blasir fyrst við niðurskurður á stofnkostnaði til framhaldsskóla. Hann er kannski ekki stórvægilegur í hverju tilviki en stofnanir sem eru í fjársvelti munar um hverja krónu. Og það verður áreiðanlega erfitt fyrir þá sem eiga að stjórna málum þessara stofnana að þrengja frekar að en þegar er.

Þegar ég kem að landbrn. verð ég að segja að þar er víða smátt talið. En það blasir þó við að þar er einn þáttur sem er skorið af hvar sem hægt er að koma við og í rauninni þó ekki sé hægt að koma því við. Það er rannsóknaþátturinn. Hæstv. landbrh. hefur ítrekað og í sífellu lagt áherslu á að rannsóknir í sambandi við landbúnaðinn séu mikilvægari öðrum þáttum þar. Einkum með tilliti til þeirra breyttu búhátta sem nú eru að verða séu rannsóknirnar það sem mest liggi á að sinna. En það er alls staðar skorið af rannsóknum. Rannsóknastöðin á Mógilsá, af henni er tekið. Það er að vísu ekki há upphæð, en eins og ég benti á áðan þá munar hverja stofnun um sem hefur ekki nóg fé fyrir. Á síðasta þingfundi hér í sal var verið að samþykkja landgræðsluáætlun og þá blasir hér við að skorið er niður til Landgræðslunnar. Og mætti nú fara að líta á þessa þáltill. sem við vorum að samþykkja um daginn og sjá þær umsagnir sem þar eru. Þar er ekki gert ráð fyrir fjárskorti. Ef áfram er haldið sést að gengið er á gerða samninga og lögbundin framlög eins og hvað varðar jarðræktar- og búfjárframlögin sem eru skorin niður um 10 millj. Og þegar maður lítur til þess hversu farið er með rannsóknaþáttinn hlýtur maður að spyrja: *Er metið hverjar afleiðingar þetta kann að hafa og þá jafnvel til langs tíma? Eru þetta allt flaustursaðgerðir eða er metið hvernig þetta kemur við viðkomandi stofnanir og viðkomandi atvinnuvegi þegar til lengri tíma er litið?*

Sjútvrn. fær niðurskurð upp á 4 millj. kr. sem varðar gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi. Væri ekki hægt að finna einhvern annan niðurskurðarstofn en einmitt þennan þar sem öllum ber saman um, sem nálægt þessum málum koma, að þarna vanti fé?

Þegar maður kemur að samgrn. er Vegagerð ríkisins efst á blaði. Við samþykktum vegáætlun í fyrra þar sem var neglt niður hvað ætti að framkvæma á næstu árum og miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Þá var skorið niður við Vegagerðina af hennar lögboðnu tekjustofnum og lá fyrir yfirlýsing frá

samgrh. um að það yrði ekki frekar gert. Það yrði ekki um meiri niðurskurð að ræða á tekjustofnum Vegagerðar ríkisins. En fjárlögin voru afgreidd með 750 millj. kr. niðurskurði á tekjustofnunum og enn er skorið af Vegagerð ríkisins. Og það þarf eiginlega ekki að ræða hve ósanngjarnt þetta er, bifreiðaeigendur borga gjöld sem eiga að fara beint til vegagerðarinnar og mega svo horfa á eftir þeim beint í eyðslu hjá ríkinu, til annarra hluta en þessu fé er ætlað. En það er fleira sem er um að ræða hjá samgrn. Þar er líka skorið niður af hafnarmannvirkjum. Allir vita að hafnir landsins eru fjársveltar í stórum stíl. Þetta hefur annað í för með sér. Vitað er að atvinnubrestur er á landsbyggðinni. Samdráttur í framkvæmdum í vegamálum og hafnamálum hljóta óhjákvæmilega að koma niður á atvinnu á landsbyggðinni. Og á sama tíma og atvinna á landsbyggðinni er skert er framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs skorið niður um 200 millj. kr. Svona aðgerðir eru eiginlega alveg óþolandi því að það er fyrirsjáanlegt að fólk verður að sækja í meiri mæli í Atvinnuleysistryggingasjóð á þessu ári en hefur þekkst um árabil. Og það er ekki verjandi að skerða tekjur hans þegar vitað er að hann stóð völtum fótum fyrir.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt hér því fjvn. á eftir að fjalla um þetta frv. Þá hef ég fullan hug á að tekið verði á ýmsu sem að vísu er ekki talað mikið um hér. En það er hægt að koma fram með aðrar tillögur og aðrar áherslur í útgjöldum ríkisins og tekjuöflun. Satt að segja sýnist ekki veita af því að leggja ríkisstjórninni lið við það. Það er full þörf á því að tekið sé á útgjöldum ríkissjóðs en það má gera á annan hátt. Það ætti að byrja á yfirstjórn ráðuneytanna og gæta þess að setja verkefni í forgang og minnka við yfirstjórnina en eiga fremur fé til framkvæmda í þeim þáttum sem varða atvinnu landsmanna.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990. Þetta er allkyndug fyrirsögn og verður að segjast eins og er að óþarft er að blanda kjarasamningum í fjáraukalög sem slík í fyrirsögn. Og verður tæplega hægt að segja að það sé réttlætanlegt. En það er önnur saga.

Það sem ég vil gera hér að umræðuefni er fjárlagagerð ríkisins og áætlanagerð. Hér liggur fyrir frv. til fjáraukalaga sem gerir ráð fyrir lækkun útgjalda og hreyfingu á fjárlagaliðum til sparnaðar en aukningar á öðrum sviðum. Það sem veldur því að ég hef efasemdir um að þessi áætlun sem hér liggur fyrir sé rétt er að hinn 20. febr. sl. kom fréttatilkynning frá fjmrn. um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1980–1989. Sama dag var lagður fram ríkisreikningur fyrir árið 1988. Það vekur athygli að það sem kemur frá fjmrn. 20. febr. í fréttatilkynningu stemmir ekki við það sem er lagt fram sem ríkisreikningur. (**Fjmrh.:** Þetta var allt skýrt hér á fimmtudaginn.) Ég veit ekki hvort það hefur verið skýrt hér á fimmtudaginn sérstaklega. (**Fjmrh.:** Annað er á greiðslugrunni og hitt . . .) En það liggur náttúrlega ljóst fyrir að þær eru ekki alveg réttar þessar tölur sem hér liggja fyrir. Við afgreiðslu fjárlaga fyrr á þessu ári hafði ég verulegar efasemdir um áætlanagerð við það frv. sem var þá. Og ég þykist vita núna að þær tölur sem ég reiknaði út muni standast. Mér sýndist að tekjurnar yrðu allverulega hærri en í fjárlagagerð var gert ráð fyrir og sýnist þess vegna að skattaliðurinn eigi að vera hærri en hér er gert ráð fyrir. Í fljótu bragði sýnist mér að ekki væri óraunhæft að áætla að sá niðurskurður í sköttum sem hér er gert ráð fyrir sé svipuð upphæð og þeir muni hækka um. Þá er sá liður rangur að mínu mati sem nemur nálægt 1,8 milljörðum og þykist ég vita að það verði nokkurn veginn rétt.

Hér er verið að tala um kjarasamninga og ég verð að segja að þær breytingar sem hér eru vekja furðu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður ríkisins verði lækkaður um 100 millj. kr. Nú veit ég ekki hvort verkalýðshreyfingin telur þá sem bíða eftir lánum frá Byggingarsjóði ríkisins þess verða að hugsað sé um hag þeirra, en hitt veit ég að það er töluverður fjöldi sem bíður eftir lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Ég hef lagt fram fsp. um þetta mál til hæstv. félmrh. sem hún hefur að vísu ekki svarað enn þá en ég geri ráð fyrir að svarið liggi fyrir í þessari viku og muni þá koma í ljós hvernig staða þeirra mála er. Ég tel það ekki forsvaranlegt að það liggi ekki fyrir upplýsingar um slík mál þannig að hægt sé að sjá svart á hvítu hver staðan er í svo veigamiklum málaflokki áður en skornar eru niður 100 millj. til þessa málaflokks.

Ég hef síðan margar athugasemdir við þann niðurskurð sem hér um ræðir sem mér finnst að sumu leyti kjánalegur. Það er kjánalegt að skera niður fjárlagalið um 10 þús. kr. í svona aðgerð. Það er ósköp kjánalegt og er ekki traustvekjandi. Hins vegar er staðreynd að ekki er snert við gæludýrum ríkisstjórnarinnar eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. kom réttilega inn á áðan. Það er ekki snert við yfirbyggingunni og þeirri miklu útþenslu sem hefur átt sér stað í þeim hluta ríkisgeirans á undanförnum árum. Það hefur ekki verið gert raunhæft yfirlit á þessu máli af hálfu ríkisins í fjölda ára. Sú yfirferð hefði þurft að fara fram með allt öðrum hætti og öðruvísi og hefði þá sjálfsagt verið hægt að skera niður allverulegar upphæðir í ýmsum málum. Það er svo líka annað mál að undanfarna daga hefur heyrst í sérstökum starfsmanni sem verkalýðshreyfingin hefur skipað til þess að fylgjast með verðlagi í landinu. Ég hlustaði á viðtal við þennan starfsmann um helgina í einhverri af útvarpsstöðvunum þar sem hann var að tala um hækkanirnar sem hefðu dunið yfir. Og það er auðvitað alveg rétt hjá þeim ágæta manni að þessar hækkanir hafa verið töluverðar, en það er þó athyglisvert að hann var að ræða um hækkanir í sambandi við fjármagn og þá aðallega á gjöldum í bankakerfinu. En það vill svo til að verkalýðshreyfingin er einn stærsti eigandi banka hér á landinu og er aðili að Íslandsbanka og forseti ASÍ situr sem formaður bankaráðs. Því eru hæg heimatökin fyrir verkalýðs-

hreyfinguna að lækka þessi útgjöld. Kemur því vel á vondan að þessar hækkanir skuli hafa verið svona miklar í bankakerfinu og það verður að gera þá kröfu til verkalýðshreyfingarinnar að hún standi þannig að sínum málum að hún lækki þessi útgjöld.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni að öðru leyti en því að ég hefði viljað sjá hér frekari niðurgreiðslur, breytingu á virðisaukaskatti á matvæli og skattalækkun sem hefði komið heimilum að notum og komið þannig út að raunveruleg útgjöld sem skipta fólk máli hefðu lækkað. Ég minni á það að felld var hér í hv. Nd. fyrir skömmu tillaga frá mér um að það yrði skylda fyrir sveitarfélög að skrifa út hvað fasteignagjöld væru í raun há, samtals, öll þau gjöld sem eru lögð á íbúana. Það vekur náttúrlega furðu að þingheimur skuli ekki hafa áhuga á því eða vilja stuðla að því að almenningur í landinu fái að vita hvernig skattarnir eru lagðir á og hversu háir. Það er ýmislegt í þeim skattamálum, bæði fasteignagjöldum og öðru, sem verður að taka til endurskoðunar og gera það með þeim hætti að hver og einn viti raunverulega hvað hann á að borga í skatta og hann geti borið sig saman við aðra sem greiða skatta.

Ég ætla ekki eins og ég sagði að hafa þetta öllu lengra en tel að þessi fjáraukalög séu byggð a röngum forsendum, það séu ekki réttir útreikningar á tekjuhliðinni og þessi niðurskurður sé nú frekar til málamynda og alls ekki raunhæfur.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að segja örfá orð í sambandi við þetta mál. Ég er ekki á sama máli og síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykn., að óþarfi sé að leggja frv. til fjáraukalaga fram. Það er náttúrlega skylda að gera það og er framför að því leyti til. Ég vil einnig segja það að það sem gerir það að verkum að frv. er lagt fram eru kjarasamningar sem gerðir voru, skynsamlegir kjarasamningar og öll umræða í kringum það til þess að reyna að ná þeim áfanga sem allir eru sammála um, að gera tilraun til þess að koma verðbólgu á viðráðanlegt stig og þar með að leitast við að halda stöðugu verðlagi og reyna að koma á stöðugleika. Hv. þm. ættu því ekki að tala um það í þessum dúr að þetta sé óþarfi að þessu leyti til.

Það varð samkomulag um það meðal þingmanna ríkisstjórnarinnar að standa að þessari lækkun ríkisútgjalda eins og stefnt er að, 900–1000 millj. kr., og gera sitt til að gera það að veruleika. Hins vegar verður að taka undir það sem hér hefur komið fram að það er í alla staði óheppilegt að fyrsta vitneskja um útfærslu á þessum áformum ríkisstjórnarinnar skyldi koma fram í fjölmiðlum og skapa þannig glundroða í sambandi við meðferð málsins eins og allir hv. þm. þekkja að hefur orðið á undanförnum vikum síðan í febrúar er þetta mál var fyrst til umræðu hjá stjórnarþingmönnum og hjá þjóðinni eftir að það var komið í fjölmiðla.

Það hefur tekið talsverðan tíma að ná samkomulagi um ýmsa þætti þessa niðurskurðar og ég ætla ekki að ræða það sérstaklega hér, en vissulega var ástæða til að reyna að hafa áhrif á það á hvern hátt það yrði gert og ég verð að lýsa því yfir að ég tel að samkomulag hafi tekist um að lagfæra ýmsa þætti þessara hugmynda. Ég nefni þar að halda samkomulag sem gert var við sveitarfélögin í landinu, um uppgjör við sveitarfélögin, og eins að lækka ekki framlög til Íþróttasjóðs sem voru nýsamþykkt í fjárlögum og fleira mætti nefna til. Einnig er hér komin inn um 20 millj. kr. lækkun á framkvæmdaframlögum til Þjóðleikhússins sem er eðlilegt að mínu mati.

Ég ætla ekki að ræða frv. efnislega af þeirri einföldu ástæðu að það kemur til umræðu í fjvn. og þar er hægt að koma að ýmsum athugasemdum eða fá ýmsar upplýsingar. Ég vil þó segja það að ég harma það að á síðustu stundu hefur verið lækkað, umfram það sem var orðið samkomulag um, framlag til Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni, um 2 millj. kr., sem var orðið samkomulag um að hrófla ekki við miðað við samþykkt fjárlög.

Ég vil aðeins nefna hér það sem ég mun óska eftir upplýsingum um í fjvn. Hjá iðnrn. er gert ráð fyrir lækkun upp á 20 millj. Í þeim gögnum sem fjallað var um í þingflokkunum var gert ráð fyrir að þessi lækkun kæmi á þrjá liði í iðnrn., þ.e. Iðju og iðnað, framlög, og Orkusjóð að því er varðar sveitarafvæðingu og styrkingu dreifikerfa og Ráðstöfunarfé ráðuneytisins. Niðurstaðan hér í frv. er hins vegar sú að þetta er einvörðungu tekið af dreifikerfi í sveitum sem er mjög viðkvæmt mál þar sem hér er um aðgerðir að ræða sem hafa verið í fjársvelti árum saman skulum við segja miðað við þörfina. Ég vek athygli á því að þessi lækkunartillaga iðnrn. orkar tvímælis miðað við það sem áður var búið að setja fram. Ég hygg að það verði a.m.k. að leita eftir svörum um það hvers vegna þessi háttur er tekinn upp miðað við það sem var búið að skýra í þingflokkunum, að allur niðurskurðurinn er settur á dreifikerfi í sveitum.

Þá vantar upplýsingar miðað við það sem beðið var um. T.d.: Hvernig ætlar hæstv. landbrh. að láta deila niður lækkun á framlögum samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögumum 10 millj. kr., það fengust ekki upplýsingar um það. Og einnig lækkun til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 10 millj. kr. Engin sundurliðun hefur heldur fengist í sambandi við hafnamannvirki upp á 25 millj. kr. Ég vil aðeins leiðrétta það sem komið hefur fram í ræðum hjá nokkrum hv. þm. í sambandi við niðurskurð til vegamála. Í fjárlagafrv. voru þau skorin niður um 675 millj. og svo bætast við 75 millj. kr. samkvæmt þessum tillögum þannig að niðurskurðurinn verði í heild 750 millj. en ekki 750 plús 75 og er nóg samt.

Ég ætla ekki að ræða þetta nánar, en ég vildi aðeins láta það koma fram að ég mun óska eftir upplýsingum um nokkra liði í sambandi við frv. eins og það liggur hér fyrir, en að öðru leyti endurtek ég það að það var skylda stjórnarþingmanna að standa að því að þetta frv. yrði lagt fram og niðurskurður yrði í ríkiskerfinu upp á allt að einum milljarði til þess að standa við þá mikilvægu kjarasamninga sem gerðir voru.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

60. fundur, mánudaginn 12. mars, að loknum 59. fundi.

Heillaóskir til litáísku þjóðarinnar, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 404. mál. — Þskj. 704.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Í gær gerðist sá ánægjulegi atburður að þjóðþing Litáa samþykkti sjálfstæðisyfirlýsingu þjóðarinnar. Við vorum á fundi í utanrmn. þingsins í morgun og þar var samþykkt einróma að leggja til við hv. Alþingi að heillaóskaskeyti yrði sent til litáíska þingsins. Því höfum við flutt till. til þál. um heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar og hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að senda litáísku þjóðinni heillaóskir vegna sjálfstæðisyfirlýsingar Litáens sem þjóðþingið samþykkti í gær.

Alþingi telur að sjálfsforræði þjóða með lýðræðiskjörnum þingum sé grundvöllur frjálsra samskipta og stuðli að friði í heiminum.

Alþingi fagnar því endurheimt sjálfstæðis Litáens og væntir góðrar samvinnu við lýðræðiskjörna fulltrúa þess."

Þessari tillögu fylgir svohljóðandi örstutt greinargerð:

„Þing Litáens samþykkti í gær yfirlýsingu um endurheimt sjálfstæðis landsins. Á fundi utanríkismálanefndar í morgun var einróma samþykkt af því tilefni að flytja þáltill. þessa."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

61. fundur, mánudaginn 12. mars, að loknum 60. fundi.

Heillaóskir til litáísku þjóðarinnar, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 404. mál. — Þskj. 704.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 705).

SAMEINAÐ ÞING

62. fundur, mánudaginn 12. mars, að loknum 61. fundi.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 158. mál. — Þskj. 167.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er rétt sem fram kom að allnokkuð er um liðið síðan umræða þessi frestaðist og enn lengra um liðið síðan þessi umræða hófst. Það var í nóvembermánuði sem umræðan hófst og hún hefur staðið með löngum hléum síðan. Það er ástæða til þess þegar umræðan hefst hér á nýjan leik að fara nokkrum orðum um þessa málsmeðferð.

Það liggur nú í augum uppi að æskilegast hefði verið að ljúka þessari umræðu áður en hæstv. utanrrh. fór til sameiginlegs utanríkisráðherrafundar EFTA og Evrópubandalagsins í lok desembermánaðar þar sem lögð voru á ráðin um áframhald þessara viðræðna á milli þeirra samtaka sem hér um ræðir. Það tókst hins vegar ekki vegna þess að hæstv. ríkisstjórn kom því ekki við að ljúka þessari umræðu og það sem af er þessu ári hefur hæstv. ríkisstjórn ekki komið því við að eiga hér orðastað við alþingismenn til þess að ljúka umræðunni. Það er ámælisvert í meira lagi að standa með þessum hætti að umræðum um einhverja mikilvægustu samninga sem Íslendingar hafa tekið þátt í um langan tíma við aðrar þjóðir og sýnir með öðru hvaða hug og hvaða virðingu hæstv. ríkisstjórn ber fyrir þessum mikilvægu umræðum sem hér um ræðir. Í sjálfu sér er það ekki einungis mál hæstv. ríkisstjórnar hvernig umræður af þessu tagi eru dregnar á langinn. Það er auðvitað mál Alþingis að knýja hæstv. ríkisstjórn til að ljúka umræðum jafnvel þó að um sé að tefla minni mál en þetta sem hér er verið að fjalla um og það er þess vegna ástæða til þess einnig að bera fram kvörtun við yfirstjórn þingsins um það að hafa ekki gengið nægjanlega eftir því við hæstv. ríkisstjórn að hún sinnti þeirri skyldu sinni að ljúka þessari umræðu.

Ýmislegt hefur á dagana drifið síðan við skildum síðast við þetta mál. Í sjálfu sér hefði verið full ástæða til þess að hæstv. ríkisstjórn gerði Alþingi á ný grein fyrir stöðu málsins, og það hefði verið miklu eðlilegra

að ræða hér í marsmánuði nýja skýrslu frá hæstv. utanrrh. um málið en að halda áfram umræðu um skýrslu sem lögð var fram í nóvembermánuði í ljósi þess að hér er um að ræða viðfangsefni þar sem stefnt er að skjótum vinnubrögðum og breytingar eru örar og miklar.

Það má segja að það hafi verið þrjú atriði sem hér komu til umræðu og skiptu afstöðu manna í ólíka hópa. Tvö þessara atriða lúta að meðferð málsins og formsatriðum en eitt þeirra að efnislegri afstöðu til þessara samninga. Það var uppi ágreiningur um það í fyrri hluta umræðunnar hvernig Alþingi ætti að taka á málinu. Þau sjónarmið voru sett hér fram að eðlilegt væri að Alþingi ályktaði um það hver væri stefna Íslands í þessum viðræðum, að hvaða markmiðum ætti að vinna og hvernig við vildum nálgast þetta verkefni að öðru leyti. Hugmyndum og tillögum af þessu tagi var hins vegar hafnað af hæstv. ríkisstjórn.

Í annan stað var lögð á það áhersla að teknar yrðu upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið til þess sérstaklega að gæta íslenskra hagsmuna að því er varðar hindrunarlausan útflutning sjávarafurða á markað Evrópubandalagsins. Kröfu um þetta var einnig hafnað af hæstv. ríkisstjórn.

Í þriðja lagi komu hér fram mjög mismunandi sjónarmið í því formi að lýst var fyrirvörum af hálfu einstakra stjórnmálaflokka og talsmanna þeirra, mjög ólíkum fyrirvörum og í sumum tilvikum víðfeðmum. Segja má að sumir þeirra séu þess eðlis að þeir samrýmist engan veginn þátttöku okkar í þessum viðræðum. Þeir fela þess vegna í sér efnislegan ágreining um það hvernig þátttöku Íslands í þessum viðræðum á að vera varið og að hverju Ísland er að stefna með þeim.

Þetta voru að ég hygg þau þrjú atriði sem fram höfðu komið í umræðunum og helst voru þess eðlis að um þau hafi verið eða sé enn ágreiningur hér í þinginu.

Ég ætla ekki, frú forseti, að fara mörgum orðum um grundvallaratriðin í þeim samningum sem standa fyrir dyrum. Um það höfum við rætt mjög ítarlega á fyrri stigum þessarar umræðu. Þetta svokallaða fjórþætta frelsi, aðlögun Íslands og annarra ríkja fríverslunarsamtakanna að þeirri löggjöf sem Evrópubandalagið hefur þegar sett um hinn svokallaða innri markað.

Ég er í engum vafa um að það er mjög mikilvægt fyrir Ísland að taka þátt í þessum viðræðum og stefna að þeirri tengingu við innri markað Evrópubandalagsins sem hið sameiginlega evrópska efnahagssvæði á að gera. Hér er um að ræða mjög umfangsmikla samninga, samninga sem í mörgum tilvikum lúta að viðfangsefnum sem á undanförnum árum hafa verið ágreiningsefni, hafa verið snar þáttur í ákvörðunum stjórnvalda varðandi almenna efnahagsstjórn. Mörg þessara viðfangsefna verða nú samningsbundin í hinu nýja efnahagssvæði og þurfa þess vegna ekki að leiða til óþarfa deilna hér á landi um aðferðir til hagstjórnar. Og það er ótvírætt til bóta og mikil framför þegar víðtækari samstaða næst á Alþingi og á milli stjórnmálaflokka um atriði í efnahagsstjórn sem lengi hafa valdið deilum. Það er fagnaðarefni að hér er verið að ræða um slíkar lausnir á grundvelli aukins efnahagsfrelsis sem ýmsum hefur verið þyrnir í augum í innlendri stjórnmálaumræðu.

Ef við víkjum nokkuð að þeim þremur atriðum sem hér hafa komið til umfjöllunar og menn hafa ekki verið á einu máli um ítreka ég fyrst þá skoðun mína að eðlilegt hefði verið að hæstv. ríkisstjórn hefði á það fallist að móta stefnu Íslands í þessu efni með ályktun frá Alþingi. Það hefði styrkt stöðu Íslendinga í þessum viðræðum og gert afstöðu okkar skýra. Það hefði óhjákvæmilega eytt þeim efasemdum sem uppi eru í dag um samstöðu í málinu og þess vegna styrkt stöðu Íslands og ekki síst styrkt stöðu hæstv. utanrrh. sem fer með þessa samninga fyrir hönd Íslands. Þess vegna eru það vonbrigði að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa hafnað hugmyndum af þessu tagi. Að vísu fóru fram, eins og áður hefur komið fram, óformlegar viðræður á milli einstakra flokka um möguleika á slíku samstarfi, en þegar til kom þá nutu slíkar hugmyndir ekki stuðnings innan hæstv. ríkisstjórnar. Í tvígang hafði Sjálfstfl. að frumkvæði hæstv. utanrrh. tekið þátt í óformlegum viðræðum af þessu tagi, en þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra var þá með nutu ekki skilnings innan hæstv. ríkisstjórnar og hafa þess vegna ekki náð fram að ganga.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að þeirri ósk sem sett var fram um tvíhliða viðræður vegna útflutnings á íslenskum sjávarafurðum. Það kemur fram í skýrslu utanrrh. og hefur komið fram í þessum umræðum að ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á, að því er þetta viðfangsefni varðar, að byggja umræðurnar á þeim grundvelli sem lagður var með Oslóaryfirlýsingunni frá því í mars á síðasta ári. Þar var kveðið á um fríverslun með fisk innan EFTA sem taka á gildi 1. júlí, en eins og þar segir hafa Finnar umþóttunartíma fram til 1. jan. 1993. Það kemur einnig fram í skýrslunni að af hálfu EFTA-þjóðanna hafi verið óskað eftir fríverslun með fisk gagnvart viðræðunefnd Evrópubandalagsins en því hafi verið svarað af hálfu Evrópubandalagsins með ósk um viðræður um hina sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins.

Nú hefur ýmislegt á dagana drifið í þessum efnum. Það var auðvitað ljóst frá upphafi að litlar líkur voru á að jafnvel sameinuð EFTA-ríki gætu knúið Evrópubandalagsríkin til að falla frá styrkjastefnu sinni, en Evrópubandalagið hefur nú þegar ákveðið styrki til sjávarútvegs a.m.k. fram til ársins 1997, ef ég man rétt. Frá öndverðu var því ekki mikil von til þess að við næðum árangri á þessum grundvelli og ég hygg að það sé rétt sem fram hefur komið að Óslóaryfirlýsingin um þetta efni hafi haft meira formlegt gildi en efnislegt að því er varðar íslenska hagsmuni með útflutning sjávarafurða á þennan sameiginlega markað í Evrópu. Nú hefur það svo gerst ofan í kaupin að Norðmenn hafa lent í miklum erfiðleikum í sjávarútvegi og hafa tekið ákvarðanir um aukna styrki til sjávarútvegs þvert á stefnu EFTA-ríkjanna um fríverslun án styrkja.

Hæstv. utanrrh. var það því spurður hvort hann hefði hreyft þessu máli á fundum EFTA-ráðherra og hann greindi frá því af því tilefni hér á Alþingi að það

hefði hann ekki gert og hann hefði ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir þar við þó að augljóst megi vera að þessar ákvarðanir Norðmanna munu hafa áhrif á samningsstöðu EFTA á þessum grundvelli. Eða dettur nokkrum manni í hug að það styrki kröfur EFTA í viðræðum við Evrópubandalagið þegar Norðmenn hafa tekið ákvarðanir um að auka styrki til sjávarútvegs? Ég hygg að flestir hljóti að gera sér grein fyrir því að þessar ákvarðanir þeirra hljóta að veikja þann samningsgrundvöll sem lagt hefur verið upp með í þessu efni og um var samið á Oslóarfundinum í fyrra. Ég geri ráð fyrir að menn hafi skilning á þeim erfiðleikum sem Norðmenn standa frammi fyrir í sjávarútvegsmálum og hafa leitt til ákvarðana af þessu tagi af þeirra hálfu. Það breytir hins vegar ekki því að þetta átti að vera megingrundvöllurinn í viðræðum við Evrópubandalagið til þess að tryggja fríverslun með fisk og þar af leiðandi hindrunarlausan aðgang Íslendinga að þessum markaði. En þegar sá grundvöllur hefur verið veiktur með því að auka styrki hljóta menn að fallast á að tími sé kominn til að hugsa málið frá öðrum forsendum og öðrum sjónarmiðum en í upphafi var ætlað.

Ég ætla ekki að rekja það í löngu máli hér en það mátti auðvitað vera ljóst þegar þessar umræður hófust að nauðsynlegt var að taka upp tvíhliða viðræður til að tryggja hagsmuni okkar í þessu efni. En því ljósara er það nú, þegar Norðmenn hafa tekið þessar ákvarðanir varðandi styrkina, að við verðum að huga að okkar hagsmunum á öðrum grundvelli en hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað.

Ég minnist þess ekki að tillögum hafi verið mætt með jafnmiklum æsingi og með jafnmiklum fúkyrðaflaumi og tillögum okkar og fleiri hér á þinginu og sjávarútvegsins í landinu um formlegar tvíhliða viðræður. Þar fóru fremstir í flokki hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Þeir náðu varla upp í nefið á sér af hneykslan yfir því að lagt skyldi til að við ræddum meginhagsmuni okkar í þessu efni í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Að vísu tóku þessir hæstv. ráðherrar alltaf fram í hinu orðinu að þeir stæðu nú í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið á sama tíma og þeir með stóryrðum vísuðu á bug slíkum kröfum. Ég geri ráð fyrir því að þessar mismunandi yfirlýsingar af þeirra hálfu helgist af því að þeir hafi ætlað sér að leiða samningana til lykta á grundvelli fríverslunarhugmyndanna en halda áfram óformlegum kynningarviðræðum á málstað Íslands án þess að þar væri um að ræða eiginlegar samningaviðræður um hindrunarlausan útflutning á sjávarafurðum inn á þennan markað. Það er nánast eina málefnalega skýringin á viðbrögðum þeirra, annars er tvískinnungurinn í yfirlýsingunum algjörlega óskiljanlegur. Ég vil fyrir mitt leyti reyna að leggja þann skilning í þessar gagnstæðu yfirlýsingar sem er jákvæðastur fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Mér sýnist að flest það sem á dagana hefur drifið síðan þessar umræður fóru fram styrki það sjónarmið sem hér var sett fram, að við verðum að taka upp tvíhliða viðræður um útflutning á sjávarafurðum. Það er reyndar beinlínis gert ráð fyrir því í Oslóaryfirlýsingunni þar sem segir: Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra.

Þarna er beinlínis viðurkennt í Oslóaryfirlýsingunni að EFTA-þjóðirnar hver fyrir sig kunni að fara í tvíhliða viðræður án þess að það raski samningsgrundvellinum í heild sinni. Einmitt þetta atriði hefur valdið deilum og hæstv. ríkisstjórn taldi ekki unnt að fara í tvíhliða viðræður á sama tíma og heildarviðræðurnar stæðu yfir. En það kemur beinlínis fram í Oslóaryfirlýsingunni að ráð er fyrir því gert að svo geti orðið.

Þá er einnig rétt að minna á það í þessu sambandi að nýlega voru fluttar fréttir hér um að Færeyingar væru á lokastigi með samninga um aðgang að markaði Evrópubandalagsins sem tryggði þeim að mestu leyti tollfrjálsan aðgang að markaðinum, þar á meðal fyrir jafnmikilvæga útflutningsafurð og saltfisk. Jafnvel Færeyingar sýnast því vera komnir á undan okkur í að tryggja sína hagsmuni, útflutningshagsmuni, á þessum markaði. Ég hygg að það hljóti að opna augu hæstv. ríkisstjórnar fyrir því að ekki er unnt að láta þessi mál dragast endalaust þegar í ljós er komið að Færeyingar, samkeppnisaðilar okkar á þessum markaði, eru að tryggja hagsmuni sína með þessum hætti. Það hlýtur að hvetja hæstv. ríkisstjórn til að taka á þessum málum fastari tökum en verið hefur.

Í nýlegu fréttabréfi sem samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi gefa út er sagt frá fundi sem fulltrúar aðildarfélaga Vinnuveitendasambandsins og Félags ísl. iðnrekenda áttu í febrúarmánuði sl. með varaformanni framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi sem Henning Christophersen, varaformaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, átti með fulltrúum aðildarfélaga VSÍ og FÍI 22. febr. sl. var m.a. rætt um þá stefnu bandalagsins að krefjast aðgangs að fiskimiðum ríkja utan bandalagsins í stað viðskiptaívilnana fyrir þær sjávarafurðir þeirra sem seldar eru til aðildarríkja bandalagsins. Taldi Christophersen að sýnt væri að gera yrði undantekningu frá þessari reglu gagnvart Íslandi. Sagði hann að samskipti þessara aðila hefðu verið lengi í hnút og leita yrði nýrra leiða til að leysa hann."

Enn fremur segir í þessari frétt: „Á honum mátti skilja að samningar sem þessir þyrftu ekki að heyra undir viðræður Evrópubandalagsins og EFTA um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði heldur mættu þeir fara fram í beinum viðræðum milli Íslands og bandalagsins." — Og síðan segir: „Óhætt er að segja að hér kveði við nýjan tón og athygli vert er að hann kemur frá einum æðsta manni bandalagsins. Afstaða Christophersen lýsir skilningi á sérstöðu íslensks útflutnings og þeirri réttlætiskröfu að sömu lögmál eigi að gilda í viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir og iðnvarning EFTA."

Með öðrum orðum, hér eru fluttar fregnir af því að varaformaður framkvæmdastjórnar Evrópubanda-

lagsins telji ekki óeðlilegt að beinar viðræður fari fram milli Íslands og Evrópubandalagsins um þetta meginhagsmunamál Íslands í þessum viðræðum. Þetta hlýtur enn að hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að hugsa sinn gang í málinu.

Ástæða er einnig til þess að rifja hér upp afstöðu atvinnurekenda í sjávarútvegi sem fram kemur í skýrslu samstarfsnefndar þeirra og birt var sl. haust. Þar er sérstök áhersla lögð á að teknar verði upp tvíhliða viðræður Íslendinga og Evrópubandalagsins til að tryggja þessi viðskipti. Hæstv. utanrrh. reyndi, eftir að þessi skýrsla kom út, að gera hana tortryggilega í blaðaviðtölum og réðst með miklu offorsi á forustumenn í íslenskum sjávarútvegi og sakaði þá m.a. um að hafa gefið þessa skýrslu út í áróðursskyni fyrir Sjálfstfl. Í yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér var slíkum ásökunum af hálfu hæstv. utanrrh. vísað á bug og sagt að þær ættu enga stoð í veruleikanum. Og jafnframt var lögð enn á ný áhersla á tvíhliða viðræður sem hljóta að verða formlegar, eins og þar segir.

Ég vil enn fremur rifja hér upp ummæli Ólafs Davíðssonar á félagsfundi Iðnrekendafélagsins frá því á síðasta hausti þar sem fjallað var um þessi mál og vikið að saltfiskmálunum. Þar sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Við getum flutt út flestar sjávarafurðir til Evrópubandalagsins tollfrjálst eða með lágum tolli. Veigamikil undantekning er þó saltfiskur sem að verulegu leyti lýtur einhliða ákvörðun Evrópubandalagsins um kvóta og tolla. Þetta vandamál verður eingöngu leyst í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið þar sem ræða verður öll samskipti Íslendinga og Evrópubandalagsins á sviði sjávarútvegsmála."

Allt hnígur þetta því að sömu niðurstöðu og hefur áður verið áréttað hér í umræðunum. Ljóst er að ýmislegt er nú að gerast og hefur verið að gerast sem ætti að opna augu hæstv. ríkisstjórnar fyrir því að taka verður þessi mál fastari tökum en hún hefur gert fram til þessa.

Það verður auðvitað ekki við það unað að þessi mikilvægustu hagsmunamál Íslands verði látin bíða til loka samningaviðræðnanna. Enginn veit í dag hvenær þessum viðræðum lýkur. Að því hefur lengi verið stefnt að botn fengist í málið fyrir lok þessa árs. Ég ætla ekki að hafa uppi neina spádóma þar um en ef sá hraði yrði á málinu sem er auðvitað æskilegur þá liggur hins vegar ljóst fyrir að hæstv. ríkisstjórn á eftir að svara ýmsum veigamiklum spurningum um afstöðu sína til þessara mála í heild. Og það er alveg ljóst að Alþingi þarf að fjalla um það á yfirstandandi þingi með miklu nákvæmari hætti ef á að takast að ljúka viðræðunum fyrir árslok. Dragist það á hinn bóginn að þessum umræðum ljúki er einsýnt að við getum ekki beðið með að hefja viðræður til að lækka tolla á íslenskum sjávarafurðum, þær verða að hefjast án tafar.

Ég minni hér á þær deilur sem staðið hafa að undanförnu um útflutning á ferskum fiskflökum. Þessar deilur varpa mjög skýru ljósi á þá erfiðu aðstöðu sem við erum í um þessar mundir þar sem íslenskir aðilar standa mjög mismunandi að vígi gagnvart Evrópubandalaginu. Tollastefna Evrópubandalagsins miðar auðvitað að því að auðvelda fiskvinnslu innan bandalagsins að ná til sín hráefni og gera innflutningi á fullunnum sjávarafurðum erfiðara um vik að keppa á markaðinum. Þess vegna m.a. hafa menn lent í þeim erfiðleikum sem raun ber vitni í þessu efni.

Ég geri ráð fyrir því að þær ákvarðanir sem hæstv. sjútvrh. hefur tekið byggi fyrst og fremst á því sjónarmiði að hindra útflutning af tæknilegum ástæðum. Þar sé um að ræða tæknilegar ástæður til að koma í veg fyrir útflutning á ferskum flökum fremur en að í því felist almenn stefnumörkun varðandi utanríkisverslun með þessar afurðir. Ég hygg að menn hljóti að vera einhuga í því að gefa ekki Evrópubandalaginu neina forgjöf í þessum efnum. Við þurfum að knýja á, við þurfum að knýja dyra hjá Evrópubandalaginu og tryggja okkur tollfrjálsan aðgang með saltfisk inn á þennan markað og hljótum að gera þá kröfu að þær viðræður verði hafnar hið fyrsta. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. hafi skilning á því að í því efni megum við ekki gefa Evrópubandalaginu forgjöf. Við verðum að halda á öllu því sem við getum til að tryggja samningsstöðu okkar í þessu máli.

En það er hætt við að við getum tapað tíma ef ekki fást skýrar yfirlýsingar um það hér og nú í þessari umræðu hvernig ríkisstjórnin ætlar að taka á þessu viðfangsefni. Það væri æskilegt að hæstv. utanrrh. gæti gefið um það skýrar yfirlýsingar í þessari umræðu að ríkisstjórnin hefði að athuguðu máli séð að rétt væri að ganga til formlegra tvíhliða viðræðna til að tryggja þessa hagsmuni. Því yrði vel fagnað ef hæstv. utanrrh. gæti skýrt og skorinort greint frá því að við nánari umhugsun hefði hann og hæstv. ríkisstjórn komist að þeirri niðurstöðu. Það mundi skapa hér miklu traustari og breiðari samstöðu um þau mikilvægu verkefni sem hér eru á döfinni.

Þá ætla ég, frú forseti, að víkja örfáum orðum að þeim vanda sem uppi er í þessu efni vegna þeirra fyrirvara sem gerðir hafa verið af hálfu einstakra stjórnmálaflokka í þessari umræðu og sýnast setja málið í þó nokkra óvissu. Ég minni á að formaður þingflokks framsóknarmanna, hv. 1. þm. Norðurl. v., lýsti almennum fyrirvara við málið í heild en stuðningi við hugmyndina um fríverslun með fisk. Fyrirvari af þessu tagi getur verið býsna víðtækur ef hann er skilinn samkvæmt orðanna hljóðan og nánast þess eðlils að ekki sé fallist á grundvöll þeirra samninga sem hér standa fyrir dyrum. Og ég minni einnig í þessu sambandi á þann fyrirvara sem þingflokkur Alþb. gerði og formaður Alþb., hæstv. fjmrh., kynnti hér á Alþingi 29. nóv. sl. Þar var gerður fullur fyrirvari um þátttöku og fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Það kom svo fram í máli hæstv. fjmrh. að líta bæri á þessa yfirlýsingu og þennan fyrirvara sem hluta af fyrirvara Íslands í viðræðunum. Jafnframt var gerð sú krafa af hálfu hæstv. fjmrh. að þessi fyrirvari yrði sérstaklega kynntur utanríkisráðherrum annarra

EFTA-ríkja og utanríkisráðherrum Evrópubandalagsríkjanna.

Ljóst má vera samkvæmt orðanna hljóðan í þessu efni að fyrirvari af þessu tagi getur falið í sér andstöðu við grundvallaratriði samninganna sem hér er verið að fjalla um.

Nú er ekki ágreiningur um það, og ég hygg fullur skilningur af hálfu beggja samningsaðila, að í einstökum afmörkuðum atriðum geta þjóðirnar hver fyrir sig þurft að gera fyrirvara vegna sérstöðu eða óskað eftir sérstökum aðlögunartíma. En engum dettur í hug að taka þátt í viðræðum af þessu tagi ef alger andstaða er við alla grundvallarþætti samningaviðræðnanna. Það hefur enn ekki verið skýrt af hálfu Alþb. né hæstv. ríkisstjórnar hversu víðtækir þessir fyrirvarar eru í raun og veru. Ég hef skilið þá fyrirvara sem hæstv. utanrrh. hefur lýst og gert grein fyrir af sinni hálfu. Þeir lúta fyrst og fremst að fjárfestingu útlendinga í íslenskum auðlindum og að því að við höfum sambærilegar reglur gagnvart evrópska vinnumarkaðnum og við höfun nú gagnvart norræna vinnumarkaðnum. Um fyrirvara af þessu tagi hygg ég að ekki þurfi að vera ágreiningur hér á Alþingi.

En spurningar hljóta að vakna um fyrirvara af því tagi sem ég hef hér minnt á af hálfu Alþb. og bæði Alþingi og þjóðin hlýtur að óska eftir því að fá nánari skýringu á því hversu víðtækur þessi fyrirvari er. Ég minni á að hann er mjög sambærilegur þeim fyrirvara sem hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., lýsti af sinni hálfu. Og ég hlýt líka að minna á ummæli hæstv. fjmrh. sem sagði hér á Alþingi í nóvember að viðmælendum Íslendinga ætti að vera fyllilega ljóst að hér á landi væru margvíslegar efasemdir um þessar viðræður. Með öðrum orðum, því hefur verið lýst yfir af hálfu fjmrh. hæstv. ríkisstjórnar að verulegar efasemdir séu um þessar viðræður. Og er nema von að menn spyrji: Hver er hin eiginlega stefna hæstv. ríkisstjórnar? Getur hún ekki eytt þessum efasemdum? Getur hún ekki talað svo skýrt og svo einhuga að þessum efasemdum sé eytt, a.m.k. þannig að ekki séu efasemdayfirlýsingar af hálfu ráðherra hæstv. ríkisstjórnar? Það er a.m.k. lágmarkskrafa að gera til hæstv. ríkisstjórnar að hún eyði efasemdum innan sjálfrar ríkisstjórnarinnar. En æskilegt væri að hún gæti eytt efasemdum hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu um þessa stefnu.

Ég innti hæstv. utanrrh. eftir því fyrir skömmu hér á Alþingi hvort hann hefði gert viðmælendum okkar og samstarfsaðilum í EFTA grein fyrir þessari fyrirvarasamþykkt Alþb. sem hæstv. fjmrh. hefur sagt að líta beri á sem huta af heildarstefnu ríkisstjórnarinnar. Hæstv. utanrrh. taldi það vera af og frá, sitt hlutverk væri ekki að gera grein fyrir samþykktum Alþb. Ég fagnaði þeirri yfirlýsingu. Ég taldi ekki að þessi samþykkt Alþb. væri útflutningsvara og var þess vegna mjög ánægður að heyra þetta svar hæstv. utanrrh. En því miður stóð hv. 2. þm. Austurl. upp í framhaldi af þessu og lýsti því yfir að Alþb. væri alls ekki fallið frá yfirlýsingunni, hún stæði enn sem hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar. Og þess vegna var óvissunni komið á jafnharðan. Hæstv. utanrrh. hafði reynt að eyða henni en þá stóð talsmaður Alþb. upp og kom óvissunni á aftur. Nauðsynlegt er að knýja á um að hæstv. ríkisstjórn geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni.

Ég vil líka minna á þær umræður sem urðu hér á Alþingi fyrir fáum dögum þegar hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að nauðsynlegt væri að breyta ríkisbönkum í hlutafélög og taka ákvarðanir þar um þegar á þessu ári til að mæta nýjum aðstæðum í kjölfar samninganna við Evrópubandalagið. Fyrst og fremst taldi hæstv. ráðherra þetta nauðsynlegt af þeirri ástæðu að styrkja þyrfti eiginfjárstöðu bankanna þegar þeir mættu, í kjölfar samninganna, samkeppni frá erlendum viðskiptabönkum. Og miklu heppilegra væri að gera það með því að leita eftir viðbótarhlutafé en að leggja nýja skatta á landsmenn í þessu skyni. En hæstv. viðskrh. hafði ekki fyrr gefið þessa yfirlýsingu en hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu að ekki kæmi til greina að slíkar ákvarðanir yrðu teknar í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar. Nú hagar svo til að hvorki Alþingi né þjóðin hefur neina tryggingu fyrir því að hæstv. ríkisstjórn fari frá fyrr en við næstu alþingiskosningar að ári liðnu. Það er engin trygging fyrir því að hæstv. ríkisstjórn fari frá fyrr en gengið verður til alþingiskosninga. Því verður þetta mál í uppnámi þangað til mynduð verður ný ríkisstjórn. Það er ljóst af yfirlýsingum þessara tveggja hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin getur ekki tekið á viðfangsefni sem þessu sem hæstv. viðskrh. lýsir þó sem óhjákvæmilegu verkefni í tengslum við samningana við Evrópubandalagið, verkefni sem verður að taka ákvarðanir um á þessu ári. En hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir að þetta verkefni ætli hún sér ekki að leysa og geti ekki leyst. Þannig er ugglaust unnt að halda lengi áfram. Innan hæstv. ríkisstjórnar virðist ekki vera samstaða um að taka á ýmsum grundvallaratriðum í löggjöf og skipan efnahags- og peningamála sem tengjast þessum nýju samningum við Evrópubandalagið. Það grefur því undan trausti okkar í þessum viðræðum þegar yfirlýsingar af þessu tagi eru gefnar. Það veikir trú alls almennings á getu hæstv. ríkisstjórnar til að takast á við þessi viðfangsefni.

Ég þykist alveg vita að hæstv. utanrrh. sem fer með þessi mál hafi vilja til þess eins og hæstv. viðskrh. að taka á slíkum viðfangsefnum. Ég lýsi því hér sem minni skoðun að ég er í einu og öllu sammála því sem hæstv. viðskrh. sagði um þetta efni hér á dögunum og geri síður en svo ágreining þar um. Ég þykist alveg vita að hæstv. utanrrh. vilji styðja hann í þeirri viðleitni að búa okkur sem best undir það að þessir samningar verði og við gerum þær breytingar á okkar löggjöf sem því fylgir. En það liggur hins vegar fyrir, þrátt fyrir þennan góða vilja, að ríkisstjórnin getur ekki og ætlar ekki að taka á viðfangsefni eins og þessu. Það sýnir að hæstv. ríkisstjórn er hér í miklum ógöngum og reyndar ófær um að taka á málinu.

Frú forseti. Ég hef hér dregið fram nokkur þeirra atriða sem hafa leitt til ágreinings í tengslum við

þessar viðræður. Ég hef varpað hér ljósi á nokkra þá þætti sem sýna að hæstv. ríkisstjórn er ekki í færum að takast á við þetta mikla verkefni, fyrst og fremst vegna innbyrðis ágreinings. Niðurstaðan af þessu er sú að það liggur fyrir að ekki hefur verið lögð nægjanleg áhersla á tvíhliða viðræður til þess að tryggja tollfrjálsan aðgang íslenskra sjávarafurða að mörkuðum Evrópubandalagsins. Þar um þarf að knýja hæstv. ríkisstjórn til skjótari vinnubragða nú alveg á næstunni.

Í öðru lagi liggur fyrir að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er ekki samstaða um eðli og umfang þeirra fyrirvara sem gerðir hafa verið í svo veigamiklum atriðum að það hlýtur að veikja traust ríkisstjórnarinnar og ala á efasemdum um möguleika hennar til þess að taka af nægjanlegri festu á málinu.

Í þriðja lagi liggur fyrir að ekki er samstaða innan ríkisstjórnarinnar að taka á verkefnum sem fylgja munu í kjölfar þessara samninga eins og að breyta ríkisbönkum í hlutafélög. Þess vegna er óhjákvæmilegt að gerðar verði tilraunir til að mynda hér á Alþingi meiri hluta sem getur staðið að skýrri stefnumótun og einhuga framkvæmd samninga við Evrópubandalagið og breytinga á íslenskri löggjöf sem leiða munu af þeim samningum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. mun að sjálfsögðu svara ítarlegri ræðu hv. 1. þm. Suðurl. en tveimur, þremur atriðum vildi ég koma á framfæri. Tvíhliða viðræður fara að sjálfsögðu fram þó þær séu ekki formlegar. Ég vil upplýsa í því sambandi að ákveðið hefur verið að ég eigi fund með forseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Delors, 18. apríl nk. og að sjálfsögðu mun ég þar gera grein fyrir viðhorfum Íslendinga og óskum í sambandi við þessar viðræður. Sömuleiðis vil ég upplýsa að framkvæmdastjóri sjávarútvegssviðs, Marin, mun heimsækja Ísland í maímánuði sem gestur sjútvrh. Þar fara að sjálfsögðu fram viðræður um sömu áhersluatriði okkar Íslendinga. Þannig fara tvíhliða umræður fram þótt ekki hafi verið óskað eftir þeim formlega.

Hér var nokkuð rætt um Færeyinga og þær fréttir sem þaðan hafa borist um tollfrelsi fyrir færeyskar sjávarafurðir. Ég hygg að þarna muni eitthvað vera orðum aukið og veit reyndar að það er ekki tollfrelsi fyrir saltaðan þorsk t.d. Ég vek hins vegar athygli á því að Færeyingar eru með tvíhliða fiskveiðisamning við Evrópubandalagið og samkvæmt þeim samningi fær Evrópubandalagið heimild til 20 þús. tonna veiði innan fiskveiðilögsögu Færeyinga, þar af 2000 tonn af þorski. Við höfum ekki viljað fallast á slíkan tvíhliða samning sem, eins og margoft hefur komið fram hjá þeim sem fara með sjávarútvegsmál hjá Evrópubandalaginu, er skilyrði fyrir frekari tollaívilnunum. Spurningin er: Viljum við fá slíka kröfu? Það er mín skoðun að á þessu stigi sé ekki rétt að bjóða upp á slíka kröfu.

En eins og ég sagði áðan mun utanrrh. gera ítarlega grein fyrir því sem fram hefur farið. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að það hafa orðið miklar breytingar í Evrópu sem að sjálfsögðu gera það að verkum að nauðsynlegt er að ræða þessi mál stöðugt. En ég stóð fyrst og fremst upp til að gera grein fyrir þeim tveimur fundum sem fram undan eru, annars vegar minn við Delors og hins vegar sjútvrh. við Marin.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þar sem svo langt er um liðið frá því að skýrsla mín til Alþingis um undirbúning áformaðra samningaviðræðna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið var lögð fram á Alþingi er kannski rétt að byrja með því að rifja upp, og líka að gefnu tilefni, forsendur þessara viðræðna. Af hálfu Evrópubandalagsins er alveg skýrt og ótvírætt að forsendur þess fyrir þessum viðræðum voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Evrópubandalagið hefur lýst því yfir að það gefi ekki kost á því að veita viðtöku aðildarumsóknum fyrr en eftir árslok 1993. Það þýðir í reynd, að umsóknir nýrra aðila geta ekki verið komnar til framkvæmda, þ.e. samningum um þær lokið, fyrr en í fyrsta lagi eftir miðjan þennan áratug. Á því getur orðið ein undantekning og var jafnvel um það rætt fyrir alllöngu síðan, þ.e. Austur-Þýskaland ef og þegar til sameiningar þýsku ríkjanna kemur.

Í annan stað. Evrópubandalagið lýsti því yfir að það gæfi ekki kost á tvíhliða samningum við EFTA-ríkin hvert í sínu lagi og færði fyrir því eftirfarandi rök: Evrópubandalagið framfylgir nú áætlun um að framkvæma grundvallarreglur samrunaferilsins, koma á innri markaðnum fyrir árslok 1992 eða áramótin 1992–1993. Kjarni þess máls er sá að Evrópubandalagið er að samræma á sínu svæði grundvallarreglurnar um hið fjóreina frelsi og að hrinda í framkvæmd áætlunum um samræmingu á hvers kyns lögum, reglum og stjórnsýsluframkvæmd innan þessara landa. Þeir sögðu því að það gengi ekki upp að gera marga tvíhliða samninga við önnur ríki á sama tíma þar sem við því yrði að búast að frávik, undanþágur og aðlögunartími fyrir hvert land gæti gengið þvers og kruss á þessar grundvallarreglur auk þess sem þeir sögðu einfaldlega að þetta væri slíkt forgangsverkefni innan bandalagsins að þeir hefðu ekki tíma eða orku aflögu til þess að leggja í slíka samninga.

Þriðja meginforsendan af hálfu Evrópubandalagsins var síðan sú að bjóða EFTA-ríkjunum í heild til viðræðna sem einum hópi að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Þ.e. Evrópubandalagið bauð EFTA-ríkjunum til viðræðna um samninga á takmörkuðu sviði sem leystu þeirra brýnustu vandamál. Skýrt var tekið fram að það yrði þá að vera við EFTA-ríkin í heild, að EFTA-ríkin kæmu fram sem einn aðili. Þau töluðu einni röddu, eins og það var kallað og markmiðið væri í raun og veru að yfirfæra grundvallarreglur innri markaðarins eða samrunaferilsins yfir á landsvæði ríkjanna 18 til þess að skapa raunverulega eina viðskipta- og markaðsheild.

Þetta voru af hálfu EB þær forsendur sem lagðar

voru til grundvallar viðræðum sem síðan hafa farið fram. Af hálfu EFTA-ríkjanna var við þessu brugðist með þeim hætti að leiðtogar EFTA-ríkjanna komu saman í marsmánuði á liðnu ári, gáfu þar út sína svokölluðu Oslóaryfirlýsingu sem er forsendan fyrir þeirri leið sem mörkuð hefur verið, þ.e. fyrir samningaleið EFTA-ríkjanna í heild. EFTA-ríkin lýstu sig þar reiðubúin til þess að ganga til slíkra viðræðna, hefja undirbúning að samningum og taka upp formlega samninga á þessum grundvelli, og þá var vitnað til ummæla forseta framkvæmdastjórnar EB, Jacques Delors, enda yrði að því stefnt að koma á samræmdu evrópsku efnahagssvæði 18 ríkja með 350 millj. íbúa og þar væri um að ræða, að því er varðar stjórnun hins sameiginlega evrópska efnhagssvæðis, sameiginlegar stjórnar- og ákvörðunarstofnanir.

Það er á þessum forsendum sem EFTA-ríkin hófu þessar viðræður. Þær hófust í lok apríl á liðnu ári og fyrsta áfanga þeirra lauk raunverulega 20. okt. á sl. hausti og framhaldið var síðan staðfest með sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja aðila 19. des. í fyrra. Og þær umræður gengu eftir samkvæmt tímaáætlun. Það var staðfest í sameiginlegri yfirlýsingu stjórnunarnefndar æðstu embættismanna beggja aðila 20. okt. að könnunarviðræðurnar væru nægilega langt komnar, að þær væru nægilega yfirgripsmiklar og þær hefðu leitt í ljós með skýrum hætti að ekki væri um að ræða óyfirstíganleg vandamál þannig að með þeim hefði verið lagður grundvöllur að því að unnt væri að taka upp formlegar samningaviðræður á fyrri hluta þessa árs.

Þetta var síðan staðfest aftur í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundarins 19. des. með alveg ótvíræðum hætti þannig að forsendur þessara viðræðna eru þessar: Það er markmið samninganna að koma á því sem kallað hefur verið sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði. Samningar um það hefjist á fyrri hluta þessa árs og verði lokið á fyrri hluta næsta árs eða jafnvel, eins og það er orðað, innan árs. Þetta geti gerst í formi milliríkjasamnings sem væri lagður fyrir þjóðþing EFTA-ríkjanna. Öllum þessum undirbúningi verði lokið með formlegri staðfestingu samninganna þannig að samningurinn geti komið til framkvæmda fyrir árslok 1992, þ.e. á sama tíma og lokið verði framkvæmd innri markaðarins innan Evrópubandalagsins.

Ég árétta þetta hér, virðulegi forseti, að gefnu tilefni. Tilefnið er það að ýmis ummæli forustumanna Dana, forsætisráðherra á þingi Norðurlandaráðs og utanríkisráðherra á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda í Turku í fyrri viku, gefa til kynna að af þeirra hálfu séu bornar brigður á að þessar forsendur haldi.

Það verður að taka fram að þau ummæli sem þessir norrænu stjórnmálamenn hafa látið falla eru dálítið óskýr og festir ekki gjörla hönd á nákvæmlega hvað þeir eru að segja. En þeir virðast vera að gefa í skyn að þeir vilji ráða EFTA-ríkjunum og þá sérstaklega Norðurlandaþjóðunum að fara aðra leið, nefnilega að sækja þegar í stað beint um inngöngu í Evrópubandalagið. Og þeir virðast einnig gefa í skyn, þó þeir fullyrði það ekki, að breytinga megi vænta á afstöðu Evrópubandalagsins þannig að sú leið sem EFTA-ríkin hafa mótað sé ekki vænleg til árangurs. Þetta er dálítið alvarlegt mál þegar forsætisráðherra og utanríkisráðherra Danmerkur, sem er Evrópubandalagsríki, láta frá sér fara slíkar yfirlýsingar án þess þó að gera nánari grein fyrir þeim þegar eftir er leitað. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í fyrri viku var gengið eftir því, þótt naumur tími væri til viðræðna um þetta mál, hvað Danir hefðu fyrir sér í þessum ummælum en við því fengust engin svör sem haldbær geta talist, reyndar engin svör. Þess vegna var það að ég óskaði sérstaklega eftir viðræðum við utanríkisviðskiptaráðherra Svía, sem nú fer með formennsku í EFTA, á miðvikudag í fyrri viku til þess að fá alveg frá fyrstu hendi mat formennskulands EFTA á þessum ummælum. Jafnframt óskaði ég eftir viðræðum við danska utanríkisráðherrann í síðastliðinni viku í Kaupmannahöfn og var því líklega tekið en þegar á reyndi reyndist það ekki unnt.

Nú þarf að taka skýrt fram hverjar þær upplýsingar voru sem ég fékk í hendur frá utanríkisviðskiptaráðherra Svía. Þær eru þessar: Forsætisráðherra Svía hefur sótt heim forsætisráðherra og ríkisstjórnir tíu aðildarlanda EB af tólf á undanförnum vikum og það er fullyrt, sem niðurstaða af þeim viðræðum, að alls staðar, af hálfu allra þessara ríkisstjórna, hafi verið skilmerkilega áréttað að Evrópubandalagið standi fast við þær forsendur sem lagðar voru í könnunarviðræðum á síðastliðnu ári, að það sé óbreytt að stefna að formlegum samningum snemma á þessu ári. Og reyndar fylgdi það sögunni að það hefði komið fram hjá fulltrúum þessara ríkisstjórna að stuðningurinn í höfuðborgum, þ.e. frá ríkisstjórnum Evrópubandalagsríkja við samninga við EFTA-ríkin, væri nú mun ákveðnari en hann hefur verið nokkru sinni fyrr, sérstaklega í ljósi þeirra tíðinda sem síðan hafa orðið í Þýskalandi, þ.e. varðandi þau áform sem nú eru uppi um sameiningu þýsku ríkjanna. Það var skýrt tekið fram að hvergi nokkurs staðar í nokkurri höfuðborg eða hjá fulltrúa nokkurrar ríkisstjórnar hefðu menn viljað kannast við neitt það sem gæfi til kynna að frá þessum forsendum yrði vikið, með öðrum orðum það fékkst engin staðfesting á þeim sögusögnum sem Danir hafa komið á flot. Þessu til viðbótar er þess að geta að utanríkisviðskiptaráðherra Svía sótti heim varaforseta Evrópubandalagsins, Frans Andriessen, vikuna áður en fundur utanríkisráðherra Norðurlanda átti sér stað og fékk þar sömu viðtökur og efnislega sömu niðurstöðu, að því færi fjarri að um væri að ræða stefnuhvörf eða stefnubreytingu. Hennar væri ekki að vænta, forsendurnar væru hinar sömu, þær væru óbreyttar og það væri fullur vilji á því að ganga til þessara samninga og ljúka þeim innan tilsetts tíma og stefna að þeim markmiðum sem þegar hefði verið yfir lýst.

Til þess að árétta þetta enn fremur var mér tjáð að forsætisráðherra Svía ásamt með utanríkisviðskiptaráðherra þeirra mundu í dag, mánudag, óska eftir sérstökum fundi með forsætisráðherra og utanríkis-

ráðherra Írlands, sem nú fer með formennsku í Evrópubandalaginu, til þess að fá það staðfest í eitt skipti fyrir öll hvort Evrópubandalagið standi við forsendur áformaðra samninga eða ekki, eða með öðrum orðum til þess að fá úr því skorið hvort nokkur flugufótur væri fyrir þessum yfirlýsingum hinna dönsku ráðamanna. Jafnframt var því heitið að á morgun, þriðjudag, mundu niðurstöður þeirra viðræðna verða kynntar utanríkisviðskiptaráðherrum annarra EFTA-landa. Svo að ég verð af þessu sérstaka tilefni að láta í ljós óánægju mína með að forsætisráðherra og utanríkisráðherra Dana skuli með þessum hætti halda fram óstaðfestum sögusögnum um breytingar á stefnu Evrópubandalagsins sem, þrátt fyrir að eftir er leitað, fást ekki staðfestar nokkurs staðar á byggðu bóli hjá réttbærum aðilum. En meðan þannig er um hnútana búið er ekki hægt að segja annað en að við hljótum að sjálfsögðu að treysta því að forsendur þessara samninga, eins og þær hafa verið kynntar og eins og þær hafa verið settar fram í sameiginlegum yfirlýsingum réttbærra aðila frá báðum hliðum hvað eftir annað, að þær haldi og markmiðin séu óbreytt. Það er ljóst að formennskulandið, Svíþjóð, hefur viljað knýja á um aukinn hraða í þessum viðræðum og setti fram tímaáætlun sem miðaði við það að útlínur samnings lægju fyrir áður en þeir skiluðu af sér sem formennskuland, þ.e. fyrir mitt ár, og vonuðust til þess að samningagerð yrði lokið fyrir árslok. Þar settu þeir fram hugmyndir sem voru umfram það sem samkomulag varð um því að samkomulagið var aðeins um það að hefja formlegar samningaviðræður á fyrri hluta ársins og ljúka þeim, eins og stóð í upphaflegum textum, innan árs. Það er mat flestra, og var það strax í desember, að þess væri ekki að vænta að þeim gæti verið lokið fyrr en líða tekur á árið 1991. Ég hef frá upphafi litið svo á að það skipti ekki sköpum mánuður til eða frá. Það sem skiptir sköpum er að tímaáætlunin í heild um það að ljúka samningsgerðinni og kynningu samninganna, staðfestingu þeirra í þjóðþingunum og öðrum undirbúningi framkvæmdar, að þessu verði öllu lokið fyrir árslok 1992.

Þá vil ég næst, virðulegi forseti, víkja nokkuð að ólíku mati manna á því hvort rétt sé að fara þessa leiðina eða hvort við Íslendingar ættum fremur að leggja áherslu á hina svokölluðu tvíhliða leið. Fyrst vil ég nefna, af því að þess var getið hér í fjölmiðlum í tilefni af viðtali við lögmann Færeyinga og hann var borinn fyrir því að Færeyingar gerðu sér vonir um að ná nýjum tvíhliða samningi við Evrópubandalagið sem tryggði þeim tollfríðindi, a.m.k. að því er varðaði saltfisk. Fréttin var kannski ekki mjög skýr en alla vega notuðum við að sjálfsögðu tækifærið og ræddum við lögmann Færeyinga af því tilefni auk þess sem það átti að hafa samband við færeysk stjórnvöld og utanríkisráðuneytið í Danmörku. Staðreyndir liggja nú fyrir um það hvernig þetta mál er vaxið. Það er einfaldlega þannig að Færeyingar hafa samstarfssamning við Evrópubandalagið um fiskveiðimálefni. Og Færeyingar hafa líka samning við Evrópubandalagið um að veita Evrópubandalaginu veiðiheimildir, sem að vísu eru gagnkvæmar, innan færeyskrar fiskveiðilögsögu. Þær veiðiheimildir nema um 20 þús. tonnum og þar af eru um 2 þús. tonn af þorski. Þessar veiðiheimildir sem Færeyingar sömdu um við Evrópubandalagið á sínum tíma eru forsendur fyrir þeim samningi sem þeir hafa við Evrópubandalagið. Sérstök nefnd starfar síðan til þess að endurskoða samninginn reglubundið og hér mun vera átt við þá nefnd og þá endurskoðun. Þessum samningi hefur ekki verið breytt. Áform og óskir eru uppi um það af hálfu Færeyinga og reyndar beggja aðila. Fundir um þetta mál munu fara fram í apríl þannig að það liggja engar niðurstöður fyrir enn í því efni. En óskir Færeyinga eru sérstaklega um afnám tolla á öðrum tegundum en þorski, þ.e. keilu, löngu og ufsa, sem skipta óneitanlega mun minna máli á þessum markaði. En staðreyndin er sú að þeir hafa svona samning. Hann er okkur kunnur frá fyrri tíð. Hann er byggður á því að þeir hafa orðið við kröfunni um veiðiheimildir fyrir tollaívilnanir og er enn eitt dæmið um framkvæmd á sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins, sem er nákvæmlega þessi, eins og öllum er kunnugt nema e.t.v. hugsanlega einum hv. þm. sem veit af því að þetta er svona. (**EKJ:** Hann hefur rétt fyrir sér.) Ja, það skyldi nú ekki vera.

Þetta er með öðrum orðum hliðstætt við samninga Norðmanna. Norðmenn veittu Evrópubandalaginu veiðiheimildir í Barentshafi 1985, notuðu þá tækifærið til þess að semja um frekari tollaívilnanir fyrir Norðmenn á saltfiskmörkuðum á Spáni og Portúgal þegar þau ríki gengu inn í Evrópubandalagið, veittu veiðiheimildir í staðinn sem var forsenda þeirra samninga. Sama er að segja um Grænland. Kanadamenn höfðu slíka samninga en sögðu þeim upp. Ef menn vilja draga einhverjar ályktanir af þessum færeyska samningi, eru þær ekki nýstárlegar vegna þess að það hefur alltaf legið fyrir að ef við viljum taka upp formlega tvíhliða samninga við Evrópubandalagið um frekari tollaívilnanir en við náðum með fríverslunarsamningum og bókun 6 og erum reiðubúnir til þess að láta af hendi veiðiheimildir fyrir þá er samningsstaðan öll önnur, þ.e. þá er það mitt mat að þar með gætum við opnað möguleika á frekari tollaívilnunum eins og samningar annarra þjóða sýna. En meðan við svörum því til að slíkt sé ekki á dagskrá og komi ekki til greina af íslenskri hálfu munum við, með því að óska eftir formlegum tvíhliða viðræðum, framkalla þær kröfur. Það vitum við einfaldlega. Það er svo. En ef ekki er meiningin að semja um eitt eða neitt á því sviði er hætt við því að þeir samningar leiði ekki til neinnar niðurstöðu.

Mín afstaða til þeirrar spurningar hvort við eigum heldur að fara þessa leiðina eða hina, vera í EFTA-samflotinu eða taka upp tvíhliða samninga, svar mitt við því er afar einfalt: Það er ekki annaðhvort eða, þetta er ekki tvennt sem útilokar hvað annað. Við eigum út af fyrir sig að fara báðar leiðir. Við eigum að sækja fram á báðum vígstöðvum, eins og ég hef gjarnan orðað það, í hópi EFTA-landanna í heildar-

samningunum, um allt samningssviðið, þar á meðal að því er varðar kröfuna um fríverslun með fisk, og því næst eigum við að halda uppi tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið eins og við höfum gert og eins og við höfum gert á tveimur stigum. Við höfum gert það með því að búa í haginn fyrir samningagerðina síðar með viðræðum við alla þá forustumenn ríkisstjórna einstakra aðildarlanda Evrópubandalagsins sem við höfum átt þess kost að ræða við. Við höfum rætt við forsætisráðherra, utanríkisráðherra, utanríkisviðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskipta- og iðnaðarráðherra Evrópubandalagslanda. Það eru ekki formlegar samningaviðræður vegna þess að þessir aðilar hafa ekki samningavald að því er varðar tolla eða fiskveiðistefnu. Það vald hafa ríkisstjórnir EB framselt í hendurnar á framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Hún hefur það vald. Við hana verðum við að semja ef við ætlum að fá frekari tollaívilnanir. Hjá því verður ekki komist og hún hefur ekki umboð til annars en að ganga til slíkra samninga á grundvelli þess samningsumboðs sem felst í hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu. Síðar meir, þegar samningagerðin kemur til kasta hinna stjórnmálalegu leiðtoga Evrópubandalagsríkjanna, munum við væntanlega njóta þess ef við höfum einhverju áorkað í að auka skilning á sérstöðu Íslands og sérhagsmunum Íslands þegar þau mál koma til kasta ráðherraráðs Evrópubandalagsins.

Við höfum reyndar gert meira en þetta því að við höfum líka haft frumkvæði að því að taka upp viðræður við framkvæmdastjórnina í Brussel, þ.e. fiskveiðideildina þar sem þessi missirin nýtur forustu framkvæmdastjóra sem er spænskur stjórnmálamaður og heitir Marin. Sjútvrh. hefur eins og kunnugt er rætt við hann og honum hefur verið boðið hingað og er væntanlegur í maí til framhaldsviðræðna. Það sem við höfum rætt við hann og aðra framkvæmdastjórnarmenn í Brussel er spurningin um samstarfssamning milli Íslands og Evrópubandalagsins á sviði fiskveiðimálefna. Og það hefur verið reifað hvort ekki væri tímabært að gera slíkan samning milli þessara tveggja aðila, eins og hafa verið gerðir við önnur ríki. Um hvað ætti hann að snúast? Um margvíslega sameiginlega hagsmuni á sviði sjávarútvegsmála, t.d. rannsóknir á lífríki hafsins, um fiskirannsóknir, um eftirlit, sérstaklega gæðaeftirlit og gæðastaðla og að sjálfsögðu er það opin spurning: Erum við tilbúnir að ræða innan slíks rammasamnings um frekara samstarf t.d. að því er varðar nýtingu á sameiginlegum stofnum eða flökkustofnum? Í því viðfangi munu Evrópubandalagsmenn eða framkvæmdastjórnin vafalaust koma fram með sínar sígildu kröfur að því er varðar hina sameiginlegu fiskveiðistefnu, þ.e. opna spurninguna um veiðiheimildir. Og þá er spurningin einfaldlega sú: Það er eitthvað sem íslensk stjórnvöld verða að gera upp við sig. Ef við ætlum að leggja á það höfuðkapp að fá fram með tvíhliða samningaviðræðum frekari tollaívilnanir verðum við að svara við að svara þeirri spurningu: Hvaða verði eru við tilbúnir að kaupa? Þetta er spurning sem ég ræddi við fulltrúa SÍF núna fyrir hádegið þegar við vorum að ræða hagsmunamál að því er varðar saltfisksútflutning. Og ég spurði þessa menn: Hver er ykkar afstaða? Eruð þið tilbúnir að mæla með því að Íslendingar kaupi frekari tollaívilnanir að því er varðar saltfiskmarkaðina með því t.d. að ganga til samninga við Evrópubandalagið sem fælu í sér í fyrsta lagi það umræðuefni, nýtingu á sameiginlegum stofnum eða flökkustofnum? Nú eða hugsanlega ef hægt væri að ná þessu fram með nánast málamyndaveiðiheimildum, gagnkvæmum að sjálfsögðu, hver er ykkar afstaða, hvað munuð þið ráðleggja íslenskum stjórnvöldum? Og sannleikurinn er sá að það voru skiptar skoðanir um þetta. En það var mikill meiri hluti sem sagði: Það á ekki að neita viðræðum. Og ég segi ekki meira um þetta mál annað en það að þeir sem telja að þetta sé brýnt og þeir sem telja að sá sem hér stendur eða íslensk stjórnvöld hafi vanrækt hagsmuni íslensks sjávarútvegs á þessu sviði, þeir sem eru þeirrar skoðunar að við eigum að óska eftir formlegum tvíhliða samningaviðræðum við Evrópubandalagið um frekari tollaívilnanir verða að svara því í leiðinni hvaða verði þeir eru reiðubúnir að kaupa slíkar hugsanlegar tollaívilnanir. Menn taka ekki upp samninga nema vita hvað þeir vilja fá út úr þeim samningum og hvað þeir vilja leggja á borðið með sér í þeim. Þetta er ósköp einfalt mál og á ekkert að ræða sem neitt launungarmál vegna þess að hér er vissulega um mikla hagsmuni að ræða. Það ber að meta hvort við viljum halda áfram þeirri stefnu sem við höfum fylgt hingað til, sem hefur ekki leitt til niðurstöðu, eða hvort við viljum taka upp sveigjanlegri stefnu ef við leggjum á það kapp að ná tollívilnuninni, sem vissulega skiptir verulegu máli og má reikna í einhverjum hundruðum millj. kr. á ári hverju eins og talsmenn SÍF hafa sett það dæmi fram.

Hv. 1. þm. Suðurl. vitnaði til frásagnar af viðræðum við Christophersen, einn af varaforsetum Evrópubandalagsins, og sagði að ummæli hans væru nýlunda og mættu heita tíðindi. Ummæli hans eru ágæt og jákvæð í garð okkar Íslendinga en þau eru ekki nýlunda. Þau staðfesta einmitt árangurinn af þessari viðleitni okkar til tvíhliða viðræðna ekki bara við forráðamenn einstakra ríkisstjórna heldur líka við framkvæmdastjórnarmenn í Brussel. Og ég minni á að umræddum Christophersen, fyrrv. utanríkis- og fjármálaráðherra Dana, var boðið í opinbera heimsókn hingað til Íslands af hálfu viðskiptaráðherra. Viðskiptaráðherra hefur síðan þegið boð hans og sótt heim Brussel til viðræðna við hann þannig að þessir tveir aðilar hafa rætt við mjög rækilega einmitt um þessi mál, um sérstöðu Íslands í sjávarútvegi, um líkurnar á árangri að því er varðar kröfu EFTA-ríkjanna sameiginlega um fríverslun með fisk, um markaðstruflandi áhrif styrkjakerfis EB að svo miklu leyti sem það er svo, um það hvernig best væri að halda á þessum málum í heild sinni af hálfu Íslendinga. Og um líkurnar á því hvort unnt væri á ákveðnu skeiði samninganna að fá viðurkenningu á því að sérstaða Íslands væri slík að hin sameiginlega fisk-

veiðistefna gæti ekki átt við í okkar tilviki þótt öllum beri saman um að ekki stoði fyrir okkur að setja fram kröfu um að Evrópubandalagið falli frá eða leggi niður sína sameiginlegu fiskveiðistefnu. (Gripið fram í.) Ég nenni nú satt að segja ekki að taka þátt í umræðum um þetta á öðru plani en staðreyndaplani. Og það er mjög einfalt mál, það vita allir hér inni, það hafa allir sem vilja gögn um það í hverju þessi sameiginlega fiskveiðipólitík er fólgin. Hún snýst annars vegar um það að innan Evrópubandalagsins er um að ræða víðtækt styrkjakerfi og menn hafa upplýsingar um í hverju það er fólgið. Að því er varðar samninga við önnur ríki utan bandalagsins um viðskiptafríðindi eða tollaívilnanir þá setur Evrópubandalagið fram kröfuna um veiðiheimildir í staðinn. Þetta eru einfaldlega staðreyndir og þýðir ekkert að neita þeim.

Mín niðurstaða er óbreytt að því leyti til að ég tel að forsendurnar, sem lagðar voru fyrir viðræðuferlinum við Evrópubandalagið á sl. ári, standi. Markmiðin eru óbreytt og þær viðræður eru í undirbúningi og þær munu hefjast innan tíðar. Tvíhliða viðræðurnar halda enn áfram og verður haldið áfram í næsta áfanga þegar framkvæmdastjóri fiskveiðideildar Evrópubandalagsins kemur í sína heimsókn til Íslands sem hefur dregist allt of lengi. Honum var boðið að koma hingað á sl. hausti en nú er niðurstaðan sú að hann mun koma hingað í maí. Ég vil mælast til þess við hv. þm. að mikla ekki fyrir sér einhvern ágreining í þessum efnum. Ég held að sá ágreiningur sé mun minni en margir vilja vera láta vegna þess að þetta er ekki annaðhvort eða. Þetta er ekki annaðhvort þessi leiðin eða hin leiðin. Við eigum að fara báðar þessar leiðir. Til eru að vísu þeir menn hér inni sem hafa viljað hafna EFTA-leiðinni. Það hefur komið fram. Þeir segja einfaldlega að sérstaða Íslands sé svo mikil að við eigum ekki samleið með öðrum Norðurlandaþjóðum eða EFTA-þjóðum. Það er skoðun út af fyrir sig. Ég er ekki sammála þeirri skoðun og það er ekki stefna þessarar ríkisstjórnar.

Miklu púðri hefur verið eytt í að ræða um kröfur um fyrirvara sem gerðir hafa verið. Það er ekki flókið mál. Þeir fyrirvarar sem gerðir hafa verið af Íslands hálfu í könnunarviðræðunum og kynntir þar eru þessir:

Við höfum sagt: Við viljum fá fríverslun með fiskafurðir innan Evrópubandalagsins vegna þess að ef það næst ekki fram er hinn viðskiptalegi ávinningur okkar, vegna sérstöðu Íslands, miklum mun takmarkaðri en annarra þjóða af þessum samningum í heild sinni og við höfum fengið stuðning annarra EFTA-ríkja við þá kröfu. Það mun styrkja stöðu okkar verulega. Til eru þeir sem segja: Hin ríkin munu styðja þá kröfu hangandi hendi vegna þess að það eru miklu minni hagsmunir í húfi hjá þeim. Enn eru aðrir sem segja: Til hvers er að fara fram á fríverslun ef okkur er gert að keppa á fiskmörkuðum í Evrópu við fyrirtæki sem njóta margvíslegra styrkja, þ.e. vegna hins þáttar hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins? Þetta er auðvitað álitamál. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að þrátt fyrir hina umtalsverðu styrkjapólitík Evrópubandalagins sé ekki nóg að nefna þar bara tölurnar. Það ber fyrst og fremst að skoða: Hvað er það af þessum styrkjum sem mundi skaða samkeppnisstöðu annarra, sem hefur markaðstruflandi áhrif? Og lítum á: Helmingurinn af þeim fjármunum sem Evrópubandalagið ver til styrkja til sjávarútvegs, sem er innan við 1% af þeirra þjóðarframleiðslu, sjávarútvegurinn í heild, helmingurinn fer í að kaupa veiðiheimildir samkvæmt hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu. Það út af fyrir sig skaðar ekki að öðru jöfnu íslenska hagsmuni. Það eru talsverðir hagsmunir fyrir granna okkar Grænlendinga svo að ég nefni dæmi.

Annar þáttur þessarar stefnu er sá að þeir verja talsverðum fjármunum í úreldingarsjóð fiskiskipa með það að markmiði að minnka skipastólinn. Það er okkur frekar í hag. Það varðar aðallega Spánverja sem hafa allt of stóran skipastól.

Þriðji þátturinn er fiskiðnaði og fiskverslun í Evrópubandalaginu til góða vegna þess að hann er í því fólginn að verja fé til að byggja upp dreifingarkerfi, kynningarkerfi og markaðskerfi fyrir fiskafurðir og skaðar okkur út af fyrir sig ekki.

Það er fyrst og fremst fjórði þátturinn í þessu, sem eru bein framlög eða styrkir til fiskvinnslu á sumum svæðum Evrópubandalagsins, sem skaða okkur og hafa markaðstruflandi áhrif. Þess vegna er það að undirbúningstíma samninganna var ákveðið af hálfu EFTA strax í byrjun janúar að fela sekretariatinu í EFTA, þ.e. viðskiptastefnudeildinni og hagfræðideildinni, að gera alveg sérstaka úttekt á þessu styrkjakerfi með það í huga að greina áhrif þess að því er varðar markaðstruflandi eða samkeppnistruflandi áhrif. Niðurstaðan liggur ekki fyrir en það er margt fróðlegt í því að finna og m.a. þetta: Það er ekki ástæða til þess að ætla, þrátt fyrir þær háu fjárhæðir sem hér er um að ræða í styrkjum, að við gætum ekki haft verulegan ávinning af fríverslunarfyrirkomulaginu með fiskafurðir. Í annan stað er á það að líta að flestir menn spá því að það muni draga úr þessum styrkjum á næstu árum þannig að ef við hugsum til lengri tíma væri ávinningur okkar af fríverslunarreglunni mjög umtalsverður. Ég tek því ekki undir með þeim sem segja að stuðningur EFTA-ríkjanna við grundvallarregluna um fríverslun með fisk sé málamyndagerningur og ég held að hann eigi eftir að skila okkur verulegum ávinningi og þeim mun meiri sem lengra líður á tímann.

Aðrir fyrirvarar okkar lúta að spurningunni um fjármarkaðinn, þ.e. atvinnurekstrarréttindi erlendra aðila til þess að nýta auðlindir okkar, þ.e. til þess að eiga í fyrirtækjum eða fjárfesta í fyrirtækjum sem nýta okkar auðlindir. Það tekur fyrst og fremst til sjávarútvegs og orkuauðlinda. Fyrir því höfum við, satt að segja, talsverð rök. Rökin eru þau að auðlindir sjávar, hinir nýtanlegu fiskstofnar, eru óskipt auðlind. Í sínu náttúrlega formi er þeim ekki skipt upp þannig að þeir séu eins og skógarmerkur Finnlands í einkaeign og gangi þess vegna og í því formi kaupum

og sölum. Að íslenskum lögum eru þessar auðlindir sameign íslensku þjóðarinnar. Íslenska ríkið er að segja með þessum fyrirvara: Við áskiljum okkur rétt til þess að ráða því sjálfir hvernig og hverjum verði heimilt að nýta þessa auðlind. Sama á við um orkulindirnar og við vísum til þess að sami háttur er á hafður að því er varðar t.d. Bretlandseyjar sem er Evrópubandalagsríki og olíuauðlindir Norðursjávar. Breska ríkisstjórnin hefur ekki afsalað sér valdinu til þess að láta í hendur eða selja consessions eða bjóða út nýtingu á þeim auðlindum. En það er hún sem ræður því og aðildin að Evrópubandalaginu breytir engu um það.

Þriðji fyrirvarinn er að því er varðar fólk. Hann er, eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl., almenni fyrirvarinn sem við þekkjum að því er varðar norræna vinnumarkaðinn, með öðrum orðum að íslenska ríkisstjórnin ætlast til þess að fámenni þjóðarinnar verði að því leyti viðurkennt að ef á það reynir getum við skorist í leikinn ef um væri að ræða innstreymi fólks þannig að það raskaði gersamlega jafnvægi hér á vinnumarkaði, annaðhvort í heild eða í einstökum greinum.

Þetta eru raunverulega þeir fyrirvarar sem við höfum gert og sem skipta máli. Annað kynnu að vera samningar sem eru með venjuleg, tímabundin ákvæði um aðlögunartíma eins og alkunna er af samningum annarra þjóða við Evrópubandalagið. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að gera neina fleiri fyrirvara. Lítum á. Var það ekki haft eftir Mitterrand forseta að enginn samningur væri án undanþága en það væri heldur enginn samningur sem væri bara tómar undanþágur. Og hvað er nú þessi samningur sem við erum að gera? Hvernig mun hann birtast okkur? Það hefur svolítið verið haft í flimtingum að hann mun verða meira en þverhandarþykkur þegar allt er saman komið. Við getum gert ráð fyrir því að hann verði að magni til, þ.e. lög og reglur Evrópubandalagsins sem við höfum fallist á að gera að lagagrundvelli hins nýja evrópska efnahagssvæðis, eitthvað um 30 þúsund síður af laga- og reglugerðartexta, þ.e. talsvert mikið meira en íslenska lagasafnið og talsvert meira að vöxtum en texti heilagrar ritningar og sýnu lakari. Það skal viðurkennt.

Þetta er milliríkjasamningur sem lagður verður fyrir þjóðþing. Ef þjóðþingin fallast á slíkan samning verður hann hluti af íslenskri löggjöf og hann felur ekki í sér afsal löggjafarvalds. Við erum hins vegar því vön við gerð annarra milliríkjasamninga, ég nefni sem dæmi mannréttindasáttmálann og mannréttindadómstólinn, að við eins og aðrar smáþjóðir eigum mikið í húfi að það sé tryggt að framkvæmd samnings, milliríkjasamnings, sem við gerum við stundum öflugri ríki, verði traust og örugg. Þannig að við munum setja upp nokkrar stofnanir til að tryggja samræmda framkvæmd og til þess að tryggja réttindi okkar, íslenskra þegna og íslenskra fyrirtækja, til þess að fá lausn á deilumálum eða fá réttindi tryggilega framkvæmd samkvæmt samningnum.

Þetta er það sem ég tel ástæðu til þess að ræða sérstaklega um fyrirvarana. Nú er rétt að geta þess að frá því að þessi mál voru seinast rædd hér á hinu háa Alþingi hefur mikil vinna verið í það lögð af okkar hálfu að undirbúa þetta. Það er undirbúningstími núna fram í maí. Sá undirbúningstími snýst fyrst og fremst um það að við höfum skipað samningamann af Íslands hálfu. Formenn undirnefndanna sem störfuðu á könnunarviðræðutímabilinu halda áfram sem partur af þessum samningahóp. Starfsfólk ráðuneytanna sem einkum kom að þessum samningum hefur haldið áfram sinni vinnu við að bera saman lagareglur og reglugerðir Evrópubandalagsins á þessu samningssviði við íslensk lög. Við viljum standa við okkar skyldur að búa okkur undir það að þýða þennan mikla laga- og reglugerðabálk yfir á íslenska tungu. Það er dálítill handleggur og það kostar svolítið og það hefur verið leitað eftir aðstoð Orðabókar Háskólans, sérfræðinga þeirra og þess tölvuvædda kerfis sem þeir ráða yfir til þess að vinna það verk. Það vekur svo reyndar að vísu athygli mínka að við höfum tilboð á hendi um að það verk verði unnið fyrir upphæð sem er ekki nema ⅓ af því sem það mun kosta samkvæmt áætlun í löndum eins og Svíþjóð og Noregi og munu þeir þó geta notast við danskan texta mun betur en við.

Virðulegi forseti. Ég skal fara að stytta mál mitt. Það er ljóst að ef af þessum samningum verður munu þeir hafa víðtæk áhrif á flesta þætti íslensks efnahags-, viðskipta- og þjóðlífs. Kannski er þetta í þeim skilningi stærsta mál sem við höfum fengist við í samskiptum við aðrar þjóðir. Samningssviðin fjögur, hindrunarlaus viðskipti með vörur, þar með talið fiskafurðir, einn samfelldur fjármagnsmarkaður, einn samfelldur markaður með þjónustu og loks einn samræmdur búsetu- og atvinnumarkaður, þetta mun ekki aðeins þýða að við erum að taka á okkur einhverjar skuldbindingar. Þetta er ekki bara spurning um hvort við erum að tefla í tvísýnu eða stofna í hættu einhverjum réttindum sem við höfum áunnið okkur. Við verðum að meta þetta allt saman í ljósi þess hverjar væru afleiðingarnar ef við létum þessa þróun mála í Evrópu fram hjá okkur fara, hverjar væru afleiðingarnar af því ef Ísland eitt Evrópuríkja einangraðist frá þessari þróun. Hverjar væru afleiðingarnar fyrir íslenskan sjávarútveg og íslenska fiskvinnslu og lífskjör þess fólks sem vinnur í þessum greinum ef markaðurinn sem nú tekur við 70% af okkar útflutningsafurðum á fiski yrði okkur lokaður, ef við hefðum ekki jafnan samkeppnisrétt á þessum mörkuðum á við samkeppnisþjóðir okkar? Menn verða að gera þetta upp við sig: Er þörf á því að efna til aukinnar samkeppni á fjármagnsmarkaðinum? Mundi íslenska bankakerfinu veita nokkuð af slíku aðhaldi? Er eitthvað að því að íslensk fyrirtæki, eða eins íslenskir ríkisborgarar, geti ávaxtað sitt fé á þessu fjármagnsmarkaðarsvæði á sömu kjörum og aðrir? Er eitthvað að því að íslenskir atvinnurekendur eigi rétt á því að fá áhættufé af hálfu erlendra aðila til þess að taka þátt í uppbyggingu íslenskra fyrirtækja? Það er nóg erlent lánsfé á Íslandi og líka í

íslenskum sjávarútvegi. Það er dýrt lánsfé og það er án áhættu fyrir lánardrottnana. En er nokkuð að því að við förum eins að þegar við byggjum upp fjölbreyttara atvinnulíf í okkar þjóðfélagi, eins og allar aðrar þjóðir hafa gert sem farið hafa þann feril, nefnilega að opna fyrir þátttöku erlends áhættufjármagns við uppbyggingu á atvinnurekstri? Hvað ætli unga fólkið á Íslandi segi um það? Gerir það ekki kröfu til þess að eiga áfram aðgang að menntastofnunum á grundvelli sömu réttinda og sömu kjara og aðrir Evrópubúar? Ætli ávinningur Íslendinga af þeim hundruðum áætlana sem uppi eru um samstarf þessara þjóða, í vísindum, í rannsóknum, hagnýtum rannsóknum fyrir atvinnulíf, í hátækni, skipti ekki máli fyrir íslenskt þjóðarbú?

Þetta er stórt mál og ég vildi gjarnan mega láta í ljós þá ósk og þá von að um meginatriði þess og þær meginleiðir sem við höfum mótað gæti skapast sem mest og víðtækust samstaða á Alþingi Íslendinga. Við erum lítil þjóð og við eigum þarna meiri hagsmuna að gæta kannski en margar aðrar af því að utanríkisverslunin og utanríkisviðskiptin og markaðsmálin eru okkur miklu stærra mál en flestum öðrum þjóðum. Það er ekki ástæða til þess að mikla fyrir sér ágreininginn. Hann getur ekki snúist um það hvort við eigum að fara annaðhvort þessa leiðina eða hina leiðina. Menn hljóta að átta sig á því að í samningum á þessu samningssviði með EFTA-þjóðunum er leikið á geysilega víðu sviði. Í tvíhliða viðræðunum verum við auðvitað fyrst og fremst að ræða sérmál Íslands og sjávarútvegsmálefnin sérstaklega.

Ég hef aldrei útilokað það að svo kynni að fara að upp kæmi sú staða að það ætti að láta reyna á þá leið og við höfum undirbúið það og erum í slíkum viðræðum þó að ég telji það ekki rétt á þessu stigi málsins.

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að aftur verði tækifæri til að ræða þessi þýðingarmiklu mál þegar skýrsla utanrrh. kemur til umræðu á Alþingi þannig að ég tek undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að það er ástæða til að ræða þessi mál ítarlega, vandlega og málefnalega. Ég vona að okkur takist að ljúka þessari umræðu nú en það verða ekki seinustu orðin sem um þessi mál verða sögð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að upplýsa að til stóð að hv. 6. þm. Norðurl. e. fengi hér hálftíma til að ræða við hæstv. forsrh. um vandamál loðdýraræktarinnar. Við það verður staðið en svo stendur nú á að hæstv. forsrh. getur ekki verið hér fyrr en kl. 5 og mun þá umræðan fara fram, þ.e. ef forseta tekst að fá leyfi þingflokksformanna á fundi sem nú er að hefjast um breytingu á þingflokksfundatíma.

Hv. 1. þm. Suðurl. hefur óskað eftir að fá að gera örstutta athugasemd. Hann hefur talað tvisvar en með tilliti til hversu mjög mál hans hefur verið slitið sundur vill forseti leita sátta og leyfa hv. þm. að gera hér athugasemd. Forseti vill ítreka orð hæstv. ráðherra að fyrir dyrum er að ræða þáltill. hv. 8. þm. Reykv. o.fl. um þessi mál og skýrsla utanrrh. er væntanleg og óskar forseti nú eftir að þessi umræða um skýrsluna nái að taka enda nú á þessum fundi.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um ræður hæstv. ráðherra þó að þær gæfu e.t.v. tilefni til þess og ég þakka fyrir að fá að gera þessa athugasemd. Satt best að segja urðu ræður hæstv. ráðherra mér allnokkur vonbrigði. Auðvitað er það hárrétt sem hæstv. utanrrh. sagði hér að spurningin er ekki sú hvort fara á aðra hvora leiðina, sameiginlegu leið EFTA-ríkjanna í viðræðum við EB eða í tvíhliða viðræður. Það hefur alltaf verið ljóst af okkar hálfu, sjálfstæðismanna, að það ætti að fara báðar þessar leiðir. Það sem hefur hins vegar gerst í þessu máli er það að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki fallist á að fara samhliða í tvíhliða viðræður. Það stendur á hæstv. ríkisstjórn að vilja fara báðar þessar leiðir samtímis og kemur það nú vel á vondan að sú ábyrgð hlýtur að hvíla á hæstv. utanrrh. í þessu efni að hafa ekki fengið því framgengt innan hæstv. ríkisstjórnar að fara báðar þessar leiðir samtímis eins og hann telur rétt og eðlilegt.

Hæstv. ráðherrar koma hér upp í þessum umræðum, nákvæmlega eins og í fyrri hluta umræðnanna, og eyða löngu máli í það að leggja talsmönnum Evrópubandalagsins til rök. Hvaða rök geta nú talsmenn Evrópubandalagsins haft í frammi gegn okkur þegar við bönkum upp á? Það er það eina sem þeir hafa fram að færa í umræðum um tvíhliða viðræður og ég segi: Þetta er nú ekki stórmannlegt. Er nú ekki meiri ástæða til þess að tíunda hér öll þau rök sem við höfum fram að færa til þess að knýja á um tvíhliða viðræður og sýna fram á það að íslenskar sjávarafurðir verða að fá viðurkenningu sem iðnaðarvörur annarra þjóða hafa? Er það ekki sá málflutningur sem við þurfum að hafa uppi í stað þess að vera að reyna að búa til rök fyrir talsmenn Evrópubandalagsins? Það liggur fyrir núna, eftir þá frásögn sem hér hefur verið greint frá í viðræðunum við varaformann framkvæmdanefndar Evrópubandalagsins, að hann segir: Það er eðlilegt að gera undantekningu að því er varðar Ísland, og það er eðlilegt að gera það í tvíhliða viðræðum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Og það liggur líka fyrir í Oslóaryfirlýsingunni að EFTA-þjóðirnar telja eðlilegt að hver einstök þjóð fari fram í tvíhliða viðræðum varðandi sérstök mál. Eftir hverju er þá verið að bíða þegar aðstæður liggja fyrir með þessum hætti?

Hæstv. utanrrh. hefur sagt að samningunum verði ekki lokið fyrr en á síðari hluta ársins 1992. Eigum við að bíða þangað til eða fram á árið 1993 eftir að fá niðurstöður sem við vitum ekki einu sinni um? Er ekki eðlilegra að fara strax af stað til þess að tryggja þessa íslensku hagsmuni? Við getum ekki beðið svona lengi.

Og loks, frú forseti: Þau svör sem hér komu varðandi fyrirvarana leystu ekki úr neinum vanda. Það liggur fyrir enn óhaggað og þeirri óvissu var ekki

eytt hér að Alþb. hefur gert, eins og þeir orða það, fulla fyrirvara varðandi allan fjárfestingarþáttinn og gjaldeyrismálin í fyrirhuguðum viðræðum. Hæstv. utanrrh. hefur lýst hér þremur fyrirvörum um afmörkuð svið og þar er ég honum alveg hjartanlega sammála. Fyrirvarar Alþb. sem eru hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar eru miklu víðtækari og þeirri óvissu hefur ekki verið eytt í þessum umræðum. Og þeirri óvissu hefur heldur ekki verið eytt að hæstv. ríkisstjórn getur ekki tekið á málum eins og bankamálunum sem þó eru óhjákvæmilegur hluti þessarar aðlögunar. Því miður hefur þessi framhaldsumræða ekki skilað neinu nýju af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það er nú liðinn ærinn tími síðan við, ýmsir þingmenn sem erum á mælendaskránni, kvöddum okkur hljóðs og því munu þau fáu orð sem ég mun nú flytja beinast eingöngu að tilteknum atriðum í málflutningi hæstv. ráðherra.

Ég vil nefna sérstaklega tvö atriði: Annars vegar tel ég nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri Alþingi grein fyrir stöðu mála vegna hinnar nýju þróunar í Austur-Evrópu sem vissulega var farin af stað þegar málið kom hér til umræðu fyrir jól en sífellt hafa nýir atburðir orðið og það hefur orðið æ ljósara að Evrópubandalagið sjálft sem slíkt og þjóðir þess þurfa að eyða töluverðum tíma í það að meta stöðu sína gagnvart hinni nýju þróun í Austur-Evrópu, bæði að því er varðar efnahagssamstarf ýmiss konar, stöðu gjaldmiðla, hugsanlegar fjárfestingar í Austur-Evrópu og fleira sem er verulega vandasamt og kann að hafa áhrif á allt efnahagslíf Vestur-Evrópu. Þegar þessi atriði eru skoðuð er það skiljanlegt að ýmsir hafa efasemdir um það hversu mikill hugur sé í Evrópubandalagsmönnum í viðræðunum við EFTA einmitt nú um þessar mundir. Það vakna spurningar eins og þessi: Þurfa málefnin sem upp koma vegna Austur-Evrópu að hafa forgang áður en þessum málum er lokið? Á hinn bóginn geta sömu ástæður orðið til þess að menn spyrja: Verður þessi aðstaða til þess að viðræðunum við EFTA verður hraðað svo mjög að niðurstaða þeirra verði að liggja fyrir miklu fyrr en menn áður bjuggust við? Mér virðist hæstv. ráðherra ekki hafa fjallað nægilega um þetta atriði og teflt fram rökum með og móti því sem kann að verða þróunin af þessum sökum.

Margir halda því fram að þetta geti gjörsamlega ruglað allri myndinni af hálfu Evrópubandalagsins í garð EFTA. Áhuginn geti breyst, áherslur geti breyst, að ég nú ekki tali um þegar menn jafnvel ýja að því að einhverjir þeir sem nú eru í Evrópubandalaginu kunni að láta sér detta í hug að starfa öllu fremur með EFTA. Það virðist hins vegar ekki vera mjög raunhæft. En aðalatriðið er þetta að við þurfum áreiðanlega í ljósi þessara atburða að taka miklu alvarlegar á þeirri hugmynd sem hæstv. ráðherra ræddi um áðan, þeirri hugmynd sem kölluð hefur verið tvíhliða viðræður. Hæstv. ráðherra léði máls á því nú í ræðu sinni að tvíhliða viðræður gætu hugsanlega farið fram samtímis könnunarviðræðum innan EFTA. Það er gleðilegt. Hann átti varla nógu sterk orð til að lýsa forakt sinni á málflutningi sjálfstæðismanna hér fyrr í vetur sem einmitt fól það í sér að þetta hvort tveggja ætti að athuga samtímis. Það útilokar alls ekki hvort annað. Það stóð aldrei til og felst alls ekki í tillögu sjálfstæðismanna að svo sé.

Hitt er mér gjörsamlega óskiljanlegt að það geti verið skynsamlegt að halda því fram að rétt sé að það liggi fyrir fyrir fram, og meira að segja jafnopinberlega eins og niðurstaða Alþingis mundi gera, hver sé afstaða gagnvart hugsanlegum tilslökunum af hálfu Íslendinga. Í fyrsta lagi liggur það margítrekað fyrir að slík afstaða er ekki fyrir hendi, þ.e. afstaða sem fólgin er í því að slaka megi til um veiðiheimildir. Ef hæstv. ráðherra heldur að tvíhliða viðræður kunni að leiða til þess að hann þurfi að svara einhverjum mismunandi spurningum um það efni er vitanlega skynsamlegra að bera þær spurningar upp þegar þær liggja fyrir en ekki vera að búa þær til núna. Og ég mun láta það eftir mér að segja hvað ég held að sé eina skiljanlega skýringin á þessum einkennilegu viðbrögðum. Ég hallast æ meira að þeirri skýringu að ástæðan til þess að hæstv. ráðherra heldur því æ ofan í æ fram að viðræður sem þessar muni leiða til þess að við þurfum að svara því nú hvort við föllumst á að veita veiðiheimildir sé sú að hæstv. ráðherra, formaður Alþfl., hafi séð í þessu leið til þess, krókaleið, að stilla Íslendingum upp við vegg og fá þá með þessu til að samþykkja sölu veiðileyfa. Ég sé einn ágætan hv. alþýðuflokksmann sem ég met mjög mikils hrista höfuðið. Annaðhvort er það vegna þess að honum finnst þetta alveg fráleit hugmynd eða honum finnst slæmt að sjálfstæðismenn séu að viðra slíkar hugsanir. Hvor ástæðan sem er, þá er þetta staðreynd að ef forustumaður Alþfl., hæstv. ráðherra utanríkismála sem ber ábyrgð á þessum viðræðum og að okkar mati ber skylda til að kanna þessar leiðir, krefst þess æ ofan í æ að fyrir fram séu lögð öll spil á borðið og meira að segja spil sem við höfum ekki hugmynd um hvort til verði, ef hann krefst slíks af Alþingi Íslendinga, þá lítur út fyrir að það búi eitthvað annað undir því en einlægur áhugi á því að ná slíkum tvíhliða viðræðum.

Ef hæstv. ráðherra ætlar að gera samning um einhver kaup — svo að ég haldi áfram með þá hugsun sem hæstv. ráðherra setti hér fram áðan þegar hann sagði: Hvaða verði viljum við kaupa tollafríðindi? — við skulum taka eitthvert afskaplega einfalt og hversdagslegt fyrirbæri, t.d. að hæstv. ráðherra fari í búð að kaupa sér skó, og hann bráðvantar þessa skó, skulum við segja. Hæstv. ráðherra byrjar ekki á því að spyrja: Kemur það til nokkurra mála að ég fari að tala um að kaupa mér þessa skó nema ég viti fyrir fram og upp á krónu hvað þessir skór kosta? Hann byrjar auðvitað á því að fara í búðina og spyrja: Hvað kosta þessir skór? Svo athugar hann hvort hann ræður við að kaupa skóna. E.t.v. eru þeir á einstökum vildarkjörum og e.t.v. eru einhverjir aðrir skór, sem hæstv. ráðherra á inni í skáp og eru númeri of

litlir eða of stórir, einhvern veginn svo fallegir að skókaupmaðurinn vill gjarnan fá þá í staðinn. En það eru skór sem hæstv. ráðherra ætlar sér alls ekkert að nota og eru þess vegna alls ekki sambærilegir, svo að við snúum okkur að tollafríðindum og fiskveiðiheimildum. Tollafríðindi geta komið á móti tollafríðindum en ekki á móti fiskveiðiheimildum. Og í tilfelli skóverslunar hæstv. utanrrh. kæmi eitt par af skóm á móti öðru pari af skóm, þannig að ekki er hægt að gefa sér svona hluti fyrir fram eins og hæstv. ráðherra gerir. Það sækir æ fastar á huga minn að einhverjar undarlegar skýringar séu á því. Hingað til og fram undir þetta hef ég haldið að þær skýringar væru ekki undarlegri en svo að bara væri verið að reyna að halda saman þessari fjölskrúðugu hæstv. ríkisstjórn vegna þess að fyrir liggja af hálfu Alþb. fyrirvarar sem væru algjörlega óviðráðanlegir fyrir hæstv. utanrrh. ef hann væri kominn að lokum þessa máls. Það er alveg ljóst.

Ef hæstv. ráðherra væri kominn að leiðarlokum í þessum viðræðum og ekkert annað væri eftir en að skrifa undir stofnun evrópsks efnahagssvæðis þá segðu hæstv. ráðherrar Alþb., eða a.m.k. aðaltalsmaður þeirra í utanríkismálum, nei. Og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherrar úr hans flokki taki ekki mark á honum. Þar með væri ríkisstjórnin liðin undir lok. Auðvitað mundu margir segja að farið hefði fé betra en ég veit að hæstv. utanrrh. stefnir ekki að því þó að skoðun okkar margra sé sú að þarna mætti vissulega verða breyting á.

Frú forseti. Erindi mitt hér í þennan ræðustól var að óska eftir því að hæstv. ráðherra gerði okkur betri grein fyrir því hvaða áhrif hann telur að staða mála í Austur-Evrópu hafi á feril þessara viðræðna og svo hitt að hann skýri það fyrir okkur hvort hann telji það virkilega skynsamlegt að krefjast þess að slíkum fyrirvörum, sem hann setur fyrir því að kanna tvíhliða viðræður, sé fullnægt. Og ef hann telur það skynsamlegt, þá hvers vegna.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Mig minnir að ég hafi kvatt mér hljóðs í þessu máli einhvern tímann í desember. 19. des. var þá fram undan, ef ég man rétt. Það er e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að fara að ræða þetta núna, þetta mikla mál almennt. Ég hafði þó ætlað mér það og kann betur við að láta verða af því að einhverju leyti. Langar og fróðlegar ræður hafa verið fluttar um þetta mál sem maður hefur lært ýmislegt af. Manni dylst ekki að hér er stórmál á ferðinni sem verður að skoða mjög gaumgæfilega áður en veigamiklar ákvarðanir eru teknar. En í þessu máli gildir að sjálfsögðu sú meginregla að fara að öllu með gát og flýta sér hægt en nýta tímann á hinn bóginn vel til að afla upplýsinga og safna gögnum svo að menn geti verið viðbúnir til að taka nauðsynlegar ákvarðanir þegar þar að kemur. Nú eru allar aðstæður að breytast í þessum málum, svo að segja frá degi til dags, svo ekki veitir af að fylgjast með vakandi auga með öllum þeim breytingum sem eru að verða í Evrópu og hafa að sjálfsögðu áhrif á málið. En öll samvinna ríkja á alþjóðavettvangi er af hinu góða.

Við Íslendingar höfum aldrei farið dult með þá stefnu að við verðum að hafa víðtækt og fjölbreytt samstarf við mörg þjóðlönd, m.a. á sviði viðskipta, svo við getum komið útflutningsvörum okkar í verð og aflað gjaldeyris fyrir lífsnauðsynjum. Og sannleikurinn er sá að yfirlýsingar um utanríkismál og stefnu í utanríkismálum hafa orðið harla keimlíkar á seinni árum hvaða stjórnmálaflokkar sem sitja að völdum. Er það af hinu góða að reynt sé að móta ákveðna utanríkisstefnu sem fylgt er nokkurn veginn þó einhver blæbrigðamunur sé þar á. Að mínum dómi þarf að reyna að hefja meginstefnu í utanríkismálum upp yfir dægurþrasið sem við búum við hér heima fyrir, eins og stundum er tekið til orða.

Þó að Íslendingar vilji og þurfi að skipta við fjölmargar þjóðir liggja þær ekki allar jafn vel við nánum samskiptum. Sérstök alúð hefur verið lögð við norrænt samstarf og samvinnu Evrópuríkja. Nú er á dagskrá að huga sérstaklega að þeim breytingum og nýjum viðhorfum sem eru á döfinni í Evrópu, þar á meðal Evrópumarkaðnum 1992. Sagt er sem svo að búa þurfi íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verði á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verði unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu. Öll þessi mál eru viðamikil og fjölþætt og eiga sér langan aðdraganda eða allt frá því að Evrópa reis upp úr rústum síðustu heimsstyrjaldar. Sú Evrópa var ekki söm og áður. Bestu menn þjóðanna sáu að ekki dugði lengur að dreifa kröftunum í allar áttir, heldur varð að hyggja á nánara samstarf í einhverju formi. Þá vaknaði Evrópuhreyfingin, eða European Movement. Þessi leið var löng og seinfarin, en á Íslandi hefur verið fylgst með gangi mála, fyrst í stað úr fjarlægð en síðan með vaxandi þátttöku á mörgum sviðum. Ég minnist þess t.d. að ég og Benedikt Gröndal, núv. sendiherra, vorum fulltrúar Alþingis á hátíðarfundi í tilefni af 20 ára afmæli Evrópuhreyfingarinnar í Haag í Hollandi í nóvember 1968. Svo kom Evrópuráðið til sögunnar. Þar kom strax upp sú spurning hvernig aðildarríkin ættu að koma á nánari samstöðu og hvaða búnað slíkt samstarf ætti að bera. Við þekkjum samstarf EFTA-ríkjanna, við höfum verið þátttakendur þar árum saman. Það hefur verið góður samstarfsvettvangur og vinsamlegur. Eigi að síður hefur stundum komið fram í þeirri samvinnu að enginn er annars bróðir í leik. Þar hugsar hver um sinn hag og úrræði í eigin þágu þegar hagsmunaárekstrar verða sem þykja skipta máli. Þetta eru eðlileg og mannleg viðbrögð sem gilda jafnt í samskiptum einstaklinga og þjóða.

Á síðustu árum hefur sú hugsun hvað eftir annað hvarflað að mönnum að dagar EFTA-sambandsins yrðu senn taldir. Eitt eða fleiri af þeim ríkjum mundu sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið, svo sem Austurríki. Svo sem kunnugt er hefur aukið líf færst í Fríverslunarbandalagið á ný, a.m.k. um sinn. Evrópubandalagið hafði frumkvæði að því að bjóða

EFTA-ríkjunum til viðræðna um nánari tengsl og samstarf snemma á þessu ári.

Um Evrópubandalagið er það að segja að yfirbragð þess og viðmót hefur oft verið talið heldur kalt og stundum fráhrindandi. Sagt er t.d. að það bandalag hafi aldrei samið við nokkra þjóð um að láta eitthvað af hendi án þess að fá eitthvað í staðinn. Það eru auðvitað meðmæli að vissu marki. Bent hefur og verið á þá meginstefnu bandalagsins að krefjast aðgangs að auðlindum þjóða í skiptum fyrir aðgang að sameiginlegum markaði bandalagsríkjanna. Að þessu leyti eru foringjar Efnahagsbandalagsins harðir í horn að taka þó þeir séu kurteisir í viðmóti.

Að því er Ísland varðar er óhagganleg samstaða um það að aðgangur að fiskimiðum okkar þeim til handa komi ekki til greina. Á hinn bóginn þurfum við eitt og annað við þá að tala svo sem glöggt hefur komið fram í ræðum manna.

Um það mál sem hér um ræðir var fjallað m.a. í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sunnudaginn 3. des., að mig minnir. Þar sagði svo m.a., með leyfi forseta:

„Miðað við þá víðtæku samstöðu sem telja verður á milli stjórnmálaflokka og fólksins í landinu um meginatriði í þessu máli gegnir nokkurri furðu hvers konar fjaðrafok hefur orðið á Alþingi um þetta mál og þá aðallega ýmsa hliðarþætti þess. Sennilega segir það meiri sögu um ástandið í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir en málið sjálft."

Hvað sem um þetta má segja er eitt víst að hér er fjallað um örlagaríkt stórmál. Búast má við löngum og ströngum samningaviðræðum og ýmsum erfiðleikum áður en málið leysist svo okkur líki. Við því er raunar lítið að segja. Við höfum valið okkur þann kostinn að fylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu, að verjast órétti en sækja rétt okkar sjálf og gæta hans. Þetta kostar baráttu og þrek. Við höfum margvíslega sérstöðu, m.a. fámennið.

Það kom fram hér í umræðum á þessum vetri að gott væri að hafa í huga að það EFTA-ríki sem stendur Íslandi næst að stærð er tuttugu sinnum fjölmennara. Við höfum ákveðið að taka virkan þátt í samstarfi Evrópuþjóða. Það er eðlilegt og sjálfsagt en í þeirri samvinnu sem alls staðar annars staðar dugir ekki annað en að hafa augun opin og fara varlega um leið og sótt er fram. — Varaðu þig á vinum þínum, stendur einhvers staðar.

Að vísu höfum við öðlast dýrmæta reynslu í samskiptum og samningagerð á alþjóðavettvangi á liðnum áratugum. Þar eigum við mörgum hæfum mönnum á að skipa sem hafa sýnt og sannað að þeir hafa í fullu tré við sendinefndir stórþjóðanna, a.m.k. þegar ekki er látið kenna liðsmunar.

Það er ekki úr vegi að nefna enn einu sinni og minna á landhelgismálið sem vannst stig af stigi með næsta ævintýralegum hætti, mál sem var sótt af okkar hálfu bæði af kappi og forsjá. Og hafréttarsáttmálann sem Sameinuðu þjóðirnar sjálfar geta bent á með stolti. En hvers vegna gætir tregðu af hálfu þjóðanna við að fullgilda þann ágæta sáttmála heima fyrir enda þótt hann hafi hlotið samþykki fyrir sjö árum? Enn hafa aðeins um 40 ríki fullgilt hann, þar á meðal Ísland eitt Norðurlanda.

Mér er tjáð að nágrannar okkar, frændur og vinir á Norðurlöndum, hiki við þetta m.a. vegna þess að þeir séu hræddir um að einhver ákvæði þessa margslungna sáttmála kunni að skerða einhverja grein fullveldis þeirra og frelsis, a.m.k. vilji þeir hafa nægan tíma til að ganga úr skugga um að engin hætta sé á ferðum að þessu leyti. Og satt er það að full ástæða er til þess að kanna rækilega alla efnisþætti og hvert einstakt ákvæði hinna stóru og margbrotnu fjölþjóðasamninga og sáttmála áður en skrifað er undir, því að sjálfsögðu viljum við efna alla þá samninga sem undirritaðir eru af hálfu Íslands.

Við þekkjum dæmi þess og þeim dæmum fer fjölgandi að menn vilja ekki una íslenskum dómum, jafnvel hæstaréttardómum, heldur leita allra bragða til þess að fá niðurstöðum þeirra hnekkt á erlendri grundu. Að sjálfsögðu viljum við öll bæta íslenskt réttarfar og búa svo í haginn að íslenskir dómstólar hafi öll skilyrði til þess að kveða upp réttláta dóma og úrskurði svo með öllu móti sé komið í veg fyrir að nokkur maður sé órétti beittur. Þvert á móti sé þess gætt á allan hátt að sérhver maður nái rétti sínum. Ég tel stórvarhugavert og óæskilegt að menn temji sér að skjóta málum sínum úr landi, út fyrir íslenska landhelgi. Við eigum að halda áttum og þeirri stefnu að reka mál okkar hér heima, fyrir íslenskum dómstólum og láta okkur nægja íslenskt dómsorð sem endi allrar þrætu og lausn okkar mála.

Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að sá samningur sem nú er unnið að og er í undirbúningi verði meira en þverhandarþykkur og hann eigi að öðlast lagagildi á Íslandi. Það er því ekki lítið verk að skoða þetta mál frá ýmsum hliðum og kryfja það til mergjar.

Í Morgunblaðinu á föstudaginn var er rætt um fræðslurit um Evrópubandalagið þar sem viðtal er við Gunnar G. Schram prófessor, sem hefur yfirskriftina „Verðum að taka örlagaríkar ákvarðanir á næstu missirum."

Þar er m.a. rætt um Evrópuþingið og Evrópudómstólinn sem setur aðildarríkjunum tólf sérstök lög. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Það sérstaka við þessi lög er að ef til árekstra kemur á milli landslaga aðildarríkjanna og EB-laganna þá eru það síðarnefndu lögin sem gilda."

Þessi almennu varnaðarorð vildi ég láta koma fram undir lok þeirrar umræðu sem hér hefur verið háð um hina örlagaríku EB–EFTA samninga sem eru á döfinni og svo miklu máli skipta fyrir land okkar og þjóð.

Umræður utan dagskrár.

Vandi loðdýraræktarinnar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hefur komið fram hefur hv. 6. þm. Norðurl. e. farið þess á leit að ræða um vanda

loðdýraræktarinnar. Fer sú umræða nú fram með góðfúslegu leyfi þingflokksformanna um að hálftíma frestur verði á þingflokksfundum og þeir hefjist kl. hálfsex. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og stendur því í hálftíma.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til þess að taka hér til máls út af því alvarlega ástandi sem ríkir nú þegar fréttir berast af því að fóðurstöðvar loðdýrabænda séu allar að hætta. Það er ekki að menn vilji ekki halda áfram heldur hafa þau mál ekki þokast áfram eins og að var stefnt. Ég hef ekki tóm til að rekja þessa sögu hér af því að tími minn er það takmarkaður. En ég vil minna á að að tilhlutan ríkisstjórnarinnar var skipuð nefnd til að skoða þessi mál 1. ágúst sl. Sú nefnd skilaði tillögum. Síðan var komið hér með frv. sem var samþykkt 14. des. Reglugerðin var ekki gefin út fyrr en 22. febr., en svo stendur á að menn vita ekkert hvað þeir eiga nú að gera. Það er farið að para dýrin. Þegar sá tími er kominn eru skinnin hér um bil, ef ekki alveg verðlaus. Þess vegna vil ég biðja hæstv. forsrh. að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvað hugsar ríkisstjórnin sér að gera til þess að tryggja áframhaldandi rekstur fóðurstöðva loðdýrabænda?

2. Hvað mun ríkisstjórnin gera í sambandi við fóðurstöðvarnar, ef það kemst á að breyta skuldum loðdýrabúanna í lán eins og til stendur samkvæmt lögunum, hvernig verður það þá tryggt að fóðurstöðvarnar geti tekið við þeim og notað aftur til þess að gera upp við þá sem þær skulda?

Þannig er komið að verið er að loka þessum stöðvum. Það er verið að loka fyrir rafmagnið, allt vantar orðið til þess að geta framleitt þetta fóður. Ef ekki verða gerðar ráðstafanir strax á morgun sé ég ekki annað en að þessi framleiðslugrein sé gersamlega búin að vera. Og þess minnug, sem við hljótum öll að vera, hvernig á því stóð að farið var út í þessa atvinnugrein á sínum tíma, þá sé ég ekki betur en við sem hér erum, og ekki síst hæstv. ríkisstjórn, séum skyldug til að taka á þessu máli.

Í því sambandi ætla ég að koma með eina fyrirspurn enn. Ég veit að ég er búinn að tala of lengi eftir þingsköpum, en ég óskaði eftir því að fá eilítið lengri umræðu um þetta mál, svo alvarlegt sem það er. Með leyfi Seðlabankans mega bankarnir leggja á allt upp í 3% viðbótarvaxtatöku þegar skuldbreytt er. Að vísu eru í sambandi við þessa skuldbreytingu ákveðnir vextir í lögunum, en það eru fleiri en þetta fólk sem þarf nokkuð að skuldbreyta hjá sér og þessi framkvæmd, eins og hún er, er gersamlega ólíðandi. Og ég var að fá upplýsingar um það að útibúum sem hafa fram að þessu neitað að bæta við þessa vaxtatöku sé nú skipað frá höfuðstöðvunum að taka þessa vaxtatöku.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í raun er afar erfitt að ræða þetta mál án þess að hæstv. landbrh. sé hér. Þegar ég var spurður að því fyrir helgina hvort ég mundi svara svona spurningu var hæstv. landbrh. ekki á landinu. En nú er hann kominn til landins og eðlilegra að beina spurningunum til hans. (**Gripið fram í:** Hann er í húsinu.) Þá væri æskilegt að hann væri hér. Að vísu er erfitt að svara á svona stuttum tíma. En þetta mál er að sjálfsögðu á hans forræði.

Hv. þm. rakti aðdraganda þeirra laga sem hér voru sett 14. des. Þar samþykkir Alþingi að veita sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs fyrir skuldbreytingu, allt að 60% af skuldum loðdýraræktarbús. Það er að vísu háð ýmsum skilyrðum. Það er háð því skilyrði að loðdýrabúskapurinn hafi hafist á árunum 1986–1989. Það er líka háð því skilyrði að eftir skuldbreytinguna fallist aðrir lánardrottnar á að lengja lán í átta ár. Það er einnig háð því skilyrði að Stofnlánadeild landbúnaðarins felli niður verðtryggingu og vexti og fresti greiðslum afborgana í fimm ár. Reglugerðin hefur verið gefin út og mér er tjáð að í Stofnlánadeildinni hafi verið fjallað um málið og þar muni ekki á því standa. Mér er hins vegar tjáð að það gangi afar erfiðlega að fullnægja því skilyrði að sýna fram á rekstrargrundvöll búanna. Það er ekki síst það sem hefur tafið framgang þessa máls. Því miður hefur afkoma loðdýrabúa síður en svo batnað.

Hv. fyrirspyrjandi spurði síðan um fóðurstöðvar sem að sjálfsögðu hafa afar slæma rekstrarafkomu, ekki síst þegar loðdýrabúum hefur fækkað. Ég held ég fari rétt með að á Austfjörðum séu aðeins orðin eftir þrjú loðdýrabú og ég hygg að fóðurstöð verði varla með nokkru móti rekin til að sjá fyrir þremur búum. Víðar hefur fækkað þó það sé ekki mikið. Í Eyjafirðinum eru tvær fóðurstöðvar og ein á Sauðárkróki. Þær eru með öðrum orðum allt of margar.

Byggðastofnun hefur fyrst og fremst aðstoðað fóðurstöðvarnar þótt einnig hafi komið aðstoð í gegnum Framleiðnisjóð óbeint með því að greiða niður fóðrið, eins og hv. þm. þekkja. En Byggðastofnun hefur veitt fóðurstöðvum lán. Ég ræddi við framkvæmdastjóra Byggðastofnunar að ósk hæstv. landbrh. Hann taldi að Byggðastofnun hefði ekki minnstu möguleika til að lána frekar til fóðurstöðvanna því þar væru engin veð, miklu meira veðsett en fóðurstöðvarnar sjálfar, einnig persónulegar eignir manna. Hefur þar verið haldið áfram uppteknum hætti og bankar hafa tekið veð í persónulegum eignum stjórnenda og mun það vera fullveðsett þannig að forstjóri Byggðastofnunar taldi eðlilega, ég tek það fram, að stofnunin hefði ekki fjármagn til að lána frekar.

Ég lýsti þeirri skoðun þá að líklega væri skynsamlegast fyrir fóðurstöðvar að biðja um greiðslustöðvun á meðan þetta gengur yfir. Það er að vísu háð vissum erfiðleikum en líklega er það eina leiðin meðan svona

er, á meðan verið er að ganga frá skuldbreytingu hjá þeim bændum sem hafa rekstrargrundvöll. En mér er tjáð að ekki hafi verið vilji til þess.

Hæstv. landbrh. er hér kominn og þó að hann muni ekki hafa mikinn tíma getur hann kannski bætt einhverju við. Þetta mál hefur því miður þróast á verri veg, ekki vegna þess að stjórnvöld hafi ekki í gegnum mánuðina og árin gert æðimargt, fyrst í stofnlánum o.s.frv. til að aðstoða loðdýraræktina, heldur vegna hins að verð á skinnum hefur stöðugt fallið, hefur hríðfallið. Um leið og menn hafa þóst sjá rekstrargrundvöll hefur hann brugðist vegna verðfalls á skinnum. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að vel kunni svo að fara að það verði meginverkefni stjórnvalda og Alþingis að koma í veg fyrir að menn missi sínar eignir og rati í þá mannlegu erfiðleika sem því fylgir á einn eða annan máta. Vonandi geta einhver bú haldið áfram rekstri þannig að ef bati verður í loðdýraframleiðslunni geti þetta vaxið hægt og þétt aftur. En ég óttast, og hef það frá þeim mönnum sem gerst þekkja, að sá bati sé síður en svo á næsta leiti og sumar spár um bata innan 2–3 ára eru taldar mjög vafasamar í dag, því miður.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í desembermánuði sl. var samþykkt hér á Alþingi frv. sem fól í sér ráðstafanir varðandi loðdýrarækt. Reglugerð um nánari útfærslu á því hvernig staðið yrði að þessum aðgerðum varð til í landbrn. Loðdýrabændur voru skyldaðir til að senda inn umsóknir og eina ferðina enn var skafið inn að beini við öflun upplýsinga. Bændur brugðust við eins og vanalega, með þolinmæði og sendu gögnin fljótt, svo fljótt sem hægt var. En bið varð hins vegar á því að reglugerðir ráðuneytis sæju dagsins ljós þar til fyrir fáeinum vikum.

Ekki er enn að fullu ljóst hvað þær ráðstafanir sem samþykktar voru hér á hv. Alþingi þýða fyrir hvern einstakan bónda. Þar er vinnu ekki að fullu lokið. Tíminn frá því að ljóst var að grípa þurfti til sérstakra ráðstafana vegna loðdýraræktar og þar til Alþingi samþykkti frv. í desember var langur. Flýta þarf þessari vinnu sem kostur er, ekki síst ef það sem liggur að baki aðgerðarleysis ríkisvaldsins þessa dagana er í raun að eins margir hætti í þessari atvinnugrein eins og hægt er, þá þarf það að liggja fyrir sem allra fyrst. Nú er sá tími sem pörun dýranna er að hefjast og bændur eiga þá kröfu að vita hver áform ríkisvalds, sem einu sinni atti þeim út í þessa búgrein, eru. Ég hélt, þegar umræðan um ráðstafanir vegna loðdýraræktar var hér á hv. Alþingi, að það væri vilji ríkisstjórnarinnar að þeir sem stunda refa- og minkarækt ættu kost á því ef þeir vildu og að fengnum ákveðnum aðgerðum ríkisvaldsins að halda áfram ef fyrir því væri grundvöllur.

Það sem nú hefur gerst sýnir hins vegar allt annan vilja og eru það ljótar aðgerðir sem stjórnast af hugsunarleysi. Ég vona a.m.k. að það hafi verið hugsunarleysi og fljótfærni þegar sú ákvörðun var tekin að láta klippa af númer vegna ógreiddra gjalda af þeim bifreiðum sem flytja fóðrið til loðdýrabúa og með því að ákveða að dýrin verði öll skorin niður. Fóðurstöðvar, þar sem nú er horft fram á lokun ef ekkert er að gert, eru að stærstum hluta í eigu loðdýrabænda sjálfra og ef um gjaldþrot verður að ræða þar, þá fara þeir að sjálfsögðu með. Ef þetta er vilji hæstv. ríkisstjórnar hefði verið heiðarlegra að segja það strax í haust og vinna síðan frv. til laga sem fæli í sér ráðstafanir þess efnis að þeir sem hafa stundað loðdýraræktina gætu staðið uppréttir og farið frá þessari atvinnugrein sinni. Ríkisvaldið ber nefnilega að stórum hluta ábyrgð á því hvernig komið er. En að taka þessa ákvörðun með þessum hætti, að loka fyrir fóðurframleiðsluna til dýranna, eru ljót vinnubrögð.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að minna á það hér að þetta mál er nú búið að vera alllengi í meðförum þingsins og alltaf hefur verið talað um að gera viðhlítandi ráðstafanir. Landbúnaðarnefndir þingsins komu saman vegna þessa máls ekki alls fyrir löngu til þess að reyna að gera sér grein fyrir hvernig málin stæðu. Þá lágu fyrir samþykkt lög og reglugerð var að koma út og menn héldu að þá væri hægt að fara að sjá fyrir endann á því hverju væri hægt að bjarga og hverju ekki. Því miður eru alls konar hnútar á þessu máli sem hafa vafist fyrir mönnum. Ég segi það ekki hér í gagnrýni því ég veit að þeir menn sem hafa unnið að þessu, bæði í Framleiðnisjóði og annars staðar, hafa lagt nótt við dag til að reyna að finna lausn á þessu. En í dag strandar fyrst og fremst á fóðurstöðvunum.

Við nefndarmenn höfum farið á fund inn í Byggðastofnun og þar er okkur tjáð að skuldir fóðurstöðvanna séu um 340–360 millj. kr. Af því skulda bændur 92 millj. og eru sjálfskuldarábyrgðir bænda og annarra aðila 31–37 millj. kr. sem er mjög alvarlegt mál. Og það hefur komið fram að þarna þarf að taka á málum því það getur vel verið að ástæða sé til að skoða í alvöru hvort ekki sé hægt að gera einhverjar sérstakar milliráðstafanir svo þessar fóðurstöðvar geti sinnt hlutverki sínu á einhvern máta. Og það hefur meira að segja komið ósk frá Eyfirðingum um að gerð verði úttekt á fóðurstöðvum á Sauðárkróki og Dalvík þó að það sé í raun og veru ekki þeirra hlutverk. En alla vega eru þarna ábendingar sem þarf að skoða og það getur vel verið að það séu fleiri atriði inni í þessu sem gætu bjargað málunum um fóðuröflun, a.m.k. meðan verið er að átta sig á því hvað menn ætla að gera til frambúðar.

Ég vil segja það sem mína skoðun að það er útilokað að Alþingi geti staðið frammi fyrir þessu máli mánuð eftir mánuð, jafnvel ár eftir ár eins og dæmin sanna, án þess að finna möguleika á því að hér á Íslandi geti einhver hluti af þessari starfsemi haldið velli. Það er álit a.m.k. Framleiðnisjóðs og fleiri að um 130 bú gætu starfað við núverandi aðstæður. En fóðurstöðvarnar eru núna hnúturinn sem verður að leysa.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að ástandið í þessum málum sé þannig að ekki sé hægt annað en að taka á því vegna þess að skinnin eru líklega að mestum hluta orðin ónýt ef á að drepa dýrin nú. Og ég veit ekki betur en að þeir sem eru að vinna að skuldbreytingunni segi: Við getum ekkert gert vegna þess að við vitum ekki hvernig verður með fóðurstöðvarnar.

Ég vil minna á það að þegar var verið að samþykkja þessi lög fyrir áramótin voru landbúnaðarnefndir beggja deilda á einu máli um að taka á þessu máli. Vilji Alþingis til að koma þessu til hjálpar liggur því fyrir. En ef það er, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði hér áðan, að verið sé að bíða eftir því að menn fari að skera, þá eru þeir byrjaðir á því. Þeir eru sumir farnir að skera dýrin vegna þess að ekkert gerist í þessum málum. Ég vil bara minna á að það voru tvær ástæður fyrir því að ég beindi fyrirspurn minni til forsrh. Í fyrsta lagi var hæstv. landbrh. ekki viðstaddur og búið var að tilkynna að stöðvunum yrði lokað um þessa helgi sem nú er liðin. Og í annan stað man ég ekki betur en hæstv. forsrh. hafi líka verið forsrh. þegar var verið að hvetja bændur til að fara út í þessa atvinnugrein. En þó ég segi þetta, þá er það siðferðisleg skylda okkar allra að taka á þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Því miður var mér ekki kunnugt um þessa umræðu. Mér hafði ekki verið gert aðvart um að hún mundi fara fram og hef því ekki haft mikinn aðdraganda að því að stíga hér í ræðustól til að taka þátt í henni. Ég náði ekki heldur að heyra það sem málshefjandi hafði fram að færa og ekki nema að litlu leyti svar forsrh. En það sem ég vil segja á þessari stundu er að Framleiðnisjóði er, samkvæmt þeim lögum sem voru samþykkt á Alþingi fyrir áramót, falið að fara með þessa skuldbreytingu. Það hefur hann gert og ég leyfi mér að fullyrða að unnið hafi verið að því máli eins og kostur hefur verið og af eins mikilli alvöru og af þeim hraða sem við varð komið af þeirra hálfu. Ég hef fylgst með því og ég hef líka séð til þess að landbúnaðarnefndir Alþingis hafi fengið að fylgjast með því hvernig að því hafi verið staðið og m.a. hafa verið haldnir sérstakir fundir með landbúnaðarnefndunum í framhaldi af þessari lagasetningu og áður en reglugerð var sett. Ég hygg að ekki séu ýkjamörg fordæmi fyrir því að þó það mikið samráð sé haft við fagnefndir Alþingis um slíka hluti.

Það hefur hins vegar legið fyrir að vandi fóðurstöðvanna er gríðarlegur og vaxandi með því að samdráttur er í greininni og minni fóðursala og minni tekjur á ferðinni. Alltaf var gert ráð fyrir því að skoða þyrfti stöðu þeirra þegar skuldbreytingamálin væru að komast á hreint og ljóst yrði hvernig rekstrarumfang fóðurstöðvanna í hverju byggðarlagi yrði í framhaldi af þeim aðgerðum. Þá vinnu þarf nú að fara í og gert hefur verið ráð fyrir því, samanber umræður á Alþingi og nál. landbn. Ed., að Byggðastofnun færi sérstaklega með það verkefni. Um það höfum við hæstv. forsrh. rætt við þá stofnun.

Ég kannast að sjálfsögðu ekki við, enda ekki fótur fyrir slíku, að ákvarðanir hafi verið teknar um eitthvað annað en að keyra þessar skuldbreytingaaðgerðir áfram. Ég veit ekki hvar það fólk hefur verið sem ekki kannast við að slíkir hlutir taka sinn tíma og við því er ekkert að segja. Þannig hlýtur það að verða þegar um viðamikil mál með mikilli upplýsingaöflun er fjallað. En auðvitað ber að reyna að hraða því sem mest. Þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir því að á síðasta ári, árinu 1989, var um 160 millj. kr. á þáverandi verðlagi með einum eða öðrum hætti veitt beint í formi framlaga til loðdýraræktarinnar í landinu, um 160 millj. kr. Á þessu ári hafa þegar verið teknar ákvarðanir um áframhaldandi verulegar styrkveitingar við greinina. Það mun hins vegar ekki standa á mér, vilji hið háa Alþingi leggja þar enn meira af mörkum og fagna ég að sjálfsögðu liðsmönnum í því sambandi hvaðan sem þeir koma.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Menn hafa snúið þessari umræðu þó nokkuð sterkt upp í þá spurningu að vandamálið sé hjá fóðurstöðvunum. Rekstrarvandi fóðurstöðvanna byggist á því að það getur enginn aðili til lengdar afhent fóður án þess að fá það borgað. Sá rekstur gengur einfaldlega ekki upp og þarf ekki mikla skarpskyggni til að átta sig á því að það er ekkert útlit fyrir að þannig verði hægt að standa að málum. Ég hygg aftur á móti að það sem menn þurfa að snúa sér að og átta sig á til fullnustu sé hvernig hægt er að standa að því að láta þá sem vilja halda áfram í greininni og fá þann stuðning sem hér hefur verið samþykkt að veita þeim, hvernig er hægt að láta þá fá fóður á eðlilegu verði. Það liggur t.d. fyrir að eitt fóðurfyrirtæki á Íslandi sem hefur verið í fiskafóðri býðst til að útvega þurrfóður fyrir loðdýrin. Spurningin er þessi: Á hvaða verði yrði slíkt þurrfóður? Hafa slíkir útreikningar farið fram innan landbrn.? Eru einhverjar tillögur uppi?

Það liggur líka fyrir að hægt er að geyma refafóður með því að nota maurasýru þannig að það þurfi ekki að keyra það jafnoft til búanna og gert hefur verið. Hins vegar vantar stefnumörkun í landbrn. þar sem hægt er að fá úr því skorið hvort þessar leiðir eru færar. Ég held aftur á móti að það liggi alveg ljóst fyrir að rekstur jafnmargra fóðurstöðva og verið hefur er fyrir fram dauðadæmdur ef greinin dregst jafnmikið saman og raun ber vitni. Það þarf raunverulega ekki að ræða það. Við gætum ekki haldið öllum sláturhúsunum á Íslandi gangandi með því að fækka sauðfé um helming og þannig er hægt að benda á margar hliðstæður. En ég held að það sé grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu: Er hægt að breyta yfir í þurrfóður? Er hægt að breyta yfir í það að bændurnir vinni fóðrið meira sjálfir? Er hægt að breyta yfir í það að það sé geymt lengur og hafa þannig færri fóðurstöðvar og með stærra svæði? Stefnuleysið liggur í því að engin rödd hefur komið fram sem sker úr þessum þrætum og Byggðastofnun sem slík gerði ráð fyrir því þegar hún hóf afskipti af þessum málum að þannig væri staðið að

því á öllum stöðum að fóðrið væri selt og það yrði greitt, en hún sér að sjálfsögðu ekki fram á að hægt sé að standa að rekstrinum þegar það er ekki gert.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það að þeir sem eru í loðdýrarækt nú ætluðu sér að vera það á næsta ári. Annaðhvort farga menn dýrunum fyrir áramót eða þeir ætla að halda áfram og þá ætla þeir ekki að drepa þau þegar er komið fram í mars. Spurningin er því þessi til hæstv. ráðherra: Eigum við og þjóðin að skilja það svo að ekki verði tekið á þessum málum þannig að dýrin fái fóður? Það er búið að loka stöðvunum að mér er sagt. Sé það rétt hljóta hæstv. ráðherrar að skilja það að nú þýðir ekki að benda hver á annan eða segja: Þetta tekur sinn tíma. Það verður að gera ráðstafanir sem duga og það strax.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs hér til að þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir hennar mál. Það voru orð í tíma töluð en þau voru þungur áfellisdómur yfir því hvernig hefur verið staðið að þessum málum af hálfu stjórnvalda. Ef þessi umræða nú, þegar loðdýraræktin er rétt komin í þrot, yrði þess valdandi að stjórnvöld vöknuðu alvarlega, þá væri vel.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja mál þetta hér. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við ræðum um vandamál þessarar atvinnugreinar og það er út af fyrir sig hörmulegt að við skulum gera það í því tímahraki sem við þurfum að leika. Málið er vissulega það alvarlegt að við þyrftum að taka til þess betri tíma.

Hins vegar er öllum ljóst hver vilji Alþingis er í þessu máli. Þess vegna þurfum við ekki að eyða hér löngum tíma. Vilji Alþingis er alveg skýr í þessu máli. Landbúnaðarnefndir beggja deilda komust að niðurstöðu, sem þingið samþykkti, um að finna lausn á þessu máli. Margar nefndir hafa starfað í sambandi við vandamál þessarar atvinnugreinar. Það eru búnar að starfa nógu margar nefndir og það er búið að taka saman nógu mikið af skýrslum, það vantar ekkert af þessu. Það vantar athafnir og framkvæmdir.

Menn hafa einnig talað um það hér að það sé Byggðastofnun sem eigi að fara með málefni fóðurstöðvanna. Hv. þm. Ólafur Þórðarson svaraði því hér að nokkru leyti áðan og það er rétt að ætlast var til þess að Byggðastofnun gerði það. Byggðastofnun getur það hins vegar ekki. Það verður öllum að vera ljóst. Byggðastofnun getur það ekki nema hún fái til þess fjármagn. Byggðastofnun verður að fá sérstakt fjármagn ef hún á að geta orðið við því og það er öllum ljóst að ef á að reka fóðurstöðvarnar er grundvallaratriði að fóðrið sé borgað. Og það kom einmitt fram hjá einum ræðumanni áðan að skuldir bænda við fóðurstöðvanrnar væru hvorki meira eða minna en 92 millj. kr.

Ég hefði einnig viljað fá það fram í þessari umræðu og alla vega að skoða það hjá þeim aðilum sem eru að vinna í þessum málum hvað það mundi kosta að bændur sæktu þann rétt sem þeir eiga í hefðbundnum búskap ef þeir þurfa að hverfa frá loðdýraræktinni. Þeir hafa leigt sinn framleiðslurétt og þeir munu sækja hann aftur, og hvað mun það kosta?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er hálftíminn í raun og veru liðinn. Það eru þrír hv. þm. á mælendaskrá og forseti mun í von um fyrirgefningu frá þingflokksformönnum leyfa þeim að taka til máls í trausti þess að þeir haldi sig innan tímamarka.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki miklu við þessa umræðu að bæta en ég stíg þó hér í stólinn til að minna menn á alvöru málsins. Það getur blasað við í fyrramálið að annaðhvort verði bændurnir að sleppa kvikindunum út eða slátra þeim. Þetta er ekki hlægilegt, þetta er staðreynd. Þess vegna verða menn að taka mark á því sem hér hefur verið sagt. Alþingi markaði skynsamlega stefnu, að vísu allt of seint, hvað skuldbreytingu hjá bændum varðar. Niðurstaðan er hins vegar sú sem hér er sögð. Fóðurstöðvarnar geta verið lokaðar í fyrramálið. Ég ætla ekkert að ásaka hæstv. fjmrh. eins og flokkssystir hans gerði hér áðan fyrir það. En menn verða að setjast niður og finna í bili bráðabirgðalausn sem dugar fóðurstöðvunum til þess að framleiða fóður og hafa starfsfrið þar til sú mikla vinna sem hefur verið rekin áfram af krafti af Framleiðnisjóði, að skuldbreyta fyrir bændurna, er komin í gegn.

Málið er kannski umhverfismál á morgun. Dýrin verða orðin villt hér í náttúrunni, sloppin út. Ég minni hæstv. nýskipaðan umhverfismálaráðherra á það og fel honum að taka þetta mál að sér í ríkisstjórninni ef aðrir duga ekki til að finna lausn á vanda fóðurstöðvanna.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafa komið hér í ræðustól og lýst því yfir að vilji Alþingis sé ljós í þessu máli og ég tek undir það líka. Ég held að við höfum samþykkt hér lög um aðgerðir í sambandi við rekstur loðdýrabúa en skilinn var eftir einn og kannski annar aðalþátturinn í sambandi við þetta mál, þ.e. fóðurstöðvarnar. Og ég tel að rétt sé að undirstrika að í meðferð Alþingis var búist við því að það yrði Byggðastofnun sem mundi leysa það mál. Það yrði leyst í gegnum Byggðastofnun, en því miður, málið hefur ekki hreyfst mikið á þeim vettvangi. Ég er ekki að segja að það hafi ekki verið skoðað. (**Gripið fram í:** Það vantar peninga.) Vantar peninga, já, það vantar peninga, en málinu hefur ekki verið hreyft innan Byggðastofnunar á þann veg að það mætti búast við að þaðan kæmi einhver lausn. Málið hefur verið unnið sérstaklega vel á vegum Framleiðnisjóðs og þar hefur verið sótt eftir skýrslum, ekki með neinum skyldukröfum eða þess háttar, heldur hafa

bændur sent skýrslur og upplýsingar um sína stöðu. Hjá Framnleiðnisjóði eru málin að komast á lokastig til afgreiðslu og á þann veg að ég held að flestir bændurnir uni við þá vinnu og þá afgreiðslu sem þar hefur átt sér stað, en á hinn veginn, í sambandi við fóðurstöðvarnar, eru hlutirnir því miður óleystir.

Ég má víst ekki eyða mikið lengri tíma en ég tel að vilji Alþingis hafi verið sá að málefni fóðurstöðvanna yrðu leyst á vettvangi þessarar stofnunar. En hér hafa komið upp, hver á fætur öðrum, hv. þm. sem eru stjórnarmenn úr Byggðastofnun og sagt: Ja, málið er ekki á okkar vegum, eða nokkurn veginn það.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Saga loðdýraræktar hér á Íslandi nú síðustu árin er mikil sorgarsaga. Þessi sorgarsaga er ekkert betri fyrir það þó að hér á Alþingi hafi verið gerðar ýmsar samþykktir. Hér á Alþingi hafa verið afgreidd lög sem átt hafa að styðja að framgangi og framtíð þessarar greinar. Þessi saga er heldur ekkert betri og síst betri fyrir það að hæstv. landbrh., sem málið heyrir auðvitað undir, hefur hvað eftir annað lýst því yfir í fjölmiðlum að mál þessarar greinar væru leyst. Nú koma hér upp, hver á fætur öðrum, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og lýsa því sumir hverjir, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gerir, að hann sé ekki að varpa ábyrgð á hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. Hann hlýtur þá að eiga við hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) og nefndi síðan hæstv. umhvrh. Og ef hann, þessi ágæti þingmaður, setur nú loksins allt sitt traust á hæstv. umhvrh. til þess að leysa þetta mál er málið komið í skrýtinn farveg.

Þessi umræða af hálfu hv. stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar minnir á að hér sé þvottadagur. Þessir hv. þm. eru að þvo hendur sínar af því að hafa ekki tekist á við það verkefni að leysa mál loðdýraræktarinnar heldur láta þau fara í það horf sem þau eru nú, í hreint óefni, þeir eru að þvo hendur sínar hér í þingsölum, í ræðustól á Alþingi, og kasta málinu sín á milli og ýmist til þessa ráðherra eða hins í hvert sinn. Það er nú þetta sem fyrir liggur í málinu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Því miður getur forseti ekki orðið við því að veita fleirum orðið. Þessum hálftíma er lokið fyrir 5 mínútum síðan. (**Gripið fram í:** Ég ætla að bera af mér sakir.) (**Gripið fram í:** Ég ætla að bera af mér sakir líka.) (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að veita almenna sakaruppgjöf?) Hv. 3. þm. Norðurl. v. ber af sér sakir.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara ruglinu í hv. þm. Pálma Jónssyni. Ég er ekki kominn í þennan ræðustól til þess. Ég kem hins vegar til þess að leiðrétta formann landbn. Ed., hv. þm. Skúla Alexandersson, og mótmæla kröftuglega sem stjórnarmaður í Byggðastofnun því sem hann sagði. Hann vék ómaklega að þeirri stofnun. Það eru nefnilega, hv. þm. Skúli Alexandersson og aðrir hv. þm., til allar upplýsingar um fóðurstöðvarnar inni í Byggðastofnun. Það þarf engar viðbótarskýrslur eða upplýsingar. Það eru allar upplýsingar til. Það sem vantar er fjármagn í stofnunina til þess að það sé hægt að verða við þessum óskum sem Alþingi setti fram. Það er kjarni málsins, Skúli Alexandersson, ekki einhver pólitískur loddaraleikur.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er einkennandi þegar menn hafa setið hér of lengi á þingi að þeir fara að rugla eins og hv. þm. Pálmi Jónsson gerði hér áðan, virðast hafa misst heyrn eða misskilja hvað sagt er. Ég sagði það eitt hér að ég ásakaði ekki hæstv. fjmrh. þó að það gerðist að mennirnir sem með klippurnar eru innheimti skuldir við ríkissjóð eftir almennri reglu. Ég nefndi aldrei landbrh. Ég tel að landbrh. verði að komast hér að niðurstöðu í því máli sem rætt var um. Það getur hann vel gert í samráði við forsrh. Það sem ég sagði, hættan er þessi að jafnvel í fyrramálið verði hvergi hægt að framleiða fóður í þau dýr sem til eru. Það er okkar skylda miðað við þá niðurstöðu sem við blasir að leysa vanda fóðurstöðvanna. Þetta tekur það langan tíma, þ.e. skuldbreytingin, að fóðurstöðvarnar eru í mikilli óvissu. Þess vegna sagði ég við hæstv. umhvrh.: Þér verð ég að fela málið þar sem þetta getur orðið umhverfismál í fyrramálið því að bændurnir eiga þá ekki annan kost en að slátra eða sleppa dýrunum út.

EFRI DEILD

61. fundur, þriðjudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason):

Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Ed. Alþingis:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum

erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessum vetri og býð ég hann velkominn til starfa.

Húsaleigusamningar, 1. umr.

Frv. GuðmÁ, 387. mál (viðskiptavild leigutaka). — Þskj. 681.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 frá 1. júní 1979, með síðari breytingum.

Með þeirri breytingu sem hér er mælt fyrir um er verið að taka á vandamáli sem því miður er allt of algengt og kemur upp við lok leigutíma atvinnuhúsnæðis. Þá vill það oft brenna við að eigandi atvinnuhúsnæðisins neiti að framlengja leigumálann og nýti sér síðan húsnæðið og eigni sér þá viðskiptavild sem leigutakinn hafði aflað sér með sinni starfsemi. 1. gr. frv. er á þessa leið:

„Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi og greinatala breytist samkvæmt því:

Leigusala atvinnuhúsnæðis er óheimilt að nýta húsnæðið til sams konar starfsemi og þar var stunduð ef telja má víst að leigutaki hafi með starfsemi sinni skapað hinu leigða viðskiptavild og leigusali hafi hafnað ósk leigutaka um framlengingu leigumálans eða gerð nýs leigumála.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig ljúki leigumála með riftun af öðrum ástæðum en þeim sem greinir í 21. gr. Ef telja má að riftun skv. 21. gr. leiði til óeðlilegrar auðgunar leigusalans gilda ákvæði 1. mgr."

Í grg. með frv. segir m.a.:

„Með frv. er lögð til sú breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 frá 1979, að áunnin viðskiptavild leigutaka verði að loknum tímabundnum leigusamningi um atvinnuhúsnæði metin sem lögvarin eign leigutakans. Með frv. er með öðrum orðum lagt til að eign geti talist annað en lausir og fastir munir.

Á undanförnum árum hefur það aukist að fyrirtæki, sem eru í leiguhúsnæði, séu seld. Kemur þá oft upp vandamál milli seljandans og leigusalans þar sem hinn síðargreindi er í þeirri aðstöðu að neita að samþykkja kaupandann sem leigutaka og þannig koma í veg fyrir að fyrirtæki sé selt. Er þessi réttur sjálfsagður og í samræmi við þau grunnsjónarmið kröfuréttar að eigandi þurfi ekki að hlíta samningum sem aðrir gera um ráðstöfun á eign hans. Það vandamál, sem upp kemur, er það verðmæti sem er fólgið í rekstrinum sem oft og tíðum er meira en verðmæti eignarinnar sem slíkrar. Koma því upp hagsmunaárekstrar milli leigutakans og leigusalans. Húsaleigulögin meta hagsmuni leigutakans einskis.

Með frv. þessu er ekki gengið svo langt að skerða rétt leigusalans til að neita aðilaskiptum á leiguhúsnæði, heldur er verið með frv. að verja leigutakann gagnvart því óréttlæti við lok leigutímans að leigusali geti hagnýtt sér þá viðskiptavild, sem leigutakinn hefur áunnið sér, með því að neita áframhaldandi leigu.

Þó svo að í húsaleigulögunum sé ákvæði þess efnis að leigutakanum sé tryggður framleiguréttur gildir sá réttur ekki ef leigusalinn sjálfur ætlar að nýta sér húsnæðið til eigin þarfa. Frv. er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að leigusali geti skotið sér á bak við þetta ákvæði sjálfum sér til framdráttar.

Gert er ráð fyrir því að ákvæðið gildi einnig ljúki leigusamningi með riftun ef telja má að leigusali verði fyrir óeðlilegri auðgun vegna riftunarinnar. Er þar einkum átt við að leigusali selji eftir riftun leigusamnings öðrum aðila reksturinn og hagnist með þeim hætti á riftun leigusamnings.

Aðaltilgangur flm. með frv. er að tryggja að eign leigutakans verði ekki fyrir borð borin við lok leigusamnings og einnig að koma í veg fyrir þann möguleika að leigusalinn geti hagnast á kostnað leigutakans með því að lýsa yfir ótímabærri riftun eða með neitun á framlengingu tímabundins leigusamnings."

Ég hef hér gert grein fyrir frv. og því sem fram kemur í grg. og vonast eftir því að frv., þegar það kemur til meðferðar hv. félmn., fái skjóta afgreiðslu og að það verði samþykkt á þessu þingi. Ég hef borið frv. undir nokkra aðila sem hafa hagsmuni af því að þetta nái fram að ganga og hafa þeir lýst sig mjög ánægða með þetta mál.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja það til að málinu verði vísað til hv. félmn. og síðan 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 189, n. 700, brtt. 701.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um Námsgagnastofnun. Nefndin fékk til viðræðu við sig Ásgeir Guðmundsson, forstjóra Námsgagnastofnunar, og ræddi við hann um efni frv. Einnig bárust nefndinni umsagnir Bandalags kennarafélaga, Námsgagnastofnunar og Samtaka foreldra og kennara í Reykjavík. Nefndarmenn eru sammála

um að leggja til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þessar breytingar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að fyrri mgr. 1. gr. og 1. málsl. 8. gr. verði sameinuð.

Í öðru lagi: 2. málsl. 8. gr. falli brott þar sem málskotsleið sú sem kveðið er á um er þegar fyrir hendi, sbr. almennar reglur stjórnsýsluréttar, en þarna var um það að ræða að hægt væri að skjóta til ráðherra álitamálum í sambandi við Námsgagnastofnun.

Í þriðja lagi er lagt til að 2. mgr. 1. gr. verði breytt þannig að Námsgagnastofnun verði heimilt að annast verkefni einnig fyrir tónlistarskóla.

Í fjórða lagi verði 2. gr. breytt þannig að stjórn stofnunarinnar skipi áfram sjö menn og verði hún skipuð með sambærilegum hætti og núgildandi lög kveða á um. Í frv. var lagt til að stjórnarmönnum yrði fjölgað í níu en nefndin taldi það ástæðulaust og leggur sem sagt til að stjórnin verði áfram skipuð sjö mönnum og það gert með sambærilegum hætti og núgildandi lög kveða á um.

Þá var einnig í brtt. lagt til að komi ný málsgrein er orðist svo: „Ef stofnuð verða landssamtök foreldrafélaga skal þeim heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í námsgagnastjórn með málfrelsi og tillögurétti.“ Í frv. hafði verið gert ráð fyrir því að fulltrúi foreldra kæmi inn í stjórnina en nefndin taldi að þar sem heildarsamtök foreldrafélaga væru ekki til staðar væri rétt að hafa hlutina á þann veg sem hér er lagt til.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins. Salome Þorkelsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kynnu að koma við málið.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn að undanteknum Halldóri Blöndal og mæla með því að frv. verði samþykkt á þann veg sem ég hef hér skýrt frá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 701,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 701,2.a–e samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 701,2.f kölluð aftur til 3. umr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.–7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 701,3 (8. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
9.–10. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál. — Þskj. 703.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51 frá 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Frv. þetta felur í sér að við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um rétt ráðherra til þess að láta innheimta sérstakt eftirlitsgjald af öllum innfluttum plöntum sem megi vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af tollverði vörunnar. Gjaldið má þó aldrei verða hærra en 2% af þeirri nefndu tollvöru. Nánari ákvæði verði sett um þetta gjald og enn fremur skal setja sérstakar reglur um sambærilegt eftirlitsgjald til að standa straum af eftirliti með útflutningi á plöntum.

Á árinu 1981 voru samþykkt lög hér á Alþingi um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Megintilgangur þeirra laga er að reyna að koma í veg fyrir að til landsins berist skaðvaldar og að þeim skaðvöldum sem hingað berast verði útrýmt. Í lögunum er kveðið á um að haft skuli eftirlit með vörum sem fluttar eru til landsins og geti haft hættu í för með sér í þessum efnum. Í þessum lögum eru landbrh. síðan veittar ýmsar heimildir til að grípa til aðgerða í því skyni að hindra útbreiðslu skaðvalda. Á þeim árum sem liðin eru frá því að lögin voru sett hefur margsinnis komið í ljós að mjög mikil þörf er á virku eftirliti með þeim aðilum sem lögin ná yfir. Því miður hafa borist til landsins skæðir sjúkdómar og illviðráðanleg meindýr og hefur hvort tveggja kostað innlendan landbúnað miklar fjárhæðir og stjórnvöld sömuleiðis í baráttu við útrýmingu þeirra. Í því sambandi nægir að nefna bakteríusjúkdóminn hringrot í kartöflum og skordýrið sem nefnt hefur verið „ameríska blómatripsið“ en reynt hefur verið að íslenska betur og kallað kögurvængja. Þetta kvikindi herjar á plöntur í nokkrum gróðurhúsum og sér því miður engan veginn fyrir endann á slagnum við það. Þetta er skordýr sem hefur afar mikið þol gegn eiturefnum og aðgerðir til útrýmingar á því eru bæði kostnaðarsamar og tímafrekar. Sem betur fer hefur þetta skordýr að vísu eingöngu fundist hjá blómaframleiðendum enn þá en eðli málsins samkvæmt yrði fljótt um gríðarlegt tjón að ræða ef það dreifði sér yfir til grænmetisframleiðenda.

Þessi tvö dæmi hygg ég, herra forseti, að nægi til að undirstrika nauðsyn þess að hér sé haldið uppi virku og markvissu eftirliti með innflutningi sem haft getur hættu í för með sér á þessu sviði.

Það má einnig bæta því við að á sl. sumri, eins og frægt er orðið, þegar flytja þurfti tímabundið til landsins kartöflur vegna þess að innlend framleiðsla var upp urin, kom í ljós mikill misbrestur á því að þær kartöflur sem fluttar voru til landsins uppfylltu þau skilyrði um heilbrigði sem fyrrnefnd lög kveða á um. Og það jafnvel þó að sendingunum fylgdu vottorð viðurkenndra stjórnvalda í útflutningslöndunum. Það kom hvað eftir annað í ljós við skoðun sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að slík vottorð voru ekki nægjanleg trygging fyrir því að framleiðslan væri í góðu lagi. Það er því augljóst mál

að ærin ástæða er til að hafa fyllsta vara á þegar um slíkan innflutning er að ræða.

Það hefur orðið niðurstaða þeirra sem þessi mál hafa skoðað að eðlilegast sé að renna traustari stoðum undir þetta eftirlit og þessar sjúkdómavarnir með því að heimila sjálfstæða gjaldtöku af innflutningnum til að standa straum af eftirlitinu. Það eftirlit sem í gangi er í dag er í algeru fjársvelti. Þar vantar bæði starfskrafta og starfsaðstöðu og auðvitað fyrst og fremst fjármagn til þess að unnt sé að sinna því sem skyldi og dæmin sýna að nauðsynlegt er. Fyrir því eru mörg fordæmi, bæði innan lands og erlendis, að gjald sé lagt á vöruna til að standa straum af þessu eftirliti. Nægir að nefna það eftirlit sem er með framleiðslu og verslun á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og er fjármagnað með sambærilegu gjaldi.

Einnig hefur verið kannað að sambærileg gjöld þekkjast í öðrum löndum, þar á meðal í þeim nágrannalöndum okkar ýmsum sem eru aðilar að sams konar fríverslunarsamvinnu og við erum. Það er því ljóst að hér er ekki á ferðinni gjaldtaka sem á nokkurn hátt brýtur í bága við samninga okkar og skuldbindingar í alþjóðlegum viðskiptum hvað þetta snertir.

Ég hygg að efni frv. að öðru leyti skýri sig sjálft. Það er næsta einfalt og ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Það er rétt að taka það fram og undirstrika að innheimtu gjaldsins er fyrst og fremst ætlað að taka til plantna, eins og þær eru nánar skilgreindar í greinargerð. Nær það til innfluttra blómlauka, græðlinga, pottaplantna, trjáa og runna, afskorinna blóma, jólatrjáa, kartaflna og fersks grænmetis í 6. og 7. kafla tollskrár, eins og þar segir. Ekki er ætlunin að innheimta gjaldið af innfluttum ávöxtum enda litið svo á að eftirlit þeirra vegna snúist fremur og jafnvel fyrst og fremst um ýmis aðskotaefni. Á sama hátt er ekki ætlunin að innheimta þetta gjald af frystum eða þurrkuðum matjurtum.

Ég vil svo að lokum, virðulegur forseti, láta það í ljósi sem enn frekari rök af minni hálfu fyrir því að taka fastar á þessum hlutum en gert hefur verið hingað til að það hefur verið og er á mörgum sviðum okkur Íslendingum enn þá til vansa hversu lítið eftirlit við höfum með því að vara sem berst til landsins, ýmiss konar varningur, standist þær gæðakröfur sem við setjum eða eigum að setja okkur í þeim efnum. Því miður hefur það brugðið við allt of oft að Ísland er hálfgerð ruslakista fyrir vörur sem eru útilokaðar frá mörkuðum víða erlendis af ýmsum ástæðum. Þær standast ekki gæðakröfur, hafa ekki fullnægjandi heilbrigðisvottorð eða annað af því tagi. Og þeim tíma verður auðvitað að linna. Við getum ekki sóma okkar vegna leyft okkur það og eigum ekki að láta bjóða okkur það að vera einhvers konar ruslakista fyrir varning sem ekki er gjaldgengur á markaði í viðskipta- og nágrannalöndunum. Þetta frv. er á sinn hátt liður í því að tryggja að á þessu sviði verði okkur ekki boðið upp á annað en það sem er fyllilega frambærilegt og hefur ekki í för með sér hættur hvað sjúkdóma eða meindýr snertir á þessu sviði.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Frv. GuðmÁ, 388. mál (smábátar). — Þskj. 682.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43 frá 30. mars 1987, um lögskráningu sjómanna. Ég er einn flutningsmaður að þessu frv.

Í greinargerð með frv. segir svo m.a.: „Á síðari árum hefur fiskibátum, 12 rúmlestir brúttó og minni, fjölgað mjög í skipastól Íslendinga og aflahlutdeild þeirra vaxið að sama skapi. Hins vegar skortir mjög á að þeir fjölmörgu sjómenn, sem róa á þessum bátum, njóti réttinda eða sinni skyldum til jafns á við starfsbræður sína á stærri skipum.“ — En frv. þessu er einmitt ætlað að koma því til leiðar að heimilað verði að lögskrá skipverja á bátum undir 12 tonnum en það er ekki heimilt í dag. Það fer eftir ákvörðun lögskráningarstjóra hvort lögskrá skuli eða ekki.

„Þrátt fyrir stórbættan aðbúnað og öryggisbúnað, sem fylgt hefur framþróun og nýsmíði í þessum flokki fiskibáta, hefur félagsleg réttarstaða þeirra sjómanna, sem á þeim róa, dregist aftur úr, m.a. vegna þess að lögskráningarstjórar hafa ekki talið sér skylt að verða við ósk um lögskráningu þeirra.

Frv. þetta er lagt fram til þess að útgerð eða skipstjórar á minni bátum en 12 rúmlestir eignist ótvíræðan rétt til lögskráningar. Þeir sem nýta réttinn til lögskráningar stofna þannig gagnkvæmt aðhald milli útgerðar og sjómanna og gildir þá einu þótt útgerðarmaður og skipstjóri sé einn og sami aðilinn því að skyldur og réttindi, sem lögskráning kemur á, koma honum og hans nánustu engu síður að gagni en öðrum í áhöfn hans.

Ávinningur þess að lögskráning fáist á þessa báta felst í auknu eftirliti, m.a. með því að:

a. smábátar fari ekki á sjó öðruvísi en með fullgild haffærisskírteini,

b. betur verði tryggt að allir stjórnendur smábáta verði með tilskilin réttindi,

c. lögskyldar tryggingar liggi fyrir,

d. vitneskja um áhafnir verði ætíð í höndum lögskráningarstjóra ef slys ber að höndum,

e. samningsréttur sjómanna verði betur tryggður,

f. sjómenn njóti mánaðarlega sjómannafrádráttar við staðgreiðslu skatta.

Með frv. þessu er séð til þess að verði breytingar á öðrum lögum, svo sem um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, lögum er kveða á um haffærisskírteini og öðrum þeim lögum er varða réttindi og skyldur í útgerð smábáta, raskist ekki fyrirhugaður réttur til lögskráningar áhafna á smábátum.

Ókostir þessara lögskráninga eru þeir helstir að:

a. óregluleg mannaskipti eru nokkur á smábátum,

b. strangt eftirlit með að útgerð og áhafnir uppfylli réttindi og skyldur kann að leiða til þess að réttmæt lögskráning dragist gegn vilja áhafnarinnar,

c. eftirlitsskyldan vaxi fyrr en varir lögskráningarstjórum yfir höfuð.

Á móti vega þær staðreyndir að lagt er til að þessar lögskráningar séu einungis heimilar en ekki lögskyldar og því er ljóst að töluverður hluti smábátaflotans mun eftirleiðis sem hingað til vera utan lögskráningar, fyrst og fremst bátar þeirra sem sækja sjóinn í frístundum og sér til skemmtunar á góðviðrisdögum.

Loks skal á það bent að í núgildandi lögum eru lagðar nokkrar skyldur á útgerðarmenn eða forsvarsmenn útgerða til að annast lögskráningu, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga um lögskráningu sjómanna, og verður svo áfram þrátt fyrir breytingar á lögunum samkvæmt þessu frv. Í refsiákvæðum laganna er hins vegar ekki gert ráð fyrir ábyrgð þeirra til að sæta sérstakri refsingu séu þeir sannanlega og ítrekað ábyrgir fyrir vanefndum á skráningarskyldu eins og stefnt er gegn skipstjórum í 2. málsl. 17. gr. frv."

Ég hef hér gert nokkra grein fyrir inntaki frv. En varðandi einstakar greinar segir m.a. í athugasemdum með 1. gr.: „Með ákvæði greinarinnar eru tekin af öll tvímæli um rétt skipstjóra eða útgerðar minni báta en 12 rúmlestir brúttó að fá lögskráningu."

Varðandi 2. gr. frv. segir: „Í 7. gr. gildandi laga eru talin upp í sex töluliðum þau atriði sem uppfylla ber til þess að lögskráning fáist. Í ýmsum lögum og reglum eru nú veittar heimildir til frávika frá þessum skilyrðum að hluta til eða að öllu leyti fyrir smábáta og verður því að taka tillit til þess svo að þau hindri ekki að lögskráning á þá nái fram að ganga.

Með b-lið greinarinnar er áréttað enn frekar að lögskráningarstjóra beri að taka fullt tillit til þeirra frávika sem önnur lög eða reglur veita smábátum gagnvart þeim skilyrðum sem sett eru fyrir lögskráningu."

Í 3. gr. er verið að breyta 17. gr. laganna um ábyrgð verði trassað að lögskrá. 4. gr. þarf ekki skýringa við.

Ég hef farið yfir þetta frv. og fjallað nokkuð rækilega um greinargerðina og á hvaða grunni þetta frv. er byggt og fært fyrir því rök bæði með og á móti að megininntakið, sem er heimildarákvæði um lögskráningu báta undir 12 rúmlestum, verði að lögum.

Að lokinni þeirri umræðu sem vonandi fer fram, eða a.m.k. þeirri umræðu sem ég hef haldið hér uppi, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn. Ég tel að þetta eigi að fara til samgn. og leiðréttir forseti mig ef ég hef þar á röngu að standa.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ekki hvarflar að mér að andmæla því að öllum öryggisreglum sé fylgt gagnvart sjómönnum. Hér er frv. sem gerir ráð fyrir því að lögskráningarstjóra sé skylt að verða við beiðni um lögskráningu á báta undir 12 rúmlestum. Það kann vel að vera að þetta muni leiða til meira öryggis. Ég er þó í vafa þar um. Og vildi gjarnan koma því hér að að ég er þeirrar skoðunar og það eru fleiri, m.a. forsvarsmenn sjómanna, að lögskráningu almennt sem er í lögum núna sé ekki framfylgt eins og lög gera ráð fyrir. Í mínum huga er það til lítils að setja lög sem ekki er nokkurn veginn fyrir séð að menn geti framfylgt eða vilji framfylgja. Það eru ótal dæmi þess að lögskráning samkvæmt gildandi lögum er meira og minna í molum. Muni ég rétt var sett í það nefnd á sínum tíma að fara í gegnum þau mál, skoða hvernig þau væru framkvæmd. Ég man ekkert hvað út úr því kom sérstaklega en ég man ekki betur en að þeir sem það skoðuðu væru sammála um að miklir meinbugir væru á framkvæmd lögskráningar á þeim skipum sem þar tilheyrði.

Ég er þeirrar skoðunar að enn vanti talsvert upp á að núgildandi löggjöf sé fylgt og að ekki sé farið eftir með lögskráningu eins og vera ber. Sem auðvitað getur þýtt, gagnvart tilteknum einstaklingum sem þar eiga hlut að máli, ýmis vandkvæði sem því fylgja.

Ég sagði í upphafi að ef menn telja að löggjöf af því tagi sem hér er lagt til að verði sett muni auka öryggi þeirra sem þar eiga hlut að máli þá hef ég ekki á móti slíku. En ég beini því eindregið til þeirra sem kunna að fjalla um þetta mál að menn skoði hvernig gildandi löggjöf um lögskráningu hefur reitt af. Ég efast ekki um að þar eru meinbugir á og það væri mjög til hins betra að menn reyndu að ýta þar á þannig að lögum væri fylgt, a.m.k. í þeim tilvikum sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Og þá jafnframt ef menn telja til hins betra að færa þetta alveg nánast niður úr, í hvaða báta- eða trillu- eða skektustærð sem er.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir að taka þátt í þessari umræðu og þær ábendingar sem hann hefur komið fram með. Þetta eru nokkuð alvarlegar ásakanir sem þingmaðurinn ber á lögskráningarstjóra og útgerðarmenn að trassa verulega að lögskrá skipsáhafnir. En eins og lögin eru í dag þá er skylda að lögskrá á alla báta yfir 12 tonnum og þeir mega ekki fara út á sjó nema svo sé, ef ég man þetta rétt sem ég lærði einhvern tímann þegar ég stúderaði þessi fræði og raunar kenndi. Mér finnst ástæða til, og ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm., að athugað verði gaumgæfilega hvernig lögskráningarmálum er háttað vítt og breitt um landið og hvort það er mismunandi eftir landshlutum hvernig lögskráning er.

En það er ekki þar með sagt að það frv. sem hér er lagt fram þurfi að vera lítilvægt. Ég tel einmitt að það að mæla fyrir um heimild til handa þeim aðilum sem vilja hafa sín mál í lagi sé af hinu góða. Það hefur að

mínu viti verið mjög slæmt að aðilar sem hafa viljað standa vel gagnvart sínum áhöfnum hafa ekki getað fengið lögskráningu hjá lögskráningarstjóra. Mér finnst þetta vera mjög bagalegt og þess vegna er þetta frv. lagt fram, til að koma til móts við þá aðila sem vilja þá standa vel að sínum málum.

Eins og margir vita eru margir bátar sem eru taldir 10–12 tonn miklu stærri en það. Með annarri mælingu eru þeir kannski upp undir 20 eða 25 tonn. Þetta vildi ég að fram kæmi, en ég vildi þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á því sem hann gerði hér í þessari umræðu. Og þakka honum fyrir það innlegg. Ég tel ekki að hann hafi á einn eða annan hátt verið að gagnrýna frv. sem slíkt og það sem kemur fram í því. En ég vona svo sannarlega að þegar mál þetta verður tekið fyrir í hv. samgn. verði öll þessi mál könnuð.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég hélt að það kæmi engum hv. alþm. á óvart að umræður urðu hér nokkrar, líklega fyrir þrem, fjórum, fimm árum eða svo einmitt varðandi lögskráningarmálin. Þetta hefur farið í gegnum sjómannasamtökin og forustumenn þeirra og þeir hafa sjálfir talið að þarna væri ýmislegt sem þyrfti að bæta um. Hér eru ekki neinar sérstakar ásakanir á útvegsmenn. Ég hygg að bæði sjómenn og útvegsmenn eigi að fylgjast með því hvort þessum tryggingum er fylgt, hvort lögskráning á sér stað. Það er ekki síður einstaklinganna sjálfra sem þurfa að sækja sinn rétt að ganga úr skugga um það að lögum sé framfylgt. Það er ekki bara einhliða. Það þurfa menn að hafa í huga. Þannig að ég er ekkert að ásaka sérstaklega útvegsmenn gagnvart þessu. Ég veit ekki heldur hvort þetta er breytilegt milli lögsagnarumdæma í þessum tilvikum, en það kann að vera að það sé mjög breytilegt. Um það vil ég ekki fullyrða en bendi hins vegar á þetta.

Varðandi frv. sem slíkt og þá einstaklinga sem kynnu að falla undir þá löggjöf. Nú veit ég ekki betur en að þeir einstaklingar borgi tryggingar á þessum bátum til þess að tryggja sig, ég kann þetta ekki nógu vel, þori ekki að fara í rökræður við hv. þm. sem er lögfræðingur að mennt og ætti að vita þetta. En ég hygg þó að menn kaupi sér tryggingu á þessum fleytum hvort sem það er nægjanlegt til þess að bera það uppi sem það á að gera og hvort frv. sem slíkt kann að bæta þar við skal ég ekkert um segja. En eigi að síður held ég að þetta sé rétt hjá mér að þarna sé um tryggingar að ræða.

Ég vildi sem sagt koma því á framfæri að ég er ekki að ásaka útvegsmenn sérstaklega í þessum efnum. Svo kann að vera að einhverjir þeirra séu með því marki brenndir, en ég tel líka að sjómenn eigi sjálfir að huga að sínum málum og ganga úr skugga um það hvort fullnægt er þeim tryggingum sem lög gera ráð fyrir að eigi að vernda þá.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að áhafnir allra báta eigi að vera lögskráðar. Vægi minni báta hefur aukist mjög mikið á síðustu árum. Sjálfsagt er það vegna kvótakerfisins, það er svona þáttur í því að spila á það kerfi að bátum af þeirri stærð hefur fjölgað mjög mikið. Það er líka mikils virði fyrir áhafnir skipanna að vera lögskráðar, ýmissa ástæðna vegna. En það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður, Karvel Pálmason, gat um að keyptar eru tryggingar sem menn hafa látið duga til þessa.

Hitt er annað að umræður um lögskráningu hafa oft farið fram hér á Alþingi og sjómannasamtökin hafa beitt sér mjög fyrir því að þau mál geti verið í lagi. Ég tek líka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að misbrestur hefur orðið víða í nokkrum lögsagnarumdæmum á lögskráningu skipa. En ég fullyrði að það hefur komist í mikið betra horf á undanförnum árum en var og meira eftirlit er með því en áður.

Það ætti líka að vera auðveldara á tölvuöld að halda reiðu yfir þessi mál. Og veit ég að víða er svo komið að tölvutæknin er notuð í þessu skyni. Hér fyrr á árum var það ætíð nokkur viðburður þegar menn fóru á vertíð að menn fóru til sýslumannaembættanna eða fógetaembættanna og létu skrá sig. En síðan fór það í það horf þegar mannabreytingar urðu tíðari að skráning fór fram í gegnum síma, vissi ég um í sumum tilvikum. Oft hefur það misfarist og stundum hefur það komið fyrir að það hefur valdið óbætanlegu tjóni.

Ég tel ástæðu til að ræða um þetta frv. með tilliti til þess að allir bátar verði skráðir. Bátar undir 12 tonnum hafa notið nokkurrar sérstöðu. Það eru t.d. ekki til venjulegir kjarasamningar fyrir þá tegund veiða sem þar eru stundaðar og þeir útgerðarmenn sem gera út slíka báta eiga ekki aðgang að LÍÚ. En eins og ég sagði áðan, breytingar hafa orðið miklar. Smábátum hefur fjölgað og engin ástæða er til að taka mál þeirra í dag öðrum tökum en gert er við aðra báta.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér í hv. deild hafa komið upp umræður um lögskráningu sjómanna með vissu millibili. Ýmis mál hafa komið til umræðu sem hafa svona ýtt við þingmönnum um að þarna væri málefni sem þyrfti umfjöllunar við og ýmislegt væri í framkvæmd laga og reglna um lögskráningu sjómanna sem þyrfti að skoða og víða væri pottur brotinn í þessum málum og útgerðir sem ekki væru með skipshafnir sínar lögskráðar. Ég vona að það sé rétt sem hv. 4. þm. Reykn. sagði hér að þessir hlutir hefðu lagast mjög á síðustu árum. Ég vænti þess og tel trúlegt að svo sé þó að enn sé nokkuð víða misbrestur á í sambandi við eftirlit á lögskráningu skipshafna.

Ég tel þess vegna að þetta frv. hér eigi að verða til að ýta svolítið við þessu málefni einn gang enn og er þörf á því. Við sem í samgn. vinnum og fáum þetta mál til umfjöllunar ættum kannski að gera svolítið meira en að líta á frv. og ágæti þess eða galla, heldur ættum við að líta á hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig á undanförnum missirum við lögskráningu sjómanna.

En það sem felst í aðalmálsgrein þessa frv., þ.e. að lögskráningarstjóra skuli skylt að skrá á smábátana,

það held ég að sé hið ágætasta mál. Staðreyndin er sú að þessir bátar eru ekki margir hverjir lengur smábátar. Einhvern veginn hafa hlutirnir á síðustu árum snúist á þann veg að það sem nú eru kallaðir smábátar fengu a.m.k. alltaf þá nafnbót hér áður að vera pungar eða svo, þetta væri svona heldur meira en trillur. Þess vegna tel ég að sé full ástæða til við umfjöllun málsins að litið verði vel á það hvort skyldan eigi ekki jafnvel að ná neðar í sambandi við lögskráninguna en er í lögum nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

57. fundur, þriðjudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess um þinghald þessa viku að í samráði við formenn þingflokka er að því stefnt að hér geti orðið kvöldfundur annað kvöld og að fundur verði í deildinni á föstudag nk. og að hann hefjist kl. 10 árdegis.

Varðandi 3. dagskrármálið, sem tekið verður á dagskrá hér á eftir, er óljóst hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram um málið að lokinni umræðu hér í dag. Það eru talsverðar fjarvistir í deildinni og margar óskir hafa komið fram um það að atkvæðagreiðsla fari ekki fram í dag og mun forseti athuga það eftir því sem á umræðuna líður hvort ástæða er til þess að hafa atkvæðagreiðslu þá í upphafi fundar á morgun kl. 2.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Á fundi sem var haldinn með þingforsetum og formönnum flokkanna í gær var ákveðið og fastbundið, að ég tel, að klára þetta 3. mál. Ég vil að við það verði staðið vegna þess að ég pressaði það að ég gæti verið hér í dag af þessum ástæðum en fer í aðgerð á morgun. Ég vil að það sem er talað um á þessum fundum eins og í gær standi og ég tel að það hafi verið fastmælum bundið að 3. málið kláraðist í dag, herra forseti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti segja þetta: Á fundi með formönnum þingflokka í gær spurði hv. þm. að því hvort forseti stefndi að atkvæðagreiðslu að lokinni umræðu. Forseti sagðist mundu hafa atkvæðagreiðslu að lokinni umræðu ef aðstæður leyfðu. Forseti verður í jafnviðkvæmu máli og þessu að taka tillit til þeirra aðstæðna sem ríkja í hv. deild, m.a. lögmætra fjarvista nokkurra þingdeildarmanna. Forseti mun hins vegar meta það eftir því sem á umræðuna líður hvort hann boðar til atkvæðagreiðslu síðar í dag og lætur þá boða hér til fundar þá hv. þm. sem ekki hafa séð sér fært að sækja fund í byrjun fundardags.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, 2. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356, n. 690.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefndin fékk Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn., á sinn fund til viðræðna um efni frv. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.

Sighvatur Björgvinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (ofbeldisverk í flugsamgöngum). — Þskj. 468, n. 691.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn., á sinn fund til viðræðna um efni þess. Lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sighvatur Björgvinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 474, n. 668 og 670, brtt. 669.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 668 en það er nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Það er skemmst frá því að segja að nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. og kem ég að því nokkru síðar. Meiri hl. skipa auk mín hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, Matthías Bjarnason og Guðmundur G. Þórarinsson. Áður en ég lýsi frekar afstöðu meiri hl. vil ég ræða örlítið um fyrirliggjandi frv.

Hér er á ferðinni stjfrv. um breytta skipan á eldislánum. Núgildandi lög gera ráð fyrir að Tryggingasjóður fiskeldislána sem er í vörslu Stofnlánadeildar landbúnaðarins veiti greiðslutryggingar fyrir afurðalánum sem lánastofnanir veita. Greiðslutryggingar Tryggingasjóðs fiskeldislána fela í sér einfalda ríkisábyrgð. Í lögunum um hann er ákvæði um að ekki skuli gripið til greiðslutryggingar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á láni og fyrirtæki geti ekki greitt það með öðrum hætti. Þetta þýðir í raun að greiðsluábyrgð kemur ekki til fyrr en eftir að viðkomandi fyrirtæki hefur verið sett í gjaldþrot.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir iðgjaldi fyrir veitingu ábyrgða og svokallaðri ábyrgð eftirlifenda, en það felur í sér að verði halli á sjóðnum eftir fjögur ár skuli hann, a.m.k. að hluta, greiddur af þeim fyrirtækjum sem þá verða starfandi í fiskeldi.

Fiskeldismenn hafa kvartað mikið undan þeim kostnaði að taka þátt í þessum sjóði og telja sig greiða allt að 30% ofan á dollar. Þeir benda á að ábyrgðin er kollektív eða sameiginleg og enn fremur að Framkvæmdasjóði var skotið á milli Tryggingasjóðs og bankanna en Framkvæmdasjóður útvegar eða sér um sjálfskuldarábyrgðina og kostnaður við þetta er 25% ofan á það sem áður hefur verið nefnt. Mikil óánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag meðal fiskeldisfyrirtækja og þess vegna hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fram þetta frv. um ábyrgðadeild fiskeldis. Helstu breytingar sem lagt er til að gerðar verði samkvæmt þessu stjfrv. eru:

1. Hin nýja ábyrgðadeild veitir sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs fyrir hluta af verðmæti eldisstofns til viðbótar við lán banka, en Tryggingasjóður fiskeldislána veitti aðeins einfalda ríkisábyrgð.

2. Horfið er frá því skilyrði að fyrirtækin hafi samningsbundin viðskipti við banka fyrir ákveðinn hluta af verðmæti eldisstofnsins. Í stað þess kemur hið almenna skilyrði að um samningsbundin viðskipti sé að ræða.

3. Gert er ráð fyrir svokölluðu sólarlagsákvæði þannig að ríkisábyrgð fyrir lánum hvers fyrirtækis hverfur á nokkrum árum.

4. Ábyrgð eftirlifenda fellur niður.

5. Í samræmi við það að hér er verið að veita beinar sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs fyrir lánum er deildin vistuð í Ríkisábyrgðasjóði undir forræði hæstv. fjmrh. Tryggingasjóður fiskeldislána verður því lagður niður.

Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir nokkrum tillögum sem nefndarmeirihlutinn flytur en þær tillögur er að finna á þskj. 669. Þar er í fyrsta lagi lagt til að hin nýja ábyrgðadeild hafi heimild til að veita 50% ábyrgð í stað 37,5% ábyrgð eins og er í frv. Þessi tillaga er byggð á reynslu af viðskiptum banka og fiskeldisfyrirtækja á undanförnum missirum. Komi til þess að bankar dragi úr sínum lánum eða krefjist mjög aukinna trygginga gæti svo farið að eldislán lækkuðu mjög og eldisfyrirtækin stæðu verr eftir samþykkt frv. en áður. Með brtt. er komist nær því að tryggja eldisfyrirtækjum sambærilegt afurðalán og gerast í helstu samkeppnislöndunum.

Þá er álitið nauðsynlegt samkvæmt næstu brtt. að telja það vera hlutverk sjóðsins að veita hafbeitarfyrirtækjum eldislánaábyrgð fremur en heimild sé aðeins til slíks og verður þá notað sama orðalag um hafbeitarfyrirtækin og er í frv. um fiskeldisfyrirtæki.

Ein brtt. gerði ráð fyrir breytingu við 3. gr. frv. Það er í fyrsta lagi breyting sem fylgir fyrri breytingu, að færa prósentuna úr 37,5% í 50%. Síðan er lagt til að sólarlagsákvæðið lengist um eitt ár og verði fjögur ár í stað þriggja. Þessi tillaga byggir á því að unnt verði á ábyrgðartímanum að ljúka eldisferli og framleiða stærri lax, þ.e. 4–6 kg lax en það mundi auka mjög á hagkvæmni eldisstöðvanna. Í þessu sambandi er rétt að ítreka að hér er aðeins um tímabundna aðstoð að ræða.

Samkvæmt tillögum meiri hl. er gert ráð fyrir því að hugtakið tryggingar breytist í vátryggingar og telja flm. þessarar tillögu að hér sé verið að nota víðtækara hugtak en er í frv. Þá er gert ráð fyrir breytingum á 6. gr. en þar er lagt til að 2. málsl. greinarinnar falli brott. Það skal tekið fram að fjmrh. og sjóðsstjórn ákveða iðgjöldin. Lagagrein um að deildin skuli rekin hallalaus setur þá ábyrgð á sjóðsstjórn að leggja til nógu há iðgjöld. Ef litið er til reynslu Tryggingasjóðs fiskeldislána var auk 7% iðgjalds 7% áhættugjald eða 14% gjald í heild. Iðgjaldsupphæðin er þá ákveðin að hluta með líkindareikningi og öryggisstuðli þannig að ekki komi til halli á rekstri sjóðsins. Líkur benda sterklega til að þetta ákvæði leiði til þess að iðgjöld hækki meira en þörf er á ella og það geti komið sér illa í byrjun hjá þessari atvinnugrein sem er nú í þröngri stöðu.

Að lokum er um að ræða brtt. við 8. gr. Þar er lagt til að hin nýja ábyrgðadeild taki við ábyrgðum Framkvæmdasjóðs. Nú eru mál þannig, eins og áður hefur

verið sagt frá, að Tryggingasjóður fiskeldislána veitir einfalda ábyrgð en Framkvæmdasjóður veitir sjálfskuldarábyrgð með bakábyrgð Tryggingasjóðs. Samkvæmt frv. tekur ábyrgðadeildin við hlutverki Tryggingasjóðs fiskeldislána, þ.e. heldur ábyrgðinni gagnvart Framkvæmdasjóði. Að áliti meiri hl. er það eðlilegra að nýja ábyrgðadeildin taki við málinu í heild og millibilshlutverki Framkvæmdasjóðs í þessu máli ljúki.

Hæstv. fjmrh. og nokkrir hv. stjórnarþingmenn hafa ráðist að meiri hl. fjh.- og viðskn. að undanförnu. Hæstv. ráðherra sagði orðrétt sl. föstudag í viðtali við DV, með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. og Guðmundur G. Þórarinsson eru með þessu að rífa upp öll öryggismörk og stórauka ríkisforsjána og búa til opinn ábyrgðartékka gagnvart fiskeldinu. Með því flytja þeir yfir á ríkissjóð og skattborgarana hluta af tapi fiskeldisins."

Í tilefni þessara ummæla hæstv. ráðherra skiptir miklu máli að menn átti sig á því að það stjfrv. sem hér er til umræðu er frv. til heimildarlaga. Hæstv. fjmrh. skipar samkvæmt frv. þriggja manna stjórnarnefnd sem afgreiðir umsagnir fyrirtækja. Í 5. gr. er um þetta fjallað en þar segir orðrétt:

„Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum, og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma litið. Stjórnarnefndin skal samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgð er veitt fyrir."

Í 6. gr. segir að hæstv. fjmrh. skuli að fengnum tillögum stjórnarnefndar ákveða þau iðgjöld sem greidd skulu vera fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar. Í grg. með stjfrv. er réttilega bent á að stjórnarnefndin, sem er skipuð þremur mönnum sem hæstv. fjmrh. velur, hefur miklu hlutverki að gegna. Á bls. 4 í grg. segir orðrétt:

„Mikilvægt er að sú regla myndist strax í upphafi að ákvörðunum hennar verði ekki hnekkt af ráðherra eða ríkisstjórn. Með þessu móti er dregið úr áhættu ríkissjóðs."

Af þessu sem ég nú hef lesið má ráða að þetta stjfrv. til tímabundinna laga er þannig úr garði gert að fulltrúar hæstv. fjmrh. hafa veruleg tök — ég segi nánast öll tök á því að lágmarka áhættu ríkissjóðs. Í ljósi þess verða ávirðingar hæstv. ráðherra í garð meiri hl. hv. nefndar torskildar. Ég vona að hv. þm. hafi kynnt sér efni frv. því að þá munu þeir fljótlega átta sig á því að það er í valdi þriggja manna, sem hæstv. fjmrh. skipar, að velja þá sem njóta eiga þeirra heimilda sem lögin geta um.

Virðulegur forseti. Fyrrv. landbrh., hv. þm. Jón Helgason, skipaði á árinu 1988 nefnd til að gera athugun á starfsskilyrðum fiskeldis á Íslandi. Í áfangaskýrslu nefndarinnar sem birt hefur verið er m.a. fjallað um fyrirkomulag þessarar greinar í öðrum löndum. Í skýrslunni eru borin saman skilyrði fjármögnunar til stofnframkvæmda í fiskeldi á Íslandi við nokkur samanburðarlönd og þar kemur fram m.a. eftirfarandi:

1. Samanburðarlöndin, önnur en Færeyjar, veita verulega styrki til stofnframkvæmda eða 25–30% en á Íslandi fást engir styrkir. Það má kannski geta þess jafnframt að það er talið að í Færeyjum geti fyrirtæki fengið styrki úr öðrum sjóðum en nefndin, sem að þessu starfaði, vissi um á þeim tíma.

2. Til að fyrirtæki fái stofnlán er krafa um eigið fjármagn að lágmarki 33% á Íslandi en getur verið verulega lægri í samanburðarlöndunum eða frá 20% og allt niður í 5%.

3. Stofnlán og styrkir í samanburðarlöndunum geta numið allt að 80–95%. Þetta fæst með því að þegar löndin leggja fram ákveðið fjármagn kemur Evrópubandalagið til skjalanna og leggur fram jafnháan styrk á móti. Á Íslandi nemur lánsfé 67% til stofnframkvæmda.

4. Það er mikilvægt að átta sig á því að okkar næstu nágrannar í Skotlandi fara þannig að að rekstrarkostnaður fram að fyrstu tekjum er að jafnaði talinn til stofnkostnaðar en það er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt.

5. Í sumum samanburðarlöndunum er hluti stofnlána með niðurgreiddum vöxtum og á Írlandi að hluta vaxtalaus. Á Íslandi gilda markaðsvextir. Á þessu sést að aðstaða til uppbyggingar fiskeldis verður að teljast mun betri í samanburðarlöndunum vegna styrkja, hærra lánshlutfalls, niðurgreiddra vaxta og lægri eiginfjárkröfu en á Íslandi.

Sé litið til rekstrarlánanna fá fiskeldisfyrirtækin í samanburðarlöndunum yfirleitt lán til fjármögnunar allt að 100% rekstrarkostnaðar. Í Noregi er veitt ríkisábyrgð fyrir rekstrarlánum sem mun nú að jafnaði vera um 45%, til skamms tíma allt að 50% og þar áður allt að 100%. Í Skotlandi er rekstrarkostnaðurinn fram að fyrstu tekjum skilgreindur sem stofnkostnaður, eins og ég sagði áður, og lánað til hans til langs tíma. Samkvæmt skýrslu OECD um fiskeldi, sem gefin var út árið 1988, eru styrkir til fjárfestingar og rekstrar veittir í allríkum mæli til fiskeldis í löndum innan samtakanna. Rekstur fiskeldisfyrirtækja verður að teljast mun auðveldari í samanburðarlöndunum þar eð fiskeldisstöðvar eiga kost á lánum fyrir öllum rekstrarkostnaði, sums staðar með ríkisábyrgð á rekstrarlánum.

Þegar nefnd fyrrv. landbrh. dró saman þær aðferðir sem til greina kæmu til að bæta skilyrði greinarinnar var m.a. bent á ríkisábyrgð á hliðstæðan hátt og í Noregi. Ríkisábyrgðirnar þar mega nú vera hæst 50% af rekstrarlánum, ábyrgðargjaldið er 1% og að sögn framkvæmdastjóra samtaka norskra fiskeldismanna hefur byggðastofnunin í Noregi ekki tapað á ábyrgðum á fiskeldi fram til þessa. Þess skal getið að þessi skýrsla er skrifuð 1988 og ég hef ekki nýrri upplýsingar um þetta mál þaðan.

Eins og allir vita er fiskeldi ung grein hér á landi sem átt hefur í miklum erfiðleikum. Ýmislegt hefur farið úrskeiðis á bernskuskeiði þessarar greinar.

Rannsóknum hefur verið ábótavant áður en ráðist var í framkvæmdir. Stundum hafa ferðir hafist án fyrirheits, t.d. þegar seiðasala brást og ákveðið var að nota seiðin til framleiðslu á matfiski. Með því stjfrv. sem hér er til umræðu er gerð tillaga til tímabundinna ráðstafana til að koma greininni yfir þröskuldinn ef svo má að orði komast. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort grípa eigi til ríkisábyrgðar og flestum er ljóst að ríkisábyrgð á ekki að vera aðalregla þegar um lánafyrirgreiðslu er að ræða til atvinnugreina. Hæstv. ríkisstjórn hefur hins vegar valið þá leið enda er hún þekkt í öðrum löndum á þessu sviði. Það er álit hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. að fyrst hæstv. ríkisstjórn valdi þessa leið sé eðlilegt að það sé gert með þeim hætti að sem mestur árangur náist. Ég minni jafnframt á það að þessi lög falla úr gildi árið 1999 og þarf þá að sjálfsögðu að vera búið að leysa rekstrarfjármögnunarvanda greinarinnar til frambúðar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, ítreka nokkur atriði sem fram hafa komið áður.

1. Lög þessi eru heimildarlög.
2. Hæstv. fjmrh. skipar þriggja manna stjórnarnefnd sem hefur víðtækt vald til að velja þau fyrirtæki sem koma til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða.
3. Hæstv. ráðherra ákveður iðgjald að fengnum tillögum frá stjórnarnefndinni.

Af þessu sést að þau rök sem fram hafa komið frá hæstv. ráðherra, og ýmsir hv. ríkisstjórnarstyðjendur hér á hv. Alþingi hafa tekið undir með ráðherra, eru villandi og það er í meira lagi á misskilningi byggt að halda því fram að þeir sem vilja laga þetta frv., þannig að það geti komið að gagni og ekki sé komið í veg fyrir það, séu á villigötum og séu meiri ríkisábyrgðarmenn en aðrir. Staðreynd málsins er sú að hæstv. ríkisstjórn með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar reið á vaðið vegna þess að hann vildi, að maður skyldi ætla, skapa þessari nýju grein sams konar starfsskilyrði og henni eru sköpuð í nágrannalöndunum. Það sem meiri hl. nefndarinnar hefur gert er að laga þessi ákvæði, auðvitað og ekki síst í trausti þess að hæstv. ráðherra velji sem stjórnarnefndarmenn í þessari nýju deild þá aðila sem gerst þekkja þessi mál og geta lágmarkað áhættu ríkissjóðs en jafnframt komið í veg fyrir að lagaákvæðin verði til þess að fyrirtæki í greininni, sem eiga von í framtíðinni til þess að geta spjarað sig og gefið okkur gjaldeyristekjur, þurfi að líða fyrir galla í lagasetningunni.

Að endingu, virðulegur forseti, er rétt að leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt að þetta lagafrv. fái sem fyrst afgreiðslu, enda bíða fjölmörg fyrirtæki eftir því að hv. Alþingi afgreiði þessi lög, og þannig verði fiskeldisfyrirtækjum búin þau starfsskilyrði sem við helst viljum.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 670 er álit minni hl. fjh.- og viðskn. prentað. Þar segir að nefndin hafi fjallað um frv. og leggur minni hl. hennar til að frv. verði samþykkt óbreytt. Til viðræðna við nefndina um frv. komu Snorri Olsen og Sveinbjörn Óskarsson úr fjmrn., Friðrik Sigurðsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Kristinn Zimsen frá Búnaðarbanka Íslands, Jón Snorri Snorrason frá Landsbanka Íslands og Snorri Tómasson frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Þetta mál afgreiddum við frá fjh.- og viðskn. 23. febr. 1990. Undir álit minni hl. rita auk mín hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson og Ragnar Arnalds.

Það er svo með þetta frv. sem hér er til umræðu að fæðing þess var æðiörðug og stóð yfir fyrri hluta vetrar með töluverðum hríðum. Það var tafsamt að finna frv. búning sem stjórnarflokkarnir yrðu ásáttir um en að endingu tókst það og frv. var lagt fram sem stjfrv. Ég lít svo á að þar hafi verið um að ræða samning á milli stjórnarflokkanna um að afgreiða málin með þeim hætti sem þar var lagt til.

Ég er ekki að draga í efa að þessar brtt. sem hér eru settar fram af hv. meiri hl. væru til hagsbóta fyrir fiskeldið sem slíkt. En þær leggja enn fremur verulegar kvaðir á ríkissjóð. Ég hefði léð máls á því persónulega að gera einhverjar breytingar á þessu frv., ekki allar þessar sem hér er lagt til, en ég var tilbúinn að skoða sumar af þeim breytingahugmyndum sem hér voru settar fram ef um það hefði getað orðið samkomulag stjórnarflokkanna. Það samkomulag náðist ekki. Ég vil halda þann samning sem gerður var enda er ekki samkomulag um að breyta honum. Þetta mál hefur, því miður, vegna brtt. eða hugmynda um breytingar tafist allt of lengi. Samkvæmt mínum skilningi er mjög mikilvægt að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu og í ljósi þess legg ég til að það verði samþykkt óbreytt.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um breytta skipan eldislána hefur tekið nokkuð sérkennilega stefnu. Ekki er nema eitt ár liðið síðan samþykktar voru hér á Alþingi breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og tilgangur þeirra breytinga var að reyna að styrkja stöðu fiskeldis á Íslandi og veita því svipuð skilyrði og öðrum framleiðslugreinum með afurða- og rekstrarlánum.

Fjárskortur hrjáði mjög fiskeldið og takmarkaði möguleika þessarar atvinnugreinar. Því frv. var ýtt í skyndi gegnum þingið og svipað og oft gerist voru vankantar ekki sniðnir af og mörgum spurningum ósvarað. Nú ári seinna er komið annað frv. og nú skal bætt um betur með nýrri tilhögun.

Það er ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að rifja aðeins upp forsögu málsins. Fiskeldið er því miður glöggt dæmi um hvernig þotið er af stað fyrirhyggjulaust og hlaupið yfir nauðsynleg byrjunarskref. Aðdragandinn allt of lítill, allt of margir hlaupa til og vilja eiga þátt í nýjasta gullgrafaraævintýrinu. Þó í fiskeldi felist möguleikar bæði til aukinnar atvinnu og útflutnings gerist það ekki átakalaust eins og nú er lýðum ljóst.

Við ætlum seint að læra af reynslunni Íslendingar, sjáumst ekki fyrir í gullgrafaraæðinu, göngumst upp í því að vera áhlaupafólk með veiðimannaeðli. Loð-

dýraræktin er annað dæmi um gönuhlaup og asa. Lausnarorðið fundið og allir með. Sá er þó munur á þessum tveimur ævintýrum, þó margt sé líkt með skyldum, að hið opinbera ber í raun miklu þyngri ábyrgð hvað varðar loðdýrarækt því þar voru menn óspart eggjaðir til dáða. Fiskeldismenn voru fremur úr hópi íslenskra athafnamanna sem, eins og fyrri daginn, létu hátt um sjálfstæði og einkaframtak og ætluðu ekki á ríkisspenann. En eins og oft áður þegar fyrirhyggjuna og framsýnina vantar og eldmóðurinn ríkir einn og án skynsemi fóru menn offari. Fjárfestu of mikið, undirbúning og grundvallarrannsóknir vantaði, það var fjárfest of víða og gerð voru flest þau byrjunarmistök sem hugsast geta. Mörgu hefði verið hægt að forða ef menn hefðu flýtt sér hægar.

Nú má ef til vill segja sem svo, og það með réttu, að þetta sé búið og gert og nú ríði á því að bjarga því sem bjargað verður. En það verður þó að minna á við öll tækifæri að stóru lausnirnar, sem eiga að bjarga öllum og öllu strax, duga ekki og hafa aldrei dugað. Í þeirri von að einhverjir læri verður að minna á mistök um leið og tekist er á við afleiðingar.

Nú má ekki skilja það svo að við kvennalistakonur séum á móti fiskeldi eða þeim möguleikum sem það býr yfir, bæði til fjölbreyttari og meiri atvinnu og til gjaldeyrisöflunar, eins og ég minntist á fyrr, heldur eru vinnubrögðin ámælisverð og mjög andstæð okkar vinnubrögðum, sem oft eru kennd við hugleysi, það að stökkva ekki og hrökkva fremur. En stórhugurinn svokallaði, það að stökkva alltaf umhugsunarlaust, hefur oftar en ekki reynst þjóðarbúinu dýrkeyptur. Og við kvennalistakonur munum seint gefast upp við að minna aðra á að flýta sér hægt og undirbúa vel.

En snúum okkur aftur að björgunarstarfinu. Það gildir nefnilega sama um björgunarstarfsemi og undirbúninginn að þessari atvinnugrein, hún verður líka að vera vel ígrunduð ef hún á að bera tilætlaðan árangur. Nú þegar verið er að reyna að betrumbæta ársgamla björgunaraðgerð verður að hyggja vel að. Við skulum fyrst hafa í huga að hér er um stjfrv. að ræða og því er þetta ekki eitthvert fjáraustursgönuhlaup ábyrgðarlausra þingmanna sem vilja bara eyða án þess að afla, svo vitnað sé til yfirlýsinga hæstv. fjmrh. undanfarið. Vissulega hefur þó komið upp nokkuð sérkennileg staða í málinu. Sú að fjh.- og viðskn. klofnaði í afstöðu til frv. í meðförum nefndarinnar og nýr meiri hl. myndaðist með þátttöku stjórnarandstöðu og eins stjórnarþingmanns. Því veldur sú skoðun að þær ráðstafanir sem boðaðar voru í stjfrv. nægðu ekki að okkar mati.

Það er alveg ljóst að gjaldþrot og skakkaföll í fiskeldi kosta þjóðarbúið mikið og því vert að kosta nokkru til að renna styrkum stoðum undir atvinnugreinina, ekki stoðum sem eru of veikbyggðar til að bera þann þunga sem þeim eru ætlaðar. Ef sú stefna er yfir höfuð tekin að styrkja þessa grein, og þá stefnu hefur ríkisstjórnin þegar tekið, verður það að gerast með þeim hætti að hún verði samkeppnisfær bæði við atvinnugreinar innan lands og á mörkuðum erlendis. Eins og málum er komið í atvinnumálum landsmanna, og allir mæna á nýja allsherjarlausn, stóriðju og ný álver, og loka augunum fyrir vanköntunum svo sem mengun, byggðaröskun, einhæfri atvinnu fyrst og fremst fyrir karlmenn þrátt fyrir stórkostlegt atvinnuleysi kvenna, mikilli erlendri skuldasöfnun, að öllum líkindum hækkuðu orkuverði til landsmanna, svo fátt eitt sé talið, hljótum við kvennalistakonur að styðja aðra viðleitni til atvinnuuppbyggingar. Atvinna fjölda fólks er í húfi og sums staðar eiga heilu byggðarlögin allt sitt undir fiskeldi og möguleikarnir eru vissulega fyrir hendi ef vel er á málum haldið.

Því stöndum við að brtt. við stjfrv. þetta um ábyrgðadeild fiskeldislána í þeirri trú að hér sé um að ræða annaðhvort eða. Veigamestu breytingarnar eru efalaust að hámark lána skuli verða 50% af verðmæti eldisstofns í stað 37,5%. Nú er fallið brott skilyrði fyrir sömu fyrirgreiðslu annarra lánastofnana líklega vegna þess að fiskeldi hefur ekki verið með uppáhaldsviðskiptavinum lánastofnana og því felst í frv. sú hætta að í raun minnki lánafyrirgreiðslan með tilkomu þess í stað þess að styrkjast.

Annað veigamikið atriði brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. er að hægt er að lána fjögur ár í röð í stað þriggja. Þessi breyting ákvarðast af þeirri staðreynd að vaxtartími er lengri en þrjú ár og því ekki full hjálp í lánum sem stöðvuð eru áður en hægt er að koma afurðunum í verð. Aðrar breytingar eru smávægilegar og hefur hv. 1. þm. Reykv. þegar gert grein fyrir frv. og brtt. og ekki ástæða til að endurtaka það frekar. En vert er þó að taka fram að að öðru leyti er þannig um hnúta búið að áhætta ríkissjóðs er, að því er virðist, lítil og fjmrh. hefur í hendi sér framkvæmd þessara laga og því er honum og hans mönnum í sjálfsvald sett hvort þeir meti aðstæður fyrirtækja rétt eða hvort teflt er of mikið í tvísýnu í lánveitingum.

Við kvennalistakonur stöndum ekki með glöðu geði að þessum breytingum eða samþykkt frv. að þeim gerðum. Hefðum, eins og á undan var lýst, kosið aðrar vinnuaðferðir en viljum standa almennilega að björgunaraðgerðum fyrst þeirra er þörf í þeirri von að kostnaður við þær verði, úr því sem komið er, minni en ef látið er skeika að sköptu. Látum svo þetta mál verða okkur víti til varnaðar og flýtum okkur hægar næst; í stóriðjumálum, í virkjanamálum og í því að gína yfir fljótteknum gróða hvar sem hann er að finna. Látum ekki tímabundnar smáþrengingar verða til þess að við missum yfirráðarétt yfir landinu eða auðlindum þess. Íslendingar hafa áður þreyð þorrann og góuna og það við margfalt erfiðari skilyrði en nú eru.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þær brtt. sem Sjálfstfl. hefur haft forgöngu um að flytja við þetta frv. varpa nokkuð skýru ljósi á raunverulega afstöðu þess flokks til fjögurra höfuðmála sem hafa verið til umfjöllunar á Alþingi í vetur og undanfarin ár. Þessi fjögur höfuðmál eru öll grundvallaratriði í nútímaefnahagslífi og ríkisfjármálum. Það er mjög merkilegt að þær

brtt. sem fulltrúi Sjálfstfl. mælti hér fyrir og hefur stuðning við frá þingmönnum annarra flokka, ganga þvert á þá grundvallarstefnu sem talsmenn Sjálfstfl., og reyndar ýmsir aðrir sem þessar brtt. flytja, hafa sagst styðja hér í sölum Alþingis í vetur og fyrri ár.

Hverjar eru þessar fjórar höfuðstefnur sem menn hafa flutt um margar ræður hér á Alþingi? Þær eru í fyrsta lagi sú stefna að draga úr ríkisforsjá í atvinnulífi. Víkja af þeirri braut að illa rekin fyrirtæki eða eigendur fyrirtækja sem gera rekstrarleg mistök og fjárfestingarleg mistök sem þeir bera sjálfir ábyrgð á geti flutt hluta af þeirri ábyrgð og kostnaðinn af mistökum sínum yfir á almenning í landinu. Þessi gamla stefna hefur stundum hlotið nafnið pilsfaldakapítalismi og felur í sér að þegar tapið verður geti eigendur fyrirtækjanna hlaupið undir pilsfald ríkisvaldsins og látið almenning í landinu, skattborgarana, greiða kostnaðinn af tapi fyrirtækjanna. Og það er athyglisvert að þeir fulltrúar Sjálfstfl. sem nú gerast talsmenn aukinnar ríkisforsjár og aukins pilsfaldakapítalisma af þessu tagi í íslensku efnahagslífi eru jafnframt hér á Alþingi að reyna að slá sig til riddara vegna þess að þeir vilja að skattarnir séu lækkaðir og almenningur í landinu eigi að borga minna.

Í öðru lagi er sú stefna að draga úr ríkisábyrgðum í atvinnulífinu. Stuðla að þróun nútímaatvinnulífs þar sem fyrirtækin sjálf, eigendur þeirra og rekstraraðilar, bera ábyrgð á rekstrinum en geti ekki skákað í því skjólinu að ríkissjóður, þ.e. almennir skattborgarar, beri í reynd ábyrgðina.

Við höfum séð ýmis hagkerfi í austurhluta Evrópu hrynja vegna þess að þar var kerfi ríkisábyrgðanna útfært með svo afgerandi hætti að það náði nánast til allra sviða efnahagslífsins. Með brtt. sem Sjálfstfl. og nokkrir aðrir þingmenn flytja hér er verið að leggja það til að halda í auknum mæli út á braut ríkisábyrgða í atvinnulífi á Íslandi og gera það með þeim hætti að það sé nokkurn veginn alveg öruggt að verulegur hluti þess taps sem verður vegna ríkisábyrgðanna verði flutt yfir á skattborgarana í landinu. Það er satt að segja dálítið sérkennilegt að á þeim tímum sem maður hélt að hér væri að myndast meiri hluti á Alþingi um að draga úr ríkisábyrgðum, að feta okkur skref fyrir skref frá þeirri stefnu og efla hér atvinnulíf þar sem rekstrareiningarnar stæðu á eigin fótum, þá skuli myndast í fjh.- og viðskn. meiri hl. fyrir þeirri fornu stefnu, þeirri úreltu stefnu að auka ríkisábyrgðirnar.

Þriðja meginatriðið í nútímaefnahagslífi, sem rætt hefur verið um á undanförnum árum og maður hélt að væri vaxandi stuðningur fyrir, er að viðskiptabankar og fjármálastofnanir á hinum almenna peningamarkaði eigi að annast eðlilega lánafyrirgreiðslu í þágu atvinnulífsins en ríkissjóður eigi ekki að vera eins konar viðskiptabanki atvinnufyrirtækjanna. Sumir, og jafnvel forsvarsmenn Sjálfstfl., ganga svo langt á hátíðastundum að segja að þeir vilji fylgja þessari stefnu eftir með svo afgerandi hætti að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög þannig að ríkið verði hvergi rekstraraðili í bankakerfinu. Með þeim tillögum sem hér hefur verið mælt fyrir er verið að ganga þvert á þessa stefnu og leggja til að ríkissjóður taki að sér þann hluta lánafyrirgreiðslu við fiskeldið sem eðlilega væri til kominn hjá viðskiptabönkunum og minnka þar með hlut viðskiptabankanna í eðlilegri rekstrarlegri lánafyrirgreiðslu til fiskeldisfyrirtækjanna. Og það er satt að segja mjög sérkennilegt að þurfa að standa í dag í þeim sporum að mæla gegn tillögu frá Sjálfstfl. og nokkrum öðrum þingmönnum og vara við því að Alþingi haldi inn á þá braut að gera ríkissjóð að eins konar viðskiptabanka fiskeldisfyrirtækjanna.

Í fjórða lagi hefur verið vaxandi stuðningur fyrir því hér á Alþingi að ekki væru veittar opnar greiðsluheimildir fyrir ríkissjóð og fer nú fram í þessari hv. deild umræða um frv. allra þingmanna í fjvn. þar sem festa á í lög að ekki megi greiða úr ríkissjóði né skuldbinda ríkissjóð með neinum hætti án þess að til komi formleg afgreiðsla Alþingis á þeim upphæðum sem þar er um að ræða. Í þeim brtt. sem Sjálfstfl. ásamt nokkrum öðrum þingmönnum, leggur hér til, er hins vegar gengið þvert á þessa stefnu. Í þessum brtt. er lagt til að veita opnar greiðsluheimildir, greiðslukvaðir á ríkissjóð og þar með skrifa opinn tékka á ríkissjóðinn sem fylla ætti síðan út í fjárhagsárum þessa áratugar án þess að nokkur viti hvaða upphæðir standi á þeim tékka. Og mér finnst satt að segja sérkennilegt að hafa staðið hér í síðustu viku og hlustað á ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar þar sem hann leggur höfuðáherslu á það hve brýn nauðsyn sé að samþykkja þetta frv. fjvn., og ég tók undir þau grundvallarviðhorf sem þar komu fram, og standa svo hér í dag og þurfa að benda á það að í þeim brtt. sem Sjálfstfl. hefur hér flutt, ásamt nokkrum öðrum þingmönnum, er einmitt verið að leggja til að samþykktar verði slíkar opnar greiðsluheimildir án upphæða inn í framtíðina. Það er þess vegna alveg ljóst að þær brtt. sem hér var mælt fyrir af hv. þm. Friðriki Sophussyni ganga þvert á þessi fjögur grundvallaratriði í nútímaþróun viðskiptalífs og efnahagsmála. Þær fela í sér aukna ríkisforsjá, þær fela í sér auknar ríkisábyrgðir, þær fela í sér að ríkissjóður er látinn taka við hlutverki viðskiptabanka og þær fela í fjórða lagi í sér að í stað þess að engar greiðslur séu veittar úr ríkissjóði nema upphæðirnar séu ákveðnar fyrir fram sé verið að opna tékkhefti án upphæða fyrir ríkissjóð á næstu árum og skuldbinda hann til að greiða þar úr án þess að nokkur viti í dag hvaða upphæðir eiga að standa á þessum tékkum.

Það er alveg rétt að fiskeldið á Íslandi á í miklum erfiðleikum. Þeir erfiðleikar stafa annars vegar af því að fjölmargir sem þar hafa ráðist í framkvæmdir hafa reynst fylgja frekar kappi en forsjá og þeir erfiðleikar stafa af því að vonir manna um söluverðmæti og erlendan markað fyrir þessa vöru hafa ekki reynst réttar. Auðvitað er það þannig að í okkar þjóðfélagi hljótum við í nútíð og framtíð að byggja á margvíslegum áhættuatvinnugreinum þar sem vinningurinn er óviss og einstaklingarnir og hlutafélögin sem stofnuð

eru um þennan rekstur verða sjálfir að taka áhættuna. Nú á hins vegar að fara að festa hér í sessi kerfi þar sem ríkissjóður, þar með talið skattborgararnir í landinu, eiga að taka að sér stóran hluta þessarar áhættu og flytja þannig yfir á almenna skattborgara hluta af því tapi sem kann að verða af þessum tveimur ástæðum. Og ég spyr: Er það rétt stefna á hv. Alþingi að gefa einstaklingum í rekstri og fyrirtækjum í landinu og þeim sem kunna að fara inn í rekstur á næstu árum það til kynna að þeir geti nokkurn veginn leyft sér að taka þá áhættu sem þeim sýnist vegna þess að það verði alltaf á Alþingi einhver þingmeirihluti sem hleypur undir bagga og flytur tapið yfir á skattborgarana í landinu? Ég hélt satt að segja að slíkur boðskapur úr sölum Alþingis gengi þvert á þá nútímaþróun sem við viljum fylgja í efnahagsstefnu hér á Íslandi.

Fyrir rúmu ári síðan var samþykkt hér á Alþingi frv. um Tryggingasjóð fiskeldislána. Það frv. var ákveðinn liður í því að reyna að stuðla að því að fiskeldið gæti komist yfir þann erfiða hjalla sem þá blasti við. En það var grundvallaratriði í þeirri löggjöf, og ég rifja það upp hér vegna þess að mér sýnist sumir ræðumenn hér í dag hafa gleymt því atriði, það var grundvallaratriði í þeirri löggjöf að fiskeldisfyrirtækin sjálf tóku á sig meginábyrgðina af framtíðarstöðu sjóðsins með því ákvæði að þau fyrirtæki sem störfuðu áfram í gegnum iðgjaldagreiðslur tækju á sig það tap sem sjóðurinn kynni að verða fyrir. Þannig var búin til heildarábyrgð fyrirtækjanna í fiskeldinu hvers gagnvart öðru, en almenningur í landinu í gegnum ríkissjóð ekki látinn koma inn sem ábyrgðaraðili. Þetta var auðvitað lykilatriðið í því að margir treystu sér til þess að samþykkja þetta frv. vegna þess að það gekk ekki þvert á þau grundvallaratriði sem ég hef verið að lýsa. Og forsvarsmenn fiskeldisfyrirtækjanna lýstu því yfir þá að þeir teldu þetta mikinn áfanga og væru sammála þeirri stefnu að fiskeldisfyrirtækin tækju að sér í heild sinni þessa ábyrgð. Ábyrgð ríkissjóðs kom því aðeins til greina að fiskeldið allt sem heildaratvinnugrein biði skipbrot. En það var ekki ábyrgð gagnvart einstökum fyrirtækjum hverju fyrir sig.

Á seinni hluta síðasta árs komu hins vegar upp þau sjónarmið af hálfu forsvarsmanna fiskeldisins að nauðsynlegt væri að breyta þessu skipulagi til þess að auðvelda þeim fyrirtækjum sem á annað borð væru með lífvænlegan rekstur, og ég legg aftur áherslu á það, þeim fyrirtækjum sem á annað borð væru með lífvænlegan rekstur að komast yfir þennan erfiða hjalla. Og eftir ítarlegar athuganir og mikla vinnu sameinaðist ríkisstjórnin um að leggja hér til ábyrgðadeild fiskeldis þar sem tekin var upp ríkisábyrgð gagnvart hverju fyrirtæki fyrir sig en með þeim öryggisákvæðum, með þeim talnalegu öryggisnetum, að það væru fyrst og fremst þau fyrirtæki sem hefðu eðlilega rekstrarmöguleika sem inn í þetta kerfi gætu gengið. Með þeim brtt. sem hér hefur verið mælt fyrir er verið að rífa upp þessi öryggisnet, er verið að taka burtu þessa varnagla. Ég sé að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sem var einn af þátttakendunum í að semja það frv. sem hann nú vill breyta með liðsinni Sjálfstfl. hristir höfuðið. En ég spyr á móti: Ef tölurnar í frv. duga ekki, hvers vegna er verið að breyta þeim? Er ekki verið að breyta þeim, eins og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði hér áðan, sem björgunaraðgerð, svo að ég noti hennar óbreyttu orð, björgunaraðgerð þar sem björgunin felst í því að flytja einhvern hluta af tapinu yfir á skattborgarana í landinu og þar með talinn ríkissjóð. Ég vil þess vegna fara hér yfir þær brtt., sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur hér mælt fyrir, til þess að skýra nokkuð nánar hvað felst í þessum tillögum. Vegna þess að mér fannst merkilegt að þeir sem styðja tillögurnar í hv. fjh.- og viðskn. vörðu ekki miklum tíma í ræðum sínum til þess að útskýra nákvæmlega hvað fælist í brtt.

1. brtt. felur í sér að sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs er aukin í allt að 50% að verðmæti eldisstofnsins í stað 37,5% í frv. Þessi breyting hefur í för með sér að draga úr þeim þrýstingi sem er á bankakerfinu til þess að veita afurðalán og taka hluta af þeim afurðalánum sem eðlilegt er að viðskiptabankarnir veiti í gegnum ríkisábyrgðakerfið eða með öðrum orðum flytja yfir á ríkissjóð hluta af eðlilegri lána- og ábyrgðarstarfsemi bankakerfisins. Hver er ástæðan fyrir því að viðskiptabankarnir voru tregir til þess að veita þau lán sem hér um ræðir og þær ábyrgðir? Hvers vegna er talin nauðsyn á því að hækka hlutfallið úr 37,5% í 50%? Jú, er ekki svarið að viðskiptabankarnir með sitt faglega mat, hagdeilda sinna og rekstrarráðgjafa hafa ekki treyst sér til þess að mæla með því við bankann að slík lána- og ábyrgðafyrirgreiðsla væri veitt? Það er auðvitað svarið. Og þess vegna sé verið að flytja þá neitun og þá höfnun á ábyrgð viðskiptabankanna, sem væntanlega hefur verið framkvæmd með faglegu mati viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis sem þekkir rekstur fyrirtækisins inn og út, yfir á ríkissjóð, yfir á skattborgana. Það sem viðskiptabankinn treystir sér ekki til að ábyrgjast eiga skattborgararnir í landinu að ábyrgjast. Og ég spyr: Hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug eftir allar þær ræður um nútímahætti í viðskiptalífi og efnahagslífi að standa hér upp og leggja þetta til? Jafnvel sömu mennirnir sem gerast talsmenn þess að leggja eigi niður ríkisbankana til þess að hægt sé að taka upp almennt viðskiptabankakerfi hér á Íslandi. Þessi breyting ein og sér felur í sér að ábyrgðarhluti ríkisins verður aukinn um a.m.k. 300–400 millj. kr. Kom það fram hjá hv. flm. Friðrik Sophussyni eða hv. alþm. Þórhildi Þorleifsdóttur, þessi upphæð? Nei. Það væri fróðlegt að vita hvort flm. þessarar tillögu hafa leitað sér upplýsinga um hvað hún þýðir í milljónum króna. Hún þýðir að það er verið að auka ábyrgðirnar um 300–400 millj. kr.

2. brtt. sem lögð er til er að það eigi að vera skilyrðislaust hlutverk sjóðsins að veita ábyrgðir til hafbeitarfyrirtækja. Ég vænti þess að hv. alþm. geri sér skýra grein fyrir því hver er munurinn á rekstri og veðmöguleikum þeirra fiskeldisfyrirtækja sem þessu

frv. er fyrst og fremst ætlað að þjóna og þeirra fyrirtækja eða þess hluta í rekstrinum sem fyrst og fremst fæst við hafbeit. Með þessari tillögu er verið að lögbinda í frv., með því að segja að það eigi skilyrðislaust að veita ábyrgð vegna hafbeitar, það er verið að opna kröfu á ríkissjóð sem enginn veit í dag hvað verður stór. Nemur hún hundruðum milljóna? Nemur hún milljörðum? Það veit enginn. Og flm. tillögunnar virðast ekki einu sinni hafa haft fyrir því að leita sér heimilda eða upplýsinga um það svo að þeir geti skýrt Alþingi frá því hvað þeir eru í raun og veru að leggja til með því að breyta því sem í frv. er heimild, sem verður ekki beitt nema að lokinni ítarlegri athugun og skoðun, í skilyrðislausa framkvæmd. Og ég spyr á móti: Hvernig á að ákvarða verðgildi eldisstofnanna sem synda í sjónum og enginn veit hvernig koma til með að skila sér? Það vita það allir hér að skilahlutfall hafbeitarlax er mjög mismunandi. Engu að síður er verið að leggja það til að það eigi að taka veð í laxinum sem syndir hérna úti í Atlantshafinu og enginn veit hvað skilar sér í ríkum mæli eða hvort skilar sér inn í viðkomandi stöð og veita fjármuni úr ríkissjóði og ábyrgðir í samræmi við það. Satt að segja á maður mjög bágt með að átta sig á því hvernig ábyrgir aðilar og kunnáttuaðilar í fiskeldi treysta sér til þess að leggja til að þetta eigi skilyrðislaust að gera án þess að fram hafi farið mjög ítarleg og nákvæm og tæknileg athugun á því í fyrsta lagi hvort þetta er framkvæmanlegt og í öðru lagi hvaða varnagla þurfi að setja í þeim efnum. Kannski er skýringin sú að menn vilji flytja möguleikana á því að almenningur sé ábyrgðaraðili að óútfylltum tékka yfir á alla hafbeitarræktina á Íslandi? Það er stór tékki. Og það eru ekki kjarklausir menn sem koma hér og leggja það til í örstuttri brtt. og án þess að rökstyðja það mikið í sínum málflutningi hvers vegna þeir kjósa að gera þá grundvallarbreytingu á frv. að það skuli lagaleg skylda að veita ábyrgðina gagnvart hafbeitinni. (**FrS:** Hefurðu lesið frv.?) Jú, ég hef lesið frv. rækilega, hv. þm. Og ég hef líka lesið brtt. og ég er einmitt að lýsa eðli brtt. sem ekki var gert hér af hv. þm. Friðriki Sophussyni vegna þess að það var augljóst að hann var hálffeiminn við að mæla fyrir þessum brtt. hér og allur seinni hluti ræðu hans var í afsökunartón. Enda hlýtur þessum frjálshyggju-"báknið burt"-postula að líða illa í þessu hlutverki ríkisforsjármannsins og ríkisábyrgðarmannsins sem hann birtist í hér áðan. (Gripið fram í.) Ég kunni nú ekki við að nota það orð um hann beint og persónulega.

Þriðja atriðið sem hér er lagt til er að hámarkstíminn sem fiskeldisfyrirtækin geti fengið fulla sjálfskuldarábyrgð er lengdur úr þremum árum í fjögur og það sem meira er, heildartíminn úr sex árum í átta. Það er vissulega rétt og það er að mínum dómi kannski eitt af því fáa sem lagt er til af flm. þessara brtt. sem fyrir eru efnisleg rök í sjálfu sér, að það geti verið rétt að framlengja hámarkstíma fullrar ábyrgðar úr þremur árum í fjögur. (**FrS:** Farðu nú ekki að viðurkenna það.) Jú, jú, ég viðurkenni nefnilega það sem er efnislega rétt og kunna að vera rök fyrir en ekki bara hagsmunapot sem felst í því að láta skattborgarana taka að sér peningagreiðslur sem eigendur fyrirtækjanna eiga, samkvæmt lögmálum eðlilegs efnahagslífs, að standa ábyrgir fyrir. Og þess vegna væri í sjálfu sér hægt að samþykkja þá brtt. á frv. að lengja þennan tíma úr þremur árum í fjögur. Það eru hins vegar engin rök fyrir því að framlengja heildartímann í átta ár sem líka er lagt til. Ákvæðin um hámarkstíma ábyrgða í frv. voru sett til að koma í veg fyrir það, og ég legg ríka áherslu á það, til að koma í veg fyrir það að fiskeldisfyrirtækin festust til frambúðar í kerfi ríkisábyrgða. Þess vegna var sett eðlilegt sólarlagsákvæði, sex ár, sem eiga samkvæmt öllu rökum að duga fiskeldisfyrirtækjum í eðlilegum rekstri og á þeim tíma væri ríkisábyrgðin hnigin til viðar. En með því að framlengja tímann í átta ár væri í reynd verið að setja ríkisábyrgðina fram yfir eðlilegan rekstrartíma og stofntíma viðkomandi fyrirtækja. Og hver er ástæðan? Er kannski ástæðan sú að menn vilja hafa það vað fyrir neðan sig að geta komið tapinu yfir á ríkið á þessum tíma? Þessi brtt. bendir þess vegna til þess að þeir sem leggja til að sólarlagstíminn sé lengdur úr sex árum í átta ár hafi ekki sjálfir trú á rekstraráætlunum þeirra fiskeldisfyrirtækja sem mundu sækja um og séu þess vegna að veita þeim aukinn aðgang að greiðslu skattborgaranna á þeirra tapi. Sérhver sem hefur eðlilega trú á rekstraráætlunum fyrirtækjanna mun að sjálfsögðu fallst á að sex ára tími sé nægilegur. Ég legg hins vegar áherslu á það, eins og ég gerði hér áðan, að það getur alveg komið til greina, og fyrir því eru eðlileg rök efnislega, að breyta þremur árunum í fjögur án þess að hreyfa við heildartímanum sex ár eða breyta honum í átta. Sama gildir reyndar um þá brtt. sem lögð er fram varðandi 8. gr., að í stað orðsins „vátryggingar" komi orðið tryggingar. Það er breyting sem er efnislega eðlileg og getur verið sjálfsagt og rétt að fallast á, enda sé ekki jafnframt verið að auka ábyrgðir eða áhættu ríkissjóðs að öðru leyti.

Þessi tvö atriði, að breyta þremur árum í fjögur og breyta vátryggingum í tryggingar, eru satt að segja þau atriði í brtt. sem full og eðlileg, efnisleg rök eru fyrir og snerta ekki meginviðleitni hinna þáttanna að flytja tapið af rekstri fiskeldisins yfir á skattborgarana.

Síðasta brtt., sem sumir af þeim sem hér töluðu áðan minntust hins vegar ekki á einu orði eða mjög lítið, er þó öllu alvarlegust, það er brtt. við 6. gr. þar sem lagt er til að úr henni falli niður þessi setning: „Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin skuli rekin hallalaus." Með því að fella niður þessa setningu er í reynd verið að kippa öllum hlutlægum og efnislegum grundvelli undan ákvörðun iðgjaldanna og gera ákvörðun iðgjaldanna nánast alfarið að mati á því hvað ríkissjóður eigi að borga mikið tap, hvað reikningurinn sem skattborgararnir fá á hverju ári sé hár.

Grundvallaratriðið í eðlilegu ábyrgðarkerfi, sem menn kæmu upp út frá efnislegum rekstrarforsendum og út frá heilbrigðri löngun til þess að efla

atvinnugreinina sem slíka, felur auðvitað í sér að miða iðgjöldin við það að ábyrgðarkerfið í heild sé rekið án halla. En hér er beinlínis lagt til, og að því leyti til má segja að þessi brtt. sé virðingarverð að þarna viðurkenna flm. að það eigi að vera verulegur halli á ábyrgðadeildinni og þann halla eigi skattborgararnir síðan að greiða þó þeir bæti því ekki við.

Ég hef hér, virðulegur forseti, farið í gegnum þær brtt. sem mælt hefur verið fyrir við þetta frv. Þær þeirra sem eru efnislega stærstar, að hækka hlutfallið úr 37,5% í 50%, að gera það að skilyrðislausri kvöð að ábyrgðirnar nái til hafbeitarfyrirtækjanna, að lengja ábyrgðartímann úr sex árum í átta og fella niður það ákvæði að iðgjöldin skuli miðuð við það að deildin sé rekin hallalaus, miða allar að því að taka hér upp víðtækt ábyrgðarkerfi á fiskeldisfyrirtækjum sem ekki geta sjálf staðið undir eðlilegum greiðslum.

Ég nefndi í upphafi minnar ræðu að við höfum, bæði hér á Alþingi og sérstaklega í þeim heimshluta sem við tilheyrum, orðið vitni að víðtækum efnahagslegum breytingum og umræðum sem miða að því að efla heilbrigt atvinnulíf án ríkisforsjár, án ríkisábyrgða og án þess að með lagaskyldu sé almenningur í landinu knúinn til þess að greiða kostnaðinn við rangar fjárfestingar og rangar rekstrarákvarðanir eigenda fyrirtækjanna. Það þjónar ekki hagsmunum fiskeldisins á Íslandi að gefa Íslendingum það til kynna að greinin sé svo vanburða að það sé nauðsynlegt að flytja stóran hluta af ábyrgðunum og tapinu yfir á skattborgarana í landinu. Það vekur aðeins upp tortryggni gagnvart fiskeldinu og andstöðu við þessa nýju atvinnugrein. Við búum ekki til traustan efnahag fyrir almenning á Íslandi með því að nýju atvinnugreinarnar í landinu séu fluttar inn í gamla ríkisforsjárkerfið sem við vorum væntanlega öll sammála um að leggja af, ef vaxtarblóminn í íslensku atvinnulífi á að vera háður því að hann sé fluttur yfir í gamla ríkisforsjár- og ríkisábyrgðarkerfið.

Og það er satt að segja merkilegt að Sjálfstfl., sem hefur árum saman reynt að telja þjóðinni trú um að hann sé helsti talsmaður þess að vikið sé frá ríkisforsjá, hann sé helsti talsmaður þess að fyrirtækin eigi að standa á eigin fótum, hann sé helsti talsmaður þess að draga úr ríkisábyrgðum, hann sé helsti talsmaður þess að viðskiptabankarnir eigi að sinna eðlilegri lánafyrirgreiðslu en ekki ríkissjóður, hann sé helsti talsmaður þess að ekki eigi að greiða úr ríkissjóði neinar upphæðir nema þær séu fyrir fram ákveðnar í fjárlögum eða fjáraukalögum, gerist núna hér á Alþingi forustuflokkur fyrir því að auka ríkisforsjána, auka ríkisábyrgðirnar, flytja byrðarnar yfir á almenna skattborgara og framlengja það gamla kerfi að ríkissjóður eigi árlega að fylla út einhverja tékka sem upphæðirnar hafa ekki verið skráðar á í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Hv. þm. Friðrik Sophusson gerði það að miklu atriði í sinni ræðu hér áðan að fulltrúar fjmrh. ættu að tryggja að þessar ábyrgðir yrðu ekki misnotaðar. Í reynd viðurkenndi hann þannig allt það sem ég hef hér sagt sem efnislega gagnrýni á þessa brtt. En vörn hans fólst í því eingöngu að þeir, sem fjmrh. veldi til þessara verkefna, ættu að sjá um það að ekkert færi úr skorðum. En ég spyr: Hvers vegna geta menn þá ekki bara samþykkt frv. eins og það er upphaflega frekar en að búa til eitthvert kerfi þar sem lagaleg kvöð er á því að ábyrgðirnar séu 50%, að hafbeitin sé inni, að sólarlagsákvæðin séu lengd og að iðgjöldin eigi ekki að standa undir hallanum og ætlast svo til þess að einhverjir einstaklingar valdir af fjmrh. komi í veg fyrir það að almenningur í landinu borgi tapið? Hvers konar kerfi er þetta eiginlega sem menn vilja koma hér upp á síðasta áratug tuttugustu aldar?

Hv. þm. rökstuddi einnig brtt. á þann veg að fyrst ríkisstjórnin hefði ákveðið að stofna þessa ábyrgðadeild þá væri um að gera að vera ekki með neitt hálfkák. Eða með öðrum orðum, að fyrst á annað borð sé opnaður sá möguleiki að eðlilegar ríkisábyrgðir geti verið gagnvart fiskeldinu þá sé um að gera að opna allar gáttir þannig að ábyrgðarkerfið sé nánast rústað og tap almennings verði sem mest. Ég spyr aftur: Hvers konar röksemdafærsla er þetta eiginlega? Að úr því á annað borð sé gengið inn á einhverja braut þá þurfi endilega göngulagið að vera með þeim hætti að allt fari um koll. Nei, þessar röksemdir sýndu auðvitað að hv. flm. þessara brtt. og Sjálfstfl. í heild sinni hefur slæma samvisku af því að vera að flytja þessar brtt.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði hér að Kvennalistinn hefði gagnrýnt frv. um Tryggingasjóð fiskeldis vegna þess að það hefði ekki verið nægilega vel undirbúið og menn vissu ekki nægilega vel hvað þeir væru að gera, það hefði ekki verið nægilega vel ígrundað. En ég spyr á móti: Hafa þessar brtt. sem Kvennalistinn nú styður verið nægilega vel ígrundaðar? Veit Kvennalistinn nákvæmlega inn á hvaða braut hann er að fara með því að styðja þessar brtt.? Ég vona að þær athugasemdir sem ég hef hér gert við brtt. varpi nokkru ljósi á það að hér er Kvennalistinn, án þess að hafa nákvæmar upplýsingar um hvað felst í þessum brtt., að styðja það að Sjálfstfl. og aðrir þeir sem vilja láta almenna skattborgara í landinu greiða fyrir tap eigenda fyrirtækjanna nái þeirri stefnu sinni fram.

Og reyndar bar á þeim sama hugsunarhætti að fyrst á annað borð væri farið inn á þessa braut þá væri um að gera bara að sulla nógu miklu inn í frv. Þetta eru sömu aðilarnir og hafa gagnrýnt núv. hæstv. ríkisstjórn fyrir, síðan hún var mynduð, að koma hér upp Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði til þess að efla atvinnulífið og forða því frá hruni. En ég segi, þau skilyrði sem felast í þessum brtt. eru miklu veikari en hægt er að finna í lögunum um Atvinnutryggingarsjóð eða Hlutafjársjóð. Og það sem er kannski hin sérkennilega pólitíska þversögn við þennan tillöguflutning Sjálfstfl. hér að með honum hrynur öll gagnrýni Sjálfstfl. undanfarið eitt og hálft ár á Hlutafjársjóð og Atvinnutryggingarsjóð. Vegna þess að Sjálfstfl. hefur sýnt það með þessum brtt. að hann vill ætla Ríkisábyrgðasjóði miklum mun meira og stærra forsjárhlutverk og ábyrgðarhlutverk í at-

vinnulífinu og þar með fyrir hönd skattborgaranna en nokkurn tímann Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði er ætlað.

Það er kannski það sem sumir geta glaðst yfir við þennan tillöguflutning að hann sviptir burtu þeim blekkingum sem Sjálfstfl., sem hinn gamli ríkisforsjárflokkur hér á Íslandi, hefur fylgt í áratugi.

Ég á líka bágt með að skilja að þeir sem hafa mælt með því frv. sem fjvn. flutti hér um nýskipan í ríkisfjármálum, hvað þá heldur þeir sem eru flm. að því frv. eins og sumir þingmenn Sjálfstfl., geti farið að greiða þessum brtt. atkvæði sitt. Það gengur satt að segja alveg þvert á þá grundvallarhugsun sem í því frv. er að finna.

Virðulegi forseti. Ég tel mjög brýnt að á Íslandi eflist sá skilningur að atvinnufyrirtækin og atvinnulífið á að standa á eigin fótum. Það er mjög brýnt að við sýnum í verki að þeir sem stýra fyrirtækjunum og eiga þau sýni fulla ábyrgð. Og ef gengið er inn á þá braut að veita um skamman tíma ríkisábyrgðir og ríkisaðstoð verði að gera það í slíku hófi að það sé augljóst og sannanlegt að þar með sé ekki verið að opna möguleika á því að fyrirtæki geti með léttum hætti flutt tap sitt yfir á almenning og skattborgarana í landinu. Þess vegna hlýt ég að mæla eindregið gegn því að flestar af þessum brtt. verði samþykktar þó ég telji að tvær þeirra séu með þeim hætti að þær sé hægt að samþykkja. Hinar eru hins vegar allar á þann veg að opna á ný gamla óútfyllta tékkheftið um ríkisforsjá og ríkisábyrgðir í íslensku atvinnulífi. Og það er brýnt á þeim tímamótum, sem hagkerfi heimsins er að fara í gegnum, að við stígum ekki slíkt skref aftur á bak hér á Alþingi Íslendinga.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir þá ræðu sem hann flutti áðan þegar hann mælti fyrir þeim brtt. sem hér liggja frammi við það frv. ríkisstjórnarinnar sem hér er til umræðu.

Þar kom fram að hv. 1. þm. Reykv. hafði sett sig ítarlega inn í starfsskilyrði fiskeldis og er það vel. Það var hins vegar í meira lagi raunalegt að hlusta á ræðu hæstv. fjmrh. vegna þess misskilnings sem kom fram í hans máli á öllum grundvallaratriðum þess frv. sem hér er verið að fjalla um. Vegna þeirra orða sem hér falla sífellt um erfiðleika fiskeldis er alveg nauðsynlegt að ítreka það enn einu sinni hér á Alþingi Íslendinga, að öllum áheyrandi, að íslenska ríkið hefur ekkert fé lagt í fiskeldi. Íslenska ríkið hefur ekkert fé lagt í fiskeldi. Það er alveg nauðsynlegt að menn hafi það alveg skýrt. Íslenska ríkið hefur engar ábyrgðir tekið á sig vegna fiskeldis. Íslenska ríkið þarf ekkert að kvarta vegna fiskeldis á Íslandi, langt í frá. Hins vegar hefur íslenska ríkið búið fiskeldi verri starfsaðstöðu en nokkurri annarri grein á Íslandi. Og verri starfsaðstöðu en þekkist í fiskeldi í nokkru landi í kringum okkur. Vegna þeirra orða sem fjmrh. sérstaklega vitnaði til um þróun í hagkerfum landa í kringum okkur er alveg nauðsynlegt að benda á að einmitt innan Evrópubandalagsins, þar sem þróunin er nú kannski mest og menn tala mest um að aðlaga sig þeirri þróun sem þar fer fram, þar hafa menn stigið þessi skref í miklu ríkari mæli en hér er verið að tala um. Hér er þó í rauninni bara verið að tala um hálfvelgju miðað við það og ég skal koma betur að því á eftir af hverju menn gera það. Það er ekki verið að tala um almennar ríkisábyrgðir til að velta tapi fyrirtækja yfir á skattborgara eða íslenska ríkið. Það er mikill misskilningur. Það er verið að tala um deiluna um veð í lifandi fiski hjá fyrirtækjum sem fara í gegnum gríðarlega harða síu sem mótuð er í lögum sem fjmrh. hefur lagt hér fram. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á því.

Ég vil sérstaklega taka það fram vegna þeirrar aðstöðu sem íslenskt fiskeldi hefur hér á landi að það er alveg rétt að þegar menn þurftu að fjárfesta hér í matfiskeldi þá lagði íslenska ríkið á 6% sérstakan skatt á erlendar lántökur. Hvað þýddi það? Það þýddi það að fiskeldisfyrirtæki á barnsskeiði sínu sem fékk 50 millj. kr. lán til þess að fjárfesta í matfiskeldi varð að byrja að greiða um 5 millj. af því til ríkis og stofnsjóða áður en það fékk féð í hendur. Alþingi Íslendinga samþykkti um áramótin 1988/1989 að þessi skattur skyldi ekki koma á fiskeldi. Með hvaða árangri? Það tók fjmrh. átta mánuði að ganga frá því að þetta skyldi ekki innheimt hjá fiskeldisfyrirtækjunum. Það er í ágúst 1989 sem farið er að endurgreiða þann skatt sem innheimtur er nánast allt árið 1989, þrátt fyrir þessi lög frá Alþingi. Og þá er hann auðvitað endurgreiddur án vaxta og án verðbóta í okkar verðbólguþjóðfélagi.

Atvinnutryggingarsjóður sem var stofnaður til þess að skuldbreyta hjá útflutningsgreinum er að ljúka sínu skeiði, en hann hefur ekki skuldbreytt hjá einu einasta fiskeldisfyrirtæki enn þó umsóknir hafi legið þar fyrir frá því haustið 1988. Það standa að vísu vonir til að það verði gert. Og hvað með endurgreiðslu á söluskatti í rekstri? Jú, fiskeldið er eina greinin af þeim sem talist geta útflutningsgreinar á Íslandi sem hefur ekki fengið endurgreiddan þennan söluskatt fyrir árið 1988. Og þegar hann kemur þá kemur hann verðbótalaus og vaxtalaus. Þetta eru skilyrðin sem þessari ungu grein eru sköpuð. Og hún býr við afurðalánakerfi sem er hvorki fugl né fiskur vegna þess að lánin eru það lág miðað við allar aðrar greinar og þau eru svo dýr að ég hef fullyrt það án þess að nokkur maður hafi mótmælt því að slík kjör geti engin atvinnugrein borið nema eiturlyfjasala, yfir 30% ofan á dollar. Það er engin ástæða til fyrir íslenska ráðherra að belgja sig hér út yfir þeim vandræðum sem íslenskt fiskeldi hafi valdið. Íslenska ríkið hefur ekkert fé lagt í fiskeldi. Íslenska ríkið hefur ekki tekið á sig ábyrgðir af fiskeldi enn. Þetta er alveg nauðsynlegt að menn hafi í huga.

Þetta frv. sem hér hefur verið lagt fram á sér nokkuð langa sögu. Í því felast mörg góð tilmæli, gegn því vil ég ekki mæla. Hitt er annað að um framlagningu þessa frv. varð nokkur ágreiningur. Það þekkir fjmrh. jafn vel og ég. Sá ágreiningur stóð

að mestu milli landbrh. og fjmrh. Landbrh. lét semja frv. og fjmrh. lét semja annað frv. Landbrh., sem fagráðherra greinarinnar, þekkti þau vandamál sem við er að stríða í greininni af eigin raun. Þess vegna varð hans frv. allt öðruvísi. Hann gerði ráð fyrir því að Íslendingar reyndu að standa að þessu á svipaðan hátt og þær þjóðir sem fjmrh. vitnar nú til og eru sem óðast að endurskoða og bæta sitt hagkerfi. Þ.e. að við færum að þessu á svipaðan hátt og þær þjóðir í kringum okkur sem taldar eru hafa miklu fullkomnari hagkerfi, minni ríkisafskipti og ríkisábyrgðir en við.

Ég ætla ekki að rekja það hér hvernig þetta frv. var, enda er ekki ástæða til þess. Hins vegar olli þessi deila á milli ráðherranna því að það dróst að leggja frv. fram, alveg úr hófi, og á meðan beið fiskeldið sem atvinnugrein og var nánast á leiðinni að verða úti, og er það nú kannski enn, svipað og þó að ríkisstjórnin gæti í rauninni grátið yfir því sem fram fór á leiksviðinu, eins og rússneska hefðarmærin forðum á meðan ekillinn fraus í hel fyrir utan dyrnar, þá var greinin að farast.

Það er rétt að fjmrn., að frumkvæði fjmrh., kallaði til mín, m.a., og ég átti þátt í því að fara yfir frv. sem hér liggur fyrir. Undan þeirri ábyrgð skorast ég ekki. Og ég vil í rauninni þakka fyrir það samstarf sem þar kom fram því að þrátt fyrir allt hefur fjmrh. á ýmsan hátt viljað standa vel að málefnum fiskeldis þó að honum hafi verið mislagðar hendur í sumu.

Ég gerði þar athugasemdir við sérstaklega tvö atriði. Margt af því sem ég gerði athugasemdir við var tekið til greina. Annars vegar var þessi tími sólarlagsins sem ekki var leiðréttur þrátt fyrir mín andmæli og mínar tillögur. Hins vegar gerði ég það mjög að umræðuefni við fjmrh. að ég hefði áhyggjur af því að ef bankarnir kipptu að sér hendinni þegar ekki væru skilyrði lengur í frv. um að þeir skyldu lána 37,5% gæti það endað þannig að greinin stæði verr eftir samþykkt frv. en áður. Ég veit að fjmrh. man eftir þessu samtali vegna þess að hann tjáði mér að hann hefði sérstaklega rætt við bankana og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að óttast þetta en hann hafði sjálfur leitt hugann að þessu atriði við samningu frv.

Ég varð nokkuð rólegri við þetta en ég hygg þó að það hafi verið forsrh. sem fyrstur ræddi það í mín eyru að af þessu gæti stafað veruleg hætta. Síðan skeði það að Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva kallaði landbrh. á opinn fund þar sem hann var kvaddur til að ræða þetta frv. Þar gerði landbrh. mjög að umræðuefni ótta sinn, að það gæti farið mjög illa í þessu tilefni ef bankarnir brygðust við á þennan hátt.

Í umræðunni í fjh.- og viðskn., þegar við ræddum þetta, töldu talsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni að þá yrði málið að koma aftur til Alþingis ef svo illa færi. Við töldum hins vegar, hin, sem að meiri hlutanum stöndum, að eðlilegt væri að byrgja brunninn áður en barnið dytti ofan í og þess vegna væri nauðsynlegt að auka þessa heimild. Og ég vil sérstaklega vegna þessarar miklu ræðu hæstv. fjmrh. um hagfræði og efnahagsmál hér áðan benda á að spurningin hér er ekki um ríkisábyrgð, hún er um upphæð ríkisábyrgðar. Fjmrh. hefur lagt til að ábyrgðin sé 37,5%, þ.e. að ríkisábyrgð komi til. Hins vegar er hér um að ræða að fara í rauninni milliveg milli frv. landbrh. og fjmrh., sem á sínum tíma lágu fyrir, í 50% vegna þess að menn óttast að bankarnir brygðust við á þennan hátt og ég óttast það að atvinnugreinin lifði það ekki af að þurfa að fara enn eina ferðina fyrir Alþingi í einhverja mánuði. Þess vegna hafa menn viljað skjóta þarna þessum öryggisventli að. Og í þessu sambandi er alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að hér er ekki verið að tala um það að koma á ríkisábyrgðum fyrir illa rekin fyrirtæki til þess að þau geti velt ábyrgðinni yfir á almenning í landinu. Hér stendur deilan fyrst og fremst um veð í lifandi fiski. Hér er um það að ræða að fara eitthvað í áttina að því sem öll samkeppnislönd fiskeldis í kringum okkur, hvort sem menn taka Noreg, Skotland, Írland eða hvert menn vilja fara, eitthvað í áttina að því sem þau hafa öll gert og Evrópubandalagið talar um innan sinna vébanda. Hvers vegna? Vegna þess að menn telja að fiskeldi sé framtíðargrein og ekki hafa Íslendingar efni á því að dragast sérstaklega aftur úr í þessari grein. Hér er þess vegna gengið skemmra en þau lönd hafa gert sem fjmrh. vitnaði til í sinni ræðu. Hér er gengið skemmra en þau lönd gera sem mest er vitnað til um heilbrigðara hagkerfi en Íslendingar búa við. Það er mjög mikilvægt að menn hafi þetta í huga en jafnframt það að í sjálfu frv. er sérstaklega tekið fram að hér er ekki verið að veita öllum fiskeldisfyrirtækjum ríkisábyrgð. Það er tekið fram að það er sérstök stjórn yfir þessari deild og með leyfi forseta segir í því frv. sem væntanlega verður samþykkt:

„Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita um veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma litið."

Þetta eru skilyrðin. Það er ekki verið að tala um að taka inn einhver vonlaus tapfyrirtæki. Þess vegna er það fráleit fullyrðing hjá fjmrh. að inn í þetta sé verið að setja skilyrðislaus ákvæði um ábyrgðir til hafbeitarfyrirtækja. Það er ekki rétt. Þau skilyrði sem hér koma fram um allar ábyrgðir eru mjög þröng. Það er alls ekki verið að tala um skilyrðislausa ábyrgðarveitingu til neinna fyrirtækja, hvorki hafbeitarfyrirtækja né annarra. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því.

Ég þarf ekki að fara nánar í þetta með sólarlagsákvæðin sem hæstv. fjmrh. fór reyndar yfir og talaði mjög réttilega um og ég er sammála því sem hann sagði um þau. En þegar menn ræða um þennan heildarábyrgðartíma verða menn að gera sér grein fyrir að hér er verið að tala um grein sem er 3–4 ár að ala upp þann stofn sem hún ætlar að selja. Það er

málið. Þess vegna er þessi tími svona langur. Og sólarlagsákvæðin koma hér sérstaklega fram.

Um orðin „tryggingar" eða „vátryggingar" þarf ekki að fara mörgum orðum, en ég vil sérstaklega koma aftur inn á það sem fjmrh. gerði að umræðuefni, að falla skuli niður málsliður í 6. gr.: „Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin sé rekin hallalaus." Eðlilega gerði fjmrh. þessa grein að umræðuefni hér. Hann taldi þetta benda til þess að flm. ætluðust til þess að þessi deild yrði rekin með halla, að ábyrgðinni og áhættunni yrði varpað yfir á ríkissjóð og almenning. Það er ekki rétt og það er ekki tilgangur flutningsmanna. Fjmrh. og sjóðsstjórn ákveða iðgjöld. Hins vegar er það svo að þeim mönnum sem fá svona klásúlu á sig þegar þeir eiga að fara að starfa hættir til að beita líkindareikningum á þann hátt að við öllum stærstu og hugsanlegum tjónum sem til gæti komið verði að búast. Þetta verður til þess að sjóðsstjórnin telur sig verða að byggja upp sérstakan sjóð. Tryggingasjóður fiskeldislána sem er ekki gamalt fyrirtæki hefur þegar lagt til 30 millj. í slíkan sjóð til að mæta tjóni og hann hefur ekki ábyrgst nema 300–400 millj. hjá fyrirtækjum sem hafa sérstaklega verið valin úr.

Við lesum um það að ábyrgðargjaldið sem er tekið í Noregi er 1%. Hjá Tryggingasjóði fiskeldislána er það 14–15%. Vegna hvers? Vegna þess að menn eru að reyna og ætla sér að byggja upp sjóð til að mæta hugsanlegum tjónum.

Það sem við erum að segja er það að þessi grein á barnsskónum getur ekki staðið að slíkri sjóðsuppbyggingu. Þess vegna er nauðsynlegt að þessar ákvarðanir séu ekki teknar út frá þessum grundvelli og það er enginn smámunur á því að ætla sér að taka 14–15% ábyrgðargjald ofan á dollara fyrir þessar ábyrgðir. Ég veit ekki hvaða grein getur staðið undir því.

Hæstv. fjmrh. gerði það mjög að umræðuefni að í fyrra frv. var ákvæði sem hann lagði mjög ríka áherslu á, þessi kollektíva ábyrgð, þ.e. að ef eitt fyrirtæki færi á hausinn þá borguðu hin. Það er inni í ákvæðunum um Tryggingasjóð fiskeldislána. Menn hafa velt því mjög mikið fyrir sér hvað það þýddi ef svo illa færi að eitt stórt fyrirtæki færi á hausinn. Jú, það þýðir auðvitað það að hinir afhenda þá bara sín fyrirtæki upp í tapið. Þetta fannst mér að fjmrh. teldi eðlilegt en það hafa margir sagt við mig: Hvernig gengi það í öðrum atvinnugreinum? Hvernig ætli það gengi í sjávarútvegi ef einn togari færi á hausinn og hinir borguðu? Ætli atvinnugreinarnar lifðu lengi með slíkum ákvæðum? Þar af leiðandi hafa allir orðið sammála um og ég hygg fjmrh. líka að fella þetta ákvæði niður.

Ég held að ég hafi farið yfir flest atriðin. Reyndar gerði held ég enginn að umræðuefni síðustu brtt. sem snýr að ábyrgðum Framkvæmdasjóðs Íslands og er nú meira leiðréttingaratriði, en mér fannst á máli fjmrh. að hann væri á móti þeirri tillögu líka. Ég bið hann að lesa hana betur og hugleiða hvað þar er um að ræða án þess að ég fari sérstaklega út í það hér.

Málið sem hér er til umræðu er einfaldlega það að hér er ung atvinnugrein að berjast í bökkum. Þetta er vafalaust framtíðargrein vegna þess að hún fjallar ekki bara um laxeldi heldur fiskeldi almennt. Þjóðirnar í kringum okkur hafa viðurkennt það með því að setja sérstaka löggjöf um styrki til fjárfestinga sem nema gríðarlegum upphæðum, um niðurgreiðslu á vöxtum eða vaxtalaus lán og fyrirgreiðslu í slíkum tilvikum, ríkisábyrgðir og annað slíkt. Þetta er í öllum löndunum í kringum okkur og hjá þeim þjóðum sem þróuðust hagkerfi hafa. Íslenska fiskeldið hefur ekki farið fram á að fá neina styrki. Íslenska fiskeldið hefur ekki farið fram á að fá niðurgreidd lán. Við höfum hins vegar farið fram á að fá svipuð afurðalán og aðrar útflutningsgreinar hér. Það hefur ekki gengið eftir. Því miður hefur svo illa tekist til með þau afurðalán sem greinin hefur að þau eru svo dýr að ég veit að fjmrh. gerir sér fyllilega grein fyrir því að undir því getur engin grein staðið. Það greiðir engin grein yfir 30% gjald ofan á hvern dollara til lengdar. Það er ekki hægt. Menn segja: Fiskeldið er í vanda. Það er rétt. Ég spyr: Hefði nokkur útflutningsgrein Íslendinga staðið af sér 50% lækkun á afurðum án þess að lenda í verulegum erfiðleikum? Ég held ekki. Eigi að síður skrimtir enn talsvert af fiskeldinu og er vonandi á uppleið vegna hækkandi markaðsverðs. Það er mjög athyglisvert. Og þegar menn tala um gullgrafaraævintýri Íslendinga og veiðimannahugsjón og þau fyrirtæki sem hér hafa farið á hausinn, þá er nauðsynlegt að menn hafi það líka í huga að stóru fyrirtækin sem hér hafa farið á hausinn í fiskeldi eru ekki að frumstofni byggð af Íslendingum. Þau eru að frumstofni byggð af Norðmönnum sem hafa áratuga reynslu og komu hingað til þess að reisa þessi fyrirtæki sjálfir með trú á greininni og þeirri þróun sem orðið hafði, haldandi að þeir fengju svipuð starfsskilyrði hér og eru í löndunum í kringum okkur. Þessi fyrirtæki rúlluðu síðan sum áður en þau voru farin að selja nokkurn lax, þannig að það er ekki markaðsverðið á laxi sem hefur valdið þeirra erfiðleikum heldur starfsskilyrði og svo kannski ýmislegt í fari þeirra sjálfra sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér.

Niðurstaðan er sú að öll starfsskilyrði hér eru erfiðari en þekkist í kringum okkur. Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir að Alþingi bæri gæfu til að samþykkja þær brtt. sem hér liggja fyrir er gengið mörgum skrefum styttra í að búa þessari nýju framtíðargrein starfsskilyrði en gert er í löndunum í kringum okkur, því miður. Ef svo illa færi að Alþingi felldi þessar brtt. gæti því miður farið svo að þessi grein stæði verr eftir samþykkt frv. en áður.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Áður en lengra er haldið á braut þessarar umræðu vill forseti taka fram eftirfarandi: Atkvæðagreiðsla um 3. dagskrármálið mun fara fram í upphafi fundar Nd. kl. 2 á morgun. Ástæðurnar fyrir þessu er eftirfarandi: Þrettán hv. þingdeildarmenn eru fjarverandi. Hv. þm. Reykn. hafa óskað eftir því að geta

farið til Grindavíkur síðar af þessum fundi og er ekkert óeðlilegt við það því að öllu jöfnu eru fundir búnir í hv. deild um kl. 5. Þetta þýðir það að enn þá fjölgar í liði fjarverandi hv. þm. Þá hefur verið óskað eftir því af fjölmörgum þingmönnum að atkvæðagreiðsla verði tímasett, enda er það ekki óeðlilegt þegar um eins mikið átakamál er að ræða og raun ber vitni. Fleira hefur forseti ekki um þetta að segja.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég mun ræða við hæstv. forseta út af þessari tilkynningu hans. Ég segi hins vegar það í sambandi við það sem hv. 1. þm. Norðurl. v., sem talaði fyrir minnihlutanefndarálitinu, tók fram, að hann teldi að menn væru bundnir af frv., að breyta því ekki. Ég er búinn að vera a.m.k. hér um bil eins lengi og þeir sem lengst hafa verið hér á þingi. Ég man ekki eftir að nokkurn tímann hafi verið tekið svo til orða nema í sambandi við fjárlög. Og það veit a.m.k. hæstv. fjmrh. að ég tók það fram við hann þegar ég vissi um þetta frv. að ég mundi ekki geta staðið að því í því formi sem það er. Það er vegna þess að verið er að stíga spor aftur á bak, frá þó þeim lögum, þó ill séu, sem við búum við. Það er ástæðan fyrir því. Og ég verð nú að segja það við vin minn, hæstv. fjmrh., að ég var alveg undrandi á hans málflutningi hér áðan. Þegar hann er að ræða um að verið sé að fara fram á að ríkið borgi tapið. Það er fyrst og fremst verið að fara fram á að þessi atvinnugrein búi við sömu eða svipuð skilyrði og annar atvinnurekstur í landinu. Það er alveg rétt að bankarnir hafa neitað í mörgum tilvikum að lána nokkur afurðalán og neita því að taka veð í hinum lifandi fiski. Þetta getur verið í vissum tilvikum eðlileg neitun, ég játa það, þar sem er verið með sjókvíar á stöðum þar sem undirkæling er mjög líkleg, en hún getur ekki verið eðlileg t.d. í strandeldi þar sem er góður útbúnaður og öryggis gætt eftir því sem hægt er. Ef meira en helmingurinn af fiskinum drepst í þessum stöðvum leiðir það auðvitað til þess að þessi rekstur hættir og þá getur ríkið lent í ábyrgð. Ef við förum að athuga hvernig rekstrarskilyrði eru fyrir þessa atvinnugrein er ekki hægt að segja það að hæstv. ríkisstjórn standi sig vel gagnvart þessari grein. Það er ekki hægt að fá afurðalán út á framleiðsluna í bönkunum öðruvísi en að ríkið geri ráðstafanir til þess. Það er ekki ætlast til þess að það lendi á ríkinu. En ef ekki fæst afurðalán er hægt að loka þessum fyrirtækjum, hvorki meira né minna. Það er ekkert um annað að gera. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að ríkisstjórnin geri þetta með allt öðrum hætti. Ég ætla ekki að fara að tefja tímann hér og nú með því að ræða það, en hún verður náttúrlega að tryggja að það sé hægt að standa að þessum atvinnurekstri og það séu sambærileg skilyrði og aðrir hafa.

Það er rétt að fiskeldið á Íslandi fór ekki nógu vel af stað. Uppbyggingin varð allt of dýr, en þar komum við líka að atriði, sem við skulum bara hafa í minni, að vaxtaokrið hér í landinu, að því leyti til sem hefur verið lánað út á þessar framkvæmdir og þennan rekstur hér innan lands, hefur verið þannig að það getur enginn atvinnurekstur borið það og ekki þarf að hafa mörg orð um slíkt. Fiskeldið verður að borga orkuverð sem er margfalt við stóriðjuna. Ekki er hægt að kenna því um að þetta sé vegna þess að það sé bara hluta úr sólarhringnum sem fiskeldisstöðvarnar nota þessa orku. Það er alveg sambærilegt við stóriðjuna að því leyti að þetta er notað allan sólarhringinn. Hins vegar er búið svona að greininni að hún verður að borga margfalt orkugjald á við t.d. hina fyrirhuguðu stóriðju sem er verið að ræða um. Og það kann að vera að menn ætli að gera slíka samninga að það verði að hækka orkuverðið í landinu, m.a. til fiskeldisstöðva, ef samið verður á þeim nótum sem maður er að heyra að nú séu uppi í sambandi við nýja stóriðju í landinu.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ætlist ríkisstjórnin til þess að hv. þm. samþykki þetta frv. óbreytt tel ég að verið sé að stíga spor aftur á bak. Það sé verri kostur en þó það sem fiskeldið býr við. Og þá líst mér nú ekki á þennan rekstur í framtíðinni.

Það er eitt sem ég tel að vísu vafasamt í þessum tillögum og það eru ákvæði um hafbeitina. Ég skal ekkert segja um hvernig hafbeitin verður í framtíðinni ef hægt er að stöðva veiðar á hafinu. Það kann að vera að það verði þá alveg kapítulaskipti um það, en eins og heimturnar voru t.d. á síðasta ári stendur það alls ekki undir neinum rekstri. Það gerir það ekki. Það er þess vegna það eina í þessum tillögum sem ég mundi hika við að samþykkja, en það er alveg óumflýjanlegt að hækka þessa heimild í 50% því að það er alveg greinilegt að bankarnir bæta ekki við nema þeir sem eru í þessu geti greitt þau lán að fullu. Og það er alveg sama hvaða tölu við setjum hér inn, bankarnir munu ekki gera það. Þó veit ég um banka sem hefur lánað einni fiskeldisstöð rekstrarlán upp í eða yfir 70%. Þannig er nú fyrirtækjunum mismunað. (Gripið fram í.) Lánin? Ég er að tala um hlutfall. (*Gripið fram í.*) Fyrirtækin, það er ekki fyrir það.

En ég vil nú vinsamlegast biðja hæstv. fjmrh. að hugleiða mál sitt svolítið betur því að þessir punktar, sem hann var fyrst og fremst að telja upp sem rök gegn því að þetta yrði gert, eru miðaðir við allt annað en hér er verið að tala um. Þetta snýst einfaldlega um þetta: Verður fiskeldi atvinnugrein á Íslandi eða verður það ekki? Ég er alveg tilbúinn að skoða það síðan hvort ekki er hægt að finna aðrar leiðir í þessu efni. Þær eru auðvitað til en það þarf kjark til að lögfesta slík ákvæði.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umræður um þetta hér. Ég beini því til þingmanna að hugsa sitt ráð vel áður en þeir fella þessar tillögur og taka þá þeim afleiðingum sem af því hljótast, nema þeir geri þá aðrar ráðstafanir sem jafngilda þessu a.m.k. Og það þarf að huga að fleiru. Það þarf að huga að orkuverðinu, að ógleymdu vaxtaokrinu sem þessir menn búa við eins og aðrir í landinu. Það kann að vera að menn séu orðnir leiðir á því að talað sé um vaxtaokur í þessu landi og séu bara ánægðir með það að bera þá

krossa sem hvíla á fyrirtækjum og einstaklingum af völdum vaxtanna, en þá eru þessir hv. þm. ekki í sambandi við þjóðfélagið, þjóðina, einstaklingana sem vextirnir eru að drepa þannig að margir eru að flýja land. Það eru fjöldamargir að missa sínar íbúðir og þeim fer fjölgandi. Á þeim málum ber ríkisstjórninni að taka.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta láðist að geta þess áðan, þegar hann gerði grein fyrir atkvæðagreiðslu sem fram fer kl. 2 á morgun, að vegna þingskapaumræðu sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hóf hér í upphafi fundar hefur forseti gert ráðstafanir til þess, vegna þess að hv. þm. þarf að vera fjarverandi við atkvæðagreiðsluna á morgun, að annar gangi út á móti honum og mun forseti sjálfur gera það ef ekki vill betur. Þetta vill forseti að komi fram. (**SV:** Ég þakka fyrir.)

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Seint hættir hæstv. fjmrh. að koma manni á óvart. Það nægir ekki einungis samlíkingin við Janus sem hafði tvö andlit. Maður verður að grípa til samlíkingarinnar um risann Argus sem bjó yfir þeim eiginleikum að ef eitt höfuð var höggvið af honum spruttu samstundis tvö önnur í staðinn. Það var alveg með ólíkindum að hlusta á rök hans gegn þeim brtt. sem fluttar hafa verið við frv. og hann lét í veðri vaka að gjörbreyttu frv. öllu og væru einhvers konar óútfylltur víxill sem almennum skattgreiðendum bæri síðan að borga. Það vefst fyrir manni að skilja hvernig á því stendur að hæstv. fjmrh. flytur þetta frv. yfirleitt vegna þess hve hann fjölyrti hér í upphafi um það böl sem hlytist af ríkisábyrgðum og ríkisforsjá í öllum rekstri og sór svoleiðis gjörsamlega af sér það sem felst í þessu frv. og kenndi það í sífellu við einhverjar Austur-Evrópuaðferðir. Hann virðist vera svo upptekinn af því að þvo af sér og sínum einhverjar fyrri syndir eða yfirsjónir að þeir tilburðir verða nánast brjóstumkennanlegir. Nú skal hann frjálsari í huga en allir aðrir. Kapítalisminn blífur, bara hann sé ekki kenndur við pils. Og þar sem hæstv. fjmrh. hefur reynst flokkareikull maður á maður nú helst von á því að hann fari að leita sér að nýjum félagsskap, einhverjum þeim þar sem boðberar frelsis eða réttara sagt frjálshyggju eru í fleti fyrir. Það má ráða af orðum hans að líklega verði það ekki Sjálfstfl. því að hann sligar nú greinilega aðdáun á ríkisbákni og ríkisforsjá. Og hvar finnst þá næg frjálshyggja fyrir hæstv. fjmrh.? Jú, ætli það sé ekki helst í bandalagi við þá helstu frjálshyggjupostula sem hér eru á þingi, þá nafna og flokksbræður sem nú fara með utanríkismál og viðskipta- og iðnaðarmál? Þar er líklega helst að leita að uppfyllingu frelsis- og hreinsunardrauma hæstv. fjmrh.

Eftir langa og ítarlega ræðu um ríkisábyrgðir og austantjaldsaðferðir sneri hann sér svo að frv. sjálfu og fullyrti þar æ ofan í æ alls konar hluti þvert á frv. sjálft. Nú vil ég strax taka það fram að ég álít að ekki hægt sé að segja eitthvað af eða á um ríkisábyrgðir eða ekki ríkisábyrgðir. Mér þætti gaman að sjá þann íslenska stjórnmálamann sem væri tilbúinn að halda því fram að þær bæri að afnema alls staðar og ríkisforsjá og ríkisaðstoð væri alls staðar af hinu illa. Ég held að það mundi vefjast fyrir hæstv. fjmrh. að fylgja eftir þeim fjórum stefnuatriðum sem hann gerði hér að umtalsefni og kallaði fjögur grundvallaratriði. Ef hann ætlaði að fylgja þeim til hins ýtrasta held ég að færi nú að skerðast um skotfærin hjá örva gré í fleiru en fiskeldi.

Ætli það hljóti ekki að vera matsatriði hverju sinni við hvað þarf að styðja og með hvaða hætti? Um það geta menn ekki sett reglur. Um það geta menn ekki haft fyrir fram svo fastmótaðar skoðanir að þeim verði ekki breytt. Og það mat hverju sinni hlýtur auðvitað að byggjast á mörgum atriðum, m.a. þjóðhagslegu gildi þeirrar atvinnugreinar sem um ræðir, þeirri atvinnu sem um væri að ræða í atvinnugreininni o.s.frv.

Ef ég sný mér þá að brtt. sjálfum hélt ég að þeir sem hér mæltu fyrir brtt. og reyndar sú sem hér stendur og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefðu fært fyrir því næg rök hvers vegna við vildum standa betur að þessum aðgerðum en gert er ráð fyrir í frv. og við erum ekki með því að framvísa neinum óútfylltum víxli.

Hæstv. fjmrh. sagði sjálfur að frv. væri m.a. flutt til þess að draga úr þeim þrýstingi sem væri á bankakerfinu. Með því er hann með nokkrum hætti að viðurkenna að það sé ekki auðsótt mál fyrir fiskeldisfyrirtæki að sækja þangað fyrirgreiðslu, og þegar búið er að fella brott úr frv. eða gera þær breytingar á þeim lögum sem nú eru í gildi að skilyrða lán, jafnháum lánum úr bönkum, þá blasir við sú hætta að bankarnir kippi að sér hendinni og veiti alls enga fyrirgreiðslu eða réttara sagt svo lága að hún skipti í raun og veru engu máli. Það nægir reyndar fyrir fiskeldisfyrirtæki að hafa þess vegna 1% lánafyrirgreiðslu frá banka og uppfylla þar með skilyrði til þeirra sjálfskuldarábyrgðarlána sem hér er um rætt. Ef svo færi er verr af stað farið en heima setið því að þá stendur greinin verr en hún gerði fyrir gildistöku þessara laga ef þau ná fram að ganga óbreytt. Heimildir fyrir eldislánum, sjálfsábyrgðarlánum í fiskeldi, að hámarki 50% eru skilyrtar á nákvæmlega sama hátt eins og þau 37,5% sem fjmrh. sjálfur leggur til. Það eru ekki gerðar þær breytingar á frv. að nú skuli allt gert skilyrðislaust, þannig að víxlarnir séu óútfylltir. Það mátti helst ráða á stundum, þegar maður hlýddi á mál hæstv. fjmrh., að hann hefði ekki einu sinni lesið frv. sem hann samdi þó sjálfur. Hér stendur skýrum stöfum í 5. gr. frv.:

„Fjármálaráðherra skal skipa þriggja manna stjórnarnefnd, þar af einn formann, til þriggja ára í senn. Jafnframt skulu skipaðir þrír varamenn. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldar-

ábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma litið. Stjórnarnefndin skal samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgð er veitt fyrir."

Ég held að þessi grein taki af öll tvímæli um það að það sé stjórnarandstaðan sem sé að senda óútfyllta víxla í höfuðið á almennum skattborgurum þessa lands eins og hæstv. fjmrh. sagði aftur og aftur. Það er í valdi fjmrh. sjálfs, eða reyndar þeirra manna sem hann velur til starfa, að sjá til þess að svo verði ekki og að skilyrðum sé fullnægt með viðunandi hætti til lántöku. Það sem hann með þungum áherslum kallaði hér aftur og aftur skilyrðislaust er þess vegna bara marklaust hjal. Það hefur enginn gert tillögur um nokkrar breytingar þess eðlis að lánveitingar skuli vera skilyrðislausar. Það er eitthvert hugarfóstur hæstv. fjmrh.

Hann gerði líka athugasemdir við að orðalaginu að „heimilt" væri „að veita sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja" yrði breytt í „hlutverk sjóðsins er einnig", og þarna gerði hann enn að umtalsefni óútfyllta víxla og einhverjar stórkostlegar upphæðir sem almennir skattborgarar ættu að greiða. Í lok 2. gr. þar sem talað er um sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingu banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja segir skýrum stöfum: „Skal þá stjórnarnefnd deildarinnar móta sérstakar reglur fyrir veitingu slíkra sjálfskuldarábyrgða og skulu þær samþykktar af fjármálaráðherra í formi reglugerðar."

Aftur er það hann sem á að gefa víxilinn út. Aftur er það hann sem ákveður ábyrgðarmennina á víxlinum þannig að ég held að ráðherra fari nokkuð offari í því að gera þessar brtt. tortryggilegar.

Hæstv. fjmrh. lýsti sig samþykkan því að lengja mætti lánstíma úr þrem árum í fjögur og er það út af fyrir sig gleðiefni að hann skuli sjá samhengi á milli vaxtartíma fisksins og þess tíma sem fyrirgreiðsla þarf að koma til. En þá skil ég ekki að hann skuli ekki jafnframt vera sammála ákvæðum um þann tíma sem lán skulu endurgreidd á. Hann hlýtur að kannast við það, ef ekki í opinberri fjársýslu þá a.m.k. í eigin fjárreiðum, að það getur skipt sköpum um það hvernig gengur að borga af lánum, hve fljótt þau skulu greidd niður. Og það liggur í hlutarins eðli að fái fyrirtæki lán í fjögur ár í stað þriggja, þá er greiðslubyrðin þyngri og því sjálfsagt að breyta greiðslutíma til samræmis við lánstíma.

Hæstv. ráðherra hafði einnig þungar áhyggjur af því að við 6. gr. væri gerð brtt. þess efnis að taka út málsgrein þar sem kveðið er á um að deildin skuli rekin hallalaust. Ég held að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi þegar gert svo góða grein fyrir þessari brtt. að óþarfi sé að fjölyrða um hana en vil samt ítreka enn einu sinni að iðgjöld eru, eins og flest annað í framkvæmd þessa frv., á ábyrgð hæstv. fjmrh. sjálfs. Hér stendur í upphafi 6. gr.:

„Fjármálaráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnarnefndar þau iðgjöld sem greidd skulu fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða." Enn er ábyrgðin hans, enn er ekki verið að kasta óútfylltum víxlum í höfuð skattgreiðenda.

Í rauninni væri verðugt umtalsefni í löngu máli afstaða hæstv. fjmrh. til eigin frv. svo sérkennilega sem hann beitti sér í raun gegn því í flestu því sem hann sagði. En líklega hefur ill nauðsyn knúið hann til þess að leggja fram þetta frv. og honum væri sæmra að standa með því og taka á brtt. sem hafa verið gerðar við það af einhverri skynsemi í stað þess að láta heiftina ráða eða kannski löngunina til þess að sanna í verki að hann sé ekki haldinn neinum austur-evrópskum grillum lengur. Það má teljast hæstv. fjmrh. til happs að hann hefur ekki atkvæðisrétt á Alþingi þannig að hann þurfi ekki að sitja hér og greiða atkvæði gegn eigin frv. sem hann hlyti þó að gera samkvæmt orðanna hljóðan.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að lýsa yfir stuðningi við tvær af brtt. hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Önnur þeirra laut að því að hann taldi eðlilegt að hægt væri að lengja sjálfskuldarábyrgðartímann í fjögur ár í stað þriggja. Hins vegar taldi hann að það mætti ekki undir nokkrum kringumstæðum lengja í sólarlagsákvæðinu þannig að það yrði átta ár heldur skyldu sex standa. Enn fremur vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa sýnt það í verki að það er til smásveigjanleiki hjá honum þegar hann lýsti því yfir að hann gæti sætt sig við þá orðalagsbreytingu að breyta hugtakinu vátryggingar í tryggingar. Ég tel það meiri háttar tímamótaviðburð að hæstv. ráðherra skuli láta svo lítið að samþykkja það að styðja þessar tvær tillögur og verð ég að segja að það er mikil framför miðað við margt sem maður hefur séð af hendi hæstv. ráðherra bæði fyrr og síðar.

Eftir að hafa hlustað á hæstv. ráðherra efaðist ég satt að segja um að hann hefði lesið eigið frv. Það er t.d. athygli vert að líta aðeins í 3. gr. stjfrv., sem hæstv. ráðherra flutti, og skoða hvað þar stendur. Þar segir að hvert fiskeldisfyrirtæki geti fengið sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að o.s.frv. Með öðrum orðum það er verið að setja ákveðið hámark og það er ekki verið að setja þar neina skyldu því að annars staðar í frv. er rækilega gengið frá því að það er þriggja manna stjórnarnefnd sem á að skoða þessi mál mjög ítarlega og gera tillögur um hvernig beita skuli sjálfskuldarábyrgðunum allt eftir því hvort þeir telja fyrirtækin eiga lífvænlega framtíð.

Og það segir meira í þessari 3. gr. því að þar segir að hámarkstími sem fyrirtækið getur fengið sjálfskuldarábyrgð séu sex ár. Það er verið að tala um hámarkstíma, en í raun og veru getur stjórnarnefndin ef hún vill það og gerir tillögu þar um haft þennan tíma mislangan. Það eina sem hv. meiri hl. nefndarinnar, sem stendur að brtt., er að leggja til er að hægt sé að lengja í þessum tíma ef það gæti orðið til þess að sveigja lögin með þeim hætti að hægt verði að koma til móts við þau fyrirtæki sem eru lífvænleg og eiga

framtíð fyrir sér í þessari grein. Allar yfirlýsingar hæstv. ráðherra um opna ábyrgð og opinn tékka eru auðvitað gersamlega út í hött. Hæstv. ráðherra leggst gegn því að hækka þá heimild sem er í lögunum úr 37,5% upp í 50% jafnvel þótt ljóst sé að slíkt geti haft þýðingu og það sé ástæðulaust, fyrst ákveðið er að fara út í ríkisábyrgð, að hafa þau ákvæði í lögunum sem leyfa að við viss skilyrði sé mögulegt að beita þessu heimildarákvæði. Og hæstv. ráðherra kemur hér í ræðustól og gerir mikið veður út af því að nú skuli það eiga að verða hlutverk ábyrgðadeildarinnar að veita sjálfskuldarábyrgð vegna hafbeitarfyrirtækjanna jafnvel þótt reglugerðir þar að lútandi séu á færi hans sjálfs og þeirra manna sem hann á samkvæmt lögunum að setja í viðkomandi stjórn. Auðvitað verður að meta það á hverjum tíma hvernig fara eigi með hafbeitarfyrirtækin. Við höfum reynslu af slíkum fyrirtækjum. Við getum gert okkur grein fyrir því hvernig skilin eru hjá fyrirtækjunum og auðvitað verða að vera ákveðin öryggismörk þegar verið er að vega það og meta að hve miklu leyti veita skuli sjálfskuldarábyrgð um tímabundið skeið vegna þess að hér er um að ræða tímabundnar ráðstafanir á meðan hv. Alþingi og aðrir í þjóðfélaginu, þar á meðal lánastofnanir, eru að finna réttu leiðina til þess að koma til móts við þessi nýju fyrirtæki um afurðalán. Þannig hagar til í þessum rekstri að afurðirnar eru lifandi en ekki dauðar eins og t.d. gildir um afurðir í frystingunni sem við þekkjum mjög vel svo að ég bendi á hliðstæðu annars staðar þar sem um er að ræða afurðalánakerfið.

Ég hélt að hæstv. ráðherra ætlaði að springa, hann útnaði svo út þegar hann kom hér í ræðustól, blés út og varð rauður í framan og sagði að nú væri Sjálfstfl. að leggja til að reka skyldi ábyrgðadeildina með halla. Sjálfstfl. væri svo ábyrgðarlaus að hann legði bókstaflega til að reka skyldi þessa ábyrgðadeild með halla. Ég segi bara alveg eins og er, ég held að hæstv. fjmrh. ætti að lesa sitt eigið frv. því að í frv. segir mjög skilmerkilega, hvort sem frv. breytist eða breytist ekki, að stjórnarnefndarmennirnir eigi að gera tillögu til hans um iðgjöld og það er hann sem verður að staðfesta hver iðgjöldin eigi að vera. Nú kann svo að fara við viss tiltekin skilyrði að eitthvert fyrirtæki tapi. Þá er spurningin: Á að láta það tap lenda á hinum fyrirtækjunum sem standa sig í rekstri? Á að miða iðgjöldin við að svo og svo mörg fyrirtæki fari á hausinn? Okkar skilningur er sá að það skuli ekki gera, einfaldlega vegna þess að við teljum að stjórnarnefndarmennirnir, og við bendum á ákvæði því til stuðnings hér í frv., eigi að kanna það rækilega í upphafi hverjir það eru sem eigi að fá að njóta sjálfskuldarábyrgðar úr ábyrgðadeildinni. Það er grátlegt þess vegna að verða vitni að því að hæstv. fjmrh. komi hér í stól á Alþingi og tali nákvæmlega eins og hann hafi ekki lesið það frv. sem hann sjálfur fylgdi úr hlaði með ræðu hér á Alþingi fyrir skömmu.

Hæstv. ráðherra notaði mestan hluta tíma síns til árása á Sjálfstfl. Hann sagði: Sjálfstæðismenn skilja ekki kall tímans. Sjálfstæðismenn gera sér ekki grein fyrir því hver þróunin er að verða í viðskiptaheiminum og í ríkisfjármálunum. Hæstv. ráðherra sem er prófessor og kennari við Háskóla Íslands setti sig í kennarastellinguna og sagði: Það sem er að gerast í heiminum, og allir vita, er að menn eru að draga úr ríkisforsjá, hverfa frá ríkiskapítalisma. Í öðru lagi eru menn að draga úr ríkisábyrgðum. Í þriðja lagi eru menn í ríkari mæli en áður að láta viðskiptabanka og almennar lánastofnanir um að lána á eigin ábyrgð og í fjórða lagi er það að gerast alls staðar að komið er í veg fyrir að fé sé látið af hendi rakna úr ríkissjóði án lagaboðs. Þetta voru þau atriði sem hann minntist á og sagði: Sjálfstfl. er nú að ganga gegn öllum þessum atriðum. Hann útnaði hér út og sagði: Þetta eru alveg hrein ósköp, þessi flokkur sem hefur innan sinna vébanda þingmenn sem hafa jafnvel lýst því yfir að þeir séu á móti bákninu, þessi þingflokkur sjálfstæðismanna skuli leyfa sér slíkt. Við skulum aðeins skoða þetta nánar. Það kemur nefnilega í ljós ef við lesum stjfrv., sem hæstv. fjmrh. hefur flutt hér inn á Alþingi, að allar þessar röksemdir, öll þessi atriði sem hæstv. ráðherra var að nefna í þessari ræðu eiga við um hans eigið frv. En auðvitað gerir hæstv. ráðherra ekki þær kröfur til sín sem hann gerir til sjálfstæðismanna, einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðherra veit að það á að gera meiri kröfur til sjálfstæðismanna en þeirra sem hann starfar með. Það þykir hins vegar ekki mikill kjarkur og dugur í því að beita slíkum málflutningi sem beinist fyrst og fremst að því að gera kröfur til annarra en ekki til sjálfs sín. Það er t.d. furðulegt þegar maður veltir því fyrir sér hvernig stóð á þessari ræðu hæstv. ráðherra, hvernig stóð á því að hæstv. ráðherra flutti ekki þessa ræðu þegar hann flutti sína framsöguræðu fyrir frv. á sínum tíma. Hvernig stóð á því, þegar allir læsir menn sjá að öll þessi atriði sem hann lagðist gegn í brtt. eru í frv. sjálfu. Hann réðst ekkert á brtt. heldur hreinlega á þau meginatriði sem eru nú þegar í þessu stjfrv.

Ég ætla að minna hæstv. ráðherra á, af því að ég heyri að hann hefur ekki lesið þetta frv., að þessi lög eru heimildarlög. Það er ljóst samkvæmt 5. gr. sem hv. síðasti ræðumaður las hér enn á ný fyrir hæstv. ráðherra að hæstv. ráðherra hefur öll tök á þessu máli og sú nefnd sem hann skipar, og hann skipar hana einn, hann meira að segja var svo harður í horn að taka í stjórnarsamvinnunni að hann féllst ekki á tillögu Alþfl. um að skipa nefndina öðruvísi. Þeir vildu skipa þessa nefnd öðruvísi. En hæstv. ráðherra vildi hafa alla mennina á sínum snærum. Til hvers? Til þess að láta ríkissjóð tapa? Nei, væntanlega, ef hann fylgir því sem hann er að boða sjálfur, ef hann fer eftir sínum eigin boðorðum, væntanlega til þess að lágmarka áhættu ríkissjóðs. Hæstv. ráðherra á ekki að komast upp með það að koma hér í ræðustól á hinu háa Alþingi og hafa slíka tilburði uppi sem hann hafði og kenna öðrum um það sem hann sjálfur hefur gert. Það liggur alveg ljóst fyrir að frv. sem við ræðum hér er stjfrv., frv. sem hæstv. ráðherra flutti sjálfur inn á Alþingi og það eina sem meiri hl. hv. nefndar hefur gert er að flytja nokkrar brtt. sem gætu orðið til

þess að gera þessi lög sveigjanlegri og komið í veg fyrir það að lögin næðu ekki tilgangi sínum jafnvel gagnvart fyrirtækjum sem eru lífvænleg og eiga ágætar framtíðarhofur.

En nú skulum við skoða, hv. þm., boðorðin, grundvallaratriðin sem hæstv. ráðherra var að segja að alls staðar væri verið að fylgja um þessar mundir. Draga úr ríkisforsjá, draga úr ríkisábyrgð, láta viðskiptabankana og lánastofnanir sjá um að lána á eigin ábyrgð og greiða ekki fé úr ríkissjóði nema lög mæli fyrir.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Var hann í *ríkisstjórn þegar ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn* ákvað að setja lög um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina? Getur verið að sá sjóður njóti ríkisábyrgðar að hluta? Það er von að hæstv. ráðherra hverfi úr þingsalnum. (**ÓÞÞ:** Hann greiddi ekki atkvæði, ég man það vel.) Hann greiddi ekki atkvæði vegna þess að hann hefur ekki atkvæðisrétt og það er ekki hægt að fría sig af því, það væri lítilmannlegt að fría sig af því að hann hafi ekki greitt atkvæði með þessu vegna þess að hann hefur ekki atkvæðisrétt.

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Fylgir ríkisábyrgð vissum hluta af hlutdeildarskírteinum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar? Svarið er auðvitað: Já. Hver stóð að því að setja þessa löggjöf hér á hinu háa Alþingi? Var það Sjálfstfl.? Nei, það var hæstv. fjmrh. sem hér kemur í ræðustól og belgir sig út yfir þeim óforskömmugheitum af hálfu Sjálfstfl. að ætla að laga til það frv. sem hann hefur flutt hér inn á Alþingi. Kannast hæstv. ráðherra við það að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi lánað Verðjöfnunarsjóði talsvert fjármagn, nokkra milljarða, og að það fjármagn eigi eftir að falla á ríkissjóð, ekki að greiðast af þeim sem njóta lána úr Verðjöfnunarsjóðnum og framlaga þaðan? Kannast hæstv. ráðherra við það? Eða þorir hæstv. ráðherra ekki að kannast við það? Hvað er það annað en *ríkisforsjá og ríkisafskipti sem hann er* nú að mæla gegn? Það sem hæstv. ráðherra er að gera er að gera kröfur til annarra en sjálfs sín í því augnmiði að slá ryki í augu manna og hefja sig upp yfir aðra. Hann, hvítþveginn maðurinn, hann hefur aldrei syndgað. Hann getur kastað steinum í aðra eins og sumir forðum. Skyldi nú hæstv. ráðherra nokkurn tímann hafa notað aukafjárveitingar án þess að fyrir fram lægju lög um það að verkefnin ættu að njóta þeirra fjármuna? Kannast hæstv. fjrmh. við það að hafa í lok ársins 1988 staðið að samþykkt fjárlagafrv. fyrir árið 1989 með tekjuafgang upp á 600 millj. kr.? Kannast hæstv. ráðherra við það? Þekkir einhver hv. þm. það að hæstv. ráðherra hafi staðið hér í þessum stól og sagt: Nú hef ég lagt á 7 milljarða kr. nýja skatta. Til hvers? Til þess að fjárlögin yrðu raunhæf. Hvað þýðir það? Það þýðir að nú má taka mark á fjárlögunum. Þau verða ekki eins slæm og í fyrra, nei, nú verður enginn halli á fjárlögum íslenska ríkisins því nú eru þau raunhæf. Og m.a.s. eiga þau að skila rekstrarafgangi upp á 600 millj. kr. Haldið þið að hæstv. ráðherra muni koma hér upp og endurtaka þessa ræðu sína? Á einhver von á því að hann komi hér upp og segi: Ég get kastað steinum í aðra því ég er syndlaus. Ég bjargaði ríkisfjármálunum. Ég greiði ekki út aukafjárveitingar. Ég skilaði ríkissjóði með tekjuafgangi upp á 600 millj. kr. Haldið þið að hann muni gera það? Nei, hann hefur þvert á móti dreift hér út pappírum og flutt ræðu um að það hafi nú bara viljað svo til — ekki var það honum að kenna, að sjálfsögðu var það öðrum að kenna — að það varð halli á fjárlögum íslenska ríkisins. Og ekki bara 600 millj. kr. eins og afgangurinn átti að verða, heldur 6 milljarðar kr. Og auðvitað kom hann hvergi nærri, það var ekki honum að kenna. *Syndlaus maðurinn, ekki fer hann að standa* að þessum ósköpum. Þess vegna getur hann komið hér upp og kennt öðrum um. Hann getur komið upp og sagt: Sjálfstæðismenn, þeir eru að standa að því sem ég mun aldrei gera, þ.e. að greiða fé úr ríkissjóði án lagaboðs, því ég er á móti of miklum ríkisafskiptum, ég er á móti of miklum ríkisábyrgðum.

Það þarf ekki, virðulegur forseti, í raun og veru að hafa mörg fleiri orð um ræðu hæstv. ráðherra. Hún var dæmigerð fyrir mann sem veit ekki hvernig hann á að bregðast við þegar hann finnur að völdin eru að skríða frá honum. Þegar hann finnur að samstarfsmenn hans hafa gefist upp á að styðja þetta frv. og hafa reynt að koma viti í það frv. sem hér liggur fyrir og notað sinn þinglega rétt til þess að eiga um það samstarf við stjórnarandstöðuna.

Það var auðvitað svo, virðulegur forseti, að menn hlutu að velta því verulega fyrir sér hvort grípa ætti til ríkisábyrgðar yfirleitt í þessum málum. Var það Sjálfstfl. sem stakk upp á því? Er það ekki Sjálfstfl. að kenna eða þakka að þetta frv. kom fram? Var það ekki Sjálfstfl. sem lagði til að það yrði ríkisábyrgð? Nei, hann situr hérna, hæstv. fjmrh., sá sem flutti inn á Alþingi frv. til laga um ábyrgðadeild í fiskeldinu og það var hann, í nafni hæstv. ríkisstjórnar, sem lagði til að það yrði ríkisábyrgð, sjálfskuldarábyrgð. Það voru ekki sjálfstæðismenn. Við sjálfstæðismenn veltum því hins vegar fyrir okkur hvort við ættum að styðja slíkt frv. Og eftir að hafa skoðað málið komumst við að raun um það að í þessu undantekningartilviki ættum við að gera það því þessi grein er í erfiðleikum, m.a. vegna þess að ekki hefur enn þá tekist að finna það fyrirkomulag að veita afurðalán fyrir lifandi fisk í landinu. Við viljum gera þetta um tímabundið skeið.

Við viðurkennum það að hæstv. ráðherra á að hafa tögl og hagldir. Af því að hann ber ábyrgð á ríkisfjármálunum verður hann og hans menn að skoða það hvaða fyrirtæki eigi að njóta þessara fríðinda. En við ætlum að hjálpa til til þess að þessi lög verði þannig úr garði gerð að þau komi að gagni, en verði ekki gagnslaust tól í höndunum á hæstv. ráðherra. Þakkirnar hafa allir séð. Það voru ósvífnar skammir og vammir um okkur sjálfstæðismenn þegar við vildum gera þessi lög sveigjanlegri.

Það er gamall siður og þekktur hjá þeim sem eru tiltölulega andlega skyldir hæstv. ráðherra, eða voru það a.m.k. hér áður, að þegar þeir þorðu ekki að skamma Kína þá skömmuðu þeir Albaníu. Ég hygg

að þessi reiðilestur hæstv. ráðherra sem beindist að Sjálfstfl. hafi í raun og veru verið reiðilestur sem átti að beinast gegn samstarfsráðherrum hans í ríkisstjórn. Hann var að skammast út í það að hafa verið svikinn, eins og honum finnst hann hafi verið, því það var ekki farið að í einu og öllu eins og hann einn vildi í þessu máli.

Hæstv. ráðherra verður að sætta sig við það að náðst hefur meiri hluti í hv. nefnd fyrir breytingum sem eru til þess gerðar að gera frv. skynsamlegra og það er ekki hægt fyrir hæstv. ráðherra að koma hér upp og kenna stjórnarandstöðunni, og þó einkum Sjálfstfl., um að hann beri ábyrgð á þeim grundvallaratriðum sem koma fram í því frv. sem hann sjálfur flytur hér inn á Alþingi. Slíkar aðferðir eru lítilmannlegar.

Það er allt í lagi fyrir hæstv. ráðherra að reyna að slá ryki í augu fólks hér á landi og kenna öðrum um. Okkar hlutverk sem tökum starf okkar alvarlega er það að reyna að átta okkur á því hvenær við eigum að flytja frv., hvenær við eigum að styðja stjfrv., hvenær við eigum að sýna andstöðu við slík frv., hvenær við eigum að flytja brtt. við fram komin frv. Það er alls ekki létt verk fyrir okkur að þurfa að taka ákvörðun um það að styðja frv. um ríkisábyrgð en við höfum fært ítarleg rök fyrir því hvers vegna við gerum það í þetta sinn. Við höfum sýnt fram á það að það eina sem okkur hefur gengið til í okkar málflutningi og tillögugerð er að gera þessi lög þannig úr garði að þau séu sveigjanlegri og að þau komi að gagni. Og enn á ný ítreka ég að þetta eru heimildarlög. Hæstv. ráðherra skipar alla þá menn sem ráða því hvernig farið verður með regluna sem fylgt verður og hann getur ekki skotið sér undan þeim skyldum.

Ég skora að lokum á hæstv. ráðherra að lesa þetta frv., kynna sér það ítarlega því ég efast um, eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. ráðherra, að hann viti um hvað þetta frv. snýst. Ef hann veit það þá a.m.k. þykist hann ekki vita það. Og ég vonast til þess að hæstv. ráðherra láti af þessari þembu og þumbaragangi og noti nú tækifærið, þá sjaldan hann hefur slíkt tækifæri, til að koma til móts við okkur í stjórnarandstöðunni, semja frið í þessu máli. Sú atvinnugrein sem hér er verið að fjalla um á annað og betra skilið en að við séum hér í stríði í langan tíma. Ég skora á hæstv. ráðherra að reyna nú á bak við tjöldin, því auðvitað er hann lipur og sveigjanlegur þegar hann vill, að beita sér fyrir því að laga þetta frv. þannig að það komi að því gagni sem ætlunin var þegar hann í upphafi lagði það fram á hinu háa Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram gagnmerk umræða um mikið mál. Og það vekur athygli að hæstv. fjmrh. er einn í salnum af hálfu ráðherra, en óneitanlega má segja að þetta mál tengist beint eða óbeint þremur öðrum hæstv. ráðherrum.

Í fyrsta lagi forsrh. þar sem þetta mál fjallar um efnahagsmál og möguleika til hagvaxtar í landinu. Í annan stað viðskrh. sem ekki hefur treyst sér til að semja þær reglur að hægt sé að veita fiskeldinu afurðalán, vegna þess að hann hefur ekki treyst sér til að mæla með því að tekið sé veð í lifandi fiski. Og í þriðja lagi landbrh. sem greinin heyrir undir. Það getur varla talist sanngjarnt að fjmrh. einn þurfi að sitja undir umræðu um þessi mál.

Nú er það svo að stundum eru daprir dagar hjá ríkisstjórn, stundum eru góðir dagar. Að mínum skilningi eru það góðir dagar hjá ríkisstjórn þegar stjórnarandstaðan lýsir yfir stuðningi við stjfrv. Og gerir það, jafnvel þó hægt sé að finna rök fyrir því, eins og hæstv. fjmrh. gat hér um áðan, að frv. gangi þvert á stefnu ákveðinna stjórnmálaflokka. Og ekki síður ef hægt er að finna rök fyrir því að í frv. megi einnig finna hliðstæðu þess sem gert var þegar Atvinnutryggingarsjóður og Hlutafjársjóður voru stofnaðir með ríkisábyrgð vegna nauðsynjar íslenskrar þjóðar. Og það er líka að því leyti stór dagur í þessum efnum að átta sig á því að Kvennalistinn, sem vissulega verður ekki borinn þeim sökum að vera aðaleigandi fiskvinnslufyrirtækja í landinu, eða eiga svo stórra hagsmuna að gæta í fiskeldinu almennt að nokkrum heilvita manni detti í hug að halla orði á þann veg að slíkt gæti verið ástæða fyrir þeirra afstöðu, einnig má segja að það hefði kannski verið auðvelt að stökkva nú til hliðar og segja: Það er best að þeir beri alla ábyrgð á þessu eins og öðru. En það er ekki gert, heldur lýst yfir stuðningi.

Þetta er nú eiginlega að fá óskabyr. Og ég á eftir að verða alvarlega hissa ef sú ríkisstjórn sem siglir þann óskabyr í þinginu lætur sér detta í hug að snúa skútunni við og fara að sigla beitivind á móti. Það er nú að vera elskur að barningnum, þó ekki sé meira sagt. Vitandi að öll völd í málinu eru eftir sem áður í höndum fjmrn. En ég get vel tekið undir það að auðvitað er það takmarkað í hverju við getum tekið veð. Ég minnist þess sem þingmaður hér á Alþingi að ég treysti mér ekki til að taka veð í sokknu skipi á Mýrdalssandi, þó mér væri sagt að farmurinn væri dýr. En hæstv. fjmrh. gæti farið yfir það hverjir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar treystu sér í veðtökuna forðum. Það voru glaðbeittir menn sem töldu sjálfsagt að taka veð á þeim tíma.

Ég var mjög hikandi að treysta mér til þess að styðja jafnrúmar heimildir og eru í dag til að greiða laun þegar fyrirtæki verða gjaldþrota. Ekki vegna þess að ég teldi ekki að verður væri verkamaður launa sinna, heldur hins að ég óttaðist að þetta yrði misnotað. Og sama verð ég að segja um hinar stóru ríkisábyrgðir sem settar voru á með húsbréfakerfinu. Ég óttaðist einnig að svo gæti farið að þó nokkuð félli á ríkið og þetta yrði misnotað. En í hvaða stöðu er íslensk þjóð í dag? Ég vil leyfa mér að lesa upp úr frv. til fjárlaga fyrir árið 1990 á bls. 217. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum 1990. Nú eru horfur á að árið 1990 verði þriðja samdráttarárið í röð, einkum vegna þess að nauðsynlegt verður að draga úr sókn í fiskstofna. Þannig er gert ráð fyrir í þjóðhagsáætlun að þorskafli verði um 300 þús. tonn,

samanborið við áætlaðan 340 þús. tonna afla í ár. Reiknað er með að heildarafli á föstu verði geti orðið um 6,5% minni en í ár, en að útflutningsframleiðsla sjávarafurða minnki minna, eða um 4,5%, vegna aukinnar vinnslu sjávarafurða. Útflutningsframleiðsla er talin muni dragast enn minna saman, eða 1,7%, einkum vegna mikillar aukningar á framleiðslu eldisfisks til útflutnings."

Ef þessi kafli er lesinn allur kemur í ljós að eina vonarglætan sem menn setja fram í aukinni þjóðarframleiðslu á þessu ári byggist á fiskeldinu. Og það væri alvarlegt mál ef í þriðja mánuði ársins kæmi það nú fram að sá sem þennan texta samdi og sendi inn í þing til að efla kjark okkar stjórnarsinna, til að þora að sigla nokkuð djarft í ríkisfjármálunum, hann boði það nú að það sé ekki gróða að hafa út úr þessu, þetta sé búið spil. Hins vegar vilji menn fara í ríkisábyrgðir upp á 37% til þess að minnka eitthvað hjá þeim tapið.

Ég verð að segja eins og er að mér fyndist slík tíðindi það stór að sanngjarnt væri að ríkisstjórnin öll væri við. Ég held aftur á móti að sem betur fer horfi nú um sumt á betri veginn miðað við það sem hér stendur. Ég trúi því að fiskverð hafi hækkað þannig að við séum að sigla upp úr öldudalnum. Og ég tek ekki þátt í því að afskrifa þá möguleika sem íslensk þjóð á í fiskeldi, ég trúi enn að það sem stendur í þessu fjárlagafrv. sé rétt. En það skal skýrt fram tekið að því eins höfum við arð af fiskeldinu að við ölum fiskinn. Og á Hvanneyri var það kennt að eldi væri það sem skepnurnar fengju fram yfir viðhaldsfóður. Það er nefnilega stór munur að halda honum lifandi fram á haust og hinu, að láta hann stækka. Til að hafa af þessu arð verður hann að stækka. Ég held því að í þessu máli reyni mjög á fjmrh. og ég held að þeir sem hér eru ekki mættir í salnum séu kannski aðilarnir sem hafa á honum legið að ganga ekki lengra. Ég vil nefnilega ekki trúa því að menn átti sig ekki á því að fiskeldið er í dag sá möguleiki, ásamt ferðamannaþjónustu og orkufrekum iðnaði, sem við eigum sem bestu valkosti í íslensku atvinnulífi.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. að það fór margur af stað í þessum efnum með minna fé og meira áræði en sérfræðingar hefðu talið rétt hlutfall þar á milli. Eigum við að stilla þessum mönnum þannig upp í dag að þeir fái ekki lán hjá íslenskum bönkum, þeir fái ekki lán í erlendum bönkum, en það eina sem þeir geti gert sé að kaupa sér flugfar til London, til kóngsins Kaupmannahafnar, til Svíþjóðar og bjóðast til að selja sitt hlutafé? Er það innlend atvinnustefna sem stillir mönnum upp fyrir framan þessa valkosti? Þetta er það sem þeim er frjálst að lögum í dag. Ætlum við, vegna þröngsýni, að færa þessa atvinnugrein í hendurnar á útlendingunum fyrir ákaflega hagstæðan prís vegna þess að menn eru í þeirri stöðu að tapa öllu eða selja það fyrir slikk? Það er ekki innlend atvinnustefna að standa þannig að málum. Og það er einmitt þessi alvara sem ég hygg að hafi haft áhrif á það að Kvennalistinn, þrátt fyrir gagnrýni á forsögu málsins, fylkir sér um björgunaraðgerðir og ég vil taka það fram að ég met þá afstöðu.

Ég ætla aftur á móti að segja það hér og nú að ég heyrði einu sinni sögu af hæstv. fjmrh. Þá hafði hann látið falla orð um það á Ísafirði að sem innfæddur Ísfirðingur gæti ekki gengið upp annað en hann færi í hærri lyftuna á Seljalandsdalnum og renndi sér þar niður. Þeir sem hafa séð aðstæður vita að þetta er snarbratt. Ég hef aldrei álpast þarna upp, það segi ég mönnum hér og nú. Og hæstv. fjmrh. stóð við stóru orðin. Hann fór upp og horfði yfir landið. Nú átti hann val að standa við stóru orðin eða láta vit ráða. Hann spennti af sér skíðin og hélt niður brekkuna. Ég hef alltaf tekið þetta sem dæmi um það að þar færi maður sem léti skynsemina ráða, hvað sem háðsglósum og öðru liði. Og það er nú einu sinni svo að það reynir á menn þegar þeir sitja uppi með athugasemdir fjöldans og andstæðinga, þá reynir á það hvort þeir láta vitið ráða eða hvort þeir láta kannski misheppnaðar fyrri yfirlýsingar ráða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil segja það í upphafi ræðu minnar að ég þarf því miður að vera á stuttum fundi kl. 5.15 og hafði mælst til þess við virðulegan forseta þessarar deildar að ef umræðu yrði ekki lokið þá, og ég er nú ekki viss um að ég verði þá búinn að ljúka minni ræðu, þá verði gert um það bil hálftíma hlé svo að ég geti verið á þeim stutta fundi sem ég þarf óhjákvæmilega að vera á kl. 5.15 en honum verður örugglega lokið á 20 mínútum eða svo. Vona ég að hv. deildarmenn virði þá ósk.

Það hefur verið einn þráður í vörn þeirra sem hér hafa talað fyrir þessum brtt. og hann er sá að í frv. séu ákvæði um það að þeir einstaklingar sem fjmrh. velji til að meta ábyrgðir eigi að vera lykillinn að framkvæmd þessa frv. Og það hefur verið sagt að enginn sé að tala um að allir eigi að fá 50%, enginn sé að tala um að endilega eigi að veita ábyrgð á hafbeitarfiskinn og enginn sé endilega að tala um að það verði halli, heldur eigi bara fulltrúi fjmrh. að meta það og þetta sé út af fyrir sig áhættulaust allt saman. Jú, það hefur nefnilega legið í orðunum vegna þess að þrátt fyrir óskir mínar hér um að stuðningsmenn þessara brtt. mætu það og létu þá það mat koma fram hver yrði hugsanlega reikningurinn sem verður árlega færður inn í fjárlög vegna þessara ábyrgða hafa ekki komið fram neinar upplýsingar, í reynd ekki eitt einasta orð frá flm. þessara tillagna um það hvaða upphæðir sé árlega hægt að áætla að verði tapið sem almenningur í landinu þurfi að greiða vegna þessara ábyrgða. Ef ekki er um að ræða neitt tap er út af fyrir sig allt í lagi að hafa frv. óbreytt eins og við lögðum það fram. Og mér finnst það ekki vera réttur málflutningur, hvað þá heldur heiðarlegur að koma sér hjá því í allri umræðunni að lýsa því hvað menn meta að tapið verði mikið og kostnaður almennings þar með hár.

Ég minni á í þessu sambandi að menn leggja ríka áherslu á að fram fari kostnaðarmat á sérhverju stjfrv. sem hér er lagt fram. Og ég minni á það að hv. síðasti ræðumaður hefur talað hér stórum orðum á undanförnum árum og flytur nú frv. um að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði nema Alþingi hafi samþykkt

upphæð þess gjalds. Engu að síður ætla menn nú að láta samþykkja tillögur sem ekkert kostnaðarmat hefur verið framkvæmt á og skuldbinda ríkissjóð til að greiða upphæðir á næstu árum sem enginn veit hve verða háar. Og ég tók auðvitað eftir því að minn ágæti nafni, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sagði ekki eitt einasta orð í ræðu sinni hér áðan um fjórða gagnrýnisatriðið sem ég flutti sem meginatriði á þessar brtt., þ.e. að þær stönguðust algerlega á við það frv. sem fjvn. hefur flutt hér um greiðsluskuldbindingar úr ríkissjóði og kveður á um að greiða ekkert gjald úr ríkissjóði nema Alþingi hafi áður ákveðið upphæðina á því gjaldi. Mér fannst það vera virðingarvert hjá hv. þm. að koma sér hjá því að minnast á þessa þversögn þótt hann hafi verið harðasti talsmaður þess hér á Alþingi að ekki megi greiða neitt slíkt gjald nema það hafi verið samþykkt hér á Alþingi og jafnvel haft svo stór orð þar um að draga ætti þá ráðherra fyrir landsdóm vegna þess að það væri brot á stjórnarskránni. Nú er hann hins vegar að mæla með því að Alþingi samþykki hér greiðsluskyldur á ríkissjóð á næstu árum án þess að kostnaðarmat hafi farið fram með neinum hætti og án þess að nokkuð sé kveðið á um það hver megi vera hámarksupphæðin á þessu tapi sem ríkissjóður á að greiða, það á að vera fullkomlega opinn tékki sem ríkissjóður á að greiða á hverju ári á þessum áratug. Og ég verð að segja með fullri virðingu fyrir þeim mönnum sem ég hef rætt við í mikilli alvöru um breytingar í ríkisfjármálum að ég fer ekki að taka mark á þeim brtt. þegar menn koma hér upp á sömu dögunum og leggja annars vegar til að ekki megi greiða neitt úr ríkissjóði nema sú upphæð sé ákveðin í fjárlögum og telja svo nauðsynjamál hér að Alþingi samþykki óútfylltan tékka varðandi þessar ábyrgðir. Ég verð að sega alveg eins og er að ég kem því ekki heim og saman hvernig hægt er að styðja hvort tveggja, hvað þá heldur flytja frv. fjvn. og standa að þessu. Og ég verð að segja eins og er, ég trúði því ekki þegar mér var sagt það að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson væri husanlegur stuðningsmaður þessara brtt. vegna þess að mér fannst þetta ganga svo þvert á höfuðatriðin í afstöðu hans til ríkisfjármála sem hann hefur túlkað mjög einarðlega hér á Alþingi á undanförnum árum.

Ég vil í því sambandi nefna það sérstaklega, þó ég ætli að koma að því nánar hér að lokinni frestun þessarar umræðu, að hér er verið að leggja til að teknar séu ábyrgðir og veð í óveiddum fiski. Það er ekki bara verið að leggja til að veita ábyrgðir og veð í fiski sem er verið að ala upp í kerunum, heldur er verið að leggja til að það skuli vera lagaskylda að veita ábyrgðir og taka veð í fiskinum sem syndir úti í sjónum og enginn veit hvort kemur eða í hvað miklu magni. (**ÓÞÞ:** Við seljum.) Já, en er þá ekki eðlilegt að forsvarsmenn sjávarútvegsins segi líka: Fáum við ekki líka lán og ábyrgðir og veð út á þorskinn og ýsuna og karfann sem er óveiddur í sjónum? Eða er það bara fiskeldið sem á að fá ábyrgðir og veð í fiski í sjónum sem er óveiddur? Og það er auðvitað athyglisvert og virðingarvert að hv. þm. Stefán Valgeirsson skuli, þrátt fyrir stuðning sinn við aðrar af þessum brtt., lýsa því yfir að hann hafi þó stórar efasemdir um hafbeitartillöguna og er merkilegt að Stefáni Valgeirssyni blöskri jafnvel að menn skuli ætla að ganga svo langt í þessum efnum að leggja til ábyrgðir og veð varðandi hafbeitina. Er það nú merkilegt, að það skuli þurfa Stefán Valgeirsson til þess að koma hér upp og lýsa því yfir að sér blöskri. En hv. þm. Friðrik Sophusson vílar ekki fyrir sér að mæla með því hvað eftir annað hér að ábyrgðirnar og veðin séu látin ná til hafbeitarinnar og fiskjarins sem syndir hér úti í sjónum og enginn veit hvort nokkurn tíma kemur eða þá í hve miklum mæli.

Ég vona að menn hugleiði hvaða grundvallarbreyting felst í því að leggja til að það sé lagaskylda að taka hafbeitina inn í þetta kerfi og hvaða fordæmi það getur skapað fyrir aðrar atvinnugreinar í landinu. Eða er bara alveg sama hvaða grundvallarreglur eru hér í gildi af því að það þarf að bjarga, bjarga, bjarga, sem er algengasta orðið sem menn nota hér?

Virðulegi forseti. Ég verð því miður, eins og ég gat um áðan, að óska eftir því að gert verði um það bil hálftíma hlé á umræðunni um þetta mál. Verði fallist á það mun ég gera hlé á ræðu minni en koma aftur til þessa fundar nokkru fyrir kl. 6.

Umræðu frestað.

Yfirstjórn umhverfismála, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1972, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum sem varða yfirstjórn umhverfismála. Nál. meiri hl. liggur fyrir á þskj. 708 og brtt. á þskj. 709.

Þetta frv. hefur verið í meðförum nefndarinnar allnokkurn tíma. Það var sent til umsagnar fjölmargra aðila í desembermánuði ásamt frv. um Stjórnarráð Íslands sem þegar hefur verið afgreitt sem lög frá Alþingi. Ákveðið var að afgreiða frv. um Stjórnarráðið sérstaklega eins og þingmönnum ætti að vera í fersku minni, en nefndinni þótti nauðsynlegt að ræða ítarlega um umsagnir varðandi þau verkefni sem umhverfisráðuneyti á að hafa með höndum.

Nefndin hefur rætt þessi mál á fjölmörgum fundum. Ég hygg að þetta mál hafi verið tekið fyrir á 14 nefndarfundum og vil ég nota tækifærið hér í upphafi til að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ágætt starf. Þó að ágreiningur hafi verið mikill og leiðir hafi skilið er ekki undan samstarfinu í nefndinni að kvarta.

Leitast var við í þessu máli að beina sjónum að

þeim ágreiningsmálum sem upp hafa komið varðandi verkaskiptingu og verkefnatilfærslu. Þess skal getið að Kvennalistinn hafði áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar og einnig stóð þingflokki Alþb. það til boða en áheyrnarfulltrúi tók þó ekki sæti fyrir þess hönd.

Eins og áður er sagt var málið sent til umsagnar í desember og nefndin óskaði þá eftir áliti fjölmargra aðila um frv. Bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Almannavörnum ríkisins, Bjarna Guðleifssyni, borgarlækni, Búnaðarfélagi Íslands, Bændaskólanum á Hólum, Bændaskólanum á Hvanneyri, Dýralæknafélagi Íslands, eiturefnanefnd, Félagi ísl. iðnrekenda, Félagi ísl. náttúrufræðinga, félmrn., Ferðamálaráði Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun, heilbr.- og trmrn., Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðafélagi, Hjörleifi Guttormssyni alþm., Hollustuvernd ríkisins, iðnrn., Jarðfræðafélagi Íslands, landbrn., Landgræðslu ríkisins, landlækni, Landmælingum Íslands, Landvernd, Lífi og landi, Líffræðistofnun Háskólans, menntmrn., Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá, röntgendeildum Landspítalans, Borgarspítalans og Landakotsspítala, Röntgentæknafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, samgrn., Siglingamálastofnun ríkisins, Skipulagi ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Veðurstofu Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Vísindaráði, yfirdýralækninum í Reykjavík, Þjóðminjasafni Íslands. Auk þess hafði nefndin til athugunar umsagnir sem bárust allsherjarnefnd á síðasta þingi um þau frumvörp um yfirstjórn umhverfismála er þá lágu fyrir og umsagnir þær sem bárust nefnd þeirri sem samdi frumvarp það sem nú er til umfjöllunar.

Frá þessum aðilum bárust skriflegar umsagnir inn til nefndarinnar en eins og áður er sagt þá kannaði nefndin rækilega þau atriði frv. sem mestur ágreiningur er um og kallaði til viðræðna við nefndina þá aðila sem málið varðar mest að því leyti að samþykkt frv. þýðir breytingu á yfirstjórn stofnunarinnar sem þeir bera ábyrgð á.

Þessir aðilar voru: Hermann Sveinbjörnsson, stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins, Leifur Eysteinsson, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, Þórhallur Halldórsson, forstöðumaður heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Guðlaugur Hannesson, forstöðumaður rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins, Daníel Viðarsson, forstöðumaður eiturefnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Páll Bergþórsson veðurstofustjóri, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, Gunnar Ágústsson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn., Sigurður M. Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, Guðjón Magnússon, stjórnarmaður í Geislavörnum ríkisins, Ólafur Ólafsson landlæknir, Jón Loftsson skógræktarstjóri, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri í landbrn., Þór Magnússon þjóðminjavörður, Páll Hersteinsson veiðistjóri, Ágúst Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, Þorsteinn Tómasson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Hjörtur E. Þórarinsson, formaður Búnaðarfélags Íslands, Bjarni Guðráðsson og Einar Þorsteinsson frá Búnaðarfélagi Íslands og Birgir Blöndal, skrifstofustjóri Sambands ísl. sveitarfélaga.

Það er ljóst að skiptar skoðanir eru um tilflutning stofnana á milli ráðuneyta og mikið af starfi nefndarinnar fór í það að ræða þau mál. Hluti vandans felst í því að verkefni margra stofnana eru fjölþætt og ekki er hægt að telja alla þætti starfseminnar beint til umhverfismála. Einnig er mjög vandasamt að kljúfa stofnanir upp með tilliti til ólíkra verkefna og tryggja að verksvið þeirra eða ráðuneyta skarist ekki. Hefur meiri hl. nefndarinnar kannað sérstaklega hvort unnt væri að skilja á milli mengunarvarnasviðs og heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins með því að kljúfa stofnunina upp. Í ljós kom að á því eru margir vankantar og ókostirnir fleiri en kostirnir. Ekki reyndist heldur unnt að láta mengunarvarnasviðið heyra undir umhvrh. en önnur svið undir heilbr.- og trmrh., á svipaðan hátt og frv. gerir ráð fyrir að mengunarvarnasvið Siglingamálastofnunar ríkisins heyri undir umhvrh. en önnur svið stofnunarinnar undir samgrh.

Tilgangur með stofnun umhverfisráðuneytis er m.a. sá að gera umhverfismálum hærra undir höfði innan stjórnsýslunnar en verið hefur og tryggja samræmi í yfirstjórn þeirra. Með skírskotun til þess telur meiri hl. nefndarinnar rétt að þær stofnanir sem frv. fjallar um flytjist undir yfirstjórn umhvrn., að undanskilinni húsafriðunarnefnd. Með því eykst umhverfisþátturinn í starfi stofnana á næstu árum, þótt ekki megi vanrækja aðra þætti sem gætu eins átt undir önnur ráðuneyti en umhvrn.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Í fyrsta lagi er lagt til að lokamálsgrein 1. gr. verði breytt á þann veg að umhvrh. beri að leita samráðs við landbrh. um friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.

Þetta er gert í því skyni að slíta síður tengslin á milli landbrn. og umhvrn. en meiri hl. telur að þar verði að vera gott samráð á milli og árangur í umhverfisvernd byggist m.a. á því samráði og góðu samstarfi við þá sem eru umráðamenn landsins og það fagráðuneyti sem fjallar um þeirra mál.

Í öðru lagi er lagt til að 21. gr. falli brott. Meiri hl. telur rétt að húsafriðunarmálefni og húsafriðunarnefnd heyri áfram undir menntmrn. eins og áður var tekið fram.

Í þriðja lagi er lagt til að við bætist bráðabirgðaákvæði, sem áður fylgdi 129. máli, um Stjórnarráð Íslands, þó með þeirri breytingu að einungis er gert ráð fyrir endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt. Þetta bráðabirgðaákvæði var fellt niður úr frv. um Stjórnarráð Íslands vegna þess að þessi málefni voru áfram í umfjöllun hjá nefndinni en meiri hl. telur rétt að taka ákvæði um þessa endurskoðun inn aftur.

Í fjórða lagi eru tvær breytingar tæknilegs eðlis. Lagt er til að breytt verði tilvitnun 1. mgr. 1. gr. og einnig gildistökuákvæði frv. í 22. gr.

Þess má geta að auk þess sem hér hefur verið talið um starf nefndarinnar að þessu máli þá var nefndarmönnum í allshn. neðri og efri deildar boðið í heimsókn til Landgræðslu ríkisins að Gunnarsholti. Af óviðráðanlegum ástæðum gátu ekki nema formaður allshn. Nd. þegið það boð en eigi að síður var farið þangað í kynnisferð og fimm nefndarmenn úr báðum deildum skoðuðu húsakynni og starfsemi Landgræðslunnar í Gunnarsholti í síðustu viku.

Búnaðarþing, sem nú situr, fjallaði um þetta mál sérstaklega í síðustu viku og komu fulltrúar frá búnaðarþingi á fund nefndarinnar. Einnig átti formaður nefndarinnar viðræður við jarðræktarnefnd búnaðarþings varðandi þetta mál og nefndinni barst ályktun búnaðarþings eftir fyrstu umræðu málsins og ályktun búnaðarþings eftir aðra umræðu málsins liggur fyrir nú og barst Alþingi í gær.

Ég vil geta þessa sérstaklega að búnaðarþing gerir athugasemdir við frv. sem fjalla um gróðurvernd og eftirlit. Það gerir þær athugasemdir að niður eigi að falla orðin „vinna að gróðurvernd" í 1. málsgr. og einnig falli niður orðið „verndun" í 2. málsgr. sömu greinar. Og einnig falli niður síðasta grein 1. málsgr. frv. sem fjallar um að þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu og laga um skógrækt með síðari breytingum geti umhverfisráðherra að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs fyrirskipað sérstakar friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.

Meiri hl. allshn. gerir tillögu um að sú breyting verði á þessari málsgr. að þessar friðunaraðgerðir verði gerðar í samráði við landbrn. Þetta er millileið í málinu, þarna er verið að sætta andstæð sjónarmið og meiri hl. telur þetta ásættanlega lendingu í þessu máli. Hins vegar má geta þess að Guðni Ágústsson skrifar undir málið með fyrirvara sem hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir þegar þessari umræðu verður fram haldið.

Það er ljóst að um þetta mál er mikill ágreiningur í þjóðfélaginu og meiri hl. nefndarinnar fer ekkert í grafgötur með þann ágreining, hann hefur komið fram.

Afgreiðsla þessa máls af hálfu meiri hl. tekur í öllum meginatriðum mið af samkomulagi stjórnarflokkanna sem gert var á sl. hausti þegar málið var lagt fram. Það er þó eitt sem allir ættu að geta verið sammála um, að umhverfismálum þarf að gefa aukið vægi og það þarf að liggja jafnvægi og sátt milli umhverfisverndarsjónarmiða og nýtingarsjónarmiða.

Það er svo, eins og ætíð þegar miklar breytingar eiga sér stað, að menn bera ugg í brjósti um það hvað við tekur. Meiri hl. nefndarinnar telur að flutningur stofnana milli ráðuneyta ætti ekki að þýða að málum þeirra sé verr komið en ella, ekki síst þar sem það er yfirlýstur tilgangur með þessari lagasetningu að styrkja umhverfisverndarþáttinn sem er ótrúlega víðfeðmur. Hins vegar er það skoðun meiri hl. að nauðsynlegt sé að flana ekki að þeirri endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt sem frv. gerir ráð fyrir og sú endurskoðun verði til þess að þræða eðlilegan meðalveg milli nýtingar- og umhverfisverndarsjónarmiða og um þá endurskoðun ríki sátt í þjóðfélaginu sem og þau lög um umhverfisvernd sem ætlunin er að leggja fram frv. um og fjalla um hér á Alþingi þegar fram í sækir.

Eins og ég gat um hér í upphafi þá klofnaði nefndin í málinu en undir álit meiri hl. skrifa Jón Kristjánsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðni Ágústsson sem skrifar undir með fyrirvara og Sighvatur Björgvinsson.

Minni hl. mun síðan gera grein fyrir sínu áliti að sjálfsögðu og brtt. sem liggja hér fyrir á þskj. 725 og 726.

Umræðu frestað.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 474, n. 668 og 670, brtt. 669.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(frh.)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni fyrr í dag hafði ég vakið athygli á því að mér finnst gæta nokkurrar mótsagnar í þeim málflutningi stuðningsmanna þessara tillagna að annars vegar eigi að leggja allt traust sitt á það að fulltrúar fjmrh. í stjórn þessa sjóðs muni tryggja að hagsmunum almennings verði ekki fórnað en hins vegar sé brýn nauðsyn á að opna þessar gáttir, sem verið er að opna með brtt., því að fulltrúar fjmrh. eigi að hafa það hlutverk að loka þeim aftur.

Ég held það væri miklu nær að ræða þetta mál á þeim grundvelli sem er hinn harði peningalegi grundvöllur. Hvað eru flm. þessara brtt. reiðubúnir að leggja mikinn kostnað á almenning vegna þessa máls? Eru menn tilbúnir til þess að leggja 100 millj. á ári, 200 millj. á ári, 300 millj. á ári — hvar eru mörkin? Vegna þess að allt dulmálið um björgunaraðgerðir, eflingu fiskeldis og annað það sem hér var notað merkir í raun og veru krónur sem teknar verða af skattfé almennings í landinu til þess að leggja fram til þessa verks.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að vissulega var álitamál hvort ætti að fara inn á þessa braut og það var ein af ástæðunum fyrir því að það tók mjög langan tíma að ræða um hinar ýmsu útgáfur af hugsanlegu frv. Vegna þess að menn vildu hvorki skapa fordæmi fyrir aðrar atvinnugreinar né heldur festa í sessi kerfi þar sem almenningur í landinu væri í gegnum Ríkisábyrgðasjóð og ríkissjóð látinn standa undir stórum hluta af áhættunni. Og ástæðan fyrir því að þau tölulegu mörk sem í frv. eru voru valin, 37,5%, sex ár í stað átta, og það ákvæði að iðgjöldin ættu að tryggja að ekki væri um halla að ræða og ekki væri skilyrðislaust skylt að taka hafbeitina inn, öll þessi ákvæði miðuðu að því að setja í algjört lágmark þá hugsanlegu áhættu sem fælist í málinu fyrir almenning í landinu.

Mér finnst stuðningsmenn þessara brtt. skulda bæði þingheimi og almenningi nánari skýringar á því hvers vegna þeir vilja ganga lengra, opna þessar gáttir meir. Vegna þess að með því eru þeir að hleypa inn í þetta kerfi fyrirtækjum og verkefnum sem tvímælalaust munu auka áhættuna og hafa í för með sér meiri útgjöld fyrir hinn almenna sjóð landsmanna á næstu árum.

Hv. þm. Friðrik Sophusson vék hér, líkt og ég gerði, að Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði og ég fagna því að hann skyldi gera það vegna þess, að eins og hv. þm. er kunnugt er fiskeldisfyrirtækjunum ætlað að hafa aðgang að Atvinnutryggingarsjóði eins og öðrum fyrirtækjum og þau eru ýmis þar til skoðunar. Fiskeldið situr þess vegna við sama borð og aðrar atvinnugreinar hvað það snertir. Hér er hins vegar verið að leggja til viðbót, viðbótarábyrgðir, viðbótarframlög og viðbótaráhættu fyrir hinn almenna sjóð í landinu umfram það sem felst í Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði fyrir fiskeldið eitt og það eru rökin fyrir því að bæta þessu við sem þessu nemur sem skortir algerlega í málflutning hv. þm.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að hér yrði að efna til björgunaraðgerða en það skorti mikið á að hann ræddi: Hvað má björgunargjaldið vera hátt, hvað má ríkisábyrgðin vera há? Að því atriði vék hann ekki neinu í sinni ræðu.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði að það væri rangt að það væri um óútfyllta víxla að ræða í brtt. meiri hl. nefndarinnar. Ég vek athygli hv. þm. á því að brtt. hvað hafbeitina snertir er óútfylltur víxill nema hv. þm. ætlist til þess að fulltrúar fjmrn. hafi að engu þá skyldu sem með brtt. er lögð á sjóðina að lána til hafbeitarinnar. Það átti skilja orð þingmannsins á þann veg að ef ekki væri hér um óútfylltan víxil að ræða þá ættu stjórnendur sjóðsins ekki að fara eftir þessu lagaákvæði og ekki lána neitt til hafbeitarinnar. Vegna þess að eins og fram hefur komið í þessum umræðum þá hefur enginn maður enn sem komið er, hvorki sérfræðingar, stjórnendur fiskeldisfyrirtækja né flm. þessara brtt., upplýst hvernig eigi í framkvæmd og á tæknilegan hátt að taka hafbeitina inn í þetta kerfi. Hvernig eigi að taka upp þá skipan að fiskur sem syndir um Atlantshafið, og enginn veit hvenær eða hvort skilar sér í tiltekna fiskeldisstöð, verði tekinn sem veð. Og það er satt að segja furðulegt að knýja á um það að slík lagaskylda sé tekin upp þegar menn hafa ekki hugmynd um hvort yfir höfuð er hægt að framkvæma það.

Ég vil aftur segja það sem ég sagði hér fyrr í dag áður en ég gerði hlé á ræðu minni. Það verður að segja hv. þm. Stefáni Valgeirssyni til hróss, og kallar hann þó ekki allt ömmu sína í þeim efnum, að hér nam hann staðar og sagði: Þetta tel ég nú hæpið, þessa brtt. tel ég nú vera þannig úr garði gerða að það sé varla hægt að samþykkja hana. Og það er auðvitað athyglisvert og verður lengi í minnum haft að Sjálfstfl. skyldi leggja það hér til að ganga lengra en Stefán Valgeirsson treysti sér til þess að mæla með. Og falla þá dauð og ómerk öll stóru orðin sem hv. þm. Friðrik Sophusson, hv. þm. Halldór Blöndal, hv. þm. Þorsteinn Pálsson og ýmsir aðrir þingmenn Sjálfstfl. hafa haft um Stefán Valgeirsson og afstöðu hans til ríkisafskipta og ríkisforsjár á undanförnum mánuðum. Því Sjálfstfl. hefur með þessari tillögu sinni sýnt að hann er reiðubúinn að ganga lengra í þessum efnum en Stefán Valgeirsson.

Í þingflokki Sjálfstfl. starfar einn af brautryðjendum fiskeldis á Íslandi, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það er mikill galli að hann skuli ekki sitja hér í þessari hv. deild heldur í Ed. því að það væri mjög fróðlegt að geta spurt hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að því hvers vegna þarf að gera þessar brtt. Hvaða fyrirtæki þurfa á þessum brtt. að halda? Hvernig væri að fara yfir fiskeldið líkt og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson var að byrja á að gera hér áðan. (**Gripið fram í:** Verður þetta ekki hægt þegar málið kemst til Ed.?) Jú, vissulega verður það hægt en ég er að segja að það er mikill galli að geta ekki gert það hér áður en málið kemur til afgreiðslu, að sá hv. þm. í þingflokki Sjálfstfl. sem tvímælalaust hefur mesta þekkingu á fiskeldi skuli ekki eiga sæti hér í deildinni svo að hægt sé að spyrja hann nákvæmlega út frá rekstrarstöðu og framtíðarhorfum í fiskeldi hvers vegna hann telur að breytingar af þessu tagi þurfi að gera, hvaða fyrirtæki það eru sem beinlínis þurfa á þessu að halda og hvers vegna.

Hér hefur verið sagt að ef þessar tillögur verði ekki samþykktar þá séu menn að dæma fiskeldið til dauða. Það verði ekki til sem atvinnugrein. Þetta finnst mér vera afar merkileg yfirlýsing af hálfu þeirra sem styðja þessa brtt. Hvaða fiskeldisfyrirtæki eru það sem ekki lifa ef þetta verður ekki samþykkt? Eru það öll fyrirtækin í fiskeldinu sem eiga framtíð sína undir því að þessar brtt. verði samþykktar? Ég dreg það stórlega í efa vegna þess að sem betur fer eru ýmis fiskeldisfyrirtæki hér í landinu sem þurfa alls ekkert á þessu að halda. Sem betur fer eru ýmis fyrirtæki í fiskeldi hér á Íslandi sem hafa verið byggð upp hægt og rólega, eiga töluvert eigið fé og hafa stigið þessi skref með þeim hætti að þau geta sinnt sinni starfsemi með eðlilegum bankaviðskiptum og án þess að grípa til ríkisábyrgðar. Þess vegna er það alrangt, sem ræðumenn hafa sagt hér, að þessar brtt. snúist um að

fiskeldinu sem atvinnugrein sé bjargað eða ekki bjargað. Þessar brtt. snúast um það að flytja ákveðinn fjölda fiskeldisfyrirtækja sem eru í vafasamri rekstrarstöðu yfir á ábyrgðarherðar almennings í landinu í gegnum ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Það er um þetta sem málið snýst. Vegna þess að viðskiptabankarnir hafa ekki treyst sér til þess að veita þessar ábyrgðir.

Menn geta sagt eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði: Viðskiptabönkunum er ekki treystandi. En eru ekki þessir sömu menn að flytja frv. á Alþingi um að breyta þessum sömu bönkum í hlutafjárbanka til þess að matið hjá þeim verði enn harðara, til þess að arðsemin verði látin ráða enn frekar hvað gert er í bankanum vegna þess að eigendur hlutafjárins vilji fá arð af bankarekstrinum í sinn hlut? (**Gripið fram í:** Vill ríkið það ekki?), Jú, en ríkið hefur ekki rekið ríkisbankakerfið hér á Íslandi fyrst og fremst til þess að fá arð í sinn hlut. En hlutafjárbankar eru eðlilega reknir til þess að þeir sem leggja hlutafé í bankann fái sambærilegan arð af því hlutafé eins og þeir geta fengið annars staðar á markaðnum. (**FrS:** Bera ekki ríkisbankarnir sömu ábyrgð?) Jú, þeir bera ábyrgð en ég vek athygli á þessari mótsögn sem felst í því að segja: Viðskiptabönkunum er ekki treystandi til þess að meta fiskeldisfyrirtækin með eðlilegum hætti, því að það er það sem verið er að segja með þessari brtt. Viðskiptabönkunum er ekki treystandi til þess að meta þetta með eðlilegum hætti, enda sagði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson það alveg skýrt. (**GGÞ:** Nei, nei, ég sagði það ekki.) Jú, hann sagði það alveg skýrt og hv. þm. þarf ekkert að vera að hlaupa frá því enda hefur hann hér mánuðum saman ásamt mörgum öðrum kvartað yfir því hvernig viðskiptabankarnir hafi komið fram í þessu máli. (**GGÞ:** Það er Útvegsbankamálið sem hefur áhrif.) Útvegsbankamálið sem hefur áhrif. Þetta var merkileg setning. Þetta er kannski merkilegasta setningin í þessum umræðum. Útvegsbankamálið hefur áhrif, segir hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson. Hvers vegna? Hvað á hann við með því? Hann á við með því að bankastjórar Útvegsbankans voru látnir víkja og Útvegsbankinn varð að fá um 3 milljarða úr ríkissjóði vegna þess að bankinn hafði tekið of mikla áhættu. Og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er að segja: Áhættan í þessu máli er svo mikil að hún er álíka og áhættan í Útvegsbankamálinu varð til þess að bankastjórar voru látnir víkja og ríkissjóður þurfti að leggja 3 miljarða inn í bankann. (Gripið fram í.) Jú, það er akkúrat þetta sem hann á við þegar hann grípur hér fram í og áttar sig núna greinilega á því að hann hefur talað af sér. (**GGÞ:** Ég skal skýra þetta á eftir.) Já, það er gott að þingmaðurinn skýri það. Vegna þess að það að vísa til Útvegsbankamálsins þegar verið er að tala um hvað bankarnir treysti sér til að gera og hvað ekki í lánveitingum, er að draga upp þá mynd að bankastjórarnir séu að taka of mikla áhættu og bankinn of mikla hættu ef hann láni á þann hátt. Og það vita auðvitað allir sem hafa rætt við bankastjóra viðskiptabankanna um lánveitingar til fiskeldisfyrirtækjanna að þeir og sérfræðingar þeirra hafa talið að áhættan væri orðin allt of mikil hjá mörgum þessara fyrirtækja. Hér er þess vegna verið að leggja það til að af því að viðskiptabankarnir treysti sér ekki til þess að lána það sem á vantar, 37,5%, þá skuli ríkið koma þarna inn í enn meir. Ef þeir sem eru ábyrgðarmenn ríkissjóðs í þessu og flm. brtt. leggja allt sitt traust á, eins og þeir hafa mælt hér, beita sams konar mati og viðskiptabankarnir út frá röksemdafærslu flm. þessara brtt., þá auðvitað ábyrgjast þeir ekki meira en 37,5%. En það er verið að leggja þá kvöð á og gefa til kynna að það eigi að fara fram yfir það sem bankarnir telja eðlilegt og taka meiri áhættu inn á ríkissjóð í þessum efnum en viðskiptabankarnir telja eðlilega. Það er það sem ég á við þegar ég lagði á það áherslu hér áðan að með þessari tillögu er verið að halda inn á þá braut að ætla ríkissjóði að gegna hlutverki viðskiptabanka og það er auðvitað ekki nýtt. Ég hef hvað eftir annað heyrt þau sjónarmið síðan ég varð fjmrh. hjá ýmsum sem vilja láta ríkissjóð, sem er bara annað nafn fyrir skattpeninga almennings í landinu, gegna hlutverki banka og taka á sig tapið og hafa beitt alls konar pólitískum þrýstingi til þess að ofan á verði sjónarmið sem samrýmast ekki eðlilegum viðskiptalegum og efnahagslegum sjónarmiðum. (**FrS:** Er ráðherrann að tala um Þormóð ramma?) Nei, ráðherrann er ekki að tala um Þormóð ramma í þeim efnum, þó að ég sé alveg reiðubúinn að tala um Þormóð ramma út frá því sjónarmiði sem hv. þm. vék hér að vegna þess að það vill nú svo til að á bak við eignarhlut ríkisins í Þormóði ramma stendur allmyndarlegur veiðiréttur sem í núgildandi fiskveiðiskipan veitir auðvitað því fyrirtæki verðmæti sem eru langt umfram það sem ríkissjóður hefur í það lagt. Þannig að út frá söluverðmæti þess sem Þormóður rammi stendur fyrir er alveg hægt að réttlæta með eðlilegum hætti fjármuni ríkissjóðs í það fyrirtæki og ætla ég þó ekki að vitna til byggðaröksemdanna í þeim efnum. Hér er hins vegar ekki verið að tala um byggðaröksemdir gagnvart þessum fiskeldisfyrirtækjum. Hér er ekki verið að tala um atvinnuhagsmuni gagnvart þessum fiskeldisfyrirtækjum. (**Gripið fram í:** O, jú.) Nei, það er ekki verið að tala um það vegna þess að það er hvergi að finna í þeim brtt. sem meiri hl. hefur flutt hér að vísað sé til þeirra sjónarmiða. Það er eingöngu verið að leggja málið fyrir á fjárhagslegum grundvelli og verið að leggja til að fjárhagsleg ábyrgð ríkissjóðs og almennra skattborgara sé aukin.

Það vill nú svo til að stór hluti fiskeldisfyrirtækjanna er á því svæði á landinu þar sem mikill hluti annarra atvinnutækifæra er fyrir hendi. (Gripið fram í.) Nei, ég sagði mikill fjöldi. Og ef hv. þm. er fyrst og fremst að hugsa um það hefði verið nær að setja þann efnisþátt inn í brtt. en það er ekki gert. Hins vegar eru lögin um Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð þess eðlis að þar er verið að taka fyrst og fremst tillit til byggðahagsmuna og atvinnuhagsmuna.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson vék nokkuð

að undirbúningi þessa máls. Ég kaus að gera það ekki að umræðuefni hér. Ég verð þó að segja um þann þátt málsins að samvinna í ríkisstjórnum byggist ekki bara á stefnulegri afstöðu. Hún byggist líka á ákveðnum drengskap og ákveðnum samskiptaháttum. Hún byggist á því að fulltrúar ólíkra flokka komi sér saman um hvernig stjfrv. eru lögð fyrir Alþingi. Frumvörpin eru svo kynnt í þingflokkum stjórnarflokkanna og eftir að þingflokkarnir hafa samþykkt að leggja frumvörpin fram liggur fyrir stuðningur viðkomandi þingflokka og allra þingmanna við þau. Það er eitt af óskráðum lögmálum stjórnarsamstarfs í samsteypustjórnum að einstakir þingmenn fara ekki að mynda meiri hluta með öðrum um grundvallaratriði í stjfrv. án þess a.m.k. að ítarlegar viðræður fari fram milli stjórnarflokkanna um það efni og sé því hafnað af samstarfsflokkunum þá er slíku ekki fylgt eftir.

Það sem gerðist í þessu máli var að eftir mjög langan fæðingartíma, eftir að málin höfðu ítarlega verið rædd milli flokkanna og margvíslegar útgáfur skoðaðar, og eftir að þetta frv. hafði verið til ítarlegrar meðferðar í öllum þingflokkum stjórnarflokkanna var það samþykkt af þingflokkum allra stjórnarflokkanna. Og enginn stjórnarflokkanna tilkynnti að einstakir þingmenn áskildu sér rétt til þess að breyta frv. eða stuðningur þingflokksins væri háður þeim fyrirvara að einstakir þingmenn vildu breyta frv. Þetta frv. var samþykkt án allra slíkra skilyrða af öllum þingflokkum þessarar ríkisstjórnar. Og það eru auðvitað fullkomlega óeðlileg vinnubrögð og brot á öllum samskiptaháttum milli stjórnarflokka í ríkisstjórnum og því bræðralagi þingmanna stjórnarflokka sem myndar þingmeirihluta á Alþingi að einstakir þingmenn, eftir að flokkur þeirra hefur samþykkt að leggja frv. fram og án þess að flokkurinn hafi haft nokkurn fyrirvara á efnisatriðum málsins, taki síðan höndum saman við stjórnarandstöðuna til að breyta frv. Því það er auðvitað alveg ljóst að ef þau vinnubrögð væru höfð uppi af öllum þingmönnum og öllum flokkum væri enginn stjórnarmeirihluti á Alþingi. Þá mundu stjórnarstörfin á Alþingi leysast upp í ein allsherjar átök allra þingmanna og allra flokka. Ég tel þess vegna að þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í þessum efnum séu algert brot á þeim samskiptalögmálum sem hafa tíðkast um áratugi milli þingflokka og þingmanna sem standa stjórnarmeirihluta.

Það var fyrst og fremst eitt atriði sem mér var tjáð að menn hefðu athugasemdir við að gera í þingflokki Framsfl. Það var það atriði að í þeirri matsnefnd sem fjmrh. mundi skipa sætu eingöngu menn valdir af fjmrh. en ekki einhver sem valinn væri samkvæmt tilnefningu eða ábendingu þess ráðherra sem fer með málefni fiskeldisins, þ.e. landbrh. En ég vek athygli á því að það er ekki verið að leggja til brtt. á þessu atriði sem var eina atriði sem sagt var að menn innan þingflokks Framsfl. vildu breyta þegar skýrt var frá því hvaða afstöðu flokkurinn hefði tekið. Það er ekki verið að gera tilraun til að breyta því. Það er engin tillaga um það atriði sem þó vissulega mætti skoða og eru full efnisrök fyrir að fjalla um. En það er tekið á fjölmörgum öðrum atriðum sem aldrei var minnst á einu orði af hálfu fulltrúa þingflokks Framsfl. þegar þeir greindu frá því að Framsfl. samþykkti eins og aðrir stjórnarflokkar að leggja frv. fram.

Ég kaus ekki að gera þennan þátt málsins að umræðuefni hér og hafði ekki ætlað mér að gera það en fyrst hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson fór að ræða um aðdraganda frv. og vinnubrögðin í þeim efnum og fór að blanda inn í þetta mál og gefa til kynna hér hugsanlegan ágreining milli mín og landbrh. í málinu og vék að því mörgum orðum og fór að gera það að einhverjum skýringarþætti í þessu máli, þá var alveg óhjákvæmilegt að ég tæki þennan þátt hér fyrir. Það var enginn efniságreiningur milli mín og landbrh. um þau atriði sem verið er að leggja til að hér verði breytt. Það sem fyrst og fremst sneri að umræðu milli mín og landbrh. og fjmrn. sem stofnunar og landbrn. sem stofnunar var hvort ætti að skapa það fordæmi að við mat á ríkisábyrgðum kæmu einnig inn fulltrúar einstakra atvinnuráðuneyta en það væru ekki eingöngu fulltrúar fjmrn. Það var spurning um almenna reglu en ekki sérstök töluleg ákvæði í ábyrgðarhlutfallinu eða öðrum þáttum málsins.

Ég ætla hins vegar ekki að gera það að stóru máli hér að eftir að búið var að tilkynna mér formlega að Framsfl. stæði að frv. og eftir að búið var að tilkynna mér að það væri bara eitt atriði, þetta sem ég hef hér vikið að, hvort landbrn. ætti fulltrúa í þessari þriggja manna nefnd, sem menn vildu láta skoða nánar innan Framsfl., þá gerist það hér á Alþingi að þingmaður Framsfl. gerir bandalag við stjórnarandstöðuna um að breyta stjfrv. og sækir það mál af mikilli hörku og reynir af miklum krafti að mynda meiri hluta í deildum þingsins til að breyta frv. í grundvallaratriðum gegn vilja viðkomandi ráðherra. Og það er auðvitað ábyrgðarhluti að það skuli vera forustuflokkur ríkisstjórnarinnar sem gerir það. Það er auðvitað fordæmi sem getur haft áhrif í öðrum málum ef aðrir þingmenn fara að breyta eins og þingmaður Framsfl. í þessum efnum. (**FrS:** Í hvaða málum?) Það ætla ég ekkert um að segja en hv. þm. Friðrik Sophusson veit fullvel að samsteypa margra flokka á Íslandi getur ekki orðið siðaðra manna samfélag, getur ekki orðið heiðarleg samvinna nema menn viti nákvæmlega hvar þeir hafa hver annan og menn skýri satt og rétt frá hvernig í málunum liggur.

Ég hefði ekki gert neina athugasemd við það ef fram hefði komið að einstakir þingmenn Framsfl. hefðu lýst því yfir fyrir fram að þeir væru á móti þessum tilteknu ákvæðum í frv. og ætluðu sér að reyna að mynda meiri hluta með stjórnarandstöðunni til að fá því breytt. En það var ekki sagt frá því fyrir fram. Þvert á móti var sagt að þingflokkurinn stæði allur að þessum ákvæðum. Og í áratugi hefur samstarf siðaðra manna á Alþingi byggst á því að menn geti treyst orðum hvers annars. Menn segi hug sinn allan og fari ekki á bak við félaga sína. Í þessu máli er

myndaður meiri hluti á móti grundvallarþáttum í þessu stjfrv. án þess að fulltrúar viðkomandi flokks eða viðkomandi þingmenn hafi fyrir fram lýst því yfir að þeir ætluðu sér að gera slíkt. Því að það er auðvitað alveg ljóst að ef ég hefði vitað að einstakir þingmenn í þessum ágæta flokki sæktust svo stíft eftir svo mikilli ríkisábyrgð í þessu máli sem raun ber vitni í þessum brtt., þá hefði ég ekki treyst mér til þess að flytja þetta frv. Og það hvarflar svona að manni hvort með ráðnum huga hafi verið beitt þeim aðferðum að til þess að fá frv. fram hafi menn lýst því yfir að menn væru reiðubúnir að styðja það með þessum hætti en fara svo að vinna að því af fullum krafti með stjórnarandstöðunni að mynda meiri hluta um breytingar. Og það gengur auðvitað ekki í samstarfi margra flokka um ríkisstjórn að þannig sé unnið. Mér þykir leitt að þurfa að segja þetta hér. Ég hafði ekki ætlað mér að gera það og minntist ekki einu orði á þessi vinnubrögð í fyrri ræðu minni hér í dag en fyrst hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson kaus að ræða aðdraganda málsins þá hlýt ég að segja minn hug í þeim efnum.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði líka: Íslenska ríkið ber enga ábyrgð gagnvart fiskeldinu. Íslenska ríkið hefur ekki gengið í neina ábyrgð gagnvart fiskeldinu. Þetta er rangt. Ég er satt að segja alveg hissa á því að hv. þm. skuli flytja þetta úr ræðustóli Alþingis. Er hv. þm. ekki kunnugt um þær stórfelldu lánveitingar sem Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður hafa veitt fiskeldisfyrirtækjum? Og er hv. þm. ekki kunnugt um að þetta eru hvort tveggja ríkissjóðir, hvort tveggja sjóðir sem ríkið ber ábyrgð á og þar sem tapið, sem verður af þeim fyrirtækjum sem er lánað fé, lendir á ríkinu með einum eða öðrum hætti. Það er þess vegna alveg ljóst að vegna þess að það var talið nauðsynlegt að efla fiskeldið þá hafa þessir tveir opinberu sjóðir, Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður, veitt fé í stórum stíl til fiskeldisfyrirtækja. (Gripið fram í.) Já, lánað í stórum stíl til fiskeldisfyrirtækja, jafnvel í svo stórum stíl að það er á ystu nöf hvort það hafi verið eðlilegt að lána svo mikið til fiskeldisfyrirtækjanna úr þessum opinberu sjóðum. Og vegna þeirra ríkisábyrgða sem á þessum sjóðum hvíla er auðvitað alveg ljóst að íslenska ríkið hefur gegnum lánveitingar þessara sjóða gengist í ábyrgð fyrir fiskeldinu með ýmsum hætti. Þannig að ég skil nú satt að segja ekki hvernig hægt er að koma hér upp og gefa það til kynna eins og hv. þm. sagði orðrétt: Íslenska ríkið hefur ekki tekið á sig neinar ábyrgðir á fiskeldinu.

Ég vil svo minna hann á það einnig að í frv. og lögunum um Tryggingasjóð fiskeldis fólst kollektív ábyrgð ríkissjóðs á fiskeldinu í heild sinni ef öll fiskeldisfyrirtæki mundu hrynja sem inni í þeim sjóði væru, þannig að það væri alveg ljóst að ef það dæmi gengi ekki upp gagnvart fiskeldinu sem atvinnugrein mundi ríkissjóður þurfa að standa undir því. Það var stóra framlagið sem ríkissjóður lagði inn í þann þátt málsins að taka að sér að bera ábyrgð gagnvart fiskeldinu í heild sem atvinnugrein þó að hann gerði það ekki gagnvart einstökum fyrirtækjum. Og ég skil satt að segja ekki hvaða tilgangi það þjónar að vera að draga upp hér á Alþingi og gagnvart almenningi í landinu þá mynd að ríkið hafi með engum hætti komið að þessari þróun fiskeldisins.

Hv. þm. sagði einnig að atvinnugreinin mundi ekki lifa það af ef þessar brtt. yrðu ekki samþykktar. Það sagði hv. þm. hér, ég tók það orðrétt niður eftir honum. En ég skil vel að hann hristi höfuðið yfir því nú þegar ég endurtek það hér úr ræðustólnum vegna þess að það er auðvitað alrangt að svo sé. Eins og ég sagði áðan, sem betur fer, er nokkur fjöldi fiskeldisfyrirtækja í landinu sem alls ekki mun sækja um til þessa sjóðs og mörg önnur sem fyllilega geta látið sér nægja þau ákvæði sem í frv. eru.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson skýrði ástæðurnar fyrir því að setningin um iðgjöldin er felld niður í brtt. á þá leið að ef sú setning væri inni mundu þeir menn sem fjmrh. veldi til þess að stýra sjóðnum leggja á svo há iðgjöld. Með öðrum orðum, þeir sömu menn sem hvað eftir annað er sagt hér að eigi að treysta, séu varnaglar í málinu sem gerir það að verkum að það sé allt í lagi að samþykkja brtt. vegna þess að þeir hafi lagalega skyldu samkvæmt frv. að sinna því verki, þeir eru nú allt í einu, varðandi þetta atriði, orðnir meginrökin fyrir því að ekki megi vera nein ákvæði um iðgjöldin í sjálfu frv. vegna þess að þá muni þeir hafa þau svo há. Ég vona að það þurfi ekki að fara fleiri orðum um þær mótsagnir sem í þessu felast. Þess vegna á að taka út úr frv. þá lagalegu skyldu að taka tillit til afkomu sjóðsins við ákvörðun á iðgjöldunum.

Hv. þm. rökstuddi þetta svo með því að taka dæmi af sjávarútvegi og segja að núverandi skipan væri með þeim hætti að ef eitt stórt fiskeldisfyrirtæki færi á hausinn mundi það lenda á öllum hinum og það yrði að koma í veg fyrir það. En það er ekki svona kerfi í sjávarútvegi eins og hér er verið að leggja til. Það eru ekki svona afurðalán í sjávarútvegi. Það eru ekki svona ríkisábyrgðir í sjávarútvegi og þess vegna er ekki hægt að taka þessa samlíkingu vegna þess að sem betur fer er sjávarútvegurinn á Íslandi arðbær og hefur mikinn þrótt, án þess að búa við það kerfi ríkisábyrgða og afurðalána sem hér er verið að leggja til. (**Forseti:** Forseti vill nú geta þess að í samkomulagi um fundahald í þessari viku var ráð fyrir því gert að þessum fundi lyki kl. 6.30. Ef því verður ekki mótmælt af hv. þingdeildarmönnum mun forseti halda áfram þessari umræðu til kl. 7. Ef hv. þingdeildarmenn treysta sér hins vegar ekki til að ljúka umræðunni kl. 7 verður henni haldið áfram á morgun kl. 2 og þar með mun atkvæðagreiðslan dragast á langinn sem þegar hefur verið boðuð á þeim tíma.) Ég fer nú að ljúka máli mínu og á ekki mikið eftir. Hins vegar hef ég talið nauðsynlegt að svara frammíköllum einstakra þingmanna og höfuðhristingi þeirra hér úti í sal þegar þeir eru að mæla við ræðumann með því að hrista höfuðið þó ég ætti ekki að nota í því sambandi það ágæta svar sem þáv. þm. á Vestfjörðum notaði eitt sinn þegar Vilmundur heit-

inn Gylfason stóð hér í dyrum og hristi höfuðið og þáv. Vestfjarðaþingmaður sagði að nú heyrði hún að hv. þm. Vilmundur Gylfason hristi höfuðið.

Staðreyndin er sú eins og ég sagði áðan að í fiskeldismálum á Íslandi er ekkert allt svart. Ég veit ekki hvort hv. nefnd sem um þetta frv. hefur fjallað hefur reynt að afla sér upplýsinga um hvað það eru mörg fiskeldisfyrirtæki sem eru í góðum og eðlilegum vexti. Ég held að það hefði verið mjög fróðlegt fyrir hv. nefnd að afla sér upplýsinga um það í stað þess að búa til einhverja einfalda blekkingarmynd sem byggist á því að annars vegar sé allt svart í fiskeldinu og hins vegar muni það bjargast sem þarf að bjargast ef þetta frv. verður samþykkt. Ég er nokkurn veginn viss um að þó að ekkert væri gert hér á Alþingi væri nokkuð mikill fjöldi fiskeldisfyrirtækja sem mundi starfa blómlega á þessu ári og næstu árum hér á Íslandi. Sem betur fer hafa skynsamir stjórnendur og eigendur þessara fyrirtækja hagað málum sínum með þeim hætti að þeir þurfa ekki á ríkisaðstoð að halda. Það er ekki fyrir þá sem verið er að samþykkja þetta frv. Hins vegar sannfærðust menn um að það gæti verið réttlætanlegt að taka upp tímabundið mjög takmarkað kerfi ríkisábyrgða í fiskeldi eftir mjög ströngum kröfum til þess að auka möguleika þeirra sem vænleg væru til þess að standa af sér þá erfiðleika sem orðið hafa á undanförnum árum. Í þeim efnum var gerður mikill fyrirvari á um það að taka hafbeitarstöðvarnar inn í. Í ákveðnum drögum þessa frv. var hafbeitin ekki inni vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að það var nánast alger mótsögn við eðlileg rekstrarleg sjónarmið og eðlileg veðsjónarmið að hafa hafbeitina með. En það var þó gert vegna ábendinga ýmissa manna að hafa frv. þannig úr garði að það væri möguleiki, ef menn fyndu raunhæfan grundvöll, til þess að taka hafbeitina með.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli þingheims á því að tryggingafélögin hafa enn þá ekki treyst sér til þess að tryggja fisk í sjó. Nú er hins vegar lagt til hér á Alþingi að það skuli vera skyldukvöð á þessari ábyrgðadeild að tryggja fisk í sjó og taka í honum veð. Og ég spyr hv. þm. sem ætla að samþykkja þetta: Hvað ætla þeir að segja við forsvarsmenn sjávarútvegsins þegar þeir benda á þetta fordæmi og vilja fá sams konar fyrirgreiðslu fyrir sjávarútveginn? Ég er ekki viss um að flm. þessarar brtt. hafi íhugað nægilega vandlega inn á hvaða braut þeir eru að fara með því að gera það að lagalegri skyldu að taka hafbeitarkerfið hér inn. Ég vil ítreka fsp. mína til flm. hvort þeir hafa fundið einhverja lausn á því með hvaða hætti eigi að skipa þeim málum, veðmálum og tryggingamálum þegar hafbeitin væri komin inn í þetta kerfi.

Virðulegi forseti. Þetta frv. felur tvímælalaust í sér, verði það samþykkt í þeirri mynd sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, verulegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á næstu árum. (**ÓÞÞ:** Það þarf ekki að vera.) Það þarf ekki að vera, segir hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. (**ÓÞÞ:** Og mun auka þjóðarauðinn að auki.) Og mun auka þjóðarauðinn að auki, það er rétt. Það hafa líka ýmsir sagt á undanförnum árum þegar menn veittu fé úr ríkissjóði að það þyrfti ekki að vera að það fé mundi tapast. Það mundi auka þjóðarauðinn og væri til að bjarga atvinnulífinu og byggðarlögunum og ýmsu öðru. En hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur haldið því fram hér á Alþingi að það væri brot á stjórnarskránni að veita ríkinu heimild til þess að greiða úr ríkissjóði kvaðir án þess að upphæðirnar væru ákveðnar og mörk sett á þær. Í þessum brtt. eru engin mörk sett á það hvað á að greiða mikið úr ríkissjóði. Þetta er þess vegna eina tillagan sem hér hefur komið á Alþingi um nokkur ár þar sem lagt er til að slík ótakmörkuð greiðslukvöð verði sett á ríkissjóð án þess að flm. hafi lagt fram neitt kostnaðarmat, án þess að þeir geri grein fyrir því hvernig á að afla þess fjár. Á kannski að leggja á nýja viðbótarskatta til þess að standa undir því eða á að skera niður önnur ríkisútgjöld? Það rekst algerlega á öll þau grundvallarviðhorf í ríkisfjármálum sem menn töluðu um hér í síðustu viku að væri nauðsynlegt að koma á. Ég vona þess vegna að þeir þingmenn, sem hafa lýst sig vera mikla stuðningsmenn endurbóta í ríkisfjármálum og t.d. þess frv. sem fjvn. hefur flutt hér og við ræddum, íhugi nú vandlega það, sem jafnvel Stefán Valgeirsson sá hér í dag að kynni að vera hæpið að opna á, að hafbeitin væri tekin inn í þetta kerfi með þeim hætti sem hér er lagt til. (**FrS:** Af hverju segir ráðherra jafnvel Stefán Valgeirsson?) Ég sagði það vegna þess að það vita það allir hér að Stefán Valgeirsson hefur verið talsmaður þess, og verið stoltur af, að ríkið ætti að leggja fram úr sjóðum almennings mikið fé til byggðamála, til fyrirtækja og margvíslegrar fyrirgreiðslu. En jafnvel hann sá að í þeirri tillögu sem hér á að bera upp til atkvæða væru ekki þeir varnaglar að það væri með eðlilegum hætti hægt að samþykkja hana.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson sagði hér undir lok sinnar ræðu og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vék að því einnig að ég hefði í frægri skíðaferð minni á Vestfjörðum kosið að láta frekar skynsemina ráða þegar við blasti að fara niður fjallið sem var bæði hátt og á því svellbungur miklar í brekkunum. En þeir sem maður ræðir við verða þá líka að vera reiðubúnir til þess að láta skynsemina ráða. Þeir mega þá ekki halda þannig á málum að þeir segi: Við höfum höndlað allan sannleika í þessu máli. Og það sem við höfum hér lagt til er það eina rétta. Þeir verða þá að vera reiðubúnir að hlusta á þær viðvaranir og þau rök sem ég flyt fram eingöngu vegna þess að ég tel það skyldu mína sem ábyrgðarmann þessara mála að vara við, vegna þess að ég vil ekki að alþingismenn næstu ára eða ríkisstjórnir næstu ára láti það koma sér á óvart, verði þessar tillögur samþykktar, hvað þurfi að reiða fram mikið fé úr ríkissjóði á næstu árum til þess að standa undir þessum brtt. Þá væri ég að bregðast skyldu minni. Og ég vil heldur ekki fá frv. samþykkt hér á Alþingi þar sem röksemdir þeirra sem flytja brtt. fyrir því að það sé í lagi að samþykkja þær eru þær að það sé hægt að treysta fjmrh. til þess að velja nógu harðsvíraða nagla

í stjórn sjóðsins til þess að þessar brtt. verði nánast marklausar í framkvæmd. Það er ekki rétt skipan að ganga þannig frá lagasetningunni hér á Alþingi að allt sé í raun og veru lagt á vald og í mat einhverra einstaklinga, hve góðir og vandaðir sem þeir ella kunna að vera. Þingið verður auðvitað líka að standa frammi fyrir því að marka reglurnar og það með ramma sem þeim er ætlað að fara eftir. Og það sem verið er að gera með þessum brtt. er að stækka þann ramma svo mjög, taka öryggisfestarnar svo mjög í burtu og tína varnaglana þannig úr að það er alveg ljóst að þar með er verið að stórauka áhættu ríkissjóðs og almennings í landinu, hversu traustir og góðir sem þeir menn kunna að vera sem fjmrh. velur til þess að stýra þessu verki. Ég vil ekki standa að því að fá í hendur frv. þar sem málin eru opnuð með þessum hætti og meginrökin eru svo þau að tryggja eigi með þessum þremur einstaklingum að almenningur í landinu tapi ekki meira en ella vegna þess að það er sú grundvallarspurning sem menn hafa ekki svarað hér, hvort almenningur muni tapa meira en ella ef brtt. þessar verða samþykktar.

Ég lýsti því yfir hér í ræðu minni að ég er alveg tilbúinn að skoða ýmsar af þeim brtt. sem hér hafa verið fluttar en ég er ekki reiðubúinn að samþykkja þær allar. Ég er ekki reiðubúinn að opna allar þær gáttir sem verið er að opna með brtt. og þá hvílir sú skylda einnig á flutningsmönnum þessara brtt. og á öðrum þingmönnum hér í hv. deild, hvort þeir hafa einhvern vilja til þess að leita samkomulags um þetta efni eða hvort þeir ætla að efna til átaka sem verða óneitanlega mjög mikil við þann ráðherra og það ráðuneyti sem á að framkvæma þetta mál. Ég hef ekki kosið að fara út í þau átök. Það var ekki ég sem átti upphafið að þessum leik hér. Ég hef sýnt það að ég er reiðubúinn að ræða við menn um þessi mál, gerði það í aðdraganda frv. og er reiðubúinn að gera það einnig á meðan það er hér á Alþingi, en það eru takmörk fyrir því hvað er hægt að ganga langt að mínum dómi í því að breyta frv.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú eru þrír hv. þm. enn á mælendaskrá. Drjúgur tími hefur þegar farið í þessa umræðu og um það er ekkert að segja. En forseti mun fresta þessari umræðu kl. 7, með þeim afleiðingum sem það mun hafa vegna skipulags á þinghaldi á morgun.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Örfá orð.

Það er fyrst að bankakerfið hugsar aðeins um hagsmuni bankanna. Fjmrh. verður að sjálfsögðu að hugsa um hagsmuni ríkissjóðs en hann verður jafnframt að hugsa um þjóðarhag og hann verður jafnframt að gera sér grein fyrir því í hvaða stöðu ráðherrar landsins eru búnir að koma Framkvæmdasjóði Íslands eftir að þeir tóku við stjórn hans.

Annað. Ég geri ráð fyrir að ríkissjóður verði seint rekinn ef engir borga skatta og ef það verður ekki stöðvað með því að ná fram efnahagslegum árangri í landinu að við töpum jafnmiklu af fólki úr landi og verið hefur að undanförnu er hætt við að erfitt verði að fá þær greiðslur í ríkissjóð sem við þurfum.

Ég hef vissulega hrifist af því sem Össur Skarphéðinsson hefur skrifað um bleikjueldi og ég tel það glæsilegan valkost í íslensku atvinnulífi, en bleikjan er sennilega sá fiskurinn sem bestur væri til hafbeitar.

Ég undirstrika það sérstaklega að í því frv. sem flutt var af fjvn. eru ákvæði í ákveðinni grein um hvernig bregðast skuli við ef fyrirvaralausar greiðslur falla á ríkissjóð, og að halda því fram að þetta sé eina ríkisábyrgðin sem hafi verið samþykkt án þess að upphæðin sé nefnd er ekki rétt. Hvað með stóra málið, húsbréfakerfið? Hvaða upphæð var samþykkt þar?

Annað. Varðandi það að samþykkt hafi verið að engu mætti breyta. Ég veit ekki hver hefur tilkynnt hæstv. fjmrh. að þannig væru mál afgreidd í þingflokki Framsfl. Við höfum ávallt sett fyrirvara um það að menn mundu fylgja brtt. ef þeir teldu að þær væru skynsamlegri, enda er það stórfurðulegt ef mönnum dettur í hug að hægt sé að ganga þannig í þessi verk að Alþingi Íslendinga verði nánast óvirkt, það sé bara til að rétta upp hönd með eða á móti, umræðan fari öll fram utan Alþingis. Ég tek aftur á móti undir það að það þarf vissulega að gæta heiðarleika í samskiptum, en það kemur þá líka fram hvernig þeir trúnaðarmenn sem menn hafa kosið til starfa hér í þinginu standa að því að gæta þess réttlætis sem þeim ber og mér finst kannski að hægt sé að ræða þau mál nokkuð lengi. En ég ætla að bæta þessu við: Ég vil skoða ýmsa möguleika eins og t.d. hugsanlega þann möguleika að slaka á og hafa óbreytt orðalag um hafbeitina því að mér skilst að ráðherra sé það þverast um geð af öllu, en ég tek ekki þátt í því að hafa lánað til fiskeldis úr sjóðum ríkisins eins og Byggðastofnun og standa svo hér upp á Alþingi og koma í veg fyrir að þessi fyrirtæki geti starfað eðlilega. Ég tek ekki þátt í því og ég trúi því ekki að það sé þjóðarhagur ef menn vinna þannig.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Þessar umræður hafa nú staðið nokkuð lengi og fram yfir þann tíma sem þeim var ætlaður og ég mun þess vegna reyna að stytta mitt mál eftir föngum. Ég veit að aðrir hv. þm. vilja gjarnan koma sínum sjónarmiðum á framfæri og mér er ljóst að mikilvægt er að ljúka þessari umræðu hér í kvöld.

Það var mikil varnarræða sem hæstv. ráðherra flutti hér, sú seinni í þessari umræðu, og það var áberandi í þeirri umræðu hve lítið hann virtist gera úr hlutverki þeirra stjórnarnefndarmanna sem hann á sjálfur að skipa og eiga skv. 5. gr. laganna að rækja mikilvægt hlutverk í þessum málum öllum. Þetta sjónarmið hæstv. ráðherra er þeim mun einkennilegra fyrir þær sakir að hann hefur lagt ofurkapp á það í undirbúningi málsins að allir þeir þrír stjórnarnefndarmenn sem skipaðir verða til starfsins séu skipaðir af hæstv. fjmrh. og undir það hafa þeir tekið

sem standa að meirihlutaálitinu. Ef skoðaður er texti grg. með frv. sést að vakað hefur fyrir hæstv. ráðherra að skipa til þessara starfa „harðsvíraða nagla", eins og hann sjálfur komst að orði, því að á bls. 4 í grg. segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Stjórnarnefnd gegnir mikilvægu hlutverki í þessu tillögum, þar sem gert er ráð fyrir að hún samþykki fyrirtæki inn í kerfið á grundvelli ítarlegs mats á stöðu fyrirtækis, rekstraröryggi og því hvort fyrirtækið hafi rekstrargrundvöll um lengri tíma litið." Ég vil benda hæstv. ráðherra á að þessi regla sem þarna er sett er skrifuð af hæstv. fjmrh. og engum hefur dottið í hug að breyta henni og skiptir þá engu máli hvort sjálfskuldarábyrgðin er 37,5% eða 50%. Þetta verður hæstv. fjmrh. auðvitað að viðurkenna.

Hæstv. ráðherra hefur sakað okkur, flutningsmenn breytingartillagnanna, um það að við höfum ekki skoðað þetta mál á „hörðum peningalegum grundvelli" eins og hann orðaði það í sinni ræðu. Hann hefur sakað okkur um það að hafa ekki lýst því í okkar ræðum hvað þetta kostaði ríkissjóð. Ég kannast ekki við að hæstv. ráðherra hafi, og þá hvorki í framsöguræðu sinni né heldur í þeim báðum ræðum sem hann hefur flutt hér í kvöld og í dag, sagt frá því hvað sjálft frv. kostar ríkissjóð. Málið hefur ekkert snúist um það og auðvitað verður hæstv. ráðherra að gera sömu kröfur til sjálfs sín eins og hann gerir til annarra. Það er út í bláinn að koma hér upp í ræðustól og segja að við eigum að leggja fram tölur um það hvað þetta kostar ríkissjóð þegar hann hefur sjálfur ekki gert það, ekki í þeim þremur löngu ræðum sem hann hefur flutt. (**Fjmrh.:** Sú fyrsta var nú mjög stutt.) Já, sú fyrsta var reyndar styttri.

Hæstv. ráðherra sagðist sakna þess að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv., skyldi ekki sitja í þessari hv. deild, það hefði verið gaman að spyrja hann. Ég get að nokkru leyti svarað þeim spurningum sem hann vildi beina til hv. þm. Í fyrsta lagi veit ég að fyrirtæki það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson stendur að mun ekki sækja um sjálfskuldarábyrgð ábyrgðadeildar fiskeldislána þannig að það liggur þegar fyrir. Í öðru lagi get ég sagt hæstv. ráðherra frá því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson styður þær brtt. sem hér eru til umræðu. Ég vil minna hæstv. ráðherra á það að það fengu alls ekki öll fyrirtækin sem sóttu um ábyrgð Tryggingasjóðs fiskeldislána þá ábyrgð sem þar er hægt að leita. Þetta veit auðvitað hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra vék síðan að því í sinni ræðu að það væri mótsögn í því að flytja tillögur á Alþingi um að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum og þeirri afstöðu sem kemur fram í þessum tillöguflutningi. Þetta er auðvitað alrangt. Við hljótum að gera sömu arðsemiskröfu til viðskiptabankanna hvort sem þeir eru í eigu ríkisins eða annarra aðila. Þetta veit auðvitað hæstv. ráðherra þó að hann kjósi að gera sér mat úr þessu sem allir sjá að er út í bláinn. (**Forseti:** Klukkan er nú orðin 7. Forseti talaði um að fundur stæði ekki lengur en til 7. Á mælendaskrá eru enn tveir hv. þm. Forseti telur hins vegar mikils virði að standa við það loforð að atkvæðagreiðsla geti farið fram kl. 2 á morgun. Það hefur verið hringt í hv. þm. sérstaklega út af þeirri atkvæðagreiðslu og ef þeir sem eiga eftir að tala og hv. ræðumaður sem nú í stól stendur treystast til þess að ljúka máli sínu á tiltölulega skömmum tíma mun forseti framlengja þennan fund í 10 mínútur en ekki sekúndu lengur.) Virðulegur forseti. Ég mun senn ljúka mínu máli.

Það kemur í ljós í ræðum hæstv. ráðherra, þegar hann ræddi um drengskap í stjórnarsamstarfinu, hvers vegna hann er svona reiður og hvers vegna hann berst svo um á hæl og hnakka. Ég ætla ekki að leggja dóm á vinnubrögð núv. stjórnarflokka, en þetta virðist vera meginástæðan fyrir þeim árásum sem hann hefur stundað hér á tillögumenn því að öll rökin sem komu fram hjá hæstv. ráðherra voru rök gegn því frv. sem hann sjálfur hefur lagt fram hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil að allra síðustu segja það, virðulegur forseti, að ég fagna því þó að hæstv. ráðherra skyldi hafa í lok ræðu sinnar opnað dyr fyrir því að hægt sé að ná samkomulagi um þetta mikilvæga mál og ég vonast til að þess verði freistað áður en gengið verður til atkvæða um þetta mál kl. 2 á morgun.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma í það að fjalla um þá ákvörðun að slíta hér fundi kl. 7. En ég mun virða ákvörðun forseta og stytta mál mitt eins og ég get og einungis tæpa hér á nokkrum atriðum.

Ég vil lýsa furðu minni á því að hæstv. fjmrh. skuli koma hér í stólinn hvað eftir annað og fullyrða að hér sé verið að leggja til skilyrðislausan fjáraustur, án nokkurra takmarkana og skilyrðislausan. Það stendur hérna 50%. Það er hvorki skilyrðislaust né takmarkalaust og ég skil ekki svona fullyrðingar. Hæstv. ráðherra sagði að stjórnarandstaðan skuldaði skattborgurum skýringu á þeim fjárútlátum sem hér væru boðaðar í brtt. Á sama hátt hlýtur hann að skulda skattborgurum, og eru þá allir meðtaldir, bæði þeir sem sitja hér á þingi og þeir sem hugsanlega stunda með einhverjum hætti fiskeldi eða hafa af því atvinnu, hvaða fjáraustri úr ríkissjóði má reikna með samkvæmt hans eigin tillögum. Hann nefnir hér að útgjaldaaukning vegna þessara brtt. sé á bilinu 300–400 millj. Hver er þá útgjaldaaukningin miðað við 37,5% ef gengið er út frá sömu forsendum eins og hann gefur sér í sínum útreikningi? (**Fjmrh.:** Ég sagði ábyrgðaraukningin vegna brtt.) Ábyrgðaraukningin, já. Hæstv. fjmrh. kallar það sífellt fjáraustur. Hann kallar það sífellt óútfylltan víxil sem sé sendur í höfuðið á skattborgurum. Það gerir hann aftur og aftur. (**Fjmrh.:** Það sýnir að hv. þm. kann ekki skil á ábyrgðunum og tapinu ...) Ég er einmitt að undra mig á því að hæstv. ráðherra skuli tala um það sífelldlega sem fjáraustur og ef hann ber þær sakir á aðra hlýtur hann að þurfa að svara á sömu forsendum. Hann kallar þetta aftur og aftur einhvern skilyrðislausan fjáraustur sem muni lenda á höfðinu á skattborgurum.

Varðandi hafbeitina hlýtur maður að undrast hvers vegna þessi heimild var yfirleitt sett inn í lögin. Ef það stappar nærri geðbilun, eins og hér hefur verið lýst, að hafbeitin skuli yfir höfuð koma til álita, hvernig stendur þá á því að sett var heimild inn í lögin til að byrja með? Þau eru að vísu skilyrt hér og skýrt í reglugerð að stjórnarnefnd deildarinnar muni móta reglur um veitingu slíkra sjálfskuldarábyrgða. Að sjálfsögðu gildir það þá einnig um þær tillögur sem hér eru gerðar.

Varðandi það að verið sé að gefa út ábyrgðir á óveiddan fisk, þá er nú ekki eins og þetta sé eina dæmið þar um. Ég veit ekki betur en að kvótamálum sé þannig fyrir komið hér á landi núna að mönnum sé afhentur óveiddur fiskur og þeir geti selt hann og það dýru verði. Þegar menn eru að selja hér skip milli byggðarlaga vita það allir að verð skipanna byggist ekki síst á þeim kvóta sem fylgir skipunum. Það er verið að selja óveiddan fisk þó að það sé kannski á aðeins vísari að róa. (**Fjmrh.:** Heldur hv. þm. að það sé það sama og í þessu tilviki?) Ég sagði ekki að það væri það sama. En það er líka óveiddur fiskur sem veitir mönnum hlunnindi og þeir meta til fjár og aðrir, þeir sem kaupa, meta líka til fjár.

Ég hef reynt að hlaupa yfir þetta í hálfgerðu flaustri vegna tímaskorts og vil ekki koma í veg fyrir að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson geti komið hér í stólinn aftur. Ég hefði viljað hafa um þetta miklu fleiri orð og spyrja hæstv. fjmrh. fleiri spurninga en það gefast vonandi tækifæri til þess annars staðar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef fylgst með þessum umræðum af athygli í dag. Við settum hér lög um Tryggingasjóð fiskeldislána á sínum tíma með miklu hraði til þess að reyna að bjarga þessari búgrein þjóðarinnar og í framhaldi af því fylgir svo þetta frv. til laga um ábyrgðadeild fiskeldislána. Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega, þó að mig hefði langað til þess, og margt sem hér hefur komið fram bæði hjá hæstv. ráðherra og öðrum þingmönnum, en mér hefur fundist að þennan ágreining sem upp hefur komið hefði mátt leysa í nefnd. Ég álít það að þau sáttahljóð, sem hér hafa komið fram, ætti að nota til þess að reyna að ná sáttum í þessu máli og ég get sagt það fyrir mína parta að ég teldi að það ætti að fella út úr brtt. meiri hl. við 2. gr. b-liðinn og við 3. gr. e-liðinn og brtt. við 6. gr. Þessa þrjá þætti teldi ég að væri ástæða til þess að skoða, hvort ekki er hægt að ná sáttum um þetta. Það breytir ekki aðalatriðum málsins en það sættir sjónarmið ef hitt stendur inni að mínu mati. Ég tel að þetta ætti að skoðast núna og fresta umræðunni og vil skora á hæstv. fjmrh. því að ég hef heyrt í ræðunum að hann vill gjarnan ná sáttum þrátt fyrir allt sem er búið að segja hér áður og ég vænti þess að nefndarmenn í hv. fjh.- og viðskn. sjái sóma sinn í að reyna að ná þessari stöðu. En ég tek undir það að þessir þrír liðir, umfram það sem fjmrh. sjálfur lýsti yfir að hann gæti fallist á, mættu falla út úr brtt. meiri hl. þar sem ég tel að það breyti ekki meginkjarna þess sem er verið að stefna að með því að ná þessu mikilvæga frv. fram, frv. til laga um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

62. fundur, miðvikudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Námsgagnastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 727, brtt. 701,2f, 735.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem er á þskj. 735 við frv. til laga um Námsgagnastofnun, einnig við brtt. við það frv. á þskj. 701.

Ég flyt þessa brtt. ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, 6. þm. Reykv. Eins og fram kemur í nál. hv. menntmn. varðandi þetta frv. skrifuðum við tvær sem flytjum þessa brtt. undir nál. með fyrirvara. Þessi fyrirvari varðar 2. gr. frv., f-liðinn í brtt. á þskj. 701 sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:

Ef stofnuð verða landssamtök foreldrafélaga skal þeim heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í námsgagnastjórn með málfrelsi og tillögurétti."

Fyrirvari okkar var sem sagt við þennan lið þar sem breytingin frá frv. er annars vegar sú að þarna er aðeins gert ráð fyrir áheyrnarfulltrúa í stað fullgilds fulltrúa í námsgagnastjórn, áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti, og það höfum við sæst á, að fulltrúi foreldra verði áheyrnarfulltrúi, en hins vegar erum við ekki sáttar við það að sá fulltrúi taki ekki sæti í námsgagnastjórn nema ef stofnuð verði landshlutasamtök foreldrafélaga. Þess vegna höfum við flutt þessa brtt., í fyrsta lagi við 2. gr., f-lið á þskj. 701, með leyfi hæstv. forseta:

„Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:

Landssamtökum foreldrafélaga er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í námsgagnastjórn."

Og síðan í öðru lagi:

„Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ekki eru starfandi landssamtök skal tilnefningum skv. 3. mgr. 2. gr. hagað þannig að samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi skiptast á um að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skulu fræðsluráðin hafa tilnefningarréttinn."

Þarna viljum við tryggja að þessi áheyrnarfulltrúi

foreldra geti strax tekið sæti í námsgagnastjórn en að það sé ekki bundið því að hann fái einungis þar áheyrnarrétt ef landssamtök foreldrafélaga verða stofnuð. Í frv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir því að það yrði í hendi ráðherra fyrst um sinn, á meðan ekki væru til landssamtök foreldrafélaga, til hvaða félags væri leitað um að tilnefna fulltrúa í námsgagnastjórn. Við viljum hins vegar færa þessa tilnefningu heim í fræðsluumdæmin og fela heimamönnum að taka slíka ákvörðun. Hins vegar hlýtur það þá að koma í hlut hæstv. ráðherra að ákveða úr hvaða fræðsluumdæmi verði tilnefnt í fyrsta sinn í námsgagnastjórn.

Þetta er sem sagt brtt. okkar. Ég vænti þess að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Það hefur mikið verið rætt um það á undanförnum árum og ég held að skólamenn ekki síður en foreldrar séu sammála um að nauðsynlegt sé að auka samstarf foreldra við skólana, gera þá ábyrgari um hvað fer fram í skólanum, að þeir geti betur fylgst með námsefni og starfsháttum skóla yfirleitt. Ég lít svo á að þarna sé stigið eitt stórt skref í þá átt með því að þeir eygi tækifæri til þess að fylgjast með, hafi málfrelsi og tillögurétt varðandi stjórn Námsgagnastofnunar.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er ekki um stórmál að ræða og mín skoðun er raunar sú að skynsamlegra hefði kannski verið að láta þetta standa eins og það er í brtt. nefndarinnar, þ.e. „ef stofnuð verða landssamtök foreldrafélaga skal þeim heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í námsgagnastjórn með málfrelsi og tillögurétti". Ég held að þetta hefði getað haft þau áhrif að flýta fyrir stofnun slíkra samtaka. Það er hins vegar ljóst að flm. brtt. hafa dregið nokkuð í land með þær tillögur sem upphaflega voru á kreiki í umræðum í nefndinni. Og eftir atvikum sýnist mér að hægt sé að fallast á þá málamiðlun sem brtt. þeirra gerir ráð fyrir þótt að vísu mætti kannski segja að í ákvæðinu til bráðabirgða ættu að vera skýrari reglur um það hvernig eigi að skiptast á, hvar eigi að byrja t.d., hvaða umdæmi skuli fyrst tilnefna þarna áheyrnarfulltrúa. Eftir atvikum held ég þó að rétt sé að fallast á þetta og því dreg ég til baka f-liðinn á þskj. 701 þannig að hann kemur þá ekki til atkvæða hér.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. nefnd fyrir að hafa afgreitt frv. Þær brtt. sem hún hefur gert eru margar til bóta. Það er mjög athyglisvert að nefndin kaus að bæta þarna inn á verkefni Námsgagnastofnunar tónlistarskólum sem er góðra gjalda vert, en eins og kunnugt er þá eru þeir hins vegar samkvæmt nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kostaðir öðruvísi en aðrir skólar, öðruvísi en grunnskólar, þannig að það er mál sem verður kannski pínulítið flókið að koma fyrir. Ég tel engu að síður skynsamlegt að taka á þessu eins og nefndin gerir tillögu um.

Við meðferð málsins í 1. umr. skýrði ég frá því hvernig ég hefði hugsað mér að vinna að því að kalla til fulltrúa foreldrafélaga. Það var með þeim hætti að ég hefði óskað eftir því hjá fræðsluráðum eða fræðslustjórum að benda á virk foreldrafélög í viðkomandi umdæmum til að tilnefna fulltrúa í námsgagnastjórn. Ég benti á í því sambandi að þegar aðalnámsskrá grunnskóla var unnin á sl. ári fór ég fram á það við fræðslustjórann í Reykjavík annars vegar og fræðslustjórann á Vesturlandi hins vegar að þeir bentu á skóla þar sem væru mjög virk foreldrafélög. Það var gert og ég hafði hugsað mér að hafa svipaða aðferð við að kalla foreldrafulltrúana til í námsgagnastjórn.

Nefndin hefur hins vegar kosið að fara hér aðra leið og hv. 3. þm. Vesturl. hefur greint frá því að hann geti fyrir sitt leyti og nefndin að öðru leyti fallist á brtt. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og Salome Þorkelsdóttur um þetta mál og það get ég út af fyrir sig líka gert.

Varðandi það hvernig á þessu máli yrði haldið vil ég láta það koma fram að ég tel eðlilegt að á fyrsta tímabili verði það þau einu foreldrasamtök sem til eru í umdæmi sem tilnefni mann í þetta. Það eru samtökin Samfok í Reykjavík. Og í framhaldi af því væri náttúrlega eðlilegt að kalla til foreldrasamtök í því umdæmi sem þá hefðu verið mynduð, hvar svo sem það er. Ef þau hafa hins vegar ekki verið mynduð þegar fyrsta tímabilinu er lokið geri ég ráð fyrir að ég styngi upp á að leggja af stað sólarsinnis í kringum landið og byrja á að óska eftir því að fræðsluráð Vesturl. tilnefndi fulltrúa í námsgagnastjórn og svo koll af kolli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 701,2f kölluð aftur.

Brtt. 735 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál. — Þskj. 717.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í þessum breytingum er lagt til að lagfærð verði ákvæði laga um vinnu barna og unglinga. Tilgangur þessara breytinga er annars vegar að auka vernd gegn slysum og hins vegar að samræma aldursmörk við þau sem gilda í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, með áorðnum breytingum.

Eins og hv. þm. vita hefur vinna barna og unglinga aukist mjög á undanförnum árum, ekki bara þátttaka í sumarvinnu af ýmsu tagi sem börn og unglingar hafa ævinlega stundað heldur líka vinnu með skóla. Fáar kannanir hafa í raun verið gerðar í þeim efnum.

Kvennalistinn lagði fram þáltill. um þetta efni, þ.e. að könnuð verði launavinna framhaldsskólanema. Þessi könnun hefur þó ekki farið fram enn þá. Það er mjög mikilsvert að gera sér grein fyrir því hvers konar vinnu unglingarnir vinna, hvers vegna þeir vinna og hvaða áhrif það hefur á skólagöngu þeirra. Ég hef hér meðferðis í ræðustólinn könnun sem framkvæmd var meðal nemenda í 4.–9. bekk Hólabrekkuskóla og gefin út af Félagsvísindadeild. Þetta er grunnskóli hér í Reykjavík og þar kemur fram að 31% grunnskólanema stunda vinnu með skóla sínum og reyndar fleiri stúlkur en drengir og þær vinna lengri vinnutíma. Að vísu er langmest af vinnu þeirra sem flokka mætti undir létt og hættulítil störf en þó er þarna einnig um að ræða verkamannastörf sem ekki eru nánar skilgreind.

Tíundi kafli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, fjallar um vinnu barna og unglinga. Þessi kafli laganna fylgir reyndar með á eftir grg. þessa frv. sem fskj. I til nánari glöggvunar fyrir hv. þm. Þó að áðurnefnd lög hafi verið sett 1980 hafa enn ekki verið settar sérstakar reglur um framkvæmd þessa þáttar laganna. Reynslan hefur sýnt að ákvæðin, sem varða vinnu ungmenna, veita þeim ekki næga vernd gegn slysum. Allt of mörg dæmi eru þess að börn og unglingar yngri en 15 ára hafa verið sett til vinnu við mjög hættulegar vélar sem þau kunnu lítið með að fara eða þá að búnaði vélanna var áfátt að einhverju leyti. Slíkt getur og hefur reyndar leitt til alvarlegra slysa. Ég gæti nefnt nokkur dæmi sem komið hafa inn á borð Vinnueftirlitsins, að ég veit til, en ég mun ekki gera það hér.

Enn fremur ber á það að líta að ákvæðin um vinnu barna og unglinga í lögum nr. 46/1980 eru ekki í samræmi við ákvæði laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, um sama efni hvað varðar aldursmörk. Í marsmánuði 1983 var reyndar gerð eftirfarandi breyting á skilgreiningu barna og ungmenna í þessum síðastnefndu lögum svohljóðandi:

„Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16–18 ára ...“ Mér hefur gefist kostur á að líta á drög að frv. sem er árangur af endurskoðun á lögunum um vernd barna og ungmenna og þar hefur þessum aldursmörkum ekki verið breytt. Þeim er ætlað að gilda áfram.

Í þessu frv. eru aldursmörk hækkuð til samræmis í því skyni að lengja það æviskeið sem í lögum er kölluð bernska. Jafnframt er bætt inn sérstöku ákvæði um hættulegar vélar og hættulegar aðstæður að gefnu tilefni. Báðar þessar breytingar eru gerðar með það í huga að draga úr slysahættu og óhóflegu vinnuálagi á börn. Brýnt er að settar verði nánari reglur um framkvæmd þessara lagaákvæða strax þegar breytingar þessar hafa náð fram að ganga.

Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, fjalla um greinar frv. Það er þá 1. gr.

„59. gr. laganna orðist svo:

Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 16 ára aldurs.

Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga á aldursskeiði 16–18 ára.“

Þarna er sem sé verið að hækka aldursmörkin úr 14 í 16 ára fyrir börn og úr 14–17 ára í 16–18 ára fyrir ungmenni í samræmi við áorðnar breytingar á lögunum um vernd barna og ungmenna.“

2. gr. frv. hljóðar svo:

„60. gr. laganna orðist svo:

Börn yngri en 14 ára má ekki ráða nema til léttra, hættulítilla starfa. Ekki má láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um hvað teljast létt, hættulítil störf, hættulegar vélar og hættulegar aðstæður, sbr. lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og að höfðu samráði við Barnaverndarráð Íslands.“

Í athugasemdum við þessa grein er þess getið að hér er að hluta til stuðst við fyrri skilgreiningu á börnum, þ.e. að börnum yngri en 14 ára er einungis ætlað að vinna létt og hættulítil störf. Hins vegar má fela 14 og 15 ára börnum erfiðari störf en þau sem skilgreind eru sem létt, en sérstök áhersla er jafnframt lögð á að hvorki þau né yngri börn megi vinna við hættulegar vélar eða hættulegar aðstæður. Það þykir rétt að stjórn Vinnueftirlitsins hafi samráð við Barnaverndarráð Íslands þegar hún setur nánari reglur og skilgreiningar um vinnu barna og ungmenna.

3. gr. frv. fjallar í raun um samræmingu:

„Í stað orðsins „unglinga“ í fyrri málsgrein 61. gr. komi: barna. Í stað orðsins „unglingar“ í síðari málsgrein greinarinnar komi: ungmenni.“ Og þarfnast þessi grein raunar ekki skýringar.

4. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Hún þarfnast heldur ekki skilgreiningar.

Ég vil geta þess einnig að sem fskj. með frv. er 41. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, sem fjallar einmitt um vinnu barna og ungmenna. Sömuleiðis er þriðja fskj. með þessu frv. og það er IV. kafli reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þessar þörfu breytingar sem hér eru lagðar til og eru í raun smávægilegar ef litið er til þess hversu fljótir hv. þm. gætu verið að taka tillit til þeirra og meðhöndla þær á jákvæðan hátt en þær geta skipt miklu máli fyrir vernd barna og ungmenna gegn slysum við vinnu sína.

Að lokinni umræðu legg ég til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og til félmn. þessarar deildar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leggja aðeins orð í belg varðandi það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég vil þakka flm. framlagningu þess því að allt sem lýtur að því að vernda börn og unglinga við sína vinnu fyrir slysum er af hinu góða. Ég ætla þó ekki að fjalla mikið efnislega um þær breytingar sem þarna eru lagðar til. Ég ætla hins vegar aðeins að koma hér inn á gildi þess sem ég tel að það hafi í okkar þjóðfélagi að hér hefur svo verið í aldanna rás, og er enn, að unglingar og reyndar börn hafa þegar þau hafa fengið þroska til tekið þátt í atvinnu þeirra fullorðnu, tekið þátt í verðmætasköpun hvert í sínu byggðarlagi.

Því miður hafa þjóðfélagsaðstæður breyst svo að í hinu stærra þéttbýli er þetta mikið til að hverfa. Það er bjargföst skoðun mín og trúa að þetta hafi haft mikið uppeldislegt gildi.

Annað er það sem hv. 1. flm. kom hér inn á áðan sem ég hef tekið eftir. Það er vinna skólabarna með námi og þar finnst mér að hlutir hafi þróast mjög á verri veg. Ég man það þegar ég var í skóla, bæði gagnfræðaskóla, sem nú mundi heita grunnskóli, og menntaskóla, að við vorum ósköp sátt við það, skólafólk á þeim tíma, að vera fátækir námsmenn og láta okkur nægja það sem við unnum okkur inn yfir sumarmánuðina og það sem foreldrar okkar gátu þess utan skaffað okkur. Og ég get ekki meint að við höfum verið neitt óhamingjusamari sem skólafólk á þeim tíma en nú er nema síður sé. Og ég sakna þessa líka að því leyti að það er bæði hollt og skemmtilegt að vera námsmaður sem hefur ekki úr allt of miklu að spila og á þann hátt geta staðið eilítið til hliðar við okkar neysluþjóðfélag og veitt því visst aðhald.

Ef við komum síðan að vinnu barna. Það sem snýr að mér er kannski fyrst og fremst þátttaka barna í vinnu í sveitum. Þar hafa orðið verulegar breytingar á með aukinni tækni þannig að kannski er minni vettvangur fyrir börnin til vinnu. Það er líka orðin sú breyting á og til mikilla bóta að það er nánast að hverfa að ung börn séu látin vinna vélavinnu, í það minnsta þar sem ég þekki til. Þegar við bætist líka að dráttarvélar í dag eru orðnar miklu öruggari tæki fyrir þá sem stýra þeim og stjórna en var áður, þá hefur hættan á slysum þess vegna minnkað stórlega og heyrir því betur nánast undantekningum til. Raunar miklu meiri hætta fyrir þá sem eru í kringum vélarnar og þá alveg burtséð frá því hvort það eru fullorðnir eða unglingar sem stýra þeim.

Annar þáttur þessa máls er þátttaka barna og unglinga í verðmætasköpun við sjávarsíðuna. Þann þátt þekki ég miklu síður en hyggst þó vita að þar hafi unglingar oft hlaupið inn í þegar mikið hefur legið við og jafnvel lagt nótt við dag með hinum fullorðnu þegar þannig hefur staðið á. Við því held ég að sé ekkert að segja ef þeir fá sinn eðlilega hvíldartíma á milli þess sem tekið er á verkum á hverjum tíma.

Að lokum held ég að við megum ekki undir nokkrum kringumstæðum falla í þá gryfju að fara að rugla atvinnuþátttöku barna og unglinga í okkar atvinnulífi hér á landi, eins og hefur verið í gegnum tíðina og ég sagði áðan að ég teldi það hafa mikið uppeldislegt gildi, saman við þá sem við þekkjum úr mannkynssögunni annars staðar frá og vitum að viðgengst enn þá í sumum hlutum heimsins að börn séu sett í vinnu gagngert til auðgunar fyrir þá sem ráða þau eða skikka þau til vinnu, oft og tíðum bæði erfiða og óþrifalega.

Þetta er það innlegg sem ég hefði viljað koma inn í þessa umræðu. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að það að stuðla að því að börnum og unglingum stafi ekki hætta af þátttöku í atvinnulífinu tel ég vera af því góða.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest það sem frsm. sagði um þetta mál og nauðsyn þess að sjá til þess að börnum sé hvorki ofgert með vinnu né þau sett á þau hættusvæði þar sem megi búast við að þau geti farið sér að voða. En þegar verið er að setja ákveðnar reglur eða lög á Íslandi tel ég að það sé nauðsynlegt að við bindum okkur ekki mjög við fyrirmyndir frá öðrum löndum vegna þess að okkar þjóðfélag er á þann hátt að víða er það raunverulega kannski mikið atriði að börn og unglingar fái og megi, án þess að foreldrar eða aðstandendur séu þar í einu eða neinu að brjóta reglur, sinna atvinnurekstri og ýmiss konar verkum sem þarf að vinna. Ég vil t.d. benda á það að ég vildi ekki segja við ungling sem væri að leita eftir skiprúmi, sem er hættulegt starf og það hættulegasta starf sem við Íslendingar förum í, að hann þurfi að verða fullra 18 ára þegar hann leitar til þess starfs. Ég vil líka nefna að smalamennska á Íslandi er vitaskuld hættuleg vinna en ekkert er sjálfsagðara en leyfa unglingunum að taka þátt í þeirri vinnu að ákveðnum mörkum.

Og um ýmislegt annað í hinni almennu vinnu á Íslandi, ég er þá ekki að tala hér um verksmiðjuvinnu eða þess háttar, má ekki setja þannig reglur. Ég er ekki viss um að það felist kannski endilega í þessu. Ég vil þó láta þetta koma fram og vara við því að foreldrar og umsjónarmenn unglinga þurfi ekki að finna fyrir því að þeir séu að brjóta lög eða reglur þegar verið er að láta unglinga taka þátt í sameiginlegu starfi fjölskyldunnar undir sumum kringumstæðum, eins og ég nefndi í sambandi við skráningu til sjóstarfa, að þar þurfi að fylla einhvern ákveðinn aldur langt fram yfir það sem áður var talið, langt fram yfir fermingarár. Oft var það nú þannig, og ég held að það hafi ekki orðið neinum til skaða, að eftir ferminguna var fyrsta verkið að láta skrá sig í skipsrúm og fara á síld eða fara á sjó á einhvern annan máta. 14–15 ára unglingar geta oft sinnt slíkum störfum, þó þau séu hættuleg, alveg á sama máta og fullorðinn maður og ég held að í ótalmörgum tilfellum hafi unglingarnir gott af því. Og skólafólkið hefur ábyggilega gott af því að stunda sumarvinnu á þann máta sem ég er hér að nefna, annaðhvort til sveita eða sjávar. Það er mikið heilbrigðara fyrir þetta fólk að stunda slíka vinnu og hafa þá heimild til þess án þess að vera að brjóta reglugerðir en að vera að vinna

alls konar aukastörf þegar skólinn stendur yfir eins og nú tíðkast miklu meira en áður var.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Efni þess frv. sem hér liggur fyrir hefur oft verið rætt, hvernig með skuli fara. Ég bendi á að þau ákvæði sem hér er talað um eru í kjarasamningum. Í kjarasamningum eru ákvæði um það að unglingum innan 16 ára er bannað að vinna á hættulegum vélum, sem þá eru tilgreindar mjög tæmandi. Ég held því reyndar fram að ástandið í þessum efnum hafi batnað mikið. Það hafi framkallast vilji fyrir því að koma í veg fyrir slys því að slys voru nokkuð tíð hjá börnum á þessum aldri.

Ég minnist þess að fyrir eitthvað tveim vikum síðan var ég á vinnustaðafundi og þá sem formaður verkalýðsfélags að ræða um ýmis mál. Þar kom fram að einn drengurinn þar, 15 ára gamall, var mikið á roðflettingarvél. Ég upplýsti það að þetta væri algerlega bannað og einhverjir vissu það þarna. Eftir það ræddi ég við vinnuveitandann og varð hann alveg æfur út af því að drengurinn skyldi gera þetta vegna þess að honum hafði verið margbannað að fara á þessar vélar. Tilfellið er að oft er þetta erfitt agaspursmál að því leyti til að krakkar sækja mjög í að vinna á svona vélum. Og ég býst við að svo verði áfram þrátt fyrir að við lögfestum þetta ákvæði. Það hefur verið býsna mikil barátta gegn því að unglingar starfi á svona vélum og ég tel að sú barátta hafi skilað árangri.

Ég tel að það muni þó vera til góðs að lögfesta þennan þátt. En eins og hér kom fram áðan verður að skilgreina við hvað er átt. Ég býst við að ég hefði orðið alveg æfur þegar ég var á þessum aldri ef ég hefði aldurs vegna ekki mátt fara á sjó. Hygg ég að svo sé farið með marga aðra.

Þetta mál var rætt í stjórn Vinnueftirlitsins fyrir nokkru síðan, reyndar í tilefni af því að stórslys hafði átt sér stað suður í Sandgerði þar sem stúlka missti framan af hendi, sem var reyndar grædd á hana aftur. Þá voru menn að ræða um endurskoðun laga um vinnuvernd líka. Þau voru með sólarlagsákvæði og áttu að gilda, ég man ekki hvort það voru fimm eða tvö ár. Mönnum kom saman um það þar að fresta þessu til þeirrar endurskoðunar. En ég vil samt leggja áherslu á að fyllsta ástæða er til að þessi ákvæði verði lögfest. Ég tel að þau verði til bóta en það þarf að skoða ýmsa þætti í þessu í nefnd. Ég þakka hv. flm. fyrir að hafa hreyft þessu máli og tel að sú hugsun sem fylgir frv. verði að komast í lög.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Vissulega er það af hinu góða að sett skuli í lög ákvæði til að draga úr slysahættu og annað varðandi starf barna og ungmenna á vinnustöðum. En það kemur samt upp í huga mér svona ákveðinn efi að stjórn Vinnueftirlitsins geti metið hvað er hættulegt á hverjum stað. Það er til að mynda ábyggilega hættulegt fyrir ungling sem aldrei hefur komið í fiskverkunarstöð að vera settur þar á ákveðnar vélar, en fyrir ungling sem aftur á móti hefur alist upp við vinnustað og á vinnustað er það ekki eins hættulegt. Ég er hrædd um að það gæti farið svo að t.d. humarvinnsla sem yfirleitt er að stærstum hluta og jafnvel öllum í höndum unglinga á aldrinum 14–16 ára, ýmsir þættir þeirrar vinnslu væru taldir hættulegir af stjórn Vinnueftirlits þó skýrslur sýni að þar hafa aldrei átt sér stað nein slys. En það hafa verið gerðar athugasemdir varðandi ákveðnar vélar sem unglingar eru látnir vinna við. Og einnig er það svo, a.m.k. við sjávarsíðuna, að þar sækja unglingar 15–16 ára í það að vera á sjó yfir sumartímann. Það mundi áreiðanlega flokkast undir hættulegan vinnustað sem væri þá settur í bann. Ég held að eðlilegra væri að það væri á ábyrgð atvinnurekenda að þau börn og unglingar sem hjá þeim vinna verði ekki sett á vélar sem þeim væri talin stafa hætta af. Það yrði til þess, sem er reyndar í dag á flestum vinnustöðum, að atvinnurekendur, verkstjórar og aðrir pössuðu upp á þessa hluti mjög vel.

Ég vil svo líka benda á það að með þessu frv. til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru fylgiskjöl. Það er t.d. 41. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Þar virðist skipta máli hvort um er að ræða stúlkubarn eða dreng vegna þess að hér segir: „Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæslu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára."

Þarna er sem sagt túlkunaratriði hvort 14 eða 15 ára unglingur, karlkyns eða kvenkyns, er hæfur og hvort þarf þá að greina á milli hvort þeirra megi taka að sér störf við vélgæslu eða við vélavinnu t.d. í fiskvinnslu. En það er ákaflega afstætt hvað er hættulegt og hvað ekki. Það sem börnin alast upp við reynist þeim hættulítið eða hættulaust, en það sem er þeim ókunnugt getur reynst þeim hættulegt. Ég held það sé mjög vafasamt að fá stjórn Vinnueftirlitsins í hendur að setja um þetta reglur sem skulu vera algildar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi koma hér upp og lýsa stuðningi mínum við tilgang þessa frv. Ég tel það gott mál að finna einhverjar ráðstafanir eða einhver ráð til þess að koma í veg fyrir alvarleg vinnuslys vegna vinnu barna og unglinga.

Það hefur komið fram hér að börn og unglingar á Íslandi vinna mikið. Þau eru alin upp við mikla vinnu. Þau venjast því frá blautu barnsbeini að vinna, a.m.k. yfir sumartímann og foreldrar sækjast eftir því að koma börnum í sveit. Þetta er sá hugsunarháttur sem ríkir hjá okkur að það sé þroskandi fyrir börnin að læra snemma að taka til hendi. Ég hugsa að við séum öll sammála um það. Skólabörn á Íslandi hafa lengra

sumarleyfi en gerist víða annars staðar þó það hafi að vísu styst á undanförnum árum og það er áreiðanlega gott og þroskandi fyrir börn að taka til hendi. Og ekki verra þótt þau læri snemma að meta vinnuna og það sem þau fá greitt fyrir hana. Það er ekki allt saman sjálfgert. Þau þurfa stundum að vinna fyrir hlutunum sjálf, enda geri ég ráð fyrir því að flm. þessa frv. séu mér sammála í því efni.

Á hinn bóginn hefur það allt of oft gerst að börn og unglingar verða fyrir slysum þegar þau eru við vinnu. Við þekkjum dæmi þess, jafnvel þegar börn eru send í sveit til að öðlast þroska við vinnu á sveitaheimilum. Þar eru líka hættur og því miður hafa orðið hörmuleg slys af þeim sökum þar sem börn hafa lent í dráttarvélaslysum, svo að dæmi séu tekin. Og eins og kom fram áðan er erfitt að ráða við fríska unglinga sem *hafa áhuga á því að vinna á vélum, sláttuvélum,* traktorum eða hvað nú er ef við tökum sveitastörfin sem dæmi. Þess vegna hafði ég hugsað mér að spyrja hvernig þetta kæmi inn í kjarasamninga en hv. 4. þm. Reykn. kom einmitt inn á þann þátt hér, að þetta væri í kjarasamningum hvernig börnin mættu vinna og það er auðvitað af hinu góða.

Ég vildi aðeins lýsa stuðningi mínum við meginhugmyndir að baki þessu frv. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar og hef því tækifæri til að fylgjast með því hvaða afgreiðslu það fær í félmn. Ég hef ekki alveg gert mér grein fyrir því hvernig stjórn Vinnueftirlitsins getur fylgt því eftir, eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Suðurl., en ég vil sem sagt í stórum dráttum lýsa stuðningi mínum við meginefni frv.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt viðbót. Ég vil geta þess að þáttur í því að koma í veg fyrir vinnu unglinga undir 16 ára aldri á hættulegum vélum er að vinnuveitandinn getur ekki tryggt unglinga undir þessum aldri sem fullgildan starfsmann og því lenda hugsanlegar skaðabætur beint á atvinnurekandanum. Það á þátt í því að þessa hefur verið frekar gætt.

Það var ýjað að því að stjórn Vinnueftirlitsins gæti ekki sett reglur um þetta. Ég mótmæli því harðlega. Ég held að það sé alveg fullfært um það og bendi á að við Vinnueftirlitið starfar fólk sem þekkir mjög vel til verka. Annað er líka að engar reglugerðir eða reglur eru þar settar fram öðruvísi en þær hafi verið yfirfarnar af þeim sem gerst til þekkja. Auðvitað hafa menn ekki vit á öllu frekar en við hér í Alþingi og því er leitað til vísra manna um aðstoð í þeim efnum. Í stjórninni eiga sæti fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og síðan ríkinu.

Ég vil líka geta þess af því að sá misskilningur hefur oft verið hér uppi í Alþingi að Vinnueftirlitið væri dýrt. Það hefur vaxið mjög á síðustu árum, en það þarf að koma fram að ekki fer ein einasta króna úr ríkissjóði til Vinnueftirlitsins. Allar tekjur sem Vinnueftirlitið fær eru af skoðunargjöldum og öðrum gjöldum. Stofnunin stendur því alveg fyrir sínu peningalega séð. En ég fullyrði að Vinnueftirlitinu er mjög vel treystandi til þess að setja fram reglur í þessum efnum. Þær verða ekki settar fram öðruvísi en að yfirsýn bestu manna, eins og einhvern tíma var sagt.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni og lagt þessu máli lið og tekið undir erindi þess. Sérstaklega vil ég þakka hv. 4. þm. Reykn. sem hefur mikla reynslu á sviði vinnuverndar og er því mjög vel hæfur til að gefa okkur upplýsingar um það hvernig framkvæmd þessara mála er í raun. Ég vil segja hér nokkur orð til að svara sumum þeirra athugasemda sem komu fram.

Ég vil undirstrika það að hér er ekki verið að leggja til eða reyna að koma í veg fyrir að börn njóti þeirrar dýrmætu reynslu sem er fólgin í því að læra í þeim skóla sem er skóli lífsins. En þar er vinnan einmitt drjúgur kennari. Hér er hins vegar fyrst og fremst verið að leggja til, af gefnu og ærnu tilefni, að vinnuálag verði ekki of þungt á börnum eða að þau séu sett til starfa við hættulegar vélar eða við hættulegar aðstæður. Eins og kom fram í máli mínu áðan eru allt of mörg dæmi þess að mjög alvarleg slys hafa hlotist af. Ég valdi þá leið að lýsa ekki slíkum slysum með dæmum þó að ástæða hefði kannski verið til einmitt til að varpa ljósi á það hvers konar aðstæður ég ætti við. Ég get nefnt sem dæmi unglinga sem hafa hreinlega misst útlimi sem ekki var hægt að græða á aftur, eins og kom fram hér áðan, ýmist handleggi eða fótleggi eða hluta af útlimum við vinnu á vélum í *frystihúsum eða við gatnagerð eða ýmis önnur störf.* Ég get nefnt dæmi um réttindalausa unglinga sem aka lyfturum í lagervinnu og valda þannig slysum og örkumlum á öðrum. Ég get nefnt dæmi um 13–14 ára ungmenni sem eru ráðin sem ódýr vinnukraftur á skemmtistöðum við að bera glös, sem eru ýmist tóm eða hálffull af víni, fram í eldhús fram eftir nóttu. Þarna er auðvitað enginn staður fyrir unglinga. Þetta mætti flokka undir hættulegar aðstæður. Þannig mætti nefna mörg tilvik um það hvar unglingar eða börn eru sett til vinnu þar sem þau eiga í raun ekki heima.

Það kom fram í máli hv. 4. þm. Suðurl. að rétt væri að setja eftirlit með vinnu barna og ungmenna í hendur atvinnurekenda. En, eins og reyndar kom fram í máli hv. 4. þm. Reykn., þá tel ég vera ýmislegt *við það að athuga. Auðvitað getur eftirlit verið með* ýmsum hætti hjá vinnuveitanda hverju sinni, allt eftir því hverja hann álítur vera helstu hagsmuni sína.

Þá ber þess að geta líka að vinnuveitendur og verkstjórar fara eftir settum reglum sem Vinnueftirlitið hefur sett um vinnu fullorðinna og það sama hlýtur einnig að gerast með börn og ungmenni. Um þau hljóta einnig að gilda reglur sem settar eru og samþykktar af aðilum vinnumarkaðarins og Vinnueftirlitið sér um að framfylgja. Þessu eftirliti er framfylgt með reglubundnum skoðunum hjá fyrirtækjum til að kanna hvernig starfsemin fer fram og

hvaða vélar eru í notkun og hverjir fara með þær vélar. Þetta er auðvitað matsatriði, margt af þessu, og viðfangsefni Vinnueftirlitsins á hverjum degi er að meta aðstæður og hættur sem bundnar eru við ákveðna vinnu. Ég vil leggja áherslu á það líka sem kom fram í máli hv. 4. þm. Reykn., börn eru ekki metin eins og fullorðnir þegar kemur að bótum. Það er þá undir vinnuveitanda komið hverju sinni hvort hann er borgunarmaður fyrir þeim bótum sem börn eiga rétt á.

Annar þáttur er líka sem ég vil vekja athygli á og Vinnueftirlitið hefur reyndar kært. Það er sívaxandi tilhneiging til að ráða bæði ungmenni og aðra sem verktaka til ákveðinna verkefna. Það er dæmi þess að unglingi var ráðlagt af vinnuveitanda að ráða sig sem verktaka við vinnu með vél sem var vanbúin og unglingurinn kunni ekkert með að fara. Hann hafði mjög litla reynslu og lítið vit á því hvaða hættur fólust í því verkefni sem hann tók að sér. Hann varð fyrir alvarlegu slysi þar sem hann skaddaðist á auga, líklega varanlega, og hefur enga tryggingu vegna þess að hann gætti þess ekki að tryggja sig sem skyldi. Vinnueftirlitið hefur reyndar kært þennan vinnuveitanda fyrir vítaverða vanrækslu.

Sú reglugerð sem hv. 4. þm. Suðurl. vitnaði til og er hér með sem fylgiskjal og greinir skýrt á um það sem piltum leyfist og það sem stúlkum leyfist ber þess kannski einmitt merki hve gömul hún er og þess að hún þarfnast endurskoðunar.

Hv. 6. þm. Reykn. minntist á dráttarvélarslysin sem hafa verið mörg, allt of mörg og hörmuleg. Aðbúnaður á dráttarvélum hefur verið lagfærður þannig að þær eru öruggari en þær voru. Samt sem áður þurfa vitanlega að gilda ákveðnar reglur um það hverjir mega nýta þær vélar og hvernig.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um málið hér í þessari 1. umr. en ég vil enn og aftur þakka fyrir þær góðu undirtektir sem það hefur fengið og vonast til að það nái fram að ganga sem fyrst því ég held það verði til mikilla bóta og til þess að tryggja öryggi barna og ungmenna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

58. fundur, miðvikudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 474, n. 668 og 670, brtt. 669.

Friðrik Sophusson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég hef óskað eftir því að taka hér til máls um atkvæðagreiðsluna en 2. umr. um þetta mál, sem er 265. mál, lauk í gærkvöldi. Frá því að umræðunni lauk hefur verið unnið að samkomulagi á milli annars vegar flm. brtt., sem er að finna á þskj. 669, og hæstv. fjmrh. hins vegar. Niðurstaðan er sú að flm. brtt. eru tilbúnir til þess að kalla aftur nokkrar af þeim brtt. sem fyrir liggja á þskj. 669. Við 2. gr. verður kölluð aftur till. sem merkt er b. Við 3. gr. verða kallaðar aftur till. sem merktar eru c, d og e, en tekið skal fram að till. sem merktar eru c og d eru kallaðar aftur vegna þess að efnisatriðum þeirra þarf að breyta við 3. umr. málsins þar sem e-liður er afturkallaður.

Loks hafa flm. brtt. fallist á að kalla aftur 4. brtt. sem er við 6. gr. frv. Þetta hafa flm. brtt. fallist á að kalla aftur í trausti þess að þannig hafi náðst víðtækt samkomulag hér í hv. deild um afgreiðslu málsins með skjótum hætti og að sem flestir hv. þm. deildarinnar geti þá greitt öðrum brtt. sem fyrir liggja á þskj. 669, atkvæði sitt.

Ég vil, virðulegur forseti, fyrir hönd tillögumanna fagna því að þetta samkomulag hefur orðið og leyfi mér að vona að það verði til þess að málið fái hraða og góða afgreiðslu í gegnum þingið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem fram fór hér í gær og löng var og ítarleg skýrðust ýmsir þættir þessa máls. Ég fjallaði um fjögur af þeim meginatriðum sem ég taldi vera kjarnann í þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hafði flutt. Eins og fram kom hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni hafa flm. till. fallist á að draga þrjú af þessum efnisatriðum til baka. Hins vegar hefur ekki gefist nægilegur tími til þess frá þeirri umræðu sem lauk hér seint í gær til þess að kynna þessi efnisatriði fyrir hv. fjh.- og viðskn. og þingflokkum. Ég teldi þess vegna nauðsynlegt áður en atkvæðagreiðslan fer fram að óska eftir því við virðulegan forseta að það verði gefinn tími til þess í dag að fjh.- og viðskn. komi saman. Ég vil bera fram þá ósk hér að hún komi saman sem allra fyrst nú á eftir til þess að fjalla um þessar hugmyndir svo að eðlileg umfjöllun geti farið fram í nefndinni og í þeim þingflokkum sem þess óska áður en atkvæðagreiðslan fer fram.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti mun verða við þeirri ósk hæstv. fjmrh. að fresta atkvæðagreiðslu um 1. dagskrármálið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum, 3. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 356.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 736).

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (ofbeldisverk í flugsamgöngum). — Þskj. 468.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 737).

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. allshn. deildarinnar fyrir að hafa leyft mér að taka þátt í störfum nefndarinnar við meðferð þessa máls. Ég á ekki sæti þar en vil þakka nefndarmönnum ánægjulegt samstarf. Þó við höfum ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu þá var engu að síður ánægjulegt að starfa með nefndinni.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á úrbætur í umhverfismálum og verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Þær hafa alla tíð reynt að vinna því máli brautargengi á Alþingi og lögðu m.a. fram ítarlegar tillögur um það efni á 111. löggjafarþingi þar sem fram kemur hvernig þær vilja sjá þessum málum borgið í slíku ráðuneyti.

Þar var lagt til að stofnað yrði sérstakt ráðuneyti umhverfismála sem fari með rannsóknir og stjórn náttúruauðlinda, náttúruvernd, umhverfisfræðslu, skipulagsmál, mengunarvarnir og alþjóðleg samskipti um umhverfismál. Undir það ráðuneyti var síðan gert ráð fyrir að flytja stofnanir eða deildir sem nú starfa á þessum sviðum undir stjórn ýmissa ráðuneyta.

Umhverfismálin eru stór og viðamikill málaflokkur sem nauðsynlegt er að skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. Umhverfismál á Íslandi falla að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin og það hefur orðið til þess að um mikla óstjórn og skörun er að ræða. Þess vegna teljum við mjög aðkallandi að öll þessi verkefni falli undir eitt ráðuneyti. Við höfum líka lagt áherslu á að aðskilja beri mat og eftirlit með auðlindum landsins annars vegar og hagnýtingu auðlinda hins vegar. Hið síðarnefnda á heima í ráðuneytum atvinnumála en hið fyrrnefnda í sérstöku ráðuneyti umhverfismála. Á þann hátt verður umfjöllun og ákvarðanataka um nýtingu auðlindanna opin og síður hætta á hagsmunatengslum við eftirlit. Þetta þýðir þó ekki að ábyrgðin sé tekin af þeim sem nýta auðlindina sjálfa. Það er fráleitt að halda að með því að aðskilja eftirlit og nýtingu séu þeir sem nýta auðlindina firrtir allri ábyrgð.

Ekki er þó nóg að samræma eingöngu yfirstjórn umhverfismála heldur verður líka að veita auknu fé til þessa málaflokks en það hefur verið allt of lítið og knappt hingað til. En það er trú okkar kvennalistakvenna að með þeirri skipan mála sem við stungum upp á í tillögum okkar verði þessi mikilvægi málaflokkur ekki sama hornreka og hann er núna í flestum ráðuneytum. Honum verði gert hærra undir höfði. Einnig teljum við þetta miklu hagkvæmara en að dreifa málaflokknum um allt stjórnkerfið eins og á sér stað núna. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að erfitt getur verið að gera slíka breytingu á stjórnkerfinu í einu vetfangi. Og því geti verið réttlætanlegt að taka á málinu í áföngum. Heldur finnst okkur þó skammt gengið með þessu frv. sem hér liggur fyrir og hafa kvennalistakonur því lagt fram brtt. á þskj. 720.

Eins og þingmönnum er kunnugt sátu kvennalistakonur hjá við afgreiðslu frv. um stofnun umhverfisráðuneytisins, sem er 129. mál., vegna þess að við vildum koma á umhverfisráðuneyti með raunverulegum verkefnum. Það voru okkur mikil vonbrigði að geta ekki greitt stofnun umhvrn. atkvæði okkar hér á Alþingi svo mjög sem við höfðum borið það mál fyrir brjósti. Það er því ástæða til að fagna því að þetta frv. sem kveður á um verkefni ráðuneytisins skuli nú vera komið fram. Eins og fram hefur komið erum við ekki alls kostar ánægðar með það frv. sem hér liggur fyrir en teljum það þó skref í rétta átt. Við hefðum að sjálfsögðu kosið að sjá fyrsta skrefið stærra en nú hefur orðið niðurstaðan.

Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, sem vann að þessu frv., var Bryndís Brandsdóttir. Það sýnir kannski hve óaðskiljanleg 128. mál og 129. mál, það mál sem við erum að ræða núna, eru að grg. með því frv. sem við erum þegar búin að samþykkja er í raun grg. með frv. sem við erum að fjalla um nú. Þess vegna er ekki hægt annað en að vitna til þeirrar grg. að einhverju leyti og nauðsynlegt að líta á hana í samhengi við þetta.

Eins og fram kemur á bls. 10 í grg. með frv. til laga um Stjórnarráð Íslands, sem er nú orðið að lögum og er 129. mál, taldi helmingur nefndarmanna, þar með talinn fulltrúi Kvennalistans, að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins ættu að flytjast til umhverfis-

ráðuneytis frá landbrn. en að landbrn. fari þó áfram með mál er varði ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum. Þingkonur Kvennalistans leggja fram brtt. í samræmi við þetta álit og eru þær á þskj. 720.

Það er í fyrsta lagi tillaga um að Skógrækt ríkisins verði flutt til umhverfisráðuneytisins nema mál er varða ræktun nytjaskóga á bújörðum sem verður áfram hjá landbrn. — Virðulegi forseti. Ég sakna þess að enginn ráðherra er hér til staðar og hefði kosið að ráðherra umhverfismála væri hér og hlustaði á mál mitt. (**Forseti:** Forseti er nú undrandi á því raunar að á þetta skyldi ekki minnst fyrr, en mun nú gera ráðstafanir til að hæstv. umhverfisráðherra gangi í salinn.) Ef hægt er þætti mér vænt um að hæstv. landbrh. væri einnig kvaddur til þessa máls. (**Forseti:** Hæstv. umhverfisráðherra gengur nú í salinn.) Ég þakka fyrir. Ég mun halda áfram ræðu minni. Þessi brtt. sem ég ræði hér um til að byrja með fjallar um flutning milli landbrn. og umhverfisráðuneytis en síðan kem ég að brtt. sem varða heilbrmrh. Ef hann væri hér staddur væri gott að gerðar væru ráðstafanir til þess að þurfa ekki að bíða eftir honum á eftir.

Fyrsta brtt. varðar flutning á Skógrækt ríkisins nema að því er varðar ræktun nytjaskóga á bújörðum. Samkvæmt því leggja þingkonur Kvennalistans til brtt. þar að lútandi á lögum nr. 3/1955, um skógrækt, sbr. lög nr. 76/1984, þar sem gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn umhverfismála nema að því er varðar IV. kafla laganna sem fjallar um ræktun nytjaskóga á bújörðum. Við teljum eðlilegt að þetta sé þannig því að ekki síst með tilliti til laga um skógrækt, en þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði:

1. Að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar sem eru í landinu.
2. Að græða upp nýja skóga þar sem henta þykir.
3. Að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annars sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur."

Ég ætla ekki að lesa meira upp úr þessum lögum, en ef þau eru lesin í gegn kemur í ljós að tilgangur þeirra er fyrst og fremst vegna umhverfisins nema að því er varðar IV. kafla laganna þar sem talað er um ræktun nytjaskóga á bújörðum. Og þess vegna finnst okkur eðlilegt að þessi málaflokkur heyri undir umhverfisráðherra. Ég á frekar erfitt með að skilja hvers vegna meiri hl. allshn. leggur til að þessi málaflokkur sé áfram í landbrn. þegar verið er að stofna umhverfisráðuneyti á annað borð.

Við leggjum til í öðru lagi að Landgræðsla ríkisins verði flutt frá landbrn. til umhverfisráðuneytis og það sama er uppi á teningnum þar ef litið er á lög um Landgræðslu ríkisins og raunar enn skýrara, en í 1. gr. laganna segir:

„Tilgangur þessara laga er:

1. Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs.
2. Að græða upp eydd og vangróin lönd."

Í 2. gr. laganna, eftir að kveðið er á um hvar aðsetur skuli vera, er kveðið nánar á um starfsemina: Sandgræðslu sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða, gróðurvernd sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu og gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og skemmdum á gróðurlendi. Það er því greinilegt hver er höfuðtilgangur laganna. Og í samræmi við þetta leggjum við til breytingar á 3., 7., 8., 13. og 23. gr. laganna þar sem í staðinn fyrir orðið „landbúnaðarráðherra" í þessum greinum komi: umhverfisráðherra og þar sem stendur „landbúnaðarráðuneyti" komi: umhverfisráðuneyti. Breytingin felur ekki annað í sér.

Það eru flestallir sammála því að gróðureyðingin sé stærsta umhverfisvandamál á Íslandi og kemur það m.a. fram í grg. með frv. sem ég vitnaði til áðan, 129. máli, þar sem margoft er tekið fram að eitt stærsta umhverfisvandamál á Íslandi sé gróðureyðingin. Og er ég enn meira undrandi á því að landgræðsla skuli ekki hafa verið flutt yfir til umhverfisráðuneytis. Í viðtali við Ingva Þorsteinsson, deildarstjóra landnýtingardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, þann 10. mars sl. sem ber yfirskriftina „Við erum enn að tapa stríðinu" segir hann m.a.:

„Það er alveg ljóst að við erum enn að tapa stríðinu við gróðureyðinguna. Þó sauðfé hafi fækkað mikið um land allt heldur áfram að blása upp og við erum enn á undanhaldi gagnvart gróðureyðingunni." Og síðar í þessu viðtali kemur: „Víða er uppblásturinn og uppfokið svo mikið að þó að allt sauðfé væri tekið af þeim landsvæðum mundi halda áfram að blása upp þar. Snjóboltinn er kominn á það mikið skrið að þessum landsvæðum verður tæpast bjargað úr þessu nema þá með miklum tilkostnaði. Við erum komnir yfir þröskuldinn þar." Og að lokum er vitnað til hans og sagt í þessari grein: „Ingvi sagði að einhver eyðing væri í flestum landshlutum og menn hlytu að átta sig á því að þetta væri mesta umhverfisvandamál Íslendinga í dag."

Það er alveg greinilegt að við þurfum að taka okkur verulega á í þessum málum og ég er alveg viss um og hef þá trú að áhugi bænda á uppgræðslu og að koma í veg fyrir gróðureyðingu fari alls ekki eftir því hvar þessi mál eru vistuð í stjórnkerfinu þannig að þeir munu jafnötullega geta unnið að þessum málum þó þau séu í umsjá umhverfisráðuneytis eins og í umsjá landbrn.

Síðan er í þriðja lagi brtt. sem kvennalistakonur hafa lagt til og felur í sér að Hollustuvernd ríkisins verði klofin, þ.e. að mengunarvarnasvið stofnunarinnar verði flutt undir umhverfisráðuneyti en að hin þrjú meginsvið stofnunarinnar verði áfram í heilbrrn. (**Forseti:** Forseti flytur þau skilaboð frá hæstv. landbrh., sem á víst mjög annríkt, að hann kjósi að fá að vita um það bil hvenær hann þurfi að vera hér í sal til þess að fylgjast með umræðu. Hæstv. heilbrrh. er þegar kominn í salinn en landbrh. óskar eftir tímasetningu.) Þar sem forseta er væntanlega ljóst að ég hef nú þegar talað fyrir því sem kom landbrh. við þá

treysti ég mér nú ekki til að gera athugasemd við það. Ég vil ekki að hann komi núna því að ég er svo langt komin með mína ræðu að ég tel ekki ástæðu til þess að láta hann hlaupa hingað nú en það má vel vera að seinna muni ég óska eftir nærveru hans. Ég þakka fyrir að hæstv. heilbrmrh. er kominn í salinn vegna þess að það sem ég vildi nú ræða er um málefni Hollustuverndar ríkisins sem hingað til hafa verið undir yfirstjórn heilbr.- og trmrh.

Frv. sem við erum hér að fjalla um gerir ráð fyrir því að Hollustuvernd ríkisins flytjist yfir til umhverfisráðuneytis. Ég tel miklu eðlilegra og skynsamlegra að kljúfa stofnunina upp þannig að mengunarvarnasvið hennar flytjist undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis en að öðru leyti verði hún í umsjón heilbr.- og trmrn.

Þau fjögur svið sem Hollustuvernd ríkisins skiptist í eru: heilbrigðissvið sem hefur eftirlit með matvælum og annarri neysluvöru, eiturefnasvið sem hefur eftirlit með eiturefnum í neysluvöru og rannsóknastofa sem hingað til hefur eingöngu haft með höndum gerlarannsóknir í matvælum og vatni og þjónar því eingöngu rannsóknum á neysluvöru. Fjórða sviðið er mengunarvarnasviðið sem hefur haft víðtæku hlutverki að gegna á sviði mengunarvarna. Rannsóknastofa mengunarvarnasviðs er ekki til staðar hjá Hollustuvernd ríkisins. Rannsóknastofan sem þar er hefur eingöngu þjónað hinum tveimur sviðunum og ekki eru horfur á neinni breytingu þar á eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið. Þess vegna hefur mengunarvarnasviðið verið dálítið afskipt innan stofnunarinnar og ekki haft mikil samskipti við önnur svið að því er best verður séð af þeim upplýsingum sem koma fram í umsög starfsmanna. Meiri hluti Hollustuverndar ríkisins telur ekki eðlilegt að stofnuninni verði skipt, og færir fyrir því ýmis rök, og telur ekki eðlilegast að stofnunin flytjist yfir í umhverfisráðuneyti. En af tveimur slæmum kostum, eins og þeir segja hér með leyfi hæstv. forseta, að kljúfa stofnunina eða flytja til umhverfisráðuneytis, telja þeir skárra að flytja stofnunina. Meiri hluti forstöðumanna stofnunarinnar var sammála þessari skoðun, þeir mæla gegn því að kljúfa stofnunina en vilja frekar að hún fari yfir til umhverfisráðuneytis. Þeir færa fyrir því ýmis rök, sem ég tel ekki vera nægjanlega sterk, að ekki sé hægt að kljúfa stofnunina, benda m.a. á að eftirlitshlutverk heilbrigðisnefnda yrði breytt og fyrir eftirlitsmenn sem hafa haft með höndum eftirlit í sveitarfélögum muni þetta verða bæði flókið og erfitt. Ég held að þetta sé nú einhver misskilningur og að bæði heilbrigðisnefndir og eftirlitsmenn gætu haldið áfram að starfa að þeim málum, bæði mengunarvarnamálum og heilbrigðiseftirliti, þó svo að þá þurfi að hafa samskipti við tvö ráðuneyti. Ég á erfitt með að sjá að það þurfi endilega að vera svo erfitt.

Mig langar til að vitna örlítið í umsögn starfsmanna mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins. Þeir segja m.a.:

„Við erum þeirrar skoðunar að flutningur mengunarvarnasviðs stofnunarinnar í umhverfisráðuneyti sé forsenda þess að unnt verði að sinna þessum mikilvæga málaflokki á viðunandi hátt.“ Síðar segja þeir: „Heilbrigðisftirlit og rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins hafa yfirumsjón með almennu heilbrigðis- og matvælaeftirliti og vegur matvælaþátturinn þar mest. Ef rök mæla með því að matvælaeftirlit á vegum heilbrrn. eigi að fara undir umhverfisráðuneyti, þá vaknar sú spurning hvort hið sama eigi ekki við um umfangsmeira matvælaeftirlit t.d. á vegum landbrn. og sjútvrn. Okkur er ekki kunnugt um að matvælaeftirlit í nágrannalöndun sé undir umhverfisráðuneyti.“

Ég er þessu fyllilega sammála og langar þess vegna til þess að spyrja bæði heilbr.- og umhverfisráðherra hvort þeir telji það óframkvæmanlegt að kljúfa stofnunina og hvort þeir telji ekki eðlilegt að þessi tvö svið verði klofin upp, þ.e. heilbrigðiseftirlitið, matvælaeftirlitið og svo mengunarvarnir.

Mig langar aðeins að vitna meira í umsögn starfsmanna mengunarvarnasviðs, en þar segir síðar:

„Helstu rannsóknum á mengun hér á landi utan mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins hefur verið sinnt af stofnunum eins og Háskóla Íslands, Orkustofnun, Hafrannsóknastofnun, Veðurstofu Íslands, Iðntæknistofnun og fleiri. Þá hefur Náttúruverndarráð verið óþreytandi að benda á óleyst verkefni. Af þessu hefur leitt að starfsmenn mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins hafa aðallega átt samskipti við aðila utan stofnunarinnar en síður önnur svið hennar.“ Þetta finnst mér mjög mikilvægt. Og svo að lokum segja þeir hér: „Við sjáum ekki að það muni hafa nein áhrif á samskipti mengunarvarna við heilbrigðisfulltrúa eða aðra starfsmenn sveitarfélaga þó aðeins mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins fari undir umhverfisráðuneyti.“

Þetta finnst mér mjög mikilvægt og þess vegna er brtt. flutt um það að heilbr.- og trmrn. fari með yfirumsjón þessara mála annarra en mengunarvarnamála og síðan er brtt. í samræmi við það annars staðar í lögunum.

Í frv. eins og það liggur nú fyrir er gert ráð fyrir að mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar verði sett undir umhverfisráðuneyti en að stofnunin að öðru leyti verði áfram undir yfirstjórn samgrn. Ætti því ekkert að verða því til fyrirstöðu að hið sama verði gert að því er varðar Hollustuvernd ríkisins.

Fyrir nokkrum árum voru Geislavarnir ríkisins hluti af Hollustuverndinni en sú deild var klofin frá og gerð að sjálfstæðri stofnun. Ég sé ekkert sem mælir gegn því að það sama geti gerst á jafnfarsælan hátt með mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins. Eðlilegt er svo að síðar verði unnið að því að sameina mengunarvarnasvið Siglingamálastofnunar og Hollustuverndar ríkisins, Geislavarnir ríkisins og e.t.v. fleiri stofnanir í eina mengunarvarnastofnun. Starfsemi Geislavarna ríkisins er nú að stærstum hluta á sviði heilbrigðismála en reynsla annarra þjóða sýnir að búast má við að æ stærri þáttur starfseminnar snúist að ytra umhverfi.

Virðulegur forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir afstöðu Kvennalistans í þessu máli. Ég er alveg sannfærð um að þegar hv. þm. hafa kynnt sér brtt. Kvennalistans munu þeir að sjálfsögðu greiða þeim atkvæði. Þessar tillögur eru aðeins hógværar tillögur en auðvitað verður að halda áfram þó að hér sé ekki stigið stórt skref. Mig langar, virðulegur forseti, að ljúka máli mínu með því að lesa lítinn kafla úr stefnuskrá Kvennalistans en þar segir í kaflanum um umhverfismál:

„Framtíð mannkyns veltur á því hvernig við umgöngumst náttúruna, hvernig við nýtum gögn hennar og gæði og hvort við berum gæfu til að bæta úr þeim spjöllum sem við höfum valdið henni. Móðir jörð setur ákveðin lögmál. Maðurinn gengur þvert á mörg þeirra á leið sinni að hámarks skammtímagróða og tekur hvorki tillit til hagsmuna heildarinnar, jarðar né framtíðar. Umhverfisvernd er að ganga um hverja auðlind með virðingu og nærgætni, taka aðeins vextina en láta höfuðstólinn ósnertan til að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir."

Frsm. minni hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. allshn. um þetta frv., 128. mál. Álit minni hl. er á þskj. 725. Ég mæli einnig fyrir brtt. sem minni hl. flytur og eru þær á þskj. 726.

Auk mín standa að minnihlutaálitinu hv. þm. Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson.

Sú staðreynd liggur nú fyrir að stofnað hefur verið umhvrn. Það var gert með lögum frá Alþingi nú í lok febrúarmánaðar sl. Núna ræðum við hins vegar frv. sem fjallar um þau verkefni sem flytja á frá hinum ýmsu ráðuneytum til hins nýja umhvrn.

Í umræðum um hið fyrra frv., þ.e. stofnun ráðuneytisins, varð auðvitað ekki hjá því komist að ræða einnig þau verkefni sem hið nýja ráðuneyti skyldi fá. Þessi mál varð að sjálfsögðu að ræða í samhengi. Málflutningur okkar, andstæðinga frv. um stofnun sérstaks ráðuneytis, beindist eðlilega í þá átt að sýna fram á að stofnun nýs ráðuneytis væri óskynsamleg ráðstöfun og raunar óþörf.

Á sama tíma og ráðagerðir voru uppi hjá hæstv. ríkisstjórn um fækkun ráðuneyta, a.m.k. niður í tíu, vann þessi sama ríkisstjórn að því að fjölga ráðuneytum í 14. Sérstaklega er athyglisverður þáttur hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. í þessu máli. Hann hefur klifað á því í tíma og ótíma hver nauðsyn sé að fækka ráðuneytum, ekki niður í tíu heldur niður í sjö. Þennan málflutning hefur hæstv. ráðherra haft uppi á fundum sínum úti um land og í fjölmiðlum. Þar er hann auðvitað að gera sig góðan í augum kjósenda en á Alþingi styður hann hins vegar fjölgun ráðuneyta upp í 14. Það er lítið samræmið þarna í orðum og athöfnum.

Í umræðunni fyrr í vetur leiddum við fram, máli okkar til stuðnings, marga aðila sem látið höfðu í té umsagnir um þessi mál og töluðu af langri og verðmætri reynslu. Á þennan málflutning var ekkert hlustað af hálfu stjórnarliðsins. Látum það vera þótt stjórnarliðið taki ekkert tillit til þess sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar segjum. En fyrirlitningin sem sýnd er þeim sem lagt hafa mikla vinnu í umsagnir sínar og miðla af margra ára þekkingu og reynslu er dæmalaus. Og það er ekki aðeins svo að hæstv. ráðherrar sýni stjórnarandstöðunni og umsagnaraðilum þennan dónaskap, þeir hundsa einnig skoðanir einstakra þingmanna í stjórnarliðinu og ætlast til þess af þeim einstaklingum sem sjá hvílík mistök hér er verið að gera að þeir þegi og greiði atkvæði eins og þeim er sagt að gera. Sjálfsagt gera þeir það. Hvers vegna þetta ofurkapp að samþykkja frv. nánast óbreytt og einmitt í þessu formi? Á því er aðeins ein skýring. Það er loforð ráðherranna til Borgfl. á haustdögum að með þessum hætti skyldi greiðslan vera fyrir atkvæðin fimm á Alþingi. Það rennir stoðum undir þessa skýringu að sumir þeirra sem sömdu frv. höfðu áður staðið að tillögum um allt aðra skipan umhverfismála, þ.e. þá samræmdu stjórn sem við sjálfstæðismenn lögðum til með frv. okkar sem flutt var hér í upphafi þings og er 4. mál þingsins.

Herra forseti. Staðreyndirnar eru þessar: Umhvrn. hefur verið stofnað og frv. um yfirfærslu verkefna til hins nýja ráðuneytis er hér til umræðu. Þetta frv. ber þess ljós merki að hæstv. ríkisstjórn telur alveg bráðnauðsynlegt að koma sem mestu af verkefnum frá núv. ráðuneytum til hins nýja. Þessi árátta helgast sjálfsagt af því að mönnum sýnist nauðsynlegt að starfsmenn hins nýja ráðuneytis hafi eitthvað að gera. Það verður sem sagt að réttlæta stofnun ráðuneytisins með því að hrúga á það einhverjum verkefnum og þá sjást menn ekki fyrir. Út í þetta er í raun og veru anað í stríði við allt og alla. Mál eru tekin frá ráðuneytum sem eðli máls samkvæmt eiga að hafa þau áfram. Stofnanir skulu heyra undir tvö ráðuneyti í stað eins áður. Tvöföldu kerfi skal komið upp sem víðast. Skilvirkni í stjórnun er sagt stríð á hendur og kostnaður skal aukinn. Talað er um að umhverfisráðuneytið skuli vera lítið ráðuneyti. Áætlanir benda til annars. Og auðvitað fer þetta hér sem alls staðar annars staðar, hér rís upp bákn í engum tengslum við atvinnuvegaráðuneytin, gefandi fyrirskipanir á allar áttir. Hvað kemur mönnum til að ætla að þróunin verði allt önnur hér en í nágrannalöndunum? Við erum að ganga inn í kerfi sem aðrir eru að reyna að losa sig úr en gengur erfiðlega.

Hér er ætlunin að steypa öllu er varðar umhverfismál í eitt nýtt ráðuneyti. Menn láta jafnvel eins og ekkert hafi verið gert á vegum hinna einstöku ráðuneyta í umhverfismálum á undanförnum árum. Það er rangt, sannleikurinn er sá að mikið hefur verið unnið að umhverfismálum í hinum einstöku ráðuneytum á undanförnum árum. Og hæstv. nýi umhvrh. talar um tímamót í Íslandssögunni við stofnun þessa ráðuneytis. Með ýmsu móti ætla menn sér sérstakan sess í þeirri sögu. Það er kannski von ef menn í raun halda að það gangi upp að öll umhverfismál geti átt heima í einu ráðuneyti og hvergi annars staðar.

Ég hef hér í höndum upplýsingar um fjárveitingar norska ríkisins til umhverfismála árið 1989. Þar er eitt elsta umhvrn. Þar kemur fram að fjárveitingar til umhverfismála fara til 16 ráðuneyta. Það er að vísu svo að umhvrn. fær hæstu fjárveitinguna, rúmar 1600 millj. nkr. af tæpum 6400 millj. sem til umhverfismála fara. En samgrn. fær litlu minni upphæð eða 1543 millj. Ráðuneytið fyrir þróunarhjálp fær tæpar 1000 millj. og svona mætti lengur telja. Olíu- og orkumálaráðuneytið fær tæpar 400 millj., varnarmálaráðuneytið yfir 300 millj., menningar- og vísindaráðuneytið fær tæpar 300 millj. og sjávarútvegsráðuneytið einnig tæpar 300 millj., félagsmálaráðuneytið líka tæpar 300 millj. kr. Þetta er vegna þess að menn hafa séð það af reynslunni í Noregi að ekki er hægt að setja þennan mikilvæga málaflokk undir eitt ráðuneyti og menn eru að losa sig úr þeirri klemmu sem þar er komin.

Ég hef látið í ljós þá skoðun áður að með umhvrn. muni ríkisbáknið þenjast út og að ekki gæti heldur verið eðlilegt að þau ráðuneyti sem hingað til hafi haft umhverfismálaflokka á sinni könnu yrðu losuð undan þeirri ábyrgð sem þau ættu að hafa áfram. Ég ítreka þessa skoðun mína. Hún er líka í fullu samræmi við þá meginstefnu um dreifingu ábyrgðar sem nú er að komast á um allan heim í umhverfismálum. Þessi stefna byggir m.a. á tillögum nefndar sem starfaði á vegum Sameinuðu þjóðanna undir forustu Gro Harlem Brundtland, þáv. forsrh. Noregs. Í áliti þeirrar nefndar kemur fram að reynslan sé ekki góð af þeirri tilhögun sem gilt hefur við stjórn umhverfismála frá því fyrst var farið að stjórna þeim úr umhverfisráðuneytum upp úr árinu 1970. Umhverfisráðuneytin hafi þá tekið við afleiðingum af ákvörðunum og háttsemi annarra og reynt að bæta úr umhverfistjónum sem hafi orðið. Það fyrirkomulag telur Brundtland-nefndin að hafi ekki gefist nógu vel.

Í þessu nál. er mælt með að allir þeir sem með gerðum sínum eða aðgerðarleysi geta haft áhrif á umhverfið og valdið umhverfistjóni verði gerðir meðvitaðir um ábyrgð sína, hvort sem um er að ræða stjórnvöld, stofnanir eða einstaklinga. Á þann hátt verði þess alls staðar gætt við framleiðslu og nýtingu auðlinda að ekki sé gengið á þær og jafnframt stefnt að aukningu þeirra. Ég minni líka, og hef reyndar gert það áður úr þessum ræðustóli, á einkaviðtal sem þýski jafnaðarmannaleiðtoginn Oskar Lafontaine átti við Alþýðublaðið laugardaginn 2. sept. sl. Í þessu blaðaviðtali er haft eftir honum: „Lafontaine lagði enn fremur mikla áherslu á heildræna stefnu í umhverfismálum. Hann sagði til að mynda að það gengi ekki að umhverfismálum væri steypt í eitt ráðuneyti og þar væri unnið að þeim meðan önnur ráðuneyti héldu óbreyttri stefnu. Leggja þyrfti áherslu á að allir væru jafnábyrgir.“ Einhvern tímann hefðu nú kratarnir viljað fara eftir því sem þessi gúrú þeirra, Oskar Lafontaine, segir og kannski átta þeir sig þegar svona ummæli eru rifjuð upp.

Ég minnist greinar eftir hæstv. iðnrh. og viðskrh. Jón Sigurðsson, sem hann skrifaði í Morgunblaðið á haustdögum, ég held í nóvember. Þar koma fram nokkuð önnur sjónarmið en ég hef hér verið að greina frá. Hann segir í þessari grein: „Tillögur Sjálfstæðisflokksins um samræmda yfirstjórn umhverfismála sem falin væru einu núverandi ráðuneyta en dreifðar ábyrgðir á framkvæmdinni eru gallaðar að því leyti að almenningur veit þá ekki hvert hann á að snúa sér með umhverfiserindi.“ Þessi ummæli, bæði mín og hæstv. iðnrh., urðu ráðuneytisstjóranum í landbrn., Sveinbirni Dagfinnssyni, tilefni til blaðaskrifa. Mig langar til að vitna hér nokkuð í grein ráðuneytisstjórans. Hann víkur fyrst að ávarpi sem Kristján heitinn Eldjárn, þáv. forseti Íslands, flutti árið 1972 þar sem hann gat um lífbeltin tvö, í sjó og á landi. Þar sagði forsetinn: „Bersýnilegt er að fyrr en varir verður það talin ein af frumskyldum allra þjóða að taka virkan þátt í að friða, rækta og vernda land og sjó. Vernda náttúruna um leið og þær nytja hana og lifa á henni.“ Og síðan segir: „Það má með sanni tala um lífbeltin tvö, grónu ræmuna eða beltið upp frá ströndinni og sjóræmuna með ströndum fram.“ Og enn segir: „Sumir óttast að hugmyndir um gróðurvernd séu hættulegar fornum atvinnuvegum. En þau ráð er hægt að finna með nútímaþekkingu og tækni og raunar blasir alls staðar þetta sama við að samræma nýtingu og vernd. Um þetta ættu allir að geta verið sammála.“ Hér lýkur tilvitnun í ávarp forsetans. En hann er þarna í raun og veru að kynna sömu sjónarmið og eru meginstefnumiðin í skýrslu Brundtland-nefndarinnar sem kom 15 árum síðar, 15 árum eftir að forsetinn sagði þessi orð.

Ráðuneytisstjórinn vitnar hér í þessa grein hæstv. iðnrh., sem ég vitnaði í áðan, og tekur þar upp eftir ráðherranum: „Ísland er girt tveim lífbeltum, sjónum og gróðurlendinu. Við þurfum að gæta að þeim báðum.“ Hann nefnir ekki hvernig við skulum gæta lífbeltisins í sjónum en nefnir sitthvað varðandi lífbeltið á landi og segir: „Afskipti stjórnvalda af búskaparháttum í landinu verða að breytast í þá átt að hlífa landinu við ofbeit. Þetta er hægt að gera með ýmsu móti en stöðvun lausagöngu búfjár er mikilvægasta skrefið. Einnig á þessu sviði þarf að leita leiða að málamiðlunum sem líklega verða samofnar úr efnahagslegri hvatningu og beinum tilskipunum.“ Ráðuneytisstjórinn nefnir að Íslendingar hafi þegar um fjölda ára haft afskipti af búskaparháttum til þess að hlífa landinu við ofbeit. Beitartími á afréttum hefur verið styttur og er stjórnað eftir ástandi gróðurs. Bændur hafa, með sárafáum undantekningum, löngu sætt sig við árlegar tillögur Landgræðslu ríkisins og gróðurverndarnefnda í þeim efnum. Upprekstri er hætt á nokkra afrétti og er næsta lítill á öðrum og í markmiðssetningu Landgræðslu, landbrn. og Skógræktar, sem nýlega hafa verið kynntar er gert ráð fyrir að innan fárra ára linni beitarálagi með öllu á viðkvæmum afréttarlöndum. Vinna að þessum viðfangsefnum er komin vel á veg og felst m.a. í því að kanna hag og stöðu hvers bónda og greiða fyrir breyttum búháttum hjá þeim sem þess þurfa með.

Ráðuneytisstjórinn fellst á það með ráðherranum

að stöðvun lausafjárgöngu búfjár muni færa margt til betri vegar og hefði mátt vera komin til framkvæmda á fleiri svæðum landsins en þegar er. Undir það tek ég að sjálfsögðu. En hann segir hér: „Beinar tilskipanir eru önnur þeirra leiða sem ráðherra nefnir í grein sinni sem leið til þess að takmarka ofbeit. Þeir sem farið hafa með framkvæmd þessara mála hafa til þessa leitað allra annarra leiða við beitarstjórnun og takmörkun á beitarálagi frekar en að beita tilskipunum. Dæmi eru um að þeim hafi verið beitt en oftast með takmörkuðum árangri. Næsta erfitt er að fylgja eftir tilskipunum af þessum toga ef menn tregðast við að hlíta þeim. Lögreglu og hundum hefur ekki verið beitt," segir ráðuneytisstjórinn í grein sinni.

Hann segir einnig að ráðherra nefni ekki í grein sinni leiðina sem best hefur gefist til þessa en það er fræðsla. Hann minnir á að á aðalfundi Landverndar 10. nóv. sl. mætti meðal annarra ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins norska, Oddmund Graham. Fram kom hjá honum að mikil áhersla væri lögð á fræðslu. Gildi hennar taldi Graham það mikið að kæmist fullnægjandi fræðsla til allra og þeir tileinkuðu sér hana þyrfti tæpast umhverfisráðuneyti. Ráðherrann bendir á tvö dæmi í þessari grein sem vitnað hefur verið til, að í hans ráðuneytum sé unnið að umhverfismálum: söfnun áldósa og mengunarvörnum við álbræðslu. Ráðherrann segir: „Það er auðvitað skilyrði fyrir því að ráðist verði í aukna álbræðslu að mengunarvarnir verði viðunandi." Af orðum ráðherra er ljóst að hann ætlar sér og ráðuneyti iðnaðar að gæta þess við samninga um álverksmiðju eða aðrar verksmiðjur að mengunarvarnir og tæknilegur búnaður þeirra vegna sé fullnægjandi og á þann hátt fara með umhverfismál að þessu leyti.

Iðnrh. hefur líka alveg nýlega, ef ég veit rétt, skipað nefnd til þess að meta umhverfisáhrif iðjuvera. Það bendir til þess að hann ætli sér að hafa áfram eitthvað um þessi mál að segja og um það er ekkert nema gott eitt að segja. Þannig á það einmitt að vera.

Það sem ég er hér að segja rennir stoðum undir þær brtt. sem ég mun gera nánari grein fyrir á eftir. Ég minni á í því samhengi að norræna ráðherranefndin hefur samþykkt ýmislegt um þessi efni. Hún hefur samið nýja áætlun um samvinnu Norðurlanda í umhverfismálum. Í áætluninni er settur framtíðarrammi og markmið fyrir framtíð í umhverfismálum. Áætlunin er byggð á þeim grundvallarreglum sem alþjóðanefnd Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál hefur sett fram. Þessar grundvallarreglur eru að á umhverfismálum sé tekið í tengslum við aðrar pólitískar ákvarðanir í hinum ýmsu faggeirum og að umhverfisvernd, hvar sem er í heiminum, varði alla jarðarbúa. Í áætluninni er einnig lögð áhersla á þá ábyrgð sem yfirvöld í hinum ýmsu faggeirum bera.

Ráðherranefndin telur að best verði unnið að forvörnum í umhverfismálum með því að tengja sjónarmið varðandi umhverfismál öllum faggeirum þjóðfélagsins. Þessi sjónarmið verði forsenda þess að lífvænleg þróun geti orðið og þar með geti orðið til samfélag sem sé í betra jafnvægi við náttúruna. Og það segir enn fremur: Það er nauðsynlegt að kalla þá til samvinnu sem tengjast málaflokkum eða starfsemi sem umhverfisvandamálin stafa af. Menn í hinum ýmsu faggeirum bera ábyrgð á því að tryggt sé að leiðbeiningar þeirra og áætlanir stuðli að þróun sem bæði er lífvænleg fjárhagslega og vistfræðilega. Ráðherranefndin mun beita sér til að auka skilning á undirstöðu vistkerfa og hlutverki þeirra. Einnig mun ráðherranefndin beita sér fyrir að það teljist eðlilegt og ríkjandi viðhorf að meta hvaða afleiðingar framkvæmdir í orkugeiranum, landbúnaði, flutningastarfsemi og iðnaði geti haft á umhverfið. Ég vona að hæstv. umhverfisráðherra misvirði það ekki við mig þó að ég sé að rifja hér upp það sem norræna ráðherranefndin hefur samþykkt. Honum er að sjálfsögðu vel kunnugt um þetta sem samstarfsráðherra, en ég er að tala hér til fleiri aðila en hans.

Ég hef minnst á Brundtland-skýrsluna og ég vil taka aðeins örfá atriði upp úr henni. Þar segir m.a.: Alþjóðlegum stofnunum og innanlandsstofnunum hefur verið komið upp á grundvelli þröngra hagsmuna og tilgangur þeirra takmarkaður. Með þeim stofnunum sem nú eru til er því erfitt að ná markmiðinu um lífvænlega þróun og að glíma við markmiðin sem fylgja því að tengja saman umhverfismál og þróunarmál. Það segir hér áfram: Flestar þær stofnanir sem þurfa að horfast í augu við þetta eru yfirleitt sjálfstæðar og tættar í litlar einingar. Starfsumboð þeirra er yfirleitt þröngt og ákvarðanir eru teknar í samræmi við föst, lokuð ferli. Það eru aðrar stofnanir sem bera ábyrgð á fjármálum en þær sem bera ábyrgð á náttúruauðlindum og verndun umhverfis. Í raunveruleikanum eru vistfræðin og fjármálin nátengd og það á ekki eftir að breytast. Og enn segir hér: Þær stjórnardeildir sem bera ábyrgð á fjármálum og faggreinum hafa oft takmarkað starfsumboð. Meginhugmyndin í nýju hugsjóninni, eins og þetta er nefnt, er að láta ráðuneytin bera ábyrgð á gæðum á þeim hluta umhverfis fólks sem ákvarðanir þeirra hafa áhrif á.

Herra forseti. Minni hl. allshn. er andvígur frv. eins og meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja það. Þetta frv. var tekið fyrir á fjölmörgum fundum allshn. Hv. formaður nefndarinnar, sem gerði hér grein fyrir áliti meiri hl. í gær, upplýsti að það hefði verið á 14 fundum. Það er vafalaust rétt, fyrst þann 5. febr. og síðast á tveimur fundum þann 12. þessa mánaðar. Formaður nefndarinnar gerði hér ítarlega grein fyrir því hverjir hefðu komið til fundar við nefndina og frá hverjum umsagnir hefðu borist. Mér telst til að 26 aðilar hafi komið til fundar við nefndina og flestir þessara aðila, — ég vil ekki segja allir, en flestir höfðu alvarlegar athugasemdir fram að færa við frv. Umsagnir bárust frá 52 aðilum sem margir hverjir, mjög margir, höfðu margt við frv. að athuga. En á þessa aðila var ekkert hlustað, nákvæmlega ekki neitt og reyndar höfðu sumir stjórnarliðar í allshn. yfirleitt ekki tíma til þess að hlusta á þá gesti sem kvaddir voru á fund nefndarinnar. Á þessa menn var sem sagt

ekki hlustað og þaðan af síður tekið tillit til athugasemda þeirra.

Ég á kannski ekki að segja það en ég segi það samt að ég hef miklar efasemdir um að þeir sem hugsa sér að greiða frv. atkvæði, eins og meiri hl. leggur til að gert verði, hafi hugmynd um hvað í þessum umsögnum stendur. Ég hef ástæðu til að ætla að þeir viti það ekki. Ég held að þeir hafi ekki gefið sér tíma til að kanna þessar umsagnir og það er einnig ástæða til að ætla að þær hafi ekki verið kynntar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég segi þetta vegna þess að mér finnst það svo ótrúlegt að það skuli ekkert tillit vera tekið til þeirra aðila sem mest vita um umhverfismál. Mér virðist það benda til þess að málin hafi alls ekkert verið rædd í stjórnarflokkunum. En þar sem ekki var hlustað á okkur, stjórnarandstæðinga í nefndinni, og heldur ekki umsagnaraðila, þá gerum við tilraun, enn eina hér í hv. þingdeild til að fá fram breytingar á þessu frv.

Eins og ég sagði áðan eru brtt. okkar í minni hl. á þskj. 726. 1. brtt. lýtur að 1. gr. frv. Við leggjum til að breytt verði ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Greinin í frv. fjallar um Náttúruverndarráð og hljóðar svo:

„Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs."

Við leggjum til að orðin „vinna að gróðurvernd og" falli brott og þá yrði málsgreinin svona: „Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins hafa eftirlit með ástandi gróðurs." Á sama hátt leggjum við til breytingu við 3. mgr. sem er svona í frv.: „Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar." Tillaga okkar er að orðin „vinna að verndun og eftirliti" falli brott en í staðinn verði mgr. svo: „Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins hafa eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar."

Þá leggjum við til að 4. mgr. greinarinnar falli brott. Við hana hefur meiri hl. nefndarinnar gert brtt. og þessi tillaga okkar á að sjálfsögðu við um brtt., að hún falli brott. Við föllumst sem sagt heldur ekki á brtt. fremur en tillöguna eins og hún er í frv. sjálfu.

Ég vil grípa niður í nokkrar umsagnir sem borist hafa og varða einmitt 1. gr. frv. Fyrst verður hér fyrir mér ný ályktun búnaðarþings, ályktun sem gerð var á því búnaðarþingi sem nú situr. Ég les hér ályktunina, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing skorar á Alþingi að vanda betur undirbúning og val á þeim verkefnum sem umhverfisráðuneyti er ætlað að vinna. Þingið leggur ríka áherslu á að atvinnuvegirnir beri ábyrgð á þeirri starfsemi sinni gagnvart umhverfinu undir eftirliti umhverfisráðuneytis eða stofnana sem lúta að stjórn þess. Þar sem þessara grundvallarsjónarmiða hefur ekki verið gætt og mikill ágreiningur er um málið í þjóðfélaginu leggur búnaðarþing eindregið til að málið verði athugað nánar og reynt að ná um það sátt. Verði Alþingi ekki við þessari ósk treystir búnaðarþing því að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:"

Ég er ekkert að lesa þær upp vegna þess að þær eru hinar sömu og ég hef hér gert grein fyrir að eru tillögur okkar í minni hl. nefndarinnar, þ.e. að breytt verði ákvæðum 2. og 3. mgr. og 4. mgr. falli brott. Þessari ályktun búnaðarþings fylgir greinargerð sem ég leyfi mér að taka nokkra þætti úr:

„Við athugun á þessu máli í búnaðarþingi varð fulltrúum þess ljóst að í þessu frv. um tilfærslur verkefna milli ráðuneyta eru ákvæði sem munu leiða til þess að dómi þingsins að starfsemi stofnana sem að hluta eru færðar undir nýja húsbændur verður ómarkviss og hætta er á að til ágreinings komi. Mun meiri kostnaður verður við stjórnsýslu en þörf er á.

Nágrannalöndin hafa reynslu af umhverfisráðuneytum. Í skýrslu sem kennd er við Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, er varað við að taka ákveðin framkvæmdaverkefni frá viðkomandi fagráðuneyti. Farsælla reynist að umhverfisráðuneytið sé fyrst og fremst til eftirlits. Þær breytingar sem búnaðarþing leggur til í ályktuninni beinast að Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Gróðurvernd Landgræðslunnar felst í verklegum aðgerðum til að styrkja gróðurfar með því að hefta sandfok með sáningu, áburði og friðun, gera varnargarða fyrir straumvötn og ná samkomulagi við umráðamenn lands um uppgræðslu og friðun þar sem þess er þörf. Fyrir atbeina Landgræðslu ríkisins hefur náðst mikilvægur árangur í landgræðslu og gróðurvernd þótt knappur fjárhagur hafi háð starfseminni. Eins er um Skógrækt ríkisins. Hana ber að efla í tengslum við landbúnað.

Sú grundvallarregla hefur ríkt í stjórnsýslu hér á landi að atvinnuvegir hafi forræði yfir þeim auðlindum sem þeir byggjast á. Með lögum er Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins veitt heimild til að grípa inn í ef alvarleg gróðureyðing á sér stað. Allt sem gert er í því efni getur haft áhrif á stöðu landbúnaðar. Því er rökrétt að yfirstjórn framkvæmda sé í höndum landbrh. Það er einnig í samræmi við nýtingu og vernd auðlinda í sjávarútvegi og iðnaði. Skipting á verkefnum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins milli tveggja ráðuneyta væri því til þess fallin að auka kostnað og lama starfsemi stofnunarinnar."

Svo segir hér í lokin: „Að lokum er vert að leggja áherslu á að búnaðarþing hafði nauman tíma til að fjalla um þetta mál. Þess vegna var valin sú leið að takmarka afgreiðslu þingsins einkum við þátt Landgræðslu og Skógræktar en ákvæði frv. um þá málaflokka eru af hálfu bændastéttarinnar með öllu ósættanleg."

Þetta segir í ályktun búnaðarþings.

Fleiri aðilar hafa tjáð sig um þennan þátt. Ég gríp hér niður í umsögn sem borist hefur allshn. frá Jóni Bjarnasyni á Hólum í Hjaltadal. Hann segir hér:

„Þó svo frumvörpin" — hann er líka að tala um frv. um stofnun ráðuneytisins — „geri ráð fyrir flutningi ýmissa málaflokka undir umhverfisráðuneyti kemur það ljóst fram að það er fyrst og fremst stofnað um gróðurnýtingu, gróðurvernd, nýtingu og ráðstöfun lands utan þéttbýlis. Þessi áhugi er góðra gjalda verður.

Föðurland vort hálft er hafið," segir hann. „Þeirri röksemd var m.a. beitt við útfærslu landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar að nýting, verndun og ræktun fiskstofna færi best í höndum þeirra sem mest eiga undir því að þær auðlindir séu skynsamlega nýttar. Þversögn kemur greinilega fram þar sem hliðstæðir málaflokkar sjávarútvegs tilheyra áfram því ráðuneyti en ættu að fara undir umhverfisráðuneytið, væri gætt fulls samræmis. Og hvað með hvalveiðarnar?" spyr hann. „Ábyrgð, nýting, verndun og ræktun eiga að fara saman. Sé þetta skilið að býður það heim alvarlegri hagsmunaárekstrum en annars. Málefni er varða nýtingu, verndun og ræktun lands og gróðurs eiga alfarið að vera í höndum landbrn. og hliðstæð mál á öðrum sviðum að heyra undir nærtækasta atvinnuráðuneyti."

Hann segir hér síðar í umsögn sinni: „Stofnun umhverfisráðuneytis býður heim þeirri hættu að þeir sem raunverulega ráða ferðinni og bera framkvæmdalega ábyrgð geti skotið sér undan mikilvægri ábyrgð á þeirri forsendu að þessi hlið málsins heyri undir annað ráðuneyti. Hætta er á að umhverfisráðuneytið verði gagnslítið skrifstofubákn og nöldursráðuneyti í litlum tengslum við atvinnuvegi og þjóðlíf í landinu. Næg er fjarlægðin orðin milli höfuðs og ilja," segir hann. „Fyrir mér er verndun, ræktun lands og lýðs umhverfismál. Fyrir mér er það umhverfismál hvernig land okkar er byggt, auðlindir þess verndaðar, bættar og nýttar. Fyrir mér er vellíðan og fullnægja fólks í lífinu umhverfismál til lengri og skemmri tíma. Fyrir mér er það umhverfismál hvort óhætt sé að ganga á götum miðborgar Reykjavíkur þegar skyggja tekur.

Þrenging á hugtakinu „umhverfi" er hættuleg framtíðarþróun. Nefnd eru sem rök fyrir stofnun umhverfisráðuneytis að umræða um þau mál sé mikil. Nefndir starfa á vegum stjórnvalda undanfarinn áratug eða meir. Þessi umræða bendir miklu frekar á óánægju með stefnu stjórnvalda í umhverfismálum, atvinnumálum, þjóðmálum yfirleitt, í því hvernig landið skuli byggt, auðlindir nýttar, hvers konar þjóðlíf vaxi og dafni á Íslandi. Nýtt ráðuneyti breytir þar ekki um.

Stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis ber keim af friðþægingu og er spor af leið ef eitthvað er," segir Jón Bjarnason í sinni umsögn.

Þá grípur ég hér niður í umsögn Sveins Hallgrímssonar á Hvanneyri. Hann segir hér almennt: „Í eðli sínu tel ég að umhverfismál eigi ekki að vera í sérstöku ráðuneyti. Þau eigi að heyra undir viðkomandi fagráðuneyti. Þannig fari best saman ábyrgð og framkvæmd. Þó má vel hugsa sér að einhver ein skrifstofa fari með eftirlitshlutverk eða yfirstjórn þessa mikilvæga málaflokks. Víða erlendis hefur sérstakt ráðuneyti umhverfismála leitt til meiri miðstýringar og sömuleiðis til mikils skrifstofubákns. Búandi utan Reykjavíkursvæðisins hræðist ég of mikla miðstýringu sem hæglega leiðir til ofstjórnunar. Ég tel þetta sérstaklega hættulegt í gróðurverndarmálum, m.a. af eftirfarandi ástæðum:

a. Miðstýring flytur valdið frá þeim sem nýta landið og um leið ábyrgðina. Beri viðkomandi ekki ábyrgð hlýtur það að leiða til að hann umgengst landið á annan hátt.

b. Mun meiri hætta er á árekstrum milli þéttbýlisbúans og bóndans með þessu móti þar sem hætt er við að mörgum þyki erfitt að taka við skipunum að ofan. Mikinn mannafla þyrfti einnig til að sinna þessum málum frá einni stofnun með mikið vald.

c. Mjög algengt er í umræðu um gróðurvernd á Íslandi að litið er á friðun sem nauðsynlegan undanfara verndunar. Þetta er alrangt. Gróður getur verið og er í langflestum tilfellum jafnsterkur þótt beitt sé. Gróður breytist hins vegar við beit. Aðrar tegundir verða ríkjandi. Nýtingarsjónarmiðið verður því að viðurkenna. Ég tel að yfirstjórn gróðurverndar eigi að vera í landbrn. og sömuleiðis skógrækt. Landbúnaður, þar með talin skógrækt, er nýting gróðurs," segir Sveinn Hallgrímsson í sinni umsögn.

Landgræðsla ríkisins sendi einnig allshn. ítarlega umsögn. Ég skal sleppa því að rekja hana nákvæmlega en ég kem hér að nokkrum meginatriðum sem landgræðslustjóri lagði áherslu á þegar hann kom til fundar við allshn. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir:

„Í 1. gr. ofangreinds frv. er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð skuli ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og gróðureftirliti. Í lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, eru þessi hugtök skilgreind: Gróðurvernd sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum. Gróðurvernd er óaðskiljanlegur hluti af landgræðslu og í flestum tilvikum byggjast gróðurverndaraðgerðir á nýtingu tækja, mannafla og sérþekkingar sem Landgræðslan hefur yfir að ráða. Gróðurverndin er mjög umfangsmikið framkvæmdastarf sem felst í margháttuðum verklegum framkvæmdum. Forræði gróðurverndar á að vera hjá fagráðuneyti sem hefur með nýtingu gróðurs og jarðvegs að gera. Nauðsynlegt er að þeir sem taka ákvarðanir í þágu gróðurverndar beri einnig ábyrgð á afleiðingum þeirra, t.d. gagnvart byggðarlögum og atvinnurekstri.

Landgræðslan telur að það verði málefninu ekki til framdráttar að Náttúruverndarráði verði formlega falið framkvæmdahlutverk í gróðurverndarmálum. Landgræðslan hefur tiltrú almennings og þorra bænda á því sem verið er að gera. Það hlýtur að orka tvímælis að fela tveimur opinberum aðilum sama hlutverkið á sama tíma og verið er að efla gróðurverndarstarf Landgræðslunnar í framhaldi af nýrri markmiðssetningu. Slík tvískipting býður auk þess heim hættu á árekstrum og skorti á skilvirkni og ábyrgðarkennd.

Gróðureftirlit hefur aðallega verið fólgið í virku eftirliti með nýtingu afréttar og heimalanda um land allt, en þó með aðaláherslu á beitilönd á eldfjallasvæðum landsins. Landgræðslan telur að visst gróð-

ureftirlit á vegum umhverfisráðuneytis sé til hagsbóta fyrir land og þjóð. Það kynni að minnka þá tortryggni sem verið hefur í garð landbúnaðar um meðferð gróðurs og jarðvegs. Skynsamlegt virðist að umhverfisráðuneyti hafi eftirlit með gróðurskemmdum sem verða vegna ferðamennsku, mannvirkjagerðar o.s.frv. En um það hefur verið ágæt samvinna milli Náttúruverndarráðs og Landgræðslunnar.

Enn fremur er gert ráð fyrir í ofangreindu frv. að Náttúruverndarráð geti falið gróðurverndarnefndum gróðureftirlit. Þær hafa starfað samkvæmt lögum um landgræðslu frá 1965 í öllum sýslum landsins og síðan 1983 í öllum kaupstöðum landsins. Þær hafa gróðureftirlitsskyldu nú þegar samkvæmt lögum um landgræðslu."

Þetta voru nokkur atriði sem Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri vildi leggja sérstaka áherslu á þegar hann kom til fundar við nefndina. Ég sé að ég er ekki með með mér umsögn Skógræktar ríkisins sem hefur að sjálfsögðu skoðun á þessu máli og er andvíg ákvæðum frv. En Jón Loftsson skógræktarstjóri kom til fundar við nefndina og hann lét í ljós þá skoðun á fundi nefndarinnar að svo virtist sem ætti að skilja að þætti sem ekki verða skildir í sundur, ræktun nytjaskóga og verndun skóga sem friðaðir eru. Hann sagði að unnið hefði verið í góðri samvinnu við bændur að skógræktarmálum. Þess vegna væri mjög misráðið ef þetta samband við fagráðuneyti bændanna yrði rofið. Fagráðuneyti bænda og skógræktar á að vera hið sama er skoðun skógræktarstjóra. Og hann sagði enn fremur að ræktun skóga gerðist ekki í alvöru nema bændur væru þar með í för.

Hann lét reyndar í ljós þá skoðun að það væri auðvitað unnt að gera Skógræktina að stofnun sem sæi bara um friðun en þá mundu líka algerlega rofna tengslin við bændur. Skógræktarstjóri upplýsti okkur um það að í Danmörku, sem væri eina landið á Norðurlöndum þar sem skógrækt heyrði undir umhverfisráðuneyti, ætti sér nú stað alvarleg umræða um að flytja þann málaflokk aftur til landbrn. Skógræktarstjóri nefndi líka að það væri fráleitt að skilja Rannsóknastöð Skógræktarinnar á Mógilsá frá Skógræktinni. Ef það yrði gert yrði Skógrækt ríkisins einfaldlega að koma sér upp nýrri rannsóknastöð.

Þetta sem ég var að segja var tilvitnun í orð skógræktarstjóra á fundi allshn. Af því að ég minntist á Rannsóknastöð Skógræktinnar þá nefni ég hér að allshn. barst núna alveg nýlega bréf frá stjórn þessarar rannsóknastofnunar sem mér þykir rétt að lesa hér upp. Og það er vegna þess að forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar, Jón Gunnar Ottósson, hafði látið í ljós ákveðnar skoðanir á þessu máli og þær skoðanir fara ekki saman við skoðanir stjórnarmanna stofnunarinnar. Ég ætla þess vegna að lesa bréfið:

„Á fundi sínum 2. mars fjallaði stjórn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá um minnispunkta sem forstöðumaður stöðvarinnar, Jón Gunnar Ottósson, lagði fyrir allshn. Nd. Alþingis í tilefni af umræðum um verkefni nýstofnaðs umhverfisráðuneytis. Minnispunkta þessa kynnti forstöðumaður ekki fyrir stjórn stöðvarinnar eða skógræktarstjóra áður en hann lagði þá fram. Á fundinum kom fram verulegur munur á skoðunum stjórnar og forstöðumanns á þessu máli. Af þessu tilefni telur stjórnin rétt að taka eftirfarandi fram:

Í 2. gr. reglna frá 1968 um rannsóknastöðina segir svo: „Rannsóknastöðin skal fyrst og fremst starfa að rannsóknum sem hafa hagnýta þýðingu fyrir skógrækt og trjárækt á Íslandi. Helstu verksvið eru:

1. Að afla trjátegunda og trjákvæma til landsins og rannsaka þau við mismunandi skilyrði.
2. Að rannsaka þær trjátegundir sem til eru í landinu svo og að annast stofnræktun úrvalstrjáa.
3. Rannsaka ræktunaraðferðir.
4. Rannsaka vaxtarskilyrði.
5. Að vinna að kynbótum trjáa.
6. Að kynna innlendar og erlendar niðurstöður rannsókna sem þýðingu hafa fyrir skógrækt á Íslandi."

Samkvæmt þessari grein er ótvírætt að meginverkefni rannsóknastöðvarinnar er að þjóna hagnýtri skógrækt og trjárækt, þekkingaröflun, þróunarstarfi og ráðgjöf. Aukinn almennur skógræktaráhugi og ný markmið Skógræktar ríkisins til stóraukinnar skógræktar auka verulega þörfina fyrir virka rannsóknastarfsemi. Stjórnin telur brýnt að slík rannsóknastörf verði áfram unnin í nánu samstarfi við framkvæmdaaðila í skógræktarstarfi á Íslandi. Með vísan til þess sem að framan greinir er stjórnin ekki samþykk þeirri hugmynd forstöðumanns að rannsóknastöðin færist undir umhverfisráðuneyti og sameinist þar viðfangsefnum sem nú eru unnin á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins. Stjórnin vill taka fram að ýmis rannsóknaverkefni sem stöðin vinnur að nýtast einnig markmiðum hins nýja umhverfisráðuneytis. Má t.d. nefna umfangsmikið verkefni sem lýtur að ástandi og eðli hins íslenska birkiskóglendis sem rannsóknastöðin og Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinna að og sem lýkur á þessu ári. Þetta verkefni mun leggja grunninn að ákvörðunum um nýtingu og meðferð þessara skóglenda um leið og það mun veita margar gagnlegar upplýsingar sem munu nýtast ræktunarstarfinu.

Um leið og stjórnin ítrekar mikilvægi þess að rannsóknir í þágu skógræktar verði efldar lýsir hún sig fúsa til samstarfs við umhverfisráðuneytið og væntanlegar stofnanir þess um verkefni sem falla að markmiðssetningu rannsóknastöðvarinnar."

Undir þetta rita Sveinbjörn Dagfinnsson, Hulda Valtýsdóttir, Indriði Indriðason, Þorsteinn Tómasson og Jón Loftsson.

Skógræktarfélag Íslands hefur einnig lýst sínum skoðunum á ákvæðum 1. gr. frv. Ég grip hér aðeins niður í umsögn Skógræktarfélagsins. Þar er bent á að óviðunandi ósamræmis gæti vegna flutnings á verkefnum úr landbrn. til hins nýja umhverfisráðuneytis sem varðar gróðurvernd og landnýtingu en öðrum fagráðuneytum, þ.e. sjútvrn. og iðnrn., ætlað að hafa forræði þeirra auðlinda sem þeirra atvinnugreinar byggjast á. Að mati Skógræktarfélags Íslands á gróð-

urvernd og allir þættir skógræktar þar með taldir heima í sínu fagráðuneyti, þ.e. landbrn., en eftirlitshlutverkið á hins vegar að vera vistað í umhverfisráðuneyti.

Í frv. er verksvið umhverfisráðuneytisins ekki vel skilgreint og þar gætir mótsagna, segir í umsögn Skógræktarfélagsins. Jafnvel er látið að því liggja að það eigi að annast ýmis framkvæmdaatriði sem eru betur sett hjá fagstofnunum sem fyrir eru. Skógræktarfélagið ítrekar umsögn sína sem send var Alþingi í desember 1989 en þar segir:

„Stjórn Skógræktarfélags Íslands bendir á að málefni Skógræktar ríkisins eru nátengd starfi skógræktarfélaganna í landinu en þau eru um 50 talsins. Á undanförnum árum hefur tekist náið samstarf milli skógræktarfélaganna, samtaka bænda og fjölmargra einstaklinga í bændastétt. Forsendan fyrir þessari ánægjulegu þróun er sú staðreynd að fagráðuneyti landbúnaðarins hefur jafnframt farið með málefni Skógræktar ríkisins. Telur stjórn Skógræktarfélags Íslands að með því fyrirkomulagi sem fyrrgreint frv. gerir ráð fyrir verði rofin þau tengsl sem myndast hafa á undanförnum árum milli skógræktarmanna annars vegar og bænda og samtaka þeirra hins vegar. Því leggur stjórn Skógræktarfélags Íslands eindregið til að málefni Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna verði framvegis sem hingað til óskipt í landbúnaðarráðuneytinu.“ Það segir svo hér áfram:

„Að mati Skógræktarfélags Íslands er það mikið óþurftarverk að sundra þeirri samvinnu sem tekist hefur á milli landbrn., Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna. Með frv. virðist löggjafarvaldið ætla að virða að vettugi þá samstöðu sem tekist hefur að skapa á þessu sviði í sl. 10–15 ár og með því bjóða væringum heim. Það er þó deginum ljósara að án samstöðu næst enginn marktækur árangur í skógrækt og gróðurvernd. Skógræktarfélag Íslands telur ástæðu til að minna á, í þessu tilefni, þá sérstöðu sem ríkir hér á landi að því er varðar skógrækt og gróðurvernd og á sér hvergi hliðstæðu hjá nágrannaþjóðum okkar og þótt víðar væri leitað. Hvergi hefur eyðing skóglendis verið látin viðgangast svo langt fram eftir 20. öldinni eins og hér. Hvergi hefur uppblástur og jarðvegseyðing verið sambærileg við það sem hér hefur verið. Hvergi er jarðvegur eins fokgjarn og ófrjór og á eldgosasvæðum á Íslandi. Hvergi er meiri þörf á úrbótum í gróðurfarsmálum að því er varðar trjáa- og skógræktina hér. Það virðist því mikill ábyrgðarhlutur að draga mikilvæga þætti er snerta framkvæmdir á þessu sviði út úr fagráðuneytinu og skapa þannig togstreitu sem hamlar gegn öllum raunhæfum úrbótum.“

Ég læt þetta nægja úr umsögn Skógræktarfélagsins þótt þar sé reyndar margt fleira nefnt sem styður það sem við höfum hér verið að segja og flytja tillögur um.

Stéttarsamband bænda hefur sent allshn. umsögn sína og vísar til síðasta aðalfundar Stéttarsambandsins og bókunar á fundi stjórnar Stéttarsambandsins 25. okt. sl. Þar leggur Stéttarsambandið áherslu á að hlutverk væntanlegs umhverfisráðuneytis á sviði landgræðslu og skógræktar verði einskorðað við eftirlit með ástandi gróðurs og fræðslu um gróðurverndarmál. Framkvæmdaþáttur gróðurverndar og aðgerðir til landfriðunar verði áfram undir stjórn landbrn. Sama gildi um málefni skógræktar ef frá er talið eftirlit með náttúrulegum birkiskógum. Stéttarsambandið bendir á að framkvæmdaþættir þessara mála eru nátengdir framkvæmd landbúnaðarstefnunnar í heild. Veruleg hætta er því á að aðskilnaður þeirra frá ýmsum þáttum landbúnaðarmála muni leiða til togstreitu og árekstra sem mjög geti spillt fyrir framgangi þeirrar framleiðslubreytingar sem nú er unnið að í landbúnaðinum og tafið fyrir árangri á sviði gróðurverndar. Stéttarsambandið telur að landbætur og gróðurvernd þurfi að verða mun ríkari þáttur í framkvæmd hinnar almennu landbúnaðarstefnu hér eftir en hingað til hefur verið. Því er sérstaklega varað við öllum breytingum á skipan þessara mála sem spillt geti fyrir árangri í þessum efnum.

Undir þetta bréf ritar fyrir hönd Stéttarsambands bænda Hákon Sigurgrímsson.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur einnig tjáð sig og segir hér í þeirra umsögn: „Það er mat stofnunarinnar að ekki sé rétt að skipta verklegum þætti Landgræðslu ríkisins milli ráðuneyta eftir því hvort hafa megi af aðgerðunum beinar nytjar eða ekki, enda mun slík greining torunnin. Það sama á við um starfssvið Skógræktar ríkisins að ekki þykir rétt að skipta því milli ráðuneyta.“

Það sem ég hef hér lesið úr umsögnum er í sjálfu sér alveg nægilegur rökstuðningur fyrir þeim brtt. sem við í minni hl. flytjum við 1. gr. frv. Og það má satt að segja vera alveg með ólíkindum ef hv. alþm. og hæstv. ríkisstjórn lokar alveg eyrunum fyrir því sem hér er verið að segja. Svo hefur verið gert til þessa. Eins og ég sagði áðan var ekkert tillit tekið til þessara umsagna í hv. allshn. eða ég kalla það ekki að taka tillit til þess þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar af hálfu meiri hl. á 4. mgr. 1. gr. En að öðru leyti er sem sagt ekkert tillit tekið til allra þessara aðila sem þarna hafa tjáð sig bæði á fundum nefndarinnar og með ítarlegum umsögnum. Og þetta eru þeir aðilar sem mest og best hafa unnið að gróðurverndarmálum í landinu og skógræktarmálum í góðri samvinnu við bændastéttina í landinu. Með því að fara þessa leið sem frv. gerir ráð fyrir er verið að segja bændastéttinni stríð á hendur og það er verið að fara hér inn á braut sem er gersamlega ófær í raun og veru. Það er verið að efna til styrjaldar í landinu. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og þinglið stjórnarinnar að taka tillit til þessara ábendinga. (**Forseti:** Nú nálgast ískyggilega venjulegan þingflokksfundatíma og ég vildi spyrja hv. 2. þm. Reykn. hvort hann vilji gera hlé á ræðu sinni, fresta henni til kvöldfundar eða hvort hann hyggst ljúka henni.) Já, ég þigg það að gera hlé á ræðu minni og það hentar vel því að ég er búinn að fara hér yfir fyrstu brtt.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þá verður þessum fundi frestað til kl. 8.30 í kvöld. Hv. þingdeildarmönnum til upplýsingar vill forseti geta þess að enn virðist 1. dagskrármál fundarins í nokkru uppnámi og sú atkvæðagreiðsla sem átti að fara fram þannig að það er alveg óljóst hvenær atkvæðagreiðslan getur farið fram um 1. dagskrármálið en það skýrist væntanlega á kvöldfundi. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson) (frh.):

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég hafði gert grein fyrir fyrstu brtt. minni hl. nefndarinnar en sú brtt. var við 1. gr. frv. þar sem rætt er um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Ég kem þá að annarri brtt. sem er að vísu í mörgum liðum vegna þess að þar er lagt til að allmargar greinar í frv. falli brott, þ.e. 6.–14. gr. að báðum greinum meðtöldum. 6. gr. frv. fjallar um eyðingu svartbaks, þ.e. að sá málaflokkur, sem hefur verið undir stjórn Búnaðarfélags Íslands, falli til hins nýja umhverfisráðuneytis og 7. gr. fjallar um það að eyðing refa og minka, sem einnig hefur verið í umsjón Búnaðarfélagsins og undir yfirstjórn landbrn., sá málaflokkur, falli einnig til hins nýja umhverfisráðuneytis. Við leggjum til að þessar greinar, 6. og 7. gr., falli brott og þessir málaflokkar verði áfram þar sem þeir hafa verið.

Ég vísa í þessu sambandi til ályktunar búnaðarþings sem ég gerði grein fyrir hér fyrr í ræðu minni, en í þessari ályktun er einnig komið inn á þessa þætti, og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. er einnig ætlað að flytja til umhverfisráðuneytis meðferð laga nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks, og laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Framkvæmd þeirra laga er nátengd landbúnaði og eftir þeim er unnið í náinni samvinnu við bændur. Landbúnaður á mikið undir því að vargi sé haldið í skefjum. Ekki virðist brýn ástæða til að flytja embætti veiðistjóra úr tengslum við meðferð landbúnaðarmála."

Þetta er rökstuðningur búnaðarþings og ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta sem þar er sagt. Raunar tengist þetta líka heilbrigðisþættinum, en ég kem að því síðar þar sem frv. gerir ráð fyrir að Hollustuverndin falli til hins nýja umhverfisráðuneytis. Það er alveg ljóst að vargfuglinn er orðinn alvarlegt vandamál vegna salmónellusýkingar sem vitað er að vargfuglinn er smitaður af og þetta kemur sem sagt inn á þann þátt líka. Ég þarf svo sem ekki að hafa fleiri orð til að rökstyðja þessar brtt. okkar um að 6. og 7. gr. falli brott.

Við leggjum til að 8. gr. frv. falli einnig brott, en þar er fjallað um að yfirstjórn laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit fari frá heilbr.- og trmrn. og til umhverfisráðuneytis.

Aðrar greinar sem við leggjum til að falli brott og varða einmitt heilbr.- og trmrn. eru 13. gr., sem fjallar um það að yfirstjórn laga um eiturefni og hættuleg efni fari frá heilbr.- og trmrn. til umhverfisráðuneytis, og 14. gr. sem fjallar um það að yfirstjórn laga um Geislavarnir ríkisins sé flutt frá heilbrmrn. til umhverfisráðuneytis. Ég get kannski tekið þessar greinar meira og minna í samhengi, 8., 13. og 14. gr.

Við teljum að yfirstjórn þessara mála eigi að vera áfram í heilbr.- og trmrn. þar sem yfirstjórnin hefur verið og ég nefni hér nokkur atriði úr umsögnum sem nefndinni hafa borist og varða einmitt Hollustuverndina.

Í bréfi sem Hollustuvernd ríkisins sendir allshn., bréfi sem dags. er 19. des., vekja þeir athygli á því að stjórn Hollustuverndar ríkisins hafi aldrei sagt að eðlilegast væri að Hollustuvernd ríkisins flyttist í heild sinni til umhverfisráðuneytis eins og fram kemur í athugasemdum með frv. Meiri hluti stjórnar stofnunarinnar taldi það ekki eðlilegast að stofnunin flyttist í heild sinni til umhverfisráðuneytis en af tveimur slæmum kostum, að kljúfa stofnunina eða flytja til umhverfisráðuneytis, taldi hún skárra að flytja stofnunina. Meiri hluti forstöðumanna stofnunarinnar var sammála þessari skoðun.

Þeir vísa einnig í bréf sem Hollustuverndin hafði sent aðstoðarmanni forsrh. 24. okt. en í því bréfi kom fram að nefndin sem samdi frv. taldi koma til álita að mengunarsvið stofnunarinnar heyrði undir hið nýja ráðuneyti en ekki matvælaeftirlit og svokölluð innri mengun. „Þótt stjórn stofnunarinnar telji að þessi kostur komi ekki til greina hafa starfsmenn mengunarsviðs talið hann álitlegan. Afstaða stjórnarinnar byggist á því hve umfjöllun um nær- og fjærumhverfi rennur víða saman. Ef stofnunin yrði klofin, hver ætti þá t.d. að fjalla um aðgerðir til að tryggja heilnæmi neysluvatns? Hvernig ætti að tryggja samræmi í aðgerðum sem nauðsynlegar væru ef í ljós kæmi að smithætta stafaði af vargfugli sem sækti í æti í ófullnægjandi frárennsli eða í óvarða sorphauga og bæru síðan smit í vatnsból manna og búpenings? Hvernig ætti að taka á málum ef bensíngeymir læki og bensínið ætti greiða leið niður í grunnvatn og síðan í neysluvatn þéttbýlisstaða?

Þessar þrjár spurningar eru dæmi um spurningar sem vakna ef mengunarvarnir verða klofnar frá almennu heilbrigðiseftirliti. Hætta er á að ósamræmi í reglum og fyrirmælagjöf gæti leitt til óvissuástands eða jafnvel glundroða í þeim tilvikum sem taka þarf á samræmdan hátt á málum er varða bæði nær- og fjærumhverfi."

Þetta sem hér segir er raunar rökstuðningur fyrir því að ekki eigi að samþykkja brtt. sem Kvennalistinn hefur lagt hér fram og talað fyrir fyrr í dag, þ.e. þriðju brtt. Kvennalista um að mengunarsvið Hollustuverndar verði flutt yfir en ekki aðrir þættir.

Hollustuverndin lætur þess getið í síðara bréfi sem sent var allshn., dags. 15. jan., að innan Hollustuverndar ríkisins hafi skoðanir lengi verið mjög skiptar varðandi stöðu stofnunarinnar gagnvart hugsanlegu umhverfisráðuneyti. Hefur mengunarvarnasvið stofnunarinnar skorið sig úr í þessu sambandi en hin þrjú sviðin hafa talið óæskilegt að tengsl þeirra við heilbrrn. minnkuðu eða rofnuðu alveg.

Og nánar: Til að gera grein fyrir afstöðu stjórnarinnar er vísað í bréf til aðstoðarmanns forsrh. frá sl. hausti, og þar segir svo:

„Hollustuvernd ríkisins vill í upphafi leggja áherslu á að heilbrigðiseftirlit stofnunarinnar og sveitarfélaganna hefur verið meginþáttur umhverfiseftirlits í landinu enda er umhverfi mannsins og lífsskilyrði nátengt heilbrigði mannsins. [Ég fagna því að sjá hæstv. heilbrrh. því að nú er ég einmitt kominn að því að gera grein fyrir brtt. okkar sem snerta heilbrrn. sérstaklega.] Frá upphafi þessarar aldar hefur þetta verkefni verið í höndum sveitarfélaga, en eftir að Heilbrigðiseftirlit ríkisins, forveri Hollustuverndar ríkisins, var stofnað árið 1969 hefur átt sér stað markviss þróun hjá ríkinu í þessum málum. Þannig hefur þrisvar sinnum á þessum áratug farið fram heildarendurskoðun laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðissamþykktir og reglugerðir eru safn þeirra fyrirmæla sem sett eru af hinu opinbera til verndunar umhverfi mannsins. Í lögum um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti árið 1981 var ákveðið að taka úr heilbrigðisreglugerð þau ákvæði sem vörðuðu umhverfismengun og setja þau mál í sérstaka mengunarvarnareglugerð. Reglugerðin hefur nú verið staðfest af heilbrrh. og mun taka gildi um næstu áramót [þ.e. síðustu áramót]. Með stofnun umhverfisráðuneytis kæmi til álita að endurskilgreina eftirlit opinberra aðila sem beinist að því að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum og nefna umhverfiseftirlit. Slík endurskilgreining kallar á breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og endurskoðun á verksviði heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna."

Síðar segir: „Það væri til skaða fyrir þetta málefni ef nú yrði farið að skipta Hollustuvernd ríkisins milli ráðuneyta þó þeir þættir í starfsemi hennar sem varða nærumhverfi séu nátengdir málaflokkum heilbrrn."

Enn síðar í þessu bréfi segir: „Stjórnin telur varhugavert að hraða stofnun umhverfisráðuneytis svo mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess. Í því sambandi telur stjórnin að veigamikil atriði er tengjast hollustuvernd og heilbrigðiseftirliti í landinu séu ófrágengin. Afstaðan til umhverfisráðuneytis mótast því af eðlilegri varkárni. Stjórnin vill ekki tefla í tvísýnu heilbrigðiseftirliti og hollustuháttamálum, þar með töldu eftirliti með matvælum. Verkefnalisti umhverfisráðuneytis samkvæmt grg. með frv. um breytingu á lögum um Stjórnarráðið [þ.e. þetta mál sem við erum hér með], og reyndar grg. í heild sinni, bendir til þess að þessi mikilvægu mál gætu orðið hornreka í umhverfisráðuneyti. Sé minnsta hætta á að svo verði mun stjórnin leggjast gegn breytingum á yfirstjórn stofnunarinnar. Nokkrir stjórnarmenn eru reyndar algjörlega á móti breytingu á yfirstjórn hennar að svo komnu máli."

Síðan er hér getið um afstöðu hinna einstöku sviða innan Hollustuverndarinnar og eins og ég held að ég hafi áður nefnt eru þrír af fjórum forstöðumönnum eindregið andvígir því að Hollustuverndin verði flutt frá heilbr.- og trmrn. Það er eingöngu mengunarvarnasviðið sem telur það vera rétt.

Þriðja bréfið hefur reyndar borist frá stjórn Hollustuverndar ríkisins, dags. 5. febr., og þar segir svo:

„Stjórnin er sem áður sammála um að ekki komi til álita að kljúfa stofnunina og að varhugavert sé að hraða stofnun umhverfisráðuneytis það mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess. Meiri hl. stjórnarinnar telur að réttara væri að skoða til þaula [eins og segir hér, það er nú talsháttur sem ég þekki ekki en má vera að sé prentvilla, skoða í þaula eða til þrautar kannski] möguleika á stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðuneytis fremur en að stofna sjálfstætt umhverfisráðuneyti. Sú skoðun nýtur nú meirihlutafylgis innan stjórnarinnar að stofnunin heyri áfram undir heilbr.- og trmrn. en minni hlutinn telur koma til greina að færa stofnunina undir umhverfisráðuneyti" að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í bréfinu frá 15. jan. og ég hef að nokkru leyti rakið.

Þetta er álit meiri hluta stjórnar Hollustuverndarinnar, að hún eigi áfram að vera í heilbr.- og trmrn.

Ég get aðeins drepið á nokkra fleiri þætti sem komið hafa fram. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits Hollustuverndarinnar segir:

„Af sjónarhóli eiturefnasviðs Hollustuverndar ríkisins er málum ágætlega fyrir komið í heilbrrn. eins og málum er háttað þar sem meginverkefnin eru nú á sviði heilbrigðismála auk þess sem engar aðrar stofnanir undir öðrum ráðuneytum gera tilkall til sömu mála þannig að af hljótist ruglingur eða ósamræmi."

Ég hef undir höndum nokkra minnispunkta um umhverfismál sem eru frá Þórhalli Halldórssyni, forstöðumanni í Hollustuvernd, Halldóri Runólfssyni deildardýralækni, Jóni Gíslasyni deildarsérfræðingi og Kolbrúnu Haraldsdóttur heilbrigðisráðunaut.

Ég get aðeins gripið niður í þessum punktum. Þar segir:

„Heilbrigðiseftirlitssvið Hollustuverndar ríkisins er og hefur alltaf verið andvígt því og talið það óskynsamlegt að flytja Hollustuvernd ríkisins frá heilbr.- og trmrn. yfir í fyrirhugað umhverfisráðuneyti. Það getur ekki talist eðlilegt að flytja Hollustuvernd í ráðuneyti umhverfismála þegar mestur hluti af starfsemi stofnunarinnar er ekki á þess sviði. Svo sem kunnugt er er stofnuninni skipt í fjögur fagsvið sem eru heilbrigðiseftirlit, eiturefnaeftirlit, rannsóknastofa og mengunarvarnir. Fagsvið starfa tiltölulega sjálfstætt og eru það einungis fimm starfsmenn mengunarvarna stofnunarinnar sem starfa á sviði umhverfismála."

Vakin er sérstök athygli á afstöðu heilbrigðiseftirlitsins í landinu sem kemur glöggt fram í ályktun sem samþykkt var samhljóða á almennum félagsfundi Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands þann 27. nóv. sl. og sem allshn. hefur borist. Þar segir m.a.:

„Því ályktar fundurinn að þessum málum sé best komið undir heilbrmrn. Í því ráðuneyti er til staðar fagleg og lögfræðileg þekking á þessum málaflokkum

auk þess sem ráðuneytið hefur áratuga reynslu við framkvæmd þeirra. Málefni á sviði mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits eru iðulega mjög yfirgripsmikil og viðkvæm. Þau krefjast oft tafarlausrar ákvarðanatöku sem getur haft víðtækar afleiðingar, m.a. fjárhagslegar, auk þess að hafa áhrif á heilsufar fólks."

Enn fremur: „Fundurinn bendir enn fremur á að færu þessir málaflokkar frá heilbrrn. væri verið að rjúfa fagleg tengsl við landlæknisembættið, héraðslækna og heilsugæslulækna sem eru lögum samkvæmt faglegir ráðunautar eftirlitsins og heilbrigðisnefnda. Einnig væri þýðingarmiklu sambandi og samstarfi við sveitarfélög landsins stefnt í tvísýnu. Það er álit fundarins að ekki sé eðlilegt að kljúfa starfsemi Hollustuverndar ríkisins vegna þess hve verksvið mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits eru nátengd og óskynsamlegt að þessi svið heyrðu undir tvö ráðuneyti."

„Sérstök athygli" — svo að ég grípi víðar niður í þessum punktum — „er vakin á þýðingarmiklum og erfiðum verkefnum sem verða til úrlausnar næstu mánuði og missiri á vegum stofnunarinnar. Verða hér nefndar framkvæmdir við innflutningseftirlit með matvælum og nauðsynjavörum. Enn fremur, sem er mun alvarlegra mál, sú staðreynd að nú hefur í fyrsta sinn hér á landi fundist salmónella í sauðfjárafurðum og hætta getur verið á að þessi vágestur geti einnig borist í aðrar búfjárafurðir hér.

Það þarf ekki að lýsa því fyrir alþm. hvaða afleiðingar það geti haft fyrir matvælaframleiðsluþjóð ef salmónella kæmist í fleiri búfjárafurðir eða aðrar mikilvægar afurðir okkar.

Landbrh. og heilbrrh. hefur verið gerð grein fyrir þessu alvarlega máli. Nauðsyn ber til að nú þegar verði undirbúnar samræmdar aðgerðir, bæði af hálfu þessara ráðuneyta, yfirdýralæknis, Hollustuverndar og öðrum aðilum, til að mæta þessum nýju viðhorfum. Það væri ábyrgðarhluti að mati undirritaðra að flytja Hollustuvernd ríkisins við þessar aðstæður yfir í nýtt ráðuneyti. Ef af flutningi verður má telja víst að mikill tími starfsmanna stofnunarinnar og ráðuneytisins fari í breytingar á lögum og reglugerðum, skipulagsbreytingar og vinnu við að stilla saman ólík starfssvið á vegum ráðuneytisins.

Það skal tekið fram að þess eru ekki fordæmi í öðrum löndum svo vitað sé, að matvælaeftirlit heyri undir umhverfisráðuneyti Það er enn fremur staðreynd að látin hefur verið í ljós sú skoðun, bæði í athugasemdum með frv. og af forsrh., að eðli málsins samkvæmt heyri matvæla- og heilbrigðiseftirlit fremur undir heilbrrn. en umhverfisráðuneyti."

Mig langar nú til þess að spyrja hæstv. heilbrrh. hvað hann segir um þetta álit sem kemur frá starfsmönnum Hollustuverndar og fleira það sem ég hef hér talið upp og vísað í, hvort hæstv. heilbrrh. telur enga ástæðu til að taka tillit til þess sem þessir aðilar segja. Þeir tala af margra ára reynslu og eru auðvitað þeir aðilar í þjóðfélaginu sem best þekkja til þessara mála. Á ég að trúa því að hæstv. heilbrrh. ætli sér alveg að skella skollaeyrum við því sem þessir aðilar segja?

Dýralæknafélag Íslands hefur sent allshn. sína umsögn og þar segir svo:

„Dýralæknafélag Íslands telur að stofna skuli heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti. Verksvið mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits eru nátengd og óskynsamlegt að þau verði aðskilin. Þess vegna telur félagið að ekki skuli skilja að Hollustuvernd ríkisins með því að færa mengunarvarnasvið hennar yfir í umhverfisráðuneyti. Matvælaeftirlit ber að vera í heilbrmrn. en ekki í umhverfisráðuneyti."

Heilbrigðisfulltrúafélagið hefur einnig sent ítarlega ályktun. Ég hef getið um hluta af þeirra samþykkt. Þeir segja hér m.a.:

„Sú staðreynd að framleiðsla matvæla er mikilvægasta framleiðslugrein landsmanna hefur tengt saman eftirlit á sviði mengunarmála og hollustuhátta. Heilbrigðisfulltrúar vinna nú að umhverfiseftirliti mengunarvarna og heilbrigðiseftirliti. Því starfi verður ekki skipt upp milli ráðuneyta með góðu móti. Nefna má sem dæmi tengsl matvælaframleiðslu og umhverfismengunar, svo sem nýlega salmónellumengun í sauðfjárafurðum, heilnæmi neysluvatns, smithættu frá slæmri umgengni um sorp, umferðarhávaða í íbúðabyggð sem veldur streitu og truflun á svefni, frágang frárennslis, merkingar á eiturefnum og hættulegum efnum. Ef umhverfiseftirlit verður tekið úr fyrra samhengi þar sem þekking á aðstæðum og staðháttum hefur orðið til getur orðið verr af stað farið en heima setið."

Þeir velta einnig fyrir sér hugsanlegum flutningi mengunarvarnasviðsins sem ég á kannski ekki að vera að eyða svo mörgum orðum í því að ég reikna ekki með, satt að segja, að till. Kvennalistans verði samþykkt. Um þetta segja þeir:

„Ef mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins, sem aðeins fer með hluta af mengunarvarnastarfi því sem lögin um hollustuþætti og heilbrigðiseftirlit mæla fyrir um, verður flutt til umhverfisráðuneytis verða málefni mengunarvarna og umhverfiseftirlits eftir sem áður að verulegum hluta í heilbr.- og trmrn. Því markmiði að stefna að nánari samvinnu og markvissari vinnubrögðum þeirra aðila sem vinna að þessum málum verður því ekki náð."

Þeir ítreka hér að Heilbrigðisfulltrúafélagið telur ekki rétt að Hollustuvernd ríkisins eða málefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði færð til umhverfisráðuneytis.

Eiturefnanefnd hefur einnig tjáð sig um málið varðandi 13. gr. sem við leggjum til að verði felld brott og segir svo:

„Eiturefnanefnd ítrekar þá skoðun sína að með breytingu á yfirstjórn og framkvæmd laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sé verið að færa málaflokka undir umhverfisráðuneyti sem eru í raun heilbrigðismál." Eiturefnanefnd lýsir því andstöðu sinni.

Við leggjum einnig til að 9., 10., 11. og 12. gr. frv. falli brott.

11. gr. fjallar um að yfirstjórn laga um bann við

losun hættulegra efna í sjó sé flutt frá sjútvrn. til umhverfisráðuneytis.

9. gr. fjallar um að yfirstjórn laga um varnir gegn mengun sjávar sé flutt frá samgrn. til umhverfisráðuneytis.

10. gr.: Yfirstjórn laga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu sé flutt frá samgrn. til umhverfisráðuneytis.

12. gr.: Sá þáttur Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 20 30. apríl 1986, sem snertir varnir gegn mengun sjávar, er fluttur frá samgrn. til umhverfisráðuneytis.

Siglingamálastofnun hefur látið í té umsögn og telur ástæðu til að taka fram að stofnunin hafi hvergi lýst þeirri skoðun „að nauðsynlegt væri að setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti til þess að fara með yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þvert á móti hefur þeirri skoðun verið lýst að árangur opinberrar stefnu í umhverfisvernd muni á hverjum tíma ráðast frekar af vilja löggjafans til lagasetningar og útvegunar fjármagns til verkefnanna en með hvaða hætti yfirstjórn málaflokksins er komið fyrir innan stjórnkerfisins. Vissulega hlýtur að skipta þar meginmáli, eigi að tryggja á hagkvæman hátt virka umhverfisvernd, að það takmarkaða fjármagn sem til ráðstöfunar er af almannafé nýtist sem best.

Þetta er nefnt hér í upphafi vegna athugasemda er koma fram í grg. með frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og kunna að gefa ranga hugmynd af viðhorfum stofnunarinnar til stofnunar umhverfisráðuneytis."

Hér segir áfram: „Siglingamálastofnun ríkisins hefur allt frá árinu 1961 haft með höndum ákveðið eftirlit með mengun sjávar hér við land. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu um hvaða mál skuli telja til umhverfismála er tæpast nokkur ágreiningur um að mengunarmál er einn helsti málaflokkur umhverfismála. Það er einnig augljóst að verndun hafsvæðanna umhverfis landið gegn mengun er eitt af helstu hagsmunamálum þjóðarinnar. Vegna dreifðrar byggðar í landi og vegna þess að lítið er hér um mengandi iðnað en á hinn bóginn tiltölulega mikið um skipaferðir á hafsvæðinu umhverfis landið er vægi mengunar frá skipum mun meira hér við land en gerist hjá nágrannaþjóðum þar sem mengun frá iðnaði og landbúnaði eiga stærstan þátt í sjávarmengun. Önnur mengunarhætta á hafsvæðinu í kringum landið er fyrst og fremst vegna losunar úrgangs í sjó frá öðrum ríkjum og hingað berst um loftveg eða með hafstraumum. Báðum þessum þáttum höfum við Íslendingar sinnt og verulegur árangur náðst þó vissulega megi enn betur gera."

Hér segir svo áfram:

„Ýmislegt bendir til að mengun af völdum þrávirkra hættulegra efna sem ógna hvað mest lífríki á öðrum hafsvæðum sé lítil sem engin hér við land. Til að ganga þó rækilega úr skugga um raunverulegt ástand hafsvæðisins umhverfis Ísland að þessu leyti er nú hafin víðtæk athugun á tilvist þessara mengunarefna í mengunarlögsögunni undir stjórn samgrn. Athugun þessi sem standa mun yfir til ársloka 1992 er unnin í samvinnu við ýmsar rannsóknastofnanir í landinu. Er leitast við að nýta sem best þá rannsóknaraðstöðu sem fyrir hendi er þannig að kostnaður vegna verksins verði í lágmarki.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi þar sem jafnan hefur verið lögð megináhersla á að ná fram auknum takmörkunum á losun úrgangs í sjó hefur hingað til farið fram undir yfirstjórn samgrn. í samráði við utanrrn. Má benda á nokkur dæmi um bein áhrif Íslands á þróun innan alþjóðasamtaka til takmörkunar á losun þrávirks úrgangs í sjó. Þessi atriði telur stofnunin rétt að benda á nú þegar umfjöllun um þau frv. sem hér um ræðir fer fram á hv. Alþingi."

Ég sé ekki ástæðu til að taka meira upp úr umsögn siglingamálastjóra, en hún er mjög ítarleg. Siglingamálastjóri, Magnús Jóhannesson, kom auk þess á fund allshn., ásamt Gunnari Ágústssyni, og lýsti þar einnig skoðunum sínum. Hann taldi reyndar að frv. það sem við sjálfstæðismenn fluttum í haust væri eðlilegri kostur þar sem það væri byggt á fyrra starfi og engin efnisleg rök mæltu með því að breyta svo til sem lagt er til í þessu frv.

Hann nefndi þar einmitt að búið væri að koma á á vegum Siglingamálastofnunarinnar ákveðnu kerfi. Það væru skoðunarmenn um allt land og þetta kerfi orðið býsna fast í forminu. Hann benti þar einnig á að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi væru andvígir þessari breytingu.

Ég nefni svo í þessu sambandi, af því að hér er verið að leggja til af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka þennan málaflokk frá samgrn., að samgrn. hefur látið í té stutta umsögn og segir hér:

„Ráðuneytið sendi umsögn sína um tillögur varðandi væntanlegt umhverfisráðuneyti til nefndarinnar sem samdi tillögurnar með bréfi, dags. 27. okt. 1989 [og það fylgdi hér með]. Ekkert hefur síðan gerst í þessum málum sem breytir afstöðu ráðuneytisins. Rétt er þó að undirstrika enn frekar óhagræðið af því að Siglingamálastofnun ríkisins skuli skipt milli tveggja ráðuneyta þvert ofan í allar algildar stjórnunarreglur." Þetta er undirstrikað af hálfu samgrn. Það er að vísu tekið fram í lok þessa bréfs að þetta álit sé á ábyrgð embættismanna ráðuneytisins en ekki hæstv. ráðherra og má það svo sem vera skiljanlegt.

Þá leggjum við til að 14. gr. frv. verði felld brott en hún fjallar um að Geislavarnir ríkisins skuli fluttar frá heilbrrn. Og nú sakna ég hæstv. heilbrrh. Ef hann væri í húsinu mundi það hlýja mér um hjartaræturnar að sjá hann í salnum.

Ég átti eftir að gera grein fyrir einni brtt. sem varðar heilbrrn. Það er tillaga okkar um að 14. gr. frv. um Geislavarnir ríkisins falli brott.

Í umsögn Geislavarna ríkisins, stjórnarformanns og forstöðumanns, segir m.a.:

„Í október sl. þegar óskað var umsagnar stofnunarinnar um frumvarpsdrög nefndar forsrn., er 128. og 129. mál byggja á, var sérstaklega tekið fram að ekki væri óskað eftir því að fjallað yrði sérstaklega um og afstaða tekin til stofnunar umhverfisráðuneytis. Í

meðfylgjandi umsögn, dags. 23. okt., var því eingöngu fjallað um það hvort rétt væri að flytja yfirstjórn Geislavarna ríkisins frá heilbr.- og trmrn. til umhverfisráðuneytis. Í fyrrgreindri umsögn stjórnar stofnunarinnar kemur sú skoðun skýrt fram að ekki sé rétt að flytja yfirstjórn stofnunarinnar þar sem langstærsti hluti verkefna hennar sé á sviði heilbrigðismála. Jafnframt var á það bent að yfirstjórn geislavarnastofnana Danmerkur og Noregs er í höndum heilbrigðisráðuneyta landanna þrátt fyrir að þar séu starfandi umsvifamikil umhverfisráðuneyti. Þar sem nefnd forsrh. tók ekkert tillit til sjónarmiða stjórnar stofnunarinnar skulu þau sérstaklega áréttuð en að öðru leyti er vísað til fyrrgreindrar umsagnar.

Geislavarnir ríkisins leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að leitað verði víðtækrar samstöðu um stjórnskipulegt fyrirkomulag umhverfismála, svo og að fullt samráð verði haft við þá aðila er málið skiptir mestu."

Undir þetta rita Magnús Magnússon prófessor, stjórnarformaður, og Sigurður M. Magnússon forstöðumaður.

Fleiri aðilar hafa tjáð sig um þennan þátt frv., þar á meðal landlæknir. Hann hefur sent umsögn og kom auk þess á fund nefndarinnar. Í bréfi landlæknis segir svo:

„Í stuttu máli telur landlæknir að Geislavarnir ríkisins, svo og Hollustuvernd ríkisins eigi áfram að heyra undir yfirstjórn heilbrigðismála, enda yfirgnæfandi meiri hluti verkefna þessara tveggja stofnana á sviði heilbrigðismála og hluti heilbrigðisþjónustunnar í landinu." Og svo kemur dálítið smellin setning hjá landlækni sem ég bið hæstv. ráðherra að hlusta alveg sérstaklega á. Hún er þessi: „Væri mjög misráðið ef hagsmunum þessara tveggja stofnana væri fórnað á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum og á engan hátt til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum sem þó er mjög þarft." (Gripið fram í.) En væri nú ekki ráð fyrir hæstv. ráðherra að líta aðeins á þessa setningu og skoða hug sinn um það hvort það sé ekki einmitt þetta sem verið er að gera með frv. Það er verið að fórna ákveðnum hagsmunum til þess að leysa tímabundin vandamál í stjórnmálum á Íslandi sem á engan hátt, eins og landlæknir segir, geta verið „til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum sem þó er mjög þarft". Landlæknir segir hér áfram:

„Leitast er nú við um allan heim að breyta áherslum í heilbrigðismálum frá lækningum í forvarnir. Lykilatriði í því sambandi er að uppfræða almenning um heilbrigt líf og skapa þær forsendur að almenningi sé eðlilegra að velja heilbrigða lífshætti en heilsuspillandi. Óspillt náttúra, góð fæða, heilnæmt andrúmsloft og góð almenn lífskjör eru veigamiklar forsendur þess að takast megi að breyta áherslum á þann veg sem að er stefnt. Önnur veigamikil forsenda er góð heilbrigðisþjónusta sem þjónar fólkinu í landinu. Hluti þeirrar heilbrigðisþjónustu eru Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd ríkisins."

Þetta segir landlæknir. Og ég vænti nú þess að alla vega hæstv. heilbrmrh. taki eitthvert mark á því sem landlæknir lætur frá sér fara um þetta veigamikla atriði.

Einnig hefur borist bréf frá Landspítalanum, röntgendeild Landspítalans, undirritað af Ásmundi Brekkan, prófessor í geislalæknisfræði og forstöðumanni röntgendeildar Landspítalans. Örn Smári Arnaldsson, yfirlæknir röntgendeildar Borgarspítala, ritar einnig undir og Þorkell Bjarnason, yfirlæknir röntgendeildar Landakotsspítala. Þetta er sem sagt frá þessum þremur spítulum en ekki aðeins Landspítalanum. Þar segir þegar vísað er til þessa frv.:

„Þar er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins verði í heild felldar undir hið nýja ráðuneyti. Af því tilefni leyfum við undirritaðir okkur að koma því á framfæri við allshn. Alþingis að við teljum slíka ráðstöfun mjög misráðna. Leyfum við okkur því að beina því til nefndarinnar að áhrifum hennar verði beitt til þess að Geislavarnir ríkisins tengist heilbrrn. og landlæknisembætti svo sem verið hefur."

Nú tókst ekki í hv. allshn. að fá fram nein áhrif þaðan til þess að þessum ákvæðum yrði breytt, en við í minni hl. nefndarinnar gerum hér enn tilraun til þess að gera þingdeildinni grein fyrir hvað hér er á ferðinni í von um að okkar brtt. verði samþykkt. Það segir hér áfram í bréfi yfirlæknanna:

„Röksemdir fyrir þessari ósk eru fyrst og fremst þær að langstærsta og veigamesta verkefni stofnunarinnar er á sviði heilbrigðismála og tengist geislagreiningu og meðferð á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Raunar má segja að tilvera stofnunar eins og Geislavarna á að öllu leyti rök í þeirri staðreynd að óheft og eftirlitslaus notkun jónandi geislunar er heilbrigðisvandamál. Þar að auki: Aukaverkanir jónandi geislunar eru allar líffræðilegs eðlis og til skemmda á líkamsvefjum þeirra er fyrir verða.

Rétt er að benda á að samkvæmt samþykktum ICRP, Alþjóðageislavarnanefndarinnar, svo og reglugerðum og starfsháttum nágrannalanda okkar, eru þau sjónarmið ríkjandi að geislavarnastarfsemi sé í eðli sínu tengd heilbrigðismálum og heilsugæslu. Geislavörnum í Svíþjóð hefur að vísu verið markaður bás með orkumálum og tengist hugmyndum um vaxandi kjarnorkuframleiðslu, en raunverulegt starfssvið liggur þar sem annars staðar í heilbrigðisþjónustunni. Við undirritaðir skorum því á hv. allshn. Alþingis að Geislavarnir ríkisins megi áfram halda eðlilegum sess sínum í tengslum við ráðuneyti heilbrigðismála."

Eins og ég sagði fór það svo að það var aðeins minni hluti allshn. sem varð við þessum tilmælum með því að flytja þessa brtt.

Ég hef einnig í höndum bréf frá Röntgentæknafélagi Íslands, undirritað af Guðrúnu Friðriksdóttur, formanni þess, og þar segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Röntgentæknafélags Íslands, haldinn 24. okt. 1989, mótmælir þeim áformum að flytja Geislavarnir ríkisins frá heilbrrn. til væntanlegs umhverfisráðuneytis. Starfsemi Geislavarna ríkisins er fyrst og fremst á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum

og öðrum heilbrigðisstofnunum, einkum vegna notkunar röntgentækja og geislavirkra efna. Því er sjálfsagt að Geislavarnir ríkisins heyri áfram undir heilbrrn., enda er það í samræmi við fyrirkomulag geislavarna annars staðar á Norðurlöndum.

Röntgentæknafélag Íslands skorar á heilbrrh. Guðmund Bjarnason að hann beiti sér fyrir því að hætt verði við flutning Geislavarna ríkisins yfir í umhverfisráðuneyti." Og mig langar til að heyra hvað hæstv. heilbrmrh. segir um þessa áskorun Röntgentæknafélags Íslands, hvort hann vill verða við þessari áskorun eða hvort þetta er eins og annað sem komið hefur fram hjá þeim sem mest vita um þessi mál, að það verði algjörlega látið sem vindur um eyru þjóta. Ég bæti því hér við að forstöðumaður Geislavarna ríkisins upplýsti okkur t.d. um það á fundi allshn. að Geislavarnir hefðu eftirlit með 600 starfsmönnum sem vinna við röntgentæki í landinu.

Ég læt þetta nægja sem rökstuðning fyrir þessari tillögu okkar um að 14. gr. frv. falli brott.

Þá er eftir að gera grein fyrir tillögu okkar um að 18. gr. frv. falli brott, þ.e. að yfirstjórn Veðurstofu samkvæmt lögum nr. 30 7. júní 1985 verði flutt frá samgrn. til umhverfisráðuneytis. Allshn. barst umsögn frá veðurstofustjóra, Páli Bergþórssyni, og þar segir svo:

„Aðalatriðið í svari mínu verður umsögn um þá tillögu sem kemur fram í 128. og 129. máli að yfirstjórn Veðurstofu Íslands verði flutt frá samgrn. til fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis. Þegar á allt er litið er ég andvígur þessari tillögu og skulu nú helstu ástæður fyrir þeirri afstöðu raktar lið fyrir lið.

1. Í lista yfir þau málefni og stofnanir sem lagt er til að heyri undir umhverfisráðuneyti má segja að Veðurstofa Íslands (og e.t.v. Landmælingar Íslands) hafi verulega sérstöðu. Flestar aðrar stofnanir og málefni sem þar eru talin eru óumdeilanlega beinlínis tengd náttúruvernd og heilbrigðiseftirliti að meira eða minna leyti og því eðlilegt að þau falli undir nýja ráðuneytið. Veðurstofan hefur aftur á móti að langmestu leyti það þjónustuhlutverk að gefa almenningi upplýsingar um veður og skyld fyrirbæri sem flest eru þess eðlis að ekki stendur í mannlegu valdi að hafa áhrif á þau nema að harla litlu leyti [segir veðurstofustjóri og hittir nú naglann á höfuðið].

2. Þær stofnanir sem Veðurstofan hefur langsamlega mest fjárhagsleg samskipti við auk ríkisins eru Póst- og símamálastofnunin og Alþjóðaflugmálastofnunin. Síminn og önnur fjarskipti hafa frá upphafi verið lífæðakerfi í veðurþjónustu, að sjálfsögðu undir yfirstjórn samgrn., og því er æskilegt að báðar stofnanir lúti sömu stjórn. Þarna er um að ræða bæði söfnun veðurskeyta og dreifingu veðurfregna, svo sem um loftskeytastöðina í Reykjavík og strandstöðvar Landssímans, en þess ber þó að geta að útvarpsstöðvar koma líka við þessa sögu. Alþjóðastofnun flugmála leggur Veðurstofunni árlega til verulegar upphæðir, yfir 20% af rekstrarkostnaði Veðurstofunnar, en einnig renna verulegar fjárhæðir frá þessari alþjóðastofnun til símans og Flugmálastjórnar. Því liggur beint við að sama ráðuneytið fylgist með þessum mikilvægu alþjóðlegu fjárveitingum hjá öllum þessum stofnunum og kemur þá ekki annað til greina en samgrn.

3. Auk þess sem nefnt var í lið 2 hefur Veðurstofan mikið samstarf við Vitamálastofnun og Flugmálastjórn. Á 13 veðurstöðvum er veðurathugunarmaður jafnframt vitavörður og það léttir þessi samskipti að Veðurstofan heyri undir samgrn. eins og Vitamálastofnun gerir. Mikil upplýsingaskipti fara fram milli Veðurstofu, Flugmálastjórnar og flugfélaga og hefur samgrn. greitt á ýmsan hátt fyrir þeim samskiptum." Allt rennir þetta stoðum undir það, eins og veðurstofustjóri er að segja, að Veðurstofan eigi auðvitað heima undir samgrn. og eigi að vera þar áfram.

„4. Þó að Veðurstofan þjóni landbúnaði með veðurspám og ýmissi annarri atvinnustarfsemi með margvíslegum upplýsingum er það mjög áberandi að veðurspár séu í þágu samgangna. Þar ber fyrst að nefna flugið en þjónusta við sjómenn er ekki lítilvægari og einhver helstu not alls almennings af veðurspám snerta eimitt ferðalög, hvort sem er í atvinnuskyni eða til þess að njóta orlofs á faraldsfæti á hálendi eða í byggðum.

5. Ætla mætti að í nágrannalöndum hafi menn komist að svipaðri niðurstöðu og hér hefur verið reifuð að veðurstofur heyri eðlilega undir samgönguráðuneyti þó að önnur sjónarmið geti að sumu leyti komið til greina. Þetta sannast vel á eftirfarandi töflu sem er gerð eftir skýrslu Alþjóðlegu veðurfræðistofnunarinnar árið 1985. Sá fjöldi landa er yfirgnæfandi þar sem samgönguráðuneyti fer með mál Veðurstofu en næst koma mennta- og hermálaráðuneyti." Og í þessari töflu kemur fram að í níu löndum, sem hér eru talin upp, er það samgönguráðuneytið sem hefur yfirstjórn veðurstofanna. Í þremur löndum er það mennta- og vísindaráðuneyti, í tveimur löndum hermálaráðuneyti og í einu er það innanríkisráðuneyti, í einu landi landbúnaðarráðuneyti, í einu landi viðskiptaráðuneyti og í aðeins einu landi, Kanada, heyrir veðurstofa til umhverfisráðuneyti.

„6. Auk þess sem hér hefur verið rakið eru það líka rök út af fyrir sig að margra áratuga góð reynsla hefur fengist af því að Veðurstofan heyri undir samgrn. Starfsfólk þess hefur góða þekkingu og skilning á starfsemi Veðurstofunnar og það er nokkur ábyrgðarhluti að rifta fyrirkomulagi sem svo vel hefur gefist."

Veðurstofustjóri reynir nú að finna einhver rök sem kynnu að vera fyrir því að Veðurstofan yrði færð undir eitthvert annað ráðuneyti en samgrn. Ég verð að segja að honum gengur það að vísu ekki mjög vel, sem ekki er von, að finna þessi rök, en hann segir svo:

„Áður var nefnt að með veðurspám og öðrum upplýsingum er landbúnaði þjónað og tilheyrandi ráðuneyti gæti af þeim ástæðum tekið að sér Veðurstofuna." Ekki svo vitlaus hugmynd, kannski. „Sjútvrn. kæmi líka til greina. Jafnvel menntmrn. vegna útvarps veðurfregna," og þetta þykir mér nú skondnasta röksemdin, að Veðurstofan færi undir

menntmrn. bara vegna þess að veðurfregnum er útvarpað. Mér finnst þetta eiginlega betri rök en nokkur önnur að færa Veðurstofuna. Ég finn satt að segja engin, bara alls engin rök fyrir því að færa hana til umhverfisráðuneytis. En veðurstofustjóri segir hér:

„Þá er að geta um umhverfisráðuneyti sem einmitt er fjallað um í skjölum þeim sem eru hér til umsagnar. Einn en tiltölulega lítill þáttur í starfsemi Veðurstofunnar er söfnun regnvatns og annarra sýna til athugana á loftmengun. Annað eru mælingar á heildarmagni ósons í gufuhvolfinu, en þær eru mikilvægt framlag til alþjóðlegra rannsókna á ósoni og hafa staðið í meira en 30 ár." Þetta virðist hafa getað gengið án þess að við hefðum nokkurt umhverfisráðuneyti, að mæla ósonið í gufuhvolfinu í 30 ár, og ekkert umhverfisráðuneyti. „Þá má nefna að Veðurstofan er sú stofnun hérlend sem helst getur rannsakað ferla loftmengunar. Þessi starfsemi, mengunarmælingar, ósonmælingar og útreikningur mengunarferla, getur talist til umhverfisrannsókna, en þær eru þó svo hverfandi þáttur í starfi Veðurstofunnar að þær eru lítilvæg rök gegn því að Veðurstofan tilheyri samgrn. fremur en hinu fyrirhugaða umhverfisráðuneyti. Þessar rannsóknir eru líka nokkuð annars eðlis en sú starfsemi að hefta mengun. Um þær gildir því að mestu það sama og um aðra þjónustustarfsemi Veðurstofunnar sem felst í upplýsingum fremur en umhverfisvernd.

Niðurstaða mín er því sú að yfirgnæfandi rök séu fyrir því að Veðurstofan tilheyri samgrn. eins og verið hefur og hún er samhljóða áliti fyrirrennara míns, Hlyns Sigtryggssonar."

Þetta segir veðurstofustjóri, Páll Bergþórsson, í sinni umsögn.

Veðurstofustjóri kom einnig á fund nefndarinnar og áréttaði þar þessa skoðun sem fram kom í umsögn hans.

Samgrn. hefur líka tjáð sig um þetta atriði og segir hér í bréfi ráðuneytisins frá 27. okt. sl. til aðstoðarmanns forsrh.:

„Að mati ráðuneytisins mæla engin rök með því að Veðurstofa Íslands skuli flutt undir umhverfisráðuneyti. Vill ráðuneytið í því sambandi m.a. benda á víðtækt samstarf sem Veðurstofan hefur við aðrar stofnanir sem undir ráðuneytið heyra, svo sem Vitastofnun Íslands, Póst- og símamálastofnun og Flugmálastjórn. Hætt er við að slíkt samstarf yrði erfiðara í framkvæmd ef Veðurstofan heyrir undir annan ráðherra en þessar stofnanir. Jafnframt vill ráðuneytið benda á að í 19 nálægum löndum heyrir veðurþjónusta þar aðeins í tveimur tilvikum undir umhverfisráðuneyti en oftast undir samgrn. [eða í níu tilvikum eins og ég gat um hér áðan]. Ráðuneytið lýsir sig því algerlega andvígt því að Veðurstofan verði flutt undir umhverfisráðuneytið."

Þetta er nú umsögn samgrn. en samt er þetta lagt til í frv. ríkisstjórnarinnar um verkefnaflutning til umhverfisráðuneytisins og fer nú að verða dálítið erfitt að henda reiður á því hvað menn eru í raun og veru að gera. Það virðist svo sem þeir viti það ekki sjálfir, hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands.

Ég hef nú lokið við að fara yfir brtt. okkar en ég ætla að bæta hér aðeins við nokkrum punktum úr umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar en hún sendi allshn. bréf dags. 5. jan. sl. Þar segir svo:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur það vera höfuðhlutverk sitt að benda á hvaða kostnaður hljótist af umhverfisráðuneyti. Skal þess getið að reynsla nágrannalandanna gefur til kynna að slíkt ráðuneyti byrji í smáum stíl en verði fljótlega eitt stærsta ráðuneytið. Því er okkur Íslendingum mikilvægt að læra af þeirri reynslu og halda í slíkan kostnað þegar frá upphafi. Því þykir stofnuninni rétt að benda á að í frv. vantar alla tilfærslu á stöðugildum og rekstrarfé frá ráðuneytum sem fram að þessu hafa haft með stjórn einstakra umhverfisþátta að gera. Með nokkrum rétti heyrir slíkt undir fjárlög en reynslan af tilfærslu verkefna milli stofnana í fjárlagagerð bendir ótvírætt til þess að nýja stofnunin fær fjárveitingu til þess verkefnis sem til hennar flyst en gamla stofnunin verður ekki fyrir sömu lækkun á móti. Um þetta eru mörg dæmi, t.d. flutningur utanríkisviðskipta frá viðskrn. til utanrrn."

Svo segir Fjárlaga- og hagsýslustofnun hér: „Til að forða því að togstreita fjárlagagerðar verði til þess að svona fari aftur er allshn. bent á að bæta við sérstöku ákvæði í frv. á þá leið að stofnun umhverfisráðuneytis verði að fylgja tilflutningur á stöðugildum og rekstrarfé frá öðrum ráðuneytum í samræmi við minni verkefni þeirra. Má það ákvæði ógjarnan vera í því formi að það breyti nýsettum fjárlögum. Býðst Fjárlaga- og hagsýslustofnun til að gera um þetta áætlun fyrir nefndina ef hún vill láta verða af þessu."

Það var að sjálfsögðu ekki farið fram á við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að gera þessa áætlun. Það var enginn áhugi fyrir því hjá meiri hl. allshn. Kannski hefði minni hl. átt að biðja Fjárlaga- og hagsýslustofnun um þetta, gjarnan vildum við þiggja ráð þessarar stofnunar, en ef hins vegar okkar tillögur verða samþykktar þá er þessi tilfærsla svo lítið mál í raun og veru að ákvæði um tilflutning á stöðugildum skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli. En það skiptir hins vegar miklu máli ef frv. verður samþykkt óbreytt. Og út af fyrir sig hefði verið fróðlegt að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefði um þetta að segja. Ég er ekki að biðja um að það verði kallað á hann en það væri fróðlegt að heyra hans álit á þessu máli og hvort hann telur t.d. að þetta álit stofnunar sem undir hann heyrir, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sé einskis virði og ekkert eigi með það að gera.

Herra forseti. Ég hef sem sagt gert grein fyrir brtt. minni hl. allshn. Einhver kann að ætla að hérna sé eitthvert gamanmál á ferðum þegar lagt er til að brott verði felld úr frv. þau ákvæði er varða flutning viðfangsefna úr heilbr.- og trmrn., sjútvrn. og samgrn. Það sé heldur lítið eftir í raun og veru af frv. Það munar auðvitað mest um Hollustuvernd ríkisins sem samkvæmt okkar tillögum yrði áfram í heilbr.- og trmrn. Menn spyrja þá kannski hvort það verði

yfirleitt nokkuð að gera með þetta ráðuneyti ef okkar tillögur yrðu samþykktar.

Það er auðvitað enn skoðun okkar að stofnun ráðuneytisins hafi verið óþörf en hún er þó staðreynd, ráðuneytið hefur verið stofnað. Brtt. okkar, sem ég hef hér gert grein fyrir, miða að því að koma í veg fyrir að þetta nýja ráðuneyti verði sama báknið og það hefur orðið hér alls staðar í kringum okkur. Samkvæmt þessu frv. ef að lögum verður eins og við leggjum til að það verði og með hliðsjón af þeirri reglugerð sem gefin hefur verið út um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands þá virðist satt að segja að næg verkefni bíði hæstv. umhverfisráðherra svona fyrsta kastið. Þessi reglugerð hefur verið staðfest og gefin út 23. febr. og þar segir svo:

„Umhverfisráðuneytið fer með mál er varða

1. Alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum, svo og gerð landnýtingaráætlana í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir.

2. Samræmingu aðgerða ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála, svo sem varðandi löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljóss-, varma- og lyktarmengun.

3. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál.

4. Umhverfisrannsóknir í samstarfi við stofnanir sem starfa að umhverfismálum.

5. Alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála."

Þetta er í sjálfu sér ekkert svo lítið verkefni sem hinu nýja umhverfisráðuneyti er þarna falið með reglugerð einni. Þurfti að vísu ekki umhverfisráðuneyti til þess. Það hefði t.d. verið hægt að fela hagstofuráðherra þessi viðfangsefni, það hefði vel verið hægt. (**Gripið fram í:** Hann hefur það verkefni.) Hann hefur verkefni, já, hann hefur verkefni, það er alveg ljóst. Ég var að telja það upp. Hv. þm. hefur kannski ekki lesið þessa reglugerð fremur en umsagnirnar sem hann átti að fara yfir í hv. allshn. Það er þá upplýsandi fyrir hann að heyra þetta. Sem sagt, með þessum verkefnum sýnist mér að umhverfisráðuneytið hafi fengið þó nokkuð að gera og ég legg þar áherslu á t.d. eitt atriði. Það er fræðslu- og upplýsingastarfsemin um umhverfismál sem er afar mikilvægur þáttur. Og eins og kom reyndar fram, og ég gat um í ræðu minni hér í dag, hjá ráðuneytisstjóranum norska sem kom hingað á sl. hausti, að ef fræðslan væri aukin nægilega kynni svo að fara að það þyrfti ekkert umhverfisráðuneyti ef menn væru fræddir nægilega mikið um umhverfismál og tækju mið af þeirri fræðslu.

Samkvæmt þessu ætti sem sagt hæstv. umhverfisráðherra að hafa nóg að gera á næstunni. Nú þykir mér verst að hann skuli vera farinn úr salnum því að ég ætlaði að bæta við að hann hefði nægilegt að gera þann tiltölulega skamma tíma sem hann á eftir sem ráðherra í þessari ríkisstjórn. Verði tillögur okkar samþykktar þá liggur það svo sem í augum uppi að það er ekki þörf á sérstökum ráðherra til þess að sinna umhverfisráðuneytinu einu og sér. Framtíðin mun hins vegar skera úr um hvort eða hvenær þetta ráðuneyti yrði sameinað öðru.

Ég lýk nú máli mínu, herra forseti. Það fer svo eftir því hvernig afgreiðslu brtt. okkar fá hver málflutningur okkar verður við 3. umr. málsins.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp):*

Hæstv. forseti. Áður en ég tek til máls undir þessum dagskrárlið óska ég eftir því að forseti upplýsi þingheim um hvernig fundi verður hagað hér í kvöld og hvenær hann hyggst ljúka fundinum.

Forseti (Geir H. Haarde):

Sá forseti sem hér er nú í forsetastóli er ekki vel upplýstur um þetta atriði og getur ekki svarað spurningu hv. þm. Ég vil beina því til hv. 5. þm. Vesturl. að hann endurtaki spurningu sína þegar aðalforseti deildarinnar er kominn í salinn en það verður innan tíðar.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp):*

Hæstv. forseti. Ég þakka svör en ég held að það hafi náttúrlega komið fram að sá forseti sem hér situr er vanalega vel upplýstur og e.t.v. var ég að gera honum grikk með því að leggja þessa fyrirspurn fram núna, en sætti mig fullvel við hans svör og mun endurtaka fyrirspurnina þegar forsetaskipti hafa átt sér stað.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að hefja mál mitt á því að óska eftir því að hæstv. umhverfisráðherra verði viðstaddur umræðuna. Svo mjög hefur nú legið á að koma þessu máli í gegnum öll stig þess. — Þá gengur hæstv. ráðherra í salinn og ég fagna komu hans.

Þegar þetta mál var hér til umræðu fyrir nokkru síðan og þar sem ég flutti mitt mál endaði ég ræðu mína einhvern veginn á þá leið að ég mundi vera með fyrstu mönnum til að óska hæstv. þáv. hagstofuráðherra til hamingju með nýja embættið, umhverfismálaráðherra, og ég ætla þá að leyfa mér að gera það hér með. Ég tel að það sé vel þess virði að óska mönnum til hamingju þegar tímamót verða í sögunni eins og hæstv. ráðherra hefur kallað það. Það eru hins vegar „tímamót" í mínum huga innan gæsalappa og hægt að hafa um það langt mál.

Hins vegar er það ljóst að sú greiðsla sem Borgfl. átti inni hjá ríkisstjórninni fyrir að veita henni aukinn liðsstyrk hefur nú verið greidd og ráðuneytið komið í hendur hv. þm. Júlíusar Sólnes.

Ég stend að minnihlutaáliti ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni og Friðjóni Þórðarsyni og mun ekki fjalla um þær brtt. sem við stöndum saman að, enda tel ég að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hafi gert það mjög vel þó í stuttu máli hafi verið. Ég hins vegar hef ýmislegt um þetta mál að segja en mun engu að síður reyna að verða stuttorður. Ég vil kannski fyrst eyða örfáum orðum á nefndastörfin sem hafa verið svona vægt til orða tekið nokkuð einkennileg. Á fyrri

stigum málsins þegar verið var að samþykkja stofnsetningu ráðuneytisins urðu hér miklar umræður um nefndarstörfin og hvernig það frv. var knúið í gegn og svipuð orð, *þó ekki kannski jafnsterk, mætti hafa um* nefndarstörfin varðandi þetta frv.

Þetta frv. var sent út til fjölmargra aðila til umsagnar og bárust svör frá allnokkrum, ég hef ekki nákvæma tölu á hve mörgum, og verulegur fjöldi kom síðan til viðræðna við nefndina. Það er því mikil vanvirða við bæði þá aðila og stofnanir sem lagt hafa mikla vinnu í að svara og gefa umsagnir um þetta frv. að ekkert tillit skuli vera til þeirra tekið og í raun þeirra umsagnir tæplega lesnar og ég hygg alls ekki lesnar af stjórnarliðum, sjálfsagt þó af formanni nefndarinnar *en ég hygg að ég fari ansi nærri sann*leikanum með að segja að hann sé eini stjórnarliðinn sem hafi lesið þær umsagnir.

Hv. formaður nefndarinnar varð góðfúslega við því að afgreiða málið þó ekki út úr nefnd fyrr en búnaðarþing hafði gefið sína umsögn. Því var málinu frestað um 2–3 daga og kann ég vel að meta það við formanninn. Við höfum hins vegar gagnrýnt það á fyrri stigum og gerum enn að þessi tvö frumvörp skyldu ekki fá að verða samferða í gegnum þingið sem þau vissulega áttu að vera enda lagt af stað með þau sem slík. *Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þeim* mælti hann fyrir þessum báðum frumvörpum samtímis þannig að sú skoðun hæstv. forsrh., sem ég vil líka senda hamingjuóskir því að nú er hann orðinn hæstv. hagstofuráðherra, ruddi brautina en síðan var ekki farið nánar eftir því. Ég tel því að okkur beri að sýna þeim sem gáfu okkur skriflegar umsagnir þá virðingu að yfir þær sé farið. Ég hygg að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hafi nokkuð farið yfir umsagnir, ég veit þó ekki hverjar, en ég mun eyða nokkrum tíma í að gera slíkt hið sama.

Ég vil að það komi fram að *ég er ekki sammála* öllu því sem fram kemur í umsögnunum enda væri það óeðlilegt ef svo væri. En þær sýna að það er veruleg óeining og miklar efasemdir og ágreiningur um þetta mál. Það væri heldur ekki úr vegi að fara vel yfir þær og reyndar miklu fleiri en ég hyggst gera til þess að stjórnarliðar fái að heyra skoðanir umsagnaraðila á málinu, enda varla hæfari menn til þess að gefa álit heldur en þeir aðilar sem þessir málaflokkar heyra undir. Ég vil því, hæstv. forseti, áður en ég fer út í efnisatriði og þá punkta sem ég hef hér sett á blað fá að fara í umsagnirnar og önnur bréf hugsanlega sem nefndinni hafa borist. En áður en ég byrja á því vil ég fara yfir skilgreiningu á því hvað er umhverfi að mati Freysteins Sigurðssonar. Það er úr erindi sem hann flutti á ráðstefnu um umhverfismál á vegum Félags ísl. náttúrufræðinga, að ég hygg á hótelinu Holiday Inn, 24. nóv. 1989, og tel ég það ágætis inngang í málið. Hans erindi er eftirfarandi og ber yfirskriftina: Hvað er umhverfi?

„Í víðustu merkingu er umhverfi mannsins allur heimurinn í kringum hann. Í þrengri merkingu er það *sá hluti umheimsins sem að manninum snýr og hann* verður var við. Líta má á umhverfið frá því sjónarhorni að maðurinn er í eðli sínu dýr sem lifir í náttúrunni og á náttúrunni. Tækni mannsins og samfélag er að miklu leyti sprottið af viðleitni mannsins *til að auðvelda sér nýtingu náttúrunnar og móta hana* sem umhverfi á geðfelldari hátt. Efnislegur hagur mannsins er háður arðnýtingu hans á auðlindum náttúrunnar. Líf hans í umheimi náttúrunnar er háð umhverfinu. Þrátt fyrir alla framþróun í tækni og samfélagsháttum þá er náttúran enn undirstaða atvinnulífs mannsins því að ekkert verður til úr engu hve oft sem því er velt og breytt. Á sama hátt er náttúran burðarþátturinn í umhverfi mannsins þó hún sé þar samofin við tæknina og samfélagslífið. Náttúran er líka grunnþátturinn í hættu þeirri sem *manninum stafar af umhverfinu, náttúruógnun og* hollustuspjöllum. Nýting náttúrunnar er hins vegar grunnþátturinn í hættu þeirri sem umhverfinu stafar af manninum, arðráni og umhverfisspjöllum. Rétt eins og maðurinn vinnur að arðnýtingu náttúrunnar þá vinnur hann að mótun umhverfis síns einn sér eða í samfélaginu. Þessi vinna að umhverfismótun er viðfangsefni umhverfismála."

Ég ætla að gera hér örstutt hlé á skilgreiningunni á hvað er umhverfi, hæstv. forseti, vegna þess að ég spurði þann sem í forsetastól sat fyrir örfáum mínútum um framgang þessa fundar, hversu lengi stæði til að halda áfram og varð við þeirri ósk þess forseta að bíða með þá fsp. þangað til forsetaskipti hefðu orðið. (**Forseti:** Forseti skal leitast við að svara þessari spurningu. Fyrirhugað er að kl. 10 fari fram atkvæðagreiðsla um ábyrgðadeild fiskeldislána, 1. dagskrármál þessa fundar. Forseti hefur orðið við *mjög ákveðinni beiðni hv. fjárveitinganefndarmanna* um að taka því næst til stuttrar umræðu 5. dagskrármálið, fjárgreiðslur úr ríkissjóði, svo stjórnarandstaða og andstæðingar frv. fái að láta álit sitt í ljós. Þeirri umræðu verður væntanlega haldið áfram til kl. 11.30. Þannig mun dagskráin verða í grófum dráttum og fer ég þess vinsamlega á leit við hv. ræðumann sem í stól stendur að hann fallist á að fresta máli sínu kl. 10.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir svör hans. Ég skil það svo að fundi hér muni ljúka kl. 11.30 hvort sem sú umræða sem boðuð var verður búin þá eða ekki en það verður þá haldið áfram með þessa umræðu til 11.30. (**Forseti:** Nei, forseti vill að þetta verði alveg skýrt. Það er fyrirhugað að að atkvæðagreiðslu lokinni verði tekið fyrir 5. dagskrármálið, fjárgreiðslur úr ríkissjóði, og það fái tímann frá því að atkvæðagreiðslu lýkur og til kl. 11.30. Hins vegar verður *umhverfismálaumræðunni haldið áfram kl. 10 á* föstudag og þá gæti ræðumaður sem í stól stendur fengið að halda áfram máli sínu.) Þá er það alveg ljóst.

Ég held þá áfram með skilgreininguna á hvað er umhverfi, enda tel ég rétt og nauðsynlegt að það sé nokkuð ljóst. Ég bar nú reyndar fram þá spurningu til *hæstv. umhvrh. hér á fyrri stigum þessa máls að hann* gerði grein fyrir því hvað að hans mati væri umhverfi

og umhverfisvernd og nánari skilgreiningu á þeim hugtökum en það þvældist eitthvað fyrir að svara þannig að þetta erindi Freysteins Sigurðssonar upplýsir ráðherrann væntanlega eitthvað.

„Náttúran er í stöðugri þróun og sífelldum breytingum undirorpin. Umhverfi mannsins breytist því stöðugt af náttúrulegum orsökum. Umhverfisvernd er því óframkvæmanleg sem frysting á núverandi ástandi náttúrunnar. Hún verður að vera stýring á þróun náttúrunnar. Umhverfisvernd er í raun umhverfismótun sem byggist á að beina þróun náttúrunnar í þá átt sem maðurinn helst kýs og ræður við. Í því felst ekki bara að afstýra umhverfisspjöllum af mannavöldum né hindra eða hefta óæskilega þróun náttúrunnar sjálfrar heldur einnig að stuðla að þeirri þróun hins náttúrulega umhverfis sem æskileg er talin.

Umhverfismótun byggist á umhverfisstýringu. Til að geta stýrt mótun umhverfisins, verndað það eða varðveitt, þarf að þekkja umhverfið. Maðurinn verður að ráða yfir umhverfisþekkingu. Sú þekking er að verulegu leyti þekking á náttúrunni sjálfri. Þessi undirstöðuþekking á náttúrunni er um leið grundvöllur að skynsamlegri arðnýtingu hennar. Þessari undirstöðuþekkingu hefur verið mjög ábótavant hér á landi og hefur það komið niður á umhverfismálum jafnt sem arðnýtingu náttúruauðlindanna. Úr því þarf að bæta samhliða skipulegum opinberum afskiptum af umhverfismálum. Það er svo hagkvæmnisatriði hvar þessum rannsóknum er valinn sess í stjórnkerfinu. Umhverfisrannsóknir, umhverfiseftirlit og umhverfisaðgerðir byggjast á þeim en einnig beinar nýtingarrannsóknir, nýtingareftirlit og nýtingaraðgerðir.

Umhverfismálum hefur ekki verið sinnt skipulega í hinu opinbera stjórnsýslukerfi hér á landi. Þar hefur því víða verið pottur brotinn. Hin mismunandi ráðuneyti hafa fjallað um einstaka og afmarkaða þætti, oft án teljandi samvinnu og samræmis. Mörgum sviðum hefur ekki verið sinnt. Stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis ætti að leiða til skipulegrar og alhliða umsýslunar um umhverfismál. Af því ætti að leiða stóraukna hagræðingu sem fyrst og fremst sýnir sig í auknum afköstum við stýringu hinna ýmsu þátta umhverfismála. Þar þarf þó enn víða að efla starfið því að þessir þættir hafa margir verið stórlega vanræktir. Einnig þarf að hefja starf við þau svið sem ekki hefur verið sinnt. Það er því ljóst að skipuleg umsýslan umhverfismála kallar á aukið starfslið og aukið fjármagn. Í staðinn fæst mun betri og virkari stýring umhverfismála og mun betra, heilbrigðara og geðþekkara umhverfi en ella hefði orðið."

Þannig var erindi Freysteins Sigurðssonar og hans skilgreining á umhverfi sem ég tel þarft innlegg í þessa umræðu.

Á sömu ráðstefnu flutti Halldór Þorgeirsson, frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, erindi. Þar segir:

„Grundvallarbreyting er að verða á umræðu um umhverfismál um heim allan. Hún er ekki lengur bundin við togstreitu andstæðra afla, þ.e. verndunarsjónarmiða annars vegar og stundarhagsmuna hins vegar. Megináhersla er núna á að finna leiðir til að samræma markmið atvinnuuppbyggingar og umhverfisverndar. Í þessu samhengi er vistfræðin jafnmikilvæg og hagfræðin við mörkun stefnu í atvinnuþróun. Nauðsynlegt er að umhverfissjónarmið komi inn í meðferð mála á öllum sviðum þjóðlífsins. Umhverfisrannsóknum má skipta í fjóra meginflokka eftir tilgangi.

Í fyrsta flokk rannsóknir á mengun. Rannsóknir á mengun fela m.a. í sér mælingar á uppsöfnun mengunarefna í lífríkinu og hinu ólífræna umhverfi, t.d. með reglubundnum mælingum á ákveðnum mengunarefnum í lofti, vatni eða sjó. Slíkar mælingar hafa að markmiði að koma í veg fyrir að mengunarefni hafi óæskileg áhrif á lífríkið. Þessu samfara eru gerðar tilraunir til að rekja mengunarefni til uppsprettunnar og finna leiðir til að draga úr mengun.

Í öðru lagi rannsóknir á náttúruauðlindum. Rannsóknir á náttúruauðlindum ná bæði til beinna nýtingarrannsókna sem beinast að því að gera auðlindanýtingu hagkvæmari og rannsókna á ástandi og afkastagetu þeirra. Rannóknir á ástandi auðlinda eru umhverfisrannsóknir sem miða að því að tryggja að auðlindanýting spilli ekki auðlindinni.

Í þriðja lagi rannsóknir tengdar almennri náttúruvernd. Rannsóknir á áhrifum mannvirkjagerðar, ræktunar, útivistar og annarra aðgerða mannsins á náttúrufar, með verndun dýralífs, gróðurfars og grunnvatns að markmiði.

Og í fjórða lagi rannsóknir á hnattvíðum umhverfisbreytingum. Ýmislegt bendir til þess að samanlögð umhverfisáhrif alls mannkyns gætu valdið umtalsverðum breytingum á veðurfari á jörðinni, eiginleikum heiðhvolfsins og ástandi hafsins. Rannsóknir á þessum hnattvíðu umhverfisbreytingum hafa þann tilgang að meta þau áhrif sem þær munu hafa á aðstæður hér á landi." (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann sé tilbúinn að fresta ræðu sinni innan fárra mínútna svo að forseti geti hringt til atkvæðagreiðslu.) Hæstv. forseti, ég er tilbúinn til þess eftir u.þ.b. eina mínútu.

„Þær eru nauðsynlegar til að við getum metið aðstæður af þekkingu og beitt áhrifum okkar á alþjóðavettvangi. Allar umhverfisrannsóknir eiga sér sameiginlega undirstöðu í góðri þekkingu á íslenskri náttúru. Skortur á undirstöðuþekkingu gerir rannsóknir á áhrifum mannsins á náttúruna mjög erfiðar. Allar krefjast þessar rannsóknir samfelldni í tíma og rúmi og gefa ekki svör í einni andrá. Umhverfisrannsóknir verða því aðeins að gagni að hagsmunaaðilar og stjórnvöld séu tilbúin að taka við niðurstöðum og beita þeim í stefnumörkun. Mikið skortir á að umhverfisrannsóknir hér á landi geti mætt þörf fyrir upplýsingar um umhverfi í nútíð hvað þá framtíð. Umhverfisrannsóknir hafa verið mjög fjársveltar hér á landi."

Hæstv. forseti. Þetta eru þau tvö erindi sem ég vildi að þingheimur heyrði af. Enda tel ég þau mikilvægt

innlegg í þessa umræðu og skilgreini vel um hvað við erum hér að ræða. Ég mun hins vegar verða við tilmælum forseta og fresta hér ræðu minni.

Umræðu frestað.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 474, n. 668 og 670, brtt. 669.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við sem skipum í þessu máli minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. fréttum af því um hádegi í dag að hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson og hæstv. fjmrh. væru búnir að gera samkomulag. Væntanlega heiðursmannasamkomulag, „gentleman's agreement", um afgreiðslu þessa máls. Okkur var síðan á fundi í fjh.- og viðskn. sýnt þetta samkomulag og ég fyrir mitt leyti mun ekki standa gegn því að það nái fram að ganga og ekki skipta mér af því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

☐ 1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

☐ Brtt. 669,1.a samþ. með 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, StH, ÞP, ÞÞ, AS, AÓB, BÍG, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JK, KrP.

nei: HJ, IBA.

PP, RA, RG, SighB, SvanJ, JSS, ÁrnG greiddu ekki atkvæði.

14 þm. (ÓÞG, RH, SV, AðB, ÁHE, EH, GeirG, GHelg, HG, JóhS, JBH, JónS, KE, MB) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þótt ég hefði fremur kosið að viðskiptabankarnir tækju sinn þátt í afurðalánum til fiskeldis eins og til var ætlast í upphaflegri útgáfu frv., tel það að öllu leyti eðlilegra, og ég efist reyndar um að þessi breyting verði fiskeldinu mjög til góðs, hún kann að draga úr vilja viðskiptabankanna til að taka eðlilegan þátt í þessu máli, þá vil ég þó stuðla að samkomulagi um þetta mikilvæga frv. svo það nái fram að ganga og segi já.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Á grundvelli þess að einhvers konar samkomulag hefur verið gert um þær brtt. sem nú er verið að greiða atkvæði um án þess að það samkomulag hafi verið kynnt þingflokki frjálslyndra hægrimanna á nokkurn hátt og einnig og ekki síður í ljósi þess að frv. þetta mun leiða til enn frekari ríkisforsjár sem er þvert á stefnu hægrimanna segi ég nei.

Brtt. 669,1.b kölluð aftur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 669,2.a–b samþ. með 20:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, StH, ÞP, ÞÞ, AS, AÓB, ÁHE, BÍG, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JK, KrP.

nei: HJ, IBA.

PP, RA, RG, SighB, SvanJ, JSS, ÁrnG greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (KE, MB, ÓÞG, RH, SV, AðB, EH, GeirG, GHelg, HG, JóhS, JBH, JónS) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held það sé mjög æskilegt að fram komi hér á Alþingi að allir þingmenn Sjálfstfl. sem viðstaddir eru atkvæðagreiðsluna skuli greiða atkvæði með því að auka ábyrgð ríkisins á afkomu atvinnureksturs í eigu einstaklinga og lengja það tímabil sem sú ábyrgð er veitt og ríkissjóður og skattborgarar taki við hlutverki viðskiptabanka. Það er mjög ákjósanlegt, herra forseti, að þetta skuli vera staðfest með nafnakalli. Ég greiði ekki atkvæði.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Við greiðum hér atkvæði um brtt. við stjfrv. sem allir hv. stjórnarþingmenn stóðu að og fjallar um ríkisábyrgðir. Hér er verið að breyta þessu frv. þannig að frv., verði það að lögum, sé sveigjanlegra og komi að notum. Þess vegna styð ég þessa fram komnu tillögu og segi já.

Brtt. 669,2.c–e kölluð aftur.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 669,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 669,4 kölluð aftur.

6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 669,5 samþ. með 22 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 669,6 samþ. með 21:1 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram hér við 1. umr. málsins að ég er andvígur þessu frv. og lögfestingu þess, enda er þetta frv. um tíu fjármálaráðherra til viðbótar við þennan eina sem mér finnst nú vera nóg að hafa í landinu. Það er að vísu rétt að stundum

hefur verið farið frjálslega með aukafjárveitingar og það er eðlilegt að skerpa þær reglur sem viðgengist hafa. Hæstv. núv. fjmrh. hefur lagt sig fram um að færa það til betra horfs. En þetta frv. gengur allt of langt. Engin leið er að reka þetta þjóðfélag ef öll fjárráð eru undantekningarlaust tekin af ríkisstjórninni eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Stjórnarskráin, sem um það getur að engar fjárgreiðslur megi inna af hendi úr ríkissjóði nema samkvæmt fjárlögum, er sett í annars konar þjóðfélagi og við allt aðrar aðstæður en ríkja í nútímanum. Þar af leiðir að eðlilegt er að hafa þann hátt á að samþykkja fjáraukalög og eðlilegt að fjmrh. hafi vald til þess í samráði við einhvern hóp að ákveða aukafjárveitingar, leita síðan eftir á staðfestingar Alþingis á gjörningi sínum. Núv. fjmrh. hefur gert það á sama ári og það er til fyrirmyndar. Það kann vel að vera að fjármálaráðherrar í framtíðinni fagni því í aðra röndina ef svona frv. yrði lögfest, sem ég vænti nú að verði ekki, þar sem þeir gætu þá vitnað til þess að þeir mættu ekki standa að aukafjárveitingum og þyrftu ekki að taka á sig ábyrgð af því að taka vandasamar ákvarðanir. En auðvitað verður að vera einhver sveigjanleiki því annars rekur þjóðfélagið í strand.

Löggjafarþinginu ber að vanda fjárlagagerð, áætla sem réttast og raunhæfast og halda sig sem best innan ramma fjárlaga. En jafnvel þó að mjög vel sé staðið að fjárlagagerð geta ófyrirséð tilvik orðið. Ég tel þess vegna að fjmrh. verði að hafa heimild, e.t.v. þrönga heimild, til að bjarga málum ef í nauðir rekur. Ég er tilbúinn til að standa að því að auka aðhald fjmrh., t.d. að hann þurfi að boða áformaðar aukafjárveitingar í ríkisstjórn, eða að hann yrði að fá samþykki formanns og varaformanns fjvn. fyrir aukafjárveitingum sem síðan yrðu afgreiddar sem fjáraukalög fyrir árslok.

Nú er það engum ljósara en mér að hv. fjvn. er ákaflega mikilhæf og vel skipuð. Þar eru fjórir fyrrv. ráðherrar og hinir eru allir líkleg ráðherraefni alveg á næstu árum. Mér þykir ótrúlegt ef þessir fjórir sem verið hafa ráðherrar hafa aldrei í sinni ráðherratíð þurft að leita til fjmrh. um aukafjárveitingar.

Ég held að með þessu fái fjvn. vald yfir ríkisstjórninni og yrði æðri en ríkisstjórnin. Þegar fjvn. er komin yfir ríkisstjórnina þarf auðvitað að vanda enn þá betur valið á fjárveitinganefndarmönnunum en gert hefur verið og m.a. að þeir séu duglegir og hugkvæmir, ekki bara að þeir séu duglegir og hugkvæmir að gera hrossakaup hver við annan.

Það hefur stundum vafist fyrir okkur að mynda ríkisstjórn. Ég sé fram á að það verður mikill viðbótarvandi að mynda fjvn. ef þetta frv. verður að lögum.

Ég vil svo að endingu benda á enn eitt atriði þessa frv. sem ég felli mig ekki við. Það er að kjarasamninga verði að afgreiða hér á Alþingi. Ég held að það væri stórt spor aftur á bak og líklegt til hins mesta ófarnaðar ef sá háttur yrði upp tekinn aftur. Einu sinni var það hér fyrr meir að kjarasamningar opinberra starfsmanna urðu að hljóta staðfestingu Alþingis.

Ég þarf ekki að hafa þetta lengra. Ég er andvígur þessu frv. Mér finnst ekki skynsamlegt að lögfesta það og það vildi ég láta koma fram hér við 1. umr. málsins.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við upphaf þessarar umræðu gerði flm., formaður fjvn., góða og nákvæma grein fyrir frv. sjálfu og tilgangi þess. Markmið þessa frv. er að sporna við þeim, ég vil segja stundum óhóflegu greiðslum úr ríkissjóði umfram fjárlög sem tíðkast hafa í sívaxandi mæli undanfarin ár. Ég minnist þess að þegar ég fór fyrst að fylgjast með stjórnmálum og störfum Alþingis, en það er nú orðið nokkuð langt síðan, þá virtist mér að yfirleitt væru fjárlög virt og nánast talin óhæfa að bregða verulega út af þeim nema í sérstökum tilvikum. Ég get ekki sagt um hvenær sú þróun fór af stað sem á seinni árum hefur orðið á þann veg að ráðherrar og ríkisstjórnir virðast nánast hafa talið sig hafa sjálfdæmi um ráðstafanir fjár úr ríkissjóði sem er sameiginlegt fé okkar allra. Þessi þróun er engan veginn æskileg og hún er beinlínis hættuleg þingræði og lýðræði. Það er tvímælalaust brot á 41. gr. stjórnarskrárinnar að greiða fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Og þó að hv. 1. þm. Norðurl. v. teldi hér áðan að stjórnarskrá okkar hefði verið sett í annars konar þjóðfélagi og við aðrar aðstæður en nú ríktu, þá breytir það ekki því að meðan stjórnarskránni er ekki breytt eigum við að breyta samkvæmt henni.

Það er nú svo að Alþingi samþykkir og gefur út fjárlög, lög um tekjur og gjöld ríkissjóðs, og eftir þeim er ætlast til að sé farið. Þessi þróun sem ég lýsti áðan um greiðslur án heimilda sýnir sívaxandi virðingarleysi ráðherra og ríkisstjórna, hvar í flokki sem þeir hafa verið, við vilja Alþingis á hverjum tíma sem er út af fyrir sig býsna alvarlegt mál.

Eitt af markmiðum þessa frv. er að stuðla að markvissari og raunhæfari fjárlagagerð. Fjárlög eru í eðli sínu áætlun um tekjur ríkissjóðs og ákvörðun um umfang útgjalda hans. Þá skiptir höfuðmáli að hvort tveggja sé sem næst lagi og tekjukröfur ofbjóði ekki gjaldþoli skattgreiðenda og útgjöldin séu ríkissjóði ekki um megn. Þær raddir eru þó oft háværar sem telja að yfirleitt sé hvorugt þessara atriða haft að leiðarljósi við fjárlagagerð. En hvað sem um það má að öðru leyti segja þá hlýtur að vera ljóst að þarna sem víðar er meðalhófið vandratað og við fjárlagagerð er mikils um vert að vandað sé sem best til þeirra áætlana sem ríkisstofnanir gera um rekstrarkostnað, tekjur og gjöld og að vanáætlanir séu ekki innbyggðar sem síðar kunna að kalla á fjárútlát umfram fjárlög og valda því að ráðherrar og ríkisstjórnir í heild telji sig í rétti til að breyta þeim ákvörðunum sem Alþingi hefur samþykkt. Þetta leiðir svo til glundroða í ríkisfjármálunum og rýrir virðingu Alþingis. Virðing Alþingis setur ofan í augum manna út á við.

Þessi atriði urðu þess valdandi að fjvn. settist að vinnu við að semja reglur um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Afrakstur þeirrar vinnu er það frv. sem er til

umfjöllunar nú, frv. sem í raun fjallar um það að framkvæmdarvaldið skili fjárveitingavaldinu aftur til löggjafarvaldsins þar sem þess löglegi staður er.

Ég talaði áðan um vanáætlanir, vanáætlanir af ýmsum toga, vanáætlanir sem verða til vegna þess að menn áætla af einhverjum ástæðum útgjaldaþætti lægri en þeir reynast. Vanáætlanir vegna þess að menn vildu ná jöfnuði á fjárlög á pappírnum svo að fjárlögin litu betur út og kærðu sig þá kollótta þó að seinna meir kæmi raunveruleikinn í ljós. Þetta hefur gerst og það oftar en einu sinni og hefur orsakað deilur og misklíð milli manna og flokka. En það sem er alvarlegast í þessum efnum er að upp er að þróast vaxandi halli í fjárlögunum. Athugun sem gerð hefur verið um þróun fjárlaga í um það bil hálfan annan áratug hefur leitt í ljós viðvarandi vaxandi halla á fjárlögum sem nú er orðinn um 3 milljarðar, þriggja milljarða fastur halli nú. Að vísu hafa verið nokkrar sveiflur milli ára en þetta er sú staða sem við okkur blasir núna. Fjárlagagerðin sýnir yfirleitt betri afkomu ríkissjóðs en reyndin er sem sagt þessi. Ég tel að full þörf sé á að menn horfist í augu við þennan raunveruleika og taki á honum.

Ég tel víst að menn geri sér ljóst að um þetta frv. kann að verða meiningarmunur og það hefur reyndar komið í ljós nú þegar. Slíkar ákvörðunartökur munu ekki renna hindrunarlaust í gegnum þingsali, en þingmenn ættu þó vissulega að fagna því að hið raunverulega fjárveitingavald komi aftur til löggjafans, að löggjafinn sé varinn fyrir ásælni framkvæmdarvaldsins. Það er það sem þetta frv. miðar að ásamt öðru. Ég vil hér árétta það sem áður hefur komið fram að fullkomin samstaða er meðal nefndarmanna, hvar í flokki sem þeir eru, um þá skipan mála sem þetta frv. boðar.

Hæstv. fjmrh. hefur að undanförnu verið ötull við að leggja fram fjáraukalög bæði fyrir liðin ár og yfirstandandi og er það góð og nauðsynleg regla og ber honum heiður fyrir. Sé þessi regla tekin upp nú, eins og lagt er til í frv. sem við ræðum og er raunar skylt að gera, er auðveldara að fylgjast með stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma og taka mið af því við fjárlagagerð hvernig fjárlög fyrra árs hafa staðist. Með þessu ætti að nást betri yfirsýn og staða til að gera raunhæfari áætlanir, a.m.k. um útgjöld, en áður hefur verið og væri vel ef sú aðstaða yrði nýtt.

Það er ljóst að hæstv. fjmrh. hefur sitthvað við þetta frv. að athuga og hefur lagt hér fram tillögur um umbætur við fjármálastjórn ríkisins og nýskipan í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds á vettvangi ríkisfjármála og aukið aðhald í ríkisrekstri, eins og fyrirsögnin er á þeim blöðum sem var dreift hér meðal okkar þegar frv. var lagt fram. Þetta er athyglis- og umræðuvert þó það sé í mörgu óskylt því frv. sem hér er til umræðu. En það sýnir að hæstv. ráðherra vill hafa hönd í bagga með hvernig umræðan þróast og hver afdrif þessa máls verða. Eða e.t.v. vill hann drepa málinu á dreif, sem ég þó vona að ekki sé raunin. Þessar tillögur, ef fram næðu að ganga, hlytu að valda mjög breyttum starfsháttum hér innan þingsins og yrðu slíkar breytingar varla gerðar átakalaust. E.t.v. hefur hæstv. fjmrh. þótt sem frumkvæði að breytingunum ætti að vera hjá honum en allt um það hlýtur hann sem forsjármaður ríkiskassans að fagna því ef alþingismenn vilja aðstoða hann við að hafa hemil á útgjöldum. Enda tekur hann í 9. punkti þessara tillagna sinna undir meginatriði frv. En svo mætti spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist leggja fram frv. eða þingmál um það sem hann leggur til í þessum tillögum og hvort eða hvernig hann hyggst ná þeim fram. Það væri gott að hann gerði grein fyrir því.

Það er mikilsvert að hér fari fram umræða um fjárlög ríkisins án þess að það sé gert í hita afgreiðslunnar eins og stundum gerist og er þá ýmislegt stundum ofsagt eða vansagt. Og það er gott að menn geri upp hug sinn um það hvaða skoðanir þeir hafa á því hvernig eigi að standa að umfjöllun og meðferð þeirra mála því það er nú svo að skipuleg og góð nýting almannafjár er ein af meginforsendum fyrir góðri stjórnun og meðferð opinberra fjármála og þess að ákvarðanataka viðkomandi yfirvalda beri árangur. Meginmálið er að hér er verið að móta reglur sem stuðla að því að svo megi verða.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég er kominn hér í ræðustól til að mæla með frv. fyrir hönd þingræðis. Það er skemmst frá því að segja að í kringum þetta frv. ríkir eins konar þjóðstjórnarstemmning. Hér standa að allir flokkar þingsins utan einn, allir flokkar sem eiga fulltrúa í fjvn. og allir fjárveitinganefndarmenn, níu að tölu. Að mínu mati er sú þjóð ekki fullvalda þar sem framkvæmdarvaldið ríkir yfir löggjafarvaldinu.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um frv. eða ástæðurnar fyrir því að ég styð það. En mikilvægastar eru þó sennilega aukafjárveitingarnar í þessu sambandi. Menn hafa bent á það hér að ráðherrar verði að geta greitt út peninga án þess að kalla saman Alþingi. Ég er á móti því að ráðherrar hafi það vald. Hins vegar hafa allir ráðherrar lið á fjárlögum sem er kallaður Óráðstafað. Þurfi þeir að grípa skyndilega til peninga geta þeir notað peninga samkvæmt þessum lið og ef upp á vantar geta þeir leitað til Alþingis næst þegar það kemur saman með beiðni um að endurnýja sjóðinn.

Íslenska löggjafarvaldið, Alþingi, er 973 árum eldra en framkvæmdarvaldið. Alþingi er 1059 ára gamalt en það eru ekki nema 86 ár síðan fyrsti ráðherrann kom til starfa. Við sjáum af því að Alþingi hefur getað vel verið án framkvæmdarvaldsins en framkvæmdarvaldið á mjög erfitt með að vera án Alþingis, enda starfar framkvæmdarvaldið á vegum löggjafarvaldsins.

Flm. þessa frv. hefur borist óvæntur liðsauki sem er sjálfur hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson. Hann hefur skilað inn punktum sem eru efnislega þeir sömu og við fjárveitinganefndarmenn höfum flutt hér. Hann hefur aðeins notað annað orðalag. Vill hann nú líka þessa Lilju kveðið hafa og hljótum

við að bjóða hann velkominn í hópinn og vonum að með því styrkist flutningur þessara breytinga sem frv. boðar hér í þingsölum.

Virðulegi forseti. Á sínum tíma sagði þjóðin: Handritin heim. Í dag segjum við: Fjárveitingavaldið heim.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar eykur hvorki rétt ráðherra né takmarkar. Það frv. sem hér er verið að fjalla um breytir aftur á móti verulega réttarstöðu þingsins til þess að láta á það reyna hvort ráðherra hefur brotið af sér í starfi gagnvart þeirri fjárumsýslu sem honum hefur verið falin. Það ætti að vera öllum þingmönnum ljóst að ákvæði stjórnarskrárinnar, 41. gr., verður ekki breytt með almennum lögum. 41. gr. skýrir frá því svo að ekki verður um villst hver sé réttur ráðherrans en vegna mikils misskilnings, sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., þykir mér rétt að fara yfir þá grein.

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Þetta er svo skýlaust að það verður ekki hægt að segja í styttra máli meira um rétt ráðherrans. Hans réttur er sem sagt að ráðstafa fjármunum ríkisins innan þess ramma sem Alþingi hefur samþykkt. Hann hefur það aftur á móti í hendi sér hvort hann ber fram ein fjáraukalög, tvenn eða þrenn. Og svo gæti farið að það yrði að kalla þing saman á miðju sumri ef allt færi gersamlega úr böndunum og allar áætlanir fjmrn. um fjárþörf hefðu reynst rangar í því fjárlagafrv. sem ráðherrann hefði leitað eftir að yrði samþykkt af Alþingi. Ég get vissulega tekið undir að það væri æskilegt að hv. 1. þm. Norðurl. v. heyrði mál mitt en má vera að hann hlusti þó hann sé ekki hér í þingsölum.

Ég tel rétt að víkja næst að 47. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild."

Það er alveg á hreinu að sérhver þingmaður hefur þurft að vinna þennan eið (Gripið fram í.) og það þýðir ekkert að tauta ofan í barminn að stjórnarskráin sé orðin gömul og úrelt og ástæðulaust að virða eiðinn. Hans er krafist, hann hafa menn unnið og eftir honum ber að fara.

Nú er það svo eins og hér hefur komið fram að þessi grein, 41. greinin, hefur vissulega verið margbrotin. En jafnvel þó að þetta frv. yrði fellt hefur ráðherra engan rétt samkvæmt stjórnarskránni til þess að hegða sér á annan veg en þar er gerð grein fyrir í öllum aðalatriðum. Og með leyfi forseta ætla ég að lesa 14. gr. stjórnarskrárinnar:

„Ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir um þau mál."

Og hvað segir stjórnarskráin meira um þetta atriði? Jú, við skulum ögn aðgæta betur hvað kemur fram í þeim efnum. Í 13. gr. segir svo:

„Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi og annan til vara ef hinn kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar."

Samkvæmt 14. gr. sem ég, með leyfi forseta. óska að fá að lesa einnig:

„Forseti sameinaðs Alþingis sendir hæstaréttarforseta tafarlausa tilkynningu um málshöfðunarákvörðun Alþingis, en hann tilkynnir síðan, svo fljótt sem tök eru á, ákærðum málshöfðun og sendir honum eftirrit af þingsályktun Alþingis."

Það fer ekki á milli mála að þeim sem sömdu stjórnarskrána er ljóst að hættan á brotum á stjórnarskránni liggur fyrst og fremst hjá framkvæmdarvaldinu. Stjórnarskráin er í grundvallaratriðum samin til þess að framkvæmdarvaldið taki sér ekki alræðisvald í landinu. Stjórnarskrárnar urðu til eftir að einvaldskonungar, sem þóttust hafa vald sitt frá guði, urðu að gefa eftir fyrir þingum þjóðanna og aðalátakamálið í átökunum á milli þingsins og hinna sem höfðu áður ráðið öllu var ákvörðunin um réttinn til að skattleggja þegnana og hvernig ráðstafa skyldi því fé. Það er meira að segja svo kyrfilega niðurneglt að forsetinn sem hefur náðunarvaldið hefur ekki náðunarréttinn sé um ráðherra að ræða. Og með leyfi forseta vil ég lesa upp 29. gr.:

„Forsetinn getur ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis."

Það fer ekkert á milli mála gegn hverjum stjórnarskránni er beitt. Stjórnarskránni er beitt til þess að valdhafarnir á hverjum tíma taki sér ekki alræðisvald. Ég fer út af fyrir sig ekkert dult með það, þó að fjvn. öll standi að þessu frv. sem ég fagna, að ég tel mig á vissan hátt vera guðföður að því að það er komið hér inn í sali þingsins. Og ástæðan er einföld. Ég hef setið sem stjórnarsinni hér um bil allan þann tíma sem ég hef verið á Alþingi. En ég hef mátt horfa upp á það að samþykktir þingsins hafa verið þverbrotnar varðandi meðhöndlun fjmrh. á fjáraukalögum. Það grundvallaratriði að afla sér heimilda fyrir fram hefur verið brotið. Menn hafa komið á eftir og óskað eftir því að greiðslur sem greiddar hefðu verið væru samþykktar, stundum eftir mörg ár, stundum fyrr. Og þá hefur venjulegum þingmanni nánast verið stillt upp við vegg. Ætlar þú að samþykkja eða ert þú að leggja til að 15 manna dómur taki þennan ráðherra fyrir og dæmi hann? Og hvað þýðir það í reynd? Það þýðir að ef slíkt yrði upp tekið, þá mundi viðkomandi ríkisstjórn á þeirri stundu splundrast. Meiri hlutinn sem þyrfti til að fá samþykktina inn í sali þingsins, sá sami meiri hluti væri að sjálfsögðu brostinn og framkvæmdin þess

vegna í reynd vonlaus nema ef þannig stæði af sér að fráfarandi ríkisstjórn hefði skilið eftir sig stóran slóða og nýr meiri hluti hefði myndast sem hefði þá viljað hefna sín á þeim sem á undan voru. Ég tel að svona ákvarðanir eigi ekki að stjórnast af neinni hefnigirnd. Ég tel að svona ákvarðanir eigi að stjórnast af því að menn komi sér í sátt saman um það að breyta leikreglunum aftur til þess sem þær eiga að vera. Ég fagna því þess vegna að samstaða hefur náðst um það frv. sem hér er til umræðu. Ég segi samstaða vegna þess að það hefur náðst samstaða fjárveitinganefndarmanna hvar í flokki sem þeir eru.

Ég hef hlustað á ummæli um það að með þessu móti væri fjvn. orðin ríkisvaldinu æðri. Það skal játað hér og nú að mig brestur vitsmuni til að átta mig á því hvernig sú niðurstaða er fengin enda rökstuðningurinn harla stuttur og erfitt að átta sig á þeim vörðum sem þar komu fram en mikið hlýtur sú náðargáfa að vera mikil sem getur náð slíkri niðurstöðu eins og þar hefur komið fram. Ég fæ ekki séð að fjvn. sem tekur við fjárlagafrv. á haustdögum úr hendi fjmrh., situr yfir athugasemdum mestmegnis frá embættismannakerfinu um það hverju beri að breyta og hverju sé skynsamlegt að breyta, tekur á vinnslutímanum við óhemjufjölda af tillögum frá fjmrh. um breytingar og að síðustu, eins og allar aðrar nefndir þingsins, leggur fram á Alþingi tillögur sínar um breytingar, ég skil ekki hvernig hægt er að segja að hún ráði þessu. Auðvitað ræður hún því ekki, auðvitað er það Alþingi Íslendinga sem ræður. En það er einmitt það sem sumir vilja að snúist við. Þeir telja eðlilegt að frumréttur þingsins sé afhentur ráðherrunum og þeir ráði þessu. Ég fæ ekki séð að ef sú regla ætti að taka yfir sé nokkurt vit í öðru en að breyta stjórnarskránni til samræmis og hætta þeirri vitleysu að leggja fram frv. til fjárlaga hér á þingi. Auðvitað væri æskilegt að ráðherra gæfi þá skýrslu um hvað hann hefði eytt miklum peningum, hliðstæða skýrslu og utanrrh. gefur eða einhver slíkur um sín afreksverk. En hitt er svo annað mál að sumt er í þessu frv. sem gengur það langt í að veita ráðherra réttindi að það er ekki einu sinni víst að það standist. Það er ekki víst að sá réttur að inna greiðslur af hendi með samþykki fjvn. á þeirri forsendu að hún þoli ekki bið, að það standist skv. stjórnarskránni. Svo einfalt er það mál. Og það er ekki þingsins að skera úr um það með réttu heldur dómstólanna. Enda er það grundvallaratriði í hverju lýðræðisríki að virða þrískiptingu valdsins.

Ég hef fengið hér í hendur frá hæstv. fjmrh. tillögur í 14 liðum sem hann hefur viljað koma á framfæri undir þessari umræðu. Ég hygg að eitt og annað í þessum tillögum geti verið til bóta. En það breytir ekki því að sumt í þessum tillögum kallar að sjálfsögðu á breytta skipan Alþingis, m.a. sú hugmynd að sama nefndin eigi að fara yfir skattalög og fjárlög. Til þess þyrfti að vera hér ein deild í þinginu og sú deild að hafa löggjafarvaldið. Eins og menn vita í dag þá starfa tvær deildir og svo sameinað þing. Satt best að segja finnst mér þegar ég fer yfir þessi drög að hæstv. fjmrh. hefði haft mjög gott af því að hafa svo sem 10 ára þingsetu eða meir áður en hann settist niður við að semja sumt af því sem hér hefur verið sett á blað. Það er nefnilega svo að ýmsar hugmyndir geta verið fallegar við fyrstu sýn en þær standast kannski ekki að öllu leyti í framkvæmd.

Hér eru uppi hugmyndir um að tryggja aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og samkvæmt þeim hugmyndum virðist aðalskörunin eiga að liggja í því að fulltrúi fjvn. situr í framkvæmdanefnd um opinberar framkvæmdir. En ætli aðalskörunin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds liggi ekki í því að fulltrúar löggjafarþingsins sitja sem ráðherrar og þingmenn samtímis? Ég held að það sé líka óraunhæft að gera ráð fyrir því að með hverri einustu tillögu sem menn flytja á Alþingi Íslendinga eigi að flytja tillögur um útgjöld, um tekjustofna. Ég hygg að það væri auðvelt fyrir marga að benda á einhvern tekjustofn sem þeir vildu koma á framfæri en enn þá auðveldara vær að sjálfsögðu að benda á eitthvað sem þeir vildu skera niður þannig að tillöguflutningurinn yrði alveg sá sami þó að þetta kæmi inn. En eitt vil ég segja hér aftur af því að hv. 1. þm. Norðurl. v. er hér mættur, að ég hygg að honum væri stjórnarskráin holl lesning þannig að hann gæti rifjað það upp fyrir sér hvað það var sem hann vann eið að að halda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þegar forseti gerði grein fyrir þessum dagskrárlið áðan sagði hann að það væri að eindreginni ósk að þetta mál væri tekið á dagskrá nú á kvöld- eða næturfundi til þess að gefa annaðhvort stjórnarandstæðingum eða andstæðingum frv. kost á því að taka til máls. Nú vil ég alls ekki flokka mig stjórnarandstæðing og ég vil ekki alfarið heldur telja mig andstæðing frv. Ég held að þar sé margt sem er reynt að færa til betri vegar í ríkisfjármálum en nú er. Ég er hins vegar ekki öllu sammála í frv. og tel að hér sé um sumt nokkuð langt gengið til þess að hægt sé að sætta sig við það og til að hægt sé yfir höfuð að vinna eins og þar er upp á lagt og ýmislegt þurfi að lagfæra í frv. áður en það verður lögfest.

Sem fjárveitinganefndarmaður á nokkuð mörgum þingum er ég sammála hv. flm. þessa frv. um að auðvitað ber að leggja þunga áherslu á að fjárlög séu virt og að framkvæmdarvaldið valsi ekki með ríkisfjármál þar fyrir utan eins og sjálfsagt er hægt að finna nokkuð mörg dæmi um. Ég tel hins vegar að ég hafi líka séð það og reynt sem fjárveitinganefndarmaður að það er óhjákvæmilegt, hversu vel sem fjárlög eru unnin á hverjum tíma, að það komi upp í framkvæmdinni að það þurfi að veita fjárveitingar með nokkuð öðrum hætti en fjárlögin þó kveða á um.

Ég held að þetta hafi hvað eftir annað komið í ljós og við höfum fyrir okkur mýmörg dæmi í þessu sambandi. Það kemur í ljós, hvort sem við viljum kalla það galla eða vanáætlun eða að það þurfi að endurskoða fjárlögin á einn hátt eða annan, að það þarf að framkvæma hlutina með öðrum hætti.

Auðvitað rakti hv. 2. þm. Vestf. það hér mjög

ítarlega áðan hvernig þetta kann að fara í bága við stjórnarskrá og við viljum auðvitað ekki gerast brotlegir við stjórnarskrána en mér sýnist þó að í ríkisfjármálunum eins og svo mörgum öðrum þáttum í okkar þjóðfélagi þurfi að vera ákveðinn sveigjanleiki sem við verðum að geta framkvæmt.

Mig langar að nefna — af því að hér eru nú í þingsal eingöngu hv. fjárveitinganefndarmenn með þremur undantekningum — nokkur dæmi sem ég veit að þessir hv. fjárveitinganefndarmenn kannast vel við og sumt af því hefur verið til umræðu nú seinustu daga og í vinnslu. Að nýlokinni samþykkt fjárlaga fyrir þetta ár stöndum við frammi fyrir því að rekstrarvandi einstaka ríkisstofnana er alls ekki leystur, það er ekki séð fyrir honum í fjárlagadæminu. Og það var meira að segja álit hv. formanns fjvn. þegar hann gerði grein fyrir brtt. fjvn. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990 að þetta þurfi að skoða, þessi mál þurfi að taka til endurskoðunar strax á nýju ári. Ef það verði ekki gert þurfi að draga svo saman rekstur viðkomandi stofnana, segja upp starfsfólki og draga úr starfseminni að við það verði ekki unað. Og þá er spurningin: Hvernig á að framkvæma slíkt þegar skýrt er tekið fram í 1. gr. þessa frv. að greiðslur úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár? (Gripið fram í.) Já, hv. formaður fjvn. bendir auðvitað á það að ríkisstjórn og Alþingi hafi gert sig sek um, kannski ítrekað, að afgreiða fjárlög sem menn hafa séð fyrir fram að gæti ekki staðist. Enn hafi menn gert það, eins og hugsanlega hefur komið fyrir einhvern tíma áður og ég hygg reyndar ítrekað en eins og frv. hljóðar hér er gjörsamlega loku fyrir það skotið að hægt sé að leiðrétta slíkt fyrr en að samþykktum fjáraukalögum á nýju ári. Ef menn taka upp þau vinnubrögð að slík lög séu lögð fyrir Alþingi oft á ári — ég segi nú oft á ári — þá er kannski hægt að komast fram hjá þessu, en ef það er gert með þeim hætti sem var á síðasta ári að samþykkja fjáraukalög nánast um leið og fjárlög, undir lok þings, rétt fyrir áramót, þá er slíkt óframkvæmanlegt og getur ekki staðist.

Mig langar að nefna annað dæmi um óvænt útgjöld sem koma upp ófyrirséð og við töldum okkur ekki sjá fyrir fram. Kannski er þar um að kenna skammsýni framkvæmdarvaldsins og embættismanna að átta sig ekki á því en það liggur fyrir núna að í þessum nýsamþykktu fjárlögum eða fjárlögum fyrir árið 1990 hefur ekki verið áætlað fyrir kostnaði við sjúkraflutninga.

Við stöndum frammi fyrir því nú þessa dagana að sjúkraflutningar á a.m.k. sumum stöðum ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Pálmi Jónsson grípur hér fram í og segir að það hafi átt að sjá um að koma því inn í fjárlögin. Ég nefndi að vel gæti verið að um mætti kenna skammsýni framkvæmdarvaldsins eða embættismanna að það skyldi ekki vera gert, en þetta stafar af breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem samþykktar voru seint á seinasta þingi og það hafa allan tímann síðan verið að koma fram ný og ný atriði sem ekki var fyrirséð á þeim tíma hvernig mundu virka. Og eitt af því er einmitt þetta, hvernig fara skyldi með kostnað af sjúkraflutningum. Og hér er sums staðar ekki um neinar smátölur að ræða, skiptir jafnvel tugum milljóna og kæmi mér ekki á óvart þegar öllu er til skila haldið að það gæti jafnvel orðið á annað hundrað millj. kr. sem vantar upp á þennan kostnaðarlið.

Nú er svo komið sums staðar að þetta er að stöðvast, við getum ekki greitt þessa flutninga, við höfum ekki fjárveitingar fyrir þeim. Og ég spyr hv. flm. frv. hvernig þeir sjái fyrir sér að svona mál verði leyst. Að vísu er hér í 10. gr. frv. ákvæði sem má kannski hugsa sér að gæti náð yfir hluti eins og þetta. Þar stendur: „Falli fyrirvaralaust greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt ...“ o.s.frv. En kannski mundu nú einhverjir segja að þetta væru hvorki óviðráðanleg né ófyrirsjáanleg atvik þó svo sé komið að fyrir þessu sé ekki áætlað og afar erfitt að sjá fram úr þessu öðruvísi en að fjárveiting fáist úr ríkissjóði, og það nú þegar, til að standa straum af kostnaði eins og þessum.

Þriðja atriðið sem mig langar að nefna er að fjárlögin eru unnin og samin síðla sumars. Þau eru vissulega í vinnslu fram undir áramót í hv. Alþingi, en á haustdögum eru ákveðnar fjárveitingar til ýmissa verkefna, til ýmissa framkvæmda, þar sem kostnaðaráætlanir hafa e.t.v. ekki á þeim tíma verið nægjanlega nákvæmlega unnar. Síðan kemur í ljós þegar á að fara að vinna úr þessu, á árinu þar á eftir þá er sest niður og nákvæm kostnaðaráætlun gerð í ljósi þeirra staðreynda sem þá liggja fyrir, að oft og tíðum vantar upp á það að hægt sé að ná þeim verkáföngum sem áformað var. Auðvitað verða menn í mörgum tilfellum að sætta sig við það að hægja á framkvæmdum, draga úr þeim eða jafnvel stöðva þær. En í sumum tilfellum er það kannski í fyrsta lagi mjög óskynsamlegt, í öðrum tilfellum varla kleift t.d. vegna verksamninga og þá eru menn samkvæmt ákvæðum þessa frv. algjörlega bundnir af því og geta ekki unnið á skynsamlegan hátt að framkvæmd verkefnanna og ábyggilega ríkissjóði í flestum tilfellum til hagsbóta, að geta lagt fram viðbótarfjármuni til þess að ljúka slíkum verkefnum heldur en að þurfa að draga þær eða jafnvel stöðva.

Ég ætla ekki að ræða hér um hverja einstaka grein þessa frv. þó að ég hefði kannski viljað gera athugasemdir líka við ákvæði fyrri málsgr. 2. gr. En það hefur áður verið gert og ég ætla ekki að orðlengja um það.

Í 3. gr. eru einnig mjög stíf ákvæði um kaup, sölu, skipti eða leigutíma, langtímaleigu ríkissjóðs á eignum. Ég held að hér sé líka mjög þröngur stakkur sniðinn. Ég held að það geti í mörgum tilfellum verið óhjákvæmilegt fyrir framkvæmdarvaldið að hafa möguleika til að geta gripið inn í, þó svo að heimild sé ekki í fjárlögum hverju sinni, eins og hér er talað um að nauðsynlegt og skylt sé. Oft og tíðum sé nauðsyn-

legt að hafa þarna svigrúm og oft og tíðum getur það einnig verið til hagsbóta fyrir ríkissjóð að hægt sé að grípa þarna inn í með stuttum fyrirvara.

Í 11. gr. frv. eru tillögur eða hugmyndir um það að setja inn tvo útgjaldaliði, fyrir óvissum útgjöldum og ófyrirséðum, og vissulega er hér skapað svigrúm til þess að mæta því sem óvænt kemur upp á. En það vill nú oftast verða svo að þó að fyrirhugað sé að setja einhverja slíka liði inn í fjárlögin þá eru þeir oftast nær mjög smátt skammtaðir og í þessari 11. gr. er t.d. talað um það í sambandi við liðinn Óviss útgjöld að honum sé aðeins ætlað að mæta áhrifum breyttra verðlagsforsendna. Þar er ekki ætlunin að hægt sé að grípa inn í með ýmsa óvænta hluti aðra en þá sem aðeins verða raktir til verðlagsforsendna. Þessir smátt skömmtuðu liðir verða oft fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum þegar þarf að beita honum, það þekkjum við vel. Á hverju einasta ári, ég hygg flest ár sem ég hef setið á Alþingi og meðan ég átti sæti í fjvn., liðu varla svo áramótin að ekki væru kallaðir saman fulltrúar fjvn. til fundar við fulltrúa fjmrn. til þess að reyna að skoða hugmyndir um með hvaða hætti væri hægt að draga úr útgjöldunum og skera þau niður. Það er auðvitað alveg ljóst að ef slíkum vinnubrögðum er beitt þá verða einmitt þessir óvissu og ófyrirséðu liðir fyrir barðinu á slíkum sparnaðaraðgerðum og þar með er svigrúmið tekið af framkvæmdarvaldinu hvað þetta varðar.

Ég held að það væri hægt að hafa á þessu annað form og liprari vinnubrögð en hér er gert ráð fyrir. Ég vil í því sambandi nefna hugmyndir sem eru reyndar settar fram í tillögum fjmrh. um umbætur í fjármálastjórn ríkisins sem kynntar voru hér í upphafi umræðunnar um þetta frv. af fjmrh. sjálfum. Þar eru settar fram hugmyndir um að endurvekja svokallaða ríkisfjármálanefnd. Slík nefnd hefur starfað og ég hef sjálfur setið í slíkum starfshópi þar sem áttu sæti fulltrúar fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fjvn. og Ríkisendurskoðunar og ég held að þarna hafi verið unnið mjög gott og þarft starf. Þar voru lagðar fyrir hugmyndir, eins og þessar sem ég hef hér gert að umræðuefni, þar voru þessir hlutir ræddir og þarna kom fjvn. og þar með þingið eða fulltrúar Alþingis að málum. Mér finnst líka sjálfsagt að aukafjárveitingar þurfi samþykki ríkisstjórnar allrar þannig að þetta sé ekki vald sem fjmrh. hefur einn. Mér finnst að það *mætti taka mjög mikið tillit til þeirra hugmynda* sem hér eru settar fram í frv. án þess að það væri bundið svo fast eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég er reyndar með þessu að segja að ég er ekki heldur sammála ýmsum þáttum í þessum tillögum fjmrh. þar sem hann setur fram t.d. í 9. tölul. þeirra tillagna þá hugmynd, sem er nánast sú sama og fram kemur í frv., að allar greiðslur úr ríkissjóði verði annaðhvort samkvæmt heimildum í fjárlögum eða fjáraukalögum og aukafjárveitingar verði lagðar niður.

Ég er búinn að lýsa skoðun minni á þessu og þarf ekki að orðlengja um það og ég skil reyndar alls ekki hvernig framkvæma á 10. liðinn í þessum tillögum fjmrh., þar sem gert er ráð fyrir því að með hverju þingmáli sem leitt gæti til aukinna útgjalda fylgi tillaga með grg. um hvernig skuli einhvers staðar annars staðar draga úr útgjöldum. Það er auðvitað auðvelt fyrir heilbrrh., svo dæmi sé tekið, sem leggur fram frv. sem gerir ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka að í staðinn sé skorið niður í menntamálum eða félagsmálum eða einhverju öðru ráðuneyti en ég býst nú ekki við að það sé nákvæmlega það sem hér er átt við og mér finnst ekki ljóst hvernig á að framkvæma þetta.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Ég vildi aðeins koma á framfæri þeim sjónarmiðum mínum að mér finnst hér vera um of stíf ákvæði að ræða eins og frv. lítur út en ég get verið að mörgu leyti sammála anda þessa frv. og ýmsum ákvæðum sem sett eru fram hér án þess að ég sé að fara í það nánar eða eyða í það lengri tíma.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa hér langt mál um þetta ágæta frv. sem hér liggur til umræðu. Það er búið að ræða það nokkuð í þingsölum og ekki síður í þjóðfélaginu því þegar þetta frv. kom fram þá vakti það mikla athygli og hefur verið vel tekið alls staðar að þarna væri verið að brydda á nýjungum, þarna væri verið að brydda á breytingum sem væri nauðsynlegt miðað við það sem áður hefur verið hér í okkar þjóðfélagi. Og vegna ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. vil ég einmitt undirstrika þetta. Hér eru ný vinnubrögð sem hann þekkir að sjálfsögðu nokkuð þörfina á. Það er verið að reyna að koma einmitt í veg fyrir þá óvissu sem hefur verið í þessum málum með því að taka fastar á fjárlagagerðinni og nota ný og allt önnur vinnubrögð en hafa verið til þessa. Auka ábyrgð ráðuneytanna og láta þau sem sagt vinna öðruvísi heldur en hefur verið gert og þó að það hafi mikið verið lagfært á síðari árum er alveg ljóst að á þessu er brýn þörf.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á það í sambandi við *einmitt 10. og 11. gr. að þar er verið að taka á þeim* málum sem hann ber mestan kvíðboga fyrir og ég vil einnig benda honum á það í sambandi við óvænt útgjöld eins og hafa komið upp, að það er ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt þessum breytingum að leggja fram ný fjáraukalög áður en þessu þingi lýkur, fyrir vorið, þegar um er að ræða sérstök neyðartilfelli eða mál sem verður að leysa sem hafa alveg fallið í gleymsku eða ekki verið komin fram áður en fjárlög voru samþykkt. Þannig að það þarf ekki að leggja málið þannig fyrir að þetta sé algjörlega út í vindinn.

En af því að tíminn er orðinn svona stuttur nú verð ég sjálfsagt að fá leyfi til að vera á mælendaskrá áfram í þessu máli, því mig langar til að segja hér ýmislegt um það sem fram hefur komið.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., sem því miður er ekki hér í salnum, kom hér mjög borginmannlega upp í ræðustól og sagði að þetta frv. fjvn. allrar þýddi að það ætti að búa til 10 fjmrh. þannig að þeir ættu að vera nokkurs konar yfirnefnd yfir öllum fjármálum og fjármálastjórn íslenska ríkisins.

Ég verð að segja það núna áður en ég fer úr ræðustól eftir þennan stutta ræðutíma að mér finnst furðulegt að hv. þm. Páll Pétursson skuli auglýsa það að hann hafi ekki lesið frv. Ég verð að segja það alveg eins og er að hann er sá hv. þm. sem tekur mest þátt í norrænu samstarfi og telur sig þekkja stjórnskipulag á Norðurlöndunum manna best en í þessu frv. er farið yfir stöðuna á öllum Norðurlöndunum. Og hvað kemur í ljós? Það er einmitt það sem við erum að byggja þennan lagaramma á að það styðst við það sem er gert á hinum Norðurlöndunum öllum. Það sem hefur viðgengist hjá okkur er að koma með aukafjárlög eða fara fram úr gildandi fjárlögum upp á fleiri, fleiri milljarða á hverju einasta ári. Og þó að sumt af því sé nauðsynlegt þá þarf að finna þessu form. Það er útilokað að starfa svona áfram. Og ég verð að segja alveg eins og er að mér kom á óvart þessi afstaða hans, ekki síst þar sem þetta frv. var lagt fram í desember og það var afhent öllum þingflokkunum en það hefur aldrei verið hægt í þingflokki okkar framsóknarmanna að taka þetta frv. til umræðu fyrr en núna síðustu dagana fyrir frumkvæði forsrh. Þó hefur það legið á borðum hv. 1. þm. Norðurl. v. sem þingflokksformanns og það hefur ekki verið hægt að fá rúm til þess að ræða það efnislega. Svo kemur hv. þm. hér upp og segir að við sem leggjum þetta fram séum að skapa hér ný embætti, nýtt ráðuneyti sem á að vera skipað 10 ráðherrum til þess að hafa yfirumsjón með öllum fjármálum ríkisins.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma en mundi þá áskilja mér rétt til þess að taka til máls þegar þetta mál verður næst á dagskrá til þess að ofbjóða ekki þeim tíma sem hér hefur í það farið. En ég vil aðeins segja það að forsenda þess að þetta var tekið upp og aðdragandi eru þær gífurlega miklu óvissuupphæðir sem hafa komið upp í meðferð fjárlaga, ekki síst núna á síðari árum, sem skipta ekki milljarði heldur mörgum, mörgum milljörðum króna, sem hafa verið hér til umræðu.

Á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni hjá fjmrh. að leggja fram fjáraukalög fyrir sama árið og við afgreiðum það rétt fyrir jólin. En því miður verðum við núna að fjalla um ný fjáraukalög fyrir árið 1989, fyrir þá 10 daga sem eftir lifðu af árinu. Og það er líka milljarður og jafnvel meira. Mér finnst þetta benda til þarfarinnar á því að fara að taka þessi mál föstum, nýjum tökum. Og ég verð að segja það alveg eins og er að það vekur vissa undrun að einmitt þeir sem við þykjumst vera að gera þetta fyrir, þeir aðilar sem eiga að stjórna íslenska ríkinu og ekki síst fjármálum, að þeir skuli frekar tala gegn þessu heldur en aðrir almennir þingmenn.

Ég verð að segja það líka að hæstv. fjmrh. óskaði eftir því þegar hann tók til starfa, og þessi ómögulega fjvn. sem situr að völdum að mati hv. 1. þm. Norðurl. v., að eiga sérstakt samstarf við nefndina, leiða inn ný vinnubrögð í samstarfi. Þetta gekk nokkuð eftir hans stefnu 1988 en datt niður á sl. ári þannig að fjvn. kom sama og ekkert að fjárlagafrv. fyrr en það var lagt fram hér á hv. Alþingi. Og ríkisfjármálanefndin sem hæstv. heilbr.- og trmrh. nefndi áðan var að störfum 1988, að nokkru leyti miðað við það sem hún á að gera, en árið 1989 og síðan hefur hún ekki komið saman. Þannig að það er fjmrh. sjálfur sem hefur afskrifað hana þó hann leggi til í þessum punktum núna sem sérstakt atriði að hún ætti að taka til starfa.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta þingheim meira en ég áskil mér rétt til að fá að tala til máls þegar málið kemur næst á dagskrá til að ljúka máli mínu.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

63. fundur, fimmtudaginn 15. mars, kl. 10 árdegis.

Bókun afbrigða.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta mun hafa láðst á síðari fundi við afgreiðslu á ályktun um heillaóskir til Litáa að leita afbrigða áður en tillagan var samþykkt. Forseti hafði að vísu gert það á hinum fyrri fundi en vitanlega bar að gera það aftur á hinum síðari. Hvorki hv. þm. né embættismenn bentu mér á þetta fyrr en fundinum var lokið.

Forseti vill því fara þess á leit, verði því ekki mótmælt, að afbrigði verði færð til bókar.

Um þingsköp.

Vinnubrögð forseta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég held að ekki verði undan því vikist að ræða, vissulega af rósemd en verulegri festu, um þingsköp og störf forseta. Eins og allir vita er kosið af Alþingi á haustdögum hverjir skuli gegna hér æðstu trúnaðarskyldum. Ekki er það svo að þingmenn gangi til þeirrar kosningar án þess að ríkjandi stjórnarflokkar á hverjum tíma hafi áður gert með sér samkomulag um hvernig skipta skuli þeim embættum. Vissulega ríður á miklu að þeir þingflokkar sem fá hin ýmsu embætti reyni að velja úr sínum röðum til þeirra starfa þá sem hæfastir eru eða þannig að ásættanlegt sé fyrir allan þingheim að búa við. Og oftast nær gerist það að þó nokkurs fums gæti e.t.v. á fyrsta starfsári forseta þá stækka þeir með starfi sínu þannig að þetta verður vandræðalaust. Nú hefur núv. hæstv. forseti ekki átt því láni að fagna að ná þeirri breidd í stuðningi til kjörs á haustdögum sem oft hefur orðið áður þegar forsetar hafa setið vissan tíma.

Ég held að rétt sé að það komi fram að mér finnst ekkert einfalt mál hvort það skuli gert eftir á að færa til bókar hvort afbrigði hafi verið veitt fyrir máli sem var þess eðlis að trúlega er í dag búið að senda heillaóskaskeyti til ákveðins þjóðþings án þess að

afgreiðsla málsins hafi farið fram með lögformlegum hætti hér í þinginu. Slíkt verður náttúrlega ekki aftur tekið.

Samkvæmt þeirri venju sem er hér ríkjandi er reglan sú að mál fari til nefndar. Nú gerist það stundum að þingnefndir flytji mál og er ekkert nema gott um það að segja. Þá er ætlast til þess að ein nótt líði frá því að málinu er útbýtt og þar til það kemur til umræðu. Forseti hefur leyfi til að leita afbrigða hjá þinginu til að mega hafa annan hátt á. Það gerði hæstv. forseti. En gert er ráð fyrir því að tvær umræður fari fram. Og nú er gert ráð fyrir því, samkvæmt þingsköpum, að enn líði ein nótt á milli áður en næsta umræða fari fram, ella sé leitað afbrigða. Það gerði hæstv. forseti aftur á móti ekki, heldur bar málið upp. Og má segja að með vinnubrögðum sínum hafi hann gerst brautryðjandi í því að ryðja burtu tveimur öryggisventlum sem ætlað er að hafa í þinginu til að koma í veg fyrir að mál séu afgreidd eins og á venjulegum fjöldafundi úti í bæ, þar sem einhverjum dettur kannski í hug að bera upp tillögu og svo er klappað fyrir henni á eftir. Auðvitað hvílir sú skylda á forseta, öllum öðrum fremur, að gæta þess að hinar eðlilegu síur þingsins séu ekki á þennan hátt fjarlægðar og óvönduð vinnubrögð tekin upp í staðinn.

Ég verð að segja það að þetta á í sjálfu sér ekkert skylt við umræðu um efnisatriði þeirrar tillögu sem samþykkt var hér. Þetta er fyrst og fremst spurning um það hvort forsetinn viðheldur vönduðum vinnubrögðum eða hvort hann með flaustri afgreiðir mál þannig að ekki er hægt að una því.

Mér er ljóst að íslenska þjóðin mótmælti því á sínum tíma þegar Litáar voru innlimaðir í Rússland. Og ég held að það fari ekki á milli mála að það viðhorf hefur ekkert breyst hjá íslenskri þjóð. Það er aftur á móti spurning hvenær hægt er að óska mönnum til hamingju og vissulega sló það mig allilla þegar ég hlustaði á fréttirnar úr sænska þinginu í gær. Samt sem áður er þetta ekki það sem flokkast undir umræðuna um þingsköp. Það er hitt: Hverjar eru skyldur forseta í þessum efnum? Ég get ekki unað þessum vinnubrögðum. Ég vil að það komi hér fram, ég get ekki unað þessum vinnubrögðum. Og ég tel að forseti hafi brugðist því trausti sem ég ber til hans í þessum efnum.

Ég ætla að víkja að öðru atriði sem ég tel nauðsynlegt að ræða hér einnig. Oft hitnar í kolunum í sölum Alþingis og oft gerist það að menn telja að þeir þurfi að bera af sér sakir vegna ummæla sem fallið hafa. Nú má vel vera að hæstv. forseti hafi á því á hinum ýmsu tímum allt aðrar skoðanir en sá sem óskar eftir að fá að bera af sér sakir. Ég minnist þess aftur á móti ekki að það hafi komið fyrir að því hafi verið neitað hér í þingsölum nema af einum hæstv. forseta. Það gerist einnig oft að menn una ekki hvernig staðið er að störfum hjá forseta og óska eftir því að fá orðið um þingsköp. Og þá er það veitt, að því er ég ætla undantekningarlaust. Forsetar gera svo að sjálfsögðu grein fyrir sínum viðhorfum úr ræðustóli á eftir og það er misjafnt hvort þeir taka tillit til þess sem þingmaðurinn hefur að segja um þingsköp eða ekki. En spurningin er ákaflega einföld: Er það viðhorf forseta að alveg eins og ritfrelsið er einn af grundvallarhornsteinum lýðræðis sé réttur þingmanna til athugasemda í þessum efnum virtur hér í þinginu? Eða er það viðhorf forseta að hann sé nánast í sömu aðstöðu og kennari í skólastofu sem eigi að stjórna hér fundi ákveðinn mínútutíma og svo eigi liðið að fara út og athugasemdir þurfi engar að taka til greina eða leyfa umræðu um?

Ég held að við séum komnir hér að kjarnanum í lýðræðishugsun. Að mínu viti höfum við valið okkur verkstjóra til þess að stjórna vinnubrögðum hér á þinginu. Við höfum ekki valið okkur dómara sem ætlar sér að breyta hefðum Alþingis Íslendinga á þann veg að hann úrskurði hiklaust á þann veg að málfrelsið í þessum efnum, til að bera af sér sakir eða segja örfá orð um þingsköp, sé af mönnum tekið. Mér er aftur á móti ljóst að það er oft vandi á höndum að stýra valdi forseta þannig að umræða verði ekki of löng. Og þar eru ýmsar reglur settar inn, m.a. réttur til að takmarka ræðutíma.

Ég hef látið hér falla alvarleg orð til hæstv. forseta. Ég vona aftur á móti að það dyljist engum að bak við þau liggur enn þá meiri alvara.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. vill forseti taka fram að samkvæmt upplýsingum skrifstofu Alþingis hefur hvað eftir annað komið fyrir að gleymst hafi að leita afbrigða hér í þingsölum. Venjulega hefur slíku verið bjargað með því að færa það til bókar án þess að þess væri getið hér í þingsal. Forseta þótti hins vegar rétt að geta þess og leita álits á því hvort svo mætti gera.

Ég geri ráð fyrir að enginn hv. þm. hafi gert ráð fyrir því þegar núv. forseti var kjörinn að hann væri óskeikull. Og forseti hefur aldrei haldið því fram. Hér var um nokkuð óvenjulega afgreiðslu að ræða og forseti gleymdi einfaldlega að leita afbrigða, svo einfalt var það. Það harmar forseti en hefur ekki hugsað sér að hafast svo að í framtíðinni. Og mun þetta nú líklega verða lexía sem nægir.

Vegna þeirrar fullyrðingar hv. 2. þm. Vestf. að forseti hafi unnið ólýðræðislega hér á síðasta fundi skal upplýst að hér var um að ræða 30 mínútna utandagskrárumræðu sem þingflokksformenn höfðu góðfúslega leyft forseta að láta fara fram á þingflokksfundartíma. Umræðan teygðist hins vegar og voru liðnar nær 15 mínútur til viðbótar við umsaminn tíma. Þegar forseti neyddist til að slíta fundi voru fimm hendur á lofti. Hæstv. ráðherrar höfðu gert athugasemd við þetta þar sem fjölmörg mál lágu fyrir þingflokkum. Forseta var því nauðugur einn kostur að slíta fundinum og hafði enda fullt vald til þess.

Landgræðsla, frh. síðari umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 43. mál. — Þskj. 43, n. 676.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef verið að skoða till. til þál. um landgræðslu. Ég tel að ýmis atriði þurfi að ræða hér í þinginu til þess að menn átti sig á því hvernig þarf að standa að þessum málum og hvernig staðið er að þeim. Mér skilst að menn séu með þær hugmyndir uppi að taka upp tvenns konar áburðarverð í landinu, annars vegar það sem ætlað er til bænda og hins vegar það sem ætlað er til sandgræðslunnar.

Nú er það svo að Áburðarverksmiðja ríkisins hefur einkarétt á allri áburðarsölu í landinu, þ.e. hún flytur inn þann áburð erlendan sem við notum og framleiðir og selur þann innlenda áburð sem hér er notaður. Ég fæ ekki séð að í reynd geti það verið réttlætanlegt að einokunaraðili eins og þessi sé í stöðu til að bjóða öðrum áburð á lægra verði nema í reynd sé verið að tala um það að menn greiði þann kostnað í gegnum búvöruverðið. Þetta vil ég að komi hér fram. Því eins og allir vita er áburðarverð einn af stóru þáttunum í ákvarðanatöku um búvöruverð og með þessu móti sýnist mér að það sé niðurstaðan að menn séu að hugsa um að greiða þetta þar í gegn. Ef menn aftur á móti legðu hér til að einokunarréttur Áburðarverksmiðju ríkisins væri afnuminn þá hefði ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga hvaða tilboð hún gerði öðrum aðilum.

Einnig held ég að það sé rétt að ég geri hér grein fyrir því sem mér sýnist veikleikinn í þeim hugmyndum sem menn hafa haft uppi um að girða af land, sá í það grasfræi og dreifa á það áburði og hafa slíkt land eftirlitslaust upp á öræfum. Það er alkunna að víða hefur það gerst þar sem bændur hafa ræktað nýrækt að nýræktin hefur öll verið eyðilögð af gæsum. Þær hafa komið í stórum flotum og lagt undir sig umrætt svæði og breytt því í flag. Þó hefur vafalaust af hendi þeirra sem nýræktina áttu oft og tíðum verið reynt að gera ýmsar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þetta geti átt sér stað.

Gæsaflotinn á Íslandi hefur stöðugt verið að stækka á undanförnum árum og álftaflotinn einnig. Þessi vöxtur er svo ör að ég ætla að þó að við tækjum okkur til og færum að dreifa miklu af áburði á ýmis öræfasvæði án þess að hugleiða hvernig við ætlum að hafa hemil á aukningu þessa flota, þá er mikil spurning hvort verkið yrði ekki allt unnið fyrir gýg. Þetta segi ég vegna þess að eins og allir vita þá verpir heiðagæsin í Þjórsárverum en aðeins brot af ungunum kemst upp því fæðu skortir á svæðinu. Þeir drepast einfaldlega vegna þess að þeir ná ekki að vaxa í þá stærð að geta flogið annað til fæðuöflunar áður en þeir eru orðnir hungurmorða. Ég set þetta hérna fram því ég tel að það sé tímabært að á þessu máli verði tekið. Það er hægt út af fyrir sig að handsama mjög stóra gæsahópa með þeirri þekktu aðferð að ginna þær til að koma á ákveðið gróðurlendi og skjóta svo yfir hópana neti. Ekki er viðurkennt að gera þetta til að fækka fugli en viðurkennd aðferð aftur á móti til þess að merkja fugl þegar menn eru að kanna lifnaðarhætti hans.

Nú vill svo til að um 80% af gæsunum sem hér eru hafa vetursetu á Bretlandseyjum. Þær eru þar vinsælar sem veiðibráð fyrir sportveiðimenn. Mönnum finnst það kannski skrýtið en að mínu viti væri ekki óeðlilegt að Íslendingar leituðu samkomulags við Breta um að þeir tækju þátt í sumareldi þessara fugla eða að hreinlega verði rætt við Breta um fækkun fuglanna, sem er eina raunhæfa leiðin til að tryggja að svo stórfelldar hugmyndir um uppgræðslu og áburðardreifingu gætu skilað þeim árangri sem ég hygg að allir Íslendingar vilji, því enginn vill horfa á örfoka land. Ég held það væri rétt að kanna þessa möguleika.

Með þessu er ég ekki að leggjast gegn þáltill. Ég er raunverulega ekki andvígur efni hennar, nema hvað þetta eina atriði snertir að mér finnst dálítið undarlegt að einokunaraðili í verslun geti boðið tvenns konar verð. Ég held aftur á móti að það sé tímabært, mjög tímabært, að menn átt sig á því að ef þeir færu nú og dreifðu ógrynni af grasfræi og áburði um öræfin, næðu árangri í að ná þar upp gróðri, fjarlægðu allar kindur með ærnum tilkostnaði með girðingum eða með því að tryggja að bændur hefðu þær í heimahögum, þá eiga menn eftir sem áður eftir að leysa það mál hvernig þeir ætla að koma í veg fyrir að hinn stóri floti, sem í dag étur upp á öllum votlendissvæðum á hálendinu þann gróður sem þar er, taki sig til og hreinsaði þessa uppgræðslu einnig.

Þetta taldi ég rétt að kæmi fram vegna þess að reynslan er sú á láglendi að auðvitað er þetta græna og ferska gras miklu girnilegra fyrir gæsir og álftir en sinuborið gras sem ekki hefur fengið neinn áburð. Og hætt er við að ef menn færu nú á fulla ferð en slepptu því að hugleiða þetta vandamál yrði árangurinn harla lítill.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt leiðrétting vegna orða hv. síðasta ræðumanns, 2. þm. Vestf. Hann gerði athugasemd við það að í ályktun hefði komið fram eitthvað sem hann kallaði tvöfalt áburðarverð, þ.e. eitt verð lægra til landgræðslu og annað hærra til bænda. Þetta er á miklum misskilningi byggt. Það sem gerðist í þessu máli var það að umsagnar var leitað hjá Áburðarverksmiðju ríkisins varðandi þá tillögu sem hér er til umræðu. Frá henni barst síðan bréf sem ég gerði grein fyrir við framsögu í málinu. Í bréfi þessu kemur fram tilboð frá Áburðarverksmiðju ríkisins um eftirfarandi: Að Áburðarverksmiðjan sé tilbúin að lækka áburðarverð um 20% ef keypt er umfram það magn sem Landgræðslan hefur keypt að meðaltali á ári á undanförnum árum, sem eru 1680 tonn, eða lestir á góðri íslensku.

Ég sagði í framsöguræðu minni með þessari tillögu að ég teldi þetta mjög rausnarlegt tilboð en það byggir einfaldlega á því að Áburðarverksmiðjan hefur orðið að draga saman í sínum rekstri á undanförn-

um árum vegna þess að áburðarnotkun hefur stórminnkað eftir að fækkað hefur verið í sauðfjárstofni og fækkað búpeningi á landinu upp til hópa. Sá áburður sem Áburðarverksmiðjan mundi selja með 20% afslætti væri áburður sem verksmiðjan framleiddi á þeim tímum þegar annars væri ekkert að gera þar. Þetta er sem sagt sá áburður sem hún gæti framleitt umfram það sem hún gerir um þesssr mundir. Sjálfum finnst mér þetta tilboð ákaflega rausnarlegt af hálfu Áburðarverksmiðjunnar og gæti komið landgræðslu á Íslandi að mjög góðu gagni.

Ég ætla ekki að ræða það sem kallað er einokunarréttur Áburðarverksmiðju ríkisins en eitt vil ég segja varðandi þetta mál. Ég ætla ekki að blanda gæsum inn í það vegna þess að ég hef enga vitneskju skriflega frá sérfræðingum eða öðrum um áhrif gæsarinnar á uppgræðslu í landinu. Allir vita auðvitað að stórir gæsahópar geta skilið eftir sviðna jörð þegar þeir fara yfir, en um heildaráhrifin veit ég ekki. Hins vegar er ég ákveðið þeirrar skoðunar og mjög þess fýsandi að við stefnum nú að því allir sem einn að banna lausagöngu sauðfjár og að menn hætti þeim tiltektum sem verið hafa uppi á undanförnum árum, að girða af land til þess að sauðfé komist ekki að landinu. Það á að snúa þessu við. Það á að girða sauðféð af og það á að gera í heimalöndum. Það á að gera bændum kleift að rækta upp heimalönd til þess að geta haft fé sitt og búpening á beit í heimalöndum og afréttarupprekturinn á að stöðva. Svo einfalt er það mál.

Við stöndum frammi fyrir því núna eins og ég gat um í upphafsorðum mínum þegar ég ræddi um þessa tillögu og gerði grein fyrir henni, við stöndum frammi fyrir því að margir af helstu afréttum þessa lands eru með öllu ónýtir. Ég get endurtekið upptalninguna á þeim. Við getum tekið Biskupstungnaafrétt sem er eyðimörk. Við getum tekið Landmannaafrétt sem er að verða eyðimörk. Við getum tekið Mývatnsafrétt sem er orðin eyðimörk. Þannig hefur þetta farið. Stóraukin hrossabeit hefur ekki bætt úr og eru mörg dæmi þess hvernig hross hafa farið með afréttarlönd þar sem þau hafa verið rekin upp. (**ÓÞÞ:** Hvar er það?) Ég held að hv. þm. ætti að ræða við hv. 1. þm. Norðurl. v. um það mál en ekki þann sem hér stendur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en eingöngu ítreka það að ég tel það fréttnæmt og mjög rausnarlegt af Áburðarverksmiðju ríkisins að bjóða til sölu áburð til landgræðslu hér á landi á verði sem er 20% lægra en það verð sem gildir nú í dag. En þau takmörk eru á þeirri sölu að afsláttur inn verður aðeins veittur á því magni sem er umfram þau 1680 tonn sem Landgræðsla ríkisins hefur keypt af Áburðarverksmiðju ríkisins að meðaltali á ári á undanförnum árum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur lengi verið tíska að kenna sauðfé um allan óförnuð. Ég hygg nú samt að þeir sem vilja skoða þessi mál af rósemi átti sig á því að það er maðurinn sjálfur sem er að eyðileggja mestan gróður í þessu landi og stærsta ákvörðun í þeim efnum er að sjálfsögðu Blönduvirkjun. Ég held jafnframt að við bætum ekki þessa umræðu með því að menn standi hér upp og haldi þrumandi ræður um hluti sem þeir hafa kynnt sér illa. Ástæður fyrir gróðurrýrnun á öræfum eru af ýmsum toga spunnar. Náttúran sjálf vinnur þar mikið verk.

Ég hygg að ekki sé deilt um það hér í þinginu að menn vilja ekki að með beit sé gróðri á öræfum spillt, en hins vegar er sú þekking almennt til staðar að menn vita að grasið sölnar á haustin og deyr. Og margur hefur spurt sjálfan sig hvort það væri einhver verri meðferð þó að það væri þó étið síðla sumars.

Varðandi athugasemdir hv. 3. þm. Norðurl. e. að hrossaupprekstur skaði mjög afrétti er það nú svo að víðast hvar er hann aflagður. Ég hugðist fá hjá honum upplýsingar um hvar hann væri, en honum varð svarafátt og verð ég víst að fara í einkatíma hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. til þess að fá svör við því þó hugsanlegt sé að fleiri viti.

Ég held að allur heitingastíll um þessa umræðu sé ákaflega barnalegur og það er jafnbarnalegt að gera ráð fyrir því að hægt sé að halda uppi sauðfjárrækt í landinu með því að girða allt sauðfé af innan ákveðinna girðinga. Ef mönnum virkilega dettur þetta í hug, þá hygg ég að þeir hinir sömu ættu að setjast niður og reikna út hvað kjötkílóið mundi kosta ef þetta yrði tekið upp sem stefna.

Við erum í stóru og strjálbýlu landi og aðstæður eru mjög misjafnar á hinum ýmsu stöðum. Við verðum að taka ákvarðanir í þessum efnum í samræmi við mismunandi aðstöðu. Það er ekki hægt að setja bara undir sig hausinn og segja: Svona skal þetta vera. En hvað rausnarlegt tilboð Áburðarverksmiðjunnar snertir, þá er það nú ekki rausnarlegra en svo, ef menn vilja vera raunsæir, að þeir treysta sér ekki til að selja áburð úr landi á því verði sem þeir eru að bjóða. Og það er þá raunverulega verið að segja að áburðarframleiðslan í landinu sé minnst 20% dýrari en heimsmarkaðsverð á áburði.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er merkt mál á ferðinni og ég get ekki að mér gert að leggja örfá orð til þessarar umræðu sem hér fer fram. Ég held það sé áríðandi að hafa heildarsýn í landgræðslumálum sem allir hafa að sjálfsögðu áhuga á. Allir hafa áhyggjur af því ef landið blæs upp og gróðureyðing vex. Ég held það leysi ekki vandann að banna með einu pennastriki lausagöngu búfjár. Það getur verið nauðsynlegt á ákveðnum svæðum en það eru önnur svæði á landinu sem þola beit. Ég vil benda á að kjötgæði þess fjár sem gengur á afrétti og nærist á fjallagróðri eru mjög mikil og það er viðurkennt. Ég held að sauðfjárræktin verði að byggjast á því áfram. En auðvitað verður að fara eftir aðstæðum í þessum efnum.

Menn verða að líta líka á aðra þætti í þessum málum. Ég átti nýlega viðræður ásamt nokkrum öðrum þingmönnum við landgræðslumenn. Þeir hafa mjög vaxandi áhyggjur t.d. af hrossabeit og umferð

hestamanna um hálendið, telja að þar verði að vera skipulag. Þeir telja að ekki eigi að banna slíka umferð heldur þurfi að standa að þeim málum með skipulegum hætti. Að með hópum reiðhrossa sem fara yfir hálendið að sumarlagi þurfi að hafa fóður þannig að ekki þurfi að beita þeim á viðkvæmar gróðurvinjar á hálendinu. Af þessu og aukinni hrossaeign í þéttbýli hafa menn vaxandi áhyggjur. Það verður ekki litið fram hjá þessu og þetta verða menn að hafa í huga þegar rætt er um landgræðslu og gróðureyðingu.

En það sem ég vildi undirstrika í þessu efni er að sú landeyðing sem er langstórtækust er af völdum veðra og vinda, það er sandfokið á hálendinu. Af því að t.d. Mývatnsöræfi voru nefnd hér áðan, þá er það náttúrlega dæmigert landsvæði þar sem sandfok herjar. Við höfum ekki nægjanlegan mannafla enn til þess að safna melfræi sem er það eina sem getur stöðvað þetta sandfok. Þar kreppir skórinn að. Í skjóli melgresisins kemur upp annar gróður. Þetta er málefni sem þarf að gera stórátak í. Þessu melfræi þarf að safna hér innan lands. Það er ekki á markaði, við getum ekki flutt það inn. Því þarf að safna hér og til þess þarf mannafla fyrst og fremst. Þetta er upplagt mál að beita sér að og setja aukinn mannafla í á þeim tímum sem melfræið er skorið. Þarna er stórverkefni að vinna í landgræðslunni og ég vildi minna á þetta vegna þess að gróðureyðingin sem stafar af uppblæstri og sandfoki er langsamlega stórtækust og þó að menn girði inni eitthvað af sauðfé í landinu, sem þar að auki hefur stórfækkað á undanförnum árum, hefur það ekkert að segja hjá þessum ósköpum. Ég vil bara vara við því að líta ekki á heildarmynd þessara mála. Mér finnst allt of mikið gert af því að taka einn þátt út úr og segja: Af þessu stafar gróðureyðingin, þetta þurfum við að gera til að hefta hana en sleppa öðrum þáttum sem eru jafnvel miklu, miklu stærri.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér er komin til síðari umræðu er að mínum dómi merkilegt mál. Það er ákaflega þýðingarmikið að halda áfram því starfi sem hefur verið unnið á undanförnum árum, að vinna skipulega að því að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi og verja þau landsvæði þar sem gróðureyðingin er mest, þ.e. þar sem sandfok á sér stað. Að undanförnu hefur verið unnið að fjölþættum aðgerðum til þess að vinna að þessu viðfangsefni. Þáttur í því starfi er vitaskuld að draga úr beitarálagi á landið og það hefur verið gert í fullu samráði og samvinnu við bændur og sveitarfélögin í strjálbýli landsins.

Ég held að það sé býsna athyglisvert innlegg í þessa umræðu sem hér var greint frá og er auðvitað þáttur í tillgr. að með aukinni framleiðslu áburðar hjá Áburðarverksmiðju ríkisins kynni að vera hægt að lækka verð. Áburðarframleiðsla í landinu hefur dregist svo saman að það hefur stórkostleg áhrif á rekstrarafkomu þess fyrirtækis sem eins og önnur slík fyrirtæki verður að byggja sína afkomu á framleiðslu. Þannig að ef um eitthvert verulegt magn af áburði yrði að ræða sem menn kynnu að treysta sér til að verja til uppgræðslustarfa þá væri hægt að framleiða það áburðarmagn á lægra verði en það áburðarmagn sem framleitt er í dag.

Ég hef margoft talað hér í þessum ræðustól um ýmsa þætti þessara mála, m.a. bent á eins og hér kom fram hjá síðasta ræðumanni að það er auðvitað náttúran sjálf sem hefur yfirgnæfandi áhrif á afkomu gróðurfars á hálendinu. Einn þáttur í því, sem vísindamenn virðast ekki hafa tekið til sérstakrar athugunar og farið hefur lítið fyrir í umræðunni, er staða jarðvatnsins. Ég hef ekki séð niðurstöður rannsókna á því hvernig jarðvatnsstaðan hefur verið á undanförnum árum en jarðvegsstaðan hefur afgerandi áhrif á gróðurfarið. Í fjöldamörg ár hafa verið snjóalitlir vetur hver á fætur öðrum og tiltölulega þurrviðrasamt þangað til sl. vetur og eins með veturinn í vetur. Og það var komið svo á þeim heiðalöndum sem ég þekki að gróðurinn var orðinn ótrúlega þyrrkingslegur. Hjá mér starfaði um tíma maður sem hafði mikinn áhuga á náttúrufræði. Hann fór ár eftir ár á sömu staðina á heiðalöndunum, kannaði ástand gróðurs, kannaði fjölda búpenings á vissu svæði, kannaði jarðvatnið og hann komst að þeirri niðurstöðu að jarðvatnið hefði hopað á nokkrum árum um tugi sentimetra. Þegar jarðvatnið fer það langt niður, ekki síst á móbergssvæðunum þar sem gosefnin eru mest í jarðveginum, að ræturnar ná ekki vatni þá deyr gróðurinn og landið blæs upp.

Eins og ég sagði var sl. vetur snjóþungur, einkanlega hér á vestanverðu landinu og það var allt annað upplit á gróðurfari hálendisins sl. sumar en verið hefur í mörg ár. Og ég á von á því þegar þessum vetri, sem er frekar snjóþungur einnig, linnir sjái þess enn betur merki að gróðurfarið fari batnandi.

Hrossabeit er að mestu aflögð en áður gengu stórir flotar hrossa um heiðalöndin og gengu mjög nærri gróðrinum. Það er aftur önnur saga að hrossabeit gengur mjög nærri landinu víða á láglendi, einkum í grennd þéttbýlis eins og allir sjá. Það er hins vegar líka rétt sem fram kom hér að mjög fjölmennar hópferðir hestamanna um hálendið geta verið varhugaverðar, ekkert síður vegna umferðar og traðks en beitar því að ef beit er ekki talin sæmileg hafa hestamenn yfirleitt með sér fóður á slíkum ferðum.

Það er oft talað um það hvað sauðfjárbeitin hafi mikil áhrif á gróðurfarið. Ég held að ég verði að segja sögu af því að einn af flm. þessarar till., hv. þm. Geir Gunnarsson, var ásamt mér og fleiri ágætum ferðafélögum á ferð eitt sinn á Eyvindarstaðaheiði og við gistum við Aðalmannsvatn í Bugum. Með okkur í för var Sigurður Blöndal, páv. skógræktarstjóri. Ég gat ekki stillt mig um að gera mér það til skemmtunar að leiða Sigurð vin minn Blöndal niður á vatnsbakkann og sýna honum stóran hólma í vatninu sem skepnur höfðu ekki gengið frá öndverðu. Og þar var gróðurinn engu betri en á landinu í kring. Það var röð af hvönnum meðfram bakkanum en í hólmanum sjálfum sást varla stingandi strá. Ég spurði vin minn

Sigurð Blöndal: Hvar er skógurinn? Og það varð vitaskuld fátt um svör. Fleiri slíkir hólmar eru í vötnum á hálendinu. Þeir eru að vísu sumir hverjir gróðursælir og einn slíkur mjög gróðursæll er í vestara Friðmundarvatni á Auðkúluheiði. En það er líka hólmi í svokölluðum Lómatjörnum á Auðkúluheiði sem skepnur ganga ekki í og þar sést enginn munur á gróðurfari eða á landinu í kring, enda er það votlent og hvergi gengið nærri gróðri.

Mönnum sem sjaldan fara um þessi landsvæði og kynnast ekki áhrifum af búfjárbeitinni hættir til að gera of mikið úr henni. Auðvitað hefur búfjárbeit áhrif á gróðurfar, sérstaklega ef þess er ekki gætt að taka búfé af landinu eftir að sprettutíma er lokið. Ef þá er látið ganga á landinu áfram er hætt við að gróður gangi mjög fljótt til þurrðar.

Ég skal ekki fara um þessa tillögu mörgum fleiri orðum. Ég bendi aðeins á að á rúmum 10 árum hefur vetrarfóðruðu sauðfé í landinu fækkað um yfir 300 þús. eða úr tæpum 900 þús. kindum niður fyrir 600 þús. fjár. Það þýðir að því sauðfé sem gengur á landinu að sumarlagi hefur fækkað um 700–800 þús. fjár og það munar um minna. Og þrátt fyrir það er talið að ástand gróðurs á hálendinu sé síst betra en áður. Það er auðvitað ekki vegna þess að sauðfjárbeitin hafi ekki dregist saman heldur er það vegna þess að jarðvatnið hafði hopað, að gróðurinn var að visna upp. En nú hygg ég að eftir snjóavetur í fyrra og snjóavetur í ár snúist þetta við og að nýtt líf komi í gróðurfarið á hálendinu í kjölfar þess að jarðvatnið stígur, að plönturnar ná þeirri næringu sem þær þurfa til að geta lifað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989, síðari umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 19. mál. — Þskj. 19, n. 706, brtt. 707.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989 og hefur skilað frá sér svofelldu nál.:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndinni barst umsögn um tillöguna frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs og er hún prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti."

Undir þetta nál. skrifa allir fulltrúar í utanrmn.

Brtt. á þskj. 707 er þannig: „Í stað orðanna „hrint verði í framkvæmd ályktunum" komi: vinna að framkvæmd ályktana." Þessi brtt. er gerð í samráði við 1. flm. þáltill. Þótti skynsamlegra að orða þetta heldur opið en svona beint að hrinda í framkvæmd því að það eru náttúrlega ýmis atriði í tillögunni sem ekki er unnt að koma í framkvæmd á svipstundu. Um þetta er gott samkomulag við 1. flm.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil, sem einn af fulltrúum í Vestnorræna þingmannaráðinu, þakka þessar undirtektir og að þessi tillaga skuli nú vera komin til afgreiðslu á hv. Alþingi. Um tíma var Vestnorræna þingmannaráðið farið að örvænta um að þær tillögur og ályktanir sem gerðar voru á fundum þess mundu ná fram að ganga eða hafa einhver áhrif. Þar kom að þingmannaráðið ákvað að freista þess að fá tillögur sínar eða ályktanir teknar inn í þingsályktanir á þingum þjóða sinna, á Alþingi Íslendinga og á þingum Færeyinga og Grænlendinga.

Ég er því ákaflega ánægður með þau tímamót sem hér eru að verða í starfi Vestnorræna þingmannaráðsins sem loks hefur fengið áheyrn hjá hv. Alþingi og að loks skuli ályktanir ráðsins koma til afgreiðslu á hinu virðulega Alþingi okkar Íslendinga.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna einn þátt þessarar ályktunar, yfirlýsinguna í lok ályktunarinnar. Ég persónulega tel mikilvægasta þáttinn í starfi Vestnorræna þingmannaráðsins að vekja athygli á þeirri ógn sem stórveldin leyfa sér að hafa í frammi við þessar þrjár smáþjóðir í Norður-Atlantshafi sem eiga allt sitt undir fiskveiðum.

Ég vil minna á að íslensk stjórnvöld hafa því miður á undanförnum árum haft sig allt of lítið í frammi til að mótmæla því gerræði, þeim hroka og þeim dónaskap sem stórveldin sýna þessum smáþjóðum, sem byggja tilveru sína á fiskveiðum, með því að hafa herskip sín kjarnorkuknúin með kjarnorkuvopn á stöðugum ferðum um hafsvæði og veiðislóðir þessara þjóða. Þetta er með öllu óþolandi ástand og íslensk stjórnvöld eiga að taka miklu harðar á þessu máli en þau hafa gert á undanförnum árum.

Ég verð að segja það að í hvert skipti sem við ræðum þetta mál hitnar mér í hamsi. Ástæðan fyrir því er einföld. Ég hef séð tölur um ferðir kjarnorkuknúinna skipa umhverfis Ísland og um sundið á milli Íslands og Grænlands. Það eru óhugnanlegar tölur sem gefa m.a. til kynna að þegar æfingar eru hjá stórveldunum á þessum hafsvæðum fara allt að 60 kjarnorkuknúin skip um hafsvæðið á milli Íslands og Grænlands á hverjum sólarhring. Okkur hefur verið sagt, sem höfum mótmælt þessu atferli stórveldanna sem fara sínu fram án mótmæla lýðfrjálsra þjóða, að tæknileg fullkomnun komi í veg fyrir það að slys verði um borð í þessum kafbátum og skipum sem eru kjarnorkuknúin. Í þessu sambandi vil ég minna á að af 900 kjarnakljúfum sem til eru í heiminum knýja 500 þeirra skip stórveldanna. Eitt slys sem yrði á þann veg að skip missti út geislavirkt kælivatn af kjarnorkuvél nálægt íslenskri fiskislóð, grænlenskri eða færeyskri mundi valda því að Íslendingar þyrftu ekki að binda um efnahagsleg sár sín næstu áratugi. Þetta er svo alvarlegt mál að ég stórefast um að hið háa Alþingi hafi gert sér minnstu grein fyrir því hvað

þarna er á ferð. Og mér finnst ráðamenn taka allt of kæruleysislega og af allt of miklu ábyrgðarleysi á þessu máli. Við skulum muna það að þessar þjóðir ásamt með öðrum siglingaþjóðum á vesturhveli jarðar hafa undirritað hvers konar samninga gegn mengun sjávar. Ég minni á Parísarsamkomulagið, ég minni á Oslóarsamkomulagið o.s.frv. En herir stórveldanna, herforingjarnir og stjórnendur þessara herja hafa aldrei undirritað samkomulag af nokkru tagi. Þeir fara sínu fram og spyrja hvorki kóng eða prest.

Kjarnorkuvígbúnaðurinn á Norður-Atlantshafi er einhver mesti kjarnorkuvígbúnaður í heimi. Eftir að samkomulag tókst á milli stórveldanna um fækkun meðaldrægra eldflauga á meginlandi Evrópu eru allar líkur á því að bæði stórveldin hafi fært varnar- og árásarlínur sínar út í Norður-Atlantshaf. Þetta hefur enn aukið á hættuna á stórslysum fyrir smáþjóðir á borð við Íslendinga. Þessi mál hafa einkum og sér í lagi verið rædd á fundum Vestnorræna þingmannaráðsins og menn lýst miklum áhyggjum. Sumir hafa að vísu verið viðkvæmir vegna aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ég vil taka það skýrt fram að ég er stuðningsmaður þess að við séum aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Hins vegar mótmæli ég því harðlega, og tel mig vera í fullum rétti til þess, að þessar stórþjóðir, þar á meðal Bandaríkjamenn, raunverulega svívirði fullvirðisrétt íslenskrar þjóðar, grænlenskrar og færeyskrar og annarra þjóða sem eiga land að Atlantshafi, með þessu vígbúnaðarskarki sínu á höfunum. Og mér finnst allt of lítil áhersla lögð á að hefja þegar í stað viðræður um afvopnun á höfunum. Þegar hæstv. utanrrh. nefndi það í NATO-ráðinu að hann vildi að þar yrðu teknar upp viðræður um afvopnun á höfunum voru svörin þau að það væri ekki hægt fyrr en gengið hefði verið endanlega frá samkomulagi um afvopnun á meginlandi Evrópu. Ef það verður niðurstaðan þá er fullljóst að viðræður um afvopnun á höfunum hefjast ekki fyrr en í fyrsta lagi eftir tíu ár. Þá geta mörg slys hafa orðið og þá getur hafa farið svo að afkoma íslenskrar þjóðar hafi verið sköðuð svo alvarlega að úr því verði ekki bættt, a.m.k. næstu áratugi.

Ég segi þess vegna, virðulegi forseti, að sá þáttur þessarar ályktunar sem ég met mest er viljayfirlýsing fulltrúa þessara þriggja smáþjóða sem skynja þessa hættu betur en aðrir af því að hún brennur á þeim. Það er þeirra viljayfirlýsing að óska eftir því að við förum fram, þessar þjóðir, með fullum krafti og krefjumst þess af stórveldunum hvar sem er á alþjóðlegum vettvangi að þær hefji þegar í stað viðræður um kjarnorkuafvopnun á höfunum. Ég læt mig einu gilda hvort menn skarka með dísilvélar um höfin en ég er algjörlega mótfallinn og mun berjast gegn því með oddi og egg hvar og hvenær sem er að kjarnorkuknúin skip fari um hafsvæði sem Íslendingar ráða yfir. Það er ljóst, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að Íslendingar hafi fært landhelgi sína, fiskveiðilandhelgi, út í 200 mílur þá er sú landhelgi ekki virt af hernaðaryfirvöldum stórveldanna.

Ég vil að lokum þakka hv. formanni utanrmn. fyrir að hafa gengið frá þessari tillögu og flutt hana hingað inn á Alþingi og ég vænti þess að hún hljóti samþykki hið fyrsta.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er í raun ekki mörgum orðum að bæta við þá ræðu sem hér var flutt rétt í þessu. En ég vil, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., þakka utanrmn. fyrir að afgreiða þessa tillögu með þeim hætti sem gert var og ég get tekið undir allt sem hann sagði hér um kjarnorkuafvopnun og nauðsyn hennar á höfunum hér í kring. Ég vil einnig minna á ýmsan annan eiturúrgang sem okkur getur stafað hætta af. Vestnorræna þingmannaráðið hefur á fundum sínum einnig fjallað um fyrirhugað kjarnorkuúrgangsver í Dounreay og það eru ekki beint tíðindi til að vekja okkur bjartsýni sem berast um Norðursjóinn þessa dagana. Því er full þörf á að taka með festu á þessum málum. Ég vil benda sérstaklega á varðandi samþykkt þessarar viljayfirlýsingar á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Stykkishólmi síðasta sumar um kjarnorkuafvopnun á höfunum, það var reyndar í annað skipti sem þessi samþykkt var gerð, að í Vestnorræna þingmannaráðinu eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálasamtaka sem sitja á þingum þessara þriggja landa og ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem öll stjórnmálasamtök ná samkomulagi um að samþykkja tillögu sem þessa, þ.e. að skora á stjórnvöld í löndunum þremur að hvetja stórveldin til að hefjast handa við að semja um afvopnun á höfunum. Það er reyndar von mín að í framhaldi af þessari tillögu náist slík samþykkt fram hér á Alþingi.

Ég ætlaði ekki að hafa um þetta fleiri orð, get reyndar bent á ýmsar fleiri tillögur sem fylgja þessari tillögu frá Vestnorræna þingmannaráðinu. Vil ég þá sérstaklega undirstrika hugmynd um að efna til sérstaks Vestnorræns árs árið 1992 þar sem sérstök áhersla yrði einmitt lögð á umhverfismál, jafnréttismál og æskulýðsmál í þessum þremur löndum. Í hugmyndum Vestnorræna þingmannaráðsins er gert ráð fyrir að þeim hugmyndum verði fylgt eftir með því að halda ráðstefnur um þessi þrjú meginatriði, þ.e. jafnréttismál, umhverfismál og æskulýðsmál í löndunum þremur það ár. Vil ég láta koma fram þá skoðun mína hér, vegna þess að innan Vestnorræna þingmannaráðsins, eins og reyndar í Norðurlandaráði, hefur farið fram nokkur umræða um gildi þessa samstarfs og hversu mikil áhrif þessi ráð geta haft og hvernig tillögum er fylgt eftir, að ég tel einmitt þessa tillögu um árið 1992 sem sérstakt Vestnorrænt ár vera prófstein á það hvort hægt er að fylgja eftir tillögum sem þar koma fram oogframkvæma þær. En eftir sem áður hlýtur að standa eftir sem mikilvægasta yfirlýsing þessa fundar tilmæli og áskorun til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands um að beita stórveldin þrýstingi til þess að setjast að samningaborðinu og hefja samningaviðræður um kjarnorkuafvopnum og afvopnun á höfunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnumöguleikar á landsbyggðinni, síðari umr.

Þáltill. DS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, n. 674, brtt. 675.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni bæði áhugavert og athyglisvert mál sem atvmn. hefur fjallað um og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Í grófum dráttum er hér um að ræða svokallaða fjarvinnu sem snýst um það að færa verkefni með ljósleiðurum og tölvutækni nútímans á milli landshluta. Tillagan fjallar um að færa verkefni t.d. frá þjónustustofnunum á Reykjavíkursvæðinu til landsbyggðarinnar og að reyna með því að efla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Að mínu mati er hér á ferðinni stórmerkilegt mál sem getur breytt til muna því jafnvægisleysi sem ríkt hefur á milli landsbyggðar annars vegar og stórborgarsvæðisins hins vegar. Þarna opnast nýir atvinnumöguleikar fyrir fólk á landsbyggðinni ef ríkisvaldið sér sér fært að flytja verkefni frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar með þeirri nútímatækni sem við ráðum yfir.

Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir því sem rætt hefur verið um í tengslum við þetta merka mál. Ég vil þó fyrst lesa upp nál. eins og það liggur fyrir á þskj. 674 um till. til þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni, en flm. þessarar till. eru kvennalistakonur og 1. flm. Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Álit atvmn. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um tillöguna Jón Erlendsson, forstöðumann Upplýsingaþjónustu Háskólans. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Byggðastofnun, Byggðahreyfingunni Útverði, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar hf., Iðnþróunarfélagi Þingeyinga, Kvenfélagasambandi Íslands, Póst- og símamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, Stéttarsambandi bænda, Upplýsingaþjónustu Háskólans, Fjarvinnustofunni Víst sf., Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, iðnráðgjöfum Vesturlands og Suðurlands og Átaksverkefni Vestur-Húnvetninga.

Með nefndaráliti þessu eru birtir sem fylgiskjöl minnispunktar frá Jóni Erlendssyni og umsögn frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands o.fl.

Ólafur Þ. Þórðarson og Matthías Á. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu."

Undir nál. rita nöfn sín sá sem hér stendur, hv. þm. Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson, Geir Gunnarsson og Hreggviður Jónsson.

Nefndin gerir brtt. á þskj. 675 og er þar um að ræða tvær brtt. Sú fyrri er:

„Við fyrri mgr. tillgr. bætist: svo og hvernig auka megi tölvufræðslu."

Og í öðru lagi: „Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni með áherslu á fjarvinnu."

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja tímann mikið en ég efast um að þáltill., sem a.m.k. ég hef þurft að fjalla um, hafi fengið jafnjákvæðar undirtektir í umsögnum og þessi tillaga. Umsagnir hafa verið ákaflega vandaðar og í þeim kemur fram óhemja af upplýsingum og fróðleik um þá möguleika sem kynnu að opnast með svokallaðri fjarvinnu.

Ég vil aðeins grípa niður í umsögn og álitsgerð frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, iðnráðgjöfum Vesturlands og Suðurlands og Átaksverkefni Vestur-Húnvetninga. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hin hraðfara þróun tölvu- og upplýsingatækninnar á Íslandi á síðustu árum hefur í allt of litlum mæli komið landsbyggðinni og íbúum hennar að gagni. Að þessu leyti eru Íslendingar skrefi á eftir nágrannaþjóðum sínum sem hafa lagt mikla áherslu á að þessi nýja tækni gæti orðið jaðarbyggðum að gagni. Það hefur nánast orðið tíska að flytja upplýsingatæknina út í jaðarbyggðirnar í hinum vestræna heimi og er orðinn hluti af byggðastefnu þessara landa, fyrst og fremst vegna þess að í ljós hefur komið að hefðbundnar atvinnugreinar, eins og iðnaður, verslun og landbúnaður, hafa ekki getað tryggt viðgang landsbyggðarinnar. Á þann hátt hafa íbúarnir orðið þátttakendur í hinni tæknilegu þróun og fengið aðgang að hinni gífurlegu þekkingu upplýsingasamfélagsins. Það er því á þessu sviði sem ný atvinna verður til í samfélagi nútímans og framtíðarinnar."

Síðan er í þessari umsögn rakin þróun fjarvinnslustofa í heiminum en hin fyrsta mun hafa litið dagsins ljós í september 1985 í smábænum Vemdalen í Härjedalen í Svíþjóð, raunar þá eftir danskri uppskrift. En fyrsta viðleitnin til að koma á slíkum upplýsingamiðstöðvum á Íslandi kom fram 1989 á Hvammstanga, í Vík í Mýrdal, Selfossi og Seyðisfirði. Þessar miðstöðvar sem ekki hafa allar hafið starfsemi enn eru í flestum tilfellum tengdar staðbundnum átaksverkefnum og/eða iðnráðgjöfum. Markmið þessara miðstöðva eru ólík og þær hafa ekki tekið upp neina formlega samvinnu.

Til þess að fara nokkrum orðum um hugsanleg verkefni fjarvinnslustofa vil ég grípa aftur niður í þessa umsögn. Þar segir:

„Meginverksvið norrænu fjarvinnslustofanna eru þrenns konar:

1. Að veita íbúum viðkomandi svæðis þekkingu á eðli upplýsingatækninnar.

2. Að veita íbúunum aðgang að nauðsynlegum tækjum og að gagnabönkum upplýsingaaldarinnar.

3. Að veita einkaaðilum og opinberum stofnunum þjónustu á ýmsum sviðum."

Síðan segir í sömu umsögn: „Á nokkrum sviðum

mætti þó með góðu móti þjóna atvinnulífinu á staðnum." — Og er þá átt við möguleikana sem opnast hér á landi. — „Dæmi um það eru t.d.:

- Telefaxþjónusta.
- Afleysingar í sumarfríum.
- Bókhald.
- Textainnsláttur og skráning ýmissa gagna.
- Að veita ýmsum aðilum á staðnum aðgang að tölvum og hugbúnaði stofunnar til útreikninga, skráningar o.fl.

Rétt er þó að leggja áherslu á að mikilvægt er að fjarvinnslustofurnar víðs vegar um landið starfi í neti þar sem hægt er að taka við ýmiss konar verkefnum og miðla verkefnum á milli stofanna. Á Íslandi ætti slíkt að heppnast ef takast má að flytja fjölda þjónustustarfa, sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu, til fjarvinnslustofanna úti á landi. Slík störf gætu t.d. verið eftirtalin:

- Þýðingar.
- Gerð skráa af ýmsu tagi.
- Prentun á nafnalistum og heimilisföngum samkvæmt völdum skilyrðum.
- Vinnsla og útsending á bæklingum, fréttabréfum o.þ.h.
- Vinnsla á ýmsum tölfræðilegum gögnum fyrir einkafyrirtæki og opinbera aðila.
- Textavinnsla af ýmsu tagi (innsláttur, prófarkalestur, umbrot).
- Símaþjónusta og bókhald.
- Kortateikning."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Á landsbyggðinni á Íslandi er þó ekki alls staðar hægt að ganga út frá því að undirbúningurinn gangi svo greiðlega fyrir sig." Er þá verið að vitna í það sem á undan er farið. „Eitt mesta vandamál landsbyggðarinnar er nefnilega gífurlegur atgervisflótti." Og hér kemur að rauða þræðinum í þessu máli. „Á móti því kemur þó að víða er vaxandi vilji fyrir því að taka þátt í heimi upplýsingatækninnar. Þessi vilji kemur ekki síst fram hjá konum og yngra fólki sem helst verða fyrir barðinu á hinu lélega og einhæfa atvinnuástandi. Það er því mjög mikilvægt út frá sjónarmiði byggðaþróunar og byggðastefnu að menn átti sig vel á því hvernig best verður stutt við bakið á áhugahópum á landsbyggðinni sem vilja taka upplýsingatæknina í þjónustu sína."

Síðan er fjallað í þessari umsögn um markaðsundirbúning og segir þar m.a:

„Eins og þegar hefur verið getið mun vel starfhæft fjarvinnslunet verða ríkulega háð því að hægt sé að fá einkaaðila og opinber fyrirtæki til að flytja ýmis verkefni til fjarvinnslustofanna. Það er því mjög mikilvægt að sem fyrst verði mögulegur markaður á þessu sviði kannaður."

Síðan segir: „Því þarf að markaðssetja þessa þjónustu og er alveg nauðsynlegt að farið sé að eins og í Svíþjóð og sett á fót söluskrifstofa í Reykjavík fyrir þjónustu stofanna. Aðeins á þann hátt verður hægt að komast inn á markað í Reykjavík að einhverju marki. Slík söluskrifstofa þarf að vera eign fjarvinnslustofanna og hún verður að lúta stjórn fjarvinnslustofanna víðs vegar um landið, hugsanlega í samvinnu við rótgróið fyrirtæki á fjarskiptasviðinu."

Í niðurstöðum þessarar umsagnar segir:

„Við undirritað viljum lýsa ánægju okkar með að atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis skuli nú huga að möguleikum á því að tölvu- og upplýsingatæknin geti komið hinum dreifðu byggðum að gagni. Við teljum að það séu miklir faglegir og tæknilegir möguleikar á því að flytja fjölda verkefna á vegum hins opinbera út á land, jafnframt því sem við vitum að víða um land er mikill vilji fyrir því að koma á fót starfsemi sem byggir á fjarskipta- og tölvutækni."

Það væri mjög freistandi, virðulegi forseti, að rekja fleiri umsagnir. Ég ætla að grípa aðeins niður í umsögn frá Jóni Erlendssyni yfirverkfræðingi sem er forstöðumaður upplýsingaþjónustu Háskólans. Hann segir m.a:

„Fjarvinna hvort sem hún er unnin í sérstökum vinnustöðum þar sem nokkrir vinna saman," þ.e. fjarvinnustofum, „eða af einstaklingum í heimahúsum hefur augljósa kosti fyrir dreifbýlið. Sérstaklega má benda á í þessu sambandi möguleikana á því að færa hluta af verkefnum ríkisstofnana og stærri fyrirtækja til landsbyggðarinnar. Tæknin er ekkert sérstakt vandamál í þessu sambandi. Engin sérstök tæknileg vandamál eru hindrun í þessu efni. Öll sú tækni sem til þarf er þekkt, aðgengileg og ekki sérlega kostnaðarsöm. Það sem á hinn bóginn er erfiðara er verkefnaöflunin. Ef að líkum lætur getur reynst snúið að fá ríkisstofnanir eða aðra aðila til að láta frá sér verkefni sem þeir hafa verið vanir að vinna innan húss. Í sumum tilvikum má þar að auki búast við vandamálum vegna gagnaleyndar og öryggis gagna.

Hugsanlegar aðgerðir opinberra aðila væru í fyrsta lagi fræðsla um fjarvinnslu fyrir fólk í dreifbýli, kynningarstarf, útgáfa stuttra bæklinga, stutt námskeið. Í öðru lagi aðstoð við verkefnaöflun, stefnumótun um útboð, gagnavinnslu og skráningarverkefni sem uppfylla tiltekin skilyrði, gerð skráar yfir hugsanleg verkefni sem vinna mætti utan ríkisstofnana, bein aðstoð við verkefnaöflun við aðila á landsbyggðinni."

Virðulegi forseti. Ég hygg að margar af þessum umsögnum sem atvmn. bárust væru mjög fróðleg lesning fyrir hv. þm. Þar koma fram hugmyndir sem margar hverjar eru óborganlegar og gætu komið að mjög verulegu gagni í því að færa verkefni frá þéttbýlissvæðunum til dreifbýlisins, einkum frá Reykjavík og út á landsbyggðina. Ég minni á það að á undanförnum árum hafa verið stofnaðar í Reykjavík ýmsar þjónustustofnanir á vegum ríkisins sem hefðu eins getað átt heima úti á landsbyggðinni vegna þess að nútímatækni gerir það kleift að flytja á hraðan, skjótan og öruggan hátt upplýsingar milli staða og það skiptir raunverulega engu máli lengur hvar viðkomandi aðili, sem býr yfir upplýsingum, þekkingu og möguleikum á að vinna verkefni, er staðsettur.

Eitt atriði að lokum, virðulegur forseti, sem ég vil

koma inn á og vakti sérstaka athygli mína. Það eru ummæli fyrrnefnds Jóns Erlendssonar, forstöðumanns upplýsingaþjónustu Háskólans, um íslenska skólakerfið og hvernig það hefur staðið að því að mennta fólk til að taka þátt í atvinnulífinu. Þessi vísi maður, sem er mikill áhugamaður um dreifingu á verkefnum út um landsbyggðina, segir m.a., með leyfi forseta:

„Sú ótrúlega staðreynd blasir við að innan skólakerfisins er nánast ekkert fjallað um atvinnumál, sköpun atvinnutækifæra, eflingu framtaks og margt annað það sem stuðlað getur að virkri þáttöku alls almennings í eflingu atvinnulífs. Undantekningar eru hér í formi nokkurra námskeiða sem styðja hluta þessa máls og kennd eru litlum hluta nemenda.

Athugi menn reynslu og þekkingu erlendis á því hvar best gengur er það hjá fyrirtækjum og aðilum sem ná því að virkja hvern einasta starfsmann til virkra athafna, hugmyndasköpunar, hagræðingar o.fl." Síðan segir þessi vísi maður, með leyfi forseta:

„Það er því allt að vinna í því að koma þekkingu á virkum athöfnum, hugmynda- og tækifærasköpun inn hjá sem flestum og búa þannig um hnútana hjá stofnunum og fyrirtækjum að sóst sé eftir hugmyndum starfsfólks og framkvæmt það af þeim sem fært er.

Sé ástandið skoðað hér á landi blasir við að:

Þekking á virku athafnalífi er bundin við lítinn hóp manna sem lært hafa stjórnun eða aflað sér slíkrar þekkingar með langri reynslu — og oft mistökum. Allur almenningur er ekki „með í þeim leik". Hvern skyldi undra að almenningur sýnir sjónarmiðum atvinnulífs og þörfum oft fálæti og tekur lítinn virkan þátt í þeim bæði sem einstaklingar og starfsmenn. Þeir sem vinna að því að skapa eða finna ný tækifæri eru einnig örfáir."

Ég verð að segja að mér finnst þetta nokkuð harður dómur yfir íslensku skólakerfi frá manni sem gegnir jafnveigamiklu embætti og títtnefndur Jón Erlendsson. En ég er nokkuð sannfærður um það um leið að flestir þingmenn sem hafa haft einhver kynni af atvinnulífinu geta tekið undir þessi orð. Það hefur því miður verið svo á undanförnum áratugum að við höfum lagt meiri áherslu, a.m.k. á háskólasviðinu, á að útskrifa úr háskóla embættismenn en þá menn sem geta orðið virkir í atvinnulífinu. Sem betur fer hefur þetta breyst nokkuð á síðari árum en ég hygg að það sé hárrétt hjá Jóni Erlendssyni að okkur skorti fátt annað eins mikið og menn með ríka og góða þekkingu á atvinnulífi. Hugmyndaríka menn sem eru tilbúnir að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og fylgja þeim eftir, oft og tíðum með miklum erfiðleikum og með miklu starfi.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri en eins og fram hefur komið í mínu máli leggur atvmn. Sþ. til að þessi þáltill. verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í brtt.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna áliti nefndarinnar sem um þetta mál hefur fjallað á mjög jákvæðan hátt. Ég vil vekja athygli á umsögnunum sem hv. síðasti ræðumaður las hér nokkuð upp úr, því þær eru út af fyrir sig mjög merkilegar og benda á margt það sem aflaga fer í íslensku atvinnulífi og eins þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Það blasir nú við öllum að brýnna aðgerða er þörf í atvinnumálum landsbyggðarinnar og ekki síst er brýnt að sinna atvinnuþörf kvenna. Þær hugmyndir um atvinnusköpun sem efstar eru á baugi hjá ráðamönnum eru einkum stóriðja og ekki leysir hún atvinnuvanda kvenna, hvar sem hún verður staðsett. Í þeirri ofurtrú á gildi stóriðju til lausnar á atvinnuvandanum gleymist að huga að því sem smærra er en gæti þó á ýmsan hátt reynst hagkvæmt ekki síður en annað. Í Skandinavíu kom tölvubyltingin nokkru fyrr en hér og mér virðist einnig að frændur okkar hafi áttað sig á því tiltölulega fyrr en við hvaða gildi þessi tækni hefur til atvinnusköpunar í dreifbýli.

Ég hafði hugsað mér í framhaldi af þessu að vitna til umsagnanna en ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem hv. þm. Árni Gunnarsson ræddi hér um áðan. En ég vil undirstrika það að möguleikar landsbyggðarinnar til að nýta sér þessa fjarskiptabyltingu sem orðin er eru næstum ótæmandi ef rétt er að málum staðið. Ég vil minna á það líka að það er vissulega áhugi fyrir því á landsbyggðinni að nýta sér þessa tækni. Norður á Kópaskeri er kennari sem þegar hefur komið sér upp tölvubanka í sambandi við kennslugögn og nám og annað slíkt og er í sambandi við erlendar þjóðir um það. Þarna er strax vísir að því sem gæti orðið.

Ég vil líka minna á það að mér barst frásögn af því fyrir nokkrum dögum síðan að í Þrándheimsfirði í Noregi, í afskekktum bæ þar sem heitir Brönnoysund er í tölvu haldið utan um alla hlutafélagaskrá Noregs og þar eru unnin verkefni sem tengjast því. Þetta veitir umtalsverða atvinnu í þessum bæ þar sem byggðin var að því komin að lognast út af.

Í þessu sambandi dettur mér í hug að umræða var uppi fyrir nokkru síðan um að samræma bæri allar hafnarvogir á landinu og þær yrðu tölvutengdar sín á milli í sambandi við útflutning. Ég sé ekkert sem mælir á móti því að móðurtölva þessa fyrirtækis sé staðsett einhvers staðar úti á landi. Það er ekkert náttúrulögmál sem segir að hún þurfi nauðsynlega að vera í Reykjavík. Þetta gæti með öðru skapað þó nokkur atvinnutækifæri sem gætu komið sér vel úti í dreifbýlinu.

En það er annað sem mig langar til að minna á í þessu sambandi. Árið 1972 var skipuð nefnd til þess, eins og segir í erindisbréfi hennar, að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hvaða breyting komi helst til greina í þeim efnum að þær verði staðsettar víðar um landið. Nefndin skilaði áliti árið 1975, vönduðu og vel unnu áliti. Það var unnið af metnaði til að skila traustum niðurstöðum því á þeim átti að byggja framkvæmdir. Framkvæmd eins þáttar í þeirri byggðastefnu sem þá var ofarlega á baugi var að flytja ríkisstofnanir út á land með það fyrir augum að draga úr miðstýringu og byggja upp atvinnu fyrir lands-

byggðarbúa. Mér virðist nú að margt væri á annan veg um atvinnumál á landsbyggðinni ef vinna þessarar nefndar hefði verið nýtt. Hún lagði til að fjölmargar stofnanir og stofnanadeildir yrðu fluttar út á land. Þar hefðu skapast ótal atvinnutækifæri og uppbygging í meira mæli en hefur verið hingað til. Fólk með sérþekkingu og sérmenntun hefði sest að vítt um landið og menntun þess hefði nýst á margvíslegan hátt og e.t.v. orðið til þess að þar hefði orðið atvinnuþróun á annan hátt en raunin hefur orðið.

Við sjáum hvað hefur orðið um hitt atriðið, að draga úr hinni sívaxandi miðstýringu, því miðstýringin blómstrar nú sem aldrei fyrr. Tveir núv. hæstv. ráðherrar sátu í þessari nefnd og nú hefðu þeir tækifæri til að láta hin góðu verk sín tala því margt í tillögum nefndarinnar er enn í fullu gildi og ekki síst nú þegar litið er til þeirrar byltingar sem orðin er í fjarskiptatækninni.

Ég vil benda þeim á það, þessum hæstv. ráðherrum, að hafi þeir á annað borð áhuga fyrir atvinnumálum landsbyggðar eða áhyggjur af stöðu þeirra mála þá er tækifærið núna að dusta rykið af þeirra gömlu áhugamálum og tillögum og koma þeim til framkvæmda. Ég vil leggja áherslu á gildi þessarar þáltill. sem hér liggur fyrir um nýja sókn og ný viðhorf í atvinnumálum á landsbyggðinni, þar sem hugað er að verkefnum sem e.t.v. virðast ekki stór í sniðum en geta þó veitt umtalsverða atvinnu vítt um landið, einkum fyrir konur, konur sem skortir sárlega vinnu. Og nú þegar búseta í dreifbýli á í vök að verjast skiptir öllu máli að konur þar hafi vinnu. Það skiptir öllu máli um byggðafestu að konum sé tryggð vinna. Þessu hafa Norðmenn og Svíar sannarlega gefið gaum því þar er í byggðamálum lögð áhersla á að leitað sé atvinnu fyrir konur. Það þarf að standa skipulega að málum því það er skipuleg sókn öðru framar sem þarf að koma til ef takast á að mynda það þéttriðna net stærri og smærri atvinnutækifæra sem víðast um landið sem þarf að vera svo byggðin haldist og blómgist og fólk eigi þess kost að velja sér búsetu þar sem það kýs að vera.

Stóriðja er nú mjög í umræðu sem mikið nauðsynjamál varðandi atvinnusköpun og þá er það einkum nýtt álver sem menn horfa til. Menn virðast ekki með nokkru móti geta séð annan atvinnukost heppilegri og líta þá ekki á þá óhjákvæmilegu byggðaröskun og vandamál sem slíkt hefur í för með sér. Önnur stóriðja kemur ekki til greina að mati manna, þ.e. karlmanna. Í mínum huga eigum við kost á annars konar stóriðju — stóriðju sem getur dreifst víðar um landið, einkum í ljósi þeirra breytinga sem virðast fram undan í markaðsmálum Evrópu. Það er stóriðja á ýmsan hátt. Það er stóriðja í því að flytja út ferskan fisk, eldisfisk á borð neytenda. Það er stóriðja við fullvinnslu sjávarafurða, okkar dýrmætustu auðlindar í heimi sem hrópar á ómengaða fæðu. Fullvinnsla fisksins okkar, og þá fleiri tegunda en enn hafa verið nýttar, jafnvel tegunda sem nú er kastað fyrir borð án þess að nokkur vilji við það kannast. Fullvinnsla fisks í gómsæta og girnilega íslenska sjávarrétti, e.t.v. í samvinnu við erlendar matvælasölukeðjur sem gæfu þeim gæðastimpil. Þetta er stóriðja sem við eigum og verðum að vinna að. Það er ekki eftir neinu að bíða með að hefjast handa um uppbyggingu hennar. Það er hneisa og til smánar fyrir okkur sem teljum okkur hafa vald á nútímatækni og stjórnun að flytja fiskinn okkar, þetta dýrmæta hráefni, óunnið eða lítt unnið út til atvinnusköpunar fyrir útlendinga á meðan við sjálf berjumst við atvinnuskort. Þetta bið ég menn að hugleiða. Að öðru leyti fagna ég hverri þeirri viðleitni sem viðhöfð er til að styðja við búsetu á landsbyggðinni og þar leggur þessi þáltill. sem hér er til afgreiðslu sitt lóð á vogarskálina.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að koma hér og segja örfá orð og lýsa ánægju minni með niðurstöðu hv. atvmn. Það kom fram við fyrri umræðu þessa máls að áhugi hefur mjög aukist á atvinnuúrbótum kvenna í dreifbýli og kom það fram við þá umræðu hvað hefur verið reynt að gera eða byrjað að gera í þeim efnum: Áhugi sem birst hefur, t.d. á síðasta þingi í formi þál., starfshópar sem unnið hafa í afmörkuðum þáttum og ekki síst samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta sem sett var á laggirnar á sl. hausti.

Nú hefur verkefnisstjóri þess samstarfsverkefnis skilað skýrslu. Afskaplega mikilvægt er að vel takist til um framhald þess máls og að samvinna allra þeirra aðila sem hafa verið að taka smá spor í þessum efnum, og þá á ég bæði við félagasamtök og stofnanir, takist í framhaldinu. Og ekki síst að leitað verði til og hafðar verði með í ráðum þær konur í dreifbýli sem vissulega hafa sýnt mikið frumkvæði heima fyrir.

Í umfjöllun um atvinnumál kvenna í dreifbýli er oft mjög talað um atvinnuleysi og þörf á úrbótum vegna atvinnuleysis. Ekki geri ég lítið úr því og ég vil nefna hér að það var ánægjulegt sem komið hefur fram að atvinnuleysi kvenna í febrúar var minna en karla. Það er sérstakt því að venjulega er því alveg öfugt farið. En þegar ég tala um að umfjöllun snúist kannski of mikið um atvinnuleysi þá er það ekki stóra málið því það er fjölbreytni, eins og hér hefur komið fram, fjölbreytni í atvinnumálum og atvinnutækifærum sem skiptir máli fyrir konur á landsbyggðinni. Og því lýsi ég ánægju minni með þetta mál eins og ég gerði við fyrri umræðu að hér er einmitt um að ræða breytingu í þessa átt og liður í að auka fjölbreytni í störfum kvenna á landsbyggðinni.

Það sem ekki síst fékk mig til að koma hér upp var að það kom fram að mjög áhugaverðar ábendingar hefðu verið í þeim umsögnum sem bárust um þessa þáltill. Ég teldi það afar brýnt, virðulegur forseti, að þær ábendingar kæmust t.d. í hendur samstarfsnefndar, eða þess verkefnis sem er í gangi á vegum ráðuneytanna, þannig að alveg öruggt sé að það sé nýtt allt það efni sem fyrir liggur því við verðum að halda áfram á þeirri braut. Það sem hér er til umfjöllunar er einn angi þess, mjög góður. Og vissulega treysti ég því að þessi till. verði samþykkt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með þá meðhöndlun sem þetta mál hefur fengið hjá atvmn. Sþ. Ég tók hér til máls þegar þetta mál var tekið fyrir í haust og lýsti þá yfir ánægju minni með að það væri komið fram. Ég hafði velt þessum málum töluvert fyrir mér og tel að við eigum mikla möguleika á landsbyggðinni. Ég held reyndar að málin standi núna þannig að þær hindranir sem eru í vegi fyrir því að við getum tekið upp atvinnustarfsemi á þessu sviði á landsbyggðinni séu kannski miklu fremur huglægar en tæknilegar. Tæknilega erum við að verða í stakk búin til þess að framkvæma þessa hluti en það þarf hugarfarsbreytingu.

Ég þekki margt vel menntað fólk, ungt vel menntað fólk, af landsbyggðinni sem hefur sest að hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja þó menn kjósi sér það, en þetta fólk vildi gjarnan flytjast út á land og nýta sína menntun og sína færni til þess að byggja þar upp atvinnulífið á nýjan hátt. Og þetta er einmitt liður í að svo geti verið.

Ég ætla að nefna hér annan þátt í þessu sem hefur líka breyst mikið á síðustu árum. Það er samgönguþátturinn. Þó svo að sú atvinnustarfsemi sem hér er rætt um byggist að mestu leyti á fjarskiptum fylgja henni óhjákvæmilega einhver ferðalög starfsmanna, ferðalög þess fólks sem mundi nýta sér þjónustu ríkisstofnana og annarra hér sem þyrftu að eiga fundi með sínum vinnumönnum úti um land. Samgöngum hefur fleygt fram, bæði í lofti og á landi. Okkur utan af landi, sem höfum tekið þátt í félagsmálum og atvinnulífinu, finnst það ekkert mikið mál að vinna hlutastarf hér á höfuðborgarsvæðinu, hlutastarf sem felst í því að mæta hér á fundum, bæði stærri og smærri. Fyrir mína parta get ég fullyrt að þetta eykur okkur víðsýni og skilning á þörfum, ekki bara okkar byggðarlags heldur landsins alls. Það vex höfuðborgarbúum hins vegar óskaplega mikið í augum að þurfa að fara til vinnu, þó ekki sé nema einn dagur út á land. Þeir eru logandi hræddir um að verða veðurtepptir og komast ekki strax til baka og svo mætti lengi telja. Ég vil benda á að þessi þáttur er fyrir marga landshluta kominn í gott horf, til að mynda fyrir mitt byggðarlag, þ.e. Mið-Norðurland þannig að við förum orðið á hálfs dags fundi til Reykjavíkur, förum í hádegi og erum komnir að kvöldi. Þetta á ekki að vera hindrun í þessu og á að geta gilt í báðar áttir.

Ég ætla líka að minnast á annan þátt sem hér var komið inn á áðan. Það er flutningur ríkisstofnana sem hefur verið í umræðunni um árabil en árangur lítill. Sú tækni sem menn tala hér um í fjarskiptum opnar nýjan möguleika, opnar þann möguleika að við getum flutt ríkisstofnanir í áföngum, byrjað á því að flytja vissa þætti starfseminnar og haldið áfram skref af skrefi og síðan að lokum, ef mönnum sýnist það skynsamlegt, flutt stofnunina alla. Við þekkjum öll söguna af því þegar fara á að flytja slíkar stofnanir í heilu lagi. Þá er oft leitað álits og umsagnar starfsmanna og yfirmanna viðkomandi stofnana og við vitum hvernig það hefur farið.

Ég ætla að nefna eitt fyrirtæki sem hér starfar á vegum opinberra aðila og er nokkuð stórt í sniðum. Það eru Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Mikill hluti af þeirri starfsemi gæti farið fram hvar sem er á landinu þó svo að SKÝRR yrði áfram með sínar höfuðstöðvar í Reykjavík.

Í ræðu frsm. atvmn. áðan kom fram nokkuð merkilegur hlutur að mínu mati. Það var þegar hann ræddi um þekkingu eða þekkingarleysi okkar Íslendinga á atvinnulífi okkar og hvernig skólakerfið hefði brugðist þar. Þetta er hlutur sem maður leiðir hugann ef til vill ekki að dags daglega en þegar þetta er sagt við mann þá sér maður að þetta er rétt. Ég hef á undanförnum tíu árum öðlast mikla reynslu af atvinnulífi okkar og oft og tíðum hefði maður gjarnan viljað hafa betri undirstöðu úr sinni skólamenntun og þurfa ekki að reka sig á og læra allt upp á nýtt. En ég hef líka fundið það og finn það núna að það er alveg rétt sem hér kom fram áðan að það er ekki stór hópur sem hefur haft tækifæri til að öðlast þessa reynslu og nýta hana sér og öðrum til góðs.

Mér finnst þetta þekkingarleysi koma víða fram, m.a. í umræðunni um stóriðju þar sem menn segja alltaf annaðhvort eða. Annaðhvort fáum við stóriðju eða eitthvað annað. Þetta er bara ekki svona. Þetta á að vera bæði og. Og stóriðja á bara að vera einn þáttur í því að skapa okkur fjölbreytt atvinnulíf hér og á ekki að þurfa að koma á nokkurn hátt niður á öðru því sem við vildum byggja upp. Mér finnst viðhorf gagnvart þessu hafa nokkuð breyst á síðustu árum. Menn fóru af stað með mikilli bjartsýni með nýja þætti í okkar atvinnulífi á undanförnum árum. Margt fór verr en hefði þurft að fara, kannski m.a. vegna þess sem hér kom fram áðan að okkur skortir svo mikið þekkingu á uppbyggingu og eðli okkar atvinnulífs. Það hefði margt getað farið betur ef almenningur, sem betur fer er það þó enn sem komið er hinn almenni borgari í landinu sem stendur fyrir miklu í atvinnurekstrinum, ef hann hefði haft betri grunnþekkingu á sínu umhverfi og því sem þar er að gerast.

Þetta kemur fram á margan hátt. Þetta kemur m.a. fram í því sem er að koma fram á sjónarsviðið núna og ábendingar um það komu úr þeirri átt sem maður átti síst von á. Þá á ég við þá tímamótagrein sem var skrifuð í Morgunblaðið um síðustu helgi, þar sem var Reykjavíkurbréfið. Hér var það að gerast að örfáir aðilar voru og eru hægt og hljótt að ná algerri yfirburðastöðu í okkar atvinnulífi og að manni finnst stundum ekki með almannaheill að leiðarljósi.

Þetta er nú kannski orðin miklu lengri ræða en ég ætlaði að flytja en ég endurtek ánægju mína með þetta mál og treysti því að það verði samþykkt hér og ég treysti því líka að stjórnvöld fylgi málinu eftir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að koma hér til að þakka þær sérlega góðu undirtektir sem þessi tillaga hefur hlotið. Ég vil byrja á því að þakka hv. formanni atvmn. Árna Gunnarssyni fyrir hans góðu og ítarlegu ræðu þar sem hann gaf hv. þm. innsýn í þær umsagnir sem

birst höfðu með tillögunni. Þá er ekki síður ástæða til að minnast á umsagnirnar, hversu vandaðar þær voru. Í þeim tveimur umsögnum sem birtar eru sem fskj. með nál. er að finna ýmsar mikilvægar upplýsingar og má segja að í öllum umsögnunum sé að finna annars vegar greiningu á aðstæðum í atvinnulífinu hér á landi og hins vegar ábendingar og hugmyndir sem tengjast starfsemi fjarvinnustofa eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. minntist hér á að hann teldi að e.t.v. væru það huglægar hindranir sem gætu orðið einn erfiðasti þröskuldurinn. Ég held það sé rétt hjá honum og þess vegna er mjög mikilvægt að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og reyni að flytja sín verkefni og sýna fram á að hægt sé að vinna þau annars staðar en eingöngu hér á höfuðborgarsvæðinu. Er það von mín að með samþykkt þessarar tillögu opnist augu fólks fyrir þeim fjölþættu möguleikum sem ný fjarskiptatækni gefur okkur til þess að stíga yfir margar þær hindranir sem áður hafa verið í veginum vegna fjarlægðar.

Það er einnig mjög mikilvægt að landsmenn allir eigi greiðan aðgang að nýrri tölvu- og fjarskiptatækni. En það er nú svo, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni, að framtíð byggðarinnar í landinu er háð því hvort okkur tekst að byggja þar upp fjölbreyttari atvinnu og þá ekki síst fyrir konur, eins og einnig hefur komið fram í umræðunni. Það er von mín að þessi tillaga verði innlegg inn í þá umræðu sem nú er um atvinnumál landsbyggðarinnar og að hún verði til þess að menn komi auga á þá mikilvægu og fjölþættu möguleika sem eru í starfsemi slíkra fjarvinnustofa. Ég vil enn og aftur ítreka að tillaga þessi er einmitt borin fram hér á Alþingi til þess að ríkið taki frumkvæði og sýni fram á að hægt sé að flytja verkefni á þess vegum til. Þá er öruggt að fleiri munu fylgja í kjölfarið. Það er svo að oft er verið að vinna ýmis verkefni í stofnunum í yfirvinnu eða þá að þau eru alls ekki unnin því ekki er mannafli til þess. Það mætti hugsa sér að alls kyns skýrslugerð og því um líkt gæti verið það fyrsta sem ríkið gæti fært til fjarstofa. Eins og fram hefur komið, þá eru þegar starfandi nokkrar slíkar stofur eða eru að hefja starfsemi sína og vonandi nýtist samþykkt þessarar tillögu þeim í uppbyggingarstarfinu sem fram undan er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Undirmálsfiskur, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ, 391. mál. — Þskj. 685.

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þátill. á þskj. 685, um undirmálsfisk, en ályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að undirbúa löggjöf sem feli það í sér að útgerðarfyrirtæki séu skylduð til að gera sjómönnum kleift að hirða allan undirmálsfisk sem um borð kemur. Slíkur afli yrði eign sjómanna og ekki inni í hlutaskiptum. Sama eigi við um það sem litið hefur verið á sem fiskúrgang, svo sem lifur."

Áður en fyrstu kvótalög voru sett var allur undirmálsfiskur gerður upptækur. Ef hann fór yfir tiltekna prósentu af afla var sektum beitt. Á þeim árum var í verndarskyni jafnframt verið að færa ofar og ofar stærðarmörk fisks, þannig að t.d. þorskur taldist smáþorskur ef hann var undir 43 sm, síðan 45 og loks 50 sm og þannig er það enn. Í þá daga bárust iðulega fregnir af því að svo og svo miklu af undirmálsfiski væri hent og sjómenn kunnu af því ýmsar sögur. Ég sé ástæðu til að rifja þetta upp, virðulegi forseti, vegna þess að þegar umræður hófust nú nýverið um það hvort og þá hve miklu af undirmálsfiski væri hent urðu ýmsir til þess að kenna það stjórn fiskveiða, þ.e. kvótanum. Það væri sú stjórn fiskveiða sem væri upphaf og endir þess að sjómenn sæju sér ekki hag í því, þrátt fyrir skyldu í þá veru, að hirða allan þann undirmálsfisk sem um borð kæmi.

Við togveiðar kemur undirmálsfiskur einatt með í mismiklum mæli. Hve miklum munum við ekki staðreyna fyrr en öllum þeim afla sem á dekk kemur er landað. Samkvæmt reglugerð nr. 585/1989, um stjórn botnfiskveiða árið 1990, er skylt að koma með allan afla að landi af kvótabundnum fisktegundum og nýtanlegum fisktegundum sem markaður er fyrir. Jafnframt er það svo að ⅓ af undirmálsfiski sem kemur í land er talinn í kvóta viðkomandi skips nema hlutfallið fari yfir 10% í veiðiferð, þá telst allt í kvóta. Þá hefur verðlagningu á undirmálsfiski verið háttað í þá veru að það hefur ekki verið fýsilegur kostur fyrir sjómenn að hirða hann þar sem sá tími sem fer í að meðhöndla hann um borð er í öfugu hlutfalli við stærðina. Þannig hlýtur alltaf að koma að þeim punkti að sjómenn séu farnir að vinna kauplaust og sé magnið orðið svo mikið að það sé jafntframt farið að ganga á kvóta skipsins skyldi engan undra þótt það freisti manna að opna lensportið. Við í landi getum hneykslast og haft á því ýmsar skoðanir hvaða siðferði það sé að sóa verðmætum með þeim hætti, en það vill bara þannig til að sjómenn eru í engu frábrugðnir öðrum stéttum hvað það varðar að þeir vilja fá kaup fyrir sína vinnu. Spurning um siðferði eða þjóðarhag ein og sér er ekki nægjanleg umbun fyrir þann hóp frekar en svo marga aðra. En veiddur fiskur er dauður fiskur og við erum öll sammála um að hann eigi að koma í land. Stærðarmörk þess hvað telst undirmálsfiskur, mörk sem fyrst og fremst voru sett sem verndunarmörk, segja ekkert um það hvaða verðmæti fiskvinnslan getur gert úr þessu hráefni. Og ef þó ekki væri nema hluti þess sem vísbendingar eru um að hent sé kæmi til vinnslu er augljóst að um umtalsverð verðmæti gæti verið að ræða.

Við minnkandi veiðiheimildir er brýnna en áður að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að tryggja að allur veiddur afli berist á land. Sú hugmynd sem ég tala hér fyrir er að þeir sem þurfa að auka vinnu sína

um borð í skipunum til að hirða undirmálsfiskinn eigi hann. Undirmálsfiskur komi ekki til venjulegra hlutaskipta, útgerðin fái ekkert heldur eigi sjómenn allan fiskinn og skipti andvirði hans jafnt á milli sín. Enginn þarf að efast um að ef einhverjir sjá sér hag í því að hirða undirmálsfisk verður hann hirtur.

Kostirnir sem því fylgja að þessi afli berist á land eru ekki bara þeir að vinnslan fengi aukið hráefni og þannig yrði til meiri vinna í landi og verðmæti, heldur og hitt að sjómenn gætu bætt hag sinn með aukinni vinnu og fiskifræðingar fengju raunverulega vitneskju um aflasamsetningu og gætu ráðlagt í samræmi við það. Sem sagt, bættur hagur okkar allra þegar upp er staðið. Skylda þyrfti útgerðina til að gera sjómönnum þetta kleift með því að láta þeim í té ókeypis ís, kassa, umbúðir eða annað það sem við á. En er þá ekki hætta á að lagst verði í veiðar á smáfiski, okkur öllum til enn meira tjóns og hagur útgerðar auk þess fyrir borð borinn? Ég tel að svo verði ekki, þvert á móti. Í fyrsta lagi er hægt að hafa skipstjórann fyrir utan þannig að hann hafi engra hagsmuna að gæta annarra en þeirra sem eru sameiginlegir hagsmunum útgerðar. Það er þó ljóst að til þess að andrúmsloftið um borð yrði betra, spennan minni, væri að mörgu leyti betra að skipstjóri ætti jafnan hlut á við aðra í áhöfninni, enda má reikna með að hann, engu síður en aðrir, þurfi að leggja á sig aukna vinnu á stundum. Þetta er þó álitamál. Hitt er ljóst að engum skipstjóra væri stætt á því gagnvart útgerð að koma með hátt hlutfall undirmálsfisks í land, verðlausan fyrir útgerðina en að sumu leyti á hennar kostnað vegna íss, umbúða og þess háttar. Það má því reikna með að þegar áhöfnin vill allt hirða leggi hann enn aukna áherslu á að halda sig frá veiðisvæðum þar sem óeðlilegs magns undirmálsfisks gætti í afla. Þannig gæti falist í þessu fyrirkomulagi virk verndunarstefna og auk aðhalds útgerðar — hvaða skipstjóri hefur áhuga á að koma í land með óeðlilegt magn undirmálsfisks? Við hljótum áfram að geta treyst á aðhald fjölmiðla og almennings í þeim efnum. Og þó hálfs metra þorskur sé e.t.v. ekki beinlínis smáfiskur eru allir meðvitaðir um að þau stærðarmörk eru ákvörðuð með tilliti til verndunarsjónarmiða.

Sama fyrirkomulag gæti einnig átt við hvað varðar fiskúrgang. Við höfum væntanlega öll lesið margar lærðar greinar um þá verðmætaaukningu sem í því gæti falist að hirða og nýta fiskúrgang sem til fellur um borð í fiskiskipum. Aðstaða til að taka á móti slíku til vinnslu er þó hvorki fyrir hendi í öllum fiskiskipum né í landi. Verðlagningu er og þannig háttað að sjómenn sjá sér ekki hag í úrganginum og halda því fram að aukin vinna við meðferð hans svari ekki kostnaði. Það er þó svo að þar sem sjómenn eiga einir þá lífur sem til fellur er hún hirt. Ef það yrði almenna reglan að sjómennirnir ættu úrganginn mundu þeir í auknum mæli hirða hann og jafnvel þrýsta á um aðstöðu til vinnslu um borð í skipunum og í landi, enda grundvöllur fyrir því hugsanlega kominn með auknu magni.

Ég hef hér reifað það fyrirkomulag sem líklegast er til að koma í veg fyrir þá verðmætasóun sem ítrekað er haldið fram að eigi sér stað. Í greinargerð með tillögu minni vísa ég m.a. í fréttir af niðurstöðum könnunar sem Kristinn Pétursson alþm. lét vinna fyrir sig. Ég hef aðallega verið að hugsa um togarana í því sambandi og teldi mikilvægast ef þessi leið yrði farin að þar yrði byrjað. Togarar eru stórvirkustu veiðitæki okkar og þar er mest hætta á að smáfiskur slæðist með. Jafnframt eru útilegur þeirra lengri og meira fellur til af slógi. Ef vel tækist til mætti síðan huga að fleiru, svo sem netabátum, því þó netamorka sé ekki talin hæf til hefðbundinnar fiskvinnslu eru þó e.t.v. möguleikar á að gera úr henni einhver verðmæti. En byrjum á togurunum og reynum að vinna gegn því að sameiginlegir skyndihagsmunir útgerðar og sjómanna valdi því að verðmætum sé hent. Það má orða það svo að ef sjómennirnir fá að eiga undirmálsfiskinn sem er aðalmálið, þá komi í hlut þeirra það smáa, en það stóra kemur í hlut þjóðarbúsins, okkar allra.

Það er einnig svo með ýmsan annan fisk sem berst um borð sem ekki er smáfiskur heldur svokallað aukfiski að fyrir þann fisk hefur hvorki verið greitt né markaður en ef menn hafa fylgst með sjónvarpsfréttum í gærkvöldi, þá kom þar fram að verið er að vinna í markaðsmálum fyrir slíkar fisktegundir og er það vel.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu mæla með því að þessari till. verði vísað til hv. atvmn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala fisks í gegnum íslenska fiskmarkaði, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ, 400. mál. — Þskj. 697.

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um sölu fisks í gegnum íslenska fiskmarkaði á þskj. 697, en tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning þess að allur fiskur veiddur í íslenskri landhelgi verði seldur í gegnum íslenska fiskmarkaði."

Miklar umræður hafa verið um vandamál sjávarútvegs undanfarin missiri og miklum fjármunum verið ráðstafað til að lina þær þrautir sem greinina hrjá. Aðallega hefur verið fengist við afleiðingar, svokallaða björgun, en minna verið unnið að því að styðja atvinnugreinina út úr þeirri skipulagskreppu sem hún er í. Meginvandamál sjávarútvegs er offjárfesting, offjárfesting vegna þess að afkastageta greinarinnar er langt umfram það sem nauðsynlegt getur talist miðað við þann afla sem við megum taka úr sjónum. Þetta á bæði við um veiðar og vinnslu.

Þeir erfiðleikar sem við hefur verið að etja eru í flestum tilfellum tilkomnir vegna þess að keypt var of stórt eða dýrt fiskiskip sem ekki ræðst við að reka, allra síst nú þegar veiðiheimildir eru enn takmarkaðar eða

að fjárfest hefur verið of stórt og dýrt í landi. Fasteignir og tæki nýtast ekki nema takmarkað og standa því engan veginn undir kostnaði. Þær ákvarðanir sem lágu að baki þessum fjárfestingum voru ugglaust allar fyllilega réttmætar á þeim tíma sem þær voru teknar. Vandi okkar í dag stafar ekki hvað síst af því að ekki hefur verið brugðist við breyttum aðstæðum. Kerfið hefur ekki boðið upp á nógu fýsilegan möguleika þess að minnka flotann eða að betri nýting væri á fjárfestingum í landi.

Þá hefur samkeppnin um kvótann leitt til þess að sífellt meira fjármagn er bundið í útgerð. Fyrirtæki og byggðarlög verja gífurlegum fjármunum til kaupa á fiskiskipum á háu yfirverði, í raun kaup á kvóta, og raunar einnig til fjárfestingar í fyrirtækjum í þeim tilgangi einum að reyna að tryggja það að fiskvinnslan eigi aðgang að hráefni og atvinnu sé borgið á staðnum. Við minnkandi veiðiheimildir verður útgerð æ erfiðari en enginn þorir að sleppa skipi vegna þess aðgangs að kvóta sem eign á skipsskrokk veitir.

Allt of mörg sveitarfélög víða um land eiga í miklum fjárhagsörðugleikum vegna þessa, fjárhagsörðugleikum sem gera það að verkum að þau hafa minni möguleika á að sinna öðrum skyldum við íbúana. Byggðaröskun tengist ekki einungis atvinnumálum heldur einnig þeirri þjónustu sem sveitarfélögin geta boðið og íbúarnir gera kröfu um. Frysting og vinnsla um borð í skipum sem aukist hefur mjög undanfarin ár þýðir í raun að minna hráefni kemur til vinnslu í landi. Aukinn útflutningur á ísvörðum fiski í gámum hefur sömu áhrif, þ.e. minni vinnslu í landi. Öfugt við það sem ætla mætti eykst ásóknin í siglingar eða sölur á ísvörðum fiski erlendis við minnkandi kvóta. Öfugt segi ég vegna þess að langstærsti hluti útgerðar er á sömu hendi og fiskvinnslan í landi. Fyrirtæki sem berst í bökkum freistast til að reyna að ná í skjótfenginn gróða með happdrættissölu erlendis. Ásóknin í sölur erlendis og þeir hagsmunir sem í veði eru hafa skýrast komið fram undanfarið þar sem um fátt hefur meira verið talað í fréttum en átök um fiskmiðlun. Aflamiðlun sem á að miðla afla á erlenda fiskmarkaði, takið eftir, ekki íslenska heldur erlenda og fiskvinnslunni þar áfram séð fyrir stöðugu framboði á fiski af Íslandsmiðum. Og enn minnka umsvifin í okkar fiskvinnslu. Meint þörf hennar fyrir eign á fleiri bátum eða togurum gæti orðið kosningamál í ýmsum illa stöddum sveitarfélögum nú í vor og fleiri bátar eða togarar síðan keyptir á uppsprengdu verði og kaupin studd af fátækum sveitarsjóði sem ef til vill er á sama tíma til sérstakrar skoðunar hjá félmrn. Síðan þarf enn að drýgja tekjurnar með sölum erlendis til að endar nálgist. Við erum sem sagt stödd í vítahring. Arðsemisfjármagn sem svona er verið að binda verður frá fjárhagslegu sjónarmiði harla lítið.

Sama gildir um það fjármagn sem notað er til að fjárfesta í allt of stórum fiskiskipaflota. Við verðum þvert á móti að finna leiðir sem auðvelda minnkun flotans, leiðir sem tryggja fiskvinnslunni aðgang að hráefni þó fyrirtækin sjálf hafi ekki eða takmarkaða útgerð á hendi. Sú leið sem ég mæli hér fyrir að farin verði gæti leyst bæði þann vanda vinnslunnar að vera með svo mikið fjármagn bundið í útgerð og einnig að hún fengi aðgang að mun meira hráefni sem hún ætti möguleika á að sérhæfa sig í að vinna úr. Ef fiskvinnslan ætti í auknum mæli aðgang að hráefni á mörkuðum gæti fiskiskipum fækkað og arðsemi þeirra sem eftir yrðu mundi aukast. Það yrði mikil framför fyrir vinnsluna að geta einbeitt sér að framleiðslu en þurfa ekki einnig að vera að brasa í útgerð til að tryggja sér hráefni.

Það er líka virkasta aðgerðin til að vinnslan geti bætt sinn hag. Hún þarf að eiga þess kost að sérhæfa sig og að kaupa á hverjum tíma það hráefni sem best hentar. Á markaði getur fiskvinnslan valið um tegundir sem henta til vinnslu hverju sinni, keypt það magn sem auðveldlega ræðst við að vinna í verðmætustu vinnslu með tilliti til eigin aðstæðna og eftirspurnar kaupenda og neytenda erlendis. Því fylgir að framleiðandi verður að fylgjast grannt með verðfalli og markaðsbreytingum bæði á fiskmörkuðum innan lands og á mörkuðum erlendis. Meiri líkur eru því á því að hráefnið í heild sinni verði unnið í verðmætustu vinnslu hverju sinni og að verðmætishugsun verði magnhugsun yfirsterkari. Þetta eru engin smáviðbrigði frá því sem nú hefur lengi tíðkast að fiskvinnslan þurfi að taka á móti heilum togaraförmum af blönduðum misgömlum afla. Þá er gjarnan byrjað að vinna elsta fiskinn og sá nýi geymdur þar til hann er orðinn gamall og verðminni. Sjónarmiðið við þessar aðstæður er að bjarga verðmætum frá skemmdum. Þetta sjónarmið á að leysa af hólmi með sjónarmiðinu: Hvernig getum við aukið verðmæti aflans sem við megum taka? Þetta sjónarmið kemur með fiskmörkuðum.

Fiskmarkaðir áttu einnig að bæta meðferð aflans. Það má reikna með að áhafnir og útgerð örvist við hærra verð sem hægt verður að fá fyrir nýjan og vel með farinn fisk. Þeir fiskverkendur sem hafa haslað sér völl á ferskfiskmarkaði eða með nýjum og dýrum neytendapakkningum kaupa nær eingöngu sitt hráefni á fiskmörkuðum og telja sjálfir að fiskmarkaðir séu nær alger forsenda þess að hægt sé að halda áfram á braut verðmætisaukningar. Það er því í þágu allra að fiskmarkaðir eflist og dafni um landið.

Eins og hér hefur áður verið lýst býr íslensk fiskvinnsla við mikið óöryggi og sveiflur í hráefnismálum. Framboð á fiskmörkuðum hér er lítið og markaðirnir eru aðeins staðsettir á suðvesturhorni landsins. Hins vegar hefur skipulagður útflutningur á ísvörðum fiski með skipum og í gámum séð til þess að fram í tímann eru lagðar línur um framboð á ísfiski á fiskmarkaðina í Englandi og Þýskalandi. Sá fiskur er aldrei til sölu fyrir fiskvinnsluna hér heldur fer óseldur úr landi. Fiskkaupendur og fiskverkendur sem aðgang eiga að mörkuðum þar búa við jafnara og stöðugra hráefni en nokkur fiskvinnsla hér á landi af fiski af Íslandsmiðum. Þannig er skipulagsmálum háttað í sjávarútvegi okkar þrátt fyrir okkar landhelgi.

Sú skipulagskreppa sem er í sjávarútveginum bitn-

ar ekki hvað síst á sjávarplássum út um landið og er ein af ástæðum þess að fólk flýr í stærra þéttbýli eða til höfuðborgarsvæðisins. Fátæk sveitarfélög sem ekki geta sinnt þjónustu við íbúana vegna skulda stærstu atvinnufyrirtækjanna við sveitarsjóð, skulda sem e.t.v. er síðan smám saman breytt í hlutafé sem litlum eða engum arði skilar, og sveiflur og óöryggi í atvinnumálum þrátt fyrir miklar fórnir í þágu kaupa á skipsskrokkum eru ekki beinlínis aðlaðandi eða hvað? Þau hafa ekki sýnt sig að vera það.

Menn hafa áhyggjur af því að sú leið sem ég er hér að mæla fyrir muni raska byggð og vegna erfiðra samgangna mismuna sveitarfélögum og fyrirtækjum. Þegar er til staðar í landinu nokkur reynsla af bæði fjarskiptamörkuðum og góðmörkuðum og þá reynslu ber auðvitað að nýta. Það fyrirkomulag sem við búum við núna tryggir ekki að fiskvinnslan hafi jafnan aðgang að hráefni.

Það munstur sem varð við þéttbýlismyndun við sjávarsíðuna varð m.a. vegna nálægðar við fiskimið. Þau verða áfram á sínum stað og þegar flotinn hefur minnkað og náð sinni eðlilegu stærð að verða fyrst og fremst tæki til að ná í fiskinn með sem hagkvæmustum hætti, en ekki flutningaskip eða aðgerðarlaus við bryggju eins og nú er, mun auðvitað verða ásókn í að landa í næstu höfn, á næsta markaði. Jafnframt því að skipulagskreppa sjávarútvegsins hefur verið að dýpka hafa forsendur til róttækrar breytingar verið að batna. Samgöngur í landi hafa stórbatnað undanfarið og á dagskrá eru enn bættar samgöngur með gerð jarðganga til að tengja byggðarlögin í stærri félagsheildir. Í öðrum flutningum en á landi hafa líka skapast nýir möguleikar og fjarskiptatækni hefur tekið þeim breytingum að fiskverkandi t.d. á Djúpavogi getur fylgst með markaðsbreytingum á sinni skrifstofu og samið um verð og kaup án þess að hafa marga milliliði og sem betur fer erum við aðeins farin að sýna viðleitni í þá átt að byggja upp víðtækari sjávarútvegsfræðslu. Menntun, samgöngur, tækniþróun og markaðsþekking eru lyklarnir að bjartari framtíðarsýn, en þeir lyklar koma að litlum notum í sjávarútvegi ef við ekki þorum eða getum rifið okkur út úr skipulagskreppunni. Auðvitað óttast margir breytingar og hið óþekkta veldur óöryggi. Sumir kunna jafnvel að hafa af því hagsmuni að viðhalda nánast óbreyttu ástandi. En hversu lengi mun þjóðin una því að lífskjör hennar verði skert til að viðhalda nánast óbreyttu núverandi ástandi?

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að á þingi Verkamannasambandsins í haust var samþykkt tillaga í atvinnumálum undir yfirskriftinni „Rífum okkur út úr stöðnuninni.“ Í henni segir m.a., með leyfi forseta:

„Meginskilyrði þessara breytinga eru að íslenska fiskvinnslan eigi ávallt kost á að fá gott hráefni til vinnslu og að hún njóti þess til fullnustu að fiskurinn er veiddur í íslenskri landhelgi. Því er eðlilegt að kanna rækilega hvort ekki sé rétt að setja á stofn öfluga fiskmarkaði víða um landið í samræmi við nýja og breytta atvinnuhætti og vaxandi mikilvægi markaðsstarfseminnar. Þar með bætast þúsundir nýrra starfa inn í íslenskt atvinnulíf. Jafnframt opnast möguleikar til að semja við Evrópubandalagið um verslun með fisk og fiskafurðir.“

Ef við seljum allan fisk veiddan í íslenskri landhelgi gegnum markaði hér á Íslandi þá er eðlilegt að útlendingar eigi þess kost að koma hingað og bjóða í fiskinn unninn eða ósunninn. Með íslenskum fiskmörkuðum flytjum við milliliði sem nú starfa erlendis inn í landið. Verslun og viðskipti með fisk munu stóraukast hér, gjaldeyrir mun skila sér fyrr og betur inn í landið og margfalt fleiri munu hafa atvinnu sína af fiskvinnslu ýmiss konar og þjónustu við sjávarútveginn.

Hér var fyrr í morgun rætt nokkuð um atvinnumál á landsbyggðinni og þá fábreytni sem í þeim ríkir og hvernig hún getur valdið því að ungt fólk hafi ekki þann áhuga á að koma til starfa á landsbyggðinni sem æskilegt væri. Með því að bjóða upp á fjölbreytni í atvinnumálum, í sjávarútvegi og bjóða upp á nýjungar sem ungt fólk hefur áhuga á og hefði áhuga á að nýta sína menntun til væri það vel og breytingar í sjávarútvegi eru ekki hvað minnsta atriðið í þeim efnum. Ef íslensk fiskvinnsla nær að sérhæfa sig og vinna ávallt í verðmætustu pakkningar og selur á þá markaði sem best gefa má ætla að til lengri tíma verði fiskverð á íslenskum mörkuðum engu lakara en það sem gerist best á þeim erlendu.

Það liggur fyrir að Evrópubandalagsríkin vilja gjarnan að við höldum áfram að flytja þeim hráefni til vinnslu. Þau stýra því svo með sinni tollastefnu að hagkvæmara kann að vera að flytja fiskinn út ísvarinn í gámum, ómeðhöndlaðan, en að hann sé unninn fyrir neytendur hér á landi og síðan fluttur út. Þau eru, þ.e. Evrópubandalagsríkin, að sækjast eftir fiski en einnig atvinnu fyrir sitt fólk. Við hljótum að stefna að því að komast sjálf sem næst neytandanum með þá vöru sem hann kýs hverju sinni og að þeir framleiðendur og milliliðir sem nauðsynlegir kunna að vera til þess séu á Íslandi. Þannig höldum við best forræði yfir þessari okkar mikilvægustu auðlind. Samningsstaða okkar við Evrópubandalagsríkin verður önnur þegar við höfum tekið ákvörðun um að selja allan fisk veiddan í okkar landhelgi í gegnum íslenska fiskmarkaði. Þá þurfa þeir að semja um leyfi til að versla á mörkuðunum og samningsstaða okkar varðandi niðurfellingu tolla batnar.

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggur nú frv. til laga um stjórn fiskveiða. Sú tillaga sem ég mæli hér fyrir er óháð því að hvaða niðurstöðu Alþingi kemst í þeim efnum. Mín tillaga lýtur fyrst og fremst að þeim skipulagsramma sem við þurfum að hafa varðandi meðferð þess afla sem leyfilegt verður að taka í íslenskri landhelgi, að hann fari ekki óseldur úr landi og að breyta aðstöðu íslenskrar fiskvinnslu okkur öllum til hagsbóta.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu vænti ég að þessari tillögu verði vísað til atvmn. og til síðari umræðu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja ekki búið mig undir að taka hér til máls vegna þess að það hvarflaði ekki að mér annað en að hér mundu upphefjast fjörugar umræður um svo merkileg mál sem hér eru lögð fram. Að menn mundu flykkjast í ræðustól, allir þeir menn sem hér eiga sæti inni sem virðast hafa ótakmarkaðan áhuga á fiskveiðum, útflutningi og hvers konar verslun og meðhöndlun fisks. Ég verð að segja að það undrar mig mjög að þegar til umræðu er undirstöðuatvinnugrein þjóðar okkar þá skuli þingsalur vera næstum tómur. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því.

En eins og ég sagði, þá hafði ég ekki búið mig undir að taka til máls hér. Ég hafði hugsað mér að hlusta, og ég hef vissulega hlustað á hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Ég tek undir það með henni að þau mál sem hún flytur eru nauðsynjamál. Ég ætla að leyfa mér að taka þau bæði svolítið til umfjöllunar.

Fyrra málið sem hún flutti, þáltill. um að undirbúa löggjöf um það að útgerðarfyrirtæki séu skyldug til að gera sjómönnum kleift að hirða undirmálsfisk, finnst mér mjög aðkallandi og brýnt mál. Við megum ekki gleyma því, Íslendingar, að enn er til á lífi hér fólk sem man hungur — daglegan og langvarandi skort. Hvernig getum við varið það fyrir sjálfum okkur og öðrum í sveltandi heimi að henda matvælum þó að ekki sé nú vikið að öðrum sjónarmiðum. Að öðru leyti finnst mér að alls ekki sé verjandi að slóðina í kringum landið eftir togarana megi rekja af dauðum fiski. Veiddur fiskur er dauður fiskur, segir hv. flm. og okkur ber skylda til að nýta hann og til þess að það geti orðið þurfa sjómenn að sjá sér hag í að hirða þennan fisk, og það er einmitt málið sem hér er til umræðu.

Ég hefði viljað heyra frá hv. þm. hvaða skoðanir þeir hafa á þessu máli, en þess er ekki kostur að svo stöddu. E.t.v. getur það tekist við 2. umr. Ég er ekki reiðubúin að ræða þetta mál hér, en ég verð að segja það að ég lýsi fullum stuðningi við þessa fyrri tillögu.

Annað mál var það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti nú í síðara sinn, um fiskmarkaðina. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að brýn nauðsyn væri að íslenskir fiskmarkaðir kæmu upp sem víðast á landinu og það sé fullkomin hneisa, eins og hv. þm. benti á, að það séu erlend fyrirtæki sem eiga greiðan og léttan aðgang að íslenskum fiski á meðan íslensk vinnslufyrirtæki sitja ekki við sama borð. Það er fullkomin hneisa. Annað mál er það að við vitum að ýmsar fisktegundir veiðast í svo litlu magni á hverjum stað að sjómenn telja sér ekki hag í að hirða hann og í öðru lagi fást fiskvinnsluhúsin ekki til þess að taka hann, svo lítið sé á hverjum stað að það borgi sig ekki. Með samtengingu fiskmarkaða mætti safna þessum fiski saman og nýta hann og vinna hann þar sem það best hentar og þar sem hús sérhæfðu sig til þess í hverri grein. Þetta er líka fullkomið nauðsynjamál.

Hv. flm. bendir á það hér í greinargerð að íslensk fiskvinnsla búi við mikið óöryggi í hráefnismálum og það er sannarlega rétt. Framboð á fiskmörkuðum sé lítið, segir hún, og markaðirnir aðeins á suðvesturhorni landsins. En ef við berum gæfu til þess að setja upp markaði víðar um landið og selja allan okkar fisk á innlendum mörkuðum, þá fáum við útlendinga hingað til að kaupa hann og þá getum við ráðið meiru um verð og við getum líka ráðið meiru um það hvernig við sjálf vinnum okkar fisk þegar framboðið er stöðugt og við vitum að hverju við göngum. Og eins og hún bendir réttilega á verður samningsstaða okkar við Evrópuríkin öll önnur ef málin skipast með þeim hætti. Nokkuð hefur verið rætt hér um þá breyttu fjarskiptatækni sem orðin er sem auðveldar þessa skipan mála.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að svo stöddu, en ég gat ekki látið það viðgangast að hv. flm. þessara merkilegu mála færi hér ofan úr ræðustól án þess að hljóta nokkrar undirtektir við sín mál, en ég reikna með að þau komi til umræðu síðar og þá hef ég hugsað mér að vera betur undirbúin og geta tekið til máls.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er oft haft á orði að ráðherrar okkar séu ferðaglaðir, að þeir liggi í landaflakki, og hef ég sjálfur iðulega tekið undir þá skoðun að vel megi draga úr ferðalögum ráðherra eins og annarra opinberra starfsmanna sem ferðast á ríkisins kostnað. Hins vegar skal ég játa að stundum kemur það fyrir að ég óska þess að ráðherrar ferðist bæði oftar og lengur en þeir gera og sérstaklega þegar við fáum jafngóðan liðsauka í þingsali eins og núna í fjarveru hæstv. samg.- og landbrh.

Hér hafa verið til umræðu tvær þáltill. sem eru vissulega spor í þá átt sem Íslendingar hljóta að þurfa að feta sig, að nýta hvert bein úr sjó og að selja allan sinn fisk sjálfir. Stutt er síðan sá þingmaður sem nú hefur orðið lagði fram á hv. Alþingi frv. til laga um bann við að fleygja matvælum eða farga þeim á annan hátt. Till. til ál. frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur lýtur að sama máli, þ.e. að gera sjómönnum kleift að hirða allan undirmálsfisk sem um borð kemur. Það er sama hugsunin að baki, að fleygja ekki fiski heldur koma með hann í land og nýta hann þjóðinni til hagsbóta. Það er kjarni málsins. Á sama hátt á í rauninni að banna yfir höfuð að fleygja aðskotahlutum í sjó. Við eigum að venja okkur af þeim hugsunarhætti að sjórinn í kringum landið sé öskutunna. Það hefur því miður viðgengist frá upphafi byggðar hér á landi að menn hafa litið á sjóinn sem einhverja eyðandi kvörn sem tekur á móti öllu en skilar alltaf jafnfersku sjávarfangi á land í staðinn. Seinni tíma rannsóknir og staðreyndir hljóta náttúrlega að leiða það í ljós að sjórinn sem skellur á ströndum Íslands er sami sjórinn og sverfur klettana í Evrópu þannig að úrgangur eða olía sem fer í sjó frá meginlandi Evrópu berst hingað fyrr eða síðar. Það er ekkert hólf sem skilur á milli. Ef við höldum áfram að líta á sjóinn sem sorpílát, hvort sem það er að fleygja ónýtum fiski eða látum allan okkar úrgang fara þangað í gegnum skolp og öskutunnur eða þá að það sé jafnan sjálfsagður

hlutur að fara með gömul skip út á sjó og sökkva þeim þar í djúpið, hljótum við fyrr eða síðar að taka okkur gröf á þennan hátt, vota gröf. Og þessi tillaga er tvímælalaust liður í að breyta hugarfari hjá fólkinu gagnvart bæði matvælum og umhverfi okkar. Á sama hátt er þetta hin merkasta tillaga um sölu á öllum fiski í gegnum íslenska fiskmarkaði. Við erum með kvótanum búin að gefa nokkrum mönnum allan fiskinn í sjónum hringinn í kringum landið. Þeir fara með hann að vild sinni, hann er orðinn eign þeirra í bókhaldi og þeir selja hver öðrum hann þegar þeim sýnist. Tillagan um sölu fisks í gegnum íslenska fiskmarkaði mundi ég segja að væri nokkurs konar millispil þangað til persónukvótiinn kemur þannig að hver og einn einasti Íslendingur fái sendan heim til sín sinn hluta af fiskinum sem hann á í sjónum um hver áramót. Við getum ekki búið við það að nokkrir menn fái að slá eign sinni á fiskinn og ráðskast með hann að vild sinni, sigla síðan með fiskinn til annarra landa og selja hann þar óunninn.

Ég vil ítreka þakklæti mitt til flm. fyrir þessi tvö ágætu mál.

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær þó litlu undirtektir sem hér hafa orðið við þau mál sem ég hef hér mælt fyrir. Ég reikna ekki með að verða við síðari umræðu, en ég vænti þess að bæði í hv. atvmn. og einnig við þá umræðu fái báðar þessar tillögur þá umræðu og umfjöllun sem efni þeirra á skilið.

Ég hafði, rétt eins og hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, átt von á því að þingmenn hér á hæstv. Alþingi hefðu á því meiri áhuga þegar fram kæmu hugmyndir í þá veru sem hér hefur verið mælt fyrir og ég verð að segja að það kemur mér óþægilega á óvart að áhugi fyrir þeim málum sem þar voru reifuð skuli ekki vera meiri hér á hæstv. Alþingi. Það segir e.t.v. sína sögu og kann að vera hluti af skýringu á því hvernig komið er fyrir okkur.

Ég vil hins vegar láta þess getið, virðulegi forseti, að þó svo að undirtektir hér í þingsölum hafi verið takmarkaðar eða áhugi það lítill að viðvera hv. þm. er með minnsta móti hafa undirtektir annars staðar verið býsna miklar og flm. hefur fengið mjög sterk og jákvæð viðbrögð frá sjómönnum varðandi þá þáltill. sem hér var mælt fyrir um undirmálsfisk.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Hér er vissulega hreyft mikilsverðum málum, en þessi mál hafa verið rædd hér á hv. Alþingi fyrr. Þetta er ekki í fyrsta skiptið. Ég vil ekki taka undir það að hv. þm. hafi ekki áhuga á að ræða þessi mál, hvaða skoðunar sem þeir eru.

Nú er það einu sinni svo að hv. þm. vita ekki alltaf hvaða mál verða til umræðu hverju sinni og röð riðlast — röð riðlast, hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson — án þess að ég sé neitt að afsaka fjarveru þingmanna. En varðandi þessi tvö mál: Auðvitað er það nauðsynlegt að menn ræði svo mikilvæg mál sem hér eru nú til umræðu. Ég hygg hins vegar að flutningur á þáltill. muni segja afskaplega lítið í þessum efnum.

Ég er að vísu ekki búinn að vera á Alþingi nema líklega 17–18 ár og ég efast um að það séu margar þingsályktanir sem hafa náð framgangi á þessum tíma. Það er nú einu sinni svo, því miður, að framkvæmdarvaldið vill ekki lúta ákvörðunum löggjafarvaldsins. Og það er með þingsályktunartillögusamþykktir eins og nánast lagafrumvörp að framkvæmdarvaldið fer sínum málum fram sem því sýnist hvað sem löggjafarvaldið segir. Og þess vegna er enn þá brýnna að mál eins og hér eru til umræðu séu þó frekar flutt sem frv. til laga en að framkvæmdarvaldinu sé fengið það í hendur með þáltill. að fara frekar að sínum eigin hugmyndum en löggjafans.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega efnislega um þetta nema örfá orð um fiskmarkaðina. Ekki hef ég á móti því nema síður sé að sjómenn geti fengið sem hæst verð fyrir sinn afla, en ástandið hjá okkur hefur a.m.k. verið þannig, það kann að breytast, að það verði unnt að koma fiskmörkuðum á sem víðast. Það er enginn vafi á því að fiskmarkaðurinn hér á höfuðborgarsvæðinu skilar sjómönnum sínu umfram það sem þeir hefðu fengið ella. En fiskmarkaðir hafa verið reyndir annars staðar líka og þar hefur verið gefist upp á tiltölulega þokkalegu svæði eins og á Norðurlandi. Þar urðu menn að gefast upp. Og hvað þá með minni svæðin sem hafa miklu minni möguleika til markaðarins. Kannski finnst einhver lausn á því, að dreifa þessu miklu meira um landið en gert hefur verið, en enn sem komið er hef ég ekki heyrt neitt um það að slíkt væri fyrir hendi. Ef það er hins vegar fyrir hendi á auðvitað að koma fram með frumvörp til laga og á þann veg a.m.k. að reyna að skylda stjórnvöld, hæstv. ráðherra, sem mér heyrist hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson ekki hafa mikla trú á, sumum hverjum, til að framkvæma þá löggjöfina ef hún er þess virði að Alþingi vill samþykkja slíkt. Það er miklu meiri kvöð á framkvæmdarvaldið, þó að það bregðist oft, ef um frumvörp er að ræða sem gerð eru að lögum en þingsályktunartillögur sem í velflestum tilvikum eru lagðar til hliðar þó að þær séu samþykktar. Það er kannski þess vegna, án þess að ég vilji neitt fullyrða, sem þingmenn telja kannski ekki nægilega langt gengið með flutningi á þáltill. í svo stórum málum sem hér um ræðir.

Nú er það auðvitað í höndum stjórnvalda hverju sinni ef þau vilja beita sér fyrir slíkum málum. Það er auðvitað ekkert vandamál hjá núv. hæstv. ríkisstjórn að beita sér í þessum málum hafi hún vilja til þess. (Gripið fram í.) Það er auðvitað á verksviði hæstv. ráðherra að kanna vilja þingsins. Ekki hefur staðið á því í öðrum tilvikum en þessum og sem skipta miklu minna máli en þessi mál þannig að það er engin afsökun gagnvart hæstv. ráðherrum, hvorki í þessari ríkisstjórn né öðrum. Ef þeir hafa vilja í viðkomandi málum eiga þeir auðvitað að beita sér fyrir lausn á þeim. Og þáltill. af þessu tagi eru í mínum huga nánast vantraust á hæstv. ríkisstjórn. Á engan hátt hef ég á móti því, í þessu tilviki, því að bæði í þessum

efnum og öðrum hefur hún ekki sýnt það sem menn vonuðust eftir að hún gerði og kannski verður þetta áminning til hæstv. ráðherra þegar einn af hv. stjórnarþingmönum flytur svona mál í þingsályktunartillöguformi hér inn á Alþingi sem staðgengill hæstv. ráðherra. Svona er nú málið einfalt.

En aftur að fiskmörkuðunum. Það væri vonandi að hægt væri að finna þá leið þar sem þeir gætu verið betur gildandi á fleiri svæðum en nú er og skilað sjómönnum, og þá þjóðinni líka, meiri verðmætum en nú er. Og það er auðvitað illt við það að búa að nokkuð stór hluti sjómanna skuli vegna þessara misbresta í fiskmarkaðskerfi verða af verðmætum gagnvart fiskverði. Það eru margir sem búa við verðlagsráðsverðið sem er talsvert lægra en fiskmarkaðurinn gefur. Það er auðvitað spurning hversu lengi sjómenn líða það að þeim verði mismunað með þessum hætti, en þannig er dæmið í dag. Vonandi verður þetta hvetjandi fyrir hæstv. ríkisstjórn, áminning fyrir hana að standa betur í stykkinu og gera betur í þessum stórmálum og taka þá undir kröfu þeirra sjómanna sem hafa sent hv. flm. erindi þess efnis að þeir telji þetta nauðsynjamál. Ég tek undir að svo er, en við skulum þá knýja á hæstv. ríkisstjórn, að hún geri eitthvað í málinu því að það er auðvitað hennar, fyrst og fremst. Ég tala nú ekki um ef vilji Alþingis kemur fram með samþykkt svona mála. Þá er auðvitað hennar að láta málið ná fram að ganga. Á því hefur hins vegar orðið mikill misbrestur, bæði hjá núv. hæstv. ríkisstjórn, svo og mörgum öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokunaraðgerðir Pósts og síma, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 336. mál. — Þskj. 586.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um mál sem ekki er stórt í samanburði við þau stóru mál sem við vorum að ræða áðan, en Alþingi þarf nú líka að sinna smærri málunum. Hún er um breytta tilhögun á lokunaraðgerðum Pósts og síma og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að breyta reglum um innheimtu Pósts og síma þannig að lokunaraðgerðir verði mildaðar. Verkinu sé lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.“

Ástæðan fyrir því að till. er flutt er sú að hér er einkarekstur á Pósti og síma og nánast hver einasti landsmaður, hvert einasta heimili og hvert einasta fyrirtæki, er áskrifandi að þessari símaþjónustu. Sem gamall heimastjórnarmaður þykir flm. mjög vænt um talsímann, þetta er jú tákn heimastjórnar í landinu, og síminn er orðinn snar þáttur í þjóðlífinu. Við hann hafa nú á síðari tímum tengst hlutir eins og símskeyti, telex, telefax og margs konar öryggisbúnaður.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að þröngt hefur verið í búi hjá mörgum að undanförnu. Það leiðir til þess að fólk á oft í erfiðleikum með að standa í skilum með afnotagjaldið af símanum. Það má nú svo sem segja að það er sama hvernig árar í þjóðfélaginu. Það er alltaf nokkur hópur sem á í erfiðleikum með að borga af hinum ýmsu ástæðum. Þess vegna er hér lagt til að innheimtuaðgerðir, lokanir, verði mildaðar á þann hátt að símanum verði lokað þannig að ekki sé hægt að hringja úr honum nema í valin öryggisnúmer, slökkvilið, sjúkraþjónustu og annað slíkt, en hins vegar sé áfram hægt að hringja í númerið. Þessi háttur tíðkast víða erlendis og þar er tekið mið af því að síminn er ekki í dag bara talsími sem viðskiptaþjónusta, að einn maður geti hringt í annan, heldur er síminn viðurkenndur sem öryggisþjónusta. Fólk er vant að geta náð hvað í annað í gegnum símann. Síminn er það hraðvirk boðleið að þegar lokað er fyrir hann er skorið á ákaflega þýðingarmikla líflínu á milli fólksins. Þess vegna er þessi tillaga lögð fram.

Það er trú flm. að þó að þessi háttur yrði hafður á lokunum símans í framtíðinni mundi það á engan hátt draga úr tekjum Pósts og síma. Síminn er okkur það mikilvægur að við viljum hafa af honum full not. Við mundum borga okkar gjöld eigi að síður við fyrsta tækifæri þó svo að yrði að grípa til tímabundinnar lokunar á þennan hátt.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla með því að till. fari til seinni umræðu og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar, fyrri umr.

Þáltill. JK o.fl., 345. mál. — Þskj. 596.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 596, um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Jóhann Einvarðsson og Guðni Ágústsson.

Tillgr. hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar með aðsetri á Íslandi sem sinni björgunarmálum á Norður-Atlantshafi. Leitað verði samstarfs við þær þjóðir sem mestra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.“

Það þarf ekki að orðlengja það að mikilvægt er fyrir eyþjóð eins og Íslendinga sem á allt sitt undir fiskveiðum og samgöngum að sinna björgunarmálum á sjó sem allra best. Það er reyndar mikill áhugi á þessum málum hér á landi eins og sjá má af þeim umræðum og þeim söfnunum sem farið hafa í gang, m.a. til þyrlukaupa. Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er að nálgast þetta mál frá eilítið annarri

hlið og reyna að hrinda því af stað að kannaðir verði möguleikar í þessum málum sem ekki hefur verið gefinn gaumur til þessa. Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir þennan mikla áhuga landsmanna hafa stjórnvöld ekki treyst sér til að ráðast í kaup á fullkominni björgunarþyrlu enn. Eins og segir í grg. með tillögunni er mjög aðkallandi að bæta þann tækjakost sem tiltækur er hér til björgunarstarfa á Norður-Atlantshafi og koma skipulagi á þau mál til frambúðar. Vegna legu Íslands á miðju hafsvæðinu á milli Evrópu og Ameríku gegna björgunarsveitir hér á landi lykilhlutverki þegar slys verða á eða yfir þessu hafsvæði.

Landhelgisgæslan gegnir meginhlutverki í björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland og vél Flugmálastjórnar hefur veitt mikilvæga flugleiðsögu í lofti einkum þegar litlar flugvélar lenda í erfiðleikum í ferjuflugi en leið þeirra liggur um Ísland þegar flogið er yfir Norður-Atlantshaf. Þá er ótalinn hinn mikli þáttur björgunaraðila hér, eins og Slysavarnafélags Íslands, Hjálparsveitar skáta, Flugbjörgunarsveitarinnar og annarra frjálsra samtaka sem sinna þessum málum. Ekki skal lítið úr honum gert og þessir aðilar hafa unnið ómetanlegt starf í þessu efni.

Þá er ótalinn þáttur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem veitt hefur afar mikilvæga aðstoð með þyrlum sem það hefur yfir að ráða ásamt tankvél sem er forsenda þess að hægt sé að athafna sig á þyrlum langt á hafi úti. Þó mjög oft hafi björgun tekist farsællega við Ísland og unnið hafi verið afar gott starf á þessu sviði er tækjakostur og skipulag þessara mála annmörkum háð. Þyrlur verða æ mikilvægari á þessu sviði þó að ekki megi gleyma góðum skipakosti. Þyrlur Landhelgisgæslunnar og varnarliðsins eru allar á suðvesturhorni landsins og lengir það mjög viðbragðstíma ef slys verða á hafsvæðunum fyrir norðan og austan land.

Þá má og geta þess að þyrlur eru mjög oft ekki til taks vegna bilana og eftirlits. Mönnum er í fersku minni dæmi um staðsetningu þegar fyrir nokkrum árum fórst flutningaskip fyrir austan land við Skrúð í Fáskrúðsfirði. Það er ljóst að ef þyrla hefði þá verið staðsett t.d. á Austurlandi með greitt og hindrunarlaust flug til hafs hefði það getað skipt sköpum í þessu ákveðna tilfelli vegna viðbragðsflýtisins, en oft er það mjög annmörkum háð að fljúga á þyrlum yfir hálendið í misjöfnum veðrum og ísingu.

Það er því ljóst að ef auka ætti öryggið í björgunarmálum á Norður-Atlantshafi þyrfti að staðsetja þyrlur víðar en á suðvesturhorninu, t.d. á Vestfjörðum og Austfjörðum, en það er ljóst að slíkt er mjög kostnaðarsamt og langur tími gæti liðið þangað til Íslendingar einir risu undir slíkri þyrluútgerð.

Ég minntist á það í upphafi að enn, þrátt fyrir mikinn áhuga og mjög brýna þörf, hefur fjárveitingavaldið ekki treyst sér til að veita fé til kaupa á einni fullkominni björgunarþyrlu. Það hefur verið mikil umræða um kaup á henni, enda er mikið í húfi. Hér er um mjög háar upphæðir að ræða og stofnkostnaður á einu slíku tæki er upp á 750–900 millj. kr. auk reksturs. Leiga fyrir slíkt tæki mundi nema um 100 millj. kr. árlega. Þessar tölur hafa komið fram nýlega í umræðum og svörum við fyrirspurnum hér á Alþingi. En mergurinn málsins er að jafnvel þótt af slíkum kaupum yrði nægja þau ekki að fullu til að mæta þeirri þörf sem fyrir er í þessum efnum.

Í hafréttarsáttmálanum frá 1958 er kveðið á um skyldur strandríkja varðandi björgunarmál og segir þar svo, með leyfi forseta:

„Sérhvert strandríki skal stuðla að stofnun, rekstri og viðhaldi fullnægjandi og virkrar leitar- og björgunarþjónustu vegna öryggis á og yfir hafinu og skal ef aðstæður krefja hafa samstarf við nágrannaríkin um sameiginlegar svæðisráðstafanir í þessu skyni."

Íslenska Landhelgisgæslan hefur samstarf við danska sjóherinn um björgunarmál á hafsvæðinu við Grænland og Færeyjar, en eins og áður segir hefur björgunarsveit varnarliðsins gegnt mikilvægu hlutverki í björgun á hafinu og hefur samstarf nú orðið við Landhelgisgæsluna varðandi yfirstjórn.

Alþjóðahyggja fer nú vaxandi og samstarf þjóða vex um hin ýmsu málefni. Það er skriður á umræðum um afvopnun í Evrópu og sá tími er e.t.v. skammt undan að tækjum og mannafla sem hingað til hefur verið beitt í varnarskyni verði í auknum mæli hægt að beita að borgaralegum verkefnum og þá eru öryggismál mjög nærtækt verkefni. Það er því fullkomlega tímabært að kanna hvort ekki sé lag til þess að gera Ísland að miðstöð björgunarmála á Norður-Atlantshafi eins og lega landsins er ákjósanleg til.

Spyrja má: Hvaða ástæður eru fyrir þessum tillöguflutningi nú? Og spyrja má einnig hvaða líkur séu til að nágrannaþjóðir okkar vilji leggja fé til þessara mála. Þess má geta í þessu sambandi að nágrannaþjóðirnar, og vil ég þar fyrst nefna samstarfsþjóðir okkar í NATO, hafa mikilla hagsmuna að gæta á þessu svæði. Hagsmunir Norðmanna og Dana eru miklir á þessum slóðum, auk Breta, og það mun í framtíðinni, hvernig sem mál þróast, verða rekið eftirlit hér á Norður-Atlantshafssvæðinu. Því er ástæða til að ætla að nágrannaþjóðir okkar muni huga að þessum málum í fullkominni alvöru ef eftir því væri leitað og Íslendingar hefðu frumkvæði um slíkt.

Ég geri ekki tilraun til þess nú á þessu stigi að leiða getum að því hverjar lyktir slík athugun fengi. Till. er flutt til að koma af stað umræðum um þetta mikla mál og að þær umræður og samþykkt hennar, ef samþykkt verður á Alþingi, gefi ríkisstjórninni nauðsynlegan bakstuðning Alþingis til að hafa frumkvæðið í þessu máli.

Það er nauðsynlegt, nú þegar till. fer til nefndar, að hún verði send til umsagnar þeirra aðila sem hafa sinnt björgunarmálum hérlendis og þeirra sem hafa haft samskipti við erlenda björgunaraðila og þar með talið varnarliðið. Ýmsa þessara aðila hef ég nefnt í grg. till. Sú athugun sem hér um ræðir er nauðsynlegur þáttur í framtíðarstefnumörkun á því sviði hver staða björgunarmála á að vera hér á komandi árum.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Tillögumaður sagði að kannski mundu menn spyrja hvers vegna till. sé nú flutt. Ég vil spyrja: Hvernig stendur á því að hún hefur ekki verið flutt fyrir löngu? Ég tel að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða og að því þurfi að gefa gaum. Það er svo margt sem styður það að koma slíkri alþjóðlegri öryggisgæslu á. Í viðbót við það sem frsm. sagði get ég bætt ýmsu, en ég tek undir hvert einasta orð sem hann sagði og tel hann hafa hugsað þetta mál nákvæmlega rétt. Til viðbótar því sem hann lagði áherslu á þurfum við auðvitað almennt að styrkja Landhelgisgæsluna. Við höfum varið okkar 200 mílur, en nú höfum við bara miklu, miklu stærra hafsvæði til að verja. Við eigum Reykjaneshrygginn, eins og menn vita, 350 mílur á haf út, og það er fullveldisréttur. Við eigum botninn og allt sem á honum er og í og erum smám saman að eignast fullan yfirráðarétt líka yfir fiskveiðunum. Þjóðir heims eru nú þannig að u.þ.b. ¾ eru strandríki. Þau eru að taka þann rétt sem þau telja að sér beri. Eftir hafréttarsáttmálanum hafa ríkin fullveldisrétt yfir hafsbotninum og auðæfum hans og eru líka að eignast réttindi yfir fiskveiðunum. Við þurfum að styrkja Landhelgisgæsluna þess vegna. Það er ekki bara Reykjaneshryggur sem um er verið að ræða. Mér er sagt að þar hafi sum árin verið fiskað allt upp í 200 þús. tonn af karfa af erlendum skipum. Að vísu eru þar tveir karfastofnar og annar er með einhvers konar sýkingu eða sníkjudýri, einhver partur af honum, en nýtanlegur engu að síður, en hinn stofninn ekki. Ég kann ekki að greina nánar frá þessu. Þarna væru mikilvæg verkefni fyrir togaraflota okkar og er t.d. þeirri hugmynd hreyft að tveir togarar gætu verið um eitt gífurlega stórt troll. Það þarf stór og öflug veiðarfæri á þessum stöðum.

Við þekkjum það nú frá því fyrir meira en 30 árum síðan að þá voru þeir kallaðir tvíburar sem voru tveir um nót á síldveiðum o.s.frv. Og tæknin núna gerir það auðvitað kleift að við getum nýtt þessi mið okkar og eigum að gera. Við eigum auðvitað að byrja að fylgjast með skipum sem þarna eru að veiðum og stugga við þeim, a.m.k. ef þau snerta botninn og koma upp með skel eða stein. Þá er hægt að færa þau til hafnar og draga fyrir lög og dóm. Þennan rétt eigum við frá 1982 með einróma samþykkt Alþingis. Við eigum þar að auki mjög mikil réttindi á gífurlega stóru hafsbotnssvæði á Hatton-Rockall slóðum og þau gleðilegu tíðindi bárust einmitt í bréfi til hæstv. forsrh. fyrir skömmu að forsætisráðherra Breta er sammála því að við eigum að ræða saman um þessi sameiginlegu réttindi, og við erum að tryggja þennan rétt okkar ef rétt er á málum haldið og það af fullri festu eins og við venjulega höfum gert í hafréttarmálunum.

Þar að auki eigum við hafsbotnsréttindi á svæðinu milli 200 mílna Jan Mayen og Noregs í samvinnu við og sameign með Norðmönnum og síðan Dönum fyrir hönd Grænlendinga. Það er sem sagt ekkert fjarstætt, það stendur eingöngu á framkvæmdum, á framtakssemi, að við tökum í sameiningu og samvinnu við þessar þjóðir full réttindi til hafsbotnsins allt frá Noregs- og Skotlandsströndum til Kanada, hvorki meira né minna. Og þessi réttindi eigum við auðvitað að tryggja okkur og afla þeirra með athöfnum, ekki bara athöfnum í orði, heldur líka í verki, en á hvort tveggja hefur skort og verið einkennilegur seinagangur á framgangi mála þegar allt þetta liggur á borðinu og búið að segja það tugum ef ekki hundrað sinnum, úr þessum ræðustól m.a. Þetta er þess vegna mjög tímabært mál og mjög merkilegt mál sem hér er flutt. Og ég trúi því og veit raunar að tillögumaður getur verið málafylgjumaður. Hann hefur hugsað þetta mál rétt og ég veit að hann muni fylgja þessu máli eftir og ekki skal standa á mér að gera það.

Það er ekki vansalaust að við skulum ekki styrkja Landhelgisgæsluna meira en gert hefur verið. Hana ber varla á góma í hv. Alþingi sem hefur þó tryggt okkur öll þau réttindi sem við nú höfum yfir fiskveiðum okkar og þar með okkar lífsafkomu. Það er eins og Landhelgisgæslan sé bara ekki til, það þurfi ekkert um hana að tala, hún geti bara lognast niður. Og þó við værum nú allmiklu betur komin með því t.d. að hafa nú eitt eða tvö nýleg skip í þeim flota í staðinn fyrir t.d. tvo eða þrjá af togurunum sem eru aðgerðarlitlir og áttu helst á tímabili að koma í hvert þorp ef ekki hvert býli. Við erum nú stórtækir stundum þegar við fáum hugmyndir en gleymum þá því sem er aðalatriðið og það er auðvitað Landhelgisgæslan. Og það er ekki bara öryggissjónarmið heldur líka bein hagsmunasjónarmið, að tryggja þessi yfirráð. Og t.d. verð ég nú að segja það að mér þótti það heldur lítilfjörlegt að við skyldum, þegar ræningjar að alþjóðalögum voru að laxveiðum rétt við okkar 200 mílur, íslenska landhelgisgæslan, ekkert aðhafast annað en það að fljúga þarna yfir, að vísu, en á sama tíma eru Evrópubandalagsríki og aðrir að beita refsiaðgerðum gegn þessum skipum sem eru að veiða fyrst og fremst íslenskan lax og okkar skip eru ekki sýnd á svæði sem við eigum. Þau voru þar. Við eigum hafsbotnssvæði 200 mílur út, eða 150 mílur a.m.k., frá 200 mílunum á þessu svæði, að alþjóðalögum. Og það er ekki hægt að fá okkar skip til að sýna sig þar, ekki einu sinni til að reka flóttann þegar einn frábær ungur maður getur gert það á nokkrum vikum sem íslenskum stjórnvöldum auðnaðist ekki að gera á heilum áratug, að tryggja réttindi sem þessi.

Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að Landhelgisgæslan skuli ekki a.m.k. fá þá svígrúm til þess að gera það sem hún getur með þeim tækjum sem hún á. En sinnuleysið í þessum málum er náttúrlega með þeim endemum, verð ég að segja, að tímabært er að vekja athygli á öllum hliðum málsins og ég fagna mjög þeirri tillögu sem hér er flutt. Það eru fáir hv. þm. í salnum því miður. Ég hygg að flestir þingmenn, ef ekki allir, mundu vilja taka undir þau orð sem hv. flm. viðhafði og ég vildi ekki láta hjá líða a.m.k. að mín rödd heyrðist: Ég styð mjög eindregið að þessari tillögu verði fylgt fram, hún verði afgreidd sem skjótast frá þinginu, og auðvitað á þessu þingi, og fylgt fram og mun leggja því lið.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við þessa tillögugerð. Ég tek undir það sem hann sagði um eflingu Landhelgisgæslunnar, og ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki gleyma henni og verðum að halda vöku okkar í þeim efnum.

Hins vegar var þessi tillögugerð hugsuð út frá sjónarmiðum öryggismála og ég legg áherslu á þann þáttinn. Ég held að skynsamlegt sé að leita samkomulags og leita fulltingis nágrannanna við að tryggja öryggi umferðar og sæfarenda hér á Norður-Atlantshafssvæðinu sem er nú ekkert smáhafflæmi eins og allir hv. þm. vita.

Ég fagna því að undirtektir hans við þessa tillögu eru góðar og ég vona og satt að segja veit að aðrir hv. þm. hugsa mikið um þessi mál og ég ætla engum það að vilja ekki gera ráðstafanir í þessum efnum sem duga. Eins og ég sagði áðan í framsögu fyrir tillögunni er hér hins vegar um afar mikinn kostnað að ræða, kostnað sem stjórnvöld og fjárveitingavald hafa ekki treyst sér til að leggja út í enn sem komið er þrátt fyrir mjög brýna nauðsyn á úrbótum í þessu efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimsverslunarmiðstöð á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE o.fl., 361. mál. — Þskj. 619.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heimsverslunarmiðstöð á Íslandi. Með mér eru flm. hv. þm. Aðaheiður Bjarnfreðsdóttir og Guðmundur Ágústsson. Hún hljóðar svo:

„*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna* hvort ekki sé tímabært að koma upp heimsverslunarmiðstöð (World Trade Centre) á Íslandi með beinum tölvu- og fjarskiptatengslum við allar heimsverslunarmiðstöðvar og allar helstu kauphallir heimsins."

Í fáum orðum sagt vakir það fyrir okkur flutningsmönnum með þessari tillögu að tengja Ísland við þau 45 lönd þar sem heimsverslunarmiðstöðvar eru. Heimsverslunarmiðstöð, sem svo hefur verið þýdd á íslenskt mál, má alveg eins kalla alþjóðlega vörukauphöll, þ.e. verslunarmiðstöð þar sem fólk og fyrirtæki geta keypt eiginlega hvaða vörutegund sem er, sem seld er á opnum markaði, sykur, kaffi, gjaldeyri, málma o.fl., á því verði sem um er samið á hverjum tíma og fengið vöruna afhenta eftir samkomulagi og oft getur liðið langur tími, jafnvel mörg ár, frá þeim degi sem viðskiptin eru gerð og þangað til varan er afhent. Með beinum tölvufjarskiptum er eins hægt að fylgjast með heimsmarkaðsverði í slíkri miðstöð á hverri þeirri vörutegund sem skráð er á heimsmarkaði og fá upp gefið á hverri mínútu hvað verðið er víðs vegar í heiminum. Frægasta heimsverslunarmiðstöð í heimi er líklega í New York, World Trade Centre, en hún er til húsa í tveim stærstu skýjakljúfunum á Manhattan-eyju. Hér er því ekki um að ræða nein smávegis fyrirtæki. Á Norðurlöndum eru heimsverslunarmiðstöðvar bæði í Kaupmannahöfn og Gautaborg og hugsanlega víðar.

Árið 1987 fór fram töluverð umræða um það á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvort æskilegt væri að koma upp slíkri miðstöð á Íslandi. Í því sambandi var unnin mjög fróðleg greinargerð sem fylgir tillögunni sem fylgiskjal og þar er leitast við að sýna hversu miklir möguleikar felast í slíkri stofnun fyrir okkur Íslendinga. Af greinargerð þessari má sjá að helstu viðskipti sem fram fara í slíkri miðstöð eru öll rekin hér á Íslandi, hjá einstaklingum, félagasamtökum, sjálfstæðum stofnunum og fyrirtækjum um allt landið. Starf margra þeirra hefur verið með ágætum hingað til, en það er ljóst að slík miðstöð mundi efla það starf og tengja það betur við önnur alþjóðleg viðskipti og verða því til góðs í hvívetna.

Sem dæmi um þá aðila sem geta notið góðs af þessum stofnunum eru t.d. allar fjármálastofnanir landsins, útflutningsráð, Verslunarráð Íslands, Félag ísl. stórkaupmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sjávarafurðadeild Sambandsins og hin ýmsu sölusamtök, lagmetis, landbúnaðar, fiskeldis og loðdýrabænda og hvers kyns önnur samtök, fyrirtæki og stofnanir sem starfa og vilja starfa á alþjóðlegum vettvangi.

Landfræðilega séð er Ísland mjög hentugt til alþjóðlegra viðskipta. Með heimsverslunarmiðstöð má búast við að hægt sé að ýta stórlega undir ýmiss konar önnur alþjóðleg viðskipti. Flutningsmaður þessarar tillögu hefur t.d. lagt fram aðra tillögu um fríhafnarsvæðið við Keflavíkurflugvöll. Framtíðin er að ganga í garð hjá okkur og við verðum að nýta okkur þau alþjóðlegu tækifæri sem við höfum til viðskipta og við verðum að færa okkur inn í framtíðina jafnt og aðrar þjóðir. Við þurfum að taka upp möguleika fríhafnar á Íslandi, bæði fyrir fríiðnað, umskipun, tollvörugeymslur og fleira, en það er allt saman tíundað nánar í annarri þáltill. Íslendingar eru háðir útflutningsverslun og innflutningsverslun. Því er rétt að leita allra leiða til þess að búa þessari alþjóðlegu verslun okkar sem best skilyrði. Fram undan eru miklar breytingar á helstu markaðssvæðum Íslendinga í Evrópu, með hugsanlegum og væntanlegum Evrópustórmarkaði, og því er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast vel með frá fyrsta degi svo að við drögumst ekki aftur úr okkar nágrannaþjóðum.

Fylgiskjal með þessari tillögu er, eins og ég sagði áður, greinargerð eftir Gest Ólafsson, framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem var unnin í janúar 1987 og er hugmyndin um heimsverslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu tekin þar ítarlega út. Þar segir höfundur, með leyfi hæstv. forseta:

„Lausleg könnun á þessu máli hefur leitt í ljós að full þörf virðist vera á slíkri viðskiptamiðstöð hér á

höfuðborgarsvæðinu og að góður fjárhagslegur grundvöllur ætti að vera fyrir þessari miðstöð ef samstaða hlutaðeigandi aðila næst."

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að hafa þetta sem lokaorð og mæli með því að tillaga þessi fari til síðari umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson vék hér að till. til þál. um fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll, sem hann hefur flutt og hefur verið dreift hér, vildi ég vekja athygli hv. þm., sem ekki hefur átt mjög lengi sæti á Alþingi, á því að árið 1984 var samþykkt hér á Alþingi þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, sem er nokkurn veginn hið sama og hér er verið að ræða um, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason flutti og hafði flutt alloft áður en hún náðist samþykkt. Þessi samþykkt Alþingis hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæði hér á landi, t.d. á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar þar sen henta þætti. Við gerð slíkrar athugunar verði haft samráð við samtök iðnaðarins."

Hér hefur því hv. þm., af því að hann vék að þessu máli sérstaklega í sinni ræðu, flutt mál sem þegar hefur í rauninni verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram hér, virðulegi forseti.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli, og þetta er alveg rétt. Um þetta vissi ég, að sjálfsögðu. Árið 1984 samþykkti Alþingi þál. eins og hv. þm. las upp áðan og, ef ég man rétt, þrem árum seinna lét forsrh. gera skýrslu um hvort hrinda ætti þessari hugmynd í framkvæmd og sú skýrsla var neikvæð. Það var ekki talið rétt á þeim tíma að stofna sérstakt fríhafnarsvæði á Keflavíkurflugvelli.

Í dag eru aðstæður breyttar. Flugvallaryfirvöld á Keflavíkurflugvelli hafa skipulagt mikið svæði í nágrenni við nýju flugstöðina þar sem m.a. er gert ráð fyrir vörugeymslum við flugbrautina. Stutt er í allar helstu lagnir og búið að leggja skolp o.fl. inn á svæðið og því er ekkert að vanbúnaði að byrja. Þessi tillaga er ekki flutt alveg gjörsamlega út í bláinn af manni sem vaknar einn góðan morgun og fær þá snjöllu hugmynd að flytja tillögu af þessu tagi, heldur er hún flutt eftir samvinnu við flugvallarstjórann á Keflavíkurflugvelli, Pétur Guðmundsson, og að hans áeggjan því að af hálfu flugvallaryfirvalda á Keflavíkurflugvelli er ekki eftir neinu að bíða og þau eru þess mjög fýsandi að taka þetta skref, að Íslendingar stígi þetta skref inn í alþjóðleg viðskipti, inn í framtíðina, og af þeirra hálfu er ekkert að vanbúnaði til þess að svo megi verða á flugvellinum.

Á sama hátt var haft samráð við Verslunarráð Íslands, framkvæmdastjóra þess, Vilhjálm Egilsson, um flutning þessarar tillögu. Verslunarráð hefur mjög látið þessi mál til sín taka árum saman og núna síðast á aðalfundisínum fyrir skömmu þar sem ályktað var um þörfina fyrir möguleika af þessu tagi. Karl Steinar Guðnason, hv. alþm., flutti þessa tillögu á sínum tíma. Hann á heiður skilið fyrir það. Hér er hvergi reynt að ræna þeirri fjöður úr hatti hans. Hv. þm. hefur haft forgöngu um að flytja þetta mál á Alþingi. Forsrh. lét síðan kanna það og sú skýrsla var neikvæð fyrir framvindu málsins. Ég er eingöngu að taka hér upp þráðinn.

Ég þakka hv. alþm. Eiði Guðnasyni fyrir að hafa vakið máls á þessu. Ég ætlaði svo sannarlega ekki að láta hlut forgöngumanna í þessu máli liggja óbættan. Ég minntist á þessa tillögu í málflutningi mínum um heimsverslunarmiðstöð sem hluta af framtíðinni í viðskiptum. En að sjálfsögðu mun þetta allt saman verða rakið í málflutningi fyrir hinni tillögunni um Fríhöfnina sjálfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi, fyrri umr.

Þáltill. RG, 365. mál. — Þskj. 626.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 626 um lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi. Flm. auk mín eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Jón Kristjánsson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir því að nefnd sú sem ráðherra skipaði í október sl. í kjölfar kjarasamninganna í apríl 1989, til að gera tillögur um hvernig jafna megi rétt kvenna á vinnumarkaði til fæðingarorlofsgreiðslna, taki jafnframt til athugunar lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi."

Fyrir þremur áratugum voru um 30% kvenna virkar í atvinnulífinu, þ.e. unnu a.m.k. þriðjung af venjulegum vinnutíma utan heimilisins. Atvinnuþátttaka giftra kvenna var enn þá minni eða 15–16%. Nú er svo komið að atvinnuþátttaka kvenna á barneignaraldri er um og yfir 90% og er ekki ofsagt að sú breyting sem orðið hefur á vinnu kvenna utan heimilis sé ein mesta þjóðfélagsbylting síðari tíma og áhrif þessa má merkja á flestum sviðum þjóðlífsins.

Kröfur um aukin réttindi kvenna á vinnumarkaði hafa vaxið mjög á liðnum árum og áherslur stéttarfélaga við samningaborðið hafa tekið mið af þeim breytingum sem átt hafa sér stað. Þannig ákvað ríkisstjórnin í tengslum við kjarasamningana í apríl 1989 að skipa nefnd sem hafi það verkefni að skoða

og útfæra þá stefnumörkun er fram kemur í álitsgerð nefndar sem samdi frv. til laga um fæðingarorlof og miðar að því að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof. Fram kemur í grg. með þessari tillögu hverjir skipa nefndina.

Það var stórmál þegar lögbundinn var réttur allra kvenna til töku fæðingarorlofs og það er stór áfangi að fæðingarorlof skuli nú orðið sex mánuðir. En við skulum skoða hver staðan í þessum málum er hjá konum á vinnumarkaði og hvaða samræmingu þarf að takast á við. Ég leyfi mér að tilgreina konur sérstaklega þó vissulega hafi það aukist mjög að foreldrar skipti með sér töku fæðingarorlofsins. Konur sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum halda fullum launum og fullum réttindum í fæðingarorlofi. Konur sem eru í Bankamannasambandinu halda fullum launum og réttindum fyrstu þrjá mánuði, fá 25 þús. kr. að gjöf frá viðkomandi banka í upphafi fæðingarorlofs og halda einnig öllum réttindum síðari þrjá mánuðina meðan þær hljóta fæðingarorlofsgreiðslu frá Tryggingastofnun, svo sem veikindadögum og orlofsdögum, starfsaldursálagi, bónus og orlofsuppbót. Ég sagði öllum — nema réttinum til að greiða í lífeyrissjóð.

Aðrar konur á vinnumarkaði taka launalaust leyfi og fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins í formi fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga.

Í nýgerðum samningum ASÍ, VSÍ og VMS er tekið á réttindamálum þessara kvenna en þar segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Eftir tveggja ára starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikning desemberuppbótar, orlofsuppbótar, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.“ — Ekki er kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð.

Fyrir rúmum mánuði fóru fram mjög gagnlegar umræður hér á Alþingi um fæðingarorlofsgreiðslur og var á það bent að foreldrar sem njóta fæðingarorlofs geta lent í því að fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar nemi samtals mun lægri upphæð en mánaðarlaunum þeirra áður enda fjallaði málið um rétt til fæðingarorlofsgreiðslna í þeim tilvikum þar sem samist hefur um það milli aðila að atvinnurekandi greiði mismun á launum og fæðingarorlofsgreiðslum. Við það tækifæri benti ég á að auk þess að viðkomandi þiggi í mörgum tilfellum lægri greiðslur en laun missi viðkomandi jafnframt rétt til greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóð meðan á fæðingarorlofi stendur. Slíkur réttindamissir verður tilfinnanlegri eftir því sem fæðingarorlofið lengist og sannarlega skulum við vona að sex mánuðir séu bara áfangi á lengri leið og því er brýnt að finna lausn á þessu máli.

Í a-lið 26. gr. laga um almannatryggingar segir:

„Foreldrar í fæðingarorlofi sem lögheimili eiga á Íslandi eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.“

Þetta þýðir að foreldrar sem fá fæðingarorlofsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins eru skráðir starfsmenn á vinnustað, taka launalaust leyfi og fara út af launaskrá.

Fram að kjarasamningunum nú nýverið misstu þeir auk þess þau réttindi sem annars hefðu áunnist í starfi en úr því hefur nú verið bætt. Eftir stendur að þessir foreldrar missa af iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóð í sex mánuði og í sumum tilfellum falla niður þennan sama tíma ákveðin réttindi sem bundin eru iðgjaldagreiðslum í sjóðinn. Ég gæti þar nefnt lánveitingar. Tökum dæmi af sjóðfélaga í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna sem þó er ekki opinber starfsmaður. Stysta bið viðkomandi eftir láni er tvö og hálft ár en sú bið verður að þremur árum ef sex mánaða fæðingarorlof fellur innan biðtímans. Eins getur sjóðfélaginn lent í því hvort heldur um er að ræða töku svokallaðs A-láns, sem veitt er eftir tvö og hálft ár, eða B-láns, sem veitt er eftir átta ár, að ekki er hægt að fá lánið greitt út vegna þess að útgreiðsla láns er háð iðgjaldagreiðslu í sama mánuði en viðkomandi er kominn í fæðingarorlof og verður þar með að bíða eftir láninu þar til orlofi lýkur jafnvel allt að sex mánuðum.

Slíkt atriði mælist ef til vill ekki stórt miðað við lífeyrisréttindin sjálf en við gerum okkur öll grein fyrir því hvaða áhyggjum og erfiðleikum það getur valdið þegar lánið sem beðið er eftir fæst ekki afgreitt á þeim tíma sem reiknað var með því oft og tíðum áttar fólk sig ekki á þeirri stöðu sem upp kemur og hér er bent á.

Meginforsenda lífeyrissjóðsaðildar er að sjóðfélagar afli tekna og greiði af þeim iðgjald. Á þessu eru þó þrjár undantekningar sem má telja að varði starfshlé eða undirbúningstíma. Í lögum um lífeyrisréttindi húsmæðra frá 1985 segir að félagi í lífeyrissjóði sem á rétt á fæðingarorlofi og hverfur úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti vegna barnsburðar og til heimilisstarfa getur haldið áfram aðild að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að sjö ár, enda taki félagsmaður að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Þá er námsmönnum sem taka lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna veittur aðgangur að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og veitir Lánasjóðurinn viðbótarlán fyrir 6% iðgjaldi en dregur 4% frá lánsfjárhæð. Í þriðja lagi er greitt í lífeyrissjóð af atvinnuleysisbótum. Í því tilviki má líta svo á að með iðgjaldi sem atvinnurekandi greiðir til Atvinnuleysistryggingasjóðs kaupi hann rétt fyrir starfsmenn sína til lífeyristryggingar í atvinnuleysi.

Það kom mér mjög á óvart þegar ég fór að kanna þessi mál að lögin frá 1985 um lífeyrisréttindi húsmæðra virðast ekki hafa komið til framkvæmda hjá lífeyrissjóðnum þrátt fyrir að um skylduákvæði er að ræða. Það fékkst staðfest bæði hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og hjá Sambandi almennra lífeyrissjóða að ekki er heimilt að greiða iðgjald af fæðingarorlofsgreiðslum, þ.e. tryggingabótum, til sjóð-

anna. Þar sem þau lög kveða á um að viðkomandi sjóðfélagi verður að reiða fram bæði eigin hlutfall og framlag atvinnurekandans í iðgjaldagreiðslum má reikna með að ekki hafi verið leitað eftir því við sjóðina af hálfu sjóðfélaga að þeir framfylgi þessu lögbundna ákvæði.

Virðulegi forseti. Það er mikið hagsmunamál foreldra á vinnumarkaði að þeim verði gert kleift að viðhalda lífeyrisréttindum sínum meðan á fæðingarorlofi stendur með því að fá að greiða í lífeyrissjóð og fá mótframlag á iðgjaldi. Eins og fram hefur komið í máli mínu verður það þýðingarmeira eftir því sem fæðingarorlof lengist.

Þegar ég ákvað að flytja þetta mál hér á hv. Alþingi stóð valið um að flytja frv. til breytingar á lögunum eða till. til þál. með þeim hætti sem ég nú hef gert. Ástæða þess að ég vel að fara þessa leið er sú að ég tel að það skipti miklu máli hvaða leið nefnd heilbrrh. velur til að ná settum markmiðum um samræmingu og að niðurstaða þess máls hafi áhrif á hvaða fyrirkomulag hentar best varðandi mótframlag og iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðanna og því hef ég valið að óska eftir að nefndinni verði falið þetta verkefni.

Þá er einnig rétt að það komi fram hér að ég aflaði mér að sjálfsögðu upplýsinga um hvort lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi væru til umfjöllunar hjá nefndinni nú þegar og fékk staðfest að svo væri ekki.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og til hv. félmn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar í upphafi að þakka hv. flm. fyrir að bregðast skjótt við og taka á þessu máli sem, eins og hv. 1. flm. sagði, athyglin beindist að að hluta til fyrir u.þ.b. mánuði er annar angi réttinda foreldra í fæðingarorlofi var til umræðu.

Fæðingarorlof á launum er sem betur fer nú orðið viðurkennt sem réttindi sem foreldrar, oftast mæður, eiga skýlausan rétt á að njóta. Svo sem hv. 1. flm. þessarar tillögu gat um er það enn svo að foreldrar njóta ekki allir fullra launa allan fæðingarorlofstímann. Þegar þar á ofan bætist að foreldrar glata lífeyrisréttindum sínum þann tíma sem um er að ræða þá er ljóst að hér þarf að bæta úr og sú leið sem í þessari þáltill. er lagt til að farin verði tel ég að sé sú besta sem við eigum kost á og eðlilegt að leita einmitt þessarar leiðar.

Mig langar að koma með örlitla ábendingu, mál sem vakin var athygli mín á en ég hafði því miður ekki fyrir þessa umræðu möguleika á að kanna hvort rétt væri. Það eru mismunandi reglur lífeyrissjóða um öflun réttinda til lántöku úr lífeyrissjóðum. Þær eru misjafnar. Í sumum tilvikum miðast réttindi til lántöku, eftir því sem mér var bent á, við samfelldan undanfarandi starfstíma. Þessar reglur má því túlka svo að verði rof, t.d. sex mánaða rof, glatast lífeyrisréttindi eða þau réttindi til lántöku t.d. sem miða við samfelldan undanfarandi starfstíma og viðkomandi verður að byrja aftur á byrjuninni þegar komið er t.d. úr sex mánaða fæðingarorlofi. En eins og ég gat um þá hef ég ekki fengið staðfest dæmi um slíkt, einungis ábendingar um að svona kunni að vera í pottinn búið og mér þykir full ástæða til þess að kanna það og treysti því að í vinnslu málsins verði þetta einnig tekið fyrir.

Það hlýtur að vera kappsmál að foreldrar njóti sem fyllstra og bestra réttinda á meðan á fæðingarorlofi stendur og ég tel þessa þáltill. mjög stórt og mikilvægt skref í þá átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðun hrygningarsvæða, fyrri umr.

Þáltill. KrP, 378. mál. — Þskj. 651.

Flm. (Kristinn Pétursson):

Háttvirti forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. um friðun hrygningarsvæða sem hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að gera nú þegar ráðstafanir með eftirfarandi hætti til friðunar hrygningarstöðva:

1. að Hafrannsóknastofnun, í samráði við útvegsmannafélög og aðildarfélög Landssambands smábátaeigenda, geri tillögur um hrygningarsvæði sem verði alfriðuð fyrir öllum veiðum á tímabilinu 1. apríl til 30. maí ár hvert,

2. að umferð flutningaskipa og fiskiskipa verði takmörkuð á friðuðum svæðum á sama tímabili."

Tilgangurinn með þáltill. þessari er að reyna að hafa áhrif til aukinnar viðkomu nytjastofna með því að alfriða tiltekin svæði kringum landið eftir sameiginlegum tillögum Hafrannsóknastofnunar og hagsmunaaðila í útgerð.

Það skal tekið fram að það er ekki ástæða til þess að byrja að hafa þessi svæði neitt sérstaklega stór heldur að reyna í vaxandi mæli að fikra okkur áfram á þessum vettvangi.

Þar sem hrygningarstofn þorsksins og fleiri nytjastofna hefur farið minnkandi er afar brýnt að við reynum að haga okkur þannig í umgengni við náttúruna að klak helstu nytjastofna takist sem best. Með öðrum orðum að við reynum að umgangast hrygningarsvæðin þannig að hámarksárangur náist í viðkomu nytjastofna þrátt fyrir að hrygningarstofnarnir séu litlir.

Það er enn fremur lagt til í þessari tillögu að umferð flutninga- og fiskiskipa verði takmörkuð á umræddum svæðum sama tímabil. Hávaði og hvinur frá vél og skrúfu berst vel í sjó og vatni og vegalengd eins og 20–100 metrar er ekki löng. Fyllsta ástæða er til að umgangast hrygningarsvæði fiskstofna okkar með gætni það tímabil ársins sem hrygning fer fram þar sem lífskjör þjóðarinnar velta svo mikið á afrakstursgetu nytjastofna.

Það skal einnig áréttað að jákvætt samstarf um

rannsóknir á vistfræði hafsins með auknu samstarfi sjómanna, skipstjórnarmanna og þeirra sem vinna við hafrannsóknir gæti verið lykill að bættum lífskjörum í landinu. Við getum gert betur á öllum sviðum. Við getum aukið nýtingu í meðferð og vinnslu sjávarafla og við getum aukið viðkomu nytjastofna með skynsamlegri umgengni um hrygningarstöðvar. Við þurfum bara að taka okkur tak og byrja á því að koma þessu í framkvæmd. Hér er því lagt til að útvegsmannafélög og rannsóknaraðilar geri sameiginlegar tillögur til þess að reyna að ná árangri í þessu máli. Allt samstarf þessara aðila getur gefið okkur dýrmætar upplýsingar í sambandi við aukna viðkomu nytjastofna. Við þurfum að gera meira af því að leggja okkur fram við að skilja gang náttúrunnar með meiri og vandaðri rannsóknum og reyna síðan að vinna *með náttúrunni í því að ná betri árangri.* Í allri umræðu um umhverfisvernd á landi hefur ekki verið minnst á umhverfisvernd á sjávarbotni en það er fyllsta ástæða til þess að ræða það einnig í leiðinni. Við þurfum að efla umræðu um umhverfisvernd í hafinu m.a. í þeim tilgangi að auka þekkingu okkar á lífkeðju hafsins, t.d. hvað varðar veiðar með snurvoð upp í fjöru þar sem nytjastofnarnir eru að hrygna á sama tímabili. Á vorin þegar sólin skín og þorskur sækir í fjörurnar til þess að hrygna, á því augnabliki þegar fiskurinn fer að horast og er að hrygna er ekki skynsamlegt að veiða hann í stórum stíl einmitt á þessum stöðum þar sem nógan fisk er að hafa annars staðar. Ekki er vandamál að ná þeim þorski sem við höfum leyft að veiða úr hafinu og þar af leiðandi fyllsta ástæða til þess að gefa þorskinum grið þar sem hann er að hrygna.

Ég vil að lokum fullyrða að fátt geti skilað okkur eins miklum verðmætum til baka og auknar rannsóknir á vistfræði hafsins og aukið samstarf vísinda og útgerðar í þeim tilgangi að bæta lífskjörin í landinu. *Hætv. forseti.* Ég legg svo til að þessari tillögu verði vísað til hv. allshn. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. hvort ekki sé eðlilegra að málið fari til atvmn. Þetta getur auðvitað alltaf verið nokkurt vafamál en ég teldi það nú eðlilegra.) Ég legg til að henni verði vísað til allshn., hæstv. forseti. (**Forseti:** Þá verður það virt.)

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að segja örfá orð og lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu. Hún leiðir auðvitað hugann að því að við hljótum í ríkari mæli en gert hefur verið að fara að rækta fisk og fiskstofna, ekki síst sjávarfiska. Þó að það sé merkilegt starf sem hefur verið unnið í sambandi við ræktun vatnafiska er auðvitað framtíðin sú að rækta fyrst og fremst sjávarfiskana. Það er svo sem ekkert nýtt að menn hafi vakið athygli á því að það er hægt að hjálpa náttúrunni til sjávarins ekkert síður en á landi og auðvitað verður sjórinn ræktaður alveg eins og þurrlendið hefur verið ræktað. Það sem liggur fyrir raunar er að það þarf mun minna fóður til þess að rækta eitt kg af fiski en t.d. kíló af kjúklingi eða nautum o.s.frv. Vatnafiskar eru ódýrari þegar rétt er að staðið.

Það er langt um liðið síðan Bjarni Sæmundsson vakti athygli sjómanna á því og barðist fyrir því að menn reyndu um hrygningartímann að hræra saman hrognum og svilum, láta svil komast í snertingu við t.d. þorskahrognin áður en allt hraut svo fyrir borð. Þetta var gjarnan að mér skilst gert í fötum eða bölum eða þá bara hreinlega á þilfarinu og vissi hann vafalaust hvað hann söng. Hugmyndir hafa raunar verið uppi um það líka að t.d. eitt eða fleiri skip sem færu í úreldingu væru tekin og beinlínis notuð til þess að fara með hrogn og svil á hrygningartímanum víða um land, sleppa á mörgum stöðum því að straumar geta að mér skilst stundum borið hrogn svo afvega að þau farist meira og minna. Þetta er nánast ekkert rannsakað hér á Íslandi og er ekki vansalaust. Í Noregi t.d. hafa menn með góðum árangri ræktað þorsk og eru að byrja á því í Saxlandi, sem nýlegar fréttir eru af, endurreisa þorskstofninn þar með því hreinlega að rækta hann og sleppa sem smáseiðum.

Mér er sagt að þorskur sé ekkert síður ratvís en t.d. lax, urriði eða bleikja, hann leiti gjarnan aftur á svipaðar slóðir og hann er uppruninn á. Ekki sel ég það dýrara en ég keypti en það hefur verið reynsla Norðmanna að þegar fiskurinn fer að eldast leitar hann gjarnan, a.m.k. á einhverjum tíma ársins, á upprunalegu slóðirnar. Og því skyldi þessi vera ekki vera jafnfætis svo mörgum öðrum hvort sem það er lax eða þorskur. Það er a.m.k. sagt að svo sé. Þetta er óplægður akur og þess vegna mjög tímabært að flytja þessa tillögu sem hér er flutt. Og það leiðir hugann til þess hve mikið starf er hér óunnið á þessu sviði. Framtíðin er að sjálfsögðu að rækta sjávarfiska, ekki síst þá aldýrustu eins og t.d. lúðuna sem selst á mun hærra verði, stórlúða selst á mun hærra verði á heimsmarkaði. Í fínum búðum á Manhattan t.d. selst úrvalslax á háu verði en jafnvel þegar laxinn var í hæsta verðinu, sem hann er nú vonandi að komast í aftur, var samt stórlúðan enn þá dýrari.

Annar fiskur sem mundi henta mjög vel til að rækta hér á landi, ekki endilega til að sleppa honum heldur rækta hann í sláturstærð, er sandhverfa sem einnig er mjög dýr fiskur, álíka verð á henni eða hærra en stórlúðunni og mjög lítið magn er á markaði. Þetta eru verkefni sem á að vinna að sem allra bráðast og þess vegna tek ég undir orð frsm. um nauðsyn þess líka að friða þau svæði þar sem við vitum að ýmis smáfiskaseiði eru í uppeldi en jafnframt stuðla að því að dreifa þeim sem allra víðast, vegna þess að það er náttúrlega aragrúi, eins og allir vita, af hrognum í hverri einustu þorskahrygnu, þau eru margfalt fleiri en t.d. í vatnafiskunum. Það má gjarnan fara inn á aðra hverja vík og sleppa þar því að við vitum að þaraþyrskling er nú víða að finna, fiskeldisstöðvarnar eru ekki bara á einum stað við Ísland. Þær eru um landið allt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á endingu og slitþoli steinefna til vegagerðar, fyrri umr.

Þáltill. EG, 382. mál. — Þskj. 667.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 667 leyft mér að flytja till. til þál. um að fram fari könnun á endingu og slitþoli steinefna sem notuð eru til vegagerðar. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta fara fram samanburðarrannsókn á slitþoli og endingu þeirra steinefna sem notuð eru við gerð bundins slitlags á þjóðvegum og við gatnagerð í þéttbýli.

Ráðherra er jafnframt falið að leita samkomulags um að kostnaður við rannsóknina greiðist að jöfnu af Vegagerð ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Reykjavíkurborg."

Það vakti nokkra athygli þegar frá því var greint í fjölmiðlum fyrir nokkru að hugsanlega þyrfti að flytja inn grjót til notkunar í malbik við mannvirkjagerð á Keflavíkurflugvelli, þ.e. við nýja akstursbraut sem gera á meðfram einni aðalflugbrautinni þar. Ástæðan fyrir þessu var sú að steinefni í nágrenni Keflavíkurflugvallar, eða í Stapafellinu þaðan sem mesta efnið hefur verið tekið til mannvirkjagerðar á Keflavíkurflugvelli, þetta grjót væri ekki nægilega hart til þess að það mætti koma að notum við þessa framkvæmd og hefur mönnum þá væntanlega verið í fersku minni reynslan af því malbiki sem lagt var á nýja veginn til flugstöðvarinnar í Keflavík og dugði í tæp tvö ár en var þá nánast búið.

Hér á landi er sífellt í gangi umræða um kosti og ókosti hinna ýmsu efna sem notuð eru í bundin slitlög á vegum, notkun nagladekkja, svo og notkun á salti til hálkuvarna. Þar sýnist sitt hverjum og ber oft mikið á milli. En í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið að undanförnu þykir mér rétt, og því hef ég flutt þessa tillögu, að rannsókn af þessu tagi fari fram enda er hér um að ræða mál sem hefur mjög mikla þjóðhagslega þýðingu svo miklu sem það skiptir að það fé sem varið er til vegagerðar nýtist sem allra best. Þess vegna hef ég sagt hér í seinni mgr. tillögunnar að eðlilegt sé að leita samkomulags um að kostnaður við þessa rannsókn greiðist að jöfnu af Vegagerð ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Reykjavíkurborg, þ.e. þeirra þriggja aðila sem langmestra hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi.

Árið 1987 gaf Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins út skýrslu um hagkvæmni mismunandi slitlaga. Þessi skýrsla var samin á vegum starfshóps sem starfaði á vegum iðnrn. og þar er reiknað með að steypa hafi 1,67 sinnum meira slitþol en malbik og að eðlilegur samanburður nái yfir 20 ára tímabil. En forsendur þessarar skýrslu byggjast á mjög takmörkuðum slitmælingum á 15–25 ára gömlum steyptum vegum. Samkvæmt kostnaðarforsendum Vegagerðar ríkisins reyndist steypa, einkum þjöppuð þurrsteypa sem er nýtt efni til vegagerðar, lítillega ódýrari en malbik þegar umferð var komin yfir 5000 bíla á dag. Ég er þeirrar skoðunar að það sé fyllilega tímabært að endurtaka slíka rannsókn, nota fullkomnari tækjabúnað og prófa slitþol fleiri efna og við fleiri aðstæður en gert hefur verið. Í þessu sambandi bendi ég á að fyrir fáeinum árum tók norska fyrirtækið Norcem í notkun prófunartæki sem valdið hefur byltingu á Norðurlöndum í leit að slitþolinni steypu eða efnum til vegagerðar. Jafnframt því hefur komið í ljós að munur á slitþoli malbiks og steypu verður æ ljósari og menn fá áreiðanlegri tölur.

Nýlega var haldinn hér í Reykjavík svokallaður steinsteypudagur. Þar flutti Njörður Tryggvason verkfræðingur, forstjóri Sérsteypunnar á Akranesi, erindi. Hann segir þar m.a. um þetta tæki:

„Í tækinu, sem byggt er af Norcem í samráði við Vegagerðina, er mjög auðvelt að bera saman hjólfaraslit í steypu með mismunandi styrkleika ... Dekk brautarinnar er samansett af 12 einingum og er mælt slit á hverri fyrir sig bæði í blautu og þurru ástandi, þ.e. samtímis fara fram prófanir á tólf mismunandi slitlagsefnum. Viku keyrsla í þessu tæki svarar til 10–12 ára slits á þjóðvegi miðað við 10–12 þúsund bíla umferð á sólarhring ... Frá byrjun hefur tækið verið í stöðugri notkun, ekki aðeins fyrir Norðmenn heldur líka fyrir Svía og Finna og ekkert er því til fyrirstöðu að við Íslendingar nýtum okkur þessa möguleika hvort sem um er að ræða eldri mannvirki eða ný.

Miklar framfarir hafa orðið í framleiðslu sements og gerð steinsteypu á undanförnum árum. Hefur m.a. komið til notkun þjappaðrar þurrsteypu, en þjöppuð þurrsteypa er þurr jarðrök steypa sem er" [lögð út með venjulegum útlagningartækjum eins og malbik og] „völtuð rétt eftir útlögn, en hún er tiltölulega nýtt efni í slit- og burðarlög, og er einnig í vaxandi mæli notuð við stíflugerð. Unnið hefur verið að tilraunum með þurrsteypu hér á landi um nokkurra ára bil á vegum Sérsteypunnar hf. og Sementsverksmiðju ríkisins."

Þær tilraunir hafa ekki allar tekist sem skyldi eins og vegfarendur á Reykjanesbraut hafa t.d. séð og er þar m.a. um að kenna því að ekki var kostur á að nota rétt og heppileg tæki við útlagninguna. En margt bendir til þess að tækniframfarir á síðustu árum hafi aukið mjög hagkvæmni þess að nota steypu til vegagerðar.

Í áðurnefndu erindi er fjallað um gæði, þróun og slit steinsteypu og segir þar m.a.:

„Hin síðari ár hafa miklar framfarir orðið í steypugerð með betri og fjölbreyttari sementstegundum, íblöndun kísilryks, flugösku, trefja og ýmissa kemískra hjálparefna. Þessu til viðbótar hefur komið til vaxandi þekking á eðli, gerð og dreifingu fylliefna í steypunni. Við þetta hefur komið fram ný og betri steypa með háum styrk og miklu slitþoli.

Samkvæmt viðamiklum mælingum og athugunum Norðmanna hefur hástyrkssteypa í vegi á styrkleikabilinu 75–90 MPa og miðað við 10.000 bíla umferð á sólarhring 15–20 ára lífstíð áður en yfirborðið þarf jöfnunar við með slípingu eða á annan hátt. Þetta

þýðir að reikna má með þrisvar til fjórum sinnum lengri líftíma fyrir steyptan veg en malbikaðan af bestu gerð."

Þetta skýrist betur á línuriti sem fylgir hér með sem fskj. með tillögunni, þar sem sýndur er viðhaldskostnaður á fermetra sem fall af tíma fyrir steypu og asfalt.

Gatnamálastjóri Reykjavíkurborgar hefur í margendurteknum auglýsingaherferðum hvatt ökumenn í Reykjavík til að nota ekki nagladekk og hlífa þannig gatnakerfinu. Sem hálkuvörn dreifa starfsmenn Reykjavíkurborgar þúsundum tonna af salti (5.800 tonnum 1989) á götur borgarinnar, einkum strætisvagnaleiðir. Ekki er flm. þessarar tillögu kunnugt um það að umhverfis- eða hollustuáhrif þessa saltausturs hafi nokkurn tíma verið rannsökuð.

Í grein í Nýju helgarblaði Þjóðviljans 23. febr. 1989 skrifar Ari Trausti Guðmundsson jarfræðingur um frostveðrun og segir þar m.a.:

„Einna hvimleiðasta frostveðrunin í þéttbýli á sér stað á malbikuðum götum, einkum í Reykjavík, og veldur umtalsverðri mengun með nokkrum öðrum orsakavöldum. Hér er átt við tjöru- og rykmengun. Því er stundum haldið fram að nagladekkin séu mesti skaðvaldurinn í þessum efnum — þau spæni upp tjöru og bergmylsnu malbiksins. Þótt sá þáttur hafi aldrei verið rannsakaður hér liggur í augum uppi að nagladekk skemma malbik að einhverju marki. En það er líka augljóst að frostveðrun og salt hafa mikil og ef til vill meiri áhrif. Fyrst er til að taka að salt hefur tærandi áhrif á malbik — ekki endilega á tjöruna sjálfa heldur bindiflötinn milli hennar og grjótmolanna í malbikinu. Vatn þarf til þessa (og af því er nóg úti) og skýrir það af hverju þau rök saltara meðal gatnameistara höfuðborgarinnar, að ekki losni um tjöru undir saltbing í þurri geymslu gatnamálastjóra, falla um sig sjálf. Til viðbótar áhrifum salts á bindingu malbiks kemur svo eðlileg frostveðrun og er hún ef til vill meiri en vera þyrfti vegna þess að mikið er um brúnir, smáraufar, fremur grófa bergmylsnu og holur (oft vegna galla í lagningu) í malbikuðum götum borgarinnar. En aftur kemur saltið til sögunnar.

Blandi menn saman salti og snjó verður til svonefnd kuldablanda sem áður fyrr var notuð til að frysta t.d. rjómaís. Frostið verður 15–20 stig í blöndunni um stund hver svo sem lofthitinn er. Svellkaldur lögurinn, sífelldar hitasveiflur í yfirborði malbiksins vegna núningshita frá dekkjum bíla og frysting vatns sem er lítt eða ekki saltblandað, ýtir mjög undir frostveðrunina. Þannig á röng stefna í samgöngumálum í borginni vegna ofurkapps á notkun einkabíla, óhóflegur saltaustur og sumpart óþarfur akstur á nagladekkjum, þátt í verulegri mengun sem allt of lítið er vitað um."

Hér er því við að bæta að hjá Reykjavíkurborg hefur því miður alla tíð verið svo að það hefur aldrei verið áhugi á að nota eða prófa önnur efni til gatnagerðar en malbik sem að töluvert miklu leyti byggir á innfluttum hráefnum, þ.e. asfaltinu. Það er vegna þess að Reykjavíkurborg rekur stóra og afkastamikla malbiksstöð sem hefur tekjur af því að selja nágrannasveitarfélögum sína framleiðslu og hefur sjálfsagt skilað borginni einhverjum hagnaði. Því hefur aldrei verið prófað eða gerður neinn samanburður á því hvort vera kynni að skattgreiðendum í Reykjavík væri hagfelldara og ódýrara þegar til lengdar lætur að nota önnur efni í a.m.k. einhverjum mæli á mestu umferðargötur en malbik. Það hefur líka komið í ljós að þessi mikli saltaustur sem hér er stundaður hefur mjög skaðleg áhrif á steinsteypu. Ég leyfi mér að vitna í grein í tímaritinu New Scientist frá 17. febr. 1990 en þar kemur fram að í Bandaríkjunum og Bretlandi er nú verið að gera tilraunir með nýtt efni, kalsíum magnesíum asetat, til hálkuvarna á þjóðvegum. Það er töluvert mikið dýrara í innkaupi en salt, eða allt að 20 sinnum dýrara. Hins vegar segir hér um ákveðið mannvirki á mótorvegi nr. 6 í Bretlandi, sem er einn af þeirra aðalþjóðvegum, að þar var 15 tonnum af salti ausið árlega á svokallaða Theywall-brú á vegamótum sem eru 25 ára gömul. Saltið olli þar skemmdum sem kostaði 10 millj. sterlingspunda að gera við. Talið er að saltausturinn á götur í Bretlandi muni kosta Breta á næstu 15 árum í viðgerðum á vegamannvirkjum og brúm um 800 millj. sterlingspunda. Það eru engar smáupphæðir sem hér er verið að tala um.

Og þá kem ég aftur að því sem ég vil kalla lítt skiljanlega herferð gatnamálastjórans í Reykjavík gegn notkun nagladekkja. Þórir Ingason, verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, hefur tekið saman innlendar og erlendar heimildir um nagladekk, salt og umferðaröryggi í þeim tilgangi að sannreyna nauðsyn nagladekkja í vetrarakstri. Um þetta hefur verið gefin út sérstök skýrsla sem frá var greint í Morgunblaðinu 21. febr. sl. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Flestar athuganir benda til þess að ef negldir hjólbarðar væru bannaðir þar sem þeir eru í notkun núna mundi heildarkostnaður samfélagsins minnka. Mestur sparnaður er fólginn í minna sliti vega og gatna og minni kostnaði vegna kaupa á negldum hjólbörðum. Hins vegar" — og taki menn nú eftir — „leiða allar athuganir í ljós að naglabann leiðir til aukins kostnaðar vegna fjölgunar umferðaróhappa." — Bannið við notkun naglanna leiðir til fleiri umferðaróhappa og fleiri slysa. Allar athuganir leiða það í ljós. Og ég veit að hv. þm., sem eru jafnframt ökumenn, flestir ef ekki allir, vita að menn geta auðvitað komist af hér í höfuðborginni með því að nota ekki nagladekk á vetrum ef þeir aka aðeins strætisvagnaleiðir sem eru saltbornar. Ef menn ætla eitthvað út fyrir bæ, eins og flestir ef ekki allir alþm. þurfa að gera í mismunandi ríkum mæli, þá dugir ekki að vera á ónegldum hjólbörðum. Þetta vita allir. Þess vegna held ég að það sé nokkur ábyrgðarhluti, sú hæpna herferð sem staðið hefur verið fyrir í þessu efni á vegum Reykjavíkurborgar.

Ég á hér aðeins nokkur orð ósögð, virðulegi forseti. Í þessari skýrslu segir enn fremur að þetta sé auðvitað viðkvæmt mál vegna þess að verið sé að

leggja að jöfnu kostnað mannlífa og kostnað vegna slits á götum og kaupa á negldum hjólbörðum. Með því að taka ákvörðun um að banna slíka hjólbarða væri hægt að segja að samfélagið væri tilbúið að fórna nokkrum mannslífum til að spara sér malbik.

Ég ætla ekki, þar sem tíma mínum hér er lokið, að hafa um þetta öllu fleiri orð en vísa til greinargerðarinnar að öðru leyti. En það er vissulega til margs að líta í þessum efnum og því held ég sé nauðsynlegt að könnun á slitþoli þessara efna fari fram. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, en um það skal auðvitað ekkert fullyrt fyrr en þessi mál hafa verið rannsökuð, að mjög margt bendi til þess að íslensk steinsteypa sé endingarbesta og til langs tíma ódýrasta efnið til vega- og gatnagerðar hér á landi. Til að fá úr því skorið svo óyggjandi sé er nauðsynlegt að rannsókn af þessu tagi fari fram.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að þessari tillögu verði vísað til síðari umr. og atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á endurnýtanlegum pappír, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ og MF, 396. mál. — Þskj. 692.

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um könnun á magni endurnýtanlegs pappírs, söfnun hans og endurnýtingu. Till. er á þskj. 692 og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna hve mikið fellur til árlega af endurnýtanlegum pappír og með hvaða hætti væri unnt að safna honum skipulega saman og endurnýta."

Í grg. með þessari till. kemur fram að á síðasta ári hafa verið flutt til landsins rúmlega 15 þús. tonn af pappír. Þar er þó einungis talinn dagblaða-, prent- og skrifpappír og pappi. Við þessa tölu má síðan bæta því magni sem flutt er til landsins af pappírsvörum ýmiss konar, umbúðum og fleiru. Sáralítið af því magni hefur verið endurnýtt. Ýmsir aðilar hafa verið með tilburði í þá átt að safna saman pappír til útflutnings eða endurvinnslu, en nú er einungis einn aðili sem safnar pappírsúrgangi og endurvinnur, fyrirtækið Silfurtún hf. Þar eru framleiddir eggjabakkar og plöntuhlífar úr afskurði frá prentsmiðjum og stefnir nú í að með þeim hætti verði á þessu ári nýtt 200 tonn af pappírsúrgangi sem ella hefðu farið á haugana. Við þá framleiðslu starfa sex manns og má af því ráða að ef vel er að staðið gætu nokkuð mörg atvinnutækifæri verið fólgin í endurvinnslu, atvinnutækifæri sem sett eru á haugana með öllum pappír sem þangað fer. Það er dýrt að flytja allt þetta magn af pappír til landsins og dýrt að koma honum öllum á sorphauga eða í brennslu þegar notkun í einni mynd er lokið.

Tvö hundruð tonn eru lítill hluti af öllum þeim pappír sem árlega er fluttur til landsins og fullyrða má að mun meira mætti nýta til endurvinnslu ef skipulega yrði staðið að könnun á því magni sem til fellur af pappírsúrgangi og með hvaða hætti væri unnt að safna honum saman og þeim möguleikum sem eru til staðar varðandi framleiðslu úr endurnýtanlegum pappír.

Vaxandi fjölda fólks ofbýður sú sóun sem á sér stað daglega á auðlindum jarðar. Við Íslendingar höfum ekki enn verið knúnir til alvarlegrar umhugsunar um afleiðingar þeirrar græðgi sem felst í lífsmunstri og venjum okkar Vesturlandabúa. Á því er þó að verða breyting. Þrátt fyrir að helstu auðlindir okkar séu endurnýjanlegar og mengun sé lítil miðað við það sem gerist í þéttbýlum iðnríkjum er vaxandi skilningur á nauðsyn þess að staldra við og reyna að bæta fyrir þau spjöll sem unnin hafa verið á náttúru landsins og að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu.

Ýmsar aðrar þjóðir sem daglega horfa upp á og finna áþreifanlega fyrir afleiðingum tillitslausrar umgengni við umhverfið hafa með ýmsum ráðum reynt að sporna gegn frekari eyðileggingu og sóun. Liður í þeirri viðleitni eru markvissar aðgerðir til endurnýtingar þeirra efna og gæða sem endurnýtanleg eru.

Margir Íslendingar sem dvalið hafa erlendis þekkja til söfnunar á pappír og reyndar fleiru sem til fellur af endurnýtanlegum efnum á hverju heimili. Þeir sem eru meðvitaðir um að jörðin er ekki óþrjótandi nægtabúr og að framtíð hennar og þar með okkar ræðst ekki hvað síst af því að við umgöngumst náttúruna af meiri virðingu vilja gjarnan fá að leggja sitt af mörkum til meiri nýtingar þess sem endurnýtanlegt er.

Hér á landi var stigið skref í rétta átt þegar farið var að safna notuðum drykkjarvöruumbúðum til endurvinnslu. Næsta skref ætti að vera skipuleg söfnun pappírs til endurnýtingar. Með slíkum aðgerðum er ekki aðeins verið að bjarga verðmætum, heldur felst í slíkri viðleitni ákveðið viðhorf og siðferði gagnvart náttúruauðlindum sem ekki hvað síst hefur gildi gagnvart uppvaxandi kynslóð.

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur árum lögðu þingkonur Kvennalistans fram þáltill. um fullnýtingu úrgangsefna. Sú tillaga varð ekki útrædd. Ég vænti þess að þau verði ekki örlög þessarar þáltill. en hún tekur einungis til hluta þess sem reifað var í fyrrnefndri tillögu Kvennalistans og ætti því að vera aðgengilegri að ýmsu leyti. Það yrði hinu nýja umhverfisráðuneyti til vegsauka að taka með festu á málum sem þessum því eins og ég vék að áðan felst ekki bara í því minni sóun verðmæta heldur uppeldislegt gildi fyrir uppvaxandi kynslóð.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til atvmn. og síðari umr.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir efni þeirrar tillögu sem hér er flutt og þarf enginn að

vera undrandi á því. Eins og fram kom í máli hv. flm. fluttu þingkonur Kvennalistans tillögu á 110. löggjafarþingi um svipað efni. Að vísu var sú tillaga víðtækari.

Eins og menn vita hefur það færst mjög í vöxt að kanna möguleika á endurvinnsluiðnaði en allt of lítið hefur verið gert af því hér á landi. Það hefur verið talið of dýrt en ég held að kanna þurfi það mál miklu frekar og í miklu víðara samhengi en gert hefur verið hingað til. Þegar talað er um hvað borgi sig og hvað borgi sig ekki í þessum efnum þá verðum við að sjálfsögðu að taka tillit til þess að auðlindirnar eru takmarkaðar og við getum ekki endalaust gengið á þær. Það má geta þess hér til upplýsinga að til framleiðslu á einu tonni af pappír þarf fimm tonn af viði.

Hér á landi fellur til mjög mikið af pappír og nú þegar eru fyrirtæki sem nýta pappír þó það sé í allt of litlum mæli. Í Garðabæ er t.d. fyrirtæki sem framleiðir eggjabakka svo það eru þó til fyrirtæki sem reyna þetta. Við höfum ekki farið út í framleiðslu á endurunnum pappír en Kassagerð Reykjavíkur hefur flutt út heilmikið af pappír til endurvinnslu erlendis en frekari endurvinnsla á pappír hefur ekki verið reynd hér á landi.

Ef við tökum dagblaðapappír þá er miðað við að 5–6 þús. tonn falli til árlega og bara símaskráin er um 170 tonn, svo að það er mikið af pappír sem við gætum endurunnið. En að sjálfsögðu þarf að kanna fleiri möguleika á endurvinnslu, ekki eingöngu á pappír heldur fara í frekari könnun á því hvað við getum gert. Ég veit t.d. að mjög mikið fellur til af timbri sem fer á ruslahaugana bara hér í Gufunesi. Og ég veit að athugaðir hafa verið möguleikar á að verksmiðjan á Grundartanga nýti hluta af því timbri sem þangað fer þó ég viti ekki nákvæmlega hvar það mál stendur núna. Það hefur sem sagt örlítið verið reynt að athuga þessi mál. Ég vil endurtaka að ég lýsi stuðningi mínum við þessa till.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Páltill. sú sem hér er til umræðu hreyfir einu mikilvægasta umhverfismáli sem við stöndum frammi fyrir nú í seinni tíð: söun á mikilvægum hráefnum jarðarinnar, sameiginlegum auðlindum okkar allra. Það er ekki að ástæðulausu að menn líta til þeirrar gegndarlausu pappírssóunar sem viðgengst um heim allan. Merki þess að mönnum sé farið að blöskra er alls staðar að finna og sjá og heyra. Börnin spyrja áleitinna spurninga eins og hvort ekki sé hægt að setja allan þennan pappír sem til fellur jafnvel á einu litlu heimili í sér poka og nýta aftur.

Á ýmsum stofnunum eru menn farnir að vakna til vitundar um að ekki tjóir að bíða eftir að skipulagt átak verði gegn þessari söun. Þannig eru ýmis félög og stofnanir til að mynda farin að nota endurunninn pappír, innfluttan. Svo lítið dæmi sé tekið þá er t.d. starfandi innan Vegagerðarinnar svokölluð „Amason-nefnd", óformleg að vísu, og henni er falið að skipuleggja að dregið sé úr pappírssóun innan stofnunarinnar.

Það þarf í rauninni tvennt til til að breyta aðstæðum. Annars vegar að gæta þess að endurunninn pappír sé notaður alls staðar þar sem hægt er. Á sl. vetri bar hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fram fsp. um notkun endurunnins pappírs hjá opinberum stofnunum. Í svari forsrh. þá kom fram að hvergi nærri nóg er að gert og mjög auðvelt ætti að vera að ganga mun lengra í að nýta endurunninn pappír. Er þá einkum talað um rissblöð og ýmislegt af þeim mikla pappír sem notaður er og ekki ætlaður til geymslu. Einhverjar umræður hafa verið um ágæti endurunnins pappírs en ljóst er að langstærsti hluti þess pappírs sem fer um hendur fólks í opinberum stofnunum þyrfti ekki að vera úr varanlegra efni en endurunninn pappír er. Og gæði þess pappírs eru ljómandi í allt venjulegt brúk. Hins vegar þarf að hafa möguleika til að skila pappírnum til endurvinnslu og að því lýtur þessi tillaga hv. flm.

Það er fengur í því að kanna magn endurnýtanlegs pappírs og hvernig hægt er að safna og endurnýta. Er það góður áfangi á þeirri leið sem kvennalistaþingkonur lögðu til að farin væri fyrir tveimur árum. Því ber að fagna þessari till. og ég vonast til þess að hún fái jákvæða umfjöllun hér í þinginu.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega ástæða til að taka undir efni þessarar þáltill. Þó neita ég því ekki að það hvarflar að mér hvort ekki hefði í rauninni verið æskilegt og nauðsynlegt að ganga hér töluvert lengra. Ég held nefnilega að það þurfi ekki að kanna sérstaklega með hvaða hætti er unnt að safna endurnýtanlegum pappír skipulega saman og endurnýta hann. Ég held það þurfi bara að taka ákvörðunina um að gera það. Ég held það sé í rauninni mjög einfalt mál og ég held að við komumst ekki hjá því öllu lengur. Kannski ætti það að verða fyrsta og brýnasta verk nýstofnaðs umhvrn. að beita sér fyrir því að settar yrðu reglur um flokkun sorps. Um leið og byrjað er að flokka sorp, á heimilum og annars staðar, kemur þetta í rauninni af sjálfu sér. Rökin fyrir endurvinnslupappír eru hér á borðunum allt í kringum okkur í þessum þingsal.

Ég hef tekið eftir því að hér í höfuðborginni hefur verið gerð tilraun til að flokka sorp. Komið hefur verið fyrir gámum á opnum svæðum þar sem borgarbúar geta farið með sorp og rusl sem til fellur af ýmsu tagi í stað þess að flytja það upp á öskuhauga eins og menn áður þurftu. Þar er einn gámur sem merktur er „aðeins fyrir timbur" og annar sem merktur er „aðeins fyrir málma". Hvernig sem á því stendur virðast þeir sem þessa þjónustu notfæra sér annaðhvort ekki kunna að lesa eða ekki vilja lesa vegna þess að það virðist ákaflega lítið eftir þessu farið, því miður.

Þarna er auðvitað mikið fræðslustarf óunnið en það er engin spurning að tiltölulega auðvelt og einfalt er að nýta verulegan hluta af þessu aftur. Möguleikar skapast til að nýta málma þegar farið verður að bræða bílhræ hér í járnbræðslunni suður undir Straumi. Timbrið er hægt að nýta eins og hv. síðasti ræðumaður, 12. þm. Reykv., vék að. Rætt hefur verið um að nota það á Grundartanga. Það er hugsanlega líka hægt

að nýta það til brennslu í ofni Sementsverksmiðju ríkisins með kolum. En forsenda þess væri nú kannski að komin væru göng undir Hvalfjörð til að auðvelda þá flutninga, en þar mætti nota timbur sem eldsneyti að einhverju leyti. Um þetta eru í gangi samtöl og athuganir.

Ég held að svo góðra gjalda verð sem þessi till. er þá eigum við að ganga miklu lengra, við eigum að setja strangar og ítarlegar reglur um flokkun sorps. Það vottar fyrir því, eins og ég sagði áðan, að byrjað sé á því núna. Og mjög virðingarvert framtak hefur verið gert varðandi það að safna saman notuðum rafhlöðum sem margar hverjar hafa að geyma mjög mengandi þungmálma. Ég vék að þessu hér í ræðustól fyrir allmörgum árum vegna þess að slík söfnun og samantekt á útslitnum rafhlöðum hefur verið í gangi á Norðurlöndunum í mörg ár. Ber vissulega að fagna því að það skuli nú komið í framkvæmd og virðist, eftir því sem mér er tjáð, ganga allvel. Hér er sem sagt mál á ferðinni þar sem við þurfum að taka enn þá betur á en þessi till. annars gerir ráð fyrir.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að hér er á ferðinni mjög þarft og gott mál. En það fór fyrir mér eins og hv. 3. þm. Vesturl., það hvarflaði að mér að kannski væri meiri þörf á því og brýnni að taka strax til hendi en að bíða eftir slíkri könnun, þó hún sé að sjálfsögðu af hinu góða. Eins og hér kom fram í máli hv. 3. þm. Vesturl. höfum við hér á borðunum dæmi um það pappírsflóð sem rignir yfir okkur og ekki síst hér á hv. Alþingi. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér rennur oft til rifja þegar maður þarf að fleygja í ruslakörfurnar hér næstum daglega prentuðu máli á fallegum pappír, prentuðu máli sem okkur berst, því það eru ekki nokkur tök á að geyma og safna saman öllu því sem rignir yfir okkur. Þó þar sé að sjálfsögðu oft og kannski oftast nær margt gott í því prentaða máli sem okkur berst er útilokað fyrir okkur þingmenn að geyma það allt. Ég er áreiðanlega ekki ein um að hafa þurft að taka hvern sekkinn af öðrum og láta fjarlægja úr skrifstofu minni til þess að ég kæmist þar sjálf inn, því það er ekki hægt að safna öllum þeim pappír eða því prentaða máli sem berst til okkar.

Þess vegna vil ég taka undir efni till. og ég held það sé mjög brýnt. Og ég vil beina því til hæstv. forseta, að það væri gott að byrja hér á Alþingi og athuga hvort ekki væri hægt, ef það hefur ekki nú þegar verið gert, að gera ráðstafanir til að safna saman þeim pappír sem fleygt er héðan úr húsinu svo hann geti farið í endurnýtingu.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum var rætt um það hér innan Alþingis að pappír sem héðan væri fleygt yrði látinn fara í slíka endurnýtingu. Vel má vera að svo sé og væri það af hinu góða.

En ég vildi fyrst og fremst taka undir þýðingu þessa máls. Það er nauðsynlegt að endurnýta þann pappír sem fer í súginn og ég held að það sé ekki síður brýnt að taka strax ákvörðun um að slíkt verði gert, samhliða því þó að könnun á magni fari fram.

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér. Ég get tekið undir það með hv. þm. Eiði Guðnasyni og einnig Salome Þorkelsdóttur að vissulega væri æskilegt að ganga strax lengra. Og ef það væri svo einfalt að taka bara ákvörðun og byrja á morgun þá stæði ugglaust hvorki á mér né ýmsum fleiri. Hins vegar, virðulegur forseti, hlýt ég að álykta sem svo að fyrst sú þáltill. sem ég vísaði í í minni framsögu, um fullnýtingu úrgangsefna, og Kvennalistinn bar hér fram fyrir tveimur árum varð ekki útrædd á þinginu, en eigi að síður var stigið skref í fyrra í þá átt að fara að safna notuðum drykkjarvöruumbúðum til endurvinnslu, þá sé e.t.v. vænlegra til árangurs að taka skrefin hvert fyrir sig og gera sér þá raunhæfa grein fyrir því í hvaða röð þau ættu að vera. En öll óskum við þess væntanlega að þau geti verið sem flest og stærst og sem fyrst.

En ég vil, virðulegur forseti, endurtaka þakkir mínar til þeirra sem undir þessa þáltill. hafa tekið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reglur um stjórnir peningastofnana, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 272. mál. — Þskj. 501.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 501 um að settar verði reglur um stjórnir peningastofnana.

Flm. till. eru allar þingkonur Kvennalistans sem hér sitja á þingi. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fjögurra manna nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög og reglur að því er varðar setu manna í stjórnum bankastofnana, sjóða eða annarra lánastofnana í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Nefndin verði skipuð eftir tilnefningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands, Sambands íslenskra bankamanna auk eins án tilnefningar.

Nefndin skili áliti eigi síðar en 1. september 1990."

Skömmu eftir kosningu í sameinuðu þingi í desember 1989 í bankaráð Landsbanka Íslands kom fram gagnrýni á val fulltrúa Kvennalistans, Kristínar Sigurðardóttur, og efasemdir um að seta hennar í ráðinu samrýmdist störfum hennar sem innheimtustjóra hjá Kaupþingi hf.

Kvennalistakonur ákváðu að fara þess á leit við forseta Alþingis að kanna hjá til þess hæfum aðilum hvort seta fulltrúa Kvennalistans í bankaráði Landsbankans gæti á einhvern hátt talist óeðlileg eða andstæð lögum um viðskiptabanka. Forsetar Alþingis leituðu eftir áliti skrifstofustjóra Alþingis, Sigurðar Líndals lagaprófessors og bankaeftirlits Seðlabanka

Íslands. Álitsgerðir þessara þriggja aðila eru fylgiskjöl með tillögunni.

Álitsgerðirnir eru hver með sínu móti og niðurstöður ekki samhljóða. Í þeim öllum er þó rakanna leitað í lögfræðilegum skilgreiningum á almennu hæfi og sérstöku hæfi til opinberra starfa.

Í áliti skrifstofustjóra Alþingis, Friðriks Ólafssonar, kemur fram að hann telur að seta Kristínar Sigurðardóttur í bankaráði Landsbanka Íslands sé ekki andstæð lögum um viðskiptabanka. Hann telur hana hins vegar óeðlilega með tilliti til stöðu hennar og starfa hjá Kaupþingi hf.

Sigurður Líndal telur Kristínu, sem deildarstjóra innheimtudeildar Kaupþings hf., almennt vanhæfa til setu í bankaráði Landsbanka Íslands samkvæmt grundvallarreglum íslensks stjórnarfarsréttar.

Þórður Ólafsson og Jóhann Albertsson, fyrir hönd bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, komast svo að enn einni niðurstöðu sem er sú að Kristín Sigurðardóttir teljist ekki vanhæf til setu í bankaráði Landsbanka Íslands þrátt fyrir starf sitt hjá Kaupþingi hf.

Mikill fengur er að þessum álitsgerðum sem ættu að geta orðið til hliðsjónar við ástundun heilbrigðra stjórnarhátta sem væntanlega er markmið flestra. Vafalaust komast margir að þeirri niðurstöðu að nauðsyn beri til að endurskoða venjur í þessum efnum og herða á hæfiskilyrðum í stjórnsýslu hér á landi, svo vitnað sé til orða Sigurðar Líndals prófessors.

Með tilliti til upprifjunar einstakra dæma um bankaráðsmenn, bæði í fjölmiðlum og í álitsgerð bankaeftirlitsins, má það þó teljast athyglisvert að þá fyrst þykir ástæða til gagnrýni þegar um fulltrúa Kvennalistans er að ræða. Kvennalistakonur vildu þó ekki láta það hafa áhrif á eigin niðurstöðu. Við vildum ekki að um álitamál væri að ræða í þessu efni. Niðurstaða Kvennalistans varð sú að þrátt fyrir lagalega stöðu væri ekki rétt að Kristín gegndi samtímis starfi deildarstjóra hjá Kaupþingi og sæti í bankaráði Landsbanka Íslands. Það var þó auðvitað endanlegt mat Kristínar sjálfrar hvernig hún tæki á þessu máli. Og hv. þm. þekkja væntanlega allir hvernig því máli lauk.

Þetta mál fékk víðtæka umfjöllun í fjölmiðlum og víðar og væri það til að æra óstöðugan að rifja það allt upp hér. Þó vil ég vitna til forustugreinar Morgunblaðsins frá 29. des. á síðasta ári en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Deilan sem nú hefur risið vekur hins vegar spurningar um fleira en þetta. [Þá er búið að rekja sögu þessa máls.] Er það svo um alla þá er sitja í bankaráðum ríkisbanka að þeir standi þannig gagnvart bönkum eða viðskiptum þeirra við einstök fyrirtæki að ekki sé ástæða til að velta því fyrir sér hvort um hagsmunaárekstra sé að ræða? Hvar á að draga mörkin í því ágreiningsefni sem hér hefur risið? Tengjast engir starfsmenn ríkisbanka fyrirtækjum, stjórnum sjóða eða jafnvel annarra bankastofnana með þeim hætti að óeðlilegt yrði talið ef farið yrði í saumana á málunum? Þegar álitamál af því tagi sem hér er til umræðu koma upp á yfirborðið hefur þess gætt, og jafnvel í vaxandi mæli hin síðari ár, að menn vilja velta einum steini og gá að því sem er undir honum en láta miklu fleiri liggja í sínum gamla stað. Af þessu leiðir síðan misrétti og tvískinnungur sem dregur úr trú almennings að hlutlægt sé tekið á viðkvæmum málum og allir séu látnir sitja við sama borð." Í lok þessarar forustugreinar segir: „Morgunblaðið telur nauðsynlegt að litið sé á mál sem þetta í heild þegar ágreiningur sprettur vegna einstaklings. Það geti einfaldlega leitt til óréttlætis að höggva nærri nýliða en láta hina sitja áfram óáreitta sem hafa setið lengi þótt þeir hafi verið kjörnir við allt aðrar aðstæður."

Það álit sem þarna kemur fram er í samræmi við álit flestra þeirra sem tjáðu sig um málið, bæði í fjölmiðlum og annars staðar. Sú umfjöllun sem orðið hefur af þessu tilefni og sér í lagi sú staðreynd að niðurstöður þeirra sem leitað var álits hjá eru svo mismunandi sem raun ber vitni hefur leitt glöggt í ljós að reglur um þessi efni eru alls ófullnægjandi. Það varðar bæði reglur um sérstök tilvik þar sem eðlilegt er að stjórnvaldshafi víki úr sæti í ákveðnu máli svo og um almennt hæfi til að sitja í stjórn viðkomandi stofnunar. Í lögum um viðskiptabanka eru t.d. engin ákvæði um almenn hæfiskilyrði þeirra sem taka sæti í bankaráðum. Í 33. gr. viðskiptabankalaga er kveðið á um hvenær bankaráðsmenn mega ekki taka þátt í meðferð máls. Ákvæði eins og fram koma í þessari grein þarf að útfæra betur og setja skýrar reglur um það hvenær hætta er á hagsmunaárekstrum vegna setu manna í stjórnum banka, sjóða og annarra lánastofnana.

Þau álit sem gefin hafa verið vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra bankaráðsmanna og starfsmanns verðbréfafyrirtækis sýna að menn eru ekki á einu máli um hvaða fyrirtæki eru í samkeppni á fjármálasviðinu. Af þessu er ljóst að setja þarf skýr lagaákvæði og reglur þurfa að vera fyrir hendi um hæfi manna til að sitja í stjórnum banka, sjóða og annarra lánastofnana. Það er ekki síður mikilvægt með tilliti til þeirra dæma sem dregin hafa verið fram í umræðuna um val á fulltrúa Kvennalistans í bankaráð Landsbankans.

Lagaákvæði og reglur geta þó ekki skorið úr um öll atriði. Þess utan verður að treysta á siðgæðisvitund viðkomandi og aðhald frá vakandi almenningsáliti.

Þessi till. gerir ráð fyrir setningu reglna um stjórnir peningastofnana en það þarf jafnframt að endurskoða gildandi lög þar sem beinlínis er boðið upp á hagsmunaárekstra. Í DV í gær, miðvikudaginn 14. mars, birtist grein eftir Sigríði Lillýju Baldursdóttur, sem er varaþingkona Kvennalistans. Mig langar til að lesa smákafla úr grein hennar þar sem hún tekur dæmi um það að í raun sé boðið upp á hagsmunaárekstra í gildandi lögum. En þar segir, með leyfi forseta:

„Sem dæmi um lög þar sem að mínu mati er stofnað til hagsmunaárekstra af þessu tagi eru lög um Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Fiskveiðasjóð Íslands. Í 6. gr. laga um Fiskveiðasjóð er kveðið á um hvernig

skuli skipa stjórn hans. Stjórnin er sjö manna og skal samkvæmt lögum Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Íslandsbanki tilnefna hver um sig einn fulltrúa í stjórn auk hagsmunaaðila úr röðum útvegsmanna og fiskiðnaðarnefnd og sjómannafélögunum. Í lögum um Iðnþróunarsjóð segir að iðnrh. skuli skipa fimm menn í Framkvæmdasjóð Íslands eftir tilnefningu Landsbanka Íslands, Iðnlánasjóðs og Búnaðarbanka Íslands sem hver tilnefnir einn mann og Íslandsbanki tvo samkvæmt nýsamþykktum lögum um viðskiptabanka.

Þá kveða lög um Iðnlánasjóð á um að iðnrh. skipi sjóðnum þriggja manna stjórn, einn án tilnefningar en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Síðan segir í lögunum að Iðnaðarbanki Íslands, nú væntanlega Íslandsbanki, hafi á hendi daglegan rekstur Iðnlánasjóðs."

Það er greinilegt að víða þarf að taka til hendinni í opinberri stjórnsýslu. Í álitsgerð Sigurðar Líndals segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú hafa ekki verið leiddar í lög hér á landi neinar almennar vanhæfisreglur í stjórnsýslu. Á hinn bóginn eru ákvæði um vanhæfi í ýmsum samböndum mjög víða í löggjöfinni, m.a. um ósamrýmanleg störf." Og síðast í álitsgerð Sigurðar segir: „Þar að auki er almennt nauðsynlegt að herða á hæfisskilyrðum í stjórnsýslu hér á landi." Þannig að þó að tekið sé eingöngu á reglum um stjórnir peningastofnana í þessari tillögu þarf að líta miklu víðar. En það sem hefur kannski vakið athygli upp á síðkastið er að umræða um þessi mál hefur nánast alveg þagnað. Það má velta því fyrir sér hvernig í ósköpunum standi á því. Hafa menn ekki í raun og veru áhyggjur af spillingunni sem talað var svo mikið um hér eftir áramótin? En kvennalistakonum finnst það miklu varða að sú umfjöllun sem nú hefur orðið um þessi efni leiði til úrbóta svo að dregið verði úr hættu á hagsmunaárekstrum sem frekast er unnt.

Að lokinni umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli flm. þessarar þáltill. á því að bankamál og flestar peningastofnanir heyra undir ráðherra viðskiptamála. Það ætti því fyrst og fremst að vera hans verk að vinna að endurskoðun laga um það efni sem hér er fitjað upp á. Mig langar líka til að minna á að sá viðskrh. sem hér stendur hafði á síðasta þingi frumkvæði um setningu nýrra lagaákvæða um sérstakt hæfi eða vanhæfi bankaráðsmanna þegar fjallað er um mál sem þeir eiga hagsmuna í að gæta, en þetta er viðbótin við 33. gr. viðskiptabankalaganna sem vitnað er til í greinargerð með þessari þáltill. Þar er fjallað um það sem kallað er sérstakt hæfi eða sérstakt vanhæfi.

Varðandi ákvæði um almennt vanhæfi eru í greinargerð með þessari þáltill. birtar nokkrar álitsgerðir um málið og tilefni tillögunnar sem eru þær umræður sem spunnust vegna vals fulltrúa Kvennalistans, Kristínar Sigurðardóttur, í bankaráð Landsbankans. Á það má benda að auðvitað hlýtur hver sá sem fyrir fram getur séð að oft muni verða um sérstakt vanhæfi að ræða ef einhver er valinn til trúnaðarstarfs eins og setu í bankaráði að hugleiða hvort samanlagt vongildi fyrirsjáanlegs vanhæfis geti ekki valdið almennu vanhæfi. Um þetta er ekki auðvelt eða jafnvel ekki mögulegt og kannski ekki heldur nauðsynlegt að setja almennar lagareglur. Eins og hv. flm. þessarar þáltill., 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir, nefndi munu lagaákvæðin ein aldrei geta skorið úr öllum vafaatriðum. Það verður að treysta á dómgreind og siðgæðisvitund þeirra sem velja menn til trúnaðarstarfa þegar um opinberar stofnanir er að ræða.

Ég er sammála flm. um að það sé vissulega athugunarvert hvort gera eigi lagabreytingar varðandi almennt vanhæfi í stjórnsýslustörfum. Mér finnst að þá þurfi að gæta samræmis við ákvæði væntanlegs frv. til almennra stjórnsýslulaga en nú mun vera unnið að samningu slíks frv. Þar held ég að menn eigi að leiða vandlega hugann að þessum viðfangsefnum. Mér er til efs að sú nefndarskipun sem hér er gerð tillaga um sé nauðsynleg þótt ég vilji alls ekki leggjast gegn henni. Ég tel að vísu eðlilegra miðað við það verksvið sem henni er ætlað að það væri viðskrh. sem skipaði hana fremur en forsrh. en það er ekki það sem mestu skiptir í málinu. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli flm. á því að þegar lagabreytingin um sérstakt vanhæfi bankaráðsmanna var gerð var nokkuð um þetta mál rætt og ég hef látið lögfræðinga, sem vel eru að sér í bankarétti, m.a. starfsmenn bankaeftirlitsins, kanna vandlega hvaða leiðir séu farnar í þessu efni í nálægum löndum. Niðurstaða þeirra varð sú, og ég er þeim sammála um það, að örðugt sé að setja almennar vanhæfisreglur af því tagi sem mér finnst að vaki í máli flm. Þetta er ekki sagt af því að menn vilji loka augunum fyrir hættum á hagsmunaárekstrum, heldur liggur það einfaldlega í eðli máls. Og þar kem ég að því að það þurfa að vera í öllum lögum eins og þessum skýr ákvæði um sérstakt vanhæfi. Úr þeim ágalla bankalaganna hefur verið bætt. Ég er reiðubúinn að líta á það hvort þar megi bæta um betur en bendi á það sem hv. flm., 12. þm. Reykv., réttilega nefndi að ekki verður allt fest í lög en hins vegar er stefna og andi laganna þá ljós orðinn með þeim breytingum sem á þeim hafa verið gerðar.

Ég vil líka taka skýrt fram að þær umræður sem spunnust vegna vals Kristínar Sigurðardóttur í bankaráð Landsbankans hafa verið mjög þarflegar og þær hafa leitt athygli manna að mikilvægum málum sem ekki hefur alltaf verið nægilega vel gætt. Þær umræður munu vafalaust stuðla að breyttum vinnubrögðum við val í stjórnir peningastofnana. Ég vil líka taka skýrt fram að ég tel að Kristín Sigurðardóttir sérstaklega og Kvennalistinn eigi heiður skilinn fyrir það hvernig þær leystu þann vanda sem reis vegna setu Kristínar í bankaráði Landsbankans.

Ég kem þá að því sem kom fram í máli hv. flm. og var þar vitnað til ágætrar greinar eftir Sigríði Lillýju

Baldursdóttur um það sem hún kallar lögbundna hagsmunaárekstra. Þar er líka hreyft mjög þörfu máli og þau dæmi sem þar eru til tínd og reyndar endurtekin hér af hv. 12. þm. Reykv. eru einkum á sviði fjárfestingarlánasjóðanna. Ég tel brýna þörf á því að setja almenna löggjöf um fjárfestingarlánasjóðina líkt og gildir um viðskiptabankana. E.t.v. væri eðlilegast að almenn lagaákvæði um fjárfestingarlánasjóði væru kafli í viðskiptabankalögunum þannig að nýta mætti allar almennar reglur þeirra laga, þar með um hæfi og vanhæfi, þar með eftirlit, skýrslugjöf og annað um upplýsingaskyldu sem eðlilegast er að hafa á sem fæstum stöðum í löggjöfinni, enda eru fjárfestingarlánasjóðirnir ekki annað en bankar sem að vísu veita sín lán yfirleitt til lengri tíma en viðskiptabankarnir.

Þessar mikilvægu stofnanir á íslenska fjármagnsmarkaðinum hafa reyndar fengið að þróast án þess að settar væru almennar reglur um starfsemi þeirra. Eins og margt í okkar löggjöf eru þetta svona smáskrefaviðbætur sem verða til í tímans rás og það skortir á um almennar reglur um þeirra starfsemi og, þar kem ég að máli hv. flm., um tengsl þeirra við almenna fjármálastarfsemi, m.a. við viðskiptabankana. Á vegum viðskiptaráðuneytis er unnið að samningu frv. um þetta efni og þar er m.a. hugað að þeim málum sem hv. flm. nefndi, hvernig skipað er í stjórnir þessara lánasjóða. Það er náttúrlega mörgum kunnugt að fjárfestingarlánasjóðirnir uxu fram sem viðbragð við neikvæðum raunvöxtum og rýrnun allra peningalegra eigna í landinu um margra áratuga skeið. Þá reyndi hver atvinnugrein að komast að þessari uppsprettu niðurgreiðslna á stofnfé atvinnuvega með því að stofna sinn eigin sjóð, stofna sinn eigin banka og raða sér þannig á jötuna hjá öllum sparifjáreigendum í landinu. Þetta er liðin tíð og forsendur fyrir starfsemi þessara sjóða aðrar. Ég tel að þetta þurfi þess vegna mjög rækilegrar skoðunar við og það þurfi að rjúfa tengslin við sérhagsmunina sem hafa fengið að ráða of miklu. Ég vildi leyfa mér að lýsa yfir þeirri von minni að tímaskeið sérréttinda og sérhagsmuna á þessu sviði í okkar þjóðarbúskap sé nú á enda runnið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það væri betur af stað farið en heima setið ef það mál sem er eiginlega uppspretta þessa þingmáls yrði til þess að ýmislegt í stjórnsýslu okkar væri fært til betri vegar. Hæstv. viðskrh. hafði orð á því að þetta hefði þegar verið gert hvað varðaði stjórnir og ráð í viðskiptabönkum með lögum um viðskiptabanka í fyrra. Þau ákvæði reyndust ekki haldbetri en það, eins og hv. 12. þm. Reykv. nefndi hér áðan, að þeir þrír aðilar sem leitað var álits hjá komust að þrem mismunandi niðurstöðum svo að eflaust er einhverra úrbóta þörf þar líka.

Auðvitað er þetta miklu víðfeðmara viðfangsefni en bara í stjórnum og ráðum peningastofnana. Það eru auðvitað ótal aðrir staðir í þjóðfélaginu þar sem hagsmunaárekstrar af ýmsu tagi geta orðið en hvergi er það brýnna en einmitt í þeirri opinberu sýslan með fé sem getur ráðið mjög miklu um framgang bæði einstaklinga, fyrirtækja, heilla byggðarlaga o.s.frv.

Það mun sitja að störfum nefnd sem er að endurskoða sveitarstjórnarlög á Íslandi og jafnframt hefur sú nefnd það hlutverk að athuga lög um stjórnsýslu. Því miður er reynsla af því hér að því er mjög oft borið við þegar hreyft er málum að nefnd sé að störfum og því þurfi ekki að huga að neinu vegna þess að niðurstaða nefndar sé væntanleg. Ég hef eftir því sem tök eru á reynt að kynna mér á hvaða stigi vinna þeirrar nefndar er og satt að segja hafa þau svör sem ég hef fengið verið þess eðlis að ég held að ekki sé ástæða til þess að ætla að árangur þeirra nefndarstarfa birtist okkur hér innan skamms. Því væri alls ekki úr vegi að brúa bil með þeirri nefndarskipan sem hér er lögð til.

Ég vil taka það fram af því að hæstv. viðskrh. virtist kunna því fremur illa að hann væri hér en ætti ekki að bera ábyrgð á þessari nefndarskipan að seinast þegar þessi tillaga var hér á dagskrá höfðu kvennalistakonur farið fram á nærveru þriggja hæstv. ráðherra en eins og er nú háttað með annríki þeirra hefur ekki verið auðvelt að koma því fyrir og því hefur málinu verð frestað æ ofan í æ. Og ég vil nú ekki kalla það neyðarlausn að hafa hæstv. viðskrh. hér staddan, en við óskuðum eftir því að tala við fleiri ráðherra.

Það er auðvitað ljóst að sú óvissa sem upp kom varðandi þetta mál er vegna óljósra laga og þó að ekki sé hægt að setja lög um alla mannlega hegðun er samt ljóst að lögleysa er ekki afsökun og ekki andsvar við því að ekki sé hægt að setja lög um allt milli himins og jarðar.

Tímaritið Úlfljótur sem er gefið út af Orator, félagi laganema við Háskóla Íslands, helgaði eitt rit sitt árið 1986 að miklum hluta til ritgerðum um almennt hæfi stjórnsýsluhafa. Í formála að þeirri ritgerð segir svo, með leyfi forseta:

„Hinn 1. janúar 1987 gengu í gildi almenn stjórnsýslulög í Danmörku. Hafa nú öll Norðurlöndin nema Ísland sett sér almenn stjórnsýslulög. Svíar voru fyrstir til þess að huga að undirbúningi lagasetningar um málsmeðferð í stjórnsýslunni. Var aðalmarkmið þeirra að samræma málsmeðferðarreglur í stjórnsýslunni og gera þær ítarlegri í ýmsu tilliti og auka réttaröryggið. Þrátt fyrir það að Svíar og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafi haft tiltölulega fastmótaðar stjórnsýslureglur, byggðar á venjum og stjórnvaldsúrskurðum, þótti þörf á að setja skýrar, almennar reglur í lög á þessu sviði.

Ef litið er til Íslands má spyrja hvort ekki sé þörf á almennum stjórnsýslulögum hér á landi. Á örfáum áratugum hefur stjórnsýslan tekið stakkaskiptum. Starfsemin hefur aukist ár frá ári og starfshættir hafa um margt breyst. Hér er lítið til af stefnumarkandi stjórnvaldsúrskurðum og því rík tilhneiging verið í þá átt að leysa mál á óformlegan hátt og vegna þess hversu seinvirk og kostnaðarsöm dómstólaleiðin er hefur hún lítið verið farin. Þetta hefur orðið til þess að hér hafa ekki orðið til fastmótaðar stjórnsýslureglur né fordæmi sem hefur svo leitt til þess að veruleg

réttaróvissa ríkir um marga þætti í stjórnsýslunni. Það má því segja að hér sé nú enn meiri þörf á að setja heildstæð stjórnsýslulög en var á hinum Norðurlöndunum þegar þau settu sér slík lög.

Einn er sá þáttur sem oft hefur ríkt mikil óvissa um en það eru reglur um sérstakt hæfi stjórnvaldshafa. Hér er í þessu blaði reynt að varpa nokkru ljósi á þær reglur sem taldar eru gilda um það og eftir lestur þeirra ættu menn að sannfærast um nauðsyn lagasetningar á þessu sviði. Hér í blaðinu fylgir einnig ritgerð um almennt hæfi stjórnsýsluhafa. Er þar gerð úttekt á almennum hæfisskilyrðum sem gerð eru í lögum til stjórnsýsluhafa."

Þetta skrifar Páll Hreinsson ritstjóri. Þegar síðan að er gáð hvað nánar er skrifað um hæfi er því gjarnan skipt í jákvætt og neikvætt hæfi. Jákvætt hæfi tekur til hugsanlegra kosta viðkomandi til starfs en þegar kemur að neikvæðum hæfisskilyrðum þá er sérstaklega tiltekið hér í þessari ritgerð að „þótt stjórnsýsluhafi sé almennt búinn þeim persónulegum kostum sem lög áskilja til að tryggja hlutlæga ákvarðanatöku kann í tengslum hans við fyrirliggjandi mál að vera svo farið að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á það. Við þessu vandamáli er brugðist á tvenns konar hátt. Reynt er að tryggja að fyrir fram sé minni hætta á því að stjórnsýsluhafi sé í slíkum tengslum við úrlausnarefni þau sem kunna að verða lögð fyrir hann að draga megi í efa hlutlægni hans við meðferð þeirra mála. Þetta er gert m.a. með því að banna tiltekin aukastörf og koma þannig í veg fyrir starfstengsl við mál sem kunna að verða lögð fyrir stjórnsýsluhafann."

Því vitna ég nú til þessarar mgr. í ritgerðinni að í tengslum við bankaráðsmálið var einmitt lögð fram fyrirspurn hér á Alþingi fyrir nokkrum vikum þar sem beðið var um upplýsingar um alla þá sem sæti eiga í stjórnum og ráðum peningastofnana á vegum ríkisins. Og fyrirspurnin hljóðaði svo:

„Hverjir sitja í stjórnum og ráðum peningastofnana ríkisins og hvaða öðrum störfum gegna þeir? Tilgreind skulu bæði aðalstörf og aukastörf eins nákvæmlega og unnt er, einkum ef þau tengjast öðrum fjármálafyrirtækjum."

Niðurstaðan eða svörin við þessari spurningu voru á þá leið að þau voru hreint ekki viðunandi, því svona gróft sagt var nánast einungis um nafnaþulu að ræða og gaf því tilefni til ítarlegri spurninga um sama efni, þ.e. að reyna að fá upplýsingar um hugsanleg tengsl við þær stofnanir eða stjórnir sem viðkomandi eru falin störf við.

Hæstv. ráðherra gerði hér að umtalsefni áðan að svo *gæti fólk verið tortryggið að það í rauninni yrði* vanhæft fyrir fram til þess að meta hæfi annarra ef það blindaðist af tortryggni. Mig langar til þess að benda hæstv. ráðherra á að einmitt svona óljós svör við mikilvægum spurningum eru til þess fallin að vekja þá tortryggni að maður álíti sem svo að eitthvað búi að baki annað en að svara hreinskilnislega og heiðarlega þeim spurningum sem fyrir eru lagðar og því kunni að leynast einhverjar upplýsingar sem gætu komið einhverjum illa ef betur væri að gáð.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa tekið þátt í og verið viðstaddur þessa umræðu sem mér láðist að geta um áðan. Ég vil upplýsa það hér að þegar verið var að semja þessa tillögu var það alls ekki ljóst fyrir mér hvort frekar ætti að láta forsrh. skipa í þessa nefnd eða viðskrh. en niðurstaða okkar var að eðlilegra væri að það væri forsrh. vegna þess að það væri ekki einungis um að ræða bankaráð heldur einnig aðrar peningastofnanir. Það vill þannig til að í marga sjóði skipar iðnrh. sem er sami maðurinn í þessu tilfelli og bankamálaráðherra þannig að ég lít ekki á það sem nokkurt aðalmál hvort þarna yrði breytt um og viðskrh. skipi í þessa nefnd. Aðalatriðið er að á málinu verði tekið og ég verð að lýsa ánægju minni með að hæstv. viðskrh. skuli hafa brugðist svo skjótt við og að nú sé verið að vinna að samningu frv. í hans ráðuneyti um skipun í stjórnir fjárfestingarlánasjóða.

Ég tel mjög nauðsynlegt að það verði kveðið skýrara á um þessi mál og núgildandi lögum verði breytt. Ég get ekki fallist á það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að það væru skýrar reglur í 33. gr. viðskiptabankalaganna um hvenær bankaráðsmenn séu hæfir. Álitsgerðirnar sem beðið var um sýna að það virðist vera mjög á reiki hvaða fyrirtæki eru í samkeppni á fjármálasviðinu, alla vega að dómi þeirra sem eru beðnir um álit. Sjálfsagt eru fleiri skoðanir uppi um þetta en ég tel að ekki sé nægilegt að þetta skuli vera svo mikið álitamál að hægt sé að komast að svo margvíslegum niðurstöðum eins og í ljós hefur komið. Ég tel það eðlilegt að jafnframt því að fagna beri að verið er að taka á stjórnum fjárfestingarlánasjóðanna og lögum um þá þurfi að taka á reglum um setu í öðrum peningastofnunum og svo, eins og hv. 18. þm. Reykv. talaði um áðan, í stjórnkerfinu í heild. Ég verð að segja að ég vona bara að þetta mál detti ekki upp fyrir eins og mér hefur fundist vera varðandi fjölmiðla og umræðuna í þjóðfélaginu og vona að það sem verið er að gera í viðskrn. varðandi þessi mál sé ekki eingöngu verið að vinna þar heldur einnig annars staðar og að við fáum fljótt að sjá reglur sem kveða skýrt á um hvernig þessum málum skuli fyrir komið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vildi ég, vegna orða hv. 18. þm. Reykv., segja alveg skýrt, sem ég hef greinilega ekki gert nógu skýrt áðan, að ég kann því alls ekki illa að vera viðstaddur eða taka þátt í þessari umræðu. Þvert á móti fagna ég því og vildi láta það koma fram að *ég held að þetta sé í þriðja sinn sem ég mæti sérstaklega* til að taka þátt í henni. Af ýmsum ástæðum hefur hún ekki farið fram fyrr. Þannig að ég hlýt að hafa talað mjög óljóst því ég tel reyndar rétt, eins og ég lét koma fram, að málið heyri fyrst og fremst undir viðskrh. og þess vegna ekki þörf á þeim ágætu ráðherrum öðrum sem þið gjarnan vilduð hafa hér með okkur þess vegna. En auðvitað er alveg rétt að af því málið varðar almenn stjórnsýslulög væri það kostur að forsrh. kynnti sér það og tæki þátt í því.

Ég held að ekki þurfi að bæta miklu við þetta sem hér hefur fram komið og kom hér áðan, að menn verða að gera sér þetta ljóst að almennt hæfi eða vanhæfi er samlagning sérstaks hæfis eða vanhæfis í einstökum málum sem fyrir kann að bera. Það er af ýmsum ástæðum stundum ekki unnt að setja fyrir fram almennar hæfisreglur þegar um er að tefla stjórnvöld eins og stjórnir eða ráð í stofnunum sem sýsla með peninga. Þar kemur margt til en þar á að treysta á, eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði réttilega, siðgæðisvitund og dómgreind þeirra sem velja menn til slíkra starfa í ljósi sérstakra hæfisskilyrða sem uppfylla þarf. Þetta er einfaldlega af því að það er ekki hægt að setja almennar lagareglur um alla hluti. Nú held ég því alls ekki fram að þær reglur sem eru í íslenskum lögum um þetta efni þarfnist ekki endurskoðunar, þvert á móti er ég sammála flm. um að það þurfi vandlega yfirferð yfir þau öll.

Það er rétt að í lögunum um bankana eru almennar hæfisreglur fyrir þá sem eru fastir starfsmenn þessara stofnana, bankastjórana og aðra, það er eins og vera ber, það er líka unnt að setja þær. Það er erfiðara með bankaráðsmennina eins og fram hefur komið og ekki endilega víst að það sé lögunum að kenna þótt lögfræðingunum beri ekki saman. Það er einfaldlega þannig að það eru erfiðu dæmin sem leiða í ljós takmarkanir löggjafarinnar. Það er nú það.

Með þessu er ég ekki að halda neina afsökunarræðu fyrir íslenska löggjöf um þessi efni, það þarf svo sannarlega að huga að henni og er reyndar á stefnuskrá míns flokks og hefur lengi verið að setja almenn stjórnsýslulög þar sem skýrt verði girt fyrir hagsmunaárekstra eftir því sem það verður gert með lögum. Þess vegna tel ég brýnt að stjórnsýslulaganefndin ljúki sínu starfi og skili frv.

Vegna þess sem fram kom hér hjá hv. 18. þm. Reykv. um svar mitt á þskj. 550 um stjórnir í peningastofnunum er það vissulega rétt hjá hv. þm. að svarið er ófullkomið. Það reyndist torvelt að fá í fljótu bragði svör frá stofnunum sem gæfu svör við spurningum um aukastörf. Viðskrn. ákvað að skila svarinu sem næst tilskildum tíma til þess að ekki drægist úr hömlu en vel má freista þess að fá ítarlegri svör og ég get fullvissað hv. 18. þm. Reykv. og fyrirspyrjanda í þessu tilfelli, að þar er ekki vísvitandi verið að halda neinum upplýsingum frá þinginu, þvert á móti teldi ég æskilegt að betri upplýsingar verði gefnar um þetta í framtíðinni.

Síðan kem ég að því sem kom fram í síðari ræðu hv. 1. flm., 12. þm. Reykv., og ég vildi upplýsa að sú frumvarpssamning sem nú er í gangi í viðskrn. um fjárfestingarlánasjóðina er ekki viðbragð við annars ágætum málflutningi Kvennalistans í þessu máli. Frumvarpssmíðin hafði að sjálfsögðu hafist fyrr og er reyndar á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar eins og sjá má af hennar málefnasamningi. Og sú almenna endurskoðun á lagaákvæðum um fjárfestingarlánasjóði mun ekki eingöngu fjalla um skipun í stjórnir þeirra en hún mun að mínu áliti gefa kærkomið tækifæri til þess að lagfæra ýmsa þá galla sem hv. 18. þm. Reykv. og hv. 12. þm. Reykv. og Sigríður Lillý Baldursdóttir, varaþingmaður Kvennalistans, hafa bent á. Þess vegna er mjög heppilegt að þessi umræða verður nú einmitt þannig að við fáum þar leiðsögn í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð mála á Alþingi, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 401. mál. — Þskj. 699.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Minnstu munaði að þetta mál fengi ekki þinglega meðferð í þetta sinn vegna þess hve seinn ég er í pontu. Á ég að doka við með að hefja mál mitt meðan þingsalurinn tæmist eða á að ég hefja málflutninginn strax? — Hv. alþm. Skúli Alexandersson er kominn í salinn þannig að mér er ekkert að vanbúnaði að byrja.

Ég mæli hér fyrir till. til þál. um þinglega meðferð allra mála á Alþingi. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að öll þingmál, sem lögð eru fram á yfirstandandi þingi fyrir 10. apríl 1990, skuli fá þinglega meðferð og sæta lokaafgreiðslu í þingsölum fyrir þinglausnir í vor."

Ég ætla að lesa grg. eins og hún kemur fyrir í heild sinni, með leyfi forseta:

„Hvers vegna er alþingismönnum gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem sæta aldrei lokaafgreiðslu á Alþingi? Hvers vegna er alþingismönnum gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem verða ekki rædd í nefndum Alþingis? Hvers vegna er alþingismönnum gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem ekki er einu sinni tími til að mæla fyrir á Alþingi? Hvers vegna?

Alþingi er löggjafarþing og hlutverk þess er að setja íslensku þjóðinni lög. Alþingi lýsir líka vilja sínum með ályktunum sem eru bindandi fyrir þingið og aðra valdhafa í landinu. Alþingi er málstofa fyrir umræður og fyrirspurnir. Þingheimur er kallaður saman til þessara verka og önnur verk alþingismanna eru því hjáverk. Alþingismenn fá greitt þingfararkaup fyrir setu í þingsölum og störf í þingnefndum. Þetta er hlutverk Alþingis og alþingismanna.

Alþingismenn gegna líka ýmsum öðrum trúnaði á vegum þingsins. Ráðherrar eru oftast valdir úr hópi alþingismanna og þingmenn sitja einnig í fjölþjóðanefndum á borð við Norðurlandaráð og önnur þingmannasamtök. Ýmis annar trúnaður er alþingismönnum fenginn. Þessi trúnaðarstörf þingmanna eru hins vegar öll hjáverk og mega því ekki hafa áhrif á hlutverk Alþingis.

Þinghald er með styttra móti í vetur vegna kosninga til sveitarstjórna í vor og þinglausnir verða 27. apríl samkvæmt starfsáætlun. Jólafrí alþingismanna var rúmar fjórar vikur og þinghlé stóð í heila viku vegna fundar Norðurlandaráðs í Reykjavík. Önnur

vika fellur úr þinghaldi í aprílmánuði vegna páskahelgarinnar og fundir hafa fallið niður á Alþingi af öðrum ástæðum í nokkra daga, þar á meðal vegna skorts á verkefnum í þingbyrjun.

Þá hafa þingmál verið tekin af dagskrá Alþingis þegar ráðherrar viðkomandi málaflokka hafa ekki séð sér fært að hlýða á málflutning alþingismanna og taka þátt í umræðum.

Kosningar til sveitarstjórna eru ekki verkefni alþingismanna frekar en kosningar til Alþingis eru verkefni sveitarstjórnarmanna. Þess vegna á ekki að flýta þinglausnum fyrir þær sakir. Fjögurra vikna jólafrí er nokkuð rífleg hvíld á milli funda, jafnvel þó alþingismenn noti tímann vel til að sækja heim kjósendur sína í kjördæmum og boða til funda um landið. Sumarleyfi Alþingis er bæði langt og gott og þá gefst þingmönnum nógur tími til að sinna kjósendum heima í héraði.

Alþingismenn geta vel setið norræn þing og aðra mannfagnaði án þess að þinghald falli niður dögum saman. Hver alþingismaður hefur að baki sér varamann og nauðsynlegt er að varaþingmenn taki meiri þátt í störfum þingsins. Skipuleggja má annað félagslíf alþingismanna með hliðsjón af þinghaldi vetrarins svo að hjáverk þingmanna slíti ekki í sundur dagskrá Alþingis yfir þingtímann.

Það er vel hægt að flytja mál á Alþingi án þess að ráðherra sitji í þingsalnum. Það ætti að nægja að formaður viðkomandi þingnefndar fylgist með málflutningnum hverju sinni. Öðru máli gildir þegar ráðherrar fylgja úr hlaði stjórnarfrumvörpum. Þá þurfa þeir að taka sjálfir þátt í umræðum sem fylgja." (**SkA:** Það eru fjórar konur búnar að stela senunni alveg hreint í sambandi við þetta.) Hv. alþm. Skúli Alexandersson hefur bent á að það hefur verið framið stílbrot í salnum og það eru fjórar konur sem fylgjast með umræðunum í staðinn fyrir Skúla einan eins og venjulega og sú fimmta með hæstv. forseta og hv. alþm. Skúli Alexandersson kveður. Ég tek nú til óspilltra málanna við að tala um þinglega meðferð mála.

„Flutningsmaður þessarar tillögu hefur talað fyrir mörgum þingmálum án þess að ráðherrar viðkomandi málaflokka hafi heiðrað hann með nærveru sinni í þingsal, enda kemur það ekki að sök. Flutningsmaður telur að málflutningur alþingismanna eigi fyrst og fremst erindi við íslensku þjóðina og aðra þingmenn. Tíma ráðherranna er betur varið í ráðuneytunum.

Alþingismenn mega leggja fram ný þingmál á þessu þingi fram til 10. apríl í vor. Frá þeim degi og til þinglausna er þó aðeins einn fundur í sameinuðu þingi á dagskrá og fjórir þingdagar í deildum, sjá fylgiskjal. Þannig er ljóst að ekki gefst tími til að fylgja seint fram komnum málum úr hlaði og tala fyrir þeim á þingfundum, hvað þá að ræða þau í nefndum Alþingis og leita álits og umsagna hjá fólki utan þingsins og ljúka málflutningi með lokaafgreiðslu í þingsölum. Sama má segja um þingmál sem lögð voru fram fyrr í vetur og jafnvel snemma á haustþingi. Mörg þingmál liggja enn óhreyfð í þingnefndum og sum hafa ekki enn þá verið tekin á dagskrá til umræðu.

Samkvæmt yfirliti um stöðu þingmála frá 9. mars 1990 bíður nú eitt stjórnarfrumvarp framhaldsumræðu í efri deild og þrettán eru komin til nefnda. Átta stjórnarfrumvörp bíða umræðu í neðri deild og sjö eru komin þar til nefnda. Tólf þingmannafrumvörp eru í nefndum efri deildar og tvö frumvörp bíða þar umræðu. Tuttugu og átta þingmannafrumvörp eru hins vegar komin til þingnefnda í neðri deild og átta frumvörp bíða umræðu. Fjáraukalög fyrir árið 1988 bíða afgreiðslu til nefndar í sameinuðu þingi og fjáraukalög fyrir árið 1990 bíða þar fyrstu umræðu.

Af sextíu stjórnarfrumvörpum er búið að afgreiða tuttugu og níu sem lög frá Alþingi. Fimmtíu þingmannafrumvörp hafa hins vegar ekki verið afgreidd. Átta munnlegum fyrirspurnum er ósvarað og tuttugu og þremur skriflegum en sumar þeirra eru síðan á miðju haustþingi.

Fjórtán þingsályktunartillögur frá alþingismönnum bíða umræðu í sameinuðu alþingi en sextíu og þrjár tillögur eru í þingnefndum. Ein var felld, en fjórar hafa verið samþykktar. Fram að þinglausnum eru fjórtán almennir þingfundir í deildum Alþingis og átta þingfundir í sameinuðu þingi samkvæmt áætlun. Þannig er alveg ljóst að fjöldi þingmála mun á því Alþingi sem nú situr aldrei fá svokallaða þinglega meðferð: Að vera borið upp til atkvæða í þingsalnum."

Þetta þingmál sem ég núna fylgi úr hlaði er hins vegar gleðileg tilbreyting því að það er flutt, það er talað fyrir því núna í sömu vikunni og það er lagt fram. Þetta er mjög til bóta og ég tel ástæðu til þess að óska forseta þingsins til hamingju með hvernig mál virðast nú vera komin á skrið og vonandi tekst okkur að ná því markmiði sem þessi tillaga lýtur að.

„Andinn á bak við þingræðið er að Alþingi ráði málum til lykta með lögum. Þannig tryggir þjóðin lýðræðið sem Íslendingar hafa kosið í landi sínu og skipta í þrjá þætti: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þingheimur velur sér svo ráðherra til að stjórna ríkinu í umboði Alþingis og framkvæma vilja þingsins. Alþingi er hin raunverulga valdastofnun fólksins í landinu og alþingismaðurinn er þar hornsteinn. Þetta er kjarni málsins.

Nú stendur yfir 112. löggjafarþing íslensku þjóðarinnar og liðin eru 1059 ár frá stofnun Alþingis. Fyrsti ráðherrann tók hins vegar við embætti á Íslandi fyrir áttatíu og sex árum og fyrsta ríkisstjórnin fyrir sjötíu og þremur árum. Þannig er Alþingi miklu eldri stofnun en bæði ráðherrar og ríkisstjórnir. Alþingi getur vel stjórnað án ráðherra en ráðherrar ekki án Alþingis. Löggjafarvaldið er æðra en framkvæmdarvaldið. Þetta er andi þingræðis og honum mega alþingismenn aldrei glata.

En framkvæmdarvaldið hefur því miður vaxið stöðugt í þjóðfélaginu á kostnað Alþingis, bæði í höndum ráðherra í ríkisstjórnum og eins hafa þingmenn löngum seilst í stærri hluta af framkvæmdarvaldinu fyrir sjálfa sig. Þannig hafa alþingismenn ekki

staðið vörð um Alþingi sem löggjafarþing og afhenda sífellt stærri hluta af valdi þingsins umboðsmönnum sínum í ríkisstjórnum. Fyrir bragðið er komin slagsíða á löggjafann.

Hér skal nefnt dæmi um undanhald alþingismanna fyrir fulltrúum sínum á ráðherrastóli: Þingmál ríkisstjórnarinnar ganga sífellt fyrir þingmálum einstakra alþingismanna á dagskrá Alþingis. Alþingismenn eru kallaðir til aukafunda svo að ríkisstjórnarmál fáist afgreidd og iðulega er brugðið út af eðlilegri meðferð mála til að svo megi verða. Þingmenn stjórnarflokka eru líka boðaðir sérstaklega í þingsali þegar þingmál ríkisstjórnar eru borin undir atkvæði.

Þingmál alþingismanna hljóta að öllu jöfnu ekki svo röska afgreiðslu á Alþingi. Þau sitja jafnan á hakanum þegar þingmál ríkisstjórna hafa forgang. Þingheimur er ekki kallaður saman til aukafunda svo að afgreiða megi þingmál einstakra alþingismanna. Þingmenn stjórnarflokka eða stjórnarandstöðu eru heldur ekki boðaðir sérstaklega í þingsali þegar þingmál alþingismanna eru á dagskrá. Alþingismaðurinn hefur því sjálfur afsalað sér réttinum til að hafa áfram aldagamalt frumkvæði á Alþingi samkvæmt andanum á bak við þingræðið.

Má í þessu sambandi benda á frumvarp til laga frá þingmönnum fjárveitinganefndar í neðri deild Alþingis um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Frumvarpið bíður nú umræðu í deildinni en fyrsti flutningsmaður er Sighvatur Björgvinsson, formaður fjárveitinganefndar. Með því frumvarpi vilja flutningsmenn færa fjárveitingavaldið aftur í hendur Alþingis frá ráðherrum.

Þetta frumvarp er prófsteinn á vilja Alþingis í dag: Vill þingheimur færa kjarna þingstarfanna aftur undir löggjafarvald Alþingis eða vill þingheimur áfram vera í húsmennsku hjá ráðherrum sínum? Það er spurningin.

Á þingfundum á háttvirtu Alþingi í vetur hefur flutningsmanni stundum liðið eins og hverjum öðrum grip í eigu ríkisstjórnarinnar eða eins og bandingja í klóm stjórnarandstöðunnar. Þessar tvær fylkingar ráða framvindu mála í þingsölum og alþingismaðurinn sjálfur má sín lítils með sín þingmál frammi fyrir þessu ofurefli. Þannig hefur yfirbygging þinghaldsins náð að sliga hornsteinana. Það eru döpur málalok.

Af þeirri líðan flutningsmanns er þessi tillaga um breytta meðferð allra þingmála sprottin. Flutningsmaður telur það ekki í anda þingræðis að mál alþingismanna fái ekki þinglega meðferð hverju sinni og sæti lokaafgreiðslu í þingsölum. Hann sér ekki þingræðið í störfum Alþingis ef mál alþingismanna eru ekki borin undir atkvæði þingsins jafnt og mál ríkisstjórna. Það er frekar ríkisstjórnaræði en þingræði.

Án meiri hluta á þingi eru störf Alþingis vissulega erfiðleikum háð og meiri hluta þarf í öllum málum til að tryggja þingræðið. En hér er bent á að án alþingismannsins fæst aldrei meiri hluti. Alþingismaðurinn er áfram hornsteinn Alþingis.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu gerir flutningsmaður þær kröfur að öll þingmál, sem fram koma fyrir 10. apríl 1990, fái þinglega meðferð og sæti lokaafgreiðslu á Alþingi Íslendinga sem nú situr: Frumvörp til laga, þingsályktunartillögur, beiðnir um skýrslur og fyrirspurnir, eða önnur þau mál sem Alþingi fjallar um, hverju nafni sem nefnast. Greidd verði atkvæði um frumvörp, tillögur og beiðnir og fyrirspurnum svarað. Forsetar Alþingis ásamt formönnum þingflokka tryggi alþingismönnum þessi málalok með breyttri skipan mála og dagskrár fram að þinglausnum. Alþingi sitji lengur en til 27. apríl 1990 ef þess gerist þörf til að ná þessu markmiði."

Virðulegi forseti. Þetta mál er þess eðlis að það snertir eingöngu starf þingmannanna sjálfra og því er að mati flm. ekki ástæða til þess að leita álits utan þingsins. Því mæli ég ekki með að þetta mál fari til nefndar heldur mæli ég með að það fari beint til síðari umræðu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef nú hlustað á framsöguræðu flm. þessarar tillögu, hv. 16. þm. Reykv., um þinglega meðferð allra mála á Alþingi og það er auðvitað rétt sem kemur fram í hans máli að hér er vandamál sem áreiðanlega flestir ef ekki allir þingmenn hafa oft rætt og velt fyrir sér hvers vegna mál eru ekki afgreidd eða fá ekki, eins og hann orðar það, þinglega meðferð á hverju þingi fyrir sig. Greinargerð hans með tillögunni hefst á nokkrum spurningum og þær spurningar sem hann leggur þar fram finnst mér kannski vera meginatriði þessa máls, þ.e. hvers vegna er alþm. gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem sæta aldrei lokaafgreiðslu á Alþingi? Þarna er spurningin um hvort eigi að takmarka fjölda mála sem þingmenn megi flytja. Mér kemur í hug hvort hv. 16. þm. Reykv. hefði verið það kært eins og hann er duglegur við að leggja fram mál ef það hefði kannski verið takmarkað við að hver þingmaður mætti ekki flytja þingsályktunartillögur nema kannski tvær eða jafnvel eina á hverju þingi til þess að hægt væri að tryggja að þær fengju þinglega meðferð. Nú vitum við að t.d. mál eins og þingsályktunartillögur fá meðferð í nefndum. Þær eru sendar til umsagnar, þær eru ræddar af þm. sem sæti eiga í viðkomandi nefndum og jafnvel aðilar kallaðir á fund nefndanna til þess að fjalla um þær. Stundum er það svo hvort sem um er að ræða frumvörp eða tillögur til þingsályktunar að flutningsmenn viðkomandi máls vilja heldur að málið fari ekki út úr nefnd en að þeir eigi jafnvel á hættu að það verði fellt ef þeir finna að málið hefur ekki meirihlutastuðning í þinginu. Það er svo margt sem kemur þarna til greina að ég held að afar erfitt sé að ákvarða það að hvert einasta mál skuli fá þinglega meðferð. En ef svo ætti að vera, eins og hv. 16. þm. Reykv. leggur til, sýnist mér að það gerist ekki öðruvísi en að farið yrði að takmarka hversu mörg mál hver þingmaður mætti flytja á hverju þingi. Og þá kemur til sögunnar afstaða til þess hvort t.d. varamenn sem taka sæti á Alþingi eigi að fá leyfi til þess að flytja mál. Við höfum t.d. séð dæmi um það í dag að varaþm., hv. 4. þm. Norðurl. e., fékk tækifæri til þess

að flytja þrjár tillögur til þingsályktunar um mál sem hún hefur áhuga á að vekja athygli á, geri ég ráð fyrir, hvort sem þau verða nú afgreidd í gegnum þingið eða ekki. Ég geri ráð fyrir að hún telji sig hafa náð nokkrum árangri því að málin vekja athygli, jafnvel utan þings og úti í þjóðfélaginu. Það kom t.d. fram í máli hennar þegar hún mælti fyrir einni tillögunni að hún hefði fengið meiri viðbrögð utan þings en hún fékk hér í þingsölum þar sem fáir þingmenn hafa setið hér í dag. Ég vildi aðeins velta upp þessum hugsunum sem komu í huga minn meðan ég var að hlusta á framsöguræðu hv. 16. þm. Reykv. Ég held nefnilega að málið sé ekki svona einfalt. Það yrði að taka svo margt annað inn í myndina og þar með þá að hefta frelsi þingmanna til þess að flytja þau mál sem þeir hafa áhuga á hverju sinni.

Við vitum ósköp vel að það er jafnvel metnaður sumra þingmanna að geta sýnt fram á að þeir hafi flutt sem allra flest mál, helst tekið sem oftast til máls. Og við vitum að oft er það svo að fjölmiðlarnir leggja mat á dugnað þingmanna eftir því hvað þeir taka oft til máls eða hvað þeir flytja mörg mál þó að við vitum það sjálf, þingmenn, að það er enginn mælikvarði á störf þingmanna hversu oft þeir standa í ræðustóli, hversu lengi eða hversu mörg mál þeir flytja.

Þetta vildi ég aðeins koma inn á, hæstv. forseti, því að ég held að við getum öll verið sammála um að þetta mál, sem hér er hreyft við, er vissulega visst vandamál hér en sú afstaða hefur verið tekin að frelsi manna til þess að flytja mál sé ekki heft, jafnvel ekki varamanna. Það hefur komið fyrir að varaþingmenn hafa komið hér inn og flutt — ég man ekki hversu mörg, það er næstum því, held ég, að það hafi skipt tug þó þeir sitji hér á þingi í tvær vikur. Og það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að hægt sé að afgreiða öll slík mál á einu þingi. En þingmenn hafa alltaf möguleika á að endurflytja málin ef þau hafa ekki verið afgreidd á þinginu.

Þetta vildi ég aðeins nefna í sambandi við flutning þessarar tillögu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna beiðni hv. þm. um að málið fari ekki í nefnd hlýt ég að benda á að í 28. gr. þingskapalaga sem fjallar um þingsályktunartillögur segir svo:

„Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að 15 mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til 2. umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi."

Þar sem forseta sýnist að hér sé ekki um tillögu þingflokks að ræða eða beiðni frá þingflokki hlýtur forseti að leggja til að málið verði sent hv. allshn.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég vann eitt sumar á Hótel Valhöll með manni sem heitir Guðmundur Angantýsson, og er núna látinn fyrir nokkuð mörgum árum, en þjóðin þekkir hann kannski betur sem Lása kokk. Mér er ákaflega minnisstætt eitt kvöldið þegar ég var að spjalla við hann um þá frægustu sögu sem um Lása hefur spunnist. Þegar hann var til sjós og skipið var að farast og Lása var tilkynnt um sjávarháskann, þá sagði hann: „Ó, Jesús minn almáttugur, ég sem á eftir að þvo upp." Þessi saga er landsfleyg og ég veit að hana þekkja allir Íslendingar.

Ég spurði Lása að því, skiptir það raunverulega máli, Lási, hvort leirtauið fór í djúpið þvegið eða óuppvaskað? Þá sagði Lási þetta, sem mér hefur alltaf verið svo minnisstætt: „Já en elsku vinur, maður verður alltaf að klára það sem manni er trúað fyrir. Annars kemst maður ekki til himna. Það fer enginn með óvaskað til himna," sagði Lási. Þetta er mér alltaf minnisstætt.

Alþingi, ekkert síður en Lási, verður að klára það sem því er trúað fyrir, hvorki meira né minna. Ég vil ekki ganga svo langt að fara að velta fyrir mér himnavist alþingismanna í framhaldi af því. En þetta er kjarni málsins. Þetta skildi Lási sem var einfaldur maður, hlýr og góður. Þetta skildi hann. Ef hann kláraði ekki það sem honum var trúað fyrir átti hann ekki vísa himnavist. Í þeim anda hef ég lagt fram þessa tillögu að Alþingi klári það sem það tekur að sér að gera. Ég hef oft fundið það á minni starsfsævi, sem að vísu er ekki mjög löng, að það hefur yfirleitt leitt mig í ógöngur ef ég hef ekki lokið hverjum vinnudegi áður en ég byrjaði á þeim næsta. Klárað það sem ég er með á skrifborðinu hjá mér eða á borðinu hjá mér eða hvar sem er áður en næsti dagur byrjar þannig að þessir tveir dagar rekist ekki á. Það er vont að byrja nýjan vinnudag á því að klára daginn á undan. Það er mjög erfitt mál. Þess vegna hef ég lagt til að Alþingi ljúki þeim störfum sem hér eru hafin áður en þinglausnir verða í vor og það gildi ekki bara um þetta ár, heldur verði þetta starfsvenjan á þinginu. Það er sjálfsagt ýmsum annmörkum háð, en ég er þess fullviss að það er hægt. Þetta er bara spurning um vinnu og vinnubrögð. Alþingi er í þessu fari núna að sjálfsagt þykir að láta mál liggja í nefndum. Það þykir sjálfsagt að láta þau liggja þar langtímum saman og engin ástæða til þess að afgreiða málin, til þess að klára dagskrána. Að vísu skal ég fúslega viðurkenna það ánægður að hér í Sþ. hefur dagskráin iðulega verið tæmd og mál afgreidd áfram og ég er mjög ánægður með þá framvindu. T.d. eins og ég sagði áðan að þetta mál var lagt fram í þessari viku og svo rösklega um gengið að það kemur á dagskrá í sömu viku og það er lagt fram og það er mjög gott. En það breytir ekki því að vinnubrögðin hér eru allt of seinvirk. Að sjálfsögðu er hægt að vinna þetta hraðar og það á bara ekkert að ljúka störfum fyrr en þetta er búið. Það á að gefa ákveðinn tíma á hvert mál í nefnd og síðan á að ræða það aftur. Og það á ekki að gefa þingmönnum kost á að leggja

fram mál 10. apríl þegar aðeins einn fundur er eftir í Sþ. Því það er alveg vita vonlaust að það geti farið fram tvær umræður og nefndastörf á þeim tíma. Það verður að fjölga fundum.

Forsetar Alþingis, forseti sameinaðs þings og deildanna, geta skipulagt þinghaldið þannig að alltaf sé einn af forsetunum til þess að ljúka því starfi sem er hafið. Það mætti þá fjölga varaforsetum. Því að ég tel að í rauninni sé verið að gera grín að alþm. ef þeim er gefinn kostur á að leggja fram mál sem aldrei eru borin upp til atkvæða. Það á að vera skylda Alþingis að ljúka hverju máli.

Margt af því sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði er að sjálfsögðu hluti af þeim vandamálum sem verður að leysa áður en þetta vinnulag kemst á. Ein leiðin er að takmarka málflutning. Ég hef líka velt því fyrir mér hvort ástæða sé til þess að hafa ótakmarkaðan málflutning því að það er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að menn komi með fleiri hundruð mál inn á þingið og þá vandast nú kannski að vinna úr þeim. Það skal ég fúslega viðurkenna. En þá er aftur spurning hvernig eigi að takmarka, hvort það eigi að takmarka málflutning við þingflokka þannig að það sé kvóti á hvern flokk, kvóti er nú í tísku í dag, eða hvort það eigi bara hreinlega að láta þetta allt vera *opið, galopið, og afgreiða öll mál því að það kemst* örugglega á jafnvægi. Frelsið leiðir yfirleitt til jafnvægis. Það merkilega við frelsið er að það finnur yfirleitt leiðina að jafnvæginu.

Það er nauðsynlegt að varamenn fái að kveðja sér hljóðs og flytja sín mál og varamenn eiga í rauninni að koma oftar inn á þing. Og það má kannski taka það fram hér að þegar ég kom inn sem varamaður var mér ekki einu sinni leiðbeint hér á salernið. Mér var ekkert sagt til um þingsköp eða hvaða réttindi og skyldur ég hefði hér sem alþm., ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta er eitt af því sem á að gera. Það þarf að halda námskeið fyrir þá sem hugsanlega koma inn á þing sem varamenn í upphafi kjörtímabils til þess að kenna þeim manngarginn. Það kemur enginn með manngarginn með sér hingað inn. Þetta er eitt af því sem þarf að gera. Og varaþm. eiga að sjálfsögðu að fá tækifæri til að tala fyrir málum hér á hv. Alþingi, enda hefur það komið í ljós í dag að varamenn luma á hinum bestu málum og hér hefur einn varamaður flutt betri mál í dag en ég hef heyrt þingmenn, sem eru þó fastir þingmenn hér allt árið, flytja þann tíma sem ég hef setið hér í vetur. Svo að það er vissulega þörf á því að varamenn fái að flytja sín mál og finnst mér eðlilegt að ráðherrar einbeiti sér að sínu framkvæmdarvaldsstarfi í ráðuneytum og afsali sér þingmennsku á meðan til varamanna. Kostnaðurinn er sá sami. Varaþingmaðurinn fær þingfararkaupið og ráðherrann fær ráðherralaun. Þannig á þetta að vera svo að þingstörf geti gengið hér óhindruð þó að ráðherrar séu í ráðuneytunum því að þar eiga ráðherrar að vera. Það er ekkert hjáverk að vera ráðherra á Íslandi. Ég get ekki skilið að það sé hægt að túlka það sem hjáverk, að menn eigi að hlaupa í það þegar þingstörfum lýkur og heldur ekki að þingstörf séu hjáverk hjá ráðherrum, að menn skjótist niður í þing á milli þess sem þeir eru að sinna málum í sínum ráðuneytum. Það er óvirðing við bæði störfin. Ég veit *ekki til að þau mikilmenni hafi fæðst enn þá sem megi* gera úr það marga menn að þeir geti sinnt þessum málum báðum svo að vel fari. Ég hef ekki séð þau mikilmenni enn þá og veit ekki til þess að þau séu hér í landinu.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir minntist hér á að sumir flutningsmenn vilji frekar láta málin sofna í nefndum en láta bera þau undir atkvæði. Þetta er bara hlutur sem Alþingi getur ekki tekið inn á sína dagskrá. Þingmenn hljóta að leggja sín mál fram til þess að þora að láta þau koma undir atkvæði. Ég get *ekki séð að þingmaður megi missa kjarkinn þó hann* telji að málið sitt fái ekki þá umfjöllun sem hann vill. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég veit að ég þarf að syndga pínulítið upp á náðina en ég skal vera fljótur að ljúka þessu.

Sú staðreynd að þingmál fá ekki lokaafgreiðslu héðan frá Alþingi setur mjög orðið svip sinn á gerð þingmála. Þingmenn eru hættir að leggja mál fram til þess að fá lokaafgreiðslu. Þeir leggja fram mál til að birta í fjölmiðlum. Þingmál eru núna sniðin að þörfum fjölmiðla frekar en að þörfum þjóðarinnar af því að málin eru ekki afgreidd. Þess vegna er verið að leggja hér fram fullt af málum til þess að vekja athygli á einu eða öðru en ekki til þess að ná árangri landinu og *þjóðinni til heilla. Það eitt er stórkostlegt vanda*mál að Alþingi sé að breytast úr málstofu í fjölmiðlastofu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta hv. 16. þm. Reykv. ef hann hefur misskilið orð mín svo að ég hafi álitið að það væri af kjarkleysi að þingmenn vildu heldur láta málin liggja í nefndum þegar þeir sæju fram á að þau ættu ekki stuðning en að láta fella þau. Það er mikill misskilningur. Það er ekki af kjarkleysi, *það er held ég frekar af skynsemi. Vegna þess að þeir* sjá þá fram á að þeir hafi tækifæri til þess að vinna máli sínu stuðning og geta endurflutt það á næsta þingi. Ef við göngum út frá því að eitt kjörtímabil er fjögur ár hafa þigmennirnir fjögur ár til þess að vinna máli sínu stuðning ef þeir telja það ekki eiga nógan stuðning í upphafi. Ég gæti nefnt hv. þm. dæmi um slíkt mál sem ég flutti og varð að athlægi fyrir hjá þjóðinni þegar ég flutti það fyrst. Það var varðandi notkun ökuljósa á bifreiðum allan sólarhringinn, allan ársins hring. Ég flutti þetta mál og það komst aðeins til nefndar, ég man ekki hversu mörg þing, en smátt og smátt breyttust viðhorfin og á endanum var Alþingi sammála um að þetta bæri að gera og nú aka *Íslendingar með ljósum allan ársins hring, allan* sólarhringinn. Og ég held að flestir geri sér í dag grein fyrir því að þetta hafi verið skynsamleg ráðstöfun. En í upphafi töldu þeir að þingmaðurinn sem flutti málið væri eitthvað smábilaður í kollinum. Þetta vildi ég til gamans nefna, hv. 16. þm. Reykv., sem dæmi um að stundum er skynsamlegt að láta málin bíða, og þurfa

ekki endilega að afgreiðast á yfirstandandi þingi því það koma önnur tækifæri. En ef málið er fellt er það ekki endurflutt. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram, að það geta verið gildar ástæður til þess að afgreiða málin á þennan hátt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 16. þm. Reykv. gerir örstutta athugasemd. En vegna orða hans hér áðan vil ég taka fram að á sl. hausti tók við nýtt skipulag. Það fer ekki á milli mála að það er hlutverk skrifstofu Alþingis að taka á móti nýjum þingmönnum og leiðbeina þeim og forseti mun sjá svo til að það verði gert.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst að víkja máli mínu að beiðni þingflokks um að mál fari ekki til nefndar. Ég mun þá óska eftir því í mínum þingflokki að sú beiðni komi. Ég sé í rauninni ekki að það þurfi að vísa málinu til nefndar þar sem þetta snertir eingöngu vinnureglur á Alþingi sjálfu og mun því halda beiðni minni til streitu og óska eftir fresti til þess að leggja fram beiðni frá þingflokknum svo að fara megi að þingsköpum í því máli.

Ég mun síðan ljúka þessari umræðu núna — ég ætla aðeins að doka við á meðan forsetar ráða ráðum sínum. Því mér þykir ákaflega ósennilegt að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hafi orðið að þjóðarathlægi eins og hún sagði hér áðan, ég bara sé það ekki fyrir mér.

En það má vel hafa það eins og Salome benti á, ef menn vilja vera klókir í sínum málflutningi, mér líst að sjálfsögðu vel á það. Þá er einfaldlega bara að óska eftir því að málið verði ekki afgreitt. Þingmenn hafi möguleika á að draga sín mál úr nefndum eða fresta afgreiðslu þeirra til næsta þings eða eitthvað slíkt. (**Forseti:** Þingmaður fékk leyfi til að gera örstutta athugasemd, ég hlýt að benda á það.) Miðað við það sem á undan hefur gengið þá er þetta frekar stutt athugasemd í mínum huga, því dagur er jú þúsund ár og þúsund ár dagur ei meir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og umræðu er því lokið. Forseti mun fúslega verða við því að kanna hvort unnt sé að fara að beiðni þingflokks Borgfl., sem óneitanlega hefur ekki flutt þessa till. allur, en það skal kannað hvort flötur sé á því að verða við þessari beiðni og því verður ákvörðun um nefnd frestað. Atkvgr. verður þar af leiðandi einnig frestað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

63. fundur, föstudaginn 16. mars, kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Þingfundarstörf í Ed.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef ekki verið í bænum og mér var ókunnugt um að þingfundir hæfust hér kl. 10. Sérstaklega var mér ókunnugt um það fyrr en seint í gærkvöldi að ekki stæði til að ræða hér skýrslur í sameinuðu þingi eins og gert er ráð fyrir í starfsáætlun þingsins. Fyrsta mál á dagskrá er frv. ríkisstjórnarinnar um Húsnæðisstofnun. Þetta er frv. sem ég hef ekki haft tíma til að kynna mér, hefði getað gert það nú árdegis ef þingfundarstörf hefðu verið með eðlilegum hætti og byrjað kl. 2. En það er auðvitað ekki kjarni málsins heldur hitt að gert var ráð fyrir því að það yrði þingfundur í sameinuðu þingi.

Ég veit að hæstv. forseti vill taka tillit til stjórnarandstöðunnar og ég hef ekki athugasemdir við það að gera þó hæstv. félmrh. geri grein fyrir þessu frv. Mér er sagt að fundir verði til kl. 2 í dag og um það hafi náðst samkomulag. En ég fer á hinn bóginn fram á það að hæstv. forseti verði við eðlilegri ósk minni um að umræðu ljúki ekki í dag, þannig að mér gefist kostur á því að kynna mér efni þessa frv. og gera við það mínar athugasemdir eftir helgi. Ég er sannfærður um að þetta eru eðlileg vinnubrögð þar sem brotið er gegn þeirri áætlun sem lögð var fram um starfsemi þingsins. En eins og forsetar hafa tekið fram þá er það þeirra markmið að fylgja þeirri áætlun í stóru sem smáu.

Forseti (Jón Helgason):

Fundahald hér nú er í samráði við þingflokksformenn. Það var rætt um að hafa fundi ekki fyrr en kl. 2 í dag en það virtist vera óheppilegra fyrir þingmenn. Þess vegna varð það að samkomulagi að halda hér fund nú. Umræðu um þetta 1. dagskrármál var frestað á miðvikudag vegna þess að þá komu fram óskir um að þingmenn fengju betri tíma til að kynna sér málið. Því var horfið að því ráði að fresta því til fundar í dag. Um það varð samkomulag. Það hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann hefur ekkert við það að athuga að umræða hefjist hér um þetta mál og því mun hæstv. félmrh. mæla fyrir frv.

Halldór Blöndal:

Ég þakka hæstv. forseta að hann skuli hafa lýst því yfir að hann muni verða við minni beiðni um að umræðunni ljúki ekki í dag. Það er laukrétt hjá hæstv. forseta, ég hef ekkert við það að athuga að umræðan hefjist, laukrétt. Ég skal ekkert tefja umræðuna. En ég er mjög þakklátur honum fyrir að hafa tekið þannig í mál mitt eða ég skil það svo að hann hafi

orðið við beiðni minni um að umræðunni haldi áfram eftir helgi.

Forseti (Jón Helgason):
Hv. 2. þm. Norðurl. e. leggur mér nú orð í munn.

Eiður Guðnason:
Herra forseti. Öll þessi umræða sem hafin er af hv. 2. þm. Norðurl. e. kemur mér óneitanlega mjög spánskt fyrir sjónir og eyru. Á þriðjudag í þessari viku er lagt hér fram frv. það sem nú á að fara að ræða. Á miðvikudag er umræðu um það frestað að sérstökum tilmælum fulltrúa Sjálfstfl. hér í þessari deild og er auðvitað ekkert við það að athuga. Nú koma fram athugasemdir af hálfu hv. þm. Halldórs Blöndals, mjög sérkennilegar, þegar hann kemur til fundar í deildinni. Ég held það verði að mælast til þess við hv. þm. Halldór Blöndal að hann ræki betur samband sitt við forustu síns þingflokks þannig að hann viti um hvað er samkomulag og hvernig vinnubrögðum er háttað hér í deildinni en sé ekki hlaupandi hér upp um þingsköp að algerlega tilefnislausu hvað eftir annað eins og við megum þola hér í þessari hv. deild.

Halldór Blöndal:
Hæstv. forseti. Ræða formanns þingflokks Alþfl. veldur mér ekki vonbrigðum, ég sé að þó ég hafi verið í burtu nokkra hríð þá hefur hann ekki breyst og kemur mér ekki á óvart. Ég vil ítreka það sem ég sagði áður, hæstv. forseti, að mér er kunnugt um að það var samkomulag um að byrja kl. 10 og ljúka þingfundi kl. 2. Var það ekki rétt? (**Forseti:** Ekki nákvæmlega um fundarlok.) Nú já, þá hef ég fengið rangar upplýsingar. En ég mun kynna mér hvort það er rétt sem um það er sagt. Það má vera að hugmynd þingsins sé að halda þá áfram til kvöldmatar eða miðnættis og byrja 10 að morgni? Kæmi mér ekki á óvart. Það er þó ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að samkvæmt starfsáætlun þingsins er ekki gert ráð fyrir fundum í deildum í dag. Það er öldungis ljóst.

Ég veit ekki hvort forseta þingsins er það ljóst en það voru merkilegir hlutir að gerast norður á Ólafsfirði í gær. Og við, nokkrir þingmenn kjördæmisins og m.a. tveir ráðherrar, vorum norður á Ólafsfirði til að taka þátt í fögnuði fólksins yfir því að Múlinn skyldi unninn. Ekki man ég eftir því að neinn þar hafi verið í fjarskiptasambandi við formann þingflokks Alþfl. um það hvort yrðu deildarfundir í dag, ekki minnist ég þess.

Þegar ég kom heim var mér sagt frá því að þingfundir hæfust kl. 10 og er út af fyrir sig kannski lítið við það að athuga ef þingmeirihluti og forseti ætla ekki að misnota slíka liðkun frá stjórnarandstöðu. Ef þingfundir hefjast hér kl. 10 árdegis er auðvitað fráleitt að hugsa sér að á föstudegi haldi þeir áfram lengur en til kl. 2. Ég held að við getum verið sammála um það. Það liggur a.m.k. alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef samstarfið við stjórnarandstöðuna á að vera með þeim hætti sem formaður þingflokks Alþfl. vill þá má vera að það verði hávaðasamt hér í deildinni.

Forseti deildarinnar vísaði til orða minna og sagði að ég hefði ekkert við það að athuga að umræður um þetta mál hæfust. Ég gat ekki skilið þessi orð hæstv. forseta öðruvísi en svo að hann vildi verða við beiðni minni. Þegar ég túlkaði ummæli hans þannig sagði hann að ég hefði lagt sér orð í munn. Það var með öðrum orðum ekki verið að svara beiðni minni úr forsetastóli, það átti að hefja umræðurnar af forseta deildarinnar án þess að svara kurteislegri beiðni minni. Þetta er innlegg forseta deildarinnar til þess að við getum unnið hér í samkomulagi. Þess á milli kemur svo formaður Alþfl. upp með hrópyrði. Ég held við verðum aðeins að reyna að taka okkur á og ég held að ég verði að ítreka beiðni mína til forseta deildarinnar um að hann svari því skýrt og skorinort hvort hann muni verða við beiðni minni um það að framhald þessarar umræðu verði á þriðjudag. Fyrir því eru tvær ástæður. Í fyrsta lagi sú ástæða að samkvæmt starfsáætlun þingsins, sem forseti deildarinnar samdi en ekki ég, er gert ráð fyrir því að skýrslur verði ræddar í sameinuðu þingi í dag. Þetta er fundardagur sameinaðs þings. Ég fékk þessar upplýsingar frá skrifstofu þingsins. Ég vildi óska eftir því að forseti léti ná í starfsskýrslu þingsins og ég mun doka við á meðan. Ég óska eftir að fá þær í hendur hér. Ég er að tala um fundarsköp og forseti hristir höfuðið yfir því að ég fari með rétt mál. Ég vildi þá gjarnan fá tækifæri til að biðjast afsökunar hér í stólnum ef ég fer með rangt mál.

Ég fór hér fram til skrifstofunnar og þar var mér sagt að í dag væri gert ráð fyrir því að ræddar væru skýrslur í sameinuðu þingi. Nei, það er enginn fundur meira að segja, enginn fundur í dag. (**Gripið fram í:** Einmitt.) Ég fékk þessar upplýsingar hjá starfsmönnum þingsins sem hafa litið vitlaust á plaggið. Við skulum ekki gera grín að því. (**EG:** Þú skalt ekki koma því yfir á aðra.) Er nú formaður þingflokks Alþfl. að segja að ég segi þetta ósatt? Ég held að maðurinn verði æ líkari sjálfum sér eftir því sem lengra líður á þennan fund. Það er augljóst af þessu, hæstv. forseti, að við áttum að eiga frí í dag. Og nú er byrjaður fundur kl. 10 og ég óska eftir að fá svar við þessari spurningu. Auðvitað getum við teygt lopann, hæstv. forseti, og velt fyrir okkur þinghaldinu lengi. Auðvitað er ég reiðubúinn til þess að rifja ýmislegt upp í því sambandi. Ég gerði mjög stutta og kurteislega athugasemd við fundarsköpin.

Ég vil líka segja, vegna þess að þingflokksformenn eru stundum að semja um að breyta reglulegum þingfundatíma hér, að nauðsynlegt er að slíkt gerist fyrr en stjórn þingsins reynir að gera nú til þess að hinn almenni þingmaður, sem ekki á þátt að slíku samkomulagi, geti gert viðeigandi ráðstafanir. En umfram allt, herra forseti, ég óska eftir að fá svar við eðlilegri beiðni. Beiðni mín var þessi: Ætlar hæstv. forseti að verða við þeirri beiðni minni, vegna þess að þessi fundur er á óvenjulegum tíma, vegna þess að í starfsskýrslu þingsins er ekki gert ráð fyrir fundi í deildinni, að ég fái svigrúm og tækifæri til þess að

setja fram mínar skoðanir á þriðjudag? Þetta er mjög einföld, kurteisleg og ákveðin beiðni og studd mjög eðlilegum rökum.

Forseti (Jón Helgason):

Fundur núna kl. 10 var tilkynntur á fundi í fyrradag hér í hv. efri deild, eftir samkomulag við formenn þingflokka, eins og ég sagði áður. Ég mun haga störfum mínum svipað og ég hef reynt að gera hingað til, að leita eftir samkomulagi við hv. deildarmenn um framgang mála. Ég mun því ekki ljúka þessari umræðu án þess að vita hvort hægt er að fá frið um þau endalok þó að umræðan hefjist nú.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er í rauninni með ólíkindum hvað hæstv. forseti og þessi hv. deild sýna hv. 2. þm. Norðurl. e. og geðsveiflum hans óendanlega mikið langlundargeð hér á fundum. Mér þykir það satt að segja með ólíkindum. Það liggur fyrir að umræðunni var frestað á miðvikudaginn var að beiðni fulltrúa Sjálfstfl. Nú finnst mér alveg nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um það hvort sú beiðni sem hann bar hér fram var borin fram í nafni þingmanna Sjálfstfl. hér í þessari hv. deild. Það verður auðvitað að liggja fyrir.

Hv. þm. harmaði það mjög að eiga ekki frí í dag. Ég geri fastlega ráð fyrir að hann geti fengið fjarvistarleyfi ef hann óskar þess. Mér þykir það hins vegar ákaflega miður að hinir gleðilegu atburðir sem gerðust í kjördæmi hans í gær, þegar þar var náð miklum og merkum áfanga í samgöngumálum, skuli ekki hafa haft betri áhrif á geðþrýði og lunderni hv. þm. en raun hefur borið hér vitni í þessum umræðum í dag.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að þessi dagur virðist ekki ætla að byrja vel hjá þessari ágætu deild. Ég vil leggja það til við hæstv. forseta að hann verði við ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. Mér finnst hún ekki fráleit, sú ósk hans að þessari umræðu ljúki ekki í dag. Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal er talsmaður síns flokks í þessum málaflokki, hefur verið það og er það. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum í þessari deild hver talaði fyrir Sjálfstfl. í húsnæðismálum. Það hafa allir mátt heyra sem hér hafa verið að það er hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að svo verði stýrt hér fundi og við getum gengið til dagskrár þessa fundar og haldið honum áfram. Mér sýnist að það muni ekki skipta nokkru máli fyrir framgang þessa máls hvort við getum lokið þessari umræðu í dag. Og ég hef enga trú á öðru en að hv. stjórnarandstaða geti fallist á að þessu máli yrði þá alla vega lokið á þriðjudag. Það kæmist þá til nefndar á þriðjudag. Þannig að mér sýnist að það sé ekki um neitt stórt verið að biðja.

Sem sé, þetta er mín ósk, hæstv. forseti, að orðið verði við þessari beiðni og að við getum gengið hér til þingstarfa.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna þessara orða þá ítreka ég aðeins það sem ég sagði áðan að ég mun ekki ljúka þessari umræðu án þess að ræða lok hennar við hv. 2. þm. Norðurl. e. og vita hvort það getur þá ekki orðið með samkomulagi.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega bjóða velkominn aftur í deildina Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og óska honum og öllum Norðlendingum til hamingju með það stórvirki, sprengingalok við göngin í Ólafsfjarðarmúla, sem var verið að halda hátíðlegt í gær í Ólafsfirði og senda Ólafsfirðingum kveðju deildarinnar, er það ekki rétt, út af þessum stórviðburðum.

En kannski fyrst vegna orða hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefáns Guðmundssonar, þá ætla ég ekki að taka undir þau eða hafna þeim. En það virðist vera þannig með framsóknarmenn núna upp á síðkastið að þeir séu að leysa vandamál, bæði ríkisstjórnarinnar og forseta, með því að koma með ábendingar um að í friðarins nafni skuli þetta og þetta gert á þennan veg. Þannig veit ég að ágætur framsóknarmaður og samþingmaður minn í Vesturlandskjördæmi leysti vandamál Nd. fyrir skömmu síðan og nú sýnist mér að það sé að koma geislabaugur á Stefán Guðmundsson líka og hann sé að leysa hér vandamál í deildinni og biðja forseta að stjórna í friðarins nafni og vera ekki að halda áfram deilum á milli manna.

En mitt erindi hingað var það að biðja þá hv. þm. Halldór Blöndal og Eið Guðnason að halda ekki uppi þeim hætti stöðugt að vera að lýsa áráttu hvors annars héðan úr ræðustól í hv. deild.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugmynd um að þessi málsmeðferð hefði verið ákveðin á miðvikudag og bið afsökunar á því sem ég hafði missagt um það. Ég heyri að forseti deildarinnar talar um að hann vilji ná samkomulagi um að fresta umræðunni til þriðjudags. Ég er reiðubúinn að ganga inn á það þegar í stað og þakka honum fyrir það.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 724.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þann hluta laganna sem fjallar um félagslegar íbúðir. Frá því að fyrstu lög um Byggingarsjóð verkamanna voru samþykkt sem lög frá Alþingi og skipulegar félagslegar íbúðarbyggingar hófust með stuðningi ríkisvaldsins eru liðin rúmlega 60 ár. Frá upphafi hafa verið byggðar um 7000 félagslegar íbúðir. Á árunum 1965–1987 hafa verið byggðar um 42 þús. íbúðir hér á

landi. Þar af eru félagslegar íbúðir um 6000 eða rúm 14%. Í heild er hlutfall félagslegra íbúða um 8% af íbúðum landsmanna.

Nauðsynlegt er að skoða alla hluti í samhengi við breytta tíma. Fylgjast þarf með því hvert okkur miðar. Síðan þarf að meta markmiðin sem sett eru og athuga vel árangur þeirra aðferða sem valdar eru til að ná þeim fram. Segja má að sú endurskoðun á félagslega íbúðalánakerfinu sem hér liggur fyrir hafi byrjað með undirbúningi og setningu laga um kaupleiguíbúðir sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1988. Í maí 1988 skipaði ég síðan vinnuhóp til að athuga fyrirkomulag og fjármögnun félagslega kerfisins og benda á leiðir til úrbóta. Vinnuhópurinn skilaði í febrúar 1989 ítarlegri skýrslu um fyrirkomulag félagslega íbúðalánakerfisins og tillögum um endurbætur. Í niðurstöðum vinnuhópsins kom fram það álit að núverandi fyrirkomulag félagslega húsnæðislánakerfisins hafi ýmsa annmarka og þurfi að taka það til endurskoðunar.

Bent var á að sá háttur sem nú er hafður á við að veita félagslega aðstoð vegna útvegunar eigin húsnæðis og fer fram á vegum stjórnar verkamannabústaða er á margan hátt ómarkviss og erfiður í framkvæmd. Hið sama gildir um það fyrirkomulag að tengja aðstoðina við niðurgreidda vexti sem fylgja sérstökum íbúðum. Vinnuhópurinn taldi að binda ætti opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði við aðstæður einstaklinganna hverju sinni en ekki ákvarða aðstoðina á grundvelli tekna heimilanna á einum tímapunkti. Athugun á tekjum íbúa í verkamannabústöðum í Reykjavík gefur vísbendingu um að hluti íbúanna sé kominn yfir tekjumörk félagslega íbúðalánakerfisins eftir nokkra búsetu. Í skýrslunni segir frá athugun á tekjum íbúa í verkamannabústöðum í Reykjavík sem gefur vísbendingu um að 20–30% hjóna hafi, eftir nokkurra ára búsetu, tekjur sem eru hærri en leyfilegar hámarkstekjur þeirra sem eiga kost á að kaupa verkamannabústað.

Í skýrslunni er sagt frá upplýsingum um útleigu verkamannabústaða. Samkvæmt athugun stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík voru 150 íbúðir í útleigu árið 1988 en 100 þeirra voru leigðar út án heimildar. Fram kemur það álit að séreignastefna hins opinbera gangi of langt þegar íbúðakaupendum í verkamannabústöðum er lánað allt að 100% kostnaðarverðs úr Byggingarsjóði verkamanna. Frá 1986 og til loka ársins 1988 lætur nærri að 30% íbúðakaupenda verkamannabústaða hafi fengið viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna erfiðrar fjárhagsstöðu og þar með fengið allt kostnaðarverð íbúðarinnar að láni hjá Byggingarsjóði verkamanna. Einnig er ljóst að íbúðarkaup í verkamannabústöðum eru ofviða mörgu því fólki sem fær úthlutað íbúð. Ávallt er nokkur fjöldi sem á í erfiðleikum með að standa í skilum vegna verkamannabústaða þrátt fyrir hátt lánshlutfall og hagstæð kjör. Árlega fara fram nauðungarsölur á íbúðum í verkamannabústöðum en árið 1988 voru nauðungarsölur verkamannabústaða í Reykjavík 17 talsins. Á árinu 1989 voru, samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun, samtals um 40 íbúðir í verkamannabústöðum seldar á nauðungaruppboði. Ljóst er því að nauðsynlegt er að leiguhúsnæði sé fullgildur valkostur á húsnæðismarkaðinum.

Sú skoðun kom fram í vinnuhópnun að stjórnun á verkamannabústaðakerfinu væri þung í vöfum og ekki nægilega skilvirk. Margir aðilar koma við sögu, kaupandi, sveitarstjórn, stjórn verkamannabústaða og Byggingarsjóður verkamanna auk verktaka. Verkaskipting og ábyrgð á einstökum þáttum er oft óskýr. Stjórnir verkamannabústaða eru kjörnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Mannaskipti eru tíð og því er nauðsynlegri þekkingu á framkvæmd laga um félagslegar íbúðir oft áfátt. Reglur sem gilda um íbúðir í verkamannabústöðum eru margar flóknar, t.d. um endursölu, auk þess sem mismunandi reglur gilda eftir því hvenær íbúðirnar voru byggðar. Þess vegna er mikilvægt að þekking og reynsla í stjórnun félagslegra íbúða sé í föstum og skipulögðum farvegi.

Í skýrslunni frá 1988 eru síðan settar fram ýmsar hugmyndir um endurbætur á núverandi fyrirkomulagi á félagslega íbúðalánakerfisins. Í fyrsta lagi er bent á lagfæringar sem hægt er að gera án þess að breyta þeirri forsendu að veitt verði sérstök niðurgreidd lán til félagslegra íbúða. Í því sambandi eru m.a. kynntar hugmyndir um að vaxtakjör félagslegra eignaríbúða verði endurskoðuð eftir ákveðinn tíma eða endurgreiðslur verði tekjutengdar.

Í annan stað eru settar fram hugmyndir um grundvallarbreytingu á skipan félagslega þáttar húsnæðiskerfisins. Þar er gert ráð fyrir að félagsleg aðstoð vegna húsnæðiskostnaðar verði fastbundin afkomu og eignarstöðu hverju sinni. Miðað er við að aðstoðin sé almenn og miðuð við félagslega stöðu og tekjur en henni verði hætt jafnskjótt og hagur vænkist. Jafnframt var bent á nauðsyn þess að stuðla að auknu framboði leiguhúsnæðis og að húsnæðiskostnaður leigjenda verði greiddur niður með sérstökum húsaleigubótum til jafns við aðstoð hins opinbera við íbúðaeigendur fyrir milligöngu skattakerfisins. Vinnuhópurinn varð jafnframt sammála um að nauðsynlegt sé að einfalda núverandi fyrirkomulag og eðlilegt sé að sameina byggingarlánasjóðina, Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, en mismunandi þörfum lántakenda verði þjónað með sérstökum lánum eða lánaflokkum.

Í framhaldi af þessari miklu undirbúningsvinnu skipaði ég svo í júlí 1989 nefnd til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðarbygginga með það að markmiði að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Nefndinni er falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag og stjórnun á úthlutun og félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að

jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.

Nefndin skilaði sameiginlegum niðurstöðum sínum 12. febr. sl. Verkefni nefndarinnar var annars vegar að endurskoða og einfalda fyrirkomulag félagslega húsnæðiskerfisins og hins vegar málefni leigjenda. Niðurstöður nefndarinnar eru birtar í skýrslu til félmrh. og í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í skýrslunni er fjallað um tillögur nefndarinnar um endurbætur á félagslega húsnæðiskerfinu, tillögur um breytt skipulag húsnæðismála og tillögur er lúta sérstaklega að málefnum leigjenda, þ.e. tillögur um húsaleigubætur, húsaleigumiðlanir, aukið framboð leiguhúsnæðis og endurskoðun laga um húsaleigusamninga.

Í frv. því sem hér er til umræðu eru síðan tillögur um breytingar á félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Mjög góð samstaða var í nefndinni um niðurstöðurnar. Í nefndinni komu þó fram ólík sjónarmið og áherslumunur varðandi tillögur um skipan í húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Það að nefndin skilar sameiginlegu áliti undirstrikar þá áherslu sem hún leggur á nauðsyn þess að breyta núverandi fyrirkomulagi en í nefndinni áttu sæti bæði fulltrúar sveitarfélaga í landinu og fulltrúar samtaka launafólks.

Stóraukin áhersla hefur verið lögð á félagslegar íbúðir á sl. þremur árum. Til marks um það átak sem gert hefur verið í uppbyggingu félagslegra íbúða má m.a. nefna að árin 1988–1989 hafa verið heimiluð lán til 1237 félagslegra íbúða en á öllu tímabilinu 1980–1987, eða á átta ára tímabili, voru veitt 1764 lán til félagslegra íbúða. Þetta sést einnig vel á því að nú hefur því markmiði verið náð sem sett er fram í lögum um Byggingarsjóð verkamanna, að þriðjungur nýrra íbúða sem lán er veitt til skuli vera félagslegar íbúðir.

Í fyrra, eða árið 1989, veitti Húsnæðisstofnun ríkisins samtals 6,4 milljarða kr. í byggingarlán. Þar af voru 2,3 milljarðar kr. eða rúmlega 36% úr Byggingarsjóði verkamanna. Ef við bætum við þeim 525 millj. kr. sem veitt var úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar almennra kaupleiguíbúða má segja að í fyrra hafi Húsnæðisstofnun lánað um 2,9 milljarða til félagslegra íbúða og eru það 45% af byggingarlánum stofnunarinnar árið 1989. Aukning byggingarlána úr Byggingarsjóði verkamanna var 31,4% að raunvirði í fyrra. Árið 1988 var aukningin milli ára 49,4%. Frá árinu 1986 hafa útlán úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra íbúða aukist um 134% að raunvirði. Ljóst er einnig að áframhald verður á þessari þróun á yfirstandandi ári.

Framfarir í félagslegum íbúðarbyggingum hafa orðið mikil lyftistöng fyrir húsnæðismálin á landsbyggðinni. Á sl. árum hefur dregið úr íbúðarbyggingum á landsvæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir um einum áratug var árlega lokið við á annað þúsund íbúða utan höfuðborgarsvæðisins. Á árunum 1986–1987 var hins vegar einungis lokið við samtals 400–500 íbúðir á ári á landsbyggðinni. Samdráttur í íbúðarbyggingum á höfuðborgarsvæðinu hefur á þessum tíma verið óverulegur. Ástæður þess eru án efa hin neikvæða byggðaþróun síðustu ára og einnig sú staðreynd að íbúðarfjárfesting einstaklinga á landsbyggðinni getur reynst áhættusöm ef langtímadvöl er ekki fyrirhuguð eða augljós. Þetta sést m.a. á því að jafnvel á stöðum með góða tekju- og afkomumöguleika hefur dregið úr íbúðarfjárfestingum einstaklinga.

Við undirbúning að lagasetningu um kaupleiguíbúðir var tekið mið af stöðu húsnæðismála á landsbyggðinni. Húsnæðismálastjórn hefur samtals úthlutað lánum til byggingar eða kaupa á 491 kaupleiguíbúð á árunum 1988 og 1989. Flestum þeirra hefur verið ráðstafað til byggingar eða kaupa á íbúðum á landsbyggðinni. Af 491 láni sem úthlutað hefur verið fóru 70 til Reykjavíkur eða 14,3%. Tæpum 62% lánanna var úthlutað til byggingar eða kaupa á kaupleiguíbúðum utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðis.

Ég hef þá trú að bygging kaupleiguíbúða geti breytt vörn í sókn og þær eigi eftir að verða landsbyggðinni mikil lyftistöng. Því til áréttingar vil ég benda á að nú þegar má sjá merki um öflugri byggingarstarfsemi á landsbyggðinni. Á árinu 1988 var byrjað á 518 íbúðum utan höfuðborgarsvæðisins en árin næstu tvö á undan var meðaltalið um 300 íbúðir.

Það er alveg ljóst að kaupleiguíbúðirnar opna nýja möguleika til byggingar leiguíbúða sem höfðu mjög legið í láginni í mörg ár. Til marks um það má nefna að á átta ára tímabili á árunum 1980–1987 veitti Byggingarsjóður verkamanna lán til byggingar aðeins 99 leiguíbúða sveitarfélaga. Á tveggja ára tímabili á árunum 1988–1989 hafa hins vegar verið veitt lán til 491 kaupleiguíbúðar.

Segja má að almenna húsnæðislánakerfið hafi verið í stöðugri þróun og endurnýjun frá árinu 1983. Útlán Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa aukist jafnt og þétt, en frá árinu 1983 hafa heildarútlán stofnunarinnar aukist um a.m.k. 10% á ári. Heildarútlán Húsnæðisstofnunar frá upphafi eða árinu 1956 og til loka ársins 1989 eru um 112 milljarðar kr. á núvirði. Af þessari fjárhæð hefur 31 milljarður, eða 28%, verið lánaður út á árunum 1987, 1988 og 1989. Af þessu má ráða hve aðild ríkisvaldsins er mikil orðin í lánveitingum til húsnæðismála og er bein þátttaka hins opinbera í lánveitingum til íbúðarmála hæst hér á landi af öllum Norðurlöndum. Þessi staðreynd undirstrikar nauðsyn þess að gæta vel að því að lánakerfið þjóni vel markmiðum sínum og að sú aðstoð sem veitt er til að jafna húsnæðiskostnað landsmanna komi þeim til góða sem mest hafa þörf fyrir slíkt, láglaunafólki og barnafjölskyldum.

Á árinu 1986 var tekið upp lánafyrirkomulag sem byggðist á almennum rétti til niðurgreiddra lána úr húsnæðislánakerfinu. Eina skilyrðið var tveggja ára aðild að lífeyrissjóði. Lán með niðurgreiddum vöxtum voru veitt án tillits til þarfa fjölskyldu, stærðar, eigna eða tekna. Með gildistöku laga um húsbréfaviðskipti og vaxtabætur í fyrra urðu miklar breytingar

á húsnæðiskerfinu. Þessar breytingar, húsbréfin og vaxtabæturnar, leiða til þess að dregið er úr beinni þátttöku hins opinbera við lánveitingar til húsnæðismála og að stuðningur hins opinbera vegna útvegunar eigin húsnæðis er tekju- og eignatengdur.

Á vegum félmrn. hefur verið unnið að úttekt á húsnæðismálum aldraðra. Um það vil ég fara örfáum orðum því brýnt er að koma á skipulegri stefnu og markmiðum í húsnæðismálum aldraðra. Mikilvægt er að opinberar aðgerðir miði að því að aldraðir geti búið sem lengst á eigin vegum, annaðhvort í því húsnæði sem fólk á fyrir eða með því að flytja í hentugra húsnæði sem gerir því auðveldara að búa á eigin heimili.

Í september 1988 skipaði ég starfshóp sem hafði það hlutverk að gera úttekt á húsnæðismálum aldraðra og athuga fyrirkomulag þeirra mála í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á undanförnum árum. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum með skýrslu um húsnæðismál aldraðra í desember sl. Starfshópurinn er sammála um að stórstígar framfarir hafi orðið í húsnæðismálum aldraðra á sl. árum. Bent er á sérstakan lánaflokk til að auðvelda fólki 60 ára og eldra að komast í sérhannaðar þjónustuíbúðir, kaupleigukerfi, húsbréf o.fl. Þó er bent á að í of mörgum tilfellum hafi illa verið staðið að undirbúningi framkvæmda. Byggt hafi verið of dýrt húsnæði, markmið í öryggis- og þjónustumálum hafi verið óljós, eignafyrirkomulag vandasamt og fjárhagsgrundvöllur í molum. Lögð er áhersla á valkosti í húsnæðismálum aldraðra og eldri borgarar eru hvattir til að taka eigin ákvarðanir um dvöl og lífsmáta á efri árum ef þess er nokkur kostur í stað þess að láta opinbera aðila ráðstafa sér þegar allt er komið í óefni.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að mikill meiri hluti eldri borgara býr við góða eignastöðu. Fram kemur í skýrslunn að 26 þús. manns á landinu eru 65 ára eða eldri. Um 5 þús. einstaklingar, 65 ára og eldri, eru eignalausir en 78% af fólki 65 ára og eldra býr í eigin húsnæði, skuldlausu eða skuldlitlu. Samkvæmt skattframtölum eða öðrum upplýsingum eru eignir þeirra í fasteignum og öðrum eignum um 100 milljarðar íslenskra króna. Nefndin telur að með bættu skipulagi íbúðamála eldra fólks ætti að vera unnt að tryggja að aldraðir geti notið öryggis og þæginda í góðum íbúðum og samkvæmt eigin ákvörðun án verulegs tilstyrks opinberra aðila.

Helstu tillögur nefndarinnar varðandi málefni aldraðra voru að fræðslu- og upplýsingastarfsemi um þá valkosti sem eldra fólkið hefur í húsnæðis- og lánamálum verði stóraukin. Að aðgerðir í húsnæðismálum eldra fólks miðist ekki eingöngu við nýbyggingar og eignaríbúðir. Auðvelda þurfi fólki að endurbæta og aðlaga eigið húsnæði að breyttum forsendum á efri árum. Efla þurfi möguleika eldra fólks til þess að breyta íbúðum sínum til að geta búið sem lengst á eigin vegum. Kaupleiguíbúðir telur nefndin að henti vel, sérstaklega þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt bendir starfshópurinn á að með kaupleigukerfinu gefist kostur á að blanda saman eignaríbúðum, leiguíbúðum með hlutareign og leiguíbúðum fyrir aldraða. Þá telur starfshópurinn að húsbréfakerfið sé góður valkostur fyrir eldri borgara sem vilja skipta um húsnæði og minnka við sig og að mikilvægt sé að kynna það vel.

Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir góðar aðstæður flestra býr töluverður hluti eldra fólks við bág kjör, fólk sem á litlar eignir. Lögð er áhersla á að sveitarfélögum beri að tryggja þessu fólki öruggt húsnæði, svo sem kaupleiguíbúðir eða leiguíbúðir, svo það njóti sama öryggis og aðrir hvað varðar íbúðarhúsnæði. Nefndin telur að opinbera húsnæðiskerfið eigi að leggja áherslu á fjármögnun slíkra íbúða og að lán vegna eignaríbúða taki mið af þörfum einstaklinga hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég hef dregið þessa niðurstöðu fram hér í umræðunni því hún undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að efla og skipuleggja vel félagslega húsnæðiskerfið. Í kjölfar þessarar skýrslu hef ég skipað nefnd sem hefur verið falið að undirbúa gerð fimm ára byggingar- og framkvæmdaáætlunar í húsnæðismálum aldraðra. Frv. það sem ég nú mæli fyrir er árangur af starfi nefndar þeirrar sem skipuð var í júní 1989 til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Eins og áður sagði var góð samstaða í nefndinni og skilaði hún sameiginlegum niðurstöðum. Helstu efnisatriði frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nú eru eftirfarandi:

Stjórnir verkamannabústaða og leigunefndir sveitarfélaga verði lagðar niður og húsnæðismál sveitarfélaga verði sett undir sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem verði skipaðar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Í húsnæðisnefnd eigi sæti þrír fulltrúar sveitarfélagsins, kjörnir af sveitarstjórn, og tveir fulltrúar tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Hver húsnæðisnefnd starfi á ábyrgð sveitarfélags sem ber ábyrgð á framkvæmdum, uppgjöri og fjármagni þess. Heimilt verði að endurskoða vexti eftir átta ár frá lántöku og síðan á fimm ára fresti þannig að hafi kjör íbúðakaupenda batnað verulega verði dregið úr þeirri félagslegu aðstoð sem felst í lágum vöxtum. Lánaflokkum hjá Húsnæðisstofnun verði fækkað. Lagt er til að lánaflokkur sem ætlaður er til lána vegna útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði verði lagður niður. Byggingarsjóður verkamanna sér um þennan þátt og er lánaflokkurinn því óþarfur. Lánaflokkur sem veitir heimild til bygginga eða kaupa á almennum kaupleiguíbúðum og er í Byggingarsjóði ríkisins verði fluttur yfir í Byggingarsjóð verkamanna. Hjá Byggingarsjóði verkamanna verði eftirfarandi lánaflokkar sameinaðir undir einu heiti, félagslegar íbúðir, þ.e. félagslegar kaupleiguíbúðir, félagslegar eignaríbúðir, félagslegar leiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Félagslegar eignaríbúðir koma í stað verkamannabústaða áður.

Lögð er sérstök áhersla á að auka framboð leiguhúsnæðis og tryggja jafna stöðu eignar- og leiguíbúða í húsnæðiskerfinu. Lagt er til að lánshlutfall vegna

leiguíbúða verði hækkað úr 85% í 90% og einnig að lánstími vegna leiguíbúða verði lengdur í 50 ár. Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna hækki um 0,5–1% en þó þannig að greiðslubyrði hinna lægst launuðu hækki ekki að teknu tilliti til vaxtabóta. Lagt er til að þeim tekjumörkum sem gilda um rétt manna til félagslegra íbúða verði breytt þannig að greint verði á milli tekjumarka fyrir hjón annars vegar og einstaklinga hins vegar. Tekjumörk fyrir hjón verða hækkuð um 25% frá núgildandi tekjumörkum. Tekjulágmark verði tekið upp, þ.e. að kaupandi eignaríbúðar verði að sýna fram á að geta staðið undir kaupunum og að greiðslugeta verði metin. Lagt er til að miðað verði við að húsnæðiskostnaður fari ekki yfir þriðjung tekna. Hætt verði 100% lánveitingu vegna eignaríbúða og íbúðakaupendur greiði minnst 10% íbúðarverðs við afhendingu.

Beint óafturkræft framlag til sveitarfélaga til félagslegra eignaríbúða verður fellt niður en þess í stað láni sveitarfélögin 10% kostnaðarverðs þessara íbúða með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Lagt er til að vextir af skuldabréfum þessum verði þeir sömu og gilda um útlán sjóðsins hverju sinni og lánstíminn verði 15 ár. Vextirnir sem Húsnæðisstofnun ríkisins greiðir sveitarfélögunum af þessum lánum verði því 1,5–2% eftir breytingu.

Sömu vaxtakjör verða á framkvæmdalánum úr báðum byggingarlánasjóðunum sem miðist við meðalvexti viðskiptabanka og sparisjóða að frádregnu 1,25%. Lagt er til að verði framkvæmdalán ekki gerð upp á tilsettum tíma falli vaxtakostnaður á framkvæmdaaðila sem óheimilt verði að telja til byggingarkostnaðar. Framkvæmdalán vegna félagslegra íbúðabygginga hafa lengst af verið vaxtalaus. Þetta ætti að tryggja að framkvæmdaaðilum verði í mun að hraða framkvæmdum og uppgjöri. Uppgjör á framkvæmdalánum og byggingarkostnaði verkamannabústaða hefur oft dregist úr hömlu og leitt til stórvandræða fyrir íbúa og Byggingarsjóð verkamanna.

Reglum um forkaupsrétt sveitarfélaga verði breytt þannig að komið verði á skilyrtum forkaupsrétti, þ.e. þau sveitarfélög sem hafni forkaupsrétti fyrirgeri þar með rétti til nýrra lána í a.m.k. þrjú ár. Sömu reglur gildi um stærðarmörk allra félagslegra íbúða og miðist við 130 fermetra hámarksstærð eins og gildir nú um kaupleiguíbúðir. Samkvæmt núgildandi reglugerð er hámarksstærð verkamannabústaðar 170 fermetrar.

Reglur um leigu á félagslegum eignaríbúðum verði hertar. Leiga verði óheimil nema með leyfi framkvæmdaaðila sem hefur milligöngu um útleigu íbúðarinnar. Lagt er til að ef íbúð sem leigð er án leyfis er ekki skilað innan þriggja mánaða hafi framkvæmdaaðili heimild til að afturkalla úthlutun og geti þannig leyst íbúðina til sín.

Stofnaður verður sérstakur varasjóður við Byggingarsjóð verkamanna sem gegni því hlutverki að bæta galla sem upp kunna að koma og ábyrgð verktaka nær ekki til. Lagt er til að 1% af samþykktum byggingarkostnaði hverrar íbúðar renni í þennan varasjóð. Fyrning eldra húsnæðis hækki úr 1% í 1,5% fyrstu 20 árin en eftir það lækki fyrning í 0,75%. Kostnaðareftirlit Húsnæðisstofnunar ríkisins verði hert, matsnefnd félagslegra íbúða verði lögð niður en deilumálum sem upp kunna að koma verði vísað til stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Lánstími og lánshlutfall verði samræmt milli lánaflokka en vextir verði mismunandi eftir því hvort um er að ræða almennar eða félagslegar íbúðir. Lagt er til að lánstími leiguíbúða verði lengdur í 50 ár. Þegar kaupleiguíbúðir eru keyptar styttist lánstími í 43 ár en verði 50 ár meðan íbúðirnar eru í leigu.

Virðulegi forseti. Að því er varðar einstakar greinar frv. skal vikið að því helsta.

Í 1. gr. er sett fram sú stefnumótun að stuðla skuli að jafnrétti í húsnæðismálum með því að fólk geti valið um að kaupa eða leigja húsnæði, að aðstoð hins opinbera vegna íbúðalána taki jafnt til eignar- og leiguíbúða. Hingað til hefur áherslan verið lögð á það að fólki sé gert kleift að eignast húsnæði þótt það megi ljóst vera að nokkur hluti landsmanna á þess engan kost að eignast íbúðir og því verða leiguíbúðir að verða valkostur.

Það er því réttlætismál að lögin taki til þessa hóps og viðurkennt sé að leiguhúsnæði sé kostur sem á að vera til staðar og hentar mörgum vel.

Í 2. gr. er fjallað um einföldun og samræmingu lánaflokka vegna félagslegra íbúða. Lánaflokkurinn Lán til almennra kaupleiguíbúða, sem nú er í Byggingarsjóði ríkisins, færist yfir í Byggingarsjóð verkamanna og tilheyrir félagslegum húsnæðislánum. Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar á félagslegum forsendum, eignarhald er félagslegt og rekstur. Einnig eru ýmsar takmarkanir á endursölu almennra kaupleiguíbúða svipað því sem gildir um félagslegt húsnæði, t.d. ef framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu fyrstu árin og síðan forkaupsrétt. Almennar kaupleiguíbúðir eiga því meiri samleið með félagslegum íbúðum en með íbúðum í almenna húsnæðislánakerfinu.

Lánaflokkurinn Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði er felldur niður enda þjóna lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna í raun slíkum tilfellum og því óþarft að viðhalda slíkum lánaflokki.

Í 3. gr. er kveðið á um nýjan kafla með 52 nýjum greinum undir heitinu Félagslegar íbúðir þar sem samræmd eru núgildandi ákvæði um almennar kaupleiguíbúðir, kafli um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðir og kafli um félagslegar kaupleiguíbúðir. Fyrst er kveðið á um þau markmið sem sett eru varðandi félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum og eiga að rúmast innan heildarmarkmiðs laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér er lögð áhersla á þann skilning að aðstoð hins opinbera sé óháð eignarhaldsformum, að jöfnuður sé í þessu tilliti milli þeirra sem búa í eigin húsnæði og leigjenda. Lykilatriði í markmiðsgreininni eru jöfnuður, öryggi og val.

Lögð er áhersla á að miða félagslega aðstoð í húsnæðismálum við aðstæður einstaklinga hverju sinni en ekki ákvarða hana í eitt skipti fyrir öll. Þá er

mörkuð sú stefna að opinberar aðgerðir miði að því að fólk þurfi ekki að verja meira en þriðjungi af tekjum sínum í húsnæðiskostnað. Einnig er lögð áhersla á nauðsyn þess að dreifa og blanda félagslegum íbúðum fremur en að einangra þær margar saman á sérstökum svæðum.

Í 2. gr. er fjallað um skilgreiningar á lánaflokkum þeim sem tilheyra félagslegum íbúðum. Tekið er upp heitið félagslegar eignaríbúðir í stað verkamannabústaða. Heitið félagslegar leiguíbúðir kemur í stað leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Rök fyrir því að nota fremur félagslegar eignaríbúðir en verkamannabústaði er sú að hið síðarnefnda þykir of þröngt þegar hafður er í huga sá þjóðfélagshópur sem á rétt á þessum íbúðum. Þá er í greininni kveðið á um að almennar kaupleiguíbúðir teljist til félagslegra íbúða eins og áður var vikið að. Einnig er gert ráð fyrir að lánshlutfall vegna félagslegra íbúða hækki úr 85% í 90% og lánstími kaupleiguíbúða og leiguíbúða verði lengdur í 50 ár.

Frv. gerir ráð fyrir að lánaflokkar í Byggingarsjóði verkamanna verði fjórir, lán til félagslegra kaupleiguíbúða, lánshlutfall verði 90% og lánstími 50 ár. Rétt til að byggja eða kaupa félagslegar kaupleiguíbúðir hafa sveitarfélög og viðurkennd félagasamtök. Lán til félagslegra eignaríbúða: Lánshlutfall verði 90% og lánstími 43 ár. Rétt til að byggja eða kaupa eignaríbúð hafa sveitarfélög.

Síðan eru það lán til félagslegra leiguíbúða: Lánshlutfall verði 90% og lánstími 50 ár. Rétt til byggingar eða kaupa á félagslegum leiguíbúðum hafa sveitarfélög og félagasamtök.

Loks eru það lán til almennra kaupleiguíbúða. Lánshlutfall verði 70% og 20% en lánstími 43 ár. Rétt til að byggja eða kaupa almennar kaupleiguíbúðir hafa sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki.

Þessum breytingum sem felast í hækkun lánshlutfalls og lengri lánstíma í sumum tilfellum er ætlað að samræma lánaflokka auk þess sem lán til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum verða mun aðgengilegri en áður. Með þessu er ætlunin að hvetja til aukins framboðs á leiguhúsnæði.

Í frv. felst sú breyting að lagt er til að stjórnir verkamannabústaða verði lagðar niður og öll húsnæðismál sveitarfélagsins færð undir sérstaka húsnæðisnefnd. Hér er um mikilvæga breytingu að ræða á stjórnun húsnæðismála. Lagt er til að í húsnæðisnefnd eigi sæti þrír fulltrúar sveitarfélagsins, kjörnir af sveitarstjórn, og tveir fulltrúar tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu og fimm til vara, kjörnir á sama hátt. Þetta felur í sér að stjórnir verkamannabústaða verða lagðar niður í núverandi mynd, svo og leigunefndir sveitarfélaga. Með þessu er stjórnun, ábyrgð og ráðstöfun félagslegra íbúða samræmd og færð undir húsnæðisnefndirnar. Mikil hagræðing felst í þessu fyrirkomulagi. Allt félagslegt húsnæði sveitarfélagsins verður undir einni stjórn. Málefnum leigjenda verður sinnt og umsjón með framkvæmdum verður á einni hendi. Þar með ætti betri þjónusta að vera tryggð og afkastageta félagslega húsnæðiskerfisins að aukast, en það er eitt af þeim markmiðum sem stefnt er að.

Eins og nú háttar heyra félagslegar eignaríbúðir undir stjórnir verkamannabústaða en félagslegar kaupleiguíbúðir, leiguíbúðir og íbúðir aldraðra undir sveitarstjórn. Samkvæmt núgildandi lögum eru stjórnir verkamannabústaða skipaðar þremur fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórn en aðildarfélög ASÍ tilnefna tvo fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa. Félmrh. skipar stjórnir verkamannabústaða og í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa skipar félmrh. einn mann til viðbótar í stjórnina og skal hann vera formaður hennar. Til þess að samræma betur stjórnun, ábyrgð og ráðstöfun félagslegra íbúða sveitarfélaga er nauðsynlegt að saman fari fjárhagsleg ábyrgð á öllum þeim þáttum. Litið er svo á að þau tengsl verði best tryggð með því að fela húsnæðismál sveitarfélagsins nefnd á vegum þess, enda liggi þá skýrt fyrir hver eru tengsl slíkrar nefndar við sveitarstjórn og komið verði í veg fyrir það sambandsleysi sem getið var um hér að framan.

Rétt þykir að viðhalda því fyrirkomulagi að samtök launafólks eigi hlut í stjórn húsnæðismála í sveitarfélögum. Því er lagt til að í húsnæðisnefnd sitji tveir fulltrúar stærstu launþegasamtaka í sveitarfélaginu og tveir til vara þannig að tryggt sé að meiri hluti launafólks í sveitarfélaginu eigi fulltrúa í nefndinni. Þessi háttur á stjórnun verður að teljast eðlilegur, m.a. í ljósi þess að lífeyrissjóðir launþega fjármagna stóran hlut af félagslegum íbúðum í landinu. Hvernig þessu verður nánar hagað getur að sjálfsögðu verið mismunandi eftir byggðarlögum.

Um verkefni húsnæðisnefndanna er fjallað í 61. gr. frv. Lögð er áhersla á að til grundvallar umsóknum og ákvörðunum um byggingu eða kaup félagslegra íbúða liggi upplýsingar um stöðu og horfur í húsnæðis- og atvinnumálum byggðarlagsins. Hér er lagt til að húsnæðisnefnd hafi yfirumsjón með því að sveitarfélagið geri áætlanir um byggingu félagslegra íbúða. Rétt þykir að húsnæðisnefnd hafi á hendi eftirlit með félagslegum íbúðabyggingum í sveitarfélaginu. Í því felst að húsnæðisnefnd hafi umsjón með framkvæmdum, uppgjöri, byggingarkostnaði og rekstri félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélaga. Húsnæðisnefndinni er falið það hlutverk að hafa eftirlit með því að lögum og reglum sem gilda um félagslegar íbúðir sé fylgt. Lagt er til að mat á greiðslugetu umsækjenda vegna lánsumsókna um eignaríbúðir verði á vegum húsnæðisnefnda, þó þannig að vísa megi ágreiningi til Húsnæðisstofnunar.

Samkvæmt núgildandi lögum er úthlutun íbúða í verkamannabústöðum á vegum stjórnar verkamannabústaða en úthlutun leiguíbúða og kaupleiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Þessi tvískipting kemur í veg fyrir eðlilega heildaryfirsýn og samræmingu á félagslega hluta íbúðalánakerfisins auk þess sem ábyrgð sveitarfélaga og stjórna verkamannabústaða er óskýr.

Þar sem lagt er til í frv. að húsnæðisnefnd komi í stað stjórnar verkamannabústaða leiðir af sjálfu sér

að sú nefnd sjái um úthlutun eignaríbúða, enda er hér um veigamikið verkefni stjórnar verkamannabústaða að ræða. Einnig úthluti nefndin öðrum félagslegum íbúðum, leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum á vegum sveitarfélaga. Í fámennum sveitarfélögum sem ekki hafa húsnæðisnefnd fellur það í hlut sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Talið er líklegt að við ráðstöfun félagslegra íbúða hafi húsnæðisnefnd nokkurt samráð eða samvinnu við félagsmálaráð eða félagsmálafulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi. Yfirsýn yfir félagslega hagi fólks er að finna á þeim vettvangi, enda er aðstoð við að útvega húsnæði oft einn hlekkurinn í víðtækri félagslegri aðstoð. Má geta þess hér að víða hefur tekist samvinna milli félagsmálaráðs og stjórnar verkamannabústaða um þessi mál. Mikilvægt er að faglega sé staðið að úthlutun og vel kannað að þeir sem fái íbúðir þurfi þeirra með. Æskilegt er að góð samvinna sé með félagsmálaráðum sveitarfélaga og húsnæðisnefndum og að gott upplýsingastreymi sé þar á milli í þeim tilgangi að húsnæði og fjármagn nýtist sem best.

Eitt af þeim umfangsmiklu verkefnum sem nú eru á vegum stjórnar verkamannabústaða er umsjón með endursölu íbúða og útreikningar á eignarhluta seljenda. Lagt er til að verkefni þetta verði á vegum húsnæðisnefndar. Tíð mannaskipti í stjórnum verkamannabústaða og oft takmarkaðir möguleikar á að launa þau störf sem þeim eru falin hafa leitt til þess að endursölumálin hafa verið mörgum stjórnum erfið viðfangs. Með þeirri hagræðingu sem felst í því að færa allt félagslega húsnæði sveitarfélaga undir húsnæðisnefndina er tryggt að sú þekking sem nauðsynleg er í þessu sambandi fær meiri festu hjá starfsfólki sveitarfélagsins.

Áhersla er lögð á upplýsingar um þá kosti sem fyrir hendi eru og jafnframt að við úthlutun félagslegra eignaríbúða verði greiðslugeta umsækjenda metin og þeim sem ekki er ráðlagt að festa kaup á íbúð bent á leiguhúsnæði. Eðlilegt er að húsnæðisnefnd hafi umsjón með þessu verkefni þar sem eftirlit með félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagsins í heild sinni er á hennar vegum. Markmið tillagna nefndarinnar er einföldun og samræming félagslegrar aðstoðar í húsnæðismálum og því lagt til að húsaleigunefndir verði lagðar niður og verkefni þeirra færð til húsnæðisnefnda. Nýmæli er að skráning á félagslegum íbúðum verði lögbundin en þörf þykir á því þar sem rík áhersla er lögð á áætlanagerð og upplýsingar um stöðu og horfur í félagslegum íbúðabyggingum.

Einnig er lögð áhersla á að húsnæðisnefnd vinni með félögum og félagasamtökum sem hafa húsnæðismál á sinni hendi, svo sem byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög, félög fatlaðra, aldraðra o.fl. Þessi samvinna er ekki síst brýn nú á dögum þar sem félagasamtök hafa á undanförnum árum tekið æ ríkari þátt í byggingu og rekstri félagslegra íbúða, bæði leiguíbúða og íbúða fyrir aldraða.

Í 57.–63. gr. er kveðið á um skyldur og ábyrgð framkvæmdaaðila á félagslegum íbúðum. Lögð er rík áhersla á það í frv. að skýrt komi fram hver ber ábyrgð á félagslegu húsnæði og að hvert og eitt sveitarfélag beri ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess. Í núgildandi lögum er ekki nægilega skýrt fjallað um það hvernig ábyrgð skiptist milli stjórnar verkamannabústaða, sveitarstjórna og Byggingarsjóðs verkamanna.

Í 60. gr. er kveðið á um að taka í lög þá heimild, sem nú er í reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna, að taka 1% af endursöluverði félagslegra eignaríbúða vegna kostnaðar við að annast endursöluna. Jafnframt er kveðið skýrt á um að allur kostnaður verði á herðum sveitarfélaga en framkvæmd þessara mála er nú með þeim hætti að ýmis kostnaður, t.d. ef íbúðin stendur tóm vegna viðgerða, hefur verið greiddur af Byggingarsjóði verkamanna. Þannig er lagt til að heimild til gjaldtöku verði lögfest en jafnframt skýrt kveðið á um ábyrgð framkvæmdaaðila vegna umsýslukostnaðar við endursölu.

Þá er sú nýjung gerð varðandi fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna að bein og óafturkræf framlög sveitarfélaga sem byggja félagslegar eignaríbúðir eru felld niður. Þess í stað er þeim gert að lána Byggingarsjóðnum 10% af kostnaðarverði hverrar íbúðar með því að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði verkamanna. Lagt er til að lánstími skuldabréfanna verði 15 ár og vextir þeir sömu og gilda um útlán sjóðsins hverju sinni.

Tillaga um að fella niður óafturkræft framlag sveitarfélaga er sett fram til samræmingar við kaupleiguíbúðir en þar er ekki um að ræða óafturkræft framlag sveitarfélaga. Rökin fyrir láni sveitarfélaga til félagslegra eignaríbúða eru þau að með því móti megi tryggja ábyrgð þeirra á byggingu félagslegra eignaríbúða. Með því að hverfa frá óafturkræfu framlagi yfir í lán af hálfu sveitarfélaga megi jafnframt auðvelda sveitarfélögum að taka þátt í því að koma upp félagslegum íbúðum.

Samkvæmt frv. er lagt til að felld verði niður heimild til þess að lán nemi 100% byggingarkostnaðar, sbr. heimild í 66. gr. laga nr. 86/1988, um 10% viðbótarlán ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og fjárhagsástæður. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeir sem kaupa íbúð eigi fyrir nokkurn sparnað og leggi fram hluta kaupverðs. Reynslan hefur sýnt að þeir sem hafa fengið slíkt viðbótarlán geta oft ekki staðið í skilum og getur því slík aðstoð snúist upp í andhverfu sína. Því er hér lagt til að umsækjendum sem eru það illa staddir að þeir sjái ekki fram á að kaupa eignaríbúð með öðrum hætti en 100% láni sé vísað á félagslegt leiguhúsnæði, enda miða tillögur frv. að því að framboð á félagslegu leiguhúsnæði aukist.

Í frv. er lagt til að vextir af framkvæmdalánum Byggingarsjóðs verkamanna verði hækkaðir. Framkvæmdalán hafa hingað til verið á mismunandi kjörum eftir því hvor byggingarsjóðurinn á í hlut. Frv. gerir ráð fyrir að vextir framkvæmdalána til byggingar félagslegra íbúða verði samræmdir því sem gerist í Byggingarsjóði ríkisins þannig að byggingarkostnaður sé sambærilegur. Þessi tillaga er einnig liður í því

að koma í veg fyrir að uppgjör byggingarkostnaðar dragist úr hömlu eins og margoft hefur gerst á undanförnum árum. Nokkur dæmi eru um að uppgjör hafi dregist í 2–3 ár eftir að flutt er inn í íbúðina. Þetta hefur þær afleiðingar að íbúar í þessum íbúðum greiða engar afborganir eða vexti kannski í 2–3 ár og fá síðan uppsafnaða 2–3 ára skuld sem mörgum reynist erfitt að standa undir. Tafir á uppgjöri hafa líka dregið úr lánamöguleikum Byggingarsjóðsins. Það er stefna frv. að niðurgreiðsla vegna félagslegra íbúða verði tekjutengdari en verið hefur og færist í ríkara mæli yfir í skattakerfið, rétt eins og gert er í almenna húsnæðiskerfinu, en verði ekki í formi vaxtaniðurgreiðslu framkvæmdalána.

Í frv. er lagt til að stærðarmörk félagslegra íbúða verði hin sömu og nú gilda um kaupleiguíbúðir eða 130 fermetrar, sama hvers konar íbúð á í hlut. Mikilvægt er að halda niðri húsnæðiskostnaði fólks. Ólíklegt má telja að fólki sé í kot vísað þótt íbúðir séu ekki stærri, enda hefur fjölskyldustærð hér á landi minnkað á undanförnum árum.

Sú breyting er gerð í frv. að greint er á milli tekna hjóna og einhleypinga varðandi þau tekjumörk sem gilda um rétt manna til félagslegra íbúða. Nú gilda sömu viðmið fyrir einstaklinga og hjón. Fjölskylduaðstæður hafa breyst verulega á sl. árum. Allur meginþorri kvenna vinnur utan heimilis og aflar tekna þannig að eðlilegt er að taka tillit til þess að hjón hafi hærri tekjur samanlagt en einhleypingar. Lagt er til að núgildandi tekjumörk fyrir hjón verði hækkuð um 25%.

Varðandi þau skilyrði sem gilda um rétt til að kaupa félagslega eignaríbúð eru þau nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir tekjulágmarki, þ.e. að kaupandi eignaríbúðar verði að sýna fram á að geta staðið undir kaupunum og að greiðslugetan verði metin. Reglan sem hér er sett er sú að húsnæðiskostnaður megi ekki fara yfir þriðjung tekna. Með þessum breytingum er verið að tryggja að íbúðum sé ekki úthlutað til þeirra sem ekki ráða við kaup og þar með reynt að koma í veg fyrir mikil vandræði. Fólk sem lendir undir lágmarkinu verður að eiga kost á leiguhúsnæði, enda sýni tekjur að viðkomandi ræður ekki við annað en lága húsaleigu.

Í 86. gr. er fjallað um hert viðurlög við óleyfilegri úthlutun félagslegra eignaríbúða. Upplýst er að nokkuð er um það að verkamannabústaðir sem úthlutað er á félagslegum forsendum eru leigðir út án nokkurrar heimildar stjórnar verkamannabústaða. Mikilvægt er að reglur um útleigu á félagslegum eignaríbúðum verði hertar svo og refsingar við óleyfilegri útleigu. Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík hefur einnig sent mér bréf með tillögum um hertar reglur um útleigu. Hin hertu viðurlög samkvæmt frv. fela í sér að annars vegar er heimilt að afturkalla úthlutun á íbúð og hins vegar að fella niður verðbætur til íbúðareigenda við endursölu, þ.e. allar verðbætur en ekki einungis fyrir þann tíma sem íbúð er í óleyfilegri leigu. Rök fyrir hinum hertu viðurlögum eru þau að félagslegar íbúðir skuli einungis nýttar af því fólki sem hefur þörf fyrir þær. Hætt er við að nokkur brotalöm verði á framkvæmd þeirrar meginreglu ef íbúðareigendur ráðstafa sjálfir íbúðum sínum til leigu. Hins vegar geta komið upp tilvik sem gera það sjálfsagt og eðlilegt að veita íbúðareigendum heimild til þess að leigja íbúð sína tímabundið.

Í 87. gr. er fjallað um takmarkanir á heimildum til veðsetningar á félagslegum eignaríbúðum. Þegar lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var breytt árið 1980 og lán til félagslegra íbúða hækkuð upp í 90% af kostnaðarverði giltu ákvæði um að íbúðareigendum í verkamannabústöðum væri óheimilt að veðsetja íbúðir sínar fyrir öðrum lánum en lánum Byggingarsjóðs verkamanna fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Með lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var sú breyting á gerð um þetta atriði að íbúðareigendum var heimilað að veðsetja íbúðir sínar fyrir öðrum lánum. Athuganir á greiðsluerfiðleikum og nauðungarsölu sýna að óheppilegt sé að hafa slíka heimild til veðsetningar félagslegra eignaríbúða án takmörkunar þegar um að ræða hátt lánshlutfall. Því er hér lagt til að heimild til veðsetningar verði bundin því að eigandi hafi greitt af láninu og að óheimilt verði að veðsetja íbúðina fyrir öðrum lánum fyrr en greitt hefur verið af láni Byggingarsjóðs verkamanna sem nemi því að fjárhæð lánsins sé lægri en 75% af uppfærðu kostnaðarverði íbúðarinnar.

Í 91. gr. er kveðið á um hertar reglur er lúta að uppgjöri á byggingarkostnaði. Hér er lögð til sú breyting að ákveða frest sem framkvæmdaaðilar hafi til að láta kaupanda í té afsal fyrir íbúðinni, enda hafi kaupandi þá staðið í skilum að fullu. Hæfilegt þykir að veita framkvæmdaaðila hér tveggja mánaða frest. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að veita framkvæmdaaðila hér ákveðið aðhald svo að óeðlilegur dráttur verði ekki á afsali til kaupanda.

Í frv. er heimild til kaupa á eignarhluta í félagslegri kaupleiguíbúð óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til að lánshlutfall verði hækkað og eignarhlutur því lækkaður úr 15% í 10%. Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða er einnig lagt til að lánshlutfall hækki og minnsti eignarhlutur verði 10%. Í núgildandi lögum er almenna reglan um hlutareign í almennum kaupleiguíbúðum sú að eignarhlutur nemi 30% en lægri hlutareign, þ.e. 15%, takmörkuð við aldraða, öryrkja og námsmenn. Í frv. er mörkuð sú stefna að í húsnæðislánakerfinu verði félagsleg aðstoð miðuð við tekjur, eignir og félagslegar aðstæður hverju sinni en ekki bundin við sérhópa á húsnæðismarkaðinum. Lagt er því til að heimild til kaupa á 10% hlutareign verði ekki eingöngu bundin við aldraða, öryrkja og námsmenn heldur takmörkuð við ákveðin eignarmörk sem lagt er til að húsnæðismálastjórn setji.

Í 95. gr. er lagt til að sú regla sem nú gildir um almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir, að vaxtakjör af lánum skuli endurskoðuð með ákveðnu millibili, gildi um allar félagslegar íbúðir. Hér er um eitt af grundvallaratriðum frv. að ræða og kemur fram í markmiðsgrein, þ.e. að opinberar aðgerðir til jöfn-

unar á húsnæðiskostnaði miðist við aðstæður fólks á hverjum tíma en séu ekki bundnar við eina tímasetningu. Með þessu er leitast við að tryggja að félagslegar íbúðir þjóni markmiðum sínum og að sú aðstoð sem veitt er með niðurgreiddum vöxtum sé háð tekjum. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið á kjörum þeirra sem búa í verkamannabústöðum batna kjör margra er fram líða stundir og er allstór hluti íbúa verkamannabústaða yfir þeim tekjumörkum sem gengið er út frá við úthlutun íbúða. Því má álykta sem svo að þeir þurfi ekki jafnmikla félagslega húsnæðisaðstoð og þegar þeir sóttu um íbúð. Í frv. er því gert ráð fyrir að tekjur eigenda félagslegra íbúða verði kannaðar eftir átta ár eins og nú gildir um félagslegar kaupleiguíbúðir og að heimilt verði að endurskoða vaxtakjör til samræmis við þá vexti sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir komi í ljós að kjör hafi batnað. Þar með verði dregið úr félagslegri aðstoð og lánin greiðast hraðar niður. Tekjur verði síðan athugaðar á fimm ára fresti. Komi hins vegar í ljós að kjör hafi versnað verulega er heimilt að fresta greiðslu.

Virðulegi forseti. Ég vil hér í lokin fara nokkrum orðum um aðrar tillögur nefndarinnar sem athugaðar verða nánar og ekki koma fram í frv. Það er stefna frv. að niðurgreiðsla vegna félagslegra íbúða verði tekjutengdari en verið hefur og færist í ríkara mæli yfir í skattakerfið, rétt eins og gert er í almenna húsnæðiskerfinu, en verði ekki í formi vaxtaniðurgreiðslu. Þetta kemur fram í tillögum um hækkun vaxta á framkvæmdalánum og ákvæðum um endurskoðun vaxta með tilliti til tekna. Nefndin sem vann frv. leggur jafnframt til að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna vegna félagslegra kaupleiguíbúða, félagslegra eignaríbúða og félagslegra leiguíbúða verði hækkaðir um 0,5–1%, þó þannig að greiðslubyrði hinna lægst launuðu þyngist ekki að teknu tilliti til vaxtabóta.

Þessar tillögur eru í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var með vaxtabótakerfinu, þ.e. að félagsleg aðstoð húsnæðiskerfisins er færð að hluta til yfir í skattakerfið. Lán Byggingarsjóðs verkamanna eru nú til 43 ára með 1% vöxtum. Meginhluti þess fjármagns sem sjóðurinn lánar út er fenginn að láni frá lífeyrissjóðunum. Á árinu 1987 báru skuldabréfin sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóðunum 6,25% raunvexti og árið 1988 voru vextirnir 7% og lánstími 15 ár. Vaxtamunur af teknum lánum og útlánum er því verulegur. Nefndin leggur til að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna verði hækkaðir til að auka tekjur sjóðsins og minnka þann vaxtamun sem nú er á inn- og útlánum. Hækkunin verði þó þannig að hún auki ekki greiðslubyrði. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að frv. gerir ráð fyrir hækkun á lánshlutfalli vegna félagslegra íbúða úr 85 í 90%.

Eins og ég nefndi fyrr skilaði nefndin ásamt fyrirliggjandi frv. skýrslu með tillögum til frekari skoðunar og úrvinnslu. Tillögur nefndarinnar snerta breytingar á skipulagi húsnæðismála, jöfnun húsnæðiskostnaðar hjá leigjendum með sérstökum húsaleigubótum og ýmis fleiri atriði er lúta að hagsmunum leigjenda sem um langan tíma hafa legið óbættir hjá garði í húsnæðiskerfi okkar.

Nefndin leggur til að skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins verði breytt og starfsemi stofnunarinnar verði færð út á land þannig að þjónusta stofnunarinnar verði nær þeim sem hennar njóta. Lagt er til að landinu verði skipt í 5–8 húsnæðisumdæmi og í hverju þeirra starfi umdæmisstjórn sem reki skrifstofu og annist áætlunargerð, tillögur um lánveitingar til félagslegra íbúða og þjónustu við almenning á sínu svæði. Nefndin leggur jafnframt til að fulltrúum í stjórn Húsnæðisstofnunar verði fækkað.

Nefndin telur brýnt að framboð á leiguhúsnæði verði aukið til að fólk eigi fleiri kosta völ og til að öryggi þeirra sem ekki ráða við kaup á húsnæði verði tryggt. Tillögur nefndarinnar um málefni leigjenda miða að því að húsnæðiskostnaður leigjenda verði jafnaður og þeir njóti lækkunar á húsnæðiskostnaði miðað við tekjur og eignir með sama hætti og þeir þjóðfélagsþegnar sem eiga húsnæði fá kostnaðarlækkun með vaxtabótakerfinu.

Jafnframt leggur nefndin til að gripið verði til hvetjandi aðgerða til að ýta undir nauðsynlega fjölgun leiguíbúða, m.a. með lengingu lánstíma. Helstu tillögur nefndarinnar um leigumál eru að greiddar verði húsaleigubætur til allra þeirra leigjenda sem eru undir þeim tekjumörkum sem miðað er við í félagslega húsnæðiskerfinu og búa í íbúð undir 130 fermetrum. Húsaleigubæturnar verði greiddar í gegnum skattakerfið og fjármagnaðar af ríkissjóði líkt og vaxtabætur til íbúðareigenda. Að í stærri sveitarfélögum starfi leigumiðlanir á vegum sveitarfélaga sem annist öll þau verkefni sem snerta leigjendur. Að kannaður verði sá möguleiki að íbúðareigendum sem leigja út íbúðir sínar verði veittur afsláttur af eignarsköttum.

Nefndin telur nauðsynlegt og leggur til að lög um húsaleigusamninga verði endurskoðuð og samræmd því sem lagt er til varðandi málefni leigjenda. Aukið framboð leiguhúsnæðis og húsaleigubætur eru mikið hagsmunamál láglaunafólks í landinu. Mikilvægt er að húsnæðiskerfið bjóði upp á sveigjanleika og möguleika á vali milli eignar- og leiguhúsnæðis. Það er sjálfsagt og eðlilegt að bæði þeir sem þurfa að leigja tímabundið eða til lengri tíma og þeir sem kjósa frekar leiguhúsnæði sitji við sama borð og íbúðareigendur hvað varðar aðgerðir hins opinbera til að lækka húsnæðiskostnað fólksins í landinu. Rétt er að undirstrika sérstaklega nauðsyn þess að hér verði nægilegt framboð af leiguhúsnæði.

Það er viðurkennd staðreynd á Vesturlöndum að forsenda fyrir kaupum á eigin húsnæði er að fyrir hendi sé ákveðinn sparnaður og tekjur viðkomandi gefi möguleika á góðum sparnaði á komandi árum. Óruggur leigumarkaður og jöfnun húsnæðiskostnaðar hjá leigjendum gefur fólki möguleika á að koma sér upp sparnaði sem nauðsynlegur er þegar ráðist er í íbúðarkaup. Reynsla af ráðgjafarstarfsemi á vegum

Húsnæðisstofnunar og lánveitingum vegna greiðsluerfiðleika undanfarin rúm fimm ár gefur m.a. til kynna að fjölmargir sem hafa keypt húsnæði á sl. árum hafa engar forsendur til þess þrátt fyrir hátt lánshlutfall eða sérstök greiðsluerfiðleikalán. Oft leiðist fólk út í vonlaus íbúðarkaup vegna þess að aðrir möguleikar eru ekki í boði. Þessu þarf að breyta.

Ég mun á næstu dögum koma tillögum nefndarinnar um húsaleigubætur til fjmrh. til frekari úrvinnslu í fjmrn. Einnig ætla ég fljótlega að skipa nefnd til að vinna að endurskoðun núgildandi laga um húsaleigusamninga.

Í tengslum við kjarasamninga launafólks og vinnuveitenda í febrúar sl. lýsti ríkisstjórnin því yfir að í framhaldi af tillögum þeim sem liggja fyrir í frv. verði skipuð nefnd með þátttöku samtaka launþega sem gera á áætlun um hvernig auka megi framboð á félagslegu húsnæði. Nefndin verði skipuð þegar frv. hefur hlotið afgreiðslu hér á Alþingi, en stefnt er að því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. sept. 1990. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að málið fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Eins og ég hef vikið að var síðasta ár metár hvað varðar lánveitingar til félagslegra íbúða. Útlán opinberu byggingarlánasjóðanna hafa stórlega aukist á sl. árum. Við vitum einnig að þörf fyrir félagslega aðstoð er enn langt umfram framboð félagslegra íbúða. Þessi staðreynd undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að það fjármagn sem lagt er í félagslega húsnæðiskerfið nýtist sem best og komi þeim til góða sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð.

Í þessu frv. eru settar fram tillögur í því augnamiði að fjármagnið nýtist betur og afkastageta lánakerfisins aukist. Tillögurnar ganga bæði í þá átt að auka tekjur Byggingarsjóðs verkamanna og auka útgjöld hans. Hækkun vaxta á framkvæmdalánum og öðrum lánum sjóðsins auka tekjur hans. Lenging lánstíma leiðir einnig til þess að endurgreiðslur lána til sjóðsins aukast þegar til lengri tíma er litið. Gert er ráð fyrir að það fé sem ætlað hefur verið til almennra kaupleiguíbúða færist yfir í Byggingarsjóð verkamanna, sjóðurinn fái auknar vaxtatekjur og að þeir sem búa nú við betri hag greiði meira af félagslegum íbúðarlánum sínum. Þá er gert ráð fyrir að tilkoma húsbréfakerfisins muni smám saman létta á Byggingarsjóði ríkisins og að hluti þess fjár verði látinn renna til Byggingarsjóðs verkamanna, þangað sem þörfin er mest.

Samkvæmt kostnaðarmati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. leiða tillögur frv. ekki af sér aukin útgjöld ríkissjóðs. Hér er fyrst og fremst um að ræða að nýta það fjármagn sem fyrir hendi er í Byggingarsjóði verkamanna og ríkisins með öðrum og hagkvæmari hætti en áður. Hækkun vaxta, lenging lánstíma, afnám 100% lánveitinga og heimild til að endurskoða vaxtakjör lántakenda hefur í för með sér að staða Byggingarsjóðs verkamanna styrkist.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég nefna að Verkamannasamband Íslands hefur fjallað um tillögur nefndarinnar sem samdi frv. en Verkamannasambandið átti fulltrúa í nefndinni. Verkamannasambandið mælir eindregið með samþykkt frv. og bendir sérstaklega á nauðsyn þess að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Ég vil leyfa mér að vænta þess að mál þetta hljóti víðtækan stuðning hér á Alþingi og verði afgreitt nú fyrir þinglok.

Ég legg til í lokin að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. þessarar deildar.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í frv. því sem hér er lagt fram um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er að finna árangurinn af starfi sérstakrar nefndar sem félmrh. skipaði til að gera tillögur um endurskipulagningu og framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Hæstv. félmrh. hefur skýrt ástæðurnar fyrir þessu og tilgang endurskoðunarinnar. Vikið hefur verið að þróun húsnæðismálanna með sérstöku tilliti til félagslegra íbúðabygginga. Minnt hefur verið á að á undanförnum árum hafi verið gerðar ýmsar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og sérstaklega getið breytinganna sem gerðar voru árið 1989, með setningu laga um húsbréfaviðskipti og þar áður með tilkomu kaupleiguíbúða. Sagt hefur verið að sú mikla breyting sem fylgja muni húsbréfakerfinu kalli á að horft sé yfir íbúðalánakerfið í heild og reynt að skoða þörfina í ljósi nýrra aðstæðna.

Allt er þetta gott og blessað. En sérstaklega vil ég taka undir að horft sé yfir íbúðalánakerfið í heild. Það er einmitt það sem svo sannarlega þarf að eiga sér stað og þá ekki einungis að horfa á ástandið í dag, heldur og þá þróun mála sem til þess hefur leitt. Það er einmitt þetta sem ég finn þörf hjá mér að gera þegar frv. það sem við nú ræðum kemur til meðferðar.

Ég kem þá fyrst að ástandinu í dag. Ég skal vera stuttorður. Ég nefni engar tölur eða tölulegar upplýsingar. Öllum hv. þm. er kunnugt um ástandið í meginatriðum. Um fátt er meira talað og fátt snertir fleiri einstaklinga en ástandið í húsnæðismálunum. Langar biðraðir eftir húsnæði er nöpur staðreynd, biðraðir sem ná til margra ára líkt og í kommúnistaríkjunum fyrir austan járntjald sem einu sinni var. Fólkið bíður eftir lánum til hvers konar íbúða, hvort heldur er í almenna húsnæðislánakerfinu eða til félagslegra íbúða. Biðtími leggst eins og mara á hvern og einn þar til röðin kemur að þeim sem þreyir þorrann. Það er þó undir hælinn lagt hverjar afleiðingar drátturinn á lánveitingum kann að hafa haft í för með sér í erfiðleikum og vandræðum sem geta jafnvel hafa komið í veg fyrir eða hindrað fyrirætlanir viðkomandi um að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Slíkt mega allir búa við sem eru háðir hinu opinbera húsnæðiskerfi hvar í stétt eða stöðu sem þeir eru, ungir og aldnir.

Það er þetta ófremdarástand sem við er að búa í dag. Og ástandið í húsnæðismálunum er nú á allra vörum. Þetta ástand snertir flestar fjölskyldur í landinu beint eða óbeint. Það er þess vegna sem ástand

húsnæðismálanna fer ekki fram hjá neinum. En slíkt hefur ástandið ekki alltaf verið sem í dag. Það hefur aldrei verið verra ástand en í dag og aldrei hefur verið meira talað um endurbætur í þessum efnum en á síðustu árum. Hvernig má þetta vera? Það er af þessu tilefni sem nú er vissulega ástæða til að horfa yfir íbúðalánakerfið í heild.

Það er rétt að lánveitingar hins opinbera til félagslegra íbúðabygginga hér á landi eiga sér orðið langa sögu eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. Og meira að segja er þessi saga mun lengri sögu hins almenna húsnæðislánakerfis. Ég ætla mér ekki að fara að rekja alla sögu þessara mála. Ég ætla ekki hér að fara að tala um upphaf félagslegra íbúðabygginga né tilkomu hinnar merku löggjafar um Byggingarsjóð verkamanna. En ég tek þar til þegar lögin um húsnæðismálastjórn og almenna veðlánakerfið voru sett árið 1953.

Það var árið 1953 sem urðu þáttaskil í húsnæðismálunum. Löggjöfin frá því ári lagði grundvöllinn að því kerfi almennra húsnæðislána sem við búum við enn þann dag í dag. Af þessu kerfi er mikil saga og þróun þess lærdómsrík. Það var farið hægt af stað en strax mörkuð sú stefna að sníða verkefni þessa lánakerfis eftir því fjármagni sem til umráða var. Kerfið tók ekki á sig meiri skyldur en hægt var að standa undir. Með þessu móti voru ekki gefin fölsk fyrirheit til húsbyggjenda og endalausum biðröðum lánsumsækjenda var þess vegna ekki til að dreifa.

Hins vegar var kerfið ekki fullkomið og langt frá því til að byrja með. Fjármagnið sem úr var að spila var of lítið. En ráðið við því var að takmarka þá úrlausn sem hverjum lánsumsækjanda var veitt. Sú takmörkun kom fram í lánsupphæðinni, lánstímanum og vaxtakjörum. Þá voru lánveitingum sett takmörk með íbúðarstærð og lán bundin við að lánsumsækjandi ætti ekki íbúð fyrir. Það var ekki gengið út frá að allir ættu rétt eða kröfu til láns úr kerfinu, hvernig svo sem högum lánsumsækjenda var háttað.

Þetta gekk allt upp með því að það voru viðurkennd sannindi að ekki var mögulegt að gera betur við lánsumsækjendur en efni stóðu til. Samt sem áður var alla tíð brýnt verkefni að efla hinn almenna byggingarsjóð. Það var gert smám saman með því að fá sjóðnum sjálfstæða tekjustofna, svo sem skyldusparnaðarfé og tekjur af launaskatti. Eftir því sem Byggingarsjóði ríkisins óx fiskur um hrygg voru lánskjörin bætt innan þeirra marka sem fjárhagur sjóðsins leyfði. Ég endurtek, innan þeirra marka sem fjárhagur sjóðsins leyfði. Þannig var upphæð íbúðarlánanna hækkuð, lánstími lengdur og vaxtakjörin bætt. Þetta var mikilvægt því að lánskjörin áttu að vera slík að hægt væri að standa undir íbúðarlánum frá Byggingarsjóði ríkisins af almennum launatekjum. En þetta er nauðsynleg forsenda fyrir sjálfseignarstefnunni í húsnæðismálum, að sem flestar fjölskyldur og einstaklingar í þjóðfélaginu geti eignast íbúð og búið í eigin húsnæði og notið þess öryggis og sjálfstæðis sem því fylgir. Með þessum hætti var unnið markvisst að því að styrkja hið almenna íbúðalánakerfi, efla Byggingarsjóð ríkisins og bæta lánskjör lántakenda. Og þetta skilaði þeim árangri að hægt var með skipulegum hætti að svara þörfum fyrir almenn húsnæðislán eftir því sem þjóðartekjur leyfðu.

Að sjálfsögðu var á þessum árum ekki allt fullkomið í þessum efnum, margt var ógert, en fólk sætti sig við ástandið, bæði af því að það fann að ekki var verið að blekkja það með fölskum fyrirheitum og svo að það vissi af reynslunni að það var stöðugt verið að endurbæta og styrkja húsnæðiskerfið.

Þessi lýsing sem ég hef hér gefið af framkvæmd og þróun hins almenna íbúðalánakerfis á við aldarfjórðung eða um 25 ár af þeim tíma sem það hafði verið við lýði.

En um 1980 fer að gæta örlagaríkra breytinga á framkvæmd þessara mála. Þá fer að gæta allt annarra viðhorfa í framkvæmd en áður var og keyrir svo síðan um þverbak. Þá voru höfð endaskipti á hlutunum. Í stað þess að miða verkefni íbúðalánakerfisins við tekjur þess var farið að ákveða fyrst hver verkefni skyldu vera og láta kylfu ráða kasti um hvort tekjur reyndust nægar til þess að standa undir verkefnunum. Hér var asninn kominn inn í herbúðirnar.

Afleiðingarnar létu ekki á sér standa og hafa komið fram í síauknum mæli eftir því sem árin hafa liðið. Byggingarsjóður ríkisins hefur verið gerður vanmátta til að svara þeim verkefnum sem á hann hafa verið lögð. Fjáröflunarleiðir sjóðsins hafa grafið undan efnahag hans og stefnt í gjaldþrot. Biðraðir lánsumsækjenda hafa stöðugt lengst, fölsk fyrirheit orðið ferlegri og blekkingavefurinn þéttari. Þetta er sýnin sem blasir við okkur í dag.

Undirrót þessa vandræðaástands er sú að menn hafa fallið í freistni. Menn hafa viljað gera og lofa meiru en þeir hafa getað staðið við. Menn hafa viljað gera meira en þeir hafa ráðið við. Til að skilja þetta verða menn að hafa í huga séreðli húsnæðismálanna.

Engin mál snerta fólkið, hvern einstakling, meir en einmitt húsnæðismálin. Það vill svo til að allir verða að hafa þak yfir höfuðið með einum eða öðrum hætti. Gott húsnæði er skilyrði fyrir velferð og jafnvel góðri heilsu. Húsnæði er grundvöllur heimilislífsins. Húsnæði er nauðsyn ungu fólki sem vill tengjast framtíðarböndum og húsnæði er skjól hinna öldnu. Ef eitthvað bjátar á í húsnæðismálunum getur það valdið ómetanlegum skaða, raskað stöðu manna, búið ömurleg örlög og gert drauma og fyrirætlanir að engu, lagt lífið í rúst.

Það er því engum hægt að gera meira gagn en þeim sem er í nauðum staddur vegna heilsuspillandi húsnæðis, húsnæðisþrengsla eða húsnæðisleysis. Það er vinsælt verk að koma hjálpandi hendi í húsnæðismálunum. Þess vegna er það mikil freisting að leggja gott til húsnæðismála. Þess vegna hendir það að menn sjást ekki fyrir og lofa meiri framförum og úrbótum í húsnæðismálum en þeir geta staðið við og ætla að gera meira en þeir ráða við. Og þegar slík viðbrögð setja mark sitt á húsnæðislöggjöfina er ekki von á góðu. Það er einmitt þetta sem hefur hent hér á landi.

Ábyrgðarlaus yfirboð og blekkingar hafa allt of oft sett mark sitt á löggjöf síðustu ára í húsnæðismálunum. Það er ekki einungis að oft og tíðum hefur yfirlýstur tilgangur aðgerða ekki náð tilætluðum árangri, heldur hafa tilburðirnar grafið undan lánakerfinu, veikt það og lamað. Þannig hefur þá jafnvel reynst svo stundum að þeir sem eru mestir í orði í áhuganum fyrir endurbótum eru á borði mestu óþurftarmennirnir.

Ég beini þessum orðum mínum ekki að neinum ákveðnum einstaklingum. Ég talaði um að menn féllu í freistni en ekki um vísvitandi skemmdarverk. En ég undanskil engan stjórnmálaflokk um ábyrgð á þeirri ömurlegu þróun húsnæðismálanna sem ég hef hér lýst. Ég undanskil engan. Hins vegar er mér ljúft að lýsa þeirri skoðun minni að allir stjórnmálaflokkarnir hafa á sinni tíð staðið að og borið ábyrgð á þeirri uppbyggingu sem fyrrum var í íbúðalánakerfinu og ég áður greindi frá.

Ég hef hér sérstaklega vikið að hinu almenna íbúðalánakerfi þó að sumar athugasemdir mínir eigi við húsnæðismálin í heild og þá einnig félagslega íbúðalánakerfið. Skal ég nú víkja að félagslega kerfinu, enda verður það ekki aðskilið frá öðrum þáttum húsnæðismálanna.

Hvernig er nú umhorfs á þessum vettvangi? Það er talað um að þörfin fyrir félagslegar íbúðir sé langt umfram framboð eins og kom fram í ræðu hæstv. félmrh. hér áðan. Umsóknir um verkamannabústaði og kaupleiguíbúðir eru víðast hvar margfalt fleiri en þær íbúðir sem eru til úthlutunar. Sú staðreynd að lán vegna greiðsluerfiðleika hafa verið viðvarandi í húsnæðislánakerfinu og að einstaklingar hafa jafnvel þurft greiðsluerfiðleikalán í tvígang er talin sýna að á milli félagslega kerfisins og almenna kerfisins sé bil sem þurfi að brúa. Bent er á að of margir reyni við kaup á almennum markaði sem ekki ráða við þau og *það fólk þyrfti að eiga aðgang að félagslegum lánum.*

Hæstv. félmrh. vék að öllum þessum þáttum hér í ræðu sinni áðan. En þetta er ekki beint fögur lýsing á ástandinu í dag. Sama sagan og í almenna íbúðalánakerfinu. Félagslega kerfinu er ætlað að sinna meiri verkefnum en það ræður við. Það er ekki nóg með það. Talað er um að fleira fólk þyrfti að eiga aðgang að félagslegum lánum. Það á að bæta fleiri verkefnum við félagslega kerfið þó að það sé allsendis ófært um að sinna því sem því er ætlað í dag. Og hvar lýkur þá þeim verkefnum sem ættu samkvæmt þessu að heyra til félagslega kerfinu?

Það er talað um að of margir reyni að kaupa á almennum markaði sem ekki ráða við þau kaup. Það er verið að gera því skóna að félagslega kerfið sinni þessu fólki og þá er því lýst yfir að eftirspurnin eftir greiðsluerfiðleikalánunum sé svo mikil að nauðsynlegt sé að brúa bilið milli almenna kerfisins og félagslega kerfisins eins og það er orðað og ég hef þegar vikið að. Og hvað þýðir þetta annað en að þeir sem þurfi greiðsluerfiðleikalán fái félagslega aðstoð og falli þá undir félagslega lánakerfið?

Margur þarf nú á aðstoð að halda, og við megum aldrei gleyma því að tilgangur félagslega húsnæðislánakerfisins á að vera að hjálpa þeim sem þurfa á aðstoð að halda. Við megum ekki gleyma þessu. Það er engin spurning. Þeim sem eru hjálpar þurfi þarf að hjálpa. Það er af hinu góða.

Hins vegar er það ekki af hinu góða að svo margir skuli vera hjálparþurfi sem raun ber vitni í dag og þeim skuli sífellt fara fjölgandi. Það er ekki keppikefli að sem flestir verði hjálpar þurfi. Þess vegna getur það ekki verið markmið í sjálfu sér að félagslega íbúðakerfið nái til sem flestra. Það er þess vegna raunalegt þegar það er t.d. sett sem markmið að ekki minna en 30% af íbúðabyggingum í landinu verði á félagslegum grundvelli. Það má alltaf setja markið hærra og hærra þar til svo væri komið að meginhluti íbúðabygginga væri á félagslegum grundvelli, ekki óáþekkt því sem gerðist undir ríkisforsjá kommúnismans austan járntjalds sem einu sinni var.

Ég vil ekki ætla neinum að vilja slíka þróun mála hér á landi. En söm er gerðin ef húsnæðisstefnan veldur því að svo margir íbúðarbyggjendur þurfi á félagslegri aðstoð að halda. Og það er meginatriði. Það hlýtur að leiða til þess að félagslega kerfið tekur yfir sem aðallánaformið í íbúðabyggingum í landinu. Til þess er ekki enn komið í húsnæðismálunum. En langt höfum við gengið í þessa átt á undanförnum árum og göngum hröðum skrefum frá þeirri stefnu *sem áður var fylgt og ég hef lýst hér nokkuð.*

Með húsnæðislöggjöfinni 1953 var lagður traustur grunnur að sjálfseignarstefnunni í íbúðabyggingum. Forsenda þeirrar stefnu var sú að Íslendingar vilja yfirleitt eiga þak yfir höfuðið og búa í eigin íbúðum. Í fáu hefur einkaframtakið sýnt betur mátt sinn og megin en í íbúðarhúsabyggingum og því þjóðhagslega grettistaki sem lyft hefur verið á þeim vettvangi.

Þetta var hins vegar ekki hægt að gera svo almennt sem raun ber vitni nema menn gætu staðið undir lánum Byggingarsjóðs ríkisins af almennum launatekjum. Ég bið hv. þm. að hafa í huga að þetta er grundvöllurinn sem allt hvílir á.

Aftur á móti voru ekki allir svo settir í lífinu að þeir gætu staðið undir hinum almennu lánskjörum íbúðarlána og svo hlýtur jafnan að vera. Þeir þurftu á aðstoð að halda. Þar kom til hið félagslega kerfi, Byggingarsjóður verkamanna. Það var keppikefli að búa svo um hnútana að sem flestir réðu við sín mál með lánakjörum almenna veðlánakerfisins, lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Eftir því sem færri þurftu að leita til Byggingarsjóðs verkamanna gat félagslega kerfið betur hjálpað þeim sem hjálpar þurftu við. Og sú var tíðin að 5–10% húsbyggjenda í landinu fengu lán í verkamannabústaðakerfinu.

Nú er öldin önnur. Hvað er nú til ráða út úr þeim vanda sem við er að glíma í húsnæðismálunum? Það er að ráðast gegn rótum vandans, orsökum vandans. Það þarf fyrst og fremst að leggja áherslu á að efla almenna íbúðalánakerfið með það fyrir augum að meginhluti landsmanna megi njóta þess með því að geta staðið undir lánum þess af almennum launatekjum. Einungis með því móti verður vegið að rótum

þess vanda sem nú er við að glíma í húsnæðismálunum. Þá verður leyst úr læðingi sjálfsbjargarviðleitni margra sem nú mega sig ekki hræra nema með aðstoð frá félagslega kerfinu. Þá fækkar þeim sem eru aðstoðar þurfi. Þá er líka hægt að gera betur en nú við þá sem eru hjálpar þurfi og njóta aðstoðar félagslega kerfisins.

Frv. það sem við nú ræðum ræðst ekki til atlögu við orsakir vandans í húsnæðismálunum. Það er haldið áfram á sömu braut sem gengin hefur verið undanfarin ár. Það er verið að fást við afleiðingar en ekki orsakir. Um frv. segir að það feli í sér endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúða. Hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir þeim þáttum sem hér er um að ræða. Ég geymi mér að ræða þær endurbætur. En ég vil nú við 1. umr. málsins leggja áherslu á meginatriðið sem varðar þróun og ástand húsnæðismálanna í dag. Ég lýsi þeirri skoðun minni að við séum á villigötum í þessum málum. Við stefnum alltaf í meiri og meiri vanda. Ef ekki er að gert vöðum við beint af augum út í foraðið.

Þess vegna er það mál málanna í dag að hverfa af þeirri braut sem við nú erum að fara í þessu efni. Við þurfum að horfast í augu við raunveruleikann og leggja áherslu á þá stefnu og framkvæmd í húsnæðismálum sem eflir almenna íbúðalánakerfið og best tryggir að sem flestir geti eignast íbúð og búið í eigin húsnæði. Þá getum við jafnframt svo best sýnt hug okkar í verki til þeirra sem eru hjálpar þurfi og félagslega íbúðalánakerfið á að koma til bjargar.

Herra forseti. Ég efast ekki um góðan vilja og einlægan áhuga hæstv. félmrh. á húsnæðismálunum. Ég vara hana hins vegar við og hvet til heildarendurskoðunar á húsnæðismálalöggjöfinni með hliðsjón af þeim grundvallarsjónarmiðum sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Á þessu kjörtímabili hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þeim lögum sem sett voru um Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1986. Við umræður um þær breytingar hafa kvennalistakonur ítrekað bent á nauðsyn þess að skoða þyrfti kerfið í heild sinni og þá fyrst og fremst með það fyrir augum að endurskoða hinn félagslega þátt þess og fá yfirsýn yfir húsnæðiskerfið. Því hlýt ég að fagna því að þetta frv., um endurskoðun á félagslega kerfinu, skuli nú hafa litið dagsins ljós.

Málefni Húsnæðisstofnunar snerta hvern einasta íbúa þessa lands því allir verða fyrr eða síðar að koma sér þaki yfir höfuðið með einum eða öðrum hætti. Það er því ánægjulegt til þess að vita að svo góð samstaða náðist í nefndinni sem undirbjó þetta frv. en eins og fram kemur í greinargerð var hún m.a. skipuð fulltrúum stærstu stéttarfélaganna og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þá kemur einnig fram í skýrslu nefndarinnar að margar tillagnanna koma beint frá þeim sem vinna við þessi mál og hlýtur að vera mikilvægt að reynsla þeirra skili sér inn í frv.

Kvennalistinn hefur frá upphafi haft það á stefnuskrá sinni að leggja áherslu á félagslegt íbúðarhúsnæði og hverfa frá þeirri eignaríbúðarstefnu sem ríkt hefur hér á landi, bæði vegna þeirra sem alls ekki geta komið sér upp þaki yfir höfuðið, þeirra sem tímabundið þurfa á leiguhúsnæði að halda og loks þeirra sem kjósa frekar að leigja húsnæði en eiga sjálfir. Við teljum félagslegar lausnir hentugri fyrir þjóðfélagið þegar um svo stóran málaflokk er að ræða sem þennan.

Eins og öllum er kunnugt er öflun húsnæðis nú ein aðalástæða mikillar vinnuþrælkunar í landinu. Þeir sem hvorki geta né vilja leggja á sig þá vinnuþrælkun sem húsnæðisbaslinu er samfara eða geta ekki þrátt fyrir vinnu myrkra á milli náð endum saman hafa í ekkert hús að venda. Aðeins lítill hluti þeirra sem sækja um í verkamannabústöðum fær þar íbúð eins og ástandið er í dag. Því blasir ekkert annað við mörgum fjölskyldum en upplausn og vergangur með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir einstaklingana í fjölskyldunni og þjóðfélagið allt.

Hæstv. félmrh. hefur nú skýrt helstu áherslur sem fram koma í frv. og getum við kvennalistakonur í meginatriðum tekið undir þá stefnu sem þar kemur fram, þ.e. að leggja aukna áherslu á leiguhúsnæði, sameina byggingarsjóðina og skipa húsnæðisnefndir í sveitarfélögum. Það sem ég hnaut einna helst um var nafngift sjóðsins að hann skuli áfram kenndur við verkamenn þegar ætlunin er að leggja af orðið verkamannaíbúðir. Hefði e.t.v. ekki verið eðlilegra að ganga enn lengra?

Mér er þó ljóst að rökin fyrir þessari nafngift hafa bæði sögulegt og tilfinningalegt gildi og þurfa alls ekki að vera verri en hver önnur rök. Það hefur hins vegar lengi verið svo að fólk úr ýmsum starfsgreinum hefur átt þess kost að fá íbúðir í svokölluðum verkamannabústöðum. Þannig er mér t.d. kunnugt um tilvik þar sem afhentar voru níu íbúðir en fimm þeirra fóru til kennarafjölskyldna. Það er ljóst að miðað við þær meðaltekjur sem frv. gerir ráð fyrir að einstaklingar megi hafa á ári til að eiga rétt á úthlutun félagslegra eignar- eða kaupleiguíbúða mun fólk úr hinum fjölbreytilegustu starfsgreinum geta sótt um íbúðir í félagslega kerfinu. Þegar reynsla verður komin á þetta kerfi og viðskipti með húsbréf aukast hlýtur hins vegar að vera eðlilegt að stíga skrefið til fulls og sameina byggingarsjóðina endanlega.

Mig langar til að minnast örstutt á atriði sem snúa að sveitarfélögunum og ég tel vera til bóta. Fyrst vil ég minnast á það sem fram kemur í 3. gr. frv., breytingu á 58. gr. núgildandi laga um að fella niður 10% óafturkræft framlag sveitarfélaga til félagslegra eignaríbúða en skylda sveitarfélög þess í stað til að lána sjóðnum 10% af kostnaðarverði hverrar eignaríbúðar. Með því er að mínu mati ekki einungis tryggð ábyrgð þeirra á byggingu félagslegra íbúða heldur fullyrði ég að eins og staðan er nú muni þetta ákvæði auðvelda mörgum sveitarfélögum að taka þátt í að koma upp félagslegum íbúðum. Víða úti á landi er þörfin fyrir húsnæði svo mikil að hún stendur eðlilegu atvinnulífi og uppbyggingu fyrir þrifum. Þar er

reyndar ekki síður um að ræða skort á leiguhúsnæði, en nauðsynlegt er að fólk sem gjarnan vill flytja út á land eigi þess kost að hafa aðlögunartíma áður en það tekur ákvörðun um að setjast að.

Þá tel ég einnig mjög jákvætt skref sem tekið er með stofnun húsnæðisnefnda. Með þeirri skipan eru öll húsnæðismál sveitarfélagsins á einni hendi og ábyrgð sveitarfélagsins tryggð. Ég hefði talið eðlilegra út frá sjónarhóli sveitarstjórna að þær hefðu sjálfar skipað alla fulltrúana en eins og fram kemur í greinargerð með frv. var þetta eitt af fáum atriðum þar sem uppi voru ólík sjónarmið og áherslumunur nefndarmanna.

Hæstv. félmrh. minntist áðan í ræðu sinni á ýmsar aðrar tillögur sem nefndin hefur lagt fram án þess þó að þær komi fram í frv. og get ég tekið undir flestar þeirra. Mig langaði aðeins að minnast örlítið á eina sem varðar hugmynd um húsnæðisumdæmi. Langar mig af því tilefni að minna á frv. til laga sem nú er til umfjöllunar í Nd. og er 347. mál þingsins, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Flm. þess frv. eru þingmenn allra flokka en Málmfríður Sigurðardóttir er 1. flm. Í því frv. er gert ráð fyrir að í hverju kjördæmi verði útibú frá Húsnæðisstofnun. Flestir verða einhvern tíma á ævinni að eiga viðskipti við Húsnæðisstofnun ríkisins vegna öflunar húsnæðis. Flestir sem húsnæði kaupa þurfa ráðgjöf og leiðbeiningar. En auðvitað er ljós sú staðreynd að ekki er allt fólk búsett á höfuðborgarsvæðinu sem á þeim samskiptum þarf að halda. Allt frá því að Húsnæðisstofnun var komið á fót hefur það valdið því fólki sem fjarlægar býr ómældu óhagræði og kostnaði hve erfitt er að nálgast upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu þá sem stofnuninni er skylt að veita. Þrátt fyrir þetta óhagræði og óánægju manna með þetta fyrirkomulag hafa ekki verið gerðar umtalsverðar tilraunir til þess að færa þjónustu þessarar stofnunar nær fólkinu. Leyfi ég mér því að mega vænta þess að frv. hljóti jákvæða afgreiðslu hér á þinginu í vor.

Í kjarasamningum undanfarin ár hefur oft verið samið um ýmis félagsleg atriði, eins og t.d. húsnæðis- og dagvistarmál, en það hefur verið heldur dapurlegt að sjá hvernig staðið hefur verið við slíka samninga. Ég tel að þetta frv. sé skref í þá átt að koma til móts við þann raunveruleika sem við búum við, en öllu máli skiptir auðvitað hvernig til tekst að bæta stöðu byggingarsjóðanna. Í umræðunni um félagslegt húsnæði eru oft notuð hugtök eins og láglaunahópar, barnafjölskyldur, öryrkjar og aldraðir en hvernig svo sem til tekst með uppbyggingu félagslega húsnæðiskerfisins er það eftir sem áður eitt brýnasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda að sjá til þess að þessir hópar búi við stórum betri kjör en nú er. Þó svo að áfangar náist í húsnæðismálum bíða enn mörg verkefni til að bæta hag þessara hópa.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þetta frv. nú. Ég tel nauðsynlegt að það komist svo fljótt sem verða má til umfjöllunar í félmn. þar sem ég á sæti og sé því ekki ástæðu til að fara nánar út í einstakar greinar þess nú. Miðað við það ástand sem nú ríkir á húsnæðismarkaðinum hlýtur að vera brýnt að vinna ötullega að þessu máli næstu vikurnar til að reyna að koma málum fram á þann hátt sem nefndarmenn geta orðið sammála um. Og það má í því tilliti benda á þetta mikilvæga atriði með skipan húsnæðisnefnda sem þyrfti að gerast í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í vor.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta að svo stöddu en lýsi stuðningi okkar kvennalistakvenna við meginhugmyndir þær sem fram koma í frv.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég átti þess kost að vera nefndarmaður í þeirri nefnd sem samdi frv. og segi það hér að sjaldan hef ég tekið þátt í jafnánægjulegu nefndarstarfi. Verkefnið var það að gera úrbætur á félagslega kerfi Húsnæðisstofnunar, gera þær úrbætur sem nauðsynlega þurfti, samræma lánareglur, gera lánin skilvirkari og einfaldari. Það gerðist sem gerist mjög sjaldan í svona nefndum að það náðist algjört samkomulag um efnisatriði og um frv. sem hér liggur fyrir.

Nefndin kallaði til alla þá aðila sem hugsanlegt var til ráðuneytis í málinu, og sérstaklega stjórnir verkamannabústaða og marga, marga fleiri, þar sem nefndarmönnum var greint frá því hvað helst mætti betrumbæta. Flestallt ef ekki allt var tekið til greina sem til bóta mátti horfa og frv. sem hér liggur fyrir ber þess vitni.

Ég tel ástæðulaust að fara ítarlega í frv., enda gerði félmrh. það mjög rækilega hér áðan, en ég vil leggja áherslu á það að hagur fólks sem þarf á félagslegum íbúðum að halda batnar með frv. og kerfið verður skilvirkara. Ég tel líka að nú verði unnt að byggja meira af félagslegum íbúðum vegna þess að það er gert auðveldara fyrir sveitarstjórnirnar að taka þátt í slíku. Það eru nokkur sveitarfélög hér á landi sem hafa verið mjög andvíg þessu kerfi. Kannski er það af fjárhagslegum ástæðum en oft og tíðum er það af hugsjónaástæðum einum. Og ég bendi á að það eru ýmis sveitarfélög sem ekki hafa viljað byggja svona íbúðir eða nota félagslega kerfið. Þau hafa ekki viljað „þetta fólk", eins og sumir sveitarstjórnarmenn hafa látið sér um munn fara, ekki viljað sinna því félagslega hlutverki sem sveitarstjórnir eiga að gera. Í dag þurfa sveitarstjórnir að greiða 10% af kostnaðarverði sem framlag. Samkvæmt þessu frv. þarf viðkomandi sveitarsjóður þess í stað að kaupa skuldabréf frá Húsnæðisstofnun fyrir sömu upphæð en fær þau auðvitað greidd til baka þegar lánstímanum er lokið þannig að ég held að auðveldara verði fyrir sveitarstjórnirnar að fást við þessi mál.

Ég vil líka benda á að breyting er gerð á stjórnun þessara mála. Stjórnir verkamannabústaða, eins og þær voru nefndar, eru lagðar niður en í stað þess eru settar á stofn húsnæðisnefndir sem falin eru meiri verkefni en stjórnir verkamannabústaða höfðu. Þær hafa þau verkefni sem stjórnir verkamannabústaða höfðu en annað bætist við. Ég tel að með þessu fyrirkomulagi verði málin mikið skilvirkari en áður

hefur verið. Möguleikarnir hafa líka aukist og það er rétt að það sé ein nefnd sem fjallar um þetta, samræmingaraðili sem hefur yfirsýn yfir allt.

Það var nokkuð rætt um það hver ætti að vera hlutur verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum. Vafalaust er öllum hv. deildarmönnum ljóst að verkalýðshreyfingin hefur haft mikið frumkvæði í þessu máli og það var fyrir tilstilli hennar, og reyndar Alþfl. líka, að verkamannabústaðir voru í upphafi byggðir. Lögin um verkamannabústaði urðu þannig til. Verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á húsnæðismálin og þá einkum félagslega húsnæðiskerfið. Og það er líka rétt að mestallir peningar sem í það kerfi fara koma frá lífeyrissjóðum verkafólks, þess fólks sem á að njóta þessara bygginga. Það varð niðurstaðan að áfram yrðu sterk tengsl verkalýðshreyfingar við þetta kerfi og nú verða húsnæðisnefndirnar fimm manna, þrír kosnir af sveitarstjórn en tveir af stærstu launþegasamtökum. Er ég sannfærður um að þetta fyrirkomulag verður kerfinu til góðs og ég hygg að verkalýðshreyfingin hafi betri skilning en margir aðrir á því hvar skórinn kreppir.

Menn geta skipst í hópa um það hvernig eigi að fjármagna íbúðir. Sumir eru þeirrar skoðunar að ekki eigi að vera með þetta félagslega kerfi. Ég er mjög andvígur þeirri skoðun og tel að akkillesarhæll þessa kerfis hafi verið sá að allt of lítið hafi verið byggt af þessum íbúðum. Þess vegna hafi skapast togstreita og hvíslingar um spillingu og annað slíkt sem alltaf fylgir allri skömmtun. Það er alveg sama hvar skömmtun á sér stað, slíkar raddir koma upp. Á Norðurlöndum þar sem þessi mál eru í hvað bestu lagi þurfa menn ekki að bíða árum saman eftir þessum íbúðum heldur eiga þennan kost þegar þeir þurfa á að halda.

Ég vil líka benda á það í tilefni af ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að mjög vel hefur verið gert í þessum málum nú á allra síðustu árum. Í dag eru félagslegar íbúðir um 8% af öllum íbúðum landsmanna. Á árunum 1980–1987, eða á átta ára tímabili, voru byggðar 1764 félagslegar íbúðir, en á árunum 1988–1989 voru byggðar 1237 slíkar íbúðir sem er stórkostleg aukning. Og ég bendi á líka að á síðasta ári, 1989, voru lán til félagslegra íbúða 45% af byggingarlánum Húsnæðisstofnunar, og hafa aldrei farið hærra. Einnig má geta þess að frá árinu 1986 hafa útlán til félagslegra íbúða aukist um 134% að raunvirði. Þetta segir okkur það að þarna hefur verið miklu betur staðið að verki en nokkru sinni fyrr.

Það er alveg rétt að málið er ekki leyst að fullu í húsnæðiskerfinu og seint verður það kannski gert. Menn reyna hér á Alþingi og í ríkisstjórn að gera það eins vel og kostur er á hverju sinni. Ég get alveg fallist á það að ýmis mistök hafa verið gerð. Ég minnist þess að 1986 átti ég þátt í kjarasamningum sem boðuðu nýja tíma í húsnæðismálum og gerðu ráð fyrir að allir ættu sinn rétt, án tillits til þarfa, og verkalýðshreyfingin lagði fram ótrúlega mikið fé, eða lífeyrissjóðirnir, til þess að það væri unnt. Aldrei nokkurn tíma hafði eins miklu fé verið komið í Húsnæðisstofnun eins og þá.

En við sáum það ekki fyrir sem gerðist. Það urðu til biðraðir sem enn eru fyrir hendi, biðraðir sem er andstyggilegt að hafa, og ég er sannfærður um að það var fjöldinn allur sem sótti um sem ekki þurfti á að halda og aðrir sem þurftu á að halda urðu þess vegna að bíða. Þess vegna varð húsbréfakerfið til, og ég trúi því að þegar húsbréfakerfið fer að virka á sinn góða hátt, þá komi þessi kúfur til með að lækka, þá komi biðraðirnar til með að minnka og hverfa.

Ég minni á það að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson greiddi því atkvæði 1986, ásamt mér, að þetta yrði að lögum. En við höfum sjálfsagt báðir séð hverjar afleiðingarnar urðu. (**ÞK:** Ætli við höfum ekki treyst á okkar ríkisstjórn, báðir saman?) Jú, við gerðum það og við treystum því að við værum að gera rétt.

Það er auðvitað alveg á sínum stað að erfiðleikar í húsnæðismálum eru víða miklir. En ég tel, og reyndar gerir verkalýðshreyfingin það líka, að mjög nauðsynlegt sé, einmitt til að koma til móts við þá sem verst eru staddir, að efla félagslega kerfið. Það er verið að gera með þessu frv. Það er verið að betrumbæta það sem illa var gert áður og ég treysti á fylgi hins ágæta þingmanns Þorv. Garðars Kristjánssonar að greiða atkvæði því sem vel er gert.

Mér hnykkti þó við þegar hv. þm. talaði um óþurftarmenn í þessu kerfi eða óþurftarmenn sem skiptu sér af húsnæðismálum. Ég hygg að ekki sé um það að ræða. Ég held að allir sem hafa komið nálægt þessu hafi viljað vel. En það er líka rétt hjá hv. þm. að menn þurfa að sjá fyrir peningum í þetta kerfi. Það hefur reyndar verið gert, á þann hátt að aldrei hefur farið meira til húsnæðismála, en það þarf að gera betur og það þarf að tryggja það að sjóðirnir sem lána út fari ekki á hausinn eins og hv. þm. réttilega benti á. Hvernig verður það gert? Ég minni á það að vextir eru verulega greiddir niður. Það á þátt í því að staða sjóðanna er svona slæm og svo fullyrði ég að þessir sjóðir fá ekki að vera í friði fyrir öðrum ráðherrum en félmrh. sem þarf að berjast með oddi og egg fyrir því að fá fjármagn til þessara hluta.

Það er rétt sem kom fram hér áðan að umsóknir í félagslega kerfinu eru miklu fleiri en hægt er að ráða við. Auðvitað er það svo. Það er ekki hægt að fullnægja öllu í dag. Það er líka staðreynd að ýmis byggðarlög og staðir sækja um miklu fleiri íbúðir en þeir ráða við að byggja. Og ég er mjög gagnrýninn á það hvernig þessu fé hefur verið úthlutað á undanförnum árum. Ég tel að veruleg breyting hafi orðið á því sem verður þar að vera því að það þarf að byggja þessar íbúðir fyrir fólk en ekki fyrir iðnaðarmenn til þess að fá vinnu sem ég tel að margir telji að þurfi að vera. Ég tel að neyðin í húsnæðismálum sé mest hér á Reykjavíkursvæðinu og ég minni á að þáttur félagslegra íbúða í Reykjaneskjördæmi er ekki nema um 10% meðan hann er jafnvel yfir 40% í hinum ýmsu byggðarlögum. Það er kannski ekki alveg sanngjarnt að nefna þessa tölu, 10%, því að það eru ýmis sveitarfélög sem hefur verið stjórnað af öflum sem hafa verið á móti þessu kerfi og þess vegna látið undir

höfuð leggjast að sækja um að fá að byggja félagslegar íbúðir.

Ég mótmæli því alveg að við séum á villigötum í húsnæðismálum. Ég tel að við séum einmitt að reyna að rata rétta leið í þessum efnum og ég tel að frv. sem hér liggur fyrir sé mjög stórt skref í þeim efnum. Og ég tel nauðsynlegt að það gangi sem allra fyrst í gegnum þingið til þess að þær úrbætur sem í því felast og hægt væri að tíunda í marga klukkutíma verði að veruleika. Í nefndinni var mikið rætt um það hvað þessi sjóður ætti að heita eða hvað þessi gjörð ætti að heita. Þessar byggingar hafa verið kallaðar verkamannabústaðir og er söguleg hefð fyrir því. Nú er þetta kallað félagslegar eignaríbúðir en sjóðurinn heldur áfram nafninu Byggingarsjóður verkamanna. Ég er einn þeirra sem töldu nauðsynlegt að hafa þarna söguleg tengsl, en það er alveg ljóst að miklu fleiri en verkamenn fá úthlutað félagslegum íbúðum. Allir þeir sem eru á þeim tekjumörkum sem rætt er um eiga kost á því að fara í þetta kerfi. Og ég legg áherslu á að það er alveg nauðsynlegt að styrkja það miklu meira þótt betur hafi tekist nú en nokkru sinni áður, og er ástæða til að fagna sérstaklega að við gerum þetta kerfi miklu eðlilegra og sjálfsagðara fyrir allan almenning ef fólk þarf ekki að lúta skömmtun, ef hægt er að sinna þörfum allra sem á þurfa að halda.

Eitt atriði er það sem kemur fram í þessum lögum og vafalaust einhver fettir fingur út í. Það er það að *nú verður ekki lengur lánað 100% til íbúða.* Það eru nokkrir sem hafa átt kost á því að fá það í sérstökum undantekningartilvikum. Það er fellt niður núna vegna þess að það hefur ekki reynst vel, að lána allt andvirði íbúðar. Margur hefur farið flatt á því að leggja þá byrði á sig og það er hugsunin, að þeir sem ekki geta gert slíkt geti átt kost á leiguhúsnæði og það er bent á ýmsar leiðir til þess að koma á leiguíbúðum, að auka möguleika fólks á að fá íbúðir til leigu, t.d. með því að lækka eignarskatta á þeim sem leigja út og líka með því að byggja fleiri leiguíbúðir. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé ekki rétt að menn fái 100% lán allra hluta vegna. Menn eiga á einhvern hátt að sýna einhvern lit hvað eign snertir ef menn ætla á annað borð að eignast íbúð. Það er svona grundvallaratriði, finnst mér, en menn eiga að eiga val, menn eiga að eiga aðra kosti.

Ég ætla ekki að tala mikið lengur. Ég vil þó benda á það að nefndarstörfin hafa verið rædd í Alþýðusambandinu og Verkamannasambandinu og Verkamannasambandið, sem er mjög á því að það þoli enga bið að þessi lög verði afgreidd á þessu þingi, samþykkti svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands hefur kynnt sér tillögur um frv. til breytinga á húsnæðislögum sem settar hafa verið fram af nefnd sem félmrh. skipaði á sl. sumri. Framkvæmdastjórnin telur að í tillögunum felist mikil réttarbót til þess fólks sem þarf á félagslegri aðstoð í húsnæðismálum að halda. Þá er lánafyrirkomulagið einfaldað og félagslega íbúðakerfið gert skilvirkara. Af eldri lögunum eru sniðnir ýmsir agnúar sem verið hafa til ama við framgang þeirra og sett inn mörg nýmæli sem bæta stöðu þeirra sem laganna eiga að njóta.

Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að frv. um félagslegan hluta laganna verði lagt fram á Alþingi nú þegar. Framkvæmdastjórnin mun, þegar eftir því verður leitað, gefa frekari efnislega umsögn um frv. en telur mjög brýnt að það verði að lögum á *því þingi* er nú situr, m.a. með tilliti til væntanlegra sveitarstjórnarkosninga og kosningar í húsnæðisnefndir að þeim loknum."

Umræðu frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. EKJ, 419. mál (stjórnarkjör). — Þskj. 731.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Frv. það sem hér er nú til umræðu kann að láta lítið yfir sér. Ég hygg þó að þegar fram í sækir geti það borið verulegan árangur ef samþykkt verður. Efni þess er einfalt, þ.e. að einungis þurfi 10% eða einn tíunda hluta hlutafjár til þess að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör.

Þetta er eingöngu að því er varðar stærri félög þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri, en þau eru nokkur á Íslandi eins og menn vita og mörg fleiri eiga áreiðanlega eftir að rísa og þá þarf auðvitað að gæta þess að minni hluti í slíkum félögum sé ekki sniðgenginn heldur hafi ákveðinn rétt til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í stjórnum félaganna.

Ég geri mér vonir um að hv. þm. muni kannski allir vera sammála þeirri hugsun sem í frv. felst en það hefur orðið að samkomulagi milli mín og hæstv. forseta þar sem fundartími er að renna út að þetta *mál færi til nefndar ef hv. þingdeildarmenn* samþykkja það og sætta sig við umræðulaust en umræða færi síðan fram á þriðjudag og vonandi þá að frv. yrði samþykkt hér út úr þessari hv. deild. Með þessum skýringum lýk ég máli mínu að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

59. fundur, föstudaginn 16. mars, kl. 10 árdegis.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Á síðari tímum hafa umræður um mengun og umhverfismál farið mjög vaxandi hér á

landi. Þetta á einnig við um mörg önnur lönd, svo sem Norðurlönd og flest ríki í Evrópu. Raunar má segja að þessi vakning hafi náð meira og minna um alla heimsbyggðina, a.m.k. að því leyti sem Sameinuðu þjóðirnar hafa látið þetta mál til sín taka. Um öll Norðurlönd hafa fundir og ráðstefnur fjallað um þessi mál. Ég nefni sérstaklega alþjóðlega ráðstefnu um mengun sjávar sem kölluð var saman í Kaupmannahöfn á vegum Norðurlandaráðs 16.–18. okt. á liðnu hausti og þing Norðurlandaráðs hér á landi nú nýlega. Fjöldamarga aðra fundi og ráðstefnur mætti nefna sem hafa aðallega snúist um umhverfismál.

Það væri hægt að hafa mörg orð um sögu þessara mála hérlendis á síðari árum. Eitt og annað hefur verið gert. Menn hafa ekki setið auðum höndum. Að þessum málum hefur verið unnið mjög víða. Við eigum nú sem betur fer mörgu dugmiklu fólki á að skipa sem hefur brennandi áhuga á að láta hendur standa fram úr ermum í umhverfismálum. Ég vil sérstaklega mótmæla ummælum hv. 12. þm. Reykv. þegar málið var rætt hér síðast, að umhverfismálin væru hornreka í öllum ráðuneytum. Það er ekki rétt, á þeim hefur víða verið tekið af allmiklum myndarbrag.

Að því er varðar núverandi skipan umhverfismála á Íslandi hefur hún þótt nokkuð gölluð og of dreifð. Umhverfismál hafa heyrt undir átta ráðuneyti a.m.k. og raunar jafnvel flest ráðuneytin. En veigamestu málaflokkarnir hafa verið í höndum fimm ráðuneyta, en þau eru heilbr.- og trmrn., menntmrn., samgrn., landbrn. og félmrn. Svo er og að nokkrar stofnanir, bæði rannsókna- og eftirlitsstofnanir, starfa að umhverfisvernd á vegum hins opinbera. Þessum stofnunum er falið að sjá um ákveðna þætti umhverfismála auk annarra verkefna. Nefna má Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Siglingamálastofnun ríkisins, Skógrækt og Landgræðslu og Skipulagsstjórn ríkisins. Enn fremur sinna Hafrannsóknastofnun, sem starfar á vegum sjútvrn., Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem starfar á vegum landbrn., svo og Geislavarnir ríkisins og eiturefnanefnd, sem starfa á vegum heilbr.- og trmrn., ýmsum verkefnum sem tengjast umhverfisvernd. Það má því ljóst vera að svið svonefndra umhverfismála er ákaflega vítt. Þau koma víða við sögu og eru vissulega fyrirferðarmikil í þeim mörgu ráðuneytum þar sem þau hafa numið land og skipað sér til sætis á liðnum árum.

Það er langt síðan menn veittu því athygli að e.t.v. væri full þörf á að athuga og samræma þennan málaflokk og skipuleggja betur. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til lagasetningar. Það mun hafa verið fyrir hartnær hálfum öðrum áratug að hafist var handa um könnun á nýskipun og yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson, þáv. forsrh., níu manna nefnd undir formennsku Gunnars G. Schram til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frv. til laga um umhverfismál sem þáv. félmrh. Gunnar Thoroddsen lagði fyrir Alþingi vorið 1978. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, mörg frumvörp verið samin. Þau hafa ýmist verið lögð fram á Alþingi eða ekki náð lengra en á borð ráðuneyta og ráðherra.

Að mínum dómi er líklegt að ekki hafi verið fyrir hendi raunverulegur vilji á Alþingi fyrir því að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti. Það skýrir málið eins og það hefur gengið til á liðnum árum. Menn hafa óttast að slíkt ráðuneyti mundi stækka og þenjast út á skömmum tíma, það mundi verða dýrt í rekstri og þungt á fóðrum. Meiri þörf væri e.t.v. á því að fækka ráðuneytum en fjölga. Vafasamur hagnaður gæti orðið af því að brjóta upp ráðuneyti sem þróast hefðu í tvo áratugi samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands frá 1969 og flytja stóra málaflokka fram og til baka milli ráðuneyta. Ástæða væri til að fara varlega í þessum efnum og flýta sér hægt. Sannleikurinn er og sá að löggjafinn á ekki að gera sér að leik að breyta lögum breytinganna vegna, allra síst lögum sem telja má til grundvallarlaga næst stjórnarskránni sjálfri, svo sem lögum um Stjórnarráð Íslands.

Það skal skýrt og greinilega tekið fram að við sjálfstæðismenn erum áhugasamir umhverfisverndarmenn svo sem orð okkar, samþykktir og gerðir bera glöggt vitni um. En við töldum ekki tímabært að hleypa nýju ráðuneyti af stokkunum á þessum vetrarmánuðum svo sem við höfum gert ljósa grein fyrir. En nú verður að horfast í augu við þá staðreynd að búið er að segja á fót umhverfisráðuneyti og krýna umhverfisráðherra, ef svo má segja. En þá verður að sjá til þess að þetta nýja ráðuneyti fái nóg að starfa, fái einhver verkefni, að nægilega mörg vötn falli til þessa nýja ráðuneytis. Þetta verkefnaval þarf mjög að vanda og gefa þarf sér góðan tíma til að ákvarða hvaða málaflokkar verði færðir til hins nýja ráðuneytis. Umfram allt verður að gæta þess að rífa ekki málaflokk, sem búinn er að rótfesta sig í einu ráðuneyti, upp með rótum og kasta honum í hugsunar- og ábyrgðarleysi í annan stað. Eða kljúfa stofnanir í tvennt, kasta frá sér öðrum bitanum en halda hinum kyrrum á sama stað og verið hefur.

Ég leyfi mér að benda á að hæstv. umhvrh. virðist nú þegar hafa allnokkrum verkefnum að sinna. Ég leyfi mér að vitna í auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 96 frá 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands hefur hinn 23. febr. 1990 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest svohljóðandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 frá 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.“ Þar hljóðar 1. gr. svo:

„Við bætist ný 13. gr. og töluliðir síðari greina breytist til samræmis. Nýja greinin orðist svo:

Umhverfisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum, svo og gerð landnýtingaráætlana í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir.

2. Samræmingu aðgerða ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála, svo sem varðandi löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.

3. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál.

4. Umhverfisrannsóknir í samstarfi við stofnanir sem starfa að umhverfismálum.

5. Alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála."

Í 3. gr. þessarar auglýsingar segir: „Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi." Samkvæmt því er hægt að ganga þegar til starfa að þessum margbreytilegu málum.

Samkvæmt þessu tel ég að hið nýja umhverfisráðuneyti hafi þegar næg verkefni á sinni könnu, a.m.k. á meðan verið er að kryfja þessi mál öll betur til mergjar. Þá má spyrja: Hvers vegna er þörf á því að kanna þessi mál öll nánar? Svarið við þeirri spurningu er að finna í þeim fjölmörgu umsögnum og bréfum sem allshn. Nd. hafa borist um þessi frumvörp sem varða samsöfnun allra umhverfismála í eitt og sama ráðuneytið. Þær umsagnir sem sendar hafa verið til okkar, og eru fjölmargar svo sem fram hefur komið, eru nær allar á einn veg. Þær eru andvígar því að efni og anda að nýtt umhverfisráðuneyti safni til sín öllum málum er varða umhverfi og umhverfisvernd. En þar sem talsmaður minni hl. hv. allshn. í þessu máli, hv. 2. þm. Reykn., aðalframsögumaður minni hl., hefur rakið allmjög þær umsagnir sem borist hafa, skal það ekki endurtekið hér að neinu marki. Væri þó full ástæða til að hv. alþm. heyrðu eða læsu þessar umsagnir oftar en einu sinni ef þær mættu festast þeim í minni. Ég get þó ekki látið hjá líða að fletta ögn minnisblaði um umsagnir sem borist hafa allshn. vegna þingmála nr. 4, 128 og 129.

Þegar hinir ýmsu aðilar voru beðnir um að láta umsagnir í té var málið lagt fyrir þá mjög greinilega að mínum dómi. Þeim var aðallega bent á að svara fjórum meginspurningum sem voru þessar:

1. Hver er afstaða umsagnaraðilans til stofnunar sérstaks umhverfisráðuneytis?

2. Hver er afstaða viðkomandi til flutnings einstakra stofnana milli ráðuneyta? — Í mörgum tilvikum er einungis tekin afstaða til flutnings þeirra stofnana sem varða umsagnaraðila.

3. Hverjar eru helstu breytingartillögur sem umsagnaraðilinn vill koma á framfæri?

4. Hver er afstaða viðkomandi til þingsmáls nr. 4 um samræmda stjórn umhverfismála?

Þannig var búið um hnútana að svörin færu ekki út um víðan völl, enda eru þau mjög markviss og hnitmiðuð mörg hver. Ég leyfi mér að grípa ofan í þessi svör svona af handahófi. Eitt sem vakti alveg sérstaka athygli nefndarmanna og ég held flestra aðila sem hafa skoðað þessi mál var sú tillaga að færa Veðurstofu Íslands frá samgrn. til hins nýja umhverfisráðuneytis. Það væri auðvitað sök sér ef við réðum að einhverju leyti veðri og vindum en því er nú ekki svo farið. Ég held að fá rök finnist fyrir því að hreyfa Veðurstofuna úr sæti úr því ráðuneyti þar sem hún hefur verið áratugum saman, enda hníga umsagnir í þá átt.

Í umsögn frá Dýralæknafélagi Íslands er talað um að félagið telji stofnun ráðuneytis varhugaverða þar sem ekki er sett fram umhverfisstefna. Þeir leggja til að stofnað verði heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti. Í bréfi frá Rannsóknaráði ríkisins kemur fram að ráðið telur ekki tímabært að stofna umhverfisráðuneyti. Hér grípég niður í eina umsögn þar sem segir, með leyfi forseta: „Er á móti stofnun umhverfisráðuneytis þar sem óskynsamlegt er að aðskilja yfirstjórn nýtingar og verndunar auðlindanna. Ráðuneytið auki á miðstýringu og sé of kostnaðarsamt." Og hér grípég niður í umsögn frá Stéttarsambandi bænda. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Stéttarsambandið leggur áherslu á að hlutverk væntanlegs ráðuneytis á sviði landgræðslu og skógræktar verði einskorðað við eftirlit með ástandi gróðurs og fræðslu um gróðurverndarmál. Framkvæmdaþáttur gróðurverndar og aðgerðir til landfriðunar verði áfram undir stjórn landbrn. Sama gildi um málefni skógræktar ef frá er talið eftirlit með náttúrulegum birkiskógum."

Og hér er umsögn frá landbrn. Þar segir svo m.a., með leyfi forseta: „Ráðuneytið og viðkomandi stofnanir hafa eindregið varað við því að öll verkefni stofnananna yrðu flutt úr landbrn. og telja að af því hefði getað orðið stórslys." Benda þessir aðilar á ósamræmi í tilflutningi verkefna þar sem öðrum ráðuneytum en landbrn. er ætlað forræði yfir þeim auðlindum er undir þau heyra. Vitnað er til Brundtland-skýrslunnar og talið að sú skipan sem er á umhverfismálum í dag sé í anda hennar. Ráðuneytið telur eðlilegt að gróðureftirlitið verði í umhverfisráðuneyti í samstarfi við stofnanir landbrn., þ.e. Landgræðslu og Skógrækt, en gróðurrannsóknir og gróðurvernd eigi að vera vistaðar hjá viðkomandi fagráðuneyti og stofnunum þess. Þannig mætti lengi lesa.

Hér segir í útdrætti úr umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands: „Búnaðarfélag Íslands telur brýnt að sem víðtækust samstaða náist um stjórn umhverfismála, bæði innan stjórnsýslunnar og meðal alls almennings." Og vissulega er það mikið atriði sem er bent á, að þegar staðið er að slíkum breytingum sem hér um ræðir ríki um það nokkurn veginn einhugur þeirra manna sem þar koma aðallega við sögu og taka eiga á málunum til frambúðar.

Í umsögn frá Bændaskólanum á Hólum segir svo: „Stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis ber keim af friðþægingu og er spor af leið ef eitthvað er. Ekki kemur fram nein sérstök stefnumótun í umhverfismálum og skilgreining þeirra er of þröng. Eðlilegt væri að slá öllum ráðuneytum í eitt umhverfisráðuneyti þar sem mengun og ræktun lands og lýðs verður

ekki aðskilin.“ Og í umsögn frá Bændaskólanum á Hvanneyri kemur fram að forráðamenn hans telja að í eðli sínu eigi umhverfismál ekki að vera í sérstöku ráðuneyti þar sem aukin hætta er á miðstjórn. Einnig sé best að saman fari ábyrgð og framkvæmd. Með slíku ráðuneyti eykst hætta á árekstrum milli þéttbýlisbúa og bænda. Þannig mætti lengi telja.

Við íslenska lagasmíð er oft og iðulega höfð hliðsjón af norrænni löggjöf. Eins og allir vita er oft mjög náin samvinna, svo sem alkunna er. Ekki þykir þó gott að taka allt upp eftir frændum okkar á Norðurlöndum að lítt athuguðu máli. Þvert á móti þarf oft að skoða ítarlega hvort þetta ákvæði eða hitt muni henta alls kostar hér á landi. Það er því fróðlegt að virða ögn fyrir sér hvernig skipan þessara mála er háttað um Norðurlönd. Ég er ekki nákunnugur þeim málum en ég hygg að það sé með nokkuð mismunandi hætti hver séu helstu verkefni umhverfisráðuneyta á Norðurlöndum. Og eftir því sem ég veit best eru þau mál í athugun, a.m.k. í Danmörku og e.t.v. víðar.

Á Norðurlöndum er gert ráð fyrir tilteknum stjórnarstofnunum sem fara með tiltekið vald á ákveðnum þáttum umhverfismála. Valdsvið þessara stofnana eða stjórna þeirra virðist vera mjög margbreytilegt. Þá virðist gert ráð fyrir nokkuð formbundnu starfi ráðuneyta og má sjá að nauðsyn þess er fyrst og fremst talin sú að umhverfisþættir verði þegar á frumstigi kannaðir sérstaklega og vægi þeirra í töku ákvarðana metið þegar í byrjun. Að vísu eru starfandi ráðuneyti á öllum Norðurlöndum, sérstök umhverfisráðuneyti, en það er allmjög breytilegt hvaða verkefni þeim eru falin. Í annan stað eru mörg verkefni sem snerta umhverfismál í öðrum ráðuneytum en þeim sem sérstaklega bera heitið umhverfisráðuneyti. Og eins og ég vék að munu þessi mál vera sérstaklega í endurskoðun í Danmörku, hvernig eigi að haga þeim, hver eigi að vera helstu verkefni og hvernig skipulag umhverfisráðuneytis eigi að vera. Ekki verður því sagt að sú íslenska skipan sem hér er gert ráð fyrir að upp verði tekin hafi fastákveðnar eða fastmótaðar fyrirmyndir um Norðurlönd.

Hv. 2. þm. Reykn. gerði í ræðu sinni nákvæma grein fyrir brtt. þeim sem minni hl. allshn. hefur gert og vísa ég til nál. og brtt. okkar á þskj. 725 og 726. Verður því ekki farið mjög miklu nánar út í umræðu um þau efni hér. Ég mun ekki heldur ræða frekar hinar mörgu skriflegu umsagnir sem látnar hafa verið í té af ýmsum aðilum. Þar er þó enn af nógu að taka.

Fróðlegt var að ræða við alla þá sem kallaðir voru eða komu sérstaklega á fund allshn. Á engan er hallað þó að sérstaklega sé nefndur ráðuneytisstjórinn í landbrn. en auðheyrt var að hann hafði skoðað þessi mál mjög vandlega og aflað sér mikils fróðleiks um þau málefni. Þá var og mjög lærdómsríkt að taka á móti og fá tækifæri til að ræða málið við fjóra fulltrúa af búnaðarþingi því sem lauk í gær. Þeir komu í stutta heimsókn á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir afstöðu sinni til málsins en um það fjölluðu þeir einmitt meðal annarra mála á búnaðarþingi. Afstaða fulltrúanna fjögurra var glögg og greinileg eins og fram kemur í ályktun þingsins og greinargerð. Ég leyfi mér að vitna í nokkrar setningar í ályktun og greinargerð búnaðarþings um þetta mál. Það er þá fyrst:

„Búnaðarþing skorar á Alþingi að vanda undirbúning og val á þeim verkefnum sem umhverfisráðuneyti er ætlað að vinna.“ Í öðru lagi er í greinargerð, eins og ég raunar gat um í máli mínu hér áðan, vikið að því að nágrannalöndin hafi reynslu af umhverfisráðuneytum. Í skýrslu sem kennd er við Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsrh. Noregs, og oft og iðulega er vitnað í, er varað við að taka ákveðin framkvæmdarverkefni frá viðkomandi fagráðuneyti. Farsælla reynist að umhverfisráðuneyti sé fyrst og fremst til eftirlits. Og loks er bent á þá grundvallarreglu sem ríkt hefur í stjórnsýslu hér á landi, að atvinnuvegir hafi forræði yfir þeim auðlindum sem þeir byggjast á.

Með hliðsjón af öllu því sem ég hef nú nefnt tel ég mikið óráð að ætla sér að knýja fram þær breytingar allar sem hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar ætla að ná fram hvað sem það kostar. Ólíkt hyggilegra teldi ég að vinna málið betur og reyna að ná meiri og einlægari samstöðu um það meðal alþingismanna og landsmanna allra. Hæstv. umhvrh. hefur þegar næg verkefni fyrst um sinn, eins og áður er vikið að. Þess vegna er vel hægt að gefa sér góðan tíma til að skoða málið betur og ráða fram úr því eftir leiðum sem fleiri geta fellt sig við og sætt sig við en nú virðast nokkrar horfur á vera.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í örfáum orðum ræða það frv. sem hér liggur fyrir og hefur nú loksins verið afgreitt út úr nefnd á nýjan leik, ekki síst þar sem ég skrifaði undir nál. með fyrirvara af ákveðnum ástæðum.

Starf nefndarinnar var umfangsmikið og margir kallaðir til umfjöllunar um málið, enda stórt í sniðum. Þau atriði sem ég geri athugasemdir við snerta landbúnaðinn sem atvinnuveg. Því miður get ég ekki fylgt stjórnarliðum að málum hvað ákveðin atriði varðar. Mér leiðist nú heldur að geta ekki verið samstiga ríkisstjórninni í þessu máli því mér finnst að henni hafi tekist vel til á mörgum sviðum. Ekki síst við að skapa hér nýtt efnahagsumhverfi og taka á þeim miklu vandamálum sem við blöstu á haustdögum 1988. Þó það skuli viðurkennt að margt er óleyst og mörg ljón á veginum þá finnst mér að starf ríkisstjórnarinnar hafi í mörgum atriðum tekist mjög vel. En ég verð því miður að áskilja mér rétt í þessu máli til að flytja eða fylgja brtt. sem ég hygg að verði frekar niðurstaðan. Ég sé að við það sem ég hef gert athugasemdir eru komnar fram brtt. í ákveðnum atriðum sem ég mun fylgja.

Ég vil á þessu stigi segja það að menn hafa deilt um hvort stofna bæri umhverfisráðuneyti. Ég hef stutt ríkisstjórnir sem hafa haft það á stefnuskrá sinni að stofna umhverfisráðuneyti. Ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa íhugað þessi mál og rætt við marga að sú ákvörðun sé rétt. Við þurfum að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í umhverfismálum. Við eigum meira

undir því en flestar aðrar þjóðir að tekið verði á þeim vandamálum sem við blasa í umhverfismálum, umgengni við land, umgengni við haf, hvernig menn fara með úrgangsefni, hættuleg efni o.s.frv. Ég vil að Íslendingar taki að fullu þátt í þeirri varnarbaráttu. Ég held því fram að það sé varnarbarátta mannlífsins á jörðinni sem menn eru að heyja og þess vegna eigum við af fullum þunga að taka þátt í því starfi. Og við þurfum þess auðvitað líka hér heima. Það skal auðvitað viðurkennt að okkar stærsta umhverfisvandamál er sú þróun sem hefur orðið hvað gróður og fleira varðar í landinu. Um orsakir þess hafa menn kannski allt of mikið deilt um. Ég hlustaði t.d. í gær á ágæta ræðu sem hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson flutti þar sem hann benti að ég held á helstu orsakir fyrir þeim uppblæstri sem hefur orðið. En það var að staða grunnvatnsins hefur lækkað og hann benti einmitt á að menn mundu kannski sjá það eftir þessa tvo snjóavetur að breyting mundi verða á hvað gróðurfar varðar. Mig langar að fara yfir þau atriði sem ég geri athugasemdir við og fara aðeins dýpra ofan í það hvers vegna ég fylgi ekki meiri hlutanum alfarið.

Ef ég skoða frv. þá er þar hvað 1. gr. varðar að ég hef bæði í mínum þingflokki og ekki síður í nefndarstarfinu bent á að óæskilegt væri að setja tvö höfuð yfir Landgræðsluna. Út úr frv. þyrftu að fara orðin í 1. gr. að Náttúruverndarráði „ásamt Landgræðslu ríkisins verði falið að vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs." Ég vil að orðin „vinna að gróðurvernd" hverfi þarna út af ákveðnum ástæðum. Mér finnst það allt of algengt hér þinginu og í þjóðfélaginu að menn skilji ekki hvað þessi orð merkja.

Ég get vel fallist á að Náttúruverndarráð komi inn í eftirlit með ástandi gróðurs og umhverfisráðuneytið hafi þar einhvern tillögurétt eins og lagt er til. En ég fellst ekki á að þeir vinni að gróðurvernd, eins og sagt er, því að það snýst um allt annað atriði. Það er eins og segir í umsögn frá Landgræðslu ríkisins:

„Gróðurvernd er óaðskiljanlegur hluti af landgræðslu og í flestum tilvikum byggjast gróðurverndaraðgerðir á nýtingu tækja, mannafla og sérþekkingar sem Landgræðslan hefur yfir að ráða. Gróðurverndin er mjög umfangsmikið framkvæmdarstarf sem felst í margháttuðum verklegum framkvæmdum. Forræði gróðurverndar á að vera hjá fagráðuneyti sem hefur með nýtingu gróðurs og jarðvegs að gera. Nauðsynlegt er að þeir sem taka ákvarðanir í þágu gróðurverndar beri einnig ábyrgð á afleiðingum þeirra, t.d. gagnvart byggðarlögum og atvinnurekstri. Landgræðslan telur að það verði málefninu ekki til framdráttar að Náttúruverndarráði verði formlega falið framkvæmdahlutverk í gróðurverndarmálum. Landgræðslan hefur tiltrú almennings og þorra bænda á því sem verið er að gera."

Þetta er aðalatriðið, að menn eru með þessari tillögu, ef þetta verður að lögum, að taka ákvörðun um það að tveir aðilar fari að skipta sér af sömu hlutunum og með þessum hætti taka þeir þennan mikla þátt undan atvinnuveginum að hluta. Ég tel því að menn verði að átta sig á því að það er í lagi að Náttúruverndarráðið komi þarna inn og hafi eftirlit með ástandi gróðurs en ekki að það verði með afskiptasemi hvað snertir gróðurverndaraðgerðir, nýtingu tækja og mannafla, upprekstur o.fl. Ég held að þá skorti þá sérþekkingu sem Landgræðslan hefur yfir að ráða og hefur aflað sér á síðustu árum, fyrir utan hitt sem ég hef hér rakið, að það er auðvitað afskaplega óheppilegt þegar ábyrgðin fer að skiptast á milli margra aðila. Þess vegna minni ég þingheim á að skilja þetta rétt, hvað í þessu felst og hvað það væri rangt að kljúfa Landgræðsluna með þessum hætti. Það er staðreynd að Landgræðslan hefur í flestum tilvikum náð mjög mikilli sátt við bændurna um að fara að þeim tillögum sem Landgræðslan leggur til hvað upprekstur og friðun varðar. Hún á því bæði tiltrú í þéttbýli og ekki síður úti í sveitunum. Þarna væri því mjög skakkt að farið ef menn færu að valda árekstrum og átökum.

Í þessu efni má kannski segja að því miður hefur það blasað við að það eru ákveðin öfl sem vilja sækja fram í þessu máli fyrst og fremst með það í huga að finna einhvern ákveðinn óvin til að glíma við og þá í þessu tilfelli bændastéttina. Hún hefur verið borin röngum sökum því að ég þekki það nú vel að bændurnir eru stuðningsmenn gróðurverndar og landgræðslu sem eðlilegt er.

Ég get sagt það í þessu efni að hér sé ég að nokkrir þingmenn hafa lagt fram brtt. Það eru hv. þm. Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson sem hafa lagt fram brtt. sem ég get stutt, á þskj. 726. Ég get vel stutt a- og b-lið í þeim brtt. sem þeir leggja til hvað þetta varðar sem ég hef hér gert að umræðuefni, að orðin „vinna að gróðurvernd og" í fyrri mgr. falli brott og síðan í b-lið: Í stað orðanna „vinna að verndun og eftirliti" komi: hafa eftirlit.

Ég var kominn að því að ræða 8. gr. frv. sem snertir hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Eftir að hafa hlustað á menn sem þekkja þau svið mjög hef ég sannfærst um það að umhverfisráðuneyti verður að hafa á sinni hendi hina ytri mengun, umhverfismengunina. Þess vegna hef ég hneigst frekar að þeirri skoðun að kljúfa beri Hollustuverndina í þessu tilfelli því að ég sé enga ástæðu til þess og það mun hvergi vera að heilbrigðiseftirlit hvað matvæli og fleira varðar sé undir umhverfisráðuneyti. Þess vegna hefur mín niðurstaða, eftir að hafa bæði reynt að lesa mér til og hlusta á menn í þessum efnum, verið sú að það bæri að kljúfa Hollustuverndina með það í huga að mengunarþátturinn færðist til umhverfisráðuneytis en heilbrigðiseftirlitið yrði aftur á móti áfram undir heilbrrn.

Sama má segja um 14. gr. frv. sem er um Geislavarnir ríkisins. 80–90% af starfsemi Geislavarna ríkisins heyra undir heilbrrn., sjúkrahúsin, þannig að ég hefði talið eðlilegast að þær yrðu áfram hjá heilbrrn.

Auðvitað mætti minnast á fleiri atriði. Menn ræða um eyðingu minka og refa og eyðingu vargfugls. Ég sá það í nýsettri reglugerð sem ég fékk í morgun að

líklega er orðið tímabært að færa fuglaverndina undan menntmrn. því að ég sá að í reglugerðinni stendur að menn megi eyða hröfnum og öðrum mávategundum. Þeir eru ekki betur að sér í menntmrn. en það að þeir halda að hrafninn sé mávategund svo að það er nú kannski rétt að fara að koma hrafninum undir nýja húsbændur.

Það sem hefur kannski komið mér á óvart, bæði í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar og hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, er að nú hafa þeir snúið við blaði sínu. Nú viðurkenna þeir það sem þeir hafa ekki gert fyrr úr þessum ræðustóli, að umhvrh. hafi næg verkefni. Mánuðum saman hefur Sjálfstfl. hrópað úr þessum ræðustól að þetta væri ráðuneyti án verkefna. (**Gripið fram í:** Hann fékk þau með reglugerðinni.) Það er hárrétt, hv. þm. En þegar hæstv. forsrh. sagði hér að reglugerðin mundi færa honum verkefni man ég ekki betur en þið hafið einnig mótmælt því. Auðvitað var það ljóst að hæstv. umhvrh. fékk næg verkefni með reglugerðinni og ég get vel tekið undir þær skoðanir ykkar að kannski hefði það verið eðlilegast um sinn að þau verkefni sem hann einmitt fær með reglugerðinni yrðu þau verkefni sem hann hefði út þetta kjörtímabil því að ég held að það sé gríðarleg vinna sem nú þarf að leggja í fræðsluþáttinn sem hér hefur verið minnst á og ekki síður í samskiptin við erlendar þjóðir þannig að mér finnst hann hafa ærin verkefni og að sá málflutningur sem menn höfðu hér í frammi um þetta ráðuneyti hafi gert ógagn. Fræðslan og samstarfið við aðrar þjóðir eru mikil verkefni og rödd okkar Íslendinga á að hljóma sterkt í umhverfismálum. Við eigum mikið undir því, eins og ég gat hér í upphafi, ekki síst varðandi mengunina í hafinu, fiskstofnana o.s.frv.

Hér er kominn í salinn einn af samstarfsmönnum mínum í allshn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Í stuttu máli hef ég gert athugasemdir við meirihlutaálitið sem við skrifuðum undir og þar vega langþyngst, af því að hv. þm. mætti ekki á síðasta fundi nefndarinnar, athugasemdir við 1. gr. frv. sem snýr að því að fella út fjögur lítil orð um gróðurverndina. Ég hef beðið menn að átta sig á því að gróðurverndin snýr fyrst og fremst að framkvæmdaratriðum sem Landgræðsla ríkisins hefur séð mjög vel um á síðustu árum og væri mjög óheppilegt að kljúfa Landgræðslu ríkisins upp með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vænti þess að þingheimur geri sér þá grein fyrir því að mitt sérálit snýr fyrst og fremst að þessu atriði, að fella í burtu þessi fjögur orð og sjá til þess að Landgræðsla ríkisins verði ekki klofin upp og þannig skapaður ófriður um þau mikilvægu málefni sem hún hefur sinnt með svo mikilli prýði.

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði hér í ræðu sinni er hann lýsti samstarfi stjórnarflokkanna í allshn. Sjálfsagt er það talandi dæmi um hvernig samstarf stjórnarflokkanna almennt er og væntanlega á ríkisstjórnarheimilinu líka því að samstarf þeirra félaga í allshn. er það að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur einu sinni mætt á fund þessarar nefndar og það var til þess að greiða atkvæði um það að koma 129. máli út úr nefnd. Það er nú allt samstarfið sem hv. þm. var hér að vitna til og segir kannski meira en ég get lýst. (**Gripið fram í:** Hann var ekkert á þeim fundi.) Nú, hann var ekki einu sinni á þeim fundi. Það kemur þá enn betur í ljós samstarfið. Hins vegar minnist ég þess að hv. þm. kom augnablik inn á einn fund og einn fundur er rétt með farið. Ég bið hv. þm. afsökunar ef málefnin hafa eitthvað skolast til.

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða um verkefni sem eiga að færast til umhvrn. og ég tel algjört skilyrði að viðstaddur slíka umræðu sé sá ráðherra sem með það málefni á að fara og hlusti á rök stjórnarandstöðunnar og það mál sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa. Þess vegna vil ég nú fara þess á leit að hæstv. ráðherra, sem ég hygg að hljóti að vera í húsinu, verði kallaður í þingsal og hlýði á mál stjórnarandstæðinga. (**Forseti:** Vegna þessara orða vill forseti geta þess að ljóst var að fyrir hádegi í dag yrði ríkisstjórnarfundur og því yrði mjög erfitt fyrir hæstv. ráðherra sem þetta mál snertir að vera viðstaddir umræðuna. Af þeim sökum gerði forseti ráðstafanir til þess að þeir ræðumenn sem hér töluðu í málinu gerðu ekki kröfu til þess að ráðherrar yrðu viðstaddir umræðuna. Ég get hins vegar skilið óskir hv. 5. þm. Vesturl. um það að hæstv. umhvrh. verði hér. Hann er væntanlegur í húsið tiltölulega fljótlega og vil ég þess vegna spyrja hv. ræðumann hvort hann fallist á að fresta ræðu sinni enn á ný og hleypa öðrum ræðumanni fram fyrir sig sem vildi fjalla um málið án þess að hæstv. ráðherrar væru viðstaddir eða hvort forseta væri þá ekki heimilt að taka fyrir annað málið á dagskrá, um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, á meðan ráðherrar eru ekki komnir til fundar.)

Hæstv. forseti. Þegar þessi fundur var um það bil að hefjast kom hæstv. forseti að máli við mig um það að hæstv. umhvrh. þyrfti að sitja ríkisstjórnarfund og hvort sá sem hér stendur væri tilbúinn að hleypa einum ræðumanni fram fyrir sig í þessu máli. Við því varð sá sem hér stendur góðfúslega. Það var hins vegar mistúlkað á einhvern hátt og tveir ræðumenn töluðu hér á undan þeim sem hér stendur. Ég féllst á það að fresta ræðu minni um stund þar sem forseti deildarinnar boðaði það að ráðherra væri væntanlegur í húsið. Það var ástæðan fyrir því að ég féllst á frestunina. Nú er liðinn klukkutími og ráðherra er ekki enn hér þó að hann hafi sýnt sig í mýflugumynd um tíuleytið þannig að ég mun þiggja boð forseta um að fresta enn ræðu minni og hlýt að gera það að kröfu að hæstv. ráðherra sinni þinglegri skyldu sinni og hlusti í það minnsta á þau mál sem hann varða. Ég fellst hins vegar ekki á það að hleypa enn á ný ræðumönnum fram fyrir mig í þessum málaflokki. (**Forseti:** Forseti getur fallist á þetta og mun því taka fyrir annað málið á dagskrá, fjárgreiðslur úr ríkissjóði á eftir. Hins vegar vill forseti taka alveg skýrt fram svo að það fari ekkert á milli mála hér í hv. deild að forseti hefur fullt leyfi til að hagræða þeim sem á

mælendaskrá eru svo að jöfnuður komi þar bæði milli flokka og milli andstæðinga og stuðningsmanna tiltekinna mála sem eru til umræðu.) Hæstv. forseti. Mér er þetta fyllilega ljóst. Hins vegar var staðan sú að ég var í miðri ræðu og ég held að forseta sé það alveg ljóst. Og ég held að forseti hafi ekki þau völd að *slíta ræður manna í sundur margsinnis* þó að ég geri mér alveg grein fyrir að forseti hafi völd til að hagræða mælendaskránni að einhverju leyti. (**Forseti:** Um þetta ætlar forseti ekki að deila við hv. þm. en ræðu hans er nú frestað á nýjan leik og fyrsta dagskrármálinu jafnframt.)

Umræðu frestað.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er nú dálítið ankannalegt að taka til máls um þetta mál nú. Tveir hæstv. ráðherrar sem fara með framkvæmdarvald sem frv. þetta snýst mjög verulega um hafa tekið til máls í þessum umræðum og gert athugasemdir við frv. Ég ætlaði satt að segja að reyna að svara athugasemdum þeirra þegar þeir væru við vegna þess að það er hálft í hvoru út í hött að ræða athugasemdir þeirra og umkvartanir um þetta frv. án þess að þeir séu sjálfir viðstaddir. Ég vildi því eindregið spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta hvort einhver möguleiki væri á því að fallast á þá ósk, þó ég skilji það og virði að sjálfsögðu að hans er valdið í þessum málum. Ef hans niðurstaða er á *annan veg hlýt ég auðvitað að halda fram minni ræðu.*

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hefur mjög ríkan skilning á þörf hv. þm. fyrir viðveru hæstv. ráðherra hér í deildinni. Hæstv. ráðherrar eru mannlegir og geta vart verið á tveimur stöðum í einu. Forseti ber þá virðingu fyrir hæstv. ríkisstjórn að hann vill ekki trufla fundi ríkisstjórnarinnar. Ég hygg að allir þeir hv. deildarmenn sem verið hafa ráðherrar skilji vel að það er ekki vel þegið að þingið trufli ríkisstjórnarfundi.

Forseti mun af þessum sökum og vegna orða tveggja síðustu ræðumanna fresta þessari umræðu í um það bil 10 mínútur og kanna hvernig gengur með umræður á ríkisstjórnarfundi og hvenær von er á hæstv. ráðherrum hingað í þingsali svo að við megum halda áfram umræðum. Hins vegar er það svo að forseti gerir sér fulla grein fyrir því og hafði af því áhyggjur fyrir þennan fund að þessir fundir mundu skarast, þ.e. fundir ríkisstjórnarinnar og fundir í deildum. Það væri alveg ljóst og kynni að fara á báða vegu með framgang mála vegna þess arna. En forseti frestar nú fundi í 10 mínútur. Ef ráðherrar geta hins vegar ekki komið til fundar á skikkanlegum tíma, því að ekki var áætlað að hafa þennan fund mikið lengur en til hádegis, þá verður forseti að grípa til þess ráðs að slíta fundi hér í deildinni. Fundinum er frestað í 10 mínútur.

Umræðu frestað.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna komu ráðherra inn í salinn og þakka honum fyrir að bregðast jafnskjótt við og raun ber vitni. Ég var rétt byrjaður á ræðu minni hér fyrir tveim dögum þegar hlé þurfti að gera á henni, en þar hafði ég lítillega *fjallað um það nál. sem ég stend að ásamt hv. þm.* Friðjóni Þórðarsyni og Ólafi G. Einarssyni og einnig þær brtt. sem við stöndum að og fram eru settar á sérstöku þskj.

Ég ætla ekki, eins og fram kom þá, að fara neitt sérstaklega ofan í þær brtt. enda tel ég að hv. frsm. minni hl. hafi gert það allvel og ekki þörf á að fara mikið meira út í þá sálma. Hins vegar má vel vera að ég geri það þegar líða tekur á ræðuna.

Ég hafði einnig komið lítillega inn á störf nefndarinnar sem ég gagnrýndi og taldi að betur hefðu mátt fara. Þetta frv. var sent út til fjölmargra umsagnaraðila og þeir beðnir um að leggja mikla vinnu í að senda inn umsagnir sem margir þeirra og gerðu. Síðan var lítið sem ekkert með þessar umsagnir gert. Aðrir sem ekki sáu sér fært að senda inn umsagnir voru boðaðir á fundi nefndarinnar og spjallað við þá og heyrt ofan í þá og þeirra álit fengið. Fram komu, bæði hjá þeim sem sendu inn umsagnir og eins þeim sem komu til viðræðna við nefndina, mjög miklar efasemdir um þetta frv. og mjög margar athugasemdir. Menn voru í raun ekki beðnir að taka afstöðu til annars en málaflokka, ekki til stofnunar þessa ráðuneytis. Hins vegar er ljóst að frá þessum aðilum koma bestu rökin í málinu. Þetta eru þeir aðilar sem eiga að vinna undir þessu nýja ráðuneyti og hafa að sjálfsögðu reynslu af sínum málaflokkum. Þess vegna tel ég alveg nauðsynlegt að farið sé yfir þær umsagnir sem borist hafa að einhverju leyti. Ég mun aðeins gera það lítillega. Þó er það allnokkuð vegna þess að allmargar umsagnir bárust. Ástæða þess er að, eins og ég sagði, stærstu rökin í málinu koma fram þar og ekki síður að stjórnarliðar hafa, eftir því sem ég best veit og kemst næst, alls ekki kynnt sér þessar umsagnir og vita að ég hygg næsta lítið um málið.

Fyrir tilstuðlan stjórnarandstöðunnar hefur verið hægt að halda þessu nefndarstarfi úti vegna þess að stjórnarliðar hafa vægast sagt mætt mjög illa til þeirra nefndarstarfa. Ég kom örlítið inn á það hér fyrr í

morgun að einn ákveðinn hv. þm., sem nú yfirgefur salinn, hefur ekki eytt ýkjamiklum tíma í störf nefndarinnar. Það hefur komið fram að nefndin hefur haldið um 14 fundi, bara um þetta eina mál hér, og af þessum 14 fundum hefur sá hv. þm. aldrei mætt. Það hlýtur að vekja upp ýmsar hugsanir til hvers menn eru yfir höfuð að takast á hendur að sitja í nefnd þegar alveg augljóst er, vegna setu þeirra í öðrum nefndum sem krefjast mikils tíma, að þeir geta ekki sinnt nefndarstarfinu. Ég tel þetta íhugunarefni og að menn ættu að skoða sinn gang örlítið betur áður en þeir fallast á að taka slík störf að sér. Aðrir stjórnarliðar í nefndinni hafa mætt mjög illa. Eini stjórnarliðinn sem hefur mætt er formaður nefndarinnar. Hinir hafa mætt mjög slitrótt og sýnt þessu máli nánast engan áhuga og virðist það vera talandi dæmi um það, t.d. um mætingu hér í þingsal í dag, hún er svona svipuð og nefndarstörfin hafa verið, að það er nánast enginn áhugi fyrir málinu, enda stjórnarliðar ekki mikið verið að tjá sig um þetta mál.

Ég hóf ræðu mína hér í fyrradag á því að líta yfir erindi sem Freysteinn Sigurðsson hafði flutt þar sem hann skilgreinir umhverfi. Ég taldi það ágætis inngang í málið, að það lægi nokkuð ljóst fyrir hver skilgreining hans er á umhverfi. Ég tel hana að miklu leyti rétta, hef sjálfur ekki meiri þekkingu á þeim hlutum en hann og tek hana sem góða og gilda.

Hv. þm. Guðni Ágústsson gengur hér fram hjá. Það var athyglisvert að hlusta á hans ræðu hér fyrr í morgun þar sem hann gerði m.a. athugasemdir og að ég hygg létt grín að samstarfi sínu við þann fulltrúa Alþfl. sem í nefndinni situr. Ég taldi það gott dæmi um samstarfið í ríkisstjórninni, hvernig það væri. En hv. þm. Guðni Ágústsson kom inn á það að verið væri að ögra bændum og jafnvel að kalla á stríð við bændur ef 1. gr. yrði samþykkt óbreytt. (**GuðnÁ:** Aðallega kljúfa framkvæmdirnar.) Aðallega kljúfa framkvæmdirnar, segir hv. þm. og rökstuddi það m.a. með því að Landgræðslan yrði undir tveim herrum, fengi tvö höfuð. Ég tek fyllilega undir málflutning hans í því efni. Jafnframt lýsti hv. þm. því yfir að hann mundi styðja þá brtt. sem ég stend að ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni og Friðjóni Þórðarsyni og að sjálfsögðu fagna ég því. Ég mun að vísu fara betur yfir málflutning hv. þm. þegar ég hef lokið yfirreið minni um umsagnirnar, en mér fannst aðeins skorta á það í yfirlýsingum hans um stuðning við þessa brtt. hvað hann hygðist gera ef þessi tillaga fengist ekki samþykkt. Má þá skilja það sem svo að þingmaðurinn muni ekki styðja frv.? Ég hygg að það hljóti að merkja að ef þessi brtt. næst ekki fram muni þingmaðurinn leggjast gegn frv. Svo sterk voru rök hans í málinu. Fyrir utan það þekki ég ekki þingmanninn að öðru en að fylgja eigin samvisku. Ég trúi því ekki öðru en að þannig muni málið fara, annaðhvort fáist það samþykkt með hans atkvæði eða hann greiðir atkvæði gegn frv. Að sjálfsögðu reikna ég með því að hv. þm. muni hér á síðari stigum gera betur grein fyrir afstöðu sinni og lýsa þessari túlkun minni sem réttri.

Hv. þm. hafði efasemdir um aðra þætti í frv. en vildi þó ekki lýsa því yfir hvaða afstöðu hann tæki endanlega, t.d. varðandi 8. gr. og Hollustuverndina sem hann þó lýsti sig reiðubúinn til að kljúfa upp. Eins var hann með efasemdir um Geislavarnir og færði þau rök sem hafa náttúrlega komið fram að 80–90% af starfsemi Geislavarna heyri undir heilbrrn. og heilbrigðisgeirann.

Fjórði punkturinn sem ég hafði tekið niður eftir hv. þm. var sá, og kannski sá athyglisverðasti, að hæstv. umhvrh. og ráðuneyti hans hefði nú þegar næg verkefni. Undir þetta tek ég vissulega. Ég reikna með því að hv. þm. muni, ef tillaga í þá veru mundi koma fram, fylgja slíkri tillögu. Ég kalla eftir skoðun hv. þm. á því hvort þetta sé rétt túlkun hjá mér.

Hins vegar var einhver þörf hjá honum að hnýta í stjórnarandstöðuna sem hafði gagnrýnt að hér væri ráðuneyti án verkefna, sem vissulega var rétt á þeim tíma sem sú gagnrýni var sett fram. Í Stjórnartíðindum er birt auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð sem sett var 23. febr. 1990 um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Þar er forseti Íslands að staðfesta tillögu forsrh. um þá reglugerð sem þar kemur fram. Í 1. gr. er m.a. sagt að umhverfisráðuneyti fari með mál er varða eftirfarandi:

1. Alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum, svo og gerð landnýtingaráætlana í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir.

2. Samræmingu aðgerða ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála, svo sem varðandi löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.

3. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál.

4. Umhverfisrannsóknir í samstarfi við stofnanir sem starfa að umhverfismálum.

5. Alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála.

Þetta er aðeins 1. gr. í þessari reglugerð og ég tek hér fyllilega undir það með hv. þm. Guðna Ágústssyni að þetta eru, eins og hans mat var, ærin verkefni fyrir þetta nýja ráðuneyti. Og ég hlýt að skilja orð hans á þá leið að komi fram tillaga á seinni stigum þessa máls um það að þessi verkefni dugi og unnið verði betur að málinu muni hann fylgja slíkri tillögu. Enda, eins og ég sagði hér fyrr, veit ég að þingmaðurinn fylgir eigin samvisku og lætur ekki aðra búa til sínar skoðanir.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að verkefnin eru næg. Hér er t.d. þriðji þátturinn í reglugerðinni, fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál. Þar er geysivíðtækur málaflokkur sem undir þetta ráðuneyti fellur og vissulega mikið verk þar fram undan. Og í fimmta lagi er það sem ég held að heilli kannski hinn nýja ráðherra hvað mest, alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála. Það eru því ærin verkefni fram undan. Ég held að ég hafi lesið það einhvers staðar, eða hvort ráðherrann sagði það ekki hér úr ræðustól, að hann gæti nánast verið í hverri

viku á einhvers konar ráðstefnu um umhverfismál hér og þar í heiminum. Ég hygg að hann muni reyna að taka sem virkastan þátt í því. En þetta er nú svona smáútúrdúr. Ég ætla að fara betur í þessa reglugerð þegar ég hef lokið yfirreið minni yfir umsagnir sem ég hef tínt út. Þetta eru allnokkrar umsagnir en engu að síður hef ég grisjað þær mikið. Ég vil ítreka að ég tek ekki undir allt sem fram kemur í þeim en þær munu leiða í ljós að verulegur ágreiningur er um þetta mál.

Í síðustu viku var það meining formanns allshn. Nd. að taka málið út úr nefndinni. Hann frestaði því vegna þess að fulltrúar búnaðarþings óskuðu eftir að fá að koma á fund nefndarinnar og ræða við hana. Formaðurinn varð góðfúslega við því og fulltrúarnir komu og gerðu grein fyrir sínum skoðunum og sínum áhyggjum. Þeir fóru jafnframt fram á það að allshn. afgreiddi ekki málið frá sér fyrr en búnaðarþing hefði fjallað um það og ályktað. Undir það var tekið, að fresta því að taka málið út. Hins vegar var ekki hægt að standa fyllilega við það því málið var tekið út áður en ályktunin kom, að vísu samdægurs og ekki með verulegum ágreiningi. En það var sem sagt ekki hægt að fjalla um þá endanlegu ályktun sem fram kom hjá búnaðarþingi í nefndinni. Ég er hér með þessa ályktun og greinargerð frá búnaðarþingi og ætla, með leyfi forseta, að fara yfir hana ásamt þeim öðrum umsögnum sem ég hef hér tínt til. Í ályktun búnaðarþings 1990 segir, það er mál nr. 30 á þskj. 63 frá jarðræktarnefnd þar sem frsm. er Bjarni Guðnason:

„Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála. Ályktun:

Búnaðarþing skorar á Alþingi að vanda betur undirbúning og val á þeim verkefnum sem umhverfisráðuneyti er ætlað að vinna. Þingið leggur ríka áherslu á að atvinnuvegirnir beri ábyrgð á starfsemi sinni gagnvart umhverfinu undir eftirliti umhverfisráðuneytis eða stofnana sem lúta stjórn þess. Þar sem þessara grundvallarsjónarmiða hefur ekki verið gætt og mikill ágreiningur er um málið í þjóðfélaginu leggur búnaðarþing eindregið til að málið verði athugað nánar og reynt að ná um það sátt. Verði Alþingi ekki við þessari ósk treystir búnaðarþing því að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frv.: Niður falli orðin „vinna að gróðurvernd og“ í 1. mgr. 1. gr. frv. og einnig falli niður orðin „verndun og“ í 2. mgr. sömu greinar. Enn fremur falli niður síðasta málsgrein 1. gr., „þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu“ o.s.frv., til loka greinarinnar.“

Þannig hljóðar ályktunin og gæti hún eins verið samin af hv. þm. Guðna Ágústssyni. Í greinargerð segir:

„Við athugun á þessu máli í búnaðarþingi var fulltrúum þess ljóst að í þessu frv. um tilfærslur verkefna milli ráðuneyta eru ákvæði sem munu leiða til þess, að dómi þingsins, að starfsemi stofnana sem að hluta eru færðar undir nýja húsbændur verður ómarkviss og hætta er á að til ágreinings komi. Mun meiri kostnaður verður við stjórnsýslu en þörf er á.

Nágrannalöndin hafa reynslu af umhverfisráðuneytum. Í skýrslu sem kennd er við Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, er varað við að taka ákveðin framkvæmdaverkefni frá viðkomandi fagráðuneyti. Farsælla reynist að umhverfisráðuneytið sé fyrst og fremst til eftirlits.

Þær breytingar sem búnaðarþing leggur til í ályktuninni beinast að Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Gróðurvernd Landgræðslunnar felst í verklegum aðgerðum til að styrkja gróðurfar með því að hefta sandfok með sáningu, áburði og friðun, gera varnargarða fyrir straumvötn og ná samkomulagi við umráðamenn lands um uppgræðslu og friðun þar sem þess er þörf. Fyrir atbeina Landgræðslu ríkisins hefur náðst mikilvægur árangur í landgræðslu og gróðurvernd þótt knappur fjárhagur hafi háð starfseminni.

Eins er um Skógrækt ríkisins. Hana ber að efla í tengslum við landbúnað. Það hlýtur að teljast óæskilegt og andstætt stjórnarfarslegum venjum að fara með mál eins og gert er í lokamálsgrein 1. gr., að einn ráðherra geti sagt fyrir um verklegar framkvæmdir hjá stofnunum sem heyra undir önnur ráðuneyti.

Sú grundvallarregla hefur ríkt í stjórnsýslu hér á landi að atvinnuvegir hafi forræði fyrir þeim auðlindum sem þeir byggjast á. Með lögum er Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins veitt heimild til að grípa inn í ef alvarleg gróðureyðing á sér stað. Allt sem gert er í því efni getur haft áhrif á stöðu landbúnaðar. Því er rökrétt að yfirstjórn framkvæmda sé í höndum landbrh. Það er einnig í samræmi við nýtingu og vernd auðlinda í sjávarútvegi og iðnaði. Skipting á verkefnum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins milli tveggja ráðuneyta væri því til þess fallin að auka kostnað og lama starfsemi stofnana. Samkvæmt frv. er einnig ætlað að flytja til umhvrn. meðferð laga nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks, og laga nr. 52 1957, um eyðingu refa og minka. Framkvæmd þeirra laga er nátengd landbúnaði og eftir þeim er unnið í náinni samvinnu við bændur. Landbúnaður á mikið undir því að vargi sé haldið í skefjum. Ekki virðist brýn ástæða til að flytja embætti veiðistjóra úr tengslum við meðferð landbúnaðarmála.

Að lokum er vert að leggja áherslu á að búnaðarþing hafði nauman tíma til að fjalla um þetta mál. Þess vegna var valin sú leið að takmarka afgreiðslu þingsins einkum við þátt Landgræðslu og Skógræktar, en ákvæði frv. um þá málaflokka eru af hálfu bændastéttarinnar með öllu ósættanleg. Hið sama er þótt áformaðar breytingar allshn. Nd. Alþingis á síðustu mgr. 1. gr. frv. nái fram að ganga. Rýmri tími til umfjöllunar um málið hefði án efa kallað fram fleiri tillögur til breytinga en hér er gert.“

Undir þetta rita Bjarni Guðráðsson, Egill Jónsson, Jósep Rósinkarsson, Einar Þorsteinsson og Jón Kristinsson. Væri nú fróðlegt, hæstv. forseti, ef hæstv. landbrh. hefði haft tíma til þess að vera hér og láta uppi sína skoðun á ályktun búnaðarþings, hvort hann sé í raun tilbúinn að hundsa hana og skoðanir sem þar koma fram. Hins vegar er ég ekki með þessu að óska eftir því að kallað verði á ráðherrann.

Sveinn Hallgrímsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, sendir einnig frá sér athyglisverða umsögn þar sem segir:

„Almennt í eðli sínu tel ég að umhverfismál eigi ekki að vera í sérstöku ráðuneyti, þau eigi að heyra undir viðkomandi fagráðuneyti. Þannig fari best saman ábyrgð og framkvæmd. Þó má vel hugsa sér að einhver ein skrifstofa fari með eftirlitshlutverk eða yfirstjórn þessa mikilvæga málaflokks. Víða erlendis hefur sérstakt ráðuneyti umhverfismála leitt til meiri miðstýringar og sömuleiðis til mikils skrifstofubákns. Búandi utan Reykjavíkursvæðisins hræðist ég of mikla miðstýringu sem hæglega leiðir til ofstjórnunar. Ég tel þetta sérstaklega hættulegt í gróðurverndarmálum, m.a. af eftirfarandi ástæðum:

a. Miðstýring flytur valdið frá þeim sem nýta landið og um leið ábyrgðina. Beri viðkomandi ekki ábyrgð hlýtur það að leiða til að hann umgengst landið á annan hátt.

b. Mun meiri hætta er á árekstrum milli þéttbýlisbúans og bóndans með þessu móti þar sem hætt er við að mörgum þyki erfitt að taka við skipunum að ofan. Mikinn mannafla þyrfti einnig til að sinna þessum málum frá einni stofnun með mikið vald.

c. Mjög algengt er í umræðu um gróðurvernd á Íslandi að litið er á friðun sem nauðsynlegan undanfara verndunar. Þetta er alrangt. Gróður getur verið og er í langflestum tilfellum jafnsterkur þótt beitt sé. Gróður breytist hins vegar við beit. Aðrar tegundir verða ríkjandi. Nýtingarsjónarmið verður því að viðurkenna.

Ég tel að yfirstjórn gróðurverndar eigi að vera í landbrn. og sömuleiðis skógrækt. Landbúnaður, þar með talin skógrækt, er nýting gróðurs. Sé vilji fyrir friðun svæða til útivistar eða til verndunar sérstökum gróðurvinjum er sjálfsagt að friða slík svæði. Þó eiga þau þá að heyra undir Náttúruverndarráð en ekki svæði sem nýtt eru til landbúnaðar.

Þá er rétt að fram komi að ég tel sömuleiðis að embætti veiðistjóra eigi ekki að heyra undir Náttúruverndarráð. Það stríðir gegn eðli starfsemi þess. Sú starfsemi ætti að heyra undir landbrn., enda er hér um það að tefla að fá að friða aðrar dýrategundir. Þetta er hluti af landbúnaði, landnýtingu. Undir embætti veiðistjóra heyrir einnig eyðing fuglvargs. Nauðsynlegt er fyrir bændur sem stunda æðarrækt t.d. að halda fuglvargi í skefjum, það er forsenda þess að hægt sé að stunda þann atvinnuveg. Aðgerðir til að halda refum, minkum og flugvargi í skefjum er forsenda heilbrigðs landbúnaðar í vissum tilfellum og þarf því að líta á þau mál út frá sjónarmiðum atvinnuvegarins. Ég undanskil hér haförninn.

Þá vil ég láta þá skoðun í ljós að óeðlilegt sé að flytja Náttúrufræðistofnun Íslands undir umhverfisráðuneyti. Rannsóknir á náttúru Íslands geta ekki talist hættulegar umhverfinu.

Ég hef hér að framan fyrst og frest sett fram skoðanir á málum er snerta verksvið landbrn. og tengjast landbúnaði sem atvinnuvegi með einni undantekningu. Þar sem lítill tími er til ráðstöfunar treysti ég mér ekki til að gera athugasemdir við einstakar greinar, enda aðrir færari um að semja lagafrv. Framangreint verður að teljast mín persónulega skoðun."

Undir þetta ritar Sveinn Hallgrímsson sem er skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri.

Stéttarsamband bænda sendi inn umsögn þar sem segir m.a.:

„Með vísan til meðfylgjandi ályktunar síðasta aðalfundar Stéttarsambandsins og bókunar á fundi stjórnarinnar 25. okt. sl. leggur Stéttarsambandið áherslu á að hlutverk væntanlegs umhverfisráðuneytis á sviði landgræðslu og skógræktar verði einskorðað við eftirlit með ástandi gróðurs og fræðslu um gróðurverndarmál. Framkvæmdaþáttur gróðurverndar og aðgerðir til landfriðunar verði áfram undir stjórn landbrn. Sama gildi um málefni skógræktar ef frá er talið eftirlit með náttúrulegum birkiskógum.

Stéttarsambandið bendir á að framkvæmdaþættir þessara mála eru nátengdir framkvæmd landbúnaðarstefnunnar í heild. Veruleg hætta er því á að aðskilnaður þeirra frá öðrum þáttum landbúnaðarmála muni leiða til togstreitu og árekstra sem mjög geti spillt fyrir framgangi þeirrar framleiðslubreytingar sem nú er unnið að í landbúnaðinum og tafið fyrir árangri gróðurverndar. Stéttarsambandið telur að landbætur og gróðurvernd þurfi að verða mun ríkari þáttur í framkvæmd hinnar nýju landbúnaðarstefnu hér eftir en hingað til hefur verið. Því er sterklega varað við öllum breytingum á skipan þessara mála sem spillt geti fyrir árangri í þeim efnum." Og ég ítreka enn, hæstv. forseti, að það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. landbrh. á þeim umsögnum sem koma úr landbúnaðargeiranum.

Bókun sem Stéttarsamband bænda gerði þann 25. okt. 1989 er svohljóðandi:

„Stjórn Stéttarsambands bænda hefur fjallað um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands. Stjórn Stéttarsambandsins virðir ýmis þau rök sem liggja að baki stofnunar umhvrn. sem hafi með höndum eftirlit, fræðslu, aðhald og samræmingu, en lýsir algerri andstöðu við þá tillögu, sem fram kemur í reglugerðardrögum, að færa landgræðslu- og skógræktarmál í heild sinni frá landbrn. til væntanlegs umhvrn. Stjórnin telur að slík ráðstöfun sé í andstöðu við þá meginstefnu um skipan umhverfismála sem viðurkennd hefur verið í flestum löndum, að hagræn sjónarmið og vistræn ákvarðist af sömu aðilum.

Stjórn Stéttarsambandsins leggur áherslu á að skipan verkefna innan stjórnkerfisins er afdrifarík ákvörðun sem taka verður af fyllsta raunsæi og með langtímasjónarmið í huga. Vara verður við því að stundarágreiningur og sérsjónarmið einstaklinga og samtaka ráði ferðinni í því efni. Stjórn Stéttarsambandsins minnir á að mjög mikill árangur hefur orðið af starfi Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins á undanförnum árum. Stórfelld áform eru uppi um nytjaskógrækt í samvinnu við bændur og einnig um friðun og uppgræðslu lands í tengslum við þá fram-

leiðslubreytingu sem nú fer fram í landbúnaðinum. Gagnkvæmt traust hefur skapast milli bænda og þessara stofnana sem mjög mikilvægt er að varðveita og efla enn frekar.

Stjórn Stéttarsambandsins leggur áherslu á að hér er um að ræða landbætur og eflingu landnytja í sátt við umhverfið en ekki friðunarráðstafanir. Á þessu tvennu er meginmunur. Þau jákvæðu viðhorf sem skapast hafa milli Landgræðslu, Skógræktar og bænda eru árangur af áralöngu starfi þessara stofnana sem engan veginn er tryggt að haldist við tilflutning þessara málaflokka í annað ráðuneyti."

Í seinni ályktuninni sem Stéttarsambandið sendi inn til nefndarinnar um umhverfismál segir í tveim punktum:

„1. Mikilvægi umhverfis- og gróðurverndarmála er flestum augljóst, ekki síst bændum sem byggja afkomu sína á nýtingu og varðveislu jarðargróða og annarra auðlinda. Nú er mjög til umræðu nýskipan umhverfismála í stjórnkerfinu og fyrirhuguð stofnun nýs ráðuneytis þar að lútandi. Varar fundurinn við afleiðingum þess að taka yfirstjórn landgræðslu og gróðurverndar úr höndum landbrn.

Nefnd um umhverfismál á vegum Sameinuðu þjóðanna er skipuð var 1983 undir forsæti Gro Harlem Brundtland komst að þeirri niðurstöðu að farsælast sé að ætla þeim sem nýta auðlindir eða geta með ákvörðunum sínum haft áhrif á umhverfið að gæta þeirra einnig. Fundurinn tekur undir þau sjónarmið.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa sameinast um álitsgerð og um markmið og leiðir í gróðurvernd og uppgræðslu í samvinnu við landbrn. Fundurinn fagnar þessu verkefni. Fundurinn telur að frekar sé að vænta viðunandi árangurs í landgræðslu og gróðurvernd ef þeim aðgerðum er stjórnað af viðkomandi fagráðuneyti í nánu samstarfi við bændur, náttúru- og gróðurverndarnefndir, Landgræðslu og Skógrækt ríkisins.

2. Ásýnd sveitanna hefur afgerandi áhrif á viðhorf þéttbýlisbúa til bændastéttarinnar. Því fagnar fundurinn fegrunarátakinu „Hreinir hreppar" og þeim árangri sem það hefur skilað og hvetur til áframhaldandi starfs. Lausaganga búfjár með þjóðvegum og slys sem af henni hljótast hafa mjög neikvæð áhrif á viðhorf til bænda. Því er nauðsyn að leita allra leiða til að stemma stigu við þessari hættu. Tryggja verður að Vegagerð ríkisins girði og haldi við girðingum meðfram fjölförnustu vegum eða samfelldum svæðum þeim aðliggjandi.

Þá hvetur fundurinn sveitarstjórnir til að nýta sér heimildir laga um takmarkanir á lausagöngu búfjár eftir því sem við á. Víðtækt samstarf bænda, sýslumanna, sveitarstjórna, Vegagerðar ríkisins og þeirra stofnana og félaga sem vinna að landvernd og skógrækt er nauðsynlegt til að tryggja skynsamlegt skipulag þessara mála."

Einnig hef ég undir höndum umsögn frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem er afar fróðleg og þingmönnum til góðs að heyra, þeim sem vilja kynna sér þetta mál til hlítar. Hún er send inn 23. okt. 1989 og undirrituð af forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Þorsteini Tómassyni, en þar segir m.a.:

„Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur á síðustu árum fengið til umsagnar frumvarpsdrög og þáltill. um umhverfisráðuneyti og svör stofnunarinnar munu vera meðal þeirra gagna sem nefnd sú sem þú stýrir hefur haft til skoðunar. Eins og fram kemur í bréfi þínu er stofnun umhvrn. ekki lengur til umræðu þar sem ákvörðun hefur nú verið tekin um að setja á stofn sjálfstætt ráðuneyti um þennan málaflokk. Hins vegar er nú til umfjöllunar verkaskipting milli umhverfisráðuneytis og annarra ráðuneyta. Nokkrar þeirra hugmynda sem verið er að reifa snerta starfsemi RALA og fylgir hér afstaða til þeirra.

Sérstök ástæða er til að gera grein fyrir rannsóknum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á sviði umhverfismála og fyrir samstarfi RALA við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, en rætt hefur verið um að þessar tvær stofnanir sem nú starfa innan landbrn. hefðu vistaskipti í stjórnsýslunni. RALA rannsakar þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, verndun þeirra og nýtingu. Í lögum stofnunarinnar stendur m.a. um hlutverk stofnunarinnar:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

Rannsóknir á orsökum þess að landgæði spillast eða landnytjar ganga úr sér, og tilraunir með varnarráðstafanir.

Hlutverk RALA í gróðurnýtingar- og gróðurverndarmálum er og skilgreint í lögum um Landgræðslu ríkisins, en þar segir m.a. í V. kafla, 40. gr., um rannsóknir og fleira:

„Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarþoli og orsökum gróðureyðingar, og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem um er rætt í 7., 22. og 23. gr. þessara laga.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að leita eftir nýjum plöntutegundum sem vænlegar eru til landgræðslu."

Í 41. gr. laganna segir svo:

„Landgræðslu ríkisins er heimilt að koma á fót gróðrarstöð til að fjölga þeim tegundum plantna sem nothæfar reynast til uppgræðslu."

Rannsóknir sem tengjast þessum greinum laga um RALA og Landgræðsluna hafa haft mjög mótandi áhrif á verkefnaval stofnunarinnar og mikið og náið samstarf hefur verið með stofnununum. Dæmi um verkefnaflokka sem tengjast landnýtingu eru gróðurkortagerð, gróðurrannsóknir, landgræðslutilraunir, jarðvegsrannsóknir og beitarrannsóknir. Verkefni sem tengjast leit að nýjum tegundum plantna til landbúnaðar og uppgræðslu hafa og verið umfangsmikil. Kynbætur á erlendum og innlendum plöntum

og frærækt þeirra hafa og verið áberandi á verkefnaskrá RALA, en að þessum verkefnum hefur verið unnið í nánu samstarfi við Landgræðsluna. Eftir umfangsmikið rannsókna- og þróunarstarf á þessu sviði hefur nú í samstarfi stofnananna verið komið upp fræræktunar- og fræhreinsistöð í Gunnarsholti.

Í framhaldi af þessu starfi hefur verið ákveðið að stefna að auknu samstarfi stofnana á þessu sviði og RALA hefur nú um nokkurn tíma haft sérfræðing á sviði fræræktar og uppgræðslutilrauna í Gunnarsholti og er stefnt að aukningu á þessu starfi. Sérstök ástæða er að benda á hin nánu tengsl þessarar starfsemi við hagsmuni landbúnaðarins þar sem þessi verkefni nýtast jafnt landgræðslustarfi og landbúnaði eins og glöggt kemur fram í hjálögðum samstarfssamningi RALA og Landgræðslunnar um frærækt unarmál.

RALA hefur unnið að umfangsmiklum rannsóknum fyrir Skógrækt ríkisins og þetta samstarf hefur farið vaxandi. Má nefna kortlagningu, könnun á ástandi birkiskóga, ýmsar kynbóta- og erfðarannsóknir og útgáfumál.

Að lokum skal nefna landgræðslu- og landverndaráætlun, en þar er sérstaklega kveðið á um samstarf RALA, Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins og hefur þessi áætlun verulega aukið samstarf þessara stofnana. Sem dæmi um verkefni má nefna rannsóknir á möguleikum á nýtingu birkis til stórvirkrar uppgræðslu, könnun á kalþoli trjátegunda, lúpínurannsóknir og úrvinnslu á hinu mikla safni tegunda sem safnaðist í ferð Óla Vals Hanssonar o.fl. til Alaska fyrir nokkrum árum. Þetta skipulagða samstarf hefur m.a. leitt til þess að stofnanirnar hafa í auknum mæli sótt sameiginlega um fé til rannsókna og þróunarstarfa, t.d. í rannsóknasjóð.

Af framansögðu er ljóst að RALA rannsakar gróðurnýtingarmál í víðtækum skilningi þess orðs. Mikið mið er tekið af mögulegri hagnýtingu auðlinda landsins en jafnframt nýtast þessar upplýsingar í ákvarðanatöku um umhverfisvernd. Vistfræðilegar rannsóknir á landi á Íslandi eiga uppruna sinn á RALA og þær hafa lagt grunn að skilningi á ástandi gróðurlendis og þeirri gróður- og jarðvegseyðingu sem víða á sér stað. Landgræðslan er framkvæmdaaðili um uppgræðslustörf og eftirlitsaðili með nýtingu lands á grundvelli þeirrar þekkingar sem aflað er um ástand landsins og þeirrar markmiðssetningar um landnot sem fyrir liggur. Skógrækt ríkisins er að mestu framkvæmdastofnun og rannsóknastofnun en hefur í leiðinni verið falið eftirlit og verndun náttúrulegs skóglendis í landinu.

Í ljósi hinna miklu skyldleika sem eru á starfi þessara þriggja stofnana og náinna tengsla við landbúnaðinn telur RALA að óheppilegt sé fyrir starfsemi stofnunarinnar að Skógrækt ríkisins og Landgræðslan færist undir umhverfisráðuneyti. Veruleg hagræðing er að því að þær starfi undir sama ráðuneyti. Hins vegar er æskilegt að RALA og hugsanlega Landgræðslan og Skógræktin geti tekið að sér verkefni fyrir umhverfisráðuneyti.

Rétt er að taka fram að meðal sérfræðinga stofnunarinnar eru nokkrir á því að hluti af verkefnum umhverfisráðuneytis hljóti að vera eftirlit með gróðri. Ítrekað er mikilvægi þess sem víða hefur komið fram að atvinnuvegirnir og þá um leið sá hluti stjórnsýslunnar sem fer með forræði yfir þeim beri jafnframt ábyrgð á skynsamlegri nýtingu þeirra auðlinda sem notaðar eru, en þessi skoðun kemur m.a. mjög skýrt fram í Brundtland-skýrslunni „Our Common Future" sem iðulega er vitnað til í umræðunni um umhverfismál og skipulagningu þeirra. Ýmiss konar samskipti við erlenda aðila mundu og verða torveldari ef Landgræðsla og Skógrækt heyrðu ekki lengur undir landbrn. eins og títt er um hliðstæðar stofnanir erlendis.

Að lokum er rétt að benda á að nýting lands og umhverfismál á sér hliðstæðu í nýtingu auðlinda sjávar og verndun þeirra og ættu þessir tveir mikilvægu málaflokkar að fá samsvarandi umfjöllun gagnvart væntanlegu umhverfisráðuneyti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinnur að mörgum verkefnum sem tengjast umhverfismálum og ítrekar fyrri ályktanir um samstarf við umhverfisráðuneyti um þennan mikilvæga málaflokk."

Undir þetta skrifar, eins og ég áður sagði, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Þorsteinn Tómasson.

Hæstv. forseti. Ég held áfram að fara yfir þær umsagnir sem ég tel að þingheimi beri að kynna sér. Eins og ég hef áður sagt er meginástæðan fyrir því að ég kýs að fara þetta vandlega ofan í þær, þó að fáar útvaldar séu, sú að ég tel að málaflokkurinn sé það mikilvægur að mönnum beri að kynna sér það sem til málanna er lagt og þau rök sem hinar ýmsu stofnanir færa fyrir sínu máli. (**Gripið fram í:** Þingheimur hlustar.) Þingheimur hlustar. Ég þakka öllum viðstöddum athyglina, en mér skilst hins vegar að það séu enn þá nokkrir þingmenn læsir og ég vona að þeir lesi þá þingtíðindin, þegar þau verða gefin út, sem ekki hafa einhverra hluta vegna getað verið hér í dag. Hins vegar væri kannski athyglisvert að heyra það úr forsetastóli hversu margir hafi fjarvistarleyfi í dag og hversu margir séu í húsinu. Hér situr einn hv. þingmaður í salnum, að sjálfsögðu fulltrúi hægristefnunnar í landinu, en ég sé enga aðra. Það væri athyglisvert að vita hversu margir hafa fjarvistarleyfi og hversu margir eru í húsinu að sinna þinglegum skyldum. (**Forseti:** Vegna þessarar spurningar hv. ræðumanns vill forseti upplýsa að í húsinu eru 30 hv. þm., 17 stjórnarliðar og 13 stjórnarandstæðingar. Þeir sem hafa beðið um fjarvistarleyfi eru hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Stefán Valgeirsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Einarsdóttir. Fimm hafa því beðið um fjarvistarleyfi og vantar talsvert á að þingmenn mæti vel í dag.) Ég tek undir það, hæstv. forseti, að það vantar talsvert á. Þó er betur mætt hér en þegar verið var að greiða atkvæði um stjfrv. að ég hygg í gærkvöld, þá voru ekki mættir nema 28. Það eru kannski fleiri sem hafa áhuga á þessu máli en ég geri mér grein fyrir, en þeir

eru væntanlega við nefndarstörf eða eitthvað annað einhvers staðar í húsinu.

Frá Skógrækt ríkisins hefur borist svohljóðandi umsögn:

„Skógræktarfélag Íslands þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma skoðunum á framfæri við hv. Alþingi um frv. þau sem eru til afgreiðslu á þessu þingi um umhverfismál og eru nú á vinnslustigi. Jafnframt fagnar félagið því að nú skuli eiga að gera ráðstafanir til að koma betri skipan á umhverfismál á Íslandi en verið hefur til þessa. Það er þó álit félagsins að í frv. til laga um breytingu á lögum um verkefni umhverfisráðuneytis og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, og í fylgigögnum með hvoru tveggja séu mörg atriði sem þurfi frekari skoðunar við. Má þar t.d. taka ýmis ágreiningsatriði sem fram koma í fyrrgreindum plöggum og virðast óafgreidd.

Í því sambandi vill Skógræktarfélag Íslands sérstaklega vara við þeirri verkaskiptingu sem hugmyndir eru uppi um að verði viðhafðar í sambandi við starfsemi Skógræktar ríkisins. Skógræktarfélag Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Félagið er þeirrar skoðunar að vænlegra sé að fara hægt af stað varðandi lagasetningar um samræmingu laga um umhverfismál. Það telur grundvallaratriði að mörkuð verði stefna og verksvið umhverfisráðuneytis áður en ráðist verður í stofnun þess og samræmingar gætt í því starfi í hvívetna, svo og að samstaða hafi náðst við alla þá aðila sem hlut eiga að máli. Þá telur Skógræktarfélag Íslands að óraunhæft sé að ætlast til þess að starfsfólk umhverfisráðuneytis geti sinnt lögboðnum verkefnum ráðuneytisins og unnið jafnframt að lagabreytingum sem starfsemi ráðuneytisins kallar á. Þessi háttur hlýtur að skapa hættulega réttaróvissu í þessum málum sem síst skyldi.

Skógræktarfélag Íslands bendir einnig á að óviðunandi ósamræmis gæti vegna flutnings á verkefnum úr landbrn. til hins nýja umhverfisráðuneytis er varða gróðurvernd og landnýtingu en öðrum fagráðuneytum sjávarútvegs og iðnaðar ætlað að hafa forræði þeirra auðlinda sem þeirra atvinnugreinar byggjast á. Að mati Skógræktarfélags Íslands á gróðurvernd, og allir þættir skógræktar þar með taldir, heima í sínu fagráðuneyti, þ.e. landbrn. Eftirlitshlutverkið á hins vegar að vera vistað í umhverfisráðuneyti.

Helstu áhersluatriði með nýrri skipan umhverfismála á Íslandi hljóta að vera þau að lagaákvæði skili árangri í umhverfisvernd og allir sem eiga þar hlut að máli nái víðtækri samstöðu. Ytri umbúnaður hlýtur hins vegar að skipa annað sætið.

Í frv. er verksvið umhverfisráðuneytisins ekki vel skilgreint og þar gætir mótsagna. Jafnvel er látið að því liggja að það eigi að annast ýmis framkvæmdaratriði sem eru betur sett hjá fagstofnunum sem fyrir eru. Að mati Skógræktarfélags Íslands ætti verksvið umhverfisráðuneytis að vera:

1. Gagnasöfnun um ástand í umhverfismálum vegna eftirlitshlutverksins í mengunar-, hollustu- og gróðurverndarmálum.
2. Öflugt eftirlitsstarf en því þó dreift eftir því sem þurfa þykir til sveitarfélaga og faglegra stofnana í samvinnu við ráðuneytið.
3. Skipulagning, þar með talin áætlanagerð, svo sem gerð landnýtingaráætlunar.
4. Fræðslustarf.
5. Samræming allra umhverfisþátta og samvinna við aðrar stofnanir og aðila þar sem við á.
6. Tengsl við erlenda aðila sem um umhverfismál fjalla.

Skógræktarfélag Íslands er þeirrar skoðunar að komi til ágreinings milli umhverfisráðuneytis og annarra ráðuneyta sem á einhvern hátt snerta umhverfismál, þá sé slíkum málum vísað til ríkisstjórnar til ákvörðunar sem hafi úrskurðarvald. Að því er varðar málefni Skógræktar ríkisins í þessum frv. vill Skógræktarfélag Íslands ítreka umsögn sína sem send var Alþingi samkvæmt ósk í desember 1989, en þar segir:

„Stjórn Skógræktarfélags Íslands bendir á að málefni Skógræktar ríkisins eru nátengd starfi skógræktarfélaganna í landinu, en þau eru um 50 talsins. Á undanförnum árum hefur tekist náið samstarf á milli skógræktarfélaganna, samtaka bænda og fjölmargra einstaklinga í bændastétt. Forsenda fyrir þessari ánægjulegu þróun er sú staðreynd að fagráðuneyti landbúnaðarins hefur jafnframt farið með málefni Skógræktar ríkisins.

Telur stjórn Skógræktarfélags Íslands að með því fyrirkomulagi, sem fyrrgreint frv. gerir ráð fyrir, verði rofin þau tengsl sem myndast hafa á undanförnum árum á milli skógræktarmanna annars vegar og bænda og samtaka þeirra hins vegar. Því leggur stjórn Skógræktarfélags Íslands eindregið til að málefni Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna verði framvegis sem hingað til óskipt í landbrn. Að mati Skógræktarfélags Íslands er það mikið óþurftarverk að sundra þeirri samvinnu sem tekist hefur á milli landbrn., Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna. Með frv. virðist löggjafarvaldið ætla að virða að vettugi þá samstöðu sem tekist hefur að skapa á þessu sviði sl. 10–15 ár og með því bjóða væringum heim. Það er þó deginum ljósara að án samstöðu næst enginn marktækur árangur í skógrækt og gróðurvernd.

Skógræktarfélag Íslands telur ástæðu til að minna á í þessu tilefni þá sérstöðu sem ríkir hér á landi að því er varðar skógrækt og gróðurvernd og á sér hvergi hliðstæðu hjá nágrannaþjóðum okkar og þótt víða væri leitað. Hvergi hefur eyðing skóglendis verið látin viðgangast svo langt fram eftir 20. öldinni eins og hér. Hvergi hefur uppblástur og jarðvegseyðing verið sambærileg við það sem hér hefur verið. Hvergi er jarðvegur eins fokgjarn og ófrjór og á eldgosasvæðum á Íslandi. Hvergi er meiri þörf á úrbótum í gróðurfarsmálum að því er varðar trjá- og skógrækt en hér. Það virðist því

mikill ábyrgðarhlutur að draga mikilvæga þætti er snerta framkvæmdir á þessu sviði út úr fagráðuneytinu og skapa þannig togstreitu sem hamlar gegn öllum raunhæfum útbótum. Hugtakið skógrækt er svo ungt fyrirbæri hér á landi að menn hafa varla gefið sér tóm til að skilgreina hinar ýmsu merkingar sem í því felast. Nú vita hins vegar allir sem vilja vita að hugtakið skógrækt er margþætt og menn sem ætla að fjalla um fagið og setja því lög verða að gera glöggan greinarmun á.

Hér skulu upptaldir nokkrir þættir: Nytjaskógarækt, atvinnugrein, skógrækt til yndis og skjóls, fjölnytjaskógur, landgræðslu- og verndarskógar, líka verndun og efling kjarrlendis, skjólbeltarækt, trjárækt í görðum og á löndum sumarbústaðaeigenda, skógrækt til jólatrjáaframleiðslu og sjálfsagt mætti meira upp telja.

Þetta eru allt ólíkar greinar þótt á sama stofni séu og staðið að þeim á mismunandi hátt. Þær stefna þó allar að sama marki, að bæta gróðurfar landsins. Í þessu sambandi vakna aðrar spurningar, svo sem: Hvernig á að aðskilja starfsemi Skógræktar ríkisins frá öllum þeim þáttum utan nytjaskógaræktar eins og frv. gerir ráð fyrir? Hvernig á að skilgreina t.d. Hallormsstaðaskóg? Eða spildur skógræktarfélaganna víðs vegar um land? Þar eru allar þessar greinar skógræktar stundaðar á einu svæði. Verkaskiptingin eins og hún birtist í frv. ríkisstjórnarinnar er allsendis óhæf, til þess eins að valda ruglingi, ágreiningi og árekstrum. Þess utan: Nytjaskógarækt á að sjálfsögðu langt í land þar til hún getur talist raunhæfur kostur og arðbær atvinnugrein þótt ekki breyti það neinu um nauðsyn þess að hefjast handa hið fyrsta um framkvæmdir og veita til þess nauðsynlegu fé. Nú hlýtur hins vegar að vera brýnasta verkefnið að komast upp úr hjólfarinu, líta raunsæjum augum á staðreyndir og taka á málum eins og þau blasa við í dag með viðeigandi lagasetningum.""

Síðan fylgir hér í þessari sömu umsögn Skógræktarfélags Íslands umsögn um 4. mál þessa þings sem var flutt af nokkrum sjálfstæðismönnum, að ég hygg, sem var frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála. Það verður að segjast eins og er að Skógræktarfélag Íslands fer mjög vinsamlegum orðum um hugmyndir sjálfstæðismanna um umhverfismál og tekur undir efni þess frv. Það situr hins vegar enn fast í nefnd og er að sjálfsögðu dautt þar sem nú er þegar búið að stofna sjálfstætt umhvrn.

Hér hef ég aðeins gripið ofan í nokkrar af þeim umsögnum sem borist hafa úr landbúnaðargeiranum og ég hygg að það dyljist engum að verulegur ágreiningur er og nánast, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson sagði hér fyrr, verið að ögra til átaka.

Landgræðsla ríkisins, sem fellur mjög nærri þeim málaflokkum sem ég hef hér verið að fara yfir og hefur mjög verið umdeilt hvort rétt sé á málum tekið þar og hvort hún eigi að þjóna tveim herrum, eins og virðist ætla að verða niðurstaðan, sendir inn eftirfarandi umsögn sem er dagsett 7. febr. 1990. Þar segir m.a.:

„Í 1. gr. ofangreinds frv. er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð skuli, ásamt Landgræðslu ríkisins, vinna að gróðurvernd og gróðureftirliti. Í lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, eru þessi hugtök skilgreind. Gróðurvernd sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu, gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum. Gróðurvernd er óaðskiljanlegur hluti af landgræðslu og í flestum tilvikum byggjast gróðurverndaraðgerðir á nýtingu tækja, mannafla og sérþekkingar sem Landgræðslan hefur yfir að ráða. Gróðurverndin er mjög umfangsmikið framkvæmdastarf sem felst í margháttuðum verklegum framkvæmdum.

Forræði gróðurverndar á að vera hjá fagráðuneyti sem hefur með nýtingu gróðurs og jarðvegs að gera. Nauðsynlegt er að þeir sem taka ákvarðanir í þágu gróðurverndar beri einnig ábyrgð á afleiðingum þeirra, t.d. gagnvart byggðarlögum og atvinnurekstri. Landgræðslan telur að það verði málefninu ekki til framdráttar að Náttúruverndarráði verði formlega falið framkvæmdahlutverk í gróðurverndarmálum. Landgræðslan hefur tiltrú almennings og þorra bænda á því sem verið er að gera. Það hlýtur að orka tvímælis að fela tveimur opinberum aðilum sama hlutverkið á sama tíma og verið er að efla gróðurverndarstarf Landgræðslunnar í framhaldi af nýrri markmiðssetningu. Slík tvískipting býður auk þess heim hættu á árekstrum og skorti á skilvirkni og ábyrgðarkennd. Gróðureftirlit hefur aðallega verið fólgið í virku eftirliti með nýtingu afréttar og heimalanda um land allt en þó með aðaláherslum á beitilönd á eldfjallasvæðum landsins.

Landgræðslan telur að visst gróðureftirlit á vegum umhverfisráðuneytis sé til hagsbóta fyrir land og þjóð. Það kynni að minnka þá tortryggni sem verið hefur í garð landbúnaðar um meðferð gróðurs og jarðvegs. Skynsamlegt virðist að umhverfisráðuneyti hefði eftirlit með gróðurskemmdum sem verða vegna ferðamennsku, mannvirkjagerðar o.s.frv. en um það hefur verið ágæt samvinna milli Náttúruverndarráðs og Landgræðslunnar. Enn fremur er gert ráð fyrir í ofangreindu frv. að Náttúruverndarráð geti falið gróðurverndarnefndum gróðureftirlit. Þær hafa starfað samkvæmt lögum um landgræðslu frá 1965 í öllum sýslum landsins og síðan 1983 í öllum kaupstöðum landsins. Þær hafa gróðureftirlitsskyldu nú þegar samkvæmt lögum um landgræðslu."

Gerðar eru athugasemdir við orðalag síðstu mgr. 1. gr. þar sem segir: Þrátt fyrir ákvæði o.s.frv.: „Með því er verið að gefa í skyn að ákvæði fyrirfinnist í lögum um landgræðslu og skógrækt sem vinni gegn gróðurverndar- og friðunaraðgerðum. Svo er alls ekki. Það er hins vegar ekki óeðlilegt að umhverfisráðherra hafi vissan íhlutunarrétt um friðunaraðgerðir svo fremi sem umhverfisráðuneyti beri þann kostnað sem af þeim kann að hljótast en hann gæti orðið verulegur. En er það við hæfi að umhverfisráðherra geti tekið einhliða ákvarðanir um landgræðslu-

mál sem landbrh. hefur forræði yfir? Landgræðslan leggur áherslu á að samvinna NASL-aðilanna, þ.e. Náttúruverndarráðs, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, um gróðureftirlit verði aukin og efld."

Undir þessa umsögn skrifar Sveinn Runólfsson. Og þá er ég, hæstv. forseti, kominn að afar athyglisverðri umsögn sem er alllöng og ítarleg og er frá landbrn. Ég sakna þess enn að hæstv. landbrh. skuli ekki heiðra okkur með nærveru sinni vegna þess að landbrn. sendi frá sér afar athyglisverða umsögn og væri vissulega athyglisvert að vita hvort hæstv. landbrh. sé ekki örugglega sammála því sem hans ráðuneyti og ráðuneytisstjóri eru að senda frá sér. Þar koma verulegar efasemdir fram um ágæti þessa frv. Landbrn. sendi sem sagt frá sér umsögn þann 22. okt. 1989 til Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns forsrh., sem er svohljóðandi, ég hleyp yfir 1. mgr.:

„Þess er óskað að farið verði yfir reglugerðardrögin með tilliti til málaflokka landbrn. og athugasemdir verði sendar. Jafnframt er það tekið fram að þess er ekki óskað að fjallað verði um stofnun umhverfisráðuneytis þar sem ákvörðun um það hefur verið tekin í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Svari skal að mestu haldið innan þeirra marka sem bréf yðar setur.

Nærri 20 ára reynsla er fengin af starfi umhverfisráðuneyta í nokkrum nágrannalöndum okkar. Staðreynd er að þessi ráðuneyti hafa víða náð að þenjast út með ólíkindahraða og orðið tröllauknar stofnanir, en samt ekki náð að verða virkar á þann hátt sem upphaflega var að stefnt og vonir bundnar við. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur verið samin skýrsla um umhverfis- og þróunarmál sem út kom árið 1987. Skýrslan heitir á norsku „Vår felles fremtid". Nefnd sú sem samdi skýrsluna var undir forsæti Gro Harlem Brundtland. Nefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að breyta þyrfti starfsaðferðum í umhverfismálum. Í stað þess að taka afleiðingum af ákvörðunum annarra og bæta úr þar sem þær hafa valdið umhverfistjóni verði allir þeir sem með ákvörðunum sínum geta haft áhrif á umhverfið gerðir meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð þannig að hagræn sjónarmið og vistræn ákvarðist af sömu aðilum."

Með línum þessum fylgja ljósrit af nokkrum blaðsíðum úr bókinni „Vår felles fremtid" og er það gert sérstaklega með tilliti til þess að tillögur nefndarinnar fara um sumt þvert á það sem þar er kynnt sem meginstefna í umhverfismálum í næstu framtíð. Stefna sú sem Brundtland-nefndin boðar hefur nánast hlotið heimssamþykkt sem framtíðarstefna í umhverfismálum. Í Evrópu hefur hún m.a. verið samþykkt af Efnahagsbandalaginu, af EFTA og af norrænu ráðherranefndinni.

Í einkaviðtali við Alþýðublaðið 2. sept. sl. sagði þýski stjórnmálamaðurinn Oskar Lafontaine m.a. að það gengi ekki að umhverfismálum væri steypt í eitt ráðuneyti og þar væri unnið að þeim meðan önnur ráðuneyti héldu óbreyttri stefnu. Leggja þyrfti áherslu á að allir væru jafnábyrgir.

Í norska umhverfisráðuneytinu sem stofnsett var 1973 starfa hátt á þriðja þúsund manns, flestir í Osló en einnig í fylkjum landsins. Sérstakt viðfangsefni í ráðuneytinu nú er að aðlaga störf þess að stefnumótun Brundtland-skýrslunnar. Af heildarfjárveitingum ársins 1989 til umhverfismála sem voru 6378,4 millj. nkr. eru umhverfisráðuneytinu ætlaðar 1642,3 millj. nkr. Hinn hluti fjárveitingarinnar skiptist á umhverfisviðfangsefni 16 annarra ráðuneyta.

Í Brundtland-skýrslunni segir m.a. á bls. 39, og þar er óþarft talið að þýða. Ég ætla ekki að fara að lesa það hér á norsku uppi í þingsal en vil geta þess að hv. formaður allshn. þessarar deildar var svo vinsamlegur að hann lét þýða þennan kafla og ásamt fleirum því nokkur fylgiskjöl voru send inn á erlendum tungumálum. Þeim sem hér sat fannst það ekki við hæfi að störf á vegum íslenska þingsins væru vinna með plögg á erlendum tungumálum. Formaður nefndarinnar varð við þeim vinsamlegu tilmælum að láta þýða þau þannig að íslenska þingið fjallaði um mál á íslensku rituðu máli. Ég er með allar þýðingarnar hér með mér og mun fara nánar út í þær og Brundtland-skýrsluna þegar ég hef lokið við að fara yfir umsagnirnar. Ég mun því sleppa þessum norska þætti umsagnarinnar. En á eftir honum segir í umsögninni:

„Það fyrirkomulag sem skýrslan mælir með er það sem hér ríkir, þ.e. að þeir sem nýta auðlindir lands og lagar gæta þeirra jafnframt. Landbrn. og stofnanir þess fara með nýtingu jarðvegs og gróðurs og verndun hans. Sjútvrn. og stofnanir þess fara með stjórnun og nýtingu sjávarfangs og verndun fiskstofna og iðnrn. með málefni sem varða orkunotkun og margvísleg samskipti við landið af þeim sökum. Ekki kemur fram í drögum nefndarinnar eða meðfylgjandi gögnum markmiðssetning með stofnun umhverfisráðuneytis, greinargerð né heldur skilgreining á því hvað skuli teljast umhverfismál.

Af upptalningu verkefna umhverfisráðuneytis sést að því er mest ætlað að vera eftirlits-, vöku-, samræmingar- og fræðslustofnun um meðferð auðlinda og um háttsemi manna gagnvart lofti, láði og legi. Fallist er á þá stefnu og er hún í samræmi við verkefni umhverfisráðuneyta annarra landa sem eru rekin á þann hátt sem hæfir. Frá þessari stefnu er samt vikið í 1. tölul. 5. gr. þar sem landgræðsla og skógræktarmál eru talin með þeim viðfangsefnum sem færð verði undir umhverfisráðuneyti. Af athugun á skipan umhverfismála fjöldamargra þjóðlanda má ráða að framkvæmdarmálum og atvinnumálum er áfram skipað í fagráðuneyti þrátt fyrir að umhverfisráðuneyti starfi. Þar sem skilgreiningu skortir á markmiðum verður ekki ráðið hvort nefndin stefnir að því að gera umhverfisráðuneyti í okkar landi að atvinnumála- og framkvæmdarráðuneyti auk annarra verkefna sem undir það verða sett eða hvort það að setja landgræðslu- og skógræktarmál undir umhverfisráðuneyti stafar af takmarkaðri þekkingu á starfsemi þessara stofnana.

Landgræðsla ríkisins er umsvifamikil framkvæmdastofnun. Á launaskrá eru þegar mest lætur allt að 100 manns. Stofnunin er með fasta starfsmenn, bæði á aðalstöðvum stofnunarinnar og 17 landgræðsluverði

dreift um landið í heilsárs- og hlutastörfum sem margir eru jafnframt bændur. Stofnunin annast rekstur flugvéla, flutningabifreiða af stærstu gerðum, margvíslegra véla sem beitt er hvar sem þörf er um landið við uppgræðslu, fyrirhleðslustörf við ár og vötn, girðingaframkvæmdir og margt fleira. Mestöll þjónustuvinna í kringum hinn mikla vélakost og vélarekstur stofnunarinnar er unnin á vegum stofnunarinnar, þar á meðal verkstæðisvinna. Brotnir hafa verið 350 hektarar lands undir framleiðslu fræs á landgræðslujurtum á síðustu tveim árum og búið er að koma upp verksmiðju í Gunnarsholti til að vinna, flokka, hreinsa og húða fræ af þeim ökrum. Verksmiðjan er samstarfsverkefni þar sem nýst hafa sameiginlega mannafli, þekking, tæki og mannvirki margra stofnana landbúnaðarins til að lyfta grettistaki sem gæti, tækjust öll áform eins og að er stefnt, orðið til þess að valda þáttaskilum í landgræðslustarfi á Íslandi til þessa.

Starf Landgræðslu ríkisins í gróðurverndarmálum hefur mjög verið byggt upp á fræðslu og samstarfi við bændur. Mikið hefur áunnist og stofnunin á almennt trúnað bænda og atvinnuvegarins í heild.

Skógrækt ríkisins telur allt að 180 manns á launaskrá þegar mest umsvif eru á hverju starfsári. Tíu stöðvar, auk rannsóknarstöðvar, starfa á vegum stofnunarinnar dreift um landið. Haldi einhverjir að verkefni Skógræktar ríkisins takmarkist við að efla gróður til þess að horfa á hann og heyra þyt í laufi á blíðum dögum er það misskilningur. Stofnunin skipuleggur lögum samkvæmt ræktun nytjaskóga í landinu. Vitað er að möguleikar til þess eru góðir á ýmsum stöðum, en framkvæmdahraði ræðst af fjárveitingum. Stofnunin skapar með starfi sínu fjölda atvinnutækifæra vítt um land. Hún hefur náð trúnaði bændastéttarinnar og margir bændur stefna á skógræktarstörf sem aðal- eða hlutastarf á næstu árum og síðar.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa í samvinnu við landbrn. samið stefnuskrá til næstu ára um samstarf stofnananna og aðgerðir í gróðurverndarmálum. Stofnanirnar hafa, auk Skógræktarfélags Íslands og landbrn., unnið í nær tvö ár að stærsta skógræktarátaki sem gert hefur verið á Íslandi sem mun að litlum hluta byggjast á framlögum úr ríkissjóði. Átakið gerir ráð fyrir gróðursetningu allt að 2 milljóna plantna á næsta ári víðs vegar um land umfram venjubundnar árlegar skógræktarframkvæmdir og áframhaldi þess starfs sem byggt verður á reynslu er fæst. Við undirbúning áætlunarinnar hefur m.a. verið samið við 20 bændur um framleiðslu plantna.

Framanskráð sýnir að nefndar stofnanir eru framkvæmdastofnanir með umfangsmikil verkefni sem mjög tengjast landbúnaði sem atvinnuvegi og væri uggvænlegt að hætta öllu því sem áunnist hefur með því að rjúfa þau tengsl og þann trúnað sem byggður hefur verið upp milli þessara stofnana landbúnaðarins og atvinnuvegarins og stéttarsamtaka hans. Má í því sambandi benda á að aðalfundur Stéttarsambands bænda árið 1987 samþykkti samhljóða ályktun um gróðurverndarmál þar sem segir m.a.:

„Fundurinn skorar á alla bændur að sýna þessum málum," þ.e. gróðurverndarmálum, „fullan skilning og mæta með velvilja og skilningi sjónarmiðum þeirra sem af einlægni vilja stuðla að hóflegri nýtingu gróðurs og verndun náttúru."

Í ályktun Landssambands sauðfjárbænda sama ár segir m.a. að sauðfjárbændur leggi áherslu á að gott samband verði á milli bænda og þeirra stofnana sem hafa með gróðurmat og landnýtingu að gera. Landgræðsla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Skógrækt ríkisins eiga, auk mikils og sívaxandi samstarfs og samskipta innbyrðis sameiginlega og með landbrn., mikla samvinnu við erlend landbúnaðarráðuneyti, sérfræðinga þeirra og stofnanir sem vinna að hliðstæðum verkefnum í sínum heimalöndum og starfa þar alls staðar á vegum viðkomandi landbúnaðarráðuneyta. Fyrirsjáanlegt er að slík samskipti riðlast og sum mundu falla niður og eyðileggjast verði landgræðslu- og skógræktarmál ekki áfram talin landbúnaðarmál hér á landi.

Ráðuneytið og stofnanir þess hafa unnið mikið kynningar- og fræðslustarf meðal bænda og annarra landnýtenda, mest með fundahöldum og útgáfu fræðslurita, en einnig í þeim skólum sem tilheyra landbúnaðinum. Þannig hefur verið stofnuð ný námsbraut við garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi, umhverfisbraut, og er skógrækt þar ein námsgreina. Kennsla í umhverfisfræðum, landnýting og skógrækt hefur verið stóraukin við báða bændaskólana, að Hólum og á Hvanneyri. Gefið hefur verið út kennslurit í umhverfisfræðum, eitt hið fyrsta sinnar tegundar í nálægum löndum og er það þegar notað við bændaskólana.

Tillögur nefndarinnar um að skilja málefni Landgræðslu og Skógræktar frá atvinnumálaráðuneyti og færa þau undir umhverfisráðuneyti ganga, eins og áður segir, í þveröfuga átt við stefnumótun Brundtland-skýrslunnar sem hefur fengið alheimsundirtektir til þessa. Ef nefndin væri sjálfri sér samkvæm ætti hún að skipa allri auðlindastjórn undir umhverfisráðuneyti. Auk nýtingar jarðvegs og gróðurs nýtingu fiskimiða, orkunýtingu í fallvötnum og jarðhita, meðferð lands í því sambandi, framkvæmd vatnalaga og fleira. Fjarri er því að mælt sé með því en á þetta bent til að draga fram skýrari mynd af þeirri fráleitu þversögn sem felst í tillögum nefndarinnar að þessu leyti.

Hér á landi hefur verið farið með málefni auðlinda á sama hátt og Brundtland-nefndin mælir með sem framtíðarstefnu. Við hljótum því að teljast hafa verið á réttri braut með stjórnun okkar auðlindamála og ætla verður að gæfusamast verði að rekja þá braut áfram." (**Forseti:** Er hv. ræðumaður tilbúinn að fresta ræðu sinni nú svo að unnt verði að slíta þessum fundi? Forseta dettur ekki í hug að spyrja hv. ræðumann hvort hann sé í þann veg að ljúka ræðu sinni.) Það mun vera rétt, hæstv. forseti, að það er allnokkuð eftir af ræðunni og reyndar er ræðan í sjálfu sér

tæplega byrjuð, heldur hefur mestur tími fram að þessu farið í að fara yfir þær umsagnir sem borist hafa og stjórnarliðar hafa ekki gefið sér tíma til að fara yfir. Ég hygg að það sé kannski rétt að gera hér hlé á ræðu minni þó að ég sé reyndar inni í miðri umsögn og það mjög athyglisverðri umsögn frá landbrn. Ég íhuga það þá fram að næsta fundi hvort ég byrja á henni aftur og þá kannski sérstaklega í ljósi þess að ef hæstv. landbrh. heiðrar okkur með nærveru sinni væri ákaflega athyglisvert, eins og ég hef áður sagt, að fá hans skoðanir á þessari umsögn og hvort það sem þar kemur fram sé jafnframt hans skoðanir líka. En ég þigg sem sagt boð hæstv. forseta og geri hér hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Almenn hegningarlög (263. mál, ofbeldisverk í flugsamgöngum) 4454, 4525.
Atvinnumöguleikar á landsbyggðinni (54. mál) 4593.
Ábyrgðadeild fiskeldislána (265. mál) 4455, 4496, 4523, 4565.
Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989 (19. mál) 4589.
Bókun afbrigða 4580.
Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum (240. mál) 4454, 4525.
Fjáraukalög 1988 (373. mál) 4385.
Fjáraukalög 1990 (385. mál) 4385.
Fjárgreiðslur úr ríkissjóði (249. mál) 4566, 4705.
Friðun hrygningarsvæða (378. mál) 4628.
Heillaóskir til litáísku þjóðarinnar (404. mál) 4403.
Heimsverslunarmiðstöð á Íslandi (361. mál) 4621.
Hlutafélög (419. mál, stjórnarkjör) 4694.
Húsaleigusamningar (387. mál, viðskiptavild leigutaka) 4443.
Húsnæðisstofnun ríkisins (415. mál, félagslegar íbúðir) 4664.
Könnun á endingu og slitþoli steinefna til vegagerðar (382. mál) 4631.
Könnun á endurnýtanlegum pappír (396. mál) 4635.
Könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar (345. mál) 4616.
Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið (158. mál) 4404.
Landgræðsla (43. mál) 4583, 4583.
Lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi (365. mál) 4624.
Lokunaraðgerðir Pósts og síma (336. mál) 4615.
Lögskráning sjómanna (388. mál, smábátar) 4448.
Meðferð mála á Alþingi (401. mál) 4650.
Námsgagnastofnun (167. mál, heildarlög) 4444, 4512.
Reglur um stjórnir peningastofnana (272. mál) 4640.
Sala fisks í gegnum íslenska fiskmarkaði (400. mál) 4606.
Tilhögun þingfunda 4385, 4453.
Um þingsköp 4580 (vinnubrögð forseta); 4660 (þingfundarstörf í Ed.).
Umræður utan dagskrár 4432 (vandi loðdýraræktarinnar).
Undirmálsfiskur (391. mál) 4603.
Varamaður tekur þingsæti 4442.
Varnir gegn sjúkdómun og meindýrum á plöntum (403. mál) 4445.
Yfirstjórn umhverfismála (128. mál, breyting ýmissa laga) 4492, 4525, 4694, 4706.
Öryggi á vinnustöðum (411. mál) 4514.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 4385, 4425, 4432, 4440, 4441, 4580, 4582, 4655, 4659.
Forseti Ed. Jón Helgason 4442, 4660, 4661, 4663, 4664.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 4453, 4476, 4479, 4507, 4524, 4545, 4705.
Forseti Nd. Geir H. Haarde 4560.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4413, 4434, 4565.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 4664.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 4386, 4462, 4490, 4496, 4524.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 4574.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 4437, 4446.
Menntmrh. Svavar Gestsson 4513.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 4414.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 4643, 4648.
Alexander Stefánsson 4401, 4436, 4511, 4578.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 4627, 4637.
Árni Gunnarsson 4584, 4590, 4593.
Ásgeir Hannes Eiríksson 4570, 4612, 4615, 4621, 4623, 4650, 4656, 4659.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4592, 4602, 4687.
Eggert Haukdal 4439.
Eiður Guðnason 4513, 4623, 4631, 4638, 4661, 4663.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4619, 4629, 4694.
Friðjón Þórðarson 4429, 4694.
Friðrik Sophusson 4455, 4482, 4508, 4524, 4566.
Guðmundur Ágústsson 4443, 4448, 4450.
Guðmundur G. Þórarinsson 4471.
Guðni Ágústsson 4440, 4442, 4700.
Guðrún Agnarsdóttir 4514, 4522.
Halldór Blöndal 4660, 4661, 4664.
Hreggviður Jónsson 4399.
Ingi Björn Albertsson 4560, 4565, 4703, 4706.
Jóhann Einvarðsson 4403, 4589.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 4517, 4601.
Jón Kristjánsson 4454, 4492, 4586, 4616, 4621.
Karl Steinar Guðnason 4451, 4519, 4521, 4690.
Karvel Pálmason 4450, 4451, 4613.
Kristinn Pétursson 4628.
Kristín Einarsdóttir 4525, 4636, 4640, 4648.
Margrét Frímannsdóttir 4435, 4519.
Málmfríður Sigurðardóttir 4397, 4568, 4597, 4611.
Ólafur G. Einarsson 4531, 4545.
Ólafur Þ. Þórðarson 4438, 4487, 4507, 4571, 4580, 4583, 4585.
Páll Pétursson 4459, 4565, 4566.
Pálmi Jónsson 4389, 4441, 4587.
Ragnhildur Helgadóttir 4427.
Rannveig Guðmundsdóttir 4600, 4624.
Salome Þorkelsdóttir 4512, 4520, 4639, 4654, 4658.
Sighvatur Björgvinsson 4566, 4705.
Skúli Alexandersson 4440, 4444, 4452, 4518, 4664.
Stefán Guðmundsson 4439, 4441, 4663.
Stefán Valgeirsson 4433, 4437, 4439, 4453, 4477.
Svanfríður Jónasdóttir 4603, 4606, 4613, 4635, 4640.
Þorsteinn Pálsson 4385, 4404, 4426.
Þorv. Garðar Kristjánsson 4682.
Þórhildur Þorleifsdóttir 4460, 4479, 4510, 4645.

SAMEINAÐ ÞING

64. fundur, mánudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Sverrir Sveinsson veitustjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Með þessu bréfi fylgir eftirfarandi símskeyti:

„Skrifstofa Alþingis við Austurvöll, Reykjavík.

Af persónulegum ástæðum get ég ekki tekið sæti á Alþingi sem 1. varamaður Páls Pétursson að þessu sinni.

Elín R. Líndal."

Undirskrift staðfestir Ásta Ögmundsdóttir talsímavörður.

Sverrir Sveinsson veitustjóri hefur tekið sæti áður á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna sjúkrahúsvistar leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess vegna veikinda 1. varamanns, Péturs Þórarinssonar sóknarprests og sérstakra anna 2. varamanns, Auðar Eiríksdóttur oddvita, að 3. varamaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju í Norðurl. e., Jóhann A. Jónsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgja tvö símskeyti:

„Skrifstofustjóri Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Ég, Pétur Þórarinsson, 1. varamaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju, get ekki sakir anna tekið sæti á Alþingi í forföllum Stefáns Valgeirssonar. Læt sætið eftir til míns varamanns.

Pétur Þórarinsson."

Og þá fylgir einnig annað skeyti:

„Alþingi, Reykjavík.

Vegna mikilla anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Stefáns Valgeirssonar.

Virðingarfyllst,
Auður Eiríksdóttir,
2. varamaður Samtaka um jafnrétti og félagshyggju."

Jóhann A. Jónsson framkvæmdastjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Landgræðsla, frh. síðari umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 43. mál. — Þskj. 43, n. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 760).

Atvinnumöguleikar á landsbyggðinni, frh. síðari umr.

Þáltill. DS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, n. 674, brtt. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 675,1 samþ. með 40 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 675,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 761) með fyrirsögninni:

Þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni með áherslu á fjarvinnu.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989, frh. síðari umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 19. mál. — Þskj. 19, n. 706, brtt. 707.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 707 samþ. með 40 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 762).

Reglur um stjórnir peningastofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 272. mál. — Þskj. 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til atvmn. með 39 shlj. atkv.

Undirmálsfiskur, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ, 391. mál. — Þskj. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til atvmn. með 43 shlj. atkv.

Sala fisks í gegnum íslenska fiskmarkaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ, 400. mál. — Þskj. 697.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Lokunaraðgerðir Pósts og síma, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 336. mál. — Þskj. 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JK o.fl., 345. mál. — Þskj. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til allshn. með 46 shlj. atkv.

Heimsverslunarmiðstöð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE o.fl., 361. mál. — Þskj. 619.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til allshn. með 46 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 365. mál. — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til félmn. með 44 shlj. atkv.

Friðun hrygningarsvæða, frh. fyrri umr.

Þáltill. KrP, 378. mál. — Þskj. 651.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Könnun á endingu og slitþoli steinefna til vegagerðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. EG, 382. mál. — Þskj. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til atvmn. með 42 shlj. atkv.

Könnun á endurnýtanlegum pappír, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ og MF, 396. mál. — Þskj. 692.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til atvmn. með 42 shlj. atkv.

Meðferð mála á Alþingi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 401. mál. — Þskj. 699.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. flm. fór þess á leit við forseta að málið færi ekki til þingnefndar. Forseti kaus að fresta ákvörðun um það og leita ráða hjá samforsetum og embættismönnum. Sú varð niðurstaða af þeim fundum að eðlilegt væri að málið færi til nefndar og því leggur forseti til og leggur það í hendur þingheims að skera úr því að málið verði sent hv. allshn.

Ásgeir Hannes Eiríksson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem snýr eingöngu að starfinu hér á Alþingi, að meðferð mála í þingsölum og á þinginu sjálfu. Ég tel ekki ástæðu til að þessari till. sé vísað til nefndar þar sem ekki þarf að leita umsagnar fólks úti í bæ um vinnubrögð hér á þinginu. Þess vegna óska ég ekki eftir því að mál þetta fari til nefndar heldur beint til síðari umræðu. (**Forseti:** Hv. þm. hefur flutt mál sitt).

Kristinn Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja það í sambandi við till. um þinglega málsmeðferð að ef till. um að mál skuli hafa þinglega meðferð eiga ekki að fara til nefndar er það þá þingleg málsmeðferð?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Till. forseta er að málið fari til hv. allshn. og verður það nú borið undir hv. þingheim.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til allshn. með 35:3 atkv.

Samningaviðræður við Evrópubandalagið, fyrri umr.

Þáltill. EKJ o.fl., 201. mál. — Þskj. 233.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Nú dámar mér ekki, hæstv. utanrrh. virðist ekki vera hér í salnum en við höfum sameiginlega liðkað mjög til í þessu máli og margsinnis hefur forseti haft það á dagskrá. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. mun vera á leiðinni og ekki nema spurning um mínútur þangað til hann gengur í salinn.)

Ég fagna því að hæstv. utanrrh. er á leiðinni. Eins og menn vita hefur þetta mál ekki verið tekið fyrir þó liðnir séu fjórir mánuðir síðan till. var flutt og hefur margt valdið því. En ég vil sérstaklega taka fram að þar er ekki við forseta að sakast því að þessi dráttur kom til vegna þess að verið var að taka tillit til manna sem þurftu að vera við umræðuna en við hæstv. forseti höfum leyst þetta mál fram á þennan dag með ljúfmennsku okkar á milli og teygt okkur langt til þess að allir þeir sem vildu vera við umræðuna gætu það. Að loknum þessum formála vík ég að till.

Till. til þál. er um samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972. Hún hefur verið lengi á borðum hv. alþm. og að henni hefur raunar verið vikið í umræðum um skyld mál hér í þinginu. Satt að segja hélt ég að í meginefnum mundi nást samkomulag um þetta mál í utanrmn. í nóvembermánuði sl. og þá einnig væntanlega á Alþingi. En svo fór því miður ekki enda sprungu mál með eftirminnilegum hætti í loft upp hér á þingi. Till. er svohljóðandi, með leyfi forsta. Hún er auðvitað örstutt:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. og utanrrh. að undirbúa nú þegar í samráði við utanrmn. beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972."

Menn reka kannski augun í það að hér er rætt um tvo ráðherra sem gætu tekið þetta mál upp, þ.e. hæstv. forsrh. og utanrrh. Það er að mínu mati alls ekki á færi annarra ráðherra að fjalla um þessi mál, tollamál og viðskiptamál. Og kannski síst á færi hæstv. sjútvrh. Það hef ég bæði sagt við hann og héðan úr þessum ræðustól því hér er ekki verið að ræða um sjávarútvegsmál Íslendinga og kemur ekki til greina að ræða þau við Evrópubandalagið.

Í sömu mund og þessi till. var flutt bar ríkisstjórnin fram bókun hér í þinginu sem felur í sér að hæstv. ríkisstjórn styðji tvíhliða viðræður Íslendinga við Evrópubandalagið til að tryggja tollfrjálsan aðgang íslenskra sjávarafurða að mörkuðum Evrópubandalagsins. Ætla mætti að hér hefði náðst fullkomin samstaða stjórnar og stjórnarandstöðu um þá hyggilegu leið að taka upp tvíhliða viðræður sem auðvitað ættu að byggjast á því að viðauki yrði gerður við bókun 6. Því miður hefur síðan orðið mikið fjaðrafok og yfirlýsingar verið gefnar út og suður, bæði innan lands og utan, misjafnlega tímabærar og misjafnlega skynsamlegar. Þetta hnútukast þekkja allir og hef ég takmarkaðan áhuga á að taka þátt í því.

Við höfum æðioft heyrt þær staðhæfingar að hætta væri á að Evrópubandalagið mundi krefjast viðræðna um allt önnur málefni en þau sem við Íslendingar óskum að ræða, jafnvel gera kröfur til veiðiréttinda á Íslandsmiðum sem auðvitað er enginn grundvöllur fyrir. Því hefur jafnvel líka verið bætt við að einhver sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins, eins og það er kallað og þar vitnað til Rómarsáttmálans sem gerður var 1957, væri þess efnis að þegar rætt væri um viðskiptamál við Evrópubandalagið skyldi það ætíð, ég endurtek, skyldi það ætíð krefjast veiðiheimilda. Þessi endaleysa var vakin upp á síðustu missirum þótt veiðiheimildir hafi aldrei verið nefndar á nafn í samningum um bókun 6 frá 1972 sem gildi tók

að loknum þorskastríðunum 1976. Þar var einmitt verið að fjalla um að engar veiðiheimildir yrðu veittar á Íslandi. Það var liður í lausn deilu okkar við Breta eins og allir vita. Síðan hefur aldrei verið talað um fiskveiðiheimildir Efnahagsbandalagsins við Íslandsstrendur fyrr en síðustu missirin og eru jafnvel íslenskir ráðamenn farnir að taka þátt í slíkum viðræðum eða efna til þeirra.

Hitt vita allir menn að Evrópubandalagið hefur frá fyrstu tíð tekið þátt í fjölmörgum samningum um viðskiptamálefni án þess að nokkrum heilvita manni dytti í hug að flétta veiðiheimildum inn í slíka samningagerð enda hljóta t.d. svonefnd landlukt ríki, þ.e. ríki sem ekki eiga land að sjó, að verða að beita nýstárlegum töfrabrögðum ef þau ættu að láta fiskveiðiréttindi koma í stað tollfríðinda eða viðskiptasamninga við Evrópubandalagið. Hundruð samninga hafa verið gerðir við slík ríki og þá á Evrópubandalagið alltaf að hafa heimtað fiskveiðiheimildir. Þetta er sagt hér í þingsölum. Þessi þráhyggja, vægara orð er varla hægt að nota, íslenskra manna er mér gjörsamlega óskiljanleg. En nóg um það.

Mér er kunnugt um að á fundum GATT nýverið þreifuðu efnahagsbandalagsríki fyrir sér um stuðning við það hvort einhvers konar alþjóðasamkomulag gæti náðst um að veiðiheimildir í efnahagslögsögu mætti . . . Þá býð ég hæstv. ráðherra velkominn. Ég er rétt að byrja svo hann hefur ekki enn þá misst af miklu. Ég var að ræða um að mér væri kunnugt um það að á fundum GATT nýverið hefðu Evrópubandalagsríkin þreifað fyrir sér um stuðning við það hvort einhvers konar alþjóðasamkomulag gæti náðst um að veiðiheimildir í efnahagslögsögu mætti tengja tollfrelsi eða viðskiptamálum yfir höfuð og fengu auðvitað ekki stuðning neinna þjóða.

En líka nóg um þetta. Því allir skilja sem vilja skilja að veiðiheimildir verða ekki tengdar viðskiptamálum. Þótt það kunni að mega nefna tvö eða þrjú dæmi þess að um slíkt hafi verið samið þá er það liðin tíð sem aldrei kemur aftur. Kanada samdi t.d. víst eitt ár um þetta og hætti því svo að sjálfsögðu. Slíkra réttinda verður ekki krafist, ekki fremur en utanaðkomandi ríki getur krafist vinnslu olíu eða málma úr hafsbotni þeirra landa sem hann eiga langt, langt út fyrir 200 mílurnar, hvað þá innan 200 mílnanna.

Það sem málið snýst um er einfaldlega og nákvæmlega efni þeirrar till. sem hér er til umræðu og ég hef lesið upp. Í till. er þess auðvitað rækilega gætt að minnast hvergi á að rætt verði um sjávarútvegsmál og síst af öllu fiskveiðiheimildir í slíkum viðræðum. Það mun Alþingi Íslendinga aldrei samþykkja né heldur hefur það nokkru sinni frá 1972 léð máls á því, fyrr en þá nú, að einhverjar veiðiheimildir handa Evrópubandalaginu kunni að vera falar. Það er þess vegna fullkomlega á misskilningi byggt þegar hæstv. utanrrh. segir í lok ræðu sinnar hér í þessum stól 12. mars sl., með leyfi hæstv. forseta: „Í tvíhliða viðræðunum verum við auðvitað fyrst og fremst að ræða sérmál Íslands og sjávarútvegsmálefnin sérstaklega.“ Við höfum ekkert við Evrópubandalagið að ræða um sjávarútvegsmálefni og síst náttúrlega um veiðiheimildir.

Í ræðu sinni varpaði hæstv. utanrrh. fram spurningu sem var svona: Hvaða verði verum við reiðubúnir að kaupa tollaívilnanir? Og hann bætir við að eitthvað þurfi menn að leggja á borð með sér. Þessum spurningum er auðsvarað. Við höfum þegar fyrir nærri tveim áratugum lagt með okkur þau gjöld sem Evrópubandalagið stundum krefst, þ.e. eitthvað fyrir eitthvað. Gagnkvæmni í samningum. Í samningunum 1972 og allar götur síðan höfum við veitt Evrópubandalagsþjóðum nánast tollfrjálsan innflutning á öllum meginframleiðsluvörum þeirra, þ.e. iðnaðarvörum. Við höfum í staðinn notið tollfríðinda af þeirra hálfu sem báðir samningsaðilar hafa talið sanngjarna lausn þar til nú að mjög hallar á Íslendinga vegna breyttra hlutfalla og nýtilkominnar tollheimtu við inngöngu Spánar og Portúgals í Evrópubandalagið. Þetta er svo augljóst mál að um það ætti ekki að þurfa að ræða. Ég lofa því hér og nú að ég skal éta hatt hæstv. utanrrh. óþveginn ef Alþingi Íslendinga einhvern tímann fellst á þau sjónarmið að til mála komi að veita Evrópubandalagsþjóðum fiskveiðiheimildir í íslenskri efnahagslögsögu til endurgjalds fyrir fullkomlega eðlilega sanngirniskröfu um þann viðauka við bókun 6 sem farið er fram á.

En hættan er ekki þarna á ferðum. Þetta er svo augljóst að menn láta ekki glepjast. Hættan er í því fólgin að nú er farið að tala um að kannski — bara kannski sé rétt að Evrópubandalagsríkin fái einhver veiðiréttindi hjá okkur gegn því að við fáum veiðiréttindi hjá þeim. Þetta gæti svo sem verið bara til málamynda eða nokkurs konar sýndarsamkomulag er sagt. Nógu ísmeygilegt er það engu að síður og þess vegna þurfa hv. alþm. þegar í stað að svara þessu og mitt svar er: Nei og aftur nei. Þegar það svar liggur skýrt og skorinort fyrir þá mun enginn sem nokkur áhrif hefur í Evrópubandalaginu orða slíkt. Þótt þeir auðvitað gleypi við því að smeygja litla fingrinum inn fyrir hjá okkur ef þeim er boðið upp á það, sem ég vænti að ekki verði.

Þá er ég kominn að því sem ánægjulegast var í ræðu hæstv. utanrrh. hér um daginn þegar hann margendurtók að það væri ekki annaðhvort eða, ekki önnur leiðin eða hin, heldur eigum við að fara báðar þessar leiðir, sagði hann, þ.e. að halda áfram samstarfi við EFTA-ríkin í viðræðum við Evrópubandalagið og leita jafnframt eftir tvíhliða samningum við það. Þetta tek ég auðvitað undir. Þessar skýru yfirlýsingar ráðherrans eru mér í sjálfu sér alveg nægilegar og ég veit að við getum sameinast um þær enda verði fullt samstarf haft við utanrmn. og Evrópustefnunefnd um undirbúning og ákvarðanir í þessu efni.

Nú ætla ég að biðja menn að ruglast ekki í ríminu. Í umræðunni er nefnilega alltaf verið að hræra saman algerlega óskyldum málum. Við Evrópubandalagið höfum við gildandi samninga sem við óskum breytinga á eða viðauka við. Við óskum aðeins fullkominnar sanngirni þar sem viðhaldið verði þeirri gagnkvæmni sem ríkti við gerð þessara samninga. Gagn-

kvæmni og sanngirni. Meiri og ósanngjarnari er nú þessi ósk ekki. Aðalráðherrar Alþfl. hér eru nú að brosa að þessu sýnist mér og þurfa kannski ekkert á þetta að hlusta, þeir vita allt betur en allir aðrir. (**Utanrrh.:** Það er sérfræðingur Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum sem er að trufla oss.) Þið voruð að skjóta saman nefjum áður en hann kom.

Ef Evrópubandalagið kynni að segja nei við þessu, sem ég get ekki ímyndað mér, þá tökum við því. Ef þeir hins vegar ætla að beita okkur einhverjum harkalegum úrræðum fyrir það eitt að setja fram þessa sanngjörnu ósk eða blanda einhverjum öðrum málum inn í það, nú þá tökum við því líka. Ef einhver er hér inni sem ekki er reiðubúinn til þess að taka því gefur hann sig væntanlega fram. Ef það á að beita okkur einhverjum bolabrögðum vegna þess að við förum fram á viðræður um sanngjarnar breytingar eða viðauka við bókun 6 til samræmis við það sem efni hennar var á þeim tíma sem hún var gerð, ætli við Íslendingar þorum þá ekki að segja okkar orð? Ég vona að það sé enginn hv. alþm. svo deigur orðinn.

Að hinu leytinu erum við svo í samstarfinu við EFTA til þess að fylgjast með og hafa áhrif á hvað gæti orðið efni eða innihald einhvers konar samkomulags um svonefnt efnahagssvæði Evrópu. Um það veit auðvitað enginn með neinni vissu nú. Og þó, eitt vitum við með fullri vissu, inn í slíkt samkomulag verður aldrei blandað neinu ákvæði sem gæti þýtt að Evrópubandalagið seildist til áhrifa í íslenskri fiskveiðilögsögu. Það byggist öðrum þræði á þeirri hraðfara þróun hafréttarins þar sem ¾ hlutar þjóða heims, þ.e. strandríkin, eru að taka rétt sinn og hins vegar á því að EFTA-ríkin öll hafa samþykkt fríverslun með fisk. Það var því mikið heillaspor þegar sameinaður fundur utanrmn. Alþingis og Evrópustefnunefndar lagði forsrh. til það veganesti, þegar hann fór á Oslóarfundinn í fyrra, að halda þeirri kröfu til streitu til síðustu stundar. Það ætti a.m.k. að vera ljóst að hin svokallaða sameiginlega fiskveiðistefna eða sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins nær ekki til evrópsks efnahagssvæðis í heild.

Þótt auðvitað sé rétt að við séum að fjalla um einhver þau flóknustu mál sem Alþingi hefur þurft að glíma við er það sem ég hef sagt hér alveg ljóst í mínum huga og hlýtur að vera ljóst öllum þeim sem nenna á það að hlýða eða hugsa um það.

Ég vænti þess því að málið verði að lokinni þessari umræðu sent hv. utanrmn. og þar verði um það fjallað, en ríkisstjórninni er skylt lögum samkvæmt að hafa fullt samráð við nefndina um stórmál sem þetta og auðvitað er málið líka til umræðu í Evrópustefnunefnd.

Með leyfi hæstv. forseta les ég nú upp örstutta grg. með tillögunni sem skýrir málið best og á þá enginn að fara í neinar grafgötur um það hvað er verið að ræða hér um og hvað ekki. En grg. er svohljóðandi:

„Fríverslunarsamningur Íslands og Evrópubandalagsins var undirritaður 22. júlí 1972 og tók gildi 1. apríl 1973, nema bókun nr. 6 um sjávarafurðir sem ekki öðlaðist gildi fyrr en 1. júlí 1976, að afloknum fiskveiðideilum. Bókun 6 var Íslendingum mjög mikilvæg frá upphafi og er enn þýðingarmikil. En við stækkun Evrópubandalagsins, einkum eftir inngöngu Spánverja, Portúgala og Grikkja, fer hins vegar mestallur saltfiskútflutningur Íslendinga til EB-ríkja en saltfiskur fellur ekki undir bókun 6 og nýtur því ekki tollfrelsis innan bandalagsins nema að hluta. Heildartollgreiðslur til bandalagsríkjanna eru nú hærri hlutfallslega en þær voru áður en bandalagið stækkaði og fleiri ríki fengu aðild að því.

Í samskiptum okkar við Evrópubandalagið hlýtur að teljast eðlilegt að meginútflutningsvara okkar, fiskur og fiskafurðir, njóti svipaðra viðskiptakjara á mörkuðum bandalagsins og það nýtur við innflutning iðnaðarvara til Íslands. Í þessu sambandi þarf að athuga hvort Íslendingar geti fellt niður tolla á vörur frá Evrópubandalaginu í enn ríkara mæli en orðið er með það að markmiði að tollfrjáls viðskipti verði milli Íslands og bandalagsins.

Flutningsmenn telja enga ástæðu til að ætla annað en að ráðamenn Evrópubandalagsins muni vera fúsir til að taka tillit til breyttra aðstæðna og því sjálfgefið að hefja beri viðræður við þá um málið nú þegar."

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Tillaga sú sem við ræðum hér um samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972 kom fram um sama leyti og fjallað var um skýrslu hæstv. utanrrh. um Evrópumálefni síðari hluta nóvembermánaðar sl. og gott ef þessi tillaga kom ekki fram sama daginn og ríkisstjórnin gerði bókun 29. nóv. sl. um þessi efni þar sem hæstv. utanrrh. var fengið umboð til þess að standa að undirbúnings- og samningaviðræðum með öðrum EFTA-ríkjum við Evrópubandalagið um hið svokallaða evrópska efnahagssvæði.

Þegar hv. flm. kynntu mál þetta í utanrmn. í aðdraganda þess að tillagan var flutt hér á Alþingi lýsti ég því yfir fyrir mína hönd og vitnaði í nýgerða samþykkt landsfundar Alþb. þann 19. nóv. sl. að ég væri efnislega sammála því að leggja beri ríka áherslu á að taka upp beinar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um okkar hagsmuni með það í huga að fá fram hið fyrsta endurbætur, lagfæringar, Íslandi í hag, á bókun 6 frá 1972 og önnur sanngirnisatriði sem við eigum kröfu á við Evrópubandalagið. Ég er fyllilega sammála þeirri hugsun og hef reyndar oft flutt hana hér í sölum Alþingis að við eigum að setja fram kröfur um fullt viðskiptafrelsi með okkar sjávarafurðir gegn viðskiptafrelsi í sambandi við iðnvarning hinna þróuðu ríkja og í þessu tilviki í sambandi við innflutning á fullunnum vörum frá Evrópubandalagsríkjunum til Íslands. Það er á þessum grunni sem á að flytja þetta mál við Evrópubandalagið en ekki taka á móti kröfum af þeirra hálfu um að fá íhlutunarrétt og nytjarétt á íslenskum náttúruauðlindum á okkar fiskimiðum og öðru því sem vissulega tengist sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins eins og hún hefur verið kynnt um árabil.

Ég tel að íslensk stjórnvöld ættu þessa dagana og

undanfarna mánuði að hafa einbeitt sér að því að undirbúa beinar og milliliðalausar viðræður við Evrópubandalagið um þessi hagsmunamál Íslands í stað þess að eyða kröftum og tíma í þær samningaviðræður sem í undirbúningi hafa verið á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, við Evrópubandalagið. Ég vek athygli á því að það er hins vegar mikill skoðanamunur milli mín og hv. 1. flm. þessa máls og Sjálfstfl. eins og hann flytur sitt mál, a.m.k. formaður hans, hér inni í sölum Alþingis varðandi samningaviðræður á vegum EFTA við Evrópubandalagið. Það er ástæða til að vekja athygli á því að forusta Sjálfstfl. og hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa tjáð sig hér í sölum Alþingis um þessi mál hafa viljað ganga mjög langt í því að fallast á hin svokölluðu fjögur frelsi sem eru inntakið í væntanlegum samningaviðræðum við Evrópubandalagið ef út í þær verður farið, vilja opna þar allar gáttir og þar kannsi fremstur í flokki eða framarlega í flokki hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson.

Það er einkennileg þversögn sem birtist okkur í þessum málflutningi. Annars vegar vilja menn knýja á um beinar tvíhliða viðræður og ekki taka í mál að ræða í því samhengi um aðgang að okkar náttúruauðlindum. Að hinu leytinu vilja hinir sömu opna hér allt upp á gátt í sambandi við fjármagn og fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi en allir þeir sem hafa tjáð sig um þessi mál og gerst mega þekkja til í íslensku atvinnulífi, þar á meðal framámenn í samtökum í sjávarútvegi, viðurkenna og staðhæfa að ekki verði komist hjá í reynd að erlendir aðilar fái hér ítök bakdyramegin í íslenskum sjávarútvegi, þar á meðal í fiskveiðum landsmanna. Ég vek athygli á þessu vegna þess að í málflutningi þessara aðila birtist mikill misskilningur og vanmat á þessari samningsstöðu og Sjálfstfl. er hér, eins og í mörgum fleiri málum, að leika tveimur skjöldum á Alþingi Íslendinga og í sambandi við þessa grundvallarhagsmunni. Það breytir hins vegar ekki því að við getum reynt að stilla okkur saman og eigum að reyna að stilla okkur saman um það sem samstaða er um. Og ég tek undir kröfuna, og hef gert það oft og það gerir minn flokkur, um beinar milliliðalausar tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins.

Ég held að það væri farsælt að forráðamen þessara mála í ríkisstjórn landsins og hæstv. utanrrh. fremstur í flokki endurskoðuðu hið fyrsta afstöðu sína til þeirra viðræðna sem nú eru í undirbúningi á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu við Evrópubandalagið, viðræðna sem æ ljósara má vera að eru að leiða okkur afvega, eru ekki í þágu íslenskra hagsmuna, að knýja þær fram á þeim grundvelli sem þar er lagður og sá grundvöllur má öllum vera ljós sem kynna sér málið, þ.e. að opna fyrir fjármagnshreyfingar, fjárfestingar, búferlaflutninga, rétt til stofnunar fyrirtækja og annað það sem tengist innri markaði Evrópubandalagsins, án þess að nokkrir skýrir fyrirvarar liggi fyrir nema í örfáum atriðum, og þar sem þeir liggja fyrir er ólíklegt að þeir haldi í reynd.

Ég vek athygli á því sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. í umræðu í Sþ. 12. mars sl. þar sem ráðherrann vék sérstaklega að fyrirvörunum og undirstrikaði í máli sínu að þeir ættu nú ekki að vera margir og þyrftu ekki að vera margir að hans mati. Hvað nefndi hæstv. utanrrh. þá? Hann nefndi fríverslun með fiskafurðir og fór um það mörgum orðum, og lýsti raunar inn í það sem hæstv. ráðherra er að verða ljóst eins og mörgum öðrum, að sú krafa er svo að vægt sé til orða tekið tvísýn miðað við íslenska hagsmuni ef hún væri útfærð eins og hún var borin fram upphaflega. Auk þess nefndi hæstv. ráðherra spurninguna um fjármagnsmarkaðinn, þ.e. atvinnurekstrarréttindi, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, erlendra aðila til þess að nýta auðlindir okkar, þ.e. til þess að eiga í fyrirtækjum eða fjárfesta í fyrirtækjum sem nýta okkar auðlindir. Og síðan í þriðja lagi nefndi ráðherrann fyrirvarann að því er varðar fólk og vitnaði til þess sem varðar norræna vinnumarkaðinn og þeirra fyrirvara sem Ísland setti á sínum tíma þar að lútandi. „Þetta", sagði hæstv. ráðherra, „eru raunverulega þeir fyrirvarar sem við höfum gert og sem skipta máli. Annað kynnu að vera samningar sem eru með venjuleg, tímabundin ákvæði um aðlögunartíma eins og alkunna er af samningum annarra þjóða við Evrópubandalagið. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að gera neina fleiri fyrirvara."

Það er minnst hér, af hálfu hæstv. ráðherra, á atvinnurekstrarréttindi erlendra aðila til að nýta auðlindir okkar, til að eiga í fyrirtækjum eða fjárfesta í fyrirtækjum sem nýta okkar auðlindir. Á sama tíma og þessi málflutningur er uppi hafður hér á Alþingi er nefnd á vegum stjórnvalda, undir forustu ráðuneytisstjóra í viðskrn., að ég hygg, að móta tillögur um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi, þar á meðal að hleypa útlendingum inn í fiskiðnaðinn í landinu til jafns við Íslendinga, inn í fiskiðnaðarfyrirtækin í landinu. Og halda menn að það verði greið gata að halda útlendum hagsmunum utan við fiskveiðarnar ef þeir eru orðnir helmingseigendur að fiskiðnaðarfyrirtækjum hér á landi? Svari hver fyrir sig. Þetta eru nú fyrirvararnir sem þarna eru uppi hafðir. Og hæstv. viðskrh., sem stendur þessu máli nærri, hafði uppi málflutning á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda þann 15. mars, þremur dögum seinna en hæstv. utanrrh., varðandi efnahagssamrunann í Evrópu, gerði hann að umtalsefni og ræddi þar sérstaklega um þá fyrirvara sem uppi hafa verið í málflutningi manna, hér á Alþingi m.a., þar á meðal hæstv. forsrh., þar sem varað er við því sem við köllum yfirþjóðlegt vald. Hæstv. viðskrh. gerði það að sérstöku efni í ræðu sinni og undirstrikaði það undir lok hennar að hann gerði nú ekki mikið úr þessum fyrirvörum og leitaðist við að gera þá aðila broslega sem eru að vara við því í tengslum við samningaviðræður um hið evrópska efnahagssvæði að gangast ekki undir yfirþjóðlegt vald, afsala ekki löggjafarvaldi í landinu og dómsvaldi í þessu landi, valdi frá Alþingi og dómstólum á Íslandi. Til að menn skilji við hvað er átt ætla ég, með leyfi virðulegs forseta, að vitna í örstuttan kafla úr ræðu hæstv. viðskrh. þennan dag á nefndu ársþingi:

„Við þurfum að meta hvaða afleiðingar efnahagssamruninn í Evrópu hefur fyrir Íslendinga. Er ekki hugsanlegt að nauðsynlegt og eðlilegt sé að endurmeta inntak og merkingu hugtaka eins og sjálfstæðis og yfirþjóðslegs valds? Sjálfur er ég sannfærður um það að viðurkenning á yfirþjóðlegu valdi á vissum sviðum efnahagsmála mundi í reynd styrkja sjálfstæði þjóðarinnar. Mér virðist að sjálfstæði þjóða muni í vaxandi mæli ráðast af menningar- og félagslegum gildum."

Þetta er örlítill kafli í ræðu hæstv. ráðherra. Og hann sagði fleira og kom mér þá í hug ræðan sem flutt var í Þjóðminjasafni Íslands 16. febr., held ég að það hafi verið, 1963 af viðsk.- og menntmrh. á þeim tíma, Gylfa Þ. Gíslasyni, ræða sem fræg varð að endemum en gengur hér aftur ljósum logum í málflutningi hæstv. ráðherra Alþfl., þarna hjá hæstv. viðskrh.

Ég vil hér og nú vara eindregið við þessu ferðalagi sem þarna er lagt upp í því að það er skammt undan ef þær kröfur og óskir ganga upp sem hæstv. utanrrh. ber fram, öðrum fremur, þ.e. að ganga inn á þennan grundvöll fjórfrelsisins svokallaða í samningaviðræðum við Evrópubandalagið á vegum EFTA. Hann gerir sér það ljóst a.m.k., hæstv. viðskrh., að það muni fela í sér verulegt valdaafsal fyrir Ísland og fyrir þá sem taka þátt í slíku samstarfi sem þarna er verið að móta. Ég spyr talsmenn Sjálfstfl.: Hvernig líta þeir á þessi mál? Ég spyr hv. 1. flm. þessarar tillögu sem við ræðum hér: Hvert er hans viðhorf til þessara mála, til samninganna á vegum EFTA við Evrópubandalagið þar sem uppleggið er þetta og þar sem við blasir að krafan um aðgang að náttúrauðlindum mun ekkert síður mæta okkur en í beinum millilíðalausum tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið?

Virðulegur forseti. Ég vildi vekja athygli á því, af tilefni umræðu um þessa tillögu, sem ég tel vera kjarnann í þeim málum sem við erum hér að fást við og sem brenna senn á Alþingi Íslendinga, a.m.k. á stjórnvöldum. Ég vil vekja athygli á því að Evrópubandalagið hefur ekki hafnað tvíhliða viðræðum eins og fram hefur verið haldið af ráðherrum ítrekað undanfarin missiri. Margnefndur Jacques Delors tók það sérstaklega fram í ræðu sem hann flutti í Strasbourg 26. sept. sl. að EFTA-ríkin ættu auðvitað leið í gegnum tvíhliða viðræður að sínum hagsmunum gagnvart Evrópubandalaginu, og Evrópubandalagið er önnum kafið þessa mánuðina í tvíhliða viðræðum við ríki í Austur-Evrópu og hefur gert við þá tvíhliða samninga, að ég hygg við Sovétríkin, Pólland og Ungverjaland, og er með í undirbúningi samninga við önnur ríki þeim megin, þ.e. í austurátt. Eru það ekki tvíhliða viðræður? Hvernig dettur íslenskum stjórnvöldum í hug að bera það á borð að þetta bandalag muni til lengdar hafna því að taka upp slíkar viðræður við Íslendinga? Hitt er annað mál að við þurfum að gera okkur ljóst hvers er að vænta í þeim viðræðum og hvernig við ætlum að bregðast við. Þar eigum við að halda þétt um okkar hagsmuni, vísa frá öllum kröfum um aðgang að náttúruauðlindum á Íslandi og reisa kröfur okkar á sanngirni og því sjónarmiði að fiskafurðir eru okkar iðnvarningur, eru sá varningur sem við höfum að bjóða í viðskiptum og rökstyðja okkar mál með því að um það eigi að gilda hið sama og í sambandi við fullunnar iðnaðarvörur og annan varning sem við hleypum tollfrjálst inn til Íslands. Á þessum málum þarf að taka en menn eiga ekki að rasa um ráð fram þó að málið sé brýnt, þó að málið varði verulega fjárhagslega hagsmuni sem reiknað er á annan milljarð hvað snertir tolla t.d. af saltfiskafurðum og ferskum flökum, þá eigum við Íslendingar að gæta okkar í þessum samskiptum og ekki láta kaupa okkur til þess með nokkrum hætti að afsala okkur grundvallarþáttum í okkar sjálfstæði og í okkar yfirráðum á þeim auðlindum sem eru undirstaðan undir mannlífi í þessu landi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þarf vart að taka það fram að ég styð þessa till. enda er ég meðflm. að henni eins og fram kemur á þingskjalinu. Mjög hefur hallað á okkur eftir að bókun 6 var gerð á sínum tíma og þess vegna sanngirnismál að við fáum þeim samningum breytt sem tekið er á í bókun 6 frá 1972. Ég vil þó taka það fram að ég tel að Íslendingar eigi í samskiptum sínum við Evrópubandalagið að hafa bein samskipti við þá á miklu fleiri sviðum en eingöngu þeim sem þessi till. gerir ráð fyrir. Ég tel að við eigum að halda uppi sams konar samskiptum við Evrópubandalagið eins og við höfum gert hingað til, eins og hefur verið gert á grundvelli Lúxemborgarsamkomulagsins, að sjálfsögðu í samvinnu við EFTA. Það tel ég að eigi að gera áfram, en ekki taka þátt í þeim samningum sem virðast vera fyrirhugaðir nú þar sem EFTA á að tala einni röddu við EB um myndun svokallaðs evrópsks efnahagssvæðis sem er ekkert annað en fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið.

Ég sá ekki betur í sjónvarpinu í gær en að hæstv. utanrrh. teldi að það ætti fyrir okkur að liggja innan — ja, hann talaði um 20 ár eða tók undir þar sem Uffe Elleman-Jensen talaði um 20 ár og lagði þar hattinn sinn að veði fyrir því að Ísland yrði orðið hluti af Evrópubandalaginu innan 20 ára, mig minnir að hann hafi ætlað að éta hann eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ætlar að gera. Mér þóttu þetta slæm tíðindi, að hæstv. utanrrh. teldi svo vera, vegna þess að ég tel það ekki rétta leið fyrir okkur að miða að því að það verði okkar hlutskipti að verða hluti af Evrópubandalaginu. Nýlega hefur komið fram opinberlega að hæstv. ráðherra telur nánast sjálfsagt að fara að semja um fiskveiðiréttindi í tengslum við viðskiptasamninga. Mér finnst algjörlega fráleitt að vera að bera þetta á borð, ekki síst nú þegar við erum e.t.v. að fara í samninga við EB um evrópskt efnahagssvæði. Að hleypa EB inn í íslensku landhelgina er eitt af því sem ég vil segja mjög fáir, vonandi engir Íslendingar, vilja. Það þóttu mér þess vegna slæm tíðindi þegar það kom fram að hæstv. ráðherra hefði talið það mögulegt.

Í ræðu Delors frá 26. sept. er hann að ræða um samskipti Evrópubandalagsins og EFTA og er þá að

ræða um möguleikana á framhaldi, þar sem verið er að ræða um hvernig EFTA muni þurfa að skipuleggja sig, og segir í ræðunni sem ég hef hér í þýðingu, einn lítinn bút af henni, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn gæti þeim mistekist að koma betra skipulagi á mál sín og þá munum við halda áfram að leggja grunn að því heimili okkar sem þau geta orðið hluti af með tvíhliða samningum ef þeim sýnist svo. Val milli þessara tveggja kosta er algjörlega í þeirra höndum." Þ.e., það er algerlega í höndum EFTA-þjóðanna hvort þær kjósa að fara í tvíhliða viðræður eða hvort þær vilja vera í samkrulli við aðra.

Í viðtali við sjónsvarpsstöðina Stöð 2 þann 6. jan. sl. sagði Alister Sutton, sem starfar við þá deild Evrópubandalagsins sem annast innri markaðsmál EB, orðrétt, með leyfi forseta, í íslenskri þýðingu: „Mér vitanlega hefur Evrópubandalagið aldrei neitað nokkru landi í heiminum um tvíhliða viðræður." Fullyrðingar um að Evrópubandalagið vilji ekki taka upp tvíhliða viðræður við Íslendinga virðast mér því vera úr lausu lofti gripnar. Þessu hafa að vísu margir haldið fram en ég held að það hafi í raun aldrei verið leitað beinlínis eftir því af nokkurri alvöru að taka upp tvíhliða viðræður um einstök málefni. Og ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að ég tel að það eigi að gera miklu víðtækara en þessi tillaga gerir ráð fyrir. Við eigum ekki að vera í þessu samkrulli með öðrum EFTA-þjóðum vegna þess að svo virðist sem meiri hluti þeirra sé í raun eingöngu að bíða eftir því að komast inn í Evrópubandalagið, ekki bara eftir 20 ár heldur á næstu árum eða eins fljótt og mögulegt er og vilja gjarnan stilla sér upp í biðröðina eins og utanríkisráðherra Dana ráðlagði þeim nú fyrir skömmu, að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og vera þar með fyrst inn. Ég tel það mjög óheillavænlega þróun ef Ísland ætlar að verða þarna hluti af.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. samgrh., varaformaður Alþb., yrði viðstaddur þessar umræður (Gripið fram í.) og nú kallar hann úr hliðarsal að svo sé, að hann hlýði hér á umræðurnar. En það er einmitt nauðsynlegt að forustumenn og ráðherrar Alþb. taki þátt í umræðum um þetta mikilvæga umræðuefni. Eins og menn hafa tekið eftir þá hafa þeir mjög svo skotið sér undan því í þeim miklu umræðum sem hér hafa farið fram í vetur. Þeir hafa gjarnan hlaupið úr þingsal eða séð einhverjar ástæður til þess að vera fjarverandi þegar þetta mál hefur komið til umræðu. En nú hefur hv. 2. þm. Austurl. talað með svo skýrum og afdráttarlausum hætti um þetta viðfangsefni að óhjákvæmilegt er að kalla eftir viðhorfum ráðherra Alþb.

Það var athyglisvert að hv. 2. þm. Austurl. skyldi taka með svo ákveðnum hætti undir þá þáltill. sem hér er til umræðu með því að hæstv. ríkisstjórn hefur gengið svo langt fram í að hafna því að taka upp beinar tvíhliða viðræður til þess að tryggja útflutningshagsmuni Íslendinga á Evrópumarkaði. Og í fljótu bragði hefði maður haldið að þetta markaði kannski einhver tímamót og úr röðum stjórnarliðsins kæmi þá öflugur stuðningur við alhliða stefnu í Evrópumálefnunum, en hún byggist auðvitað á því hvoru tveggja, að halda áfram viðræðum á þeim grundvelli sem lagður hefur verið í samningum EB og EFTA og hins vegar að taka upp tvíhliða viðræður vegna okkar sérstöðu og okkar sérstöku útflutningshagsmuna með sjávarafurðir.

Það er alveg ljóst að það mál sem hér er til umræðu er hluti af stærri heild. Það verður ekki slitið úr tengslum við heildarafstöðu okkar til Evrópubandalagsins. Það er líka jafnljóst að við getum ekki tryggt okkar hagsmuni nema við förum þessa tvíþættu leið, annars vegar í samfloti með öðrum ríkjum fríverslunarsamtakanna á þeim grundvelli sem þar hefur verið lagður og hins vegar í beinum viðræðum til að gæta okkar sérhagsmuna sem ekki eru þáttur í hinu svonefnda fjórþætta frelsi sem er aðlögun okkar að löggjöf Evrópubandalagsins um innri markað. Það veldur þess vegna miklum vonbrigðum að hv. 2. þm. Austurl., eftir að hann hefur tekið undir óskir hér um tvíhliða viðræður, skuli lýsa svo neikvæðri afstöðu til þess þáttar málsins sem lýtur að hinum almennu EB–EFTA viðræðum.

Allt varpar þetta enn skýrara ljósi á þá miklu erfiðleika sem hæstv. ríkisstjórn virðist þurfa að glíma við innan dyra vegna þessara mikilvægu hagsmuna. Þar sýnast sjónarmiðin ganga út og suður og hæstv. ríkisstjórn virðist ekki fram til þessa hafa náð því að marka skýra stefnu sem ótvíræður stuðningur sé við í stjórnarliðinu. Nú kemur hv. 2. þm. Austurl., fulltrúi eins stjórnarflokkanna í þeirri nefnd sem Alþingi hefur kosið til að fjalla um stefnumörkun af hálfu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, og segir fullum fetum að hæstv. ríkisstjórn verði að endurskoða afstöðu sína til EB–EFTA samninganna, kemur hér í þessari umræðu og segir að hæstv. ríkisstjórn verði að endurskoða afstöðu sína í þessum efnum. Hann segir fullum fetum að þar séu menn á villigötum og hann varar mjög sterklega við því ferðalagi, að halda áfram á þeirri braut. Og er þetta nú enginn aukvisi eða utangarðsmaður í röðum stjórnarflokkanna, heldur fulltrúi áhrifamesta flokksins í ríkisstjórn fram til þessa í Evrópustefnunefndinni.

Hv. þm. heldur því jafnframt fram í ræðu sinni að tvísýnt sé um skynsemina í fríverslunarviðræðunum sem svo hafi verið nefndar með sjávarafurðir og fleiri vöruflokka á grundvelli hinna almennu EB–EFTA viðræðna, að þar kunni að felast hættur. Og hann fer háðungarorðum um þá fyrirvara sem hæstv. utanrrh. hefur gert fyrir Íslands hönd í þessum viðræðum og segir að þeir „tryggi hvergi nærri hagsmuni Íslands", eins og ég hygg að hann hafi komist að orði. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þeir fyrirvarar sem hæstv. utanrrh. hefur gert séu í fullu samræmi við þá meginstefnu að við ætlum okkur að vera í alvöru þátttakendur í þessum viðræðum og ef þeir fyrirvarar verða víðtækari sé vafasamt að unnt sé að tala um það í alvöru að við séum þar þátttakendur.

Hv. 2. þm. Austurl. ítrekar hér, að því er virðist, þá fyrirvara sem þingflokkur Alþb. hefur gert og reyndar birt þar sem fram kemur að Alþb. segist hafa algjöran fyrirvara að því er varðar alla samninga um fjármagnsflutninga í hinum væntanlegu samningum við Evrópubandalagið. Hæstv. utanrrh. hefur margsinnis lýst því yfir að hann ætli að hafa þessa samþykkt að engu og hann hafi með öllu hafnað þeirri kröfu Alþb. að kynna þessa fyrirvara sem hluta af stefnu ríkisstjórnarinnar fyrir samstarfsaðilum okkar í fríverslunarsamtökunum og viðsemjendum okkar í Evrópubandalaginu.

Nú vil ég óska eftir því við varaformann Alþb. sem hæstv. samgrh., sem lætur svo lítið að vera viðstaddur þessa umræðu, að hann geri hér fulla grein fyrir afstöðu ráðherra Alþb. í þessum efnum. Er það rétt sem hæstv. utanrrh. hefur gefið í skyn að ráðherrar Alþb. framfylgi allt annarri stefnu en þingflokkur Alþb.? Er það rétt að ráðherrar Alþb. hafi samþykkt þá útfærslu á fyrirvörum af okkar hálfu sem hæstv. utanrrh. hefur lýst og hafi þar með með öllu hafnað þeim fyrirvörum sem þingflokkur Alþb. gerði með samþykkt sem birt var hér opinberlega og lesin af formanni flokksins 29. nóv. sl. hér á Alþingi? Það er nauðsynlegt í framhaldi af ræðu hv. 2. þm. Austurl. að varaformaður Alþb., hæstv. samgrh., geri í þessari umræðu skýra grein fyrir þessu.

Það liggur í augum uppi að við það verður auðvitað ekki unað að hér sitji ríkisstjórn, þegar svo mikilvægir samningar eru í húfi, sem hefur jafnfjölbreytilegar skoðanir og ólíkar á þessu mikla verkefni. Auðvitað vænti ég þess að hæstv. samgrh. staðfesti hér að ráðherrar Alþb. hafi komist að þeirri niðurstöðu að þeir muni ekkert gera með fyrirvara þingflokksins í þessu efni heldur styðji þeir þá fyrirvara sem hæstv. utanrrh. hefur gert. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. geti staðfest að svo sé því að það skiptir auðvitað miklu fyrir Ísland út á við að þeir þverbrestir séu ekki af hálfu íslenskra stjórnvalda sem draga úr trausti á því að Ísland sé í alvöru í þessum viðræðum. Það er hins vegar óhjákvæmilegt, eftir þá ræðu sem hér hefur verið flutt, að hæstv. samgrh. svari skýrum spurningum um þetta efni: Hverjir eru þessir fyrirvarar? Hafa ráðherrar Alþb. fallið frá fyrirvörum þingflokkins? Hafa þeir samþykkt fyrirvara hæstv. utanrrh.? Um þetta þurfa að fást hér alveg skýr svör. Er það stefna Alþb., sem hv. 2. þm. Austurl. var að lýsa, að það eigi einvörðungu að fara í beinar tvíhliða viðræður um afnám tolla vegna útflutnings á sjávarafurðum og líta á hinar almennu EB–EFTA viðræður sem meiri háttar hættuspil? Er það líka stefna ráðherra Alþb. eða fylgja þeir stefnu hæstv. utanrrh. í því efni? Eru þeir andvígir sjónarmiðum hv. 2. þm. Austurl. að þessu leyti og samþykkir hæstvirtum utanríkisráðherra? Með hverjum standa ráðherrar Alþb.?

Alþingi getur ekki sætt sig við að þeir hlaupi hér út úr þingsalnum í hvert skipti sem þessi mál koma til umræðu og að þeir geri ekki grein fyrir afstöðu sinni í þeim efnum. Það er kominn tími til að þeir taki þátt í umræðunni og svari þessum spurningum.

Það er líka nauðsynlegt að þeir svari fyrir sitt leyti hvaða afstöðu þeir taka til allra þeirra stóru mála sem við þurfum að taka á og fylgja beint í kjölfarið á samningunum við Evrópubandalagið. Mörg þeirra eru reyndar þess eðlis að við þurfum að taka ákvarðanir áður en formlega verður gengið frá samningum við Evrópubandalagið. Ég minni hér á að hæstv. viðskrh. hefur sagt fullum fetum að það verði að breyta ríkisbönkum í hlutafélög á þessu ári til að bankakerfið verði undirbúið, verði búið undir að mæta erlendri samkeppni þegar gengið hefur verið frá samningunum við Evrópubandalagið og tengsl okkar við löggjöf innri markaðar Evrópubandalagsins.

Er hæstv. samgrh., varaformaður Alþb., tilbúinn að styðja nauðsynlegar lagabreytingar í þessu skyni? Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir margsinnis, vikum og mánuðum saman, að hann sé tilbúinn með tímasetta áætlun til að breyta gjaldeyrisreglunum, til að koma gjaldeyrisreglunum í sambærilegt horf við það sem Norðurlöndin ætla að vera búin að gera um mitt þetta ár og er óhjákvæmilegt að gera í tengslum við þessa samninga. Er hæstv. samgrh. tilbúinn að samþykkja þetta? Eða er hugsanlegt að ástæðan fyrir því að hæstv. viðskrh. kemur ekki fram margendurteknum yfirlýsingum sínum um þetta efni sé sú að ráðherrar Alþb. hafi verið að þvælast þar fyrir? Það er líka nauðsynlegt að hæstv. samgrh. svari spurningum af þessu tagi í umræðunni.

Ég vildi svo að lokum leggja á það áherslu að það verður æ skýrara hversu mikilvægt er að móta ákveðna stefnu og framfylgja henni að því er varðar samningana við Evrópubandalagið. Það er mjög mikilvægt að viðurkenna að sá ferill þarf að vera tvíþættur, annars vegar hinar almennu viðræður sem nú fara fram á vegum EFTA og EB og hins vegar beinar viðræður til að tryggja hindrunarlausan útflutning á sjávarafurðum. Við verðum að fá viðurkenningu á því að sjávarafurðir Íslendinga jafngilda iðnaðarvörum annarra þjóða. Það skiptir þess vegna höfuðmáli fyrir okkur að fá viðurkenningu á því af hálfu viðsemjenda okkar innan Evrópubandalagsins. Þessir samningar eru margþættir og hafa mjög mikil áhrif á íslenska hagsmuni. Þeir eru auðvitað miklu víðtækari en einvörðungu að því er varðar útflutning á sjávarafurðum og koma beint við marga þætti efnahags- og fjármálastjórnar í landinu, en hjá því verður aldrei komist að útflutningur sjávarafurða verður uppistaða í verðmætasköpun landsmanna. Við verðum því að fá þær viðurkenndar með sama hætti og aðrar þjóðir fá iðnaðarvörur viðurkenndar í þeim frjálsu vöruviðskiptum sem fram eiga að fara á evrópska efnahagssvæðinu. Vænlegast í því efni er að halda á málum með þeim hætti sem við sjálfstæðismenn höfum lagt til og horft verði á málið frá víðum sjónarhóli.

Þetta vil ég fyrst og fremst leggja áherslu á hér að lokum, frú forseti, en ítreka óskir mínar til varafor-

manns Alþb., hæstv. samgrh., að hann svari hér fyrir hönd Alþb. um afstöðu ráðherra flokksins í þessum efnum. Það er kominn tími til eftir margra mánaða umræðu að hún komi loksins fram í dagsljósið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að verða við óskum hv. 1. þm. Suðurl. og fara yfir afgreiðslu á þessu máli eins og hún snýr að Alþb. Og ekki er nema sjálfsagt og ljúft og skylt að verða við því í hvert sinn sem hv. 1. þm. Suðurl. gengur í lið með okkur alþýðubandalagsmönnum og hvetur okkur til þess að koma okkar afstöðu og málflutningi á framfæri og vera honum innan handar við það.

Ráðherrar Alþb. áttu aðild að bókun í ríkisstjórninni. Þegar sú bókun var afgreidd um mánaðamótin nóvember-desember sl. samþykktu þeir hana á grundvelli og með vísan til samþykktar sem þingflokkur Alþb. hafði þá gert, um áframhald könnunarviðræðna EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins 29. nóv. 1989. Þar er einfaldlega skýrð sú afstaða þingflokks Alþb. til áframhalds málsins sem síðan hefur verið við lýði og er við lýði, að það skuli meta á hverju stigi, eftir því hver framgangur könnunarviðræðnanna er, hvernig haldið verði á málinu áfram.

Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt dregur ekki til þess að sest verði niður í eiginlegar samningaviðræður fyrr en síðla vors eða snemma sumars að haldið er. Fram að þeim tíma eru í gangi undirbúnings- og könnunarviðræður og málin skýrast væntanlega dag frá degi og viku frá viku. Þingflokkur Alþb., ásamt ráðherrum flokksins, hefur áskilið sér rétt til að skoða málið á hverju stigi í ljósi framvindu þess og eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um einstök atriði út frá þeim könnunarviðræðum.

Þetta á hv. 1. þm. Suðurl. að geta skilið eins og aðrir sem felur þetta í sér sem ég hef nú hér lýst. (**Gripið fram í:** Hvað um fyrirvarana?) Varðandi fyrirvara af Íslands hálfu liggur það fyrir að það er einmitt viðfangsefni þessara vikna að útfæra þá í ýmsum greinum og skýra í könnunarviðræðunum í hverju þeir felast í smáatriðum, eða ítarlegri atriðum en dregin voru upp þegar fyrirvararnir voru fyrst settir fram. Sérstakir vinnuhópar, einir fimm að tölu, hafa það viðfangsefni þessa dagana að koma afstöðu Íslands og fyrirvörum á framfæri að þessu leyti.

Um önnur atriði þessa máls sem hv. 1. þm. Suðurl. spurði hér um, svo sem þau hvort ekki þyrfti að rjúka upp til handa og fóta og breyta ríkisbönkunum í hlutafélög, vegna þess að það væri nauðsynlegur undirbúningur að þessum samningum við Evrópubandalagið, hafa engar ákvarðanir verið teknar um það. Ekkert liggur fyrir í formi niðurstöðu í ríkisstjórninni um að vilji sé yfirleitt fyrir því að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög frekar en orðið er. Vísa ég þar m.a. til yfirlýsingar sem hæstv. forsh. hefur gefið um það efni og þarf ekki frekari orð um það að hafa í raun og veru. Enda hef ég ekki skilið að það væri eitthvert skilyrði sem ekki yrði fram hjá komist, þó svo að til einhverra samninga kæmi, að ekki mættu vera til ríkisbankar. Aldrei hef ég heyrt það fyrr og væru það þá ný vísindi og fróðlegt að fá þau fram ef svo væri. Hins vegar kann hæstv. viðskrh. að hafa þá skoðun að æskilegra væri að þeir væru hlutafélagabankar, en þá er það hans skoðun og á eftir að útkljá það mál.

Mér finnst það líka heldur bráðræðislegt að rjúka til breytinga á stjórnkerfi eða skipan mála hjá okkur eins og það liggi nú þegar fyrir og sé sjálfgefið að af einhverri tiltekinni samninganiðurstöðu verði í þessu ferli. Er ekki rétt að fá þær niðurstöður fyrst fram og grípa í framhaldinu til þeirra ráðstafana sem þá kunna að verða nauðsynlegar af þeim sökum? Ég held að málið sem slíkt sé í eðlilegu ferli. Það hefur verið afstaða meiri hluta þingflokks Alþb. að ekki væri skynsamlegt að hverfa frá þessum viðræðum að svo stöddu, það væri eðlilegt að láta þær halda áfram. En það er gert á grundvelli þeirrar samþykktar sem þingflokkurinn gerði og stendur enn. Þetta er afstaða þingflokksins og studd af ráðherrum hans enda áttu þeir aðild að samþykktinni, eða a.m.k. þeir þeirra sem í þingflokknum sitja með atkvæðisrétti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Tillaga sú til þál. sem hér er til umræðu gefur, eins og fram hefur komið, tilefni til almennra umræðna og skoðanaskipta um samninga Íslendinga við Evrópubandalagið eina sér og ásamt öðrum þjóðum.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og reyndar kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl., að ekki sé ástæða til að slíta þann þátt málsins sem í þáltill. er settur fram undir fororðinu að auka við bókun 6 með fríverslunarsamningi Íslendinga og Evrópubandalagsins frá 1972 sem gekk að fullu í gildi árið 1976 úr samhengi við annað. Ég held það væri ekki hagsmunum okkar til framdráttar að fara í málið á þann einfalda hátt. Með þessu er ég ekki að segja að sú hugsun sem býr að baki tillögunni eigi ekki fullkominn rétt á sér. Auðvitað leitum við eftir sem hagstæðustum kjörum, sem bestum aðgangi fyrir útflutningsvörur okkar til Evrópubandalagssvæðisins og hins sameiginlega evrópska efnahagssvæðis. Við höfum þegar náð þeim árangri að fríverslun með fisk er undirstöðuatriði í samningaviðræðum EFTA sameiginlega og því er, á þessu stigi máls, eðlilegast að halda því máli fast fram um þann farveg.

Þær könnunar- og undirbúningsviðræður sem nú hafa staðið um langt skeið eru svo vel á veg komnar að formlegar samningaviðræður milli EFTA og Evrópubandalagsins gætu hafist snemma á því sumri sem í hönd fer og þeim kynni að ljúka um eða upp úr næstu áramótum, ýmsir telja þetta að vísu bjartsýnisáætlun. Við þurfum brátt að móta okkur ákveðna afstöðu í þessum samningaviðræðum. Þar á meðal að skilgreina á hvaða sviðum við sækjumst eftir varanlegum undanþágum vegna lífshagsmuna okkar frá hinum almennu reglum sem gilda munu og á hvaða sviðum við leitum eftir umþóttunartíma, aðlögun að þeim rétti sem ríkja mun á hinu sameiginlega evrópska efnahagssvæði.

Á þessu stigi máls leita EFTA-ríkin sex eðlilega að samnefnara í þessum efnum. Ég á frekar von á því að

þau muni, þegar til hinna formlegu samningaviðræðna kemur og í aðfararumræðum að þeim samningaviðræðum, kynna í allmörgum greinum að á tilteknum sviðum sækist mörg EFTA-ríkin eftir undanþágum, frávikum eða umþóttunartíma. Þetta er samningaaðferðin sem valin hefur verið og ég tel skynsamlegt og rétt að fylgja henni. Þetta breytir því hins vegar ekki að Íslendingar hafi samhliða uppi viðleitni til að hafa tvíhliða samband við Evrópubandalagið og einstök ríki þess. Það hefur líka verið gert um sérmál okkar og þá fyrst og fremst um aðgang íslenskrar sjávarvöru að hinum evrópska markaði.

Ég minni á það að ég átti sem viðsk.- og iðnrh. viðræður við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í janúarmánuði sl. Það er búist við sjávarútvegsframkvæmdastjóra bandalagsins, Manuel Marin, hingað til lands til viðræðna við sjútvrh. í maí. **(Gripið fram í:** Um hvað?) Til þess að ræða almennt við Íslendinga um sjávarútvegsmál. (Gripið fram í.) Jú, virðulegi þm., ég tel að þar sem við erum hér ábyrgðarmenn íslensku fiskveiðilögsögunnar, sem góðu heilli heyrir undir okkur, allt að 200 mílum og lengra sums staðar og hv. þm. vill að hún nái mjög langt, sé þetta okkar ábyrgðarhluti í hinu alþjóðlega samfélagi sem við getum ekki rækt til fulls nema að ræða við nágranna okkar á þessu hafsvæði um það hvernig það verði best gert, okkur sjálfum og öllum þjóðum til hagsbóta. Það er ekki unnt að leysa slík mál eingöngu á grundvelli þjóðlegra athafna. Við verðum að hafa alþjóðlega samninga. Og þar kem ég náttúrlega að því sem er mjög mikilvægt, að spurningin um valdaframsal til alþjóðlegra stofnana, sem sumir kjósa að kalla yfirþjóðlegar stofnanir og hv. 2. þm. Austurl. vék nokkuð að í sínu máli, mun án efa brenna heitt á mörgum okkar á næstu missirum. Það er eðlilegt, því hvenær sem gerður er milliríkjasamningur hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar. En það er erfitt að ímynda sér hvernig hið sameiginlega evrópska efnahagssvæði getur orðið meira en orðin tóm ef ekki verður komið á fót ýmsum sameiginlegum stofnunum. Ég nefni sem dæmi dómstól til að fjalla um viðskiptadeilur milli ríkja og milli einstaklinga sem eiga viðskipti við aðila í öðru ríki en þeir eru sjálfir búsettir í. Þessi mál eru hin yfirþjóðlegu mál. Þau verður að athuga vandlega og fordómalaust og ég vil leyfa mér að minna hv. 2. þm. Austurl. á það enn á ný að réttur smáríkja og réttur þegna smáríkja er jafnan best tryggður með formlegum alþjóðasamningum. Þangað sækja þau sinn rétt, þau sækja sinn rétt í þjóðaréttinn, í alþjóðlega löggjöf. Það er sjónarmiðið sem býr að baki þeim orðum sem hv. þm. gerði mér þann greiða að vitna til áðan og ég er viss um að lýsir rétt afstöðu Íslendinga til hins væntanlega sameiginlega evrópska efnahagssvæðis.

Við skulum jafnan hafa í huga að fram undan eru ákaflega flóknir samningar sem við þurfum að búa okkur vandlega undir. Við verðum jafnframt að vinna að undirbúningi að ýmsum breytingum hér sem við þurfum að gera hvort sem samningar nást við Evrópubandalagið eftir þeim farvegum sem nú eru farnir eða ekki. Það er einfaldlega þannig að við þurfum að búa okkur undir viðskipti, búa okkar atvinnulíf undir viðskipti sem einkennast munu af Evrópubandalaginu og þeim samningum sem það gerir við önnur ríki, þær viðskiptareglur, þá viðskiptahætti sem munu verða alls ráðandi á okkar mikilvægasta markaðssvæði þegar kemur fram í ársbyrjun 1993.

En ég vík aftur að máli hv. 1. þm. Suðurl. Það vakti í máli hans að ríkisstjórnin hefði hafnað því að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið, ég hygg að ég muni rétt það sem hann sagði. Ríkisstjórnin hefur ekki hafnað því. Ég minni á það að í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. 1989, ef ég man daginn rétt, var einmitt ítrekað að halda skyldi áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um hagsmunamál Íslendinga sérstaklega um leið og Íslendingar tækju þátt í EFTA- og Evrópubandalagsviðræðunum.

Ég vil líka víkja að öðru. Hv. 1. þm. Suðurl. sagði hér áður að ég hefði sagt að það yrði að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagsbanka á þessu ári til að við gætum tekið þátt í þessum samningum. Þetta er ekki alls kostar rétt. Ég hef vissulega sagt það og stend við þá skoðun mína hvar og hvenær sem er að það sé æskilegt að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagsbanka sem í upphafi yrðu áfram í eigu ríkisins. Eignarhald á þeim gæti síðan e.t.v. færst frá ríkinu eftir því sem þeir þyrftu að afla sér viðbótarstofnfjár með sölu hlutabréfa til almennings eða fyrirtækja. Ég er viss um að þetta sjónarmið verður ofan á í fyllingu tímans. Það er erfitt að koma auga á aðra leið sem getur útvegað bönkunum aukið eigið fé í samræmi við alþjóðlegar reglur sem er ætlað að tryggja öryggi innstæðueigendanna og getu bankanna til þess að veita atvinnulífinu frambærilega þjónustu. Þetta er hins vegar ekki mál sem er beinlínis tengt Evrópubandalagsviðræðunum þótt það sé skylt þeim. Það þarf að vanda undirbúning þessa mikla máls og tryggja hvert skref í því og ætla til þess góðan tíma. Ég teldi æskilegt að stefna í málinu yrði mótuð fyrir lok þessa árs, en alls ekki hef ég nokkurs staðar sagt eða mun halda því fram að slík breyting þurfi að vera um garð gengin fyrir lok þessa árs, ella gætum við ekki staðið við okkar hlut í væntanlegum samningum við Evrópubandalagið. Hafi það mátt skilja af einhverju því sem ég hef sagt vil ég leiðrétta það. En ég endurtek að ég er þessarar skoðunar, eins og kom fram hér í máli hæstv. samgrh., það get ég staðfest.

Líku máli gegnir um gjaldeyrismálin. Ég hef, frá því að ég tók við starfi viðskrh., tvívegis staðið fyrir rýmkun þeirra reglna og veitt t.d. almennar heimildir til vörukaupalána. Ég hef líka látið semja drög að nýrri reglugerð um skipan gjaldeyrismála í heild þar sem gert er ráð fyrir því að gjaldeyrisreglurnar verði rýmkaðar, ýmist við gildistöku slíkrar reglugerðar eða í áföngum. Þar hef ég í huga alllangan tíma, t.d. fram til ársins 1993 að Íslendingar yrðu á þeim tíma búnir að samræma sínar reglur þeim sem algengastar eru í löndunum hér í kring. Það er hins vegar

mikilvægt að þessi tímasetta áætlun verði þá fyrst mótuð til fulls að við höfum mat á framvindu samningaviðræðnanna, m.a. við Evrópubandalagið innan EFTA-hópsins. Það mál mun væntanlega skýrast á þessu vori og að sjálfsögðu verður að móta afstöðu í þessum málum sem og öðrum. Ég held að þetta mál allt, fjármagnsmarkaðsmálið, sé allvel á vegi en bið menn að sýna biðlund með því að þær tillögur birtist í einstökum greinum, þar til við sjáum hvernig vindur fram samningunum innan EFTA-hópsins og milli hans og Evrópubandalagsins á næstu mánuðum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hef nýlega, við lok umræðna um skýrslu utanrrh., gert allrækilega grein fyrir mínum viðhorfum til þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir þannig að ekki er þörf á að bæta við mjög mörgum orðum. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli er m.a. mörkuð í bókun þeirri í ríkisstjórn sem forsrh. kynnti hér á Alþingi fyrir áramótin og lýsir tvennu. Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin samþykkir og felur utanrrh. að halda áfram þátttöku fyrir Íslands hönd í undirbúnings- og samningaviðræðum þeim sem fram undan eru á grundvelli niðurstaðna könnunarviðræðnanna, eins og þær voru tilgreindar fyrst og fremst í tveimur skjölum, þ.e. í sameiginlegri skýrslu stjórnarnefndar beggja aðila, EFTA og EB, sem birt var 20. okt. og í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherranna þann 19. des. Jafnframt var því lýst yfir, eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh., að ríkisstjórnin vildi halda áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um sérmál Íslands og ekki hvað síst okkar sjávarútvegshagsmuni. Ef menn vilja draga þá ályktun af þessum tillöguflutningi og umræðum sem spunnist hafa af honum um að mikill ágreiningur sé um þetta tvennt, þ.e. að það eigi að velja annars vegar EFTA-leiðina eða tvíhliða viðræður, þá er það á misskilningi byggt.

Ríkisstjórnin hefur í orði og verki lýst því yfir að við sækjum fram í þessu máli eftir báðum þessum leiðum. Annars vegar er EFTA-leiðin sem tekur til miklu víðtækara sviðs, hins vegar eru tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið sem eru út af sérmálum Íslendinga. Í raun og veru er spurningin aðeins ein: Hvort og hvenær er þá tímabært að óska eftir formlegum tvíhliða samningaviðræðum við Evrópubandalagið um sérmál Íslands? Það er ljóst að af hálfu ríkisstjórnarinnar er það mat ráðandi að ekki sé tímabært að svo stöddu að leita eftir formlegum samningaviðræðum. Hins vegar hefur aldrei verið útilokað að til þess kunni að koma en það liggur ekki fyrir nú.

Í annan stað er þess að geta þegar þetta er metið að ef við óskum eftir formlegum samningaviðræðum við Evrópubandalagið um tollamál þýðir það einfaldlega að við erum að beina því erindi til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins sem hefur ein umboð til að semja um þau mál af hálfu Evrópubandalagsins, þ.e. um ívilnanir eða lækkanir á tollum. Og þá er jafnframt vitað að ef við erum að ræða um ívilnanir eða lækkun á tollum vegna innflutnings fiskafurða til Evrópubandalagsins, þá hefur framkvæmdastjórnin lýst þeirri stefnu sinni í samskiptum við aðrar þjóðir að hún semji um tollaívilnanir varðandi fiskafurðir á grundvelli kröfu bandalagsins sem byggð er á hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu um veiðiheimildir í staðinn. Þannig að ef menn spyrja: Hvers vegna er ekki tímabært að setja fram þessa kröfu nú þegar? þá kemur tvennt til: Forsrh. hefur vísað til þeirra raka að það kunni að spilla samningsstöðu okkar í hinum almennu samningaviðræðum ef við, um leið og við óskum eftir atfylgi EFTA-ríkjanna, og höfum reyndar fengið það, í hinum almennu samningum að baki kröfunnar um fríverslun með fisk, tökum á sama tíma upp tvíhliða formlegar samningaviðræður um það mál kynnum við þar með að vera að gera þeim lífið heldur auðvelt í stuðningi við okkur um það mál. Með öðrum orðum, þeir gætu brugðist við með þeim hætti að segja: Þið hafið þegar efnt til tvíhliða formlegra samningaviðræðna um það mál. Þýðir það ekki ósköp einfaldlega að þið hafið tekið það að ykkur? Og þar með telji þeir sig vera lausa mála við að styðja þessar kröfur við samningaborðið fyrir hönd EFTA-ríkjanna í heild.

Hin meginástæðan fyrir því að þetta er álitaefni er auðvitað sú hvort við viljum bjóða upp á framsetningu á kröfunum um veiðiheimildir á þessum tíma. Sá sem fer fram á formlegar samningaviðræður um tollaívilnanir verður að sjálfsögðu að vera við því búinn að fá þær kröfur fram. Hann getur reyndar gengið að því sem gefnu, en ef hann er ekki reiðubúinn að svara því á annan veg en þann að hann vilji ekki einu sinni hlusta á slíkan málflutning þá ná slíkar viðræður væntanlega ekki mikið lengra. Og ef þetta yrði til þess að opinbera sundrungu í okkar röðum held ég að það væri ekki til þess fallið að styrkja samningsstöðu okkar á viðkvæmu augnabliki.

Þetta er held ég það sem ástæða er til að árétta beinlínis að gefnu tilefni þessarar þáltill. Að sjálfsögðu er hægt að fara út um víðan völl um þessi mál sem ég ætla ekki að gera hér. Ég árétta einungis þá stefnu sem mótuð hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar og það umboð sem utanrrh. byggir á, þ.e. bókun sem felur í sér þetta tvennt, umboð til að halda áfram undirbúnings- og samningaviðræðum annars vegar og jafnframt til að halda áfram þessum tvíhliða viðræðum. En við áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til þess að meta það hvenær það þjónaði best hagsmunum Íslands að óska eftir formlegum tvíhliða viðræðum.

Að því er varðar spurninguna um hvað kunni að gerast að 20 árum liðnum, árið 2010, og hverjir eru reiðubúnir að éta hattinn sinn út af veðmálum um það efni held ég að menn eigi ekki að hafa um það stór orð. Það hefði vafist fyrir flestum að spá fyrir um þróun mála í Austur-Evrópu á miðju síðasta ári og það er hverju orði sannara sem sagt hefur verið að atburðarásin í Evrópumálefnum er svo hröð að það er ekki á margra færi að slá neinu föstu um það hversu hratt hlutirnir gerist. Hitt er svo annað mál að allir

samningar milli þeirra ríkja sem utan Evrópubandalagsins standa við það, hvort sem þeir fara fram með tvíhliða viðræðum eða ekki, snúast um sömu málin. Þeir snúast um það að viðkomandi ríki geri ráðstafanir og semji um það að laga sig að grundvallarreglum samrunaferilsins í Evrópu. Með öðrum orðum, það eru samningar um fríverslun, það eru samningar um tolla, það eru samningar um einn fjármagnsmarkað, það eru samningar um einn þjónustumarkað, það eru samningar um búsetu- og atvinnuréttindi og það eru samningar um samstarfsverkefni eins og við þekkjum t.d. af Lúxemborgarferlinum.

Sá sem heldur því fram að líkur bendi til að unnt sé að ná fyrr niðurstöðum eftir tvíhliða leiðinni hefur held ég ekki hugsað það mál til enda. Í raun og veru er hér um sama viðfangsefnið að ræða. Það tekur óhjákvæmilega langan tíma. Við þekkjum það af reynslunni hversu langan tíma það tók fyrir ríki sem stóðu utan Evrópubandalagsins á þeirri tíð að semja sig inn í bandalagið. Það er því með öllu ósannað mál og reyndar afar ólíklegt að ríki sem hæfi slíka tvíhliða samninga gæti náð niðurstöðum fyrr. Samkvæmt opinberum yfirlýsingum Evrópubandalagsins er það reyndar svo að Evrópubandalagið er ekki reiðubúið til þess nú að taka upp slíkar viðræður, nema í undantekningartilvikinu Austur-Þýskaland, og hefur vísað til þess að slíkum samningum verði naumast sinnt að neinu ráði fyrr en eftir 1993. Í reynd þýðir það að ný ríki sem sækja um nú verða ekki komin með fulla aðild fyrr en 1995 vegna þess að það er alla vega tveggja ára mál að ljúka slíkum samningum.

Hvort heldur menn vilja líta á þá samningaleið sem EFTA-ríkin hafa valið sér eða einhverja fræðilega möguleika á tvíhliða viðræðum eru viðfangsefnin hin sömu. Og tíminn sem það tekur að ná slíkum samningum væntanlega svipaður. Munurinn er bara sá að við erum búnir að ljúka í EFTA-viðræðunum ítarlegum könnunarviðræðum. Að baki þeirri vinnu liggja þúsundir blaðsíðna af vinnuskjölum. Vandamálin hafa verið skilgreind. Löggjöf hefur verið borin saman. Lausnir hafa verið lagðar fram og það er orðið samkomulag um yfirgnæfandi meiri hluta af þeim málefnum sem um á að semja. Um leið og við lýsum okkur reiðubúna til þess að fallast á hin sameiginlegu lög og reglur Evrópubandalagsins á samningssviðinu sem lagalegan grundvöll evrópsks efnahagssvæðis þýðir það ósköp einfaldlega að efnisleg yfirferð yfir samningssviðið er að verulegu leyti búin. Þegar góðviljaðir menn vilja gerast ráðgjafar okkar og veðja hattinum sínum um það að öll Evrópuríki sem nú standa utan EB verði komin inn í það bandalag eða orðin aðilar að nánu evrópsku samstarfi 20 árum seinna. Það má vel fara svo að á það reyni miklu, miklu fyrr. En það geta líka verið samningar um nýtt sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði sem tekur til miklu fleiri ríkja en þeirra 18 sem við ræðum mest um nú, þ.e. Evrópubandalagið og EFTA-ríkin, vegna þess að ef við erum bjartsýn á að Austur-Evrópuríkin nái sér á tiltölulega skömmum tíma aftur á legg og þeim takist vel að stýra sínum málum frá miðstýrðum ríkisbúskap yfir til markaðskerfis og blandaðs hagkerfis, fjölflokkalýðræðis og réttarríkis, þá getur það gerst miklu fyrr en margir nú hugsa að þessi ríki finni aftur sinn sess í Evrópusamstarfi framtíðarinnar.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Með því að hæstv. samgrh. fór eins og köttur í kringum heitan graut þegar hann freistaði þess að svara hér nokkrum einföldum spurningum sem fyrir hann voru lagðar þá óska ég eindregið eftir því að hann verði á ný kallaður til þessarar umræðu og svari frekari fyrirspurnum þar að lútandi. En fyrst vildi ég, frú forseti, víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. utanrrh. sem hér var að ljúka máli sínu.

Ég verð enn að segja að ég verð fyrir vonbrigðum með afstöðu hans til þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir og mælir fyrir um beinar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið vegna útflutningshagsmuna okkar á sjávarafurðum. Þó ber að geta þess sem gott er og skynsamlegt. Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra öðru hvoru upp á síðkastið og í þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan að nú geti það verið spurning um hvenær beinar viðræður verði teknar upp. (**Utanrrh.:** Hvort.) Hvort og hvenær. Það er rétt, hvort og hvenær, eins og hæstv. ráðherra orðaði það. En ljóst er að hæstv. ráðherra sagði þetta mikilvæga orð, hvenær. Í því felst auðvitað svolítið viðurkenning, ekki síst í ljósi þess hvernig hæstv. ríkisstjórn brást við fyrst þegar þessi ósk var sett fram. Þá ætlaði allt af göflunum að ganga hér í Alþingi og í fjölmiðlum með meiri hneykslunar- og upphrópunarræðum en í langan tíma eða jafnvel áratugum saman hafa heyrst hjá forustumönnum í íslenskum stjórnmálum. Svo hneykslaðir voru hæstv. ráðherrar á þessari kröfu. En því meir sem járnið hefur verið hamrað, þá viðurkenna þeir smám saman meginrökin á bak við þessa tillögu. Og nú er svo komið að þeir eru farnir að tala um hvenær að þessu komi. Vilja enn tengja það skilyrðinu hvort, en ég er sannfærður um að því meir sem járnið verður hamrað áfram, þá mun það mikilvæga orð falla niður úr þeirra orðasafni í þessu samhengi og á endanum hljóta þessir ágætu menn að fallast á þá stefnumörkun sem hér er lögð til.

Hæstv. ráðherra segir auðvitað réttilega að hæstv. ríkisstjórn hafi átt tvíhliða kynningarviðræður við einstaka aðila innan Evrópubandalagsins og ég dreg ekki úr mikilvægi þeirra. Ég lít svo á að þær hafi haft mjög mikla þýðingu og þeim á að halda áfram. En það er reginmunur á slíkum tvíhliða kynningarviðræðum og beinum viðræðum um hindrunarlausan útflutning á sjávarafurðum og viðurkenningu á því að um þær gildi sömu reglur og iðnaðarvörur annarra landa. Það er verið að óska eftir þessum beinu viðræðum og ég vænti þess, þó að stolt hæstv. ráðherra sé mikið, að þeir taki ekki allt of langan tíma í það að kyngja þessari einföldu staðreynd því við höfum ekki yfir að ráða allt of miklum tíma í þessum efnum.

En rökin sem hæstv. ráðherra flutti gegn því að

fara í þessar viðræður strax voru þau að við mundum í fyrsta lagi taka á okkur of mikinn þunga í þessari kröfugerð og létta, ef ég skildi hann rétt, þunganum af fríverslunarsamtökunum.

Að þessum ummælum sögðum vil ég fyrst og fremst minna á að þunginn í þessari kröfu mun alltaf hvíla á Íslendingum, ekki síst eftir að Norðmenn fóru að auka styrki sína í sjávarútvegi þrátt fyrir Oslóarsamkomulagið í fyrra um afnám styrkja. Það erum við fyrst og fremst sem höfum hagsmuna að gæta og við getum ekki vænst þess að aðrar þjóðir muni leggja mikinn þunga þar í. Það gildir þess vegna einu hvaða leið er farin. Þunginn mun alltaf hvíla á okkur og við eigum ekkert að vera að skjóta okkur undan því að axla þá byrði.

Í annan stað færði hæstv. ráðherra þau rök gegn því að við færum í þessar umræður strax að við mundum þá opna fyrir kröfu Evrópubandalagsins um fiskveiðiheimildir. Ég vil bara minna hæstv. ráðherra á að hann hefur sjálfur opnað fyrir þessa kröfu með óskinni um fríverslun með sjávarafurðir. Vegna þess að um leið og hún var lögð fram af EFTA-ríkjunum svaraði Evrópubandalagið um hæl og sagði: Ef þið óskið eftir almennum viðræðum um fríverslun með fisk þá óskum við eftir viðræðum um sameiginlega fiskveiðistefnu okkar. Þessi rök eru gjörsamlega út í bláinn vegna þess að Evrópubandalagið svaraði um hæl, um leið og EFTA setti fram kröfuna um fríverslun með fisk: Þá viljum við fá umræður um hina sameiginlegu fiskveiðistefnu. Þannig að hæstv. ráðherra er búinn að opna fyrir þessa umræðu. Hún skiptir hins vegar nákvæmlega engu máli eins og hér hefur margsinnis verið bent á, m.a. af hv. 1. flm. till.

Það liggur ljóst fyrir að Íslendingar ætla ekki að veita Evrópubandalaginu veiðiheimildir hér eða gefa eftir rétt sinn til fiskveiðilögsögunnar. Það sjónarmið er að öðlast viðurkenningu smám saman innan Evrópubandalagsins að það verði að virða og viðurkenna þessa sérstöðu Íslendinga. Það hefur komið fram í ummælum ýmissa forystumanna Evrópubandalagsins og ýmissa ríkja Evrópubandalagsins og að því leyti hafa hinar tvíhliða könnunarviðræður verið til góðs. Það skal lögð áhersla á að þær hafa gert að verkum að margir forystumanna Evrópubandalagsins hafa næmari skilning á stöðu Íslands. Þess vegna hygg ég að tími sé kominn til að hefja, jafnhliða hinum almennu EB-EFTA viðræðum, beinar tvíhliða viðræður um þessa sérstöku hagsmuni okkar Íslendinga.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að svari samgrh. hæstv., varaformanns Alþb. Hann vísaði í þá sérstöku bókun sem þingflokkur Alþb. gerði og ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt lítur hann svo á að hin sérstaka bókun þingflokks Alþb. sé hluti af heildarsamþykkt ríkisstjórnarinnar eða, eins og hann orðaði það, hún er grundvöllur að afstöðu Alþb. til samþykktar ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum, hæstv. samgrh. hefur vísað á bug skilningi hæstv. utanrrh. sem hefur lýst því yfir að samþykkt þingflokks Alþb. og sérstök bókun hans í ríkisstjórn og tilkynning hér á Alþingi sé algjörlega marklaus. Hæstv. utanrrh. hefur hvað eftir annað lýst því yfir að þetta sé algjörlega marklaust plagg sem hann þurfi ekki að taka tillit til og því síður að kynna útlendingum.

Ég er ákaflega feginn því að hæstv. utanrrh. hefur ekki gerst sendiboði Alþb. í þessum efnum. Því þessi samþykkt er auðvitað engin útflutningsvara eins og ég hef margsinnis bent á. En þarna koma fram alveg gagnstæð sjónarmið tveggja hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni um það hvað hæstv. ríkisstjórn hefur samþykkt í þessum efnum. Og úr þessu geta þessir tveir hæstv. ráðherrar ekki greitt í þessari umræðu. Það er auðvitað þetta sem er alvarlegt fyrir Ísland, að hér skuli sitja ríkisstjórn sem ekki veit hvað hún vill. Það má hæstv. utanrrh. eiga að hann hefur lýst mjög skýrt og skilmerkilega þeim fyrirvörum sem Ísland hefur gert en þeir eru allt annars eðlis en þeir fyrirvarar sem felast í sérafstöðu Alþb.

Nú segir hæstv. samgrh., í veikburða tilraunum sínum til að draga fjöður yfir þann ágreining sem ríkir á milli stjórnarflokkanna, að hann vilji ekki taka endanlega afstöðu til þess hvaða fyrirvara Ísland eigi að gera fyrr en viðræðurnar eru lengra komnar. Ég hefði haldið að við ættum að gera okkur fulla grein fyrir því, áður en þessar viðræður hefjast formlega, hvaða fyrirvara við viljum gera, að hvaða markmiðum við stefnum í þessum viðræðum. Þess vegna finnst mér að hæstv. utanrrh. hafi haldið ljómandi vel á málinu að þessu leyti. Skýrt alveg skilmerkilega í hverju þessir fyrirvarar eru fólgnir, hversu víðtækir þeir eru og hvers eðlis þeir eru. En hæstv. samgrh. sem talar hér fyrir hönd ráðherra Alþb. segir: Við viljum geyma það að taka afstöðu til þessa verkefnis þangað til einhvern tímann síðar.

Þetta er einmitt meginástæðan fyrir því að Alþingi hefði þurft að taka á þessu máli með því að samþykkja ályktanir um hvert Ísland ætlaði að stefna. Þegar heill ríkisstjórnarflokkur getur ekki tekið slíka afstöðu og vill endilega bíða eftir því að einhverjar aðrar þjóðir taki afstöðu í þessum málum. Alþb. vill endilega bíða með að taka afstöðu í þessum efnum þangað til aðrar þjóðir hafa gert það. Það liggur alveg nægjanlega mikið fyrir úr hinum vönduðu könnunarviðræðum. Eins og hæstv. utanrrh. benti á liggja allar staðreyndir þar um á borðinu til þess að við getum tekið endanlega afstöðu til hvað við viljum. Svo verður það að koma í ljós í samningunum hversu miklu við fáum áorkað og hvaða tillit verður tekið til sérsjónarmiða okkar. Á það reynir einfaldlega í samningum. Við hljótum að vita fyrir fram að hverju við viljum stefna og það er afar kyndug afstaða að geta ekki sagt það fyrir fram og vísa á að bíða þurfi eftir því að aðrar þjóðir komist að niðurstöðu og sökkva sér bara niður í töflulestur á meðan. Það er býsna kyndug afstaða af hálfu ráðherra Alþb. Þess vegna óska ég eftir því við hæstv. ráðherra að hann hér og nú geri Alþingi skýrari grein fyrir afstöðu Alþb. í þessu efni. Fellir hæstv. samgrh. sig við þá fyrirvara sem utanrrh. hefur gert eins og hann hefur

lýst þeim? Hæstv. utanrrh. hefur ekkert látið standa á sér í þessum efnum og lýst nákvæmlega fyrirvörum af Íslands hálfu en hæstv. samgrh. telur sig þurfa að bíða eftir því að aðrar þjóðir taki afstöðu.

Nú segi ég við hæstv. samgrh.: Látum liggja á milli hluta hvað aðrar þjóðir gera í þessu efni. Hæstv. utanrrh., þeirrar ríkisstjórnar sem hann sjálfur situr í, hefur tekið afstöðu og lýst því hvað hann vill gera í þessu efni. Getur hæstv. samgrh. komið hér upp og sagt: Ég styð fyrirvarana eins og hæstv. utanrrh. hefur lýst þeim? Það er raunverulega spurningin. Getur hann komið hingað upp í þessari umræðu og sagt: Ég styð fyrirvarana eins og hæstv. utanrrh. hefur lýst þeim? — Ef hann getur það ekki er hér enn á ný staðfestur sá ágreiningur sem lengi hefur legið í loftinu að væri á milli stjórnarflokkanna í þessum efnum. Það er auðvitað býsna alvarlegt mál.

Varðandi ýmis hliðarmál, sem beint og óbeint tengjast heildarsamningum okkar við Evrópubandalagið, kemur líka fram í þessum umræðum að ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna. Hæstv. samgrh. skaut sér í bankamálunum á bak við þá afstöðu hæstv. forsrh. að ekki kæmi til greina að gera breytingar á rekstrarformi ríkisbankanna meðan þessi ríkisstjórn situr. Og hæstv. viðskrh. er byrjaður að draga í land með stefnumörkun og yfirlýsingar sínar. Hann sagði fyrir skömmu á Alþingi að þessi breyting væri nauðsynleg vegna aðlögunar að Evrópubandalaginu og það þyrfti að koma þeim málum fram og taka þær ákvarðanir á þessu ári. Það þyrfti að styrkja eiginfjárstöðu ríkisviðskiptabankanna til þess að mæta erlendri samkeppni.

Um leið og hæstv. forsrh. hafði skotið þetta í kaf fór hæstv. viðskrh. að tala um að hann væri að vísu ekki horfinn frá stefnu sinni í málinu en að draga þurfi málið á langinn. Það þurfi mjög vandaðan undirbúning og ekkert liggi á.

Þetta mál liggur alveg ljóst fyrir. Eins og í ýmsum öðrum efnum verður þessum framfaramálum ekki komið fram fyrr en þessi hæstv. ríkisstjórn hefur lifað daga sína. Og mér sýnist að ummæli hæstv. viðskrh. staðfesti enn þá skoðun að hann treystir sér ekki til að láta brjóta á jafnmikilvægu máli og þessu.

Að því er gjaldeyrisreglurnar varðar hefur hæstv. ráðherra margsinnis lýst því yfir að hann hafi fullbúna tímasetta áætlun um breytingar en nú heyrist það hljóð úr því horni að þetta þurfi að meta eftir framþróun þessara mála innan EFTA-hópsins. Ég veit ekki betur en Norðurlandaþjóðirnar innan EFTA hafi tekið ákvörðun um að fullkomið frelsi í gjaldeyrismálum eigi að taka gildi um mitt þetta ár og sumar jafnvel stigið það skref að ná þessu að mestu leyti nú þegar. (**Viðskrh.:** Þetta er ekki rétt.) Og sú efnahagsáætlun sem Norðurlandaþjóðirnar gerðu miðar að því að ná þessu marki. Ég veit ekki hvers vegna við þurfum að bíða eftir einhverju nýju samráði innan EFTA-hópsins þegar fyrir liggur samstaða Norðurlandaþjóðanna um tímasetningar í þessu efni og aðeins ríkisstjórn Íslands hefur sett þar fyrirvara. Það er, að ég hygg, fyrst og fremst til þess að bíða eftir því að kjósendur fái tækifæri til þess að steypa þessari hæstv. ríkisstjórn í kosningum. En fari þær fram á lögmæltum tíma er fulllangt að bíða eftir nauðsynlegum ákvörðunum. Því það er alveg rétt sem hæstv. viðskrh. sagði í umræðunum að við þurfum að undirbúa okkur undir að gera breytingar af því að það liggur ljóst fyrir, á hvorn veg sem samningaviðræðurnar fara, að við þurfum að sníða okkar viðskiptareglur eftir þeim viðskiptaháttum og viðskiptareglum sem almennt verða í gildi í Evrópu. Ég tek heilshugar undir þetta sjónarmið með hæstv. viðskrh. og er reyndar sammála honum um flest stefnumarkandi atriði. En mér sýnist hann ætla að taka þrönga sérhagsmuni Alþb. og vinstri armsins í Framsfl. fram yfir það að komast að skynsamlegri niðurstöðu og taka afstöðu til mála um leið og þess er kostur á Alþingi Íslendinga.

Frú forseti. Ég vildi fyrst og fremst koma þessum sjónarmiðum á framfæri í þessari umræðu. Ég legg enn á ný áherslu á að við verðum að líta á þessi mál í heild sinni og jafnmikilvægar og almennu EB-EFTA viðræðurnar eru skiptir miklu að við stöndum að okkar sérhagsmunum með tvíhliða viðræðum. Auðvitað er alltaf matsatriði hvenær á að hefja slíkar viðræður. En ég er þeirrar skoðunar að sá tími sé kominn að við getum hafið þær og að hæstv. ríkisstjórn sé að þverskallast við kannski fyrst og fremst vegna þess að hæstv. ráðherrum urðu á mistök þegar þeir brugðust við þessum hugmyndum í upphafi. Offors þeirra var of mikið og þeir hafa á tilfinningunni af þeim sökum að þeir þurfi lengri tíma til þess að kyngja málinu. En við sjáum á ræðu hæstv. utanrrh. að hann er að byrja að skilja og viðurkenna nauðsyn þessa og þó lítið sé hljótum við að fagna því skrefi.

Á hinn bóginn er ástæða til að hafa áhyggjur af því að ummæli og umfjöllun ýmissa talsmanna ríkisstjórnarflokkanna upp á síðkastið eru á þann veg að það er eins og dragi úr stuðningi við hinar almennu EB-EFTA viðræður. Þó að þeir séu ekki margir í þingsalnum sem lesa dagblaðið Tímann daglega hefur það ekki farið fram hjá þeim sem það gera að á undanförnum vikum hefur mjög dregið úr stuðningi blaðsins við málsmeðferð hæstv. utanrrh. Það blað lýsir afstöðu forustuflokks ríkisstjórnarinnar á þann veg að ríkisstjórnin stefni einungis að því að auka fríverslun hér á þeim grundvelli sem hún hefur verið rekin en stefni ekki að víðtækari efnahagslegri samvinnu sem öllum má vera ljóst að er grundvöllur EB-EFTA viðræðnanna. Þess vegna er ástæða til að hafa áhyggjur af þessum umræðum og margt bendir til að hæstv. utanrrh. hafi ekki nægan stuðning í röðum ríkisstjórnarinnar til þess að fylgja eftir þeirri stefnu sem hann hefur markað í þessu efni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að 1. þm. Suðurl. hafi orðið á smá mismæli undir lok ræðu sinnar þegar hann talaði um mistök stjórnarliða en mun hafa átt við mistök stjórnarandstæðinga þegar þeim varð það

á, á viðkvæmri stundu áður en gengið var til hins sameiginlega utanríkisráðherrafundar EFTA og EB, að flytja vantraust á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli, einmitt undir formerkjum þeirrar kröfu að taka upp tvíhliða samningaviðræður strax. Þetta gat spillt málstað okkar Íslendinga á þeim tíma og var misráðið og er almennt skilið bæði meðal stjórnarliða og þjóðarinnar í heild að þetta hafi að vísu verið mistök. Margt bendir til þess, svo sem heyra má á málflutningi hv. 1. þm. Suðurl., að hann vilji gjarnan bæta fyrir þau mistök og koma í veg fyrir að umræður hér á hinu háa Alþingi ýki þann ágreining. Það er gagnkvæmt því ég dreg enga dul á að mér er það mikið kapps- og áhugamál að við búum okkur ekki til ágreiningsefni að óþörfu í innbyrðis deilum hérna heldur reynum að ná saman um það sem sameinar okkur sem er auðvitað að gæta hagsmuna Íslands eftir því sem best við getum.

Leiðir kunna að vera álitamál en ég held að þessar umræður hafi leitt í ljós að það sem sameinar okkur í þessu máli er miklu stærra og meira en slíkur hugsanlegur ágreiningur. Þegar ég lagði hlustir við málflutning þeirra talsmanna Sjálfstfl. sem hér hafa talað, þ.e. hv. 8. þm. Reykv., 1. flm. tillögunnar, og formanns flokksins, 1. þm. Suðurl., vakti hann upp nokkrar spurningar um það hver hugur búi að baki eða hvort hér sé í raun og veru einhver viðleitni til þess að búa flokki þeirra til einhverja sérstöðu í málinu. Nú er ég ekki með neina hótfyndni eða tilætlunarsemi heldur spyr ég.

Hér er lagt til að við tökum upp sem fyrst formlegar tvíhliða samningaviðræður við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um tollaívilnanir. 1. flm. tillögunnar er reyndar kunnur að því að hafa þá skoðun að við Evrópubandalagið eigum við ekkert að ræða um fiskmálefni, bara alls ekki neitt. (Gripið fram í.) Alls ekki, þetta er laukrétt. 1. flm. tillögunnar er þeirrar skoðunar að það sé hin mesta goðgá að sjútvrh. sé yfirleitt nokkuð að þvælast til Brussel og ræða sérmál Íslands og fiskveiðimálefni við Evrópubandalagið, það sé stórhættulegt. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er ekki útúrsnúningur, alls ekki nei, það er ekki svo, hv. þm.

Annars vegar er sett fram ósk um að taka þegar í stað upp tvíhliða formlegar samningaviðræður, hins vegar eru látnar uppi strangar efasemdir um að sjútvrh. eigi að sinna tvíhliða viðræðum um sérmál Íslands sem eru fiskur. Annars vegar kemur formaður flokksins, hv. 1. þm. Suðurl., og rifjar upp réttilega að EFTA-ríkin hafa sett fram kröfuna um fríverslun með fisk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins svarar með því að vísa í hina sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins, nefnilega að hún hafi ekki umboð til þess að veita tollívilnanir með fiskafurðir nema gegn veiðiheimildum. En 1. flm. tillögunnar er einmitt sá maður, ég hygg sá eini í veröldinni núna, sem segir að þessi stefna sé bara alls ekki til og fyrir henni sé ekki flugufótur. Það setur að mér nokkra bakþanka um það hvernig hefði verið haldið á þessum málum hefði það verið gert af þessum forustumönnum Sjálfstfl. og hver samstaða sé um það þeirra á milli hvernig halda skuli á málinu. Annars vegar er krafan um tvíhliða samningaviðræður strax, en jafnframt látnar í ljósi efasemdir og því mótmælt að verið sé að ræða tvíhliða við Evrópubandalagið. Hins vegar er bent á það að ríkisstjórnin hafi þegar vakið upp kröfu hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu um veiðiheimildir en samt segir flm. að slík stefna sé alls ekki til.

Ég hlustaði með athygli á hv. 1. þm. Suðurl. þegar hann sagði: Rök ríkisstjórnarinnar fyrir því að ekki sé skynsamlegt núna á þessum tímapunkti að taka upp tvíhliða formlegar samningaviðræður hafa verið þessi: Við værum að draga úr stuðningi og atfylgi hinna EFTA-ríkjanna eftir sameiginlegri samningaleið með því að þau geta einfaldlega sagt: Þar sem þið hafið tekið þetta mál upp tvíhliða, tekið það af samningaborðinu með hinum EFTA-ríkjunum, þurfum við ekki að leggja neina áherslu á þann stuðning. Og hann segir: Við munum samt sem áður verða að bera þessa kröfu upp vegna þess að þungi þessa máls hvílir á okkur. Það er út af fyrir sig rétt. En það er munur á samningsstöðu þegar við erum búnir að fá það fram að hin EFTA-ríkin taka þetta mál upp sem sameiginlega kröfu og þegar það er vitað að EFTA-ríkin tala einni röddu og þegar það er vitað að aðalsamningamðaur EFTA við samningaborðið setur þessa kröfu fram sameiginlega fyrir EFTA-ríkin öll, heldur en ef við þyrftum einfaldlega að gera það hér á okkar vettvangi í tvíhliða viðræðum, sérstaklega þegar bakland okkar er þannig að um leið og þær viðræður væru hafnar mundu rísa upp öflugir talsmenn í Sjálfstfl. og segja: Þetta eru nú bara landráð. (**GHG:** Hverjir gera það?) Þeir sem segja að það megi undir engum kringumstæðum ræða við Evrópubandalagið um að fá tollaívilnanir gegn veiðiheimildum, hvort heldur þær eru gagnkvæmar, hvort heldur þær snúast um flökkustofna, hvort heldur þær snúast um vannýtta stofna, eða yfirleitt.

Þess vegna er það alveg yfirveguð skoðun mín að við höfum farið rétta leið í þessu efni, að það hafi skipt verulegu máli að fá stuðningsyfirlýsingu hinna EFTA-ríkjanna við þessa kröfu, að samningsstaða okkar sé sterkari eftir en áður. Og þegar ég segi: Við höfum aldrei útilokað hvort, heldur hvenær kannski, hvort eða hvenær kunni að reka að því að við förum að taka upp tvíhliða viðræður, þá segi ég ósköp einfaldlega: Það ræðst af því hvaða árangri við náum við samningaborðið í samningunum með hinum EFTA-löndunum um þetta prinsipmál.

Menn mega ekki mikla það fyrir sér þótt hægt sé að vitna til þess, og það er alveg rétt, að til eru þeir menn innan Evrópubandalagsins sem hafa sýnt málefnum okkar Íslendinga meiri skilning en annarra. Hv. 1. þm. Suðurl. vitnaði réttilega í ummæli Hennings Christophersen, eins af varaforsetum Evrópubandalagsins, sem hefur lýst slíkum skilningi einmitt vegna þess að starfsbróðir hans hér, þ.e. viðsk.- og iðnrh., hefur boðið honum hingað til lands, átt við hann mjög ræki legar og ítarlegar viðræður, kynnt honum

alveg sérstaklega, og við höfum einnig tekið þátt í því, sérmál Íslands og fengið þar með fram aukinn skilning hans á málinu. Á sama hátt hefur sjútvrh. í tvíhliða viðræðum við kollega sína, sjávarútvegsráðherra Evrópubandalagsins, von Gelden hinn þýska og sjávarútvegsráðherra Dana, Hollendinga, Belga og Breta, fengið það fram hjá þeim að þeir a.m.k. vilja taka það til velviljaðrar skoðunar. Von Gelden gekk reyndar skrefi lengra, hann beindi því til starfsbræðra sinna að tímabært væri orðið fyrir þá að taka til skoðunar hvort þeir gætu beitt sér fyrir því að sérstaða Íslands væri viðurkennd, jafnvel þótt þeir treystu sér ekki til að fá hnekkt hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu almennt fyrir bandalagið, heldur einungis að lýsa yfir stuðningi við það sjónarmið að hún eigi ekki við í tilvikinu Ísland.

Þetta sannar náttúrlega að við höfum verið í tvíhliða viðræðum, enda rengir það væntanlega enginn. Þetta sannar að þær hafa skilað árangri, enda rengir það væntanlega enginn. Stefna ríkisstjórnarinnar er þessi, að halda áfram þessum viðræðum, undirbúnings- og samningaviðræðum með EFTA-löndunum en jafnframt að halda áfram þessum tvíhliða viðræðum. Og til hvers þá? Til þess auðvitað að meta það í viðfangi þessara tveggja samningsferla hvort og þá hvenær knýjandi rök væru fyrir því að taka upp tvíhliða formlegar samningaviðræður.

Ég held að þessar umræður hafi út af fyrir sig verið ágætar og gagnlegar og ég held að þær leiði í ljós að ekki er sá ágreiningur uppi sem menn hefðu tilefni til að ætla, t.d. þegar ríkisstjórnin var borin vantrausti á afar óheppilegum tíma vegna þeirrar stefnu sem ég er hér að lýsa. Við skulum vona að við getum báðir sagt að að loknum þeim hörðu deilum sé málið að færast út á borð. Gleggri og víðtækari skilningur sé að verða á því að það er ekki svart og hvítt, þetta er ekki annaðhvort eða. Við eigum að fara báðar leiðirnar, en við eigum fyrst að láta reyna á hina sameiginlegu EFTA-samningaleið. Hitt er eitthvað sem við höfum uppi í erminni ef á þarf að halda.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Mér er mjög ljúft að þakka öllum ræðumönnum fyrir þátttöku í þessum umræðum sem hafa verið bæði málefnalegar og reyndar líka skemmtilegar, því það getur farið saman. Ég þakka sem sagt öllum þeim sem tekið hafa til máls og ég vil sérstaklega taka undir það sem hæstv. ráðherra sem síðast talaði tók fram, að það er auðvitað miklu fleira sem er okkur sameiginlegt í þessum málum en hitt sem skilur okkur að. Við verðum auðvitað að reyna að nálgast sjónarmið hvers annars en líka að skilja hvað er mergurinn málsins. Svona málefnalegar umræður verða auðvitað til þess að ég hlusta á rök annarra og vona að einhverjir hlusti á þau rök sem ég færi fram. Síðan reynum við að setjast niður, gjarnan utan þingsala, t.d. í utanrmn. sem á náttúrlega að sinna þessum málum og ekki síður í Evrópustefnunefndinni, og komast þar að sameiginlegri niðurstöðu.

En að þessu mæltu hlýt ég enn að rökstyðja með nokkru mínar skoðanir og kannski skoðanir annarra í einhverjum atriðum. Ég skal þá fyrst víkja að ræðum hæstv. utanrrh. en þar var það nú helst að þau málefni sem hvinið hefur um voru rædd. Ég harma það ekki, þvert á móti. Það var sjálfsagt og eðlilegt að gera það.

Ráðherrann gat þess að forsrh. hefði lýst því yfir, og átti þá væntanlega við að hann hefði gert það hér í þinginu, að það gæti spillt fyrir samstarfinu í EFTA að taka jafnhliða upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Ég minnist þess að hann sagði það hér einhvern tíma á haustmánuðum, hygg ég. Ég hef ekki heyrt hann segja þetta síðan. Ég held þetta sé ekki svo þegar málin eru skoðuð niður í kjölinn. Þá vil ég sérstaklega vekja athygli á því að á fundinum í Osló sem haldinn var 14. og 15. mars á sl. ári var gerð yfirlýsing. Eftir hann var birt yfirlýsing EFTA-leiðtoganna allra, forsætisráðherranna. 16. liður þessarar yfirlýsingar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra."

Undir þetta skrifaði hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. Ég benti honum raunar á það að hann hefði skrifað undir þetta. En ekki nóg með það. Hæstv. utanrrh. var í Osló þessa sömu daga og þeir komu báðir fram í fréttum sem aðilar að þessu samkomulagi. Það þarf ekkert frekar vitnanna við að við erum ekki að meiða okkar félaga í EFTA með þeim sjálfsögðu tilmælum sem við beinum til Evrópubandalagsins að láta bókun, sem er orðin nær 20 ára gömul, frá 1972, gilda. Við förum ekki fram á annað. Efni hennar gildi að breyttu breytanda. Það er nú öll kröfugerðin sem við erum að setja fram. Og þess vegna þarf ekkert að vera að velta því lengur fyrir sér, við skulum bara ganga til verks og óska eftir þessum formlegu viðræðum, ef við viljum kalla þær það, beinu viðræðum í öllu falli, við æðstu menn Evrópubandalagsins um viðskiptamál — og tollamál ef menn vilja. Þau heyra ekki undir sjávarútvegsráðherra, ef það er hægt að kalla þennan ráðherra sem hefur undir sér um 60 manna lið, af eitthvað yfir 20 þús. í 24 ráðuneytum.

Allur sjávarútvegur og fiskvinnsla, styrkirnir og allt gillið í þeim atvinnuvegi er 0,14% af samanlögðum þjóðartekjum þessara ríkja. Þessi mál eru ekki mál málanna í Evrópubandalaginu. Það þarf að tala við einhvern Marin, ég veit ekkert um manninn, þetta getur verið hinn huggulegasti maður. Það var Spánverji sem var hér í nefnd sem kom í boði Alþingis eða utanrmn. eftir að við heimsóttum Evrópubandalagið haustið 1978. Þetta voru mjög miklir og góðir fundir með þeirri ágætu nefnd þegar hún kom hingað til Reykjavíkur. Það var svo sem ekki mikil auglýsingastarfsemi í kringum það. En þar voru menn inni á því, hvort þeir voru spænskir eða þýskir, að kröfur um fiskveiðiréttindi við Ísland yrðu æðilangsóttar. Ég man sérstaklega að írskur þingmaður

sagði að slík endaleysa kæmi aldrei til greina. Því mótmælti enginn á þessum fundi, ekki nokkur maður.

Síðan var í ræðu ráðherrans hin hliðin, sem hann kallaði svo, hvort við ættum að bjóða veiðiheimildir. Það er auðvitað alveg fráleitt, það gerum við ekki, við bjóðum engar veiðiheimildir. Fyrir því er ekkert fylgi á Alþingi og enn síður utan þings með þjóðinni. Við getum ekkert boðið veiðiheimildir og höfum enga heimild til að bjóða þær neinum. Það er alveg af og frá og þess vegna skulum við víkja þeirri hugsun frá okkur í eitt skipti fyrir öll og fúsastur skal ég vera að gleyma þeim orðaskiptum sem hafa af þ ssu tilefni orðið.

En þegar ég segi að sjútvrh. eigi ekki að fara til viðræðna í Brussel, þá er það ekki vegna þess að ég vantreysti þeim manni. Ég tel að vísu hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. ekkert síðri samningamenn en sjútvrh., kannski fremri, það er hægt að meta það eins og hverjum sýnist. En það er bara þetta, að senda sjútvrh. til Evrópubandalagsins til að biðja um leiðréttingu á viðskiptakjörum, einfalda leiðréttingu. Hvað er verið að undirstrika með því? Að það sé einhver sameiginleg fiskveiðistefna bandalagsins sem búin var til í Róm 1957 og oft er verið að vitna til sem einhvers konar allsherjar stjórnarskrár alheimsins. Við værum illa settir ef svo væri þegar allt kæmi til alls því þá værum við enn þá með þrjár mílur og við værum mestu lögbrjótar allrar veraldarinnar. Það voru þrjár mílur sem giltu þá um hina sameiginlegu fiskveiðistefnu þeirra 1957.

Það er líka alveg rétt sem hæstv. utanrrh. sagði áðan. Þróunin er svo ör að við getum ekki sagt núna: Það eru 20 ár. Þess vegna eru viðræður hans við danskan kollega sinn dálítið broslegar í mínum huga. Þær voru skemmtilegar í sjónvarpinu í gær. Þótt hann sé eitthvað að blaðra um að við verðum komnir í Evrópubandalagið eftir 20 ár þá veit maður ekki nokkurn skapaðan hlut um það. Mér er nákvæmlega sama hvað hann segir um slíkt og þess vegna er það líka rétt sem ráðherra segir, við eigum ekki að góna á það sem við vitum ekkert hvað verður. Því síður að vera að góna á einhverja fortíð sem er svo löngu, löngu liðin að það styður ekki nokkur maður lengur, eins og fiskveiðiréttindi innan 200 mílna. Það er ekki nokkurt kvikindi.

Evrópubandalagið hafði einhver fiskveiðiréttindi við Kanada fyrir einum 3–4 árum í eitt ár. Það hefur ekki verið minnst á þau síðan og verður aldrei. Menn verða að fara að átta sig á því að það eru ekki 20 ár síðan við höfðum 12 mílur hér við Ísland. Og mönnum hefði þótt það ærið að innan þriggja ára frá 1973 værum við búnir að fá 200 mílur. Og nú erum við að teygja okkur eftir hafsbotni suður um öll höf og norður og vestur. Þróunin er auðvitað sú í öllum þessum málum að strandríkin ráða þjóðarétti, hafréttinum. Þau eru ¾ af þjóðum heims og þau eru að taka sér öll þessi réttindi og láta þau auðvitað aldrei af hendi, aldrei að eilífu. Þess vegna getum við alveg sæst á það að doka eitthvað við, nema með þessari breytingu á bókun 6, hún liggur alveg fyrir og hlýtur auðvitað að verða samþykkt og mér dettur ekkert annað í hug.

En síst situr á mér að spilla þeim góða friði sem hér er orðinn og ég er sannfærður um það, eftir ummæli sem hér hafa fallið, að í utanrmn. og Evrópustefnunefnd muni takast góð samvinna um að leysa þessi mál, báðar þessar hliðar málsins eins og ráðherra hefur margendurtekið. Það er ekki ein leið sem á að fara, það á að fara tvær og báðar að settu marki, samhliða. Þess vegna efa ég ekki að þessi tillaga verði samþykkt eða í öllu falli fer hún til utanrmn. og verður rædd í Evrópustefnunefndinni þar sem við munum leita sátta og auðvitað hafa það að leiðarljósi sem eru þjóðarhagsmunir. Við höfum nú borið gæfu til þess ærið oft, þrátt fyrir allt, Íslendingar, að ná saman um mestu hagsmunamálin þegar við höfum átt í deilum við útlenda menn og ég treysti því að svo verði enn. Mér heyrist á hæstv. forseta að hann hafi gjarnan hug á að koma þessu máli til nefndarinnar á þessum fundi og ekki ætla ég að koma í veg fyrir það. Ég þakka enn og aftur fyrir þessar mjög málefnalegu, skemmtilegu og nytsamlegu umræður.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegur forseti. Mér virðast allir vera sammála um mikilvægi þess að Íslendingum takist að aðlaga sig sem fyrst og best að þeirri þróun sem nú er að verða innan Evrópubandalagsins og aðlaga sig þeim aðstæðum sem þar skapast þegar innri markaðurinn kemst á 1992. Um þetta hygg ég að Íslendingar séu allir sammála. Mér virðist jafnframt að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga sé þeirrar skoðunar að aðild að EB sé ekki á dagskrá hér. Hins vegar skipti það meginmáli að ná sem allra bestum samningum við þá stóru og sterku viðskiptaheild sem Evrópubandalagið verður, ekki síst eftir stofnun innri markaðarins. Þá liggur auðvitað beint fyrir, ef menn eru sammála um þessi markmið, með hverjum hætti eru hagsmunir Íslendinga best tryggðir? Hvernig eiga Íslendingar að standa að málum þannig að þeir nái sínum hagsmunum best, hraðast og örugglegast fram?

Það er auðvitað engin spurning að á sínum tíma var sú umræða víðtæk innan EFTA-ríkjanna með hvaða hætti væri best að ganga fram, hvort tvíhliða viðræður einstakra ríkja við Evrópubandalagið væru hentugastar til árangurs eða hvort EFTA-ríkin ættu að reyna að slá sér saman sem sérstök heild og reyna í krafti þeirrar samstöðu og þeirrar stærðar að ná fram sem bestum samningum. Þetta mál tekur í rauninni síðan nýja stefnu með hinni kunnu ræðu Delors þar sem hann beinlínis vísar til þess að Evrópubandalagið hafi annars vegar sem mest að vinna og eigi þar af leiðandi erfitt með viðræður við fjölmargar þjóðir í einu. Eigi þetta mál að ganga hratt og örugglega fyrir sig og menn að gera sér vonir um sem mestan árangur þá sé eðlilegt að EFTA-ríkin reyni að samræma sín sjónarmið og komi síðan fram sem heild í þeim viðræðum sem þarna sé um að ræða. Í kjölfar þessarar ræðu Delors tóku málin þá stefnu að EFTA-ríkin

hittust á nokkrum fundum og ræddu hugsanlega samstöðu. Ég þarf ekki að rekja þau mál hér. En það er auðvitað öllum Íslendingum ljóst að á Oslóarfundinum fallast Íslendingar endanlega á að vera með í þessari heild í þeirri trú að á þann veg sé hagsmunum þeirra best fyrir komið. Þó féllust Íslendingar ekki á það fyrr en gengið var að mjög hörðum og ákveðnum skilyrðum þeirra. Og vil ég þar sérstaklega nefna fríverslun með fisk. Enda töldu Íslendingar, þrátt fyrir ýmsa aðra fyrirvara, að með því að að þeim var gengið og þó sérstaklega ákvæðunum um fríverslun með fisk væri opnuð sú leið að við gætum staðið heilir og óskiptir að þessum sameiginlegu viðræðum EFTA-ríkjanna við EB. Þetta var auðvitað mjög mikilvægt. Að sjálfsögðu hefðu Íslendingar getað kosið að fara í tvíhliða viðræður einir við Evrópubandalagið. Íslendingum liggur sjálfsagt á að fá þessi mál leyst sem fyrst. En við skulum ekki gleyma því að það eru ekki bara Íslendingar sem hafa áhuga á að ná samningum við Evrópubandalagið sem fyrst, það hafa öll EFTA-ríkin.

Svíar, sem nú leiða þessar samningaviðræður, hafa nýlega lýst yfir áhuga sínum. Þeir hafa lýst yfir óskum sínum að flýta þessum viðræðum. Efnahagskerfi EFTA-ríkjanna kalla öll á að ganga frá þessum samningum. Ég lít svo á að með því að velja EFTA-sporið sem grunnatriði í þessum samningum höfum við tengt hagsmuni Íslendinga og hinna EFTA-ríkjanna. Hversu mjög sem þeim liggur á og hversu mjög sem þau kjósa að ljúka sínum samningum geta þau það ekki með því að skiljast við hagsmuni Íslendinga. Þau verða þess vegna samhliða að gera þá kröfu að gengið sé til heildarsamninga um okkar helstu atriði. Ég lít svo á að velji menn það samhliða að fara í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið sleppi menn því taki, sem ég vil orða svo, sem þeir hafa nú á hinum EFTA-ríkjunum, til að knýja þau í krafti þessarar samstöðu til að halda á okkar hagsmunamálum jafnhliða sem þau leita eftir samningum fyrir sín efnahagskerfi. Mér finnst ákaflega nærtækt að það sé auðveldari leið fyrir þau í þeim samningum að segja: Ja, við þurfum í sjálfu sér ekki að fara út í þessi mál með bókun 6 eða fríverslun með fisk hjá ykkur, þið eruð sjálfir í tvíhliða viðræðum, formlegum, um þau atriði. Þar með lítum við svo á að þið hafið tekið þann þátt út úr þessum sameiginlegu viðræðum okkar og viljið fremur og hafið kosið að annast þann þátt sjálfir og einir. Inn í það þurfum við ekki að blanda okkur og við getum þá lokið fremur hinum atriðunum sem snerta okkur beint og eru almennara eðlis. Það verður auðvitað ekki fram hjá því horft að þar með kynnum við að sitja einir með þessi atriði.

Nú getur menn greint á um hvort Íslendingar, svo litlir sem þeir eru á þessu skeri úti í Atlantshafi, gætu haft betri möguleika til að knýja fram góða samninga einir eða í krafti heildarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, og var það þegar ég féllst á það fyrir mitt leyti að við færum í þetta EFTA-spor, að með því að tengja þessar samningaviðræður heildinni, að tengja hagsmuni okkar varðandi fiskinn beinum og öllum hagsmunum hinna EFTA-ríkjanna sem verða að ná samningum við Evrópubandalagið, og Evrópubandalagið veit að þau þurfa að ná samningum við, þá leit ég svo á að á þann hátt tryggðum við það best að við gætum knúið fram viðunandi lausn einmitt á þessum þætti. Ég geri mér grein fyrir að ekki er víst að allir séu sammála þessu. Ég leyfi mér hins vegar ekki að efast um að allir þeir sem hér hafa talað hafa fyrst og fremst það markmið að ná sem bestum samningum fyrir Íslands hönd í þessum málum, að fara þær leiðir sem þeir telja að séu hagsmunum Íslendinga bestar og sterkastar.

En ég er, og vil láta það koma hér fram enn einu sinni, ég hef reyndar lýst því bæði í ræðu og riti áður, sammála því að láta fyrst og fremst reyna á þessa EFTA-heildarleið. Ég er sammála rökum utanrrh. í því máli. Ég skil þá vel sem eru óþolinmóðir og vilja grípa inn í þetta samningaferli og treysta sjálfum sér og okkur betur til að fara inn í þennan þátt. En í því felst að mínu viti nokkur ósamkvæmni. Og jafnvel þó menn vitni til þess að þeir geti skilið Oslóarsamkomulagið á þann veg að við höfum fullt leyfi, innan þess samkomulags, og allar heimildir til að fara í tvíhliða samninga þá er það eigi að síður svo að mínu viti að með því að gera það losum við EFTA-ríkin undan þeirri ábyrgð sem þau óneitanlega hafa tekist á hendur með heildarsamningunum, að skiljast ekki við hagsmuni Íslands í þessu samkomulagi. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að við förum með mikilli gát í það að opna formlegar samningaviðræður um hluta þessa máls og taka það þar með út úr heildarviðræðunum og firra þar með þau lönd sem við nú höfum tengt þessum viðræðum ábyrgð af niðurstöðunum. Náist hins vegar í heildarviðræðunum ekki fram eða sjáum við fram á að við náum ekki þeim árangri sem við vonumst til í krafti þess afls sem við teljum okkur hafa myndað með þessu sameiginlega ríkjaspori, þá hljótum við að beita ýmsum öðrum ráðum.

Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að menn greini á um leiðir í þessu, en mín niðurstaða er sú að sú leið sem flm. þessarar þáltill. leggja til sé í meira lagi varhugaverð á þessu stigi mála.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst minna hv. 10. þm. Reykv. á það að Norðmenn hafa, þrátt fyrir Oslóarsamkomulagið í fyrra um fríverslun með fisk og afnám styrkja, tekið ákvarðanir um að stórauka styrki. Í stað þess að nota þennan umþóttunartíma til að draga úr og fella styrkina endanlega niður eins og samkomulagið gerir ráð fyrir hafa þeir verið að auka styrkina. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki séð ástæðu til að mótmæla þessum ákvörðunum innan EFTA. Með öðrum orðum, það liggur í augum uppi vegna þessarar ákvörðunar Norðmanna að þeir eru nú þegar búnir að veikja þann þunga sem ella hefði getað orðið á bak við sameiginlegar kröfur EFTA-ríkjanna. Þetta gerir það m.a. að verkum að það er mikilvægt að endurskoða afstöðu okkar í þessu efni. Niðurstaðan hlýtur

alltaf að verða sú, ekki síst í ljósi þessara atburða, að allur þunginn af þessum málflutningi mun hvíla á okkar herðum. Og í Oslóarsamkomulaginu er beinlínis gert ráð fyrir því að hver einstök þjóð geti sinnt sínum sérhagsmunamálum í tvíhliða viðræðum.

Vegna ræðu hv. 10. þm. Reykv. vildi ég koma þessu skýrt á framfæri.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt vegna þessara athugasemda hv. 1. þm. Suðurl. Það er sjálfsagt alveg rétt að Norðmenn hafa brugðist rangt við þessu samkomulagi sem við höfum gert innan EFTA um fríverslun með fisk. Í því sambandi eigum við auðvitað að snúa okkur að Norðmönnum og gera þeim grein fyrir því að þeir hafi ekki haldið þá samninga sem við höfum gert við þá. (**Utanrrh.:** Þeir hafa ekki brotið samninga.) Þeir hafa ekki brotið samninga, segir utanrrh. En við teljum að við höfum náð samningum um fríverslun með fisk innan EFTA og í ljósi þess þurfum við auðvitað að skoða þá styrkjapólitík sem Norðmenn reka. Þarna eru sjálfsagt ýmis grá svæði og ýmsar flækjur á leiðinni. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að þau atriði hljótum við að skoða. En ég vil ekki rugla því saman við þetta mál, sem við nú erum að tala um, þar sem við erum í rauninni að beita ríkjaheild með okkur í þeim samningum sem fram undan eru.

Ég sagði það reyndar í mínum orðum hér áðan að það má sjálfsagt skilja, og er beint tekið fram eins og þingmaðurinn sagði í þessu Oslóarsamkomulagi, að hver einstök þjóð getur út af fyrir sig farið í tvíhliða samninga um einstök atriði ef hún vill. En það er það sem málið snýst um. Með því að gera það taka menn þau atriði út úr sameiginlegu viðræðunum. Þarna verða menn að vega og meta hvor leiðin er sterkari. Og það er það sem ég hef verið að reyna að segja hér sem mína skoðun að á þessu stigi mála tel ég sterkara að beita EFTA-heildinni, fara EFTA-sporið, leita samninganna í krafti samstöðunnar fremur en að fara þá leið sem hv. 1. þm. Suðurl. mælir hér fyrir, að taka málið út úr þeim farvegi og vera einir með það á þessari stundu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls í þessari umferð um samskipti Íslands við Evrópubandalagið. En eftir ræðu 10. þm. Reykv. Guðmundar G. Þórarinssonar hlaut ég að standa upp vegna þess að ég tel að sú afstaða sem kom fram í ræðu þessa fulltrúa Framsfl. í umræðunni geti verið okkur Íslendingum afar hættuleg. Sérstaklega með það í huga að mér virtist hæstv. utanrrh. vera farinn að nálgast þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfum lagt áherslu á. En samhliða því sem við erum í þessum EFTA-viðræðum þurfa Íslendingar að viðurkenna það sem staðreynd að til þess getur komið fyrr en síðar að þeir verði að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið.

Ég get tekið undir sjónarmið hæstv. utanrrh. að okkur getur síðan greint á um einstök atriði hvernig þær viðræður skuli fara fram. En það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu öðruvísi en að vara við, ég vil segja vara við þeirri oftrú á EFTA-leiðinni sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar hér áðan. Oftrú, með þeim hætti sem kom fram í ræðu hv. þm., getur verið og er Íslendingum mjög hættuleg.

Ef hv. þm. heldur það eða trúir því, þrátt fyrir að sú augljósa staðreynd blasi við að Norðmenn fara sínu fram án tillits til heildarhagsmuna EFTA-ríkjanna í sambandi við fríverslun með fisk og þar á ég við hina auknu styrkjastefnu þeirra í sambandi við sjávarútveg, ef hv. þm. heldur að það sé samstöðuleið sem muni skila Íslendingum árangri þá er það mikill misskilningur. Það lýsir ekki samstöðu og það lýsir ekki styrk EFTA-ríkjanna að Norðmenn skuli haga sér með þeim hætti sem þeir gera. Það veikir samstöðu EFTA-ríkjanna, sérstaklega í því atriði sem er til umfjöllunar varðandi stöðu og sérstöðu Íslands í sambandi við fiskveiðar og sölu sjávarafurða. Þar með er raunverulega búið að veikja, því miður hæstv. utanrrh., þá samstöðu sem ég veit að hæstv. utanrrh. vildi og vill stefna að fyrir hönd Íslands í sameiginlegum viðræðum EFTA-ríkjanna.

Ég vil þess vegna, virðulegur forseti, ítreka það að Íslendingar mega ekki hafa oftrú á EFTA-leiðinni. Við eigum að leggja áherslu á það að í tvíhliða viðræðum fáum við okkar sérstöðu viðurkennda og þá samninga sem skipta máli fyrir Ísland.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

EFRI DEILD

64. fundur, þriðjudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Hlutafélög, 2. umr.

Frv. EKJ, 419. mál (stjórnarkjör). — Þskj. 731, n. 763.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Eiður Guðnason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka nefndinni skjóta afgreiðslu þessa frv. sem ég er flutningsmaður að og forseta fyrir að greiða frv. leið væntanlega í gegnum þessa hv. deild í dag vona ég ef menn eru sammála um efni þess, sem ég efa raunar ekki. Ég hygg að

þingmenn allir geti sæst á að hér sé um að ræða frv. sem lætur að vísu lítið yfir sér en getur þó haft veruleg áhrif til góðs í sambandi við hlutafélagarekstur.

Þó ég vilji ekki tefja tímann held ég að rétt sé að fara örfáum orðum um frv. og raunar um sögu hlutafélaga sem nú gegna hvað þýðingarmestu hlutverki í hinum vestræna heimi eins og allir vita. Stór og mikil hlutafélög gegna lykilhlutverki í atvinnurekstri bæði Íslendinga og annarra. Þó hefur farið svo hjá okkur að árangurinn hefur kannski ekki orðið eins mikill og víða annars staðar. Það er raunar um hlutafélögin að segja að þau eru ekki nýtt fyrirbæri. Þau voru undirstaða þróunarinnar þegar t.d. Hollendingar og Bretar á 17. öld byggðu upp flotaveldi sitt og iðnað. Síðan gerðist það, eins og verða vill stundum í verkum mannanna, að ýmislegt fór úr skorðum. Þar var um að ræða ýmiss konar fjármálaspillingu og gjaldþrot sem leiddi til þess að hlutafélög voru nánast gerð útlæg úr hinum engilsaxneska heimi í upp undir heila öld frá 1720. En þetta félagaform sýndi sig síðar vera meginuppistaðan í atvinnulífi og uppbyggingu t.d. Bandaríkja Norður-Ameríku og síðar Evrópuríkja.

Við Íslendingar höfum kynnst þessu og raunar í langa tíð því sannleikurinn er sá að Innréttingar Skúla fógeta, sem voru í nágrenni við okkur og stofnaðar um miðja 18. öldina, þar var um að ræða félagsform með hlutabréfum og býsna góðri skipan. Þó að illa færi um reksturinn var hann þó vísir að því sem meira varð síðar. Og kannski er Eimskipafélag Íslands það hlutafélag sem frá upphafi, fremur en nokkurt félag annað þótt leitað væri víða um veröld, var hægt að kalla almenningshlutafélag. Hugsjónaeldur fór um landið og svo margir gerðust hluthafar á árunum 1914 og 1915 að þeir urðu 13.000 talsins, hvorki meira né minna, en þjóðin var þá innan við 100.000 manns. Þannig að menn geta reiknað hvað margir hluthafar gætu nú orðið í slíku félagi. Að vísu fór svo að þetta félag, eins og svo mörg önnur, gekk í gegnum ýmiss konar vandræði og menn kunnu kannski ekki nægilega vel á þetta félagsform. Það er dálítið athyglisvert að löggjöf um félagarétt hefur mjög oft í sögu Alþingis snúist í senn um samvinnufélög og almenningshlutafélög eða hlutafélög stofnuð af fjölda manna. Og forverar okkar gerðu sér grein fyrir því að þessi tvenns konar rekstur gat farið saman og átti gjarnan að fara saman en í báðum félagsformunum hefur orðið misbrestur á því að menn næðu þeim tilætlaða árangri að fólkið yrði raunverulegir eigendur og stjórnendur félaganna. Þar hefur vald oft þjappast saman. En þetta er ekkert sérstakt fyrir Ísland.

Fræðigreinar og fræðibækur svo hundruðum ef ekki þúsundum skipta fjalla um sögu hlutafélaga og það sem gerst hefur í þeim rekstri. Menn hafa gjarnan skipst í tvo hópa. Þeir, sem hafa verið kallaðir íhaldssamir, sem vilja gjarnan að félögin séu öflug félaganna vegna og að það eigi að styrkja þau innan frá af einhverju öruggu miðstýringarvaldi. En aðrir benda á að félögin séu eign hluthafanna allra og að það beri að vernda rétt þeirra sem eiga minni hlut en þeir sem stærstir eru og að meginskylda stjórnenda hlutafélaga sé auðvitað að gæta hags eigendanna, þ.e. allra hluthafa.

Þess vegna hafa komið fram, ekki bara kenningar heldur líka löggjöf víða, um að réttindi minni hlutans skuli tryggð og er það helst gert með því að minni hlutinn hafi áhrifavald á aðalfundum félaganna og geti komið sínum fulltrúum þar að. Þetta er sums staðar gert með hlutfallskosningu og hana þekkjum við en annars staðar er gjarnan notuð svokölluð margfeldiskosning. Á Íslandi hefur verið fest í lög frá 1978, þar sem mörg nýmæli voru upp tekin einmitt til þess að vernda minni hlutann, að margfeldiskosning geti gengið framar venjulegri hlutfallskosningu.

Þar sem margfeldiskosning er ekki útbreidd hér á landi er kannski afsakanlegt að ég lesi örlítið, með leyfi forseta, úr bók eða bæklingi sem út kom 1968 um þetta kosningafyrirkomulag. Þar segir: „Miklar umræður hafa verið um það hvort og þá hvernig tryggja ætti rétt minni hlutans til að hafa áhrif á stjórn hlutafélaga. Hinir íhaldssamari telja óheppilegt að minni hlutinn fái mann eða menn kosna í stjórn. Nauðsynlegt sé að stjórn hlutafélags sé samhent svo hún geti leyst úr daglegum viðfangsefnum og auk þess sé óheppilegt að lítill minni hluti sjái sér fært að stofna til óeiningar á aðalfundum félagsins.

Hinir frjálslyndari segja aftur á móti að minni hlutinn eigi að hafa rétt til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stjórn félagsins. Þess vegna þurfi að tryggja að sæmilega samstæður minni hluti geti fengið mann kjörinn til stjórnarstarfa og vist hans í stjórninni sé ekki líkleg til að skaða félagið heldur þvert á móti að með nýjum mönnum komi ný sjónarmið og hluthafar almennt treysti stjórninni betur þegar mismunandi skoðanir fá þar að heyrast.

Þá sé ekki heldur óæskilegt að raunverulegar kosningar fari fram á aðalfundum. Það sé einmitt líklegt til að örva stjórnendur félagsins og jafnframt veki það áhuga hluthafa og gefi félaginu nýtt líf og nýjan þrótt. Sú leið sem oftast hefur verið farin til þess að tryggja rétt minni hlutans er sérstök tegund hlutfallskosninga sem hér er nefnd margfeldiskosning „kumulativ" kosning á erlendum málum. Hlutfallskosningar eins og við þekkjum þær hér á landi eru ekki allsendis æskilegar við kjör á stjórnarmönnum í hlutafélög þótt við þær sé unað í stjórnmálum. Þegar ákveðinn listi er kosinn í pólitískum kosningum er ekki einungis verið að kjósa einstaklinga heldur líka stjórnmálastefnur. Þess vegna una menn röðuðum lista þar sem fyrsti maður fær flest atkvæði, annar næstflest o.s.frv. Og er það þó þegar gagnrýnt hér á landi eins og kunnugt er að fólk hafi ekki nægilega frjálsar hendur til að kjósa ákveðna einstaklinga.

Við kosningu í stjórn í hlutafélagi er venjulega verið að velja þá menn sem hver og einn treystir best til hagsýnna áhrifa vegna dugnaðar, réttsýni og hæfileika. Venjuleg hlutfallskosning er þess vegna óheppileg því að gera má ráð fyrir að ráðandi öfl í hlutafélaginu muni bregðast þannig við er vitað væri

um aðgerðir til að koma fram breytingum að stilla þeim manninum efst á listann sem mest hætta væri á að félli og útiloka þannig þá breytingu sem minni hlutinn helst æskti.

Þegar kosið er margfeldiskosningu er kosið á milli einstaklinga. Slíkri kosningu er þannig háttað að gildi hvers hlutar (atkvæðis) í félaginu er margfaldað með tölu þeirra manna sem kjósa skal og fer athvæðagildi hvers hlutar þannig eftir því hve marga stjórnarmenn á að kjósa. Síðan er heimilt að verja öllu atkvæðamagninu, hvort heldur er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef kjósa á fimm stjórnendur hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðamagn. Hluthafinn getur varið öllu atkvæðamagninu á einn mann eða skipt því á þann hátt sem hann óskar. Á þennan hátt getur hluthafi eða hluthafar sem eiga meira en 16⅔ atkvæðamagnsins fengið einn mann kosinn í fimm manna stjórn hvernig svo sem atkvæði annarra hluthafa falla aðeins ef þessi minni hluti ver öllu atkvæðamagni á þennan eina mann. Ef hins vegar eru aðeins þrír stjórnarmenn geta rúm 75% hluthafa ráðið þeim öllum ef þeir dreifa öllu atkvæðamagni sínu eins á þessa þrjá menn."

Ég held að þetta skýri þessa kosningareglu sem er nú í lögum og frv. fjallar einmitt um að í félögum þar sem eru fleiri en 200 hluthafar skuli einungis þurfa 1/10 af hluthöfunum eða þeim sem ráða yfir 10% hlutafjármagnsins til þess að krefjast slíkrar kosningar en nú þarf 1/5 eða 20%. Ég held að allir hljóti að sjá að þetta er eðlileg breyting á lögunum og skal ekki um það fjölyrða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

65. fundur, þriðjudaginn 20. mars, að loknum 64. fundi.

Hlutafélög, 3. umr.

Frv. EKJ, 419. mál (stjórnarkjör). — Þskj. 731, n. 763.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 724.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun er viðamikið mál enda einn af þeim málaflokkum sem varða hverja fjölskyldu í landinu. Það er því þýðingarmikið að þannig sé staðið að þessum málum að þau komi eins réttlátlega niður og mögulegt er.

Hér er til umræðu frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem fjallar um félagslega íbúðakerfið og breytingar á því. Ég dreg ekki í efa að þörf hafi verið á að endurskoða þann þátt laganna og markmiðið að gera það einfaldara og skilvirkara er af hinu góða. En ég lít svo á að það sé ekki heppilegt að taka einstaka þætti út úr lögunum í stað þess að taka á málinu í heild, endurskoða lögin í heild ef það mætti verða til þess að einfalda þau. Húsnæðislánakerfið er orðið svo flókið og margþætt að brýnt er að leita leiða til að auðvelda fólki að uppfylla þær frumþarfir sem húsnæðismálin og lán til þeirra eru. Vandamálin eru ekki síður í almenna húsnæðislánakerfinu en í því félagslega. Fólk þarf að bíða árum saman eftir því að komast inn í röðina til þess að fá lán og núverandi kerfi hefur því miður ekki uppfyllt þær vonir sem við það voru bundnar nema að litlu leyti.

Stefna þarf að því að beina þessum málum inn í almennar lánastofnanir, að innan þeirra sé sérstakur lánaflokkur til húsnæðiskaupa og að slík viðskipti séu á sama stað, að ráðgjöf og lán til húsnæðiskaupa fari fram í banka sem viðkomandi umsækjandi á sín viðskipti við. Það væri hagræðing og einföldun og einnig hlytist af því meiri og betri þjónusta.

Það hefur ætíð verið stefna okkar sjálfstæðismanna að sem flestar fjölskyldur og einstaklingar í þjóðfélaginu geti búið í eigin húsnæði og notið þess öryggis og sjálfstæðis sem því fylgir. Íslendingar eru í eðli sínu einstaklingshyggjumenn sem endurspeglast ekki síst í þeim metnaði að eignast eigið húsnæði. Enda er það svo að hér á landi búa hlutfallslega fleiri í eigin húsnæði en í ýmsum öðrum vestrænum ríkjum. Við sjálfstæðismenn viljum standa vörð um þessa stefnu okkar en stefna hæstv. ríkisstjórnar og félmrh. gengur þvert á þessa stefnu, þ.e. að byggja skuli þriðju hverja íbúð á félagslegum grunni eins og markmið hæstv. félmrh. er og kemur fram í 3. gr. frv. sem er til umræðu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, undir elið og varðar 64. gr. laganna:

„Stefna skal að því að byggja félagslegt húsnæði sem nemur a.m.k. einum þriðja af árlegri íbúðaþörf landsmanna og skal fjáröflun til sjóðsins hagað samkvæmt því."

Það mætti spyrja af hverju áhersla er lögð á að minnka hóp þeirra sem falla undir almenna húsnæðislánakerfið? Væri ekki eðlilegra að leggja áherslu á að fækka þeim sem þurfa á slíkri félagslegri aðstoð að halda? Ég tel óeðlilegt að setja slíkt markmið inn í lagatexta. Það hlýtur að eiga að byggjast á þörfinni

hverju sinni hve stór hluti af íbúðaþörf landsmanna fellur undir félagslega kerfið. Ég trúi ekki öðru en hæstv. félmrh. sé mér sammála um að það væri gleðiefni ef hægt væri að fækka sem allra mest í þeim hópi fólks sem þarf á aðstoð að halda. En rétt er að taka fram að auðvitað þarf að sinna íbúðaþörf þess eins og annarra. Það þurfa að vera til leiguíbúðir. Það þurfa að vera valkostir og þessum félagslega þætti á að sinna af kostgæfni. Ég vil undirstrika það. Í því sambandi er hægt að nefna sérstaklega öryrkja og lágtekjufólk. Varðandi leiguíbúðir má nefna námsmenn, sem eru stór hópur leigjenda og væntanlega aðeins leigjendur tímabundinn hluta af ævi sinni, þ.e. meðan þeir eru í námi.

En ég vil leggja ríka áherslu á að það þarf að vinna að þessum málum með þeim hætti að hjálpa fólki til sjálfshjálpar, hjálpa fólki til þess að halda reisn sinni. Það á ekki að leggja áherslu á að ýta fólki að óþörfu undir þá forsjárhyggju og miðstýringu sem félagslega kerfið leiðir til og kallar á. Og ekki má gera það á kostnað almenna húsnæðislánakerfisins. Það verður að leggja áherslu á að sem flestir séu í hinu almenna lánakerfi og hagstæð lán sem venjulegir, almennir launþegar geta staðið undir en jafnhliða sé fullnægt þörfum þeirra sem aðstoðar þurfa á félagslegum grunni.

Ég á sæti í félmn. sem fær frv. til umfjöllunar svo að ég ætla ekki á þessu stigi að fjalla um einstakar greinar þess enda hefur ekki gefist tími til að fara ítarlega yfir þær. Það mun gefast tími til að vinna vel í málinu í félmn. og að sjálfsögðu þarf að leita umsagnar fjölmargra aðila sem málið varðar. Hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða að ég læt mér ekki detta í hug að nefndin fái ekki þann tíma sem hún þarf til að vinna í málinu.

Ég vil taka það fram að við sjálfstæðismenn höfum ekki átt aðild að því að semja frv. Við höfum ekki átt fulltrúa í nefndinni sem samdi frv. og við erum því ekki jafn undir það búnir og stjórnarflokkarnir sem væntanlega hafa fjallað um frv. áður en það var lagt fram hér á hv. Alþingi. En við fyrstu yfirferð vakna ýmsar spurningar sem nauðsynlegt verður að fá svör við. Það er nauðsynlegt að fá ítarlegar upplýsingar um áhrif þessarar lagasetningar áður en Alþingi afgreiðir frv. Það er útilokað að afgreiða svo viðamikið mál, sem snertir beint hagsmuni svo margra, án þess að fyrir liggi upplýsingar um afleiðingar slíkrar lagasetningar. Það má spyrja hvaða áhrif það hefur á hag þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem eiga kost á fyrirgreiðslu félagslega húsnæðiskerfisins í dag. Hvort þetta kerfi verður víðtækara en núverandi kerfi í þeim skilningi að það leysi vanda fleira fólks en núverandi kerfi gerir. Og það er ástæða til að spyrja hvaða áhrif það hefur á íbúðamarkaðinn. Hver er í dag greiðslubyrði lána úr byggingarsjóðunum og húsbréfakerfinu? Hve há er húsaleiga á hinum ýmsu stöðum á landinu bæði á almennum markaði og fyrir félagslegar íbúðir? Hvernig er samanburðurinn á því að greiða húsaleigu annars vegar og afborganir af lánum til íbúðakaupa hins vegar? Og hvaða áhrif hefur frv. á útgjöld ríkissjóðs? Mig minnir að það standi einhvers staðar að það auki ekki útgjöld ríkissjóðs en annars staðar stendur að ekki sé vitað hver kostnaðaraukinn sé af frv.

Í frv. er gert ráð fyrir þeirri nýjung að fé verði veitt til byggingar leiguíbúða og er það réttlætt með því að sumir hafi ekki getað staðið í skilum með afborganir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna. Því er slegið föstu að viðkomandi geti ekki staðið í skilum vegna lágra tekna en það er ekki skýrt nánar eða færð rök fyrir því. Þá vaknar spurningin, hverjir eru það sem ekki hafa staðið í skilum? Eru það ákveðnir tekjuhópar, ákveðnir þjóðfélagshópar, ákveðnir aldurshópar eða jafnvel mislitur hópur úr ýmsum stéttum þjóðfélagsins og með misjafnar tekjur? Og hvers vegna fólkið hafi ekki getað staðið í skilum. Hvort það hafi verið vegna lágra tekna eða að fólk hafi e.t.v. fjárfest í einhverju öðru samhliða íbúðakaupunum, t.d. bíl svo eitthvað sé nefnt. Síðan er ástæða til að spyrja hvort eitthvert samband sé á milli vanskila og tíðni greiðslna því að auðvitað er það erfiðara fyrir fólk að greiða af lánum með fáum gjalddögum en t.d. lánum með mánaðarlegum greiðslum. Það segir sig sjálft. Upphæðirnar verða hærri þegar lengra er á milli gjalddaga. Í frv. er því slegið föstu að einhver hópur fólks geti ekki keypt íbúðir en ráði hins vegar við að leigja. Þá er stóra spurningin hver sú leiga er sem þetta fólk getur staðið undir sem getur ekki staðið undir lánum af félagslegum íbúðum með t.d. mánaðarlegum afborgunum. Frv. gengur í raun og veru út á það að fjölga eignalausu fólki og beina fólki inn á leigumarkaðinn. Það er óljóst hvort það væri hagkvæmara þegar til lengdar lætur. Því eins og ég sagði áðan er svo ríkt í okkur Íslendingum þetta einstaklingseðli að menn berjast fyrir því og láta það sitja í fyrirrúmi að eignast þak yfir höfuðið og hafa gert frá ómunatíð af litlum efnum. Auðvitað hefur það oft verið erfitt, allt of erfitt og þarf að leggja áherslu á að gera þessum lánamálum skil á þann hátt að hægt sé að auðvelda venjulegu fólki að eignast eigið húsnæði samhliða því að hinum sé hjálpað. En ég tel að ekki eigi að leggja áherslu á að fjölga slíkum hópum heldur þvert á móti.

Ég veit ekki hvort ég ætti að fara svo ítarlega út í einstakar greinar frv. Það má segja að manni sýnist ýmislegt stangast á. T.d. varðandi 68. gr. og 95. gr. um vaxtaákvarðanir og breytingar á vöxtum. Það virðist ekki vera samræmi þar á milli en e.t.v. eru til skýringar á því. En ég vil ekki ljúka þessu máli mínu án þess að gera athugasemd við eitt, kannski þýðingarmesta atriðið, þ.e. það sem snýr að sveitarstjórnum og ábyrgð þeirra. Samkvæmt frv. er þeim falin ábyrgð á félagslegu húsnæði. Sveitarstjórn á að bera fjárhagslega ábyrgð á félagslegum íbúðum á vegum hennar og enn fremur ábyrgð á framkvæmdum. Þetta er samkvæmt f-lið um skipulag og stjórn á bls. 3 í frv. Þar segir:

„Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitar-

stjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar og almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Í sveitarfélögum með færri íbúa en 400 er heimilt að skipa sérstakan húsnæðisfulltrúa í stað húsnæðisnefndar."

Ég held að sveitarstjórnarmenn, a.m.k. þeir sem ég hef spurt, séu sammála því að það sé til bóta frá núverandi fyrirkomulagi að fá þessar húsnæðisnefndir en að sveitarstjórn eigi ekki alfarið að skipa í nefndina er útilokað. Hún verður að hafa þessa ábyrgð alla leið. Við verðum að horfast í augu við það að með því að sveitarstjórn skipar aðeins þrjá menn af fimm þýðir það að meiri hluti sveitarstjórnar hefur aðeins tvo menn í þessari stjórn, minni hlutinn einn og síðan koma tveir frá launþegahreyfingum sem útilokað er að gera sér grein fyrir hvar þeir fylkja sér undir í ábyrgð á slíku starfi. Og það er óeðlilegt að sveitarstjórn, sem á að hafa svo mikla ábyrgð sem raun ber vitni, hafi ekki alfarið þennan meiri hluta. Það er ekkert athugavert við það ef sveitarstjórnin sjálf tryggir að launþegar eigi fulltrúa í slíkri nefnd. Það mætti líka hugsa sér að ekki væri óeðlilegt að sveitarstjórn tryggði einnig að fulltrúi atvinnurekenda væri í slíkri nefnd því að svo mikið varðar þetta afkomu og atvinnurekstur í viðkomandi byggðarlagi. Alla vega er meginatriðið að sveitarstjórnin sem slík beri fulla ábyrgð á störfum þessara nefnda og það sé tryggt að hún eigi meiri hluta í slíkum stjórnum. Það væri hægt að nefna dæmi um fyrirkomulagið nú í stjórnum verkamannabústaða. Ég þekki dæmi þess að í stjórn verkamannabústaða í einu bæjarfélagi á sveitarstjórnarmeirihlutinn aðeins tvo fulltrúa af sjö vegna þess hvernig í þær er skipað. Og þetta er auðvitað óeðlilegt þar sem sveitarfélagið á að bera þessa fjárhagslegu ábyrgð á störfum og lánaúthlutunum. Þetta finnst mér vera mjög þýðingarmikið atriði og ég vil leggja á það þunga áherslu.

Það er athyglisverð frétt sem er á baksíðu Morgunblaðsins í dag um umsóknir um lán til félagslegra íbúða í húsnæðismálastjórn. Það kemur fram að þessar fréttir eru samkvæmt upplýsingum Verktakasambandsins. Ég ætla ekki að lesa hana alla en hún skiptir talsverðu máli varðandi frv. sem hér er verið að fjalla um. Í næstsíðustu málsgrein fréttarinnar segir, með leyfi forseta,:

„Þá segir enn fremur í skýrslunni: „Hinn gífurlegi fjöldi lánsumsókna til bygginga félagslegra íbúða er ekki síst umhugsunarverður í ljósi þess, að talið er að árleg þörf nýrra íbúða á landinu öllu sé um 1400–1500. Skýringuna er fyrst og fremst að finna í verulegri umframeftirspurn umsókna um byggingu slíkra íbúða utan höfuðborgarsvæðisins, en lauslega má áætla að þær séu 2–3 sinnum fleiri en heildarþörf nýrra íbúða á landsbyggðinni."

Miðað við að þörf fyrir nýjar íbúðir á landinu öllu sé 1400–1500 er fjöldi umsókna um lánveitingar til félagslegra íbúða og til íbúða fyrir aldraða því 33–42% umfram þarfir landsmanna." Í fyrirsögn er talað um að um 2000 umsóknir um lán til félagslegra íbúða séu í húsnæðismálastjórn og aðalfyrirsögn er: „Lagt til að lánað verði til um 800 félagslegra íbúða."

Mér finnst það mjög athyglisvert sem þarna kemur fram, að það séu svo margar umsóknir sem raun ber vitni umfram þörfina. Og það væri nú fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. félmrh., hvort hún á einhverjar skýringar á þessu.

Ég vil, hæstv. forseti, aðeins ljúka þessum orðum mínum með því að nefna það að auðvitað er margt í þessu frv. sem er til bóta miðað við núverandi kerfi, en eins og ég sagði áður eigum a.m.k. við sjálfstæðismenn eftir að kynna okkur þetta frv. ítarlega. Við höfum ekki haft tækifæri til þess fyrr en það hefur verið lagt hér fram á hv. Alþingi. Og þetta er það viðkvæmt og viðamikið mál og mikilvægt mál að við hljótum að fá góðan tíma til að vinna vel í þessu máli.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég hef sagt hér fyrr í minni ræðu að húsnæðislánakerfið má ekki vera þannig úr garði gert að það slævi sjálfsbjargarviðleitni fólks sem er svo rík í okkur Íslendingum, ekki síst sá metnaður að eiga eigið þak yfir höfuðið.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki ofmælt, sem sagt hefur verið hér fyrr af öðrum ræðumönnum, að þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er veigamikið frv. sem hlýtur að krefjast allrar athygli hv. þingmanna og það ber að harma að það skuli svona seint fram komið þegar haft er í huga að það mun ekki vera eftir nema u.þ.b. mánuður af þingtíma.

Eins og fyrri ræðumenn hafa sagt er komið hér inn á mjög veigamikið atriði, ef maður lítur á það út frá stefnumörkun, þ.e. hvort leggja eigi aukna áherslu á félagslegar íbúðir, en til þessa hefur það nú verið meginstefna flestra flokka, hugsanlega að undanskildu Alþb., að Íslendingar gætu átt sínar eigin íbúðir. (**Menntmrh.:** Höfum við verið á móti því?) Hæstv. menntmrh. fær nú tækifæri hér á eftir til þess að taka þátt í þessari umræðu. Henni er ekki lokið. Þá kemur hæstv. ráðherra inn á það.

Meginatriði frv. er, eins og sagt hefur verið fyrr í umræðunni og kom einnig fram hjá hæstv. félmrh., að lögfesta það að stórauka skuli hlut félagslegra íbúða, þ.e. þann þátt er lýtur að leiguíbúðum. Það er auðvitað markmið út af fyrir sig en í algjörri andstöðu við það sem áður hefur verið lögð áhersla á af hálfu Íslendinga. Hér er því um að ræða geysilega veigamikið mál. Ég segi það fyrir mitt leyti, sem þingmaður fyrir Reykjavík, að í þessu felst grundvallarbreyting frá þeirri meginstefnu sem Reykvíkingar hafa lagt áherslu á í sambandi við húsnæðismál sín í áratugi.

Þegar maður lítur á þessa stefnumörkun hlýtur auðvitað sú spurning að vakna: Hvað er það sem knýr sérstaklega á um að koma með frv. sem felur í sér svona afgerandi stefnumörkun? Og ég mun leyfa

mér, virðulegur forseti, að víkja nokkuð að því hér á eftir því að ég lít þannig á að í þessu felist raunverulega ákveðin uppgjöf á því að launafólk almennt, millitekjufólk og ég tala nú ekki um þá sem hafa lægri tekjur, geti nokkurn tímann eygt það markmið að eignast sína eigin íbúð. Þetta er náttúrlega, virðulegur forseti, alveg í takt við þá núllstefnu hæstv. ríkisstjórnar sem er sú að gera sér engar vonir um það að millitekjufólk, launafólk almennt, geti eignast eigin íbúðir. Það er sem sagt verið að lögfesta þá stefnu að lífskjör þjóðarinnar verði með þeim hætti í framtíðinni að þetta fólk geti ekki átt sér nokkra von um að komast í íbúðir, þ.e. mannsæmandi íbúðir, nema þá í gegnum leiguíbúðakerfið. Þetta er að sjálfsögðu hörmuleg niðurstaða en að ýmsu leyti táknræn fyrir þá ríkisstjórn sem nú er við völd.

Ég vil, virðulegur forseti, áður en ég fer í einstök atriði þessa lagafrv. fá að hafa hér nokkurn formála sem eru hugrenningar í sambandi við þessa stefnumörkun því að hún tengist fleiru en aðeins því atriði sem hér er til umfjöllunar. Hún tengist hinni almennu umræðu um stefnu sósíalista yfirleitt, þ.e. viðhorf þeirra sem aðhyllast þann sósíalisma sem treystir á þess konar félagshyggju sem m.a. birtist í frv. Ég fyrir mitt leyti styð það að fólk standi saman í sínum félögum, stéttarfélögum og verkalýðsfélögum, en ég geri það með því fororði og forsendu að ég vil efla stöðu þess fólks, bæði stéttarlega og félagslega og eins einstaklingsbundið. Ég vil hins vegar ekki þurfa að standa frammi fyrir því með sama hætti og núv. hæstv. ríkisstjórn gerir þar sem hún segir: Það er útilokað að lífskjör ykkar geti batnað að því marki að þið getið eignast eigin íbúðir. Hins vegar skulum við sjá til þess að millifæra fé í kerfinu með þeim hætti að þið getið orðið leiguliðar.

Það sem vekur athygli þegar maður fer yfir frv. og les grg. sem því fylgir er það að við gerð þess var skipað, ég vil segja einlitt lið til þess að vinna að þessum málum. Það vekur athygli á því sem sagt var hér fyrr í umræðunni af einum stjórnarstuðningsmanni en það var eitthvað á þá leið að þar sem Verkamannasamband Íslands hefði farið yfir frv. og mælt með því væri bara sjálfsagt að þingheimur samþykkti það. Ég spyr nú sem félagsmaður í Landssambandi ísl. verslunarmanna: Hvers vegna var ekki Landssambandi ísl. verslunarmanna gefinn kostur á að fara yfir frv. og kveða upp úr um það hvort Landssamband ísl. verslunarmanna gæti hugsað sér að styðja frv. eða hafna því? Það vill nú svo til að verslunarmenn eða þeir sem eru í þjónustustörfum greiða um 20% af öllu því fé sem fer inn í húsnæðismálakerfið á sama tíma og sama fólk, þetta unga fólk sem er í þessum þjónustugreinum, borgar um ¼ hluta þess sem fer til umsjónarnefndar eftirlauna til þess að verðbæta ellilífeyri eldra fólksins í almennu verkalýðsfélögunum. Hvers vegna var ekki talað við fulltrúa þessa fólks? Hvað um önnur launþegasamtök? Hvers vegna var málið ekki borið undir þetta fólk? Er hugsanlegt að skýringin á því að aðeins var talað við Verkamannasambandið með þessum hætti sé sú að varaformaður þess er hv. þm. Karl Steinar Guðnason sem á sæti hér í hv. deild og er flokksbróðir hæstv. félmrh.? Við erum hér á hinu háa Alþingi til þess að fjalla um mál sem varða landsmenn í heild og hljótum þar af leiðandi að óska eftir svörum með tilliti til þess. Hér er verið að leggja fram stefnumörkun í máli sem snertir hagsmuni allra landsmanna, ekki bara félagsmanna innan verkalýðshreyfingarinnar heldur einnig þeirra einstaklinga sem eru ekki í stéttarfélögum. Því er eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna var þetta þrengt niður í þetta eina samband?

Ég held því fram, virðulegur forseti, að frv. sé í rökréttu framhaldi af neikvæðum afleiðingum þeirrar tekjuskerðingar sem núv. ríkisstjórn hefur framkvæmt frá því hún kom til valda haustið 1988. Þetta er einn þátturinn í hinni neikvæðu stefnu þessarar ríkisstjórnar og hann snýr að húsnæðismálum. Með frv. er, eins og ég sagði í upphafi míns máls, staðfest hin neikvæða stefna þessarar ríkisstjórnar sem felst í því að fjölga í þeim hópi fólks sem getur ekki eignast eigin íbúðir. Þetta stafar auðvitað af því að sú ranga stefna sem þessi ríkisstjórn hefur fylgt varðandi tekju- og eignastöðu fólksins hefur minnkað ráðstöfunartekjur þess, dregið úr kaupgetunni á sama tíma og hlutdeild ríkisins í þjóðartekjunum hefur verið stórlega aukin.

Minnkandi hlutdeild fyrirtækja og einstaklinga í þjóðartekjum hrekur stöðugt fleiri yfir í fyrirgreiðslukerfi hins opinbera. Það er verið að hrekja stöðugt fleiri Íslendinga inn í þjóðfélag hinna eignalausu, eignalitlu einstaklinga, þeirra sem neyðast til þess að leigja alla sína tíð.

Í frv. felst því miður, virðulegur forseti, þessi stefna núv. ríkisstjórnar. Hún krefst þess að stærri og stærri hluti íbúða skuli og verði að vera á svonefndum leigugrundvelli. Það er sem sagt eina úrræði núv. hæstv. ríkisstjórnar að byggja stöðugt meira á félagslegum grundvelli, þ.e. niðurgreiddum grundvelli, eins og fram kemur í frv. ef það er grannt skoðað. Þetta er að minni hyggju og okkar sjálfstæðismanna mjög slæm þróun. Þetta er þróun sem er andstæð, ég vil segja eðli Íslendinga, þ.e. því eðli okkar að viðhalda og efla sjálfsbjargarviðleitnina á þessu sviði sem öðrum. Þessi stefna gengur í þveröfuga átt við það sem er að gerast annars staðar í heiminum. Hins vegar birtist í þessari stefnu sá sósíalismi sem hefur beðið skipbrot í hinum sósíalísku ríkjum svo sem dæmin sanna í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Ég sé að hæstv. menntmrh. brosir þegar þetta er sagt. (**Menntmrh.:** Nei, ég er að lesa.) Af tillitssemi við hæstv. menntmrh., af því að mér hefur alltaf verið frekar vel við hann, ætla ég ekki að fara út í almenna pólitíska umræðu um Sovétríkin eða Austur-Evrópu. Hins vegar hlaut ég að vekja athygli á þessu, sérstaklega með tilliti til þess að í þessum ríkjum er fólkið að hafna forsjárhyggjunni. Það vill standa á eigin fótum, það vill vera óháð stjórnmálamönnum og það vill vera óháð ríkiskerfinu. En meginmarkmið sósíalista er, eins og hv. þm. vita, að efla ríkisvaldið, auka miðstýringu, færa til fjármuni, frá einstaklingum til

kerfisins, og það má segja að Húsnæðisstofnun ríkisins sé hápunktur hins ófluga ríkiskerfis sem á Íslandi er. Það er t.d., eins og ég hef margoft sagt í ræðum á hinu háa Alþingi og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir kom inn á, algjör óþarfi að færa alla þessa fjármuni úr lífeyrissjóðunum inn í Húsnæðisstofnun ríkisins til að útdeila þeim síðan aftur út í húsnæðismálakerfið. Þetta er hægt að framkvæma allt í gegnum bankakerfið.

Eins og hæstv. félmrh. veit berst hæstv. viðskrh., flokksbróðir hennar, fyrir því sérstaklega að einfalda kerfið, framkalla sparnað og hagræðingu. Það höfum við gert í sambandi við bankakerfið. Þess vegna hlýtur það að vera markmið, bæði okkar og hæstv. ráðherra, sérstaklega ráðherra Alþfl., að hagræða í kerfinu með þeim hætti að nýta núverandi endurskipulagt bankakerfi með þeim hætti að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og færa þessa fjármuni inn í bankakerfið til þess að unnt sé að lækka vexti og kostnað við það að framkvæma og fjármagna húsnæðismálakerfið. Það er mjög einfalt mál að viðhalda og efla þann þátt, sem verður að hafa til staðar vegna þeirra sem bágast eru staddir, er lýtur að félagslegum þætti íbúðarmála. Þetta veit hæstv. félmrh. En hér á Íslandi búum við því miður enn þá við það að hér eru sósíalistar við völd sem trúa á alvaldskerfi ríkisins, þ.e. á forsjá embættismanna og stjórnmálamanna.

Það getur vel verið að hæstv. ráðherrum líði ekki allt of vel undir því þegar maður rekur forsögu sósíalísku flokkanna, en það er bráðnauðsynlegt vegna þess að þetta mál tengist svo þeirri stefnu sem mörkuð var í upphafi aldarinnar þegar aðskilnaður var á milli annars vegar hægfara jafnaðarmanna, þ.e. mensévíka, og hins vegar bolsévíka, kommúnista, en eins og hv. þm. vita er hæstv. félmrh. jafnaðarmaður og telst þar af leiðandi vera hægfara sósíalisti. (**Gripið fram í:** Hægfara?) Hægfara, já. (Gripið fram í.) Hins vegar er hæstv. menntmrh. líklega bolsévíki. En við skulum ekki gleyma því að þetta eru greinar af sama meiði nema hæstv. ráðherrar vilji gjörsamlega afneita þessari forsögu sinni. Það væri afskaplega fróðlegt fyrir okkur ef þeir vildu gera það hér í ræðum á eftir. Frv. er í rökréttu framhaldi af stefnu sósíalista um úrlausnir í húsnæðismálum, en þessar úrlausnir eru úreltar í öllum lýðfrjálsum ríkjum vegna þess að þar er treyst á valddreifingu, þar er treyst á að fólkið sjálft geti af eigin rammleik eignast sínar íbúðir og ríkið þurfi þar sem minnst að að koma.

Það vill svo til að ég var á fundi fyrir nokkrum vikum þar sem staddir voru þingmenn frá Sovétríkjunum. Þeir voru að lýsa fyrir þingmönnum frá NATO-ríkjunum, sem voru þar mættir, þeim helstu vandamálum sem við er að stríða í Sovétríkjunum og voru að óska eftir samstarfi og viðræðum við þingmenn frá NATO-ríkjunum við framtíðarúrlausn mála. Það vildi svo til að meðal þeirra atriða sem þessir sovésku þingmenn lögðu helst áherslu á og töldu að væru mikilvægust væri að komast úr hinu félagslega húsnæðiskerfi í Sovétríkjunum. Þeir sögðu að íbúðaskortur væri stærsta vandamálið sem þeir ættu við að glíma fyrir utan ákveðinn vöruskort. Þeir töldu að hinar félagslegu lausnir sem þeir trúðu á hefðu gjörsamlega brugðist með hrikalegum afleiðingum fyrir íbúa Sovétríkjanna. Ég vek athygli á þessu hér og nú m.a. vegna þess að það er ekki lausn á íbðavandamálum Íslendinga að þróa upp félagslega kerfið með þeim hætti sem hæstv. félmrh. stefnir að í þessu frv. Ég tek það fram að það eru atriði í frv. sem ég get vel hugsað mér að styðja og stuðla að og er ýmislegt þar til bóta, en meginandi frv. er þess eðlis að ég tel mjög varhugavert að festa það í lög eins og hér liggur fyrir.

Núv. ríkisstjórn á Íslandi segist starfa á grundvelli jafnréttis og félagshyggju en flestallir Íslendingar gera sér grein fyrir að þetta er auðvitað öfugmæli. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er ekki ríkisstjórn jafnréttis. Þetta er ríkisstjórn núlllausna, þetta er ríkisstjórn ákveðins vonleysis og þetta er ríkisstjórn mikillar óvissu. Það er ekki ríkisstjórn jafnréttis sem ræðst á afkomu launafólks með stöðugt hærri sköttum. Það er ekki ríkisstjórn jafnréttis sem ræðst á eignarstöðu einstaklinga, ekkna og ekkla, sem ræðst á millitekjufólk með stöðugt auknum álögum. Ég minni á hækkaða skattprósentu í staðgreiðslukerfinu og ég vil einnig segja að það er ekki ríkisstjórn jafnréttis sem vill millitekju- og millieignafólki á Íslandi vel sem hækkar stöðugt eignarskatta og önnur opinber gjöld á meðaleignum. Það er ekki jafnrétti gagnvart þegnunum að millifæra fleiri milljarða króna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til ýmissa aðila sem ekki hafa getað rekið fyrirtækin af hagsýni og af hagkvæmni á sama tíma og vel rekin fyrirtæki eru skattpínd og jafnvel ofsótt með dylgjum og svívirðingum af ófrægingarpressu vinstri flokkanna. Það er sem sagt ekki jafnrétti að þrengja stöðugt að stöðu einstaklingsins, skerða stöðugt tekjur hans með stóraukinni skattheimtu eða með setningu laga sem með beinum og óbeinum hætti skylda menn til að afhenda fé sitt opinberum aðilum til ráðstöfunar eða millifærslu. Núverandi ríkisstjórn er ríkisstjórn sósíalisma og ríkisstjórn misréttis.

Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp þótt þess gerist kannski ekki jafnmikil þörf nú, eins og skoðanakannanir sýna, eins og þegar hún hóf göngu sína fyrir tveimur árum. Skoðanakannanir sýna að mikill meiri hluti þjóðarinnar er á móti þessari ríkisstjórn og það vill svo til að skoðanakannanir geta oft verið vísandi og hafa verið það í gegnum árin.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja nokkru nánar að frv. og einstökum atriðum þess. Það sem kemur greinilega fram í frv., miðað við gefnar forsendur, er að það á að efla félagslega húsnæðiskerfið og það hlýtur að gerast á kostnað hins almenna. Það hef ég rakið ítarlega fyrr í mínu máli. Það má eiginlega segja að frv. gangi svo langt að gerð sé ákveðin tilraun til að lögskipa ákveðið hlutfall landsmanna inn í þetta kerfi. Ég segi að gerð sé tilraun til, en ég fullyrði ekki um það. Í heild sinni gengur frv. gegn grundvallarstefnu Sjálfstfl. hvað varðar sjálfseign og það má segja að það gangi einnig gegn grundvallarstefnu þess

flokks í húsnæðismálum. Þetta er stefna aukinnar miðstýringar og forsjár his opinbera. Hvatinn til sjálfsbjargar er tekinn frá fólki í vissum skilningi og því er beint meira inn á það að vera háð og ósjálfstætt í leiguíbúðum til frambúðar. Það er hörmulegt að svo skuli vera komið fyrir launafólki almennt á Íslandi að hæstv. félmrh. skuli þurfa að viðurkenna það í frumvarpsformi að stefna núverandi ríkisstjórnar hefur keyrt svo niður tekjumöguleika og afkomu fólks að hæstv. ráðherra sér sig tilneyddan til að leggja fram frv. þessa eðlis.

Ég vildi þess vegna, virðulegi forseti, fá að snúa máli mínu til hæstv. félmrh. og óska eftir að hann geri grein fyrir eftirfarandi atriðum áður en frv. fer til nefndar. Ef hæstv. ráðherra hefur ekki tiltæk gögn eða telur að í fyrirspurnum mínum og óskum sé farið fram á skýringar á of mörgum atriðum hljótum við auðvitað að leita eftir því í nefndarstarfi að þeim verði fullnægt. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja áherslu á að frv. verði ekki afgreitt frá hinu háa Alþingi fyrr en ítarleg athugun hefur farið fram á áhrifum þessarar lagasetningar á möguleika fólks til að eignast íbúðarhúsnæði, á fasteignamarkaðinn og á peningamarkaðinn o.s.frv.

Þá vildi ég gjarnan óska eftir því við hæstv. félmrh. að hann upplýsti hvort þeir fulltrúar, sem skipaðir voru í þá nefnd sem vann að frv. og eru titlaðir fulltrúar launþegasamtaka og Sambands ísl. sveitarfélaga, hafi unnið þetta verk í umboði þeirra samtaka sem nöfn þeirra eru tengd við og hafi þá væntanlega fyrir fram ákveðið stuðning viðkomandi aðila við frv. eins og virtist koma fram hér hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, varaformanni Verkamannasambands Íslands. Það er mitt mat að sveitarstjórnir séu í vissum skilningi nokkuð grátt leiknar í frv. Á herðar sveitarstjórna eru settar miklar fjárhagslegar ábyrgðir á sama tíma og ákvörðunarvald í mikilvægum málum er frá þeim tekið.

Þá er vert að vekja athygli hæstv. ráðherra á því að samkvæmt frv. eru húsnæðisnefndir þannig skipaðar að þær geta í mörgum og ákveðnum tilvikum verið myndaðar af meiri hluta sem er í andstöðu við þann meiri hluta sem er hjá viðkomandi sveitarstjórnum. Þessi möguleiki er fyrir hendi, t.d. ef maður lítur á skipan borgarstjórnar Reykjavíkur. Það er ekki nokkur vafi á því að þessi tilhögun sem kemur fram við skipun húsnæðisnefnda mundi hafa það í för með sér að núverandi meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur yrði í minni hluta í þeirri húsnæðisnefnd sem snýr að Reykjavíkurborg, sem er í hæsta máta óeðlilegt þegar maður lítur á hinar fjárhagslegu skuldbindingar sem frv. felur í sér gagnvart sveitarstjórnum.

Þá vildi ég gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðherra á því hvort hugsanlegt sé að húsaleiga gæti orðið jafnvel dýrari en afborganir og vextir af íbúðakaupalánum. Hæstv. ráðherra og þeir sem unnu þetta frv. hljóta að hafa kynnt sér þetta mjög ítarlega og það hljóta að liggja fyrir upplýsingar og gögn um það.

Ég legg sem sagt áherslu á að hæstv. félmrh. greini hér ítarlega frá því hvaða áhrif þessi lagasetning hefur á hina ýmsu þætti sem máli skipta. Væntanlega getur hæstv. ráðherra gert það strax, en alla vega í 2. umr. um frv.

Þá væri fróðlegt að heyra skoðun hæstv. ráðherra á því hver áhrifin verði fyrir þá einstaklinga og þær fjölskyldur sem eiga kost á fyrirgreiðslu félagslega húsnæðiskerfisins í dag verði frv. að lögum.

Þá vaknar spurningin hvort þetta kerfi verði víðtækara, ekki aðeins í þeim skilningi sem hér hefur verið fjallað um áður af minni hálfu, að því leyti til hvort það muni leysa vanda fleira fólks en núverandi kerfi sem gerir ráð fyrir hlutfallslega færri félagslegum íbúðum en aftur hlutfallslega fleiri íbúðum í eigin eign. Ég vildi gjarnan heyra skoðun ráðherrans á þessu.

Þá vaknar einnig spurning í sambandi við ákvæði í frv. um aðstoð við öflun leiguhúsnæðis: Hvaða áhrif hefur það á íbúðamarkaðinn í heild, almennt séð?

Þá vildi ég gjarnan fá upplýst hver er greiðslubyrði lána í dag frá byggingarsjóðunum og húsbréfakerfinu miðað við ákveðnar sambærilegar staðlaðar íbúðastærðir.

Fróðlegt væri einnig að fá að vita hvort þeir sem unnu að frv., eða ráðuneytið, hafa kynnt sér hversu há húsaleiga er á hinum ýmsum stöðum úti á landi, bæði á almennum markaði og einnig fyrir félagslegar íbúðir. Þá væri fróðlegt að fá reikningslegan samanburð á raunverulegum húsaleigugreiðslum annars vegar og greiðslu vaxta og afborgana af íbúðakaupalánum (t.d. kaupleiguíbúða) hins vegar.

Þá vildi ég gjarnan fá að heyra skoðun hæstv. ráðherra á því hvaða áhrif frv. hafi á fjárhag sveitarfélaga, hvort menn hafi nokkuð hugleitt það.

Og fróðlegt væri enn fremur að heyra skoðun ráðherra á því hvaða áhrif frv. hafi á útgjöld og eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs og einnig hugsanleg áhrif frv. á útgjöld ríkissjóðs.

Ég vil, virðulegi forseti, ekki lengja þessa umræðu mikið með fleiri atriðum að sinni, en hins vegar hlýt ég að undirstrika það sem mína skoðun, og hæstv. ráðherra leiðréttir ef hún er röng, að ég tel að með frv. sé mikil ábyrgð sett á sveitarfélögin, bæði hvað varðar fjárhagslega þætti þess og framkvæmdir. Þess vegna hlýtur það að vera krafa sveitarfélaganna og einnig okkar þingmanna að leitað sé umsagna bæði hjá sveitarfélögunum sem og hjá þeim aðilum sem koma til með að fjalla mikið um þetta. Þar á ég við hin helstu samtök launafólks á vinnumarkaðinum og einnig væri ekki óeðlilegt að þetta frv. fengi umsagnir vinnuveitendasamtaka og annarra aðila sem hér koma við sögu.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, eru ákveðin atriði í frv. sem eru þess virði að þau séu tekin upp og færð í lög, en því miður verð ég að segja að frv. í heild felur í sér hina neikvæðu stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar, hún hefur gefist upp við það meginmarkmið stjórnmála að gefa fólkinu von um betri tíð. Það er verið að festa í íbúðakerfi þjóðarinnar þá stefnu að Íslendingar verði í æ ríkari mæli að treysta á félagslegar íbúðir.

Jóhann Einvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið, en það eru nokkur atriði sem ég vildi drepa á strax við 1. umr. Í fyrsta lagi vil ég taka undir megintilgang frv., þ.e. að koma betri skikkan og skipulagi á ýmislegt varðandi félagslegar íbúðabyggingar. Og vegna orða nokkurra fyrri ræðumanna um að það sé stórt hlutfall, þ.e. ⅓ af íbúðabyggingum í landinu, sem eigi að vera á félagslegum grundvelli vil ég vekja athygli á því að þetta er ekki nýtt ákvæði. Það er búið að vera í lögum lengi og ég hygg að allir flokkar hafi tekið þátt í að lögbinda það.

En mér finnst þó, frá mínum bæjardyrum séð, frv. vera dálítið ruglingslegt að ýmsu leyti. Ég tel að það ætti að skoða það nokkru nánar að við settum heldur þrenn lög um húsnæðiskerfið. Það ætti að vera ein löggjöf um almenna húsnæðislánakerfið. Ég get tekið undir það, eins og ég hef oft haldið fram áður og m.a. á þeim tíma sem ég starfaði að þessu þó svo að það hafi ekki komist í gegn þá, að húsnæðismálastjórn á að setja almennar reglur um lán til hins almenna húsnæðislánakerfis og bankastofnanir eiga síðan að annast alla ráðgjöf og lánafyrirgreiðslu eftir þeim almennu reglum og húsnæðismálastjórn á síðan að kaupa þau skuldabréf af bankastofnunum þegar þær hafa metið lánsþörf og greiðslugetu lántakenda. Ég teldi að það væri til mikilla bóta.

Ég er hins vegar á því að félagslegu íbúðalánin eigi að vera undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og auðvitað sveitarfélaganna. Sjálfstæður lagabálkur ætti að skýra tilgang og markmið þeirrar löggjafar og á hvern hátt hún eigi að vera í framkvæmd. Ég tel hins vegar að það ætti að vera sjálfstæð löggjöf um leiguíbúðir og það sé afturför að taka þær inn í hið almenna kerfi.

Ég vil taka það fram áður en ég held lengra að ég sit í félmn. og mun greiða götu þessa frv. og brtt. við það sem ég tel til bóta eftir því sem mögulegt er. En það er að sjálfsögðu rétt að það þarf að skoða frv. vel. Það er gríðarmikill lagabálkur og hinn flóknasti.

Ég vil líka vekja athygli á því sem ég hygg að hafi valdið ýmsum vandkvæðum í húsnæðislánakerfinu á undanförnum árum en það eru þær öru breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem við höfum gert ekki síst á þeim áratug sem er að ljúka. Ef ég fer rétt með hefur húsnæðislöggjöfinni sennilega verið breytt að meðaltali á tæplega tveggja ára fresti, þannig að raunverulega hefur aldrei náðst neitt jafnvægi í framkvæmd þeirra breytinga sem verið er að koma á. Eftir ár eða svo er alltaf farið að ræða um breytingar og í framkvæmd verður þetta afar erfitt. Ég minnist þess að þegar ég vann í félmrn. upphófst mikið af viðtölum og vissum erfiðleikum þegar það spurðist að breytinga væri von.

Örfá orð um nokkur atriði í einstökum liðum frv. Í fyrsta lagi það sem snýr að sveitarstjórnunum. Ég er auðvitað mjög ásáttur á það að taka skipun nefndanna og verkamannabústaðakerfisins til breytinga. Ég tel hins vegar að í heild hefði verið hægt að ná markmiðum frv. fram að verulegu leyti með því að endurskoða og lagfæra þann bálk betur en þarna er gert í staðinn fyrir að umbylta þessu svona mikið og láta verkamannabústaðakerfið lifa áfram hvort sem við breytum nafngiftinni á því eða ekki. Ég er hins vegar ekkert ósáttur við að tveir fulltrúar séu tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Mér finnst mjög eðlilegt að þau eigi aðild að þessu. En mér finnst vanta í frv. að það sé nægilega skýrt að sveitarstjórnin er lokaafgreiðsluaðili þeirra samþykkta sem húsnæðisnefndin gerir. Það þarf að mínu viti að vera alveg skýrt. Tekur það bæði til úthlutunar íbúða og annarra atriða sem mér finnst ekki vera alveg nógu ljós í frv. eins og það er. Að mínu viti er það nokkuð stórt sveitarfélag þar sem búa 200–400 manns og þar sem einn „kommissar" á í raun að að annast þessi málefni. E.t.v. ætti nefndin að vera þriggja manna á þeim stöðum. Ég held að það sé mikið lagt á einn mann að taka að sér úthlutun íbúða eða gera einn tillögu til sveitarstjórnar um úthlutun, svo eitt atriði sé nefnt af þeim verkefnum sem hljóta að verða falin þessum húsnæðisfulltrúa.

Að sjálfsögðu er til mikilla bóta að sveitarstjórn skuli ekki lengur þurfa að leggja óafturkræft framlag til byggingar verkamannabústaða eða félagslegra íbúða. Ég tel hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að sveitarstjórnir fái af því skuldabréfi sömu vexti til baka og lífeyrissjóðirnir fá á sín skuldabréf. Það er ekki óeðlilegt að sveitarstjórnirnar sem eru flestar í — kannski ekki fjárhagserfiðleikum en alla vega eru fjármál ekki það léttasta verk sem er til meðferðar hjá sveitarstjórnum og því ætti ekki að skylda þær til að lána út á 1% vöxtum ef við miðum við þá vexti sem eru í dag.

Annað vandamál held ég að komi upp. Í 67. gr., r-liðnum er veitt heimild til þess að lána til bílskýla og til upphitunar í gangstétt og við hana eru settar vissar takmarkanir. Ég held, og svo segir reyndar neðarlega í þessari grein, að við endursölu á eignaríbúðum skal bílskýli fylgja íbúð. Ef einhverra hluta vegna ekki er, samkvæmt kostnaðarstaðlinum, unnt að lána til byggingar bílskýlis eða bílskúrs geta orðið vandkvæði þegar íbúðin er til sölu. Það eru mýmörg dæmi um að fólk hefur ákveðið að kaupa íbúð og náði samkomulagi við stjórnina sem sér um endursöluna og fyrri eiganda um leið. En þar sem í upphafi var ekki lánað til bílskúrsins heldur einungis til íbúðarinnar hafa komið upp viss vandkvæði vegna þess að eigandi bílskúrsins hefur viljað fá hann greiddan sem fyrst, helst staðgreiddan en samkvæmt byggingarlöggjöfinni er óheimilt að aðskilja bílskúr og íbúð. Ég held því að það ætti að vera skýrt ákvæði um að ef þess er krafist af skipulagsástæðum að byggt sé bílskýli með hverri íbúð skuli lána til þess. Og hlýtur maður að taka undir það að ástæðulaust er að bílskýli sé byggt á dýrari hátt en þörf krefur. Það verður að gæta hagkvæmni í því eins og ýmsu öðru.

Ég er líka sammála því að ríkisstjórnin taki ákvörðun um vexti af þessum lánum, það er mjög eðlilegt, og hafi um það umsögn Seðlabankans. En eins og kemur fram í ákvæðinu um endurskoðun vaxta, s.s.

(95. gr.), hjá þeim sem fær lánið finnst mér átta ár ansi langur tími frá undirritun kaupsamnings þar til unnt er að endurskoða vextina og síðan á fimm ára fresti. Ég tel að tíminn ætti að vera skemmri og endurskoðunin síðan að fylgja skattframtali viðkomandi aðila. Ef hann er kominn vel upp fyrir þau tekjumörk sem sett eru á hann ekki að vera með vexti svona mikið niðurgreidda. Við þekkjum mörg dæmi þess að námsmenn og einstæðir foreldrar hafa farið inn í kerfið og síðan hafa aðstæður þeirra breyst. Við getum nefnt dæmi um presta, alþingismenn jafnvel og tannlækna sem hafa notið þessara kjara og það er auðvitað ástæðulaust að greiða niður vexti, jafnvel í 30–40 ár, á lánum þessa fólks þegar aðstæður hafa breyst mikið frá því sem var við úthlutun.

Svo langar mig að spyrja í sambandi við framkvæmdalánin. Húsnæðismálastjórn er heimilt að fella niður vaxtagreiðslu framkvæmdaaðila við sérstakar aðstæður. Ég er forvitinn að vita hverjar þessar sérstöku aðstæður geta verið þannig að vaxtagreiðslur séu felldar niður af framkvæmdalánum.

Eins er það í kaflanum um rétt einstaklings til úthlutunar á félagslegum íbúðum. Í fyrsta lagi má hann ekki eiga íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi. Ég hef áhuga á að vita hvernig samsvarandi eign í öðru formi hefur verið skilgreind. Það er ljóst að viðkomandi gæti verið skráður fyrir íbúð, rétt á meðan úthlutun fer fram, sem hann er um það bil að missa vegna greiðsluskorts eða af einhverjum öðrum ástæðum þannig að ég veit ekki nema þarna sé svolítið hart tekið til orða.

Síðan eru það meðaltekjurnar. Ég hef ekki fastmótaðar skoðanir á því hvort meðaltekjur hafi hækkað of mikið. Mér sýnist þó að hjá fjögurra manna fjölskyldu þar sem eru hjón með tvö börn geti meðaltekjur á þriggja ára tímabili verið komnar í 120 þús. kr. á mánuði. Það hlýtur í raun að þýða að rauntekjur síðustu mánuða hafi verið allmiklu hærri en 120 þús. Eins og menn vita hefur verið rætt um alþm. sem hátekjumenn, en ef ég man rétt er þingfararkaupið núna um 155 eða 158 þús. kr. og til þess að ná 120 þús. kr. meðaltekjum á þremur árum held ég að þetta sé að nálgast það hjá fjögurra manna fjölskyldu að þingmenn séu undir tekjumörkunum.

Í sambandi við þetta atriði má nefna að auðvitað er nauðsynlegt að gætt sé fyllstu hagkvæmni við byggingu félagslegra íbúða. Sem betur fer hafa íbúðirnar farið batnandi. Þær voru hér áður fyrr svolítið spartískar, ef ég má nota það orð, en núna er, að mínu viti, kannski á mörkunum að hægt sé að segja að fyllstu hagkvæmni hafi ekki verið gætt í byggingunum. Ég hef skoðað nokkrar íbúðir bæði hér í Reykjavík og nágrenninu og ég dreg í efa að einstaklingur sem hefði byggt þær íbúðir hefði lagt jafnmikið í þær eins og raun ber vitni. Þetta segi ég án nokkurra athugasemda við það að fólk búi í eins góðum íbúðum og tök eru á, en það verður auðvitað að gæta fyllstu hagkvæmni í því eins og öðru.

Í sambandi við ráðstöfun íbúða hefði ég viljað skjóta inn í 83. gr. á bls. 9. Þar segir: „Húsnæðisnefnd úthlutar í umboði sveitarstjórnar ...“ Það umboð *nær náttúrlega ekki nema til þess að gera tillögu til* sveitarstjórnar um úthlutunina. Við þekkjum mörg tilfelli í litlum sveitarfélögum þar sem komið hefur upp ágreiningur. Það er því rétt að sá aðili sem í lokin ber ábyrgðina, þ.e. sveitarstjórnarmenn, því séu öll tvímæli tekin af um að þetta sé tillaga til sveitarstjórnarinnar.

Í 4. gr. á bls. 14 er fjallað um kaflann um forkaupsrétt sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 og eru gerðar ýmsar breytingar á honum sem ég hef ekki alveg gert mér grein fyrir. Ég vil þó fullyrða að þar hafa skapast mjög mörg vandamál á undanförnum áratugum og alltaf öðru hverju verið að breyta reglugerðum og reyndar lagagreinum í þessu sambandi. Sum tímabilin hafa sveitarstjórnir eða raunverulega húsnæðismálastjórn orðið af með verulega mikið fjármagn og þeir sem áttu þessar íbúðir hafa nánast lent í veislu. Ég geri mér nú ekki alveg grein fyrir hvernig þessi breyting kemur fram en vænti þess að það sé miðað við raunverulegt söluverð íbúða á þeim stað sem um er að ræða og tekið tillit til fyrninga og áhvílandi lána.

Ég vildi samt leggja meginhersluna á að þegar svo títt er breytt lögum í jafnviðamiklum lagabálki og húsnæðismálalöggjöf þjóðfélagsins verður að gæta þess að gera það ekki það títt að menn nái aldrei að róast niður og gera sér grein fyrir hvernig þróun mála og framkvæmd laganna verður. Ég held að það að breyta lögum um svo viðamikinn málaflokk á tæplega tveggja ára fresti sé ansi langt gengið og valdi ýmsum erfiðleikum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð mikið fleiri. Ég hef í félmn. möguleika á að fara yfir einstök atriði einstakra greina og mun reyna að greiða götu þess eftir því sem kostur er.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð um það frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur einkennt hæstv. húsnæðisráðherra síðan hann settist í sinn stól að fyrir honum hefur ekki vakað að leysa almennt húsnæðisþörf landsmanna heldur hefur hæstv. ráðherra búið sér til ákveðnar formúlur og þeir menn sem voru utan við kerfið áður eru jafnmikið utan við kerfið í dag og þeir voru þegar hæstv. ráðherra settist í stólinn og raunar miklu meira. Síðast núna fyrir hádegi hringdi í mig maður sem var orðinn gjaldþrota og hefur engin tök á því að halda mjög hóflegri íbúð sem hann hefur fest kaup á. Hann fékk kurteislegt bréf frá Húsnæðisstofnun um að hann rúmaðist ekki innan þessa kerfis nema með því að fara í langa biðröð. Hann er lagtækur og hefði kannski viljað svolítið laga til sjálfur en það er ekki hægt að láta honum í té það lítilræði. Erfiðleikalán eru hvorki fugl né fiskur og sá mikli fjármagnskostnaður sem þetta fólk hefur orðið að búa við er orðinn yfirþyrmandi á mörgum stöðum. Fólk hefur verið að missa heilsuna og hjónaskilnaðir hafa færst í vöxt.

Ef við horfum á fjárlögin og reynum að sjá hvernig

hæstv. félmrh. eða húsnæðisráðherra hefur búið að Byggingarsjóði ríkisins sjáum við það að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1989 var gert ráð fyrir því að innstreymi í ríkissjóð yrði 1 milljarður og 50 millj. Eftir að búið var að endurskoða áætlun um sjóðinn er innstreymið á sl. ári dottið niður í 550 millj., mér er ekki kunnugt um hvernig það endaði. Samkvæmt fjárlögum í ár er gert ráð fyrir 150 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. hvort það sé að hans tillögum sem fjármagnið til Byggingarsjóðs ríkisins er skorið niður með þessum hætti.

Ég man eftir því þegar hæstv. ráðherra var almennur þingmaður og talaði um það litla fjármagn sem væri varið til Byggingarsjóðs ríkisins og hafði um það stór orð að forveri hans, hv. þm. Alexander Stefánsson, væri að brjóta niður fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins. Hæstv. ráðherra, sem þá var í stjórnarandstöðu harðri, linnti ekki yfirboðum á öllum sviðum húsnæðismála. Það vantaði ekki að þá taldi sá hv. þm. að það væru nógir peningar til í Byggingarsjóð ríkisins. Nú lægur hann sér nægja litlar 150 millj. í Byggingarsjóð ríkisins.

Hvernig er ástandið hjá Byggingarsjóði verkamanna? Á fjárlögum fyrir sl. ár var gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður verkamanna fengi 600 millj. kr. úr ríkissjóði. Það var látið óhreyft við endurskoðun en eins og fjárlög liggja nú fyrir er látið sitja við 500 millj. kr. í Byggingarsjóð verkamanna úr ríkissjóði. Nú mundi maður halda, hæstv. forseti, að þessi lækkaða fjárhæð til Byggingarsjóðs verkamanna væri sprottin af því að þessi sjóður væri að taka á sig minni skuldbindingar en áður. Og maður gæti látið sér detta í hug að það frv. sem hér liggur fyrir vissi einmitt að því að hæstv. ráðherra ætlaði sér að styrkja fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna. En ég sé ekki að frv. fylgi neitt yfirlit um fjárframlagið í sjóðinn. Það er engin greinargerð um hvernig hæstv. ráðherra hyggst mæta þeim skuldbindingum sem þessi sjóður verður síðar meir að standa frammi fyrir.

Það stendur í 1. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta, að tilgangur laganna sé „að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum".

Stuðla að jafnrétti milli hverra? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. Stuðla að jafnrétti einhvers ákveðins hóps sem þessi ákveðni ráðherra sem nú situr í ráðherrastól telur að eigi að fá sitt jafnrétti? Bara þessi hópur. Ekki jafnrétti þegnanna. Sumir eigi að fá meira jafnrétti en aðrir. Og svo eiga sumir að fá fullar hendur fjár á meðan aðrir svelta og fá ekki viðunandi lausn sinna mála þó að lítið fjármagn þurfi. Það verður áreiðanlega mikið verk fyrir þann mann sem næst sest í stól húsnæðisráðherra að hreinsa til. Það verður mikið verk að laga til eftir þennan hæstv. ráðherra.

Og hvernig er þetta hjá öðrum sjóðum sem hæstv. ríkisstjórn sér um? Hvernig er t.d. um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna? Fær hann þá peninga sem um var samið milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar á sínum tíma? Nei. Sá lífeyrissjóður er líka sveltur. Það vantar ekki. En það má kannski óska húsnæðisráðherranum til hamingju með að honum skuli hafa tekist að fá pappírinn fram með þessum hætti þannig að hann geti sett einhvers konar rauða kratarós í hnappagatið, bent á einhvern tiltekinn hóp manna og sagt: Þetta hef ég gefið ykkur. Gjafir eru ykkur gefnar. En hinir fá að vera úti á klakanum.

Ég veit ekki hvort á þessu stigi, hæstv. forseti, er ástæða til þess að tala svo mikið meira um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því að nefndin sem fær það til meðhöndlunar muni fá skýrslur um hver sé fjárhagsstaða Byggingarsjóðs ríkisins og fjárhagsstaða Byggingarsjóðs verkamanna. Mér er sagt að þessi mál séu nú í athugun hjá hagsýslunni og ég geri ráð fyrir að hæstv. félmrh. muni fagna því jafnmikið og ég þegar dregið verður fram í dagsljósið hvaða skuldbindingar verið er að binda þessum sjóðum. Og ég geri ráð fyrir því að hæstv. húsnæðisráðherra muni, þegar hann kemst vonandi fljótlega, vonandi sem allra fyrst, strax eftir kosningar a.m.k., í stjórnarandstöðu, þá muni þingmaðurinn hafa meiri metnað fyrir þessa sjóði en hann hefur núna meðan hann er ráðherra.

Það er auðvitað hægt að koma inn á ýmsa aðra þætti þessara mála. Það er auðvitað hægt að rifja upp að hjá Byggðastofnun liggur fyrir skýrsla sem er mannaflaspá um það hvernig búast megi við að íbúaþróun verði úti í hinum dreifðu byggðum í framtíðinni. Það er ekkert leyndarmál að það orð leikur á að ráðherrann muni ætla að nota sér þá skýrslu Byggðastofnunar og þann framreikning sem í þeirri skýrslu kemur til þess að reyna að hafa áhrif á það að félagslegar íbúðir fari ekki í þeim mæli út á land sem umsóknirnar bera með sér. Má líka segja að það sé hættulegt ef fara á út í þá sálma og út á þá braut að misnota Byggðastofnun með þeim hætti að einstakir ráðherrar geti notað upplýsingar og framtíðarspár þaðan til þess að draga úr framkvæmdum og íbúðarbyggingum á landsbyggðinni, í þeim sveitarfélögum sem standa höllum fæti.

Ég skal svo ekki, herra forseti, á þessu stigi hafa fleiri orð um þetta og veit raunar að sú nefnd sem fær málið til meðferðar mun fara ofan í þessi mál, mun kynna sér hvernig greiðslustreymið er hjá þessum sjóðum. Það mun auðvitað líka koma fram hvernig staðið hefur verið að aðstoð við það fólk sem á í erfiðleikum við að halda húsnæði. Það verður líka farið út í það að athuga hvernig hefur verið brugðist við hjá því fólki sem hefur, svo ég nefni dæmi, kannski ekki getað ráðið við íbúðarkaup innan þess árs sem tilskilið er til þess að umsókn sé gild, hvort þá sé einhver möguleiki til að koma aftur og taka umsóknina upp að nýju eða hvort það fólk sem í þeim erfiðleikum á geti með öðrum hætti notið þeirrar miklu samhjálpar sem húsnæðiskerfið á að vera.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, ítreka aðeins að það verður mikið verk að taka til í félmrn. þegar þessi hæstv. ráðherra hefur kvatt skrifborð sitt þar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta frv. Hér hafa verið bornar fram ýmsar spurningar, einkum af hálfu þingmanna Sjálfstfl., sem ég skal leitast við að svara. Þær voru nokkuð margar sem voru settar hér fram, sérstaklega að hálfu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Ég veit ekki hvort ég hef náð þeim öllum niður en ég svara þeim sem ég hef hér sett á blað og við öðrum mun ég sjá til að svar fáist í þeirri nefnd sem fjallar um þetta frv.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því sem fram kom hjá 8. þm. Reykn. Jóhanni Einvarðssyni þar sem hann talar um mjög tíðar breytingar á húsnæðiskerfinu. Í sjálfu sér er það rétt varðandi almenna hluta húsnæðiskerfisins að hann hefur verið í nokkurri endurskoðun á umliðnum árum og gerðar breytingar bæði 1986 og nú síðast 1989. En félagslegi hluti húsnæðiskerfisins sem hér er til umræðu hefur verið nokkuð lengi í endurskoðun án þess að fram hafi verið sett heildarendurskoðun á þeim hluta eins og hér er gert. (**JE:** Ekki heildarendurskoðun.) Ég kalla þetta heildarendurskoðun á félagslega hluta húsnæðiskerfisins sem ég held að löngu hafi verið orðin tímabær. Komið hafa fram ýmsir gallar á félagslega íbúðakerfinu sem nauðsynlegt var að leiðrétta og veit ég að hv. þm. hefur m.a. átt sæti í nefnd sem fjallaði á sínum tíma um endurskoðun á félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Ég vænti þess að hér séu komnar fram margþættar breytingar sem allar stefni að því marki að um heildarendurskoðun á kerfinu sé að ræða. Þetta er búið að vera á döfinni í félmrn. sl. 2–3 ár og eins í tíð forvera míns í starfi. Breytingarnar sem hér hafa komið inn á hv. Alþingi á félagslega hluta húsnæðiskerfisins eru því kannski ekki svo tíðar.

Mér fannst það vera sem rauður þráður í málflutningi hv. þm. Sjálfstfl. að verið væri að ganga gegn séreignarstefnunni með ákvæðum þessa frv., hér væri miðað að því að auka félagslegar íbúðir, fjölga eignalausu fólki, eins og kom fram hjá, að mig minnir hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Ég held að við verðum að skoða þessi mál í mjög víðu samhengi og hvernig húsnæðismálin líta raunverulega út hér á landi þegar slíkt er sett fram.

Félagslegar íbúðir eru mjög fáar hér á landi og miklu færri en gerist í löndunum í kringum okkur. Hér hefur fólk haft miklu færri valkosti en í löndunum í kringum okkur og það er nú einu sinni svo að þar sem valkostirnir hafa verið fáir, leigumarkaðurinn þröngur, lítið framboð af félagslegu húsnæði, þá hefur fólk oft verið neytt til þess, nauðugt viljugt, að eignast húsnæði þó það hafi hreinlega engin efni á því. Þegar við lítum á heildina, að einungis eru til 7000 félagslegar íbúðir sem er um 8% af heildinni, 7000 íbúðir sennilega af 85.000, þá segir það sig sjálft að þörfin hér á landi sem annars staðar hlýtur að vera miklu meiri. Enda eru margar tölur sem hægt er að setja fram því til stuðnings. Ég nefni bara hér sem dæmi, af því að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir talaði mikið um það markmið sem væri sett hér fram í þessu frv., að stefnt væri að því að um þriðjungur íbúða væri byggður á félagslegum grunni. Þetta er alls ekki nýtt ákvæði, þetta hefur verið nokkur ár í húsnæðislöggjöfinni og ég veit ekki til þess að þetta ákvæði sem slíkt hafi orðið til þess að framboð af félagslegum íbúðum sé eitthvað verulegt. Það er langt í frá, þessu markmiði hefur sjaldnast verið náð fyrr en kannski á sl. einum eða tveimur árum. Og ég nefni það til marks að á átta ára tímabili, eða 1980–1987, eru einungis byggðar á landinu öllu 99 leiguíbúðir hjá sveitarfélögunum. Þess vegna tel ég það of sagt þegar talað er um, eins og kom fram í máli hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, að hér sé um að ræða tilraun til að lögskipa ákveðið hlutfall innan félagslega íbúðakerfisins. Við erum einungis að taka mið af hinni miklu þörf sem er fyrir félagslegar íbúðir.

Ég get auðvitað reitt fram margar tölur máli mínu til stuðnings. Það er kannski nærtækast, af því að þetta eru hv. þm. Sjálfstfl. sem tala um að verið sé að ganga gegn séreignarstefnunni og verið sé að gera tilraun til að auka framboð meira en þörfin er sem slík, þá vil ég vitna í það sem fram kom í Morgunblaðinu nýlega. Þar er einmitt verið að ræða um stöðu einstæðra foreldra í þjóðfélaginu. Þar kemur fram að þeir sem spurðir voru, einstæðir foreldrar, telja að það séu húsnæðismálin sem þurfi að setja á oddinn í þeirra málum. Og þegar maður lítur nánar á þessa grein í Morgunblaðinu kemur m.a. fram að samkvæmt mati ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar eru flestir þeir einstæðir foreldrar sem leita inn í félagslega kerfið með tekjur á bilinu 50–65 þús. kr. Í Morgunblaðinu kemur einnig fram að 612 einstæðir foreldrar sóttu um félagslega íbúð á sl. ári, 1989, en einungis 155 fengu úthlutað. Og ef það er rétt sem hér kemur fram, að þessir einstæðu foreldrar séu ekki nema með 50–65 þús. kr. á mánuði þá geta allir svarað því fyrir sig að þetta fólk, þessir einstæðu foreldrar, hafa ekki tök á að eignast íbúðir í almenna kerfinu, þeir standa ekki undir því. Hérna er þörfin langt umfram framboð þegar það eru 612 einstæðir foreldrar á sl. ári sem sækja um en einungis 155 er úthlutað. Hvert á þetta fólk að leita? Það hlýtur að þurfa að leita í félagslega kerfið. Annaðhvort félagslega eignaríbúð, eftir atvikum kaupleiguíbúð eða verkamannabústaðaíbúð, og sumir geta meira að segja ekki eignast slíkar íbúðir og þurfa að leita á leigumarkaðinn sem er nánast lokaður, sem gefur auðvitað auga leið þegar einungis hafa verið byggðar 99 leiguíbúðir á öllu landinu á átta árum.

Það kemur fram hér í Morgunblaðinu einnig, sem ég vitna til, með leyfi forseta, að það voru 449 umsóknir í Reykjavík um leiguíbúðir hjá Reykjavíkurborg. Einungis var hægt að úthluta 55 leiguíbúðum. Ég hygg að þetta tali nú sínu máli og sýni okkur ótvírætt að nauðsynlegt er að styrkja félagslega íbúðakerfið eins og reynt er að gera með því frv. sem hér er til umræðu. Og styrkja það á þann hátt að það fólk sem getur ekki eignast íbúð í almenna kerfinu hafi þá kosti, hafi þá val.

Ég hygg að þeir séu fáir, jú, kannski þeir sem tala

við fólk daglega hjá ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem þekkja þetta af eigin raun eins og ég, vegna þess að mjög margir, flestir sem leita til mín í viðtöl, eru í vandræðum í sambandi við húsnæðismál. Þetta er fólk með þær tekjur og með þær aðstæður að það getur ekki nýtt sér almenna húsnæðislánakerfið. Ég þekki mörg sorgleg dæmi um fólk sem hefur hreinlega brotnað saman út af sínum húsnæðisaðstæðum, sem hefur misst sínar íbúðir í gjaldþrot, af því að það hefur verið neytt til þess að eignast íbúð vegna þess að annar valkostur hefur ekki verið fyrir hendi. Og svo er endirinn sá að fólk missir sínar íbúðir í gjaldþrot. Og það er töluvert stór hluti þegar á sl. ári fóru hjá Byggingarsjóði verkamanna 40 íbúðir á nauðungaruppboð og í gjaldþrot af því að fólkið réði ekki við þetta. Það er einmitt verið að koma til móts við þetta fólk með þessu frv., það er verið að auka valkosti og gefa fólki möguleika á öðru húsnæðisformi, því fólki sem ræður ekki við almenna kerfið, sem ekki ræður við verkamannabústaðakerfið, vegna þeirra tekna sem það hefur og vegna þeirra aðstæðna. (**HBl:** Sem ekki ræður við verkamannabústaðakerfið?) Ég er einmitt að nefna það, hv. þm., að fjöldinn af því fólki sem fær verkamannabústaðaíbúðir hefur ekki ráðið við það og hefur misst sínar íbúðir á nauðungaruppboð. Og það segir kannski líka sína sögu, hv. þm., að þetta fólk sem leitar inn í verkamannabústaðakerfið, t.d. af því að leiguíbúðir eru ekki fyrir hendi, getur ekkert reitt fram í peningum, enga útborgun. Það er þriðjungur eða 30% af því fólki sem sækir um íbúðir í verkamannabústaðakerfinu sem sækir eftir 100% láni, eða þessu viðbótarláni sem er heimilt að veita við sérstakar aðstæður. (Gripið fram í.) Hv. þm., ef hann vildi nú kynna sér þetta mál rækilega en vera ekki að grípa hér fram í, þá liggja fyrir tvær skýrslur sem hafa verið unnar í félmrn. sem snerta alla þá þætti sem hv. þm. er að grípa hérna fram í vegna og snerta félagslega íbúðakerfið. Það hefur verið gerð mjög vandleg úttekt á þessu kerfi, þetta liggur fyrir í tveimur skýrslum. Mér er til efs að hv. þm. hafi haft fyrir því að opna þessar skýrslur. Þar koma fram áhrifin að því er varðar þá sem taka lán í verkamannabústaðakerfinu, í almenna kerfinu og hvernig greiðslubyrði þeirra verður með vaxtabótunum. Þetta er allt að finna í skýrslunni um stöðuna í félagslega húsnæðiskerfinu og þar má lesa um erfiðleika fólks í þessu þjóðfélagi einmitt vegna þeirrar áherslu sem lögð hefur verið á séreignakerfið hér á landi, séríbúðakerfið á kostnað félagslega íbúðakerfisins. (**HBl:** Hverjar eru tölurnar?) Ég held að ég leggi ekkert of mikið á hv. þm. þó ég biðji hann nú að fletta þessum skýrslum í gegn og lesa þær áður en hann fer að gaspra hér fram í svo maður kemst ekki áfram með sitt mál fyrir hv. þm.

Það er auðvitað hægt að reiða hér fram ýmsar fleiri tölur, virðulegi forseti, máli mínu til stuðnings um þá miklu þörf sem er á félagslegum íbúðum. Yfirleitt eru fjórir til fimm um hverja félagslega íbúð þegar úthlutun fer fram. Og það er auðvitað ljóst að gegnum árin hefur öll áherslan og öllu fjármagni verið varið inn í Byggingarsjóð ríkisins en ekki inn í Byggingarsjóð verkamanna. Á þessu hefur orðið nokkur breyting á síðustu árum. Ég nefni til marks um það að úthlutanir á félagslegum íbúðum á árunum 1980–1987 voru um 1760 íbúðir, en á árunum 1988 og 1989 voru þær um 1237.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir taldi að ekki væri samræmi í 68. og 95. gr. varðandi vaxtaákvarðanir og breytingar á vöxtum. Ég tel að það sé ekki alls kostar rétt vegna þess að í ákvæði 68. gr. er fyrst og fremst verið að kveða á um hvernig ákvörðun um vexti skuli tekin en síðan kemur ákvæði 95. gr. sem er um að það megi endurskoða vaxtakjör hjá fólki sem er í félagslega kerfinu. Ef það er komið langt yfir tekjumörkin þá er hægt að hækka vextina þannig að þeir verði til samræmis við þá vexti sem greiddir eru hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er skoðun sem yrði gerð, fyrst á fimm ára festi og síðan á átta ára festi en einn hv. ræðumaður sem talaði hér áðan hélt nú að þyrfti að vera tíðari.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir ræddi nokkuð um húsnæðisnefndirnar og taldi, eins og hún orðaði það, að útilokað væri að sveitarstjórnirnar fengju ekki að skipa alveg í húsnæðisnefndirnar, ef ég skil hv. þm. rétt. Ég held að nauðsynlegt sé að þingmenn hafi það í huga að hér er ekki verið að breyta hlutfallinu, eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Guðmundur H. Garðarsson töldu, að það gæti farið svo með þeirri skipan sem hér er lögð til að meiri hluti sveitarstjórna hefði aðeins tvo menn. Þetta getur alveg eins skeð í núverandi kerfi, í stjórn verkamannabústaða. Þar hafa sveitarfélögin þrjá og launþegasamtökin hafa tvo og fulltrúi félmrh. er með einn. Hér er í fyrsta lagi verið að fækka í nefndunum, taka út fulltrúa ríkisvaldsins sem hlýtur náttúrlega að undirstrika sjálfstæði sveitarfélaganna. Í annan stað eru fulltrúar sveitarfélagsins sem slíkir með meiri hluta í þessari nefnd. Og ef sveitarstjórnir eru óánægðar með þessa skipan þar sem þær hafa þó meiri hluta, þrjá af fimm, þá get ég alveg fullvissað hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um það að ýmsir í launþegahreyfingunni eru líka mjög óánægðir yfir því að það skuli verið að taka af þeim einn fulltrúa. Þeir höfðu þrjá í stjórn verkamannabústaða áður en hafa nú einungis tvo. Hér var um málamiðlun að ræða milli þeirra aðila sem sömdu þetta frv. Það var ágreiningur um það milli fulltrúa Sambands sveitarfélaga og fulltrúa launþega, ég leyni því ekki neitt. En þetta var málalmiðlun og niðurstaða sem menn komust að og mátu það meira að ná samkomulagi um þetta atriði til þess að í höfn gætu komist ýmis ákvæði í þessu frv. sem báðir aðilar töldu brýnt að næðu fram að ganga.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson taldi nefndina einlita, eins og hann orðaði það, og spurði af hverju verslunarmenn hefðu ekki átt aðild að þessari nefnd eins og Verkamannasambandið. Auðvitað verður einhvers staðar að draga mörkin í slíkri nefndarskipan. Verkamannasambandið er stærsta sambandið innan ASÍ og ég tel að það telji flesta lægst launuðu hópana. Verkamannasambandið er töluvert

stærra en Verslunarmannafélagið eða Landssamband verslunarmanna, þar sem í Verkamannasambandinu eru 27 þús. félagar, en í Landssambandi verslunarmanna 13 þús. félagar. En ég taldi mikilvægt að fulltrúar Verkamannasambandsins sem telur þessa stóru láglaunahópa ættu aðild að þessu nefndarstarfi.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði hvort þeir sem voru í nefndinni, sem voru fulltrúar ASÍ, BSRB, Verkamannasambandsins og sveitarstjórna ásamt fulltrúum samtakanna Þak yfir höfuðið, hefðu unnið sín verk í nafni þessara samtaka eða félaga. Ég get svarað því til að þessir fulltrúar voru tilnefndir af sínum samtökum eða félögum. Hvaða tengsl eða samráð innbyrðis þessir fulltrúar hafa haft við sín samtök er mér ekki kunnugt um. En ég geri þó ráð fyrir því að þarna hafi verið eitthvert samráð á milli þar sem þeir eru tilnefndir af sínum samtökum eða félögum. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson taldi að sveitarstjórnirnar væru grátt leiknar í þessu frv. Ég held að svo sé ekki, hv. þm., og get nefnt hér tvö eða þrjú dæmi. Það er t.d. verið að afnema það sem sveitarfélögunum er mikill þyrnir í augum sem eru óafturkræf framlög sveitarfélaganna þegar þau fá úthlutað félagslegri íbúð, en þau hafa verið 10% af kaupverði hverrar íbúðar. Þetta er verið að afnema og sveitarfélögunum verður hér eftir, ef ákvæði þessa frv. verða að lögum, einungis skylt að lána Byggingarsjóði ríkisins 10% af kaupverðinu í 15 ár. Þetta ákvæði tel ég að sveitarstjórnirnar muni meta mjög mikils.

Ég vil líka nefna að verið er að auka möguleika sveitarfélaganna og ekki síst sveitarfélaganna úti á landsbyggðinni þar sem er mjög brýnt að efla félagslega íbúðakerfið. Það er verið að auka möguleika þeirra til þess að eignast félagslegar íbúðir í sínum sveitarfélögum, t.d. með því að hækka lánshlutfallið og með því að lengja lánstímann að því er varðar leiguíbúðir. Það er líka verið að gera breytingar að því er varðar kaupskylduna, kaupskyldu sveitarfélaga sem einnig hefur verið sveitarfélögunum þyrnir í augum. Hún verður hér eftir, ef frv. þetta verður að lögum, 10 ár í staðinn fyrir 15 ár. Og ég get ekki séð að það sé neitt í þessu frv. sem gefur tilefni til að segja að með ákvæðum þess séu sveitarstjórnir grátt leiknar. Þvert á móti tel ég að tekið sé á ýmsum ákvæðum til að styrkja sveitarstjórnirnar og styðja við bakið á þeim þannig að þær geti frekar aukið félagslegar íbúðir þar sem þess er þörf.

Það var spurt hvaða áhrif þetta frv. hafi á fjárhag sveitarfélaga og útgjöld Byggingarsjóðs verkamanna. Ég held að öll ákvæði í þessu frv. miði einmitt að því, eins og ég sagði áðan, að aðstoða sveitarfélögin ef þau kjósa að auka framboð á félagslegu húsnæði. Auðvitað fara áhrifin á fjárhag sveitarfélaganna eftir því hvað þau byggja margar félagslegar íbúðir, nú eins og hingað til. Á því er engin breyting. En að því er varðar útgjöld Byggingarsjóðs verkamanna liggur fyrir álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem nefndin sem fjallar um frv. mun væntanlega fá, þar sem hún telur að með þessu frv. sé ekki verið að auka útgjöld Byggingarsjóðs verkamanna. Hér séu fyrst og fremst ýmis ákvæði sem stuðli að því að styrkja fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna, m.a. með endurskoðunarákvæðum um vexti. Önnur ákvæði horfa til útgjalda en í heildina tekið telur Fjárlaga- og hagsýslustofnun að hér sé fyrst og fremst verið að ráðstafa því fjármagni sem til er í Byggingarsjóði verkamanna með hagkvæmari hætti en áður. Því leiði ákvæði frv. ekki til sjálfvirkra útgjalda úr Byggingarsjóði verkamanna.

Spurt var hvort þetta kerfi leysi vanda fleira fólks en nú er. Ég svara því tvímælalaust játandi og vitna til fyrri ræðu minnar og orða áðan um að þetta muni leysa vanda fleira fólks, ekki síst þar sem verið er að auka valkostina í félagslega húsnæðiskerfinu og gefa þeim, sem á engan hátt geta eignast sitt eigið húsnæði, hvorki í verkamannabústað né í almenna kerfinu, kost á að geta þó eignast leiguíbúð á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka.

Það er spurt um greiðslubyrði annars vegar á húsbréfum og almenna kerfinu. Ég er ekki með það tiltækt hér. Það fer auðvitað eftir því við hvað er miðað hverju sinni. Eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson veit er hærra lánað í húsbréfakerfinu en í almenna kerfinu þannig að það er spurning hvaða forsendur menn gefa sér. En ég skal sjá til þess að nefndin fái upplýsingar um það eins og annað sem hún mun leita eftir.

Einnig að því er varðar spurninguna um það hvort afborganir og vextir af lánum séu dýrari en húsaleiga. Menn þurfa líka að gefa sér ákveðnar forsendur til að geta gefið svör við slíkum spurningum. Ég hygg að ekki sé óalgengt að leigan á almenna markaðnum sé nú 40–50 þús. kr. en ekki ósennilegt að í félagslega kerfinu sé hún einhvers staðar á bilinu 15–20 þús. kr. En ég skal sjá til þess að hv. þm. fái nánari upplýsingar einnig um þetta þegar málið fer til meðferðar í nefnd.

Ég tel mig hafa svarað flestum þeim spurningum sem hér hafa fram komið. En ég frábið mér að þurfa að hlusta á það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Halldórs Blöndals, að orðrómur sé um það að ráðherra sé að notfæra sér einhverja skýrslu sem er hjá Byggðastofnun til þess að koma í veg fyrir að íbúðir fari út á land. Ég bara frábið mér að þurfa að hlusta á slíkt. Þetta eru hreinar dylgjur hjá hv. þm. og hrein ósvífni að setja slíkt fram. Ég veit að húsnæðismálastjórn hefur, enda á hún að gera það samkvæmt lögum, leitað eftir áliti Byggðastofnunar á íbúðaþörf á landinu, en ég hef ekki séð þá skýrslu. Það má vera að húsnæðismálastjórn hafi hana undir höndum eða Byggðastofnun, en ég hef ekki séð þá skýrslu. Og ég ætla að láta hv. þm. vita það, ég hélt að hann væri kunnugri húsnæðislöggjöfinni en svo, að það er ekki ráðherra sem úthlutar félagslegum íbúðum. Hann fær þær ekki einu sinni til staðfestingar. Hann getur engin áhrif haft á það hve stór hluti af félagslegum íbúðum fer út á land og hve stór hér á höfuðborgarsvæðið. (**EgJ:** En aðstoðarráðherrann?)

Aðstoðarráðherrann á ekki sæti í húsnæðismálastjórn þannig að ég frábið mér að hlusta á þessar dylgjur sem fram komu hér áðan hjá hv. þm.

Ég vænti þess svo að þetta frv. fái skjóta meðferð í hv. félmn. Ég vil minna á það í því sambandi að frv. tengist nýgerðum kjarasamningum að hluta til þar sem samkomulag var um það að þegar þetta frv. hefði verið afgreitt á Alþingi yrði skipuð nefnd með þátttöku samtaka launþega sem á að gera áætlun um hvernig auka megi framboð á félagslegu húsnæði. Að því er stefnt að niðurstaðan í því verki fáist fyrir 1. sept. n.k. En ég tel þegar á allt er litið að þó eitthvað megi finna að þessu frv., sem nefndin skoðar þá sérstaklega, þá sé þetta frv., ef að lögum verður, til mikilla hagsbóta, bæði fyrir sveitarfélögin í þessu landi og lægst launaða fólkið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt vegna ræðu hæstv. félmrh. Mér fannst sem hún hefði skilið mitt mál þannig að ég væri á móti því að félagslegar íbúðir væru byggðar. Þannig voru viðbrögð hennar og svör a.m.k. Það er að sjálfsögðu alrangt. Ég tók skýrt fram að vissulega yrði að sinna þessum þætti af kostgæfni, þ.e. félagslegu íbúðunum. En það sem ég var að leggja áherslu á var að ekki má slæva sjálfsbjargarviðleitni fólks, þess sem getur og vill eignast þak yfir höfuðið og vill og getur verið inni í almenna lánakerfinu, að ekki sé verið að draga úr því. Ég tók sérstaklega fram að sinna þyrfti þessu hvoru tveggja og leggja áherslu á að þeim, sem gætu verið í almenna húsnæðislánakerfinu og þyrftu ekki að falla undir félagslega aðstoð, væri líka sinnt. Það var það sem ég lagði áherslu á. Þetta vildi ég ítreka til þess að koma í veg fyrir að það mætti misskilja orð mín svo sem mér fannst koma fram af ræðu hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra ræddi nokkuð um athugasemdir sem ég gerði m.a. um hvernig ætti að skipa í húsnæðisnefndirnar. Ég vil aðeins ítreka það viðhorf sem kom fram í mínu máli hér fyrr. Það er fyrst og fremst með tilliti til þess að sveitarstjórnir eiga að bera fjárhagslega ábyrgð á félagslegum íbúðum og enn fremur ábyrgð á framkvæmdum. Þess vegna er það brýnt að þeir sem sitja í þessum nefndum séu trúnaðarmenn sveitarstjórna. Við verðum að líta á það raunsæjum augum og við vitum að í svona stjórnum myndast bæði meiri hluti og minni hluti. Samkvæmt lýðræðinu á fulltrúi minni hluta í viðkomandi sveitarstjórn rétt á því að eiga einn fulltrúa af þeim þremur sem sveitarstjórn kýs. Þar með er viðkomandi meiri hluti sveitarstjórnar ekki lengur meiri hluti í þessari nefnd ef hann á ekki nema tvo fulltrúa og ekki fyrir séð hvaðan þeir tveir koma sem tilnefndir verða af launþegahreyfingunni. Þetta finnst mér að menn verði bara að horfa á raunsæjum augum. Við getum tekið eitthvert dæmi, sem kannski þykir langsótt. Við getum hugsað okkur að félmrh. hefði t.d. skipað í nefnd til að semja þetta frv. eingöngu fulltrúa frá Sjálfstfl. og kannski einn frá Alþfl. Ég býst við að henni hefði ekki fundist að hún ætti þá trúnaðarmenn sína sem væru að semja það frv. sem hún legði fyrir slíka nefnd. Þannig vil ég að það sé litið á þetta raunsæjum augum og það sé skilningur á því að sveitarstjórnir sem eiga að bera þessa fjárhagslegu ábyrgð og hafa framkvæmdina með höndum séu þá líka ábyrgar í þessum nefndum og eigi þar meiri hluta. Mér finnst ekkert athugavert við það þó að jafnvel væri gert ráð fyrir því í lagaákvæði að sveitarstjórn bæri að tryggja að einn eða tveir af fulltrúum þeirrar fimm manna nefndar væru úr samtökum launafólks í viðkomandi sveitarfélagi.

Það var annað atriði sem ég gleymdi að taka fram. Það var talað um að nefndin sjálf eigi að skipta með sér verkum. Enn þá síður væri það réttlætanlegt ef skipan í nefndina væri með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Auðvitað hlýtur sveitarstjórn að skipa formann slíkrar nefndar sinn trúnaðarmann. Þetta vildi ég ítreka hér aftur og ég vænti þess svo sannarlega að það takist að breyta þessu í meðförum nefndarinnar, að meiri hlutinn í slíkum nefndum sé trúnaðarmenn meiri hluta viðkomandi sveitarstjórnar.

Ég get alveg tekið undir með hæstv. ráðherra þegar hún nefndi einstæða foreldra og húsnæðisvandamál þeirra. Við vitum að oft eru þau vandræði tilkomin vegna skilnaðar. Það er ljóst að þetta fólk lendir oft í tímabundnum vandræðum. Auðvitað er þetta hópur sem þarf að sinna og fellur undir það sem ég sagði hér áðan, það á að gera það af kostgæfni.

En svo er aftur hinn þátturinn sem við höfum kannski ekki fjallað hér um og kannski ekki heldur beinlínis ástæða til en væri þó auðvitað freistandi. Hvers vegna eru svona margir sem þurfa á þessari hjálp að halda og hvers vegna er ekki leitað annarra leiða til að bæta kjör fólksins almennt í landinu, bæði einstæðra foreldra og annarra? Það mætti gera það með ýmsum hætti til að þetta fólk héldi sjálfsvirðingu sinni og væri sjálfbjarga og þyrfti ekki að leita félagslegrar aðstoðar. Það væri kannski líka ekki síður mikilvægt mál að leggja áherslu á.

Hæstv. ráðherra upplýsti um leiguhúsnæði að leigan væri líklega 40–50 þús. kr. á almenna markaðinum en 15–20 þús. kr. held ég að hún hafi nefnt, mánaðarleiga leiguhúsnæðis í félagslegum íbúðum. Ég held að ég hafi skilið það rétt. Mig langaði til þess að spyrja hana hvernig sú tala kæmi út ef viðkomandi hefði hug á því að kaupa sér íbúð í félagslega kerfinu þegar húsaleiga er 15–20 þús. kr. með tilliti til þess að það væru afborganir sem mættu greiðast mánaðarlega. Ég kom aðeins inn á það. Hún svaraði því ekki hér áðan, sem er kannski ekki við að búast, en ég kom aðeins inn á það hvort kannað hefði verið varðandi afborganir af lánum, ef afborganir væru tíðari og kæmu frekar út eins og mánaðargreiðslur, hvort það mundi ekki auðvelda mörgum að standa í skilum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en mér þótti miður að heyra þann málflutning hæstv. ráðherra að hún gerði því skóna að við værum að gera lítið úr þessum félagslega þætti. Við vorum ekki að því en við viljum ekki að það sé gert lítið úr

þeim þætti sem snýr að því fólki sem á að vera inni í almenna húsnæðislánakerfinu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra að sá orðrómur sem ég hafði heyrt um ætlun stjórnvalda í sambandi við mat á íbúðaþörf úti á landsbyggðinni hefur ekki við rök að styðjast. Þá liggur það ljóst fyrir og þá þarf ekki frekar að tala um það, en þetta er orðrómur sem hefur gengið.

Ég hlýt, herra forseti, að vekja athygli á því í fyrsta lagi að hæstv. félmrh. gerði ekki neina frekari tilraun til þess að útskýra hvernig hann ætlaði að standa vörð um fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins og fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna. Það liggur auðvitað í augum uppi að ráðherra stefnir að því með sinnuleysi sínu að meiri hlutinn brjóti niður fjárhag beggja þessara sjóða. Það er eins og áður að það mun koma í hlut Sjálfstfl. þegar hann kemst aftur til valda að rétta við fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins og fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna. Þetta er ekki í fyrsta skiptið. Þetta er svona venjuleg aðferð vinstri manna. Ég minntist áðan á það hvernig vinstri menn hafa farið með þessa sjóði. Ég minntist á hvernig farið er með Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Við getum haldið áfram. Það er verið að tala um að éta innan úr ýmsum öðrum opinberum fyrirtækjum. Við sjáum hvernig farið er með Vegasjóð. Við sjáum hvernig þessi stjórn fer eyðandi eldi um allt það sem búið er að reyna að rækta og byggja upp á liðnum árum.

Ég kom samt ekki upp til þess að ræða þetta heldur hitt, þá óskammfeilni eða ósannindi húsnæðisráðherrans að halda því fram að það sé verri kostur fyrir einstaklinga að kaupa verkamannabústað en fara yfir í það félagslega kerfi sem ráðherrann er að búa til. Nú ætla ég að leggja fyrir ráðherrann dæmi og biðja hann að svara því hvort dæmið sé rétt reiknað eða ekki.

Ég hringdi áðan upp í verkamannabústaði í Reykjavík og spurði: Hvað kosta þriggja herbergja íbúðir? Og mér var sagt að endursöluíbúðir kostuðu 3,9 millj. kr. en nýjar íbúðir kostuðu 5,9 millj. kr. Ef hjón sem eiga tvö börn, og eiga þar af leiðandi rétt á því að kaupa þriggja herbergja íbúð í verkamannabústað, festa kaup á slíkum bústað og fá, eins og altítt er um þá sem verst eru settir, lán til þriggja ára til að brúa bilið og til að komast yfir íbúðina, þá er greiðslubyrði á ári vegna þeirra 390 þús. kr. sem hjónin þurfa að greiða á þessum þrem árum 130 þús. kr. Vextir af láninu sem falla til eru 39 þús. kr. eða samtals 169 þús. kr. Húsnæðisbætur eru 110 þús. kr. Mismunur er 59 þús. kr. sem falla á 12 mánuði, tæpar 5 þús. kr. á mánuði. Ætlar hæstv. ráðherra að bjóða upp á betri kost með sínu félagslega kerfi?

Við skulum halda aðeins áfram. Þetta eru fyrstu þrjú árin. Síðan koma næstu þrjú ár. Þá hafa þessar 390 þús. kr. verið greiddar. Eftir standa 3 millj. 510 þús., miðað við óbreytt verðlag. Árleg afborgun af því verður 88 þús. kr., vextir 35 þús. kr., samtals 123 þús. kr., húsnæðisbætur 110 þús. kr. Eftir standa 13 þús. kr., 1000 kr. rúmar á mánuði. Ætlar húsnæðisráðherrann að bjóða upp á eitthvað betra í sínu kerfi?

Við getum tekið nýju íbúðina. Hún kostar 5,9 millj. kr. Vextir 59 þús. kr. Þriðjungur af 590 þús. kr. er 197 þús. kr. eða samtals 256 þús. kr., mínus húsnæðisbætur 110 þús., 145 þús. kr. eða rétt ríflega 12 þús. kr. á mánuði fyrstu þrjú árin en í staðinn fær viðkomandi að fara inn í nýja íbúð. Næstu þrjú ár á eftir lækkar greiðslan með sama hætti niður í 6–7 þús. kr. á mánuði. Er húsnæðisráðherrann að bjóða upp á betri kosti? Er hugmyndin, samkvæmt því kerfi sem hér liggur fyrir, að endurgjaldið fyrir að fara inn í 6 millj. kr. íbúð eigi að vera minna en 15 þús. kr. á mánuði til að byrja með og eigi að vera minna en 6–7 þús. kr. síðan næstu þrjú ár á eftir? Og ef endurgjaldið verður minna, erum við þá að tala um jöfnuð í kjörum landsmanna? Ég spyr.

Auðvitað sagði ráðherra ósatt. En það er á hinn bóginn merkilegt, eins og ég hef vakið athygli á áður, að það skuli vera ráðherra Alþfl. sem gengur fram fyrir skjöldu til þess að brjóta niður verkamannabústaðina hér í Reykjavík, eignaríbúðir hins fátæka verkamanns. Kannski það verði næsti draumur Alþfl. að brjóta niður styttuna af Héðni Valdimarssyni sem stendur við Hringbraut, sem minnir einmitt á þá stefnu sem mörkuð var, að enginn maður hér á Íslandi er í þeirri þröngu stöðu gagnvart heiðarlegum stjórnvöldum að þau unni honum ekki þess að hann fái að eiga sjálfur sína íbúð. Auðvitað hljótum við að reyna að leysa húsnæðismálin á þeim grundvelli. Og auðvitað liggur það alveg ljóst fyrir að sama daginn og búið er að koma krötunum út úr félmrn. verða gerðar ráðstafanir til þess að þeir sem nú eru í þessum svokölluðu félagslegu íbúum fái að festa kaup á þeim og fái að eignast þær. Ekki deginum lengur mun hann standa þessi draumur kratanna, að fólk fái ekkert að eiga.

Það er kannski dæmigert að þetta frv. skuli rætt núna í sömu svifum og sá fallegi draumur þeirra Ólafs Ragnars og Jóns Baldvins um samstöðu þeirra sósíalisku afla sem nú eru að tapa í Austur-Þýskalandi, hreinræktaðra komma og krata á villigötum, þessi undarlegu samtök sem eru að reyna að bjóða fram hér í Reykjavík. Ég man nú ekki lengur hvað þetta heitir. (**EKJ:** Nýr vettvangur.) Nýr vettvangur. Ég hélt kannski að það mundi heita Ömurlegur vettvangur, sama fyrirbærið. Og enn eitt fyrirbærið höfum við uppi í húsnæðisráðuneytinu, krata sem á þá hugsjón dýrasta að leggja verkamannabústaðakerfið niður. Hugsið ykkur nú hversu lágt menn hafa lagst í þessum flokki. Á sama tíma og út um allar jarðir, víða veröld, blása vindar frjálsræðis í pólitískum, efnahagslegum og fjölskyldulegum skilningi, á sama tíma og fólkið er hvarvetna að reyna að afla sér meira öryggis, þá skulum við núna sitja uppi með húsnæðisráðherra sem er á móti því að verkamaðurinn við höfnina megi eiga sína íbúð. Drottinn minn dýri. En Strandamenn og Suðurnesjamenn, hvað ætli þeir megi gera?

Ég veit ekki hvort ástæða er til þess að tala meira um þetta. Það verður, eins og ég sagði, auðvitað farið ofan í það í félmn. hvernig fjárhagur þessara sjóða

er. Ég hef fengið upplýsingar um að það verði gert. Ég veit líka eins og ég sagði áðan að fjmrn. er að vinna að úttekt á þessum sjóðum. Við sjáum að félmrh. telur nóg að greiða 150 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins. Svo er hann hissa á því að fólk skuli sækja um félagslega íbúð þegar það þarf að bíða á þriðja ár eftir úrlausn, fólk sem ekki á neina íbúð í almenna kerfinu, á þriðja ár eftir úrlausn. Með þessu erum við að gera kerfið dýrara en ella mundi.

Auðvitað er það algerlega úreltur hugsunarháttur, þessi forsjárhyggja, að ríkið þurfi endilega að byggja yfir alla á eigin kostnað, teppalagt út í horn og ungt fólk megi hvergi koma að þeim íbúðum sem það ætlar að setjast að í. Auðvitað er þetta úreltur hugsunarháttur. Og auðvitað er sú forsjárhyggja sem lýsir sér í frv. hæstv. húsnæðisráðherra ein skýring á því að kratar treysta sér ekki lengur til að bjóða fram í Reykjavík, ein skýringin á því að þessi flokkur er að hverfa. Og auðvitað er það rétt að leikstjórinn, fulltrúi Alþfl. sem mætti á fundi með okkur hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri, hafði lög að mæla þegar hann sagði að Alþfl. væri eini stjórnmálaflokkurinn hér á landi sem væri reiðubúinn til að leggja sig niður. Og er það ekki sjálfgefið? sagði þá einn nemandinn í hópnum. Er það ekki sjálfgert? Kýs nokkur þennan flokk lengur? Það er a.m.k. deginum ljósara að enginn kýs Alþfl. í næstu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík þegar hann býður alls ekki fram í Reykjavík. Svo aumt er það. Og Kristín Ólafsdóttir, gamall borgarfulltrúi Alþb., á að koma til hjálpar af því að formaður Alþfl. hefur sagt að ekki dugi að bjóða upp á Bjarna einan. Þetta er nú satt að segja orðið hálfömurlegt. En ömurlegast er þó þetta, að kasta frá sér einu af því sem þó gaf Alþfl. á sínum tíma gildi. Það á að setja fram það stefnumark að hver og einn Íslendingur, háttsettur sem lágtsettur, ætti að hafa tök á því og ætti að mega láta þann draum rætast að eignast sitt eigið húsnæði.

Leiguhúsnæði, leiguhúsnæði. Er það eitthvert sérstakt markmið að búa í leiguhúsnæði? Leiguhúsnæði á vegum ríkisins, leiguhúsnæði á vegum bæjarins, leiguhúsnæði á vegum einhvers Búseta. Hver er þessi Búseti? Ekki var hann fallegur, þessi persónugervingur Búseta sem hér var einu sinni á göngum upp á hvern dag. Maður gat hugsað sér ýmsa myndarlegri en hann, þann persónugerving. Og hvers konar forsjárhyggja er þetta eiginlega? Bara láta fólkið í friði, leyfa því að hafa tök á því að eignast sínar eigin íbúðir. Hinir eru svo margir sem þurfa á félagslegum íbúðum að halda. Það hefur m.a. borgarstjórn Reykjavíkur skilið betur en allir aðrir og reynir að mæta þeim þörfum. En hitt er jafnedlilegt að gefa fólki svigrúm til þess að ráða sér sjálft.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki í málþóf, en það eru tvö atriði í þessu frv. sem ég vildi fá nánari skýringar á hjá hæstv. félmrh. Það er hér í sambandi við 3. gr., f-lið, (56. gr.). Ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á því hjá hæstv. ráðherra, vegna þess að það kemur ekki fram í skýringum með þessari lagagrein, hvað við er átt þar sem segir:

„Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu."

Á bls. 24 segir um þetta atriði: „Rétt þykir að viðhalda því fyrirkomulagi að samtök launafólks eigi hlut í stjórn húsnæðismála í sveitarfélögunum. Því er lagt til að í húsnæðisnefnd sitji tveir fulltrúar stærstu launþegasamtaka í sveitarfélaginu og tveir til vara þannig að tryggt sé að meiri hluti launafólks í sveitarfélaginu eigi fulltrúa í nefndinni. Hvernig þessu verður nánar hagað getur að sjálfsögðu verið mismunandi eftir byggðarlögum."

Ég efast um, virðulegi forseti, að það standist að festa í lög jafnloðið ákvæði og þarna kemur fram vegna þess að ekkert segir til um það hverjir skuli tilnefna, hvaða samtök launafólks í sveitarfélaginu skuli tilnefna fulltrúana. Það er sem sagt sett á vald ráðherranna, hæstv. félmrh. á hverjum tíma, að ákveða hverjir skuli vera þóknanlegir. Við sem höfum starfað í verkalýðshreyfingunni vitum, og það er ekkert leyndarmál, að hún er hápólitísk. Það þekkja allir sem hafa verið í Alþýðusambandinu t.d. og verkalýðshreyfingunni að þar hefur verið ákveðið hlutfall á milli pólitísku flokkanna þannig að í stjórnum stærstu félaganna margra og innan Alþýðusambandsins hefur skiptingin verið mjög nákvæm. Þannig að Alþb. hefur átt sína fulltrúa, Alþfl. sína, sjálfstæðismenn sína og aðrir flokkar eftir atvikum. Ópólitískt eða óháð fólk hefur yfirleitt verið afskipt í sambandi við þátttöku eða aðild t.d. að miðstjórn ASÍ, stjórn BSRB og í mörgum stóru verkalýðsfélaganna. Ef þessi lagagrein á að gilda þá liggur það alveg í augum uppi að þarna á að sniðganga t.d. stærsta verkalýðsfélagið í Reykjavík um tilnefningu fulltrúa í skjóli þess að Verslunarmannafélag Reykjavíkur er ekki samtök heldur félag. Ég vek athygli á því að í því félagi eru um 12 þús. manns. Það fólk sem myndar það félag er stofninn að þeim lífeyrissjóði sem borgar 18% inn í húsnæðismálakerfið á hverju ári. Langsamlega stærsta félagið með framlag inn í húsnæðismálakerfið.

Ég skora á hæstv. ráðherra að standa hér upp og lýsa því fyrir mér og þingheimi hvort hans hugsun með þessu almenna orðalagi sé sú að t.d. stærsta verkalýðsfélagið í Reykjavík eigi að eiga annan af þessum tveimur fulltrúum. Ef það er ekki, ef hæstv. ráðherra treystir sér ekki til þess að lýsa því yfir, þá veit ég, og það vita allir sem þekkja verklagið innan verkalýðshreyfingarinnar, hið pólitíska verklag, að með þessu fyrirkomulagi mundu vera tilnefndir tveir fulltrúar í Reykjavík, annar alþýðubandalagsmaður og hinn alþýðuflokksmaður. Ég bið hv. þm. að fylgjast vel með því hvað gerist ef þetta verður að lögum og þetta ákvæði verður inni í lögunum. Ég bið hv. þm. að taka vel eftir því hvað gerist.

Nú vil ég auðvitað trúa því, vegna þess að ég þekki hæstv. félmrh., að hann hafi þrek til þess, ef þetta ákvæði verður að lögum, að sniðganga hin pólitísku helmingaskipti Alþfl. og Alþb. í þessu tilviki. (*Gripið fram í.*) Ég segist treysta. En það breytir ekki því grundvallaratriði að lög eiga ekki að vera það almennt orðuð að það sé á valdi ráðherra að framkvæma þau með þeim hætti sem lagagrein, svona orðuð, býður upp á. Hér ætti að vera alveg ótvírætt í lagagreininni hverjir eiga að tilnefna fulltrúa í þessa nefnd, þ.e. það á að tiltaka, þar sem þetta er alveg augljóst mál, hverjir þessir tveir fulltrúar séu, þ.e. hvað stærstu félög á svæðinu skuli tilnefna, því að við skulum svo ekki gleyma öðru: Innan verkalýðshreyfingarinnar eru margs konar samtök. Það eru svæðasamtök og það eru landssamtök. Það er alveg nákvæmlega sama hvernig að þessu er komið, með pólitískum „manipúlasjónum" er það mjög auðvelt verk fyrir bæði hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn að haga málum þannig að þessir svokölluðu fulltrúar samtaka launafólks í sveitarfélögunum, þ.e. stærstu, verði annað hvort krati eða kommi, þ.e. alþýðuflokksmaður eða alþýðubandalagsmaður. (**ÞÞ:** Það er nú erfitt að finna þá.) Virðulegur forseti. Ég held að menn úr öðrum deildum ættu nú ekki að vera að grípa fram í fyrir ræðumanni í efri deild.

Ég treysti því að hæstv. ráðherra komi hér á eftir og svari þessu atriði. Þetta er mjög þýðingarmikið og einnig munum við auðvitað í nefnd taka þetta til meðferðar og gera það væntanlega skýrara innan nefndarinnar hverjir skuli hafa þennan tilnefningarrétt.

Ég vil síðan, virðulegur forseti, benda á annað sem ekki hefur verið rætt neitt að ráði og það lýtur að s-lið 3. gr. sem er um 68. gr. í gildandi lögum, í sambandi við lán og lánskjör. Þar segir m.a., með leyfi forseta, varðandi það hvernig eigi að haga þessum lánum:

„Lán til félagslegra eignaríbúða og til kaupa á kaupleiguíbúðum eru til 43 ára.

Lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða, sem eru í leigu, eru til 50 ára."

Í skýringum um þetta atriði segir m.a., með leyfi forseta:

„Lánstími til leiguíbúða verði lengdur í 50 ár. Lenging lánstíma á leiguíbúðum er lögð til með það í huga að auka vægi leiguíbúða." Þarna eru tekin af öll tvímæli um það að megintilgangur frv. er að auka vægi leiguíbúða á kostnað sjálfseignarstefnunnar. Það fer ekki á milli mála.

Ég tel að þetta ákvæði sé mjög hættulegt gagnvart sjálfseignarstefnunni fyrir utan það að ég tel að gagnvart þeim sem leigja sé þetta óæskilegt ákvæði vegna þess að í þessu felst hvatning til fólks um að búa í leiguíbúðum en reyna ekki að eiga sínar eigin íbúðir, þ.e. á sjálfseignargrundvelli.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjölyrða mikið um þetta. Ég undirstrika það sem ég sagði, að tvennt er greinilegt í þessu frv.: Það á að draga úr og eyðileggja sjálfsbjargarviðleitni manna í sambandi við eigin húsnæði og ýta undir leiguíbúðir og það á einnig, sem er ekki síður alvarlegt, að haga málum þannig að meiri hluti stjórnar sveitarfélags, ég nefni sérstaklega Reykjavík, getur lent í minni hluta í sambandi við skipan húsnæðisnefnda með þeim hætti sem ég greindi frá, á sama tíma og verið er að leggja miklar fjárhagslegar skuldbindingar á herðar Reykjavíkur og Reykvíkinga. Tilgangur þessa frv. er svo augljós, en hann er nokkuð í samræmi við það sem áður hefur komið fram í öðrum málum hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég minni á frv. hæstv. heilbr.- og trmrh. í sambandi við stjórn heilsugæslustöðva. Þar kemur fram sama hugsunin, þ.e. að breyta um stjórnskipulag, stjórnunarkerfi heilsugæslustöðva með þeim hætti að meirihlutastjórnir sveitarfélaga skuli lenda í pólitískum minni hluta. Því miður er það sama upp á teningnum í þessu frv. Ég treysti því að hæstv. félmrh. gefi hér á eftir yfirlýsingu sem felur í sér þá tryggingu að alla vega á meðan hún er ráðherra muni það ekki gerast.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég gleymdi síðustu breytingum á tekjuskatti. Það er þannig að nú eru komnar vaxtabætur í stað húsnæðisbóta. Það er alltaf verið að breyta. Húsnæðisbæturnar eru að vísu 110 þús. kr. en vaxtabætur mega að hámarki vera 174 þús. kr. hjá hjónum. Það er heimilt samkvæmt skattalögum að telja til vaxtabóta áfallnar verðbætur en ekki greiddar. Væri kannski fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá húsnæðisráðherra ef ég fer rangt með þessar tölur. Ég held ég skilji þetta rétt, að eins og lögin líta nú út er ekki um það að ræða að fólk hafi ekki ráð á að kaupa verkamannabústaði. Það væri fróðlegt að fá þetta athugað í nefnd. Ekki skal standa á mér, hæstv. forseti, að biðjast afsökunar á því ef ég hef misskilið lögin, en ég held að ég fari rétt með það að vaxtabætur séu að hámarki 174 þús. kr. Ég held að ég fari líka rétt með að það ákvæði stendur í lögum að heimilt sé að draga frá áfallna vexti og verðbætur. Það þýðir að auðvitað hefur fólk ráð á því að kaupa verkamannabústaði nú sem jafnan fyrr.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta sem fram kom í máli mínu hér áðan. Ég hygg að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur að það mundi auðvelda greiðslubyrði á ýmsan hátt ef greiðslur væru tíðari, þ.e. afborganir og vextir. Upp á þann möguleika er boðið í kaupleigukerfinu, þ.e. að fólk greiði mánaðarlegar greiðslur, hvort sem um leigu eða kaup er að ræða. Og ég hygg líka að það sé kannski kostur sem ætti nokkuð að horfa til vegna þess að hann býður upp á þann möguleika að fólk geti fyrstu árin, þegar illa árar, leigt íbúðina, kannski fyrstu tvö, þrjú eða fjögur árin, og síðan farið út í kaup á sömu íbúð. Ég hygg því að það bjóði upp á marga kosti og þarna er þetta fyrir hendi sem hv. þm. nefndi varðandi mánaðargreiðslurnar.

Ég hygg að sá talnalegi samanburður sem hér hefur

farið fram í þessum ræðustól varðandi leigu á félagslegum íbúðum, á leiguíbúðum sveitarfélaga og afborganir af verkamannabústöðum verði skoðaður sérstaklega í nefnd og sé ekki ástæðu til að karpa um einstakar tölur sem hér hafa komið fram. Þetta fer auðvitað eftir því hvaða forsendur menn gefa sér hverju sinni eins og ég nefndi. Ég mun leggja mitt af mörkum til að nefndin fái þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til þess að athuga þetta sérstaklega ef hún svo kýs.

Varðandi það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson nefndi, þá hef ég nú ekki skoðað þetta frá þeim sjónarhóli hvort þessi skipan mála, varðandi fulltrúa launþegasamtakanna í húsnæðisnefndum, sem þetta frv. kveður á um, gefi sérstaklega tilefni til að ætla að þarna yrði af þessum tveim fulltrúum annars vegar fulltrúi Alþb. og hins vegar fulltrúi Alþfl. Ég held að það sé ekkert sérstakt sem gefi tilefni til þess að ætla það. Hér er nefnt að fulltrúar séu tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í hverju sveitarfélagi fyrir sig og ég hygg að það geti orðið eitthvað misjafnt eftir byggðarlögum frá hvaða samtökum þeir koma. Ég hef litið svo á að hér væri verið að ræða um heildarsamtök launafólks. Ef hv. þm. telur að hér sé eitthvað óskýrt orðalag á ferðinni er ég vissulega tilbúin til þess að skoða betur með honum hvað hægt er að gera til þess að skýra ákvæðið betur þannig að enginn vafi leiki á hvað hér er á ferðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 732.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Hér er um að ræða breytingar sem sérstaklega lúta að stjórn Háskólans og eru þáttur í víðtækum breytingum á starfsemi Háskólans sem við höfum beitt okkur fyrir á undanförnum missirum.

Það má segja að þær breytingar hafi m.a. birst með því að á síðasta þingi var ákveðið, með frv. sem samþykkt var að frumkvæði menntmrn., að auka mjög verulega sjálfstæði Háskólans við mannaráðningar og að sama skapi að skerða vald ráðherra. Á þessum vetri má segja að þrennt hafi gerst sem þarna skiptir máli. Í fyrsta lagi það að hér er lagt fyrir frv. til laga um nýja stjórnskipun Háskóla Íslands, í öðru lagi það að 1. mars sl. gaf ég út reglugerð um breytingu á reglugerð um Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir viðamiklum breytingum á háskólareglugerðinni og í þriðja lagi með því að margvísleg afgreiðsluverkefni sem til þessa hafa verið í ráðuneytinu munu nú flytjast til Háskólans.

Ég ætla að gera grein fyrir þessum þáttum áður en ég kem að frv. sjálfu og þá fyrst þeim síðastnefnda, þ.e. þeim verkefnum sem flutt verða nú á þessu ári frá menntmrn. til Háskólans.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að allar auglýsingar um stöður í Háskóla Íslands verði framvegis afgreiddar í skólanum sjálfum. Þessar auglýsingar eftir stöðum og starfi í Háskólanum hafa til þessa verið afgreiddar í ráðuneytinu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Háskólinn sjálfur fjalli um starfsmannaráðningar að verulegu leyti. Hann mun óska eftir fulltrúum í dómnefnd og annast skipan dómnefnda að fengnum tillögum réttra aðila, m.a. ráðuneytisins. Hann mun taka við niðurstöðum dómnefnda. Háskólinn mun sjálfur ganga frá ráðningarsamningum, nýráðningu og breytingu á ráðningum, og senda menntmrn. Háskólinn mun fjalla um synjun í stöðu og skipanir. Háskólinn mun fjalla um leyfaveitingar allar, m.a. beiðnir um launalaus leyfi eða skemmri tíma leyfi sem til þessa hafa verið afgreiddar í ráðuneytinu. Þetta fer allt til Háskólans. Beiðni um lausn frá stöðu verður hins vegar send menntmrn. og beiðni um greiðslur til dómnefndarmanna verður send til menntmrn. Að öllu öðru leyti mun Háskólinn fjalla um þessi mál sjálfur. Þessi ákvörðun er í samræmi við þá almennu stefnu sem við höfum rekið í skólamálum, að flytja valdið út til skólanna, bæði grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.

Við þessar breytingar er svo því að bæta að hinn 1. mars. sl. gaf ég út breytingu á reglugerð um Háskóla Íslands þar sem opnað er fyrir það að unnt verði að stunda nám til doktorsprófs í Háskólanum. Í þessari reglugerð er gert ráð fyrir því að unnt verði að þreyta meistarapróf í dönsku, ensku, íslenskum bókmenntum, íslenskri málfræði, íslenskum fræðum og sagnfræði og síðan doktorspróf, eins og ég sagði, í íslenskum bókmenntum, íslenskri málfræði og sagnfræði. Hér er sem sagt um að ræða mjög mikilvæga breytingu á háskólareglugerðinni sem á að styrkja hann sem höfuðháskóla íslenskra fræða, sem hann þarf að vera, ekki aðeins fyrir Íslendinga heldur einnig fyrir þá útlendinga sem þurfa og vilja leggja stund á íslensk fræði en þeir eru margir og fer fjölgandi.

Að því er varðar frv. um breytingu á lögum um Háskóla Íslands er þar til að taka að 6. júlí sl. samþykkti háskólaráð tillögur um breytingar á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með miklum meiri hluta atkvæða. Þessar tillögur voru lagðar fram af rektor Háskólans og þær byggjast á tillögum stjórnsýslunefndar Háskóla Íslands, lokaskýrslu. En á fundi háskólaráðs 18. des. 1986 hófst undirbúningur að þessum breytingum með því að skipuð var vinnunefnd til að undirbúa endurskoðun á stjórnsýslu Háskólans.

Þessar tillögur sem fjallað hefur verið um í Háskólanum í fjögur ár beinast fyrst og fremst að því að auka sjálfræði eininga Háskólans og þar með valddreif-

ingu, skilvirkni og ábyrgðarskil í almennri stjórnsýslu og deildum auk þess sem þátttaka háskólaþegna í ákvörðunum Háskólans verður ríkari en verið hefur.

Segja má að tillögurnar flokkist að því er markmið varðar í fjóra þætti.

Í fyrsta lagi gera tillögurnar ráð fyrir að stefna beri að aukinni valddreifingu og sjálfræði rekstrareininga innan Háskólans. Allar deildir Háskólans hafa nú náð þeirri stærð og þroska að tímabært er að auka sjálfræði þeirra.

Í öðru lagi miða tillögurnar að því að starfsmenn Háskólans, hvort sem þeir sinna fyrst og fremst kennslu og rannsóknum eða stjórnsýslustörfum, vinni saman að stefnumótun og framkvæmd málefna Háskólans.

Í þriðja lagi er lögð á það áhersla í þessum tillögum að eðlilegri verkaskiptingu og sérhæfingu verði komið á innan hinnar sameiginlegu stjórnsýslu Háskólans þannig að skyld verkefni falli undir sömu stjórnunareiningar.

Og í fjórða lagi miða tillögurnar að því að treysta sjálfstæði Háskólans með lýðræðislegu stjórnskipulagi og sveigjanleika í starfsháttum.

Eins og ég sagði í upphafi eiga þessar tillögur sér langan aðdraganda og má finna glögga lýsingu á þessum aðdraganda m.a. í skýrslum sem Háskólinn hefur birt. Í upphaflegri vinnunefnd um þetta mál voru Þórir Einarsson prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson prófessor, Ásmundur Brekkan prófessor, Jónatan Þórmundsson prófessor og Jón Gunnar Grétarsson stud. phil.

Í tillögunum er lögð á það meginhersla að auka valddreifingu og sjálfræði rekstrareininga Háskólans. Stjórnsýsla háskóladeildanna hefur í raun og veru vaxið út úr hinni sameiginlegu stjórnsýslu Háskólans og lotið fyrirmælum og leiðbeiningum hennar. Nú er hins vegar svo komið, að okkar mati, að stjórnsýsla deilda getur staðið á eigin fótum og þess vegna er talið rétt að fella hana stjórnunarlega að fullu inn í heildarstjórnkerfi skólans. Deildir þurfa að axla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum þannig að stjórnsýsla sem greidd hefur verið af sameiginlegu fé kemur á rekstur deilda. Samfara þessu er nauðsynlegt að styrkja bæði starf deildaforseta og skrifstofustjóra deilda.

Það gegnir í raun og veru furðu að í háskólalögunum frá 1979 skuli háskóladeildir ekki vera taldar upp sem einn af stjórnaraðilum Háskólans í upphafi 2. gr. háskólalaga, heldur aðeins háskólaráð, rektor, háskólaritari og kennslustjóri. Deildir Háskólans stjórna þó aðalstarfsemi hans þar sem þær einar rækja meginverkefni Háskólans, að vera vísindaleg rannsóknastofnun og vísindaleg fræðslustofnun, en hin almenna stjórnsýsla Háskólans er einungis stoðstarfsemi við þessa aðalstarfsemi.

Deildarforseti á að vera í fyrirsvari deildar út á við og inn á við. Í dag er staða deildarforseta ekki nægilega vel skilgreind. Um hana eru margvísleg ákvæði dreifð um háskólalög og reglugerðir. Deildarforseti á sæti í háskólaráði og tekur þannig þátt í ákvarðanatöku þess. Hann getur orðið varaforseti háskólaráðs og þar með staðgengill rektors. Hann boðar deildarfundi og atkvæði hans ræður úrslitum ef atkvæði deildarfundar falla jöfn. Forseti deildar metur að hve miklu leyti erlend háskólapróf stúdenta skuli viðurkennd. Þessi ákvæði eru ófullnægjandi því að samkvæmt þeim er helsta verksvið deildarforseta nánast að vera fundarstjóri.

Deildir þurfa að okkar mati að vera sjálfstæðar kostnaðareiningar. Það þarf að vanda betur gerð fjárlagatillagna og fjárhagslegt eftirlit á ráðstöfunum fjárlagaheimilda fyrir deildir í samráði við fjármálastjórn Háskólans. Þótt hægt sé að flytja ýmis verkefni til deilda frá hinni almennu stjórnsýslu án laga- og reglugerðarbreytingar er þó æskilegt að til séu skýr, formleg ákvæði um sjálfræði deilda.

Það er nauðsynlegt að gefa gaum að stjórnskipulagi deilda með það í huga að fá fram skilvirkari ákvarðanatöku en verið hefur til þessa. Slík stjórnsýsla nýtir að sjálfsögðu vel ráðstöfunarþætti sína og aflar sér trausts. En auknu sjálfræði fylgir aukin ábyrgð og þess vegna er í þessum tillögum gert ráð fyrir að fram fari reglulega mat á starfsemi deildanna um leið og þær eru gerðar sjálfstæðari í starfi sínu frá degi til dags. Allt þetta krefst þess að deildarforsetastarfið verði eflt og skrifstofur verði alfarið færðar undir stjórn deildanna.

Þessi þáttur sem ég hef hér rakið þjónar fyrsta meginþættinum í þessum tillögum sem lýtur að valddreifingu og sjálfræði rekstrareininga innan Háskólans.

Í öðru lagi miða tillögurnar að því, eins og ég gat um, að starfsmenn Háskólans, hvort sem þeir sinna fyrst og fremst kennslu og rannsóknum eða stjórnsýslustörfum, vinni saman að stefnumótun og framkvæmd málefna Háskólans. Skilvirkni í starfi háskólaráðs hefur aukist með tilkomu fastra starfsnefnda í einstökum málaflokkum. Þær hafa undirbúið mál fyrir ráðið ýmist að eigin frumkvæði eða ráðsins og dæmi eru um að ráðið hafi framselt ákvörðunarvald til starfsnefndanna, t.d. úthlutun úr rannsóknasjóði Háskólans. Sumar þessara nefnda fjalla um mjög breiða og víðtæka málaflokka er tengjast öllum skólanum. Hafa þær í daglegu tali verið kallaðar starfsnefndir háskólaráðs. Hér er um ræða kennslumálanefnd, vísindanefnd, þróunarnefnd, kynningarnefnd, alþjóðasamskiptanefnd, starfsnefnd og starfsnefnd byggingarmála. Aðrar háskólanefndir sinna afmarkaðri verkefnum eins og lögskýringarnefnd, áfrýjunarnefnd, sáttanefnd og fleiri slíkar nefndir. Þessi tilhögun með stafsnefndirnar hefur gefist vel og er talin ástæða til að finna því starfi farveg í formlegu skipulagi Háskólans. Þessu markmiði er reynt að ná í frv. þessu, m.a. með því að fella starfsnefndir á kerfisbundinn hátt inn í stjórnskipulag Háskólans.

Í þriðja lagi er, eins og ég gat um áðan, markmið þessa frv. að koma á eðlilegri verkaskiptingu og sérhæfingu innan hinnar sameiginlegu stjórnsýslu þannig að skyld verkefni falli undir sömu stjórnunar-

einingar. Núgildandi háskólalög gera ráð fyrir þrískiptingu stjórnsýslunnar í svið háskólaritara, kennslustjóra og byggingarstjóra. Á báðum fyrri ábyrgðarsviðum hefur verkefnum og starfsfólki fjölgað að undanförnu þótt því fari fjarri að fjöldi starfsfólks í stjórnsýslu Háskóla Íslands nálgist það sem tíðkast í sambærilegum skólum annars staðar. Út frá skilgreindu starfssviði háskólaritara hafa t.d. orðið til tvö veigamikil störf, fjármálastjóri og starfsmannastjóri. Enn fremur hefur bæst við aðstoðarmaður rektors og prófstjóri. Mikið af tíma hins fyrrnefnda hefur farið í störf fyrir vísindanefnd og þróunarnefnd háskólaráðs. Þá hefur ný starfsemi verið tekin upp á undanförnum árum, eins og endurmenntunarstofnun, námsráðgjöf, nemendaskrá Háskólans og rannsóknaþjónusta Háskólans. Þetta hefur leitt til breytinga á skipulaginu án þess að hugað hafi verið að því að samræma þær lögum og reglugerðum fyrr en nú að gerð er tilraun í þessa átt.

Hér er gert ráð fyrir þeim breytingum að stjórnsýslusvið Háskólans verði sem hér segir: Bygginga- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, rannsóknasvið, samskiptasvið og starfsmannasvið.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri fjármálasviðs, þ.e. í raun og veru sama embætti og til þessa hefur verið háskólaritari, hafi í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hafi yfirumsjón með fjármálastjórn Háskólans, bókhaldi og samræmdri innkaupastarfsemi. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs á að undirbúa gerð fjárhagsáætlunar skólans að fengnum tillögum deilda og stofnana og hann á að hafa eftirlit með notkun fjárveitinga og að hún sé í samræmi við fjárlög. Enn fremur á framkvæmdastjóri fjármálasviðs að hafa eftirlit með sjóðum Háskólans.

Framkvæmdastjóri samskiptasviðs á hins vegar í umboði rektors að hafa yfirumsjón með rekstri almennrar skrifstofu, upplýsingum til aðila innan skólans og utan, kynningu á Háskólanum og samskiptum Háskólans við aðra háskóla og stofnanir. Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með sameiginlegum málefnum Háskólans er lúta að launum og öðrum starfsmannamálum í samræmi við lög, reglugerðir, stefnu skólans og kjarasamninga.

Framkvæmdastjóri bygginga- og tæknisviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með viðhaldi fasteigna og lóða, rekstri verkstæða, húsvörslu og ræstingu. Í samráði við starfsnefndir háskólaráðs á bygginga- og tæknisviði skipuleggur hann tæknilegan undirbúning og eftirlit með nýbyggingum.

Framkvæmdastjóri rannsóknasviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með sameiginlegum málefnum Háskólans er lúta að rannsóknum, svo sem ráðgjöf og aðstoð við kennara og stofnanir, gerð rannsóknaskrár, stjórnsýslu rannsóknasjóðs og rannsóknaþjónustu við atvinnulífið.

Framkvæmdastjóri kennslusviðs hefur hins vegar í umboði rektors yfirumsjón með sameiginlegum málefnum skólans er snerta nemendur, kennslu, prófhaldi, skráningu stúdenta og ráðstöfun á húsnæði Háskólans til kennslu.

Í fjórða lagi, eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, miða tillögurnar að því að treysta sjálfstæði Háskólans með lýðræðislegu stjórnskipulagi og sveigjanleika í stjórnarháttum. Sjálfstæði háskóla um eigin málefni er forsenda fyrir frjórri starfsemi hans og er viðurkennd meginregla í öllum lýðræðisríkjum. Í reynd eru sjálfstæði Háskóla Íslands auðvitað takmörk sett með fjárveitingum Alþingis og stjórnvaldsaðgerðum ráðherra menntamála og fjármála á hverjum tíma.

Eldri reglur um aðild að ákvörðunum í Háskólanum sýna að litið hafi verið á Háskólann sem samfélag kennara, fyrst og fremst. Nýrri hugmyndir eru þær að Háskólinn sé samfélag kennara, sérfræðinga, nemenda og stjórnsýslufólks sem deilir stjórnunarábyrgð með sér samkvæmt nánar skilgreindum reglum í háskólalögum og reglugerð. Reglur um sjálfsstjórn Háskólans koma fram í lögum þegar skipað er fyrir um ákvarðanatöku í einstökum málum eins og stöðuveitingum. Þar fyrir utan ræðst sjálfsstjórn hans af stjórnsýsluhefð sem byggist á því að menntmrn. og ráðherra eru alla jafna ekki með beina íhlutun í einstök málefni Háskólans. Auk þess hefur háskólaráð umsagnarrétt um breytingar, viðauka og nýmæli er varða lög og reglugerðir um skólann.

Í þeim tillögum sem hér liggja fyrir er leitast við að styrkja enn frekar sjálfræði Háskólans og lýðræðisleg vinnubrögð innan hans. Í háskólaráði, sem hefur æðsta ákvörðunarvaldið í sjálfsstjórnarmálefnum skólans, mætast fulltrúar háskólasamfélagsins. Þar sitja nú rektor, níu deildarforsetar, fjórir fulltrúar stúdenta og tveir frá Félagi háskólakennara. Auk þess sitja ráðsfundi háskólaritari og kennslustjóri með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar. Einn hópur háskólasamfélagsins er þó undanskilinn beinum áhrifum í háskólaráði, en það er starfsfólk Háskólans að öðru leyti. Tillögurnar gera ráð fyrir að einn fulltrúi starfsmanna stjórnsýslunnar auk háskólaritara taki sæti í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar. Verði hann kjörinn skriflegri kosningu af starfsfólki stjórnsýslu til tveggja ára í senn. Einnig er lagt til að fjöldi stúdenta í skorarstjórn og deildarráði sé hlutfall af fjölda manna í stjórn en ekki föst tala eins og verið hefur.

Samkvæmt upplýsingum þeim sem fyrir liggja um þetta mál og að höfðum þessum inngangi er rétt að víkja að því, virðulegi forseti, að kostnaður af þessum breytingum er óverulegur. Það kemur t.d. fram á bls. 8 í grg. frv. þar sem gert er ráð fyrir að stofnaðar verði eftirtaldar nýjar stöður: Framkvæmdastjóri byggingarsviðs, kennslusviðs, samskiptasviðs, starfsmannasviðs, rannsóknasviðs og loks framkvæmdastjóri fjármálasviðs sem er háskólaritari. Á móti þessum stöðum falla niður byggingarstjóri, kennslustjóri, aðstoðarháskólaritari, starfsmannastjóri, háskólaritari og ráðgjafi rektors í byggingamálum sem hefur verið í 80% stöðu.

Ég hef nú, virðulegi forseti, gert almenna grein

fyrir frv. og meginforsendum þess. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um einstakar greinar frv. Ég vek athygli á að í 1. gr. er gert ráð fyrir að ákvæðið um stjórn Háskólans í 1. mgr. 2. gr. verði útvíkkað þannig að það nái yfir deildir, deildarforseta og framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða og orðin háskólaritari og kennslustjóri falli niður í samræmi við ný starfsheiti.

Ég vil einnig vekja athygli á þeirri breytingu sem fram kemur í 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að háskólaráð ráði framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs til fimm ára en áður höfðu háskólaritari og kennslustjóri verið forsetaskipaðir. Með öðrum orðum er hér verið að fækka þeim embættismönnum sem eru forsetaskipaðir og um leið að fela háskólaráði það vald að ráða framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðanna sem ég nefndi áðan til fimm ára í senn, takmarkaðs tíma í senn.

Þá er einnig gert ráð fyrir að rektor en ekki menntmrn. ráði annað starfslið almennrar stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt til. Þá er gert ráð fyrir að deildarforsetar ráði starfslið deildarskrifstofa að höfðu samráði við rektor eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Hér er um að ræða mikilvæga grein sem skiptir miklu máli varðandi það atriði að styrkja einingarnar og styrkja Háskólann sem sjálfstæða stofnun.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því að um leið og aukið er sjálfstæði Háskólans og styrkt hlutverk deildanna er í 5. gr. frv. kveðið á um, sem er nýmæli, reglubundið mat á starfi deildanna.

Þá er vert að vekja athygli á nafnbreytingu á viðskiptadeild sem fram kemur í 2. mgr. 9. gr. háskólalaganna, 5. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að deildin heiti framvegis viðskipta- og hagfræðideild í samræmi við reglugerðarbreytingar sem gerðar hafa verið.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að fjöldi stúdenta í skorarstjórn og deildarráði sé hlutfall af fjölda manna í stjórn en ekki föst tala eins og ég gat um áðan.

Í 7. gr. er fjallað um það ákvæði, sem ég rakti aðeins fyrr, að auka fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð deilda með því m.a. að efla starf deildarforseta og kveða skýrar á um það en verið hefur.

9. gr. kveður á um stöðu deildarforseta. Þar segir að þeir eigi rétt til að vera leystir undan skyldum sínum í föstu starfi að nokkru eða öllu leyti meðan þeir gegna starfi deildarforseta.

Þá er rétt að vekja athygli sérstaklega á 10. gr. frv. en þar er gert ráð fyrir að tvær nýjar málsgreinar bætist við 36. gr. háskólalaganna. Sú fyrri fjallar um endurmenntunarstofnun en endurmenntunarstofnun hefur verið starfrækt um nokkurt skeið í samstarfi Háskólans, Tækniskóla Íslands, Bandalags háskólamanna og þriggja félaga háskólamanna. Á fundi háskólaráðs 27. júní 1989 samþykkti ráðið að koma á fót endurmenntunarstofnun og óskaði eftir heimild ráðuneytisins fyrir reglugerðarbreytingu þar að lútandi. Við féllumst ekki á þá beiðni Háskólans vegna þess að við töldum ekki að stoð fyrir slíkri stofnun væri að finna í lögum Háskólans og því þyrfti lagabreyting að koma til áður en sett yrði reglugerð um þessa starfsemi. Þessari beiðni Háskólans var með öðrum orðum synjað. 5. jan. sl. samþykkti háskólaráð svo tillögu um lagabreytingu og var hún send ráðuneytinu 9. mars sl. ásamt viðeigandi gögnum.

Síðari málsgreinin sem bætist við 36. gr. háskólalaganna samkvæmt frv. fjallar um námsráðgjöf. Í henni segir að námsráðgöf sem hingað til hefur fallið undir yfirstjórn Háskólans skuli starfrækt sem háskólastofnun undir háskólaráði, en náms- og starfsráðgjöf gegnir veigamiklu hlutverki í öllu nútíma skólastarfi og það er óhjákvæmilegt að þjálfa fólk til að geta sinnt þeim verkefnum, bæði í framhaldsskólum og grunnskólum landsins.

Ég hef þá, virðulegi forseti, gert grein fyrir efnisatriðum frv. og tel í sjálfu sér óþarfa að bæta þar neinu við öðru en því að ég ítreka að frv. er liður í þeirri almennu stefnumótun í skólamálum sem menntmrn. hefur beitt sér fyrir á undanförnum mánuðum og missirum, sem sagt þeirri að styrkja sjálfstæði skólanna, auka vald þeirra, fækka skriffinnskuverkefnum á borðum ráðherranna og ráðuneytanna og skapa ráðuneytinu þannig svigrúm til að sinna stefnumótun og þróun í staðinn fyrir pappírsvinnu af margvíslegu tagi. Þessi stefnumótun okkar birtist í þessu frv., í ákvæðum framhaldsskólalaganna sem við samþykktum hér á síðasta þingi og í ákvæðum grunnskólafrv. sem lagt var fram á þingi nú fyrir nokkrum sólarhringum.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vel tekið á hinu háa Alþingi og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál. Eins og kom fram, að ég held, í máli hæstv. menntmrh. er þetta frv. lagt fram að tillögu háskólaráðs Háskóla Íslands. Voru þessar tillögur unnar af stjórnsýslunefnd Háskóla Íslands sem skilaði lokaskýrslu og frv. er grundvallað á þeirri vinnu. Ég hef kynnt mér þessa skýrslu en reyndar ekki borið hana gaumgæfilega saman við frv. en hygg þó að þar hafi í meginatriðum verið farið eftir vinnu nefndarinnar.

Frv. tel ég vera af hinu góða. Þar er lögð áhersla á aukna valddreifingu og sjálfræði rekstrareininga innan Háskólans og öll skipan mála í þessu plaggi er með mun nútímalegra sniði en stjórnsýslan hefur tíðkast í Háskólanum. Ég fagna því að þetta mál er komið fram. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því að ræða efnisatriði þess en tek undir þau í grundvallaratriðum og mun síðar hafa tækifæri til að fjalla um málið í menntmn. þar sem ég á sæti.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði að frv. sem hér er til meðferðar væri liður í víðtækum breytingum á kerfi menntamálanna sem fram hefði farið á síðustu missirum. Það væri verið að skerða vald ráðherra,

það væri verið að flytja verkefni frá menntmrn., styrkja sjálfstæði skólanna, fækka skriffinnskuverkefnunum. Allt er þetta ánægjulegt og ber vott um að verið er að hverfa frá ríkisafskiptum til frjálsræðis, frá miðstýringu til valddreifingar.

Við heyrum um þessar mundir mikið um slíka atburði. Vindarnir blása í þessa átt víðar en hér á landi, og það er ánægjulegt að vita til þess að við finnum fyrir því hér.

Hæstv. ráðherra sagði að nefnd sú sem undirbúið hefði þessi mál hefði starfað í fjögur ár. Ég skal láta það ósagt hvort þessar hugmyndir um valddreifingu og fráhvarf frá ríkisafskiptum séu mál sem ráðherra hefur sjálfur haft frumkvæði að. En ég ætla að hann hafi tekið og fallist á þær skoðanir og stefnumótun sem þessi nefnd hefur unnið að á sl. fjórum árum. Þó að hlutur nefndarinnar kunni að vera mikill, og er hann sjálfsagt mikill í þessu efni, er hlutur ráðherra einnig mikill. Ég vil ekki gera lítið úr því að hann skuli hafa fallist á þessar tillögur sem byggja á þessum grundvallarhugmyndum sem ég vék að.

Hæstv. ráðherra skýrði frv. sem hér liggur fyrir og sagðist vænta þess að hv. deild tæki því vel. Ég vil strax segja það, og í raun og veru stóð ég upp fyrst og fremst til þess að segja það, að ég vil að þessu frv. sé tekið vel. Ég tel að það stefni í rétta átt og sé framför frá því sem við höfum búið við.

Hæstv. ráðherra vék að því hvaða ágætismenn hefðu unnið að undirbúningi þessa máls, og ég veit að þar hefur verið vel unnið undir forsæti Þóris Einarssonar og hinna valinkunnu manna sem störfuðu með honum.

Í grg. með frv. segir að tillögurnar byggist einkum á þrennu. Í fyrsta lagi þeim breytingum sem í reynd hafa orðið á stjórnskipulaginu. Í öðru lagi þeim markmiðum sem stjórnsýslunefndin telur að hafa beri í huga við skipulagsbreytingar. Og í þriðja lagi þeim álitamálum og gagnrýni sem fram hefur komið í umræðum hennar við deildarforseta.

Ég ætla, og mér sýnist það við athugun á frv., að það sem hér er fyrst talið upp sé megingrundvöllur frv., að það sé byggt á breytingum sem í framkvæmd hafi þegar orðið og þyki rétt að lögfesta með því móti sem gerð er tillaga um með þessu frv. Frv. er þó ekki þýðingarminna fyrir það þó að það sé byggt að miklu leyti á því sem þegar er orðið eða hefur verið stefnt að í framkvæmd því að það er frá mínu sjónarmiði ekki veikleiki frv. heldur styrkleiki að það skuli vera byggt á haldgóðri reynslu.

Hæstv. ráðherra skýrði skilmerkilega í hverju aðalbreytingar þessa frv. frá núgildandi lögum lægju og ég skal ekki fara að fjölyrða um það eða endurtaka neitt af því sem hæstv. ráðherra sagði. Þarna er, eins og hann sagði, í fyrsta lagi um það að ræða að efla sjálfstæði háskóladeilda. Það hlýtur að vera af hinu góða og menn hafa, að ég ætla, lengi viljað stefna að því.

Í öðru lagi er aðalatriði frv. að lögbinda starfsnefndir háskólaráðs. Þar er um að ræða nefndir sem hafa starfað á undanförnum missirum og árum en rétt þykir að lögbinda starfsemi nefndanna.

Í þriðja lagi er skipting stjórnsýslu Háskólans í framkvæmdasvið. Það orkar ekki tvímælis að rétt er að hafa sem gleggstar reglur um það efni.

Og þá er það aðalatriði, í fjórða lagi, sem hæstv. ráðherra vék að, að treysta sjálfstæði Háskólans með lýðræðislegu stjórnskipulagi og sveigjanleika í starfsháttum eins og það hefur verið orðað. Það er þessi grundvallarstefna og grundvallarviðhorf sem ráðherra lýsti skilmerkilega og lagði áherslu á hve mikilvæg væru.

Hæstv. ráðherra sagði að kostnaðurinn af frv. væri óverulegur. Ég hafði nú látið mér koma til hugar að orða það svo, áður en ráðherrann sagði þetta, að kostnaðurinn væri enginn. En þar sem gerð er grein fyrir kostnaðinum í grg. með frv. er þetta orðalag viðhaft sem ráðherrann gerði, að kostnaður af þessum breytingum væri óverulegur. Þar er gerð skilmerkileg grein fyrir því hvað um er að ræða sem gæti aukið rekstrarkostnað Háskólans. En það getur ekki verið mikið. Það hlýtur að vera rétt sem hæstv. ráðherra sagði að það væri óverulegt vegna þess að um er að ræða að leggja niður sex embætti, þ.e. embætti byggingarstjóra, kennslustjóra, aðstoðarháskólaritara, starfsmannastjóra, háskólaritara og ráðgjafa rektors í byggingarmálum. Í staðinn fyrir þessar stöður sem lagðar eru niður er gert ráð fyrir að komi nýjar stöður, framkvæmdastjóri bygginga- og tæknisviðs, framkvæmdastjóri kennslusviðs, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Ég tel, og vildi lýsa þeirri skoðun minni, að þetta sé ekki til bóta. Hér er í raun og veru einungis um að ræða breytingar á nöfnum á stöðum. Mikið kann ég betur við að tala um byggingastjóra en framkvæmdastjóra bygginga- og tæknisviðs. Mikið kann ég betur við að tala um kennslustjóra en framkvæmdastjóra kennslusviðs. Þá tek ég nafnið aðstoðarháskólaritari fram yfir framkvæmdastjóri samskiptasviðs. Og mikið þykir mér starfsmannastjóri betra orð og það fara betur í munni en framkvæmdastjóri starfsmannasviðs. Þá tala ég ekki um að háskólaritari er betra orð en framkvæmdastjóri rannsóknasviðs.

Ég held að þetta orki ekki tvímælis. En þetta eru nú meiri sviðin. Þetta minnir mann á sviðaveislu eða eitthvað slíkt. En af því að ég á ekki setu í menntmn. vildi ég benda á þetta og leggja til að menn haldi sig við gömlu starfsheitin en ekki séu tekin upp þessi nýju starfsheiti sem þarna er gert ráð fyrir. Þetta er ekki neitt aðalatriði í þessu máli og ég hefði raunar ekki vikið að því hér nema vegna þess að ég á ekki setu í menntmn. og get þess vegna ekki tekið málið þar upp eða bent á þetta þar.

Eins og ég hef sagt hef ég talið að skipulagsbreytingar og það sem í þá átt horfir í þessum efnum í frv. sé allt í rétta átt. Mér virðist það. En ég get ekki að því gert að mér kemur til hugar að þó að sjálfsagt sé að efla sjálfstæði hinna einstöku deilda þarf líka að gæta þess að háskólarektor hafi sem gleggsta yfirsýn yfir allar deildirnar. Því hefur mér komið til hugar að betur færi á því að gert væri ráð fyrir sérstöku embætti háskólaritara, sem bæri þetta gamla ágæta nafn, og hann væri staðgengill rektors og honum til aðstoðar við yfirstjórn Háskólans til þess að háskólarektor geti haft sem best vald og besta yfirsýn yfir allt stjórnsýslusviðið en sé ekki í þeim efnum háður einstökum deildarstjórum hverjum á sínu sviði.

Ég hef hér aðeins minnst á nokkur atriði, eiginlega til þess að undirstrika það sem ég sagði í upphafi, að ég fagna frv. og tel að því eigi að taka vel. Önnur atriði sem ég hef ekki minnst á sýnast mér flest horfa til bóta þó að sum minni háttar atriði að mínu áliti kunni að orka tvímælis. En ég skal ekki fara út í það frekar hérna.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það kemur fram í athugasemdum með frv. sem hér er til 1. umr., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, að það er lagt fram að tillögum háskólaráðs Háskóla Íslands. Og í fljótu bragði sé ég ekki annað en það sé til bóta sem frv. fjallar um, ekki síst, eins og segir í athugasemdum með frv., að tillögurnar „beinast fyrst og fremst að því að auka sjálfræði eininga Háskólans og þar með valddreifingu, skilvirkni og ábyrgðarskil í almennri stjórnsýslu og deildum, auk þess sem þátttaka háskólaþegna í ákvörðunum verður virkari. Allt þetta stuðlar að því að háskólinn ræki hlutverk sitt betur og ekki verður gengið á sjálfstæði hans". Þetta eru auðvitað mikilvæg atriði og það ber að fagna því að hæstv. menntmrh. hefur tekið tillögur háskólaráðs til greina og flytur þær hér í frumvarpsformi.

Ég á sæti í menntmn. og ætla því ekki að taka afstöðu eða fjalla hér um einstaka þætti frv. nú við 1. umr. Ég fæ tækifæri til þess í störfum nefndarinnar. En ég vildi aðeins koma hér upp og lýsa því að ég mun leggja mitt af mörkum til þess að frv. fái góða afgreiðslu í nefndinni og fagna því að það er komið hér fram.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem frv. hefur fengið og ábendingar. Ég tel að margt væri hægt að segja um það sem fram kom í máli hv. 4. þm. Vestf. varðandi þá hugmyndafræði sem liggur að baki frv. og það sem ég lagði áherslu á í minni ræðu að öðru leyti um það mál. Ég tel að það sé óðum að verða til, bæði í formi lagafrumvarpa, laga, reglugerða og stjórnvaldsákvarðana, stefna í málum Háskóla Íslands, málum hins íslenska háskóla, þar sem valddreifing og sjálfstæði stofnunarinnar eru grundvallaratriði og ég vænti þess að um þá stefnu geti verið samstaða. Ég ætla mér ekki hér að fara út í það að ræða, þó ég gæti það býsna vel, hvar sú stefna varð til en bendi á að það er kannski fyrst núna sem menn eru af ýmsum ástæðum, bæði vegna áhuga í Háskólanum sjálfum og í ráðuneytinu, að hjálpast að við að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd.

Mér finnst athyglisvert það sem hv. þm. sagði um þessa sviðsstjóra alla. Þetta er svona svipuð tilfinning og ég upplifði meðan ég var í stjórnarnefnd ríkisspítalanna þar sem forstöðumenn eru núna kallaðir sviðsstjórar, og voru kallaðir sviðahausar, sem ég vona nú að verði strikað út úr þingtíðindum eftir ráðherranum, sem er náttúrlega óheimilt, herra forseti. Mín vegna mega menn velta fyrir sér einhverjum betri orðum í þessu efni. En aðalatriðið á bak við tillöguna er það að nafngiftirnar séu samræmdar og þær bendi ekki til mismunandi stöðu mannanna. Það er hugsunin á bak við það að þetta er kallað framkvæmdastjóri þessa sviðs og framkvæmdastjóri hins. Þess vegna, ef menn ætluðu á annað borð að breyta þarna til, yrði að huga að því þannig að titlarnir gæfu ekki til kynna mismunandi stöðu þeirra innbyrðis og gagnvart háskólarektor og háskólaráði.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Útvarpslög, 1. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 750.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til útvarpslaga. Frv. er að stofni til samið af nefnd sem starfaði undir forustu Ögmundar Jónassonar og skilaði áliti til ráðuneytisins vorið 1989. Ekki vannst tími til þess að ganga að fullu frá frv. þá um vorið og var því fjallað um það sérstaklega, m.a. á fundum með þingmönnum stjórnarflokkanna sl. sumar. Hefur frv. tekið talsverðum breytingum frá upphaflegum drögum með hliðsjón af umsögnum og ábendingum sem hafa borist víða að.

Ein meginbreytingin í frv. er fólgin í því að ákvæði um fjölmiðlasjóð eru felld niður, en þau voru í upphaflegum drögum að frv., enda hefur verið fjallað um það í ríkisstjórninni að undirbúa frv. um menningar- og fjölmiðlasjóð sem leysi af hólmi gildandi lög um Menningarsjóð og menntamálaráð og Menningarsjóð útvarpsstöðva. Fyrirhugað er í þeirri vinnu að hinn nýi sjóður hafi svipuð verkefni og gert var ráð fyrir í frumvarpsdrögunum um fjölmiðlasjóð eins og þau lágu fyrir sl. vor og voru kynnt hv. alþm.

Nefnd sú, sem áður er vikið að, var skipuð 10. febr. 1989 og áttu sæti í henni auk Ögmundar Jónassonar, sem gegndi formennsku í nefndinni, Eiður Guðnason

alþm., Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, Erna Indriðadóttir deildarstjóri, Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri, Helgi Guðmundsson, fulltrúi í útvarpsréttarnefnd, Magdalena Schram blaðamaður, Þorgeir Ástvaldsson útvarpsstjóri og Arnþrúður Karlsdóttir sem jafnframt var ritari nefndarinnar. Þá störfuðu með nefndinni þau Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjmrn., og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntmrn. Skilaði nefndin, eins og áður segir, áliti sl. vor eða 17. mars 1989.

Nefndinni var upphaflega falið að taka tillit til lokaálits útvarpslaganefndar sem var dags. 8. okt. 1988 og barst mér í hendur tveimur vikum eftir að ég tók við starfi menntmrh. Þá var nefndinni einnig falið að taka tillit til þeirrar reynslu sem fengist hafði af nýskipan fjölmiðlamála, þeirri sem núgildandi útvarpslög fela í sér. Þá skal þess enn fremur getið að útvarpslaganefnd sú sem hér var nefnd var skipuð af þáv. menntmrh. Sverri Hermannssyni 9. febr. 1987 og áttu sæti í henni þeir Haraldur Ólafsson dósent, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur og Knútur Hallsson, ráðuneytisstjóri í menntmrn., sem var jafnframt formaður nefndarinnar.

Segja má að helstu nýmæli þessa frv. frá gildandi útvarpslögum séu sem hér segir:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að útvarpsréttarnefnd, sem er kosin af Alþingi og er allfjölmenn nefnd, verði lögð niður en menntmrh. veiti framvegis leyfi til útvarpsrekstrar. Rökin fyrir þessu eru margþætt, m.a. þau að byggt er á þeirri forsendu að í rauninni þurfi ekki ítarlega nefndarumfjöllun þegar verið er að veita leyfi til útvarpsrekstrar. Að menntmrh. hljóti með öðrum orðum að veita slík leyfi viðstöðulaust þegar beiðnir liggja fyrir. Það eru engar forsendur lengur fyrir því að fjölmenn nefnd, skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka, sé að taka afstöðu um mál af þessu tagi.

Þá er gert ráð fyrir því að útvarpsnefnd sem er skipuð þremur fulltrúum sem tilnefndir verða af Hæstarétti verði menntmrh. til ráðuneytis og fjalli auk þess um kærur á hendur útvarpsstöð ef einstaklingar eða félög telja misgert við sig í dagskrá. Engin slík ákvæði eru til í gildandi útvarpslögum.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir því að heimildir til rekstrar einkaútvarpsstöðva miðist ekki við þrönga skilgreiningu á afmörkuðum þjónustusvæðum heldur að þær geti náð til landsins alls.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að þýðingarskyldan verði lögfest og lögð verði áhersla á að efni sérstaklega ætlað börnum og ungmennum verði talsett. Að þessu atriði um þýðingarskylduna mun ég koma nánar síðar.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því, eins og áður er vikið að, að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður í núverandi mynd og að létt verði þeirri kvöð af Ríkisútvarpinu að greiða hluta af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Farið er fram á það við hv. menntmn. að hún fjalli jafnframt um það í starfi sínu hvort, og þá hvernig, nauðsynlegt sé að breyta lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands til að staðfesta breytingu í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. í sjöunda lagi að gerðar verði breytingar á yfirstjórn Ríkisútvarpsins þannig að útvarpsráð fái fyrst og fremst rekstrar- og fjármálalegt eftirlitshlutverk en framkvæmdastjórn fái veigameiri hlut við stjórn stofnunarinnar. Með öðrum orðum, dagskrármálin verða í höndum starfsmannanna, útvarpsráðið fær aukið vægi sem fjármálaleg yfirstjórn, en fjármálaleg einvörðungu. Þá er lagt til, sem er mjög veigamikið atriði, að skipunartími yfirmanna stofnunarinnar verði framvegis til fimm ára í senn. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að þetta atriði taki einnig til núverandi yfirmanna Ríkisútvarpsins þannig að ráðningartími þeirra miðist við fimm ár í fyrstu lotu frá því að frv. þetta tekur gildi, ef að lögum verður.

Í níunda lagi er gert ráð fyrir því að áfram verði innheimt afnotagjald af viðtækjum en að hvert heimili greiði þó aldrei nema eitt gjald.

Í tíunda lagi er gert ráð fyrir því að aðflutningsgjöld renni í ríkissjóð svo sem verið hefur. Aðflutningsgjöldin voru veigamikill tekjustofn Ríkisútvarpsins þar til það var afnumið með ákvæðum lánsfjárlaga aftur og aftur, bæði á þessu ári og undanförnum árum. Með þessari tillögu er gert ráð fyrir því að viðurkenna þá staðreynd um leið og þungum kostnaðarþáttum er létt af Ríkisútvarpinu, eins og þátttöku í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í ellefta lagi er gert ráð fyrir því að settar verði skýrari reglur um styrk utanaðkomandi aðila við gerð einstakra dagskrárliða. Varðandi auglýsingar sérstaklega er áskilið að þær séu á lýtalausu máli.

Þessi ellefu meginatriði eru aðalbreytingarnar í þessu frv. frá því sem er í gildandi útvarpslögum.

Ég mun víkja næst, virðulegi forseti, að einstökum greinum frv. en síðan fjalla nokkuð um þýðingarskylduna sérstaklega, um innheimtu afnotagjalda, um stöðu aldraða og greiðslu afnotagjalda þeirra gagnvart Ríkisútvarpinu og um Sinfóníuhljómsveit Íslands sérstaklega. Vík ég nú að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að byggja á sömu skilgreiningu á útvarpi og áður var, þ.e. að útvarp sé hvers kyns dreifing dagskrárefnis í ljósvakamiðlum til almennings. Útvarpshugtakið tekur þó ekki til dreifingar á dagskrárefni sem nær einvörðungu til íbúa eða íbúðar á einni samfelldri lóð. Með þessari skilgreiningu er horfið frá viðmiðun núgildandi útvarpslaga um að útvarp skuli miða við 36 íbúðir eða fleiri innan samfellds svæðis. Að áliti sérfræðinga Póst- og símamálastofnunar er eðlilegra að miða við lóðamörk, enda þótt það hafi í för með sér að í ýmsum tilvikum nái útsending til margra íbúða en í öðrum auðvitað einungis til mjög fárra.

Í 1. gr. er einnig vísað til fjarskiptalaga og bent á í grg. með frv. að sú tilvísun er einvörðungu byggð á nauðsyn þess að hafa hliðsjón af fjarskiptalögum hvað varðar tæknilega hlið útvarpsrekstrar. Útvarp er sérstök tegund boðmiðlunar sem fellur ekki undir

skilgreiningu fjarskiptalaga á fjarskiptum. Þetta hefur þýðingu í sambandi við framkvæmd ákvæða 5. gr. þessa frv. um heimild útvarpsstöðva til að eiga og reka senditæki, endurvarpsstöðvar og nauðsynleg fjarskiptavirki í því sambandi. Í 3. mgr. 1. gr. er svo lagt til að menntmrh. geti ákveðið með reglugerð stærð þeirra loftnetskerfa sem ekki skuli teljast til útvarps þrátt fyrir ákvæði 2. mgr.

Tækniframfarir á sviði fjölmiðlunar benda til þess að móttaka sjónvarpsefnis sem dreift er um gervihnetti verði sífellt einfaldari og ódýrari. Því má búast við, og raunar er óhætt að fullyrða það úr þessum ræðustól hér og nú, að ómögulegt verði að framfylgja ákvæðum um þýðingarskyldu þegar um viðstöðulausa dreifingu sjónvarpsefnis er að ræða. Það hefur hins vegar verið mín skoðun og á það hef ég lagt áherslu og geri enn í þessari framsöguræðu að það beri að reyna að koma við þýðingarskyldu alls staðar þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Ég held hins vegar að hv. þingnefnd, sem verður að fjalla sérstaklega um þetta mál, hljóti að verða að gera sér ljóst að í þessum efnum verða ákvæði laganna að vera sveigjanleg því breytingarnar í fjölmiðlunartækni eru svo örar að hætt er við að löggjafinn yrði oft höndum seinni við að aðlaga sig þeim veruleika sem er í tækniheiminum á hverjum tíma. Þess vegna verði lagaákvæðin að vera almenn markmiðsákvæði og sveigjanleg með víðtæka möguleika til að laga veruleika útvarpsins á Íslandi að hinum alþjóðlegu tækniframförum, sem svo eru kallaðar í þessu efni.

Í 2. gr. frv. er fjallað um útvarpsréttarnefnd sem er lagt til að verði lögð niður og menntmrh. verði falið að veita öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu leyfi til útvarpsrekstrar. Ég tel, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, að það sé til einföldunar á framkvæmd laganna að menntmrh. taki þannig við hlutverki útvarpsréttarnefndar varðandi leyfisveitingar og er byggt á þeirri forsendu að menntmrh. hljóti alla jafnan að veita slík leyfi viðstöðulaust, eins og segir hér í greinargerð frv. Þá er lagt til í 2. gr. að sérstök nefnd, útvarpsnefnd, verði menntmrh. til ráðuneytis um vafaatriði og ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna útsendinga eða starfsemi útvarpsstöðva og mundi útvarpsnefnd fjalla um starfsemi allra útvarpsstöðva og einnig Ríkisútvarpsins.

Í 3. gr. er nánari skilgreining á því hverjum ráðherra getur veitt leyfi til útvarps og hvaða takmörkunum leyfin eru háð. Í gildandi lögum, eins og þau eru, segir að sveitarfélögum og lögaðilum megi veita leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum. Ég tel rétt að taka af tvímæli um að leyfishafa sé heimilt að útvarpa á fleiri en einu svæði eða til landsins alls og er það sjónarmið tekið upp í frv. Ég tel ekki ástæðu til að binda leyfisveitinguna við þrönga skilgreiningu afmarkaðra svæða eins og gert er í gildandi útvarpslögum og gert var af eðlilegum ástæðum á þeim tíma. Það er rétt að taka það fram í þessum kafla messunnar að margt af því sem lagt er til í þessu frv. er auðvitað fyrst og fremst flutt vegna þess að menn eru að aðlaga sig veruleikanum og taka tillit til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að hin nýju útvarpslög voru sett.

Í 1. tölul. 3. gr. er það nýmæli að heimilt er að veita leyfi til að útvarpa til útlanda á öðrum bylgjum en metra- og desimetrabylgjum.

Í 3. tölul. er kveðið sérstaklega á um þýðingarskyldu á erlendu útvarpsefni eins og verið hefur samkvæmt reglugerð um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Ég tel þýðingarmikið að taka eitthvert ákvæði um þýðingarskylduna inn í útvarpslögin. Þá er í þessum tölulið að finna stefnumarkandi ákvæði um talsetningu dagskrárefnis. Ég vil aðeins segja varðandi þessi atriði að núgildandi relgugerð um þýðingarskyldu byggist að sjálfsögðu á gildandi útvarpslögum án þess að þau taki fram að um þýðingarskyldu skuli vera að ræða. Einhverjum kann að finnast að það hafi orkað tvímælis hjá menntmrh. að setja inn í reglugerð slíkt ákvæði sem ekki studdist við bein fyrirmæli laganna. Rökin fyrir reglugerðinni voru hins vegar þau að kveðið er á um það í gildandi útvarpslögum og í þessu frv. að þeim stofnunum sem hafa leyfi til þess að reka útvarp sé skylt að virða í hvívetna meginreglur íslensks máls og á grundvelli þeirra voru sett inn ákvæðin um þýðingarskylduna. Ég tel hins vegar að til þess að ákvæðin um þýðingarskyldu haldi þurfi að vera ákvæði um þau í lögum, að reglugerð sé í raum og veru of tæp í þessu efni. Ég tel það að a.m.k. æskilegt að hv. Alþingi fjalli um það hversu langt menn treysti sér til að ganga varðandi það að ákveða þýðingarskyldu.

6. tölul. 3. gr. svarar til 5. tölul. núgildandi útvarpslaga að öðru leyti en því að nú er einnig skírskotað til jafnréttislaga og höfundalaga auk þess sem þessi grein tekur til allra útvarpsstöðva en ekki aðeins einkastöðva.

Í 9. tölul. sem svarar til 8. tölul. núgildandi laga er tekið upp ákvæðið um að útvarpsleyfi verði ekki framseld.

Ég vil í sambandi við þýðingarskylduna aðeins koma að henni aftur og víkja að því meðan ég man, virðulegi forseti, að í grannlöndum okkar og í Vestur-Evrópulöndum hefur verið fjallað mjög um það hvernig hægt sé að verja þjóðtungur viðkomandi ríkja fyrir erlendum tungum sem flæða til þjóðanna í gegnum fjölmiðlana. Í Frakklandi og Belgíu og Vestur-Þýskalandi reyndar líka hafa verið settar reglur um hámark erlends efnis í útvarps- og sjónvarpsstöðvum ef þær vilja fá endurnýjuð leyfi. Ég hef fyrir nokkrum mánuðum skrifað öllum útvarps- og sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi hér á landi. Í gær var haldinn fundur með fulltrúum þessara stöðva þar sem spurt var: Hver er menningarstefna ykkar? Hvaða stefnu viljið þið hafa í menningarmálum? Ríkisútvarpið og fleiri stöðvar gerðu skilmerkilega grein fyrir þessu í bréfum sem ráðuneytinu bárust og ég tel ástæðu til að þakka hér úr þessum ræðustóli sérstaklega Ríkisútvarpinu fyrir það hvernig það brást við í þessu efni. En í umræðum á milli stöðvanna sem ráðuneytið mun beita sér fyrir á næstu vikum og mánuðum munum við m.a. leggja fyrir þá spurningu

hvort menn hér á landi eru tilbúnir til að sameinast um reglu um hámark erlends efnis eða lágmark innlends efnis í viðkomandi útvarps- og sjónvarpsstöðvum.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um það með hvaða hætti útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna og er greinin efnislega óbreytt frá því sem verið hefur að því frátöldu að ekki er lengur áskilið að gjaldskrár útvarpsstöðva verði lagðar fram til samþykktar. Í frvgr. eru tekin af öll tvímæli um það hvaða grundvallarreglur skuli gilda um styrkveitingu utanaðkomandi aðila til dagskrárgerðar. Hér er komið að svokallaðri kostun. Heimild til styrkveitingar er nú bundin við menningar-, fræðslu- og íþróttaefni og það er áskilið að styrkveitandi greiði allan kostnað við framleiðslu og gerð efnisins. Áréttað er að utanaðkomandi aðilar geti ekki styrkt gerð frétta- og dægurmálaefnis og óheimilt er að kostunaraðilar hafi áhrif á gerð dagskrárefnis. Þetta er eitt af þeim flóknu og viðkvæmu atriðum sem erfitt er að taka á í lagatexta, en það er óhjákvæmilegt að Alþingi komi sér saman um meginlínu í þessu efni.

Í þessari grein er það sett inn sem nýmæli, sem er ekki í gildandi lögum, að allar auglýsingar skuli vera á lýtalausu íslensku máli og gildir það jafnt um söngtexta, talað mál eða ritaðan texta. Þá vil ég sérstaklega vekja athygli á þeirri málsgrein 4. gr. sem gerir ráð fyrir að kveða á um samkomulag Ríkisútvarpsins og útvarpsstöðva um fyrirkomulag stjórnmálaauglýsinga sem miðist við að setja slíkum auglýsingum skorður. Menn geta velt því fyrir sér hvort unnt væri hér á Alþingi að ná samkomulagi um skýrari takmörkunarreglu en gert er ráð fyrir í þessu frv. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því nema síður sé að hv. nefnd leiti að einhverri slíkri reglu. Ég hygg þó að allar takmörkunar- og haftareglur í þessum efnum séu dæmdar til að mistakast ef þær eru ekki gerðar í sæmilegu samstarfi og samvinnu við handhafa útvarps- og sjónvarpsleyfa.

Í 5. málsgr. 4. gr. er nýmæli. Með þeirri málsgr. er leitast við að tryggja stöðu útvarpsstöðva gegn notkun svokallaðra sjóræningjamyndlykla. Og í 29. gr. er heimilað að gera slíka myndlykla upptæka. Það þykir sérstök ástæða og óhjákvæmilegt að setja í lög ákvæði af þessu tagi þar sem notkun ólöglegra myndlykla hefur færst í vöxt hér á landi.

Ég tel ekki ástæðu til að víkja í einstökum atriðum að 5., 6. og 7. gr. en kem næst að 8. gr. sem er í öllum meginatriðum samhljóða 15. gr. núgildandi laga og skýrir sig sjálf. En meiri áhersla er þó lögð hér á gerð innlends efnis og einnig að leitast skuli við að efla skilning á framandi menningarstraumum.

Í 9. gr. frv. segir að stefnt skuli að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í einstökum landshlutum í stað allra kjördæma eins og það er í gildandi lögum.

Þá er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið starfræki kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld sem er mjög mikilvægt ákvæði. Tilraun til þess að koma á fjarkennslu hefur verið í gangi hér á landi með skipulegum og myndarlegum hætti. Sú tilraun hefur til þessa ekki tekist sem skyldi og ég held að óhjákvæmilegt sé, ef á að koma skipulegri fjarkennslu á, að Ríkisútvarpið hafi þar beinar lagaskyldur.

Þá tel ég næst, virðulegi forseti, rétt að víkja að 12. gr. frv. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins. Í þessari lagagrein er skipan hennar og valdsvið skilgreint. Fulltrúi útvarpsráðs á sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétti til að sinna fjármálalegu eftirlitshlutverki útvarpsráðs. Í greininni er gerð um það tillaga að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og ábyrgð. Ég tel að þessi ákvæði um aðild starfsmanna Ríkisútvarpsins að stjórn stofnunarinnar séu mjög mikilvæg.

Þá vil ég víkja að 14. gr. sem ég nefndi fyrr. Þar er sú grundvallarbreyting gerð að útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og deildarstjórar verða allir ráðnir tímabundinni ráðningu en ekki æviráðnir eins og er skv. gildandi lögum.

Þá tel ég sérstaka ástæðu til þess að víkja næst að III. kafla frv. sem fjallar um tekjur útvarpsins. Ég bendi á að Ríkisútvarpið hefur lengst af haft tolltekjur af viðtækjum og ýmsum búnaði sem tilheyrir móttöku útvarpsefnis. Í núgildandi lögum eru ákvæði þar sem segir að Ríkisútvarpið skuli hafa tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Telja verður að ákvæði af þessu tagi hafi verið eðlilegt áður en einkaréttur ríkisins til útvarpsrekstrar var afnuminn. Kaupendur tækja voru þá um leið orðnir viðskiptavinir Ríkisútvarpsins og ekki annarra innlendra aðila. Einnig þótti eðlilegt að notendur greiddu með þessum hætti kostnað af uppbyggingu dreifikerfis í landinu. Nú er hins vegar orðin sú breyting að notendur viðtækja eru einnig viðskiptavinir annarra stöðva. Þá vaknar sú spurning hvort eðlilegt sé að Ríkisútvarpið njóti þessara tekna umfram aðrar útvarpsstöðvar. Hins vegar er ljóst að Ríkisútvarpið er með þeirri till. sem hér liggur fyrir í frv. svipt veigamiklum tekjustofni sem átti m.a. að nota til sérstakra fjárfestinga svo sem dreifikerfis, útvarpshúss og langbylgjustöðvar. Breytingin á lagagreininni frá gildandi lögum felst í því að nú eru Ríkisútvarpinu ætlaðir tveir megintekjustofnar, þ.e. afnotagjald og gjald fyrir auglýsingar. Á móti því að aðflutningsgjöldin eru felld niður er gert ráð fyrir því að létta þeirri kvöð af Ríkisútvarpinu að greiða hluta í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Innheimtudeild Ríkisútvarpsins hefur, eins og kunnugt er, séð um innheimtu útvarpsgjalds. Innheimtuárangur deildarinnar er sambærilegur við það sem gerist hjá ríki og sveitarfélögum yfirleitt. Og í frvgr. er ekki gert ráð fyrir að leggja innheimtudeildina niður en sett inn ákvæði sem heimila stofnuninni og ráðherra að fela innheimtumönnum ríkis og sveitarfélaga verkefnið.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að víkja sérstaklega að 26. og 27. gr. að öðru leyti en því að nú er í greinunum kveðið á um aðild útvarpsnefnd-

ar að samstarfi Ríkisútvarpsins og Póst- og símamálastofnunar um dreifikerfi um landið. Rétt er að bæta því við að þessa dagana er verið að ganga frá skipun samstarfsnefndar Ríkisútvarpsins, Póst- og símamálastofnunar, menntmrn. og samgrn. sem á að gera áætlun um dreifikerfi Ríkisútvarpsins og eflingu þess á komandi árum.

Í 28. gr. er gerð tillaga um að samræma hana 1. gr. varðandi þá heimild menntmrh., skv. 3. málsgr. 1. gr., að undanskilja rekstur loftnetskerfa ákvæðum laganna.

29. gr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum en áréttað er að ef um útvarpsrekstur er að ræða skv. 1. gr. þá feli það m.a. í sér skyldu til þýðingar á erlendu sjónvarpsefni.

30. gr. var áður 17. gr. núgildandi laga og hún tók þá aðeins til Ríkisútvarpsins. Þetta er sú grein sem fjallar um skyldur útvarpsstöðva til að varðveita efni. Hér er lagt til að varðveisluskyldan nái til allra útvarpsstöðva og jafnframt er við það miðað að útvarpsstöðvum sé ekki skylt að varðveita annað efni en það sem hefur menningarlegt gildi og fræðslugildi. Varðveisluskylda er stytt úr 18 mánuðum í 12 til samræmis við málsóknarrétt á grundvelli 32. gr. frv.

Sú breyting er gerð skv. 31. gr. frv. að skilgreining á *ábyrgðaraðilum breytist. Talið er rétt að umsjónarmenn* samsettra þátta séu ábyrgir fyrir þeim innan vissra marka fremur en stjórnandi útsendingar eins og segir í gildandi lögum. Þá er ábyrgð á öðru útsendu efni færð til samræmis við aðrar breytingar frv. Einnig er talið rétt að skýra betur ábyrgð þula sem hafa atvinnu af því að lesa efni annarra.

Efni 33. gr. var áður í 16. gr. gildandi laga og átti þá aðeins við um Ríkisútvarpið. Nú þykir hins vegar nauðsynlegt að veita öðrum stöðvum einnig slíka heimild. Í greininni er heimilað að útvarpsstöðvar veiti upplýsingaþjónustu, TELETEKST, í gegnum tæki og dreifikerfi án þess að um dagskrárgerð eða auglýsingagerð sé að ræða.

Ég hef þá farið yfir meginatriðin í breytingum samkvæmt þessu frv. og sömuleiðis þau grundvallaratriði sem frv. byggir á. Ég vil taka fram að við undirbúning málsins var fjallað um ýmsa aðra þætti sem rétt er að fara nokkrum orðum um.

Í fyrsta lagi, virðulegur forseti, eru afnotagjöldin. Rætt var um það hvernig sé hægt að tryggja betri innheimtu afnotagjalda. Afnotagjöld hafa ekki skilað sér nægilega vel þó þau hafi út af fyrir sig ekki skilað sér verr en ýmis önnur opinber gjöld. Og árangur *innheimtudeildarinnar* hefur oft og tíðum verið góður. En menn ræddu um það hvort hægt væri að finna einhverja aðra leið en afnotagjöldin til að tryggja tekjur Ríkisútvarpsins. Ein leiðin gæti verið sú að leggja á svokallaðan nefskatt vegna Ríkisútvarpsins. Rökin fyrir *honum eru náttúrlega þau að* Ríkisútvarpið hefur lýðræðislegar og menningarlegar skyldur og er líka öryggisstofnun. Rökin á móti nefskatti eru alkunn, þau að ef slíkur skattur er innheimtur þá er hann innheimtur í gegnum hinar almennu stofnanir ríkis og sveitarfélaga og það er auðvitað afar hætt við því að slíkur skattur yrði á þrengingartímum notaður *í eitthvað annað en að halda uppi starfsemi* Ríkisútvarpsins.

Önnur leið sem rædd var er að leggja afnotagjöld á eigendur fasteigna, atvinnutækja, skipa, íbúða. Við ræddum það mjög ítarlega og fengum um það upplýsingar, m.a. frá Fasteignamatinu og fleiri aðilum, að það væri út af fyrir sig framkvæmanlegt. Þó taldi ég eftir mjög vandlega yfirferð og eftir að fram kom að mönnum auðnaðist prýðilega að gera það fyrirkomulag tortryggilegt í umræðum um málið, án þess að hafa kannski sett sig nægilega vel inn í það, skynsamlegt að halda sig við afnotagjaldskerfið og reyna að bæta það. Gerð er tillaga um það í frv. að framvegis verði aðeins innheimt eitt afnotagjald af heimili.

Á árinu 1989 náði innheimtudeildin að innheimta 88,2% af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins sem er í raun og veru mjög gott hlutfall. Á árinu 1988 var þetta hlutfall 86,3% og á árunum frá 1982 hefur þetta hlutfall yfirleitt verið á bilinu 82–88%. Langlægst var hlutfallið 1984 eða 82,6%. Innheimt afnotagjöld á árinu 1989 voru 1 milljarður 46 millj. kr. og útistandandi um síðustu áramót voru 140 millj. kr. Alls voru útistandandi um áramótin 1988–1989 um 210 millj. kr. og hlutfallið árlega var svipað og það sem ég var að rekja 82, 83, 85, 88% eða svo. Ég held með öðrum orðum að það sé í sjálfu sér unnt að halda utan um þetta innheimtukerfi og tryggja þannig megintekjustofn Ríkisútvarpsins. Þess vegna er lagt til að því verði haldið óbreyttu.

Annar þáttur þessa máls sem hefur komið til umræðu og tengist í raun og veru afnotagjöldunum eru afnotagjöld þau sem ríkið hefur greitt fyrir aldraða og öryrkja, einstaklinga sem hafa fulla tekjutryggingu. Hér var um að ræða ákvörðun sem um nokkurt skeið lá á Ríkisútvarpinu og Ríkisútvarpinu var ætlað að standa undir. Með ákvörðun sem Ríkisútvarpið tók í nóvember–desember 1988 var ákveðið að létta þessum kostnaði af Ríkisútvarpinu og verður hann framvegis borinn af Tryggingastofnun og ríkissjóði beint, enda er eðlilegt að svo verði.

Ég vil þá víkja einnig að öðru máli, virðulegi forseti, sem þarfnast frekari umfjöllunar. Það eru málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Samkvæmt núgildandi útvarpslögum er það þannig að Ríkisútvarpið á að bera tiltekinn hluta af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar og þessi hluti hefur verið borinn uppi af hluta útvarpsins í Menningarsjóði útvarpsstöðva. Þetta kerfi hefur reynst flókið og erfitt fyrir Ríkisútvarpið, fyrir Menningarsjóðinn og fyrir Sinfóníuhljómveitina. Hér er gert ráð fyrir því að strika þetta kerfi alveg út. En með þessu móti er ég, virðulegi forseti, ekki að leggja til að tengsl Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins verði rofin. Ég held að þau eigi ekki að rjúfa. Ég held að það fyrirkomulag sem verið hefur eigi að halda áfram, t.d. að Ríkisútvarpið eigi mann í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands eins og er nú samkvæmt gildandi lögum um Sinfóníuhljómsveitina. Þess vegna sýnist *mér í sjálfu sér ekki mikil þörf á því að gera verulegar*

breytingar á lögunum um Sinfóníuhljómsveitina, en það er óhjákvæmilegt að hv. menntmn. fjalli einnig sérstaklega um það mál þegar það kemur til meðferðar í hv. nefnd.

Við undirbúning þessa máls velti ég því talsvert fyrir mér hvort rétt væri að leggja útvarpsráð niður í núverandi mynd. Ég taldi að rök væru fyrir því að leggja útvarpsráð niður, rök væru fyrir því að flokkarnir væru ekki með fingurna í daglegum rekstri Ríkisútvarpsins. Og ég er sannfærður um að það mun verða svo áður en langur tími líður að menn sjá að slík aðild stjórnmálaflokka að yfirstjórn Ríkisútvarpsins getur m.a. þrengt samkeppnissvigrúm Ríkisútvarpsins. Það er auðvitað eðlilegur hlutur að hugmyndir af þessu tagi séu ekki samþykktar athugunarlaust. Það er eðlilegt að menn telji að skoða þurfi málið betur í ljósi reynslunnar. Og það er eðlilegt að menn leggi á þetta áherslu núna sérstaklega þegar við höfum búið við ný útvarpslög um nokkurt skeið og höfum verið að aðlaga okkur að nýjum veruleika í útvarpsmálum. Þess vegna höfum við tekið þá ákvörðun að halda okkur við útvarpsráð eins og það hefur verið að öðru leyti en því að lögð er megináhersla á að útvarpsráð hafi fjármálalega og rekstrarlega ábyrgð en ekki dagskrárábyrgð, takmarkaðri dagskrárábyrgð en verið hefur. Þetta tel ég að skipti í raun ákaflega miklu máli.

Annað atriði sem ég ætlaði að nefna úr umræðu undanfarinna mánaða snertir starfsmenn Ríkisútvarpsins. Ég tel í rauninni mjög mikilvægt að þeir geti haft áhrif á rekstur stofnunarinnar frá degi til dags. Ég er ekki að segja að þjóðin eigi að gefa þeim Ríkisútvarpið. Ég er að segja að eðlilegra sé að þeir eigi möguleika á að hafa þarna áhrif en ýmsir aðrir. Og þegar um það hefur verið tekin ákvörðun að yfirmenn stofnunarinnar séu aðeins ráðnir til fimm ára í senn en ekki æviráðnir eins og verið hefur, þá er alveg augljóst að sköpuð hefur verið forsenda fyrir sveigjanleika í starfsemi Ríkisútvarpsins sem á að koma í veg fyrir að stofnunin verði einokuð af mönnum sem eru ráðnir þar til starfa að eilífu amen og aldrei er hægt að hrófla við. Ég held þess vegna að það að starfsmennirnir geti komið þarna við sögu sé af hinu góða og þess vegna er hér lagt til að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi áheyrnarrétt í framkvæmdastjórninni og eigi þar aðild, eins og fram kemur í 12. gr. frv.

Einnig geta menn auðvitað velt því fyrir sér, virðulegi forseti, hvort stofnun af þessu tagi eigi að fá allt annan lagagrunn en hér er gerð tillaga um. Í grannlöndum okkar hefur mótast hefð sem byggð er á áratuga gömlum lögum um sjálfseignarstofnanir. Hér á landi er ekki til nein heildarlöggjöf um sjálfseignarstofnanir þó unnið hafi verið að henni að ég hygg um nokkurra ára skeið. Það er mjög mikilvægt að taka fram í þessu sambandi, vegna þess að auðvitað gæti mönnum dottið í hug að Ríkisútvarpið yrði sjálfseignarstofnun, stofnun sem væri sjálfstæð, til þess einmitt að geta keppt að því að henni verði varpað út í hringiðu markaðarins um leið og hún hefur skyldur gagnvart þjóðinni almennt eins og ég sagði, bæði menningarlegar og félagslegar og að því er varðar öryggið. Ég hef kynnt mér það nokkuð rækilega að fyrir 2–3 árum voru sett lög í Noregi sem gerðu ráð fyrir því að norska ríkisútvarpið væri sjálfseignarstofnun. Þau lög hafa í raun og veru gefist vel. Það er mjög athyglisvert að sjá hvernig menn hafa þróað hlutina þar á undanförnum árum og mjög fróðlegt að fylgjast með því.

Þegar lögin um útvarp voru sett á Alþingi fyrir nokkrum árum urðu um þau mjög harðar deilur. Þær deilur stöfuðu í grundvallaratriðum ekki af því að menn teldu að viðhalda ætti einkarétti Ríkisútvarpsins á öldum ljósvakans. Ég tel að í grundvallaratriðum hafi ekki verið um það deilt að það hlaut að fara svo að þessum einkarétti yrði aflétt, fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum. Auðvitað voru margir þeirrar skoðunar að þetta hefði átt að gerast fyrir löngu, m.a. af ýmsum öðrum hugmyndafræðilegum ástæðum, hugsjónalegum ástæðum eða jafnvel efnahagslegum ástæðum. En það var alveg ljóst að þegar útvarpslögin voru sett á sínum tíma hafði tæknin sjálf kallað þann tíma í garð að það var alger fjarstæða að gera tilraun til þess að halda þessum rétti hjá ríkinu einu, alger fjarstæða. Og auðvitað liggur það mál eins í dag. Það er alger fjarstæða að tala um neitt slíkt. Það er líka nauðsynlegt að leggja á það áherslu að þessi tími, varðandi sviptingar í fjölmiðlaheimi, er ekki liðinn. Það gerast stórkostlegar breytingar í þessum efnum á hverjum einasta degi. Þess vegna þarf löggjöf um þessi mál að vera sveigjanleg þannig að hún verði ekki óðara að steintröllí einhvers staðar langt á eftir veruleikanum sem geti í raun og veru ekki tekist á við aðstæðurnar eins og þær breytast á hverjum tíma.

Ég á ekki von á því, virðulegi forseti, að við þessar umræður hér á hv. Alþingi hefjist deilur um það hvort ríkið eigi að hafa þetta á sinni könnu eitt eða ekki. Ég geri fyrst og fremst ráð fyrir því að menn muni velta því fyrir sér hvernig sé hægt að búa útvarpslög þannig úr garði að þau þjóni hinum sameiginlegu, almennu menningarmarkmiðum Íslendinga. Ég hygg að um það séu allir sammála að þar hefur Ríkisútvarpið meginskyldur, bæði að því er varðar útvarp og sjónvarp. Það er brýnasta skylda Ríkisútvarpsins að hjálpa til við það að treysta undirstöður íslenskrar menningar. Það er meginatriði og þær takmarkanir sem við kunnum að setja í útvarpslög byggjast á því meginatriði og í rauninni ekki öðru. Ég hygg þess vegna að að því er grunnhugmyndafræði varðar sé víðtæk samstaða um þessi mál á Alþingi núna og ég vænti þess að okkur auðnist að eiga málefnalega umræðu um þetta frv. hér á hv. Alþingi þannig að það takist að ljúka því með eðlilegum hætti núna á þessu þingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Já, það er rétt sem hæstv. menntmrh. sagði. Það urðu hér langar, harðar og heitar umræður þegar útvarpslög voru rædd og sett á þinginu 1984. Síðan eru liðin sex ár og margt hefur breyst. Þá voru aðstæður aðrar en nú en málið er í reynd jafnmikilvægt í dag, ekki síst vegna þeirrar öru tækniþróunar sem ráðherra vitnaði til áðan og henni fleygir stöðugt fram.

Í þeim umræðum voru margir uggandi um hag Ríkisútvarpsins, m.a. kvennalistakonur. Þeim blandaðist ekki hugur og blandast ekki hugur enn um þýðingu fjölmiðla í nútímasamfélagi. Almennur þekkingarforði ræðst sífellt meira af starfsemi fjölmiðla og þeir gegna æ stærra hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almennings. Auk þess eru fjölmiðlar mikilvægur miðill menningar, listsköpunar og afþreyingar. Fjölmiðlar eru því áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Einhver fjölmiðlamaður gat þess að sjónvarp ætti að endurspegla þjóðfélagið og var þá að útskýra og verja fréttastefnu. En það er óhjákvæmilegt að sjónvarp og reyndar aðrir fjölmiðlar hafi jafnframt áhrif til breytinga, stöðug áhrif til breytinga á það þjóðfélag sem þeir endurspegla. Það er því afar mikilvægt fyrir alla þá, reyndar fyrir alla í þjóðfélaginu en ekki síst fyrir þá sem leita réttar síns í samfélaginu að láta sig varða síka áhrifavalda. Rödd kvenna hefur verið og er því miður enn of veik í samfélaginu og heyrist allt of lítið og sjaldan í fjölmiðlum, eins og reyndar hefur komið fram á eftirminnilegan hátt í nýlegum könnunum. Enda finna það reyndar allir glöggt sem hafa athyglina vakandi. Í þeim efnum endurspegla fjölmiðlar svo sannarlega veruleikann, en þeir viðhalda honum og þeir breyta honum jafnframt í senn.

Kvennalistakonum er málið bæði skylt og kært og því lögðum við fram frv. til útvarpslaga á árinu 1984 sem einnig var rætt í þeirri miklu umræðu sem þá fór fram um breytingar á útvarpslögum. Það fjallaði fyrst og fremst um Ríkisútvarpið og varðveislu þess einkaréttar sem það hafði en var byggt í grundvallaratriðum á valddreifingu, en hún er grundvallaratriði í stefnu og vinnubrögðum Kvennalistans. Ríkisútvarpið er og hefur verið eitt öflugasta menningartæki okkar Íslendinga og hefur lögum samkvæmt miklar menningarlegar skyldur. Menningar- og fjölmiðlastefna Íslendinga hlýtur að byggja á lýðræðislegum grunni.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um frelsi og lýðræði í útvarpsmálum. Því hefur verið haldið fram að frelsi fælist í ótakmarkaðri uppsetningu útvarpsstöðva og ótakmarkaðri móttöku útvarps- og sjónvarpsefnis. En frelsi sem aðeins kveður á um réttindi en ekki skyldur, sem helgar rétt hins sterkari án þess að gæta réttar þess sem minna má sín, er frelsi án ábyrgðar og samræmist vart raunverulegu lýðræði.

Útvarps- og sjónvarpsrekstur er fjárfrekt fyrirtæki. Aðeins þeir sem fjármagn hafa eiga þess kost að setja á stofn og reka útvarpsstöðvar. Lýðræði fjármagnsins er ekki það lýðræði sem stjórnarskráin kveður á um og stuðlar ekki að tjáningarfrelsi allra einstaklinga. Og reyndin af því frelsi sem við fengum með setningu útvarpslaganna síðustu hefur á vissan hátt orðið sú að frelsið hefur fært okkur meira af því sama fremur en þá fjölbreytni sem menn trúðu á og boðuð var. Þó má ekki halda því fram of einstrengingslega því að fjölbreytni hefur vissulega fært okkur samkeppni sem hefur orðið Ríkisútvarpinu að ýmsu leyti til góðs. Og það má segja að þrátt fyrir mikla samkeppni þá hafi Ríkisútvarpið dafnað vel, staðið sig vel og það nýtur hylli landsmanna, ef dæma má nokkuð þær kannanir sem gerðar hafa verið á því á hvað fólk horfir og hlustar.

Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um breytingu á núgildandi útvarpslögum. Í athugasemdum við frv. er rakin tilurð þess og hef ég í raun engu við það að bæta en hefði gjarnan viljað spyrja hverjir það voru sem fjölluðu um frv. af hálfu stjórnarflokkanna sl. sumar þegar önnur nefndin sem sett hafði verið til verka hafði lokið störfum. En hún hafði reyndar fengið mjög skamman tíma til þeirra verka og lá mikið á að skila þeirri vinnu sem þar var unnin. Það væri fróðlegt að vita hverjir hefðu fjallað um frumvarpsdrögin því í samlestri á þeim tillögum sem nefndin skilaði og því frv. sem hér liggur má greinilega sjá að ýmsar breytingar hafa orðið.

Hæstv. ráðherra rakti helstu nýmæli frv. og vissulega eru þar nýmæli sem ber að taka undir og lofa. Það er til mikilla bóta allt sem þar stendur um átak til að varðveita íslenska tungu og íslenska menningu. Þá vil ég sérstaklega minnast á þýðingarskylduna. Ég vil líka minnast á efni ætlað börnum og ungmennum, að það verði talsett. Og einnig í sambandi við auglýsingarnar, að þær séu á lýtalausu íslensku máli. Allt er þetta til bóta og mætti jafnvel kveða fastara að, þó að ég sé ekki að gagnrýna það sem hér stendur, langt frá því.

Síðan er ýmislegt annað í þessum nýmælum sem vekur upp spurningar og þá ekki síst hvað varðar rekstrargrundvöll Ríkisútvarpsins. En ég mun víkja nánar að því síðar. Hæstv. ráðherra gaf okkur upplýsingar um innheimtu afnotagjaldanna en í þessu frv. og athugasemdum eða skýringum við einstakar greinar þess er ekki að finna neinar tölur sem gefa til kynna hvort þeir liðir sem teknir eru frá rekstri Ríkisútvarpsins og þeir liðir, sem eiga að styðja við reksturinn eða standa undir honum, standist á fjárhagslega. Þetta eru tölur sem nefndin þarf vissulega að fara ítarlega og vel ofan í við vinnslu málsins. Ég lýsi því hér með yfir að ég er mjög uggandi um þennan rekstrargrundvöll. Ég hef sjálf og aðrir fulltrúar Kvennalistans haft frammi hér við umræður um lánsfjárlög langar og miklar ræður til þess að tryggja það að aðflutningsgjöldin sem verið hafa einn af megintekjustofnum Ríkisútvarpsins verði ekki tekin og látin renna í ríkisstjóð. Það hefur hæstv. menntmrh. gert líka meðan hann var óbreyttur þingmaður, ef svo mætti að orði komast, og ég hlýt að

efast um það að hann hafi skipt svo rækilega um skoðun að honum standi á sama og hann gæti ekki hagsmuna Ríkisútvarpsins þegar hann leggur fram frv. um breytingu á lögum sem það varða. (**Gripið fram í:** Þú átt að segja háttvirtur þingmaður, ekki óbreyttur þingmaður.) Háttvirtur þingmaður.

En ég vil þá víkja nánar að ýmsum atriðum þessa frv. Það hefur ekki gefist mjög langur tími til að kynna sér þetta mál og það er ekki síst vegna þess að nú dynur yfir okkur hvert stóra, viðamikla málið á fætur öðru sem okkur ber að kynna okkur og ræða um í deildinni og í sameinuðu þingi. Þar eru skýrslur sem koma hver af annarri inn á þingið. Ég hlýt að minnast á það hér í þessari umræðu að þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar. Þau eru satt að segja vítaverð. Nú í annað sinn berst okkur skýrsla umboðsmanns Alþingis. Hún er lögð fram á þinginu, að ég hygg í gær, það á að ræða hana á fimmtudaginn. Með öllum öðrum málum sem hér hafa komið inn síðustu daga, reyndar rétt fyrir helgina, er þetta nær ógerningur þó maður leggi nótt við dag. Og þetta eru vel unnin verk, mörg þeirra, þau eru sannarlega mikilvæg og okkur ber skylda til og við berum ábyrgð á því að kynna okkur þau vel til að geta flutt mál okkar af einhverju viti. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu því að það nær til fleiri mála heldur en þessa sem er auðvitað mjög, mjög mikilvægt mál.

Ég vil nú ræða lítillega ýmis atriði sem minnst er á í greinum frv. Ég mun ekki gera það tæmandi eða mjög ítarlega en þó get ég ekki látið hjá líða að nefna það sem helst rekur í augun og mér finnst umræðuvert.

Það er þá í 1. gr. að ég vil lýsa yfir nokkrum áhyggjum vegna kapalkerfanna. Hér er skilgreint að útvarp sé í raun ekki t.d. kapalkerfi í stórri blokk. Það verði að vera samband eða samtenging á milli lóða til þess að um útvarp geti verið að ræða. Nú höfum við einmitt rætt nýlega hér á þinginu og utan þings um það sem getur borist að augum og eyrum, jafnt fullorðinna sem barna í kapalkerfum, m.a. klám. Og mér liggur á að fá að vita hvernig á að hafa eftirlit með því sem þannig er sýnt. Ná engin lög yfir slíkt? Eru það fjarskiptalögin og ná þau þá jafnframt til innihalds og efnis þess sem er sýnt? Og hverjum ber að hafa eftirlit með því?

Líka vil ég vekja athygli á því að í gervihnattasjónvarpi t.d. — ég hef nú ekki séð slíkt sjónvarp en mér hefur verið sagt frá því — eru auglýsingar á áfengi, tóbaki og ýmislegt efni sem nauðsynlegt er auðvitað að íslensk lög nái til ef þetta kemur inn í íslenska landhelgi eða yfirráðasvæði. Ég vildi bera fram fsp. um það. Síðan er hérna smáatriði í síðustu línu 1. gr., getur ekki verið að hér eigi að vitna í 1. tölul. 29. gr.? Ég sá ekki efnislegt samhengi auk þess sem ég fann nú reyndar engan tölulið í hvorugri greininni en efnislega fann ég helst eitthvað sem svaraði til 29. gr. en ekki 19. gr. En þetta er nú smáatriði.

Þá vík ég að 2. grein. Þar er fjallað um að fella niður útvarpsréttarnefnd en í stað hennar komi útvarpsnefnd og hún eigi að gegna málskots- eða áfrýjunarhlutverki útvarpsréttarnefndar. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvert skilgreint hlutverk útvarpsnefndar er í raun. Í 2. gr. stendur að hún eigi að vera menntmrn. til ráðuneytis um vafaatriði og ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna starfsemi útvarpsstöðva, þar með talið Ríkisútvarpsins. Ber ráðherra að fara eftir úrskurði hennar? Það er fyrsta spurning. Síðan er vitnað til 4. tölul. 3. gr., en þar stendur að nefndin skuli fella úrskurð um kæruefni sem koma fram vegna atriða í dagskrám útvarpa og segir þar að sá úrskurður sé bindandi fyrir málsaðila. Þýðir það sum sé að útvarpsnefnd sé lokastöð fyrir úrskurð í málinu þannig að ráðherra kemur ekki nærri þó hún sé jafnframt ráðherra til ráðuneytis? Þá er annað: Getur þessi útvarpsnefnd haft frumkvæði? Er hún einungis aðili sem bíður eftir að kærur séu lagðar fram eða getur hún sjálf haft frumkvæði að því að kæra eða á hún eða ber henni að hafa eftirlit með efni? Getur hún tekið frumkvæði? Það mætti líka spyrja: Hvers vegna bara þrír menn? En það er mál sem auðvitað þarf að ræða nánar í nefndinni.

Það má kannski segja að í þessu frv. öllu séu afskipti, og jafnvel mætti segja vald, menntmrh. aukið. Í skýringu við 2. gr. stendur, með leyfi forseta: „Það þykir til einföldunar á framkvæmd laganna að menntmrh. taki við hlutverki útvarpsréttarnefndar varðandi leyfisveitingar“ og er byggt á forsendum sem hæstv. ráðherra skýrði. Það er auðvitað einfaldast að sem fæstir ráði, en mér er spurn í sambandi við þetta hlutverk menntmrh. fyrst ég vék að því núna, það kemur reyndar fram síðar í 3. gr. að leyfið verði veitt viðstöðulaust: Hverjum ber að kanna hvort útvarpsstöð eða þeir sem sækja um leyfi til útvarps uppfylli sett skilyrði? Ekki er það sjálfur menntmrh. sem gerir það væntanlega. Krefst slíkt ekki einhverrar vinnu? Ég spyr. (Gripið fram í.) Já, þetta er bara spurning sem ég varpa fram.

Síðan er það varðandi 3. gr. Ég held að það sé til mikilla bóta, eins og stendur þar í 3. tölul., að talsetja eigi efni og þá sérstaklega dagskrárefni sem ætlað er börnum og ungmennum. Við ræddum þetta einmitt í umræðu um skýrslu málræktarátaksins hér á dögunum. Það er líka umhugsunarefni sem hæstv. ráðherra vék að í umræðunni, það sem gerist meðal annarra þjóða. Þar er gengið lengra. Þar er ekki bara talsett efni sérstaklega handa þeim sem eru að læra málið, börnum og ungmennum, heldur fullorðnu fólki líka og víða er það þannig að langflest erlent efni er talsett.

Þá er það varðandi 6. tölul. 3. gr. Ég held að það sé til bóta að hafa hann þarna. Ég tek undir það sem þar er sagt, en vil jafnframt víkja að því síðar þegar ég tala um 8. gr. að það þurfi e.t.v. að kveða fastar að orði um jafnrétti kynjanna og það eigi að koma sérstaklega inn í 8. gr., sem varðar beinar skyldur Ríkisútvarpsins.

Í sambandi við 7. tölul. er talað um að tilkynna beri menntmrh. hver sé útvarpsstjóri. Mér finnst þetta ástæðulaust. Þarna er verið að ákveða stjórnunarform útvarpsstöðva fyrir fram. Það getur verið að

einhver allt annar ábyrgðaraðili sé fyrir útvarpsstöðina, líkt og ég hygg að geti verið með blöð, að ritstjórar séu ekki ævinlega ábyrgðarmenn. Einhverjir ábyrgðarmenn eða ábyrgðarmaður verður að vera og það verður að vera skýrt hver það er, en það þarf ekki endilega að vera útvarpsstjóri. Enda getur stjórn útvarpsstöðvarinnar verið með ýmsum hætti.

Síðan vil ég víkja að 4. gr. og þá er það sérstaklega það sem varðar birtingu stjórnmálaauglýsinga síðasta mánuðinn fyrir kosningar. Nýlega hafa verið gerðar breytingar á reglum Ríkisútvarpsins um auglýsingar með tilliti til þeirra kosninga sem nú fara í hönd. Á fundi útvarpsráðs þegar þetta var rætt kom í ljós, og kom reyndar í ljós í bréfi útvarpsstjóra til útvarpsráðs, að Ríkisútvarpið hefur nú þegar sett sér ákveðnar reglur um auglýsingar. Einnig hygg ég að menntmrn. hafi sett ákveðnar reglur um auglýsingar í útvarpi. Eftir því sem ég best fæ séð, og mig langar að vitna, með leyfi hæstv. forseta, þá hljóða þær svo:

„Gæta skal þess stranglega" — og nú vitna ég einungis til þess hluta sem á við stjórnmálasamtök — „að auglýsingar frá stjórnmálaflokkum, stjórnmálafélögum eða öðrum skoðanamyndandi samtökum eða auglýsingar í þágu slíkra samtaka séu með öllu lausar við áróður eða árásir. Slíkar auglýsingar mega vera:

1. Um fund eða aðrar samkomur og má þar nefna fundarstað og tíma, ræðumenn og fundarefni.

2. Um skrifstofur, heiti skrifstofustaða og símanúmer og leiðbeiningar til kjósenda um kosningu, t.d. utan kjörstaðar.

3. Auglýsingar um efni blaða og tímarita, bæklinga og bóka skulu vera með öllu lausar við áróður og árásir."

Þessu var breytt og kom þá fram bókun frá fulltrúa Kvennalistans Magdalenu Schram, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Bríeti Héðinsdóttur sem ég ætla að fá að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, vegna þess að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál og ég vil að þessar skoðanir komi fram. Þær segja eftirfarandi í sinni bókun:

„Við teljum núgildandi reglur Ríkisútvarpsins um flutning auglýsinga frá stjórnmálaflokkunum fullnægjandi, enda eru þær í samræmi við lög um útvarp og Ríkisútvarp og reglugerð um auglýsingar í útvarpi. Í okkar hugum ræður það úrslitum að í lögum um Ríkisútvarpið og útvarp, 3. liður, 3. gr. og 15. gr. er kveðið á um að haldnar séu í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim skilyrðum laganna teljum við ekki fullnægt með því að leyfa stjórnmálasamtökum að viðra stefnu sína og skoðanir í þar til keyptum auglýsingum. Þvert á móti teljum við slíkt brjóta lýðræðislegar grundvallarreglur. Möguleikar stjórnmálasamtaka á því að kynna stefnumál sín eiga ekki að vera háðir fjárreiðum þeirra. Tjáningarfrelsi á ekki að vera söluvarningur. Ríkisútvarpinu er ætlað að vera trygging þess frelsis. Jafnframt því sem við greiðum atkvæði gegn tillögum fram komnum um breytingar á núgildandi reglum Ríkisútvarpsins um auglýsingar stjórnmálasamtaka skorum við á útvarpsstjóra að beita sér fyrir því að leitað verði álits viðeigandi aðila á því hvort aðrar útvarpsstöðvar gerist ekki brotlegar við lögin með því að selja stjórnmálasamtökum auglýsingatíma á þann hátt sem gert var fyrir síðustu alþingiskosningar. Virðist ekki síst vanþörf á að fá t.d. úr því skorið hvað löggjafarvaldið á við með hugtakinu lýðræðislegar grundvallarreglur. Vegna orðaskipta hér um eðli auglýsinga á ýmsum varningi annars vegar og auglýsinga stjórnmálastefna hins vegar óskum við jafnframt að bókuð verði sú skoðun okkar að stjórnmálastefnur eru ekki neysluvarningur og því út í hött að leggja þetta tvennt að jöfnu."

Ég tek undir þessa bókun og efni hennar. Mér finnst nauðsynlegt að ákveðnar reglur gildi um það hvernig eigi að standa að stjórnmálaauglýsingum í útvarpi, ekki síst síðasta mánuðinn fyrir kosningar. Nýgerðar breytingar koma til vegna þess að auglýsingar voru ekki í Ríkisútvarpinu fyrir síðustu kosningar á sama hátt og þær voru í sjónvarpinu (RÚV) og á Stöð 2, ef ég man rétt. Þess vegna finnst mér ekki vera heppilegt, eins og stendur hér í 4. gr., með leyfi forseta: „Útvarpsstöðvar skulu eigi síðar en einum mánuði fyrir hverjar almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna og til forsetakosninga koma sér saman um reglur til að takmarka stjórnmálaauglýsingar. Nái handhafar útvarpsleyfa og Ríkisútvarpið ekki samkomulagi samkvæmt þessari grein skal menntmrn. að höfðu samráði við útvarpsnefnd setja reglur er gildi um birtingu stjórnmálaauglýsinga síðasta mánuðinn fyrir kosningar." Einmitt vegna þess að þetta er tekjulind fyrir fjölmiðlana, að fá auglýsingar, jafnt frá stjórnmálaflokkum sem öðrum og stjórnmálaflokkar vilja auglýsa fyrir kosningar, jafnvel upp á krít sumir, þá finnst mér nauðsynlegt að reglurnar séu nú þegar fyrir hendi en menn komi sér ekki saman um, jafnvel eftir hagsmunum pyngjunnar, hvernig eigi að standa að því að takmarka. Þá getur takmörkunin orðið eitthvað allt annað en takmörkun í reynd. Og þá getur hinn fjársterki brotið hinar svokölluðu lýðræðislegu grundvallarreglur sem tilvist Ríkisútvarpsins og annarra útvarpa ættu að byggjast á.

Síðan er vikið að því sem kallað hefur verið því ljóta orði kostun, sem ég felli mig illa við. Það varðar á hvern hátt staðið er að því að styrkja gerð einstakra dagskrárliða á sviði menningar, fræðslu og íþrótta og þarf auðvitað að skilgreina það nokkuð vel. Ég vil t.d. spyrja, því að ég veit það ekki, hvað er dægurmálaefni? Það stendur að með öllu sé óheimilt að leita styrkja frá utanaðkomandi aðilum vegna gerðar frétta og dægurmálaefnis. Og ef ég les rétt hér, þá stendur ekki í sjálfri lagagreininni að þessir svokölluðu kostunaraðilar megi ekki hafa áhrif á gerð dagskrárefnis. Það stendur bara í skýringunum með greininni. Og leiðrétti mig einhver ef ég hef ekki rétt fyrir mér. Í skýringunum stendur, með leyfi forseta:

„Áréttað er að utanaðkomandi aðilar geti ekki styrkt gerð frétta- eða dægurmálaefnis. Óheimilt er að kostunaraðilar hafi áhrif á gerð dagskrárefnis."

Þetta er auðvitað meginatriðið og er í raun efni sem margir fjölmiðlamenn hafa fjallað ítarlega um á undanförnum árum, sérstaklega síðustu missirin. Ég tel að það þurfi að vera góð skilgreining á því og ég tel rétt að þetta komi fram í lagagreininni sjálfri.

Þá vík ég að 8. gr. sérstaklega sem fjallar um Ríkisútvarpið. Og eins og ég sagði áður tek ég undir áhersluna á innlenda efnið, enda hefur sýnt sig að það er það sem flestir landsmenn horfa og hlusta mest á og er auðvitað drjúgast til að viðhalda þeirri menningu sem við væntanlega öll viljum halda í. Ég vil leggja áherslu á að inn í þessa grein komi skýrari ákvæði um minnihlutahópa og um jafnrétti, jafnrétti í efnisvali, í starfsmannahaldi og jafnrétti milli kynjanna. Síðan vek ég athygli á því sem er orðalagsbreyting. Það mætti ef til vill hnika til orðum í setningunni þar sem stendur: „Ríkisútvarpið skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda, trúarbragða, sögu og tónlistar." Þó að skemmtunin sé nauðsynleg hefði ég kannski frekar sett listir, bókmenntir, vísindi, trúarbrögð, sögu og tónlist á undan, þó að hitt beri auðvitað ekki að lasta. Þetta er áherslumunur.

Varðandi útvarpsráð þá er vikið að því lítillega í 9. gr. En síðan er í sömu grein vikið að kennsluútvarpi í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal til þess veitt fé á fjárlögum.

Nú hefur fræðsluvarp nýlega verið lagt af og ætla ég reyndar að bera sérstaka fyrirspurn fram um það til hæstv. menntmrh. því þar er um að ræða mjög mikilvægt mál og er miður að það skuli hafa lagst af. Hér er stefnuyfirlýsing í þeim efnum en hún nær auðvitað skammt ef ekki er veitt fé til verkanna. Tíminn líður, hæstv. forseti, og ég ætla að reyna að stytta mál mitt en vil þó ekki þurfa að gera það um of í þessu mikilvæga máli.

Í næstu greinum er fjallað sérstaklega um það stjórnunarform sem vera á í stofnuninni. Þegar Kvennalistinn lagði sitt frv. fram var lögð megináhersla á valddreifingu. Í því frv. sem við lögðum fram reyndum við með valddreifingarhugsjónina að leiðarljósi að gefa starfsmönnum Ríkisútvarpsins meira vægi, höfða til ábyrgðar þeirra og metnaðar í starfi og sniðum stjórnunarform stofnunarinnar eftir því. Við lögðum til í tillögum okkar að útvarpsráð yrði lagt af, það væri óheppilegt að pólitískir aðilar sinntu því hlutverki. Slíkt var ekki verið gert í núgildandi lögum og heldur ekki í þessu frv. og er sjálfsagt að endurskoða okkar hugmyndir eins og allra annarra í þeim efnum. En varðandi stjórnunarformið, þá er mjög mikilvægt að það sé sem lýðræðislegast, að starfsmennirnir komi þar að og ákvarðanataka sé eins opinská og nokkur kostur er. Í 13. gr. er vikið að því að útvarpsstjóri annist almennan rekstur, mannaráðningar og stjórn Ríkisútvarpsins. Ég tek sem dæmi, hvers vegna geta ekki viðkomandi deildir staðið að mannaráðningum fyrir sitt starfslið eða til þeirra starfa sem eru í umsjá þeirra? Mér finnst útvarpsstjóri gerður mjög mikilvirkur og ráða miklu með þessum hætti. Án þess að ég efist um hæfni hans til þess að geta ráðið menn til starfa, þá er réttara að hver deild sinni því í raun.

Ég tek undir það sem kemur fram í 14. gr. (Gripið fram í.) Ég er ekki að reyna að tefja málið, hv. 14. þm. Reykv., ég er að reyna að flýta mér. Ég tek undir það sem kemur fram í 14. gr. þar sem er stigið skref til tímabundinna ráðninga. Ég held að það sé í takt við þá þróun sem hefur verið í þjóðfélaginu og svari þeim kröfum sem eru gerðar nú á dögum.

Varðandi skipun útvarpsráðs dreg ég í efa að það eigi að vera skipað á þennan hátt. Ég mundi vilja ræða það nánar í nefndinni hvort þessi skipun ætti yfirleitt að vera á þann hátt sem hér er lagt til, en ég dreg í efa að það sé réttlátt að hafa þarna hlutfallskosningu stjórnmálaflokkanna á þingi. Það væri miklu nær að þarna ættu þá aðild öll þau viðhorf sem koma fram í stjórnmálum á Alþingi, þau ættu öll þar fulltrúa ef menn vilja fara þessa leið.

Varðandi fjármál Ríkisútvarpsins lýsi ég enn og aftur miklum áhyggjum yfir því að þarna er verið að svipta Ríkisútvarpið verulega mikilvægum tekjustofni án þess að í staðinn komi nægilegt fé til að tryggja rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Ég legg megináherslu á að farið verði tölulega í þetta eins vel og kostur gefst til þess að búa þannig um hnútana að Ríkisútvarpið geti í raun staðið undir þeim rekstri sem við förum fram á að það sinni í þeim lögum sem um það gilda og þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Ég vil þá víkja að V. kaflanum þar sem fjallað er um ábyrgð á útvarpsefni. Þar er talað um varðveislu útvarpsefnis og þó að ég sé nú þeirrar gerðar að mér hætti til að vilja varðveita allt og jafnvel fleira en góðu hófi gegnir, að því er mörgum þykir, þá vil ég leggja ríka áherslu á að það verði nánar skilgreint, og jafnvel fleiri aðilar komi þar að að ákveða hvað á að varðveita til framtíðar en hér er gert ráð fyrir. Í 30. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri ákveður í samráði við þjóðskjalavörð."

Þessir tveir aðilar eru allra góðra gjalda verðir. En ég efast um að þeir hafi víðsýni til að meta allt það fjölbreytilega efni sem nauðsyn er að geyma til framtíðar. Mig langar að nefna tvö dæmi sem ég veit um og þau eru eflaust miklu fleiri:

Erlendir fjölmiðlamenn hafa mikið sóst eftir að fá efni frá kvennafrídeginum einstaka árið 1975. Hann er reyndar ekki alveg einstakur því að hann var endurtekinn árið 1985. En því miður er nánast ekkert efni til, því hefur öllu verið hent, bæði hjá blaðaljósmyndurum og líka hjá sjónvarpi. Það er hverfandi lítið myndefni til nema í fórum einstaklinga sem voru á ferli þennan dag og er það mjög miður. Síðan veit ég til þess að miklu efni hefur verið hent af viðtölum við Halldór Kiljan Laxness og fleiri skáld og fræðimenn og konur sem hefði verið mikill akkur í að eiga til framtíðar. Ég legg því ríka áherslu á að þarna komi fleiri aðilar að til að tryggja að það sem getur reynst mikilvægt í framtíðinni, þó að slíkt sé erfitt að meta, það verði varðveitt.

Það eru ýmis önnur atriði sem ég hefði kosið að ræða hér en ég ætla ekki að tefja tímann lengur. Ég vona að frv. fái ítarlega umfjöllun í nefndinni. Þarna er margt sem má nýta til að bæta þau lög sem fyrir eru en það varðar geysilega miklu að þetta verk sé vel unnið og vel að því staðið. Svo mikilvæg mál er um að ræða, svo miklir áhrifavaldar í daglegu lífi allra landsmanna eru fjölmiðlarnir og útvarpið þá sérstaklega. Ég mun, ásamt kvennalistakonum, vinna að því að gera ýmsar brtt. við þetta frv. og vona að þær fái jákvæða og góða umfjöllun í nefndinni því sannarlega finnst okkur þetta vera hið mikilvægasta mál og skipta öllu hvernig að því er staðið.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

60. fundur, þriðjudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399.

Forseti (Árni Gunnarssson):

Forseti hugðist ganga til dagskrár og taka fyrir 1. dagskrármálið en það er mjög naumt að unnt sé að hafa hér atkvæðagreiðslu. Í húsinu eru 22 hv. þingdeild' rmenn þannig að það gæti náðst að ná fram afbrigðum sem hér þarf að greiða atkvæði um, en það eru ekki nægilega margir í salnum til þess að það gangi. (**HBl:** Þetta er 3. umr. Það er óskað eftir að fjmrh. sé við.) Já, ég er klár á því.

Enn nást ekki nægilega margir hv. þingdeildarmenn í sal svo að unnt sé að leita afbrigða fyrir brtt. við 1. dagskrármálið svo að hún megi koma á dagskrá og til umræðu. Forseti verður því að grípa til þess ráðs að taka fyrir 3. dagskrármálið og ræða það um stund. En nú minnist forseti þess að hv. 5. þm. Vestf. frestaði ræðu sinni síðast þar eð hæstv. fjmrh. var ekki kominn.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég verð bara að treysta því að hæstv. fjmrh. komi einhvern tíma seint og um síðir. Það er ekki hægt að draga mikið lengur að ljúka 1. umr. um þetta mál. Við verðum bara að vona það besta.

Ég vil byrja á því, herra forseti, að þakka þeim sem hafa tekið til máls um þetta frv. Viðbrögð þeirra hafa yfirleitt verið jákvæð þó nokkuð mismunandi séu og hafi þau ekki verið jákvæð hefur afstaða manna oftar byggst á því að þeir hafa ekki lesið frv. en að þeir séu mjög ósammála efnisatriðum þess. En auðvitað er forsendan fyrir því að geta tekið afstöðu til máls að hafa lesið málið áður en farið er að ræða um það. Ég fékk ekki betur heyrt en t.d. hv. 1. þm. Norðurl. v. hefði ekki lesið frv. áður en hann kvaddi sér hér hljóðs. Enda kom fljótlega skýring á því hjá einum flokksbróður hans, hv. þm. Alexander Stefánssyni, sem upplýsti að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefði ekki fengist til þess um margra vikna skeið að taka frv. fyrir á þingflokksfundi í sínum flokki til þess að ræða það þangað til loksins að hann varð við tilmælum forsrh. þar um nokkrum dögum áður en átti að mæla fyrir frv. hér á Alþingi. Það var auðheyrt, herra forseti, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði ekki haft fyrir því að lesa frv. áður en hann lét í ljós skoðun sína á því og er það ekki óalgengt. Hv. þm. er yfirleitt á móti breytingum. Frv. felur ótvírætt í sér breytingar. Það hefur honum verið tjáð. Þess vegna hlýtur hann eðli málsins samkvæmt að vera á móti frv. af því að það hefur breytingar í för með sér og er þá þarflaust fyrir hv. þm. að rekja málið frekar eða kynna sér frekar efni þess.

Hæstv. heilbrrh. ræddi þetta mál nokkuð síðast þegar það var til umræðu og vakti máls á því, sem satt er og rétt, að í ríkisfjármálum verði að vera nokkur sveigjanleiki. Hæstv. ráðherra varpaði fram tveim spurningum til okkar flm. þessa frv. Fyrri spurning hans laut að málefnum ríkisspítalanna. Lýsti hann vanda ríkisspítalanna þar sem vantar allverulega upp á að sú fjárhæð sem í fjárlögum hefur verið afgreidd til þeirra nægi til þess að standa undir kostnaði við óbreyttan rekstur og spurði: Hvað á að gera ef aukafjárveitingavaldið er ekki fyrir hendi hjá framkvæmdarvaldinu? Svarið við því er afskaplega auðvelt og einfalt. Það sem hæstv. ráðherra á að gera er að sjálfsögðu að beita sér fyrir því að í frv. til fjáraukalaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi væru gerðar tillögur um hvernig á þessum vanda skuli taka. Það er að vísu ekki gert og má e.t.v. vera vegna þess að það frv. var frágengið áður en niðurstaða tiltekinnar nefndar, sem var að skoða málefni ríkisspítala, lá fyrir. Þá er næsta verk að beita sér fyrir því að tillit sé tekið til málsins við afgreiðslu Alþingis á fjáraukalagafrv. sem fyrir þinginu liggur. Svarið við spurningu hæstv. ráðherra er því afskaplega einfalt og blasir við allra augum. Til þess eru fjáraukalög flutt á yfirstandandi ári að hægt sé að takast á við vanda, svo sem eins og vanda vanáætlana sem menn e.t.v. sjá ekki fyrir þegar fjárlög eru afgreidd.

Það væri, herra forseti, kannski lærdómsríkt að rekja þá sögu hvernig fjvn. og síðan Alþingi stóðu að afgreiðslu launagjalda til ríkisspítalanna í fjárlögum. Ég ætla ekki að gera það hér en það væri kannski ástæða til að gera það til þess að varpa nokkru ljósi á hversu hætt mönnum er við því, jafnvel hinum bestu mönnum, að ganga vísvitandi til þess leiks að skera niður tillögur um óhjákvæmilegar greiðslur við fjárlagagerð í skjóli þess að því verði þá bara kippt í liðinn síðar með aukafjárveitingu. En eins og ég segi, svarið við spurningu hæstv. ráðherra um ríkisspítalana er mjög einfalt. Ef vanáætluð eru launaútgjöld vegna starfsemi spítalans ber honum að sjálfsögðu að beita sér fyrir því að á þeim málum sé tekið við

fjáraukalagagerðina. Annaðhvort með því að gera ráð fyrir þeim viðbótarfjármunum sem þarf ellegar þá með því að gera fjárveitingavaldinu og Alþingi grein fyrir því hvað það kostar í rekstri þessara stofnana ef þeim er ætlað að binda sig við þær fjárhæðir sem í fjárlögum eru.

Hæstv. ráðherra spurði einnig hvað ætti að gera varðandi kostnað vegna sjúkraflutninga sem ekki hefði verið tekið tillit til við gerð fjárlaga. Hvað ætti að gera í slíku vandamáli ef búið væri að taka aukafjárveitingavaldið af hæstv. ráðherra. Svarið við því er auðvitað jafneinfalt og augljóst. Það sem á að gera í því máli er að sjálfsögðu að taka það vandamál upp þegar frv. til fjáraukalaga er lagt fyrir Alþingi. Svona mál á auðvitað að leysa með þeim hætti. Með lögformlegum og eðlilegum hætti með afgreiðslu á Alþingi en ekki með þeim hætti að menn bókstaflega geri ráð fyrir því, jafnvel geri út á það við fjárlagaafgreiðslu, að svona vandamál séu leyst fram hjá Alþingi með aukafjárveitingum hæstv. ríkisstjórnar og komi ekki til kasta Alþingis fyrr en eftir að greiðsla hefur farið fram, eftir að ákvörðun hefur verið tekin og Alþingi þá stillt upp við þann vegg að verða annaðhvort að segja já og samþykkja afgreiðslur hæstv. ríkisstjórnar ellegar segja nei og þá vaknar spurningin hvert framhaldið verður ef Alþingi fellir afgreiðslur hæstv. ríkisstjórnar á greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem lög heimila.

Hæstv. fjmrh. ræddi einnig nokkuð um frv. og lagði fram tillögur í 14 liðum. Mig langar, herra forseti, til að fara aðeins yfir það sem kom fram í hans máli og einnig að segja í stuttu máli álit mitt á tillögum hans.

Hæstv. fjmrh. sagði að ókosturinn við frv. sem við flyttum um fjárgreiðslur úr ríkissjóði væri sá að þar gerðum við tillögu um að setja öll ríkisútgjöld undir einn og sama hatt og bregðast eins við öllum tegundum og flokkum útgjalda án tillits til þeirrar sérstöðu sem einstaka flokkar kunna að hafa. Það er ekki rétt. Við gerum það einmitt alls ekki. Það kemur ljóslega fram t.d. í sambandi við 3., 4., 7. og ll. gr. að tekið er tillit til misjafnra aðstæðna sem rísa kunna og ekki gert ráð fyrir því að öll útgjöld ríkisins séu sett undir sama hatt. Frv. gerir t.d. ráð fyrir því að það verði allt öðruvísi tekið á launa- og rekstrarútgjöldum en útgjöldum sem bundin eru tilteknum framkvæmdum verkefna. Þannig að við gerum beinlínis ráð fyrir ólíkri meðferð slíkra útgjaldaflokka.

Við gerum einnig ráð fyrir því í 11. gr. frv. að þar sé um að ræða tvo nýja útgjaldaliði. Annars vegar útgjaldaliðinn Óviss útgjöld og hins vegar útgjaldaliðinn Ófyrirséð. Undir liðnum Óviss útgjöld skuli ætla fé til þess að mæta áhrifum breyttra verðlagsforsendna á launagjöld og önnur rekstrargjöld ráðuneyta og undir liðnum Ófyrirséð skuli ætlað fé fyrir hvert ráðuneyti til að mæta viðbótarútgjöldum vegna þeirra verkefna og viðfangsefna sem ráðuneytinu eru falin lögum samkvæmt. Við eigum við það t.d. að ef áformað er að taka fyrir tiltekið verkefni sem gerð er kostnaðaráætlun fyrir og svo kemur í ljós að kostnaðurinn við að framkvæma verkið er nokkru meiri en áætlunin í fjárlögum gerði ráð fyrir þá er í 11. gr. gert ráð fyrir því að hægt sé að verja af sérstökum lið er heitir Ófyrirséð til þess að greiða þann viðbótarkostnað. Þarna er um að ræða nýmæli í fjárlagagerð þar sem hægt er að bregðast við slíkum vanda án þess að þurfa að grípa til aukafjárveitinga eða greiðslu án heimilda eins og gert hefur verið til þessa. Við, flm. frv., leggjum sem sagt til að fjárlög bókstaflega geri ráð fyrir því að afgreiða slíka óskipta liði vegna ófyrirséðra atvika sem komið geta upp vegna þeirra verkefna sem vinna á samkvæmt fjárlögum. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið, og raunar miklu meira en það, að halda því fram að þetta frv. geri ráð fyrir því að öll ríkisútgjöldin séu sett undir sama hatt og menn eigi að bregðast eins við öllum tegundum útgjalda á fjárlögum. Það er bókstaflega rangt. Það er miklu meira en rangt. Það er öfugmæli hvað varðar þau nýmæli í fjárlögum sem ég hef gert grein fyrir: liðina tvo Ófyrirséð og Óviss útgjöld. Þar er Alþingi að afgreiða lögformlegar heimildir til ríkisvaldsins til þess að bregðast við óvæntum atvikum.

Hæstv. ráðherra gerði einnig athugasemdir við að 1. gr. kynni að vera nokkuð þröng túlkun á ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar. Ef menn bera saman 41. gr. stjórnarskrárinnar og 1. málsl. 1. gr. þessa frv. komast menn að raun um það að notuð eru nákvæmlega sömu orðin í báðum tilvikum. Þannig að segja má að 1. mgr. 1. gr. frv. sé tekin stafrétt upp úr stjórnarskránni. Hvernig geta menn þá haldið því fram að þar séu menn að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar varðandi greiðsluheimildir úr ríkissjóði þrengra en stjórnarskráin gerir þegar ákvæðin eru tekin ákvæðin stafrétt upp úr stjórnarskránni og sett inn í 1. gr. frv.? Slík viðbára er að sjálfsögðu algerlega út í hött.

Hæstv. fjmrh. gerði einnig athugasemdir við það sem stendur í 4. gr. þar sem reynt er að setja fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings nokkuð þrengra svigrúm en þau hafa haft til þessa. Og hæstv. ráðherra spurði hvort nokkur ástæða væri til þess að takast á við rekstur B-hluta fyrirtækja með þessum hætti, þ.e. fyrirtækja í eign ríkisins, sem rekin eru með fjárhagslegri ábyrgð stjórnenda þeirra. Um þetta er það að segja að nokkur tvískinnungur hefur ríkt um þessi mál hjá Alþingi og fjárveitingavaldinu. Menn hafa skipt þessum B-hluta fyrirtækjum nánast í tvo hópa. Annars vegar B-hluta fyrirtæki þar sem menn hafa gengið mjög hart eftir því að þau legðu fram áætlanir um rekstur og fjármögnun við afgreiðslu fjárlaga og gengið síðan mjög hart eftir því að fyrirtækin og stjórnendur þeirra stæðu við þær áætlanir. Sem dæmi um slíka stofnun má nefna Póst og síma og RARIK. Menn hafa gert þá kröfu til þessara tveggja stofnana að áður en fjárlög væru afgreidd legðu þær fram allnákvæmar sundurliðanir bæði um væntanleg rekstrarútgjöld, launaútgjöld og annan rekstur og ekki síst varðandi fjárfestingar. Og síðan hafa menn rætt um það og haft um það samráð við þessar stofnanir hvort tekið yrði við fjárlagaafgreiðsl-

una tillit til allra þeirra fjárfestinga sem fyrirtækin óskuðu eftir eða hvort þeim yrði falið að draga eitthvað úr þeim. Menn hafa síðan árið eftir, þegar niðurstaða liggur fyrir, haft sérstök afskipti af þessum fyrirtækjum hafi það gerst að þau hafi ekki haldið sig innan ramma áætlananna að þessu leyti og t.d. hlaðið upp skuldum við ríkissjóð eða aðra viðskiptaaðila sína.

Hins vegar hefur allt annar háttur verið hafður á um aðra aðila, t.d. Þjóðleikhúsið, húsnæðismálastjórn og ÁTVR. Gert var ráð fyrir því í fjárlögum sl. árs að húsnæðismálastjórn fjárfesti að mig minnir fyrir 15 eða 17 millj. kr. Húsnæðismálastjórn fjárfesti hins vegar fyrir hátt á annað hundrað millj. kr. og notaði fé sem hún taldi sig hafa algjör umráð yfir og þyrfti ekki að spyrja einn eða neinn að hvernig hún ráðstafaði. Þetta stingur auðvitað mjög í stúf við þá skilmála sem öðrum B-hluta stofnunum, eins og þeim sem ég nefndi hér áðan, er ætlað að fylgja.

Það hefur einnig komið fram hjá forstjóra ÁTVR að ef honum og stofnun hans tækist að skila í ríkissjóð því fé sem fjárlög áætluðu að ÁTVR gæti skilað skipti það Alþingi og fjárveitingavaldið engu máli hvernig hann ráðstafaði þeim tekjum sem kynnu að vera umfram það sem áætlað er í fjárlögum að skilað sé í ríkissjóð. Svo við gerum málið einfalt. Ef sem sé fjárlög áætluðu að skil ÁTVR til ríkisins næmu 1,5 milljörðum en tekjur Áfengisverslunarinnar væru hins vegar 1,8 milljarðar skipti það Alþingi, ríkisvaldið og fjárveitingavaldið engu máli hvernig stjórnendur ÁTVR ráðstöfuðu þeim 300 millj. sem umfram hefðu orðið af tekjunum, svo fremi sem því fé væri ráðstafað í þágu stofnunarinnar sjálfrar með húsakaupum, byggingum, lagerbreytingum, innréttingum, bílakaupum eða einhverju öðru.

Þetta stangast hins vegar algerlega á við þann hátt sem hefur verið á varðandi t.d. Fríhöfnina á Keflavíkurflugvelli. Það hefur alltaf gerst, svo lengi sem ég man, að tekjur Fríhafnarinnar hafi verið allverulega miklu hærri, svo tugum milljóna skipti, en fjárlög gera ráð fyrir. En það hefur alltaf verið ætlast til þess að forstjóri Fríhafnarinnar og stjórnendur þeirrar stofnunar skiluðu í ríkissjóð öllum þeim tekjum sem af starfsemi Fríhafnarinnar hlytust, gersamlega án tillits til þess hversu miklu meiri þær tekjur væru en áætlað hefði verið í fjárlögum.

Þarna er sem sé um að ræða nokkurn tvískinnung í afstöðu Alþingis til B-hluta stofnana. Það sem við leggjum hér til í frv. er að sama krafan sé gerð til allra þessara stofnana. Sú krafa að stofnanirnar haldi sig við áform og áætlanir um fjárfestingu. Og takist þeim að skila meiri tekjum en ráð er fyrir gert þá verði þær ekki umsvifalaust notaðar til fjárfestingar eða til aukinna útgjalda öðruvísi en að réttar heimildir fáist fyrir. Og við gerum einnig tillögu um það í þessu frv. hvernig eigi að reyna að mæta eðlilegum óskum þessara aðila um t.d. nauðsynlegar breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum sem sérhver stjórnandi fyrirtækis þarf að gera á árinu, endurnýjun bifreiða og slíks búnaðar, sala varanlegra rekstrarfjármuna sem ekki skila lengur neinum arði og breytingu yfir í aðrar tegundir af varanlegum rekstrarfjármunum eða aðrar eignir sem meiri arði skila. Við reynum einnig að takast á við þann vanda hvernig hægt sé að gera í senn kröfu til stjórnenda B-hluta stofnana og fyrirtækja um að virða þær áætlanir sem þeir sjálfir leggja fyrir Alþingi til samþykktar í fjárlögum og gefa þeim samt sem áður nægilegt svigrúm til þess að geta tekið allar eðlilegar ákvarðanir um breytingar og umbætur í rekstri fyrirtækja þeirra á því ári sem er að líða.

Hæstv. fjmrh. gerði athugasemd við ákvæði 7. gr. sem hljóðar svo að fjmrh. sé óheimilt án sérstakrar lagaheimildar að fresta greiðslu á stofn- og fjárfestingarframlögum samkvæmt fjárlögum svo og greiðslu hvers konar styrkja nema að fengnu samþykki fjvn. Hæstv. ráðherra sagði að fjárlög væru í eðli sínu heimildarlög, lög um að heimilt væri að greiða úr ríkissjóði en ekki lög um að skylt væri að greiða úr ríkissjóði. Er nú hæstv. ráðherra kominn og er ágætt að halda áfram þar sem ég er staddur í máli mínu nú.

Um þetta er nokkur ágreiningur og ég vil vísa í því sambandi til skrifa Ólafs heitins Jóhannessonar um þessi efni þar sem um þessi mál má segja að hann slái nokkuð úr og í. Auðvitað er það alveg ljóst að ákvarðanir í fjárlögum um launagreiðslur og greiðslur á öðrum rekstrarkostnaði eru heimildarákvæði. Ákvæði um að heimila tilteknar greiðslur úr ríkissjóði. Hins vegar gegnir nokkuð öðru máli um verklegar framkvæmdir og framlög, t.d. styrki til einstaklinga og félaga. Hæstv. fjmrh. ræddi um það að þarna ætti ekki heldur að ríkja greiðsluskylda heldur aðeins greiðsluheimild. En ég ítreka það að um þetta er Ólafur Jóhannesson nokkuð tvísaga. Hann segir í öðru orðinu að það sé e.t.v. eðlilegt að hér sé aðeins um greiðsluheimild að ræða en í hinu orðinu að eðlilegt sé að líta á svona framlög sem bundin framlög úr ríkissjóði. Og það er mjög eðlilegt að menn geri það. Skulum við taka sem dæmi félagasamtök sem gera áætlun um rekstur sinn á árinu og fá í upphafi árs í hendur fjárlög frá íslenska ríkinu sem gera ráð fyrir því að tiltekin greiðsla gangi til félagasamtakanna úr ríkissjóði sem þau síðan byggja áætlanir sínar og skuldbindingar á. Ég held að menn geti verið sammála um það að ekki sé eðlilegt að t.d. eftir mitt ár berist bréf frá hæstv. fjmrh. þar sem standi að hann hafi ákveðið að fresta þessari greiðslu vegna þess að sá aðili sem við á að taka telur sig hafa tryggingu fyrir því að greiðslan gangi fram eftir að hafa fengið samþykkt ákvæði um það í fjárlögum íslenska ríkisins. Sama máli gegnir um ýmsa þætti í verklegum framkvæmdum þar sem t.d. er tekin ákvörðun um það, e.t.v. að höfðu samráði við heilu þingmannahópana, hvað skuli gert skulum við segja í vegagerð á tilteknu ári. Þegar náðst hefur um það samstaða milli bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga í þingmannahópi kjördæmanna, þetta hefur verið tilkynnt og fólkið sem á að njóta góðs af því veit af þessu þá er ekki eðlilegt, nema sérstaklega standi á, að gera ráð fyrir því að framkvæmdarvaldið geti frestað slíkum greiðslum.

Auðvitað er hægt að hugsa sér að það sé gert ef

eitthvað stendur í vegi fyrir því að framkvæmdin gangi fram eða ef tekin er ákvörðun um að skera niður útgjöld og ákvörðunin um frestun þá tekin í samráði við þingmannahóp viðkomandi kjördæmis og með samþykki þeirra eins og oft hefur gerst. En það er ekki eðlilegt að það sé hægt að fresta slíkri greiðslu með einhliða ákvörðun framkvæmdarvaldsins.

Einmitt þess vegna, hæstv. fjmrh., er ekki rétt að í þessu frv. sé gerð tillaga um það að meðhöndla alla útgjaldaflokka með sama hætti án tillits til þess hvers eðlis þeir eru. Okkar till. er sú að því aðeins sé greiðslu af þessari tegund frestað að haft sé um það samráð við Alþingi eða fjvn. sem bæri þá skylda til, að mínu áliti, ef til hennar væri leitað um t.d. niðurskurð vegna vegaframkvæmda, sem þingkjörinni nefnd að hafa samráð við þingmannahópana um slíkar athafnir.

Enda væri vandinn ekki mikill ef ekki væri gengið út frá því að framkvæmdarvaldið gæti ekki frestað slíkum greiðslum. Eins og hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson hefur réttilega bent á væri vandinn ekki mikill fyrir þingmenn stjórnarliðs að samþykkja allar útgjaldatillögur stjórnarandstöðu, vera ekkert að koma sér í þá klípu að greiða atkvæði á móti tillögu stjórnarandstöðu um hækkun á fjárveitingum til góðra verkefna í kjördæmum þeirra, vegna þess að fjmrh. mundi bara leiðrétta málið upp á sitt eindæmi síðar. Auðvitað er ekki eðlilegt að gera ráð fyrir því að menn geti gengið til slíkrar fjárlagaafgreiðslu hér á Alþingi að greiða atkvæði með tillögu um auknar fjárveitingar í skjóli þess að fjmrh. kippi því bara í liðinn síðar og fresti greiðslum. Það er miklu eðlilegra að gera ráð fyrir því um greiðslur eins og ég hef nefnt hér, þ.e. styrki til félaga og samtaka og framlög til verklegra framkvæmda, að þar sé um fastmótaða ákvörðun Alþingis að ræða sem þingmenn verða að taka afstöðu til í einstökum atriðum. Hvort þeir samþykki eins og tillagan er lögð fram um, hvort þeir lækki eða hvort þeir hækki.

Þá hafa menn gert nokkrar athugasemdir við 2. gr. frv. er varðar kjarasamninga og vilja líta svo á að þar leggi flm. til að allir kjarasamningar, smáir og stórir, sem kunna að skipta tugum á ári hverju, séu jafnan lagðir fyrir Alþingi og ræddir og samþykktir og ekki sé greitt eftir samningum eða við þá staðið að einu eða neinu leyti nema Alþingi sé áður búið um þá að fjalla. Þetta er ekki rétt. Það er ekki þetta sem vakir fyrir flm. þessa frv. Í fylgiskjali I á bls. 10, 11 og 12 í frv. eru rakin í almennum orðum þau atriði sem flm. leggja til grundvallar þessu frv. Þar stendur svo undir liðnum launasamningar:

„Séu gerðir launasamningar, sem ekki rúmast innan launaramma fjárlaga, verði þeir undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Útgjöld vegna slíkra samninga verði síðan lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu svo fljótt sem við verður komið." Af þessu má ljóslega sjá að það er auðvitað hreinn útúrsnúningur að halda því fram að með þessari till. í 2. gr. séu flm. að gera því skóna að það eigi að bera upp alla launasamninga á vegum ríkisins hér á Alþingi, ræða þá í einstökum atriðum og afgreiða síðan væntanlega í formi þáltill. eða með einhverjum slíkum formlegum hætti.

Í fjárlögum er yfirleitt gert ráð fyrir því undir óskiptum lið hvaða launabreytingum er áætlað fyrir á fjárlagaárinu. Stundum nægir sá áætlaði útgjaldaliður til þess að standa undir launakostnaði og hækkunum. Það er þó líklega sjaldan sem það gerist. Oftar en ekki nægir sá áætlaði útgjaldaliður ekki og er þá mjög eðlilegt, ekki síst vegna þess að hér er um að ræða einhvern helsta útgjaldaflokk ríkisins, launasamninga og kjaraleg atriði sem þeim eru tengd, þegar farið er fram úr áætlunum fjárlaga um útgjöld vegna slíkra viðfangsefna að það sé leitað til Alþingis aftur um heimild til þess að greiða þau umframútgjöld sem kjarasamningarnir gera ráð fyrir að lagðir séu á ríkissjóð.

Þetta er, virðulegur forseti, nákvæmlega sama kerfi og ríkir t.d. í Noregi. Þar eru launasamningar samþykktir með fyrirvara um samþykki þingsins. Launasamningarnir eru þar ekki lagðir fram og ræddir frá a til ö heldur eru lagðar fyrir þingið og afgreiddar þær útgjaldahækkanir sem af launasamningunum stafa. Og fyrirvarinn sem gerður er um undirritun slíkra kjarasamninga er fyrirvari um að fjárveitingavaldið staðfesti þau aukaútgjöld sem af samningunum hljótast.

Nú er það alkunna að kjarasamningar eru iðulega gerðir um annað en beinar launagreiðslur. Kjarasamningar hafa verið gerðir er varða niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir. Kjarasamningar hafa verið gerðir um framlög úr ríkissjóði vegna félagslegra íbúða. Kjarasamningar hafa verið gerðir um framlög úr ríkissjóði vegna annarra félagslegra atriða svo sem eins og almannatrygginga. Hér er oft um að ræða framlög sem nema hundruðum milljóna. Og það er ósköp eðlilegt að leitað sé til Alþingis um heimild fyrir slíkum viðbótargreiðslum eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Það er ekki eðlilegt að ríkisstjórn geti bundið slíkar greiðslur án fyrirvara um samþykki Alþingis. Það er ekki eðlilegt að hún geti bundið slíkar greiðslur með samningsundirskrift án fyrirvara um samþykki Alþingis. Þetta hefur hins vegar ekkert með það að gera hvort hætta sé á því að Alþingi hnekki gerðum kjarasamningum. Hæstv. fjmrh. skuldbindur að sjálfsögðu ríkissjóð með undirskrift sinni en ef Alþingi er ekki reiðubúið til þess að samþykkja þá útgjaldaaukningu sem slíkir kjarasamningar hefðu í för með sér yrði þingið annaðhvort að bregðast við því með niðurskurði á öðrum sviðum ellegar með annarri tekjuöflun. Þannig að þær viðbárur sem komið hafa fram varðandi 2. gr. eru einnig út í hött.

Ég vil aðeins í þessu sambandi benda mönnum á bls. 12 í frv. þar sem gerð er grein fyrir því hvaða háttur hafður er á afgreiðslu þessara mála í þjóðþingum nágrannalandanna. Og, herra forseti, þetta er nákvæmlega sami háttur og hæstv. fjmrh. hefur nú. Hann hefur gefið þá yfirlýsingu og staðið við hana að

hann hyggist leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi fjárlagaári fjáraukalög eftir því sem þurfa þykir. Nú hefur hæstv. fjmrh. undirritað kjarasamninga við aðila vinnumarkaðarins og hefur lagt fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga þar sem meira að segja í fyrirsögninni er vísað til nýgerðra kjarasamninga. Ég held að ég fari rétt með það að þetta heiti: Frumvarp til fjáraukalaga vegna nýgerðra kjarasamninga. (**Forseti:** Forseti vill inna hv. ræðumann eftir því hvort hann eigi mikið ósagt í þessu máli. Það bíða okkar mjög mikilvægar atkvæðagreiðslur sem forseti hefur hug á að hraða og vildi því gjarnan fá að heyra svör ræðumanns við þessum spurningum.) Herra forseti, ég á svona 20 mínútur eftir, er reiðubúinn til að gera hlé á ræðu minni nú ef forseti vill. Eða halda áfram eftir því sem hann vill. Hann ræður því að sjálfsögðu. (**Forseti:** Forseti þiggur að hv. ræðumaður geri hlé á ræðu sinni núna. Forseti vill taka fram að honum varð á í messunni varðandi hv. 1. þm. Vesturl., sem hafði frestað ræðu sinni á síðasta fundi þegar þetta mál var til umræðu, og biðst velvirðingar á því. En hann mun fá að taka til máls um þetta mál seinna í dag þegar til umræðu verður tekið.)

Umræðu frestað.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 3. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 741, brtt. 742.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Erindi mitt í ræðustól að þessu sinni er ekki að flytja framsöguræðu fyrir nál. enda hefur hv. nefnd ekki hist á milli umræðna. Hins vegar er full ástæða til þess að skýra brtt. á þskj. 742. Þar eru tvær brtt. við 3. gr. en þær eru hluti af því samkomulagi sem gert var á milli tillögumanna annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar. Ástæðan fyrir því að þessar brtt. eru fluttar er sú að flm. brtt., sem eru auk mín hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Matthías Bjarnason, afturkölluðu tillögu þess efnis að lengja þann hámarkstíma sem nefndur er í 3. gr. frv. úr 6 árum í 8 ár. Þegar fallið var frá því að flytja þá tillögu þurfti að breyta frumvarpstextanum en það var ekki hægt svo að vit væri í við 2. umr. málsins enda umræðunni lokið þegar samkomulagið var gert. Þess vegna var gripið til þess ráðs, á grundvelli þess samkomulags sem gert var, að flytja þessar tvær brtt. við 3. umr. málsins.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir það samkomulag sem gert var sem ég held að hafi verið málinu til heilla. Frv. er nú mun sveigjanlegra en það var áður og getur komið að meira gagni. Það er hins vegar alrangt sem haldið hefur verið fram af sumum hv. þm. að hér hafi verið um afgerandi stefnubreytingu að ræða og nú sé tekin upp ríkisábyrgð á lánum vegna fiskeldis. Sú stefna var mótuð af núv. hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkum með framlagningu þessa frv.

Virðulegur forseti. Mig langar til þess, þar sem búið er að dreifa hér þskj. sem ég veit að hv. flm. Jón Sæmundur Sigurjónsson mun gera grein fyrir hér á eftir, að taka það fram að í hv. nefnd var fjallað nokkuð um skipan stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána. Fram kom á fundum nefndarinnar að uppi hefðu verið hugmyndir um að breyta skipaninni á þann veg að hæstv. landbrh. annars vegar og hæstv. viðskrh. hins vegar gætu skipað sinn nefndarmanninn hvor en síðan hæstv. fjmrh. einn. Ég hygg að það sé rétt með farið þegar ég segi frá því að ótiltekinn meiri hl. hv. nefndar féllst ekki á þessi sjónarmið. Og ég vil láta það koma fram nú þegar ég hef tækifæri til í þessari ræðu minni við 3. umr. málsins að ég tel óhyggilegt að breyta því fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er einu sinni svo að ríkisábyrgðir hljóta að vera í verkahring hæstv. fjmrh. hverju sinni. Svo tengdar eru ríkisábyrgðir ríkisfjármálunum að nánast er óhugsandi að taka vald af hæstv. ráðherra með þeim hætti sem þessi brtt. á þskj. 768 gerir ráð fyrir. Það er mín skoðun að það sé ekki gott fordæmi að breyta þessu ákvæði því að þá kann svo að fara að sams konar kröfur verði gerðar við önnur tækifæri. Þetta er alls ekki eina tilvikið þar sem um ríkisábyrgð vegna lána til atvinnufyrirtækja er að ræða. Ef við tökum t.d. lán með ríkisábyrgð til fyrirtækja í öðrum greinum má auðvitað hugsa sér að viðkomandi hæstv. ráðherrar, t.d. ráðherra iðnaðarmála, landbúnaðarmála, sjávarútvegsmála svo að dæmi séu tekin, geri kröfur til þess að eiga aðild að ríkisábyrgðum ef um er að ræða ríkisábyrgðir vegna lána til fyrirtækja í þessum greinum.

Okkur hefur því miður ekki gefist tækifæri til þess, virðulegur forseti, í þingflokki sjálfstæðismanna að ræða þessa fram komnu brtt. sem nú birtist við 3. umr. málsins. Við vitum að hér er um að ræða deilumál á milli stjórnarflokkanna en því lyktaði með að ákveðið var að hafa frv. eins og það var lagt fram, þ.e. með þeim hætti að hæstv. fjmrh. skipaði alla stjórnarnefndarmenn ábyrgðadeildarinnar. Ég vil fyrir mitt leyti lýsa yfir stuðningi við það sjónarmið að hafa frv. óbreytt í þessu efni. Ég tel að hæstv. fjmrh. eigi að bera fulla og óskoraða ábyrgð á ríkisábyrgðum. Það hefur þegar komið fram í umræðum um þetta mál á fyrri stigum, sér í lagi við 2. umr. málsins, að menn vilja vera íhaldssamir á ríkisábyrgðir og grípa ekki til þeirra nema í neyð eða þegar um tímabundnar ráðstafanir er að ræða sem ómótmælanlega er í þessu tilviki en gert er ráð fyrir að gildistími þessara laga verði til 1999. Og að hvert fyrirtæki getur aðeins fengið ríkisábyrgð í tiltekinn skamman tíma og einungis hámarksábyrgð í enn styttri tíma. Þetta er auðvitað allt gert til þess að þrengja kost hæstv. ráðherra og það er afar skiljanlegt að löggjafinn sé íhaldssamur hvað þetta snertir og enn skiljanlegra að hæstv. fjmrh. hafi lagt mikla áherslu á að hann einn beri óskoraða ábyrgð í þessu efni.

Þess vegna er það mín skoðun, og get ég þó ekki talað fyrir munn allra sjálfstæðisþingmanna þar sem þetta mál hefur ekki verið rætt í þingflokki okkar en ég

hygg að langflestir séu sama sinnis, að það beri að fella þá tillögu sem fram er komin á þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 768, sem var of seint fram komin, samþ. með 25 shlj. atkv.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Ég lýsi hér brtt. við 265. mál, um ábyrgðadeild fiskeldislána. Brtt. er við 5. gr., um að 1. og 2. málsl. orðist svo:

„Fjmrh. skal skipa fimm manna stjórnarnefnd, einn samkvæmt tilnefningu viðskrh., einn samkvæmt tilnefningu landbrh. og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti."

Það kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. hér áðan að svipaðri tillögu var lýst í fjh.- og viðskn. á sínum tíma og ótilgreindur meiri hluti nefndarinnar, eins og hann orðaði það, féllst ekki á að sú tillaga yrði flutt. Tillagan var þó á þeim tíma með öðrum hætti en sú sem hér er lögð til. Á þeim tíma var tillagan þess eðlis að áfram skyldi haldið sig við þriggja manna stjórnarnefnd, þ.e. formaður yrði skipaður af fjmrh. en síðan kæmu hinir tveir frá ráðherra bankamála og sá þriðji frá þeim ráðherra sem fer með fiskeldismál. Tillagan var með öðrum orðum allt annars eðlis. Hún hlaut ekki meiri hluta innan stjórnarliðsins og það varð samkomulag um að ef ekki yrði meiri hluti innan stjórnarliðsins fyrir breytingum þá yrðu þær breytingar ekki fluttar. Og svo fór um þessa tillögu að hún var ekki flutt við 2. umr. heldur héldu menn sig við óbreytt frv. fjmrh.

Eftir þær breytingar sem orðið hafa á frv. er greinilegt að miklu meiri sveigja er á þeim möguleikum til ríkisábyrgða en upphaflega var ætlað og greinilegt að um miklu meira samspil banka og Ríkisábyrgðasjóðs verður að ræða en upphaflega var ætlast til. Þeim mun ríkari ástæða sýnist okkur að bankamálaráðherra og fulltrúi þess ráðherra sem fer með fiskeldismál eigi fulltrúa í þeirri nefnd sem veitir þessar ábyrgðir fyrir hönd ríkissjóðs.

Tillagan er flutt með öðru sniði en gert var upphaflega í nefndinni þar sem hún hlaut ekki meiri hluta. Hún er flutt nú með því sniði að fjmrh. hefur enn þá meiri hluta sinna manna í þessari nefnd, þ.e. þrír eru skipaðir skv. tilnefningu fjmrh. þannig að eftir sem áður hefur fjmrh. öll tögl og hagldir með það hvernig hann hyggst veita þessar ábyrgðir. Það má segja að fulltrúar bankamálaráðherra og þess ráðherra sem fer með fiskeldismál hafi umræðurétt í þeirri nefnd og tillögurétt en geta að sjálfsögðu verið ofurliði bornir. Okkur finnst skynsamlegt að fulltrúar þessara tveggja aðila eigi sæti í þeirri nefnd sem fer með veitingu þessara ábyrgða og hefur það því verið lagt hér til.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að víkja hér nokkrum orðum að þeirri tillögu sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur flutt og gert grein fyrir. Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir að þm. Alþfl. skuli flytja tillögu af þessu tagi. Talsmenn Alþfl. hafa bæði í þessu máli og öðrum lagt á það áherslu að þeir væru sérstakir aðhaldsmenn að því er varðar ríkisábyrgðir. Nú flytja þeir brtt. um yfirstjórn þessara ríkisábyrgðalána sem beinlínis miðar að því að draga úr nauðsynlegu og eðlilegu aðhaldi fjmrh. á hverjum tíma.

Ég legg áherslu á að hér eru menn að fjalla um embætti en ekki þá menn sem um stundarsakir gegna þeim. Þær persónur eru aukaatriði við skipan löggjafar af þessu tagi. En ég lít svo á að ríkisábyrgðir séu býsna vandmeðfarið mál og það hefur komi fram hér í þessari umræðu að í þeim efnum beri að gæta ýtrasta aðhalds. Ég hygg á hinn bóginn að þær breytingar sem samkomulag varð um milli einstakra nefndarmanna í hv. fjh.- og viðskn. og hæstv. fjmrh. hafi verið til bóta og gert þetta frv. sveigjanlegra á þann veg að líklegra sé að það þjóni sínum tilgangi. En það má ekki draga úr því grundvallaratriði að fyllsta aðhalds sé gætt og eðlilegt er að fjmrh. á hverjum tíma sé líklegastur til þess að gæta þar mests aðhalds. Hans er fyrst og fremst ábyrgðin í þessum efnum. Aðrir ráðherrar eru meira og minna fulltrúar þrýstihópa sem gæta annarra hagsmuna en ríkissjóðs. Í þessu efni tel ég eðlilegt að í yfirstjórn þessara mála sé fyrst og fremst gætt hagsmuna ríkissjóðs sjálfs og þess vegna eigi fjmrh. að skipa þessa menn og hin upphaflega tillaga frv. að standa óhögguð.

Ljóst má vera að sá fagráðherra sem fer með þessi mál kann að hafa af því hagsmuni að þrýsta á um aðra niðurstöðu en eðlilegt er að verja með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs. Og ekki draga úr varnaðarorðum þau ummæli sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hafði hér um tengsl viðskiptabankanna við þær væntanlegu ákvarðanir sem teknar verða í þessari stjórnarnefnd. Hv. þm. færði það fram sem rök fyrir því að viðskrh. skipaði hér einn fulltrúa. Einmitt þetta atriði, að líklegt megi telja að hér komi til sérstakra samskipta við bankana, hlýtur að vekja upp spurningarnar hvar og hverjir eru líklegastir til þess að gæta aðhalds í þessum efnum. Eðlilegt er að fulltrúi viðskrh. taki sjónarmið viðskiptabankanna fram yfir hagsmuni ríkissjóðs. Ég hygg að það dæmi sem hv. þm. nefndi hér tillögu sinni til stuðnings sýni í raun og veru þvert á móti að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að brtt. nái fram að ganga. Einmitt þau tengsl sem hann varpar þarna ljósi á að fyrirsjáanleg eru gera það að verkum að ástæða er enn ríkari en áður til þess að gæta þess að þarna fari fulltrúar fjmrh. einir með ákvarðanir.

Ég vil þess vegna ítreka það sem mína skoðun að upphafleg tillaga frv. í þessu efni á að standa óbreytt og tek heils hugar undir þau sjónarmið sem hv. 1. þm. Reykv. reifaði hér fyrr í umræðunni um þetta efni.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil leggja orð í belg varðandi þá brtt. sem fyrir liggur á þskj. 768. Forsaga þessa máls hefur þegar verið nokkuð rakin og brtt. eins og hún birtist nú þingheimi er í nokkuð öðru formi en hún var þegar sama tillaga var reifuð í fjh.- og viðskn. Sú tillaga sem hér er borin fram dregur ekki úr endanlegu valdi ráðherra eða hans manna í nefndinni. Þeir hafa enn þá nægjanlegan meiri hluta sem á að tryggja að ekki sé óvarlega með þessar ábyrgðir farið. Þegar taka á jafnafdrifaríkar ákvarðanir og um veittar ríkisábyrgðir er mjög nauðsynlegt að rök séu byggð á traustum grunni og því ekkert sem mælir gegn því að mínu viti að fulltrúar þess ráðherra sem fer með bankamál og fulltrúar þess ráðherra sem fer með fiskeldi eigi hlut að máli. Það ætti að tryggja það að niðurstaða nefndarinnar væri byggð á fleiri og traustari rökum en ella gæti orðið en jafnframt liggur þó meiri hlutinn enn þá hjá fjmrh. sem auðvitað er endanlega ábyrgur fyrir veittum ríkisábyrgðum og afkomu ríkissjóðs og því ekkert óeðlilegt við það að svo sé.

Mér finnst þess gæta nokkuð í máli hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Suðurl. að tilkoma þessara tveggja manna í nefndina muni opna einhverjar flóðgáttir hvað varðar eyðslu, að ábyrgðarleysi muni þá ríkja fremur en ábyrgð. Ég skil satt að segja ekki þau rök og þar að auki finnst mér eftir það sem á undan er gengið í þessu máli að ákveðinn sveigjanleiki og sáttfýsi sé hollt vegarnesti í afgreiðslu þessa máls í stað þess að efna hér hugsanlega til illinda aftur sem muni enn tefja fyrir málinu sem allir eru sammála um að sé mjög brýnt að nái fram að ganga sem fyrst.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ummæla hv. 1. þm. Suðurl. Ég vil fullvissa hv. 1. þm. Suðurl. um að við alþýðuflokksmenn erum enn eftir sem áður miklir aðhaldsmenn í því er snertir veitingu á ríkisábyrgðum. Ég held að sú afstaða okkar hafi komið mjög skýrt fram við 2. umr. og við atkvæðagreiðslu sem fram fór eftir 2. umr. um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Þar var um að ræða að auka allverulega möguleika á því að veita ríkisábyrgðir. Alþýðuflokksmenn stóðu ekki að samþykktum þeim sem þar voru gerðar um að auka möguleikana. Hins vegar sýndist mér flestallir ef ekki allir þm. Sjálfstfl. standa mjög þétt að því að vilja veita auknar ríkisábyrgðir. Þannig að ef spurningin kemur upp hverjir eru aðhaldsmenn í þessum efnum geta menn horft til þess hvaða afstöðu menn tóku í þeirri atkvæðagreiðslu.

Það er hins vegar rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að fagráðherrar aðrir en fjmrh. hafa ríka tilhneigingu til að standa að sínum málaflokki og gæta þar oft og tíðum ekki hagsmuna ríkissjóðs. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Ég hins vegar sé ekki að fulltrúi bankamálaráðherra verði beinlínis málsvari viðkomandi viðskiptabanka þegar kemur til veitingar á ábyrgðum á þessu sviði. Fulltrúi fiskeldisráðherra kynni að hafa aðra afstöðu. Það má vel vera.

Eins og kom glögglega í ljós hjá hv. 18. þm. Reykv. hér áðan hefur fjmrh. meiri hluta í þessari nefnd og öll tögl og hagldir og getur stjórnað því sem hann vill stjórna og ráðið málinu eins og hann vill, að það nái fram að ganga. Þannig að við því grundvallaratriði er ekki hróflað á neinn hátt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að minna hv. 5. þm. Norðurl. v. á að frv. það sem hér er til umræðu er stjfrv. og það var tillaga stjórnarflokkanna allra og þar á meðal Alþfl. að leggja til við Alþingi að þessar ríkisábyrgðir yrðu veittar. Breytingarnar sem gerðar hafa verið í samkomulagi við hæstv. fjmrh. gera frv. og væntanleg lög sveigjanlegri og líklegri til þess að þjóna tilgangi sínum. En það var tillaga Alþfl. að leggja til við Alþingi að ríkisábyrgðir yrðu veittar í þessum tilgangi.

Ég vil svo vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. v. rifja það upp að ráðherra viðskiptamála á að gæta hagsmuna viðskiptabankanna. Það er hans embættislega skylda. Ráðherra landbúnaðarmála fer með fiskeldismálefni og á að gæta þeirra hagsmuna. Það liggur þess vegna alveg í augum uppi að hér er verið að gefa þeim aðilum sem líklegir eru til þess að túlka aðra hagsmuni en þá að sýna aðhald að því er varðar ákvarðanir um ríkisábyrgðir aukin áhrif um þær ákvarðanir sem taka á á grundvelli þessara laga. Ég er ekki að halda því fram að væntanlegir fulltrúar þessara ráðherra eða þessir ráðherrar, hvorki þær persónur sem nú gegna þessum embættum eða þeir sem síðar kunna að gegna þeim, muni sýna ábyrgðarleysi í störfum. Þvert á móti eru skyldur þeirra, embættislegar skyldur þeirra að gæta annarra hagsmuna.

Og þá er ég kominn að þeim rökum sem hv. 18. þm. Reykv. færði fyrir sínu máli. Þetta er spurning um hagsmunaárekstra. Þetta er ekki spurning um hvort einn aðili sýni meira ábyrgðarleysi en annar. Þetta er spurning um að þarna mætast fulltrúar aðila sem hafa mismunandi hagsmuna að gæta. Fyrir fram ætla ég ekki að væna neinn þeirra um annað en að gæta þeirra hagsmuna sem honum er falið samkvæmt lögum og stjórnarskrá. En hér er um að ræða ráðherra sem gæta ólíkra hagsmuna og það eru þeir sem togast á. Þeir sem gæta hagsmuna bankanna annars vegar, sem auðvitað hafa hagsmuni af því að ríkið taki á sig meiri ábyrgðir, og þeir sem gæta hagsmuna fiskeldisfyrirtækjanna sjálfra, sem auðvitað hafa hagsmuni af því að ríkið taki á sig meiri ábyrgðir, þeir fá aukin völd og aukin áhrif með þessari skipan. Það er þetta sem ég tel vera varhugavert. Og það er þess vegna sem ég tel eðlilegt að hafa hina fyrri skipan. Ekki vegna þess að ég treysti hæstv. núv. fjmrh. betur en hæstv. viðskrh. Þvert á móti gæti ég fært að því nokkuð gild rök að það væri ástæða til þess að hafa meira traust á hæstv. núv. viðskrh. en hæstv. núv. fjmrh. Það kemur hins vegar bara þessu máli ekkert við. Það eru hinar embættislegu skyldur þessara ráðherra á hverjum tíma sem skipta máli þegar

ákvarðanir af þessu tagi eru teknar. Ég vildi gjarnan í þessari umræðu óska eftir því að fá álit hæstv. fjmrh. á þeirri tillögu sem hér hefur verið flutt. Hvort hann hefur skipt um skoðun eða hvort hann leggur fyrir sitt leyti áherslu á að gæta hér aðhalds með þeim hætti sem ákveðið var í upphafi þegar frv. var lagt fyrir Alþingi. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri grein fyrir sínum skoðunum í þessu máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um hvort heppilegt sé og æskilegt sé að viðskrh. nefni mann í stjórnarnefnd ábyrgðadeildar fiskeldislána langar mig til þess að taka skýrt fram, einkum vegna orða hv. 1. þm. Suðurl., að embættisskylda hvers ráðherra í ríkisstjórn Íslands er fyrst og síðast að gæta almenningshagsmuna, ekki sérgreinahagsmuna. Þar greinir mig á við hv. 1. þm. Suðurl. Að sjálfsögðu ber hver ráðherra ábyrgð á þeim málaflokki sem honum er falinn og hann gætir hagsmuna þeirrar greinar svo lengi sem þeir fara ekki í bága við almenningshagsmuni. Þetta er fyrsta og síðasta skylda hvers ráðherra í okkar ríkisstjórn. Þess vegna þótti mér það næsta sérkennilegur málflutningur hjá hv. 1. þm. Suðurl. að ráðherra ætti að gæta sérhagsmuna „sinna" greina.

Rökin fyrir því að það sé heppilegt að hafa þarna fulltrúa fyrir bankamálaráðuneytið eru ákaflega einföld. Ábyrgðadeild fiskeldislána er ætlað óvenjulegt hlutverk þegar um ríkisábyrgðir er að ræða. Hennar starfsemi er komin mjög nálægt því sem er venjuleg fjármögnun á rekstrarfjárþörfum atvinnuvegarins. Þar með er hún farin að liggja við hliðina á starfsemi viðskiptabankanna og það er ekki hagsmunagæsla fyrir þá sem ég held að þarna mætti helst hafa í frammi heldur einfaldlega að gæta þess að Ríkisábyrgðasjóður eða ábyrgðadeild fiskeldislána flækist ekki allt of mikið inn í það sem er eðlileg rekstrarfjármögnun á greininni. Ég tel í þessu felast góð og gild rök, en auðvitað alltaf umdeilanleg.

Ég er algjörlega sammála hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 1. þm. Reykv. að ábyrgðin á ríkisábyrgðunum á að hvíla alfarið hjá fjmrh. Fyrir því er vel séð í brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v. Fjmrh. hefur þarna ráðandi fjölda í stjórninni, enda ætla ég að oft væri um það að ræða að þeir sem þarna kæmu auk fulltrúa fjmrh. væru þar fyrst og fremst til þess að halda til haga tæknilegum sjónarmiðum, annars vegar frá greininni sjálfri, hins vegar frá sjónarmiði viðskiptabankarekstrarins, án þess að vera gæslumenn hagsmuna lánastofnana. Þar er misskilningur í málinu eins og mér finnst það flutt hér af hv. þingmönnum, hinum fyrsta frá Reykjavík og þeim fyrsta frá Suðurlandi. En ég tel að það megi vel við þá virða að tala af ábyrgð um veitingu ríkisábyrgðanna, einkum og sér í landi þegar þetta á að verða ábyrgð sem ekki er tengd fjárfestingarláni eða einni stórri framkvæmd heldur einhvers konar reglubundin starfsemi vegna rekstrarlána eða tiltekinna, sem kalla mætti, bústofnslána eða fiskeldislána eins og reyndar er nú skilgreint í lagafrv. sjálfu.

Þetta eru hugleiðingar, virðulegi forseti, sem ég tel að eigi erindi inn í þessar umræður. Ég tel að lokum rétt að benda á að þetta er ekki stærsta málið í því sem við ræðum hér nú. Stærst er spurningin um ábyrgðirnar sjálfar, hvernig um þá hnúta er búið og þar tel ég mikla ástæðu til að ítreka að menn fari varlega en séu þó með raunhæfa leið í málinu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. beindi þeirri spurningu til mín hvort ég væri þeirrar skoðunar að heppilegra væri að fjmrh. tilnefndi einn fulltrúa til að meta ábyrgðirnar eða hvort aðrir ráðherrar gerðu það einnig. Mín afstaða er alveg skýr. Ég tel heppilegra að fjmrh. geri þetta einn og það sé ekki haldið inn á þá braut að fulltrúar annarra ráðuneyta komi að mati og ákvörðunum á ríkisábyrgðum. M.a. vegna þess fordæmis sem það kann að skapa í framtíðinni. Ríkisábyrgðir eru mjög viðkvæmt mál. Það er mjög þrýst á um þær og sá siður sem yrði í reynd, ef það yrði upp tekið að fulltrúar einstakra atvinnugreina kæmu að því einnig, mundi hugsanlega leiða til þess að þeir færu að telja að þeir ættu að gæta einhverra annarra hagsmuna en hagsmuna ríkissjóðs í þessu mati. Ég hef þess vegna frá upphafi haldið mér við það sjónarmið að hin æskilega skipan væri sú að fulltrúar fjmrn. væru hér eftir sem hingað til þeir einu sem mætu ríkisábyrgðir formlega gagnvart einstökum fyrirtækjum. Mér er ekki kunnugt um að nokkurt fordæmi sé til um að aðrir en fulltrúar fjmrn. framkvæmi það mat. Þetta er mín afstaða, hefur verið og er, án þess að ég ætli að fara að gera það að stóru deilumáli hér í þingsölum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 742 samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 768 samþ. með 17:11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 274, n. 743, 767 og 769, brtt. 744.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég lýsi nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingar á lögum um bifreiðagjald. Nefndin fjallaði um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ásmund Stefánsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes Sigurðsson

frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Stefán Magnússon og Björn Pétursson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og Braga Sigurjónsson og Stefán A. Finnsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra. Þá sátu einnig fund nefndarinnar frá fjmrn. þeir Bolli Þór Bollason og Snorri Olsen.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á þskj. 744.

Þessar brtt. eru á þá leið að bifreiðagjald skuli vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreiðin þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2000 kr. né hærra gjald en 11.500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr. Hér er um það að ræða að gjaldið hækki frá 1. júlí með gjalddaga þann 1. okt. um sem svarar 15% frá fyrra gjaldtímabili.

Þá er breyting við 2. gr. Í stað orðanna „1. nóv. 1989, þ.e. 155,5 stig" komi: 1. júní 1990. Þ.e. reikningsgrundvellinum verður breytt.

Þá er breyting við 3. gr. sem orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Þó skal ákvæði til bráðabirgða I öðlast þegar gildi og innheimta bifreiðagjalds samkvæmt því koma til framkvæmda fyrir gjaldtímabilið 1. jan. 1990 til 31. júní 1990. Þetta ákvæði skýrir sig að mestu leyti sjálft.

Síðan kemur nýtt bráðabirgðaákvæði I svohljóðandi: Bifreiðagjald fyrir gjaldtímabilið 1. jan. 1990 til 30. júní 1990 skal vera 3,40 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,70 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 1.700 kr. né hærra gjald en 10.000 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Álagningu gjaldsins samkvæmt þessum lið verður breytt þannig að það verði áfram föst krónutala upp að 1000 kg en fyrir hvert umframkíló komi 50% álag. Áfram verði hámarksgjald fyrir þyngstu bílana. Þetta er breyting frá upphaflegri ætlun, þ.e. samkvæmt forsendum fjárlaga, þar sem var gert ráð fyrir 83% hækkun þann 1. mars, en hækkunin samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði verður lægri eða 50%.

Bráðabirgðaákvæði II er einnig í brtt. og þar segir: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi og eindagi fyrir gjaldtímabilið 1. júlí 1990 til 31. des. 1990 vera 1. okt. 1990.

Umsögn Alþýðusambands Íslands er prentuð með þessu nál. en þar kemur fram álit fulltrúa Alþýðusambandsins og undirritað af forseta ASÍ. Þar segir:

„Ég hef kannað áhrif frumvarps til breytinga á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, á framfærsluvísitölu. Þó málið hafi ekki verið yfirfarið í Kauplagsnefnd tel ég allt benda til þess að með breytingunum sé uppfyllt það fyrirheit ríkisstjórnarinnar að náð verði verðlagsáhrifum sem svara 0,3% á mælikvarða framfærsluvísitölu." Undir þetta ritar forseti Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson.

Að meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. standa og undir það rita Páll Pétursson, formaður nefndarinnar, Ragnar Arnalds, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. en hann skipar ásamt mér hv. þm. Matthías Bjarnason.

Tvívegis hefur það gerst að afgreiðslu þessa máls hefur verið frestað, fyrst fyrir síðustu jól þegar hæstv. ríkisstjórn gafst upp á því að koma þessu máli í gegnum þingið en ákvað að fresta gjalddaga bifreiðagjalds til 1. mars. Þegar leið að þeim tíma var málinu enn frestað og gjalddaga frestað til 1. apríl. Nú loks hefur hæstv. ríkisstjórn komið sér saman um það hvernig afgreiða skuli þetta mál og er það gert í tengslum við kjarasamninga. En eins og alþjóð er kunnugt og öllum hv. þm. voru það aðilar vinnumarkaðarins sem mótuðu heildarstefnu í efnahagsmálum sem hæstv. ríkisstjórn hefur síðan neyðst til þess að fylgja.

Sú ákvörðun að lækka þetta fyrirhugaða gjald sem átti að hækka um 100%, hækkar ekki nema um 50%, er tekin vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins kröfðust þess að fallið yrði frá nokkrum fyrirhuguðum hækkunum á sköttum á þessu ári, eða sem nemur 0,3% í framfærsluvísitölu.

Þegar fyrst var rætt um hækkun á þessu gjaldi í haust og rætt var um skatt á bifreiðaeigendur þá stóð hæstv. fjmrh. hér í ræðustól og sagði að nú væri kominn tími til þess að leggja mengunarskatta á umferðina — eco taxis, með c-i — og sagði að á næstu árum yrðu hv. alþm. uppteknir af því að ræða um hvernig bregðast skyldi við aukinni mengun og nú væri komið að því að finna aðferð til að draga úr þessari mengun. Þetta var út af fyrir sig ágætis ræða en þegar á hólminn kom reyndist þessi mengunarskattur vera nákvæmlega sams konar kílóaskattur af bifreiðum og áður hafði verið lagður á en átti nú að vera tvöfalt hærri. (**Gripið fram í:** Þetta var bara egó ráðherrans.) Já, þetta var reyndar skrifað með c-i en ekki með g-i, ég varð að taka það sérstaklega fram af því að ég vissi að nokkrir hv. þm. mundu eflaust misskilja það vegna framburðar míns. En það er skýrt tekið fram að þetta er eco-skattur með c-i.

Það er alveg augljóst hver tilgangurinn er með þessu frv. Tilgangurinn er sá að svíkjast um að láta þá fjármuni sem koma af umferðinni og af bifreiðum ganga til framkvæmda í vegamálum, en að ná í aukna skatta af bifreiðaeigendum og láta þá renna til ríkissjóðs. Þetta kemur skýrt fram í gögnum frá fjmrn. og sést skýrlega þegar menn líta á það fjármagn sem á að renna til vegamála og síðan þá fjármuni sem innheimtast af bifreiðagjöldum, og þá er talað um bifreiðagjald í þrengstu merkingu, auk þungaskatts og bensíngjalds.

Það er nú svo að núv. hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. fjmrh. hefur sífellt verið að hækka

skatta. Ávallt hefur rökstuðningurinn verið hinn sami, útgjöldin hafa verið svo mikil að það þarf að hækka skattana til að endar nái saman. Ég rifja það upp að þegar fjárlög síðasta árs voru samþykkt rétt fyrir jólin 1988 agði hæstv. ráðherrann að nú væri kominn tími til að hv. Alþingi samþykkti raunhæf fjárlög. — Raunhæf fjárlög, og ég giska á að samþykktar hafi verið þá skattahækkanir upp á u.þ.b. 7 milljarða króna. Og hæstv. ráðherra sté hér í pontu og sagði: Nú skulu Íslendingar fá að sjá það, nánast í fyrsta skipti að kominn er maður við stjórnvölinn sem ætlar að taka á þessu máli. Og hann bætti við og sagði: Það er nú líklega betra að hafa vaðið fyrir neðan sig og borð fyrir báru því ég ætla að skila rekstrarafgangi upp á u.þ.b. 600 millj. kr. — Framan af síðasta ári var hæstv. ráðherra æði borubrattur og sagði að þetta gengi allt saman upp. Við árslok kom hins vegar í ljós að hallinn var 6 milljarðar. Með öðrum orðum, tekjuafgangurinn sem átti að vera 600 millj. breyttist í halla upp á 6 milljarða. Og þá er ég kannski kominn að kjarna málsins og hann er þessi: Það er engin trygging fyrir því að hægt sé að loka svokölluðu fjárlagagati með aukinni skattheimtu. Það skiptir nefnilega langsamlega mestu máli að takast á við sjálft vandamálið sem er útgjaldaþensla ríkissjóðs. Ef menn takast ekki á við það vandamál þá er alveg sama hvað menn leggja á mikla skatta, útgjöldin munu hækka meira en skattarnir. Það er einmitt í þessari súpu sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn situr, það er að takast ekki á við hin raunverulegu vandamál heldur að eltast við sífellt meiri tekjur í ríkissjóð sem koma að engu gagni vegna þess að útgjöldin vaxa jafnt og þétt.

Þess vegna, virðulegur forseti, er það álit okkar sjálfstæðismannanna sem sitjum í hv. nefnd að við eigum að mæla gegn þessu frv. og þess vegna leggur 1. minni hl. hv. nefndar til að frv. verði fellt.

Með nál. eru birtar ýmsar umsagnir, bréf nokkurra aðila til fjmrh. og formanna þingflokka. Að auki eru upplýsingar frá fjmrn., annars vegar nýjar upplýsingar um aðgerðir til að lækka framfærsluvísitölu, eins og það heitir, og hins vegar gamlar upplýsingar sem komu fram í svari við fsp. hv. þm. Hreggviðs Jónssonar um bifreiðagjald, þar sem kemur fram að álagning bifreiðagjalds á árinu 1989 var 805 millj. kr. Ég nefni þetta sérstaklega hér vegna þess að því er haldið fram að bifreiðagjaldið hækki tekjur ríkissjóðs um 350 millj. og nái 1000 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Það er athygli vert að álagningin er miklu hærri en þær greiðslur sem koma inn á árinu og virðist það benda til þess að gjöldin hafi greiðst bæði seint og illa. Væri þess vegna full ástæða til að spyrjast fyrir um það hvernig á því stendur að enn vantar sjálfsagt hundruð milljóna á að bifreiðagjaldið hafi skilað sér og hvort einhver vandræði hafi verið með þá innheimtu eða hvort um ofáætlun hafi verið að ræða.

Þetta er að sjálfsögðu aukaatriði, lítils háttar atriði í málinu sjálfu, aðalatriðið er það að hér er á ferðinni nýtt skattahækkunarfrumvarp. Nú á að skattleggja bifreiðaeigendur miklu meira en gert hefur verið. Nú á að sjá til þess að fjármunirnir sem koma af umferðinni lendi ekki í framkvæmdum til vegamála heldur inn til hæstv. fjmrh. Þetta er gert til þess að láta tekjur mæta gjöldum hjá ríkissjóði þótt ljóst sé að hæstv. ríkisstjórn hafi gefist upp á því að takast á við útgjaldavandamál ríkissjóðs sem er það vandamál sem blasir við þessari hæstv. ríkisstjórn. En hún hefur gefist upp við það eins og flest annað sem viðkemur stjórn efnahagsmála, öðru en því sem hún hefur tekið frá þeim aðilum vinnumarkaðarins sem samþykktu kjarasamninga fyrir skömmu og lögðu hæstv. ríkisstjórn lífsreglurnar. Í þeim efnum hefur ríkisstjórnin fengið sæmilegt vegakort en þar sem því korti sleppir er hæstv. ríkisstjórn á villigötum um eðlilega stefnumótun og stefnumið.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er að finna á þskj. 769. En það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, liggur nú loks fyrir í endanlegri mynd, þ.e. með brtt. þeim sem meiri hl. nefndarinnar leggur fram. Er þá lokið langri og krókóttri leið bifreiðagjalds í þetta sinn. Annar minni hl. er í sjálfu sér ekki andvígur þeirri tekjuöflun að leggja gjald á bifreiðar en hefur þó margt við framkvæmd þessarar skattlagningar að athuga og ekki síst það hvernig þessum skattpeningum skal varið.

Kvennalistakonur hefðu kosið að bifreiðagjald ákvarðaðist ekki einungis af þyngd bifreiða heldur einnig verðmæti. Með því móti væru tekjujöfnunaráhrif meiri en með því fyrirkomulagi sem nú er boðað. Einnig telja kvennalistakonur hæpið að leggja bifreiðagjald með fullum þunga á bifreiðar sem eru atvinnutæki þar sem skattlagning er ærin fyrir.

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá fjmrn. eru áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum 5.395 millj. kr. árið 1990 (sjá fskj.). Á fjárlögum fyrir árið 1990 eru framlög til vegamála 4.575 millj. kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 1990 var sú upphæð lækkuð um 79 millj. kr. Framlög til vegamála eru nú 4.496 millj. kr.

Dæmið lítur þá svona út: Áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum 5.395 millj. kr. Framlög til vegamála árið 1990 4.496 millj. kr. Mismunur 899 millj. kr.

Þegar áætlaðar tekjur af bifreiðagjaldi eru um 100 millj. kr. hærri en þessi mismunur þykir 2. minni hl. fráleitt að styðja þetta frv. um bifreiðagjald þar sem ekkert af innheimtunni mun renna til vegamála heldur fara beint í ríkissjóð. Kvennalistakonur munu því greiða atkvæði gegn frv.“

Þessi langa og krókótta leið frv. sem minnst er á í nál. var nokkuð rakin hér í máli hv. 1. þm. Reykv. Í fyrstu útgáfu var það tengt við mengun, þ.e. tengingin í frv. var í sjálfu sér engin. Hún var einungis í munni hæstv. fjmrh. því bifreiðagjaldið átti ekki að vera breytilegt eftir því hvers konar orkugjafi var notaður á bifreiðar eða með tilliti til þeirrar mengunar sem af hlytist. T.d. skipti engu máli hvort bifreiðar

notuðu blýlaust bensín eða ekki þannig að tengsl þessarar skattlagningar við mengun frá bifreiðum voru í raun engin. Nú hefði verið fróðlegt að sjá hvernig frv. hefði litið út sem raunverulega hefði tekið tillit til mengunar. Það er alls ekki óhugsandi leið að hvetja til betri hreinsiútbúnaðar og orkunotkunar einmitt með skattlagningu svo það sé hvetjandi fyrir bifreiðaeigendur að standa þannig að að mengun frá bifreiðum verði sem minnst. Enda heyktist hæstv. fjmrh. á því að halda því til streitu að þetta væri mengunarskattur og lagði nú fram annað frv. Þar var gert ráð fyrir flötum skatti allt upp að 2500 kg eigin þyngd bifreiðar. Síðan komu nokkur millifrumvörp um dagsetningar og loks var svo frv. lagt fram með þeim brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til. Þar hefur gjald á bifreiðar upp að 1000 kg verið lækkað en síðan kemur til meiri álagning á hvert kg eftir það. Í þessu eru vissulega tekjujöfnunaráhrif því að reikna má með að efnaminna fólk aki frekar á litlum bílum og léttari. Þó ber að hafa í huga að þungir bílar eldast líka ekki síður en léttir og verða verðminni með árunum þannig, eins og ég nefndi áðan, að við kvennalistakonur hefðum kosið að verðmæti bíla væri líka viðmiðun í álagningu bifreiðagjalds.

Í þeim upplýsingum sem bárust fjh.- og viðskn. voru m.a. þungar kvartanir frá atvinnubílstjórum, aðallega vöruflutningabílstjórum, þar sem þeir tíunduðu nokkuð þær álögur sem þeir mega nú greiða af atvinnustarfsemi sinni. Held ég að flestum þyki nóg um sem renna augum yfir þau plögg og þær upplýsingar. Er í rauninni vandséð hvernig þeir eiga að rísa undir þessum álögum án þess að hækka þjónustugjöld sín en það er eitt af skilyrðum fyrir núllsamningunum að þjónusta öll hækki sem allra minnst. Og ef ekki má hækka þjónustu þá hlýtur auðvitað að þurfa að taka úr eigin vasa þau gjöld sem nú eru lögð á bílstjóra. Því hefði það verið í réttlætisátt að undanþiggja bifreiðar, sem eru atvinnutæki, þessu bifreiðagjaldi.

Í þeim tillögum sem nú liggja fyrir eru álögur lækkaðar frá því sem fyrir lá í fyrri tillögum. Og eins og oft áður er látið í veðri vaka að lækkun á fyrirhuguðum hækkunum sé í raun lækkun. Það er auðvitað ekki svo, þetta er hækkun frá því sem fyrir var þó að hún sé ekki eins mikil og áætlað var. Þessi rök voru líka notuð í virðisaukaskatti. Hér var talað fullum fetum um að verið væri að lækka virðisaukaskatt. Það var einungis vegna þess að uppi voru áform um að hækka skattstigið og síðan var talað um það sem lækkun að horfið var frá hækkun. Þetta eru mjög algeng rök í munni hæstv. fjmrh. og hafa mikið verið notuð nú í sambandi við bifreiðaskatta.

Það er ljóst að ástæða fyrir þessari lækkun á fyrirhuguðum hækkunum er fyrst og fremst tilkomin vegna þrýstings frá aðilum vinnumarkaðarins sem sýndu fram á það að ef þessar hækkanir næðu fram að ganga mundu forsendur kjarasamninga vera brostnar þar sem framfærsluvísitala mundi þá hækka of mikið. Hækkunin á bifreiðagjaldi var áætluð um 80% en lækkaði niður í 40–50%, mönnum ber nú ekki alveg saman um þær tillögur sem hér liggja frammi.

Það er athyglisvert í þessum málum eins og fleirum hvernig ýmsir sem aðild eiga nú að ríkisstjórn hafa snúist eins og þeytispjald í vindi í skoðunum. Mig langar í því sambandi að rifja upp nefndarálit frá því í maí 1988 sem var samhljóða í Ed. og Nd. Það var nefndarálit um frv. til laga um bifreiðagjald frá páv. minni hl. fjh.- og viðskn. Í Ed. var það núv. hæstv. menntmrh. sem undirritaði þetta nál. og það sem er öllu athyglisverðara er að í Nd. var það núv. hæstv. landb.- og samgrh. sem undirritaði umrætt nál. Langar mig til að lesa nokkrar línur úr því, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. er andvígur þessu gjaldi á bifreiðar, ekki vegna þess að fráleitt þurfi að vera að leggja gjald á bifreiðar heldur vegna þess að ekkert á að fara til vegaframkvæmda af þeirri skattheimtu sem hér um ræðir."

Þessar línur ættu að nægja til að sýna fram á það að hæstv. samgrh. hefur heldur en ekki skipt um skoðun í þessu máli. E.t.v. hefur hann ekki lesið þetta nál. nýlega en gaman hefði verið að geta hresst upp á minni hans ef hann hefði verið hér viðstaddur þegar verið er að ræða þessa skatta sem tengjast svo mjög framlögum til vegamála í landinu.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri í bili en vil ítreka aftur að við kvennalistakonur munum greiða atkvæði gegn þessu frv. vegna þess hvernig að því er staðið og hvert innheimtuféð á að renna.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér hefur verið til umræðu eitt af helstu hugsjónamálum hæstv. fjmrh. Ég tók eftir því að undir umræðunni var hann niðursokkinn fyrri hluta umræðunnar, fyrst við að lesa Þjóðviljann og síðan við að lesa Alþýðublaðið. Þegar þeim lestri lauk tók hæstv. ráðherra til við að lesa dagblaðið Tímann. En það er alkunna að sá fjmrh. sem óumdeilanlega hefur hlotið viðurnefnið besti fjármálaráðherra landsins, Jón Þorláksson, hafði þá meginreglu að lesa aldrei dagblaðið Tímann.

En það var nú ekki fyrst og fremst þetta sem ég ætlaði að varpa hér fram hæstv. ráðherra til aðvörunar. Hann eyddi talsverðum tíma af þessari umræðu til að sökkva sér ofan í skrif Þjóðviljans og Alþýðublaðsins í dag. Þau blöð eru fleytifull af frásögnum af framboðserfiðleikum Alþfl. og Alþb. vegna borgarstjórnarkosninganna sem nú fara í hönd. Hæstv. ráðherra ætti að leiða svolítið hugann að því hvers vegna þeir flokkar standa nú frammi fyrir þessum miklu erfiðleikum. Ég skil að hann hefur mikinn áhuga á því að fá útlistanir á því í blöðunum hvernig stríðið stendur frá degi til dags, hver er með hverjum í dag og hver er á móti hinum á morgun og hverjir eru í framboði fyrir marga flokka eða tvo flokka og þar fram eftir götunum. Öll er þessi revía hin skemmtilegasta fyrir þá sem utan við standa. En ég hygg að ástæða væri fyrir hæstv. ráðherra að velta þessum erfiðleikum og ógöngum sósíalista fyrir sér. Kannski

á hann sjálfur svolitla sök á því og kannski svolítið meira en svo litla sök á því hvernig komið er málum hjá þessum tveimur stjórnmálaflokkum.

Hæstv. ráðherra hefur gengið hér fram á tveimur þingum með berserksgangi í skattheimtu. Hann hefur gengið lengra fram í því efni en nokkur annar með skefjalausu tillitsleysi og skilningsleysi á högum almennings, því að allir hafa þessir skattar bitnað með mestum þunga á launafólki og einna helst þeim sem við kröppust kjör búa. Og nú, þegar aðilar vinnumarkaðarins hafa nýlokið gerð kjarasamninga, þegar aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt efnahagsgrundvöll fyrir hæstv. ríkisstjórn, þegar launafólkið í landinu hefur varist þeirri árás ríkisstjórnarinnar sem stefndi að því að lækka kaupmáttinn um 5% og með samningum við atvinnurekendur komið því svo fyrir að kaupmátturinn á þessu ári ætti ekki að skerðast nema um 1%, þá kemur hæstv. fjmrh. og reiðir hér eitt höggið til viðbótar. Nú á að hækka bifreiðagjöldin um 50%. Og hæstv. ráðherra kemur hér og ver þessa gjörð eins og ekkert hafi gerst, eins og ekkert hafi í skorist. Ég hygg að í þingsögunni séu engin dæmi um slíka óskammfeilni og fá dæmi um slíma glámskyggni á raunveruleikann eins og þessi málatilbúnaður og þessi tillöguflutningur hæstv. fjmrh. hér á hinu háa Alþingi. Það kann að vera að það hafi verið afsakanlegt þegar ráðherra hóf stríð sitt gegn almenningi í landinu með hinum stórkostlegu skattahækkunum að hann hafi ekki séð fyrir afleiðingar þess. En nú liggur fyrir að honum hefur ekki tekist að minnka bilið milli gjalda og tekna með þessari herferð gegn almenningi í landinu. Þetta hefur ekki leitt til þeirrar niðurstöðu. Og frá mínum bæjardyrum séð er það í meira lagi kynlegt af formannni í stjórnmálaflokki sem kennir sig við alþýðu landsins að koma hér fram, eftir þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið, eftir að forustumenn launafólksins í landinu hafa sýnt þann skilning sem raun hefur orðið á og lagt jafnmikið af mörkum í minnkandi kaupmætti til að draga úr viðskiptahalla og koma hér á nýjum efnahagsgrundvelli, þá skuli það vera launað, þá skuli endurgjald og þakklæti hæstv. ríkisstjórnar vera sýnt með því að koma hér fram með tillögu um 50% hækkun á bifreiðagjöldum. Það er eins og hæstv. ráðherra hafi ekki vaxið upp úr gamla skólanum hjá Eysteini sem hélt að bílar væru lúxus. Bílar eru almenningseign í dag. Þeir eru eign nánast hverrar einustu fjölskyldu. Þessi skattur kemur þess vegna með mestum þunga niður á þeim sem kröppust hafa kjörin og þola síst viðbótarálögur.

Það sem eftir stendur í lok þessarar umræðu er þetta: Þegar launafólkið hefur fært sínar fórnir til þess að leggja hér grundvöll að bættum efnahag þjóðarinnar flytur hæstv. fjmrh. þakkir sínar með því að hækka bifreiðagjöldin á launafólkinu um 50%. Ég held að hann ætti að leggja aðeins við hlustir. Ég held að hann ætti að hugleiða þegar hann les Alþýðublaðið og Þjóðviljann á hverjum degi þar sem fjallað er um framboðsraunir þessara tveggja A-flokka svokölluðu, Alþfl. og Alþb., að það kynni ekki að vera að þessi styrjöld hæstv. ráðherra við launafólkið í landinu sé nokkur ástæða fyrir þeim erfiðleikum. Þetta er ég ekki að segja vegna þess að ég hafi einhverja sérstaka ástæðu til þess að flytja hæstv. ráðherra heilræðaboðskap eða að ég hafi einhverja ástæðu til þess að leggja honum til ráð til þess að bregðast við þeim mikla vanda sem flokkur hans stendur nú frammi fyrir. Þetta er ég aðeins að segja vegna þess að mér finnst það óhæfa að Alþingi Íslendinga samþykki þær tillögur í þessu efni sem hæstv. ráðherra hefur lagt hér fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 744,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁHE, GB, GGÞ, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, SvS, RG, SighB, JAJ, StH, SJS, AS, ÁrnG.

nei: AÓB, BÍG, FÞ, FrS, GHH, KrP, ÓE, PJ, ÞP, ÞÞ.

16 þm. (EH, GeirG, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, JóhS, KE, MB, MÁM, MálmS, ÓÞÞ, RA, RH, AðB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Vegna þeirrar skattheimtu sem hér er boðuð vil ég gera þá grein fyrir atkvæði mínu að við kvennalistakonur erum ekki endilega andvígar þessari skattheimtuleið heldur fyrst og fremst framkvæmd hennar og hvernig þessum skattpeningum skal varið. Það verður ekki öllu betur orðað en í minnihlutaáliti sem lagt var fram hér á Alþingi fyrir tveimur árum og undirritað var af þeirri sem hér stendur og hæstv. núv. samgrh. og hljóðar svo:

„Minni hlutinn er andvígur þessu gjaldi á bifreiðar, ekki vegna þess að fráleitt þurfi að vera að leggja gjald á bifreiðar heldur vegna þess að ekkert á að fara til vegaframkvæmda af þeirri skattheimtu sem hér um ræðir.“ Í ljósi þessa segi ég nei.

Brtt. 744,2 samþ. með 16:9 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16:9 atkv.

Brtt. 744,3 (ný 3. gr.) samþ. með 16:7 atkv.

Brtt. 744,4–5 (ný ákv. til brb.) samþ. með 16:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1. umr.

Stjfrv., 355. mál (breytingar frá 1987). — Þskj. 612.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum nr. 7/1975 hafa alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á

sjó frá 1972 og 1981 lagagildi hér á landi en árið 1987 voru gerðar breytingar á reglunum. Með frv. þessu er lagt til að lögum nr. 7/1975 verði breytt til þess að breytingarnar fái lagagildi. Enn fremur er texti 26. reglu svokallaðrar samkvæmt b-lið leiðréttur.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Samkvæmt lögum nr. 94/1980 hefur Norðurlandasamningur frá 1981 um gagnkvæma aðstoð í tollamálum lagagildi hér á landi. Á sl. ári var samningnum breytt til þess að ákvæði hans næðu til Færeyja. Með frv. þessu er lagt til að lögum nr. 94 1980 verði breytt til þess að taka mið af hinu nýja gildissviði samningsins.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1988, 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988 er samið eftir þeim ríkisreikningi sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Sþ. í október 1989. Það er í sjálfu sér óþarfi að hafa hér mörg orð um þetta frv. Ég vísa til þeirrar endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins sem hv. alþm. er kunnug og enn fremur í því sambandi vinnu Ríkisendurskoðunar að endurskoðun þessa ríkisreiknings og skýrslu um það fyrir þetta sama ár.

Jafnframt vil ég vísa til skýrslu fjmrh. frá 14. apríl 1989 um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1988 og greinargerðar með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 og þeirrar framsöguræðu sem ég hafði í Sþ. fyrir því frv.

Eins og menn þekkja er nauðsynlegt samkvæmt þingsköpum að fjalla um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 í Sþ. en frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi í deildum þingsins. Hv. fjvn. vinnur nú að því að fara yfir frv. um fjáraukalög fyrir árið 1988 og er rétt að hv. fjh.- og viðskn., sem ég mælist til að fjalli um þetta frv. að lokinni 1. umr., hafi hliðsjón af þeirri vinnu fjvn.

Ég tel, virðulegi forseti, óþarfi að hafa fleiri orð um þetta frv. hér en eðlilegra að einstök efnisumræða, ef hv. þingdeildarmenn kjósa, fari fram við 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Brottfall laga og lagaákvæða, 1. umr.

Stjfrv., 383. mál. — Þskj. 671.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hinn 22. maí 1984 var samþykkt í Sþ. till. til þál. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga. Þann 20. júní 1985 var síðan kosin níu manna nefnd er skyldi vera til ráðuneytis um framkvæmd þeirra verkefna sem þál. fjallaði um og er nokkuð sundurliðað í þáltill. en heildarverkefnið er, eins og ég sagði fyrr, samræming og úrfelling úreltra laga.

Í nefnd þessa voru kosnir dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, Gils Guðmundsson, fyrrv. alþm., Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, Hreinn Pálsson lögfræðingur, Margrét Rún Guðmundsdóttir blaðamaður, Már Pétursson héraðsdómari, bæjarfógeti og sýslumaður, Sigurður Líndal prófessor, Snædís Gunnlaugsdóttir dómarafulltrúi og Svala Thorlacius hæstaréttarlögmaður.

Margrét Rún Guðmundsdóttir hefur vegna fjarvista ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ármann Snævarr hefur gegnt störfum formanns nefndarinnar. Starf nefndarinnar hefur nú staðið í 4½ ár og lauk því starfi með samningu þess frv. sem ég mæli hér fyrir.

Eftir að frv. barst forsrn. hef ég óskað eftir umsögnum allra ráðuneyta á þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir á lögum og ýmsar umsagnir hafa borist. Þær hafa allar verið lagðar fyrir formann nefndarinnar og skoðaðar vandlega og ég tel að frv. sé nú þannig úr garði gert að ekki verði betur gert af hálfu nefndarinnar og forsrn. og tímabært að það verði skoðað hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil geta þess að formaður nefndarinnar lét mér í té minnisblað um ýmis atriði sem hann taldi að þyrftu að skoðast nokkuð nánar og það er rétt að ég hlaupi aðeins yfir það. Í fyrsta lagi segir formaður nefndarinnar að frv. til laga um brottfall laga og lagaákvæða sé þannig unnið að samráð hafi verið höfð við ráðuneyti og ýmsar opinberar stofnanir um efni frv.

Drög voru send þessum aðilum og farið mjög eftir ábendingum þeirra. Í mjög mörgum tilvikum var haft að nýju samband við þessa aðila eftir að nýtt frv. var samið á grundvelli ábendinga og samráða. Greiðlega ætti því að ganga að fá umsögn ráðuneyta um efni frv. nú, segir formaður, og það reyndist svo eftir að við sendum það út enn einu sinni til umsagnar.

Í öðru lagi er lagt til að forsrn. skipi sérfræðinganefnd til að endurskoða lög um efnahagsmál því að í ljós kom að þarna þarf töluverða sérfræðiþekkingu og nefndin taldi sér ekki fært að taka það verkefni að sér.

Í þriðja lagi. Um reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur og hreinsun á þeim er lagt til að menn færi sér í nyt reynslu Norðmanna er hreinsuðu til á þessu sviði fyrir nokkrum árum með ágætum árangri. Megintillaga lagahreinsunarnefndar er sú að forsrh. leggi fyrir öll ráðuneyti og nokkrar opinberar stofnanir að kanna hver fyrir sínu landi hver stjórnvaldsfyrirmæli séu í gildi með það fyrir augum að hreinsa duglega til. Þetta yrði samstarfsverkefni milli ráðuneyta. Nauðsynlegt er að ráða verkefnisstjóra er skipulegði starfið og samræmdi vinnubrögð m.a. með tölvutækni. Þörf er á að forsrh. setji ráðuneytum og fleirum ákveðin tímamörk sem raunsæ mega teljast til að vinna þetta verk. Formaður nefndarinnar, Ármann Snævarr, leggur áherslu á að þetta sé mikið nauðsynjaverk og á því er ekki nokkur vafi. Og ég hef fullan hug á því að gera þetta en tel að það komist varla á fullan skrið fyrr en frv. sem hér er mælt fyrir hefur hlotið afgreiðslu á Alþingi, þarf að vera framhaldsverk.

Í fjórða lagi er vakin athygli á því að nauðsynlegt er að koma á miðlun fræðslu um réttarreglur.

Í fimmta lagi er bent á þörfina fyrir það að koma á fót lagastofnun, einkum í þágu lagasetningar og samningar stjórnvaldsreglna, sennilega í tengslum við dómsmrn.

Í framhaldi af meðferð þessa frv. í forsrn. og með tilvísun til ábendinga formanns nefndarinnar ritaði ég dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 22. febr. sl., rakti þar efni þeirrar þál. sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi 22. maí 1984 og störf nefndarinnar, sendi með þetta minnisblað og fól dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að taka til umfjöllunar og frekari meðferðar þá þætti sem getið er um í þessu minnisblaði sem ég hef nú rakið og snerta reglugerðahreinsun, framtíðarskipun á útgáfu laga og reglugerða og upplýsingamiðlun um réttarreglur í framtíðinni. Ég tel rétt að dóms- og kirkjumálaráðuneytið sinni þessum verkefnum. Hins vegar hef ég ákveðið að skipa sérstaka nefnd sérfræðinga til að fara yfir lög um efnahagsmál sem um mjög margt eru orðin úrelt og satt að segja sundurtætt, ef ég má orða það svo, og geri ráð fyrir því að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir haustþing.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð í raun. Eins og ég hef sagt hefur þetta verk verið unnið af mikilli vandvirkni, ég er sannfærður um það, lögð mikil vinna í það og vandlega yfirfarið af hinum fróðustu mönnum. Hér er um að ræða fjölmörg afar gömul lagaákvæði, í raun ekki í framkvæmd lengur og er því í sannleika sagt um mjög þarfa og tímabæra hreinsun að ræða.

Ég geri ráð fyrir að sú nefnd sem fær málið til meðferðar skoði það að sjálfsögðu vandlega en vil vekja athygli á því að það eru til mjög viðamiklar umsagnir, t.d. ráðuneyta, sem nefndin getur að sjálfsögðu fengið aðgang að og þar e.t.v. sparað sér töluverða vinnu. Ég er ekki að leggja áherslu á að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi en ef nefndinni sýnist það fært væri það vitanlega kostur og þá að halda áfram því sem fylgja þarf, eins og hreinsun á reglugerðum og fleiru þess háttar.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Sektarmörk nokkurra laga, 1. umr.

Stjfrv., 393. mál. — Þskj. 687.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl. sem flutt er á þskj. 687. Frv. þetta um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga sem er hér lagt fram fyrir hv. þingdeild fjallar um breytingu á sektarviðurlagaákvæðum í yfir 40 lögum, lögum sem hafa að geyma ákvæði þar sem sekt er tiltekin sem krónutala.

Frv. er flutt í framhaldi af endurskoðun ákvæða í sérrefsilögum á árinu 1982 og 1983 en þá var breytt sams konar ákvæðum í um 120 lögum. Frv. er undirbúið í tengslum við störf lagahreinsunarnefndar sem starfað hefur undanfarin ár samkvæmt ályktun Alþingis eins og kom fram í næsta máli hér á undan.

Hér hefur verið tekið mið af tillögum sem sú nefnd hefur gert um brottfall laga sem úrelt eru talin og er þá ekki fjallað um refsiviðurlög í þeim lögum. Endurskoðun sektarákvæðanna miðar að því að almennt sé byggt á sektarhámarki hegningarlaganna en sérstakt lágmark og hámark að öðru leyti fellt niður. Sektarhámark hegningarlaganna er nú 4 millj. kr. samkvæmt lagabreytingu frá árinu 1985. Má segja að tímabært sé að hækka þá fjárhæð þó það sé ekki lagt til með þessu frv. Auk breytinga á sektarákvæðum felur frv., eins og hin fyrri lög um sama efni, einnig í sér breytingar á ákvæðum þar sem vísað er til málsmeðferðar til samræmis við gildandi réttarfar. Loks eru lagðar til breytingar á nokkrum dagsektarákvæðum í lögum enda þótt þar sé ekki um heildarendurskoðun slíkra ákvæða að ræða. Rétt er að taka fram að við undirbúning frv. voru frumvarpsdrög send öllum ráðuneytum til athugunar.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ekki er næg þátttaka í atkvæðagreiðslunni. Forseti vill benda hv. þingdeildarmönnum á þingskyldur sem kveðið er á um í þingsköpum um mætingu á fundum deildar og þátttöku í atkvæðagreiðslum. Forseti reynir enn einu sinni að koma máli sem ekki hefur verið deilumál til 2. umr. og nefndar. — Það er ekki næg þátttaka. Nú er forseta næst skapi að slíta þessum fundi en hann ætlar að gera enn eina tilraun. — Það verður gerð lokatilraun til þess að koma 8. dagskrármálinu til 2. umr. og nefndar. — Það er ekki næg þátttaka. (**Forsrh.:** Af hverju greiðir hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ekki atkvæði?) (**ÓÞÞ:** Ég samdi um að vera úti á móti Eggerti Haukdal.) (**Forsrh.:** Þetta er óumdeilt mál.) (**ÓÞÞ:** Meðan formaður Sjálfstfl. greiðir ekki atkvæði tel ég mér skylt að vera úti.) (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingdeildarmenn að hætta þessari umræðu. Ef þeir vilja ræða þingsköp er það velkomið. Að öðrum kosti bið ég menn að fella niður þessa umræðu. Og ég geri enn eina tilraun til að koma þessu dagskrármáli áfram. — Það er enn ekki næg þátttaka (**ÓÞÞ:** Það er óskað eftir nafnakalli.) og forseti mun ekki gera fleiri tilraunir og telur hann það nú nokkra vansæmd fyrir hv. deild þegar 26 hv. þingdeildarmenn eru í húsi að ekki skuli vera hægt að ná fram atkvæðagreiðslu og koma málum á milli umræðna og til nefnda.

Atkvæðagreiðslu frestað.

NEÐRI DEILD

61. fundur, þriðjudaginn 20. mars, að loknum 60. fundi.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 774.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, ÞÞ, AS, AÓB, ÁHE, FÞ, GB, GGÞ, JóhS, JBH, JSS, KE, ÓÞG, SvS, PJ, RG, SighB, JAJ, StH, ÁrnG.

ÞP, BÍG, FrS, GHH, KrP, ÓÞÞ greiddu ekki atkvæði.

16 þm. (AðB, EH, GeirG, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, JK, JónS, MB, MÁM, MálmS, ÓE, RA, RH) fjarstaddir.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Nú hefur það gerst að ákveðið hefur verið að taka hér í dag 2. og 3. umr. í þessu máli sem þýðir að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að keyra þetta mál fram með nokkuð óvenjulegum hraða. Við 2. umr. málsins var heldur lítið um svör af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hv. 18. þm. Reykv., frsm. 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., nefndi það í sínum ræðum að bestu rökin gegn þessari hækkun væri að finna í ummælum hæstv. samgrh. sem á sínum tíma hefði barist eins og grenjandi ljón gegn því að sett væri á bifreiðagjald.

Nú stendur þessi sami hæstv. ráðherra að því að hækka bifreiðagjaldið um u.þ.b. 50% og augljóslega er tilgangurinn sá að komast hjá því að skattar sem lagðir eru á umferðina, á bifreiðar, gangi til framkvæmda í vegamálum.

Ég tel, virðulegur forseti, að óhjákvæmilegt sé að óska eftir að hæstv. ráðherra samgöngumála komi hér í ræðustól og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum og svari því sem kom fram hjá hv. frsm. 2. minni hl. nefndarinnar og skýri hv. Alþingi frá því hvernig á þessum sinnaskiptum standi. Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. ráðherra, ef hann fæst til að svara því, hvort hann telji viðunandi að leggja slíka skatta á umferðina, á bifreiðaeigendur, í því skyni að ríkissjóður fái þessa fjármuni til ráðstöfunar en þeir gangi ekki til vegamála eins og hefði gerst ef bensíngjald hefði hækkað með þeim hætti sem gert hafði verið ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Það er ástæðulaust að halda hér uppi langri umræðu um þetta mál en vegna þess að hæstv. ráðherra er kominn og hefur tekið sitt sæti á ný á hv. Alþingi finnst mér full ástæða til þess að hann verði inntur eftir því og að hann svari því þá hvort hann sé ánægður með þá stefnu sem þessi mál hafa tekið með því að taka skatta af bifreiðum beint í ríkissjóð og koma þannig í veg fyrir að bensíngjald verði hækkað, eins og ráðgert hafði verið, og að slík gjöld sem lögð eru á umferðina renni til framkvæmda í vegamálum.

Í trausti þess að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir þessu og eins hinu, hvernig á hans sinnaskiptum standi, lýk ég hér máli mínu en legg eindregið til, virðulegur forseti, að málið verði fellt við atkvæðagreiðslu þegar þessari 3. umr. lýkur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur af því áhyggjur að sinnaskipti hafi orðið hjá mér sem ég skil hann svo að hann telji vera til hins verra. Ég vil þá hughreysta hv. þm. með því að í raun og veru hafa nú ekki orðið stór sinnaskipti hvað það snertir að sem mikill áhugamaður um samgöngubætur í landinu kysi ég helst að öllum álögum á bifreiðar og umferð yfir höfuð væri unnt að verja til þeirra framkvæmda, til þess málaflokks, og teldi í raun og veru á engan hátt of í lagt þó að mestöllum tekjum, svo að ég segi ekki öllum, sem hið opinbera hefur af innflutningi bifreiða

og af umferð í landinu sem eru þó allverulegar, yrði varið til þessa málaflokks. Svo hefur reyndar ekki verið um langt skeið og reyndar aldrei eins og hv. þm. þekkja. Þvert á móti hafa innflutningsgjöld og tollar, aðflutningsgjöld af bifreiðum, sem og gjöld af því tagi sem hér um ræðir, bifreiðagjöld, og nokkurra ára hefð er fyrir, runnið í ríkissjóð.

Þegar við skiluðum umræddu nál. minni hl., ég og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, var að ljúka því ári á þessum áratug sem vegaframkvæmdir hafa orðið minnstar í landinu að raungildi. Það var því í nokkuð öðru samhengi sem við ræddum þessi mál en nú er. Þá verður líka að hafa í huga þær aðstæður í ríkisfjármálum sem verið hafa uppi á hinum tveimur síðustu árum við þær þröngu efnahagslegu kringumstæður sem við höfum búið við og einkennst hafa af samdrætti í efnahagslífinu og minnkandi tekjum hjá ríkissjóði eins og öðrum aðilum reyndar. Allt þetta verður að hafa í huga vilji menn gera sanngjarnan samanburð á þeim aðstæðum sem móta afstöðu manna og viðhorf þegar tekin er afstaða til mismunandi tillagna.

Við þær aðstæður sem uppi voru á sl. vetri, þegar reynt var að ná saman endum í ríkisbúskapnum og lokafjárlögum, varð það einfaldlega fyrir valinu sem ein af tekjuöflunarleiðum ríkisins að hækka talsvert þessi nefndu bifreiðagjöld og afla þannig tekna og dugði þó ekki til eins og alkunnugt er og var fjárlögunum lokað með verulegum halla, verulegu gati, engu að síður. Síðan hefur reyndar aftur orðið þarna breyting á og verið horfið að hluta til frá fyrirhugaðri hækkun sem lið í aðgerðum til að lækka sérstaklega framfærsluvísitölu í tengslum við kjarasamninga. Allt er þetta hv. þingmönnum kunnugt. Og það er alveg rétt, ég hef átt aðild að þessu og ber fulla ábyrgð á þessari afgreiðslu eins og aðrir hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og vísa til aðstæðna þegar ég útskýri það hvers vegna ég hef tekið þá ákvörðun að eiga aðild að þessu og bera á því ábyrgð og vona að þetta svar dugi hv. 1. þm. Suðurl. og öðrum sem á mál mitt hlýða og að þeim sé þá nokkuð rórra eftir að ég hef gefið þessar útskýringar.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það var einkum athyglisvert að hlusta á hæstv. ráðherra gera grein fyrir þeim sinnaskiptum sem orðið hafa og ég verð að lýsa því yfir að mér finnst hann mikill kjarkmaður að hafa komið hér upp í ræðustól og gefið þessa yfirlýsingu og þar með kyngt öllum sínum gömlu yfirlýsingum frá því hann var í stjórnarandstöðunni. Þetta kemur nú fyrir bestu menn.

Það sem hins vegar skiptir mestu máli er að átta sig á að hér er verið að ná í nýja skatta og eins og hæstv. ráðherra vék að er meginröksemdin fyrir því að það sé gat í ríkisfjármálunum, endar náist ekki saman milli tekna og gjalda. Þá er gripið til þess ráðs að hækka skattana. Ég vil að það komi hér skýrt fram, þar sem hæstv. ráðherra hefur tækifæri til að hlusta á mál mitt, að ég tel að hann geti ekki fremur en nokkur annar hæstv. ráðherra sýnt fram á að með þessum hækkuðu sköttum minnki þetta fjárlagagat. Ástæðan fyrir því er sú að eftir því sem þessi ríkisstjórn hefur hækkað skattana meira, þeim mun meiri hafa útgjöldin orðið. Það er útgjaldaþenslan sem er vandamálið. Ríkisstjórnin hæstv. hefur gefist upp við að leysa það vandamál og í raun og veru sást það best á því þegar hún tók sér það fyrir hendur nú í tengslum við kjarasamninga. Síðan eru lagðir nýir skattar á bifreiðaeigendur og sagt að það sé gert til þess að fylla upp í gatið, alveg með sama hætti og gert var í ársbyrjun 1989, þegar lagðir voru á nokkrir milljarðar í nýja skatta og sagt: Nú erum við búin að loka gatinu. Meira að segja eigum við 600 millj. í afgang. En þegar upp var staðið þá vantaði 6 milljarða vegna þess að útgjöldin héldu áfram að vaxa.

Þetta vildi ég að hæstv. ráðherra hefði átt kost á að hlýða á hér í þessari umræðu þegar hann gerir okkur þann heiður að taka þátt í umræðunni og skýra frá þeirri þróun sem hefur átt sér stað í huga hans varðandi þessi mál og svo mörg önnur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16:6 atkv. og afgr. til Ed.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. EKJ, 419. mál (stjórnarkjör). — Þskj. 731.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, ÞÞ, AS, AÓB, ÁHE, FÞ, GB, GGÞ, JóhS, JBH, JSS, KE, ÓÞG, SvS, PJ, RG, SighB, JAJ, StH, ÁrnG.

ÞP, BÍG, FrS, GHH, KrP, ÓÞÞ greiddu ekki atkvæði.

16 þm. (AðB, EH, GeirG, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, JK, JónS, MB, MÁM, MálmS, ÓE, RA, RH) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) (frh.):

Allt er þegar þrennt er, virðulegi forseti, og vonast ég til að geta lokið ræðu minni í þriðju atrennu.

Ég var einhvers staðar þar kominn að ég var að ræða athugasemdir hæstv. fjmrh. við frv. og var raunar búinn að víkja að öllum athugasemdum hans nema þeirri síðustu en þá athugasemd gerði hann við 9. gr., *um takmörkun tímabundins yfirdráttar, en í* þeirri grein er lagt til að ríkissjóði sé heimilt að yfirdraga viðskiptareikning sinn í Seðlabanka Íslands að tilteknu hámarki sem ákveða skal í fjárlögum *hverju sinni. Þetta er m.a. gert til þess að menn geri* raunhæfari greiðsluáætlanir en gerðar eru núna. Sú greiðsluáætlun er gerð í upphafi árs, síðan er samið um það við Seðlabanka Íslands hversu mikið ríkis*sjóður hugsar sér að yfirdraga viðskiptareikning sinn* á hverjum mánuði á þeim tíma sem eftir lifir af árinu og fari ríkissjóður fram úr því samkomulagi ber honum að standa skil á refsivöxtum. Þessir refsivextir hafa verið mjög háir og skipt mjög verulegum fjárhæðum, þannig að það er full ástæða til þess annaðhvort að gera raunhæfari samning við Seðlabanka Íslands um yfirdráttarheimildir en gert hefur verið og losna þannig við mjög háa refsivaxtagreiðslu ellegar þá hitt að reynt sé að setja mörk um hvaða yfirdrátt ríkissjóður má hafa við Seðlabanka Íslands og ekki sé heimilt að fara fram úr því. Okkar tillaga er sem sé sú að við fjárlagaafgreiðsluna sé tekið sérstaklega fram hvað yfirdráttarheimildin sem ríkissjóður mun óska eftir við Seðlabanka Íslands megi vera há og er þetta miðað við það sem fram hefur komið hjá mér áður og miðað við þá reynslu sem menn hafa fengið.

Ég ætla svo, virðulegi forseti, að víkja að þeim 14 atriðum sem hæstv. fjmrh. birti þingheimi í sérstöku plaggi, dags. 7. mars 1990, sem kallast „Tillögur fjármálaráðherra um umbætur við fjármálastjórn ríkisins, nýskipan í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds á vettvangi ríkisfjármála og um aukið aðhald í ríkisrekstri."

Ég tek fram í þessu sambandi að margt af því sem er talið í þessum 14 punktum er gamalkunnugt, hefur verið hér oft í umræðu á hv. Alþingi en aldrei náð neitt lengra. Gallinn við þessa umræðu alla saman sem hefur verið í þingsölum og utan þeirra um nauðsyn aðhaldsaðgerða í ríkisrekstri er einmitt sá að menn hafa gjarnan fjallað um það í almennum orðum en hins vegar heykst á því eða alla vega hefur sú umræða aldrei náð lengra en svo að þetta hefur verið rætt í almennum orðum, stundum nokkuð háfleygum, en þegar komið hefur að því að setja niður tilteknar reglur um það hvernig þessum almennu orðum skuli beitt, þá hefur vantað það sem við á að éta. Og það er enn svo að í þessum 14 tillögum, sem hér eru fram lagðar, er raunar ekkert sem ekki er lýst í svo almennum orðum að erfitt er að fá á því handfestu. Vil ég í því sambandi sérstaklega benda á 9. töluliðinn þar sem segir að allar greiðslur úr ríkissjóði verði annaðhvort samkvæmt heimildum í fjárlögum eða fjáraukalögum og aukafjárveitingar lagðar niður. Þarna er orðað í almennum orðum það sem sett er í lagatexta í frv. okkar um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og er það í fyrsta skipti sem reynt er að orða þessa almennu yfirlýsingu í ákveðinn lagatexta.

Það er oft svo með okkur Íslendinga að við hneigjumst til að haga orðum okkar í almennum yfirlýsingum sem eru ósköp áferðarfallegar en engjumst hins vegar eins og ormar á túni þegar að því kemur að þarf að festa niður einhverjar grundvallarreglur til að fylgja eftir þessum almennu yfirlýsingum. Okkur lætur það afskaplega illa að hugsa sértækt. Okkur lætur afskaplega illa að koma niður í lagatexta þeim almennu hugleiðingum sem við erum með og sýnum þá gjarnan þau viðbrögð að sjá á öllu löst en á engu kost og snúa síðan umræðunni á ný upp í þær almennu yfirlýsingar og háfleygu orðræður sem okkur þykir svo gaman að viðhafa bæði hversdags og á tyllidögum. Það er einmitt þetta sem kemur fram í þessum 14 punktum hæstv. fjmrh. Þetta er allt saman ósköp gott, á allt gott skilið og flestallir ef ekki allir landsmenn gætu tekið undir flest af því sem þar er sagt. En þetta er búið að segja mjög oft áður og menn hafa aldrei fylgt því öllu lengra úr hlaði en með þessum almennu yfirlýsingum og svo bregðast menn við, hæstv. forseti, eins og stunginn grís þegar lagður er fram lagatexti til þess að fullnægja þessum almennu orðum og yfirlýsingum.

Nú langar mig til að víkja nokkuð að þessum punktum hverjum fyrir sig sem eru flestir gamalkunnir og byrja á þeim fyrsta. Þar leggur hæstv. ráðherra til að fjallað verði um útgjaldahlið fjárlaga og tekjuhlið fjárlaga á sama tíma og af sömu aðilum á Alþingi. Þingsköpum verði breytt til að tryggja slík samhæfð vinnubrögð. Nú er það sannast sagna, herra forseti, að þetta er ekki framkvæmanlegt eins og það er orðað í þessum almenna texta. Það nægir ekki að breyta þingsköpum heldur verður að breyta stjórnarskránni því hún kveður á um að fjárlög skuli rædd og afgreidd í sameinuðu Alþingi en tekjuöflunarfrumvörp skuli rædd og afgreidd í deildum. Án þess að þessu ákvæði stjórnarskrár sé breytt er ekki hægt að framkvæma þá hugmynd að útgjaldahlið fjárlaga og tekjuhlið séu ræddar á sama tíma og af sömu aðilum á Alþingi. Þetta er einfaldlega ekki hægt nema með breytingu á stjórnarskrá og virðist hæstv. fjmrh. ekki alveg hafa gert sér það ljóst þegar hann leggur tillögurnar fram. Eins og allir vita hefur í áratugi verið umræðuefni stjórnmálamanna að gera þær breytingar sem hér er verið að ýja að. Með öðrum orðum að gera þær breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins að sameina hinar tvær deildir Alþingis í eina. Því aðeins að það sé gert er hægt að tryggja þá breytingu sem hæstv. ráðherra er hér að ýja að. Menn vita að þrátt fyrir mikla umræðu um nauðsyn þess að breyta Alþingi úr tveimur deildum í eina hefur það aldrei náðst fram og verður ekki séð, a.m.k. eins og sakir standa, að sú breyting sé neitt nær okkur í tíma nú en verið hefur. Því er harla lítils virði í sambandi við frv. sem hér er til umræðu að drepa því máli á dreif með því að tala um þessa gömlu hugmynd sem hefur verið rætt um í sambandi við breytingu á stjórnarskrá.

Í tölul. 2 í tillögum ráðherrans er sagt að í stað fjvn. verði sett upp með breytingu á þingsköpum fjárlaganefnd sem hafi það verkefni að fjalla bæði um útgjaldahlið fjárlaga og tekjuhlið fjárlaga. Og það er sama um þetta að segja. Þetta nær ekki fram að ganga nema með stjórnarskrárbreytingu og a.m.k. hingað til hefur Alþingi Íslendinga ekki verið reiðubúið til að gera þá breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins sem þessi hugmynd kallar á, þ.e. að breyta þjóðþinginu úr tveimur deildum yfir í eina. Og þó vissulega megi vel ræða þessar hugmyndir, sem hafa lengi verið ræddar og eru ekkert nýjar út af fyrir sig, í svipuðum dúr og gert hefur verið hingað til er engin ástæða til að ætla að framkvæmdin standi nær okkur í tíma nú en hún hefur gert undanfarin ár og áratugi.

Þá er 3. liður í tillögunum ákvæði um að ákveðin verði verkaskipting hinnar nýju fjárlaganefndar, sem ekki er hægt að stofna nema með breytingu á stjórnarskrá, og einstakra fagnefnda Alþingis. Fjárlaganefndin hafi það verkefni að fjalla um heildargjöld fjárlaganna og stærstu drættina í gerð þeirra. Fagnefndir þingsins fjalli um þann þátt fjárlaganna sem snýr að þeirra vettvangi, þ.e. menntamálafjárlögin, heilbrigðisfjárlögin o.s.frv. Og enn er um þetta það sama að segja. Þetta er ósköp áferðarfalleg hugmynd. Hún hefur oft verið rædd. Forsenda hennar er sú að Alþingi starfi í einni deild. Því aðeins er hægt að tryggja að hin svokallaða nýja fjárlaganefnd geti starfað.

Mig langar til að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að hér er lýst því kerfi sem viðgengst í Svíþjóð. Því kerfi er nánar lýst á bls. 14 í fylgiskjali II með frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem fjárveitinganefndarmenn hafa flutt. Í fljótu bragði mætti ætla að lýsingin á fjárlagavinnunni í sænska þinginu, eins og hún er sett þar fram, hafi verið tekin nærfellt stafrétt upp í þessa tillögu. Það er út af fyrir sig ánægjuefni að vinna fjárveitinganefndarmanna við upplýsingaöflun skuli hafa orðið til þess að einhverjir fengju nýjar hugmyndir sem hafa kannski ekki verið mikið til umræðu fyrr hér á landi.

Hins vegar er í þessu sambandi horft fram hjá því að þessi vinnubrögð við fjárlagaafgreiðsluna eru að takmörkuðu leyti viðhöfð á Alþingi Íslendinga. Eins og allir vita er það samvinnunefnd samgöngumála, þ.e. samgöngumálanefndir beggja þingdeilda, sem fjallar um þann þátt fjárlagagerðarinnar sem lýtur t.d. að flóabátastyrkjum og ýmsum smærri styrkjum til samgöngubóta. Þannig að þessar tvær þingnefndir koma að því máli. Menntamálanefndir beggja deilda fjalla um heiðurslaun rithöfunda þannig að menntamálanefndir koma að því leyti við fjárlagaafgreiðsluna. Og það er alkunna að kjördæmahóparnir sem skipaðir eru þingmönnum bæði stjórnar og stjórnarandstöðu hafa síðasta orðið um framkvæmdaframlög, t.d. til hafnamála, skólamála og vegamála, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Þannig að þó sænska kerfið, sem miklu betur er lýst á bls. 14 í fylgiskjali með frv. því sem hér er flutt, sé að vísu ekki tíðkað hér hefur sá háttur verið hafður á við fjárlagaafgreiðsluna að miklu fleiri hafa komið að þeirri afgreiðslu og ráðið um tillögugerð í því efni en bara fjvn. Kjördæmahóparnir hafa haft þar mikið að segja og eins tvær af nefndum deildanna, samgöngunefndirnar og menntamálanefndirnar.

Fjórða tillaga lýtur að því að samin verði fjárlagaáætlun til þriggja ára í senn, hún samþykkt á Alþingi og síðan notuð sem viðmiðun og grundvöllur fyrir fjárlagagerð hvers árs. Hæstv. fjmrh. kom með þessa tillögu, að mig minnir við síðustu fjárlagagerð, og lýsti henni þar í fjárlagaræðu sinni. Svona áætlun, þriggja ára fjárlagaáætlun, hefur áður verið gerð og lögð fram á Alþingi þó að hún hafi ekki verið formlega staðfest. Og hæstv. ráðherra hefur látið vinna slíka áætlun í ráðuneyti sínu og hún er að mestu tilbúin og ættu því ekki að vera nein vandkvæði á því að leggja hana fram ef verkast vill en það hefur að sjálfsögðu ekkert að gera með það frv. sem hér er lagt fram. Það stendur sjálfstætt án tillits til þess hvað er gert eða ekki gert í sambandi við gerð þriggja ára fjárlagaáætlunar.

Fimmti liður í tillögum hæstv. fjmrh. um að hlutverk, markmið og starfshættir ákveðins hluta allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja verði metinn árlega frá grunni er einnig ágæt hugmynd sem er ekki ný af nálinni. Hún hefur iðulega verið rædd, m.a. orðuð í fjvn. af ýmsum nefndarmönnum þar. Þar er um að ræða einbert framkvæmdaratriði og þarf ekki neina lagasetningu til. Hæstv. fjmrh. og fjmrn. geta framkvæmt þetta nákvæmlega svona ef framkvæmdarvaldið vill og ekkert stendur í vegi fyrir því að þetta sé gert og framkvæmt nema það eitt að það er eftir að taka formlega ákvörðun og sú ákvörðun er á valdi hæstv. fjmrh.

Sjötti liðurinn í tillögum fjmrh. er að til þess að tryggja aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds verði starfsvettvangur fjvn. bundinn við setningu fjárlaga. Þátttöku fjvn. í framkvæmd fjárlaga sem tíðkast hefur á undanförnum áratugum og bundin er í ýmsum lögum verði hætt með öllu og þannig dregnar skýrar línur milli framkvæmdarvalds og fjárveitingavalds. Þetta er í sjálfu sér góðra gjalda vert og ekkert nema gott um þetta að segja, enda vek ég athygli á því að frv. sem við, þm. í fjvn., flytjum stefnir einmitt í þá átt að skerpa skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Hins vegar mun fjvn. eða hver sú nefnd sem Alþingi felur tillögugerðina um fjárlagaafgreiðsluna af sinni hálfu, slík nefnd mun aldrei geta komist hjá því, enda er það liður í sjálfsögðum starfsháttum, að fylgjast með framkvæmd fjárlaga til þess að gera sér grein fyrir því hvort þær áætlanir sem gerðar eru séu raunhæfar eða ekki og hvort framkvæmdarvaldið hafi virt þær ákvarðanir sem löggjafinn tekur í fjárlagaafgreiðslunni. Þess vegna er ekki hægt að gera svo glögg skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að löggjafarvaldið áskilji sér ekki rétt til þess að fylgjast með því hvernig framkvæmdarvaldið stendur að framkvæmd fjárlaga. Með nákvæmlega sama hætti verður heldur ekki hægt að gera slík skil milli löggjafarvalds og

framkvæmdarvalds að framkvæmdarvaldið reyni ekki að fylgjast með og óska upplýsinga um hvaða ástæður liggja til grundvallar ákvörðun löggjafarvaldsins um fjárveitingar til einstakra viðfangsefna og verkefna.

Sjöundi liðurinn í tillögum hæstv. ráðherra er að innan sérhvers ráðuneytis verði komið upp öflugum fjármálaskrifstofum. Þetta er verið að gera. Hin einstöku ráðuneyti hafa verið að vinna að þessu hin síðari ár og hefur orðið nokkuð ágengt.

Áttunda tillagan kveður á um að fjárlagagerðin fari fram á grundvelli rammafjárlaga þar sem heildarupphæð fyrir hvert útgjaldaráðuneyti verði ákveðin fyrir fram og ráðuneytunum síðan falið að gera tillögur um útgjöld innan þessa ramma. Þessi hugmynd hefur einnig oft verið rædd og er út af fyrir sig ekkert sem stendur í vegi fyrir því að framkvæmdin sé nákvæmlega svona. Hæstv. fjmrh. getur, ef hann vill, hagað undirbúningi fjárlagagerðar af sinni hálfu og ríkisstjórnar svona. Það þarf enginn lagaatbeini til að koma til þess að hægt sé að taka upp þessi vinnubrögð heldur aðeins það að ríkisstjórnin samþykki að vinna þannig að verkinu eða að fjmrh. leggi fjárlagagerðina þannig fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Um níundu tillöguna hef ég rætt. Tíunda tillagan gerir ráð fyrir að með hverju því þingmáli, stjórnarfrumvarpi eða þingmannafrumvarpi sem leitt gæti til aukinna útgjalda fylgi tillaga eða greinargerð um það hvernig þeirra viðbótarútgjalda skuli aflað með breytingum á skattalögum eða með niðurskurði á öðrum ríkisútgjöldum. Hæstv. heilbrrh. hefur getið þess í ræðu sinni um þetta efni að það væri náttúrlega hægur vandinn fyrir fagráðherra sem legði fram frv. hér á Alþingi um verulega útgjaldaaukningu að gera tillögu um að skera niður í einhverju öðru ráðuneyti á móti. Það er væntanlega ekki það sem vakir fyrir hæstv. fjmrh. með þessari tillögu. Hins vegar eru í gildandi lögum ákvæði um að sérhverju frv. skuli fylgja áætlun um útgjöld því samfara. Þessi lagaákvæði hafa ekki verið virt og flestöll þingmál sem fyrir Alþingi hafa komið, hvort heldur frá ríkisstjórn eða þingmönnum, hafa verið því marki brennd að vantað hefur þá áætlun um útgjöld þeim samfara sem lög gera ráð fyrir að þeim fylgi.

Ellefta tillagan er einnig gamalkunn, þ.e. að breyta skuli fjárlagaárinu frá almanaksári yfir í fjárlagaár sem hefjist t.d. að vori til þegar framkvæmdatímabilið hefst og standi til næsta vors þar á eftir. Um þetta hefur mikið verið rætt og sýnist þar sitt hverjum. Það er aðeins eitt land á öllum Norðurlöndum sem hefur annað fjárlagaár en almanaksár. Það er Svíþjóð. Öll hin ríkin hafa fjárlagaár og almanaksár eitt og hið sama. Þau þeirra sem ekki höfðu það, önnur en Svíþjóð, hafa breytt sínu fjárlagaári frá því að vera ekki almanaksár yfir í almanaksár. Mér er mjög vel kunnugt um að Svíar sjá ýmsa vankanta á því að sameina ekki almanaksárið og fjárlagaárið.

Þá er tólfta brtt. um að fjvn. verði gerð að heils árs nefnd. Um þetta hafa menn yfirleitt verið sammála sem að störfum í fjvn. hafa komið þannig að um þetta ríkir ekki ágreiningur en engu að síður hefur það ekki náð fram að ganga.

Þrettánda tillagan er um að ríkisreikningsnefnd verði falið að endurskoða og meta hvaða úrbótum megi ná fram á þáttum eins og geymdum fjárveitingum og verðuppfærslu. Þetta er einnig ágæt tillaga og ekkert í lagasetningu sem kemur í veg fyrir að hún verði framkvæmd svona. Hæstv. fjmrh. getur falið ríkisreikningsnefnd að framkvæma svona endurskoðun. Þá væri mjög nauðsynlegt að skoða annað og fleira en hann nefnir og má t.d. nefna hvernig fara eigi með skuldbindingar sem ríkissjóður tekur á sig á tilteknu ári en gjaldfalla á mörgum árum eða einhvern tíma síðar. Hvort eigi að skrá það í ríkisreikningi sem skuldbindingu sem í heild er tekin á því árinu sem hún er gerð eða hvort eigi að skrá það í ríkisreikningi eins og nú er gert, að aðeins útborgunin sjálf er færð til gjalda en skuldbindingin að öðru leyti ekki.

Þá er fjórtánda tillaga hæstv. fjmrh. um að myndaður verði vettvangur fyrir samráð og skoðanaskipti milli fulltrúa framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að endurvekja ríkisfjármálanefnd þar sem sitji fulltrúar úr fjmrn. og fjvn. Þessi nefnd, ríkisfjármálanefnd, er starfandi og hefur starfað lengi, ég veit ekki hversu lengi. Hún hefur starfað misjafnlega vel. Sl. 1½ ár hefur nefndin nánast ekki starfað. Hún starfaði nokkuð vel árin þar á undan og það er að sjálfsögðu mjög einfalt að endurvekja nefndina ef vilji er fyrir því að hafa samráð milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds um málefni er varða fjárlagagerðina. En spurningin er náttúrlega hvort það sé vilji fyrir því, hvort sá vilji er í reynd. Ef svo er er hægur vandi að endurvekja þessa nefnd því að hún er raunar til.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir frv. og svarað þeim athugasemdum sem við það hafa verið gerðar. Ég hef farið yfir tillögur fjmrh. lið fyrir lið og vonandi sýnt fram á að þó að þær séu ágætar og góðra gjalda verðar varða þær ekki afgreiðslu frv. sem hér er lagt fram. Þetta er tilraun til þess að setja í lagatexta eina af þeim mörgu hugmyndum sem menn hafa verið að ræða um aðgerðir og aðhald í ríkisfjármálum, eina af þeim 14 hugmyndum sem fjmrh. hefur sjálfur reifað í almennum orðum.

Að lokum, herra forseti, örfá orð um það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hér fyrr þegar frv. var til umræðu. Hann lýsti því yfir að frv. væri um að búa til 10 fjármálaráðherra og virtist líta svo á að þessir 10 fjármálaráðherrar, fyrir utan þann sem sæti í Arnarhvoli, væru meðlimir í fjvn. Það er ekki rétt. Fjvn. er ekki í þessu frv. færð meiri völd en hún hefur í dag. Henni eru t.d. ekki færð þau völd sem fjvn. hefur víða í nágrannalöndum okkar. Hér á Alþingi hefur t.d. verið flutt tillaga um að ekki væri heimilt að greiða fé úr ríkissjóði nema fjvn. samþykkti það. Það skipulag er einnig í gildi í nálægum löndum að fjvn. viðkomandi þjóðþings afgreiðir allar aukafjárveitingar en ekki fjmrh. og fjmrn. Ef við hefðum lagt til slíka skipan mála, þ.e. að fjmrh. yrði að bera allar ákvarð-

anir sínar um greiðslur undir fjvn. og fá samþykkt hennar fyrir því, hvað þá heldur ef við hefðum lagt til að það vald yrði tekið úr höndum fjmrh. og aukafjárveitingavaldið fengið fjvn., væri með réttu hægt að segja að við værum að taka vald úr höndum fjmrh. og gera fjvn. að hálfgerðu fjmrn. En við leggjum það ekki til. Við leggjum ekki til að aukafjárveitingavaldið verði fengið fjvn. Og við leggjum heldur ekki til að fjmrh. verði að bera aukafjárveitingar sínar undir fjvn. og fá þær þar samþykktar. Við gerum það ekki vegna þess að við lítum svo á að með því værum við bara að fara úr öskunni í eldinn. Með því værum við bara að flytja aukafjárveitingavaldið frá fjmrh., sem ekki hefur það, til fjvn. sem ekki hefur það heldur. Vegna þess að fjárveitingavaldið er vald Alþingis en hvorki ráðherra né einstakra starfsnefnda á vegum þingsins. Því er það gersamlega út í hött og sýnir það að hv. þm. hefur ekki lesið frv. þegar hann heldur því fram að með frv. sé fyrst og fremst verið að styrkja vald fjvn. Það erum við ekki að gera. Það sem við erum að gera er að styrkja völd Alþingis sem stofnunar.

Hv. þm. lýsti því yfir að það bæri nú ekki að taka 41. gr. stjórnarskrárinnar svo bókstaflega vegna þess að gildandi stjórnarskrárákvæði hefðu verið sett við allt aðrar aðstæður en nú ríkja. Nú er það svo að hver og einn þingmaður verður að vinna drengskapareið að stjórnarskránni. Stjórnarskráin kallast „grundlov" á dönsku. Þetta er sú lagasetning sem leggur grundvöll að öllum öðrum lagasetningum í landinu. Þetta eru þær metaskálar sem öll önnur lög verða að vegast á. Og alþingismenn sverja drengskapareið að stjórnarskránni. Þess vegna kemur mér mjög á óvart þegar alþingismaður sem hefur svarið þess eið að viðlögðum drengskap að virða ákvæði stjórnarskrárinnar kemur í stól og segir að það sé ástæðulaust að gera sér rellu út af ákvæðum stjórnarskrárinnar sem hann hefur unnið eið að vegna þess að þau eigi ekki lengur við af því að þau hafi verið sett á allt öðrum tíma en við nú lifum á. Þá væri forvitnilegt að fá því svarað hvaða greinar í stjórnarskránni það eru sem hv. þm. telur sig ekki þurfa að virða. Hvaða greinar í stjórnarskránni telur hann sig vera eiðbundinn að standa vörð um og hvaða greinar í stjórnarskránni telur hann sig ekki þurfa að virða? Hins vegar er alveg satt að það getur verið að á þeim tíma þegar stjórnarskráin var gerð hafi menn tekið meira mark á drengskaparheitum en menn gera í dag. En það breytir ekki því að þeir alþingismenn sem unnið hafa drengskaparheit að stjórnarskránni eiga að sjálfsögðu að virða hana og gera sér far um það að gefa ekki yfirlýsingar eins og hv. þm. Páll Pétursson gaf hér úr ræðustól sem getur vart sagt manni annað en að það sé harla lítið upp úr drengskaparyfirlýsingum að leggja sem menn gefa hér á Alþingi.

Hv. þm. sagði einnig að hann teldi að vísu rétt að hæstv. fjmrh. færi ekki einn með aukafjárveitingavaldið heldur ætti hann, eins og hv. þm. sagði, að hafa um það samráð við einhvern hóp manna. Hvaða hóp manna á hann að hafa samband við? Hv. þm. nefndi formann og varaformann fjvn. Þá er hv. þm. a.m.k. búinn að gera þá að ígildi ráðherra ef hæstv. fjmrh. má ekki gefa út aukafjárveitingar nema að formaður og varaformaður fjvn. gefi honum til þess leyfi. Og er hann þá þar kominn í mótsögn við sjálfan sig.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, benda mönnum á eitt sem ég hef ekki heyrt menn ræða um í þessum umræðum enn sem komið er. Í stjórnarskrána eru sett nákvæmlega sömu ákvæði um tekjur ríkisins og þau sem sett eru um gjöld ríkisins. Í stjórnarskránni segir að það megi ekki leggja á skatta nema með lögum. Og í stjórnarskránni segir að það megi ekki greiða úr ríkissjóði nema með lögum. Mönnum finnst sjálfsagt að virða fyrra atriðið. Enginn lætur sér til hugar koma að fjmrh. eða ríkisstjórn geti lagt á skatta með einhvers konar aukaskattlagningarvaldi, þ.e. með ákvörðunum sem ekki eigi sér stoð í lögum. Fjmrh. hefur ekki heimild til að hækka, skulum við segja tekjuskatt um 10% eða bifreiðagjald um 5% eða eignarskatt um 20%, nema leita eftir lagaheimildum frá Alþingi. Og engum finnst þetta neitt einkennilegt. Enginn talar um að það takmarki olnbogarými fjmrh. að geta ekki lagt á skatta með aukaskattlagningarvaldi. Ég er hræddur um að það kæmi svipur á marga þingmenn, þar á meðal hv. þm. Pál Pétursson, ef fjmrh. núv. tæki sér það vald að leggja á skatta með aukaskattlagningarvaldi. En menn eru bara orðnir svo vanir því að nákvæmlega sams konar ákvæði í stjórnarskránni sem bannar greiðslur úr ríkissjóði án lagasetningar og það ákvæði sem bannar tekjuöflun í ríkissjóð án lagasetningar, menn eru orðnir svo vanir því að þetta ákvæði í stjórnarskránni sé ekki virt að menn sjá ekki lengur hversu óeðlilegt það er. En ég bið menn bara einfaldlega að hafa í huga að það er það sama. Stjórnarskráin setur framkvæmdarvaldinu sömu reglurnar um inngreiðslur í ríkssjóð, um tekjuöflun í ríkissjóð, og stjórnarskráin setur framkvæmdarvaldinu um útgreiðslur úr ríkissjóði. Og finnist mönnum óeðlilegt að fjmrh. geti lagt á skatta með einhliða ákvörðun sinni í fjmrn. hlýtur mönnum að finnast jafnóeðlilegt að fjmrh. geti ráðstafað fé úr ríkissjóði, jafnvel svo milljörðum skipti, án þess að hafa fyrir því tilskildar heimildir frá Alþingi. Finnist mönnum í lagi að virða ekki þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem banna greiðslur úr ríkissjóði án lagaheimilda hlýtur mönnum líka að finnast allt í lagi að virða ekki þau ákvæði í stjórnarskránni sem banna álagningu nýrra skatta án lagaheimilda.

Herra forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri. Það er ástæða til að koma þessu máli fram. Það hefur legið hér síðan fyrir jól. Við flm. þess höfum verið mjög liprir að verða við óskum um að fresta umræðum um málið. Nú verður það ekki tafið lengur ef á að gefa möguleika á að afgreiða það. Og ég vil beina því eindregið til hæstv. forseta að hann reyni að ljúka afgreiðslu málsins á þessum fundi. Takist það ekki þá verði það ekki fyrir frekari töfum og verði tekið sem allra fyrst til umræðu á næsta fundi þessarar hv. deildar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vill forseti taka fram að nú eru eftir í þinghúsinu 17 þingmenn þannig að ekki mun verða unnt að koma málinu áfram til 2. umr. og nefndar í kvöld en mun verða gert í byrjun fundar á morgun. Forseti vill nú geta þess að þrátt fyrir ummæli ræðumanns og gott samkomulag um umræður um þetta mál þá hefur það nú tekið þó nokkurn tíma í umræðum í hv. deild.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að að byrja mál mitt með því að harma þau mistök sem hafa átt sér stað í þessu máli þar sem ég fékk heimild 14. mars til að tala í fjórar mínútur gegn því að ég gæti haldið ræðu minni áfram þegar málið yrði tekið fyrir næst. En af einhverjum orsökum hefur hæstv. forseta sést yfir þetta en ég tek að sjálfsögðu afsökun hans til greina.

Eigi að síður setur það svolítið annan blæ á það mál sem ég hefði viljað flytja hér því hv. 3. þm. Vestf., formaður fjvn., hann hefur í raun og veru stytt mér leið þannig að ég get sleppt stórum hluta þeirrar ræðu sem ég ætlaði að flytja. Því hann hefur bókstaflega farið lið fyrir lið yfir allt það sem ég ætlaði að koma inn á. Það er ekki nema gott um það að segja því að við erum að sjálfsögðu samherjar í þessu máli og höfum sömu skoðun á því sem hér er til umræðu.

Það verður að segjast eins og er að umræðan fer fram við dálítið merkilegar aðstæður, þar sem hér er ábyggilega um að ræða eitt af þýðingarmestu málum sem liggja nú fyrir Alþingi, miðað við bæði fortíð og nútíð, að hinn almenni þingmaður skuli ekki hafa meiri áhuga fyrir þessum málum. Svo ekki sé talað um að þeir sem veita forustu ríkisfjármálum mega ekki vera að því að ræða þessi mál nema þá helst í einhverjum styttingi um að þetta sé mál sem jafnvel hefur ekkert að gera inn á Alþingi og mætti margt um það mál segja.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í hinni stuttu ræðu minni 14. mars sl. Þá var einmitt tilefni til að svara hv. 1. þm. Norðurl. v. sem flutti hér alveg dæmalausa ræðu um þessi mál. Alveg í þversögn við þá þinglegu ábyrgð sem hann hefur bæði sem formaður fjh.- og viðskn. Alþingis í mörg ár og forustumaður fyrir heilum þingflokki. Og ég harmaði í orðum mínum 14. mars að þurfa að vera vitni að því að hv. þm. hafði ekki lesið frv. Jafnframt því hafði hann staðið í vegi fyrir að það væri tekið til umræðu í þingflokki Framsfl. alveg frá því að frv. var lagt fram. Hvort tveggja er því miður staðreynd.

Ég ætla að stytta mál mitt mikið, herra forseti, einmitt vegna þessara mistaka sem urðu hér í dag. Ég hef ekki nema gott um það að segja því hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti mál sitt með miklum ágætum og fór nákvæmlega yfir þessi mál svo ekki verður betur gert af okkur hinum. En ég vildi aðeins árétta það hér, til þess að það komi fram a.m.k. í þingtíðindum ef einhver skyldi leita til þeirra síðar, að mér finnst nauðsynlegt að skýra aðeins frá aðdraganda málsins. Það kemur einnig til af því sem hæstv. fjmrh. kom inn á með nýjum tillögunum sem ég ætla tala um síðar. Við sem höfum átt sæti í fjvn. vitum að þar hefur oftar en einu sinni verið lögð gífurleg áhersla á hversu mikil þörf væri á að breyta meðferð fjárlaga og ríkisfjármála almennt.

Eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan er að vísu hægt að segja að hér hafi verið meira um að menn hafi lýst skoðunum sínum á þessu sviði með almennum orðum, þingmenn með þáltill., stjórnmálaflokkar með samþykkt ályktana o.s.frv., en ekki í alvöru verið tekist á við að breyta þessum málum til betri vegar. Ákvæðin í stjórnarskrá lýðveldisins eru skýr og þarf ekki að efast um hvernig á að meðhöndla þessi mál á hv. Alþingi. En samt sem áður vantar allt sem er þar á milli.

Til að stytta mál mitt, herra forseti, væri nóg, sem rök fyrir því í hvaða ógöngum við höfum verið að þvælast með þessi mál ár eftir ár, að vísa bara í nýjustu skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1989. Ég ætla aðeins að koma inn á það sem stendur í áliti Ríkisendurskoðunar. Í sambandi við A-hluta ríkissjóðs í samanburði við fjárlögin er tekið mjög rækilega á þessum málum til þess að skýra hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum. Og ég vil benda hv. þm. á að lesa á bls. 37 í þessari skýrslu. Þar kafar Ríkisendurskoðun mjög djúpt ofan í málið og ber saman fjárlög fyrir tímabilið 1975 til 1989. Eins og þar kemur fram er þetta allt á sömu bókina lært. Oftast nær hefur það mistekist sem hefur verið lagt upp með í sambandi við fjárlög á öllu tímabilinu. Aðeins í fjögur skipti á tímabilinu 1975–1989 hefur afkoma ríkissjóðs verið aðeins betri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Árin 1981, 1982, 1984 og 1987. Allt hitt tímabilið hafa fjárlög farið úr böndunum. Og eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar er um allverulegar fjárhæðir að ræða, þar sem rauntekjur á tímabilinu frá 1975–1989 hafa farið 72,6 milljarða fram úr, eða 9% og gjöld 114,7 milljarða, eða 14,1%. Það þýðir að gjöld umfram tekjur á þessu tímabili hafa verið rúmir 42 milljarðar kr. og rekstrarhalli á A-hluta ríkissjóðs á þessu tímabili því numið að meðaltali 4,8% af tekjum.

„Framangreindar upplýsingar," segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég er að vitna hér til, herra forseti, „gefa ótvírætt til kynna að áform Alþingis og stjórnvalda um afkomu ríkissjóðs, eins og þau koma fram í afgreiðslu fjárlaga hafa ekki náð fram að ganga. Það sem m.a. vekur athygli er að á þessu 15 ára tímabili virðist sem afkoma ríkissjóðs hafi haft takmörkuð áhrif á áætlanagerð næsta ár. Á þessu tímabili gerðu fjárlög ráð fyrir að hækkun tekna og gjalda yrði hlutfallslega sú sama eða 95%. Hins vegar var reyndin sú að raunhækkun tekna varð um 95,1% en gjalda aftur á móti um 79,7%. Hækkun tekna umfram gjöld dugði þó ekki til að A-hluti ríkissjóðs yrði rekinn með tekjuafgangi, þar sem hallinn í upphafi samanburðartímabilsins nam 17,6% af tekjum", segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Og mér þykir ástæða til að ljúka þessari tilvitnun með því

að lesa niðurlag á bls. 38 og 39: „Orsakir verri afkomu A-hluta ríkissjóðs en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir má einkum rekja til: Ákvarðana stjórnvalda um útgjöld umfram tekjur innan fjárlagaársins. Vanáætlana fjárlaga. Skorts á að framkvæmdarvaldið virði heimildir fjárlaga. Áform stjórnvalda um sparnað náðu ekki fram að ganga. Rangra verðlagsforsendna fjárlaga.

Niðurstöður ríkisfjármála frá árinu 1975 sýna að viðvarandi rekstrarhalli er á A-hluta ríkissjóðs og hefur hann að meðaltali verið 4,8% af rauntekjum sl. 15 ár eða sem nemur um 2,8 milljörðum kr.

Með vísan til framangreindra niðurstaðna telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að eftirfarandi atriði verði tekin til athugunar í sambandi við áætlanagerð ríkisfjármála og framkvæmd þeirra.

Í fyrsta lagi að bætt verði til muna öll áætlanagerð og hún gerð raunhæfari bæði er varðar umfang og verðlagsforsendur.

Í öðru lagi að framkvæmdarvaldið virði þær ákvarðanir Alþingis varðandi ríkisfjármálin sem birtast í fjárlögum.

Í þriðja lagi að Alþingi setji skýrari reglur um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Í fjórða lagi að fagráðuneyti beri ríkari ábyrgð á framkvæmd fjárlaga en nú tíðkast."

Herra forseti. Mér fannst eðlilegt að vitna í þessa skýrslu til viðbótar því sem kemur fram síðar í sambandi við að fjvn., sem nú situr, vildi ræða í alvöru hvernig hugsanlega mætti snúa þessari þróun við sem hefur verið neikvæð á öllu tímabilinu. Þessu til viðbótar er að sjálfsögðu hægt að vísa til ýmissa samþykkta sem gerðar hafa verið. Vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem því miður er ekki hér staddur, vildi gera heldur lítið úr frv., sem var óvenjulegt þar sem það hafði ekki fengið neina meðferð í okkar þingflokki, vil ég bara benda á í umræðunni að einmitt þingflokkur, miðstjórn og efnahagsnefnd þingflokksins hafa samþykkt mjög ákveðnar ályktanir á undanförnum þremur árum,og jafnvel fyrr, um að breyta þurfi meðferð ríkisfjármála. Til að stytta mál mitt vísa ég til mjög ítarlegra tillagna sem efnahagsnefnd þingflokksins gerði á sl. ári einmitt um ríkisfjármálin. Tillögurnar, sem voru í 12 liðum, hafa sennilega vakið athygli hæstv. fjmrh. því að sumt af þeim 12 tillögum sem eru hans innlegg í umræðuna eru fengnar að láni úr tillögum efnahagsnefndar flokksins sem voru samþykktar á síðasta miðstjórnarfundi flokksins.

Þar að auki höfum við, nokkrir þingmenn flokksins sem eigum sæti í svokallaðri efnahags- og byggðamálanefnd, flutt á Alþingi þáltill. sem varðar þessi mál einnig og heitir „Tillaga til þingsályktunar um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu" á þskj. 386. Þar setjum við fram ákveðna áhersluþætti sem allir varða einmitt það mál sem hér er til umræðu.

Ég tel nauðsynlegt að nefna hér örfá atriði sem eru undanfari þess að allir fulltrúar fjvn. samstilltir gerðu tilraun til að hætta að tala um ríkisfjármálin í almennum orðum, yfirlýsingum eða samþykktum og ráðast heldur að verkefninu með því að semja lagafrv. sem tæki í raun á vandamálunum. Og meira var gert og einmitt þeim sem ekki hafa lesið frv., hvort sem þeir heita hæstv. ráðherrar eða forustumenn í stjórnmálum, má benda á að nefndin starfaði ekki á þröngu sviði. Hún leitaði til nágrannaþjóðanna og tók upp, eins og stendur í fylgiskjali með frv., öll aðalatriði sem sýna hvernig Norðurlöndin, nágrannar okkar sem við berum okkur saman við, meðhöndla ríkisfjármál hjá sér og hvernig þeirra þjóðþing standa að þessum mikilvæga málaflokki. Þess vegna er ástæða til að leggja áherslu á að auðvitað er þetta ekkert lítið atriði. Við höfum annars vegar okkar ágætu stjórnarskrá og hins vegar hvernig við höfum meðhöndlað ríkisfjármál á undanförnum árum og hvernig nágrannaþjóðirnar meðhöndla þau og hvað hefur farið úrskeiðis. Þess vegna er tími kominn til að finna leiðir til að snúa þessu dæmi til betri vegar.

Mig langaði aðeins, herra forseti, að koma inn á mál er varða hæstv. fjmrh. Í sjálfu sér var ég ekkert undrandi yfir innleggi hans hér en ég verð að segja honum til hróss að þegar hann tók við embætti fjármálaráðherra hóf hann máls á því við starfandi fjvn. að hafa mjög náið og gott samstarf við nefndina um fjárlögin og meðferð ríkisfjármála. Og hann fékk áreiðanlega mjög hreinskiptnar umræður frá fjárveitinganefndarmönnum strax á árinu 1988 og ekki síður í byrjun sl. árs um það hvernig menn teldu að væri hægt að breyta áherslum við meðferð fjárlaganna almennt til að færa þau að raunveruleikanum. Og hann tók fyllilega til greina, að því er mér virtist, þær ábendingar sem fram voru settar og reyndi að koma til móts við sjónarmið fjárveitinganefndarmanna og annarra sem hafa haft áhyggjur af meðferð fjármála á undanförnum árum með því að koma með fjáraukalög fyrir árið 1989 samhliða fjárlögum fyrir árið 1990. Og þó að ég sé ekkert að gera honum neinn dýrðarbaug í sambandi við þetta mál er þetta þó alla vega viðleitni af hálfu hæstv. fjmrh. til að reyna að komast nær því að gera eitthvað í málunum en áður hefur tíðkast, það má segja honum til hróss. Ég efast ekki um að allt þetta tal og öll þessi áform sem fjárveitinganefndarmenn hafa reynt að stilla upp á þessum viðræðufundum hafa haft sín áhrif. Og ég vil einnig undirstrika þátt Ríkisendurskoðunar. Ég er alveg viss um að það var eitt besta verk sem gert var á sínum tíma þegar Alþingi tók þá ákvörðun að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi. Ég er í engum vafa um það. Það er alveg ljóst, þó að menn greini á um ýmislegt sem frá stofnuninni kemur, að hún hefur haft gífurleg áhrif nú þegar á meðferð ríkisfjármála, bæði í hinum ýmsu ríkisstofnunum og ráðuneytum og vonandi á stjórn Alþingis.

Þrátt fyrir það misvægi sem er í ríkisfjármálum að því er varðar 1989 og jafnvel á árinu 1990 hafa lagfæringar greinilega orðið og tel ég að bæði umræðan um meðferð þessara mála á Alþingi og ekki síst hjá Ríkisendurskoðun hafi haft þau áhrif að margar ríkisstofnanir eru á góðri leið með að rétta af sína meðferð á ríkisfjármálum og koma þeim í betra og

skýrara form en áður hefur verið og er það af hinu góða.

Mig langar aðeins til að koma inn á tillögur hæstv. fjmrh. sem hann lagði hér fram. Ég þarf ekki að endurtaka það sem 1. flm., formaður fjvn., sagði um þetta áðan. Þetta eru tillögur sem hann leggur hér fram sjálfsagt með þær hugmyndir að baki að trufla meðferð þessa máls í nefnd. Ég hef a.m.k. grun um það þar sem hér er um að ræða hugmyndir í 14 liðum sem nærri því allar hafa verið til meðferðar en sumar þess eðlis, eins og hér kom fram áður, að það þarf stjórnarskrárbreytingu til þess að gera þær að veruleika. Ef menn vilja gera það er náttúrlega hægt að fara út í það að gera hér eina málstofu og haga málum í samræmi við þetta. Og ekki þarf að vitna frekar í það sem kom fram hjá hv. 1. flm. að gildandi stjórnarskrá okkar er alveg skýr hvað þetta snertir þannig að breytingar eins og hæstv. fjmrh. leggur til eru ekki framkvæmanlegar öðruvísi en að breyta stjórnarskrá.

Mér kom svolítið á óvart í fyrsta lagi að í öllum þessum tillögum hæstv. fjmrh. tekur hann af skarið í tillögu nr. 9. Þetta er það sem hann var sjálfur, hæstv. ráðherra, að mæla gegn í athugasemdum sínum við frv. Hann leggur sem sagt til miklu harðaði afgreiðslu á þessum málum en við sem erum aðilar að frv. gerðum okkur grein fyrir. „Allar greiðslur úr ríkissjóði verða annaðhvort samkvæmt heimildum í fjárlögum eða fjáraukalögum og aukafjárveitingar lagðar niður.“ Þetta segir hæstv. fjmrh. sjálfur í 9. tillögunni. Eins og kom hér fram í umræðunum fyrr, mig minnir hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., gerir í raun og veru þessi tillaga hans nr. 9 allar hinar að aukaatriði. Og ég vil endurtaka það sem ég sagði hér í upphafi að allar þessar tillögur eru annaðhvort teknar upp úr greinargerð frv. á þskj. 399 eða tillögum efnahagsmálanefndar Framsfl. eða öðrum samþykktum sem hafa verið gerðar frá hendi fjvn. eða ræðum sem hér hafa komið fram og í umræðum við hæstv. ráðherra þegar samstarfið var í lagi. Svo að þetta er náttúrlega atriði sem væri hægt að ræða mikið.

Ég tel ástæðu til að koma aðeins inn á síðustu tillögu hans, nr. 14, og skerpa það sem kom fram hjá hv. 1. flm. frv. áðan að ríkisfjármálanefnd á að vera til og er til og sjálfsagt ein þýðingarmesta nefnd sem fjallar um ríkisfjármálin eða a.m.k. fjárlögin og meðferð þeirra. Hún á sem sagt að fjalla um ýmsa þætti þessara mála og taka upp ýmis vandamál sem upp geta komið en því miður hefur núv. hæstv. fjmrh. ekki kallað þessa nefnd saman. Það voru aðeins örfá skipti 1988 og mig minnir einu sinni í ársbyrjun 1989 en síðan ekki meir. Þar af leiðandi hefur ekkert raunverulegt formlegt samband, sem er til í gildandi reglum, verið milli fjvn. og framkvæmdarvaldsins um framkvæmd fjárlaga. Þetta ber að harma en um leið viðurkenni ég það að alla vega kemur hér fram, miðað við tillögu hans nr. 14, að hann hefur gert sér grein fyrir þeirri eyðu, bókstaflega eyðu sem hefur orðið milli fulltrúa Alþingis, þ.e. fjvn. og fjmrn. á árinu 1989. Það var mjög slæmt að svo skyldi þurfa að vera vegna þess að undirbúningur fjárlaga bæði um skýringar á fjárlögum 1988 og undirbúningur fjárlaga fyrir 1990 voru alls ekki að neinu leyti á vegum fjvn. Og þessi ríkisfjármálanefnd hefði getað brúað það bil að verulegu leyti. Þess vegna var það að fjárlögin fyrir árið 1990 voru ekki undirbúin með venjulegum hætti því að það var ekkert samráð haft við sitjandi fjvn. fyrr en Alþingi kom saman á sl. hausti. Þess vegna legg ég þann skilning í orð og tillögur hæstv. fjmrh. að hann ætli sér að breyta hér um og koma öðruvísi inn í þessi mál en hefur verið undanfarin missiri og að sjálfsögðu hægt að fagna því ef það verður eins og lítur út fyrir að hann vilji vera láta.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að halda langa ræðu því að þetta atvik sem kom fyrir í dag gerði eiginlega ræðu mína, sem ég var búinn að undirbúa, óþarfa og ég flyt hana ekki. En ég vil aðeins segja í sambandi við þetta mál að það er eitt af stærri málum sem rætt er á Alþingi og verður að harma að alþm. almennt skuli ekki hafa fundið hvöt hjá sér til þess að vera viðstaddir og taka þátt í umræðunni. Það er af því verra og ég vil segja það hér að ég óttast að það þurfi að takast á við fjh.- og viðskn. Nd. undir forustu hv. 1. þm. Norðurl. v. til þess að þeir taki þannig á þessu máli að það verði rætt af alvöru. Mikivægi málsins og þungi er það mikill að ef menn vilja ekki taka það til slíkrar umræðu veit ég ekki hvernig á að halda á mikilvægum málum inni á Alþingi. Þess vegna treysti ég því að skynsamir menn, sem sjálfsagt allir í fjh.- og viðskn. eru, átti sig á því að hér er um stórmál að ræða. Ef þetta mál verður svæft, ég er ekki að halda því fram að það megi ekki breyta einhverju í frv., óttast ég að það verði talsverð bið á því að hægt verði að taka upp ný vinnubrögð, nýjar leiðir í meðferð ríkisfjármála sem ég hygg þegar grannt er skoðað að allflestir alþm. átti sig á að er brýn þörf fyrir. Ég vitna til þeirra viðbragða og umræðna sem urðu úti í þjóðfélaginu sl. haust þegar þetta kom fram. Það voru merkilegar umræður og ég er alveg handviss um að ef þetta mál hefði getað verið fyrr á dagskrá en raun ber vitni hefði orðið meiri fyrirferð á því hér inni á hv. Alþingi en því miður varð í dag.

Þess vegna eru mín lokaorð að ég skora á hv. alþm. að átta sig á mikilvægi þessarar breytingar. Jafnvel þó að þeir gerðu ekki annað en lesa fylgiskjölin með þessu frv. og átta sig á hvernig við á Íslandi látum okkur hafa það að framkvæmd fjárlaga sé ekki samkvæmt stjórnarskrá og algerlega í andstöðu við það sem gert er á hinum Norðurlöndunum. Þar breytast fjárlög ekki um 1–2% frá því að þau eru lögð fram þangað til þau eru afgreidd sem lokalög frá þjóðþingunum. Við vitum hvernig það er hér, það út af fyrir sig er fullgild ástæða til að menn átti sig á því hvað mikilvægi þessa máls er mikið. Ég vona að menn taki þetta frv. í alvöru. Menn skulu átta sig á að með því er verið að auka vald Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég held að það sé full ástæða til að menn átti sig á þessum atriðum og frv. verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Og ég skora á þá sem

eiga sæti í fjh.- og viðskn. Nd. að þeir láti ekki glepjast af þeim sem halda að þetta sé eitthvert hégómamál. Það er það ekki. Þetta er eitt af stærri málum.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hafði á sínum tíma hugsað mér að reyna að komast að við umræður um málið þegar það var fyrst til umræðu fyrir allnokkru síðan. En þannig hefur atvikast að umræðan um þetta mál hefur orðið ansi slitrótt. Og ég hygg að umræðurnar verði kannski ekki jafnbeinskeyttar og þær ættu að vera ekki síst í ljósi þess að við upphaf umræðunnar var dreift í salnum skjali frá fjmrh. sem hann ræddi síðan mjög ítarlega en sér samt ekki ástæðu til þess að hlýða á svör manna við þeim tillögum.

Að mínum dómi, herra forseti, hafa umræður hér um þetta mál verið þarfar og raunar bæði merkar og málefnalegar. Og ég tel að þar hafi allir, sem hafa tekið til máls um frv., lagt fram sinn skerf, þar á meðal fjmrh. sem flutti hér ítarlega og málefnalega ræðu. En auðvitað eru þau vinnubrögð ekki til fyrirmyndar að dreifa hér í salnum blöðum sem heita Tillögur fjármálaráðherra, en eru ekki þingskjal, augljóslega í þeim tilgangi að beina athyglinni frá sjálfu frv. og að þessum tillögum. Og því miður verður að segjast eins og er, herra forseti, að þessi tilraun til þess að drepa málinu á dreif tókst að verulegu leyti. Vegna þess að athygli fjölmiðlanna, ekki síst kannski Morgunblaðsins, beindist svo að segja eingöngu að tillögum fjmrh. en ekki að ræðum flm. málsins og það tel ég miður.

Hitt er annað mál, herra forseti, og það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að þetta tiltekna mál sem hér er til umræðu, frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, er vitaskuld hluti af miklu stærra máli sem eru vinnubrögð í ríkisfjármálum og ríkisbúskapnum í heild. Það er rétt. En það réttlætir samt ekki þau vinnubrögð sem ég hef vikið að og aðrir hafa orðið til að gagnrýna vegna þess að með þeim er verið að reyna að snúa umræðunum yfir í aðra hluti. Eins og bent hefur verið á er það svo að mikið af þeim tillögum sem fjmrh. flutti hér eru gamlar hugmyndir sem hafa verið margræddar og margkannað í Stjórnarráðinu hvort séu framkvæmanlegar en strandað m.a. á því að ákvæði 42. og 44. gr. stjórnarskrárinnar heimila ekki vinnubrögð í þeim dúr sem hér er lagt til. Ég nefni tillögur 1, 2, 3 og 4 á lista fjmrh. sem dæmi. Það er ekki hægt að setja á laggirnar sérstaka fjárlaganefnd meðan stjórnarskrá lýðveldisins er óbreytt. Það er ekki hægt að breyta verkaskiptingu milli fjárlaganefndar og einstakra fagnefnda þingsins á meðan stjórnarskráin er óbreytt. Og það er heldur ekki hægt að setja í lög fjárlagaáætlun til þriggja ára að óbreyttri stjórnarskrá. Þetta vita menn. En engu að síður er því slegið upp sem einhverri nýrri hugmynd og einhverju stórkostlegu bjargráði að breyta þessum vinnubrögðum.

Ég er ekki andvígur tillöguliðum 1–4. En ég bendi á að menn geta ekki rætt slíkar hugmyndir í alvöru nema þeir snúi sér að því að endurskoða þau ákvæði í stjórnarskrá sem hér er um að tefla. Það vekur athygli að nú síðast í dag kvartaði hæstv. fjmrh. yfir því að ríkisreikningur væri ekki til meðferðar í sömu nefnd og fjáraukalög. Ríkisreikningur er til meðferðar í deildum þingsins, eins og menn vita, en fjáraukalög í Sþ. Ástæðan fyrir því að hæstv. fjmrh. kvartaði undan þessu atriði er auðvitað sú að stjórnarskráin stendur í vegi fyrir því að þessu sé breytt þó að við öll í þessari hv. deild séum sammála um, og það hefur margkomið fram m.a. hjá formanni fjvn., að þetta er óeðlileg staða. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð. En rétt er engu að síður að þetta beinir auðvitað athyglinni að því hversu brýnt er að huga að endurskoðun stjórnarskrárinnar í alvöru og knýja á um ýmsar umbætur, m.a. í meðferð fjármála hér á hinu háa Alþingi sem ekki verður í framkvæmd hrundið nema með breytingum á stjórnarskránni.

En auðvitað er það ekki svo, herra forseti, að engu sé hægt að breyta nema með því að breyta stjórnarskránni. Eins og frv. ber með sér er hægt að knýja fram ýmsar umbætur og lagfæra ýmislegt með lagasetningu eða hreinlega með því að breyta um vinnubrögð í Stjórnarráðinu eða hér á vegum hins háa Alþingis.

Það er að sjálfsögðu alkunna og þingmenn þekkja það að umræður um hinar svokölluðu aukafjárveitingar eru ekki nýjar af nálinni. Vandamálið með hið svokallaða aukafjárveitingavald hefur margoft borið á góma í sölum Alþingis á undanförnum árum og síðast fyrir um það bil ári þegar við hv. þm. Pálmi Jónsson fluttum frv. um meðferð greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir. Mér er það ánægjuefni, þó svo að enginn flm. hafi séð ástæðu til að geta þess, að helstu greinar frv. eru teknar upp nánast orðrétt í m.a. 10. gr. frv. sem fyrir liggur. Það er rétt að hv. 1. flm. gat um tilvist frv. og það er sömuleiðis gert í greinargerð og ber að meta það að sjálfsögðu en þess er ekki getið að 1. gr. þess frv. er nánast tekin orðrétt upp í 10. gr. og ég fagna auðvitað að svo skuli vera. Frv. sem við hv. þm. Pálmi Jónsson fluttum í fyrra gekk skemur en þetta frv. Þetta frv. er ítarlegra, nær lengra, hefur hlotið vandaðri og miklu ítarlegri undirbúning á vegum fleiri aðila eins og fram kom í framsöguræðu 1. flm. Og þetta frv. er líka þess eðlis, eins og ég tel reyndar að allar umbætur á þessu sviði eigi að vera, þær eigi að vera fyrir ofan og utan við hið venjulega, hefðbundna pólitíska reiptog í sölum Alþingis. Það var ekki síst af þeirri ástæðu sem ég taldi ástæðulaust að endurflytja frv. frá því í fyrra þegar mér var ljóst að á vegum fjvn. væri unnið faglega og vandvirknislega að því að ná þeim markmiðum sem það frv. hafði. Og minn ágæti félagi, Pálmi Jónsson, sem meðlimur í fjvn. var auðvitað aðili að þeirri vinnu fjvn. og lét okkur í þingflokki sjálfstæðismanna að sjálfsögðu fylgjast reglulega með.

Ég tel sem sagt ástæðu til þess að þakka fjvn. fyrir að hafa tekið þetta frumkvæði sem er vissulega óvenjulegt en sýnir að í þessum málum þegar um er að ræða vinnubrögð, málsmeðferð og að mörgu leyti

sóma þingsins sjálfs, geta menn hafið sig upp yfir pólitískan ágreining í dægurmálum og náð saman um slíka hluti. Og þannig á það auðvitað að vera. Þannig á það líka að vera um þingsköp Alþingis og aðrar almennar starfsreglur sem okkur er gert að lúta hér í störfum okkar á löggjafarsamkomunni.

Ég tel engu að síður, herra forseti, að frv. sem nú er til meðferðar sé kannski ekki endilega eina lausnin á öllum þeim vanda sem þar er tekið á og ekki endilega þannig úr garði gert að því megi ekki breyta. Ég vek athygli á því að flm. hafa hver af öðrum ítrekað að sjálfsagt sé að endurbæta frv. ef mönnum sýnist svo, til að mynda í hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar. Ég t.d. geri sams konar fyrirvara við 2. gr. frv. og komu fram hjá fjmrh. þrátt fyrir skýringar hv. 1. flm., formanns fjvn. Vegna þess að ég tel að greinin eins og hún er orðuð þýði ekki það sama og hann sagði í skýringum sínum með greininni. Þess vegna tel ég að þarna þurfi að hnika til orðalagi svo að greinin feli það í sér sem formaður fjvn. sagði. Hér segir, með leyfi forseta:

„Kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir skal undirrita með fyrirvara um samþykki Alþingis."

Þannig er nú að samþykki Alþingis fæst auðvitað ekki nema með tilteknum hætti, annaðhvort með þál., með samþykkt frv. eða öðrum þeim hætti sem þingsköp gera ráð fyrir. Og mér er ekki kunnugt um, a.m.k. hef ég það ekki á hraðbergi, að þingsköpin geti gert ráð fyrir annars konar samþykki en hér er um að tefla, enda segir svo í skýringum með þessari grein:

„Þessi grein felur í sér að kjarasamningar sem ríkið gerir verða ekki bindandi nema til komi sérstakt samþykki Alþingis og skal þess leitað svo fljótt sem auðið er."

Ég held að við verðum að huga eitthvað betur að þessu atriði. Ég tek hins vegar undir þá hugsun og þá hugmynd sem liggur að baki þessari grein: að framkvæmdarvaldið geti ekki á eigin ábyrgð axlað fjárhagslegar skuldbindingar með samkomulagi, í þessu tilfelli við starfsmenn ríkisins, umfram það sem löggjafarsamkoman sjálf er tilbúin til þess að standa undir og á bak við. Það held ég að sé ótvírætt hugsun manna með þessu og undir hana vil ég taka.

Ég geri sömuleiðis fyrirvara við þá grein frv., að svo komnu máli, sem gerir mönnum illkleift nema með samþykki Alþingis að gera langtímasamninga sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar. Ég tel að fjmrh. hafi í ræðu sinni réttilega bent á ókosti sem þessari tilhögun geta fylgt. Og ég tel að menn verði í þessu efni, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir, að hafa ákveðið svigrúm til að geta gert hagkvæmustu samninga sem völ er á en geta oft þurft að vera bindandi um einhvern tíma og þarf ekki nema nefna samninga um framkvæmdir og fleira þess háttar sem náttúrlega taka iðulega lengri tíma en sem nemur fjárlagaárinu eða geta skarast milli fjárlagaára. Þannig hygg ég að á þessu séu eilitlir hnökrar sem ekki raska þó grundvallaratriði málsins sem er auðvitað að Alþingi heimti til sín á nýjan leik það vald sem því er fært með stjórnarskrá okkar lýðveldis. Vald sem hefur illu heilli, en að sumu leyti eigi að síður með þegjandi samþykki Alþingis og e.t.v. í einstaka tilfelli af illri nauðsyn, færst yfir til framkvæmdarvaldshafanna.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi eru margs konar umbætur knýjandi í þessu efni að mínum dómi, m.a. endurskoðun laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi lög eru orðin hartnær aldarfjórðungs gömul og hafa lítt eða ekki verið endurskoðuð og ég teldi það koma vel til greina að þingið tæki ákveðna forustu í samráði við fagaðilana á þessu sviði og fjmrn. um að breyta þessum lögum til samræmis við nútímalegri hætti og til samræmis við þær hugmyndir sem fram koma í frv. sem nú er til umræðu. Vegna þess að þar þarf auðvitað líka að gæta samræmis. Ég vek athygli á því að í punktum fjmrh. er vikið að ríkisreikningsnefnd sem er lögboðin nefnd. Hennar er getið sérstaklega í lögum nr. 52/1966 og hún er starfandi nefnd, eða á að vera það, og ráðgefandi um ýmis atriði sem þar koma fram og auðvitað ekkert sérstakt atriði til þess að gera tillögu um á Alþingi að fela henni að meta hvaða úrbótum megi ná í þáttum eins og geymdum fjárveitingum og verðuppfærslu útgjalda fjárlaga eins og 13. liður í tillögum fjmrh. gerir ráð fyrir.

Það er eins og þeim sem þessar tillögur hafa samið hafi ekki verið alveg ljóst í öllum atriðum hvernig skipan þessarar nefndar og reyndar ýmsum fleiri atriðum er háttað. Því ríkisreikningsnefnd er reyndar lögð að jöfnu við hina svokölluðu ríkisfjármálanefnd sem um er getið í 14. lið í tillögum fjmrh. Sú nefnd er ekki bundin neins staðar í lögum. Það var hins vegar samkomulagsatriði í fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að koma þeirri nefnd á laggirnar og hún reyndist að mínum dómi afar vel. Hún var mjög nauðsynlegur vettvangur fyrir fulltrúa úr fjvn., fjmrh. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun til þess að ráða ráðum sínum bæði við undirbúning fjárlaga og eins við eftirlit með framkvæmd þeirra. Sú nefnd hefur engan formlegan lagagrundvöll eins og sést best á því að að hún hefur ekki verið kölluð saman svo að heitið geti í tíð hæstv. núv. fjmrh. eins og síðasti ræðumaður gat um.

En það er auðvitað eilítið hjákátlegt að telja endurvakningu þessarar nefndar sérstakan lið í nýskipan í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds á vettvangi ríkisfjármála eins og hæstv. fjmrh. gerir í sínum tillögum. (**AS:** Fjölmiðlar gleyptu fluguna.) Fjölmiðlar gleyptu fluguna, segir hv. 1. þm. Vesturl. og hefur vissulega lög að mæla. Þessa nefnd er hægt að setja á laggirnar með einfaldri ákvörðun og samkomulagi stjórnarflokkanna hvenær sem er. (**SighB:** Hún er til. Formaðurinn ætlar að kalla á fund.) Hún er til, segir 1. flm. en hún hefur ekki verið kölluð á fund í langan tíma. En hún er hins vegar þá bara til vegna þess að hún hefur ekki verið lögð niður og hún hefur að sjálfsögðu engan formlegan lagagrundvöll. Og ef það er meiningin að setja þessa nefnd í lög skýtur það vissulega skökku við þann málflutning

sem hæstv. fjmrh. hafði uppi um að menn einblíndu um of á formlegar hliðar þessa máls og teldu að það væri hægt að leysa allan vanda með nýrri lagasetningu.

Ég ætla ekki að eyða tíma deildarinnar, herra forseti, með því að ræða einstaka liði í tillögum fjmrh. frekar og ég ætla ekki að gera athugasemdir við frekari atriði í frv. sjálfu. Ég tel sjálfsagt að hv. fjh.- og viðskn. leggi í alvöru vinnu í að fara yfir málið og geri það hratt þó svo að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður nefndarinnar, sé málinu andvígur. Ég tel að það sé þingræðisleg krafa til hans að hann beiti sér fyrir því að þetta mál fái eðlilega og vandaða meðferð í nefndinni. Því er nú því miður ekki að heilsa að öll mál sem fara til þessarar nefndar fái slíka meðferð og skal ég ekki fara frekar út í þá sálma að hv. formanni nefndarinnar fjarstöddum.

Rétt í lokin vildi ég bara geta þess að þó svo ég hafi látið þess getið að tillögur fjmrh. væru til þess fallnar að drepa málinu á dreif er auðvitað í þeim að finna ýmsar nýtilegar hugmyndir þó fæstar séu nýjar af nálinni. Og reyndar er það svo í þessum efnum að fátt er nýtt undir sólinni og erfitt að hrinda í framkvæmd umbótum á meðan menn standa bæði gegn því að festa í lög það sem hægt er að gera með einfaldri lagasetningu og meðan engu er hnikað varðandi stjórnarskrá lýðveldisins. Ég lét þess getið áðan og í ræðu minni í fyrra fyrir áðurnefndu frv. að þetta mál hefði verið til umfjöllunar á Alþingi nokkuð lengi. Mér er minnisstætt, af ýmsum ástæðum, þegar hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson fjallaði um þetta mál hér á Alþingi síðla árs 1983 í fjárlagaræðu sinni fyrir árið 1984 þar sem hann vék að þessu svokallaða aukafjárveitingavaldi og sagði m.a.:

„Þetta ástand hefur ekki aðeins skapað óþægindi og óvissu fyrir alla hlutaðeigandi heldur einnig grafið undan því fjárhagslega aðhaldi sem fjárlögin eiga að veita þeim sem fjárveitingar hljóta. Útilokað hefur verið að beita greiðsluáætlunum í alvöru í þessu skyni. Loks hefur þetta ástand leitt til þess að hjá einum manni, fjmrh., hefur safnast mikið og óeðlilegt geðþóttavald. Þetta vald birtist í aukafjárveitingum sem fjmrh. hefur vald til að heimila. Með þessu valdi er Alþingi í raun svipt hluta fjárveitingavaldsins þótt seint og um síðir sé flutt frv. til fjáraukalaga sem í raun er ekki hægt að gera breytingar á. Í þessu efni er mál til komið að sporna við fótum og takmarka þetta óþingræðislega vald."

Þess er rétt að geta að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1982 var einnig vikið að þessu efni með svipuðum hætti en þar sagði:

„Ríkisendurskoðun telur mjög mikilvægt að fjárlög séu þannig afgreidd á Alþingi að þau sýni raunverulegan vilja Alþingis um fjárveitingar til einstakra viðfangsefna og að fjárlög séu marktæk til stjórnunar á ríkisbúskapnum. Þá telur Ríkisendurskoðun enn fremur að kveða verði fastar á um heimildir framkvæmdarvalds til ákvarðana um aukafjárveitingar en gert er nú. Ríkisendurskoðun vill benda á að lausn á þessu máli gæti verið að Alþingi tæki fjárlög til endurmats innan fjárlagaársins."

Loks vil ég nefna, sem einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, að þeir hafa ítrekað vakið athygli og vakið máls á nauðsyn þess að gera hér breytingar á í hátt við það sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég fagna því hversu langt þetta mál er komið sem menn tóku til alvarlegrar umræðu fyrir mörgum árum eins og ég var að vitna til. Ég vænti þess að nú láti menn ekki deigan síga heldur knýi á um að þetta mál fái afgreiðslu þó svo það kunni að vera nauðsynlegt að gera á því einhverjar breytingar. Aðalatriðið er auðvitað, grundvallaratriðið í málinu er, að Alþingi fari með það fjárveitingavald sem stjórnarskrá lýðveldisins ætlar löggjafarsamkomunni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þess sem fram hefur komið í umræðu um 3. dagskrármálið, fjárgreiðslur úr ríkissjóði, hjá ýmsum hv. þm. sem hér hafa talað í dag, þar sem kvartað hefur verið undan losaralegum umræðum í þessu mikilvæga máli og áhugaleysi hv. þingmanna, vill forseti taka það fram að hann ræður ekki við áhugaleysi þingmanna. Þegar málið barst inn í þessa deild gerði forseti ráðstafanir til þess að það kæmi á dagskrá eins fljótt og unnt væri. En það var ljóst að hæstv. fjmrh. og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerðu tilraunir til samkomulags um dagsetningu á 1. umr. þessa máls eða um það hvenær það kæmi fyrst á dagskrá. Þær áætlanir brugðust m.a. vegna fjarveru hæstv. fjmrh. og á endanum varð forseti deildarinnar að knýja fram þessa umræðu svo að hún mætti fara fram með skikkanlegum hætti. Það var alveg ljóst að hv. fjárveitinganefndarmenn voru orðnir leiðir á biðinni og forseti skildi það mjög vel.

Forseti vill taka það fram að hann mun gera það sem í hans valdi stendur til að reyna að fá málið afgreitt í hv. fjh.- og viðskn. en bendir á, eins og hv. síðasti ræðumaður hefur líka gert, að þar situr í forsæti sá hv. þm. sem harðast hefur talað gegn frv.

Sighvatur Björgvinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins taka það fram til þess að forðast allan misskilning að það sem ég sagði hér í dag um drátt á þessu máli ber ekki að skoða sem gagnrýni á hæstv. forseta. Mér er kært að upplýsa að líklega væri málið ekki enn komið til umræðu hér í hv. deild ef ekki hefði komið til atbeini forseta. Hins vegar er engin ástæða til þess að liggja á því að við flm. gerðum samkomulag við hæstv. fjmrh. og raunar fleiri um að þetta mál kæmi á dagskrá á tilteknum tíma. Það samkomulag gekk ekki fram m.a. vegna fjarveru hæstv. fjmrh. þegar til átti að taka en einnig af öðrum orsökum. En ég ítreka að hér er ekki við hæstv. forseta að sakast. Sennilega væri málið ekki komið til umræðu ef hans hefði ekki notið við.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður taka af öll tvímæli um það að þó að ég hafi talað hér um að umræðan hafi verið slitrótt og þar af leiðandi ekki jafnbeinskeytt og æskilegt hefði verið má ekki með neinu móti túlka það sem gagnrýni á hæstv. forseta. Mér er kunnugt um það, m.a. sem varaforseta deildarinnar, að hann hefur lagt sig í líma við að greiða fyrir því að þetta mál kæmist á dagskrá og áfram í deildinni. Þannig að ég veit að við hann er ekki að sakast og reyndar hefur hann verið þessum ræðumanni sem hér stendur sérstaklega liðlegur í þessari umræðu og orðið við óskum mínum um hvenær ég kæmist hér á mælendaskrá og fyrir það vil ég þakka honum og láta þess getið að undan honum er ekki í einu eða neinu að kvarta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðun hússins Hverfisgata 19, 1. umr.

Frv. ÁHE, 335. mál. — Þskj. 585.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um að friða húsið Hverfisgata 19 í Reykjavík. Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú að flm. telur að Alþingi eigi sjálft að fjalla um viðkvæm og stór mál í þjóðfélaginu og eigi jafnframt að bera á þeim fulla ábyrgð. Frv. hljóðar svo:

„1. gr. Húsið Hverfisgata 19 í Reykjavík (Þjóðleikhúsið) er eign íslensku þjóðarinnar og heyrir undir Alþingi Íslendinga.

2. gr. Húsið er friðað í sinni upprunalegu gerð bæði að utan og innan.

3. gr. Allar meiri háttar breytingar á húsinu eru óheimilar nema með samþykki Alþingis. Minni breytingar eru háðar samþykki þjóðminjavarðar og forseta Alþingis.

4. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég vil lesa hér úr greinargerð:

„Húsið að Hverfisgötu 19 reisti íslenska þjóðin til að flytja listræn verk á leiksviði og hlúa að menningu sinni. Guðjón heitinn Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði húsið og var það vígt til listanna 20. apríl 1950. Síðan hefur húsið þjónað vel gyðju leiklistar og fleiri gyðjum, en hefur nú heldur látið undan síga fyrir tímans tönn.

Engum manni blandast hugur um að húsinu þarf að halda við svo að það megi vera athvarf fyrir allar sviðslistir og reynast höfuðstaðnum áfram hin mesta bæjarprýði. Húsið er arfur íslenskrar menningar sem þjóðin vill vernda óhreyfðan eins og aðrar minjar svo sem Þingvelli, Alþingishúsið og Dómkirkjuna eða Landsbókasafnið. Húsið er og verður þjóðminjar.

Á sama hátt vill þjóðin vernda húsið innan stokks. Leiksvið og áhorfendasalur eru hluti af verkinu öllu og húsið er ein órofa heild og ber að varðveita það í upprunalegri gerð. Að breyta áhorfendasal og leiksviði er eins og að klæða styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli úr frakkanum.

Menntamálaráðherra hefur skipað byggingarnefnd til að skipuleggja framkvæmdir við Þjóðleikhúsið. Hún skilaði áfangaskýrslu um starf sitt í septembermánuði 1989 og þar kennir margra grasa. Breytingar á leiksviði og áhorfendasal eru aðeins byrjunin á því sem koma skal, aðeins byrjunin.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að byggt verði risavaxið hús utan á sjálfu Þjóðleikhúsinu. Það á að hýsa skrifstofur, skála, lítið svið, búningsherbergi, vörumóttöku, aðstöðu leikara, mötuneyti, saumastofu, leiktjaldamálun, margs konar geymslur, æfingasvið, smíðaverkstæði, aðstöðu til hönnunar og veitingastað." Þessa viðbyggingu má sjá á mynd nr. 1 sem fylgir með frv. sem fylgiskjal.

„Þannig verður gamla „Þjóðleikhúsið" hans Guðjóns Samúelssonar aðeins um þriðjungur af því stórhýsi sem reist verður á reitnum frá Þjóðleikhúsinu að Smiðjustíg á milli Hverfisgötu og Lindargötu.

Andspænis Þjóðleikhúsinu handan við Hverfisgötuna er svo gert ráð fyrir útileiksviði með kaffihúsi og listmarkaði og miðasölu og tröppum út að Laugavegi.

Til að þessi framtíðarsýn megi rætast þarf a.m.k. að kaupa húsin og lóðirnar nr. 21 (Hið íslenska prentarafélag) og 23 við Hverfisgötu, nr. 7, 9, 11, 11a, 13 og 15 við Smiðjustíg og nr. 6 við Lindargötu." Þessi hús má sjá á mynd nr. 3 sem fylgir með frv. „Enda segir byggingarnefnd í áfangaskýrslu sinni:

„Til þess að ná þeim framtíðaráformum, sem hér eru sett fram, er nauðsynlegt að ríkissjóður kaupi lóðir og fasteignir austan við Þjóðleikhúsið. Það er brýnt að falast verði eftir kaupum sem fyrst meðan þar eru enn hlutfallslega lítil verðmæti í mannvirkjum."

Til að rýma fyrir nýrri viðbyggingu Þjóðleikhússins á sem sé að kaupa þarna átta lóðir hið minnsta og sjö hús sem enn þá eru þó talin „hlutfallslega lítil verðmæti í mannvirkjum".

Þá eru ótalin hús sem hljóta að þurfa að víkja handan við Hverfisgötuna upp Traðarkotssund og við Laugaveginn til að byggja hringsviðið, Indriðasvið, og listmarkaðinn: Húsin Traðarkotssund nr. 3 og 6, Hverfisgata nr. 12, 14, 16, 16a og 18 og svo Laugavegur nr. 5. Það er vissulega nokkurt efni til íhugunar fyrir eigendur húsanna. En áfram segir byggingarnefndin í skýrslunni:

„Af framansögðu ætti að vera ljóst mikilvægi þess að skilgreina verkefnið í heild, greina þarfir Þjóðleikhússins og aðrar umbætur, áður en hafist er handa við framkvæmdir. Þá aðeins er tryggt að ávallt sé unnið í rétta átt, að stærra markmiði, þó svo að verkinu sé skipt í verkþætti sem dreifast yfir langt tímabil. Húsnæðisvandi Þjóðleikhússins verður ekki endanlega leystur, fyrr en öll starfsemi þess er komin undir eitt þak."

Í haust opnaði glæsilegt Borgarleikhús í Reykjavík

og er búið besta fáanlegum búnaði til leikhússtarfa. Þannig er landsmönnum prýðilega vel séð fyrir leiksviðum til að flytja verk af metnaði og listfengi. Aðsókn hefur ekki verið sem skyldi að því húsi. Það er óþarfi að byggja nýtt leikhús af því tagi til að standa hálftómt við hlið Borgarleikhússins, hvað þá að byggja annað Borgarleikhús utan á gamla Þjóðleikhúsinu; það gengur ekki upp.

Þróun leiksýninga á Íslandi hefur vissulega verið í hina áttina síðustu ár því að fjöldi lítilla leikhópa starfar nú víðs vegar um landið og um þvera og endilanga höfuðborgina. Eitt vinsælasta leikhúsverk síðari ára var reyndar sett á svið í gamalli fiskskemmu vestur á Meistaravöllum í Reykjavík.

Íslendingar eru aðeins 250 þúsundir; hvorki 2,5 milljónir né 25 milljónir. Það vill oft gleymast þegar stórhuga menn taka til óspilltra málanna í kappsfullum byggingarnefndum. En nú verðum við að koma niður á jörðina og horfast í augu við fólksfæðina.

Fjárhagur þjóðarinnar er bágur um þessar mundir og víða blasa við atvinnuleysi og gjaldþrot. Háir skattar plaga landsmenn og óréttlátur matarskattur þrúgar heimilin. Ekkjur búa við rangláta skattlagningu og verslunarhús eru sérsköttuð. Okurvextir leggja hvert fyrirtækið af öðru að velli og mörg heimili.

Á sama tíma kýs borgarstjórn Reykjavíkur að láta ráðhúsbyggingu í Tjörninni og veitingahús á geymum Öskjuhlíðar hafa forgang fram yfir þarfir líðandi fólks. Ríkið stendur í stórræðum við Þjóðarbókhlöðu og Þjóðskjalasafn, Blönduvirkjun og Múlagöng. Þjóðminjasafnið er að niðurlotum komið og byrði Flugstöðvarinnar hvílir þungt á skattgreiðendum. Þessar framkvæmdir eru misjafnlega þarfar og sumar óþarfar með öllu. Stórbygging Þjóðleikhússins er því bæði listfræðileg og fjárhagsleg tímaskekkja.

Reykjavíkurborg hefur ekki farið varhluta af slysum í skipulagi byggðar og einstakra húsa. Nægir þar að benda á hörmulega viðbyggingu Útvegsbanka Íslands gamla við Lækjartorg, svipaða hörmung við hús Landsbankans á horni Pósthússtrætis og stílbrotið í húsi Gallerí Borgar á milli Reykjavíkurapóteks og Hótel Borgar. Nú er sagan um það bil að endurtaka sig á lóðinni nr. 19 við Hverfisgötu. Það má ekki gerast.

Þessa dagana er verið að skrifa undir nýja samninga um kaup og kjör sem marka tímamót í atvinnusögu þjóðarinnar. Samningarnir kalla á útgjöld úr ríkissjóði til að halda þenslunni í skefjum og vernda þannig kaupmátt heimilanna. Vinnumarkaðurinn hefur þarna gefið tóninn og ríkið má ekki skorast undan að leggja sitt af mörkum til að halda niðri verðbólgu og snarlækka vaxtakostnað í landinu, öllum til heilla. Það er ekki hátt lausnargjald. Þess vegna má ríkið engan pening missa til að geta staðið í skilum með sinn hlut í þessum samningum.

Það er ljóst að framkvæmdir byggingarnefndar Þjóðleikhússins kosta mikla peninga þegar öllu er til skila haldið. Miðað við síðustu skekkju hjá húsameistara ríkisins í Flugstöðinni er ekki fjarri lagi að verðleggja þessar framkvæmdir á þrjá til fimm milljarða króna. Nú kann einhverjum að þykja það hæfilegt verð fyrir að koma allri starfsemi Þjóðleikhússins undir eitt þak eins og byggingarnefndin sér fyrir sér.

Flutningsmaður þessa frumvarps er ekki á þeirri skoðun og það eru fleiri. Getu einnar smáþjóðar til að þjóna sviðslistinni eru ákveðin takmörk sett. Breytingarnar á leiksviði og áhorfendasal Þjóðleikhússins eru aðeins fyrsta skrefið í þessum miklu framkvæmdum. Þar leiðir eitt af öðru og flutningsmaður óttast mjög að ekki verði séð fyrir endann á þessu verki öllu. Það fari úr böndum eins og dæmin sanna um fyrri stórframkvæmdir af þessu tagi, svo sem við Flugstöðina, eða eins og byggingarnefndin segir sjálf: „Þá aðeins er tryggt að ávallt sé unnið í rétta átt, að stærra markmiði, þó svo að verkinu sé skipt í verkþætti sem dreifast yfir langt tímabil."

Þessar fyrstu framkvæmdir eru því Trójuhestur stærri breytinga og meiri framkvæmda eins og að framan greinir. Í upphafi skyldi endinn skoða og á skal að ósi stemma.

Þess vegna heitir flutningsmaður á þingheim að halda vöku sinni í þessu máli."

Virðulegi forseti. Við þetta er aðeins að bæta að nú er búið að loka Þjóðleikhúsinu þó svo að ekki hafi enn þá fengist heimildir fyrir þeim framkvæmdum sem þar eru fyrirhugaðar.

Að svo mæltu mæli ég með að frv. fari til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

66. fundur, miðvikudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Fundir í nefndum og deild.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur verið mjög létt verk og löðurmannlegt að vera í nefndum þingsins nú eftir áramót. Mjög hefur staðið á því að nefndafundir hafi verið kallaðir saman þar sem stjórnarandstæðingar hafa átt mál í nefndum og greinilegt að stjórnarandstaðan hefur ekki íþyngt meiri hlutanum með því að óska eftir því að þeirra mál séu athuguð eins og önnur.

Nú er aftur komin upp sú undarlega staða að einstakir ráðherrar eru farnir að senda frá sér mörg frumvörp í einu og þá er niðurstaðan sú að skyndilega eiga sömu mennirnir að sitja á mörgum fundum samtímis. Boðaður hefur verið fundur í menntmn. kl. 8.30 á föstudag, boðaður hefur verið fundur í sjútvn. kl. 9 á föstudag og tilkynnt hefur verið að fundir verði í deildum kl. 11 á föstudagsmorgun.

Af þeim sökum er það, vegna þess að hæstv. forseti m.a. vill ekki standa við venjulegan fundartíma kl. 2, sem sú staða er komin upp að svo þröngt er um nefndirnar að ekki er gert ráð fyrir því að þingmenn geti gegnt þingskyldum sínum með því að þeir fái að sitja í þeim nefndum sem eiga að fjalla um mál sem til þeirra er vísað. Mér finnst þetta vera fullmikill ákafi í hæstv. forseta. Það hefur ekki komið til fram að þessu að nefndastörf hafi rekist á. Það hefur ekki verið svo mikið um að vera. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. forseti endurskoði hug sinn um það að hefja fund hér í deildinni kl. 11 á föstudagsmorgun. Bíði með hann til kl. 2 og reyni síðan að nota lagni sína og lipurð til að sjá um til þess að við getum báðir sótt fund í sjútvn. og menntmn. á föstudagsmorgun. Mig minnir að við eigum báðir sæti í báðum þeim nefndum. (Gripið fram í.) Ekki hæstv. forseti í menntmn. Þá fór ég rangt með eins og oftar, en það breytir ekki hinu að ég legg á það áherslu að reynt sé að haga þinghaldi þannig að þingmenn stjórnarandstöðu geti haft möguleika á því að rækja sín störf með sómasamlegum hætti.

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir ábendingar hans um að reyna að hafa þingstörf hér sem liprust. Af því tilefni vil ég geta þess að sú endurskoðaða áætlun sem þingflokksformönnum var fengin í hendur í fyrradag var með því fororði að þetta væri til athugunar og ábendingar. Ég tók sérstaklega fram á þeim fundi að það hlyti að sjálfsögðu að verða að skoðast hvernig skipta ætti tíma þingsins milli nefndafunda og þingfunda þannig að þó að þarna væru settir deildafundir mundi það verða skoðað með tilliti til álags á hvort fyrir sig. Ég vænti þess að við munum hittast, sennilega í dag til að ræða þetta aftur og þá mun ég taka þessa ábendingu til athugunar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það að nokkru með hv. 2. þm. Norðurl. e. að betra hefði verið að nefndastörf hjá okkur væru jafnari á vetrum en nú kemur í ljós að ætlar að verða.

Hitt vil ég líka sérstaklega taka fram, þar sem ég hef setið þó nokkuð marga fundi í menntmn. í vetur, þegar ekki hafa verið neinar sérstakar annir í þinginu, að það er sérstakt fagnaðarefni ef hv. 2. þm. Norðurl. e. ætlar að fara að mæta á fundi menntmn. í Ed. Ég man nú reyndar ekki eftir honum þar í vetur á þeim fundum sem við höfum haldið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. 5. þm. Norðurl. e. segir, ég hef ekki mætt á öllum fundum í menntmn. Á næstsíðasta fundi nefndarinnar var mér sagt að einungis yrði vísað málum til umsagnar af formanni nefndarinnar, formanni þingflokks Alþfl. sem hér er ekki mættur í deildinni. Við þetta var ekki staðið heldur voru mál tekin til efnislegrar meðferðar, sem er auðvitað mjög ámælisvert. Það sem er þó enn þá verra er að síðar þann sama dag, þegar ég var í húsakynnum þingsins við þingstörf, var boðaður annar fundur í menntmn., öllum nefndarmönnum nema þeim sem hér stendur. Og það sem var kannski enn alvarlegra við það mál var að á þeim fundi var mál afgreitt úr nefndinni. Þó svo að ég bæði formann nefndarinnar um að taka málið upp að nýju þar sem ég hefði ekki verið boðaður á fundinn, þá var synjað um það. Það væri kannski fróðlegt að fá úrskurð forseta af þessu tilefni hvort það sé þinglega rétt að fundir séu haldnir hér í hliðarherbergjum þinghússins, mál séu afgreidd frá þingnefndum án þess að einstakir þingmenn, sem þó eru staddir í húsakynnum þingsins, séu boðaðir til slíkra funda. Það má spyrja forseta þingsins hvort slíkt séu mannasiðir og hvort slíkt séu vinnubrögð sem bræðraflokkarnir, Alþfl. og Framsfl., séu sammála um að viðhafa hér í deildinni.

En það er gott að vita að samþingmaður minn úr Norðurlandskjördæmi eystra hefur vakandi auga með því sem ég geri.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 429. mál (heildarlög). — Þskj. 750.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Útvarpslögin eru fimm ára gömul. Það var mjög skemmtilegt að vera formaður í menntmn. Nd. þegar frv. um frjálsan útvarpsrekstur hér á landi var lagt fram í þinginu. Páv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir beitti sér mjög fyrir því máli. Mér er skylt að geta þess jafnframt að fyrsti þingmaðurinn sem hreyfði því með tillöguflutningi á Alþingi að útvarpsrekstur yrði gefinn frjáls var hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að við sjálfstæðismenn vorum í mjög þröngri stöðu á þeim tíma. Andstaða var mikil, t.d. í þingflokki Alþb., gegn málinu. Framsóknarmenn voru líka mjög erfiðir og voru í rauninni þannig þenkjandi að helst mætti ekki leyfa hér útvarpsrekstur sem gæti staðið undir sér. Kratar voru svona hér og þar eins og vant er og Kvennalisti var með sérstakan frumvarpsflutning sem gekk í þveröfuga átt við það sem við sjálfstæðismenn vildum.

Ég hygg að á síðasta áratug a.m.k. hafi ekki verið haldnir jafnmargir og langir fundir um neitt mál eins og menntmn. Nd. hélt þá um frv. til útvarpslaga. Eina frv. sem ég man eftir að hafi fengið ítarlegri umfjöllun var frv. um tekju- og eignarskatt sem samþykkt var á árinu 1978 þegar Matthías Mathiesen var í sæti fjmrh. Það frv. fékk mjög ítarlega umfjöllun, enda var sú lagasetning mjög til fyrirmyndar fyrir margra hluta sakir og mjög dæmigerð í rauninni fyrir þau vinnubrögð sem við sjálfstæðismenn viljum hafa í

skattamálum. Er oft til þeirrar löggjafar vitnað síðan, bæði varðandi vandaðan undirbúning, vegna þess að í þeirri löggjöf voru ekki afturvirk skattaákvæði sem eru aðal vinstri stjórnar, og líka vegna þess að sú löggjöf var rækilega kynnt þeim fyrirtækjum og einstaklingum í landinu sem hygðust starfa eftir löggjöfinni gagnstætt því sem var gert t.d. nú um síðustu áramót í sambandi við álagningu virðisaukaskatts, þar sem öll kurl eru raunar ekki komin til grafar enn.

Við sjálfstæðismenn vorum satt að segja mjög ánægðir yfir því að okkur skyldi hafa tekist að knýja það fram að útvarpslögin voru samþykkt á þinginu 1984–1985. Ég þarf auðvitað ekki að taka fram að hluti af skýringunni á því að okkur tókst að ná málinu fram var sá að formaður Framsfl. misskildi málið og misminnti það sem við hann hafði verið sagt. Það misminni og sá misskilningur varðaði þá grein laganna sem fjallaði um heimild til auglýsinga, en sú grein frv. er í grófum dráttum óbreytt nú frá því sem við sjálfstæðismenn lögðum til þá. Þetta sýnir auðvitað að hugmyndir okkar sjálfstæðismanna hafa orðið ofan á og eru nú búnar að fá almennan skilning í þjóðfélaginu, svo mikinn skilning að jafnvel ráðherra Alþb. sér sig knúinn til þess að flytja frv. um útvarpsrekstur sem í verulegum atriðum viðurkennir þau sjónarmið sem við höfðum áður lagt til grundvallar en er í öðrum atriðum byggt á hinum sérstöku viðhorfum Alþb. sem ég mun víkja nánar að síðar. Sérstaklega er mér það þó ánægjuefni að svo virðist sem framsóknarmenn hafi séð að sér í sambandi við ýmis álitamál sem varða þetta frv.

Ég mun, til að stytta mál mitt, halda mig við upptalningu í grófum dráttum um helstu nýmæli frv. en vil þó áður aðeins gera að umtalsefni 4. tölul. 3. gr. frv. og 3. mgr. 8. gr. frv. Í þessum greinum báðum er um það fjallað að útvarpsstöðvar skuli halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Útvarpsstöðvum beri að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Enn þá ríkari kröfur eru gerðar til Ríkisútvarpsins í þessu efni. 2. mgr. 8. gr. er þannig orðuð í frv. og ég hygg að hún sé nokkurn veginn óbreytt frá því sem er í lögunum. Ég hef ekki borið það saman. Það er kannski smámeiningarmunur, þar eins og kom fram í orðum ráðherra:

„Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi, svo og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Stefnt skal að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur og vandað sé til þess sem verða má. Ríkisútvarpið skal veita almenna fræðslu, gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega. Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttaþjónustu og er vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni er almenning varða."

Við vitum auðvitað að þessi grundvallarsjónarmið sem ég er hér að fjalla um eru sjálfsögð í hugum okkar allra. Auðvitað viljum við öll að þessir fjölmiðlar, ég tala nú ekki um ríkisreknir fjölmiðlar, gæti fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Og við viljum að fréttastofa Ríkisútvarps og sjónvarps sé vettvangur fyrir mismunandi skoðanir. Við viljum að frásögn sé óhlutdræg, túlkunin sé með öðrum orðum rétt á þeim atburðum sem um er fjallað. Þetta viljum við.

En við vitum á hinn bóginn að jafnsjálfsagt og það er að setja slík orð um svo háleit markmið niður á blað, í lagatexta, er erfitt að fylgja þessum markmiðum eftir í raun. Og það er óhjákvæmilegt að vekja á því athygli að því fer nokkuð fjarri að íslenskum sjónvarpsstöðvum og útvarpsstöðvum hafi tekist að nálgast þetta háleita markmið þannig að við getum í rauninni verið ánægð með árangurinn. Ég er með þessum orðum ekki að halda því fram að starfsmenn t.d. fréttastofu Ríkisútvarps, Ríkissjónvarps eða Stöðvar 2 séu viljandi að villa um fyrir hlustendum sínum, séu viljandi að draga taum eins fremur en annars. Það sem ég vil leggja áherslu á er að mannafli á þessum fréttastofum er svo knappur að þess er í rauninni engin von að hann hafi tíma til að vinna til einhverrar hlítar úr því efni sem berst til fréttastofunnar á hverjum degi og fréttamönnum er gert að vinna úr. Við verðum oft vör við þetta sem vinnum hér á Alþingi. Við sjáum og skiljum að fréttamenn hefur skort tíma til þess að geta staðið við þau háleitu markmið sem hér er verið að tala um.

Það er í rauninni ekki undarlegt, svo ég taki Ríkisútvarpið sérstaklega sem dæmi, þótt sú stofnun hafi ekki bolmagn til þess að setja bærilega nauðsynlegan mannafla til úrvinnslu frétta og þáttaefnis. Ég vil vekja athygli á því og rifja upp að t.d. á því herrans ári 1988 stóðu ráðherrar Framsfl. og Alþfl. gegn því að heimilt yrði að hækka afnotagjöld Ríkisútvarps til samræmis við fjárlög á þeim tíma. Ég hygg að tilgangurinn bak við þessa undarlegu afstöðu ráðherra Framsfl. og Alþfl. hafi ekki endilega verið sá að koma höggi á Ríkisútvarpið, draga úr mætti þess til að sinna sínum störfum, þessi aðför að Ríkisútvarpinu var pólitísks eðlis til þess að reyna að gera viðskilnað Sjálfstfl., eins og þeir kölluðu það, sem verstan í þessari menningarstofnun. Þá hefði maður getað haldið að með nýjum manni í stól menntmrh. á því ári hefðu hlutirnir eitthvað breyst, en það var nú síður en svo. Áfram var haldið að svelta Ríkisútvarpið út árið 1988 og verðum við þó að segja sem erum vanir því að hlusta á vinstri menn hér í deildinni að í orði kveðnu eru ástarjátningar þeirra til Ríkisútvarpsins mjög heitar og tíðar enda þykjast þeir eiga mikið undir því að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu þeim velviljaðir.

Nú stendur svo á að á þessu ári verður Ríkisútvarpið 60 ára. Það var mjög fjallað um það í fjh.- og viðskn. þegar við vorum að tala um lánsfjárlögin hvort ekki væri hægt að koma til móts við óskir Ríkisútvarpsins, hvort væri hægt að ná t.d. fram að fullgera skrifstofubyggingu stofnunarinnar, hvort hægt væri að leggja fram einhverja framkvæmdaáætlun um það hvernig unnt yrði að flytja starfsemi Ríkisútvarpsins undir eitt þak í tilefni af 60 ára afmælinu.

Í stuttu máli fór það svo að meiri hluti ákvað að virða skoðanir og óskir starfsmanna Ríkisútvarpsins og vilja

stjórnarandstöðunnar að vettugi. Ákveðið var að stöðva svo fjárveitingar til Ríkisútvarpsins að ekki verður séð að unnt verði að halda áfram framkvæmdum við útvarpshúsið á þessu ári. Ég á þó á hinn bóginn von á því, vegna þess að ég veit að hæstv. menntmrh. hefur gaman af að vera með digrar yfirlýsingar, að hann muni í ávarpi sínu til þjóðarinnar og starfsfólks Ríkisútvarpsins á afmælisdegi stofnunarinnar lýsa því yfir að hann hafi gert framkvæmdaáætlun um það hvenær Ríkisútvarpið verði komið undir eitt þak með sama hætti og hæstv. menntmrh. hefur gert framkvæmdaáætlun um það hvenær hægt verði að ljúka Þjóðarbókhlöðunni. En það mun fara svo, herra forseti, meðan þessi ríkisstjórn situr að framkvæmdaáætlunin mun dragast um eitt ár, hvert eitt ár sem ríkisstjórnin situr.

Ég tók eftir því að hæstv. menntmrh. sagðist hafa skrifað Ríkisútvarpinu og öðrum útvarpsstöðvum bréf þar sem hann spurði hver væri menningarstefna viðkomandi útvarpsstöðva. Og hann sagðist hafa fengið mjög ánægjulegt og gott svar frá Ríkisútvarpinu um það hver væri menningarstefna þess. Mér heyrðist á hæstv. menntmrh. að hann teldi að dagskrárliðir Ríkisútvarpsins væru í stórum dráttum menningarlegir. Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningu.

Það hefur komið fyrir einstaka sinnum að ég hafi verið svo óheppinn að það hefur verið opnað fyrir Ríkisútvarpið, mér er sagt að það sé Rás 2, þegar þáttur sem mér er sagt að heiti Þjóðarsálin hefur verið í útvarpinu. Ég verð að lýsa því yfir, hæstv. menntmrh., að ekki er hægt að kalla dagskrá Rásar 2 menningarlega í heild meðan stofnunin stendur fyrir þeim þætti. Þannig hefur verið lagst gegn nafngreindum einstaklingum í þættinum að ómögulegt er að sætta sig við að Ríkisútvarpið skuli standa fyrir slíku.

Ég held að ekki sé hægt að fella þetta undir það að verið sé að efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum — er það ekki nýja setningin sem er sett núna inn í Ríkisútvarpið? — „Það skal efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum." — Það er nú gott að fá það inn, ljómandi. Og nóg um það raunar nema ég vil taka fram að ég get ekki unað því né fellt mig við það að á meðan Ríkisútvarpið býr við þau forréttindi um tekjuöflun sem það býr við skuli það lögfest að það skuli senda til landsins alls a.m.k. tvær hljóðvarpsdagskrár. Ég hygg að nóg sé að hafa það eins og í gömlu lögunum, heimildagrein til útsendingar á tveimur rásum, en sé ekki ástæðu til að slíkt sé bundið í lögum.

Í þessu frv. er lagt til að breyta Ríkisútvarpinu í starfsmannaútvarp í þeim skilningi að einungis starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi að ráða dagskrárefni og dagskrárgerð en útvarpsráð skuli ekkert hafa um það að segja. Þetta er mjög, ég vil segja umdeild niðurstaða. Við erum að reyna að tala um það öðrum þræði að rétt sé að Ríkisútvarpið reyni að gæta óhlutdrægni, og ekki aðeins óhlutdrægni heldur fyllstu óhlutdrægni. Við vitum það af reynslu að menn átta sig kannski ekki á því sjálfir hvort þeir hafi gætt þessarar fyllstu óhlutdrægni eða ekki, fyrir svo utan það að mikil tilhneiging er hjá hverjum einstökum til þess að reyna að standa sem lengst á sínum sjónarmiðum. Nú hefur starf útvarpsráðs smátt og smátt verið að breytast þannig að útvarpsráð hefur ekki eins og áður þau miklu áhrif á dagskrárgerð útvarpsins, er miklu frekar eftirlitsaðili eða umsagnaraðili eftir á, sem ég tel raunar nauðsynlegt að sé í Ríkisútvarpinu. Auðvitað er það rétt að þessi umsagnaraðili er kjörinn pólitískri kosningu hér á Alþingi og ekki getur verið um það ágreiningur milli mín og hæstv. menntmrh. að það er í þágu lýðræðisins að halda uppi pólitískum kosningum í landinu. Það er algjörlega úrelt og það sjónarmið hverfandi að ekki sé rétt að mismunandi pólitískar skoðanir eigi sinn rétt og hafi sinn rétt og það er algjörlega úrelt og hverfandi, var raunar brotið niður með Berlínarmúrnum, að ekki mætti hafa lýðræðislegt eftirlit með lýðræðinu. Á hinn bóginn væri óæskilegt að búa til sérstakar ríkisstofnanir sem störfuðu án aðhalds, án eftirlits. Þetta aðhald og þetta eftirlit hefur verið í höndum útvarpsráðs.

Nú vill hæstv. menntmrh. leggja þetta niður, breyta Ríkisútvarpinu í starfsmannaútvarp. Ég held það sé mjög hæpin ráðstöfun og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að nefndin athugi það atriði alveg sérstaklega, ég vil taka fram að þau rök sem hæstv. ráðherra bar fram voru algjörlega ófullnægjandi. Á hinn bóginn get ég ekki séð að neitt sé með sjö manna útvarpsráð að gera sem skuli fylgjast með og taka ákvarðanir er tryggi að gerð dagskrárefnis og rekstur dagskrárdeilda sé innan marka fjárhagsáætlunar. Þetta held ég að sé algjörlega út í hött. Miklu einlægara að leggja útvarpsráðið niður en að vera með þetta gervihlutverk sem þarna er, ég skil raunar ekki hvað fyrir hæstv. menntmrh. vakir. Hvað ætli það kosti ef útvarpsráð ætti að fylgja slíkri verkefnalýsingu að einhverju marki og líta á það sem sitt höfuðhlutverk? Ég held þvert á móti að slíkt eftirlitshlutverk sé ekki til tjóns en ég álít að höfuðtilgangur útvarpsráðs hljóti að vera að hafa visst eftirlit með dagskrárgerðinni, að fyllsta hlutleysis sé gætt, óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Það verður því miður ekki sagt að allir útvarpsmenn standi við það fyrirheit en ég geri mér um leið grein fyrir því að menn eru misjafnir og ekki get ég ætlast til þess að hver einstakur sem að þeirri stofnun ræðst sé gallalaus, fremur er rétt að gera ráð fyrir því að öllum geti yfirsést og ekkert við því að segja. En ég sé sem sagt ekki að við útvarpsráð sé neitt að gera ef það á ekki að hafa það eftirlitshlutverk sem það hefur haft fram að þessu.

Það er talið til helstu nýmæla frv. í fyrsta lagi að útvarpsréttarnefnd verði lögð niður en menntmrh. veiti framvegis leyfi til útvarpsrekstrar. Nú hygg ég að útvarpsréttarnefnd hafi starfað þannig að yfirleitt og kannski hvarvetna sé borið til hennar mikið traust. Það er þess vegna ekki af þeim sökum sem útvarpsréttarnefndin er lögð niður. Það er ekki vegna þess að hún hafi brugðist, hugmyndin á bak við hana hafi

reynst röng. En ef ég man rétt, ég hef ekki flett því upp, lagðist hæstv. menntmrh. gegn útvarpsréttarnefndinni þegar frv. var hér. (Gripið fram í.) Ekki sérstaklega. En hvort sem svo er eða ekki þá er þetta ekki höfuðatriði í mínum huga, útvarpsréttarnefndin hefur reynst vel. Hér eru sett almenn skilyrði fyrir því hverju útvarpsleyfi skuli vera háð og ég get verið sammála þeim en ég hygg að hitt sé með öllu óviðunandi og alls ekki hægt að framselja það vald til menntmrh. eins, að hann hafi síðan úrskurðarvald um það hvort viðkomandi sé veitt útvarpsleyfi eða ekki. Ef við leggjum það vald í hendur menntmrh., pólitísks ráðherra, þá hlýtur það að vera alveg ljóst að hann hefur ekki vald til þess að leggja pólitískt mat á það hvort menn fái útvarpsrekstrarleyfi eða ekki. Það verður að taka slíkt vald af honum og þess vegna verður að athuga hvort frumvarpsgreinarnar séu nógu afdráttarlausar í þeim efnum, að ráðherranum verði ekki gefið slíkt vald.

Í öðru lagi vil ég lýsa ánægju minni yfir því að frv. skuli gera ráð fyrir því að leyfi til einkaútvarpsstöðva miðist ekki við þrönga skilgreiningu á afmörkuðum þjónustusvæðum heldur að þær geti náð til landsins alls. Við sjálfstæðismenn lögðum einmitt mikla og ríka áherslu á það þegar lögin voru sett að við vildum hafa það þannig, svo ég er mjög ánægður yfir því að vinstri menn skuli nú komnir til móts við okkar skoðanir að þessu leyti.

Ég er sammála því að það á að leggja ríka þýðingarskyldu á sjónvarpsstöðvar. Ég vil þó vara við því að þar sé gengið of hratt fram því að það ríður líka á miklu að efni sé vel fram reitt og nauðsynlegt að verulegir fjármunir séu settir einmitt í það að börnin fái sómasamlegt efni.

Þegar við vorum að berjast fyrir því að lögin yrðu sett á sínum tíma stóð mikil deila um það hvort lögfesta ætti Menningarsjóð útvarpsstöðva, eins og hann var lögfestur. Við sjálfstæðismenn vorum ekki ánægðir með þá hugmynd sem lá til grundvallar þeirri sjóðsstofnun en á hinn bóginn lágu málin þannig fyrir í þinginu að Framsfl., sem við vorum þá í stjórnarsamstarfi við, gerði það að algjöru skilyrði fyrir því að frv. yrði samþykkt að Menningarsjóður útvarpsstöðva yrði settur á fót með þeim verkefnum sem greinir í lögunum.

Ég er algjörlega sammála því að það lagaákvæði þurfi endurskoðunar við og endurmats og er fullkomlega sammála því að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður í núverandi mynd. Ég verð á hinn bóginn að lýsa því yfir að það mál hlýtur að koma til skoðunar um leið og hæstv. menntmrh. leggur fram frv. um menningar- og fjölmiðlasjóð. Hér stendur að sá sjóður eigi að leysa af hólmi gildandi lög um Menningarsjóð og menntamálaráð og Menningarsjóð útvarpsstöðva og er auðvitað óhjákvæmilegt að sjá það frv. áður en maður getur fjallað um þetta atriði, Menningarsjóð útvarpsstöðva. Maður verður að fá að vita hvað eigi að koma í staðinn.

Í þessu samhengi er óhjákvæmilegt að minna á að með síðustu fjárlögum voru stórauknar opinberar greiðslur, opinber framlög til þess að gefa út flokksmálgögn, Tímann, Þjóðviljann, Dag, Alþýðublaðið. Ég held að það sé líka alveg óhjákvæmilegt að minna á að í þeim hugmyndum sem komu fram, ef ég man rétt í stefnuræðu forsrh., er gert ráð fyrir að þessi svokallaði menningar- og fjölmiðlasjóður hafi m.a. það hlutverk að halda uppi alls konar fréttamennsku, alls konar blaðaútgáfu sem almenningur vill ekkert með hafa. Einhverjum dauðum flokksmálgögnum vinstri flokkanna sem almenningur vill nákvæmlega ekkert með hafa. Og auðvitað verðum við að horfa á ákvæði um Menningarsjóð útvarpsstöðva út frá því sjónarmiði.

Í ræðu sinni talaði hæstv. menntmrh. um það að hann hefði verið að velta fyrir sér með hvaða hætti ætti að leggja á afnotagjald Ríkisútvarpsins. Hann var með ýmsar hugmyndir sem allar snerust um að skylda landsmenn til þess að greiða fullt verð til Ríkisútvarpsins hvort sem þeir vildu eða ekki. Ef við veltum fyrir okkur hvað það kostar venjulega fjölskyldu að greiða þetta gjald og vera líka t.d. áskrifandi að dagskrá Stöðvar 2 skilst mér að það séu um 20 þús. kr. á ári. Ég veit ekki hvort þetta er rétt með farið, mér var sagt það, ég hef ekki flett því upp, ég tek það fram. (**Gripið fram í:** Það er meira, 36 þús. kr.) Bara Ríkisútvarpið og Stöð 2? Ef það eru 36 þús. kr. sjáum við að við erum að tala um mjög verulegar fjárhæðir. Ef viðkomandi vill nú kaupa eitt eða tvö dagblöð til viðbótar fer þetta að skipta mjög verulegum fjárhæðum.

Ég held þess vegna að við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða leið við eigum að fara til þess að hér sé hægt að halda uppi frjálsri fjölmiðlun. Ég rifja það upp að sums staðar erlendis og kannski hvarvetna, ég er náttúrlega ekki nógu kunnugur hvarvetna, en sums staðar erlendis eru auglýsingar bannaðar í ríkissjónvörpum t.d. Það er mikil spurning ef við gerum það að lagaskyldu að menn verði að greiða afnotagjöld Ríkisútvarps og sjónvarps hvort ekki sé kominn tími til þess að banna ríkisfjölmiðlum að koma inn á auglýsingamarkaðinn. Til þess einmitt með jákvæðum hætti að tryggja frjálsa fjölmiðlun í landinu. Tryggja það að einstaklingarnir geti notið meira en eins fjölmiðils, að einstaklingarnir geti verið áskrifendur að dagblöðum einu eða tveim, án þess að finna mjög fyrir því. Þetta er auðvitað mjög brýn spurning, ekki síst nú þegar fyrir liggur að tekjur heimilanna hafa lækkað verulega síðan þessi ríkisstjórn tók til starfa. Þar tölum við um tveggja stafa tölu. En á hinn bóginn hefur afnotagjald Ríkisútvarpsins hækkað á sama tíma langt umfram verðbólgu. Ég held þess vegna að við hljótum að velta þessu fyrir okkur.

Ég geri ráð fyrir að sú nefnd sem fjallaði um frv. hafi einmitt tekið það atriði til athugunar hvort ekki sé tími til kominn að við látum einkastöðvunum auglýsingamarkaðinn eftir en bindum tekjur Ríkisútvarpsins við afnotagjöldin. Ég vil líka minna á að einkastöðvarnar verða að greiða tekju- og eignarskatt gagnstætt því sem Ríkisútvarpið gerir. Ég hef

ekki flett því upp og man það satt að segja ekki, en greiðir Ríkisútvarpið t.d. aðstöðugjald? Ég þori ekki að fullyrða það án þess að fletta því upp en mig minnir að það greiði hvorki landsútsvar eða aðstöðugjald. Þannig að það sleppur líka við þær greiðslur.

Það hefur mjög borið á því, ekki síst nú eftir að þeir hafa til skiptis setið í sæti fjmrh., formenn sósíalistaflokkanna, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur Ragnar Grímsson — þeir heita ekki tveim nöfnum báðir vegna þess að þeir hafi verið í tveim stjórnmálaflokkum því að þeir hafa verið í tvisvar sinnum tveimur stjórnmálaflokkum — að óvissa ýmissa ríkisstofnana hefur verið mjög mikil um það hvaða ráðstöfunarfé þær hafi. Það hefur með öðrum orðum ekki farið eftir efnahag eða áætlun um viðkomandi stofnanir hver afgreiðsla hefur verið í fjárlögum, heldur hefur það farið eftir því hversu stórt gatið hefur sýnst í ársbyrjun og til allrar hamingju fyrir þessar stofnanir hefur ráðherrunum allt af missýnst í ársbyrjun, gatið hefur alltaf orðið miklu stærra í lokin en þeir héldu. Svo að stofnanirnar hafa þó haldið velli svona nokkurn veginn af þeim sökum.

Tökum t.d. Póst og síma. Við þurfum ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að rifja það upp að hér á Alþingi voru tíðar umræður um það hversu hátt afnotagjaldið væri, hversu dýrt væri að hringja milli landshluta. Þingmenn Vestf. voru þar framarlega í hópi. Ekki höfðu Matthíasar farið lengi með málefni Pósts og síma áður en þær raddir þögnuðu og þegar þeir skildu við samgrn. var staðan orðin þannig að vinstri flokkarnir ákváðu að allt afnotagjaldið skyldi renna beint í ríkissjóð og þannig er það núna. Afnotagjaldið eins og það leggur sig er skattur ríkisstjórnarinnar á Póst og síma. Ef við förum 20 ár aftur í tímann rifjast upp að í þeirri ríkisstjórn sem Ólafur Jóhannesson var forsrh. fyrir og Hannibal Valdimarsson símamálaráðherra var ákveðið að söluskattur skyldi lagður á Póst og síma, á símtöl, sem ekki hafði verið áður. (**Gripið fram í:** Það eru 19 ár.) Eru það 19 ár já?

Rifjum upp Landsvirkjun. Þegar Sverrir Hermannsson varð iðnrh. voru mjög tíðar og miklar umræður hér í þinginu um það hversu hátt rafmagnsverðið væri. Það var talað um hitunarkostnaðinn fyrir vestan. Það var mikið talað um það hversu það fólk byggi við erfið skilyrði sem yrði að sæta því að eiga viðskipti við Landsvirkjun eða Rafmagnsveitur ríkisins. Ekki höfðu sjálfstæðismenn fyrr skilið við embætti orkuráðherra en upp komu raddir um það hjá þessari ríkisstjórn að nú væri kominn tími til að leggja á sérstakan orkuskatt sem enginn þarf að borga. Með öðrum orðum það átti að éta innan úr Landsvirkjun. Það átti að éta innan úr Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Þessi skattur hefði numið á þessu ári, miðað við þá verðlagsþróun sem lá fyrir þegar frv. var lagt fram, um 1,8–2 milljörðum kr. og hefði hækkað orkuverð um 30% síðari hluta ársins. Þannig er nú það.

Ríkisútvarpið. Ég man ekki betur en að það hafi verið menntmrh. úr röðum félagshyggjuflokkanna sem tók fyrstu skóflustunguna. Og þá var talað um það hversu nauðsynlegt væri að þessi bygging yrði sem allra, allra, allra stærst til þess að hægt yrði að koma útvarpinu undir eitt þak. Það var kannski dæmigert að þegar fulltrúar Ríkisútvarpsins komu á fund fjh.- og viðskn. núna fyrir jólin til þess að ræða við okkur um það hvort þeir gætu fengið einhverja peninga til að nálgast það pínulítið að komast undir eitt þak, þá varð að biðja þá um að koma aftur af því að nefndarmenn úr hópi meiri hlutans gleymdu að mæta á fundinum allt of margir til að hitta fulltrúa Ríkisútvarpsins. Svo við sem sátum á þessum fundi báðum þá að koma aftur. Og aumingja mennirnir komu tvisvar niður eftir bara til að fá þetta nei sem þeir vissu að þeir mundu fá áður en þeir komu í fyrra skiptið því þeir vissu ósköp vel að þeim sem eru núna uppi í Stjórnarráði er alveg nákvæmlega sama um það hvort Ríkisútvarpið er undir einu eða tveimur þökum. Ragar þá ekki neitt, skiptir engu máli. Sextíu ára afmæli skiptir engu máli nema bara í einni hátíðarræðu sem verður haldin einhvern tímann í sumar eða haust.

Á hinn bóginn getur vel verið að það skipti máli hér á landi núna eftir að við erum búin að venjast frjálsri fjölmiðlun að henni verði leyft að starfa. Og þess vegna hlýtur sú spurning að vera mjög brennandi hvort ekki sé tími til kominn að Ríkisútvarpið láti sér duga afnotagjaldið og láti auglýsingamarkaðinn öðrum eftir. Ég vil líka láta í ljós þá skoðun mína að á meðan og úr því að Ríkisútvarpið er rekið af ríkinu er eðlilegt að slík starfsemi standi undir sambærilegum sköttum og skyldum eins og önnur fyrirtæki sama rekstrar. Sitji þar við sama borð. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að Ríkisútvarpinu verði breytt á þann veg að það verði lagt niður sem ríkisstofnun en breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Og mun ég flytja frv. um það á þessu þingi.

Ég get verið sammála um að ekki sé eðlilegt að Ríkisútvarpið greiði hluta af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er hins vegar ekki aðalatriði í mínum huga heldur hitt að þannig sé búið að Sinfóníuhljómsveitinni að hún geti starfað með eðlilegum hætti. En ekki komu fram í máli ráðherrans neinar skýringar á því hvernig hann hugsar sér það. En það er rétt að þau lög sem nú liggja fyrir um Sinfóníuhljómsveit Íslands þarfnast ekki endurskoðunar nema þá að þessu leyti.

Ég hef áður fjallað um þann þáttinn sem veit að því að breyta útvarpsráði þannig að það hafi ekki eftirlit með dagskrá eftir á, sé ekki eftirlitsaðili. Ég skil nú satt að segja ekki hvað fyrir ráðherranum vakir. Ég held að þegar búið verður að ræða þetta mál í nefnd og eftir að það skýrist betur muni meiri hlutinn sannfærast um að nauðsynlegt sé að hafa útvarpsráð sem fylgist með því að Ríkisútvarpið ræki þá skyldu sína að vera óhlutdrægt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Það er alveg óhjákvæmilegt að hafa einhvern slíkan aðila utan stofnunarinnar. Ef útvarpsráð yrði lagt niður að þessu leyti kæmu þegar í stað upp miklar óánægjuraddir sem mundu einungis kalla á það að slíkt ráð yrði sett á nýjan leik og ástæðulaust að hafa

slíkan ófrið um Ríkisútvarpið. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að aðflutningsgjöldin renna í ríkissjóð og miklu betra að taka úr lögunum það ákvæði að Ríkisútvarpið skuli njóta þeirra en að hafa það þarna inni engrar merkingar.

Ég vil, hæstv. forseti, vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða. Hér er gert ráð fyrir því að skipunar- og ráðningartíma yfirmanna Ríkisútvarpsins skuli ljúka eigi síðar en fimm árum eftir að lög þessi öðlast gildi og er ég fullkomlega sammála því að hafa þann hátt á. Ég vil á hinn bóginn vekja athygli á því að í frv. sem fyrir liggur um ríkisskipulagið, eða hvað sem það nú heitir þar sem talað er um skipulagsstjóra, er gert ráð fyrir því að hann haldi sinni æviráðningu en hins vegar verði ráðningartími takmarkaður eftir að hann lýkur störfum. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvernig á því stendur að í stjfrv. eru mismunandi ákvæði varðandi þetta atriði? Er það komið undir geðþótta einstakra ráðherra hvort þeim er vel eða illa við yfirmenn stofnana? Er ríkisstjórninni persónulega vel við skipulagsstjóra og vill þess vegna að skipulagsstjóri sé æviráðinn þó eftirmaður hans verði til fimm ára? Og er þá ríkisstjórninni á sama hátt illa við útvarpsstjóra og vill að hann hætti eftir fimm ár? Hvað er á bak við það að þetta skuli ekki vera með sama hætti? Ég held að þingið verði að marka þarna stefnuna burt séð frá því hvernig ráðherrum er til einstakra manna. Ég held að kunningsskapur einstakra ráðherra við einstaka embættismenn skipti engu máli. Og ég held þess vegna að þingið verði að taka af skarið og halda sig við það að ráðningartíma embættismanna ljúki almennt og án undantekninga fimm árum eftir að lögin öðlast gildi.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég legg áherslu á það að andinn yfir þessu frv. er í þá veru að þær grundvallarhugmyndir sem við sjálfstæðismenn lögðum fram þegar við börðumst fyrir frjálsu útvarpi eru þær sömu. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa fallist á þau grundvallarsjónarmið okkar sjálfstæðismanna að það eigi ekki að vera einkaréttur ríkisins að reka hljóðvarp og sjónvarp. Ég vil í lokin aðeins þakka hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni fyrir það frumkvæði sem hann hafði hér í þinginu fyrir þessu máli og ég er áður búinn að minnast á og öllum þeim sem komu að því verki að okkur tókst fyrir fimm árum að knýja fram viðunandi lausn á þessum málum.

Jóhann Einvarðsson:

Virðulegur forseti. Nokkrar ábendingar um þetta frv. til útvarpslaga sem hér liggur fyrir þar sem ég á ekki sæti í menntmn. sem fær frv. til meðferðar.

Ég skal taka það strax fram að í meginatriðum er ég sammála frv. eins og það liggur fyrir en það eru nokkur atriði sem ég vildi þó drepa á.

Í fyrsta lagi er það um Menningarsjóð útvarpsstöðva og Sinfóníuhljómsveitina. Í lögunum nú er ákvæði um að Menningarsjóður útvarpsstöðva skuli fá ákveðnar tekjur af öllum auglýsingum sem birtar eru í útvarpi og standa undir ákveðnum kostnaði af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar sem er um 25% ef ég fer rétt með. Ég hefði talið nauðsynlegt, þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherra hér í framsöguræðu um að það kæmi frv. um þessi efni, bæði Menningarsjóðinn og Sinfóníuhljómsveitina, að það hefði fylgst að hér í gegnum þingið. Ég tel útilokað og slæma reglu að taka það upp á eftir, ég tala nú ekki um þegar svo stutt er til þingslita. Það er reiknað með að lögin öðlist þegar gildi og þá getur myndast hugsanlega dauður tími fram að því að ný lög taki gildi á hausti komandi um Sinfóníuhljómsveitina og Menningarsjóð útvarpsstöðva.

Ég vil líka taka það fram í sambandi við að menntmrh., eins og segir í 2. gr. frv., skuli veita öðrum leyfi til útvarps en Ríkisútvarpinu að ég tel að sú reynsla sem við höfum af útvarpsréttarnefnd sé slík að það sé rétt að halda þeirri nefnd. Ég tel óeðlilegt að leggja þetta í hendur ráðherra eins, jafnvel þó hann hafi sér til ráðuneytis útvarpsnefnd sem skipuð er af Hæstarétti, enda sýnist mér að ákvæði um útvarpsnefndina í frv. séu svolítið loðin. Í 2. gr. er talað um að hún skuli vera ráðherra til ráðuneytis um vafaatriði og ágreiningsmál, í öðrum greinum á hún að úrskurða, í 6. gr. er talað um í þriðja tilfellinu að það skuli fá umsögn útvarpsnefndar. Ég held að það sé ekki heppilegt fyrir neinn ráðherra að hafa þetta vald í sínum höndum og útvarpsréttarnefnd, eins og hún hefur starfað, hefur sett ákveðnar reglur, grundvallarreglur sem fulltrúar ýmissa stjórnmálaafla hafa komið sér saman um, hvaða meginreglur skuli gilda við að veita leyfi til útvarps. Ég tel t.d. að nú þegar sveitarstjórnarkosningar eru fram undan og það flykkjast inn til útvarpsréttarnefndar beiðnir frá einstökum stjórnmálaflokkum, sveitarfélögum og ýmsum fleiri aðilum um að fá að opna staðbundin útvörp o.fl. væri óheppilegt að setja ráðherra í þá stöðu að annaðhvort samþykkja allt sem inn kemur, sem ég held að sé óheppilegt án þess að setja um það skýrar reglur, eða ef ráðherra hugsanlega hafnar einhverju er áfrýjunarfresturinn það skammur að það yrði náttúrlega orðið of seint að fá úr því skorið. Ég er á því að ekki sé óheppilegt að hafa áfram útvarpsréttarnefnd skipaða á svipaðan hátt og hún er í dag.

Smáatriði þarna í 3. gr., ég held það sé nú bara prentvilla eða það hafi fallið niður orð, það er 2. liður: „Óheimilt er að veita erlendum aðila, félagi eða stofnun, leyfi til útvarpsreksturs, þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%." — Ég held það hljóti að vanta þarna inn í „... óheimilt er að veita erlendum aðila né félagi eða stofnun ..." — enda held ég að það sé þannig orðað í lögunum eins og þau eru í gildi í dag.

Ég var búinn að ræða um útvarpsréttarnefnd. Í 4. gr. er líka talað um að útvarpsstöðvar skuli eigi síðar en einum mánuði fyrir hverjar almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna og til forsetakosninga koma sér saman um reglur til að takmarka stjórnmálaauglýsingar. Ég held það sé til of mikils mælst að útvarpsstöðvar nái samkomulagi um slíka fram-

kvæmd, ég held það verði að vera einhver annar aðili, svo sem útvarpsréttarnefnd eins og hún er skipuð í dag, sem setji reglur um hvernig þetta eigi að vera og þá eru það um leið orðnir fulltrúar stjórnmálaflokkanna sem hafa þá fullan skilning á því hvers vegna reglurnar eru settar en að útvarpsstöðvar setji svona reglur, það hef ég mjög takmarkaða trú á að sé skynsamlegt.

Í sambandi við fjármál Ríkisútvarpsins. Nú er það svo að tolltekjurnar eru felldar niður og renna beint til ríkissjóðs eins og kannski hefur verið í reynd. Um leið er fellt niður, eins og ég gat um áðan, að Ríkisútvarpið eða Menningarsjóðurinn skuli standa straum að einum fjórða hluta af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þetta er réttlætt, sem er alveg eðlilegt, með því að óeðlilegt sé að tolltekjurnar falli til Ríkisútvarpsins en ekki til annarra sjónvarpsstöðva, eðlilegt sé að þær fari frekar til ríkissjóðs eins og aðrar tolltekjur. En mér finnst í raun gilda það sama um afnotagjaldið sem slíkt. Ég held að það sé óeðlilegt að við tökum afnotagjald í þeim dúr sem við höfum gert. Ég er þeirrar skoðunar að taka eigi upp nefskatt eða þetta eigi að borgast beint úr ríkissjóði með nefskatti sem ég held að sé hægt að halda fyllilega aðgreindum. Sú staða hefur nefnilega komið hvað eftir annað upp með einstök sjónvarpstæki, sem einhver hefur einhverra hluta vegna trassað að borga af, að heimilt er að innsigla þau og jafnvel að taka þau af viðkomandi eiganda vegna vanskila. Að mínu viti er sjónvarpstæki sem slíkt eða útvarp eign þess einstaklings sem það kaupir og undarlegt að afnotagjaldið hafi réttarstöðu fram yfir aðra. Það er óeðlilegt að loka fyrir báðar stöðvarnar þó ekki sé kominn myndlykill á Ríkissjónvarpið líka. Og það er út af fyrir sig einkennilegt eins og þetta er í frv., og reyndar er í lögunum í dag, að útvarpsgjaldinu, ásamt kostnaði, dráttarvöxtum eða öðrum slíkum innheimtukostnaði, skuli fylgja lögveðsréttur í viðkomandi tæki sem helst þó eigendaskipti verði. Ég verð að segja það, þó ég sé ekki lögfræðingur, að þetta hljómar illa í mínum eyrum. Hafi ekki verið gerð krafa til þessa gjalds og tækið innsiglað og engin krafa liggi fyrir þegar einhver selur sitt tæki þá er óeðlilegt að sú krafa haldist sem Ríkisútvarpið á í tæki sem þegar hefur verið selt. Ég er hræddur um að það færi illa í okkur ef slíkar kröfur héldust á bíl sem við hefðum átt og værum búin að selja, án þess að nokkur krafa hefði legið fyrir áður en bíllinn var seldur, frá þeim aðila sem teldi sig eiga þann rétt. Mér finnst þetta því hljóma dálítið einkennilega þó þetta virðist samt hafa verið í lögunum alveg fram að þessu.

En ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það eigi að taka upp nefskatt hjá Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið er nauðsynlegt tæki fyrir alla þjóðina og ekki óeðlilegt að allir taki þátt í þeim rekstri. Þetta er öryggistæki, það er skylda að koma ýmsum boðum á framfæri þegar einhver vá steðjar að. Hið frjálsa útvarp, hið frjálsa sjónvarp, það eru kannski ekki móttökuskilyrði fyrir það hvar sem það er á landinu.

Ég held að það sé ekkert verra að koma því við að veita afslátt vegna þess að fyrirtæki hafi mörg tæki á sínum snærum eða afslátt til þeirra sem þurfa að fá undanþágu frá þessum gjöldum að einhverju leyti eða öllu vegna blindu eða heyrnarleysis, þannig að ég held að það ætti ekki að torvelda framkvæmdina. Þá væri hægt að spara sér innheimtustofnunina og allt það umstang sem er í kringum þá deild Ríkisútvarpsins.

Ég er ekki alveg sammála síðasta ræðumanni í sambandi við 14. gr. og ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra skuli skipa til fimm ára í senn með heimild til ráðningar í önnur fimm ár og að þeir skuli skilyrðislaust hætta fimm árum eftir að lögin taka gildi. Ég er út af fyrir sig sammála því að ráðningartími allra opinberra starfsmanna eigi að vera takmarkaður. En ég er ekki sammála því að það ætti ekki að vera leyfi til framhaldsráðningar. Ef mönnum sýnist að þeir hafi náð í góðan mann til að reka ákveðna stofnun þá á það ekki að vera alveg skilyrðislaust að hann skuli hætta eftir fimm eða tíu ár. Mér finnst að það eigi að vera í mati þess yfirmanns, þess ráðherra eða ríkisstjórnar sem er á hverjum tíma. Svo ör eru skipti á ráðherrum og ríkisstjórnum að það getur farið fram eðlilegt og heiðarlegt mat á þessu. Það eru mörg tilfelli þar sem við höfum fengið úrvals starfsmenn til starfa í opinberum stofnunum og mér finnst óeðlilegt að það skuli vera alveg skilyrðislaust að menn skuli hætta innan ákveðins tíma. Og auðvitað alveg útilokað að það skuli vera ósamræmi milli lagasetningar hjá ýmsum ríkisstofnunum ef það er rétt sem fyrri ræðumaður á undan mér í stólnum hélt fram hér áðan.

Í 12. gr. er tekið fram að í framkvæmdastjórn skuli sitja útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar aðaldeilda og tveir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, annar frá hljóðvarpi en hinn frá sjónvarpi, svo og fulltrúi útvarpsráðs, en hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Ef ég tók rétt eftir í framsöguræðu ráðherra hér í gær, þá orðaði hann það þannig að fulltrúar starfsmanna væru áheyrnarfulltrúar. Þeir eru það nú ekki samkvæmt mínum lestri á þessari frumvarpsgrein. Ég verð að segja að þar sem útvarpsráð á að fylgjast með og taka ákvarðanir til að tryggja gerð dagskrárefnis og að rekstur dagskrárdeilda sé innan marka fjárhagsáætlunar, eins og segir í 16. gr., þá finnst mér ekki óeðlilegt, ef tveir starfsmenn, af ekki stærri framkvæmdastjórn en þetta, hafa fullt málfrelsi og atkvæðisrétt og ákvörðunarrétt í þeirri stjórn, að fulltrúi útvarpsráðs, sem ber svo endanlega ábyrgð á því að stofnunin haldi sig innan fjárhagsáætlunar, hafi líka slíkan rétt. Ég vil því benda mönnum á að skoða þessa grein betur og lagfæra þetta. Ég held að það sé brýnt.

Ég var búinn að geta um útvarpsnefndina og útvarpsréttarnefndina og um nefskattinn. Það sem ég ætla svo að leggja áherslu á að lokum er það að hið fyrsta og áður en þetta frv. verður samþykkt hér í þinginu verði lagt hér fram og afgreitt samhliða frv. um Sinfóníuhljómsveitina og um Menningarsjóð útvarpsstöðva, ef sú stofnun á að halda áfram. En alla

vega um Sinfóníuhljómsveitina því annars held ég að horfi til vandræða fram að þeim tíma sem ný lög um Sinfóníuhljómsveitina yrðu sett á haustþingi. Þar á ofan held ég að hæstv. fjmrh. geti ekki verið ánægður með að ekki sé gerð full grein fyrir því hvernig á að greiða kostnað af hljómsveitinni. Ég dreg í efa að hann sé tilbúinn að eyða 50 millj. kr. núna í ár vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar umfram það sem hann á að borga, en ég skil það svo að það sé einn fjórði hluti rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessu ári.

Að öðru leyti mun ég hafa samband við flokksbræður mína sem sitja í menntmn. um önnur þau smærri atriði sem ég hef áhuga á að koma á framfæri.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir rétt, nú þegar við 1. umr., að víkja nokkuð að því frv. sem við fjöllum um og þá kannski helst nokkum atriðum sem í mínum huga eru grundvallaratriði í þessu máli. Hæstv. menntmrh. kom einmitt að þeim atriðum í sinni framsöguræðu sem ég vildi hér sérstaklega gera að umtalsefni.

Hér var að ljúka máli sínu hv. 8. þm. Reykn. og kom inn á spurninguna um afnotagjöldin. Mér skildist á honum að hann væri andvígur því að halda sig við afnotagjöldin og teldi rétt að taka upp nefskatt í ríkissjóð í staðinn. Þetta er gagnstætt þeirri skoðun sem mér skildist að hæstv. menntmrh. hefði í þessu máli. Hann tók það sérstaklega fram að í frv. væru afnotagjöldin látin halda sér. Ég skildi hann svo að hann væri samþykkur því.

Ég vil láta það kom hér fram að ég er samþykkur því að halda afnotagjöldunum og hef lengi verið á þeirri skoðun. Ég segi lengi vegna þess að afnotagjöldin eiga sér langa sögu. Þau komu til í upphafi útvarpsrekstursins. Stundum hafa verið skiptar skoðanir um það hvort þetta væri rétt fjáröflunarleið eða ekki. Ég minnist þess sérstaklega að á árunum þegar var komið fram undir 1970 þá voru mjög háværar raddir um að það bæri að leggja niður afnotagjöldin. Ýmis rök voru færð fyrir því svo sem að það væri óþarfa kostnaður sem lagt væri í með þeirri skipan og sérstakri innheimtu sem þyrfti að hafa á þessum gjöldum. Og svo var annað sem á þeim tíma var kannski meginástæða sem menn tefldu fram til afnáms afnotagjöldunum. Sú var ástæðan að það væru komnir aðrir tímar en voru hér á Íslandi um 1930, þjóðinni hefði fjölgað svo mikið að ekki væri hægt að framkvæma með góðum hætti þá skipan sem fólst í afnotagjöldunum, þó það hefði verið hægt í upphafi og þá hafi þetta ekki reynst svo slæm aðferð.

Það var svo að sjá á þessum tíma, um nokkurt skeið, að saga afnotagjaldanna væri búin. En þá, ég rifja það hér aðeins upp, skipaði þáverandi menntmrh. sérstaka nefnd til að athuga þessi mál. Í þessari nefnd voru sumir, eða kannski flestir en ekki allir, sem höfðu lýst þeirri skoðun sinni að það bæri að afnema afnotagjöldin. Nefnd þessi vann ítarlegt starf og fékk upplýsingar frá ýmsum löndum um fyrirkomulag þessara mála. Þá kom í ljós að flest löndin sem leitað var upplýsinga frá höfðu afnotagjöld til fjáröflunar fyrir sinn útvarpsrekstur, hliðstætt því sem við höfðum. En ég man eftir því að tvö af þeim löndum sem leitað var til höfðu það ekki. Þau höfðu nefskatt eða beinan skatt í ríkissjóð. Það voru Lichtenstein og Andorra. Þá kom þetta dálítið einkennilega fyrir sjónir ef taka átti alvarlega þá röksemd að við gætum ekki haldið uppi afnotagjöldum og innheimtu þeirra vegna aukningar fólksfjölda. Milljónaþjóðirnar og tugmilljónaþjóðirnar höfðu þessa skipan á, það voru aðeins þessi smáríki sem ekki gerðu það.

Til þess að gera langa sögu stutta skal ég upplýsa það að þessi nefnd lagði einróma til að haldið yrði við afnotagjöldin. Það var gert og þessi skipan stendur enn.

Það er eitt sem snertir afnotagjöldin og fjáröflun til Ríkisútvarpsins og það er spurningin um sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Við sem höfum alltaf staðið með afnotagjöldunum, höfum talið að sú leið samræmdist betur því að stuðla að sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum á hverjum tíma en að gera Ríkisútvarpið háð fjárframlögum á fjárlögum hvers árs. Þessi spurning um sjálfstæði Ríkisútvarpsins kemur inn á spurningu sem hæstv. menntmrh. varpaði fram og það var hvort rétt væri að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Ég vil strax segja það að mér hefur oft komið einmitt þessi hugmynd í hug og sjálfsagt mörgum, að þetta væri leiðin til að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins og gera það óháðara stjórnvöldum og áttum í stjórnmálunum á hverjum tíma. Ég vil því alveg sérstaklega taka undir það sem mér skildist á hæstv. menntmrh., að rétt væri að athuga þessa hugmynd og möguleika á því að framkvæma hana, að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun.

Þá er eitt atriði sem hæstv. menntmrh. kom að, og reyndar fleiri sem hér hafa talað, og það er spurningin um Sinfóníuna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að létt verði af Ríkisútvarpinu þeirri skyldu að leggja Sinfóníuhljómsveitinni til hluta af fjármagnstekjum hennar. Eg skal ekki mæla á móti þessu. En ég vil sérstaklega taka undir það sem hæstv. menntmrh. sagði, að þó að þetta væri gert væri ekki ástæða — og ég mundi skilja það svo — ekki hugmyndin að slíta tengsl Sinfóníunnar við Ríkisútvarpið. Og þá mætti hugsa sér að Ríkisútvarpið hefði aðild að stjórn Sinfóníunnar eftir sem áður. Að mínu viti er alveg sjálfsagt að gera þetta þegar litið er á þetta mál, sinfóníumálið, í ljósi sögunnar.

Við verðum að hafa í huga þann þátt sem Ríkisútvarpið á í Sinfóníunni og þróun mála hjá henni og upphafi þess máls. Það má rekja allt til útvarpshljómsveitarinnar sem útvarpið hélt uppi á sínum tíma. Litið var svo á að það væri eðlilegur kostnaður við dagskrárgerð af hálfu Ríkisútvarpsins að stuðla að tilkomu Sinfóníuhljómsveitarinnar. Og að mínu viti er einmitt þáttur Sinfóníunnar eitt af því merkara sem Ríkisútvarpið hefur látið til sín taka. Fyrr á árum

kom það fyrir hvað eftir annað að það lá við að Sinfónían yrði lögð niður. Ýmsir vildu að hún yrði lögð niður vegna þess að ekki var fjármagn til að standa undir rekstri hennar. En það var jafnan Ríkisútvarpið sem kom til hjálpar í þessum efnum þegar mest á reyndi. Það er Ríkisútvarpinu ekki síst að þakka að við höfum sinfóníuhljómsveit hér í dag og með þeim hætti sem við höfum haft.

Þá var eitt grundvallaratriði sem hæstv. menntmrh. kom að í sinni framsöguræðu og ég vil sérstaklega gera að umræðuefni. Það er hlutverk útvarpsráðs. Ég vil taka undir þau sjónarmið hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að það orkar tvímælis hvort rétt sé að taka það verkefni af útvarpsráði að ákveða endanlega um dagskrárefni.

Það orkar líka tvímælis hvort rétt sé að setja þetta verkefni alfarið í hendur starfsmanna stofnunarinnar. Ég segi: Þetta orkar allt tvímælis. Það eru kostir og gallar við báðar aðferðirnar. Það er kostur við þá aðferð sem verið hefur, eða var, að láta þingkjörna fulltrúa bera þessa ábyrgð vegna þess að það varðar svo miklu að hægt sé að koma ábyrgð á hendur mönnum á því sem þeir gera. Þegar um er að ræða þingkjörna fulltrúa, kjörna á Alþingi af stjórnmálaflokkunum, á að vera hægt að koma að pólitískri ábyrgð. Menn getur svo greint á um það hvað sú pólitíska ábyrgð er virk, en auðvitað hlýtur hún að vera fyrir hendi. Það er hins vegar ekki eins einfalt, að mér virðist, að koma ábyrgð á hendur embættismönnum ef þeim misferst í þessum efnum. Og öllum getur missést og misfarist, hvort sem það eru þingkjörnir fulltrúar eða fulltrúar starfsmanna í Ríkisútvarpinu. Ég held að ekki væri fjarri lagi að athuga hvort ekki kæmi til greina að hafa þá skipan í þessu efni að útvarpsráð ákvæði endanlega aðalatriði dagskrárinnar en útvarpsráð væri skipað ekki einungis þingkjörnum fulltrúum heldur og fulltrúum starfsmanna Ríkisútvarpsins. Þá er spurning ef þessi skipan væri hvort ekki er hægt að ná með henni bæði því sem á að vera hægt með því að hafa einungis þingkjörna fulltrúa í útvarpsráði og líka hinu að hafa einungis fulltrúa starfsmanna Ríkisútvarpsins til umsjónar og endanlegrar ákvörðunartöku um dagskrána.

En hvað sem þessu líður hljótum við að vera sammála um að nauðsynlegt er að hafa í útvarpslögum skýr ákvæði um það hver ber ábyrgð á endanlegri ákvörðun um útvarpsefni. Hæstv. ráðherra kom að þessu og það segir einnig í greinargerð með frv. að lagt sé til að breytingar verði gerðar á yfirstjórn Ríkisútvarpsins þannig að útvarpsráð fái fyrst og fremst rekstrar- og fjármálalegt efnishlutverk en framkvæmdastjórn fái veigameiri hlut við stjórn stofnunarinnar.

Hér segir ekkert beint um það hvaða aðili eigi að fara formlega með það vald sem er verið að taka af útvarpsráði. Til glöggvunar á þessu þykir mér rétt að rifja upp hvernig hlutverk útvarpsráðs um þetta sérstaka efni var ákveðið í lögum. Í 6. gr. útvarpslaganna frá 1971 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli hagað í höfuðdráttum og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda."

En í útvarpslögunum frá 1985 í 20. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli hagað í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar."

Hér er bætt við ákvæði frá því 1971 „innan marka fjárhagsáætlunar." En hvað segir það frv. sem við erum nú að ræða um þetta efni? Í 16. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsráð fylgist með og tekur ákvarðanir til að tryggja að gerð dagskrárefnis og rekstur dagskrárdeilda sé innan marka fjárhagsáætlunar." Hér er búið að hverfa með skipulegum hætti frá því sem stóð í lögunum frá 1971 og í frv. er tekið inn ákvæðið sem sett var inn í lögin frá 1985. Að öðru leyti eru þessi ákvæði felld niður. Þegar svo er komið er eðlilegt að spyrja: Hvar er þetta vald sem búið er að taka eða á að taka af útvarpsráði, hvar er það niðurkomið, samkvæmt frv. því sem við nú ræðum? Þá kemur manni að sjálfsögðu fyrst í hug útvarpsstjóri. Spurningin er: Er útvarpsstjóra fært þetta vald í hendur? Ég vitna aftur til útvarpslaganna frá 1971. Þar segir í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt."

Í 18. gr. útvarpslaganna frá 1985 er þetta ákvæði óbreytt og í 13. gr. frv. sem við nú ræðum er þetta ákvæði frá 1971 óbreytt. Hvað segir þetta okkur? Frv. gerir ekki ráð fyrir að það vald eða hlutverk sem tekið er af útvarpsráði til að ákveða endanlega dagskrá sé fengið í hendur útvarpsstjóra. Hvar er þetta vald þá samkvæmt frv.? Hvar er það? Hvað kemur manni þá til hugar? Það er framkvæmdastjórnin. Getur verið að þetta vald sé í hendi framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt frv. sem við ræðum? Ég vitna enn í lögin frá 1971, 7. gr. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð."

Í 20. gr. útvarpslaganna frá 1985 er þetta ákvæði frá 1971 óbreytt. Framkvæmdastjórnin hefur sama vald samkvæmt lögunum 1985 eins og hún hafði samkvæmt lögunum frá 1971. En hvað segir í frv. sem við nú ræðum um þetta efni? Það segir í 12. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjórn skal vinna að samræmingu á starfi deilda."

Hér er gerð breyting, takmarkað valdsvið framkvæmdastjórnar frá því sem það er orðað í lögunum frá 1971 og í lögunum frá 1985. Af því hljótum við að draga þá ályktun að því hlutverki sem tekið er frá útvarpsráði varðandi dagskrárgerð sé ekki ráðstafað til framkvæmdastjórnar, ekki samkvæmt ákvæðum þessa frv. sem við nú ræðum.

Niðurstaðan af þessu er sú að ábyrgð á endanlegri ákvörðun um dagskrá er tekin frá útvarpsráði. Hlutverk útvarpsstjóra er óbreytt og hlutverk framkvæmdastjórnar er minnkað, takmarkað. Mér sýnist því að samkvæmt þessu frv. sé í lausu lofti hvaða aðili eigi að bera formlega ábyrgð á endanlegri ákvarðanatöku um dagskrá. Það er ekki nóg að segja að starfsmenn eigi að gera það. Þar verður að vera einhver lögformlegur aðili kvaddur til verka og ég sé ekki að frv. geri ráð fyrir því.

Ég vil vekja athygli á þessu hér. Hvers vegna? Vegna þess að dagskráin er kjarni þess máls sem varðar Ríkisútvarpið. Allt annað eru umbúðir og framkvæmdaratriði varðandi það sem þarf að koma til til þess að koma dagskránni til þjóðarinnar. Þetta verðum við að hafa í huga. Það er undir dagskránni komið hvernig Ríkisútvarpið leggur rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningu. Og það er undir dagskránni komið hvernig Ríkisútvarpið heldur í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi, svo og frelsi til orðs og skoðana.

Hæstv. forseti. Ég held ég þurfi ekki að ræða þennan þátt frv. og þessa máls frekar til að skýra og leggja áherslu á mikilvægi þess atriðis að það sé með formlegum hætti og liggi ljóst fyrir hverjir taka endanlega ákvörðun um dagskrána. Það þarf að gera með þeim hætti að gæði dagskrárinnar megi verða sem mest. Og það þarf líka að vera gert með þeim hætti að ljóst sé hverjir bera ábyrgð á verkum sínum í þessu efni sem eru svo þýðingarmikil.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum við þessa 1. umr. þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram um útvarpslagafrv. Þakka fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram, sem eru margar gagnlegar og sjálfsagt að taka til skoðunar. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði af minni hálfu að leggja á það áherslu að mér er það nokkurt kappsmál að niðurstaðan af umræðum um frv. verði sú að sem allra best samstaða takist. Ég heyri í þeim umræðum sem hér hafa farið fram, þar sem hafa talað fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka sem hér eiga sæti í þessari virðulegu deild, að fram kemur samstaða um meginatriði málsins og það er aðalatriðið.

Ég tel í sjálfu sér ekki beina ástæðu til þess að fara yfir einstök atriði í ræðum hv. þm. sem tekið hafa til máls þó að ég hafi að sjálfsögðu hlustað á þá alla með athygli og skráð niður athugasemdir þeirra. Sumt af því sem þeir nefndu vildi ég fá kannski að hugleiða aðeins nánar. Ég vil aðeins leyfa mér að taka mjög eindregið undir margt af því sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér áðan varðandi afnotagjöldin, varðandi Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsa fleiri þætti sem hann nefndi. Varðandi Sinfóníuhljómsveit Íslands er það auðvitað alveg ljóst að það þarf að breyta þeim lögum samhliða ákvörðun um breytt útvarpslög. Það er í raun og veru mjög einföld breyting sem þarf þá að gera á lögunum um Sinfóníuhljómveitina en ég vil eftir sem áður láta það koma hér fram að ég tel að þrátt fyrir breytingar á fjárhagslegum samskiptum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar eigi Ríkisútvarpið áfram að eiga fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar. Því eins og hv. 4. þm. Vestf. benti skilmerkilega á, þá er það einu sinni þannig að Sinfóníuhljómveitin varð í raun og veru til að frumkvæði þeirra manna sem störfuðu hjá Ríkisútvarpinu á sínum tíma.

Varðandi ábyrgðarþáttinn á dagskránni sem hv. 4. þm. Vestf. gerði mjög að umtalsefni með málefnalegum hætti og skýrum kann vel að vera að þau atriði þurfi að vera ljósari. Ég segi þó sem mína skoðun að ég held að við þurfum að átta okkur á því að við erum hér að tala um stofnun, Ríkisútvarpið, sem nú orðið lifir í margbreytilegu samkeppnisumhverfi. Ég held að við eigum ekki að reyra stjórn hennar allt of fasta í lagaviðjar. Aðalatriðið sé að það liggi fyrir hver ber í raun og veru ábyrgð gagnvart þjóðinni og stjórnvöldum á hinum endanlega efnisflutningi. Það atriði kemur út af fyrir sig fram í 3. gr. 7. tölul. þar sem fjallað er um að útvarpsstjóri beri ábyrgð á þessu efni rétt eins og t.d. ábyrgðarmenn á dagblöðum. Og ég held að við verðum að venja okkur við þann veruleika að áður en mjög langur tími líður mun tækninni hafa fleygt svo fram að það verður í rauninni með svipuðum hætti eða mjög líkum fjallað um ljósvakamiðla og fjallað er um prentmiðla. Lagaramminn er rúmur eða lítill og veruleikinn verður í raun og veru að ráða úrslitum um málin þá og þá. Það sem öllu máli skiptir er það að þessir miðlar, bæði ljósvakamiðlar og prentmiðlar, ræki sína skyldu við íslenska menningu en það er algerlega útilokað að mínu mati að róa í lögum og lagatexta fyrir hverja vík sem kann að koma upp í mannlegu samfélagi á þeirri hraðfara öld tæknibreytinga sem við nú lifum.

Ég legg þess vegna á það megináherslu í sambandi við þetta frv. og meðferð þess að málin séu eins sveigjanleg og kostur er og menn reyni ekki að búa til allsherjar mataruppskrift í lagatextanum gagnvart öllu því sem hugsanlega kann að koma upp í mannlegu lífi.

Ég vil aðeins varðandi afnotagjöldin, sem hér hafa talsvert verið rædd, segja að það er út af fyrir sig alveg eðlilegt sjónarmið sem fram kemur hjá hv. 8. þm. Reykn. að það er nokkuð sérkennilegt að unnt sé að loka á viðskipti við aðrar stöðvar þegar menn uppfylla ekki skuldbindingar sínar við Ríkisútvarpið. Það er í raun og veru gallinn við stöðuna eins og hún er í dag. Vandinn er hins vegar sá að ef menn tækju upp nefskattskerfi óttast ég það í hreinskilni sagt að tekjustofnar Ríkisútvarpsins yrðu skertir með almennum stjórnvaldsákvörðunum á hverjum tíma og þess vegna legg ég alla vega á það megináherslu af minni hálfu að Ríkisútvarpið hafi sjálfstæðan tekjustofn sem það ráði í raun og veru sjálft. Og það besta í þeim efnum væri auðvitað að við kæmum þessum hlutum þannig fyrir að þeir væru teknir út af borði ráðherra á hverjum tíma nema það séu teknar um það sérstakar ákvarðanir í lögum um efnahagsmál eða verðlagsmál eða kjaramál eða hvað menn vilja kalla

það en almenna reglan sé sú að Ríkisútvarpið hafi þetta vald.

Varðandi umræðuna um starfsmannaútvarp og ekki starfsmannaútvarp verð ég að segja það að ég er þeirrar skoðunar að það sé best fyrir menningarstofnun að starfsmennirnir ráði þar sem allra mestu án íhlutunar pólitískt kjörinna fulltrúa. Hvort sem sú útvarpsstöð eða menningarstofnun er í eigu einstaklinga eða ríkisins. Það dettur engum manni hér í hug að flytja tillögu um að það verði pólitískt kjörin stjórn yfir Stöð 2. Þó ræður hún í raun og veru miklu líka um hið menningarlega umhverfi íslensks samfélags, þó ekki eins miklu að vísu og Ríkisútvarpið. Til þess hins vegar að koma í veg fyrir að starfsmannastofnun breytist í einokunarstofnun lítillar klíku sem stýrir henni þarf að setja mjög strangar endurnýjunarreglur varðandi yfirmenn stofnunarinnar, eins og hv. þm. Halldór Blöndal og Þorv. Garðar Kristjánsson komu hér inn á, hvort sem það er Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveitin eða Þjóðleikhúsið eða aðrar slíkar menningarlegar stofnanir. Reglur um endurnýjun til að koma í veg fyrir stöðnun, til að koma í veg fyrir einokun hjá lítilli klíku. Nú geta menn hins vegar sagt sem svo: Þetta dugir ekki. Þá höfum við einn varnagla enn í þessu efni og á það ætti ég ekki að þurfa að minna hina hörðu talsmenn hinnar frjálsu samkeppni hér um áratuga skeið. Varnaglinn er auðvitað sá að þeir sem framleiða vont útvarpsefni og eru með lélegt útvarp missa áhorfendur og áhuga þjóðarinnar og þar með tekjur. Þar með er stofnunin í raun og veru sett í aðhald bæði lýðræðislegra endurnýjunarreglna í lögum og eins það aðhald sem felst í hinu almenna markaðsumhverfi sem viðkomandi stofnun býr við. (**Gripið fram í:** Ekki markaðsþingdeild.) Ég er að lýsa veruleikanum, hv. þm., og hef í raun og veru ekkert með neitt annað að gera. (Gripið fram í.) Hv. þm. má kalla það hvaða nafni sem hann vill sér til hugarhægðar.

Svo að lokum af minni hálfu aðeins nokkrar upplýsingar um tekjur Ríkisútvarpsins aðallega út af ummælum hv. 2. þm. Norðurl. e. Ef við segjum að tekjur Ríkisútvarpsins samtals hafi á árinu 1987 verið 100 — þær voru 1513 millj. kr., 1½ milljarður — voru þessar tekjur 1988 116. Þær hækkuðu um 16%. 1989 höfðu þær hækkað um 25% frá árinu 1987 og 1990 er hækkunin frá árinu 1987 23%. Ef við tökum bara afnotagjöldin hækka þau á árinu 1988 um 31,6% frá fyrra ári að raunvirði. Á árinu 1989 um 44,5% að raunvirði og á árinu 1990 um 40,5% frá árinu 1987 að raunvirði. Tekjuhækkun Ríkisútvarpsins á árunum 1988, 1989 og 1990 nemur samtals 1180 millj. kr. á þremur árum, nærri 1,2 milljörðum kr. Ég held því að útilokað sé að halda því fram að ekki hafi verið gert það sem unnt var til þess að tryggja Ríkisútvarpinu eðlilegan tekjuramma til að starfa eftir.

Ég endurtek að lokum, virðulegi forseti, þakkir mínar til hv. þm. fyrir góða og málefnalega umræðu og þarfar ábendingar og ég vænti þess að hv. menntmn. takist að vinna úr málinu þannig að um það takist sem allra sterkust samstaða hér á þinginu og að því verði lokið á yfirstandandi þingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég stend nú upp einungis til þess að leiðrétta það sem ég ætla að hafi verið misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Ég gerði mjög að umtalsefni að það væru ekki bein ákvæði um það í frv. hver bæri ábyrgð á endanlegri ákvörðun um dagskrárefni. Hæstv. ráðherra vék að þessu og sagði að í 7. tölul. 3. gr. væri tekið fram að útvarpsstjóri beri ábyrgð á þessu. En það segir um þetta í 7. tölul.:

„Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu ábyrgðarmenn hennar tilkynna menntmrh. hver sé útvarpsstjóri, sem beri ábyrgð á útvarpsefni skv. V. kafla laga þessara."

Þetta er það sem stendur í 7. tölul. Það er vitnað í V. kafla en V. kaflinn fjallar aðallega um refsi- og fébótaábyrgð sem stofnunin getur orðið fyrir. Hér er um aðra ábyrgð að ræða en ég var að tala um. Ég veit að þetta er bara misskilningur en ég vildi leiðrétta þennan misskilning.

Hæstv. ráðherra vék nokkuð að grundvallarspurningu sem varðaði eignarhald og stjórnun á slíku fyrirtæki sem Ríkisútvarpið er. Það mátti næstum heyra það á ráðherra að hann væri talsmaður frjálshyggjunnar í þessu efni og stæði á verði gagnvart hvers konar hugmyndum sem væru í andstöðu við hana hvort sem hún kæmi frá mér eða öðrum. Það er ágætt að hafa hæstv. menntmrh. með sér í þessum grundvallarsjónarmiðum. En við verðum að líta á hvert mál eins og það er í raun og veru. Hæstv. ráðherra sagði að ef starfsmennirnir stjórnuðu Ríkisútvarpinu þannig að illa tækist til kæmi það bara fram í því að Ríkisútvarpið missti áhorfendur og hlustendur. En það verður að gæta þess að Ríkisútvarpið er ríkisfyrirtæki og með lögum er lögð skylda á alla að greiða til þessa fyrirtækis og þeir verða að greiða hvort sem þeim líkar dagskráin betur eða verr þannig að lögmál hinnar frjálsu samkeppni sem er svo ofarlega í huga hæstv. ráðherra koma ekki að gagni í þessu efni. Um þetta mætti ræða miklu meira en ég ætla að neita mér um það. Eins og ég sagði stóð ég hérna upp fyrst og fremst til þess að leiðrétta misskilning sem greinilega kom fram hjá hæstv. ráðherra.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi skýra frá því að á fundi með forsetum í dag var greint frá því að öllum þingflokksformönnum hefði verið skrifað bréf vegna þess að þingmenn mættu seint og illa í deildir. Við sjáum hvernig ástandið er hérna og hvaða flokkur er með fullt hús.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir ábendinguna fyrir hönd okkar hér í deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 1. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 773.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um ábyrgðadeild fiskeldislána. Þetta frv. er komið til deildarinnar frá hv. Nd. og hefur tekið þar nokkrum breytingum sem ég vænti að hv. deildarmönnum séu kunnugar.

Fyrir rösku ári síðan voru samþykkt hér á Alþingi lög um Tryggingasjóð fiskeldis og í ljósi reynslunnar af störfum hans og með hliðsjón af því að ákveðið fæðingarskeið ríkir í málefnum fiskeldis á Íslandi var talið rétt að vandlega athuguðu máli að leggja til að stofnuð yrði um nokkurra ára bil ábyrgðadeild fiskeldislána þar sem fiskeldisfyrirtækjum sem uppfylla ákveðin skilyrði verði veittur réttur til ríkisábyrgða á lánum um ákveðinn tíma. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að þessi skipan mála leggist af eftir nokkurt árabil og er því ekki verið að leggja til viðvarandi skipulag á þessu sviði.

Í frv. er einnig að finna ákvæði sem fela í sér að þessar ríkisábyrgðir verða takmarkaðar með ýmsu móti. Í fyrsta lagi er ákveðið töluvert hámark á upphæðunum. Í öðru lagi rennur ríkisábyrgðin fyrir hvert fyrirtæki út að loknum sex árum og fer minnkandi strax að loknu fjórða ári. Í þriðja lagi verður sett upp sérstök matsnefnd sem á að yfirfara mjög vandlega þær umsóknir sem til ábyrgðadeildarinnar berast og meta þau fyrirtæki sem til hennar sækja.

Í umræðum í hv. Nd. komu fram þau sjónarmið að það þurfi að fara mjög varlega í ríkisábyrgðir af þessu tagi. Ég er þeirrar skoðunar að í þessum efnum sé nauðsynlegt að við reynum að hverfa frekar frá því ríkisábyrgðakerfi sem hér hefur tíðkast og það eigi eingöngu að vera skipulag sem beitt er í undantekningartilvikum. Ég tel hins vegar eðlilegra að fjalla nánar um þau sjónarmið á almennum grundvelli þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að kynna sér þetta frv. og þær breytingar sem gerðar voru í hv. Nd. og mun geyma mér að fjalla um það fyrr en nefndin hefur haft tækifæri til þess að skoða málið.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara lengri orðum um þetta frv. nú en mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði því vísað til fjh.- og viðskn.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. var mikið hitamál í Nd. og ekki að ófyrirsynju. Í frv. felst afstaða til mjög veigamikillar atvinnugreinar sem er fiskeldi. Það verður að segjast eins og er að því miður hefur þessi atvinnugrein ekki hlotið þann skilning eða náð fyrir augum valdamanna, þ.e. núv. valdamanna, þeim meiri hluta sem stendur að baki þeirri ríkisstjórn sem nú situr, sem skyldi. En það er nú oft svo, virðulegur forseti, að þegar stofnað er til nýrra atvinnugreina, þegar ráðist er í áhættuverkefni standa þeir helst upp til að leggja stein í götu framkvæmdamanna eða þess hugsjónafólks sem vill einhverju til fórna sem koma minnst við sögu úti á hinum almenna vettvangi þar sem framkvæmdir eiga sér stað og áhætta er tekin.

Fiskeldi er dæmigert mál um slíkt. Það vita allir sem hafa kynnt sér sögu þessara mála að íslenskir stjórnmálamenn hafa upp til hópa sýnt fiskeldismálum á Íslandi mikið tómlæti að undanskildum nokkrum hugsjónamönnum sem hafa sem einstaklingar átt frumkvæði að því að stofna til fiskeldisstöðva hér á landi. Saga fiskeldis á Íslandi er mjög stutt borið t.d. saman við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og á ég þar sérstaklega við Noreg og Skotland.

En hvað sem því líður réðust nokkrir Íslendingar í það að eigin frumkvæði, án nokkurs stuðnings hins opinbera að koma hér á fót nokkrum fiskeldisstöðvum og hafbeitarstöðvum fyrir 10–12 árum. Þessir aðilar hafa þurft að berjast við ákveðna byrjunarerfiðleika eins og ætið eiga sér stað. Þeir hafa þurft að leita þeirra leiða sem henta á Íslandi við þær aðstæður sem við búum við til þess að unnt væri að rækta hér eða ala fisk. Það er núna loksins á síðustu árum sem stjórnmálamenn viðurkenna að þeir hafa ákveðnar skyldur gagnvart þessari atvinnugrein sem birtist m.a. í því að núna liggur þetta frv. til laga fyrir hinu háa Alþingi. Og ég verð nú að segja núv. hæstv. fjmrh. það til málsbóta að hann hefur þó gengið feti lengra í því að reyna að nálgast það að finna lausn á því hvernig hið opinbera getur stuðlað að þróun þessarar atvinnugreinar en ýmsir fyrirrennarar hans. Það út af fyrir sig er þakkarvert. Hins vegar verð ég að segja það að í þessu frv. voru ákveðnir ágallar sem reynt var að laga í meðferð málsins í neðri deild en hefur samt ekki tekist sem skyldi að mínu mati. Þar á ég við að það ákvæði 2. gr. sem lýtur að hafbeitarstöðvum er að mínu mati ófullnægjandi. Ég hlustaði á umræður í neðri deild þegar verið var að ræða um þetta atriði og ætla ekkert að vitna í ræður einstakra þingmanna eða hæstv. ráðherra en ég verð að segja það að mér fannst mikið skorta á skilning á því hjá hæstv. ráðherra að hafbeitarstöðvar geta í mörgum tilfellum verið betri en hefðbundnar fiskeldisstöðvar eins og við þekkjum þær, þ.e. strandeldi eða kvíaeldi.

Það tekur lengri tíma að sanna ágæti hafbeitarstöðva en þessara almennu fiskeldisstöðva sem hér er verið að veita sérstakan stuðning umfram hafbeitarstöðvar. Staðreyndin er nefnilega sú að til þess að hafbeitarstöðvar geti sannað ágæti sitt þá þurfa endurheimtur að fá að sanna sig.

Í allri umræðunni í neðri deild, sem ég hlýddi á og það kom einnig fram hjá hæstv. ráðherra að hann mat stöðu hafbeitarstöðva þannig að þar sem endurheimtur hefðu brugðist tvö ár í röð, og einnig vísaði hann til annarra dæma, var það hans mat og skoðun að hafbeitarstöðvar skyldu ekki njóta sömu vil ég segja möguleika í lögum til afurðalána, fiskeldislána, eins og almennar fiskeldisstöðvar. Ég harma þessa, ég vil segja að mörgu leyti órökstuddu afstöðu ráðherrans. Hann vildi meina að í þessu væri fólgin svo mikil áhætta og sagði eitthvað á þá leið ef ég man rétt

— það er nú kannski ekki rétt að vitna svona í ummæli sem maður hlustar á og skrifar ekki hjá sér — hann spurði menn hvort þeir ætluðu að vera með tryggingar í fiski sem væri að synda úti í sjónum einhvers staðar. Þetta er náttúrlega sagt svona í hita umræðunnar en staðreyndin er sú að við sem höfum fengist við það sem hugsjónamenn með afskaplega takmörkuð framlög miðað við það að við höfum takmarkaðar eignir til slíkra hluta en þó með öðrum aðilum sem hafa betri aðstöðu til þess, við þekkjum það og vitum að endurheimtur hafa verið tiltölulega góðar í ákveðnum hafbeitarstöðvum en að vísu eru árin ekki mörg. Ég nefni sem dæmi að hér í nágrenni Reykjavíkur, suður með sjó, er hafbeitarstöð og miðað við þau sex ár sem eru marktæk munu endurheimtur hafa að meðaltali verið um 6–7%. Það má segja að árlegar endurheimtur upp á 6% séu ekki fullnægjandi hvorki rekstrarlega séð né út frá þeim skuldbindingum sem þessi lög mundu heimila bönkum og lánastofnunum að nýta í sambandi við viðskipti við slík fyrirtæki. Hins vegar er hægt að benda á það að það tekur einnig tíma að rækta upp þann rétta stofn sem þolir það umhverfi, þolir þau skilyrði sem eru í hafinu í kringum Ísland.

Sú hafbeitarstöð sem mér finnst vera marktækust og sem menn ættu að líta til er stöð Vogalax hf. í Vogum. Hún hóf starfsemi sína fyrir u.þ.b. 10 árum og það eru raunverulega ekki nema 6 ár sem hægt er að tala um að maður geti farið að skoða endurheimtur. Því að fyrstu árin fóru í að herða upp stofninn, finna hinn rétta stofn sem skilaði sér til baka. Það er alíslenskur stofn. Þessi stofn hefur verið með mjög góðar endurheimtur, komst allt upp í 13% árið 1987 og hann var tvö ár í röð á bilinu 9–11%. En á sl. ári féllu endurheimturnar niður í 3,4%. Nú skulum við vona að á þessu sumri og næstu sumrum verði endurheimturnar komnar upp í 7–8% en þá kemur á móti, vegna þess hve hagkvæmt er að framleiða seiði til sleppinga í hafbeitarstöðvum á Íslandi, að þegar stöð sem þessi er farin að sleppa frá einni til þriggja millj. seiða á ári getur endurheimtuprósentan lækkað allverulega með tilliti til arðsemi.

Þetta vildi ég útskýra fyrir hæstv. ráðherra vegna þess að ég veit að hann hlustar á þetta með athygli. En sú breyting varð í efri deild eftir að ákveðinn meiri hluti hafði komið sér saman um að í stað þess að þar sem segir í 2. gr., með leyfi forseta, í frv. eins og hæstv. ráðherra lagði það fram í neðri deild: „Heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingum banka og lánastofnanna til hafbeitarfyrirtækja o.s.frv.“, þ.e. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þá hafði myndast meiri hluti í fjh.- og viðskn. neðri deildar þar sem lagt var til við meðferð málsins í brtt. að í stað orðanna „Heimilt er“ kæmi: Hlutverk sjóðsins er einnig. Þ.e., þar er ákveðin skylda en ekki heimild.

Þetta náði því miður ekki fram að ganga í neðri deild. Hins vegar varð ákveðið samkomulag við ráðherra um að upprunalega orðalagið skyldi vera óbreytt sem er „Heimilt er að veita“ og önnur atriði koma inn í staðinn sem væru til bóta eins og t.d. hækkun á prósentum í sambandi við afurðalánin, þ.e. hámarkið fór upp í 50%.

Nú geri ég ráð fyrir því að það sé tilgangslaust að koma með brtt. í þeim dúr sem meiri hl. fjh.- og viðskn. neðri deildar var með eftir það samkomulag sem var gert. Hins vegar vil ég beina því til ráðherra, þar sem ég tel að hann muni ráða þessu skv. 5. gr., að ég treysti því að hæstv. ráðherra og sú stjórnarnefnd sem verður skipuð átti sig á því að raunverulega var búið að viðurkenna hafbeitarstöðvar frá tryggingarlegu sjónarmiði séð við meðferð málsins hjá þeim stofnunum og aðilum sem fjölluðu um þetta áður, að hafbeitarstöðvar fullnægðu þeim skilyrðum að flokkast undir svipaða áhættu og fiskeldisstöðvar þrátt fyrir það að fiskurinn syndi í sjónum. Það er með tilliti til þess að menn mátu það þannig að þegar sleppingar eru háar og miklar, skipta milljónum, og endurheimtur geta verið þetta á bilinu 6–7% eru hafbeitarstöðvarnar orðnar mjög góð og örugg fyrirtæki. Mun betri fyrirtæki heldur en hinar almennu fiskeldisstöðvar að mínu mati vegna þess að lax sem er í sjó er hvað gæði áhrærir miklu betri en sá sem er alinn í kerjum. Það fer ekki á milli mála. Það fæst 10–15% betra verð fyrir hafbeitarfisk. Hann er alltaf mjög söluhæfur og eftirsóttur þannig að hann selst um leið og honum er slátrað.

Ég vildi þess vegna hugleiða það, en bíð eftir svari ráðherra. Ef svör ráðherra eru jákvæð um það að hann muni skoða stöðu mála með það í huga sem ég hef hér sagt geri ég varla ráð fyrir því að ég komi með brtt. við 2. gr. Ef hins vegar ráðherra treystir sér ekki til þess að vera jákvæðari en hann var í umræðunni í neðri deild þá mun ég koma með þessa till. og svo ræðst það auðvitað hér í deildinni hvort hún verður samþykkt eða felld.

Hins vegar verð ég að lýsa yfir þeirri skoðun minni að sú breyting sem gerð var á 5. gr. í neðri deild sem fjallar um skipan stjórnarnefndar að ég var sammála frv. ráðherra þar sem segir í 5. gr., með leyfi forseta: „Fjmrh. skal skipa þriggja manna stjórnarnefnd, þar af einn formann, til þriggja ára í senn.“ Þessu var því miður breytt í meðferð málsins í neðri deild þannig að í stað þess að fjmrh. hefði þetta vald sem hann á eðli málsins samkvæmt að hafa því hann fjallar um ríkisábyrgðir, var því breytt þannig að fjmrh. skal skipa fimm manna stjórnarnefnd. Einn samkvæmt tilnefningu viðskrh., einn samkvæmt tilnefningu landbrh. og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Ég tel þetta óeðlilegt og hefði talið að upprunalega greinin hefði átt að vera. Þannig að ég styð það sjónarmið sem ráðherra hlýtur að leggja áherslu á. Og auðvitað kemur til greina að koma með brtt. sem mundi hníga í þá átt að verða nákvæmlega eins og ráðherrann lagði sjálfur til og mun ég auðvitað hugleiða það í framhaldi af þeim umræðum sem verða um þetta mál.

Ég mun ekki, virðulegur forseti, fjalla nánar um þetta hér nú, en taka upp þráðinn síðar ef þörf krefur. En ég vil undirstrika að ég tel að þetta frv. sé til bóta

fyrir fiskeldismál í landinu. Það er nú víst ekki venjan að stjórnarandstæðingar þakki ráðherrum fyrir einstök verk þeirra en ég vil leyfa mér að gera það í þessu tilviki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

62. fundur, miðvikudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Fundarsókn þingmanna.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þá er gengið til dagskrár. Eins og fram kemur í dagskrá var ætlunin að hér færi fram atkvæðagreiðsla um a.m.k. þrjú fyrstu dagskrármálin. 17 hv. þingdeildarmenn eru komnir í hús þannig að það verður ekki unnt a.m.k. strax að hefja atkvæðagreiðslu en forseti væntir þess eindregið að í hús komi a.m.k. 22 hv. þingdeildarmenn og fer nú skörin að færast upp í bekkinn ef ekki reynist unnt dag eftir dag í hv. deild að ná fram atkvæðagreiðslum vegna lélegra mætinga hv. þingdeildarmanna. Forseti tekur þá fyrir fjórða dagskrármálið.

Hlutafélög, 2. umr.

Frv. EKJ, 419. mál (stjórnarkjör). — Þskj. 731, n. 775.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fjallaði um frv. um breytingu á lögum um hlutafélög og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom úr Ed. Undir þetta skrifa allir viðstaddir nefndarmenn, Þórhildur Þorleifsdóttir, Friðrik Sophusson, Sverrir Sveinsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins vegna veikinda.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Dræm fundasókn og nefndastörf.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og forseti lýsti í upphafi þessa fundar voru aðeins 17 þm. mættir hér þegar fundur var settur klukkan tvö og ekki var hægt að ná hér fram atkvæðagreiðslu. Síðdegis í gær gerðist það sama, það varð að slíta hér fundi vegna þess að ekki var hægt að ná fram atkvæðagreiðslu. Þetta er auðvitað afar slæmt og ekki til fyrirmyndar fyrir þingmenn. Það sem vekur þó sérstaka athygli í þessu er það hvað þingmenn hæstv. ríkisstjórnar mæta orðið illa hér til þingfunda. Það er auðvitað á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og þeirra þingflokka sem að henni standa að koma málum hér fram á hv. Alþingi en ég veit satt að segja ekki hvernig á að túlka það sem hér er að gerast. Hvort er að grafa um sig svo mikil óánægja meðal hv. þm. hæstv. ríkisstjórnar, eins og maður sér reyndar í fjölmiðlum og maður heyrir hér í umræðum, að menn vilja ekki mæta orðið á þingfundum til þess að koma fram málum hæstv. stjórnar. Á þessu vil ég vekja athygli. Ég vil líka vekja athygli á því að það heyrir til undantekninga ef einhver hæstv. ráðherra eru mættir hér klukkan tvö þegar þingfundur er settur. Hæstv. forsrh. var mættur hér klukkan rúmlega tvö og hæstv. félmrh. er mættur hér núna en engir aðrir hæstv. ráðherrar láta sjá sig hér í salnum.

Við fengum afhent á þingflokksfundum á mánudaginn lista frá hæstv. ríkisstjórn yfir þau mál sem hún vill láta afgreiða það sem eftir lifir þessa þings sem eru ekki margar vikur. Og það sjá allir að ef hæstv. ríkisstjórn og hæstv. stjórnarflokkar sýna ekki þingstörfum meiri áhuga er það borin von að hægt sé að afgreiða nema lítið brot af þeim málum sem hæstv. ríkisstjórn vill láta ná hér fram.

Mér þótti ástæða til þess, virðulegi forseti, að láta þessi orð falla hér úr ræðustól því að það vekur óneitanlega athygli — ég sé t.d. ekki nema þrjá hv. þm. Framsfl. hér í grenndinni — fjóra með hæstv. forsrh. og þannig mætti reyndar áfram telja. Þetta er afar sérkennileg staða sem er komin upp í þinginu.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ísleifi Gunnarssyni fyrir að vekja máls á þessu. Ég get í stórum dráttum tekið undir það sem hann segir. Ef við ætlum að ljúka hér þeirri vinnu sem ríkisstjórnin óskar eftir verður náttúrlega að mæta, ekki bara stjórnarsinnar því það er ekki síður skylda stjórnarandstöðunnar að halda uppi málefnalegri stjórnarandstöðu á þann hátt að láta sjá sig í þingsölum og taka þátt í þingstörfunum. En það eru fleiri mál en mál prestsins hér á þinginu. Það eru líka mál frá einstaka þingmönnum og við einstakir flm. hljótum að krefjast þess af ríkisstjórninni að ef við eigum að vera fyrir hendi þegar þarf að kjósa og greiða atkvæði um mál ríkisstjórnarinnar að ráðherrarnir verði það líka þegar þarf að taka okkar mál á dagskrá.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt bæði af forseta og hv. þm. og mun ræða það í ríkisstjórninni og í þeim þingflokki sem ég tilheyri.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um þingsköp vill forseti taka fram að hann þakkar fyrir þessa umræðu. Hún er bæði tímabær og nauðsynleg.

Forseti vill enn fremur geta þess að hann hefur ritað formönnum þingflokka ríkisstjórnarinnar bréf þar sem hann vekur athygli á mjög slæmri mætingu hv. þingdeildarmanna í hv. Nd. og óskar eftir að úr verði bætt hið snarasta. Forseti lét þess líka getið í bréfinu að komi það fyrir á nýjan leik að hér verði ekki unnt að ná fram atkvæðagreiðslu um mikilvæg mál muni forseti framvegis slíta fundi. Hann hefur engin önnur ráð í hendi til þess að koma þeim skilaboðum á framfæri til hv. þingdeildarmanna að þeir eigi að sinna þeirri skyldu sinni að mæta á þingfundum eins og skýrt er tekið fram í þingsköpum. Forseti vill hins vegar láta það koma skýrt fram að hann er ekki með þessum orðum að gagnrýna þá hv. þingdeildarmenn sem mæta vel hér í deildinni. Þeirra er heiðurinn. En kannski mætti segja að þeirra væri skömmin sem illa mæta.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég held að þessi umræða gefi tilefni til þess að drepa á nokkur fleiri atriði hér í störfum þingsins upp á síðkastið. Ég er einkum með hugann við framgang mála í fastanefndum þingsins. Ég hef neitað mér um það í nokkur skipti að koma hér upp til þess að gagnrýna hv. formann fjh.- og viðskn. Nd. fyrir það hvernig mál eru afgreidd eða réttara sagt ekki tekin fyrir og afgreidd í nefndinni. Síðast þegar ég sagði honum frá þessu bað hann mig um að bíða því það stæði til að taka fyrir eitthvað af þessum málum.

Ég er sérstaklega með í huga, herra forseti, þingmál sem var vísað til fjh.- og viðskn. hinn 21. nóv. sl. og snertir breytingar á skattlagningu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Mál sem var mikið til umræðu í lok síðasta þings og sem vissulega eru skiptar skoðanir um í þinginu en sem engin ástæða er til annars en að fái hér eðlilega meðferð og afgreiðslu. Þegar ég hafði orð á því við hv. formann fjh.- og viðskn. fyrir tveimur vikum að nú mundi ég taka þetta mál upp utan dagskrár hér, í umræðum um þingsköp, hafði málið aldrei verið rætt í nefndinni, aldrei verið tekið fyrir. Þetta er auðvitað ekki boðlegt og það gengur ekki og ég hlýt að taka undir gagnrýni hv. 16. þm. Reykv. á þessi vinnubrögð. Þingmenn eiga rétt á því að mál þeirra séu tekin fyrir í nefndum þingsins. Þeir eiga ekki kröfu á því að málin séu samþykkt eða að allir fallist á þau en þeir eiga kröfu á því að þau séu tekin fyrir efnislega og rædd. Nú skilst mér að þetta mál sem ég hef hér í huga hafi einu sinni verið tekið fyrir eftir samtal mitt og hv. þm. Páls Péturssonar og síðan staðið til að ræða það aftur. Nú er hann ekki lengur í þinginu en varaformaður hefur ekki boðað fund út af þessu máli og hlýt ég að harma það og óska eftir því sérstaklega að þetta mál fái afgreiðslu út úr fjh.- og viðskn. og geti komið til atkvæða hér í hv. deild. Og þetta gildir auðvitað líka um önnur mál sem þar hafa legið vikum og mánuðum saman.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Það er hárrétt ábending hjá hv. 17. þm. Reykv. að það munu vera nokkur mál sem eru óafgreidd inni í fjh.- og viðskn. Mér þykir svolítið miður að hv. þm. kom hér upp í þetta skiptið og kvartaði undan þessu á þessum tímapunkti, einmitt þegar formaður nefndarinnar er ekki við á þinginu. Ég hefði heldur viljað að þessi umræða hefði farið fram að honum viðstöddum. Ég er sjálfur formaður í tveimur nefndum, sjútvn. og heilbr.- og trn. Þar liggur ekki eitt einasta mál fyrir, þ.e. við höfum afgreitt þau öll. Ég hef þegar boðað fund í fjh.- og viðskn. Fundarboðið var borið út núna í hádeginu. Við ætlum okkur að hittast á föstudag. Það liggur kannski ekki alveg ljóst fyrir hvort allir geta mætt þá þannig að það er aðeins óljóst um fundartímann en við höfum í hyggju að ganga í þau mál sem liggja fyrir nefndinni. Hvort þetta mál sem hv. þm. nefndi verður einmitt fyrst á dagskrá er ekki alveg ljóst en röðin kemur áreiðanlega að því meðan nefndin starfar undir minni formennsku. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram. Það hafa verið haldnir fundir í nefndinni eftir að ég tók þar við formennsku, við héldum stuttan fund í gær og afgreiddum þar tvö mál og það er sem sagt búið að boða fund n.k. föstudag og það verður starfað í þessari nefnd.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það voru þrjú atriði sem urðu til þess að ég tek þátt í þessari umræðu um þingsköp. Í fyrsta lagi tel ég að þessi umræða sé þörf og tímabær. Menn verða að mæta hér á fundum og taka þátt í störfum. Ég þekki það af eigin reynslu sem forseti þessarar deildar hvað það er óþægilegt að koma ekki fram málum, sem er kannski enginn ágreiningur um, vegna mætinga.

Í öðru lagi vil ég beina því til þingflokksformanna að það gerist æ algengara að þingmenn séu boðaðir á hina og þessa fundi úti í bæ á þingtíma. Ég held það væri rétt fyrir þingflokksformenn að benda þeim mönnum, sem senda boð til þingflokka trekk í trekk og boða þingmenn á fundi á reglulegum fundartíma þingsins, vinsamlega á að það sé ekki heppilegt að gera það. Þetta veit ég að er mjög algengt og ýmsir þingmenn kunna ekki við annað en að sinna þessu.

Í þriðja lagi vil ég gera grein fyrir því að ég gegni formennsku hér í einni nefnd þingsins, allshn. Nd. Það er tiltölulega gott ástand þar varðandi afgreiðslu mála og þau mál sem þar eru til meðferðar enn þá eru teljandi á fingrum annarrar handar.

Sektarmörk nokkurra laga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 393. mál. — Þskj. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Friðun hússins Hverfisgata 19, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 335. mál. — Þskj. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 734.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á læknalögum nr. 53/1988 sem er flutt á þskj. 734.

Nær tveggja ára framkvæmd læknalaganna sem gengu í gildi 1. júlí 1988 hefur leitt í ljós þörf á breytingum nokkurra ákvæða. Starfsmenn heilbrrn. í samráði við embætti landlæknis hafa því unnið frv. til laga um breytingar á læknalögum nr. 53/1988. Breytingarnar lúta að eftirfarandi fimm atriðum.

Í fyrsta lagi meðferð umsókna um almennt lækningaleyfi og sérfræðingsleyfi.

Í öðru lagi meðferð sérfræðingsleyfis hafi læknir aflað sér sérréttinda á einhverju Norðurlandanna.

Í þriðja lagi er um að ræða tillögurétt að reglum um viðbótarnám og sérfræðinám.

Í fjórða lagi um afhendingu sjúkraskráa.

Í fimmta lagi um meðferð umsókna um leyfi til að reka læknastofu þó 75 ára aldri sé náð.

Ég mun nú gera grein fyrir þessum atriðum nokkru nánar.

Í fyrsta lagi var um að ræða meðferð umsókna um almennt lækningaleyfi og sérfræðingsleyfi. En samkvæmt gildandi læknalögum skal sérstök nefnd skipuð fulltrúum læknadeildar og Læknafélags Íslands meta umsóknir um almennt lækningaleyfi. Engar sérstakar kröfur eru hins vegar gerðar um meðferð umsókna um sérfræðingsleyfi. Heilbrigðisráðuneytið telur eðlilegt að gera hér breytingu. Þorri umsækjenda um almennt lækningaleyfi hefur lokið læknanámi frá Háskóla Íslands. Það eina sem meta þarf vegna umsóknar um almennt lækningaleyfi er hvort umsækjandi hafi lokið viðbótarnámi, þ.e. kandídatsári í samræmi við reglur. Umsóknir um almennt lækningaleyfi eru því í fæstum tilvikum svo flóknar og vandmetnar að sérstaka nefnd þurfi til matsins. Íslenskir læknar stunda hins vegar sérfræðinám víða, svo sem á Norðurlöndunum, á Bretlandi, í Bandaríkjunum, svo nokkur lönd séu talin. Það er því talsverð ástæða til gaumgæfilegrar skoðunar á umsóknum um sérfræðileyfi.

Í frv. er gerð sú tillaga að læknadeild og landlæknir annist mat á umsóknum um almennt lækningaleyfi en að þriggja manna nefnd verði falið að meta umsóknir um sérfræðileyfin. Í þessari þriggja manna nefnd verði landlæknir, sem jafnframt verði formaður, auk fulltrúa tilnefndra af læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélagi Íslands. Frv. gerir og ráð fyrir að hlutverk læknadeildar og landlæknis vegna umsókna um almennt lækningaleyfi og nefndarinnar vegna sérfræðingsleyfa verði sambærilegt og hlutverk fagfélaga eða háskóladeilda hjá öðrum heilbrigðisstéttum, þ.e. að vera tillöguaðili.

Í öðru lagi nefndi ég að hér væri fjallað um sérfræðileyfi hafi læknir aflað sér réttinda á einhverju Norðurlandanna. En frv. gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi læknir sérfræðingsleyfi frá einhverju Norðurlandanna þurfi ekki að afla tillagna læknadeildar heldur eingöngu landlæknis. Landlæknir mundi í þessum tilvikum afla upplýsinga frá heilbrigðisstjórnum Norðurlanda um hvort umsækjandi hafi í starfi sýnt af sér nokkuð það sem tálmaði íslensku sérfræðingsleyfi.

Þetta fyrirkomulag byggist á aðild Íslands að norrænum samningi um viðurkenningu starfsréttinda innan heilbrigðisþjónustunnar. Samkvæmt samningnum hafa löndin skuldbundið sig til að viðurkenna starfsréttindi sem veitt hafa verið í einhverju Norðurlandanna þrátt fyrir að reglur um nám þeirra heilbrigðisstétta sem samningurinn nær til séu ekki fullkomlega sambærilegar á milli landanna. Samningur þessi er frá árinu 1981, leysti þá eldri samning af hólmi og hefur Ísland verið aðili að samningnum hvað lækna snertir um árabil.

Læknadeild Háskóla Íslands telur að þrátt fyrir aðild Íslands að samningnum skuli í hverju einstöku tilviki meta hvort viðkomandi læknir uppfylli íslensk skilyrði um starfsréttindi. Með öðrum orðum læknadeildin telur að starfsréttindi annars staðar skipti ekki máli og hafnar þar með þeirri grundvallarhugmynd sem samningurinn hvílir á. Þetta hefur valdið

ágreiningi milli læknadeildar og heilbrrn. um veitingu sérfræðingsleyfa og hefur læknadeildin í nokkrum tilvikum neitað íslenskum læknum með sænsk sérfræðingsleyfi um sams skonar íslenskt sérfræðingsleyfi. Vegna ákvæða læknalaga um neitunarvald læknadeildar í þessum efnum hefur heilbrrn. orðið að synja viðkomandi læknum um sérfræðingsviðurkenningu og þar með brjóta hinn norræna samning.

Einn læknir vildi ekki una þessu og kærði synjunina til embættisnefndar sem annast eftirlit með framkvæmd samningsins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Ísland væri með þessari framkvæmd að brjóta samninginn. Nefndin hefur gefið íslenskum heilbrigðisyfirvöldum frest til þess að breyta um framkvæmd ella verði þau kærð til norrænu ráðherranefndarinnar. Heilbrrn. telur lagabreytingu einu leiðina til að bæta hér úr.

Þriðja atriðið sem ég nefndi var tillöguréttur að reglum um viðbótarnám og sérfræðinám. En samkvæmt læknalögum getur læknadeildin ein haft frumkvæði að breytingum á reglum um viðbótarnám, svonefnt kandídatsár annars vegar og reglum um sérfræðinám hins vegar. Það gefur auga leið að óskir heilbrrn. og læknadeildar um hvernig reglur þessar skuli vera hverju sinni þurfa ekki alltaf að fara saman. Á það má og benda að læknadeild heyrir ekki undir heilbrrn. og því erfitt fyrir heilbrrh. að snúa sér til deildarinnar og óska tillagna.

Frv. gerir ráð fyrir að fjölga þeim aðilum sem komið geta með tillögur um framangreindar reglur þannig að í hópinn bætist landlæknir og Læknafélag Íslands. Mál læknisins sem ég gat um áðan snertir þetta atriði. Synjun læknadeildar í hans tilviki hvílir á tilteknu ákvæði sem brýtur í bága við hinn norræna samning og er að finna í reglugerð frá 1986 um veitingu læknaleyfa og sérfræðingsleyfa.

Læknadeild var ritað bréf í ágúst 1989 um að fyrirhugað væri að breyta þessu ákvæði reglugerðarinnar. Læknadeild svaraði og benti á það ákvæði læknalaga sem segir að reglur um sérfræðingsnám skuli setja að fengnum tillögum læknadeildar. Af bréfinu mátti ráða, þó ekki kæmi það fram berum orðum, að slíkra tillagna væri ekki að vænta frá læknadeild. Ég tel því ekki aðra leið færa en að lögunum verði breytt.

Í fjórða lagi nefndi ég breytingar á ákvæðum um afhendingu sjúkraskráa. Heilbrrn. hefur undanfarna mánuði haft til athugunar tillögur Læknafélags Íslands og landlæknis um reglur vegna afhendingar sjúkraskráa. Ráðuneytið telur að ákvæði læknalaga um þetta atriði sé ekki nægilega skýrt og vill því gera nokkrar breytingar á því. Ráðuneytið telur að skýrt þurfi að koma fram í læknalögum að sjúkraskrá sé eign þeirrar heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða þess læknis sem hana færir. Jafnframt þarf að vera skýrt í lögunum að ef um afhendingu er að ræða skal afhenda afrit skrárinnar. Loks telur ráðuneytið nauðsynlegt að fram komi í lögunum að afhendingin nái til allra sjúkraskráa, þ.e. einnig skráa sem færðar eru fyrir gildistöku laganna frá 1988.

Ráðuneytið hefur túlkað heimild læknalaga frá 1988 til afhendingar sjúkraskráa með þessum hætti en telur nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram í lögunum sjálfum. Umboðsmaður Alþingis virðist einnig sammála ráðuneytinu hvað þessa túlkun varðar.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim fimm meginatriðum þeirra brtt. sem þetta frv. gerir ráð fyrir á gildandi læknalögum og vísa að öðru leyti til ítarlegrar greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar frv.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Margt í þessu frv. virðist mér fljótt á litið horfa til bóta. Þó sakna ég eins hlutar og hef þegar sent hæstv. ráðherra það erindi. Mér finnst að enga læknisaðgerð, læknisvitjun eða aðra læknisþjónustu eða heilbrigðisþjónustu sé í rauninni hægt að inna af hendi nema kvittanir komi fyrir. Þ.e. allt þetta stóra heilbrigðiskerfi sem tekur einna stærstan hluta af okkar fjárlögum er rekið þannig að sjúklingurinn, neytandinn eða greiðandinn, veit í rauninni sjaldnast fyrir hvað hann er að greiða. Þess vegna sendi ég hæstv. ráðherra hugmynd um breytingu á þessu frv. í þá veru að kvittanir verði jafnan gefnar þar sem greiðsla er innt af hendi eða þar sem millifærslur eru, þannig að sjúklingur viti hvað það kostar sem er verið að framkvæma.

Það er sama eiginlega hvar maður kemur í almennum rekstri, hvort maður kaupir sér heita pylsu eða fer út í apótek og kaupir sér eitt box af plástrum, alls staðar eru kvittanir gefnar. Hins vegar er ekkert sem skyldar lækna til þess að gefa kvittanir fyrir þeirra vitjanir og þegar maður er lagður inn á spítala kemur hvergi fram hvað aðgerðin, legan og allt sem því fylgir, kostar. Þetta fer bara sjálfkrafa og hljóðlaust inn í kerfið og enginn veit neitt. Þetta slævir að mínu mati dómgreind fólksins og verðskynið þegar maður veit ekki hvað hver dagur sem maður nýtur þjónustu heilbrigðiskerfisins kostar ríkið.

Ég held að það yrði strax til þess að fólk færi að hugsa sig um tvisvar ef það fengi reikninginn með sér heim, hundruð þúsunda eftir skamma dvöl. Fólk færi að velta fyrir sér hvort það sé ekki ómaksins vert að reyna að gera eitthvað sjálft í eigin málum til þess að draga úr sjúkrahúsvist á landinu. Mundi þetta ekki auka forvarnir svokallaðar? Ef fólkið sér svart á hvítu hvað það eyðir miklum peningum úr öðrum vasanum þegar það þarf að nota okkar ágætu heilbrigðisþjónustu. Ég held að kvittun af þessu tagi sé tvímælalaust til bóta þannig að fólk viti alltaf nákvæmlega hvað það er að borga þó það sé greitt úr okkar sameiginlegu sjóðum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en aðeins út af þeim athugasemdum sem komu fram hjá hv. 16. þm. Reykv. um það að hann hefði sent mér ábendingar varðandi þetta frv. Það er rétt. Ég hef fengið frá honum hugmyndir um hvernig hægt sé að standa að upplýsingum um kostnað við heilbrigðisþjónustuna. Ég taldi hins vegar að það væri mál sem við þyrftum að skoða betur en að skella því inn í frv. sem þá þegar var komið í vinnslu og til þingflokka til umsagnar og athugunar og yrði að skoðast nánar og e.t.v. í nefnd. En ég vil segja við hv. þingmann og þingmenn að þetta er auðvitað mál sem við höfum ítrekað skoðað og rætt við heilbrigðisstéttirnar og forsvarsmenn heilbrigðisstofnana hvernig hægt sé að standa að. Hvernig sé hægt að auka verðskyn manna varðandi kostnað við heilbrigðisþjónustuna ef nota má það orðalag. Við höfum t.d. verið með hugmyndir um sjúklingakort svokölluð og það er að fara á stað tilraun með slíkt form. Við höfum einnig rætt um það að sjúklingar eða einstaklingar sem leita til heilbrigðisþjónustunnar og þurfa á henni að halda fái yfirlit yfir það síðar hvað þjónustan hafi kostað viðkomandi. En um þetta eru allt saman mjög skiptar skoðanir og jafnvel skiptar skoðanir um það hvaða áhrif slíkar upplýsingar hefðu á heilsufar einstaklinganna og viðhorf þeirra til þjónustunnar almennt. Svo að ekki er hér um einfalt mál að ræða. En ég vildi aðeins láta það koma hér fram og segja við hv. þm. að þetta er vissulega mál sem við höfum skoðað og erum með í athugun og ég held að það sé mjög brýnt að reyna með öllum tiltækum ráðum að gera einstaklingana betur meðvitaða um hvað heilbrigðisþjónustan kostar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ný læknalög voru afgreidd hér á hinu háa Alþingi fyrir u.þ.b. tveimur árum, á fyrsta þingi þessa kjörtímabils, og höfðu þá verið til umfjöllunar bæði hér á vettvangi þingsins og hjá hagsmunaaðilum um töluvert langa hríð.

Það liggur í eðli laga sem þessara að það er óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að gera miklar breytingar á þeim mjög oft. Það er affarasælast að löggjöf sem þessi geti staðið tiltölulega lítt breytt um langan tíma. Eigi að síður er það svo að ef í ljós koma ágallar á lögum sem þessum er auðvitað skylt að gera þar breytingar á. Mér sýnist að það sé það sem hér er verið að gera og vil taka undir sjónarmið ráðuneytisins sem fram koma í 1. og 2. gr. og reyndar 3. gr. einnig, um að ekki megi ganga um of gegn þeirri viðurkenningu sem læknar hafa aflað sér sem sérfræðingar á Norðurlöndum eða þrengja möguleika manna með óeðlilegum hætti til að starfa hér á landi án þess að gangast undir íþyngjandi próf eða þess háttar hluti.

Að því er varðar seinni hluta frv. er rétt að hafa í huga þá umræðu sem varð hér á sínum tíma í tilefni af afhendingu sjúkraskráa og hugsanlegum aðgangi aðila, annarra en sjúklings, að slíkum gögnum. Ég sé ekki í fljótu bragði að með tillögum þessa frv. sé í grundvallaratriðum horfið frá þeim reglum sem gilt hafa eða þeirri nauðsynlegu leynd sem á að hvíla yfir slíkum trúnaðarmálum. Ég sé ekki í fljótu bragði að neitt slíkt sé hér á ferðinni. En ég tel eigi að síður nauðsynlegt — þar sem hér er vikið að þessum atriðum í frv. — að minna á nauðsyn þess að sjúklingar geti ævinlega treyst því að með sjúkraskrá þeirra og önnur mjög svo persónuleg gögn sem tengjast þeirra sjúkrasögu og meðferð hjá einstökum læknum sé ævinlega farið sem trúnaðarmál og að engin hætta sé á ferðum varðandi það að slík gögn komist í hendur aðila sem ekki eiga eða mega með þau fara.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta frv. Ég tel að 6. gr. þess um heimildir lækna sem orðnir eru 75 ára til að starfa áfram séu eðlilegar og geri ekki frekari athugasemdir við frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á ákvæðum 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sem fjallar um kosningu varamanna í byggðarráð.

Í 1. málsgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að kosið skuli byggðarráð úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Varafulltrúar í sveitarstjórn eru því ekki kjörgengir í byggðarráð en byggðarráð er samheiti yfir framkvæmdaráð sveitarfélaga sem kölluð eru borgarráð, bæjarráð eða hreppsráð. Í sumum sveitarfélögum hafði sú regla gilt fyrir gildistöku þessa ákvæðis að bæjarfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu höfðu hlotið á sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður væru varamenn hans í bæjarráði í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Aftur á móti eru ákvæði 55. gr. sveitarstjórnarlaga skýr þess efnis að varamenn í byggðarráð skulu kosnir úr hópi kjörinna fulltrúa sveitarstjórnarmanna.

Félmrn. hefur borist beiðni um það frá Kópavogskaupstað að regla eldri sveitarstjórnarlaga gæti gilt, þ.e. að varafulltrúar í sveitarstjórn séu kjörgengir í bæjarráð, borgarráð eða hreppsráð, en til þess þarf lagabreytingu. Þessi ósk Kópavogskaupstaðar var send Sambandi ísl. sveitarfélaga sem lýsti sig jákvætt þeirri breytingu sem hér er lögð fram. Efnislega kveður hún á um að varamenn kjörinna sveitarstjórnarmanna verði einnig kjörgengir varamenn í bæjarráð, borgarráð eða hreppsráð.

Beiðni Kópavogskaupstaðar er rökstudd með því að eldri reglan hafi gefist vel, þ.e. að bæjarfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama

framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður séu varamenn hans í bæjarráði í þeirri röð er þeir skipuðu listann. Þessi skipan feli í sér að bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar séu kosnir sem varamenn í bæjarráð um leið og þeir hljóti kosningu í bæjarstjórnina, þ.e. ef framboðslistinn sem þeir skipa á aðalfulltrúa sem kosinn hefur verið í bæjarráð, einn eða fleiri.

Með þessu móti séu allir fulltrúar hvers lista varamenn í bæjarráði og þannig muni betur séð fyrir að bæjarráð sé ávallt fullskipað þrátt fyrir skyndileg forföll en þegar einungis einn varamaður er kosinn fyrir hvern bæjarráðsmann.

Kópavogskaupstaður bendir á í sinni röksemd að ef beita á þeirri reglu að kjósa aðeins aðalfulltrúa sem varamann í bæjarráð gætu hæglega komið upp allsérstæð tilvik. Af framboðslista sem aðeins einn bæjarfulltrúi hefði hlotið kosningu af í bæjarstjórn væri ekki mögulegt að kjósa varafulltrúa í bæjarráð ef eini aðalfulltrúi hans ætti sæti í bæjarráði sem hæglega gæti átt sér stað með t.d. þátttöku hans í meirihlutastarfi. Bent er á að bæjarstjórnarflokkur sem á þrjá fulltrúa í bæjarstjórn og tveir af þeim eiga sæti í bæjarráði gætu aðeins kosið einn varamann úr sínum röðum. Þannig þurfi í slíkum tilfellum að kveðja til varamann ef á þeim þyrfti að halda frá öðrum flokkum hvort sem það væru samherjar í meirihlutastarfi eða ekki.

Með þessu frv. er í fyrsta lagi lagt til að bæði aðalfulltrúar og varafulltrúar úr sveitarstjórn verði kjörgengir sem varamenn í byggðarráð. Aðalmenn skulu hins vegar ætíð kosnir úr hópi aðalfulltrúa einvörðungu og er það óbreytt.

Í öðru lagi felur frv. þetta í sér að sett er í vald sveitarstjórnanna sjálfra hvort þær kjósa varamenn í byggðarráð sérstaklega eins og verið hefur og er aðalreglan að ákveða í samþykktum stjórn sveitarfélags að aðalfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið á sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í byggðarráði í þeirri röð sem þeir skipa listann.

Eins og ég benti á í mínu máli mælir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga með þessari breytingu. Vænti ég þess að frv. þetta fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom af ræðu hæstv. félmrh. fjallar þetta frv. aðallega um það að varafulltrúar í sveitarstjórn geti verið kjörgengir í byggðarráð, þ.e. bæjarráð, hreppsráð eða borgarráð. Mér sýnist í fljótu bragði að þetta sé skynsamleg regla sem þarna er lögð til. Ég held að það geti oft valdið erfiðleikum og leitt til einkennilegrar niðurstöðu ef varamenn geta ekki tekið sæti í byggðarráðum. Ég hygg reyndar að það hafi tíðkast í sumum sveitarfélögum að þetta hafi verið gert í raun, það hefur verið vitnað hér til bæjarstjórnar Kópavogs. Ég minnist þess til dæmis að þegar ég sat í borgarstjórn Reykjavíkur kom stundum upp sú staða a.m.k. að því er snertir varamenn að flokkur sem hafði aðeins einn fulltrúa í borgarstjórn sem átti jafnan sæti í borgarráði, eðli málsins samkvæmt hefði hann ekki getað kallað varamann úr sínum flokki ef eingöngu aðalmenn hefðu verið kjörgengir en sú regla var þá leyfð sem undantekning að hægt var að boða varamann í borgarstjórn sem aðalmann inn í borgarráð þegar þannig stóð á. Þannig að ég held að þetta sé skynsamleg regla og vildi aðeins láta þess getið við 1. umr. þessa máls að ég tel rétt að þetta frv. verði samþykkt enda hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fallist á það.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er aðeins ein örstutt fsp. til hæstv. ráðherra í tilefni þessa máls, vegna þess möguleika sem upp kann að koma og er jafnvel í deiglunni í ýmsum sveitarfélögum og jafnvel hér í Reykjavík að ólíkir aðilar eða flokkar komi sér saman um framboðslista fyrir kosningar. Spurningin lýtur að því hvernig taka eigi á hugsanlegu vandamáli ef síðan slitnar upp úr vinskapnum eftir kosningar og varamenn eru ef til vill ekki fulltrúar úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður og ef samkomulagið er jafnvel það stirt að aðalmenn neita að boða varamenn. Ég held að menn þurfi ekki mikið ímyndunarafl til að gera sér í hugarlund alls kyns möguleika sem svona vinslitum geta orðið samfara. Skal ég ekki fara nánar út í það en ég vil spyrja ráðherrann hvort hann hafi einhverjar hugmyndir um hvernig leysa bæri slík vandamál, ef upp koma, hvort sem það er hér í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi eða í Mosfellsbæ eða einhvers staðar annars staðar þar sem sameiginlegir framboðslistar ólíkra stjórnmálaafla eru í boði og þar sem ekki er ólíklegt að einhvern tímann á kjörtímabilinu slitni upp úr vinskapnum.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og vona og treysti því að það eigi skjótan framgang í gegnum þingið. Eins og lagt er til í því frv. sem félmrh. hefur mælt fyrir, þannig var þetta áður í sveitarstjórnum að varamenn tóku sæti í bæjarráði þar sem var t.d. einn fulltrúi í bæjarstjórn sem átti sæti í bæjarráði. Síðan komu ný sveitarstjórnarlög og þá var þesum ákvæðum breytt þannig að það skyldi alltaf vera aðalmaður sem tæki sæti í bæjarráði við forföll.

Á þeim tíma var einmitt verið að vinna nýja bæjarmálasamþykkt fyrir Kópavog, þannig að mér er þetta mál mjög kunnugt, og fulltrúar allra flokka voru sammála um það að þessi breyting, að ævinlega skyldi aðalmaður taka sæti varamanns í bæjarráði, yrði í raun óframkvæmanleg.

Oft eru það tveir eða þrír flokkar sem mynda meiri hluta í sveitarstjórnum. Það getur verið að það sé flokkur með einn kjörinn fulltrúa sem á aðild að slíkum meiri hluta. Slíkur aðalmaður getur verið kjörinn í bæjarráð en með þeim lögum sem hafa verið í gildi var ætlast til þess að aðalmaður úr bæjarstjórn af öðrum lista tæki sæti í bæjarráði.

Það var alveg ljóst að í Kópavogi, þar sem var fjallað mjög um þetta mál fyrst og fremst vegna þess að það var verið að vinna bæjarmálasamþykkt og menn ráku sig á þessa breytingu, voru allir sammála um það að þetta skerti mjög sjálfræði sveitarstjórnarmanna og stöðu þeirra bæjarfulltrúa sem væru í sveitarstjórn. Óskin kom frá Kópavogi um að það yrði kannað með breytingu á þessum lögum enda hefur komið fram í máli félmrh. að hún er studd af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Hvað varðar athugasemd hv. 17. þm. Reykv. um hvað gerist þegar menn koma sér saman um framboð þá er það nú svo að til langs tíma hafa verið samsteypuframboð flokka og óháðra af ýmsu tagi í sveitarstjórnum út um land á þeim tíma sem þau ákvæði giltu sem hér er verið að leggja til að taka upp aftur og þá eru menn bara reiðubúnir að láta listann gilda eins og gildir um svo margt að það kemur röðin að næsta manni. Mjög svipað og gerist hér á hv. Alþingi og við verðum vör við þegar varamaður kemur inn, að það fylgir bara með skeyti eða tilvísun um að sá sem fram hjá er farið getur ekki tekið sætið. Við hljótum að ætla að þar sem menn hafa komið sér saman um framboð þá leysi þeir slík innanlistamál og yrði kannski seint hægt að búa til lög sem sniðu af alla slíka annmarka. En fyrst og fremst fyrir listana sem bjóða fram þá skiptir það mjög miklu máli að í bæjarráð geti varamaður af sama lista tekið sæti í forföllum þannig að ég treysti því að þetta frv. fái skjóta og góða meðferð og geti fljótlega orðið að lögum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Hér er í sjálfu sér ekki um stórt mál að ræða en ég vil láta það koma fram hér að þegar núgildandi sveitarstjórnarlög voru sett 1986 kom það einmitt skýrt fram hjá þeim sem sömdu það frv. og þar á meðal fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga sem lögðu áherslu á það að breyta þessu frá fyrri lögum á þann veg að fulltrúar í bæjarráð eða hreppsráð yrðu eingöngu kosnir úr hópi aðalfulltrúa í viðkomandi bæjarfélagi eða sveitarfélagi. Þetta var rökstutt með því að það væri gert samkomulag meiri hluta o.s.frv. um stjórn byggðarlagsins og það væru kannski ólíkir aðilar en þeir kæmu sér saman um að skipta með sér setu í bæjarráði eða hreppsráði og þar af leiðandi væri það miklu virkara inn á við að þessi skipan yrði við höfð. Ég er ekki að leggja dóm á það hér hvort þarna er um rétta breytingu að ræða eða ekki en þó vil ég benda á að ég þekki allmörg dæmi þess að allt að fjórir flokkar eða aðilar sem hafa myndað bæjarstjórn eða sveitarstjórn hafa komið sér saman um skipan þessa og skiptast á að vera aðalmenn eða varamenn sitt árið hvor. Þar af leiðandi hefur tekist samkomulag um það sem menn hafa ekki fundið að, þannig að sameinaður meiri hluti og minni hluti hafa alltaf átt aðgang að því að skiptast á setu í bæjarráði eða hreppsráði, hvernig sem það er túlkað.

Ég vildi aðeins gera þessa athugasemd en ég legg ekki neitt gegn því að þessi breyting verði gerð. En breytingin sem var gerð á lögunum 1986 var einmitt að frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra og þeirra sem sömdu það frv. af því að sú leið sem nú gildir var talin eðlilegri en það getur vel verið að reynslan hafi sýnt að breytingar sé þörf en þarna eru ólíkir aðilar sem koma sér saman um þetta í allflestum tilvikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. SalÞ, 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 756.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Áður en ég geri grein fyrir efni frv. vil ég fara nokkrum orðum um aðdraganda þess.

Hinn 24. maí 1988 var skipuð nefnd sem fékk það verkefni að endurskoða lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985. Var nefndin skipuð í framhaldi af könnun sem gerð var á stöðu kvenna í starfi hjá ríkinu þar sem fram kom verulegur launamunur kynja í störfum hjá hinu opinbera svo og verulegur munur á hlunnindagreiðslum karla og kvenna. Í upphaflegu skipunarbréfi nefndarinnar um það efni var tekið fram að athugað verði hvernig draga megi úr launamisrétti karla og kvenna, jafna hlunnindagreiðslur og auka hlutdeild kvenna í nefndum og ráðum. M.a. verður höfð hliðsjón af skýrslu nefndar sem ætlað var að stuðla að auknu launajafnrétti karla og kvenna í störfum hjá hinu opinbera.

Í nefndina sem samdi þetta frv. sem hér er til umræðu voru síðan skipuð Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands alþýðuflokkskvenna, Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna og Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður minn sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Í nóvember 1988 bættust síðan í hópinn þingmennirnir Guðmundur Ágústsson Borgfl., Hjörleifur Guttormsson Alþb. og Kristín Einarsdóttir úr Samtökum um kvennalista. Ritari nefndarinnar var Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs.

Nefndin skilaði mér 7. apríl á sl. ári frv. sem lagt var fram á Alþingi í maí í fyrra. Á liðnu sumri var frv. síðan sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisráði, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, réttarfarsnefnd, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nokkrir aðilar sendu mjög ítarlegar umsagnir um frv., þeirra á meðal voru Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, BSRB, Jafnréttisráð, réttarfarsnefnd, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands og var höfð hliðsjón af þessum umsögnum þegar frv. var síðan endurskoðað.

Það bárust margar athugasemdir og ábendingar. Í umsögn samtaka atvinnurekenda kom fram gagnrýni á 6. gr. þar sem gert er ráð fyrir að telji einhver rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum greinarinnar skuli atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðunum hans. Ég mun fjalla nánar um það atriði síðar í máli mínu.

Samtök atvinnurekenda gagnrýndu fleiri ákvæði svo sem breytinguna sem gerð hefur verið á 2. gr. gildandi laga sem felst í því að orðinu „launa" hefur verið bætt inn í lagagreinina. Einnig komu fram athugasemdir við 22. gr. sem heimilar að þeim sem misgert er við séu dæmdar miskabætur.

Í umsögn BSRB kom fram sú réttmæta ábending að ekki væri síður nauðsynlegt að leggja nokkra ábyrgð á herðar samtaka launafólks í sambandi við jafnrétti kvenna og karla í atvinnulífinu. Í umsögninni var lagt til að 5. gr. frv. yrði breytt á þann veg að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Við endurskoðun á frv. var tekið tillit til þessarar tillögu. Ýmsar fleiri ábendingar komu fram sem ég tel of langt mál að telja upp hér en nefndinni sem samdi frv. var eins og áður sagði falið að fara yfir umsagnir og endurskoða frv. með tilliti til þeirra.

Frv. sem hér er lagt fram nú hefur því fengið ítarlega umfjöllun af þeim aðilum sem málið varðar. Einnig má minna á að frv. var lagt fram á síðasta Alþingi. Alþingi hefur því áður gefist tækifæri til að kanna helstu breytingar sem lagðar eru til í frv. frá núgildandi jafnréttislögum.

Þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á jafnréttislögunum eru eftirfarandi:

Það er lagt til að hinu tvíþætta hlutverki Jafnréttisráðs verði skipt þannig að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólum. Með þessum hætti getur Jafnréttisráð einbeitt sér að því að gegna öðrum verkefnum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknaskyldu, fræðslu o.fl.

Í frv. eru skýrari ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að félmrh. fari með jafnréttismál. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að skv. núgildandi lögum er stjórnskipuleg ábyrgð ráðherra á jafnréttismálum mjög óljós. Sama gildir um stöðu Jafnréttisráðs í stjórnkerfinu. Forsenda markvissra vinnubragða á þessu sviði eins og öllum öðrum er að ábyrgð og skyldur séu ljósar og er á þessu tekið í frv.

Skv. lagafrv. er félmrn. heimiluð ráðning jafnréttisráðgjafa sem starfa í náinni samvinnu við Jafnréttisráð. Með þessu ákvæði er komið til móts við óskir sem fram hafa komið um þetta efni, m.a. hér á hv. Alþingi þar sem tvívegis hafa verið lagðar fram þáltill. um að ríkisstjórninni verði falið að ráða jafnréttisráðgjafa. Í greinargerð með þingsályktunartillögunum hefur verið bent á að þrátt fyrir lagaákvæði um jöfnuð kvenna og karla séu konur verr settar en karlar á flestum sviðum þjóðlífsins. Bent er á að konur séu í miklum meiri hluta í láglaunastörfum og meðallaun þeirra hafi farið lækkandi undanfarin ár í samanburði við laun karla.

Nefndin leggur til í frv. að beitt verði öfugri sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Þetta þýðir að sá sem veitir stöðu eða ræður starfsmann verður að sýna fram á með verulegum líkum að þar hafi kynferði ekki ráðið vali á starfsmanni. Ég mun koma nánar að þessu atriði síðar í mínu máli. Að því er varðar stöðuveitingar er lagt til að það kynið sem er í minni hluta í starfsgrein gangi fyrir, uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfans. Þetta á að gilda bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði. Með þessu er í raun verið að lögfesta túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara á jafnréttislögunum sem sett voru árið 1976 og birtust árið 1980 í ritinu Fjölskyldan í frjálsu samfélagi. Guðrún sem var einn af höfundum jafnréttislaganna frá 1976 vildi túlka lögin þannig að stjórnvöldum bæri skylda til að sjá svo um að konur og karlar hefðu sömu möguleika til menntunar og starfa. Ef svo færi að karl og kona sæki um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er alls ráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skuli veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Með leyfi virðulegs forseta vil ég orðrétt vitna í orð Guðrúnar Erlendsdóttur sem birtust árið 1980 í ritinu Fjölskyldan í frjálsu samfélagi. Þar kemur fram:

„Með setningu laga um jafnrétti kvenna og karla 1976 var tekin opinber stefna á jafnan rétt kynjanna og stofnað var jafnréttisráð til að framfylgja lögunum. Þegar sett hafa verið lög um jafnrétti kynjanna eins og gert hefur verið hér á landi, þar sem tilgangur laganna er að stuðla að jafnari stöðu kvenna og karla, þá hafa stjórnvöld þar með tekið að sér að stuðla að þessu jafnrétti. Stjórnvöldum ber þá skylda til að sjá svo um að konur og karlar hafi sömu möguleika til menntunar og starfa. Ef svo fer að karl og kona sæki um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er alls ráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun

til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein."

Ég tel að með þessu nýja ákvæði í frv. sem hér hefur verið lýst sé verið að skerpa óljós ákvæði í lögunum frá 1976 og 1985. Nefndin gerir það að tillögu sinni í frv. að nefna skuli tvo karla og konur þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Við skipun skuli þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Skýrari ákvæði eru um heimild til að dæma miskabætur, að það verði lögfest, sem ég mun einnig koma inn á nánar hér á eftir.

Ég nefni einnig mjög mikilvægt ákvæði um að félmrh. leggi fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs sem fram kemur í frv. Ég tel rétt að víkja með nokkrum orðum að einstökum greinum frv.

Í 2. gr. og 4. gr. kemur fram sú aukna áhersla sem lögð er á að draga úr launamisrétti kynjanna. Í 2. gr. frv. er tekið fram að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til launa. Lagt er til að í 4. gr. komi skilgreining á því hvað átt sé við með hugtakinu laun. Í núgildandi lögum er aðeins skilgreint hvað átt sé við með jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvað sé átt við með kjörum. Nefndin sem samdi frv. vekur á því athygli í athugasemdum að nauðsynlegt sé að í reglugerð verði skýrt nánar hvað felist í orðunum jafnverðmæt og sambærileg störf. Þess skal getið að félmrn. hefur þegar hafið undirbúning að samningu slíkrar reglugerðar. M.a. hefur jafnréttisráðuneytum á öðrum Norðurlöndum verið skrifað bréf þar sem óskað hefur verið eftir upplýsingum um hvaða skilgreiningar eru þar notaðar. Svör hafa borist og verður væntanlega unnið úr þeim við fyrsta tækifæri. Einnig má geta þess hér að jafnréttisráðherrar Norðurlanda hafa samþykkt að ráðast í umfangsmikið samstarfsverkefni sem snertir launamál. Gert er ráð fyrir því að þetta verði meðal þeirra atriða sem fjallað verður sérstaklega um í tengslum við framkvæmd þessa launaverkefnis.

Í 6. gr. er að finna mikilvæga breytingu frá núgildandi lögum. Í 2. mgr. segir að telji einhver að á sér sé brotinn réttur skv. ákvæðum greinarinnar skuli atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Í því sambandi er rétt að benda á þá staðreynd að mjög erfitt hefur verið að sýna fram á að jafnréttislög hafi í raun verið brotin í þeim kærumálum sem Jafnréttisráð hefur haft til umfjöllunar því atvinnurekendur hafa borið aðrar ástæður fyrir sig þegar á hefur reynt. Með reglum í 6. gr. verða atvinnurekendur að sýna fram á að kynjum hafi ekki verið mismunað með einstökum ráðstöfunum. Á það ber að leggja áherslu í þessu sambandi að þegar kært er til Jafnréttisráðs og sýnt fram á meiri menntun eða starfsreynslu en sá hefur sem hlaut starfið, þá fyrst skuli hlutaðeigandi atvinnurekandi sýna fram á að ekki hafi verið um mismunun á grundvelli kynferðis að ræða.

Svipað ákvæði er að finna í löggjöf nokkurra ríkja. Í 3. gr. finnsku jafnréttislaganna frá árinu 1985 er þetta orðað þannig: „Mismunun á grundvelli kynferðis er fyrir hendi við ráðningu, stöðuhækkun eða starfsmenntun vegna stöðuhækkunar þegar atvinnurekandi velur einn fram yfir annan af gagnstæðu kyni þrátt fyrir að sá sem fram hjá er gengið hafi betri forsendur til starfsins eða starfsmenntunarinnar. Þetta á þó ekki við ef atvinnurekandi getur sýnt fram á að ákvörðun sé ekki bundin kyni viðkomandi eða ákvörðunin sé þáttur í að stuðla að jafnrétti í atvinnulífinu eða annarra ástæðna sem ekki verður vikið til hliðar vegna jafnréttis í atvinnulífinu."

Hliðstætt ákvæði er að finna í 3. og 8. gr. sænsku jafnréttislaganna. Í 3. gr. er kveðið á um það að um kynjamismunun sé að ræða ef atvinnurekandi lætur einhvern hafa forgang fram yfir annan af gagnstæðu kyni við ráðningu, stöðuhækkun eða val á námskeið sem leiðir til stöðuhækkunar ef sá sem fram hjá er gengið hefur hlutlægt betri forsendur til að gegna stöðunni eða nýta sér menntunina en sá sem valinn var. Í greininni er tekið fram að þetta gildi ekki ef atvinnurekandi getur sýnt fram á að ákvörðun hans hafi ekki grundvallast á kynferði einhvers og að hún sé þáttur í átaki til að auka jafnrétti í atvinnulífinu eða hún eigi rétt á sér vegna annarra þýðingarmikilla hagsmuna sem ekki eiga að víkja fyrir hagsmunum jafnréttis í atvinnulífinu. Í 8. gr. sænsku laganna er nánari skilgreining á misrétti kynjanna í atvinnulífinu og vísar fyrst til 7. gr. sem hljóðar svo: „Kynjamisrétti er bannað. Með misrétti er í lögum þessum átt við að konur og karlar séu ráðin í mismunandi störf eftir kynferði. Með misrétti er einnig átt við ráðstafanir sem hafi í för með sér að konur og karlar hafna í reynd í gerólíkum störfum." Sænsku lögin hafa að geyma nánari útfærslu á því hvað átt er við með misrétti í atvinnulífinu. Í henni kemur fram að auk misréttis sem bannað er skv. 7. gr. skuli einnig telja það tilvik ef atvinnurekandi við ráðningu eða val til sérstakra verkefna eða námskeiða sniðgengur einstakling sem uppfyllir hæfniskröfur betur en sá sem valinn var af gagnstæðu kyni, ef atvinnurekandi getur ekki sýnt fram á að til þess lágu gild rök með tilliti til tegundar vinnu eða verkefnis eða val hans byggðist á annarri gildri ástæðu en kynferði.

Við þessi dæmi má bæta tillögu að tilskipun sem lögð var fram af framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins 27. maí 1988 um öfuga sönnunarbyrði á sviði launajafnréttis og jafnréttis kvenna og karla. Í 3. gr. segir svo:

„Aðildarríkin skulu tryggja að þegar einstaklingar sem telja sig hafa sætt rangindum á þeirri forsendu að meginreglunni um jafnrétti hafi ekki verið beitt gagnvart þeim sýna fram á meinta mismunun á einhverju stigi málflutnings fyrir rétti, eða öðru lögmætu stjórnvaldi eftir því sem við á, skal það vera

hlutverk varnaraðilans að sanna að meginreglan um jafnrétti hafi ekki verið brotin. Sóknaraðili skal njóta góðs af ef enn leikur einhver vafi á í málinu. Sýnt er fram á meinta mismunun þegar sóknaraðili leggur fram staðreyndir eina eða fleiri sem jafngilda beinni eða óbeinni mismunun hafi þær ekki verið afsannaðar."

Við þetta má bæta að af hálfu fulltrúa Evrópubandalagsins hefur komið fram að þessi tilskipun taki gildi mjög fljótlega og að gerð verði krafa um það að hún gildi á evrópska efnahagssvæðinu sem væntanlega tekur til EFTA- og EB-ríkja. Einnig hefur verið á það bent að Evrópudómstóllinn í Lúxemborg hafi tekið mið af þessari reglu í dómi í svonefndu Danfossmáli. Það ætti því að vera ljóst hver þróunin er á þessu sviði.

Við fyrstu sýn mætti ætla að hér væri á ferðinni róttæk breyting sem brjóti í bága við íslenskt réttarfar en svo er ekki. Nægir að minna á að það er á valdi dómara að ákveða hvor aðili skuli hafa hag af því ef um vafa er að ræða.

Í skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála sem var lögð fyrir Alþingi í desember árið 1988 kemur fram að hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum og í opinberum nefndum og ráðum hefur lítið aukist undanfarin ár. Í því skyni að stuðla að jákvæðri þróun að þessu leyti beindi ég því til ráðuneyta árið 1987 að þegar óskað væri eftir tilnefningum í opinberar nefndir og ráð væru nefndir tveir, karl og kona, og við skipun væri reynt að gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Í 12. gr. frv. er lagt til að þessi háttur verði lögfestur og er með því farin svipuð leið og Danir hafa valið að fara.

Fjallað er um jafnréttisnefndir sveitarfélaga í 13. gr. Þar er kveðið á um þá skyldu sveitarfélaga að þar sem íbúatalan fer yfir 500 manns og annars staðar þar sem því verður við komið verði skipaðar jafnréttisnefndir. Enn fremur er tekið fram í hverju starf nefndanna er fólgið. Þá er sérstaklega tekið fram hver skuli hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu og er þetta í samræmi við þann tilgang sem kemur fram í frv. að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna. Eina ákvæðið í núgildandi jafnréttislögum um jafnréttisnefndir sveitarfélaga er í 15. gr. Þar segir að verkefni Jafnréttisráðs sé að hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga. Ekkert er fjallað um verkefni þeirra en með 13. gr. frv. er úr þessu bætt þannig að nefndirnar ættu að geta unnið mun markvissara en áður.

Í 14. og 15. gr. er fjallað um stjórnskipulega þætti jafnréttismála. M.a. er kveðið á um það að félmrh. fari með jafnréttismál kvenna og karla. Þar með er tekinn af allur vafi um stjórnskipulega ábyrgð á þessum málaflokki eins og ég kom inn á fyrr í minni ræðu.

Í 15. gr. felst m.a. sú breyting frá núgildandi lögum að lagt er til að auk tilnefninga frá VSÍ, ASÍ, BSRB, KRFÍ og KÍ tilnefni þingflokkar á Alþingi fulltrúa til setu í Jafnréttisráði. Þannig má vænta að beinni tengsl skapist milli hinnar eiginlegu stjórnmálaumræðu og jafnréttisumræðunnnar og áhrif stjórnmálaflokka á stefnumótun og störf Jafnréttisráðs verði aukin. Lagt er til að Jafnréttisráð verði skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis í stað tveggja ára eins og nú er. Tilgangur þess er tvíþættur. Annars vegar hafa ör skipti fulltrúa í ráðinu á undanförnum árum leitt til þess að erfitt hefur reynst að ná upp virku starfi innan ráðsins. Með lengingu skipunartíma Jafnréttisráðs er leitast við að sníða af þennan annmarka. Hins vegar nást beinni tengsl milli stjórnvalda og ráðsins hverju sinni þar sem nýtt ráð er skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis. Gert er ráð fyrir að formaður Jafnréttisráðs sé skipaður af félmrh. í stað Hæstaréttar eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þar sem frv. gerir ráð fyrir breytingu á starfssviði Jafnréttisráðs frá því að vera bæði stefnumarkandi og að fjalla um kærumál vegna laganna í að vera fyrst og fremst sá aðili sem mótar stefnuna í jafnréttismálum og fylgir henni eftir í störfum sínum er eðlilegt að tryggja betur tengslin milli ráðherra jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

2. og 3. mgr. frv. eru óbreytt frá 3. og 4. mgr. 13. gr. gildandi laga. Með núgildandi lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var lögð ríkari ábyrgð á herðar stjórnvalda varðandi jafnrétti kynjanna. Í þessu sambandi má benda á 2. tölul. 15. gr. laganna en þar er gert ráð fyrir því að Jafnréttisráð skuli móta framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Í framkvæmdaáætluninni skal kveða á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.

Í 22. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um það að félmrh. skuli leggja fyrir ríkisstjórn fjögurra ára framkvæmdaáætlun um aðgerðir á sviði jafnréttismála og skuli við gerð hennar höfð hliðsjón af hliðstæðri áætlun Jafnréttisráðs. Þessa áætlun skal leggja fyrir Alþingi. Árið 1986 var áætlunin lögð fyrir í formi skýrslu ráðherra. Í því fólst að Alþingi hafði ekki tækifæri til að koma að breytingum. Þessu hefur verið breytt í því frv. sem hér er lagt fram.

Í 17. gr. frv. er kveðið á um það að félmrh. leggi fyrir Alþingi áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn í formi þáltill. Áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 16. gr. 2. tölul., og áætlanir einstakra ráðuneyta og stofnana í jafnréttismálum verði felldar inn í þessa heildaráætlun. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Benda má á að það er nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti og stofnanir semji áætlanir í jafnréttismálum. Með þessum hætti er Alþingi gefinn kostur á að taka virkan þátt í að móta stefnuna í jafnréttismálum.

Ég vil vekja sérstaklega athygli á einu atriði til viðbótar í sambandi við 17. gr. frv. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra setji sér sérstök markmið í jafnréttismálum sem unnið skal að eftir fjögurra ára framkvæmdaáætlunum. Þótt þetta sé eitt af nýmælum frv. er rétt að geta þess að ríkisstjórnin samþykkti árið 1988 að öll ráðuneyti og undirstofnanir settu sér

sérstakar áætlanir um það á hvern hátt staða kynjanna innan ráðuneyta og stofnana verði jöfnuð innan tiltekins tíma, bæði að því er varðar launakjör og stöðuveitingar. Við það var miðað að áætlanirnar giltu frá 1. jan. 1989 til 31. des. 1992. Í áætlununum átti að koma fram núverandi staða jafnréttismála innan ráðuneytis eða stofnunar og í öðru lagi að ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir setji sér markmið í jafnréttismálum sem stefnt verði að innan tiltekins tíma, t.d. að því er varðar stöðuveitingar, launamál, starfsauglýsingar, námskeið og tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð. Um áramótin 1988/1989 höfðu félmrn. borist rúmlega 40 framkvæmdaáætlanir eða jafnréttisáætlanir sem nú er unnið eftir. Það er áformað að meta stöðuna og árangurinn reglulega á tveggja ára fresti og mun það næst verða gert um næstu áramót.

Skv. 17. gr. er enn fremur gert ráð fyrir að skilmerkileg tengsl verði tryggð milli áætlana í jafnréttismálum og fjárlagagerðar hverju sinni. Í athugasemdum við frv. er lögð áhersla á það að við fjárlagagerð hvers árs verði tekið mið af áætlunum í jafnréttismálum. Þannig fái fjmrn. við undirbúning fjárlagafrv. sundurliðaðar tillögur ráðuneyta um fjárveitingar til þessa málaflokks. Í greinargerð með fjárlagafrv. verði síðan birt yfirlit yfir fyrirhugaðar fjárveitingar og aðgerðir í jafnréttismálum.

Ég hef áður fjallað í ræðu minni um ákvæði 19. gr. sem er heimild til ráðningar jafnréttisráðgjafa sem ég tel mjög mikilvægt ákvæði og mun því ekki fara frekar inn á það hér í mínu máli. Þeirra verkefni er að starfa í náinni samvinnu við Jafnréttisráð að því að bæta sérstaklega stöðu kvenna. Það er ekki tekið fram í greininni hver fjöldi þeirra skuli vera en talið er eðlilegt að stefnt verði að því að þeir starfi í hverju kjördæmi.

Mikilvægt nýmæli er að finna í 20. gr. sem fjallar um kærunefnd jafnréttismála. Hér er gerð tillaga um að félmrh. skipi þriggja manna nefnd, kærunefnd jafnréttismála. Formaður nefndarinnar verði tilnefndur af Hæstarétti og löglærður. Einn nefndarmaður sé tilnefndur af Kvenréttindafélagi Íslands og einn án tilnefningar. Varði kæruefnið vinnumarkað er lagt til að fulltrúi viðkomandi heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins taki sæti í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að hafa almennt eftirlit ásamt Jafnréttisráði með því að ákvæðum laganna sé framfylgt og að taka við ábendingum um brot á lögunum. Gerð er tillaga um að lögfest sé upplýsingaskylda atvinnurekenda, opinberra stofnana og félagasamtaka við kærunefnd jafnréttismála. Vegna mikillar fjölgunar kærumála fyrir Jafnréttisráði þykir rétt að leggja til að sérstök nefnd hafi þetta hlutverk. Jafnréttisráð mun áfram gegna því hlutverki sínu að vinna að jafnrétti kvenna og karla, sbr. nánar 16. gr. frv. Það er gert ráð fyrir því að kærunefnd hafi starfsaðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs.

Í VI. kafla um viðurlög og réttarfar eru ýmsar nýjungar. Benda má á ákvæði í 23. gr. sem eru hliðstæð 18. gr. laga nr. 65/1985, en þó hefur verið gerð sú mikilvæga breyting að heimilt er að dæma menn til að greiða miskabætur með eða án bóta fyrir fjártjón. Ákvæði þetta er sérákvæði sem víkur til hliðar ákvæðum um miskabætur í 264. gr. núgildandi hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt beiðninni getur sá sem misgert er við auk bóta fyrir fjártjón átt rétt á bótum fyrir miska.

Virðulegi forseti. Ég hef í ræðu minni gert grein fyrir nokkrum nýmælum í frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ég legg áherslu á að í frv. er með ákveðnari hætti en áður leitast við að skapa grundvöll fyrir því að draga úr launamisrétti kynjanna sem viðgengst í þjóðfélagi okkar. Réttarfarsúrræði eru gerð skýrari. Skipan málefna í stjórnkerfinu sem snerta jafnrétti kvenna og karla eru ákveðnari og ábyrgð og verkaskipting stjórnvalda gleggri. Ég tel mikilvægt fyrir framvindu jafnréttismála að frv. fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi og vænti að svo geti orðið, enda hafa bæði stjórn og stjórnarandstaða komið að þeirri vinnu sem í þessu frv. felst.

Ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. enda hef ég komið nálægt því á fyrri stigum. Eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. og kemur fram í athugasemdum við lagafrv. tók ég sæti í nefndinni sem vann að endurskoðun laganna í nóvember árið 1988 eftir að nefnd hafði starfað frá því í maí sama ár. Það sem hér kemur fram er því að mestu leyti afurð þeirrar nefndar. Örlitlar breytingar hafa orðið frá því að ég skildi við frv. en ég tel þær óverulegar. Ég vona eins og hæstv. ráðherra að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég vildi aðeins gera að umtalsefni nokkur atriði. Í 4. gr. frv. er talað um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði, en það sem vekur athygli er að það er búið að vera lengi í lögum að konur og karlar skuli njóta sömu launa fyrir sambærileg störf en þó hefur lítið gerst. Ég vil benda á að í athugasemd við þessa grein á bls. 7 er sagt orðrétt, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að í reglugerð verði skýrt nánar hvað felist í orðunum „jafnverðmæt og sambærileg störf". Einn mikilvægasti þátturinn í slíkri skilgreiningu þarf að vera að uppeldis-, umönnunar- og önnur hefðbundin kvennastörf verði metin til jafns við hefðbundin karlastörf." Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði vegna þess að það er einmitt þar sem pottur er brotinn. Það hefur ekki borið neitt verulega á því að konur og karlar fái mjög mismunandi laun fyrir nákvæmlega sömu vinnuna, en mesti munurinn sem fram kemur er að hefðbundin kvennastörf hafi verið metin til lægri launa en hefðbundin karlastörf. Þess vegna er mjög mikilvægt hvernig framkvæmdin

verður og hvernig hægt er að breyta þessum áherslum sem verið hafa hingað til. Sérstaklega á ríkið að ganga á undan með góðu fordæmi að því er þetta varðar og munu þá aðilar vinnumarkaðarins væntanlega fara eftir þeim áherslubreytingum sem ríkið getur gert á grundvelli þessara laga. En auðvitað eigum við að útvíkka þetta enn frekar, ekki eingöngu gera það hjá ríkinu, en þar getum við þó alla vega byrjað og ætti ekki að þurfa að verða nein bið á því.

Í 5. gr. frv. er talað um að atvinnurekandi skuli sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ég vil taka það fram að ég tel alls ekkert óeðlilegt að konur vinni ákveðin störf og karlar önnur. En það sem er óeðlilegt er að laun séu mismunandi eftir því hvort um hefðbundin karlastörf eða hefðbundin kvennastörf er að ræða. Ég túlka þess vegna ekki þessa grein þannig að það þýði að allir þurfi að vinna í öllum störfum heldur að störfin flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf og þar með í mismunandi launaflokka eftir því. Hins vegar verður að sjálfsögðu að gefa öllum kost á því að vinna öll störf, hvort sem þau eru hefðbundin karlastörf eða hefðbundin kvennastörf, allir verða að hafa frjálst val. Fólk verður að fá að velja hvers konar störf það vill stunda og því sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis í að taka að sér ákveðin störf. Ég veit að margir vilja túlka þetta þannig að stefnt skuli að því að eyða hinum kynskipta vinnumarkaði. Ég er ekki sammála því og langar til að láta það koma hér fram.

Mig langar aðeins að gera að umtalsefni 15. gr. frv. þar sem talað er um Jafnréttisráð. Um skipan Jafnréttisráðs voru miklar umræður í nefndinni. Við höfðum sjálfsagt öll á því skoðanir sem ekki voru allar á sama veg. Ég hafði ákveðna skoðun og hinir höfðu hver sína en við komumst síðan að þessari sameiginlegu niðurstöðu sem þarna er þó að við hefðum kannski hugsað okkur einhverja aðra skipan. Það er alltaf hægt að deila um hvort þessi eigi að eiga fulltrúa eða hinn. En þetta varð okkar niðurstaða og varð samstaða í nefndinni um að leggja þetta fram eins og þarna er eftir miklar vangaveltur og vendingar til og frá hvernig þessu mundi best verða fyrir komið. Eins og hæstv. félmrh. nefndi varð það niðurstaða okkar að kljúfa Jafnréttisráð í kærunefnd og Jafnréttisráð. Ástæðan fyrir því var fyrst og fremst sú að mjög mikill tími Jafnréttisráðs hefur farið í kærur þannig að tími þess hefur ekki sem skyldi getað nýst í önnur mál sem skipta mjög miklu máli ekkert síður en kærurnar sem til þess koma. Þar af leiðandi var talið eðlilegt að breyta skipan Jafnréttisráðs frá því sem nú er.

Þær greinar sem ég tek eftir að búið er að hnika til eru 17. og 18. gr. Þar er ekki alveg eins fast að orði kveðið um það hversu mjög fjárlagagerðin skuli taka mið af áætlun í jafnréttismálum. Ég tel það mjög mikilvægt að við fjárlagagerð sé tekin afstaða til þess hversu mikið fé fer í þennan málaflokk en ekki reynt að halda fram að svo og svo mikið eigi að gera í jafnréttismálum og svo er lítið sem ekkert gert. Ég sé að það er kveðið á um það í athugasemdunum og vona að fast verði eftir því gengið að hvert ráðuneyti geri grein fyrir því hvaða fjárveitingar verði til þessara mála. Í 17. gr. og athugasemdum með henni er kveðið á um þetta atriði og ég vona að hæstv. félmrh. gangi þar fast eftir og treysti ég henni til þess að láta þá nú ekki sleppa við það þó að þetta sé aðeins veikara þarna en við höfðum kosið.

Og einnig varðandi jafnréttisráðgjafa. Við höfum gert ráð fyrir að jafnréttisráðgjafar „skyldu" ráðnir en þarna er talað um heimild. Mér finnst það heldur veikara orðað en ætla samt ekki að gera frekari athugasemd við það en bendi bara á það atriði. Við teljum mjög mikilvægt að gera átak í þessum málum og við ræddum það í nefndinni að e.t.v. væri rétt að ganga enn lengra og stofna embætti umboðsmanns jafnréttismála svipað og er í Noregi. Við höfum m.a. fyrirmynd þaðan. En við ákváðum að sættast á þessa niðurstöðu sem hér er og vonum svo að síðar meir verði tekið á því frekar þannig að í ráðuneytinu væri starfandi umboðsmaður jafnréttismála sem tæki sérstaklega á þessum málum og starfaði þá í tengslum við kærunefnd og að sjálfsögðu Jafnréttisráð líka. Þetta þarf að athuga nánar síðar.

Síðan er ákvæði sem ég tel að skipti líka mjög miklu máli og það er í 22. gr. þar sem talað er um skaðabótaskyldur. Komið hefur í ljós að það þarf að herða mjög viðurlög við brotum á jafnréttislögum þar sem það virðist nánast vera talið í lagi að brjóta lögin vegna þess að ekkert er hægt að gera í málinu. Þess vegna þarf að herða viðurlögin.

Þó að lög eins og jafnréttislög séu ágæt út af fyrir sig eru þau ein og sér að sjálfsögðu engin trygging fyrir auknu jafnrétti. Það hafa konur reynt. Árið 1976 voru sett lög, ný jafnréttislög þar sem m.a. var kveðið á um að ekki mætti mismuna fólki í launum eftir kynferði. En þrátt fyrir það ákvæði í lögum öll þessi ár fá konur aðeins um 60% af launum karla ef borin eru saman laun þeirra sem eru í fullu starfi svo að enn þá er mjög langt í land. Þess vegna þarf raunverulegar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna auk þess að laun þeirra þurfa að hækka til jafns við karla. Heimilisstörf eru ekki metin til starfsreynslu úti á vinnumarkaðinum eins og þyrfti að vera. Það er að einhverju leyti gert í sumum tilvikum en ekki nærri, nærri nægjanlega. Það er ljóst að umönnun hvílir fyrst og fremst á herðum kvenna og þess vegna þarf að taka tillit til þess, bæði með lengingu skóladags og eins aukningu á dagvistarrými og hafa legið fyrir frumvörp hér á þinginu að því er þetta varðar. En auðvitað þarf peninga til þess að þetta geti orðið að veruleika en þeim peningum er vel varið.

Við höfum náð stórum áfanga nú í lengingu fæðingarorlofs og er það orðið sex mánuðir, en við þurfum að vinna að þessu máli áfram og vinna að enn frekari lengingu auk þess sem það er mjög mikilvægt að gefa foreldrum kost á að taka sér launalaust leyfi vegna umönnunar barna í ákveðinn tíma og að þau geti síðan horfið aftur til sinna fyrri starfa með fullum réttindum. Þetta eru aðeins fá dæmi um aðgerðir sem

við þurfum að grípa til til að auka rétt kvenna til fullrar þátttöku í þjóðfélaginu.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég vona að ekki sé ágreiningur um frv. og það geti orðið að lögum á þessu þingi þó stuttur tími sé til stefnu. Það er búið að fá mikla umfjöllun í þjóðfélaginu. Það var lagt hér fram á síðasta þingi og síðan var farið aftur yfir umsagnir eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra svo að ég held að okkur ætti ekkert að vera að vanbúnaði að vinna fljótt og vel í þessu máli.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að gera þegar við 1. umr. nokkrar athugasemdir við frv. sem nú er hér til umfjöllunar. Þessar athugasemdir verða ekki tæmandi og ég áskil mér að sjálfsögðu allan rétt til þess að gera fleiri athugasemdir í nefndarstarfinu, en mig langar að koma hér að nokkrum atriðum sem ég hef þegar staldrað við og tel rétt að ræða aðeins nánar og vænti þess að ráðherra blandi sér í þær umræður að nýju og svari athugasemdum mínum og fyrirspurnum.

Ég er ekki frá því að ein meginbreytingin í frv. sé á atriðum er varða meðferð kærumála og viðurlög sem því tengjast. Ég geri ekki athugasemdir við þessi ákvæði um fyrirhugaða kærunefnd jafnréttismála eða um það að unnt verði að dæma bæði skaðabætur og miskabætur sé brotinn á fólki réttur samkvæmt þessum fyrirhuguðu lögum. En það er auðvitað grundvallaratriði þegar slík ákvæði eru sett í lög að það sé skýrt og það sé nákvæmt í lögunum hvað megi og hvað megi ekki og þar af leiðandi hvað sé brot á lögunum og hvað ekki. En mér sýnist að á stöku stað í frv. sé verið að setja inn ákvæði — hugsanlega eru það ekki allt ný ákvæði, hugsanlega hafa þau verið í gildandi lögum — sem erfitt er að framfylgja og sem erfitt er að kveða upp úr um hvenær séu brotin eða ekki. Og mætti ég til að mynda vekja athygli á 12. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar."

Þarna er nú í fyrsta lagi verið að skylda félagasamtök til að taka upp reglur, sem mér finnst ekki eðlilegt í sjálfu sér, þó svo ríkið setti sjálfu sér eða sveitarfélögum þessar reglur. Það er mjög auðvelt að hugsa sér alls kyns samtök og aðila þar sem slíkum reglum yrði ekki auðveldlega við komið. Nægir að nefna íþróttafélög og fleiri aðila þar sem réttast er auðvitað að hver félagasamtök hafi sínar eigin reglur. En það er ekki nóg með það því að jafnvel þó að ríkið teldi ástæðu til að setja sjálfu sér og sveitarfélögunum þessar reglur liggja náttúrlega í augum uppi nú þegar — án þess að ég hafi gert neina sérstaka athugun á því — ótal dæmi um nefndir, ráð eða stjórnir þar sem erfitt er eða næstum því óframkvæmanlegt að framfylgja svona ákvæði. Og byrjum bara hér á hv. Alþingi. Er það krafa samkvæmt þessari grein að í öllum nefndum Alþingis sitji jafnmargar konur og karlar eða því sem næst? (**Félmrh.:** Þar sem því verður við komið.) Þar sem því verður við komið, já. Verður það krafa samkvæmt þessari grein að t.d. í dómnefndum í Háskóla Íslands, þar sem oft og tíðum er verið að fjalla um mjög sérfræðileg viðfangsefni þar sem eru kannski mjög fáir sérfræðingar á viðkomandi sviði og þeir kannski annaðhvort allir konur eða allir karlar, verður þá krafan sú að þar sitji jafnmargir af hvoru kyni? Í slíkum tilvikum er augljóst að ekki er hægt að framfylgja þessu ákvæði. Þess vegna er auðvitað settur inn þessi asnalegi hortittur, með leyfi forseta — ég bið ráðherra að afsaka orðalagið — „þar sem því verður við komið". En hver á að meta það? Hver á að meta slíkt undanþágu- og undankomuákvæði? Og spurningin er auðvitað alltaf þessi: Hvaða vit er í því að festa í lög ákvæði sem þessi sem eru auðvitað í eðli sínu markmiðsákvæði, jafnvel þó svo ekki sé ágreiningur um þau markmið.

Ég er ósammála því í grundvallaratriðum að binda mikið af slíkum ákvæðum í lög. Ég er ekkert ósammála þessu markmiði, fjarri því, en ég tel ekki að það sé skynsamlegt að gera það og það er auðvitað hægt að nefna hér margs kyns dæmi þar sem óframkvæmanlegt er að fara eftir slíku ákvæði og þar sem undanþáguklásúlan, „þar sem því verður við komið", verður að sjálfsögðu til þess að allt mat á því hvað er refsivert og fyrir hvað megi dæma skaðabætur og miskabætur verður meira og minna handahófskennt. Þess vegna tek ég þetta sem dæmi um grein sem ekki er nægilega skýr og sem kann að valda ágreiningi að ástæðulausu um það hvernig túlka beri refsiákvæði og kæruatriði í þessum málum.

Ég geri jafnframt, virðulegi forseti, athugasemd við 8. gr. frv. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Við ráðningu í starf skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Gildir þetta jafnt um stöðuveitingar hjá hinu opinbera sem og á almennum vinnumarkaði."

Ég get ekki að því gert, virðulegi forseti, að mér finnst þessi grein í sjálfu sér óeðlileg þó að aftur sé ég ekki ósammála markmiðinu með henni. Ég held að það hljóti að vera þannig að hæfasti umsækjandinn eigi að fá starf en ekki bara einhver umsækjandi sem uppfyllir tilskildar kröfur vegna þess að hann er af því kyni sem er í minni hluta í starfsgreininni. Það verður að gera greinarmun á tvennu í þessu efni. Það verður að gera greinarmun á því hverjir uppfylla tilskildar kröfur og svo hins vegar því hver er hæfastur þeirra sem uppfylla tilskildar kröfur. Ég lýsi andstöðu minni við þetta ákvæði þó að ég sé hins vegar ekki ósammála því markmiði sem að baki liggur, sem sé því að konum jafnt sem körlum sé gert kleift að vinna sem flest störf í þjóðfélaginu og að konum sé fjölgað í svokölluðum hefðbundnum karlastörfum og öfugt.

Síðan vil ég gera athugasemd, herra forseti, við 15. gr. frv. sem að mínum dómi inniheldur fráleitt ákvæði þess efnis að allir þingflokkar tilnefni jafnmarga fulltrúa í Jafnréttisráð. Það er að vísu svo að greinin er ekki fullkomlega skýr að því er þetta atriði

varðar, en hún verður eigi að síður ekki lesin á annan veg en þann að þingflokkarnir allir tilnefni jafnt í Jafnréttisráð, óháð þingstyrk. Þetta þýðir það að þingflokkur með tvo þingmenn tilnefnir jafnmarga fulltrúa í Jafnréttisráð og sá þingflokkur, ef hann væri til hér á Alþingi, sem hefði 38 þingmenn eða þingflokkur með 20 þingmenn eða hvaðeina. Þetta er auðvitað gömul spurning sem menn þekkja, en þetta er að mínum dómi algjörlega óeðlilegt og kemur ekki til greina að samþykkja.

Ég fæ ekki betur séð en að það leiði síðan af þessu að Jafnréttisráð er ekki skipað tilteknum fjölda nefndarmanna heldur breytilegum fjölda. Mér sýnist að það séu sex samkvæmt tilnefningum tiltekinna aðila og aðrir samkvæmt tilnefningu allra þingflokka á Alþingi. Og ef það eru sex þingflokkar á Alþingi, eins og var hér eftir síðustu alþingiskosningar, þá væru 12 fulltrúar í þessu Jafnréttisráði. Nú hefur hins vegar atvikast svo að þingflokkarnir eru ekki lengur sex hér á Alþingi heldur sjö plús þingflokkksígildið, Samtök um jafnrétti og félagshyggju, þannig að þá hefði samkvæmt þessu ákvæði átt að fjölga í Jafnréttisráði við það eitt að Borgaraflokkurinn klofnaði í tvo þingflokka á síðasta þingi. Ég sé ekki annað en að þessi grein þýði það og þar með hefði fjölgað úr 12 í 13. Mér berst að vísu sú ábending úr sal að þetta eigi að gera eftir hverjar þingkosningar. En andi þessa frv. er sá að tryggja öllum þingflokkum jafnan rétt. Má vera að það sé jafnréttishugsjón í sjálfu sér þó að hún sé nú á misskilningi byggð. En hvers vegna skyldi þá gengið á rétt Frjálslynda hægriflokksins hér á Alþingi eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta er auðvitað allt ein endaleysa að hafa þetta svona og er sérstaklega óeðlilegt að nefndir eða ráð sem tilnefnt er í með atbeina Alþingis eða þingflokka sé ekki ákveðin föst stærð heldur breytileg. Það er þó í sjálfu sér kannski minni háttar atriði en það er þetta með tilnefningu þingflokka í ráðið sem ég vil leyfa mér að gera mjög alvarlega athugasemd við.

Ég hef þegar nefnt hina nýju fyrirhuguðu kærunefnd jafnréttismála sem mér líst nokkuð vel á og það sem undir þá nefnd heyrir í frv. Hins vegar vaknar auðvitað sú spurning í sambandi við kærumeðferð og viðurlög hvernig beita eigi viðurlögum gagnvart ráðherra sem staðinn er að því að brjóta þessi lög. Við höfum ýmis nýleg dæmi um það að Jafnréttisráð hefur úrskurðað svo að ráðherra hafi brotið jafnréttislögin. Og það er engin ástæða til að halda annað en að úrskurður hefði fallið á sama veg í kærunefnd jafnréttismála hefði hún verið fyrir hendi á þeim tíma. Spurningin er þessi: Hvað gerist ef ráðherra brýtur hin nýju lög? Má þá sækja hann til embættismissis samkvæmt þeim úrræðum sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir eða á að fara með hann fyrir venjulega dómstóla og stefna fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að greiða bæði skaðabætur og miskabætur? Hvaða úrræði verða fyrir hendi fyrir ráðherra þessa málaflokks, sem nú er hæstv. félmrh. og verður áfram samkvæmt frv., til þess að tryggja það að samráðherrar hans sæti ábyrgð ef upp koma slík mál, eða réttara sagt, hvaða úrræði verða fyrir hendi fyrir ráðherra þessa málaflokks til að þurfa ekki að sitja í ríkisstjórn framvegis með aðilum sem brjóta lögin með ósvífnum hætti í krafti síns ráðherravalds? Þetta vildi ég leyfa mér að spyrja um í tilefni af þessum nýja kafla, þessum VI. kafla frv. um viðurlög og réttarfar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa fleiri orð um frv. Það hefur að vísu fengið nokkra umfjöllun frá því á síðasta þingi og eitthvað af athugasemdum og umsögnum hefur borist, en ég tel sýnt að það þurfi að fara mun betur í þessi ákvæði, a.m.k. þessi sem ég var að nefna, áður en frv. verður tilbúið til afgreiðslu hér í hv. deild. Það er a.m.k. mín skoðun. Það má vera að unnt verði að gera þær breytingar á frv. að það geti gengið hratt og greiðlega fyrir sig en það byggist þá á því að komið verði til móts við þau sjónarmið sem ég var hér að lýsa.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Frv. sem hér er til umræðu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla varðar mjög þýðingarmikinn málaflokk í okkar samfélagi. Það liggur hér fyrir öðru sinni með nokkrum breytingum frá því að málið var lagt fram af hæstv. félmrh. til kynningar á síðasta þingi. Ég átti sæti í þeirri stjórnskipuðu nefnd sem undirbjó þetta mál og nefni að það var mjög ánægjulegt að starfa að þessu máli með þeim hópi sem þar var tilkvaddur en það voru einstaklingar tengdir stjórnmálaflokkum sem hæstv. félmrh. tilnefndi í þessa nefnd.

Einnig hefur það gerst eins og fram hefur komið að málið hefur verið sent til umsagnar frá því það kom hér fyrir þingið síðast og sama nefnd leit yfir umsagnir og leitaðist við að samræma sjónarmið og taka tillit til nokkurra ábendinga sem réttmætt þótti að athuguðu máli að gera tillögu um að kæmu inn í lögin. Þá hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv., í tveimur atriðum, hygg ég, vegna kröfu frá þingflokkum stjórnarflokkanna og eru þær út af fyrir sig ekki til bóta, að mínu mati, þó að önnur þeirra breyti kannski aðeins formi en önnur skipti nokkru varðandi innihald.

Með þessu frv. til nýrra jafnréttislaga er verið að styrkja verulega lagagrunninn frá því sem verið hefur til þessa og meðferð þessara mála í stjórnkerfinu. Það tel ég vera mjög þýðingarmikið þó að hitt sé jafnljóst að jafnrétti kynja verður ekki náð með lagabókstaf einum, þar þarf margt fleira til að koma. En það eru þó lögin sem mótuð eru hér á hv. Alþingi sem eru okkar tæki, kjörinna fulltrúa, til þess að hafa áhrif á þróun þessara mála og því er að sjálfsögðu skylt að leita þar sem bestra leiða til að styrkja þau markmið að ná í reynd fram jafnrétti eða jafnstöðu kynjanna. Þar greinir menn á, vitum við, út frá pólitísku sjónarhorni en þó er það nú svo að stjórnmálaflokkar taka í auknum mæli undir það markmið að jöfn staða kynjanna í samfélaginu sé eðlileg, en það skortir hins vegar gjarnan talsvert á þegar til kastanna kemur að veita þar stuðning og þarf ekki lengra að fara en þegar kemur til fjárveitinga til þessa málaflokks úr

opinberum sjóði að þar verður oft ansi langt bilið á milli orða og athafna. Það tel ég að hafi raunar komið fram nú að undanförnu við meðferð þessa máls í þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna þar sem sérstaklega var spurt eftir og horft til þess að framkvæmd þessara laga kynni að kosta nokkrar millj. kr., jafnvel milljónatugi, og greinilegt að það eru allmargir hér á Alþingi sem sjá eftir þeim aurum til þess að styrkja réttlætið í þessu landi að því er varðar það misrétti sem konum er búið vegna ótal þátta í okkar samfélagi.

Ég ætla hér, virðulegur forseti, á örfáum mínútum að nefna nokkur atriði sem snúa að frv., en hæstv. ráðherra hefur rakið skilmerkilega efni þess og meginbreytingar frá gildandi lögum og ætla ég ekki að endurtaka það. Ég vil nefna, kannski fyrst af öllu, eitt atriði sem ég sakna úr þessari löggjöf og ég tel að hefði orðið til bóta ef upp hefði verið tekið, atriði sem ég flutti inn á vettvang nefndarinnar en fékk ekki þar þær undirtektir sem skyldi, en það varðar þátt sem nefndur er á bls. 7 í athugasemdum um umboðsmann jafnréttismála. Ég hefði talið eðlilegt að lögfest yrði að stofna til starfs umboðsmanns jafnréttismála með hliðstæðum hætti og gert hefur verið á öðrum Norðurlöndum þannig að við slægjumst þar í hóp með nágrönnum okkar og yrðum þátttakendur í því kerfi til að styrkja meðferð jafnréttismála með því að stofna til starfs umboðsmanns. Um þetta segir í athugasemdunum að hugmyndir um þetta hafi komið fram í nefndinni: „Nefndin tók almennt jákvætt í hugmyndina um sérstakan umboðsmann jafnréttismála, svo sem er í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og taldi frekari samræmingu á lagareglum þessara landa styrkja stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum. Sumir nefndarmanna töldu þó ekki að svo stöddu tímabært að leggja til skipun sérstaks umboðsmanns jafnréttismála og gerði nefndin því ekki tillögu þar um.“ Ég gerði ekki sérstakan ágreining um þetta þar sem ekki tókst um þetta full samstaða í nefndinni en ég vænti þess að þetta atriði verði haft í huga við skoðun málsins hér í þinginu en alveg sérstaklega þegar til endurskoðunar þessara mála kemur í ljósi fenginnar reynslu.

Ég tel það einnig miður að að kröfu stuðningsflokka ríkisstjórnar einhverra skuli hafa verið veikt það ákvæði sem varðar ráðningu jafnréttisráðgjafa og kemur fram í 18. gr. frv. Í fyrra frv. var gert ráð fyrir, sett ótvírætt fram, að félmrn. skuli ráða slíka ráðgjafa til starfa, en hér hefur þetta ákvæði verið veikt með heimild til þess og það er auðvitað lakari staða en var í fyrri tillögu. Ég hygg að hér hafi nánasarsjónarmiðið varðandi fjárhæðir í þessu skyni ráðið ferðinni og þykir mér það verulega miður. Ég tel alveg brýnt að þetta mál verði tekið upp þegar við meðferð komandi fjárlaga til þess að fyrr en seinna takist að fá reynslu af starfi jafnréttisráðgjafa. Ég leyni því ekki að mér er í huga þörfin á að tengja starf þeirra við verkefni, svipuð þeim sem hafa verið í gangi á vegum samnorræns verkefnis, Brjótum múrana, sem haft hefur aðsetur á Akureyri og tengst hefur um öll Norðurlönd og verið til verulegs gagns að mínu mati, og þyrfti að gæta þess að láta það merki ekki falla og þau störf sem þar hafa verið unnin. Ég lít svo til að jafnréttisráðgjafar geti orðið til þess m.a. að taka á málum með svipuðum hætti og þar var gert. (**Forseti:** Ég vil beina því til ræðumanns hvort hann gæti lokið ræðu sinni hér á mjög stuttum tíma eða hvort hann óskar eftir að gera hlé á ræðu sinni þar sem fundartíma er lokið.) Já, virðulegur forseti. Ég hef mælt hér í 5–6 mínútur og hefði kosið kannski að taka viðlíka tíma í viðbót í sambandi við málið þannig að ég fellst á það og þakka fyrir að umræðunni verði frestað og ég fái tækifæri í framhaldi hennar að ræða málið frekar.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

65. fundur, fimmtudaginn 22. mars, kl. 10 árdegis.

Lendingar- og þjónustugjöld á Keflavíkurflugvelli, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 360. mál. – Þskj. 617.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. utanrrh. um lendingar- og þjónustugjöld á Keflavíkurflugvelli:

„1. Mun ráðherrann beita sér fyrir endurskoðun á gjaldskrá um lendingar- og þjónustugjöld á Keflavíkurflugvelli og samræmingu þeirra við gjaldskrár samkeppnisflugvalla?

2. Er þess að vænta að afgreiðsla á Keflavíkurflugvelli verði færð í hendur hlutlausra aðila sem stuðli að auknum umsvifum á vellinum?“

Hæstv. utanrrh. hefur stundum haft um það stór orð að fjórtán fjölskyldur ráði á Íslandi og spurningin er hvort hann sé kominn í hóp þeirrar fimmtándu sem vilji styðja valdapíramídann. Það blasir nefnilega við að hér er búið að dreifa upplýsingum sem miða við 25 tonna hleðslu í ferð, en það sem um er að ræða er fyrst og fremst það hvort menn eigi val á því að fá lendingargjöld í samræmi við umsvif. Ef flugvél lendir hér til að taka 10 tonn, eins og hægt er að fá flugvélar til að gera, er þá hægt að fá lendingargjöld í samræmi við umsvif? Þá verður náttúrlega að miða við þá flugvelli sem eru mjög stórir í þessum fraktflutningum eins og Ostende t.d. og fleiri.

Ég er þeirrar skoðunar að miðað við hvernig Íslendingar hafa þurft að bera kostnað af vellinum í Keflavík þá sé það náttúrlega sú alvitlausasta stjórn sem hugsast getur sem ekki stuðlar að því að stórauka þar umsvif.

Og annað: Nú getur vel verið að hægt sé að reikna

það út að það sé nokkuð flott á pappírunum að láta aðalrekstraraðila á Íslandi þjóna þeim sem er í samkeppni við hann. Ég á nú samt ekki von á því að hæstv. utanrrh. semji við Sjálfstfl. um skrifstofuaðstöðu í Valhöll og að þeir sjái um afgreiðslu fyrir Alþfl. í Reykjavík. Auðvitað er bæði mannskapur og húsakynni til í Valhöll til að leysa þetta mál. Og vafalaust væri hægt að komast af með spottpris því þeir sæju fram á að hægt væri að fá svona sæmilega möguleika til að setja fótinn einstaka sinnum fyrir hæstv. ráðherra, þó það væri ekki nema í kringum kosningar, og hafa þjónustuna góða flesta daga ársins þar fyrir utan.

Ég vænti þess að hann átti sig á þessum fáránleika og láti nú ekki deigan síga fyrr en hann hefur komið á eðlilegri stöðu í þessum málum á Keflavíkurflugvelli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. spyr fyrst hvort ég muni beita mér fyrir endurskoðun á gjaldskrá um lendingar- og þjónustugjöld á Keflavíkurflugvelli og samræmingu þeirra við gjaldskrár samkeppnisflugvalla.

Sem svar við þessu vil ég taka fram að ákvörðun á lendingargjöldum, sem eru ákveðin af utanrrn., er miðuð annars vegar við sambærileg gjöld á Shannonflugvelli í Írlandi og Prestwick á Skotlandi, en þessir tveir flugvellir keppa við Keflavíkurflugvöll um lendingar vegna eldsneytistöku á leiðinni yfir Norður-Atlantshaf. Hins vegar er höfð til hliðsjónar sambærileg gjaldtaka á flugvöllum sem flogið er til á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu. Gjaldskrá vegna lendingargjalda er stöðugt í endurskoðun, t.d. í tengslum við gerð fjárlaga. Þess má geta að lendingargjöld á Keflavíkurfugvelli eru nú mun lægri en á áðurnefndum samkeppnisflugvöllum, samanber töflur og upplýsingar sem dreift hefur verið hér á borð hv. þm., og m.a. lægri en þau eru á Reykjavíkurflugvelli.

Hvað varðar þjónstugjöld þá er í gildi samningur við Flugleiðir hf. sem var gerður fyrir mína tíð, eins og þar stendur. Hann tók gildi 15. apríl 1987 og gildir til fimm ára. Ef spurt er hvort ég hafi í hyggju að segja þeim samningi upp þá hefur það verið skoðað en á því eru miklir meinbugir. Gjaldtakan er tvenns konar, annars vegar fast afgreiðslugjald fyrir millilendingu án umhleðslu. Afgreiðslugjald t.d. fyrir B-747 þotu sem millilendir á Keflavíkurflugvelli er 900 dollarar á móti 1480 á Shannon, svo dæmi sé tekið. Hins vegar er afgreiðslugjald í áætlunar- og leiguflugi, hleðsla og afhleðsla, háð sérstöku samkomulagi milli aðila. Áskilið er að taxtar séu gagnkvæmir þegar hægt er að koma því við. Dæmi um þetta er að SAS borgar sama afgreiðslugjald á Keflavíkurflugvelli og félagið tekur fyrir sambærilega þjónustu sem það veitir öðrum flugfélögum á flugvöllum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þegar ekki er hægt að koma gagnkvæmisreglum við er gjaldtaka miðuð við meðaltaxta á Norðurlöndum. Gjaldskrártaxtar Flugleiða hf. eru háðir samþykki utanrrn. og við það miðaðir að þjónustugjald standi undir kostnaði en flugafgreiðslan er opin allan sólarhringinn allt árið um kring.

Í hvert skipti sem farið er fram á endurskoðun gjaldskrár þjónustugjalda Flugleiða hefur Flugmálastjórn nýtt sér heimild í samningi til að fá aðgang að öllum bókhaldsgögnum Flugleiða hf. til að ganga úr skugga um réttmæti gjaldskrárbreytinga og var það síðast gert í júlí 1989.

Þá er spurt í öðru lagi: „Er þess að vænta að afgreiðsla á Keflavíkurflugvelli verði færð í hendur hlutlausra aðila sem stuðli að auknum umsvifum?"

Eins og fram hefur komið er þessi samningur um afgreiðslu á Keflavíkurflugvelli í gildi til 15. apríl 1992. Umferð er það lítil um Keflavíkurflugvöll að verkefni eru ekki til skipta, að mínu mati. Flugvöllurinn er opinn allan sólarhringinn, alla daga ársins. Umferðin einkennist af álagstoppum, á morgnana og síðdegis. Umferðarþungi er tiltölulega mikill um sumartímann en mun minni að vetrar- og vorlagi. Mannafli og tækjabúnaður nýtist því illa. Flugvöllurinn þarf að veita m.a. eftirtalda þjónustu:

Flugumsjón; upplýsingar til flugmanna, flugfjarskipti, flugáætlunargerð o.s.frv.

Flugvirkjadeild; þjónusta á flughlaði, flugvélaviðgerðir, flugvélaafgreiðsla, hleðsla eða afhleðsla á vörum og farangri, ræsting flugvéla o.s.frv.

Farþegaafgreiðsla; innritun, upplýsingar o.fl.

Til að sinna þessum verkefnum starfa 250–300 manns hjá afgreiðsluaðilanum. Hann hefur fjárfest í sérhæfðum afgreiðslubúnaði fyrir á annað hundrað milljónir króna. Það gefur auga leið að miðað við þann samning sem í gildi er við Flugleiðir hf. er ekki grundvöllur fyrir því að heimila öðrum aðila að taka að sér takmarkaða afgreiðslu og sinna aðeins tilfallandi verkefnum en láta fastakostnaðinn hvíla aðeins á einum aðila. Hins vegar mun verða fylgst nákvæmlega með gjaldskrá og við það miðað að þjónustugjöldunum sé haldið í lágmarki því það er auðvitað mikið hagsmunamál að stuðlað verði að því með öllum ráðum að umsvif á Keflavíkurflugvelli verði aukin. Við það er miðað að þegar kemur að lokum samningstímabils við Flugleiðir verði gerð ítarleg úttekt á þjónustuþáttum og öllu sem varðar flugumferð á Keflavíkurflugvelli.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, vísa ég til þeirra upplýsinga sem hér hafa verið lagðar á borð þingmanna, bæði að því er varðar samanburð á þessari gjaldtöku og magni þeirrar umferðar, þeirra flutninga sem þarna fara um.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Flugleiðir hafa ekki hikað við að rífa samninga þegar þeir hafa verið þeim óhagstæðir og gerðu það m.a. við Flugfax hf. Og þennan blessaða samning sem þarna er búið að gera á ekki að endurskoða, það á að rífa hann. Og að gjaldskrá standi undir kostnaði — ef þeir fæla alla frá sem vilja lenda þarna þá er náttúrlega ekkert skrýtið þó upplýsingarnar fáist ekki úr bókhaldi um eðlilegan kostnað. Það gefur auga leið. Afleiðingarnar eru þær að ekki eru þau umsvif sem duga. Og að tala um að hægt sé að fá eðlileg umsvif á völlinn með þessum vinnubrögðum, það er

gjörsamlega vonlaust. Hæstv. ráðherra verður því að hætta að tala aðeins við toppana, hann verður að tala við venjulegt fólk sem þarna hefur starfað og kynna sér hvílíkur furðusvipur hefur komið á flugáhafnir þegar þeim hafa verið réttir reikningar véla sem aðeins hafa ætlað að lenda á vellinum og fara svo aftur. Menn hafa vissulega borgað en jafnframt lýst því yfir að þarna mundu þeir aldrei lenda aftur.

Ég hygg að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að þó settir séu fram einhverjir taxtar sem miða við 25 tonn þá er það gjörsamlega óraunhæft. Aðalatriðið er að átta sig á því hvort hægt sé að hafa þessa taxta þannig að þeim mun minni þjónusta sem veitt er þeim mun minna gjald. Þannig væri hægt að örva þá sem fljúga hér yfir og eru með rými, t.d. til að taka svona 10 tonn, að hægt sé að fá þá til að lenda á vellinum og taka slíkan varning út.

Ég vil undirstrika það að ef þetta er ekki gert þá mun það skaða efnahagslega hagsmuni Íslands verulega. Og ég skora nú á hæstv. ráðherra að hafa opinn síma hjá sér og hlusta á þá sem hafa kynnst þessari þjónustu og vita hvað raunverulega er að gerast, en tala ekki aðeins við toppana sem koma með falleg línurit miðuð við 25 tonna þunga sem afgreiddur er.

Jóhann Einvarðsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fsp. Ég held að hér sé mál sem þyrfti að ræðast miklu ítarlegar en hægt er að gera í venjulegum fyrirspurnatíma. Staðreyndin er sú að ekkert er gert á Keflavíkurflugvelli, hvorki af hálfu Flugmálastjórnar né Flugleiða, til að fjölga lendingum á vellinum. Það er staðreynd. Ég gæti nefnt nokkur dæmi, ekki endilega um fraktvélar sem eru að koma hér að sækja 10–20 tonn en nýverið veit ég um tvö tilfelli þar sem stórar farþegaflugvélar hafa lent á Keflavíkurflugvelli með allt upp undir 300–400 farþega. Vegna kostnaðar hefur einungis verið stoppað úti á flugvelli og tekið eldsneyti, en ekki lagst upp að flugstöðinni til að fá farþegana til að koma inn og versla þar. Ástæða þess að það er ekki gert er kostnaður og þjónustugjöld sem Flugleiðir taka fyrir þá afgreiðslu sem þeir þurfa að inna af hendi.

Auðvitað þarf, miðað við þá aðstöðu sem við höfum skapað okkur á Keflavíkurflugvelli sem er mjög glæsileg, að gera allt sem hægt er til að fjölga viðskiptavinum. Núna, við þær breytingar sem eru að verða á flugumferð yfir Atlantshafið með aukinni umferð tveggja hreyfla flugvéla, er unnt að auka afköst flugstöðvarinnar mjög mikið. Þess vegna þakka ég fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og vænti þess að við fáum einhvern tímann betra tækifæri til að ræða þessi mál en hér í örstuttum fyrirspurnatíma.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er hverju orði sannara að hér er hreyft athyglisverðu máli, máli sem á að skoða vandlega og varðar það með hvaða hætti hægt er að auka umsvif og ábatasama starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Lengi vel voru uppi hugmyndir um fríiðnaðarsvæði, þ.e. iðnaðarsvæði til framleiðslu í tollvörugeymslu og einnig hugmyndir um umskipunarhöfn. Og menn hafa vissulega í huga þær breytingar á viðskiptaháttum í kringum okkur sem gætu þýtt að ríki utan EFTA–EB svæðisins, þegar þeir samningar taka gildi, hefðu ákveðinna hagsmuna að gæta í þessu efni. Þetta ber allt saman að skoða vandlega.

En menn mega samt sem áður ekki ganga svo langt í því máli að þeir neiti staðreyndum. Hér er búið að leggja á borðið samanburð um lendingargjöld og gjaldtöku fyrir afgreiðslu flugvéla (**Gripið fram í:** 25 tonna.) á þessum flugvöllum og öllum sambærilegum flugvöllum. Og menn sjá það fljótlega í hendi sér að Keflavíkurflugvöllur kemur nokkuð vel út úr þeim samanburði út af fyrir sig.

Í annan stað er á það að benda að í öllum þeim dæmum sem menn hafa tekið af hagstæðustu flugvöllum annars staðar er sama kerfið, að einn aðili annast afgreiðsluna, þjónustuna. Það styðst við ákveðin rök, það er erfitt að skipta því milli aðila.

Í þriðja lagi er hér talað eins og að Flugfax sé aðili sem ekki hafi verið talað við eða haft hafi verið horn í síðu hans. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef átt mjög góðar viðræður, ítarlegar viðræður og gott samstarf við þá aðila og hef tvisvar skorist í leikinn til að gæta hagsmuna þeirra. Í fyrsta lagi var það að því er varðar spurninguna um sérhæfða vörulyftu til að hægt væri að hlaða á efra þilfar á þotum. Við beittum okkur í því máli. Niðurstaðan var sú að Flugleiðir keyptu slíka vörulyftu fyrir 6 millj. kr. Hins vegar hefur sú breyting orðið á að því er varðar flutningamagn að það hefur aldrei á það reynt, þetta tæki hefur aldrei verið notað.

Hitt dæmið var krafan um aukinn sveigjanleika í gjaldtöku þar sem ég beitti mér fyrir því að Flugleiðir veittu afslátt frá þessum töxtum og hann er í boði. Þannig að ég mun vissulega halda áfram að skoða þetta mál vandlega og eiga góðar viðræður við Flugfaxmenn og fjarri sé mér að draga taum einhvers einokunaraðila í þessu máli.

Á hitt er að líta að ég er bundinn af þeim verkum forvera minna að gera samning til fimm ára og ég hef skoðað það vandlega. Það er ekki hlaupið að því, út frá hagsmunum íslenska ríkisins, að rifta þeim samningi.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti, það er örstutt athugasemd. Vegna þess sem komið hefur fram í máli hv. alþm. Jóhanns Einvarðssonar og hæstv. utanrrh. vil ég benda á að á dagskrá á síðdegisfundi, 8. liður, er fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill., þskj. 733, fyrri umræða. Flm. er 16. þm. Reykv. og þar mun gefast kostur á að ræða þessi mál því í grg. með till. er farið ítarlega út í þá möguleika sem Keflavíkurflugvöllur býður upp á. Keflavíkurflugvöllur er spennandi umræðuefni, tengist alltaf peningum í rauninni, og því er vissulega sjálfsagt að ræða þau mál sem varða flugvöllinn. Og tækifærið gefst núna síðdegis á fundinum í dag.

Vopnaburður íslenskra lögreglumanna í flugstöðinni, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 427. mál. — Þskj. 747.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Hver tók ákvörðun um vopnaburð íslenskra lögregluþjóna í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli árið 1986?

2. Hvaða reglur eru í gildi varðandi umgengnisvenjur vopnaðra lögregluþjóna í flugstöðinni? Hversu margir starfa í vopnadeildinni?

3. Hver er kostnaður af sérdeild vopnaðra lögreglumanna frá upphafi til síðustu áramóta?

4. Hver er ástæða þess að vopnaðir lögregluþjónar yfirtóku störf tollvarða við málm- og vopnaleitartæki í flugstöðinni í nóvember sl.?

5. Hversu oft hefur þurft að beita vopnum?"

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð.
En lifir sæl við ást og óð,
og auð sem friðsæld gaf.

Svo kvað skáldið. Ég hef aldrei verið sáttur við að sjá Íslendinga ganga undir vopnum í flugstöð okkar Íslendinga frá morgni til kvölds. Ég get hins vegar viðurkennt að nauðsynlegt er að eiga sveit manna sem kann og getur á neyðarstundu gripið til aðgerða, svo sem hin íslenska víkingasveit sem sérstaklega hefur verið þjálfuð upp til slíkra verka. Það er allra dómur að vopn kalli á aukna hörku. Ég kannast t.d. við þá speki að „mýktin sigrar hörkuna". Ég á varla von á því að ef til átaka kæmi yrðu menn, sem kannski árum saman ganga vopnaðir um en eiga sér aldrei neins ills von eins og þessir menn í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, mikils megnugir ef hætta steðjaði að.

Ég hef þess vegna hreyft þessu máli hér að ég tel að við Íslendingar eigum hvar sem við erum staddir að mæla fyrir friði. Burt með kúluna úr byssunni. Heimurinn á að mínu mati að fara þá leið að menn mæti óvopnaðir til leiks og takist þannig á við vandamálin. Þannig held ég að smátt og smátt verði hægt að stuðla að friði í heiminum og þar eigum við að ganga á undan, Íslendingar. Við eigum ekki að láta menn standa undir vopnum eins og því miður hefur orðið raunin svo víða í heiminum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. beinir nokkrum spurningum til mín.

„1. Hver tók ákvörðun um vopnaburð íslenskra lögregluþjóna í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli árið 1986?"

Svar: Þáverandi utanrrh. Geir Hallgrímsson, í samræmi við íslensk lög um forræði utanrrh. yfir varnarsvæðum sem og í samræmi við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO sem var samþykkt á Alþingi og gekk í gildi sem lög hér á landi 20. apríl 1947. Í viðbót nr. 17 við stofnskrána sem fjallar um öryggismál, þ.e. öryggi farþega, starfsmanna og opinberra gesta, sbr. lið 4.1.4 kemur fram að hvert ríki skuli tryggja að löglegir og þjálfaðir löggæslumenn séu til taks á alþjóðaflugvöllum til að bregðast við ólöglegum truflunum á starfsemi alþjóðaflugs. Þá hefur stofnunin gefið út leiðbeiningabók um öryggismál þar sem kemur fram í lið 3.3.2 að eitt grundvallaratriði í öryggiskerfum alþjóðaflugvalla sé að til staðar séu vopnaðir löggæslumenn sem geti brugðist við ólöglegu athæfi þar sem vopn eru um hönd höfð. Þetta eru skýringarnar á og forsendurnar fyrir þessari ákvörðun og svarið felur raunverulega í sér að búa verður eins og á bæjum er títt, þ.e. ef menn taka mið af því sem gerst hefur á flugvöllum um heim allan á undanförnum árum þá eru þetta viðbrögð við því, en samkvæmt skuldbindingum okkar.

„2. Hvaða reglur eru í gildi varðandi umgengnisvenjur vopnaðra lögregluþjóna í flugstöðinni? Hversu margir starfa í vopnadeildinni?"

Svar: Starfsemi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli svo og öll löggæsla á varnarsvæðinu á Reykjanesi lýtur íslenskum lögum, m.a. lögum nr. 33/1954, lögum nr. 110/1951, lögum nr. 60/1943, lögum nr. 34 1964 og lögum nr. 76/1982. Þetta á einnig við um hina vopnuðu fyrirbyggjandi löggæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá eru í gildi sérstakar reglur um meðferð skotvopna sem lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur gefið út til handa lögreglumönnum í flugstöðinni og er þar stuðst við reglur um meðferð og notkun skotvopna o.fl. sem dómsmrh. setti í árslok 1987 með heimild í 2. gr. laga nr. 4/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Átta lögreglumenn starfa nú við vopnaða fyrirbyggjandi löggæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, voru áður alls 14 talsins fyrir 1. nóv. 1989 þegar ég beitti mér fyrir því að þeim var fækkað. Þeir starfa á tvískiptum vöktum allan sólarhringinn.

„3. Hver er kostnaður af sérdeild vopnaðra lögreglumanna frá upphafi til síðustu áramóta?"

Svar: Heildarkostnaður við löggæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á tímabilinu 1986–1989 er talinn 108 millj. kr., þ.e. 36 millj. kr. á ári að meðaltali þessi þrjú ár. Veruleg fækkun lögreglumanna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eða alls um sex stöðugildi, hefur átt sér stað frá 1. nóv. 1989. Það var liður í aðhaldi og rekstrarhagræðingu sem nú fer fram hjá lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli og gert er ráð fyrir umtalsverðri lækkun rekstrarkostnaðar af þeim ástæðum.

„4. Hver er ástæða þess að vopnaðir lögregluþjónar yfirtóku störf tollvarða við málm- og vopnaleitartæki í flugstöðinni í nóvember sl.?"

Svar: Í kjölfar umfangsmikillar endurskipulagningar og sparnaðaraðgerða hjá lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli á sl. ári hefur starfsemi löggæslu og tollgæslu verið skýrt aðgreind þannig að frá og með 1. nóv. 1989 hafa lögreglumenn alfarið séð um vopnaleit í flugstöðinni í stað tollvarða áður.

Vopnaleit er fyrst og fremst löggæsla og öryggisráðstöfun, en ekki tollgæsla. Því ber lögreglu að sjá um þennan þátt öryggisgæslu á svipaðan hátt og gert er á öðrum alþjóðaflugvöllum. Önnur störf lögreglumanna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar felast m.a. í eftirliti með farþegum í komu- og biðsal, svo og eftirliti í stjórnstöð þar sem miðstöð boð- og öryggiskerfa er staðsett.

„5. Hversu oft hefur þurft að beita vopnum?"

Svarið er einfalt: Sem betur fer aldrei.

Tekjutap Ríkisútvarpsins vegna niðurfellingar afnotagjalda, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 398. mál. — Þskj. 694.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ef því verður við komið hefði ég heldur kosið að fá að bera upp fsp. við hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrst. (**Forseti:** Hv. þm. tekur kannski eftir því að hæstv. ráðherra er ekki í salnum.) Já, ég sé það að vísu að hann er ekki hér, en hann var hér rétt áðan og ég taldi að hann hefði bara vikið sér frá augnablik. (**Forseti:** Ég skal gera tilraunir til þess að ná í hæstv. ráðherra.) Þessar tvær fsp. eru í svo nánum tengslum hvor við aðra að þeim verður ... (**Gripið fram í:** Hér er mikil andakt.) (**Forseti:** Má ég biðja hv. 18. þm. Reykv. að fresta fsp. sinni og að við afgreiðum hér eina fsp. áður svo við notum tímann. Forseti er mjög nískur á andaktir sem þessar hér í þingsölum.) Ég skil það vel og verð við þeirri bón. (**Forseti:** Jæja, nú kemur hæstv. heilbrrh. og þá skulum við halda okkur við 4. dagskrármál.)

Umræðu frestað.

Niðurfelling afnotagjalda Ríkisútvarpsins, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 397. mál. — Þskj. 693.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka biðlundina. Ég ber hér fram fsp. á þskj. 693. Fsp. varðar niðurfellingu afnotagjalda Ríkisútvarpsins fyrir þá sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Ég vil strax taka það fram að ég er ekki að fetta fingur út í það að þeir sem njóta óskertrar tekjutryggingar fái niðurfellingu afnotagjalda Ríkisútvarpsins. Eins er mér kunnugt um að niðurfellingin er samkvæmt ákvæðun núgildandi útvarpslaga en ekki lögum um almannatryggingar. Þó tjá mér forsvarsmenn Ríkisútvarps að þeir hafi ekkert um það að segja hverjir njóti niðurfellingarinnar né hvernig fylgst sé með skráningu einstaklinga. Hér virðist um það að ræða að ein stofnun geti ákvarðað tekjuskerðingu annarrar. Ef um marga einstaklinga er að ræða sem njóta niðurfellingar, þannig að tekjutap Ríkisútvarpsins sé verulegt, er mikil nauðsyn á að vel sé fylgst með framkvæmd þessara laga og mikilvægt að fyllsta traust ríki milli þessara tveggja stofnana. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hve margir einstaklingar fengu niðurfellingu afnotagjalda Ríkisútvarpsins sl. þrjú ár vegna óskertrar tekjutryggingar?"

2. Eftir hvaða reglum er farið við ákvörðun niðurfellingar afnotagjalda?

3. Hvernig er háttað endurskoðun á skrá yfir þá sem njóta niðurfellingar afnotagjalda?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég biðst afsökunar á því að ég vék mér úr sal þegar ég hélt að tvö önnur dagskrármál væru á undan þessari fsp. En hv. fyrirspyrjandi hefur nú gert grein fyrir spurningum sínum sem eru í þremur liðum.

Svar við fyrstu spurningunni:

Samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið í heilbrrn. um niðurfellingu afnotagjalda Ríkisútvarpsins sl. þrjú ár hljóða tölur þannig:

Hinn 1. jan. 1988 var fjöldi þeirra sem fengu niðurfellingu 4574. 1. jan. 1989 var þessi fjöldi orðinn 5020 og 1. jan. 1990 var fjöldi þeirra sem fengu niðurfellingu orðinn 5558 elli- og örorkulífeyrisþegar.

Til viðbótar þeim sem hér hafa verið taldir er það svo að skv. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 357 frá 1986 greiða vistmenn dvalar- og elliheimila, með eigin viðtæki í notkun þar, ekki af þeim afnotagjöld. Hinn 1. jan. 1990 námu undanþágur, samkvæmt þessu ákvæði, 1105, þannig að samtals eru undanþágur samkvæmt þessum tveimur reglugerðarákvæðum 1. jan. 1990 6663. Því miður hef ég ekki tölu á þessum einstaklingum nema fyrir þetta seinasta ár. Það er því svolítið misræmi í heildartölunni ef við tökum þessa vistmenn á dvalar- og elliheimilunum með. Þá erum við með töluna 6663, en það á aðeins við um síðasta árið. Hinar tölurnar, sem ég las fyrst, eru sambærilegar.

Annar liður fsp. var: „Eftir hvaða reglum er farið við ákvörðun niðurfellingar afnotagjalda?" Þær reglur sem farið er eftir í þessu sambandi eru eftirfarandi:

1. gr. laga nr. 40/1986, um breytingar á útvarpslögum nr. 68/1985, er svohljóðandi: „Við 24. gr. laganna bætist ný málsgr. svohljóðandi: Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67 1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi."

Ég vil vekja athygli á því að í þessum lagatexta segir: „Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri." Það er nokkuð annað

en þeir sem bara hafa tekjutryggingu, því uppbót er skilgreind sem heimilisuppbót og skal ég aðeins koma að því nánar. Þau reglugerðarákvæði sem sett eru samkvæmt þessari lagagr. eru þannig: Í reglugerð nr. 357 frá 1986, um Ríkisútvarpið, 18. gr. 7. málsgr., sbr. reglugerð nr. 478 frá 1986, segir svo: „Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem njóta uppbótar (frekari uppbótar) á lífeyri sinn skv. 1. málsgr. 13. gr. reglugerðar nr. 351 frá 1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir skv. 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds af viðtækjum í þeirra eigu enda séu viðtækin hagnýtt til einkanota. Undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds tekur gildi fyrsta dag hvers mánaðar eftir að tilkynning berst Ríkisútvarpinu um að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti uppbótar á lífeyri samkvæmt fyrrgreindu reglugerðarákvæði."

Það er því samkvæmt fyrrgreindu reglugerðarákvæði komið undir mati Tryggingastofnunar ríkisins hverjir njóta þessarar undanþágu. Og þar er átt við það að það eru elli- og örorkulífeyrisþegarnir sem njóta heimilisuppbótar, sérstakrar heimilisuppbótar, og því sem hér er kallað heimildarhækkanir, skv. 19. gr. sem er einn liður enn þar sem Tryggingastofnunin metur sérstakar aðstæður einstaklinga. Það er þessi hópur sem fær þennan afslátt, enda sýna tölur það, á milli fimm og sex þús. einstaklingar. Ef það væru allir sem njóta tekjutryggingar væri það miklu meiri fjöldi. Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimtudeild Ríkisútvarpsins ákvarðanir sínar í þessu efni. Innheimtudeild Ríkisútvarpsins kannar hins vegar hvort um einkaafnot er að ræða, þ.e. hvort á viðkomandi heimili sé fólk sem að réttu lagi ætti að greiða afnotagjald þótt einhver annar heimilismaður njóti undanþágu. Reynist svo vera synjar innheimtudeild Ríkisútvarpsins um undanþáguna. Undanþága samkvæmt framansögðu gildir aðeins um eitt viðtæki. Þetta eftirlit er sem sagt á vegum Ríkisútvarpsins.

Þriðji liður fsp. var: „Hvernig er háttað endurskoðun á skrá yfir þá sem njóta niðurfellingar afnotagjalda?" Endurskoðun fer fram með þeim hætti að innheimtudeild Ríkisútvarpsins ber skrá Tryggingastofnunarinnar yfir þá sem njóta heimilisuppbótar saman við notendaskrá Ríkisútvarpsins til þess að kanna í ársbyrjun hverjir hafa rétt til uppbótar. Innheimtudeildin fylgist með því reglulega með aðstoð þjóðskrár hvaða elli- og örorkulífeyrisþegar sem uppbót hafa fengið eru látnir.

Ég vænti þess að þetta svari fsp. hv. fyrirspyrjanda. Þó svo, eins og fram kom í fsp., að þetta séu reyndar ákvæði í útvarpslögum sem farið er eftir, er framkvæmdin auðvitað í samráði og samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnuninni.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Í raun er þessi fsp. í tengslum við aðra hér næst á eftir. Sá fjöldi einstaklinga sem hér um ræðir sýnir náttúrlega að þarna er um verulegar upphæðir að ræða fyrir Ríkisútvarpið. En ég hef þá e.t.v. fengið rangar upplýsingar eða eitthvað farið á milli mála þegar ég hélt því fram að Ríkisútvarpið hefði engin afskipti af framkvæmd þessara mála, ég taldi mig nú reyndar hafa þeirra orð fyrir því. En auðvitað er eðlilegt að eftirlit sé á hendi Ríkisútvarpsins og mun ég nú bæta um betur eða athuga hvort mér berast aðrar upplýsingar en ég hafði fyrr.

Mér var ekki ljóst af svörum hæstv. ráðherra þegar hann svaraði spurningu minni um endurskoðun þessarar skrár hvort einstaklingar falla því aðeins út af skrá að þeir látist eða ef um er að ræða sérstakar heimildir, eins og hann orðaði það, hvort það eru aðstæður sem geta verið breytilegar og hvort fylgst er þá með því með viðunandi hætti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins út af þessari seinustu athugasemd hv. fyrirspyrjanda um endurskoðun. Hér kom fram, ég hef kannski ekki lesið það nógu skýrt eða of hratt, að endurskoðun fer fram með þeim hætti að innheimtudeild Ríkisútvarpsins ber skrá Tryggingastofnunarinnar yfir þá sem njóta heimilisuppbótar saman við notendaskrá útvarpsins til þess að kanna í ársbyrjun hverjir hafa rétt til uppbótar. Það er einmitt þetta, það geta verið breytilegar aðstæður þannig að menn geta farið aftur út af skránni þó að þeir hafi verið þar inni ef aðstæður hafa breyst eitthvað.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það er aðeins örlítil athugasemd vegna þessara mála. Ég vildi aðeins hvetja til þess að því grundvallaratriði í framkvæmdinni yrði breytt frá því sem nú er, að Ríkisútvarpið ber kostnað af þessum þætti. Bæði ég og ýmsir aðrir þingmenn Sjálfstfl. hafa látið í ljós þá skoðun, sem því miður hefur ekki getað orðið að framkvæmd eða birst í framkvæmdinni, að það sé miklu eðlilegra að lífeyrir þeirra sem hér um ræðir verði nægilega hár, að uppbót verði greidd á hann til þess að standa undir gjöldunum til Ríkisútvarpsins. Það var einungis þetta sem ég vildi nefna. Mér þykir það miklu eðlilegra að lífeyritirinn sé nægilega hár hverju sinni til þess að lífeyrisþeginn geti greitt fyrir þá almennu þjónustu sem í þjóðfélaginu er, eins og aðrir þegnar, í stað þess að verðið á þjónustunni sé mismunandi eftir því hver í hlut á. Eðlilegra er að þetta gangi í gegnum Tryggingastofnunina.

Tekjutap Ríkisútvarpsins vegna niðurfellingar afnotagjalda, frh. einnar umr.

Fsp. ÞÞ, 398. mál. — Þskj. 694.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. er í nánun tengslum við þá sem borin var hér upp næst á undan og varðar tekjutap Ríkisútvarpsins vegna niðurfellingar afnotagjalda.

Við umfjöllun lánsfjárlaga í desember sl. kom fram hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins að þeir hefðu talsverðar áhyggjur af framkvæmd þessa ákvæðis í útvarpslögum, þ.e. um niðurfellingu afnotagjalda. Ég vil skjóta því hér að að mér komu nokkuð á óvart svör hæstv. heilbrrh. um eftirlit innheimtudeildar Ríkisútvarpsins vegna þess að ég tel mig hafa orð þeirra fyrir því að þeir hafi engin tök á að fylgjast með framkvæmdinni. Þeir tóku skýrt fram þó, eins og ég gerði reyndar áðan, virðulegi forseti, að þeir væru ekki að fetta fingur út í lögin en hefðu eðlilega áhyggjur af tekjutapi Ríkisútvarpsins vegna þeirra. Þeim fannst óeðlilegt að Ríkisútvarpið sjálft bæri þungann af þessum niðurfellingum. Er sú afstaða skiljanleg þar sem fjárhagur Ríkisútvarpsins er mjög bágborinn og það hefur ekki notið þeirra tekjustofna sem því ber lögum samkvæmt. Það hefur ekki notið tekna vegna aðflutningsgjalda eins og því ber samkvæmt núgildandi lögum, þó nú virðist í bígerð að fella þann tekjustofn Ríkisútvarpsins niður. Því brýnna verður að aðrir tekjustofnar þess séu ekki felldir niður því að nóg mun að gert og vandséð hvernig Ríkisútvarpið á að geta rækt skyldur sínar ef svo heldur fram sem horfir. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

„1. Hvert var tekjutap Ríkisútvarpsins vegna niðurfellingar afnotagjalda samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunar sl. fimm ár?

2. Er Ríkisútvarpinu bætt tekjutapið og ef svo er, með hverjum hætti?

3. Hefur Ríkisútvarpið aðgang að skrá yfir þá sem njóta niðurfellingar í því skyni að fylgjast með ákvörðunum um niðurfellingu og endurskoðun á skránni?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Mér virðist þessar fyrirspurnir sem hér eru bornar fram af hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur byggjast satt að segja á pínulitlum misskilningi á því sem hefur verið að gerast í málefnum Ríkisútvarpsins og hefur verið ákveðið á Alþingi nú þegar. Í fyrsta lagi er ljóst að tekjur Ríkisútvarpsins á árinu 1990 eru að raunvirði um 40% hærri en þær voru á árinu 1987 þannig að tekjustaða Ríkisútvarpsins hefur sjaldan verið betri en hún er á þessu ári.

Í öðru lagi liggur það fyrir að Alþingi hefur ákveðið að fella niður þær skuldir sem um er að ræða vegna aldraðra og öryrkja og þeirra sem njóta fullrar tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Þær skuldir flytjast yfir á ríkið samkvæmt ákvörðun sem tekin var við afgreiðslu fjárlaga hér í haust og lesa má um í ræðu hv. formanns fjvn. hér í Sþ. 21. des. 1989. Þesar ákvarðanir liggja fyrir og hafa legið fyrir um skeið.

Svörin við fyrirspurnunum eru í stuttu máli þessi: „Hvert var tekjutap Ríkisútvarpsins vegna niðurfellingar afnotagjalda samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins sl. fimm ár?" Auðvitað er þetta ekki ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins heldur hefur þetta verið ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis á hverjum tíma. Það er ekki Tryggingastofnun sem slík sem er að leggja gjöld eða byrðar á Ríkisútvarpið. Ég hef hér fyrir framan mig tölur um þetta á hverju ári, á verðlagi hvers árs. Þær segja svo sem ósköp lítið vegna þess að þurft hefði að framreikna þær til núvirðis. Á verðlagi ársins 1990 eru þetta 105 millj. kr. Á verðlagi síðasta árs voru þetta 92 millj. kr., á verðlagi ársins 1988 voru þetta 61 millj. kr., 1987 voru þetta 37,6 millj. kr. og 1986 25,8 millj. kr.

Síðan er spurt: „Er Ríkisútvarpinu bætt tekjutapið og ef svo er, með hverjum hætti?" Í niðurstöðu nefndar sem skilaði áliti 13. des. 1988 um brýnan fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins segir svo: „Tryggingastofnun ríkisins greiði útgarpsgjald fyrir þá skjólstæðinga sína sem undanþegnir eru greiðslu. Árleg endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins næstu þrjú árin gangi beint upp í launaskuld Ríkisútvarpsins hjá fjmrn. Ætla má að þessi upphæð nemi rúmlega 90 millj. kr. á næsta ári." Þetta álit þessarar starfsnefndar frá 13. des. 1988 var samþykkt af menntmrn. og fjmrn.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur Ríkisútvarpið aðgang að skrá yfir þá sem njóta niðurfellingar í því skyni að fylgjast með ákvörðunum um niðurfellingu og endurskoðun á skránni?" Svarið er að 31. jan. 1990 fékk Ríkisútvarpið lista í tölvutæku formi frá Tryggingastofnun ríkisins yfir þá sem niðurfellingar njóta. Áður höfðu fengist útprentaðir listar sem bornir voru saman við skráningu Ríkisútvarpsins og var leiðrétting byggð á þessum samanburði.

Til viðbótar því sem að framan segir skal upplýst að skv. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 357/1986 greiða vistmenn dvalar- og elliheimila ekki afnotagjald af eigin viðtækjum sem þeir nota þar. Um síðustu áramót námu undanþágur samkvæmt þessum lið 1105. Við þetta er því að bæta að í ræðu formanns fjvn. á Alþingi 21. des. 1989 var um þetta mál fjallað og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í niðurstöðu nefndar sem fjallaði um málefni Ríkisútvarpsins og skilaði áliti á sl. ári var m.a. gert ráð fyrir að Ríkisútvarpinu yrði bætt það tekjutap sem af því hlýst að Tryggingastofnun ríkisins hefur getað ávísað á niðurfellingu afnotagjalda hjá þeim aðilum sem njóta fullrar tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Er hér um verulegar fjárhæðir að ræða sem tekjur Ríkisútvarpsins hafa lækkað um af þessum sökum og hefur stofnunin orðið að bera þá lækkun sjálf í stað þess, eins og eðlilegt hefði mátt teljast, að sá sami aðili og tekur ákvörðun um að veita niðurfellinguna beri kostnaðinn af henni.

Til þess að draga úr hækkunarþörf Ríkisútvarpsins og bæta fjárhag stofnunarinnar er ráðgert að leysa þetta mál þannig að afskrifaður verði hluti af þeirri skuld sem Ríkisútvarpið hefur stofnað til við ríkissjóð og í forsendum fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að stofnunin þyrfti að greiða ríkissjóði. Með þessu móti hefur verið fyrir því séð að engin hækkun mun verða

á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins í ársbyrjun 1990 eins og í frv. var gert ráð fyrir og engin hækkkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins er ráðgerð fyrstu sex mánuði ársins 1990."

Í framhaldi af þessari ákvörðun Alþingis sem birtist í fjárlögum skrifar Ríkisútvarpið fjmrn. bréf sem er dags. 25. jan. 1990 og þar segir svo, með leyfi forseta: „Við 3. umr. fjárlaga 21. des. sl. skýrði formaður fjvn. frá því að fallið væri frá heimild til 8% hækkunar afnotagjalds Ríkisútvarpsins 1. jan. 1990. Sú hækkun var í forsendum fjárlagafrv. talin nauðsynleg til þess að jöfnuður næðist í rekstri. Á móti var ákveðið að dregið skyldi úr hækkunarþörf með því að afskrifa á þessu ári hluta af skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð. Við 3. umr. var því samþykkt brtt. við fjárlagafrv. til samræmis við þetta.

Formaður fjvn. vitnaði einnig til niðurstöðu nefndar sem haustið 1988 fjallaði um fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins. Umrædd niðurstaða fól í sér að 318 millj. kr. skuld stofnunarinnar við ríkissjóð yrði millifærð á Tryggingastofnun ríkisins en Ríkisútvarpinu hefur verið gert að bera niðurfellingu um 6000 afnotagjalda skjólstæðinga Tryggingastofnunar mörg undangengin ár. Þeir sem sátu í framangreindri nefnd eru sammála um að fjmrn. hafi samþykkt tillögu um millifærslu í desember 1988 og átti hún að hefjast í upphafi árs 1989."

Þetta er bréf fjármálastjóra Ríkisútvarpsins til fjmrn. dags. 25. jan. 1990. Með öðrum orðum, það er verið að fella þessa skuld stofnunarinnar niður og þannig að gera upp launaskuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð sem stóð í verulegum upphæðum fyrir fáeinum missirum. Þessar skuldir, þessir þættir verða í rauninni jafnaðir út. Það er í framhaldi af tillögum nefndar sem birtar voru 13. des. 1988. Ég vænti þess að þessum þætti verði í raun og veru ekki aðeins nú aftur í tímann heldur einnig framvegis létt af Ríkisútvarpinu, sem er auðvitað eðlilegt, og að ríkissjóður og Alþingi sem taka ákvörðun um þetta mál beri þar með ábyrgð á kostnaðinum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég komst ekki í umræðuna í fyrri fsp. en þar sem þessar tvær fyrirspurnir eru svo nátengdar held ég að það geti varla komið að sök. Hér er auðvitað verið að tala um tvö mjög ólík mál, annars vegar kjör ellilífeyrisþega og öryrkja og hins vegar afkomu útvarps og sjónvarps. Ég er sjálf ábyrg fyrir því að fólk á elliheimilum þarf ekki að greiða afnotagjöld af viðtækjum sínum vegna þess að ég flutti þáltill. þar að lútandi hér fyrir mörgum árum, sem var samþykkt sem betur fer.

Ég er mjög ósammála hv. 3. þm. Reykv. um að fremur ætti að hækka bætur sem svarar greiðslu afnotagjalda. Ég er hrædd um að það yrði þá að hækka bætur ansi mikið því hættan er auðvitað sú, vegna þess hve örorkulífeyrir og ellilífeyrir er lágur, að þeir peningar mundu fara í almenna framfærslu.

Ég er mjög vel kunnug því hvernig framkvæmd er á þessum málum í Tryggingastofnun ríkisins. Ég get fullvissað hv. þm. um að það berast mjög nákvæmar upplýsingar til Ríkisútvarps og sjónvarps um það hverjir eigi rétt á þessu og hverjir ekki. Ég held að þar séu ekki miklir möguleikar á misnotkun. Listar fara mjög þétt og með þessu er fylgst mjög nákvæmlega. Ég tel það mjög mikilvægt fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja að þessari reglu verði haldið, að þessi gjöld falli einfaldlega niður, menn hafi af þeim engan ama yfirleitt. Fáir þurfa meira á því að halda að hafa viðtæki sín í gangi en einmitt þeir sem verst eiga með að komast að heiman til að njóta ýmislegs þess sem við hin getum notið. Ég vil því biðja menn lengstra orða að leysa vanda Ríkisútvarps og sjónvarps á annan hátt en að fara að rugla þessu kerfi sem verið hefur á niðurfellingu afnotagjalda.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni orða hv. 13. þm. Reykv. þá hélt ég að ég hefði tekið skýrt fram í upphafi máls míns að ég væri ekki að amast við þessari niðurfellingu, síður en svo, heldur var ég að spyrja um á hverjum tekjutap lenti. Ég hélt að ég hefði gert það skýrt í báðum fsp. reyndar. Ég vil taka undir þá skoðun hv. þm. að það sé eðlilegt að fella þessi gjöld niður til umræddra hóps. Ég er sammála því að það þyrfti að koma til ansi mikil hækkun á bótum ef ellilífeyrisþegar ættu að geta staðið undir ýmsum útgjöldum sem þeir eru undanþegnir nú.

Við hæstv. menntmrh. vil ég segja þetta: Mér þykir gott að heyra ef búið er að finna endanlega lausn á þessu máli. Ég undrast satt að segja örlítið þessi orð hans um að tölur séu ómarktækar. Það hefði átt að framreikna þetta. Því voru þær þá ekki bara framreiknaðar? Það getur nú varla verið ofverk með fimm tölur. En jafnvel á verðlagi hvers árs kemur berlega í ljós að þetta eru verulegar upphæðir sem þarna um ræðir. Nú er ekki svo að mér hafi ekki verið kunnugt um þessa ákvörðun sem tekin var hér í lok þings fyrir áramót heldur að í umræðu um lánsfjárlög virtist hæstv. menntmrh. ekki treysta sér til að svara því afdráttarlaust hvort og hvernig yrði við þetta staðið. Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að það líður þarna ár, þ.e. frá 13. des. 1988, þá líður rúmt ár þangað til málið er aftur til umfjöllunar. Það átti að koma til framkvæmda í janúar 1989, gerði það ekki og því leikur manni forvitni á að vita hvort framkvæmdin er betri nú en þá. Og ef staðið verður núna við þessar niðurfellingar millifærsluskulda Ríkisútvarpsins við ríkissjóð, hvert verður þá framhaldið á þessum málum? Hvernig verður á þessu haldið í framtíðinni? Verður þetta gert með slumpum öðru hverju eða verður komið þeirri skipan á að ekki komi til skuldasöfnunar vegna þessara niðurfellinga?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er ljóst að hér er verið að breyta kerfi til frambúðar. Í öðru lagi hefur Alþingi tekið ákvörðun sem ríkisstjórnin, menntmrn. og fjmrn. munu að sjálfsögðu framkvæma, það liggur í augum uppi. Og í þriðja lagi get

ég út af fyrir sig framreiknað þessar tölur fyrir hv. þm. og hef reyndar gert það á borðinu hjá mér. Það eru samtals 450 millj. kr. á núvirði, um það bil 80–90 millj. kr. á ári.

Aðalatriðið er að það hefur verið viðurkennt af stjórnvöldum, bæði Alþingi og ríkisstjórn, að sú skipan sem verið hefur hafi verið óeðlileg. Farið var í það af núverandi ríkisstjórn að hreinsa upp skuldina sem safnast hefur, launaskuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð á árunum 1986, 1987 og 1988, og jafna það í raun og veru út með millifærslu að því er varðar niðurfellingu afnotagjalda til þeirra aldraðra og öryrkja sem búa aðeins við tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þetta hefur verið gert og þetta verður framkvæmt með þessum hætti.

Ástæðan til þess að menntmrh. gat ekki svarað þessu í Ed. í haust var sú að þetta hafði ekki verið ákveðið þá en var ákveðið fáeinum dögum seinna.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera athugasemd við ræðu hæstv. forseta hér áðan vegna þess að þá ræðu mátti skilja svo að bæði ég og raunar fyrirspyrjandi værum að mæla gegn því að þeir lífeyrisþegar sem hér er rætt um njóti þeirra fríðinda sem þeir gera nú. Málið snýst einfaldlega um það hvort stofnunin á að selja þjónustu sína á mismunandi verði eftir því hver kaupir hana eða þá um það hvort Tryggingastofnunin á að greiða þennan kostnað fyrir hönd þeirra ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega sem hér um ræðir. Ég er fylgjandi fyrirkomulaginu sem ég nefndi síðar, þ.e. að Tryggingastofnunin greiddi, og ég skil það svo að hv. fyrirspyrjandi sé það líka. Þetta mál hefur komið hér til umræðu nokkrum sinnum á þingi eins og hæstv. forseti minnti hér á, m.a. í sambandi við hennar þáltill., og ævinlega þegar það hefur komið til umræðu hafa komið upp þessar mismunandi skoðanir um leið að þessu marki. Það hefur ekki verið deila um niðurstöðuna heldur um það hver ætti að bera kostnaðinn af þessari fyrirgreiðslu.

Peningamagn í umferð, ein umr.

Fsp. KrP, 379. mál. — Þskj. 653.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fyrirspurn til viðskrh. sem hljóðar svo:

„1. Hvað má peningamagn í umferð [eins og það heitir á fínu máli eða öðru nafni] (seðlaprentun) aukast frá upphafi til loka ársins 1990 svo það samrýmist verðlagsforsendum nýgerðra kjarasamninga?

2. Hvaða stjórntækjum hyggst viðskrh. beita til þess að ná þessum markmiðum og hvaða skrifleg eða munnleg fyrirmæli hefur hann gefið Seðlabanka Íslands varðandi seðlaprentun?

3. Telur viðskrh. rétt að fjmrh. fjármagni hallarekstur ríkissjóðs með svokölluðum „yfirdrætti í Seðlabankanum"?"

Það er rétt að geta þess í leiðinni að ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er sú að hér hefur ríkt stjórnleysi og glórulaus eyðsla hjá ríkinu umfram fjárlög sem síðan er fjármögnuð með seðlaprentun umfram það sem Alþingi hefur leyft. T.d. er ég hér með tölur úr janúarhefti af Hagtölum mánaðarins, gefnum út af Seðlabankanum, að á tímabilinu 31. nóv. 1988 fram að tímabilinu 30. nóv. 1989 hafi seðlaprentun aukist um 5 milljarða 690 millj. kr., þ.e. 40,1%. Þetta finnst mér alveg ógnvekjandi tölur. Á sama tíma og hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn eru að tala um að verið sé að ná tökum á öllu, góðri stjórn á efnahagsmálum, þá er nú ástandið í reynd svona.

Varðandi 2. lið fyrirspurnarinnar, hvaða stjórntækjum sé beitt, er mér kunnugt um að í öllum ríkjum OECD er seðlaprentun yfirleitt höfð í samræmi við hagvöxt þannig að hér þarf að skoða málin upp á nýtt.

Í þriðja lagi varðandi það hvort viðskrh. telji rétt að fjmrh. fjármagni hallareksturinn með yfirdrætti í Seðlabankanum, þá eru hér samþykkt lánsfjárlög á hv. Alþingi og spurningin er sú hvort viðskrh. geti heimilað fjmrh. að fara fram yfir þessi lánsfjárlög með því að gefa bara yfirdrátt í Seðlabankanum. Hefur hann til þess leyfi?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Til mín er beint fyrirspurn í þremur liðum. Ég mun leitast við að svara hverjum þeirra.

Í fyrsta lagi, um það hversu mikið peningamagn í umferð megi aukast á þessu ári til þess að það fari ekki í bága við nýgerða kjarasamninga, vil ég segja þetta: Peningamálastjórn Seðlabankans hefur ekki verið í því fólgin að reyna að stýra peningamagninu nákvæmlega til að ná tilteknum markmiðum í verðlagsmálum. Í þess stað hefur bankinn lagt áherslu á að halda útlánum sínum til innlánsstofnana og ríkissjóðs innan hóflegra marka og stuðla þannig að hóflegri aukningu á útlánum bankakerfisins í heild til samræmis við sett markmið í lánsfjáráætlun eða endurskoðun hennar hverju sinni. Þetta þýðir ekki að bankinn fylgist ekki með þróun peningamagns. Hann gerir reyndar reglulegar áætlanir eða viðmiðunarspár um þessar hreyfingar. Samkvæmt fyrirliggjandi viðmiðunarspá bankans er gert ráð fyrir að peningamagn vaxi litlu hraðar en landsframleiðsla milli áranna 1989–1990. Það er svona eins og samanburður á 15–16% fyrir peningamagn og sparifé samanlagt og landsframleiðslu með 12%. Þá er ég að tala í peningum. Frá upphafi til loka árs, og það er kannski það sem þingmaðurinn spyr um beinast, er áætlað að þessi stærð, peningamagn og sparifé samanlagt, vaxi um 7–8% á sama tíma og gert er ráð fyrir að verðbreytingar verði 6–7%. En spurning þingmannsins virðist byggjast á þeirri fræðikenningu að stöðug aukning peningamagns umfram hagvöxt leiði til verðbólgu.

Það er nú þannig að ekki einungis eru forsendur þessarar kenningar umdeildar meðal fræðimanna heldur hefur ekki verið unnt að sýna fram á það með tölfræðirannsókn hér á landi að orsaka verðbólgunnar væri að leita í aukningu peningamagns þótt þetta fari jafnan saman. Það má benda á t.d. að á áttunda áratugnum dróst peningamagnið verulega saman án þess að því fylgdi hjöðnun verðbólgu. Þá má t.d. nefna að það er hægt að skilgreina þetta hugtak, peningamagn, á ýmsa vegu og það er ekki alveg ljóst hvaða mælikvarða stjórnvöld ættu helst að hafa til hliðsjónar þegar menn taka ákvarðanir um það hvað sé nú æskileg aukning peningamagns. Mér dettur í hug að nefna í þessu sambandi það sem kallað hefur verið lögmál Goodharts, en Goodhart þessi er fyrrverandi hagfræðingur Englandsbanka og nú prófessor við Lundúnaháskóla.

Lögmálið sem hann hefur sett fram er ákaflega einfalt. Það er svona: „Sérhver mælikvarði á peningamagn fer að haga sér öðruvísi en áður um leið og hann er gerður að opinberu markmiði við stjórn peningamála.“ Í þessu eru fólgin mikil hyggindi einfaldlega af því að peningarnir leita sinna leiða.

Í öðru lagi var spurt hvaða stjórntækjum menn hygðust beita til að ná þessum marmkmiðum og hvaða skrifleg eða munnleg fyrirmæli hefðu verið gefin Seðlabankanum varðandi seðlaprentun. Ég vil um þetta mál segja það að ég hef reglulegt samráð við stjórn Seðlabankans um þróun peningamála og gengis. Ég hef ítrekað skrifað þeim og óskað eftir skýrslum um þessi efni alla tíð frá því að ég tók við starfi viðskrh., ekki síst vegna vaxtaþróunar. Af því sem ég hef þegar sagt um fyrstu spurninguna er auðvitað ljóst að ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé viturlegt að gefa peningamagnsfyrirmæli með beinum tölum, þ.e. ég tel að hin almennu fyrirmæli í lögunum um Seðlabankann, að hann tryggi að nægilegt magn sé af gjaldmiðli í umferð til þess að menn geti stundað sín viðskipti með eðlilegum hætti, séu nægileg. Stjórntækin sem þarf að beita til þess að ná því markmiði sem hv. þm. lýsti eru á sviði ríkisfjármálanna, launamála, gengis og peningamála. Allt þetta þarf að stilla saman ef árangur á að nást eins og t.d. aðilarnir að kjarasamningum sem nýlega voru gerðir hafa gert sér ljósa grein því þeir hafa sjálfir hvatt til slíks samráðs með launanefnd og ýmsum fyrirsvarsmönnum efnahagsmála af opinberri hálfu. Ekkert eitt dugir þarna. Mér virðist margt benda til þess að við getum náð þarna skárri árangri. Þarna eru áhyggjumál að sjálfsögðu í för. Ég nefni þar ríkisfjármálin en skipuleg fjármögnun hallans á ríkissjóði er kannski mikilvægasta og mest aðkallandi verkefnið núna.

Þar með kem ég beint að þriðju spurningu hv. þm., það er hvort rétt sé að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs með yfirdrætti í Seðlabankanum. Mig langar nú að benda á að það er eitt af meginhlutverkum Seðlabankans í öllum löndum eða nær öllum löndum að vera banki ríkissjóðs. Í því felst að seðlabankar þurfa iðulega að hlaupa undir bagga með ríkissjóði og brúa bil á milli tekna og gjalda um skemmri tíma rétt eins og viðskiptabankar hlaupa undir bagga með einstaklingum og fyrirtækjum. Það er hins vegar ljóst að óhóflegur yfirdráttur til langframa getur dregið úr aðhaldi í peningamálum. Þetta er okkur fullljóst og því hefur verið lögð á það mjög rík áhersla að þróa hér á landi markað fyrir ríkisvíxla sem geti komið í staðinn fyrir yfirdrátt í Seðlabankanum, þ.e. að ríkið þurfi að keppa eftir lánsfé á hinum almenna markaði. Markaðurinn fyrir þessa víxla tók mikinn kipp á liðnu ári og í lok janúar voru útistandandi ríkisvíxlar að fjárhæð rúmlega 9 milljarðar kr. Á sama tíma var yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum 3,6 milljarðar. Hann hafði þá lækkað um rúmlega 5 milljarða á einu ári, þ.e. úr tæplega 9 milljörðum niður í 3½. Þetta er auðvitað ánægjuleg þróun og, eins og ég skildi spurningu þingmannsins, það sem hann leitar eftir. Það er mikilvægt að þessi markaður verði efldur til þess að draga úr þörfinni fyrir yfirdrátt í Seðlabankanum.

Að lokum vil ég, virðulegi forseti, ef ég má ljúka máli mínu, benda fyrirspyrjandanum á að samkvæmt lögunum um Seðlabankann er bankanum óheimilt að fjármagna halla á ríkissjóði til langframa. Í 10. gr. seðlabankalaganna segir að bankanum sé heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Síðan segir að slík lán skuli greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárlagaárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabanka. Með þessu ákvæði en fyrst og fremst með eflingu markaðar fyrir ríkisvíxla og spariskírteini ríkissjóðs á að vera unnt að draga verulega úr óæskilegum áhrifum af halla ríkissjóðs á þróun peningamála.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það að ég get gefið hæstv. viðskrh. einkunnina 9,5 fyrir að koma sér hjá því að svara spurningunum því að hann hoppaði í kringum þær allar eins og köttur í kringum heitan graut. Í fyrsta lagi hvaða markmið hefðu verið sett varðandi peningaprentun. Af hverju setja ríki OECD sér þá þau markmið að seðlaprentun sé í samræmi við hagvöxt? Eru þau þá öllsömul svona vitlaus, eða hvað? Er þetta þá svona voðalega gott á Íslandi? Ég skil ekki svona. Ég held að það sé tími til kominn að fara að ræða það, alveg eins og við höfum verið að ræða hér eyðslu framkvæmdarvaldsins umfram fjárlög, hver það er sem gerir þetta mögulegt, þessa eyðslu. Það er hæstv. viðskrh. Hann er bankamálaráðherrann í ríkisstjórninni. Það er hann sem leyfir hæstv. fjmrh. að fara yfir á heftinu. Hann ber ábyrgð á því og gerir það með stjórnlausri seðlaprentun. Ég tel að þetta mál þurfi að ræða hér í hv. Alþingi. Þetta er mjög alvarlegt mál. Og það er fyllsta ástæða til þess að ræða það í leiðinni að það getur varla verið að ástæðulausu að búið er að prenta peningaseðil með mynd af Jóni Sigurðssyni forseta sjö sinnum síðan 1918 og sex sinnum hefur aftur þurft að setja hann í úreldingu. Árið 1981 var 500-kallinn núverandi, 500 króna seðillinn, ég held að ég sé með einn hér í

vasanum, verðmestur, við myntbreytinguna. Hann er kominn í þriðja flokk í dag. Hvað á þetta að halda lengi áfram, hæstv. ráðherra? Ég held að það sé tími til kominn að ræða þetta hreint út og stöðva þessa eyðslu sem og seðlaprentun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Veröldin er því miður þannig gerð að það eru ekki til þessi beinu einföldu svör við spurningunum þremur sem hv. þm. bar hér fram sem hann þráir. Ég vil fyrst endurtaka, hafi hann ekki heyrt það sem ég sagði, að viðmiðunarspá Seðlabanka Íslands um aukningu peningamagns á árinu 1990 er 7–8% frá upphafi til loka árs og er þá miðað við þær forsendur sem lagðar voru við gerð síðustu kjarasamninga. Þetta er hins vegar ekki neitt óbrigðult stjórntæki. Þótt okkur tækist að binda okkur fasta við þann stjóra gefst ekki fyrir því neitt garantí að það muni tryggja það að verðbólgan hjaðni niður í það sem við höfum sett okkur. Það er hins vegar eitt af mörgu sem huga þarf að þegar þetta mál er metið.

Í öðru lagi vil ég andmæla því, virðulegi forseti, að ég hafi ekki svarað hv. þm. Það gerði ég í reyndar öllu lengra máli en mér er hér ætlaður tími til. Ég lýsti þeim stjórntækjum sem beita þyrfti til þess að ná þessu markmiði í fljótu bragði og að lokum vil ég ítreka það sem ég sagði að ég tel það óæskilegt að yfirdráttur ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka fari úr hömlu og lýsti því reyndar að verið væri að breyta tilhögun á fjármögnun ríkissjóðs þannig að hann taki meira af sínu lánsfé beint á hinum almenna markaði. Ég tel það mjög mikilvægt því ég tel að eitt helsta markmið stefnunnar í peningamálum sé skipuleg fjármögnun halla ríkissjóðs án verðbólgu- eða þensluáhrifa í hagkerfinu yfirleitt.

Að síðustu, virðulegi forseti, aðeins eitt. Þingmaðurinn hélt því fram að hvarvetna í aðildarríkjum OECD settu menn föst og óbifanleg mörk fyrir vöxt peningamagns í umferð og litu á það sem eitt mikilvægasta stjórntæki peningamála. Þetta er ekki rétt. Mér er ekki kunnugt um eitt einasta land sem beitir alfarið þeirri aðferð. Það ríður enginn einhesta til þings með þeim hætti eins og þingmaðurinn lýsti, alls ekki. Eitt land, Bretland, hélt sig lengi nokkuð fast við þetta, en fyrir ári eða tveimur hurfu þáverandi fjármálaráðherra og Seðlabanki Englands frá þeirri aðferð og huga miklu fremur að því sem hér er nú oft rætt sem ankeri fyrir verðlagsstefnuna, nefnilega að freista þess að halda gengi pundsins sem stöðugustu.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Til þess að leiðrétta það að ríki OECD hafi ekki slík markmið er ég hér með OECD — Economic Outlook, desemberhefti 1989, þar sem þetta kemur allt saman fram, um markmið þessara ríkja, eins og Bandaríkjanna, Japans, Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Englands og Kanada, helstu markmið í aukningu peningamagns og hagvexti. Það er jafnvægi þar á milli, til þess að leiðrétta þetta.

Að öðru leyti ítreka ég það að ég tel það vera skyldu okkar alþingismanna að veita þeim ráðherrum aðhald sem bera ábyrgð á því stjórnleysi og þeirri eyðslu sem hér fer fram í landinu og ég vek athygli á því að það er hæstv. viðskrh. sem gerir hæstv. fjmrh. mögulegt að framkvæma þessa eyðslu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að gera stutta athugaemd. Það sætir furðu að hv. þm. skuli bera fram þessar fyrirspurnir, þessar athugasemdir, einmitt í þann mund þegar betri horfur virðast á því en verið hafa um árabil ef ekki áratuga skeið að hér takist að koma á sæmilegri samstillingu kraftanna og stærðanna í þjóðarbúskapnum þannig að við getum búið hér við svipaða verðbólguþróun og verður í löndunum í kring.

Um þingsköp.

Fyrirspurnir og svör við þeim.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp nú er að hæstv. viðskrh. mun vera á förum úr salnum og ég á nokkurt erindi við hann og virðulegan forseta áður en til þess kemur.

Svo er mál með vexti að mér barst í hendur í gær svar hæstv. viðskrh. við fyrirspurn sem ég bar fram á þskj. 695 og var reyndar ítrekuð spurning, þ.e. ég bar áður fram fyrirspurn um sama mál. Svör við þeirri spurningu voru þess eðlis að ekki varð við unað. Sú fyrirspurn var um það hverjir sitji í stjórnum og ráðum peningastofnana ríkisins, hvaða öðrum störfum þeir gegni. Tilgreind skulu bæði aðalstörf og aukastörf, eins nákvæmlega og unnt er, einkum ef þau tengjast öðrum fjármálafyrirtækjum. Síðan er nokkuð tíundað í fsp. við hvaða peningastofnanir sé átt.

Þessi fyrirspurn var leyfð að hálfu virðulegs forseta og það verður að segjast eins og er að í þskj. 550 sem svar barst á er spurningum alls ekki svarað. Það er í flestum tilfellum einungis tilgreint starfsheiti og kemur sárasjaldan fram hvar viðkomandi menn starfa, að ég tali nú ekki um aukastörf sem heyra til undantekninga í þessu plaggi sem hefur legið um nokkurt skeið á borðum þingmanna. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á að eitt af fáum nöfnum þar sem tilgreint er hvar viðkomandi starfar er að Kristín Sigurðardóttir sé deildarstjóri Kauphings. Földamargir aðrir eru tíundaðir sem eru framkvæmdastjórar, forstjórar, skrifstofumenn og allt hvað nöfnum tjáir að nefna og þá kemur engum við hvar þeir starfa.

Í ljósi þess hversu lélegt þetta svar var, og reyndar viðurkenndi hæstv. viðskrh. í einkasamtölum við mig að að þessu hefði ekki verið nógu vel staðið, en bar því við að hann hefði heldur viljað svara fljótt en

svara vel. Í tilefni þess lagði ég fram ítrekaða fyrirspurn á þskj. 695. Þar var í rauninni þessi fsp. ítrekuð með örlítið öðruvísi og nákvæmara orðalagi. Fsp. var líka leyfð af virðulegum forseta en það má í stuttu máli segja að hún sé algjörlega hunsuð og svar berst með eftirfarandi hætti sem ég verð að biðja virðulegan forseta um leyfi til að fá að lesa hér.

Fsp. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„1. Hverjir þeirra sem sitja í stjórnum peningastofnana ríkisins, sbr. þskj. 550 á þessu þingi, eiga jafnframt verulegan hlut í, vinna hjá eða sitja í stjórnum fjármála- og atvinnufyrirtækja sem eiga mikil viðskipti við peningastofnanir ríkisins eða eru í samkeppni við þær?

2. Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með því að ekki eigi sér stað hagsmunaárekstrar í þeim stjórnum peningastofnana sem undir það heyra? Hvernig skilgreinir ráðuneytið „hagsmunaárekstur"? Hefur það sett einhverjar reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða ríkja einhverjar vinnuvenjur þar að lútandi í ráðuneytinu? Hve oft hefur það gert athugasemdir um hættu á hagsmunaárekstrum í stjórnum peningastofnana á undanförnum fimm árum?

3. Óskað er sömu upplýsinga og tilgreindar eru í 2. tölul. um bankaeftirlitið, bankaráðin og stjórnir sparisjóða, eftir því sem við á. Skriflegt svar óskast."

Nú mun ég lesa svarið við fsp. Svarið við 1. lið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vísað er til þskj. 550 [það er það svar sem ég vísaði til áðan] en þar er að finna þær upplýsingar sem viðskrn. hefur tekist að afla um störf og aukastörf umræddra stjórnarmanna. Ekki liggja fyrir upplýsingar um viðskipti fyrirtækja sem þeim eru tengd.

Svarið við 2. lið fsp. er eftirfarandi:

„Ráðuneytið hefur ekki eftirlit *ex officio* með því hvort stjórnarmenn í peningastofnunum, sem undir ráðuneytið heyra, séu almennt vanhæfir til starfans. Tekið skal fram að stjórnarmenn eru í langflestum tilvikum ekki valdir af viðskrh.

Í lögum eru ekki ákvæði um hæfi eða almennt vanhæfi manna til þess að sitja í slíkum stjórnum en gera verður þá kröfu til þeirra aðila sem kjósa eða tilnefna stjórnarmenn að þeir gæti þess að velja ekki menn sem eðli máls samkvæmt kunna að vera vanhæfir til starfans sökum mikilla viðskipta eða samkeppni við viðkomandi stofnanir.

Hins vegar er í lögum ákvæði um vanhæfi til meðferðar einstaks máls. Var lögum um viðskiptabanka og lögum um sparisjóði breytt á síðasta vori að frumkvæði viðskrh., sbr. lög nr. 32/1989 og 34/1989. Þar er að finna samhljóða ákvæði um vanhæfi til meðferðar einstaks máls, sbr. 3. gr. laga nr. 32/1989 (2. mgr. 33. gr. laga nr. 86/1985) og 7. gr. laga nr. 34 1988 (3. mgr. 38. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði) og segir þar að bankaráðsmenn (stjórnarmenn sparisjóðs) og varamenn þeirra „skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála er varða aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega".

Ráðuneytið mun hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða á þann hátt að það tekur við kærum eða kvörtunum um að gegn þeim hafi verið brotið og kveður upp úrskurði um hvort rétt hafi verið staðið að afgreiðslu einstakra ákvarðana. Getur ráðuneytið þá eftir eðli máls veitt viðkomandi stjórn ávítur og lagt fyrir hana að taka upp breytt vinnubrögð og í einstökum tilvikum lagt fyrir stjórnina að taka ákvörðun fyrir á nýjan leik án þátttöku þess stjórnarmanns sem vanhæfur er. Þá er einnig rétt að geta hér 139. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um refsingu við misnotkun manns í opinberu starfi á stöðu sinni sér eða öðrum til ávinnings." (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. hvort mikið er eftir af skjalinu?) Nei, það eru nokkrar línur, hæstv. forseti.

„Ráðuneytið telur að stjórnarmönnum í peningastofnunum eigi að vera framangreind ákvæði kunn og með tilvísun til þeirra muni þess almennt vera gætt í stjórnum peningastofnana að ákvarðanir séu ekki teknar með þátttöku stjórnarmanna sem vanhæfir eru til þátttökunnar vegna þess að hagsmunir þeirra og hagsmunir stofnunarinnar rekist á. Ef það gerist hins vegar er reiknað með því að einhver annarra stjórnarmanna eða annar aðili, sem með málinu fylgist, muni gera við það athugasemd og vekja athygli ráðuneytisins á ólöglegri afgreiðslu þess. Ráðuneytið telur erfitt að koma annarri skipan við hvað þetta atriði snertir.

Eins og að framan greinir eru ákvæðin nýlega sett og ráðuneytinu hafa ekki borist kærur vegna brota á þeim. Því hafa enn ekki myndast neinar vinnureglur í ráðuneytinu um meðferð kærumála en þær munu væntanlega þróast eftir því sem kærumál berast og álitaefni eru úrskurðuð.

Slík er reynslan af ákvæðum svipaðs eðlis á öðrum sviðum stjórnsýslunnar, sbr. t.d. áhrif úrskurðar félmrn. um framkvæmd sveitarstjórnarlaga þar sem ráðuneytið hefur með úrskurðum sínum smám saman þróað verklagsreglur um framkvæmd sveitarstjórnarmála."

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að það vefst fyrir mér að skilja þetta. Ef viðskrn. sjálft getur ekki aflað upplýsinga um menn og hugsanleg tengsl þeirra við aðrar peningastofnanir eða fyrirtæki, hvernig eiga þá aðrir stjórnarmenn að gera það? Og það er mikið traust sem öllum hugsanlegum núverandi og tilvonandi stjórnarmönnum í þessum stjórnum peningastofnana er sýnt þar sem ætlast er til að þeir sjálfir meti sínar aðstæður og að aðrir stjórnarmeðlimir grípi til annarra ráða ef þeim þykir þurfa.

Ég vil spyrja hæstv. forseta og hæstv. viðskrh. hvort þeim þyki báðum þetta viðunandi svar framkvæmdarvaldsins við eðlilegum spurningum frá einum hv. þm. hér á Alþingi, þ.e. spurningum löggjafarvaldsins, eða hvort þetta er vísbending um það að framkvæmdarvaldið vilji fá að hafa í friði sínar framkvæmdir og sínar ráðstafanir. Og eins hlýt ég að

spyrja hvort það gildi eitthvert sérstakt siðferði þegar kemur að kjörnum fulltrúum Kvennalista í stjórnir peningastofnana og hvort það moldviðri var út af þeirri einu konu eða hvort ekki er hægt að finna hnökra á nokkrum öðrum manni ef þeim upplýsingum væri svarað sem hér var um beðið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. þm. sem biðja um orðið um þingsköp á að ræða mál ekki efnislega heldur einungis meðferð máls.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þeim mönnum og konum er mikið traust sýnt sem nefnd eru, oft af löggjafarvaldinu, til að taka sæti í stjórnum peningastofnana. Það er eins og kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. Það verður líka að ætlast til þess að þegar löggjafarvaldið, þingmenn, beinir spurningum til framkvæmdarvaldsins sem svara á innan skamms tíma, ýmist í næsta fyrirspurnatíma eða innan sex virkra daga, eftir því hvort um er að ræða munnlega eða skriflega fyrirspurn, að fyrirspurnin fjalli um eitthvert það mál sem fyrir liggja um upplýsingar í ráðuneytum eða undirstofnunum þeirra eða ráðuneytin geti aflað á þeim fresti sem þeim er settur eða upplýsingarnar séu þess eðlis að eðlilegt sé að afla þeirra. Sumt af því sem um var spurt í fyrirspurn hv. þm., um viðskipti einstakra manna, störf þeirra og afstöðu til starfa, er ekki þess eðlis að eðlilegt sé að tíunda það nákvæmlega og hitt er líka rétt að ýmislegt af því sem um var spurt er ekkert varanlegt. Viðskiptin breytast frá einum tíma til annars og ég tel það alls ekki skynsamlega stefnu að ráðuneyti afli slíkra smáatriða eða upplýsinga um hvern þann mann sem þarna um greinir. Hitt er jafnfjarstæðukennt að falist hafi nokkurn tíma af hálfu viðskrn. einhver sérstök gagnrýni á Kristínu Sigurðardóttur sem var deildarstjóri hjá Kaupþingi og er nú bankaráðsmaður í Landsbanka Íslands. Þvert á móti hef ég sagt af þessum ræðustól að það sé Kvennalistanum til sóma, og sérstaklega Kristínu Sigurðardóttur, að hafa leyst þann vanda sem reis í því máli með þeim hætti sem raun ber vitni.

Hitt er svo enn annað að á þá skrá sem hv. þm. var send og þinginu komu eingöngu þær upplýsingar sem fúslega voru gefnar af þeim sem til var leitað.

Ég vil ítreka það að með því svari sem hér var gefið við fyrirspurn þingmannsins öðru sinni er alls ekki verið að svara út úr. Það er einmitt verið að svara um kjarna máls. Ég varpa þeirri spurningu hér fram í þessari þingskapaumræðu hvort ekki þurfi að huga að því hvernig þingskapaheimildin til að bera fram fyrirspurnir á Alþingi er notuð því að mjög margar fyrirspurnir sem hér ber upp á eru frekar efni til skýrslubeiðni en fyrirspurnar þar sem eiga að vera stutt orðaskipti eða gefa skal svar innan sex daga.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp í umræðum um þingsköp til þess að taka undir það að ræða þarf svör ráðherra. Ég spurði hæstv. ráðherra spurninga fyrir nokkrum mínútum síðan varðandi hvaða fyrirmæli hann hefði gefið Seðlabankanum til þess að ná markmiðum nýgerðra kjarasamninga og svarið var það að hann hefði samráð á hverjum degi. (Gripið fram í.) Er hægt að segja að það séu skýr svör? Spurt var: Hvaða fyrirmæli voru gefin? Svarið var það að haft væri samráð á hverjum degi. Og hæstv. ráðherra er svo vinsamlegur rétt í þessu augnabliki að labba út úr salnum til þess væntanlega að lýsa fyrirlitningu sinni á þingræði.

Skipstjóri var spurður að því hvaða fyrirmæli hann hefði gefið áhöfninni. Hann sagði: Við höfum samráð á hverjum degi. Það er ákaflega skýrt svar. Ég held að tími sé til kominn að þingheimur taki sér tak, hvernig á að meðhöndla ráðherra sem ganga lausir og eyða eins og þeim sýnist og svara svo og snúa út úr þegar þeir eru spurðir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég bið menn að halda sig við þingsköp.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þegar því er lýst yfir úr þessum ræðustól af hv. þm. að ráðherra, sem þarf að hverfa úr þingsal vegna skyldustarfa sinna og hefur svarað þeim spurningum sem til hans var beint, sé með því að sýna þingræðinu alveg sérstaka fyrirlitningu finnst mér slík ummæli vera vítaverð og þau beri að víta úr forsetastóli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. skal það viðurkennt að full ástæða hefði verið til þess. Forseti hefur verið fremur tregur til að víta hv. þingmenn og vissulega hafa komið tilvik áður þar sem litlu hefur munað. En forseti hefur tekið þá afstöðu að yfir skuli forseta ganga ef til þess kemur.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Í þessari þingskapaumræðu er verið að ræða grundvallaratriði, þ.e. meðferð á þeim fyrirspurnum sem hér eru leyfðar og hvernig þeim er svarað. Vegna orða hæstv. viðskrh. áðan vil ég benda á að oft hefur dregist lengur en sex daga að fá svör við skriflegum fyrirspurnum og þingmenn hafa sýnt þolinmæði og beðið. Sú sem hér stendur beið frá því um miðjan október þangað til núna eftir jólin eftir svörum við fyrirspurnum sem voru 14. og 15. mál þingsins og mér hefur einmitt nýlega borist bréf frá félmrn. vegna annarrar fyrirspurnar þar sem farið er fram á að ég sýni örlitla biðlund þar sem fyrirspurn sú sem ég bar fram er mjög viðamikil. Ég held að full þörf sé á að ræða þessi mál, þ.e. þær fyrirspurnir sem leyfðar eru og síðan þau svör sem berast við þeim. Í þessari umræðu sendur alla vega enn eftir ósvarað spurningunni um það hvort hæstv. forseti og hæstv. viðskrh. telji þau svör sem hér voru gefin fullnægjandi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram skal eftirfarandi tekið fram: Það er afar erfitt fyrir forseta að hafna fyrirspurnum sem hv. þm. óska að bera fram. Oftlega hefur forseti reynt að breyta t.d. munnlegri fyrirspurn í skriflega, skriflegri fyrirspurn jafnvel í skýrslu, eins og hér var minnst á, en því er ekki að neita að bent hefur verið á það af hæstv. ráðherrum að fyrirspurnir séu oft og tíðum mjög viðamiklar og óhjákvæmilegt sé að það taki langan tíma og jafnvel hóp af starfsmönnum til þess að vinna þær svo að vel fari. Og oftlega hefur þeirri beiðni verið beint til forseta að hafa hemil á fyrirspurnagleði hv. þm. Það er einfaldlega ekki í valdi forseta. Hann getur einungis reynt að ná vinsamlegum samningum við hv. þm. um að breyta fyrirspurn þannig að gerlegt sé að svara fyrirspurninni á yfirstandandi þingi. Fyrir hefur komið að slík vinna hefur staðið mánuðum saman svo að hægt væri að svara fyrirspurn.

Varðandi þetta umrædda mál sem hér hefur nú tekið nokkurn tíma skal þetta sagt: Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að hann svari þessari fyrirspurn á þennan hátt. Forseti getur auðvitað ekki haft nein áhrif á þá ákvörðun hæstv. ráðherra og hið eina sem hv. þm. getur gert er þá að bera enn eina fyrirspurn fram, en forseti hefur að sjálfsögðu engin áhrif á hvernig hæstv. ráðherra kýs að svara fyrirspurn. Ég tek það fram að engin athugasemd hefur mér borist fyrr en nú um að hv. þm. sætti sig ekki við þetta svar þannig að það gafst ekki neinn tími til að kanna hvort úr því væri hægt að bæta. Ég held því að forseti geti ekki gert annað eins og áður hefur komið fram en að benda hv. þm. á að bera fram enn eina fyrirspurn um þau atriði sem hún telur sig ekki hafa fengið svar við.

Eiður Guðnason:

Ég held, virðulegi forseti, að ástæða sé fyrir okkur sem sitjum hér og störfum að íhuga nánar það sem á hefur verið bent hér um að setja nánari reglur um hvernig fyrirspurnir skuli vera. Í þingsköpum segir í 31. gr., með leyfi forseta: „Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli.“ Það er alveg deginum ljósara að fjöldinn allur af fyrirspurnum sem hér eru bornar fram uppfyllir hreinlega ekki þessi skilyrði vegna þess að það er enginn vegur að svara þeim í stuttu máli. Ég held að menn þurfi hér á hinu háa Alþingi að taka sig á og koma fyrirspurnunum aftur í hið eiginlega form þar sem spurt er um ákveðið atriði sem hægt er að svara í stuttu máli og innan þess frests sem kveðið er á um í þingsköpum.

Varðandi þá fyrirspurn sem hv. 18. þm. Reykv. hefur gert hér að umtalsefni er auðvitað engin leið að svara henni í stuttu máli. Þar að auki sýnist mér að sú fyrirspurn orki líka tvímælis í aðra veru vegna þess að mér sýnist að mörkin milli þess sem þar mætti kalla upplýsingaöflun eða fyrirspurn og þess sem sums staðar væri kallað persónunjósnir eða óæskileg hnýsni um hagi einstaklinga séu þarna ákaflega óljós og kannski gangi þessi fyrirspurn of langt í þá veru og sé því ekki viðurkvæmileg.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt ef þessi umræða þarf að snúast upp í það hvort þurfi að breyta fyrirspurnaformi. Mér finnst að tilefni máls míns hafi ekki verið það heldur hvernig þessari fsp. sem leyfð var var svarað. Ég vil endilega taka fram, þó að hæstv. viðskrh. hafi kosið að víkja úr sal, og ég efa ekki að þar hefur annríki ráðið, af því að hæstv. ráðherra sagði hér í ræðustóli að í fyrirspurninni hefði verið farið fram á að leitað yrði svara um afstöðu manna til mála, að ekki var um það beðið í fyrirspurninni. Aftur á móti var spurt um störf og mér er ekki ljóst hvernig hægt er að bera það saman við, mér liggur við að segja persónunjósnir að æskja upplýsinga um menn sem eru kjörnir til opinberra starfa og trúað fyrir opinberum störfum í jafnmikilvægum málum eins og stjórnum peningastofnana ríkisins, að það geti með nokkru móti flokkast undir persónunjósnir að það liggi ljóst fyrir hver hugsanleg tengsl þeirra eru við aðrar peningastofnanir eða fyrirtæki sem gætu tengst þessari peningastofnun eða annarri viðlíka með þeim hætti að ekki væri viðunandi. Ef menn sem kjörnir eru til þessara starfa eru ekki hafnir yfir gagnrýni, þá hljóta þeir í ljósi þess sem á undan er gengið að búa við tortryggni og væntanlega hafa menn sem taka að sér slík störf ekkert að fela sem ekki þolir að líta dagsins ljós.

Í tilefni þessa alls langar mig rétt að ítreka það sem margoft hefur borið á góma varðandi þetta bankaráðsmál, að með hverjum degi verður ljósari þörfin fyrir stjórnsýslulög og gerði ég það nokkuð að umtalsefni hér um daginn varðandi þáltill. sem hér var til umræðu. En seinna í dag verður hér til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis og ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á að hann tekur einmitt fram í þeirri skýrslu að brýn þörf sé á stjórnsýslulögum og ég vil enn beina því til þingmanna að íhuga hver staða löggjafarvaldsins er þegar framkvæmdarvaldið getur svarað spurningum þess með þeim hætti sem hér er gert.

Skipulagðar hópferðir erlendra aðila um hálendi Íslands, ein umr.

Fsp. DS, 405. mál. — Þskj. 710.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Á ráðstefnu Ferðamálaráðs á Egilsstöðum 16. og 17. febr. sl. komu fram miklar áhyggjur aðila í ferðaþjónustu hér á landi vegna sívaxandi umsvifa erlendra ferðaskrifstofa í ferðaþjónustunni hér á landi. Fram kom að vitað er um a.m.k. fimm erlenda aðila sem ætla að hafa hér lengda Land Rover jeppa sem þeir munu nota til að aka ferðamönnum um hálendið.

Áhyggjur manna voru tvíþættar. Annars vegar er auðvitað spurningin um það hvort við Íslendingar ætlum að láta þessa atvinnugrein okkur úr greipum ganga. Þetta er sú atvinnugrein sem við bindum einna helst vonir við sem góða tekjulind á komandi árum. Ég vil geta þess hér að áætlað er að á síðasta ári hafi gjaldeyristekjur okkar af ferðaþjónustunni verið 9–10 milljarðar. Það er ekki síður mikilvægt að ferðaþjónustan hefur haft töluverð áhrif á uppbyggingu atvinnulífs í sveitum landsins og ferðaþjónustan kallar á mörg ný störf þannig að hér er um verulega hagsmuni fyrir okkur að ræða. Hins vegar hafa menn auðvitað áhyggjur af því umhverfi sem við búum í, viðkvæmri náttúru Íslands og spurning er hvort erlendir aðilar sem hingað koma hafi þá þekkingu á viðkvæmri náttúru landsins sem nauðsynleg er til þess að farið sé um með gát og ekki sé spillt frekar en orðið er. Sérstaklega á ég þá við viðkvæmustu svæðin uppi á hálendi landsins.

Í gær barst okkur þingmönnum bæklingur um akstur utan vega og merktra slóða sem gefinn er út af nokkrum samtökum. Hann er hér á íslensku og ég vil benda á að ég tel þetta mjög jákvætt framtak þeirra aðila sem að því standa, en það eru Náttúruverndarráð, Vegagerð ríkisins, Landssamband ísl. vélsleðamanna, lögreglustjórinn í Reykjavík, Ferðaklúbburinn fjórum sinnum fjórir og Slysavarnafélag Íslands.

Ástæða þess að ég ber fram þessa fsp. til hæstv. samgrh. eru þær áhyggjur sem fram komu á ferðamálaráðstefnunni. Vegna þess að ég fór að minnast á þennan bækling, um akstur utan vega, þá vil ég aðeins geta þess um leið að þó svo að ekki séu erlendir aðilar í skipulögðum hópferðum uppi á hálendinu hefur umferð útlendinga aukist á einkabifreiðum á undanförnum árum. Ég tel því alveg nauðsynlegt að þessi bæklingur komi líka út á öðrum tungumálum en íslensku. Ég veit að þessi bæklingur er ekki á vegum samgrn., en ég vil geta hans hér við umræður um þessa fsp.

Ég spyr hæstv. samgrh. hvernig hann hyggist bregðast við þeim tíðindum sem borist hafa um áform erlendra aðila í ferðaþjónustu um að bjóða upp á jeppaferðir fyrir erlenda ferðamenn um hálendi Íslands næsta sumar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er spurt hvað samgrh. hyggist gera til að bregðast við tíðindum um áform erlendra aðila í ferðaþjónustu um að bjóða upp á jeppaferðir fyrir erlenda ferðamenn um hálendi Íslands næsta sumar. Og svarið er það að sem stendur er vitað um það með vissu að fjórir aðilar hafa uppi áform um að staðsetja hér á landi lengda Land Rover jeppa sem þeir munu ætla að nota til að aka ferðamönnum um hálendið í sumar. Þessir aðilar eru frá Bretlandi, Þýskalandi, Austurríki og Hollandi.

Í reglugerð um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni, reglugerð nr. 175/1983, er skýrt kveðið á um að ökutæki verði að fylgja hópum, bæði inn í landið og eins út úr því. En það segir í 4. gr. þessarar nefndu reglugerðar, með leyfi forseta: „Hafi erlendur ferðamannahópur ökutæki meðferðis við komuna til landsins til eigin nota skal það fylgja hópnum við brottför úr landi", þ.e. ökutækið. Af þessu má ljóst vera að ekki er heimilt að koma með ökutæki hingað og hafa það staðsett hér allt sumarið og taka sífellt við nýjum hópum sem síðan hefðu ökutækið til afnota.

Ferðamálaráð hefur þegar gert þessum fjórum aðilum sem vitað er um viðvart og gert þeim ljóst að það sem heyrst hefur um áætlanir þeirra brjóti í bága við þessar gildandi reglur. Þeim hefur líka verið gert það ljóst að gildandi reglum verði framfylgt þannig að samgrn. muni grípa til ráðstafana verði þær brotnar.

Ég mun einnig sjá til þess að Ferðamálaráð fylgist mjög grannt með þessu máli og þessum aðilum sem þarna eru grunaðir um að hafa uppi áform um ólögmæta starfsemi og það verði gert í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld á Keflavíkurflugvelli og á Seyðisfirði. Komi það í ljós að einhverjir ætli samt sem áður að gera hér út með þessum hætti, staðsetja hér bíla og skipta um hópa, verður það stöðvað og með þeim ráðstöfunum sem til þarf, með því að fá lögregluyfirvöld til að skerast í leikinn ef ekki vill betur til.

Ferðamálaráð mun einnig á fundi sínum 30. mars nk. taka fyrir fleiri mál sem þessu tengjast, svo sem reglur um magn matvæla sem hópum er heimilt að taka inn í landið og sömuleiðis verður þar væntanlega fjallað einnig um hlutverk og starfsréttindi erlendra leiðsögumanna.

Því má svo bæta við að auðvitað gæti sá möguleiki orðið fyrir hendi að þessir aðilar reyndu að skrá bifreiðar sínar hér á landi. Útlendingar mega skrá hér bíla samkvæmt upplýsingum dómsmrn. en þá er enn fremur hægt að setja undir þann leka með því að séu bílar ætlaðir til flutnings á fleiri farþegum en átta, og það mundi eiga við í þessu tilviki, eftir því sem við best vitum, þar sem í hlut ættu lengdir Land Rover jeppar, skal skrá slíkt ökutæki sem atvinnutæki. Ökumenn þurfa þá meira próf og erlend meiri próf gilda ekki sjálfkrafa hér á landi.

Þá má einnig hafa það í huga að ef ökutækið er notað í atvinnuskyni þarf það hópferðaleyfi, sbr. reglugerð nr. 90/1990, þannig að ég held að það ætti með tiltækum og þegar gildandi reglum að vera unnt að koma í veg fyrir þessa útgerð. Það eina sem gæti gert það erfitt væri ef erlendi aðilinn fengi formlega til samstarfs við sig einhvern innlendan aðila, ég vil leyfa mér að segja, forseti, og með leyfi þínu „lepp". Þá gæti orðið erfitt að beita þessum tiltæku ráðstöfunum sem ég hef hér gert grein fyrir, en við munum þá fara ofan í saumana á því ef til kæmi.

Ég vona að þessi svör fullnægi hv. fyrirspyrjanda og ég leyfi mér að fullvissa hann um að það verður allt gert sem í okkar valdi stendur til þess að afstýra því að um útgerð af þessu tagi, sem brýtur í bága við lög og reglur og er auðvitað ekki þjónanleg okkar hagsmunum, verði að ræða.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og ég átti svo sem frekar von á því af honum að hann ætlaði að taka á þessum málum af einurð miðað við þær umræður sem við höfum hingað til átt um ferðamál hér inni á þingi. Hins vegar er þetta auðvitað bara einn angi af miklu stærra máli, þ.e. vaxandi umsvifum erlendra aðila hér í ferðaþjónustunni. Hæstv. ráðherra minntist á að Ferðamálaráð ætlaði að funda um ýmis atriði sem þessu tengjast á næstunni. Vil ég því aðeins minna á till. til þál. sem ég flutti fyrr á þessu þingi um að séð verði til þess að í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi sé ætíð með í för íslenskur leiðsögumaður sem nýtur réttinda samkvæmt sérstakri reglugerð gefinni út af samgrn.

Til þess að undirstrika hvernig þróunin hefur orðið í þessum málum að undanförnu bendi ég á að árið 1988 veitti Ferðamálaráð 27 starfsleyfi til erlendra leiðsögumanna og þeir unnu hér samanlegt 360 dagsverk, en sumarið 1989 voru veitt leyfi 45 og dagsverkin um það bil 1100. Á þessu sést auðvitað hvert stefnir og þá á ég ekki eingöngu við leiðsögumenn heldur líka í ferðaþjónustunni almennt. Ferðaþjónustan ætti auðvitað að skapa nýja atvinnu fyrir okkur og þar á meðal eru leiðsögumenn ein þeirra stétta sem ættu að njóta góðs af en missa greinilega vinnu í hendur erlendra aðila. Hinir erlendu leiðsögumenn sem hingað koma þiggja laun sín frá erlendum ferðaskrifstofum og greiða því hvorki skatta né önnur gjöld hér á landi þannig að vinna þeirra hefur bæði áhrif á afkomu þeirra sjálfra og afkomu ríkissjóðs.

Ég vildi aðeins minna á þetta hér en að öðru leyti hlýt ég að lýsa ánægju minni með þau afdráttarlausu svör sem hæstv. samgrh. gaf hér og vona að vel takist til með að framfylgja þessum reglum nú á komandi sumri því að ég held að það sé óhætt að fullyrða að ekki hefur alltaf verið hægt að setja undir allan leka hingað til.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi vék að í sambandi við leiðsögumenn, þá nefndi ég það að mér er kunnugt um að Ferðamálaráð mun ræða það mál á fundi sínum 30. mars nk. Þar er hins vegar því til að dreifa sem engin ástæða er til að fara dult með að nokkur ágreiningur er uppi meðal aðila í ferðaþjónustu um það hversu miklum takmörkunum beri að beita gagnvart starfsréttindum og möguleikum erlendra leiðsögumanna hér á Íslandi. Að sjálfsögðu er það okkur keppikefli að hafa sem mest af þessum rekstri og mest af þessari atvinnu í okkar höndum, en hinu er ekki hægt að neita að ákveðnar tilhneigingar til gagnkvæmnisréttinda gætir í þessum efnum og ég veit að hv. fyrirspyrjanda er það kunnugt ekki síður en öðrum að auðvitað hafa íslenskir leiðsögumenn starfað í fjölmörgum löndum á erlendri grund og það er altítt að íslenskum hópum erlendis fylgi íslenskur leiðsögumaður, en gjarnan er það þannig að í öðrum ríkjum eru þá einhverjar reglur um starfsréttindi slíkra manna og/eða að jafnframt skuli fylgja hópnum innlendur leiðsögumaður.

Í raun og veru er ekki alveg einfalt að móta þær reglur sem skynsamlegar eru og sanngjarnar í þessum efnum og ég held að um það geti ekki orðið samstaða að taka með öllu fyrir möguleika erlendra leiðsögumanna til að fylgja hópum til landsins. En að sjálfsögðu þarf að tryggja að þeir séu starfi sínu vaxnir og þau markmið náist fram sem við viljum tryggja m.a. með því að hópar hafi leiðsögumenn og snerta auðvitað umgengnina um landið og það að réttum upplýsingum sé komið á framfæri um land og þjóð o.s.frv. o.s.frv. En þetta mun Ferðamálaráð sem sagt ræða á fundi sínum og væntanlega gera tillögur til ráðuneytisins ef það telur aðgerða þörf. Ég vil þó benda á, sem augljóst má vera, að það er nokkrum vandkvæðum bundið að breyta reglum í þessum efnum í upphafi ferðamannatímans eða rétt fyrir hann og það hlyti að koma til álita hvort ekki væri óhjákvæmilegt að láta slíkar breytingar, ef til kæmu, eiga sér nokkurn aðdraganda, til að mynda þannig að þær tækju gildi um næstu áramót og miðuðust við ferðamannatímann að rúmu ári liðnu.

Atvinnumál fatlaðra, ein umr.

Fsp. DS, 406. mál. — Þskj. 711.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Við teljum það sjálfsagt mál í nútímaþjóðfélagi að hver þegn eigi þess kost að fá starf. Flestir reikna með því við upphaf starfsævi sinnar að geta séð sjálfum sér farborða og að allir séu jafnvelkomnir á vinnumarkaðinn. Allflestir fatlaðir einstaklingar eru þess fullkomlega megnugir að leggja sitt af mörkum til nytja- og verðmætasköpunar í samfélaginu séu þeim sköpuð rétt skilyrði til þess að rækta og nýta þá eiginleika sem þeir búa yfir rétt eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Atvinnumál fatlaðra eru því ekki síður hagsmunamál samfélagsins en réttindamál hins fatlaða. Nauðsynlegt er að stjórnvöld geri sér grein fyrir þessari staðreynd og líti á það sem skyldu sína annars vegar að skapa öllum mönnum atvinnu sem vilja og geta unnið og tryggja þeim réttlátan hlut í þeim auðæfum sem skapast og hins vegar að búa öllum þegnum félagslegt öryggi.

Sennilega verða flestir til að svara spurningunni um það hvers vegna þeir vinni á þann hátt að það sé til þess að sjá sjálfum sér farborða. Það er vissulega rétt en auðvitað engan veginn tæmandi. Gildi vinnunnar er ekki síður hinn félagslegi þáttur og atriði sem tengjast sjálfsímynd hvers og eins. Það er ekki síst fyrir fatlaða sem vinnan hefur mikla þýðingu í sambandi við félagslega stöðu og sjálfsmynd. Margir verða fyrir alvarlegum áföllum sem gjörbreyta öllu þeirra lífi og knýr þá til að taka algerlega nýja stefnu í lífinu. Sérlega mikilvægt hlýtur að vera að þjóðfélag-

ið og vinnumarkaðurinn taki vel á móti fólki sem hefur orðið fyrir slíkum áföllum og verður jafnframt því að sætta sig við fötlunina að hefja leit að atvinnu, e.t.v. á nýjum og áður óþekktum starfsvettvangi. Það er ekki síst vegna félagslega þáttarins sem það getur jafnvel verið brýnna fyrir fatlaða en aðra að hafa trygga atvinnu þrátt fyrir það fjárhagslega öryggi sem tryggingabótum er ætlað að veita þeim. En eins og allir vita hrökkva þær nú skammt. Á síðustu árum hefur ýmislegt verið reynt til þess að bæta stöðu fatlaðra en enn eigum við langt í land. Hugarfarsbreytingar er þörf og e.t.v. er það meginskýringin á því hversu hægt miðar að ná jafnrétti með fötluðum og ófötluðum.

Um þessar mundir er meira atvinnuleysi um land allt en um langt skeið og spurning hvernig það kemur við fatlaða einstaklinga í þjóðfélaginu. Á þeim tölum sem félmrn. sendir frá sér mánaðarlega má sjá að á slíkum tímum bitnar atvinnuleysi yfirleitt harðar á konum en körlum. En spurningin er: Hvar standa fatlaðir þegar illa árar? Í fréttabréfi félmrn. í október sl. var frétt þess efnis að búið væri að ráða starfskraft til þess að sinna tímabundnu verkefni varðandi atvinnumál fatlaðra. Í framhaldi af þeirri frétt hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 711 um skráða atvinnulausa í hópi fatlaðra og hvort sú úttekt sem starfsmanni þessum var falið að gera liggur fyrir. Síðasta spurningin, ég veit að hún er nokkuð víðtæk, snýst um það hvernig áætlað sé að vinna að því að ná jafnrétti með fötluðum og ófötluðum á vinnumarkaði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur beint til mín fyrirspurnum í þrem töluliðum um atvinnumál fatlaðra sem ég skal leitast við að svara. Spurt er hve margir fatlaðir séu skráðir atvinnulausir og það sé sundurliðað eftir kjördæmum. Ráðuneytið leitaði til svæðisstjórna varðandi upplýsingar um skráningu atvinnulausra fatlaðra og eru eftirfarandi tölur frá þeim komnar:

Alls voru 203 fatlaðir á skrá um miðjan mars og skiptast þeir þannig eftir kjördæmum: Reykjavík 76, Reykjanessvæðið 65, Vesturland 1, Vestfirðir 2, Norðurl. v. 14, þar af 7 á Siglufirði, Norðurl. e. 40, þar af 38 á Akureyri, Austurland 3 og Suðurland 2. Upplýsingarnar eru fengnar þannig að svæðisstjórnir, þ.e. starfsmenn á skrifstofum þeirra, höfðu samband símleiðis við öll sveitarfélög á svæðinu og spurðust fyrir um hve margir fatlaðir væru á skrá yfir atvinnulausa. Eru framangreindar tölur fengnar frá atvinnuleysisskráningu sveitarfélaga.

Í annan stað er spurt hvort fyrir liggi úttekt á atvinnumálum fatlaðra sem unnið hefur verið að á vegum félmrn. síðan í haust. Svar við því er að í desember sl. ákvað ég að fram skyldi fara úttekt á atvinnumálum fatlaðra. Ráðinn var starfsmaður, Marta Jensdóttir, í fullt starf til að vinna að þessu verkefni. Einnig var skipaður fimm manna starfshópur til ráðgjafar að þessu verkefni og eiga þær sæti eftirtaldir fulltrúar: frá félmrn., frá ASÍ, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, frá Samtökum fatlaðra og frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt skipunarbréfi ráðuneytisins felst verkefnið í því að gera úttekt á stöðunni í atvinnumálum fatlaðra, bæði að því er varðar almenna vinnumarkaðinn og verndaða vinnustaði. Að lokinni úttekt á stöðunni á starfshópurinn að leggja fram tillögur um úrbætur og stefnu í atvinnumálum fatlaðra. Hópurinn hefur haldið sjö fundi á þeim tíma sem liðinn er síðan hann var skipaður og ákveðið með hvaða hætti best væri að standa að könnun þessari. Sendir voru spurningalistar til 14 verndaðra vinnustaða. Spurningarnar voru mjög ítarlegar og vörðuðu rekstur og framleiðslu sem og kjör og aðbúnað starfsmanna. Enn fremur heimsótti verkefnisstjórinn alla vernduðu vinnustaðina til þess að spurningarnar yrðu raunhæfari og hentuðu á sem flestum stöðum.

Svör við þessum spurningum hafa nú borist frá öllum 14 vinnustöðunum og er úrvinnsla á þeim hafin. Gert er ráð fyrir að niðurstöður verði tilbúnar í byrjun apríl. Nefndin kom sér saman um að besta leiðin til að afla upplýsinga um stöðu fatlaðra á almennum vinnumarkaði væri að snúa sér beint til fyrirtækja og stofnana um land allt. Valin voru fyrirtæki af öllum gerðum og stærðum, bæði opinberar stofnanir og einkafyrirtæki, til að fá sem besta mynd af því hvar möguleikar fatlaðra til vinnu eru. Þær upplýsingar sem aflað er varða bæði fjölda fatlaðra í vinnu nú og einnig möguleika þeirra í framtíðinni ásamt því að fá fram viðhorf atvinnurekenda til fatlaðra starfsmanna. Samin voru spurningaeyðublöð og voru þau send til 220 fyrirtækja og stofnana um land allt. Svörin eru þegar farin að berast. Tekið var úrtak fyrirtækja og verður að ætla að þar sé um mjög marktækan fjölda að ræða. Hér er um að ræða könnun sem aldrei fyrr hefur verið gerð hér á landi og ætti hún að geta varpað ljósi á stöðu fatlaðra á hinum almenna vinnumarkaði.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvernig hyggst félmrh. stuðla að jafnrétti með fötluðum og ófötluðum á vinnumarkaði?“ Mín skoðun er sú að stefnan í atvinnumálum fatlaðra eigi að vera að stuðla sem mest að því að fatlaðir geti unnið á almennum vinnumarkaði eins og kostur er. Vonast er til að fyrrnefnd úttekt og könnun á atvinnumálum fatlaðra gefi nokkuð raunhæfa mynd af því hvernig þessum málum er háttað og verður þá hægt að sjá hvar skórinn kreppir og hvaða úrræði þurfa að koma til úrbóta. Mér er vel ljóst mikilvægi þess að fatlaðir njóti starfsmenntunar og starfsþjálfunar til að þeir verði betur í stakk búnir til að starfa á almennum vinnumarkaði. Ráðuneytið beitti sér fyrir því fyrir 2–3 árum síðan að koma á fót starfsþjálfun fatlaðra í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands. Er starfsemin rekin á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Markmiðið með starfsþjálfun fatlaðra er að búa nemendur undir almenn störf á vinnumarkaði og búa nemendur undir nám í framhaldsskólum. Starfsþjálfun fatlaðra er einkum ætluð fólki sem hefur náð

17 ára aldri og hefur fatlast vegna slysa eða sjúkdóma.

Hjá starfsþjálfun fatlaðra er meginámhersla lögð á greinar sem að gagni mega koma úti á vinnumarkaði. Þar er kennd tölvunotkun, verslunarreikningur, bókfærsla, íslenska, enska og samfélagsfræði. Reiknað er með að námið standi í þrjár annir og á síðustu önn er stefnt að því marki sem nemandi hefur sett sér þegar starfsþjálfun lýkur. Það er gert með starfsfræðslu, kynningu á námsleiðum, tengslum við atvinnulífið og einstaklingsráðgjöf. Skólagjöld eru engin og öll helstu námsgögn eru lögð til nemendum að kostnaðarlausu. Alls hafa 22 nemendur lokið námi í starfsþjálfun fatlaðra frá 1987 og 90 nemendur tekið þátt í styttri námskeiðum. Í maí nk. útskrifast úr starfsþjálfun 12 nemendur.

Á vernduðum vinnustöðum fer einnig fram starfsþjálfun til að fatlaðir geti komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Úrræði í vinnumálum fatlaðra geta að sjálfsögðu verið misjöfn og þurfa að miðast við getu hvers og eins þótt stefnan hljóti að vera sú að þjálfa og undirbúa sem flesta til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

Eftirfarandi úrræði eru nú til staðar varðandi atvinnumál fatlaðra: Það eru 14 verndaðir vinnustaðir, vinnustofur sólarhringsstofnana, sem eru fjórar, eru þar ekki meðtaldar, það eru þrjár dagvistarstofnanir með léttri vinnu, afþreyingu og þjálfun, atvinnuleit er á fimm svæðum, almenn vinnumiðlun og starfsþjálfun sem ég lýsti hér áður. Síðan eru styrkir samkvæmt 19. gr. laga um málefni fatlaðra til að koma á fót sjálfstæðri starfsemi. Ég vænti þess að fyrrnefnda úttekt á atvinnumálum fatlaðra, sem ég hef hér lýst, verði unnt að nota sem grundvöll til að marka raunhæfa stefnu í atvinnumálum fatlaðra.

Ég vona að svar mitt við þessari fsp. sé fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hennar. Það er greinilegt á þeim svörum sem hún las hér upp fyrir þingheim að töluverður hópur fatlaðs fólks er skráður atvinnulaus. Hins vegar má auðvitað reikna með því að um töluvert dulið atvinnuleysi sé að ræða jafnframt. Tölurnar segja því auðvitað ekki alltaf allt, en þetta eru hinar opinberu tölur sem eru skráðar.

Það kom fram í máli ráðherra að verið er að vinna að þessu. Það hefur auðvitað verið svo í gegnum árin að stöðugt er verið að vinna að slíkum málum. En það er með þessi mál eins og svo mörg önnur að fólki finnst miða allt of hægt. Hér er í gangi könnun sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og er vonandi að svör við henni berist fljótt og gefi vísbendingar um hvernig megi byggja upp vinnumiðlun og annað því um líkt og menntun fyrir fatlaða og hvaða þarfir eru í fyrirtækjunum og hvaða störf fötluðu fólki standa til boða.

En það er e.t.v. ýmislegt fleira sem hægt væri að gera. Hæstv. félmrh. minntist á Starfsþjálfunarskóla ríkisins, einnig atvinnuleit og vinnumiðlun. Ég held að það sé mjög mikilvægur þáttur í atvinnumálum fatlaðra að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi og reyni að ráða sem mest af fötluðu fólki í þau störf sem því hæfa og sem það getur tekið að sér. Hæstv. félmrh. hefur haft forgöngu um það innan ríkisstjórnarinnar að leggja til að ráðuneyti og stofnanir geri jafnréttisáætlanir um hvernig ná megi jafnrétti karla og kvenna innan stofnana ríkisins. Auðvitað mætti spyrja líka hvort ekki væri þörf á því að stjórnvöld gerðu einhverjar slíkar áætlanir vegna fatlaðra, sett yrði upp markviss áætlun um það hvernig skyldi á málum tekið.

Mig langar aðeins til að minna á að auðvitað er líka nauðsynlegt að það sé innibyggð einhvers konar hvatning bæði fyrir vinnuveitendur og hina fötluðu til að fara út á vinnumarkaðinn. Vil ég þá sérstaklega minnast á, ef ég fæ með leyfi forseta að syndga hér upp á náðina í hálfa mínútu, bætur sem falla niður þegar fatlaðir hefja störf. Margir eru ragir við að fara út á vinnumarkaðinn, í fyrsta skipti jafnvel, eða eftir áfall sem þeir hafa orðið fyrir. Það er auðvitað spurning hvort ekki mætti hugsa sér að fatlaðir héldu þessum bótum um eitthvert skeið, t.d. sex mánuði eða eitt ár meðan þeir eru að komast að því hvort þeir í raun geta sinnt því starfi sem þeir hafa tekið að sér. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér sem eina hugmynd, en það er nauðsynlegt að það verði innibyggð einhvers konar hvatning fyrir vinnuveitendur og þeir verði upplýstir þannig að þeir verði fúsir til að nýta sér þann ágæta vinnukraft sem fatlaðir eru auðvitað eins og aðrir.

Jafnréttisáætlanir, ein umr.

Fsp. DS, 407. mál. — Þskj. 712.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Baráttan fyrir jafnréttinu, þ.e. milli karla og kvenna, er orðin gömul og hefur birst í mörgum myndum í gegnum tíðina. Hin seinni ár hefur umræðan einkum snúist um launamálin þar sem hver könnunin og skýrslan af annarri hefur sýnt að staða kvenna er langtum lakari en karla. Þrátt fyrir lagasetningu um jafnrétti kvenna og karla, en þau lög leggja þá ábyrgð á stjórnvöld að vinna að jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins, stöndum við enn í dag frammi fyrir heldur dapurlegum staðreyndum um árangurinn. Með því að hæstv. félmrh. hafði forgöngu um það innan ríkisstjórnarinnar að samþykkt var að beina tilmælum til ríkisstofnana um að gera jafnréttisáætlanir er viðurkennt að enn sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til þess að ná raunverulegu jafnrétti kvenna og karla og enn ein tilraunin er gerð. Hér liggur fyrir hefti sem gefið er út af félmrn. og Jafnréttisráði um þessar jafnréttisáætlanir sem hafa

borist félmrn. Það er auðvitað spurning, og spurning mín til hæstv. félmrh., hvernig þeim áætlunum verði fylgt eftir.

Með aukinni atvinnuþátttöku og menntun á öllum mögulegum sviðum hafa konur komið til starfa á vettvangi þar sem þær hafa ekki verið hingað til. Vinnumarkaðurinn hefur haft þörf fyrir vinnu þeirra en það er eins og mönnum hafi ekki hugkvæmst að um leið þyrfti að koma til móts við þarfir kvenna varðandi ýmis félagsleg atriði, t.d. þá sjálfsögðu staðreynd að til sé öruggt athvarf fyrir börnin. Það þarf ekki að minna á þá staðreynd að auðvitað ber að launa konum fyrir þá vinnu sem þær leggja fram og þá ábyrgð sem þær taka á sig jafnramt því sem þær að mestu leyti bera enn ábyrgðina á heimilisstörfum og uppeldi barna.

Þó kannanir sýni að vinnutími kvenna á vinnumarkaðinum sé styttri en karla segir það ekki nema örlítið brot af sögunni því jafnframt vinnu sinni sjá þær um börn og heimili og stunda margar hverjar nám af einhverju tagi með það fyrir augum að bæta stöðu sína. Allt þetta erfiði skilar konum harla litlu og virðist skilningur stjórnvalda á mikilvægu vinnuframlagi kvenna næsta lítill. Það kom t.d. í ljós í könnun BHM á kjörum háskólamenntaðra kvenna á vinnumarkaðinum að launamunur þeirra og háskólamenntaðra karla er meiri hjá hinu opinbera en úti á almennum vinnumarkaði. Það er því mikilvægt í þessu máli, eins og því hinu fyrra sem ég ræddi um áðan, þ.e. um atvinnumál fatlaðra, að stjórnvöld gangi á undan og skapi fordæmi til þess að ná því markmiði að konur og karlar verði metin til jafns á vinnumarkaðinum og í samfélaginu öllu. Það er að sjálfsögðu lofsvert framtak að reyna að þoka málum áfram með því að hvetja stofnanir til að ræða jafnréttismál og gera áætlanir um hvernig skuli staðið að því að bæta stöðu kvenna.

Fsp. mínar til hæstv. félmrh. varðandi þetta mál eru á þskj. 712 um það hversu margir hafi fengið tilmæli og hve margar jafnréttisáætlanir hafi skilað sér og með hvaða hætti fyrirhugað sé að fylgja þeim eftir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Til mín er beint fyrirspurn sem snertir jafnréttisáætlanir sem ég vil leitast við að svara hér. Á árinu 1988 var samþykkt í ríkisstjórninni tillaga mín um að leggja til að ráðuneyti og ríkisstofnanir geri hvert fyrir sig jafnréttisáætlun til fjögurra ára fyrir tímabilið 1. jan. 1989 til 31. des. 1992, þar sem fram kæmi hvernig staðan sé nú innan ráðuneyta eða stofnana og að ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir setji sér markmið í jafnréttismálum sem stefnt verði að að ná á tilsettum tíma hvað varðar stöðuveitingar, launamál, starfsauglýsingar, námskeið og tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð. Í ágúst 1988 var öllum ráðuneytisstjórum sent bréf þar sem óskað var eftir að ráðuneytin sendu jafnréttisáætlanir og jafnframt að hvert ráðuneyti sendi bréf til stofnana og fyrirtækja er heyrðu undir viðkomandi ráðuneyti og jafnréttisáætlanir frá öllum aðilum yrðu sendar fyrir 1. nóv. 1988.

Félmrn. sendi síðan öllum sínum stofnunum, sjö talsins, auk átta svæðisstjórna um málefni fatlaðra, bréf um gerð jafnréttisáætlana. Félmrn. ítrekaði beiðni um skil frá öllum ráðuneytum og framlengdi frest til 15. des. 1988 þar sem tiltölulega fáar áætlanir höfðu borist á þeim tíma. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir ráðuneytisins er þó ljóst að nokkuð vantar á að jafnréttisáætlanir hafi skilað sér frá öllum sem óskað var eftir að skiluðu þeim. Má þar kannski sérstaklega nefna skóla, en þaðan hafa mjög fáar áætlanir komið og eins hafa fáar áætlanir komið frá heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og sömuleiðis stofnunum sem heyra undir dómsmrn.

Ef það frv. verður að lögum sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingar á jafnréttislögunum má þó vænta úrbóta í þessu efni þar sem gert er ráð fyrir að jafnréttisáætlanir verði lagðar fyrir Alþingi samhliða þáltill. um framkvæmd áætlunar í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn.

Spurt er hve margar jafnréttisáætlanir hafi borist til félmrn. Samtals hafa borist 50 jafnréttisáætlanir. Öll ráðuneyti, þar með talin Hagstofa Íslands og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, hafa skilað jafnréttisáætlun að undanskildum fjmrn. og dómsmrn.

Ég vil nefna líka að gefinn hefur verið út bæklingur á vegum félmrn. og Jafnréttisráðs sem hefur að geyma ýmsar þarfar ábendingar. Í bæklingi þessum sem nefnist „Hvernig næst jafnrétti í atvinnulífinu? Hugmyndir, aðgerðir, áætlanir" er einnig að finna nokkrar þeirra jafnréttisáætlana sem bárust. Í leiðbeiningum um gerð jafnréttisáætlana var tekið fram hvað æskilegt væri að jafnréttisáætlun fæli í sér. Þar er óskað eftir að fram komi hvert er hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum, hvert er hlutfall kvenna í nefndum. Í öðru lagi verkefni sem unnið væri að til að ná fram jafnrétti kynjanna og í þriðja lagi var óskað eftir að markmið væru sett til að ná fram jafnrétti með aðgerðum og hvernig best væri að ná fram þeim markmiðum.

Í þeim jafnréttisáætlunum sem félmrn. hafa borist er höfuðáhersla lögð á í fyrsta lagi fjölgun kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum en jafnframt er lögð áhersla á að breyta hinum hefðbundnu kvennastörfum í ráðuneytum, m.a. með annarri starfslýsingu og verkefnum sem gæti fengið karlmenn til umræddra starfa. Í annan stað fjölgun kvenna í ráðum og nefndum. Í þriðja lagi endurmenntun og/eða starfsþjálfun kvenna og í fjórða lagi launajafnrétti. Þetta eru þau atriði sem helst er lögð áhersla á í þeim jafnréttisáætlunum sem ráðuneytinu og Jafnréttisráði hafa borist.

Í þriðja lagi er spurt: „Með hvaða hætti verður þessum áætlunum fylgt eftir?"

Um næstu áramót munu félmrn. og Jafnréttisráð fara yfir viðkomandi jafnréttisáætlanir og meta stöðuna og hvaða árangur hefur náðst. Í framhaldi af því verður síðan tekin ákvörðun um hvernig áætlununum verður fylgt eftir.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hennar. Það gladdi mig að áætlununum skyldi í raun hafa fjölgað því í skýrslunni sem félmrn. og Jafnréttisráð gáfu út voru þær aðeins 40, þannig að einhverjir hafa tekið við sér síðan. Það er auðvitað alvarlegt að stofnanir eins og t.d. skólar, þar sem fræðslan ætti að fara fram, skuli ekki standa sig betur en raun ber vitni. Það vakti einmitt athygli mína við lestur þessarar skýrslu að einungis tveir framhaldsskólar senda jafnréttisáætlun, Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Sund og síðan Tækniskóli Íslands sé ég hér og Samvinnuskólinn. Þeir eru reyndar á háskólastigi báðir tveir. En það væri full ástæða til að ýta við þessum málum, bæði í grunnskólunum og framhaldsskólunum vegna þess að það er e.t.v. ekki síst þar sem fólk fer að huga að því að velja sér nám með tilliti til starfs. Ef við eigum að ná því fram að stokka eitthvað upp vinnumarkaðinn þá hlýtur það starf að verða að byrja inni í skólunum.

Það kom einnig fram í máli hæstv. félmrh. að um næstu áramót verður farið yfir þessar áætlanir og ákvörðun tekin í framhaldi af því. Það er auðvitað ekki annað að gera á þessari stundu en að vonast til að einhverju hafi þokað. Það sem hefur gerst eftir að þessi fsp. var lögð fram hér á Alþingi er að nú hefur komið fram frv. til nýrra jafnréttislaga. Það er nú reyndar svo komið að margar konur eru hættar að trúa á lögin vegna þess að þeim finnst málum þoka svo hægt. Auðvitað er alltaf erfitt að setja lög um hugarfar, sem þetta mál óneitanlega er.

Ég vil nota tækifærið og fagna því að frv. er þó komið fram. Þar eru ýmis ákvæði sem ég tel vera mjög til bóta. Það er tekið fastar og ákveðnar á málum og ég vona svo sannarlega að það verði að lögum hér á þessu þingi.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda að það er mjög miður að ekki skyldu fleiri jafnréttisáætlanir hafa skilað sér. Það er reyndar svo að frá þeim ráðuneytum sem fáar stofnanir heyra undir hafa flestar áætlanirnar skilað sér. En það er mjög miður að t.d. frá skólunum og sjúkrastofnunum skuli fáar sem engar áætlanir hafa komið. Ef það er tekið með þá vantar örugglega 200–300 áætlanir til þess að fá heildarmynd af þessu öllu því þarna er um að ræða mjög marga skóla og mjög margar sjúkrastofnanir. Og ef það væri allt með hygg ég að það vanti kannski upp undir 300 áætlanir og jafnvel fleiri. Þetta er auðvitað mjög miður.

Ég mun gera aðra tilraun og ítreka það við viðkomandi ráðuneyti sem ekki hafa skilað, eða þeirra undirstofnanir, skrifa þeim og ítreka að þessar áætlanir skili sér svo við höfum betri heildarmynd þegar staðan verður metin um nk. áramót.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera hér örstutta athugasemd. Ég fagna því sem kom fram núna í máli hæstv. félmrh. Ég vil einnig geta þess, sem ekki kom fram í máli mínu áðan, að ég tel að það hafi verið mjög jákvætt framtak að senda af stað þessar jafnréttisáætlanir vegna þess að mér er kunnugt um að þær hafa leitt af sér mikla umræðu um þessi mál inni í hinum ýmsu stofnunum. Það skiptir miklu máli að reyna að hreyfa við þessum málum með öllum tiltækum ráðum.

SAMEINAÐ ÞING

66. fundur, fimmtudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Rit um kristni á Íslandi í þúsund ár, fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 431. mál. — Þskj. 752.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samningu rits um kristna trú á Íslandi í þúsund ár en hún liggur frammi á þskj. 752 og er 431. mál þingsins. Flm. eru forsetar Sþ., Ed. og Nd: ásamt formönnum allra þingflokka. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi samþykkir, með tilvísun til þingsályktunar frá 17. apríl 1986 um þúsund ára afmæli kristnitökunnar, að fela forsetum þingsins í samráði við þjóðkirkju Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands að standa fyrir samningu ritverks um kristni á Íslandi og áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár.

Forsetar þingsins skipi að höfðu samráði við biskup Íslands þriggja manna ritstjórn og ráði ritstjóra verksins frá ársbyrjun 1991. Ritstjóri ráði síðar aðra þá höfunda er að verkinu standa með samþykki ritstjórnar.

Kostnaður við verkið greiðist með öðrum útgjöldum Alþingis.

Ljúka skal samningu verksins á fimm árum."

Hvað sem mönnum sýnist um kristni og kirkju, hverjar sem trúarskoðanir manna kunna að vera getur engum blandast hugur um að ein er sú löggjöf merkust í sögu hins háa Alþingis og þjóðarinnar allrar en það er kristnitakan árið 1000. Varla verður um það deilt að sú ákvörðun hefur markað spor í sögu þjóðlífs á Íslandi sem ekki verða burtu máð. Það er því vart annað við hæfi en að Alþingi taki þátt í 1000 ára afmæli kristnitökunnar árið 2000 með þeim hætti sem til sóma geti talist enda hefur náðst einhuga samstaða um það.

Aðdragandi þeirrar till. til þál. sem hér er mælt fyrir er nokkur og skal nú gerð grein fyrir honum. Hinn 17. apríl 1986 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að vinna að athugun á því með hvaða hætti verði af hálfu Alþingis minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar."

Tillögu þessa fluttu forsetar þingsins og formenn þingflokka. Enginn vafi er á að einn þáttur aðdragandans er setning laga nr. 12/1982, um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, sem hefur styrkt samvinnu þings og kirkju. Í samstarfsnefndinni eiga sæti af hálfu Alþingis forseti sameinaðs Alþingis og einn fulltrúi sem tilnefndur er af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar situr í nefndinni kirkjuráð. Forseti þingsins og biskup fara með formennsku í nefndinni sitt árið hvor.

Á fundi í nefndinni á öndverðum þessum vetri kom fram að kirkjuráð hefði samkvæmt ákvörðun kirkjuþings tilnefnt þrjá menn í nefnd til að undirbúa hátíðahöld í tilefni 1000 ára afmælis kristnitökunnar. Í henni áttu sæti biskupinn yfir Íslandi, herra Pétur Sigurgeirsson, séra Heimir Steinsson og Jónas Gíslason prófessor. Jafnframt kom fram að sú nefnd hefði hugleitt að stuðla að samningu nýrrar kirkjusögu.

Skömmu eftir að núverandi biskup, herra Ólafur Skúlason, tók við embætti kvaddi hann til fundar frú Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands, forseta sameinaðs Alþingis og Steingrím Hermannsson forsrh. til að ræða undirbúning hátíðahaldanna. Á þeim fundi var m.a. rætt um fyrirhugaða ritun nýrrar kirkjusögu. Varpaði ég þá fram þeirri skoðun minni að töluvert hefði verið ritað um sögu kirkjunnar sjálfrar sem stofnunar þó að vissulega megi betur gera þar en minna um áhrif kristnitökunnar á hugmyndaheim fólksins í landinu og á þjóðlíf allt og væri þar enginn þáttur undanskilinn. Það lét vitanlega engan þátt þjóðlífsins ósnortinn þegar heiðin norræn menning og kristin Evrópumenning mættust á mörkum hins byggilega heims. Nýr hugmyndaheimur leystist úr læðingi, ný vitund varð til sem breytti öllu þjóðlífi og hafði víðtæk áhrif á allan hugsanagang manna, á menningu og listir, stjórnmál, dómskerfi og hvað eina sem mannlegt líf varðar. Undir þessa skoðun var vel tekið og í kjölfar þessa fundar skipaði ríkisstjórnin 20. okt. sl. að tillögu biskups forseta Íslands, handhafa forsetavalds og biskup Íslands í starfshóp til að undirbúa þátttöku ríkisvaldsins í hátíðahöldunum árið 2000. Hefur þessi hópur verið nefndur kristnihátíðarnefnd. Í framhaldi af þessum undirbúningi hefur ríkisstjórnin ákveðið að bera kostnað af nýrri þýðingu Gamla testamentisins úr hebresku og er það starf nú þegar hafið.

Í hinni nýju nefnd reifaði ég enn þessa hugmynd um ritun kristinnar hugmyndasögu og varð það úr að ég ræddi við forseta þingsins um samningu ritverks um sambúð þjóðar og kirkju í þúsund ár og kristna menningu hennar. Forsetar Alþingis ræddu málið mjög vandlega og urðu ásáttir um að hér yrði vel að vanda til. Mikilvægt væri að verkið færi ekki úr böndunum svo að úr yrði verk sem aldrei yrði lokið eins og dæmi eru til í ritun íslenskrar menningarsögu. Þess í stað yrði að ákveða því tíma, undirbúa það gaumgæfilega og gæta þess að því verði haldið innan skynsamlegra marka. Jafnframt voru forsetar einhuga um að samráð þyrfti að hafa í hvívetna við kirkjuna og guðfræðideild Háskóla Íslands. Því varð að ráði að leita til dr. Hjalta Hugasonar, lektors við Kennaraháskóla Íslands, um undirbúning málsins, en hann er eini formlega menntaði kirkjusagnfræðingur þjóðarinnar og höfðum við heyrt fara hið besta orð af honum. Einnig um það var haft samráð við biskup. Dr. Hjalti Hugason skilaði sérlega vönduðu áliti til forseta þingsins og varð það til þess að styrkja forseta mjög í fyrirætlun þeirra. Þá var beðið um skriflegt álit biskups sem einnig kom á fund forseta og hvatti hann mjög til verksins.

Í áliti dr. Hjalta Hugasonar segir m.a.:

„Undirrituðum er ljúft að verða við þeirri beiðni að taka saman nokkrar athugasemdir vegna fram kominna hugmynda um samningu ritverks um kristni á Íslandi og áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár í tilefni af þúsund ára minningarhátíð kristnitöku hér á landi." Síðan segir dr. Hjalti: „Frá sjónarhorni sérfræðings í íslenskri kirkjusögu er ljóst að brýn þörf er á samningu yfirlitsrits á ofangreindu sviði. Skýringarnar á þessari þörf eru fjölmargar.

Fyrst ber að geta þess að íslensk kirkjusaga hefur fram til þessa ekki verið rituð út frá því félagslega og menningarsögulega sjónarhorni sem að ofan getur. Þá eru tiltæk yfirlitsrit á sviði íslenskrar kirkjusögu í hefðbundnari skilningi orðin mjög gömul. Ber hér einkum að nefna tveggja binda yfirlitsrit herra Jóns Helgasonar biskups frá 1925–1927. Rit þetta hefur lengi verið ófáanlegt og fáum tiltækt á bókasöfnum. Þótt vel hafi verið til ritsins vandað í upphafi stenst það engan veginn þær kröfur er nú verður að gera til fræðilegra yfirlitsrita á þessu sviði. Sama máli gegnir einnig um viðamikil yfirlit yfir íslenska kirkju- og kristnisögu í almennum sagnfræðiritum íslenskum. Ber hér einkum að geta kirkjusöguyfirlitanna í fjölbindaverkinu Sögu Íslendinga sem kom út á vegum menntamálaráðs og Þjóðvinafélags á árunum 1942–1958.

Önnur ástæða felst í því að í yngri yfirlitsritum um íslenska sögu hefur þætti trúarsögunnar verið fremur lítill gaumur gefinn og í raun minni en verjandi virðist út frá sjónarhorni kirkjusagnfræðings, þegar þess er gætt hversu víðfeðmu félags- og menningarlegu hlutverki kirkjan gegndi og hversu fjölþætta skírskotun hin trúarlega hugsun hafði í samfélagi fyrri tíma. Þetta einkennir a.m.k. sum bindi Sögu Íslands sem nú er í útgáfu." Þá segir dr. Hjalti:

„Þriðja ástæðan og ekki sú þýðingarminnsta felst í því að kirkjusaga virðist um langt skeið hafa verið mjög einangruð og afmörkuð fræðigrein hér á landi sem stunduð hefur verið af fáum fræðimönnum en aðrir sniðgengið þátt kirkjunnar og trúarinnar í íslenskri menningarsögu meira en eðlilegt virðist. Er hér annars vegar um að kenna takmarkaðri aðferðafræðilegri umræðu innan greinarinnar sjálfrar og þröngrar afmörkunar á verksviði hennar en hins vegar vanmati á hinum trúarlega þætti í menningu

fyrri alda. Í þessu efni má merkja markverða breytingu á síðari árum þar sem fleiri fræðimenn virðast hafa tekið að fást við afmörkuð sagnfræðileg rannsóknarefni sem tengjast kirkjusögu."

Dr. Hjalti Hugason svarar þeirri spurningu hverjir hafi þörf fyrir ritverk sem hér er um rætt. Hann nefnir íslensku þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, guðfræðideild Háskóla Íslands, íslenska sagnfræðinga og hugvísindamenn almennt og síðast en ekki síst allan almenning í landinu. Um það segir hann:

„Allur almenningur í landinu sem afla vill sér heildstæðrar þekkingar á sögu og menningu þjóðarinnar hefur mikla þörf fyrir vandað yfirlitsrit yfir kristnisögu landsmanna er fallið getur að þeim fjölmörgu ritum um almenna sögu sem völ er á og breikkað getur þá mynd af sögunni sem þar er dregin upp. Ljóst er að þarfir og áhugasvið þeirra hópa sem nefndir hafa verið eru með mjög misjöfnum hætti. Við mörkun ritstjórnarstefnu verður að kveða nokkuð á um hverja forgangsröð skal viðhafa. Vert er þó að stefna að því að fullnægja þörfum sem flestra. Metnaðarfullt og vandað ritverk hefur enda forsendur til þess að höfða í senn til almennings og fræðimanna sem ekki eru sérfræðingar í viðkomandi grein í þröngum skilningi."

Forsetar hafa eins og áður er sagt haft náið samráð við biskup Íslands. Í bréfi hans dags. 5. mars sl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að ég fékk uppkast að nefndri þáltill. hef ég borið hana undir ýmsa menn, þar á meðal prófessorinn í kirkjusögu við guðfræðideild Háskóla Íslands og aðra þá sem gerst munu kunnugir þessu máli og hafa allir lokið upp einum munni um gagnsemi þessa rits. Kemur þar líka fram að hér er um að ræða málefni sem snertir ekki aðeins Alþingi og þjóðkirkjuna heldur Íslendinga alla, enda mun trauðla unnt að gera greinarmun á þjóðinni og þeim aðilum sem hér fjalla um mál." Bréf biskups endar á þessum orðum: „Ég vil enn á ný þakka þingforsetum fyrir tillöguna og þann hug sem hún lýsir og treysti því að Alþingi styðji hana við atkvæðagreiðslu."

Þingforsetar skrifuðu síðan formönnum þingflokka og ræddu einnig mál þetta á fleiri en einum fundi með þeim og hafa nú allir þingflokkar samþykkt að standa að tillögunni. Forsetum var fullljóst að ekki kæmi til mála að bera fram tillögu sem þessa nema allt Alþingi stæði að henni. Um hana yrði að vera full samstaða. Það er til marks um vilja allra hv. alþm. til að hefja hið háa Alþingi úr viðjum daglegs amsturs og ágreinings þegar saga og menning þjóðarinnar er annars vegar að um þessa tillögu hafa allir þingflokkar sameinast.

Síðan ákveðið var að þar sem guðslög og landslög greindi á skyldu guðslög ráða hefur íslenskt þjóðlíf tekið miklum breytingum og þó að landslög vegi nú þyngra en guðslög þegar ákvarðanir eru teknar er það víst að löggjafarsamkoman vill eiga gott og heiðarlegt samstarf við þjóðkirkjuna um allt sem verða má íslensku þjóðinni til heilla og farsældar. Er sú afstaða vel í samræmi við það sem gerðist við Öxará árið 1000 þegar heiðinn maður var fenginn til að segja upp lög kristinna manna, lög um að allir skyldu einn sið hafa.

Hæstv. forseti. Í lok máls míns vil ég taka það fram að með þessari tillögu er ekki öllum afskiptum Alþingis af kristnitökuhátíð lokið. Alþingi mun að sjálfsögðu taka þátt í undirbúningi hátíðarinnar á komandi árum með þátttöku í kristnihátíðarnefnd. Þingvallanefnd sem Alþingi kýs verður tvímælalaust virkur þátttakandi í hátíðahöldunum og þingið mun eflaust á ýmsan annan hátt koma nálægt þeim. Sú er vafalaust von allra hv. alþm. að þar takist vel til. En öll hátíð tekur enda og við tekur daglegt stríð hugar og handa. Með þessum tillöguflutningi vona flm. að þá standi eftir ritverk um áhrif kristnitökunnar árið 1000 á þjóðlíf og menningu íslensku þjóðarinnar í þúsund ár sem gjöf frá Alþingi. Þessu ritverki er ætlað að bregða ljósi inn í myrkur aldanna, að auðvelda íslenskum almenningi að skilja og skilgreina sjálfan sig sem grein á þeim meiði sem við öll erum af og staðið hefur af sér storma og hret í aldanna rás. Með þeim huga er mælt fyrir þessari till. til þál.

Hæstv. forseti. Þar sem tillaga þessi er flutt af forsetum Alþingis og þingflokksformönnum öllum og í náinni samvinnu við biskup Íslands geri ég ekki tillögu um að mál þetta sæti frekari athugun í nefnd heldur verði því vísað beint til síðari umræðu.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í greinargerð með þáltill. þessari sem hér er til meðferðar er vitnað til ályktunar Alþingis frá 1986, þar sem forsetum Alþingis var falið að vinna að athugun á því með hvaða hætti yrði af hálfu Alþingis minnst 1000 ára afmælis kristnitökunnar. Þá er og í greinargerðinni vitnað í framsöguræðu sem ég flutti fyrir þáltill. 1986. Mér þykir nú tilhlýða að ég geri grein fyrir eða rifji upp hvað gerðist og hver voru viðhorf til kristnitökuafmælisins áður en kom til aðdraganda þeirrar þáltill. sem við nú ræðum. Með leyfi hæstv. forseta vil ég nú sjálfur vitna til ræðu minnar 1986, en þar segir m.a.:

„Kirkja landsins hlýtur að minnast kristnitökunnar. Þjóðkirkjan hefur þegar látið málið til sín taka. Samkvæmt ákvörðun kirkjuþings 1984 tilnefndi kirkjuráð snemma árs 1985 nefnd þriggja manna, svonefnda kristnitökunefnd. Nefnd þessa skipa herra Pétur Sigurgeirsson, biskup Íslands, og er hann formaður nefndarinnar, séra Heimir Steinsson, sóknarprestur og þjóðgarðsvörður, og séra Jónas Gíslason dósent. Nefnd þessi skal gera tillögur um það hversu haga beri athöfnum þeim og framkvæmdum sem efnt verður til af kirkjunnar hálfu vegna 1000 ára afmælis kristnitökunnar á Þingvöllum við Öxará.

Kristnitökunefnd þjóðkirkjunnar hefur þegar unnið gott starf. Þar hafa komið fram marghátt aðar hugmyndir um athafnir og framkvæmdir af hálfu kirkjunnar í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitökunnar. Miða þessar hugmyndir mjög að trúarlegri vakningu í landinu. Þessar hugmyndir voru ræddar á

kirkjuþingi sl. haust og skulu ekki gerðar að umræðuefni hér."

Þetta var um hlut kirkjunnar í tilefni kristnitökuafmælisins. En hvað um hlut Alþingis til minningar um merkasta löggjafarstarf þess? Með leyfi hæstv. forseta vitna ég í sömu ræðu mína 1986. Þar segir um þetta efni:

„Eins og þjóðkirkjan mun minnast kristnitökunnar með sínum hætti, svo hlýtur Alþingi að minnast þessa atburðar á sinn hátt. Kirkjan mun nota þetta tilefni til trúarvakningar og eflingar kristni í landinu. Hver verður þá hlutur Alþingis? Hvernig ætlar Alþingi að nota tilefni þessa merkisafmælis?

Hafa ber í huga að ekki er aðalatriðið að halda hátíð í tilefni afmælisins heldur nota afmælið sem tilefni til varanlegra framkvæmda. Því er spurt. Einkum hefur komið til tals að Alþingi noti tilefni 1000 ára afmælis kristnitökunnar til ráðstafana og framkvæmda sem efla mættu tengsl þess við hinn forna þingstað. Slíkt mætti í senn treysta Alþingi í þjóðarvitund og auka á reisn þess."

Hér er gerður greinarmunur annars vegar á hlutverki kirkjunnar og hins vegar því sem tilheyrir Alþingi þegar minnst er 1000 ára afmælis kristnitökunnar. Kirkjuráð hafði árið 1985 tilnefnt sína kristnitökunefnd. Á sama hátt samþykkti Alþingi 1986 að fela forsetum þingsins að hafa forustu þessara mála af þess hálfu. Það var gert ráð fyrir að hvor aðili fyrir sig, Alþingi og kirkjan, hefði forræði á sínu sviði um aðgerðir í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitökunnar. Hins vegar hlutu Alþingi og kirkjan að hafa samráð og samvinnu um það sem lýtur að kristnitökuafmælinu. Þannig var komið á sameiginlegum fundum forseta Alþingis og kristnitökunefndar þjóðkirkjunnar þegar árið 1985.

Í framsöguræðu minni 1986, sem áður er vitnað til, sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að Alþingi og þjóðkirkjan noti tilefni 1000 ára afmælis kristnitökunnar sitt með hvorum hætti hljóta þessir aðilar að standa saman að margs konar undirbúningi að sameiginlegum hátíðahöldum á kristnitökuafmælinu. Við gerum ráð fyrir að þjóðhátíð verði árið 2000."

Nú er lögð fram á Alþingi þáltill. um að fela forsetum Alþingis að standa fyrir samningu ritverks um kristni á Íslandi. Það er af hinu góða að hreyfing er á viðbúnaði vegna kristnitökuafmælisins og því fagna ég. En hins vegar vil ég láta koma fram að mér finnst að þessi þáttur, samning rits um kristni á Íslandi, eigi fremur heima hjá kirkjunni sjálfri en Alþingi. Ég segi þetta með hliðsjón af viðhorfum þeim sem ríkjandi voru áður fyrr og ég hef hér greint frá. Það hefði farið betur á að Alþingi hefði látið kirkjunni sjálfri eftir þetta ritverk. Hins vegar ætti Alþingi að fara að snúa sér að viðfangsefnum sem gætu markað varanleg spor til minningar um kristnitökuna með því að auka á veg og reisn löggjafarþingsins sjálfs þar sem undrin og stórmerkin gerðust. Gleymum ekki að svo var stjórnvisku fyrir að fara að ekki má einungis nú vera til fyrirmyndar okkur Íslendingum heldur öllum þjóðum til friðsamlegra lausna á vandamálum mannlegra samskipta. Slíkir eru þeir atburðir sem minnast verður að maklegheitum.

Ég er ekki að segja með þeim athugasemdum sem ég hef hér gert að Alþingi eigi ekki að kosta útgáfu þess rits sem hér er verið að fjalla um. Ég hefði viljað flytja tillöguna breytta í þá veru sem ég hef nú rætt um. Þá hefði tillagan orðast svo:

„Alþingi samþykkir, með tilvísun til þingsályktunar frá 17. apríl 1986, um þúsund ára afmæli kristnitökunnar, að greiða úr ríkissjóði þjóðkirkju Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands kostnað við að standa fyrir samningu ritverks um kristni á Íslandi og áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár." Á þennan hátt væri sagt allt sem þarf að segja, allt sem þarf að gera af hálfu Alþingis.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að bera fram brtt. Ég vil ekki efna til ágreinings um mál sem samstaða á að vera um. En ég segi skoðun mína ef það mætti vera hv. þm. til umhugsunar og sérstaklega nefndinni sem ég tel eðlilegt að fái málið til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hv. 1. flm. tillögunnar lagði ekki til að málinu yrði vísað til nefndar og færði rök fyrir því frá sínu sjónarmiði. Eftir að flm. talaði gerði ég grein fyrir málinu með tilliti til þess sem gerst hafði í þessum málum áður en kom til aðdraganda þessarar tillögu. Á grundvelli þess lagði ég til að málinu yrði vísað til nefndar til umhugsunar. Ég tók fram að ég ætlaði ekki sjálfur að gera neinar brtt. vegna þess að samstaða þarf að vera um þetta mál. En ég tel eðlilegt að nefnd fái málið til umfjöllunar um þau atriði sem ég reifaði hér. Og því legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra hv. þm. sem ekki voru í salnum til að hlýða á ræðu mína vil ég taka fram að ég sagði að ég teldi ekki ástæðu til að vísa málinu til nefndar þar sem að þessu máli stæðu allir þingflokkar og hefðu um málið fjallað. Einnig hefði verið haft náið samráð við guðfræðideild Háskólans, við herra biskupinn yfir Íslandi og um málið hefði verið fjallað í samstarfsnefnd þjóðkirkjunnar og Alþingis.

Ég sé ekki betur en að meðferð málsins í nefnd yrði sú að allir þessir sömu aðilar fengju óhjákvæmilega málið til umsagnar. Vitaskuld geri ég það ekki að neinu ágreiningsefni ef hv. 4. þm. Vestf. er það mikið mál að málið verði sent til hv. allshn. Ég taldi að hv. þm. hefðu þegar kynnt sér þetta allnákvæmlega og væru þess reiðubúnir að greiða um það atkvæði. Sé svo ekki vænti ég þess auðvitað að það verði ekki til þess að hefta framgang málsins á nokkurn hátt að það fái umfjöllun í nefnd, en við lítum svo á að í raun og

veru sé ekki þörf á því. En það verður auðvitað lagt í hendur hv. alþm. að ákveða það og ég legg því til að um það verði einfaldlega greidd atkvæði.

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Eftir þessa athugasemd sé ég ástæðu til þess að taka undir þá tillögu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að vísa málinu til nefndar. Í þeirri afstöðu felst ekki að við séum ekki sammála um efnisatriði málsins. En ég vil vara við þeirri hugmynd að við tökum upp þá venju að vísa málum ekki til nefndar. Ef mál eru flutt af nefnd er þó ekki ástæða til að vísa þeim aftur til hinnar sömu nefndar. En þótt staðið sé að undirbúningi málsins með jafnvönduðum hætti og hér liggur fyrir þá þykir mér óviðeigandi að hafna tillögu hv. þm. um að vísa því til nefndar. Sú vinna getur auðvitað gengið mjög fljótt, en það er algerlega samkvæmt þingvenju og góðum háttum í þinginu að vísa málum til nefndar til athugunar.

Till. vísað til allshn. með 30:3 atkv.

Yfirstjórn öryggismála, fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 351. mál. — Þskj. 608.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Tillögu þessa flyt ég ásamt Matthíasi Á. Mathiesen, Friðjóni Þórðarsyni og Ólafi G. Einarssyni.

Lagt er til að könnuð verði og undirbúin setning löggjafar um yfirstjórn öryggismála. Ætlunin er að ná fram skilvirkri stjórnun með samhæfingu einstakra þátta öryggis- og löggæslu. Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar er miðað við að nýta megi sem best mannafla og tæknibúnað fyrir það fjármagn sem til þessara mála er veitt. Hins vegar stefnt að því að efla megi öryggi ríkisins og almennings í landinu með nýjum aðferðum og nýjum vinnubrögðum eftir því sem breyttir tímar og staða landsins á hverjum tíma gera nauðsynlegt.

Nú eru einstakir þættir öryggis- og löggæslumála aðskildir í stjórn og framkvæmd. Lögregla og Landhelgisgæsla eru aðskilin, tollgæsla er sér á báti og almannavarnir lúta sérstjórn. Hver grein fyrir sig byggir sig upp af liðsafla og útbúnaði sem í mörgum tilfellum getur þjónað fleirum en einum aðila. Það verður svo hins vegar best gert að einstakar stofnanir kosti ekki til tækjabúnaðar hver fyrir sig, heldur að tækin til sameiginlegra nota séu á einni hendi, undir einni yfirstjórn.

En það er ekki einungis að samhæfa megi nýtingu tækjabúnaðar einstakra stofnana, heldur er og ekki síður mikilvægt að samhæfa mannaflann. Það þarf að gera með margvíslegum hætti eftir því sem atvik bera að. Það getur borið við að nauðsynlegt sé að menn Landhelgisgæslunnar komi til liðs við menn lögreglunnar og öfugt. Tollgæslumenn á vettvangi geta þurft aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslu. Sama er að segja um útlendingaeftirlit, fíkniefnavarnir og mengunarvarnir. Almannavarnir eru í eðli sínu ekki annað en samspil þess liðsafla sem upp á er að hlaupa í einstökum greinum öryggis- og gæslumála.

Á miklu veltur að liðsafli sem til reiðu er sé sem haganlegast nýttur. Það verður svo hins vegar best gert að liðsaflinn taki mið af hinu víðara samhengi öryggis- og löggæslumála en besta leiðin til þess er að þau lúti einni stjórn.

Það eru þessi sjónarmið sem liggja til grundvallar þeirri hugmynd að komið verði á fót sérstakri yfirstjórn öryggismála, þar sem verði samhæfð stjórn lögreglumála, landhelgisgæslu og mála er varða tollgæslu, almannavarnir og aðra öryggisgæslu.

Þessari skipulegu samstjórn er ekki einungis ætlað að koma til leiðar hagræðingu og betri nýtingu fjármuna heldur og að leiða til markvissari og traustari framkvæmdar í löggæslu- og öryggismálum. Þessari skipan er ekki einungis ætlað að ná til þeirra þátta löggæslu og öryggismála sem nú er við að fást, heldur og einnig að vera umgjörð að verkefnum á þessu sviði sem ríkið kann í framtíðinni að láta til sín taka. Hér er því um að ræða breytingu sem hefur grundvallarþýðingu fyrir alla löggæslu og öryggismál þjóðarinnar.

En sú skipan öryggis- og löggæslu sem hér er lagt til að stofnað verði til tekur mið af eðlismun einstakra þátta löggæslunnar og margbreytileik. Engin breyting er gerð á skipan umboðsstarfa lögreglustjóra þannig að gjaldheimta og tollheimta heyra undir þá sömu og áður, hvort sem um er að ræða fjmrh. eða aðra aðila. Eftir sem áður helst skipting landsins í lögsagnarumdæmi. Ekki er lögð til breyting á valdsviði og hlutverki lögreglustjóra einstakra lögsagnarumdæma. Þeir málaflokkar sem ekki fara eftir skiptingu í lögsagnarumdæmi, svo sem gæsla landhelginnar, lúta stjórn án umdæmaskiptingar eins og hingað til. Sama er að segja um almannavarnir og ýmiss konar öryggisþjónustu svo að ekki sé talað um þau verkefni sem beint varða varnir landsins.

Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri eða öryggismálastjóri sem heyri undir dómsmrh. Hlutverk embættis öryggismálastjóra er að fara með yfirstjórn landhelgisgæslu, almannavarna og löggæslu að svo miklu leyti sem lögregluaðgerðir varða fleiri en eitt lögsagnarumdæmi, t.d. ef kveðja þarf til liðsafla frá fleiri en einu umdæmi og tækjabúnað sem ætlaður er til sameiginlegra nota.

Það gefur hlutverki öryggismálastjóra aukið vægi að gert er ráð fyrir að leggja megi undir hina samhæfðu yfirstjórn öryggismála alla þætti þessara mála, hvort sem þeim hefur verið sinnt hingað til eða ekki. Eru þá landvarnir fyrst og fremst hafðar í huga.

Öll ríki verða að láta landvarnir til sín taka með einum eða öðrum hætti. Ísland er engin undantekning í þessu efni. Við Íslendingar höfum leyst þetta viðfangsefni, að tryggja öryggi landsins út á við, með

þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og samningi við Bandaríkin um varnarlið hér á landi. Eitt veigamikið verkefni varnarliðsins er að annast margs konar eftirlitsstörf til öryggis og gæslu. Ýmsum þessara starfa erum við Íslendingar jafnfærir um að gegna og öðrum öryggis- og gæslustörfum sem við höfum nú á eigin hendi. Öll slík verkefni þarf þá að samhæfa öðrum öryggis- og gæslustörfum sem ríkið hefur með höndum undir einni stjórn.

Ekkert er eðlilegra en að þeir hinir sömu sem njóta góðs af öryggisgæslu í okkar heimshluta svo að friður megi haldast standi undir kostnaði af þeirri umsýslu. Hér væri þá um að ræða skipan ekki óáþekka þeirri sem nú er á umsýslu okkar Íslendinga á hinu víðáttumikla svæði flugumferðarstjórnar á Norður-Atlantshafi sem Alþjóðaflugmálastofnunin ber kostnað af.

Þessi þáltill. kveður ekki á um veru varnarliðsins hér á landi. Hins vegar fjallar hún um að komið verði á fót sameiginlegri eða einni stjórn sem samhæfi þá stjórnarsýslu sem lýtur að öryggis- og löggæslu ríkis og almennings í landinu. Gert er ráð fyrir að þessi samræmda gæsla verði að skipulagi og framkvæmd þannig að hún sé þess umkomin að taka við verkefnum af varnarliðinu eftir því sem við verður komið og allri öryggis- og löggæslu á Keflavíkurflugvelli þegar til þess kemur að varnarliðið hverfur af landi brott. Það er hvorki gengið út frá því að erlent varnarlið verði í landinu um alla framtíð né að innlendum her verði komið á fót.

Þau störf sem varða landvarnir og til mála kemur að við Íslendingar tökum í eigin hendur eru bæði margháttuð og mikilvæg. Sum höfum við þegar tekið að okkar, svo sem flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórn á Keflavíkurflugvelli og rekstur ratsjárstöðvanna. Ekkert er svo til fyrirstöðu að Íslendingar geti annast þá þyrluþjónustu sem rekin er nú af björgunarsveit varnarliðsins. Við eigum að geta tekið við öryggissveitunum á Keflavíkurflugvelli, slökkviliðinu þar og eftirlitsstarfsemi sem þaðan er haldið uppi með haf- og loftsvæðum umhverfis Ísland. Það þarf undirbúning til að takast á hendur svo veigamikil verkefni. Þjálfun manna til slíkra verka tekur í sumum tilvikum nokkra mánuði, í öðrum nokkur ár.

Sú þáltill. sem hér er fram borin miðar að því að koma á skipun sem geti gert okkur mögulegt að annast sjálfir í ríkum mæli mál sem varða landvarnir. Í löndum sem hafa her til reiðu mundu þeir málaflokkar sem hér um ræðir falla undir herstjórn og hermálaráðuneyti. En hér er gert ráð fyrir að þessi mál heyri til öryggismálastjóra undir dómsmrh. Jafnframt er reiknað með að mál sem varða innra öryggi ríkisins, svo sem löggæsla í vissum tilfellum og almannavarnir, falli undir sama embætti öryggismálastjóra. Hér er um að ræða málaflokka sem í erlendum ríkjum heyra gjarnan undir ríkislögreglustjóra og innanríkisráðuneyti. Þannig byggir þáltill. sem við nú ræðum á þeirri hugsun að hér á landi sameinum við mál er varða innra öryggi ríkisins og mál sem varða landvarnir undir einum og sama embættismanni, öryggismálastjóra, sem heyri undir dómsmrn. Þessi skipan er hugsuð með tilliti til séraðstæðna lands og þjóðar í þessum efnum.

Þáltill. þessi er um undirbúning að mikilvægu máli. Lagt er til að undirbúin verði setning löggjafar um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Þetta er óvenjumikið og vandasamt verk. Það kallar á vandvirk vinnubrögð. Þess vegna er ráð fyrir gert að Alþingi kjósi sérstaka þingmannanefnd til að vinna verkið. Því er og gert ráð fyrir að Alþingi fylgist með framvindu verksins. Það tekur sinn tíma að undirbúa slíka löggjöf sem hér um ræðir. Ekki má ana að neinu. Þess vegna er gert ráð fyrir tíma til stefnu.

Samt sem áður er hér ekki um að ræða mál sem líta má svo á sem allt sé í lagi að ljúka einhvern tíma við hentugleika. Þvert á móti er hér um aðkallandi mál að ræða sem þolir enga óþarfa bið. Kemur þar raunar margt til. Það verður svo fljótt sem auðið er að koma á þeirri hagræðingu sem fylgir samhæfingu þátta í öryggis- og löggæslumálum á einni hendi. Það er mikil nauðsyn að halda sem best á því fjármagni sem nú er veitt til þessara mála. Það gerum við með bættri skipan og skilvirkari stjórnun. Þá verðum við að mæta nýjum viðhorfum og hættum með því að efla öryggi og gæslu almennings. Einnig þarf sérstaklega að gæta öryggis æðstu stjórnar og stofnana ríkisins. Við þurfum að vera viðbúnir ef með þarf að geta mætt sem best þeirri skálmöld ofbeldis og skemmdarverka sem nú gengur yfir víða um heim.

Þá þurfum við Íslendingar nú að hafa hliðsjón af þeirri öru þróun heimsmála um þessar mundir sem taka verður tillit til í viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins. Stríðsviðbúnaður fer vonandi þverrandi en umsýsla eftirlits og hvers konar gæslu vegur meira. Þannig flyst áhersla frá því sem við erum sjálfir ófærir um til þess sem er innan marka hins mögulega fyrir okkur sjálfa. Við þurfum að vera þess viðbúnir að geta aukið hlutdeild okkar í því sem varðar öryggi og varnir landsins. Það gerum við svo best að koma á fót skipan sem miðar að því að hægt sé að taka við þeim verkefnum sem eru þess eðlis að við getum annast þau sjálfir. Til þess þarf markvissan undirbúning. Það gerum við með því að koma á laggirnar þeirri samhæfðu stjórn öryggismála sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þess vegna er tillagan líka tímabær og aðkallandi. Þannig verðum við Íslendingar viðbúnir til að mæta þeim kröfum sem til okkar eru gerðar sem fullvalda þjóðar.

Hæstv. forseti. Ég hef hér leitast við í stuttu máli að gera nokkra grein fyrir miklu máli. Ég hef hér reifað ýmsar hugmyndir og viðhorf sem liggja að baki þessari þáltill. um samhæfða yfirstjórn öryggismála. En ég geri mér grein fyrir að framkvæmdin getur verið á fleiri en einn veg. Og það sem ég hef hér sagt eru í ýmsu ábendingar sem ég ætla að geti orðið að gagni. Það er hins vegar verkefni þingkjörinnar nefndar alþingismanna að grandskoða þetta umfangsmikla mál og búa í frumvarpsform. Veltur þá á mestu að það megi takast að móta aðferðina svo að grundvallarhugsunin að samhæfðri yfirstjórn öryggismála nái fram að ganga.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta: Til þess að ríki

geti talist fullvalda þarf að vera fyrir hendi ríkisvald. Mikilvægi trausts ríkisvalds orkar ekki tvímælis. Í þjóðarsál okkar Íslendinga á að vera greypt sú staðreynd að missi sjálfstæðis þjóðarinnar hafi mátt rekja til veiks ríkisvalds á þjóðveldistímanum. Þegar íslenska þjóðin hefur nú heimt sjálfstæði sitt á ný má ekki bregðast að ríkið gæti frumskyldu sinnar við eigið öryggi og öryggi almennings í landinu. Þess vegna er mál það sem við nú hér ræðum eitt hið allra mikilvægasta.

Hæstv. forseti. Eftir að umræðu þessari lýkur legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. allshn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég draga í efa að hv. flm. þessarar tillögu gangi gott eitt til með flutningi hennar. Á því er ekki nokkur minnsti vafi. Ég verð hins vegar að játa það að mér finnst þessi tillaga ekki mjög skynsamleg. Skal ég nú leitast við að færa fyrir því nokkur rök.

Við höfum búið við kerfi í þessum efnum sem ég hygg að hafi reynst nokkuð vel. Hér hefur verið skipulagt almannavarnakerfi. Við höfum öfluga og góða landhelgisgæslu, sem vissulega mætti vera miklu öflugri og hafa betri aðstöðu, en sem hefur sýnt og sannað ágæti sitt við erfiðar aðstæður í mörgum tilvikum. Ég veit ekki til þess að neinir þeir annmarkar hafi komið fram á núverandi kerfi sem réttlæti að því verði breytt og yfirstjórn þess flutt til annarra.

Þá kem ég að því sem er meginandstaða mín við þetta mikla miðstýringarfrv., eitthvert mesta miðstýringarfrv. eða tillögu sem ég hef séð hér í þinginu nú langalengi. Þar segir beinlínis, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri eða öryggismálastjóri sem heyrir undir dómsmrh."

Ég átti satt að segja ekki von á því að hv. þm. Sjálfstfl. mundu flytja frv. af þessu tagi. Ég hygg að svona kerfi hafi verið við lýði í ýmsum löndum Austur-Evrópu um langt árabil þar sem öll miðstýring öryggismála hefur verið sett undir einn hatt. Það kerfi er hrunið og það kerfi er verið að afnema. Það er því undarleg tímaskekkja að upplifa það að á Alþingi Íslendinga árið 1990 skuli flutt tillaga þar sem í greinargerð er þessi orð að finna.

Eins og ég sagði áðan, þá efast ég ekki um góðan tilgang hv. flm. en þeir hafa einhverra hluta vegna lent inni á röngum brautum. Og ég spyr — mér þykir leitt að ekki skuli fleiri hv. sjálfstæðismenn vera hér í salnum — styðja þeir þær miklu miðstýringarhugmyndir sem koma fram í þessu frv.? Ég held þær séu í rauninni andsnúnar þorra fólks hér og því skipulagi sem við höfum unnið við í þessum efnum. Mér leikur nokkur forvitni á að vita það. Ég segi það alveg hreinskilnislega og hispurslaust. Mér leikur forvitni á að fá svör við því.

Ég endurtek það að kerfið sem við höfum haft hefur reynst okkur vel. Ég minni á það að í landinu er starfandi mjög öflugt kerfi björgunarsveita sjálfboðaliða. Þar eru hjálparsveitir skáta, þar eru flugbjörgunarsveitir og síðast en ekki síst björgunarsveitir Slysavarnafélagsins. Þessar sveitir hafa haft með sér mjög náið og vaxandi samstarf. Það kom mjög vel í ljós í erfiðri leit fyrir skömmu í Öræfum þegar leitað var að ungum Englendingi sem ætlaði sér að ganga á Hvannadalshnjúk. Þá kom í ljós að þessar sveitir unnu vel saman. Það eru ekki samskiptavandamál á milli þeirra. Svo var fyrir einhverjum árum en það er að baki og þær hafa starfað mjög vel saman. Er það meiningin að þessi frjálsu samtök borgaranna, þessar björgunarsveitir, sem hafa unnið svo stórkostleg afrek, leyfi ég mér að segja, eiga þær nú að missa sjálfræði sitt undir einhvern ríkisskipaðan forstjóra eða öryggismálastjóra? Ef svo er þá lýsi ég mig algerlegan andvígan þeim hugmyndum sem hér koma fram. Ég held einfaldlega að við eigum að bæta núverandi stofnanir en við eigum ekki að auka miðstýringuna. Ég sé enga þörf á því að koma á fót slíku allsherjaryfiröryggismálastjóraembætti ríkisins eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held að það sé hreinlega alrangt. En nú bíð ég fullur eftirvæntingar eftir að heyra hver er afstaða annarra þingmanna Sjálfstfl. til þessarar miklu miðstýringartillögu.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Tillaga þessi fjallar um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Hv. 1. flm., 4. þm. Vestf., gerði tillögunni það glögg skil að ég þarf ekki að bæta þar miklu við, en vil þó fara um hana fáum orðum.

Hv. 3. þm. Vesturl. telur þessa tillögu ekki mjög skynsamlega og fylgdi þeim orðum eftir, eins og hv. þm. gátu heyrt. Hann talaði hér um mikið miðstýringarvald sem sé í uppsiglingu. Þess ber að geta að hann minntist í máli sínu hvað eftir annað á frv. Hér er ekki um frv. að ræða. Hér er aðeins tillaga á ferð. En þar sem hér er fjallað um mjög mikið og stórt mál held ég að tillagan sé vel þess virði að um hana sé hugsað og hún sé krufin til mergjar.

Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Vesturl. að það kerfi sem við höfum þróað og búið við hefur að mörgu leyti reynst okkur vel. Hann minntist þar á Landhelgisgæsluna, hjálparsveitir og fleira. En það er ekki þar með sagt að það kerfi sem við búum við í dag sé óumbreytanlegt, a.m.k. ætti enginn Íslendingur að vera yfir það hafinn að hugsa um þessi mál. Satt að segja eru þau kannski allt of oft látin liggja í þagnargildi. Hitt má hæla hv. 3. þm. Vesturl. fyrir og láta hann njóta sannmælis að hann er meira íhald í þessum efnum og kannski fleirum en margan hefði grunað og er það vel.

Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um tillöguna. Henni fylgir ítarleg greinargerð og efnismikil. Það er svo að til þess að um þjóðríki geti verið að ræða, eða þjóð, þarf land, fólk og lögbundið skipulag. Og til þess að ríki geti talist fullvalda þarf að vera fyrir hendi ríkisvald. Við tölum kannski allt of oft með of lítilli virðingu um það sem við köllum ríkisvald. Mættum við þá muna eftir því sem okkur var kennt í góðum skólum hér áður fyrr að vegna þess að Íslendingar höfðu ekki ríkisvald á þjóðveldisöld,

framkvæmdarvald, sem gat tekið af skarið þegar höfðingjar landsins deildu og skiptu þjóðinni upp í hópa, glötuðum við fullveldi okkar í hendur útlendinga eins og öllum er kunnugt um. Þess vegna tek ég ekki undir það þegar ævinlega er talað um ríkisvald með allt að því lítilsvirðingu og ríkiskassann sem hefur nú verið sagt um að ætti fáa að. Tel ég sjálfsagt, þó að margt sé gott við það skipulag sem við höfum þróað og búið við, að hugleiða þessi mál því að lengi má bæta það sem við er búið. Við höfum á þessum skamma ferli síðan við endurheimtum sjálfstæðið verið að þróa mál okkar að ýmsu leyti og finna upp þær leiðir sem okkur henta best, sníða okkur stakk eftir vexti og þar fram eftir götunum. Okkur hefur tekist, að mínum dómi, að móta allgóða stefnu í utanríkismálum sem við erum sem betur fer nokkuð samstiga um, ég tala nú ekki um eftir að létti svona til í austrinu.

Í greinargerð er sagt að tilgangurinn með þessari tillögu sé tvíþættur: Annars vegar er miðað við að nýta megi sem best mannafla og það fjármagn sem til þessara mála er veitt. Þetta verðum við ávallt að hafa í huga, hvort við getum ekki sparað í ríkisrekstrinum og komið málum okkar þannig fyrir að við þurfum ekki eins mikið fé til hinna ýmsu greina. Hins vegar er stefnt að því að efla öryggi og gæslu ríkisins og almennings í landinu með nýjum aðferðum og nýjum vinnubrögðum eftir því sem breyttir tímar og staða landsins á hverjum tíma gera nauðsynlegt.

Það hefur verið bent á það að trúin á þjóðríki væri rótgróin í hugum Íslendinga. Okkur finnist eðlilegt að hver sú þjóð sem talin er eiga eitt tungumál og sameiginlegan menningararf myndi sjálfstætt ríki. En þá kemur að því að vega og meta hvernig fámenn og vopnlaus þjóð geti um frjálst höfuð strokið og jafnframt tryggt sjálfstæði sitt og öryggi í viðsjálum heimi. Hlutleysi er gott en haldlítið oftast þegar á reynir.

Í auglýsingu þeirri sem Jörundur hundadagakonungur lét hengja upp í Reykjavík 26. júní 1809 stóð m.a.: „Ísland hefur frið um alla veröld." Þetta er dásamlegt ef dugað gæti. Hins vegar verða öll ríki sem vilja nefna sig því nafni, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, að láta landvarnir til sín taka á einn eða annan veg. Við Íslendingar höfum leyst þetta viðfangsefni, að tryggja öryggi landsins út á við, með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og samningi við Bandaríkin um varnarlið hér á landi. Það er sjálfsagt að við hugleiðum þessi mál nánar, eins og ég sagði. Við mættum gjarnan muna eftir því að í stjórnarskránni er 75. gr., sem kannski flestir vilja gleyma, en þar stendur:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því sem nákvæmar kann að vera fyrir mælt með lögum."

Sem betur fer hefur aldrei reynt á þessa grein, en eigi að síður stendur hún þarna við hlið annarra greina stjórnarskrárinnar sem okkur ber að hafa í huga.

Við verðum að hafa hliðsjón af þeirri öru þróun heimsmála sem um þessar mundir verður að taka tillit til í viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins. Sem betur fer virðist stríðsviðbúnaður fara þverrandi. En umsýsla, eftirlit og hvers konar gæsla heldur áfram. Ég tel ótvírætt að sérhverjum Íslendingi sé hollt að hugleiða ýmsa þætti öryggismála, átta sig á sérstöðu lands og þjóðar og athuga hvað gera þarf til að viðhalda fullveldi og varðveita frelsi. Þá getum við haft í huga að við erum vopnlaus þjóð og viljum ekki hafa her. Við erum sjálfstæð þjóð og viljum vera það áfram. Við verðum að hafa ríkisvald sem sinnir ákveðnu hlutverki og er öruggt og traust innan sinna vébanda. Síðan getum við rætt um og athugað vandlega hvernig þessi skipan á að vera í einstökum atriðum. Þar verðum við eins og ávallt að sníða okkur stakk eftir vexti, en markmiðið hlýtur að vera það að varðveita og efla frjálst og fullvalda ríki, inn á við og út á við svo sem verða má á komandi árum. Þess vegna verð ég að telja að þessi tillaga sé tímabær til umhugsunar og að við Íslendingar verðum að vera viðbúnir að mæta þeim kröfum sem til okkar eru gerðar sem fullvalda þjóðar.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Með flutningi þeirrar till. til þál. um samhæfða yfirstjórn öryggismála sem hér er til umræðu er fjallað um einn grundvallarþáttinn í rekstri hvers ríkis. Það er vísast rétt sem víða kemur fram í yfirgripsmikilli greinargerð sem fylgir með tillögunni að um margt er þróun og staða þessara mála hér á landi með öðrum hætti en með mörgum öðrum þjóðum. Engu að síður er mikilvægi hvers þessara þátta, er hér eru sérstaklega til umræðu, jafnþýðingarmikið og hvarvetna í öðrum löndum. Löggæsla, þar með talin tollgæsla, landhelgisgæsla og almannavarnir eru allt hyrningarsteinar er saman mynda þá öryggisgæslu sem ríki og þjóð er alger nauðsyn á. Auðvitað bera allir þessir þættir það með sér að sjálfstæði þjóðar okkar er ekki ýkja gamalt. Enn fremur hlýtur fólksfæð í fremur stóru en harðbýlu landi að setja mark sitt í þessu efni að ógleymdu firnavíðu hafsvæði sem fáeinum skipum og flugvélum er ætlað að gæta. Þess vegna er síst ofmælt að hér er tekið til umfjöllunar eitt þýðingarmesta mál hverrar þjóðar og í rauninni vonum sjaldnar sem mál af þessu tagi eru tekin til rækilegrar umfjöllunar eða reynt að brjóta þau til mergjar. Þegar af því tilefni er full ástæða til að þakka framsögumanni og öðrum flm. það frumkvæði og þá árvekni sem þeir sýna með flutningi tillögunnar. En meginefni hennar á vitaskuld eftir að metast og prófast í umræðu hér á þingi og ekki síður í nefndarstarfi og umsögnum þeirra fjölmörgu aðila er mál þetta varðar.

Hver sem niðurstaða þeirrar umfjöllunar verður er jafnvíst að full ástæða er til að ræða þetta mál af fullri einurð, eins og hér hefur nú þegar verið gert, og leitast við að svara þeim spurningum sem flutningur tillögunnar óneitanlega vekur.

Nú er það greinilega ekki ætlan flm. að leggja til byltingarkenndar breytingar í þessu efni. Miklu fremur er málum hreyft hér með ákveðna þróun í

huga og áhuga á að ýta undir þá þróun. E.t.v. er skýringin á því hve yfirleitt er hljótt um þessi efni hér á hinu háa Alþingi hin seinni árin tengd þeirri séstöðu okkar að við höfum ekki og munum ekki hafa eigin her á að skipa, en þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu og dvöl varnarliðsins hér á landi hins vegar er brennidepillinn í pólitískum deilum um áratuga skeið. Hvort sem það er rétt eða ekki leiðir flutningur þessarar þáltill. óneitanlega hugann að aukningu verkefna á þessum sviðum er leiða kynni að hugsanlegri áherslubreytingu í starfsemi varnarliðsins hér á landi, m.a. sem afleiðingu af þróun mála í Evrópu nú um þessar mundir.

Mig langar að minna á í þessu sambandi, sem reyndar hefur komið hér fyrr fram í umræðunni, að það skipulag sem við höfum tekið upp hér á landi um almannavarnir og nú er á komin nokkur reynsla er að minni hyggju óvenju einfalt, afar ódýrt en einkar skilvirkt í þau skipti sem á það hefur reynt. Ég efast stórlega um að meðal annarra þjóða hafi jafn vel tiltekist og hér hefur raunin á orðið í því efni.

Eins og ég áðan gat um eru hér ekki byltingarkenndar tillögur á ferð heldur meginmarkmið að ná fram meiri skilvirkni í heildarstjórn. Enda segja flm. í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú skipan öryggis- og löggæslu, sem hér er lagt til að stofnað verði til, tekur mið af eðlismun einstakra þátta löggæslunnar og margbreytileik. Engin breyting er gerð á skipan umboðsstarfa lögreglustjóra þannig að gjaldheimta og tollheimta heyra undir þá sömu og áður hvort sem um er að ræða fjmrh. eða aðra aðila. Eftir sem áður helst skipting landsins í lögsagnarumdæmi. Ekki er lögð til breyting á valdsviði og hlutverki lögreglustjóra einstakra lögsagnarumdæma. Þeir málaflokkar, sem ekki fara eftir skiptingu í lögsagnarumdæmi, svo sem gæsla landhelginnar, lúta stjórn án umdæmaskiptingar eins og hingað til. Sama er að segja um almannavarnir og ýmiss konar öryggisþjónustu svo að ekki sé talað um þau verkefni sem beint varða varnir landsins.

Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri eða öryggismálastjóri sem heyrir undir dómsmálaráðherra."

Í þessum seinustu tilvitnuðu orðum um öryggismálastjóra og verkefni hans er í raun fólginn kjarni þeirrar till. til þál. sem hér er flutt. Ég vil fyrir minn hlut mæla með því að tillaga þessi fái þinglega meðferð og alla þá umfjöllun sem henni ber. Ég endurtek um leið þakklæti til frsm., hv. 4. þm. Vestf., og annarra flm.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa tekið til máls um þessa tillögu. Það gefur auga leið að ég þarf ekki að andmæla því sem fram kom í máli meðflm. míns, hv. 2. þm. Vesturl., sem stendur með mér og okkur flm. að þessari tillögu. Hann skýrði hana í ýmsum atriðum sem ég gat ekki beint komið að.

Ég vil svo þakka hæstv. dómsmrh. fyrir ræðu hans. Það var auðfundið að hann misskildi ekkert í þessari tillögu eða tilgangi hennar. Ég þakka honum fyrir innlegg hans í málið og svo ummæli hans um að þetta mál fái þinglega afgreiðslu á þessu þingi.

Hv. 3. þm. Vesturl. hafði nokkuð aðra afstöðu, eins og mátti heyra, og fann lítið hald eða gott í þessari tillögu. Hann lýsti þó hátíðlega yfir að hann teldi að okkur flm. gengi gott eitt til og er nú ekki ónýtt að hafa slíka yfirlýsingu frá hv. 3. þm. Vesturl. Hins vegar sagði hann að tillagan væri ekki skynsamleg. Og í framhaldi af því, að hann taldi hana óskynsamlega, var hann að gera því skóna að Sjálfstfl., sem lætur náttúrlega alltaf skynsemina ráða, gæti ekki staðið að baki þessari tillögu. Mér fannst hann vilja fá fram afstöðu sjálfstæðismanna til hennar. Því miður gátu tveir af meðflm. mínum ekki verið á þessum fundi og tekið þátt í umræðunni. Annar er sjúkur og það eru lögleg forföll hjá báðum.

Hv. 3. þm. Vesturl. þarf ekkert að hafa neinar áhyggjur af afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls. Sjálfstfl. hefur heimilað flutning tillögunnar. Það er eins með þetta mál og mörg mál sem flokkurinn heimilar flutning á, að það skuldbindur ekki einstaka þingmenn, það er ekkert óvenjulegt.

Hv. 3. þm. Vesturl. lagði áherslu á það að við hefðum búið við gott kerfi í löggæslu- og öryggismálunum. Ég vil ekkert gera lítið úr því kerfi sem við höfum búið við eða þeim mönnum sem hafa unnið og vinna að löggæslu- og öryggismálum. Þó að ég kæmi ekki beint að því í ræðu minni kom ég að því í greinargerð með tillögu þessari og tók fram hve gott starf hefði verið unnið á þessu sviði. Hins vegar væri hér um að ræða skipun sem ekki gæti staðist til frambúðar án þess að henni yrði breytt og tekið mið af breyttum aðstæðum.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að meginandstaða hans við þessa tillögu væri miðstýringin sem lögð væri til með þessari tillögu og jafnaði því beinlínis við þá miðstýringu sem hefur verið í kommúnistaríkjunum og okkur er öllum kunnugt um. Hann talaði eins og hann gerði ráð fyrir að nú vildum við flm. þessarar tillögu koma á því kerfi í löggæslu og öryggismálum landsins sem væri verið að hverfa frá í kommúnistaríkjunum, hann sagði þetta beinlínis. Í raun og veru ætti ekki að svara slíkum fullyrðingum sem þessum. Ég bendi hv. þm. á, ef hann veit ekki, hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar og þeim lýðræðisríkjum sem helst eru sambærileg við okkur. Þá mun hann sjá að þó að við stefnum að markvissari stjórnun samkvæmt þessari tillögu á löggæslu og öryggismálum, þá komumst við ekki í hálfkvisti við það skipulag sem er í fremstu lýðræðisríkjum um þetta efni. Ég vísa náttúrlega svona fjarstæðu á bug að hér sé verið að innleiða einhvern kommúnisma.

Hv. þm. hafði miklar áhyggjur af því að með þessari tillögu væri verið að sniðganga framlag almennings í þessum efnum. Hann minntist á björgunarsveitirnar. Það vill þannig til að í greinargerð með frv. ef hv. þm. hefði kynnt sér hana vel hefði hann getað lesið það sem þar stendur. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt hinni styrku stöðu yfirstjórnar öryggis-

mála er gert ráð fyrir að hlutdeild almennings í öryggis- og gæslustörfum verði ekki minni en áður nema síður sé. Og er þá átt við hið mikilvæga hlutverk Slysavarnafélags Íslands, hjálparsveitir skáta og flugbjörgunarsveitir eða lögbundna hlutdeild almennings, svo sem almannavarnanefndir og aðra slíka skipan sem til kann að koma."

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara þessu atriði frekar í gagnrýni hv. 3. þm. Vesturl. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að það ætti að bæta núverandi skipan. Auðvitað á að bæta núverandi skipan og breyta henni eftir því sem á þarf að halda og það er það sem þessi tillaga fjallar um. Ég verð að segja að mér kom nokkuð á óvart málflutningur svo ágæts þingmanns sem hv. 3. þm. Vesturl. í þessu efni. Mér fannst brydda of mikið á misskilningi í hans málflutningi, útúrsnúningum svo maður segi ekki sleggjudómum.

Mér er minnisstætt þegar ég kom fyrst í Alþingi og var hér á pöllunum, stráklingur, að hlusta á umræður sem voru mjög harðar og ákveðnar heyrði ég að einn maður, sem var um áratuga skeið einn mikilvirtasti þingmaður landsins, kallaði fram í og sagði: Hæstv. ráðherra gengur á kartöflum í þessu máli. Ég áttaði mig ekki á því fyrst hvað hv. þm. átti við, þessi þingskörungur, en það rann loks upp fyrir mér hvað það var. Hann meinti að rökleysurnar væru slíkar að það væri eins og að ganga á kartöflum í málinu. Mér komu þessi ummæli þáv. þingmanns Borgfirðinga í hug þegar ég hlustaði nú á hv. 3. þm. Vesturl. í þessu máli.

Þáttur varnarmálanna í þessu máli hefur komið nokkuð fram í umræðunum. Ég vil taka skýrt fram, eins og er tekið fram m.a. í greinargerð fyrir tillögunni, að þessi tillaga kveður ekki á um veru varnarliðsins, hvort varnarliðið skuli fara eða vera. Það er kveðið á um skipan sem gæti hentað okkur þegar við tækjum við fleiri verkefnum af varnarliðinu.

En í þessu sambandi er rétt að minnast þess að frá því að lýðveldið var stofnað hefur ekkert mál verið jafndjúpstætt ágreiningsmál meðal þjóðarinnar og vera bandaríska varnarliðsins hér á landi. Mál þetta tengist þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, enda er varnarliðið hér á landi að ósk bandalagsins. Afstaða til þessara mála hefur klofið þjóðina í andstæðar fylkingar og leitt til harðvítugustu átaka innan lands síðan Íslendingar lögðu niður að bera vopn hverjir á aðra. Skírskotað hefur verið til háleitra hugsjóna á báða bóga, ættjarðarástar og skyldu við föðurlandið. Deilt hefur verið um hvort óvopnað hlutleysi dugi Íslandi sem svar við ófriðarblikum og vígbúnaðarkapphlaupi um heimsbyggðina og hafsjóum hernaðarátaka og styrjalda eða hvort Ísland verði eins og önnur ríki að láta landvarnir til sín taka með einum eða öðrum hætti og gegna þannig frumskyldu sinni við öryggi lands og þjóðar. Ívaf þessarar deilu hafa verið mismunandi sjónarmið og viðhorf til stefnumiða í stjórnmálum, til heimsmála, lýðræðis og kommúnisma, hernaðarbandalaga, Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins.

Afstaða Íslands í þessum örlagaríku málum hefur verið mörkuð á lögformlegan og lýðræðislegan hátt með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningum við Bandaríkin. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur fylgt þessari stefnu í varnarmálum og henni hefur vaxið fylgi með árunum enda hefur reynslan sýnt gildi hennar í verki. Rás tímans hefur haft sinn gang og þróunin gengið sínar brautir. Stórviðburðir síðustu missira og mánaða og daglegir atburðir um þessar mundir eru að gerbreyta heimsmyndinni. Kommúnisminn er að ganga sér til húðar og lýðræðið fer sigurför og frelsi til handa einstaklingum og þjóðum. Afvopnunarviðræður koma í stað vígbúnaðarkapphlaups risaveldanna. Allt tekur breytingum meira að segja hernaðarbandalögin, Varsjárbandalagið á fallanda fæti og Atlantshafsbandalagið líklegt til hamskipta.

Öll þessi veðrabrigði gefa fyrirheit um þverrandi stríðsviðbúnað og auknar friðarhorfur og þá sérstaklega í okkar heimshluta. Þetta getur haft víðtæk áhrif á hlutskipti okkar Íslendinga með tilliti til varna landsins. Við hljótum að taka tillit til breyttra viðhorfa. Ekkert er óumbreytanlegt. Við þurfum að vera viðbúnir að taka til endurskoðunar hlutverk og verkefni varnarliðsins, eftir því sem samrýmist öryggi landsins á grundvelli friðsamlegra ástands og aukinnar hlutdeildar okkar sjálfra í vörnum landsins.

Nú er spurningin hvort þetta nýja viðhorf skapi ekki einmitt grundvöll fyrir því að samhæfa megi hin andstæðu sjónarmið í varnarmálum landsins. Skref í þá átt ættu að geta verið að menn sameinist um þá stefnu að við sjálfir tökum að okkur svo mikinn hluta af vörnum landsins sem kostur er. Þessi þáltill. sem við nú ræðum felur í sér þá skipan sem getur hentað ef við tökum í auknum mæli í eigin hendur verkefni sem varða landvarnir. Þess vegna ætti þessi tillaga sem hér er lögð fram að geta leitt til þess að jafna ágreining ef menn á annað borð vilja ganga út frá því að öll ríki verði að láta landvarnir til sín taka með einum eða öðrum hætti og Ísland sé engin undantekning í því efni.

Við Íslendingar megum ekki við því að standa í illvígum deilum og vera sundraðir um það sem varðar öryggi og fullveldi ríkisins. Okkur Íslendingum ríður mest á samstöðu í því sem skiptir sköpum um sjálfstæða tilveru okkar í samfélagi þjóðanna. Þróun heimsmálanna nú býður upp á forsendur og aðstæður sem gætu orðið til uppstokkunar og samstöðu í varnarmálunum. Það gæti leitt til þjóðarsáttar í illvígustu og alvarlegustu deilu sem sundrað hefur þjóðinni í andstæðar fylkingar á undanförnum áratugum eftir að þjóðin í órofa samstöðu stóð að stofnun lýðveldisins 1944. Ríður nú á miklu að slík eining megi verða á ný og þjóðarsátt um það sem sköpum skiptir fyrir varðveislu þess fullveldis sem þjóðarvitundin setur öllu ofar.

Ég vil mega vona að sú skipan sem lögð er til í þessari þáltill. um samhæfða yfirstjórn öryggismála geti stuðlað að og orðið meira að segja mikilvægur viðbúnaður að slíkri þjóðarsátt.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf. brigslaði mér um að hafa ekki lesið eða kynnt mér greinargerðina með þessari tillögu. Ég vil ekki sitja undir því. Ég talaði um að í þessari tillögu gætti mjög ríkrar tilhneigingar til aukinnar miðstýringar og það byggi ég á því sem hér er skrifað: „Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri eða öryggismálastjóri sem heyrir undir dómsmálaráðherra."

Í öðru lagi vék ég að hlutverki björgunarsveita sjálfboðaliða, þ.e. Slysavarnafélagsins, flugbjörgunarsveitanna, hjálparsveita skáta og fleiri aðila sem hafa unnið ómetanlegt starf. Það er vissulega vikið að þessu hér í tillögunni en hér segir líka, með leyfi forseta: „En sá er munurinn að staða öryggismálastjóra á að vera miklu sterkari til að skipa niður sameiginlegum liðsafla til sérstakra verkefna sem upp kunna að koma og ráðstafa eftir þörfum tækjabúnaði sem á að vera til sameiginlegra nota." Það sem ég sagði byggðist líka á þessu sem hér er sagt.

Ég ætla ekki að halda uppi löngum ræðum um þetta mál hér. Ég ítreka það sem ég sagði og það sem dómsmrh. tók raunar undir og sagði mjög sterklega að það kerfi sem við höfum hefur gefist okkur vel. Það er í fyrsta lagi ódýrt og það er, eins og hann orðaði það réttilega, ódýrt og skilvirkt og það er að þakka miklum fjölda sjálfboðaliða út um allt land og hér á höfuðborgarsvæðinu sem vinna störf fyrir ekki neitt sem aðrar þjóðir þurfa flestar að greiða dýrum dómum. Ég held þess vegna að við eigum að hugsa okkur vel um áður en við breytum kerfi sem hefur gefist vel. Það má kalla það íhaldsmennsku eins og hv. þm. Vesturl. gerði og ég held að það sé þá bara af hinu góða, ef menn hafa það sem vel hefur gefist, að breyta því ekki breytinganna vegna. Ég uni því ekkert illa að vera kallaður íhaldsmaður þegar um slíkt er að ræða. En þegar hv. 4. þm. Vestf. talar um að ganga á kartöflum verð ég að viðurkenna að ég hef ekki heyrt það orðtak áður og þar að auki finnst mér það ljótt og lítið íslenskulegt. Hins vegar finnst mér þegar stefnt er til aukinnar miðstýringar þar sem ekki er ástæða eða þörf á slíku að menn séu á hálum ís.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1989.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Alþingi tekur nú öðru sinni til umræðu í Sþ. skýrslu umboðsmanns Alþingis en skv. 12. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, skal umboðsmaður árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Með sama hætti og gert var í fyrra þótti rétt að einn okkar þingforseta mælti fyrir skýrslunni.

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir er fyrir árið 1989. Lögin um umboðsmann Alþingis tóku gildi 1. jan. 1988 en á fundi í Sþ. hinn 17. des. 1987 var dr. Gaukur Jörundsson kjörinn í starf umboðsmanns Alþingis til næstu fjögurra ára. Liðið ár er því annað árið sem umboðsmaður Alþingis starfaði. Í bréfi umboðsmanns er fylgdi skýrslunni og prentað er fremst í henni er lýst efni skýrslunnar. Hún skiptist í fimm kafla og fjallar sá fyrsti um störf umboðsmanns og rekstur skrifstofu hans á árinu 1989. Í II. kafla er að finna tölulegar upplýsingar um skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 1989. III. kafli skýrslunnar hefur að geyma álit og aðrar niðurstöður á afgreiddum málum á árinu 1989. Þar eru þó aðeins tekin með þau mál sem hafa almenna þýðingu fyrir starf umboðsmanns og starfshætti í stjórnsýslunni. Í IV. kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað var um í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1988. Síðasti kafli skýrslunnar hefur að geyma skrár yfir lagatilvitnanir og atriðisorð.

Á árinu 1989 voru skráð hjá umboðsmanni 154 ný mál. Þar af voru 150 kvartanir frá einstaklingum og lögaðilum en fjögur mál tók umboðsmaður upp að eigin frumkvæði. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1988 voru skráð hjá umboðsmanni Alþingis 70 mál en þá ber að hafa í huga að skrifstofa umboðsmanns opnaði ekki fyrr en í júlímánuði það ár. Í upphafi árs 1989 var 35 málum frá fyrra ári ólokið. Alls fjallaði umboðsmaður því á árinu um 189 mál og af þeim höfðu 122 hlotið afgreiðslu við síðustu áramót. Þær tölur sem hér hafa verið nefndar eiga þó aðeins við um þau mál sem eru formlega skráð í tilefni af skriflegri kvörtun eða umboðsmaður hefur tekið upp að eigin frumkvæði.

Umboðsmaður tekur fram í skýrslu sinni, bls. 5, að mikið sé einnig um að menn hringi eða komi á skrifstofu hans og beri upp mál sín og leiti upplýsinga. Er þá oft greitt úr málum með skýringum eða með því að koma þeim í réttan farveg innan stjórnsýslunnar án þess að til skráningar komi. Fram kemur í skýrslunni að þessi þáttur í starfi umboðsmanns sé tímafrekur og hafi farið vaxandi.

Viðfangsefni þeirra mála sem berast til umboðsmanns eru af margvíslegum toga eins og fram kemur í yfirliti á bls. 13 í skýrslunni. Kvartanir hafa líka beinst að ýmsum ráðuneytum og stofnunum eins og sést á yfirliti á bls. 12.

Þess var áður getið að umboðsmaður hefur heimild til að taka mál upp að eigin frumkvæði. Á síðasta ári tók umboðsmaður fjögur slík mál til meðferðar og var þremur þeirra lokið á árinu. Fjallaði eitt málið um hækkun á gjaldskrá fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf. miðað við eldri gjaldskrár á þeim tíma sem hækkanir á gjaldskrám fyrirtækja á vegum ríkisins voru bannaðar á síðasta ári. Álit þetta er að finna á bls. 124–128. Í niðurstöðu sinni á bls. 128 vísaði umboðsmaður m.a. til sjónarmiða um jafnræði við lagaframkvæmd og önnur stjórnsýslustörf. Þetta minnir á að

það er eitt af hlutverkum umboðsmanns Alþingis, skv. 2. gr. laga nr. 13/1987, að gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Annað mál sem umboðsmaður tók upp að eigin frumkvæði laut beint að góðum stjórnsýsluháttum en það er álit hans um nauðsyn þess að ráðuneyti og önnur stjórnvöld móti reglur um svör við erindum frá einstaklingum sem til þeirra leita. Þarna hreyfir umboðsmaður mikilsverðu máli og það er ástæða til að taka undir með honum að greið svör af hálfu stjórnvalda og skýringar á því hvað tefji svör eða hvenær þeirra megi vænta er nauðsynlegt skilyrði eðlilegra samskipta almennings og stjórnvalda og þess trausts sem stjórnvöld verða að njóta hjá almenningi.

Í framhaldi af þessu er vert að vekja athygli á orðum á bls. 7 í skýrslunni þar sem umboðsmaður vitnar til þeirra sjónarmiða sem sett voru fram í greinargerð með frv. til stjórnsýslulaga er flutt var samhliða frv. til laga um umboðsmann Alþingis árið 1986 um náin tengsl þessara tveggja frumvarpa og að reglur um málsmeðferð í stjórnsýslulögum næðu betur tilgangi sínum ef þeim væri fylgt eftir af umboðsmanni Alþingis og að sama skapi mundu slíkar reglur styrkja starf umboðsmanns.

Umboðsmaður tekur fram að tveggja ára reynsla hans af starfi umboðsmanns Alþingis hafi sannfært hann um að ofangreind sjónarmið eigi við veigamikil rök að styðjast og hann hvetur til þess að frv. til stjórnsýslulaga verði lagt fyrir Alþingi. Jafnframt lýsir hann sjónarmiðum sínum um nokkur efnisatriði sem eigi heima í slíkum lögum. Tilmælum um þetta efni beindi umboðsmaður til forsrh. með bréfi dags. 29. des. sl. og á bls. 8 í skýrslunni kemur fram að mál þetta er nú til meðferðar hjá nefnd þeirri sem áður hefur skilað frv. til nýrra stjórnsýslulaga. Vonandi verður frv. til nýrra stjórnsýslulaga lagt fram hér á Alþingi sem fyrst þannig að löggjöf um það efni verði í framtíðinni til að styrkja starf umboðsmanns og auðvelda ráðuneytum að sinna skyldum sínum. Örar framfarir í tölvutækni við skrifstofuhald eiga að auðvelda opinberum stofnunum eins og öðrum að koma föstu skipulagi á meðferð mála og afgreiðslu þeirra. Þegar búið er að koma slíku skipulagi á ætti það að auðvelda viðkomandi aðila að ráða við verkefnin, a.m.k. þarf ekki að eyða tíma í að svara stöðugum fyrirspurnum um hvað afgreiðslu mála líði.

Mörg dæmi eru um það í skýrslunni að stjórnvöld hafi ákveðið að fara að tilmælum í niðurstöðum álita umboðsmanns og á það við um meginþorra þeirra. Hins vegar nefnir umboðsmaður í skýrslu sinni að stjórnvöld hafi í nokkrum tilvikum reynst treg til að verða við tilmælum í niðurstöðum ályktana. Vitnar hann þar m.a. til tiltekinna mála um málsmeðferð stjórnvalda varðandi ákvarðanir um forsjá barna, umgengnisrétt milli kynforeldris og barns sem komið hefur verið fyrir í fóstur, aðgang að skýrslum í vörslu stjórnvalda og niðurstöðu hans í máli er varðaði rétt til að skjóta ákvörðun sveitarstjórnar til úrskurðar félmrn. Af þessu tilefni ítrekar umboðsmaður þá skoðun hans, sem fram kom í skýrslu hans í fyrra, að forsenda laga nr. 13/1987 væri sú að tillit væri tekið til álita umboðsmanns Alþingis og að Alþingi verði að taka á ný afstöðu til þess með hvaða hætti skuli vikið að endurbótum í stjórnsýslu hér á landi ef þessi forsenda bregst.

Í upphafi 2. gr. laga um umboðsmann Alþingis segir að það sé hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmanni Alþingis er hins vegar ekki fengið beint vald til afskipta af störfum stjórnvalda til að fylgja eftir því hlutverki sem lögin ætla honum. Alþingi hefur með lögum ákveðið að borgararnir geti snúið sér til þessa umboðsmanns þjóðþingsins og fengið álit hans um starfshætti í stjórnsýslunni en umboðsmaður megnar ekki að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnsýslu landsins eins og honum er ætlað samkvæmt lögum ef stjórnvöld virða hann ekki svars eða tregðast við að taka tillit til álita hans.

Ríkisstjórn og þeir sem við stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga starfa á hverjum tíma verða að gera sér grein fyrir að Alþingi hefur falið þeim manni sem gegnir starfi umboðsmanns að hafa í umboði þess eftirlit með stjórnsýslunni og Alþingi hefur valið þann mann til starfsins sem það treystir til að fara með þetta hlutverk. Það var vilji Alþingis að starf umboðsmanns yrði raunverulegt úrræði fyrir borgara landsins ef þeir teldu sig rangindum beitta í samskiptum við stjórnvöld, en tregða stjórnvalda við að taka tillit til álita umboðsmanns og tilmæla gengur þvert á þetta markmið.

Þess verður að vænta að stjórnvöld skilji að starf og ábendingar umboðsmanns Alþingis er mikilvægur stuðningur fyrir þau í hinum þýðingarmiklu störfum þeirra við að tryggja þjóðfélagsþegnunum góða og réttláta þjónustu. Að öðrum kosti verður Alþingi að taka á ný afstöðu til þess hvert það vill stefna með starfi umboðsmanns. Það hefur sýnt sig að það var þörf fyrir þetta embætti og almenningur leitar þangað í vaxandi mæli. Það væri hins vegar miður ef afstaða stjórnvalda yrði til þess að hindra árangur af því starfi. Ég tel því að aðfinnsla í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1990 um mikinn óbeinan kostnað ráðuneyta af starfi umboðsmanns sé á misskilningi byggð, enda lögðu forsetar Alþingis áherslu á að fjárveiting til umboðsmanns gerði honum kleift að sinna starfi sínum eftir þörfum.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis gefur alþm. gott tækifæri til að skyggnast inn í hin ýmsu mál sem til úrlausnar eru í stjórnsýslunni og sjá með hvaða hætti er leyst úr þeim. En þó að það sé hlutverk umboðsmanns að hafa eftirlit með stjórnsýslunni er einn þáttur í störfum hans sem rétt er að alþm. veiti sérstaka athygli. Eru það ábendingar hans um það sem nefnt er í 11. gr. laga um umboðsmann Alþingis meinbugir á lögum. Dæmi um slíkt mál er einmitt að finna á bls. 90 í skýrslunni, þar sem fjallað er um

sáttaumleitanir vegna hjónaskilnaða. Við þeirri ábendingu varð Alþingi með breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar fyrr á þessu þingi.

Það er líka athyglisvert að lesa álit umboðsmanns, á bls. 55, á máli sem fjallar um breytingar á löggjöf varðandi útreikning ellilífeyris. Það mál ætti að minna okkur hv. alþm. á að fara varlega í breytingar á slíkum réttindum fólks.

Hæstv. forseti. Fjölmörg mál sem umboðsmaður gerir grein fyrir í skýrslu sinni vekja líka upp spurningar um hvort löggjafarvaldið þarf ekki að kveða skýrar á í ýmsum tilvikum þegar það markar valdheimildir stjórnvalda. Almennt ætti sú innsýn sem alþingismenn fá í starfshætti stjórnsýslunnar við lestur skýrslu umboðsmanns að hvetja til þess að þingmenn hafi á sér meiri andvara við afgreiðslu mála er lúta að störfum og starfsháttum í stjórnsýslunni. Lagareglur þurfa að vera skýrar og í ýmsum tilvikum sýnist eðlilegra að leitað sé eftir vilja Alþingis fremur en ráðuneyti og stjórnvöld fari að túlka óljósar lagaheimildir.

Hæstv. forseti. Ég vil svo að lokum þakka umboðsmanni Alþingis og starfsliði hans vel unnin störf sem fram koma í skýrslunni fyrir árið 1989.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri að fá að ræða efni þessarar skýrslu og að hún skuli vera lögð hér fram. Ég tel að hún sé mjög lærdómsrík og hún gefur tilefni til að fjalla um vinnubrögð, vinnubrögð stjórnsýslunnar, Alþingis og framkvæmdarvaldsins.

Ég vil fyrst nefna það, og snúa mér að Alþingi, að þessari skýrslu var útbýtt fyrri hluta vikunnar, mánudag eða þriðjudag. Hún er tekin hér til umræðu á fimmtudegi. Á sama tíma hefur verið útbýtt nokkrum mikilvægum og viðamiklum stjfrv. sem krefjast yfirlesturs og athygli ef á að fjalla um þau af einhverju viti. Sama gerir þessi skýrsla upp á 150 blaðsíður rúmar. Það er mjög erfitt að finna til þess tíma að komast yfir að lesa allt þetta mikilvæga efni á svo stuttum tíma. Það út af fyrir sig lýsir vondu skipulagi, og nú er ég ekki að gagnrýna hæstv. forseta eða störf hennar, heldur fyrst og fremst það skipulag sem við þurfum oft að sætta okkur við þegar dynja yfir okkur mörg, mikilvæg, flókin og stór mál á sama tíma og okkur er ætlað að vinna þau öll í einni bendu á stuttum tíma. Þetta er auðvitað allt of lítill tími til undirbúnings. Þetta er jafnframt vanvirða við það verk sem unnið hefur verið í þessari skýrslu og í þeim frumvörpum sem fyrir þingið eru lögð, við lögin sem Alþingi setti um störf umboðsmanns og það fólk sem til hans leitar því að þarna er skýrsla um erindi þess og til þess voru lögin sett að reyna að leysa úr vanda hins almenna borgara þegar hann fær ekki úrlausn sem hann getur unað við í viðskiptum sínum við kerfið.

Í öðru lagi að því er varðar vinnubrögð Alþingis er í 3. lið yfirlitsins fjallað um nokkuð alvarlegan ljóð á ráði Alþingis sem hefur reyndar oft komið til umræðu. Það er sú venja löggjafarsamkundunnar að setja lög, jafnvel lög með mörkuðum tekjustofnum til að tryggja starfsgrundvöll stofnana eða einhverrar starfsemi, en skammta síðan á fjárlögum svo naumt til stofnananna eða starfsemi þeirra að viðkomandi geta alls ekki uppfyllt lagalegar skyldur sínar eða sinnt því hlutverki sem lögin kveða á um. Um þetta eru mýmörg dæmi en e.t.v. eru lánsfjárlögin sígildasta dæmið í þessum efnum. Þó má nefna nýleg dæmi eins og nefskatt í tengslum við lög um málefni aldraða sem þegar í stað var svikinn strax á næsta ári. Mig langar að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í ágætt dæmi sem kom fram í umræðum um fyrirspurn þann 16. febr. 1989. Þá spurðu tvær þingkonur, Sigrún Helgadóttir sem þá var varaþingkona Kvennalistans og Danfríður Skarphéðinsdóttir menntmrh. eftirfarandi:

„Hvernig er að Náttúruverndarráði búið, t.d. hvað snertir starfsfólk og fjárveitingar, til þess að það geti haft eftirlit með mannvirkjagerð og jarðraski eins og ráðinu er ætlað skv. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971?“ Og í sama tölul.: „Hversu oft og í hvaða tilvikum hafa framkvæmdir verið stöðvaðar á grundvelli þessarar lagagreinar?“

Menntmrh. svarar fyrirspurninni og í svari hans kemur fram eftirfarandi:

„Fjárlög ársins 1989 gera ráð fyrir að launaliður skrifstofunnar verði 4,7 millj. kr. og til annarra útgjalda hennar verði varið 4,8 millj. kr. Fjárhagsstaða skrifstofunnar er því mjög slæm miðað við fjárlög eins og þau liggja nú fyrir og það hlutverk sem Náttúruverndarráði er ætlað að sinna samkvæmt lögum“ en það hlutverk kemur fram hjá fyrirspyrjanda sem vitnar til þess eftirfarandi:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.“ Hér er ekki lítið hlutverk.

Það kemur síðan fram eftir að fyrirspurninni hefur verið svarað og fyrirspyrjandi gerir athugasemd í lokin, ef ég má aftur vitna:

„Hvað varðar fyrri spurninguna hlýt ég að láta í ljós vonbrigði um að ekki sé betur búið að Náttúruverndarráði en raun ber vitni og kom mjög ljóslega fram í svari hæstv. ráðherra. Þekking okkar á umhverfinu er alltaf að aukast og vitneskjan um það hve varlega við verðum að fara í allri umgengni. Samfara því aukast stöðugt þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsaðila, bæði hvað varðar magn og gæði eftirlitsins ef svo má að orði komast.

Þegar bylgja fiskeldisstöðva fór að flæða yfir landið fyrir nokkrum árum stórjók það þá vinnu sem Náttúruverndarráði var ætlað að leysa af hendi, en ráðið fékk ekki að sama skapi að fjölga starfsfólki eins og kom fram áðan. Þar eru enn aðeins tvær stöður eins og fram kom, staða framkvæmdastjóra og ritara, alveg eins og var ákveðið árið 1971“ — ég vil undirstrika að fyrirspurnin er gerð 1989 — „um það

leyti sem orðið „umhverfismál“ — eða var það ekki það orð — kom fyrst fram.

Nú er gerð sú krafa af forstöðumönnum opinberra stofnana að þeir megi ekki fara fram úr fjárveitingum fjárlaga og mikil orð höfð um það, bæði á fundum og í fjölmiðlum. Ekki sýnist ósanngjarnt að samfara því sé gerð sú krafa við stjórnvöld að fjárveitingar til stofnana séu í samræmi við það hlutverk sem þeim er ætlað núna og í framtíðinni en ekki í samræmi við það sem þeim var ætlað fyrir 10 eða 20 árum.“

Mér finnst þetta lýsa vandanum mjög vel og taka undir athugasemdir sem komu fram hjá umboðsmanni Alþingis, en þar segir í 3. lið:

„Ég tel rétt að vekja athygli Alþingis á því, að í frv. til fjárlaga 1990 lagði fjmrh. til lækkun framlaga til embættis umboðsmanns frá því, sem ég hafði óskað eftir og forsetar Alþingis síðan samþykkt að leggja til. Um þetta segir m.a. í fjárlagafrv.: „Kostnaður vegna umboðsmanns hækkar allmikið en þó er ekki orðið að óskum embættisins um fjölgun starfsmanna og aukið framlag. Þess má og geta að mikill óbeinn kostnaður hlýst af starfi umboðsmanns Alþingis vegna mikillar vinnu í ráðuneytum og stofnunum við að svara erindum og vinna upplýsingar sem hann óskar eftir.“

Þó stendur í 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis: „Umboðsmaður Alþingis getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns. Þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öðrum gögnum sem mál varða.“ Og e.t.v. lýsir þessi afgreiðsla mála því að stjórnsýslan er of fámenn eða á of annríkt, að henni hefur ekki gefist tími til þess að halda nægilega ítarlega skrá yfir störf sín þannig að fyrirhafnarminna verði að sækja þangað upplýsingar en raun ber vitni. Og ég vil einnig vekja athygli á því að um leið og fjmrh. kvartar þarna yfir umfangi starfa umboðsmanns Alþingis að það var Alþingi sjálft sem átti frumkvæði að því að þetta embætti yrði sett á laggirnar og setti reglurnar um starfsemi þess og gerði þar með kröfurnar sem fylgja hlutverki umboðsmanns Alþingis. Þannig að Alþingi allt — að vísu er núv. fjmrh. ekki þingmaður en vinnur þó hér jöfnum höndum með því að vera ráðherra — ber að mínu viti ábyrgð á þessari lagasetningu og störfum umboðsmanns. Og það kemur einmitt athugasemd áfram frá umboðsmanni Alþingis í þessa veru þar sem hann vitnar í bréfið til fjmrh.:

„Ofangreind athugasemd hlýtur að vera skýring á því, hvers vegna fjárveiting er lækkuð í fjárlagafrv. miðað við tillögur umboðsmanns Alþingis og forseta Alþingis. Sú skýring verður ekki skilin öðru vísi en svo, að nauðsynlegt sé að setja starfi umboðsmanns takmörk.“

Nú er það hins vegar þannig að hlutverk umboðsmanns er markað í lögum nr. 13/1987 og reglum nr. 82/1988 sem Alþingi hefur sett. Þar er kveðið á um störf hans og starfshætti. Ég tel að hvorki umboðsmaður Alþingis né Alþingi geti unað við það að handhafar stjórnsýsluvalds taki fram fyrir hendur Alþingis. Þarna er í raun gagnrýni sem á rétt á sér. Og ég tek undir hana.

Í 4. lið er fjallað um algengt umkvörtunarefni þeirra sem þurfa að eiga viðskipti við stjórnsýsluna en það er ótrúlegur seinagangur við afgreiðslu mála oft og tíðum og stundum berast jafnvel hreint engin svör. Og ef aðili eins og umboðsmaður Alþingis á í vandkvæðum með að krefja ráðuneytið svara, hvað má þá ætla með hinn almenna borgara sem hlýtur að standa mun hallari fæti en embætti umboðsmanns Alþingis gerir gagnvart stjórnsýslunni? Ég vil reyndar vekja athygli þeirra hv. þm. sem nú sitja hér í salnum á að það er kannski dæmi um þá lítilsvirðingu sem stjórnsýslan sýnir allt of oft hinum almenna borgara að hér situr enginn ráðherra til að hlusta á mjög ákveðna gagnrýni á hendur stjórnsýslunni. Hér er enginn handhafi framkvæmdarvaldsins til þess að taka þeirri gagnrýni. Það er lítilsvirðing gagnvart Alþingi og auðvitað líka lítilsvirðing gagnvart þeirri skýrslu sem hér er lögð fram og vinnu umboðsmanns Alþingis.

Í 4. lið er talað um þennan seinagang og þar segir:

„Sem fyrr hefur oft borið við að verulega hefur dregist að ráðuneyti sinntu tilmælum mínum um upplýsingar og greinargerðir. Stundum eru slíkar tafir afsakanlegar, þar sem í hlut eiga starfsmenn, sem eru störfum hlaðnir og aukin fyrirhöfn bitnar því hart á. Á það ekki síst við, þegar margar kvartanir hafa borist á hendur sama stjórnvaldi og orðið tilefni óska af minni hálfu um upplýsingar og skýringar. Ég legg áherslu á, að fjöldi kvartana er í sjálfu sér ekki vísbending um að starfsháttum sé áfátt. Viðkvæm og vandmeðfarin mál verða óhjákvæmilega tilefni kvartana eins og raunin hefur orðið á.“

Síðan kemur umboðsmaður Alþingis með dæmi um hvað svör við bréfum geta verið ótrúlega sein á ferðinni. Og ég vil vitna vegna þess að ég tel að þetta dæmi sé því miður allt of algengt: „Ég bað fjármálaráðuneytið að gera grein fyrir þessu máli“ — og hann vitnar í ákveðið mál sem um er að ræða — „í bréfi 23. júní 1988. Þessum tilmælum svaraði ráðuneytið í engu, fyrr en með bréfi ráðuneytisins frá 4. janúar 1989,“ — það var langur tími — „að frátöldum munnlegum skilaboðum frá fulltrúa í ráðuneytinu 23. desember 1988, en tilmæli mín hafði ég ítrekað í bréfum til ráðuneytisins 19. september og 4. nóvember 1988.“ Þetta er í raun og veru nokkuð sem margir hafa reynt á sjálfum sér. Ég veit dæmi þess að bréf barst í janúarlok frá utanrrn. til menntmrn. Þetta bréf var erlendis frá þar sem verið var að bjóða Íslendingum þátttöku í erlendu samstarfi, þeim að kostnaðarlitlu sem er vissulega áhugavert. Bréf frá menntmrn. barst hins vegar ekki út á vettvang til umsagnar fyrr en nær tveim mánuðum síðar án þess að nokkur skýring væri gefin á þessari töf. Ég held að þetta sé atriði sem handhafar framkvæmdarvalds, ráðherrar, hefðu átt að vera hér til þess að hlusta á, taka til sín og bæta úr.

Síðar víkur umboðsmaður Alþingis að nauðsyn þess að setja stjórnsýslulög vegna fenginnar reynslu

sinnar af starfi í tvö ár. Hann segist hafa sannfærst um að ofangreind sjónarmið í greinargerð með frv. sem hann hafði áður vitnað til, frv. til stjórnsýslulaga, eigi við veigamikil rök að styðjast án þess þó að hann hafi tekið til þess afstöðu í einstökum atriðum hvernig slík lög eigi að vera úr garði gerð. Helstu röksemdirnar fyrir því að umboðsmaður Alþingis telur þörf á því að leggja fram frv. til stjórnsýslulaga eru þau að ekki sé til að dreifa í skráðum lögum almennum reglum um rétt manna til að kynna sér gögn í vörslu stjórnvalda. Hann segir:

„Þar verður að gera greinarmun á skyldu stjórnvalds til að veita almennar upplýsingar, skyldu stjórnvalds til að veita aðilum, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta, aðgang að upplýsingum, skyldu stjórnvalds til að kynna einstaklingi upplýsingar, sem hjá því eru skráðar um einkahagi hans, og skyldu til að veita öðrum stjórnvöldum upplýsingar. Slíkar reglur tengjast lagareglum um þagnarskyldu þeirra manna, sem fást við stjórnsýslu, en lagaákvæði um það eru fjölmörg á víð og dreif í settum lögum. Reynsla mín í starfi umboðsmanns hefur leitt í ljós, að á þessum vettvangi rísa ágreiningsmál, sem oft vefst fyrir stjórnvöldum að greiða úr."

Nú liggur fyrir Nd. þingsins frv. til laga um breytingar á læknalögum þar sem lagt er til að almenningur fái aðgang að sjúkraskrám og það jafnvel aftur í tímann. Það tengist þessu fyrsta atriði.

Síðan kemur annað atriðið og það vitnar beint til þeirrar umræðu sem hér fór fram í morgun um hæfi þeirra sem gegna stjórnsýslustörfum, sem taka að sér fyrir hönd Alþingis eða framkvæmdarvaldsins setu í stjórnum, ráðum eða nefndum. Og eins og kom fram í þeirri umræðu hér í morgun gilda ekki neinar almennar reglur eða nógu skýrar reglur um hæfi. Það kom glögglega í ljós, eins og kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv. hér í morgun, þegar Kvennalistinn skipaði fulltrúa sinn til setu í bankaráði. Og hér stendur einmitt í skýrslu umboðsmanns í 2. lið sem röksemdafærsla fyrir nauðsyn þess að setja stjórnsýslulög: „Ekki eru í skráðum lögum almennar reglur um hæfi þeirra, sem hafa á hendi stjórnsýslu, til að fjalla um einstök mál sem þeir fá til úrlausnar." Og ég bið menn að huga að því eftir umræðuna í morgun og ég verð að segja að það vakti mikla furðu mína að enginn þingmaður skyldi sjá ástæðu til þess að taka til máls þegar jafnmikilvægt mál var til umfjöllunar eins og var hér í morgun.

Þriðja röksemdin greinir svo frá eftirfarandi: „Á ýmsum sviðum stjórnsýslu er ekki svo skýrt sem skyldi, hvaða rétt menn eiga til að skjóta máli sínu til æðra stjórnvalds. Ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því, að slíkur vafi hefur risið í framkvæmd sveitarstjórnarlaga, að því er ákvarðanir sveitarstjórna varðar." Þó að framangreind talning sé ekki á neinn hátt tæmandi eru þessi þrenn rök mjög sterk að mínu viti, enda greindi framsögumaður fyrir þessari skýrslu frá því áðan hvernig það mál væri statt nú og vonandi verður sú nefnd sem um það mál fjallar fljótlega til þess að leggja fram frv. að nýjum stjórnsýslulögum.

Í skýrslunni eru fjölmörg dæmi um þann vanda sem einstaklingarnir geta ratað í þegar þeir eiga viðskipti sín við kerfið og eru þau að mörgu leyti lærdómsrík. Mér hefur ekki unnist tími til að fara yfir þau öll en ég hef hugað að nokkrum þeirra og vildi að lokum taka dæmi, sem ég held að sé gott dæmi, um það hvern árangur störf umboðsmanns Alþingis geta borið. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að ég geti fengið að víkja úr ræðustól til að sækja mér málsgagn í sæti mitt. (**Forseti:** Þingmanninum er leyft það.)

Ég hef setið, hæstv. forseti, í tryggingaráði undanfarin tvö ár og þar hafa erindi frá umboðsmanni Alþingis komið inn á borð til umfjöllunar vegna kvartana frá viðskiptavinum tryggingaráðs eða Tryggingastofnunar réttara sagt. Og í bréfum frá umboðsmanni Alþingis voru athugasemdir varðandi málsmeðferð kvartana sem berast vegna afgreiðslu Tryggingastofnunar. Það voru athugasemdir um að slík málsmeðferð þyrfti að vera skýrari. Tryggingaráð hafði fjallað um slíkt áður og hafði í huga að gera úrbætur í þeim efnum en vegna athugasemda frá umboðsmanni Alþingis var strax hafist handa og útbúið sérstakt eyðublað þar sem hinn almenni borgari sem hefur kvartanir fram að færa við Tryggingastofnun getur komið þeim skilmerkilega á framfæri við tryggingaráð og fær við þeim rökstudd svör og ég vil sýna hv. þm. plaggið. Þetta má segja að sé betrumbót á stjórnsýslunni sem fylgir í kjölfar athugasemda umboðsmanns Alþingis og er jafnframt réttarbót og styrkur fyrir hinn almenna borgara, öruggari farvegur til að bera fram kvartanir og fá tillit til þeirra tekið.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Það væri tilefni til að ræða margt annað í þessari skýrslu. Ég vildi bara koma þessum athugasemdum á framfæri. Mér finnst þetta lærdómsríkt plagg. Ég vil bera fram kvörtun við hæstv. forseta að engir ráðherrar skuli sjá ástæðu til að sitja fund þegar þessi skýrsla er rædd og ég vona að þingmenn hafi betra tóm síðar til þess að kynna sér skýrsluna betur, draga af henni lærdóm og e.t.v. nýta einhver mál hennar til þess að flytja þingmál sem mættu auka rétt hins almenna borgara.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þessari skýrslu umboðsmanns kemur fram í nokkuð mörgum greinum gagnrýni á störf ýmissa ráðherra, þar á meðal hæstv. fjmrh. eins og síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Reykv., kom inn á í ræðu sinni. Það er líka gagnrýni hér á fleiri ráðherra sem nauðsynlegt er að ræða því hér er um að ræða í sumum greinum mál sem áður hafa komið til umræðu á hv. Alþingi og þingmenn skipst á skoðunum um. Þess vegna finnst mér satt að segja útilokað að umræðan haldi áfram án þess að ráðherrar, að mínu áliti a.m.k. hæstv. fjmrh., sé við-

staddur og ég býst við að aðrir ræðumenn hafi áhuga á því að það séu fleiri ráðherrar hér, t.d. hæstv. forsrh. sem ber höfuðábyrgð á stjórnsýslunni sem forsrh. Þess vegna tel ég, hæstv. forseti, að það þyrfti að fresta umræðunni þar til ráðherrar væru viðstaddir. Ég býst við að það sé erfitt að drífa þá út af sínum stöðum hvar sem þeir nú eru á þessari stundu. En mér finnst afar erfitt að halda þessari umræðu áfram því að ég vildi krefja ráðherra ákveðinna skýringa á vissum atriðum í skýrslunni. (**Forseti:** Forseti hlýtur að viðurkenna að það er auðvitað mjög slæmt að hæstv. ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir umræðu sem þessa. Nú vil ég spyrja hv. þm. hvort honum nægði að reynt yrði að ná til hæstv. forsrh.) Ég hef nú einkum hug á því að ræða við hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Ég hygg að forseti verði að verða við þeirri ósk að umræðunni verði frestað og reynt að sjá til þess að hæstv. ríkisstjórn verði að eins miklu leyti og unnt er viðstödd þessa umræðu n.k. mánudag.) Ég þakka hæstv. forseta þessi góðu viðbrögð og sanngjarna úrlausn á málaleitan minni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessarar umræðu hygg ég að sama vandamál komi upp varðandi næsta dagskrármál sem er skýrsla Ríkisendurskoðunar. Ég tel það jafnfráleitt að ræða hana án þess að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir. Forseti sér þess vegna ekki annað ráð en að fresta báðum umræðum og mun svo gera. Ég hygg því að út af dagskrá verði tekin 5.–9. dagskrármál og þessum fundi sé þar með slitið.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

67. fundur, föstudaginn 23. mars, kl. 12 á hádegi.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 751.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem er 430. mál þingsins. Það var í maímánuði 1987 að menntmrn. skipaði nefnd til að endurskoða málefni tilraunastöðvarinnar að Keldum. Í henni áttu sæti Guðmundur Eggertsson prófessor, tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands, formaður, Margrét Guðnadóttir prófessor, tilnefnd af læknadeild Háskóla Íslands, Bjarni Guðmundsson, þáv. aðstoðarmaður landbrh., tilnefndur af landbrn., Guðmundur Pétursson forstöðumaður, tilnefndur af tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Jónas Hallgrímsson prófessor, tilnefndur af heilbrrn., Leifur Eysteinsson, þáv. deildarstjóri, tilnefndur af Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Stefán Stefánsson stjórnarráðsfulltrúi, tilnefndur af menntmrn., Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins. Starfsmaður „Keldnanefndar", eins og nefndin var yfirleitt kölluð, var Eiríkur Baldursson deildarstjóri, Rannsóknaráði ríkisins.

Í framhaldi af áliti þessarar nefndar sem skilaði mér viðamikilli skýrslu í febrúar 1989 skipaði ég nefnd í mars 1989 til að semja tillögur að frv. til laga um breytingar á lögum nr. 11/1947, um tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Í skipunarbréfi var tekið fram að nefndinni væri ætlað að byggja tillögur sínar á grundvelli nefndarálits Keldnanefndar frá febrúar 1989. Í þessari nefnd áttu sæti Guðrún Agnarsdóttir alþm., sem var formaður nefndarinnar, Haraldur Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands, og Jón Höskuldsson lögfræðingur, deildarstjóri í landbrn.

Þessi nefnd fór ítarlega yfir álit Keldnanefndar og í kynnisferðir að Keldum og ræddi við starfsfólk þar. Þá leitaði nefndin álits stjórnar læknadeildar og raunvísindadeildar á niðurstöðum Keldnanefndar, einkum hvað varðaði stjórnunarlega stöðu og tengsl tilraunastöðvarinnar við Háskóla Íslands. Nefndin leitaði einnig álits ýmissa annarra aðila, svo sem yfirdýralæknis og fyrrv. yfirdýralæknis, rektors Háskólans og háskólanefndar Dýralæknafélags Íslands svo að nokkuð sé nefnt.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir, herra forseti, miðast að verulegu leyti við tillögur Keldnanefndarinnar. Nefndin hefur þó vikið frá þeim í nokkrum atriðum og eins þurfti hún að taka afstöðu til ágreinings sem var í Keldnanefnd, m.a. varðandi tengsl stöðvarinnar við Háskólann og stjórnunarlega stöðu stofnunarinnar. Rétt þykir að tilraunastöðin sé áfram háskólastofnum og rannsóknavettvangur sem tengist læknadeild. Jafnframt skal stofnunin annast þjónustu við búfé, eldisdýr og villt dýr og er það hlutverk skilgreint sérstaklega.

Í frv. er lagt til að stjórn stofnunarinnar sé heimilt í samráði við forstöðumann hennar að skipta starfsemi tilraunastöðvarinnar í rannsóknasvið eða deildir. Í tillögum Keldnanefndar er lagt til að slík heimild verði sett í reglugerð. Starfsemi stofnunarinnar er þegar að vissu leyti deildaskipt eftir verkefnum. Þróun starfseminnar og hefð hefur ráðið því að rannsóknadeild sauðfjársjúkdóma hefur verið aðskilin frá tilraunastöðinni stjórnunarlega þar sem hún heyrir undir landbrn. Sú skipan á sér þó ekki stoð í lögum og breyting á henni krefst því ekki lagabreytinga. Lagt er til að rannsóknadeild sauðfjársjúkdóma verði sameinuð tilraunastöðinni og tilraunastöðin annist verkefni rannsóknadeildarinnar og aðrar rannsóknir á sauðfjársjúkdómum í samræmi við hlutverk sitt samkvæmt 2. gr. fyrirliggjandi frv.

Þá hafa nýleg lög um rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, veitt samnefndri deild eða verkefnasviði formlega sérstöðu umfram önnur verkefnasvið tilraunastöðvarinnar. Þau lög þarf nú að endur-

skoða sérstaklega til samræmingar við efni þessa frv. ef að lögum verður, enda segir í þeim lögum að þau skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Nefndin sem fjallaði um málið og gerði tillögur um frv. þetta ákvað eftir vandlega íhugun að gera ekki tillögur um breytingar á lögum um rannsóknadeild fisksjúkdóma að sinni, en telur eindregið að málefni er varða rannsóknir fisksjúkdóma eigi að falla undir lög og reglugerð um tilraunastöðina. Rannsóknir á fisksjúkdómum eins og öðrum dýrasjúkdómum samræmast fyllilega hlutverki þessarar stofnunar eins og það er skilgreint í 2. gr. frv. Að öðru leyti ættu málefni fisksjúkdóma eins og um þau er fjallað í núgildandi lögum um rannsóknadeild fisksjúkdóma að heyra undir sérstök lög um fiskeldi, fisksjúkdóma og varnir gegn þeim, sem brýna nauðsyn ber til að setja hið fyrsta að mati nefndarinnar og er það einnig álit menntmrn. Nefndin lítur svo á að núgildandi lög um rannsóknadeild fisksjúkdóma samræmist ekki þessu frv. og skuli einungis gilda til bráðabirgða eða þar til sérstök lög um fiskeldi, fisksjúkdóma og varnir gegn þeim hafa verið sett.

Rétt þykir að stjórn stofnunarinnar hafi lagaheimild til þess að ákvarða að hve miklu leyti og hvernig skuli skipuleggja innra starf hennar í samræmi við þarfir og viðfangsefni á hverjum tíma. Nú ráða heföir og sérstök lög misjöfnu vægi verkefnasviða eins og áður hefur komið fram. Nánari reglur um deildaskiptingu eða verkefnasvið og hlutverk deildastjóra er því eðlilegt að setja í reglugerð.

Við skipan stjórnar stofnunarinnar er að mestu leyti farið að tillögu meiri hluta Keldnanefndar. Rétt þykir að efla tengsl stofnunarinnar við bæði raunvísindadeild og læknadeild með því að skipa fulltrúa þeirra í stjórn stofnunarinnar og jafnframt að kveða svo á um að annar hvor skuli gegna formennsku. Vegna mikilvægs þjónustuhlutverks tilraunastöðvarinnar við landbúnaðinn þykir rétt að landbrn. eigi tvo fulltrúa í stjórninni og er lagt til að annar þeirra komi úr hópi starfsmanna og þá væntanlega þeirra sem starfa á þeim sviðum sem sérstaklega varða landbúnað. Sjálfsagt er að starfsfólk stofnunarinnar tilnefni einnig sinn fulltrúa í stjórn hennar.

Frv. gerir ráð fyrir því, í samræmi við flest önnur frumvörp sem ríkisstjórnin flytur um þessar mundir um opinberar stofnanir, að forstöðumaður sé ráðinn tímabundið, til sex ára í senn en ekki til fimm ára eins og sagði í tillögum meiri hluta Keldnanefndar. Það er mikilvægt að tryggja endurmat og endurnýjun á þennan hátt. Eðlilegt er að endurnýjun í stjórn stofnunarinnar verði ekki alger á fjögurra ára fresti heldur verði þess gætt að skipta aðeins um hluta stjórnarmanna í senn. Lenging á ráðningartíma forstöðumanns miðar að því að tryggja enn frekar stöðugleika við stjórn stofnunarinnar.

Í frv. er lagt til að framkvæmdastjóri annist daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði forstöðumanns, en í tillögum Keldnanefndar er hann nefndur fjármálastjóri. Þótti rétt að víkka starfsheitið nokkuð í samræmi við fjölþætt viðfangsefni stofnunarinnar.

Það frv. sem hér er lagt fram, herra forseti, felur í sér að gerð er tillaga um ný heildarlög um tilraunastöðina og að eldri lög frá 1947, sem að flestu leyti eru úrelt orðin, falli úr gildi. Nefndin leggur áherslu á í tillögum sínum að lög nr. 50/1986, um rannsóknadeild fisksjúkdóma, svo og ákvæði laga nr. 77/1981, um dýralækni fisksjúkdóma, verði endurskoðuð og samræmd þessu frv. Er það einlægur ásetningur minn að stuðla að því að svo verði ef niðurstaða Alþingis verður sú að þetta frv. sem hér liggur fyrir verði að lögum. Ekki er talin ástæða til þess að breyta öðrum lögum eða reglugerðum sem varða tilraunastöðina vegna ákvæða þessa frv. þó samþykkt yrði.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. er aðeins ítarlegar farið yfir efni þess. Frv. er aðeins 11 greinar og meginefnisgreinarnar má segja að séu 2. gr. frv. og stjórnunargreinarnar og sömuleiðis 5. og 6. gr. frv. en síðustu greinarnar, 8., 9., 10. og 11. gr., eru í raun og veru hefðbundnar í lögum eða frumvörpum af þessu tagi. Með frv. eins og það birtist á þskj. 751 eru birt tvö fylgiskjöl, annars vegar fskj. I, Lög og reglur um tilraunastöð Háskólans í meinafræði og þar er satt að segja afar fróðlegt að sjá hvernig lög og lagarammi stofnana er, sennilega margra, enn í dag. Það er kannski einkum athyglisvert að sjá hvað stofnanir geta í raun og veru blómstrað og dafnað án þess að lögin séu ýkja merkileg. Í enn þá gildandi lögum um Keldur segir m.a.: „Forstöðumaður tekur laun eftir 5. launaflokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjmrn."

Ég þykist viss um að svo að segja allar greinar laganna eins og þær líta út núna a.m.k. nema þá 1. gr. stangist á við veruleikann og fjölmörg önnur lög sem þegar hafa verið sett um ýmis mál, m.a. kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þetta ýtir auðvitað undir það, virðulegi forseti, sem er algerlega óskylt þessu máli, að það er ástæða fyrir Alþingi að hugleiða hvort ekki á að vera hér til lagastofnun í landinu eða laganefnd sem sér um að gera tillögur um samræmingu á lögum eftir að Alþingi hefur samþykkt frumvörp um hina ýmsu málaflokka.

Þá fylgir þessu frv. fskj. II sem eru niðurstöður og tillögur Keldnanefndar, þ.e. hluti af 9. kafla skýrslunnar. Þar kemur fram hvernig nefndin getur hugsað sér að stuðlað verði að eflingu starfseminnar á komandi árum og er í raun og veru fjallað um alla þætti starfseminnar eins og hún er og ætti að verða að mati Keldnanefndar. Er það fskj. gagnlegt til hliðsjónar fyrir hv. þingnefnd um leið og hún ræðir um málið.

Um leið og ég mæli fyrir þessu frv., virðulegi forseti, vil ég nota tækifærið til að þakka Keldnanefnd og einnig lagafrumvarpsnefndinni fyrir sérstaklega góð störf og ötul. Ég tel að hér sé um að

ræða mjög vandað frv. þar sem leitast hefur verið við að samræma sjónarmið fjölmargra ólíkra aðila og einnig vandað að því leyti til að hér hefur verið farið rækilega yfir hlutverk þessarar stöðvar og gerð tillaga um að búa henni lagaramma í samræmi við veruleika nútímans og væntanlega framtíðarinnar líka.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil segja hér aðeins nokkur orð og þakka hæstv. menntmrh. fyrir góð orð hans í framsögu um málið. Vegna þess að ég átti sæti í þeirri nefnd sem samdi þetta lagafrv. vil ég taka það fram að nefndin var mjög sátt við þær niðurstöður sem hér liggja fyrir í frv. Hún hafði það að markmiði sínu að vinna samkvæmt þeim grundvelli sem henni var gefinn, þ.e. tillögum Keldnanefndar, en myndaði sér jafnframt sjálfstæðar skoðanir á því hvert mundi verða og hvert ætti að verða framtíðarhlutverk Keldna. Það var ætlun okkar að styrkja þá stofnun, tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, að tengja hana Háskólanum betur en verið hefur. Eftir að við höfðum sæst á þessi meginatriði við gerð frv. leituðum við samráðs við mjög marga aðila sem málið varðar, bæði starfsfólk á Keldum, yfirdýralækni núverandi og fyrrverandi, Háskólann, læknadeild Háskólans sérstaklega og raunvísindadeild, háskólanefnd Dýralæknafélags Íslands og aðra aðila sem vildu fá að segja sitt um málið. Við leituðumst við að samræma sjónarmið eins og frekast var kostur og gerðum tvær atrennur til þess, bæði þegar málið lá fyrir í drögum hjá okkur og síðan eftir að við höfðum komið frumvarpinu í ákveðnara form. Ég vil því leggja megináherslu á að um málið var fullkomin sátt innan nefndarinnar og það hafa verið gerðar a.m.k. tvær ef ekki þrjár tilraunir til þess að gefa sem flestum tækifæri til að segja sitt álit og tekið hefur verið tillit til skoðana þeirra að svo miklu leyti sem hægt var að samræma mismunandi sjónarmið. Voru flestir þessir aðilar nokkuð sáttir með málalok þegar gerð frv. var lokið.

Þessa vildi ég geta við 1. umr. og vona að málið fái vinsamlega umfjöllun og verði afgreitt á þessu þingi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins lýsa ánægju minni með að þetta frv. er komið hér fram. Það er áreiðanlegt að það hefur verið tímabært að endurskoða þessi lög. Ég vil aðeins láta í ljós að ég mun stuðla að því að þetta mál fái góða meðferð í hv. menntmn. þar sem ég á sæti í nefndinni og ætla því ekki að fara úr í einstakar greinar frv. hér við 1. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 425. mál (kynferðisafbrot). — Þskj. 745.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 12. febr. 1940 sem flutt er hér á þskj. 745.

Frv. það sem hér er til umræðu er endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en sá kafli laganna fjallar um kynferðisbrot. Frv. sama efnis var flutt á síðasta Alþingi en varð ekki útrætt. Frv. er endurflutt óbreytt.

Aðdragandi frv. er sá að þegar nauðgunarmálanefnd skilaði skýrslu sinni í nóvember 1988 var meðal tillagna nefndarinnar frv. til laga um breyting á 194.—199. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þeim breytingum sem fram komu í frv. nauðgunarmálanefndar og því að á Alþingi vorið 1988 var frv. um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar ákvað þáv. dómsmrh. að láta endurskoða aðrar greinar XXII. kafla hegningarlaga áður en frv. nefndarinnar væri lagt fyrir Alþingi.

Fyrstu sjö greinar frv., um breytingu á heiti XXII. kafla laganna og um endurskoðun á 194.—199. gr. hegningarlaganna, eru í frv. þessu óbreyttar frá því sem nauðgunarmálanefnd lagði samhljóða til. Þær breytingar sem frv. felur í sér eru í fyrsta lagi að öll ákvæði kaflans eru nú gerð ókynbundin. En í gildandi lögum eru margar greinar þannig að einungis konur njóta refsiverndar og karlar einir geta verið gerendur. Tilgangur þessara breytinga er sá að auka réttarvernd almennt gagnvart kynferðisbrotum og eru tillögurnar í samræmi við réttarþróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði í öðrum löndum. Þótt þessi brot bitni nær eingöngu á konum er ekki ástæða til að ætla að víðtækari refsivernd raski á okkurn hátt réttarstöðu kvenna. Ákvæði frv. eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna eftir því sem við á.

Í öðru lagi felst í frv. aukin réttarvernd þar sem á því er byggt að samræði verði skýrt rýmra en samkvæmt gildandi lögum, svo sem rakið er í greinargerð með frv. og að í frv. er lagt til að lögfest verði að „önnur kynferðismök" verði lögð að jöfnu við samræði. Með „öðrum kynferðismökum" er átt við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Átt er við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Þá eru í frv. ný ákvæði um kynferðislega áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Hér er fyrst og fremst átt við káf ýmiss konar, þukl og annars konar líkamlega snertingu, ljósmyndun af kynferðislegum toga o.s.frv. Í gildandi hegningarlögum eru ekki bein ákvæði um þetta en verknaðir sem

falla undir framangreindar verknaðarlýsingar hafa verið heimfærðir undir 209. gr. hegningarlaga sem fjallar um að særa blygðunarsemi.

Í þriðja lagi eru ákvæði um sifjaspell flutt úr XXI. kafla laganna í þennan kafla, þar sem þau þykja eiga betur heima, enda oft nátengd öðrum kynferðisbrotum.

Ég mun nú víkja að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er lagt til að heiti XXII. kafla laganna verði breytt þannig að tekið verði upp heitið Kynferðisbrot í staðinn fyrir Skírlífisbrot. Rétt þykir að miða heiti kaflans frekar við einkenni háttseminnar en hin siðrænu viðhorf til brots og brotaþola.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til verulegar breytingar á 194. gr. hegningarlaga, þ.e. þeirri grein sem fjallar um nauðgun. Í fyrsta lagi er lýsing verknaðaraðferða rýmkuð verulega, með rýmri túlkun á samræði og með því að leggja „önnur kynferðismök" að jöfnu við samræði svo sem áður er rakið. Auk þess tekur þetta nýja ákvæði frv. um nauðgun nú, auk beinnar valdbeitingar, til allra refsiverðra ofbeldishótana sem í gildandi lögum eru refsiverðar skv. 196. gr. laganna. Þá felst einnig rýmkun í því að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð.

Í öðru lagi er í þessari grein lögð til sú grundvallarbreyting að ákvæðið verði tvískipt, þ.e. í 1. málsgr. almennt ákvæði og refsihækkunarákvæði í 2. málsgr. með sjálfstæðum refsimörkum. Núgildandi ákvæði er með refsilágmarki sem lagt er til að fellt verði brott. Með þessu er ekki verið að draga úr því að um alvarleg brot sé að ræða heldur er talið að refsiverndin verði virkari með þessum hætti. Skal það rökstutt nánar.

Þegar ákveðið refsilágmark er í lögum svo sem í núgildandi 194. gr. er ákveðin hætta til staðar á því að brot verði ekki kært vegna refsilágmarks. Hætta er á að ákært sé fyrir brot gegn öðrum greinum laganna sem hafa vægari refsimörk eða jafnvel að dómstólar heimfæri brot undir aðrar greinar þar sem refsimörk eru vægari. Í Danmörku var refsilágmark fellt brott fyrir 15–20 árum af framangreindum ástæðum. En áður var gerð viðamikil rannsókn á dómum um kynferðisbrot og voru niðurstöður hennar að framangreind atriði ættu við rök að styðjast. Þá hefur það verið almenn löggjafarstefna hér og í nágrannalöndum að fella brott refsilágmark nema við alvarlegustu brotum. Má í því sambandi m.a. benda á 110. gr. og 142. gr. almennra hegningarlaga. Í því að fella niður refsilágmark felst ekki að lagt sé til að dómstólar taki upp vægara refsimat en nú er gert.

Varðandi 3.–7. gr. vísa ég til þess sem fram kemur í greinargerð með frv.

Í 8. gr. frv. er fjallað um sifjaspell. Meginefni núgildandi 190. gr. er flutt í þessa grein og auk þess er tekið upp í greinina nýtt ákvæði um kynferðislega áreitni en áður hefur verið fjallað um það hugtak. Þá eru í greininni, eins og í 2. og 3. gr. frv., „önnur kynferðismök" lögð að jöfnu við samræði.

Í núgildandi ákvæði er sifjaspell refsivert bæði fyrir foreldri og barn sé barnið komið á sakhæfisaldur. En í þessu ákvæði frv. er refsiábyrgð barna og annarra niðja felld brott. Rök þess eru m.a. að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Ákvæðið á jafnt við um brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum. Ef ofbeldi eða hótun um það er beitt er einnig refsað fyrir brot gegn 194. gr., sbr. 2. gr. frv., og ef barn er yngra en 14 ára er jafnframt refsað fyrir brot gegn 202. gr., sbr. 10. gr. frv. Refsimörk eru nokkuð þyngd frá núgildandi lögum.

Í 3. málsgr. eru ákvæði varðandi systkini. Er þeim breytt frá núgildandi ákvæði á þann veg að refsimörk eru hert en jafnframt heimilað að fella niður refsingu þess eða þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri í stað 16 í núgildandi lögum.

9. gr. frv. svarar til 201. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu, eins og í ýmsum öðrum greinum frv., að bætt er við ákvæðum um „önnur kynferðismök" og kynferðislega áreitni. Þá er í upptalningu barna bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni.

Þær meginathugasemdir sem allshn. þessarar deildar bárust við frv. þetta á síðasta þingi vörðuðu 8. og 9. gr. frv. Þessar athugasemdir og brtt. voru ekki samhljóða en meginefni þeirra var að afnuminn skyldi mismunur á sifjaspelli og samræði og „öðrum kynferðismökum" við börn og ungmenni sem eru í uppeldis- eða tilfinningatengslum við brotamann auk þess sem ákvæði í 1. málsgr. 9. gr. frv. skyldu útvíkkuð enn frekar. Í öðru lagi að refsihámark þessara greina skyldi hækkað og í a.m.k. einni athugasemd var lagt til að afnumin skyldu refsiákvæði um samræði eða önnur kynferðismök milli systkina.

Af þessu tilefni er rétt að vekja athygli á að brotalýsing þessara greina er ekki að öllu leyti eins. Skv. 1. málsgr. 8. gr. frv. eru samræði og „önnur kynferðismök" við barn sitt eða annan niðja ávallt refsiverð án tillits til aldurs barns eða niðja viðkomandi. En skv. 1. málsgr. 9. gr. eru samræði og „önnur kynferðismök" þartilgreindra aðila ekki refsiverð eftir 18 ára aldur kjörbarns, stjúpbarns o.s.frv. Að hækka refsihámark þessara greina þannig að þau verði slitin úr samhengi við refsihámark annarra greina hegningarlaganna er ekki líkleg aðgerð til að bæta refsivernd eða til að þyngja refsingar fyrir þessi brot almennt. Jafnframt verður að hafa í huga að brot á þessum greinum getur jafnframt verið brot á öðrum köflum hegningarlaganna sem hafa þyngra refsihámark og í slíkum tilfellum ber jafnframt að refsa fyrir brot á þeim greinum.

Ég tel að sú aðgreining sem er að finna í 8. og 9. gr. eigi við rök að styðjast en ef ástæða þykir til mætti athuga hvort samræma eigi refsihámark í 1. málsgr. 8. gr. og 1. málsgr. 9. gr. frv.

Varðandi 10.–17. gr. er vísað til þess sem segir í athugasemdum við þær greinar. Þó tel ég rétt að fara nokkrum orðum um 1. málsgr. 13. gr. frv. þar sem segir að hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra, skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Hvorki skv. gildandi hegningarlögum né skv. frv. þessu er vændi

sem slíkt refsivert. Refsiákvæðin taka til þess að stunda vændi sér til framfærslu. Í athugasemdum við frv. þetta á síðasta ári var lagt til að fella brott ákvæði um að vændi til framfærslu væri refsivert. Væru forsendur þær að það væru ytri aðstæður sem neyddu fólk til að hafa framfærslu sína af vændi. Í flestum tilfellum væri það kaupandinn sem væri að misnota seljandann og ekki ætti að refsa veikari aðilanum en sleppa þeim sterkari. A.m.k. í einni athugasemd var bent á að athugað yrði hvort ekki ætti að gera kaup þjónustunnar refsiverð. Ljóst er að mál þetta á sér margar hliðar og er viðkvæmt. Ég er ekki viss um að menn átti sig almennt á afleiðingum þess að þetta ákvæði verði fellt brott.

Hæstv. forseti. Í frv. þessu eru refsimörk fyrir kynferðisafbrot almennt þyngd frá því sem er í gildandi lögum, þó með einstökum frávikum sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við viðkomandi greinar. Verði frv. þetta að lögum verða refsimörk fyrir kynferðisbrot hér á landi með þeim þyngstu á Norðurlöndum.

Ég gat þess í upphafi máls míns að hvatinn að frv. þessu hefði verið tillögur frá nauðgunarmálanefnd um breytingu á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Í skýrslu og tillögum nauðgunarmálanefndar er mikil áhersla lögð á aukna réttarvernd og aðra aðstoð við fórnarlömb eða þolendur kynferðisbrota. Að bæta réttarstöðu þeirra verður ekki gert með því einu að breyta hegningarlögum. Öll hegningarlög fjalla fyrst og fremst um háttsemi geranda og hvernig eigi að bregðast við gagnvart honum. Í þessum kafla hegningarlaganna skiptir viðhorf þolanda þó meira máli en víðast annars staðar í hegningarlögum. Í þessu frv. eru ákvæði þar sem almenn siðferðisviðhorf og þjóðfélagsviðhorf skipta máli bæði varðandi mat á einstökum verknuðum og alvöru þeirra. Lögð hefur verið áhersla á að gera frv. þannig úr garði að viðunandi friður og jafnvægi megi haldast um viðkvæm siðferðisviðhorf, jafnframt því að bæta réttarvernd þeirra sem fyrir kynferðisbrotum verða.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið inn á þingið á nýjan leik. Að vísu er orðið nokkuð áliðið og ég verð að segja að ég er nokkuð uggandi um að frv. nái fram að ganga. Ég vona þó að það veitist tími til þess að fjalla vel um það í hv. allshn. þannig að við getum náð samstöðu um þær breytingar sem gera þyrfti á frv. áður en það verður samþykkt og gert að lögum.

Það er vissulega orðin brýn þörf á því að breyta hegningarlögunum hvað varðar ákvæði um skírlífisbrot eða kynferðisbrot því að þessi lög eru orðin gömul. Þau eru frá 12. febr. 1940 og nú eru í raun breytt viðhorf, breyttir þjóðfélagshættir að mörgu leyti sem krefjast þess að breyting sé gerð á lögunum.

Ég átti sæti í nauðgunarmálanefnd sem hæstv. ráðherra gat um áðan og starfaði í henni í fjögur ár. Þar var gott samstarf um ýmsar breytingar sem voru ræddar ítarlega í fyrirspurnatímum nýlega á þinginu. Þar kom fram að þó að þær tillögur hefðu legið í láginni og ekkert verið hreyfðar er fullur hugur hjá stjórnvöldum, bæði hæstv. dómsmrh., heilbrmrh. og menntmrh. að hefjast handa í þessum málum, gera tillögur til breytinga og hrinda þeim breytingum í framkvæmd. Þeirra orð hef ég fyrir því og bind við þau miklar vonir. Þetta er eitt af fyrstu skrefunum sem stigið er í þá átt, vona ég.

Í nefndinni, sem ég áður gat um, voru unnar ýmsar brtt., m.a. á þeim kafla almennu hegningarlaganna sem við ræðum um hér. Þær breytingar eru í þessu frv. auk annarra sem unnar voru af formanni nauðgunarmálanefndar, Jónatani Þórmundssyni lagaprófessor og Þorsteini Jónssyni, deildarstjóra í dómsmrn. En nefndin sem slík kom ekki að gerð frv. í heild sinni.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru, eins og fram kom áðan, gerðar með hliðsjón af norrænum lögum. Það hefur tekist samstarf milli dómsmálaráðherra á Norðurlöndunum um að halda breytingum sem mest jafnfætis hjá Norðurlandaþjóðunum og þessar breytingar hafa verið miðaðar nokkuð svo við lögin í þessum nágrannalöndum okkar.

Í raun hafa mínar skoðanir á þessu frv. ekki mikið breyst, heldur kannski styrkst og eflst síðan við ræddum frv. við annan hæstv. dómsmrh. á síðasta þingi en ég vil fara lítillega yfir frv. eins og það liggur fyrir og gera nokkrar athugasemdir.

Ég álít að hér séu margar breytingar til bóta. Hins vegar er ég ekki alveg sammála öðrum og geri athugasemdir við þau atriði og jafnvel tillögur til breytinga þar sem það á við. En að mestu tel ég að þessar breytingar bjóði mun betri réttarstöðu og réttarvernd fyrir þá sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það er þá fyrst, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að ákvæðin eru ókynbundin hvað varðar nauðgun og kynferðislegt ofbeldi. Þarna er um að ræða aukna réttarvernd og þá ekki síst fyrir börn. Ég tel þetta vera réttlætismál því að þó að konur að langstærstum meiri hluta verði fyrir slíkum brotum geta einnig drengir og einstaka sinnum karlar orðið fyrir þessum brotum og mikilvægt að bæta réttarvernd þeirra. Síðan tel ég mjög mikilvægt að önnur kynferðismök eru lögð að jöfnu við samræði og ekki síður að kynferðisleg áreitni er nú tekin upp sem refsivert athæfi og skilgreind eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan. En ég hygg að það væri athugandi fyrir nefndarmenn að gera þær breytingar á frv. að kynferðisleg áreitni nái ekki einungis til barna heldur líka til fullorðinna og skilgreina hana á sama hátt. Það kemur fram í athugasemdum með frumvarpsgreinunum að rétt þykir að veita þessari háttsemi meiri athygli en áður með sérákvæði og taka harðar á brotum og ég held að það sé rétt. Síðan eru, eins og hæstv. ráðherra gat um, refsiákvæðin almennt fremur þyngd í þeim tillögum sem hér koma fram. Ég vil nú víkja lítillega að greinunum.

Það hefur komið fram í skilningi margra á frv. að

það getur verið nauðsynlegt að taka sérstaklega fram í 194. gr., þ.e. 2. gr. frv., að í skilgreiningu á verknaðinum sé átt við nauðganir sem eiga sér stað í hjónabandi alveg jafnt og þær nauðganir sem eiga sér stað utan hjónabands. Þessi skilningur margra við lestur frv. kemur af því að í 4. gr. er sérstaklega tekið fram að refsivert sé að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar. Þar er að vísu annað samhengi en greint er í 2. gr. Sömuleiðis kemur þetta fram í 6. og 7. gr., þar er sérstaklega tekið fram að samræði sé refsivert utan hjónabands. Þetta veldur því að einhverjir hafa skilið 2. gr. á þann veg að það sé möguleiki á því að þetta athæfi sé ekki refisvert í hjónabandi. Lögfróðir menn fullyrða að þessi skilningur sé rangur, að ákvæðið eigi vitanlega við ofbeldisverk sem unnin eru hvort sem er í hjónabandi eða utan hjónabands en ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra og hv. þm. á því að sums staðar erlendis er slíkt athæfi í hjónabandi enn ekki refsivert. Ég er einmitt með grein úr breska blaðinu The Independent frá 8. mars sl. þar sem greint er frá því í frétt að samkvæmt enskum lögum sé ekki hægt að ákæra eiginmann fyrir nauðgun á eiginkonu sinni nema þau séu lagalega skilin eða á eiginmanninum — nú kann ég ekki að þýða þetta lagamál — hvíli einhvers konar skuldbinding um að limlesta ekki konu sína, „non molestation injunction", ég kann ekki að þýða það réttilega. Í sumum löndum er jafnvel nýlega orðið refsivert að fremja nauðgun í hjónabandi. Þetta er matsatriði en ég varpa því fram til umhugsunar fyrir þá sem eiga eftir að fjalla um frv. í nefndinni hvort ástæða sé til að skilgreina eða leggja áherslu á það sérstaklega, þó ekki væri nema í athugasemdum, til að koma skilningi lögfróðra manna á greininni skilmerkilega til skila.

Ég geri ekki athugasemdir við aðrar greinar fyrr en kemur að greinum sem varða sifjaspell. Úr XXI. kafla um sifskaparbrot er flutt grein, sem varðar kynferðislegt athæfi, yfir í XXII. kafla sem nefndur hefur verið kafli um kynferðisbrot, sem ég tel reyndar vera betra heiti en skírlífisbrot, og skipað niður í tvær greinar, 8. og 9. gr. Þar er lagt til að „önnur kynferðismök" verði lögð að jöfnu við samræði og ég tel það til bóta. Þar er einnig felld niður refsiábyrgð barna og annarra niðja og refsimörk nokkuð þyngd og ég tel það líka til bóta. Þó vek ég athygli á því að ég tel mjög vafasama og í raun ranga þá aðgreiningu sem gerð er í 8. og 9. gr. milli þeirra sem eru blóðskyldir og þeirra sem hafa forræði yfir börnum vegna þess að þau eru kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn, sambúðarbörn eða ungmenni sem manni hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis.

Ég held og hef fulla ástæðu til að halda, eftir að hafa kynnt mér ýmsar rannsóknaniðurstöður og hlustað á reynslu þeirra sem hafa fjallað um þessi mál og vinna með þau, að sá áverki og það áfall sem barn verður fyrir við sifjaspell sé jafnalvarlegt og jafnþungbært hvort sem um er að ræða blóðskyldan aðila eða aðra fullorðna manneskju sem er forræðis- eða umhyggjuaðili barnsins, þ.e. sá aðili sem barnið tengist tilfinningalega og ber mest traust til. Ég held að trúnaðurinn og tilfinningatengslin séu grundvallaratriði í þessum málum. Þess vegna finnst mér að það þurfi að víkka út skilgreininguna á sifjaspelli, hún eigi ekki fyrst og fremst að taka til blóðtengsla hvað varðar mat löggjafans á verknaðinum. Og ég vil endurtaka og ítreka að ég held að verknaðurinn geti haft jafnalvarleg áhrif á barnið og sé í raun jafnvítaverður glæpur fullorðinnar manneskju gagnvart kynfrelsi barns ef um er að ræða þann aðila fullorðinn sem barnið treystir best.

Þetta er ekki einfalt mál og ég hef heyrt þær röksemdir að með því að víkka út þessa skilgreiningu verði refsimörkin og túlkun lagagreinarinnar e.t.v. ómarkvissari sem reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan. En trúnaðarbresturinn við barnið og brotið gegn kynfrelsi þess tel ég sé meginatriði hér. Við erum í raun að fjalla um ævaforn tabú eða helgispjöll þar sem um er að ræða sifjaspell á milli blóðskyldra og kannski liggja einhverjar mjög djúpstæðar ástæður að baki strangari refsingum gegn slíkum brotum, eins og t.d. verndun á kynstofninum eða því um líkt, þar sem um blóðskyldan aðila er að ræða. En auðvitað koma þarna líka til tilfinningar væntumþykju og það að fremja glæp gegn sínu eigin blóði. En ég ítreka aftur, ef við lítum á þolandann, á barnið, held ég að glæpurinn gegn því sé og geti oft orðið jafnalvarlegur þegar um staðgengil blóðskyldra aðila er að ræða.

Mig langar í þessu sambandi að vitna til umsagna sem komu til allshn. þegar hún fjallaði um þetta mál á síðasta þingi. Þá voru kvaddir á fund nefndarinnar fulltrúar Kvennaráðgjafarinnar, ráðgjafarhóps um nauðgunarmál, Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur, sem sat í nauðgunarmálanefnd, og Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi sem hefur látið þessi mál mjög til sín taka. Það var samdóma álit allra í ítarlegum og vönduðum greinargerðum, sem skilað var til nefndarinnar, að taka undir þetta sjónarmið. Og mig langar til að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í eina umsögnina. Hún er frá Guðrúnu Jónsdóttur. Þar segir um sifjaspell:

„Sifjaspell hafa þá sérstöðu miðað við önnur kynferðisbrot sem frv. tekur til að þau standa oftast yfir í langan tíma, allt upp í áratug, og að brotamaðurinn er einhver sem barnið er háð tilfinningalega eða um framfærslu. Önnur kynferðisbrot eru flest þess eðlis að þau taka til eins afmarkaðs brots og oft er brotamaðurinn ekki tengdur þeim sem hann beitir valdi eða ofbeldi tilfinningaböndum. Þetta ásamt valdaleysi barna gagnvart fullorðnum skýrir að hluta til hversu afdrifaríkar afleiðingar sifjaspella verða fyrir börn. Það er því mikið í húfi við endurskoðun þessa hluta hegningarlaga að aukin þekking á eðli og afleiðingum sifjaspella endurspeglist í þeim lagabreytingum sem fyrirhugaðar eru um þessi brot."

Síðan segir: „Því miður virðist mér að alvarlegustu ágallar þessa frv. felist í þeim tveimur greinum, 8. og

9. gr., sem kveða á um refsingar vegna sifjaspella. Megingallarnir felast annars vegar í því að skilgreining á sifjaspellum er of þröng og hins vegar hvernig refsiákvæðum er beitt og að þau eru of lág. Varðandi fyrra atriðið, skilgreiningu á sifjaspellum, þá er hún of takmörkuð þar sem hún virðist ekki ganga út frá þeirri grundvallarstaðreynd sem einkennir sifjaspell að í þeim misnotar hinn fullorðni, sem barnið þekkir og er tengt fjölskyldu- eða vinaböndum, traust barnsins. Undir skilgreininguna sifjaspell falla að mínu viti kynferðisbrot þeirra sem um getur í 8. og 9. gr. að viðbættum systkinum, frændum og þeim fullorðnum öðrum sem barnið þekkir, er háð, er tengt tilfinningaböndum og ber vegna tengsla traust til."

Ég legg því megináherslu á að þetta atriði og gæti vitnað til fleiri umsagna um það en mun ekki gera það hér. Ég býst við að þessir aðilar og fleiri verði kallaðir fyrir fund nefndarinnar og þá má ræða þetta nánar.

Í sambandi við refsimörkin held ég að flestir geri sér grein fyrir því að refsingar sem slíkar eru ekki það sem vegur þyngst til að bæta fyrir þessi brot eða bæta úr málum og hreint ekki eins og fangelsismálum er háttað hjá okkur nú. Þar efast ég um að mannbætandi áhrif verði ríkust eða skili sér til þeirra sem fremja slík brot. Hins vegar eru refsingar mælikvarði löggjafans og samfélagsins á það hversu vítaverður glæpur, hversu refsiverður hann er í raun og veru. Og það kom nýlega fram einmitt í umfjöllun um afbrot síbrotamanns á þessu sviði að dómar fyrir þjófnaði, fyrir fjárstuld af ýmsu tagi voru þyngri en kynferðisbrot gagnvart litlum börnum og það er vissulega umhugsunarvert atriði fyrir þessa deild. Ég tel þetta mjög alvarlegan glæp. Sumir kalla þetta jafnvel alvarlegasta glæpinn og þess vegna og vegna þess sem ég hef áður sagt tel ég að þurfi að samræma refsingarnar í 8. og 9. gr. En ég viðurkenni fúslega að ég tel ekki að hægt sé að bæta þeim sem verður fyrir slíku broti með refsingu gerandans. Hins vegar verður að beina meginathygli að því að finna meðferðarúrræði og hjálpa og reyna að lækna þá sem fremja slík ofbeldisverk. Meðferðin hlýtur að vera meginefnið þó alls ekki megi líta fram hjá þyngd refsinga í þessu tilviki.

Ég vil síðan víkja að 12. gr. Þar segir:

„205. gr. orðist svo: Refsing samkvæmt 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður, ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð."

Nú skilst mér að það hafi í raun aldrei reynt á þessa grein og mér finnst að það mætti fella hana niður. Það hlýtur að vera mat dómsvalds og ákæruvaldsins á hverjum tíma að fella slíkt út og þurfi ekki sérstaka lagaheimild til. En eins og greinin stendur þarna finnst mér hún vekja villandi hugrenningatengsl. Hún vekur þau hugrenningatengsl að hjónaband eða óvígð sambúð geti á einhvern hátt, þótt síðar verði, réttlætt slíkan verknað og þá komum við að því aftur sem ég ræddi áðan í sambandi við skilgreininguna á því hvenær nauðgun er réttlætanleg eða leyfileg og hvenær hún er refsiverð. Mér finnst þetta vera hættulegt og ég legg það til að þessi grein verði athuguð nánar í nefndinni og geri tillögu um að hún verði felld út, sérstaklega þar sem aldrei hefur reynt á hana í öll þau ár sem þessi lög hafa gilt.

Ég vil þá víkja að 13. gr. sem fjallar að hluta til um vændi eða 1. mgr. gerir það. Ég legg ríka áherslu á það að orðin „stundar vændi sér til framfærslu eða" verði felld úr þessari 1. mgr. Ég er sömu skoðunar og ég var þegar þetta frv. var rætt síðast og jafnvel finnst mér frekari rök og upplýsingar hafa rennt traustari stoðum undir þá skoðun að þeir sem stunda vændi hafa yfirleitt leiðst út í það ekki bara vegna vandræða sinna heldur mjög veikrar stöðu í samfélaginu. Flestar erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þeim sem stunda vændi sýna að þar er um mjög marga einstaklinga að ræða sem hafa skerta sjálfsmynd og hafa oft verið beittir kynferðislegu ofbeldi í bernsku, bera, má segja, ör á sálu sinni eftir illa meðferð í bernsku.

Annar þáttur kemur líka til mjög oft og það er eiturlyfjaneysla. Mjög margar þeirra kvenna sem stunda vændi sér til framfærslu erlendis eru að því til þess að fjármagna eiturlyfjaneyslu sína. Inn í þetta blandast síðan alls kyns félagsleg vandamál og heilbrigðisvandamál, eins og t.d. eyðni. Ég ætla ekki að fara neitt ítarlegar út í þetta nú, en mér finnst fáránlegt að sjá þetta hér í íslenskum lögum, þar sem vændi er sem betur fer ekki alvarlegt vandamál, að refsivert skuli vera að stunda vændi sér til framfærslu án þess að nefna einu orði þá sem notfæra sér og eru neytendur vændis því að staða þeirra hlýtur ævinlega að vera mun sterkari en þess sem lendir í þeirri ógæfu að þurfa að selja líkama sinn á þennan hátt. Og það kemur einnig fram í umsögnum þeirra sem komu til nefndarinnar að allir taka umsagnaraðilarnir undir það að fella þennan lið út. Það kom t.d. fram í máli afbrotafræðingsins. Hún sagði: „Vændi er ekki viðskipti jafngildra aðila. Kaupandinn misnotar nær alltaf stöðu seljandans vegna þess að seljandinn hefur mun veikari stöðu."

Síðan er annað atriði í þessari grein sem ég vildi gera athugasemd við og ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni."

Ég held að þessi grein hafi skilað sér til okkar úr gömlum lögum meðan hvít prælasala kann að hafa verið vandamál á Vesturlöndum, svokallað mansal. Ég held að þeir tímar séu liðnir. Flutningur fólksins er ekki á sama hátt og áður í þessum tilgangi. Það er mun algengara að konur flytjist úr öðrum heimshlutum eða séu fluttar úr öðrum heimshlutum í þessum tilgangi til Vesturlanda og það hefur sýnt sig sérstaklega á Norðurlöndum að þar hafa konur frá Austurlöndum lent í miklum hrakningum eftir að þær hafa verið tældar þangað í því augnamiði að þær ættu að

ganga í hjónaband en verið síðan misnotaðar kynferðislega á freklegan hátt. Sem betur fer hafa margar konur frá Suðaustur-Asíu flust til Vesturlanda án þess að lenda í nokkrum hrakningum. Þær hafa gengið þar í hjónaband þar sem þeim er ekki misboðið og þar sem þær eru jafnréttisaðilar og ekkert er við það að athuga, en ég held að það væri í takt við þróun tímans að bæta inn í þessa setningu eða þessa málsgrein að ákvæðið varði bæði útflutning og innflutning því að auðvitað hlýtur hvort tveggja að vera jafnsaknæmt í raun og veru. Ég vil vekja athygli á till. til þál. sem hefur verið flutt af kvennalistakonum einmitt til þess að reyna að taka á þessum vanda að einhverju leyti og þá um leið vanda allra þeirra sem flytjast til landsins erlendis frá. Þessi þáltill. fjallar um skipulega fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi. Og þar er sagt, með leyfi forseta, ég vil aðeins vitna:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að útlendingar sem taka sér búsetu á Íslandi hljóti skipulega fræðslu og leiðsögn sem miði að því að auðvelda þeim að takast á við daglegt líf í íslensku umhverfi. Fræðslan skal einkum ná til eftirtalinna atriða: Kennslu í íslensku, fræðslu um réttindi og skyldur íslenskra þjóðfélagsþegna, fræðslu um íslenska þjóðfélagið og helstu stofnanir þess, fræðslu um sögu landsins og staðhætti, íslenska menningu og þjóðlíf.“ Vona ég að þessi tillaga fái vinsamlega og jákvæða umfjöllun hér á þinginu.

Ég hefði gjarnan viljað lesa ýmislegt úr umsögnum þeirra sem komu til okkar á fund allshn. í fyrra, en ég ætla ekki að tefja umræðu málsins við 1. umr. en mun sannarlega mælast til þess eða fara fram á það að þessum umsögnum verði dreift aftur og sömu aðilar og fleiri kallaðir á fund nefndarinnar. Ég vona vissulega að þetta frv. nái fram að ganga en ég tel að það þurfi að gera á því nokkrar breytingar til þess að það nái í raun og veru tilgangi sínum. Og í því skyni er mjög mikilvægt fyrir hv. nefndarmenn að hlusta grannt á þær konur sem vinna daglega með þessi mál, bæði í Kvennaathvarfinu, í ráðgjafarhóp um nauðgunarmál, í nýjum samtökum sem heita Stígamót og vinna að því að hjálpa þeim sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og fjölmarga aðra, þar á meðal fagfólk sem hefur verulega mikla og alvarlega reynslu af því að annast um þá sem hafa orðið fyrir þessum erfiðu ofbeldisverkum. Ég er viss um að nefndin hefur fullan vilja til að vinna þetta mál og vinna það vel og vil ekki lengja mál mitt nú. Ég veit að Kvennalistinn á fulltrúa í hv. allshn. og þar mun okkur gefast tækifæri til að koma okkar brtt. og athugasemdum á framfæri. Svo þakka ég aftur fyrir að frv. skuli vera komið fram og vona að þetta verði einungis fyrsta skrefið af mörgum sem þessi ríkisstjórn ætlar að stíga til að leita marktækra úrræða til meðferðar og stuðnings fyrir þá sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þessa frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur nú mælt hér fyrir. Ég get tekið undir orð hv. 6. þm. Reykv. og fagnað því að frv. hefur aftur séð dagsins ljós. Það er alveg ljóst að breytinga er þörf á hegningarlögunum hvað varðar skírlífisbrot því að hér er um mjög mikilvægt og viðkvæmt mál að ræða og vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum árum og áratugum hefur þetta mál líka komið meira upp á yfirborðið. Það má kannski segja að það hafi komið úr felum eins og ýmislegt annað.

Ég hef hlustað með athygli á málflutning hv. 6. þm. Reykv. þar sem hún átti sæti í þeirri nefnd sem var skipuð af þáv. hæstv. dómsmrh. Jóni Helgasyni og var falið að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta. Hún er þess vegna vel kunnug starfi þeirrar nefndar og þessum málum. Hún hefur farið ítarlega í ýmsar greinar frv. og gert athugasemdir og bent á ýmislegt sem henni fannst að mætti kannski vera með öðrum hætti, og ég tek undir það með henni að það væri mjög gagnlegt fyrir nefndina að fá slíkar athugasemdir og þær umsagnir sem til eru. Það er óhætt að segja að þessi umræða um kynferðisafbrot hafi blossað upp í þjóðfélaginu æ oftar á undanförnum árum og því miður að gefnu tilefni, þegar kynferðisafbrot hafa verið framin og þá ekki síst gagnvart börnum eins og við þekkjum að hefur verið allt of mikið um á umliðnum árum. Kannski er það einmitt það sem hér hefur komið fram áður, að það sé vegna þess að nú fá þessi mál opinbera umfjöllun sem áður voru oft í felum.

Sjálf hef ég flutt þessi mál hér inn á Alþingi. Ég flutti frv. á árinu 1987 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem vörðuðu brot sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaganna, um sifskaparbrot og skírlífisbrot. Það frv. var flutt að gefnu tilefni því að þá var mikil umræða um þessi mál í þjóðfélaginu og einmitt það sem sneri að börnum þar sem þessi mál voru látin bíða í dómskerfinu og fengu ekki afgreiðslu fyrr en eftir dúk og disk. Þar kom jafnvel fram að dómarar töldu þessi mál ekki þýðingarmeiri en svo að þeir töldu sig þurfa að vera svo upptekna í stóru málunum, sem þeir kölluðu, sem voru þá kannski ýmiss konar fjármál eða afbrot sem sneru að slíkum málum, að þessi mál, kynferðisafbrot gagnvart börnum, voru að velkjast í kerfinu jafnvel árum saman. Og það getur hver maður gert sér í hugarlund hvaða áhrif það hefur á sálarástand bæði barna og aðstandenda að eiga slík mál yfir höfði sér óafgreidd. Nóg er nú samt.

Ég vildi aðeins minna á þessa breytingu vegna þess að hún var samþykkt hér á Alþingi. Lögunum var breytt og ég veit ekki hvort hægt er að spyrja hæstv. dómsmrh. að því hér við þessar aðstæður hvort þessi lagabreyting hafi haft áhrif til góðs, hvort þessi mál fái nú betri forgang í dómskerfinu en áður var. En sá var tilgangurinn með þessari lagabreytingu og eins og ég sagði varð þetta að lögum og þess er því að vænta að svo sé nú.

Ég lagði einnig fram fyrirspurn sem ég óskaði eftir skriflegu svari við. Hún var um fjölda kæra sem hefðu verið lagðar fram varðandi kynferðisafbrotamál gagnvart börnum. Þetta náði yfir nokkuð langt tímabil, frá 1950 til 1987. Ég ætla ekki að lesa upp þessa fyrirspurn. Hún er til á þingskjali hér í þinginu, en ég óskaði eftir skriflegu svari og mér fannst þetta svar vera athyglisvert en ekki var hægt að gefa þessar upplýsingar nema að mjög takmörkuðu leyti vegna þess að skýrslur um fjölda kærðra brota í einstökum kæruflokkum eru ekki til hér á landi, var sagt í þessu svari, og auk þess væru kynferðisafbrot gagnvart börnum ekki flokkur í kæruskrám heldur féllu þau undir safnheitið „kynferðisafbrot".

Jafnframt því sem greint var frá því í þessu svari að ráðuneytið hefði ekki í höndum umbeðnar upplýsingar og eftirgrennslan hjá lögreglustjóraembættum leiddi í ljós að eigi var unnt að afla þeirra án verulegrar fyrirhafnar, þá var farið út í að biðja um svar yfir skemmra tímabil, en jafnframt hefði verið ákveðið að koma gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna í betra horf í framtíðinni og væri unnið að því verkefni. Ef hæstv. ráðherra veit svar við þessu, ég get kannski ekki ætlast til að hann hafi það handbært hér, væri mjög æskilegt að fá upplýsingar um hvort búið sé að koma þessum málum í betra horf. Mér fannst við þetta tækifæri vera full ástæða til þess að koma inn á þessi atriði því að ég held að það hljóti að skipta heilmiklu máli hvernig staðið er að þessum málum. Og í lok þessa skriflega svars er sagt að betri svara sé að vænta þegar úrvinnslu afbrotaskýrslna hafi verið komið í fastar skorður.

Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til að koma þessu á framfæri við umræðu um þetta frv. Að sjálfsögðu gæti ég í sérstöku þingmáli lagt þessa fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra og má vel vera að ástæða sé fyrir mig til að gera það ef hann hefur ekki svör við þessu hér á þessari stundu.

Eins og ég sagði áðan hlustaði ég af athygli á ræðu hæstv. ráðherra og ekki síst á ræðu hv. 6. þm. Reykv. því að hún hefur kynnt sér þessi mál það ítarlega og m.a. verið með fyrirspurnir hér í Sþ. varðandi þessi mál að undanförnu. Ég get tekið undir margt sem hún kom inn á hér eins og t.d. það að refsingar bæta í sjálfu sér ekki fyrir afbrotin sem slík og það er auðvitað meðferðarúrræði þessara ógæfusömu aðila sem lenda í að fremja kynferðisafbrot og þá ekki síst síbrotamenn hvað snertir kynferðisafbrot gagnvart börnum. Reynslan hefur sýnt að það virðist ekki vera auðvelt að leysa þau mál eða finna lausn á þeim. Ég man ekki betur en að þessi ógæfusami síbrotamaður hafi farið í einhvers konar meðferð og það hafi verið gefist upp á því og hann hafi þrátt fyrir það sýnt tilburði til að halda uppteknum hætti svo að þetta eru hreint ekki einföld mál. Og þetta hlýtur að vera þýðingarmikill þáttur, hvernig hægt er að bregðast við varðandi meðferðarúrræði þegar um slík tilfelli er að ræða.

Ég á sæti í hv. allshn. sem fær þetta mál til umfjöllunar og fæ því tækifæri til að fjalla þar um einstakar greinar frv. Ég ætla ekki að gera það nú, enda treysti ég mér ekki til þess á þessari stundu, tel mig ekki hafa næga þekkingu til að gera það. Ég tek undir það að nauðsynlegt hlýtur að vera fyrir nefndina að fá einhverja til viðtals eða umsagnar frá þeim hópum sem hafa verið að vinna að þessum málum eins og Kvennaathvarfinu og ráðgjafarhópnum varðandi nauðgunarmál og þessum nýja hópi, Stígamótum. Ég tek undir það að ég held að mjög nauðsynlegt sé fyrir nefndina að fá að heyra frá þessum hópum og fá ábendingar frá þeim. En ég vil ítreka að marktæk úrræði fyrir þá sem lenda í þessum málum skipta öllu máli.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykn. og hv. 6. þm. Reykv. fyrir þær yfirgripsmiklu ræður sem þessir hv. þm. hafa flutt hér um þetta mál.

Ég mun ekki lengja umræðuna. Fyrst vil ég geta þess að ég get því miður ekki svarað fyrirspurn hv. 6. þm. Reykn. að neinu marki, um hröðun afgreiðslu dómsmála á þessu sviði eða það sem út úr úrvinnslu afbrotaskýrslna hefur komið, en ég mun kynna mér það innan tíðar og væntanlega þá koma því svari á framfæri.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja þetta: Það er rétt sem hér hefur komið fram, að frv. er tiltölulega seint fram komið en það kemur fram nákvæmlega eins og á sl. ári og í sömu deild. Það finnst mér gefa tilefni til að vona að málið nái fram á þessu þingi, þannig að tekið verði til að vinna að því þar sem frá var horfið í fyrra, sérstaklega vegna þess að hér er, eins og rækilega hefur komið fram í þessari umræðu, einungis um að ræða fyrsta skref af mörgum sem þarf að stíga nær samtímis í þessum mikilsverða málaflokki.

Ég býst við að koma hingað inn í þingið eftir fáa daga frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem snertir þetta og önnur afgreiðsluatriði sem bar á góma við svör fyrirspurna í sameinuðu þingi fyrir fáum dögum eru einnig í burðarlið. Og ég bind við það vonir að allt þetta saman stefni í sömu átt og niðurstaða verði árangursrík innan tíðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 774.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á bifreiðagjaldi. Það frv. kemur hér til hv. efri deildar í nokkuð breyttri mynd frá því sem það birtist í neðri deild. Frv. í núverandi búningi var hins vegar afgreitt frá neðri deild sl. þriðjudag í 2. og 3. umr.

Sú breyting sem gerð hefur verið á frv. tengist því að

í tengslum við nýgerða kjarasamninga lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi beita sér fyrir þeim breytingum á sköttum, gjöldum og gjaldskrá opinberra fyrirtækja sem fyrir hefur verið sem samsvaraði 0,3% lækkun á mælikvarða framfærsluvísitölu. Eftir óformlegar viðræður við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins var ákveðið að breyta bifreiðagjaldinu sem lið í þessum aðgerðum á þann hátt að í fyrsta lagi var horfið frá þeirri 83% hækkun sem áformuð var 1. mars, í öðru lagi að álagningu gjaldsins verði breytt þannig að það verði áfram föst krónutala upp að 1000 kílóum en fyrir hvert umframkíló komi 50% álag. Áfram verði hámarksgjald fyrir þyngstu bílana. Í þriðja lagi að grunngjaldið, þ.e. upp í 1000 kíló, hækki um 20% 1. apríl, eða úr 2,83 kr. í 3,40 kr. Í fjórða lagi að gjaldið hækki um 15% 1. okt., úr 3,40 kr. í 3,91 kr. pr. kíló.

Að teknu tilliti til 50% álags svarar þessi breyting á bifreiðagjaldinu til um 30% hækkunar að meðaltali fyrir alla bíla, bæði fyrir einkabíla og atvinnubíla. (**HBl:** Hvað sagðist ráðherrann hafa lækkað framfærsluvísitöluna 1. mars? Það varð enginn var við þá lækkun.) Ég sagði það ekki, hv. þm. Það er einhver misheyrn hjá hv. þm. Ég var eingöngu að vísa í það að miðað við þann búning sem var á lögunum og frv. í neðri deild var horfið frá þeirri 83% hækkun sem áformuð var 1. mars.

Þær breytingar sem ég hef hér gert ráð fyrir þýða að bifreiðagjaldið mun hækka í kringum 50% á árinu, en í forsendum fjárlaga var reiknað með 98% hækkun. Að öllu samanlögðu svara þær breytingar á bifreiðagjaldinu, sem ég hef gert grein fyrir, frá því sem áformað var í fjárlögum, og sú breyting sem gerð var á bensíngjaldinu til 0,3% lækkunar á framfærsluvísitölu miðað við forsendur fjárlaga. Þá má einnig upplýsa að ákveðið var að afturkalla 8% hækkun á þungaskatti frá síðustu áramótum og jafnframt að draga úr fyrirhugaðri hækkun 1. júlí þannig að hún verði 6% í stað 9%.

Með þessu tvennu er staðið við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf aðilum vinnumarkaðarins í nýgerðum kjarasamningum og vil ég í því sambandi vekja athygli á bréfi frá forseta Alþýðusambands Íslands til formanns fjh.- og viðskn. neðri deildar sem kom fram í þingtíðindum í neðri deild í síðustu viku.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú fylgt úr hlaði hér í þessari hv. deild enn einu skattlagningarfrumvarpinu. Það kemur ekkert á óvart. Það er nokkurn veginn hægt að bóka að ef ráðherrar mæta hér til þingstarfa þá sé það vegna þess að þeir ætla að leggja nýjar klyfjar á landslýðinn. Og þó að hæstv. fjmrh. sé ekki þingmaður þá á hann þetta sammerkt með þeim þingmönnum sem í ráðherrastóli sitja að níðast á landslýðnum eftir því sem hægt er með aukinni skattheimtu, á einu sviði eða öðru. Hann segir okkur reyndar að hann hafi verið að lækka framfærsluvísitöluna um 0,3% frá því sem fyrirhugað hafði verið. Það er nú þetta sem þeir hafa verið að gera, þessir herrar, það hálfa annað ár sem þeir hafa starfað eða rúmlega það, þeir hafa alltaf verið að lækka hækkanirnar. Núna var t.d. ákveðin þessi 100% hækkun á bensíngjaldi, en ráðherrann er að fagna því að hann hafi lækkað hækkunina um helming. Þetta hafa þeir verið að gera með virðisaukaskatt og ýmislegt annað, óskaplega góðir, boða fyrst mikla hækkun og ætla svo að blíðka fólkið með því að þeir hafi verið að minnka hækkunina. Þetta var hann að boða hér núna, hæstv. fjmrh., mjög kampakátur yfir þessu öllu saman, að færa landslýðnum nú þessa lækkun í hækkuninni — eða hækkun í lækkuninni. Þetta er allt saman hringavitleysa hjá þessum mönnum og það sér hver einasti, ekki bara þingmaður, heldur hver einasti maður í landinu.

Og það er auðvitað alveg eðlilegur hlutur að stjórnarþingmenn séu ekki að mæta hér á þingi. Hvað hafa þeir hér að gera? Það er engin tilviljun að forseti neðri deildar Alþingis sendir þingflokkum stjórnarflokkanna áminningarbréf. Slíkt hefur aldrei gerst í sögu Alþingis. Það er alveg hreint óruggt mál. Og áminningin er sú að þeir eigi að mæta til þingstarfa. Að vísu eru þessi þinglaun nú sögð svo lág að það sé kannski ástæðulaust að vera að vinna eitthvað fyrir þeim. En þeim er alveg vorkunn, þessum hv. stuðningsmönnum stjórnarinnar, að þurfa að harka hressilega af sér áður en þeir stíga yfir þröskuldinn í þinghúsinu, vitandi það að þeir bera ábyrgð með atkvæði sínu á öllum þeim ósköpum sem yfir landslýðinn er dengt.

Við í stjórnarandstöðunni mætum yfirleitt miklu betur en stjórnarsinnar í þinginu. Og það er vegna þess að við erum að reyna að hamla eitthvað á móti og teljum að við séum að vinna gott verk með því, leiðbeina ríkisstjórninni, að fara nú ekki offari á öllum sviðum. Þess vegna getum við ósköp vel setið hér lengur og liðið betur en stjórnarsinnum. Þetta er auðvitað alveg eðlilegt. En ég held samt kannski að það að þessari áminningu forseta neðri deildar, sem eins og ég sagði er áreiðanlega einsdæmi í þingsögunni, skuli vera beint til stjórnarflokkanna einvörðungu en ekki þingsins alls sé vegna þess að það hefur ekki verið ástæða til að brýna okkur í stjórnarandstöðunni til að vera hér af því að við erum hér yfirleitt alltaf.

Kannski má segja að þetta sé útúrdúr, og þó ekki. Þetta er nefnilega mergurinn málsins. Fólkið í landinu veit ósköp vel hver efnahagsstefnan er og það trúir ekki einni af þeim tölum sem þessir herrar eru að nefna. Það trúir orðið engu nema sinni tómu buddu. Og það er áreiðanlega ekki ofsagt að kjör nú hafi verið færð svo mikið niður að þau séu lakari en þau voru fyrir 10 árum síðan. Ég fullyrði að kjör láglaunastétta á Íslandi voru fyrir 10, 20 og 30 árum betri en þau eru í dag, hjá lægst launaða fólkinu. Óréttlætið í þessu þjóðfélagi hefur vaxið gífurlega síðustu missiri. Það er ekki reynt verulega að ná sér niðri á neinum nema einmitt launafólkinu, láglaunafólkinu.

Og þetta er allt saman gert til að reyna að koma í veg fyrir þenslu. Ég veit ekki hvað margir hafa hlustað á hæstv. forsrh. í sjónvarpi eða séð hann þar núna fyrir nokkrum kvöldum. Hann taldi upp einhverjar fjórar

leiðir, held ég, til að koma í veg fyrir þenslu. (**Fjmrh.:** Það var í gærkvöldi.) Var það bara í gærkvöldi? Það hefur verið aftur þá. (**Fjmrh.:** Nei, nei, það var í gærkvöldi.) Jæja, þá. (Gripið fram í.) Ég hef líklega verið að reyna að gleyma þessu ... En úr því að þetta tækifæri gafst nú að ávarpa hér ágætis vin minn, hæstv. fjmrh., við höfum gaman af að tala saman, þó við séum nú sjaldnast alveg sammála. — En þessar fjórar leiðir til þess að koma í veg fyrir þenslu fólust m.a. í því að halda áfram atvinnuleysi og láglaunum, koma í veg fyrir það að kjörin bötnuðu og umsvifin yrðu meiri í þjóðfélaginu. Það eru ær og kýr þessarar stjórnar. Lærði þetta í einhverjum kennibókum líklega. Þær bækur eru nú allar komnar á eld, held ég, nærri því eins og var fyrir austan tjald á sínum tíma. Það trúir enginn alvöruhagfræðingur lengur á þessar dellukenningar um að leiðin til bættra lífskjara sé sú að skerða kjörin, halda þeim niðri, og að leiðin til auðsöfnunar sé að koma í veg fyrir auðsöfnun. En þetta er kenningin sem hæstv. forsrh. flutti fyrir hönd hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar. Ég man ekki hvað þetta var, þetta fernt sem hann ætlaði að gera eða taldi koma til álita. Eitt var hækkun vaxta. Honum leist nú ekki beint á það. (**Fjmrh.:** Það var Verðjöfnunarsjóðurinn.)Verðjöfnunarsjóðurinn,já. (Gripið fram í.) Gengishækkun að sjálfsögðu. (**Fjmrh.:** Vaxtahækkun eða skatta.) Já, og eitthvert sambland af þessu á að koma sem sagt yfir þjóðina núna. Þetta er nýjasta úrræðið. Og er nú ekki furða þó að jafnvel þeir sem eru með tómu budduna brosi. Það er a.m.k. ekki furða þó að þeir treysti ekki þessum mönnum. Það er ekki furða þó að það hrynji af þeim fylgið. Svo er náttúrlega hæstv. fjmrh. eiginlega fyrsti formaður í stjórnmálaflokki nokkuð lengi, sem hefur engan flokk því að hann er dauður. Það er verið að kljúfa hann í frumeindir sínar, þennan flokk sem hæstv. fjmrh. er formaður í að forminu til. Og hann verður náttúrlega að reyna að blakta hér á Alþingi því að ekki hefur hann neinn vettvang innan síns flokks. Og þótt hann sé ekki þingmaður þá er hægt að nota þessa viðdvöl hér til þess að láta ljós sitt skína og koma fram þessum sameiginlegu kenningum hans og hæstv. forsrh., þessari nýju efnahagsstefnu sem er nú náttúrlega að sumu leyti eldgömul. Gleymdi hæstv. forsrh. að nefna peningaskömmtun? (**Fjmrh.:** Já.) Gleymdi hann því? Ég ætla að biðja hæstv. fjmrh. að minna hann á að það er eitt úrræðið í efnahagskenningunum sem afdankaðir og steindauðir hagfræðingar boðuðu hér fyrir áratugum síðan eða jafnvel öldum — að bæta því við, þá er þetta nú orðin góð súpa allt saman, þegar það er komið heim og saman.

Nú, það er kannski alveg ástæðulaust að vera mikið að fjölyrða um þetta frv. Þetta er bara einn þátturinn af þessu öllu saman. En það er auðvitað rétt að þetta er algjört smámál miðað við þær skattahækkanir sem núna eru boðaðar ofan á alla súpuna. Það sem er þó verst við þetta allt saman er að halli ríkissjóðs vex alltaf í réttu hlutfalli við skattahækkanir. Það hélt ég að menn væru nú farnir að skilja. Þetta hefur gerst alltaf. Því meira sem dengt er af sköttum yfir fólkið, því meira sem dregið er úr atvinnu, því meira sem þrengt er að atvinnulífinu, þeim mun minni verða tekjur ríkissjóðs og útgjöldin halda áfram að hækka fyrir því. Þess vegna er alltaf verið að auka hallann á ríkissjóði en ekki minnka hann. Það er ekki verið að fylla upp í göt, það er verið að þenja þau út, blása upp blöðruna þangað til hún springur og hún springur alltaf, á hverju ári. Allt byggt á sandi, hvergi stendur steinn yfir steini þegar upp er staðið með blessuð fjárlögin sem eiga að vera heilög.

Það er alveg nákvæmlega sama hvernig kjör fólksins eru, bara ef blessaður ríkissjóðurinn skyldi nú verða hallalaus. Það væri nú dýrlegt. En hallinn vex alltaf í réttu hlutfalli við skattlagninguna. Mönnum gengur voðalega illa að skilja þetta. Það eru meira að segja til menn í mínum flokki sem ekki skilja þetta eða hafa verið til skamms tíma. (**Fjmrh.:** Er þá langt til jafnað.) Þeir skilja það allir meira og minna í flokki hæstv. fjmrh., gæti maður ætlað, eftir því hvernig hann talar. Ég held að það sé nú sama hvar í flokki fólkið er, að það sé nú að sjá að þessi ósköp ganga ekki.

Hitt er svo annað mál að þessi ríkisstjórn ætlar sér að hanga, alveg sama hvort Róm brennur eða Reykjavík eða eitthvert sveitarfélög úti á landi, t.d. Kópasker eða eitthvað annað. Það skiptir engu máli. Eða bara heimilin.

Hér var ráðherra að tala um húsnæðismál í fyrradag. Og einhverjir hlustuðu á það. Ætli ástandið í húsnæðismálum hafi batnað í tíð þessarar ríkisstjórnar? Ég held að hæstv. fjmrh. sé ekki svo hraustur maður að hann haldi því fram að húsnæðismálin hafi batnað í hans tíð. Þar er neyð. Og ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu. Þar er neyð. Fólkið er að missa sínar íbúðir, sama hvað það þrælar, ef það þá fær vinnu. Það er verr ástatt í húsnæðismálunum en nokkru sinni síðustu áratugina. Og að þessi félagslega stefna eða hvað það nú heitir, félagslega kerfi, sé að bjarga mönnum, því fer fjarri. Það er sagt að sjálfseignarstefnan hafi komið mönnum í gjaldþrot. Það var nú einu sinni svo fyrir jafnvel tugum ára að mjög fátækt fólk gat komið sér upp íbúð. Það fékk að vinna í henni. Það var jafnvel skattfrjáls vinnan sem fólkið lagði á sig, aukavinnan. Það var allt gert til að hjálpa fólki að eignast þak yfir höfuðið. Það er það sem kannski hefur verið aðal þessarar þjóðar, að fólkið hefur búið í mannsæmandi íbúðum og átt þær sjálft í langflestum tilfellum. Nei, nú þykir þetta voðalega ljótt, eitt það alversta, þessi sjálfseignarstefna, sagði hæstv. félmrh. hér. Það er félagslega kerfið sem blífur. Félagslega kerfið, það átti að verða miklu víðtækara, sagði hæstv. ráðherra. Nú væri það miklu víðtækara. Það væri verið að finna nýjar leiðir til þess að endurbæta kerfið.

Það er sem sagt ekki nógu flókið að t.d. ung hjón þurfi núna að labba inn í Húsnæðisstofnun, gera þar grein fyrir tekjum sínum og væntanlegum tekjum næstu árin, kannski næstu 40 árin. Þetta unga fólk hefur nú kannski hugsað sér að eignast krakka og það

hefur ætlað að byggja þriggja herbergja íbúð. Nei, þá segja kommissararnir: „Góða fólk, þið hafið ekki tekjur til að byggja þriggja herbergja íbúð. Þið getið hugsanlega fengið eitt herbergi eða tvö. Þið getið fengið lán til þess.“ Þetta gerist svona, bókstaflega. Hvar í veröldinni halda menn að svona vinnubrögð séu viðhöfð nema á Íslandi? Ég nenni nú ekki að fara að nefna þessi járntjaldslönd, eða fyrrverandi. Satt að segja get ég ekki fengið af mér að vera að sparka í gamlan sósíalista. Þó að ég hefði getað það sl. 40 ár, þá geri ég það ekki lengur. Ég kann ekki við að vera að sparka í liggjandi fólk. Þetta er auðvitað alls staðar hrunið, þessi ósköp, þetta ofstjórnarbrjálæði sem viðhaldið er hér t.d. í húsnæðismálunum sem er nú það mikilvægasta í lífi sérhverrar fjölskyldu, að geta haft öryggi í húsnæðismálum, geta átt sína eigin íbúð án þess að vera sliguð með gjöldum og launaskerðingu.

Þetta getum við auðvitað rætt allt saman í löngu máli og við vorum að hugsa um það kannski, hæstv. fjmrh. og ég, að taka einhvern tíma svona skorpu (**Fjmrh.**: Já, við gerum það.), að reyna að ræða málin. Það er líklega of lítill tími til þess í dag ef það á að slíta fundi kl. 3.

En sem sagt, að þessu leyti get ég aðeins vitnað til stefnunnar í heild. En þó það, að ég var að tala um nauðsyn fólks á að eiga sitt eigið húsnæði og það hefði verið aðall íslenskra stjórnmála og þjóðmála í áratugi að tryggja fólki það eftir því sem mögulegt hefði reynst. Þá var í tísku að níðast á bílaeign. Það þótti mjög slæmt ef menn voru á fínum eða dýrum bílum og jafnvel bara litlum tíkum, hvað menn væru að eyða peningunum í þetta og hvort menn þyrftu yfirleitt á þessu að halda, sérstaklega þótti sósíalistum það sem þá hétu og síðan víst Alþýðubandalagið eða sameiningarflokkur einhver. Það er alltaf verið að sameina þessa flokka eða sundra þeim. Sameiningarflokkur alþýðu er nú ágætt nafn á þetta nýja barna, á rauðu ljósi eða eitthvað. Það nær eiginlega aðalflokkum og þar er gamla nafnið komið aftur, Sameiningarflokkur alþýðu.

En ef menn horfa á þetta núna. Hvað er með bílanotkunina? Við skulum bara taka Reykjavík þar sem bílarnir eru flestir. Hvernig getur fólk, við skulum segja fólk sem vinnur frá 8 á morgnana til 7 á kvöldin og á eitthvað af börnum, bæði hjón vinna, eða einstæðir foreldrar, býr uppi í Breiðholti, vinnur úti á Granda. Hvernig getur það komist af án þess að hafa einhverja bíltík? Bensínið er t.d. orðið jafnviðkvæmt í vísitölu og í daglegu lífi fólksins eins og mjólkin var áður. Það er ekki hægt að komast hjá því að hafa einhvern bíl. Þú þarft að koma barninu í leikskóla eða bara í skóla o.s.frv. Nei, nei, það er alltaf hægt að bæta pinklum á bílana. Það er algjör óþarfi. Fólk getur bara labbað eða notað strætó og eru þetta þó einu samgöngutækin hér. Við höfum enga sporvagna, járnbrautir o.s.frv. Þess vegna er það kannski enn þá fáránlegra en margt annað að vera stöðugt að hækka gjöldin á bílana.

Það kemur auðvitað líka verst við lágtekjufólkið og það sem minnstar á eignirnar. Það notar bíllinn nákvæmlega eins mikið og ég og kannski meira. Það þarf að fara fleiri ferðirnar til að sinna sínum börnum og sjá fyrir fjölskyldunni, bæði hjón eða ég tala nú ekki um einstæða foreldra. Það þarf að nota bílinn meira en við sem förum hér innan bæjar nánast í vinnuna. Það skal hundelta þetta fólk alveg með bros á vör, í þessu eins og öllu öðru.

Svo koma þeir hér og segja: Það varð nú lækkun á fyrirhuguðu hækkuninni. Svo lækkuðu þeir bara 100% hækkun í 50%, og hlæja að. Þetta er sem sagt lækkun á hækkuninni og ég held að risið á þeim sé nú að smálækka. Þetta verður kannski komið í núllið áður en langt um líður. En við skulum fjalla um þetta í nefnd og hér aftur þegar framhaldsumræða verður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. GHG, 417. mál. — Þskj. 729.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ársreikning og endurskoðun lífeyrissjóða.

Eins og frv. ber með sér er það í þremur megingreinum. Mun ég gera örlitla grein fyrir einstökum greinum.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjármagnsstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs. Hafi einhver stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara, og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.“

Eins og greinin ber með sér eru þarna mjög skýr ákvæði um það með hvaða hætti lífeyrissjóður skal

ganga frá sínum ársreikningi og þarna er mun ítarlegar farið út í það en nú tíðkast í þeim reglugerðum sem lífeyrissjóður starfar samkvæmt. Það er mat mitt að það sé fullkomlega tímabært að ársreikningar séu færðir upp með þeim hætti og hafi að geyma þær upplýsingar sem fram kemur í þessari grein. Einnig er það mjög þýðingarmikið, sem ekki er tiltekið í reglugerðum lífeyrissjóða, að þeir skuli hafa lokið því að ganga frá ársreikningum og ársskýrslu þremur mánuðum eftir að reikningsári lýkur. Í þessu felast ákveðnar kvaðir og skyldur sem ég tel að sé mjög nauðsynlegt að komi til framkvæmda hið fyrsta vegna þess að eins og kunnugt er og fram hefur komið, m.a. í umræðum hér á hinu háa Alþingi í sambandi við lífeyrissjóði, hefur því miður orðið misbrestur á hjá einstaka sjóðum að ganga frá lífeyrissjóðsreikningum með þeim hætti sem eðlilegt þykir. Þess vegna er mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þetta sé sett í lög þannig að ekki fari á milli mála hvaða háttur skuli á hafður.

Í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins, og einum skoðunarmanni sem er löggildur endurskoðandi."

Þetta er svipað því sem tíðkast núna í sambandi við framkvæmd þessara mála og er það gert á grundvelli reglugerðar, en þetta er áréttað og styrkt enn frekar með þessari lagagrein.

Síðan er í 3. gr. atriði um það með hvaða hætti skoðunarmenn skuli framkvæma sína endurskoðun. Þarf ég ekki að fara nánar út í það og vísa til þess sem segir um það efni í greininni. Þó eru þarna atriði sem mikilvægt er að vekja athygli á, m.a. það sem segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Skoðunarmönnum er skylt að veita lífeyrissjóðaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti, skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og Seðlabanka Íslands viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning."

Í þessu ákvæði felast mjög ákveðin skilyrði um það hvernig skoðunarmenn skuli starfa og mjög mikið og strangt eftirlit með meðferð þeirra fjármuna sem eru í lífeyrissjóðunum. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hér er verið að ræða um stofnanir sem munu að öllum líkindum, eða um næstu áramót, vera með eignir upp á um það bil 100 milljarða kr. Árlegur vöxtur í lífeyrissjóðakerfi landsmanna, sjóðakerfinu, þá undanskil ég Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, mun vera þetta á bilinu, ef ég man rétt — þá tala ég um ráðstöfunarfé sjóðanna — 20–27 milljarðar. Þess vegna er ekki vanþörf á því að ákveðið sé í lögum með hvaða hætti gerð ársreikninga og endurskoðun þessara sjóða skuli fara fram.

Nú vita hv. þm. það að samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda í dag er það fjmrn. eða fjmrh. sem gefur út og staðfestir reglugerðir lífeyrissjóðanna. Í þeim koma fram ákveðin almenn atriði um endurskoðun en þau eru ekki jafnítarleg og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég vek sérstaklega athygli hv. þm. á því að í frv. er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands gegni mjög veigamiklu hlutverki jafnframt því sem gengið er út frá að sami háttur verði á hafður sem hingað til að fjmrn. gefi út og staðfesti reglugerðir sjóðanna. Í þessu felst því að vissu marki tvíþætt eftirlitshlutverk af hálfu hins opinbera, annars vegar af hálfu fjmrn., eins og verið hefur hingað til, og hins vegar af hálfu Seðlabankans.

Í grg. kem ég inn á það m.a. að frv. byggir í meginatriðum á kafla úr frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem enn hefur ekki verið lagt fram. Þó er sú grundvallarbreyting á frv. frá greinum þess frv. sem ekki hefur enn þá séð dagsins ljós að í stað þess að setja á laggirnar svokallað lífeyrissjóðaeftirlit, eins og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir sem fjallaði um frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, þá er gert ráð fyrir því í frv. sem ég mæli fyrir að þetta eftirlit verði í höndum Seðlabanka Íslands.

Nú kann einhver að spyrja: Hvers vegna er ekki hægt að hafa þann hátt á sem nefndin sem fjallaði um og gerði tillögu að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna mælti með, þ.e. að þarna verði svokallað lífeyrissjóðaeftirlit með 15 manna stjórn og framkvæmdastjórn þar undir?

Ég er þeirrar skoðunar, og var það m.a. sem einn af nefndarmönnum sem tóku þátt í að semja frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, að eðlilegra sé að hlutlaus stofnun eins og Seðlabanki Íslands gegni þessu eftirlitshlutverki. Ég tel ekki rétt að þeir aðilar, sem eru eignaraðilar og undirskriftaraðilar að lífeyrissjóðunum með þeim hætti sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar eru annars vegar og vinnuveitenda hins vegar, hafi sjálfir það eftirlitshlutverk með þessum fjármunum sem frv. um starfsemi lífeyrissjóðanna gerir ráð fyrir.

Ég tel að Seðlabankinn eigi að koma hér til skjalanna, m.a. og fyrst og fremst vegna þessa atriðis, og svo vil ég einnig vekja athygli hv. þm. á því að samkvæmt lögum á Seðlabanki Íslands að hafa eftirlit með banka- og peningakerfi þjóðarinnar. Seðlabankinn hefur þar með góða heildaryfirsýn yfir þennan málaflokk sem gerir hann að sjálfsögðu öðrum fremri til að vega og meta eignavörslu sjóðanna og fjárhagsstöðu þeirra og einnig til að annast faglega umfjöllun um ráðstöfun fjármuna. Þá er það mín skoðun að Seðlabanki Íslands hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem þegar hefur töluverða reynslu í samskiptum við lífeyrissjóðina. Með því að hafa þetta eftirlit í Seðlabankanum skapast líka þeir möguleikar að Seðlabankinn sé enn hæfari til að hafa gott heildaryfirlit yfir peningakerfi þjóðarinnar þannig að hann geti með beinum og óbeinum hætti haft þar áhrif á svo

sem lög um Seðlabanka Íslands mæla fyrir. Ég undirstrika það að í framhaldi af þessari skoðun minni álít ég einnig að Seðlabanki Íslands eigi að vera enn sjálfstæðari en hann er í dag, þ.e. hann eigi ekki að vera háður pólitísku valdi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Það er mjög mikilvægt fyrir farsælt starf lífeyrissjóða að óháð stofnun, óháðir aðilar, hafi með höndum þetta eftirlit, þ.e. með fjárreiðum og fjárvörslu lífeyrissjóðanna með reglubundnum hætti eins og eftirlit Seðlabankans, ég bendi m.a. á bankaeftirlit Seðlabankans, á að vera gagnvart bönkum og öðrum fjármálastofnunum.

Ég vek enn á ný athygli á því, virðulegi forseti, að frv. er ekki fram komið vegna þess að lífeyrissjóðir hafi yfirleitt ekki gengið frá sínum ársreikningum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í því. Í stórum dráttum má segja að lífeyrissjóðirnir hafi gengið vel frá sínum ársreikningum og framkvæmt sína endurskoðun í samræmi við gildandi lög. Þess vegna vil ég enn ítreka að frv. er ekki til komið vegna þess að í núverandi fyrirkomulagi fari ekki fram uppgjör og endurskoðun reikninga lífeyrissjóða með eðlilegum hætti.

Ég legg áherslu á það einnig, virðulegi forseti, að með þessu er skapað enn meira aðhald og ég vek enn á ný athygli á því að í landinu eru um það bil 100 lífeyrissjóðir. Þeir eru ekki með samræmdar reglugerðir nema að vissu leyti. Hér er um að ræða fjármuni sem munu verða í árslok, hvað eignir áhrærir, um 100 milljarðar. Hér er um verulega mikla fjármuni að ræða sem er sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi taki afstöðu til með þeim hætti sem birtist í þessu frv. hvað varðar aðhald og eðlilegt uppgjör á ársreikningum og endurskoðun lífeyrissjóða.

Að lokinni 1. umr., virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur flutt hér athyglisvert frv. Það er ljóst að mjög hefur skort á að nægilegar heimildir og skýr ákvæði væru um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða og hafa af því skapast ýmsir erfiðleikar. Hv. þm. hefur mjög mikla reynslu á þessu sviði og hefur veitt forstöðu einum stærsta ef ekki stærsta lífeyrissjóði á almennum markaði hér í landinu. Það er þess vegna athyglisvert að heyra þau sjónarmið sem hann flutti hér um það hvernig hann teldi eðlilegast að koma þessum eftirlitsmálum fyrir á næstu árum.

Ég vildi láta það koma hér fram við 1. umr. að ég tel skynsamlegt að athuga með jákvæðu hugarfari og vandlega þær hugmyndir sem koma fram í þessu frv. Jafnframt vil ég lýsa því yfir að á allra næstu dögum hyggst ég leggja fyrir þessa hv. deild það frv. um lífeyrissjóði sem legið hefur í fjmrn. nokkur undanfarin ár en ákveðið hefur verið að leggja fram á þinginu nú fyrir vorið og láta síðan milliþinganefnd starfa að því máli fram að næsta hausti.

Mér finnst athyglisvert að hv. þm. benti á það hér að hluti af hans frv. væri tekinn upp úr þessu frv. sem legið hefur tilbúið um nokkurt árabil án þess að vera lagt fram hér á Alþingi. Ég segi þetta vegna þess að það kemur auðvitað til greina að taka ákveðna þætti þess frv. út úr og setja þá í lög fyrr en geyma síðan til nánari athugunar þau ákvæði sem skiptari skoðanir eru um. Ég tek það skýrt fram til að fyrirbyggja misskilning að ég er ekki að gera það að tillögu minni. Það er aðferð sem hægt er að ræða þegar ég hef lagt stóra lífeyrissjóðafrv. fyrir þessa hv. deild á næstu dögum.

Mér fannst rétt að greina deildinni frá því að þetta frv. um starfsemi lífeyrissjóðanna í heild og lífeyrissjóðakerfið í landinu væri væntanlegt til þingsins og jafnframt að ég hefði ákveðið að leggja það fyrir hv. Ed. Ég geri það m.a. vegna þess, með fullri virðingu fyrir fjölmörgum ágætismönnum sem í hv. Nd. starfa, að innan þessarar deildar er að finna einstaklinga sem að öllum öðrum þingmönnum ólöstuðum hafa meiri reynslu og þekkingu á þessu sviði en aðrir hér á Alþingi. Ég vænti þess því að hv. fjh.- og viðskn. geti innan tíðar einnig fengið það stóra mál til skoðunar, þótt ekki sé ætlunin að ljúka því hér á þessu þingi, og geti haft hliðsjón af því þegar hún fjallar um það athyglisverða frv. sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur hér mælt fyrir.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. að ég tel að hér sé hreyft merku máli og brýnu þó það megi út af fyrir sig finna einhver atriði í því frv. sem mættu fara betur en fram kemur hjá flm. Ég tel samt útilokað að þetta frv. eða lagasetning um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða bíði eftir endanlegri afgreiðslu þingsins á hinu stóra lífeyrissjóðafrv. sem er væntanlegt næstu daga til þessarar deildar. Ég tek undir með flm., það er ekki af neinni tortryggni við lífeyrissjóðina um að þeir annist ekki fjárvörslu vel yfirleitt. Ég tel að það eigi að vera skýrar og klárar reglur um það hvernig ársreikningar eru og endurskoðun sjóðanna fer fram. Það er eins og fram kom hjá hv. flm. að sennilega eru lífeyrissjóðirnir, en rúmlega 100 lífeyrissjóðir eru starfandi í landinu, hvað eignir og ráðstöfunarfé áhrærir hugsanlega sterkari en allt bankakerfið samanlagt og auðvitað ber brýna nauðsyn til að allir hlutir séu þar í besta lagi og hafnir yfir alla tortryggni eða efasemdir um að reikningsfærsla sé rétt og skilmerkileg, sem ég efast ekki um að er í langflestum tilfellum. Þess vegna mun ég gera mitt til þess að greiða götu þessa frv. eftir því sem kostur er í þeirri nefnd sem ég á sæti í.

Það eru tvö atriði sem ég vildi aðeins minnast á. Í fyrsta lagi held ég að taka ætti skýrt fram í 1. gr. að Seðlabanka Íslands, bankaeftirlitinu, sé falið að gera þetta. Það er bankaeftirlitið sem fer með eftirlit með bankastofnunum og fjármálasjóðum þjóðarinnar og það er eðlilegt að það sé skýrt tekið fram að þetta sé þess verkefni. Í öðru lagi, svona til ábendingar, held ég að það hafi nú orðið — ég veit ekki hvort maður á að segja prentvilla, smáskyssa kannski í næstsíðustu

málsgrein 3. gr. þar sem segir: „Skoðunarmönnum er skylt að veita lífeyrissjóðaeftirlitinu ...“ en þar á auðvitað að standa Seðlabankanum eða bankaeftirlitinu.

Að öðru leyti tek ég undir megintilgang frv. og mun gera mitt til þess að greiða götu þess í þeirri nefnd sem ég á sæti í.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir við þetta frv. En það vill svo til að hér í salnum er staddur hæstv. viðskrh. sem mun vera einn af höfundum þess frv. sem ég hef títt vísað til og er frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Ég þakka honum því fyrir að hann skuli vera viðstaddur hér þegar þetta frv. er til umfjöllunar. Hann hefur greinilega tekið eftir að þetta var á dagskrá hér.

Ég þakka sem sagt fyrir góðar undirtektir, bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar, og undirstrika það atriði að helst hefði ég náttúrlega kosið það og ég geri ráð fyrir flestir þingmenn, að vísu hafa þeir kannski ekki athugað frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, að við hefðum getað gengið hér frá heildarlöggjöf sem væri eitthvað í þeim dúr sem segir í þessu frv. en þó eru þar nokkur atriði sem geta verið mjög umdeild.

Ég er ekki trúaður á að við getum á næstunni, og jafnvel ekki þótt milliþinganefnd væri sett á laggirnar í sumar er ég því miður ekki trúaður á að það takist, svona á skömmum tíma, að koma í kring heildarlöggjöf með þeim hætti sem það frv. gerir ráð fyrir og ég ætla ekki að tíunda það hér á þessu stigi hvers vegna ég er þeirrar skoðunar. Ég mun að sjálfsögðu gera það þegar hæstv. fjmrh. hefur lagt fram heildarfrumvarpið um starfsemi lífeyrissjóða.

Þess vegna var það sem ég ákvað að taka þetta atriði út úr frv., einmitt með það í huga sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að mér fannst meira en koma til greina að taka út ákveðnar greinar þess. Mér fannst það eiginlega brýnt með tilliti til þess að það eru ákveðin atriði í frv., eins og t.d. þetta um ársreikning og endurskoðun, sem eiga ekki að þurfa að vera ágreiningsefni en eru alveg sjálfsagðir hlutir með tilliti til þess, þegar við lítum til lífeyrissjóðanna, eins og hv. þm. Jóhann Einvarðsson sagði, að þeir eru að verða svo veigamikill þáttur í íslensku peningakerfi og munu koma svo víða við í framtíðinni að það er beinlínis skylda okkar hv. þm. og hæstv. ríkisstjórnar að setja strangari ákvæði eða ákveðnari reglur um það hvernig þessir sjóðir gera upp sína reikninga og hvernig endurskoðun fer fram og hvernig eftirliti er háttað með framkvæmd þessara mála. En þá tek ég skýrt fram að ég er ekki að leggja frv. fram vegna þess að þess sé þörf út af því að þetta hafi ekki verið gert. Þetta hefur í stórum dráttum verið gert með eðlilegum hætti en þó hefur það viljað dragast allt of lengi fram eftir ári hjá nokkuð mörgum lífeyrissjóðum að ganga frá sínum ársreikningum, því miður. Og það er bæði óheppilegt frá sjónarmiði eignaraðila og frá sjónarmiði heildarinnar og einnig frá því sjónarmiði hvernig peningastreymið í þjóðfélaginu tekur breytingum í framtíðinni og stýringu þess með tilliti til þessa mikla fjármagns.

Að öðru leyti þakka ég enn á ný góðar undirtektir og vænti þess að þetta frv. verði að lögum núna á yfirstandandi þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Sementsverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (stofnun hlutafélags, stjfrv.). — Þskj. 757.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 757 um að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins. Tilgangurinn með frv. er, eins og kemur fram í heiti þess, að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar í hlutafélag. Þetta frv. byggir að stofni til á frv. sem var samið í iðnrn. á árunum 1987 og 1988. Meginefni frv. er eftirfarandi:

1. Sérstök matsnefnd meti eignir Sementsverksmiðjunnar og verði þetta mat haft til hliðsjónar við ákvörðun hlutafjár í félaginu.

2. Hlutverk félagsins verði gert víðtækara en Sementsverksmiðjunnar og félaginu verði heimilað að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum og sameignarfélögum.

3. Ekki verði heimilt að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni hf. nema samþykki Alþingis komi til með lagabreytingu.

4. Við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar og lögbundið samráð verði við Akraneskaupstað um málefni félagsins.

5. Skipuð verði sérstök undirbúningsnefnd til að undirbúa stofnun félagsins er yfirtaki rekstur verksmiðjunnar.

6. Stofnfundur verði haldinn ekki seinna en 31. des. 1990 og hlutafélagið yfirtaki reksturinn miðað við næstu áramót.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan. Alþingi kýs nú fimm menn í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára í senn. Iðnrh. skipar einn úr hópi stjórnarmanna sem formann.

Fyrir hv. Nd. liggur nú frv. um þetta sama efni og reyndar með sama nafni og það frv. sem hér liggur fyrir hv. Ed. Flm. frv. sem er til meðferðar í Nd. er hv. 1. þm. Reykv. sem nú gekk úr salnum. Á þessum tveimur frv., þótt þau hafi sömu meginstefnu, er

verulegur munur. Eins og ég tók fram í umræðum um það frv. fyrr á þessu þingi var það mín skoðun og er að fjalla þyrfti nánar um málefni Sementsverksmiðjunnar áður en Alþingi tæki afstöðu til málsins og þar ættu menn m.a. að nýta sér þá reynslu sem fengist hefði við lagasetninguna um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg sem breytt var í hlutafélag á liðnu ári, Prentsmiðjuna Gutenberg hf., á grundvelli frv. sem ég flutti hér á því þingi.

Það fyrsta sem ég benti á var að ég taldi að tryggja þyrfti betur tengsl starfsmanna og stjórnenda þar sem starfsmönnum væri veitt færi á að koma sjónarmiðum sínum um aðbúnað og hagkvæmni í rekstri og fleira á framfæri. Þetta er gert í 6. gr. þessa frv.

Í öðru lagi nefndi ég að vegna þess hversu mikilvæg Sementsverksmiðjan er fyrir Akranes og grannbyggðirnar væri nauðsynlegt að ræða stofnun félagsins ítarlega við fulltrúa bæjarins og kanna áhuga þeirra á einhvers konar lögbundnu sambandi eða samráði. Slíkar viðræður hafa farið fram og reyndar er tryggt til frambúðar að slíkt lögbundið samráð verði regla með 7. gr. þessa frv.

Í þriðja lagi taldi ég skynsamlegt að kveða skýrar á um það hvernig gera skyldi matið á eignum verksmiðjunnar sem lagt yrði til grundvallar stofnun félagsins og ákvörðun hlutafjár. Við mat á eignum Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg var sú leið farin að biðja yfirborgardómarann í Reykjavík að tilnefna oddamann í matsnefnd en Félag löggiltra endurskoðenda einn og Fjárlaga- og hagsýslustofnun annan. Þetta var ákvörðun mín sem iðnrh. til þess að tryggja að nefndin sem matið framkvæmdi hefði sem óháðasta stöðu þannig að ekki risu síðar deilur um það hvernig að matinu hefði verið staðið. Með þetta í huga tel ég nú hyggilegt að gert sé alveg skýrt í lögunum hvernig standa skuli að þessu mati. Þetta er gert í b-lið 1. gr. frv. þar sem segir að bæjarfógetinn á Akranesi skuli skipa þriggja manna matsnefnd þar sem a.m.k. einn nefndarmanna sé löggiltur endurskoðandi.

Í fjórða lagi taldi ég heppilegt að skipa undirbúningsnefnd til þess að undirbúa félagsstofnunina og annast nauðsynlega samningagerð fyrir hönd hins væntanlega félags og semja drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Níunda greinin í þessu frv. kveður á um undirbúningsnefndina og hennar verkefni. Þetta var gert með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um að greiða verði helming hlutafjár við stofnun hlutafélagsins. Hlutafjárframlag er í formi eigna verksmiðjunnar og því eðlilegt að hlutafélagið verði stofnað samtímis því er yfirtaka á rekstri á sér stað ólíkt því sem var um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og ólíkt þeim ákvæðum sem eru í fyrrnefndu frv. hv. 1. þm. Reykv. sem til umræðu er í Nd.

Í fimmta lagi bendi ég svo á að í 8. gr. er kveðið skýrt á um það að ríkissjóður geti ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema fyrir liggi samþykki Alþingis með breytingu á b-lið 1. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að svo stöddu ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv. Ég tel að það sé mikið framfaramál, bæði fyrir verksmiðjuna en ekki síst fyrir það sveitarfélag, það byggðarlag þar sem hún er staðsett og að forsendurnar fyrir sérstökum ákvæðum um þetta hlutafélag sem settar voru í upphafi séu nú ekki lengur til staðar. Þau ákvæði helguðust að mínu áliti fyrst og fremst af því að þá var um að ræða stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða, mikla breytingu á atvinnuháttum í Akranesbæ. Nú er þetta félag svo sannarlega orðið að grónum borgara í því byggðarlagi og því eðlilegt að það taki þátt, með öllum réttindum og skyldum, í starfsemi bæjarins eins og önnur fyrirtæki þar um slóðir.

Ég vil mælast til þess, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur gert ítarlega grein fyrir efni þess stjfrv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Það hefur einnig komið hér fram að í umfjöllun iðnn. Nd. er frv. hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar sem fjallar um sama efni. Það er, eins og fram hefur komið, að stofni til frv. sem samið var í iðnrn. á sínum tíma en það frv. sem hér er til umræðu er hins vegar í veigamiklum atriðum á aðra lund og hefur þegar verið gerð grein fyrir því af hæstv. ráðherra og skal ég ekki endurtaka það en segi þó án hiks að þær breytingar sem gerðar hafa verið eru tvímælalaust til bóta og nauðsynlegar. T.d. eru réttindi starfsmanna vel tryggð og hér er líka mikilvægt ákvæði um samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar verksmiðjunnar, svo og samráð við bæjarfélagið.

Í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur verið rætt allítarlega um frv. hv. þm. Friðriks Sophussonar. Fulltrúar stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins hafa einnig rætt frv. og efni þess á sérstökum fundi með fulltrúum bæjarstjórnar á Akranesi. Þær athugasemdir sem þar hafa komið fram hníga mjög í átt til þeirra efnisatriða sem felast í þessu nýja frv. en það hefur að sjálfsögðu ekki verið rætt enn í stjórn verksmiðjunnar og skal ekkert fullyrt um það hér hvort í þeirri stjórn er einhugur um málið. Ég hygg þó að það muni kannski ekki verða um mjög mikinn ágreining að ræða.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að ég hygg að það sé rétt ráðstöfun að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar að rekstur fyrirtækja í eigu ríkisins eigi yfirleitt að vera í formi hlutafélaga eða sjálfseignarstofnana og fyrir því eru mörg rök. Hið gamla fyrirkomulag ríkisfyrirtækja eins og þau hafa verið rekin hjá okkur er að mínu mati úrelt en þótt ríkisfyrirtækjum sé breytt í hlutafélög þýðir það ekki að af sjálfu leiði að setja eigi hlutabréfin til sölu á markaði. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að í þessu tilviki eigi ekki að gera það enda eru í frv. skýr ákvæði þess efnis að ekki megi bjóða hlutabréfin í fyrirtækinu til sölu án breyt-

inga á lögunum. Þetta tel ég mjög mikilvægt og miklu skýrari ákvæði en eru í hinu frv. sem er til meðferðar á Alþingi. Þetta er einkum og sér í lagi mikilvægt þar sem er um að ræða eins og hér einokunarfyrirtæki eða markaðsráðandi fyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem ræður nær öllum markaðinum þótt innflutningur á sementi sé vissulega frjáls. En ég tel að öðru máli geti gegnt um fyrirtæki þar sem ríkið er í beinni samkeppni við önnur fyrirtæki enda er slíkur rekstur á ríkisins vegum nú orðinn hverfandi lítill.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið misjafnlega vel í áranna rás. Verð framleiðslunnar hefur verið háð verðlagsákvæðum og ákaflega oft hefur það verið svo að yfirvöld hafa ekki viljað viðurkenna nauðsyn réttmætra hækkana. Hin síðari ár hefur reksturinn gengið betur og oft ágætlega vel. Á árinu 1989 var þó lítils háttar tap á rekstrinum eða um 76 millj. kr., einkum og sér í lagi vegna gengisbreytinga. Standist áætlanir á þessu ári má reikna með að framleiðsla á sementi verði um 115 þús. tonn og rekstur fyrirtækisins geti fullkomlega staðið í járnum. Komi til einhverjar nýjar framkvæmdir eða aukin sementssala, salan þarf ekki að fara nema tiltölulega lítið fram yfir 115 þús. tonn, mun fyrirtækið að öllu óbreyttu skila hagnaði.

Á sl. ári var ráðist í mjög fjárfrekar fjárfestingarframkvæmdir innan fyrirtækisins sem kostuðu í kringum 160 millj. kr. og fólust í því að settur var upp mjög öflugur skiljubúnaður við nýrri sementskvörnina til þess að fá jafnari kornadreifingu og bætt gæði sementsins. Keypt voru hraðvirk og fullkomin efnagreiningartæki, þau fullkomnustu sem völ er á sem nýtast bæði við framleiðslueftirlit og við rannsóknir. Í þriðja lagi var komið á sjálfvirku stýrikerfi við mölun hráefna og sements. Hráefna- og sementskvörnum er nú stjórnað með afkastamikilli iðnaðartölvu. Allt kostaði þetta sitt og þetta eru ákvarðanir sem teknar voru í tíð fyrri stjórnar fyrirtækisins og voru áreiðanlega mjög nauðsynlegur liður í því að aðhæfa fyrirtækið að þeim kröfum sem nú eru gerðar.

Í umræðunum hér um Sementsverksmiðju ríkisins er skylt að geta þess að fyrirtækið starfrækir, í samvinnu við Járnblendifélagið á Grundartanga, fyrirtækið Sérsteypuna hf. sem gerir tilraunir með og framleiðir ýmiss konar múrefni til viðgerðar. Nýlega stofnaði Sementsverksmiðjan nýtt fyrirtæki, hlutafélagið Íslenskar múrvörur hf. sem er í eigu Sands hf. í Reykjavík, Sérsteypunnar sf. á Akranesi og Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki. Þetta nýja fyrirtæki mun eiga lögheimili á Akranesi og mun annast markaðssetningu og framþróun þurrpússningar og ýmiss konar múrkerfa en mjög mikið er flutt inn af slíkum vörum og nauðsynlegt að Íslendingar og íslensk fyrirtæki standi þar innflutningsaðilum á sporði.

Fylgst er mjög ítarlega og nákvæmlega með gæðum framleiðslunnar hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Nýlega skilaði Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skýrslu um sementsrannsóknir sl. ár og í örfáum setningum sýnir það stranga gæðaeftirlit og ströngu prófanir sem átt hafa sér stað hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að sement frá Sementsverksmiðju ríkisins stenst vel allar lágmarkskröfur í sementsstaðlinum ÍST9. Þenslur alkalístrendinga eru álíka og fyrri tilraunir hafa sýnt og ráð er gert fyrir. Hitamyndun við hörðnun er hæst í PH og lægst í PP eins og hér segir og eðlilegt má teljast. Rannsóknir voru gerðar á sex sementsblöndum með mismunandi magni af kísilryki og flugösku.

Ég tel rétt að fram komi, vegna ýmiss konar umræðna í blöðum og fjölmiðlum á undanförnum missirum, að íslenskt sement stenst allar þær gæðakröfur sem hér eru gerðar og samkvæmt þeim stöðlum sem unnið er eftir. Hitt er svo annar handleggur að þegar menn ræða um steinsteypu og gæði hennar kemur margt og mikið fleira til en sementið eitt. Þar koma auðvitað til önnur efni sem blandað er í eins og sandurinn og ekki hvað síst kemur til lagning steypunnar, steypan sjálf hvernig hún er framkvæmd og hvernig að henni er hlúð meðan hún er að ná fullri hörku. Ég hef grun um að hjá okkur, eins og hjá ýmsum öðrum þjóðum þar sem steypuskemmdir hafa komið í ljós, sé orsakanna ekki að leita í einum þætti sérstaklega, eins og jafnan hefur verið látið að liggja hér, heldur séu það margir samvirkandi þættir.

Það er víst að alkalívirkni var mikil í íslenska sementinu þangað til farið var að bæta í það kísilryki frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga í verulega miklum mæli sem hefur bætt mjög gæði sementsins. Önnur atriði sem þarna koma við sögu er hönnun mannvirkja og hvernig mannvirki verja sig gegn veðri, vatni og vindum og síðast en ekki síst hvernig farið er með steypuna. Ég heyrði norskan sérfræðing segja það á steinsteypudegi á dögunum að Norðmenn ættu í erfiðleikum með það að halda nægilega góðu starfsfólki við þessa steypuvinnu sem ekki þykir kannski sérstaklega eftirsóknarverð.

Að lokum, herra forseti, ætla ég aðeins að víkja örfáum orðum að verðþróun á sementi. Það er mjög fróðlegt að virða fyrir sér byggingarvísitölu, verð á sementi og verð á steypu. Frá miðju ári 1988 til miðs árs 1989 hækkaði verð á íslensku sementi um 15%. Á sama tíma hækkaði verð á steinsteypu frá steypustöðvunum um 28% en byggingarvísitalan hækkaði um 19%. Sé litið til lengri tíma og farið aftur til ársins 1983 og fram til 15. júlí 1989 hækkaði sementsverðið um 168% en steinsteypan frá steypustöðvunum, á höfuðborgarsvæðinu aðallega, hækkaði um 354% á sama tíma. En á þessu sama tímabili hækkaði byggingarvísitalan um 247%. Sementið hækkaði sem sagt langtum minna en byggingarvísitalan en steinsteypan frá steypustöðvunum hækkaði um allt að 50% meira en sementið.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ég lýsi stuðningi við þetta frv. í öllum meginatriðum og vona að málið fái greiða afgreiðslu hjá hv. iðnn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er annað mál um sama efni til umræðu, meðhöndlunar og

umfjöllunar í hv. Nd. Það frv. er flutt af hv. þm. Friðriki Sophussyni og var á ferðinni snemma á þinginu.

Þetta frv. sem við fáum hér til meðferðar er að sumu leyti breytingar frá því sem lagt er til í hinu frv. og hefur flm. þess frv. raunar sagt mér og ég hef það raunar hér í þskj. að hann hafi lýst yfir stuðningi við þær brtt. sem fram koma í frv. hæstv. ráðherra. Ég held að ég og minn flokkur getum stutt þetta mál svo til í heild. Vafalaust mun nefndin fjalla um það og finna eitthvað sem betur má fara. Það hefði kannski verið alveg nægilegt að breyta því frv. sem til meðferðar er í Nd. en úr því þessi kostur er valinn er auðvitað alveg sársaukalaust af minni hálfu og flm. hv. þm. Friðriks Sophussonar í Nd. að þetta frv. gangi fyrir. Bæði frv. verða til hliðsjónar að sjálfsögðu í nefndum beggja deilda og kannski greiðir það fyrir því að málið nái örugglega fram í vor að um það er fjallað í báðum deildum þingsins.

Ég lýsi sem sagt stuðningi við meginefni frv. og þarf ekki að taka það fram að minn flokkur hefur lengi verið með það á sinni stefnuskrá að fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjan eigi að vera hlutafélag frekar en í ríkiseigu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þegar þetta frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins var til umfjöllunar í þingflokki Alþb. lýstu, ég vil ekki segja allir en nokkrir, af þingmönnum Alþb. yfir efasemdum um réttmæti þess og tilgang. Frv. var samþykkt í þingflokki Alþb. með fullum fyrirvara um stuðning þingmanna Alþb. við það. Framlagning þess var samþykkt í þingflokknum með þeim ákveðnu fyrirvörum að þingmenn flokksins lýstu þar með ekki yfir stuðningi við efni þess.

Ég mun ekki hér við 1. umr. fjalla efnislega um frv. en láta það bíða 2. umr. Mér fannst þó svolítið sérstakt að við umræðuna kom fram að frv. væri raunverulega brtt. við frv. hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar. Að sumu leyti get ég tekið undir þetta. Í þessu frv. kemur fram svipaður tilgangur. Ég vil þó undirstrika að í frv. er mikil breyting frá frv. Friðriks Sophussonar á þann veg að lagt er til að ekki verði hægt að selja hlutabréf verksmiðjunnar nema með samþykki Alþingis. Og ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Vesturl. að hann væri þeirrar skoðunar að hlutabréf verksmiðjunnar ætti ekki að bjóða til sölu.

Því miður er í grg. frv. ábending um að æskilegt gæti verið fyrir verksmiðjuna að selja hlutabréf og er það ættað úr frv. hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar. Ég vona að það sé ekki beinlínis meiningin í frv. að opna fyrir það að nýir aðilar verði hluthafar í þessu einokunarfyrirtæki sem Sementsverksmiðja ríkisins er. Í greinargerðinni segir, svo það komi fram hvað ég er að tala um, með leyfi forseta:

„Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til þess að halda eignarfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé."

Ég vil sem sagt lýsa yfir þeirri skoðun minni að ef úr því verður að Sementsverksmiðju ríkisins verði breytt í hlutafélag þá sé það ekki gert í þessum tilgangi, þ.e. að opna fyrir það að einkaaðilar eða aðrir aðilar en ríkið geti gerst eigendur að hlutabréfum í því hlutafélagi sem þá verður skráður eigandi Sementsverksmiðju ríkisins. Þau hlutabréf á ekki að bjóða til sölu.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta að sinni. Ég veit að iðnn. mun yfirfara þetta frv. rækilega og þegar það kemur til hv. deildar til 2. umr. mun ég fjalla frekar um málið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þann stuðning við frv. sem fram hefur komið í umræðunum. Ég vil líka sérstaklega þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir það hvernig hann lýsti afstöðu þingflokks Alþb. til frv. Ég get staðfest að henni er þar nákvæmlega rétt lýst. Ég er líka þakklátur fyrir það að hv. 4. þm. Vesturl. og aðrir þm. Alþb. hafa ekki viljað tefja það að málið kæmi hér og fengi þinglega meðferð. Ég tel það rétta ábendingu sem fram kom í máli hv. 3. þm. Vesturl. að þetta frv. sé í veigamiklum atriðum frábrugðið því frv. um sama efni sem hefur verið til meðferðar í neðri deild, en meginstefnan er að gera Sementsverksmiðju ríkisins að venjulegu fyrirtæki í Akraneskaupstað, það er kjarni málsins. Og ég vona að það fái stuðning þessarar hv. þingdeildar en tek að sjálfsögðu fram að ég býst við því að í hv. iðnn. þessarar deildar verði fjallað um þær ábendingar sem fram hafa komið í umræðunum og önnur atriði sem athuga þarf í málinu.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. 4. þm. Vesturl. lagði áherslu á að við þá breytingu sem gert er ráð fyrir á rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar verði ekki fyrirtækið opnað fyrir einkafjármagni, eins og hann orðaði það. Ég skil málið svo að hæstv. iðnrh. sé á þeirri skoðun að það eigi að vera möguleiki á að opna fyrirtækið fyrir einkafjármagni. Ef þetta er ekki réttur skilningur hjá mér leiðréttir hann það. Ég tel að tilgangurinn með þessu frv. sé mjög vængstýfður — ef það mætti orða það svo — ef ekki er gert ráð fyrir því að fyrirtækið sé opnað fyrir einkafjármagni þegar horfið er frá því rekstrarformi sem tilheyrir ríkisfyrirtæki og til þess rekstrarforms sem er við hæfi einkafjármagns.

Um formið á þessu máli vil ég aðeins segja að hér er borið fram frv. sem er að stofni sama frv. og flutt er í hv. neðri deild af hv. 1. þm. Reykv. Að stofni til, sagði ég, sama frv. en með breytingum og, eins og hæstv. iðnrh. orðaði það, með veigamiklum breytingum. En ég vil vekja athygli á því að mér virðist þetta vera nokkuð einkennileg málsmeðferð. Það er náttúrlega alkunna og þarf ekki að segja að það eru gerðar breytingar á mörgum frv. sem flutt eru í

þinginu og kannski flestum eða meiri hluta frv. sem lögð eru fram. En þær breytingar eru gerðar í því formi að bornar eru fram brtt. við viðkomandi frv., en ekki borin fram ný frv. til þess að koma fram breytingum. Þess vegna virðist mér að það hefði verið eðlileg meðferð þessa máls að hæstv. iðnrh. hefði freistað þess að bera fram brtt. við frv. í neðri deild og leitað atfylgis þingsins til þess að fá þær samþykktar.

Ég vil vekja athygli á því að ef tekinn væri upp sá siður að flytja ný frv., og kannski í sömu deild, alltaf ef menn vildu gera breytingar á frv., þá væri um að ræða grundvallarbreytingu á starfsháttum þingsins og ekki samræmanlegt þingvenju og anda þingskapa. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun koma fram. En ég fagna þessu frv. og ég fagna að sjálfsögðu áhuga hæstv. iðnrh. fyrir að breyta ríkisfyrirtækjum í form sem henta einkafjármagninu. En ég vil aðeins segja að mér þykir liggja við að í áhuga sínum sjáist hæstv. iðnrh. ekki fyrir í þessu efni. Það hefði verið eðlilegri málsmeðferð að fara þá leið að breyta því frv. sem liggur fyrir um þetta efni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir stuðninginn við frv. sem hér er til umræðu. Ég vildi benda honum á, þótt ég viti að svona þingvönum manni þarf ekki að segja þingsöguna, að það er algengt að frv. komi fram um sama efni þegar verulegur munur er á frv. í sömu deild þingsins og reyndar stundum í báðum þingdeildum. Ég þekki að sjálfsögðu vel ákvæði þingskapa um það að ekki sé rétt að flytja samhljóða frv. á sama þingi. Það er sjálfsagt sú þingskaparegla sem hv. 4. þm. Vestf. vitnar til í andanum, þykist ég vita. Hér er ekki um það að tefla. Og ég vildi benda á að á minni þingmálaskrá sem fylgdi stefnuræðu forsrh., og reyndar er það vel kunnugt frá því sem ég hef fyrr talað í þessu máli, að ég hafði sett mér að flytja þetta þingmál á þessu þingi. Síðan kemur fram frv. hv. 1. þm. Reykv. í neðri deild. Ég hef að sjálfsögðu tekið þátt í umræðum um það mál þar og kýs fremur að ræða það mál á þeim vettvangi. Ég lýsti þá ástæðunum fyrir því að þessi háttur er hafður á framgangi málsins. Ég tel þetta alls ekki vera þeirrar gerðar að hér sé verið að flytja brtt. við annað frv. í annarri deild í þinginu og held að sú markalína sem þarna þarf að þræða sé alveg rétt mörkuð með þessum málatilbúnaði. En að sjálfsögðu er það rétt ábending hjá hv. 4. þm. Vestf. að það þarf að huga að þessu eins og öðru í þingstörfunum. En ég bendi á þessi atriði.

Að endingu vildi ég segja að frv. hv. 1. þm. Reykv. var í reynd samið í iðnrn. haustið 1988 og honum þaðan kunnugt. Það er þess vegna að kalla mætti hráefni í stjfrv. sem hér er á ferðinni og þannig í raun og veru ekki venjulegt þingmannsfrv. og ég bendi líka á fyrri yfirlýsingar mínar um ásetning að flytja slíkt frv. á þinginu. Síðast kem ég þó að því sem mestu varðar, að frv. í þeirri gerð sem það liggur fyrir þinginu og með þeim aðdraganda sem það hefur haft hefur góðar líkur á að verða að lögum með víðtækri samstöðu þingmanna. Og veit ég að hv. 4. þm. Vestf. er mér sammála um það að þau mál eru best sem hafa sterkastan þingvilja að baki sér.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hef í rauninni litlu að bæta við það sem ég sagði áðan. Hæstv. iðnrh. sagði að það væri mjög algengt að það kæmu fram sams konar frv., fleiri en eitt. Ég held að þetta sé ofmælt. Það er ekki mjög algengt. En það getur komið fyrir og ég var ekki að segja að gæti ekki komið fyrir. Þannig að það sem hæstv. ráðherra sagði um þetta virðist mér ekki hnekkja í neinu þeirri almennu skoðun sem ég var að tala um áðan. En það er rétt að veita því athygli að hæstv. ráðherra sagði að það frv., sem hv. 1. þm. Reykv. leggur fram í neðri deild, hafi verið samið í iðnrn., eins og hann orðaði það, og að þess vegna væri það ekki venjulegt þingmannafrv. Ég fæ nú ekki séð annað eftir þessar upplýsingar en að það sé enn eðlilegra, en ég áður taldi, að hæstv. ráðherra hefði látið sér nægja að gera breytingar við frv. sem var samið í iðnrn. og ekki var eiginlegt þingmannafrv.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að etja kappi við hv. 4. þm. Vestf. um þessi efni. Hins vegar hygg ég að ekkert af því sem hann sagði renni stoðum undir það að nokkuð sé óeðlilegt við þá málsmeðferð sem hér hefur átt sér stað. Þess eru áreiðanlega ýmis dæmi í þingsögunni að frv. um sama eða svipað efni hafi verið flutt í sitt hvorri deild þingsins. Það hefur komið fram að á þessum frv. tveimur er veigamikill munur í ýmsum atriðum. Ég tel það alveg óyggjandi að hér hefur á engan hátt verið brugðið út frá venju eða góðri reglu og ekkert við þessi vinnubrögð að athuga. Auðvitað er það svo hér í þingstörfum að stundum má eftir á að hyggja gera athugasemdir og benda á ýmislegt sem betur mætti fara, t.d. hefði það mátt í gær á fundi sameinaðs þings. Þá var til umræðu till. til þál. um samningu rits um kristni á Íslandi í þúsund ár. Flm. voru forsetar þingsins með forseta sameinaðs þings í broddi fylkingar og allir formenn þingflokka. Forseti sameinaðs þings gerði tillögu um að málinu yrði ekki vísað til nefndar. Hv. 4. þm. Vestf. gerði tillögu um að málinu yrði vísað til nefndar, sú tillaga var samþykkt.

Hinn 17. apríl 1986 var samþykkt á Alþingi þáltill. um þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Flm. voru forseti sameinaðs þings, forsetar beggja deilda og allir formenn þingflokka. Forseti sameinaðs þings var þá hv. 4. þm. Vestf. Hann gerði þá tillögu um að tillögunni um þúsund ára afmæli kristnitökunnar yrði ekki vísað til nefndar. (**Gripið fram í:** Þá?) Já. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu.) Á það var fallist. Þannig er kannski ekki alltaf fullkomið samræmi í störfum Alþingis. En að því er þetta sérstaka mál varðar sem hann hefur nú kosið að gera hér að umtalsefni þá eru þessi frv., eins og hv. 4. þm. Vesturl. hefur líka undirstrikað, ólík um mjög veiga-

mikil atriði og ekkert hefur komið fram í þessari umræðu sem rennir stoðum undir það að réttara hefði verið að fara öðruvísi að þótt auðvitað sé það rétt ábending að hugsanlega mættu menn hafa gert þetta með öðrum hætti. En það hafa engin rök komið fram og engum stoðum verið rennt undir þá skoðun að hér hafi ekki að fullu verið gengið fram í samræmi við þingsköp og réttar reglur.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni að mínu mati mjög mikilsvert mál, tillaga um að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Umræðan er að verða að meginhluta til um form frv. sem flutt er. Mér þykir þetta miður, ekki síst vegna þess að við förum að hafa svolítið knappan tíma og bundinn til þess að fjalla frekar um þessi málefni. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að hv. 4. þm. Vestf. benti á mjög veigamikið atriði í ræðu sinni og spurði hæstv. ráðherra um aðalþáttinn sem skiptir sköpum. Hv. 4. þm. Vestf. lýsti því sem sinni skoðun að frv. í þeim búningi sem það er væri tilgangur þess „vængstýfður", eins og hv. þm. nefndi það, þ.e. að það væri ekki ætlast til að einkafjármagn kæmi til verksmiðjunnar og tilgangur frv. væri ekki sá. Og hann óskaði eftir því að hæstv. ráðherra svaraði því hvort það væri skoðun hans eins og kom fram sem skoðun mín og hv. 3. þm. Vesturl. í umræðunni að ekki ætti að bjóða út hlutabréf verksmiðjunnar til sölu. Ég held að við 1. umr. sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari þessari fsp. hv. 4. þm. Vestf. og ég geri jafnframt þessa spurningu hans að minni.

Ég vil vekja athygli á því, sem reyndar kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., að rekstur Sementsverksmiðju ríkisins hefur gengið mjög vel á undanförnum árum. Alveg er það jafnrétt að á liðnum tímum gekk þar á ýmsu, m.a. vegna þess að ríkissjóður var þá að skipta sér af verðlagningu sements. Ég vil líka undirstrika það að frá því 1981 hefur Sementsverksmiðja ríkisins verið í stöðugri endurnýjun. Á árunum 1981 og 1982 var farið að kynda verksmiðjuna með kolum í stað olíu og frá þeirri framkvæmd hefur verið stöðug endurnýjun á verksmiðjunni og segja má að að tækjakosti sé þessi verksmiðja að meginhluta til ný. Með þeim stjórntækjum og nýju tækjum sem hv. 4. þm. Vestf. lýsti áðan má segja að annað mjög stórt skref hafi verið stigið til viðbótar við það sem stigið var með breytingu á orkugjafa verksmiðjunnar. Rekstur verksmiðjunnar hefur batnað við hverja aðgerð jafnvel þó að þær hafi kostað mikla peninga og verið fjárfesting fyrir verksmiðjuna. Ég tel því að verksmiðjan sé í þeim sporum núna að ekki sé líklegt að hún þurfi að fá nýtt fjármagn til rekstursins eða nýrrar fjárfestingar til þess að sinna því hlutverki sem hún hefur rækt og á að rækja í framtíðinni. Ég held því að hæstv. ráðherra verði að svara þeirri spurningu sem við berum nú fram tveir um það hvort það sé hugmynd hæstv. ráðherra að þetta frv. sé fyrsta skrefið til þess að opna fyrir einkafjármagn inn í þetta fyrirtæki, hver meining hans er í því máli.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það megi aldrei misnota þingsköp með því að biðja um orðið til þess að bera af sér sakir ef menn hafa ekki sakir af sér að bera. Tilefni mitt er það að hv. 3. þm. Vesturl., sem hafði uppi tilburði til þess að svara því efnislega sem ég hafði áður sagt, sá að hans málstaður var svo vonlaus að hann greip til þess að bera á mig sakir, þær sakir að ég hefði ekki hagað mér 17. apríl 1986 í samræmi við hegðun mína 22. mars 1990. Og hann gerði grein fyrir því í hverju þetta lægi, að 1986 hefðu forsetar Alþingis og formenn stjórnmálaflokka borið fram þáltill. um kristnitökuafmælið og þar hefði ég lagt til að sú þáltill. færi ekki til nefndar. En í gær hefði ég lagt til að þáltill., sem varðaði sama efni eða 1000 ára afmæli kristnitökunnar, færi til nefndar.

Þetta er rétt. En sá grundvallarmunur er á því sem skeði 1986 og því sem skeði í gær að 1986 var engin athugasemd gerð við það að málið færi ekki í nefnd, enginn ágreiningur var í þinginu. Í gær var gerð athugasemd við tillöguna og gerð tillaga um að hún gengi til nefndar. Og ég vil segja að það eru óhæf vinnubrögð ef tillögu eða þingmáli er ekki vísað til nefndar ef eftir því er óskað. Þess vegna var mín afstaða í gær rétt og í samræmi við þingsköp og þingvenjur en afstaða hæstv. forseta Sþ. var ekki rétt. En þingheimur sá við þessu og samþykkti þá tillögu sem ég lagði til.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna spurningar, beinnar og óbeinnar sem að mér hafa beint þeir hv. 3. þm. Vesturl., 4. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Vestf. um afstöðu mína til þess hvernig standa mætti að aukningu eigin fjár í Sementsverksmiðjunni í framtíðinni ef þörf væri á henni talin. Ég vek athygli á því að ég mælti nú í viðtengingarhætti. Um það mál hef ég ekki fleira að segja en það sem fram kemur í greinargerðinni með frv. og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þaðan örfáar línur þótt langt sé liðið á fundartímann:

„Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eigu ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfi að ráðast í framkvæmdir."

Ég vek enn athygli á viðtengingarhætti vegna þess að þetta er síðari ákvörðun, ótekin, en þetta gefur að sjálfsögðu fyrirtækinu fleiri möguleika og það veit ég að hv. þm. sem eru við málið riðnir eru mér sammála um að gera þurfi Sementsverksmiðjuna að sem

styrkastri stoð undir atvinnulíf á Vesturlandi, sérstaklega á Akranesi og í grannbyggðum, og þeim mun fleiri leiðir sem þetta fyrirtæki hefur til þess að efla sína starfsemi, þeim mun betra.

Eiður Guðnason:
Herra forseti. Ég ætla ekki að segja mörg orð. Ég hygg að þegar ræður okkar hv. 4. þm. Vestf. eru lesnar í samhengi muni þær báðar skiljast. En ég vil andmæla því sem hann sagði og lýsa alveg öndverðri skoðun, nefnilega að forseti Sþ. hafi staðið rétt að verki í gær. Ég hygg að svo hafi verið og vil láta þá skoðun mína koma fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

63. fundur, föstudaginn 23. mars, kl. 12 á hádegi.

Læknalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 32 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Hlutafélög, 3. umr.

Frv. EKJ, 419. mál (stjórnarkjör). — Þskj. 731.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs eingöngu til þess að lýsa stuðningi við þetta frv. en ég hef ekki haft tækifæri til að taka þátt í umræðum um það fyrr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 794).

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 2. umr.

Stjfrv., 355. mál (breytingar frá 1987). — Þskj. 612, n. 778.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357, n. 779.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. á þskj. 779 um frv. til laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Nefndin sendi frv. til umsagnar og bárust umsagnir frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Einnig fékk nefndin Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, til viðræðna um efni frv.
Það er fljótt frá sagt að þessir aðilar gerðu engar athugasemdir við frv. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.–52. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 702.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um innflutning dýra. Þetta er 402. mál á þskj. 702. Frv. þetta byggir í öllum aðalatriðum á tillögu nefndar sem skipuð var í framhaldi af ályktun sem gerð var hér á Alþingi hinn 24. febr. 1987. Þar ályktaði Alþingi að fela landbrh. að láta endurskoða lög um innflutning búfjár og að endurskoðun laganna tæki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og að athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem fjallar um þær tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á.

Í samráði við þetta var skipuð nefnd 26. maí 1987. Í henni sátu Davíð Aðalsteinsson formaður, Jónas Jónsson og Þorsteinn Ólafsson.

Málið hefur síðan verið unnið með venjulegum hætti í samráði við helstu hagsmunaaðila. Þess má geta að ýmsar samþykktir hafa verið gerðar á undanförnum árum, bæði af búnaðarþingi og víðar á vettvangi bænda, um nauðsyn þess að endurskoða lagaákvæði og sameina í einum heilstæðum lagabálki. Hér liggur fyrir frv. um slíkt efni. Lög þessi, ef af verður, kæmu þá í stað laga um innflutning búfjár, nr. 74 1962, í stað 48.–52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31/1973, svo og í stað 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53/1981. Hér yrðu því sameinuð í einum lagabálki öll helstu ákvæði sem verið hafa í mismunandi lögum og lúta að innflutningi búfjár eða innflutningi dýra.

Frv. tekur til allra lifandi landdýra, hryggdýra og hryggleysingja að undanskildum manninum, og það tekur einnig til lagardýra sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

Meginregla frv. er sú að allur innflutningur dýra er bannaður nema sérstaklega sé leyft af landbrh. í samráði við og með meðmælum yfirdýralæknis. Eigi í hlut dýrategundir eða stofnar sem kæmu nýir inn í íslenska náttúru skal leita samráðs við Náttúruverndarráð um slíka hluti. Frv. þetta mun ekki fela í sér ný fjárútlát fyrir ríkissjóð þar sem ákvörðun um innflutning er sjálfstæð hverju sinni. Og frv. felur ekki í sér neinar sjálfkrafa skuldbindingar að hálfu ríkisins um slíka hluti.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að þetta frv. er komið fram. Ég tel að hér sé um merkt mál að ræða og ég átti einmitt hlut að þeirri þáltill. sem þetta frv. er framhald af. Það var hljótt um hana á sínum tíma en eftir henni var unnið og þetta frv. er árangur af þeirri vinnu.

Ég er þeirrar skoðunar að auðvitað eigi að hafa allan vara á um innflutning dýra og erfðaefnis. Hins vegar er þetta nauðsynlegur þáttur í því að auka samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar. Og ef svo er þá er vel því menn verða að leita allra leiða í því efni. Þetta mál hefur komið upp í umræðum nýverið varðandi samkeppnishæfni landbúnaðar á Íslandi, t.d. hvað varðar eggja- og kjúklingaframleiðslu. Því er nauðsynlegt að huga sem best að nýjungum í þeim efnum.

Ég vil lýsa ánægju minni með að þetta frv. er komið fram þó nokkuð sé um liðið síðan þessi mál voru til umræðu hér á hv. Alþingi síðast. Ég vona að frv. verði að lögum hér á Alþingi innan tíðar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. sem er samið af nefnd fyrir þó nokkrum árum. Það eru nokkur atriði í frv. sem mig langar til að vekja athygli á og spyrja hæstv. landbrh. nokkurra spurninga. Það fyrsta sem vekur athygli og mig langaði til að minnast á er á bls. 5 í athugasemdunum. Þar er sagt að það frv. sem hér liggur fyrir sé að stofni til byggt á tillögum ofangreindrar nefndar, sem er sú nefnd sem samdi upphaflega frv. Mér er ekki alveg ljóst hvort einhverjar veigamiklar breytingar hafi orðið á þeim tillögum að frv. sem nefndin samdi. Ég var að velta fyrir mér hvort það væri kannski eingöngu varðandi innflutning á frjóvguðum alifuglaeggjum eða hvort það væru einhverjar víðtækar breytingar.

Í 9. gr. er ákvæði um að umsjónarmaður sóttvarnastöðvar skuli ráðinn af landbrh. og skuli hann fá sérstakt erindisbréf. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé eðlilegra að maður sé í raun ekki ráðinn fyrr en erindisbréf liggur fyrir eða það sé afhent samhliða. Ég segi þetta vegna þess að umsjónarmaður sóttvarnastöðvarinnar í Hrísey hefur starfað þar í nær fjögur ár og hefur enn ekki fengið erindisbréf. Því velti ég fyrir mér hvort ekki sé rétt að tengja þetta saman. Og ég beini því til þeirrar nefndar sem fær málið til meðferðar að athuga hvort ekki sé rétt að kveða þarna fastar að orði ef svo langur tími getur liðið frá ráðningu starfsmanns þangað til hann fær erindisbréf sitt.

Í þessari grein er talað um sóttvarna- og einangrunarstöðvar og í því sambandi að landbrh. setji reglugerð um rekstur slíkra stöðva. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé nauðsynlegt áður en sóttvarnastöð er byggð að fyrir liggi nákvæmlega hvernig hún eigi að vera og hvernig hún skuli rekin. Ég hringdi í landbrn. og spurði um reglugerð um sóttvarnastöðina í Hrísey, þ.e. lögin og reglugerðina á grundvelli þeirra. Ég veit ekki hversu gömul þau lög eru en ég fékk þær upplýsingar að reglugerð væri ekki til. Þess vegna finnst mér að þarna þurfi að athuga nánar hvort ekki þurfi að setja aðeins harðari ákvæði um að ekki sé

hægt að hefja rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva öðruvísi en ljóst sé hvernig þar eigi að halda á málum.

Ég vil einnig gera að umtalsefni 14. gr. Út af fyrir sig tel ég mjög jákvætt það sem þar kemur fram og það tengist reyndar því sem kemur fram í 9. gr., að flytja eigi innflutt dýr í sóttvarnastöð. En þá verður einhver sóttvarnastöð að vera til. Það þýðir ekkert að tala um að það eigi að flytja dýr í sóttvarnastöð ef hún er ekki til. Og enn minnist ég þess að einhvers staðar las ég að í Hrísey væri einungis til grunnur að þeirri sóttvarnastöð fyrir gæludýr sem þar á að vera og aðstaða sé algerlega ófullnægjandi til að taka við dýrum í sóttkví. Hæstv. ráðherra minntist á að ekki kostaði neitt að framkvæma þessi lög, en ég vil benda á að það þýðir ekkert að setja lög sem ekki er hægt að framkvæma vegna þess að ekki eru til hús til að taka við dýrunum. Ég get nefnt fleiri dæmi, t.d. minkana á Möðruvöllum í Hörgárdal. Þegar þeir komu var aðstaða ekki fyrir hendi þó svo að dýrin væru komin. Enn þá er aðstaðan algerlega óviðunandi. Fólk sem þar vinnur þarf t.d. að ganga í gegnum stöðina í sínum fötum til þess að geta farið í vinnuföt, þarf að ganga í gegnum sjálfa stöðina. Það hlýtur að vera mjög varhugavert.

Að öðru leyti er ég ánægð með margt sem hérna kemur fram. Ég tel að við eigum að fara mjög varlega í innflutningi á dýrum. Við megum samt ekki bjóða hættunni heim með því að ekki sé hægt að fara að lögunum. Og alls ekki standa þannig að málum að það bjóði í raun upp á að fólk smygli inn bæði fósturvísum og öðru vegna þess að aðstaða sé í raun ekki fyrir hendi til að framfylgja lögum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. og lýsi mig í flestum greinum sammála því sem kom fram þar, m.a. hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er einmitt ætlunin að þessi lög nái betur utan um það að tryggja eftirlit og framkvæmd með þeim innflutningi sem leyfður er. Þau byggja á þeirri meginreglu að innflutningur sé óheimill nema þegar hann er sérstaklega leyfður og þá með tilteknum skilyrðum.

Að mínu mati er ekki um að ræða umfangsmiklar efnisbreytingar á frv. frá því sem tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir. Uppsetningu var nokkuð breytt. Þannig voru til að mynda teknar inn orðskýringar í 1. gr. til að skýra betur hvað við er átt. Ég lét taka upp það ákvæði að landbrh. skyldi hafa samráð við Náttúruverndarráð þegar um væri að ræða óskir um innflutning á dýrategundum eða stofnum sem ekki væru fyrir í landinu. Mér finnst óeðlilegt að landbrh. einn og sér hafi alræðisvald um slíkan dýrainnflutning. Uppsetningunni á því samráði sem haft er við dýralækna um fagleg málefni, sbr. 3. gr., var breytt nokkuð en efnislega er þar í raun og veru um sambærilega hluti að ræða og var í tillögu nefndarinnar.

Hvað reglugerðarútgáfu snertir og framkvæmd þeirra mála sem hv. þm. vék að, þá ætla ég ekki að mótmæla því að margt hefði mátt betur fara að mínu mati í þeim efnum. M.a. þess vegna og til að ná betur utan um einn afmarkaðan þátt þessa máls, þ.e. innflutning gæludýra, tók ég um það ákvörðun á sl. ári að láta hefja vinnu við að reisa slíka stöð í Hrísey. Og með samþykki fjárveitingavaldsins, sem veitti til þess nokkra fjárhæð, hófust framkvæmdir síðla á síðasta ári. Grunnur var þá reistur og byggingarframkvæmdum verður haldið áfram á þessu ári og reynt að koma þeirri stöð upp svo unnt sé að taka á þeim málum betur en hingað til hefur verið hægt.

Fjölmargt annað mætti um þetta segja en ég treysti hv. landbn. til að fara ofan í saumana á þeim atriðum sem hv. þm. hér vék að og öðru sem þurfa þykir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 756.

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var ósköp rólegur þó hv. 3. þm. Reykv. kæmi hér inn í umræðuna. Sjálfur var ég búinn að ræða málið í fimm mínútur eða svo þegar fundi var frestað sl. miðvikudag. Ég ætlaði að bæta nokkrum atriðum við þetta merka þingmál sem hér er rætt þar sem ég hef komið að á undirbúningsstigi sem fulltrúi í nefnd sem félmrh. fól að undirbúa þetta mál.

Ég var þar staddur í máli mínu, ef ég man rétt, að fjalla um jafnréttisráðgjafa og ákvæði í 18. gr. frv. sem tengist heimild til félmrh. að ráða jafnréttisráðgjafa til þess að vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um allt land. Þetta ákvæði tengist reynslu sem nágrannalönd okkar hafa af starfi slíkrar ráðgjafar og hefur þótt gefast vel. Ég flutti ásamt fleiri hv. þm. till. til þál. um þetta efni á þinginu 1987–1988. En eftir að undirbúningur hófst að endurskoðun laga eins og hér liggur fyrir sá ég ekki ástæðu til að endurflytja það mál heldur var það tekið upp á þeim vettvangi og fékk þar stuðning. Því miður hefur þetta ákvæði verið veikt í frv. frá tillögum nefndarinnar í þá veru að í stað þess að ótvírætt sé að félmrn. skuli ráða slíka ráðgjafa til starfa er hér heimild til þess. Að vísu er kveðið nokkuð ákveðið að í skýringum við viðkomandi lagagrein um að þetta skuli gerast. Ég treysti því og verð að vænta þess að hæstv. félmrh. beiti sér mjög eindregið fyrir því að fjármagn á vegum félmrn. verði veitt svo kleift verði að koma ráðningu jafnréttisráðgjafa af stað þegar á næsta ári. Það er mikilvægt að reynsla fáist sem fyrst af starfi þeirra og fyrsta skref a.m.k. verði stigið til þess að ná því marki að slíkir ráðgjafar starfi í öllum kjördæmum landsins sem áreiðanlega er veruleg þörf á. Ég tel

hins vegar ekkert óeðlilegt að unnið sé að þessu máli í áföngum. Meginatriðið er að hafist verði handa.

Ég leyfði mér fyrr í ræðu minni að vísa til verkefnisins „Brjótum múrana" sem nú er að ljúka, þessa samnorræna verkefnis sem Valgerður Bjarnadóttir hefur starfað að sem starfsmaður íslenska hópsins sem hefur átt hlut að þessu norræna samstarfsverkefni. Hún lauk sínu starfi um síðustu áramót ef ég er rétt upplýstur um stöðu þess máls.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þennan þátt mála en vil vísa til þess sem segir á bls. 7 í greinargerð, að nefndin leggur áherslu á að reglugerð skv. 25. gr. frv. verði ítarleg og útgáfa hennar dragist ekki. Bent er á að sérstaklega er þörf á skýringum við 3. gr. laganna sem er óbreytt í frv. frá því sem verið hefur þar sem fjallað um séraðgerðir í þágu kvenna, 4. gr., sem einnig er óbreytt í frv., um það hvað sé átt við með launum kvenna og karla fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, svo og útfærslu á 19. gr. frv. um jafnréttisráðgjafa. Þetta snertir framkvæmd laganna og er mjög veigamikið að þarna verði gengið eins langt og lög leyfa og möguleiki er til að mati framkvæmdarvaldsins til þess að styrkja réttarstöðu kvenna. Ég bendi á að í þáltill. frá 1987 um jafnréttisráðgjafa er vísað til verkefna sem eðlilegt er að slíkir ráðgjafar sinni og bendi á að það mætti hafa einhverja hliðsjón af því þskj. þegar reglugerð er sett og störf þessara jafnréttisráðgjafa mótuð. Ég er þó engan veginn að segja að öll aðalatriði séu komin fram í þessari greinargerð, nefndu þskj.

Ég leyfi mér einnig, virðulegur forseti, að vísa til þess að á sama þingi, 1987–1988, var flutt mál sem var 362. mál þess þings, um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna, þingmál sem hv. 12. þm. Reykv. var 1. flm. að. Þar var verið að ýta á að mótaðar yrðu reglur og lagðar fyrir Alþingi tillögur um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna þannig að koma mætti sem fyrst á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna. Í því máli, sem ég tók undir á þeim tíma, er að finna ábendingar í greinargerð um ýmis þau atriði sem taka þyrfti á í sambandi við framkvæmd á 3. gr laganna, sem einnig er 3. gr. þessa frv., um sérstakar tímabundnar aðgerðir í þessu skyni. Meðal þátta sem þar þurfa að koma til aðgerðar eru auðvitað launamálin og möguleikar á að leiðrétta þá bágu stöðu sem er í launahlutföllum kynjanna. Einnig spurningin um tímabundinn forgang kvenna við stöðuveitingar, m.a. á vegum hins opinbera. Að því máli er raunar vikið í einni af greinum frv., að bæta þá stöðu. Það er í 8. gr. frv. þar sem segir í upphafi: „Við ráðningu í starf skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Gildir þetta jafnt um stöðuveitingar hjá hinu opinbera sem og á almennum vinnumarkaði", segir í frv.

Hv. 17. þm. Reykv. vék aðeins að þessu atriði í sínu máli og mér fannst hann vera að draga úr gildi þessa ákvæðis og að það bæri að lögfesta. Ég er þeirrar skoðunar að afar þýðingarmikið sé að þetta ákvæði verði lögfest og því verði beitt svo sem frekast er unnt til þess að bæta stöðu kvenna í störfum og ekki síst í ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst að karlkynið hér á landi stendur mun betur að vígi vegna þess forskots sem það hefur nú og geta umsækjendur af því kyni í mörgum tilvikum vísað til reynslu og annars þess sem færir þá, samkvæmt núverandi ákvarðanatöku og reglum eða framkvæmd varðandi stöðuveitingar, náð forskoti. Við náum ekki jafnstöðu þarna nema menn séu reiðubúnir til sérstakra aðgerða að þessu leyti og þau felast má segja í 3. gr. frv. og raunar í 3. gr. núgildandi laga þar sem löggjafinn tekur undir að slíkar sérstakar tímabundnar ráðstafanir séu réttmætar.

Það gildir auðvitað einnig um fjárveitingar til þessara mála, og fyrr í mínu máli vék ég að því að menn verða að vera undir það búnir að þessi mál taki eitthvert fjármagn úr sameiginlegum sjóði landsmanna, að það þurfi að veita fjármagn til þessara mála, þó að það sé aðeins einn hluti málsins. En þar reynir á hvort pólitískur vilji er til þess að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið sé reiðubúið til þess að leggja nokkurt fé af mörkum umfram það sem nú er til þess að bæta hina almennu aðstöðu til þess að ná jafnstöðu í samfélaginu milli kynjanna. Ég verð að segja það að mér finnst að ekki blási þeir vindar í sambandi við umræður um þessi mál sem þyrftu að vera. Ég vænti þess hins vegar að umræður um frv. og lögfesting þess verði til þess að þessi staða verði betri, þar á meðal sú skipan mála sem felst í 17. gr. frv. og því sem henni tengist í skýringum varðandi undirbúning áætlana og fjárveitingar til þessara þátta. Þetta eru ekki stórar upphæðir sem hér eru á ferðinni, jafnvel á okkar mælikvarða, langt frá því. En það er viljinn sem hér reynir á, hinn pólitíski vilji. Ég hlýt að minna á þennan þátt.

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að ræða ýmsa fleiri þætti þessa máls en ég ætla að takmarka mig við örfá atriði til viðbótar. Það er ákveði 12. gr. frv. sem er nýmæli varðandi skipun í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þar er verið að fara inn á braut sem reynd hefur verið í Danmörku til þess að bæta stöðu kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum auk þess sem sett eru fram almenn stefnumið í þessu sambandi.

Hv. 17. þm. Reykv., sem er ekki viðstaddur umræðuna en ég leyfi mér að vísa til hans málflutnings hér, gat þess að nokkuð væri óljóst um möguleika á að framkvæma ákvæði þessarar greinar frv. Ég gæti fallist á að ekki er allt sagt með þessu lagaákvæði. Það hefði verið kostur að geta orðað það skýrar en hér er verið að reyna að ná fram almennu stefnumiði, ekki aðeins hjá hinu opinbera heldur einnig í félagasamtökum í landinu, og þá er náttúrlega ekki hægt að setja fortakslaust skuldbindandi ákvæði. Sjálfur hafði ég þá hugmynd og kom því að í nefndinni sem undirbjó málið að fara aðra leið í þessum efnum, leið sem lögð var til með frv. sem flutt var hér á Alþingi af mér og hv. 13. þm. Reykv. fyrir tveimur þingum, frv. til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þskj. 75/1987. Þar var

gerð tillaga um að breyta 12. gr. laganna varðandi skipan í stjórnir, nefndir og ráð hjá ríkinu og lögfesta þar ákveðið hlutfall til jöfnunar, stundum tengt hugtakinu kvóti, þ.e. það yrði aldrei meiri munur en svo að hlutföllin væru 46:60 nema í sérstökum undantekningartilfellum. Þar var einnig vikið að því sem varðar sveitarfélög og eru vissulega ákveðin vandkvæði á að ná fram þeirri skipan sem hér er lögð til í 12. gr. þar sem segir með þessum orðum, með leyfi forseta, í frv. sem ég gat um:

„Sveitarfélög skulu tilkynna Jafnréttisráði um nefndir, stjórnir og ráð sem kosin eru eða tilnefnd á þeirra vegum. Jafnréttisráð sendir sveitarstjórn athugasemdir ef það telur að ekki séu uppfylltar kröfur samkvæmt þessari grein. Sveitarstjórn getur að fengnum athugasemdum Jafnréttisráðs kosið eða tilnefnt á ný, enda gangi það ekki gegn ákvæðum í öðrum lögum."

Þarna er í rauninni náð lengra og með ákveðnari og ljósari hætti því markmiði sem verið er að leggja til í þessu frv. Ég er hins vegar ekki að boða brtt. við frv. heldur aðeins að vísa til þess að hér er önnur aðferð sem tekur á sama máli og að mínu mati væri hún skilvirkari og augljósara hvernig framkvæma ætti ákvæðið ef því væri beitt, en ég var fús til samkomulags við undirbúning þessa máls að sú leið yrði reynd sem felst í 12. gr. frv.

Það eru, virðulegur forseti, ýmsir þýðingarmiklir þættir sem varða réttarfarsstöðu þessara mála í frv. og ég vænti þess að þau ákvæði fái góðan hljómgrunn hér. Þó fannst mér gæta efasemda í máli hv. 17. þm. Reykv. um viss atriði en vil ekki staðhæfa að hann hafi boðað þar fyrirstöðu. Ákvæðið sem varðar sönnunarbyrði í sambandi við ráðningu í stöður samkvæmt 6. gr. frv. er mjög þýðingarmikið ákvæði þar sem segir: „Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans." Hér er auðvitað mjög þýðingarmikil breyting á ferðinni sem hefur verið tekin upp í Vestur-Evrópu og Evrópubandalagið virðist vera á leið með að lögfesta þessa skipan *mála hjá sér og gefið út tilskipun um þetta efni sem er* vissulega ágætt skref og við eigum að horfa til í sambandi við skipan mála hér.

Sama gildir um breytta meðferð deilumála og stofnsetningu sérstakrar kærunefndar jafnréttismála sem auðveldar meðferð og gerir hana væntanlega skilvirkari og léttir af Jafnréttisráði verkefnum sem hafa verið aðalverkefni þess vegna þess hvernig kærumál hafa safnast upp. Ráðið á að verða færara eftir en áður að vinna að stefnumarkandi málum og sem ráðgjafi félmrn. sem er það ráðuneyti sem fer með jafnréttismálin. Það er út af fyrir sig athyglisvert að það er fyrst með þessum lögum sem því er slegið föstu í frv. að það sé félmrn. sem fari með þessi mál, sé húsbóndinn framkvæmdarvaldsmegin í þessum málum og lögð áhersla á að styrkja ráðuneytið að því leyti. Ég hefði talið rétt að ganga lengra en gert er í frv. til að tryggja að félmrn. fengi svigrúm til þess að sinna þessum málum meira en verið hefur með því að setja upp sjálfstæða skrifstofu jafnréttismála innan ráðuneytisins. Ekki varð samstaða um að ganga svo langt að þessu sinni en ég tel engu að síður þörf á því að þannig verði að málum staðið.

Virðulegur forseti. Það mætti margt segja um almenna stöðu jafnréttismála. Ég ætla að hafa fá orð um hana. En hitt held ég að engum dyljist sem fylgist með hvernig mál þróast hér í samfélaginu að þó benda megi á vissa ávinninga í jafnréttismálum kynja hér á landi á undanförnum árum eru landvinningarnir afar smáir og á ákveðnum sviðum má segja að þróunin sé að ganga til baka. Maður skynjar ákveðna strauma í samfélaginu í þá átt að úr þeirri sókn sem var snemma á þessum áratug í sambandi við jafnstöðumál kynjanna í samfélaginu sé að draga og þar sé að þyngjast róðurinn á því sviði. Það sjást ýmis merki þess að hið gamla veldi sé að sækja í sig veðrið á þessum sviðum, sé að safna púðri og jafnvel farið að beita skotum til þess að veikja þá ávinninga og smækka þá landvinninga sem þó hafði tekist á tryggja á þessu sviði. Ég vísa til þess sem virðist stefna í t.d. í sambandi við sveitarstjórnarkosningar sem fram undan eru. Þó á það megi kannski benda að sums staðar fjölgar konum í framboð kemur það jafnframt í ljós að konur sem hafa lagt inn á þennan vettvang margar hverjar eru ekki reiðubúnar til þess að sinna starfi þar áfram. Ástæðurnar, sem Jafnréttisráð hefur að nokkru leyti kannað, eru m.a. neikvæð reynsla og *margháttaðar persónulegar ástæður sem gera konum* erfitt fyrir að sinna félagsmálastörfum, m.a. í sveitarstjórnum. Það liggur fyrir samkvæmt könnun Jafnréttisráðs að 61% aðalmanna eða kvenna sem skipað hafa sæti í sveitarstjórnum núverandi kjörtímabil segist ætla að hætta í vor og langflestar þessara kvenna voru kosnar í fyrsta sinn í sveitarstjórnir í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Þetta er umhugsunarefni, þetta er liður í þeirri neikvæðu stöðu sem konum er búin hér til öflugrar þátttöku í starfi vegna almennra aðstæðna í samfélaginu. Því miður sýnist mér að stuðningurinn við að tryggja þeim möguleika til áhrifa og veita þeim stuðning til þess að færast í *fang ábyrgðarstörf m.a. í sveitarstjórnum*, sá stuðningur komi ekki fram í flokkunum eins og vera þyrfti. Þetta hlýtur að vera stórfellt áhyggjuefni í sambandi við jafnstöðumál kynjanna. Og það sem kannski er oftast bent á og blasir auðvitað við hverjum manni sem sjá vill er sá mikli launamunur sem er milli kynjanna í samfélaginu, tengist sumpart því að konur eru í láglaunastörfunum, fylla láglaunahópana í samfélaginu, fylla hópa þar sem störfin eru ekki metin til launa eins og eðlilegt væri og m.a. í krafti þess veldis sem ræður mestu um samninga á vinnumarkaði. Gildir þar einu hvort um er að ræða almennan vinnumarkað eða hið opinbera.

Ég nefni í þessu sambandi og vísa til greinar sem ég rakst á í dagblaðinu Degi á Akureyri 20. mars sl. Lilja Mósesdóttir ritar þar fróðlega grein um þessi efni og kemur bæði að félagslegum réttindamálum kvenna, áhrifum þeirra í samfélaginu og aðstöðu þeirra til

áhrifa og alveg sérstaklega að þeim þáttum sem varða launamun kynjanna. Hún bendir á margt í þessari grein sem er ekki löng. Ég leyfi mér aðeins að nefna það sem hún segir undir lok greinarinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Viðtæk samvinna útivinnandi kvenna og kvenna með þekkingu og reynslu í t.d. stjórnmálum, sagnfræði, félagsfræði, sálfræði, mannfræði og hagfræði er forsenda þess að raunhæfar leiðir finnist til að snúa undanhaldi í sókn." Samvinna þessara hópa — og það er alveg fullljóst að leiðrétting á misréttinu milli kynja í samfélaginu hefst ekki öðruvísi en konurnar þjappi sér saman. En það hlýtur jafnframt að verða að höfða til hins ríkjandi valds í þjóðfélaginu sem karlar hafa í höndum sér, að þeir séu reiðubúnir til þess að láta eitthvað af mörkum í þessu og standa við orð og yfirlýsingar sem gjarnan falla í máli manna og finna má í yfirlýsingum og samþykktum stjórnmálaflokka og í ræðum manna bæði hér á þingi og víðar. Á þessi atriði reynir bæði nú og áframhaldandi. Við erum tæpast á réttri leið í þessum efnum.

Það eru ýmis sólarmerki í þá átt að það sé að þyngjast undir fæti í jafnréttismálum í samfélaginu, að gömul gildi séu að sækja í sig veðrið í þessum efnum. Þetta frv. er viðleitni af hálfu löggjafarvalds og hæstv. félmrh. til þess að bæta stöðuna. Það er skylt að Alþingi standi að því. Annað væri ekki sæmilegt og við skulum vona að þetta frv. verði lögfest hér fyrir lok þings.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir mjög ítarlega og fróðlega ræðu sem hún flutti er hún gerði grein fyrir frv. Við athugun þessa máls kemur þó í ljós að í frv. er ýmislegt sem betur má fara. Spurning er hvort frv. þetta, ef samþykkt yrði, yrði til þess að bæta jafnrétti karla og kvenna í þjóðfélaginu frá því sem nú er og hvort í því eru einhver atriði til bóta frá því fyrirkomulagi sem núgildandi lög leyfa. Því miður verð ég að segja að við athugun málsins virðist mér að eitt meginatriði, sem ég tel sterkast af þeim úrræðum sem við höfum nú lögum samkvæmt, sé gert mjög veikt og nánast numið úr lögum. Hér á ég við Jafnréttisráð eins og það nú er skipað og hina veigamiklu úrskurði þess. Sannleikurinn er sá að Jafnréttisráð hefur unnið sér mikilvægan sess meðal þjóðarinnar og það er mjög til þess litið hverjir úrskurðir þess eru. Raunar held ég að úrskurðir Jafnréttisráðs feli í sjálfu sér mikið aðhald fyrir þá sem málum ráða og skipa í stöður. Gildir þar einu þó einn hæstv. samráðherra hæstv. félmrh. hafi æ ofan í æ orðið uppvís að því að ganga á svig við jafnréttislögin samkvæmt úrskurði Jafnréttisráðs. Vissulega er þar um atriði að ræða sem er alvarlegt og hefði þurft að bregðast við á vettvangi ríkisstjórnarinnar sjálfrar, með aðhaldi til þess að starfa í samræmi við jafnréttislögin. Mér þykir hins vegar sem menn séu að flýja kjarna málsins með því að leggja fram frv. sem byggir fyrst og fremst á því að kærumál séu orðin svo mörg hjá Jafnréttisráði að best sé að veikja stöðu þess stórlega með því að fækka fulltrúum í því og skipa þriggja manna nefnd til þess að fara með þessi mikilvægu mál. Ég tel það mjög alvarlegt skref að afnema með þessum hætti vald og sess Jafnréttisráðs sem nu er skipað fulltrúum frá ýmsum aðilum sem oftast eiga hagsmuna að gæta fyrir hönd þeirra sem misgert kann að vera við að skilningi jafnréttislaga. Þetta tel ég alvarlegasta atriðið í þessu frv.

Við getum svo hins vegar velt því fyrir okkur hvort núgildandi jafnréttislög og tilvist Jafnréttisráðs hafi raunverulega orðið til þess að bæta jafnrétti karla og kvenna, til þess að bæta stöðu kvenna þar sem á þær hefur hallað, en í langflestum tilvikum er það konan sem á hallar í jafnréttismálum. Enn þá er það svo að það er ljóst að fjölmennar stéttir í þjóðfélaginu, sem gegna miklum og sérhæfðum ábyrgðarstörfum, eiga erfiðari stöðu en aðrar stéttir og þessar stéttir eru að meginhluta til skipaðar konum.

Það má e.t.v. halda því fram að með þessu sé ekki verið að mismuna milli kynja í strangasta skilningi. Ég held þó að þegar við skoðum málin sé veruleikinn sá og við þessu bregðumst við ekki með því að veikja Jafnréttisráð. Við bregðumst ekki við þessu heldur með því að skipa til umfjöllunar kærumála, eða til þess að meta hvort lögin hafi verið brotin, nefnd þar sem færri fulltrúar hagsmunaaðila eiga sæti. Tel ég rangt að draga úr þeim möguleika að víðari sjónarmið geti komið til skoðunar í Jafnréttisráði eins og nú er. Með frv. er það einmitt gert.

Af hverju skyldi þetta þá hafa orðið niðurstaðan? Tvær ástæður erur hugsanlegar. Með þessu hefur hæstv. ráðherra lagt fram frv. sem hann gæti e.t.v. sagt að væru viðbrögð við títtnefndum brotum núv. hæstv. menntmrh., sem einnig urðu þegar hann var heilbrrh., eða svo virtist vera samkvæmt svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn sem rædd var 25. jan. sl. Þá vitnaði hæstv. ráðherra til þess að senn mundi hlaupa af stokkunum ný löggjöf um þetta efni. Spurningin fjallaði um það hvað félmrh. hygðist gera á vettvangi ríkisstjórnarinnar vegna þess að menntmrh. hafði fengið gegn sér úrskurð Jafnréttisráðs. Og hafi hæstv. ráðherra ekki séð önnur úrræði má það auðvitað vera rétt, og er auðvitað rökrétt, að svara því með nýjum lögum. Enda séu þau betur framkvæmanleg en þau sem nú gilda og séu sterkari á því sviði sem þeim er ætlað að taka til. — Það virðast mér þau samt alls ekki vera, því miður, heldur einmitt veikari. Og það er það sem ég tel alvarlegt í þessu máli.

Hæstv. ráðherra gæti þó hugsanlega bent á einstök atriði sem ekki eru inni í núgildandi lögum eins og t.d. 12. gr. þessa frv., þar sem nánar er útfærð 12. gr. núgildandi laga. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar." Og síðan, og það er nýtt í greininni: „Þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal sá, sem skipar fulltrúa, fá tilnefningu bæði um konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að fulltrúar skiptist sem jafnast milli kynja."

Þetta eru mjög góð markmið og viðurkenni ég sannarlega að skynsamlegt sé að stefna að þessu, enda segir í greininni „þar sem því verður við komið". En það er matsatriði. Hvernig á svo að framfylgja þessu? Kærunefndin sem skipuð á að vera þremur mönnum nú í stað Jafnréttisráðs í heild áður getur gert kröfu um og farið með mál fyrir dómi þar sem ekki einungis eru dæmdar skaðabætur samkvæmt almennum reglum, sem er náttúrlega ekki nema eðlilegur hlutur, heldur einnig að unnt sé að dæma til miskabóta af þessum sökum, þ.e. fégjald fyrir hneisu, óþægindi eða röskun á stöðu og högum. Og mér er spurn: Hvernig á að framfylgja þessu? Ef nú t.d. félag sem er framfarafélag í byggðarlagi sem í raun og veru er jafnt skipað konum og körlum hefur nú að meiri hluta til karlmenn í stjórn sinni, er þá unnt að dæma þetta félag til þess að greiða fégjald til kvennanna sem mætavel hefðu getað komið til greina í stjórnina og e.t.v. fallið í stjórnarkjöri eða greiða einhvers konar miskabætur í þessu tilviki? Hver er þá sá einstaki aðili sem misgert er við eða hvernig á að standa að þessu? Mér virðist þetta ekki vera nægilega greinilegt, því verkefni kærunefndarinnar er að leggja mat — á hvað? Leggja mat á það hvort 2.–13. gr. laganna hafi verið brotnar eða ekki. Þetta ákvæði sem ég er að vitna til er 12. ákvæðið þannig að þetta er eitt af þeim ákvæðum sem geta orðið grundvöllur einhvers konar fébóta, það hvort konur eru jafnmargar og karlar í stjórn einhvers félags sem bæði er skipað konum og körlum.

Mér virðist að þarna þurfi að gera orðalagið skýrara. Ekki efa ég að það sem fyrir frumvarpshöfundum eða hæstv. ráðherra vakir er fyrst og fremst að auka jafnréttið og í slíkum tilfellum flestum að auka áhrif kvenna. En mér þykir þetta fébótaákvæði 22. gr. þurfa sérstakrar athugunar við í þessu sambandi. Enn fremur sektarákvæði og þá þarf að gera sér grein fyrir því, ef sektarákvæði kæmi til greina, hvort þær sektir ættu að fara í ríkissjóð eða hvort ekki væri skynsamlegt að þær sektir færu til þess að reka Jafnréttisráð. Þar skilst mér að aðalvandinn hafi verið. Hin raunverulega ástæða þess að verið er að þrengja verksvið Jafnréttisráðs, hið mikla vald sem það hefur í raun og veru á viðhorf og skoðanamyndun í þjóðfélaginu með úrskurðarvaldi sínu, það er verið að þrengja það vald vegna þess að fjárframlög hafa ekki fengist til þess að það gæti sinnt vinnu sinni. Þá á að ná í þau fjárframlög með því að búa til aðra nefnd sem hefur auðvitað miklu minna vægi. Mér finnst miklu skynsamlegra, herra forseti, að nota heldur það fé sem þarf til að kosta starf kærunefndarinnar til að efla starf Jafnréttisráðs í því formi sem það er nú.

Þá vil ég víkja að nokkrum öðrum einstökum atriðum í þessu frv. Í fyrsta lagi er það fyrsta ákvæðið. Það hefur núna viðbót sem er nokkuð umdeilanleg. Spurning er hversu viðeigandi er að þessi viðbót standi í lagagrein þar sem verið er að fjalla um jafnrétti þegna. Það er tilgangsgreinin og hún er svo orðuð, herra forseti:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum." Og síðan segir, og það atriði er nýtt og umdeilanlegt í greininni: „Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði."

Ég spyr, ef einhver tilvik eru þannig í þjóðfélaginu, þó að ég hafi þau ekki í huga í bili eða muni ekki eftir þeim, en ég útiloka ekki að þau gætu verið til, að einhvers staðar halli á karlmann, þýðir þetta þá það að ekki eigi að bæta stöðu hans til að ná þessu markmiði? Þetta nefni ég vegna þess að mér þykir þessi setning einfaldlega vera hortittur í greininni. Ég held að það sé sagt sem segja þarf í fyrri hluta greinarinnar: Tilgangurinn er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Ef við erum að tala um jafnrétti eigum við ekki að hafa í sömu lagagrein yfirlýsingu sem þýðir að til þess að ná þessu jafnrétti ætlum við að beita misrétti. Ég get ekki skrifað undir þá aðferð. Hins vegar getur vel verið að þessum tilgangi sé hægt að ná, og það er það sem ég vonast til að verði niðurstaða þeirra jafnréttislaga sem við höfum hverju sinni, að jafnrétti náist án þess að nokkur maður sé beittur misrétti.

Í þessum orðum mínum felst að ég er nú sem áður andvíg hinum svokölluðu tímabundnu forréttindum. Ég tel að tímabundin forréttindi kvenna til þess að ná fram jafnrétti, eins og ég veit að tilgangurinn er, feli í sér mótsögn. Tímabundin forréttindi geta þegar til lengri tíma er litið unnið gegn jafnréttinu. Mjög hæfar konur sækja t.d. um ýmis störf í þjóðfélaginu og eru í þau skipaðar vegna þess að þær eru annaðhvort jafnhæfar eða þá hæfari eða miklu hæfari en karlmenn sem sækja. En ef svona grein stendur í lögum, eins og þessi og aðrar sem geta leitt til tímabundinna forréttinda, er þar verið að opna leið til þess að þær séu alla tíð á einhverjum lægri stalli en karlmaðurinn í sams konar starfi því ævinlega verður hægt að vitna til þess hverjir voru hennar verðleikar. Þá segir keppinautur hennar, sem er karlmaður: Verðleikar hennar eru: Hún er kona. Jú, hún hefur þessa starfsreynslu eða þessa menntun en hún er kona og samkvæmt lögunum ræður það úrslitum. Þess vegna er ég andvíg því að í lögunum séu greinar sem veita tímabundin forréttindi og sem kvenréttindakona sækist ég eftir jafnrétti en ekki forréttindum.

Ég held að það sé meira að segja alveg ljóst að í löndum þar sem ákvæði hafa verið um hin tímabundnu forréttindi, þá eru þau einmitt farin að kasta þessum skugga á feril kvenna sem hafa barist í því að afla sér hæfni til þess að vera metnar að verðleikum en ekki samkvæmt því hvers kyns umsækjandi um starf er. Þetta hefur orðið til þess að mjög hæfar konur í störfum eru farnar að fá það á sig, finna andrúmsloftið gegn sér, að þær hafi þrátt fyrir alla sína viðleitni ekki hina sömu reynslu eða starfs- eða fræðilegu verðleika og karlmaðurinn sem við hlið þeirra starfar. Þess vegna vil ég enn og aftur vara við þessari viðleitni. En svo sannarlega skulum við gera allt sem við getum til að hvetja til þess að aldrei verði gengið á rétt kvennanna eins og allt of mikið hefur orðið af og einkanlega þó í þeim stóra stíl sem ég

nefndi upphaflega, að ýmsar stéttir sem fyrst og fremst eru skipaðar konum búa oft við verri kjör en karlastéttir. Á það því miður oft við þótt kvennastarfið krefjist ekki síður ábyrgðar og sérhæfingar en karlastarfið.

Einhvern veginn held ég að hæstv. ráðherra sé í hjarta sínu innilega sammála og ég vonast svo sannarlega til þess að hún beiti sér fyrir því að þetta frv. og þau lög sem í landinu gilda um þessi efni séu þannig að konur megi vera stoltar af og að það sé gengið út frá því að þær séu á öllum sviðum jafnhæfar til hvers konar starfa. Og þess vegna skipi þær störfin en ekki vegna þess að lög segi: Það á að skipa konu sem fullnægir skilyrðum til starfsins, eins og segir annars staðar í frv. En það segir hins vegar ekkert um það ef umsækjendur um starf fullnægja skilyrðunum sem sett eru, hvernig fari þegar um er að ræða mismunandi starfsreynslu eða hæfni sem er meiri en lágmarksskilyrðin. Því þarf e.t.v. að athuga þetta orðalag betur eða einfaldlega nema úr lögunum allt sem getur leitt til hinna svonefndu tímabundnu forréttinda.

Hitt er svo annað mál að það eru önnur atriði í þessu frv. þar sem allt önnur sjónarmið en jafnrétti kynja koma til greina við tilnefningu til starfa. Það er skipan sjálfs Jafnréttisráðs, sem að vísu á að hafa mun veigaminna hlutverk nú, ef þetta frv. verður að lögum, en áður var. Það á fyrst og fremst að verða fundavettvangur, virðist mér vera, þar sem sennilega á að gera ályktanir sem eiga að verða ráðgefandi og um fræðslu- og upplýsingastarfsemi o.s.frv., eins og er meðal núverandi verkefna Jafnréttisráðs. Það sem er einkennilegt í þessu, og er eitt aðalatriðið í frv., er að allir þingflokkar eiga að tilnefna. Það segir ekkert um það hve margir eigi að vera í Jafnréttisráði en ef það væri ljóst gætu þingflokkar haft samstarf um tilnefningu rétt eins og þegar um þingkjörnir nefndir er að ræða. En nú er það t.d. svo ef Sjálfstfl., eins og hann er núna, dytti í hug að skipta sér niður í 18 þingflokka, þá gætum við átt ansi drjúgan hluta í þessu nýja ráði. Ég tala nú ekki um ef við verðum 38. Á þetta benti flokksbróðir minn hér í gær. Virðist augljóst — ég ætla ekki að fara nánar út í það — að þetta ákvæði þarf að vera greinilegra.

Ég vil aðeins ítreka, herra forseti, hve varhugavert það er að veikja Jafnréttisráð með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Sú afstaða mín verður enn ákveðnari þegar ég les ákvæði til bráðabirgða sem mér þykir satt að segja ekki hafa neina skýringu. Svo mikið liggur á að draga úr valdi Jafnréttisráðs að sett er ákvæði til bráðabirgða um að það eigi að víkja frá um leið og lögin eru sett. Þá eigi af skyndingu að skipa nýtt Jafnréttisráð samkvæmt nýju lögunum. Ekki veit ég t.d. hvort þingflokksígildi með einum manni á að vera í Jafnréttisráði eða hve margir menn þurfa að vera til þess að hafa fulltrúa eða hvort stærri flokkar hafa fleiri fulltrúa, um það segir ekki neitt í frv.

En hvað um það, þangað til nýjar alþingiskosningar fara fram á að skipa nýtt Jafnréttisráð samkvæmt 15. gr. og þá á að skipa hina umræddu kærunefnd til þriggja ára. Það verður nefndin sem hefur hið raunverulega vald samkvæmt þessum lögum. Þeir sem ekki fá að tilnefna í nefndina, sem valdið hefur samkvæmt þessum lögum, eru eftirtaldir aðilar: Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasamband Íslands. Þessir aðilar fá samkvæmt hinu nýja frv. ekki að verða aðilar að ákvörðunum Jafnréttisráðs nema það varði með beinum hætti einhvern þeirra. Ég skil ekki hvað hæstv. ráðherra gengur til með t.d. Kvenfélagasamband Íslands, sem er stofnun sem hefur unnið mjög mikið og þarft verk fyrir konur hér á landi í 60 ár, að afnema rétt þessa sambands sem hefur líka verið viðurkennt af Alþingi í mörg herrans ár. Af hverju má Kvenfélagasambandið ekki eiga fulltrúa í þessari mikilvægu stofnun sem nú er, Jafnréttisráði? Og hvers vegna ætti það þá ekki, ef búin eru til eins konar tvö Jafnréttisráð, að eiga fulltrúa í þeirri kærunefnd sem á að fara með hið raunverulega vald Jafnréttisráðs, úrskurðarvaldið?

Þetta eru spurningar sem ég hygg að nauðsynlegt sé að svara. Aðalatriðið með þessu frv. ætti að vera að bæta rétt og aðstöðu kvenna í landinu til þess að ná jafnrétti á við karla þar sem á það skortir og líka á hinn veginn. Með öðrum orðum að koma á, eins og segir í 1. gr., jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum. Þess vegna þarf að breyta því eða leyfa núgildandi lögum að standa.

Ég ætla ekki að fara út í það að skilningur getur verið mismunandi á því hvað hin jafna staða þýðir, hvort það þýði að það sé jöfn aðstaða eða jafn fjöldi í störfum. Ég mun ekki fara út í það né nánari hugleiðingar um hin hefðbundnu karlastörf og hefðbundnu kvennastörf, heldur hitt að þar sem réttur annars kynsins er fyrir borð borinn, þar verði sá hlutur færður til rétts vegar. Það er þetta sem máli skiptir en ekki hve margar nefndir eru skipaðar æ ofan í æ.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla um það frv. sem hér liggur fyrir í löngu máli enda hefur umræða nú þegar farið fram um ýmis atriði sem mér þótti ástæða til að tína til. M.a. hefur hv. 12. þm. Reykv. drepið á nokkur þeirra atriða sem mér hafði þótt ástæða til að nefna í þessu sambandi.

Einn er þó sá þáttur þessa frv. sem mér finnst nauðsynlegt að geta sérstaklega um en það eru ákvæði 12. og 13. gr. sem þegar hafa nokkuð verið til umfjöllunar. Það sem mig langar að gera að umtalsefni eru þau ákvæði er varða sveitarfélög sérstaklega. Þar eru ákvæði um að í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasambanda skuli sitja því sem næst jafnmargir karlar og konur, þar sem því verður við komið. Í flestum helstu nefndum ríkis og sveitarfélaga ætti þessu að verða við komið og því finnst mér óþarfi að draga úr gildi þessa ákvæðis eins og heyrst hefur í máli a.m.k. eins ræðumanna hér, hv. 17. þm. Reykv. Hins vegar get ég fyllilega tekið undir það með hv. 17. þm. Reykv. og fleirum sem hér hafa

stigið í ræðustól að það vefst vissulega fyrir mér hvernig ætlast er til að þessum lögum verði framfylgt að þessu leyti. Einkum hvernig hugað verði að kynningu á þeim og þessum ákvæðum í ríkisstofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum sem heyra undir þessa grein.

Mig langar því til að beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvernig ætlast er til að kynning á þessum lögum muni verða, því ef ákvæði laganna eru gerð skýr í gegnum góða kynningu þá ætti að vera léttara að framfylgja þeim og menn gætu einfaldlega gert vart við þá þætti sem þeim fyndist ástæða til að gera athugasemdir við.

Í 13. gr. eru ákvæði um jafnréttisnefndir sveitarfélaganna. Í skýringum með greininni kemur fram að slíkum jafnréttisnefndum hefur fækkað á undanförnum árum frá því er þær voru fyrst settar á laggirnar eftir 1975. Virkni þeirra hefur sums staðar minnkað. Ákvæði greinarinnar um jafnréttisnefndir í sveitarfélögum sem hafa fleiri en 500 íbúa eru þó mjög nauðsynleg og þar finnst mér orðunum „þar sem því verður við komið" e.t.v. vera ofaukið og óþarfa fyrirvari. Ég sé ekki hvað ætti að koma í veg fyrir að því yrði við komið. Starfssvið nefndanna er samkvæmt orðanna hljóðan í greininni ákaflega mikilvægt. Það er ekki bara að fylgjast með jafnréttismálum í reynd heldur einnig og ekki síður ráðgjafarhlutverk það sem nefndunum er ætlað.

Það hefur komið fram að um það bil helmingur þeirra kvenna sem nú sitja í sveitarstjórnum vill ekki starfa þar áfram. Það er þeim mun alvarlegra þegar litið er á að hlutfall kvenna innan sveitarstjórna hér á landi er mun lægra en á öðrum Norðurlöndum. Samkvæmt þeirri könnun Jafnréttisráðs sem gerð var kunn sl. vor, þar sem þessi nöturlega staðreynd var upplýst, eru ástæður kvennanna margvíslegar. Ég held að jafnréttisnefndir sveitarfélaga þyrftu að gæta allt eins að sveitarstjórnunum sjálfum eins og öðrum nefndum sveitarfélaganna. Með hverjum hætti það væri unnt ætla ég ekki að tilgreina í smáatriðum en ég er alveg sannfærð um að það er hægt.

Vinnulag og vinnuaðstæður á þessum stað í stjórnsýslukerfinu eru konum fyrirstaða. Einfaldar leiðréttingar, eins og t.d. það að laga fundatíma sumra nefnda, eru meðal þess sem fram kemur í athugasemdum með þessari könnun að mundi auðvelda konum að taka þátt í sveitarstjórnum.

Þar sem jafnréttisnefndir sveitarfélaga hafa verið vel virkar hafa þær beitt sér fyrir ýmsum ágætum málum. Er skemmst að minnast ágætrar umfjöllunar um nefndina á Neskaupstað sem hefur verið mjög virk og kom fram í Landpósti, sem er ákaflega fróðlegur þáttur í Ríkisútvarpinu og greinir frá ýmsu sem vel mætti huga að. Meðal þeirra mála sem hefur verið fengist við á Neskaupstað eru kannanir á launakjörum og aðstæðum kvenna og karla í sveitarfélaginu. Þá hefur sjónum verið beint bæði að opinberum aðilum og einkaaðilum. Þar eins og annars staðar hefur raunar komið fram að opinberir aðilar ganga ekki alltaf á undan með góðu fordæmi.

Ég tek þetta litla dæmi einungis vegna þess að þessi umfjöllun er um það sem nefndir hafa verið að gera núna nýverið. Væri fróðlegt að sjá samantekt og niðurstöður frá þessum jafnréttisnefndum einhvers staðar á einum stað og aðgengilegar en ekki heyra, meira og minna af tilviljun, hvað verið er að gera. Þar er án efa saman kominn fróðleikur sem gæti verið vísbending um hvert ástæða er til að beina kröftunum.

Mig langar að benda á hvernig tekið er til orða í 13. gr. frv. sem hér er til umfjöllunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skulu nefndirnar fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu, taka við ábendingum vegna brota á lögum þessum og vera tengiliður við ráðuneyti og Jafnréttisráð."

Það eru einkum fyrstu orð þessarar setningar sem mig langar til að drepa örlítið á, þ.e. frumkvæðið. Ég vænti þess að slíkt frumkvæði gæti leitt til úrbóta því við höfum staðið hvað eftir annað frammi fyrir því að þrátt fyrir góðan vilja og lög sem þegar eru í gildi, og má bæta svo sem hér er verið að reyna að gera, þá þarf einnig að leita hugmynda. Við vitum um ýmislegt sem hefur ekki leitt til úrbóta. Aðrir ræðumenn hafa orðið til að tíunda nákvæmar en ég hversu alvarlegt ástandið er t.d. ef litið er á launamálin. Það eru fleiri mál raunar sem eru í alvarlegu horfi um þessar mundir. En eins og bent hefur verið á breyta lög og reglur ekki hugarfari ein og sér. Framkvæmd einstakra laga ætti þó að geta stuðlað að breyttu hugarfari sé vel að staðið. Jafnréttisáætlanir eru tæki til úrbóta þar sem bent er á leiðir sem fara má. Ég vil minna á þá umræðu sem hér varð í fyrirspurnatíma í gær er Danfríður Skarphéðinsdóttir spurðist fyrir um framkvæmdir jafnréttisáætlana. Þessu máli verður sífellt að halda vakandi.

Ég ætla ekki að fara nánar að svo stöddu út í efni þessa frv., ég mun hafa tækifæri til að koma nánar að því í umfjöllun í nefnd. En mér þykir gott að þetta mikil umræða hefur orðið um málið á þessu stigi og tel að ýmsar ábendingar sem hafa komið fram séu þess virði að líta á þær þó ég sé missammála efni þeirra.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði sem mig langar að koma að hér í þessari umræðu um þetta mikilvæga mál á þskj. 756, hins vegar geymi ég mér ýmsar efnisumræður þar til málið kemur til nefndar sem ég á sæti í.

Ég tel að með lagasetningunni 1985 hafi verið stigið mjög mikilvægt spor í þessum málum. Þau lög voru gerð eftir mikla vinnu nefndar sem var skipuð fulltrúum flestra aðila í þjóðfélaginu sem þetta mál mæddi mest á, eins og ástandið var þá, og eru gildandi lög í fullu samræmi við löggjöf t.d. á hinum Norðurlöndunum.

Það er náttúrlega margt sem mætti segja um gildandi lög og þann tíma sem starfað hefur verið eftir

þeim. Ég held að óhætt sé að segja í stuttu máli að þau hafa tvímælalaust skilað árangri þó að sjálfsögðu mætti margt betur gera. Í gildandi lögum eru mjög skýr ákvæði um tilgang laganna og hvernig á að framkvæma þau og vissar aðgerðir, svo sem á að koma fram í áætlanagerð sem Jafnréttisráð gerir tillögu um og afhendir viðkomandi ráðherra sem leggur áætlunina fyrir Alþingi. En hinu er ekki að leyna að það sem hefur fyrst og fremst torveldað að ná meiri árangri er að sjálfsögðu það að það fjármagn, sem Jafnréttisráð hefur haft til sinna þarfa og til þess að framkvæma áætlanir sem lagðar hafa verið fram, hefur alls ekki verið nægjanlegt. Þarf ekki að ræða það sérstaklega.

Ég tel að þessi lög sem voru sett 1985 hafi eigi að síður gert það að verkum að viðhorf almennings í þjóðfélaginu hefur breyst. Ekki síst hefur kvenfólk tekið virkari þátt í þessum málum en nokkurn tímann áður var raunin.

Ég verð að segja það, eins og ég held ég hafi sagt þegar frv. var lagt fram 1985, að ég tel að ætla að ná fram þvinguðu jafnrétti sé ekki það sem við eigum að stefna að í nútímaþjóðfélagi heldur að reyna að haga málum þannig að fólk hafi í fyrsta lagi jafnrétti til menntunar og reyna að koma því þannig fyrir að fólk fái að njóta sín, af hvoru kyninu sem það er. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að allt sem er þvingað fram í lögum sem sérréttindi til að ná einhverju markmiði er að mínu mati ekki jákvætt og ekki sú leið sem á að fara í lýðfrjálsu landi. Ég held að þrátt fyrir allt þetta hafi þróun þessara mála gengið í rétta átt.

Það sem ekki hefur gengið nægjanlega fram, að mínu mati, er e.t.v. hægt að rekja til þeirrar umræðu sem mér hefur oft fundist vera neikvæð í þessum málum þar sem á að reyna að draga konur í sérstakan dilk í framkvæmd mála. Ég verð að segja það eins og er að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með áhrif Kvennalistans að þessu leyti til. Mér finnst að Kvennalistinn hafi raunverulega haft miklu meiri áhrif en menn hafa áttað sig á, að draga konur saman í dilka, draga konur saman í hópa til þess að hafa áhrif, frekar en hitt að hvetja konur til þess að beita hæfni sinni og þekkingu til áhrifa í þjóðfélaginu. Ég veit ekki hvort ég skýri þetta nógu vel en þetta eru þau áhrif sem mér finnst að Kvennalistinn hafi haft og hafi mistekist í raun og veru hjá Kvennalistanum þegar maður hugsar lengra í átt að því sem við erum að tala um hér. Ég er ekki að vanmeta hæfni þeirra og störf og stefnu, heldur hitt að mér finnst að það hafi sannast að þær hafa frekar einangrað stóra hópa kvenna sem ekki vilja láta draga sig í svona dilk eins og þær hafa viljað starfa eftir, til að komast til meiri áhrifa í þjóðfélaginu.

Ég vil aðeins horfa aftur í tímann og nefna nokkur atriði. Ég man það að á árunum 1979–1980 var mikil krafa í gangi hér inni á hv. Alþingi um það að rétta við stöðu heimavinnandi kvenna, heimavinnandi fólks. Þá voru lög um fæðingarorlof í brennidepli og það óréttlæti sem ríkti í þjóðfélaginu að þessu leyti til var til umræðu hér á hv. Alþingi. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum þá, sem áhugamaður um að ná fram leiðréttingu, hvað það var mikil tregða hér á hv. Alþingi við að viðurkenna réttarstöðu þessa fólks, þ.e. fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær voru við störf inni á heimilunum eða úti í þjóðfélaginu. Og það voru einmitt kvenþingmenn á hv. Alþingi sem beittu sér gegn því að reyna að leiðrétta þennan þátt og töldu að réttur kvenna sem ynnu utan heimila ætti að vera afgerandi meiri en heimavinnandi kvenna. Niðurstaðan í málinu varð sú að við sem héldum því fram 1980 að þessi réttur ætti að vera sá sami urðum að lúta í lægra haldi við setningu laga hér á hv. Alþingi. Þetta sýnir þessa þróun í hnotskurn en sem betur fer hefur þetta breyst og smátt og smátt er ríkari skilningur fyrir því að þessi réttur eigi að vera sá sami fyrir allar konur, hvort sem þær eru úti á vinnumarkaðinum eða vinna inni á heimilunum. Þetta stefnir nú í rétta átt en ég vek athygli á því að samt sem áður er á mikill munur enn sem eftir er að leysa. Ef við tökum annað dæmi, skattalöggjöfina, þá er þar enn þetta óréttlæti að fólk sem vinnur heimastörfin nýtur ekki sama réttar. Hjón njóta ekki sama réttar að þessu leyti nema bæði vinni úti á vinnumarkaðinum. Þetta hefur ekki tekist að fá leiðrétt og ég sé ekki að konur hér inni á hv. Alþingi hafi beitt sér sérstaklega í þessu máli umfram aðra.

Ég get sleppt að ræða þetta nánar. Þetta hefur ef til vill ekki hernaðarþýðingu í sambandi við frv. sem hér er til umræðu en ég vil þó koma inn á nokkur atriði í frv. sem ég tel að verði að skoða aðeins nánar og þá ekki hvað síst það sem raunar hefur komið fram áður, þ.e. um skipan Jafnréttisráðs. Mér finnst það spor aftur á bak eins og það er í frv. og ég hef allan fyrirvara á að það fyrirkomulag standist. Ég sé ekki nokkra þörf á því að fulltrúar þingflokkanna komi inn í Jafnréttisráð. Mér finnst að það sé miklu betri skipan á Jafnréttisráði eins og það er og ekki hvað síst þegar búið er að setja í lög, ef að lögum verður, ákvæði 19. gr., sem ég tel mikilvægt atriði í þessari löggjöf og raunar sjálfsagt til þess að vinna að því sem aflaga fer í þessum málum og reyna að ná réttindum á eðlilegan máta. En ég tel að 15. gr. um skipan Jafnréttisráðs sé röng og er ekki sammála þeim ákvæðum sem þar eru sett fram.

Það er eins og ég sagði í upphafi ekki ætlan mín nú að ræða frv. mikið. Við, fulltrúar míns flokks höfum, eins og í mörgum málum þar sem skoðanir kannski fara ekki alltaf saman um öll atriði, óbundnar hendur til þess að fylgja eða flytja brtt. við afgreiðslu frv. En það var eitt sem ég saknaði í framsöguræðu hæstv. ráðherra sem er svo mikilvægur þáttur í þessari lagasmíð og raunar var einnig í núgildandi lögum. Það er kostnaðarumsögn um þetta lagafrv. Það fylgdi ekki með þegar frv. var lagt fram hjá stjórnarflokkunum. Þingflokkur Framsfl. óskaði eftir kostnaðarumsögn um frv. eins og það lá þá fyrir. Mér finnst ástæða til, herra forseti, að skýra frá því hér að það sem við höfðum í höndum þegar við vorum að fjalla um frv. var kostnaðarumsögn frá fjmrn. og Fjárlaga- og

hagsýslustofnun. Umsögnin var dagsett fyrri hluta mars og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp til laga um jafna stöðu karla og kvenna felur væntanlega í sér nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði til jafnréttismála frá því sem gildandi lög kveða á um. Í fjárlögum 1990 er fjárveiting til Jafnréttisráðs 10,1 millj. kr. Með samþykkt frv. telur ráðuneytið að kostnaðarauki ríkissjóðs geti numið allt að 30–50 millj. kr. á ári. Samtals gæti því fjárveiting til Jafnréttisráðs og jafnréttismála numið 40–60 millj. kr. á ári. Það skal þó tekið fram að orðalag frv. er óljóst um fjárskuldbindingar ríkissjóðs vegna jafnréttisáætlunar og framkvæmdaáforma ráðuneyta í jafnréttismálum. Eftirfarandi er mat ráðuneytisins á kostnaðarauka ríkissjóðs og skiptingu kostnaðar á einstaka liði skv. ákvæðum frv.:

1. Jafnréttisráð skv. 15. og 16. gr. Áætlunin er að þingflokkar á Alþingi tilnefni fulltrúa í Jafnréttisráð auk þeirra fulltrúa sem nú sitja í ráðinu. Fjölgun fulltrúa felur í sér aukinn kostnað vegna þóknunar sem nemur a.m.k. 0,5 millj. kr. á ári. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á mannahaldi eða rekstrarkostnaði við skrifstofu ráðsins þessu samfara.

2. Áætlun í jafnréttismálum sbr. 17. og 18. gr. Frv. kveður á um að Alþingi samþykki áætlun í jafnréttismálum að fengnum tillögum ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna í jafnréttismálum. Við fjárlagagerð fær fjmrn. sundurliðaðar tillögur ráðuneyta um fjárveitingar til þessa málaflokks í samræmi við ályktun Alþingis. Skal í greinargerð með fjárlagafrv. birta yfirlit um fyrirhugaðar fjárveitingar og aðgerðir í jafnréttismálum. Þessi ákvæði gera augljóslega ráð fyrir auknum fjárveitingum til jafnréttismála. Ef miðað er við lágmarksfjárveitingu að upphæð 1–2 millj. kr. til einstakra ráðuneyta getur kostnaður ríkissjóðs numið 15–20 millj. á ári.

3. Jafnréttisráðgjafar sbr. 19. gr. Jafnréttisráðgjafar skulu ráðnir af félmrn. Ef miðað er við ráðgjafa í hvert kjördæmi þýðir það ráðningu a.m.k. 8 starfsmanna auk kostnaðar vegna starfsaðstöðu, ferðalaga um kjördæmið og fleira. Kostnað við hvern jafnréttisráðgjafa má lauslega áætla 2–3 millj. kr. á ári eða 15–25 millj. kr. þegar þessu ákvæði hefur að fullu verið komið í framkvæmd.

4. Kærunefnd jafnréttismála sbr. 20.–22. gr. Kærunefnd skipuð þremur fulltrúum skal m.a. rannsaka brot á ákvæðum laganna, beina tilmælum um úrbætur til viðkomandi aðila og höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda ef tilmælum er ekki sinnt. Skrifstofa nefndarinnar skal jafnframt vera skrifstofa Jafnréttisráðs. Áætla má að kostnaður við skrifstofuhald Jafnréttisráðs aukist með tilkomu þessarar nefndar auk þess sem fulltrúum í nefndinni verði greidd þóknun fyrir starf sitt. Áætlaður kostnaður er 2–2,5 millj. kr. á ári en hann mun m.a. ráðast af fjölda kærumála og umfangi þeirrar lögfræðilegu þjónustu sem nefndinni er ætlað að veita."

Þetta voru þær upplýsingar sem kallað var eftir og lög gera ráð fyrir að séu við öll lagafrumvörp sem lögð eru fram. Þar sem ljóst er að frv. hefur tekið nokkrum breytingum, m.a. í sambandi við jafnréttisráðgjafa, er ljóst að þessi áætlun fjmrn. og Hagsýslustofnunar, sem var lögð fram í byrjun mars, mun hafa breyst talsvert og ég saknaði þess í framsöguræðu hæstv. ráðherra hvað þetta í raun og veru þýðir miðað við frv. eins og það er sett upp. En ég vil endurtaka að eitt vandasamasta og erfiðasta atriðið í þessu máli er hvernig hægt er að fá fjármagn og hvernig að því verður staðið til þess að framkvæma lög sem þessi. Reynslan hefur kennt okkur frá því að lögin voru sett 1985, að um visst tregðulögmál er að ræða sem, skulum við segja, hefur alla vega heft talsvert starfsemi og möguleika núverandi Jafnréttisráðs til þess að fylgja fram af meiri krafti því sem það telur, miðað við þá reynslu og upplýsingar sem það hefur í fórum sínum, að þurfi til þess að framkvæma lögin. Þess vegna held ég að þessi þáttur þeirra laga, sem kunna að verða sett um þetta efni, þurfi að vera talsvert skýr og skýrari en hér kemur fram í sambandi við meðferð þeirra áætlana sem ráðherra jafnréttismála mun leggja fram og gert er ráð fyrir að fylgi fjárlagagerð hverju sinni. Ég held að það sé mikilvægt við meðferð þessa máls í nefnd og hér á hv. Alþingi að menn geri sér grein fyrir því hvað það þýðir að herða á þeirri löggjöf sem við höfum, því ef fjármagn er ekki fyrir hendi er mjög vafasamt hvernig þessar breytingar koma til með að virka.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að hafa hér langt mál. Ég gæti að sjálfsögðu talað um þær breytingar frá gildandi lögum sem verið er að gera í mörgum fleiri greinum. Um sumt get ég sagt strax að ég er samþykkur því en við sumt er spurningarmerki, bæði að því er varðar tilganginn og eins hvort hægt er að ná fram ákvæðum greinanna. Ég tel að jafnréttismálin eigi að þróast í takt við þjóðfélagið og það sé heppilegt að gera það án þvingana en stefna örugglega að því að ná fram eðlilegu jafnrétti sem við erum sjálfsagt allir hv. þm. á Alþingi sammála um að eigi að vera í okkar þjóðfélagi og nútíminn raunar krefst þess. En ég vil draga vissan lærdóm af því hvers vegna meira en helmingur allra kvenna á Íslandi sem hafa setið í sveitarstjórnum í fjögur ár kýs núna að hætta þátttöku í þeim störfum. Ég hef ekki enn þá séð neina skilgreiningu á því sem skýrir hvers vegna, því að konur í sveitarstjórnum og bæjarstjórnum hafa nákvæmlega sömu aðstöðu og karlar og sömu laun fyrir þau störf sem þær leggja fram þannig að það getur ekki verið skýringin. Og enn á ný beini ég því til Kvennalistans að mér finnst áhrif hans í þessu skyni ekki hafa verið nægjanlega jákvæð eins og ég hef viljað að þau væru miðað við þá stefnu sem Kvennalistinn starfar eftir. En eitthvað hefur mistekist og það sýna líka skoðanakannanir.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem félmrh. hefur lagt hér fram.

Fyrst og fremst fagna ég því að frv. er fram komið en hins vegar þarf engum á óvart að koma að félmrh. leggi fram slíkt frv. þar sem ráðherrann hefur sýnt það í verkum sínum sem félmrh. hve jafnréttissinnuð hún er. En nokkur orð vil ég gjarnan hafa um frv.

Ef við lítum fyrst á I. kafla er í 1. gr. getið um sérstök ákvæði varðandi konur. Í 1. gr. og í 3. gr. er sagt um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna að þær teljist ekki ganga gegn lögunum. Um þetta hefur aðeins verið fjallað hér. Ég verð að segja að þótt ég óski þess að slík ákvæði þyrftu ekki að vera í lögum þá held ég að við verðum að horfast í augu við að þau eru enn þá nauðsynleg. Því að þrátt fyrir að konur hafi víða haslað sér völl er alveg ljóst, og vita hverjir sem vilja, að enn er langt í land þar til eitthvað sem við getum kallað jafnrétti hefur náðst. Þess vegna held ég að þessi ákvæði eigi að vera inni í bæði 1. og 3. gr.

Í II. kafla er fjallað um launamál og að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 5. gr. er ákvæði um að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ég vil taka undir orð hv. 12. þm. Reykv. hér fyrr í umræðunni þar sem hún benti á að það hlytu áfram að vera nokkurs konar sérstök kvennastörf en það sem skipti máli væri að störf kvenna væru ekki verr launuð eða „kvennastörf" fyrir það að þau eru lægra launuð eða á annan hátt metin.

Nú vitum við að það er oft sagt að greidd séu sömu laun fyrir sömu vinnu en það er alrangt. Það er farið fram hjá því með ýmsum hlunnindagreiðslum og öðru slíku sem þýðir þegar upp er staðið að fyrir sama vinnuframlag við svipuð störf fær fólk ekki sömu laun. Mig langar aðeins út af þessu að koma inn á þá tilraun sem gerð er núna varðandi kjarasamninga og margir, þar með talið ég, binda miklar vonir við þá nýju leið. Það er skoðun mín að það eigi að nota það svigrúm sem fæst, ef vel tekst til með þessa tilraun, til að endurskoða og endurraða í launaflokka hjá launþegasamtökunum. Við vitum að í gegnum tíðina hefur orðið til einhvers konar röðun. Í kjarasamningum er barátta um einhverjar prósentur og í langan, langan tíma hafa sömu störfin haldið áfram að vera lægst launuð og önnur störf raðast örlítið ofar í skalanum. Í þessu efni vil ég nefna það að fyrir þremur árum voru kjarasamningar lausir hjá bæði ríki og sveitarfélögum. Þá vildi launanefnd sveitarfélaga sem ég átti sæti í á þeim tíma fara nýjar leiðir í kjarasamningum og leitaði eftir því við bæði Reykjavíkurborg og ríki að samstarf yrði um nýja leið í þessum málum. Það er skemmst frá því að segja að bæði Reykjavíkurborg, sem hafði slitið samstarfi við launanefnd sveitarfélaga, og ríkið synjuðu launanefnd sveitarfélaga um samstarf á þessu sviði. Launanefndin fór þá ein og sér í viðræður við starfsmannafélög sveitarfélaga og meginatriði þeirra kjarasamninga voru nýtt starfsmat hjá öllum sveitarfélögum, endurröðun í launaflokka og að í framhaldi af því yrði samræming á röðuninni.

Við gerum okkur öll grein fyrir því að þó enn sé langt í land í þessum efnum hefur það samt sýnt sig að þessi endurröðun þýddi endurmat á hinum svokölluðu mjúku gildum og kom það vel fram í umræðu hér fyrr í vetur, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og flutning verkefna frá sveitarfélögum til ríkis, að mjög mikill munur var á launum fólks sem gegndi sömu störfum hjá ríki og sveitarfélögum. Ég get látið nægja að nefna þetta hér við þessar greinar en það er afdráttarlaus skoðun mín að svigrúm sem nú hefur fengist hjá launþegasamtökunum ætti að nota til að endurraða gersamlega upp á nýtt og láta fara fram nýja flokkaröðun og nýtt gildismat á störfum.

Ég vil aðeins koma inn á 7. gr. þar sem fjallað er um auglýsingar. Ég er mjög ánægð með síðustu málsgr. þeirrar greinar þar sem ákvæðin gilda ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Ég tel að oft þurfi að koma til hvatning í auglýsingum, þar sem annað kynið er kannski í miklum meiri hluta í störfum, til hins kynsins um að sækja um viðkomandi starf.

Út af því sem kom fram hér í gagnrýni á 1. gr., um að bæta sérstaklega stöðu kvenna til að ná ákveðnum markmiðum og að ekki sé tekið tillit til karla í því efni vil ég benda á bæði 8. og 9. gr. en þar er þess einmitt getið að sama gildi um karla þegar viðkomandi telji að á hann sé hallað.

Ég vil aðeins leggja orð í belg um III. kafla og 10. gr., þar sem segir að á öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Þetta er feikilega þýðingarmikið og þýðingarmikið að þetta geti orðið í raun. Og ég vil tengja þetta ákvæði því sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. um að það virtist sem straumar væru að ganga til baka á ákveðnum sviðum og nefndi sveitarstjórnarkosningar og hve fáar konur, sem hefðu verið í sveitarstjórn fjögur ár eða jafnvel meira, væru tilbúnar að halda áfram.

Mig langar aðeins að vekja athygli á því hvernig staða kvenna, sem fara í sveitarstjórnir, er. Þær eru gjarnan í fullu starfi, þær bæta við sig sveitarstjórnarstörfunum sem öll fara fram að loknum vinnudegi, oftast nær fundahöld fram yfir og í kvöldmatartímanum og náttúrlega með öllu því sem við þekkjum í ýmsu þinghaldi á fjölskyldutíma, svo sem um helgar. Nú er það staðreynd, hvað sem hver segir, að þegar karlmaður bætir við sig slíkum störfum er mjög algengt að konan reyni að hliðra til, hún minnkar jafnvel við sig vinnu hafi hún verið í fullu starfi, sé um börn eða stóra fjölskyldu að ræða, en það er ekki viðurkennt af neinum að karlmaðurinn minnki við sig ef konan hefur tekið að sér viðbótarstörf. Og það er þá sem þunginn á fjölskyldulífið og heimilishaldið byrjar, þegar enginn er til að taka ákveðna þætti. Og þá er ég ekki að tala um hin föstu verkefni í heimilishaldi, þvotta, hreingerningar, matseld og annað slíkt. Ég er að tala um alla litlu þættina sem skapa fjölskyldulíf og sem algengast er að konan haldi utan

um og sem því miður verður þannig þegar hún hefur fyllt vökutíma sinn af verkefnum að það er enginn til að halda utan um þá þætti. Ég tek e.t.v. nokkuð stórt upp í mig, en ég geri það viljandi til að ýta við. Staða kvenna og karla er mjög ólík, a.m.k. þegar um börn er að ræða í fjölskyldunni. Og ég fullyrði að það yrði ekki viðurkennt af vinnuveitanda ef karlmaður segði: Konan mín er störfum hlaðin í sveitarstjórn eða konan mín er komin inn á þing og hefur mjög mikið að gera, ég vil gjarnan minnka við mig starfið niður í við skulum segja 70%. Ég býst við að hann yrði litinn stórum augum, bara ef hann segði: Gæti ég verið undanþeginn eftirvinnu á meðan svo stendur á? En það fyndist engum undarlegt ef kona sækti um slíkt hið sama. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að það er kannski, ég get leyft mér að segja, hin sálræna pressa í þjóðfélagi þar sem ofbeldi og þrýstingur gagnvart börnum hefur aukist mjög og að það eru konurnar sem fara að hugsa: Er þetta þess virði, ef þeim finnst of miklu fórnað. Ég vil vekja athygli á þessu gagnvart 10. gr.

Annað sem ég gjarnan vil koma inn á er 12. gr. Ég hef haft um hana mjög miklar efasemdir. Þar segir að í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skuli, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Ég er sannarlega sammála þessu markmiði og vil lýsa því yfir hér að skemmtilegustu nefndarstörf sem ég tek þátt í eru þau þar sem eðlileg blöndun er í hópnum og mig dreymir um þann tíma þegar konur verða helmingur hvort heldur er á þingi eða í nefndum og ráðum af því að ég tel að þá fyrst náist farsæl lausn og stefna í málin. En ég hef svolitlar efasemdir um þessa tilnefningu um bæði konu og karl og ég ætla að færa fyrir því örlítil rök. E.t.v. getur þetta gengið sæmilega þegar, við skulum segja, ráðherra óskar eftir tilnefningum frá ýmsum félagasamtökum eða hagsmunasamtökum og fær nöfn karla og kvenna og einhver einn aðili á síðan að skipa. Þá er þetta eflaust nokkuð vel framkvæmanlegt, ekki veit ég hversu vinsælt þó. En ég hef velt því fyrir mér hvernig þetta er í sveitarstjórn og þar þekki ég mjög vel til. Nú er það svo í sveitarstjórn að yfirleitt kýs hver flokkur einn fulltrúa í fimm manna nefnd. Þar sem ég þekki til er það einungis einn flokkur sem hefur getað kosið tvo. Sá flokkur ætti í engum erfiðleikum, hann mundi velja einn karl og eina konu. Þetta hefur gengið þannig fyrir sig í sveitarstjórn að hver flokkur velur fulltrúa í nefndir og síðan koma fram listar. Ég hef velt því fyrir mér að þó það væru sett nöfn eitt og tvö eða a og b, kona og karl, hver það er sem á að taka ákvörðun um frá hvaða flokki á að velja konuna og frá hvaða flokki á að segja: Nei, þetta verða of margar konur, það verður að taka karl eða öfugt. Yrði það forseti bæjarstjórnar, yrði það viðkomandi meiri hluti? Ég sé fyrir mér hættu á vissri valdbeitingu þar sem viðkomandi meiri hluti sæti með þetta vald. Hins vegar sé ég líka að möguleiki væri á, þar sem oftast nær eru færðir fram tveir listar, a og b af hálfu meiri hluta og minni hluta, að taka upp ný vinnubrögð þannig að flokkarnir hafi með sér samráð fyrir fram um tilnefningu í nefndirnar, sem ekki hefur verið hingað til. Það hefur verið einkamál hvers flokks hvern hann kýs til nefndarstarfa. Ef þetta á að geta gengið verður einhvern veginn að velja fyrir fram. Og ef reglugerð verður sett um hin ýmsu mál hér er ég hrædd um að það þurfi alla vega að koma einhver leiðbeining um útfærslu vegna þess að annars er talsverð hætta á að það sé hægt að vera með misbeitingu og ráða hver kemur frá hverjum eftir einhvers konar geðþótta.

Í 13. gr. er fjallað um jafnréttisnefndir og ætla ég ekki að hafa mörg orð um þær en benda á að þar sem ég þekki til í jafnréttisnefndum hafa þær mjög kvartað undan því að þeim sé ætlað algjört frumkvæði í störfum sínum og að það sé þungt undir fæti að starfa í jafnréttisnefndum. En í 8. lið 16. gr. er einmitt kveðið á um að Jafnréttisráð skuli hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga og ég er þeirrar skoðunar að þar þurfi að koma nokkuð miklar ábendingar eða verkefni frá Jafnréttisráði til nefndanna til þess að þær geti unnið vel.

Ég hef eiginlega ekki mikla skoðun á því sem hér hefur líka verið nokkuð deilt um en það er skipan Jafnréttisráðs. Það eina sem ég mundi telja að væri hætta á er að þetta væri það fjölmenn nefnd að það yrði erfitt að starfa í henni vegna þess.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég er mjög ánægð með að það skuli vera komið fram. Það hefur komið fram hér í máli ráðherra að umsagnir liggja fyrir. Ég tel að nefndin hljóti að fá þær allar til sín og vonandi þýðir það að frv. eigi greiða leið til skjótrar afgreiðslu í þinginu.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég fjalla nokkuð um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna langar mig að ræða þetta mál í duggulítið víðara samhengi en hér hefur verið gert.

Það er eftirtektarvert að þegar mál af þessu tagi kemur til umræðu hér á hinu háa Alþingi þá eru það að mjög verulegum hluta konur sem taka til máls. Það segir sína sögu um áhugann á jafnréttismálum að það eru nær eingöngu konur sem fjalla um þennan málaflokk og það eru nær eingöngu konur sem hafa setið undir þessari umræðu. Við getum spurt okkur þeirrar spurningar hvernig á þessu standi. Hefur áhugaleysi karla á jafnréttismálum karla og kvenna ekkert breyst? Ég hef tilhneigingu til þess að taka undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að jafnréttisbaráttan hafi orðið fyrir nokkrum skakkaföllum á síðustu missirum. Og að það hafi dregið úr árangri þeirrar baráttu sem háð hefur verið fyrir jöfnum rétti kvenna og karla. Ég á því láni að fagna að sitja í Jafnréttisráði. Þar hef ég fengið tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála nokkuð náið og ég hygg að það sé samhljóða álit allra fulltrúa í Jafnréttisráði að málum sem hafa komið til ráðsins að undanförnu, vegna þess að brotið er t.d. á konum í atvinnulífi, hefur síst farið fækkandi, miklu

fremur hefur þeim fjölgað. Og af umsögnum og umræðum um þessi mál kemur í ljós að skilningur á jafnréttisbaráttunni hefur ekki aukist. Ég vil segja það sem mína skoðun að árangur þeirrar umræðu og þeirrar baráttu sem farið hefur fram er hvergi nærri sem skyldi.

Ég hygg að meginástæðan fyrir þessu sé tiltölulega einföld. Hún er sú að karlmenn hafa ekki verið dregnir inn í þessa baráttu nægjanlega vel. Það hefur verið litið á þessa baráttu sem einkamál kvenna. Og kannski eiga konur nokkra sök á því. Ég vil benda á hvernig Jafnréttisráð er skipað. Af þeim fulltrúum sem þar eru, aðalfulltrúum í ráðinu, er aðeins einn karlmaður. Ég hefði talið það nauðsynlegt að Jafnréttisráð væri skipað jafnmörgum körlum og konum. Það er í raun svolítið kyndugt að lögin um jafnan rétt karla og kvenna skuli ekki ná til Jafnréttisráðs. En ef þetta er svona í Jafnréttisráði hvernig er það þá úti í þjóðfélaginu? Ég hef oft velt þeirri spurningu fyrir mér hvort íslenskir karlmenn hafi gert sér almennt grein fyrir því, eða því verið komið nægjanlega vel til skila til þeirra, að jafnréttisbaráttan er ekki bara fyrir konur, hún er stórt og mikið hagsmunamál karla. Og ég hygg að í mjög náinni framtíð, þegar umræða vex um nýtt gildismat í íslensku samfélagi, þegar við kunnum að hverfa frá oftrú á tækniþjóðfélagið, á stöðugt aukna framleiðni og kannski stöðugt meiri vinnu, þá munum við, karlar upp til hópa, fara að hugleiða að það er okkar hagsmunamál að konur fái hærri laun, þær fái betri stöður og þær njóti jafnréttis á við okkur. Vegna þess að ég hygg að hugsunin á bak við jafnréttisbaráttuna hljóti að vera að hluta til sú að réttur karla og kvenna t.d. til þess að annast börn, vera inni á heimili, eigi líka að vera jafn. Og einhver besta aðferðin til að koma þessu jafnrétti á gagnvart heimili, gagnvart uppeldi barna, gagnvart því að afla heimilistekna hljóti að vera að konur fái betri kjör. Mér finnst þessi þáttur umræðunnar ekki hafa komist nægjanlega vel til skila. Og ég harma það í raun vegna þess að ég hygg að það séu margir karlmenn sem hugsa miklu meira um þessi mál en þeir tala um þau. Og að það þurfi tiltölulega lítið til að koma þeim á sporið, auka skilning þeirra á þessum málaflokki og fá þá til að vera með í þessari baráttu sem við erum að ræða um.

Kannski hefur árangurinn í þessari baráttu að hluta til hægt á sér vegna aukins atvinnuleysis í þjóðfélaginu. Það hefur bitnað meira á konum en körlum á vissum sviðum. Og ég hygg að það sé augljóst að þegar um atvinnuleysi er að ræða eigi karlmenn betri möguleika á því að fá atvinnu við hæfi, eins og það er kallað, en konur. Mér finnst þessi barátta að mörgu leyti hafa verið ótrúlega erfið enda þótt talsverður árangur hafi náðst. Ég segi það hreint út, þótt ég sé flokksbróðir hæstv. félmrh., að ég minnist þess ekki að annar félmrh. hafi tekið á þessum málaflokki af jafnmiklum krafti og núv. hæstv. félmrh., sem á miklar þakkir skildar fyrir áhuga sinn á málaflokknum.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki lengja þessa umræðu. Það eru örfá atriði í frv. sem ég hef athugasemdir við. Það er einkum 15. gr. sem ég vil tala um.

Þá vil ég að það verði mjög vandlega skoðað í nefnd hvort 6. gr. frv. fær staðist. Í upphafi greinarinnar segir, með leyfi forseta: „Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um ...“ Síðan eru talin upp nokkur atriði en í lokin kemur þessi setning: „Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal atvinnurekandinn sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.“ Þetta er auðvitað mjög mikilvæg grein og kannski mikilvægari en við gerum okkur grein fyrir í skjótu bragði. Hins vegar er þarna verið að ákveða með lögum að sönnunarbyrði í tilteknum málum skuli falla á atvinnurekandann. Þessi þáttur í frv. er þess eðlis að ég tel að hann verði að skoða mjög vandlega bara út frá lögfræðilegum sjónarmiðum og það hvort hann fái staðist. Ég veit að atvinnurekendur eru mjög mótfallnir þessu og telja þetta brot á öllum lagahefðum.

Því næst vil ég koma að 15. gr. sem ég segi berum orðum að er mistök. Í henni erum við að herma eftir löggjöf annarra landa. Í því sambandi vil ég segja að það er ekki allt betra í útlöndum. Það er ekki allt betra sem Svíar ákveða að taka upp á félagslegu sviði. Við þurfum ekki að vera bogin og beygð yfir því þó löggjöf annarra landa sé eitthvað öðruvísi en okkar.

Nú skal ég gera grein fyrir af hverju ég er á móti þessari grein eins og hún er upp sett. Ég er á móti henni vegna þess að ég tel að með þessu móti verði ráðið allt of fjölmennt. Starfið innan ráðsins verði útþynnt. Ég tel að ráðið muni gjörbreytast frá því sem nú er. Og ég hygg að svo fjölmennt Jafnréttisráð með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og þeirra aðila sem hér eru taldir upp, m.a. frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kvenréttindafélaginu og Kvenfélagasambandinu, verði nánast óstarfhæft. Ég dreg þessa ályktun af reynslu minni af störfum í núverandi Jafnréttisráði. Þess vegna hvet ég mjög eindregið til þess að þessi grein verði skoðuð mjög vandlega í hv. félmn. sem líklega fær þetta mál til skoðunar og að það verði hugleitt hvort ekki sé hægt að gera einhverja breytingu á henni og halda sig þá fremur við það form sem nú ríkir. Ég hygg að Jafnréttisráð, eins og það er nú skipað, sé að mörgu leyti miklu virkara en það ráð yrði sem gert er ráð fyrir að kæmi með þessari lagasetningu.

Virðulegi forseti. Þá er í sjálfu sér ekki mikið meira um þetta að segja af minni hálfu, en ég endurtek athugasemdir mínar við skipan Jafnréttisráðs eins og frv. gerir ráð fyrir og vænti þess fastlega að þar verði gerð einhver breyting á.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef verið að kynna mér efni þessa frv. og gallinn við það virðist mér vera sá að það er tvísaga, þ.e. bæði boðar það jafnrétti og eins boðar það að ekki skuli vera jafnrétti. Ég held að það sé

grundvallaratriði í hugsun manna að menn sættist á aðra hvora niðurstöðuna. Það gengur ekki upp að tala um jafnrétti í öðru orðinu og boða forréttindi í hinu. Og það vekur einnig spurningar ef horft er á þetta út frá öðru sjónarmiði, þ.e. út frá því sjónarmiði að þar sem misrétti hafi verið í þessu landi sé nú kominn tími til að snúa því við og hafa misrétti á hinn veginn. Og fyrsta spurningin er: Lendir það þá á sömu aðilum? Ég er hræddur um að þá yrði að kalla þessa dauðu til lífsins aftur ef ætti að fullnægja réttlætinu hvað þetta snertir en ekki að tryggja það að þeir sem ekkert hafa af sér brotið í þessum efnum og eru nú að koma ungir út á vinnumarkaðinn — þar á ég við unga karlmenn — skuli sitja uppi með það að þeim sé ætlaður minni réttur í landinu en öðrum.

Ég held að skynsamlegt sé, þegar menn skoða mál eins og þetta, að horfa á helstu fjallatoppa og reyna að átta sig á aðalatriðum. Yfirleitt eru lífskjör manna og aðstaða þjóða metin út frá meðalaldri, metin út frá eignum einnig. Ísland er með einn hæsta meðalaldur í heimi en það er með mun hærri meðalaldur kvenna en karla. Eiga jafnréttislög að breyta þessu? Það eru náttúrlega tveir möguleikar, að vekja upp þá dauðu eins og ég vakti athygli á áðan eða ætla menn að fara að stytta hinum aldur til að hafa þetta jafnt?

Auðvitað stendur þetta ekki til. Það vita nú trúlega allir. En annað atriði hafa konur talað um og það eru eignir, að eignir kvenna á þessari jörðu séu miklu minni en karla. En hver verður nú afleiðingin af því næstu 30 árin að það liggur fyrir að allt útlit er fyrir að konur nái hærri meðalaldri? Þær munu erfa mestallar eignirnar. Og þær munu erfa þær hvort sem þær eru orðnar sjötugar eða eldri. Það blasir við að þær verða eigendur að mestöllum eignum í landinu.

Hvernig er þá staðan í menntaskólunum? Útskrifast færri konur stúdentar en karlar? Nei, það útskrifast mun fleiri konur stúdentar en karlar og allt gott um það. Það er þess vegna útlit fyrir að það muni gerast á næstu árum að það verði fleiri konur sem stundi nám í Háskóla Íslands en karlar. Mér sýnist þess vegna að allt bendi til þess hér á landi að með þeim jafnréttislögum sem nú eru í gildi muni í náinni framtíð nást algjört jafnrétti hér í landinu. Þegar ég segi algjört jafnrétti á ég við það að það verði ekki hægt að flokka það eftir kynjum hver mismunun er á milli einstaklinga heldur eftir lífsaðstöðu að ýmsu öðru leyti því mér er vissulega ljóst að jafnrétti verður ekki í landinu á milli allra þegna þess. Það er staðreynd sem blasir við.

Nú stendur svo á, herra forseti, að ég hafði óskað eftir viðveru hæstv. iðnrh. hér á fundinum og mér var tjáð að hann væri kominn í húsið og ég get ekki lokið máli mínu nema hann mæti hér en ég hef ekki áhuga á að tefja það á nokkurn hátt að þetta mál komist til nefndar og vil þess vegna eindregið mælast til þess við forseta að iðnrh. verði boðaður. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að fá hæstv. iðnrh. hér í salinn, en eins og ræðumaður gat réttilega um er ráðherrann staddur í húsinu.)

Hér hafa ýmsir ræðumenn talað á undan og ég vil vekja á því athygli að hv. 3. þm. Reykv. hafði mjög ákveðnar meiningar um það að hún vildi jafnrétti en ekki forréttindi og ég hlýt að taka undir mjög margt í þeim málflutningi. Það er ekki nóg með það að ég sé þeirrar skoðunar að frv., eins og það er, geti ekki orðið að lögum heldur er ég einnig þeirrar skoðunar að það væri hættulegt ef það yrði að lögum. Ég óttast að það yrði til þess að vekja upp ýmsa hópa sem eru kannski ekki jafnréttislega sinnaðir en mundu, ef þetta yrði að lögum, telja sig hafa fengið möguleika til þess að hefja hér verulega róttækan áróður gegn þeim jafnréttislögum sem væru í landinu. Og mér finnst að það sé heldur ekki hægt að horfa fram hjá mjög mörgu í málflutningi hv. 3. þm. Norðurl. e. þar sem hann ræddi t.d. um 6. gr. Ég er ekki búinn að sjá að það ákvæði sem þar er inni og snýr nánast sönnunarskyldu við geti verið eðlilegt ákvæði í íslenskum lögum, sem byggir á því að sá sem sækir mann til sakar á að sanna sekt hans en ekki öfugt, að sá sem sóttur er verði að sanna sitt sakleysi. Mér er ljóst að það eru oft á tíðum mjög viðkvæm mál að ræða að fullu í grunn ef þarf að segja einhverjum upp störfum og með þeim texta sem hér er sýnist mér að þar verði nánast hægt að fara fram á það að atvinnurekandi geri í það minnsta jafnheiðarlega tilraun og hann getur til að skrifta frammi fyrir alþjóð í þeim efnum og komist raunverulega ekkert undan því að gera það því að ella verði hann bara dæmdur sem sakamaður.

Nú verð ég að segja eins og er, herra forseti, að miðað við starfsmannafjölda í þinginu vænti ég þess að gengið verði nokkuð fastar eftir því að handsama iðnrh. og koma honum í salinn eða að umræðunni verði frestað. (**Forseti:** Forseti vill láta þess getið að hæstv. iðnrh. er bundinn við skyldustörf í hv. Ed. Hann er þar að auki ekki flytjandi þessa frv. en mun væntanlega koma hingað jafnskjótt og hann hefur lokið þátttöku sinni í umræðum í hv. Ed. Ræðumanni er að sjálfsögðu frjálst að gera hlé á ræðu sinni.) Ég hlýt að sjálfsögðu að viðurkenna þá staðreynd að hæstv. iðnrh. getur ekki verið á tveimur stöðum samtímis, en að því leyti er hann þátttakandi í flutningi frv. að hann er aðili að ríkisstjórn og stýrir atvinnuvegaráðuneyti og frv. fjallar einmitt um störf manna í samfélaginu. Ég mun þá gera hlé á ræðu minni, herra forseti.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það hafa orðið nokkrar umræður um það mál sem hér er á dagskrá og ég hafði ekki búið mig undir að taka sérstaklega á því. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að gera athugasemdir við ýmis ummæli í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Hann drap á það m.a. að kvennalistakonur hefðu ekki beitt sér sérstaklega fyrir málefnum heimavinnandi kvenna. Þessu vil ég mótmæla því þetta er alrangt. Kvennalistakonur hafa beitt sér fyrir margvíslegum málum sem varða réttindi heimavinnandi kvenna og hagsbætur fyrir þær. M.a. höfum við ekki einu sinni heldur tvisvar lagt fram frv. til laga um lífeyrisréttindi

fyrir heimavinnandi konur. Og það hefur ekki verið meiri áhugi fyrir því en svo að það hefur alls ekki fengið þær undirtektir sem það hefði þurft. Því hefur verið vísað til þessarar títtnefndu endurskoðunar tryggingalaganna sem ekki er nú enn farin að sjá dagsins ljós þó að því hafi verið hátíðlega lofað að sú endurskoðun lægi fyrir, fyrst í þingbyrjun eftir jól og síðan ekki seinna en um miðjan mars og miður mars er nú þegar liðinn og ekki bólar á þessu frv.

En fleira hafa kvennalistakonur gert til hagsbóta fyrir heimavinnandi fólk en þetta. Þær hafa beitt sér fyrir lögum um fæðingarorlof sem vissulega fékk ekki heldur þær undirtektir sem það átti skilið en ég vil leyfa mér að fullyrða að þau lög sem síðan hafa verið samþykkt um fæðingarorlof fyrir konur tóku verulegum stakkaskiptum til bóta fyrir konur einmitt vegna óbeinna áhrifa frá Kvennalistanum.

Við höfum einnig lagt fram frv. um bætur til handa þeim sem við köllum foreldraekkjur, konur sem stunda ýmist farlama foreldri eða skyldfólk í heimahúsum, að þær fengju umbun fyrir þau störf.

Við höfum lagt fram fjölmörg fleiri mál í þessa veru, svo sem um launalaust leyfi fyrir foreldra, að þeir geti gengið að sínum störfum eftir að hafa annast börn á heimilum sínum tímabundið. Og við höfum lagt fram mörg mál sem varða það að foreldrar hafi rétt til að sinna börnum sínum og mál sem varða það að einhver fjölskyldustefna sé rekin hér í þessu þjóðfélagi.

Hv. þm. nefndi það einnig að konur ættu jafnan starfsvettvang og karlar innan pólitísku flokkanna. Ég er ekki sammála hv. þm. í þessu því hvernig stendur þá á því, ef það er rétt, að konur í pólitískum flokkum telja sig nauðbeygðar til þess að stofna sérstök samtök innan þeirra. Ég minni þar á Landssamband framsóknarkvenna og t.d. Sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt. Í því tilviki minni ég á bók sem gefin var út fyrir nokkru og var um æviferil konu sem lengi hafði verið virk í Sjálfstfl. Þar segir hún beinum orðum að starf sitt innan Hvatar hafi orðið sér til hindrunar í pólitískum frama. Einmitt það að hún hafði starfað innan kvennasamtaka flokksins varð henni fjötur um fót. Svo þá blasir við hverjum manni að það er ekki vænlegt til framdráttar fyrir konur innan pólitísku flokkanna að hafa verið þar í sérstökum samtökum. Og yfir höfuð segir það sína sögu að þær skuli finna sig til knúnar að mynda sérstök kvennasamtök innan pólitísku flokkanna.

Ég vil einnig minna á varðandi það þegar verið var að tala um að karlmenn þyrftu að eiga jafnan kost á við konur að sinna sínum börnum og atvinnurekendur væru ekki tilbúnir að samþykkja það og hliðra til í þeim efnum að fyrir nokkrum árum tók einn bæjarfulltrúa á Akureyri það fyrir að hann fór á alla vinnustaði í bænum í leit að hálfs dags starfi fyrir karlmann, taldi að kunningi sinn þyrfti á því að halda. Það er skemmst af því að segja að þetta starf virtist ekki vera til og að viðmót atvinnurekenda var yfirleitt á þá lund að þessi maður hlyti að vera stórskrýtinn — karlmaður sem vildi fá hálfsdagsstarf.

Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Norðurl. e. að skilningur á jafnréttismálum hefur ekki aukist mikið á seinni árum. Hann kvartaði yfir því að Jafnréttisráð væri ekki skipað jafnt konum og körlum en það er ósköp einföld ástæða fyrir því. Ástæðan er sú að menn treysta ekki karlmönnum til að hafa þann skilning á málefnum kvenna að ástæða sé til að þeir séu þar í meiri hluta því auðvitað er það sem þarf að gera að rétta stöðu kvenna. Karlmenn hafa allan þann rétt sem þeir þurfa á að halda í þessu þjóðfélagi. Það er ekki verið að biðja um meiri réttindi fyrir þá. Það sem verið er að gera er að konur fái jafnan rétt á við þá. Hv. þm. hældi einnig hæstv. félmrh. fyrir af hve miklum krafti hún hefur tekið á jafnréttismálum sem er vissulega rétt, en skyldi það ekki vera að hluta til fyrir það að hún er kona og hefur fundið þessi mál brenna á sér? Ég hef ekki séð að fyrri félagsmálaráðherrar sem allir eru karlkyns hafi haft þennan sama áhuga.

Ég undirstrika það út af orðum hv. 1. þm. Vesturl. að Kvennalistinn hefur barist stöðugri baráttu fyrir því að augu manna opnist fyrir því að bættur hagur kvenna er bættur hagur allra í þessu þjóðfélagi. Og ég tel að allur málflutningur okkar hér innan þings og hvar sem er hafi einkennst af því að við höfum jafnan hag og þarfir kvenna að leiðarljósi.

Hv. 2. þm. Vestf. talaði um langlífi kvenna sem honum virtist að hlyti að stuðla að bættri eignastöðu þeirra. Mér virðist nú að það þyrfti þá oft að bíða nokkuð lengi eftir því að eignir þeirra ykjust og spurning hvort það sé það sem við viljum, að þurfa að missa maka okkar til þess að verða einhvers megandi efnalega. Ég held að það sé dálítið skökk hugsun í því hjá hv. þm.

En hann minntist líka á menntun kvenna og þá vildi ég benda honum á í því sambandi að þrátt fyrir háskólamenntun kvenna er það alveg augljóst mál að háskólamenntaðar konur hafa mun lakari réttindi til launa hjá ríkinu en karlar. Það er eitthvað skárra úti á hinum almenna vinnumarkaði en hjá ríkinu er staða þeirra mun verri.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta að sinni. Ég bjóst ekki við að fara hér upp í ræðustól en ég gat ekki setið þegjandi undir ásökunum hv. 1. þm. Vesturl. og ég tel að ég sé búin að svara honum þó að hann sé ekki hér viðstaddur. Hann getur þá væntanlega lesið það í þingtíðindum, ef hann lítur einhvern tíma í þau. En ég endurtek það að barátta Kvennalistans hvar sem er í þjóðfélaginu hefur jafnan einkennst af því að við viljum bæta hag kvenna og teljum að með því verði hagur karla jafnframt bættur.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert að nokkrir hv. þm. sem komið hafa í ræðustól hafa haft á því orð að bakslag hafi komið í jafnréttisbaráttu kvenna. Það er alveg rétt að það er visst bakslag. Það hafa kannski ekki verið skoðaðar mikið ástæður fyrir því og hvoru megin hryggjar menn liggja í því. En sem oft áður er þeirri spurningu nokkuð varpað yfir til kvenna, hvers

vegna svona sé, og eins og látið að því liggja að það hljóti að vera eitthvað sem þær geri rangt í sinni baráttu, einhverjar áherslur sem eru rangar hjá þeim, sem orsaki þetta bakslag.

Í því tilefni langar mig til að minnast á þegar rætt er um að skilningur karla á jafnréttisbaráttu sé ekki nægur. Ég vil snúa þessu við og varpa fram þeirri spurningu hvort skilningur karla á jafnréttisbaráttunni hafi ekki einmitt aukist og vegna þess aukna skilnings hafi margir þeirra áttað sig á því hvað af henni gæti hlotist og hverju þeir gætu hugsanlega tapað og hvaða spón þeir gætu misst úr aski sínum og þar sé komin ein orsökin fyrir mjög harðnandi afstöðu margra karla gegn baráttu kvenna, að það sé einmitt skilningur en ekki skilningsleysi sem orsaki.

Hv. þm. Árni Gunnarsson kvartaði nokkuð yfir því áðan að karlmenn fengju ekki nógu mikið að vera með í þessari baráttu. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann gæti bent á nokkuð því til sönnunar að karlmönnum sé haldið frá baráttunni og ég vil spyrja hann: Hvað er það sem hindrar karlmenn í því að taka þátt í baráttunni af fullum krafti ef þetta brennur svona mikið á þeim? Ég veit alveg hvaða dæmi verður tekið. Ég bið afsökunar, ég þori ekki að leggja virðulegum forseta orð í munn fyrir fram, en margir mundu hafa orð á því og hafa haft orð á því að gleggsta dæmið sé auðvitað að finna í starfsemi Kvennalistans. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að taka hér upp orðaskipti við virðulegan forseta en ég vona að ég hafi leiðrétt mig áður en ég missti orð út úr mér. Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara að gera honum upp orð og er ekki að því, en þessi rök heyrir maður ákaflega oft.

Það er ekkert sem hindrar karlmenn í því t.d. að taka þátt í störfum Kvennalistans. Það eina sem þeir þurfa að sætta sig við þá er sú vinnuregla að kjörnir fulltrúar Kvennalistans séu að svo komnu máli konur, einfaldlega vegna þess að við teljum þær færari um í flestum tilfellum að bera fram þessi mál. Að öðru leyti er þeim heimilt og velkomið að leggja allt það af mörkum sem þeir geta.

Það er mjög haft á orði núna meðal kvenna víða í samtökum kvenna af ýmsu tagi og í tali kvenna hér og þar að þær finni fyrir mjög harðnandi andstöðu og meiri samstöðu karla en var fyrir nokkrum árum og mér finnst það líka bera að sama brunni að það sé vegna þess að þeir óttist að þeir muni hafa einhverju að tapa og þeir muni missa forréttindi, því þeir hafa forréttindi, og þeir vita það náttúrlega að í flestum tilfellum þarf einhver karlmaður að víkja til þess að kona komist að og það er einmitt það sem þeir óttast með aukinni sókn kvenna, að hugsanlega þurfi þeir að víkja einhvers staðar. Þeir virðast vera tilbúnir til þess að viðurkenna í orði að konur eigi að komast víðar að og konur eigi að fá meiri réttindi en svo er einhver rödd sem hvíslar inni í þeim á eftir: Bara ekki ég. Og það er kannski sú staðreynd sem konur standa andspænis að það er ekki pláss fyrir þær. Þær eru velkomnar en það er bara ekki pláss. Það er ekki laust pláss. Það er uppselt.

Varðandi þessi lög sem hér eru til umræðu, þá er þetta náttúrlega aðeins einn þáttur málsins sem þarna er tekinn til meðferðar og kannski ekki sá þáttur sem mestu ræður þegar upp er staðið. Þar með er ég ekki að lasta það að svona lög séu til og þau séu nauðsynleg og í þeim geti konur fundið nokkra stoð, en til þess að konur hafi nokkra möguleika á að nýta sér það jafnrétti sem þeim stendur til boða lögum samkvæmt, þá er svo ótal, ótal margt annað sem þarf að laga og þar eru mál sem menn skirrast við að taka á. Hér hefur hver af öðrum talað um lág laun kvenna. Það er staðreynd sem enginn getur neitað, að laun kvenna upp til hópa eru allt of lág og miklu lægri en störf karlmanna. Og lausnin er ekki að segja konum að fara í önnur störf. Lausnin felst í því að endurmeta þau störf sem konur vinna. Og auðvitað er eitthvað rangt við það verðmætamat að næstum því vélrænt sé alltaf komist að þeirri niðurstöðu um störf kvenna að þau séu verðminni en störf karla.

En þó að hér hafi hver af öðrum tekið þetta sem höfuðstaðreynd sem þurfi að laga, þá varð ég því miður ekki vör við, t.d. þegar kjarasamningarnir nýgerðu voru hér á dagskrá í Alþingi, að menn væru yfirleitt að hafa áhyggjur af því hvernig sú núlllausn, sem þá var borin fram og samþykkt, staðfesti kjör kvenna. Skilaboðin voru auðvitað þessi: Þið verðið að sætta ykkur við þennan hlut og það er ekkert afgangs fyrir ykkur fyrr en allar aðrar aðstæður hafa breyst. Ef hugur fylgdi máli þegar menn standa hér og tala um að lág laun kvenna standi þeim fyrir þrifum á öllum sviðum verða þeir líka að muna eftir því þegar kemur að beinhörðum staðreyndum eins og kjarasamningum. Það þýðir ekkert að býsnast yfir því milli samninga eða slá um sig með því að segja: Við verðum að laga þetta. Hvenær á að laga það? Hvenær eru peningar afgangs? Hvenær verður þjóðfélagið svo gott og ríkt að við eigum afgangs peninga fyrir konur ef þær eiga alltaf að bíða, ef þær eiga alltaf að koma síðast?

Þetta er nokkuð sem hefur ævinlega verið sagt við konur: Fyrst þurfi að laga þetta, svo þurfi að laga hitt, svo kemur að ykkur, og skal ég vitna í frægar samræður Rósu Lúxemborg og Lenins, sem auðvitað margir þekkja, þegar hann var að reyna að telja henni hughvarf í þessari kvennabaráttu og benti henni á að fyrst yrði að gera byltinguna og þegar það væri búið kæmi röðin að konum. Við vitum alveg hvað það hafði í för með sér og það virðist vera nokkuð sama hvert kerfið er. Röðin kemur alltaf síðast að konum. Það voru athyglisverðar upplýsingar sem komu fram í pistli sem fluttur var í útvarpið nú fyrir nokkru þar sem aðeins var tekið á því hvað væri að gerast í Austur-Þýskalandi í ýmsum réttinda- og hagsmunamálum kvenna. Þar kom því miður fram að um leið og múrarnir hrundu og frelsið streymdi óhindrað inn sáust merki þess að félagsleg staða kvenna versnaði. Það var byrjað á því að loka barnaheimilum. Það var byrjað á því að svipta þær húsnæðisbótum og ýmislegt af því tagi virtist fylgja strax þegar ekki er til staðar kerfi sem ver konur. Nú bið ég menn að skilja ekki

orð mín þannig að það kerfi sem nú riðar til falls þar austur frá sé eitthvað sem óskað er eftir eða við ættum að hverfa til. En það er athyglisvert að frelsið skuli ekki bera í sér meira frelsi til kvenna en raun ber vitni og það skuli í rauninni að sumu leyti skerðast. Félagsleg réttindi sem þær hafa þó náð í krafti kerfis veikjast um leið og ekki er kerfi til þess að verja þær.

Hér áðan var minnst á staðreyndir sem komu fram í bæklingi sem Jafnréttisráð gaf út þar sem birtar voru niðurstöður könnunar sem Jafnréttisráð hafði gert um störf kvenna í sveitarstjórnum og hverjar hygðu á framboð aftur. Sú nöturlega staðreynd kemur í ljós að stór hluti þeirra kvenna sem hafði komist í sveitarstjórnir við síðustu kosningar ætlar ekki að gefa kost á sér aftur. Því miður er þetta oft orðað einhvern veginn með því móti að konur hafi ekki það úthald sem þurfi. En auðvitað sjá það allir sem vilja sjá að þegar sveitarstjórnarstörf eru að stórum hluta til störf sem unnin eru utan venjulegs vinnutíma og eru viðbót við þau störf sem sinnt er fyrir, þá eru fjölmargar konur að bæta á sig þriðja starfinu við það að taka þátt í sveitarstjórnarmálum. Og það er því miður ein dapurlega niðurstaðan sem konur komast svo oft að, að þjóðfélagið mætir þeim ekki og þær geta ekki tekið þátt í þessu kapphlaupi, einfaldlega vegna þess að þær eru með of þunga hlekki um ökklana, þær geta ekki hlaupið.

Það er til lítils að hvetja konur til þátttöku í félagsstörfum þegar þær eiga sáralítinn kost á nokkrum þeim úrræðum sem gera þeim kleift að taka þátt í þeim. En þeim stóru spurningum ýtum við stanslaust til hliðar. Auðvitað eru launamálin eitt stærsta málið. Annað mál sem er því nátengt og sem varla er nokkurn tíma minnst á í þessu sambandi er auðvitað þessi langi vinnutími á Íslandi. Það er skrýtið að ekki skuli vera uppi sterkar kröfur alls staðar um styttan vinnutíma og sveigjanlegan vinnutíma. Og það er ekki fyrr en það mark hefur náðst sem við getum farið að ræða jafnréttismál á einhverjum raunverulegum grundvelli vegna þess að enn er það svo að börn fæðast, og sem betur fer hefur ekki dregið eins mikið úr barneignum hér á landi og í mörgum öðrum löndum, og meðan svo er, að börn fæðast í þessu þjóðfélagi sem og öðrum, þá þarf einhver að annast þau. Og það verður aldrei gert bara utan heimilisins. Auðvitað þurfum við lengri skóladag og auðvitað þurfum við samfelldan skóladag. Það er algjör höfuðnauðsyn og er áratugum of seint í rauninni. Auðvitað þurfum við góða dagvistun og örugga, en þetta eru ekki hinar endanlegu og einu lausnir. Það er ekkert sem kemur algjörlega í staðinn fyrir samvistir barna og foreldra. Með þeirri vinnuáþján sem er í íslensku þjóðfélagi er þessi þáttur fjölskyldunnar stórlega vanræktur og meðan svona er er eðlilegt að konur geti ekki axlað fjölbreyttari og fleiri og tímafrekari störf en þær gera í dag vegna þess að þær vilja hafa þennan tíma afgangs fyrir börn sín og fjölskyldu, ekki bara sjálfra sín vegna heldur barnanna vegna og allrar fjölskyldunnar vegna, og samfélagsins vegna er það líka nauðsynlegt. Það er því ekki spurning um það að konur hafi ekki úthald. Það er einfaldlega það að tími er okkur mældur og því eru takmörk sett hvað hver áorkar á þeim tíma sem honum er gefinn.

Það er sumt sem e.t.v. hefur í baráttu kvenna fyrir réttindum snúist að sumu leyti gegn þeim sjálfum, einfaldlega vegna þess að breyttum aðstæðum hefur ekki verið mætt, þannig að í dag standa mjög margar konur í þeim sporum að þeim finnst e.t.v. að þær hafi tapað meiru en þær hafi unnið. Hver verður árangurinn af því og hvert verður næsta skref? Það skal ég ekki um segja, en ég held að einhverjar áherslubreytingar í baráttu kvenna liggi í loftinu. Ég held að þær skynji allt of margar að þær eru komnar inn í blindgötu þar sem engin leið er út, a.m.k. ekki eftir þeirri sömu götu. (**ÓÞÞ:** Það hlýtur að vera til baka út úr götunni eins og við björgum okkur úr blindgötum.) Auðvitað hljóta fyrstu skrefin að liggja til baka út úr götunni til þess að finna aðra. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Það er margt sem konur hafa núna í rauninni losað karlmenn undan og konur hafa fært karlmönnum réttindi en þær hafa sáralítið fengið í staðinn og jafnvel hafa þær glatað réttindum. Konur hafa t.d. tekið þann þunga núna af karlmönnum að þeir þurfa ekki einir að axla framfærsluna. Konur deila því svo sannarlega með þeim. En hverju hafa þeir deilt í staðinn að sama skapi? Allt hefur þetta bara verið viðbót fyrir konur og sáralítið komið á móti.

Auðvitað er ég í rauninni að fara vítt og breitt og langt út fyrir þann lagaramma sem hér er til umræðu en ég held að við náum ekki árangri nema við setjum þessa hluti í samhengi. Við getum ekki hólfað líf okkar niður með þeim hætti að við höldum okkur bara við þessi lög. Væntanlega kemur eitthvað af þessu til umræðu þegar við innan skamms munum ræða hér grunnskólalög, þar er t.d. ein hlið málsins.

En ég vil enda á því að koma aftur að þessari hugmynd eða staðreynd sem hver af öðrum hefur bent á, að það hafi komið bakslag í kvennabaráttuna eða árangur hennar. Ég vil varpa því til hv. þm. að þeir íhugi hvort það muni rétt vera og af hverju það stafi. Bið ég sérstaklega hv. þm. af karlkyni að líta í eigin barm en ekki of mikið til annarra í þeim sökum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta mál. Hér hafa orðið langar og ítarlegar umræður um frv. og að mínu viti mjög gagnlegar. Fram hafa komið margar ábendingar varðandi þetta frv. sem væntanlega verða skoðaðar í nefnd sem um málið fjallar.

Mér sýnist að einkum séu gerðar athugasemdir við 12. gr. sem fjallar um hvernig eigi að skipa í nefndir, stjórnir og ráð og hvernig skipan Jafnréttisráðs á að vera samkvæmt frv., en það kemur fram í 15. gr.

Ég neita því ekki að ég stoppaði svolítið við þetta ákvæði í 12. gr., hvernig eigi að haga skipun í nefndir, stjórnir og ráð, þegar nefndin skilaði frv. til mín. En ég leit svo á að um þetta ákvæði væri mjög breið samstaða, ekki síst með tilliti til þess hvernig nefndin

var saman sett en í henni áttu sæti fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, þ.e. fulltrúar sex stjórnmálaflokka komu að þessu verki og skiluðu sameiginlegu áliti og niðurstöðu í þessu máli. Ég tel að þær ábendingar sem settar hafa verið fram og þau rök sem hafa komið fram í þessum ræðustól, t.d. að því er varðar 12. gr. og fram kom t.d. hjá hv. 9. þm. Reykn., eigi fyllilega rétt á sér og vænti þess að nefndin skoði þessi ákvæði.

Aðeins örfá orð um það sem fram kom hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Hún taldi að verið væri að draga mjög úr starfi Jafnréttisráðs með því að tvískipta hlutverki þess, þ.e. annars vegar í kærunefnd og hins vegar mundi Jafnréttisráð starfa áfram. Ég held að þetta sé ekki alls kostar rétt vegna þess að Jafnréttisráði er með þessu frv. eins og áður ætlað mjög mikilvægt hlutverk sem er mótun stefnu í jafnréttismálum í landinu og hafa frumkvæði að aðgerðum til þess að bæta stöðu kvenna. Jafnréttisráð á einnig að hafa ýmis mikilvæg störf með höndum eins og t.d. ýmis rannsóknarverkefni.

Hér var spurt af hv. 10. þm. Reykn. hvernig staðið yrði að kynningu á þessu frv. ef að lögum yrði. Ég er sammála hv. þm. um það að mjög mikilvægt er að kynna ítarlega ákvæði frv. Ég tel reyndar að það sé hlutverk Jafnréttisráðs að gera slíkt. Í 16. gr. kemur fram að Jafnréttisráð á að hafa með höndum ýmsa fræðslu og upplýsingastarfsemi og ég tel að það falli undir verkefni Jafnréttisráðs að sjá til þess að þetta frv., ef að lögum verður, fái ítarlega kynningu sem ég er sammála um að sé nauðsynleg.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. dró í efa að ákvæði sem fram kemur í frv. og fjallar um öfuga sönnunarbyrði ætti rétt á sér. Ég er ekki sammála honum í því. Ég tel að þetta sé mjög brýnt og mikilvægt ákvæði og mikilvægt einmitt við úrskurði í kærumálum og fleira þess háttar. Ég bendi á að nágrannaþjóðir okkar hafa talið sig þurfa að fara þessa leið og benti á í minni framsögu að slík ákvæði er bæði að finna í sænskum og finnskum jafnréttislögum. Það kom einnig þá fram í máli mínu, sem ég vil ítreka, að fyrir liggur tillaga, tilskipun, sem lögð var fram af framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í maí 1988 um öfuga sönnunarbyrði á sviði launajafnréttis og jafnréttis kvenna og karla. Það er alveg auðsýnt hver þróunin verður í þessum málum.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að tefja umræðuna. Ég vona að þetta frv. fái fljóta afgreiðslu í þeirri nefnd sem um það fjallar. Ég minni á að sama frv. var til umræðu hér á síðasta þingi. Þegar hefur verið leitað umsagnar aðila sem með þessi mál fara. Þær umsagnir eiga allar að liggja fyrir.

Ég vil taka undir það í lokin sem fram kom í máli margra sem hér töluðu að mjög mikilvægt er að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi að því er varðar jafnréttismálin. Því miður er víða brotalöm að því er varðar hið opinbera. Nefndir hafa verið nokkuð til umræðu og fyrir liggur að í þeim nefndum sem skipað er í á vegum hins opinbera er hlutur kvenna ekki nema 11–12%. Það er auðvitað afleitt vegna þess að konur eiga að hafa mótandi áhrif í þjóðlífinu, ekki síður en karlar. Mikilvægar ákvarðanir eru oft teknar í þessum nefndum, stjórnum og ráðum sem áríðandi er að konur komi að einnig. Ég vil líka benda á það að þegar maður lítur til hins opinbera, sem hefur tekið á sig skyldur, ríkið hefur tekið á sig skyldur þegar Alþingi hefur samþykkt jafnréttislög, þá vantar mikið upp á það að ríkið sinni þessum skyldum sínum. Ég vil nefna sem dæmi, af því að launamálin hefur borið á góma, að á árinu 1987 voru greiðslur á yfirvinnu 84% meiri til karla en kvenna hjá ríkinu, greiðslur á vaktaálagi 50% meiri til karla en kvenna, greiðslur á nefndalaunum 367% meiri til karla en kvenna, greiðslur á kostnaði 489% meiri til karla en kvenna. Og heildaraukagreiðslur sem hlutfall af dagvinnulaunum voru 86% meiri til karla en kvenna á árinu 1987.

Ég hygg að þessar tölur sýni okkur ljóslega að það er langt í land að ríkið virði jafnréttislögin eins og því þó ber að gera. Ég vænti þess að þetta frv. fái greiða leið hér í gegnum þingið.

Umræðu frestað.

Námsgagnastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 738.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur þegar fengið meðferð í hv. Ed. og er samkomulagsmál. Það felur í sér nokkrar breytingar á lögunum um Námsgagnastofnun þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að forstjóri stofnunarinnar sé skipaður til takmarkaðs tíma í senn og að foreldrafélög fái aðild að námsgagnastjórn. Ráð er fyrir því gert að deildaskipting stofnunarinnar sé felld niður úr lögunum, hún verði hins vegar reglugerðaratriði. Og í ákvæði til bráðabirgða er enn byggt á því sem segir um foreldrafélög með því að gert er ráð fyrir að þar til landssamtök foreldrafélaga hafi verið stofnuð eigi aðild að námsgagnastjórn samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi sem tilnefni einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skuli fræðsluráð hafa tilnefningarréttinn.

Það er þrennt sem skiptir máli í sambandi við Námsgagnastofnun á þessu þingi. Í fyrsta lagi að unnið er að því samkvæmt heimild í fjárlögum ársins 1990 að festa kaup á húsnæði fyrir stofnunina. Í öðru lagi er í fjárlögum ársins 1990 gert ráð fyrir nokkurri raunaukningu á framlögum til Námsgagnastofnunar gagnstætt því sem um er að ræða að því er varðar aðrar stofnanir m.a. á sviði mennta- og menningarmála. Og í þriðja lagi er hér um að ræða frv. sem hefur, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þegar sætt meðferð í hv. Ed. og verið þar vel tekið og er

samkomulagsmál sem ég vænti og að verði í þessari virðulegu deild. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 756.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Ég var kominn þar í máli mínu að ég ætlaði að víkja að 8. gr. frv. sem að mínu viti er mjög fortakslaus. Með leyfi forseta vildi ég fá að lesa greinina:

„Við ráðningu í starf skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Gildir þetta jafnt um stöðuveitingar hjá hinu opinbera sem og á almennum vinnumarkaði.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá kærunefnd jafnréttismála, sé þess óskað, fara fram á það við hluteigandi atvinnurekanda að hann veiti nefndinni skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika umfram konuna sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.“

Verði þetta samþykkt er hér um mjög afdráttarlausan lagatexta að ræða, svo fortakslausan að undan honum verður ekki vikist á nokkurn hátt að mínu mati. Ég er ekki viss um að þessi lagatexti breyti alltaf svo miklu hjá grónum fyrirtækjum þar sem hægfara þróun á sér stað í mannahaldi. En ég vil beina því til hæstv. iðnrh. hvort hann hafi hugleitt t.d. verði álver reist við Eyjafjörð hvað þessi texti þýðir. Hann þýðir það að mínu viti að sæki þar um stór hópur manna, langt fram yfir það sem álverið getur tekið við til starfa, þá verði fyrst að ráða konur til starfa, jafnmargar starfsmönnum í álverinu í Straumsvík, þ.e. karlkyns starfsmönnum þar. Ég hygg að ein kona sé þar í kerskála. Að því búnu sé óhætt að ráða að hálfu. Ég hygg að ekki sé með nokkrum rökum hægt að benda á það að þeir sem starfa norður í Eyjafirði hafi neina reynslu af vinnu í álveri. Þeir hafa yfir höfuð engir unnið í álveri, nema kannski örfáir hér fyrir sunnan, en ég hygg að það sé mjög fátítt. Þarna er því um það að ræða að samkvæmt laganna hljóðan, ef þetta yrði að lögum, eru ákvæðin svo fortakslaus að ég teldi að ráðherra þyrfti að gera þeim aðilum sem hafa áhuga á að koma hér upp stóriðju grein fyrir þessu.

Með þessu móti er ég ekki að gera því skóna að þeir séu neinir kvenhatarar eða konur geti ekki unnið mörg þau störf sem þarna er um að ræða. Hins vegar sýnist mér að þeir muni spyrja sjálfa sig að því hvort hér sé ekki á ferðinni texti sem sé svo strangur í fyrirmælum að þeir mundu ekki geta unað því. Auðvitað væri það kátbrosleg niðurstaða ef Íslendingar samþykktu 8. gr. fyrir íslensk fyrirtæki en ætluðu svo stóriðju að sitja uppi með frelsi á þessu sviði. Ég er hlynntur því að hafa ein lög í landinu og teldi þess vegna skynsamlegt að menn skoði þetta af fullri alvöru og fordómalaust. Er þörf á svo ströngum ákvæðum eins og þarna eru sett fram? Hverjar gætu hugsanlegar afleiðingar þess orðið ef þessi lagatexti mundi blasa við sem staðreynd þegar kæmi að því að farið yrði að semja um stóriðju? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að því eins varpa ég þessu hér fram og því eins hef ég sótt það svo fast að hann hlýði á mál mitt hér í deildinni að mér sýnist þessi texti hreinlega ekki ganga upp. Ég vænti svars hæstv. ráðherra.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill taka það fram að í kvöld er árshátíð starfsfólks Alþingis. Þess vegna var fyrirhugað að reyna að ljúka fundi hér um kl. 3. Það hefur dregist úr hömlu að ljúka þessum fundi. Forseti vill endilega standa við það að fundi ljúki snemma svo að fólk komist heim til að undirbúa sig fyrir þessa skemmtan og mælist til þess við hv. þm. að þeir reyni nú að stytta mál sitt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við tilmælum forseta. Ég tek það fram að ég gat ekki komið fyrr til fundar í deildinni vegna þess að ég var að mæla fyrir frv. í hv. Ed. og hlaut að fylgja því máli til loka umræðunnar.

Vegna þess máls sem hv. 2. þm. Vestf. hreyfir hér og varðar 8. gr. þess frv. sem hér er til 1. umr. vil ég segja þetta: Ég tel þetta vera ábendingu sem er dæmigerð fyrir viðfangsefni nefndar að fjalla um. Hún verður að meta það hvort þetta geti valdið óeðlilegri röskun á högum eða kjörum atvinnuvega þegar jafnréttismarkmiðið er sett fram á þennan hátt. Það sem hér skiptir kannski mestu máli er nefnarinn í brotinu þegar litið er á hvað orðin „minni hluti í starfsgrein“ þýða. Hér bendir hv. 2. þm. Vestf. á það að þarna væri að hans áliti eðlilegt að líta til þess sem er í þessu eina fyrirtæki í álbræðslu sem er hér fyrir, hvernig þar er hagað hlutföllum kynjanna.

Ég vil benda hv. þm. á það að það sem hann gefur sér um eftirsókn kvenna eftir störfum í hugsanlegu iðjuveri á þeim stað sem hann nefndi er náttúrlega getspá hans en ekki staðreynd. Ekki skal ég gera lítið úr því að hann sé maður forvitri en ekki sér hann allt fyrir. Það er hins vegar alveg rétt að nauðsynlegt er að huga vel að þessu. Og ég bendi á að þetta er eitt af því sem hv. félmn. þessarar deildar hlýtur að kanna þegar hún fær þetta mál til meðferðar.

Kristín Einarsdóttir:

Aðeins örstutt, virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mig langaði aðeins í tilefni af þessum síðustu ræðum tveim og aðallega hv. 2. þm. Vestf. að segja þetta: Það vill nú þannig til að konur sækjast ekki mikið í störf hjá stóriðjuverum, hvorki hér á landi né annars staðar. Því held ég að áhyggjur hans séu ástæðulausar.

Það má kannski geta þess um þessa einu konu sem hann minntist á sem vinnur í kerskálanum í álverinu í Straumsvík að þegar hún hóf störf þar þá lögðu karlmenn niður vinnu vegna þess að þeir töldu að þetta mundi leiða til þess að launin lækkuðu í álverinu. Þess vegna var því mótmælt mjög sterklega að hún færi að starfa þar. Og ég held að út af fyrir sig þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því.

Ég tel að þessi grein sé einmitt mjög mikilvæg, að það sé tekið fram að karlmanni eða konu, ég held að þetta gildi nú yfirleitt um konu, sé veitt starf ef hún uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru vegna starfsins. Þannig er það núna, eða mjög oft og allt of oft, þegar konur sækja um störf þar sem margir karlar eru fyrir, að það eru yfirleitt karlar sem meta hver sé hæfastur. Og þá vill það alloft þannig til að þeir finna út að karlmennirnir séu hæfastir hvernig sem að málinu er staðið. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að þessi grein standi. Þetta er kannski ekki síður sagt í tilefni af orðum hv. 17. þm. Reykv. En ég ætla að geyma mér til 2. umr. að ræða þetta mál frekar. Ég vona að frv. komi fljótt hér til 2. umr. þannig að við getum afgreitt þetta mál á þessu þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans. En ég undirstrika það að vandamálið er ekki hvort ég er getspakur eður ei heldur hitt hvort hinir erlendu aðilar sem þarna mundu um semja teldu að sér væri of þröngur stakkur skorinn. Mér er ekki ljóst hvort þeir sem starfa í nefndinni og fá þetta til umfjöllunar eru þar dómbærari um en hæstv. iðnrh. Ég hygg að þeir séu fjær þeim vettvangi. Ég tel að hæstv. ráðherra komist ekki undan því á einhverjum stigum þessa máls að taka afstöðu til þessa. Með þessu er ég ekki á nokkurn hátt að álasa honum fyrir það þó að hann hafi ekki tekið afstöðu til þess í umræðunni hér og nú.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Til þess að taka af öll tvímæli þá er það alveg ljóst frá mínum bæjardyrum séð að hv. 2. þm. Vestf. gengur gott eitt til þegar hann hreyfir þessu máli og ekkert annað ætla ég honum. Þess vegna vonast ég til þess að nefndin sem um þetta fjallar kveðji til þá menn sem dómbæra mætti telja um þetta atriði.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri röksemdafærslu sem kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf. Það voru sjónarmið hugsanlegra erlendra eigenda áliðju hér á landi sem áttu samkvæmt hans mati að vera ráðandi um það hvaða skilyrði eru sett í sambandi við jafnréttismál hér á landi. Ég verð að lýsa undrun minni á að ýtt skuli vera á eftir því hér á Alþingi Íslendinga að slík sjónarmið séu sérstaklega könnuð þegar verið er að setja lög um jafnrétti hér á landi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka fullt tillit til þess að forseti hefur óskað eftir því að menn stytti mál sitt vegna þess að hér er hátíð í kvöld. En mér finnst furðulegt þegar hv. 2. þm. Austurl. situr hér og hlustar á umræðu, stendur svo upp undir lokin og setur inn sprengjur getsaka af illkvittni, fyrst og fremst með það að markmiði að lengja hér umræður. Ég lagði hér einfaldar spurningar fyrir. Ég hef ekki fengið svör við þeim en tel mig eiga fullan rétt á því, hvaða skoðanir sem hv. 2. þm. Austurl. hefur á þeim málum.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt úr því sem komið er að þessari umræðu verði frestað. Hér hafa komið fram sakir og gagnsakir af hálfu stjórnarliðsins um atriði úr þessu frv. sem óhjákvæmilegt er að ræða í mun betra tómi hér í hv. deild. Ég skal ekki hafa þetta mál lengra, en ég óska eftir því að gefið verði færi á því að ræða þetta mál á næsta fundi deildarinnar hvenær sem hann verður.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessarar óskar hv. 17. þm. Reykv. vill forseti geta þess að hv. þm. gæti tekið upp þessa umræðu við 2. umr. um málið og fer þess vinsamlega á leit við hann að forseti fái lokið þessari umræðu sem búin er að standa mjög lengi þannig að málið geti komist í nefnd við atkvæðagreiðslu á þriðjudag.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til annars en að verða við þessari ósk. Ég met mikils gott samstarf við forseta og fyrst hann leggur þetta mat á málið í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram þá skal ég fúslega verða við því.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir þessi orð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

67. fundur, mánudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þm. til upplýsingar skal á það minnt að að aflokinni afgreiðslu 1. dagskrármáls hefur verið leyfð hálftíma umræða um njósnakerfi á vegum öryggisþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi. Umræðan fer fram að beiðni hv. 2. þm. Austurl. og fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga.

Rit um kristni á Íslandi í þúsund ár, síðari umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 431. mál. — Þskj. 752, n. 792.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um 431. mál Sþ. sem er þáltill. um samningu rits um kristni á Íslandi í þúsund ár. Það liggur fyrir mikil samstaða um þetta þingmál. Forseti Sþ. er 1. flm. og forsetar deilda ásamt öllum þingflokksformönnum flytja málið. Allshn. ræddi kostnað af umræddu ritverki og treystir því að forsetar Alþingis hafi eftirlit með fjárhagslegum kostnaði verksins. Nefndin samþykkti einróma svohljóðandi nál. sem er á þskj. 792:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason. Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt. Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.“ Hann var staddur erlendis.

Undir þetta nál. skrifa Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Kristinn Pétursson, Eggert Haukdal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 810).

Umræður utan dagskrár.

Njósnakerfi á vegum öryggisþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá fer fram umræða skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapalaga um njósnakerfi á vegum öryggisþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi. Til máls tekur hv. 2. þm. Austurl.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég á von á að það hafi verið fleiri en ég sem hrukku við þegar fluttar voru um það fréttir í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi af fréttaritara útvarpsins í Bandaríkjunum, Jóni Ásgeiri Sigurðssyni, að hér á landi væri starfrækt sérstök deild úr Öryggismálastofnun Bandaríkjanna. Orðrétt, svo að ég leyfi mér að vitna í fréttina, sagði fréttaritarinn:

„Dagblaðið Washington Post telur að á Íslandi sé deild úr Öryggismálastofnun Bandaríkjanna sem er sjálfstæð njósnastofnun. Hlutverk hennar er að hlera fjarskipti, ráða dulmálslykla og tryggja öryggi í fjarskiptum bandarískra stjórnvalda og stofnana. Hjá Öryggismálastofnun, National Security Agency, starfa 160 þús. menn og stofnunin hefur úr milljörðum dollara að moða. Til njósnastarfseminnar eru notuð gervitungl, loftnet af öllum gerðum, geysiöflugar tölvur og annar hátæknibúnaður.“ Síðar segir: „Öryggismálastofnun hefur alla tíð farið huldu höfði og var tilvist hennar árum saman ekki viðurkennd fyrir Bandaríkjaþingi. Stofnunin komst fyrst í sviðsljósið árið 1975 þegar upplýst var að hún hafði hlerað millilandasímtöl og lesið bréf bandarískra borgara.“ Einnig segir fréttaritarinn: „Dagblaðið Washington Post segir að Öryggismálastofnun geti nú orðið hlerað símtöl hvert sem er, hvar sem er og fylgst með telex- og telefaxskeytum og jafnvel bankaviðskiptum um allan heim. Öflugar tölvur vinni úr því gífurlega magni upplýsinga sem stofnunin safni.“

Nánari lýsing var síðan á þessu gefin og tekið er fram að margar deildir þessarar njósnastofnunar séu starfræktar af dulmálsdeildum Bandaríkjahers og aðrar af njósnahópum í bandarískum sendiráðum. Þeim hópum tilheyri bæði menn frá Öryggismálastofnun og frá leyniþjónustunni, CIA.

Síðan er vitnað í heimildarmenn, „George Lardner sem skrifaði greinarnar í Washington Post sagði mér“, sagði fréttaritarinn, „að á Íslandi starfræki Bandaríkjafloti njósnadeild Öryggismálastofnunar. Hún héti Naval Security Group og væri staðsett á Miðnesheiði. Þess vegna væri Ísland merkt inn á kortið í Washington Post en það byggðist á upplýsingum úr bók Geoffrey Richardson um bandarískar njósnastofnanir. Richardson sagði mér að hann vissi fyrir víst að á Miðnesheiði væri hlerunarloftnet sem nefndist AFRD-10 og væri það sérstaklega ætlað til að hlera fjarskipti skipa á Norður-Atlantshafi. Richardson sagði að njósnadeildin á Miðnesheiði heyrði beint undir Öryggismálastofnun sem hefur höfuðstöðvar nálægt Washington hér í Bandaríkjunum. Hún annast, eins og áður segir, hleranir á hvers kyns fjarskiptum um allan heim sem og úrvinnslu upplýsinga úr þessum fjarskiptum.“

Þetta eru kaflar úr fréttinni sem lesin var í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi. Ég hef síðan farið yfir blöð á Norðurlöndum þar sem mál þessi hafa komið upp nú síðustu daga og umræða farið fram í norska Stórþinginu þar að lútandi. Ég vil hér leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. af tilefni þessa máls:

1. Hvaða upplýsingar getur hæstv. utanrrh. veitt

Alþingi Íslendinga um meinta njósnastarfsemi hérlendis á vegum deildar úr svonefndri Öryggismálastofnun Bandaríkjanna?

2. Hefur utanrrn. haft vitneskju um slíka starfsemi?

3. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa vegna frétta um þessi efni?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. beinir til mín hér þremur spurningum og hefur gert grein fyrir tilefninu.

Í fyrsta lagi hvaða upplýsingar íslenska utanrrn. hafi um umrædda stofnun og til hvaða ráðstafana verði gripið í tilefni af þessum fréttaflutningi. Nú verð ég fyrst að segja að mér er kannski nokkur vandi á höndum að gefa hér og nú mjög ítarleg svör þar sem ég heyrði ekki sjálfur fréttaflutninginn, kom til landsins seint í nótt, hef verið upptekinn í morgun og ekki getað lagt mikið kapp á að afla sérstakra upplýsinga um þetta en vil þó taka fram eftirfarandi.

Það er vitað í fyrsta lagi að svo kölluð Naval Security Group er starfandi innan varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og, eftir því sem ég hef best getað kannað, hefur hún verið starfandi þar síðan 1970. Ég hef hins vegar ekki staðfestar upplýsingar um það hver hennar starfsemi hafi verið áður en þó er ástæða til að ætla að hún hafi áður haft bækistöð á Höfn í Hornafirði, hversu lengi veit ég ekki á þessari stundu. En með öðrum orðum, íslenska utanrrn. er kunnugt um starfsemi þessa hóps og skilgreining á hlutverki hans er þessi: Hlutverk þessarar stöðvar er að starfrækja hátíðni miðunarstöð og tilgangurinn er tvíþættur. Það er annars vegar til stuðnings við siglingafræðilega hjálpartækja- og björgunarstöð, Air sea rescue, fyrir utan það að hún aflar upplýsinga með því að taka boð sem berast milli sovéskra herflugvéla í grennd við Ísland eða á umræddu svæði.

Samkvæmt upplýsingum beint frá yfirmanni varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli kannast ég ekki við að umrætt hlerunarloftnet sem vísað var til í fréttinni AFRD-10 sé þar að finna. Stöðin hefur verið skoðuð af varnarmálaskrifstofu íslenska utanrrn., sem hefur verið starfandi frá árinu 1985, og hún var skoðuð fyrir tveimur árum þannig að varðandi fyrstu spurningu, um vitneskju íslenskra stjórnvalda um tilvist þessarar stöðvar, þá er okkur um það kunnugt. Hún er hér starfandi með leyfi íslenskra stjórnvalda. Okkur er hins vegar ekki kunnugt um það að á vegum þessarar stöðvar fari fram njósnastarfsemi.

Varðandi þriðju spurningu sem er um það til hvaða ráðstafana skuli gripið, þá er það náttúrlega fyrst og fremst að kanna rækilega nú á næstunni starfsemi þessarar stöðvar. Íslenskum stjórnvöldum var kunnugt um það hlutverk varnarliðsins og þar með þessa hóps að afla upplýsinga eftir fjarskiptasamböndum um ferðir sovéskra kafbáta og flugvéla og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum er það hlutverk þessarar stöðvar.

Hitt er svo annað mál að upplýsingar um National Security Agency svokallað er auðvitað víða að finna. Eins og fram kom í máli frsm. er þetta stofnun sem var stofnuð með lögum árið 1952. Starfsemi hennar er mjög heimuleg. Það er ekki fyrr en 1975 sem athygli bandarískra þingsins er vakin á starfsemi hennar með þeim hætti að efnt er til sérstakrar rannsóknar á starfsemi hennar á vegum þingsins. Þær upplýsingar leiða í ljós að á vegum þessarar stofnunar er ekki aðeins starfsemi sem flokkast undir „surveillance" eða eftirlit, heldur einnig njósnastarfsemi og það svo nákvæmlega að því er haldið fram að þessari stofnun sé það kleift með þeim tæknibúnaði og mannafla sem hún hefur að hlera símtöl, t.d. ráðherra í ríkisstjórn Sovétríkjanna. Þess er sérstaklega getið að það hafi verið á valdi þessarar stöðvar að hlera samtöl Noriega Panamaforseta við hjákonur sínar sem og að hafa eftirlit með upplýsingum um starfsemi sendiráða. Okkur er ekki kunnugt um það í íslenska utanrrn. að starfsemi af þessu tagi fari fram á Miðnesheiði.

Hitt þarf engum að koma á óvart að fyrir utan þá skipulögðu upplýsingastarfsemi sem aflað er á vegum varnarbandalaganna beggja fer fram önnur starfsemi sem heitir „espionage" eða njósnastarfsemi og er stunduð af miklu kappi. Um það eru til auðvitað mjög viðamiklar upplýsingar að því er varðar bæði stórveldin. Ég hef nú ekki tíma til þess að segja mikið um þá starfsemi hér en vil aðeins ljúka mínu máli á þessari stundu með því að draga saman eftirfarandi:

Við munum á næstunni kanna rækilega tengsl svokallaðs Naval Security Group í Keflavík við þessa stofnun og kanna og heimta upplýsingar um starfsemi hennar og jafnframt þá vera við því búnir í umræðum um skýrslu utanrrh. hér síðar í vikunni að koma þeim upplýsingum á framfæri og ræða þær betur.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegur forseti. Mér er í fersku minni þegar fyrir nokkrum árum var gerð atlaga að minningu Stefáns Jóhanns Stefánssonar með rætnum tilgátum um óþjóðhollustu hans við íslenskan málstað og haft eftir erlendum fréttariturum. Það reyndist fleipur eitt. Nú er enn þá hlaupið eftir erlendum fréttariturum og erlendum upplýsingum og það tekið upp hér á Alþingi.

Ég spyr: Dettur nokkrum heilvita manni í hug að þar sem herstöð er séu ekki stundaðar einhvers konar njósnir og upplýsingastarfsemi? Dettur nokkrum manni það í hug að varnarlið eða herstöð standi í stykki sínu ef hún sinnir ekki slíkum málum? Ég held að svo sé ekki. Og ég held að það sé óþarfi fyrir utanrrh. að vera að leita upplýsinga um slíka hluti. Sannleikurinn er sá að það má gera ráð fyrir þessu og ég tel að tilvist okkar í Atlantshafsbandalaginu, sú staðreynd að við höfum varnarlið hér í landinu, geri það að verkum að við gerum kröfu til þess að varnarliðið sinni á allan hátt því hlutverki sem það hefur að gegna, þ.e. að gæta öryggishagsmuna okkar í hvívetna. Það hefur tekist til þessa og ég vænti þess að svo verði áfram. Ég tel einmitt að tilvist varnarliðsins hér og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu

hafi gert það m.a. að verkum að við höfum lifað í friði ıér í 40 ár. Tilvist Atlantshafsbandalagsins hefur fyrst og fremst orðið til þess að nú stendur kommúnisminn ber að þeirri kúgun sem öllum er ljóst að fyrir hendi er.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það má þakka stjórnarflokkunum fyrir að verja ákveðnum tíma hér í dag til umræðna um utanríkis- og öryggismál þjóðarinnar. Það vekur hins vegar nokkra athygli með hvaða hætti það er gert. Auðvitað liggur í augum uppi þegar við höfum gert samninga við erlenda þjóð um að framkvæma hér með gagnkvæmum samningum varnir í þágu okkar og bandalagsþjóða okkar að fram þarf að fara á þeim vettvangi ákveðið eftirlit. Ég hygg að hæstv. utanrrh. hafi lýst með ágætum að varnarliðið framkvæmir hér ákveðin eftirlitsstörf og við hljótum að ætlast til þess út frá okkar eigin varnarhagsmunum að þau séu rækt í samræmi við þá samninga sem fyrir liggja. Ég tel hins vegar eðlilegt að utanrrn. á hverjum tíma fylgist með að öll sú starfsemi sem þarna fer fram sé í samræmi við samninga, í samræmi við þær heimildir sem gefnar hafa verið. Og eins og hæstv. ráðherra tók fram liggur ekkert annað fyrir en að svo sé.

En það er sérstaklega athygli vert í þessu efni að þessi umræða sýnir auðvitað fram á það að á bak við hæstv. ríkisstjórn er enginn einn hugur í utanríkis- og öryggismálum. Þetta er ríkisstjórn sem styðst við þingmeirihluta sem er margklofinn í utanríkis- og varnarmálum. Þessi umræða varpar ljósi á þá staðreynd og veikir auðvitað stöðu Íslands í þessu efni.

Og frú forseti, ég ætla að ljúka máli mínu en ég held að það sé ástæða til þess að varpa ljósi á þá staðreynd að e.t.v. hefði verið miklu nær fyrir stjórnarmeirihlutann, sem taldi sig hafa tíma til þess að ræða utanríkis- og öryggismál, að ræða hér í dag málefni Litáa og hernaðaríhlutun Sovétríkjanna í Litáen. Ræða það hvers vegna ríkisstjórn Íslands hefur ekki viljað með formlegum hætti viðurkenna Litáen. Það hefði verið meiri reisn yfir stjórnarliðinu ef það hefði hafið umræður um það efni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel það algerlega óviðunandi ef rekin er hér á landi njósnastofnun eins og greint var frá í útvarpspistli frá Bandaríkjunum. Og ég tel að það sé fyllsta ástæða til að kanna það mál eins og reyndar hæstv. utanrrh. hefur talað um að hann muni gera. Ég tel það nauðsynlegt fyrir okkur að fá upplýsingar um hvað þarna er á ferðinni. Ég tel það ekki neitt sjálfsagt þótt Bandaríkjamenn hér á Keflavíkurflugvelli telji sig þurfa að fylgjast með því sem fram fer hér í kringum landið að það geti verið að þar sé rekin víðtæk njósnastarfsemi eins og það að hlera símtöl og annað sem talað var um í fréttinni að væri gert alla vega í Bandaríkjunum. Þannig að ég fagna því að það skuli eiga að fara ofan í þetta mál og að við fáum þá væntanlega upplýsingar um það frekar, á fimmtudaginn þegar utanríkismálaumræðan fer fram, hvað þarna er í raun og veru á ferðinni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það eru merkileg viðbrögð sem m.a. koma fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., að um leið og fram kemur opinberlega að Bandaríkin kunni að stunda hér á Íslandi starfsemi sem hefur ekkert með hernað eða varnir að gera þá skuli hann telja það óviðeigandi að gera við það athugasemdir og fara í hinar hefðbundnu kaldastríðsstellingar í þeirri umræðu.

Auðvitað á það að vera flestum ljóst hér að sú stofnun sem fjallað var um í umræddri frétt stundar að verulegu leyti borgaralegar njósnir. Hún hefur haft það sem verkefni að hlera símtöl víða um heim, símtöl óbreyttra borgara til þess að geta fylgst með stjórnmálaskoðunum þeirra og félagslegri starfsemi. Starfsemi þessarar stofnunar hefur ekkert með hinar svokölluðu varnir að gera. Hún hefur ekkert með það að gera að veita upplýsingar um það með hvaða hætti umferð kafbáta eða flugvéla í kringum Ísland kann að stofna öryggi landsins í hættu samkvæmt dómi þeirra sem telja að slíkt stofni öryggi landsins í hættu. Til þess eru aðrir þættir í starfsemi bandaríska hersins á Íslandi. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að fá það skýrt fram hvort bandarísk stjórnvöld hafa farið fram á það að fá að starfrækja slíkt útibú frá þessari sérstöku bandarísku njósnastofnun hér á Íslandi. Og hvenær íslensk stjórnvöld leyfðu slíkt ef þau hafa þá formlega leyft það.

Það er svo sjálfsagður hlutur í sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar að það sé upplýst hér á Alþingi hvort íslensk stjórnvöld hafa veitt leyfi til slíkrar starfsemi og þá hvenær. Því ef þau hafa ekki gert það þá hafa bandarísk yfirvöld brotið sjálfstæðan sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar með þeirri starfsemi sem fram fer á Keflavíkurflugvelli samkvæmt þessari frétt.

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Það hefur ekkert komið fram í þessari umræðu sem bendir til annars en að hér fari fram sú starfsemi sem varnarliðið á að annast, þ.e. að fylgjast með skipaumferð á höfunum í kringum Ísland, að fylgjast með flugumferð í loftinu yfir Íslandi. Það hefur ekkert annað komið fram. Fréttir fjölmiðla eru ekki allar réttar. Ég ætla enn einu sinni að minna á að fyrir 9 eða 10 árum varð feiknarlegt upphlaup hér á Alþingi þegar Ríkisútvarpið flutti frétt um það, eftir heimildum í Washington, að á Íslandi væru geymd kjarnorkuvopn. Ég veit að hæstv. núv. fjmrh. man þetta vel því hann var þá þingmaður og beitti sér mjög í þessu máli. Hvað gerðist svo? Ári seinna kom heimildarmaðurinn hingað til lands og það var haldinn fundur í þingflokksherbergi Framsfl. — ég hef minnt á þetta hér áður, en það þarf að minna á það nokkuð oft — og sagði: Mér þykir það ákaflega leitt, herrar mínir og frúr, ég hafði rangt fyrir mér. Þannig að ég bið nú menn um að hlaupa ekki upp til handa og fóta þó fram komi í fjölmiðlum einhverjar fullyrðingar sem við vitum og teljum okk-

ur hafa fullvissu um að hafa ekki við nokkur minnstu rök að styðjast, eru eins og hver önnur upphlaupsfrétt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er ekkert nýtt að ákveðnir stjórnmálamenn séu eins og hlaupakettir á eftir hvers konar fréttum ef þær eru í þá veru að hægt sé að klína á Bandaríkjamenn einhverju ljótu. Þessi utandagskrárumræða er byggð á óljósum fréttum og því miður hafa fréttamenn Ríkisútvarpsins oft og tíðum flutt frekar óábyggilegar fréttir á ýmsum sviðum. Þar að auki liggur ekkert fyrir að um neina njósnastöð sé að ræða. Við vitum að þarna er hlustunarstöð í sambandi við hernað og höfum vitað það í fjölda ára. Og þessi umræða gengur náttúrlega í þá veru að maður er undrandi. Ég ætla að taka undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan og minna á þá umræðu sem hér varð fyrir nokkrum árum um þessi mál á svipuðum grundvelli þegar Ríkisútvarpið flutti eina af þessum ábyggilegu fréttum sínum. Og í öðru lagi vil ég taka undir það sem hv. 1. þm. Suðurl. kom hér inn á áðan, það hefði verið meiri reisn fyrir Alþingi Íslendinga að ræða málin fyrir botni Eystrasalts. (**SJS:** Bannar einhver að gera það?) Það hefði verið meiri reisn. (**SJS:** Af hverju gerið þið það þá ekki?) Það má vel vera að svo verði, hæstv. ráðherra. Ég held að það væri tími til kominn að menn líti sér nær og líti á staðreyndirnar eins og þær liggja fyrir, líti á það hvort nauðsyn er að ræða um hlutina en ekki um slíkan hégóma eins og hér hefur verið tekið upp.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Út af þessari umræðu sem fer hér fram í dag um njósnastarfsemi á Keflavíkurflugvelli held ég að menn verði nú að átta sig á því að við erum búin að vera meðlimir í NATO í 40 ár. Að vera meðlimur í varnarbandalagi eins og NATO hlýtur að krefjast þess að við fylgjumst vel með og leyfum að fylgjast vel með því sem fer fram í höfunum í kringum okkur og í loftunum fyrir ofan okkur.

Ég hef enga trú á því að persónunjósnir fari fram á Keflavíkurflugvelli. Út af fyrir sig finnst mér ekkert athugavert við það að hæstv. utanrrh. láti kanna það og fái nánari upplýsingar um starfsemi einhverra ákveðinna stofnana hér á landi. En ég óska þá eftir því að hann kanni þá líka hvað er að ske hér uppi á Túngötu. Þar er rekið stærsta sendiráðið hér á landi. Og hefur þó helmingi minni viðskipti við okkur að ýmsu leyti en nokkurn tímann bandaríska sendiráðið. Hvað eru þeir að gera þarna? Það er ekki einu sinni svo að það séu ráðnir íslenskir starfsmenn þangað. Það er svo lokað að Íslendingar fá ekki einu sinni að vaska upp þar á kvöldin. Eitthvað er nú leyndardómsfullt sem þar skeður. Ég held því að ef á að fara að kanna hvað skeður innan þess varnarbandalags sem við tökum þátt í, fylgjast með þeirri umferð sem hér er í kringum okkur vegna öryggismála þjóðarinnar, þá sé full ástæða til þess að kanna hvað fer fram þar uppi á Túngötu. Ég held að það séu fleiri atriði sem má nefna um þetta en tíminn er takmarkaður hérna núna. Við ættum kannski að taka síðari umræðu um það þegar rædd verður skýrsla um utanríkismál sem utanrrh. flytur hér í lok vikunnar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Maður er nú loksins farinn að kunna við sig aftur hérna þegar umræðan fer í þennan farveg. Menn muna eftir sendiráði Rússa og öðrum slíkum atriðum sem rétt er að hafa í huga. Mér finnst það satt best að segja furðulegt að það skuli ekki allir taka undir þau orð sem utanrrh. lét falla hér að það sé sjálfsagt mál að kanna áreiðanleika þessara frétta sem þarna koma. Það er full ástæða til þess. Hér eru ekki þeir aðilar nefndir sem heimildarmenn sem venjan er nú svona fyrir fram að tortryggja öðrum fremur. Og það er auðvitað alvörumál ef það hefur átt sér stað eða á sér stað að okkar land sé misnotað án okkar vitundar til þess að stunda héðan njósnir og jafnvel persónunjósnir. Slíkt getum við að sjálfsögðu ekki liðið og á ekkert skylt við öryggishagsmuni hvaða skoðun sem menn síðan hafa á því hvernig þeirra sé best gætt. Við höfum ekki tíma til að fara út í þá umræðu.

Það er vitað og hefur legið fyrir lengi að með nútímatækni er hægt að stunda slíkar njósnir um víða vegu. Fræg eru dæmin, það þarf ekki símtölin við hjákonur Noriegas til. Menn muna þegar Bandaríkjamenn hleruðu öll samskipti sendiráðs Líbýu í London við Trípóli þannig að þeir gátu sagt Bretum og þeim hinum nákvæmlega hvað þar hefði farið fram klukkustundum og sólarhringum saman, upp á hvert orð. Og ég segi bara aftur, það er að sjálfsögðu með öllu ólíðandi og hefur reyndar lengi verið ólíðandi hvernig Bandaríkjamönnum hefur liðist að misnota okkar land bæði vegna þeirrar aðstöðu sem þeir hafa haft hér en líka með því að gera ýmiss konar áætlanir og plön sem byggðu á því að nota Ísland eða aðstöðu hér til hluta sem við höfðum enga hugmynd um. Það er auðvitað löngu, löngu tímabært að slíku linni. Og ég trúi ekki öðru en a.m.k. geti allir orðið sammála um það, hvort sem þeir taka nú meira eða minna mark á þessum fréttum, telja meiri eða minni líkur á því að þær séu réttar eða ekki, að upplýsa málið. Og þá skil ég ekki að það þurfi að verða þetta fjaðrafok sem hér hefur orðið þegar hinir hefðbundnu menn, sem eru í ákveðnum hlutverkum þegar þessi mál ber hér á góma, rjúka hér upp til handa og fóta af þeirri einu ástæðu að það er óskað eftir að fá þetta mál upplýst.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka hér til máls vegna þess að ég undrast það hvernig þessi umræða hefur þróast.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða frétt í bandaríska dagblaðinu Washington Post sem hingað til hefur verið álitinn einn af ábyrgum fjölmiðlum í Bandaríkjunum. Útvarpspistillinn fjallaði um grein í þessu dagblaði. Ég tel engan vafa á því að slík grein gefur tilefni til þess að við þingmenn, eins og aðrir Íslend-

ingar, hugum að því hvort einhver fótur geti verið fyrir því sem þar stendur.

Í öðru lagi kom fram í máli hæstv. fjmrh., að hér er um að ræða stofnun sem rekur persónunjósnir eða borgaralegar njósnir. Þær geta ekki talist til athafna herstöðva. Þess vegna er mjög rík ástæða til þess að íhuga þetta enn frekar.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja að því: Hvaða tök á varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins í raun og veru, og þar með íslensk stjórnvöld, á því að ganga úr skugga um að jafnheimuleg starfsemi sé rekin hér eða ekki? Munu þeir taka neitun gilda sem svar?

Í fjórða lagi, vegna þess sem fram kom í umræðunni, það er auðvitað fyllsta ástæða fyrir Alþingi Íslendinga að hafa mjög miklar áhyggjur af þróun mála í Austur-Evrópu og þá sérstaklega í Litáen undanfarna daga. Og það er enginn sem bannar hv. þm. að hefja umræðu um það hér á þinginu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir viðbrögð hans vegna minna fyrirspurna hér. Hann hefur heitið þinginu því að kanna þetta mál rækilega. Á því er auðvitað fyllsta nauðsyn.

Ég harma það jafnframt að það skuli hafa dregið til þeirra umræðna af hálfu sumra hv. alþm. hér í sambandi við þetta mál eins og fyrir liggur. Það er satt að segja með miklum fádæmum að alþingismenn hér, íslenskir alþingismenn, skuli rjúka upp til handa og fóta af þessu tilefni, til þess að bera blak af njósnastarfsemi hugsanlegri hérlendis og hógværum tilmælum um það að farið sé ofan í saumana á þeim efnum. Ég held að hv. alþm. ættu að kynna sér viðbrögð norskra stjórnmálamanna af svipuðu tilefni og raunar sama tilefni vegna hlerunarstarfsemi þessarar sömu njósnastofnunar sem tengist Noregi. Ég held að hv. þm. Karl Steinar Guðnason og hv. þingflokksformaður Eiður Guðnason ættu að lesa viðbrögð varaformanns norska verkamannaflokksins við þeim tíðindum sem komu fram fyrir fáeinum dögum og snúa að Noregi, af svipuðu tilefni. Sá talaði um það að njósnastarfsemi af þessum toga eitraði allt andrúmsloft, einnig milli svokallaðra bandamanna. Og menn ættu að athuga viðbrögð öryggisþjónustu norska atvinnulífsins sem hefur af því miklar áhyggjur, virðulegur forseti, að stundaðar séu iðnaðarnjósnir á vegum þessarar stofnunar. Ég held að menn ættu að fara svolítið ofan í tæknina sem liggur þarna að baki með öllu því gífurlega fjármagni sem þarna er fram reitt.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða var heimiluð. Hún útilokar væntanlega ekki umræðu um önnur efni sem hljóta að brenna á mönnum í sambandi við alþjóðamál og utanrmn. þingsins hefur m.a. fjallað um undanfarna daga. En einnig þetta er verkefni fyrir utanrmn. þingsins að fara ofan í. Ég spyr hæstv. samgrh.: Hvað ætlar hann að gera í sambandi við þær stofnanir sem undir hann heyra og gætu kannski upplýst eitthvað í sambandi við þessi mál, t.d. Póst og síma? Viðtöl voru við starfsmenn hans í hádegisútvarpi. Ég held að það sé full ástæða fyrir fleiri hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands að leggja lið hæstv. utanrrh. í þeirri könnun sem hann hefur lofað að fram fari.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ræða hæstv. fjmrh. ber vitni um það að hann og flokkur hans eru kengfastir í hinni gömlu umræðu um varnar- og öryggismál. Þetta er hefðbundin uppákoma af hálfu Alþb., að grípa fréttir erlendis frá með þessum hætti. Það hefur verið gert í mörg undanfarin ár. Ýmsir héldu að hæstv. fjmrh. væri að hafa forustu um að breyta viðhorfum Alþb. í öryggismálum en það kemur glöggt fram í þessari umræðu að hann hefur ekkert lært í þeim efnum af þeim miklu breytingum sem nú eru að eiga sér stað.

Það er svolítið sérstakt að hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn Íslands skuli standa hér upp og saka þingmenn um kaldastríðsáróður þegar þeir halda því fram að það hefði verið rismeira að tala nú um hernaðaríhlutun Sovétríkjanna í Eystrasaltsríkjunum, í Litáen. Þetta er það sem hæstv. fjmrh. kallar kaldastríðsáróður. Og ég spyr: Er þetta kveðjan sem hæstv. ríkisstjórn er að senda frelsisunnandi fólki sem berst núna við ógn rauða hersins þar austur frá? Eru þessi orð hæstv. fjmrh. kveðjan frá hæstv. ríkisstjórn? Það er ástæða til þess að fá skýr svör um það frá hæstv. utanrrh.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að bera blak af neinum með þeim orðum sem ég sagði áðan. Það eina sem ég óska eftir er að sú rannsókn sem færi í gang á meintri ólöglegri starfsemi hér á landi, bæði hlustunum og öðru slíku, yrði látin ná til fleiri aðila en hér voru nefndir í upphafsræðunum. Það er það eina sem ég óska eftir.

Þessi fréttaflutningur í gær vekur líka nokkra undrun vegna þess að hv. þm. Eiður Guðnason minnti á gamla frétt Ríkisútvarpsins fyrir nokkrum árum. Ég er hér með í höndunum þessar tvær greinar í Washington Post frá 18. og 19. þessa mánaðar sem vitnað er til í fréttinni í gær. Þar er hvergi minnst á Ísland. Það er hvergi minnst á Ísland í þeim greinum, hvorugri þeirra. Annarri greininni fylgdi að vísu heimskort þar sem Ísland var með á kortinu. Hvort sú staðreynd að Ísland var á korti af þessum heimshluta gaf fréttamanninum tilefni til að hringja vestur og spyrjast fyrir um þetta veit ég ekki eða hvort einhver annar vakti athygli á því að þarna vantaði að nefna Ísland. Ég veit það ekki.

En eins og ég sagði áðan, við erum aðilar að varnarbandalagi. Þar hljóta að vera stundaðar vissar tegundir af eftirlitsstarfsemi og við getum þess vegna kallað það njósnir um umferð í kringum landið. En ef það á að fara að kanna eitthvað í þeim dúr, þá óska ég eftir að það nái til fleiri en eins aðila hér á landi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar vil ég ítreka það að ríkisstjórn Íslands hefur haft miklar áhyggjur af þróun mála í lýðveldunum sem eru að berjast fyrir sjálfstæði sínu við Eystrasalt. Ég vænti þess að hv. þm. sé kunnugt um það að utanrrh. hafði forgöngu um það í síðustu viku að send var sérstök orðsending frá ríkisstjórn Íslands til utanríkisráðherra Sovétríkjanna og annarra ráðamanna til þess að vara eindregið við því að hernaðarlegu ofbeldi væri beitt gagnvart sjálfstæðishreyfingum þessara lýðvelda. (**ÞÞ:** Telur ráðherrann að nóg sé að gert?) Nei, ég tel ekki að nóg sé að gert. En það hefði hins vegar verið vel við hæfi ef þingmenn, þar með talinn hv. 1. þm. Suðurl., hefðu beitt sér fyrir því að umræða yrði hér utan dagskrár á Alþingi um það mál. En það gerði hv. 1. þm. Suðurl. ekki. Hv. 1. þm. Suðurl. taldi þess vegna að það væri nóg að gert. (**Forseti:** Má ég benda á hvað hér er á dagskrá.) Já, það er rétt, virðulegi forseti. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt vegna þessara orða hv. 1. þm. Suðurl. að ítreka það sem hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar og sem við höfum tekið fullan þátt í. Sé það vilji þingmannsins eða annarra að hér fari fram ítarlegar umræður um þessa þróun, þá stendur ekki á okkur í þeim efnum.

Ég vil svo bara undirstrika það, vegna þess misskilnings sem fram kemur í umræðunni, að sú njósnastofnun bandrísk sem gerð er að umtalsefni í þessari frétt er ekki með neinum hætti tengd Atlantshafsbandalaginu. Hún er ekki í neinum formlegum eða óformlegum tengslum við Atlantshafsbandalagið og er þess vegna ekki á neinn hátt hluti af því varnarkerfi sem Ísland hefur tengst.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt vegna fyrirspurnar hv. 1. þm. Suðurl. um það hverjar kveðjur Alþingi eða Íslendingar og íslensk stjórnvöld sendu Litáum þessa stundina að taka skýrt fram eftirfarandi:

Fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar sendi ég orðsendingu beint til utanríkisráðherra Sovétríkjanna með áskorun um það að því væri heitið af hálfu Sovétríkjanna að beita ekki vopnavaldi í þessum samskiptum og að setjast þegar í stað að samningaborði til þess að ræða við rétt kjörin stjórnvöld í Litáen um framkvæmd á sjálfstæðisyfirlýsingu Litáa. Þetta gerðum við fyrstir þjóða á Vesturlöndum. Ég hef fengið orðsendingu frá Landsbergis, forsvarsmanni Litáa, þar sem hann þakkar alveg sérstaklega fyrir þetta frumkvæði íslenskra stjórnvalda.

Í annan stað vil ég taka það fram að á nýloknum fundi á vegum Evrópuráðsins í Lissabon urðum við einnig fyrstir manna til þess að taka þetta mál upp með mjög afdráttarlausum hætti. Við fengum þau svör frá sovéska fulltrúanum sem þar var staddur að hann áréttaði þá yfirlýsingu sovéskra stjórnvalda að undir engum kringumstæðum mundi verða beitt vopnavaldi í þessum samskiptum. Íslendingar hafa í þessu máli gengið fram fyrir skjöldu og gengið lengra en aðrar ríkisstjórnir á Vesturlöndum.

Virðulegi forseti. Þetta varðar það mál sérstaklega sem hér er á dagskrá. Við skulum gera greinarmun á því hvort hér er um að ræða svokallaða eftirlitsstarfsemi á vegum varnarstöðvar Atlantshafsbandalagsins eða eitthvað sem geti flokkast undir njósnastarfsemi. Ef spurt er: Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld ganga úr skugga um það hvort hér séu stundaðar njósnir eða ekki? þá byggist það að sjálfsögðu fyrst og fremst á því að rannsaka þann búnað sem hér er fyrir hendi. Ég vek athygli á því, og það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar, að samkvæmt fréttinni er því hvergi haldið fram að njósnir séu stundaðar á Íslandi. Það hefur hvergi komið fram í þessari frétt. Tilvera þessa hóps er viðurkennd. En því er hvergi haldið fram að njósnir séu stundaðar á Íslandi. Rannsókn mín mun fyrst og fremst beinast að því hvort einhver sá búnaður sé hér fyrir hendi sem gerir það á annað borð kleift. Við skulum ekki ganga að því gruflandi að ekki dugar að spyrja þann aðila sem hugsanlega er talinn geta stundað njósnir um hvort þær séu stundaðar. Við erum að kanna hvort þessi búnaður sé fyrir hendi.

Það er ástæða til þess að árétta þetta, virðulegi forseti. Þessi frétt út af fyrir sig segir ekki mikið. En það er eitt atriði enn, einmitt að því er varðar þennan búnað. Í fréttinni er því haldið fram að hér á landi séu fyrir hendi svokölluð hlerunarloftnet, AFRD-10. Það er þegar upplýst af hálfu varnarliðsins að þetta hlerunarloftnet er ekki til hér á landi. Ég vek athygli á því að af hálfu forsvarsmanns Pósts og síma var þeirri skoðun lýst, þótt hann vildi ekki fullyrða það án frekari athugunar, að hann teldi að varnarliðið hefði ekki yfir að ráða þeim búnaði, þ.e. því loftneti, sem gerði því kleift að stunda þá starfsemi sem þarna var skýrt frá.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1989, frh. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sl. fimmtudag hófst hér umræða um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Fresta varð þeirri umræðu þar sem enginn hæstv. ráðherra var viðstaddur og ekki hæstv. fjmrh. sem ég hafði áhuga á að ræða örlítið við og bið hann því að vera viðstaddan, a.m.k. um sinn.

Ég rifja það upp að lög um umboðsmann Alþingis voru sett árið 1987. Með samþykkt þeirra laga var komið í höfn máli sem margir þingmenn höfðu í langan tíma borið fyrir brjósti. Það var brýn ástæða til þess að setja slík lög. Tilgangur þeirra var að tryggja betur en áður rétt einstaklinganna í þjóðfélaginu gagnvart stjórnvöldum, eða gagnvart kerfinu eins og það er oft nefnt í daglegu tali.

Lögin um umboðsmann Alþingis eru nr. 13/1987. Þau eru einföld og skýr. Í 2. gr. laganna kemur fram að hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögunum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Í 4. gr. laganna segir að umboðsmaður sé í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi. Í 7. gr. segir að umboðsmaður Alþingis geti krafið stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns. Þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öðrum gögnum sem mál varða. Og í 12. gr. laganna segir að umboðsmaður skuli gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Og það er einmitt hin lögboðna skýrsla umboðsmanns sem hér er til umræðu í dag.

Margir hafa bundið miklar vonir við störf umboðsmanns Alþingis. Í starfið var kjörinn virtur og vel metinn lagaprófessor sem hafði mjög víðtækt traust hér á hv. Alþingi til að taka þetta starf að sér og ég efast ekki um að hafi líka mjög víðtækt traust úti í þjóðfélaginu. Þetta er í annað sinn sem umboðsmaður leggur skýrslu sína fyrir Alþingi. Þessi skýrsla er um margt athyglisverð og sýnir að mjög víða er pottur brotinn í okkar stjórnkerfi. Það vekur athygli hvernig sum stjórnvöld hafa tekið umboðsmanni Alþingis og hvernig þau hafa brugðist við lögmætum beiðnum hans um upplýsingar. Það er einnig athyglisvert hversu treg sum stjórnvöld hafa verið til að verða við tilmælum um endurbætur eða tilteknar aðgerðir sem fram koma í niðurstöðum álita umboðsmanns Alþingis.

Sérstaka athygli vekur viðhorf hæstv. fjmrh. til umboðsmannsins en umboðsmaðurinn hefur í skýrslu sinni séð ástæðu til að gera viðskipti við hæstv. fjmrh. og ráðuneyti hans sérstaklega að umtalsefni. Í I. kafla skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Ég tel rétt að vekja athygli Alþingis á því, að í frv. til fjárlaga 1990 lagði fjmrh. til lækkun framlaga til embættis umboðsmanns frá því, sem ég hafði óskað eftir og forsetar Alþingis síðan samþykkt að leggja til. Um þetta segir meðal annars í fjárlagafrv.: „Kostnaður vegna umboðsmanns hækkar allmikið en þó er ekki orðið við óskum embættisins um fjölgun starfsmanna og aukið framlag. Þess má og geta að mikill óbeinn kostnaður hlýst af starfi umboðsmanns Alþingis vegna mikillar vinnu í ráðuneytum og stofnunum við að svara erindum og vinna upplýsingar sem hann óskar eftir."" – Þetta er tilvitnun í fjárlagafrv. Og umboðsmaðurinn heldur áfram:

„Það skal áréttað, að ekki var um að ræða beiðni um neina fjölgun starfsmanna umfram það, sem forsetar Alþingis höfðu ákveðið í samræmi við 14. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis. Þá taldi ég og tel enn, að afstaða til Alþingis og umboðsmanns Alþingis með þeim hætti, sem fram kemur í ofangreindum ummælum í fjárlagafrv., hljóti að vera alþingismönnum nokkurt umhugsunarefni. Af þessu tilefni ritaði ég forsetum Alþingis bréf 13. desember 1989. Í bréfinu fjallaði ég m.a. um nefnda athugasemd í fjárlagafrv. Um það sagði í bréfi mínu:

„Ofangreind athugasemd hlýtur að vera skýring á því, hvers vegna fjárveiting er lækkuð í fjárlagafrv. miðað við tillögur umboðsmanns Alþingis og forseta Alþingis. Sú skýring verður ekki skilin öðru vísi en svo, að nauðsynlegt sé að setja starfi umboðsmanns takmörk. Nú er það hins vegar þannig, að hlutverk umboðsmanns er markað í lögum nr. 13/1987 og reglum nr. 82/1988, sem Alþingi hefur sett. Þar er kveðið á um störf hans og starfshætti. Ég tel, að hvorki umboðsmaður Alþingis né Alþingi geti unað við það, að handhafar stjórnsýsluvalds taki fram fyrir hendur Alþingis.""

Ég vil í þessu sambandi einnig vitna til ræðu sem hæstv. fjmrh. hélt hér í fyrirspurnatíma þann 23. nóv. sl. þar sem hann var að svara ákveðinni fsp. Þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Það hefur nokkuð færst í vöxt hér á Alþingi á undanförnum árum að bornar eru fram fsp. um margvíslegar upplýsingar. Oft eru hér á ferðinni óskir um upplýsingaöflun sem í reynd er meiri háttar rannsóknarverkefni. Mér finnst nokkuð skorta á um það að hv. alþm. og kannski einnig stjórnendur þingsins geri sér nægilega grein fyrir því hvað mikið starfsálag er orðið hjá ráðuneytum og stjórnarskrifstofum við að svara þessum ítarlegu fyrirspurnum eða svara margvíslegum erindum frá umboðsmanni Alþingis eða öðrum þeim sem á vegum Alþingis leita eftir upplýsingum."

Það andar óneitanlega köldu frá hæstv. fjmrh. til þessa embættis sem á að standa vörð um hagsmuni almennings gagnvart stjórnkerfinu. Og ég vil reyndar taka sterkar til orða og ég vil segja að þessi ummæli bera vott um hroka sem þessi hæstv. ráðherra er nú nokkuð þekktur fyrir.

Í 4. tölul. í I. kafla skýrslu umboðsmanns Alþingis er rætt um það hversu oft hefur dregist lengi að fá upplýsingar og greinargerðir frá ráðuneytum. Og enn kemur fjmrn. þar við sögu. Umboðsmaður Alþingis gerir grein fyrir því að stundum séu tafir afsakanlegar þar sem í hlut eigi starfsmenn sem séu störfum hlaðnir og aukin fyrirhöfn bitni því hart á. Það eigi ekki síst við þegar margar kvartanir hafi borist á hendur sama stjórnvaldi og orðið tilefni óska af hans hálfu um upplýsingar og skýringar. Hann leggur jafnframt áherslu á að fjöldi kvartana sé í sjálfu sér ekki vísbending um að starfsháttum sé áfátt. Viðkvæm og vandmeðfarin mál verði óhjákvæmilega tilefni kvartana eins og raunin hefur orðið á. Hann segir að kvartanir dreifist á mörg ráðuneyti og stofnanir og því sé sjaldgæft að sama stjórnvaldi sé íþyngt með mörgum fyrirspurnum. Hann segir að óskir um öflun upplýsinga hafi yfirleitt ekki haft í för með sér úrvinnslu gagna eða öflun gagna sem ekki voru tiltæk í viðkomandi ráðuneyti eða stofnun. Greinargerðir

ráðuneyta og stofnana varði yfirleitt ákvarðanir sem þessir aðilar hafi þegar tekið. Oft hefðu greinargerðir ekki kostað mikla vinnu ef undirbúningur mála hefði í upphafi verið nægilega vandaður. Tafir hafi stafað af því að stjórnvöld hafi staðið frammi fyrir vanda sem hefur mátt rekja til ófullnægjandi málatilbúnaðar og síðan hefur vafist fyrir þeim að greiða úr eða útskýra. Síðan segir umboðsmaður:

„Þar sem fjármálaráðherra hefur talið ástæðu til að bera sig upp út af embætti umboðsmanns Alþingis, fyrst með ofangreindum hætti í frv. til fjárlaga og síðan við umræður um tiltekna fyrirspurn í Sþ. 23. nóvember 1989" — sem ég hef þegar vitnað hér til — „er ekki úr vegi að taka tvö dæmi frá ráðuneyti, sem hann stýrir."

Síðan tekur hann tvö dæmi. Í fyrra dæminu dróst í meira en hálft ár að svara tilmælum um upplýsingar sem beðið var um frá umboðsmanni. Í síðara dæminu tók þrjá og hálfan mánuð að svara mjög einfaldri spurningu í máli sem reyndar er enn til meðferðar hjá umboðsmanni. Þeirri athugun mun væntanlega ljúka á árinu 1990. Það er auðvitað athyglisvert að umboðsmaður skuli telja sérstaka ástæðu til að taka fjmrn. þannig út úr í þessu efni. Því vil ég óska eftir að hæstv. fjmrh. gefi skýringu hér við umræðuna á þessum tveimur atriðum sem hér hefur verið vitnað til og fjalli nokkuð um það hvernig samskiptum hans við umboðsmann Alþingis sé háttað. Ég tel það alveg nauðsynlegt vegna þess sem fram kemur í skýrslu umboðsmannsins.

Í 5. tölul. í I. kafla fjallar umboðsmaðurinn um tregðu stjórnvalda til að verða við tilmælum í niðurstöðum álita. Lokamálsgreinin í 5. tölul. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af því, sem að ofan hefur verið rakið, sé ég ástæðu til að ítreka þá skoðun, sem ég lét í ljós í skýrslu minni fyrir árið 1988, að forsenda laga nr. 13 1987 sé sú, að tillit sé tekið til álita umboðsmanns Alþingis og að Alþingi verði að taka á ný afstöðu til þess, með hvaða hætti skuli vikið að endurbótum á stjórnsýslu hér á landi, ef þessi forsenda bregst."

Í VI. kafla fjallar umboðsmaður um þá skoðun sína að nauðsynlegt sé að setja sérstök stjórnsýslulög og skal ég ekki fara nánar út í það hér. En það hefur verið upplýst að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er unnið að undirbúningi slíks lagafrv., sem er þó ekki væntanlegt fyrr en á haustþingi.

Það er ljóst af þessari skýrslu að þörf fyrir slíkt embætti var mjög brýn. Umboðsmaður er að vísu enginn dómari en hann gefur álit. Það er ljóst að íslensk stjórnsýsla þarf slíkt aðhald sem embætti umboðsmanns er.

Umboðsmaður hefur nú starfað í tvö ár, raunar kannski ekki nema 1½ þegar tillit er tekið til þess að skrifstofa var ekki formlega opnuð fyrr en eftir mitt ár 1988. Það er komin reynsla á þetta starf og má segja að reynslu- og aðlögunartíma sé nú lokið. Það er auðvitað frumskylda Alþingis að gæta þess að farið sé eftir lögum um umboðsmann Alþingis. Þessar umkvartanir umboðsmannsins gagnvart ákveðnum ráðuneytum og stofnunum gefa forsetum Alþingis tilefni til að kanna þau mál rækilega. Það á að vera stolt Alþingis að sjá svo um að þessi hagsmunagæslumaður fólksins í landinu fái að sinna sínu starfi með eðlilegum hætti.

Það kemur fram í þessari skýrslu að margar stofnanir og ýmis stjórnvöld hafa tekið fullt tillit til umboðsmanns Alþingis, svarað bréfum og tilmælum fljótt og vel og gert ýmislegt til þess að bæta sína stjórnsýslu. Ég hef hins vegar ekki heldur gert þau dæmi sérstaklega að umtalsefni þar sem verulega virðist skorta á að eðlilegt tillit sé tekið til starfs umboðsmanns Alþingis. En ég vil, virðulegi forseti, árétta að lokum að ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geri nokkra grein fyrir því sem fram kemur í skýrslu umboðsmanns Alþingis og lýtur að embætti hans.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan árétta það sem fram hefur komið hjá fyrri ræðumönnum, nú síðast hjá hv. 2. þm. Reykv., um ýmislegt af því sem fram kemur í þessari skýrslu um starfsemi umboðsmanns Alþingis. Ég held það fari ekki á milli mála að það hafi sannast að rík þörf hefur verið á því að stofna til þessarar starfsemi til þess að ýmis stjórnvöld, ekki einungis ríkisstjórn heldur ýmsar stjórnvaldsstofnanir, fengju það aðhald sem þetta embætti felur í sér. Og einnig til að borgurunum gæfist kostur á að kvarta til þessa embættismanns, umboðsmanns Alþingis, ef þeir telja að á sér sé brotinn réttur. Ég tel einnig ástæðu til að ítreka það og árétta að sá maður sem valinn var til að gegna þessu embætti hafði víðtæka reynslu og var í miklu áliti sem prófessor í lögum.[1] Hann hafði án efa víðtækan stuðning í þjóðfélaginu og hafði það eins og raun varð á hér á hinu háa Alþingi. Það er því fyllsta ástæða til að vænta þess að starf umboðsmannsins geti verið árangursríkt og til þessa starfs sé borið traust.

Því miður er hægt að lesa það út úr þessari skýrslu, og hefur hér verið dregið fram, m.a. af hv. þm. Jóni Helgasyni sem mælti fyrir skýrslunni, að stjórnvöld hafa tregðast mjög við að svara þeim bréfum sem umboðsmaður hefur sent þeim og gefa þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir. Þetta virðist jafnvel ganga svo langt að væna megi framkvæmdarvaldið um það að vilja brjóta niður starf umboðsmanns Alþingis. Þá er sannarlega illa komið ef forstöðumenn ríkisstofnana og þá fyrst og fremst handhafar framkvæmdarvaldsins, hæstv. ríkisstjórnin sjálf, heldur á málum með þeim hætti að það sé vísvitandi gerð tilraun til þess að brjóta niður starf umboðsmanns Alþingis og leitast við að koma í veg fyrir að það starf gangi með eðlilegum hætti með því að tregðast við að gefa upplýsingar og tregðast við að svara því sem um er spurt. Þetta hefur verið rakið hér nokkuð af fyrri ræðumönnum. En þetta gengur svo langt eins og fram kemur hér í skýrslunni undir kaflanum 9.1. Fyrirsögnin er: „Svör ráðuneyta við erindum, sem þeim berast." Þar kemur fram að umboðsmaður Alþingis hefur séð sig knúinn til þess

að rita bréf ítrekað til forsrh. landsins til þess að leita liðsinnis hans við að einstakir ráðherrar og einstök ráðuneyti svari því sem um er spurt. Hér segir til að mynda í skýrslu umboðsmanns, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 23. febrúar 1989 ritaði ég forsætisráðherra bréf. Tilefni þess var, að í starfi mínu voru þess nokkur dæmi, að ráðuneyti hefðu dregið úr hófi að verða við tilmælum mínum um upplýsingar eða skýringar vegna kvartana, sem mér höfðu borist, og ekki gert grein fyrir því, af hverju þessi töf stafaði."

Þetta ritaði umboðsmaður til forsrh. 23. febr. Þá segir hér áfram: „Þann 22. mars 1989 áréttaði ég ósk mína um að upplýst yrði, „hvort ráðuneyti fylgi almennt einhverjum reglum um svör við erindum manna, sérstaklega þegar afgreiðsla dregst lengur en ætla má, að menn geri ráð fyrir.""

Enn segir í þessari skýrslu umboðsmanns, með leyfi forseta:

„Ég sendi forsætisráðherra síðan ítrekunarbréf hinn 3. maí 1989. Þar sagði, að ég vænti þess, „að tilmæli þau, sem fram komu í bréfi ráðuneytis yðar frá 12. apríl s.l., verði ítrekuð við þau ráðuneyti, sem ekki hafa enn svarað erindinu.""

Þetta vísar til þess að hin fyrri kvörtunarbréf umboðsmannsins til forsrh. höfðu orðið til þess að hæstv. forsrh. hafði sent þessi kvörtunarbréf til allra ráðuneyta.

Ég held að ástæða sé til þess að draga þetta rækilega fram í þessari umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Enda þótt það komi fram í þessum kafla skýrslunnar að sumar stofnanir og sum ráðuneyti hafi svarað tiltölulega greiðlega því sem um er spurt þá kemur það fram sem rauður þráður í þessari skýrslu um samskipti við framkvæmdarvaldið hversu mikil tregða er á að slík svör berist. Og þó að segi í skýrslunni að að lokum hafi svör borist við flestu eða miklu af því sem um var spurt, þá er þessi tregða jafnaugljós.

Ég hlýt að spyrja að því hvort það sé raunverulega svo að framkvæmdarvaldið, og hér eru nú ekki aðrir ráðherrar viðstaddir en hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh., hvort framkvæmdarvaldið og hæstv. ríkisstjórn séu vísvitandi að tregðast við að gefa eðlilegar upplýsingar í þeim tilgangi að starf umboðsmanns Alþingis skili ekki þeim árangri sem að er stefnt og þá um leið sé verið að brjóta þetta starf niður. Það væri sannarlega illa farið. — Hæstv. forsrh. gengur hér í salinn og ég sé það að hæstv. forsrh. hefur ítrekað, eftir beiðni umboðsmanns, sent samráðherrum sínum bréf þess efnis að óskað sé eftir því að þeir svari því sem um er spurt af hálfu umboðsmanns Alþingis. Þrátt fyrir það hefur það gerst að svörin berast svo seint og illa sem fram kemur í þessari skýrslu. Og ég sagði: Það lítur út fyrir það að með þessum hætti sé, jafnvel af ráðnum hug, verið að brjóta niður það starf sem umboðsmaður Alþingis er hér að vinna. Og það er sannarlega illa farið með þetta embætti og þann starfsmann sem því gegnir sem, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, er ekki vitað annað en hafi hið fyllsta traust meðal þjóðarinnar.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, árétta þetta öllu meira vegna þess að þessi atriði hafa einnig komið skýrt fram í máli annarra ræðumanna hér. Var þegar vikið að þeim í máli hv. 2. þm. Suðurl., sem mælti fyrir þessari skýrslu. Ég sé ástæðu til að láta það koma fram að í þessari skýrslu er staðfesting á því sem ég hélt fram hér á hv. Alþingi fyrir um það bil einu ári síðan að væri lögleysa af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þar á ég við hina svokölluðu búfjártalningu sem ákveðin var af hæstv. landbrh. með tilstyrk hæstv. dómsmrh. eða dómsmrn. á fyrri hluta síðasta árs. Hæstv. núv. dómsmrh., sem ég sé að staldrar hér við í salnum, var þá ekki kominn í það embætti. En það leysir ekki dómsmrn. undan því að það er harla alvarlegt ef tveir af æðstu starfsmönnum þess ráðuneytis gefa út fyrirmæli til allra lögreglustjóra í landinu um tiltekna aðgerð sem ekki styðst við lög. Það er býsna alvarlegt.

Hitt er einnig alvarlegt þegar tiltekinn fagráðherra gefur út slík fyrirmæli sem snerta einkahagi manna, eins og fram kemur í þessari skýrslu, sem engin lagastoð er fyrir. Nú er sá hæstv. ráðherra hér ekki viðstaddur, hæstv. landbrh. Ég þarf ekki að rekja þetta mál í mörgum atriðum. Ég held ég láti nægja að vísa til þess að umboðsmanni Alþingis barst kvörtun um þetta mál frá tilteknum aðila sem hér er kallaður A, þar sem hann sagði ástæðu kvörtunar sinnar vera þá að hann teldi ákvörðun um sérstaka talningu á öllu búfé í landinu sl. vor hafa skort lagastoð og framkvæmd hinnar sérstöku talningar, m.a. með atbeina lögregluyfirvalda, því verið ólögmæta. Enn segir í skýringum þessa aðila sem kvartaði til umboðsmanns, með leyfi forseta:

„Ég tel að með öllu hafi skort lagalega heimild til slíkrar sérstakrar talningar og að bændur þurfi ekki frekar en aðrar stéttir þjóðfélagsins að þola slíka aðför að eignarrétti sínum og friðhelgi heimila sinna. Ég tel að til að framkvæma talningu sem þessa þyrfti húsrannsóknarheimild og málið væri þá ekki lengur hluti af starfi framkvæmdarvaldshafa, heldur væri í eðli sínu um að ræða réttarrannsókn."

Ég held að það sé ekki ástæða til að rekja fleira úr skýringum þess aðila sem kvartaði til umboðsmanns Alþingis. En ég leyfi mér að lesa hluta af niðurstöðu umboðsmannsins sem staðfestir það að hérna var ekki kvartað að ástæðulausu, og staðfestir það sem ég hélt fram hér á hv. Alþingi þegar fyrir ári síðan, að hér væri um lögleysu að ræða, væri um aðgerð að ræða sem lagastoð skorti fyrir. Og ég endurtek að þó ekki sé hægt að draga úr því að það er býsna alvarlegt þegar fagráðherra leggur í slíka aðgerð án þess að hafa lagaheimild fyrir, er það sýnu forkastanlegra að sjálft dómsmrn., sem á að gæta laga og réttar í landinu, skuli gefa út fyrirmæli til allra lögreglustjóra í landinu, fyrirmæli sem enginn lagastafur er fyrir. Það er mjög alvarlegt. Og þó að þetta sé nú mál sem ýmsir kynnu að telja að væri ekki mjög veigamikið sýnir það að mikil þörf er á því að hér sé embætti

umboðsmanns sem aðilar í þjóðfélaginu geta leitað til.

En undir lok í áliti umboðsmanns Alþingis segir um þetta mál: „Eins og áður segir, er ekki heimild af því tagi í búfjárræktarlögum nr. 31/1973 og athugun mín hefur ekki leitt í ljós, að slíka heimild sé að finna í öðrum lögum. Ég tek í því sambandi sérstaklega fram, að heimild til að kveðja lögreglumenn til þátttöku í umræddri búfjártalningu, verður ekki reist á 1. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, þegar af þeirri ástæðu, að ekki eru nein bein lagafyrirmæli um talningu þessa.

Niðurstaða mín er því sú, að lagaheimild hafi skort til þeirrar ákvörðunar landbúnaðarráðuneytisins að mæla fyrir um sérstaka búfjártalningu samhliða skoðun forðagæslumanna. Ég tel sérstaka ástæðu til að leggja áherslu á, að það leysir ekki undan nauðsyn lagaheimildar til ráðstafana á vettvangi stjórnsýslu, að um þarfar og nauðsynlegar ráðstafanir er að ræða. Það er hlutverk Alþingis í tilvikum, sem hér um ræðir, að ákveða með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem í húfi eru, hvaða úrræði skuli vera stjórnsýslunni tiltæk."

Ég hef ekki farið í að rekja þetta mál, vildi aðeins vekja athygli á þessari niðurstöðu umboðsmannsins, sem er algerlega í samræmi við það sem ég hélt fram í umræðum um þetta mál á Alþingi fyrir ári síðan. Ég hef talið ástæðu til að draga fram það úr áliti umboðsmanns, þar sem hann segir að það skipti auðvitað engu máli þótt menn telji að um þarfa aðgerð sé að ræða, frá einhverjum hagsmunum séð, ef lagastoðina skortir. Og það er einmitt það sem hér skortir á í þessu tilliti.

Ég ætla ekki að hafa eftir að þessu sinni, vegna fjarveru hæstv. landbrh., nokkrar setningar sem hann lét falla um þetta í minni viðurvist, bæði hér á Alþingi og á almennum fundi, en ég taldi ástæðu til þess að draga þetta hér fram þó að fjölmörg önnur mál séu í þessari skýrslu sem ekki eru síður athygli verð, og sanna það, eins og ég hef hér sagt, að það er mikil þörf á starfi umboðsmanns Alþingis. Það væri og mikil nauðsyn á því að handhafar framkvæmdarvaldsins leituðust við að greiða fyrir því að starf umboðsmanns Alþingis gæti gengið fram með sæmilegum hætti en sýndu ekki tregðu svo að það þarf ítrekað að óska eftir svörum og það þarf ítrekað að beina því til hæstv. forsrh. landsins, að hann beiti áhrifum sínum innan ríkisstjórnar til þess að fá svörin fram. Þetta hlýtur að draga að því hugann að það starf, sem umboðsmaður Alþingis hefur með höndum, sé hæstv. ríkisstjórn eða ýmsum ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar ekki sérlega þóknanlegt.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það mun vera um aldarfjórðungur síðan fyrst var flutt tillaga hér á Alþingi um stofnun umboðsmanns Alþingis. Það er athyglisvert, í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og þeirra orða sem fallið hafa frá ýmsum þingmönnum um hve mikilvægt þetta embætti sé fyrir lýðræðið, stórnsýsluna og réttaröryggið í landinu, hvað það tók langan tíma að fá Alþingi til að fallast á það að setja þetta embætti á fót. Mig minnir að það hafi verið Kristján Thorlacius sem fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi síðan varð fyrstur til þess að flytja hér á Alþingi tillögu um stofnun umboðsmannsembættisins. Talaði hann lengi fyrir daufum eyrum í þeim efnum og reyndar einnig Pétur Sigurðsson, sem mig minnir að hafi síðan flutt þessa tillögu eftir að Kristján Thorlacius átti ekki lengur sæti á Alþingi.

Vegna þess að ég hef lengi verið mikill áhugamaður um stofnun þessa embættis, og kynnti mér sérstaklega í námi mínu á árunum 1962–1965 reynsluna sem fengist hafði af slíkum störfum og þær hugmyndir sem lágu að baki slíkum embættum á Norðurlöndum og síðan einnig á áratugnum 1970–1980 annars staðar í Evrópu, kemur mér það satt að segja nokkuð undarlega fyrir sjónir að sjá það hér á prenti í skýrslu umboðsmanns og heyra síðan lagt út af því hér í umræðum, þar sem efnisþátturinn er nánast á þá leið að núv. fjmrh. hafi tilhneigingu til að leggja stein í götu umboðsmanns eða draga úr mikilvægi embættisins og hindra þróun þess. Satt að segja hélt ég að ég væri í hópi þeirra manna á Íslandi sem í rúm 20 ár hafa við ýmis tækifæri verið talsmenn þess að embætti umboðsmanns væri sett á laggirnar og að starfsemi þess væri öflug og kröftug.

Það er mér þess vegna líka nokkurt undrunarefni að þau orð, sem er að finna í greinargerð fjárlagafrv., skuli verða núverandi umboðsmanni Alþingis og þingmönnum hér nokkrum tilefni til þeirra ályktana sem fram koma í skýrslu umboðsmannsins og einnig í umræðum hér á Alþingi. Mér finnst það e.t.v. sýna, með mikilli virðingu fyrir þeim einstaklingi sem nú gegnir störfum umboðsmanns Alþingis, að hann kunni að vera óþarflega viðkvæmur fyrir umfjöllun um störf embættis síns og stöðu þess og dragi þess vegna rangar ályktanir af þeim orðum sem finna má í greinargerð fjárlagafrv.

Áður en ég kem nánar að þeim vil ég bara árétta það sem ég sagði hér í upphafi. Ég hef um langan tíma verið eindreginn stuðningsmaður þess að embætti umboðsmanns væri tekið upp hér á Alþingi og hef reyndar talið að slík embætti, ásamt stjórnsýsludómstólum, væru nauðsynlegur og mikilvægur þáttur í nútíma lýðræðis- og réttarkerfi.

Í greinargerð fjárlagafrv. er annars vegar að finna þá frásögn að kostnaður vegna umboðsmanns hækki allmikið. En þó ekki eins og óskað var eftir, hvað snertir fjölgun starfsmanna og aukið framlag. Ég vænti þess að öllum þingmönnum sé kunnugt um að fátt er algengara við gerð fjárlaga en að fram komi óskir frá ráðuneytum og embættum sem fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun telja sig ekki geta orðið við þegar fjárlög eru sett saman og þær upphæðir, sem óskað er eftir að settar séu inn í fjárlagafrv., eru lækkaðar.

Núverandi umboðsmaður Alþingis færir það sem sérstök rök fyrir því, að það hafi átt að taka þá upphæð sem beðið var um, óskerta, og láta hana inn í

fjárlagafrv., að forsetar þingsins hafi einnig um það fjallað og lagt það til. Á liðnu ári og á þessu ári eru miklir erfiðleikar í okkar efnahagsmálum. Það hefur verið viðfangsefni fjmrn. að skera niður óskir embætta og stofnana um framlög til starfsemi og framkvæmda nánast alls staðar í ríkiskerfinu. Ég held að það sé varla hægt að finna nokkurt dæmi þess að óskir um framlög séu teknar óbreyttar og settar inn í fjárlagafrv. Þess vegna er það mikill misskilningur að ályktа sem svo að vegna þess að ekki var orðið við óskum umboðsmannsembættisins um þá peninga sem ættu að renna til embættisins í fjárlögum, væri um að ræða af hálfu fjmrn. sérstakan fjandskap gagnvart embættinu. Það er mikill misskilningur. Það er eingöngu um að ræða þá almennu viðleitni, sem birtist gagnvart öllum ríkisstofnunum, ráðuneytum og annarri starfsemi á vegum ríkisins, að reyna að láta alla taka þátt í þeirri aðhalds- og sparnaðarviðleitni sem nauðsynleg er. Og ætla ég þá ekki að rifja upp þær ræður sem hv. þm. Sjálfstfl., m.a. þeir tveir sem hér hafa talað, hafa haft í frammi á Alþingi um nauðsyn mikils niðurskurðar í ríkisrekstri.

Ég veit að vísu að sú skoðun er til hjá ýmsum hér á Alþingi að fjmrn. eigi að taka þær tillögur um útgjaldaupphæðir, sem koma frá Alþingi, og setja þær óbreyttar inn í fjárlagafrv. Að Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. eigi ekki að leggja neitt sjálfstætt mat á þessa útgjaldaliði. Alþingi eigi að fá að ráða því í tillögugerð fjárlagafrv. hvað fari til útgjalda á vegum Alþingis og stofnana þess. Hingað til hefur þó verið venjan að meðhöndla Alþingi og stofnanir þess eins og aðrar ríkisstofnanir og skoða með hvaða hætti væri hægt að spara þar og sýna aðhald á ýmsum sviðum, en setja ekki óbreyttar inn í fjárlagafrv. þær tölur sem frá Alþingi eða stofnunum þess koma.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, þó það ætti ekki að vera þörf á því, að fjárlagafrv. er bara tillaga til Alþingis. Og ef Alþingi teldi að upphæðirnar væru óraunhæfar og of lágar hefur Alþingi allan rétt og mikinn möguleika til þess að breyta þeim upphæðum og hækka þær. En í umsögn umboðsmanns Alþingis er sagt að þessi tillögugerð feli í sér að handhafar stjórnsýsluvaldsins taki fram fyrir hendur Alþingis. Ég verð að segja, með mikilli virðingu fyrir embætti umboðsmanns Alþingis, að ég skil ekki alveg þessi ummæli. Það er hlutverk fjmrh. að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþingi. Hann er ekkert að taka fram fyrir hendur þingsins í þeim efnum, alls ekki. Þingið hefur síðan allan rétt til að breyta þeim tillögum ef það svo kýs, og gerir oft og iðulega. Og þar með eru málin í eðlilegum farvegi og hjá réttum valdhöfum. Ég verð þess vegna að segja alveg eins og er að ég skil ekki þau ummæli umboðsmanns að með því að leggja til aðrar tölur í fjárlagafrv. en komu frá embætti umboðsmanns á Alþingi sé verið að taka fram fyrir hendurnar á Alþingi. Nema það sé álit umboðsmannsins að fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun eigi ekki að hafa neina sjálfstæða skoðun á því hvaða fjárupphæðir eigi að fara til Alþingis eða stofnana þess.

Í öðru lagi er nokkuð lagt út af þeim orðum í greinargerð fjárlagafrv., sem kom á eftir þeirri setningu sem ég hef hér gert að umtalsefni og hljóða á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta: „Þess má og geta að mikill óbeinn kostnaður hlýst af starfi umboðsmanns Alþingis vegna mikillar vinnu í ráðuneytum og stofnunum við að svara erindum og vinna upplýsingar sem hann óskar eftir.“ Mér finnst satt að segja mjög merkilegt að ágætur og virðulegur núverandi umboðsmaður Alþingis og ýmsir þingmenn sem hér hafa talað hafa túlkað þessi orð sem fjandskap, ef ekki beinlínis árás á störf umboðsmanns Alþingis og tilraun til þess, eins og greinilega kemur fram í skýrslu umboðsmanns, til þess að setja embættinu skorður eða trufla þróun þess. Það er mikill misskilningur að slíkt felist í þessum orðum.

Ástæðan fyrir því að ég taldi rétt að vekja athygli á þessari staðreynd í greinargerð fjárlagafrv., er að fátt er jafnoft gagnrýnt hér á Alþingi og kostnaður við rekstur aðalskrifstofa ráðuneytanna. Gæti ég hér lesið upp langar ræður eftir síðasta hv. þm. Pálma Jónsson, sem hefur sérstaklega á þessu þingi gert að umræðuefni kostnað við skrifstofur ráðuneytanna. (**PJ:** Það koma nú ýmsir á eftir mér, ég verð ekki síðastur allra þingmanna.) Nei, hann verður nú ekki síðastur allra þingmanna en hann var síðasti ræðumaður hér og hefur hvað eftir annað gert að umtalsefni kostnað við starfsmannahald á aðalskrifstofum ráðuneytanna.

Ástæða þess að þessar setningar voru settar inn í greinargerð frv. er að ég taldi nauðsynlegt að gera Alþingi grein fyrir því að æ stærri hluti af vinnu þeirri sem framkvæmd er í ráðuneytunum, m.a. í fjmrn., fer til þess að svara erindum frá Alþingi og stofnunum þess, eins og umboðsmanni og einnig Ríkisendurskoðun, og er ný viðbót við þær kröfur sem gerðar eru til þess starfsfólks sem í ráðuneytunum er án þess að Alþingi hafi ætlað neina fjármuni til þess að standa undir þessum hluta starfseminnar heldur ætlast til þess að þessi veigamikli hluti starfseminnar sé tekinn á herðar ráðuneytanna án nokkurs viðbótarframlags í fjármálum.

Ég vil til skýringar nefna það að í þeirri skrifstofu fjmrn., sem hefur fengið til meðferðar flest erindi umboðsmanns Alþingis, störfuðu að jafnaði á árinu 1989 sex embættismenn. Þessir sex embættismenn höfðu í sínum verkahring að annast undirbúning og framkvæmd virðisaukaskattsbreytingarinnar, sem tók gildi um áramót, annast öll önnur skattamál, bæði breytingar á lögum, undirbúning undir þær miklu breytingar á innheimtukerfinu og herta innheimtu sem þingmönnum er kunnug og hefur skilað verulegum árangri, öll tollamál, afgreiðslu þeirra erinda fjölmargra sem berast um tollamál til ráðuneytisins, víðtæka þátttöku í viðræðum innan EFTA til undirbúnings samningum milli EFTA og Evrópubandalagsins og fjölmörg önnur störf sem eru á því sviði sem þessari skrifstofu er ætlað að sinna. Það er alveg ljóst að þegar við bætist svo veigamikill málaflokkur, að sinna, svo vel sé, þeim erindum sem berast t.d. frá embætti umboðsmanns, hefur það í för

með sér ef ekki er bætt við neinum starfsmönnum, sem ekki var gert í þessu tilviki, að öðrum veigamiklum erindum og málaflokkum verður að víkja til hliðar um nokkuð langan tíma eða að vinnuálag viðkomandi starfsfólks eykst úr hófi.

Ég vil vekja athygli t.d. á því að í skýrslu umboðsmanns kemur fram að 26 erindi bárust til fjmrn. á liðnu ári. Mörg þessara erinda eru mjög flókin og þau eru mjög mikilvæg vegna þess, eins og fram kemur í skýrslunni, að umboðsmaðurinn kveður upp úrskurð sem síðan hefur veigamikið stjórnsýslugildi ef ekki réttarfarsgildi í landinu, beint og óbeint. Þess vegna er það í mörgum þessum tilvikum nánast eins og að undirbúa málflutning, að sinna þeirri gagnaöflun og skýrslugerð sem þarf á að halda til þess að embætti umboðsmanns geti kveðið upp skynsamlegan og eðlilegan úrskurð. Það er þess vegna ekkert áhlaupaverk, það er þess vegna ekki starf sem sinnt er á dagsparti eða fáeinum dögum, að svara mörgum af þeim erindum sem berast frá umboðsmanni Alþingis. Það getur satt að segja tekið einn embættismann margar vikur að sinna mörgum af þessum erindum og finna gögn, undirbúa þau, leggja á þau mat og koma þeim í þann búning að eðlilegt sé. Ég held þess vegna að það sé alveg nauðsynlegt fyrir Alþingi að gera sér grein fyrir því, að um leið og gerðar eru miklar kröfur til umboðsmanns Alþingis og lagðar miklar byrðar á herðar ráðuneytanna við að svara þeim óskum sem til þeirra berast, verður Alþingi líka að horfast í augu við það að sá fámenni hópur manna í mörgum ráðuneytanna, sem þessum erindum er ætlað að sinna, hefur mjög litla möguleika miðað við núverandi starfsaðstöðu og starfsgetu, til þess að sinna þessum erindum á þeim tíma sem umboðsmaðurinn ætlast til að þeim sé svarað, nema nánast öllum öðrum verkefnum í ráðuneytunum sé vikið til hliðar á meðan. Það er meginskýringin á því hvers vegna það hefur tekið svo langan tíma, t.d. í fjmrn., að svara þeim erindum sem borist hafa frá umboðsmanni Alþingis, að vinnuálagið á þeim sex til sjö embættismönnum sem aðallega hafa sinnt þessu og öllum þeim fjölmörgu öðrum málaflokkum sem ég hef hér vikið að, hefur verið slíkt að það hefur ekki verið hægt að hlaupa til og svara þessum erindum á örskömmum tíma, nema stærsti hlutinn af allri annarri stjórnsýslustarfsemi í ráðuneytunum yrði lagður niður.

Þess vegna taldi ég rétt að vekja athygli Alþingis á því, í tengslum við fjárveitingar til umboðsmanns Alþingis, að til viðbótar við þann kostnað sem væri tengdur embættinu sjálfu væri mikill kostnaðarauki í ráðuneytunum vegna þessarar vinnu.

Það hvarflaði ekki að mér að núverandi hv. umboðsmaður Alþingis, hvað þá heldur einstakir þingmenn hér færu að túlka þessi orð síðan sem gagnrýni á störf umboðsmanns, hvað þá heldur að þau gæfu til kynna tilhneigingu til þess að setja starfi umboðsmanns takmörk eins og hér hefur komið fram. Það er mikill misskilningur. Þvert á móti var verið að benda á það að ef embætti umboðsmanns ætti að nýtast sem skyldi yrði einnig á vettvangi ráðuneytanna að ætla í útgjöldum og annars staðar fyrir þeim verkefnum sem eru óhjákvæmilega samfara því að sinna þessari upplýsingaskyldu vel. Ég vil þess vegna segja með mikilli virðingu fyrir núverandi umboðsmanni að sú ályktun sem hann dregur síðan í bréfi sem hann birtir í skýrslunni og segir orðrétt: „Sú skýring verður ekki skilin öðru vísi en svo, að nauðsynlegt sé að setja starfi umboðsmanns takmörk." er alröng ályktun. Það hefði verið mjög auðvelt fyrir umboðsmann Alþingis að afla sér vitneskju um hið sanna í málinu og komast hjá því að draga þessa röngu ályktun.

Ég vil í því sambandi sérstaklega vekja athygli á því að umboðsmaðurinn kýs svo í þessum málflutningi sínum gagnvart fjmrn. að taka tvö dæmi og þau hafa verið nefnd hér í umræðunum. Fyrra dæmið, sem snertir húsnæðissparnaðarreikninga, kom til meðferðar í fjmrn. á tímabilinu frá því í júnílok 1988 og fram að áramótum 1988/1989. Ég veit að ég þarf ekki að rekja það fyrir núverandi hv. alþm. að á þeim tíma urðu breytingar í ríkisstjórn landsins, að fyrirrennari minn í embætti og síðan ég, höfðum eðlilega ýmsum öðrum verkefnum að sinna á þessum tíma en almennum erindum í ráðuneytinu og bréfaskriftum við embætti umboðsmanns eða önnur embætti sem tengjast eðlilegri starfsemi fjmrn., þegar ekki er um að ræða þá afbrigðilegu tíma þegar ríkisstjórn er að liðast í sundur eins og var seinni hluta sumars og fyrri hluta hausts 1988 og ný ríkisstjórn að taka við í lok september 1988 og hefja þá vinnu við fjárlagafrv. og tekjuöflunarfrv. sem lögð voru fyrir Alþingi. Og það þarf nú satt að segja ekki mikla kunnáttu til að átta sig á því að þessi tími, síðustu 5–6 mánuðir ársins 1988 eru auðvitað mjög afbrigðilegir hvað þetta snertir og óþarfi að draga af því tímabili þær almennu ályktanir sem hér koma fram.

Það er þess vegna misskilningur að það ríki einhver sérstök tilhneiging til að forða sér frá því að veita umboðsmanni Alþingis upplýsingar. Mér vitanlega er engin slík hindrun né þau viðhorf í gangi, hvorki innan fjmrn. né annarra ráðuneyta. En umboðsmaður Alþingis eins og aðrir verður auðvitað að horfast í augu við það að sá mjög svo fámenni hópur, gagnstætt því sem almennt er talið hér í þjóðfélaginu, sá fámenni hópur manna sem starfar í ráðuneytunum, hefur það mörg verkefni á sínum herðum að það er eðlilegt þegar nýtt og veigamikið svið bætist við, sem menn vilja vanda vel störf sín á, eins og erindi umboðsmanns Alþingis, taki það tíma að svara þeim erindum. Vegna þess að í mörgum tilfellum er um jafnvandasama vinnu að ræða eins og verið sé að undirbúa málflutning fyrir dómstól. Það mundi enginn ætlast til þess að lögmaður undirbyggi málflutning sinn fyrir dómstólum á 1–2 vikum. Auðvitað eru erindin misjöfn og upplýsingarnar sem óskað er eftir misjafnar að eðli, en þau eru mörg, erindin sem umboðsmaður hefur sent til t.d. fjmrn., þar sem það er mikið og vandasamt verk að reiða fram öll þau gögn og efnisatriði sem máli skipta. Það er sérstaklega nauðsynlegt í ljósi þess, eins og fram kemur í

þessari skýrslu og einnig í viðbrögðunum við henni hér á Alþingi og annars staðar, að litið er á úrskurð umboðsmanns sem einhvers konar dómsniðurstöðu. Það er eðlilegt og það er þáttur í embættinu sjálfu að það gegni slíku starfi stjórnsýsludómara í okkar lýðræðis- og réttarkerfi. En þá verða menn líka að hafa það í huga að sá þáttur sem snýr að hinu opinbera geti í mörgum tilfellum verið það vandasamur að það taki nokkrar vikur eða mánuði að ganga frá öllum gögnum málsins.

Ég tel þess vegna að þær ályktanir, sem umboðsmaður Alþingis dregur af fjórum línum í greinargerð fjárlagafrv. og aðrir hafa síðan gert að umtalsefni hér, séu rangar. Ég vona að ég hafi útskýrt það nægilega vel hvaða hugsun lá að baki, annars vegar því að fjmrn. treysti sér ekki til þess að verða við óskum forseta Alþingis og umboðsmanns um fjárveitingar í ljósi þess að alls staðar í ríkiskerfinu var verið að reyna að minnka útgjöld á öllum sviðum og svo hins vegar að vegna þess hve embættið var nýtt var talið nauðsynlegt að benda Alþingi á það að mikill aukakostnaður gæti orðið í ráðuneytum vegna þess mikilvæga verkefnis að sinna vel svörum við þeim erindum sem umboðsmaður Alþingis sendir. Og ég minni aftur á í þessu sambandi að á sl. ári voru 26 slík erindi send til fjmrn. eins.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða þingsköpin til þess að skapa sérstakan vettvang til að ræða skýrslur umboðsmanns Alþingis og skýrslur Ríkisendurskoðunar á þann veg að umboðsmaður Alþingis og ríkisendurskoðandi geti verið viðstaddir umræðurnar og tekið þátt í þeim. Ég nefni það að í ýmsum þjóðþingum, þar sem slíkar stofnanir starfa, er talið nauðsynlegt að hafa sérstakan vettvang innan þingsins, ekki hina formlegu fundi þingsins, heldur annan og sérstakan vettvang þar sem þingmenn og forsvarsmenn viðkomandi stofnana geta ræðst við á opinberan hátt í heyranda hljóði þannig að fjölmiðlar og allur almenningur geti haft aðgang að þeirri umræðu. Í bandarískа þinginu fara t.d. fram slíkir fundir og bera hið enska heiti „hearings", þar sem forsvarsmenn stofnana sem veitt hafa þinginu skýrslur sitja fyrir svörum og viðkomandi nefndir og aðrir þingmenn sem kjósa geta tekið þátt í umræðum.

Ég held að það væri vel þess virði að íhuga hvort eigi að breyta þingsköpum á þann veg að auk þeirrar almennu umræðu sem fram fer hér í Sþ. um skýrslu Ríkisendurskoðunar og skýrslu umboðsmanns Alþingis komi ákvæði þar sem haldnir verði opnir nefndafundir, t.d. fundir fjvn. og fjh.- og viðskn. beggja deilda í sameiningu og þar sem þeir aðrir þingmenn sem áhuga hafa á að vera viðstaddir og ekki eiga sæti í viðkomandi nefndum geti einnig sótt þann umræðuvettvang og þar fari fram óbundin og opin umræða í heyranda hljóði með fjölmiðlum eins og hér eru í þingsölum eða áhugasömum almenningi, til þess að þingmenn geti átt orðastað við höfunda þessara skýrslna, ríkisendurskoðanda og umboðsmann Alþingis, um þau atriði sem þar koma fram. Ef við eigum að nýta þá réttarbót og þær stjórnkerfisbreytingar, sem felast í þessum tveimur stofnunum Alþingis, tel ég nauðsynlegt að búa til nýjan og opinberan umræðuvettvang til hliðar við aðalumræðuvettvang Alþingis, sameinað þing og deildir, þar sem þingmenn geta rætt við umboðsmann Alþingis og reyndar einnig ríkisendurskoðanda því að skýrsla ríkisendurskoðanda er einnig hér á dagskránni í dag, um efnisþætti sem fram koma í skýrslunum. Ég vek athygli á því að í ýmsum þjóðþingum hefur slíkri skipan verið komið á og hún talin nauðsynlegur þáttur í þeirri eðlilegu lýðræðislegu umfjöllun sem slíkar skýrslur þurfa að fá. Það er á vissan hátt óeðlilegt að umboðsmaður Alþingis og ríkisendurskoðandi sem starfa í umboði Alþingis skuli ekki hafa möguleika á því að eiga opinberlega í heyranda hljóði orðastað við þingmenn og að þingmenn skuli ekki heldur eiga kost á því að ræða opinberlega og í heyranda hljóði við þá.

Ég vil þess vegna beina því til virðulegra forseta Alþingis að í þeirri endurskoðun sem fram mun fara á þingsköpum Alþingis verði það tekið rækilega til athugunar hvort það eigi að búa til slíkan sameiginlegan vettvang t.d. fjvn. og fjh.- og viðskn. beggja deilda, þar sem aðrir þingmenn geta einnig haft aðgang og sérstök umræða farið fram á þeim vettvangi, auk almennu umræðunnar hér, um þau efnisatriði í þessum skýrslum sem einstakir þingmenn vilja gera að umtalsefni.

Ég vona að þessar skýringar mínar verði svo til þess að menn geti með meiri ró rætt þennan þátt í skýrslunni og einnig að þeir ágætu embættismenn, sem þessum embættum gegna, séu kannski ekki jafnviðkvæmir og mér finnst hér gæta fyrir því að í þeim frumvörpum og gögnum sem lögð eru fram sé starfsaðstaða og sjónarmið þeirra embætta tekin til umfjöllunar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi í örfáum orðum lýsa ánægju minni með starf umboðsmanns Alþingis og þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Ég tel að þar sé það staðfest sem ég sagði í framsögu fyrir frv. til laga um umboðsmann Alþingis haustið 1986 að það starf væri afar mikilvægt. Mér þykir hins vegar ekkert undarlegt þó að skiptar skoðanir séu um starfið á þessu stigi. Þetta er nú ekki langur tími fyrir svo mikilvægt starf að þróast. Ég vek athygli á því að lög um umboðsmann Alþingis voru samþykkt á þingi í mars 1987 og reglur um starf umboðsmanns Alþingis í þingsályktunarformi ekki fyrr en ári síðar, þ.e. vorið 1988. Starf umboðsmanns Alþingis er, eins og fram hefur komið, nýtt hér á landi. Við samningu frv. um inntak þess var mjög höfð hliðsjón af því sem tíðkað er á öðrum Norðurlöndum en það voru mörg atriði í þeim upplýsingum sem þaðan fengust sem okkur, sem að því unnum að semja frv., þóttu orka tvímælis og þyrfti að fást reynsla á hér. Ég hefði talið undarlegt ef á svo skömmum tíma væru allir sáttir við starf

umboðsmanns Alþingis eða umboðsmaður Alþingis sjálfur eða stjórnvöld.

Ég er sannfærður um það að starf umboðsmanns hefur haft mikil áhrif í stjórnarráðum. Ég held að við hljótum að viðurkenna að hér á landi hefur það verið landlægt að svara bréfum og erindum seint og á það ekki síst við stjórnvöld. Ég vona að eftir ýmsar ákveðnar ábendingar umboðsmanns hafi þetta þegar breyst. Ég get upplýst það hér að ég hef sett þá reglu í forsrn. að þar skuli öllum erindum svarað innan tveggja vikna eða a.m.k. staðfest móttaka þeirra. Ég skal ekki segja hvort það hefur tekist í öllum tilfellum en ég hygg þó í langsamlega flestum. Svo var það ekki áður, skal fúslega viðurkennt.

Eftir að hafa lesið þessa skýrslu tel ég fyrir mitt leyti að vel kunni að vera að um nokkur verkefni umboðsmanns Alþingis þurfi að fjalla betur eða um þær reglur sem að baki liggja. T.d. er alveg ljóst að umboðsmaður Alþingis getur ekki tekið að sér störf dómstóla í landinu. Og hvernig á að greina þar á milli? Stundum kann að vera erfitt að greina á milli þess hvort mál ætti fremur að fara fyrir dómstóla eða til umboðsmanns. Og ég get ekki neitað því að sum þau mál sem ég hef kynnt mér í þessari skýrslu sýnast mér vera þar á mörkum. Að fenginni meiri reynslu tel ég að Alþingi þurfi sjálft einmitt að fjalla um slík skil. Undan því er kvartað í skýrslunni að ráðuneytin hafi mörg verið sein til svara. Ég get að vísu ekki sagt að undan því sé kvartað gagnvart forsrn. og ég hef reyndar lagt á það áherslu að ráðuneytið verði umboðsmanni að liði í því að móta skynsamlegar starfsreglur. Eins og ég sagði áðan tel ég að það hafi að mörgu leyti tekist.

Ég tel einmitt að starf umboðsmanns hljóti í mörgum tilfellum að koma til forsrn., sem í vissum tilfellum má líta á sem æðsta yfirvald stjórnsýslunnar, og hljóti því að verða þangað skotið. Það hefur verið gert og það tel ég vera rétt og forsrn. mun áfram, ef slík verkefni koma upp, leitast við að verða umboðsmanni Alþingis að liði.

En fyrst og fremst stóð ég hér upp til þess að lýsa ánægju minni með hvað þetta starf hefur þróast hratt og augljóslega sýnt sig vera afar mikilvægt. En um leið legg ég áherslu á að ég held að við þurfum að læra af reynslunni og ætla starfinu eðlileg mörk.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Það virðist þegar hafa komið í ljós að þær hafi verið mjög gagnlegar og eytt misskilningi sem virðist hafa verið á ferðinni og eigi að stuðla að því að framvegis verði þessi starfsemi auðveldari og skili betri árangri.

Hv. 6. þm. Reykv. gat þess þegar umræðan hófst sl. fimmtudag að skammur tími væri fyrir þingmenn að fara í gegnum þessa skýrslu þar sem henni var dreift sl. mánudag. Það er rétt að það er ekki langur tími. Hins vegar er þetta fyrirferðarmikil skýrsla sem tók nokkurn tíma að ganga frá og koma til útbýtingar hér. Reynt var að koma þessari umræðu að áður en allt of miklar annir væru í þinginu, þannig að eðlilegt tóm gæfist til umræðna um skýrsluna og lengri tími en varð reyndin á síðasta þingi þegar komið var að þinglokum þegar um skýrsluna var fjallað.

Ég vildi víkja örfáum orðum sérstaklega að þeim atriðum sem beint var til hæstv. fjmrh. og hann síðan svaraði hér og þá ítreka það sem ég sagði í framsöguræðu minni sl. fimmtudag, að ég tel að starf umboðsmanns sé til leiðbeiningar og aðstoðar fyrir ráðuneytin og þeirra stofnanir til þess að koma starfsháttum í sem best horf. Því sé nauðsynlegt að þar sé gott samstarf og skilningur á milli, eins og mér virðist hafa komið fram í máli þeirra hæstv. ráðherra sem hér hafa talað, að þeir hafa fullan vilja til.

Varðandi vinnubrögð við undirbúning fjárlaga og hvernig þar eigi að taka tillit til tillagna Alþingis er það rétt að forsetar Alþingis hafa látið í ljós þá skoðun að eðlilegt væri að þær tillögur, sem frá Alþingi koma um fjárveitingar til stofnana þess, yrðu efnislega teknar inn í fjárlagafrv. fjmrh. Að sjálfsögðu verður við undirbúning fjárlagafrv. að fara yfir verðgildi þeirra tillagna og samræma það við aðrar tölur í frv. Forsetar líta svo á að síðan sé það hlutverk fjvn. að fara ofan í tillögurnar að öðru leyti, gagnrýna þær og vega og meta hvað fjvn. leggur til að Alþingi ákveði til þessara starfa, eins og reyndar hæstv. fjmrh. tók fram að væri að sjálfsögðu verkefni fjvn. Þarna er kannski dálítill skoðanamismunur um málsmeðferð þó að í máli hæstv. fjmrh. hafi komið fram að hann er sammála um endanlega niðurstöðu.

Eins og ég benti á í framsöguræðu minni tel ég að ábendingar umboðsmanns stuðli að því að koma störfum í ráðuneytunum fyrir á þann veg að það eigi að auðvelda ráðuneytunum að sinna sínum verkefnum og ráða við þau. Því að vissulega fer mikill tími í það ef stöðugt þarf að taka á móti fyrirspurnum um hvað málum líði og gefa skýringar á drætti sem verður, ef ekki er nægjanlega skipulega að störfum unnið. Ef mál eru vandlega undirbúin og frá þeim gengið eiga svör við spurningum umboðsmanns mestmegnis eða kannski eingöngu að vera upplýsingar um staðreyndir en ekki undirbúningur máls að öðru leyti.

Tillaga hæstv. fjmrh. um breytingar á þingsköpum, um umræðuvettvang við umboðsmann Alþingis og ríkisendurskoðanda er vissulega athyglisverð. Þó held ég að það yrði að skipta henni í tvennt, þ.e. að ríkisendurskoðandi ætti fundi með fjvn. og fjh.- og viðskn. en umboðsmaður Alþingis þá aftur með allshn. bæði sameinaðs þing og deilda, þar sem eðli mála, sem undir þessar nefndir falla, er ólíkt.

Ég vil svo ítreka þakklæti mitt fyrir umræðuna og lýsa því yfir að forsetar munu reyna að stuðla að því að þróun mála verði svipuð og umboðsmaður hefur mótað með upphafi starfsferils síns. Mér finnst þessi umræða hafa stuðlað að því að draga úr misskilningi þannig að starf umboðsmanns megi verða sem jákvæðast fyrir alla aðila.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. sagði að forsetar mundu stuðla að því að þróun mála verði svipuð. Mér fannst detta botninn úr þessu. Ég skildi ekki hvað hv. 2. þm. Suðurl. var að fara, ég kem kannski nánar að því síðar.

Hæstv. forsrh. þakkaði umboðsmanni fyrir skýrslu þá sem við hér ræðum og ég vil taka undir þær þakkir og undir það sem fram kom eða mér virtist vera andinn í þeim fáu orðum sem forsrh. lét hér falla um þetta mál.

Ég vil taka það fram að ég tel að það hafi tekist vel um setningu laganna um umboðsmann Alþingis og það hafi tekist vel um reglugerðina sem starfað er eftir, en sett er samkvæmt heimild í lögunum.

Hæstv. forsrh. var með einhverjar áhyggjur út af því að það gæri verið erfitt að greina á milli dómstóla og umboðsmanns Alþingis. Ég verð að segja það að mér hafa aldrei komið í hug neinir erfiðleikar í sambandi við þetta. Ég hélt að þetta væri ekkert vandamál í sjálfu sér. Það er umboðsmaður Alþingis sem tekur ákvörðun um það hvort mál heyrir undir hans embætti eða ekki. Og hann getur bent á að dómstólaleiðin sé eðlilegri. En hann kveður engan úrskurð upp um þetta, það getur hvaða borgari sem er snúið sér til dómstólanna með hvaða mál sem honum þóknast og eins er með þetta. Þannig held ég að það sé ekkert vandamál í sambandi við aðgreiningu dómstóla og embættis umboðsmanns.

Því miður gat ég ekki fylgst með umræðum sem áður hafa farið fram um skýrslu umboðsmanns. Ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur þegar þær voru. En mér skilst að það hafi verið gagnmerkar umræður og svo merkar að það hafi verið talin ástæða til að halda þeim áfram. Ég heyrði það sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Norðurl. v. sögðu hér á þessum fundi um þetta efni og ég dreg þá ályktun að það sem þeir sögðu hafi verið líka í framhaldi af því sem áður var búið að segja, á fyrri fundi um þetta mál. En ég verð að segja að það er alvarlegur hlutur sem mér virtist koma fram hjá þessum hv. þm. þegar þeir voru að tala um og bentu á að það hefði verið tregðast við, af framkvæmdarvaldinu eða ráðherrum, að svara fyrirspurnum og erindum umboðsmanns. Ég heyrði ekki betur en að þau orð hefðu verið látin falla að þetta kæmi út þannig að verið væri að brjóta niður embætti umboðsmanns. Það er heldur ömurleg mynd sem hér er dregin upp. Ég efast ekki um að hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Norðurl. v. hafa lög að mæla. Og þegar ég segi að ég efast ekki um það, hef ég í huga þá málsvörn sem hér kom fram af hálfu hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. — nú gengur hann í salinn, ég hélt að hann væri horfinn af vettvangi — hann fór fögrum orðum um þann mikla áhuga sem hann hefði haft á embætti umboðsmanns Alþingis í áratugi áður en til embættisins var stofnað og hann var framsýnn í þessu efni eins og í öðrum efnum að hans dómi. Hann fór nokkrum orðum um það, sem undir venjulegum kringumstæðum hefði átt að skjóta stoðum undir það, að hann væri þess vegna ekkert nema vinsemdin og skilningurinn á mikilvægi embættis umboðsmanns Alþingis. Undir venjulegum kringumstæðum mætti líka ætla svo. En menn verða að hafa í huga að þetta er ekki reglan með þennan hæstv. ráðherra, heldur sú að eftir því sem hann hefur talið sig meiri áhugamann og jafnvel baráttumann fyrir góðum málefnum áður en hann kom í ríkisstjórnina og fékk möguleika til þess að sýna skoðun sína og stefnu í verki, þá er það yfirleitt reglan að hann gengst öndverður við því sem hann hefur áður haldið fram. Og það sýnist mér líka koma fram bæði í því sem hann sagði sjálfur hér áðan og í öðru sem rakið hefur verið varðandi þetta mál.

Hæstv. fjmrh. gerði mikið úr því hvað það væri mikið starf fyrir ráðuneyti hans að sinna verkefnum frá umboðsmanni Alþingis. Og hann sagði að það væri nú öðru að sinna fyrir þá í ráðuneytinu oft og tíðum en að svara slíkum erindum sem umboðsmaður bæri fram.

Hann segir einnig í greinargerð með fjárlagafrv., eins og fram hefur komið í þessum umræðum, að það kosti óhemjufé að sinna fyrirspurnum og þeim verkefnum sem stafa frá umboðsmanni Alþingis. Nú vil ég ekki gera lítið úr því að það geti kostað einhvern tíma og einhverja fjármuni að gefa viðeigandi svör við því sem spurt er um. En ég vek athygli á því sem fram kemur í þessari skýrslu, sem við höfum hér fyrir framan okkur og erum að ræða, að það er oft á tíðum, og kannski oftast, vegna þess hve ófullkomin hafi verið vinnubrögð ráðuneytisins í viðkomandi máli. Það segir, með leyfi hæstv. forseta, um þetta í skýrslu umboðsmanns:

„Tafir hafa stafað af því, að stjórnvöld hafa staðið frammi fyrir vanda, sem hefur verið að rekja til ófullnægjandi málatilbúnaðar og síðan hefur vafist fyrir þeim að greiða úr eða útskýra."

Þetta tekur umboðsmaður sérstaklega fram og það gefur auga leið að það er ekki að ástæðulausu og skal ég ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

Mér sýndist hæstv. fjmrh. vera í nokkrum vanda með að svara fyrir vinnubrögð ráðuneytisins í þessum efnum. Ég get ekki skilið annað, þegar hæstv. ráðherra fór allt í einu að tala um breytingar á þingsköpum, en að það væri vesældarleg tilraun til þess að flýja frá kjarna málsins. Hann er allt í einu kominn út í hugdettur um að nú eigi að breyta þingsköpum og fyrst sagði hann, ég held að ég fari þar rétt með, að það ætti að heimila embættismönnum að geta tekið þátt í störfum þingsins og verið á þingfundum þó að þeir væru ekki þingmenn. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta sérstaklega en ég lít á þetta sem vesældarlega tilraun til þess að komast hjá að ræða það mál sem hér er sérstaklega til umræðu. Auðvitað er þetta fjarstæða, að það sé hægt að breyta þingsköpum á þennan veg. Ef það væri yrði fyrst að breyta stjórnarskránni og gerir það nú þetta mál allt umfangsmeira. Það breytir engu í þessu efni þó að Ríkisendurskoðun heyri núna undir Alþingi. Ríkisendurskoðun heyrði áður undir fjmrn., fjmrh. en það hafði aldrei komið fram hugmynd um það, á þeim tíma, að það þyrfti að

setja reglur sem krefðust stjórnarskrárbreytingar og breytinga á þingsköpum með það fyrir augum að ríkisendurskoðandi gæti komið hér í þingsali og staðið fyrir máli sínu. Ég held að ef maður færi að ræða þessar hugdettur fjmrh. efnislega yrðu þær harla léttvægar fundnar.

En hæstv. ráðherra sagði eitt sem ég er honum alveg sammála um og liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að tillögur fjárlagafrv. eru ekkert annað en tillögur til Alþingis. Þó að framkvæmdarvaldið standi að fjárlagafrv. getur framkvæmdarvaldið ekki ákveðið útgjöld Alþingis. Mér þykir rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því bréfi sem umboðsmaður Alþingis ritaði forsetum Alþingis 13. des. sl. Í bréfinu er fjallað m.a. um athugasemd í fjárlagafrv. sem hér hefur komið til umræðu. En, með leyfi hæstv. forseta, segir svo í bréfi þessu:

„Ofangreind athugasemd hlýtur að vera skýring á því, hvers vegna fjárveiting er lækkuð í fjárlagafrv. miðað við tillögur umboðsmanns Alþingis og forseta Alþingis. Sú skýring verður ekki skilin öðru vísi en svo, að nauðsynlegt sé að setja starfi umboðsmanns takmörk. Nú er það hins vegar þannig, að hlutverk umboðsmanns er markað í lögum nr. 13/1987 og reglum nr. 82/1988, sem Alþingi hefur sett. Þar er kveðið á um störf hans og starfshætti. Ég tel, að hvorki umboðsmaður Alþingis né Alþingi geti unað við það, að handhafar stjórnsýsluvalds taki fram fyrir hendur Alþingis."

Ég verð að gera athugasemd við orðalag þessa bréfs, endinn, þar sem segir: „Ég tel, að hvorki umboðsmaður Alþingis né Alþingi geti unað við það, að handhafar stjórnsýsluvalds taki fram fyrir hendur Alþingis." Þessir handhafar stjórnsýsluvalds geta ekki tekið fram fyrir hendur Alþingis og gera ekki. Við skulum hafa það ljóst. Það er Alþingi sem hefur síðasta orðið í þessum efnum. Og ég lít nú þannig á að með tilliti til þess, og auðvitað er umboðsmanni Alþingis það ljóst, hafi umboðsmaður einmitt valið þá leið að skrifa forsetum Alþingis sérstakt bréf um þetta efni, bréfið sem ég las upp úr hér nú.

Þá er ég kominn að því sem ég vildi spyrja forseta Alþingis. Hver voru viðbrögð forseta Alþingis við bréfi umboðsmanns Alþingis? Hvað gerðu forsetar í málinu til þess að koma fram vilja umboðsmanns, sem vill svo til að var líka vilji forseta, var í samræmi við fyrri tillögur forseta um fjárveitingar til umboðsmanns? Mín spurning til forseta þingsins er: Hvað gerðu þeir þegar þeir fengu þetta bréf frá umboðsmanni Alþingis? Hvernig brugðust þeir við? Geta þeir gefið skýringu á því frekar en gert hefur verið, hvers vegna ekki var orðið við tillögu þeirra sjálfra og erindi umboðsmanns Alþingis?

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu mikið en taldi þó nauðsynlegt að segja hér örfá orð. Í fyrri ræðu minni fór ég þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann gerði nokkra grein fyrir samskiptum sínum við embætti umboðsmanns Alþingis, af gefnu tilefni í þessari skýrslu sem hér er til umræðu. Hæstv. fjmrh. gerði það í allítarlegu máli og ég tel að niðurstaða þessara orðaskipta sé sú, að hafi menn haft einhvern grun um að hæstv. fjmrh. vildi leggja stein í götu umboðsmanns Alþingis, sé það ekki á rökum reist. Hann lýsti alveg sérstaklega áhuga sínum á þessu embætti, bæði í nútíð og fortíð og lét reyndar í ljós undrun yfir því að nokkrum skyldi detta í hug að hann hefði ekki fullan skilning á þessu embætti, miðað við þann áhuga sem hann hefði sýnt þessu máli mörg ár aftur í tímann. Ég kann auðvitað ekki skýringu á því hvers vegna við vitum ekki eða höfum ekki áttað okkur á þessum áhuga hæstv. ráðherra, nema vera kynni að alþekkt hógværð hæstv. ráðherra geri það að verkum að menn hafa hingað til ekki tekið eftir þessum mikla áhuga hans á þessu merka máli. Niðurstaðan er hins vegar sú, samkvæmt hans yfirlýsingu, að hann er eindreginn stuðningsmaður umboðsmanns Alþingis og þeirrar réttarbótar sem felst í því embætti og að það skuli hafa verið sett á laggirnar. Og því ber auðvitað að fagna.

Hins vegar er það svo að þó að hæstv. ráðherra hafi talið að þær ályktanir sem menn hafa dregið af ýmsu því sem frá honum hefur komið varðandi þetta embætti væru misskilningur er ég auðvitað ánægður yfir því að hann heldur ekki við þær skoðanir, en misskilningurinn átti fullan rétt á sér. Umboðsmaður Alþingis og við aðrir þingmenn sem þetta höfum rætt hér höfum fulla ástæðu til þess að draga þær ályktanir sem dregnar hafa verið af aðgerðum og orðum hæstv. fjmrh.

Þegar hæstv. fjmrh. sér ástæðu til þess að ítreka hvað eftir annað að það kosti mikla vinnu í ráðuneytum og stofnunum að svara erindum og vinna upplýsingar sem umboðsmaður Alþingis óskar eftir gefur það auðvitað tilefni til þess að draga ályktanir af því tagi sem gert var. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hæstv. fjmrh. hafi gert allt of mikið úr því í ræðu sinni áðan hversu gríðarleg vinna sé fólgin í því að svara fyrirspurnum sem umboðsmaður Alþingis hefur lagt fyrir ráðuneytið. Og í því sambandi vil ég vitna í það sem umboðsmaður Alþingis segir sjálfur um þetta efni í skýrslu sinni, þar sem hann er að fjalla einmitt um hversu oft það dragist að fá svör við erindum. Hann segir, með leyfi forseta:

„Reynsla mín er einnig sú, að yfirleitt sé ekki samhengi milli tafa á svörum og umfangs þess verks, sem þarf til þess að svara fyrirspurnum og gefa nauðsynlegar upplýsingar. Auk þess er ekki mikil fyrirhöfn að gera grein fyrir töfum á svörum, en slíkt er í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti og til þess verður að ætlast, einnig gagnvart embætti umboðsmanns. Á því hefur samt orðið misbrestur í nokkrum tilvikum, þótt ráðuneyti hafi í vaxandi mæli gert grein fyrir ástæðum tafa, a.m.k. eftir á.

Óskir mínar um öflun upplýsinga hafa yfirleitt ekki haft í för með sér úrvinnslu gagna eða öflun gagna, sem ekki voru tiltæk í viðkomandi ráðuneyti eða

stofnun. Greinargerðir ráðuneyta og stofnana varða yfirleitt ákvarðanir, sem þessir aðilar hafa þegar tekið."

Með tilliti til þessara orða og reyndar eðlis máls þegar skoðuð er sú skýrsla sem hér liggur fyrir og athuguð þau mál sem þar er gerð grein fyrir held ég að hæstv. fjmrh. hafi miklað mjög fyrir sér umfang þessara verkefna. Og það er auðvitað ekkert nýtt að hér á Alþingi komi upp umræður um umfang fyrirspurna frá einstökum alþingismönnum. Það er mál sem ég minnist að hafi alltaf komið upp af og til síðan ég kom á Alþingi, að ráðherrar og einstök ráðuneyti kvarta yfir því að það fylgi því mikil vinna að útbúa svör við ýmsum fyrirspurnum sem alþingismenn setja fram. En það er auðvitað alveg ófært eins og hæstv. fjmrh. hefur gert að blanda því saman við réttmætar óskir umboðsmanns Alþingis um upplýsingar frá ráðuneytum. Hér er tvennu ólíku saman að jafna.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fjölyrða um þetta frekar. Mér þótti nauðsynlegt að gera þessar athugsemdir við ræðu hæstv. fjmrh. Ég fagna hins vegar því sem fram hefur komið, bæði frá hans hendi og frá hæstv. forsrh., að þeir hafi fullan skilning á embætti umboðsmanns og mikilvægi þess fyrir almenning í landinu og fyrir bætta stjórnsýslu. Ég lít svo á að þessar yfirlýsingar þeirra feli í sér að þeir muni gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að greiða fyrir störfum umboðsmanns með því að láta af hendi upplýsingar og gögn, bæði fljótt og vel. Ef sú er niðurstaðan tel ég að þessi umræða um skýrslu umboðsmanns Alþingis hafi orðið til góðs hér á hv. Alþingi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín tveimur fyrirspurnum eða athugasemdum. Sem svar við þeirri fyrri vil ég vitna í niðurlagsorð hv. síðasta ræðumanns um niðurstöðu þessarar umræðu, að hún hafi leitt í ljós að það sé fyrir hendi vilji til þess hjá öllum aðilum að starf umboðsmanns megi verða sem jákvæðast og árangursríkast. Þannig var mín ályktun af þessari umræðu sem ég taldi vera jákvæða.

Hin var um það hvernig forsetar hefðu brugðist við kvörtun umboðsmanns um of litla fjárveitingu. Henni vildi ég svara með því að lesa bréf, með leyfi hæstv. forseta, dags. 18. des. 1989:

„Fjárveitinganefnd Alþingis.

Í ljós hefur komið við 2. umr. fjárlaga 1990 að engin lagfæring hefur verið gerð á fjárveitingu til umboðsmanns Alþingis þrátt fyrir óskir þar að lútandi.

Forsetar Alþingis hafa lagt á það ríka áherslu að fjárlagatillögur umboðsmanns Alþingis verði að fullu teknar til greina, sbr. samþykkt þeirra frá 4. des. sl. sem þegar hefur verið komið á framfæri við fjvn.

Forsetar Alþingis ítreka hér með téða samþykkt sína og beina því til hv. fjvn. að hún taki málið til velviljaðrar og skjótrar fyrirgreiðslu þannig að lagfæring á þessum fjárlagalið geti átt sér stað við 3. umr. fjárlagafrv.

Hjálagt fylgir ljósrit af erindi umboðsmannsins til forseta Alþingis, dags. 13. des. s.l.

Fyrir hönd forseta Alþingis. Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis."

Kynbótastöð fyrir laxfiska, síðari umr.

Þáltill. GGÞ, 50. mál. — Þskj. 50, n. 749.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um kynbótastöð fyrir laxfiska. Flm. tillögunnar var einn, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson. Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, veiðimálastjóra og yfirdýralækni. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir laxfiska. Vegna þessa vill nefndin minna á að undanfarin ár hafa kynbótarannsóknir á hafbeitarlaxi verið framkvæmdar í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði þar sem m.a. hefur verið reist nýtt hús fyrir kynbætur á seiðastigi. Nefndin telur hins vegar að efling laxakynbóta sé það viðamikið verkefni að ekki sé eðlilegt að ríkið eitt sinni slíku heldur hljóti jafnframt að koma til þátttaka hagsmunaaðila í fiskeldi. Í ljósi þess frumkvæðis, sem stjórnvöld hafa haft í kynbótarannsóknum á laxi, telur nefndin eðlilegt að stjórnvöld hafi forustu um að kanna vilja hagsmunaaðila til samstarfs um þessi mál, sbr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Nefndin leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu."

Undir nál. skrifa hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, Jón Kristjánsson, Hreggviður Jónsson, Geir Gunnarsson og Geir H. Haarde og sá sem hér mælir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 749 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv.

Ráðning sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 413. mál. — Þskj. 719.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi landsins. Flm.

auk mín eru aðrar þingkonur Kvennalistans, þær Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að ráðnir verði sjúkraþjálfarar í öllum fræðsluumdæmum landsins."

Varla ætti nokkrum manni að blandast hugur um það að velferð barna og unglinga er á ábyrgð allra þeirra sem einhverju geta ráðið um það hvernig búið er að þeim. Þetta á við um uppalendur, skólafólk, starfsfólk heilbrigðisstéttanna og þá sem með fjárveitingar úr okkar sameiginlega sjóði fara. Grunnskólarnir eru fjölmennustu vinnustaðir landsins og stærsti hópurinn, sem þar er við nám og störf, eru skólabörn og unglingar. Þau eyða mörgum klukkustundum á degi hverjum innan veggja skólans og því er mikilvægt að vel sé búið að þeim á vinnustað.

Á skólaárunum er lagður grunnur að líkamlegri og andlegri velferð barnanna. Líkamlega og andlega velferð er varla hægt að skilja í sundur og raunar má í viðbót nefna félagslega velferð. Það sem við erum í rauninni að segja með því að benda á að tryggja þurfi velferð barna og unglinga er einfalt. Við viljum að börnunum líði vel. Til þess þurfum við að búa þeim góðar ytri aðstæður, hollt mataræði og öruggt húsaskjól, fylgjast með því hvernig þeim líður í hópi skólafélaga og gæta þess að þau njóti góðs atlætis innan skólans sem utan, svo fátt eitt sé nefnt.

Eitt af því sem gert hefur verið til þess að hlúa vel að skólabörnum er að starfrækja sálfræðiþjónustu í skólum, sums staðar að vísu sárlega undirmannaða. En afstaðan sem tekin var með því að setja hana á laggirnar er ótvíræð. Við viðurkennum að samfélag nútímans og þær aðstæður sem við búum börnum og foreldrum þeirra séu slíkar að þörf á sálfræðilegri ráðgjöf og leiðsögn sé fyrir hendi ef á bjátar. Sálfræðiþjónusta er því góðra gjalda verð og er eðlilegur hluti nýrra áherslna í skólastarfi. En það er mat flestra að ekki skuli setja skörp skil milli líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar velferðar. Því er e.t.v. tímabært að hyggja að fleiru án þess að draga úr því sem þegar er til staðar, þ.e. sálfræðiþjónustunni.

Það eru fleiri fylgifiskar nútímasamfélags en þær flækjur sem fylgja vinnustreittum og margslungnum þjóðháttum í lok 20. aldarinnar. Vinnuumhverfi hefur breyst, líkamlegt álag er annars konar en var í upphafi þessarar aldar. Það þarf ekki að fara lengra aftur en nokkra áratugi til að skynja miklar breytingar. Kyrrsetuvinna er algengari nú en áður var. Hún er talin óholl fyrir líkamann svo og ýmiss konar ákvæðisvinna, þessi margfrægi bónus t.d. Rétt líkamsbeiting getur skipt sköpum um hvort líkaminn þoli álag eða hreyfingarleysi í misvel hönnuðum hægindum eða um það hvort fólk fær alvarleg einkenni slitsjúkdóma, jafnvel á unga aldri. Vel þarf að hyggja að því á hvaða grunni börnin okkar byggja þegar þau fara út í atvinnulífið. Verða þau meðvituð um líkama sinn og beitingu hans eða ekki? Hafa þau vanist því að vinna við mannsæmandi vinnuaðstæður eða hefur þeim verið boðið upp á óviðunandi aðbúnað? Brýnt er að tryggja skólabörnum þá sjálfsögðu þjónustu að fylgst sé með velferð þeirra á viðkvæmum uppvaxtarárum.

Í upphafi skólagöngu eru bein barna ekki fullhörðnuð og samhæfing hreyfinga er einnig á viðkvæmu þroskastigi. Við rangt álag geta bein barna bognað og þroski samhæfinga og hreyfanleika líkamans er háður því að örvun sé við hæfi.

Börn þurfa, ekki síður en fullorðnir, að búa við góða vinnuaðstöðu og viðeigandi ráðgjöf og kennslu til að tryggja eðlilega líkamsbeitingu, samhæfingu og hreyfanleika. Í því skyni er hér lagt til að komið verði á fót stöðu sjúkraþjálfara í öllum fræðsluumdæmum landsins. Þar sem ekki væri kostur á sjúkraþjálfara í fast starf yrði fenginn sjúkraþjálfari af öðru svæði er veitti þá þjónustu, sem hægt væri, í hlutastarfi. Hlutverk sjúkraþjálfara væri fjórþætt:

1. Að fylgjast með vinnuaðstöðu skólabarna og veita ráðgjöf við innkaup á húsgögnum.
2. Að leiðbeina kennurum og nemendum um rétta líkamsbeitingu barna og unglinga.
3. Að tengjast heilsugæslu skólabarna, t.d. með því að taka þátt í skólaskoðun ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi eða skoða einstaka hópa skólabarna.
4. Að eiga samstarf við íþróttakennara vegna barna sem ekki eru í almennri leikfimi.

Þýðing forvarna og vinnuverndar hefur komið æ betur í ljós á síðari árum. Góðar forvarnir og fræðsla fækka ekki einungis veikindadögum heldur bæta einnig líðan fjölda fólks á vinnustöðum. Einfaldar úrbætur á vinnustað geta þar skipt sköpum. Góð fræðsla um líkamsbeitingu er fjárfesting sem kemur öllum til góða og minnkar líkur á að leita þurfi dýrra úrræða á sjúkrahúsum síðar meir vegna álagssjúkdóma.

Skólinn er vinnustaður barna og það fordæmi, sem þar er gefið, er veganesti út í lífið. Forvarnastarf í skólum er því ekki einungis mikilvægt til að hlífa börnum á viðkvæmu þroskaskeiði heldur jafnframt sá grunnur sem vinnuvernd framtíðarinnar byggir á.

Í allri umræðu um heilbrigðismál hefur mikið verið rætt og ritað um gildi forvarna. Því miður vantar víða mikið á að athafnir fylgi á eftir. Þekking sem gæti verið mikilvæg í forvörnum er oft frekar nýtt í viðgerðarþjónustunni. Ekki þarf að spyrja um það hve miklu æskilegra væri að gripið hefði verið í taumana fyrr, fólki sparaður sársauki, samfélaginu vinnutap og ómældir fjármunir.

Í greinargerð um sjúkraþjálfun í heilsugæslu sem María H. Þorsteinsdóttir, Kalla Malmqvist, Hulda Ólafsdóttir og Nanna Þ. Hauksdóttir skiluðu til landlæknisembættisins í árslok 1986 koma ýmsar athyglisverðar staðreyndir í ljós. Eitt af því sem sérstaka athygli vekur er að meginþorri sjúkraþjálfara vinnur við að meðhöndla fólk sem þegar er orðið illa farið af ofálagi, það sem maður kallar oft vinnuslit. Eða þeir fást við að hjálpa fólki sem er illa farið af völdum annarra veikinda og slysa. Forvarnastarf er lítið þrátt fyrir að lög kveði á um hlut sjúkraþjálfara

við heilsugæslu. Sjúkraþjálfarar vinna flestir á einkastofum úti í bæ í litlum tengslum við aðra heilsugæslu. Hvað þá að þeir tengist skólaheilsugæslu og íþróttastarfi í skólum, þeim grunni sem skólabörnunum er búinn í líkamsrækt í bernsku. Í greinargerðinni er að finna hugmyndir um á hvern hátt höfundar telja að sjúkraþjálfarar ættu að vinna fyrirbyggjandi starf í skólum. Mig langar að grípa aðeins niður í þessa greinargerð, með leyfi forseta.

Þar er talað um í fyrsta lagi: „Skoðun og skráningu á skólabörnum. Hér mætti hugsa sér að sjúkraþjálfari skoði þá aldurshópa sem ekki fara í hefðbundna læknisskoðun, eða tækju þátt í skoðun ákveðinna aldurshópa með skólalækni og hjúkrunarfræðingi." Hér er komið inn á einn þáttinn sem talað er um í þáltill. Og ég held áfram: „Markmið með slíkri skoðun er tvíþætt. Að fá yfirlit yfir ástand skólabarnanna með tilliti til hreyfanleika, samhæfingar, styrks, þols og líkamsmeðvitundar. Slík skoðun og skráning mundi vera þýðingarmikil í uppbyggingu markvissrar fræðslu og líkamsþjálfunar skólabarna." Auk þess er talað um að uppgötva fyrr frávik og sjúkdóma í hreyfikerfi líkamans. Varðandi kennslu skólabarna segir hér: „Sjúkraþjálfarar ættu að taka þátt í kennslu skólabarna um byggingu og starf líkamans og hvernig hægt sé að verja hann ofálagi. Börnin þarf að vekja til vitundar um eigin líkama, mikilvægi réttrar þjálfunar og líkamsbeitingar."

Varðandi kennslu og samvinnu við kennara stendur hér: „Í almennri kennslu uppgötvar kennarinn oft misbresti í færni barnsins. Í slíkum tilvikum getur sjúkraþjálfari meðal annarra aðstoðað við greiningu vandans og hugsanlega meðferð. Leikfimikennsla í skólum er tilvalinn vettvangur samvinnu. Skráning sjúkraþjálfara á ástandi skólabarna getur skapað grundvöll að því að leikfimikennslan verði markvissari þannig að unnið verði gegn þeim áhættuþáttum sem fundist hafa meðal skólabarnanna. Þetta krefst náinnar samvinnu milli kennara og sjúkraþjálfara. Vinnuvernd skólabarna er einnig mikilvægur þáttur sem sjúkraþjálfarar eiga að sinna. Hafa ber í huga að skólinn er vinnustaður nemendanna og mikilvægt að allur aðbúnaður sé við þeirra hæfi svo sem stólar, borð, lýsing og fleira." Hér læt ég tilvitnun lokið þótt í þessari skýrslu komi raunar ýmislegt fleira fram sem ástæða væri til að geta.

Þess má geta að fram kemur í þessari sömu skýrslu að við grunnskólann í Bolungarvík starfaði um tíma sjúkraþjálfari. Starf hans fólst í athugun og þjálfun sex ára barna í nánu samstarfi við heilsugæsluna og kennara. Að öðru leyti hafa sjúkraþjálfarar ekki tengst skólunum nema þar sem fötluð börn stunda nám, svo sem í Öskjuhlíðarskóla og Hlíðaskóla.

Í skýrslu frá Vinnueftirliti ríkisins eftir Ólöfu A. Steingrímsdóttur, Villhjálm Rafnsson, Þórunni Sveinsdóttur og Magnús H. Ólafsson um hóprannsókn á einkennum frá hreyfi- og stoðkerfi, en skýrsla þessi birtist í Læknablaðinu árið 1988, kemur fram að einkenni frá hreyfi- og stoðkerfi eru algeng meðal Íslendinga, þessi einkenni sem við tengjum oft við vinnuslit. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Niðurstöður sem hér liggja fyrir eru fengnar úr slembiúrtaki og ættu því að gefa glögga mynd af algengi einkenna frá hreyfi- og stoðkerfi meðal þjóðarinnar. Óþægindi frá hálsi og hnakka, herðum eða öxlum, neðri hluta baks og höfði eru útbreidd. Athygli vekur að meira en 40% kvenna hafa haft óþægindi frá hálsi eða hnakka og herðum eða öxlum síðustu sjö sólarhringana." Og nokkru aftar stendur: „Óþægindi frá hreyfi- og stoðkerfi virðast hafa veruleg áhrif á vinnufærni Íslendinga. Margir segja að þau komi í veg fyrir að þeir gætu stundað dagleg störf einhvern tíma á síðustu tólf mánuðum."

Og loks vil ég vitna í þau orð sem mér þykja allrar athygli verð undir lok skýrslunnar:

„Rannsóknin skýrir ekki ástæður þess að einkennin eru svo algeng meðal Íslendinga, niðurstöðurnar gefa einungis vísbendingu um umfang vandans. Á þessu stigi er aðeins hægt að velta vöngum yfir orsökunum sem sjálfsagt eru margþættar. Leiða má getum að því að langur vinnudagur auki tíðni slíkra einkenna. Því er rétt að hafa í huga að vinnudagurinn er langur hér á landi miðað við annars staðar, þar á meðal í Svíþjóð. Fleiri atriði geta haft áhrif. Sem dæmi má nefna slæmar vinnuaðstæður, streitu og kalda veðráttu. Það eru verðug rannsóknarverkefni að prófa þessar og aðrar tillögur. Síðustu árin hafa umræður um forvarnir aukist bæði innan heilbrigðisstétta og meðal almennings. Árangur forvarnaaðgerða sést ekki alltaf strax á breyttri líðan fólks eða lægri sjúkdómstíðni. Þó má ætla að heppilegra sé að koma í veg fyrir mikil óþægindi en að þjálfa þá sem þegar hafa orðið að þola sársauka og orðið fyrir vinnutapi." Ég læt hér lokið tilvitnun minni.

Ég vil sannarlega gera þessi orð að mínum og þykir raunar hógværlega að orði komist. Og ég vil bæta við: Hvar eru virkar forvarnir betur komnar en í skólum? Okkur er skylt að búa vel að börnunum. Við fáum það margfalt til baka ef okkur tekst að búa þeim gott atlæti í æsku og ala upp kynslóð sem er meðvituð um líkama sinn, rétta líkamsbeitngu og að vinnuvernd er mál sem varðar alla aldurshópa.

Þessi þáltill. er leið sem vel er fær til að leggja þessu máli lið og því vonast ég til að hún fái góða og skjóta afgreiðslu.

Að loknum umræðum legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

68. fundur, þriðjudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 774, n. 804, 814 og 815.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 804 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1988, um bifreiðagjald. Þetta er álit meiri hl. fjh.- og viðskn.

Þetta mál var tekið út úr nefndinni í gær eftir nokkrar umræður. Þrátt fyrir það var ákveðið undir lok fundarins að ræða við Guðmund J. Guðmundsson nú í morgun til að fá nánari skýringar og hans álit á því frv. sem hér um ræðir og þá sérstaklega hvaða skoðun Verkamannasamband Íslands hafi á þeim skattalagabreytingum sem hér koma fram. Þetta frv. gerir ráð fyrir hækkun bifreiðagjalds en þó ekki eins mikið og upphaflega stóð til. Upphaflega stóð til að hækka bifreiðagjaldið um 91% á þessu ári. Síðan var horfið frá því í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru í febrúarmánuði sl. þannig að hækkunin er ekki nema upp undir 50% í staðinn fyrir 91% eins og gert var ráð fyrir í frv. eins og það var lagt fyrir í Nd.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að mál þetta verði afgreitt eins og það kom frá Nd. Undir álitið rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Var það einhver misskilningur hjá mér að hæstv. forsrh. hafi mælst til þess að ráðherrar sætu þingfundi, a.m.k. ef til umræðu væru mál sem undir þá heyra? Ég hélt að skattlagningin heyrði undir hæstv. fjmrh. Ég sé hann hvergi hér. (**Forseti:** Ég mun láta athuga hvort hann er í húsinu.) Ég óska eftir að gera hlé á ræðu minni þangað til hann kemur hér. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er ekki kominn í húsið svo að ég mun verða við ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. og taka fyrir annað mál á dagskrá.)

Umræðu frestað.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 732, n. 807.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem er 420. mál á þskj. 732. Á fund nefndarinnar komu háskólarektor, dr. Sigmundur Guðbjarnason, Þórólfur Þórlindsson, prófessor við Háskólann, og Jónas Fr. Jónsson, formaður stúdentaráðs.

Á fundum nefndarinnar var ítarlega farið yfir efni frv., m.a. með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu hér í þessari hv. deild. Við 1. umr. málsins komu m.a. fram athugasemdir við stöðunöfn, þ.e. að breyta skyldi þeim nöfnum sem notuð hafa verið til þessa eins og byggingarstjóri sem verða skyldi framkvæmdastjóri byggingar- og tæknisviðs, kennslustjóri sem yrði framkvæmdastjóri kennslusviðs o.s.frv. Þetta ræddu nefndarmenn allítarlega við fulltrúa Háskóla Íslands. Í þeim umræðum kom m.a. fram að hinar gömlu nafngiftir, þó styttri séu og að sumu leyti kannski þjálli í notkun, eiga ekki lengur við, eru að sumu leyti úreltar og að öðru leyti beinlínis rangnefni.

Nefndarmenn ræddu þennan þátt málsins töluvert við þá háskólamenn sem einnig höfðu í sínum hóp fjallað ítarlega um þetta mál en ekki fundið aðrar lausnir betri en frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að gera þessa menn alla jafnsetta í nafngiftum og kalla þá framkvæmdastjóra vegna þess að það er það sem þeir í eðli sínu eru. Það var fyrst og fremst af sögulegum, og tilfinningalegum ástæðum kannski, sem nafngiftin háskólaritari er látin halda sér yfir framkvæmdastjóra fjármálasviðs. En annars kom fram í umræðunum svo að ég nefni dæmi að kennslustjóri stjórnar ekki kennslu. Byggingarstjóri stjórnar ekki byggingum, hans verksvið er miklu víðtækara. Því var það samdóma niðurstaða í nefndinni að fallast bæri á þessi rök í ljósi þess að okkur brast líka hugmyndaflug eða orðgnótt, orðauðgi til að búa til ný nöfn. Enda held ég að þetta skipti ekki meginmáli.

Tilgangurinn með þeim almennu breytingum sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og auðvitað eru aðalatriði þessa máls, er að staðfesta í ýmsum greinum fyrirkomulag sem þróast hefur innan Háskólans varðandi stjórnun og skipulag og hefur gefist vel í ljósi reynslunnar. Í öðru lagi að gera deildirnar ábyrgari hverja á sínu sviði. Í þriðja lagi að skapa með ýmsum hætti skýrari verkaskiptingu innan Háskólans og í fjórða lagi að fá stjórnsýslu og kennara til að vinna saman í ríkari mæli en verið hefur til þessa.

Allar þessar breytingar teljum við í menntmn. til verulegra bóta. Þetta frv. hefur hlotið vandaðan undirbúning og um það ríkir góð samstaða innan Háskólans milli stúdenta, það kom sérstaklega fram á fundinum, stjórnenda og kennara. Við í menntmn. höfum ekki athugasemdir við frv. að gera og leggjum því til, herra forseti, að það verði samþykkt óbreytt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hef ekki mikið að segja fram yfir það sem ég var áður búinn að tjá mig um við 1. umr. þessa máls. Ég vék mér frá áðan en ég tók eftir því þegar ég gekk í þingsalinn að hv. frsm. menntmn. var að tala um nafngiftir á stjórnsýsludeildum Háskólans. Ég kom lítillega inn á það mál við 1. umr. og taldi að betur færi á því að nota þau nöfn sem áður hafa verið nefnd yfir framkvæmdastjóra hinna ýmsu sviða, sem nú eru svo kölluð í þessu frv. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá. En ég hjó eftir því að hv. frsm. menntmn. sagði að hin gömlu nöfn ættu ekki við, þau væru úrelt og þau væru rangnefni.

Ég tók ekki eftir því að færð væru veigamikil rök fyrir þessu. Helst þótti mér bitastætt í því sem hv. frsm. sagði að verkefni þau sem um væri að ræða í hverri stjórnsýsludeild væru víðtækari en hin eldri nöfn gæfu til kynna. Skal ég ekki neita því. En það er mjög algengt þegar um stöðuheiti er að ræða að þau gefa ekki til kynna öll þau verkefni sem undir þau heyra. Ég nefni bæjarfógeta sem dæmi. Undir bæjarfógeta heyrir fjöldi mála sem ekki eru fógetaréttarmál.

Ég vek aðeins athygli á þessu. Ég tek undir það sem hv. frsm. nefndarinnar sagði að það sem við ræðum hér um er ekkert höfuðmál í þessu sambandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 773, n. 808.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 808 frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um ábyrgðadeild fiskeldislána. Þetta mál var rætt á fundi nefndarinnar í gær og voru allir nefndarmenn sammála um afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn.

Það mál sem hér um ræðir var töluvert ágreiningsmál þegar það kom til umræðu í Nd. Niðurstaðan varð þó sú að menn náðu þar samkomulagi um afgreiðsluna, enda er hér um mjög mikilvægt málefni að ræða. Ætla ég ekki að fjölyrða um það frekar þar sem menn hafa eflaust kynnt sér efni þess.

Menn eru almennt sammála um nauðsyn þess að flýta afgreiðslu málsins. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um einstaka efnisþætti þess, en legg áherslu á, með tilliti til þeirrar bágu stöðu sem þessi atvinnugrein, fiskeldið, er í, að frv. þetta nái fram að ganga og verði afgreitt eins fljótt úr deildinni og kostur er.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp að fyrir rúmu ári, eða strax og þing kom saman í byrjun árs 1989, lagði ríkisstjórnin fram frv. um Tryggingasjóð fiskeldislána. Svo mikill var bægslagangurinn og svo mikil voru gönuhlaupin að stjórnarandstöðunni var í stuttu máli sagt meinað að athuga frv., hvað þá að fá nauðsynlegar upplýsingar um hvað raunverulega fælist í því og hvernig hæstv. landbrh. og ríkisstjórnin hygðust standa að afurðalánum til fiskeldisstöðva.

Ég held að ég þurfi heldur ekki að rifja það upp að það liðu um tveir mánuðir frá því að lögin voru samþykkt þangað til hæstv. landbrh. gaf sér tíma til að gefa út reglugerð sem var forsenda þess að sjóðurinn gæti tekið til starfa. Ég held það sé líka óþarfi að rifja það upp, herra forseti, að slíkar voru álögurnar á Tryggingasjóð fiskeldislána að í stuttu máli fóru öll fyrirtæki á höfuðið sem áttu viðskipti við þann sjóð eða stóðu svo höllum fæti að nauðsynlegt var að grípa til hlutafjáraukningar og margvíslegra fjárhagslegra aðgerða til þess að reyna að tryggja áframhaldandi og frekari rekstur. Fjöldi manns hefur orðið fyrir verulegu eignatapi af þessum sökum.

Nú er hér á ferðinni nýtt frv. vonum seinna. Enn liggur ekki fyrir með hvaða hætti framkvæmdin verður. Það er líka eftirtektarvert, herra forseti, að hæstv. landbrh. lætur ekki sjá sig hér í deildinni meðan verið er að ræða þetta mál. Það kemur fyrir lítið þó hæstv. forsrh. biðji um að ráðherrar séu hér í deildinni.

Þetta er auðvitað merki um það hvernig komið er. Ég veit ekki hvort það er ástæða til að vera að tala neitt meira um þetta. Fiskeldisstöðvarnar standa höllum fæti. Opinberir sjóðir og bankar hafa tapað verulegum fjárhæðum. Ef við tölum um önnur atvinnufyrirtæki sem hér eru rekin, ef við tölum um það hvernig staðið hefur verið við loforð til loðdýrabænda, þá vitum við hvernig það er. Ef hæstv. iðnrh. væri hér inni væri hægt að spyrja hann um það hvernig staðið hafi verið við loforð hans um það að tryggja Slippstöðinni á Akureyri fjármagn til þess að hún gæti staðið við samning um sölu á raðsmíðaskipi, samning sem nú er dottinn upp fyrir, o.s.frv.

En það er auðvitað ekki hægt, herra forseti, að ræða þessi mál hér í deildinni nema með mikilli fyrirhöfn. Ráðherrarnir sem málin varða láta ekki sjá sig, hundsa þingið algerlega, hlaupa síðan út í bæ og gefa þar yfirlýsingar sem þeir geta ekki staðið við. Þannig er nú ástandið. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að óska eftir því að hæstv. landbrh. láti sjá sig hér við 3. umr. til þess að það sé hægt að tala við manninn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 774, n. 804, 814 og 815.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal) (frh.)**:**

Herra forseti. Það er notalegt að sjá að hæstv. fjmrh. skuli kominn í þinghúsið. Kannski hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hafi hringt í hann og minnt hann á að hann var nýbúinn að áminna hann um að vera hér og gegna þingskyldu sinni. Notalegt að sjá einn ráðherra hér í salnum jafnvel þó hann sé ekki þingmaður. Það er notalegt. Vafasamt að hæstv. ráðherra auðnist að vera oftar kjörinn á þing nema hann fari kannski fram fyrir þennan nýja vettvang sem hann styður í hjarta sínu þó hann sé formaður fyrir öðrum stjórnmálaflokki.

En það er auðvitað ekki kjarni málsins í þessu sambandi heldur hitt að hæstv. fjmrh. er hér að leggja fram enn eitt frv. um hækkun á sköttum. Það sem er alvarlegt í þessu er að þjóðin ætlaðist til þess þegar hún gekkst inn á þá kjarasamninga sem fólu í sér kjararýrnun að ríkisstjórnin héldi að sér höndum, að ríkisstjórnin drægi úr eyðslunni, að ríkisstjórnin drægi úr skattheimtunni. En það er síður en svo að hæstv. ríkisstjórn sé að hugsa um það. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin haldið sömu atvinnustefnu og áður. Það liggur ljóst fyrir að t.d. er ekkert lát á gjaldþrotahrinunni sem gengið hefur yfir. Það liggur fyrir að tvo fyrstu mánuði þessa árs varð að greiða 40 millj. kr. vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot. Og það liggur fyrir að þeim mönnum sem fengu atvinnuleysisstyrk fjölgaði töluvert í febrúarmánuði nú borið saman við febrúarmánuð fyrir ári. Og það liggur í síðasta lagi fyrir að erlendir menn sem hingað hafa komið, m.a. frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, hafa lokið miklu lofsorði á ríkisstjórnina fyrir það að hún skuli nú beita því stjórnunartæki, þeirri svipu sem sárast svíður undan, atvinnuleysinu, til þess að reyna að koma einhverri stjórn á landið.

Frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna er það auðvitað ekki undarlegt, herra forseti, að hér skuli vera félagshyggjustjórn við völd í góðæri þegar atvinnuleysið er orðin *mikil vofa yfir heimilunum*, öryggisleysi víða, kæruleysi fyrir einstökum atvinnugreinum. Ég minnti áðan í öðru samhengi á skipasmíðaiðnaðinn í þessu sambandi.

En um leið og við stöndum frammi fyrir meiri skattheimtu en áður vegna þess að fyrirtækin í landinu skila *minna til sameiginlegra þarfa en áður* vegna þess samdráttar sem verið hefur lætur hæstv. fjmrh. skattahækkanirnar dynja á þjóðinni. Það er ekki aðeins haft orð á þessu hér á Alþingi, það er ekki aðeins talað um þetta á vinnustöðum heldur rignir lesendabréfum yfir dagblöðin, og hefur gert lengi, þar sem vakin er athygli á þessari skattgleði hæstv. fjmrh., þessari ógnarlegu skattgleði. Í Dagblaðið skrifar Þórarinn Jónsson og segir svo í bréfi hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna fréttar í Morgunblaðinu, þar sem fram kemur að lagt hafi verið fram stjfrv. um 50% hækkun bifreiðagjalds fyrir árið 1990, langar mig sem bifreiðareiganda og skattborgara að koma eftirfarandi spurningum á framfæri til fjmrh." — og ég hlýt, herra forseti, að gera spurningar þessa skattborgara og bifreiðareiganda að mínum og inna hæstv. fjmrh. eftir svörum við þessum spurningum.

1. Telur ráðherrann, sem kennir sig við félagshyggju, það vera láglaunafólki til gleði og ánægjuauka að þurfa að borga 50% hærra bifreiðagjald í ár þegar sýnt er að kaupmáttur þessa fólks mun rýrna umtalsvert vegna erfiðleika í efnahagslífi þjóðarinnar, eins og ráðherra er að sjálfsögðu fullkunnugt um?

2. Telur ráðherrann það vera munað að eiga bíl nú þegar báðir foreldrar þurfa að vinna úti til að eiga fyrir lífsnauðsynjum og til að geta greitt skatta og gjöld sem á þá eru lagðir af ríki og sveitarfélagi? Þetta fyrirkomulag kallar á að fólk þarf að eiga bifreið til að komast til vinnu, keyra maka til vinnu og börn á dagheimili, svo að dæmi úr daglega lífinu sé tekið.

3. Telur ráðherrann það gott fyrirkomulag að fólk borgi jafnháa upphæð fyrir bifreið hvort sem hún er 200 þús. kr. eða 2 millj. kr. virði, einungis ef þyngdin er sú sama?

Þetta eru spurningarnar. Jafnframt er þess getið í tengslum við þetta bréf að lesendasíða DV hafi haft samband við upplýsingafulltrúa fjmrh. sem hafi fúslega gengist inn á það að senda svör við þessum spurningum. Nú verður þetta prófsteinn á það sem ég hef oft sagt hér, að þýðingarlaust sé að spyrja þennan hæstv. ráðherra spurninga, hann svari ekki. Nú verður fróðlegt að sjá hvort hæstv. fjmrh. svarar spurningunum hér í þingsal sem blaðafulltrúi hans hefur lofast til að svarað verði á lesendasíðu Dagblaðsins. Hvort hæstv. fjmrh. telji sig skuldbundinn til að svara einföldum spurningum þingmanna.

Málið horfir ekki aðeins svo við að ég ætlist til þess *að fá svar við þessum einföldu spurningum, heldur* hlýt ég jafnframt að vekja athygli á því, herra forseti, að það er ekki nóg með að bifreiðagjaldið sé hækkað hinn 1. apríl, heldur stendur til að hækka bifreiðagjaldið um 15% 1. okt. eða úr 3,40 kr. í 3,91 kr. Og aðrar hækkanir sem gert er ráð fyrir í frv. eru raunar *ívið meiri. Þannig að þær hækkanir sem verða á* grunngjöldum bifreiðagjalds og lágmarksgjalds munu nema um 15–20% frá miðju ári í ár til hausts. Ef við tölum um að gjald hækki frá 1. apríl til 1. okt. um 15% erum við að tala um hækkun sem nemur 30% á ársgrundvelli. En á sama tíma og hæstv. fjmrh. ætlar að hækka bifreiðagjaldið um 30% á ársgrundvelli, frá apríl fram í októbermánuð, er gert ráð fyrir því að kaupgjald í landinu standi í stað að verðgildi og verðbólga verði kannski rétt um 3% eða tíundi þess sem talað er um á ársgrundvelli.

Ef við horfum á málið út frá öðru sjónarhorni má kannski rifja upp, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn er þegar farin að hafa þungar áhyggjur af þessari litlu hækkun sem orðið hefur á fiskverði, ofan í fimm milljarða sem sjávarútvegurinn er búinn að tapa á

þessari ríkisstjórn, ríkisstjórnin er þegar farin að tala um að nauðsynlegt sé að gera eitthvað af þessu: hækka vexti, hækka skatta eða hækka gengið. Ríkisstjórnin er þegar orðin hrædd um að atvinnuleysi fari kannski minnkandi og fólkið geti orðið sæmilega öruggt um afkomu sína, fólkinu kunni jafnvel að detta í hug að það sé aftur kominn möguleiki til þess að bæta lífskjörin. Og auðvitað má slíkt ekki koma fyrir. Auðvitað verðum við að standa á móti því. Þrjú þúsund manns á landinu atvinnulaus, atvinnuleysi hjá konum t.d. á Austurlandi yfir 7%, mörg þúsund hafa farið úr landi og ríkisstjórnin talar um hættu á þenslu. Þegar fólk af landsbyggðinni sem ekki fær atvinnu kemur til Reykjavíkur í atvinnuleit, fær hér ekkert að gera en dýrt húsnæði, leitar til félmrn. um atvinnutækifæri, aðallega í Svíþjóð og fer þangað, getur ekki verið í sínu ástkæra fósturlandi, þá talar ríkisstjórnin um að nauðsynlegt sé að herða enn ólina, að fyrirtækjunum, að fólkinu og þyngja skattana. Stjórna með því að stjórna með atvinnuleysi. Stjórna með því að halda fólki í óvissu og hækka svo, sem er kannski að bíta höfuðið af skömminni, að ætla að halda áfram sömu skattahækkununum fram eftir öllu árinu, líka í október. Það sýnir líka eitt með öðru hversu illa við erum staddir Íslendingar að mörgu leyti þegar jafnvel kunnir verkalýðsleiðtogar eru farnir að gefa flokksbræðrum sínum í ríkisstjórninni syndakvittun fyrir þessar hækkanir. Sjaldan hefur niðurlæging verkalýðshreyfingarinnar orðið meiri en þegar slíkar yfirlýsingar eru gefnar.

Ég vil svo að síðustu spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann geri ráð fyrir því að leggja orkuskattinn á. Hvað verður um frv. um orkuskattinn? Hæstv. viðskrh. gaf yfirlýsingu um það, eftir að við höfðum sýnt fram á það sjálfstæðismenn að sú skattlagning mundi hafa í för með sér a.m.k. 30% hækkun á almennu raforkuverði til heimilanna í haust, að frv. hæstv. fjmrh. væri svo vitlaust að ekki væri hægt að samþykkja það. Hann talaði um að frv. fjmrh. hefði í för með sér verulega og almenna hækkun á raforkuverði en hann lét þess jafnframt getið, viðskiptaráðherrann, að ekki væri hægt að láta þar við sitja, það yrði að leggja á aðra skatta í staðinn eða breyta frv. Er hæstv. fjmrh. að hugsa um það að reyna að blása lífi í frv. um orkuskattinn?

Ólafur Ragnar segir satt
sem er ljúft að torga.
Hann ætlar að leggja á orkuskatt
sem enginn þarf að borga.

Hann sagði að það væri auðvelt að ná sér í svona hálfan milljarð, einn og tvo milljarða frá ríkisstofnunum og fyrirtækjum án þess að nokkur þyrfti að standa undir þeim, ár eftir ár, peningamaskína bara sem enginn þyrfti að standa undir, ekki bitna á nokkrum einasta manni í þjóðfélaginu. Hvað ætlar hann að gera við þetta?

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það væri fróðlegt að sjá hvort fjmrh. svarar þeim spurningum sem blaðafulltrúi hans hefur boðist til þess að svarað verði á lesendasíðum Dagblaðsins.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 815 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. 2. minni hl. er í sjálfu sér ekki andvígur þeirri tekjuöflun að leggja gjald á bifreiðar en hefur þó margt við framkvæmd þessarar skattlagningar að athuga og ekki síst það hvernig þessum skattpeningum skal varið. Reyndar tek ég undir það sem komið hefur fram í umræðunni, þessi hækkun er mjög erfið fyrir þá sem hafa fengið mjög óverulegar bætur í kjarasamningum og glíma við þær hækkanir sem dynja yfir fólk á almennum vettvangi. Það kom fram í viðræðum við tvo fulltrúa Verkamannasambandsins í morgun að það væru ýmsar hækkanir sem virtust fara fram úr því sem ætlað var og gengur erfiðlega að ná sambandi við menn til að knýja fram lækkanir á ýmsum sviðum. Þetta er auðvitað ein af þeim hækkunum sem við bætist.

Kvennalistakonur hefðu kosið að bifreiðagjald ákvarðaðist ekki einungis af þyngd bifreiða heldur einnig verðmæti. Með því væru tekjujöfnunaráhrif meiri en með því fyrirkomulagi sem nú er boðað. Þetta kom reyndar fram einnig að hafði verið rætt af hálfu Verkamannasambandsins, það væri mun eðlilegri viðmiðun að miða við verðmæti bifreiðar en þunga. Annar fulltrúi þess tók dæmi af þeim sem ætti Volvo-bifreið og væri jafnþung Lada-bifreið. Það væri auðvitað ekki sambærilegt hvað Lada-bifreiðareigandinn þyrfti að endurnýja sína bifreið oft miðað við þann sem ætti Volvo-bifreið af sama þunga. Þess vegna væri þetta ósanngjörn viðmiðun í raun.

Einnig telja kvennalistakonur hæpið að leggja bifreiðagjald með fullum þunga á bifreiðar sem eru atvinnutæki, þar sem skattlagning er ærin fyrir. En það sem vegur þó þyngst er að þrátt fyrir hækkun allra bifreiðaskatta er dregið úr framlögum til vegamála. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá fjmrn. eru áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum 5 milljarðar 395 millj. kr. árið 1990, eins og sést á fskj., þar sem þessar heildartekjur eru sundurliðaðar. Á fjárlögum fyrir árið 1990 eru framlög til vegamála 4 milljarðar 575 millj. kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 1990 var sú upphæð lækkuð um 79 millj. kr. en framlög til vegamála eru nú 4 milljarðar 496 millj. kr. Og síðan kemur í þessu nál. útlistun á dæmi, þar sem áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum eru 5 milljarðar 395 millj. kr., en framlög til vegamála árið 1990 eru 4 milljarðar 496 millj. kr. og mismunurinn er því 899 millj.

Þegar áætlaðar tekjur af bifreiðagjaldi eru um 100 millj. kr. hærri en þessi mismunur þykir 2. minni hl. fráleitt að styðja þetta frv. um bifreiðagjald þar sem ekkert af innheimtunni mun renna til vegamála heldur fara beint í ríkissjóð. Kvennalistakonur munu því greiða atkvæði gegn frv.

Undir þetta nál. ritar Guðrún Agnarsdóttir sem fulltrúi Kvennalistans í fjh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar ræðu sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti hér vil ég aðeins ítreka það sem ég sagði í framsöguræðu fyrir þessu máli, að það gjald sem ég mæli hér fyrir, bifreiðagjald, er hluti af forsendum fjárlaga sem afgreiddar voru hér fyrir áramót. Í því felst ekki nein viðbót varðandi skattlagningu frá því sem þá hafði verið ákveðið. Þvert á móti er hér verið að lækka þá upphæð sem í fjárlögunum fólst í samræmi við ákvæði síðustu kjarasamninga, að ríkisstjórnin skuldbindi sig til þess að lækka útgjaldatilefni og hækkunartilefni á ýmsum sviðum í ríkiskerfinu, sem næði 0,3% í framfærsluvísitölu. Þetta kemur jafnframt fram í sérstakri yfirlýsingu forseta Alþýðusambandsins sem birt var með fskj. málsins í hv. Nd.

Hv. þm. vék síðan að lesendabréfi DV þar sem bornar voru fram þrjár spurningar og mér er í sjálfu sér alveg ljúft að svara þeim.

Í fyrsta lagi, þar sem spurt er um 50% hærra bifreiðagjald vek ég athygli á því að hækkun bensíngjalds verður allnokkru minni á þessu ári en í fyrra þannig að útgjöld vísitölufjölskyldunnar af bensíni minnka hlutfallslega frá því sem var í fyrra. Þess vegna er ekki hægt að mæla útgjöld láglaunafjölskyldu eða vísitölufjölskyldu til bifreiðar eingöngu út frá bifreiðagjaldinu heldur verður að taka bensíngjaldið einnig með í myndina. Og það er alveg ljóst að sé þetta hvort tveggja tekið er ekki verið að hækka útgjöld almennra fjölskyldna til bifreiða. Auðvitað má alltaf um það ræða hvort það eigi að vera í formi bensíngjalds eða bifreiðagjalds, það er annar hlutur, en í spurningunni liggur kannski sá misskilningur að það sé í heild verið að hækka skatta á bifreiðum. Það er ekki verið að gera það og allra síst um 50%.

Í öðru lagi er spurt að því hvort ég telji það munað fyrir fjölskyldu, þar sem báðir foreldrar vinna úti, að reka bifreið. Svarið er eindregið nei, ég tel það ekki vera munað og þarf í sjálfu sér ekki að rökstyðja það sjónarmið.

Í þriðja lagi er spurt að því hvort það sé skynsamlegt kerfi að jafnhá upphæð sé borguð í bifreiðagjald eftir því hvað bifreiðin er þung, óháð því hvað hún kostar. Ég er alveg sammála því sjónarmiði að það væri æskilegt að tengja verðmæti bifreiðarinnar við gjaldstofninn. Það hefur verið athugað hvað eftir annað í fjmrn. að finna aðferðir til þess vegna þess að mér finnst, eins og fyrirspyrjanda, að það væri réttlátara fyrirkomulag. Það hefur hins vegar ekki enn tekist að finna aðferðir sem allir sætta sig við varðandi það og þess vegna hef ég fylgt því, sem fyrri ríkisstjórnir hér ákváðu, að nota þyngdina sem mælikvarða og flokka bifreiðarnar í ýmsa gjaldflokka eftir þyngd þó mér sé ljóst að annað fyrirkomulag gæti verið heppilegra.

Halldór Blöndal:

Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vil vekja athygli á því að í minnisblaði frá fjmrn. um aðgerðir til að lækka framfærsluvísitölu segir: „Þessar breytingar þýða í reynd að bifreiðagjaldið hækkar um tæplega 50% á árinu en í forsendum fjárlaga var reiknað með 98% hækkun.“

Í lesendabréfi er talað um 50% hækkun á bifreiðagjaldi þannig að þessum upplýsingum ber saman. Þó segir í minnisblaði fjmrn. „minni og léttari bílar hækka nokkru minna eða nálægt 40% að meðaltali“, en hitt er sem sagt aðalreglan. Kjarni málsins er ekki sá hvort ríkisstjórnin hafi ætlað sér að þyngja skattbyrðina svo og svo mikið á sl. ári og hafi raunar gert það. Það er engin vörn fyrir hæstv. fjmrh. þó hann segi að hann hafi í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir verulegri hækkun á bifreiðagjaldi, um það snýst ekki málið. Það vita allir menn að hæstv. fjmrh. vildi hækka bifreiðagjaldið um 98%. Vildi tvöfalda bifreiðagjaldið. Það er þess vegna engin skýring, engar upplýsingar í sjálfu sér og ekki áhugavert þótt hæstv. fjmrh. endurtaki það.

Hitt er raunalegt að ríkisstjórnin skuli ekki láta sitja við hækkunina nú, 1. apríl, heldur hyggist hækka bifreiðagjaldið enn um 15% frá 1. apríl til 1. okt. og sumt meira af þeim gjöldum sem fjallað er um í frv. Það sýnir að ríkisstjórnin vill ekki taka tillit til kjarasamninganna, ríkisstjórnin vill ekki taka á sig sömu byrðar og fólkið í landinu og kann ekki að meta það langlundargeð sem launþegar sýna ríkisstjórninni. Þetta er það hörmulega í málinu. Ég hygg að enginn atvinnurekandi komist upp með að hækka að tilefnislausu gjaldskrár sínar, hvort sem það er þjónusta eða vörur, um 15% frá aprílmánuði fram í október, það mundi engum sveitarstjórnarmönnum detta þvílíkt í hug. En ríkisstjórnin kemst upp með það. Og ég get ekki betur séð en að þögn einstakra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar hér í deildinni bendi til þess að þessar hækkanir allar saman séu með þeirra góða samþykki og þeir séu ánægðir yfir því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 7:5 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Ákv. til brb. I og II samþ. með 7:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

69. fundur, þriðjudaginn 27. mars, að loknum 68. fundi.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 222. mál (upphæð gjalds). — Þskj. 774.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 818).

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 732.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, 3. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 773.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11:1 atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég var fjarverandi þegar þetta mál var tekið fyrir í fjh.- og viðskn. og gat þess vegna ekki komið athugasemdum mínum þar á framfæri og vil af því tilefni spyrja formann nefndarinnar, svo og hæstv. fjmrh. hvað átt sé við með orðalagi 4. gr. en þar segir:

„Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar og að fyrirtækið hafi þær tryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnunarinnar."

Nú standa mál svo hér á landi að við erum með tvo ríkisbanka, Búnaðarbanka og Landsbanka, og eru þess vegna eðli sínu samkvæmt með ríkisábyrgð. Sömuleiðis erum við hér með nokkra sjóði sem eru með ríkisábyrgð. Ég get tekið Byggðasjóð sem dæmi. Eins og setningin stendur hér virðast orðin „án ríkisábyrgðar" eiga að gilda jafnt við orðið banki sem aðrar lánastofnanir og auðvitað alveg ljóst eftir orðanna hljóðan að ábyrgðadeildin getur ekki tekist á hendur sjálfskuldarábyrgðir vegna fiskeldisfyrirtækja ef þessu orðalagi verður haldið.

Það vekur athygli ef athugasemdir við 4. gr. frv. eru lesnar að þar er ekki fjallað um þetta atriði, „án ríkisábyrgðar", og virðist sem þessi orð hafi verið sett inn í texta frv. eftir að það var samið og alls ekki af þeirri nefnd sem samdi frv. heldur sé það leiðrétting eftir á sem stendur þannig af sér, að hún hlýtur að taka jafnt til banka sem lánastofnana, og verður þá ekki séð annað en fiskeldisfyrirtækin verði að snúa sér til Íslandsbanka eða sparisjóða eða ég veit ekki hvaða lánastofnana annarra, til þess að fá þau samningsbundnu eldislán sem hér er verið að tala um. Þetta er fyrsta athugasemd mín.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og jafnframt beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort undirbúningur að reglugerð sé kominn það vel á veg að búast megi við því að hún geti komið út fyrir páska a.m.k., þannig að sjóðurinn geti þegar í stað tekið til starfa. Ég held að það sé nauðsynlegt. Nógu lengi hefur þetta mál verið látið danka.

En ég ítreka hina fyrri athugasemd mína, eins og textinn er í 4. gr. í þessu frv. og einkanlega þar sem fjh.- og viðskn. hefur ekki fjallað um málið, er óhjákvæmilegt að taka þetta mál til athugunar á nýjan leik í fjh.- og viðskn. Ég óska eftir því að hlé gert verði á þessari umræðu þannig að nefndinni verði gefið tækifæri til þess að taka málið aftur til athugunar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem ég hef gert við 4. gr.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess að í 2. gr. frv. eiga orðin „án ríkisábyrgðar" við lán, en ekki við orðin „bankar eða lánastofnanir" og í 4. gr. eiga orðin „án ríkisábyrgðar" við aðrar lánastofnanir án ríkisábyrgðar, en ekki við bæði orðin „bankar og aðrar lánastofnanir."

Ég vona að þetta nægi til þess að málið geti fengið afgreiðslu hér í hv. deild og vil geta þess að ég lagði þetta frv. fram hér á Alþingi sem stjfrv. í desembermánuði sl. Það hefur ekki staðið á stjórnvöldum hvað snertir afgreiðslu málsins. Það hefur verið um það bil þrjá mánuði hér til meðferðar á hv. Alþingi. Það hefur ákveðin vinna verið lögð í að undirbúa reglugerð. Hins vegar hefur frv. tekið breytingum í meðferð málsins á Alþingi og nauðsynlegt að taka mið af því þegar endanlega verður gengið frá forsendum reglugerðarinnar.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu var tekið fyrir í fjh.- og viðskn. í gær og ræddar þær breytingar sem á því voru gerðar í Nd. Menn voru almennt mjög ánægðir með það hvernig frv. liti út og engar athugasemdir voru gerðar við einstakar greinar þess. Hins vegar er það rétt að hv. þm. Halldór Blöndal mætti ekki á þennan fund, ekki fyrr en fundi var lokið og gerði þá engar athugasemdir við einstakar greinar þess né orðalag greinanna. Hins vegar mætti annar fulltrúi Sjálfstfl. og var mjög áfram um það að frv. færi í gegn eins og það lítur út og ýtti raunar á það að við afgreiddum málið miðað við þá umræðu sem varð í nefndinni.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að boða til nýs fundar til þess að ræða þetta mál nánar. En ég sé ekki að þær athugasemdir sem komu fram hér hjá hv. þm. Halldóri Blöndal breyti í einu eða neinu afstöðu nefndarinnar til frv. Þetta mál, eins og hæstv. fjmrh. lýsti hér yfir, er búið að fá mjög gaumgæfilega

athugun í Nd. og hefur verið tekið fyrir á nefndarfundi í Ed. og menn lýst ánægju sinni með það. Ég held að það verði ekki málefnum fiskeldis til framdráttar ef við förum að draga málið öllu frekar, en þeir hafa lýst því yfir sjálfir að þeir geti fallist á frv. eins og það lítur út núna. Ég mundi leggja áherslu á það að hv. þm. Halldór Blöndal drægi þetta til baka, en ef hann krefst þess mun ég ekki standa í vegi fyrir því að það verði haldinn fundur og helst þá núna á eftir þar sem við getum rætt þetta mál og klárað það út úr deildinni í dag.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég verð nú að láta í ljósi mikla undrun yfir ræðu formanns fjh.- og viðskn. Hann er lögfræðingur að mennt, kom hér upp án þess að hafa textann í höndum sem ég gerði athugasemd við og var með alls konar hugleiðingar út í bláinn í staðinn fyrir að reyna að tala hér sem fræðimaður í sinni grein og íhuga þann frumvarpstexta sem liggur hér beint fyrir framan hann ef hann mundi láta svo lítið að lesa frv. yfir.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. upplýsti í sinni ræðu að vinna við reglugerð og annað þvílíkt væri það skammt á veg komin að ekki hefði áhrif á það hvenær frv. færi að verka, hvort það yrði samþykkt á þessum fundi eða síðar. Það liggur ljóst fyrir að þetta frv. hefur verið samþykkt hér við 2. umr. og án mótatkvæða. Það er ekki um það sem málið snýst, einstök efnisatriði frv., heldur er ég eingöngu að ræða um textann sjálfan hvort hann sé í samræmi við þann vilja sem ég tel að þingmenn hafi. Ég stend því fast við það að ég tel óhjákvæmilegt að þetta mál verði tekið til athugunar á fundi fjh.- og viðskn. og ég tel nauðsynlegt, vegna ummæla bæði hæstv. fjmrh. og formanns nefndarinnar, að ég geti haft svigrúm til þess að athuga þennan texta og borið hann saman við og athugað minn gang eftir að hafa ráðfært mig við menn sem ég treysti í þeim efnum.

Það er alveg ljóst mínum huga, samkvæmt minni málkennd að orðin „án ríkisábyrgðar" eiga jafnt við orðið „banka eða öðrum lánastofnunum." Eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar. Það er alveg ljóst að þessi orð eiga saman. Þetta myndar eina efnislega samfellda heild og það er raunar næsta sorglegt að formaður fjh.- og viðskn. skuli ekki gefa þessu gaum.

Ég þakka hins vegar hæstv. forseta fyrir að hann skuli hafa fallist á beiðni mína um það að 3. umr. verði frestað. Ég hef ekki tök á því að taka oftar til máls við þá umræðu, nema e.t.v. gera stutta athugasemd á næsta fundi eða eftir helgi eftir atvikum þegar frv. kemur aftur hér til meðferðar.

Hitt finnst mér vera, ég vil segja til skammar fyrir formann fjh.- og viðskn., að koma aftur með þau rök sem beitt var hér fyrir rúmu ári að enginn mætti hafa skoðanir á því hvernig ætti að standa að því að tryggja að fiskeldisfyrirtæki fengju eldislán. Hvernig gekk með Tryggingasjóðinn, hvernig gekk það? Þá var talað um það hér í deildinni að við værum að tefja og tefja og tefja, þegar við vildum fá að ræða í einn dag um málið, einn dag. Og nú er byrjaður sami söngurinn. Þó liggur það fyrir frá hæstv. fjmrh. að það stendur ekkert á ríkisstjórninni. Jafnfráleitt var hjá hæstv. fjmrh. að tala um að þetta frv. hefði verið lagt fram fyrir jólin og þess vegna mættum við í Ed. ekki skoða það í eina viku. Það er náttúrlega alveg úti í himinblámanum að halda slíku fram. (Gripið fram í.) Það sem ég fór fram á hér var það, og ég er þakklátur hæstv. forseta fyrir að hafa orðið við því, að við biðum í einn dag með að afgreiða þetta frv., af því það skiptir engu máli, til þess að við gætum skoðað textann í ró og næði.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hinum ágæta þingmanni Halldóri Blöndal að ég hafi verið að færa rök að því að vegna þess að þingið hefur tekið sér þrjá mánuði til að fjalla um þetta mál megi ekki skoða það atriði hér í Ed. sem hann er að nefna. Ég var eingöngu að vekja athygli á þeirri staðreynd að það hefði ekki staðið á ríkisstjórninni í sjálfu sér í þessu máli því hún lagði þetta frv. fram fyrir tveimur mánuðum síðan. Hins vegar finnst mér sjálfsagt að taka málið til nánari skoðunar fyrst þingmaðurinn hafði ekki tækifæri til þess að mæta í hv. nefnd.

Vil ég nú, virðulegi forseti, fyrir söguna og þær heimildir sem þingtíðindin eru, geta þess að hv. þm. Halldór Blöndal hefur vikið inn í hliðarherbergi og er að tala í símann, — hefur nú lokið símtali sínu og er genginn í salinn á nýjan leik. Vona ég að hv. þm. hafi numið það sem ég sagði en mér finnst sjálfsagt mál að hann fái tækifæri til að kanna þetta atriði í fjh.- og viðskn. Það er af minni hálfu, sem flutningsmanns málsins, allt í góðu lagi þó það verði tekið fyrir hér aftur á morgun þannig að þingmaðurinn hafi tækifæri til þess að skoða málið og geti lokið símtölum sínum í ró og næði.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Eftir að hafa hlýtt á ræður hv. þm. Halldórs Blöndals og hæstv. fjmrh. get ég fyrir mitt leyti sem formaður nefndarinnar fallist á að fresta þessari umræðu og halda nefndarfund á morgun. Nefndir eru mjög þétt bókaðar í fyrramálið. Ekki er laus tími nema kl. 1 en ef hv. þm. Halldór Blöndal vill fallast á það að halda nefndarfund kl. 1 á morgun þá skal ég taka þetta mál þar fyrir ásamt kannski fleiri málum sem stendur á að afgreiða úr hv. fjh.- og viðskn.

En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að í fjh.- og viðskn. hefur verið unnið á þann veg að öll sjónarmið hafa fengið að njóta sín. Hafi einhver aðili verið beðinn að koma til nefndarinnar eða hafi einhver haft eitthvað um málefni að segja hefur hann haft fullt frelsi til að koma skoðunum sínum að. En til þess að svo geti orðið verða þingmenn að mæta á nefndarfundi til þess að geta komið þeim skoðunum og athugasemdum sem þeir hafa að.

Þetta mál var, eins og ég sagði áðan, til umræðu í

gær á nefndarfundi. Ég fann ekki nein andmæli við einstakar greinar en það kann að vera að fram hjá mér hafi farið eitthvert orðalag sem mætti túlka á tvennan eða þrennan hátt. Ef svo er og ef menn telja að tvírætt orðalag sé í lagatextanum skal ég í fullu samráði við þingmenn halda nefndarfund til þess að fara yfir það. Og, ef vilji er til þess, kalla fyrir aðila til að útkljá þau mál.

Ég vil leggja til við forseta að við frestum þessari umræðu og höldum nefndarfund kl. 1 á morgun.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég kunni ekki við tóninn í formanni fjh.- og viðskn. hér áðan og sé ástæðu til þess að gera athugasemdir við nefndarstörf af því tilefni. Ég gekkst inn á það fyrir áramótin að greiða fyrir málum hér í deildinni og þá var mér heitið því að frv. sem ég á í fjh.- og viðskn. yrði afgreitt strax eftir jólin, eftir hátíðar. Það frv. hefur ekki verið afgreitt enn úr fjh.- og viðskn. Þess vegna skildi ég ekki alveg þá sneið sem hann gaf mér um það að ég hefði komið of seint á fund fjh.- og viðskn. Ég efast um að aðrir þingmenn hafi setið lengur á fundi fjh.- og viðskn. síðan eftir síðustu alþingiskosningar sem þar hafa átt sæti. Ég er ekki viss um að aðrir hafi verið þaulsætnari í þeirri nefnd og tek ég þá formann fjh.- og viðskn. með í þeirri upptalningu.

Umræðu frestað.

Sjómannalög, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 777.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sjómannalögum, lögum nr. 35/1985, á þskj. 777, 445. mál.

Frv. felur í sér þá einföldu breytingu á sjómannalögunum að brott falli 81. gr. laganna og að lögin öðlist þegar gildi. En í 81. gr. sjómannalaga segir svo, með leyfi forseta:

„Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni sem er í skipstjóra stað eða skorast undan hlýðni við þá en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því sætir hann sektum með varðhaldi ef sakir eru miklar.

Hið sama gildir ef skipverji óhlýðnast réttmætum fyrirmælum hvers þess yfirmanns sem segja má honum fyrir verkum."

Þetta ákvæði byggist fyrst og fremst á því ríkjandi viðhorfi í íslensku samfélagi að tryggja beri öryggi sjófarenda svo sem unnt er og að skipstjórnarmenn þurfi í því skyni að hafa víðtæka stjórnunar- og valdsmöguleika. Ákvæðinu var ætlað af höfundum laganna, eða frv., á sínum tíma að treysta og styrkja aðstöðu skipstjóra eða skipstjórnarmanns við að koma skipi í örugga höfn eða þegar hættu bæri að höndum eða bjarga að öðru leyti mönnum eða skipi úr háska.

Samkvæmt áliti formanns nefndarinnar sem samdi gildandi sjómannalög kemur fram að í viðurkenndum lögskýringarviðhorfum yrði greinin ekki látin ná til venjulegra starfa undir venjulegum kringumstæðum. Ákvæðið eigi því ekki skylt við nauðungarvinnu eða bann við henni í alþjóðlegum sáttmálum.

Þetta vildi ég byrja á að taka fram, herra forseti, vegna þess að það sem á eftir kemur snýr síðan að því að Ísland fullgilti árið 1960 alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105 frá 1957 um afnám hvers kyns nauðungarvinnu. Í skýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar hefur nefndin um árabil gert athugasemdir varðandi Ísland vegna þessa ákvæðis 81. gr. og óskað eftir niðurfellingu þess. Nefndin telur framangreindar skýringar íslenskra stjórnvalda, sem ég gerði grein fyrir í upphafi, á tilurð og tilgangi ákvæðisins ekki réttlæta tilvist þess þar sem gildissvið ákvæðisins sé ekki takmarkað við atvik sem hafa í för með sér hættu fyrir skip eða líf og heilsu sjófarenda. Út af fyrir sig er það rétt að á þeim stað laganna sem 81. gr. er og eins og hún hljóðar er hún ekki sett í beint samhengi við ákvæði um öryggi skips eða líf og heilsu sjófarenda.

Í ljósi framangreindra athugasemda Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Evrópuráðsins hefur félmrn. sem fer með vinnulöggjöfina farið þess eindregið á leit að umrædd grein verði felld niður. Og þar sem þetta umrædda ákvæði er af sérfræðingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar talið brjóta gegn þessari nefndu samþykkt sem Ísland hefur fullgilt og þar sem önnur ákvæði sjómannalaga tryggja mjög rækilega agavald skipstjóra þegar skip er statt í háska eða þegar nauðsynlegt er í öðrum tilvikum að halda góðri reglu á skipinu, enn fremur með tilliti til þess að umræddri 81. gr. laganna hefur ekki verið beitt, er lagt til með frv. þessu að greinin verði lögð niður og þar með leyst þetta mál sem hlotist hefur af árlegum kvörtunum eða klögunum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Evrópuþingsins í garð okkar Íslendinga af þessum sökum.

Ég vil að lokum, herra forseti, undirstrika það, og nauðsynlegt er að það liggi mjög skýrt fyrir, að með flutningi þessa frv. eru íslensk yfirvöld ekki á nokkurn hátt að játast undir það að fullyrðingar eða kvartanir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi átt rétt á sér. Út af fyrir sig er því ekki haldið fram að nokkurn tíma hafi verið beitt ákvæðum af hálfu íslenskra yfirvalda sem haft hafi í för með sér efnislega brot á þessari alþjóðasamþykkt. En tilvist heimildarinnar í lögum er engu að síður þyrnir í augum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og óeðlileg að þeirra mati, sbr. margnefnda alþjóðasamþykkt nr. 105. Með hliðsjón af öllu þessu, herra forseti, getur samgrn. fallist á það að sjómannalögum verði breytt á þennan hátt sem ég hef hér gert grein fyrir.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. samgn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

64. fundur, þriðjudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 756.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 702.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 3. umr.

Stjfrv., 355. mál (breytingar frá 1987). — Þskj. 612.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Frestun umræðu um ríkisreikning 1988.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil beina því til forseta að næsta máli, ríkisreikningi 1988, verði frestað þar til afgreiðsla fjvn. á fjáraukalagafrv. fyrir 1988 liggur fyrir. Það er óeðlilegt að afgreiða ríkisreikninginn fyrr en eftir að búið er að afgreiða fjáraukalög. Þessi sama athugasemd var gerð í fyrra. Þá var það hv. formaður fjvn. sem beitti sér fyrir því að afgreiðslu ríkisreikningins var frestað meðan beðið var afgreiðslu fjáraukalaga. Ég held að það sé rétt afgreiðsla, það sé formlega rétt að bíða eftir afgreiðslu fjáraukalaga og því beini ég því til forseta að þessu máli verði frestað þar til sú afgreiðsla liggur fyrir.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti fellst á þessa athugasemd og verður afgreiðslu þessa máls nú frestað.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613, n. 799.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég mæli ekki fyrir meiri hl. fjh.- og viðskn. heldur fjh.- og viðskn. alla. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. sem fjallar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum og gengur út á það að Færeyingar verði aðilar að viðkomandi samningi.

Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir þetta nál. skrifa Guðmundur G. Þórarinsson, Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Sverrir Sveinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 106. mál (eignarskattsútreikningur). — Þskj. 110, n. 800 og 805.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál sem varðar breytingar á eignarskatti. Ríkisstjórnin hefur þegar beitt sér fyrir umtalsverðum breytingum á fyrirkomulagi eignarskatts sem samþykktar voru í tengslum við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1990, en þær breytingar miðuðu að verulegri lækkun á álagningarhlutfalli eignarskatts. Fyrirliggjandi frv. gengur þó eitthvað lengra.

Meiri hl. nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að málinu væri vísað til ríkisstjórnarinnar. Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls. Undir þetta meirihlutaálit skrifa Ragnar Arnalds, Sverrir Sveinsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér framsöguræðu fyrir minni hl. hv. nefndar og þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér tækifæri til þess að flytja þessa ræðu með nál. sem reyndar er ekki mjög langt. Það er þannig orðað, með leyfi forseta:

„Minni hluti leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta nál. ritar ásamt mér hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason.

Ég vil byrja á því, virðulegi forseti, að þakka núverandi starfandi formanni hv. nefndar fyrir að hafa tekið þetta mál fyrir í nefndinni og afgreitt það. Ég tel það til fyrirmyndar því hér er um að ræða mjög mikilvægt mál. Jafnvel þótt það hafi fengið afgreiðslu fyrr á þessu þingi var sú afgreiðsla ekki eins og best hefði verið á kosið, horft frá þeim sem eru flm. þess frv. sem hér er til umræðu.

Til þess að rifja upp í örfáum atriðum út á hvað þetta frv. gengur er frá því að segja að lagt er til í frv. að eignarskattur yrði greiddur með sama hætti og var fyrir þá breytingu sem gerð var rétt fyrir jól 1988 og gilti fyrir álagningu á sl. ári miðað við tekjur ársins á undan. Það þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þm. að eignarskattar voru stórkostlega hækkaðir á síðasta þingi, svo mikið að upp reis hópur fólks og mótmælti þessari skattpíningu. Hún hlaut að koma mjög misjafnlega niður á fólki og þá sérstaklega á þeim sem eru einir í heimili. Einkum var þetta tilfinnanlegt fyrir ekkjur og ekkla sem misst höfðu maka sinn nýlega og bjuggu af þeim sökum kannski í stærra húsnæði en hefði verið ef þeir hefðu verið einstæðir um langan tíma.

Það er alkunna að húsnæði fólks er með þeim hætti að viss hluti húsnæðisins þarf að vera fyrir hendi hvort sem um er að ræða einstaklinga eða heilar fjölskyldur, svo sem baðherbergi, eldhús og annað, og skiptir þá ekki máli hve margir búa í viðkomandi húsnæði. Hins vegar er skattálagningin með þeim hætti að frádrátturinn tvöfaldast ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða. Eftir þessa skattaherferð hæstv. ríkisstjórnar, sem átti sér stað á síðasta þingi, gerðist það í meðferð málsins að stjórnarfrv. sem þá lá fyrir var breytt lítillega þannig að tekið var tillit til fyrstu áranna eftir að viðkomandi missti maka sinn. Enn fremur var frádráttarheimildin eða frádrátturinn að nokkru aukinn. Þrátt fyrir þetta var um að ræða í langflestum tilvikum gífurlega hækkun á eignarskatti.

Þegar rætt er um eignarskatt verða menn að átta sig á því að eignarskattar eru greiddir af tekjum, því að í mörgum tilvikum er engar tekjur að hafa af eignum fólks, allra síst eignum sem eru bundnar í íbúðarhúsnæði. Á þeim tíma fluttu þingmenn Sjálfstfl. brtt. sem gekk út á það að skatthlutfallið yrði það sama og verið hafði áður. Sú tillaga var felld og reyndar voru slíkar tillögur einnig felldar fyrr á þessu þingi. En þess ber að geta að hæstv. ríkisstjórn gerði ákveðnar breytingar á lögunum nú á þessu þingi þegar í ljós hafði komið, eins og ég hafði fyrr sagt í mínu máli, að skattpíningin hafði leitt til þess að nánast lá við uppreisn í þjóðfélaginu.

Sé litið á gildandi lög er nú greiddur eignarskattur, 1,2%, af fyrstu 5.175.000 kr. Síðan bætast við 0,75% sem leggst ofan á þær eignir sem umfram eru, þannig að skatthlutfallið verður 1,95% af hreinni eign skattgreiðanda sem er yfir 5.175.000 kr. Til að skýra út hvaða þýðingu þetta hefur er hægt að vitna í raunverulegt dæmi. Við getum tekið dæmi um einstakling, ekkju sem býr í þriggja til fjögurra herbergja góðri íbúð sem er 111 fermetrar með bílskýli. Viðkomandi á bifreið og er þá eignarskattsstofninn 8.660.000 kr. Skattfrelsi viðkomandi einstaklings er 2.875.000 kr. þannig að eignarskattsstofninn er 5.785.000 kr. Síðan leggst 1,2% eignarskattur á 5.175.000 kr. og að auki leggst 1,95% á 610 þús. kr. Þetta gerir samtals tæplega 74 þús. kr. og hefur þá skatturinn lækkað um 4500 kr. frá því sem hann hefði verið ef þau lög væru enn í gildi sem hæstv. ríkisstjórn setti á þinginu fyrir ári síðan. Væri hins vegar farið að þeirri tillögu sem kemur fram í því frv. sem hér er til umræðu hefði eignarskatturinn af þessari íbúð orðið 55 þús. kr. Ég vel þetta dæmi vegna þess að hér er um að ræða mjög litla eign, litla íbúð. Hér er ekki um að ræða einbýlishús eða stóra eign heldur aðeins þriggja til fjögurra herbergja góða 111 fermetra íbúð. Eins og sjá má er munurinn umtalsverður, ekki síst ef haft er í huga að í mörgum tilvikum er um tekjulágt fólk að ræða.

Virðulegur forseti. Það ber þó að geta þess að síðara þrepið, hærra eignarskattsþrepið, tekur breytingum eftir tekjum fólks þannig að skatturinn leggst að fullu á þá sem hafa 1680 þús. kr. tekjuskattsstofn en þurrkast út ef tekjur fara niður úr 840 þús. kr. Þrátt fyrir þessa breytingu sem gerð var á tekju- og eignarskattslögunum að tilhlutan hæstv. ríkisstjórnar fyrir síðustu jól er ljóst að enn er um að ræða mjög

ósanngjarna og háa skattlagningu á fólk sem býr eitt og sér, ekki síst það fólk sem hefur misst maka sinn og býr þar af leiðandi í stærra húsnæði en ella.

Það er ástæðulaust, virðulegur forseti, fyrir mig að rekja þetta mál frekar. Mér finnst ástæða til þess að það sé látið á það reyna hvort hv. Alþingi ætlar sér til frambúðar að láta hæstv. ríkisstjórn komast upp með það að leggja eignarskatta á fólk með þessum ósanngjarna hætti. Ég vil ítreka það að eignarskattar taka í eðli sínu mjög lítið tillit til tekna viðkomandi og þess vegna gerist það í mörgum tilvikum sem þekkt eru að viðkomandi einstaklingar þurfa að selja eignir sínar og geta þar af leiðandi lent í talsverðum vandræðum.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fjölyrða um þetta mál hér frekar en vil ítreka það sem kemur fram í nál. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. en þar er lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það þarf nú tæpast að reifa þessi mál mjög mikið fyrir þingmönnum, svo mikið hafa þau verið rædd hér áður. Þó þykir mér rétt að fjalla aðeins um þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem ætlunin er að vísa til ríkisstjórnarinnar.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að sú ríkisstjórn sem nú situr muni tæplega vera fær um að fjalla um þessi mál því þær álögur sem hún hefur staðið fyrir í eignarsköttum eru fáheyrðar. Mundi nú framsóknarmaddaman vera talin frænka Thatcher því að ósköp er þetta svipað því sem gert hefur verið í Bretlandi og þó öllu hærra. Verulegt fylgishrun hefur orðið hjá íhaldsflokknum í Bretlandi. Mætti ætla að núverandi ríkisstjórn væri sérstakur boðberi stefnu Margrétar Thatcher í skattlagningu á íbúðarhúsnæði. Er svo langt gengið að jafnvel þeir sem hafa gagnrýnt Thatcher allra mest, eins og hv. þm. Alþb., standa fyrir því að framkvæma stefnu hennar á Íslandi með álagningu eignarskatta sem nálgast sums staðar 3% ef með eru tekin fasteignagjöld sem leggjast á íbúðarhúsnæði. Þessir skattar eru, eins og margoft hefur komið fram, lagðir á án tillits til tekna og hvort menn hafa tekjur af eignum eður ei. Það leiðir hugann að því að eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi sem hefur lagt það til að fella niður eignarskatta af íbúðarhúsnæði er Frjálslyndi hægriflokkurinn. Það var náttúrlega fellt eins og við mátti búast því ekki bera menn fyrir brjósti þá stefnu að fólk eigi að fá að búa hér í þessari veðráttu í góðu húsnæði.

Sú afstaða hefur raunar birst undanfarið í ráðstöfun þessarar ríkisstjórnar í húsnæðismálum, í lánamálum Byggingarsjóðs ríkisins og í afgeiðslu laga um húsnæðisbætur og vaxtabætur.

Það er sorglegt að vita til þess að núv. ríkisstjórn hefur staðið sig með þeim eindæmum illa að nú er áætlað að 21 milljarð þurfi til þess að svara þeim umsóknum sem liggja fyrir hjá Byggingarsjóði ríkisins einum. Á þessum sama tíma hefur hæstv. félmrh. reynt að mismuna fólki með enn þá freklegri hætti en nokkru sinni fyrr á Íslandi. Hæstv. félmrh., sem hefur gagnrýnt það að menn séu teknir fram fyrir í röðinni, hefur nú breytt röðinni í húsnæðismálum með þeim hætti, flokkað fólkið þannig, að það liggur við að það sé brot á öllum þeim grundvallarreglum sem ríkja í lýðræðisríkjum. Jafnframt hefur þessi ríkisstjórn lagt eignarskatta á þetta sama fólk með þeim hætti að það er með eindæmum. Að það skuli vera lagður allt að 3% eignarskattur á fólk eins og nú er gert að meðtöldum fasteignagjöldum er með eindæmum. Það er alveg ljóst að sú stefna sem núv. ríkisstjórn stendur fyrir er verri en sú stefna sem Thatcher hefur fylgt og verið gagnrýnd fyrir í Bretlandi. Thatcherismi þessarar ríkisstjórnar er með þeim hætti að Thatcher mundi verða hreykin af alþýðubandalagsmönnunum og alþýðuflokksmönnunum fyrir þær skattahækkanir sem þeir hafa lagt á eignir manna því að svo langt hefur Thatcher ekki gengið, þrátt fyrir það að hún hafi fengið mikla gagnrýni fyrir sína skattlagningu í Bretlandi.

Gaman væri að heyra í hæstv. ráðherrum sem þenja sig hér með hvernig þeir séu að núllstilla öll útgjöld fólksins í kjarasamningum. En núna þegar er verið að tala um skattlagningu er hún undanþegin þeirri núllstillingu. Þær hækkanir sem hafa orðið á eignarsköttum og öðrum sköttum eru ósvinnar. Það er í raun svo að þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. ráðherra um álagningu eignarskatta hefur það komið í ljós í þeim fyrirspurnum sem ég hef fengið svör við um þessi mál að þegar þeir hafa rætt um þessi mál hafa þeir ekki vitað hvað þeir hafa verið að tala um. Þeir hafa vitnað út og suður í að svona sé þetta í hinu og þessu landinu. Sannleikurinn er sá að það sem þeir eru að tala um er allt annað og þeir hafa ekki hugmynd um hver álagningin er víða og meira að segja í nágrannalöndunum, ekki einu sinni á Norðurlöndunum, í þessum málum. Þekking hæstv. ráðherra á eignarskattsmálum er svo takmörkuð að þeir hafa ekki enn þá getað svarað hvernig þau mál eru á Norðurlöndunum. Hæstv. ríkisstjórn leggur hér á skatta og fullyrðir að þeir séu ekki svo háir, séu ekki svo miklir. En hún hefur ekki hugmynd um hvað hún er að segja. Thatcherismi þessarar ríkisstjórnar er með þeim hætti að það vekur furðu. Menn sem þykjast kenna sig við jafnrétti og félagshyggju standa hér upp og belgja sig út yfir því að þeir séu að aðstoða kjósendur með einhverjum hætti. Þeir eru bara ekki að því. Þeir eru að ráðast á fólkið. Og þeir ráðast á þá sem með ýtrustu sparsemi hafa haldið vel á sínum fjármálum. Það á að hegna þeim. Það væri nær að kalla þetta hegningarlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar sem felst í því að öllum sem hafa reynt að spara og fara vel með sína fjármuni er refsað.

Það er sorglegt að vita til þess hvernig komið er og er þó merkilegt að hugsa til þess að thatcherismi ríkisstjórnarinnar er kominn svo langt til hægri að hann er farinn að mæta ráðstöfunum kommúnista eins og þegar þeir voru að gera eignaupptöku í Austur-Evrópu á sinni tíð. Hv. þm. Alþb. vita vel hvernig farið var að enda hafa sumir þeirra dvalið

langdvölum í því sæluríki sem núna hefur runnið sitt skeið á enda.

Það á að fella eignarskatta niður af íbúðarhúsnæði. Það er hið eina réttláta í þessu landi að eigið íbúðarhúsnæði á ekki að vera grundvöllur óréttmætra skatta og heimskulegrar hugsunar eins og núv. ríkistjórn hefur staðið að. Það er því von þegar líður að næstu kosningum að þá muni fara að ólga eitthvað í þeim blessuðum stuðningsmönnum sem eftir eru hjá núv. ríkisstjórn. Hún mun kannski reyna að sletta í fólkið einhverri smálagfæringu á eignarsköttunum, þó það sé nú reyndar ekki ljóst enn þá.

Það er athyglisvert að í mestu góðærum Íslandssögunnar þurfa núverandi valdhafar að hrifsa til sín fjármuni í óráðsíu ráðuneytanna og nota til þess að leika sér með. Og það verður fróðlegt að sjá hvort hv. þm. ríkisstjórnarinnar muni standa undir því að mismuna fólki í æ ríkari mæli eins og gert er með eignarsköttum, lánamálum Byggingarsjóðs ríkisins, húsnæðisbótum, vaxtabótum og með þeim hætti að það er nú stefnt að því að gera alla sem mest háða ríkinu. Helst mega menn ekki eiga eitt eða neitt. Jafnframt eiga þeir að skríða fyrir núverandi valdhöfum til að hafa möguleika á að koma sér þaki yfir höfuðið.

Það er ekki síður ástæða til að líta á það að samþykkt var að hækka fasteignagjaldagrunn á húsnæði úti á landi á síðasta þingi. Og aðeins frjálslyndir hægrimenn mótmæltu. Þá var pólitísk samstaða allra annarra flokka um að leggja á húseigendur meiri byrðar en áður hefur verið gert og um leið að rýra lífskjör fólksins. Það var líka fróðlegt að þegar þakki ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál var hér til afgreiðslu þá var sú tillaga felld, meira að segja með atkvæðum Kvennalistans, að skráð yrði á fasteignagjaldaseðla hve hátt hlutfall hvert sveitarfélag tæki í heild miðað við fasteignamat. Það átti að fela það fyrir kjósendum. Og meira að segja Kvennalistinn studdi það að það mætti ekki vera skráð á fasteignaseðlunum.

Það er í rauninni sorglegt að þingmenn skuli ekki átta sig á því að í þessu strjálbýla landi, þessu harðbýla landi verða menn að eiga stærra húsnæði en víðast annars staðar, einfaldlega af því að menn verða að búa innan dyra stærstan hluta ársins. Þess vegna er húsnæði hvers og eins miklu dýrmætara hér og í mörgum tilfellum miklu vandaðra en erlendis þar sem menn geta verið utan húss stóran hluta ársins í góðu veðri og við allt aðrar aðstæður. Þess vegna segi ég það að þetta mál hér er með þeim hætti að það ætti að leggja niður eignarskatta af íbúðarhúsnæði eins og við frjálslyndir hægrimenn höfum lagt til og hefur verið fellt hér. Það er hið eina raunverulega réttlæti hér á landi. Það á ekki að ásælast það sem menn hafa byggt og reyna að eiga skuldlaust. Þeir sem byggja og skulda mikið greiða auðvitað ekki eignarskatta. Við erum að stuðla að því að fólk fari ekki vel með fé og haldi vel á sínum fjármálum. Við gerum það með þeim hætti að þeir sem eyða eru verðlaunaðir og þeir sem spara, með þessum hætti, eru sektaðir. Og þessi hegningarlög ríkisstjórnarinnar, thatcherismi í hæsta veldi, ættu náttúrlega fyrir löngu að hafa verið afgreidd hér á þinginu með því að fella niður eignarskatta af íbúðarhúsnæði.

Ég ætla að svo stöddu ekki að hafa fleiri orð um þetta en gæti svo sem talað um þetta töluvert lengi því að þetta mál er með þeim hætti.

En ég vil að lokum segja að það er mikilvægt fyrir þingið að átta sig á því að fólkið í landinu vill fá að búa í almennilegu húsnæði án þess að þurfa að þræla dag og nótt eftir að það er búið að eignast húsnæðið. Það er nóg að það þurfi að þræla dag og nótt til þess að koma sér þaki yfir höfuðið þó það þurfi ekki að borga alla sína ævi æ hærri skatta af sínu eigin húsnæði.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. sem allir hv. þm. Sjálfstfl. í þessari deild fluttu hér í deildinni á síðasta hausti. Ég vil byrja á því, herra forseti, að þakka starfandi formanni hv. fjh.- og viðskn. fyrir að afgreiða málið þó að meiri hluti nefndarinnar hafi að vísu ekki afgreitt það með þeim hætti sem flm. hefðu helst óskað. Aðalatriðið er samt það að hv. starfandi formaður nefndarinnar, Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur tekið upp breytta starfshætti í þessari nefnd og fagna ég því. Vil ég þakka honum sérstaklega fyrir það. Um leið vil ég láta þess getið að ég hef ekki hugsað mér að níðast á þingtímanum hér með langri ræðu, þó svo að þetta frv. sé komið á dagskrá á nýjan leik og fyllsta ástæða til þess að ræða það vel og lengi. Ég ætla ekki að misnota þennan möguleika sem hér gefst til þess að ræða þetta mál að nýju.

Frá því þetta frv. var lagt fram í fyrra hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir nokkrum breytingum á því atriði skattalaga sem þetta frv. varðar, þ.e. 83. gr. laganna sem lýtur að eignarskatti manna. Því fer hins vegar víðs fjarri að þær breytingar séu fullnægjandi fyrir flm. þessa frv. Þær breytingar ganga alls ekki nægilega langt í því að afturkalla þær gríðarlegu hækkanir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir fyrir jólin 1988 og sem komu til framkvæmda á sl. sumri, 1989, með afleiðingum sem í mörgum tilfellum voru hinar hörmulegustu, ekki síst fyrir einstæðinga, ekkjur og ekkla.

Ríkisstjórnin hefur viðurkennt, með þeirri breytingu sem hún beitti sér fyrir fyrr á þessu þingi, að álagningin 1989 og lögin sem samþykkt voru fyrir jól 1988 voru mistök, voru hin herfilegustu mistök. Með ekknaskattinum svokallaða var ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur og tekin upp gríðarlega ranglát skattlagning eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, eins og sýnt er fram á í grg. þess frv. sem nú er til umræðu og í minnihlutaáliti frá fjh.- og viðskn. með skattalagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir síðustu jól.

Ríkisstjórnin neyddist til þess að taka undir gagnrýni á þessa lagasetningu með því að beita sér fyrir breytingum í þessu efni. Breytingarnar eru hins vegar ófullkomnar og eftir stendur það, herra forseti, að

lögaðilar greiða lægri skatta en einstaklingar, félög borga lægri eignarskatta en menn. Félögin og fyrirtækin í landinu, sem hafa gjarnan þótt digur skattstofn og breið bök til að borga skatta þegar vinstri menn hafa verið annars vegar, borga lægri eignarskatta en hinn almenni borgari, hinn almenni einstaklingur í landinu, ekkjan, einstæðingurinn, og aðrir sem greiða þurfa eignarskatta. Þetta er félagshyggjan í reynd hjá þessari ríkisstjórn. Skattprósentan á fyrirtæki verður aldrei hærri en 1,2% samkvæmt þeim lögum sem þessi ríkisstjórn hefur samþykkt en getur orðið mun hærri, allt að því 2,2%, á einstaklinga. Þetta er auðvitað fáránlegt og eitt af því sem verður að breyta þótt síðar verði, eitt af því sem safnast hefur fyrir í þeim slóða mistaka og ranginda í skattamálum sem þessi stjórn hefur beitt sér fyrir. Fingraför vinstri mannanna eru út um allt í þeim skattalögum sem nú gilda, eða réttara sagt hófaför út um öll þessi skattalög sem óhjákvæmilegt er að breyta þótt síðar verði.

Auðvitað þýðir þessi staðreynd, að félögin borga lægri eignarskatta en einstaklingar, það að menn sjá sér hag í því að breyta eignarhaldi yfir í félagsform. Skattalögin eiga að vera hlutlaus gagnvart eignarhaldsformi og félagaformi. Þau eiga hvorki að hvetja menn til þess að stofna félög eða stofna þau ekki. En það er ekki von að núverandi hæstv. ráðamenn átti sig á því, sem hvað eftir annað beita sér fyrir ákvæðum í þessum lögum sem hafa hin og þessi óæskileg áhrif og eru afturvirk ef þeim sýnist svo. Eins og til að mynda ákvæði í lögunum sem ég ræddi áðan, sem samþykkt voru hér fyrir síðustu jól um breytingar á skattalögum og hafa afturvirk áhrif, bæði að því er varða húsnæðisbætur og skilgreiningu á því hvað kalla megi vaxtagjöld í skilningi skattalaga. Við höfum hér nokkrir þingmenn flutt frv. um að breyta þessum ákvæðum og ég skal ekki koma að þeim frekar á þessu stigi, mun gera það þegar það frv. kemur til meðferðar en þar er gott dæmi um þá áráttu sem virðist vera gjörsamlega ólæknanleg þegar vinstri menn eru annars vegar, að það virðist vera stefna þeirra hreint og beint, þvert á ákvæði stjórnarskrár, að beita skattalögunum afturvirkt hvenær sem þess er kostur. Ég kem nánar að því, herra forseti, þegar það frv. verður hér til umfjöllunar.

En varðandi þetta mál sem nú er á dagskrá og sem minni hl. nefndar leggur til að verði samþykkt er rétt að geta þess, að verði frávísunartillaga meiri hl. nefndarinnar felld er óhjákvæmilegt að gera brtt. við 3. umr. um að hækka viðmiðunarfjárhæðirnar í 1. gr. frv. vegna þess að þær eru miðaðar við skattalögin eins og þau voru á síðasta ári, þ.e. áður en hækkanir með tilliti til fasteignamats komu inn í lögin. Þess vegna eru tölurnar sem við er miðað, 2,5 millj., úreltar. Ef það færi svo ólíklega að þetta frv. kæmi til 3. umr. vil ég hér með boða það fyrir hönd flm. að þá verður flutt brtt. til þess að bæta hér úr og breyta þessum tölum til samræmis við núgildandi lagaákvæði og við þær hækkanir sem orðið hafa á fasteignamati. Eins og fram kemur í gildandi lögum er talan 2,5 millj. nú orðin 2 millj. 875 þús. kr. og teldi ég rétt að miða við þá upphæð ef til þess kæmi.

Ég lofaði því, herra forseti, að hafa ekki langt mál um þetta og skal standa við það. Að endingu vil ég endurtaka þakkir mínar til starfandi formanns fjh.- og viðskn. fyrir að hafa beitt sér fyrir því að málið fengist afgreitt og það kemur þá einfaldlega hér til atkvæða í hv. deild. Ef það er fellt eða vísað til ríkisstjórnarinnar nær þetta ekkert lengra. En þar með er komin þingleg niðurstaða í málið og þannig á það auðvitað að vera. Það er að sjálfsögðu til fyrirmyndar þegar nefndaformenn beita sér fyrir slíkri afgreiðslu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu miðar að því að færa álagningu eignarskatts í sama horf og var fyrir breytingu tekju- og eignarskattslaganna í lok ársins 1988. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að aftur verði tekinn upp sá háttur að hafa einungis eitt þrep í eignarskatti. Verð ég að lýsa því yfir að þeirri tilhögun erum við kvennalistakonur ekki sammála og teljum að eignarskatt sé hægt að nota til tekjujöfnunar eða til jöfnunar líkt og aðra skatta og höfum því heldur verið hallar undir tvö skattþrep. Við vorum að vísu ekki ánægðar með fyrsta tilhlaup í því máli. Ljóst var þegar þau lög komu til framkvæmda að af þeim hlaust gífurlegt misrétti og fjöldamargir, sem e.t.v. eiga stórar eignir en hafa ekki tekjur að sama skapi, gátu hreinlega ekki risið undir þessum sköttum og ranglæti skattlagningarinnar kom í ljós. Við töldum þá tilhögun sem tekin var upp um síðustu áramót með öðrum breytingum, að tekjuviðmiðun væri tekin upp þegar reiknaður skyldi út eignarskattur, við töldum þá breytingu til bóta. Eins og nú háttar fellur eignarskattur alfarið niður ef tekjuskattsstofn er undir 840 þús. kr. á ári og það er ekki fyrr en tekjuskattsstofn er kominn yfir 1680 þús. sem lögin koma til fullra framkvæmda.

Það er tekið fram í grg. með því frv. sem hér er til umræðu að þetta frv. hafi það að markmiði að afnema ekknaskattinn og koma eignarskattinum á ný í fyrra horf. Ég hef þegar tekið fram að það er ekki í samræmi við okkar skoðanir á eignarskatti. Síðan er sagt hér í grg., með leyfi forseta: „Það er svo önnur spurning, sem svara þarf sérstaklega, hvort í þeirri skipan, sem áður var, hafi verið fólgið nægilegt réttlæti gagnvart einstaklingum miðað við hjón.“ Um það atriði fjallar frumvarpið ekki. Ég vil af því tilefni minna á að í umræðunni um tekju- og eignarskattslögin í desember sl. fluttu kvennalistakonur breytingar sem einmitt miðuðu að því að færa þetta til meira réttlætis, einmitt þegar um væri að ræða einstaklinga. Við lögðum þá til að einstaklingur væri 60% ígildi hjóna, þ.e. að sá háttur væri hafður á að hjón mættu eiga 2 millj. 875 þús. hvort, áður en til skattsins kæmi, en einstaklingur mætti þá eiga 3 millj. 450 þús. þannig að eignarskatturinn kæmi seinna til framkvæmda hjá einstaklingi en hjónum. Sams konar

tillögu fluttum við við hærra þrepið í eignarskatti og gerðum ráð fyrir að einstaklingur þyrfti ekki að greiða hærra þrep í eignarskatti fyrr en skuldlaus eign hans næmi 8 millj. 50 þús. en hjá hjónum kæmi hann til framkvæmda í 13,4 millj. rúmum.

Ég vildi aðeins minna á þetta hér vegna þess að það óréttlæti sem í því felst að einstaklingur megi aldrei eiga nema helming af eignum hjóna var í okkar tillögum leiðrétt að einhverju marki.

Nú er sífellt verið að gera breytingar á skattalögum og auðvitað er það ekki óeðlilegt. En á þessa nýju tilhögun álagningar eignarskatts, þ.e. þegar tekjuviðmiðun verður líka tekin til greina, er ekki komin nein reynsla. Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér vita menn í rauninni ekki enn þá hvernig þetta kemur út en samkvæmt orðanna hljóðan í eignarskattslögunum virðist okkur breytingarnar vera til bóta. Svipað og á sl. ári var gripið til þess að leiðrétta það óréttlæti sem hlaust af gildistöku laganna í desember 1988. E.t.v. eru möguleikar á að grípa til sams konar ráðstafana ef framkvæmd reynist óréttlátari í þessu tilviki en menn reiknuðu með.

Við kvennalistakonur munum sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. þar sem við höfum ekki áhuga á því að svo komnu máli að sá háttur sem hér er lagður til verði tekinn upp aftur. En við viljum undirstrika, líkt og við höfum gert í umræðu um þessi mál áður, að full þörf er á heildarendurskoðun eignarskattslaganna en varla mundum við leggja til að sá háttur verði hafður á sem hér er lagður til.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það var mér sérstakt tilefni til þess að biðja um orðið þegar ég heyrði talsmann Kvennalistans í þessu máli, hv. 18. þm. Reykv., skýra frá því að þingmenn Kvennalistans hygðust sitja hjá um þetta frv.

Mig undrar það stórlega að skref í áttina til réttlætis einmitt á þessu sviði skuli ekki fá stuðning kvennalistakvenna. Fyrir því eru e.t.v. sömu rökin og voru fyrir því að Kvennalistinn stuðlaði að því með sinni afstöðu eða afstöðuleysi að þetta óréttlæti komst á fyrir atbeina þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Kvennalistakonur höfðu lýst því yfir að þær mundu styðja alla réttláta skattlagningu. Með öðrum orðum, niðurstaða þeirrar afstöðu varð sú að þetta hefði verið réttlát skattlagning.

Ég leyfi mér að láta í ljós þá skoðun að þetta fyrirkomulag á innheimtu eignarskatts sem nú tíðkast að því er varðar einstaklinga sé einhver ljótasti bletturinn á framkomu þessarar hæstv. ríkisstjórnar gagnvart öldruðu fólki í landinu sem fyrirfinnst og samþykkt hefur verið hér á Alþingi. Og er þá mikið sagt því að það ríður því miður ekki við einteyming hve einkennilegt það er að það er eins og hæstv. ríkisstjórn sjái ekki ástæðu til þess að taka hið minnsta tillit til þess hvernig aldrað fólk hefur unnið langan dag og á erfiðara með að koma eignum sínum umsvifalaust í verð til þess að gjalda keisaranum það sem keisarans er. Ég geri ráð fyrir að það sé sú kynslóð sem ekki telur slíkt eftir sér, en hún telur hins vegar að sér sé misboðið þegar henni er sýnt jafnhróplegt óréttlæti og komið hefur fram m.a. í þessari skattheimtu. Svo að minnst sé á annars konar skattheimtu, sem ekki er í þessu frv. en var lögleidd svona í leiðinni, var lætt inn sjúklingaskatti sem leggst á aldrað fólk þegar samþykkt var frv. um málefni aldraðra hér á sl. vori. Ef aldrað fólk leggst á sjúkrastofnun á það allt í einu að fara að greiða sérstakan skatt, sem stundum hefur verið nefndur sjúklingaskattur, eða borga fyrir sig þar sem annað fólk borgar ekki fyrir sig. Svona ráðslag gagnvart hópum sem eru illa settir til þess að bera hönd fyrir höfuð sér tel ég vera andstætt góðu siðferði og andstætt öllu réttlæti. Þess vegna harma ég það að sá gjörvulegi hópur kvenna sem skipar þingflokk Kvennalistans skuli hafa tekið ákvörðun um að sitja hjá við þetta frv. og skuli ekki svo mikið sem lyfta litla fingri til þess að styðja skref í réttlætisátt til hagsbóta fyrir einstæðinga og aldraða.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað oft álitamál hvað eru spor í réttlætisátt og menn greinir á um það hér inni á Alþingi eins og úti í þjóðfélaginu hvað teljist spor í réttlætisátt og hvað ekki. Við kvennalistakonur álítum ekki að það sé spor í réttlætisátt að eitt þrep gildi í eignarskatti og teljum réttlátara að þau séu tvö. Við höfum verið fylgjandi fleiri skattþrepum en einu í bæði tekju- og eignarskatti, en þar með er ekki sagt að við höfum verið sammála því hvernig það hefur verið framkvæmt.

Ef við teldum það spor í réttlætisátt að allir greiddu sama eignarskatt án tillits til eigna mundum við auðvitað greiða atkvæði með því. Eins og ég tók fram í umræðu um þessi mál fyrir jól og geri aftur nú teljum við að það að tekin var upp tekjuviðmiðun líka í álagningu eignarskatts sé til bóta, þannig að fólk greiði ekki háa eignarskatta þó að það kunni að eiga stórar eignir ef það hefur ekki tekjur til að mæta þeim útgjöldum, en við teljum ekki óréttlátt að þeir sem bæði eiga miklar eignir og hafa miklar tekjur greiði meira til samfélagsins en þeir sem minna hafa.

Ég vil í þessu sambandi minna á að við greiddum ekki atkvæði með tekju- og eignarskattslögunum 1988 og heldur ekki 1989. Og ég tíundaði hér rétt áðan hvernig við lögðum fram tillögur við afgreiðslu þessa máls í desember 1989, þar sem réttur einstaklinga var einmitt gerður meiri í hlutfalli eignarskatts, þ.e. eins og ég sagði áðan að hann skyldi metinn 60% af ígildi hjóna. Það töldum við vissulega spor í réttlætisátt og vil ekki sitja undir því að það sé felldur um það einhver dómsúrskurður hér í ræðustóli hvað sé réttlæti og hvað sé ranglæti með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 238. mál (ónýttur persónuafsláttur barna). — Þskj. 354, n. 801.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál sem fjallar um möguleika einstæðs foreldris og barns þess til að nýta sér skattafrádrátt á svipaðan hátt og fólk í sambúð eða gift fólk. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að gagngert mat fari fram á því hvaða kostnað breytt skipan tekjuskatts, skv. tillögum frv., hefði fyrir ríkissjóð. Meiri hl. gerir það að tillögu sinni að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar í þessu skyni.

Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins en undir þetta meirihlutaálit skrifa Guðmundur G. Þórarinsson, Sverrir Sveinsson, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli nokkurra þingmanna hér úr stóli í dag hefur fjh.- og viðskn. nú tekið mikinn fjörkipp og tekið til umfjöllunar og afgreiðslu mál sem hafa legið, mánuðum saman sum hver, óbætt hjá garði hjá fjh.- og viðskn. Þannig háttar til að sá þingmaður, hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, sem nú veitir nefndinni forstöðu hefur verið ötull við að halda fundi en það reyndist erfiðara að finna fundartíma sem allir nefndarmenn gátu mætt á í þeim önnum sem nú ríkja. Þegar ákveðið var að halda fund á mánudagsmorgni lá það ljóst fyrir að sú sem hér stendur mundi ekki eiga auðvelt með að koma á þann fund. Að vísu var ekki tilkynnt sérstaklega að þar mundu afgreidd út úr nefndinni mörg mál og því fellur mér nú nokkuð illa að hafa ekki gengið fastar eftir því að annar fundartími yrði fundinn því að ég er búin að sitja undir því nokkrum sinnum í dag að tilkynnt hefur verið að Þórhildur Þorleifsdóttir hafi verið fjarstödd afgreiðslu málsins. Síst hefði ég viljað að mál sem ég flutti ásamt öðrum kvennalistakonum yrði afgreitt út úr nefndinni án þess að ég væri viðstödd. Ég ætla samt ekki að álasa formanni of mikið því að það var vissulega kominn tími til að taka á málum og sjálf hefði ég eflaust átt að sækja það fastar að annar fundartími væri fundinn. En úr því sem komið er liggur málið þannig fyrir að meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þetta frv. var líka flutt á næsta þingi á undan og fékk þá góðar undirtektir og þó nokkurn skilning, þó ekki nægan til þess að það fengist samþykkt. Ástæða þótti nú samt til þess að flytja það aftur vegna þess áhuga sem kvennalistakonur höfðu vissulega orðið varar við að var á þessu frv., bæði innan þings og utan.

Í frv. sem var flutt á þinginu á undan var einungis tekið á því að einstæðir foreldrar gætu notað ónýttan persónuafslátt barns sem hjá þeim ætti lögheimili ef þau teldu fram saman. Auk þess var, þegar frv. var endurflutt í vetur, bætt við ákvæði um það að ónýttan persónuafslátt, sem flytjast mætti milli hjóna og sambúðarfólks og þá með samþykkt þessa frv. milli foreldris og barns líka, mætti flytja að fullu en ekki 80% eins og er í núgildandi lögum.

Svo að ég víki aðeins að því ákvæði sem tekur til einstæðra foreldra og barna þeirra þykir okkur kvennalistakonum óhæfa að gert sé upp á milli sambúðarforma eins og gert er í núgildandi lögum, þar sem í rauninni aðeins eitt fjölskylduform eða sambúðarform er viðurkennt, þ.e. þar sem karl og kona sem halda heimili saman eiga hlut að máli, hvort sem þau eru hjón eða í óvígðri sambúð. Það eru fjöldamargar aðrar samsetningar sem við þekkjum í þjóðfélaginu og það hefði eflaust mátt bera víðar niður en við ákváðum að stilla þessu í hóf í þetta sinn og leggja einungis til að einstætt foreldri gæti nýtt sér persónuafslátt barns. Ástæðan fyrir því að við leggjum slíka áherslu á þann hóp er auðvitað að þetta er mjög fjölmennur hópur. Það munu vera um 7500 einstæðir foreldrar í landinu. Þar af eru einstæðar mæður um 7000 og börn á framfæri þessa hóps eru um 10.000 talsins. Sé notaður líkindareikningur má komast að þeirri niðurstöðu að fjöldi unglinga eða ungs fólks, sem stundar hugsanlega nám eins og mjög margir gera nú í þjóðfélaginu eftir grunnskólanám, búi heima hjá einstæðu foreldri. Ef tekinn er fjöldi í hverjum árgangi má reikna með að það séu um 600 börn að meðaltali úr hverjum árgangi sem búa hjá einstæðu foreldri. Þá væru t.d. í hópnum 16–21 árs samtals 3000 einstaklingar sem hefðu alist upp hjá einstæðum foreldrum og sjálfsagt einhver fjöldi þeirra sem býr á heimili foreldris og stundar nám. Þetta er því talsvert stór hópur sem gæti notið góðs af ef þessi breyting næði fram að ganga. Það að einstæðir foreldrar fái rétt til þess að nýta sér ónýttan persónuafslátt á sama hátt og hjón gera er sérstakt réttlætismál vegna þess að sá hópur sem þarna um ræðir er í flestu tilliti einn verst setti hópur landsins. Það þarf ekki annað en að líta á þá staðreynd að þarna er um að ræða 7000 einstæðar mæður í landinu, að konur eru miklu tekjulægri að öllu jöfnu en karlmenn og því má reikna með að fjárhagsleg afkoma heimila þar sem einstæð móðir stendur fyrir heimili sé í flestum tilfellum miklu verri en á heimilum þar sem eru tvær fyrirvinnur. Það að geta stutt sín börn til náms er ákaflega brýnt í dag, þar sem undirstaða velferðar, ekki einungis efnalega heldur hugsanlega andlega líka, er mikið undir þeim undirbúningi komin sem nú er helst að leita í skólum — í framhaldsnámi.

Það er nú svo að þegar leitað er umsagna um mál sem e.t.v. varða konur meira en karla eru afskaplega fáar stofnanir eða félög í landinu sem hægt er að snúa sér til. Því er oft erfitt að fá fram álit á þeim málum sem sérstaklega varða konur. Í þessu tilfelli töldum við ekki ástæðu til þess að leita til annarra en Félags einstæðra foreldra, höfum auðvitað kosið að það

væri í fleiri horn að líta, en svo er nú því miður ekki og það þarf auðvitað ekki að taka það fram að áhugi þess félagsskapar er mjög mikill á þessu máli. Auk þess má benda á að auk þessa frv. sem kvennalistakonur hafa flutt í tvígang hefur Sjálfstfl. flutt frv. sem hnígur mjög í sömu átt þannig að óhætt er að fullyrða að skilningur ríki á málinu.

Hvað varðar hinn þátt frv., þ.e. að nýta megi að fullu ónýttan persónuafslátt en ekki einungis 80% hans, er ástæðan auðvitað fyrst og fremst sú að konur kunna því afskaplega illa að vera metnar einungis sem 80% einstaklingar og það er þeim mikið baráttu- og réttlætismál að þetta verði leiðrétt. Því hefur verið borið við sem rökstuðningi fyrir þessu 80% hlutfalli að tekjur sem einn aðili aflaði væru drýgri heimilinu ef húsmóðir á heimili sinnti heimilisstörfum eingöngu og því væri ekki ástæða til fulls réttar til að nýta persónuafslátt. Þetta má auðvitað til sanns vegar færa. En á móti má benda á að það eru eflaust þó nokkrar krónurnar sem þessi sami hópur kvenna sparar þjóðfélaginu og þá má nota jöfnureikning og strika út báðum megin við merkið þannig að þau rök fyrir 80% hlutfallinu falla í rauninni á jöfnu.

Ég vil benda á að nýlega hafa verið stofnuð samtök heimavinnandi fólks. Það var settur á stofn starfshópur sem falið var að gera úttekt á réttarstöðu heimavinnandi fólks. Sá hópur hefur nú lokið störfum og eru helstu tillögur hans birtar í febrúarhefti Fréttabréfs félmrn. Þar segir m.a.: „Millifærsla ónýtts persónuafsláttar hjóna með börn undir tveggja til þriggja eða jafnvel allt til sjö ára aldurs, verði 100%. Starfshópurinn telur einnig að ónýttan persónuafslátt megi færa að öllu leyti til maka ef það hjóna, sem ekki nýtir sinn afslátt, sannanlega annast sjúka eða aldraða á heimili sínu." Þarna er tekið á þessu með aðeins víðara móti en gert er í frv. Kvennalistans. Eins og ég tíundaði bæði í framsöguræðu minni með frv. og tæpti á núna aftur völdum við eftir nokkra íhugun að einbeita okkur að þessum eina hópi. En það sem þarna kemur fram er vissulega eftirtektarvert og má hugleiða fleiri hópa, svo sem systkini sem halda heimili saman og fleira mætti tína til. Á stofnfundi þessara samtaka voru þessi mál mikið rædd og fleira hef ég séð sem hnígur í sömu átt frá Samtökum heimavinnandi fólks þar sem þessi krafa virðist vera ofarlega á baugi.

Við kvennalistakonur hefðum því talið að það væri grundvöllur fyrir því að afgreiða þetta út úr nefndinni og senda aftur til umfjöllunar þingsins og gerðum okkur jafnvel vonir um að frv. næði fram að ganga í meðförum nefndarinnar en svo var ekki. Úrslitin hafa sem sagt orðið þessi í bili. Við höfum ákveðið að samþykkja þessa tilhögun mála, þ.e. greiða atkvæði með því að frv. verði, úr því sem komið er, vísað til ríkisstjórnarinnar. En við gerum það í trausti þess að ríkisstjórnin bæti fljótt og vel úr og við munum svo sannarlega fylgjast vel með framgangi málsins og afdrifum þess og ýta þá frekar á með endurflutningi þessa frv. eða ámóta frv. ef okkur þykir lítið að gert.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Eins og sést á nál. á þskj. 801 skrifa undir það einungis fulltrúar meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Eins og fram hefur komið var fulltrúi Kvennalistans ekki viðstaddur afgreiðslu málsins og fulltrúar Sjálfstfl. hafa ekki skilað nál.

Að mínu áliti er hér á ferðinni mjög athyglisvert mál. Það er alveg ljóst, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það fjölskylduform sem hér er verið að tala um er oftast dýrt í rekstri. Einstæðir foreldrar með börn á aldrinum 16–20 ára njóta ekki skattfríðinda eins og ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða og þó er vitað að börn á þessum aldri, unglingar í skóla, eru mjög dýrir í rekstri fyrir foreldrana. Þetta á ekki síst við nú þegar minni líkur eru til þess að fólk í framhaldsskólum fái sumarvinnu eins og áður tíðkaðist jafnvel með þeim hætti að sumarhýran dugði til vetrarnámsins.

Það er rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að sjálfstæðisþingmenn hafa flutt tillögur sem ganga í svipaða átt en þær hafa ekki náð fram að ganga. Þegar rætt er um skattamál, og þó einkum persónuafslátt sem hægt er að nýta af öðrum en þeim sem hefur réttinn til persónuafsláttarins, þarf kannski aðeins að rifja upp að það hefur lengi verið álitamál í umræðunni um skattamál hvort hér skyldi taka upp sérsköttun eða halda áfram á leið samsköttunar. Þegar tekju- og eignarskattslögin voru samþykkt, ef ég man rétt á árinu 1977 eða 1978, var meginstefna laganna að hafa sérsköttun sem kom í staðinn fyrir þá samsköttun sem áður gilti. Hún var í því fólgin að sá sambúðaraðili sem hærri hafði tekjurnar var framteljandi og þurfti ekki að telja fram nema helming tekna hins makans. Því var breytt með þessari nýju löggjöf og meginstefnan í skattalögunum varð sú að leggja skyldi skatta á einstaklinga. Því miður var strax frá upphafi sá galli á gjöf Njarðar að þetta kerfi gekk ekki upp, m.a. vegna þess að frá því var tryggilega gengið í skattalögunum að ef um eignatekjur var að ræða af eigum þess sem hafði lægri tekjur var honum ekki heimilt að telja þær eignatekjur fram, heldur þurfti sá sem meiri tekjur hafði að leggja þær eignatekjur við sínar tekjur og greiða skatt af sameiginlegum tekjum beggja. Þessi ósanngirni varð til þess að hugmyndir manna um þessa skattlagningu breyttust smám saman. Síðasta og stóra skrefið sem stigið var til breytinga á þessari löggjöf var þegar heimilt var að færa ónýttan persónuafslátt á milli hjóna allt að 80%. Þar með má segja að löggjafinn hafi tekið þá stefnu að líta á tekjuskatta sem nokkurs konar fjölskylduskatta og ber þó að rifja það upp að um það ríkir ekki eining hér á landi. Meira að segja innan þeirra stjórnmálaflokka sem hafa tekið þátt í þessari breytingu hafa verið deilur um það hvort fara ætti sérsköttunarleiðina eða samsköttunarleiðina.

Sú tillaga sem hér er til umræðu er um að fara lengra í átt til samsköttunar en áður hefur gilt og líta á skattlagninguna fremur sem eins konar fjölskylduskatta en einstaklingsskatta. Má segja að það sé í hátt við þá breytingu sem varð á skattalögunum þegar

nýta mátti ónotaðan persónuafslátt með því að færa frá þeim sem lægri höfðu tekjur yfir til hins sem hærri hafði tekjurnar.

Það kom fram á nefndarfundi hv. nefndar að fjmrn. telur að verði þetta frv. að lögum muni það kosta ríkissjóð umtalsverðar tekjur. Þess vegna hefur meiri hlutinn, að því er virðist, ákveðið að senda þetta mál til frekari rannsóknar til hæstv. ríkisstjórnar. Í máli hv. síðasta ræðumanns kom fram að flm. sætta sig við þá málsmeðferð og telja að með því sé tryggt að þetta mál verði skoðað til næsta þings og það er ugglaust gert til þess að þá gefist tækifæri til þess að flytja frv. sem gangi í þá átt sem um getur í frv.

Fyrir mitt leyti vil ég taka undir þessi sjónarmið og lýsa því yfir að þrátt fyrir það að sjálfstæðismennirnir í nefndinni hafi ekki skilað nál., né heldur undirritað nál. meiri hl., munum við ekki standa í vegi fyrir því að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þvert á móti styðjum við það í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn kanni þetta mál til hlítar og kanni jafnframt hvort hugsanlegt sé að koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu m.a. í þeim frv. sem hv. sjálfstæðismenn hafa flutt fyrr á kjörtímabilinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv. sem er til umræðu. Það hefði vissulega verið þess virði að ræða nokkuð ítarlega um meginstefnuna í íslenskum skattalögum. Ræða um það hvort eðlilegt sé að hverfa aftur algerlega til sérsköttunar eða hvort fara eigi í átt til fjölskylduskatta. Eins og sakir standa eru íslensk skattalög eins konar bastarður og þess vegna er eðlilegt að hv. alþm. velti fyrir sér hvernig bæta megi núverandi löggjöf þannig að sem mest réttlæti ríki í skattlagningunni.

Virðulegur forseti. Erindi mitt í ræðustólinn var fyrst og fremst að skýra það hvers vegna þingmenn Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. skiluðu ekki nál. Þeir munu standa að því að frv. verði sent hæstv. ríkisstjórn í þeirri von að hún láti fara fram ítarlega könnun á þessu máli.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Í þessu frv. hv. 18. þm. Reykv. og fleiri er hreyft mikilvægu máli sem sannarlega þarf að taka til sérstakrar athugunar vegna skattlagningar fjölskyldna og aðstöðu fjölskyldna.

Ég vil í þessu sambandi nefna tvö frv. sérstaklega sem þingmenn Sjálfstfl., með varaþingmenn hans í broddi fylkingar, hafa flutt á síðustu tveimur þingum. Hið fyrra var frv. til laga um breytingu á skattalögum og flm. þess var María Ingvadóttir. Hún lagði til að heimilt væri framteljanda að nýta óráðstafaðan skattaafslátt barna sinna eldri en 16 ára sem lögheimili eiga hjá framteljanda. Í því frv. var enginn greinarmunur gerður á því hvort um væri að ræða einstætt foreldri eða foreldra sem samvistum væru, heldur einfaldlega viðurkennd sú staðreynd að barn eða unglingur á þessum aldri, sem ekki hefur nægilegar tekjur til þess að persónuafsláttur inn nýtist, er að því leyti til á framfæri foreldra sinna.

Hér vil ég sérstaklega nefna það mikla vandamál sem orðið hefur vart við í sambandi við menntaskólastarf og framhaldsskólastarf, en það felst í því að mikill fjöldi nemenda stundar nú vinnu með námi sínu, þótt náminu sé ætlað að vera full vinna. Ýmis þeirra stunda verulega vinnu og allt að því fulla vinnu með námi. Þetta getur ekki verið skynsamlegt. Vissulega er skynsamlegt að skólafólk hafi tækifæri til að afla tekna yfir sumartímann. Það er þó sannarlega ekki alltaf hægt að fá vinnu fyrir skólafólk einungis yfir sumartímann og það getur líka verið skynsamlegt að skólafólk geti aflað sér svolítilla tekna jafnvel á skólastarfstímanum, en slíkt yrði að heyra til undantekninga. Ég held að við eigum ekki að ganga út frá því að það sé gert og alls ekki að ganga út frá því að það sé nauðsynlegt.

Ef við viljum stuðla að því að nemendur hafi ekki þörf fyrir að ganga til slíkrar fjáröflunar á meðan þeir eiga að nota tíma sinn til að sinna námi eigum við að samþykkja lagabreytingu sem gengur út á það að persónuafsláttur unglingsins sé færanlegur á milli hans og foreldranna, þ.e. að foreldrarnir geti nýtt þann persónuafslátt þannig að það sé auðveldara um vik að kosta að öllu framfærslu unglingsins án þess að þar þurfi einn fjölskyldumeðlimurinn enn að afla tekna til framfærslu.

Við getum líka litið á þetta mál frá hinu sjónarmiðinu, hreinlega nýtingu skólans og nýtingu fræðslunnar. Það getur ekki verið skynsamlegt að starf sem unnið er til þess að miðla unglingum fræðslu, og það er viðurkennt nú á dögum að fátt sé ungu fólki jafnnauðsynlegt, það getur ekki verið skynsamlegt að við högum löggjöf okkar þannig að um leið séum við að knýja þetta sama fólk til þess að nota eitthvað af námstíma sínum til þess að afla sér lífsviðurværis. Einungis vegna þess að einhver hortittur í skattalögum veldur því að slíkt verður nauðsynlegt. Ég held að einföld aðgerð til þess að laga þetta atriði eða að minnsta kosti skref í þá átt, sé að heimila að persónuafsláttur ungs fólks verði, þegar hann nýtist því ekki sjálfu, færanlegur til foreldra. Og skipti þá ekki höfuðmáli í því sambandi hvort foreldrar eru einstæðir eða ekki. Það getur verið ærið erfiði að framfæra fjölskylduna hvort sem um er að ræða hjón eða einstætt foreldri þótt oftast nær sé það erfiðara hjá einstæðu foreldri. Allt of algengt er að unglingar nýti námstíma sinn til þess að stunda aðra vinnu, komi svo illa upplagðir í skólann og geti ekki hagnýtt sér sem skyldi þá fræðslu sem þar fer fram. Þess vegna held ég að þarna ættum við að láta eitt yfir alla ganga og heimila það einfaldlega að persónuafsláttur inn geti flust til foreldra. Þetta atriði var sem sé í frv. Maríu Ingvadóttur eins og hún flutti það á þinginu 1987–1988 en því miður náði það ekki fram að ganga.

Á síðasta þingi, 1988–1989, flutti Sólveig Pétursdóttir, varaþingmaður Sjálfstfl., frv. um það að persónuafsláttur yrði að fullu færanlegur á milli hjóna. Höfuðrökin fyrir því frv. voru fólgin í því að með því væri staða heimavinnandi fólks bætt. Það hefur oft verið á orði haft og það hefur ekki síður komið fram í

máli þingmanna Kvennalistans, a.m.k. á stundum, að þar sé hópur kvenna í þjóðfélaginu sem sérstaklega þurfi að líta til og rétta hlut þeirra gagnvart ýmsum öðrum. Þetta er ein leiðin til þess og getur gert það með einföldum hætti. Vissulega náðist þó að laga þetta hlutfall á milli hjóna, réttinum til þess að nýta óráðstafaðan persónuafslátt, allverulega, þegar skattalög ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hinnar fyrri voru sett. Það þarf e.t.v. að tiltaka það nánar þegar við tölum um hinar ýmsu ríkisstjórnir Steingríms Hermannssonar, en í þann tíð, þegar þetta ákvæði var sett um að persónuafsláttur inn væri nýtanlegur og færanlegur á milli hjóna um 80%, var Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra. Flm. og sjálfstæðismenn hafa viljað að þessi persónuafsláttur væri að fullu færanlegur á milli hjóna þannig að það skref sem var stigið í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar yrði stigið að fullu. Um það snerist frv. sem flutt var af Sólveigu Pétursdóttur og sjö öðrum sjálfstæðismönnum vorið 1989.

Ég leyfi mér að hvetja til þess að þessi frumvörp verði skoðuð samtímis því sem frv. kvennalistakvenna verður skoðað, ef því verður vísað til ríkisstjórnarinnar sem ég geri ráð fyrir að verði, og þess vegna er það að ég nefni þessi tvö frumvörp hér og vil hvetja til þess að þær hugmyndir sem þar koma fram fái ítarlega athugun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það virðist vera fastur liður þegar þetta mál er á dagskrá að ræðurnar hefjist á því að fara þess á leit að hæstv. umhverfisráðherra verði viðstaddur umræðuna og á því er engin breyting nú. Því fer ég þess á leit við hæstv. forseta að hann sjái til þess að hæstv. umhverfisráðherra verði kallaður í salinn. — Ég skil þögnina, hæstv. forseti, á þá leið að það sé verið að sækja hæstv. umhverfisráðherra. (**Forseti:** Já, það er rétt athugað hjá ræðumanni. Ég vænti þess að hans sé ekki langt að bíða.) (Gripið fram í.) Nei, vissulega er mjög gott og traustvekjandi að hafa hv. formann allshn. Nd. í salnum innan um allan skarann af flokksbræðrum hans sem sinna sínum þinglegu skyldum að hefðbundinni venju en við hann á ég ekkert vantalað að sinni þó það verði seinna í ræðu minni. Ég fagna því að hv. formaður sýnir málinu þann áhuga að vilja sitja hér undir umræðunni, enda ber honum að gera það, hygg ég. Eins og hv. formanni allshn. Nd. er ljóst hef ég eytt töluverðum tíma í að fara í umsagnir sem borist hafa nefndinni og hyggst halda áfram við þá iðju nokkra stund. Ég hef þegar getið þess að það eru aðeins valdar umsagnir sem ég hyggst fara yfir og það má kannski skilja það sem svo að hv. formaður nefndarinnar hafi ekki lesið þær og telji sér hentugt að sitja hér og hlusta á þær.

Í fyrri ræðum mínum, sem ég hef orðið að fresta nokkrum sinnum af mismunandi ástæðum sem ég ætla ekki að fjalla nánar um hér, hef ég, eins og ég áður sagði, farið lítillega yfir nokkrar umsagnir sem ég tel að þingheimi beri að vera kunnugt um. Þær eru að sjálfsögðu frá þeim aðilum sem málið varðar og eiga að starfa eftir þeim lögum sem hér er verið að fjalla um og ég tel að betri rök í máli sem þessu verði ekki hægt að flytja en frá þeim sem eftir þessum lögum eiga að starfa skv. frv. Einstakir aðilar og stofnanir eru sáttir við það, aðrar stofnanir eru ekki sáttar við það og það eru kannski þeirra umsagnir í meiri hluta sem farið er yfir. En eins og ég segi, þeirra rök eru best og það er alveg óþarfi að vera að umbylta orðalagi þeirra, heldur réttast að umsagnir þeirra fái að birtast í þingtíðindum. Menn geta þá farið yfir þær þar, enda tel ég að stjórnarliðar yfir höfuð hafi ekki kynnt sér þetta mál nægilega og séu því ekki í raun í stakk búnir til að taka afstöðu í málinu.

Ég var búinn að fara hér yfir erindi frá Freysteini Sigurðssyni, þar sem hann skilgreinir hvað er umhverfi, sem er að sjálfsögðu mjög þarft innlegg í slíka umræðu. Einnig fór ég yfir erindi Halldórs Þorgeirssonar hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þar sem hann skilgreinir hvernig á að fylgjast með umhverfinu. Ég var búinn að fara yfir ályktun búnaðarþings, þar sem m.a. kemur fram að þar sem grundvallarsjónarmiða hafi ekki verið gætt og mikill ágreiningur sé um málið í þjóðfélaginu þá leggi búnaðarþing eindregið til að málið verði athugað nánar og reynt að ná um það sátt. Ég hygg að á þetta hafi verið hlustað að einhverju leyti a.m.k. því að um það bárust fréttir í gegnum fjölmiðla að hér í þinginu ættu sér stað samningaumleitanir um þetta mál og að verið væri að ræða hvort ekki mætti fresta verulegum hluta þeirra tilfærslna sem frv. gerir ráð fyrir og að forsrh. væri með það mál á sinni könnu. Þannig er nú komin ákveðin viðurkenning á því að búnaðarþing fari með rétt mál. Og við stjórnarandstæðingar höfum reyndar bent á og margítrekað að um þetta mál sé alls engin sátt og miklar efasemdir og ágreiningur um allt land og allt þjóðfélag. Það eina skynsamlega í málinu og stöðunni í dag væri að afgreiða ekki frv. hér út öðruvísi en að setja í málið milliþinganefnd sem ynni málið betur og kæmi með það aftur inn í þing að hausti og þá vonandi í fullri samstöðu við þá aðila sem málið kemur til með að heyra undir. Það er sem sagt farið að vinna, eftir því sem fjölmiðlar segja og ég hygg að þeir fari rétt með, að því að ná einhverri lendingu í þessu máli og ég vona að svo megi fara. Hæstv. umhverfisráðherra getur nú væntanlega skýrt þingheimi nánar frá þessum hreyfingum sem nú eru í gangi og hvort einhver fótur sé fyrir því og væri fróðlegt að heyra á hvaða stigi málið er í dag. En ég vil ítreka að það væri hin eina skynsamlega lausn í þessu máli.

Ég var búinn að fara hér yfir umsögn Stéttarsam-

bands bænda þar sem Stéttarsambandið telur að landsbætur og gróðurvernd þurfi að verða mun ríkari þáttur í framkvæmd hinnar almennu landbúnaðarstefnu hér eftir sem hingað til og varar sterklega við öllum breytingum á skipan þessara mála sem spillt geti fyrir árangri í þeim efnum.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins sendi ítarlega umsögn sem ég var einnig búinn að fara yfir og mun ekki endurtaka. Sama má segja um Skógræktarfélag Íslands og Landgræðslu ríkisins. Ég var þar kominn í yfirreið minni um umsagnir sem bárust hv. allshn. Nd. að ég var að fara yfir umsögn frá landbrn. sem er afar athyglisverð. Hún er dags. 22. okt. og koma þar fram, vægast sagt, miklar efasemdir um ágæti þessa máls. En ég var staddur í miðri þeirri umsögn þegar ég varð að gera hlé á ræðu minni vegna þess að fundartíma var lokið.

Ég vil, áður en ég held áfram með umsögnina, ítreka það að ég taldi rétt í fyrri ræðu minni að hæstv. landbrh. yrði hér viðstaddur, í það minnsta þegar farið er yfir umsögn landbrn. sem kemur reyndar næst á eftir og er nýrri, frá 19. jan. Því eins og ég sagði koma fram miklar efasemdir og alvarlegar um þetta mál. Og ég tel nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri þingheimi grein fyrir því hvort það sé ekki rétt skilið að ráðuneytið túlki þar skoðun ráðherrans. Ég teldi annað í hæsta máta óeðlilegt, að ráðuneytið sem slíkt sé að senda frá sér umsagnir sem ganga þvert á skoðanir og stefnu sjálfs ráðherrans, þannig að þar til hæstv. ráðherra hefur svarað því, túlka ég, og tel mig hafa fulla heimild og rétt til þess, umsögn landbrn. sem skoðun landbrh. Sé það svo staðfestir það náttúrlega enn á ný þann gífurlega ágreining sem er um þetta mál innan ríkisstjórnarinnar, ágreining sem nær reyndar miklu víðar en inn í ríkisstjórnina því að ég veit með vissu að innan ýmissa þingflokka stjórnarflokkanna er enn mikill ágreiningur um þetta mál. Það er því aldeilis ekki séð fyrir endann á því og þó að ríkisstjórnin telji sig hafa meiri hluta á þingi er ekki útséð um það að þetta mál hafi þingmeirihluta að baki sér.

Í umsögn landbrn., svo að ég haldi áfram, ég veit að áhugasamir þingmenn fletta bara upp á fyrri ræðunnni og tengja þetta svo saman. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Pálmi Jónsson, ég mun íhuga það að verða við þeirri beiðni síðar í ræðu minni. Ég get ekki alveg lofað því núna en það má vel fara svo. En ég var kominn þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi yðar er ekki óskað umsagnar um annað en það sem snýr að landbrn. Allt að einu vekur það furðu hversu margar stofnanir nefndin vill setja undir forræði umhverfisráðuneytis. Gangi slíkt eftir stefndi í að umhverfisráðuneyti yrði bákn, þannig að mest færi af mannafla og fjármunum í að viðhalda því sjálfu. Af mörgum er árangursríkasta leiðin til virkra aðgerða í umhverfismálum innan stjórnsýslunnar talin sú, að starfrækja innan ráðuneyta sem fara með umhverfismál deildir eða starfssvið um þau viðfangsefni. Viðfangsefni slíkra starfssviða og úrlausnir mætti síðan sameina í umhverfisstofnun sem starfaði innan einhvers núverandi ráðuneyta eða í umhverfisráðuneyti, sem deilt er um að verði sett á laggirnar. Sérstakt umhverfissvið er starfrækt í landbrn. Á vegum þess var á þessu ári í samráði við ýmis samtök gert stórátak til hreinsunar í sveitum landsins. Unnið hefur verið að því að draga úr flakki vörslulauss búfjár þar sem tjón getur af hlotist eða hætta skapast. Auk þess hefur verið unnið að fjölda annarra verkefna. Umhverfisráðuneyti, sem annast eftirlit, fræðslu, aðhald og samræmingu gagnvart öllum þeim sem gætu með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi haft áhrif á umhverfi sitt, ætti eðli málsins samkvæmt að vera lítið ráðuneyti, mannað sérhæfðu starfsliði og ekki hafa með stjórn stofnana að gera umfram brýna nauðsyn. Enginn ætlar t.d. að sól skíni á annan veg á landið og nes þess með því að stjórna málum Veðurstofu Íslands úr stól umhverfisráðherra.

Helstu niðurstöður:

1. Árangur í starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins er meira háður góðum samskiptum við bændur og atvinnuvegi þeirra í heild en margir riddarar skrifborða þekkja.

2. Eftirlit og afskipti af hvers konar auðlindanýtingu í þágu atvinnuvega hljóta að eiga að vera samræmd.

3. Alþjóðleg stefnumótun í umhverfismálum staðfestir að Íslendingar hafa undanfarin ár staðið í grundvallaratriðum rétt að málum varðandi umhverfismál og auðlindanýtingu.

4. Ekkert hefur komið fram sem réttlætir breytta skipan þeirra mála en vitað er að breytingar samkvæmt hugmyndum nefndarinnar varðandi vistun málefna Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins mundu riðla mörgu og rústa margt sem áunnist hefur af því sem teljast verður í þágu umhverfismála og gróðurríkara Íslands."

Undir þetta skrifa Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Sigþórsson.

Ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég hyggst fara yfir síðustu umsögn sem barst frá landbrn. og vildi gjarnan að hæstv. landbrh. hlustaði á þann lestur til þess að geta sagt okkur hér seinna í umræðunni hvort hér sé verið að fara með hans skoðanir og stefnu í þessu máli. Í fyrri umsögn landbrn. er varað við því, sem við stjórnarandstæðingar höfum ítrekað varað við, að hér sé verið að koma af stað klofningi. Það er tekið undir það hins vegar að það eigi að samræma stjórnun umhverfismála og þau eigi heima í hinum ýmsu fagráðuneytum. Og einnig að hér eigi að vera lítið ráðuneyti með sérhæfðu starfsliði þannig að umsögnin er nánast eins og pöntuð fyrir stjórnarandstæðing.

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja aftur þann sama skilning í þögnina — að það sé verið að ná í hæstv. landbrh. Ég vissi til þess að hann var hér í húsinu fyrir nokkrum mínútum síðan. Í umsögn frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins segir m.a.:

„Sérstök ástæða er að árétta það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum stofnunarinnar að rannsóknir á nýtingu auðlinda eru snar þáttur í því að gera atvinnuvegunum kleift að fara með þær með vernd-

unarsjónarmið í huga. Rétt er að árétta, vegna ákvæðisins um gróðurrannsóknir væntanlegs umhverfisráðuneytis, að allar gróðurrannsóknir á RALA eru unnar út frá hagnýtu sjónarmiði og eru samtengdar t.d. samspili gróðurs, beitar og afurða." (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. landbrh. er ekki í húsinu. Óskar ræðumaður eftir því að reynt verði að ná til hans?) Nei, hæstv. forseti. Ég held að við skulum ekki vera að hlaupa á eftir hæstv. ráðherra. Ég skal koma *mínum* spurningum beint til hans og fara þess á leit að hann taki þátt í umræðunni á seinna stigi.

Í seinni umsögn landbrn. til nefndarinnar sem er dags. 19. jan. 1990 segir eftirfarandi um 129. mál:

„Í bréfi allshn. kemur fram að nefndin hafði undir höndum umsagnir sem nefnd þeirri bárust er starfaði á vegum forsrn. að samningu frv. um umhverfismál. Ráðuneytið vísar því til greinargerðar þess sem send var aðstoðarmanni forsrh." og síðan kemur upptalning á því. Seinna kemur: „Greinargerðirnar voru samdar og sendar aðstoðarmanni forsrh. sem svar við drögum að reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands frá 1969, en samkvæmt þeim drögum var m.a. gert ráð fyrir því að landgræðslu- og skógræktarmál og stofnanir þær sem með þau fara yrðu fluttar frá landbrn. til umhverfisráðuneytis. Stofnanirnar sem í hlut eiga, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, einkum þó Landgræðsla ríkisins, fara fyrir hönd landbrn. með stjórnsýslumál á sviði landnýtingar, gróðurrannsókna, gróðurverndar, beitarstjórnunar og annars sem varðar nýtingu jarðvegs og gróðurs í þágu íslensks landbúnaðar samtímis því að meginmarkmiðið er að efla gróðurríki landsins.

Ráðuneytið benti í greinargerð sinni á að tillaga nefndarinnar þýddi, ef samþykkt yrði, að landbúnaður væri að verulegu leyti sviptur forræði yfir þeirri auðlind sem atvinnuvegurinn grundvallast á, þ.e. frjómold landsins og gróðri. Bent var á ýmsa alvarlega annmarka sem það mundi hafa í för með sér og margvíslega röskun sem af henni mundi leiða, varðandi framkvæmd landbúnaðarstefnu og varðandi störf fjölda margra landbúnaðarstofnana og samstarf þeirra innbyrðis.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins eiga með ýmsum öðrum stofnunum landbúnaðarins, svo sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins, bændaskólunum á Hólum og Hvanneyri og Garðyrkjuskólanum á Reykjum, margþætt og vaxandi samstarf á sviði leiðbeininga, rannsókna og fræðslu sem hefur auðveldast mjög fyrir það að stofnanirnar starfa allar á vegum landbúnaðarins og lúta forræði sama ráðherra. Auk samstarfs sérfróðra manna hinna ýmsu stofnana fæst samnýting á tækjum og margvíslegri aðstöðu umfram það sem ella væri.

Margar fleiri efnisástæður voru tilgreindar sem rök gegn hugmyndum nefndarinnar, m.a. að öðrum ráðuneytum atvinnuvega væri ætlað að hafa forræði yfir þeim auðlindum sem þær byggðust á, sem án vafa er rétt stefna og hlýtur eðli málsins samkvæmt að gilda einnig um landbúnað. Nefndin hefur nú breytt fyrri *tillögum sínum og gerir ekki tillögur um að taka* Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins undir forræði umhverfisráðuneytis og fagnar ráðuneytið þeirri breytingu.

Allt að einu segir í frv., 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða, að umhverfisráðherra skuli í samráði við viðkomandi ráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum, m.a. lögum um Landgræðslu ríkisins nr. 17 1965, og um Skógrækt ríkisins nr. 3/1955. Ráðuneytið telur eðli málsins samkvæmt að umfjöllun um þau lög til breytinga eigi að lúta forræði landbrh. en í samráði við umhverfisráðuneyti og önnur ráðuneyti eftir því sem við á.

Í athugasemdum við einstakar greinar segir um 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða að við endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt skuli eftirtalin málefni verða á verksviði umhverfisráðuneytis:

1. Gróðureftirlit og gróðurrannsóknir.
2. Gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu án þess að búist verði við að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar.

Á verksviði landbrn. verði eftirtalin málefni:

1. Ræktun ógróins lands eða lítt gróins lands með það í huga að fá af þeim beinar nytjar, t.d. að rækta beitilönd og tún.
2. Breytingar á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og þannig renna fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga.

Ef eftir færi eins og fram er sett yrði umhverfisráðuneytið bæði með gróðureftirlit og framkvæmdir á sviði gróðurverndar og varna gegn gróðureyðingu og þar með orðið eftirlitsaðili gagnvart framkvæmdum á eigin vegum.

Landbrn. hefur frá upphafi umræðu um umhverfisráðuneyti kynnt það sjónarmið að gróðureftirlit jafnt og annað eftirlit sem varðar umhverfi manna væri eðlilegt viðfangsefni umhverfisráðuneytis. Ráðuneytið er hlynnt því að umhverfisráðuneytið taki að sér slíkt verkefni þó að stofnanir landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, verði eðli málsins samkvæmt jafnframt að fylgjast með ástandi gróðurs og sinna gróðureftirliti. Ráðuneytið telur að ávinningur geti fengist með gróðureftirliti á vegum umhverfisráðuneytis, þannig að það kynni að minnka þá tortryggni sem verið hefur í garð landbúnaðar um meðferð gróðurs og jarðvegs. Eftirlit annarra aðila og óháðra að þessu leyti gæti orðið atvinnuveginum til góðs og gróðurverndarmálum samtímis. Verkefnum umhverfisráðuneytis á sviði eftirlits gæti fylgt réttur til að krefjast úrbóta sem yrðu þá mótaðar af ráðuneytunum í sameiningu og framkvæmdar af stofnunum landbrn. *Greini umhverfisráðherra og landbrh. á um* slík mál virðist rétt að þeim væri skotið til forsrh. Ástæða er til að benda á að samræmi er ekki í tillögum nefndarinnar um nýtingu og meðferð auðlinda lands og sjávar. Umhverfisráðuneyti er ekki ætlað neitt eftirlitshlutverk með auðlindum sjávar eða nýtingu þeirra. Rök mæla með því að nýting auðlinda lands og sjávar fái hliðstæða meðferð af hálfu stjórnvalda.

Á vegum landbúnaðarins er öll áhersla lögð á *gróðurrannsóknir í þágu hagnýtra rannsókna, at-*

vinnutækifæri og arðsemi sem nýting jarðvegs og gróðurs skapar. Slíkar rannsóknir eru fyrst og fremst í þágu atvinnuvegarins og hljóta því að vera rétt vistaðar í stofnunum sem starfa í þágu landbúnaðar. Eftir sem áður hlytu gróðurrannsóknir, sem hluti af almennum náttúruvísindarannsóknum, að fara fram víða og þar á meðal í stofnunum tengdum umhverfisráðuneyti. Á sama hátt telur ráðuneytið að forræði gróðurverndar eigi að vera hjá því fagráðuneyti sem hefur með nýtingu gróðurs og jarðvegs að gera. Nauðsynlegt er við ýmsar ákvarðanir í þágu gróðurverndar að þeir sem slíkar ákvarðanir taka geti jafnframt metið afleiðingar ákvarðana, bæði að því er varðar atvinnurekstur einstakra bænda og afleiðingar gagnvart byggðarlögum sem aðgerðir kunna að beinast að. Gróðurverndaraðgerðir geta verið í ýmsu fólgnar og í flestum tilvikum byggjast þær á nýtingu tækja, mannafla og sérþekkingar sem Landgræðsla ríkisins hefur yfir að ráða og ætti að gera áframhaldandi.

Álitamál kunna að vakna, hvernig metið skuli fyrir aðgerðir hvort reikna megi með, eins og segir í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða, arði eða efnahagslegum nytjum af framkvæmdum. Mörg árangursríkustu verkefni Landgræðslu ríkisins á liðnum áratugum og fram á þennan dag hafa verið við að stöðva sandskrið og sandstorma sem ógnað hafa býlum og jafnvel byggðarlögum. Má nefna ýmis dæmi slíks, svo sem byggð við Öxarfjörð, Þorlákshöfn, Vík í Mýrdal, Skógey í Hornafirði, Meðalland í Vestur-Skaftafellssýslu, svo að nokkuð sé talið. Óyggjandi er að framkvæmdir þær, sem hér hafa verið taldar, hafi bæði skilað arði og efnahagslegum nytjum. Þannig mundu þær ekki teljast verkefni umhverfisráðuneytis samkvæmt texta bráðabirgðaákvæðis, en af textanum verður ekki ótvírætt ráðið að slíkt teljist verkefni Landgræðslu ríkisins á vegum landbrn. sem þó hlýtur að vera ætlunin.

Í bráðabirgðaákvæðinu eru verkefni landbúnaðarins talin ræktun ógróins eða lítt gróins lands sem breytt er í beitilönd eða tún. Slík verkefni hafa verið framkvæmd samkvæmt jarðræktarlögum til þessa og er þess að vænta að þau verði unnin áfram samkvæmt þeim lögum að svo miklu leyti sem þörf kann á að vera miðað við núverandi aðstæður. Landgræðsla ríkisins hefur lítið sem ekki neitt komið að slíkum verkefnum.

Samkvæmt 2. tölul. bráðabirgðaákvæðisins eru nær öll viðfangsefni Skógræktar ríkisins sem landbúnaðarstofnunar frá henni tekin. Umhverfisráðuneyti er ætlað að fara með verndun, friðun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar en Skógrækt ríkisins hjá landbrn. málefni um ræktun nytjaskóga í atvinnuskyni. Skógrækt ríkisins er víða um landið með aðalstarfsemi sína í náttúrulegum birkiskógum sem í langflestum tilfellum hafa verið friðaðir. Á þessum svæðum fer fram meginstarfsemi Skógræktar ríkisins við ræktun og uppeldi á þeim trjáplöntum sem síðar verða notaðar í skóglendi á Íslandi, bæði til ræktunar útivistarskóga og til nytjaskóga. Stofnunin hlýtur að verða að hafa fullt forræði þeirra landsvæða þar sem hún er með sína starfsemi, bæði við uppeldi plantna og síðar við gróðursetningu á þeim, sem í auknum mæli er stefnt að á þann hátt að samtímis ræktun nytjaskóga og nánast á sömu svæðum verði jafnframt gróðursettar tráplöntur sem vísir að fjölnytjaskógum og útivistarskógum. Landbrn. leggur því eindregið til að þó umhverfisráðuneytið fari með eftirlit gagnvart náttúrulegu skóglendi taki það ekki til landsvæða Skógræktar ríkisins né svæða sem tekin hafa verið undir skógrækt samkvæmt samþykktum nytjaskógaáætlunum.

Erfitt kann að vera að skilgreina í samræmi við tilvitnað ákvæði til bráðabirgða hvenær ræktun verður til þess að bæta gróðurfar í atvinnuskyni og hvenær eingöngu í þágu umhverfismála. Ljóst má vera að með öllum gróðri fæst breyting til hins betra sem leiðir jafnframt af sér meiri hagrænan ávinning á margvíslegan hátt. Slíkt kann að skila auknum arði á gripum sem fóðrast á gróðri, skila meiri uppskeru vegna betri jarðvegs og meira skjóls sem bætt gróðurfar skapar, laða ferðamenn að nýjum svæðum og fleira má til telja. Benda má á að í Noregi eru öll málefni skógræktar hjá landbrn., jafnt ræktun nytjaskóga sem útivistar- og fjölnytjaskóga. Ráðuneytið og skógræktaryfirvöld leggja jafnframt áherslu á góða samvinnu við umhverfisráðuneyti Noregs um þessi mál, einkum um útivistarskóga. Ráðuneytið telur að skipting verkefna milli umhverfis- og landbrn., sem Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins hafa sinnt sem framkvæmdastofnanir, verði ekki til þess að skila auknu og bættu starfi í þágu gróðurverndar og gróðurbóta en mundi ótvírætt valda auknum kostnaði."

Þannig hljóðar uppistaðan í umsögn landbrn. Eins og ég sagði áðan hefði ég hug á að heyra skoðun hæstv. landbrh. á hvort hér sé verið að túlka hans skoðun, sem ég held að hljóti að vera. En ef svo er ekki óska ég eftir því að hæstv. landbrh. geri grein fyrir sínum skoðunum og þá einnig hvort ekki sé hægt að treysta því að það séu skoðanir ráðherrans þegar ráðuneytið gefur umsagnir um tiltekið mál. Meðan annað kemur ekki í ljós hlýtur þessi umsögn að túlka skoðanir og stefnu ráðherrans í málinu.

Hæstv. forseti. Ég hef einnig undir höndum umsögn frá yfirdýralækni, dags. 11. jan. 1990, þar sem segir eftirfarandi:

„Mér hefur borist bréf yðar, dags. 19. des. sl., þar sem óskað er umsagnar minnar um breytingar á ýmsum lögum vegna frumvarps til laga um umhverfisráðuneyti." Síðan vísar yfirdýralæknir í önnur bréfaskrif en segir síðar: „Ég vil enn á ný benda á að einn málaflokkur sem verið er að færa frá menntmrn. til hins fyrirhugaða umhverfisráðuneytis eigi frekar heima í landbrn. en það eru lög um dýravernd. Í nágrannalöndum okkar fer landbrn. með þessi málefni nema í Danmörku, þar er það dómsmrn. Stærsti hluti dýraverndunar snertir búfé, aðbúnað þeirra, flutning o.s.frv. Má í þessu sambandi benda á að

Ísland er meðlimur í nefnd um dýravernd á vegum Evrópuráðsins og er yfirdýralæknir fulltrúi Íslands á þeim vettvangi. Nú er verið að vinna að reglum um eldi og aðbúnað hænsnfugla og svína í landbrn. og þar er að finna fjölmarga þætti sem skiljanlega snerta dýravernd. Alls staðar eru dýralæknar ráðgefandi um dýravernd. Því teldi ég það vera dýraverndunarmálum styrkur hér á landi ef þessi málaflokkur yrði færður til landbrn. eins og er í nágrannalöndum okkar og hefur reynst vel. Með því sköpuðust betri tengsl milli dýra- og búfjáreigenda annars vegar og héraðsdýralækna hins vegar en þeim ber skylda til að fara með þetta eftirlit."

Undir þetta ritar Brynjólfur Sandholt, yfirdýralæknir. Það er enginn vafi á ferðinni um það hver skoðun yfirdýralæknis er. Hann bendir jafnframt á það að í nágrannalöndum okkar er þessi málaflokkur undir landbrn. nema í einu landi þar sem hann er undir dómsmrn. Þannig að ekki fær frv. neinn stuðning frá nágrannalöndunum í þessum málaflokki.

Dýralæknafélag Íslands sendi inn umsögn þar sem segir m.a.:

„Dýralæknafélag Íslands telur það varhugaverða stefnu að samþykkja lög um umhverfisráðuneyti þar sem ekki er sett fram umhverfismálastefna, ekki markaðar leiðir til að ná fram slíkri stefnu og ekki ákveðið hvernig að framkvæmd og eftirliti umhverfismála skuli staðið. Þá skal lögð rík áhersla á tengsl mengunar í umhverfi og matvælaframleiðslu og að tilgangur umhverfisverndar verði að lúta að fyrirbyggjandi aðgerðum í heilsuvernd. Dýralæknafélag Íslands telur að stofna skuli heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti. Verkefni mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits eru nátengd og óskynsamlegt að þau verði aðskilin. Þess vegna telur félagið að ekki skuli skilja að Hollustuvernd ríkisins með því að færa mengunarvarnasvið hennar yfir í umhverfisráðuneyti. Matvælaeftirliti ber að vera í heilbrrn. en ekki í umhverfisráðuneyti. Með stofnun heilbrigðis- og umhverfisráðuneytis fara saman nátengdir málaflokkar sem fjalla um sama markmið, að bæta heilsuvernd og umhverfi. Samræmd yfirstjórn þessara málaflokka er sérlega mikilvæg.

Að lokum vill Dýralæknafélag Íslands benda á þann verulega ókost er upp kemur við fyrirhugaða stofnun umhverfisráðuneytis en hann er sá, að eftir sitja breytingar á lögum og reglugerðum á verksviði umhverfisráðuneytis sem leiðir af sér glundroða og tómarúm. Góður undirbúningur er nauðsynlegur og afar mikilvægur."

Undir þetta ritar Konráð Konráðsson, formaður félagsdeildar dýralækna í heilbrigðiseftirliti.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þessi umsögn er með harðari dómum yfir því frv. sem við erum hér að ræða þar eð m.a. er sagt að í því felist engin umhverfismálastefna, að ekki hafi verið markaðar neinar leiðir til að ná fram slíkri stefnu og ekki ákveðið hvernig að framkvæmd og eftirliti umhverfismála skuli staðið. Ég held að það sé varla hægt að taka dýpra í árinni en hér er gert. Formaður félagsdeildar dýralækna í heilbrigðiseftirliti lýkur sinni umsögn á því að segja að góður undirbúningur sé nauðsynlegur og afar mikilvægur. Og þá kemur kannski aftur að því sem ég ræddi örlítið fyrst í ræðu minni, að nú virðast stjórnarherrarnir vera að ranka við sér og sjá að það þurfi að vinna þetta mál betur og uppi eru hugmyndir um að fresta meiri hlutanum af þeim tilflutningi sem við erum að ræða hér í þessu frv. til haustþings og reyna að vinna það betur í sumar þannig að sú hugmynd fær stuðning víða að.

Eitt af því sem hefur verið mikið ágreiningsmál er flutningur eiturefnanefndar yfir í umhverfisráðuneyti, Geislavarna og náttúrlega Hollustuverndar. Það hefur margsinnis komið fram að þessi málaflokkur og hans starf eru 80–90% undir heilbrrn. og engin skynsamleg rök fyrir því að færa það yfir í umhverfisráðuneyti. En það virðist vera þannig að það er blásið á skynsamleg rök. Nægir að nefna til að mynda flutning á Veðurstofunni yfir í umhverfisráðuneyti, þar sem ekki er hægt að færa ein einustu rök fyrir því að sú stofnun fari undir umhverfisráðuneyti. En það er eins og í öðrum málum að stjórnarliðar og ríkisstjórnin tekur engum sönsum, hún tekur engum rökum. Hún keyrir yfir allt og alla, ein sína stefnu hvað sem það kostar og hvaða þjáningar sem það þýðir fyrir þjóðina. Enda erum við hér að ræða ráðuneyti sem því miður er nú búið að stofna, en hér er verið að ræða verkefni þess. Við erum að ræða ráðuneyti sem á sennilega eftir að verða eitt dýrasta ráðuneyti þjóðarinnar. Það á eftir að verða að miklu bákni áður en við náum að átta okkur á því. En á slíkar viðvaranir er að sjálfsögðu ekkert hlustað frekar en fyrri daginn. Þess vegna erum við, eins og ég hef margoft sagt, að ræða hér eitthvert dýrasta þskj. í sögunni. Og það er náttúrlega hlálegt að Borgaraflokkurinn skuli standa að slíku sem þykist vera að berjast með hag almennings í landinu fyrir brjósti en ætlar að verða þess valdandi að hér verður slíkt bákn sett á að skattar verða væntanlega að hækka verulega bara til að standa undir þeim hégóma sem hér er verið að ræða um. En það er þeirra mál.

Hæstv. forseti. Eiturefnanefnd sendi frá sér umsögn þann 18. jan. þar sem segir m.a.: „Eiturefnanefnd ítrekar þá skoðun sína að með breytingu á yfirstjórn á framkvæmd laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sé verið að færa málaflokka undir umhverfisráðuneyti sem eru í raun heilbrigðismál. Eiturefnanefnd tekur ekki afstöðu til þess hvort sérstakt umhverfisráðuneyti skuli stofna í því skyni að samræma umhverfismál. Hins vegar mælir eiturefnanefnd eindregið með því að hafinn verði undirbúningur að gerð frv. um umhverfisvernd."

Um frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála ætla ég að leyfa mér að lesa umsögn eiturefnanefndar, enda er hún stutt: „Eiturefnanefnd vísar til fyrri umsagna, þar sem fram kemur að nefndin lýsir sig eindregið fylgjandi því að umhverfismál verði samræmd undir einu ráðuneyti en tekur ekki afstöðu

til þess hvor leiðin verði valin, þ.e. stofnun sérstakrar stjórnarnefndar umhverfismála og umhverfismálaskrifstofu innan samgöngu- og umhverfisráðuneytisins eða stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis."

Í annarri umsögn frá eiturefnanefnd segir m.a.: „Samkvæmt lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, er yfirstjórn mála er varða eiturefni og hættuleg efni í höndum heilbr.- og trmrh. Hlutverk eiturefnanefndar er að vera heilbr.- og trmrn. til ráðgjafar um framkvæmd ofangreindra laga. Eiturefnanefnd bendir á að einungis hluti af þeim verkefnum sem nefndin fæst við fellur undir svið mengunarvarna. Stór hluti þeirra er hins vegar tengdur málaflokkum er heyra eðlilega undir heilbr.- og trmrn.

Í frv. til laga um umhverfismál er væntanlegu umhverfisráðuneyti falin framkvæmd laga nr. 52 1988 í heild sinni. Eiturefnanefnd fær ekki skilið forsendur þess að lög sem fjalla aðeins að litlu leyti um mengun á landi, í lofti, í ferskvatni og sjó verði felld undir umrætt ráðuneyti. Hættan af völdum þeirra efna er lögin fjalla um beinist fremur gegn þeim er meðhöndla efnin og neytendum er neyta afurða þar sem efnin eru notuð við framleiðsluna. Eiturefnanefnd telur margt mæla með því að umhverfismál verði samræmd og þá gjarnan í einu ráðuneyti. Nefndin tekur hins vegar enga afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að stofna sérstakt ráðuneyti til að ná því markmiði."

Ég held ég láti þetta nægja frá eiturefnanefnd, hæstv. forseti, þó að þeir hafi sýnt þessu máli mikinn áhuga og sent inn fleiri umsagnir. Þær hníga flestar í þá veru sem ég hef þegar farið yfir.

Geislavarnir ríkisins sendu inn umsögn þann 23. okt. þar sem segir m.a.: „Samkvæmt drögum að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, er gert ráð fyrir að starfsemi Geislavarna ríkisins flytjist frá heilbr.- og trmrn. til fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis. Um stofnunina og starfssvið hennar er ekki fjallað í greinargerð, nema hvað hennar er getið í upptalningu undir liðnum „Mengunarvarnir". Vegna þessa skal sérstaklega á það bent að mengunarvarnir eru mjög lítill þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Langstærsti hluti verkefna stofnunarinnar er á sviði heilbrigðismála.

Í lögum um geislavarnir, nr. 117/1985, er hvorki fjallað um förgun geislavirkra efna né geislavirk efni í umhverfinu, heldur er það gert í reglugerð nr. 356 1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Í nýjum lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, er fjallað um förgun slíkra efna, sbr. einnig nýja reglugerð um mengunarvarnir. Því er með einfaldri reglugerðarbreytingu hægt að breyta yfirstjórn þessara þátta í starfsemi stofnunarinnar ef ástæða þykir til.

Það er sameiginleg niðurstaða stjórnar og forstöðumanns Geislavarna ríkisins að ekki eigi að flytja starfsemi stofnunarinnar frá því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn heilbrigðismála undir annað ráðuneyti þar sem langstærsti hluti verkefna stofnunarinnar sé á sviði heilbrigðismála í tengslum við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og aðrar heilbrigðisstofnanir.

Núverandi fyrirkomulag geislavarna hér á landi er í samræmi við fyrirkomulag geislavarna annars staðar á Norðurlöndum. Sérstaklega skal á það bent að yfirstjórn geislavarnastofnana Danmerkur og Noregs er í höndum heilbrigðisráðuneyta landanna þrátt fyrir að í báðum löndunum séu starfandi umfangsmikil umhverfisráðuneyti.

Í meðfylgjandi greinargerð er fjallað um helstu þættina í starfsemi stofnunarinnar, svo og fyrirkomulag geislavarna annars staðar á Norðurlöndum. Með bréfi þessu fylgja einnig lög nr. 117/1985, um geislavarnir, og reglugerð nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun."

Undir þetta rita Magnús Magnússon, prófessor og stjórnarformaður, og Sigurður M. Magnússon forstöðumaður. Þetta er umsögn sem Geislavarnir sendu inn 23. okt. og með henni var greinargerð með frekari skilgreiningu á starfsemi Geislavarna. Það er kannski rétt að líta aðeins yfir þá punkta sem fram koma í þeirri greinargerð, enda eru þeir ekki nema níu og tekur ekki langan tíma að renna yfir þá. Þeir segja í fyrsta lagi:

„Samkvæmt lögum nr. 117/1985, um geislavarnir, er hlutverk Geislavarna ríkisins að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna notkunar jónandi geislunar, í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif hennar."

Í öðru lagi segja þeir: „Notkun jónandi geislunar hér á landi er fyrst og fremst í heilbrigðiskerfinu og þá einkum notkun röntgentækja. Veigamestu þættirnir í starfsemi stofnunarinnar eru því reglubundið eftirlit vegna um 400 röntgentækja sem í notkun eru hér á landi, svo og eftirlit með geislaskömmtum um 600 starfsmanna, einkum á röntgendeildum."

Ef ég reyni að sigta úr þessu, hæstv. forseti, svo að ég eyði ekki of miklum tíma, eru í þriðja lið útskýring á starfsemi Geislavarna og röksemdir fyrir og reynt að sýna fram á að þær eigi að vera innan heilbrigðiskerfisins. Í þriðja lagi segir: „Stofnunin annast reglubundið eftirlit vegna notkunar röntgentækja í landinu. Eftirlitið lýtur að öllum þeim þáttum, er hafa áhrif á þá geislun sem sjúklingar verða fyrir við læknisfræðilegar rannsóknir, svo og starfsmenn við störf sín. Markmið eftirlitsins er að tryggja að sú geislun sem þessir aðilar verða fyrir sé sem minnst, samhliða því að læknisfræðilegt gildi rannsóknanna verði sem mest. Veigamikill þáttur eftirlitsins eru leiðbeiningar og fræðsla fyrir starfsfólk um notkun röntgentækja og geislavarnir. Á grundvelli eftirlitsins eru síðan gerðar kröfur um nauðsynlegar úrbætur. Í samstarfi við heilbrrn. og landlækni er því síðan fylgt eftir að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar. Tengslin við heilbrrn. og landlækni eru því mjög mikilvæg.

Nú um áramótin tekur heilbrrn. við rekstri heilsugæslustöðva af sveitarfélögum og því enn meiri ástæða en áður að mikil og náin tengsl séu á milli ráðuneytisins, landlæknis og stofnunarinnar."

Í fjórða lagi benda þeir á að eftirlit stofnunarinnar með rúmlega 600 starfsmönnum er einkum á röntgendeildum, sem fer fram með þeim hætti að starfsmennirnir bera mælifilmur frá stofnuninni tvo mánuði í senn. Þær eru síðan framkallaðar hjá Geislavörnum ríkisins og geislun á þær metin.

Ég hleyp yfir fimmta punktinn en tek þann sjötta. Þar segir: „Sá þáttur starfseminnar, er skarast við umhverfismál, lýtur einkum að förgun geislavirkra efna og rannsóknum á geislavirkni í matvælum og umhverfi. Vægi þessara þátta í starfsemi stofnunarinnar er samtals um 20% og að langmestum hluta vegna rannsókna á geislavirkum efnum í matvælum, þ.e. hvernig geislavirk efni berast í fæðukeðjuna og flytjast þar til. Markmið rannsóknanna er að afla grundvallarupplýsinga er gera kleift að setja upp reiknilíkön, sem síðan eru notuð á margvíslegan hátt, t.d. til að meta þennan þátt í heildargeislaálagi þjóðarinnar. Hér er bæði um að ræða rannsóknir á náttúrulegum, geislavirkum efnum og efnum sem borist hafa í umhverfið af mannavöldum. Þessar rannsóknir í geislavistfræði eru styrktar af Vísindasjóði." Og síðan er fjallað meira um þennan punkt sem ég hirði ekki um að gera hér.

Í sjöunda lið greinargerðarinnar segir: „Heildargeislaálag þjóðarinnar er samansett úr nokkrum þáttum, svo sem notkun jónandi geislunar til sjúkdómsgreininga, geislun frá jörð og himingeimnum, svo og geislun frá náttúrlegum geislavirkum efnum í beinum líkamans. Sá þáttur sem þyngst vegur, eða um 50%, er notkun röntgentækja til sjúkdómsgreininga. Á þennan þátt er fyrst og fremst hægt að hafa áhrif til lækkunar með öflugu starfi á sviði geislavarna. Einmitt þess vegna vegur hann þyngst í starfsemi stofnunarinnar. Því er sérstök þörf á nánum tengslum við heilbrigðiskerfið í landinu."

Í áttunda lagi: „Veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar lýtur að leiðbeiningum og fræðslu heilbrigðisstétta. Starfsmenn stofnunarinnar taka þátt í kennslu um starfsemi stofnunarinnar við raunvísindadeild, læknadeild, námsbraut í hjúkrunarfræðum, röntgentækni og meinatækni."

Níundi og síðasti punkturinn sem Geislavarnir tiltaka hljóðar þannig: „Annars staðar á Norðurlöndum er stjórnskipulegt fyrirkomulag geislavarna sem hér segir: „Danmörk: Statens Institut for Strålehygiejne. Heyrir undir Sundhedsministeriet/Sundhedsstyrelsen. Finnland: Strålsäkerhetscentralen. Heyrir undir Social- och hälsevårdsministeriet. Noregur: Statens Institutt for Strålehygiene. Heyrir undir Sosialdepartementet/Helsedirektoratet. Svíþjóð: Statens Strålskyddsinstitut. Heyrir undir Energi- och miljöministeriet."

Geislavarnir ljúka sinni greinargerð með þessum orðum: „Verksvið þessara stofnana eru hliðstæð verksviði Geislavarna ríkisins, nema hvað Strålsäkerhetscentralen í Finnlandi annast einnig eftirlit með kjarnorkuverum. Í Danmörku og Noregi eru sérstakar stofnanir sem annast eftirlit með kjarnaofnum, sem starfræktir eru á rannsóknastofnunum, og í Svíþjóð er það sérstök stofnun, Statens Kärnkraftinspektion, sem hefur með höndum eftirlit með kjarnorkuverum. Starfsemi Geislavarna ríkisins og aðstæður hér á landi eru líkastar aðstæðum í Noregi og Danmörku."

Hæstv. forseti. Það þarf ekki frekari rök en þessir aðilar leiða sjálfir fram og þau þarfnast ekki frekari skýringar. Enda er það ein af ástæðunum fyrir því að ég tel nauðsynlegt að fara hér yfir umsagnir að þær koma náttúrlega með bestu rökin í málinu. Auðvitað væri hægt að tína þær til og vinna út úr þeim annað orðalag en það er best að koma til dyra eins og maður er klæddur. Geislavarnir sendu síðan frá sér 15. jan. enn eina umsögn og ég ætla ekki að fara yfir hana alla en rétt að grípa inn í hana miðja. Þar segir:

„Í fyrrgreindri umsögn stjórnar stofnunarinnar kemur sú skoðun skýrt fram að ekki sé rétt að flytja yfirstjórn stofnunarinnar þar sem langstærsti hluti verkefna hennar sé sviði heilbrigðismála. Jafnframt var á það bent að yfirstjórn geislavarnastofnana Danmerkur og Noregs eru í höndum heilbrigðisráðuneyta landanna þrátt fyrir að þar séu starfrækt umsvifamikil umhverfisráðuneyti. Þar sem nefnd forsrh. tók ekkert tillit til sjónarmiða stjórnar stofnunarinnar skulu þau sérstaklega áréttuð en að öðru leyti er vísað til fyrrgreindra umsagna.

Geislavarnir ríkisins leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að leitað verði víðtækrar samstöðu um stjórnskipulegt fyrirkomulag umhverfismála svo að fullt samráð verði haft við þá aðila er málið skiptir mest." Svo mörg voru þau orð. Nei og þó, það er heldur meira hér. „Stofnun umhverfisráðuneytis er nátengd endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og breyttri verkaskiptingu ráðuneyta. Ákvörðun um stofnun þess eitt sér eða með öðru ráðuneyti ætti því fyrst að taka þegar þau mál eru til lykta leidd." Og undir þetta má vel taka.

„Að lokum vill stofnunin taka undir þau sjónarmið er liggja til grundvallar frv. til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála," — sem er 4. mál þessa þings, frv. sjálfstæðismanna um stjórnun umhverfismála.

Röntgendeild Landspítalans leyfði sér að senda inn umsögn þann 17. jan. þar sem segir m.a.: „Í fréttum hefur undanfarið verið getið um stofnun umhverfisráðuneytis og að lagafrv. þess efnis sé annaðhvort þegar fram lagt eða alveg í burðarliðnum. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins verði í heild felldar undir hið nýja ráðuneyti. Af því tilefni leyfum við undirritaðir okkur að koma því á framfæri við allshn. Alþingis að við teljum slíka ráðstöfun mjög misráðna. Leyfum við okkur því að beina því til nefndarinnar að áhrifum hennar verði beitt til þess að Geislavarnir ríkisins tengist heilbrrn. og landlæknisembætti svo sem verið hefur.

Röksemdir fyrir þessari ósk eru fyrst og fremst þær að langstærsta og veigamesta verkefni stofunarinnar er á sviði heilbrigðismála og tengist geislagreiningu og meðferð á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Raunar má segja að tilvera stofnunar

eins og Geislavarna á að öllu leyti rök í þeirri staðreynd að óheft og eftirlitslaus notkun jónandi geislunar er heilbrigðisvandamál, þar eð aukaverkanir jónandi geislunar eru allar líffræðilegs eðlis og til skemmda á líkamsvefjum þeirra er fyrir verða. Rétt er að benda á að samkvæmt samþykktum ICRP, Alþjóðageislavarnanefndarinnar, svo og reglugerðum og starfsháttum nágrannalanda okkar, eru þau sjónarmið ríkjandi að geislavarnastarfsemi sé í eðli sínu tengd heilbrigðismálum og heilsugæslu. Geislavörnum í Svíþjóð hefur að vísu verið markaður bás með orkumálum og tengist hugmyndum um vaxandi kjarnorkuframleiðslu, en raunverulegt starfssvið liggur þar sem annars staðar í heilbrigðisþjónustunni.

Við undirritaðir skorum því á hv. allshn. Alþingis að Geislavarnir ríkisins megi áfram halda eðlilegum sessi sínum í tengslum við ráðuneyti heilbrigðismála."

Undir þetta rita Ásmundur Brekkan, prófessor í geislalæknisfræði, forstöðumaður röntgendeildar Landspítalans, Örn Smári Arnarson yfirlæknir, röntgengeild Borgarspítala, og Þorkell Bjarnason yfirlæknir, röntgendeild Landakotsspítala. Það er ekki enn búið hvað geislavarnir varðar því að Röntgentæknafélag Íslands sendi einnig inn umsagnir, til að mynda eftirfarandi umsögn dags. 27. okt. 1989 þar sem segir:

„Aðalfundur Röntgentæknafélags Íslands, haldinn 24. október 1989, mótmælir þeim áformum að flytja Geislavarnir ríkisins frá heilbrrn. til væntanlegs umhverfismálaráðuneytis. Starfsemi Geislavarna ríkisins er fyrst og fremst á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum, einkum vegna notkunar röntgentækja og geislavirkra efna. Því er sjálfsagt að Geislavarnir ríkisins heyri áfram undir heilbrrn. enda er það í samræmi við fyrirkomulag geislavarna annars staðar á Norðurlöndum. Röntgentæknafélag Íslands skorar á heilbrrh. Guðmund Bjarnason, að hann beiti sér fyrir því að hætt verði við flutning Geislavarna ríkisins yfir í umhverfismálaráðuneytið."

Og undir þetta ritar Guðrún Friðriksdóttir, formaður félagsins.

Röntgentæknafélagið sendi síðan inn aðra umsögn þann 6. febr. og ég hirði ekki um að lesa hana, en þar kemur í raun og veru það sama fram, að því er mótmælt að Geislavarnir ríkisins verði fluttar frá heilbrrn. yfir í umhverfisráðuneytið. En Röntgentæknafélagið var með beina áskorun á heilbrrh. í sinni umsögn. Ekki ætla ég að biðja um að hæstv. heilbrrh. verði kallaður í salinn nú, en ég tel nauðsynlegt að heilbrrh. geri grein fyrir sínum skoðunum og hvernig hann hyggst bregðast við þeim áskorunum sem hann hefur fengið í þessu máli.

Þá er kannski komið að þeim umsögnum, sem eru fjölmargar, um þann þátt sem mikið hefur verið deilt um, en það er Hollustuvernd ríkisins. Þar eru skoðanir ekkert ýkja skiptar. Þær eru flestar á þá leið að það eigi ekki að færa Hollustuvernd ríkisins undir umhverfisráðuneyti. Þó eru einstaka hjáróma raddir sem eru reiðubúnar að kljúfa Hollustuverndina en á þessar raddir er að sjálfsögðu ekkert hlustað frekar en annað.

Hollustuvernd ríkisins sendir inn umsögn þann 1. jan. þar sem þeir eru beðnir um umsögn um þrjú frumvörp. Það eru 128. mál og 129. mál þessarar deildar og 4. mál sem er frv. þeirra sjálfstæðismanna um yfirstjórn umhverfismála. Um það mál mun ég hins vegar ekkert fjalla enda er það að sjálfsögðu dottið upp fyrir þar sem þegar er búið að stofna þetta ráðuneyti. En um 128. og 129. mál segir m.a. í umsögn Hollustuverndar ríkisins:

„Þessi tvö lagafrumvörp gera ráð fyrir stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis ásamt tilheyrandi tilfærslu á yfirstjórn ýmissa málaflokka, embætta og stofnana. Með frumvörpunum fylgja auk þess athugasemdir til skýringar. Menn virðast almennt sammála um það að yfirstjórn umhverfismála verði sameinuð í einu ráðuneyti en greinir nokkuð á um leiðir að því marki. Auk þess er hugtakið umhverfismál ekki alltaf vel skilgreint.

Ýmsir möguleikar hafa verið ræddir, m.a.: 1. Stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis, 2. Stofnun umhverfismálaskrifstofu innan samgönguráðuneytis og 3. Stofnun heilbrigðis- og umhverfisráðuneytis. Framtíð og örlög Hollustuverndar ríkisins eru mjög samtvinnuð þessum möguleikum og þeim útfærslum sem ræddar eru samhliða þeim. Vissulega segir nafnið sjálft á ráðuneytinu ekki alla söguna. Það ræðst af verkefnavali hvers konar ráðuneyti verður um að ræða. Af sjónarhóli eiturefnasviðs Hollustuverndar ríkisins er málum ágætlega fyrir komið í heilbrrn. eins og málum er háttað, þar sem meginverkefnin eru nú á sviði heilbrigðismála auk þess sem engar aðrar stofnanir undir öðrum ráðuneytum gera tilkall til sömu mála þannig að af hljótist ruglingur eða ósamræmi. Þó má búast við því að umhverfisþátturinn fari vaxandi á næstu árum. Má þar sem dæmi nefna umhverfismerkingar á efnavörum og fræðslu um rétta notkun og umgengni við eiturefni og hættuleg efni. Það er svipuð þróun og orðið hefur í nágrannalöndum okkar þó þeir séu reyndar komnir mun lengra á þeirri braut enda er tilsvarandi starfsemi á Norðurlöndum innan stofnana sem heyra allar undir umhverfisráðuneyti (Miljöstyrelsen í Danmörku, Statens forureningstilsyn í Noregi og Kemikalieinspektionen í Svíþjóð, sem heyrir reyndar undir umhverfis- og iðnaðarráðuneyti).

Í þessu ljósi m.a. tel ég stofnun heilbrigðis- og umhverfisráðuneytis vel henta í framtíðinni yfir þá starfsemi sem fram fer innan eiturefnasviðs Hollustuverndar. Þó má ekki missa sjónar af meginmarkmiði lagafrv. sem þýðir að slíkt ráðuneyti yrði, auk heilbrigðismála, að hafa yfirstjórn á öllum umhverfismálum, þar með talið skipulagsmálum og náttúruvernd. Starf eiturefnanefndar fléttast líka inn í þessa umræðu og þarf m.a. að skoða í samhengi við starfssvið Hollustuverndar.

Stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis er eflaust ágæt lausn til að samræma yfirstjórn umhverfismála

en það verður að gæta þess að kostnaður verði ekki óhóflegur og skapi ekki fleiri vandamál en leyst eru. Sú hugmynd er uppi að Hollustuvernd í heild sinni og mengunardeild Siglingamálastofnunar ásamt fleiri aðilum heyri undir slíkt sjálfstætt ráðuneyti. Sá möguleiki hefur verið ræddur að þar sem gert sé ráð fyrir að heilbrrn. verði áfram starfandi þó stofnað sé umhverfisráðuneyti mætti hafa svipaðan hátt á hvað varðar Hollustuvernd, þ.e. að fyrst í stað heyri t.d. einungis mengunardeild stofnunarinnar undir umhverfisráðuneyti, en önnur starfsemi undir heilbrrn. Ég er efins um að slíkt fyrirkomulag gangi upp en tel þó nauðsynlegt að fá úr því skorið með því að prófa þá lausn. Eiturefnaeftirlitið gæfi eflaust líka þrifist undir slíku sjálfstæðu umhverfisráðuneyti, sbr. reynslu nágrannaþjóðanna. Þó óttast ég nokkuð m.a. í ljósi upptalningar á viðfangsefnum ráðuneytisins í athugasemdum með frv. að eiturefnasvið fengi ekki nægja athygli eða fjárveitingar.

Einn möguleiki enn er óræddur og kannski ekki eins fjarlægur og ætla mætti. Það er hreinlega að kljúfa þessar stofnanir og eflaust fleiri, samhliða stofnun umhverfisráðuneytis, því það getur aldrei verið markmið í sjálfu sér að halda stofnun saman ef málaflokkar eru vel skilgreindir, aðgreindir og jafnframt ólíkir. Ef fram fer sem horfir og stjórnarfrv. með fyrirhuguðum fylgiatriðum nær fram að ganga er nokkuð ljóst að fyrr eða síðar þurfa menn að taka afstöðu til samsetningar og uppbyggingar Hollustuverndar.

Ég er þeirrar skoðunar að ýmis önnur mál, t.d. hvað varðar vinnueftirlit og geislavarnir, þurfi að koma inn í þessa umræðu líka. Ég hef þó verið að hallast að því upp á síðkastið að rétt sé að geyma þessi stóru ágreiningsmál þar til síðar og reyna að fara að fá botn í það hvort stofna á sérstakt umhverfisráðuneyti eða fara einhverja aðra leið." Þetta var ein rödd úr Hollustuvernd, rödd Daníels Viðarssonar, forstöðumanns eiturefnaeftirlits. Eins og menn vita eru nokkur svið innan Hollustuverndar og eru ekki allir á eitt sáttir þar og mun það koma í ljós þegar ég held áfram að fara yfir umsagnirnar.

Hollustuvernd ríkisins sendi inn umsögn sem er undirrituð af Hermanni Sveinbjörnssyni stjórnarformanni og við skulum aðeins líta á hvað fram kemur í þeirri umsögn. Eftir nokkurs konar hefðbundinn formála segir m.a. að Hollustuvernd hafi þrisvar sinnum gefið umsögn á sl. ári um umhverfismál og að í umsögnum sínum um þetta mál hafi stjórn Hollustuverndar leitast við að ná sem mestri samstöðu innan stofnunarinnar þannig að tekið væri tillit til mismunandi skoðana einstakra baksviða. Innan Hollustuverndar ríkisins hafa skoðanir lengi verið mjög skiptar varðandi stöðu stofnunarinnar gagnvart hugsanlegu umhverfisráðuneyti. Hefur mengunarvarnasvið stofnunarinnar skorið sig úr í þessu sambandi en hin þrjú sviðin hafa talið óæskilegt að tengsl þeirra við heilbrrn. minnkuðu eða rofnuðu alveg.

Þegar óskað var umsagnar Hollustuverndar ríkisins um frumvarpsdrög nefndar forsrn. í október sl. var tekið fram að ekki væri óskað eftir skoðun á því hvort umhverfisráðuneyti væri æskilegt eður ei. Spurningin gagnvart Hollustuvernd ríkisins var því fyrst og fremst sú hvort stofnunin öll skyldi teljast með umhverfisráðuneyti eða einungis mengunarvarnasvið. Í umsögn Hollustuverndar til nefndarinnar, dags. 24. okt. sl., er lögð áhersla á náinn skyldleika heilbrigðis- og mengunareftirlits og þeirri skoðun lýst að það yrði afar óæskilegt eða jafnvel óframkvæmanlegt, miðað við íslenskar aðstæður, að kljúfa stofnunina í sundur. Lítil von virðist til þess að ná fram samræmdri afstöðu stjórnar og forstöðumanna til þessara mála og hefur stjórnin því ákveðið að sjónarmið forstöðumanna komi fram á fskj. með bréfi þessu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir afstöðu stjórnarinnar í þessu máli.

Í bréfi til Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns forsrh., frá 24. okt. 1989 segir m.a.:

„Hollustuvernd ríkisins vill í upphafi leggja áherslu á að heilbrigðiseftirlit stofnunarinnar og sveitarfélaganna hefur verið meginþáttur umhverfiseftirlits í landinu enda er umhverfi mannsins og lífsskilyrði nátengd heilbrigði mannsins. Frá upphafi þessarar aldar hefur þetta verkefni verið í höndum sveitarfélaga en eftir að Heilbrigðiseftirlit ríkisins, forveri Hollustuverndar ríkisins, var stofnað árið 1969 hefur átt sér stað markviss þróun hjá ríkinu í þessum málum. Þannig hefur þrisvar sinnum á þessum áratug farið fram heildarendurskoðun laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðissamþykktir og reglugerðir eru safn þeirra fyrirmæla sem sett eru af hinu opinbera til verndunar umhverfi mannsins. Í lögum um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti árið 1981 var ákveðið að taka úr heilbrigðisreglugerð þau ákvæði sem vörðuðu umhverfismengun og setja þau mál í sérstaka mengunarvarnareglugerð. Reglugerðin hefur nú verið staðfest af heilbrrh. og mun taka gildi um næstu áramót.

Með stofnun umhverfisráðuneytis kæmi til álita að endurskilgreina eftirlit opinberra aðila sem beinist að því að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum og nefna umhverfiseftirlit. Slík endurskilgreining kallar á breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og endurskoðun á verksviði heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna. Í þessu sambandi skal vakin athygli á að markalínur milli heilbrigðisreglugerðar og mengunarreglugerðar eru engan veginn skýrar í dag enda eru skilin milli nærumhverfis og fjærumhverfis það ekki heldur." Í bréfinu segir síðan: „Það væri til skaða fyrir þetta málefni ef nú yrði farið að skipta Hollustuvernd ríkisins milli ráðuneyta þó þeir þættir í starfsemi hennar sem varða nærumhverfi séu nátengdir málaflokkum heilbrrn. Ýmsir hafa talið að mengunareftirlit væri umhverfismál og ætti heima í umhverfisráðuneyti en heilbrigðiseftirlit hrein heilbrigðismál sem ættu heima hjá heilbrrn. Hollustuvernd telur þessi verkefni svo náskyld að rökrétt sé að halda þeim innan sömu stofnunar. Innan stofnunarinnar eru þó sumir þeirrar skoðunar að æskilegast væri að sameina væntanlegt umhverfisráðuneyti og ráðuneyti heilbrigðismála."

Í bréfinu tók stjórn Hollustuverndar ekki afstöðu til

stofnunar umhverfisráðuneytis enda skýrt tekið fram að ekki væri óskað afstöðu í því máli. Þess í stað setti stjórnin fram ákveðin skilyrði fyrir því að Hollustuvernd færðist undir umhverfisráðuneyti. Aðalskilyrðið var að í upptalningu á málefnum ráðuneytisins væri talað um umhverfiseftirlit, þ.e. heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og eftirlit með óæskilegum umhverfisáhrifum. Þegar frv. um breytingu á lögum um Stjórnarráðið kom fram kom í ljós að ekki hafði verið farið að óskum stjórnarinnar í þessu efni. Sá hún sig því knúna til að rita allshn. neðri deildar Alþingis bréf sem dagsett er 19. des. 1989. Í bréfinu segir m.a. að meiri hluti stjórnar stofnunarinnar telji það ekki eðlilegast að stofnunin flytjist í heild sinni til umhverfisráðuneytis. En af tveimur slæmum kostum, að kljúfa stofnunina eða flytja til umhverfisráðuneytis, taldi hún skárra að flytja stofnunina. Meiri hluti forstöðumanna stofnunarinnar var sammála þessari skoðun. Jafnframt ítrekaði stjórnin þá skoðun sína að ekki komi til álita að kljúfa stofnunina. Um það efni segir: „Afstaða stjórnarinnar byggist á því hve umfjöllun um nær- og fjærumhverfi rennur víða saman. Ef stofnunin yrði klofin, hver ætti þá t.d. að fjalla um aðgerðir til að tryggja heilnæmi neysluvatns? Hvernig ætti að tryggja samræmi í aðgerðum sem nauðsynlegar væru ef í ljós kæmi að smithætta stafaði af vargfugli sem sækti í æti í ófullnægjandi frárennsli eða í óvarða sorphauga og bæri síðan smit í vatnsból manna og búpenings? Hvernig ætti að taka á málum ef bensíngeymir læki og bensínið ætti greiða leið niður í grunnvatn og síðan í neysluvatn þéttbýlisstaða?

Þessar þrjár spurningar eru dæmi um spurningar sem vakna ef mengunarvarnir verða klofnar frá almennu heilbrigðiseftirliti. Hætta er á að ósamræmi í reglum og fyrirmælagjöf gæti leitt til óvissuástands eða jafnvel glundroða í þeim tilvikum sem taka þarf á samræmdan hátt á málum er varða bæði fjær- og nærumhverfi.

Önnur ástæða þess að stjórnin telur fráleitt að kljúfa stofnunina er sú að henni er ætlað að hafa yfirumsjón með og samræma eftirlit á sviði matvæla, almenns heilbrigðiseftirlits, eiturefnaeftirlits og mengunareftirlits en beint eftirlit á þessum sviðum er að stærstum hluta á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Ef stofnunin yrði klofin þyrfti heilbrigðiseftirlitið að bera mál sín undir tvö ráðuneyti. Annars vegar vegna innra umhverfis og hins vegar vegna ytra umhverfis. Fullvíst er að það mundi valda verulegum erfiðleikum að þjóna samtímis tveimur ráðuneytum, sérstaklega í málum sem væru á mörkum þess að falla undir innra eða ytra umhverfi.

Þriðja ástæðan sem var tilgreind var sú, að ef eftirlitshlutverk heilbrigðisnefndanna yrði breytt þannig að þeim væri ekki ætlað að skipta sér af mengun í ytra umhverfi þá yrði ríkið væntanlega að stofna nýtt eftirlitskerfi og taka þar með eftirlitsskyldu og ábyrgð frá sveitarfélögunum. Þessi kostur er ekki fýsilegur í dag enda leiddi hann trúlega til þess að kostnaður mundi aukast, tengsl við sveitarfélögin mundu rofna, verksvið eftirlitsaðila mundu skarast, auk þess sem það tæki nokkur ár að þjálfa nýja eftirlitsmenn.

Stjórn stofnunarinnar hefur ekki breytt þeirri grundvallarskoðun sinni að Hollustuvernd verði ekki skipt á milli ráðuneyta heldur starfi í heild sinni undir yfirstjórn eins ráðuneytis. Stjórnin telur varhugavert að hraða stofnun umhverfisráðuneytis svo mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess. Í því sambandi telur stjórnin að veigamikil atriði er tengjast hollustuvernd og heilbrigðiseftirliti í landinu séu ófrágengin. Afstaðan til umhverfisráðuneytis mótast því af eðlilegri varkárni. Stjórnin vill ekki tefla í tvísýnu heilbrigðiseftirliti og hollustuháttamálum, þar með töldu eftirliti með matvælum. Verkefnalisti umhverfisráðuneytis samkvæmt greinargerð með frv. um breytingu á lögum um Stjórnarráð og reyndar greinargerðinni í heild sinni, bendir til þess að þessi mikilvægu mál gætu orðið hornreka í umhverfisráðuneyti. Sé minnsta hætta á að svo verði mun stjórnin leggjast gegn breytingum á yfirstjórn stofnunarinnar. Nokkrir stjórnarmenn eru reyndar algerlega á móti breytingu á yfirstjórn hennar að svo komnu máli. Að þessu leyti virðist frv. um samræmda stjórn umhverfismála æskilegra fyrir stofnunina en frv. um breytingu á lögum um Stjórnarráð, nr. 128.

Til þess að meiri hluti stjórnar Hollustuverndar leggist ekki gegn því að stofnunin fari undir umhverfisráðuneyti þarf að tryggja að heilbrigðiseftirliti og hollustuháttamálum verði ekki teflt í tvísýnu. Meiri hluti stjórnarinnar leggur til að upptalning á viðfangsefnum umhverfisráðuneytis í reglugerð um Stjórnarráð verði eftirfarandi:

Mál er varða hollustuhætti, heilbrigðiseftirlit og varnir gegn óæskilegum umhverfisáhrifum, þar á meðal mengun í lofti, láði og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs, mál er varða meðferð eiturefna og varnir gegn skaðlegri geislun. Lögð er áhersla á að allshn. láti þennan skilning koma fram í umsögn sinni um málið.

Þótt nú sé stefnt að stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis telur stjórnin réttara að möguleiki á stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðuneytis verði kannaður til þaula. Sá kostur hentar að ýmsu leyti málaflokkum stofnunarinnar vel, sérstaklega þeim er varða nærumhverfi, þótt hann sé ekki gallalaus fremur en aðrir sem boðið er upp á. Stjórnin telur því að stofnun umhverfisráðuneytis tengist mjög frekari endurskoðun á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins og ákvörðun um stofnun ráðuneytisins ætti að taka eftir að niðurstaða er fengin í það mál. Minni hluti stjórnarinnar leggst gegn því að skoða breytingu á yfirstjórn stofnunarinnar áður en niðurstaða í verkaskiptingu ráðuneyta liggur fyrir.

Sérstök athygli skal vakin á því að þegar bréf þetta er ritað er skipunartími annarra stjórnarmanna en stjórnarformanns runninn út. Tilnefningar standa yfir og eru ekki fyrirsjáanlegar miklar breytingar á stjórninni, en ekki hefur verið gengið frá skipun

þeirra sem tilnefndir hafa verið. Verði breytingar á stjórninni áskilur hún sér rétt til þess að koma á framfæri viðbótarathugasemdum við þessi mál."

Undir þetta ritar Hermann Sveinbjörnsson stjórnarformaður.

Það er skemmst frá því að segja að það varð breyting á stjórninni og inn kom einn nýr aðili og við það breyttust hlutföllin þannig að meiri hluti stjórnarinnar var á móti frv.

Ég er þá kominn að afstöðu framkvæmdastjóra og forstöðumanna hinna ýmsu fagsviða Hollustuverndar. En áður en ég fer í það, hæstv. forseti, þá er sá ráðherra sem með þennan málaflokk á að fara og ég bað um að yrði viðstaddur umræðuna nú kominn og ég hef ekki gert athugasemd við að hann sæti í næsta herbergi. Ég heyri það mjög glöggt að hæstv. ráðherra er ekki að hlusta því hann er það hávær maður að ég get varla flutt mál mitt hér úr ræðustól fyrir hávaðanum úr hliðarherberginu sem hv. umhverfisráðherra er með og mætti jafnvel kalla þetta hávaðamengun. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra sýni þinginu örlítið meiri virðingu en þetta. Þó ég viti að hann sé í rauninni ekkert að hlusta þá þarf hann ekki að hafa slíkan hávaða að það sé ekki hægt að tala úr ræðustóli.

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera augnabliks hlé á yfirferð minni yfir umsagnir sem borist hafa hv. allshn. neðri deildar. Ég á einhvern smáslatta eftir en ætla að gera smáhlé á því og fá að fara hér örlítið yfir frétt sem var í Dagblaðinu í dag með fyrirsögninni: „Geta valdið PCB-mengun á miðum fyrir Austurlandi." Þar er verið að fjalla um áratuga gamla sorphauga bandaríska hersins á Heiðarfjalli. Ég hefði áhuga á að heyra í ráðherra um þau mál. Það segir m.a. í fréttinni:

„Eigendur jarðarinnar Eiðis á Langanesi hyggjast krefja bandaríska herinn um háar fjárhæðir í skaðabætur vegna fyrirséðrar mengunar frá sorphaugun efst á Heiðarfjalli innan fárra ára. Sorphaugarnir sem notaðir voru á meðan ratsjárstöð var starfrækt þar frá 1956 til 1970.

Að sögn íslenskra starfsmanna við ratsjárstöðina var allur úrgangur frá um 130 manna byggð urðaður í sorpgryfjum á fjallinu sjálfu. Í gryfjunum eru rafgeymar og rafspennar, sem að öllum líkindum innihalda eiturefnið PCB, auk fjölmargra annarra hættulegra efna.

Samkvæmt könnun verkfræðistofunnar Vatnaskila er það svæði sem þegar er mengað í fjallinu gífurlega stórt eða allt að 5 milljónir rúmmetra. Búast má við að mengunin nái til grunnvatnsins um miðjan þennan áratug."

Síðar í fréttinni segir: „Þó eigendur jarðarinnar kunni að fá skaðabætur í sinn hlut er ljóst að lítið sem ekkert er hægt að gera vegna fyrirséðrar mengunar. Hún mun berast út í grunnvatnið undir fjallinu, síðan í vatnslindir og þaðan út í lífríkið. Hætta er á að mengunin muni síðan berast í hafið. Dean Abrahamson, prófessor við Minnesotaháskóla og sérfræðingur í mengunarmálum, telur að mengun frá sorphaugunum geti haft áhrif á lífríki hafsins og þar með fiskimið undan Austurlandi, ef PCB úr 12 stórum rafspennum, sem urðaðir voru í sorpgryfjunum, leki út í umhverfið. Hann benti jafnframt á að PCB-mengun í hafinu kringum Ísland geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir markaði fyrir íslenskan fisk.

Engar líkur eru taldar á að hægt sé að hreinsa sorphaugana og það svæði undir þeim sem þegar er mengað. Áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd er stjarnfræðilegur eða allt að 2.500 milljarðar (tuttugu og áttaföld fjárlög íslenska ríkisins). Mögulegt er að draga úr mengunarhraðanum með því að þekja sorpgryfjurnar með vatnsheldu efni og draga þar með úr áhrifum hripvatns. Þetta mundi ekki hindra mengun heldur einungis leiða til þess að hún bærist hægar út í lífríkið."

Þannig er fréttin sem er í Dagblaðinu í dag.

Samkvæmt þeirri reglugerð sem gefin var út 23. febr. um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, þar sem hæstv. umhverfisráðherra fær til sín nokkur verkefni er m.a. sagt í 1. gr.: „Umhverfisráðuneytið fer með mál er varða alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum" o.s.frv. Þarna tel ég alveg einsýnt að ráðherrann er kominn með verkefni og hér er komið upp vandamál sem ráðherranum ber að bregðast við. Nú veit ég að ráðherrann hlustar glöggt og sjálfsagt er hann búinn að lesa þessa frétt og hefur af henni miklar áhyggjur og hefur þegar gert víðtækar ráðstafanir, en við óbreyttir þingmenn vitum ekkert um það og vildum gjarnan fá það staðfest hvað og hvort ráðherrann hyggist gera eitthvað í þessu máli, hvort hann hyggist bregðast við. Það má vel vera að ríkisstjórn Íslands finnist það ekkert tiltökumál að fiskimið landsins og markaðir fyrir íslenskan fisk geti verið í hættu innan fárra ára, en það væri alla vega æskilegt að fá það fram í svari ráðherra hvort svo sé. Enda er hér að mínu mati mikið í húfi og mikil hætta fyrir dyrum þar sem ekki aðeins er verið að tala um markað og fiskimið heldur lífríki yfirleitt í sjónum og ég veit nú ekki hvert við stefnum ef menn bregðast ekki við jafnalvarlegri frétt og hér er. Ég geri sem sagt fastlega ráð fyrir því að hæstv. ráðherra, sem hlýtur að fagna því að fá einhver verkefni inn á sitt borð, hafi þegar gripið til ráðstafana. En ég bið bara um að hann útskýri fyrir þingheimi hvernig hann hyggst bregðast við. Það hefði reyndar verið athyglisvert að heyra í hæstv. forsrh. um jafnstórt mál og hér virðist vera á ferðinni.

Virðulegur forseti. Ég ætla að halda áfram þar sem frá var horfið með Hollustuverndina. Ég var byrjaður að glugga í umsagnir framkvæmdastjóra og forstöðumanna hinna ýmsu fagsviða Hollustuverndar, sem eru ekki á eitt sáttir og flestir andsnúnir þeim hugmyndum sem frv. boðar.

Þessar afstöður koma fram í sérstöku fylgiskjali sem barst með umsögn Hermanns Sveinbjörnssonar, stjórnarformanns Hollustuverndar ríkisins. Það er virðingarvert við hann og hans stjórn að senda inn og gefa framkvæmdastjórum og forstöðumönnum fag-

sviða kost á að senda inn sínar umsagnir. En í því fylgiskjali segir m.a.:

„Eins og þegar hefur verið bent á ríkir ekki samstaða meðal starfsmanna stofnunarinnar gagnvart hugmyndum um stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis. Sérstaklega hefur afstaða starfsmanna mengunarvarnasviðs skorið sig úr í þessu sambandi. Af þessum sökum hefur stjórn stofnunarinnar fengið í hendur skriflegar athugasemdir framkvæmdastjóra þriggja af fjórum fagsviðum stofnunarinnar vegna umsagnar um frv. um stjórn umhverfismála. Stjórn Hollustuverndar hefur ákveðið að koma meginsjónarmiðum þeirra á framfæri með eftirfarandi úrdrætti:

Eiturefnaeftirlit. Hugtakið umhverfismál er ekki skilgreint. Málefnum eiturefnaeftirlitssviðs er ágætlega fyrir komið í heilbrrn. eins og málum er nú háttað. Búast má við að umhverfisþátturinn fari vaxandi í starfi eiturefnaeftirlits á næstu árum. Samsvarandi starfsemi á Norðurlöndum er innan stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneyti. Stofnun heilbrigðis- og umhverfisráðuneytis mundi vel henta í framtíðinni fyrir starfsemi eiturefnaeftirlitssviðs. Ef sjálfstætt umhverfisráðuneyti yrði stofnað væri nauðsynlegt að prófa fyrst í stað þá lausn að einungis mengunarvarnasvið heyrði undir umhverfisráðuneyti en dregið yrði í efa að slíkt gæti gengið. Lýst er áhyggjum yfir að undir umhverfisráðuneyti fengi eiturefnaeftirlit ekki nægilega athygli eða fjárveitingar. Taka verður afstöðu til samræmingar og uppbyggingar Hollustuverndar, m.a. með hliðsjón af tengslum við vinnueftirlit og geislavarnir. Lýst er andstöðu við frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála." Það er 4. mál og er mál sjálfstæðismanna og hyggst ég ekki fara í það.

„Heilbrigðiseftirlitssvið. Lýst er yfir andstöðu við hugmyndir um flutning Hollustuverndar yfir í fyrirhugað umhverfisráðuneyti. Vakin er athygli á að mestur hluti af starfsemi stofnunarinnar er ekki á sviði umhverfismála. Sú skoðun er sett fram að taka muni a.m.k. eitt ár að endurskoða og breyta mörgum lagabálkum í kjölfar stofnunar umhverfisráðuneytis og að ringulreið muni ríkja á meðan hvað varðar núverandi starfssvið Hollustuverndar. Athygli er vakin á þýðingarmiklum og erfiðum verkefnum á næstu mánuðum og missirum á vegum stofnunarinnar sem ólíklegt er að nýstofnað ráðuneyti sem stofnunin heyrði undir gæti veitt nægan stuðning. Hér er t.d. átt við ný viðhorf vegna salmónellumengunar í búfjárafurðum sem ekki hefur verið áður. Tekið er fram að ekki séu fordæmi í öðrum löndum svo að vitað sé, að matvælaeftirlit heyri undir umhverfisráðuneyti. Ekki er talið skynsamlegt að stofna ráðuneytið fyrst og síðan athuga hvernig það eigi að starfa. Heilbrigðiseftirlitssvið telur liggja beinast við að Hollustuvernd í heild sinni heyri áfram undir heilbrrn., verði af stofnun umhverfisráðuneytis samkvæmt fyrirliggjandi frv."

Síðan er hér afstaða forstöðumanns rannsóknastofu. Þar segir m.a.: „Dregið í efa að rétt sé að flytja stofnunina í heild undir umhverfisráðuneyti. Matvæla- og heilbrigðiseftirlit eiga fremur heima undir heilbrigðisráðuneyti, sbr. reynslu Dana, en matvælaeftirlit var þar nýlega tekið undan umhverfisráðuneytinu og flutt í heilbrrn. Ekki verður séð að erfiðleikum sé bundið að stofnunin heyri tímabundið undir tvö ráðuneyti á sama hátt og Siglingamálastofnun ríkisins þar sem málaflokkar eru skýrt aðskildir."

Framkvæmdastjóri Hollustuverndar segir m.a. í sínum punktum sem hér eru teknir til að hann telji að miðað við athugasemdir við frv. um stofnun umhverfisráðuneytis og málflutning helstu talsmanna þess væri réttara að stofna umhverfisráðuneyti í markvissum áföngum eins og lagt er til í frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála sem er enn á ný frv. þeirra sjálfstæðismanna. Hann telur réttara að tengja umhverfisráðuneytið öðru ráðuneyti og ákveða stofnun þess í tengslum við endurskoðun á skipulagsmálum Stjórnarráðsins í heild sinni. Hann segir grundvallaratriði að Hollustuvernd verði ekki klofin. Frumframleiðsla matvæla er mikilvægasti atvinnuvegur landsmanna og því mikilvægara fyrir okkur að tengja náið saman eftirlit og aðgerðir á sviði mengunarmála og hollustuháttamála en t.d. fyrir iðnaðarþjóðir. Hann telur hættu á að athygli umhverfisráðuneytis muni beinast að mengun ytra umhverfis en aðgerðir til að bæta hollustuhætti og almennt heilbrigðiseftirlit fái lítið vægi. Hann dregur í efa að umhverfisráðuneytið geti aukið verulega fjárveitingar til stofnunarinnar eins og væntanlegur umhverfisráðherra hefur gefið til kynna. Og hann telur að tvöfalt eftirlit muni auka líkur á árekstrum ásamt því að draga úr skilvirkni og ábyrgðarkennd, sbr. tillögu um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971. Og að lokum telur hann fullvíst að yfirstjórn tveggja ráðuneyta yfir sömu stofnuninni muni auka verulega líkur á stjórnunarerfiðleikum, sbr. tillögu um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun, nr. 20/1986. Og hann varar við því að slíkt fyrirkomulag verði reynt hjá Hollustuvernd ríkisins.

Síðan senda hinir ýmsu forstöðumenn inn minnispunkta, sem þeir kalla, um umhverfismál. Það eru þeir Þórhallur Halldórsson, Jón Gíslason deildarsérfræðingur, Halldór Runólfsson deildardýralæknir og Kolbrún Haraldsdóttir heilbrigðisráðunautur. Þau kjósa að setja þetta upp í tíu punkta og það er rétt að fara lauslega yfir þá:

„1. Markmið með frv. um stjórn umhverfismála annars vegar og hins vegar um stofnun umhverfisráðuneytis er að samræma starfsemi á sviði umhverfis- og mengunarvarna. Þessu markmiði má ná með aukinni samvinnu og samnýtingu starfsmanna og tækjabúnaðar þeirra aðila sem nú sinna störfum á þessu sviði. Um þetta er ekki ágreiningur heldur þær leiðir sem valdar eru til að ná fram settu markmiði.

2. Heilbrigðiseftirlitssvið Hollustuverndar ríkisins er og hefur alltaf verið andvígt því og talið það óskynsamlegt að flytja Hollustuvernd ríkisins frá heilbr.- og trmrn. yfir í fyrirhugað umhverfisráðuneyti. Það getur ekki talist eðlilegt að flytja Hollustuvernd í ráðuneyti umhverfismála þegar mestur hluti

af starfsemi stofnunarinnar er ekki á þessu sviði. Svo sem kunnugt er er stofnuninni skipt í fjögur fagsvið sem eru heilbrigðiseftirlit, eiturefnaeftirlit, rannsóknastofa og mengunarvarnir. Fagsvið starfa tiltölulega sjálfstætt og eru það einungis fimm starfsmenn mengunarvarna stofnunarinnar sem starfa á sviði umhverfismála.

3. Vakin er sérstök athygli á afstöðu heilbrigðiseftirlitsins í landinu sem kemur glöggt fram í ályktun sem samþykkt var samhljóða á almennum félagsfundi Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands þann 27. nóv. sl. og sem allshn. hefur borist. Þar segir m.a.: „Því ályktar fundurinn að þessum málum sé best komið undir heilbrrn. Í því ráðuneyti er til staðar fagleg og lögfræðileg þekking á þessum málaflokkum auk þess sem ráðuneytið hefur áratuga reynslu við framkvæmd þeirra. *Málefni á sviði mengunarvarna* og heilbrigðiseftirlits eru iðulega mjög yfirgripsmikil og viðkvæm. Þau krefjast oft tafarlausrar ákvörðunartöku sem getur haft víðtækar afleiðingar, m.a. fjárhagslega, auk þess að hafa áhrif á heilsufar fólks. Fundurinn bendir enn fremur á að færu þessir málaflokkar frá heilbrrn. væri verið að rjúfa fagleg tengsl við landlæknisembættið, héraðslækna og heilsugæslulækna sem eru lögum samkvæmt faglegir ráðunautar eftirlits- og heilbrigðisnefnda. Einnig væri þýðingarmiklu sambandi og samstarfi við sveitarfélög landsins stefnt í tvísýnu. Það er álit fundarins að ekki sé eðlilegt að kljúfa starfsemi Hollustuverndar ríkisins vegna þess hve verksvið mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits eru nátengd og óskynsamlegt að þessi svið heyrðu undir tvö ráðuneyti."

4. Verði af stofnun umhverfisráðuneytis á næstu vikum eða mánuðum mun það taka a.m.k. eitt ár að endurskoða og breyta hinum mörgu lagabálkum sem fyrirhugað er að breyta skv. frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Sú tímasetning sem sett er í bráðabirgðaákvæðum frv. um að fyrir 1. nóv. 1990 skuli umhverfisráðherra í samráði við viðkomandi ráðuneyti beita sér fyrir nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum á starfssviði ráðuneytisins segir ekkert til um hvenær þessum breytingum verður komið á.

5. Með vísan til þess sem sagt er hér að ofan í 4. tölul. má reikna með að á þeim tíma sem eftir er af yfirstandandi kjörtímabili, sem í mesta lagi getur orðið rúmt ár eftir stofnun fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis, má telja víst að mikil óvissa, jafnvel ringulreið muni ríkja hvað varðar starfssvið Hollustuverndar ríkisins.

6. Sérstök athygli er vakin á þýðingarmiklum og erfiðum verkefnum sem verða til úrlausnar næstu mánuði og missiri á vegum stofnunarinnar. Verða hér nefndar framkvæmdir við innflutningseftirlit með matvælum og nauðsynjavörum. Enn fremur, sem er mun alvarlegra mál, sú staðreynd að nú hefur í fyrsta sinn hér á landi fundist salmónella í sauðfjárafurðum og hætta getur verið á að þessi vágestur geti einnig borist í aðrar búfjárafurðir. Það þarf ekki að lýsa því fyrir alþingismönnum hvaða afleiðingar það geti haft fyrir matvælaframleiðsluþjóð ef salmónella kæmist í fleiri búfjárafurðir eða aðrar mikilvægar afurðir.

7. Landbrh. og heilbrrh. hefur verið gerð grein fyrir þessu alvarlega máli. Nauðsyn ber til að nú þegar verði undirbúnar samræmdar aðgerðir, bæði af hálfu þessara ráðuneyta, yfirdýralæknis, Hollustuverndar og annarra aðila til að mæta þessum nýju viðhorfum.

8. Það væri ábyrgðarhluti að mati undirritaðra að flytja Hollustuvernd ríkisins við þessar aðstæður í nýtt ráðuneyti. Ef af flutningi verður má telja víst að mikill tími starfsmanna stofnunarinnar og ráðuneytisins fari í breytingar á lögum og reglugerðum, skipulagsbreytingar og vinnu við að stilla saman ólík starfssvið á vegum ráðuneytisins. (**Forseti:** Ég skildi hv. ræðumann svo að hann kysi að gera hlé á ræðu sinni um þetta leyti. Ég vek athygli hv. þm. á því að hann getur valið sér stund til þess þar sem hann telur heppilegt í ræðu sinni ef hann er ekki að ljúka henni eða kýs að nýta sér heimild til þess að gera hlé á ræðu sinni og taki þá við sá sem næstur er á mælendaskrá en hv. ræðumaður ætti þess kost síðar að halda áfram sínu máli.) Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það. Ég hyggst nú þiggja þetta góða boð, enda orðinn nokkuð vanur því að gera hlé á ræðu minni um þetta mál. Ég ætla engu að síður þó að ljúka við að fara yfir umsagnir Hollustuverndar þannig að ég get þá byrjað ferskur á nýrri stofnun þegar ég kemst næst að.

9. Ég var sem sagt kominn að níunda punkti frá forstöðumönnum hinna ýmsu fagsviða Hollustuverndar þar sem þeir segja: „Það skal tekið fram að þess eru ekki fordæmi í öðrum löndum, svo að vitað sé, að matvælaeftirlit heyri undir umhverfisráðuneyti. Það er enn fremur staðreynd að látin hefur verið í ljós sú skoðun, bæði í athugasemdum með frv. og af forsrh., að eðli málsins samkvæmt heyri matvæla- og heilbrigðiseftirlit fremur undir heilbrrn. en umhverfisráðuneyti.

10. Niðurstaða þessara athugasemda er sú að skynsamlegast sé að nota tímann fram að næstu alþingiskosningum til að undirbúa stofnun ráðuneytis með málaflokkum og starfssviðum sem fyrst og fremst snerta manninn sjálfan. Hér er átt við umhverfismál, mengunarvarnamál, hollustu- og heilbrigðiseftirlitsmál, matvæla- og eiturefnaeftirlit, jafnvel einnig vinnuverndarmál þegar til lengri tíma er litið." Þessi punktur heldur síðan áfram, en hann er í sjálfu sér fallinn úr gildi þar sem ráðuneytið sem slíkt hefur þegar verið stofnað.

Í niðurlagi minnispunkta forstöðumannanna segir, og þá er eins og í ljós kemur ekki búið að stofna ráðuneytið sem slíkt: „Taki Alþingi hins vegar ákvörðun um að koma á nýju ráðuneyti umhverfismála verður að velja á milli þess að halda Hollustuvernd ríkisins utan þess ráðuneytis eða kljúfa mengunarvarnir frá stofnuninni. Eins og áður hefur komið fram er það álit bæði stjórnar stofnunarinnar og heilbrigðisfulltrúa að ekki beri að kljúfa stofnunina. Því liggur beint við að Hollustuvernd ríkisins heyri áfram undir heilbrrn."

Svo mörg voru þau orð. Eins og ég kom hér aðeins inn á fyrr í máli mínu var kosin ný stjórn fyrir Hollustuvernd ríkisins og gerðir fyrirvarar í einni umsögn um að afstaða stjórnarinnar gæti breyst. Eftir að sú kosning til stjórnar hafði farið fram barst þessi lokaumsögn frá Hollustuvernd ríkisins, þar sem þeir vitna til fyrri umsagna og segja eftirfarandi: „Síðast í bréfinu var greint frá því að skipunartími annarra stjórnarmanna en stjórnarformanns væri útrunninn þegar bréfið var ritað og stjórnin áskildi sér rétt til að koma á framfæri viðbótarathugasemdum vegna málanna. Ný stjórn stofnunarinnar hefur nú verið skipuð frá 1. jan. sl. Af sjö stjórnarmönnum er einn nýr. Stjórnin er sem áður sammála um að ekki komi til álita að kljúfa stofnunina upp og að varhugavert sé að hraða stofnun umhverfisráðuneytis það mikið að ekki vinnist tími til að svara grundvallarspurningum um starfsemi ráðuneytisins og stofnana þess. Meiri hluti stjórnarinnar telur að réttara væri að skoða í þaula möguleika á stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðuneytis frekar en að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti. Sú skoðun nýtur nú meirihlutafylgis innan stjórnarinnar að stofnunin heyri áfram undir heilbr.- og trmrn. en minni hlutinn telur koma til greina að færa stofnunina undir umhverfisráðuneyti að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í tilteknu bréfi."

Þó að hluti af þessari umsögn sé í sjálfu sér nánast ómerkur vegna þess að þegar er búið að stofna ráðuneyti þá breytir það því ekki að meiri hluti stjórnarinnar telur að Hollustuvernd ríkisins eigi að heyra áfram undir heilbr.- og trmrn.

Hæstv. forseti. Ég verð því miður að gera hlé á máli mínu hér. Það er minn skilningur að ég haldi þá áfram þessari ræðu en sé ekki að nýta seinni ræðutíma minn. (**Forseti:** Já, það er fúslega veitt samkvæmt ósk hv. þm. og hann getur haldið áfram ræðu sinni síðar við umræðuna eftir nánara samkomulagi við forseta.)

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur nú lokið við að flytja afar fróðlegan og eftirtektarverðan kafla af ræðu sinni sem undrafáir hv. alþm. hafa hlýtt á. Hér hafa verið staddir á meðan hv. þm. hefur talað tveir til þrír hv. þm. stjórnarandstöðunnar og hæstv. forseti. Allseint kom hv. 3. þm. Austurl. sem jafnframt er frsm. meiri hl. hv. allshn. um þetta mál og hæstv. umhverfisráðherra sat skamma stund hér í salnum en hefur verið á flökti í hliðarsal og e.t.v. hlýtt þar á ræðu hv. þm. Ég hlýt að lýsa því að ég tel þetta mjög óviðeigandi og tákni það að hv. þm. stjórnarliðsins og hæstv. ráðherrar láti skeika að sköpuðu hvað sagt er í ræðustól á Alþingi um þetta mál og hirði ekki um að kynna sér hvað einstakir hv. alþm. segi, né þau rök sem fram koma í máli þeirra, rök sem eiga rætur í umsögnum fjölmargra stofnana sem um þetta mál hafa fjallað og gefið um það umsagnir.

Ég tel að það sé naumast boðlegt að halda áfram þessari umræðu undir þeim kringumstæðum sem hér eru. Ég tel það naumast boðlegt fyrir einstaka alþingismenn, hvort sem það er ég eða einhver annar, að ræða svo þýðingarmikið mál sem hér er á dagskrá án þess að hv. þm. stjórnarliðsins sinni þeirri skyldu sinni að vera við umræður og hæstv. ráðherrar, að frátöldum hæstv. umhverfisráðherra, láti ekki sjá sig við umræðurnar.

Nú er það svo að þetta mál snertir eigi lítið starfssvið einstakra hæstv. ráðherra í þessari ríkisstjórn. Í fyrsta lagi hæstv. forsrh. sem flytur þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Þá á auðvitað að nefna ráðherra eins og hæstv. fjmrh. vegna þess að hér er ekki um lítið fjárhagslegt atriði að ræða, hæstv. landbrh. og um leið hæstv. samgrh. en báðum þessum hæstv. ráðherrum, sem raunar er sami maðurinn að þessu sinni, kemur þetta mál eigi lítið við. Þá má enn fremur nefna hæstv. menntmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ættu að vera hér við og kynna sér þær röksemdir og þær mikilsverðu skoðanir, bæði einstakra hv. þm. og stofnana, sem fram hafa komið um þetta mál.

Ég tel það að sjálfsögðu eðlilegt að þess sé óskað að hæstv. umhverfisráðherra sé hér viðstaddur, sá ráðherra sem hefur tekið við nýstofnuðu umhverfisráðuneyti og hér er verið að fjalla um verksvið þess ráðuneytis. En ég tel það í raun samt sem áður minna skipta hvort hann er hér viðstaddur eða til að mynda sá hæstv. ráðherra sem flytur málið, þ.e. hæstv. forsrh., og ýmsir aðrir ráðherrar sem málið varðar sérstaklega, einfaldlega vegna þess að hæstv. umhverfisráðherra er auðvitað í þeim sporum að vilja taka við þeim verkefnum til síns ráðuneytis sem mögulegt er, hvort sem það er skynsamlegt eða ekki. Og hæstv. umhverfisráðherra er auðvitað í þeirri aðstöðu núna að vera að hugsa um herfangið sitt í þessari hæstv. ríkisstjórn, svo vitnað sé til orða eins flokksbróður hans, sem við annað tækifæri og í öðru hlutverki í þessu stjórnarsamstarfi spurði: Hvar er nú eiginlega herfangið mitt?

Hæstv. umhverfisráðherra vill auðvitað fá sitt herfang, eins viðamikið og margbrotið og það er, og ég er ekkert að kasta neinum steinum að honum fyrir það. En vegna þess að maður veit þessar skoðanir hæstv. umhverfisráðherra er hans viðvera kannski ekki jafnþýðingarmikil eins og ýmissa annarra sem þyrftu meira að hugsa sig um um þetta mál og þær röksemdir og þær skoðanir sem hér koma fram í umræðum á hinu háa Alþingi.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé ástæða til að fresta þessari umræðu og hefja hana ekki undir öðrum kringumstæðum en þeim að a.m.k. verulegur þorri hv. þm. stjórnarliðsins og hæstv. ráðherrar sem málið varðar séu hér viðstaddir. Ég vil gjarnan beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort honum sýnist ekki það ráð hið eina sem nú er fyrir hendi vegna þess að ég tel mjög vafasamt að það takist nú að safna saman hér til þingfundar þeim hv. þm. og þeim hæstv. ráðherrum sem hér ættu að sitja. (**Forseti:** Forseti heyrir mál hv. þm. Mál þetta er rætt hér samkvæmt dagskrá og hér er viðstaddur hæstv. umhverfisráðherra. Það er auðvitað hægt að hálfu

hv. þm. að bera fram óskir um viðveru fleiri ráðherra ef hann óskar að ná eyrum þeirra en ég tel eðlilegt að umræðan haldi hér áfram þar sem ráð var fyrir henni gert og hún fer fram samkvæmt dagskrá.)

Herra forseti. Ég hef auðvitað hina mestu samúð með hæstv. forseta og tel að það yrði auðvitað snúningasamt fyrir hann að fara í göngur, eins konar eftirleit til þess að leita að hæstv. ráðherrum og hv. þm. stjórnarliðsins sem hér eiga að sitja til þess að vera við á fundum sem eru samkvæmt dagskrá. Þannig að mér finnst kannski ekki eðlilegt að gera um það kröfu. Hins vegar hefði ég talið eðlilegt að hæstv. forseti sæi það greinilega sjálfur að það er ekki virðingu Alþingis samboðið að ræða hin þýðingarmestu mál undir þeim kringumstæðum að hér sé einn hæstv. ráðherra og nú eru hér þrír hv. þm. í salnum auk ræðumanns, sem stendur í ræðustólnum, að hæstv. forseta meðtöldum. Ég tel þetta ekki frambærilegt. Og ég minni á það að hæstv. forseti þessarar deildar hélt smáræðustúf fyrir fáum dögum yfir hv. alþm. og hæstv. ráðherrum þar sem hann brýndi fyrir þeim þingskyldur þeirra og kom því greinilega til skila við fjölmiðla að það væri ekki virðingu Alþingis samboðið og ekki virðingu hv. alþm. sjálfra samboðið, að fundir Alþingis væru svo illa sóttir sem raun ber vitni. Þess vegna ítreka ég það enn hvort hæstv. forseti sjái ekki að þetta er óviðunandi og hann gerir síðan sínar ráðstafanir hvort sem honum þóknast. Ég tel það væri náttúrlega eðlilegt að það væri gert á þann máta að fundi væri slitið og þessari umræðu frestað. (**Forseti:** Forseti tekur það svo að það séu ábendingar eða óskir frá hv. þm. um það að fundi verði frestað vegna fámennis í þingsal. Forseti vísar til þess að oft er nú hér ekki þéttskipaður bekkurinn þegar líður á þingfundi. Forseti telur það síður en svo til fyrirmyndar og æskilegt væri að sjá fleiri hv. þm. hér samankomna en slíkt hendir oft hér á Alþingi því miður og er ástæða til þess að það verði rætt í hópi forseta og við formenn þingflokka. En forseti telur ekki efni til þess að fresta fundinum hér af þeim sökum nú sérstaklega, þar sem þetta ástand er ekki óvanalegt svo sem hv. þm. er kunnugt.)

Já, herra forseti, ég mun ekki gera frekari athugasemdir við ákvörðun hæstv. forseta og ég viðurkenni auðvitað að það er ekki óvanalegt að hér sé fátt á þingfundum, einkanlega ef það væri á kvöldfundi, en enn þá er ekki kominn miður aftann og því engin ástæða til annars en að bera fram þær óskir að úr því að hv. alþm. ekki sjá sér fært að mæta þá sé umræðu frestað. Hæstv. forseti hefur hafnað því og ég mun því hefja hér ræðu mína undir þeim kringumstæðum sem hér eru og er náttúrlega með þeim hætti að það er nánast tilgangslaust, a.m.k. tilgangslítið að vera að flytja ræðu hér um þýðingarmestu mál yfir tómum stólum flestra hv. þm. og hæstv. ráðherra.

Nálægt 20. febr. voru afgreidd lög um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Þá voru tekin upp í þau lög ákvæði um nýtt ráðuneyti, umhverfisráðuneyti. Þessi lagabreyting var knúin í gegn eins og hæstv. forseti man — nú hef ég fáa hér aðra til að tala við — af hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmönnum hennar gegn andstöðu stjórnarandstöðunnar og gegn harðri andstöðu Sjálfstfl. og frjálslyndra hægrimanna en með þeim hætti að ég hygg að hv. þm. Kvennalistans hafi setið hjá við lokaafgreiðslu.

Ég tók það fram við 1. umr. um það mál að svo veigamikil löggjöf eins og stjórnarráðslögin sem eiga að þjóna framkvæmdarvaldinu og eiga að vera rammi um stjórnarathafnir hér á landi, að það væri afar óheppilegt og ranglega að verki staðið að knýja fram breytingar á slíkum lögum á þann hátt að þar skiptust menn í fylkingar eftir því hverjir væru í stjórn og hverjir væru í stjórnarandstöðu. Þetta væri nýmæli við slíkar breytingar og er að mínum dómi bæði rangt og afar óheppilegt því að stjórnarráðslögin eiga ekki að þjóna einni ríkisstjórn, þau eiga ekki að þjóna einum stjórnarmeirihluta sem er á Alþingi á einhverjum tilteknum tíma. Stjórnarráðslögin eiga að þjóna því að vera rammi utan um stjórnarathafnir framkvæmdarvaldsins á vegum margra ríkisstjórna. En þetta var nú gert og með þessum hætti. Ég bendi á að til að mynda annað frv. liggur fyrir hv. Alþingi sem hefur auðvitað miklu minna vægi en breytingar á stjórnarráðslögum en er þó afar veigamikið. Það er frv. sem flutt er á vegum allra þingmanna í fjvn., frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, og er flutt undir allt öðrum skilyrðum. Það er flutt undir þeim skilyrðum að þar skiptast menn ekki í fylkingar eftir því hvort þeir eru stuðningsmenn ríkisstjórnar eða andstæðingar ríkisstjórnar, ekki eftir því í hvaða flokkum þeir eru, heldur hafa menn tekið höndum saman um að flytja frv. sem nær yfir alla flokka til þess að koma betri skipan á meðferð fjármála ríkisins. Þar er að verki staðið eins og best má verða, öfugt við það sem gert var á þeirri tíð þegar lögin um breytingar á Stjórnarráði Íslands voru knúin í gegn. Þetta tel ég ástæðu til að ítreka. Þetta er auðvitað ekki með eðlilegum hætti, heldur voru þessi lög knúin í gegn hér á hinu háa Alþingi í tengslum við tiltekin kaup, menn geta kallað það hrossakaup, sem gerð voru þegar hæstv. ríkisstjórn breikkaði nokkuð sinn grundvöll með því að taka Borgaraflokkinn inn í stjórnarsamstarfið á síðustu haustdögum. Það er því þeim mun verra sem það er gert í tengslum við slík pólitísk hrossakaup að til þess að þau nái fram að ganga og geti orðið að veruleika þarf að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands. Allt er það hið versta mál. En nú hefur þessum lögum verið breytt og stofnað hefur verið svokallað umhverfisráðuneyti og við höfum fengið hæstv. umhverfisráðherra sem hér sér sóma sinn í að vera við þessa umræðu.

Þetta umhverfisráðuneyti fékk þegar nokkur verkefni með reglugerð sem gefin var út í kjölfar þeirrar lagasetningar. Ég hygg að þar séu verksvið, svo sem eins og að fara með erlend samskipti um umhverfismál fyrir hönd íslenskrar ríkisstjórnar og því fylgja mikil ferðalög og fundahöld erlendis og er ekki neitt að gera því skóna að það sé lítils virði. Það er auðvitað nauðsynlegt að einhver aðili stjórnkerfisins hafi það með höndum að rækja þau erlendu samskipti

sem þarf að inna af hendi fyrir íslenska ríkisstjórn í umhverfismálum. Ég hygg að einnig hafi verið fært til umhverfisráðuneytis að fara með fræðslustarfsemi í þessum málaflokki og það alveg jafnt fyrir því að ýmsir aðilar í stjórnkerfinu hafa annast fræðslustarfsemi í umhverfismálum og ýmsum þáttum umhverfismála á undanförnum árum og við eldri skipan. Ég hygg að enn fremur hafi samkvæmt þessari reglugerð verið fært til umhverfisráðuneytis að fara með yfirstjórn á rannsóknum á sviði umhverfismála. Vafalaust hafa einhver fleiri slík verkefni verið færð til umhverfisráðuneytis með reglugerð við nýsett stjórnarráðslög sem felur þá um leið í sér að hæstv. umhverfisráðherra hefur samkvæmt reglugerð og samkvæmt nýsettum lögum ýmis verkefni með höndum sem eru til þess að taka upp hans starfskrafta og þess starfsliðs sem hann hefur ráðið sér að þessu ráðuneyti.

Það frv. sem hér er á dagskrá um verkefni hins nýja umhverfisráðuneytis, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, *lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun* ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála, hefur verið hér til umræðu með nokkuð svo slitróttum hætti. Ég hef tekið eftir því að frv. fylgja ekki þau gögn sem gera verður kröfu til og er skylt skv. lögum. Þar á ég við að frv. hefur ekki fylgt nein áætlun um það hvað það muni hafa í för með sér mikinn kostnað. Í fyrsta lagi hefur ekki fylgt áætlun um hversu mikill kostnaður fylgir því yfir höfuð að stofna sérstakt ráðuneyti um umhverfismál. Og í öðru lagi fylgir því engin áætlun um hvað það kostar að flytja hinar ýmsu stofnanir eða ýmsar deildir og yfirstjórn málaflokka úr öðrum ráðuneytum yfir í hið nýja umhverfisráðuneyti. Þetta er mikill meinbugur á frv. og er raunar illt að hin fyrsta ganga þessara mála er með þeim hætti að lög í landinu eru brotin. Ég held að það æri óstöðugan að flytja slíkt tal yfir hæstv. forseta og öðrum skrifara hans og hér er gengin í salinn hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir. En ég hlýt eigi að síður, úr því að hæstv. forseti fellst ekki á að fresta þessari umræðu, *að vekja á þessu athygli einu sinni enn* að það er lagaskylda að láta fylgja nýjum lagafrumvörpum, stjórnarfrumvörpum, útreikninga og áætlun um það hvaða kostnað þau hafa í för með sér. Það er ekki gert með þessu frv. og þó að frv. hafi gengið í gegnum athugun í hv. allshn., og ég hlustaði býsna grannt á ræðu frsm. meiri hl. nefndarinnar, hv. 3. þm. Austurl., kom þar ekki eitt einasta orð um það hvaða kostnaður mundi hljótast af samþykkt þessa frv., ekki eitt einasta orð.

Nú er það svo að reynslan af umhverfisráðuneytum sem stofnuð voru fyrir um það bil tveimur áratugum á Norðurlöndunum er sú að þau hafa haft tilhneigingu til að hlaða upp kostnaði og starfsliði, þau hafa orðið bákn. Hér hefur margsinnis komið fram í þessum umræðum að t.d. umhverfisráðuneytið danska hefur innan sinna vébanda um 3000 starfsmenn og hefur þó reynst þannig í störfum sínum að *það hefur ekki náð þeim árangri í umhverfismálum* sem til hefur verið ætlast og verið að setja upp stjórnardeildir innan ýmissa annarra ráðuneyta í danska stjórnkerfinu til þess að fara þar með ákveðna þætti umhverfismála.

Sömu sögu er að segja frá Noregi þar sem á þriðja þúsund manns starfa á vegum umhverfisráðuneytisins og einnig þar hefur ekki orðið um virka starfsemi að ræða. Það hafa orðið árekstrar við hagsmunaaðila og önnur ráðuneyti sem fara með einstaka þætti þessara mála og það hefur auðvitað komið þar fram að t.d. stórir málaflokkar, sem gert er ráð fyrir að fella undir umhverfisráðuneytið hér samkvæmt þessu frv., heyra alls ekki undir umhverfismálaráðuneytið í Noregi. Það kom fram hér í hinni greinargóðu og yfirgripsmiklu ræðu hv. 5. þm. Vesturl. Inga Björns Albertssonar að til að mynda skógræktarmál sem eru afar viðamikill málaflokkur í Noregi og starfsemi er varðar skógrækt, skógarhögg og trjávöruvinnslu, sem er afar mikill atvinnuvegur í því landi, heyrir alls ekki undir umhverfisráðuneyti *eins og hér er gert ráð fyrir að verði, heldur heyrir* það undir landbrn. Þessu er ég vel kunnugur frá því fyrir nokkrum árum. Þannig var t.d. einn af þeim landbúnaðarráðherrum sem ég kynntist í Noregi, Johan Löken, skógfræðingur og hafði áður en hann settist í stól landbúnaðarráðherra í Noregi starfað að skógræktarmálum.

Ég held að það sé ekki að ófyrirsynju að sú vísa sé kveðin oftar en einu sinni að við Íslendingar skulum gæta okkur á því, úr því að hér hefur verið ákveðið með lögum að stofna ráðuneyti af þessum toga, skulum við gæta þess að það ráðuneyti fari ekki í sama farið og þessi ráðuneyti hafa gert í ýmsum öðrum löndum, þar á meðal á Norðurlöndum, að verða risavaxið og kostnaðarsamt bákn. En það er ekki hægt að draga út úr hæstv. ráðherra sem hér er viðstaddur, sem hefur kannski ekkert leitt hugann að þessum málum, og ekki heldur út úr hæstv. forsrh., sem flutti þetta frv., né öðrum hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar eitt einasta orð um það hvaða áætlanir hafi verið gerðar og hvaða fyrirætlanir liggi fyrir í sambandi við þann kostnað sem af umhverfisráðuneytinu muni hljótast. Og eins og ég sagði kom ekki eitt einasta orð í framsöguræðu hv. 3. þm. Austurl., frsm. meiri hl. allshn., um þennan þátt mála. Ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum með þetta auk þess sem þetta er vítavert, þar eð það liggur fyrir skýlaust samkvæmt lögum að slíkar áætlanir skuli birta með nýjum lagafrumvörpum af hálfu ríkisstjórnar.

Ég vona að framhald þeirra verka sem hér er stefnt að því að vinna með ákvörðun um verkefni til þessa nýja ráðuneytis verði ekki með þeim hætti eins og hin fyrsta ganga sem felur í sér brot á íslenskum lögum. Ég ætla ekki að hafa yfir orð úr fornu máli sem lúta að þessu. Ég ætla ekki að fara að spá þessum málaflokki neinum óförum. En þetta er þó umhugsunarefni sem mér er afskaplega nærtækt og það skilja menn sjálfsagt að mér sem fjárveitinga-

nefndarmanni sem þarf að horfast í augu við þau vandamál sem þar eru dag frá degi og á hverju ári, í sambandi við útgjöld íslenska ríkisins og þann mikla halla sem er á fjárlögum og á ríkisreikningi ár frá ári, einkum síðustu árin.

Það hefur komið hér afar skýrt fram að minni hl. hv. allshn., fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúi Frjálslynda hægriflokksins eru mjög andvígir því frv. sem hér er á ferðinni en hafa eigi að síður flutt brtt. sem fram koma á þskj. 726, brtt. við frv. sem fela það í sér að verulegur hluti af þeim verkefnum sem frv. gerir ráð fyrir að færist til umhverfisráðuneytis falli brott og standi kyrr hjá þeim stofnunum og hjá þeim ráðuneytum sem hafa þau nú með höndum. Ég vil hér lýsa stuðningi við þessar brtt. og ég tel að það væri vitið meira hjá þeim hv. stjórnarliðum að breyta frv. á þennan hátt. Nú gengur hæstv. umhverfisráðherra á brott úr salnum og er þá hér enginn utan ræðumanns og hæstv. forseta og hv. skrifara, Hreggviðs Jónssonar, sem sinnir sínum þingskyldum með mikilli prýði, til þess að hlýða á ræðu mína. Og ég hlýt að endurtaka það hér sem ég gerði í upphafi ræðu minnar að slík óvirðing við ræðumann á Alþingi sem fjallar um þýðingarmikið mál er ekki viðunandi. (**Forseti:** Forseti vill inna hv. ræðumann eftir því hvort hann eigi langt eftir ræðu sinnar. Það var ætlun forseta að ljúka þessum fundi um þetta leyti dags og fresta þessari umræðu ef henni yrði ekki þá lokið. Ég spyr hv. ræðumann hvort hann telji sér fært að ljúka ræðu sinni á örfáum mínútum eða hvort hann kýs heldur að gera hlé á ræðu sinni og ljúka henni næst þegar málið kemur á dagskrá.)

Herra forseti. Ég vil gjarnan segja frá því vegna þess að nú er fyrri varaforseti í forsetastól. Hér var hæstv. 2. varaforseti þegar ég hóf mál mitt og ég gerði þá mjög sterka athugasemd við að það væri ekki virðingu þingmanna né Alþingis samboðið að halda áfram umræðum um svo þýðingarmikið mál án þess að það sæjust fleiri þingmenn og ýmsir ráðherrar í sætum sínum. Hæstv. 2. varaforseti féllst ekki á að fresta umræðunni þá. Ég tilkynni hæstv. forseta sem nú er í forsetastóli að ég er rétt að byrja ræðu mína þannig að ég tek því að sjálfsögðu að fresta ræðu minni, enda er ekki ræðumönnum það bjóðandi að tala undir þessum kringumstæðum um alvarleg og þýðingarmikil mál á hinu háa Alþingi.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

70. fundur, miðvikudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 3. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 773, brtt. 822.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég get verið stuttorður. Ég vakti athygli á því á síðasta fundi að orðin „án ríkisábyrgðar" í 4. gr. eiga jafnt við orðin „banka" sem „öðrum lánastofnunum." Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar. Ég tel óeðlilegt að aðrar reglur gildi í þessu efni um ríkisbankana en banka og sparisjóði. Mér er ekki ljóst hvers vegna orðin „án ríkisábyrgðar" hafa komið þarna inn í texta frv. en ég ítreka það sem ég sagði á síðasta fundi. Mér sýnist þeim orðum hafa verið bætt inn eftir að búið var að semja frv. ef horft er til skýringa við 4. gr. frv. í athugasemdum við þetta lagafrv.

Ég hygg að frv. með leiðréttingu í brtt. minni sé í samræmi við vilja þingmanna eins og ég skil hann, bæði í þessari deild og Nd.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Kl. 1 í dag var haldinn fundur í fjh.- og viðskn. eins og boðað var í umræðunni í gær. Var þar farið yfir þessa grein frv. Menn voru sammála um að orðalagið væri e.t.v. ekki nógu skýrt. Ekki væri ljóst hvort „án ríkisábyrgðar" næði til orðsins „banka" í 4. gr. eða hvort aðeins væri verið að tala um aðrar lánastofnanir. Til að forðast að sá misskilningur geti verið uppi mun meiri hl. nefndarinnar, og vonandi fleiri ef gefinn verður smáfrestur á þessari umræðu, leggja fram brtt. um að greinin orðist þannig:

„Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin eldislán án sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs frá banka eða öðrum lánastofnunum og að fyrirtækin hafi þær tryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnunar" o.s.frv.

Þarna er verið að taka af öll tvímæli um það, sem fram kom í nefndinni, hvort ríkisbankarnir gætu veitt afurðalán eða ekki. Vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta hvort það mætti fresta umræðunni þangað til búið væri að ganga frá þessari brtt.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er rétt að það var fundur í fjh.- og viðskn. kl. 1 í dag um þetta mál. Það kom líka í ljós að málið hafði ekki verið undirbúið fyrir þann fund nefndarinnar og skoðanir stjórnarsinna vægast sagt mjög sundurleitar um þetta efni. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að gefa stjórnarandstöðunni svigrúm til að athuga hinn nýja texta. Ég fer fram á það að málinu verði frestað til næsta fundar þannig að við getum áttað okkur á þessum nýja texta sem hér á að leggja fram. Við erum að tala hér um stórt mál.

Á síðasta fundi hjá hæstv. fjmrh. kom fram að það

stendur ekki á frv. Ekki liggja fyrir nein drög um reglugerðina. Vilji þingsins liggur fyrir í stórum dráttum. Það er verið að athuga þetta eina atriði. En undirbúningur málsins í ráðuneyti er kominn það skammt á veg að ég tel nauðsynlegt að við reynum að vanda lagasetninguna sjálfa hvað þetta atriði áhrærir. Ég vil biðja forseta deildarinnar í fullkominni vinsemd um að bera þá virðingu fyrir þinginu og lagasetningu að við fáum að skoða hinn nýja texta til næsta fundar. Annað gengur bara ekki.

Umræðu frestað.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér sýnist á látbragði manna hér í deildinni að það sé hugmynd formanns fjh.- og viðskn. að reyna að setja einhver orð núna niður á pappír sem brtt. við 4. gr. Það er þó komið í ljós að hann hefur tekið mark á þeim ummælum sem ég viðhafði á síðasta fundi þó hann léti öðruvísi þá.

Nú sætti ég mig illa við að lagatextinn sé saminn á einhverjum hlaupum í deildinni. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég óska eftir því að þetta mál sé tekið af dagskrá og ég óska eftir því að stjórnarandstaðan fái svigrúm til að skoða hinn nýja lagatexta varðandi ríkisábyrgðina. Sá texti var nokkuð óljós eins og hann kom áðan úr munni formanns fjh.- og viðskn. Ég náði alls ekki hvaða merkingu orðalagið hafði eins og mér fannst hann tala. Ég óska eftir því í fullkominni vinsemd að við fáum að vinna að þessu máli eðlilega. Það er ekki verið að tefja neitt.

Það er kannski nauðsynlegt að fá hæstv. fjmrh. hér í deildina til þess að hann geti sagt sitt orð um það hvernig hann vilji standa að málinu. Ég held það sé alveg óhjákvæmilegt. Það var samkomulag um það á síðasta fundi að boðað yrði til fundar í fjh.- og viðskn. Þeim fundi mátti ekki fresta. Sá fundur átti að vera kl. 1 og þó var málið óundirbúið af meiri hl. nefndarinnar. Þeim stjórnarandstöðuþingmanni sem mætti var hálft í hvoru, ég vil segja misboðið með því að þetta var auðvitað gabbfundur.

Forseti (Jón Helgason):

Ég hef þegar frestað umræðu um 1. dagskrármálið og það verður ekki tekið hér fyrir án vinsamlegs samkomulags við hv. 2. þm. Norðurl. e.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 357 eins og það hefur verið afgreitt af hv. Nd. Þetta er frv. til nýrra laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. sem einkum er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kyrrsetningu og lögbann frá árinu 1949.

Frv. þetta er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar og um meðferð framkvæmdarvalds í héraði. Það er sniðið að þeirri skipan, sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, og að þeim forsendum sem gengið var út frá við samningu frv. að þeim lögum og nánar er lýst í athugasemdum með því.

Frv. að núgildandi lögum um kyrrsetningu og lögbann mun á sínum tíma hafa verið samið með hliðsjón af þágildandi lagareglum um sama efni í Danmörku. Á þeim 40 árum, sem lög þessi hafa verið í gildi hér á landi, hefur aðeins verið gerð ein lítils háttar breyting á þeim. Hún varð með lögum nr. 48 1978 og tengdist setningu þinglýsingalaga, nr. 39 1978. Hefur því ekki áður farið fram nein heildarskoðun á því, hvort efni séu til breytinga á núgildandi lögum þótt á tíðum hafi orðið nokkur slík umræða um afmörkuð atriði þeirra, einkum um skilyrði fyrir kyrrsetningu og lögbanni.

Sú endurskoðun, sem á sér stað á núgildandi lögum með frv. þessu, er nauðsynleg þegar vegna breyttra reglna um skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði, en um leið hefur verið hugað að því hvort rétt sé að breyta einstökum reglum þeirra í ljósi reynslu undanfarinna áratuga. Varð niðurstaðan að gera tillögur um ýmsar slíkar breytingar, sem nánar er lýst hér á eftir, en við mótun þeirra hefur einnig verið höfð hliðsjón af endurskoðun löggjafar í Danmörku sem leiddi til setningar nýrra reglna um þessi efni með lögum nr. 731/1988 þar í landi.

Eins og nánar er lýst í athugasemdum með frv. er viðfangsefni þess líkt og núgildandi laga fyrst og fremst að kveða á um heimildir til bráðabirgðaverndar réttinda, sem ekki verður þegar fullnægt með aðför, með því að tryggja að óbreytt ástand vari meðan aflað er úrlausnar dómstóla um þau. Samkvæmt frv. verður þetta einkum gert með tvennu móti, eins og núgildandi lög mæla einnig fyrir um. Er annars vegar um að ræða að valdsmanni er með tilteknum skilyrðum heimilað að kyrrsetja eign skuldara samkvæmt kröfu þess sem á peningakröfu á hendur honum. Tilgangur gerðarinnar er þá að tryggja að viðkomandi eign verði fyrir hendi til að gera fjárnám í þegar skuldareigandi hefur aflað sér aðfararheimildar fyrir kröfu sinni. Hins vegar er kveðið á um heimildir valdsmanns til að leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn manns, sem brýtur eða brjóta mundi gegn rétti annars, til að tryggja að viðkomandi athöfn fari ekki fram meðan leitað er úrlausnar dómstóla um heimildir til hennar. Þessu til viðbótar er ráðgert í frv. að taka megi eignir skuldara í löggeymslu til tryggingar kröfu, sem héraðsdómur hefur gengið um, ef þeim dómi er áfrýjað til æðra dóms þannig að ekki geti orðið af aðför fyrir kröfunni.

Löggeymslu svipar mjög til kyrrsetningar fyrir peningakröfu. Í báðum tilvikum er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem á að tryggja tilvist eigna til tryggingar kröfu þar til endanlegur dómur gengur um

hana og unnt er að gera aðför fyrir henni eftir almennum reglum. Fyrirmælum frv. um þetta efni er ætlað að koma í stað reglu um löggeymslu í norskum lögum Kristjáns V. frá 15. apríl 1687, ákvæði I–22–24. Tilgangur þessara þrenns konar gerða er visslega ólíkur og hið sama má að nokkru segja um skilyrði fyrir þeim. Allt að einu er ýmislegt þeim sammerkt, þannig að til hagræðis horfi að reglur um þær komi fram í einni og sömu löggjöf, auk þess að söguleg hefð er fyrir þeirri skipan, bæði hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum.

Efni frv. er rakið og skýrt í mjög ítarlegum athugasemdum sem því fylgja og því mun ég takmarka framsögu mína við helstu breytingarnar sem í frv. felast. Meginbreytingin frá núgildandi lögum sem lögð er til í frv. snýr að því hverjum er falið að annast framkvæmd kyrrsetningar, löggeymslu og lögbannsgerða en þetta varðar um leið grundvallaratriði um eðli þessara gerða. Núgildandi lög byggja á þeirri skipan að dómari framkvæmi þessar gerðir og að þær séu dómsathafnir. Í frv. er hins vegar gengið út frá að framkvæmdarvaldshafar í héraði, sýslumenn, annist framkvæmd þessara gerða sem þannig verða stjórnsýsluathafnir. Sú breyting sem hér er lögð til í þessum efnum byggist á sömu röksemdum og viðhorfum og hin breytta skipan aðfarargerða samkvæmt lögum nr. 90/1989. Þessi breytta skipan hefur ein út af fyrir sig í för með sér að óhjákvæmilegt er að gera tillögur um talsverðar breytingar frá núgildandi lögum í frv.

Þá sný ég mér að efni einstakra greina frv. 1. gr. felur í sér almenna afmörkun á efni þess, að til bráðabirgða megi kyrrsetja fjármuni, taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn. Hér er enn fremur dregið fram það megineinkenni þessara gerða að um bráðabirgðaaðgerðir sé að ræða og er greinin að því leyti sambærileg við 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga. Vakin er athygli á því að lagt er til að heimild til kyrrsetningar á manni vegna skuldakröfu sem bæði er mælt fyrir um í 8. gr. laga nr. 18/1949 og sérákvæðum annarra laga er með öllu felld brott. Slík heimild samrýmist tæplega orðið almennum viðhorfum um hverjar ráðstafanir verði taldar eðlilegar til innheimtu eða tryggingar peningakröfum. Enda hefur hennar ekki verið neytt nema fáein skipti í gildistíð laga nr. 18 1949 eftir því sem næst verður komist. Afnám þeirrar heimildar er enn fremur í samræmi við löggjafarstefnu í næstu nágrannaríkjum.

Í 1. mgr. 2. gr. frv. er mælt fyrir um að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fari með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir. Í ljósi fyrirmæla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, felst í þessu að umræddar gerðir verði stjórnvaldsathafnir í stað þess að teljast til dómsathafna eins og núgildandi lög byggja á. Hér er því um að ræða sömu skipan og gildir um framkvæmd aðfarargerða samkvæmt lögum nr. 90/1989.

Í 3. gr. frv. er sú regla lögð til að ágreiningur um gerð verði borinn undir þann héraðsdómstól sem hefur lögsögu í umdæmi hlutaðeigandi sýslumanns. Sambærilegt ákvæði er í aðfararlögum.

Í II. kafla er fjallað sérstaklega um kyrrsetningu. Í 5. gr. eru lagðar til breytingar á skilyrðum kyrrsetningar sem vert er að fara um nokkrum orðum. Auk nokkurra orðalagsbreytinga sem lagðar eru til í frv., án þess þó að þær hafi í för með sér efnislegan merkingarmun, ber að geta nánar tillagna um efnisbreytingar sem einkum eru fólgnar í tveimur atriðum.

Í 1. mgr. 5. gr. frv. er lagt til að kyrrsetning verði heimiluð til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu um greiðslu peninga. Samkvæmt núgildandi lögum er kyrrsetning heimiluð til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis. Hér á milli er ekki teljandi munur að öðru leyti en því að með ívitnuðu orðalagi frv. er leitast við að taka af tvímæli um að kyrrsetning geti ekki farið fram til að tryggja kröfu til peningaverðmætis í þeim skilningi að um kröfu sé að ræða sem gæti, eftir aðalefni sínu, varðað skyldu til annars en greiðslu peninga. Telja verður þessa breytingu samræmast ríkjandi skilningi í framkvæmd hér á landi.

Hin efnislega breytingin lýtur að því að þrengja nokkuð skilyrði fyrir kyrrsetningu fjármuna. En í 1. mgr. 5. gr. frv. er lagt til að heimild til kyrrsetningar verði því háð að ef kyrrsetning færi ekki fram mundi annað hvort draga mjög úr líkindum til að fullnusta kröfunnar tækist eða að fullnustan yrði verulega örðugri.

Meginatriði er að kyrrsetning fari ekki fram nema raunhæfa nauðsyn beri til vegna hagsmuna kröfueigenda. Í 2. mgr. 5. gr. frv. er sú umtalsverða breyting lögð til að þótt það verði ekki frekar en hingað til skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi færi sönnur að réttmæti kröfu sinnar skuli synja um gerðina ef ætla verður af fram komnum gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja.

Með þessari tillögu er dregið úr þeirri sönnunarbyrði sem hvílir eftir reglu 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga á gerðarþola um óréttmæti kröfu gerðarbeiðandans ef hann leitast við að varna kyrrsetningar á þessum grundvelli.

Rétt er að vekja athygli á 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. frv. þar sem lagt er til að gerðarbeiðandi tiltaki sérstaklega í beiðninni á hverjum atvikum hann byggi heimild sína til kyrrsetningar. Að öðru leyti er ákvæðið sambærilegt við hliðstæðar reglur aðfararlaga.

Í 7. gr. frv. segir í hverju umdæmi megi beiðast kyrrsetningar hverju sinni. Er efni hennar að mestu leyti sama efnis og 16. gr. aðfararlaga.

Þá er þess að geta að fyrirmæli 8. gr. frv. um upphafsathugun sýslumanns á kyrrsetningarbeiðni og heimildir hans til að vísa henni á bug af sjálfsdáðum eru hliðstæð reglum aðfararlaga um upphafsathugun sýslumanns á aðfararbeiðni.

Gert er ráð fyrir mun nánari reglum um tryggingar í tengslum við kyrrsetningar- og lögbannsgerðir en nú er mælt fyrir um. Ber þá einkum að nefna 10., 16. og 17. gr. frv. Einnig má vekja athygli á því að í frv. eru lagðar til mun ítarlegri reglur en nú gilda um mögu-leika gerðarþola til að afstýra gerð með peningatryggingu.

Í 23. gr. frv., sem er eina ákvæði III. kafla þess, koma fram fyrirmæli um heimildir til að fá eignir skuldara teknar í löggeymslu, hvernig staðið verði að slíkri gerð og hver áhrif hennar eru. Löggeymslu svipar mjög til kyrrsetningar en sá meginmunur er þó á þessum bráðabirgðagerðum að gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir löggeymslu verði hvergi nærri jafnströng og skilyrði kyrrsetningar eftir 5. gr. frv., að staða löggeymslu gagnvart síðara fjárnámi verði önnur en staða kyrrsetningar undir sömu kringumstæðum, að gerðarbeiðandi þurfi ekki að setja tryggingu fyrir löggeymslu og loks að gerðarbeiðandi þurfi ekki að höfða mál til staðfestingar löggeymslu. Þessi atriði koma nánar fram í einstökum mgr. 23. gr. frv. en eldri reglur um löggeymslu í ákvæði I–22–24 í norskum lögum Kristjáns V. frá 1687 eru í flestu tilliti samsvarandi.

Þá kem ég að IV. kafla sem fjallar um lögbann. Þar ber einkum að vekja athygli á 24. gr. þar sem mælt er fyrir um skilyrði lögbanns. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir að heimildir til lögbannsgerða verði þrengdar talsvert frá því sem ákveðið er í núgildandi lögum. Í 2. mgr. 24. gr. frv. er nokkur breyting lögð til frá núgildandi lögum með því að lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags. Með orðalagi frv. um þetta atriði er miðað við að lögbann verði ekki lagt við töku stjórnvaldsákvörðunar eða framkvæmd hennar sem hefur verið mögulegt að einhverju marki eftir núgildandi lögum. Hins vegar er lagt til að eftir sem áður verði heimilt að fá lögbann lagt á þegar um athafnir hins opinbera er að ræða á vettvangi einkaréttar. Slíkar athafnir gætu einkum tengst mannvirkjagerð hins opinbera eða atvinnustarfsemi þess.

Í öðru lagi geymir regla 1. mgr. 24. gr. frv. tillögu um breytingu frá núverandi skipan með því skilyrði lögbanns að gerðarbeiðandi þurfi að sanna eða að gera sennilegt að athöfn gerðarþola brjóti eða muni brjóta gegn rétti hans. Eftir núgildandi lögum er nánast um hið gagnstæða að ræða því áðurnefnd 2. mgr. 1. gr. þeirra gildir í þessum efnum eins og við kyrrsetningu og leggur þannig á gerðarþola að hnekkja rétti gerðarbeiðanda ótvírætt ef honum á að takast að varna lögbanni. Þessi regla núgildandi laga hefur ekki síður en við kyrrsetningu haft óeðlilega notkun lögbannsúrræðisins í för með sér sem talsvert hefur verið deilt á. Tillaga frv. um breytingu í þessum efnum yrði til að auka réttarvernd gerðarþola sem vart verður deilt um að skortir á í þessu tilliti eftir núgildandi lögum.

Þá vil ég enn fremur nefna tillögur um þrjú skilyrði sem fullnægja yrði til að lögbanni yrði beitt. Það eru nýjar reglur lokamálsgreinar 24. gr. frv. Gerðarbeiðandi verður að sanna eða gera sennilegt að hagsmunir hans fari forgörðum verði hann knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Lögbann verður ekki lagt við athöfn ef réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggja þá nægilega. Synjað verður um lögbann ef hagsmunir gerðarþola af athöfn eru stórfelldir í samanburði við hagsmuni gerðarbeiðanda af stöðvun hennar.

Í 25. gr. frv. er lögð til bein heimild til að skylda gerðarþola við lögbannsgerð til að leysa af hendi afmarkaðar athafnir í því skyni að tryggja að hann hlíti lögbanninu. Þá er í sömu grein gert ráð fyrir heimild til að taka muni úr vörslu gerðarþola sem brýn ástæða er til að ætla að hann muni nýta til að brjóta lögbann. Samsvarandi reglur eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. En í framkvæmd hefur þótt heimilt að fara áþekkar leiðir í skjóli 30. gr. þeirra.

Reglur IV. kafla frv. um framkvæmd lögbannsgerðar eru til muna ítarlegri en núgildandi lagafyrirmæli sem vísa svo til alfarið til fyrirmæla laganna um framkvæmd kyrrsetningargerðar að þessu leyti. Sú skipan núgildandi laga hefur ekki tekið nægilegt tillit til sérstaks eðlis lögbannsgerða í samanburði við kyrrsetningargerðir. Er þannig leitast við að ráða nokkra bót á því í frv.

Með fyrirmælum 1. mgr. 32. gr. frv. er lögð til breyting á núgildandi lögum með því að kveðið er á um skyldu sýslumanns til að gera ráðstafanir til að halda uppi lögbanni eftir lok gerðarinnar ef gerðarbeiðandi krefst þess. Getur sýslumaður leitað atbeina lögreglu í því skyni. Samkvæmt núgildandi lögum er lögreglumönnum hins vegar gert skylt að halda uppi lögbanni án þess að sá komi nærri sem hefur lagt lögbann á.

Í VII. kafla er fjallað um skaðabætur vegna kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerða og svara þær að mestu til þess sem leitt verður af núgildandi reglu. Þess ber að geta að reglur laga nr. 18 frá 1949, sem hér er vísað til, hafa aðeins gilt um skaðabætur vegna kyrrsetningar- og lögbannsgerða en lögfestar reglur hafa hins vegar ekki tekið til bóta vegna löggeymslu. Rétt þykir að leggja til að sömu reglur taki til þessara þriggja afbrigða bráðabirgðagerða enda má ætla að réttur til bóta vegna ólögmætrar löggeymslugerðar yrði hvort sem er talinn áþekkur reglum skaðabótaréttar.

Þá er loks í VIII. kafla frv. að finna fyrirmæli um gildistöku, brottfellingu eldri laga og skil milli reglna frv. og núgildandi laga. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 44. gr. frv. þar sem m.a. er kveðið á um brottfallin lagaákvæði. Um ástæðu þeirra ráðagerða vísast að öðru leyti til athugasemda með frv.

Í frv. er lagt til að það taki gildi sem lög, ef samþykkt verða, hinn 1. júlí 1992. Er þá miðað við sama gildistökutíma og lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og aðrar lagabreytingar sem þeim fylgja.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið því að skýra efni þessa frv. Hér er um að ræða frv. sem er mjög vandlega undirbúið og ég legg áherslu á að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1. umr.

Stjfrv., 355. mál (breytingar frá 1987). — Þskj. 612.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Skv. lögum nr. 7/1975 hafa alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frá 1972 og 1981, haft lagagildi hér á landi. En árið 1987 voru gerðar breytingar á reglunum sem gerð er grein fyrir í greinargerð með frv. þessu.

Með þessu frv. er lagt til að lögum nr. 7/1975 verði breytt til þess að þessar breytingar fái lagagildi. Enn fremur er texti svokallaðrar 26. reglu, d-liður, leiðréttur.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

65. fundur, miðvikudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Formaður þingflokks Alþfl. hefur ritað mér eftirfarandi bréf, dags. 28. mars 1990:

„Þar sem Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, að hans beiðni, með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Gíslason byggingameistari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Undir þetta bréf ritar formaður þingflokks Alþfl. Eiður Guðnason.

Björn Gíslason hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til þingstarfa.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Um þinghaldið í dag vill forseti taka fram að nú í upphafi fundar fer fram atkvæðagreiðsla um þrjú fyrstu dagskrármálin. Síðan hefst utandagskrárumræða að beiðni hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Sú umræða mun fjalla um svonefnt Sturlumál. Forseti hefur farið þess vinsamlega á leit við málshefjanda, og gerir það við aðra hv. þingdeildarmenn, að umræðan fari ekki mikið fram yfir eina klukkustund. Það er mjög óvenjulegt að utandagskrárumræða sé heimiluð í deildum. Þingskapalög fjalla ekki um utandagskrárumræðu í deildum þannig að reglur um tímalengd og fyrirkomulag umræðunnar eru ekki fyrir hendi. Fordæmi eru fyrir slíkum utandagskrárumræðum, bæði í Ed. og Nd., og taldi forseti rök hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar fullnægja því að málið yrði tekið á dagskrá á þessum fundi.

Forseti vill endurtaka að hann væntir þess að umræðan fari ekki mikið fram yfir eina klukkustund.

Þá er fyrirhugaður kvöldfundur í deildinni og hefst hann væntanlega kl. 8.30. Verður þá sem oft áður á fundum hv. deildar haldið áfram umræðu um umhverfismál.

Um þingsköp.

Utandagskrárumræður í deildum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður að teljast mjög hæpin ákvörðun að leyfa utandagskrárumræðu um þetta mál í Nd. Jafnsjálfsagt mál og það er að það sé rætt í Sþ. hlýtur sú spurning að vakna hvaða rök mæla með því að svona mál sé tekið upp á deildarfundi fram yfir Sþ. Er það vegna þess að þeir sem sitja í Ed. Alþingis hafi ekkert um málið að segja, séu með öllu óhæfir til að fjalla um það eða áhugi þar sé enginn til að vera við umræðuna? Eða er það vegna þess að þessi deild hafi svo miklu meiri tíma aflögu af sinni vinnu að hún af þeirri ástæðu geti tekið umræðuna upp, þó ekki sé hægt að leyfa hana í Sþ.? Ég tel að það séu engin haldbær rök sem mæla með því að jafngamalt mál geti orðið svo brýnt að ekki sé hægt að fresta slíkri umræðu þar til kemur að Sþ. Eða hvers vegna er þá umræðu í deild ekki frestað og fyrir tekin umræða í Sþ. um málið þar sem bæði Ed. og Nd. eru til staðar?

Ég vil undirstrika að ástæðan fyrir því að þingsköp eru á þann veg að ekki eru reglur um utandagskrárumræður í deildum helgast af því að það var gert ráð fyrir því að slíkt yrði af lagt. Talið var að forsetar þingsins gætu komið sér saman um það, ef þeir vildu leyfa slíka utandagskrárumræðu, að fundum í báðum deildum yrði frestað og hún leyfð í Sþ.

Ég tel þess vegna að það að leyfa slíka umræðu brjóti algjörlega í bága við þær starfsreglur sem menn

hafa verið að reyna að koma hér á. Og ég tel að forseti þurfi að hugleiða það mjög gaumgæfilega hvert hann stefnir með stjórn sinni á deildinni ef hann lætur undan þeim þrýstingi að deildarfundir séu teknir undir utandagskrárumræður.

Mér finnst að þetta sé fordæmisskapandi, ef á að halda þessu áfram. Þó fordæmi séu fyrir slíkri umræðu tel ég að það hafi verið mistök í hvert einasta skipti sem hún hefur verið leyfð. Það hlýtur því að vera eðlilegt að þeir sem hér eru geri athugasemdir við það að ekki sé samið um það að umræðan fari fram í Sþ.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hv. 2. þm. Vestf. skuli biðja um orðið um þingsköp þar sem það er út af fyrir sig rétt að þegar mál eins og þetta kemur ætti að taka það fyrir í Sþ. Hins vegar er málið þess eðlis og svo brýnt að það sé rætt að auðvitað hljóta hv. þm. að reyna að neyta þess réttar síns að fá að koma hér í ræðustól á Alþingi. Þessi fundur er sá fyrsti sem haldinn er eftir að þeir atburðir gerðust í sjónvarpinu í gær að hæstv. menntmrh. gaf yfirlýsingar sem í stórum atriðum eru rangar.

Ég kveð mér hins vegar hér hljóðs vegna þess að mér hefur verið sagt, og það hefur reyndar verið staðfest, að hæstv. fjmrh. ætlaði að boða til blaðamannafundar í dag um þetta mál sem er verið að ræða í þessari þingskapaumræðu. Og ef hv. 2. þm. Vestf. segir að það sé eðlilegt að bíða eftir því að haldinn sé fundur í Sþ. vil ég minna á að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkar fara með stjórn þingsins og hafa þar mikil áhrif. Það hefði því verið eðlilegast af öllu að hæstv. fjmrh. hefði beðið hæstv. forseta þingsins að breyta dagskrá þingsins og efna til fundar í Sþ. í dag þar sem hæstv. fjmrh. hefði gefið skýrslu um málið og hv. þm. þannig gefist tækifæri til að ræða þetta mál.

Það er öllum ljóst að þetta mál hefur verið til umræðu og afgreiðslu í hv. fjvn. í tengslum við fjáraukalög vegna ársins 1988. Þess vegna hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast að bíða eftir umræðunni um fjáraukalög. Nú hefur það gerst, sem stundum hefur gerst áður, að trúnaðarmál hefur lekið úr nefndinni til fjölmiðla. Auðvitað ber hæstv. fjmrh., þegar slíkt gerist, að biðja um að fundur sé boðaður í Sþ. og málið rætt þar áður en hæstv. ráðherra heldur blaðamannafund úti í bæ.

Þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra, og reyndar á hæstv. forseta, að kanna það nú á næstu mínútum hvort ekki er hægt að breyta fundahaldinu með þeim hætti að haldinn sé fundur í Sþ. svo að allir hv. þm. geti tekið þátt í umræðunni. Og hæstv. fjmrh. geri þá grein fyrir málinu í Sþ. í stað þess að halda blaðamannafund úti í bæ, sem auðvitað ruglar málið og er reyndar alveg út í bláinn þegar vitað var að þessi umræða átti að fara fram hér í dag. Þessu vildi ég, virðulegur forseti, koma á framfæri í þeim umræðum sem hér fara fram um þingsköp vegna þess máls sem kom upp í gærkvöldi þegar hæstv. menntmrh. fór með rangt mál í sjónvarpinu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég frétti það, eins og aðrir landsmenn, að í fjölmiðlum í gær voru frásagnir af greinargerð ríkislögmanns til fjvn. og ýmsum öðrum skjölum í þessu máli. Ég hef ekki hugmynd um það hvernig þau gögn frá fjvn. voru komin til fjölmiðla og ætla í sjálfu sér ekkert að tjá mig um það. Hins vegar hafa ýmsir blaða- og fréttamenn leitað til mín í morgun og óskað eftir viðtölum við mig í dag um þetta mál, sem er eðlilegt og sjálfsagt af þeirra hálfu. Það var einfalt hagræðingaratriði af minni hálfu að kalla þá alla saman sem vildu spyrja mig um þetta mál hér í þinghúsinu síðar í dag til þess að ég þyrfti ekki að verja miklum tíma í að endurtaka sjö, átta eða níu sinnum sömu hlutina fyrir fulltrúum fjölmiðlanna. Þetta er skýringin á því hvers vegna ég boðaði blaðamenn og fréttamenn til fundar hér í þinghúsinu, sem er nú ekki úti í bæ, til þess að svara spurningum þeirra og leggja fram þau gögn sem ég tel nauðsynlegt að leggja fram vegna þeirra frétta sem komu í útvarpi og sjónvarpi í gær og blöðum í morgun. Þess vegna finnst mér ekki hægt að gagnrýna það með neinum hætti að ég hafi ákveðið að svara spurningum fulltrúa fjölmiðla á einum stað.

Ég vil hins vegar geta þess hér að sá þingmaður sem bað um þessa umræðu utan dagskrár lét mig ekkert vita um það að hann óskaði eftir að tala við mig um þetta mál. Mér finnst því satt að segja dálítið sérkennilegt að flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Reykv., skuli nú allt í einu óska eftir því að ég flytji í þinginu skýrslu um málið þegar sá sem óskar eftir utandagskrárumræðunni óskaði ekki eftir því að fjmrh. væri viðstaddur. Það var fyrir hreina tilviljun rétt fyrir hádegið sem ég frétti að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefði beðið um umræðu utan dagskrár um þetta mál. Hins vegar er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til að veita þinginu allar þær upplýsingar sem það óskar eftir í þessu máli og ræða málið eins lengi og ítarlega og þingið óskar. Svo margt villandi og vitlaust hefur verið sagt um þetta mál, sérstaklega núna síðasta sólarhringinn, að það er út af fyrir sig kærkomið tækifæri að gefa þinginu ítarlega skýrslu um það. Það er mál sem ég legg í vald forseta en mun að sjálfsögðu halda þeirri vinnuhagræðingu sem ég hef reynt að temja mér gagnvart samskiptum við fréttamenn hér eftir sem hingað til.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirrar umræðu sem nú fer hér fram vill forseti taka fram eftirfarandi: Hann sagði í upphafi fundarins að það væri algjör undantekning að utandagskrárumræða færi fram í deildum þingsins, það tók hann mjög skýrt fram. Það var hins vegar svo að þegar hv. 2. þm. Reykv. ræddi við forseta í morgun og óskaði eftir þessari utandagskrárumræðu þá greindi hann forseta frá því að hann hefði rætt málið við hæstv. menntmrh. sem hefði samþykkt utandagskrárumræðuna. Hv. 2. þm. Reykv. færði mjög gild rök fyrir því að hann þyrfti að bera af sér sakir vegna upplýsinga sem fram hefðu komið í þessu tiltekna

máli, upplýsinga sem mér skilst að hefðu átt að vera trúnaðarmál. Af þeim sökum taldi forseti eðlilegt að verða við þessari beiðni og biðst ekki afsökunar á því að hafa orðið við henni.

Hins vegar mun forseti í framhaldi af þeirri þingskapaumræðu sem hér hefur farið fram og þeim óskum, sem fram hafa komið, fresta fundi nokkra stund, í tíu til fimmtán mínútur, ræða við forseta um það hvort hér sé hægt að boða þegar í stað til fundar í Sþ. og hefja þessa utandagskrárumræðu þar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það var aðeins út af því sem hér hefur komið fram í þessari þingskapaumræðu að menn hafa látið að því liggja að upplýsingar, trúnaðarskjöl og annað hafi farið frá fjvn. til fjölmiðla. Ég vil skýra frá því hér að þetta mál er tengt fjáraukalögum fyrir árið 1988. Nefndin hefur rætt það mál og óskað eftir þeim upplýsingum sem nefndarmenn töldu sig þurfa að hafa í höndum til að fjalla um frv. í smáatriðum. M.a. var þetta mál eitt af þeim. Hins vegar veit ég ekki til þess að nokkur nefndarmaður á undanförnum dögum og vikum hafi verið með þetta mál í fjölmiðlum eða afhent nein slík gögn, enda væri um trúnaðarbrot að ræða ef svo væri. En því miður vill það oft við brenna að þegar fjölmiðlar fá einhver gögn sem tengjast fjvn. þá er það fullyrt af mörgum um leið að þar með sé fjvn. að láta af hendi vinnugögn sem hún hefur undir höndum. Þetta er alrangt og ég fullyrði fyrir hönd nefndarinnar allrar að svo hefur ekki verið í sambandi við þetta mál.

Ég vil aðeins láta þetta koma fram, herra forseti, til að bera sakir af fjárveitinganefndarmönnum sem eiga ekki að liggja undir slíku.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegur forseti. Þegar beðið var um utandagskrárumræður hér í Nd. í dag út af málefni sem hefur verið í fjölmiðlum síðasta sólarhring og þegar vitað er að þegar einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar hyggst gefa upplýsingar á blaðamannafundi þá er vikið að því að það heyri til undantekninga að utandagskrárumræður séu í Nd. Ég kannast ekki við að slíkt séu nein undantekningartilfelli. Svo lengi sem ég hef setið hér á þingi hafa utandagskrárumræður farið fram í deildum eftir því sem við hefur átt.

Það sýnist virkilega ástæða til þess, eins og hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir að hann væri reiðubúinn að gera, að gefa Alþingi skýrslu einmitt um þetta atriði. Síðan eru mörg fordæmi þess að þegar svona hefur staðið á og forsetum hefur e.t.v. þótt eðlilegra að umræður færu fram í Sþ. til að gefa öllum þingmönnum tækifæri til að taka þátt í þeim að fundum í deildum hefur verið frestað og fundur boðaður í Sþ. til þess að utandagskrárumræðurnar gætu farið þar fram.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613, n. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 106. mál (eignarskattsútreikningur). — Þskj. 110, n. 800 og 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 800 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JK, JSS, ÓÞÞ, SvS, RA, RG, JAJ, StH, AðB, AS, ÁHE, GeirG, GuðnÁ, GHelg, HG, ÁrnG.

nei: HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, PJ, ÞP, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH.

KE, MálmS, ÞÞ, AÓB greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (JBH, JónS, ÓE, ÓÞG, RH, SighB, SJS, GB, GGP) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef á tilfinningunni að a.m.k. nokkrir viðstaddra þingmanna séu ekki alveg með það á hreinu um hvað er verið að greiða atkvæði. Frv. það sem hér er verið að greiða atkvæði um snýr að ekknasköttum ríkisstjórnarinnar sem voru á lagðir í fyrra. Frv. gerir ráð fyrir að breyta þeim, fella þá niður og hverfa með þá skattheimtu í sama horf og áður var.

Þó það sé vissulega á sinn hátt rökrétt hjá meiri hl. fjh.- og viðskn. að vísa þessum ekknaskatti heim til föðurhúsanna, þ.e. til ríkisstjórnarinnar, þá eru þessi mál ekki komin í það horf að viðunandi sé. Þeim verður að breyta. Þess vegna segi ég nei við frávísunartillögunni.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 238. mál (ónýttur persónuafsláttur barna). — Þskj. 354, n. 801.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 801 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 23 shlj. atkv.

[Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Utandagskrárumræður í deildum.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þeirrar þingskapaumræðu sem hér varð áðan — og hefði forseti gjarnan kosið að hv. 2. þm. Vestf. væri nú í salnum — vill forseti geta þess að utandagskrárumræða í deildum er að öllu leyti eðlileg og heimil. Réttur þingmanna að þessu leyti er m.a. tryggður í 54. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins. Hyggst nú forseti lesa hana:

„Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra."

Forseti verður að líta svo til að beiðni hv. 2. þm. Reykv. hafi verið um munnlega skýrslu ráðherra í þessu máli. Þar með er það gulltryggt með stjórnarskrá lýðveldisins að umræða utan dagskrár var heimil og er heimil, þótt reynt hafi verið að koma í veg fyrir umræður í deildum. Það eru nýir siðir að koma í veg fyrir utandagskrárumræður í deildum með nýjum þingsköpum. Utandagskrárumræður hafa að mestum hluta til farið fram í Sþ. og vegna þeirra beiðna sem hér hafa komið fram frá hv. þingdeildarmönnum sem þátt tóku í þingskapaumræðunni um að öllum hv. þm. gefist kostur á að taka þátt í þessari umræðu hafa forsetar samþykkt að hér hefjist fundur í Sþ. kl. 3. En forseti Nd. hyggst hins vegar nýta tímann sem hann hefur og taka á dagskrá 4. dagskrármálið.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105, n. 819 og 820.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og klofnaði í tvo jafnstóra minni hluta. Mæli ég fyrir nál. þess minni hl. sem kallaður hefur verið 1. minni hl. Þar segir:

„Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1990 er m.a. gert ráð fyrir sérstöku gjaldi til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem á að standa undir fjárveitingu til sjóðsins að upphæð 230 millj. kr.

Nú er það ekkert launungarmál að nokkur ágreiningur hefur verið um það meðal stjórnarflokkanna og innan þingsins hvort innheimta skuli gjald þetta með þessum hætti eða eingöngu samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu skatta.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar sem urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingargjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Með því að taka einn þessara skatta upp í tengslum við samþykkt nýrra laga um Framkvæmdasjóð aldraðra er verið að fitja að nýju upp á álagningu þessara smáskatta og gefa um leið fordæmi fyrir frekari beitingu þeirra án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu gjaldendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari og mun auka fjölda þeirra gjaldenda sem ekki eru gerðir upp að fullu í staðgreiðslunni.

Nú hefur meiri hluti Alþingis samþykkt forsendur fjárlaga og þar með áður greint fyrirkomulag á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það breytir því ekki að þessi tilhögun er órökrétt og óhagkvæm í innheimtu. Fyrsti minni hl. telur því rétt að nákvæm athugun fari fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta álit skrifa Guðmundur G. Þórarinsson, Sverrir Sveinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. Þann minni hl. skipa auk mín hv. þm. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., og Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv. Í nál. segir:

„Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný heildarlög um málefni aldraðra og var um meginefni þeirra laga góð samstaða, svo sem æskilegt er um málefni af því tagi. Hins vegar var með lögunum ákveðið að taka upp á ný sérstakan skatt, svokallaðan nefskatt, í Framkvæmdasjóð aldraðra sem felldur var niður í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis skatta á sínum tíma. Upphaflega var ætlun ríkisstjórnarinnar að skattur þessi yrði upp tekinn og lagður á þegar á árinu 1989, þótt lögin um málefni aldraðra ættu að öðru leyti ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 1990. Þau áform tókst að koma í veg fyrir á síðustu dögum þingsins á liðnu vori.

Við umræður um þetta atriði í neðri deild hinn 20.

maí sl. lýsti hæstv. utanríkisráðherra því yfir að við undirbúning og meðferð þessa máls hefði orðið „slys“ og að málið yrði að taka upp aftur nú í haust til að koma í veg fyrir að hinn sérstaki skattur yrði upp tekinn að nýju frá og með árinu 1990.

Frumvarp þetta er samhljóða brtt. flutningsmanna sem flutt var þegar málið var til umfjöllunar í neðri deild á sl. vori. Ákvæði 1. gr. mun tryggja framkvæmdasjóðnum nákvæmlega þá fjárhæð sem gildandi ákvæði um hinn sérstaka skatt gerir, enda snýst málið ekki um nauðsyn þess að tryggja sjóðnum tekjur heldur um það með hvaða hætti þeirra er aflað.

Í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu gerði hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

„Ég var fjarverandi afgreiðslu þingflokks Framsóknarflokksins á þessu máli og satt best að segja undrar mig að maður geti átt von á því að í lögum til heilbrigðismála séu bæði tekin fyrir fjáraukalög og skattalög og virðist þá fátt sem mönnum dettur ekki í hug að setja saman í lagatexta. Ég treysti mér ekki til að standa að þeirri ákvörðun að gerbreyta grunni staðgreiðslukerfisins eins og verið er að gera með því að taka nefskattana upp á nýjan leik. Ég segi því já.““ — er orðrétt haft eftir hv. 2. þm. Vestf.

„Í framhaldi af yfirlýsingum utanríkisráðherra um afstöðu Alþýðuflokksins og greinargerð Ólafs Þ. Þórðarsonar fyrir atkvæði sínu var þess að vænta að ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingu í þessa veru. Það hefur ekki enn orðið.“

Það er óþarfi, virðulegur forseti, að rifja upp einstök efnisatriði þessa máls til að hafa eftir og ítreka það sem fram hefur komið í umræðum, bæði við 1. umr. og eins áður þegar málið hefur verið til umræðu hér á hinu háa Alþingi. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. frsm. 1. minni hl. nefndarinnar þar sem hann minnti réttilega á það að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar sem urðu hluti af staðgreiðslunni. Með því að hverfa frá þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. En auk þess sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, frsm. 1. minni hl., verður það að koma skýrlega fram að þeir peningar sem hér á að innheimta eru nú teknir af almenningi. Það eru þess vegna hrein brigð gagnvart gjaldendum að taka þennan skatt upp að nýju og gengur þvert á þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið af öllum þeim sem ábyrgð bera á staðgreiðslukerfnu, upptöku þess og framkvæmd. Eigi að leggja hinn sérstaka skatt á að nýju er að sjálfsögðu lágmarkskrafa að innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni lækki á móti.

Að þessu sögðu, virðulegur forseti, er augljóst að minni hl. hv. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það lá fyrir við 1. umr.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. verði beðinn um að vera viðstaddur þessa umræðu.

Hér er kominn á dagskrá, herra forseti, gamall kunningi hv. deildarmanna frá því á sl. vori. Ég hygg að flestum þingdeildarmönnum séu í fersku minni átök sem urðu um þetta mál á síðasta degi þinghaldsins í vor. Þá var hér til meðferðar frv. um heildarlöggjöf um málefni aldraðra sem búið var að lauma inn í með ósvífnum hætti, þannig að lítið bar á, nýrri skattlagningu sem búið var að lofa skattborgurum landsins að væri endanlega niður felld og tekin inn í hið svokallaða staðgreiðslukerfi skatta.

Þetta hygg ég að sé flestum í fersku minni og jafnframt það að á þessum síðustu klukkutímum þinghaldsins í fyrra tókst að koma í veg fyrir að þessi skattur, nefskattur í Framkvæmdasjóð aldraðra, yrði tekinn upp þegar á síðasta ári eins og til stóð. Það tókst að gera með breytingu sem deildin samþykkti. Þar með var gert ráð fyrir því að þetta gjald kæmi til framkvæmda á árinu 1990.

Þó er rétt að geta þess að hæstv. utanrrh. sagði, þegar á hann var gengið, að allt þetta mál væri slys frá upphafi til enda og tíminn sem ynnist við það að gjaldtökunni yrði frestað um a.m.k. eitt ár yrði nýttur til þess að halda öðruvísi og með traustari tökum á málinu, eins og hann orðaði það. Tíminn yrði notaður til að leita að annarri leið til að afla tekna fyrir þennan merka og gagnlega sjóð sem Framkvæmdasjóður aldraðra er, og standa engar deilur um það. (**Forseti:** Vegna óskar hv. 17. þm. Reykv. um að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur þessa umræðu vill forseti upplýsa að hæstv. utanrrh. situr hér til hliðar við salinn og hlustar á.) Þarna situr hann, já. Það nægir mér alveg, herra forseti.

Ég var þar kominn í þessari upprifjun að ég gat þess að hæstv. utanrrh. sagðir sjálfur á síðasta degi þingsins í vor að tíminn sem ynnist yrði notaður til að finna aðra lausn á þessu máli. Hann viðurkenndi með öðrum orðum, eins og 1. minni hl. fjh.- og viðskn. gerir í sínu nál., að þetta sé óheillamál og þessi skattur sé vandræðamál. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 sem dreift var hér hinn 10. okt. stóð að ríkisstjórnin hefði á prjónunum að gera breytingar á tekjuöflun í Framkvæmdasjóð aldraðra. Aftur á móti hefur ekkert á því borið og ég vildi nota tækifærið, fyrst hæstv. heilbrrh. er hér viðstaddur, og spyrja hvað líði framkvæmd á því fyrirheiti sem gefið er í greinargerð með fjárlögum. Þar stendur, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra að því er varðar álagningu og ráðstöfun tekna.“ En síðan hefur ekkert til þess máls spurst. Og það hefur reyndar ekkert spurst til áforma og fyrirheita og heitstrenginga hæstv. utanrrh. í þessu máli eða flokksmanna hans. En þeir gera sér auðvitað ljóst sem mikilir áhugamenn um staðgreiðslu skatta að þetta fyrirkomulag, sérstakur nefskattur sem allir verða að greiða, 2.500 kr. eða hver sem upphæðin yrði, passar ekki inn í staðgreiðslukerfi skatta. Það hentar ekki vegna þess að þá er enginn maður lengur skuldlaus við innheimtuaðilann, við gjaldheimtuna, eins og markmið staðgreiðslukerfisins er. Auk þess kallar þetta á

sérstakt innheimtufyrirkomulag sem ekki var gert ráð fyrir í staðgreiðslukerfinu.

En það er ekki nóg með það, herra forseti. Þessi skattur er núna tvítekinn. Hann er tvítekinn af almenningi. Hann er tekinn í formi sérstaks gjalds, ef þetta gjald verður látið koma til framkvæmda óbreytt. Það eru 230 millj. kr. þar. Og hann er líka tekinn í gegnum staðgreiðslukerfi skatta því álagningin var hækkuð á sínum tíma, álagningarhlutfallið, til þess að ná þessum peningum. Það eru aðrar 230 millj. kr. Þetta eru 460 millj. kr., herra forseti, sem lagðar eru á í skjóli þess að þetta sé gott málefni.

En hvað rennur síðan af þessu í Framkvæmdasjóð aldraðra? Samkvæmt fjárlögum 205 millj., skv. frv. til fjáraukalaga, sem ríkisstjórnin og fjvn. eru núna með til meðferðar, 197 millj. af 460 millj. kr. Þetta er auðvitað ekkert annað en stórkostlegur fjárdráttur í skjóli gamla fólksins í landinu og undir yfirskini góðs málefnis. Það er fjárplógsstarfsemi af versta tagi þegar ríkisstjórnin með ráðherrana alla í broddi fylkingar leyfir sér að innheimta skatt til góðs málefnis tvívegis, en skilar ekki einu sinni helmingnum af peningunum í sjóðinn. (**Forseti:** Nú vill forseti spyrja hv. 17. þm. Reykv. hvort hann sé tilbúinn að fresta ræðu sinni því að nú á senn að hefjast fundur í Sþ.) Já, já. Ég hygg að forseta renni í grun að ræðumaður hefur ekki lokið máli sínu og er mjög fús að fresta ræðu sinni. Mætti ræðumaður spyrja hvenær ráðgert væri að halda þessari umræðu áfram. (**Forseti:** Forseti getur litla grein gert sér fyrir því á þessari stundu hvenær þessari umræðu verður fram haldið. Hann mun huga að því fram til kl. 8.30 hér í kvöld, að fundi verður fram haldið hér í deildinni.)

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

68. fundur, miðvikudaginn 28. mars, kl. 3 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Samningur menntmrh. við Sturlu Kristjánsson.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og engum mun á óvart koma hefjast nú umræður utan dagskrár sem hv. 2. þm. Reykv. hefur beðið um að fram fari. Efni umræðnanna er samningur menntmrh. við Sturlu Kristjánsson, fyrrverandi fræðslustjóra á Norðurlandi eystra.

Svo hefur um samist við hv. málshefjanda að umræða þessi standi ekki öllu lengur en til kl. 4, en þá munu hefjast þingflokksfundir.

Hreggviður Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að draga úr því að það mál sem nú er tekið til umræðu sé mikilsvert. Það má öllum ljóst vera að það hefur mikið fordæmisgildi og er auðvitað nauðsynlegt að ræða það.

Hins vegar hafði ég farið fram á það við hæstv. forseta að tekið yrði til umræðu utan dagskrár málefni Byggingarsjóðs ríkisins, sem ekki er síður mikilvægt mál. Ég hefði talið eðlilegt að sú umræða færi fram á undan þeirri sem nú er fyrirhuguð því það er ekki síður mikilvægt fyrir þúsundir manna í landinu að rætt sé um Byggingarsjóð ríkisins. Hef ég því óskað eftir því við hæstv. forseta að sú umræða fari fram fyrst eða þá í síðasta lagi, eins og um var talað fyrst, kl. 2 á morgun.

Það er auðvitað mjög mikilsvert að slík málefni séu ekki tekin fram fyrir í utandagskrárumræðu, þó það séu stærri þingflokkar sem biðja um það. Ég óska eftir því að tekið verði tillit til þess í þessu sambandi. Vænti ég nú svars hæstv. forseta.

Forseti (Guðrún Helgadótttir):

Hv. þingmaður. Forseti tekur ekki til máls á meðan hv. þm. stendur í ræðustól. — En nú hefur hann yfirgefið stólinn og þá skal upplýst að sl. mánudag leyfði forseti hálftíma umræðu um málefni Byggingarsjóðs ríkisins og skyldi sú umræða fara fram kl. hálf fimm. Þá tilkynnti hv. 11. þm. Reykn. mér að svo hefði samist með honum og hæstv. félmrh. að umræðan færi ekki fram. Gerði ég honum þá ljóst að þá drægist hún til næsta mánudags þar eð utanríkismálaumræða tæki allan tímann á fimmtudag og föstudag.

Ég mun standa við það loforð við hv. 11. þm. Reykn. að umræða utan dagskrár um málefni Byggingarsjóðs ríkisins fari fram næstkomandi mánudag.

Hreggviður Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég minnist þess ekki að rætt hafi verið um mánudaginn. Í þessum viðtölum var talað um að umræðan færi fram á fimmtudag kl. 2. Öðru tók ég ekki eftir, enda ræddi ég við hæstv. félmrh. á þeim nótum.

Ef svo er að hæstv. forseti tekur upp það vinnulag að taka fram fyrir umræður þegar óskað er eftir þeim og boða sérstakan fund á þeim tíma sem deildarfundir eiga að vera, þá verð ég að segja það að þetta er nú svona líkt því að vera sturlun.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. þm. vil ég nú benda honum og öðrum hv. þm. á að forseti vissi ekki fyrr en fyrir nokkrum mínútum að nú færi fram fundur í sameinuðu Alþingi. Er hér um að ræða mjög óvenjulegar kringumstæður. En það er nú einu sinni í valdi forseta að meta hversu mjög brýnar umræður utan dagskrár mega teljast. Það er mat forseta að sú umræða sem hv. 11. þm. Reykn. óskar að fari fram sé vissulega mikilvæg, en ég tel ekki að það skipti miklu máli hvort hún fer fram á morgun eða á mánudag. Ég held að málið verði tvímælalaust eins brýnt þá og nú. Ákvörðun forseta stendur því. Vænti ég nú að sú umræða sem leyfð hefur verið megi fara fram.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að draga úr mikilvægi þeirrar utandagskrárumræðu sem hér er að fara fram. Ég ætla ekki heldur að fara fram á það að sú utandagskrárumræða sem hv. þm. Hreggviður Jónsson fór fram á að hér yrði tekin fram fyrir færi fram nú. Sem lausn í málinu vil ég leggja það undir forseta sem mína tillögu að þessi utandagskrárumræða verði hins vegar leyfð á fundi hér í kvöld kl. hálf níu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil nú biðja hv. þm. að misbjóða ekki forseta. Umræða þessi getur vitaskuld ekki farið fram nú, vegna þess að hæstv. *félmrh. er ekki einu sinni* viðstaddur hér í húsinu. (**IBA:** Ég sagði hálf níu í kvöld.) Einhver takmörk verða að vera á þeim kröfum sem hægt er að gera til forseta.

En það mun verða skoðað hvort sú umræða geti farið fram í kvöld. Um það vill forseti ekkert upplýsa á þessu stigi málsins. Umræðu um þingsköp er lokið og hefst nú sú umræða sem hér á að fara fram.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Eins og fram kom á fundi í neðri deild hér fyrr í dag stóð til, og hv. forseti deildarinnar Árni Gunnarsson hafði fallist á það, að hér færi fram utandagskrárumræða að beiðni minni.

Ég vil þakka honum fyrir góðar undirtektir. Ég dreg alls ekki í efa réttmæti úrskurðar hans um að slík umræða geti farið fram í deild. Það varð hins vegar að samkomulagi vegna athugasemda sem komu fram að þessar umræður færu fram í sameinuðu þingi. Ég vil líka þakka hæstv. forseta sameinaðs þings fyrir að hafa brugðist vel við því.

Ég taldi að þessi umræða gæti ekki beðið. Tilefni þess að ég fer fram á hana í dag er sjónvarpsviðtal sem fram fór við hæstv. menntmrh. í gær þar sem hann var að gera grein fyrir þeim samningum sem hann hafði gert við Sturlu Kristjánsson, að vísu með atbeina fjmrh., og var inntur eftir þeim athugasemdum sem ríkislögmaður hefur gert við þennan samning.

Fjvn. hefur að undanförnu, nokkuð langan tíma, kannað embættisfærslu hæstv. menntmrh., og reyndar hæstv. fjmrh. Beinist sú könnun að því hvaða heimildir liggi að baki þeirri ákvörðun hæstv. menntmrh. að ljúka máli Sturlu Kristjánssonar, fyrrv. fræðslustjóra í Norðurlandi eystra, með sérstökum samningi dagsettum 13. des. 1988. Í þeim samningi segir, með leyfi forseta:

„Menntmrh. Svavar Gestsson og Sturla Kristjánsson, fyrrv. fræðslustjóri í Norðurlandi eystra, gera með sér eftirfarandi samkomulag:

1. Menntmrh. sér til þess að áfrýjun dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 8. apríl 1988 í máli Sturlu gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði dregin til baka. Unað verði við þá niðurstöðu héraðsdóms að uppsögn Sturlu hafi verið ólögmæt.

2. Með hliðsjón af 3. málsgr. 11. gr., sbr. 2. málsgr. 9. gr. laga nr. 38/1954 greiðir ráðherra Sturlu skaðabætur auk sérstakra miskabóta samtals að fjárhæð 2,2 millj. kr. auk málskostnaðar að skaðlausu.

3. Menntmrh. hefur í dag gefið Sturlu Kristjánssyni kost á að taka á ný við fyrra starfi sínu sem fræðslustjóri Norðurlands eystra, en þiggja að öðrum kosti styrk til námsdvalar erlendis í tvö ár. Styrkur þessi nemi fræðslustjóralaunum þann tíma. Sturla Kristjánsson þiggur hér með hinn síðari kost.

4. Með samkomulagi þessu er deila málsaðila endanlega útkljáð með fullum sáttum. Skal Sturla í engu gjalda hennar í framtíðinni gagnvart ráðuneytinu og njóta trausts, sannmælis og fyllsta réttar í samræmi við embættisgengi við hugsanlega starfsumsókn á sviði fræðslumála í framtíðinni."

Undir samkomulagið rita Sturla Kristjánsson, Svavar Gestsson og Ólafur Ragnar Grímsson.

Embætti ríkislögmanns hefur sérstaklega fjallað um þetta samkomulag að beiðni fjvn. Í bréfi sem hann hefur ritað fjvn., sem heitir Minnisblað til aðstoðarmanns fjmrh. frá embætti ríkislögmanns, og er ritað að beiðni fjvn., dags. 27. febr. 1990, er ítarlegur rökstuðningur fyrir áliti ríkislögmanns. Þar kemur fram — það er reyndar embætti hans sem þessa umsögn gefur, því það er annar lögmaður sem ritar undir þetta með honum — að ríkislögmaður hafi verið kvaddur til viðræðna við fjmrh. í nóvember og desember 1988, þ.e. fyrir og eftir samningsgerð menntmrh. við Sturlu. Síðan segir orðrétt: „Í þeim viðræðum var varað við niðurfellingu áfrýjunar málsins og gagnrýnd þau málalok sem fólust í gerð samkomulags menntmrh. og Sturlu." Niðurstaðan í greinargerð ríkislögmanns, sem er samtals upp á sex þéttskrifaðar blaðsíður, er ótvíræð. Ég skal aðeins víkja að niðurstöðu embættisins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Afstaða embættisins er sú að þær málalyktir sem fólust í samkomulagi menntmrh. og Sturlu Kristjánssonar frá 22. nóv. 1988 verði að teljast afar óheppilegar. Fyrir því má telja ýmsar ástæður. Þessar eru þó helstar:

Í fyrsta lagi er það mat embættisins að með gerð þessa samkomulags hafi stjórnvöld gengið fram hjá niðurstöðu dómsvaldsins í landinu í ágreiningsmáli sem lögum samkvæmt hafði verið lagt til endanlegs úrskurðar þeirrar greinar ríkisvaldsins. Með umræddu samkomulagi er þannig ekki aðeins felld niður áfrýjun dómsins til Hæstaréttar, heldur er einnig þeirri niðurstöðu sem fólst í dómi bæjarþingsins breytt með ýmsum hætti.

Með sáttagerðinni tekur menntmrh. með samþykki fjmrh. að sér að breyta niðurstöðu dóms bæjarþings Reykjavíkur. Dómi, sem að teknu tilliti til eigin sakar Sturlu gerði ráð fyrir bótum honum til handa að fjárhæð 900.000 kr. (1.406.420 kr. með vöxtum til 7. des. 1988), er breytt á þá lund að auk þess skuli greiddar svokallaðar sérstakar miskabætur, þannig að skaðabætur verði samtals 2,2 millj. kr. Því ákvæði dómsins sem gerði ráð fyrir málskostnaðargreiðslum til Sturlu að fjárhæð 180.000 kr. er enn fremur breytt í greiðslu málskostnaðar „að skaðlausu".

Í 3. tölul. samkomulagsins kemur enn fremur fram að menntmrh. hefur gefið Sturlu kost á að taka á ný við starfi fræðslustjóra en þiggja ella styrk til námsdvalar erlendis í tvö ár er nemi fræðslustjóralaunum þann tíma.

Þá er í 4. tölul. samkomulagsins yfirlýsing menntmrn. er felur í sér að Sturla hafi verið leystur frá störfum án saka. Þar segir m.a. að hann skuli njóta trausts gagnvart ráðuneytinu og fyllsta réttar við starfsumsókn á sviði fræðslumála í framtíðinni."

Síðan er í 2. tölul. frekari rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu ríkislögmanns. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa það. En niðurstaða ríkislögmanns er alveg ótvíræð í þessu máli.

Hæstv. menntmrh. kom fram í sjónvarpi í gærkvöldi í fréttatíma og var þar spurður um framgöngu sína í þessu máli og álit ríkislögmanns. En fréttamaðurinn hafði lesið helstu drætti úr áliti ríkislögmanns áður en viðtalið við Svavar Gestsson, hæstv. menntmrh., fór fram. Hæstv. menntmrh. sagði: „Sverrir Hermannsson rak Sturlu Kristjánsson með fyrirvaralausum og harkalegum hætti, eins og segir í dómi bæjarþings, á sínum tíma. Á það sjónarmið féllst Birgir Ísl. Gunnarsson, menntmrh. á undan mér, með því að hann gerði tveggja ára samning við Sturlu Kristjánsson um fræðslustjóralaun full ásamt yfirtíð, þannig að það var greinilegt að Birgir var sammála því að framkoma Sverris var ruddaskapur. Niðurstaðan verður sú að ég treysti mér ekki til að ganga gegn þeim anda sem Birgir Ísleifur vann í. Og hann skrifaði Sturlu Kristjánssyni bréf 23. nóv. 1988 um þetta mál, sem þú hefur í höndum líka, þar sem hann staðfestir þetta samkomulag Sturlu um tveggja ára kaup. Þannig að ég vísa þessum ummælum hans Gunnlaugs Claessen ríkislögmanns, sem er enginn dómari í þessu landi, algerlega á bug."

Síðar í viðtalinu segir hæstv. menntmrh., þegar hann svarar eftirfarandi spurningu fréttamanns:

„Hvað segir þú almennt um þessa niðurstöðu ríkislögmanns, vísar þú þessu áliti lögfræðingsins algerlega á bug, eða hvað?

Svavar: Ég vísa því algerlega á bug. Ég tel enga ástæðu til þess að kippa sér upp við það vegna þess að hér hefur ekkert gerst annað en að ríkið borgar sínar sektir. Ríkið borgar þau laun sem Birgir var búinn að semja um við manninn og ríkið borgar manninum laun þann tíma sem málið er í dómi. Hér hafa engin undur gerst."

Í þessu viðtali er mjög hallað réttu máli svo ekki verður við það unað. Því er nauðsynlegt að ég geri grein fyrir mínum afskiptum af þessu máli.

Fljótlega eftir að ég kom í menntmrn. réði ég, í samráði við fræðsluráð Norðurlands eystra, nýjan fræðslustjóra, Sigurð Hallmarsson, sem reyndist afar vel í því embætti. Lægði það vissulega þær öldur sem þarna voru enn á ferðinni. Þess var vissulega farið á leit að ég réði Sturlu aftur í embættið en ég hafnaði því. Jafnframt var það eindregin skoðun mín að dómur yrði að ganga í því máli sem þá var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og Sturla Kristjánsson hafði höfðað gegn fjmrh. Hins vegar var ég mjög opinn fyrir eindregnum óskum ýmissa skólamanna fyrir norðan um að reynt yrði að nýta menntun Sturlu Kristjánssonar til annarra starfa í fræðslukerfinu. Eins og á stóð fannst mér það mannleg og eðlileg viðbrögð af minni hendi. Niðurstaðan var sú að Sturla tók að sér sérstakt verkefni fyrir ráðuneytið og Kennaraháskólann. Verkefnið fólst í því að kanna með hvaða hætti ákjósanlegt væri að standa að skipulagi og framkvæmd menntunar kennara samhliða starfi, einkum úti á landsbyggðinni. Þetta er brýnt og áhugavert verkefni sem áhugi hafði verið á í menntmrn. að hrinda af stað, og í Kennaraháskólanum líka, og hentaði vel Sturlu Kristjánssyni. Um þetta var undirritaður sérstakur samningur, dags. 1. okt. 1987, milli menntmrn., Kennaraháskóla Íslands og Sturlu Kristjánssonar. Launaflokkur var ákveðinn BHMR 145-7, sem er sambærilegur við lektorslaun við Kennaraháskóla Íslands. Að auki var umsamið að hann fengi greitt fyrir aukavinnu sem skyldi unnin vegna verkefnis síns sem næmi 40 stundum á mánuði. Þessi samningur átti að gilda í ár. Sem fræðslustjóri hafði Sturla verið í launaflokki 150-8 sem er mun hærri flokkur og hafði haft fasta 35 tíma í eftirvinnu. Hann lækkaði því verulega í launum frá því að hann hafði verið fræðslustjóri og við það að taka við þessu nýja tímabundna verkefni.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur var kveðinn upp í þessu máli þann 8. apríl 1988. Þáv. hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson tók ákvörðun um það að áfrýja þeim dómi til Hæstaréttar. Var það m.a. í samræmi við eindregið álit ríkislögmanns og tillögu hans. Ég var sammála þeirri niðurstöðu og taldi ekki annað koma til greina en að áfrýja. Hæstiréttur yrði að taka afstöðu til slíks grundvallardeilumáls.

Þegar leið á haustið 1988 varð ljóst að enn væri ólokið störfum við það verkefni sem Sturla vann að. Ég féllst á að nauðsynlegt væri að hann gæti lokið því. Þess vegna ritaði ég honum svohljóðandi bréf þann 23. sept. 1988:

„Með vísan til samtala yðar við menntamálaráðherra hefur menntamálaráðuneytið fallist á að framhald verði á rannsóknarverkefni um kennaramenntun í dreifbýli sem þér hafið unnið á vegum Kennaraháskóla Íslands frá 1. okt. 1987, sbr. samkomulag dags. sama dag. Er yður hér með boðið að vinna að ofangreindri rannsókn á næstu tveimur árum með sambærilegum launakjörum og verið hefur. Ráðuneytið hefur ekkert við það að athuga að rannsóknarstarf yðar verði unnið við erlendan háskóla en um sérstakar greiðslur vegna námsdvalarinnar erlendis yrði ekki að ræða."

Stuttu síðar fór ríkisstjórnin frá og mínum afskiptum af þessu máli var þar með lokið.

Af þessu sem ég hef hér rakið má sjá að því fer fjarri að hægt sé að skjóta sér á bak við mig þegar hæstv. menntmrh. reynir að verja sín eigin embættisafglöp. Raunar fór hann með vísvitandi ósannindi í sjónvarpsþætti í gærkvöldi vegna þess að hann hefur öll þessi gögn undir höndum sem ég hef hér rakið og lesið upp.

Ég ætla að draga saman með örfáum orðum niðurstöður í þessu máli:

1. Hæstv. menntmrh. og fjmrh. ákváðu að taka málið úr höndum Hæstaréttar þrátt fyrir eindregin andmæli ríkislögmanns. Ég hafði talið nauðsynlegt að dómur gengi í þessu máli.

2. Hæstv. menntmrh. og fjmrh. ákváðu á sitt eindæmi að greiða sérstakar bætur til Sturlu að upphæð 2,2 millj. kr. Bæjarþing Reykjavíkur hafði dæmt honum 900 þús. kr. í bætur, sem með vöxtum þann 7. des. reiknuðust um 1,4 millj. kr. Þeir bættu því a.m.k. 800 þús. kr. ofan á hinar dæmdu bætur og það þótt niðurstaða í máli fyrir Hæstarétti lægi ekki enn fyrir og málið þar í fullum gangi. Ég taldi engar slíkar greiðslur koma til greina umfram dæmdar bætur.

3. Hæstv. menntmrh. bauð Sturlu að taka aftur við sínu starfi sem fræðslustjóri. Ég hafði aldrei léð máls á því og tjáði Sturlu það á sínum tíma af fullri hreinskilni þannig að hann vissi fullkomlega minn hug í þessum efnum.

4. Ég beitti mér fyrir því að Sturla var ráðinn til ákveðinna starfa, fyrst í eitt ár og síðan með framlengingu í tvö ár. Launakjör voru mun lægri en laun fræðslustjórans. Hæstv. menntmrh. tók ákvörðun um að greiða Sturlu Kristjánssyni styrk til námsdvalar erlendis í tvö ár og skyldi styrkurinn nema fræðslustjóralaunum sem eru mun hærri laun en hér var um að ræða og áður hafði verið ákveðið.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að taka þetta mál hér upp strax í dag. Fjvn. mun auðvitað halda áfram rannsókn sinni og athugun á þessu máli og það mun koma hér til umræðu í heild þegar fjáraukalög fyrir árið 1988 verða afgreidd. Ég er þeirrar skoðunar að hér hafi átt sér stað stórfelld embættisafglöp hjá hæstv. menntmrh. með atbeina hæstv. fjmrh. Og auðvitað verður Alþingi að fjalla um það á hvern hátt bregðast skuli við því. Það mun væntanlega verða gert og fjvn. hlýtur að gera tillögu í þeim efnum þegar málið kemur hér til afgreiðslu frá henni. En það er ekki stórmannlegt, eins og hæstv. menntmrh. reyndi að gera í sjónvarpinu í gær, að skýla sér á bak við aðra í vörn fyrir sín eigin afglöp.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja það að ég tel fulla ástæðu til þess að hv. 2. þm. Reykv. taki upp þetta mál miðað við hans aðild að málinu á undanförnum árum, svo og annarra ráðherra Sjálfstfl. á árunum 1983–1988. Væri út af fyrir sig hægt að hafa um það býsna mörg orð og ítarleg og væri full ástæða til þess að rekja þann slóða í heild. Ég vil hins vegar biðja hv. 2. þm. Reykv. velvirðingar á því að hafa orðað hann við mannleg viðbrögð í þessum málum og ég skal aldrei gera það aftur vegna eindreginna tilmæla hans. Ég taldi hins vegar og tel að hann hafi sýnt Sturlu Kristjánssyni og niðurstöðu þessa máls í heild mannlega afstöðu sem birtist með margvíslegum hætti í embættisverkum hans sem honum tekst ekki að þvo af sér, jafnvel þó að hann haldi hér margar ræður utan dagskrár á hinu virðulega Alþingi.

Hvað er það sem liggur fyrir í þessu máli? Fyrst þetta: Öll fræðsluumdæmi landsins fóru fram úr áætlun samkvæmt útskrift ríkisbókhalds á árinu 1986, því ári sem hér um ræðir. Öll umdæmi og mest fræðsluumdæmi Reykjavíkur. Fræðsluumdæmi Norðurlands eystra var langt frá því að vera hæst í þeim efnum.

Í öðru lagi liggur það fyrir að deilur stóðu yfir, langtíma deilur milli þáv. menntmrh. og fræðslustjórans í Norðurlandi eystra um ýmis mál, um hin margvíslegustu mál. Niðurstaðan varð sú að menntmrh. rekur þennan fræðslustjóra úr starfi, harkalega að mati bæjarþings Reykjavíkur sem dæmdi menntmrh. í þessu máli. Sverrir Hermannsson var dæmdur fyrir embættisafglöp í þessu máli. Maðurinn er rekinn. Hvað gerist síðan? Upp hefjast deilur og umræður, m.a. hér á hv. Alþingi. Nýr menntmrh. tekur við á árinu 1987. Hvað gerir hann? Hann gerir allt sem í hans valdi stendur til þess að reyna að leysa þetta mál án þess að meiða um leið flokksbróður sinn, Sverri Hermannsson. Sýnir honum hlífisemi til hins ýtrasta. Út af fyrir sig er ég ekkert að láta í ljós undrun yfir því, miðað við þá stöðu sem forveri minn var í í þessu efni. Hvað gerir hann? Hann ákveður í fyrsta lagi að reyna að bæta um í málinu með því að taka á leigu sérstakt húsnæði, skrifstofuhúsnæði fyrir Sturlu Kristjánsson sem þó var brott rekinn sem fræðslustjóri. Í öðru lagi gengur hann frá því að Sturla Kristjánsson verði ráðinn til starfa við Kennaraháskóla Íslands við tiltekin verkefni sem voru rakin hér áðan. Og í þriðja lagi ákveður hann, eftir að þessi tími í Kennaraháskólanum er runninn út, að bæta við tveimur árum með bréfi sem er skrifað 23. sept. 1988, daginn eftir sjónvarpsþáttinn fræga sem þeir áttu, formenn þáverandi stjórnarflokka. Það var talið einna brýnast áður en forveri minn færi úr menntmrn. að ganga frá tveggja ára fræðslustjórakaupi með 40 tímum í yfirvinnu handa Sturlu Kristjánssyni. Þetta er það sem liggur fyrir í hinum embættislegu pappírum Birgis Ísl. Gunnarssonar, fyrrv. hæstv. menntmrh. Þannig liggur það mál.

Þegar Sturlu Kristjánssyni var vikið frá störfum, því að hér er ekki öll sagan sögð, virðulegi forseti, þá gerist það að kallaður er til annar fræðslustjóri, Ólafur Guðmundsson, skólastjóri á Egilsstöðum. Hann er ráðinn til starfa sem fræðslustjóri á Norðurlandi eystra, hrökklast úr því starfi mjög fljótlega og er settur til óljósra verkefna í menntmrn. Sigurður Hallmarsson tekur síðan við af Ólafi. Um skeið í starfstíma fyrrv. hæstv. menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar voru því í raun og veru þrír menn skráðir fræðslustjórar í Norðurlandi eystra. Þeir voru þrír. Það var nú allt aðhaldið, sparnaðurinn og ráðdeildin, þeir voru þrír. Það var Ólafur Guðmundsson, sem var í vinnu í menntmrn., það var Sturla Kristjánsson, sem skráður var í vinnu hjá Kennaraháskóla Íslands og það var síðan Sigurður Hallmarsson sem gegndi hinu raunverulega starfi fræðslustjóra.

Hvað var fyrrv. hæstv. menntmrh. að gera í þessu efni? Hann var að reyna að leysa hnút sem forveri hans hafði hnýtt. Það sem okkur er gefið að sök í þessu efni er svo það að vinna í anda Birgis Ísl. Gunnarssonar, hv. þm. og fyrrv. hæstv. menntmrh., að þessu leytinu til, að reyna að sætta málin. Við losum ríkið út úr þeirri klemmu að þurfa að borga þrenn fræðslustjóralaun. Niðurstaðan er sú að ráðinn hefur verið fræðslustjóri í Norðurlandi eystra og hinir fræðslustjórarnir sem störfuðu eru hættir störfum hjá ríkinu eins og kunnugt er. Okkur er gefið það að sök í þessu efni, af ríkislögmanni rétt eins og hann sé einhver dómstóll, að við höfum rifið málið út úr dómstólameðferð. Málið hafði sætt dómstólameðferð. Það hafði verið dæmt í málinu í bæjarþingi Reykjavíkur. Niðurstaða þess lá fyrir. Það er grundvallarregla í lögum að menn eiga að leita sátta. Og það er ljóst og það er viðurkennt sjónarmið í lögum, og í dómstólameðferð einnig, að málsaðilar geta sæst á niðurstöðu hvenær sem er þó að málið kunni að vera til meðferðar hjá viðkomandi stofnun. Enda er það meginatriði og grundvallaratriði íslenskra laga og íslensks réttar að það á að leita sátta þar sem þess er frekast kostur. Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að hér séu menn í rauninni að reyna af veikum mætti að þyrla upp moldviðri.

Ég endurtek það hér úr þessum virðulega ræðustól sem ég sagði hér í sjónvarpinu í gærkvöldi, ég tel enga ástæðu til að hrökkva undan áliti ríkislögmanns. Ég vil reyndar segja í þessu efni og láta þá skoðun koma fram sem ég hef áður látið koma fram varðandi ríkislögmann: Ég tel það embætti óþarft. Ég tel að ríkið eigi að leita til lögmanna eins og annarra aðila eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma. Og ég tel að þetta bákn, sem Sjálfstfl. bjó til undir forustu hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar á sínum tíma, ríkislögmannsembættið, sé alger óþarfi í núverandi mynd, alger óþarfi. Hér var verið að leysa tiltekin innanbúðarvandamál í fjmrn. á þeim tíma og búið til apparat fyrir þennan mann til að vinna við. Og ég verð að segja alveg eins og er að þegar farið var yfir þetta mál og forsendur þess skoðaðar ofan í kjölinn sætir það undrum að það skuli vera lögmaður framarlega í flokki þeirra manna sem starfa hjá ríkinu sem heimtar það af sínum ráðherrum að þeir efni til stríðs en geri ekki samninga eða samkomulag við sína starfsmenn. Það er satt að segja sérkennilegt ráðslag, virðulegi forseti.

Ég endurtek svo að lokum að ég mun ekki framar freistast til þess að kenna hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson sérstaklega við þetta mál. Ég veit að honum leiðist að vera orðaður við mig. Það er nú ekki endilega gagnkvæmt. Hann hefur margt vel gert, þessi hv. þm. En ég skal hlífa honum við því svona fram eftir eða a.m.k. þangað til ég skrifa ævisögu mína sem verður snemma á næstu öld.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni vék hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson nokkuð ítarlega að þeirri álitsgerð sem ríkislögmaður sendi til fjvn. og afhent var fjölmiðlum í gær og fjallað um í sjónvarpi og útvarpi í gærkvöldi og blöðum í morgun. Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að ég lýsi hér í nokkru ástæðum þess að ég tók þá ákvörðun að það væri andstætt hagsmunum ríkisins að áfrýja málinu áfram til Hæstaréttar.

Ég sannfærðist um það eftir ítarlega athugun á málinu að hagsmunum ríkissjóðs, hagsmunum ríkisins hvað snertir starfsmannahald og aga í fjármálum ríkisins væri ekki vel þjónað með því að áfrýja til Hæstaréttar. Mun ég gera nokkra grein fyrir þeim rökum hér.

Sú ákvörðun mín helgaðist m.a. af því að þegar ég kom að þessu máli lágu fyrir ítarlegar upplýsingar úr ríkisreikningi fyrir árið 1986 þannig að hægt var að bera saman nákvæmlega hver var sök fræðslustjórans í Norðurlandi eystra samanborið við aðra embættismenn hjá ríkinu. Er rétt að minna á það hér, eins og kemur fram í greinargerð ríkislögmanns, að annað af tveimur meginatriðum sem þáv. menntmrh. Sverrir Hermannsson og síðan fjmrn. í málarekstrinum gaf fræðslustjóranum Sturlu Kristjánssyni að sök var að hann hefði farið fram úr heimildum í fjárlögum í eyðslu embættisins.

Ég vil í upphafi minna á það, sem mér finnst sumir gleyma í þessum efnum, að þegar þetta mál komst á dagskrá og fræðslustjórinn var rekinn úr embætti voru fræðslustjórarnir ekki ríkisstarfsmenn í venjulegum skilningi þess orðs. Fræðslustjórarnir voru ráðnir af menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt 14. gr. grunnskólalaganna og störfuðu í umboði sveitarfélaganna og menntmrn. Þeir voru sameiginlegir fulltrúar sveitarfélaga og ríkis. Það er auðvitað einn veigamikill þáttur í þessu máli að menntmrh. vék þessum sameiginlega fulltrúa sveitarfélaganna og ríkisins úr embætti án þess að hafa um það nokkurt samráð við sveitarfélögin í viðkomandi umdæmi, þrátt fyrir það að hann mátti vita af gögnum í menntmrn. að fræðslustjórinn hafði starfað í mjög náinni samvinnu við sveitarstjórnarmenn í Norðurlandi eystra.

Í álitsgerð ríkislögmanns sem birt var í gær kemur það skýrt fram eins og ég vék að að fyrsti meginþátturinn í málflutningi ríkisins gegn Sturlu Kristjánssyni var að hann hefði vísvitandi, eins og segir í greinargerð ríkislögmanns, haft fjárlög að engu. Með öðrum orðum að hann hefði farið í fjárgreiðslum sínum og rekstri fram úr heimildum fjárlaga. Og það kemur reyndar fram hvað eftir annað í málflutningi fyrir undirrétti að þetta er gert að öðru meginatriðinu og er reyndar það sem helst snýr að fjmrn. í þessum efnum. Hitt meginatriðið snýr að samskiptum fræðslustjórans við yfirmann sinn, menntmrh.

Það er líka mikilvægt að menn átti sig á því að í bæjarþingi Reykjavíkur, í undirrétti, féll dómur. Ríkisvaldið tapaði í úrskurði dómstólsins. Sá málflutningur sem ríkislögmaður hafði uppi fyrir hönd ríkisins fékk þann úrskurð af hálfu dómarans að ríkislögmaður tapaði málinu í undirrétti. Ríkislögmaður kom til fjmrn. eftir að dómur hafði fallið með

þá niðurstöðu að það álit sem ríkislögmaður hafði fært fyrirrennara mínum um að málið yrði unnið í undirrétti, reyndist rangt. Ríkislögmaður reyndist hafa haft rangt fyrir sér í málinu. Það var sá veruleiki sem ráðherrann stóð frammi fyrir. Það er auðvitað skiljanlegt og eðlilegt að það hafi með nokkru snert viðhorf ríkislögmanns í þessu máli að hann tapaði málinu fyrir undirrétti.

Sturla Kristjánsson vann málið á því dómstigi þar sem úrskurður féll. Og það er mjög fróðlegt fyrir hv. alþm. að kynna sér gögn dómsmálsins, málflutningsgögnin og niðurstöður dómsins í málinu. Vegna þess að niðurstaða dómsins er sú að sá sem er dæmdur í málinu er fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson. Það kemur skýrt fram í niðurstöðum dómsins að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var ekki framfylgt af hálfu þáv. menntmrh. og menntmrn. Eða eins og segir á bls. 115 í niðurstöðum dómsins, með leyfi virðulegs forseta:

„Í ljósi þeirrar meginreglu að starfsmanni sé fyrst vikið úr stöðu um stundarsakir, að sakir þær sem bornar eru á stefnanda voru ekki nýtilkomnar og að stefnandi var ekki sakaður um refsivert atferli, þykir aðferð ráðherra við frávikningu stefnanda úr starfi fræðslustjóra Norðurlands eystra hafa verið of harkaleg og fyrirvaralaus og verður ekki talin lögmæt í skilningi laga nr. 38/1954."

Eða með öðrum orðum: Niðurstaða bæjarþingsins er alveg ótvíræð, aðgerðir ráðherrans í málinu voru ekki lögmætar. Og þess vegna úrskurðaði bæjarþing að Sturlu Kristjánssyni bæri réttur til fébóta úr ríkissjóði. Það er síðan ítarlega rakið hvernig þáv. menntmrh. og yfirmenn menntmrn. fóru rangt að í samskiptum sínum við Sturlu Kristjánsson. Á fyrri síðum í dómskjölum bæjarþings rekur dómari mjög rækilega hvernig hann telur þáv. menntmrh. og yfirmenn menntmrn. hafa farið rangt að í þessu máli.

Þegar ég kynnti mér þessar niðurstöður dómsins fannst mér augljóst að aðdragandi þessa máls, þær röngu aðferðir sem þáv. menntmrh. og menntmrn. hafði beitt í samskiptum sínum við þennan embættismann væri ekki rétta málið til þess að heyja prófmál fyrir Hæstarétti Íslands. Ef ríkisvaldið ætlaði sér að sækja til Hæstaréttar úrskurð, sem það gæti síðan byggt á varðandi aðhald, bæði í starfsmannahaldi og fjármálum ríkisins, þá væri nauðsynlegt að viðkomandi ráðherrar og viðkomandi yfirmenn ráðuneyta hefðu uppfyllt öll ákvæði og skilyrði laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna áður en embættismanninum var vikið úr starfi, en létu ekki hanka sig á því að hafa ekki uppfyllt nein af þessum skilyrðum, eins og fram kemur í dómi bæjarþings.

Ef átti að leggja svo mikið upp úr úrskurði Hæstaréttar í slíku agamáli gagnvart ríkiskerfinu í heild var það frumatriði að ráðherra og ráðuneyti hefðu undirbúið málið með þeim hætti að ekki væru neinir hnökrar á. Það var ekki gert í máli Sturlu Kristjánssonar, þvert á móti voru þessi lög brotin gagnvart embættismanninum, eins og skýrt kemur fram í gögnum bæjarþings Reykjavíkur. Þar að auki lét ég kanna hvernig umframútgjöld fræðslustjórans í Norðurlandi eystra væru í samanburði við aðra í ríkiskerfinu vegna þess að niðurstöður ríkisreikningsins fyrir 1986 lágu fyrir í aðgengilegu formi þegar ég kom í fjmrn. og hægt var að skoða málið í ljósi þess þó það væri ekki hægt á seinni hluta árs 1987 með jafnskýrum hætti. Sú athugun leiddi í ljós, eins og hæstv. menntmrh. nefndi hér, að ef borin eru saman fjárlögin og ríkisreikningurinn hvað snertir fræðslustjórana á landinu öllu reyndist fræðslustjórinn í Reykjavík fara meira umfram fjárlög, eða sem nemur 28,6%, en fræðslustjórinn í Norðurlandi eystra, Sturla Kristjánsson, sem fór 23,7%. Fræðslustjórinn í Reykjaneskjördæmi, nánast eins og fræðslustjórinn í Norðurlandi eystra, eða um 23,2% og fræðslustjórinn í Austurlandsumdæmi líka, 23,2%. Eða með öðrum orðum, það voru fjórir fræðslustjórar á árinu 1986 sem annaðhvort fóru jafnmikið eða meira fram úr fjárlögum en Sturla Kristjánsson.

Og það er reyndar athyglisvert, eins og fram kemur á því súluriti sem ég hef látið útbúa hér, að meðaltal umframgreiðsla fyrir árið 1987 frá fjárlögum og þar til kemur að endanlegri niðurstöðu í ríkisreikningi er nokkurn veginn nákvæmlega sama tala og hjá fræðslustjóranum í Norðurlandskjördæmi eystra, Sturlu Kristjánssyni, eða 23%. Eða með öðrum orðum, hann var nokkurn veginn á því meðaltali sem ríkti í öllu ríkiskerfinu fyrir árið 1986. Og ég spyr: Átti þá að víkja úr embætti öllum þeim mikla fjölda, sem nemur kannski hundruðum, forsvarsmanna ríkisstofnana og deilda hjá ríkinu sem voru á þessu meðaltali eða fóru meira fram úr?

Það er reyndar fróðlegt að skoða hver var umframeyðsla ýmissa stofnana í dómstólakerfinu á þessu sama ári. Ríkissaksóknari fór t.d. 31,9% fram úr þegar Sturla Kristjánsson fór 23,7% fram úr. Og Hæstiréttur, sem átti að dæma Sturlu Kristjánsson fyrir að fara umfram fjárlagaheimildir, hafði sjálfur farið 40,1% fram úr fjárlagaheimildum á árinu 1986. Var þá álitlegt að byggja þá meginkröfu fyrir Hæstarétti að Sturla Kristjánsson skyldi dæmdur fyrir það að hafa farið 23,7% fram úr fjárlögum þegar sjálfur æðsti dómstóll landsins hafði farið 40,1% umfram fjárlög?

Það má kannski geta þess hér, svona meira til gamans en að ég ætli að leggja út af því, að á þessu sama ári þegar Sturla Kristjánsson sem fræðslustjóri Norðurlandskjördæmis eystra fór 23,7% fram úr fjárlögum fór embætti ríkislögmanns 109% fram úr fjárlögum. Embætti ríkislögmanns fór fjórum sinnum meira fram úr fjárlögum en embætti fræðslustjórans í Norðurlandskjördæmi eystra. Engu að síður segir ríkislögmaður í áliti sínu til fjvn. að það hindri aga í fjárhagsstjórn ríkisins að Hæstiréttur skyldi ekki vera látinn dæma Sturlu Kristjánsson fyrir að fara 23,7% fram úr fjárlögum.

Alþingi sjálft, þingmönnum til fróðleiks, fór 19,2% fram úr fjárlögum á þessu sama ári.

Það var mér þess vegna ljóst að þótt að það væri mjög slæmt að fræðslustjórinn í Norðurlandskjör-

dæmi eystra færi fram úr fjárlögum, eins og það er yfirleitt og við erum að reyna að ráða bót á því með margvíslegri endurskipulagningu í ríkisrekstrinum, þá var hann þar í hópi fjölmargra starfsmanna ríkisins, þar sem helmingurinn af öðrum fræðslustjórum sat við sama borð og hann. Og það sem meira var, sumir af stjórnendum æðstu réttarfarsstofnananna í landinu höfðu farið meira fram úr fjárlögum en fræðslustjórinn.

Í ljósi þessara talna og í ljósi þeirra raka sem komu fram í niðurstöðum dómsins í undirrétti taldi ég það mikla vogun fyrir ríkið að áfrýja málinu til Hæstaréttar, máli sem ríkislögmaður hafði tapað í undirrétti, í þeirri trú að málið kynni að vinnast fyrir Hæstarétti. Ríkislögmaður hafði því miður reynst hafa rangt fyrir sér varðandi niðurstöður undirréttar og ég mat það þannig að ekki væru svo yfirgnæfandi líkur á því að hann hefði þá rétt fyrir sér varðandi Hæstarétt að rétt væri að áfrýja málinu, sérstaklega í ljósi þess að það var borðleggjandi að í þeim málarekstri yrði, fyrst niðurstöðurnar úr ríkisreikningi 1986 lágu fyrir þegar sá málflutningur færi fram, raktar mjög ítarlega, hvernig stór hluti ríkiskerfisins, þar á meðal dómstólarnir í landinu að meðtöldum æðsta dómstólnum, höfðu farið mun meira fram úr fjárlögum en fræðslustjórinn í Norðurlandskjördæmi eystra.

Þess vegna tók ég þá ákvörðun í þágu hagsmuna ríkisins að áfrýja ekki til Hæstaréttar.

Sturla Kristjánsson hefði hins vegar vel getað áfrýjað til Hæstaréttar. (**Gripið fram í:** Málinu hafði verið áfrýjað og var fyrir Hæstarétti.) Nei, málið hafði ekki verið tekið fyrir í Hæstarétti, það var búið að ákveða að áfrýja því. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, það var búið að ákveða að áfrýja málinu til Hæstaréttar, það er auðvitað alveg rétt, en sá málflutningur hafði ekki farið fram í réttinum, rétturinn hafði ekki tekið til starfa og það er bara útúrsnúningur hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, ef hann heldur að það, að formlega hafði réttinum verið tilkynnt að þáv. fjmrh. ætlaði að áfrýja málinu, hindraði það að ég gæti sem fjmrh. ákveðið að hætta við þá málsókn. M.a. vegna þess, eins og hæstv. menntmrh. vék hér að áðan, að fyrsta grundvallarreglan í íslensku réttarfari er að leita sátta. Ég taldi það þjóna hagsmunum ríkisins betur í þessu máli ef hægt væri að finna sættir. Ef forsvarsmenn ríkisins vilja láta á það reyna fyrir æðsta dómstóli landsins hvort ráðherra eða ráðuneyti hefur rétt til að víkja embættismanni eða öðrum starfsmanni ríkisins úr starfi er frumskylda að í aðdraganda þess máls hafi verið viðhafðar réttar aðferðir. Það var ekki gert gagnvart Sturlu Kristjánssyni. Það kemur skýrt og afdráttarlaust fram í þessari lýsingu undirréttar á aðdraganda málsins sem hv. þm. geta kynnt sér. Þess vegna var það að mínum dómi röng ákvörðun og rangt mat hjá ríkislögmanni að ætla að sækja til Hæstaréttar það sem tapaðist í undirrétti.

Ég tel þess vegna mjög nauðsynlegt að hv. þm. geri sér grein fyrir því að dómur hafði fallið í þessu máli, í því máli hafði Sturla Kristjánsson unnið, ríkisvaldið tapað og málflutningur ríkislögmanns ekki fengið náð fyrir þeim dómi.

Í öðru lagi var orðið ljóst af ítarlegri skoðun á ríkisreikningi fyrir árið 1986 að því fór víðs fjarri að Sturla Kristjánsson skæri sig nokkuð úr hvað snerti umframútgjöld samanborið við aðra fræðslustjóra eða önnur embætti í landinu. Þess vegna var það mjög hæpið að fara að gera mál Sturlu Kristjánssonar að afdrifaríku prófmáli fyrir Hæstarétti Íslands.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu utan dagskrár í dag er, eins og fram hefur komið, þau ummæli sem hæstv. menntmrh. viðhafði í fréttatíma sjónvarpsins í gærkvöldi þar sem hann varði ákvarðanir sínar og hæstv. fjmrh. varðandi mál Sturlu Kristjánssonar með því að þar væri gengið í slóð fyrrv. menntmrh., hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Rangfærslur hæstv. ráðherra í þessu viðtali voru með þeim hætti að hjá því varð ekki komist að vekja á þeim athygli hér í þessum umræðum. Í tengslum við þetta mál þykir mér rétt að komi hér fram að innan fjvn. hefur formaður fjvn., hv. 5. þm. Vestf. sem hér er því miður ekki viðstaddur, lýst því hvað eftir annað á fundum um meira en eins árs skeið að hann hefði óskað eftir greinargerð frá fjmrn. þar sem fram kæmi álit ríkislögmanns á þessu máli. Formaður fjvn. hefur skýrt frá því ítrekað á fundum að með ólíkindalegum hætti hefði þessi ósk hans til hæstv. fjmrh. verið hunsuð. Það kemur síðan fram í þeirri greinargerð sem loks er send fjvn. með bréfi þann 6. mars sl. að ríkislögmaður hafði sent hæstv. fjmrh. greinargerð um þetta mál þann 19. maí sl. Þá greinargerð hefur fjvn. ekki enn fengið. Það er vitnað til hluta af þeirri greinargerð í minnisblaði ríkislögmanns sem hér liggur fyrir og er nú komið í hendur fjölmiðla. En hina fyrri og eiginlegu greinargerð lögmannsins til fjmrh. hefur fjvn. ekki séð enn þann dag í dag.

Hér sagði hæstv. fjmrh. í umræðum um þingsköp að sjálfsagt væri að birta öll gögn þessa máls. Ég leyfi mér því að óska eftir því að þessi greinargerð ríkislögmanns, sem send er hæstv. fjmrh. þann 19. maí sl., verði einnig send til fjvn.

Fjvn. hefur þetta mál til meðferðar í tengslum við fjáraukalög 1988, vegna þess að þar kemur fram aukafjárveiting sem er til þess að fullnægja fjárhagslegum hluta þess samkomulags sem gert var við Sturlu Kristjánsson undir lok árs 1988. Og það hafði verið sammæli með okkur fjárveitinganefndarmönnum, bæði í meiri hl. og minni hl., og ég tala hér að sjálfsögðu sem minnihlutamaður í nefndinni, að láta ekki þessi gögn af hendi við fjölmiðla fyrr en málið hefði fengið afgreiðslu í nefndinni. Eftir að afgreiðsla nefndarinnar lægi fyrir hér á hv. Alþingi væru þessi gögn engum leyndarmál og væru að sjálfsögðu til birtingar. Því miður hafa þessi gögn eigi að síður farið út og viðbrögð voru með þeim hætti sem fram komu af hálfu hæstv. menntmrh. í gærkvöldi og eru tilefni þessarar umræðu.

Um þetta mál má auðvitað margt segja. Það er

hægt að skipta þessu máli Sturlu Kristjánssonar að minnsta kosti í þrennt. Í fyrsta lagi brottvikningu hans úr starfi og þau mál sem því tengjast. Í öðru lagi meðferð dómstóla á þessu máli, þ.e. bæjarþings Reykjavíkur. Og í þriðja lagi ákvörðun hæstv. núv. menntmrh. og fjmrh. um að taka þetta mál út úr Hæstarétti og gera um það sérstakt samkomulag við Sturlu Kristjánsson. Það er sá þáttur málsins sem hér er til umræðu.

Um fyrsta þátt málsins ætla ég ekki að segja neitt og ekki gerast dómari í máli Sturlu Kristjánssonar eða þeim orsökum sem leiddu til brottvikningar hans. Það mál fór fyrir dómstóla og hefði betur gengið þá slóð til enda.

Ef það er svo að Sturla Kristjánsson stæði svo vel að vígi í málinu að hann kynni að hafa verið sýknaður í Hæstarétti hafa hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. unnið skemmdarverk gegn þessum manni. Hann hefur þá ekki lengur færi á því að hreinsa mannorð sitt fyrir dómstólum. (**Menntmrh.:** Sýknaður af hverju?) Sýknaður vegna þess að málinu hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar. Það var að vísu í undirrétti fundið að málsmeðferð af hálfu fyrrv. menntmrh. en eigi að síður talið tilefni til að víkja Sturlu úr starfi um stundarsakir. Ég vil svo staðfesta að þetta mál var fyrir Hæstarétti. Samkvæmt því sem segir hér í skýrslu ríkislögmanns var það þingfest í Hæstarétti 3. okt. 1988, þannig að það eru engin tvímæli um að málið hafi verið komið til Hæstaréttar. Hæstv. fjmrh. talar um að það hafi verið andstætt hagsmunum ríkisins að áfrýja málinu áfram. Hvað er hæstv. ráðherra að tala um? Að áfrýja máli áfram, sem þegar hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, er þá til meðferðar og hefur þar verið þingfest. Svo kemur hæstv. ráðherra og segir hér: Það var andstætt einhverjum hagsmunum að áfrýja því áfram. Málið liggur þannig fyrir að þessir tveir hæstv. ráðherrar taka sig fram um það að taka mál þetta út úr dómstólum, út úr Hæstarétti. Niðurstaða bæjarþings liggur fyrir í dómi þeim sem gekk í málinu. Það er ekkert um það að villast að sá dómur liggur fyrir. En málið var komið til Hæstaréttar og það eru a.m.k. fá dæmi ef nokkur, að mál sem rekið er gegn ríkinu upphaflega og síðan áfrýjað til Hæstaréttar hafi verið tekið þaðan út af handhöfum framkvæmdarvaldsins meðan Hæstiréttur hefur málið til meðferðar. Ég hygg að þess séu a.m.k. fá dæmi ef nokkur, ég veit ekki um neitt.

Það er svo aftur annað mál, að úr því að dómur bæjarþings Reykjavíkur var svo góður sem hæstv. fjmrh. vill hér láta í veðri vaka, að niðurstaða hans liggi fyrir, eins og hann sagði hér ítrekað í ræðu sinni og það er út af fyrir sig rétt, hvers vegna þurftu þá þessir hæstv. tveir ráðherrar að breyta niðurstöðu þess dóms? Úr því að Sturla Kristjánsson vann málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og sú niðurstaða liggur fyrir, hvers vegna þurftu þessir tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., að breyta niðurstöðu þess dóms í mörgum atriðum?

Í fyrsta lagi var það gert, eins og hér var greinilega rakið í máli málshefjanda, með því að bætur sem greiddar yrðu úr ríkissjóði til Sturlu Kristjánssonar skyldu ekki vera 1.400.000 kr. heldur 2,2 millj. kr. Hvers vegna var þörf á þessu ef Sturla vann málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og allt var í lagi af hans hálfu? Hvers vegna þurftu þá þessir tveir ráðherrar að ákveða það að greiða til viðbótar um 800.000 kr. úr ríkissjóði til Sturlu Kristjánssonar? Hvers vegna þurftu þeir líka að breyta ákvæðum og niðurstöðu dóms bæjarþings Reykjavíkur um málskostnað þannig að í stað þess að hámark málskostnaðar sem Sturla Kristjánsson fengi greiddan úr ríkissjóði væri 180.000 kr. skyldi hann fá greiddan málskostnað að fullu? Hvers vegna þurfti það úr því að niðurstaða bæjarþings Reykjavíkur og dómur undirréttar var svo góður og þessum starfsmanni í vil? Og hvers vegna þurfti þá að breyta því, sem hæstv. fyrrv. menntmrh., hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson, hafði gert til þess að lægja öldur og til þess að koma með mannlegum hætti fram við þennan starfsmann, að ráða hann til tiltekinna rannsóknarstarfa á þeim launum sem þar áttu við, þ.e. lektorslaunum við Kennaraháskóla Íslands, að breyta því yfir í mun hærri laun? (**Menntmrh.:** Það hafði Birgir gert.) Það hafði Birgir ekki gert. (**Menntmrh.:** 23. september.) (**BÍG:** Það er ekki rétt.) Það er ekki rétt. Þú getur fengið orðið á eftir, hæstv. menntmrh. En niðurstaða málsins er sú að hæstv. menntmrh. breytir ákvörðunum fyrrv. menntmrh. um launagreiðslur og um starfskjör. Og Sturla Kristjánsson velur að fara á fræðslustjóralaunum í tvö ár til námsdvalar erlendis í stað þess að áður hafði hann verið ráðinn til rannsóknarstarfa við Kennaraháskóla Íslands á mun lægri launum, þ.e. lektorslaunum.

Niðurstaða þessa máls er vitaskuld sú að þessir tveir hæstv. ráðherrar sætta sig ekki við niðurstöðu bæjarþings Reykjavíkur, þ.e. undirréttardóm. Þeir sætta sig ekki við það að málið gangi áfram fyrir Hæstarétti, þeir taka málið þaðan út þó það hafi þar verið þingfest og þeir breyta niðurstöðu undirréttardóms *í mörgum greinum starfsmanninum í vil en* íslenska ríkinu í óhag, þannig að það kostar veruleg útgjöld af hálfu ríkissjóðs. Og það má kannski leiða að því líkur vegna þess að þetta mál, sem snertir fjáraukalög fyrir 1988 og eru til meðferðar í fjvn., að það hefur dregist, ég ætla um hálfs mánaðar skeið, að taka það lagafrv. til afgreiðslu innan nefndarinnar vegna þess að það hefur ekki enn komið fram nein tillaga frá meiri hl. fjvn. um þetta mál. Og kannski er það vegna þess að það vefst fyrir hv. meiri hl. í fjvn. með hvaða hætti þeir skuli taka á málinu og er það ekkert undarlegt. Vegna þess að hér er farið fram af hálfu framkvæmdarvaldsins, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., með þeim hætti sem er a.m.k. óvenjulegt ef ekki einsdæmi og án allra heimilda eins og þeirra er vandi, frá Alþingi Íslendinga. (**Forseti:** Leyfist forseta að spyrja hv. ræðumann hvort mikið sé eftir af ræðu hans? Hér eru enn fjórir hv. þm. á mælendaskrá og þessari umræðu hlýtur að ljúka kl. hálf fimm.)

Ef virðulegur forseti hefði eigi tekið til máls væri ég þegar kominn úr ræðustólnum. Ég hef lokið ræðu minni, skýrt mína afstöðu og greint frá því hvernig þetta mál stendur innan fjvn. eftir því sem það er hægt.

Ég endurtek það aðeins að mér þykir miður að þetta mál og þessi gögn skyldu fara fyrir fjölmiðla á meðan fjvn. er að starfi og er með það sem vinnugögn í sínum höndum. Einhver hefur ekki haft nægilega biðlund og hlaupið með það í fjölmiðla á meðan nefndin er að starfi. Þetta segi ég alveg jafnt þó ég skipi nú minni hl. fjvn. eins og ef ég hefði verið í meiri hl. En að öðru leyti er ekkert frekar um málið að segja af minni hálfu eða það sem hæstv. ráðherrar voru að reyna að rekja hér áðan.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég skal takmarka mál mitt mjög. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur þegar gert grein fyrir hvar þetta mál er statt í fjvn. Ég vil taka undir þau orð hans að mér þykir mjög miður að það skuli hafa farið út í fjölmiðla áður en ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig það skuli afgreitt.

Það hefur verið fjallað hér um álit ríkislögmanns á þessu títtnefnda Sturlumáli, sem svo hefur verið nefnt. Ég verð að segja að ýmislegt er í umræddri álitsgerð sem má ýmist gagnrýna eða mótmæla. T.d. má nefna þar sem fjallað er um forstöðumenn ríkisstofnana en gagnvart þeim gat þetta mál aldrei orðið fordæmisgefandi vegna þess að fræðsluskrifstofur urðu ekki ríkisstofnanir fyrr en um síðustu áramót. Fræðslustjórar á þeim tíma sem brottvikning Sturlu átti sér stað voru einnig starfsmenn sveitarstjórna og heyrðu líka undir fræðsluráð og það er öllum kunnugt. Sú fullyrðing að Sturla hafi vísvitandi haft fjárlög að engu stenst engan veginn, um það er öllum kunnugt sem með honum unnu, bæði kennurum, skólastjórum og fræðsluráði. Og það er einnig staðreynd að fræðsluumdæmið Norðurland eystra fór ekki meira fram úr fjárlögum og í fjölmörgum tilfellum minna en önnur fræðsluumdæmi. Því til sönnunar hef ég hér þingskjal frá síðasta þingi sem ber númerið 1163. Það er svar fjmrh. við fsp. frá hv. þm. Júlíusi Sólnes, um fjárreiður fræðslustjóraembætta landsins 1983–1988. Á því yfirliti sést glögglega að fræðsluumdæmið Norðurland eystra fór fram úr fjárlögum, það gerðu öll fræðsluumdæmin meira og minna, og mörg miklu meira en Norðurland eystra. Og þá voru sannarlega nóg dæmi til þess að skapa fordæmi um refsingu forstöðumanna sem sýndu fjárlagaóhlýðni á þessum árum, ef vilji hefði verið fyrir hendi, eins og sést á þeim blöðum sem dreift er núna á þessum fundi. Það er dálítið athyglisvert að fjármálastjórn ríkisins er með þeim hætti að flestir eða allir eru sekir um að fara fram yfir fjárlög. Og ekki er hægt að taka á neinum einum fyrir dómstóli því allir eru jafnsekir. Hvers konar fjárlagagerð er það sem við búum við þegar það er ekki hægt að fara eftir fjárlögunum hvorki hvað varðar rekstur né framkvæmdir? Það þykir sjálfsagður hlutur að farið sé meira og minna fram yfir þau. Það getur ekki verið að það teljist raunhæf fjárlög sem ekki er með nokkru móti hægt að standa við á neinum vettvangi.

Mér sýnist líka bréf þáv. hæstv. menntmrh. Birgis Ísleifs frá 23. sept. 1988 og það tilboð sem í því felst, og núv. menntmrh. hefur ekki treyst sér til að falla frá, benda til þess að undir það sé tekið sem kemur fram í dómsorði bæjarþings Reykjavíkur, þ.e. að frávikning stefnanda úr starfi hafi verið of harkaleg og fyrirvaralaus og ekki talin lögmæt í skilningi laga nr. 38/1954. Hins vegar má deila um þá aðgerð sem hæstv. núv. ráðherrar, menntmrh. og fjmrh., hafa farið út í og á sér fá eða engin fordæmi, að opinbert mál sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar sé dregið til baka. Það tiltæki hefur gert málið tortryggilegt í augum almennings og sú málsmeðferð þjónar ekki hagsmunum ríkisvaldsins og enn síður hagsmunum Sturlu Kristjánssonar.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki hafa orð mín mörg. En ég harma þessa umræðu sem hér fer fram. Mér sýnist hún ekki þjóna öðrum tilgangi en að skemmta núv. og fyrrv. menntmrh. og fjmrh. Þetta mál þjónar ekki þeim tilgangi að sá maður sem hefur orðið fyrir barðinu á stjórnvöldum fái uppreisn æru.

Í þrjú ár hefur þetta mál verið meira og minna hér fyrir Alþingi. Alltaf hefur Sturla Kristjánsson mátt þola það af þingmönnum að hljóta hin og þessi örlögin, þessi maður sem að ósekju, eins og fram kemur í undirréttardómi, var vikið frá starfi á mjög leiðinlegan og umdeildan hátt. Ég vil gera það að minni tillögu að við sýnum þessum manni, sem sannarlega rækti starf sitt af alúð og samviskusemi, þá virðingu að hann þurfi ekki að þola svona umræðu öllu lengur.

Aðalmálið í þessu er ekki spurningin um þessa skýrslu. Um hana má deila mjög og það koma fram í henni mjög umdeild atriði. Þar er verið að draga enn á ný fram hvað hafi verið rétt og hvað hafi verið rangt í fari þessa manns sem er um að ræða. Málinu er eflaust af hans hálfu lokið. Við þingmenn erum svo lengi að átta okkur á staðreyndum að við gerum okkur ekki grein fyrir þeim mannlega harmleik sem þessi maður hefur þolað.

Ég held að við ættum, eins og ég sagði áðan, að reyna að ljúka þessu máli í friði. Núna hefur það gerst að menntmrh. núv. og fjmrh. hafa samið við manninn og það þjónar ekki tilgangi að vera að ýfa það upp aftur. Sá samningur hlýtur að gilda, hann er búinn að binda ríkisvaldið samkvæmt lögum. Hins vegar er það allt annað mál hvort fjmrh. og menntmrh. hafi haft þessa heimild, sem ég dreg mjög í efa, þar sem dómur gekk og dómi skal hlíta. Það gekk dómur um það að Sturlu skyldu greiddar 1.400.000 kr. miðað við þá dagsetningu þegar samningurinn var gerður og að sjálfsögðu höfðu hvorki menntmrh. né fjmrh. heimild til þess að greiða annað en þessa fjárhæð. Um það held ég að sé engin spurning. Annað atriði er það hvort þetta hafi verið rétt af þessum háu herrum,

fjmrh. og menntmrh., að gera þetta og um það snýst kannski umræðan.

Ég ætla ekki að leggja neitt mat á það en vil að þetta komi fram, sem ég sagði hér í upphafi, að ég held að við eigum að reyna að leggja þessa deilu niður og hætta þeim umræðum sem hér hafa farið fram og þjóna þeim einum tilgangi að skemmta pólitískum öflum hér á Alþingi, þar sem takast á annars vegar Alþb. og hins vegar Sjálfstfl.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það var ekki stofnað til þessarar umræðu til þess að ræða rök fyrir því að víkja umræddum manni úr embætti fræðslustjóra í Norðurlandi eystra né heldur mótrök gegn þeirri ákvörðun. Það var stofnað til þessarar umræðu til þess að fjalla um annars vegar ósannindi hæstv. menntmrh. og hins vegar meðferð hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. á þessu máli eftir að dómur hafði fallið í undirrétti. Og það er um þessa málsmeðferð sem hér er verið að fjalla.

Það liggur nú fyrir og hefur verið leitt í ljós í þessari umræðu að það er rétt sem hv. 2. þm. Reykv. hélt hér fram, að hæstv. menntmrh. fór með rangt mál í fjölmiðlum í gærkvöldi um aðdraganda þessa máls og þeirra ákvarðana sem hann tók eftir að undirréttardómur fellur. Það hefur verið leitt í ljós að hæstv. menntmrh. fór þar með rangt mál.

Í annan stað liggur fyrir að þessir tveir hæstv. ráðherrar hafa með stjórnvaldsákvörðunum breytt niðurstöðu undirréttardóms og ákveðið meiri greiðslur úr ríkissjóði en kveðið var á um í undirréttardómi. Hygg ég að fá dæmi séu um slíkar ákvarðanir og ærið tilefni til þess að fjalla sérstaklega um slíka málsmeðferð og það fordæmi sem verið er að gefa í stjórnsýslu með vinnubrögðum af því tagi.

Í þriðja lagi liggur hér fyrir að hæstv. ráðherrar tóku málið úr höndum Hæstaréttar eftir að því hafði verið áfrýjað og það þingfest þar. Og eins og hér hefur komið fram í máli þingmanna eru slík vinnubrögð einsdæmi af hálfu æðstu embættismanna ríkisins. Auðvitað var eðlilegt að Hæstiréttur fjallaði um þetta mál og kvæði upp endanlegan dóm. Málið hafði verið tekið fyrir í undirrétti, því hafði verið áfrýjað en þá komu til sögunnar menn, og það er það sem er einkennandi fyrir þessa umræðu af hálfu hæstv. ráðherra, fulltrúa Alþb. í núv. ríkisstjórn, að þá komu til sögunnar menn sem sögðu: Nú þurfum við ekkert á dómstólum að halda. Nú erum það við sem höfum völdin. Nú er það okkar að ákveða hvað er rétt dómsniðurstaða og hvað er röng dómsniðurstaða. Við þurfum ekkert á dómstólum að halda. Og við þurfum ekkert að styðjast við dómsniðurstöður þegar ákveða á skaðabætur vegna málaferla í tilefni af málum eins og þessum. Þá getum við tekið lögin í okkar hendur. Það er þessi valdhroki og þessi vanvirða gagnvart lögum og rétti og dómstólum sem einkennir ekki aðeins athafnir þessara hæstv. ráðherra, heldur allan málflutning þeirra hér á Alþingi Íslendinga. Og það var eftir því tekið hvernig hæstv. menntmrh. talaði um embætti ríkislögmanns. Ef aðvaranir hans til ráðherra um það hvað eru rétt lög og hvernig rétt er að fara að varðandi stjórnsýsluákvarðanir henta ekki vilja okkar, valdhafanna, þá vísum við slíkum mönnum út í hafsauga, þá höfum við ekkert við þá að gera. Og það er alveg það sama sem er uppi á teningnum í viðhorfi þessara hæstv. ráðherra þegar athugasemdir koma fram af hálfu Ríkisendurskoðunar eða umboðsmanns Alþingis. Þá er því gefið langt nef og því haldið fram að Ríkisendurskoðun reikni vitlaust eða umboðsmaður Alþingis kunni ekki lög.

Það er sama hvar borið er niður. Valdhrokinn og fyrirlitningin gegn lögum og reglum og eðlilegum stjórnsýsluvenjum kemur hvarvetna í ljós. Og hið upprunalega eðli og hinn upprunalegi tilgangur með stofnun Alþb. kemur berlega fram. En það eðli hefur nú verið afhjúpað og það stjórnskipulag sem þá dreymdi mest um er nú að hrynja víða. En enn er þetta uppistaðan í hugsunarhætti þeirra, málflutningi og ákvörðunum. Og það er í raun og veru þetta sem eftir stendur og afhjúpar þessa tvo hæstv. ráðherra.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Vegna umræðna um þetta mál þykir mér rétt að upplýsa að fjvn. hefur verið með þetta mál til umfjöllunar og á fundi hennar 24. febr. sl. var óskað eftir fundargestum í sambandi við þetta tiltekna mál í fjáraukalögunum. Þeir gestir voru aðstoðarmaður hæstv. fjmrh., hagsýslustjóri og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjmrn. Á þessum fundi óskaði nefndin eftir eftirtöldum gögnum um málið:

1. Samkomulagi núv. menntmrh. við Sturlu Kristjánsson, dags. 13. des. 1988.
2. Bréfi frá fyrrv. menntmrh., Birgi Ísl. Gunnarssyni, dags. 23. sept. 1988.
3. Dómi bæjarþings Reykjavíkur eða afriti af honum.
4. Áliti ríkislögmanns um að draga málið til baka frá Hæstarétti.

Aðstoðarmaður fjmrh. afhenti fjvn. þessi gögn með minnisblaði sínu dags. 6. mars sl. Fjáraukalög 1988 eru til meðferðar í nefndinni eins og hv. alþm. er kunnugt um. Þar er greiðsla frá skrifstofu menntmrn. á skaðabótum til Sturlu Kristjánssonar, 793 þús. kr. Ég vil geta þess hér í leiðinni að auðvitað gera menn sér grein fyrir því hér á hv. Alþingi, að það er búið að greiða þessa upphæð og hún verður ekki tekin til baka.

Ég harma að gögn um þetta mál hafa komist í hendur fjölmiðla áður en afgreiðsla fjvn. liggur fyrir, en það er ljóst að nefndin mun ljúka þessu máli mjög fljótlega og þá kemur það að sjálfsögðu aftur hingað inn í deild til lokaafgreiðslu í sambandi við fjáraukalög fyrir árið 1988.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta hér efnislega, en ég taldi það skylt, vegna þess að hér hafa verið nefnd störf fjvn. um þetta mál, að skýra hér frá þessum gangi mála. Fjvn. á eftir, eins og kom hér

fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., að ljúka afgreiðslu á frv. til fjáraukalaga 1988 en það verður gert mjög fljótlega.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fróðlegu umræðu um leið og ég tek undir það sem hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan að það er nú kannski ekki nein sérstök ástæða til þess, vegna málsaðila, að við séum að hnotabítast um þetta mál út um víðan völl, eins og hv. 1. þm. Suðurl. gerði hér áðan og hann er vanur. Það liggur einnig fyrir að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 kemur hér til umræðu. Þá er hægt að ræða þetta ef menn vilja. Hins vegar vildi ég nefna það við starfandi formann fjvn. að það eru nokkur skjöl sem fjvn. hefur bersýnilega láðst að panta í þessu máli og mun ég gera ráðstafanir til þess að koma þeim til nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna frásagnar hv. þm. Pálma Jónssonar vil ég geta þess að við ræddum um það, ég og formaður fjvn., að það væri eðlilegt að þau gögn og upplýsingar sem fjvn. óskaði eftir í þessu máli kæmu til nefndarinnar þegar fjáraukalög fyrir árið 1988 yrðu til meðferðar í nefndinni. Og það var ástæðan fyrir því að beðið var með að leggja fram upplýsingar sem komið var á framfæri munnlega við ráðuneytið í sumar að óskað var eftir. (Gripið fram í.) Það er mér nú ekki kunnugt um, að það sé eitt og hálft ár síðan, vegna þess að ég held að það sé rétt um það bil eitt og hálft ár síðan ég kom í ráðuneytið svo að það hefur þá verið fyrir mína tíð sem hv. þm. bað um einhverjar upplýsingar í málinu. Þær upplýsingar sem hér er verið að tala um eru frá árinu 1989, hv. þm. hlýtur að átta sig á því ef hann hugsar sig betur um. Og bæði mér og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fannst þinglegt og eðlilegt að þetta mál kæmi hér til umfjöllunar í nefndinni þegar grundvöllur málsins, fjáraukalög fyrir árið 1988, væru til meðferðar.

Ég vil svo að lokum segja það að ríkislögmaður er ekki dómstóll í þessu máli. Hann er bara lögfræðingur ríkisins í málinu, málflytjandi ríkisins, og sú staðreynd sem ég varð að horfa á sem fjmrh. var að ríkislögmaður reyndist hafa haft rangt fyrir sér í málinu. Bæjarþing Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að álit ríkislögmanns um það hvað væri rétt og eðlilegt í málinu væri ekki rétt. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því vegna þess að ég tek eftir því að menn tala stundum eins og álit ríkislögmanns sé úrskurður í málinu. Við búum við lýðræðiskerfi þar sem dómstólarnir eru sjálfstæðir og dómstóllinn í þessu máli komst að þeirri niðurstöðu að álit ríkislögmanns væri rangt.

Ég ætla svo ekki að ræða hér nánar ummæli 2. þm. Reykv. sem voru auðvitað mjög ósmekkleg því staðreyndin er sú að það var menntmrh. Sjálfstfl. með atfylgi fjmrh. Sjálfstfl., Þorsteins Pálssonar, sem rak mann úr embætti til þess að skapa terror gagnvart öðrum ríkisstarfsmönnum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram og ítreka þakkir mínar til hæstv. forseta að hafa leyft hana og þá þolinmæði sem hún hefur sýnt.

Ég vil enn leiðrétta það sem hæstv. menntmrh. ítrekar hér, bæði úr ræðustól og í frammíköllum, að ég hafi verið búinn að fallast á fræðslustjóralaun til handa Sturlu Kristjánssyni. Það er rangt. Það sér hæstv. ráðherra auðvitað ef hann les það bréf sem hann er með í höndunum að þar er talað um næstu tvö ár með sambærilegum launakjörum og verið hefur. Og þau launakjör voru lektorslaun hjá Kennaraháskólanum sem voru og eru mun lægri en fræðslustjóralaun þannig að ég vonast til þess að hæstv. ráðherra endurtaki ekki þessi ósannindi meir.

Allur málflutningur hæstv. fjmrh. í þessu máli er auðvitað til að slá ryki í augu fólks. Málið snýst ekkert hér og nú um það hvort aðrar ríkisstofnanir hafi farið fram úr fjárlögum þetta tiltekna ár. Það er mál sem við höfum rætt hér ítarlega á hv. Alþingi í tengslum við málið þegar það var hér til umræðu. Og það er auðvitað mál sem m.a. kom til meðferðar í bæjarþingi Reykjavíkur sem ein af málsvörnum Sturlu Kristjánssonar hversu mikið ætti að taka tillit til þess. Og það var auðvitað það mál sem Hæstiréttur átti m.a. að taka afstöðu til, hvort það væri vörn í því að aðrar ríkisstofnanir hefðu farið fram úr. Ég skal ekkert fjalla um ávirðingar þessa ágæta embættismanns nú.

Meginatriði málsins er hins vegar þetta, að hæstv. ráðherrar tóku þetta mál úr höndum Hæstaréttar þegar því hafði verið áfrýjað þangað og þeir ákváðu að greiða mun hærri bætur en bæjarþing hafði ákveðið. Ríkislögmaður tapaði málinu, sagði hæstv. fjmrh. Ég dreg það mjög í efa að hægt sé að nota það orð að tapa þessu máli. Það var farið fram á af hálfu Sturlu Kristjánssonar 6 millj. kr. í skaðabætur. Honum voru dæmd 900 þúsund og ástæðan fyrir því var sú að það var talið að ávirðingar hans hefðu verið það miklar að bætur ættu ekki að vera hærri. Og ef lesnar eru forsendur þessa dóms má sjá að dómurinn veltir því mjög ítarlega fyrir sér hvar sök liggur í þessu máli og kemst að þeirri niðurstöðu að efnislega hafi fræðslustjórinn brotið af sér í starfi, en aðferðin við brottvikninguna hafi ekki verið rétt. Og þess vegna sé ástæða til þess að dæma ákveðnar bætur. En þetta átti auðvitað Hæstiréttur að fjalla um og það er það sem er ávirðing af hálfu hæstv. ráðherra og auðvitað skilur maður að hæstv. ráðherra skuli hafa legið á upplýsingum um þetta mál í heilt ár. Það er upplýst hér af fjárveitinganefndarmönnum að það sé meira en ár síðan beðið var um upplýsingar um þetta mál úr fjmrn. Hvað voru þessir hæstv. ráðherrar að fela? Auðvitað lá það ljóst fyrir að samviska þeirra var ekki góð í þessu máli. Þeir vissu að þeir voru að fara langt umfram eðlilegar heimildir. Þeir vissu að þeir voru að brjóta af sér í starfi, að fremja embættisafglöp með því að gera þennan samning og þess vegna hafa þeir dregið það í rúmlega ár að gera Alþingi grein fyrir

þessu máli. Og enn eru ekki öll kurl komin til grafar, enn hafa þeir ekki lagt fram öll gögn í þessum málum. Þess vegna verður að gera þá kröfu að fjvn. fjalli áfram um þetta mál, fari ítarlega um það höndum og krefjist þeirra gagna sem ekki hafa fengist enn fram og geri tillögu um meðferð málsins hér á hv. Alþingi.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég ætla aðeins með örfáum orðum að gera athugasemd við endurtekna fullyrðingu hæstv. fjmrh. um það að ríkislögmaður hafi haft rangt fyrir sér, eins og hann orðar það, og hafi tapað málinu. Það liggur hér fyrir að ríkislögmaður hefur komið að þessu máli með tvennum hætti, annars vegar með álitsgerð um málsmeðferð og hins vegar með málflutningsrökum fyrir dómi. Hann hefur lagt til við ráðherra að þeir greiði ekki úr ríkissjóði umfram það sem undirréttur kvað á um. Og ég hygg að það sé nokkuð langsótt að reyna að halda því fram að þar sé ranglega lagt til um málsmeðferð. Og ríkislögmaður leggur til að málinu sé áfrýjað og það er gert og hann leggur til að málið sé ekki tekið úr höndum Hæstaréttar. Og ég hygg að það séu fáir sem gerist skoðanabræður hæstv. fjmrh. um það að þar sé ranglega farið að eða ranglega gerðar tillögur um málsmeðferð.

Ríkislögmaður ber fram málflutningsástæður sínar fyrir dómi. Þær eru að ákveðnum hluta viðurkenndar fyrir undirrétti, að öðrum hluta ekki. En við búum við það réttarkerfi að málum má áfrýja til æðra dómstigs og það er ekki fyrr en úrskurður Hæstaréttar liggur fyrir sem dómskerfið hefur kveðið upp úr um það hverjar af málsástæðum ríkislögmanns voru gildar og hverjar ekki. En hæstv. fjmrh. kaus að koma í veg fyrir að þessi niðurstaða fengist. Hann hafði eitthvað að fela, hann hafði einhverju að leyna. Hann vildi koma í veg fyrir að æðsta dómsvald landsins segði sitt um málsástæður ríkislögmanns. Það er auðvitað ástæða fyrir því hversu veikburða hann er hér í þessari umræðu í dag.

Hreggviður Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Hér var tekið til umræðu mál utan dagskrár sem nú hefur staðið nærfellt tvo tíma. Það hefur legið fyrir ósk um að annað mál væri tekið fyrir hér utan dagskrár. Við höfðum óskað eftir því, fyrst þetta mál þótti svo mikilvægt, sem ég efast ekki um, að það yrði haldinn sérstakur fundur um það, þá yrði settur annar fundur kl. 8.30 í kvöld og tekið þá fyrir utandagskrármál það sem við höfum óskað eftir um Byggingarsjóð ríkisins í Frjálslynda hægriflokknum, eða í versta tilfelli yrði það tekið fyrir kl. 2 á morgun á fundi Sþ. Ég óska eftir að forseti svari þessu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur áður lýst því yfir að þetta mál mun verða athugað nú fram til kl. 8.30.

NEÐRI DEILD

frh. 65. fundar, miðvikudaginn 28. mars, kl. 8.30 síðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég tel alveg nauðsynlegt að fram komi í upphafi þessa fundar hversu lengi forseti hyggst halda þessum fundi áfram fram eftir kvöldi. Það tel ég alveg nauðsynlegt í ljósi þess að á morgun er mjög stífur dagur hjá þingmönnum þar sem þinghald hefst klukkan tíu í fyrramálið og ráðgert er að fundur í Sþ. standi fram á kvöld, það eru með öðrum orðum kvöldfundir tvo daga í röð, svo að alla vega í mínu tilfelli, sem tilheyri nú ekki ýkja stórum þingflokki, gefst ákaflega lítill tími til að undirbúa sig fyrir þann dag. Og ekki einungis fyrir þá umræðu sem fram fer um utanríkismál heldur stendur einnig flokkur minn fyrir utandagskrárumræðu sem einnig þarf að búa sig undir. Að ekki sé minnst á að persónulega þarf ég að mæla fyrir tveimur fsp. í fyrramálið. Ég tel því alveg einsýnt að þessi fundur í deildinni geti ekki staðið öllu lengur en til svona ellefu, en óska eftir því að hæstv. forseti upplýsi deildina um sín áform og hugmyndir í því efni.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessarar umræðu vill forseti taka fram að honum er alveg ljóst að hér á hv. Alþingi verða tveir kvöldfundir í þessari viku, tvo daga í röð, og auk þess verða fundir n.k. föstudag. Forseti hefur sagt aðspurður að fundur hér í kvöld verði fram undir miðnætti. Forseti vill vega það og meta þegar líður á kvöldið hvernig staða mála verður og kann þá að vera að fundi verði frestað eða honum slitið fyrr, ef þetta nægir hv. 5. þm. Vesturl.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil gjarnan taka það fram að ég tel að það séu eðlileg sjónarmið sem fram koma hjá hv. 5. þm. Vesturl. um að það sé nú naumast fært að halda þessum fundi áfram fram á nótt og tek undir það sjónarmið með honum. Ég vil einnig láta þess getið hér undir þessari umræðu um þingsköp, vegna þess að hæstv. forseti var ekki hér í forsetastól þegar ég hóf mál mitt í gær, að ég tel það óviðunandi að ræða hin þýðingarmestu mál í alvarlegum umræðum hér á hv. Alþingi undir þeim kringumstæðum að þar séu naumast nokkrir þingmenn í sætum sínum eða í þingsal. Hér eru nú staddir tveir hæstv. ráðherrar og er það framför frá því í gær. Hér eru tveir hv. þm. stjórnarliðsins og fjölgar nú um einn, auk hæstv. forseta. En ég tel það alveg óviðunandi, t.d. með tilliti til hinnar vönduðu og yfirgripsmiklu ræðu sem hv. 5. þm. Vesturl. flutti hér í gær, þá voru þetta einn og tveir og þrír þingmenn í þingsalnum og ég vænti

þess að hæstv. forseti, sem hefur sýnt þann myndarskap af sér að vekja athygli á slælegri mætingu hv. alþm. til funda, að hann taki tillit til þess og beiti áhrifum sínum til þess að þingfundir séu sæmilega sóttir þegar hin merkustu mál eru rædd.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti hefur hlýtt á þessar athugasemdir hv. þm. og mun gera það sem hann getur til þess að bæta úr því sem gagnrýnt hefur verið. Varðandi fundinn í kvöld endurtekur forseti það að hann hefur greint frá því að þessi fundur kunni að standa a.m.k. fram undir miðnætti.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Hæstv. forseti. Það er skemmtileg tilbreyting að hefja mál sitt um þetta frv. á annan hátt en verið hefur fram að þessu. Það hefur verið á þann hátt að það hefur orðið að kalla til hæstv. umhverfisráðherra en þess þarf ekki með núna og er það vissulega fagnaðarefni. Batnandi mönnum best að lifa.

Ég hef í ræðu minni, sem spannar nú orðið nokkra fundi þar sem af óviðráðanlegum orsökum hefur orðið að fresta henni af og til, farið yfir hina ýmsu þætti umhverfismála, allt frá því að fara yfir erindi Freysteins Sigurðssonar um skilgreininguna á hvað er umhverfi og einnig um það hvernig fylgjast eigi með umhverfinu að mati Halldórs Þorgeirssonar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ég hafði farið yfir ályktun búnaðarþings þar sem búnaðarþing leggur til að málið verði skoðað betur, þar sem að áliti búnaðarþings sé mikill ágreiningur um málið í þjóðfélaginu og því ályktar þingið á þá lund að málið beri að vinna betur til þess að reynt verði að ná um það sátt í þjóðfélaginu. Undir þetta tek ég að sjálfsögu fyllilega og hef látið það koma fram fyrr í máli mínu, enda búinn að benda á það ítrekað að um málið er verulegur ágreiningur sem fram kemur víða í þjóðfélaginu og ekki síst í þeim umsögnum sem hv. allshn. Nd. hafa borist og ég hef lítillega farið yfir en mun eftir augnablik halda áfram að fara yfir þær umsagnir sem sýna glöggt fram á þann ágreining og þær miklu efasemdir sem eru um ágæti þessa frv. Efasemdirnar hafa náð lengra en til þeirra sem gefið hafa umsagnir. Þær hafa náð alla leið inn í ríkisstjórnina, enda er mér kunnugt um það að hæstv. forsrh. hefur verið að kanna einhverja lendingu og samkomulag í þessu máli. Hamm hefur m.a. eftir því sem mér skilst, og hefur reyndar heyrst í fjölmiðlum, orðað það við menn sem hugmynd að fresta nánast öllum þáttum þessa frv. nema breytingu á 1. gr. og einnig að Veðurstofan fái að fylgja hæstv. umhverfisráðherra sem veganesti frá þessu vorþingi. Er það í sjálfu sér íhugunarefni því ef eitthvað af þeim ágreiningsmálum sem um hefur verið rætt ætti ekki að vera undir umhverfisráðuneyti er það Veðurstofan og má færa fyrir því margvísleg rök sem ég kem að síðar þegar ég lít yfir umsögn sem frá þeirri stofnun hefur borist.

En sem sagt, hæstv. forsrh. hefur áttað sig á þessu, eins og fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu, að það þurfi að fara samningaleið í þessu máli, málið sé í uppnámi og það verði að nást um það sátt. Hvort hæstv. umhverfisráðherra er sammála því veit ég ekki, hygg þó að svo sé ekki, en veit ekki hvort hann fær við það ráðið.

Ég var búinn að fara yfir ýmsar umsagnir, þar á meðal frá Stéttarsambandi bænda sem hefur verulegar áhyggjur af þessu máli öllu og varar við öllum breytingum á skipan þessara mála, þ.e. um landbætur og gróðurvernd, og telur að það geti spillt fyrir þeim góða árangri sem náðst hefur í þeim efnum.

Ég hafði einnig farið yfir bókun sem var gerð á fundi Stéttarsambands bænda og þar kemur hið sama í ljós. Ég hafði farið yfir umsögn frá RALA, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þar sem varað er við ákveðnum þætti þessa máls, og sömuleiðis frá Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins og svo mætti lengi telja en alls staðar eru verulegar efasemdir og miklar athugasemdir við þetta frv.

Ég eyddi töluverðum tíma, hæstv. forseti, í umsögn frá landbrn. sem er dagsett 22. okt. 1989 og einnig í seinni umsögn þess ráðuneytis sem er frá 19. jan. sl. þar sem fram koma verulegar athugasemdir við frv. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur þessa umræðu til þess að skýra deildinni frá því hvort þær skoðanir og sú stefna sem birtist í umsögn landbrn. séu skoðun og stefna ráðherrans sjálfs.

Ég hvíslaði þessu reyndar í eyra ráðherrans í morgun, þannig að hann veit af þessari fyrirspurn og ég ætlast ekki til að það verði kallað á ráðherrann á þessu stigi en ætlast hins vegar til þess að hann svari þessum spurningum seinna í umræðunni.

Ég tel það reyndar út í hött ef ráðherra er ekki sammála umsögnum sem ráðuneyti hans gefur og íhugunarefni ef svo er og leyfi ég mér að túlka þær skoðanir, sem fram koma í umsögn landbrn., sem skoðanir ráðherrans. Öðruvísi er ekki hægt að túlka þá umsögn, enda veit ég ekki hvar við værum staddir ef það þyrfti í hvert skipti að inna ráðherrann eftir því hvort ráðuneytisstjórar fara með skoðanir ráðherrans eða ekki. Ég vil því að það komi fram aftur mjög skýrt að ég óska eftir því að landbrh. verði, þó síðar sé, viðstaddur þessa umræðu því hann veit hvaða spurningar ég hef fram að færa og þarf ekki að koma í salinn nú til að hlusta á þær.

Landbrn. hefur af því áhyggjur að þetta nýja ráðuneyti verði orðið að bákni fyrr en varir, eins og er reynsla annarra þjóða og bent hefur verið á. Nægir að benda á Danmörku í því efni, sem ég hygg að sé land sem ráðherrann þekkir vel til í og hefur hingað til

viljað taka sér til fyrirmyndar. Ég vona að hann geri það í þessu efni og reyni að sporna við því sem best hann getur svo að áhyggjur mínar og fleiri um að þetta ráðuneyti verði orðið að bákni fyrr en varir séu óréttmætar. Ég er hins vegar hræddur um að svo verði, reynsla annarra þjóða sýnir okkur það. Ég tel, þó ekki væri nema af þeim sökum, að menn ættu að staldra örlítið við og fara að ráðum forsrh. sem er, eftir því sem mér skilst, að reyna að vinna þetta mál betur og skila því inn í sátt og samlyndi allra sem eftir frv. eiga að vinna.

Ég hef reyndar bent á, varðandi það bákn sem hér er verið að stofna, og ég er í engum vafa um það að að bákni verður það, að þetta er sennilega eitthvert dýrasta þskj. sem lagt hefur verið fram í sögunni og mun koma til með að kosta íslensku þjóðina verulega fjármuni innan örfárra ára. Þess verður ekki langt að bíða að álögur á fólkið í landinu aukist eingöngu vegna tilvistar þess mikla bákns sem umhverfisráðuneyti verður. Og er það í raun sorgarsaga að það skuli verða minnisvarði Borgfl. eftir eins og hálfs árs dvöl í ráðherrastólum og ríkisstjórn að vera hans í ríkisstjórn hafi aðeins leitt til þess að álögur á fólkið í landinu verði auknar. Sá flokkur fór reyndar inn í ríkisstjórnina til þess að minnka álögur á fólk, skýldi sér á bak við matarskatt, en allir þekkja árangurinn af þeirri veiku baráttu og sýndarmennskubaráttu sem þar fór fram. Það ætla því að verða örlög þess flokks að fulltrúar hans fá að sitja valdalausir í stólum í eitt og hálft, kannski tvö ár, og skilja ekkert eftir sig annað en auknar álögur á fólkið í landinu og auknar byrðar. Það er ekki sá flokkur sem lagt var af stað með, flokkur mannúðar og mildi, sem þar fer, enda hefur reyndar einn þingmaður þess flokks lýst því yfir að sá flokkur sé ekki til frambúðar heldur hafi hann eingöngu verið útgönguleið.

En ég ætla nú ekki að eyða miklu máli í Borgfl. þó að það væri ekki erfitt. Ég tel að það séu merkari málefni sem ætti að fjalla um en þann flokk sem er nú að deyja drottni sínum, því miður, eins og hann lagði upp með góða málefnaskrá.

Landbrn. er sem sagt sammála því, og það kemur fram í þess umsögn, að umhverfisráðuneyti eigi að vera lítið ráðuneyti og það eigi að vera mannað sérhæfðu starfsliði og ekki að hafa með stjórn stofnana að gera umfram brýna nauðsyn. Þessu sjónarmiði er ég algjörlega sammála og tel að umhverfisráðuneyti sem slíkt eigi eingöngu að fara með ráðgjafarmál og eftirlitshlutverk en framkvæmdarhliðin á að vera á sviði fagráðuneyta.

Ég mun koma nánar inn á það, hæstv. forseti, þegar ég hef lokið yfirreið minni um þær umsagnir sem ég tíndi út af þeim fjölda sem bárust hv. allshn. Nd. Þær voru allmargar eins og komið hefur fram, en ég hef aðeins tekið lítinn hluta, rétt til þess að sýna þingheimi fram á hversu umdeilt þetta mál er og hversu alvarlegar ábendingar eru við það.

Ástæðan fyrir því að ég kýs að fara þó djúpt í umsagnirnar er, eins og fram hefur komið, sú að ég tel að bestu rökin í þessu máli öllu komi frá þeim stofnunum sem eiga að heyra undir þetta ráðuneyti. Þær þekkja að sjálfsögðu sína málaflokka best og hvar þeim er best fyrir komið. Og færa bestu rökin fyrir því hvort ákveðinn málaflokkur eða stofnun á að heyra undir viðkomandi ráðuneyti eða ekki. Það er ein ástæðan fyrir því að ég hef kosið að líta örlítið yfir umsagnir. Önnur ástæða er sú að ég hef meira en rökstuddan grun um að stjórnarliðar yfir höfuð hafi ekkert kynnt sér þetta mál, mjög lítið í það minnsta, og áhugi þeirra fyrir málinu hefur glöggt komið fram í fundarmætingu þegar þetta mál hefur verið á dagskrá og þátttöku þeirra í umræðum. Þeir ætla, eins og í öðrum málum, að láta þetta yfir sig ganga þó að fjölmargir séu í hjarta sínu ósammála þessu máli og er ég ekki að fara með fleipur því að það hef ég frá fyrstu hendi frá allnokkrum stjórnarliðum. En það sem er kannski enn alvarlegra, og ein aðalástæðan fyrir því að ég kýs að fara vel ofan í þessar umsagnir, er það að ég tel að stjórnarliðar, en vil þó undanskilja hv. formann allshn. neðri deildar, hafi ekki lesið umsagnirnar.

Þannig var nefnilega, hæstv. forseti, að hinn annars ágæti starfsmaður nefndarinnar tók út þá punkta sem hann taldi merkilegasta í hverri umsögn og setti þá á blað. Það hygg ég að séu einu punktarnir sem stjórnarliðar hafa litið yfir og efast meira að segja um að þeir hafi allir litið yfir þá. Til marks um áhuga stjórnarliða fyrir þessu máli er einn ágætur þingmaður Alþfl. í þessari nefnd. Það liggur við að það verði að kynna hann fyrir nefndarmönnum ef hann sést í gættinni, því þar hefur hann, held ég, ekki sést oftar en einu sinni eða tvisvar. Það er kannski talandi dæmi um áhuga stjórnarliða á þessu máli að einn stjórnarflokkanna sýnir því ekki meiri áhuga en svo að fulltrúi hans í nefndinni mætir ekki á einn einasta fund. Þetta kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart því ég sit líka í hv. allshn. Sþ. og þar er ósköp svipað upp á teningnum af hendi fulltrúa þessa sama flokks og sér hann sér ekki fært að mæta á þá fundi.

Það er íhugunarefni fyrir þingið, hæstv. forseti, til hvers er verið að kjósa menn í nefndir eða menn að gefa kost á sér öllu heldur í nefndir ef þeir ætla sér ekki að sinna því starfi sem þeir takast á hendur. En það verða menn að eiga við sína samvisku, hún er þá ekki betri en þetta. En hún sýnir engu að síður hinn mikla áhuga alþýðuflokksmanna á þessu máli. Hann er hins vegar, eftir því sem ég hef hlerað, á þá lund að þeim yrði það ekkert sárt, þeir færu ekkert undir feld og grétu þó þetta mál biði haustþings og fengi að vinnast betur. En það er nú annað mál.

Ég tel hins vegar að í nefndum beri og eigi að fara yfir hverja einustu umsögn sem send er inn. Það er ætlast til þess af stofnunum og starfsfólki þeirra að það leggi á sig mikla vinnu fyrir nefndirnar, kvöld sem morgna við að útbúa og undirbúa umsagnir, sem eru sendar nefndunum. En þegar þangað er komið eru þær virtar að vettugi og ekki einu sinni lesnar af nefndarmönnum. Það er mín skoðun að úr því að verið er að biðja um umsagnir ýmissa aðila og stofnana beri nefndum að fara yfir þær og lesa en

henda þeim ekki í starfsmann nefndar og biðja hann að sigta út og búa til skoðun fyrir nefndina. Það er algerlega út í hött. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja það að einhver starfsmaður, þó hann sé góður starfsmaður, búi til skoðanir fyrir mig og sigti út úr umsögnum fyrir mig. Það eigum við að gera sjálfir. Og ég tel, hv. formaður allshn., að það að fara yfir umsagnir sem berast séu vinnubrögð sem eigi að viðhafa í nefndum. Auðvitað á hver og einn að gera það fyrir sig, en nefndin í heild sinni á síðan að fara yfir þær og skiptast á skoðunum um það sem þar kemur fram. Þannig næst væntanlega besta niðurstaðan í öllum málum. En því miður er það ekki reyndin, þannig er ekki unnið í dag og ég harma það. Ég treysti því að hv. formaður allshn. sem er nú í salnum hafi meðtekið þessi skilaboð og viðhafi þau vinnubrögð í framtíðinni.

Má kannski benda á það í leiðinni að einn af þingmönnum stjórnarliðsins hefur lagt fram þáltill. sem hann óskaði eftir að yrði keyrð hér í gegn án þess að hún fengi þinglega meðferð. Hann lagði fram þáltill. um þinglega meðferð allra mála. Þannig að ákveðinn stuðningur er fyrir því að svona sé staðið að málum. Og auðvitað er það þingleg meðferð að fara yfir þau gögn sem kallað er eftir, því annars er það sýndarleikur einn og ber að láta af.

Hæstv. forseti. Ég fór hér yfir umsagnir frá yfirdýralækni, Dýralæknafélagi Íslands, eiturefnanefnd, Geislavörnum ríkisins og enn fremur greinargerð sem fylgdi umsögninni og var flokkuð niður í níu punkta. Þar voru fullkomin rök sett fram fyrir máli þeirra, eins og reyndar í öðrum umsögnum. Ég tek það fram að umsagnirnar eru bæði með og á móti frv. þannig að það er ekki hægt að segja að þær séu algjörlega einlitar gegn því.

Röntgendeild Landspítalans sendi inn umsögn, sem ég fór líka yfir, en í henni var áskorun á hv. allshn. Alþingis að hún stæði fyrir því að Geislavarnir ríkisins fengju að vera áfram undir ráðuneyti heilbrigðismála. Það er ágætis dæmi, þar kom áskorun á hv. allshn. sem var ekki svo mikið sem minnst á í nefndinni og henni því ósvarað. Ég hafði farið yfir umsögn frá Röntgentæknafélagi Íslands og af því að ég sá hæstv. heilbrrh. í salnum fyrir örskammri stund vil ég geta þess að Röntgentæknafélag Íslands skorar á heilbrrh. að beita sér fyrir því að hætt verði við flutning Geislavarna ríkisins yfir í umhverfisráðuneyti. Það væri vissulega athyglisvert, úr því að hæstv. ráðherra heiðrar okkur með nærveru sinni í húsinu, að inna hann eftir því hvort hann hyggst verða við þeirri áskorun. Ég mun ítreka það næst þegar hæstv. ráðherra gengur í salinn.

Ég var þar kominn, hæstv. forseti, þegar mér af sérstakri góðmennsku og ljúfmennsku þess forseta sem þá sat var veitt heimild til að gera hlé á ræðu minni, að ég var að ljúka við að fara yfir umsagnir frá Hollustuvernd ríkisins, þar sem verulegur ágreiningur er um flutning þeirrar stofnunar undir umhverfisráðuneyti. Með breyttri stjórn Hollustuverndar varð meiri hluti stjórnar andsnúinn því að stofnunin færi undir umhverfisráðuneyti. Umsögnum fylgdi afstaða framkvæmdastjóra og forstöðumanna fagsviða Hollustuverndar ríkisins, þar sem í allflestum punktum er varað við þessum flutningi. Ég var sem sagt þar kominn að ég var að ljúka við að fara yfir bréf Hollustuverndar þar sem ítrekað er að það sé komin ný stjórn og að sú skoðun njóti nú meirihlutafylgis innan stjórnarinnar að stofnunin heyri áfram undir heilbr.- og trmrn. en að minni hluti telji koma til greina að færa stofnunina undir umhverfisráðuneyti að uppfylltum þeim skilyrðum, sem eru tilgreind í sérstöku bréfi, sem sent hafði verið í janúar að ég hygg.

Hæstv. forseti. Ég taldi þetta nauðsynlegan inngang og formála áður en ég héldi áfram að glugga í þær umsagnir sem borist hafa, svona rétt til að hressa upp á minni ráðherrans. Þó ég hafi tekið glöggt eftir því í gær að hann lagði mjög við hlustir taldi ég engu að síður rétt að rifja lauslega upp fyrir honum hvað ég hafði fjallað um í ræðu minni í gær.

Ég kom líka lítilega inn á frétt sem var í Dagblaðinu í gær undir yfirfyrirsögninni: „Skaðabótakröfur vegna áratuga gamalla sorphauga bandarískra hersins á Heiðarfjalli." og aðalfyrirsögninni: „Geta valdið PCB-mengun á miðum fyrir Austurlandi." Ég fór yfir meginpunkta fréttarinnar, sem er í sjálfu sér mjög alvarleg, þar sem fram kemur að PCB-mengun getur borist í lífríki hafsins og þar með fiskimiðin undan Austurlandi. Það gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg og markað fyrir íslenskan fisk erlendis. Ég benti ráðherra á þessa frétt og innti hann eftir því hvað hann hygðist gera. Til hvaða ráðstafana hann hygðist grípa við svo alvarlegt vandamál sem þarna er í uppsiglingu og samkvæmt fréttinni nánast lítið við að gera, sem ég neita að trúa. Ég trúi ekki öðru en hinn nýi umhverfisráðherra láti þetta mál til sín taka og kanni af fullri alvöru hvað hægt sé að gera. Enda trúi ég því vart á íslenska ríkisstjórn og nýjan umhverfisráðherra að þeir láti það sem vind um eyru þjóta þegar slíkar hættur eru yfirvofandi, þar sem lífríki sjávar og fiskimiðin undan Austurlandi og markaðir okkar erlendis eru í hættu. Og reyndar er þetta mál sem ætti að inna hæstv. forsrh. eftir og ég mun gera það ef hann lætur svo lítið að líta hér í salinn seinna í kvöld.

Í fréttinni er sagt að möguleikinn á að draga úr mengunarhraða felist í því að þekja sorpgryfjur með vatnsheldu efni og draga þar með úr áhrifum hripvatns. Nú veit ég ekki hvort þetta er rétt en hæstv. umhverfisráðherra hefur væntanlega kynnt sér þetta því að hann fer nú þegar með þetta málefni samkvæmt reglugerð sem sett var og auglýst 23. febr. 1990, um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, þar sem segir m.a. að umhverfisráðuneyti fari með mál er varða alhliða umhverfisvernd og þetta hlýtur að falla undir það, eftirlit með náttúruvernd, ekki fellur það síður undir það, og mengunarvarnir. Þannig að það er alveg kristalklárt í mínum huga að þetta er verkefni fyrir nýbakaðan umhverfisráðherra og verðugt verkefni að taka á og mjög

alvarlegt mál. Ég vil því endurtaka spurningarnar, sem ég hef þegar spurt, hvað ráðherrann hyggst gera og hvort þetta sé e.t.v. í hugum ríkisstjórnarinnar „ekkert mál", eins og sagt er.

Þá ætla ég að leyfa mér, hæstv. forseti, að glugga lítillega í þessa ágætu möppu sem ég hef með mér og hef tínt í nokkrar umsagnir og er sennilega, miðað við þykkt, að verða hálfnaður með þær. Ég ætla að fara yfir umsögn sem barst frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og er dags. 10. jan. 1990. Þeir óska eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum, sem eru, ég hirði ekki um að lesa formálann að þessari umsögn:

„Um frv. til laga um breyting á lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis og frv. til laga um breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands, 128. og 129. mál.

Stjórn félagsins tekur undir þau sjónarmið að sameina eigi mikilvæga þætti yfirstjórnar umhverfismála í einu ráðuneyti. Ekki verður séð nauðsyn þess að stofnað verði sérstakt ráðuneyti svo að því markmiði verði náð. Athugasemdir og skýringar með frv. og málflutningur helstu talsmanna um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis styrkja enn fremur þá skoðun að stofnun slíks ráðuneytis muni frekar sundra en sameina þá aðila sem vinna að umhverfismálum.

Þegar drög að frv. voru til umfjöllunar taldi stjórnin skárra að þessi málaflokkur flyttist í heild til væntanlegs umhverfisráðuneytis heldur en að málefnunum yrði skipt á milli ráðuneyta eins og boðað hafði verið. Sú staðreynd að framleiðsla matvæla er mikilvægasta framleiðslugrein landsmanna hefur tengt saman eftirlit á sviði mengunarmála og hollustuhátta. Heilbrigðisfulltrúar vinna nú að umhverfiseftirliti, mengunarvarna- og heilbrigðiseftirliti. Því starfi verður ekki skipt upp á milli ráðuneyta með góðu móti. Nefna má sem dæmi tengsl matvælaframleiðslu og umhverfismengunar, svo sem nýlega salmónellumengun í sauðfjárafurðum, heilnæmi neysluvatns, smithættu frá slæmri umgengni um sorp, umferðarhávaða í íbúðabyggð sem veldur streitu og truflun á svefni, frágang frárennslis, merkingar á eiturefnum og hættulegum efnum. Ef umhverfiseftirlit verður tekið úr fyrra samhengi, þar sem þekking á aðstæðum og staðháttum hefur orðið til, getur orðið verr af stað farið en heima setið.

Við stofnun umhverfisráðuneytis verður að gæta þess að skapa ekki fleiri vandamál en þau sem á að leysa. Ef mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins sem aðeins fer með hluta af mengunarvarnastarfi því sem lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit mæla fyrir um verður flutt til umhverfisráðuneytis eins og talsmenn stofnunar umhverfisráðuneytis telja eðlilegast verða málefni mengunarvarna og umhverfiseftirlits eftir sem áður að verulegum hluta í heilbr.- og trmrn. Því markmiði að stefna að nánari samvinnu og markvissari vinnubrögðum þeirra aðila sem vinna að þessum málum verður því ekki náð. Þar sem einhugur er ekki um þá skilgreiningu að allt mengunarvarnaeftirlit og heilbrigðiseftirlit teljist umhverfiseftirlit og ekki er fallist á þá skoðun að tengja eigi umhverfismálin forvarnarstarfi vegna heilsufars fólks heldur aðeins ganga út frá áhrifum á lífríkið er ljóst að almennir hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit fái lítið vægi í umhverfisráðuneyti. Af þeirri ástæðu telur stjórnin ekki rétt að Hollustuvernd ríkisins eða málefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði færð til slíks ráðuneytis.

Í ljósi ofanritaðs er því lagt til að málefni Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði ekki flutt úr heilbr.- og trmrn. Jafnframt er lagt til að við endurskoðun á Stjórnarráði Íslands sem boðuð hefur verið verði sett á stofn umhverfis- og heilbrigðisráðuneyti. Á þann hátt verði best komið fyrir einni samræmdri yfirstjórn þessa málaflokks. Sú staðreynd að umhverfisvernd og mengunarvarnir hafa þróast sem hluti heilbrigðismála í marga áratugi og fagleg tengsl hafa skapast milli héraðslækna og heilsugæslulækna annars vegar og heilbrigðisfulltrúa hins vegar vítt og breitt um landið rennir enn fremur styrkari stoðum undir þá skipan mála. Verði ákveðið að stofna umhverfisráðuneyti [sem nú hefur verið gert] þarf að breyta frumvörpum í samræmi við það."

Annar punktur úr þessari umsögn Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands ber fyrirsögnina „Náttúruvernd". Þar segir m.a.:

„Varðandi breytingar á hlutverkum Náttúruverndarráðs, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins við eftirlit er bent á að tvöfalt eftirlit getur dregið úr skilvirkni og ábyrgðarkennd. Að slíkum breytingum skal því farið með fyllstu varúð svo þær snúist ekki gegn fyrirhuguðum tilgangi."

Þriðji punkturinn ber fyrirsögnina „Siglingamálastofnun" og þar segir:

„Líkur hljóta að vera fyrir hendi til þess að það komi upp stjórnunarerfiðleikar við rekstur Siglingamálastofnunar verði stofnuninni skipt milli ráðuneyta eins og lagt er til."

Síðan fjallar þessi umsögn um 4. mál þingsins sem er frv. sjálfstæðismanna um þeirra leiðir og hugmyndir að stjórnun umhverfismála og mun ég ekki líta neitt á það. Þeirra niðurstaða á þessum tíma var sú að í tengslum við endurskoðun á Stjórnarráði Íslands yrði stofnað heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti sem að þeirra mati ætti þá að fara með yfirstjórn og samræmingu umhverfismála. Hins vegar segja þeir í sinni lokagrein að verði stofnað sjálfstætt umhverfisráðuneyti sé lagt til „að málefni Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga heyri áfram undir heilbr.- og trmrn."

Það er líkt með þær aðvaranir sem fram koma í þessari umsögn og öðrum sem ég hef farið yfir að á þær er ekkert hlustað. Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands sér ekki neina ástæðu til að stofna sérstakt ráðuneyti fyrir þennan málaflokk en telur hins vegar að sameina eigi mikilvægustu þætti yfirstjórnar umhverfismála í einu ráðuneyti. Og það er skoðun Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands að stofnun slíks ráðuneytis, eins og nú er orðin staðreynd, muni

frekar sundra en sameina þá aðila sem vinna að umhverfismálum og trúi ég því nú varla að menn vilji sitja undir slíku, enda vara þeir við að menn ættu að gæta þess að skapa ekki fleiri vandamál en þau sem leysa á við stofnun þessa ráðuneytis. Og undir þetta rita fyrir hönd Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands Guðni Halldórsson gjaldkeri, Garðar Sigþórsson ritari og Guðmundur H. Einarsson formaður.

Þessi umsögn var frá því í janúar. Heilbrigðisfulltrúafélagið hafði á fundi 27. nóv. 1989 rætt um stofnun umhverfisráðuneytis og frv. þar að lútandi og sent inn ályktun sem samþykkt var samhljóða. Í þeirri ályktun segir m.a.:

„Fundurinn mótmælir staðhæfingu sem fram kemur í greinargerð með frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, þess efnis að stjórn HFFÍ hafi talið eðlilegast að Hollustuvernd ríkisins flyttist í heild yfir í umhverfisráðuneyti. Fundurinn telur að ekki sé hægt að skilja bréf stjórnar HFFÍ, dags. 22. nóv. sl., til aðstoðarmanns forsrh. á þennan hátt.

Fundurinn vekur athygli á skilgreiningu í ofangreindu frv., hverjir meginþættir umhverfismála eru, en þar segir á bls. 2:

„Nefndin taldi ekki ástæðu til að skilgreina sérstaklega hugtakið „umhverfismál". Er það í samræmi við þá grundvallarreglu sem byggt er á í lögum um Stjórnarráð Íslands, en þar eru heiti einstakra ráðuneyta ekki skilgreind sérstaklega. Ræðst skilgreining því af þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið falla. Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um hvaða málefni eigi að teljast til umhverfismála. Tvennt virðast menn þó sammála um, annars vegar að um sé að ræða mál sem snerta hið ytra umhverfi mannsins, hins vegar að markmið lagareglna um umhverfismál sé að stuðla að vernd náttúrunnar og þróun hennar eftir eigin lögmálum þannig að afskipti mannsins valdi þar sem minnstum spjöllum.

Þegar talað er um umhverfi mannsins einskorðast það ekki við náttúrulegt umhverfi heldur tekur það einnig til þess þáttar umhverfis sem gerður er af manna völdum. Samkvæmt þessu má segja að meginþættir umhverfismála og umhverfisverndar séu mengunarvarnir, náttúruvernd og skipulagning. Hugtakið ber samkvæmt þessu að skýra mjög rúmt, enda tekur það til líffræðilegra, efnafræðilegra og félagslegra atriða sem geta haft áhrif á heilsu manna."

Það er mat fundarins að mestur hluti verkefna og málaflokka heilbrigðiseftirlitsins í landinu og Hollustuverndar falli ekki undir þessa skilgreiningu. Því ályktar fundurinn að þessum málum sé best fyrir komið undir heilbrrn. Í því ráðuneyti er til staðar fagleg og lögfræðieg þekking á þessum málaflokkum, auk þess sem ráðuneytið hefur áratuga reynslu við framkvæmd þeirra. Málefni á sviði mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits eru iðulega mjög yfirgripsmikil og viðkvæm. Þau krefjast oft tafarlausrar ákvarðanatöku sem getur haft víðtækar afleiðingar, m.a. fjárhagslegar, auk þess að hafa áhrif á heilsufar fólks. Nýtt ráðuneyti af þeirri stærð sem fram kemur í fskj. II með frv. er vart í stakk búið til að axla þessi verkefni.

Fundurinn bendir enn fremur á að færu þessir málaflokkar frá heilbrrn. væri verið að rjúfa fagleg tengsl við landlæknisembættið, héraðslækna og heilsugæslulækna sem eru lögum samkvæmt faglegir ráðunautar eftirlitsins og heilbrigðisnefnda. Einnig væri þýðingarmiklu sambandi og samstarfi við sveitarfélög landsins stefnt í tvísýnu. Það er álit fundarins að ekki sé eðlilegt að kljúfa Hollustuvernd ríkisins vegna þess hve verksvið mengungarvarna og heilbrigðiseftirlits eru nátengd og óskynsamlegt að þessi svið heyrðu undir tvö ráðuneyti.

Fundurinn ályktar því með vísun til ofanritaðs að eðlilegt sé að nú þegar verði hafinn undirbúningur að stofnun heilbrigðis- og umhverfisráðuneytis er tæki til starfa eftir næstu alþingiskosningar."

Og síðan er fjallað meira, hæstv. forseti, um það hvernig slíkt ráðuneyti ætti að starfa, en það hefur enga merkingu lengur í þessu máli þar sem þegar er búið að stofna ráðuneytið. En undir þessa ályktun skrifa Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis, Valdimar Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðarsvæðis, Oddur Rúnar Hjartarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Þórhallur Halldórsson, forstöðumaður hjá Hollustuvernd ríkisins.

Allt er þetta á eina bókina lært, hæstv. forseti, að það er varað við og mönnum bent á hætturnar sem samfara eru flutningi á Hollustuvernd ríkisins undir hið nýja umhverfisráðuneyti.

Það er einnig varað við því af Heilbrigðisfulltrúafélaginu að kljúfa Hollustuverndina og ég tek undir það. Það á ekki að kljúfa hana. Hún á að vera eins og hingað til undir heilbrmrn., og því get ég til að mynda ekki tekið undir brtt. sem ég hygg að Kvennalistinn standi fyrir þar sem gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins verði klofin og ákveðinn þáttur þess færður undir umhverfisráðuneyti. Fyrir því hafa verið færð fullkomlega gild rök að slíkt beri ekki að gera og ég var að enda við að fara yfir ein sem fram komu í þeirri ályktun sem Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands sendi frá sér af félagsfundi þar sem þeir telja að verksvið mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits séu það nátengd að óskynsamlegt sé að þessi svið heyrðu undir tvö ráðuneyti. Undir slíkan málflutning hefur reyndar stjórnarliði í hv. allshn. Nd. tekið. Hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson hefur bent á að óeðlilegt sé að stofnanir þurfi að þjóna tveimur ráðuneytum, að hafa tvö höfuð.

Landlæknir sendir einnig inn umsögn þann 16. jan. þar sem segir svo:

„Umsögn um frv. til laga er varða stjórn umhverfismála, stofnun umhverfisráðuneytis og samræmda stjórn umhverfismála."

Landlæknisembættið hefur áður gefið umsögn um frumvörpin og er það tiltekið hér, hæstv. forseti, en seinna í umsögninni segir:

„Í stuttu máli telur landlæknir að Geislavarnir ríkisins, svo og Hollustuvernd ríkisins, eigi áfram að

heyra undir yfirstjórn heilbrigðismála, enda yfirgnæfandi meiri hluti verkefna þessara tveggja stofnana á sviði heilbrigðismála og hluti heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Væri mjög misráðið ef hagsmunum þessara tveggja stofnana væri fórnað á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum og á engan hátt til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum sem þó er mjög þarft.

Leitast er nú við um allan heim að breyta áherslum í heilbrigðismálum frá lækningum í forvarnir. Lykilatriði í því sambandi er að uppfræða almenning um heilbrigt líf og skapa þær forsendur að almenningi sé eðlilegra að velja heilbrigða lífshætti heldur en heilsuspillandi. Óspillt náttúra, góð fæða, heilnæmt andrúmsloft og góð almenn lífskjör eru veigamiklar forsendur þess að takast megi að breyta áherslum á þann veg sem að er stefnt. Önnur veigamikil forsenda er góð heilbrigðisþjónusta sem þjónar fólkinu í landinu. Hluti þeirrar heilbrigðisþjónustu eru Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd ríkisins." Undir þetta ritar Ólafur Ólafsson landlæknir.

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa aftur eina setningu úr þessari umsögn, enda segir hún svo margt og kemst landlæknir þar mjög vel að orði eins og hans er von og vísa og menn þekkja hann að. Þessi setning er svona:

„Væri mjög misráðið ef hagsmunum þessara tveggja stofnana væri fórnað á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum og á engan hátt til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum sem þó er mjög þarft."

Landlæknir hitti nefnilega akkúrat naglann á höfuðið þarna. Þarna er verið að leika sér með hagsmuni tveggja stofnana. Það er verið að fórna á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum. Ríkisstjórnin er að fórna miklu fyrir aukinn þingstyrk þegar hún kaupir Borgfl. til liðs við sig. Hún er að fórna hagsmunum tveggja stofnana. Gjaldið sem ríkisstjórnin er að borga er það ráðuneyti sem hér er til umræðu og eins og landlæknir segir er það á engan hátt til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum.

Landlæknir kom síðan á fund nefndarinnar og lýsti því sem sinni skoðun að við Íslendingar, sem betur fer, eigum við mjög lítil mengunarvandamál að stríða sem stendur og því eigi að sjálfsögðu að leggja allan meginþunga á forvarnarstarfið og upplýsingastarfið. Og það er akkúrat það verkefni sem hæstv. umhverfisráðherra hefur þegar. Samkvæmt 3. lið 1. gr. þeirrar reglugerðar sem ég vitnaði til fyrr í ræðu minni hefur hann með fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál að gera.

Hæstv. landlæknir, Ólafur Ólafsson, lýsti því sem sinni skoðun þegar hann kom til viðtals í nefndinni að það væri alveg óþarft að stofna um þetta mál sérstakt ráðuneyti.

Eins og ég sagði hefur ráðuneytið og ráðherrann nú þegar með fræðslu og upplýsingastarfsemi um umhverfismál að gera ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum sem eru fyllilega næg verkefni fyrir ráðuneytið fram að haustþingi þegar þetta frv. verður aftur lagt fram, vonandi í sátt og samlyndi allra aðila. Það segi ég vegna þess að ég trúi ekki öðru en að hv. stjórnarliðar fari nú að vakna af þyrnirósarsvefni sínum og átti sig á því að um þetta mál er engin samstaða í þjóðfélaginu og því beri að vísa því frá og vinna það betur, hvernig sem það verður svo aftur gert, hvort það verður gert með milliþinganefnd skipaðri af fulltrúum þingflokka eða einhvern veginn öðruvísi. Það er aukaatriði. Aðalmálið er að um það náist sátt.

Félag ísl. iðnrekenda sendi inn umsögn þann 29. jan. 1990 undirritaða af Ólafi Davíðssyni þar sem fram kemur að stjórn félagsins hafi fjallað um frv. til laga um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis og að félagið sé því sammála að þörf sé að samræma yfirstjórn umhverfismála. Í þeirra umsögn segir m.a.:

„Félagið er sammála því að þörf er að samræma yfirstjórn umhverfismála. Með því að sameina meginverkefni umhverfismála á einn stað verður stefnumótun og stjórnun einfaldari og árangursríkari.

Félag ísl. iðnrekenda telur þó rétt að hinn nýi samræmingaraðili hafi eingöngu með umhverfisvandamál að gera en ekki þá þætti í starfsemi einstakra stofnana sem snerta tilteknar atvinnugreinar. Þannig falli t.d. aðeins mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins undir hinn nýja aðila en ekki sá hluti starfseminnar sem lýtur að eftirliti með fyrirtækjum. Einnig telur Félag ísl. iðnrekenda að skipulagsstjóri ríkisins og byggingar- og skipulagsmál almennt eigi ekki að heyra undir hinn nýja aðila. Félag ísl. iðnrekenda álítur að endurvinnsla á einnota drykkjarvörum tilheyri ekki umhverfismálum og því sé óþarfi að hrófla við þeim.

Þar sem eitt mesta umhverfisvandamál á Íslandi er landeyðing og gróðureyðing almennt er nauðsynlegt að Landgræðslan og Skógræktin heyri undir hinn nýja samræmingaraðila.

Félag ísl. iðnrekenda er fylgjandi þeirri stefnu að draga úr kostnaði í opinberum rekstri með hagræðingu og sparnaði á öllum sviðum. Í frv. er ekki gert ráð fyrir að þeir starfsmenn er nú vinna að umhverfismálum í hinum ýmsu ráðuneytum flytjist yfir til hins nýja ráðuneytis. Gert er ráð fyrir að stofnað verði nýtt ráðuneyti með nýju fólki og tilheyrandi kostnaði.

Félag ísl. iðnrekenda telur að það sé óþarfi að stofna nýtt ráðuneyti og það gangi í berhögg við stefnuna um sparnað í opinberum rekstri. Þess í stað leggur félagið til að stofnuð verði sérstök skrifstofa umhverfismála í einhverju núverandi ráðuneyti og að starfsfólk er nú sinnir umhverfismálum í hinum ýmsu ráðuneytum flytjist yfir í hana."

Hæstv. forseti. Það þarf náttúrlega ekkert að segja það hér að á þessar raddir var ekkert hlustað og hið nýja ráðuneyti hefur þegar verið stofnað og getur vægast sagt ekki talist til hagræðingar og sparnaðar á sviði ríkisrekstursins eins og ég hef lítillega komið hér inn á enda í raun ekki nokkur leið að sjá það út úr þeirri fjárhagsáætlun sem gefin er fyrir þetta nýja ráðuneyti á þessu ári hvernig það á að geta starfað og

ég tel að þegar ríkisreikningur fyrir árið 1990 liggur fyrir muni koma í ljós að það hefur verulega verið farið fram úr áætlun. Í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, 129. máli þessarar deildar, er kostnaðaryfirlit fyrir umhverfisráðuneyti þar sem gert er ráð fyrir t.d. átta stöðugildum alls. Þrátt fyrir að hæstv. umhverfisráðherra hafi fullyrt hér úr þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum að aðeins yrðu þrjú ný stöðugildi er gert ráð fyrir átta og það er reyndar reiknaður launakostnaður á tólf mánaða grundvelli sem gengur náttúrlega ekki upp því að ráðuneytið var nú ekki stofnað fyrr en núna fyrir stuttu þannig að þarna hefur þó sparast. Alveg óvart hafa sparast tveggja mánaða laun fyrir átta starfsmenn á ársgrundvelli og er það vel. Trúlega hefur mátt nota þá peninga til að fjármagna einhvern hluta fjallabílsins sem keyptur var fyrir að mig minnir 3½ milljón.

Ég get hins vegar, hæstv. forseti, með engu móti fundið það í þessu kostnaðaryfirliti fyrir umhverfisráðuneyti hvar þessar 3½ milljón sem eytt var í þennan bíl voru teknar. Ef við förum yfir t.d. stofnkostnað umhverfisráðuneytis, þá eru því ætlaðar til eignakaupa 3,1 milljón. Ekki duga þær fyrir þessum bíl, ekki einu sinni þó að við tækjum launasparnaðinn með. Það er gert ráð fyrir 600 þús. í húsgögn. Það er gert ráð fyrir tveimur milljónum í tölvur og tölvubúnað og önnur eignakaup upp á 500 þús. Annað er ekki. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvaðan eru þeir peningar teknir sem bíll hæstv. umhverfisráðherra var keyptur fyrir? Hann er ekki að finna í kostnaðaryfirliti fyrir umhverfisráðuneyti. Ekki heldur þó að maður fari yfir önnur gjöld sem einnig eru sundurliðuð og eru almenn vörukaup, hann fellur tæplegast þar undir þar sem aðeins er gert ráð fyrir 880 þús. kr. í þau, og síðan aðrar venjulegur skrifstofuvörur, svo sem bækur og ritföng, tæki, áhöld, búnaður, viðhaldsvörur, orka, fatnaður o.s.frv. Mér leikur þess vegna hugur á að fá að vita hvaðan það fjármagn kemur sem eytt var í þennan nýja bíl því mér þykir það, hæstv. forseti, tíðindum sæta ef nú þegar í febrúarmánuði sé farið að veita aukafjárveitingar af þeim ráðherra sem þó boðar það að hann muni ekki standa fyrir slíku. Það kæmi að vísu ekki á óvart miðað við þær upplýsingar sem fram komu hér í dag um sóun þeirra og eyðslu á almannafé þegar ákveðnir aðilar eiga í hlut. En hæstv. umhverfisráðherra mun væntanlega svara mér því seinna í umræðunni hvaðan þetta fjármagn komi. Ekki veit ég hvort hann hyggst fækka stöðugildum á móti þessum útlagða kostnaði en einhvers staðar kemur þetta og það er ekki hægt að sjá það hér í þessu kostnaðaryfirliti.

Hæstv. forseti. Ég hef verið að leggja ákveðna spurningu fram. Ég geri mér grein fyrir að það er oft erfitt að festa augu á hæstv. ráðherra. Ég get hins vegar ekki fest augu á hann hér í þingsal og vil því inna forseta eftir því hvort hægt sé að fá eyru ráðherrans lánuð hér inn í salinn augnablik. Ég get endurtekið spurninguna fyrir hann þegar hann lætur svo lítið að líta hér inn.

Hæstv. forseti, ég er í raun, svo ég tali kannski aðeins skýrar, að fara fram á það að sá ráðherra sem fer með þann málaflokk, sem við erum hér að ræða, hlusti. Nú sé ég að hæstv. ráðherra er þarna eigi fjarri og reikna þá með að hann hafi heyrt það sem ég var að spyrja um. Það kemur nú í ljós þegar að honum kemur í ræðustól hvort svar kemur og ekkert alvarlegt vandamál að endurtaka spurninguna ef henni verður ekki svarað.

Hið íslenska náttúrufræðifélag sendi allshn. umsögn sína þann 10. jan. á þessu ári undirritaða fyrir hönd stjórnarinnar af Þóru Ellen Þórhallsdóttur formanni. Ég ætla að fá að grípa hér inn í umsögnina miðja þar sem ég tel ekki nauðsynlegt að fara yfir hana alla þó að hún sé öll hin merkasta. Þeir hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi eru hinir jákvæðustu gagnvart þessu frv. Eins og ég hef áður getið reyni ég að gæta sannmælis og leyfa sjónarmiðum beggja að koma fram. Þeir segja m.a.:

„Stjórnin er í öllum aðalatriðum samþykk flutningi þeirra mála og málaflokka sem frv. [og þá er verið að ræða um bæði 128. og 129. mál] gera ráð fyrir. Við teljum þó að landgræðslumál hefði átt að flytja í heild sinni í umhverfisráðuneytið. Vart verður á móti mælt að gróður og jarðvegseyðing er stærsta umhverfisvandamál á Íslandi. Endurheimt landgæða, gróðurvernd og skynsamleg beitarstjórnun eru höfuðverkefni á sviði íslenskra umhverfismála næstu áratugina. Allt of lengi hafa þessi mál liðið fyrir það að heyra undir fagráðuneyti þar sem skammtíma sérhagsmunir hafa oft komið í veg fyrir skynsamlegar áætlanir um nýtingu. Við teljum það mikilvægt takmark nýrrar umhverfislöggjafar að skilgreina nýtingu gróðurs til beitar sem einn þátt landnýtingar. Gróðurvernd, þar með talin vernd náttúrulegra birkiskóga, verður að heyra undir hlutlausa stofnun, ekki einn hagsmunaaðila.

Í 1. gr. frv. [og þá er verið að tala um 128. mál] er ekki skýrt kveðið á um hver eigi að vera verkaskipting milli Náttúruverndarráðs annars vegar og Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hins vegar. Verði ekki kveðið skýrar á er hætt við að í reynd verði lítil eða engin breyting á meðferð þessara mála og nauðsynlegar aðgerðir í landgræðslumálum dragist úr hömlu. Við teljum því mikilvægt að lögum um landgræðslu og skógrækt verði breytt þannig að ótvírætt sé að landgræðsla og gróðurvernd, gróðureftirlit og gróðurrannsóknir falli undir umhverfisráðuneyti."

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara lengra inn í þessa umsögn en eins og ég sagði mælir hún með framgangi þessa máls og ég tel það sanngjarnt að draga fram bæði þá sem eru meðmæltir og mótmæltir þó að auðvitað séu rök þeirra sem eru á móti sterkari þar sem þeir sem sammála eru hafa í flestum tilfellum ekki þurft að senda inn umsagnir sínar.

Við höfum gagnrýnt að fyrst í umræðunni í haust, eftir að hæstv. forsrh. mælti fyrir báðum þessum málum, 128. og 129. máli, skildi leiðir þessara tveggja mála og þau fengu ekki að fljóta saman í gegnum

þingið. Ef það hefði fengist og náðst í gegn og hlustað hefði verið á stjórnarandstöðuna hygg ég að við værum ekkert að eyða kvöldfundi í þetta mál. Ég hygg að þetta hefði verið afgreitt mál. En því miður var slegið á framrétta sáttahönd stjórnarandstöðunnar og sagt við hana: Svei attan og éttu það sem úti frýs og við ætlum okkar leið.

Stjórnarandstaðan er hins vegar ekki alveg dauð úr öllum æðum og lætur ekki bjóða sér hvað sem er og því hefur farið sem raun ber vitni að vinnan hefur öll orðið tvöföld.

Ég spurði hæstv. forsrh. að því þegar hann mælti fyrir þessum málum hvort ríkisstjórnin í heild sinni og þeir sem að samþykkt þessara frv. stóðu hefðu haft samráð við sveitarfélög og þetta væri allt gert í fullu samráði við þau. Forsrh. svaraði því til að það hefði verið haft samband við Samband ísl. sveitarfélaga en það hafi ekki sýnt þessu máli ýkja mikinn áhuga. Og ég verð að segja að ég harma að svo sé. Auðvitað verða þeir minntir á það þegar þeir fara að gera athugasemdir við það síðar meir, enda kemur eftirfarandi fram í þeirri umsögn sem Samband ísl. sveitarfélaga sendi inn 23. jan.:

„Stjórnin telur ekki tímabært að taka afstöðu til frv. um skipan sérstaks umhverfisráðuneytis fyrr en fyrir liggja tillögur sem nú er unnið að um endurskipulagningu Stjórnarráðs Íslands. Stjórnin harmar að ekki skuli hafa verið unnið að þessu mikilvæga máli í nánu samstarfi við sveitarfélögin í landinu því umhverfismál eru mikilvægur þáttur sveitarstjórnarmála. Framanritað tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með."

Lengri var ekki umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga og má segja að nánast beri að harma afstöðuleysi sambandsins til þessa máls. Það liggur eiginlega í orðum þeirra að úr því að ekki er starfað eftir okkar höfði gefum við enga umsögn um málið.

Hæstv. forseti. Það er heldur farið að grynnka í þessu, en hér er ég með umsögn frá Landmælingum Íslands þar sem því er lýst yfir að þeim sé nokk sama hvar þeir eru að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem eru þau að þegar stofnunin fær í sínu ráðuneyti, eins og þeir segja, „trygga, heiðarlega, faglega og fjármálalega umræðu um sín mál þá skiptir nafn á ráðuneyti ekki máli". Þeim er, eins og glöggt kemur fram, nokk sama hvar þeir eru vistaðir, svo framarlega sem komið er fram við þá af drenglyndi og heiðarleika og fagleg og fjármálaleg umræða um þeirra mál á sér stað. Að því tilskildu er þeim sama hvar þeir eru vistaðir.

Hæstv. forseti. Ég fjallaði hér örlítið um nefndastörf svona almennt og hvað gert er við umsagnir og þá miklu vinnu sem ætlast er til að aðilar úti í bæ leggi á sig fyrir hinar ýmsu nefndir sem oft, því miður, er vinna til einskis þar sem ekki er litið á þær umsagnir. Það er annar þáttur í starfi nefnda sem á einnig að vera meira ríkjandi en verið hefur fram að þessu og það er að fá útreiknaðan kostnað á þeim tillögum sem lagðar eru fyrir þingið og nefndirnar. Það var því farið fram á það við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að hún reyndi að meta það hvaða kostnaður hlytist af stofnun umhverfisráðuneytis en það reyndist þeirri ágætu stofnun því miður fullerfitt og ekki hægt að fá neinar tölur eða spár sem byggjandi er á. En í þeirri umsögn sem fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendi segir m.a. eftirfarandi:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur það vera höfuðhlutverk sitt að benda á hvaða kostnaður hljótist af umhverfisráðuneyti. Skal þess getið að reynsla nágrannalandanna gefur til kynna að slíkt ráðuneyti byrji í smáum stíl en verði fljótlega eitt stærsta ráðuneytið. Því er okkur Íslendingum mikilvægt að læra af þeirri reynslu og halda í slíkan kostnað þegar frá upphafi. Því þykir stofnuninni rétt að benda á að í frv. vantar alla tilfærslu á stöðugildum og rekstrarfé frá ráðuneytum sem fram að þessu hafa haft með stjórn einstakra umhverfisþátta að gera. Með nokkrum rétti heyrir slíkt undir fjárlög en reynsla af tilfærslu verkefna milli stofnana í fjárlagagerð bendir ótvírætt til þess að nýja stofnunin fær fjárveitingu til þess verkefnis sem til hennar flyst en gamla stofnunin verður ekki fyrir sömu lækkun á móti. Um þetta eru mörg dæmi, t.d. flutningur utanríkisviðskipta frá viðskrn. til utanrrn. Til að forða því að togstreita fjárlagagerðar verði til þess að svona fari aftur er allshn. bent á að bæta við sérstöku ákvæði í frv. á þá leið að stofnun umhverfisráðuneytis verði að fylgja tilflutningur á stöðugildum og rekstrarfé frá öðrum ráðuneytum í samræmi við minni verkefni. Má það ákvæði gjarnan vera í því formi að það breyti nýsettum fjárlögum. Býðst Fjárlaga- og hagsýslustofnun til að gera um þetta áætlun fyrir nefndina ef hún vill láta verða af þessu."

Ég ætla ekki að fara lengra inn í þessa umsögn en ítreka það sem fram kemur hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, og eins og margsinnis hefur komið fram og margsinnis hefur verið bent á, að það er reynsla nágrannalandanna að slíkt ráðuneyti byrji í smáum stíl en verði fljótlega eitt stærsta ráðuneytið. Og þeir benda á að okkur Íslendingum væri mikilvægt og hollt að læra af reynslu annarra og reyna að halda kostnaði þegar í upphafi í lágmarki. Að sjálfsögðu tek ég enn og aftur undir slíkt, enda hef ég margsagt að þetta ráðuneyti verði orðið að bákni áður en við vitum af. Um það höfum við reyndar fjölmörg dæmi og nægir að benda á embætti umboðsmanns Alþingis sem hér hefur nokkuð verið til umræðu undanfarna daga. Þar vöruðum við við því, þegar við vorum í sama flokki, ég og hæstv. umhverfisráðherra, að það embætti yrði fljótt orðið að bákni og það eru nú ekki nema tvö ár síðan þau viðvörunarorð féllu og þau eru dagsönn og eiga vel við í dag og er ekki séð fyrir endann á því. Við höfum þess vegna sjálfir reynslu af slíku og ættum að fara að læra af eigin reynslu. Það sakar ekki heldur að líta til nágrannaþjóðanna og læra af reynslu þeirra. Nógu oft gerum við það þegar við erum að sækja okkur fyrirmyndir, en við virðumst bara gera það þegar hentar persónulegum hagsmunum einstakra manna.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun bendir hv. allshn.

Nd. á að bæta við sérstöku ákvæði í frv. á þá leið að „stofnun umhverfisráðuneytis verði að fylgja tilflutningur á stöðugildum og rekstrarfé frá öðrum ráðuneytum í samræmi við minni verkefni þeirra". Þetta hefur ekkert verið rætt í nefndinni, ekki einu orði. Og ég skal taka það á mig líka. Auðvitað hefði ég átt að taka þetta upp. Þetta fór einhvern veginn fram hjá mér á þeim tíma en glöggum formanni nefndarinnar hygg ég að þetta hafi ekki farið fram hjá og hlýt að inna hann eftir því hvort hann hafi hugleitt að verða við þessari ábendingu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og hafi hann hugleitt það, hvers vegna hann hafi ekki orðið við henni því að hér er að sjálfsögðu mjög þörf ábending og henni til rökstuðnings er í umsögninni bent á dæmi þar sem miður hefur farið. Það er þegar flutningur utanríkisviðskipta frá viðskrn. til utanrrn. átti sér stað. Og það sem meira var, Fjárlaga- og hagsýslustofnun bauðst til að gera um þetta áætlun fyrir nefndina ef hún vildi láta verða af þessu. Þetta hefur ekki verið gert. Þessu hefur ekki verið sinnt eða það þegið.

Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar hvort honum þyki það koma til greina að á milli 2. og 3. umr. verði kallaður saman fundur í hv. allshn. Nd. og fulltrúar Fjárlaga- og hagsýslustofunar komi á fundinn og skýri þetta ögn nánar fyrir nefndarmönnum. Ég vil spyrja formann nefndarinnar að því. Hyggist hann ekki athuga það mun ég fara fram á að fulltrúi frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði kallaður til viðræðu við nefndina og farið verði yfir þetta mál og þetta svið sem þeir eru hér að leggja til.

Auðvitað er það hárrétt hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun að við svona tilflutning á verkefnum hljóta stöðugildi og rekstrarfé frá öðrum ráðuneytum að flytjast á milli. Fjárveitingin situr ekki eftir í gamla ráðuneytinu og ný kemur í nýja ráðuneytið. Það getur ekki gengið upp. Það virðist engu að síður hafa verið gert þegar utanríkisviðskiptin voru færð frá viðskrn. yfir í utanrrn. og er það í sjálfu sér tilefni fyrirspurnar og jafnvel verkefni fyrir hv. fulltrúa fjvn. að kanna.

Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, sendi nefndinni minnispunkta þar sem hann tiltekur m.a. eftirfarandi. Þetta er ódagsett en kom, að mig minnir, einhvern tíma í febrúarmánuði. Hann segir m.a.:

„Tel óeðlilegt að skipta landgræðslu- og skógræktarstarfinu í tvennt eftir tilgangi í nytjaþætti og annað. Skilin þarna á milli eru afskaplga óljós og nær ógerlegt að skilja þar á milli."

Og hann kemur með hugmyndir að skiptingu. Hann segir:

„Legg til að skiptingin verði í:

1. Beina verkþætti, framkvæmdir.
2. Rannsóknir og nýsköpun, eftirlit með ástandi og nýtingu gróðurlendis. Mat á árangri einstakra framkvæmda og fræðsla. Verklegi þátturinn verði áfram í ráðuneyti landbúnaðar en hinn fari til umhverfisráðuneytis.

Tilgangslaust er að fela umhverfisráðuneyti þetta hlutverk nema það fái jafnframt til sín faglega þekkingu til að sinna þessum verkefnum. Náttúruverndarráð er ófært um að gegna þessu hlutverki vegna skorts á mannskap og búnaði. Kunnáttan og reynslan er hjá gróðurverndarfulltrúum Landgræðslunnar, hjá Rannsóknastöð Skógræktarinnar og hjá gróðurnýtingardeild RALA. Eðlilegt er því að færa þessa þrjá aðila saman undir einn hatt í umhverfisráðuneyti. Starfsmenn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Mógilsá, eru ósammála þeim hugmyndum sem felast í því að færa verkefni stöðvarinnar til umhverfisráðuneytis en skilja mannskap og búnað með mjög takmarkað verksvið eftir í landbrn."

Og hér er umsögn frá stjórn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá sem er dagsett 6. mars sl. Þar segir m.a.:

„Á fundi sínum 2. mars fjallaði stjórn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá um minnispunkta sem forstöðumaður stöðvarinnar, Jón Gunnar Ottósson, lagði fyrir allshn. Nd. Alþingis í tilefni af umræðum um verkefni nýstofnaðs umhverfisráðuneytis. Minnispunkta þessa kynnti forstöðumaður ekki fyrir stjórn stöðvarinnar eða skógræktarstjóra áður en hann lagði þá fram. Á fundinum kom fram verulegur munur á skoðunum stjórnar og forstöðumanns á þessu máli. Af þessu tilefni telur stjórnin rétt að taka eftirfarandi fram:

Í 2. gr. reglna frá 1968 um rannsóknastöðina segir svo:

„Rannsóknastöðin skal fyrst og fremst starfa að rannsóknum sem hafa hagnýta þýðingu fyrir skógrækt og trjárækt á Íslandi. Helstu verksvið eru:

1. Að afla trjátegunda og trjákvæma til landsins og rannsaka þau við mismunandi skilyrði.
2. Að rannsaka þær þrjár tegundir sem til eru í landinu, svo og að annast stofnræktun úrvalstrjáa.
3. Að rannsaka ræktunaraðferðir.
4. Að rannsaka vaxtarskilyrði.
5. Að vinna að kynbótum trjáa.
6. Að kynna innlendar og erlendar niðurstöður rannsókna sem þýðingu hafa fyrir skógrækt á Íslandi."

Samkvæmt þessari grein er ótvírætt að meginverkefni rannsóknastöðvarinnar er að þjóna hagnýtri skógrækt og trjárækt með þekkingaröflun og þróunarstarfi og ráðgjöf. Aukinn almennur skógræktaráhugi og ný markmið Skógræktar ríkisins til stóraukinnar skógræktar auka verulega þörfina fyrir virka rannsóknarstarfsemi. Stjórnin telur brýnt að slík rannsóknastörf verði áfram unnin í nánu samstarfi við framkvæmdaaðila í skógræktarstarfi á Íslandi.

Með vísan til þess sem að framan greinir er stjórnin ekki samþykk þeirri hugmynd forstöðumanns að rannsóknastöðin færist undir umhverfisráðuneyti og sameinist þar viðfangsefnum sem nú eru unnin á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins.

Stjórnin vill taka fram að ýmis rannsóknarverkefni sem stöðin vinnur að nýtast einnig markmiðum hins nýja umhverfisráðuneytis. Má t.d. nefna umfangs-

mikið verkefni sem lýtur að ástandi og eðli hins íslenska birkiskóglendis sem rannsóknastöðin og Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinna að og sem lýkur á þessu ári. Þetta verkefni mun leggja grunninn að ákvörðunum um nýtingu og meðferð þessara skóglenda um leið og það mun veita margar gagnlegar upplýsingar sem munu nýtast ræktunarstarfinu.

Um leið og stjórnin ítrekar mikilvægi þess að rannsóknir í þágu skógræktar verði efldar lýsir hún sig fúsa til samstarfs við umhverfisráðuneytið og væntanlegar stofnanir þess um verkefni sem falla að markmiðssetningu rannsóknastöðvarinnar."

Undir þetta rita Sveinbjörn Dagfinnsson, Hulda Valtýsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Indriði Indriðason og Jón Loftsson.

Náttúrufræðistofnun Íslands sendi inn umsögn á þremur síðum. Ég ætla aðeins að kíkja yfir eina þeirra. Hún er dags. 25. jan. og undirrituð af Sveini Jakobssyni forstöðumanni. Hann hefur umsögn sína á að vísa til bréfs allshn. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um þetta mál. Þar segir m.a.:

„Náttúrufræðistofnun ítrekar þá skoðun sem fram hefur komið í fyrri umsögnum stofnunarinnar um umhverfismál að tímabært sé að koma á fót sérstöku umhverfisráðuneyti og sett verði heildarlöggjöf um stjórn þessara mála.

Í tillögum um stofnun umhverfisráðuneytis hefur frá byrjun verið gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands lúti hinu nýja ráðuneyti. Þetta hefur verið ályktað að því er virðist án nokkurrar umræðu. Að sjálfsögðu eru atriði sem mæla með slíkum flutningi stofnunarinnar. T.d. eru umhverfisverkefni þau sem stofnunin hefur sinnt undanfarna tvo áratugi augljóslega á verksviði umhverfisráðuneytis. Þess ber að gæta, hins vegar, að aðalverkefni stofnunarinnar eru þrjú: Að stunda grundvallarrannsóknir á náttúru Íslands á sviði dýrafræði, grasafræði og jarðfræði. Að koma upp vísindalegu safni náttúrugripa og að koma upp sýningarsafni, þ.e. náttúrugripasafni sem sé opið almenningi.

Það er ekki augljóst að þessi verksvið Náttúrufræðistofnunar eigi frekar að heyra undir umhverfisráðuneyti en menntmrn., þar sem þau eru nú, þótt ekki sé hægt að færa fram nein bein rök á móti. Eftir því sem best er vitað lúta engar þær stofnanir á Norðurlöndum sem sinna sérstaklega þremur fyrrnefndum verksviðum þarlendum umhverfisráðuneytum. Náttúrufræðistofnun er þó ekki mótfallin því að lúta framvegis umhverfisráðuneyti svo framarlega sem nægilegt tillit sé tekið til sérstöðu hennar hvað varðar fyrrnefnd verksvið."

Þannig var tónninn hjá þeim í Náttúrufræðistofnun Íslands að meginhluta. Er hann frekar jákvæður í garð þessa máls þótt varað sé við og bent á að ákveðnir málaflokkar og verkefni ráðsins heyri ekki undir umhverfisráðuneyti í nágrannalöndum okkar.

Herdís Þorvaldsdóttir, formaður Lífs og lands, er þekkt baráttukona hvað umhverfismál varðar. Hún sendi nefndinni inn sína skoðun á þessum málum. Ég ætla ekki að fara neitt í þá umsögn að öðru leyti en þá einu setningu að Herdís Þorvaldsdóttir, sem hefur kynnt sér þessi mál mjög vel og verið fremst í flokki þeirra sem berjast fyrir bættu umhverfi, varar við því og treystir því að umhverfismál verði ekki gerð að dýru bákni í þjóðfélaginu. Enn einn aðilinn varar við þessu. Enn einn aðilinn bendir á þá hættu.

Svo lengi má deigt járn brýna að bíti, hygg ég að einn málsháttur segi. Ég vona að með því að tyggja á því að menn fari varlega og geri þetta ekki að því bákni sem stefnt er að í dag. Það er enginn vafi að það verður það með öllum þeim verkefnum sem hæstv. umhverfisráðherra vill koma undir sitt ráðuneyti. Það er ekki nokkur vafi á því að hér verður um bákn að ræða. Og það er ekki heldur nokkur vafi á því að það kostnaðaryfirlit, eða fjárhagsáætlun sem ég fór hér yfir áðan fyrir þetta ráðuneyti getur engan veginn staðist.

Svanhildur Skaftadóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, sendir inn umsögn fyrir hönd stjórnar Landverndar. Landvernd tekur mjög undir stofnun ráðuneytisins og að málefni Landgræðslu og Skógræktar skuli falla undir umhverfisráðuneyti. Hún telur að sameining þeirra stofnana mundi fela í sér aukna hagræðingu og skilvirkari stjórnun í þessum málaflokki. Hún segir m.a. að Landvernd þyki það vandséð hvernig umhverfisráðuneyti geti risið undir nafni ef þær stofnanir, sem eiga lögum samkvæmt að sinna þeim umhverfismálum sem brýnust eru á Íslandi, verði þar utan gátta. Og ég vil ítreka það enn, hæstv. forseti, að ég tel að það hljóti að koma glöggt fram í þessari yfirreið að hér er ekki verið að reyna að tína til aðeins þá neikvæðu umsagnaraðila sem sendu inn umsagnir, þá sem höfðu alvarlegar ábendingar og efasemdir um ágæti málsins fram að færa, heldur er einnig sýnt fram á og farið yfir þá sem eru jákvæðir og taka undir frv. Ég geri því ráð fyrir því að það verði ekki túlkað á þann hátt að hér sé aðeins verið að draga upp dökku hliðina.

Siglingamálastofnun ríkisins sendi inn allítarlega umsögn í nokkuð löngu máli þar sem þeir koma með sterk rök. Ég hyggst fara að nokkru leyti yfir hana en þó ekki nema um það bil helminginn. Þeir segja í umsögn dags. 15. jan. 1990, á eftir hinum hefðbundna formála:

„Siglingamálastofnun ríkisins hefur undanfarin missiri veitt umsagnir um frumvarp, þingsályktunartillögur og drög að reglugerð sem varða á einn eða annan hátt umhverfismál og stjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Í umsögnum þessum, sem sendar hafa verið allshn. Sþ., allshn. Nd. og sérstakri nefnd á vegum forsrn., hefur stofnunin hvergi lýst þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að setja á fót sérstakt umhverfisráðuneyti til þess að fara með yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þvert á móti hefur þeirri skoðun verið lýst að árangur opinberrar stefnu í umhverfisvernd muni á hverjum tíma ráðast frekar af vilja löggjafans til lagasetningar og útvegunar fjármagns til verkefna heldur en með hvaða hætti yfirstjórn málaflokksins er komið fyrir

innan stjórnkerfisins. Vissulega hlýtur að skipta þar meginmáli, eigi að tryggja á hagkvæman hátt virka umhverfisvernd, að það takmarkaða fjármagn sem til ráðstöfunar er af almannafé nýtist sem best. Þetta er nefnt hér í upphafi vegna athugasemda er koma fram í greinargerð með frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og kunna að gefa ranga hugmynd af viðhorfum stofnunarinnar til stofnunar umhverfisráðuneytis og vikið verður nánar að síðar. Stofnuninni er að sjálfsögðu fullkunnugt um þá umræðu sem farið hefur fram og þær tilraunir sem gerðar hafa verið til að koma á samræmdri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands um langt árabil eða a.m.k. 15 ára skeið. Einnig hversu erfitt það hefur reynst að ná samstöðu um það hvernig skipa skuli umhverfismálum í stjórnkerfinu.

Eina meginástæðu þess hversu lítt hefur miðað í þessum tilraunum telur stofnunin vera að ekki hefur verið lögð áhersla á að skilgreina þau vandamál sem við blasa í umhverfisvernd, hvar hafi í raun hallað undan fæti og hvers vegna, hvar hafi betur tekist og hvernig það hafi gerst. Hvergi í hinum fjölmörgu greinargerðum nefnda og starfshópa sem fjallað hafa um þessi mál á ýmsum tímum er að finna mat á því hvernig það fyrirkomulag sem hér hefur verið á framkvæmd umhverfismála innan Stjórnarráðsins hefur reynst í einstökum atriðum.

Sérstaða Íslands hvað atvinnuhætti og náttúrulegt umhverfi varðar gerir það að verkum að það er alls ekki sjálfgefið að það fyrirkomulag sem flest nágrannalönd hafa tekið upp við stjórnun umhverfismála, reyndar með nokkuð misjöfnum árangri, sé hin hagkvæma lausn fyrir íslenska stjórnkerfið. Líti menn hins vegar svo á að það sé stjórnmálaleg nauðsyn að taka upp hliðstætt fyrirkomulag hér við yfirstjórn umhverfismála og gerist meðal helstu nágrannalanda okkar er það að sjálfsögðu allt annað mál.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur allt frá árinu 1961 haft með höndum ákveðið eftirlit með mengun sjávar hér við land. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu um hvaða mál skuli telja til umhverfismála er tæpast nokkur ágreiningur um að mengunarmál eru einn helsti málaflokkur umhverfismála. Það er einnig augljóst að verndun hafsvæðanna umhverfis landið gegn mengun er eitt af helstu hagsmunamálum þjóðarinnar. Vegna dreifðrar byggðar í landinu og vegna þess að lítið er hér um mengandi iðnað en á hinn bóginn tiltölulega mikið um skipaferðir á hafsvæðinu umhverfis landið er vægi mengunar frá skipum mun meira hér við land en gerist hjá nágrannaþjóðum þar sem mengun frá iðnaði og landbúnaði eiga stærstan þátt í sjávarmengun. Önnur mengunarhætta á hafsvæðinu í kringum landið er fyrst og fremst vegna losunar úrgangs í sjó frá öðrum ríkjum og hingað berst um loftveg eða með hafstraumum. Báðum þessum þáttum höfum við Íslendingar sinnt og verulegur árangur náðst þó vissulega megi enn betur gera.

Ýmislegt bendir til að mengun af völdum þrávirkra hættulegra efna sem ógna hvað mest lífríki á öðrum hafsvæðum sé lítil sem engin hér við land. Til að ganga þó rækilega úr skugga um raunverulegt ástand hafsvæðisins umhverfis Ísland að þessu leyti er nú hafin víðtæk athugun á tilvist þessara mengunarefna í mengunarlögsögunni undir stjórn samgrn. Athugun þessi, sem standa mun yfir til ársloka 1992, er unnin í samvinnu við ýmsar rannsóknastofnanir í landinu. Er leitast við að nýta sem best þá rannsóknaraðstöðu sem fyrir hendi er þannig að kostnaður vegna verksins verði í lágmarki."

Hæstv. forseti. Ég get ekki á mér setið að stoppa hér inni í miðri umsögn Siglingamálastofnunar. Hér kemur fram að hafin er víðtæk athugun á ástandi hafsvæðisins umhverfis Ísland á tilvist mengunarefna í mengunarlögsögunni. Vil ég minna hinn fjölmenna þingheim á þáltill. sem hv. þm. Hreggviður Jónsson er 1. flm. að. Þar er gert ráð fyrir að kannaður verði kostnaður við kaup og rekstur á dvergkafbáti. Ýmsum hefur þótt þessi tillaga skondin, kannski vegna þess að þetta yrði sennilega eini kafbáturinn sem gæti rúmað heilan þingflokk. En gildi slíks kafbáts er ótvírætt og mundi hann til að mynda nýtast mjög vel í athugun á ástandi hafsvæðisins kringum Ísland hvað mengun varðar. Og raunar í ýmislegt annað, rannsóknir á sjávargróðri og margt má til taka. Ég gat ekki látið tækifærið fram hjá mér fara að skjóta þessu hér inn. Hér er í raun um þarft mál að ræða, að íslenska ríkið kanni þetta með kaup og rekstur á dvergkafbát. Reyndar hygg ég að ef við værum aðeins stærri væru framtakssamir einstaklingar tilbúnir að fjárfesta í slíku því það er ekki nokkur vafi í mínum huga að rekstrargrundvöllur fyrir slíkt tæki er til staðar. Yrði það náttúrlega hlálegt ef einstaklingar yrðu á undan því að eini kúnninn hjá þeim einstaklingum yrði sjálfsagt íslenska ríkið sem hefur þó þráast við að kaupa slíkt tæki en vildi frekar eyða stórum og miklum peningum í að leigja það. En það er kannski hugmynd fyrir hæstv. umhverfisráðherra að kanna það og ég held að það sé alls ekkert fjarri lagi að hæstv. umhverfisráðherra taki undir þessa tillögu fyrrv. flokksbræðra sinna um dvergkafbátinn. Ég hygg að hann stigi þar nokkuð merkilegt skref. Það tæki mundi nýtast honum vel í könnun á umhverfisvandamálum í sjónum í kringum Ísland, fyrir utan hin sífelldu vandamál með slitna sæstrengi og annað sem mætti nota slíkt tæki við. Það er ýmislegt sem mælir með því, hæstv. ráðherra umhverfismála, að þitt ráðuneyti eigi að standa fyrir kaupum á slíku tæki.

Hæstv. forseti. Ég ætla að halda áfram með umsögn Siglingamálastofnunar. Þetta er mjög merkilegt sem fram kemur hér og ég var að vitna til, þessi athugun sem er á vegum samgrn. og á að standa til ársins 1992. Það er íhugunarefni hvort þessi athugun sé enn á vegum ráðuneytisins eða hvort umhverfisráðuneytið hefur tekið yfir stjórnunarþáttinn á henni eða hvort það hyggst gera það fljótlega eða yfir höfuð hvort ráðuneytinu er kunnugt um hana. Það kemur nú allt í ljós. En ég ætla að halda áfram með umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, með leyfi forseta. Ég

bið forseta afsökunar. Það getur vel verið að mér hafi láðst að nota þessi formlegheit nokkrum sinnum og ef svo er bið ég hann velvirðingar á því. Ég er forseta innilega sammála um að þessara formsatriði ber að gæta og ávarpa rétt. Með leyfi forseta ætla ég að fá að halda hér áfram með umsögn Siglingamálastofnunar. Þar segir:

„Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi þar sem jafnan hefur verið lögð meginhersla á að ná fram auknum takmörkunum á losun úrgangs í sjó hefur hingað til farið fram undir yfirstjórn samgrn. í samráði við utanrrn. Má benda á nokkur dæmi um bein áhrif Íslands á þróun innan alþjóðasamtaka til takmörkunar á losun þrávirks úrgangs í sjó. Þessi atriði telur stofnunin rétt að benda á nú þegar umfjöllun um þau frumvörp sem hér um ræðir fer fram á hv. Alþingi. Þrátt fyrir að um þrjú frumvörp sé að ræða lítur stofnunin svo á að hér séu á ferðinni tvö mál, þ.e. að líta beri á 128. mál sem fylgifrv. 129. máls." — Og því, hæstv. forseti, beinist umsögn þeirra að því að tengja saman 128. mál og 129. mál annars vegar og hins vegar 4. mál þingsins sem ég mun ekkert fjalla um. Hjá þeim kemur náttúrlega fram það sem við höfum ítrekað bent á, að þeim finnst að sjálfsögðu eðlilegt að þessi mál fylgist að. En á það féllust stjórnarliðar hins vegar ekki þannig að það verklag sem réttast hefði verið fékkst ekki fram. Með leyfi forseta segir:

„Frumvörpin gera ráð fyrir að stofnað verði nýtt ráðuneyti, umhverfisráðuneyti, er fari með yfirstjórn umhverfismála og undir ráðuneytið heyri tiltekin starfsemi sem í dag heyrir undir ýmis önnur ráðuneyti. Í frumvarpinu, þ.e. 129. máli, er ekki að finna sérstök ákvæði um áherslubreytingar í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir að hafist verði handa um að semja frv. til laga um umhverfisvernd þegar eftir stofnun ráðuneytisins þar sem mótuð verði stefna í umhverfisvernd. Því er erfitt að meta gildi þessa frv. fyrir bætta umhverfisvernd.

Með frv. fylgja í fskj. I drög að breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands. Drög þessi hafði stofnunin fengið til umsagnar með bréfi dags. 12. okt. sl. Í bréfinu var þess sérstaklega getið að ekki væri óskað umsagnar um stofnun umhverfisráðuneytis þar sem það væri þegar ákveðið. Með bréfi dags. 24. okt. sl. til nefndar er samdi drögin lagði stofnunin áherslu á að starfsemi stofnunarinnar yrði ekki skipt upp af tæknilegum og hagrænum ástæðum þó yfirstjórn mengunarmála yrði flutt úr samgrn. í umhverfisráðuneyti eins og fyrirliggjandi reglugerðardrög gerðu ráð fyrir.

Stofnunin lagði því til að í stað þess að tiltekin deild stofnunarinnar heyrði undir umhverfisráðuneyti færi ráðuneytið með yfirstjórn þeirra mála er varða varnir gegn mengun sjávar. Fyrir þessari breytingu voru færð ítarleg rök í bréfi til nefndarinnar sem fylgir hjálagt til fróðleiks. Þessar staðreyndir telur stofnunin að komi því miður ekki fram í grg. með frv. þar sem fjallað er um Siglingamálastofnun ríkisins.

Ein helsta röksemd þess að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála er að þá dragi úr þeim hagsmunaárekstrum sem fylgja því að atvinnuvegasjónarmið og friðunar- og verndunarsjónarmið heyri undir sama ráðuneyti, eins og segir í grg. með frv. Athygli vekur að svo virðist sem þessari reglu skuli ekki beitt þar sem hagsmunir hljóti að vera hvað mestir hér á landi, þ.e. í verndun og nýtingu auðlinda hafsins. Þetta er líka athyglisvert í ljósi þess að það er einnig nefnt sem rök fyrir stofnun umhverfisráðuneytis að sterkar líkur séu til þess að í vaxandi mæli verði lögð áhersla á hin samofnu tengsl umhverfisverndar og nýtingar auðlinda en þeirri skoðun er stofnunin sammála í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu árum með vaxandi áhuga almennings á umhverfisvernd.

Þá er óljóst hvert skuli vera hlutverk umhverfisráðuneytis í alþjóðlegum samskiptum m.a. með hliðsjón af verkefnum utanrrn. í utanríkisverslun og alþjóðlegu samstarfi í ljósi þeirra röksemda sem færðar eru fyrir stofnun umhverfisráðuneytis um útflutning á matvælum og yfirumsjón með erlendum samskiptum. Stofnunin er því þeirrar skoðunar, ef stofna skal sérstakt umhverfisráðuneyti í Stjórnarráði Íslands í þeirri mynd sem hér er lagt til, að eðlilegt sé að verndun auðlinda hafsins falli einnig undir yfirstjón umhverfisráðuneytis. Með því yrði yfirstjórn mengunarvarna og verndun auðlinda hafsins í höndum sama ráðuneytis, umhverfisráðuneytis, sbr. ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um verndun og nýtingu auðlinda hafsins.

Hvað varðar önnur efnisákvæði frumvarpanna þá sér stofnunin ekki frekara tilefni til breytinga á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, en gert er ráð fyrir í 12. gr. frv. til laga um breytingu á lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis. Með þeirri breytingu er búið að gera þá breytingu á lögum sem nauðsynleg er til að fella mengunarstarfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis. Því er lagt til að endurskoðun laga nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, verði felld niður úr ákvæðum til bráðabirgða enda það ákvæði allsendis óþarft að því er séð verður. Hvað varðar hins vegar aðalatriði þessa máls, sem er virk umhverfisvernd, er lítið hægt að segja. Það mun ráðast fyrst og fremst af því hvernig til tekst við endurskoðun gildandi laga um umhverfisvernd sem gert er ráð fyrir að verði eitt fyrsta verkefni nýs ráðuneytis svo og hvernig búið verði að ráðuneytinu fjárhagslega."

Síðan, hæstv. forseti, er eins og ég gat um fyrr farið allítarlega í það frv. sem hér er til umræðu og fjallað um hverja grein fyrir sig og gerðar við þær ýmsar athugasemdir. Er e.t.v. rétt að hafa frv. við höndina þegar kíkt er á það. Eins og forseta er eflaust kunnugt stend ég að brtt. við þetta frv. ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni og Friðjóni Þórðarsyni þar sem lagt er til að tiltekinn fjöldi greina verði felldur niður. Ég held ég sleppi því að fara hér yfir útlistun Siglingamálastofnunar á hverri grein fyrir sig, ég tel að hv. 1. flm. brtt. okkar hafi gert það af miklum myndugleik þegar

hann mælti fyrir þeim brtt. og mælti fyrir okkar skoðunum á því máli.

Siglingamálastofnun ríkisins sendi inn bréf til Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns ráðherra, frá 24. okt. 1989, eins og vitnað var til hér í þeirri umsögn sem ég var að fara yfir. Það bréf er ákaflega merkilegt en ég ætla ekki að eyða tíma deildarinnar í að fara yfir það. Ég ætla hins vegar að vinda mér í umsögn frá samgrn. Fyrst er umsögn sem samgrn. sendi inn 27. okt. og er undirrituð af Ólafi Valdimarssyni, sýnist mér. Síðan ætla ég að líta á umsögn sem sama ráðuneyti sendi inn 23. jan. Umsögnin frá því í október var í þremur liðum og er ráðuneytið að svara bréfi Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns forsrh., um væntanlegt umhverfisráðuneyti. Það vill taka eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„1. Verði mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar ríkisins flutt til umhverfisráðuneytisins vill ráðuneytið benda á þá stjórnunarlegu annmarka sem af því stafa að Siglingamálastofnun ríkisins heyri þá undir tvo ráðherra en ekki einn. Má í því sambandi geta þess að einn aðalhvatinn að endurskoðun stjórnarráðslaganna fyrir 20 árum var óhagræðið sem stafaði af því að sama stofnun heyrði undir fleiri en einn ráðherra. Að mati ráðuneytisins eru mengunarmál á sjó nátengd öðrum öryggismálum skipa og sæfarenda og yrði því náið samstarf nauðsynlegt.

2. Segja má að nokkuð mæli með því að Landmælingar Íslands heyri undir umhverfisráðuneyti ef skipulags- og byggingarmál heyra undir það ráðuneyti. Hins vegar mun afar óalgengt í nágrannalöndum okkar að landmælingar heyri undir umhverfisráðuneyti og ráðuneytið sér ekki nein algild rök fyrir að svo skuli vera.

3. Að mati ráðuneytisins mæla engin rök fyrir því að Veðurstofa Íslands skuli flutt undir umhverfisráðuneyti.

Vill ráðuneytið í því sambandi m.a. benda á víðtækt samstarf sem Veðurstofan hefur við aðrar stofnanir sem undir ráðuneytið heyra, svo sem Vitastofnun Íslands, Póst- og símamálastofnun og Flugmálastjórn. Hætt er við að slíkt samstarf yrði erfiðara í framkvæmd ef Veðurstofan heyrir undir annan ráðherra en þessar stofnanir. Jafnframt vill ráðuneytið benda á að í nítján nálægum löndum heyrir veðurþjónusta þar aðeins í tveimur tilvikum undir umhverfisráðuneyti en oftast undir samgönguráðuneyti, eða í níu tilvikum. Þar af m.a. í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Ráðuneytið lýsir sig því algjörlega andvígt því að Veðurstofan verður flutt undir umhverfisráðuneyti."

Í janúar sendi ráðuneytið aftur inn umsögn. Ástæðan fyrir því að umsagnir bárust annars vegar í október og hins vegar í janúar er auðvitað sú að októberumsagnirnar eru á vegum aðstoðarmanns forsrh., Jóns Sveinssonar, en ekki á vegum allshn. þessarar deildar. Og að sjálfsögðu eru þær umsagnir sem bárust í janúar eða febrúar eða síðar á vegum allshn. En ráðuneytið segir, að loknum hefðbundnum formála, með leyfi forseta:

„Ekkert hefur síðan gerst í þessum málum sem breytir afstöðu ráðuneytisins. Rétt er þó að undirstrika enn frekar óhagræðið af því að Siglingamálastofnun ríkisins skuli skipt milli tveggja ráðuneyta, þvert ofan í allar algildar stjórnunarreglur. Einnig vill ráðuneytið ítreka að Veðurstofa Íslands á fyrir flestra hluta sakir miklu fremur heima undir yfirstjórn samgönguráðuneytis en væntanlegs umhverfisráðuneytis. Rétt er að taka fram að það álit sem hér kemur fram er á ábyrgð embættismanna ráðuneytisins en ekki ráðherra."

Svo mörg voru þau orð. Það er afar athyglisvert að lesa síðustu málsgreinina þar sem sagt er að „rétt er að taka fram að það álit sem hér kemur fram er á ábyrgð embættismanna ráðuneytisins en ekki ráðherra."

Þetta minnir mig á umsögn landbrn. sem ég hef leyft mér að túlka sem skoðun ráðherra þar til jafnskýrt er tekið á málum og hér er gert. Hér kemur berlega í ljós að álit samgrn. er ekki skoðun ráðherrans. Ég vildi ekki vera ráðherra í ráðuneyti sem túlkar allt aðrar skoðanir en ég hef, það er að segja ef ég væri ráðherra. Mér þykir það furðu sæta að hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon skuli una við slíkt og væri nú gaman að hafa hann hér í salnum til að ræða aðeins við hann.

Samgrn. bendir á að það sé afar óalgengt, svo notuð séu þeirra orð, „afar óalgengt að landmælingar heyri undir umhverfisráðuneyti í nágrannalöndum." Ráðuneytið sér engin algild rök fyrir að svo skuli vera. Og ráðuneytið lýsir furðu sinni á því að Veðurstofan skuli eiga að heyra undir umhverfisráðuneyti og bendir á að af nítján nálægum löndum er veðurþjónustan í aðeins tveimur tilvikum undir umhverfisráðuneyti. M.a. í fyrirheitna landinu, Svíþjóð, að ekki sé nú minnst á Danmörku, heyrir veðurþjónustan og veðurstofan undir samgönguráðuneyti. Enda bendir ráðuneytið á að fari Veðurstofan undir umhverfisráðuneyti sé hætt við að það samstarf sem Veðurstofan þarf að eiga við stofnanir sem heyra undir samgrn. geti orðið vægast sagt erfitt í framkvæmd. Og enn væri ástæða til að hafa hæstv. ráðherra Steingrím J. Sigfússon viðstaddan umræðuna því þau ráðuneyti sem hann ber ábyrgð á og fer með í þessari ríkisstjórn, landbrn. og samgrn., senda frá sér afar merkilegar umsagnir, svo vægt sé nú til orða tekið. Þau vara mjög sterklega við ýmsum þeim málum og þeim þáttum sem þetta frv. tekur á og færa mjög sterk rök fyrir sínu máli. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra — og ég bið hæstv. forseta að sjá til þess að hæstv. ráðherra taki þátt í umræðunni áður en þetta frv. verður afgreitt til 3. umr. Að vísu get ég kannski ekki krafist þess að forseti fari fram á að hann taki þátt í umræðunni en alla vega að hann verði hér viðstaddur þannig að það sé hægt að eiga við hann orðaskipti ef hann treystir sér til.

Hinn 23. okt. sendi félmrn. Jóni Sveinssyni, aðstoðarmanni ráðherra, sína umsögn þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Skipulags- og byggingarmál hafa verið í forræði

félmrn. sem hluti af sveitarstjórnarmálum. Margir af helstu málaflokkum þessa ráðuneytis eru leiddir af höfuðviðfangsefni þess, sveitarstjórnarmálunum. Skipulagsmál eru nátengd umhverfismálum og verður því að telja það eðlilegt að til þess að unnt sé að framkvæma stefnu í umhverfismálum þurfi við skipulagsgerð í sveitarfélögunum að taka mikið tillit til þess að umhverfisspjöll verði sem minnst og mengunarhættu sé bægt frá. Sú breyting sem lögð er til í drögum að breytingu á stjórnarráðsreglugerðinni verður því að teljast nauðsynleg með hliðsjón af því að flestir þættir umhverfismála færist í ráðuneyti fyrir umhverfismál. Það skal tekið fram að sveitarfélög munu eftir sem áður sjálf vilja hafa sem mest forræði á skipulagsmálum enda eru skipulags- og byggingarmál eitt af þeim verkefnum sem talin eru upp sem verkefni sveitarfélaga í 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986."

Í ljósi þessara umsagna, hæstv. forseti, er óskiljanlegt að samtök sveitarfélaga skuli ekki hafa sýnt þessu máli meiri áhuga en raun ber vitni.

Hinn 11. jan. 1990 sendi iðnrn. hv. allshn. Nd. umsögn þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur eðlilegt og fyllilega tímabært að helstu málaflokkar umhverfismála hljóti sameiginlega yfirstjórn í nýju umhverfisráðuneyti eins og lagt er til í frv. Það dregur þó ekki úr ábyrgð annarra opinberra aðila á málefnum sem snerta umhverfismál og ráðuneytinu er ljóst að skoðanamunur kann að verða milli hins nýja umhverfisráðuneytis og annarra fagráðuneyta, svo sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneyta, þegar aðgerðir vegna umhverfisverndar snerta hagsmuni hlutaðeigandi atvinnugreinar. Ráðuneytið leggur því áherslu á að traustar verklagsreglur komist á um samstarf ráðuneyta við lausn viðfangsefna á sviði umhverfisverndar. Tekið skal fram að við undirbúning meiri háttar framkvæmda í umsjá iðnaðarráðuneytis hefur á umliðnum árum jafnan verið kappkostað að gæta umhverfissjónarmiða, allt frá frumstigi framkvæmda. Í því sambandi hefur m.a. verið haft samráð við Náttúruverndarráð og heilbrigðisráðuneyti.

Nýtt umhverfisráðuneyti getur auðveldað alla meðferð slíkra mála með faglegri umfjöllun og yfirsýn um samtengingu einstakra þátta í nauðsynlegri umhverfisvernd. Þá er nauðsynlegt að hafa það skýrt ákveðið í stjórnkerfinu hver fer með fyrirsvar af ríkisstjórnarinnar hálfu í umhverfismálum inn á við og út á við og þar bætir umhverfisráðuneyti úr brýnni þörf."

Síðan heldur þessi umsögn áfram og kemur þar m.a. fram að ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við áform um flutning þeirra verkefna, sem heyra undir iðnrn., til væntanlegs umhverfisráðuneytis og er það vel að það finnist ráðuneyti sem er jafnjákvætt í þessa veru. Hins vegar má alveg lesa það á milli línanna að skoðun iðnrn. sé að umhverfisráðuneytið eigi fyrst og fremst að vera til ráðgjafar og eftirlits en enn fremur að koma fram fyrir Íslands hönd erlendis og hygg ég að þeim þætti í starfi umhverfisráðherra verði vel sinnt. Okkur mun ekki vanta á margar merkar samkundur erlendis er fjalla um umhverfismál.

Rannsóknaráð ríkisins sendi okkur í allshn. stutta umsögn þann 9. jan. þar sem fram kemur að á fundi sínum þann 6. jan. sl. hafi ráðið fjallað um þetta tiltekna mál og síðar í umsögninni segir:

„Rannsóknaráð er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir það að stofnun umhverfisráðuneytis hafi lengi verið á dagskrá liggi í reynd ekki fyrir og ekki komi fram í umræddum frumvörpum nein sannfærandi greining á þeim efnisvanda sem nýju ráðuneyti sé ætlað að fjalla um og því varla tímbært að stofna það. Ekki verður heldur séð að fjölgun ráðuneyta auðveldi lausn mála sem áfram verða í veigamiklum atriðum til umfjöllunar í átta ráðuneytum, ekki síst þegar tekið er fram að hugtakið umhverfismál er látið óskilgreint í þeim lagatextum og greinargerðum sem lagðar eru til grundvallar."

Rannsóknaráð kemur hér inn á, hæstv. forseti, fjölgun ráðuneyta sem nokkuð hefur verið til umræðu með eðlilegum formerkjum. Hér á landi er nú starfandi hópur manna, sem kannski vill kalla sig nefnd, sem vinnur að því að fækka ráðuneytum. Svo einkennilega vill nú til að þingflokksformaður Borgfl., sem gekk fram hjá ræðustólnum fyrir nokkrum mínútum, situr í nefnd sem vinnur að því að fækka ráðuneytum. Hann vinnur að því að fækka ráðuneytum á sama tíma og formaður flokksins hefur unnið að því hörðum höndum að fjölga ráðuneytum. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð, skoðanir og stefna sem eiga ágætlega heima í þeim ágæta flokki sem þessir menn tilheyra í dag. En það er ekki boðlegt fólkinu í landinu að hægri höndin veit ekkert hvað sú vinstri er að gera. Það er boðuð ein stefna í dag og önnur á morgun en hvorug stendur reyndar.

Auðvitað er það ekki boðlegt þegar talað er um núlllausnir og fólki er gert að þola kaupmáttarskerðingu, að þá skulum við standa hér og ræða um að fjölga ráðuneytum, að við skulum ræða um það að setja á laggirnar eitthvert mesta bákn sem nokkurn tíma hefur verið hér til umfjöllunar. Auðvitað er það ekki verjandi. Rannsóknaráð bendir á að þrátt fyrir þetta munu umhverfismál verða til umfjöllunar í átta ráðuneytum og þá hljóta menn að spyrja sig: Til hvers er yfirleitt verið að þessu? Og þá má gjarnan rifja upp það sem landlæknir sagði og komst svo vel að orði þegar hann talar um Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd og þetta mál í heild sinni: „Væri mjög misráðið ef hagsmunum þessara tveggja stofnana væri fórnað á taflborði tímabundinna vandamála í stjórnmálum og á engan hátt til framdráttar fyrir átak í umhverfismálum sem þó er mjög þarft." Fórnirnar á taflborðinu eru öllum kunnar og ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í það en það hvílir á herðum hins margklofna Borgfl.

Vinnueftirlit ríkisins er með mjög athyglisverða umsögn í einni setningu. Hún er svona: „Vinnueftirlit ríkisins hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi frumvörp þessi." Vinnueftirlitið hafði sem sagt ekkert að segja t.d. um mengun á vinnustöðum. Mér

finnst það afar merkilegt því að ég get ekki fundið því sérstakan stað í frv. og furða mig á því að Vinnueftirlitið skuli ekkert vilja láta frá sér fara um jafnmikilvægt mál og hér er þó á ferðinni. Því að auðvitað er mengun á vinnustað meira en reykur og eiturloft. Það er líka til að mynda hávaðamengun, sem ég reyndar minntist hér lítillega á í gær að kom úr hliðarherbergi en sem sagt, Vinnueftirlitið sá ekki ástæðu til að fjalla um málið.

Hæstv. forseti. Í þeim samningaumleitunum sem mér skilst að hæstv. forsrh. hafi hafið í síðustu viku og eitthvert hlé er kannski komið á núna, ætlaði hann að kippa út úr þessu frv. megninu af þeim tilfærslum sem er lagt til að fari undir umhverfisráðuneyti. Eitt af því sem hann ætlaði þó að skilja eftir var Veðurstofa Íslands og ég er einmitt kominn að umsögn um hana. En áður en ég fer í hana, hæstv. forseti, vil ég, fyrir sakir þingtíðinda, að það komi fram að hér í salnum situr enginn stjórnarliði. Ég vil að það komi skýrt fram. (**Gripið fram í:** Forsetinn.) Ég reikna með að þeir sem lesi þingtíðindin geri sér grein fyrir því að forseti situr ávallt í salnum en til að það sé gulltryggt, þá situr einn stjórnarliði hér í salnum og það er forseti þessarar deildar. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hvað það lýsir vel áhuga stjórnarliða á þessu. Mönnum sem ég vorkenni dulítið fyrir hversu múlbundnir þeir eru og geta ekki talað af eigin sannfæringu þrátt fyrir að menn vísi á tyllidögum í stjórnarskrána að þeir fari eftir sannfæringu sinni er það af og frá að svo sé í þessu máli. Áður en ég fer út í umsögn Veðurstofu Íslands ætlaði ég að segja að hér er til umræðu málefni er varða umhverfisráðuneytið og hvaða verkefni eigi að heyra undir það ráðuneyti. Ég óskaði eftir því og hef alltaf óskað eftir því að hæstv. umhverfisráðherra væri viðstaddur þá umræðu. Það var ekki til þess að horfa á hann eða vita af honum í húsinu og það var ekki til þess að hlusta með öðru eyranu á að hann er í djúpum samræðum við aðra menn í öðrum sölum, heldur til þess að hæstv. ráðherra hlustaði á mál þingmanna sem hér tala um þetta mál. Það þvælist hins vegar mjög fyrir hæstv. ráðherra að sýna þingmönnum þá virðingu að hlusta á mál þeirra, heldur situr hann í hliðarherbergi. Hann hefur að vísu skipt um hliðarherbergi núna, hann sat í vinstra hliðarherberginu í gær og hann hafði slíkan hávaða í máli sínu að það jaðraði við hávaðamengun og hefði sennilega átt að mæla það í desibelum. Ég gerði þá athugasemd við það, hæstv. forseti. Nú hefur hæstv. ráðherra fært sig yfir í herbergið hinum megin og tekið upp sömu iðju. Og ég spyr: Er engin leið að fá hæstv. ráðherra til þess að hlusta á mál manna og geyma léttar umræður í hliðarherbergi þangað til menn hafa lokið máli sínu? Er nokkuð athugavert við það, hæstv. forseti?

Ég get í sjálfu sér rifjað upp nokkrar af þeim umsögnum sem ég er þegar búinn að fara yfir og sem ég er hræddur um að hæstv. ráðherra hafi ekki hlustað á. Mér verður ekki skotaskuld úr því. Ég er enn þá ungur og hef nóg úthald. Ég ætla því að ítreka það að hæstv. ráðherra sýni þinginu og þingmönnum þá virðingu að svona detta inn í salinn af og til og þegar hann gerir það ekki, að reyna þá í það minnsta að hvíslast á í hliðarherbergjum þannig að það trufli ekki ræðumann. Hæstv. forseti. Ég heyri að það situr við sama og við skulum bara fara okkur hægt.

Þann 29. des. 1989 sendi Veðurstofa Íslands bréf til allshn. Nd. Alþingis merkt: Til Jóns Kristjánssonar alþingismanns, Alþingishúsinu við Austurvöll, 150 Reykjavík." Með tilvísun 487/89 PB/EA. Hún hljóðar svo:

„Háttvirt allshn. Nd. Alþingis hefur sent mér til umsagnar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála, 128. mál, um breytingar á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, 129. mál og um samræmda stjórn umhverfismála, 4. mál. Aðalatriðið í svari mínu verður umsögn um þá tillögu sem kemur fram í 128. og 129. máli að yfirstjórn Veðurstofu Íslands verði flutt frá samgrn. til fyrirhugaðs umhverfisráðuneytis. Þegar á allt er litið er ég andvígur þessari tillögu og skulu nú helstu ástæður fyrir þeirri afstöðu raktar lið fyrir lið.

1. Í lista yfir þau málefni og stofnanir sem lagt er til að heyri undir umhverfisráðuneyti má segja að Veðurstofa Íslands (og e.t.v. Landmælingar Íslands) hafi verulega sérstöðu. Flestar aðrar stofnanir og málefni sem þar eru talin eru óumdeilanlega beinlínis tengd náttúruvernd og heilbrigðiseftirliti að meira eða minna leyti og því eðlilegt að þau falli undir nýja ráðuneytið. Veðurstofan hefur aftur á móti að langmestu leyti það þjónustuhlutverk að gefa almenningi upplýsingar um veður og skyld fyrirbæri sem flest eru þess eðlis að ekki stendur í mannlegu valdi að hafa áhrif á þau nema að harla litlu leyti.

2. Þær stofnanir sem Veðurstofan hefur langsamlega mest fjárhagsleg samskipti við auk ríkisins eru Póst- og símamálastofnunin og Alþjóðaflugmálastofnunin. Síminn og önnur fjarskipti hafa frá upphafi verið lífæðakerfi í veðurþjónustu, að sjálfsögðu undir yfirstjórn samgrn., og því er æskilegt að báðar stofnanir lúti sömu stjórn. Þarna er um að ræða bæði söfnun veðurskeyta og dreifingu veðurfregna, svo sem um loftskeytastöðina í Reykjavík og strandstöðvar Landssímans, en þess ber þó að geta að útvarpsstöðvar koma líka við þessa sögu. Alþjóðastofnun flugmála leggur Veðurstofunni árlega til verulegar upphæðir, yfir 20% af rekstrarkostnaði Veðurstofunnar, en einnig renna verulegar fjárhæðir frá þessari alþjóðastofnun til símans og Flugmálastjórnar. Því liggur beint við að sama ráðuneytið fylgist með þessum mikilvægu alþjóðlegu fjárveitingum hjá öllum þessum stofnunum og kemur þá ekki annað til greina en samgrn.

3. Auk þess sem nefnt var í lið 2 hefur Veðurstofan mikið samstarf við Vitamálastofnun og Flugmálastjórn. Á 13 veðurstöðvum er veðurathugunarmaður jafnframt vitavörður og það léttir þessi samskipti að Veðurstofan heyri undir samgrn. eins og Vitamála-

stofnun gerir. Mikil upplýsingaskipti fara fram milli Veðurstofu, Flugmálastjórnar og flugfélaga og hefur samgrn. greitt á ýmsan hátt fyrir þeim samskiptum.

4. Þó að Veðurstofan þjóni landbúnaði með veðurspám og ýmissi annarri atvinnustarfsemi með margvíslegum upplýsingum er það mjög áberandi að veðurspár séu í þágu samgangna. Þar ber fyrst að nefna flugið en þjónusta við sjómenn er ekki lítilvægari og einhver helstu not alls almennings af veðurspám snerta einmitt ferðalög, hvort sem er í atvinnuskyni eða til þess að njóta orlofs á faraldsfæti á hálendi eða í byggðum.

5. Ætla mætti að í nágrannalöndum hafi menn komist að svipaðri niðurstöðu og hér hefur verið reifuð, að veðurstofur heyri eðlilega undir samgönguráðuneyti, þó að önnur sjónarmið geti að sumu leyti komið til greina. Þetta sannast vel á eftirfarandi töflu sem er gerð eftir skýrslu Alþjóðlegu veðurfræðistofnunarinnar árið 1985. Sá fjöldi landa er yfirgnæfandi þar sem samgönguráðuneyti fer með mál veðurstofu en næst koma mennta- og hermálaráðuneyti."

Síðan, hæstv. forseti, er hér sú tafla sem um er getið í þessari umsögn. Töflunni er skipt upp með þremur yfirtitlum. Í fyrsta lagi: Ráðuneyti veðurstofu. Annar yfirtitll: Fjöldi landa og þriðji yfirtitill: Lönd. Þá kemur þetta þannig út að veðurstofa fellur undir samgönguráðuneyti í níu löndum, þ.e. í Danmörk, Finnlandi, Frakklandi, Vestur-Þýskalandi, Írlandi, Hollandi, Portúgal, á Spáni og í Svíþjóð. Veðurstofan fellur undir mennta- og vísindaráðuneyti í þremur löndum, í Austurríki, Belgíu og Noregi. Veðurstofan fellur undir hermálaráðuneyti í tveimur löndum, á Ítalíu og Stóra-Bretlandi. Veðurstofan fellur undir innanríkisráðuneyti í einu landi, þ.e. Sviss. Veðurstofan fellur undir landbúnaðarráðuneyti í einu landi, þ.e. Lúxemborg. Veðurstofan fellur undir viðskiptaráðuneyti í einu landi, Bandaríkjunum. Og veðurstofan fellur undir umhverfisráðuneyti í einu landi, Kanada.

„6. Auk þess sem hér hefur verið rakið eru það líka rök út af fyrir sig að margra áratuga góð reynsla hefur fengist af því að Veðurstofan heyri undir samgrn. Starfsfólk þess hefur góða þekkingu og skilning á starfsemi Veðurstofunnar og það er nokkur ábyrgðarhluti að rifta fyrirkomulagi sem svo vel hefur gefist.

Að lokum skal getið þeirra raka sem helst kynnu að vera fyrir því að Veðurstofan heyri undir eitthvert annað ráðuneyti. Áður var nefnt að með veðurspám og öðrum upplýsingum er landbúnaði þjónað og tilheyrandi ráðuneyti gæti af þeim ástæðum tekið að sér Veðurstofuna. Sjútvrn. kæmi líka til greina. Jafnvel menntmrn. vegna útvarps veðurfregna.

Þá er að geta um umhverfisráðuneyti sem einmitt er fjallað um í skjölum þeim sem eru hér til umsagnar. Einn en tiltölulega lítill þáttur í starfsemi Veðurstofunnar er söfnun regnvatns og annarra sýna til athugana á loftmengun. Annað eru mælingar á heildarmagni ósons í gufuhvolfinu, en þær eru mikilvægt framlag til alþjóðlegra rannsókna á ósoni og hafa staðið í meira en 30 ár. Þá má nefna að Veðurstofan er sú stofnun hérlend sem helst getur rannsakað ferla loftmengunar. Þessi starfsemi, mengunarmælingar, ósonmælingar og útreikningur mengunarferla, getur talist til umhverfisrannsókna, en þær eru þó svo hverfandi þáttur í starfi Veðurstofunnar að þær eru lítilvæg rök gegn því að Veðurstofan tilheyri samgrn. fremur en hinu fyrirhugaða umhverfisráðuneyti. Þessar rannsóknir eru líka nokkuð annars eðlis en sú starfsemi að hefta mengun. Um þær gildir því að mestu það sama og um aðra þjónustustarfsemi Veðurstofunnar sem felst í upplýsingum fremur en umhverfisvernd.

Niðurstaða mín er því sú að yfirgnæfandi rök séu fyrir því að Veðurstofan tilheyri samgrn. eins og verið hefur og hún er samhljóða áliti fyrirrennara míns, Hlyns Sigtryggssonar.

Virðingarfyllst, Páll Bergþórsson veðurstofustjóri."

Hæstv. forseti. Þannig hljóðaði umsögn frá Veðurstofu Íslands. Það bárust reyndar fleiri umsagnir frá Veðurstofunni og ég harma að ég skuli ekki hafa tekið þær hér með mér til þess að reyna að brjótast í gegnum múr sinnuleysis og áhugaleysis hæstv. umhverfisráðherra á hans eigin málefnum. En það kemur dagur eftir þennan dag og ræða eftir þessa ræðu og þá má vel vera að ég dragi þær fram sem vopn í þeirri baráttu að brjótast í gegnum múr áhugaleysis ráðherrans.

Veðurstofan, eða Páll Bergþórsson veðurstofustjóri, færir að sjálfsögðu mjög sterk rök fyrir því að Veðurstofan skuli ekki færast undir umhverfisráðuneyti. Hann bendir m.a. á tengslin við Póst og síma. Eins og allir vita fara veðurskeyti um allt land á hverjum degi og samstarf þessara tveggja stofnana er því gríðarlega mikið og alls ekki við hæfi að rjúfa það á nokkurn hátt. Reyndar kom Páll á fund nefndarinnar og nefndi þar mjög gott dæmi um hvernig þetta samstarf er, dæmi sem ég ætla ekki að taka hér, enda tel ég mig ekki muna það nógu vel. Það má vel vera að ég hafi það hér í punktunum mínum og þá kemur það þegar ég er búinn að ljúka yfirreið minni um umsagnirnar. En það hefur enginn heilvita maður, né hálfvita maður, getað fært nokkur einustu rök fyrir því að Veðurstofa Íslands skuli færð undir umhverfisráðuneyti. Í þessari umsögn kemur fram að af 16 löndum sem tiltekin eru er aðeins eitt sem hefur valið veðurstofunni það hlutskipti að falla undir umhverfisráðuneyti. Níu lönd hafa hins vegar farið þá leið sem hér ríkir í dag, að umhverfisráðuneyti sé undir samgrn. Þar er fyrirheitna landið þeirra krata, og alþýðubandalagsmanna að vissum hluta, Svíþjóð og þar er fyrirheitna land hæstv. umhverfisráðherra, Danmörk, þaðan sem allar góðar hugmyndir koma. Og svo gott er það sem kemur frá Danmörku að það þurfti að fá danskan fjársýslumann til þess að móta atvinnustefnu fyrir Íslendinga. Sú atvinnustefna hefur nú ekki litið dagsins ljós né hefur heyrst orð frá þessum danska kaupsýslumanni og er sjálfsagt orðið tímabært að fá að heyra eitthvað um það samstarf allt, á hvaða tungumáli það fer fram til að mynda eða

hvort þessi maður er yfir höfuð nokkuð að vinna fyrir Ísland. Var kannski bara verið að kaupa farmiða fyrir gamlan kunningja til Íslands og rabba svo um atvinnumálin inni í stofu eða uppi á hóteli?

Það kemur sem sagt berlega í ljós í umsögn Veðurstofunnar að þeir vita aðeins um þetta eina land þar sem veðurstofan fellur undir umhverfisráðuneyti. Páll Bergþórsson var sérstaklega spurður að því hvort hann vissi um önnur lönd þar sem þannig væri málum fyrir komið. Það vissi hann hins vegar ekki.

Hæstv. forseti. Ég heyri að hávaðinn úr hliðarherberginu hér hægra megin við mig hefur heldur lækkað. Ég veit ekki hvort það er merki þess að hæstv. ráðherra hefur kosið að hlusta, ég kýs að taka það svo og ætla því að reyna að hraða máli mínu þó að vissulega sé þarft að tala hægt og tala skýrt þannig að menn missi ekki af nokkru orði, sérstaklega úr jafnkjarnmiklum umsögnum eins og umsögn frá veðurstofustjóra var og kannski ætti ég að halda áfram á sama hraða og ég notaði á síðustu umsögn. Hún er ekki nema rétt tvær síður en það tók 20 mínutur að fara yfir hana en þær hafa kannski skilað sér í staðinn. Þannig að enn má segja, hæstv. forseti, að umhverfisráðherra tefji framgöngu þessa máls. Hann tafði það lon og don hér fyrr í vetur með því að trekk í trekk varð að fresta umræðu vegna fjarveru hæstv. ráðherra. Hann hafði tíma til að vera alls staðar annars staðar en í þingsal og enn jafnvel þó að hann sé í þingsal eða nálægt þingsal finnur hann einhver ráð til að tefja umræðuna. Það er í sjálfu sér virðingarvert þegar menn eru svona hugmyndaríkir.

Virðulegi forseti. Hv. allshn. barst einnig umsögn frá Orkustofnun, frá Jakobi Björnssyni orkumálastjóra sem er dags. 1. febr. þar sem Orkustofnun gefur umsögn um þau þrjú þingmál sem þá snerust um umhverfismál. Það eru þessi tvö stjórnarfrv. og frv. sjálfstæðismanna sem var ólíkt skynsamlegra þó það hefði mátt laga aðeins til líka. Ég ætla lítillega að líta yfir umsögn Orkustofnunar sem er um bæði 128. og 129. mál. Þó að Orkustofnun eyði á stjórnarfrv. aðeins um einni síðu eyðir hún hins vegar tæpum fjórum síðum á mál sjálfstæðismanna og hugmyndir þeirra um yfirstjórn umhverfismála sem hlýtur að segja sína sögu um álit Orkustofnunar á því frv. Orkustofnun kýs að skipta því upp í þrjá liði: Fyrst um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, og síðan í öðru lagi um frv. til laga um breytingu á lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis og í þriðja lagi um samræmda stjórn umhverfismála, 4. mál.

Fyrsta umsögn þeirra er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þetta frv. felur í rauninni það eitt í sér að stofna skuli sérstakt umhverfisráðuneyti frá og með 1. jan. 1990. Í bráðabirgðaákvæðum er síðan svo fyrir mælt að eftir gildistöku laganna skuli umhverfisráðherra m.a. skipa nefnd til að semja frv. til laga um umhverfisvernd. Í sjálfum lagatextanum verður þannig ekki að finna stafkrók um það við hvað hið nýja ráðuneyti á að fást umfram það að láta semja lög um umhverfisvernd og beita sér fyrir breytingum á fáeinum eldri lögum sem upp eru talin. Í athugasemdum við einstakar greinar kemur fram að verkefnaupptalningin verði í reglugerð. Í athugasemdum þessum er þó tekið fram að tiltekin viðfangsefni í landgræðslu og skógrækt skuli vera á verksviði umhverfisráðuneytis. Vandséð er af hverju þau ákvæði er að finna í athugasemdum en ekki látið nægja að hafa þau í reglugerðinni eða þau höfð í sjálfum lagatextanum ef ástæða þykir til að gera þessum verkefnum hærra undir höfði en öðrum.

Orkustofnun vill gjarnan fá tækifæri til að segja um væntanlegt frv. til laga um umhverfisvernd þegar þar að kemur.“ Þarna er nú, hæstv. forseti, einhver prentvilla en greinilega vilja þeir fá að láta álit sitt í ljós þegar frv. til laga um umhverfisvernd kemur. Síðan segir:

„Í langri greinargerð með frv. er saga þessa máls rakin, gerð grein fyrir skipan umhverfismála hér á landi nú, taldar helstu röksemdir fyrir stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis og greint frá andstöðu gegn henni. Rakin helstu verkefni væntanlegs umhverfisráðuneytis, þar á meðal sagt frá helstu álitaefnum í því sambandi og skýrt frá verkefnum sams konar ráðuneyta annars staðar á Norðurlöndum. Við þessa verkefnaupptalningu skal hér aðeins gerð sú athugasemd að vægast sagt er vandséð hvaða erindi Veðurstofan á til umhverfisráðuneytis. Þetta er raunar í greinargerðinni talið til álitaefna, sem ekki er furða, en rökstutt með því að lofthjúpurinn sé eitt mikilvægasta atriðið í umhverfi manna og að Veðurstofan annist hafísrannsóknir, mælingar á regnvatni og hitastigi og sjái um loftmengunarmælingar. Með sams konar rökum hefði mátt færa Hafrannsóknastofnun undir umhverfisráðuneytið svo að dæmi sé nefnt, en það er ekki gert.

Ekki er hafið síður mikilvægur þáttur í umhverfi okkar Íslendinga því sumir hafstraumar eru það sem gerir landið yfirleitt byggilegt. Og skyldi ekki hitastigið í hafinu umhverfis landið skipta umhverfi okkar miklu máli? Hvort tveggja mælir Hafrannsóknastofnun og raunar margt fleira. En Hafrannsóknastofnun þjónar fyrst og síðast aðalatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, og er þar væntanlega komin skýringin á því að ekki er gert ráð fyrir að færa hana undir umhverfisráðuneytið. Það virðist hins vegar hafa gleymst að Veðurstofan þjónar einnig fyrst og fremst atvinnuvegunum. Meginhlutverk hennar hefur verið, er og verður væntanlega að gera veðurspár, vonandi síbatnandi veðurspár með nýjum aðferðum og bættri tækni sem þjóna atvinnuvegum, útgerð, landbúnaði, ferðamennsku og síðast en ekki síst samgöngum, einkum flugsamgöngum, bæði okkar sjálfra og flugi annarra þjóða einnig, yfir norðanvert Atlantshaf. Þetta er væntanlega ástæðan til þess að Veðurstofan heyrir undir samgrn. Sýnast engin haldbær rök til að flytja hana þaðan. Það breytir engu í því efni að sumar rannsóknir Veðurstofunnar munu nýtast í starfi umhverfisráðuneytisins. Það gera einnig rannsóknir margra annarra stofnana. Rann-

sóknastofnunar landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnunar, Orkustofnunar og fleiri."

Síðan kemur, með leyfi forseta, umsögn um annan lið, sem ég tiltók hér áðan: „Þetta frv. fjallar um breytingar á ýmsum eldri lögum sem nauðsynlegt er að gera til að færa til umhverfisráðuneytisins þau verkefni sem talin eru í athugasemdum með frv. í lið 1. Þetta er nánast hreint lagatæknilegt frv. ef svo má að orði komast. Ekki eru gerðar athugasemdir við þetta frv. nema við 18. gr. sem fjallar um Veðurstofuna. Þá grein ætti að fella niður. Um rök fyrir því vísast til þess sem þegar er sagt í umsögninni við fyrsta lið hér að ofan."

Hér bætist Orkustofnun í þann hóp sem með engu móti fær skilið hvers vegna Veðurstofa Íslands á að færast undir umhverfisráðuneyti og færir ósköp svipuð rök í sjálfu sér fyrir því eins og aðrir gera og allir aðilar, sem eitthvað hugsa um þetta mál, sjá og eru náttúrlega mjög haldbær rök. Maður verður í sjálfu sér að auglýsa eftir gagnrökum. Hvaða ástæður eru fyrir því að ríkisstjórninni og ekki síst hæstv. umhverfisráðherra er svo mjög í mun að fá þessa stofnun undir umhverfisráðuneyti? Eftir því sem mér hefur heyrst var það í hugmyndum hæstv. forsrh. að Veðurstofan yrði áfram undir samgrn. en mér hefur skilist að á það hafi hæstv. umhverfisráðherra ekki mátt heyra minnst. Ég vænti þess að þingheimur fái skýringar á því hvers vegna og hvað það er í starfi Veðurstofunnar sem að mati ráðherrans veldur því að Veðurstofan eigi að hans mati heima undir umhverfisráðuneyti en ekki undir samgrn. eins og hún hefur gert fram að þessu og eins og bent hefur verið á að er háttur annarra þjóða mjög margra og að sé í raun leitun að landi þar sem veðurstofan er sett undir umhverfisráðuneyti. Sú leit bar þann árangur að það fannst eitt land sem heitir Kanada. Það hefur farið þá leið að hafa veðurstofuna undir umhverfisráðuneyti.

Hæstv. forseti. Ég er með umsögn frá Þjóðminjasafni Íslands, frá Þór Magnússyni þjóðminjaverði. Hún er síðan 22. okt. Það hafa einhverjar breytingar verið gerðar þar á. Það er hins vegar rétt að skoðanir hans fái að koma fram, upp á seinni tíma ef menn vilja aðeins fara að skoða þetta mál, þau rök sem fram komu fyrir því hvort þetta eða hitt félli undir umhverfisráðuneyti eða ekki. Það stefnir hins vegar í að þarna verði breyting á og þessi þáttur falli ekki undir það en ég treysti því varlega og málið er enn aðeins í 2. umr. í fyrri deild. Ég ætla því að leyfa rödd þjóðminjavarðar að koma hér fram í gegnum mig. Umsögn hans frá 22. okt. er í bréfi sem sent var Jóni Sveinssyni í framhaldi af beiðni aðstoðarmanns forsrh. um skoðanir hinna ýmsu stofnana á þessu máli. Það merkilega við það bréf og þá beiðni er kannski að mönnum var harðbannað að hafa nokkra skoðun á því hvort stofna ætti umhverfisráðuneyti eða ekki. Það var sérstaklega tekið fram í bréfinu og vakti athygli margra enda kemur í mörgum umsögnum fram furða manna á því að mega ekki tjá sig um stofnun ráðuneytis og hefur bannið sem þar kom fram haft veruleg áhrif á margar umsagnir. Þjóðminjavörður segir:

„Með vísan til bréfs dags. 12. október sl. viðvíkjandi stofnun umhverfisráðuneytis og verksviðs þess vil ég leyfa mér að fara fáeinum orðum um það sem þessu nýja ráðuneyti er ætlað að annast og Þjóðminjasafninu og þjóðminjavörslunni viðvíkur.

Í 3. lið í upptalningu um málefni ráðuneytisins segir að það skuli hafa með að gera friðun húsa og annarra mannvirkja. Önnur mannvirki tel ég að eigi hér við byggingar eða mannvirki ofan jarðar en ekki rústir eða tætlur.

Friðun húsa fer nú fram með tvennum hætti. Annars vegar eru hús sem eru á fornleifaskrá sem svo er kallað. Það eru gömul hús sem Þjóðminjasafnið á beinlínis, hefur keypt þau eða því verið gefin eða ráðstafað til safnsins á annan hátt, svo og hús sem safnið hefur tekið að sér að varðveita þótt í eigu annarra séu. Stendur safnið þá straum af viðhaldskostnaði af fé því sem til þess er veitt á fjárlögum. Sem dæmi um hið fyrra eru t.d. Víðimýrarkirkja í Skagafirði og gömlu húsin á Keldum á Rangárvöllum en um hið síðara Hofskirkja í Öræfum. Í síðara tilvikinu á söfnuðurinn kirkjuna en Þjóðminjasafnið ber kostnað af viðhaldi hennar og vernd og annast það.

Hins vegar eru svo hús sem friðlýst eru skv. ákvæðum 12. gr. þjóðminjalaga frá 1969 sem þá voru nýmæli og hliðstæð ákvæði eru í þjóðminjalögum sem taka gildi um næstu áramót. Þau hús sem þannig eru friðuð eru í eigu annarra en safnsins en menntmrh. (og í núgildandi lögum jafnframt sveitarstjórn) ákveður friðun sem þá er kostuð af eiganda nema hvað styrkir eru á stundum veittir úr Húsfriðunarsjóði.

Mér þykir einsýnt að fyrri flokkurinn, hús á fornleifaskrá, muni áfram falla undir menntmrn. sem hluti af Þjóðminjasafni Íslands, þar sem húsin eru í flestum tilvikum safngripir eingöngu þótt kirkjurnar séu sumar notaðar sem slíkar.

Í síðari flokknum eru húsin ekki bundin Þjóðminjasafninu beinlínis en þó er umsjá þeirra og friðun nátengd því, þar sem húsfriðunarnefnd starfar innan veggja safnsins, þjóðminjavörður er formaður hennar og deildarstjóri húsverndunardeildar ritari og framkvæmdastjóri nefndarinnar. Lætur enda að líkum að málefni þessi þurfa að tengjast mjög náið.

Í sjálfu sér væri hið eðlilega að báðir þessir flokkar fylgdust áfram að undir sama ráðuneyti þar sem tilgangurinn er hinn sami, þ.e. verndun menningararfs. Er enda gert ráð fyrir sama hætti áfram í hinum nýju þjóðminjalögum. Eina ástæðan til að færa þennan þátt undan menntmrn. og undir umhverfismálaráðuneytið væri í rauninni ef með því fengist aukin fjárveiting til varðveislu og viðgerða gamalla húsa og auðveldara væri að koma í kring friðun þeirra en verið hefur. En gert er einmitt ráð fyrir mjög aukinni fjárveitingu til verndunar gamalla bygginga í nýjum lögum og aukinni vernd þeirra.

Það lætur að líkum að eðlilegra sé að hafa alla þætti þjóðminjavörslu, söfn, rannsóknir og varðveislu hvers kyns menningarminja, undir sama ráðuneytinu og þá að sjálfsögðu menntmrn. Stundum hefur verið nefnt að menntmrn. kynni að verða skipt upp í tvö

ráðuneyti, skólamála- og menningarmálaráðuneyti, og þá væri eðlilegt að þjóðminjavarslan fylgdi menningarmálageiranum. Annað hef ég ekki við tillögur þessar að athuga." Og undir það ritar Þór Magnússon þjóðminjavörður. Þetta var umsögn sem Þjóðminjasafnið og þjóðminjavörður sendu aðstoðarmanni forsrh. 22. okt. sl.

Allshn. þessarar deildar bað þjóðminjavörð um umsögn líka og fékk þjóðminjavörð einnig á sinn fund en í umsögn hans frá 4. jan. segir m.a.:

„Mér virðist að í þessum frumvörpum sé það aðeins ákvæði um friðlýsingu húsa og húsfriðunarnefnd sem snerta Þjóðminjasafn Íslands og þjóðminjavörsluna. Um þetta atriði er það að segja að eðlilegast væri að það heyrði undir menntmrn. áfram eins og friðlýsing fornleifa, varðveisla menningarminja og aðrir starfsþættir þjóðminjavörslunnar."

Eins og ég sagði kom þjóðminjavörður síðan á fund nefndarinnar og ítrekaði þar þá skoðun sína að þjóðminjavarsla öll ætti heima í menningargeiranum og það mætti alls ekki henda að menningarvarslan yrði klofin upp á nokkurn hátt.

Hann benti nefndarmönnum einnig á að þennan þátt væri nú þessa dagana verið að færa yfir í menningarmálaráðuneytið í Noregi. Hins vegar sýnist mér allt stefna í það að hér hafi menn fengið einhverja uppljómun og ætli að laga þennan galla á frv. og draga þessa hugmynd sína til baka og er það vel og aðeins óskandi að menn vakni oftar og geri sér grein fyrir þeim hrikalegu mistökum sem þeir stefna í.

Jarðfræðafélag Íslands sendi okkur einnig sína umsögn. Ég ætla ekki að fjalla um hana þó að þar séu einnig mjög athyglisverðir punktar. Þeir eru m.a. að benda á það sem ég kom hér inn á fyrir allnokkru síðan að það vantaði alla skilgreiningu á orðunum „umhverfi" og „umhverfismál". Ég hóf hins vegar þessa ræðu mína á því að fara yfir það hvað væri umhverfi að mati Freysteins Sigurðssonar, en það er erindi sem hann flutti inni á hótelinu Holiday Inn á ráðstefnu sem var helguð umhverfismálum og lýsir mjög vel hvað umhverfi er.

Hins vegar barst hv. allshn. Nd. skoðun Jóns Bjarnasonar frá Hólum í Hjaltadal og ég tel að þurfi að fara yfir og gera deildinni grein fyrir þeim skoðunum sem Jón setur þar fram. Hann segir:

„Stutt umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1979, um Stjórnarráð Íslands, stofnun umhverfisráðuneytis og enn fremur frumvarp til laga um breytingu á lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis.

Markmið lagafrumvarpsins: „að fela einu ráðuneyti að samræma starfsemi hins opinbera að umhverfismálum." Gerð er því næst tilraun til að skilgreina málaflokka sem flokkast sem umhverfismál. Haldið er fram sem rökum að stofnun umhverfisráðuneytis dragi úr ágreiningi milli ráðuneyta, sérstofnana og hagsmunaárekstrum milli sjónarmiða atvinnuvegs og friðunar- og verndunarsjónarmiða innan sama ráðuneytis. Lögð er áhersla á ímynd Íslands sem hreins og óspillts lands.

Athugasemdir: Ekki kemur fram nein sérstök stefnumótun í umhverfismálum. Skilgreining á því hver eru umhverfismál eru mjög þröng. Allar gjörðir mannsins, lifandi vera, svo og náttúruöflin, hljóta að móta umhverfið og því erfitt að benda á hvar hagsmunir skarast og hvar ekki og ég hygg þeir skarist alls staðar. Stofnun umhverfisráðuneytis hindrar ekki ágreining og hagsmunaárekstra. Eðlilegt væri þess vegna að öllum ráðuneytum væri slegið saman í eitt umhverfisráðuneyti, þar sem saman færi ábyrgð, nýting, verndun og ræktun umhverfisins. Verndun og ræktun lands og lýðs verður ekki aðskilin.

Þó svo frumvörpin geri ráð fyrir flutningi ýmissa málaflokka undir umhverfisráðuneyti kemur það ljóst fram að það er fyrst og fremst stofnað um gróðurnýtingu, gróðurvernd, nýtingu og ráðstöfun lands utan þéttbýlis. Þessi áhugi er góðra gjalda verður. „Föðurland vort hálft er hafið" — þeirri röksemd var m.a. beitt við útfærslu landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar að nýting, verndun og ræktun fiskistofna færi best í höndum þeirra sem mest eiga undir því að þær auðlindir séu skynsamlega nýttar. Þversögn kemur greinilega fram þar sem hliðstæðir málaflokkar sjávarútvegs tilheyra áfram því ráðuneyti en ættu að fara undir umhverfisráðuneyti væri gætt fulls samræmis. Og hvað með hvalveiðarnar?

Ábyrgð, nýting, verndun og ræktun eiga að fara saman. Sé þetta skilið að býður það heim alvarlegri hagsmunaárekstrum en annars. Málefni er varða nýtingu, verndun og ræktun lands og gróðurs eiga alfarið að vera í höndum landbúnaðarráðuneytis og hliðstæð mál á öðrum sviðum heyri undir nærtækasta atvinnuráðuneyti.

Finnist skorta lagaheimildir til aðgerða á einstaka sviðum er hægt að breyta lögum og skerpa ákvæði. Tryggja má skipulagt samráð ráðuneyta og stofnana. Ágreiningsmál leysast ekki til frambúðar með aðferð Svía að sparka orkuráðherranum og gera hann að áhrifalitlum umhverfisráðherra.

Stofnun umhverfisráðuneytis býður heim þeirri hættu að þeir sem raunverulega ráða ferðinni og bera framkvæmdalega ábyrgð geti skotið sér undan mikilvægri ábyrgð á þeirri forsendu að þessi hlið málsins heyri undir annað ráðuneyti.

Hætta er á að umhverfisráðuneytið verði gagnslítið skrifstofubákn og nöldursráðuneyti í litlum tengslum við atvinnuvegi og þjóðlíf í landinu. Næg er fjarlægðin orðin milli höfuðs og ilja.

Fyrir mér er verndun og ræktun lands og lýðs umhverfismál. Fyrir mér er það umhverfismál hvernig land okkar er byggt, auðlindir þess verndaðar, bættar og nýttar. Fyrir mér er vellíðan og fullnægja fólks í lífinu umhverfismál til lengri og skemmri tíma. Fyrir mér eru það umhverfismál hvort óhætt sé að ganga á götum miðborgar Reykjavíkurborgar þegar skyggja tekur. Þrenging á hugtakinu umhverfi er hættuleg framtíðarþróun.

Nefnd eru sem rök fyrir stofnun umhverfisráðuneytis að umræða um þau mál séu mikil, nefndir starfa á vegum stjórnvalda undanfarinn áratug eða

meira. Þessi umræða bendir miklu frekar á óánægju með stefnu stjórnvalda í umhverfismálum, atvinnumálum, þjóðmálum yfirleitt, í því hvernig landið skuli byggt, auðlindir nýttar, hvers konar þjóðlíf vaxi og dafni á Íslandi. Nýtt ráðuneyti breytir ekki þar um. Stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis ber keim af friðþægingu og er spor af leið ef eitthvað er."

Undir þetta ritar Jón Bjarnason, Hólum í Hjaltadal.

Hæstv. forseti. Ég hef hér aðeins gripið niður í örfáar umsagnir sem hv. allshn. Nd. bárust. Ég hef þar bæði sýnt fram á að um málið er mikill ágreiningur, miklar efasemdir um ágæti þess og tilflutning einstakra stofnana. Ég hef einnig tekið umsagnir sem flokkast undir jákvæðar og hafa tekið undir sjónarmið þau sem fram komu í frv. og tel mig hafa gætt hlutleysis með því að gera slíkt.

Ég hafði um það orð fyrr í ræðu minni að ég vildi eiga orðaskipti við tvo ágætis ráðherra, annars vegar hæstv. heilbrrh. og heyra hans skoðanir á þeim miklu mótmælum sem borist hafa víða að vegna tilflutnings á Geislavörnum ríkisins þar sem fram hefur komið að 80–90% af starfsemi þeirra heyra undir heilbrigðisgeirann og menn alls ekki á eitt sáttir um að færa Geislavarnir ríkisins undir umhverfisráðuneyti.

Ég vildi einnig heyra skoðanir um tilflutning á Hollustuvernd ríkisins og álit ráðherrans á þeim rökum sem þar koma fram og í ljósi þess að meiri hluti stjórnar þar er mótfallinn tilflutningnum, enda hef ég farið yfir umsagnir þeirra og skoðanir forstöðumanna ýmissa sérsviða. Ég hefði einnig viljað heyra skoðun hans á þeim hugmyndum að kljúfa Hollustuverndina, sem einnig mætir mikilli andstöðu víða að og fleiri mál hefði ég viljað inna hæstv. heilbrrh. eftir.

Ég hefði einnig viljað eiga orðastað við hæstv. landbrh. um þær umsagnir sem ráðuneyti hans hefur sent frá sér, bæði landbrn. og einnig samgrn. Ég hef áður sagt að ég lít á umsögn frá landbrn. sem skoðun ráðherrans þangað til annað kemur í ljós og hlýtur það að teljast rétt því hitt ráðuneytið sem ráðherrann ber ábyrgð á, samgrn., sér sig knúið til þess að taka það sérstaklega fram í sinni umsögn að það túlki ekki skoðun ráðherrans. Hygg ég að það sé einsdæmi. Þó ég sé nú ekki þingreyndur maður þá man ég ekki til þess að ráðuneyti sé að gefa umsagnir um stjórnarmál, allt aðrar en skoðanir ráðherrans sjálfs. Og mundi ég ekki vilja starfa undir slíkum kringumstæðum.

Áður en ég sný mér að öðrum þætti ræðu minnar er kannski rétt að draga það örlítið saman sem ég hef verið að fara yfir. Ég hef verið að benda á hversu mikil óeining er um þetta mál víða í þjóðfélaginu og endurspeglast í þeim umsögnum sem nefndinni bárust, en henni bárust fjölmargar umsagnir. Ekki man ég nú nákvæmlega töluna á þeim en víða var málið sent því málið snertir allmarga.

Hér er ég með skjal sem leiðir í ljós hvað margir hafa sent inn umsagnir. Hér eru 25 með skriflegar umsagnir. (**Forseti:** Forseti harmar að þurfa að trufla hv. ræðumann sem nú hefur talað í 3 klukkustundir og 40 mínútur. Forseti hafði gert samkomulag við formenn stjórnarflokka og stjórnarandstöðu um að þessi fundur yrði ekki lengur en til miðnættis, m.a. vegna þess að í fyrramálið klukkan átta hefjast nefndafundir í þingi og klukkan 10 hefst fundur í þinginu sjálfu. Forseti vill standa við þetta samkomulag og geta þess þó að gefnu tilefni að hann hefur látið taka saman nú í kvöld þær umræður sem hafa átt sér stað um umhverfismálafrumvörpin tvö. Þessar staðreyndir eru eftirfarandi svo ekkert fari á milli mála: Frumvörpin hafa verið rædd 23 sinnum á 16 fundum á 16 dögum. Það er búið að ræða málin í á annan sólarhring eða í u.þ.b. 25 klukkustundir. Það hafa verið haldnir þrír kvöldfundir um þessi tvö frv. og einn morgunfundur. Forseti vill að þetta komi mjög skýrt fram og hann mun á morgun gera frekari grein fyrir þessu máli. Forseti fer fram á það við hv. 5. þm. Vesturl. að hann fresti nú ræðu sinni þar til málið verður tekið aftur á dagskrá.)

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli fá það ítarlega umfjöllun sem hér var lýst úr forsetastóli og mun fresta ræðu minni að ósk forseta.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

69. fundur, fimmtudaginn 29. mars, kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf dagsett 29. mars 1990:

„Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hennar verið rannsakað. Ég býð hana velkomna til starfa.

Greiðslubyrði sjúklinga með langvinna sjúkdóma, ein umr.

Fsp. GA, 369. mál. — Þskj. 630.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. 17. febr. sl. auglýsti heilbrrn. breytingar á reglugerð um greiðslur sjúklinga fyrir læknishjálp og rannsóknir. Með þessari reglugerðarbreytingu gefst almenningi kostur á ókeypis læknishjálp á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum, en gjald fyrir hverja komu til sérfræðings hækkar úr 630 kr. í 900 kr. Nú þarf einnig að greiða 300 kr. fyrir hverja blóðtöku eða röntgenmyndatöku en áður voru allar rannsóknir innifaldar í 630 kr. gjaldinu. Þegar reglugerðinni var breytt virðast heilbrigðisyfirvöld hafa gjörsamlega gleymt, eða öllu heldur kosið að líta fram hjá þeim hópi sjúklinga sem hafa langvinna sjúkdóma sem krefjast reglulegs eftirlits af hálfu sérfræðinga. Þessir sjúkdómar krefjast sérhæfðrar meðferðar og eftirlits árum saman, oft ævilangt, og heimilislæknar geta að öllu jöfnu ekki sinnt þeim. Sem dæmi má nefna sjúklinga með langvinna liðagigt og illvíga bandvefssjúkdóma, sykursýki, asma og ofnæmi, fatlaða, ekki síst mikið fötluð börn, en þeir eru fleiri sjúklingahóparnir. Reglubundið og sérhæft eftirlit getur oft sparað sjúkrahúsvist og gert sjúklingum kleift að stunda áfram vinnu sína eða nám þrátt fyrir erfið veikindi. Hækkunin á sérfræðiþjónustunni er um og stundum talsvert yfir 100% fyrir flesta þessa sjúklinga, sem yfirleitt greiða a.m.k. 1200 kr. fyrir komuna, oft meira, og má reikna með því að margir verði að greiða a.m.k. 15.000 kr. á ári í þennan sjúklingaskatt.

Þessar gífurlegu hækkanir verða á sama tíma og laun og tryggingabætur hækka aðeins um 1,5%. Aðeins lítill hluti þessara sjúklinga eru þó öryrkjar sem fá bótagreiðslur eða ellilífeyrisþegar og möguleikar þeirra til tekjuöflunar eru iðulega skertir enda hafa rannsóknir landlæknis leitt í ljós að sjúklingar með langvinna sjúkdóma verða, sem hópur í þjóðfélaginu, fátækari með hverju árinu sem líður. Það skýtur því skökku við að leggja sérstakan sjúklingaskatt á þá sem síst skyldi og virðist sem hækkunin fyrir sérfræðiþjónustu og greiðslur fyrir rannsóknir eigi að bæta ríkissjóði upp tekjutapið sem hlýst af því að fella niður greiðslur sjúklinga til heimilislækna. Þannig má segja að verið sé að færa kostnaðarhlutdeild vegna læknisþjónustu í ríkara mæli frá þeim sem minna eru veikir til hinna sem meira eru veikir.

Það virðist augljóst að hér hafa verið gerð mistök og hafa sjúklingar og samtök þeirra sent hæstv. heilbrrh. fjölda áskorana um að endurskoða þessar ráðstafanir. Ég tel því fulla ástæðu til að spyrja hæstv. heilbrrh. hvaða ráðstafanir hann hyggist gera til að mæta aukinni greiðslubyrði sjúklinga sem ekki eru öryrkjar en hafa langvinna sjúkdóma er krefjast reglulegs eftirlits af hálfu sérfræðinga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur beint til mín hér fsp. sem hann hefur gert rækilega grein fyrir og tengist reglugerðarbreytingu sem átti sér stað um miðjan febrúar sl. eftir allítarlegar athuganir á skipulagsbreytingum varðandi greiðsluþátttöku einstaklinga vegna lyfja- og læknishjálpar.

Reglugerðir þær, sem tóku gildi 15. febr. sl. um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálp og um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði, innibáru róttækar skipulagsbreytingar varðandi lyf og læknishjálp utan sjúkrahúsa. Meginmarkmiðið með þessum aðgerðum var í fyrsta lagi að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga. Í öðru lagi að meginreglan verði sú að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslulækni eða heimilislækni. Í þriðja lagi að samskiptum sjúklinga við heilsugæslu- og heimilislækna verði í auknum mæli beint inn á opnunartíma heilsugæslustöðva. Í fjórða lagi að sjúklingur greiði lægra gjald fyrir lyf ef ávísað er á ódýrasta lyf með sama virka efninu. Og í fimmta lagi að draga úr útgjöldum sjúkratrygginga.

Nú eru reglugerðir þessar sex vikna gamlar og því nokkur reynsla komin á framkvæmd þeirra. Helstu umkvörtunarefni, sem ráðuneytinu hafa borist vegna þessara reglugerða, eru í fyrsta lagi að með sérstöku gjaldi á rannsóknir og röntgengreiningu, sem eru 300 kr. fyrir hverja komu og 100 kr. hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, hefur orðið nokkur hækkun á greiðslubyrði hjá þeim sem hafa langvinna sjúkdóma og þarfnast reglulegs eftirlits af hálfu sérfræðinga, eins og reyndar hv. fyrirspyrjandi rakti mjög ítarlega áðan. Aftur á móti er ekki mikið kvartað yfir hækkun á greiðslu fyrir hverja komu til sérfræðings á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, þó að þar sé að vísu um verulega hækkun í prósentum að ræða, úr 630 kr. í 900 kr. Enda er sú hækkun, þegar yfir lengra tímabil er litið eða aftur til ársins 1984, mjög sambærileg við hækkun framfærsluvísitölunnar á þessu sama tímabili. Hér er að vísu um mikla prósentuhækkun að ræða á þessum upphæðum nú en í sjálfu sér ekki breyting á formi, áður höfðu þessir einstaklingar þurft að greiða þetta gjald fyrir heimsókn til sérfræðingsins.

Í öðru lagi berast kvartanir frá sjúkrahúsum um að framkvæmdin við innheimtu á rannsóknar- og röntgengjaldinu sé mjög erfið og kalli á aukinn mannafla við innheimtuna. Sum sjúkrahúsin halda því fram að tekjurnar af innheimtunni muni ekki standa undir kostnaði við innheimtuna. Þetta finnst mér að vísu með ólíkindum ef ekki er hægt að hafa það skipulag á varðandi eftirlit á stofnunum að hægt sé að koma þessu fyrir, en alla vega hefur þetta komið mjög fram í viðræðum við viðkomandi aðila.

Komið hefur í ljós að innheimtan á rannsóknar- og röntgengjaldinu er mjög mismunandi eftir stofnunum. Það hefur leitt til þess að kostnaður einstaklinga verður mismunandi eftir því hvaða göngudeildir eða hvaða sjúkrahús þeir sækja.

Í þriðja lagi hafa borist kvartanir frá Læknafélagi Reykjavíkur yfir framkvæmdinni á innheimtu göngudeildargjaldsins, rannsóknar- og röntgengjaldsins á sjúkrahúsunum. Sum sjúkrahúsin innheimta ekki göngudeildargjaldið á einstökum deildum sjúkrahúsanna. Í bréfi sem ráðuneytinu hefur borist frá stjórn Læknafélagsins segir að stjórnin geti ekki fallist á að einstaka stofnanir eða deildir felli niður gjaldtöku þannig að sjúklingum með ákveðna sjúkdóma sé mismunað eftir því hvort þeir leita sérfræðihjálpar á göngudeild eða á stofu sérfræðings og áskilur stjórnin sér rétt til þess að grípa til viðeigandi aðgerða ef þetta verði ekki leiðrétt.

Í þessari og síðustu viku hafa fulltrúar heilbrrn. haldið fundi með forstöðumönnum sjúkrahúsanna í Reykjavík, fulltrúum heimilislækna, einstökum sérfræðingum sem annast sjúklinga með langvinna sjúkdóma og þeim sérfræðingum sem ráðuneytið var í samvinnu við áður en reglugerðin var sett. Í ljósi þeirra viðræðna tel ég að um sé að ræða tvær leiðir sem koma til greina til þess að draga úr greiðslubyrði þeirra sjúklinga sem oft þurfa að leita læknis án þess að hverfa frá þeim meginmarkmiðum sem skipulagsbreytingarnar áttu að ná fram.

Í fyrsta lagi er að setja almennt þak á greiðslur líkt og gert er fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, en þar er ákveðið þak eftir að þeir hafa greitt ákveðna upphæð innan almanaksársins, þ.e. að einstaklingur skuli aldrei greiða hærra en ákveðna upphæð á einu almanaksári fyrir sérfræðilæknishjálp, komu á göngudeild, slysadeild, bráðamótttökudeild og fyrir rannsóknir og röntgengreiningu. Allt verður þetta fellt þar inn undir.

Í öðru lagi tel ég koma til greina að hætta innheimtu og greiðslum fyrir rannsóknir og röntgengreiningu, að falla frá því gjaldi sem tekið var upp sem nýtt gjald við reglugerðarsetninguna. Það mundi létta greiðslubyrði þeirra verulega sem þurfa á rannsóknum og röntgengreiningum að halda í tengslum við heimsóknir sínar á stofur sérfræðinga eða göngudeildir sjúkrahúsanna. Og eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda fer það mjög oft saman, kannski oftast, að menn þurfa að greiða í viðbót við 900 kr. fyrir annaðhvort rannsókn eða röntgengreiningu, kannski hvort tveggja, sem hækkar þá 900 kr. í 1200 eða 1500 kr. Það mundi einnig verða til þess að létta framkvæmdina á innheimtu þessa gjalds á sjúkrahúsunum. Með því yrði eitt samræmt gjald fyrir öll sjúkrahúsin og engin hætta á mismunun milli göngudeilda sjúkrahúsanna annars vegar og sérfræðilæknisstofa hins vegar.

Næstu daga mun ákvörðun verða tekin um hvor þessara leiða verður valin. En áður en sú ákvörðun verður tekin munu fara fram um það frekari viðræður milli ráðuneytis og stjórnenda sjúkrahúsanna hvort ekki sé hægt að samræma gjaldið fyrir röntgen- og rannsóknir milli sjúkrahúsa og auðvelda framkvæmd innheimtunnar. Eins og ég nefndi áðan finnst mér það nokkuð með ólíkindum ef ekki er hægt að koma því formi á. Það verður gert upp þessa dagana en því miður hefur ekki unnist tími til þess að ganga frá því endanlega í þessari viku.

Herra forseti. Ég á aðeins eftir örfáar línur hér úr þessu svari. Að undanförnu hefur svokallaður „bestukaupalisti", sem gefinn var út með reglugerðinni um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, verið í endurskoðun. En á honum eiga að vera skráð ódýrustu lyf innan hvers lyfjaflokks með sama virka efninu. Ég tel rétt að nefna þetta aðeins vegna þess að auðvitað varðar þetta líka þessa sömu einstaklinga sem búa nú við hækkaða greiðslubyrði. Reglan er sú að ávísi læknar lyfi á „bestukaupalistanum" þarf hinn sjúkratryggði að greiða 550 kr. fyrir hverja afgreiðslu, sem er óbreytt verð frá því sem verið hefur, en sé ávísað á lyf sem ekki er á listanum þarf hinn sjúkratryggði að greiða 750 kr. Með þessu var stefnt að því að fá lækna, lyfsala og lyfjanotendur til að taka höndum saman um að draga úr lyfjakostnaði. Þegar á framkvæmdina reyndi kom í ljós að nokkur lyf voru ekki á „bestukaupalistanum" sem hefðu þó með réttu átt að vera þar, og voru sambærileg í verði og þau lyf sem á listanum voru. Því er nauðsynlegt að endurskoða listann með tilliti til þess og fer sú endurskoðun fram núna og mun taka gildi um næstu mánaðamót.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur gert ítarlega grein fyrir markmiðum þeirrar reglugerðar sem hér er um að ræða og ákveðnum leiðum til úrbóta. Það er ljóst að greiðslubyrði þeirra sjúklinga sem hér um ræðir, þ.e. með langvinna sjúkdóma, hefur aukist gífurlega. Hér er ekki einungis um að ræða sjúklinganna sjálfa heldur einnig aðstandendur þeirra og foreldra barna sem slíkum sjúkdómum eru haldnir. Þar að auki virðist sem verið sé að færa greiðslubyrði þeirra sjúklinga sem nægir að leita til heimilislækna yfir á herðar þeirra sem verða að leita til sérfræðinga og þá ekki síst þeirra sem eru því alfarið háðir eins og sjúklingar með langvinna sjúkdóma.

Þessir hópar hafa að sjálfsögðu mótmælt þessum breytingum og hef ég reyndar fréttir af fundarhöldum í heilbr.- og trmrn. þess vegna. Þannig að ljóst er að ráðuneytismenn hafa af þessu nokkrar áhyggjur.

Það er að sjálfsögðu brýn nauðsyn að komið sé til móts við þessa sjúklinga. Hæstv. heilbrrh. nefndi hér áðan atriði í reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálp og fleira, sem útgefin var þann 1. febr. sl., þar sem er rætt um elli- og örorkulífeyrisþega, að þeir skuli aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 3000 vegna heimsókna til sérfræðinga, rannsókna og röntgengreininga á hverju almanaksári. Þá má e.t.v. hugsa sér, eins og hæstv. ráðherra talaði um hér áðan, að svipaðar reglur yrðu settar varðandi sjúklinga með langvinna sjúkdóma og e.t.v. má hugsa sér svipað fyrirkomulag og gildir í Noregi þar sem er um að ræða svokölluð fríkort sem sjúklingar geta framvísað til lækna, þannig að þeir greiða aðeins ákveðinn kvóta. En ég fagna því sem sé að hér er verið að leita leiða til úrbóta.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans og fagna því að hann skuli sýna viðleitni til endurskoðunar á þessum ráðstöfunum. Það er vert að geta þess að eftir að tilvísanakerfið svonefnda var afnumið hafa sjúklingarnir átt frjálst val um að leita sér læknishjálpar og aðsókn að sérfræðingsþjónustu hefur aukist. Væntanlega telja menn að fleiri sjúklingar fari til sérfræðinga en þurfi og sú þjónusta er álitin dýrari fyrir heilbrigðiskerfið en heilsugæsluþjónusta þó það sé engan veginn nægilega skýrt.

Á dögum aðhalds og sparnaðar er líklegt að áðurnefndar áherslur hafi verið lagðar í reglugerðarsmíðinni í því skyni að hvetja fólk til að leita fremur til heilsugæslu- og heimilislækna en sérfræðinga og draga þannig úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Þetta er skiljanleg viðleitni heilbrigðisyfirvalda en hins vegar hafa þeim orðið á glöp, þeim hefur orðið á í messunni.

Í fsp. sem hér var mælt fyrir var ekki gagnrýnd sérstaklega þessi áherslubreyting út af fyrir sig en ég gagnrýni harkalega það óréttlæti sem sá hópur er beittur sem ég hef lýst og ég vil undirstrika að þetta er ákveðinn skilgreindur hópur sem verður sérstaklega hart úti við þessa reglugerðarbreytingu. Enda hefur það sýnt sig að margir sjúklingar eru farnir að fella niður nauðsynlegar komur til eftirlits og meðferðar vegna þess hversu dýrt þetta er. Og mér er spurn: Hvernig ætluðu heilbrigðisyfirvöld í raun og veru að meta það hvernig reglugerðarbreytingin reyndist? Hvernig ætluðu heilbrigðisyfirvöld að meta fjárhagsþrengingarnar sem fólkið lenti í eða áhrif vanrækslunnar á gang sjúkdómanna?

Ég hlustaði grannt eftir þeim tillögum sem hæstv. ráðherra lagði fram. Það er auðvitað möguleiki í stöðunni að setja þak eða hreinlega fella niður gjaldtöku fyrir rannsóknir. Ég vona að hann íhugi alvarlega báða þessa möguleika en ég verð að ljúka orðum mínum með því að leggja fast að ráðherra að hafa í framtíðinni meiri samráð bæði við samtök sjúklinga og starfsfólk á heilbrigðisstofnunum þegar verið er að gera róttækar breytingar. Mér hefur fundist skorta á það við samningu frv. og þegar verið er að gera breytingar hjá heilbrigðisyfirvöldum að nægjanlegt samráð sé haft við viðkomandi stofnanir eða hópa sem eiga síðan að taka þessum breytingum. Ég held að sú valddreifing sem felst í því að hafa samráð hljóti að verða til verulegra bóta og gera allar breytingar af hálfu heilbrigðisyfirvalda mun farsælli, bæði fyrir neytendur og fyrir stjórnvöld. En ég legg áherslu á það og mun fylgja því eftir að tekið verði á málunum á nýjan leik, þau endurskoðuð og þá í samræmi við óskir sjúklinga og samtaka þeirra sjúklinga sem hér er um að ræða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt og rétt til þess að undirstrika það eins og hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda áðan. Auðvitað var verið að gera kerfisbreytingar sem áttu að færa til áherslu í heilbrigðisþjónustunni. Hv. fyrirspyrjandi rakti það að þegar tilvísunarskyldan var felld niður hafi aðsókn og aðgengi sjúklinga færst mjög til og við a.m.k. álitið það í heilbrrn., og ég hygg að sú skoðun sé nú reyndar miklu víðar og jafnvel meðal sérfræðinganna sjálfra, að sérfræðiþjónustan sé nú e.t.v. í einhverjum tilfellum ofnotuð og einhverjum tilfellum nýtt sem heimilislæknaþjónusta eða heilsugæsluþjónusta sem ætti frekar að sækja þangað. Það er m.a. það sem við erum að gera með þessum skipulagsbreytingum og því sem reglugerðin átti að ná fram og það er auðvitað með því verið að færa til greiðslubyrði, eins og hér kom fram einnig hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur. Hún nefndi hugmynd um fríkort, sem við höfum líka verið að skoða. Það er einmitt spurningin hvaða leið á að fara til þess að ná þessum markmiðum ef sett verður þak. Ég segi nú „ef" því þessi mál eru í skoðun enn þá og við munum líta nánar á það hvaða leiðir verða farnar og til hvaða aðgerða verður gripið. Það er auðvitað fyrir hendi form gagnvart öldruðum og öryrkjum. Það var að vísu miðað við ákveðinn komufjölda áður en núna höfum við sett ákveðna krónutölu inn í reglugerðina.

Svo langar mig aðeins að nefna að lokum að það að veita ókeypis aðgang að heilsugæslunni er auðvitað hugsað þannig að þangað geti allir sótt, einnig þeir sem eru með langvinna sjúkdóma. Það var mikið rætt, bæði við sérfræðingana og heimilis- og heilsugæslulæknana, og þeir töldu að það væri mögulegt, a.m.k. fyrir hluta af einstaklingum með langvinna sjúkdóma, að sækja sína þjónustu að einhverju leyti til heilsugæslustöðva. Nú dettur mér ekki í hug að segja að það sé hægt eingöngu og að sjálfsögðu eru sumir sjúklingar þannig settir að þeir hafi ekki gagn af því að fara á heilsugæslustöð en vafalaust gætu einhverjir þeirra létt á sinni greiðslubyrði með því að fara á heilsugæslustöð í staðinn fyrir að fara til sérfræðings og þá án þess að greiða nokkuð fyrir það. Svo að þegar talað er um að það sé bara verið að færa til kostnað frá þeim sem annars vegar þurfa sjaldan á læknishjálp að halda, koma á heilsugæslustöð kannski einu sinni, tvisvar á ári og gera þeirra þjónustu ókeypis en flytja allan þungann yfir á þá sem eru með langvinna sjúkdóma, þá mótmæli ég því. Og ég leyfi mér að fullyrða, eftir viðtöl við læknana sjálfa, að þeir telji að með því að nota heilsugæsluna einnig, ég segi einnig en að sjálfsögðu ekki alfarið, væri hægt að létta þessa greiðslubyrði og færa þannig til þungann.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það er meginefni að þær breytingar sem gerðar eru séu ekki einungis unnar frá skrifborðinu heldur í samvinnu við þá sem hlut eiga að máli. Ég vil undirstrika það mjög hér og einnig það að 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu stendur að allir landsmenn skuli eiga kost á þeirri bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni. Það kann vel að vera að sumir þeir sjúklingar

sem ég hef nefnt geti nýtt sér þjónustu heilsugæslustöðva og það er vel. En þeir sem ekki geta það verða að eiga aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni án þess að þurfa að baka sér verulegt fjárhagslegt tjón með því og í raun greiða fyrir ókeypis læknisþjónustu þeirra sem minna þurfa á henni að halda. Þetta er meginefni, hæstv. ráðherra.

Bifreiðastyrkir til fatlaðra, ein umr.

Fsp. MF, 408. mál. — Þskj. 713.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 713 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um breytingu á reglugerð um bifreiðastyrki til fatlaðra. Árið 1987 voru settar reglur um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra. Þar er frá því greint hversu oft og hve háa styrki má veita fötluðum til bílakaupa og einnig hversu gömul sú bifreið, sem styrkur fæst út á, má vera. Í 5. gr. þessarar reglugerðar segir að styrkirnir skuli vera skv. 1. tölul. 80 þús. kr., sé um að ræða fötlun, og skv. 2. tölul. 250 þús. kr., sé um að ræða mjög hreyfihamlað fólk sem notar hjólastóla, hækjur, spelkur, gervilimi eða önnur hjálpartæki. Þessar tölur eru þær sem settar voru í reglugerðina þegar hún var birt árið 1987. Greiðslur miðast við 600 bíla á ári skv. 1. tölul. en aðeins 50 skv. 2. tölul.

Nefnd sú sem skipuð var til að úthluta þessum styrkjum hefur unnið vandasamt verk samviskusamlega en lent af og til í mestu vandræðum vegna þess að svo miklu fleiri hafa sótt um hærri styrkinn en heimild er til að úthluta. Nú í ár var t.d. þrautalending nefndarinnar eftir að hafa yfirfarið umsóknir og skorið niður að úthluta hærri styrknum til fleiri aðila en reglugerðin heimilar. Enginn fær þó styrk án þess að eiga að fullu rétt á honum.

Annað er það sem skilyrt er í reglugerðinni, þ.e. að styrkur fæst aðeins út á nýjar bifreiðar. Nú er það í mörgum tilvikum svo að fatlaðir hafa ekki möguleika á því að eignast nýja bíla einfaldlega vegna þess að það er þeim ofviða fjárhagslega þrátt fyrir möguleika á áðurnefndum styrkjum. Á markaðnum eru oft vel meðfarnar lítt eknar bifreiðar 2–3 ára gamlar sem gætu hentað og fullnægt þörfum þeirra sem vilja festa kaup á bíl á miklu lægra verði en nýjar bifreiðar. Því spyr ég hæstv. ráðherra í fyrsta lagi: Hefur ráðherra uppi áform um að breyta reglugerð frá 22. apríl 1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, hvað varðar þann fjölda sem árlega nýtur hærri styrksins, sbr. 2. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar, og í öðru lagi hvað snertir skilyrði fyrir úthlutun varðandi aldur þeirra bifreiða sem styrkur fæst út á, sbr. 4. tölul. 4. gr.?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. hefur beint til mín fyrirspurn sem hún hefur gert grein fyrir og varðar þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra. Rétt er að minna á að reglugerðin, sem hér er til vitnað og sett var 1987, breytti fyrirkomulagi um bifreiðakaup fatlaðra þannig að með henni voru bifreiðakaup fatlaðra færð sem hluti styrkja frá almannatryggingum en áður höfðu bifreiðakaup fatlaðra verið afgreidd sem eftirgjöf aðflutningsgjalda skv. tollskrárlögum. Sá fjöldi sem er í reglugerðinni um bifreiðar hefur verið óbreyttur frá því að reglugerðin var sett og er nú þannig að 600 einstaklingar fá styrk að upphæð 180 þús. kr. vegna bifreiðakaupa en 50 einstaklingar fá styrk að upphæð 550 þús. til bifreiðakaupanna.

Þá er í gildandi reglugerð sett sem skilyrði til úthlutunar styrksins að bifreiðin hafi verið tollafgreidd eftir 1. júní á umsóknarári. Skv. 3. gr. reglugerðarinnar starfar sérstök afgreiðslunefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögur til tryggingaráðs um úthlutun styrkja og skulu tillögur nefndarinnar komnar til tryggingaráðs til afgreiðslu fyrir 1. des. ár hvert vegna úthlutunar komandi árs. Ákvörðun tryggingaráðs og úthlutun skal fara fram fyrir 15. jan. ár hvert vegna yfirstandandi árs og skulu styrkir greiddir út á tímabilinu 1. mars til og með 30. júní. Það er því ljóst að fjárhagsáætlun vegna þessara styrkja var gerð við gerð fjárlaga fyrir árið 1990 og þegar hefur verið úthlutað þeim styrkjum sem koma til úthlutunar á þessu ári.

Hugsanlegar breytingar á reglugerðinni geta því ekki tekið gildi fyrr en frá og með úthlutun vegna ársins 1991 og í samræmi við fjárveitingar á fjárlögum þess árs. Afgreiðslunefnd bifreiðakaupastyrkja hefur gert tillögu til ráðuneytisins um breytingar á reglugerðinni þannig að styrkjum í efri flokki sé fjölgað úr 50 í 100 á ári vegna þess að mjög fötluðum einstaklingum, sem sækja um bílakaupastyrki, hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Sömuleiðis hefur nefndin lagt til að gerð verði sú breyting að smíðaár eða árgerð bifreiðarinnar sé hin sama og umsóknarárið en ekki eins og fram kom áðan að tollafgreiðslan eigi sér stað á umsóknarári. Hér mun vera reynt að draga það fram að ef aðeins er fjallað um tollafgreiðsluna geti menn verið að flytja inn og kaupa gamla bíla sem ýmsir telja ekki skynsamlegt.

Ég hef þessar tillögur nefndarinnar til athugunar og mun taka afstöðu til þeirra fyrir næstu úthlutun, þ.e. fyrir eða í tengslum við fjárlagagerð fyrir næsta ár. Jafnframt tel ég eðlilegt að reynt sé að fjölga styrkjum til þeirra einstaklinga sem fá hærri styrkinn. En ég hef meiri efasemdir um hitt, hvort eigi að breyta til og veita styrki út á eldri bifreiðar frekar en miðað sé eingöngu við nýjar og meira að segja gengur tillaga nefndarinnar út á það að það sé tryggt að það séu nýjar bifreiðar en alls ekki gamlar.

Heildarupphæð styrkja til bifreiðakaupa er á þessu ári áætluð 135 millj. kr. en hefði þurft að vera 163

millj. til þess að hægt væri að úthluta í samræmi við þær tillögur nefndarinnar sem nú liggja fyrir, þ.e. ef bifreiðarnar í hærri flokknum hefðu verið 100 í stað 50, þá hefði upphæðin farið úr 135 í 163 millj.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svör hans og fagna þeim tillögum sem hafa borist ráðherra frá úthlutunarnefndinni og vænti þess að tekið verði fullt tillit til þeirra. Það er ekkert víst að breyting á úthlutunarreglunum þyrfti endilega að hafa í för með sér hærri heildarupphæð en fer til þessara mála í dag því að það má t.d. færa á milli, fjölga þeim sem fá hærri styrkina en fækka þeim lægri. Því að eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur heildartalan yfirleitt reynst fullnægjandi og mætti breyta þarna sem sagt innan þeirra marka sem í dag eru. En það eru þá fyrst og fremst þær tölur sem snúa að fjölda styrkjanna sem þyrftu að breytast, en e.t.v. ekki heildarupphæðin.

Hvað varðar b-lið fyrirspurnarinnar, þá ítreka ég aðeins nauðsyn þess að skoða hvort ekki megi heimila styrki til kaupa á notuðum bifreiðum sem uppfylla kröfur sem setja mætti í reglugerð.

Ég ítreka svo þakkir mínar til ráðherra og treysti á góðan vilja hans í þessum málum.

Staða íslensks ullariðnaðar, ein umr.

Fsp. JGS, 416. mál. — Þskj. 728.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til iðnrh. sem hljóðar þannig: „Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja stöðu íslensks ullariðnaðar?“

Þetta mál hefur verið mjög í brennidepli undanfarið og er komið á borð ríkisstjórnarinnar. Málið er enda stjórnvöldum mjög skylt þar sem á fastgengisárunum 1983–1988 blæddi þessari atvinnugrein út. Á þessum tíma versnuðu starfsskilyrði útflutningsiðnaðar um 30% og eru enn þann dag í dag 20% lakari en starfsskilyrði sjávarútvegs sem stóðu nokkuð á jöfnu árið 1984. Á þessum málum var ekki tekið fyrr en á árinu 1988 þegar fastgengisstefnan var mjög farin að þrengja að sjávarútveginum. Ég spyr þess vegna iðnrh.: Hvernig verður brugðist við þessum málum nú þegar við eygjum aftur bata í okkar aðalatvinnuvegi, þ.e. sjávarútveginum? Ef þar verður farið að eins og gert hefur verið á undanförnum árum og áratugum, að gengisstefnan verði látin ráðast alfarið af afkomu sjávarútvegsins, líður íslenskur ullariðnaður undir lok og svo mun fara um fleiri greinar iðnaðar. Ég vitna í þessu sambandi í grein eftir ágætan alþýðuflokksmann, Gylfa Þ. Gíslason, í Morgunblaðinu í gær, þar sem hann dró þessa mynd einmitt mjög skýrt fram.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um afleiðingar þess ef svo fer að íslenskur ullariðnaður líður undir lok. Atvinnulíf okkar mun verða mun fábreyttara og hér verður miklu minna framboð fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Ég vil nefna það að eingöngu í ullariðnaði eru 600 störf í húfi. Fari svo að Álafoss komist ekki á legg aftur er kastað á glæ margra áratuga starfsemi við það að byggja upp hér iðnaðarhefð og margra áratuga starfsemi í markaðsöflun erlendis. Þannig að ég skora nú á ríkisstjórnina að taka á þessu máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. spyr hvað ríkisstjórnin hyggist gera til að tryggja stöðu íslensks ullariðnaðar. Hann nefndi réttilega í inngangi sínum að spurningunni að vandann mætti rekja til breytinga sem urðu á starfskjörum útflutningsgreina almennt og ullariðnaðarins sérstaklega á árunum fram til 1988. Þess vegna tel ég ástæðu til að nefna að ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst stutt ullariðnaðinn með stefnu sinni að því leyti að búa iðnaðinum og öðrum greinum almenn rekstrarskilyrði sem geti risið undir viðunandi afkomu. Hún hefur beitt sér fyrir lækkun raungengis frá því haustið 1988 og er nú svo komið að raungengi íslensku krónunnar er 15–20% lægra en það var árið 1988. Í þessu felst að sjálfsögðu mjög mikil bót fyrir ullariðnaðinn eins og aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar. Það er áfram viðleitni stjórnarinnar að freista þess að skapa með almennum hætti rekstrarskilyrði fyrir ullariðnaðinn eins og aðrar greinar.

Það var líka hárrétt hjá þingmanninum að vitna til þess, sem fram kemur í ágætri grein Gylfa Þ. Gíslasonar í Morgunblaðinu í gær, að það ris sambúðarvandi milli iðnaðar og sjávarútvegs þegar tekjur og skilyrði sjávarútvegsins sveiflast. Þar er líka annar sambúðarvandi, sem er af varanlegum toga, nefnilega sá að fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind, fiskstofnunum í hafinu í kringum landið er ekki greitt neitt gjald. Kæmi veiðigjald fyrir mundu starfsskilyrðin jafnast og auðveldara væri að tryggja hæfilega sambúð þessara mikilvægu greina. Um þetta er ég þingmanninum sammála og þakka honum fyrir að taka það hér fram til umræðunnar.

Að öðru leyti vildi ég láta það koma fram að fyrir utan þessar almennu aðgerðir beitti ríkisstjórnin sér fyrir því haustið 1988 að veita ákveðnu fjárframlagi til ullariðnaðarins, 40 millj. kr. Helmingur fjárins kom til greiðslu 1988 en hinn helmingurinn 1989, að meiri hluta til í hlutfalli við útflutning fyrirtækjanna, en nokkru fé var varið til markaðsátaks fyrir smærri útflytjendur. Á árinu 1989 voru líka veitt víkjandi lán að fjárhæð 82,5 millj. til sameiginlegs markaðsfyrirtækis Hildu hf. og Álafoss hf. í Bandaríkjunum eftir að markaðsfyrirtæki þessara aðila höfðu verið sameinuð. Þá var veitt sérstaklega víkjandi lán til Álafoss vegna markaðsstarfsemi í Evrópu að fjárhæð 27,5 millj. Þá var keypt af Álafossi Hekluhúsið á Akureyri fyrir tæpar 60 millj. Samtals er hér um að ræða fjárframlög eða eignayfirtöku, sem aflétti skuldum af þessum fyrirtækjum, um 209 millj. kr., þar af vegna endurskipulagningar Álafoss um 128 millj.

Því miður reyndust þessar aðgerðir þrátt fyrir mjög

batnandi almenn rekstrarskilyrði ekki nægja til þess að koma Álafossi á viðunandi grundvöll. Við glímum nú enn við þann vanda að rekstrarafkoma liðins árs var lakari en menn höfðu spáð og eignastaða fyrirtækisins er enn ótraust. Það er unnið að lausn þessa vanda, m.a. á vegum iðnrn., fjmrn. og forsrn. Þar hefur verið bent á nokkra valkosti sem nú eru kannaðir í viðræðum við lánardrottna og við fyrirtækið sjálft, reyndar einnig við þau tvö bæjarfélög sem eiga mest undir því að viðgangur Álafoss sé góður, þ.e. Mosfellsbæ og Akureyri, og við verkalýðsfélögin sem þar eiga hlut að máli. Þetta er erfitt viðfangsefni, ekki síst af því að sá bati sem næst með hagræðingu og markaðssókn er seinn að koma fram. Hann kemur ekki fram fyrr en hálfu öðru ári eða tveimur eftir að menn hafa hafist handa. Vandinn er að tryggja fyrirtækinu starfsfé þar til árangurinn kemur í ljós.

Ég ætla ekki að fullyrða um niðurstöðu í þessu efni en fullvissa þingmanninn um það að það er tekið á þessu máli af mikilli alvöru og niðurstöðu að vænta á næstunni.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að láta mér nægja að gera hér stutta athugasemd en þetta mál sem er til umræðu væri sannarlega efni í langa ræðu.

Við ræðum hér um vandamál Álafoss og ullariðnaðarins í landinu. Ég get eiginlega ekki hugsað þá hugsun til enda ef Álafoss, stærsta ullariðnaðarfyrirtæki landsins, fer um koll. Með því glatast ekki einungis, eins og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson benti á, 600 störf heldur glatast þar sú þekking og sú færni sem við höfum fengið við verksmiðjuiðnað á ull. Það má aftur á móti deila um það hvernig sá iðnaður hefur gengið. Að vissu leyti hefur hann verið unninn, ekki bara úr íslenskri ull heldur hefur verið blandað í hann erlendri ull, sem er umdeilanlegt hvort við eigum að sætta okkur við að sé gert. En ég vil benda á þá mikilvægu auðlind sem íslenska ullin er og ég vil benda á það hvað við eigum þar mikinn óplægðan akur. Íslenskar konur hafa um aldir unnið ullina okkar og þær hafa unnið hana í alls konar fatnað og þær hafa unnið listiðnað á því sviði. Þarna liggur ein auðlind sem ónýtt er, eiginlega með öllu, og þarna er mál sem þarf að taka á vegna þess að bráðum eru ekki lengur til konur sem kunna þessa iðn og þessum iðnaði á að halda í heiðri. Og ég bendi á það að Heimilisiðnaðarskólinn, sem er sá vettvangur þar sem fyrst og fremst hafa verið kennd þessi vinnubrögð á seinni árum, hefur búið við algert fjársvelti og ég vil leggja á það áherslu við hv. þingheim að vinna að því að þeim málum verði breytt.

Ég vil enn fremur ítreka þá skoðun mína að með öllu er óþolandi ef þannig er búið að ullariðnaðinum í landinu að aðalfyrirtækið í þeirri grein standi frammi fyrir gjaldþroti. Ég skora á hæstv. ráðherra iðnaðarmála að leita allra leiða til að rétta hag fyirtækisins og ullariðnaðarins í heild.

Íslenskar konur unnu um aldir klæði sem dugðu þjóðinni úr íslenskri ull. Það væri höfuðskömm ef fordild, tæknihyggja og hagvaxtartrú yrðu þess valdandi að ullariðnaðurinn legðist af.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka iðnrh. svörin og treysti því að ríkisstjórnin vinni að lausn þessa máls af fullri einurð.

En aðeins út af tilvitnun minni í grein Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég var nú ekki beint að taka undir þann hluta greinarinnar sem fjallaði um auðlindaskatt. Ég tel reyndar að þær sveiflur sem eru í sjávarútveginum getum við kannski alveg eins jafnað út með virkri verðjöfnun og ég ætla ekki að fara lengra út í það hér því það væri langt mál.

En aðeins varðandi þá aðstoð sem hæstv. iðnrh. sagði að hefði komið til á síðasta ári. Ég rengi ekki að þar hafi verið létt af skuldum og komið til víkjandi lán upp á 209 millj. kr. En ég held að það þurfi að telja í mörgum hundruðum milljóna til þess að tíunda það sem var fært frá þessum greinum á fastgengistímanum. Þannig að það sem hér hefur verið komið með til baka eru einungis smáaurar miðað við það sem hefur blætt út úr þessari starfsgrein.

Og að lokum til að undirstrika það hvað hér er í húfi. Frá íslenskum ullariðnaði kemur 1,3% af okkar landsframleiðslu, og það er ekkert lítið. Þarna er um að ræða 1% af vinnuafli í landinu í dag og það munar um minna þegar atvinnuástand er ótryggt. Það vill svo til að þessi tala, 600 störf í ullariðnaði, er einmitt sú tala sem menn tala um að mundi vinna í nýju álveri á Íslandi. Ég geri ekki lítið úr því að hér takist að reisa orkufrekan iðnað og hef lagt mitt lóð á þá vogarskál að svo megi verða. En við megum heldur ekki missa sjónar á því sem við höfum núna og höfum verið að byggja upp í tímanna rás.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að hv. 5. þm. Norðurl. e. Jóhannes Geir Sigurgeirsson stóð ekki við sína fyrri tilvitnun til greinar Gylfa Þ. Gíslasonar því kjarni hennar er að sjálfsögðu að til þess að bæta sambúðina milli iðnaðar og sjávarútvegs sé gjald fyrir veiðileyfi áhrifaríkasta tækið. Ég vil ekki draga úr mikilvægi þess að hafa virka verðjöfnun í sjávarútveginum, það er hjálpartækið og hitt er aðalverkfærið.

En hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að nú er mest þörf á að fá inn nýtt áhættufé í ullariðnaðinn. Þar er auðveldara um að tala en í að komast. Og því miður gengu dæmin sem reiknuð voru í fyrra ekki upp. Ég tek undir hvert orð með hv. 5. og 7. þm. Norðurl. e., að ullariðnaðurinn er mikilvæg grein. Gömul hefð, ný tækni og nýtt viðskiptavit þurfa helst að fara saman í þessari grein ef hún á að verða barn í brók. Því miður hefur þetta enn ekki tekist nógu vel, við verðum að játa það. Spurningin er sú hvort við höfum enn fundið rétt form fyrir samstarfið. Auðvitað er spuninn og bandframleiðslan undirstaðan fyrir öll hin fyrirtækin. Við verðum þess vegna að finna þeirri

starfsemi öruggan rekstrargrundvöll. En þar er það grundvöllurinn sjálfur og störf fólksins og verðmætin sem sköpuð eru sem skipta máli en ekki fyrirtækin sem slík.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Þar sem iðnrh. kom með nýjan flöt á málinu sé ég mig knúinn til að segja hér örfá orð.

Hann talar réttilega um það að spuninn, bandframleiðslan sé grundvöllurinn að þessu öllu og hann beri að tryggja. Þetta er rétt. En jafnmikilvægt og kannski enn þá mikilvægara, og það veit ég að hann skilur, er hinn endinn, þ.e. markaðssetningin. Og ég tel reyndar að eins og það er nauðsynlegt að við stöndum saman að öflugu fyrirtæki í grunninum, þ.e. spunanum og garnframleiðslunni, sé okkur jafnnauðsynlegt að öflug fyrirtæki, sem búa yfir mikilli reynslu og hefð, sjái um markaðssetninguna líka. Það væri því illa farið ef hluti af þessari lausn væri að dreifa þeim kröftum.

Fjárveitingar til Rannsóknasjóðs, ein umr.

Fsp. DS, 418. mál. — Þskj. 730.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Á ráðstefnu Bandalags háskólamanna, 9. mars sl., um tengsl háskólamanna við Evrópubandalagið komu fram miklar áhyggjur manna vegna minnkandi fjárframlaga af hálfu ríkisins til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Rannsóknasjóður hefur frá því hann var stofnaður 1985 verið sá sjóður sem fyrst og fremst hefur skapað íslenskum stofnunum og fyrirtækjum grundvöll til þess að fara út í ýmsar mikilvægar rannsóknir. Ekki síst rannsóknir á nýjum og framsæknum tæknisviðum sem helst eiga erindi í alþjóðasamstarf. Í máli framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, Vilhjálms Lúðvíkssonar, kom m.a. fram að einmitt fyrir tilstilli sjóðsins hefðu Íslendingar orðið samstarfshæfir á norrænum vettvangi nú síðustu árin. Nú er gjarnan talað um samstarf í stærra samhengi, hinu evrópska samhengi. Á þeim vettvangi standa Íslendingar höllum fæti því hlutfallslega verjum við mun minna fé til rannsókna en flest lönd Evrópubandalagsins.

Á ráðstefnu BHM kom fram að í viðræðum við fulltrúa EB um undirbúning rammasamnings á sviði rannsókna og þróunar hafa fulltrúar gagnrýnt þetta og látið í veðri vaka að samstarf við Íslendinga væri vart áhugavert fyrir EB. Nú blasir við sú staðreynd að ofan á skerðingu fjárframlaga í nýsamþykktum fjárlögum hefur ríkisstjórnin ákveðið að skera framlög til Rannsóknasjóðs niður um 10 millj. Burt séð frá möguleikum okkar til samstarfs við aðrar þjóðir á sviði rannsókna er nauðsynlegt að Rannsóknasjóður geti komið til móts við þann áhuga og óskir sem greinilega eru á sviði rannsókna hér innan lands.

Í fréttatilkynningu Rannsóknaráðs frá 13. mars sl. kemur fram að mikill áhugi er hér á landi fyrir að fara út í rannsóknir. Rannsóknasjóður stendur nú frammi fyrir þeim vanda að hafa í höndunum 147 umsóknir og hafa þær aldrei verið fleiri. Kostnaður við fyrirhuguð rannsóknaefni eru 732 millj. og eru umsækjendur reiðubúnir til að leggja fram 407 millj. kr. af þeirri upphæð. En það segir sig sjálft að miðað við þær upphæðir dugar ríkisframlag upp á 85 millj. kr. skammt.

Í lögunum um Rannsóknasjóð segir, með leyfi forseta: „Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi." Hæstv. ríkisstjórn hefur á ferli sínum einkum einbeitt sér að því að fá hingað til lands erlenda stóriðjuhölda og virðist sjá stóriðju sem hina einu lausn á vanda þjóðarinnar í atvinnumálum. Einstaka sinnum á meðan setið er og beðið eftir nýju álveri og deilt um hvar það skuli vera heyrist þó minnst á íslenskt hugvit en skilningur á nauðsyn rannsókna og þróunar í því sambandi virðist ekki ná langt.

Ég deili þessum áhyggjum með þeim sem töluðu á ráðstefnu Bandalags háskólamanna 9. mars sl. og því hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 730 til hæstv. menntmrh. um fjárveitingar til Rannsóknasjóðs og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fyrst er spurt: „Hver var raunlækkun á fjárveitingum til Rannsóknasjóðs á árunum 1985–1989 miðað við verðlag í mars 1990?"

Svarið er: Fjárveitingar til Rannsóknasjóðs á árunum 1985–1989 voru sem hér segir: 1985 50 millj. kr., 1986 50 millj. kr., 1987 60 millj. kr., 1988 70 millj. kr., 1989 80 millj. Vísitala framfærslukostnaðar er í mars 1990 142,7 stig en var í mars 1989 117,3 stig. Fjárveitingin 1989, 80 millj., svarar því til 97,3 millj. kr. á verðlagi í mars 1990, en 50 millj. kr. fjárveiting 1985 svarar á sama mælikvarða til 138,8 millj. kr. á árinu 1990. Raunlækkun á milli áranna 1985 og 1989 er samkvæmt því 41,5 millj. kr. eða 29,9%.

Í öðru lagi er spurt: „Telur ríkisstjórnin að þörfin fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi hafi minnkað?"

Svarið er auðvitað nei. Sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að stuðla að bættum skilyrðum fyrir vísindarannsóknir og nýsköpunarstarf er óhaggaður þótt erfið staða í fjárlagagerð hafi um sinn bitnað á framlögum til þessara þátta ekki síður en margra annarra þarfra verkefna.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvaða áhrif telur menntmrh. að raunlækkun fjárveitinga til Rannsóknasjóðs á undanförnum árum muni hafa á þróun vísinda og atvinnulíf?"

Svar: Raunlækkun fjárveitinga til Rannsóknasjóðs dregur að sjálfsögðu úr möguleikum sjóðsins á að sinna mikilvægu hlutverki sínu af þeim þrótti sem æskilegur væri. Einkum er hætt við að samdráttur komi niður á styrkveitingum til nýrra verkefna og

þrengi svigrúm til að beina rannsóknum að nýjum áherslusviðum. Jafnframt fækkar kostum til að nýta styrki úr sjóðnum til að stofna til samstarfsverkefna með hlutafjármögnun frá öðrum aðilum, þar á meðal í fjölþjóðlegri samvinnu.

Í fjórða lagi er spurt: „Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin vinna að því markmiði sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum um aukinn stuðning við vísindarannsóknir?"

Svarið er þetta: Í ágúst sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu mína um að fela menntmrh. að hefja undirbúning að tillögum um vísinda- og tæknistefnu á Íslandi. Skyldi samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins falið að gera tillögur um þessa stefnumótun. Í framhaldi af þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar fól menntmrn. samstarfsnefndinni að hefjast handa um þettta verkefni. Þess er vænst að tillögur ásamt greinargerð berist ráðuneytinu nú í vor og að unnt verði eftir umfjöllun í ríkisstjórn að hafa hliðsjón af þeim tillögum við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár.

Við þetta er svo því að bæta að á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að Íslendingar yrðu aðilar að þremur alþjóðlegum samstarfsverkefnum um vísindi, tækni og rannsóknir. Í fyrsta lagi að svokallaðri SCIENCE-áætlun Evrópubandalagsins, í öðru lagi að svokallaðri COMETT-áætlun og í þriðja lagi að norrænu samstarfi um vísindi og þróun. Þannig að á þessum málum hefur auðvitað verið tekið og hefur verið reynt að bæta upp það sem hallast hefur á, m.a. með auknu alþjóðlegu samstarfi.

Það er augljóst mál að það er slæmt að þurfa að skera niður styrki til rannsókna-, vísinda- og þróunarstarfsemi. Það sama má auðvitað segja um fjölmarga aðra þætti. Spurningin sem hv. þm. verða að velta fyrir sér er þessi: Eru þeir tilbúnir til þess að flytja fjármuni til þessa verkefnis, og þá hvaðan? Á sama tíma og það liggur fyrir að ríkissjóður er rekinn með halla upp á 4–5 þús. millj. kr. hljóta menn að sjá að það er ekki einfaldur hlutur heldur flókinn að auka við fjármuni jafnvel til góðra málefna eins og rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að þessi fsp. skuli hafa komið hér fram. Einnig tel ég ástæðu til þess að þakka ráðherra fyrir þær upplýsingar sem komu fram í svari hans. Við hv. þm. höfum fengið send gögn frá Rannsóknaráði sem gefa allgóða mynd af því hvað gerst hefur í þessum málum. Ég vil þó segja frá því að vegna samstarfs við erlenda aðila má ekki horfa á þær tölur sem ganga til Rannsóknasjóðsins alveg einar og sér. Á sínum tíma þegar Evreka-samstarfið fór á stað og við fórum að taka þátt í sameiginlegum verkefnum þá gerðist það með fjármunum sem gengu m.a. í gegnum Iðnlánasjóð, þannig að allar upplýsingar fást ekki með því að einblína einungis á þær tölur sem fara í gegnum Rannsóknaráð ríkisins.

Þetta er nú aukaatriði málsins. Það sem öllu máli skiptir er það að þessi Rannsóknasjóður hefur gert það að verkum að rannsóknastofur, bæði opinberar og einkastofur, geta nú í samstarfi við fyrirtæki fengið fjármuni frá ríkinu með tilteknum hætti. Sá háttur innifelur það m.a. að fyrirtæki verða að taka á sig verulega fjárhagsbyrði. Allt þetta hefur þó orðið til þess, virðulegur forseti, að rannsóknir sem eiga sér stað í tengslum við atvinnulífið eru miklu markaðslægari og beinskeyttari og þess vegna skiptir mjög miklu máli að þetta samstarf sé aukið en ekki dregið úr því. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, ætlaði ég einungis að þakka fyrir það að þetta mál skuli koma inn í þennan fyrirspurnatíma og læt máli mínu lokið.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans hér við þessum fsp. mínum. Eins og fram kom í máli hans hafa framlög til Rannsóknasjóðs lækkað. Ekki virðist tölum alveg bera saman samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í fréttatilkynningunni en ég ætla nú ekki að gera þær að ágreiningsefni hér. (Gripið fram í.) Í fréttatilkynningu Rannsóknaráðs ríkisins frá 13. mars, en þar er talið að þessi rýrnun sé um 40%. Ég ætla, eins og ég sagði, ekki að fara að deila um þær tölur hér og nú. Ég vil hins vegar benda á það að ég get tekið undir það með hæstv. menntmrh. að það er ekki einfaldur hlutur heldur flókinn að ákveða hvar skuli skera niður þegar illa gengur.

Ég vil hins vegar benda á það að auðvitað er mjög mikilvægt í þessu sambandi að hyggja að framtíðinni. Þær rannsóknir sem hafa verið í gangi í samvinnu Rannsóknaráðs og ýmissa fyrirtækja hafa leitt margt gott af sér. Það hefur líka verið farið út í ýmsa atvinnustarfsemi án þess að fullnægjandi rannsóknir hafi verið gerðar. Á það var m.a. bent í skýrslu sem Rannsóknaráð ríkisins sendi ríkisstjórninni um þróun fiskeldis sumarið 1986. Það er því hætta á, ef dregið er úr framlögum til slíkrar starfsemi, að það muni einmitt enn auka á efnahagsvanda þjóðarinnar í framtíðinni, ef framlög lækka stöðugt eins og því miður hefur verið reyndin.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, nefna að í þessum fréttatilkynningum kemur fram að nokkur fyrirtæki hafa þegar verið stofnuð á grundvelli þróunarverkefna sem Rannsóknasjóður hefur stutt. Langar mig, með leyfi forseta, að vitna aðeins í þessa fréttatilkynningu. Þar segir:

„Má nefna fiskteljara eða seiðateljara sem fyrirtækið Vaki hf. selur nú víða um heim, hugbúnað til greiningar á taugasjúkdómum sem fyrirtækið Taugagreining hf. selur, fyrirtækin Genis hf. og undirbúningsfélag líftæknivinnslu hafa verið stofnuð til að ljúka þróunarvinnu og markaðsfæra niðurstöður rannsókna á sviði líftækni."

Ýmislegt fleira er hér upp talið sem ekki gefst tími til að nefna. En ég vildi benda á þetta vegna þess að ég held að núna sé einmitt mikil þörf, eins og ástandið er í atvinnumálunum, á að reyna að þróa upp ný verkefni og stofna um þau fyrirtæki.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fsp. hv. 6. þm. Vesturl. var spurt um árin til og með 1989. Miðað við þann tíma er samdráttur í framlögum til Rannsóknasjóðs 29,9%.

Í fréttatilkynningu Rannsóknaráðs ríkisins, sem hv. þm. vitnaði til í seinni ræðu sinni og ég vissi ekki að væri undirstaða fsp. (**DS:** Hún var það ekki.) Var það ekki — en í fréttatilkynningu sem hv. 6. þm. Vesturl. vitnaði í er hins vegar miðað við árið 1990. Ef það er gert er samdráttartalan í raunframlögum til Rannsóknasjóðs 38,8%, ef ég man rétt.

Ég vil loks taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. að það nægir ekki til að átta sig á heildarstöðu rannsókna-, þróunar- og vísindastarfsemi í landinu að einblína á Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Þar verður að líta mikið víðar. Það er eitt af verkefnum þeirrar samstarfsnefndar sem núna fjallar um vísinda- og tæknistefnu Íslendinga að fara betur yfir talnagrunn vísindarannsókna og þróunarstarfsemi hér á landi vegna þess að það eru margir fleiri aðilar sem þarna koma við sögu en Rannsóknaráð og Rannsóknasjóður. Það er t.d. Háskóli Íslands, fjölmargar rannsóknastofnanir á vegum hins opinbera og það eru loks fyrirtækin í landinu sem hafa í mjög vaxandi mæli komið inn með fjármuni til rannsókna- og þróunarverkefna sem ekki var sinnt áður.

Rannsóknir og vísindastarfsemi, ein umr.

Fsp. GA, 426. mál. — Þskj. 746.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Íslendingar eru eins og aðrar þjóðir staddir á miklu breytingaskeiði í atvinnuháttum. Örar tækniframfarir og aukin samkeppni í viðskiptum á alþjóðavettvangi knýja til breyttra atvinnuhátta. Auðlindir lands og sjávar þola takmarkaða nýtingu og sókn manna beinist nú fremur að því að rækta og virkja hugvit fólksins í stað þess að þrautpína hefðbundnar atvinnugreinar sem víða geta ekki staðið undir meiri hagvexti án breyttra atvinnuhátta. Til þess þarf auðvitað að kosta fé og það verður ekki gert nema með góðu skólakerfi alveg frá fyrsta grunni til háskólastigs. Við þurfum gagngerar breytingar á menntunarmöguleikum sem bjóða upp á fjölþættara nám, fjarnám, símenntun, endurmenntun og fullorðinsfræðslu. — En verst þykir mér ef hæstv. ráðherra ætlar nú að ganga úr salnum þegar ég er að tala við hann. — Ég bíð róleg.

Háskólinn þarf að geta sinnt rannsóknum í mun ríkara mæli. Sama má segja um rannsóknastofnanir atvinnuveganna, svo og aðrar stofnanir sem það hlutverk hafa í þjóðfélaginu. Það skiptir svo auðvitað meginmáli að innan stjórnsýslunnar sé mannafli með sérþekkingu, áhrif og tíma til að sinna skipulagningu, stefnumótun, eflingu og allri umsýslu þessa mikilvæga málaflokks sem margir hafa á hátíðarstundu talið hornstein þeirra framtíðarkosta sem bíða barna okkar. Ég spyr því hæstv. menntmrh.:

„1. Hve margt starfsfólk í Stjórnarráðinu annast málefni er varða rannsóknir og vísindastarfsemi í þjóðfélaginu?

2. Hve margt starfsfólk hefur slíkt hlutverk að meginviðfangsefni?

3. Telur menntmrh. þörf á því að fjölga þeim sem sinna þessu mikilvæga hlutverki innan Stjórnarráðsins eða skipuleggja verksvið þeirra er nú annast þessi málefni þannig að þeim gefist meiri tími til verkefna sem varða rannsóknir og vísindastarfsemi?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fyrst er spurt: „Hve margt starfsfólk í Stjórnarráðinu annast málefni er varða rannsóknir og vísindastarfsemi í þjóðfélaginu?“ Í öðru lagi: „Hve margt starfsfólk hefur slíkt hlutverk að meginviðfangsefni?“

Svarið við þessum tveimur spurningum er þetta: Mörg ráðuneyta Stjórnarráðsins fara með yfirstjórn stofnana sem stunda vísindarannsóknir eða þróunarstörf. Þannig heyra t.d. rannsóknastofnanir atvinnuveganna undir fagráðuneyti hver á sínu sviði og rannsóknir eru stundaðar við ýmsar stofnanir sem falla undir heilbr.- og trmrn. og félmrn., svo dæmi séu tekin. Jafnvel í ráðuneytum sem ekki hafa slíkar stofnanir á sínum snærum er fengist við mál sem mjög varða hag og skilyrði vísindastarfsemi. Dæmi slíks eru utanrrn. sem vinnur að gerð fjölþjóðlegra samninga um vísindasamstarf og Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem fer höndum um fjárlagatillögur til hvers konar rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins.

Af þessu leiðir að fjölmargir starfsmenn víðs vegar um Stjórnarráðið koma með einhverjum hætti að málefnum sem varða rannsóknir og vísindastarfsemi í þjóðfélaginu. Jafnframt er mjög erfitt að ætla á um fjölda þeirra með nokkurri nákvæmni. Eðli málsins samkvæmt eru verkefni af þessu tagi fyrirferðarmest í menntmrn. þar sem flestar þær stofnanir sem fást við grunnrannsóknir, þar á meðal Háskóli Íslands, starfa á stjórnsýslusviði þess. Einnig eru þar Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins sem hafa miðlæga stöðu í heildarskipulagi vísinda- og rannsóknamála. Jafnvel í menntmrn. mundi þó torvelt að finna starfsfólk sem eingöngu fæst við mál er tengjast vísindarannsóknum. Málefni vísindastofnana falla einkum undir háskóla- og menningarmálaskrifstofu ráðuneytisins. Má með nokkrum rétti telja að einn starfsmaður hafi meginviðfangsefni sín á þessu sviði. Nefna má einnig að á skólamálaskrifstofu menntmrn. er unnið að margvíslegum rannsóknar- og þróunarverkefnum sem sum hver tengjast rannsóknastarfsemi á sviði uppeldis- og kennslufræði. Ekki mun í öðrum ráðuneytum um að ræða starfsfólk er sinnir vísindatengdum málefnum sem meginviðfangsefni.

Til þess að svara fsp. hv. 6. þm. Reykv. skrifaði ráðuneytið öllum ráðuneytum bréf hinn 16. mars 1990 og svör bárust frá þeim flestum eða öllum.

Félmrn. svaraði með bréfi dags. 22. mars 1990 og þar segir: „Enginn starfsmaður hefur það verkefni eingöngu að annast málefni er varða rannsóknir og vísindastarfsemi í þjóðfélaginu. Það er hins vegar ljóst að í stofnunum sem heyra undir félmrn., sem er auðvitað sinnt í ráðuneytinu, fara fram rannsóknir og má þar nefna Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins."

Iðnrn. svaraði með bréfi dags. 20. mars 1990 og þar segir að þrír starfsmenn hafi að litlum hluta tengst við aðila og stofnanir sem annast rannsóknir og vísindastarfsemi. Þær stofnanir sem nefndar eru eru Orkustofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Norræni iðnaðarsjóðurinn og EVREKA-verkefnið, sem er reyndar einnig sinnt í menntmrn. Og í því sambandi dettur mér í hug að skjóta því hér inn í að auðvitað eru sumir stjórnsýsluþættir þessa, eins og t.d. EVREKA-verkefnisins, annars staðar en í ráðuneytinu þó þeir gætu verið í ráðuneytinu. Rannsóknaráð ríkisins annast í raun og veru aðild okkar að EVREKA-verkefninu svo dæmi sé nefnt og það mætti nefna fleiri slík dæmi.

Samgrn. svaraði með bréfi dags. 20. mars og telur í raun og veru ekki fram nein sérstök verkefni á sviði rannsókna- og vísindastarfsemi. Það er bersýnilegt að sum ráðuneytin hafa reyndar misskilið fyrirspurnina, eins og verið sé að spyrja um það hvort stundaðar séu rannsóknir og vísindastarfsemi í ráðuneytunum, mætti með miklum velvilja kannski til sanns vegar færa, en það er örugglega ekki meining hv. þm. að leita eftir slíku. (**GA:** Þetta er alvarlegur misskilningur að mati hæstv. ráðherra.) Ja, þetta er alvarlegur misskilningur en pínulítið spaugilegur líka, ég verð að viðurkenna það.

Hinn 21. mars svaraði iðnrn. þessari fsp. og segir að rannsóknir og vísindastarfsemi séu betur komin hjá öðrum stofnunum en viðskrn., svo ég nefni dæmi, ég vona að hæstv. iðnrh. hafi heyrt þetta svar. Já, ég nefndi þarna viðskrn. Og heilbr.- og trmrn. vitnar til þeirra stofnana sem það er auðvitað að sinna og margar sinna vísinda- og rannsóknarverkefnum.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun vitnar til þess að ráðuneytið hafi afskipti af mörgum rannsóknastofnunum í tengslum við fjárlagagerð.

Utanrrn. vitnar til undirbúnings að samningum og samstarfi við erlend ríki og þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi á sviði rannsókna og vísinda. Reyndar fer utanrrn. aðeins með það starf að takmörkuðu leyti þar sem menntmrn. fer með UNESCO-málin sem vissulega eru þáttur í hinni almennu stefnu á þessu sviði. Okkur barst svar frá Hagstofu Íslands, sömuleiðis frá forsrn. og frá landbrn. og mun ég koma þessum svörum öllum til hv. þm. til fróðleiks og glöggvunar á svari við þessari fsp.

Að lokum spyr hv. þm.: „Telur menntmrh. þörf á því að fjölga þeim sem sinna þessu mikilvæga hlutverki innan Stjórnarráðsins eða skipuleggja verksvið þeirra er nú annast þessi málefni þannig að þeim gefist meiri tími til verkefna sem varða rannsóknir og vísindastarfsemi?"

Þegar svara á þriðja tölulið fsp. er þess fyrst að geta að efling vísindastofnananna sjálfra, bæði að mannafla og öðrum föngum, yrði væntanlega talin eiga að ganga fyrir fjölgun stjórnsýslustarfsmanna á þessu sviði. Sú hefur reyndar líka verið afstaða Alþingis. Alþingi hefur, að því er fjárveitingar varðar, lagt áherslu frekar á aðrar stofnanir en ráðuneytin sjálf í þessu efni. Ljóst er þó að miðað við núverandi aðstæður er störfum að stefnumörkun og skipulagsþróun í vísindamálum mjög þröngur stakkur skorinn í Stjórnarráðinu, m.a. í menntmrn. Hef ég þá skoðun að mikilvægt sé að vinna að því að bæta þar úr eftir því sem unnt er án þess að heildarfjöldi starfsmanna aukist.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að við höfum unnið að viðamiklum skipulagsbreytingum í menntmrn. þar sem fjölmörgum skriffinnskuverkefnum hefur verið ýtt út af borði ráðuneytisins til þess fyrst og fremst að skapa svigrúm fyrir stefnumótunar- og þróunarvinnu af margvíslegum toga. Ég geri mér vonir um að þegar því ferli er lokið muni háskóla- og menningarmálaskrifstofan geta sinnt þessum málum, vísinda- og þróunarstarfsemi, mikið betur en hún hefur gert. Það er satt að segja ekki vansalaust hvernig þessi mál hafa verið rekin í ráðuneytinu á undanförnum árum, sem stafar auðvitað ekki af viljaleysi manna eða skilningsleysi, heldur því að það fólk sem þarna vinnur er yfirhlaðið daglegum verkefnum sem erfitt er að komast yfir.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Þau voru í raun á þann veg sem ég bjóst við og varpa skýru ljósi á þá alvarlegu vanrækslu og afskiptaleysi sem málefni vísinda og rannsókna hafa sætt og sæta enn í stjórnsýslunni. Í raun kom fram að það er einungis einn starfsmaður í menntmrn. sem hefur það að meginverkefni, og e.t.v. alls ekki allan sinn vinnutíma, að sinna því sem ég lagði áherslu á hér áðan, þ.e. skipulagningu, stefnumótun, eflingu og allri umsýslu um vísindi og rannsóknastarfsemi. Þetta er auðvitað arfur sem hæstv. menntmrh. hefur tekið frá forverum sínum. Þessi tilhögun mála skýrir kannski einmitt það sem kom fram bæði í fsp. og svari við fsp. Danfríðar Skarphéðinsdóttur hér á undan, að við Íslendingar erum svo aftarlega á merinni miðað við aðrar Evrópuþjóðir, eða a.m.k. meðal þjóða sem tilheyra Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, í því að styðja við rannsóknir og þróunarstarfsemi að okkur má jafna við þær þjóðir í Evrópu sem skemmst eru á veg komnar.

Við leggjum rétt um 0,8% af þjóðartekjum okkar til þessara mála. Það hlutfall hefur að vísu aðeins hækkað á síðustu árum en það er ekki vegna þess að hið opinbera hafi lagt þar fram fé heldur fyrst og fremst vegna aukinna framlaga atvinnulífsins til rannsókna.

Ég held að við verðum að losa okkur við það svefnþorn sem við höfum verið stungin í þessum efnum. Við verðum að komast eitthvað í áttina að

nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndunum með því að hækka þetta framlag og skipuleggja öll þessi mál betur innan stjórnsýslunnar þannig að þau séu í raun og veru á ábyrgð a.m.k. meira en eins manns.

Mig langar að geta þess að fyrir nokkrum árum gerði ég það vegna erindis sem ég þurfti að flytja hjá Rannsóknaráði ríkisins á afmæli stofnana atvinnuveganna að ég fór í allar stefnuræður forsætisráðherra sem hafa verið fluttar hér á Alþingi sl. 12 ár. Ég fór sömuleiðis í alla málefnagrundvelli. Það mátti leita með logandi ljósi að því erindi í málefnasamningi eða í stefnuræðum þar sem getið var um mikilvægi rannsókna og vísindastarfsemi eða þróunar af því tagi. Það var hreinlega sorglegt að sjá hve oft þetta hafði gleymst. Enda voru efndirnar í samræmi við það.

Ég vona að hæstv. menntmrh. hafi svigrúm, fjármagn og áhuga á því að kippa þessum málum í lag því að í raun og veru varðar þetta mjög miklu fyrir framtíð okkar hér á landi.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ekki þurfi að deila um það hér á hv. Alþingi að við Íslendingar höfum ekki staðið nægilega vel að verki varðandi rannsókna- og þróunarstarfsemi af ýmsu tagi. Vandinn þar er fyrst og fremst sá að við höfum ekki lagt nægilegt fjármagn til þess, hvorki á vegum ríkisins til Rannsóknasjóðs eða Vísindasjóðs, né til ýmissa annarra stofnana sem sinna rannsóknum og fyrirtækin eru vanmegnug í þessum efnum.

Ég er hins vegar í grundvallaratriðum ósammála hv. 6. þm. Reykv. sem varpaði fram þessari fsp. hér um hvernig standa skuli að skipulagningu þessara mála. Ég tel það alveg af og frá að stefna eigi að því að setja upp eitthvert apparat í menntmrn. eða einhverju öðru ráðuneyti til að skipuleggja vísinda- og þróunarstarfsemi. Hana á ekki að skipuleggja á þann hátt, þar á valddreifingin að vera í fyrirrúmi. Skipulagningin á að fara fram hjá Rannsóknaráði ríkisins, hjá Háskólanum, hjá hinum ýmsu vísindastofnunum sem við höfum. En í guðanna bænum farið ekki að ráða einhverja starfsmenn til að sitja uppi í ráðuneyti til að fara að skipuleggja vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu. Það er af og frá.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það hefur verið einkenni á íslenska stjórnkerfinu að menn hafa reynt að leysa verkefni úti í stofnunum frekar en að bæta við starfsmönnum í ráðuneytum. Þannig man ég t.d. eftir því þegar ég kom til starfa í Stjórnarráðinu fyrir nokkrum árum, í viðskrn., að þar var t.d. enginn starfsmaður sem sinnti bankamálum eingöngu. Það var litið svo á að það væri verkefni ráðuneytisins sem slíks. Bankamál komu auðvitað inn á borð margra embættismanna en enginn starfsmaður ráðuneytisins sinnti þeim eingöngu. Og það var lögð áhersla á að Seðlabankinn hefði þarna mikilvægu hlutverki að gegna. Menn geta svo deilt um það hvernig hann hefur rækt það, en þetta var stefnan, stjórnsýslustefnan.

Það er alveg það sama að segja um vísinda- og rannsóknamálin, að auðvitað hefur menntmrn. á undanförnum árum lagt á það áherslu að koma sem mestu af þessum verkefnum af sér yfir á aðra, einnig stjórnsýsluverkefnum eins og kostur hefur verið. Þar nefni ég auðvitað Rannsóknaráð ríkisins. Þar nefni ég Háskóla Íslands. Þar nefni ég Vísindaráð og gæti talið upp fleiri slíkar stofnanir. Það er auðvitað ekki stefna ráðuneytisins að taka þessi verkefni inn í ráðuneytið í stórum stíl, eins og hv. 2. þm. Reykv. benti hér á áðan. Enda hygg ég að ekki hafi heldur falist í orðum hv. 6. þm. Reykv. að svo ætti að vera, að það ætti að fara að marka vísindastefnu í einstökum atriðum og stýra framkvæmd hennar í ráðuneytinu sjálfu. Þannig á auðvitað ekki að standa að hlutunum.

Hitt er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. að aðstæður ráðuneytisins til að sinna þessum stofnunum og verkefnum þeirra almennt hafa verið of veikar eins og menn þekkja. Í raun og veru má segja að aðstaða ráðuneytanna til að sinna stefnumörkun og þróunarverkefnum yfirleitt hefur verið ákaflega léleg. Þess vegna höfum við farið í það í menntmrn. með skipulegum hætti að setja út úr ráðuneytinu skriffinnskuverkefni af margvíslegum toga, m.a. fyrir öll skólastigin, til að skapa aðstæður fyrir stefnumótunarvinnu ásamt þeim stofnunum og aðilum sem með viðkomandi mál hafa að gera á hverju sviði.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að þróunarverkefnum í atvinnulífinu er ekki nægilega sinnt eins og sakir standa, rannsóknaverkefnum, markaðskönnunum og ýmsu fleiru. Ég vil í þessu sambandi minna á að meðan hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var menntmrh. var samþykkt merk löggjöf hér á Alþingi sem eykur möguleika Háskólans til að sinna slíkum verkefnum, m.a. með því að ganga að samstarfsverkefnum með fyrirtækjum í atvinnulífinu.

Á hinn bóginn er ljóst að atvinnuvegirnir eða fyrirtækin hafa minna svigrúm en áður til að standa fyrir sjálfstæðri þróunar- og rannsóknastarfsemi vegna hinnar ömurlegu stöðu sem nú er í atvinnulífinu, hinnar bágu rekstrarstöðu eins og fram kemur m.a. í áætlun um tekjuöflun ríkisins á næsta ári ef við lítum á þá fjárhæð sem búist er við að renni í ríkissjóð vegna tekjuskatts af fyrirtækjum. Og ef við horfum til þeirrar afturhaldssömu stefnu sem hér hefur verið fylgt í skattamálum eftir að þessi ríkisstjórn tók við völdum. Vil ég í því sambandi sérstaklega harma það að ríkisstjórnin hefur staðið á móti allri aðlögun í skattamálum að hinum sameiginlega markaði sem opnast mun á árinu 1992. Þetta vakti sérstaka athygli okkar í fjh.- og viðskn. þegar lánsfjárlög voru undirbúin í nefndinni. Ég vil líka minna á að það stendur á því, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. gefi út reglugerð til að fylgja eftir þeirri breytingu sem varð á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands nú á þessu þingi sem

átti einmitt að stuðla að rannsóknaverkefnum í sjávarútvegi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að minna hv. 6. þm. Reykv., sem hefur beðið um orðið, á að í þingskapalögum segir: „Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn.“ Það kemur fyrir, næstum því í hverri fyrirspurn, að hv. fyrirspyrjandi óskar eftir að tala hinu þriðja sinni. Forseti hefur þegar verið gagnrýndur fyrir að leyfa það. Nú vil ég spyrja hv. 6. þm. Reykv. hvort það sé alveg brýnt að þessi regla verði nú brotin rétt eina ferðina.

Eiður Guðnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að umræður um fyrirspurnir eru komnar úr böndunum þrátt fyrir góðan vilja forseta og tilraunir til þess að halda þeim innan þeirra reglna sem við höfum sjálf sett okkur. Ég legg til að við höldum okkur við þær reglur sem við höfum sjálf sett okkur.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hv. 3. þm. Vesturl. á því að hér hafa fyrirspurnir farið fram með mjög friðsamlegum hætti og á eðlilegum tíma og hraða í morgun. Þó hefur mönnum gefist kostur á að gera örstutta athugasemd og það gerði ég í stuttu máli hér áðan vegna gefins tilefnis. Sama fer ég fram á hér nú. Að sjálfsögðu er eðlilegt að við þingmenn höldum þær reglur sem við höfum sett. Hins vegar hefur það iðulega komið fyrir að mönnum hafi gefist kostur á að gera örstutta athugasemd.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur ákveðið að leyfa hv. 6. þm. Reykv. að gera örstutta athugasemd en lýsir því jafnframt yfir að það verði nauðsynlegt að ræða þetta mál við þingflokksformenn og reyna að gera tilraun til að koma samkomulagi á um þetta atriði.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég þakka hæstv. forseta góðvild í þessum efnum. Tilefni mitt til að koma í ræðustólinn voru orð hv. 7. þm. Reykv. sem var innanbúðarmaður í menntmrn. **(Gripið fram í:** 2. þm. Reykv.) Já, ég hélt það líka, ég fékk rangar upplýsingar, ég hélt að það væri 2. þm. Reykv. sem var um tíma innanbúðarmaður í menntmrn. og ætti því manna best að vita að það er rétt sem kom fram í svari hæstv. núv. menntmrh. Ég veit ekki hvort hann heyrði alla fyrirspurnina hér áðan en það er í raun og veru einungis eitt af fjórum borðshornum eins manns sem er lagt undir afgreiðslu og umsýslu vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu öllu. Og það var það sem ég var að varpa ljósi á og það var það sem ég var að gagnrýna og það var það sem ég tel ekki við hæfi. Ábyrgð stjórnsýslunnar og hlutverk í þessum efnum er allt annað en stofnana úti í þjóðfélaginu, eins og Háskólans. Auðvitað var ég ekki að stinga upp á miðstýrðri, sérstakri deild í þessum efnum, heldur auknum mannafla til að betur mætti fara með málin innan stjórnsýslunnar.

Ferð varðskipsins Týs til Norfolk, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 424. mál. — Þskj. 740.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Landhelgisgæslu Íslands er samkvæmt lögum m.a. ætlað að annast almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland, eftirlit, aðstoð og björgun. Margir eru þeirrar skoðunar að Landhelgisgæslan megni ekki að rækja skyldur sínar nógu vel og veldur þar fjárskortur mestu um. Tækja-, flugvéla- og skipakostur Landhelgisgæslunnar er af skornum skammti og þar að auki iðulega leigður út, t.d. til Flugleiða. Skipunum þremur er hverju um sig lagt 5 daga af hverjum 20, eflaust í sparnaðarskyni, þannig að oftast eru aðeins tvö skip við störf. Sárlega vantar björgunarþyrlu svo að hægt sé að sinna öryggismálum með viðunandi hætti og ekki reyndist unnt að kaupa ratsjá í flugvél gæslunnar vegna fjárskorts, svo að eitthvað sé talið. Allt veikir þetta Landhelgisgæsluna og dregur úr öryggi og trú sjómanna og annarra sem þurfa að reiða sig á hjálp og aðstoð af þessu tagi. Auk þess hlýtur almenn löggæsla og eftirlit á miðunum að vera heldur bágborið.

Mannslíf og heilsa verða auðvitað aldrei metin til fjár en undarleg ráðstöfun sýnist það að leggja í kostnað við umrædda för varðskipsins Týs til Norfolk sem ekki verður séð að eigi sér nokkra stoð í lögum þegar ekki er hægt að sinna eftirlits- og öryggismálum sem skyldi. Þessi ferð er farin á hávertíð og enn er allra veðra von. Munað og hégóma leyfa menn sér að uppfylltum skyldum en taka ekki af nauðþurftafé til slíkra hluta. Því er spurt:

„1. Hver er tilgangur fyrirhugaðrar ferðar varðskipsins Týs til Norfolk í apríl nk.?

2. Hvað verður Týr lengi í burtu? Hvað er áætlað að skipið sigli margar sjómílur í þessari ferð?

3. Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að mæta fjarveru Týs af miðunum vegna umræddrar ferðar?

4. Hver er heildarkostnaður við þessa ferð? Hvernig er hann sundurliðaður í olíukostnað, laun og annað? Hver hefði rekstrarkostnaður skipsins orðið ef það hefði verið við venjuleg gæslustörf þennan tíma, sundurliðað á sama hátt? Hve margir skipverjar og farþegar verða í ferðinni og hve margir eru um borð við gæslustörf alla jafna?

5. Hver greiðir kostnaðinn við þessa ferð?“

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 18. þm. Reykv. beinir til mín fyrirspurn í fimm meginliðum eins og hún hefur hér

kynnt á þskj. 740. Fyrsta spurningin: „Hver er tilgangur fyrirhugaðrar ferðar varðskipsins Týs til Norfolk í apríl nk.?"

Á hverju ári er haldin alþjóðleg svokölluð Aseliahátíð í Norfolk-borg í Virginíufylki í Bandaríkjunum. Mun hátíðin sem verður haldin 16.–22. apríl nk. vera sú 37. í röðinni. Tilgangur hátíðarinnar er alhliða menningar- og viðskiptakynning og sækja hana að jafnaði um 250 þúsund manns. Hátíðin er haldin af borgaryfirvöldum í Norfolk og verslunarráði Hampton Roads sem nær til þéttbýlissvæðisins umhverfis Norfolk. Hún er kennd við svokölluð aselia-blóm sem springa út á vorin í suðurhluta Bandaríkjanna.

Höfuðstöðvar Atlantshafsflota Atlantshafsbandalagsins eru í Norfolk. Hafa borgaryfirvöld boðið einu aðildarríki bandalagsins hverju sinni að nýta sér hátíðarhöldin til að kynna land sitt og þjóð á þann hátt sem viðkomandi þjóð kýs. Íslandi var boðið að vera í heiðurssæti hátíðarinnar í fyrsta sinn í ár og hafa utanrrn. og sendiráð Íslands í Washington unnið að því að samræma þátttöku íslenskra aðila að hátíðinni, svo sem Útflutningsráðs, Ferðamálaráðs og fleiri aðila.

Venja er að herskip frá viðkomandi bandalagsþjóð taki þátt í hátíðinni í samráði við yfirstjórn Atlantshafsflota bandalagsins að ósk borgaryfirvalda í Norfolk. En þar eð Ísland hefur ekki herskipum á að skipa kom sú ósk fram að sent yrði íslenskt varðskip til þess að taka þátt í hátíðinni og mundi bandaríska strandgæslan taka að sér hlutverk gestgjafa í stað flotastjórnar Atlantshafsbandalagsins. Ákveðið hefur verið að varðskipið Týr verði í Norfolk 17.–23. apríl og mun skipið verða þar til sýnis. Auk þátttöku þess í hátíðinni er gert ráð fyrir að um borð verði móttaka á vegum Útflutningsráðs. Áhöfn skipsins verður gefinn kostur á að kynnast ýmissi starfsemi bandarísku strandgæslunnar og að hátíð lokinni er gert ráð fyrir tveggja daga samæfingu í ýmsum þáttum björgunaraðgerða með skipi frá strandgæslunni úti fyrir strönd Virginíu.

Önnur spurningin var: „Hvað verður Týr lengi í burtu? Hvað er áætlað að skipið sigli margar sjómílur í þessari ferð?" Áætlað er að Týr fari frá Reykjavík 5. eða 6. apríl og komi til Portsmouth 16. apríl. Í Portsmouth, sem er gegnt Norfolk við Hampton Roads, er yfirstjórn 5. umdæmis strandgæslunnar. Frá Norfolk fer skipið að morgni 23. apríl, síðan áleiðis til Íslands að æfingum loknum. Ef tími vinnst til er fyrirhugað að láta Týr heimsækja yfirstjórn danska flotans á Grænlandi í Grönnedal en Landhelgisgæslan hefur haft mjög nána og góða samvinnu við dönsku flotastjórnina, sérstaklega varðandi björgunaraðgerðir á hafinu milli Íslands og Grænlands. Áætlað er að varðskipið Týr komi aftur til Íslands 6. maí og hafi skipið þá siglt 5500–6000 sjómílur, sem fer eftir því hvort ís hindrar siglingu við Nýfundnaland eða ekki. Hraði skipsins miðast við að sem best nýting fáist á eldsneyti og tekur siglingin því tiltölulega langan tíma.

Þriðja spurning: „Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að mæta fjarveru Týs af miðunum vegna umræddrar ferðar?" Á meðan varðskipið Týr fer í þessa ferð verður dregið úr dvöl hinna tveggja varðskipanna í Reykjavíkurhöfn, en að öðru leyti verður útivera varðskipanna á miðunum svipuð og venja er að sumri til þegar hverju varðskipi er lagt í hálfan annan til tvo mánuði, samkvæmt forsendum fjárlaga.

Fjórða spurning: „Hver er heildarkostnaður við þessa ferð? Hvernig er hann sundurliðaður í olíukostnað, laun og annað? Hver hefði rekstrarkostnaður skipsins orðið ef það hefði verið við venjuleg gæslustörf þennan tíma, sundurliðað á sama hátt? Hve margir skipverjar og farþegar verða í ferðinni og hve margir eru um borð við gæslustörf alla jafnan?" Heildarkostnaður vegna ferðar Týs til Norfolk er áætlaður 7 millj. 803 þús. kr. Rekstrarkostnaður skipsins undir venjulegum kringumstæðum hefði orðið um 7 millj. 125 þús. kr. sem skiptist þannig að eldsneyti miðað við ferðina til Norfolk er 1 millj. 953 þús. en hefði orðið við gæslustörf 1 millj. 625 þús., mismunurinn 328 þús. kr. Laun áhafnar miðað við ferð til Norfolk yrði 3 millj. 650 þús. en við gæslustörf 3 millj. 500 þús. kr., mismunur 150 þús. kr. Annar kostnaður 2 millj. kr. í hvoru tilfelli fyrir sig. En í fjórða lagi er útgáfa kynningarrits, sem er aukakostnaður við Norfolk-ferðina, 200 þús. kr. Samtals er ferðakostnaðurinn til Norfolk 7 millj. 803 þús., kostnaður við gæslustörf 7 millj. 125 þús., mismunur 678 þús. sem sundurliðast eins og áður greindi. Ég vil geta þess að þótt eldsneytiskostnaður skipsins sé áætlaður nær helmingi meiri en á sama tíma við gæslustörf verður heildarkostnaðurinn aðeins 20% meiri vegna lægra olíuverðs miðað við ferðina. Að jafnaði eru 21–22 menn í áhöfn Týs, en í þessari ferð verður bætt við matsveini sem jafnframt mun aðstoða við kynningu á íslenskum sjávarréttum á veitingastöðum í Norfolk. Farþegar verða engir í ferðinni.

Fimmta spurningin: „Hver greiðir kostnaðinn við þessa ferð?" Umframkostnað vegna þessarar ferðar greiðir Landhelgisgæslan, enda aðeins um að ræða tæplega 1% af heildarrekstrarkostnaði skipsins.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er nokkuð ljóst af svari hæstv. ráðherra að tilgangur fyrirhugaðrar ferðar er svo sem harla lítill. Hvaða erindi varðskip á á þessa hátíð í stað herskips er vandséð. Ég get ekki að því gert að mér kemur í huga að þegar maður var á þeim aldri að maður var enn úti við leiki á góðum og fallegum kvöldum þá voru yngri krakkarnir hafðir með í leikjunum og kallaðir „rjómabollur" eða eitthvað álíka. Ég held að í þessari miklu flotastöð og starfsemi sem þarna er hljóti varðskipið Týr að verða hálfgerð „rjómabolla".

Það virðist næstum því vera af því gróði að skipið sé fjarverandi, sé fjarri störfum og taki þátt í hátíðum utan lands. Ég verð að segja að ég á bágt með að skilja forsendur þessa útreiknings. Þetta munu vera um þrisvar sinnum fleiri sjómílur sem siglðar verða en

venjulega er og því vandséð hvernig eldsneytiskostnaður verður einungis örlítið meiri. Laun eru áætluð þau sömu. Á þessu 30 daga tímabili hefði skipið a.m.k. legið fimm daga í landi, sem mun vera gert til þess að ekki komi til yfirgreiðslu eða frídagavinnu. Það hlýtur að bætast ofan á þessi laun. Það að skipið er úr höfn samfellt í 30 daga — ja, ég ætla ekki að rengja útreikninga ráðherrans en eitthvað finnst mér það koma undarlega fyrir sjónir.

Ef kostnaður er svona óskaplega lítill og enginn skaði skeður þótt skipið sé fjarverandi þá er kannski ekkert athugavert við það að Landhelgisgæslan greiði umræddan bækling. En það er ekki hægt að leggja að jöfnu fjarveru skipsins á þessum tíma eða um mitt sumar því, eins og ég tók fram áðan, enn þá er á þessum tíma allra veðra von á Íslandsmiðum og því ekki ástæða til að draga úr öryggi.

Allt finnst mér þetta svar bera vott um að verið sé að reyna að réttlæta þessa ferð sem á sér engan tilgang annan en sýndarmennsku og það að þykjast vera herþjóð þegar við erum það ekki og ættum ekki að vera það.

Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts í iðnaði, ein umr.

Fsp. FrS, 439. mál. — Þskj. 764.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram tvær fsp. til hæstv. iðnrh.:

„1. Hve háa fjárhæð þarf ríkissjóður að endurgreiða fyrirtækjum í iðnaði vegna uppsafnaðs söluskatts af framleiðslu síðasta árs umfram þá fjármuni sem ætlaðir voru til þess samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum á sl. ári?

2. Hvernig verður þeim 500 millj. kr., sem samkvæmt fjárlögum innheimtast af jöfnunargjaldi á yfirstandandi ári, varið?"

Frá því er að segja, virðulegur forseti, að 1978 voru lög um jöfnunargjald samþykkt hér á Alþingi. Þá þegar var tekið fram að um það væri að ræða að leggja gjaldið á til þess að geta greitt svokallaðan uppsafnaðan söluskatt hjá iðnfyrirtækjum. Lá fyrir í upphafi að það kerfi mundi breytast um leið og virðisaukaskattur yrði tekinn upp.

Árið 1987, þegar virðisaukaskattsfrv. var lagt fram og síðar samþykkt á Alþingi, kom fram í grg. að jöfnunargjaldið yrði fellt niður um leið og virðisaukaskattur yrði tekinn upp.

Á miðju ári 1989 var gerður samningur á vinnumarkaðinum. Í tengslum við hann gaf ríkisstjórnin út bréf sem var dagsett 30. apríl eða 1. maí. Þar kom fram að það hefði orðið að samkomulagi að hækka jöfnunargjaldið úr 3% í 5% en síðan yrði það fellt niður um leið og virðisaukaskattur yrði tekinn upp.

Virðisaukaskattur var tekinn upp um síðustu áramót. Samt sem áður var samþykkt að halda áfram álagningu jöfnunargjaldsins og átti það að gefa 500 millj. kr.

Það er ljóst að í fjáraukalögum sl. árs gengu 350 millj. til þess að greiða uppsafnaðan söluskatt. Ástæðan fyrir því að ég spyr hæstv. ráðherra að þessu eru upplýsingar sem komu fram í ræðu hans hjá Félagi ísl. iðnrekenda fyrir nokkrum dögum. Ég vil fá staðfestar hér á hinu háa Alþingi þær upplýsingar sem þar komu fram og einnig að spyrja þeirra viðbótarspurninga sem hér er um að ræða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beinir til mín fsp. í tveimur liðum. Fyrri spurningin er: „Hve háa fjárhæð þarf ríkissjóður að endurgreiða fyrirtækjum í iðnaði vegna uppsafnaðs söluskatts af framleiðslu síðasta árs umfram þá fjármuni sem ætlaðir voru til þess samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum á sl. ári?"

Svar við þessari spurningu er: 170 millj. kr., samkvæmt þeirri áætlun sem iðnrn. hefur gert. Þá er við það miðað að iðnaðinum hafi verið ætlaðar 100 millj. kr. af þeim 390 millj. kr. sem ég hygg að hafi verið í fjáraukalögum 1989 til að mæta þessum þörfum. Ég hygg að það muni vera fjárhæðin fremur en sú sem hv. þm. nefndi í sínu máli. Það er náttúrlega svo, eins og þingheimi er vel kunnugt, að frá og með upptöku virðisaukaskattsins um síðustu áramót heyrir uppsöfnun söluskatts í aðfangakostnaði iðnfyrirtækja sögunni til. Þess vegna var ekki gert ráð fyrir því í fjárlögunum 1990 að veitt yrði fé til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að þegar lögin um jöfnunargjald voru sett árið 1978 var rætt um það, og í umræðum um málið og í athugasemdum með frv. mun hafa verið að því vikið, að endurgreiða skyldi af því fé söluskatt sem safnaðist upp í framleiðslu iðnaðarvöru. En ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á það að í lögunum sjálfum eru ekki slík ákvæði heldur eingöngu um það að hluta af gjaldinu skuli varið til iðnþróunar, mig minnir að það sé í 5. gr. laganna, ég hef þau ekki við hendina. (**FrS:** 3. gr.) 3. gr. laganna, þar er þetta ákvæði orðað á þessa leið nokkurn veginn.

Það er svo rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að í fjárlögunum fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir því að jöfnunargjaldið, sem nú er 5% á innfluttar iðnaðarvörur, falli niður frá miðju þessu ári, þótt ekki hafi verið um það flutt frv. Þetta tel ég að svari fyrri spurningu fyrirspyrjanda.

Við síðari spurningunni, hvernig þeim 500 millj. kr. verði varið sem samkvæmt fjárlögunum innheimtast af jöfnunargjaldi á þessu ári, er svarið að þeim verður varið eins og áður hefur tíðkast, þ.e. þær renna allar í ríkissjóð. Það hefur jafnan verið svo.

Á það má benda að ríkissjóður leggur fram fé til iðnþróunar undir ýmsum greinum á árinu 1990. Ég vil líka benda hv. þm. á það að sú fjárhæð sem ætluð var til endurgreiðslu söluskatts vegna framleiðslu

1989, á fjáraukalögunum 1989, hefði, miðað við hina fyrri framkvæmd, komið á fjárlögum 1990. Þetta tvennt vildi ég nefna. Það er rétt hjá hv. þm. og ég hef af því áhyggjur að þarna skortir nokkuð á að unnt sé að fylgja þeim reglum sem gilt hafa undanfarin ár hvað varðar endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af útflutningi liðins árs. Við þær erfiðu aðstæður sem nú eru í ríkisfjármálunum verður varla hjá því komist að fresta niðurfellingu jöfnunargjaldsins nokkra mánuði enn til þess að afla fjár svo hægt sé að mæta endurgreiðslu sem ekki var fé til fyrir. Ég tel þetta vera í samræmi við lögin um jöfnunargjaldið og ég hef lagt fram tillögu um þetta efni í ríkisstjórninni. Ég bendi á að það krefst í sjálfu sér ekki lagabreytinga að öðru leyti en því að það kynni að þurfa til að koma breyting á fjáraukalagafrv. sem er til meðferðar í hv. Alþingi, eða heimild í síðari fjáraukalögum á árinu.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi var talan 350 millj. kr. fengin hjá hæstv. fjmrh. en 390 millj. kr. er rétt tala, ég tek undir það.

Í öðru lagi upplýsist það hér að 500 millj. kr. nást inn á gjaldinu samkvæmt fjárlögum og þær renna í ríkissjóð án þess að nokkur hluti þeirra gangi til að greiða uppsafnaðan söluskatt frá fyrra ári. Ég tek fram að þrátt fyrir það sem hæstv. ráðherra sagði, að það hefði ætíð verið svo, er það ljóst, og það vita allir jafn vel og ég, hæstv. ráðherra, að það hefur verið undirskilið að á móti færu út fjármunir til þess að standa undir greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Það hefur ávallt verið gert.

Þetta er nauðsynlegt að komi fram, virðulegur forseti, því ef það er rétt að 170 millj. vanti á að endar nái saman til að greiða uppsafnaðan söluskatt, þá ber auðvitað hæstv. ríkisstjórn að greiða þá fjármuni þar sem enn er verið að heimta inn þetta gjald.

Þá vil ég að lokum, vegna upplýsinga sem komu fram hjá ráðherra um að hugsanlegt sé að halda áfram að heimta inn gjaldið, segja frá því að slíkt er brot, að mínu áliti, á eðlilegum starfsháttum löggjafans miðað við þær umræður sem fóru fram fyrir jólin. Og ef það er ætlun hæstv. ríkisstjórnar að halda þessu áfram allt árið og ná inn einum milljarði í stað þess að ná inn 500 millj. þá verður að krefjast þess að slíkt mál fari inn á borð alþingismanna öðruvísi en með fjáraukalögum sem koma miklu síðar.

Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram við þessa umræðu. Ég tek það fram að ég tel það skyldu hæstv. ríkisstjórnar að greiða þessar 170 millj. af þeim 500 millj. sem munu innheimtast á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja það skýrt að ég tel að afla þurfi fjár til þess að standa við þær reglur sem gilt hafa um endurgreiðslu söluskatts vegna útflutnings á árinu 1989. Enda hef ég, eins og fram kom áðan, lagt fram um það tillögu. Hitt er annað að ég er ekki samþykkur því sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, 1. þm. Reykv., að það mál þurfi að fá aðra meðferð en ég greindi frá hér áðan. Enda minnist ég þess ekki að nokkrum orðum hafi verið að því vikið þegar þetta mál var afgreitt hér við fjárlagaafgreiðsluna.

Kjarni málsins er þessi: Ekki hefur verið lögð fram tillaga um breytingu á lögum um jöfnunargjaldið. Þau standa því óbreytt. Það er ekki lagaskylda að greiða af því fé, það er ekki binding, eins og hv. þm. er kunnugt, heldur hefur það jafnan verið gert með sjálfstæðum útgjaldaákvörðunum. Þess vegna er það sú eina ákvörðun sem taka þarf, að ákveða um útgjöld í því skyni sem efni standa til og menn skilja að búið hafi að baki jöfnunargjaldslögunum á sínum tíma.

Hitt er svo annað mál að hér er ekki um það að ræða að menn hafi brotið á einhverjum eða einhverju eða brotið gert samkomulag eða skuldbindingar ríkisins. Við erum að fást við umþóttun frá einu skattkerfi til annars. Það er eðlilegt að upp komi mál eins og þetta þegar um það er að ræða. Við erum að hverfa frá söluskattskerfinu yfir til virðisaukaskattskerfis. Við ræðum nú tengsl okkar við viðskiptabandalögin í Evrópu á ýmsa lund. Það mun áreiðanlega ríkja á því skilningur að svona hlutir geti þurft nokkurn aðlögunartíma. Það er það sem við ræðum og við erum hér að bregðast við breyttum aðstæðum, nýjum upplýsingum. Að því er ekki minnkun, heldur þvert á móti eðlilegt og nauðsynlegt að taka þá á því máli eins og efni standa til.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Ég kýs fremur ef hægt er að kalla þetta um þingsköp vegna þess að ég ætla að fjalla um þingsköp, ef það er hægt. (**Forseti:** Ef hv. 1. þm. Reykv. óskar eftir að tala um þingsköp þá er það að sjálfsögðu leyfilegt.)

Ég vil rifja það upp, virðulegur forseti, að þegar umræður fóru fram um fjárlög fyrir jól bar oft á góma það gjald sem við erum hér að ræða, svokallað jöfnunargjald. Það lá þá ljóst fyrir að ef 5% jöfnunargjald yrði lagt á allt árið mundi það gefa í tekjur 1000 millj. Þá kom fram að ætlun hæstv. ríkisstjórnar var að láta þetta gjald hverfa, annaðhvort í áföngum eða á miðju ári. Því var svarað í umræðum um fjárlög. Þess vegna mátti þingheimur auðvitað treysta því að þetta gjald félli niður.

Nú kemur fram hjá hæstv. iðnrh. skoðun hans sem er sú að ekki þurfi með öðrum hætti en þeim að leggja fram í fjáraukalögum upphæð sem nemur 500 millj. kr. og þá hafi öllu réttlæti verið fullnægt í þessum efnum. Ég er ósammála því á grundvelli þingskapa og almennra laga og tel að miðað við þær yfirlýsingar sem fyrir liggi verði hæstv. ríkisstjórn að leggja fram nýjar upplýsingar áður en ákveðið er að framlengja þessum lögum og ná inn mun meiri tekjum en fjárlög gera ráð fyrir.

Ég get ekki rökstutt þetta frekar en ef hæstv. ráðherra hefur rétt fyrir sér þýðir þetta að í raun og veru skipti engu máli hvernig umræður fara fram um

fjárlög. Þá verða hv. alþm. að fara að nota allt önnur vinnubrögð en gert hefur verið hingað til. Á þetta vildi ég benda, virðulegur forseti, í umræðum um þingsköp því hérna er um að ræða að mínu mati verulega stefnubreytingu frá því sem hefur gilt hingað til þegar menn hafa samþykkt fjárlög. En í þessu dæmi spila saman annars vegar fjárlög og niðurstaða þeirra og hins vegar almenn lög um jöfnunargjald sem samþykkt voru 1978 og yfirlýsingar hæstv. ráðherra um það að þeim lögum verði þannig beitt að aðeins ákveðin upphæð muni nást inn á yfirstandandi ári. Á þetta vildi ég benda, virðulegur forseti, því að hér er um að ræða mjög alvarlegt fráhvarf frá þeirri stefnu sem ríkt hefur í þessum málum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að umræða fyrirspyrjanda, hv. 1. þm. Reykv., hafi alls ekki verið um þingsköp. Hún var um efnisatriði þess máls sem hér var fyrr á dagskrá í fyrirspurnatíma. En látum það nú liggja kyrrt um sinn. Hitt er svo annað að ég skil það mjög vel að hann segði það sem hann sagði, að hann gæti ekki rökstutt þetta frekar. Það er eðlilegt vegna þess að það þarf ekkert að rökstyðja. Málið er þannig að í gildi eru lög í landinu sem þingið hefur ekki breytt. Forsendur eru breyttar fyrir áætlunum útgjalda og tekna í fjárlögum sem eðlilegt er að meðhöndla í fjáraukalögum. Ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á að það er fjáraukalagafrv. fyrir þinginu nú. Væntanlega kæmi annað til greina á haustinu, um það ætla ég ekki að spá. En ég vil segja það sem skýrast að hér er ekki verið að breyta stefnu á nokkurn hátt. Hins vegar er verið að bregðast við breyttum aðstæðum eftir því sem efni standa til. Það er nú það sem máli skiptir, efnið en ekki formið, þótt því sé í öllu fylgt rétt eins og í þingsköpum og lögum segir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sanngjarn þingmaður eins og hv. 1. þm. Reykv. getur ekki farið fram á það að forseti leyfi honum að eiga efnislega samræðu við hæstv. ráðherra með því að tala um þingsköp. Forseti leyfir nú einungis að þingmaðurinn taki til máls um þingsköp, að mál hans sé sannanlega um þingsköp.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp):*

Virðulegur forseti. Það undrar mig stórum ef virðulegur forseti hefur ekki skilið þá umræðu sem hér hefur farið fram. Þetta mál snýst um stóralvarlega hluti sem hæstv. forseti er kannski mest ábyrgur fyrir að vera á varðbergi fyrir. Ég ætla að skýra það aðeins um hvað þetta snýst. Þetta gengur út á það að í landinu gilda lög um jöfnunargjald. Þessum lögum hefur verið hagað þannig að nú á að taka inn 5% jöfnunargjald af ákveðnum vöruflokkum. Í umræðum um fjárlög kemur fram að ef þessu lagaákvæði er beitt, og það er viðurkennt af hálfu allra aðila, muni fást tekjur á heilu ári upp á 1000 millj. kr., 1 milljarð. Þegar hæstv. fjmrh. er spurður hvernig á því standi að aðeins sé um að ræða 500 millj. í fjárlagafrv. eru svör hans ákaflega skýr. Þau eru þessi: Lögunum um jöfnunargjald á aðeins að beita hluta af árinu. Það kemur skýrt fram. Og ég er hræddur um að ýmsir hv. þm. hafi samþykkt þetta einmitt á þessum grundvelli því að hér er vissulega um brot að ræða á samskiptum við önnur ríki. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma.

Ef þetta er ekki umræða um þingsköp, hvað er þá umræða um þingsköp? Ef það er virkilega svo að hægt sé fyrir hæstv. ráðherra að koma með fjárlagafrv. sem sýnir tölu sem er helmingi lægri en sú sem fæst ef viðkomandi tekjulög eiga að gilda út allt árið og því er síðan svarað: Þetta er vegna þess að það á ekki að beita lögunum nema hluta úr árinu — ef síðan eftir nokkra mánuði annar hæstv. ráðherra getur komið hér í ræðustól og sagt: Við höfum verið að hugsa um það í hæstv. ríkisstjórn að nota þessi lög áfram og ná inn 1000 millj. (**Viðskrh.:** Þau gilda, þau gilda.) Alveg hárrétt. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar síðan að láta innheimtuna ganga áfram, ná inn 1000 millj., án þess að leggja málið fyrir hv. Alþingi óðruvísi en með fjáraukalögum sem eðli máls samkvæmt koma fram síðar, þá er verið að skapa hér fordæmi fyrir því, virðulegur forseti, að umræður um fjárlög séu einskis virði. Það er í raun og veru verið að skapa fordæmi fyrir því að hægt sé að setja í fjárlög, alveg vísvitandi, helmingi lægri tölur, tekjutölur, en hægt er að sýna fram á að koma inn á fjárlagaárinu. Síðan, þegar líður á næsta ár, er bara sagt: Ja, við höfum ákveðið að gera þetta öðruvísi. Við höfum ákveðið að láta tölurnar í fjárlögunum tvöfaldast.

Og ef þetta, virðulegur forseti, er ekki umræða um þingsköp, þá veit ég ekki um hvað slíkar umræður eiga að snúast. Þessi umræða hér snýst um það eingöngu hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja málið fyrir Alþingi ef framhald á að vera á því að innheimta jöfnunargjaldið eða hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta undir höfuð leggjast að gera það, ná inn helmingi meiri peningum en hæstv. ríkisstjórn og Alþingi ætlaðist til þegar fjárlög voru samþykkt fyrir síðustu jól. Um þetta snýst málið.

Ég hef ekkert rætt hér um efnisatriði málsins, að öðru leyti, vegna þess að ég er hér að ræða um þingsköp. Um efnisatriðin get ég rætt við annað tækifæri.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég vil eingöngu láta það koma fram, og það er örstutt, að ég tel að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að nota hluta af þeim 500 millj. sem koma inn á fyrri hluta þessa árs, 170 millj. kr., til að greiða uppsafnaðan söluskatt iðnfyrirtækja á sl. ári.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd. Ég vildi beina því til virðulegs forseta hvort hv. fyrirspyrjandi — sem alveg nýlega hlaut hrós frá hæstv. forseta Sþ. fyrir góða framgöngu í þinginu sem ég get vel tekið undir — hafi ekki farið á svig við þingsköpin. Þeim mun alvarlegra virðist mér þetta að hann hafi nú tekið fjórum sinnum til máls undir ýmsu yfirskini um

þingsköp en í reynd í efnisumræðu um fsp. sem búið var að svara.

Húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi, ein umr.

Fsp. IBA, 440. mál. — Þskj. 765.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég hygg að í janúarmánuði hafi hv. þm. Eiður Guðnason lagt fram fsp. hér á þingi til hæstv. dómsmrh. um húsnæðisvandamál lögreglunnar í Stykkishólmi. Þeirri fsp. var svarað á þann veg að þau vandamál yrðu leyst allsnarlega og fögnuðu þingmenn Vesturl. því. Skömmu síðar eða 10. febr. birtist frétt í Dagblaðinu þess eðlis að vandi lögreglunnar í Stykkishólmi yrði leystur með því að setja þar upp einingahús og í framhaldi af því lagði ég fram fsp. þann 22. febr. um hvaðan slíkt einingahús kæmi og fékk þá það svar frá hæstv. dómsmrh. að verið væri að kanna tilboð sem hefði borist frá einingahúsaverksmiðju á Selfossi. Þetta gagnrýndi ég þá, sérstaklega í ljósi þess að í Stykkishólmi eru tvær verksmiðjur sem framleiða einingahús en við þær hafði ekkert verið talað. Í þeirri umræðu lét hæstv. dómsmrh. eftirfarandi orð falla í lok ræðu sinnar, með leyfi forseta:

„En hvaðan einingahús kæmi, ef sá kostur verður framkvæmanlegur, get ég ekki séð að skipti neinu meginmáli í þessu efni frekar en öðrum."

Það skiptir verulegu máli í mínum huga og ég hygg í huga þingmanna Vesturl. hvaðan slíkt hús kemur. Á Vesturlandi er, eins og víðar, atvinnuvandamál á ferðinni og þegar hæstv. dómsmrh. boðar það að hann sé að skoða þann möguleika að versla við einingahúsaframleiðanda annars staðar á landinu þegar tveir framleiðendur eru á staðnum, þá staldra þingmenn Vesturl. eðlilega við og mætti eins spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann mundi una því að við snerum dæminu við og einingahúsaframleiðendur í Stykkishólmi færu að framleiða hús fyrir hið opinbera sem sett yrði upp á Selfossi.

Hæstv. dómsmrh. greindi frá því að það væri verið að skoða þau tilboð sem ég hef hér minnst á. Í framhaldi af því hef ég leyft mér að leggja fram fsp. í þremur liðum á þskj. 765 og orðast hún svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur fengist niðurstaða í húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi?

2. Hvaða afgreiðslu hefur tilboð einingahúsaverksmiðju á Selfossi um bráðabirgðahúsnæði handa lögreglunni hlotið, sbr. svar ráðherra við fsp. á þskj. 595 22. febr. sl.?

3. Hefur verið leitað tilboða frá öðrum húsaverksmiðjum í „færanlegt einingahús", t.d. frá heimamönnum? Ef svo er ekki, hvers vegna?"

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 765 eru þrjár spurningar lagðar fyrir mig um húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi af hv. 5. þm. Vesturl. Ég mun nú leitast við að svara þeim í örfáum orðum.

Fyrsta spurningin er þessi: „Hefur fengist niðurstaða í húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi?"

Svarið: Því miður hefur það ekki tekist enn.

Önnur spurning: „Hvaða afgreiðslu hefur tilboð einingahúsaverksmiðju á Selfossi um bráðabirgðahúsnæði handa lögreglunni hlotið, sbr. svar ráðherra við fsp. á þskj. 595 22. febr. sl.?"

Svar: Þá afgreiðslu að það er enn í athugun hvort sá kostur er framkvæmanlegur eða ekki. Til þess að því verði svarað þurfa að liggja fyrir svör frá bæjaryfirvöldum í Stykkishólmi við spurningum sem til þeirra hafa verið sendar í þessu sambandi með bréfum, dags. 19. febr. og 16. mars sl.

Þriðja spurning: „Hefur verið leitað tilboða frá öðrum húsaverksmiðjum í „færanlegt einingahús", t.d. frá heimamönnum? Ef svo er ekki, hvers vegna?"

Svar: Það hefur ekki verið gert, einfaldlega vegna þess að athugun á þessu eina tilboði í þessu efni sem borist hefur stendur enn yfir.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er nú orðið heldur leiðinleg framhaldssaga. Sannleikurinn er sá að málið er mjög auðleyst ef einhver vilji er fyrir hendi hjá ráðamönnum í samráði við heimamenn og þá einkum sýslumann. Það er nægjanlegt húsnæði að fá til bráðabirgða í Stykkishólmi og einnig eru a.m.k. tvær húsasmiðjur, ef svo má segja, á staðnum ef út í það fer. Það er heldur leitt til þess að vita að svona vandalaust mál skuli vefjast fyrir mönnum. Vonandi verður það ekki lengi úr þessu.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Það má kannski segja að þegar stórt er spurt verði fátt um svör og það var svo hjá hæstv. dómsmrh. Svörin voru nákvæmlega engin. Engin niðurstaða hefur fengist í húsnæðismálum lögreglunnar þrátt fyrir loforð hæstv. ráðherra fyrir tveimur mánuðum síðan að það mundi ske mjög snöggt. Tilboð það sem einingahúsaverksmiðja á Selfossi hefur gert ráðuneytinu er enn til skoðunar og enn er þráast við að leita tilboða hjá heimamönnum. Ekkert er útskýrt hvers vegna það er, hvers vegna ekki er farið út í nánari útboð. Ég tel að sé vafasamt fordæmi sem ráðherra er hér að setja fyrir ríkisstjórnina í heild og þar sem ég sé nú hæstv. samgrh. í salnum hygg ég að það þætti nú ekki góð „ella" að fara þá leið í vegagerð og stórframkvæmdum í landinu að einskorða sig við kjördæmisframleiðanda eins og hér er gert. Ég fordæmi það og ég harma að ráðherra skuli vera ber að slíkri stefnu sem hann boðar hér, að troðast inn á atvinnumarkað annars bæjarfélags í hagsmunapoti fyrir sitt eigið kjördæmi.

Ég vil benda á að ef farin verður sú leið að setja upp

einingahús tekur það framleiðanda í Stykkishólmi u.þ.b. 4–6 vikur að byggja slíkt hús og einnig hitt að þau bréf sem ráðherrann er að tala um að sé ósvarað eru væntanlega þau bréf þar sem sótt er um lóð undir það einingahús sem ráðherrann ætlar sér greinilega að knýja í gegn að verði keypt frá Selfossi.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Aðeins til glöggvunar og til upprifjunar þessa máls sem hv. 2. þm. Vesturl. taldi auðleyst er rétt að minna á að vandamálið sem hér er um að ræða er allt frá 1983 svo að það er kannski ekki að furða þó að ekki hafi tekist að leysa það frá því það komst í þennan farveg í janúarmánuði sl. En þá hlýt ég að minna á að á fjárlögum þessa árs er ekki ein einasta króna til að leysa þetta mál og það er náttúrlega hluti í þessu efni. Hitt er það að þegar málið ber að með þessum hætti, eins og hér varð, er það fyrsta sem athugað er hvernig leigumarkaður í Stykkishólmi er. Það var leitað til bæjaryfirvalda, eins og kom fram í svari við fsp. líklega í febrúarmánuði sl. og utandagskrárumræðu sem varð í janúar um þetta efni, og það húsnæði sem þá stóð til boða reyndist ekki uppfylla þau skilyrði sem sett eru í þessu sambandi. Það hefur borist tilboð um hús til sölu í þessu sambandi sem ekki er hægt að leysa af þeim ástæðum sem hér eru augljóslega fyrir hendi. Þess vegna eru leigumálin eini kosturinn og þetta sem hér er sérstaklega til umræðu varðandi þessa fsp. er kostur sem verið er að athuga en hins vegar tekur þennan tíma. Ég skil mætavel óþol manna í því sambandi að ekki hefur tekist að leysa málið, en til þess að hægt sé að taka afstöðu til þessa tilboðs er óhjákvæmilegt að taka þennan tíma til athugunar eins og ég áðan gat um.

Meðferð mála hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, ein umr.

Fsp. IBA, 443. mál. — Þskj. 771.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. á þskj. 771 til dómsmrh. um meðferð mála hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver er venjulegur gangur mála hjá Rannsóknarlögreglunni frá því að kært er og skýrsla er tekin og þangað til máli telst lokið?

Eru brögð að því að kærumál séu látin liggja óafgreidd eftir skýrslutöku og engin frekari rannsókn fari fram? Sé svo, hver er skýringin á því?"

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 771 beinir hv. 5. þm. fsp., raunar í tveimur liðum, til mín:

„Hver er venjulegur gangur mála hjá Rannsóknarlögreglunni frá því að kært er og skýrsla er tekin og þangað til máli telst lokið?

Eru brögð að því að kærumál séu látin liggja óafgreidd eftir skýrslutöku og engin frekari rannsókn fari fram? Sé svo, hver er skýringin á því?"

Sakarefni sem Rannsóknarlögreglan fær til rannsóknar eru æði margvísleg og ólík og upplýsingar sem liggja fyrir í sams konar málum á frumstigi rannsóknar svo breytilegar, bæði að magni og gæðum, að ómögulegt er að setja fram lýsingu á venjulegum gangi mála sem gildi um öll rannsóknarviðfangsefnin. Hér á eftir verður þó leitast við að gera nokkra grein fyrir rannsóknarferlinum í stórum dráttum og forsendum hans.

Kærur berast Rannsóknarlögreglunni með mismunandi hætti og eftir ólíkum leiðum eins og hér verður rakið en þó tæpast tæmandi.

Í fyrsta lagi eru það kærur einstaklinga, forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana eða lögfræðinga þeirra sem berast rakleitt til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Það er í fyrsta lagi um að ræða ritaðar kærur sem berast í pósti eða eru afhentar í starfsstöð RLR. Í annan stað: Einstaklingur eða fyrirsvarsmaður, samkvæmt ofangreindu, kemur í starfsstöð RLR þar sem kæra hans er skráð. Og í þriðja lagi: Rannsóknarlögreglumaður er kvaddur á vettvang afbrots. Skráir hann þá og í framhaldi af frumkönnun kæru eða lýsingu á ætluðu afbroti. Flestar í þessum flokki eru kærur vegna tékkasvika eða fölsunar.

Í annað stað eru kærur sem berast frá lögregluliðum á aðalstarfssvæði RLR, þ.e. Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar, kærur einstaklinga eða fyrirsvarsmanna samkvæmt framangreindu þar sem Rannsóknarlögreglan hefur ekki verið tilkvödd, kærur einstaklinga eða fyrirsvarsmanna samkvæmt áðurgreindu þar sem viðkomandi lögreglulið hefur kvatt Rannsóknarlögregluna til. Flestar í þessum flokki eru kærur um þjófnað, með eða án innbrots.

Í þriðja lagi eru kærur sem berast frá öðrum opinberum rannsóknaraðilum, frá ríkissaksóknara, kærur sem honum hafa borist og hann framsendir til meðferðar, frá ríkisskattstjóra, rannsóknardeild, og frá Ríkisendurskoðun.

Hvort þörf er á skjótum aðgerðum Rannsóknarlögreglunnar ræðst að nokkru leyti af því hvernig mál ber að höndum. Til skýringa má annars vegar nefna tilvik þar sem Rannsóknarlögreglan er kvödd á vettvang alvarlegs afbrots og hins vegar viðamikið og í sjálfu sér alvarlegt mál sem rannsakað hefur verið hjá ríkisskattstjóra og er sent til framhaldsmeðferðar hjá lögreglu. Ekki er líklegt að þörf sé skjótra aðgerða í síðara tilvikinu.

Hinn kærði eða hinir kærðu eru stundum nafngreindir í kærum og á þetta við um flestar fjárdráttar- og fjársvikakærur. Miklu oftar eru hinn kærði eða hinir kærðu þó óþekktir, þ.e. ekki er ljóst þegar kært er hver hefur framið brotið þegar kært er og á þetta við um nær öll þjófnaðarbrot, svo dæmi sé tekið.

Um forgangsröðun verkefna er þetta að segja:

Vegna þess hve mörg kærumál berast Rannsóknarlögreglunni verður þeim ekki öllum sinnt samstundis og því er óhjákvæmilegt að meta nauðsyn skjótra aðgerða eftir mikilvægi málefna, svo og einstakra sakarefna, og stýra vinnuframlagi til rannsókna eftir forgangsröðun að nokkru leyti. Við forgangsröðun er m.a. farið eftir eða tekið tillit til ákvarðana löggjafarvalds, fyrirmæla ákæruvalds eða óska dómsmrh. að þessu leyti.

Gildandi forgangsröðun málefna er þessi:

1. Sifskapar- og skírlífisbrot. Með lögum nr. 31 1988 var ákveðið að brot sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skuli hafa forgang fram yfir önnur refsiafbrot hvað varðar rannsókn, ákærur og dómsmeðferð.
2. Önnur ofbeldisbrot í víðtækari merkingu, mál barna og ungmenna hvers konar.
3. Efnahagsbrot, einkum þau sem beinast gegn almannahagsmunum.

Innan þessa ramma skipa einstakar rannsóknardeildir sakarefnum í forgangsröð ef nauðsyn krefur.

Um úthlutun mála og lok rannsóknar segir þetta:

Eftir að kæra hefur borist Rannsóknarlögreglunni er henni vísað til meðferðar í viðkomandi rannsóknardeild með hliðsjón af efni hennar, en rannsóknardeildir eru fjórar talsins. Þar fer yfirmaður yfir kæruna áður en henni er úthlutað til rannsóknarlögreglumanns sem síðan annast rannsókn málsins. Miðar rannsókn hans að því að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að rannsókn lokinni hvort opinbert mál skuli höfðað og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar. Rannsókn máls telst lokið þegar þessu marki hefur verið náð. Hafi tiltekinn aðili verið kærður verður mál aldrei lagt til hliðar nema ríkissaksóknari hafi áður kynnt sér málavexti og ekki talið efni til frekari aðgerða. Geymi kæran og önnur gögn máls alls engar vísbendingar sem fara megi eftir getur verið að yfirmaður úthluti málinu ekki til rannsóknarlögreglumanns heldur geymi málið og verður það ekki tekið fram aftur nema nýjar upplýsingar berist.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að gera athugasemd í tilefni þessarar fsp. og hún snertir kynferðisafbrotamál er kærð hafa verið af börnum og unglingum.

Starfsmenn unglingadeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur hafa lagt áherslu á að unglingar kæri kynferðislegt ofbeldi sem þau verða fyrir, oft að undangenginni vinnu sérfræðinga, samtölum og meðferð þar sem viðkomandi aðilum er hjálpað til að vinna úr vandamálum sínum. Stór þáttur í þeirri meðferð er að slík afbrot, er ég nefndi hér áðan, séu kærð til viðkomandi yfirvalda og þar sé á þeim tekið af fyllstu alvöru eins og gerist um kæru vegna annarra afbrota svo sem auðgunarbrota, en á þessu virðist hafa orðið nokkur misbrestur þrátt fyrir þá forgangsröð sem hæstv. dómsmrh. gerði hér grein fyrir. Kynferðisafbrot er að vísu oft erfitt að rannsaka og í þessum tilfellum er oft alllangur tími liðinn, en maður hlýtur þó a.m.k. að gera kröfu til þess að leitast sé við að yfirheyra ákærðu en það er alls ekki alltaf. Í einu slíku máli hefur ríkissaksóknari m.a. gefið þessar skýringar, og með leyfi hæstv. forseta vitna ég hér í bréf sérfræðings sem unnið hefur mikið að þessu málum. Þar segir um skýringar saksóknara:

„a. Vísað er til að sök, ef sönnuð væri, sé fyrnd.

b. Að ákæruvald metur að framburður stúlkunnar nægi ekki til sakfellis og að frekari rannsókn geti ekki bætt þar úr. Jafnframt kemur fram að ákærði hefur ekki verið yfirheyrður.

c. Ákæruvald segir þungt á metum hvað langt sé síðan brot hafi átt sér stað, ekki séu vísbendingar að hafa úr læknisrannsókn, vettvangsrannsókn skili engu og vitni verði ekki tilgreind.

Í bréfi rannsóknarlögreglustjóra kemur fram að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi ekki aðrar spurnir af kærða en „að hann hafi verið og sé venjulegur maður og ágætur samskiptum“.“

Að vísu hefur fyrning hér áhrif en þvílík dæmi sýnast kalla á mun meiri áherslu á yfirheyrslur yfir sakborningum en raunin hefur verið sé ekki ætlunin að bera rétt þess er brotið hefur verið á algjörlega fyrir borð. Því má velta fyrir sér hvort staða þess sem brotið er á sé slík að neiti sakborningur sakargiftum sé málið tapað.

Störf Rannsóknarlögreglunnar og ríkissaksóknara hljóta að miða að því að veita þjóðfélagsþegnum sem besta réttarvernd, sama úr hvaða stétt þeir koma og á hvaða aldri þeir eru og hvet ég hæstv. dómsmrh. til þess að beita sér fyrir úrbótum á þessu sviði. Þetta eru líka mikilvæg mál.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir að hér er um viðamikið mál að ræða og þau málefni sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á eru kannski ekki þau málefni sem ég hafði í huga í þessu tilfelli. Ástæðan fyrir þessari fsp. er mín eigin persónulega reynsla af samskiptum við RLR, bæði hvað varðar innbrot í fyrirtæki sem ég veit um og eins þjófnað sem ég hef orðið sjálfur fyrir. Ég hef bæði kallað Rannsóknarlögreglu ríkisins á staðinn þegar um innbrot hefur verið að ræða og ég hef farið upp í RLR og kært þjófnað í nokkur skipti, því miður. Í öllum tilfellum hefur ekkert verið gert í málinu, ekki nokkur skapaður hlutur. Það er tekin skýrsla. Málinu er að sjálfsögðu, eins og ráðherra gat um, vísað í tiltekna deild en síðan skeður ekki neitt. Það er ekki aflað neinna gagna. Það er ekki talað við kóng eða prest varðandi þessi mál. (**Gripið fram í:** Hvað þá þjóf.) Hvað þá þjóf, og það þó að þetta væri fyrir þegnana í landinu. Þess vegna er kannski spurning og efni í næstu fsp.: Til hvers er yfir höfuð verið að ætlast til að fólk tilkynni um svona glæpi? Á fólk nokkuð að vera að kæra yfirleitt? Það er kannski meginspurningin. Það er boðskapurinn úti í þjóðfélagið: Verið ekkert að eyða tíma í það að fara inn í RLR og kæra svona brot. Það verður ekkert gert með þau. Þau eru sett í það

sem kallað er salt. Ég hvet því hæstv. ráðherra til þess að líta á þessi mál. Þó ég geri mér grein fyrir að RLR sé fáliðuð þá nær þetta ekki nokkurri átt.

Snjómokstur á Siglufjarðarleið, ein umr.

Fsp. JSS, 444. mál. — Þskj. 772.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá lipurð sem forseti hefur sýnt að hliðra til þannig að þessi fsp. megi koma fyrir á dagskránni núna. Ég skal reyna að vera fljótur þannig að málinu ljúki fljótt af.

Siglufjörður er einn af snjóþyngstu stöðum á landinu. Snjórinn hefur háð íbúum Siglufjarðar alla tíð við að fara frjálsir ferða sinna og hefur skapað einangrun umfram aðra íbúa á Norðurlandi vestra. Siglufjarðarskarð var langa tíð eina samgönguæðin landleiðina en þar var um 630 m háan fjallveg að fara og kostaði jafnan níu mánaða einangrun fyrir íbúana og bifreiðakost þeirra. Þá fóru að sjálfsögðu allir helstu flutningar á aðföngum um sjó.

Umræða var um tíma mikil meðal Siglfirðinga að fá jarðgöng úr Hólsdal beint inn í Fljót en þau göng hefðu orðið eitthvað á annan kílómetra. Það er til heiðurs minningu Aage Schiöth lyfsala að ég minnist á að það var heitt baráttumál hans sem bæjarfulltrúa og borgara að þessi göng yrðu að veruleika en hann talaði því miður fyrir daufum eyrum á þeim tíma. Mun styttri göng voru gerð í Strákafjallið og langur vegur lagður úr Fljótum um Almenninga sem er að mestu leyti í bæjarlandi Siglfirðinga að göngunum Skagafjarðarmegin. Þessi leið er afar snjóþung og örðug á tíðum en nú fara helstu flutningar með aðföng fyrir bæjarbúa um þá leið. Það er því viðkvæmt mál fyrir Siglfirðinga alla og sérstaklega þau atvinnufyrirtæki sem standa að þessum flutningum og þau atvinnufyrirtæki sem eru háð því að fá vörur og koma þeim frá sér ef snjóþyngsli há þeim og einhver tregða er á því að ryðja snjónum í burtu. Það getur því hugsanlega varðað þá spurningu hvort mörg þessara fyrirtækja fái þrifist.

Á Siglufirði er eftirlitsmaður Vegagerðarinnar og mokstursmaður til staðar en þeir fá ekki að fara af stað með mokstur samkvæmt mati á aðstæðum sem þeir hafa fyrir augum sjálfir heldur verða að bíða fyrirmæla úr öðru byggðarlagi og maður er svo sendur þaðan til að moka. Það leiðir því til spurningarinnar: „Er það heppilegt fyrirkomulag að snjómokstursmaður þurfi að fara yfir 80 km leið frá Sauðárkróki í Fljót til að ryðja snjóþyngsta kaflann á svæðinu út á Siglufjörð?" Og um leið: „Er það rétt að snjómokstursmaður á Siglufirði megi ekki hefja mokstursaðgerðir fyrr en byrjað er að ryðja úr Fljótum í átt til Siglufjarðar?"

Eftirfarandi ályktun var samþykkt af bæjarráði þann 8. mars sl.:

„Bæjarráð Siglufjarðar skorar á samgönguráðherra að beita sér nú þegar fyrir því að tekinn verði upp snjómokstur á leiðinni Siglufjörður–Fljót alla virka daga, enda er hér um að ræða eitt sameiginlegt þjónustusvæði, t.d. varðandi heilsugæslu og atvinnumál. Jafnframt ítrekar bæjarráð fyrri kröfur um að mokstrinum verði stjórnað frá Siglufirði og ruðningstæki verði staðsett þar. Siglfirðingar sætta sig ekki lengur við lakari þjónustu en önnur þéttbýlissveitarfélög á Norðurlandi vestra njóta í þessum efnum."

Síðan var samþykkt mun harðorðari samþykkt í bæjarstjórn. Þetta leiðir til 3. spurningar sem varðar tækjakost og er um það hvers vegna snjóblásari sé ekki staðsettur á Siglufirði.

Mokstursdagar hafa verið þrír en meiningin var svo að fækka þeim niður í tvo og það leiðir til 4. spurningar: „Hver er hugsanlegur sparnaður ríkisins með því að fækka mokstursdögum um einn á viku á leiðinni Fljót–Siglufjörður?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að verða við óskum hv. þm. einstakra kjördæma og upplýsa þá um tilhögun snjómokstrar til hinna einstöku staða, og jafnvel í smáatriðum. Reyndar hef ég þegar átt fund með þingmönnum Norðurl. v. til að ræða snjómokstursmálefni þess kjördæmis og þessa staðar sérstaklega sem um er spurt. Ég hlýt þó að leyfa mér að benda á það, hæstv. forseti, að það yrði alltímafrekt og tæki nokkuð af fyrirspurnatímum hv. sameinaðs Alþingis ef allir hv. þm. tækju upp þann sið að leggja fram í ítarlegu máli fsp. um einstök smáatriði í snjómokstri t.d. til hvers einasta þéttbýlisstaðar á landinu. Ekki skorast ég þó undan því að upplýsa hv. þingmenn um þetta og svara spurningum, en vildi gjarnan og þá kannski í síðari tíma mínum hér á eftir fá að segja nokkur almenn orð um stöðu snjómokstrar vegna þess óhagstæða tíðarfars sem við búum nú við og höfum gert í vetur og hefur kostað mikla fjármuni.

Spurt er í fyrsta lagi: „Er það heppilegt fyrirkomulag að snjómokstursmaður þurfi að fara yfir 80 km leið frá Sauðárkróki í Fljót til að ryðja snjóþyngsta kaflann á svæðinu út á Siglufjörð?"

Það er augljóslega kostur í svona tilvikum að geta hafið mokstur frá sem flestum stöðum í einu þegar um langa leið er að ræða. Þess vegna eru snjómokstursturstæki á leiðinni milli Sauðárkróks og Siglufjarðar að jafnaði staðsett á fjórum stöðum, þ.e. á hvorum enda, á Hofsósi og í Fljótum. Mokstur hefst frá þessum stöðum um sama leyti. Vörubíll fer frá Sauðárkróki, veghefill fer frá Hofsósi í átt til Siglufjarðar, hjólaskófla og snjóblásari fara frá Fljótum til Siglufjarðar og hjólaskófla fer frá Siglufirði. Yfirleitt er auðveldara að komast í Fljótin frá Sauðárkróki en frá Siglufirði þó leiðin sé lengri.

Í öðru lagi er spurt: „Er það rétt að snjómokstursmaður á Siglufirði megi ekki hefja mokstursaðgerðir fyrr en byrjað er að ryðja úr Fljótum í átt til Siglufjarðar?"

Svarið er nei, en almenna reglan er sú að byrjað er

að ryðja á sama tíma frá Siglufirði og úr Fljótum af auðskiljanlegum ástæðum. Stundum háttar þó þannig til að það er óhjákvæmilegt að meta það báðum megin frá hvort yfirleitt sé unnt að moka leiðina viðkomandi dag, m.a. vegna tvísýnu um veður o.s.frv., og það er auðvitað engin skynsemi í því að leggja af stað með mokstur öðrum megin frá ef alls ekki er kleift vegna veðurs eða aðstæðna að moka alla leiðina frá báðum endum.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvers vegna er snjóblásari ekki staðsettur á Siglufirði?"

Það mætti svara þessu þannig að ef ég mætti ráða því vildi ég auðvitað hafa snjóblásara sem víðast um landið. En svarið er þó: Vegagerðin hefur einn stóran snjóblásara í Skagafirði, hefur ekki yfir nema einum stórum snjóblásara að ráða. Þessi blásari er að jafnaði staðsettur í Fljótum og hans meginverkefni er að opna veginn milli Fljóta og Siglufjarðar.

Hins vegar er hann einnig nauðsynlegur til að opna t.d. innansveitarvegi í Fljótum þar sem snjóþyngd er mikil og í vetur hefur blásarinn auk þess verið notaður við snjómokstur á leiðinni Fljót–Hofsós og allt inn í Viðvíkursveit og Hjaltadal. Væri blásarinn staðsettur á Siglufirði, þessi eini blásari sem við höfum yfir að ráða í Skagafirði, væri nýting hans annars staðar en í Siglufirði mun torveldari en nú er af auðskiljanlegum ástæðum.

Í fjórða lagi er spurt: „Hver er hugsanlegur sparnaður ríkisins með því að fækka mokstursdögum um einn á viku á leiðinni Fljót–Siglufjörður?"

Eftir að snjóþyngd er orðin mikil er sparnaðurinn eins og nú háttar til á bilinu 250–500 þús. kr. á dag á leiðinni Hofsós–Siglufjörður.

Hér ber þess reyndar að geta að margir vegir á landinu eru háðir sömu reglum og leiðin Hofsós–Siglufjörður, þ.e. reglurnar eru þannig að heimilt er að opna oftar meðan snjólétt er en meginreglan segir til um. Í því erfiða tíðarfari sem ríkt hefur undanfarið hefur reynst óhjákvæmilegt, miðað við það fjármagn sem til ráðstöfunar er í vetrarviðhald eða snjómokstur, að draga úr þjónustu, þ.e. fara eftir reglunum og fella niður mokstur sem eingöngu er heimill á meðan snjólétt er á ýmsum vegum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Reikna má með því að sparnaður við að fækka um einn mokstursdag á þessum vegum sé nú orðinn á bilinu 5–10 millj. kr. á hverri einustu viku.

Ég vil geta þess að það getur reynst óhjákvæmilegt ef ekki bregður til hins betra með tíðarfarið að breyta reglum eða sem sagt nýta heimildir til að fella niður snjómokstur á fleiri leiðum, enda er hann í sumum tilvikum að verða óviðráðanlegur vegna snjóþyngsla og tæknilega hreinlega ekki að verða unnt að framkvæma hann jafnvel þótt menn hefðu peninga til að borga fyrir það.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil enn og aftur þakka forseta fyrir þá lipurð að taka þetta mál til afgreiðslu jafnvel þótt tíminn væri runninn út og sameinað þing kalli á sinn tíma eins og umsamið var. Ég skal því vera mjög stuttorður.

Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör, það var margt í hans svari sem var athyglisvert, margt sem ég hefði viljað gera athugasemdir við frekar og fá að ræða við samgrh. Til þess gefst ekki tími.

Ég tek fram varðandi þann fund sem samgrh. talaði um sem hann sat með þingmönnum kjördæmisins að hæstv. samgrh. sýndi mikla lipurð í því að halda áfram þremur mokstursdögum fram yfir páskaviku og þakka ég fyrir það úr þessum stóli.

SAMEINAÐ ÞING

70. fundur, fimmtudaginn 29. mars, að loknum 69. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Byggingarsjóður ríkisins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár og eina dagskrármálið rætt fer nú fram utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga, eftir hálftíma reglunni. Þessi utandagskrárumræða fer fram að beiðni hv. 11. þm. Reykn., um Byggingarsjóð ríkisins.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Í síðustu viku barst svar frá félmrh. við fsp. minni um Byggingarsjóð ríkisins og þakka ég hæstv. ráðherra fyrir greinargott svar. Þær upplýsingar sem þar komu fram eru skuggalegar. Það liggur ljóst fyrir af svari hæstv. félmrh. að 8636 umsóknir liggja enn þá óafgreiddar hjá Byggingarsjóði ríkisins og þau mál varða væntanlega um 25 þúsund manns. Þær upphæðir sem hér er um að tefla eru 21 milljarður. Það er ekki nokkur vafi á því að húsbyggjendur hafa miklar áhyggjur af þessu máli. Þeir bíða eftir því að þeir fái lán sín og hafa á meðan orðið að taka dýr lán í bankakerfinu með erfiða greiðslubyrði og sumir hafa jafnvel orðið gjaldþrota út af þeirri bið sem þeir hafa þurft að þola og aðrir eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum.

Húsnæðismálin hér minna frekar á ungverska rapsódíu en nokkuð annað og gæti það jafnast á við mál eins og þau eru og hafa verið afgreidd í þeim löndum þar sem menn verða að bíða eftir íbúðum árum saman og eru sumir horfnir af þessari jörð áður en þeir fá svar við því.

Hrært hefur verið í núverandi húsnæðiskerfi með þeim hætti að mjög hefur verið gengið á rétt þeirra sem byggja sjálfir. Ég minni á að húsnæðisbæturnar hafa verið felldar niður og teknar upp vaxtabætur sem þeir sem byggja sjálfir hafa orðið að gjalda fyrir og þurfa nú að standa undir verulega auknum kostnaði í viðbót við það sem áður var þrátt fyrir það að

þeir hafi lagt út í byggingar með það í huga að þeir fengju húsnæðisbætur eins og verið hafði um nokkurn tíma.

Ég vil í þessu sambandi ítreka að húsnæðismál hér á Íslandi eru mun brýnni en nokkurs staðar annars staðar og sú sjálfseignastefna sem hefur verið í húsnæðismálum er einstök í sinni röð og hefur þýtt það að fólk hefur verið sjálfstæðara og óháðara stjórnvöldum. Nú er vegið að þessari stefnu með stefnu núverandi ríkisstjórnar í húsnæðismálum. Og það hlýtur að vera svo að þingmenn taki sig saman um að bæta úr þessum málum með tillögum hér á þingi og hjálpa ríkisstjórninni til þess að standa við loforð um húsnæðislán.

Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvað ætla hæstv. félmrh. og ríkisstjórn Íslands að gera í málefnum Byggingarsjóðs ríkisins? Hvers mega þeir 25 þúsund einstaklingar vænta sem áætla má að tilheyri þeim fjölskyldum sem bíða eftir svörum við þessum 8634 umsóknum um húsnæðislán? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í lánamálefnum þessa fólks? Hve mörg ár geta menn átt von á að bíða eftir húsnæðisláni? Eru það þrjú ár, eru það fimm ár eða eru það sjö ár? Að lokum: Hvað veldur því að hæstv. félmrh. er sífellt að mismuna fólki og taka fram yfir aðra í röðinni?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þegar kallað er eftir meira fjármagni inn í húsnæðiskerfið til að stytta biðtíma eftir lánum, eins og raunar lá í orðum hv. fyrirspyrjanda og í þeim fsp. sem til mín er beint, þá er nauðsynlegt að hv. þm. geri sér grein fyrir nokkrum staðreyndum þessa máls.

1. Til að eyða biðröðinni og stytta biðtímann niður í það sama og er í húsbréfakerfinu þarf 21 milljarð króna.

2. Þrátt fyrir gífurlega aukningu á fjármagni inn í Byggingarsjóð ríkisins á undanförnum árum er biðtími sífellt að lengjast. Ég nefni dæmi: Frá 1980 til 1989 hafa útlán Byggingarsjóðs ríkisins aukist um 150% að raungildi. Frá því biðraðakerfið tók gildi 1986 hefur fjármagn til þess aukist að raungildi um 56%. Þrátt fyrir það hefur biðtíminn sífellt verið að lengjast, var t.d. á árinu 1987 um 23 mánuðir fyrir forgangshópa og í júní 1988 var hann kominn í 30 mánuði.

3. Á Norðurlöndum og raunar víðast hvar á Vesturlöndum er það nánast óþekkt að lánað sé úr opinberum sjóðum til kaupa á notuðum íbúðum. Á Íslandi eru útlán til húsnæðismála úr byggingarsjóðunum þrisvar sinnum meiri en í Noregi sem þó er það Norðurlandanna utan Íslands sem veitir mestu fjármagni til útlána.

4. Á þessu ári fara 13,4 milljarðar til lánveitinga vegna húsnæðismála. 13,4 milljarðar, hv. þm., til útlána nú í húsnæðismál er svipuð upphæð og fer alls í mennta- og menningarmálin á landinu. Fjármagn til húsnæðismála er t.d. 2,5 milljörðum meira en kostar að reka allla grunnskóla, allá framhaldsskóla landsins ásamt Háskóla Íslands og Lánasjóð ísl. námsmanna. Og fjármagn til húsnæðismála í ár er svipað og kostar að reka öll sjúkrahús og heilsugæslu í landinu.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir sem ég hef hér upp talið, þrátt fyrir gífurlegar fjárhæðir sem til húsnæðismála er varið, erum við með 30 mánaða biðtíma og óleysta þörf samkvæmt biðraðakerfinu upp á 21 milljarð króna. Sýnir okkur nokkuð betur að þetta kerfi sem við höfum búið við, biðraðakerfið, gengur ekki upp? Það vindur sífellt upp á sig og allir fara í biðröðina hvort sem þeir þurfa á því að halda eða ekki. Umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur verið að fá að undanförnu eru sífellt í auknum mæli frá fólki sem hefur nýlega fengið lán til kaupa á húsnæði úr biðraðakerfinu. Þetta sýnir einna best að biðraðakerfið gengur ekki upp. Með hverju 4 millj. kr. láni úr Byggingarsjóði ríkisins greiðir sjóðurinn um 3,5 millj. í niðurgreiðslur vaxta á lánstímanum. Þetta hafa lántakendur fengið hvort sem þeir hafa þurft á því að halda eða ekki. Fólk fer einfaldlega í biðröðina til að eiga vís niðurgreidd lán ef það þyrfti kannski einhvern tímann, eftir þrjú, fjögur eða fimm ár, að skipta um íbúð eða kannski stækka einbýlishúsið. Síðan hittir biðraðakerfið þá fyrir sem síst skyldi, þá sem eru í brýnni neyð að fá lán til íbúðakaupa. Þetta er kjarni málsins.

Spyrja má: Er hv. þm. að biðja um meira fjármagn inn í biðraðakerfið sem ekki gengur upp? Og ef svo er, hvar voru hans tillögur í því efni við fjárlagagerðina? Þær voru engar.

Hvernig á að leysa vandann? spyr hv. þm. Ég bendi á eftirfarandi:

1. Fjármagn til lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins hefur aukist um 56% að raungildi frá því biðraðakerfið tók gildi.

2. Húsbréfakerfið hefur verið lögfest og 2 milljarða húsbréfaflokkur var gefinn út. Fram til 15. maí hafa þeir forgang í það kerfi sem nú eru í biðraðakerfinu. Þeim verður öllum send um næstu mánaðamót tilkynning í pósti og þeir minntir á rétt þeirra í húsbréfakerfinu ef þeir þurfa strax að festa sér íbúð. Þar er biðtíminn þrjár vikur. Greiðslubyrði er um 15% lægri í húsbréfakerfinu en í biðraðakerfinu fyrstu fimm árin miðað við kaup á 6 millj. kr. íbúð.

3. Fjármagn til Byggingarsjóðs verkamanna hefur aukist um 134% að raungildi frá 1986 sem auðveldað hefur þeim lausn sem ekki hafa getu til að standa undir greiðslubyrði í biðraðakerfinu.

Ég tel að fyrst og fremst sé skynsamlegt að vinna sig út úr vandanum eftir tveimur leiðum, þ.e. gegnum húsbréfakerfið og að efla félagslega íbúðakerfið. Ég tel að þessar tvær leiðir muni smám saman eyða þeirri biðröð sem er eftir lánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Margt fróðlegt kom fram í ræðu hæstv. ráðherra en þau frýjuorð sem hann lét falla í minn garð um að ég hefði ekki haft neinar tillögur við fjárlagagerðina voru náttúrlega úr lausu lofti gripin.

Hæstv. ráðherra veit betur. Þegar við hv. þm. fluttum hér á sinni tíð mjög viðamikið frv. um húsnæðismál, svokallað húsbankamál, sem hefði gripið mjög vel á þessu máli og hefur reynst afskaplega vel í Danmörku, var það fullnægjandi til þess að leysa þessa þörf. Og hæstv. ráðherra hefði betur mátt taka allt frv. og nota það en taka ekki bara einn hlutann út úr því þegar hæstv. ráðherra tók húsbréfin út úr því frv. og notaði sem nýtt kerfi hér. Þurft hefði að taka allt það kerfi upp og þá væri staðan e.t.v. öðruvísi og þá þyrftu enginn að bíða nema í þrjár vikur eins og hæstv. ráðherra kom hér inn á og benti á að þeir sem færu nú í húsbréfin þyrftu aðeins að bíða í þrjár vikur og var gott að vita að svo er, sem ég efast ekkert um. Sannleikurinn er hins vegar sá að við vorum með mjög viðamiklar tillögur í þessum málum og hefði verið hægt að fá hér bæði erlent fjármagn og setja þessi mál fram á þann hátt að húsbankar hefðu verið settir hér á stofn og það hefði leyst þennan vanda.

Ég minni að lokum á það að enn þá er alveg ljóst að fjöldi fólks bíður í allverulegan tíma og það verður að leysa þessi mál með þeim hætti að menn séu ekki teknir sífellt fram fyrir í biðröðinni eins og hæstv. félmrh. hefur sagt hér á þinginu meira að segja við aðra þingmenn að þeir séu alltaf að taka menn fram fyrir í biðröðinni. Ég minni á það sem hæstv. félmrh. sagði um sendiherrann í París. Hæstv. ráðherra var að ásaka hann, að hann væri alltaf að taka menn fram fyrir í biðröðinni. Nú er hæstv. félmrh. alltaf að taka menn fram fyrir í biðröðinni og það er því svo að þetta kerfi er fyrst og fremst biðraðakerfi og sérstakt kerfi fyrir félmrh. til að mismuna fólki.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég frábið mér nú slíkan málflutning sem fram kom hér hjá hv. síðasta ræðumanni. Hvað meinar hv. ræðumaður með því að ég sé að taka fólk út úr biðröðinni? Ég óska bara eftir að hv. þm. skýri sitt mál. Það er ekki félmrh. sem úthlutar lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Það er Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn. Og ef þar er um einhverjar flýtingar á lánum að ræða, af hverju er það? Er þá ekki verið að taka fólk út úr biðraðakerfinu sem er í neyð að bíða eftir lánum af því að þarna raðar fólk sér í biðröðina sem ekki þarf á lánum að halda og tefur fyrir að þeir sem eru í neyð fái sín lán? Ég hef ekki nokkur einustu áhrif á það hvort þessar flýtingar eigi sér stað eða ekki. Þetta er fyrst og fremst *málefni* húsnæðismálastjórnar. Mér er kunnugt um að hún hefur í mjög sérstökum tilfellum breytt tímasetningum á afgreiðslu umsókna um lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Það hefur einkum verið gert þegar umsækjendur eða aðrir í fjölskyldu umsækjenda hafa átt við alvarleg veikindi að stríða og húsnæði umsækjenda hefur ekki hentað samkvæmt læknisvottorði. Ég aflaði mér upplýsinga um þetta fyrir stuttu þegar ég heyrði að slíkt væri eitthvað í gangi hjá húsnæðismálastjórn. Þetta var skýringin sem mér var gefin. Á þeim tíma sem þetta kerfi hefur verið í gangi er ég upplýst um að um 300 flýtingar hafi átt sér stað. En að segja að ég sé að taka fólk fram fyrir í biðröðinni, því vísa ég gjörsamlega á bug. Og það húsnæðiskerfi sem hv. þm. nefndi sem hann vildi koma á á sínum tíma var meingallað og hefði engan vanda leyst.

Ég ítreka það og segi það aftur að fyrir það mikla fjármagn sem við verjum til húsnæðismála, 13 milljarða kr., er hægt að koma skikkan á húsnæðismálin í landinu ef því væri skynsamlega varið og það tel ég að sé gegnum þessar tvær leiðir sem ég nefndi, húsbréfakerfið og að efla félagslega íbúðakerfið.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Mér þótti leitt að heyra ræðu hv. 11. þm. Reykn. og þær staðhæfingar sem hann var með og raunar sé ég ekki beinan tilgang með þessari utandagskrárumræðu. Húsnæðismálin hafa *oft verið hér á dagskrá og síðast var fyrirspurn fyrir* nokkrum vikum að mig minnir frá þessum hv. þm. þar sem öllum þessum spurningum sem hann lagði fram var svarað. Það er ekkert nýtt sem fram hefur komið. Við vitum um þessa biðröð og við vitum að þetta er mikið vandamál sem það kerfi sem sett var á 1986 hefur leitt yfir okkur. Og ég verð að segja það að núna fyrst er verið að koma einhverri skikkan á þessi mál. Það kerfi sem nú hefur verið lögfest og á grunn sinn að verulegu leyti að rekja til hugmynda sem við þingmenn Borgfl. lögðum fram á sínum tíma um húsbréf og húsbanka kemur til með að minnka verulega fjárþörf í fasteignaviðskiptum. Ég held að við séum að snúa örinni á réttan pól og þeir fjármunir sem við höfum varið á undanförnum árum til þessa málaflokks komi til með að minnka og meira verði til ráðstöfunar til annarra nytsamalegri þarfa.

Ástæðan fyrir því að ég stend hérna upp er eins og ég sagði í upphafi þær óréttmætu ásaknir sem hv. þm. bar á hæstv. félmrh. um það að hann hafi á einn eða annan hátt verið að skipta sér af lánveitingum úr Húsnæðisstofnun. Ég held að svona yfirlýsingar geri það eitt að rýra traust manna á þingmönnum. Ég held að það sé alveg öruggt að félmrh. komi ekki til með að hafa á einn eða annan hátt áhrif á ákvarðanir stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér komu fram í máli bæði hæstv. félmrh. og hv. 5. þm. Reykv. alvarlegar ásakanir sem *menn urðu vitni að. Þær eru auðvitað útútsnúningur.* Ég var að tala um kerfið sem slíkt og það eru nú þrjú kerfi í gangi sem bjóða upp á það að mönnum er mismunað eftir því í hvaða kerfi þeir eru. Það eru staðreyndir málsins sem verður ekki gengið fram hjá. Ég var ekki að tala um það að hæstv. félmrh. gerði þetta persónulega. Mér hefur aldrei dottið það í hug. En auðvitað gerir hann það óbeint með sínum reglum.

Og svo vil ég segja það að helmingurinn af húsbankakerfinu var tekinn upp af hæstv. félmrh. til að bæta núverandi kerfi. Hefði hann tekið upp allt kerfið hefði það orðið miklu betra.

Utanríkismál.

Skýrsla utanrrh., 457. mál. — Þskj. 793; þskj. 786 (Evrópuráðið), þskj. 645 (Þingmannasamtök Norður-Atlantshafsbandalagsins 1989), þskj. 806 (Alþjóðasamvinnumálaþingið í Genf 1989).

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Skýrsla sú um utanríkismál sem ég legg nú fyrir Alþingi er hin önnur í röðinni frá því ég tók við starfi utanrrh. 28. sept. 1988. Á því 18 mánaða tímabili sem liðið er síðan hefur íslenska þjóðin orðið vitni að heimssögulegum viðburðum sem ekki eiga sér hliðstæðu frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Ég hef af þessum sökum talið það forréttindi að fá að þjóna í þessu starfi og taka þátt í þeim örlagaríku pólitísku breytingum sem átt hafa sér stað á vettvangi alþjóðamála í okkar heimshluta á þessu tímabili.

Hið stórbrotna umrót sem nú einkennir ástandið í alþjóðamálum veldur því að vestræn ríki standa nú víðast hvar frammi fyrir nýjum og áður óþekktum úrlausnarefnum. Breyttir tímar krefjast hugkvæmni og sveigjanleika við mótun sjálfstæðrar utanríkisstefnu. Fyrir fámennar þjóðir sem tryggja vilja lífsafkomu sína í skjóli frjálsra viðskipta og friðsamlegrar samvinnu á alþjóðavettvangi er sérstaklega mikilvægt að hafa vökult auga með þróun mála og nýta til hins ýtrasta þau nýju tækifæri sem kunna að opnast á sviði pólitískrar og efnahagslegrar samvinnu. Á þeim óvissutímum sem nú fara í hönd hef ég því talið mikilvægt að Íslendingar sýndu áfram gætni en árvekni á sviði utanríkismála.

Að hluta til má vafalaust skýra mörg þeirra viðfangsefna sem við blasa á vettvangi utanríkismála í ljósi hinnar sérkennilegu þversagnar stöðugleikans sem mjög setur svip sinn á umræður um alþjóðamál um þessar mundir. Um nærfellt hálfrar aldar skeið hafa vestræn ríki átt þeirri gæfu að fagna að búa við frið og stöðugleika sem vart á sér hliðstæðu í sögu Evrópu. Stöðugleiki kalda stríðsins var þó sérstæður að því leyti að hann byggði á djúpstæðri gagnkvæmri tortryggni austur og vesturs sem leiddi til háskalegustu hernaðaruppbyggingar í manna minnum. Á næsta ótrúlega skömmum tíma hefur nú dæmið snúist við. Kalda stríðið svonefnt hefur runnið sitt skeið. Tekist hefur að efla traust þar sem áður ríkti gagnkvæm tortryggni. Reistar hafa verið skorður við vígbúnaðarkapphlaupinu og samningar um stórfellda niðurskurð vígbúnaðar á meginlandi Evrópu eru í augsýn.

Sú þíða sem nú ræður ríkjum í samskiptum austurs og vesturs hefur vakið vonir um nýja og betri tíma. Horfast verður hins vegar í augu við að hjöðnun kalda stríðsins hefur einnig leyst úr læðingi öfl sem vakið hafa óvissu um framtíðina, hinar skýru og einföldu markalínur kalda stríðsins hafa skyndilega gliðnað án þess að enn hafi unnist tími til að raða þeim brotum á ný í heillega mynd. Á þeim tíma sem fram undan er hlýtur það þess vegna að verða höfuðviðfangsefni vestrænna ríkja að sjá til þess að stöðugleika í samskiptum ríkja verði ekki teflt í tvísýnu.

Orð mín ber að sjálfsögðu ekki að skilja sem svo að mér sé á nokkurn hátt eftirsjá í pólitískri kyrrstöðu kalda stríðsins, þvert á móti. Hið nýja upprennandi tímabil slökunar og samvinnu vekur vonir um varanlegan frið, byggðan á gagnkvæmri virðingu fyrir fullveldi ríkja frekar en á stálsins stoðum. Full ástæða er hins vegar til að árétta að aukin bjartsýni um betri tíð dregur síður en svo úr nauðsyn þess fyrir Íslendinga að gæta eðlilegrar fyrirhyggju í málum sem varða lífshagsmuni þjóðarinnar.

Í skýrslu minni til Alþingis hef ég leitast við að gera grein fyrir þeim margslungnu breytingum sem gengið hafa yfir seinustu 12 mánuði og meta áhrif þeirra á íslensk utanríkismál. Þar sem framtíð Evrópu er enn að mörgu leyti þoku hulin er vissulega við ramman reip að draga í þessu efni. Ég hef engu að síður talið óhjákvæmilegt að Íslendingar gerðu sér far um að meta stöðu landsins í ljósi breyttra kringumstæðna. Leyfi ég mér að vonast til þess að skýrslan geti stuðlað að upplýstri og frjórri umræðu um það efni hér á Alþingi.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér í smáatriðum það sem fram kemur í skýrslunni en bendi á að í inngangi eru dregin saman nokkur helstu atriðin. Í máli mínu hér á eftir mun ég því einungis fjalla nánar um nokkra afmarkaða efnisþætti skýrslunnar. Fyrst vil ég víkja nokkrum orðum að ástandinu í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Ég hygg að ekki sé ofmælt að hræringar þær sem nýlega hafa skekið pólitískt landslag Evrópu eigi sér einkum tvennar skýringar. Á ég þar annars vegar við þá atburði sem gerst hafa innan Sovétríkjanna sjálfra og í kjölfar þeirra í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, hins vegar þær tilraunir sem nú eru í fullum gangi meðal ríkja Evrópubandalagsins til að koma á sameiginlegum innri markaði. Aðdráttarafl Evrópubandalagsins í því skyni og nauðsyn annarra ríkja álfunnar á að laga sig að þeim verður seint ofmetið.

Í skýrslu minni hef ég af ástæðum sem ættu að vera augljósar kosið að gera ítarlega grein fyrir ástandinu í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Hrun kommúnismans hefur átt sér stað með skjótari hætti en flesta óraði fyrir. Enginn vafi leikur á að hin öru umskipti innan Sovétríkjanna eiga sér fyrst og fremst efnahagslegar orsakir. Forustuliði Sovétríkjanna hefur um árabil verið ljóst að miðstýring efnahagskerfisins hefur gersamlega brugðist með þeim afleiðingum að bilið hefur stöðugt breikkað milli Sovétríkjanna og vestrænna ríkja á efnahagssviðinu. Valið hefur því staðið á milli þess að varpa úreltum kennisetningum marx-leninisma í efnahagsmálum fyrir róða eða horfast í augu við áframhaldandi hnignun og einangrun í alþjóðasamstarfi.

Tilraun til endurreisnar efnahagslífs í Sovétríkjunum, kennt við perestrojku, hefur þó enn sem komið er ekki skilað tilætluðum árangri. Flestum ber raunar saman um, þ.e. efnahagssérfræðingum sem um þetta

hafa fjallað, að áfram verði á brattann að sækja. Geri efnahagsbati ekki vart við sig áður en langt um líður benda líkur til að perestrojkan sjálf kunni að vera í hættu. Yfirlýsingar sovéskra leiðtoga að undanförnu bera hins vegar með sér að þeir hafi nú í hyggju að stíga skrefið til fulls í átt til róttækari breytinga. Stefnt er t.d. að endurskipulagningu verðlagskerfisins, sem margoft hefur verið frestað á undanförnum árum, og samdrætti í framlögum til varnarmála. Fyrr í þessari viku tók Gorbatsjov Sovétforseti einnig af tvímæli um að beina yrði sovéska efnahagskerfinu á braut markaðshagkerfis að vestrænni fyrirmynd.

Sovétleiðtoginn virðist hafa áttað sig flestum betur á því að efnahagslegar úrbætur eru orðin tóm nema þær séu studdar pólitískum umbótum í lýðræðisátt. Umtalsverð valddreifing hefur átt sér stað og hafa þingmót þjóðarfulltrúa og Æðstaráðið axlað æ meiri ábyrgð á kostnað valdaeinokunar Kommúnistaflokksins. Ákvörðun Æðstaráðsins fyrr í þessum mánuði um að fella niður 6. gr. sovésku stjórnarskrárinnar sem kvað á um óskorað alræði Kommúnistaflokksins kemur auk þess vafalítið til með að marka stóran áfanga í átt til aukins frjálsræðis innan Sovétríkjanna.

Einu vildi ég þó vekja sérstaka athygli á, en það er að aukin valddreifing frá Kommúnistaflokknum til annarra valdastofnana hefur haldist í hendur við skipulagða valdasamsöfnun forsetaembættisins í höndum Gorbatsjovs. En auk þess að geta valið lykilmenn í embætti getur forsetinn nú samkvæmt nýjum lagaákvæðum sett neyðarlög og stjórnað með tilskipunum. Vafalítið á sá efnahagsvandi sem Sovétmenn standa frammi fyrir sinn þátt í því að fulltrúaþingið samþykkti hin auknu völd forsetanum til handa. Aðgerðir Sovétmanna gagnvart Litáum að undanförnu kunna þó einnig að gefa nokkra mynd af því hvernig forsetinn hyggst beita hinum nýju völdum.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að vaxandi þjóðerniserjur innan Sovétríkjanna eru stærsta vandamál Gorbatsjovs ásamt með þeim efnahagsvanda sem Sovétríkin standa frammi fyrir. Ég vil nefna fáein dæmi: Sunnan Kákasusfjalla geysa illvígar deilur Armena og Azera. Í Asíulýðveldunum hafa Úzbekar tekist á við Meskít-Tyrki auk þess sem óeirðir hafa blossað upp í Kasakstan, í Túrkmenistan, í Tadzhíkístan og í Kirgísíu. Í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi njóta þjóðfrelsishreyfingar öflugs stuðnings og innan Moldavíu hafa vaknað vonir um hugsanlega endursameiningu Rúmeníu. Ástandið er því afar eldfimt og má lítið út af bera til þess að Sovétríkin liðist ekki í sundur.

Ég hef áður lýst því yfir að ég tel það skipta afar miklu máli fyrir þróun mála í Evrópu í náinni framtíð hvort Gorbatsjov tekst að ljúka yfirlýstu ætlunarverki sínu. Versnandi lífskjör eða ófriður innan Sovétríkjanna gæti auðveldlega orðið til að magna upp spennu og spilla þeim árangri sem náðst hefur að undanförnu í samskiptum ríkja austurs og vesturs. Það kemur því ekki á óvart að ríki Atlantshafsbandalagsins skuli ítrekað hafa lýst þeim vilja sínum að efla efnahagsleg samskipti við ríkin í austri og leggja sitt af mörkum til að pólitískt umrót innan landamæra þeirra ógni þrátt fyrir allt ekki nauðsynlegum stöðugleika.

Þessi síðasta athugasemd mín hlýtur hins vegar að leiða hugann að þeim atburðum sem nýlega hafa orðið í Litáen.

Sem kunnugt er efndu Litáar hinn 20. febr. sl. til fyrri hluta fyrstu frjálsu kosninganna sem haldnar hafa verið í landinu frá því að það var innlimað eð ólöglegum hætti í Sovétríkin árið 1940. Í kjölfar seinni hluta kosninganna hinn 10. mars sl. lýsti hið nýkjörna þing yfir endurreisn lýðveldis í landinu þann 11. mars sl. Jafnframt lýsti þingið því yfir að stjórnarskrá Sovétríkjanna frá árinu 1977 og önnur sovésk lög væru þar með felld úr gildi.

Viðbrögð Gorbatsjovs Sovétleiðtoga við sjálfstæðisyfirlýsingu Litáa voru hörð. Fyrir hönd Sovétstjórnarinnar neitaði hann að taka yfirlýsinguna gilda. Jafnframt var gripið til aðgerða sem virtust brjóta í bága við ítrekaðar yfirlýsingar Sovétleiðtogans um að vopnavaldi yrði ekki beitt. Skriðdrekum og brynvörðum flutningavögnum var beint til höfuðborgarinnar. Aðalbækistöðvar Kommúnistaflokksins í höfuðborginni Vilnius voru teknar herskildi, landamæravarsla var hert, litáískir borgarar sem höfðu yfirgefið sovéska herþjónustu voru handteknir.

Í gær og í dag bendir ýmislegt hins vegar til þess að slakað hafi verið á spennu og dregið úr hættu á átökum sem gætu fyrr en varir spillt vonum um friðsamlega lausn með samningaviðræðum.

Í gær sagði Landsbergis á fréttamannafundi í Vilnius að margt benti til þess að Sovétstjórnin vildi nú sýna meiri gætni, varkárni. Af hálfu Sovétstjórnarinnar var því lýst yfir að þeir sem yfirgefið hefðu sovéska herinn yrðu ekki beittir refsingum. Af hálfu litáískra stjórnvalda var sagt að horfið væri frá áformum um herta landamæravörslu af þeirra hálfu og áformum um að koma á fót eigin landvarnarliði væri frestað.

Varaforsætisráðherrann, Ozolas, lýsti því yfir að dagurinn í gær hefði verið mikill léttir og horfur á friðsamlegri lausn virtust nú betri. Landsbergis lýsti því yfir að úr því sem komið væri væri aðalatriðið að forðast ögrandi aðgerðir af beggja hálfu, orð og gerðir sem leitt gætu til árekstra. Aðalatriðið væri að hefja viðræður og samningaumleitanir þegar í stað.

Þolinmæði, varúð, viðræður voru lykilorðin í fréttafrásögnum af löngu símtali Gorbatsjovs Sovétleiðtoga við Margréti Thatcher, forsætisráðherra Breta, í gær.

Undanfarin dægur hafa forustumenn Litáa fyrst og fremst beint eftirfarandi tilmælum til ríkisstjórna á Vesturlöndum: Samningar eru aðalatriðið. Beita ber Sovétstjórnina þrýstingi til þess að leita friðsamlegra lausna, taka upp viðræður um lausn deilumála, vara við valdbeitingu og leggja áherslu á hversu

mikið er í húfi fyrir alla aðila, Sovétríkin, Litáen, samskipti stórveldanna, afvopnunarsamningana og friðarferilinn í Evrópu.

Viðbrögð ríkisstjórna á Vesturlöndum eiga það sameiginlegt að leggja höfuðáherslu á að forðast beri valdbeitingu og að stuðla beri að friðsamlegri lausn deilumála með viðræðum og samningum. Aðalatriðin hljóta að vera að forðast af fremsta megni að magna árekstra, að gera ekkert sem gæti kallað blóðbað yfir litáísku þjóðina — og þar með útilokað vonir allra góðra manna um friðsamlega lausn og framhald friðarferilsins í Evrópu.

Áhersla hefur verið lögð á að forðast alla áreitni sem gæti gefið harðlínumönnum og hernaðaryfirvöldum í Sovétríkjunum átyllu til að láta til skarar skríða með vopnavaldi. Það er í samræmi við yfirlýsta stefnu Atlantshafsbandalagsríkjanna eins og hún birtist í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í Brussel í desember sl. Þar lýstu utanríkisráðherrarnir vilja sínum til að stuðla að lýðræðislegum og friðsamlegum breytingum í Mið- og Austur-Evrópu án þess að sækjast eftir einhliða pólitískum ávinningi. Sú stefna er ein meginforsenda þíðunnar í samskiptum Evrópuríkja, forsenda þess árangurs sem menn gera sér vonir um í afvopnunarmálum og forsenda þess árangurs sem lýðræðisbyltingin í Austur-Evrópu hefur þegar náð. Það er því mikið í húfi. Ég hef talið að þessi stefna Atlantshafsbandalagsríkjanna, eins og hún var mótuð á sínum tíma, sé hyggileg og best til þess fallin að stuðla að hagstæðri lausn fyrir Litáa og Eystrasaltsþjóðirnar.

Þeir sem setja á oddinn kröfuna um formlega viðurkenningu Litáens þegar í stað eru vinsamlegast beðnir um að hugleiða eftirfarandi: Að hvaða gagni kæmi hún fyrir Litáa á þessu augnabliki? Til hvers mundi hún leiða? Það er ekkert launungarmál að af hálfu bandarískra stjórnvalda er litið svo á að með formlegri viðurkenningu af þeirra hálfu nú liti það svo út eftir á sem forseti Sovétríkjanna hefði orðið að láta undan síga fyrir þrýstingi frá Bandaríkjunum eða Atlantshafsbandalaginu. Við núverandi kringumstæður byði það heim hættunni á að Gorbatsjov yrði felldur frá völdum innan Sovétríkjanna og þar yrði um að ræða afturhvarf til fyrri stjórnarhátta, harðlínumenn og hernaðaryfirvöld tækju við og freistuðu þess að halda Sovétríkjunum saman með vopnavaldi með öllum þeim afleiðingum sem það hefði. Ég spyr enn: Hverjum yrði það að gagni? Að hvaða gagni kæmi það Litáum? Að hvaða gagni kæmi það hinum Eystrasaltsþjóðunum eða öðrum þeim þjóðum innan Sovétríkjanna sem ala í brjósti óskir um aukið sjálfsforræði? Vonin um það að þessum þjóðum verði að ósk sinni er því bundin að friðsamlegar lausnir finnist og að ekki komi til hernaðarátaka. Þess vegna er það viturleg stefna að forðast í hvívetna að magna árekstra en að halda uppi stöðugum þrýstingi á báða aðila um viðræður, samninga, friðsamlegar lausnir, í krafti þess hvað er í húfi fyrir alla sem hér eiga hlut að máli.

Að því er varðar viðbrögð íslenskra stjórnvalda vil ég taka fram eftirfarandi: Þann 12. mars samþykkti Alþingi Íslendinga einróma með þáltill. að senda svohljóðandi heillaóskir til þjóðþings Litáa:

„Alþingi ályktar að senda litáísku þjóðinni heillaóskir vegna sjálfstæðisyfirlýsingar Litáens sem þjóðþingið samþykkti í gær.

Alþingi telur að sjálfsforræði þjóða með lýðræðiskjörnum þingum sé grundvöllur frjálsra samskipta og stuðli að friði í heiminum.

Alþingi fagnar því endurheimt sjálfstæðis Litáens og væntir góðrar samvinnu við lýðræðiskjörna fulltrúa þess."

Þann 23. mars kvaddi utanrrh. Íslands sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi á sinn fund og fór þess á leit að hann kæmi eftirfarandi orðsendingu á framfæri við Shevardnadze utanríkisráðherra Sovétríkjanna:

„Fyrir hönd íslenskra stjórnvalda skora ég á sovésk stjórnvöld að hefja þegar viðræður við fulltrúa réttkjörinna stjórnvalda í Litáen, án fyrirframskilyrða. Þvingunaraðgerðir af hálfu Sovétríkjanna í málefnum Litáens mundu í einu vetvangi spilla þeim björtu vonum sem umbótaáætlun Gorbatsjovs forseta hefur vakið um varanlegan frið og öryggi í samskiptum þjóða í okkar heimshluta."

Á fundi utanríkisráðherra aðildarþjóða Evrópuráðsins í Lissabon 23.–24. mars tók ég upp málefni Litáen einn þriggja utanríkisráðherra, gerði þar rækilega grein fyrir viðhorfum og afstöðu íslenskra stjórnvalda og flutti áskorun til forseta Evrópuráðsins, Pineiro, utanríkisráðherra Portúgals, um að hann kæmi sjónarmiðum okkar á framfæri á fréttamannafundi að fundinum loknum sem hann og gerði.

Á sameiginlegum fundi utanríkisráðherra aðildarríkja Evrópuráðs og utanríkisráðherra Varsjárbandalagsríkjanna þann 24. mars kom það í hlut danska utanríkisráðherrans fyrir hönd Norðurlandanna að flytja yfirlýsingu sem var efnislega samhljóða orðsendingu íslensku ríkisstjórnarinnar, þ.e. að gagnrýna valdbeitingu, að skora á Sovétstjórnina að taka upp viðræður, að forðast að stefna málum í óefni með valdbeitingu. Af hálfu Sovétríkjanna lýsti Kashlev varautanríkisráðherra því yfir fyrir hönd Shevardnadzes að beiting vopnavalds heyrði til liðinni tíð og til hennar yrði ekki gripið.

Að því er varðar spurninguna um formlega viðurkenningu hafa þrjú Norðurlandanna, þ.e. Danmörk, Ísland og Noregur, lýst því yfir að þau hafi ekki afturkallað formlega viðurkenningu á sjálfstæði Litáens, sem veitt var árið 1921, sem og að þau hafi aldrei viðurkennt innlimun Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin sem löglega athöfn, enda minnt á það að sovéska þingið sjálft hefur lýst Molotov-Ribbentrop-samninginn frá 1940 sem ólöglegan gjörning.

Í tilefni af tillöguflutningi um formlega viðurkenningu á þessu stigi málsins af Íslands hálfu vil ég segja eftirfarandi: Þann 28. mars sl. átti sendinefnd frá Litáen, sem þá var stödd í Noregi, viðræður við sendiherra Íslands í Osló. Á þessum fundi afhenti sendinefndin sendiherra bréf til forseta Íslands frá Landsbergis, forseta Litáens. Forseti Íslands hefur

þegar gefið út fréttatilkynningu þar sem skýrt er frá efni bréfsins en mun væntanlega síðar birta það í heild sinni. Formaður sendinefndarinnar þakkaði fyrir þann stuðning sem Ísland hefði sýnt Litáen og þá sér í lagi símskeyti Alþingis sem hefði verið fyrstu viðbrögð frá erlendum ríkjum og verið mikill hvati fyrir þjóðþing þeirra og ríkisstjórn. Sömuleiðis hefði boðskapur frá ríkisstjórn Íslands frá 23. þ.m. verið mikils virði og komið á réttu augnabliki, enda verið á undan sams konar orðsendingum annarra vestrænna ríkja.

Þess skal getið að formaður sendinefndar Litáa lét í ljós þá skoðun í viðræðum sínum við sendiherrann í Osló að í símskeyti frá Alþingi og í orðsendingu utanrrh. fælist — samkvæmt þeirra skilningi — viðurkenning af Íslands hálfu á Litáen sem sjálfstæðu ríki. Aðeins skorti formlega viðurkenningu á stjórn Litáens og formlegt skref um að taka upp diplómatískt samband.

En eins og kunnugt er af öðrum tilvikum þá styðst Ísland við þá grundvallarreglu og hefð þjóðarréttar að viðurkenna ríki en ekki einstakar ríkisstjórnir.

Af þessu tilefni árétta ég enn yfirlýsingu Landsbergis frá fréttamannafundi í gær í Vilnius um að á þessari stundu sé aðalatriðið að hvetja til viðræðna og samninga. Enn fremur minni ég á sameiginlega stefnuyfirlýsingu Atlantshafsbandalagsríkjanna þess efnis að forðast að færa sér í nyt með pólitískan ávinning í huga erfiðleika Sovétstjórnarinnar og stuðla með öllum ráðum að lýðræðislegum og friðsamlegum breytingum í Mið- og Austur-Evrópu.

Umrædd sendinefnd frá Litáen bar jafnframt fram þá beiðni frá Landsbergis forseta hvort íslensk stjórnvöld gætu boðið Reykjavík sem fundarstað hugsanlegra samninga. Sambærileg ósk var borin upp við Norðmenn og reyndar síðar í dag Dani en ekki önnur lönd að svo stöddu.

Af því tilefni vil ég skýra frá svari utanrrh. sem þegar hefur verið sent Landsbergis forseta, að höfðu samráði við hæstv. forsrh., og hljóðar svo:

„Sem svar við fyrirspurn, sem sendinefnd frá Litáen kom á framfæri við sendiherra Íslands í Osló í gær, vill ríkisstjórn Íslands taka fram eftirfarandi:

Ríkisstjórn Íslands er reiðubúin til að annast milligöngu til að greiða fyrir friðsamlegri lausn deilunnar þannig að komið verði til móts við réttmætar óskir litáisku þjóðarinnar um frelsi og sjálfstæði. Ríkisstjórnin væri þess vegna reiðubúin, svo framarlega sem báðir aðilar óska eftir því, að bjóða Reykjavík sem fundarstað þar sem viðræður samningsaðila gætu farið fram."

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir harkaleg viðbrögð Gorbatsjovs við sjálfstæðistilraunum Litáa verður því ekki neitað að lýðræðisþróunin í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hefði ekki getað orðið án tilkomu Gorbatsjovs. Brezhnev-kenningin, sem svo hefur verið nefnd, en samkvæmt henni áskildu Sovétmenn sér rétt til að hafa bein afskipti af málefnum annarra ríkja Varsjárbandalagsins, heyrir nú sögunni til. Ræða Gorbatsjovs á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 1988 markaði ákveðin straumhvörf í þessu efni, en í ræðunni hafnaði Sovétleiðtoginn beitingu hervalds í samskiptum sjálfstæðra og fullvalda ríkja.

Síðan þá hefur atburðarásin verið ótrúlega hröð. Á aðeins fáeinum mánuðum hafa ríki Mið- og Austur-Evrópu risið upp eitt af öðru og hrundið af sér oki sovéska heimsveldisins. Lýðræðislegar kosningar í Austur-Þýskalandi og Ungverjalandi fyrr í þessum mánuði staðfesta það með óyggjandi hætti að ríki þessi munu eftirleiðis fara eigin leiðir.

Í skýrslu minni fjalla ég sérstaklega um ástand og horfur í hverju og einu ríkja Austur-Evrópu. Ég læt nægja að vísa til þeirrar umfjöllunar en vil geta þess jafnframt að upplausn Varsjárbandalagsins sem sameinaðs afls í utanríkismálum muni vafalítið hafa afgerandi áhrif á öryggismál Evrópu í náinni framtíð. Einnig vil ég geta þess að þróunin í ríkjum þessum mun jafnframt hafa áhrif á sviði viðskipta og efnahagssamvinnu. Raunar má færa rök fyrir því að hún hafi þegar breytt grundvallarforsendum allra samskipta Evrópubandalagsins við þau, bæði beint og einnig fyrir tilstilli þeirra sjálfra.

Virðulegi forseti. Þá vildi ég næst víkja máli mínu að samningaumleitunum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið.

Spyrja má hvað það er sem gerir evrópskt efnahagssvæði að aðdráttarafli fyrir Ísland, efnahagssvæði sem nær til 19 ríkja og 350 milljóna íbúa. Þessu er best svarað með því að horfa á stöðu Íslands ef við Íslendingar sættum því hlutskipti að lenda utan þeirrar þróunar sem nú virðist óumflýjanleg í Evrópu. Umfangsmikið samstarf á sér nú stað í þá veru að mynda eina markaðsheild fyrir Vestur-Evrópuríkin. Komi ekki til virk þátttaka Íslands við mótun þeirrar markaðsheildar án aðildar að bandalaginu er enginn vafi á því að viðskiptakjör okkar í framtíðinni yrðu mun lakari gagnvart þeim ríkjum sem nú taka við u.þ.b. 70% af vöruútflutningi okkar. Ber þar auðvitað hæst að fá viðurkenningu á grundvallarreglunni um fríverslun með fiskafurðir sem eru í reynd okkar iðnaðarafurðir.

En myndun evrópsks efnahagssvæðis nær ekki eingöngu til viðskipta, hvort sem það er varðandi vöru eða þjónustu. Samstarfið nær einnig til þátttöku á frjálsum vinnumarkaði með nauðsynlegum fyrirvörum varðandi okkar viðkvæma vinnumarkað, um rétt til menntunar í öllum aðildarríkjum á gagnkvæmum grundvelli, rétt til þátttöku í sameiginlegum rannsókna- og vísindaverkefnum, rétt til samvinnu við úrlausn vandamála á sviði umhverfismála og nauðsyn þess að tryggja þátttökurétt í samningum um félagsleg réttindi svo að nokkuð sé nefnt. Markmiðið er að EFTA-ríkin, ríkisborgarar þeirra og fyrirtæki innan þeirra, njóti á sem flestum sviðum fulls jafnræðis í samskiptum við aðila í ríkjum Evrópubandalagsins.

Könnunarviðræðurnar á sl. ári sem ég flutti skýrslu um hér á Alþingi í nóvember sl., og nú undirbúningsviðræðurnar sem staðið hafa yfir frá miðjum janúar,

hafa miðað að því að leggja grunn að formlegum samningaviðræðum. Þessum undirbúningsviðræðum lauk 20. mars sl. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins er nú að ganga frá samningsumboði til ráðs bandalagsins sem fjalla mun um það á næstu vikum, en búist er við að samningsumboð liggi fyrir eftir mánaðarlegan ráðsfund bandalagsins í byrjun maí og eigi síðar en í júní.

Undirbúningsviðræðurnar fóru þannig fram að hver vinnuhópur um sig fór yfir löggjöf Evrópubandalagsins á sínu sviði og sameiginlega athuguðu fulltrúar EFTA-ríkjanna og Evrópubandalags hvaða löggjöf væri viðeigandi og koma ætti til greina í samning um evrópskt efnahagssvæði. Vegna umfangsmikillar yfirferðar var komið á ýmsum undirnefndum til að skoða einstök atriði löggjafar. Íslensku fulltrúarnir sem tóku þátt í þessu starfi voru fulltrúar allra ráðuneyta og margra undirstofnana þeirra, enda ná atriðin sem fjallað var um sem hluta af EES-samningi meira og minna til alls Stjórnarráðsins. Verkefni fulltrúanna var það að bera saman íslenska löggjöf og löggjöf Evrópubandalagsins.

Við þessa yfirferð hefur ýmislegt komið í ljós. Á mörgum sviðum er íslensk löggjöf, sem í flestum tilvikum er samnorræn, ekki ósvipuð núgildandi löggjöf Evrópubandalagsins en á öðrum sviðum er íslensk löggjöf ekki til eða hún er löngu úrelt. Verkefnið fram undan er að taka samanburðinn sem gerður hefur verið og meta hvort einhverjum erfiðleikum er bundið að setja ný lög eða endurbæta núgildandi löggjöf fyrir ársbyrjun 1993 þegar fyrirhugað er að samningurinn um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði taki gildi. Fram undan er því pólitískt mat á einstökum atriðum þeirrar vinnu sem nú þegar hefur verið framkvæmd. Markmiðið er að í samningnum verði eins fáar undanþágur og mögulegt er, eða eingöngu þær sem réttlætast af grundvallarhagsmunum þjóða. Aðlögunartíma er hins vegar hægt að semja um fyrir fleiri atriði.

Niðurstöður stjórnarnefndarinnar hafa verið kynntar þingmönnum Evrópustefnunefndar ásamt sýnishorni af samanburði löggjafar Íslands og Evrópubandalagsins en fyrir valinu varð matvælalöggjöfin og löggjöf um hættuleg efni. Talsmenn einstakra vinnuhópa hafa haldið fundi í samráðsnefnd hagsmunaaðila og stjórnvalda, sem komið var á fót á sl. ári, þar sem farið hefur verið yfir samanburð í hverjum málaflokki.

Til undirbúnings samningaviðræðum verður að fara yfir hvert atriði þar sem talið er að um vandamál kunni að vera að ræða með hliðsjón af umsögnum Stjórnarráðs og hagsmunaaðila. Jafnframt þessu þarf að undirbúa þýðingu á samningnum sem talið er að geti orðið allt að 11.000 prentaðar síður. Þetta er umfangsmikið verk sem tekur tíma að undirbúa svo vel sé. Ég geng út frá því að hv. Alþingi sé sammála mér í því að samningur sem muni hafa lagagildi hérlendis verði ekki lagður fyrir Alþingi Íslendinga nema á móðurmáli voru.

Virðulegur forseti. Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sagði í ræðu sinni í Strasbourg 1989 að samstarf EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins gæti byggst á svokölluðu „tveggja stoða kerfi". Átti hann þá við að EFTA-ríkin styrktu sitt samstarf innbyrðis þannig að innan evrópska efnahagssvæðisins væru tvær stoðir, annars vegar EFTA og hins vegar Evrópubandalagið, og á milli þeirra yrði byggð samstarfsbrú.

EFTA-ríkin eru ekki tilbúin að stofnsetja einhvers konar „mini-EB" við hliðina á Evrópubandalaginu. Þau hafa hins vegar lýst sig reiðubúin að tala „einni röddu" þegar reglur evrópska efnahagssvæðisins eru ákveðnar. Þannig verður hvor aðili í raun með eitt atkvæði í fyrirhuguðu ráði hins evrópska efnahagssvæðis.

Kröfur Evrópubandalagins eru skýrastar í könnunar- og undirbúningsviðræðunum um tveggja stoða lausn þegar rætt er um skipulag eftirlits með fullnustu á sameiginlegum reglum svæðisins. Í því sambandi hefur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að hún hafi ekki áhuga á að tvöfalda það eftirlitskerfi sem er til staðar innan Evrópubandalagsins með því að setja upp nýtt kerfi fyrir eftirlit á EES-reglum. Evrópubandalagið leggur því til að hvor aðili um sig sjái um eftirlit innan síns svæðis en sett verði upp sameiginleg nefnd til að fjalla um mál hvors aðila um sig eftir því sem við á.

En hvers konar samstarf erum við að tala um á evrópska efnahagssvæðinu? Við höfum áhuga á að taka þátt í efnahagslegu samstarfi Evrópuþjóða. Það samstarf sem stefnt er að er víðfeðmt samstarf sjálfstæðra þjóða. Til þess að koma á einum markaði taka ríkin á sig þær skyldur að framfylgja ákveðnum meginreglum um frelsi í viðskiptum og að samræma löggjöf sína, þannig að viðskiptareglur verði þær sömu í öllum aðildarríkjunum að evrópska efnahagssvæðinu. Slíkt samstarf kallar á stjórnun á samstarfinu. Það þarf að taka ákvarðanir um nýjar reglur og framkvæma það eftirlit með því að reglunum sé framfylgt. Einnig þarf að gæta þess að þær séu túlkaðar á sama hátt í öllum ríkjum sem aðild eiga að samningunum um efnahagssvæðið.

Tilgangurinn með samstarfi á evrópska efnahagssvæðinu er sá að þar gildi að mestu leyti sömu efnisreglur og fyrir hendi eru um vörur, þjónustu og fjármagn innan Evrópubandalagsins. Hins vegar er það skýr og ákveðin stefna EFTA-ríkjanna og reyndar Evrópubandalagsins líka að sjálfræðis aðilanna verði gætt í hvívetna. Í umræðum hérlendis um yfirþjóðlegt vald hefur verið ruglað saman annars vegar hvað það er sem felst í inngöngu í Evrópubandalagið og hins vegar í aðild að evrópska efnahagssvæðinu. Misskilningurinn hefur jafnvel gengið svo langt að menn eru að velta sér upp úr framtíðarhugmyndum Evrópusinna innan bandalagsins um aukið pólitískt samstarf innan bandalagsins og jafnvel bandaríki Evrópu, í sama mund og þeir vara við „yfirþjóðlegu" valdi á evrópska efnahagssvæðinu.

Þessar hugmyndir eru góðar og gildar þar sem þær eiga við, en þær eiga ekki skylt við það samstarf um

evrópskt efnahagssvæði sem nú er stefnt að með samstarfssamningi EFTA og Evrópubandalagsins. Hér er fremur um að ræða vald sem nefna mætti samþjóðlegt vald en yfirþjóðlegt. Eða hvernig líta hugmyndirnar út um stjórnun og eftirlit innan evrópska efnahagssvæðisins?

Tökum fyrst ákvarðanatökuferil. Aðilar eru sammála um að allar ákvarðanir um reglur evrópska efnahagssvæðisins séu teknar samhljóða í hinu sameiginlega ráði svæðisins. Hvað þýðir það? Hver aðili samningsins, en það eru öll aðildarríki EFTA og Evrópubandalagið, geta beitt neitunarvaldi. Reglurnar taka ekki gildi innan evrópska efnahagssvæðisins ef öll ríkin hafa ekki samþykkt þær. Það er hins vegar annað mál hvort undantekningar verða heimilar fyrir einstök ríki í einhverjum tilfellum. Nánari útfærsla á þessum reglum er samningsatriði en grundvöllurinn er skýr, þ.e. hver aðili heldur sínu sjálfræði.

Við þekkjum kostina af því að tillaga um reglur sé ekki samþykkt nema með öllum greiddum atkvæðum eins og reglan er innan EFTA. En hverjir eru gallarnir? Við tökum ákveðna hættu á því að ekki náist samkomulag um vissar reglur sem hefur í för með sér að á sumum sviðum mundu mismunandi reglur gilda innan evrópska efnahagssvæðisins, en slíkt ósamræmi stríðir gegn markmiðum samstarfsins. Það er því ljóst að allir aðilar verða að vinna markvisst að því að ná samkomulagi í slíku kerfi og jafnframt verður að beita miklum aga til þess að kerfið verði skilvirkt. Við verðum að sýna fram á að sjálfræðið sé þess virði að því sé haldið.

Lítum þá á eftirlitið. Það er hagur okkar allra að samningsaðilarnir fullnægi samningsskuldbindingum sínum og að reglunum sé framfylgt á sama hátt í öllum aðildarríkjunum því ávallt komum við að sama markmiðinu, samræmdu kerfi. Almennt eftirlit með því að aðildarríkin uppfylli skyldur sínar, þ.e. setji lög og reglur í samræmi við EB-reglur, hlýtur að einhverju leyti að verða að vera í höndum sameiginlegra stofnana til þess að samræmis sé gætt. Hins vegar eru margir þættir eftirlitsins, sérstaklega þeir sem snúa að einstaklingum og fyrirtækjum, sem hægt er að hafa eftirlit með í aðildarríkjunum sjálfum. EFTA-ríkin hafa lýst því yfir að fullnustan á eftirlitinu eigi að vera í höndum innlendra stofnana. Skipulagið á eftirlitinu hefur ekki verið útfært nánar á þessu stigi. Hins vegar er það ljóst að svo lengi sem fullnustan á eftirlitinu gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum er í höndum innlendra aðila er ekki hægt að tala þar um yfirþjóðlegt vald.

Til þess að gera eftirlitið virkt og til þess að samræming sé tryggð verðum við að hafa túlkun reglnanna á einni hendi. Í undirbúningsviðræðum um evrópskt efnahagssvæði hafa aðilar verið sammála um að nauðsynlegt sé að setja upp einn sameiginlegan dómstól sem sker úr um deilumál og túlkun reglna, þar sem sæti eigi dómarar frá öllum EFTA-ríkjum og Evrópubandalaginu. Til þess að samræmd túlkun á EES-reglum sé tryggð innan allra aðildarríkja evrópska efnahagssvæðisins verða dómstólar í aðildarríkjunum því að fara eftir niðurstöðum dómstólsins um túlkun reglna. Þeir ákveða hins vegar sjálfir hvort viðkomandi reglum verði beitt. EFTA-ríkin hafa bent á að skoða þurfi stjórnarskrár einstakra EFTA-ríkja nánar í þessu sambandi. Útfærslan á þeim reglum verður síðan samningsatriði.

Virðulegi forseti. Utanríkisráðherra Dana, Uffe Ellemann-Jensen, hefur vakið athygli nýlega með því að lýsa skoðunum sínum á stöðu viðræðna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Hann hefur tekið sér fyrir hendur að ráðleggja öðrum Norðurlandaþjóðum að sækja þegar um aðild að bandalaginu, að raða sér upp í biðröðina. Þær ábendingar sem danski utanríkisráðherrann lætur frá sér fara um að EFTA-ríkjunum beri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og að þær væntingar sem EFTA-ríkin hafa haft um núverandi viðræður varðandi evrópskt efnahagssvæði sé ekki hægt að uppfylla, þessar yfirlýsingar hins danska ráðherra ganga þvert á allar yfirlýsingar ráðamanna Evrópubandalagsins, hvort sem um er að ræða framkvæmdastjórn þess sem undirbýr nú umboð að formlegum viðræðum við EFTA-ríkin eða ráðherraráð Evrópubandalagsins sem samþykkti fyrir aðeins þremur mánuðum, eða 18. des. sl., að stefnt skyldi að samningaviðræðum við EFTA-ríkin að undangengnum þeim undirbúningsviðræðum sem nú hafa staðið yfir.

Á sameiginlegum ráðherrafundi EFTA-ríkjanna og ráðherra Evrópubandalagsins 19. des. var þessi stefna samþykkt af báðum aðilum. Og fjarri fór því að það væri að heyra á danska utanríkisráðherranum á þeirri stundu að hann hefði aðra skoðun en allir aðrir utanrríkisráðherrar bandalagsins á þeirri stundu. Þvert á móti lýsti hann yfir eindreginni ánægju sinni með framgang könnunar- og undirbúningsviðræðnanna og lýsti þeirri von sinni að ekki skorti á pólitískan vilja til þess að fylgja þessum undirbúningi eftir með formlegum samningaviðræðum og kvaðst vera helsti talsmaður þess að þessir samningar tækjust til þess að tryggja hag annarra Norðurlandaþjóða.

Eða hvernig ber nú að líta á yfirlýsingar danska utanríkisráðherrans? Hefur orðið einhver grundvallarbreyting síðan í lok desember á stöðu mála sem gerir það að verkum að eðlilegt sé fyrir þann ráðherra í Evrópubandalaginu sem hefur hvað nánast samstarf við hin fjögur norrænu EFTA-ríki að hlaupa nú út undan sér með hvatvíslegum yfirlýsingum sem koma bæði EFTA-ríkjunum og talsmönnum Evrópubandalagsins í opna skjöldu? Svarið við þessari spurningu er einfaldlega nei. Það hefur engin breyting orðið á þróun mála sem gerir það að verkum að á þessu stigi eigi að bregða út af þeirri ákvörðun sem tekin var sameiginlega í desember sl. og hefur verið áréttuð síðan af báðum aðilum. Fyrir liggur margyfirlýst stefna Evrópubandalagsins að það sé ekki ætlunin að taka nein ný ríki inn í Evrópubandalagið á næstu árum. Það liggur jafnframt fyrir að þegar sótt er um aðild hlýtur umfjöllun um slíka umsókn að taka mörg ár, allt að átta ár ef miða á við reynslu Íra, svo tekið sé

dæmi. Það liggur einnig fyrir að stjórn Evrópubandalagins hefur nýlega hafnað því að taka fyrir á næstunni aðildarumsóknir Tyrklands og Austurríkis sem fyrir eru í biðröðinni. Hvers vegna er þessi afstaða bandalagsins svo afdráttarlaus? Og ég má bæta við: Hvernig stendur á því að Austurríki, þrátt fyrir að það hefur lagt fram sína aðildarumsókn, áréttar að það muni fylgja fast eftir samstarfinu við EFTA-ríkin? Svarið er einfalt. Þeir gera ráð fyrir að ná sameiginlegum niðurstöðum eftir þeirri leið miklu fyrr, þ.e. snemma á næsta ári, miklu fyrr en þeir gætu gert sér vonir um að aðildarumsókn skilaði þeim.

Það er út af fyrir sig auðskilið hvers vegna Evrópubandalagið hefur markað þá stefnu að styrkja betur skipulag sitt, ná tökum á öllum þeim þáttum sem verið er að undirbúa, til þess að innri markaðurinn komist á í lok ársins 1992. Evrópubandalagið telur þar af leiðandi útilokað að taka við nýjum aðildarríkjum á næstu árum þar sem það mundi hafa í för með sér verulega röskun á því samræmingarstarfi sem nú er unnið að. Frans Andriessen, fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins sem fer með utanríkismál og ber af hálfu bandalagsins faglega ábyrgð á viðræðum EFTA-ríkjanna við EB, lét hafa það eftir sér nú fyrir skömmu, orðrétt, að „aðild nýrra ríkja mundi stofna í hættu þeirri vinnu sem nú væri verið að vinna að í sambandi við innri markaðinn".

Þetta var áréttað af Delors, forseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, þegar ég ræddi við hann fyrir nokkrum dögum í Lissabon og bar undir hann ummæli danska utanríkisráðherrans. Svar Delors var efnislega þetta:

Það stendur allt sem við höfum skuldbundið okkur til að gera. Það er ekki stefna Evrópubandalagsins að taka upp sérsamninga við einstök ríki. Allar tímaáætlanir eru óbreyttar. Við höfðum boðið upp á samninga við EFTA og það stendur. Þróunin í Austur-Evrópu hefur ekki reytt því, sameining Þýskalands hefur ekki breytt því og Austurríki getur ekki vænst sérstakrar hraðferðar.

Hann staðfesti enn fremur það sem hann hafði áður sagt opinberlega í athyglisverðri ræðu á þessum sameiginlega utanríkisráðherrafundi í Lissabon þar sem hann sagði orðrétt að danska utanríkisráðherranum áheyrandi: „Þrátt fyrir fyrirsjáanleg vandamál munu formlegar samningaviðræður við EFTA-ríkin án vafa byrja á þessu ári."

En hvernig horfa þessar yfirlýsingar danska utanríkisráðherrans við gagnvart okkur Íslendingum? Við höfum ákveðið að sækja ekki um aðild að Evrópubandalaginu. Væri einhver fótur fyrir fullyrðingum danska utanríkisráðherrans sem leiddi til þess að önnur Norðurlönd en Ísland legðu inn aðildarumsókn liggur það nánast fyrir að hætt yrði við þær viðræður sem nú standa yfir. Þar með ættum við Íslendingar þess ekki kost að eiga aðild að sameiginlegu evrópsku efnahagssvæði. Þetta þýðir einfaldlega að við þyrftum að sækja einir á báti til Evrópubandalagsins um öll þau veigamiklu mál sem fjallað hefur verið um í viðræðum um evrópskt efnahagssvæði. Það sér hver maður sem kynnt hefur sér hið gífurlega umfang þessa máls að Evrópubandalagið er ekki í aðstöðu til að ræða samtímis aðildarumsóknir tveggja, þriggja ríkja til viðbótar við þær umsóknir sem fyrir liggja auk þess að taka upp tvíhliða viðræður um sérsamninga. Vandinn eða öllu heldur gallinn við yfirlýsingar danska utanríkisráðherrans er því sá að hann hefur einfaldlega ekki rökstutt fullyrðingar sínar. Hann skilur eftir hálfkveðna vísu sem veldur ruglingi og skapar óréttmætar efasemdir um stöðu þeirra viðræðna sem nú standa yfir og hefur þess vegna orðið til þess að skaða málstað þessara fjögurra Norðurlanda sem að viðræðunum standa.

Virðulegi forseti. Sú þróun sem á sér stað í Evrópu er þrátt fyrir allt aðeins hluti af alþjóðasamstarfi sem unnið er að á öðrum vígstöðvum einnig. Þær viðræður sem nú hafa staðið yfir á fjórða ár innan GATT, alþjóðasamkomulagsins um viðskipti og tolla, og nefnast Uruguay-lotan hafa það að markmiði að lækka tollmúra og draga úr viðskiptahindrunum milli allra ríkja og þar með að auka flæði vöru og þjónustu milli landa. Sú þróun eflir nánari samtryggingu milli þjóða (er eyðir tortryggni), eykur almenna hagsæld og skapar grundvöll að bættum samskiptum þjóða í milli.

Til marks um það hve milliríkjaviðskipti eru orðin mikilvæg vil ég nefna að heildarverðmæti vöruviðskipta milli landa á árinu 1988 námu 2880 milljörðum bandaríkjadala sem nam 14% aukningu frá árinu 1987. Iðnaðarvörur voru 1750 milljarðar dala, landbúnaðarvörur 390 milljarðar dala og viðskipti með hráefni og fleira 370 milljarðar dala. Að magni til nam aukning á útflutningsviðskiptum á vörum 8,5% samanborið við 5,5% fyrir árið 1987. Það er gríðarlega ör aukning í alþjóðaviðskiptum og það er burðarás hagvaxtar í hinu alþjóðlega viðskiptakerfi.

Erfitt er að spá um niðurstöðu Uruguay-viðræðnanna á þessu stigi en þó ljóst að þeim verður ekki fram haldið eftir næstu áramót. Það er stefnt að lokafundi í desember nk. og mun árangur mótast m.a. af eftirfarandi þáttum:

1. Hvort viðunandi lausn næst um aukið frjálsræði í landbúnaðarviðskiptum landa á milli jafnframt því að dregið verði úr vernd og styrkjum til þessarar greinar.

2. Hvort mönnum muni takast að lækka eða í sumum tilvikum afnema tolla með öllu. Markmiðið hefur verið að ná fram þriðjungs lækkun tolla en samkomulag um aðferðir er enn ekki fengið.

3. Hvort unnt verði að fella niður margvíslegar takmarkanir og viðskiptahindranir sem ná m.a. til skoðunar á vörum, upprunareglna, reglna um innflutning svo og um skatta og gjöld sem ekki er hægt að flokka undir tolla.

4. Enn fremur hvort lausn finnist á meðferð vöru sem framleidd er úr hráefnum úr náttúruauðlindum, þar á meðal er fiskur og fiskafurðir. Ekkert hefur miðað áfram um tollalækkunaraðferðir þar sem Evrópubandalagið er ekki tilbúið til samkomulags um fisk og fiskafurðir nema, eins og þeir orða það, allir

þættir sem eru sérstakir fyrir þessar afurðir og hafa áhrif á viðskipti verði dregnir inn í umræðurnar. Hér á Evrópubandalagið einfaldlega við aðgang að fiskveiðilögsögu strandríkja, en bandalagið hefur ítrekað þessa afstöðu sína fram á seinustu stund.

5. Þá er spurning hvort tekst að leysa úr togstreitu milli þróunarlanda annars vegar og helstu iðnríkja hins vegar um meðferð á vefnaðarvörum en hingað til hafa sérsamningar gilt til að koma í veg fyrir offramboð á vefnaðarvörum í iðnríkjum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

6. Þá er einnig spurning hvort möguleiki er á samkomulagi um hugverk í viðskiptum, þar á meðal einkaleyfisréttindi, en það er mjög algengt að þróunarríki noti einkaleyfi frá iðnríkjunum án heimilda.

Auk framangreindra þátta er verið að endurskipuleggja lög og reglur GATT og kveða á um markvissari aðgerðir stofnunarinnar til þess að taka á vanefndum einstakra ríkja við ákvæði samkomulagsins. Jafnframt er stefnt að því að þjónustuviðskipti falli framvegis undir GATT-samkomulagið.

Eins og fram kemur í ofangreindri upptalningu er í mörg horn að líta. Heildarniðurstaða samninganna mun ráðast af þeirri málamiðlun sem fæst á einstökum sviðum með því að eitt heildarmat sé lagt á samningsstöðuna. Eitt grundvallarspursmál í þessum samningum er hvort þau ríki sem framleiða bestu vöruna fyrir sem minnstan tilkostnað fái verulega aukið frelsi til viðskipta. Í þessum viðræðum gefst okkur tækifæri til að semja um lækkun tolla hjá ríkjum sem við höfum ekki fríverslunarsamninga við, svo sem Bandaríkin, Japan og ríki í Suðaustur-Asíu gegn því að við lækkum tolla á einhverjum af útflutningsvörum þeirra.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur þróun utanríkisviðskipta okkar Íslendinga verið okkur hagstæð undanfarin tvö ár og var vöruviðskiptajöfnuður hagstæður um 7,7 milljarða á árinu 1989. Vöruútflutningurinn jókst um 4% en innflutningur dróst saman um 7%. Hins vegar var viðskiptajöfnuður óhagstæður um 4 milljarða sem stafar af óhagstæðum þjónustujöfnuði þar sem mestu skiptir hinn miklu þungi vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Þetta er þó miklu betri útkoma en árið áður þegar viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 12 milljarða kr.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða var rúmlega 70% af heildarvöruútflutningsverðmætinu sem er örlítil samdráttur frá því í fyrra. Útflutningur iðnaðarvara nam 25% sem er aukning frá árinu 1988 og stafar af auknum útflutningi á áli og kísiljárni. Talsverð aukning varð á útflutningi frystra fiskflaka en þau eru okkar mikilvægasta útflutningsvara. Voru alls flutt út 109 þús. tonn. Samdráttur varð í útflutningi á saltfiski sem aðallega stafar af minni útflutningi til Portúgals vegna birgðasöfnunar og verðlagsþróunar þar. Útflutningur á ferskum fiski heldur áfram að aukast og voru flutt út 112 þús. tonn árið 1989 sem er 7% magnaukning frá fyrra ári. Nálægt 90% af þessum útflutningi fer til Bretlands og Þýskalands. Útflutningur á fiskimjöli dróst saman um fjórðung, m.a. vegna þess hve loðnuveiðar hófust seint á síðustu haustvertíð. Mestur hluti fiskimjölsins var seldur til Bretlands, Póllands og Finnlands.

Evrópubandalagið er langsamlega stærsti markaður fyrir íslenskar útflutningsafurðir sem fyrr og fóru tæplega 57% af heildarvöruútflutningnum þangað. Þetta hlutfall er svipað og undanfarin ár. Útflutningur til EFTA-ríkjanna var um 11% og hefur aukist frá síðasta ári, einkum vegna aukins útflutnings á loðnumjöli. Útflutningur til Bandaríkjanna jókst á síðasta ári eftir mikinn samdrátt undanfarin 4–5 ár. Var útflutningur til Bandaríkjanna um 14% af heildarútflutningi og voru Bandaríkin í öðru sæti yfir stærstu kaupendur íslenskra útflutningsafurða á eftir Bretum. Samdráttur var í útflutningi til Japans sem stafar af minni útflutningi á heilfrystum karfa. Undanfarin ár hafa viðskiptin við Austur-Evrópu farið síminnkandi. Sem hlutfall af heildarviðskiptum árið 1985 t.d. var hlutfall viðskiptanna við Austur-Evrópu um 8% af heildarviðskiptum en á síðasta ári var þetta hlutfall komið niður í 5% og innflutningur þaðan hins vegar 6,5% af heildinni. Langþýðingarmesti markaðurinn er í Sovétríkjunum innan Austur-Evrópu, en þangað fóru ⅔ hlutar af útflutningnum til Austur-Evrópu.

Á síðasta ári ákváðu EFTA-ríkin að taka upp fríverslun með fiskafurðir og gildistaka þeirrar ákvörðunar er 1. júlí á þessu ári. Þetta þýðir í reynd að farið verður með sjávarafurðir í viðskiptum við EFTA-ríkin eins og um iðnaðarvörur væri að ræða. Þáltill. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda nauðsynlegar breytingar á stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu mun verða lögð fyrir Alþingi á næstunni. Þessi ákvörðun EFTA-ríkjanna hefur jafnframt skapað samstöðu meðal þeirra um að krefjast þess í viðræðum við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði að fríverslun með fisk verði komið á milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins.

Virðulegi forseti. Þá vil ég fara nokkrum orðum um pólitíska samvinnu og samstarf ríkja á sviði afvopnunarmála. Eins og ég hef áður vikið að eru góðar líkur á að takast megi að yfirvinna þá óeðlilegu skiptingu Evrópu sem varað hefur frá stríðslokum, en náist samkomulag um sameiningu þýsku ríkjanna á þessu ári verður stórum áfanga náð í því efni.

Spurningin um sameiningu þýsku ríkjanna kom fljótlega upp eftir að Berlínarmúrinn féll á sl. hausti og landamæri voru opnuð þann 9. nóv. sl. Þegar í sama mánuði lagði Kohl, kanslari Vestur-Þýskalands, fram áætlun í tíu liðum sem gerði ráð fyrir hægfara þróun ríkjanna í átt til sameiningar. Atburðarásin hefur hins vegar orðið öll önnur og flest bendir til að sameining ríkjanna verði að veruleika á mun skemmri tíma. Margir samverkandi þættir hafa valdið þessum umskiptum. Meðal þeirra sem mestu skipta er hinn mikli fólksflótti frá Austur-Þýskalandi og öðrum Austur-Evrópuríkjum og gífurlegur efnahagsvandi Austur-Þýskalands.

Greinilegt er að mikill meiri hluti þýsku þjóðarinnar beggja vegna landamæra er hlynntur sameiningu þýsku ríkjanna. Nú þegar fjölflokkakerfi hefur verið

komið á í Austur-Þýskalandi og lýðræðislega kjörin ríkisstjórn tekur senn við völdum fer væntanlega í hönd sá tími að teknar verði ákvarðanir sem lúta að því hvernig að sameiningu verður staðið. Gjaldmiðilssamband er nú þegar í farvatninu og miðað er að því að taka upp notkun vestur-þýska marksins í austurhluta landsins.

Með hvaða hætti staðið verður að sameiningu Þýskalands er að sjálfsögðu undir Þjóðverjum komið. Málið er þó töluvert flókið þegar kemur að utanríkis- og öryggismálum, enda á Vestur-Þýskaland aðild að Atlantshafsbandalaginu en Austur-Þýskaland að Varsjárbandalaginu.

Til að finna sameiginlega lausn á þeim málum sem lúta að utanríkis- og öryggismálum var nýlega ákveðið að koma á nefnd þýsku ríkjanna beggja sem og fjórveldanna, Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Sovétríkjanna. Nefndin sem kom saman til fyrsta fundar 14. mars sl. mun hafa samráð við önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins sem og önnur ríki. Þá mun Pólland taka þátt í fundum nefndarinnar þegar fjallað verður um austurlandamærin.

Hlutverk nefndarinnar lýtur ekki hvað síst að tveimur meginatriðum: Í fyrsta lagi staða sameinaðs Þýskalands í öryggiskerfi Evrópu. Í öðru lagi er nauðsynlegt að samningar takist með Þjóðverjum og Pólverjum þannig að þeir síðarnefndu hafi enga ástæðu til að vefengja viðurkenningu Þýskalands á landamærum Póllands.

Það er fagnaðarefni að sameining Þýskalands er í augsýn. Skipting landsins hefur alla tíð verið óeðlileg og löngu kominn tími til að henni verði aflétt. Fall kommúnismans í Austur-Þýskalandi hefur nú gert hana mögulega og það er Þjóðverja sjálfra að ákveða með hvaða hætti henni verði komið á. Sameining Þýskalands snertir hins vegar einnig hagsmuni annarra ríkja í Evrópu, hvort sem er í vestri eða austri. Það er því nauðsynlegt að finna viðunandi lausnir í þeim málum er lúta að öðrum ríkjum sem allir geta við unað.

Sameining þýsku ríkjanna mun vafalaust verða í brennidepli í Evrópu á næstu mánuðum. Hafa ber þó hugfast að tilraunir til að yfirvinna tvískiptingu Evrópu fara nú fram á miklu breiðari grundvelli. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem ber ensku skammstöfunina CSCE, þar sem 33 Evrópuríki eiga aðild auk Bandaríkjanna og Kanada, þjónar sem áður afar mikilvægu hlutverki. Á árinu verða haldnir þrír sérfræðingafundir ráðstefnunnar og má geta þess að einn þeirra, svokallað efnahagssamvinnuþing, stendur nú yfir þessa dagana í Bonn.

Ætla má að mikilvægi CSCE innan evrópskrar samvinnu muni aukast á næstu árum eftir því sem samskipti ríkja austurs og vesturs verða frjálsari og opnari eins og vonir standa til. Jafnframt getur ekki hjá því farið að eðli og markmið ráðstefnunnar sjálfrar taki ákveðnum breytingum. Nýlega hefur skotið upp hugmyndum um að settar verði á fót sérstakar stofnanir á vegum ráðstefnunnar sem hefðu m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd samþykkta hennar, bæði að því er varðar afvopnunarmál og hinn mannlega þátt, ekki hvað síst mannréttindamál. Líklegt er að þessi og aðrir hugmyndir um framtíð stofnunarinnar verði ofarlega á blaði á sérstökum leiðtogafundi þessara 35 ríkja sem efnt verður til seint á þessu ári.

Þegar litið er til pólitískra samskipta austurs og vesturs virðist full ástæða til að ætla að runnið sé upp nýtt tímabil slökunar og samvinnu. Hernaðarlega ríkir hins vegar enn það ástand sem varð til vegna kalda stríðsins þar til samningaviðræður sem nú eru í gangi hafa skilað árangri og þær munu hafa afgerandi mikilvægi til þess að festa hina stjórnmálalegu þíðu í sessi.

Viðræður hinna aðildarríkja ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, þ.e. ríkjanna sem fjalla um traustvekjandi aðgerðir, eru beint framhald Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1986 enda stundum kenndar við hana og einfaldlega skammstafaðar sem Stokkhólmur II. Viðræðurnar snúast fyrst og fremst um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu en ekki eiginlegan niðurskurð herja eða afvopnun. Þær hafa því allt sl. ár verið nokkuð í skugga viðræðna þeirra 23 ríkja sem eiga aðild að hernaðarbandalögunum tveimur. Það er hins vegar alveg ljóst að niðurstaða þessara viðræðna hefur mikla þýðingu fyrir samskipti austurs og vesturs og vonir standa til að ljúka megi áfangaviðræðum á þessu ári.

Mikill og almennur pólitískur vilji er fyrir því innan bandalaganna beggja að ljúka fyrsta samningi um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu á þessu ári og undirrita hann með formlegum hætti á leiðtogafundi ráðstefnuríkjanna um samvinnu og öryggi Evrópu, þessara 35 ríkja, seinna á árinu. Jafnframt fjölgar þeim ráðamönnum sem vilja þegar að loknum fyrsta samningi hefja viðræður um þann næsta, áfanga II, og hafa sumir nefnt hið nýja upprennandi tímabil „afvopnunarkapphlaupið".

Vonir standa nú til að CFE-samningur verði tilbúinn til undirskriftar á þjóðarleiðtogafundi á hausti komanda, í öllu falli fyrir árslok, eins og ákveðið var á Ottawa-fundi utanríkisráðherra ríkjanna 23 fyrir skemmstu, enda varð þar almennt samkomulag um að fylgja eftir frumkvæði Bandaríkjaforseta um niðurskurð herliðs risaveldanna sem staðsett er í níu ríkjum á miðju meginlandi Evrópu. Samkomulagið felur í sér að Bandaríkin og Sovétríkin fái að hafa í hæsta lagi 195 þúsund manna herlið á svæðinu, hvort ríki um sig, en í Evrópu hafi Bandaríkin að auki 30 þúsund manna herlið utan miðsvæðis.

Verulegur árangur hefur náðst í viðræðum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf um niðurskurð langdrægra kjarnavopna á þessu ári eða snemma á næsta ári. Slíkt samkomulag, svokallað START-samkomulag, mundi hafa í för með sér allt að helmings fækkun ákveðinna tegunda langdrægra kjarnavopna risaveldanna.

Hvað efnavopn varðar ríkir nokkur bjartsýni um að afvopnunarráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Genf um allsherjarbann undir ströngu eftirliti við fram-

leiðslu, birgðasöfnun og notkun efnavopna eigi eftir að bera ávöxt fyrr en síðar. Ákvörðun Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að stuðla að því að flýta viðræðunum í Genf eins og framast er kostur er sérstakt ánægjuefni. Utanríkisráðherrar ríkjanna gáfu út sérstaka yfirlýsingu um efnavopn á fundi sínum í Moskvu í febrúar sl. Yfirlýsingin er til vitnis um að ríkin hafa nálgast hvort annað í mörgum ágreiningsefnum. Samkomulag er um að eftir að samningur um allsherjarbann hefur tekið gildi muni ríkin tvö útrýma efnavopnabirgðum sínum á átta árum og að fullu og öllu á næstu tveimur árum þar á eftir, svo framarlega sem öll ríki sem hafa efnavopn í fórum sínum, og þá er einkum vísað til ýmissa þróunarlanda, hafi þá staðfest samninginn með undirskrift sinni.

Þegar á heildina er litið virðist óhætt að fullyrða að allt frá stríðslokum hafi bjartsýni um árangur á sviði afvopnunar aldrei verið meiri en nú þrátt fyrir allt né heldur stuðst við jafnraunhæfa möguleika og nú.

Það leiðir af hnattstöðu Íslands að sé eitthvert svið afvopnunar sem skiptir Íslendinga meira máli en önnur, þá sé það afvopnun á höfunum. Hagsmunir okkar Íslendinga á því sviði eru svo augljósir að þeir þarfnast varla ítarlegrar skilgreiningar. Kjarni hagsmuna okkar á sviði afvopnunarmála lýtur bersýnilega að því að stuðla að hernaðarlegum stöðugleika og samdrætti í vígbúnaði norðurhafa ásamt því að draga úr slysahættu vegna kjarnorkuvígbúnaðar og þeim skaðlegu afleiðingum sem af þeim getur stafað fyrir lífríki sjávar.

Í pólitískum umræðum innan Atlantshafsbandalagsins á sl. ári höfðum við Íslendingar frumkvæði að því að beina athyglinni að traustvekjandi aðgerðum og takmörkun vígbúnaðar á höfunum. Á leiðtogafundi Altantshafsbandalagsins í lok maímánaðar gerðum við formlega grein fyrir áhuga Íslands á þessum málaflokki og fluttum tillögu um að bandalagið kannaði með kerfisbundnum hætti hvernig skynsamlegt væri að standa að samningum um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar á höfum. Ísland varð þannig fyrst aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins til þess að lýsa formlega yfir stuðningi við að afvopnunarviðræður næðu til vígbúnaðar í höfum með meira afgerandi hætti en nú er raunin. Síðan hafa æ fleiri bandalagsríki sýnt málinu áhuga með þeim afleiðingum að aukinni athygli hefur verið beint að þessum málaflokki innan bandalagsins og á öðrum vettvangi að undanförnu.

Málflutningur Íslendinga hefur í meginatriðum byggt á því að stefna bæri að samningaviðræðum um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar, sem næðu einnig til hafsvæða, að loknum viðræðum um fækkun hefðbundinna vopna í Evrópu sem vonir standa til að um verði samið á þessu ári. Á það hefur verið lögð áhersla að í ljósi þess að gera má ráð fyrir að samningar takist nú á þessu ári sé nauðsynlegt að hefja athuganir og umræðu innan bandalagsins nú þegar, enda væri hér um að ræða málaflokk sem næði til vígbúnaðar sem ekki hefði verið á dagskrá nema að mjög litlu leyti fyrr. Þar sem aðstæður á höfunum væru gerólíkar aðstæðum á landi væri tímabært að hefja vandlega kerfisbundna athugun á helstu kostum nú þegar.

Afstaða Íslendinga er í fullu samræmi við þá stefnu um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun sem Atlantshafsbandalagið samþykkti á sl. ári og þá forgangsröð verkefna sem þá var ákveðin. Samræmd stefna bandalagsins gerði ráð fyrir því að árangur í samningum um hefðbundin vopn í Evrópu gerði kleift að beina athyglinni að frekari fækkun á sviði taktískra kjarnavopna sem og hefðbundinna vopna. Þess er að vænta að á þessu ári takist samningar um afvopnun hefðbundinna vopna sem og START-samningar. Þegar þeir samningar eru í höfn er röðin komin að öðru og þá að okkar mati að samningagerð um traustvekjandi aðgerðir og afvopnun á höfunum.

Það er einkum þrennt sem gerir það að verkum að aðstæður á höfum úti eru aðrar en á landi. Í fyrsta lagi eru Atlantshafsbandalagsríkin mun háðari höfunum en Sovétríkin sem eru fyrst og fremst landveldi. Norður-Atlantshafið tengir Bandaríkin og Kanada við Vestur-Evrópu. Flutningaleiðirnar yfir hafið þjóna því svipuðum tilgangi fyrir Atlantshafsbandalagið og vega- og járnbrautakerfi fyrir Sovétríkin. Afleiðing þessara landfræðilegu staðreynda er sú að Atlantshafsbandalaginu er nauðsyn að halda uppi herstyrk sem tryggt getur flutningaleiðir milli Norður-Ameríku og Evrópu við hvaða skilyrði sem er.

Í öðru lagi eru höfin alþjóðleg og markast ekki af landamærum líkt og ríki. Flotum er frjálst að sigla nánast hvar sem er og hvenær sem er um heimshöfin án afskipta annarra. Þótt sjóherir verði að fara eftir alþjóðlegum siglingareglum eins og önnur skip skerðir það ekki rétt þeirra til frjálsra siglinga. Frelsi til siglinga um höfin er aldagömul hefð sem á sér djúpar rætur í hugum manna og er nauðsynlegt að taka tillit til þegar rætt er um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar á höfunum.

Í þriðja lagi ber að hafa í huga hversu hreyfanlegir sjóherir eru. Þeir geta athafnað sig um öll heimsins höf og eru ekki bundnir við ákveðin svæði. Landheri og flugheri er ekki hægt að flytja frá einu svæði til annars á viðlíka hátt og sjóheri. Hinir fyrrnefndu þurfa mikinn viðbúnað og tímafrekan til þess að svo geti orðið og flugherir þurfa sérstakar bækistöðar. Sjóherir eru hins vegar hannaðir þannig að þeir geta með litlum fyrirvara fært sig frá einum stað til annars og þurfa ekki bækistöðvar í landi. Þeir eru því ekki bundnir svæðum líkt og annar herstyrkur.

Í fjórða lagi er sannprófun samninga um sjóheri að mörgu leyti erfiðari viðfangs en á landi. Hér er höfuðatriðið kafbátar, sem eru í reynd þess eðlis, að enginn einn þáttur vígbúnaðar er jafnerfiður viðfangs þegar um sannprófun og eftirlit er að ræða. Þeir eru hannaðir á þann veg að þess er sérstaklega gætt að gera eftirlit með athöfnum þeirra eins erfitt

og kostur er. Takmörkun á fjölda þeirra er engum vanda bundin en sannprófun á því hvaða vopn þeir bera eða á starfsemi þeirra er nokkuð sem aðeins verður leyst með mjög náinni samvinnu samningsaðila. Það verður ekki gert einhliða.

Það er í ljósi þeirra landfræðilegu staðreynda, sem hér hefur verið getið, að í málflutningi Íslendinga hefur verið lögð á það áhersla að samningar sem taka til vígbúnaðar á höfunum verða að taka mið af því hversu ríki eru háð höfum í mismiklum mæli. Þá hafa Íslendingar jafnframt lagt á það áherslu að samningar verði að taka tillit til hinnar aldagömlu hefðar um frelsi til siglinga um úthöfin. Það er ekki í þágu íslenskra hagsmuna að samið verði um traustvekjandi aðgerðir á höfum sem brjóta gegn þeirri aldagömlu hefð.

Þessar tvær forsendur móta ramma um þá stefnu sem hefur verið í mótun í utanrrn. á undanförnum mánuðum og hér er lýst. Þær veita ákveðna viðmiðun við það sem við teljum æskilegt á sviði traustvekjandi aðgerða og takmörkun vígbúnaðar á höfunum og hvað við teljum ekki æskilegt. Á grundvelli þeirra munum við vega og meta hugmyndir og tillögur. Þá er ljóst að sannprófunarmálin setja skorður við því sem raunhæft er að stuðla að.

Traustvekjandi aðgerðir, eins og þær sem hafa verið viðfangsefni í samningaviðræðunum í Vín og sem samþykktar voru í Stokkhólmi 1986, miða að því að bæta sem mest upplýsingastreymi milli austurs og vesturs á hernaðarsviðinu og setja reglur um samskipti og starfsemi herja. Mismunurinn á hafi og landi gerir það að verkum að traustvekjandi aðgerðir sem eiga við um land henta ekki endilega í öllum tilvikum að því er varðar höfin. Þó má færa rök fyrir því að ýmsar þeirra aðgerða sem eiga við um landheri megi aðlaga aðstæðum á höfum úti. Þetta á t.d. við um tilkynningarskyldu fyrir meiri háttar flotaæfingar sem og skipti á skoðunarmönnum, eftirlitsmönnum við slíkar æfingar. Þá gæti það haft verulega þýðingu að semja um upplýsingaskipti um málefni sjóherja og að stofna til málþinga milli austurs og vesturs um flotavígbúnað. Aðgerðir sem þessar væru til þess fallnar að móta upphafið að samningum milli austurs og vesturs um traustvekjandi aðgerðir á höfum.

Við teljum það hins vegar stríða gegn reynslunni um frelsi til siglinga um höfin að setja skorður við flotaæfingum. Við teljum jafnframt að traustvekjandi aðgerðir sem setja skorður við liðsflutningum vestrænna ríkja á norðurslóðir komi ekki til greina. Allmargar þeirra tillagna sem Sovétríkin hafa sett fram um traustvekjandi aðgerðir á höfunum hafa því miður verið því marki brenndar að setja einhliða skorður við starfsemi flota Atlantshafsbandalagsríkjanna.

Traustvekjandi aðgerðir á höfunum hafa fram til þessa einkum beinst að því að koma í veg fyrir slys og hættuleg atvik. Þetta er eðlilegt, enda slysahætta á höfunum töluverð sem leiðir m.a. af því að landamæri eru engin til að skilja á milli herja. Verulegur árangur hefur náðst í viðleitni til að draga úr slysum og hættulegum atvikum á höfunum. Alþjóðlegar siglingareglur hafa verið mótaðar um langan aldur, ekki síst í þessu skyni. Samkomulag Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um atvik á höfunum frá 1972 hefur verið árangursríkt. Hliðstæðir tvíhliða samningar hafa nú verið gerðir milli Sovétríkjanna og Bretlands, Vestur-Þýskalands, Frakklands, Ítalíu og Kanada og samningar af hálfu Norðmanna eru í burðarliðnum. Á síðasta ári gerðu Bandaríkin og Sovétríkin nýtt samkomulag um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir hættuleg atvik á hernaðarsviðinu. Samkomulagið nær einnig til hafsvæða og má líta á sem viðbót við samkomulagið frá 1972.

Allar eru þessar aðgerðir mikilvægar til þess að koma í veg fyrir slysahættu á höfunum. En þær ná fyrst og fremst til atvika sem geta átt sér stað vegna samskipta sjóherja og annarra skipa á hafi en ekki til slysa sem eiga sér stað vegna bilana t.d. í vélbúnaði. Það er Íslendingum augljóst hagsmunamál að koma í veg fyrir slys af því tagi sem áttu sér stað undan ströndum Noregs á sl. ári vegna bilana í sovéskum kjarnorkukafbátum þremur talsins. Afleiðingar geislavirkni á fiskimið og markað Íslendinga þarf ekki að tíunda fyrir hv. alþm. eða öðrum Íslendingum.

Í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í október vakti ég athygli á þessum vanda og lagði þá til að sem fyrsta skref yrði Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni falið að setja leiðbeinandi alþjóðareglur um kjarnaofna í skipum. Þá hafa Svíar sett fram hugmyndir um að styrkja sáttmálann um tilkynningar vegna kjarnorkuslysa, en hann var staðfestur af ríkisstjórninni í september sl. Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Turku í Finnlandi í febrúar sl. varð samkomulag um að fulltrúar Norðurlandanna hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni mundu vinna saman að framgangi þessara mála sem og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þegar komið er að spurningunni um eiginlega takmörkun vígbúnaðar í norðurhöfum er það í mínum huga höfuðatriði að dregið verði úr kjarnorkuvígbúnaði. Takist START-samningar á þessu ári, eins og vonir standa til, má gera ráð fyrir verulegri fækkun kjarnavopna í eldflaugakafbátum og er það mikið fagnaðarefni. Ekki er þó enn ljóst hvort START-samningar fela í sér fækkun langdrægra stýriflauga búnum kjarnaoddum sem vissulega væri út frá öllum sjónarmiðum afar æskilegt. Þá eru þúsundir annarra kjarnavopna utan START-samninganna. Sú hugmynd að banna eða takmarka mjög mikið þessi kjarnavopn í sjóherjum ásamt langdrægum stýriflaugum hefur á undanförnum árum fengið verulegan meðbyr á alþjóðavettvangi, sérstaklega eftir að Paul Nitze, sem þá var aðalsamningamaður Bandaríkjanna í START-viðræðunum, hreyfði henni á sínum tíma. Það er ánægjuefni þegar fyrrum formaður bandarískra herráðsins, William Crowe aðmíráll, tekur undir þessar hugmyndir eins og hann gerði í heimsfrægu viðtali í byrjun þessa árs.

Annar höfuðþáttur kjarnorkuvígbúnaðar á norð-

urslóðum eru kjarnaknúnir árásarkafbátar. Hér erum við komin að þeim þætti vígbúnaðar sem skiptir öryggi sjóleiðanna hvað mestu máli. Eins og kemur fram í þeirri skýrslu sem nú er til umræðu kann niðurskurður og samdráttur í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu að auka mikilvægi flutningaleiðanna frá Bandaríkjunum og Kanada. Ástæðan er þessi: Niðurskurður og flutningur herstyrks úr framvarðarstöðu í Mið-Evrópu felur í sér að dragi einhvern tíma til ófriðar í álfunni vegna árekstra á stjórnmálasviði muni það kalla á mikla liðsflutninga til fremstu víglínu. Sovétríkin gætu nýtt landleiðina í sína þágu en Atlantshafsbandalagið yrði að treysta á sjóleiðina framar öðru. Með öðrum orðum, niðurskurður herja í Mið-Evrópu felur í sér að mikilvægi liðsflutninga eykst og þar af leiðandi flutningaleiðanna yfir Atlantshafið þrátt fyrir að ófriðarlíkur séu miklu minni, sem betur fer, en áður. Þetta kann að hljóma sem þversögn en er það alls ekki. Ófriðarlíkur í Evrópu verða væntanlega miklu minni en áður en vopnuð átök verður hins vegar aldrei hægt að útiloka eins og sagan er e.t.v. ríkasti vitnisburðurinn um.

Í kjölfar afvopnunarsamninga í Evrópu verður viðbúnaður til að tryggja öryggi þeirra ríkja sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu mun minni en raun hefur verið fram til þessa. En spurningin er: Hvernig verður öryggi siglingaleiðanna best tryggt? Hin rökrétta leið til að tryggja og efla öryggi siglingaleiðanna með minni viðbúnaði, minni vopnabúnaði er greinilega sú að beina augunum að þeim herstyrk sem beina má gegn þeim, með öðrum orðum hinum kjarnorkuknúna árásarkafbátaflota Sovétríkjanna og leita leiða til að ná fram samdrætti á flotanum með samningum. Fækkun kjarnorkuknúinna árásarkafbáta í norðurhöfum samræmist jafnframt því markmiði að vernda umhverfi sjávar fyrir hættunni af stórfelldum mengunarslysum eða umhverfisslysum af völdum geislunar.

Aukið mikilvægi flutningaleiðanna yfir Norður-Atlantshaf í kjölfar samninga um afvopnun varðandi hefðbundin vopn og takmörkun vígbúnaðar á norðurhöfum eru þannig engan veginn ósamrýmanlegir þættir. Öllu fremur er ein höfuðforsendan fyrir auknu öryggi flutningaleiðanna sú að samningar takist um takmörkun vígbúnaðar á höfunum sem nái til kjarnorkuknúinna árásarkafbáta.

Sjóherir voru ekki á dagskrá í samningaviðræðum 23 ríkja bandalaganna beggja um hefðbundna afvopnun sem fara fram í Vín. Þeir koma hins vegar við sögu í samningaviðræðum þátttökuríkjanna 35 á ráðstefnu um traustvekjandi aðgerðir sem einnig fara fram í Vín. Erindisbréf viðræðnanna, sem samþykkt var í Madrid 1983, snýður traustvekjandi aðgerðum á höfunum því miður nokkuð þröngan stakk þar sem einungis starfsemi sjóherja, sem beinlínis tengjast tilkynningarskyldum æfingum á landi, eru viðfangsefni þessara viðræðna.

Formlegur tillöguflutningur á þessu stigi málsins getur því einungis verið innan ramma erindisbréfs Vínarviðræðnanna eins og kveðið var á um það í Madrid. Það þýðir þó ekki að málflutningur Íslendinga verði eingöngu miðaður við þær. Megináherslan verður lögð á að vinna hugmyndum um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar á höfunum fylgi og stuðla að því að samningaviðræður nái til hafsvæðanna.

Á vegum utanrrn. verður á þessu ári áfram unnið að stefnumótun á traustvekjandi aðgerðum á afvopnun á höfunum og miðað að því að vinna þeim hugmyndum fylgi innan Atlantshafsbandalagsins í tvíhliða viðræðum við aðildarríki og á öðrum vettvangi. Ekki er ólíklegt að eftir að gengið hefur verið frá samningum um hefðbundin vopn í Evrópu verði afvopnunarmálin tekin til athugunar í heild sinni, þar á meðal vígbúnaður á höfum.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja nokkrum orðum að varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951 og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu eru hornsteinar íslenskrar öryggis- og varnarmálastefnu enn í dag. Hernaðarlegt mikilvægi Íslands byggist á hnattstöðu landsins í Norður-Atlantshafi. Varnarliðið sem staðsett er á Keflavíkurflugvelli eða búnaður þess eykur hvorki né dregur úr hernaðarlegu mikilvægi landsins. Varnarliðið hefur hins vegar afgerandi áhrif á möguleika okkar til þess að fylgjast með hernaðarumsvifum umhverfis Ísland og bregðast tímanlega við atburðum eða þróun sem stofnað getur öryggi þjóðarinnar í hættu. Þetta eftirlitshlutverk varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli er mikilvægur hlekkur í eftirlits- og aðvörunarkerfi Atlantshafsbandalagsins og vörnum Íslands.

Innan ramma þessa eftirlits með umferð flugvéla, skipa og kafbáta umhverfis Ísland fellur m.a. starfsemi sérstakrar öryggisdeildar sjóhersins eða svokallaðrar „Naval Security Group" sem varð tilefni utandagskrárumræðu hér á Alþingi sl. mánudag. Af því tilefni ákvað ég að láta íslenska sérfræðinga og tæknimenn kanna sérstaklega hvort starfsemi umræddrar öryggisdeildar sjóhersins væri í samræmi við framangreint markmið. Niðurstöður þeirrar athugunar eru eftirfarandi:

Deildin er hluti af starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hún hefur starfað þar með vitund íslenskra stjórnvalda frá upphafi, frá árinu 1959. Starfsemi öryggisdeildarinnar var skoðuð af varnarmálaskrifstofu í fyrsta sinn árið 1985. Hlutverk þessarar deildar er að styðja starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, m.a. björgunaraðgerðir úr sjó, svo og að fylgjast með radíómerkjum sovéskra herflugvéla, skipa og kafbáta í nánd við landið og staðsetja með miðun. Deild þessi heyrir beint undir yfirherstjórn Atlantshafsflotans og er skipuð starfsmönnum sjóhersins en þar starfa engir borgaralegir starfsmenn. Þá hafa yfirmenn varnarliðsins fullvissað íslenska utanrrn. um það að sú starfsemi sem þar fari fram sé eingöngu til styrktar eftirlitshlutverki varnarliðsins auk þess sem hún getur miðað út og staðsett köll á alþjóðlegri neyðarbylgju. Það er undirstrikað

af hálfu þeirra íslensku tæknimanna sem stöðina skoðuðu að enginn búnaður, hvorki loftnet né önnur tæki sem nota má til hlerana símaþjónustu eða skeytasendinga frá eða til Íslands né heldur innan lands er fyrir hendi innan stöðvarinnar, enda samræmist það ekki íslenskum lögum.

Af þessu má ráða að hér er um eðlilega starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli að ræða í þágu öryggis og varna landsins. Öllum staðhæfingum um ólöglega og óréttmæta starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og öryggisdeildar sjóhersins er því vísað á bug sem órökstuddum að lokinni rækilegri skoðun. Enda skal það áréttað að í þeim blaðagreinum, sem vitnað var til um þetta efni, var því hvergi haldið fram að slíkar njósnir væru stundaðar hér á Íslandi.

Vil ég þá víkja að öðru meginhlutverki varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli en það er eftirlit með sjóflutningaleiðum yfir Norður-Atlantshaf. Hernaðarlegt mikilvægi Íslands ræðst ekki hvað síst af mikilvægi þessara flutningaleiða, eins og ég hef áður vikið að, en þær eru lífæð bandalagsþjóðanna. Niðurskurður og samdráttur í herafla Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja munu auka mikilvægi liðsaukaflutninganna á hættu- og ófriðartímum. Hernaðarlegt mikilvægi Íslands mun þá væntanlega aukast að sama skapi hvort sem oss líkar betur eða verr, svo og þýðingarmikið hlutverk eftirlitsstöðvar. Takist samningar um afvopnun, eins og vonir standa til, og enn fremur um vígbúnaðareftirlit á höfunum aukast jafnframt líkur á því að Ísland muni gegna lykilhlutverki í framtíðinni sem miðstöð eftirlits með framkvæmd afvopnunarsamninga á höfunum. Það mundi aftur gera þörfina fyrir byggingu varaflugvallar við íslenska flugumsjónarsvæðið enn brýnni en ella.

Virðulegi forseti. Íslenskir aðalverktakar voru stofnaðir árið 1954 í framhaldi af samkomulagi Íslendinga og Bandaríkjamanna um að íslenskur verktaki taki við hlutverki bandaríska verktakafyrirtækisins sem þá var samningsaðili við varnarliðið um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Stofnaðilar Íslenskra aðalverktaka voru ríkissjóður með 25% eignaraðild, Sameinaðir verktakar með 50% og Reginn hf. með 25%. Félagsstjórn var skipuð einum fulltrúa ríkisins, tveimur fulltrúum Sameinaðra verktaka og einum fulltrúa Regins hf.

Í tíð núv. ríkisstjórnar hefur verið unnið að breytingum á stjórn og eignaraðild að Aðalverktökum. Eðli fyrirtækisins og einokunaraðstaða, sem það nýtur í skjóli ríkisvaldsins, gerir eðlilegt að stjórnvöld hafi meiri áhrif á stjórn fyrirtækisins en verið hefur. Íslenskir aðalverktakar eru í raun grundvallaðir á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna en öll meðferð samningsins af Íslands hálfu er á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Fyrir aðalfund félagsins á síðasta ári var gert samkomulag við meðeigendur ríkisins um að fjölgað yrði í stjórn félagsins um einn og að fulltrúar ríkisins yrðu eftirleiðis tveir af fimm. Jafnframt var þá lýst vilja stjórnvalda til að breyta eignarhlutföllum í félaginu þannig að ríkisvaldið eignaðist meiri hluta. Í desember sl. náðist samkomulag þar sem Sameinaðir verktakar og Reginn hf. lýsa sig reiðubúna að ganga til samninga sem leiði til meirihlutaeignar ríkisins. Að þessum samningum er nú unnið og við það miðað að samningsgerð verði lokið fyrir aðalfund félagsins á þessu ári. Það ber að undirstrika að eingöngu er um viljayfirlýsingu að ræða frá meðeigendum ríkisins um að ganga til samninga um það meginatriði að ríkið eignist meiri hlutann en ekki skuldbindingu um að ná þessum samningum. Samningaviðræður ganga eðlilega en það er ekki tímabært að skýra frá einstökum atriðum þeirra. Það mun koma í ljós á næstu vikum hvort samningar nást en á þessu stigi má segja að hófleg bjartsýni sé um að samningar náist þannig að viðunandi sé fyrir alla aðila.

Ég hef þegar gert grein fyrir varaflugvallarmálinu við ólík og mörg tækifæri hér á Alþingi og sé því ekki ástæðu til þess að fjalla um það sérstaklega nú.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum, virðulegi forseti, að norrænni samvinnu. Í kjölfar Norðurlandaráðsþings í Reykjavík nýlega spunnust líflegar umræður um tilgang og eðli norrænnar samvinnu og vil ég gera þeim málum nokkur skil.

Ef til vill er ekki tekið of djúpt í árinni þó sagt sé að norræn samvinna sé að nokkru leyti að verða íslenskri stjórnsýslu í ráðuneytunum ofviða. Sé gagnrýni sú, sem fram hefur komið varðandi samvinnu þessa, dregin saman virðist mér menn einkum benda á eftirtalin atriði:

1. Markmiðin eru ekki nógu skýr og því er örðugt að byggja rökréttan grundvöll forgangsverkefna.

2. Þrátt fyrir almennan vilja til norræns samstarfs, sem er óvefengjanlegur, þá tekur samvinnan ekki til ýmissa stórmála og framkvæmd samnorrænna ákvarðana er oft og tíðum slök í löndunum sjálfum.

3. Ákvæðið um samhljóða niðurstöðu við ákvarðanatöku takmarkar starfsemina þótt hún hafi sína kosti. Það hefur síðan áhrif á það hvaða mál eru tekin til meðferðar og tefur stundum framgang mála.

Þetta kemur m.a. fram í skýrslu sem norræna ráðherranefndin hefur látið hagsýslusérfræðinga semja um hvernig virkja megi samstarfið betur og gera það skilvirkara. Er nú unnið að því að kanna leiðir til úrbóta samkvæmt ábendingum höfunda. Umfang norrænnar samvinnu er afar mikið sem sést á eftirfarandi:

Það eru starfandi 18 ráðherranenfndir, 19 embættismannanefndir, skrifstofa ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn með 90 starfsmenn, 70 stofnanir, þar af 35 sem hafa á að skipa föstu starfsliði, um 150 vinnu- og úttektarhópar og þar að auki fjöldi samstarfsverkefna.

Niðurstöður norrænu fjárlaganna fyrir árið 1990, sem fylgja skýrslu minni til Alþingis, fskj. 4, eru um 700 millj. danskar kr. sem svara til rúmlega 6½ milljarðs íslenskra króna. Af þessari upphæð greiða Íslendingar einungis 1% og er gert ráð fyrir 58 millj. kr. framlagi á fjárlögum utanrrn. á þessu ári undir liðnum Alþjóðastofnanir til þess.

Nú má spyrja: Skila þessir fjármunir sér aftur til okkar og þá hvernig? Á því leikur ekki hinn minnsti vafi að þetta eina prósent skilar sér margfalt og að oft skili framlagið sér í beinu hlutfalli við fjölda landanna, þ.e. að „deilt sé í með fimm".

Þegar rætt er um kostnað Íslendinga af hinu norræna samstarfi er þó ekki einvörðungu að telja fram þetta eina prósent norrænu fjárlaganna. Skrifstofa samstarfsráðherra Norðurlanda (skrifstofa Norðurlandamála) er vistuð í utanrrn. og til reksturs hennar eru áætlaðar 10,8 millj. á fjárlögum. Íslendingar eiga fulltrúa í embættismannanefndum og fjölmörgum undirnefndum og af því hlýst kostnaður bæði við undirbúning, úrvinnslu, svo og verulegur ferðakostnaður sem og kostnaður vegna vinnutaps vegna langra ferða.

Ekki er unnt að slá tölu á hve mörg ársverk eru unnin hér í þágu norræns samstarfs innan ráðuneyta og ríkisstofnana. Það fer að sjálfsögðu eftir hvaða nefndir er um að ræða og hversu virkir menn eru en telja má að verulegur kostnaður sé fólginn í þáttöku Íslendinga í norrænu samstarfi sem ekki er tíundaður í fjárlögum.

Eins og áður var getið um hefur norræna ráðherranefndin tekið sér tak í ljósi skýrslunnar „Effektivisering i Nordisk Ministerråd" sem kom út á sl. ári. Þegar hin norrænu fjárlög ársins 1990 voru samþykkt í Maríuhöfn 14. nóv. sl. var jafnframt stigið mikilvægt skref sem íslenski samstarfsráðherrann talaði fyrir og þegar frá líður hlýtur að verka til hagræðingar og skynsamlegs brúks norræns fjár. Þar er átt við að sú regla sem gilt hefur undanfarin ár um 3% sjálfvirka aukningu norrænu fjárlaganna, sem í gildi hefur verið í nokkur ár, var afnumin og hækkun fjárlaga í framtíðinni verður háð strangari úttekt á verðleikum þeirra verkefna, viðfangsefna og starfsemi sem upp á er stungið. Það eru vonir bundnar við að með nýrri og breyttri fjárlagagerð verði unnt að breyta forgangsröð verkefna þannig að fjármagn nýtist betur og gangi til þeirra verkefna sem brýnust þykja hverju sinni, eru með öðrum orðum í takt við tímann. Af þessu leiðir, ef að líkum lætur, að minni áhersla verður lögð á samnorrænar stofnanir og uppi hafa verið ráðagerðir um að fækka þeim, þótt það hafi sætt harðri gagnrýni úr ýmsum áttum, en þess í stað verði ráðist í tímabundin samstarfsverkefni sem brýn þörf er fyrir.

Ljóst er að þótt margt sé vel gert þá má ýmislegt fara betur í framkvæmd norræns samstarfs. Til þess að svo verði þarf pólitískan kjark og e.t.v. markvissari fjármálastjórn. Allt um það er samstaða ótvíræð meðal Norðurlandaþjóðanna allra um nauðsyn norræns samstarfs ríkisstjórna landanna fimm og þjóðþinga og ekkert bendir til annars en að norræn samvinna verði eftir sem áður einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

Virðulegi forseti. Á einum stað stendur skrifað í góðri bók að hinir síðustu skuli verða fyrstir og hinir fyrstu síðastir. Það er því af ráðnum hug sem ég hef kosið að víkja síðast í þessari ræðu minni að þeim þætti utanríkisstefnunnar sem fyrstur kemur á lista yfir einstök atriði utanríkismála í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar, en það er aðstoð og samvinna við þróunarríki.

Ég vil rifja það hér upp, enn einu sinni, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti fyrir meira en aldarfjórðungi þau tilmæli til betur megandi þjóða heims að þær verðu sem svarar einum hundraðshluta af þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þær þjóðir sem fátækastar eru. Alþingi ályktaði um málið árið 1985, en enn sem komið er hefur lítið farið fyrir efndum. Eins og fram kemur í fskj. 8 með skýrslu minni eru Íslendingar berir að því að vera neðstir á lista aðildarríkja OECD hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu þar sem við eyddum einungis um 0,05% af þjóðarframleiðslu til þessa málaflokks. Á þessu ári eru veittar á fjárlögum rúmlega 224 millj. kr. sem flokkast undir opinbera þróunaraðstoð. Þrátt fyrir að starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar hafi e.t.v. verið meiri og líflegri árið 1989 en nokkru sinni áður tel ég tímabært að Íslendingar girði sig í brók og geri alvöru úr heitstrengingum sínum um aukna samvinnu við fátækari þjóðir á suðurhveli jarðar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Óhætt er að fullyrða að meiri og stórstígari breytingar hafi átt sér stað á alþjóðavettvangi á sl. ári en nokkru sinni áður undanfarna áratugi á jafnskömmum tíma. Það hafa því sannarlega orðið mjög mikil umskipti í utanríkismálum og þeim viðfangsefnum sem við þurfum að taka afstöðu til frá því að Alþingi ræddi síðast skýrslu utanrrh. Þessar breytingar hafa að verulegu leyti átt sér stað á sl. hálfu ári og hafa gjörbreytt allri stöðu Evrópu og hugmyndafræðilegri baráttu í heiminum.

Fall sósíalismans í Austur-Evrópu eru mikil umskipti og mikil tíðindi. Hinn sögulegi atburður þegar Berlínarmúrinn féll 9. nóv. sl. hlýtur að verða mönnum lengi í minni. Hann markar sannarlega þáttaskil í baráttu þjóðanna fyrir lýðræði og mannréttindum. Hann opnar nýja möguleika í sambúð og samstarfi þjóða og er táknrænn fyrir þau þáttaskil sem hér hafa orðið. Það er óhætt að fullyrða að með þessum breytingum hafa þau öfl, sem barist hafa fyrir lýðræði, frelsi og markaðsbúskap, unnið mikinn sigur. Hinir, sem um áratugi hafa verið málsvarar sósíalismans sjá nú fram á skipbrot í hugmyndafræði baráttunnar. Það eru þessi tímamót sem orðið hafa og sannarlega ber að fagna þeim.

Það er óhætt að fullyrða að þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu hefur verið mjög mikilvægur þáttur í því að við getum nú tekið þátt í þessum breytingum og verið hluti þeirra sem fagna sigri. Atlantshafsbandalagið hefur í meira en 40 ár tryggt friðinn í Evrópu. Það hefur með staðfastri stefnu sinni knúið fram þá niðurstöðu sem nú er að verða með hraðari þróun í afvopnun en menn þorðu nokkru sinni að gera sér vonir um og með því að við sjáum nú friðsamlegt fall sósíalismans í Austur-Evr-

ópu. Þáttur Atlantshafsbandalagsins og ákveðinnar og markvissrar stefnu þess er ómetanlegur í þessari þróun og það er ánægjuefni fyrir Íslendinga að hafa getað verið þátttakendur í þeirri baráttu. Það er um leið mikill áfellisdómur auðvitað yfir þeim sem hér hafa barist gegn þátttöku okkar í þessu varnarbandalagi sem hefur tryggt friðinn og knúið fram þær breytingar sem nú eru að verða. Það er athygli vert og ástæða til að rifja upp hér að fyrir aðeins fáum árum voru hér á Alþingi eins og víða annars staðar í Evrópu harðar deilur á milli þeirra sem vildu fylgja hinni staðföstu en um leið sveigjanlegu stefnu Atlantshafsbandalagsins og hinna sem vildu brjóta þá stefnu niður og m.a. gengu fram undir merkjum svonefndra friðarhreyfinga í þeim tilgangi að knýja fram einhliða ákvarðanir um afvopnun. Og í sumum tilvikum frystingu ástands í vopnaviðbúnaði.

Málatilbúnaður þessara afla hefur beðið skipbrot. Það hefur komið í ljós að það var hin staðfasta stefna lýðræðisþjóðanna sem knúði fram breytingarnar og var hin rétta. Og það er ástæða til að minna á þetta hér, m.a. vegna þess að hér á Alþingi voru harðir talsmenn þess að við hopuðum og létum undan í þessu efni. Menn geta nú rétt ímyndað sér hvar við stæðum ef þessi sjónarmið hefðu orðið ofan á hér og annars staðar í Vestur-Evrópu. Þá byggjum við ekki við þann mikla árangur sem við sjáum í afvopnunarmálum og ugglaust hefðum við skotið á frest falli sósíalismans í Austur-Evrópu og möguleikum þeirra þjóða til þess að hraða sér í átt að markaðshagkerfinu.

Sem betur fer höfðu þjóðir Vestur-Evrópu styrk og þolgæði til þess að brjóta þessi sjónarmið á bak aftur og við sjáum árangurinn nú í þeim miklu umskiptum sem orðið hafa á síðustu mánuðum, þar sem við nánast fáum daglega heimssögulegar fréttir um nýjar aðstæður og hraðfara þróun til betri vegar.

Það er líka athygli vert að í þeim frjálsu kosningum sem nú fara fram í ríkjum Austur-Evrópu, sem fá okkar hefði dreymt um þegar við síðast ræddum skýrslu utanrrh. að hefðu orðið að veruleika að ári, einmitt í þeim kosningum kemur fram hinn skýri vilji þessara þjóða að varpa af sér oki sósíalismans. Ýmsir höfðu talið að jafnaðarmannaflokkar og miðjuflokkar mundu spretta upp í Austur-Evrópu með auknu afli í kjölfar lýðræðislegra kosninga. Reyndin hefur orðið önnur. Þessar þjóðir hafa í kosningum sýnt að þær vilja ekki einungis varpa af sér fjötrum kommúnismans, losa sig undan sósíalismanum, heldur taka mjög ákveðna og skýra stefnu til þess að taka upp virkan markaðsbúskap og hafa kosið þá flokka sem líklegastir eru til að tryggja þá þróun. Það hafa þess vegna orðið ýmsum vonbrigði, forustumönnum jafnaðarmanna á Vesturlöndum og miðjuflokka af ýmsu tagi, að þróunin hefur orðið og er að verða þessi í Austur-Evrópu.

Ýmsir þessara manna töldu að þeir fengju í frjálsum kosningum í Austur-Evrópuríkjum nýjan stuðning við fallandi gengi eigin málstaðar en reyndin sýnist ætla að verða á allt annan veg, þar sem þessar þjóðir taka mjög ákveðna stefnu til markaðsbúskapar.

Auðvitað mun þetta umrót og þessar breytingar hafa margvísleg áhrif á stöðu Íslands og afstöðu þess til utanríkis- og varnarmála og jafnframt á stöðu stjórnmála hér heima. Auðvitað leiða þessi miklu umskipti til þess að við þurfum að meta upp á nýtt stöðu okkar í Evrópu. Við þurfum að skoða hlutverk varnarliðsins í nýju ljósi, við þurfum að horfa til samninganna við Evrópubandalagið í ljósi breyttra aðstæðna og hjá því fer ekki að þeir flokkar sem hér hafa barist áratugum saman undir merkjum sósíalismans þurfa að horfast í augu við nýjar aðstæður. Það er ástæðulaust við þetta tækifæri að fara mörgum orðum þar um en það hefur ekki farið fram hjá neinum að þessi umbylting á erlendum vettvangi hefur og er að kippa fótunum undan þeim stjórnmálahreyfingum sem hér hafa gengið fram undir gunnfána sósíalismans á undanförnum áratugum. Sú kreppa sem ríkir í þeim herbúðum á ugglaust eftir að leiða til þess að frjálslynd öfl í þessu þjóðfélagi styrkist og hér verði meiri og traustari samstaða um frjálslynd viðhorf í efnahagsmálum og traust sjónarmið í utanríkis- og varnarmálum þannig að við Íslendingar getum hert sókn okkar til bættra lífskjara og þurfum ekki að eyða jafnmiklu púðri í deilur um afstöðu okkar til annarra þjóða og hvernig við gætum öryggishagsmuna okkar eins og við höfum þó þurft þrátt fyrir mikla samstöðu á undanförnum árum. Þannig munu þessar breytingar einnig hafa jákvæð og heillavænleg áhrif á þróun mála innan lands hjá okkur á næstu árum. Og það er auðvitað sérstakt fagnaðarefni.

Um þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram er það að segja að hún er ítarleg og í flestum efnum ágæt greinargerð. Hún felur í sér að stærstum hluta til hlutlausa embættismannafrásögn án skýrrar stefnumörkunar. En á ákveðnum sviðum kemur þó fram alveg ljós og skýr stefna sem sérstök ástæða er til að benda á og fagna. Ég nefni í því sambandi þá afstöðu sem fram kemur í varnar- og öryggismálum og til að mynda þá afstöðu sem kemur fram að því er varðar deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs. Ég hefði hins vegar kosið að pólitísk stefnumótun og skýrar pólitískar forsendur hefðu komið fram víðar í þessari skýrslu og tekið til fleiri þátta en þessara. En vil þó leggja á það áherslu að mestu máli skiptir auðvitað að hæstv. utanrrh. hefur gert mjög skýra grein fyrir ábyrgri stefnu í varnar- og öryggismálum að því er öll meginsjónarmið og grundvallaratriði varðar. En víða sakna menn eðlilega stefnumótunar og pólitískra forsendna. Í því sambandi nefni ég m.a. kaflann um samningana við Evrópubandalagið en ætla að víkja að því síðar.

Þegar skýrsla utanrrh. var til umræðu hér fyrir ári vék ég nokkrum orðum að þeim þætti skýrslunnar sem er prentaður upp úr stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar og ég sé ástæðu til þess að gera það enn á ný nú vegna þess að hæstv. ráðherra hefur kosið að setja í inngang þessarar skýrslu þann hluta úr stefnu-

yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fjallar um utanríkismál. Það er óneitanlega mikið áhyggjuefni fyrir íslensku þjóðina að lesa þennan kafla. Það hlýtur að valda miklum vonbrigðum í ljósi þeirra miklu umskipta sem nú eiga sér stað í veröldinni, í ljósi þeirrar frjálsræðisbylgju og þess skilnings á traustri og öruggri stefnu í utanríkis- og öryggismálum sem hvarvetna er að skjóta fastari rótum en áður, að ríkisstjórn Íslands skuli setja fram stefnuyfirlýsingu af því tagi sem hér er greint frá. Það hefði, hæstv. utanrrh., verið meiri sómi að því að stinga þessum hluta stefnuyfirlýsingarinnar undir stól. Það hefði lýst því að hæstv. ríkisstjórn hefði með öruggum hætti og væri sammála um að taka tillit til og viðurkenna raunverulega þau miklu umskipti sem nú eiga sér stað. Ég minni á að í sameiginlegri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki vikið einu orði að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Það er ekki vikið einu orði að því með hvaða hætti Ísland tryggir varnir sínar og öryggi. Ég hygg að þetta sé einsdæmi í sögu ríkisstjórna í landinu frá því að við gerðumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Og ég hygg að það sé einsdæmi þó við leituðum víða um lönd að ríkisstjórn gæfi út stefnuyfirlýsingu þar sem ekki væri vikið einu orði að grundvallaratriðum og meginþáttum í utanríkis-, varnar- og öryggismálastefnu þjóðar.

Ég ætla ekki að lesa hér upp úr þessari stefnuyfirlýsingu. En menn hljóta að gera sér grein fyrir því hversu alvarleg staðan er þegar hæstv. utanrrh. neyðist til þess í ljósi þessara miklu umskipta sem hafa orðið að endurprenta þennan kafla. Það segir okkur aðeins eitt. Innan þessarar ríkisstjórnar er engin samstaða um þessi meginatriði. Við búum við ríkisstjórn sem ekki getur komið sér saman um grundvallaratriði utanríkis- og varnarstefnunnar. Og í raun og veru er varla hægt að finna meiri veikleika hjá einni ríkisstjórn en þegar það gerist að hún getur ekki komið sér saman um þessi efni.

Ég minni hér til að mynda á, í ljósi þess að hvergi er getið um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu eða með hvaða hætti við tryggjum varnir okkar, að hæstv. ríkisstjórn sér ástæðu til þess að taka það fram sem þungamiðju í stefnu okkar í þessum efnum að hún felist í virkri þátttöku í umræðum um afvopnunarmál og kjarnorkuvopnalaus svæði í okkar heimshluta. En í skýrslu hæstv. utanrrh. kemur á hinn bóginn fram að því er varðar kjarnorkuvopnalaus svæði að þar hefur Ísland í engu hvikað frá sameiginlegum skuldbindingum sínum við Atlantshafsbandalagið. Framkvæmd utanríkisstefnunnar á þessu sviði gengur þess vegna sem betur fer í berhögg við beina yfirlýsingu stjórnarsáttmálans. Og það er auðvitað ástæða til þess að fagna því að framkvæmdin hefur verið með þeim hætti. En það segir okkur um leið á hversu veikum stoðum þessi ríkisstjórn starfar í þessum efnum.

Það væri líka ástæða til í þessu sambandi að rifja upp að yfirlýsingar hæstv. forsrh. á undanförnum mánuðum hafa í mörgum tilvikum að því er varðar stefnuna í utanríkismálum verið býsna gáleysislegar og ekki í samræmi við þá niðurstöðu sem hæstv. utanrrh. kemst að í skýrslu sinni að því er varðar utanríkis- og varnarmál. Þannig má segja að ríkisstjórnin sé þríklofin í þessu efni. Á einn veginn er Alþb., sem hefur fengið að ráða stefnuyfirlýsingunni. Annar hlutinn er Alþfl., undir forustu hæstv. utanrrh., sem hefur framfylgt óbreyttri stefnu í utanríkis- og varnarmálum og þriðji hlutinn er svo Framsfl., sem hefur sýnt á sér hefðbundið hentistefnusnið í þessum efnum, þar sem hluti Framsfl. hefur staðið fast og þétt við grundvallaratriði utanríkisstefnunnar eins og hún hefur verið framkvæmd á undanförnum árum en annar hlutinn, undir forustu þingflokksformanns þeirra, hefur daðrað við stefnu Alþb. Og hæstv. forsrh. sýnist hafa hneigst til þess að styðja þann hluta flokksins undanfarna mánuði, hvort sem á því kann nú að verða breyting á næstu mánuðum eða ekki.

Þetta er sú mynd sem við blasir af ríkisstjórn Íslands þegar horft er á einn veigamesta þáttinn í stjórnarstefnu hverrar ríkisstjórnar, það er þríklofin ríkisstjórn. Af þessu má ráða að sú ábyrga grundvallarstefna í varnar- og öryggismálum sem hæstv. utanrrh. framkvæmir styðst ekki við stjórnarmeirihlutann á Alþingi, hún byggist auðvitað á því, hér eftir sem hingað til, að Sjálfstfl. hefur mótað og fylgt og framkvæmt skýra stefnu í þessum efnum. Og það er á þeim grundvelli sem hæstv. utanrrh. getur fylgt þeirri stefnu eftir sem hann lýsir svo í skýrslunni. Á bak við ríkisstjórnina sjálfa eru ekki nægjanlega sterkar stoðir til þess.

Ég ætla síðan að víkja að nokkrum atriðum sem fram koma í þessari skýrslu. Það er fjallað hér um samskipti austurs og vesturs í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað. Ég ætla ekki að fara mörgum fleiri orðum um það en ég hef þegar gert. Ég vil þó vekja athygli á því að bæði í skýrslunni, til að mynda á bls. 8, og eins í ræðu hæstv. utanrrh. er fjallað um þá nýju stöðu sem nú er komin upp, að allt bendir til þess að sameining þýsku ríkjanna verði miklu fyrr en menn áður töldu í kjölfar þess að Berlínarmúrinn féll. Ég sakna þess hins vegar að það kemur ekki með skýrum hætti fram í þessari skýrslu, né í ræðu hæstv. ráðherra, hver afstaða hans er í þessu efni. Ýmis ríki í Evrópu, bæði austan- og vestanmegin við gamla járntjaldið hafa lýst skoðunum sínum í því efni. Og þá skiptir auðvitað mestu máli að hverju menn vilja stefna að því er varðar þátttöku hins nýja sameinaða Þýskalands í varnarsamstarfi Evrópuríkjanna. Jafnvel af hálfu Pólverja hafa þau sjónarmið komið fram að eðlilegt væri að sameinað Þýskaland yrði aðili að Atlantshafsbandalaginu. Ég hefði gjarnan kosið að sú afstaða kæmi fram með skýrum hætti í þessari skýrslu og ég efast ekkert um hug utanrrh. í þeim efnum. En vænti þess að hann síðar í þessari umræðu geri þá nánari grein fyrir stefnu sinni í þessu efni og árétti það að Ísland telji eðlilegt og sjálfsagt að sameinað Þýskaland verði aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Í kaflanum um öryggis- og varnarmál kemur mjög

skýrlega fram að í framkvæmd hefur utanríkisstefnan þrátt fyrir sameiginlega stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar byggst á mjög ábyrgri afstöðu. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Þrátt fyrir mikinn niðurskurð í vopnabúnaði verða hervarnir eftir sem áður veigamikill þáttur í öryggiskerfi ríkja Evrópu."

Ég vil leggja á það áherslu að auðvitað verða menn að gæta að því í þessari öru þróun að raska ekki því jafnvægi sem tryggt hefur friðinn og huga að því að við verðum á hverjum tíma að gæta að öryggi okkar þó að dregið hafi mjög verulega úr þeirri ógn sem mest hefur verið undanfarna áratugi. Enn er mjög margt óvíst um hver þróunin verður og því ekki tímabært að taka neinar þær ákvarðanir sem veikt geta stöðu okkar og bandamanna okkar í þessu efni. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. hefur með ótvíræðum hætti tekið af skarið að því er þetta varðar.

Hæstv. ráðherra fjallar eðlilega allmikið um stöðuna í Sovétríkjunum. Auðvitað hefur þróun mála þar mjög veigamikil áhrif á allar þær breytingar sem nú eiga sér stað þó segja megi að önnur ríki Austur-Evrópu hafi tekið frumkvæðið síðustu mánuði. Ég verð þó að segja að mér finnst hæstv. ráðherra ofmeta um sumt forustuhlutverk núverandi leiðtoga Sovétríkjanna. Frá mínum bæjardyrum séð er ekki um það að ræða að hann hafi haft frumkvæði að einhverjum nýjungum. Hann fann ekki upp markaðsbúskapinn, hann fann ekki upp fjölflokkakerfi, hann fann ekki upp lýðræðislegt skipulag. Hann stóð hins vegar frammi fyrir því að sósíalisminn og áætlunarbúskapur sósíalismans og einræðiskerfi kommúnismans var hrunið. Hann hefur af mikilli reisn og skörungsskap leitt undanhald þessa kerfis og vonandi á þann veg að það geti orðið öllum þjóðum í Evrópu til framdráttar og dragi úr spennu og bæti sambúð þjóða. Þess vegna tek ég auðvitað undir að það er mikilvægt að ríki Vestur-Evrópu styðji þá umbótaviðleitni sem þarna á sér stað en menn verða að gera sér grein fyrir því að hér er þjóð á undanhaldi en ekki þjóð sem er að taka frumkvæði. Og enn á ýmislegt eftir að koma í ljós hvað verður í Sovétríkjunum. Enn hafa ekki gerst þær breytingar þar á efnahagssviðinu sem menn hafa vænst og hlýtur að vera forsenda fyrir því að árangur náist. Leiðtogi Sovétríkjanna hefur ekki treyst sér til þess að marki að fara út á það svið, enn sem komið er, og það hlýtur að vekja nokkurn ugg að þróunin upp á síðkastið hefur verið sú að þjappa saman valdi á nýjan leik.

Enn fremur vekja atburðirnir í Litáen nokkurn ugg og sýna mönnum fram á að allt getur enn gerst í Sovétríkjunum. Staðreyndin er sú að Litáum hefur verið ógnað með hervaldi. Það ætti að vekja menn til umhugsunar um það sem er að gerast í Sovétríkjunum og um það að ekki er allt sem sýnist í þessu efni og full ástæða er til að fara varlega og gæta að sér þegar ákvarðanir eru teknar í utanríkis- og öryggismálum.

Ég ætla þá að ræða aðeins afstöðu Íslendinga til Eystrasaltsríkjanna og þeirra atburða sem þar hafa átt sér stað síðustu daga og vikur. Ég efa ekki að hæstv. ríkisstjórn styður þá ákvörðun Litáa að slíta sig úr sovéska ríkjasambandinu og endurreisa sjálfstætt fullvalda ríki. Sambærileg viðleitni er fyrir hendi í öðrum ríkjum við Eystrasalt, sem innlimuð voru í Sovétríkin á sínum tíma. Alþingi Íslendinga, eins og mönnum er kunnugt, tók af skarið í þessu efni með þeirri ályktun sem samþykkt var á dögunum og hæstv. utanrrh. beindi eðlilegum tilmælum til leiðtoga Sovétríkjanna fyrir skömmu síðan vegna þeirrar hernaðarógnunar sem fram kom af hálfu Sovétstjórnarinnar.

Að mínu mati eiga Íslendingar að taka með mjög ótvíræðum hætti af skarið í þessu efni. Ég lít svo á að það standi Norðurlandaþjóðunum næst að sýna þessum þjóðum fyllsta stuðning, allan þann stuðning, þann mesta stuðning sem mögulegur er, engum öðrum þjóðum stendur það nær. Það hlýtur að höfða til okkar Íslendinga sérstaklega, með tilliti til þess að við fengum fullveldi á sama tíma og þessar þjóðir fengu sjálfstæði. Það hlýtur að höfða til okkar vegna þess að við fengum og tókum við lýðveldi og urðum fullkomið sjálfstætt ríki við þær aðstæður að styrjöld geisaði í heiminum. Í þessu ljósi hljóta tilfinningar okkar að vera mjög sterkar til þessara þjóða.

Hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram, og það kemur fram hér í skýrslunni, að nægjanlegt sé af Íslands hálfu að vísa til viðurkenningar Dana á sjálfstæði Litáa frá 1921. Í skýrslunni kemur ekki fram hvort sú yfirlýsing var gefin út fyrir Dani eina eða bæði Dani og Íslendinga. Danir fóru þá með utanríkismálefni Íslendinga en við vorum fullvalda þjóð og slík yfirlýsing er þess vegna ekki gild nema hún hafi alveg skýrlega verið gefin út fyrir hönd beggja þjóðanna. Í skýrslunni kemur ekki fram hvort svo hafi verið. En í sjálfu sér er þetta formsatriði. Meginatriðið er það að við eigum, Íslendingar, að taka með afdráttarlausum hætti af skarið og sýna vilja okkar og samstöðu. Og þess vegna er rétt að við viðurkennum formlega fullveldi Litáens og þá ríkisstjórn sem lýðræðislega kjörið þing hefur sett þar á fót.

Ég tel að allt annað lýsi veikleika og efasemdum og beri vott um að við séum ekki tilbúnir til þess að veita þeim nægjanlegan stuðning. Auðvitað er eðlilegt að Litáar ræði við Sovétríkin, en þeir þurfa að geta sýnt fram á virkan stuðning. Bandaríkjamenn eiga annarra hagsmuna að gæta um margt en við í þessu efni vegna samskipta sinna við Sovétríkin. Ég er þó þeirrar skoðunar að þeir hafi farið allt of varfærnislega í þessu efni. Mér finnst það gagnrýni vert gagnvart Bandaríkjunum hversu veikur stuðningur þeirra hefur verið fram til þessa. Ég efast ekkert um heilan hug þeirra en þeir hafa greinilega raðað málum í forgangsröð og það hefur dregið úr þeim þunga á bak við stuðninginn við Eystrasaltsríkin sem maður hefði vænst. En frá mínum bæjardyrum séð á þetta ekki að breyta afstöðu okkar Íslendinga. Við höfum enga ástæðu til annars en að sýna fyllsta stuðning í verki. Og það er engin leið að færa fram rök fyrir því að formleg viðurkenning af hálfu Íslendinga muni veikja stöðu Litáa eða kunni að spilla fyrir

framgangi mála í samskiptum þeirra við Sovétríkin. Þvert á móti þarf veiki aðilinn í þessari stöðu á stuðningi að halda. Við fundum það þegar aðrar þjóðir viðurkenndu Ísland sem lýðfrjálst sjálfstætt ríki að það var mikils virði og við eigum að sýna öðrum það nú.

Það er af þessum ástæðum sem ég hef ásamt nokkrum öðrum þingmönnum lagt fram till. til þál. þar sem ríkisstjórninni er falið að viðurkenna formlega sjálfstæði Litáens. Ég vona, þrátt fyrir þá afstöðu sem fram kom hjá hæstv. utanrrh., að um það mál geti tekist breið samstaða hér á Alþingi og að hæstv. ríkisstjórn sjái sér fært að styðja þá tillögu og viðurkenna formlega fullveldi Litáens. Það væri í samræmi við fyrri samþykktir Alþingis. Það væri í samræmi við fyrri afskipti hæstv. utanrrh. af málinu, rökrétt framhald af því sem þegar hefur verið gert. Það mundi hins vegar valda miklum vonbrigðum ef hæstv. ríkisstjórn ætlaði að hika í þessu efni. Það sýndi veikleika, það mundi benda til þess að ef til vill væri ekki í raun sá hugur á bak við afstöðu Íslands sem nú þegar hefur komið fram. Vonandi fer ekki svo að afskipti Sovétríkjanna af máli Litáa leiði til þess að sú breytta heimsmynd sem við horfumst nú í augu við hverfi og við stöndum aftur frammi fyrir þeirri gömlu mynd sem ógnarstjórn Sovétríkjanna áður var. Á þessu stigi er ekki ástæða til þess að hafa uppi svartsýnisspár í þeim efnum. En atburðir síðustu daga sýna að það þarf að styrkja þá sem eru minni máttar í þessum átökum og það er okkar skylda. Það þarf að sýna Sovétríkjunum fram á að þau geti ekki hunsað eðlilegar kröfur þessara þjóða til sjálfstæðis. Það þarf að sýna Sovétríkjunum fram á að ef þau ætla að gera það er umbótastefnan brostin og það er þess vegna sem við þurfum að taka ákveðna afstöðu.

Ástæða hefði verið til þess að fjalla um ástand mála í einstökum ríkjum Austur-Evrópu og þær breytingar sem þar eru að gerast en til þess vinnst ekki tími. Ég hefði þó talið að það væri fróðlegt í þessari umræðu að heyra sjónarmið ráðherra Alþb., varaformanns Alþb., hæstv. samgrh., sérstaklega í tilefni af þeim kafla sem hér er um Rúmeníu. Innan Alþb. hafa á undanförnum mánuðum verið uppi raddir um nauðsyn þess að sá flokkur hreinsaði fortíðina, gerði almenningi grein fyrir samskiptum sínum við ríki kommúnista í Austur-Evrópu sem lengst voru við ógnarstjórnina í Rúmeníu. Kröfur af þessu tagi sýnast ekki hafa fengið hljómgrunn innan Alþb. en það væri sérstakt fagnaðarefni ef varaformaður þess flokks, hæstv. samgrh., mundi í þessum umræðum gera nánari grein fyrir þessu og freista þess að þvo fortíðarrykið af Alþb. svo sem stífar kröfur hafa verið uppi um innan flokksins. Því yrði örugglega fagnað ef hann tæki frumkvæði í því hér á Alþingi að hefja uppgjör og gera hreint fyrir dyrum Alþb. í þeim efnum.

Í skýrslunni er síðan gerð nokkur grein fyrir ýmsum svæðisbundnum deilumálum í veröldinni sem ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hér. Þar er í flestum efnum um að ræða embættismannafrásögn af ástandi mála nema að því er varðar kaflann um Mið-Austurlönd þar sem kemur fram pólitísk stefnumörkun. Þar segir: „Vissrar tilhneigingar hefur gætt til að líta eingöngu á aðra hlið þessa máls, og einfalda það á þann hátt að skella allri ábyrgðinni á Ísraelsmenn. Því hefur verið haldið fram að málið verði leyst á þann hátt eingöngu að Ísraelar yfirgefi herteknu svæðin, Palestína verði viðurkennd sem ríki og Frelsissamtök Palestínumanna sem ríkisstjórn þess. Aðstæður krefjast þess hins vegar að litið sé á málið í víðara samhengi. Vert er að ítreka að Ísrael er umkringt af ríkjum sem ekki viðurkenna tilvistarrétt þess. Sérhver lausn verður því að tryggja öryggi Ísraels."

Ég fagna því að þessi afdráttarlausa stefnumörkun skuli koma fram að því er varðar deilumál fyrir botni Miðjarðarhafs. Um margt höfum við söguleg tengsl við Ísrael og þess vegna er ánægjulegt að þetta skuli koma fram með þessum hætti, ekki síst í ljósi þess að af hálfu beggja samstarfsflokka hæstv. utanrrh. hafa komið gálausar eða ábyrgðarlausar yfirlýsingar um þessi efni, bæði að því er varðar afstöðu Alþb. og sumar yfirlýsingar hæstv. forsrh. Þess vegna þykir mér ástæða til þess að árétta stuðning við þessa stefnumörkun hæstv. ráðherra.

Um önnur atriði í þessum kafla ætla ég ekki að fjölyrða. Það hefði verið ástæða til þess ef til vill ef hæstv. menntmrh. hefði verið viðstaddur að fjalla nokkuð um Níkaragúa en þar vörpuðu menn af sér fyrir skömmu í frjálsum kosningum oki einræðisstjórnar og sósíalisma. Fyrir réttu ári síðan lýsti hæstv. menntmrh. því yfir að hann mundi nota fyrsta tækifærið sem gæfist til þess að fara þangað til þess að berjast með félögunum þar og ef til vill væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ríkisstjórn hvort hún ætlaði ekki að gefa hæstv. ráðherra tækifæri til þess að fara þangað hið fyrsta. Ég hygg að það mundi lítinn skaða gera þar niður frá en kannski bæta svolítið stjórnmálaástandið, svo að ég tali ekki um ástandið í menntmrn., hér heima.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að Norðurlandasamvinnu sem er fjallað um í skýrslunni og hæstv. ráðherra fjallaði um. Ég hygg að samvinna Norðurlandaþjóðanna standi um margt á krossgötum um þessar mundir, þarfnist verulegrar endurskipulagningar og endurskoðunar. Að skrifræði þessarar samvinnu sé orðið umfangsmeira en unnt er að réttlæta með þeim markmiðum sem menn hafa sett sér og þeim árangri sem af pólitíska starfinu hlýst. Í því sambandi vil ég minna á að þetta samstarf er orðið að grasrótarsamstarfi. Samstarf þjóðanna er orðið svo þétt riðið á öllum sviðum þjóðfélagsins, bæði á vegum félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana að pólitísk umsjónarstarfsemi er ekki að sama skapi jafnnauðsynleg og áður var þegar samvinnan hófst á þessum vettvangi í öndverðu. Jafnframt er þess að geta að samstarf Norðurlandaþjóðanna á efnahagssviðinu í víðara samhengi innan EFTA og væntanlega í samvinnu við Evrópubandalagið á næstu árum gerbreyta forsendum Norðurlandasamstarfsins

á sviði efnahagsmála og þegar af þeirri ástæðu er alger nauðsyn að endurmeta með hvaða hætti það á að fara fram.

Sérstaklega er fjallað hér um kjarnorkuvopnalaus svæði og þá embættismannanefnd sem unnið hefur að því máli. Í ljósi stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, sem gerir virka þátttöku í viðræðum um kjarnorkuvopnalaus svæði að meginatriði stefnunnar í utanríkis- og varnarmálum, er ástæða til þess að vekja athygli á því og fagna því að í framkvæmd hefur svo ekki orðið.

Í skýrslu hæstv. ráðherra segir að í fyrsta lagi sé atburðarásin í alþjóðamálum nú með þeim hætti að erfitt sé að einangra einstök viðfangsefni í öryggismálum og leiða þau til lykta án tillits til pólitískra aðstæðna í víðara samhengi. Og enn fremur segir þar: „Með því að samskipti austurs og vesturs hafa afgerandi áhrif á forsendur kjarnorkuvopnalauss svæðis er augljóslega varhugavert að reyna að draga saman niðurstöður af starfi hópsins fyrr en séð er fyrir endann á þeim miklu breytingum sem nú eru í gerjun." Með öðrum orðum, það er stefna ríkisstjórnarinnar að umfjöllun um málið í víðara samhengi með gagnkvæmum samningum sé lykilatriðið, sé sá farvegur sem geti leitt okkur til lausnar á þessu viðfangsefni.

Í öðru lagi segir hér að skylt sé að taka tillit til þess að í erindisbréfi hópsins sé kveðið á um að hann skuli í störfum sínum taka mið af skuldbindingum Norðurlandaþjóðanna þriggja í Atlantshafsbandalaginu. Með öðrum orðum, að þrátt fyrir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem kynni að miða í aðra átt er hér með ótvíræðum hætti tekið af skarið um að í framkvæmd hefur utanríkisstefnan að þessu leyti byggst á skuldbindingum okkar við Atlantshafsbandalagið. Ég vil sérstaklega fagna því að svo er og kemur fram með svo skýrum og afdráttarlausum hætti þó að enn megi vera ljóst að framkvæmd stefnunnar byggir ekki á meirihlutastuðningi innan hæstv. ríkisstjórnar. Það sýnir enn einu sinni hversu veikburða hún er og hversu varhugavert það er fyrir Íslendinga að sitja uppi með ríkisstjórn af þessu tagi sem hefur ekki traustari stoðir til þess að standa á í þessum mikilvægu málum.

Þá fjallar hæstv. ráðherra ítarlega um samvinnuna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Það er augljóst að Atlantshafsbandalagið hefur átt mjög veigamikinn þátt í og reyndar mestan þátt í þeim umbreytingum sem orðið hafa og þessi afstaða er með skýrum hætti orðuð í skýrslunni á bls. 45. Jafnframt er hér vakin athygli á yfirlýsingu leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins frá því í maí í fyrra og ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að þar sé um að ræða eitt merkasta skjal sem bandalagið hefur sett fram um langan tíma og þar af leiðandi ein markverðasta stefnumörkun í varnar- og öryggismálum og um þróun Evrópumála nú um stundir og á næstu árum, þar sem lýst er staðfestum vilja bandalagsins til að greiða fyrir og aðlaga sig þeim breytingum sem nú eiga sér stað í austurhluta Evrópu og binda þar með enda á hina óeðlilegu skiptingu álfunnar sem varað hefur frá lokum síðari heimsstyrjaldar eins og þar segir.

Það er líka ástæða til þess að hnykkja á því sem segir á bls. 50:

„Hnattstaða Íslands gerir það að verkum, að við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu kann mikilvægi liðsaukaflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- og ófriðartímum að aukast vegna hins landfræðilega mismunar á bandalögunum tveimur. Frá landamærum Sovétríkjanna eru nokkur hundruð kílómetrar til Vestur-Evrópu. Frá austurströnd Bandaríkjanna til Evrópu skipta þeir nokkrum þúsundum." Og enn fremur segir þar: „Af ofangreindu má ráða að þær breytingar, sem orðið hafa og eru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu, gefi Íslendingum ekki tilefni til hrófla við því fyrirkomulagi sem þeir hafa stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi."

Þó að ljóst sé að við, eins og aðrar bandalagsþjóðir, þurfum að horfast í augu við breytta tíma og breyttar aðstæður og fögnum þeim breyttu aðstæðum sem eru afleiðing þeirrar stefnu sem við og bandalagsþjóðirnar hafa fylgt og við viljum aðlaga okkur þeim nýju aðstæðum, er ekkert tilefni til þess enn að hvika frá grundvallarþáttum öryggisstefnunnar með varnarsamstarfinu við Bandaríkin og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu. Og það er enn ástæða til þess að fagna því að um þessi efni hefur hæstv. utanrrh. tekið alveg skýrt af skarið um stefnuna af sinni hálfu.

En því miður er það svo að forustumenn annarra stjórnarflokka hafa ekki að undanförnu talað með jafnskýrum og ábyrgum hætti. Auðvitað kemur ekki á óvart að talsmenn Alþb. skuli hafna aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Og þó að menn hefðu kannski vænst þess að þeir horfðust í augu við raunveruleikann eftir umskiptin í Evrópu og viðurkenndu nú grundvallaratriði þessarar stefnu og mikilvægi hennar og árangur hefur annað komið á daginn og þeir hafa kosið að daga uppi í fortíðarhyggju sinni. Jafnvel hæstv. fjmrh., formaður flokksins, sem stundum lætur að því liggja að hann sé frjálslyndari og opnari en aðrir forustumenn þess flokks, jafnvel hann sem stundum státar sig af þessu gefur til kynna í yfirlýsingum sínum að hann sé jafnforstokkaður og hinir sem dýpri rætur eiga í þeim flokki. En þetta kemur ekki á óvart og veldur ef til vill ekki verulegum áhyggjum.

Hitt hefur valdið mér meiri vonbrigðum að hæstv. forsrh. hefur talað um þessi efni af talsverðu gáleysi. Í viðtali við Þjóðviljann 20. febr. leggur hann enn að jöfnu varnarbandalag okkar, Atlantsbandalagið, og Varsjárbandalagið, leggur hann enn að jöfnu þær blokkir sem áður voru í Evrópu austan megin og vestan við járntjaldið. Hann fjallar þar um þá skoðun sína að með því að tvískipting Evrópu sé úrelt séu þar af leiðandi hernaðarbandalögin, eins og hann orðar það, NATO og Varsjárbandalagið orðin úrelt og koma þurfi upp nýju öryggiskerfi í Evrópu. Hér er

talað af talsverðu gáleysi. Hér er talað í allt öðrum tón og með allt öðrum hætti en hæstv. utanrrh. gerir. Og ég hygg að einmitt þessi þáttur veki kannski mestan ugg um raunverulega stöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum.

Ég veit að meiri hluti Framsfl. stendur heill og óskiptur að baki utanríkisstefnunni og stefnunni í varnar- og öryggismálum. En við þekkjum það af langri sögu að þar innan dyra hafa jafnan verið hópar eða armar sem hafa hneigst til þess að daðra við Alþb. Það vekur áhyggjur og er ástæða til að hafa af því áhyggjur þegar hæstv. forsrh. á þessum tímum virðist halla sér að þeim armi innan Framsfl. Þess vegna vildi ég gjarnan að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir afstöðu sinni og skoðunum sínum á skýrslu hæstv. utanrrh. og þeim skýru og ákveðnu niðurstöðum sem hann hefur þar komist að og ég efa ekki að mikill meiri hluti er fyrir á Alþingi og meðal þjóðarinnar. Í ljósi þessara, að mínu mati, ábyrgðarlausu yfirlýsinga óska ég eftir því að hæstv. forsrh. geri hér í umræðunni grein fyrir afstöðu sinni til yfirlýsinga hæstv. utanrrh. Er hann sammála þeirri meginniðurstöðu sem fram kemur í kaflanum um samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins á bls. 50? Það er grundvallaratriði og hefur úrslitaþýðingu um mat og stöðu þessarar ríkisstjórnar, ekki bara hér heima heldur líka álit hennar á erlendum vettvangi, hvort hæstv. forsrh. getur tekið af skarið í þessu efni, eytt óvissu og lýst yfir fullum stuðningi við lokayfirlýsingu hæstv. utanrrh. á bls. 50. Það væri sannarlega fagnaðarefni ef sú yfirlýsing kæmi fram.

Frú forseti. Ég vildi þá með örfáum orðum víkja að tveimur atriðum sem beint snerta varnarliðið. Í fyrsta lagi þeim áformum sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt varðandi breytingar á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Þar höfðum við frá öndverðu búið við einokunarstarfsemi sem var fullkomlega eðlileg á sínum tíma þegar við bjuggum við veikburða verktakastarfsemi hér í landinu og gátum ekki sinnt þessum verkum með öðrum hætti. Nú eigum við fjölmörg öflug og traust verktakafyrirtæki og eðlilegt væri að losa um hömlur á þessu sviði þó að einn aðili mundi með einum eða öðrum hætti annast samninga um þessi efni við bandarísk yfirvöld. Þá hygg ég að það sjónarmið sé almennt ríkjandi í þjóðfélaginu að eðlilegt væri að auka frelsi og samkeppni á þessum vinnumarkaði eins og annars staðar. En hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að fara þveröfuga leið. Nú á að breyta þeirri einokun sem verið hefur, að vísu með þátttöku ríkisins, í algera ríkiseinokun. Ég tel þetta vera spor aftur á bak, í algerri andstöðu við alla þá þróun sem á sér stað, svo að ég tali nú ekki um í fullkominni andstöðu við þá stefnu sem Alþfl. á stundum hefur í frammi og ber sér á brjóst að hann berjist fyrir. Og það vekur auðvitað upp þær spurningar hvort það markmið sé tekið fram yfir önnur að koma þarna á einhverju pólitísku spillingarkerfi. Annað verður í raun og veru ekki séð en að þarna eigi að koma á ríkisframkvæmdum þannig að hæstv. ráðherra geti gaukað verkefnum og atvinnu að vinum og vandamönnum og það eigi að gera menn háða pólitísku valdi í þessu efni. Stefna af þessu tagi er löngu liðin undir lok. Vinnubrögð af þessu tagi heyra fortíðinni til. Þess vegna teldi ég miklu skynsamlegra að Alþfl., í samræmi við þá stefnu sem hann boðar almennt, tæki af skarið í þessu efni og lýsti því yfir að í stað þess að koma hér á ríkiseinokun mundi hann beita sér fyrir því að hér yrði komið á auknu frjálsræði í verktakastarfsemi og nýju skipulagi á grundvelli nýrra hugmynda.

Ég vil svo í örfáum orðum víkja að varaflugvallarmálinu. Hæstv. utanrrh. hefur lengi lagt á það áherslu að það sé mikilvægt mál og brýnt og um það þurfi og eigi að taka ákvörðun. Á sl. vori var því hins vegar lýst yfir í Þjóðviljanum að hæstv. utanrrh. hefði verið beygður á bak aftur í þessu efni og ekkert yrði af áformum hans. Í framkvæmd verður ekki annað séð en að Þjóðviljinn hafi haft rétt fyrir sér í þessu efni. Þó liggur fyrir að hér er ekki um ríkisstjórnarmál að ræða þó að Alþb. hafi hótað stjórnarslitum af þessu efni. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis lýst því yfir að þetta mál sé einhliða ákvörðunarmál utanrrh. og hann geti einn tekið ákvörðun um þá forkönnun sem hér er verið að fjalla um. Þrátt fyrir að hæstv. forsrh. hafi með þessum ótvíræða hætti lýst því yfir að valdið sé óskorað hjá hæstv. utanrrh. og það sé ekki ríkisstjórnarmál hefur hæstv. utanrrh. bognað fyrir hótunum Alþb., tekið þá hagsmuni að Alþb. fái að sitja áfram í ríkisstjórn fram yfir þá mikilvægari hagsmuni sem hann hefur lýst yfir að væru fyrir hendi í þessu efni. Þetta er auðvitað áhyggjuefni og sýnir eitt með öðru hversu alvarlegt það er að hafa ríkisstjórn sem byggð er á svona veikum forsendum í utanríkis- og varnarmálum. Þó að það hafi ekki komið að sök í þeim atriðum þar sem um er að ræða grundvallaratriði er augljóst að í þáttum eins og þessum hefur Alþb. náð þeim árangri að beygja hæstv. utanrrh. og auðvitað vita menn aldrei þegar á svona veikum stoðum er byggt hvenær þeir hugsanlega ná þar fastari tökum. Það er athygli vert að þrátt fyrir vandræðaganginn í Alþb., þrátt fyrir upplausnina sem þar á sér stað geta þeir beitt kúgun af þessu tagi.

Áður en ég hverf frá varnarmálunum vil ég aðeins minnast á þær umræður sem átt hafa sér stað um afvopnun á höfunum og traustvekjandi aðgerðir. Ég hygg að Geir Hallgrímsson, þáv. utanrrh., hafi fyrstur á alþjóðavettvangi minnt á hagsmuni Íslendinga í þessu efni á Stokkhólmsráðstefnunni á sínum tíma og æ síðan hefur hin sérstaka staða Íslands verið áréttuð af okkar hálfu, bæði innan Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þegar hæstv. núv. utanrrh. fór að tala um þessi efni í byrjun var augljóst að hann fór þar fram af nokkrum glannaskap og augljóslega í þeim tilgangi að reyna að þóknast með einhverjum hætti viðhorfum Alþb. Þá virtist svo sem hugmyndin væri sú að setja fram tillögur sem rifu þróun afvopnunarviðræðna úr þeirri forgangsröð og því samhengi sem þær eru í dag og ekki yrði tekið tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem auðvitað eru að því er varðar varnarviðbúnað á

höfunum. Hæstv. ráðherra sætti eðlilega harðri gagnrýni af þessum sökum. En því ber að fagna að hann hefur tekið tillit til þessarar gagnrýni. Bæði í þessari skýrslu og í ræðu hæstv. ráðherra kemur fram að þær hugmyndir sem nú hafa verið að mótast af hans hálfu byggja í einu og öllu á því að raska í engu því samningaferli um samdrátt í hefðbundnum herafla sem nú á sér stað og að taka fullt tillit til þeirrar sérstöðu Atlantshafsbandalagsins að það byggir í ríkari mæli á varnarviðbúnaði á höfunum en Sovétríkin og enn fremur af tæknilegum ástæðum er varnarviðbúnaður þar með öðrum hætti en á landi og í þriðja lagi meginreglurnar um frjálsar siglingar. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur tekið tillit til þessarar gagnrýni og til þessara sjónarmiða og fellt hugmyndir sínar að þeim. Í meginatriðum er ég sammála því sem fram kemur í skýrslunni um þetta efni.

Þá ætla ég, frú forseti, að víkja nokkrum orðum að viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Eðlilega er þar um að ræða eitt viðamesta samningamál okkar á sviði utanríkismála nú um stundir og á næstu árum. Ég sakna þess þó að enn skortir skýra stefnumörkun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og að í þessari skýrslu er ekki eytt þeirri óvissu sem verið hefur um stefnu hæstv. ríkisstjórnar, markmið hennar og vilja með þessum samningaviðræðum. Ég vil enn á ný leggja á það áherslu, eins og við sjálfstæðismenn höfum gert, hversu brýnt það er að við gætum að útflutningshagsmunum okkar með sjávarafurðir. Ég hlýt að vekja enn einu sinni athygli á því að þrátt fyrir samkomulagið innan EFTA á Oslóarfundinum í fyrra, um fríverslun með fisk, eru Norðmenn að auka styrki sína á aðlögunartímanum og engar líkur eru taldar á því að Evrópubandalagið falli frá styrkjastefnu sinni. Þess vegna er ekki líklegt að árangur náist í okkar málum á þessum grundvelli. Við verðum eigi að síður að leggja megináherslu á að ná samningum um hindrunarlaus viðskipti. Ég hef margsinnis lýst því yfir að þær tvíhliða könnunarviðræður sem átt hafa sér stað eru mikilvægar og gagnlegar en þeim þarf að fylgja eftir með formlegum viðræðum til þess að tryggja okkar hagsmuni. Ég óttast að ef þeir samningar eru látnir bíða þar til almennu EFTA–EB samningunum er lokið, þá sé óvíst að við höfum sömu stöðu til þess að knýja á um okkar mál. Þetta vildi ég árétta hér eins og jafnan áður.

Það er ekki nýtt af nálinni að Alþb. hefur haft almenna fyrirvara og sérstakan fyrirvara að því er varðar alla samninga um frjáls gjaldeyrisviðskipti og frjálst flæði fjármagns og fjárfestingu erlendra aðila. Ef taka á slíka fyrirvara alvarlega er ljóst að Alþb. tekur ekki þátt í þeim viðræðum sem fram fara. Hæstv. utanrrh. hefur lýst fyrirvörum sem hann hefur gert fyrir Íslands hönd og eru eðlilegir og sjálfsagðir og lúta að fjárfestingu erlendra aðila í útgerð og fallvötnum og orkulindum landsins. Fyrirvarar Alþb. eru greinilega miklu víðtækari. Fyrir skömmu birti dagblaðið Tíminn, málgagn Framsfl., ítarlega úttekt á þessum málum og skrifaði um þau forustugrein þar sem segir m.a.:

„Í Tímabréfi í dag er fjallað um það sérkenni umræðunnar um Evrópumálefni í íslenskum fjölmiðlum og hagsmunasamtökum að líta á þau sem efnahagsmál og ræða þau þess vegna út frá efnahagslegum rökum og sjónarmiðum nær eingöngu.

Það er þeim mun undarlegra, að meginumræðan um Evrópumál skuli falla í þennan jarðveg, að hin opinbera stefna í þessu tilfelli er mótuð af pólitískri varfærnisstefnu, þjóðlegu íhaldi í sjálfstæðis- og fullveldismálum, og aðeins við það miðað að ná við hvers konar „Evrópubandalög“ skynsamlegum fríverslunarsamningum án þess að skuldbinda þjóðina á neinn hátt pólitískt og reyndar alls ekki fram yfir það sem slíkir samningar fela í sér, sem er ekki annað en að frjáls viðskipti eigi sér stað með útflutningsvörur beggja samningsaðila á gagnkvæmnisgrundvelli.“

Hér er málgagn Framsfl. að lýsa því yfir að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að fara eingöngu í viðræður við Evrópubandalagið um fríverslun með vörur. Eins og kunnugt er höfum við þegar fríverslunarsamning við Evrópubandalagið, sem að vísu er um margt áfátt og þarf að bæta, en hinar almennu EFTA–EB viðræður eru miklum mun víðtækari og almennu vöruviðskiptin eða fríverslun með vöruviðskipti eru aðeins einn hluti þeirra. En hér hefur málgagn Framsfl. lýst því yfir að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að fara í þessar viðræður einvörðungu til þess að semja um fríverslun með vörur og því er lýst yfir að samningum um allt annað hafi verið hafnað og það sé ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar.

Nú veit ég auðvitað ekkert um það í hvaða umboði ritstjórar Tímans tala eða hvort þeir eru að segja satt og rétt um stefnu Framsfl. og afstöðu hans í hæstv. ríkisstjórn. En ef svo er er hér staðfestur enn einn klofningurinn í þesu máli. Ef svo er er alveg augljóst að hæstv. ríkisstjórn veit ekkert hvað hún vill og getur ekki tekið á þessum málum. Það er þess vegna óhjákvæmilegt í þessari umræðu að hæstv. forsrh. geri ítarlega grein fyrir þessu máli. Er Tíminn að lýsa stefnu Framsfl. og hæstv. ríkisstjórnar eða er hann á einhverjum villigötum í þeim efnum? Þessu verður hæstv. forsrh. að svara í þessari umræðu. Því að það liggur í augum uppi ef hann er á sömu skoðun og Tíminn að hæstv. ríkisstjórn getur ekki tekið á þessum málum, er svo þverklofin að það er útilokað að hún fjalli um þessi viðfangsefni.

Þess vegna, hæstv. forsrh., vil ég ítreka spurningu mína og hún er þessi: Lýsir þessi tilvitnun í dagblaðið Tímann afstöðu Framsfl. og hæstv. ríkisstjórnar? Er hæstv. forsrh. sammála því sem Tíminn segir eða er hann sammála því sem hæstv. utanrrh. hefur lýst, bæði hér á Alþingi og erlendis, sem stefnu ríkisstjórnarinnar? Hvort fylgir hæstv. forsrh. hæstv. utanrrh. eða þeirri stefnu sem Tíminn hefur lýst að sé stefna Framsfl. og ríkisstjórnarinnar? Um þetta þurfum við að fá skýr svör. Það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu hér á Alþingi í dag án þess að þessari spurningu sé svarað með afdráttarlausum hætti, ekki með því að fara eins og köttur í kringum heitan graut heldur með því að svara skýrt og skorinort. Það á að vera alveg vandalaust. Hvort stendur hæstv. forsrh.

með því sem segir í Tímanum um stefnu Framsóknar og hæstv. ríkisstjórnar eða með hæstv. utanrrh.?

Margt bendir til þess að þær breytingar sem átt hafa sér stað í Evrópu á síðustu mánuðum geti haft áhrif á þessar viðræður og framtíðarsamskipti og framtíðartengsl EFTA-þjóðanna við Evrópubandalagið. Frá mínum bæjardyrum séð hafa viðbrögð hæstv. utanrrh. við greinarskrifum utanríkisráðherra Dana verið allt of ofsafengin. Auðvitað liggur það í augum uppi að við látum hvorki danska utanríkisráðherrann né danskan forsætisráðherra segja okkur fyrir verkum um það hvernig við æskjum að haga samskiptum okkar við Evrópubandalagið eða hvort við sækjum þar um aðild eða ekki. Engum dettur það í hug. En utanríkisráðherrann danski er í sinni grein að vekja athygli á þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Hann er líka að vekja athygli á þeirri nýju umræðu sem er að hefjast innan EFTA-ríkjanna sem m.a. bendir til þess að mörg þeirra hugsi, þegar til lengri tíma er litið, til þess að hagsmunir þeirra séu betur tryggir með aðild. Og auðvitað komumst við ekki hjá því að meta þessi breyttu viðhorf sem nú eru augljóslega að ryðja sér til rúms. Það þarf ekki og á auðvitað ekki að breyta ákvörðunum okkar um aðild að sameiginlegu EFTA–EB viðræðunum og engin ástæða til þess. En við verðum að gera okkur grein fyrir að svo kann að fara að niðurstaða þeirra verði ekki hin varanlega skipan á samskiptum EFTA og EB heldur kann svo að vera að þar sé aðeins um að ræða eitt skref í samskiptum þessara aðila og að næsta skref kunni að verða stigið tiltölulega fljótlega eftir að niðurstaða fæst í þessum viðræðum. Og það er fullkomin ástæða fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því að þetta er að gerast og ræða þau viðfangsefni sem af því eðlilega hljótast. Þess vegna er það forpokunarhugsunarháttur sem liggur að baki þeim tilsvörum sem hæstv. utanrrh. hefur gefið í þessu efni. Auðvitað verðum við að ræða nýjustu breytingar, auðvitað verðum við að fjalla um þá umræðu sem er að gerast meðal annarra EFTA-þjóða og þær hugmyndir sem þar eru að vakna og eins innan Evrópubandalagsins. Eftir sem áður höldum við okkar striki, en við verðum að gera okkur grein fyrir breyttum aðstæðum.

Og hæstv. ríkisstjórn verður auðvitað að fara að gera Alþingi grein fyrir því hvernig hún ætlar að standa að öllum breytingunum sem þessu samstarfi fylgja á hinum fjölmörgu sviðum efnahags- og atvinnumála og allri þeirri löggjöf sem þarf að breyta. Það hefur þegar komið fram að á einu sviði, sviði bankamála, hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún geti ekki tekist á við verkefni af því að stjórnarflokkarnir hafa þar svo ólíkar skoðanir. Þar hefur hæstv. ríkisstjórn lýst því yfir að við verðum að dragast aftur úr og bíða þangað til kjósendur koma hæstv. ríkisstjórn frá í næstu kosningum.

Auðvitað væri, frú forseti, æskilegt að geta fjallað með miklum mun ítarlegri hætti um þessi stóru viðfangsefni en ég ætla ekki að taka miklu lengri tíma til þess hér og nú en vænti skýrra svara af hálfu hæstv. ráðherra um þau efni sem ég hef spurt um og lýsi enn eftir skýrri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, lýsi enn eftir því að hún komi hér upp með þau viðfangsefni sem Alþingi þarf að takast á við en sópi þeim vandamálum ekki endalaust undir teppið einungis vegna þess að innan hæstv. ríkisstjórnar er sá ágreiningur sem gerir það að verkum að hún getur ekki tekið á málinu. Þjóðin getur ekki beðið eftir því. Alþingi verður þá að taka málið í sínar hendur og það verður að mynda hér á Alþingi meiri hluta um þessi efni. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki útilokað það að Alþingi taki á því verkefni. Reyndar hafa þingmenn Sjálfstfl. flutt hér frumvörp á ýmsum sviðum sem tengjast þessum verkefnum og þá kemur m.a. í ljós vilji þeirra flokka, eins og til að mynda Alþfl. sem haldið hefur því fram í orði kveðnu að hann vilji standa að skýrri framkvæmd í þessu efni og hvergi hika og hvergi bíða.

Frú forseti. Að lokum vil ég aðeins árétta það að í þessari skýrslu er enn einu sinni staðfest að hæstv. ríkisstjórn byggir á veikum grunni, svo að vægt sé til orða tekið, í utanríkis- og öryggismálum. Innan hennar er engin samstaða um þau efni en í meginatriðum hefur hæstv. utanrrh. fylgt ábyrgri stefnu í utanríkis- og varnarmálum.

Það þarf að eyða óvissu vegna gáleysislegra yfirlýsinga hæstv. forsrh. um afstöðu okkar til Atlantshafsbandalagsins og mikilvægis þess á næstu árum. Það liggur fyrir að við lifum nú mikla breytingatíma, tíma sem kalla á sveigjanleika og ný viðhorf en líka tíma sem krefja menn um árvekni, staðfestu og þrautseigju.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér að fjalla í nokkrum orðum um þær miklu breytingar sem hafa orðið á umhverfi okkar Íslendinga og þau breyttu viðhorf sem slíkt krefst. Ég ætla mér að fjalla nokkuð um það frumkvæði sem við Íslendingar hljótum að hafa í því að móta okkar næsta umhverfi og að sjálfsögðu að ákveða hvaða stöðu við viljum hafa í þessu umhverfi. Ég vil með því fyrst og fremst andmæla m.a. þeirri stöðnun sem mér þótti koma fram í orðum hv. 1. þm. Suðurl. En ég hlýt nú áður en ég kem að þessu að fara nokkrum orðum um þær miklu áhyggjur sem hann virðist hafa, og virðist valda honum jafnvel vöku, af sundurlyndi því sem hann talar um í núv. ríkisstjórn. Það er að vísu afar þægilegt að geta flutt þessa sömu ræðu í öllum málum. Ég minnist þessarar ræðu t.d. í umræðu um efnahagsmálin fyrir rúmu ári. Nú eru að vísu hv. sjálfstæðismenn hættir að tala um efnahagsmálin og hljóta að viðurkenna að þrátt fyrir þetta ímyndaða sundurlyndi hefur núv. ríkisstjórn tekist æðimikið á því sviði.

Hv. þm. lýsti m.a. miklum áhyggjum sínum út af því að í upphafi skýrslu utanrrh. er birt stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum. Ekki er mér fyllilega ljóst hvað í þeirri yfirlýsingu olli hans miklu áhyggjum. Í þessari yfirlýsingu er hvergi minnst á

einstakar alþjóðlegar stofnanir heldur farið almennum orðum um þær. Það er ekki minnst á Sameinuðu þjóðirnar, ekki Atlantshafsbandalagið, ekki norræna samstarfið, ekki EFTA. Þar er hins vegar lögð áhersla á virka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Ekki trúi ég því að það valdi hv. þm. áhyggjum því að þessi virka þátttaka í alþjóðlegu samstarfi var einmitt áhersluatriðið í utanríkismálum í þeirri ríkisstjórn sem hann leiddi, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar 1987–1988.

Og hv. þm. er að gera því skóna að einhver ágreiningur sé á milli mín og hæstv. utanrrh. Þetta er náttúrlega fleipur eitt því að þessari virku þátttöku í alþjóðlegu samstarfi hefur verið haldið áfram á sömu braut og gert var í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Og ég vil segja það hér og nú og strax að ég kannast ekki við nein mikilvæg atriði í utanríkismálum þar sem ágreiningur er á milli mín og hæstv. utanrrh. Ég hef haft um þau mjög gott samráð og þarf svo sannarlega ekki undan því að kvarta.

Ekki veit ég hvort það veldur hv. þm. áhyggjum að í þessari yfirlýsingu er lögð sérstök áhersla á virka þátttöku í afvopnunarmálum. Þetta má einnig rekja til ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, þar sem einmitt þessi virka þátttaka var stórlega aukin frá því sem áður hefur verið. Ég kannast heldur ekki við það að nokkur munur sé á því sem hæstv. utanrrh. og ég höfum, t.d. á alþjóðlegum vettvangi, sagt um þau mál. Ég hef á alþjóðlegum vettvangi hvað eftir annað lagt áherslu á afvopnun. Það hefur verið mín skoðun allt frá því að ég fór að hafa afskipti af stjórnmálum að unnt væri að leysa deilur á milli stórveldanna á annan máta en að byggja upp kjarnorkuvopnabúnað. Ég vona að hv. þm. og sjálfstæðismenn allir geti fagnað því sem gerst hefur á þessu sviði og geti tekið undir það með okkur að sannarlega er betra að búa í heimi þar sem leitað er sátta við samningaborðið heldur en leitast við að tryggja friðinn með því að auka kjarnorkuvopnakapphlaupið. Og ég vona að hv. sjálfstæðismenn geti fagnað því að núv. utanrrh. og ég þegar ég var utanrrh. höfum reynt að taka virkan þátt í þessu tali um afvopnun. Ég er ekki að segja að við höfum ráðið þar miklu, en þó er alveg vafalaust að okkar rödd hefur heyrst svo að ég lýsi nokkurri undrun yfir því að hv. þm. skuli hafa svona gífurlega miklar áhyggjur af þeirri yfirlýsingu núv. ríkisstjórnar að hún hyggist halda áfram þeirri sömu stefnu sem tekin var upp 1987–1988, stefnu hinnar virku þátttöku í alþjóðlegum samskiptum og virkri þátttöku í afvopnunarmálum. Ég vona að mér hafi tekist að slá nokkuð á þessar miklu áhyggjur hv. þm. í þeim efnum.

Hv. þm. bað mig að lesa bls. 50 í skýrslu utanrrh. um Atlantshafsbandalagið. Ég sé ekkert á þeirri síðu sem ég þarf að gera ágreining við. Ég hef aldrei nokkurn tíma lýst því yfir t.d. að þessir breyttu tímar krefjist þess að við Íslendingar göngum úr Atlantshafsbandalaginu. Ég hef hins vegar hvað eftir annað sagt að að sjálfsögðu hlýtur Atlantshafsbandalagið, eins og Varsjárbandalagið, að breytast. Ég vona að enginn sé svo staðnaður að honum sé ekki ljóst að með þeirri gjörbreyttu áherslu sem er í Evrópu nú, þar sem vígbúnaðarkapphlaupið er væntanlega að hverfa, þar sem verið er að ná samkomulagi, boða samkomulag á þessu ári um hefðbundin vopn, þar sem forseti Bandaríkjanna hefur gengið fram fyrir skjöldu og boðað stórkostlega fækkun í hefðbundnum vopnabúnaði, ég vona að öllum sé ljóst að þetta hlýtur að hafa áhrif til breytinga á Atlantshafsbandalagið eins og Varsjárbandalagið. Ég vona að ég megi ekki skilja orð hv. þm. svo að hann telji þrátt fyrir allt þetta að þar eigi engin breyting að verða. Þá er hann áreiðanlega einn af fáum sem því halda fram.

Það sem ég hef sagt um Atlantshafsbandalagið er nákvæmlega þetta: Atlantshafsbandalagið á að hafa frumkvæði í þeim miklu breytingum sem eru að verða. Mér þótti um tíma að Atlantshafsbandalagið hefði það ekki og mér þóti satt að segja ástæða til að hafa áhyggjur af því að leiðtogi Sovétríkjanna, Gorbatsjov, greip aftur og aftur frumkvæði í þeim efnum. Sem betur fer er þetta að breytast og Atlantshafsbandalagið hefur í sínum gerðum og sínum fundum nú tekið miklu meira frumkvæði í þeim málum en áður var og því vil ég fagna.

Ég vil einnig biðja hv. þm. að lesa bls. 46 og 47 í skýrslu hæstv. utanrrh., þar sem fjallað er ítarlega um afvopnun á höfunum og þar sem m.a. kemur fram sá málflutningur sem við höfum báðir haft í frammi með okkar áherslu á það að afvopnun á höfunum verði með í þeim viðræðum um afvopnun sem stórveldin hafa sín á milli. Ég kannast ekki við nokkurn áherslumun í ræðum okkar utanrrh. í þeim efnum. Það er hárrétt sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., sem ég vona að hv. þm. hafi einnig hlustað á, í orðum hans áðan um þá staðreynd, um þá sannfæringu okkar beggja að hin mikilvæga leið yfir Atlantshafið sé ekki síður tryggð ef fjarlægðir eru úr höfunum árásarkafbátar með kjarnorkuvopnum. Ég hef sjálfur haft tækifæri til að hlusta á og ræða við sérfræðinga á þessum sviðum sem hafa einmitt haldið því fram að með því að fjarlægja kjarnorkuvopn af höfunum og úr höfunum komi betur fram yfirburðastyrkur Atlantshafsbandalagsins í hefðbundnum vopnum. Við megum heldur ekki á þessu sviði vera of staðnaðir. Sem betur fer eru nú mikilvægir og áhrifaríkir menn á þessum sviðum farnir að tala þessari sömu röddu eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. Maður eins og aðmíráll Crowe, sem neitaði þessu þegar hann var hér á landi fyrir skömmu, segir nú að sjálfsagt sé og nauðsynlegt að ræða um afvopnun á höfunum. Fyrrv. flotamálaráðherra í Bandaríkjunum, Nitze, hefur lengi haldið því fram að Bandaríkjamenn ættu að taka undir þær raddir sem krefjast afvopnunar eða fækkunar kjarnorkuvopna á höfunum. Svo að það er hárrétt sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að þessi skoðun fær aukið fylgi nú innan Atlantshafsbandalagsins og ég leyfi mér að treysta því að hv. sjálfstæðismenn verði með í þeim hópi.

Hv. þm. vildi fá að vita það hvort Tíminn lýsti stefnu ríkisstjórnarinnar. Það vona ég að hann geri í

langflestum tilfellum. Ég get hins vegar alls ekki tekið ábyrgð á einstökum skrifum Tímans fremur en hv. þm. getur tekið ábyrgð á öllum skrifum Morgunblaðsins. Mig minnir að Morgunblaðið hafi jafnvel birt skammargreinar um hv. þm. og hafi í sumum tilfellum lýst allt öðrum viðhorfum en ég hef heyrt hér á hinu háa Alþingi. Ég trúi því ekki að allar þær greinar séu undan rifjum hv. þm. runnar.

Það sem Tíminn er að lýsa í því broti sem hv. þm. las er fyrst og fremst það að við erum að semja um þátttöku í efnahagssamstarfi Evrópuþjóðanna. Við erum ekki að leita eftir aðild að Evrópubandalaginu. Og efnahagssamstarf er náttúrlega og ekki síst frjáls verslun. Ég hef lýst stefnu ríkisstjórnarinnar oft í ræðu. Ég vona að hv. þm. hafi kynnt sér ræðu þá sem ég flutti á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna á sl. ári. Þar er lýst stefnu þessarar ríkisstjórnar í þeim samningum sem nú fara fram um þátttöku í efnahagssvæði Evrópu. Og allt sem hefur verið gert í framhaldi af þeim fundi hefur verið byggt á því sem þar er lýst, bæði þeim fyrirvörum sem þar er lýst og þeim vilja sem við Íslendingar höfum í þessu sambandi.

Ég vona að ég hafi svarað þeim beinu spurningum sem til mín var beint og ég vona jafnframt að mér hafi tekist að draga nokkuð úr áhyggjum hv. þm. af því sundurlyndi sem hann telur vera innan núv. ríkisstjórnar. Það er aldrei hollt að ganga lengi með slíkar áhyggjur.

Ég vildi hins vegar koma nokkuð að þeim miklu breytingum sem eru að gerast í Evrópu og eins og ég sagði í upphafi, stöðu okkar í því sambandi. Ég hef lýst því og endurtek að að sjálfsögðu munu verða miklar breytingar á Atlantshafsbandalaginu hvort sem hv. sjálfstæðismönnum eða öðrum líkar betur eða verr. Þetta kemur fram aftur og aftur á fundum Atlantshafsbandalagsins og þeim yfirlýsingum sem þaðan koma og því ber að sjálfsögðu að fagna. En við Íslendingar hljótum einnig að spyrja sjálfir: Hver er staða okkar í öryggismálum Evrópu í ljósi þessara gerbreyttu tíma? Við hljótum að spyrja okkur að því sjálfir. Og við hljótum í raun að hafa frumkvæði í þeirri athugun. Við eigum ekki að láta segja okkur hver á að vera staða okkar í því öryggisneti sem ég efa ekki að verður í Evrópu jafnvel þótt gengið verði eins langt og nokkur maður getur vonað í þeirri afvopnun sem nú á sér stað og ég vona að þar verði gengið mjög langt. Ég efa ekki að það verður t.d. talið nauðsynlegt að hafa mjög öruggt eftirlit með framkvæmd þess samkomulags sem virðist vera í burðarliðnum og við skulum vona að sé. Og við Íslendingar erum þar að sjálfsögðu á ákaflega mikilvægu svæði í Norður-Atlantshafshafi. Hvert verður hlutverk okkar í því að hafa eftirlit með samkomulagi um afvopnun í og á höfunum, um umferð flugvéla t.d. á Norður-Atlantshafinu svo eitthvað sé nefnt.

Ég hef velt því fyrir mér hvort við Íslendingar ættum ekki að biðja um og hafa frumkvæði að umræðu um þetta mál við okkar bandalagsþjóðir. Ég tel það mjög koma til greina og það verður að vera til þess hugsað. Þetta er mál sem sannarlega er verðugt fyrir Alþingi Íslendinga að ræða. Viljum við taka þátt í því eftirliti sem nauðsynlegt verður? Mitt svar er já. Ég tel mjög mikilvægt að við Íslendingar tökum þátt í því. Og til þess að geta tekið þátt í því á markverðan hátt þurfum við vitanlega að skilja afar vel það sem er að gerast og taka virkan þátt í því sem er að gerast, bæði í orði og í verki, í orði t.d. á þeim mörgu fundum sem við sækjum nú alþjóðlega. Og til að geta lagt fram þar skýra skoðun á þessum málum þurfum við að hafa góða hugmynd um það sem við viljum að verði.

Ég hef oft lýst því að ég vona að kalda stríðinu ljúki og ég trúi því að því sé að ljúka. Vissulega eru hættumerki. Vissulega getur orðið bakslag og vissulega geta menn sagt: Er ekki í raun farið svo hratt í þessum málum að slys geti orðið? Ég get ekki neitað því að á þessu sviði hef ég nokkrar áhyggjur svo að ég noti nú orð hv. 1. þm. Suðurl. (Gripið fram í.) Ja, mínar eru nú ekki næstum því eins miklar og þínar virtust vera hér áðan. Ég vona að mér hafi tekist, eins og ég sagði, að draga nokkuð úr þeim.

Ég tel einna mikilvægast í allri þróun öryggismála að við Íslendingar gerum okkur sem gleggsta grein fyrir því sem þar er og stuðlum að því sem við viljum að þar verði. Í því sambandi hafa menn talað um varaflugvöll á Norðurlandi. Ég tel að það sé að sjálfsögðu á valdi utanrrh. hvort hann lætur fara fram forkönnun á slíkum varaflugvelli. En er ekki líka ástæða til að spyrja hvort einhver breyting kunni að hafa orðið hjá Atlantshafsbandalaginu í þessum málum við þær miklu breytingar sem eru að verða allt í kringum okkur? Er þetta ekki eitt af þeim atriðum sem er verðugt að ræða? Ég hef satt að segja ekki heyrt þær áherslur af hálfu Atlantshafsbandalagsins á varaflugvöll nú eins og heyrðust áður. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að Atlantshafsbandalagið muni telja ástæðu til að endurskoða allar hugmyndir um varaflugvöll. En ég hygg að við ættum sjálfir að hafa frumkvæði að slíku.

Ég vil taka það fram að ég tel allt öðru máli gegna að byggja varaflugvöll á Norðurlandi ef hann er ætlaður til þess að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra samninga sem nú er verið að gera. (**GHG:** Þetta var okkar tillaga sjálfstæðismanna fyrir tveim árum.) Nú, var það ykkar tillaga? Það er gott að heyra að þið hafið sagt eitthvað af viti. (Gripið fram í.) Ég hef stundum haft áhyggjur af því, ég verð að viðurkenna það. En þetta er sem sagt einn af þeim þáttum sem þurfa að skoðast þegar rætt er um stöðu okkar í þessum gerbreytta heimi.

Hér hefur sem von er verið rætt um samning okkar við Evrópubandalagið. Ég verð að viðurkenna að mér þykir nokkuð gáleysislega farið að af hálfu sjálfstæðismanna með þeirri miklu áherslu sem þeir enn leggja á tvíhliða formlegar viðræður við Evrópubandalagið um málefni okkar Íslendinga. Þarf ég raunar ekki að endurtaka það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt í því sambandi. Að sjálfsögðu eru viðræður í gangi. Ákveðið er að ég muni eiga fund með Delors í Brussel 18. þessa mánaðar. Ég hef óskað eftir því að

utanrrh. verði með mér á þeim fundi og með Delors munu verða a.m.k. þrír ef ekki fjórir af framkvæmdastjórum Evrópubandalagsins. Þetta verður ákaflega mikilvægur fundur. Á þeim fundi gefst tækifæri til að undirstrika enn einu sinni vilja okkar Íslendinga í þessum samningum, undirstrika hverju við viljum ná fram og undirstrika þá fyrirvara sem ráðast af smæð landsins, sérstöðu þess í efnahagsmálum, legu þess o.s.frv. Og á þessum fundi skapast einnig tækifæri til þess að fjalla t.d. um yfirlýsingar utanríkisráðherra Dana. Eru þær studdar af Evrópubandalaginu? Við höfum grun um að svo sé ekki.

Ég kemst ekki hjá því að segja nokkur orð um yfirlýsingar Dana. Þær hafa vakið nokkra undrun. Ég vil geta þess hér að á þessu sama bryddaði í viðræðum við forsætisráðherra Dana á Norðurlandaráðsfundinum hér nýlega, þótt ekki kæmu þær fram eins ákveðnar og þær hafa gert hjá Uffe Ellemann-Jensen. Mér sýnist vera augljós skýring á þeirri áherslu sem Danir leggja nú á fulla aðild Norðurlandanna að Evrópubandalaginu. Enginn efast lengur um það að þýsku löndin tvö muni sameinast og Austur-Þýskaland verður þar með aðili að Evrópubandalaginu. Ég hygg að enginn efist heldur um það að Austurríki muni fljótlega fá fulla aðild. Það hefur komið fram hjá fleiri aðilum í Evrópubandalaginu að hlutleysið er ekki eins mikill þrándur í götu nú og það var áður talið. Þegar þetta gerist verða áhrif þýskumælandi aðila að Evrópubandalaginu afar mikil og ekki nokkur vafi á því, hygg ég, að Þýskaland verður áhrifamest innan þess bandalags. Ég hygg líka að flestir sjái fyrir sér að Suður-Evrópa muni að meira eða minna leyti verða ein blokk með Frakka í forustu innan Evrópubandalagsins. Og það er afar skiljanlegt að Danir hafi af því nokkrar áhyggjur hvar þeir muni staðsetjast innan þessa bandalags þegar það er svo breitt. Það hefur verið meira jafnræði milli ríkjanna innan Evrópubandalagsins en verður þegar þessi breyting hefur átt sér stað.

Það er því afar skiljanlegt að Danir leggi á það áherslu að Norðurlöndin sameinist Evrópubandalaginu og styrki þannig norðurhluta þess. Ég tel að í þessu sambandi eigum við að svara skýrt og skorinort að okkar stefna er óbreytt. Við sækjum ekki eftir fullri aðild að Evrópubandalaginu og ég veit ekki annað en um það sé full samstaða hér á hinu háa Alþingi. Það er ekki í myndinni fyrir okkur Íslendinga. Ekki kemur heldur til mála að við afsölum okkur yfirráðum yfir náttúruauðlindum okkar, hvorki til lands né sjávar. Það kemur ekki til mála að við hleypum Evrópubandalaginu inn í fiskveiðilögsögu okkar eða afhendum þeim orkulindir þessa lands. Það kemur heldur ekki til mála að við afhendum erlendum fjármagnseigendum innan Evrópubandalagsins yfirráð yfir bankakerfi þessa lands. Ég vona að um þetta allt saman sé full samstaða hér á hinu háa Alþingi.

Vitanlega eigum við að svara utanríkisráðherra Dana með því að ítreka þessi sjónarmið. Við getum boðið Dönum upp á það að taka þátt í því sem lýst var í mjög fróðlegri grein í Morgunblaðinu fyrir skömmu, hugmynd sem þar var birt eftir erlendan mann um framtíðarskipun Evrópu. Þar var talið að hún gæti orðið sú að Danir færu út úr Evrópubandalaginu og gengju inn í samtök Norðurlandanna og baltnesku landanna. Mér þótti þessi hugmynd afar athyglisverð og mér dettur í hug að hæstv. utanrrh. ætti að taka með sér ljósrit af þessari grein og gefa vini sínum Uffe Ellemann-Jensen. Mér heyrðist hann skilja töluvert íslensku í viðtali sem kom fram í sjónvarpinu. Getur ekki vel verið að allt það sem er að gerast í Evrópu geti einmitt orðið til þess að sú mynd sem þar var lýst verði að veruleika? Getur það ekki orðið? Er endilega öruggt að Evrópubandalagið gleypi Evrópu? Er öruggt að Þýskaland verði eitthvert ofurveldi innan slíks stækkaðs Evrópubandalags? Ég held að við þurfum líka að skoða þessar hugmyndir og gæti vel komið til mála að hreyfa þeim einmitt innan Norðurlandanna. Þarna er annað atriði þar sem við Íslendingar megum alls ekki fljóta sofandi að feigðarósi og verðum að skoða þá fjölmörgu möguleika sem felast í þeirri róttæku uppstokkun sem er að verða í Evrópu.

Ég vil svo minnast nokkuð á það sem rætt hefur verið um Litáen og í því sambandi m.a. á tillögu hv. sjálfstæðismanna. Ég vil taka fram strax að ég vona og trúi því að hún sé af þeirri hvöt einni flutt að hv. sjálfstæðismenn vilji leggja áherslu á viðurkenningu okkar á sjálfstæði Litáens. Ég tel hins vegar að það sé óþarft, eins og hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. Í örfáum orðum vil ég rekja það sem þar hefur gerst.

Alþingi Íslendinga varð fyrst þjóðþinga til að fagna sjálfstæðisyfirlýsingu Litáa. Hæstv. utanrrh. varð fyrstur vestrænna utanríkisráðherra til að kalla sendiherra Sovétríkjanna á sinn fund og fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands vara mjög eindregið við þeirri þróun sem virtist vera fram undan í Litáen sem Litáar sjálfir hafa sagt nú að kunni að verða afstýrt, þ.e. að vopnum verði beitt þar. En vitanlega er því ekki afstýrt og þegar orðið að Sovétmenn beita Litáa mikilli þvingun með þeim her sem þangað hefur verið fluttur. Síðan hefur komið fram að sendinefnd Litáa sem hefur verið í Osló hefur lýst nákvæmlega þeim sama skilningi og við Íslendingar höfum haft, að viðurkenning á sjálfstæði sem Danir veittu fyrir hönd okkar Íslendinga árið 1921 sé í fullu gildi. Út af því sem kom fram hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni vil ég upplýsa hér að ég hef verið fullvissaður um það að Danir hafi þá gert það fyrir hönd Danmerkur og Íslands og að það hafi komið greinilega fram. Sömuleiðis voru í framhaldi af þeirri yfirlýsingu gerðir a.m.k. tveir viðskiptasamningar við sjálfstætt Litáen. Þannig að við sýndum það líka í verki að sú viðurkenning var fullkomlega virt og hélt gagnvart okkur Íslendingum.

En sú spurning vaknar, ef við förum nú að gefa út yfirlýsingu um viðurkenningu á sjálfstæði Litáens, erum við þá að afturkalla þá yfirlýsingu sem var gefin 1921 fyrir okkar hönd og við höfum aldrei til þessa efast um? Ég vil leggja mjög mikla áherslu á það að við Íslendingar gerum allt sem í okkar valdi stendur

til þess að þróun mála í Litáen geti orðið þeirri þjóð sem allra best. Og við eigum vitanlega að taka því eins og við frekast getum sem kemur fram í bréfi til forseta Íslands, að veita Litáen þá aðstoð efnahagslega og á hverju öðru sviði sem við frekast getum. Það getur vel verið að smæð þessarar þjóðar valdi því að við getum ekki gert þar stóra hluti. En eftir því er tekið ef við gerum það á réttan máta.

Ég get einnig tekið undir það sem hefur komið fram að menn hafa undrast nokkuð hvers vegna Bandaríkjamenn og Svíar eru svo hikandi í sínum stuðningi við Litáa. Þó hygg ég að á því séu mjög ákveðnar skýringar. Og ég vek athygli á því að það eru ekki bara Bandaríkjamenn heldur líka Þjóðverjar, Bretar, Frakkar. Þessar þjóðir hafa varla sagt nokkuð sem styður Litáa svo að marktækt sé í þeirra sjálfstæðisbaráttu. Það sem ræður hjá þessum þjóðum er vitanlega sú hugsun að valda ekki þeim óróa innan Sovétríkjanna sem kynni að leiða til þess að Sovétríkin teldu sig knúin til að beita vopnavaldi í Litáen og berja þetta niður sem fyrst. Vitanlega er það von þessara þjóða að perestrojka og glasnost megi þróast á eðlilegan máta. Vitanlega er ekkert annað sem þarna ræður. Og af því að hv. sjálfstæðismenn hafa nú ætíð lagt svo mikla áherslu á samráð innan Atlantshafsbandalagsins vil ég í þessu tilfelli í raun taka undir þau orð þeirra að í þessu máli hygg ég að við eigum að hafa samráð við bandalagsþjóðir okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta er einmitt mál sem þar á að ræða. Atlantshafsbandalagið á að hafa samstöðu um viðurkenningu og stuðning við Litáen. Verður það eflaust tekið upp á fundum þar fljótlega. Ég tel þess vegna að ný yfirlýsing okkar Íslendinga eða viðurkenning á sjálfstæði Litáens sé óþörf og legg áherslu á að í þessum málum verði farið þannig að að ekki valdi hinni litáisku þjóð tjóni. Vitanlega er það ekki ætlun nokkurs manns.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu lengri ræðu. Ég vil einnig taka undir ánægju með skýrslu utanrrh. og leggja á það mikla áherslu að um hana er samstaða í ríkisstjórninni. Ég kannast ekki við ágreining um þessa skýrslu, enda hefur hann hvergi nokkurs staðar komið fram. En að sjálfsögðu, þegar mismunandi flokkar starfa saman eru mismunandi áherslur. Svo var í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og svo hefur verið í öllum ríkisstjórnum sem ég hef kynnst. Hins vegar veldur þessi stöðuga áhersla á ágreining innan ríkisstjórnarinnar af hálfu hv. þm. Þorsteins Pálssonar mér áhyggjum, ef ég má nota hans eigin orð. Staðreyndin er að við höfum náð samstöðu í máli eftir mál, mjög erfiðum málum, ágreiningsmálum. Okkur hefur m.a. tekist að leiða þjóðina út úr þeim efnahagserfiðleikum sem við höfum staðið frammi fyrir um nokkurn tíma. Meira að segja svo langt að aðilar vinnumarkaðarins segja að nú sé borð fyrir báru. Við sjáum fram á ástand í efnahagsmálum á næstu mánuðum og árum vonandi sem er áður óþekkt hér á landi.

Þannig mun þessi ríkisstjórn starfa áfram. Hún mun starfa áfram að því að jafna og leysa þann skoðanamun sem vissulega kann að vera innan ríkisstjórnarinnar í einstökum málum og hafa þá þjóðarheill að leiðarljósi. Í utanríkismálum munum við hafa þjóðarheill í huga og við munum hafa þar í huga sjálfræði okkar Íslendinga og við munum leggja áherslu á að við Íslendingar tökum virkan þátt, eins og segir í okkar stefnuyfirlýsingu, í alþjóðlegu samstarfi. Að við tökum áfram virkan þátt í afvopnunarviðleitni þjóðanna og við gerum það sem við getum, þótt við séum lítil þjóð, til að stefna þróun mála á erlendum vettvangi og alheimsvettvangi inn á heillavænlegar brautir.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Síðasta ár hefur um margt verið viðburðaríkt á sviði utanríkismála. Á undanförnum árum hefur verið að birta til í samskiptum risaveldanna og í afvopnunarmálum. Þótt margir hafi verið bjartsýnir og bundið miklar vonir við þær breytingar í lýðræðisátt sem eiga sér stað í Sovétríkjunum á síðustu árum held ég að fáa hafi órað fyrir þeim breytingum sem orðið hafa í Mið- og Austur-Evrópu á síðustu mánuðum.

Allt frá stríðslokum hefur heiminum verið skipt upp í tvö svæði sem að meira eða minna leyti hafa verið undir áhrifum risaveldanna tveggja. Sovétmenn og Bandaríkjamenn hafa hingað til verið allsráðandi um vígbúnað, hvor á sínu svæði. Afvopnunarviðræður og samningar um eyðingu vopna hafa stjórnast af vilja risaveldanna til að fækka vopnum. Meira að segja koma ríki Evrópu varla nærri þegar samningar um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar í Evrópu hefur verið til umræðu. Starf friðarhreyfinga, starf fólksins sjálfs hefur þrýst stöðugt á að sest verði að samningaborði og ég er sannfærð um að þeirra starf hefur haft mikið að segja til að ýta risaveldunum til samninga um afvopnun. Fólk vill ekki hervæðingu, það vill ekki að öllu þessu fé sé veitt í vígvélar. Það er aðeins hugarfóstur fárra hernaðarsinna að vígbúnaðaruppbyggingin sé nauðsynleg til að friði verði komið á í heiminum.

Nú hafa gerst þau stórmerki að stjórnvöld í Sovétríkjunum eru hætt að líta á það sem hlutverk sitt að skipta sér af innanríkismálum landa utan sinna landamæra, eins og gerðist t.d. í Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi og Afganistan. Það er grunnurinn að því að þjóðirnar geta lyft af sér okinu, hafnað miðstýringu og einveldi og krafist lýðræðislegra stjórnarhátta. Þessu megum við ekki gleyma.

En hvað er fram undan hjá þessum þjóðum? Hvernig tekst þeim að vinna úr þeim breytingum sem orðið hafa? Það sem hlýtur að vekja bjartsýni í hugum allra er að með breyttum áherslum í austurhluta Evrópu verði afvopnun og varanlegur friður nær en vonir stóðu til fyrir aðeins nokkrum árum. Óvinaímyndin hverfur og ekki þarf lengur að magna upp þá mynd að Varsjárbandalagið og NATO þurfi að vígbúast hvort gagnvart öðru með stórveldin í broddi fylkingar og helst að geta tortímt heiminum mörgum sinnum með þeim vígbúnaði sem þau ráða

yfir. Maður skyldi ætla að nú kæmu fram breyttar áherslur í skýrslu utanrrh. til Alþingis og því sem ríkisstjórnin hefur markað, vonandi í ljósi atburða liðinna mánaða. En nei, því miður.

Við lestur skýrslunnar er varla hægt að segja að maður fyllist bjartsýni. Ekki ber mikið á friðarvilja. Hernaðarumsvif hér á landi hafa aukist á undanförnum árum. Nýjar vígvélar, olíuhöfn, ratsjárstöðvar og flugskýli sem þola kjarnorkuvopn bera vott um að Ísland er notað sem víghreiður. Þrátt fyrir að risaveldin virðast nú ekki lengur skipta með sér heiminum jafnbróðurlega og áður er Ísland eftir sem áður möskvi í hernaðarnetinu sem við höfum flækst æ fastar í. Nú hafa hernaðarsérfræðingar fundið út að áróðurslega sé best að kalla herstöðina ekki varnarstöð lengur, þar sem ekki sé svo auðvelt að sannfæra fólk um að óvinurinn muni koma og ráðast á það. Nú á herstöðin að heita eftirlitsstöð til að auðveldara sé að réttlæta veru hersins í landinu. Og til að kóróna allt er lagst svo lágt að biðja NATO að byggja einn herflugvöll enn hér á landi.

Í skýrslu ráðherrans er tekið fram „að þær breytingar, sem orðið hafa og eru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu, gefi Íslendingum ekki tilefni til að hrófla við því fyrirkomulagi, sem þeir hafa stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi", svo vitnað sé orðrétt í skýrsluna. Telur hæstv. ráðherra enga ástæðu til að endurskoða stöðu okkar í því hernaðarneti sem við erum flækt í? Á þingi Sameinuðu þjóðanna þurftum við, eitt árið enn, að sitja undir því að Ísland greiddi ekki atkvæði, eitt Norðurlanda, með tillögu um stöðvun allra kjarnorkutilrauna og tillögu um stöðvun á framleiðslu kjarnavopna. Hvernig í ósköpunum er hægt að skýra slíka afstöðu?

Íslendingar með hæstv. utanrrh. í broddi fylkingar hafa vakið máls á því á vettvangi NATO og víðar að afvopnun í og á höfunum sé ekki síður mikilvæg en afvopnun á landi. Fyrir okkur sem lifum á auðlindum hafsins er það grundvallaratriði að afvopnun á og í höfunum verði samhliða afvopnun á landi. Mér þótti þess vegna slæmt að sjá að ráðherrann telur ekki þörf á þessum viðræðum strax heldur telur í lagi að bíða þangað til að loknum viðræðum um fækkun hefðbundinna vopna í Evrópu. Það er því spurning hvort í reynd hefur nokkuð verið gert af Íslands hálfu til að þrýsta á kjarnorkuafvopnun í höfunum. Ekki hef ég heyrt að hæstv. utanrrh. styðji þá sem eru að vinna að því að Norðurlöndin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er kominn tími til að íslensk stjórnvöld taki á sig rögg og hlusti á það sem fólkið í landinu hefur að segja. Engin kjarnavopn á Íslandi og kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Auðvitað væri best að svæðið væri stærra en fyrsta skrefið gefur von um það næsta.

Í fylgiskjali 9 í skýrslu utanrrh. er birt samþykkt leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins frá því í maí 1989. Í henni er ekki að sjá mikinn vilja til afvopnunar. Þar kemur fram svo mikil hernaðarhyggja að manni verður illt af að lesa það. Allt byggist á þeirri kenningu að halda þurfi uppi nægilegum herstyrk til að koma í veg fyrir styrjöld. Það mætti halda að blessaðir mennirnir sem standa að þessari samþykkt telji að mannkynið muni lifa af kjarnorkustyrjöld.

Kvennalistakonur eru andvígar hugarfari hermennskunnar. Okkur ber að stöðva allar hernaðarframkvæmdir hér á landi þegar í stað og stefna að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar. Við verðum að gera það upp við okkur hvert við stefnum. Í mínum huga er enginn vafi á því hvert við eigum að stefna og ég er sannfærð um að meiri hluti þjóðarinnar er mér sammála. Okkar verkefni er að uppræta hugarfar hermennskunnar í stað þess að ala á því eins og gert hefur verið hingað til af ráðandi öflum.

Þrátt fyrir mikla bjartsýni sem ríkir um þróunina í austurhluta Evrópu er því ekki að neita að ástandið er mjög brothætt. Óþolinmæði fólks eftir breytingum er mikil og ekki víst að þeir sem kosnir eru til að stjórna geti ráðið við þann hraða sem kröfurnar eru um. Margir sem búið hafa við áralanga kúgun og ófrelsi halda að vestan járntjaldsins, sem svo var kallað, séu allir hamingjusamir og sælir og að ekkert bágt sé þar að sjá. Það tekur auðvitað tíma fyrir fólk að átta sig á hverju það er í raun að sækjast eftir og hvað þurfi að leggja á sig til að ná því fram. Fáir hefðu trúað því fyrir aðeins örfáum mánuðum að sameining Þýsku ríkjanna væri á næsta leiti. Enginn þarf að halda að hún gangi fyrir sig eingöngu með jákvæðum breytingum fyrir alla. Fyrir kosningarnar í Austur-Þýskalandi á dögunum bárust fréttir af því að konur þar í landi hefðu borið fram sérstakan kvennalista í kosningunum. Ástæðan var að sögn fyrst og fremst sú að eftir að ný stjórn tók við með nýjar áherslur varð þeim fyrst fyrir að skerða rétt kvenna og barna. Loka átti barnaheimilum, hætta við skólamáltíðir, hætta að greiða einstæðum mæðrum húsaleigustyrk og fleira í þeim dúr. Varla getum við setið hér uppi á Íslandi og fagnað slíkum ráðstöfunum. Það er dálítið kaldhæðnislegt að frelsið sem menn hafa þráð svo og fagnað skuli þýða skerðingu á frelsi kvenna að vissu leyti.

Sumar þjóðir, t.d. Pólverjar, hafa reynt að feta slóðina varlega. Litið til allra átta og virðast meta það svo að eftir áralanga miðstýringu fámennrar valdaklíku sé rétt að fara ekki of hratt. Þeir hafa reynt að rétta við efnahag landsins með aðstoð annarra ríkja án þess að taka kollsteypur. Þeir vilja fara sínar eigin leiðir. Aðrir eru óþolinmóðir og vilja fá allt strax án þess e.t.v. að sjást fyrir í ákafanum. Við eigum að styðja við bakið á þessum þjóðum eins og okkur frekast er unnt. Þó við séum hvorki stór né öflug þjóð getum við haft jákvæð áhrif. Ég er sannfærð um að aukin samskipti við þjóðir Austur- og Mið-Evrópu á ýmsum sviðum hafa ekki bara jákvæð áhrif fyrir þær heldur ekki síður fyrir okkur sjálf. Þegar Litáar lýstu yfir sjálfstæði sínu brást Alþingi skjótt við og sendi heillaóskaskeyti til þeirra. Auðvitað eigum við að styðja þjóðir sem eru að berjast fyrir sjálfstæði sínu. Okkur ber að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða og gera allt sem í okkar valdi stendur til að hafa áhrif á að ekki sé beitt vopnavaldi í deilum þjóða.

En það er víðar en í Austur- og Mið-Evrópu sem fólk berst fyrir frelsi og sjálfstæði. Ekki síður þurfum við að beita áhrifum okkar til að sjálfsákvörðunarréttur þjóða sé virtur annars staðar. Í Mið-Austurlöndum er þjóð sem berst fyrir sjálfstæði sínu og viðurkenningu annarra á tilverurétti sínum. Ég heyrði ekki að þeir sem á undan mér töluðu hefðu áhyggjur af þessu fólki. Kafli V á bls. 37 í skýrslu utanrrh. vekur mikla furðu. Mannréttindabrot Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum í Mið-Austurlöndum eru aðeins áhyggjuefni, að dómi ráðherrans. Veit ráðherrann hvað þarna hefur átt sér stað? Nú er ég ekki viss hvort ráðherrann heyrir orð mín. (**Utanrrh.:** Hann hlustar, hann stendur hér við hátalarann.) Gott. (**Gripið fram í:** Er ekki nógu gott að vera í salnum?) Nei, það getur verið vont að vera í salnum.

Veit ráðherrann að ísraelskir hermenn hafa drepið um 150 börn undir 16 ára aldri? Veit hann að ísraelsk yfirvöld hafa meinað öllum börnum í Palestínu að stunda skólanám sl. 18 mánuði? Veit hann að allir sex háskólarnir á herteknu svæðunum hafa verið lokaðir samkvæmt skipun hersins í meira en tvö ár? Veit hann að aðeins íbúar herteknu svæðanna sem lúta gyðingatrú hafa kosningarrétt og lúta borgaralegum dómstólum? Allir hinir hafa engan pólitískan rétt og lúta herlögum. Hús eru jöfnuð við jörðu til að refsa heilum fjölskyldum fyrir meintar andófsaðgerðir einstakra meðlima. Heil þorp eru sett í herkví dögum eða vikum saman, uppskera bænda er eyðilögð og fleira og fleira. Frásagnir af hinum ótrúlegustu hrottaaðgerðum eru birtar daglega í Ísrael og þykja ekki lengur merkilegar.

Í þessum sama kafla, V. kafla, er staðhæft að nágrannaríki Ísraels viðurkenni ekki tilverurétt þess. Ég veit ekki betur en að Arabaríkin, þar með talin Palestína eða PLO, styðji tillögu um alþjóðlega friðarráðstefnu um Austurlönd nær á grundvelli samþykktar Sameinuðu þjóðanna og hafa stutt ályktanir Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega lausn deilunnar. Ísland hefur m.a. greitt atkvæði með þannig tillögum eins og t.d. tillögu á allsherjarþinginu 6. des. sl. Í þessari tillögu felst viðurkenning á tilverurétti Ísraelsríkis.

Hvað á ráðherrann við þar sem sagt er að PLÓ hafi *lýst yfir stofnun Palestínuríkis með einhliða yfirlýsingu*, eins og tekið er til orða í þessum kafla? Var Ísraelsríki ekki einnig stofnað með einhliða yfirlýsingu? Og ekki kom það í veg fyrir að Ísland viðurkenndi Ísrael mjög fljótt. Bæði ríkin voru stofnuð á grundvelli ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóv. 1974 þar sem lagt var til að Palestína verði tvö aðskilin ríki, ríki Palestínuaraba og ríki gyðinga. Ég hafði vonað að með samþykkt tillögu nr. 42 á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna væri lausn á Palestínuvandamálinu í sjónmáli. En því miður virðist ekki vera samstaða um að fallast á samþykkt Sameinuðu þjóðanna og þá tillögu sem þar er lögð til.

Mér er alveg óskiljanlegt hvers vegna hæstv. ráðherra minnist ekki á þessa tillögu og virðist eins og hann viti ekki að hún hafi verið samþykkt. Eða hvernig á að skilja öðruvísi það sem stendur í kaflanum um Mið-Austurlönd orðrétt, með leyfi forseta: „Á árinu 1989 komu fram þrjár tillögur um lausn mála á herteknu svæðunum.“ Ég get ekki séð að ein af þessum þremur sé sú tillaga sem var samþykkt hjá Sameinuðu þjóðunum. Ísland greiddi þeirri tillögu atkvæði en aðeins þrjú lönd greiddu atkvæði gegn henni.

Til upprifjunar, eða e.t.v. upplýsinga, langar mig til að drepa á nokkur atriði í tillögunni og nota ég þá skýrslu um þátttöku Íslands á 44. allsherjarþinginu. Ég les einungis hluta af tillögunni. Þar stendur, með leyfi forseta: „Kölluð verði saman alþjóðleg friðarráðstefna um Mið-Austurlönd með þátttöku allra deiluaðila, þar með talin frelsishreyfing Palestínu, PLO, auk hinna fimm föstu meðlima öryggisráðsins.“ Síðan eru talin upp þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir friði: Brottflutningur Ísraelsmanna frá landsvæðum í Palestínu sem hernumin voru 1967, tryggt sé öryggi allra ríkja á svæðinu, þar með talin þau sem nefnd eru í ályktun 181 frá 29. nóv. 1974, innan öruggra landamæra sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu. Leyst verði vandamál Palestínuflóttamanna í samræmi við ályktun allsherjarþingsins nr. 194 frá 11. des. 1948 og síðari ályktanir þar um. Rifnir verði niður bústaðir Ísraelsmanna á landsvæðum sem hernumin hafa verið síðan 1967.

Ég velti því fyrir mér hvers vegna það er ekki minnst á þá merkilegu tillögu sem þarna var samþykkt. Það voru einungis þrjár þjóðir sem greiddu atkvæði gegn henni en 137 þjóðir greiddu atkvæði með. Og eins og ég sagði áðan var Ísland þar á meðal. Er það af ásettu ráði sem ekki er minnst á þetta eða hvað liggur að baki?

Ég vil einnig benda á að nú þegar hafa 92 ríki viðurkennt Palestínu, þar á meðal Austurríki sem er eitt af EFTA-ríkjunum. Mörg önnur ríki, þar á meðal *Frakkland, Spánn, Ítalía, Írland og Grikkland* hafa lýst því yfir að þau styðji rétt Palestínumanna til eigin ríkis á herteknu svæðunum en vilja enn ekki viðurkenna það af ýmsum réttarfarslegum ástæðum. En ég tel eðlilegt að Ísland sláist í hóp þeirra ríkja sem viðurkenni rétt Palestínumanna til sjálfsákvörðunarréttar og til ríkis síns þannig að við þurfum ekki að horfa lengur upp á það sem þarna er að gerast. Með því leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar til að friður geti orðið í þessum heimshluta. Ég býst fastlega við að allir geti fallist á að viðurkenning Íslands á tilverurétti og sjálfstæði Palestínu sé ekki síður mikilvæg en stuðningur okkar við sjálfstæðisviðleitni annarra ríkja, þó að nær okkur séu.

Ég vona að sá neikvæði andi gagnvart Palestínumönnum sem fram kemur í skýrslu ráðherra endurspegli ekki viðhorf ríkisstjórnarinnar í heild. Ég vona einnig að hæstv. utanrrh. taki sig á í þessum efnum og viðurkenni PLO sem réttmætan fulltrúa palestínsku þjóðarinnar og rétt Palestínumanna til eigin ríkis á herteknu svæðunum. Það kom mér satt að segja mjög á óvart hér áðan að hv. þm. Þorsteinn Pálsson skyldi

ekki vilja virða sjálfstæðisyfirlýsingu og yfirlýsingu um stofnun eigin ríkis Palestínumanna á sama hátt og hann vill virða sjálfsagðan rétt Litáa til sjálfstæðisyfirlýsingar. Ég átta mig ekki alveg á samhenginu þar á milli og þykir slæmt að hann skuli ekki vera í salnum hérna til þess að hlýða á það sem ég hef að segja.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um hrun hins miðstýrða kerfis sem kennt hefur verið við Marx og Lenín í austurhluta álfunnar. Það vekur athygli að á sama tíma og það kerfi hrynur til grunna er í uppsiglingu annað og ekki síður miðstýrt kerfi en það sem mest hefur verið fordæmt í Austur-Evrópu og nú er sem betur fer að falli komið. Þar á ég við stofnun stórríkis, sem kallað hefur verið Evrópubandalagið, þar sem fjármagnið og veldi fjölþjóðahringa er allsráðandi. Bandalagið er ekki samstarfsvettvangur sjálfstæðra þjóða því að með inngöngu afsala þjóðirnar sér verulegum hluta af sjálfstæði sínu til yfirstjórnar í Brussel. Evrópubandalagið er þannig að verða stórríki með mikla miðstýringu. Stjórnkerfi Evrópubandalagsins er langt frá því að vera lýðræðislegt. Þó ekki væri nema vegna skorts á lýðræði innan Evrópubandalagsins tel ég ekki koma til greina að Ísland gerist hluti af því.

En fleira kemur til. Mörg ákvæði Rómarsáttmálans eru óaðgengileg og það er ekki síst fiskveiðistefna bandalagsins sem Íslendingar munu aldrei geta sætt sig við. Þó fáir taki undir það að Íslend eigi að gerast aðili að Evrópubandalaginu er verið að vinna að því leynt og ljóst að tengja Ísland stórríkinu mjög föstum böndum og gæti þá orðið skammt í inngöngu. Þar á ég við aðild Íslands að evrópsku efnahagssvæði sem nú er rætt á milli EB og EFTA. Kjarninn í hugmyndunum um evrópskt efnahagssvæði er að yfirfæra innri markað Evrópubandalagsins á EFTA-svæðið, þ.e. hið svokallaða fjórfrelsi sem felur í sér óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki. Þetta á að leiða til aukinnar hagkvæmni, aukins hagvaxtar og fleira er jákvætt þykir í þessum heimi. En málið er ekki svo einfalt þegar nánar er að gáð og hömlulausir fjármagnsflutningar til og frá Íslandi og erlend fjármálaþjónusta mun fljótt leiða til þess að erlendir aðilar ná tökum á íslensku efnahagslífi, einnig sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Það hefur verið yfirlýst stefna íslenskra stjórnmálaflokka, hingað til a.m.k., að réttur yfir náttúruauðlindum og nýting þeirra skuli vera í höndum Íslendinga, þó svo margir telji að hleypa eigi útlendingum inn í íslenskt atvinnulíf að öðru leyti. Flestir þeirra sem ég hef heyrt tjá sig um þetta mál hingað til telja hins vegar að ekki verði hægt að koma í veg fyrir að útlendingar geti náð tökum á sjávarútvegi og fiskvinnslu jafnt og öðrum þáttum ef fjármagnsflutningur og fjármálaþjónusta verði óheft á milli Íslands og annarra landa.

Það sem hefur skýrast komið fram í afstöðu fólks til Evrópubandalagsins er andstaðan við það ólýðræðislega kerfi sem þar er að byggjast upp. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi í afstöðu þeirra kvenna sem ég hef rætt við um þessi mál. Konur eiga erfitt með að hafa áhrif í öllum ríkjandi stjórnkerfum en þó hafa þær meiri áhrif innan smærri eininga. Miðstýrt fámennisvald hentar þeim mjög illa. Því er ég viss um að það er mjög gegn vilja meiri hluta íslensku þjóðarinnar að sameinast stórveldi eins og því sem Evrópubandalagið er að verða. Ég tel því að hagsmunum Íslands sé ekki best fyrir komið með því að tengjast Evrópubandalaginu með þeim hætti sem nú er stefnt að. Aðalhagsmunamáli íslensku þjóðarinnar, niðurfelling tolla á unnum sjávarafurðum, er ýtt til hliðar og á að bíða með að fjalla um það þangað til öðrum samningamálum er lokið. Alla vega hefur það ekki komið upp á borðið enn. Við eigum að líta til allra átta með viðskipti okkar en ekki binda okkur eingöngu við einn markað.

Á undanförnum árum hefur útflutningur okkar til Bandaríkjanna dregist verulega saman. Þessu þarf að breyta. Möguleikar okkar til útflutnings til Austur-Asíu eru einnig miklir að mínu mati. Við megum ekki binda okkur eingöngu við eitt svæði heldur verðum að leita víðar. Það getur verið okkur dýrkeypt að binda okkur bara við einn markað, þó stór sé.

Samskipti okkar við Evrópubandalagið hafa hingað til verið margvísleg á grundvelli svokallaðrar Lúxemborgaryfirlýsingar. Yfir 20 samstarfsverkefni hafa verið í gangi og er engin ástæða til að ætla að þau geti ekki haldið áfram þó Ísland gerist ekki aðili að hinu evrópska efnahagssvæði eða Evrópubandalaginu eins og það leggur sig.

Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. áðan að aðstoð okkar til þróunarlanda er skammarlega lítil. Á undanförnum árum hefur hlutur okkar verið svo rýr að varla hefur dugað til allra brýnustu skuldbindinga sem við höfum tekið að okkur. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir mun hér síðar í umræðunni gera þennan þátt að frekara umtalsefni.

Marga fleiri þætti hefði ég viljað gera að umtalsefni varðandi þessa skýrslu utanrrh. en ég ætla ekki að gera það nú. En mig langar, virðulegur forseti, að ljúka máli mínu með því að lesa lítið brot úr stefnuskrá Kvennalistans, hluta af kaflanum um friðar- og utanríkismál. Þar segir:

„Íslendingar hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir. Því er eðlilegt að við gerumst boðberar friðar og afvopnunar í heiminum og látum til okkar taka á alþjóðavettvangi sem friðflytjendur, ekki síst vegna þess að við búum mitt á milli risaveldanna tveggja. Valdbeiting, ofbeldi og virðingarleysi við allt sem lífsandann dregur hefur um of verið ríkjandi við stjórnun heimsins. Að baki liggur hugarfar sem er í hrópandi andstöðu við menningu kvenna sem þiggur lífskraft sinn frá endurnýjun lífsins, verndun þess og viðhaldi. Kvennalistinn vill breyta þessu hugarfari. Við verðum að byrja á okkur sjálfum og þeim sem næst okkur standa en beina síðan sjónum út í hinn stóra heim.

Íslenskar konur hafa vakið athygli um allan heim vegna aðgerða sinna og nýrra hugmynda í kvenfrelsisbaráttu. Við eigum erindi við heiminn og því er brýnt að efla samskipti við allar þjóðir."

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að auk hæstv. utanrrh., sem ég sé hér í gættinni, verði hæstv. forsrh. einnig viðstaddur þessa umræðu hér. Ef hæstv. ráðherra er hér í húsi óska ég eindregið eftir því að hann sé hér viðstaddur, a.m.k. við upphaf þessarar ræðu. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er ekki lengur í húsinu. Ef hv. 2. þm. Austurl. óskar eftir því mun ég gera ráðstafanir til að hann verði látinn vita af því.) Ég tel, virðulegur forseti, ekki þörf á því að kalla forsrh. á vettvang, sé hann ekki í þinghúsi. En ég mun síðar við umræðuna beina orðum mínum til hans í von um að hann verði þá viðlátinn. Ég teldi þó eðlilegt að hæstv. forsrh. sé viðstaddur umræðu um svo mikilvægt mál sem hér er á ferðinni og hefði ekki á móti því að hann yrði látinn vita af þeirri ósk minni, þó ég geri ekki kröfur til þess að hann sé hér viðlátinn umræðuna.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér í upphafi ræðu minnar eru ummæli hæstv. forsrh. hér við umræðuna að hann kannist ekki við ágreining í ríkisstjórn um efni þessarar skýrslu sem hér er framlögð af hæstv. utanrrh. Það mætti halda að skýrsla hæstv. utanrrh. hafi verið borin undir ríkisstjórnina. Ég hef ekki af því heyrt og ég geri ráð fyrir að hæstv. utanrrh. geti gert grein fyrir því hvernig að því máli hefur verið staðið. Mér var ekki kunnugt um efni þessarar skýrslu áður en hún var framlögð hér á Alþingi og veit raunar ekki til þess að það sé venja í sambandi við undirbúning skýrslu að bera hana í einstökum atriðum undir ríkisstjórnina í heild þó vissulega færi vel á því að náið samráð væri haft um þennan mjög mikilvæga málaflokk innan ríkisstjórnar hverju sinni.

Ég hlýt að geta þess hér og það mun væntanlega koma fram í mínu máli að ég er ósammála mörgum atriðum sem er að finna í þessari skýrslu. Það á vissulega ekki við um allt efni hennar, en mörg veigamikil atriði. Ég undrast því að hæstv. forsrh. skuli leitast við að undirstrika það að um þessi efni ríki samstaða í ríkisstjórn Íslands, þ.e. í einu og öllu. Það kæmi mér á óvart ef svo væri.

Sú skýrsla sem við ræðum hér gefur vissulega, nú sem oft áður, kærkomið tilefni til umræðna um utanríkismálin. Það eru tvö atriði, tvö efni sem hlýtur að bera hæst í þessum umræðum og hafa reyndar verið fyrirferðarmest í máli þeirra hv. ræðumanna sem hér hafa talað. Það eru breytingarnar í Evrópu, í pólitísku, efnahagslegu og á hernaðarlegu sviði síðustu missiri. Og í öðru lagi hljótum við að ræða hér áhrif þessara breytinga á utanríkisstefnu Íslendinga.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er reynt að fara yfir þessi svið. Varðandi almenna lýsingu á þeim breytingum sem orðið hafa í álfunni er hægt að vera ráðherranum sammála um margt. Greiningin á aðstæðum sem þar kemur fram er hins vegar í mörgum atriðum ófullnægjandi og í sumum atriðum röng að mínu mati. Um ályktanir sem dregnar eru af breytingunum, að því er Ísland varðar, bæði varðandi öryggishagsmuni og efnahagssamvinnu er ég ráðherranum ósammála um margt. Alþb. hefur í þeim efnum allt aðra afstöðu eins og skýrt hefur komið fram nýlega í ályktunum landsfundar Alþb. frá því í nóvember sl. Alþb. er nú sem fyrr andvígt aðild Íslands að hernaðarbandalagi og telur að Íslendingar eigi að segja sig úr NATO. Alþb. er á móti erlendum herstöðvum í landinu og telur að þróunin á alþjóðavettvangi að undanförnu ætti að hafa fært mörgum, sem áður voru hallir undir herstöðvastefnuna, heim sanninn um það að herstöðvar Bandaríkjanna hér á landi eru mikil tímaskekkja og hafa raunar alltaf verið.

Í utanrmn. Alþingis hef ég nýlega flutt svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd samþykkir að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún beiti ákvæðum 7. gr. svokallaðs varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951, og óski eftir endurskoðun og síðan uppsögn samningsins með það að markmiði að erlent herlið hverfi frá Íslandi sem fyrst."

Þessi tillaga, sem ég flutti í utanrmn. 19. mars sl., bíður umræðu á þeim vettvangi. Alþb. telur einnig varðandi efnahagssamvinnu í Evrópu að aðild Íslands að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Í þeim efnum kveður Alþb. fastar að orði en ýmsir stjórnmálaflokkar sem segja að aðild sé ekki á dagskrá og virðast þannig ekki útiloka að svo geti orðið innan tíðar. Það kom raunar fram í skýrslu sem lögð var fram á landsfundi Sjálfstfl. sl. haust, svokallaðri aldamótaskýrslu, sem núverandi varaformaður Sjálfstfl. undirbjó sem formaður viðkomandi nefndar, að vel kæmi til greina að leita eftir beinni aðild að Evrópubandalaginu og láta á slíka umsókn um aðild reyna. Mér fannst líka að formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., talaði ekki mjög skýrt í þessum efnum. Mátti vel skilja það á máli hans að hann væri ekkert fjarri þeim hugmyndum sem varaformaður flokksins hefur viðrað á vettvangi Sjálfstfl. Ýmis ummæli forustumanna Alþfl. gefa einnig vísbendingu í þá átt að þó flokkurinn telji ekki aðild að Evrópubandalaginu vera á dagskrá þá sé ekki ýkja langt í það, ef breyting verður á afstöðu annarra Norðurlanda, að einnig Alþfl. gæti hugsað sér að láta á það reyna með einhverjum hætti. Nú ætla ég ekki að gera forustumönnum Alþfl. upp skoðanir, þeir tala að sjálfsögðu fyrir sig í þeim efnum, en sú eindregna og fyrirvaralitla afstaða sem birtist í sambandi við samninga við Evrópubandalagið um hið svokallaða evrópska efnahagssvæði vísar auðvitað í þessa átt, mjög ákveðið. Ég ætla að vona að það verði bið á því, og hún helst sem lengst, að forustumenn íslenskra stjórnmálaflokka taki ákvarðanir í þá átt að láta reyna á aðild Íslands að Evrópubandalaginu vegna þess hversu háskalegt það væri að mínu mati fyrir íslenska hagsmuni, að ætla sér þar inn og láta á það reyna.

Þingflokkur Alþb. hefur, eins og landsfundur flokksins, lýst almennum fyrirvara við þátttöku Íslands í samningaviðræðum með öðrum EFTA-ríkjum við Evrópubandalagið. Þingflokkurinn ályktaði 29. nóv. sl. að áður en til þátttöku í beinum og formlegum samningaviðræðum komi verði málið

tekið til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Á þessa fyrirvara Alþb. hlýtur að reyna fljótlega þar eð nú er undirbúningsviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins lokið og virðist stefnt að formlegum samningaviðræðum þessara aðila innan skamms.

Sá sem hér talar hefur ítrekað lýst andstöðu sinni við þann grundvöll sem lagður var með Oslóaryfirlýsingu leiðtoga EFTA-ríkjanna. Þróun mála til þessa dags hefur styrkt þá skoðun mína að sá grundvöllur sé óaðgengilegur fyrir Ísland og íslenska hagsmuni. Ég mun víkja nokkuð nánar að því síðar í ræðu minni.

Breytingarnar í Evrópu undanfarin missiri eru eðlilega eitt meginefni í umræðum um utanríkismál hér á þjóðþinginu sem annars staðar þar sem þau eru rædd. Nú eru liðin um fimm ár frá því skipti urðu á forustu í Sovétríkjunum og frá því að Gorbatsjov kom þar til valda sem æðsti maður. Á þessu tímabili hafa orðið stórfelldar breytingar í Austur-Evrópu sem margir þakka þessum forustumanni öðrum fremur og kannski með meiri áherslu en ég er reiðubúinn að taka undir. Ég leit svo til og lít svo til að þær breytingar sem þar hafa orðið á áður stöðnuðu og úreltu kerfi, harðstjórnarkerfi, sem ég hef oft og iðulega lýst eindreginni andstöðu við hér á vettvangi Alþingis, hafi orðið meiri en ég batt nokkrar vonir við að gæti átt sér stað með friðsamlegum hætti. Í rauninni taldi ég það borna von, og það fyrir löngu síðan, að kerfið í ríkjum Austur-Evrópu næði að rakna upp og breytast, að þar væri hægt að ná fram breytingum án mjög harðskeyttra átaka í formi byltingar í einhverju formi og vissulega þá með átökum sem gætu kostað verulegar blóðsúthellingar og annað sem slíku fylgir. En sem betur fer hefur það gerst á liðnum áratug að þarna hefur losnað um hlutina. Þarna hefur orðið þróun í lýðræðisátt. Þar er komið upp fjölflokka kerfi í mörgum ríkjum og sjálf Sovétríkin eru að feta sig inn á þá braut einnig. Það er auðvitað mjög ánægjuleg þróun sem þarna hefur átt sér stað og hlýtur að vera fagnaðarefni öllum sem fylgst hafa með henni og ég tala nú ekki um fyrir þjóðirnar sem eru að feta sig þar inn á braut lýðræðis.

Ég vísa með öllu frá þeim staðhæfingum sem heyrast mjög, m.a. hér úr munni hv. 1. þm. Suðurl., að það kerfi sem í Austur-Evrópu hefur verið við lýði til skamms tíma eigi eitthvað skylt við sósíalisma og sósíalískar hugsjónir. Það hefur kosið sjálft að kalla sig það eða kenna sig við það en það hefur verið jafnóralangt frá því að rísa undir slíku merki eins og dagur er ólíkur nóttu. Þetta hef ég rætt hér áður úr þessum stóli og ætla ekki að ítreka það hér. En við hljótum öll að binda vonir við þessar breytingar og vissulega hafa þær orðið til þess að mikil tíðindi hafa gerst á sviði alþjóðamála á þessu tímabili.

Ég held að líka sé ástæða til þess, um leið og við virðum þessar breytingar fyrir okkur, að binda vonir við það að þær hafi náð þeirri rótfestu að þær gangi ekki til baka þótt skipti yrðu á forustumönnum og sviptingar sem slíku kunna að tengjast. Ég les það sem mat margra sem fylgjast náið með sovéskum málefnum, sérfræðinga á Vesturlöndum, að þeir telja að hættan á slíku sé sem betur fer sáralítil. Það þurfi ekki að líta svo mjög til forystu Gorbatsjovs eins eða tengja breytingarnar jafnmikið við hans forustu, a.m.k. ekki nú, vegna þeirra breytinga sem eru komnar á skrið og margir hafa tilhneigingu til að gera.

Ég held líka að menn hljóti að átta sig á því að svo róttækar breytingar, grundvallarbreytingar, á þjóðfélagsskipan sem þarna eru að verða og afstöðu í mikilsverðum málum eru ekki og geta ekki verið eins manns verk.

Glasnost og perestrojka, sem hafa þegar skilað verulegu og valdið verulegum breytingum, alveg sérstaklega opnun samfélagsins, hafa auðvitað nú þegar valdið þannig straumhvörfum í þessum löndum að það þyrfti meira en litla harðstjórn til og vafalaust átök til þess að færa þróunina til baka.

Sovétríkin hafa á þessum árum tekið frumkvæði í afvopnunarmálum. Það frumkvæði sýndu þau á fundi leiðtoga risaveldanna hér í Reykjavík haustið 1986 þannig að eftir var tekið og á árunum á eftir átti Atlantshafsbandalagið í vök að verjast í sambandi við þær tillögur sem því bárust ein af annarri inn á samningaborðið þar sem fjallað var um afvopnunarmál. Það gerðist m.a. að Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið fengu eigin tillögur nánast endurprentaðar inn á borðið og voru þá ekki reiðubúin, a.m.k. ekki á þeim tíma, til þess að taka þær upp eða veita þeim jáyrði. Þar á ég m.a. við hinar svokölluðu núlllausnir í sambandi við kjarnorkuvígbúnað sem menn kannast við.

Það er líka fróðlegt hér og nú að minnast þess hver staðan var fyrir einu ári síðan á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Það er rétt um það bil ár liðið frá því að Atlantshafsbandalagið hélt upp á 40 ára afmælið og það er að finna sem fskj. í skýrslu utanrrh. yfirlýsingu frá þeim fundi. Eins og menn muna voru harðvítugar deilur í aðdraganda þess fundar milli bandalagsríkjanna um uppsetningu skammdrægra kjarnaflauga í Evrópu, svokallaðra Lance-flauga. Það tókst málamiðlun eftir mikil átök á þessum afmælisfundi í maíbyrjun sl. og þá málamiðlun er að finna í yfirlýsingu fundarins. Við minnumst þess að hæstv. utanrrh. hallaði sér þar að viðhorfum Bandaríkjastjórnar og Margrétar Thatcher í því efni eins og lesa má um í skýrslu hans til Alþingis fyrir ári um utanríkismál. Nú er hins vegar svo komið aðeins tæpu ári seinna að leiðtogar Atlantshafsbandalagsins telja vænlegast að gleyma þessum yfirlýsingum, þeirri málamiðlun sem þarna var gerð og þeim áformum sem því fylgdi að endurskoða ekki síðar en 1992 spurninguna um uppsetningu Lance-eldflauganna í Mið-Evrópu. Enda hefur breytingin orðið slík á þeim tíma sem síðan er liðinn að það er hreinasta fjarstæða, það er algerlega hjákátlegt að hugsa sér það að menn færu að setja upp slíkar flaugar sem fyrst og fremst átti að beina á og vera svör við skotmörkum í Austur-Þýskalandi. Þetta með öðru sýnir okkur þær breytingar sem orðið hafa á skemmri tíma en einu ári.

Vegna þess að ég er að nefna stöðu og samþykktir Atlantshafsbandalagsins þá hvet ég menn til þess að fara yfir yfirlýsingarnar frá afmælisfundinum, m.a. bls. 103 og 104, þar sem er að finna hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins, fælingarstefnuna sem felur í sér m.a. réttinn sem þau ætla sér til þess að beita kjarnavopnum að fyrra bragði. Það er eitt grundvallaratriði í þessari fælingu, atriði sem Ísland sem aðili að þessu hernaðarbandalagi hefur skrifað upp á, réttinn til þess að beita kjarnavopnum að fyrra bragði. Þessi samþykkt stendur því miður enn óhögguð af hálfu Atlantshafsbandalagsins, hefur ekki verið endurskoðuð svo mér sé kunnugt og ég held að það sé ástæða fyrir okkur Íslendinga þegar við virðum fyrir okkur þetta hernaðarbandalag að hafa það í huga á hvaða grunni það er reist og að það hefur ekki séð ástæðu til þess að breyta þessum yfirlýsingum varðandi fælingu og beitingu kjarnavopna.

Það er mikið fagnaðarefni, virðulegur forseti, að stórfelldur árangur hefur náðst á sviði afvopnunarmála eða er í sjónmáli í framhaldi af samningnum um eyðingu meðaldrægra kjarnaeldflauga sem tókst í desember 1988. Hæstv. utanrrh. nefndi það svo að það mætti kenna það skeið sem nú er runnið upp við afvopnunarkapphlaup og við skulum sannarlega vona að það skorti ekki á þátttöku á vegum Atlantshafsbandalagsins að því kapphlaupi, enda ætti það að vera tiltölulega sjálfsagt mál að einnig Atlantshafsbandalagið væri þar þátttakandi eftir að það er yfirlýst, meira að segja af leyniþjónustu Bandaríkjanna, að óvinurinn sé týndur, óvinurinn sé horfinn. Fækkun langdrægra eldflauga er í sjónmáli, samningur þar að lútandi innan svonefndra START-viðræðna, samkomulag er í mótun um efnavopn, víðtækt samkomulag, og á sviði hefðbundins vopnabúnaðar er unnið að samningsgerð og vonir standa til þess að menn nái þar landi innan þessa árs um mjög mikla fækkun í hefðbundnum herafla á meginlandi álfunnar.

Sovétríkin stigu það skref sem gerðist með yfirlýsingu Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, á þingi Sameinuðu þjóðanna að fækka einhliða í herafla sínum, gefa út yfirlýsingu um einhliða fækkun í herafla sínum um ekki minna en 500 þúsund manns. Það munar um minna. Þar er um að ræða herafla sem svarar að mannafla til alls hers Vestur-Þýskalands um það bil og er það þó öflugasti heraflinn á meginlandinu vestan megin sem kunnugt er. Jafnframt fylgdi yfirlýsing af hálfu Sovétríkjanna um fækkun skriðdreka um 10 þúsund. Samkomulag hefur orðið milli risaveldanna um það að fækka verulega í sínum hefðbundna herafla, niður í 195 þúsund manns hjá hvorum og það verði um garð gengið ekki síðar en á árinu 1993 og fram undan er samningur kenndur við Vínarviðræðurnar um stórfelldan niðurskurð í vopnabúnaði. Hæstv. utanrrh. vék einnig að samningnum um traustvekjandi aðgerðir í Evrópu í 35 ríkja viðræðunum en þar er fundur fram undan síðar á þessu ári sem verulegar vonir eru bundnar við.

Það kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 24 að það gæti verulegrar tregðu í samningaviðræðunum hjá þeim sem eru að fjalla þar um hinar tæknilegu lausnir og skilgreiningar á einstökum þáttum vopnabúnaðar. Og staðreyndin virðist vera sú að samningamennirnir sem þar eru að verki og tæknimennirnir sem eru að skilgreina hvað er skriðdreki, hvað er orustuþota, þeir eru langt á eftir hinum pólitíska veruleika, langt á eftir hinum pólitíska vilja til þess að stíga ákvarðandi skref til afvopnunar. Þessu ber vissulega að fagna og vænta þess að stjórnmálamennirnir sjái til þess að þó deilt sé um einstakar tæknilegar útfærslur verði það ekki til þess að tefja samninga. Er ég þó þar með engan veginn að gera lítið úr þýðingu þess að vandlega sé frá gengið í einstökum atriðum, jafnt um einstök samningsákvæði og ekki síður um eftirlit. En það sem munar kannski hvað mestu eða ætti að gera það, litið vestan frá til austurs, er sú staðreynd að Varsjárbandalagið er í reynd úr sögunni. Það er a.m.k. í upplausn og lamað og hefur sjálft staðið að því með eigin ákvörðunum að losa þannig um tengslin einnig á hernaðarsviðinu að Varsjárbandalagið er ekki nema svipur hjá sjón sem hernaðarbandalag frá því sem var fyrir svo sem einu ári síðan. Á þessa staðreynd minnti utanríkisráðherraVestur-Þýskalands, Genscher, nýlega og að þetta hefði gerst án þess að samið hefði verið um að leggja svo mikið sem eina byssu til hliðar. Það munar um minna í sambandi við afvopnunarmálin en þessa staðreynd sem snýr að Varsjárbandalaginu. Á sama tíma hefur það gerst að NATO hefur týnt sínum óvini. Hann er eftirlýstur, hann finnst ekki, meira að segja CIA, bandaríska leyniþjónustan, tilkynnti forseta Bandaríkjanna nýlega eða Bandaríkjastjórn það mat sitt að árásarhættan væri að þeirra mati úr sögunni.

En hv. 1. þm. Suðurl. finnst ekki nóg að gert. Það mátti nefnilega nema úr máli hv. þm. verulegar áhyggjur af stöðu Atlantshafsbandalagsins. Eins og menn hafa heyrt hér í sölum Alþingis vantar ekki að menn hlaupi hér upp í ræðustól við hin ýmsu tilefni til þess að votta Atlantshafsbandalaginu sérstaka hollustu. Og hv. þm. Þorsteinn Pálsson fann það m.a. að varðandi skýrslu utanrrh. að þar væri ekki kveðið á um afstöðu Íslands til þess, hvort sameinað Þýskaland ætti að vera í Atlantshafsbandalaginu eða ekki, hann lýsti sérstaklega eftir því. Þetta með öðru sýnir þær áhyggjur sem formaður Sjálfstfl. hefur af framtíð Atlantshafsbandalagsins. Ég skil það út af fyrir sig vel eftir að óvinurinn er týndur og fáránleiki þessarar hernaðarmaskínu blasir við hverjum manni.

Meginatriðin í bakgrunni þessarar þróunar sem ég hef verið að fara hér yfir er fall Brezhnevs-kenningarinnar í austri. Megindrifkrafturinn á bak við þessa öru þróun í Austur-Evrópu, einnig á hernaðarsviðinu, er fall Brezhnev-kenningarinnar og sú yfirlýsing af hálfu forustu Sovétríkjanna að láta hvert land sem áður var austan tjaldsins um sín málefni. Þetta hefur staðist í reynd varðandi ríki utan Sovétríkjanna sjálfra. Það var þess vegna að þeir atburðir gerðust,

sem enginn taldi sig hafa séð fyrir, þ.e. fall múrsins í Berlín sl. haust.

Þetta er vissulega mikið fagnaðarefni, virðulegur forseti, en við skulum ekki gleyma því að ekki aðeins þessi afstaða Sovétríkjanna breytti hlutunum heldur almenningur í löndunum sem þyrptist út á götur borganna og rak valdhafa út úr musterum þeirra með eigin friðsamlegu afli, lýðræðishreyfing sem ekki hefur sést í Evrópu af viðlíka krafti og í slíkum mæli um langt skeið og minnir kannski helst á friðarhreyfingarnar í Vestur-Þýskalandi sem létu verulega að sér kveða fyrir nokkrum árum þegar almenningur þar sýndi mjög verulega andstöðu við uppsetningu kjarnavopna þar í landi. Ég er ekki að jafna því saman. Það voru aðrar kringumstæður, en þarna var þó um mjög öfluga, friðsama byltingu fólksins sjálfs að ræða.

Endursameining Þýskalands breytir vissulega mjög stöðunni í Mið-Evrópu, gerir það í grundvallaratriðum, og það er ekkert óeðlilegt að spurt sé: Hvernig skipast mál sameinaðs Þýskalands? Hver verður afstaða þess ríkis? Hvernig verður frá þeim málum gengið með samkomulagi við fjórveldin sem bera nokkra ábyrgð á málefnum Þýskalands? Þessi sameining er í sjónmáli og herirnir sem áður stóðu gráir hvor frammi fyrir öðrum sitt hvoru megin járntjalds, standa þar nú nánast eins og nátttröll. Óvinurinn er horfinn af sviðinu. Það er erfitt að halda uppi aga í slíkum her, enda lesum við um það í tímaritum og frásögnum hvernig gengur beggja vegna að fá menn til þess að lúta heraga. Hvert eigum við að beina spjótum okkar, spyrja menn beggja vegna í hinum þýsku ríkjum. Fyrir aðeins einu ári síðan gerðist það að yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins sviðsetti stjórnkerfisæfingu sem kennd var við Wintex Cimex og endaði með því að vestur-þýsk stjórnvöld lýstu sig algerlega frá því sem þar var á ferðinni, en það fólst m.a. í því ítrekað að beita kjarnavopnum að fyrra bragði. Í ljósi þessara grundvallarbreytinga í málefnum Evrópu einnig á hernaðarsviðinu eru niðurstöður hæstv. utanrrh. að því er Ísland varðar, varðandi hlutverk landsins og áframhaldandi aðild að NATO og herstöðvarnar hér á landi ótrúlega forneskjulegar. Við getum gripið niður í skýrslu hæstv. utanrrh., t.d. á bls. 10, þar sem fjallað er um öryggis- og varnarmál. Þar segir m.a.: „Hnattstaða Íslands gerir það að verkum að við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu kann mikilvægi liðsaukaflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- og ófriðartímum að aukast vegna landfræðilegs mismunar á bandalögunum tveimur. Staða Íslands og hernaðarlegt mikilvægi ræðst að miklu leyti af mikilvægi flutningaleiðanna." Svipað má lesa víðar í skýrslu utanrrh., t.d. á bls. 47, þar sem segir m.a:

„Atlantshafsbandalagsríkin eru mun háðari höfunum en Sovétríkin sem eru fyrst og fremst landveldi. Norður-Atlantshafið tengir Bandaríkin og Kanada við ríki Vestur-Evrópu. Flutningaleiðir yfir hafið þjóna því svipuðum tilgangi fyrir Atlantshafsbandalagið og vega- og járnbrautakerfi fyrir Sovétríkin. Afleiðing þessara landfræðilegu staðreynda er sú, að Atlantshafsbandalaginu er nauðsyn að halda uppi herstyrk sem tryggt getur flutningaleiðirnar milli Norður-Ameríku og Evrópu. Þá ber jafnframt að gæta þess að höfin eru alþjóðlegt hafsvæði og þar ráða ekki landamæri til um pólitísk áhrif heldur getur herstyrkur skipt miklu þar um."

Og áfram er fjallað í svipuðum dúr um þessi efni á bls. 48 og 49 í skýrslu hæstv. ráherra. Þar segir t.d.:

„Höfuðástæða þess að Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið og gerðu varnarsamninginn við bandalagið var sú, að þeir gerðu sér grein fyrir að landið hafði öðlast hernaðarlegt mikilvægi sem ekki var hægt að sniðganga. Einhver veigamesti þáttur þessa mikilvægis var staða landsins gagnvart flutningaleiðunum yfir Atlantshafið. Aðstaða hér á landi er áhrifamikil, hvort sem er til varnar flutningaleiðunum eða sóknar gegn þeim. Á þessu hefur engin breyting orðið."

Einna fróðlegast er að sjá skilgreiningarnar á bls. 50. Var það ekki bls. 50 sem hv. 1. þm. Suðurl. nefndi sérstaklega og beindi til forsrh. hvort hann væri sammála því mati sem þar kæmi fram. Þar segir m.a. í beinu framhaldi af því sem ég las áðan:

„Staða Íslands og hernaðarlegt mikilvægi ræðst því að miklu leyti af mikilvægi flutningaleiðanna. Vegna mikilvægis liðs- og birgðaflutninga frá Norður-Ameríku til Evrópu á hættu- eða ófriðartímum eru flutningaleiðirnar lífæð Atlantshafsbandalagsins." Og áfram kemur þessi stjörnuspeki:

„Hnattstaða Íslands gerir það að verkum, að við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu kann mikilvægui liðsaukaflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- og ófriðartímum að aukast vegna hins landfræðilega mismunar á bandalögunum tveimur. Frá landamærum Sovétríkjanna" — takið eftir kennslustundinni sem við erum tekin í hér — „eru nokkur hundruð kílómetrar til Vestur-Evrópu. Frá austurströnd Bandaríkjanna til Evrópu skipta þeir nokkrum þúsundum."

Ég hleyp hér yfir merkan kafla á bls. 50, en þessu lýkur þar með eftirfarandi:

„Af ofangreindu má ráða að þær breytingar, sem orðið hafa og eru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu, gefi Íslendingum ekki tilefni til að hrófla við því fyrirkomulagi, sem þeir hafa stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi."

Um „varnarstöð Atlantshafsbandalagsins" er síðan fjallað í kafla þar á eftir.

Hvað er hér á ferðinni? Jú, hæstv. utanrrh. fjallar á mörgum síðum um hinar stórfelldu breytingar í Evrópu á öllum öryggismálum álfunnar en kemst síðan að þeirri sérkennilegu niðurstöðu að vegna landfræðilegra aðstæðna og vegna þeirrar þýðingar sem liðsflutningar hafi á hugsanlegum hættu- og ófriðartímum fyrir Atlantshafsbandalagið megi ekki við nokkru hrófla í svokölluðum öryggismálum Íslands.

Hér skuli herinn blífa, við skulum halda okkur að Atlantshafsbandalaginu eins og það hefur verið, því góða, gamla bandalagi og tryggja nærveru erlends hers í landinu og auka við hann eins og kemur í framhaldinu, í kaflanum um hina svokölluðu varnarstöð Atlantshafsbandalagsins.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum þegar ég fór yfir þessi efni í skýrslu hæstv. ráðherra. Það hefur vissulega örlað á skilningi hjá hæstv. utanrrh. á breytingu í sambandi við málefni heimsins og málefni Evrópu, í öryggismálum. Frumkvæði hans og ríkisstjórnarinnar í því að ýta á eftir afvopnun á höfunum bar þess vitni að áhugi væri á því að reyna að taka málin að einhverju leyti nýjum tökum og þess má sjá stað í nokkrum köflum í skýrslu hæstv. ráðherra. Ég tel það gott svo langt sem það nær. Það nær því miður ekki langt. Því hefur ekki verið fylgt eftir af þeirri festu sem ég hefði kosið, en það er þó skref í áttina á þessu sviði. En þegar kemur að skipan mála hér er ástandið gersamlega frosið og er þó hæstv. ráðherra ekki þekktur að því að vera stuðningsmaður „frystingar" eins og hann hefur túlkað það. En hér er allt saman botnfrosið og gaddfreðið. Maður spyr sig, hvað veldur? Hvað veldur? Eru hér pólitísk veðrabrigði á ferðinni? Er hæstv. utanrrh. að veifa þessu skjali sínu og þessari freðýsu í sambandi við öryggismálin framan í Sjálfstfl. og segja: Ja, ég stend hér traustur eins og nátttröll þrátt fyrir allar breytingar, stend þær allar af mér og mun styðja að hér verði óbreytt ástand, herstöðin blífi. Er þetta ástæðan? Eða eigum við að ætla hæstv. utanrrh. þá sannfæringu að svona skuli þetta vera hér þrátt fyrir allar breytingar og þrátt fyrir það að óvinurinn er týndur að allra mati? Einnig þeirra sem þykjast vera hér til að halda uppi svokölluðum vörnum, gæslu á Norður-Atlantshafi.

Nokkur orð, virðulegur forseti, um svokallaða varnarstöð Atlantshafsbandalagsins. Það er dálítið athyglisvert að þessi fyrirsögn skuli koma fyrir hér. Ég man ekki hvort hún var í skýrslu ráðherra í fyrra, ég held þó ekki. Hana er alla vega ekki að finna í skýrslum fyrri utanrrh. í sambandi við herstöð Bandaríkjanna hér á landi eða herstöðvar. Er hér einhver tilviljun á ferðinni? Liggur eitthvað að baki því að fara að tengja þessa herstöð sérstaklega við Atlantshafsbandalagið? Það kann að vera, og það væri ekki til þess að syrgja, ef í því fælist að um leið og það bandalag kannski hverfur af sjónarsviðinu, færi svo, væri herstöðin jafnframt horfin og herinn farinn af Íslandi. En ég les svolítið öðruvísi í lögin frá 1951, hinn svokallaða varnarsamning gerðan milli Íslands og Bandaríkjanna. Þó þar sé vísað til Atlantshafsbandalagsins í vissum greinum er þetta tvíhliða samningur gerður milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku. Hvað veldur því að hér er farið að tengja þessa herstöð, hæstv. utanrrh., við Atlantshafsbandalagið í fyrirsögnum? Það hlýtur að vera verulega djúp hugsun sem hvílir þar að baki, því að þetta er feitletrað. Við hljótum að fá á því skýringar síðar í umræðunni.

En hvað veldur að skilningarvitin lokast þegar kemur að Íslandi? Það skyldu þó ekki vera samningar sem ýmsir aðilar eiga í sambandi við verktöku í kringum þessa herstöð? Það skyldi þó ekki vera að aronskan sé einhvers staðar í skúmaskotunum á bak við? Hana hefur vissulega borið fyrir í umræðum um þetta efni og ber satt að segja ótrúlega oft við þegar rætt er um málefni herstöðvanna hér og það í auknum mæli. Síðustu vikur og mánuði eftir að óvinurinn týndist er farið að minna á hana í vaxandi mæli. Og það var greinilega mikið áhugaefni hv. 1. þm. Suðurl. að þar kæmust menn að kjötkötlunum. Hann vildi hleypa fleirum að en þar hafa verið og malað gull. Það er sjónarmið út af fyrir sig sem ég ætla ekki að blanda mér í en þetta kemur ótrúlega víða fram og ekki bara um milljarðana sem Íslenskir aðalverktakar velta, heldur niður í minni upphæðir eins og hægt væri að vitna til. Ég leyfi mér að grípa niður í eitt eintak af litla dagblaði hæstv. utanrrh., fréttatilkynningu nr. 29, 19. mars sl. (Gripið fram í.) Hv. þm. Alþfl. hefur áhyggjur af mörgu, nú síðast af málefnum Þjóðviljans, ég skil það vel. En í þessu litla dagblaði hæstv. utanrrh. nr. 29 er greint frá því að samkomulag hafi náðst milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa bandarískra sjóhersins um endurnýjun samnings frá 1987 um kaup varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á íslenskum landbúnaðarafurðum á tímabilinu 1. apríl 1990 til 31. mars 1991 og samkomulagið rakið í einstökum liðum í þessu fréttaskeyti. Það er allt að 32.000 pund af ungnautakjöti. Það er allt að 20.000 pund af kjúklingum og 110.000 pund af eggjum. Síðan segir að samkomulagið verði endurskoðað í lok tímabilsins þannig að menn eiga von á framhaldi. Og síðan er tilgreint, og nú veit ég að hæstv. ráðherra man textann því þar segir: „Á síðasta ári hófust viðskipti með nýtt íslenskt grænmeti í verslunum varnarliðsins. Ákveðið hefur verið," það er ekki minnst um vert, „að varnarliðið selji íslenskar vínarpylsur til reynslu í verslunum á Keflavíkurflugvelli."

Þetta er nákvæmlega tíundað og hér erum við kannski stödd einmitt við þau atriði sem skipta ýmsa meiru en spurningin um öryggishagsmuni. Ég er ekkert að lasta það að menn hafi sínar skoðanir þar. En aumt er það þegar málin eru farin að snúast um kaupmennsku af þeim toga sem æ oftar og í vaxandi mæli ber á góma þegar rætt er um stöðu þessa herliðs hér á landi.

Hæstv. utanrrh. ber mikið traust til yfirmannanna þarna syðra. Hann kvaddi einn sl. vor. Þá vorum við að ræða skýrslu ráðherrans hér á þingi og urðum að gera hlé á fundi vegna þess að ráðherrann var að kveðja McVadon aðmírál. Sá umræddi aðmíráll kunni nú að segja Íslendingum fyrir verkum eins og menn muna. Hann bað menn um að vera góða við dátana og ekki líta á þá sem af annarri þjóð heldur sem sambýlismenn í landinu. Og hann sagði einmitt þetta sem gengur aftur og aftur og aftur hér á síðunum í skýrslu hæstv. utanrrh. varðandi flutningaleiðirnar og fækkunina í Evrópu. Hann sagði: Eftir

því sem hermönnum fækkar á meginlandinu eru allar líkur á að herstöðin á Íslandi verði þeim mun mikilvægari. Sem sagt, því friðvænlegra í heiminum, því lengra sem óvinurinn er kominn burt, þeim mun þýðingarmeira er Ísland herfræðilega af því að það er statt þarna á hnettinum, af því að það er þarna komið á hnettinum. Þetta er viskan. Þeir ættu að hlýða á það, þeir hv. alþm. ef þeir mættu nema sem sátu hér á Alþingi Íslendinga fyrir 41 ári, þegar samningur var til umræðu um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, með hörðum átökum hér innan veggja og utan, hvernig mönnum er nú komið. Þeir hinir sömu leiðtogar á Alþingi Íslendinga sem sögðu við þjóð sína: Við förum í þetta hernaðarbandalag af því að við höfum sannfæringu fyrir því að við þurfum að gera það *til þess að tryggja öryggi landsins, en við munum aldrei* leyfa her á Íslandi á friðartímum.

Hæstv. utanrrh. var beðinn um það í umræðu utan dagskrár á Alþingi í byrjun vikunnar að kanna meinta njósnastarfsemi sem tengd væri við aðstöðu og búnað suður á Keflavíkurvelli. Hæstv. ráðherra hefur lagt fram í ræðu sinni ákveðið mat á því máli, greint frá því að hann brást við og sendi menn suður á völl til þess að skoða og tala við yfirmennina þar og sendimennirnir fundu ekkert sem benti til þess að þar gæti verið um óeðlilega starfsemi eða ólöglega að ræða eins og lesa má um í ræðu hæstv. ráðherra og þar með væri málið úr sögunni og afgreitt.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hafa brugðist skjótt við í þessu máli. Ég veit ekki hvernig hann í einstökum atriðum hefur staðið að þessari sendiför, hvort hann var þar á vettvangi sjálfur. Það hygg ég raunar að hafi ekki verið, en þar kemur fram að hann spurði m.a. og byggir mat sitt verulega á svörum varnarliðsins svokallaða sem staðhæfði, eins og segir í ræðu hæstv. ráðherra: „Þá hafa yfirmenn varnarliðsins fullvissað mig um það að sú starfsemi sem þar fari fram sé eingöngu til styrktar eftirlitshlutverki varnarliðsins auk þess sem hún getur miðað út og staðsett köll á alþjóðlegri neyðarbylgju. Þá er það undirstrikað að enginn búnaður, hvorki loftnet né önnur tæki sem nota má til hlerana símaþjónustu eða skeytasendinga frá eða til Íslands né heldur innan lands er þarna fyrir hendi, enda samræmist slíkt ekki íslenskum lögum. Af þessu má ráða að hér er um eðlilega og nauðsynlega starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli að ræða í þágu öryggis og varna landsins. Öllum staðhæfingum um ólöglega og óréttmæta starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og öryggisdeildar sjóhersins, Naval Security Group, er því vísað á bug sem órökstuddum og tilhæfulausum."

Ég ætla ekki að fara að leggja í þessi orð eitthvað annað en þau segja, en ég hefði talið það nokkra bjartsýni hjá hæstv. utanrrh. ef hann hefði vænst þess að fá annað mat hjá yfirmönnum varnarliðsins svokallaða en það sem hér kemur fram. Það er nú ekki venja þeirra sem kynnu að standa fyrir starfsemi eins og þarna var til umræðu að viðurkenna slíkt fyrir opnum tjöldum, en ég hef hvorki hér eða nú lagt neitt mat á þetta af minni hálfu, enda ekki á mínu valdi að gera það og vísa aðeins til þess sem hér hefur komið fram, bæði utan dagskrár sl. mánudag og aftur nú í máli hæstv. ráðherra.

Það kemur hins vegar fram af hálfu norskra aðila, svo sem lesa má um í blöðum þarlendum fyrir nokkrum dögum síðan, að þeir telja að það þurfi að fara betur ofan í hlutina en svo að taka slíkar staðhæfingar góðar og gildar. Það kemur t.d. fram í norskum blöðum, Aftenposten 14. mars, haft eftir yfirmanni öryggisþjónustu hersins í Noregi, Alf Roar Berg, að ekki sé unnt að útiloka að Bandaríkin geti stundað stórfelldar símahleranir í Noregi. Þó er símakerfi Noregs, eftir því sem blaðið hermir, talið öruggara en hjá mörgum þjóðum, m.a. er mikilvægum tengistöðvum komið fyrir í bergi neðan jarðar. Framkvæmdastjóri öryggisráðs norska atvinnulífsins, Helge Störkersen, segir í sama blaði að öll fjarskiptasambönd séu í hættu fyrir hlerun og að ráð hans ráðleggi norsku atvinnulífi að finna aðra möguleika í upplýsingamiðlun en fjarskiptin varðandi það sem þarfnist trúnaðar. Og varaformaður norska verkamannaflokksins sem ég nefndi í umræðunni hér sl. mánudag sagði eitthvað á þá leið: Þetta eitrar allt stjórnmálalegt andrúmsloft. Við verðum að leitast við að þjóðirnar geti lifað í meira trausti hver í annarrar garð svo að við komumst hjá því aftur og aftur að fá staðhæfingar um hleranir og njósnir. Forsætisráðherra Noregs sagði vegna þessa máls að norsk yfirvöld hefðu enga vitneskju um að Bandaríkin hleri samtöl í Noregi og spurði: Hvers vegna ætti svo voldugur bandamaður að stunda slíka hlustun? Rannsóknaraðili við Norsku friðarrannsóknastofnunina í Osló, Nils Petter Gleditsch, sagði af sama tilefni: „Ég tel það mjög líklegt að unnt sé að hlera öll fjarskipti milli Noregs og útlanda án þess að norsk stjórnvöld viti um það." Þetta nefni ég hér af tilefni þessarar umræðu rétt til þess að menn viti hvernig norskir aðilar hafa hagað sínu máli af svipuðu tilefni.

Virðulegur forseti. Það væri ástæða til þess að víkja að ýmsum þáttum sem snerta herstöðina í Keflavík og annan herbúnað hér í landinu. Það vekur athygli að þar eru í gangi miklar fjárfestingar, meiri en á síðasta ári í sambandi við uppbyggingu í herstöðinni. Þar er verið að byggja og reisa sprengjuhelda stjórnstöð sem tengja á við hernaðarratsjárstöðvakerfið sem hefur verið komið fyrir á hinum ýmsu landshornum og stöð sem á að þola atómsprengjur í næsta nágrenni. Og þar er verið að reisa í viðbót við það sem komið er 112 íbúðir, nákvæmlega talið samkvæmt skýrslu ráðherrans, fyrir starfsmenn. Þar eru nú ekki biðraðirnar langar eftir íbúðarhúsnæði. Þar er rösklega að verki verið til þess að koma húsum yfir gestina. Þessar framkvæmdir standa auðvitað í augljósri mótsögn við þá þróun sem á sér stað í Evrópu í sambandi við hernaðarmálefni, þar sem menn eru að vinna að afvopnun, þar sem áhyggjur ýmissa beinast að því að þeir þurfi að leita að nýjum viðfangsefnum. Þar er mikið í gangi, úti á meginlandinu, eðlilega, eins og þyrfti að vera hér á Suðurnesjum í tengslum við þá afvopnun sem þar þyrfti að koma fyrr en seinna.

Ég vil hér, virðulegur forseti, alveg sérstaklega mótmæla hugmyndum sem gera ráð fyrir því að herstöðinni í Keflavík, NATO-herstöðinni í Keflavík, verði breytt í einhvers konar eftirlitsstöð undir núverandi fyrirkomulagi, undir núverandi samningi, því þannig hefur mátt skilja mál manna. Ég tel þar á ferðinni mikla fjarstæðu, að hugsa sér að herstöð, rekin af öðru risaveldinu á þess ábyrgð, geti verið eftirlitsstöð í alþjóðlegu afvopnunarstarfi. Hitt er allt annað mál hvað menn telja skynsamlegt og réttmætt að Ísland geri í sambandi við alþjóðlegt eftirlit samkvæmt afvopnunarsamningum á Norður-Atlantshafi. En það kemur ekki þessu máli við, ekki þessari herstöð í Keflavík, sem rekin er með tvíhliða samningi Íslands og Bandaríkjanna. Ég vara sérstaklega við þeim áherslum sem hér má heyra í máli manna að þessu leyti, því þar vakir á bak við viðleitni af hálfu þeirra sem halda vilja umsvifunum hér, hins erlenda hers í landinu, og leitast við að tryggja þau undir breyttum formerkjum í nýrri sauðargæru.

Það er allt annað mál varðandi hlut Íslands hvað menn teldu réttmætt eftir að tekist hafa afvopnunarsamningar til þess að tryggja framgang þeirra, eftirlit og annað sem þeim tengist. Nákvæmlega sama á við varðandi þá fjarstæðu sem hér er borin fram af hæstv. utanrrh. og tekið undir af einstökum þingmönnum, að fara að koma hér upp nýjum hernaðarflugvelli með fjárstuðningi frá Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Mátti þó heyra hjá hæstv. forsrh. að hann drægi í efa að mikill áhugi væri á því að borga í það púkk úr þeirri átt. Ég undrast að hv. alþm. og hæstv. ráðherrar skuli bera slíkt á borð fyrir þjóðina, að það geti verið eðlileg ráðstöfun af Íslands hálfu á þeim tímum sem við nú lifum að fara að bæta við nýjum herflugvelli á Íslandi — ja, þvílíkt. Erum við Íslendingar ekki menn til þess að koma upp okkar samgöngumannvirkjum? Það erum við, við erum að því, við erum að koma upp aðstöðu fyrir eðlilegt, borgaralegt varaflug í landinu sem getur þjónað þeirri umferð sem fer með eðlilegum hætti um hið íslenska flugumsjónarsvæði. Við höfum ekkert við erlendan herflugvöll að gera hér, síst af öllu til viðbótar við þann sem hér er fyrir og sem þyrfti að fá annað hlutverk fyrr en seinna. Við skulum vænta þess að breytingar verði hér fyrr en seinna varðandi stöðu Íslands, hernaðarstöðu Íslands, það hlutverk sem landi okkar hefur verið búið á liðnum áratugum, fyrr en seinna. Kannski er nokkur ástæða til bjartsýni í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á skömmum tíma úti í Evrópu. Það hefur stundum tekið tíma að flytja boðin frá meginlandinu til Íslands í ýmsum efnum, nýmæli af ýmsum toga og það virðist eiga við í þessu tilviki.

Virðulegur forseti. Ísland á að leggja sitt af mörkum til þess að hlúa að þeim breytingum, jákvæðu breytingum í lýðræðisátt sem eru að gerast á meginlandi Evrópu, í Mið-Evrópu og í Austur-Evrópu. Við eigum að leggja þjóðum Eystrasaltsríkjanna það lið sem við megnum og höfum trú á að komi þeim til góða í sjálfstæðisbaráttu þeirra nú og á næstunni. Ég tel að allar hugmyndir þar að lútandi þurfi að athuga út frá þessu leiðarljósi, út frá því sjónarmiði að Ísland, sem smáríki, sem smáþjóð, hlýtur að styðja sjálfsstjórnarviðleitni þjóða hvar sem er. Þær þjóðir sem þarna eiga hlut að máli hafa mátt þola ok um langan tíma og við skulum vona að þeim auðnist að ná fullveldi og sjálfstæði á ekki löngum tíma. Ísland á að leggja sitt lóð á þá vogarskál, að sjálfsögðu á þann hátt sem við teljum skynsamlegt að vel yfirveguðu ráði.

Utanrmn. hefur fjallað um þessi efni fram að þessu og veitt ríkisstjórn ráðgjöf í þessu máli. Mér sýnist ríkisstjórnin sinna málinu af alúð þessa daga. Ég tel það bæði sjálfsagt og raunar ekki þakkarvert sérstaklega, en svo verður væntanlega áfram. Ég tel að tillögur sem fram koma í þessu efni eigi að skoðast með þinglegum hætti og athugast vel. Ég sakna þess nokkuð að við höfum hvorki í þinginu né í utanrmn. fengið greinargerðir varðandi hinar ýmsu hliðar þessara mála en væntanlega verður ráðin bót á því fyrr en seinna til að auðvelda mönnum ákvarðanatöku sem geti orðið að því liði sem ég vænti að allir hafi hug á í þessu máli.

Ísland á að leitast við að gæta samkvæmni í aðgerðum á alþjóðavettvangi. Ég hlýt að minna á það að á því hefur verið misbrestur. Við erum ekki alltaf samkvæm sjálfum okkur í athöfnum út á við. Ég get ekki annað en lýst miklum áhyggjum út af þeirri afstöðu sem fram kemur hjá hæstv. utanrrh. í skýrslu hans og tekið var undir af hv. 1. þm. Suðurl. í sambandi við málefni palestínsku þjóðarinnar. Ég harma það sérstaklega að hér í þinginu skuli borinn fram málflutningur með þeim hætti sem gefur að líta, að nokkru í skýrslu hæstv. utanrrh. varðandi málefni Ísraels og Palestínu og ekki síður það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurl.

Ég tek eindregið undir það sem fram kom hjá hv. 12. þm. Reykv. í hennar máli áðan um þessi efni. Ég ætla að spara mér að fara yfir málið í einstökum atriðum og get vísað til þess rökstuðnings sem hv. 12. þm. Reykv. bar hér fram um þetta efni. Það vekur auðvitað athygli að hæstv. utanrrh. nefnir ekki samhljóða þál. Alþingis um deilur Ísraels og Palestínumanna sem gerð var hér á sl. ári og lyktaði með þeim orðum að „Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við frelsissamtök Palestínu, PLO," og margt fleira sem er stefnumarkandi í þeirri ályktun.

Ég vek athygli á þeim mannréttindabrotum sem sífellt eru ástunduð af Ísraelsmönnum innan Palestínu gagnvart vopnlausum borgurum. Þar er fjöldi fólks, vopnlausra Palestínumanna, sem hefur verið drepinn af ísraelsku herliði líklega komið eitthvað á sjöunda hundrað eða vel það síðan uppreisnin hófst á herteknu svæðunum. Það er sannarlega nöturlegt ef Ísland getur ekki sett sig inn í þær aðstæður sem þessi þjóð býr við og það ofríki sem þar er beitt. Okkar afstaða á ekki að beinast gegn Ísrael sem ríki, það er ekki hugurinn sem býr að baki samþykkt Alþingis og ekki okkar sem flytjum hér mál palestínsku þjóðar-

innar með kröfu um að Ísland setji sig inn í aðstæður hennar og leggi sitt lóð á vogarskálina. En við hljótum að geta sameinast um það, eða ættum að geta sameinast um það að rétta okkar hönd til hjálpar í þessu efni með aðgerðum á alþjóðavettvangi og með því að taka upp eðlileg samskipti við málsvara þessarar þjökuðu þjóðar. Ísland ber á þessu talsverða ábyrgð. Það eru ekki aðeins söguleg tengsl við Ísraelsríki, það er jafnframt ábyrgð varðandi aðstæður palestínsku þjóðarinnar nú í dag.

Það er vert að minnast á það í þessu samhengi að nú er verið að greiða fyrir því með fjárframlögum af hálfu Bandaríkjastjórnar, háum fjárfúlgum, að þeim Ísraelsmönnum fjölgi sem geti tekið sér bólfestu í Ísrael eða á landsvæðum sem lúta þess stjórn. Hvað er verið að gera með slíkum aðgerðum í raun á sama tíma og palestínskum borgurum, landflótta, er meinað að snúa aftur til heimkynna sinna? Er hægt að taka undir afstöðu eins og þessa? Er hún ekki menguð af kynþáttaafstöðu og kynþáttamisrétti? Er það forsvaranlegt fyrir Ísland að taka á þessu máli eins og því miður hefur verið gert til þessa í allt of ríkum mæli? Ég skora á hæstv. utanrrh. að endurskoða afstöðu sína í þessum málum. Hann hefur vissulega breytt afstöðu til betri vegar í ákveðnum tilvikum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég hef heyrt það frá hæstv. ráðherra að hann sé reiðubúinn til þess að eiga vinsamleg, formleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, sé eftir því leitað. Það tel ég að væri gott skref af hálfu hæstv. ráðherra að stuðla að slíkum samskiptum.

Það væri, virðulegur forseti, ástæða til að víkja hér að fjölmörgum fleiri þáttum varðandi alþjóðleg samskipti Íslands. Ég ætla ekki að eyða löngu máli til viðbótar við umræðuna vegna þess að hér er eðlilegt að við greiðum hvert fyrir öðru um þátttöku í umræðunni. En ég hef væntanlega tækifæri til þess að leggja hér inn fleiri orð í umræðuna þótt síðar verði.

Ég vil þó aðeins undir lok máls míns víkja að efnahagssamvinnunni og þeim þætti sem hefur verið mjög til umræðu hér í máli manna og kemur vissulega fram í skýrslu hæstv. utanrrh. Það eru samningaviðræðurnar um hið evrópska efnahagssvæði sem hæstv. ráðherra leggur svo ríka áherslu á. Ég hef gert grein fyrir meginafstöðu míns flokks í því efni og fyrirvörum sem þingflokkur Alþb. hefur haft í því máli og hefur enn. Ég minni á afstöðu Alþb. til tvíhliða viðræðna við Evrópubandalagið sem ég tel að þurfi að standa að með miklu ákveðnari hætti en gert hefur verið til þessa af íslenskum stjórnvöldum. Um þau efni ályktaði landsfundur Alþb. sérstaklega og lagði ríka áherslu á það að teknar yrðu upp formlegar viðræður til þess að ná fram samningum, hagstæðari samningum en nú gilda, við Evrópubandalagið í sambandi við tollamál en einnig varðandi önnur samskipti. Ég tel að þær samningaviðræður, sem hæstv. utanrrh. hefur átt hlut að og verið er að undirbúa fyrir Íslands hönd, stefni í allt aðra átt en æskilegt væri út frá okkar hagsmunum.

Hæstv. ráðherra leitaðist við í máli sínu hér áðan að koma þeirri skoðun á framfæri að ekki væri um valdaafsal að ræða af Íslands hálfu, ekki væri í raun um það að ræða að Ísland væri að gangast undir yfirþjóðlegt vald með þátttöku í hinu fyrirhugaða evrópska efnahagssvæði. Ég ætla hér ekki að eiga langan orðastað við hæstv. ráðherra um það efni. Við höfum oft rætt það við önnur tilefni hér á Alþingi Íslendinga. En ég leyfi mér að segja að það er furðulegt að hæstv. utanrrh. skuli leggja málið fyrir með þeim hætti sem hann reyndi hér áðan, að draga fjöður yfir það stórfellda valdaafsal sem felst í því fyrir löggjafarvaldið og dómsvaldið á Íslandi að undirgangast þann samning sem hæstv. ráðherra hefur verið að undirbúa fyrir sitt leyti varðandi hin svokölluðu fjögur frelsi.

Um leið og ég segi þetta og vara við þessari samningsgerð vil ég að fram komi af minni hálfu að ég tel það mjög brýnt fyrir Ísland að leita eftir góðum samskiptum við Evrópubandalagið og tel raunar að taka þurfi þar miklu fastar á og með beinskeyttari hætti en gerst hefur til þessa. Þar eru það sjávarútvegshagmunirnir sem eru númer eitt og númer tvö fyrir Ísland í þeim viðræðum. Við eigum ekki að binda trúss okkar við þjóðir sem hafa í reynd allt annarra hagsmuna að gæta, búa við allt annað atvinnulíf eins og gildir um flestar hinar EFTA-þjóðirnar þar sem við eigum aðeins mjög takmarkaðs stuðnings að vænta við þá hagsmuni sem íslenskir eru í þessu samhengi. Þessi efni eigum við eftir að ræða frekar og ég læt þetta nægja af minni hálfu.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, leggja áherslu á það að við þurfum hér á vettvangi Alþingis að leggja okkur fram af meiri alvöru en hingað til til þess að lýsa inn í samhengi utanríkissamskipta Íslands við aðrar þjóðir. Þetta á jafnt við um öryggismálefni sem um efnahagsleg málefni. Það vantar mjög mikið á það að mínu mati að þingið og þingnefndir sem þar eru til kvaddar taki á þessum málum af þeirri alúð sem skylt ætti að vera. Þó ekki sé ástæða til þess að gera málefni utanrmn. hér að sérstöku umtalsefni kemst ég ekki hjá að nefna það að ég tel að á þeim vettvangi þyrfti að taka á málum af mun meiri festu og alvöru hvað þessi mál öll snertir. Það gerist allt of oft og allt of mikið að utanrmn. fær ekki þær upplýsingar um mál sem eðlilegt væri til þess að móta afstöðu til mála. Það gildir um upplýsingar sem beðið er um frá framkvæmdarvaldinu og það gildir um þá aðstöðu sem þeirri þýðingarmiklu nefnd þyrfti að vera búin til þess að taka á málum miðað við okkar hagsmuni.

Um leið og ég þakka samstarfsmönnum í utanrmn. fyrir samstarfið undanfarið og fyrir öll þau ár sem ég hef þar verið þá hvet ég til þess að það verði leitast við að búa þeirri nefnd þau starfsskilyrði sem hún verðskuldar og sem ástæða er til og hér á vettvangi Alþingis verði reynt að taka mun ákveðnar, betur og fastar á því sem tengist utanríkismálum en gert hefur verið þau ár sem ég tel mig vera dómbæran um.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ástandið í alþjóðamálum er þessa dagana afar spennandi og margt að gerast í senn í utanríkis- og öryggismálum. Víða gætir bjartsýni en þó jafnframt hræðslu við hina nýju tíma, við hin breyttu viðhorf yfir því að áþján kommúnismans hefur verið létt af þjóðum Austur-Evrópu og að þær hafa nú fengið að kjósa á lýðræðislegan hátt að nýju.

Ég átti þess kost fyrir örfáum dögum síðan að vera með nokkrum Austur-Þjóðverjum. Þeir lýstu því yfir hversu þeim létti mikið að geta nú í fyrsta skipti rætt við annað fólk frá öðrum löndum eins og þeim bjó í brjósti. Þeir gátu sagt að þá langaði til án þess að eiga von á því að hin illræmda leynilögregla væri nálægt, hin illræmda leynilögregla, Stasi. Þetta er ekkert merkilegt fyrir okkur út af fyrir sig því við höfum ekki þurft að búa við það að geta ekki sagt og gert það sem okkur fyndist rétt. En þetta er stór áfangi fyrir þjóðir sem hafa búið undir þessari áþján í 50 ára tímabil nærfellt.

Frjálsu kosningarnar í Austur-Evrópu marka einnig tímamót. Þær marka tímamót fyrir alla hugsandi menn, enda eru úrslitin óvænt fyrir marga. Menn sem trúðu því að sósíalistar mundu vinna stórfelldan sigur í Austur-Þýskalandi stóðu undrandi frammi fyrir því að það voru fylgismenn hægri aflanna sem unnu stórkostlegan sigur. Og ástæðan var sú að þegar fólkið stóð eitt í kjörklefanum og gat valið eins og í hug þess bjó, þá kaus það hægri flokkana. (**Gripið fram í:** Frjálslynda hægriflokkinn.) Það kaus frjálslynda hægri flokka já, að sjálfsögðu. Um það er ekki deilt.

Það sama gerðist nú fyrir nokkrum dögum í Ungverjalandi. Og það sýnir að þegar fólkið fær að ráða kýs það ekki þau afturhaldssósalísku öfl sem hafa ráðið ferðinni í Austur-Evrópu. Sannleikurinn hefur nefnilega sigrað.

Hér hefur skýrsla utanrrh. verið rædd allítarlega. Þar hefur víða verið komið við. Það hlýtur þó að vera meginverkefni á komandi ári að vinna að frekari viðskiptum og samskiptum við hin nýfrjálsu ríki Austur-Evrópu og jafnframt að málefnum Evrópubandalagsins.

Fyrir þinginu liggur tillaga um viðurkenningu Litáens. Þessi tillaga, sem borin er fram af Sjálfstfl. og frjálslyndum hægrimönnum, er ítrekun á því að sú þjóð sem þar býr og berst nú fyrir sjálfstæði sínu þarf á aðstoð að halda, aðstoð sem byggist á því að hún fái í orði og verki viðurkenningu á því að hún er sjálfstæð þjóð. Afstaða Svía nýlega kemur ekki á óvart. Svíar meta ekki málin með þessum hætti vegna þess að þeir hafa ávallt metið viðskiptahagsmuni sína við stóru ríkin í austri meira en fólkið sem er kúgað. Sú stefna sem hefur komið þar margoft fram hefur verið skaðleg. Það kemur því ekki á óvart að utanríkisráðherra Svíþjóðar, Andersson, skuli lýsa því yfir að stefna stjórnarinnar í Kreml, eins og hún hefur komið fram við hið nýja ríki sem nú hefur reynt að brjótast úr þeim hlekkjum sem á það voru lagðir á sinni tíð, sé rétt. Ég ætla ekki að fara að rifja upp þá sögu því að hún er kunnari en svo að hana þurfi að ræða.

Sameining Austur- og Vestur-Þýskalands hlýtur líka að vera til umfjöllunar, þær breytingar sem munu verða þegar Þjóðverjar sameinast í einu ríki að nýju. Það er alveg ljóst að það munu verða tímamót í sögu Evrópu þegar þjóðin sem var sundrað með múrnum verður sameinuð að nýju. Fyrir okkur hér á Íslandi hefur þetta mikla þýðingu, bæði efnahagslega og einnig hefur það þýðingu að því leyti til að það verður breytt heimsmynd sem mun blasa við eftir það.

Ég tel að við hljótum að vaka yfir öllu því sem er að gerast núna. Við munum skoða mjög náið hvað er að gerast. En mikilvægt er að við hlaupum ekki á okkur, mikilvægt er að við förum okkur hægt. Það mikilvægi varnarstöðvarinnar á Íslandi, sem hefur verið, er aldrei meira en nú. Það er alveg ljóst að meðan sú hernaðaruppbygging sem hefur haldið áfram, og hefur ekki verið dregið úr á Kolaskaga og á sér stað nú er áhyggjuefni fyrir okkur. Það er viðurkennt og nokkuð ljóst að á Kolaskaga er stærsta víghreiður jarðar. Og það er líklegt að það muni stækka fremur en hitt ef Eystrasaltsríkin verða að fullu sjálfstæð. Þetta eru staðreyndir sem við getum ekki látið fara fram hjá okkur. Við hljótum að hafa áhyggjur af því að ekki skuli dregið úr þeim mikla vígbúnaði sem er á þessu svæði.

Á undanförnum árum höfum við átt mikið og gott samstarf innan Atlantshafsbandalagsins og munum vafalaust eiga það í náinni framtíð. En það hlýtur að verða einhver breyting á því þó við sjáum ekki í dag hvernig það verður í náinni framtíð. Stjórnmálamenn í Vestur-Evrópu leggja áherslu á að við förum okkur hægt að þessu leyti, ekki hvað síst Vestur-Þjóðverjar sem gera sér grein fyrir því að það var fyrst og fremst vegna styrkleika Atlantshafsbandalagsins og efnahagslegs styrkleika Vestur-Evrópu sem múrinn féll og kommúnistar gáfust upp.

Ef við lítum á það mál sem hlýtur að verða töluvert mikið til umræðu hér á næstu mánuðum, þ.e. Evrópubandalagið, hljótum við að vera opnir fyrir tillögum og að það sé kannað eins vel og hægt er hvaða leiðir séu mögulegar. Hvað varðar Ísland er auðvitað langfarsælast ef við getum verið utan Evrópubandalagsins. En það þýðir auðvitað ekki að við getum, án þess að kanna það mjög náið, varpað því frá okkur hver hinn möguleikinn er. Ég minni enn einu sinni á ræðu eða réttara sagt grein Uffe Ellemann-Jensen sem birtist í Morgunblaðinu þriðjudaginn 27. mars. Þær skoðanir sem þar koma fram getum við tæplega látið fara fram hjá okkur án þess að skoða þær mjög náið. Og ég mun, með leyfi forseta, vitna til þessarar greinar. Þar segir ráðherrann:

„Þessi grundvallaratriði í þróun sýna með skýrum hætti að Evrópubandalagið er sú þungamiðja sem þróun Evrópu mun taka mið af á komandi árum.“ Og Uffe Ellemann-Jensen segir enn fremur: „Ég skal ekki tala neina tæpitungu. Ég tel það mjög vafasamt að hægt verði að uppfylla þær væntingar sem mörg EFTA-ríkin hafa um árangur viðræðnanna. Mikilvægasta atriðið verður möguleiki landanna utan Evrópubandalagsins til að hafa áhrif á ákvarðanir sem

teknar eru í bandalaginu. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að tjá sig skýrt. Það er ekki hægt að gera hið ómögulega. Raunveruleg áhrif er aðeins hægt að hafa með aðild. Öðruvísi getur þetta ekki orðið." Og í lok greinarinnar segir Uffe Ellemann-Jensen enn fremur:

„Styrkjum þátt Norðurlandanna í mótun nýrrar samvinnu í Evrópu. Styrkjum rödd Norðurlandanna í evrópsku samstarfi. *Við skulum, með þessum hætti,* gefa norrænni samvinnu raunhæft inntak og algerlega nýja vídd í evrópsku samstarfi. Við megum ekki treysta á tálvonir. Við verðum að nýta okkur tækifærin sem gefast. Ný Evrópa er í burðarliðnum. Þungamiðja hennar er í samstarfi Evrópubandalagsins þar sem allir deila með sér skyldum og ábyrgð. Þeir sem vilja hafa áhrif hljóta að taka þátt í samstarfinu heils hugar að fullu."

Þetta voru orð utanríkisráðherra Danmerkur og þau hljóta að vekja mann til umhugsunar. Ef sönn eru hljótum við að verða að hugsa á öðrum nótum. Engu að síður verðum við að fara hægt í sakirnar og rólega. Það liggur ekkert á, því við hljótum að vilja vera örugg um það að við tryggjum hagsmuni Íslands eins og kostur er.

Ég vil minnast hér á Norðurlandasamvinnu sem er á bls. 41 í skýrslu utanrrh. Það sem þar kemur fram er um víðtæka samvinnu milli Norðurlandanna sem hefur leitt til mjög náinnar sameiningar, ef við getum sagt það, á ýmsum sviðum, svo sem með löggjöf með ýmsum hætti, menningartengslum og ýmsu samstarfi sem löngu er kunnugt um hér. Það væri auðvitað of langt mál að fara mjög náið út í það samstarf. Það er hins vegar vel til athugunar hvort sumir liðir í því starfi eru ekki heldur of miklir að viðum. Má vel skoða þá hluti þannig að við lendum ekki í því sem oft hefur verið varað við að hér verði úr bákn svo stórt að ekki verði við ráðið.

Hæstv. forseti. Það er einnig svo að ég get ekki annað en rætt einn liðinn til viðbótar. Það er Evrópuráðið. Þótt lítið fari fyrir því starfi sem þar er unnið og það virðist ekki *býsna viðamikið í hugum okkar og* við verðum e.t.v. ekki mjög vör við það, hefur það engu að síður haft töluvert áhrif á starf okkar og stjórnmálalíf á Íslandi. Það má segja að eitt af því sem Evrópuráðið hafi fram yfir önnur samtök er að það er ekki yfirþjóðlegt. Þar hefur skapast grundvöllur fyrir öll ríki Vestur-Evrópu til samstarfs og nú einnig fyrir Ungverjaland, Pólland, Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu og Búlgaríu. Þetta víðtæka samstarf hefur átt þátt í því að stjórnmálamenn og fólk frá hinum ólíku þjóðlöndum hefur kynnst og áttað sig á því að landamæri segja ekki allt. Því þegar allt kemur til alls eiga þjóðir Evrópu margt sameiginlegt og miklu meira en menn í fljótu bragði gera sér grein fyrir. Þó tungur skilji þjóðir eiga þær saman menningarlega arfleifð sem á margan hátt í fjölbreytni sinni tvinnast saman í hinum ýmsu þjóðlöndum Evrópu.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er einnig fjallað um ýmis svæðisbundin deilumál, svo sem Mið-Austurlönd, Suður-Afríku, Níkaragúa og Panama. Í þessum umræðum hefur nokkuð verið vikið að Ísrael og hefur réttilega verið komið inn á að þar hefur verið um vaxandi vandamál að ræða. Við getum ekki litið fram hjá því að ýmislegt af því sem Ísraelsmenn hafa gert samræmist ekki þeim hugmyndum sem við hér á Vesturlöndum höfum um hvernig eigi að vinna að málum. En þetta er ekki einfalt mál og það er erfitt að finna lausn á því. Það verður auðvitað ekki gert nema *Arabaríkin viðurkenni Ísrael og* hægt sé að ganga með tryggum hætti frá því að Ísraelsmenn geti treyst því að Arabar geri ekki árás á Ísraelsríki. Hv. 2. þm. Austurl. kom inn á það að Bandaríkjamenn hafa nú nýlega samþykkt stórfelldar fjárveitingar til að styrkja nýjar byggðir Gyðinga sem munu flytjast til Ísraels og hafði áhyggjur að því. En það sem hann minntist ekki á var hvaðan þessir menn eru. Hvaðan eru þeir og af hverju eru þeir að koma til Ísraels? Jú, þessir menn koma frá Sovétríkjunum, en eins og allir vita hefur í Sovétríkjunum verið við lýði stefna sem mundi vera kölluð Apartheit ef ekki væri um Sovétríkin að ræða. Gyðingar eru meðhöndlaðir eins og þeir væru svertingjar í Sovétríkjunum og aðrar þjóðir eru jafnvel fluttar nauðungarflutningum á milli landshluta. Það eru ástæðurnar fyrir því að Gyðingar eru *að flýja. Þeir eru að fara vegna þess að þeir hafa ekki* átt möguleika á því að búa í Sovétríkjunum og hafa orðið fyrir ofsóknum. Þetta er ekki einfalt mál og er heldur ekki með þeim hætti að við getum algerlega fordæmt allt sem gerist í Ísrael frekar en í mörgum öðrum ríkjum.

Það er líka athyglisvert að undanfarið hafa farið fram kosningar víðar en í austantjaldsríkjunum. Má minna á kosningarnar sem fóru fram í Suður-Ameríku en þar sigruðu hægri menn alveg óvænt, sem segir töluvert um hvað fólkið vill í rauninni.

Ég hef talsvert mikið efni sem ég gæti rætt um. Ég gæti rætt um Evrópubandalagið, sem auðvitað er þörf á. En það hlýtur að bíða frekari tíma því að hér er mjög takmarkaður tími til umræðu þó það sé ekki að sjá á öllum þingmönnum. Ég get þó ekki yfirgefið *þennan ræðustól án þess að minnast á þróunarsam*vinnuna. Það hefur komið fram að fjármunir til hennar eru frekar litlir og væri því nauðsyn á að auka þá starfsemi. Ég hef heyrt þeirri hugmynd fleygt, m.a. af hv. 3. þm. Norðurl. e., hvort möguleiki væri á því að þeir fjármunir sem hér eru notaðir til þróunarsamvinnu yrðu settir beint til aðila eins og þjóðkirkjunnar vegna þess að þar er mun betri nýting á þeim fjármunum sem fyrir hendi eru. Það verður ekki komist hjá því að minnast aðeins á þetta, en það er auðvitað ein þeirra hugmynda sem gætu þýtt það að þeir fjármunir sem eru lagðir til þessarar starfsemi mundu nýtast betur.

Þá hljótum við aðeins að líta á þau málefni sem varða hafréttarmál, en hafsbotnsmálefni hafa verið töluvert til umræðu í utanrmn. og varða mjög framtíð okkar eða kröfur okkar um landsvæði í kringum Ísland, bæði við Rockall og svo hins vegar norður af Íslandi. Það þarf að vera mjög vakandi í þessum málum og passa upp á að okkar réttindi falli ekki

niður og við náum þeim rétti sem við teljum okkur eiga.

Ég vil að endingu segja það að við frjálslyndir hægrimenn erum bjartsýnir og vongóðir um betri daga á alþjóðavettvangi og vil minna á það að skyndilegt hrun kommúnismans hefur glætt vonir manna um bætt mannlíf á komandi árum. En það gildir enn hið fornkveðna að gáttir allar skyldi um skyggnast áður en gangi fram. Það er því mikilsvert að við stígum hvert skref af öryggi, hægt og með þeim hætti að við tryggjum öryggi okkkar um ókomna framtíð og tryggjum málefni okkar á alþjóðavettvangi, bæði í viðskiptum og í varnarmálum en brennum okkur ekki á því að hlaupa upp til handa og fóta og henda frá okkur því sem við höfum án þess að vita hvað við tekur.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög yfirgripsmikla og góða skýrslu og góðan málflutning hér í þingsölum. Þetta er það langt og mikið mál og kemur hann víða við að það mundi taka mig sennilega annan eins tíma og hæstv. ráðherra notaði til þess að gera því einhver skil þannig að ég vil nú eingöngu stikla hér mjög á stóru.

Það sem ég tel vera mál málanna í dag, EB–EFTA umræðan, er rædd hér á öðrum vettvangi þannig að um hana þarf ekki að fjölyrða hér í dag að mínu mati. En ekki verður skilið við Evrópu án þess að fagna þeirri bylgju sem þar gengur yfir, þeirri bylgju sem er að brotna hér á ströndum Íslands sem við sjáum og heyrum þessa dagana í hinni pólitísku umræðu sem er að myndast í sambandi við kosningar til sveitarstjórna. Hins vegar get ég sjálfs mín vegna ekki annað en minnst aðeins á varnarsamninginn. Vegna þeirra merkilegu breytinga sem eru í heimsmálunum er sjálfsagt að endurskoða varnarsamninginn og laga hann að breyttum viðhorfum. En út af fyrir sig er það að sjálfsögðu efni í heila og sérstaka umræðu.

En úr því að ég minnist hér á varnarsamninginn og herstöðina má rifja upp að ekki er langt síðan hér voru til umræðu persónuupplýsingar og njósnir í því sambandi. Ég vil ljúka þessu stutta spjalli mínu með því að leyfa mér að lesa aðeins úr gögnum sem ég hef undir höndum sem staðfesta einhvers konar gagnasöfnun og upplýsingasöfnun erlendra aðila. Málið snertir grunaðan mann í sakadómsrannsókn frá árinu 1976. Þar biður rannsóknardómari um ýmsar upplýsingar og, með leyfi forseta, vil ég lesa hér upp hluta af því sem beðið er um:

a. Listi yfir fyrri refsingar.

b. Listi yfir sakamál sem hann hefur verið viðriðinn.

c. Fangelsisvistir.

d. Bifreiðar sem hann hefur átt.

e. Vopn í eigu hans.

f. Upplýsingar bandarísku stöðvarinnar.

Það er um þennan lið sem ég hnýt. Um þetta hnýt ég. Hvað eru upplýsingar bandarísku stöðvarinnar? Og hver er bandaríska stöðin í þessu sambandi?

Lögmaður í þessu sakadómsmáli skrifar bréf ári seinna þar sem hann óskar eftir að fá ýmsar útskýringar á því máli sem hann er að vinna við. M.a. óskar hann eftir nánari útskýringum á þessum f-lið í bréfi rannsóknardómarans og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa upp úr þessu bréfi lögmannsins:

„Upplýsingar bandarísku stöðvarinnar hafa ekki verið lagðar fram og er þess krafist að þær verði nú lagðar fram. Nauðsynlegt kann að reynast að taka skýrslu fyrir dómi af þeim sem nafngreindir eru í þessu skjali.

Ég geri ráð fyrir að með bandarísku stöðinni sé átt við varnarliðið en væntanlega kemur það í ljós. Getur það orðið tilefni annarrar rannsóknar og varðar hagsmuni þjóðarinnar allrar."

Þetta er úr bréfi lögmanns á þessum tíma og vil ég ekki orðlengja það meir. En þetta er viðkvæmt mál sem snertir marga. Þetta er sársaukafullt mál. Þessa vegna vil ég ekki fara nánar út í málavöxtu hér en ég er reiðubúinn til þess að sýna viðkomandi ráðherrum þessa pappíra. Þetta staðfestir að upplýsingum um Íslendinga er safnað. Og það sem meira er, það er sótt í þennan upplýsingabrunn frá dómurum í sakadómi Reykjavíkur þegar verið er að rannsaka sakamál. Þeim er því fullkunnugt um þennan upplýsingabanka. Því spyr ég: Hvaða upplýsingar eru þetta? Um hverja eru þær, um hvaða menn og með hvers leyfi er þeim safnað?

Það er stutt síðan ég fékk heim til mín bréf frá lækni sem vildi kanna svefntíma sonar míns og við söfnuðum upplýsingum um svefntíma drengsins í heila viku. Síðan þurfti leyfi, samþykki okkar foreldranna fyrir því að læknirinn mætti geyma þessar upplýsingar og hagnýta sér þær. Ég spyr: Þarf engin slík leyfi til þess að stöðvar, sem virðast vera erlendar stöðvar hér á landi, safni upplýsingum um Íslendinga sem síðan eru hagnýttar á þann hátt að meira að segja íslenskur sakadómur óskar eftir upplýsingum frá þessum stöðvum?

Virðulegi forseti. Það verður ekki lengra.

Jóhann A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Í skýrslu hæstv. utanrrh. eru mörg stór og mikilvæg málefni og þarfnast hún því gaumgæfilegrar umræðu sem ekki gefst mikill tími til hér. Varðandi samninga þá sem eru nú við Efnahagsbandalag tel ég að við eigum lítið erindi í beinar viðræður, í beina samninga við Efnahagsbandalagið. Það sýnir okkur best að í skýrslu utanrrh. á bls. 71 er tíundað hvaða styrkjum sjávarútvegsstefna bandalagsins hefur yfir að ráða. Ég held að óhætt sé að segja að við höfum þar lítil áhrif og hætt við því að við fengjum lítið út úr þeim samningum fyrir mikið. Við hjá Samtökum jafnréttis og félagshyggju styðjum því þær samningsumræður sem staðið hafa yfir á vegum EFTA og sjáum raunar ekki aðra færa leið að svo stöddu. Samt sem áður leggjum við mikla áherslu á það að hæstv. utanrrh. láti þingheim fylgjast vel með gangi mála þar sem um svo mikilvægt mál er að ræða.

Í skýrslu utanrrh. á bls. 72 er kafli sem heitir „Hið

almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT)". Þar segir, með leyfi forseta:

„Norðurlöndin hafa í tillögu sinni haft hliðsjón af þeim samningsramma, sem náðist samkomulag um á fundi háttsettra embættismanna í apríl sl. hvað varðar langtímamarkmið og heilbrigðisreglur, en telja að tillit verði að taka til sjónarmiða um félagslegt, þjóðfélagslegt og umhverfislegt hlutverk landbúnaðar. Í tillögunni lýsa Norðurlöndin sig fylgjandi því að dregið verði úr stuðningi við landbúnað, og benda á að sérstök áhersla skuli lögð á að afnema þær aðgerðir sem feli í sér mestu viðskiptahindranir. Norðurlöndin segjast tilbúin að stefna að afnámi flestra útflutningsbóta sinna. Sem meginregla skuli innflutningshöft ekki vera í formi magntakmarkana, nema í sérstökum afmörkuðum tilvikum. Sem lið í afnámi hafta mætti breyta þeim yfir í tolla. Heimilt eigi að vera að hafa verulega háa tolla. Fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins hefur sótt fundi GATT og norræna undirbúningsfundi á sviði landbúnaðarmála.

Upphaf skammtímaaðgerða miðast við apríl 1989 og eiga þær að standa til loka árs 1990. Um er að ræða svonefnda „frystingu" styrkja innanlands og til útflutnings, „frystingu" verndaraðgerða, þ.e. tolla og innflutningstakmarkana, og „frystingu" á verðákvörðunum stjórnvalda, en heimild er til gengisaðlögunar vegna mikillar verðbólgu."

Þýðir þetta að innflutningur á landbúnaðarafurðum til landsins verði frjáls og að útflutningsbótum á landbúnaðarframleiðslu verði hætt? Það væri fróðlegt að fá um það svör frá utanrrh. og eins hvort um það sé samstaða í ríkisstjórn að svona skuli hagað málum.

Á bls. 56, í VIII. kafla, er fjallað um Vatnsveitu Suðurnesja og skýrt frá mengun á vatnsbólum Keflavíkur og Njarðvíkur. Okkur er í fersku minni olíulekinn og olíumengun á Bolafjalli í nóv. sl. Í febrúar var hér á Alþingi tekin fyrir fsp. frá hv. 7. þm. Norðurl. e. um mengunarvarnir á Gunnólfsvíkurfjalli. En þá hafði erindum heimamanna um málið ekki verið svarað af skrifstofu varnarmála og/eða utanrrn. Nú virðist eitt málið enn vera í uppsiglingu því í frétt í Dagblaðinu í dag segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Belgísk mengunarvarnastofnun um sorpgryfjuna á Heiðarfjalli. Undrast svo stórt mengunarvandamál á Íslandi — talið líklegt að fjöldinn allur af eiturefnum sé í gryfjunni. Fyrstu viðbrögð okkar voru undrun yfir að jafnvel Ísland ætti við umtalsvert mengunarvandamál að stríða að því er virðist vegna óstjórnar í sorphirðu á undanförnum áratugum."

Öll mengunarmál sem upp koma á landi sem byggir lífsafkomu sína á matvælaframleiðslu eru mjög alvarlegs eðlis og geta skaðað þá ímynd sem við byggjum okkar lífsafkomu á. Samkvæmt frétt Dagblaðsins er hér á ferðinni mál sem getur skaðað mjög ímynd landsins í þessum efnum. Því vil ég hvetja hæstv. ráðherra umhverfis- og utanríkismála að taka þessi mál mjög föstum tökum svo að ekki hljótist af þessu frekara tjón eins og þessi umræða er að þróast og hefur verið að þróast.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Til máls tekur hæstv. félmrh. og ræðir skýrslu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í 5. tölul. 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja stofnunarinnar að kynna löggjafarsamkomunni þær samþykktir og tillögur sem gerðar hafa verið á alþjóðavinnumálaþinginu. Þetta skal gert eigi síðar en innan árs frá slitum vinnumálaþingsins. Í samræmi við tilvitnuð ákvæði í stofnskrá ILO er nú lögð fyrir Alþingi skýrsla um 76. alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var dagana 6.–27. júní 1989.

Í skýrslunni er birt alþjóðasamþykkt sem þingið afgreiddi. Hér er um að ræða alþjóðasamþykkt nr. 169 um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum. Nýja samþykktin kemur í stað eldri samþykktar nr. 107 frá 1957, um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja. Sú samþykkt markaði á sínum tíma nokkur tímamót varðandi stöðu þjóðarbrota og ættbálka en er ekki lengur í hátt við breytta tíma, einkum að því er varðar varðveislu menningararfs og tungu. Kjarni þeirrar samþykktar var að gera þessum minnihlutahópum kleift að tileinka sér tungu og menningu meiri hlutans. Ekkert Norðurlandanna hefur fullgilt samþykkt nr. 107.

Nýja alþjóðasamþykktin fjallar um almenna stefnumótun í málefnum frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum og réttindi þeirra til afnota af landi. Í samþykktinni eru einnig settar fram reglur um verndun launafólks af þjóðflokkum sem gildissvið samþykktarinnar tekur til. Benda má í þessu sambandi á III. kafla samþykktarinnar.

Í IV. kaflanum er fjallað um starfsþjálfun, handiðnir og iðnað í dreifbýli. Í þessum kafla er lögð áhersla á mikilvægi þess að viðhalda og efla iðnað og sjálfsþurftarbúskap sem tengdur er menningu hlutaðeigandi þjóðflokks.

Kveðið er á um réttindi þjóðflokka til almannatrygginga og þjónustu á sviði heilbrigðismála í V. kaflanum. Þar er því slegið föstu að þeir eigi sama rétt og aðrir þegnar hlutaðeigandi ríkis.

Mikilvægasta breytingin frá eldri samþykktinni frá 1957 kemur fram í VI. kaflanum um menntun og samskiptaleiðir. Í 28. gr. er dregið fram mikilvægi þess að viðhalda menningarlegum sérkennum þjóðflokka, m.a. með því að kenna börnum að lesa og skrifa á eigin tungumáli frumbyggja eða því tungumáli sem almennt er notað í þeim hópi sem þau tilheyra. Í samþykktinni frá 1957 lá áherslan á því að laga þjóðflokkana að tungu og menningu meiri hlutans.

Í VII. til IX. kafla í samþykktinni er fjallað um stjórnsýsluleg atriði og almenn ákvæði sem snerta skuldbindingar samkvæmt samþykktinni. Allsherjarþing alþjóðavinnumálaþingsins samþykkti einróma tillögu frá fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda sem hvetur Alþjóðavinnumálastofnunina til að grípa til

nauðsynlegra aðgerða í því skyni að fylgja eftir hinni nýju alþjóðasamþykkt sem er birt í heild sem fskj. I með þessari skýrslu.

Á þessu stigi málsins er ekki lagt til að Ísland fullgildi samþykktina. Þetta er gert með þeim fyrirvara að hægt sé að taka málið upp síðar þegar nánari athugun á efni og skuldbindingum samþykktarinnar hefur átt sér stað.

Virðulegi forseti. Í skýrslu minni um 76. alþjóðavinnumálaþingið er fjallað um fleiri atriði en nýja alþjóðasamþykkt. Ég vil vekja sérstaka athygli á kafla 2.5. þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna ILO. Í kaflanum er greint frá nokkrum málum sem vöktu sérstaka athygli og sagt frá alvarlegum brotum aðildarríkja á ILO-samþykktum. Í þeim hópi eru Mið-Afríkulýðveldið, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, Kólumbía, Rúmenía og Tyrkland.

Í þessum kafla er einnig greint frá kærumáli ASÍ á hendur íslensku ríkisstjórninni vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Rétt er að taka fram að kærumálið var ekki á meðal þeirra sem valin voru á málaskrá þingnefndar sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. En þar sem niðurstaða fékkst í þetta kærumál á sl. ári er gerð grein fyrir henni efnislega í kafla 2.5. í skýrslunni. Hins vegar eru birt bréfaskipti íslenskra stjórnvalda og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þetta mál í viðauka.

Niðurstaða nefndar um félagafrelsi í máli Íslands er í stuttu máli sú að vakin er á því athygli að bráðabirgðalög nr. 14/1988 takmörkuðu rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra kjarasamninga. Hún lýsir áhyggjum sínum af því að þetta var í níunda skiptið sem höfð voru slík afskipti á tíu árum. Hins vegar telur nefndin að þegar á heildina er litið hafi brýna þjóðarnauðsyn borið til að setja slíkar hömlur. Þær hafi verið settar aðeins að því marki sem nauðsynlegt var, þær hafi aðeins verið í gildi um sanngjarnan tíma og jafnframt þeim hafi verið gerðar viðunandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks. Samkvæmt þessu telur nefndin að miðað við aðstæður og með tilliti til hliðaraðgerða brjóti lög nr. 14/1988 ekki í bága við alþjóðasamþykktir nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Þar sem Ísland hefur fullgilt bæði alþjóðasamþykkt nr. 87 og 98 var umrætt kærumál sent sérfræðinganefnd ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta til umfjöllunar. Í sérfræðinganefndinni eiga sæti 20 fulltrúar skipaðir af stjórnarnefnd ILO. Þeir sem veljast til setu í sérfræðinganefndinni eru yfirleitt hæstaréttardómarar, dómarar í félagsdómum eða sérfræðingar í alþjóðalögum.

Félmrn. barst bréf frá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, dags. 11. sept. 1989, sem hefur að geyma álit sérfræðinganefndarinnar. Sérfræðinganefndin kemst að svipaðri niðurstöðu og nefndin um félagafrelsi. Þó er í áliti hennar fjallað ítarlega um samráðsfundi sem haldnir voru með fulltrúum ASÍ fyrir setningu bráðabirgðalaganna og telur nefndin sér skylt að benda á að sú staðreynd að svo djúpstæður ágreiningur ríkir um afstöðu málsaðila til samráðs bendi til þess að starfsreglum um samráð sé að einhverju leyti áfátt.

Ég ætla ekki að fjölyrða um framangreinda niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en þetta hlýtur að vera leiðbeinandi fyrir Alþingi og ríkisstjórn þegar hliðstæð mál koma upp í framtíðinni.

Meðal þess sem gerð er grein fyrir í fylgiskjölum með skýrslunni um 76. alþjóðavinnumálaþingið eru athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland fullgilti árið 1976. Ástæðan er samkomulag sem félmrn. og heilbr.- og trmrn. gerðu í árslok 1987 um að fyrrnefnd ráðuneyti taki að sér umsjón með framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmálanum.

Helstu athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu varðar eftirtaldar greinar:

Önnur mgr. 1. gr. um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt. Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerir hliðstæðar athugasemdir við framkvæmd Íslands á þessu ákvæði og sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Nefnd Evrópuráðsins harmar að ákvæði 81. gr. sjómannalaga skuli enn vera í gildi. Nefndin ítrekar það álit sitt að ákvæðið brjóti í bága við félagsmálasáttmálann. Svo fremi að ekki komi fram frekari upplýsingar geti nefndin ekki annað en staðfest fyrra álit sitt um að framkvæmd Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Þess skal getið að lagt hefur verið fram á Alþingi frv. um að fella ákvæði 81. gr. úr sjómannalögunum.

Ein athugasemd sérfræðinganefndarinnar snertir framkvæmd á ákvæðum 5. gr. félagsmálasáttmálans um réttinn til að stofna félög. Í skýrslu nefndarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin veitti sérstaka athygli athugasemdum í íslensku skýrslunni og viðbótarupplýsingum sem skýrðu ástandið hvað varðar rétt launamanna til að stofna eða ganga í stéttarfélög.

Hún veitti því fyrst og fremst athygli að samkvæmt túlkun Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. Stjórnarskrár Íslands er mönnum ekki tryggður réttur til þess að vera ekki félagar í stéttarfélagi. Auk þess taldi rétturinn að alþjóðlegir samningar, svo sem Evrópuráðssamningar um verndun mannréttinda og mannfrelsis, Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um almenn og pólitísk réttindi o.s.frv., ógiltu ekki sjálfkrafa „staðfest" ákvæði Stjórnarskrárinnar.

Nefndin taldi — með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hlýtur að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi — að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar

af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans.

Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun, sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

Fram kemur í íslensku skýrslunni að í flestum almennum kjarasamningum er ákvæði þess efnis að félagar í stéttarfélögum skuli ganga fyrir um vinnu. Þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum veitti nefndin því athygli að slík ákvæði um forgang hafa verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin taldi að slíkar lögþvinganir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélögum, gætu ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

Nefndin veitti því einnig athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar í iðnaði og við verslunar- og skrifstofustörf, eru ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör. Nefndin taldi að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og er í mótsögn við sjálft eðli þess frelsis að stofna félög, sem verndað er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í 5. gr.

Af ofangreindum ástæðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið á Íslandi bryti enn í bága við ákvæði 5. gr. sáttmálans. Nefndin vonaði að í næstu skýrslu kæmi fram hvort höfnun launamanns á því að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi gæti orðið til þess að honum yrði sagt upp störfum eða honum yrði mismunað með einhverjum hætti."

Í sambandi við þetta vil ég geta þess að félmrn. skrifaði helstu samtökum aðila vinnumarkaðarins bréf 24. okt. 1989 þar sem greint var frá athugasemdum Evrópuráðsins og jafnframt óskað eftir afstöðu þeirra til þess hvort nauðsynlegt væri að endurskoða lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Heilbr.- og trmrn. var einnig skrifað bréf um svipað leyti þar sem greint er frá áliti sérfræðinganefndarinnar en á vegum þess ráðuneytis fer fram endurskoðun á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

Þriðja athugasemd sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins setur fram snertir framkvæmd 1. mgr. 13. gr. um að sérhverjum manni sem hefur ónóg fjárráð og ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik verði veitt næg aðstoð.

Í skýrslum Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmálans hefur verið gerð grein fyrir ákvæðum laga um aðstoð við einstaklinga sem eru fjárvana, þar á meðal ákvæðum í framfærslulögum nr. 80/1947.

Sérfræðinganefnd sem fer yfir skýrslur um framkvæmd sáttmálans hefur verið þeirrar skoðunar að Ísland framfylgi ekki 1. mgr. 13. gr. félagsmálasáttmálans vegna þess að í íslenska löggjöf vanti lagaákvæði sem heimili einstaklingi að áfrýja ákvörðun stjórnvalda sem eru ábyrg fyrir félagslegri aðstoð. Um þetta atriði var rætt á fundi embættismannanefndarinnar á vegum Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu og haldinn var í janúar 1990.

Embættismannanefndin er algjörlega sammála sérfræðinganefndinni að þessu leyti og telur að Ísland framfylgi ekki framangreindu ákvæði félagsmálasáttmálans fyrr en réttur einstaklinga til áfrýjunar hafi verið tryggður að lögum. Þar sem Evrópuráðið hefur lengi gagnrýnt Ísland fyrir að tryggja ekki þennan rétt einstaklinga er orðið mjög brýnt að breyta íslenskri löggjöf til samræmis við óskir Evrópuráðsins.

Í frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem enn hefur ekki verið lagt fram á Alþingi, er ákvæði um þetta efni. Verði frv. að lögum ætti gagnrýni Evrópuráðsins að verða úr sögunni a.m.k. að því er þetta atriði varðar.

Annað atriði þessu tengt er framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu sem tengjast sérstökum aðgerðum stjórnvalda til að vernda fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins. Hér er um að ræða framkvæmd á 16. og 17. gr. sáttmálans. Skýrslur Íslands um framkvæmd þessara ákvæða hafa verið fáorðar. Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur margsinnis lagt fram fjölmargar spurningar um framkvæmd Íslands á ákvæðunum sem erfitt hefur verið að svara vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa ekki mótað stefnu í fjölskyldumálum. Í frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er að ýmsu leyti að finna stefnumörkun í fjölskyldumálum. Einnig af þessari ástæðu er orðið mjög brýnt að afgreiða frv.

Virðulegi forseti. Með aðild okkar að Alþjóðavinnumálastofnuninni og Evrópuráðinu höfum við samþykkt ákveðið alþjóðlegt eftirlit með aðgerðum okkar á sviði félagsmála. Við athugun á skýrslum Íslands og framkvæmd þeirra sáttmála sem við höfum fullgilt fer fram samanburður við önnur lönd. Það er mikilvægt að niðurstöður úr slíkum samanburði séu kynntar réttum aðilum þannig að bæta megi úr því sem miður fer. Það er ljóst að við Íslendingar verðum að gæta okkar mjög á því að dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum varðandi ýmsa þætti félagslegs öryggis, einkum þegar litið er til annarra ríkja Evrópu. Ég bendi á svið eins og öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, jafnréttismál, réttindi launafólks, vernd barna og unglinga og stefnu í fjölskyldumálum. Staðreyndin er sú að á öllum þessum sviðum er mikið að gerast, ekki síst í aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundi er fram haldið í sameinuðu þingi. Næstur á mælendaskrá er hv. 3. þm. Reykv. og gerir m.a. grein fyrir skýrslu um 41. þing Evrópuráðsins.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það hefur tíðkast um nokkurra ára skeið að leggja fram skýrslur frá alþjóðlegum þingmannasamtökum sem við tökum þátt í og ræða þær í tengslum við skýrslu utanrrh. Svo er gert að þessu sinni að því er varðar m.a. skýrslu frá íslensku þingmannanefndinni í Evrópuráðinu.

Evrópuráðið hefur í 40 ár verið samnefnari þeirra ríkja í álfunni sem haft hafa lýðræði og mannréttindi að leiðarljósi. Evrópuráðið var stofnað að fenginni biturri reynslu af alræðisstefnum, fyrst í heimsstyrjöldinni og síðan eftir heimsstyrjöldina þegar Sovétríkin lögðu undir sig hvert ríkið af öðru og hvert ríkið af öðru í Austur-Evrópu gekk alþjóðakommúnismanum á hönd undir þrýstingi Sovétríkjanna. Andstaða var brotin á bak aftur.

Það var í þessu andrúmslofti sem Atlantshafsbandalagið var stofnað, fyrir því verður gerð grein hér í kvöld af formanni sendinefndarinnar í þingmannasamtökum þess. Í þessu andrúmslofti var Evrópuráðið líka stofnað. Þar er ekki eins og í Atlantshafsbandalaginu fjallað um varnarmál heldur er í Evrópuráðinu fyrst og fremst fjallað um ýmis atriði sem tengjast löggjöf á sviði mannréttinda, menningar og félagsmála. Starfsemi Evrópuráðsins varðar með einum eða öðrum hætti réttindi einstaklinga, hversdagslíf fólks í aðildarríkjunum.

Það má nefna í þessu sambandi og í tilefni af því að 40 ár eru síðan þessi stofnun var sett á fót að nokkrar efasemdir voru í hugum sumra Íslendinga um aðild að Evrópuráðinu á sínum tíma. Ríkisstjórn Íslands lagði fram till. til þál. á löggjafarþinginu 1949 um að Ísland tæki þátt í Evrópuráðinu. Í tillgr. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að gerast þátttakandi fyrir Íslands hönd í Evrópuráðinu og takast á hendur þær skyldur sem samkvæmt stofnskrá ráðsins eru samfara þátttöku í því."

Ég leyfi mér að leggja sérstaka áherslu á orðið „skyldur" í þessu sambandi. Það verður að hafa í huga, þegar við tökum þátt í samstarfi sem þessu og öðrum alþjóðlegum þingmannasamtökum, að við höfum nokkrar skyldur með höndum sem ætlast er til að við sinnum ef við ætlum að hafa einhver áhrif á gang mála og ef við ætlum að láta virða okkar íslenska ríki.

Nefndin klofnaði á sínum tíma, á þinginu 1949, um aðild Íslands að Evrópuráðinu og svo einkennilegt sem það er að rifja það upp nú höfðu fulltrúar forvera Alþb., þáv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, uppi efasemdir og réðu frá því að taka þátt í stofnun eins og þessari. Þeir sem þann flokk fylltu síðar og arftakar þess flokks hafa fyrir löngu lagt til hliðar þessa skoðun og hafa á síðari árum tekið þátt í þessu starfi eftir því sem þeir hafa haft fylgi til. En í nál. meiri hl. sagði það sem sannarlega má minna á núna, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður að sjálfsögðu ekki um það dæmt á þessu stigi hver verða afdrif Evrópuráðsins en markmið þess að koma á nánari einingu þátttökuríkjanna til tryggingar friði sem byggist á réttlæti og alþjóðasamvinnu, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, hlýtur vissulega að vera í samræmi við utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins. Ísland á ekki að sitja hjá í þessu samstarfi lýðræðis- og menningarríkja álfunnar. Er þess og að vænta er stundir líða fram að Evrópuráðið geti orðið öflugt tæki til að greiða fyrir framkvæmd þeirra hugsjóna er það hefur sett sér að markmiði."

Þegar ég nefni það nú, frú forseti, að því er spáð fyrir 40 árum að Evrópuráðið geti orðið öflugt tæki til að greiða fyrir framkvæmd þeirra hugsjóna sem það hefur sett sér að markmiði má benda á hver staða þess er nú. Það hefur sjaldan ef nokkurn tíma haft jafnmikla pólitíska þýðingu og einmitt nú vegna þess að þær þjóðir sem um það leyti sem ráðið var stofnað voru að missa sjálfstæði sitt hver af annarri eru núna að sækja fram til aukinna mannréttinda og lýðræðisskipulags, þjóðskipulags laga og réttar, og leita þess vegna til Evrópuráðsins um stuðning, um samstarf, um aðild að meira eða minna leyti. Nokkrar Austur-Evrópuþjóðanna hafa þegar fengið svokallaða gestaaðild sem sérstakar reglur voru settar um fyrir ári síðan og tvær hafa sótt um fulla aðild. Það eru Ungverjar og Pólverjar. Pólverjar segjast reyndar ekki vera Austur-Evrópuríki, heldur Mið-Evrópuríki. Það er auðvitað rétt landfræðilega en við höfum kannski vanið okkur á að nota þetta hugtak í nokkuð pólitískri merkingu og höfum þá átt við Sovétríkin og þau Evrópuríki sem hafa verið í mestum pólitískum tengslum við þau.

Þegar þessa er gætt verður að segjast eins og er að sl. ár hefur verið hlaðið stórviðburðum í starfi Evrópuráðsins. Þá er annað atriði í alþjóðlegu samstarfi eða öllu heldur Evrópusamstarfi sem hefur sett mikinn svip á störf Evrópuráðsins á allra síðustu árum og einkanlega síðasta árið en það eru vaxandi umsvif Evrópubandalagsins og samstarf þess við Evrópuráðið í ýmsum einstökum málaflokkum. Þetta tvennt, samstarfið við Evrópubandalagið, málefni sem eru sameiginleg með hvorum tveggja þessum samtökum, svo og breytingarnar í Austur-Evrópu, hefur leitt til þess að störf Evrópuráðsins hafa orðið enn pólitískari, ef ég má svo segja, náð yfir fleiri og mikilvægari svið stjórnmálanna en áður hefur verið. Þau hafa krafist þess að til starfsins sé varið meiri tíma og raunar einnig fjármunum, en það atriði er e.t.v. fremur fram undan en liðið. Mikil áhersla er á það lögð við ráðherranefndina að þingi Evrópuráðsins verði gert kleift að sinna hinum nýju skyldum sem þessi þróun í álfunni hefur haft í för með sér fyrir það.

Það segir sig sjálft að ýmis störf hafa sérstaklega komið til bæði endurskoðunar og athugunar í tengslum við uppbyggingu Evrópubandalagsins og aukið afl þess í álfunni. Nokkuð er það að Evrópubandalag-

ið hefur tekið upp sérstakt samstarf meðal aðildarríkja sinna á ýmsum málefnasviðum sem unnið hefur verið að og gerðir sáttmálar um, jafnvel fyrir áratugum, á vegum Evrópuráðsins.

Evrópuráðsmenn hafa haft af því nokkrar áhyggjur og margir þingmenn að með þessu nýtist e.t.v. ekki sem skyldi öll sú sérfræðiþekking og sú vinna sem þegar hefur verið lögð í undirbúning mála og sáttmála líka á ýmsum sviðum, bæði menntamála, rannsókna og félagsmála. Við getum nefnt sem dæmi jafnstórt verkefni eins og félagsmálasáttmála Evrópu.

Í hinum stóra félagsmálasáttmála Evrópu, sem að stofni til er orðinn yfir 30 ára gamall, er vikið að ýmsum þeim grundvallaratriðum sem nú eru talin mikilvægust í sambandi við réttindi fólks á vinnumarkaði, umhverfi á vinnumarkaði, réttindi í sambandi við almannatryggingar og heilsu- og heilbrigðismál hvers konar. Ástæðan til þess að samstarf Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins hefur aukist á þessu sviði hefur einmitt verið það sem hæstv. utanrrh. kallar stundum fjórfrelsi Evrópubandalagsins eða öllu heldur frelsi á fjórum sviðum sem stefnt er að í Evrópubandalaginu og væntanlega á hinu evrópska efnahagssvæði ef af því verður. Eitt af þessum sviðum er einmitt félagsmálasviðið eða hin svokallaða „félagsmálavídd" svo að þýtt sé orðrétt upp úr stofnanaskjölum Evrópubandalagins. Þetta hefur orðið til þess að mikil vinna hefur verið lögð í það að aðlaga þær hugmyndir sem Evrópubandalagsmenn hafa haft að félagsmálasáttmála Evrópu þannig að Evrópubandalagið sem slíkt gæti orðið aðili að honum, en þegar eru fjölmörg aðildarríki Evrópubandalagsins að sjálfsögðu aðilar að þessum sáttmála.

Ég nefni þetta, frú forseti, sem dæmi um það að með nánu samstarfi á nokkrum málefnasviðum getum við dregið úr skriffinnsku m.a. með því að forðast tvíverknað. Það er e.t.v. eðlilegt að til tvíverknaðar geti komið á sumum sviðum því að í annarri stofnuninni vinna þingmenn, þ.e. þeir sem sitja þjóðþing sinna heimalanda, en í hinni stofnuninni eru menn kosnir beinum kosningum, og yfirleitt ekki þingmenn á eigin þjóðþingi. Þess vegna er það svo að þeir sem sitja á Evrópuþinginu frá ríkjunum 12, sem þar eiga aðild, hafa ekki sama baksvið, ef svo má segja, og sömu tök á því að hafa fylgst með þeim málum sem verið hafa til umfjöllunar í Evrópuráðinu.

Það yrði of langt mál að fara út í einstök atriði á þessu sviði. Ég nefni þó annað málefnasvið rétt til að skýra þetta betur því að það er afar nærtækt fyrir Íslendinga, en það er gagnkvæm viðurkenning prófskírteina, aðgangur að framhaldsnámi í aðildarríkjunum með því að prófskírteini sé í einhverju aðildarríkjanna viðurkennt jafngilt og í heimalandinu. Þetta skiptir miklu máli, ekki síst fyrir okkur sem þurfum að sækja um margs konar framhaldsnám til annarra ríkja. Þess vegna skiptir það miklu að standa vel í ístaðinu þegar verið er að leggja drög að því að herða þann ramma sem utan um þessi samskipti er, milli 12 aðildarríkja Evrópubandalagsins, og að reyna að halda honum svo að hann nái til Evrópuráðsins alls eins og unnið hefur verið að.

Ég vil nefna eitt atriði enn varðandi samstarf Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins. Það má kalla það jaðarmálefni þess vegna því að það varðar ekki einungis samstarf þessara tveggja bandalaga, heldur standa að því öll Evrópuríkin 38, sem aðild eiga að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, en þar eiga Austur-Evrópuríkin líka hlut að máli. Það málefnasvið sem ég ætla að nefna með þessum formála hefur verið hv. alþm. afar hugleikið nú um nokkurra vikna skeið en það eru umhverfismálin. Það er málefni sem er dæmigert viðfangsefni þeirra samtaka sem eru víðari en 12 Evrópubandalagsríki og raunar nauðsynlegt að þar standi öll Evrópa að málum. Þess vegna er það að þessi ríki vinna að því sameiginlega að gera evrópskan umhverfissáttmála. Drög að honum voru þegar samþykkt á ráðherrafundi Evrópuríkja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar nú í vetur með því lykilfororði að umhverfismálin og mikilvægasti hluti þeirra væri sá þáttur sem vissi að mannlegri heilbrigði. Þess vegna væru það fyrst og fremst heilbrigðisráðherrarnir sem þar ættu hlut að máli, svo og umhverfisráðherrar þar sem þeim var til að dreifa. En aðalatriðið var heilbrigðisþátturinn í þessu máli.

Nú heldur frú forseti e.t.v. að ég ætli að fara að ræða um títtnefnt umhverfismálafrv. en það ætla ég ekki að gera. Ég vildi nefna þetta sem verkefni sem alveg liggur í augum uppi að vera þarf víðtækt Evrópusamstarf um og þar er byggt á víðtækri reynslu í sérfræðilegu samstarfi á heilbrigðissviðinu sem fram hefur farið í ríkjum Evrópuráðsins, hinna 23 ríkja, og á sumum sviðum áratugum saman.

Þetta var um samstarf Evrópubandalagsins og Evrópuráðsins og það má enda á því að minna enn einu sinni á að þessum stofnunum er oft ruglað saman. Þau hafa ýmis sömu táknin. Evrópubandalagið tók upp hið gamla tákn Evrópuráðsins á sínum tíma, sama merkið, sama fánann, og er sumpart til húsa í sömu byggingum en þó ekki á sama tíma. Mönnum hefur ekki hugkvæmst að nefna þessar tvær stofnanir ólíkari nöfnum enn þá, en eftir því sem hin pólitíska þýðing Evrópuráðsins eykst vegna málefna Austur-Evrópu verður það enn greinilegra að þessar stofnanir gegna alls ekki sama hlutverkinu nema þar sem örfá málefnasvið skarast. Evrópuráðið gegnir hinu víðtækara pólitíska hlutverki sem á að tryggja réttindi manna sem víðast í löndum sínum, réttindi manna í hversdagslífi og starfi. Í Evrópuráðinu eru nú 23 ríki sem eiga fulla aðild og væntanlega bætast fljótlega við bæði Pólland og Ungverjaland auk þess sem nokkur Austur-Evrópuríki eiga gestaaðild og Ísrael á frá gamalli tíð áheyrnaraðild. Þetta þýðir að þessi ríki geta einnig átt sæti eða verið áheyrnarfulltrúar á tilteknum nefndafundum eftir því sem nánar er ákveðið.

Þá vil ég víkja, frú forseti, að þeim þáttum í starfi Evrópuráðsins á síðasta ári sem einkanlega tengjast vaxandi samstarfi við Austur-Evrópu. Það hafði lengi verið boðað, sérstaklega í máli þeirra forustu-

manna Evrópuráðsins sem létu af störfum fyrir ári síðan, þeirra Marcelino Oreja, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, og Louis Jung, sem var forseti þingsins, að ráðinu bæri að taka upp miklu nánara samstarf við Austur-Evrópuríkin. Þeir höfðu haldið þessu fram um nokkurt skeið og þess varð óneitanlega vart í ráðinu að ýmsir efuðust um þessar kenningar og töldu að hér væri verið að víkka út verkefni Evrópuráðsins óþarflega. Með þessu væri verið að breyta eðli þess. Það væri ekki lengur verið að tala um samstarf þeirra ríkja einvörðungu sem byggðu á lýðræði, mannréttindum, lögum og rétti. Auk þess hafði skömmu áður verið samþykkt sérstök ályktun um aukið samstarf norðurs og suðurs, sem svo var nefnt, og fól á ýmsan hátt í raun og veru í sér þróunarsamvinnu milli Evrópu og suðlægari ríkja. Hugsunin með því átaki var ekki einungis þróunarhjálp heldur var áherslan á því að þessir heimshlutar gætu ekki komist af hvor án annars þannig að það samstarf byggðist á gagnkvæmni. En það er kunnara en frá þurfi að segja að þróunin varð fljótlega til þess að það lá ljóst fyrir að Oreja og Jung höfðu haft rétt fyrir sér. Það má segja að þeir hafi séð fyrir þá þróun sem síðar varð. Þeir höfðu heimsótt Austur-Evrópuríkin, átt viðtöl þar við ráðamenn, og lögðu á það mikla áherslu að Evrópuráðið yrði með einhverjum hætti opnað betur fyrir samstarfi við þessar þjóðir.

Á sl. vori fór fram kosning nýrra forustumanna, þ.e. framkvæmdastjóra eða aðalritara, eins og hann er raunar kallaður, og þingforseta. Sem framkvæmdastjóri var valin Catherine Lalumiere sem var franskur þingmaður og hafði verið virk í ráðinu, m.a. talsmaður pólitísku nefndarinnar. Hún er sósíaldemókrati, eða var áður en hún tók við þessu starfi. Mér skilst að í svona starfi sé maður ekkert pólitískur. Hún verður kannski sósíaldemókrati aftur þegar hún hættir að vera framkvæmdastjóri Evrópuráðsins.

Ég get ekki sleppt því að minnast á að mér þótti, sérstaklega fyrst þegar ég kom á fund í Evrópuráðinu, að þar væri afar grá karlasamkoma, en Catherine Lalumiere var ein af þeim sem forðuðu þeirri samkomu frá því að vera algrá. Bæði hún og svo hinn nýi þingforseti hafa fetað dyggilega í fótspor fyrirrennara sinna og beitt sér af alefli fyrir því að virkja Evrópuráðið sem allra best í hinu nýja pólitíska hlutverki. Hinn nýi þingforseti er hægri maður frá Svíþjóð, Anders Björck, og hann hafði verið formaður hóps íhaldsmanna á Evrópuráðsþinginu. Hann hefur einnig mjög beitt sér í samskiptunum við Austur-Evrópu, m.a. heimsótti hann bæði Ungverjaland og Austur-Þýskaland, svo og Pólland, nú í vetur, á þessu ári, og það liggur fyrir að hann mun heimsækja öll Austur-Evrópuríkin sem hafa leitað eftir samvinnu við Evrópuráðið.

Þeir atburðir sem sérstaklega mörkuðu spor á þessu sviði og sýndu okkur hver opnun var að verða hófust að segja má í maí sl. á 40 ára afmælisþingi ráðsins þegar Lech Walesa tók við mannréttindaverðlaunum Evrópuráðsins svo og forvígismenn mannréttindahreyfingarinnar sem kennd er við Helsinkisáttmálann. Bæði Lech Walesa og forustumenn mannréttindahreyfingarinnar áttu viðræðufundi við pólitísku nefnd Evrópuráðsins sem reyndar var ekki aðeins pólitíska nefndin heldur einnig stjórnarnefndin og nefndin sem fer með málefni ríkja utan ráðsins, svo og aðrir þeir þingmenn ráðsins sem vildu vera viðstaddir. Skemmst er frá því að segja, og það veit ég að þeir íslensku þingmenn sem þarna voru bera með mér, að þarna var einhver áhrifaríkasti fundur sem við höfðum setið í langan tíma. Við höfðum á tilfinningunni að þeir gestir okkar sem þarna voru hefðu í huga að þeir væru að heimsækja vini eða ættingja sem þeir hefðu ekki séð áratugum saman (**HJ:** Væru komnir heim.) — væru komnir heim, eins og hv. þm. Hreggviður Jónsson, sem þarna var staddur, segir, og það er rétt.

Það sem mér er minnisstæðast frá þessum fundi var að Lech Walesa lauk máli sínu á að segja: „Ég bið ykkur að hjálpa okkur. Þið megið til að hjálpa okkur. Við þurfum ekki fyrst og fremst efnahagslega aðstoð. Við þurfum pólitískan stuðning ykkar.“ Og það var þetta sem var lykilatriðið. Það var stuðningur í þeirri mannréttindabaráttu sem þessir forvígismenn höfðu staðið í. Það var tákn þessara tíma þegar mannréttindaverðlaunin voru afhent í hinum stóra þingsal Evrópuráðsins og þeir sem verðlaunin hlutu fluttu þar ávarp að fram kom hjá talsmanni mannréttindahreyfingarinnar að ætlunin hafði verið að Václav Havel flytti ávarp fyrir þeirra hönd. Hann varð að útskýra að Havel gæti því miður ekki verið viðstaddur, því að hann sat einmitt þá í fangelsi vegna andófs síns við stjórnvöld í landinu. Og hvern hefði grunað, þegar þetta gerðist, að fáum mánuðum síðar væri sá hinn sami Havel orðinn forseti lands síns? Þetta er e.t.v. það sem mest er lýsandi fyrir það sem gerst hefur á þessu ári.

Það varð skammt til næsta stórviðburðar í samskiptum við menn frá Austur-Evrópu, en það var einmitt að Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, hafði látið það í ljós að hann vildi gjarnan heimsækja Evrópuráðið þegar hann færi í heimsókn til Frakklands. Hann ætlaði að heimsækja starfsbróður sinn Mitterrand og vildi nú koma til Strasborgar í bakaleiðinni. Það var ekki einungis að hann vildi hafa þar eins konar áningarstað heldur flutti Gorbatsjov mikilvæga ræðu á þingi Evrópuráðsins sem var haldið í Strasborg gagngert í þessu tilefni. Raunar hafði á þessum tíma átt að halda sumarþing Evrópuráðsins í Innsbruck í Austurríki en það var flutt til Strasborgar vegna þessa og á fundi í „sameinuðu þingi“, ef svo má segja, var ræða hans aðalefnið. Að öðru leyti voru fyrst og fremst nefndafundir í tengslum við þetta þing. Gorbatsjov ræddi í þessari ræðu sinni um framtíðarþátttöku Sovétríkjanna í Evrópuráðinu og hugsanlegt sendiráð þeirra í Strasborg.

Ég vil ljúka umfjöllun um þetta sumarþing einungis með því að segja að það er von mín að mönnum haldist á þeirri bjartsýni sem þarna vaknaði hjá mönnum.

Þriðji hluti Evrópuráðsþingsins var haldinn í sept-

ember sl. Þar bar það til tíðinda að því er varðaði samskiptin við Austur-Evrópu að þingið sátu gestasendinefndir frá Ungverjalandi, Póllandi, Sovétríkjunum og Júgóslavíu. Um sumarið hafði verið samþykkt að koma á fót sérstakri gestaaðild til þess að efla tengsl við þing þessara landa í Mið- og Austur-Evrópu. Eins og hv. þm. vita þurfa ríki, til þess að öðlast aðild til frambúðar, að uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. það að lýðræðislegt stjórnarfyrirkomulag sé í landinu, frjálsar leynilegar kosningar og fjölflokkalýðræði.

Ég mun ekki telja upp, frú forseti, einstakar samþykktir ráðsins, heldur vísa til Evrópuráðsskýrslunnar. Ég mun halda áfram að víkja að því sem ég tel hafa þýðingu í sambandi við samskipti Evrópuráðsins og Austur-Evrópuþjóða, svo og samskipti ráðsins við önnur alþjóðabandalög. Á haustþinginu fluttu ávörp Jacques Delors, títtnefndur formaður ráðherranefndar Evrópubandalagsins, og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, sem var Stoltenberg, utanríkisráðherra Noregs, og einnig títtnefndur og hérverandi hæstv. utanrrh. Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, sem var þáverandi formaður EFTA-ráðsins. Síðan flutti aðalritari OECD, Jean-Claude Payer, ræðu við þetta tækifæri.

Þess má geta í þessu sambandi, þegar ég nefni OECD, að í raun og veru er þing Evrópuráðsins eina þingmannasamkundan sem er umræðuvettvangur OECD. Þingmenn frá OECD eru áheyrnarfulltrúar og á hverju þingi er rædd skýrsla frá OECD. Það eru því ekki alltaf eingöngu Evrópumenn þegar fulltrúar OECD eiga í hlut. Á þessu haustþingi var að sjálfsögðu einn höfuðviðburður þess talinn vera ræða formanns EFTA-ráðsins. Í framhaldi af því var síðan umfjöllun um samstarf EFTA og Evrópuráðsins, svo og þessara þriggja samtaka, Evrópuráðsins, EFTA og Evrópubandalagsins.

Fjórði hluti þingsins var svo haldinn í janúar sl. Áður en ég vík að honum langar mig til að skýra frá fundum í sams konar nefndum og ég gat um áðan þegar Walesa kom í heimsókn til ráðsins, fundum þar sem þeir komu til viðræðu við hina pólitísku nefnd ráðsins, einn og einn í senn, utanríkisráðherrar Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands. Þessir fundir áttu það sammerkt með fundinum með Walesa að það kom mjög greinilega fram hve mikið þessum ráðamönnum var í mun að breyta því kerfi hafta og ófrelsis sem þeir bjuggu við, hve mjög þeim var í mun að breyta yfir til meiri mannréttinda og meira frelsis í atvinnumálum og viðskiptum, taka upp markaðskerfi og þjálfa fólk til þess að sinna ýmiss konar einstaklingsfyrirtækjum og einkarekstri.

Það kom einnig fram í máli þessara ráðamanna að þeir höfðu allir í huga að vinna að því að stjórnarfyrirkomulag landa þeirra og þátttaka almennings í ákvörðunum yrði með þeim hætti að þeir uppfylltu skilyrði til þess að taka þátt í samstarfi Evrópuráðsríkja og stefndu að því að verða þar aðilar.

Nú í janúarmánuði settu auðvitað mestan svip á þingið ræður forsætisráðherra Ungverjalands og Póllands og auk þess mikil umræða um þróunina í Mið- og Austur-Evrópu. Pólski forsætisráðherrann tilkynnti að hann mundi þá formlega sækja um fulla aðild að Evrópuráðinu fyrir hönd lands síns en ungverski ráðherrann hafði gert það í nóvembermánuði og þess vegna eru þau mál nú þegar til umfjöllunar í ráðinu. Þegar slík aðildarumsókn liggur fyrir hefst vettvangskönnun, ef ég má svo segja, af hálfu Evrópuráðsþingmanna. Sérstök nefnd er sett á laggirnar til þess að kanna stjórnarfar og löggjöf þess lands sem í hlut á og gefa síðan skýrslu og gera tillögu um hvort af aðild geti orðið að sinni eða hvort einhver meinbugur sé á.

Ekki má gleyma að geta þess, frú forseti, að í nóvembermánuði kom til umræðu hið nýja andrúmsloft í Þýskalandi eftir að Berlínarmúrinn hafði verið rofinn. Allar þær hugmyndir sem þá komu upp og voru hjá mörgum mjög óvæntar og spurningar ýmiss konar vöknuðu um hvernig þróunin yrði í framhaldi af þessum gleðilega viðburði. Það þarf ekki að orðlengja það að þarna var um að ræða einhvern mesta gleðiatburð sem menn gátu hugsað sér í sögu Evrópu. Um leið var mönnum ljóst að á þjóðfélögum austur þar þurftu að verða ýmsar breytingar sem yrðu ekki á einum degi. Menn þurftu líka að horfast í augu við vanda sem þyrfti að leysa um leið og það nálgaðist að sameining Þýskalands kynni að standa fyrir dyrum. Það er enn eitt lýsandi dæmi um hina hröðu þróun mála að á þessum tíma þegar þetta gerðist töldu þeir sem best voru taldir að sér í málefnum Þýskalands, þaulreyndir þýskir stjórnmálamenn, þeirrar skoðunar að ekki væri rétt að hrapa að neinu og síst að sameiningu Þýskalands, það gæti orðið er fram liðu stundir, að mörgu þyrfti að hyggja áður. En staðreyndin varð sú að hinn mikli þrýstingur sem varð þegar þessar flóðgáttir opnuðust í Austur-Þýskalandi, hinn mikli þrýstingur sem varð þegar innibyrgð frelsisþrá fékk útrás varð til þess að ekki varð hjá því komist að halda frjálsar kosningar í landinu og leyfa fólkinu sjálfu að ákveða um framtíð sína og það miklu fyrr en ella. Og flestir kusu sameiningu Þýskalands.

Mig langar til þess á þessu stigi að víkja nokkrum fleiri orðum að málefnum Austur-Þýskalands því að ég held að þau geti ráðið miklum örlögum í Evrópu. Þegar það varð ljóst að fyrir dyrum stæðu kosningar í Austur-Þýskalandi og Austur-Þýskaland hafði sótt um aðild að Evrópuráðinu voru viðbrögð Evrópuráðsins þau að tryggt yrði að vera að þær kosningar færu fram með lýðræðislegum hætti og gætu leitt til eðlilegs fjölflokkakerfis. Í framhaldi af því gerðist það að forseti austurþýska þingsins, Maleuda, bauð tíu manna sendinefnd frá Evrópuráðsþinginu að koma og fylgjast með þessum fyrstu frjálsu kosningum í þýska alþýðulýðveldinu. Niðurstaðan varð sú að í þessa nefnd fóru þingmenn frá pólitísku hópunum á þinginu. Voru þrír úr hópi sósíaldemókrata, tveir frá næstfjölmennustu hópunum, demókrötum eða íhaldsmönnum, kristilegum demókrötum og frjálslyndum, og einn frá fámennasta hópnum, sem heitir kommúnistar og félagar, ef ég má þýða það svo á

íslensku. Forvígismaður þess hóps kallar sig formann „Communists and allied" ef ég má vitna í það skjal sem ég hef hér undir höndum og ég veit satt að segja ekki, frú forseti, hvort það eru fleiri í þeim hópi en þessi formaður. Ég væri satt að segja ekki hissa þó svo væri ekki. En hvað um það, ég hef góða von um að þessi umræddi formaður sé nú óðum að hrinda kommúnismanum af höndum sér eins og fjölmennari hópar hafa gert. En þetta var lítið innskot.

Það atvikaðist svo að íslenskur þingmaður, sú sem hér stendur, átti þess kost að vera í nefndinni sem fór til Austur-Berlínar til þess að fylgjast með kosningunum. Mig langar til þess í þessari ræðu að greina örlítið frá því vegna þess að ég tel að það samstarf sem þar átti upphaf sitt geti skipt verulegu máli fyrir áframhaldandi samstarf milli Evrópuráðsins og Austur-Evrópuríkjanna. En þessi leiðangur var hinn fyrsti sinnar tegundar af hálfu Evrópuráðsins til Austur-Evrópuríkis.

Þegar boð austurþýska þingforsetans kom var það orðað svo að nefndinni væri boðið að koma til þess að fylgjast með því að kosningarnar yrðu leynilegar, persónulegar, lýðræðislegar og fjölflokkakosningar. Við töldum það skyldu okkar að hafa samband við eins marga forustumenn stjórnmálaflokka og við gátum. En stjórnmálaflokkarnir voru 24, hvorki meira né minna. Við áttum fundi fyrir kosningarnar með 25 fulltrúum frá 13 framboðslistum, tíminn leyfði ekki meira. Tilgangur okkar var sá að kanna hvort þessir framboðslistar og fulltrúar þeirra hefðu haft öll þau tækifæri sem hægt er að krefjast í lýðræðisríkjum til þess að kynna stefnu sína, flokka og framboð.

Nú var það svo að framboðsfresturinn var allt að því óeðlilega stuttur. En þó ekki styttri en svo að unnt var að koma öllu því sem þurfti til skila með formlegum hætti en ýmsum reyndist fresturinn nokkuð stuttur til þess að kynna að einhverju gagni stefnu sína og frambjóðendur.

Skýringar voru á því hvað fresturinn var stuttur. Það hafði staðið til að hafa kosningarnar 13. maí en þegar sýnt var í janúarmánuði að á degi hverjum fóru um 2000 austurþýskir borgarar út úr landinu var ljóst að það hafði alvarlegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf og þjóðlíf í landinu. Því var það að gerð var sú neyðarráðstöfun að flýta nýjum kosningalögum og færa kosningarnar fram um tvo mánuði svo þær voru haldnar 18. mars.

Í Austur-Þýskalandi hafði hver viðburðurinn rekið annan í frelsisbaráttunni frá því er hún komst í algleyming á haustdögum. Kirkjan skaut skjólshúsi yfir þá stjórnarandstæðinga sem börðust fyrir auknu frelsi og meira lýðræði og auknum mannréttindum. Smátt og smátt, eftir því sem leið á veturinn, opnuðust möguleikar til þess að tjá sig og hafa áhrif án þess að eiga yfir höfði sér grimmilegar aðgerðir af hendi valdhafa. M.a. var komið á fót því sem kallað var hringborðið, sem varð vettvangur þar sem stjórnarandstæðingar og stjórnarsinnar gátu skipst á skoðunum og gert ýmiss konar málamiðlanir. Með öðrum orðum við hliðina á þinginu þar sem sósíalistaflokkurinn, arftaki kommúnistaflokksins og raunar kommúnistarnir sem enn voru við völd, þar sem þeir voru allsráðandi og vissir aðrir flokkar með öðrum nöfnum höfðu verið í þeirra skjóli. Þessir aðilar voru ekki einráðir lengur því að valdhafar féllust á það, eftir að Honecker hrökklaðist frá völdum og í kjölfar hans Egon Krenz, að upp var tekið raunverulegt samstarf milli aðila við hringborðið og ríkisstjórnar og gerðar samþykktir um það hvernig haga skyldi m.a. frjálsum kosningum. Sú þróun sem þarna varð varð með þeim hætti að óhætt er að fullyrða að það var þetta sem varð til þess að afstýra því að byltingin í Austur-Þýskalandi yrði blóðug bylting. Ég held að öllum beri saman um að það var þetta sem afstýrði því.

Þegar Evrópuráðsnefndin hafði rætt við fulltrúa og forvígismenn 13 framboðslista endaði nefndin á því að eiga viðræður við fulltrúa kirkjunnar og einmitt þann sem var formaður hringborðsins, ef svo má nefna, séra Ducka. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa átt þess kost einhvern tímann að sjá í sjónvarpi fundi hringborðsins svonefnda sem oft voru haldnir í Dresden. En þessi prestur sagði við okkur: Þið undrist það kannski að þeir sem voru á oddinum í haust, þeir sem leiddu byltinguna, þeir sem komu henni af stað, þeir eru ekki í fremstu víglínu núna á framboðslistum í kosningunum. Það eru ekki þeir sem munu taka við völdum. Og við spurðum: Hvers vegna? Við fengum svarið: Það hefði e.t.v. átt að stofna úr þessu stjórnmálaflokk en niðurstaða okkar varð sú, þegar það var fengið að það yrðu frjálsar kosningar, þá hefði hringborðið náð tilgangi sínum. Og þegar við sáum, sagði séra Ducka, að nú getur fólkið með eigin afli og vilja ráðið því hverjir fara með völd í landinu án afskipta stjórnvalda þá er það fólksins sjálfs að taka við. Við höfum greitt þeim götuna, við höfum opnað dyrnar fyrir þeim og nú vonum við einungis að gæfan fylgi þeim sem völdin fá í hendur.

Það er ljóst að kirkjan var skjól og skjöldur þeirra sem áttu ekki í neitt hús að venda í sókn sinni til mannréttinda í Austur-Þýskalandi. Í því tilviki var það fyrst og fremst lúterska kirkjan en hún varð samt ekki eins leiðandi í þessu starfi eins og kirkjan í Póllandi því að kaþólska kirkjan þar á sér enn sterkari rætur í hugum fólks með einhverjum hætti og er enn áhrifameiri meðal almennings. En engu að síður skipti kirkjan verulegu máli í þessu sambandi og gegndi reyndar lykilhlutverki á tímabili. Séra Ducka var spurður: Hvaða hlutverki munið þið þá gegna í stjórnmálunum eftir þetta? Því að vitað var að ekki hafði verið mikið um kirkjulega starfsemi í Austur-Þýskalandi kommúnismans. Hann svaraði: Við munum eins og hingað til annast útbreiðslu kristindóms og sálusorgun, bæði fyrir þá sem eru sárir, sem bera sár vegna ofsókna sem þeir hafa orðið að þola og líka vegna hinna sem bera sár vegna þess að þeir hafa veitt samborgurum sínum sár. Þetta hlutverk sem presturinn, sem hafði verið stjórnmálaleiðtogi í alla þessa mánuði, talaði um var sannarlega ekkert smáhlut-

verk því það sem hann hafði í huga var ekki síst hin fjölmenna austurþýska öryggislögregla og öll þau mein og allt það samviskubit, allur sá vandi og öll þau sárindi sem í hugum fólks var út af þeirri starfsemi.

Það var athyglisvert þegar forustumenn framboðslistanna gerðu grein fyrir stefnumálum sínum að þeir stefndu allir að heita má að sameiningu Þýskalands, mismunandi fljótt þó. Nokkrir þeirra voru viðkvæmir fyrir því að sú sameining væri kölluð endursameining, eða sameining á ný, því að það var svo að nokkrir stjórnmálaflokkanna sem þarna áttu hlut að máli og þó einkanlega PDS, stjórnarflokkurinn, taldi Vestur-Þýskaland til útlanda. Aðrir flokkar lögðu á það áherslu að Vestur-Þýskaland væru engin útlönd, þetta væri ein og sama þjóðin og auðvitað eigum við að vera eitt og sama landið, sögðu þeir.

Þessari kosningabaráttu, sem við spurðum mjög um hvernig fram hefði farið, lauk þannig á síðustu dögum að allir framboðslistar höfðu fengið tiltekinn tíma í sjónvarpi. Þeir höfðu ekki haft framboðsfundi í venjulegum skilningi en um það spurðum við. Þeim varð á að hlæja þegar við spurðum hvort þeir mættu andstæðingum sínum á opnum fundum. Sú var ekki raunin, en það var hins vegar nýtt að menn gátu tjáð sig opinberlega og á útifundum og talað, sagt meiningu sína af hjartans lyst. Þessari kosningabaráttu lauk á föstudagskvöldi og kosið var svo á sunnudegi. Við fylgdumst með kosningunni sjálfri, en við komum alls á rúmlega 90 kjörstaði eða í 90 kjördeildir vegna þess að við skiptum okkur og fórum tvö og tvö saman í ýmsar áttir í landinu en vorum ekki öll í höfuðborginni. Niðurstaðan af þessum athugunum öllum og aðstöðunni til að kynna sig, svo og fjármögnun kosningabaráttunnar, var sú að þessar kosningar hefðu fullnægt þeim skilyrðum sem við teljum að setja verði til þess að kosningar teljist leynilegar, frjálsar og lýðræðislegar og leiði til fjölflokkalýðræðis.

Ég vil gjarnan, frú forseti, ganga frá lítilli skriflegri greinargerð og útbýta meðal þingmanna um þetta mál til að skýra nánar um einstaka flokka en það yrði allt of langt mál í þessari ræðu.

Nú liggur það fyrir að sams konar starf hefur af hálfu Evrópuráðsins farið fram í sambandi við kosningarnar í Ungverjalandi og veit ég ekki annað en þar sé sams konar niðurstaða. Þegar litið er til þessa er því ástæða til að trúa því í alvöru að almenningur í þessum löndum hafi tekið í taumana, hafi fengið nóg af ófrelsi og yfirgangi kommúnismans og því ómanneskjulega andliti sem hann hefur sýnt og þeirri eymd sem það fyrirkomulag hefur leitt yfir fjölskyldur þessara landa og fólk hefur einfaldlega sagt: Hingað og ekki lengra. Við viljum breyta um kerfi, við viljum auka möguleika fyrir okkur sjálf og fyrir börn okkar. Og við viljum starfa með Evrópu í evrópskum anda.

Öll þessi bjartsýni er þó undir löngum skugga. Ég get ekki varist því að mér finnast atburðir síðustu daga í Litáen hafa orðið til þess að varpa skugga á þessa gleðilegu þróun. Menn hafa að vísu sagt: Það er unnt að setjast niður og ræðast við um framtíð Litáens. Það gerðist fyrir nokkrum dögum að það var birt mynd á sjónvarpsskerminum af valdhöfum Litáens og fulltrúum hers Sovétríkjanna að ræða um framtíð Litáens. Ef þetta hefðu verið stjórnvöld að ræða við stjórnvöld gegndi öðru máli. En hér voru stjórnvöld að ræða við herforingja með skriðdrekana fyrir utan inni í miðri höfuðborginni og þeir voru að ræða við fulltrúa hers sem var búinn að leggja undir sig allar meiri háttar opinberar byggingar í borginni nema þinghúsið og e.t.v. stjórnarráðið. Það má ef til vill kalla að það sé ekki beitt hervaldi nema skotið sé af fallbyssum eða einhverjir týni lífi. En ég kalla það að beita hervaldi að fara með skriðdreka inn í höfuðborg lands og leggja undir sig opinberar byggingar og segja svo: Nú skulum við semja. Og á meðan á þessu gengur sendir forseti Litáens ákall til lýðræðisríkja í Vestur-Evrópu, til lýðræðisríkja sem eru mánuðum saman búin að telja sig og tjá sig fús til þess að rétta Austur-Evrópuríkjum höndina, að starfa með þeim, að opna dyr stofnana sinna og verða þeim að liði og leiðbeiningu í nýrri tegund starfsemi, þ.e. í lýðræðislegri starfsemi sem leiðir til mannréttinda einstaklinga. Á meðan á þessu gengur er daufheyrst við þessu kalli.

Vissulega má segja að mörg þessara ríkja viðurkenndu aldrei innlimun Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin, ekki þegar hún varð og þau meira að segja mótmæltu henni sum. En síðan er mikið vatn runnið til sjávar. Síðan hafa samskipti farið fram við Sovétríkin að meðtöldum Eystrasaltsríkjunum og enginn minnst á það sérstaklega að þau væru hvað sem tautaði sjálfstæð ríki, ekki þeir sem áttu skipti við þau. Og það má líka vera að menn geti vitnað til þess nú, árið 1990, að Danir, sem einhvern tíma fyrr á tíð hefðu verið kallaðir danska mamma í þessu sambandi sem hér hefur verið vitnað til þeirra. Vegna þess að Danir viðurkenndu sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna 1921 þurfa Íslendingar ekki að gera það í dag — er efnislega viðhorf núverandi ríkisstjórnar Íslands

Nú má vel vera að unnt sé að færa fram einhver brot af rökum fyrir þessu og segjum svo jafnvel að rökin séu þau að þetta kunni að vera lögfræðilega rétt. En hvað er þá á móti því að land eins og Ísland, að íslenska sjálfstæða ríkið sem fékk sitt endanlega sjálfstæði á þeim tímum þegar ekki var hægt að setjast niður að samningaborði og á þeim tímum þegar við áttum allt undir því að við fengjum viðurkenningu annarra, að við fengjum skilning og viðurkenningu á því að við sóttum rétt okkar í söguleg rök, við byggðum á sögulegum og menningarlegum rétti rétt eins og Litáen. Og við fengum viðurkenningu frá mörgum ríkjum og við fögnuðum því. En núna, við sem fengum fullt sjálfstæði 1944 frá Dönum, sem höfðu viðurkennt sjálfstæði Litáens 1921, við fáumst ekki einu sinni til þess að ítreka þá afstöðu, að taka það sérstaklega fram að við sem sjálfstætt ríki teljum sjálfsagt að viðurkenna sjálfstæði Litáens.

Og mikil hörmung var að heyra — ég bið afsökunar, hæstv. forseti, að ég skuli orða það svo — að heyra hæstv. ráðherra ríkisstjórnar okkar bera þetta saman

við afstöðu Bandaríkjamanna eða það hvort Bandaríkjamenn viðurkenni eða viðurkenni ekki. Auðvitað finnst okkur að þeir hefðu átt að gera það, en hvað um það, þetta er þeirra ákvörðun. Við erum ekki Bandaríkin. Við erum sjálfstætt, íslenskt ríki sem skiljum það hvað er að vera undirokaður og þurfa frelsi til þess að efla velsæld í landi sínu. Við þurfum ekki annað en að hugsa svolítið um hvað okkur var kennt í Íslandssögu þegar við vorum ung og hvað við erum að kenna krökkunum okkar í Íslandssögu til þess að sjá að þetta er gersamlega augljóst mál. Ég get ekki að því gert að mér þykir þessi afstaða hæstv. ríkisstjórnar heldur heimóttarleg. Þess vegna er ég hjartanlega fegin því að hv. utanrmn. og Alþingi allt samþykkti það strax á fyrsta fundi eftir að við fréttum um sjálfstæðisyfirlýsingu Litáens að senda þingi þess lands kveðjur, óska eftir góðu samstarfi við það og árna þinginu heilla í tilefni af þessari ákvörðun. Ég vonast þess vegna enn þá til þess að hæstv. ríkisstjórn fallist á þá hugmynd sem sett er fram í þáltill. sem borin er fram af hv. 1. þm. Suðurl. og nokkrum öðrum þingmönnum þannig að við höfum sóma af. Mér þykir það vera líkast því sem við séum að hlaupast undan merkjum að geta ekki rétt fram höndina með þessum hætti.

Eða hvað skyldi hæstv. ríkisstjórn vilja gera ef það verður næstu daga, sem sagt er að allar horfur séu á, að Eistlendingar muni líka lýsa yfir sjálfstæði. Það er alveg ljóst að Eistlendingar hafa stigið hvert skrefið af öðru og sérstaklega nú í vetur í þá átt að afla sér sjálfstæðis. Og þar í landi hefur farið fram mikil barátta fyrir því að efnahagslíf í Eistlandi geti orðið óháð Sovétríkjunum þannig að hægt sé að virkja getu og þekkingu einstaklinga þar í landi til þess að sjá um atvinnustarfsemina. Til þess að þeir fái að finna hvers virði það er að bera í senn ábyrgð og sjá afrakstur af störfum sínum og fá hvatningu eins og í frjálsu markaðsefnahagslífi. En það er ljóst að það er þetta sem Eistlendingar hafa verið að vinna að. Og þess vegna getur það mætavel farið svo að upp komi sams konar staða þar í landi.

Nú legg ég ekki dóm á það hvar Gorbatsjov stendur í þessu munstri. Það er ljóst að skriðdrekar komu inn í miðja Vilnius. Það er líka ljóst að Gorbatsjov hefur sannarlega stutt með ýmsum hætti þær hugmyndir fólks að sækja til aukinna mannréttinda, að breyta starfsemi sinni í þá átt sem gerist hér á Vesturlöndum. Ég er þeirrar skoðunar að Gorbatsjov hafi átt stóran hlut ef ekki stærstan í því að efla með mönnum kjark til þess að berjast fyrir þessum hugmyndum sem svo lengi hafa verið barðar niður hjá borgurum þessara landa. Hitt er svo annað mál að það er erfitt að gera sér grein fyrir því hver staða hans er meðal annarra valdhafa Sovétríkjanna. Vissulega hefur hann fengið mikið vald og aukið vald undanfarið, en engu að síður þegar litið er til þeirra atburða sem orðið hafa í ýmsum Austur-Evrópuríkjum má eins vel ætla að púðurtunnur finnist meðal almennings í Sovétríkjunum eða í miðstöð þess stórveldis.

Þess vegna held ég að það hafi alls ekki hættu í för með sér gagnvart Gorbatsjov eða Sovétríkjunum að Eystrasaltsríki fái stuðning Vesturlanda í sjálfstæðisviðleitni sinni, m.a. viðurkenningu Vesturlanda og það þess heldur ef um er að ræða smáríki eins og Ísland sem hefur þó allar ástæður til þess að sýna þessu sérstakan skilning vegna sögu sinnar. Ég er þeirrar skoðunar ef Eystrasaltsríkin gætu vitnað til slíks pólitísks stuðnings, vitnað til þess að þau hefðu fengið siðferðilegan stuðning frá löndum sem ættu sér sögu, sem hefur orðið til þess að auka skilning á þessum aðstæðum. Ég held að slíkt gæti einmitt orðið til þess að valdhafar í Sovétríkjunum og þá sérstaklega Gorbatsjov sæju að það er raunverulegur kraftur í þeim skoðunum á Vesturlöndum sem hafa að leiðarljósi frjálst efnahagslíf og mannréttindi í réttarríki. Ég hygg að það sé miklu sterkara, líka gagnvart Sovétríkjunum og það auðveldi valdhöfum þar að skýra það fyrir starfsbræðrum sínum og systrum að á slík tilmæli verði að fallast ef þeir ætli sér að halda áfram með glasnost og perestrojku.

Hæstv. utanrrh. kann að telja þessar skoðanir léttvægar vegna þess að þær hafa ekki leitt til þeirrar niðurstöðu sem ég er að tala um, a.m.k. í öðrum ríkjum. En ég segi það enn og aftur, aðstaða okkar hér á Íslandi er önnur og saga okkar er önnur. Og við eigum lítils skjóls að vænta í veröldinni ef við eigum ekki samstarf og viðurkenningu vísa hjá þeim þjóðum sem líkt hugsa og við. Þess vegna langar mig til að ljúka þessum orðum mínum á því að vitna til orða finnsks þingmanns í greinargerð um Eystrasaltsríkin: „Frelsi ríkja felst ekki í einangrun. Frelsi ríkja felst í því að vera fullgildur aðili í samstarfi frjálsra ríkja og ríkjabandalaga."

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja í upphafi ræðu minnar að það er í hæsta máta óviðeigandi að verið sé að flytja hér skýrslur sem eiga að vera marktækar vænti ég í þágu þessarar þjóðar kl. 25 mínútur yfir 10 að kvöldi. Hér er ekki einn einasti ráðherra viðstaddur og örfáir þingmenn. Ég held, hæstv. forseti, að ég óski eftir því að þessari umræðu verði frestað þangað til á morgun þar sem ég tel það eiginlega lágmarkskröfu að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir þegar skýrslur eru ræddar. Ég mótmæli því í nafni þingmanna og ég mótmæli því í nafni íslensku þjóðarinnar að um mál sem þetta skuli vera fjallað með þessum hætti. Það getur vel verið að hæstv. utanrrh. — sem nú er mættur í salinn — finnist þetta ekki mikils um vert en það er þá kannski tilefni til að efna til blaðamannafundar og ræða um það hvernig fjallað er um hin mikilsverðustu mál á Alþingi Íslendinga. Ég segi fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að ég læt ekki bjóða mér þetta og ég óska eftir svari frá forseta um það hvort ... (**Forseti:** Vegna þessara orða hv. þm. vill forseti upplýsa að hér eru í húsinu 18 hv. þm. Mönnum er fyllilega ljóst að hér er fundur í sameinuðu þingi. Auðvitað verður hver að ráða því sjálfur hvort hann hyggst sitja fundinn eða ekki. Forseti er staðráðinn í að halda þessum fundi fram til kl. 12 eins

og talað hefur verið um. Ef hv. 14. þm. Reykv. kýs að fresta máli sínu til morguns verður ekki á móti því haft en fundinum verður fram haldið eins og áætlað hafði verið.)

Ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á því að þó að hv. þm. ýmsir, og hæstv. forseti hefur greinilega fallið fyrir því, álíti að það sé ekki með þeim fylgst og þeir geti hagað sér eins og þeim sýnist, þá vita Íslendingar það vel að hið háa Alþingi hefur ekki sinnt sínum störfum sem skyldi sem m.a. hefur komið fram í því að virðulegur forseti Nd. þurfti að senda hv. þm. þeirrar deildar tiltal í bréfi vegna þess hve þeir hafa rækt sín störf illa á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Stjórnarþingmenn.) Mig gildir einu hvort það hafa verið stjórnarþingmenn eða aðrir þingmenn, virðulegur forseti Nd. sá sig knúinn til þess að senda slíkt bréf. Ég minni á það að hæstv. forsrh. var hér í dag. Hann kom inn á málefni NATO eða Atlantshafsbandalagsins í ræðu sinni. M.a. vék hann sérstaklega að Sjálfstfl. og þingmönnum Sjálfstfl., bæði núverandi og fyrrverandi. Ég hef ekki tækifæri til þess að láta hæstv. forsrh. hlýða á ræðu mína né þau mótmæli sem ég vil leyfa mér að koma á framfæri vegna þeirra ummæla sem hann viðhafði hér í dag. Ég spyr virðulegan forseta: Hvers virði er þingræði á Íslandi ef ekki er hægt að virða þær óskir að ráðherrar hlusti á ræður þingmanna í mikilsverðum málum? Virðulegur forseti getur keyrt það í gegn að menn sitji hér og tali yfir sjálfum sér til kl. 12 í nótt. En ég er ekki viss um að það muni auka á sóma Alþingis ef forseti gerir svo og verður ekki við þeirri beiðni sem ég hef hér fram fært.

Ég mun, virðulegi forseti, ekki flytja mína ræðu í dag. Ef virðulegur forseti vill standa við þau orð sem hann viðhafði áðan um að ég fengi að flytja skýrslu mína á morgun þá mun ég gera það. Og þá óska ég eftir því jafnframt, virðulegi forseti, að bæði hæstv. forsrh. og utanrrh. séu viðstaddir. (**Forseti:** Forseti hlýtur að upplýsa það að í fyrsta skipti var samið við formenn þingflokka um framvindu þessarar umræðu sem nú fer fram. Það varð að eins konar heiðursmannasamkomulagi hvernig þessi umræða skyldi fara fram, bæði hvað varðaði tímalengd og annað. Við það samkomulag stóð hæstv. utanrrh. en þrír hv. þm. hafa brotið það samkomulag mjög illilega. Vitaskuld var það ljóst í allri þeirri umræðu að enginn gerði tilraun til að stöðva hv. þm. því hér er að sjálfsögðu frjáls ræðutími. En um það hafði vissulega verið samið að reyna að halda umræðunni innan þess ramma sem talað var um. Það var jafnframt samið um það að þessi umræða færi fram þar til um kl. 12, síðan yrði henni haldið áfram kl. 2 á morgun. Forseti sér enga ástæðu til þess að víkja frá þessu fyrirkomulagi. Til að auðvelda hv. þm. fundarsókn hér í kvöld var hringt til hvers einasta hv. þm. og honum tilkynnt að fundur hæfist kl. 9. Betur getur forseti ekki gert. En það er sjálfsagt að hv. 14. þm. Reykv. fresti ræðu sinni til morguns. Við því verður ekki amast, en fundinum verður að halda fram hér eins og áætlað hafði verið.)

Já, virðulegur forseti, ég ætla í fyrsta lagi að gera mjög alvarlega athugasemd við það sem forseti hefur sagt. Það er ekki unnt að útfæra þingræði og lýðræðislega stjórnarhætti á grundvelli samninga um formsatriði. Það sem skiptir meginmáli fyrir þingræði og lýðræði eru hin efnislegu atriði málsins en ekki hvað einhverjir hv. þm., hv. formenn þingflokka né ráðherrar koma sér saman um. Þetta er grundvallaratriði. Þess vegna mótmæli ég þeim skilningi að það sé hægt að haga störfum þingsins út frá einhverjum samningum um formsatriði. Ég krefst þess að sú breyting verði á í störfum þingsins að efnisatriði verði látin ráða í þeim samningum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. þm. vill forseti upplýsa að grundvallarhugmyndin að þessari uppsetningu fundarins var einmitt byggð á virðingu fyrir lýðræði. Virðingu fyrir því að allir hv. fulltrúar stjórnmálaflokka fengju að tala hér í dag í fyrstu umferð. Síðan mun umræðan auðvitað halda áfram eins og hv. þm. kjósa. En hér var verið að reyna að forðast að tveir eða þrír hv. þm. sætu einir að umræðunni í dag og var talið lýðræðislegra að fulltrúar allra flokka fengju að tala. — Ég bið hv. 3. þm. Reykv. að hafa biðlund, hann mun komast að hér. — Sú er skýring á þessu fyrirkomulagi. Hún er langt frá því að vera ólýðræðisleg, auk þess sem hv. þm. er að sjálfsögðu kunnugt um að oftlega, þegar um er að ræða svo mikilvæg mál sem hér eru nú rædd, er samið um framvindu umræðu þannig að allir komist að. En hv. 3. þm. Reykv. hefur beðið um að tala um þingsköp, vænti ég.

Ragnhildur Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég heyri að frú forseti nefnir að einhverjir þingmenn hafi brotið eitthvert samkomulag með lengd á ræðum sínum. Það voru engin nöfn nefnd í því sambandi. Ég veit að ég hef talað alllengi hér í kvöld enda talaði ég um skýrslu Evrópuráðsins sem hefur nýlega lokið einhverju sögulegasta starfsári sínu í 40 ár. Ég sleppti því vegna tímalengdarinnar að tala um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu og viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Ég á þó sæti í þeirri nefnd og hefði þurft að ræða það. Síðan segir hæstv. forseti að þingmenn hafi brotið eitthvert samkomulag. Mér er mætavel kunnugt um það að hæstv. forseti gerði áætlun og við sáum áætlun. Mér datt ekki í hug annað en að sá mínútufjöldi sem var nefndur á því blaði væri einhvers konar ágiskun til að byrja með frá hæstv. forseta því neðst á blaðinu stóð: Annars fer lengd umræðunnar eftir áhuga þingmanna.

Ég vil leyfa mér eftirleiðis að óska þess, ef slíkt samkomulag er gert og ég stend hér í ræðustól og er að fara fram yfir einhvern samkomulagstíma, að mér verði þá a.m.k. sagt frá því. Forseti slái þá í bjöllu sína og segi mér af því ef ég er að brjóta eitthvert samkomulag. Ég hef ekki minnsta áhuga á því að brjóta neitt samkomulag, hvorki það sem ég hef sjálf gert né heldur það sem formenn þingflokka kunna að

hafa gert fyrir mína hönd. Það er ekki von að formaður þingflokks sjálfstæðismanna hafi getað sagt okkur það því hann er alls ekki á þingfundi núna. Ég veit ekki einu sinni hvort hann er í bænum, ég held ekki. En hæstv. forseti hefði þá getað skýrt okkur frá því hvernig þessi mál stóðu. Ég greindi hæstv. forseta frá því í dag að ég þyrfti, auk skýrslunnar, að ræða fleiri atriði úr skýrslu hæstv. utanrrh. Ég vísa á bug ásökun um brot á samkomulagi.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Sem þingflokksformaður Frjálslynda hægriflokksins tók ég þátt í því samkomulagi sem forseti hefur gert að umtalsefni. Ég tel að sá flokkur hafi uppfyllt það samkomulag en vil ekki fjalla meira um það. Ég vil hins vegar taka undir málflutning hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar þegar hann gerir athugasemdir við mætingu hér í þingsal. Ég þarf ekki annað en að minna á mætingu hér í gærkvöldi þegar ég talaði í máli er varðar umhverfisráðuneyti. Sumum þykir það nú allstórt mál og mikið forgangsmál þessarar ríkisstjórnar. Þá sátu hér í þingsal þetta einn til tveir þingmenn. Annar þingmaðurinn var hinn helmingurinn af mínum ágæta þingflokki og hinn þingmaðurinn sem sat í salnum var sá sem beið eftir því að tala á eftir mér.

Ég skil mætavel óskir hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Hann vill svara hæstv. forsrh. sem hér talaði þannig í dag að það gerir kröfu til þingmannsins að hann svari. Þess vegna er eðlilegt að hann krefjist þess að hæstv. forsrh. sé viðstaddur umræðuna enda er um slíkt mál að ræða, slíkt stórmál fyrir þjóðina að forsrh. á að vera skylt að vera viðstaddur alla umræðuna.

Ég vil því taka undir fyrir hönd þingflokks frjálslyndra hægrimanna að þessari umræðu verði nú frestað og henni haldið áfram á morgun.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem hér hafa borist óskir um að fresta þessum fundi skal við því orðið. En til þess var einmitt margumrætt samkomulag gert að hindra að svona færi, að örfáir þingmenn legðu undir sig allan fundartíma í fyrstu umferð málsins og síðan kæmi að því að menn gerðust þreyttir og vildu ekki halda lengur áfram.

Þrátt fyrir þetta skal nú þessum fundi frestað og fundur hefst kl. 2 á morgun. Þessum fundi er frestað.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

71. fundur, föstudaginn 30. mars, kl. 1 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti neðri deildar hefur ritað eftirfarandi bréf, dags. 30. mars 1990:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun í 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Árni Johnsen blaðamaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Árni Johnsen hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, fyrri umr.

Þáltill. SvS o.fl., 458. mál. — Þskj. 795.

Flm. (Sverrir Sveinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla sem ég flyt hér ásamt Halldóri Blöndal, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Ragnari Arnalds, Árna Gunnarssyni og Pálma Jónssyni. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins kanna í samráði við sérfróða aðila lagningu vegar og gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjörð.

Við könnun þessa skal m.a. hafa í huga hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðra valkosti og hafa sérstaklega hliðsjón af stofnkostnaði, notagildi, viðhaldskostnaði, byggðaþróun, félagslegum sjónarmiðum, samtengingu þéttbýlisstaða og styttingu vega."

Til að glöggva hv. þingmenn á staðháttum á því svæði sem þáltill. gerir ráð fyrir að athugun fari fram á vil ég lesa kafla úr sóknarlýsingu Hvanneyrarprestakalls sem gerð var af séra Jóni Sveinssyni sem var prestur í Hvanneyrarsókn fyrir rúmum 120 árum, eða 1845–1867, með leyfi forseta:

„Að norðan og vestanverðu Eyjafjarðar eru þrír

smáfirðir. Þeir skerast inn í landið hver út og vestur af öðrum og skaga út austanvert við hánorður. Afar brattir, háir og víðast hvar illgengir fjallahryggir á millum hvers þeirra. Er útskaginn eða höfðinn á þeim fjallshryggnum sem næstur er Eyjafirði nefndur Ólafsfjarðarmúli. Tekur þá við Ólafsfjörður. Er þar byggð talsverð og því eitt prestakall. Þar skagar út annar fjallgarður. Er höfði hans eður ysta tá kallaður Hvanndalabjarg og skilur höfði sá prestaköllin. Tekur þá við Hvanneyrarprestakall. Liggur það yst og vestast í Eyjafjarðarsýslu og skagar byggð sú lengst mót sæ út hánorður austanvert. Til þessa prestakalls heyra hinir tveir af hinum umgetnu þremur fjörðum. Er sá nefndur Héðinsfjörður er næstur skerst inn vestanmegin Hvanndalabjargs. Vestan við þann fjörð skagar aftur út fjallshöfði mikill sá er Hestfjall er nefndur. Þá strax að vestan við svonefndan Reyðarárdal er annar höfði, þó grein af sama fjallgarði er Siglunesmúli er nefndur. Nú skerst inn hinn þriðji og vestasti nefndra fjarða, heitir sá Siglufjörður. Þá skagar enn út vestan þess fjallgarðar fjallgarður sá er vestastur er sýslunnar mót sæ út. Skerst þar inn mót hafi byggð ein lítil er Úlfsdalir heita. Er milli hennar og Siglufjarðar höfði sá er Hvanneyrarstrákar nefnast, þverhníptir sjóvarhamrar eins og Hestfjall Héðinsfjarðarmegin. En vestan Úlfsdala er aftur höfði kallaður Mánárhyrna og Mánárskriður og aðskilja þær sýslurnar, nefnilega Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslur.

Vegir innan um sóknina eða úr henni til næstu sveita eru víðast hvar illir yfirferðar, liggja þeir annað hvort með bröttum fjallshlíðum fram eða yfir snarbrött fjöll. Vegir með þeim fjöllum sem fram liggja eru þessir: Frá Hvanndölum inn fyrir Hvanndalaskriður að Vík, líttfær glæfravegur, frá Siglunesi inn Nesskriður og að Staðarhóli, lítið skárri og frá Máná inn Mánárskriður inn svonefnda Almenninga og að Hraunum, ysta bæ í Fljótum. Er það alllangur vegur og ekki greiðfær.

Vegir þeir er yfir fjöll fara til næstu sveita eru þessir: Úr Siglufirði vestur í Fljótin að Hraunum er Siglufjarðarskarð. Úr sama firði austur í Ólafsfjörðinn er Botnaleið. Skal þá farið fram úr Siglufjarðardalnum fyrir Héðinsfjörð og ofan í Ólafsfjörðinn. Úr Héðinsfirði í Fljót eru vegir fyrir Siglufjörðinn. Liggja þeir að Holti og Brúnastöðum og heita Sandskarð og Uxaskarð. Úr sama firði til Ólafsfjarðar eru þessar leiðir: Rauðsskörð. Næst sjó eða yst er vegur sá upp fram frá Vík og komið yfir Ytri-Árdalsdrög utarlega í Ólafsfirði. Upp og fram frá Möðruvöllum liggur vegur yfir Skeggjabrekkudal í miðjum Ólafsfirði.

Vegir milli fjarðanna í sókninni eru þessir. Hinn fremsti er Hólsskarð og liggur hann fram og upp frá Hóli og yfir í Ámá, fremsta bæ í Héðinsfirði. Er vegur sá fær með hesta en þó ekki góður. Hestsskarð liggur fram og upp frá Skútu, miðjum Siglufirði, fram svonefndan Ráeyrardal og í miðjan Héðinsfjörð. Þá eru Putaskörð yst. Liggur leið sú frá Siglunesi. Skal þá ganga frá Siglunesmúla fram svonefndan Reyðarárdal er skerst milli Múlans og Hestfjalls, upp drög hans að ofan og fram sniðhallt með Hestfjalli fyrir botn Héðinsfjarðar eftir möl þeirri er liggur milli hans og Héðinsfjarðarvatns og Víkursandur er nefnd og að Vík."

Hæstv. forseti. Mér finnst að ég megi til að lesa stuttan kafla úr bók sem Ingólfur Kristjánsson skrifaði í tilefni af 50 ára kaupstaðarafmæli Siglufjarðar og út kom 1968, en þar segir um samgöngumál:

„Þó að Siglufjarðarskarð væri örðugt yfirferðar mátti það þó kallast hlemmivegur borið saman við ýmsar aðrar torleiðir og það var eina þjóðleiðin er tengdi Siglufjörð sveitunum vestan fjalla. Mönnum þótti það því meira en bagalegt að ógnvaldur sá sem menn kölluðu loftanda skyldi svo að segja loka þessari leið en á henni urðu oft miklir mannskaðar.

En hvað var til ráða? Enginn gat haft hendur í hári þessa meinvættar og engin vopn bitu á slíkan loftanda. Enginn mannlegur máttur gat yfirbugað hann og þar urðu æðri máttarvöld að koma til skjalanna. Og því var það sumarið 1731 að Steinn Jónsson, sem þá var biskup á Hólum, skarst í leikinn og bauð að skarðið skyldi vígt ef það mætti verða til þess að hreinsa það af þessum illa anda. Fékk biskup til þessa verks prófast Þingeyinga, Þorleif Skaftason í Múla, sem talinn var einn mestur klerkur og andríkastur norðan lands um þær mundir. Skyldi hann flytja bænagjörð og guðsþjónustu í skarðinu. Áður hafði verið hlaðið þar grjótaltari mikið Siglufjarðarmegin við skarðskambinn. Safnaðist þar saman mannfjöldi mikill undir forustu nokkurra vígðra manna þá er athöfnin fór fram.

Eftir atburð þennan þótti bregða um til batnaðar og tóku menn nú aftur upp ferðir yfir skarðið og voru hugdjarfari og öruggari en áður. En lengi síðan var það siðvenja að ferðamenn gerðu bæn sína við altarið í skarðinu þá er þeir fóru milli Siglufjarðar og Fljóta. Upp frá þessu hafa engar sögur farið af hinum skæða loftanda, en þó fór því fjarri að slys á ferðamönnum legðust með öllu af á skarðinu og hafa menn orðið úti á þessari leið allt fram á síðustu tíma. T.d. urðu þar tveir menn úti í aftakaveðri í marsmánuði árið 1903. Og fleiri slys og dauðsföll hafa átt sér stað en þau hafa öll þótt eiga sér skýranlegar orsakir.

Litlu sunnar Siglufjarðarskarðs er annað skarð í fjallgarðinn og nefnist það Afglapaskarð. Ekki hefur nein vættur við það verið bendluð en háskalegt er það og var vegfarendum eigi að síður. Þannig háttar til að Fljótamegin er þar tiltölulega greið uppganga í skarðið en Siglufjarðarmegin við það eru snarbrött björg og hverjum manni bani búinn er villist fram af þeim. Það var ekki ótítt að menn sem ætluðu til Siglufjarðar um Siglufjarðarskarð lentu uppi í Afglapaskarði þá er þeir voru á ferð í dimmviðri og hríðum eða ef þeir voru ókunnugir á þessum slóðum, en eftir að verslun var komin í Siglufirði jukust mjög ferðir manna úr sveitum vestan fjalla til Siglufjarðar. Einangrun og samgönguörðugleikar hafa verið eitt helsta mein Siglfirðinga um aldir og allt til síðustu tíma og margir eru þeir sem borið hafa beinin á fjöllum uppi, hafa

örmagnast á bröttum og glufróttum götuslóðum hinna fornu alfaraleiða milli byggða eða villst í hríðum og hretviðrum.

Það var ekki fyrr en árið 1946 að akfært varð yfir Siglufjarðarskarð og þó aðeins yfir blásumarmánuðina. Meginhluta ársins hafa því samgönguörðugleikarnir á landi verið þeir sömu eins og voru í upphafi byggðar. En með opnun jarðganganna í nóvember 1967, gegnum Strákafjall eða Hvanneyrarstróka, sem mun vera hið upphaflega nafn fjallsins, tengdist Siglufjörður í fyrsta sinn varanlega akvegakerfi landsins. Þar með lauk aldalangri einangrun og það var stór stund í sögu Siglufjarðar. Hér eftir munu hinar fornu fjallaleiðir, bæði um Siglufjarðarskarð og aðrar leiðir milli byggða, heyra fortíðinni til og verða einungis heimild um ferðamannaleiðir fyrri tíma sem sporléttir og ratvísir göngugarpar munu stöku sinnum kanna á björtum og hlýjum sumardögum sér til ánægju og hressingar. Þá mega þeir leiða hugann að þungum sporum forfeðranna um þessar slóðir sem í harðri lífsbaráttu urðu að leggja á brattann í nauðsynjaerindum vegna sjálfra sín og sinna."

Nú finnst ykkur eflaust nóg komið af lýsingum á samgönguleiðum á landi til og frá Siglufirði sem fram á miðja þessa öld voru nánast gönguleiðir og sumar aðeins færar hestum yfir blásumarið. Ég held hins vegar að við höfum gott af því að líta einstaka sinnum til baka og reyna að rýna dálítið í fortíðina þegar við tökumst á við aðkallandi verkefni nútímanns og lítum til framtíðarinnar.

Eins og áður segir var vegurinn um Siglufjarðarskarð opnaður til umferðar haustið 1946. Þótti það mikil samgöngubót á sínum tíma en fljótt kom í ljós að vegasamband þetta þótti ófullkomið því vegurinn var aðeins opinn fjóra til fimm mánuði á ári. Á árinu 1955 eða aðeins níu árum eftir opnun Skarðsvegar var byrjað að athuga aðra möguleika til að koma Siglufirði í öruggara vegasamband. Niðurstaða af því voru tveir valkostir. Sá fyrri var núverandi vegur með sjó frá Hraunum um Mánárskriður, Sauðanes og 780 metra löng jarðgöng um Stráka og til Siglufjarðar. Hin leiðin var úr Nautadal í Fljótum, um 3,5 kílómetra löng jarðgöng gegnum Siglufjarðarfjall og í fjarðarbotn. Fyrri tillagan var áætluð kosta 10 millj. kr. en sú seinni 27 millj. kr.

Á árunum 1957–1958 var lagður vegur frá Siglufirði að væntanlegum jarðgöngum um Strákafjall. Árið 1959 voru sprengd 30 metra löng tilraunagöng. Síðan gerðist ekkert fyrr en verkið var boðið út árið 1964, og verkið hófst síðan 1965. Framkvæmdatíminn varð tvö ár og göngin voru síðan opnuð til umferðar 1967. Heildarkostnaður við gerð ganganna var 41 millj. kr. á verðlagi þess tíma eða 65 millj. á verðlagi ársins 1983. Núna, 23 árum seinna, er vegurinn að þeim beggja megin enn þá ófullbúinn og að vestanverðu beinlínis hættulegur á köflum. Það sem eftirtekt vekur er að þegar vegurinn er gerður um Siglufjarðarskarð árið 1946 og þegar ákvörðun er tekin um veginn um Strákafjall er Siglufjörður einmenningskjördæmi. Áttu þingmennirnir Áki Jakobsson, þá atvinnumálaráðherra, í fyrra tilvikinu og Einar Ingimundarson bæjarfógeti í því síðara eflaust mestan þátt í því að koma þessum stórframkvæmdum þess tíma áfram þótt að sjálfsögðu aðrir menn sem aðstöðu höfðu til að þrýsta þessum málum áfram hafi ekki legið á liði sínu.

Ég er ekki að halda því fram að vilja vanti hjá þeim þingmönnum sem valist hafa fyrir Norðurl. v. síðan kjördæmabreytingin var gerð, en vitað var og er að einstakir þingmenn komust ótrúlega langt fyrir sín kjördæmi meðan við bjuggum við einmenningskjördæmi.

Jarðgöngin um Oddsskarð voru næsta verkefni Vegagerðar ríkisins og komu þau fljótlega inn á dagskrá eftir að framkvæmdum lauk við Strákagöng. Göngin um Oddsskarð voru tekin í notkun árið 1977. Síðan varð nokkurt hlé á jarðgangagerð til samgangna á Íslandi. Árið 1981 beitti Verkfræðingafélag Íslands sér fyrir ráðstefnu um jarðgöng og jarðgangagerð. Á þeirri ráðstefnu voru flutt fjölmörg erindi um jarðgöng, bæði af verkfræðingum og jarðfræðingum, og dreginn saman sá fróðleikur og skýrt frá reynslu sem þegar hafði fengist við þessi verkefni. Engu að síður voru litlar áherslur hjá opinberum aðilum á þennan þátt í vegagerð landsins.

Á þessu ári, 1981, hófust þó jarðfræðiathuganir í Ólafsfjarðarmúla sem stóðu til ársins 1984. Þá tók við hönnun verksins. Verkið var boðið út 1987 og samningar undirritaðir 1. júlí 1988. Síðan hefur verkið verið unnið af krafti og verktakinn nú á undan áætlun eins og kunnugt er. Sprengingum lauk í þessum mánuði og áformað er að taka göngin til umferðar í nóvember í ár.

Hæstv. forseti. Ég átti þess kost að vera meðflutningsmaður ásamt fleiri þingmönnum að þáltill. sem Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. núv. samgrh., var 1. flm. að á þskj. 100 árið 1985, um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð.

Í greinargerð með tillögunni voru lögð fram ítarleg gögn og greinar sérfræðinga um reynslu hér á landi og víðar um árangur af gerð jarðganga. Í skýrslunni, sem út kom og dreift var hér á Alþingi í mars árið 1987, segir m.a. um afmörkun verkefna sem nefndin tók til skoðunar, með leyfi forseta:

„Í samræmi við kafla 4.1. hefur nefndin skipt þeim jarðgangahugmyndum sem ræddar hafa verið í þrjá flokka með eftirfarandi forgangsröðun:

1. Jarðgöng þar sem snjóflóð og hrun ógna öryggi vegfarenda auk erfiðra vetrarsamgangna.

2. Jarðgöng þar sem hálendið gerir vetrarsamgöngur erfiðar og byggðir einangrast frá aðalvegum um lengri tíma vegna snjóþyngsla.

3. Jarðgöng þar sem unnt er að auka sparnað umferðar með styttingu vega."

Er skemmst frá því að segja að við skoðun á fyrstu tveimur flokkunum var nefndin komin með áætlun verkefna næstu 20–25 ár miðað við þann framkvæmdahraða sem þeir töldu skynsamlegan og fallið gæti að vegáætlun, án þess að líta sem heitið gæti á

þriðja flokkinn, þ.e. jarðgöng þar sem unnt væri að auka sparnað umferðar með styttingu vega.

Nú á síðustu árum hafa hins vegar komið fram hugmyndir um að flýta slíkum göngum, t.d. um Hvalfjörð. Er það e.t.v. ekki síst vegna örrar tækniþróunar í jarðgangagerð, svo og enn frekari áherslu íbúa landsins á bættar samgöngur. Og einnig hefur verið rætt um af hæstv. samgrh. að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum.

Ég held því, hæstv. forseti, að það sé í raun mjög tímabært að leggja fram þessa till. til þál. með hliðsjón af þeim tíma sem það tekur að rannsaka slík verkefni sem hér er lagt til að rannsökuð verði og þá e.t.v. með öðrum áherslum en voru þegar jarðgangaáætlunin til lengri tíma var gerð. Ég vil að það komi skýrt fram að það er á engan hátt hugmynd flutningsmanna að raska á neinn hátt þeirri röð verkefna sem jarðganganefndin lagði til heldur að þetta verkefni verði skoðað með tilliti til nýrra áherslna í byggðamálum sem tengjast því einangraða svæði sem ég lýsti hér fyrr í ræðu minni.

Í tillögunni um langtímaáætlun eru tilteknar flestar þær forsendur sem hægt er að ná með þeim árangri sem sveitarfélögin vænta með aukinni samvinnu eða sameiningu til hagsbóta fyrir íbúana. Ég minni á að ef þessi jarðgöng verða gerð verður vegurinn frá Siglufirði til Ólafsfjarðar 21 km og til Akureyrar 83 km. Við það breyttust allir arðsemisútreikningar jarðganga um Ólafsfjarðarmúla og vegalengdir í utanverðum Eyjafirði. Líta má á allt annan hátt á þróum byggðar á þessu svæði með tilliti til samvinnu á sviði atvinnumála, menntamála, heilbrigðismála, svo að nokkuð sé nefnt.

Ég minni á að til Siglufjarðar er eftir að leggja ljósleiðara til öruggari fjarskipta. Tengja mætti Siglufjörð landskerfi raforkukerfisins með háspennustreng frá Ólafsfirði og auka þannig orkuflutning til kaupstaðarins, en eins og kunnugt er notar Síldarverksmiðja ríkisins svartolíu til gufuframleiðslu.

Ég nefni að þessi vegur gæti verið opinn til umferðar við þær aðstæður að Öxnadalsheiði er ófær, en vaxandi áhugi er á að tryggja betri umferð milli kjördæmanna á Norðurlandi. Þessi vegur ryfi þá einangrun sem felst í því að Siglufjörður er nú endastöð og nýtur ekki þess að vera í vegasambandi til beggja átta.

Þessi vegur opnaði leið að dýrmætum möguleikum sem felast í Héðinsfirði þar sem taldar eru vera ákjósanlegar aðstæður til fiskiræktar og þar er nægur jarðhiti. Þessi vegur mundi opna Héðinsfjörð til útivistar, en hann er rómaður fyrir náttúrufegurð. Hann mundi stækka Ísland í því skyni og gera mögulegan hringakstur frá Akureyri með ferðamenn með viðkomu á frægum sögustöðum Skagafjarðarsýslu sem nú eru út undan í ferðamálum, m.a. af þessum sökum.

Þessi vegur mundi gefa þeim sveitarfélögum sem eru á norðanverðum Tröllaskaga tækifæri til að taka sameiginlega á verkefnum framtíðarinnar á sviði atvinnu, þjónustu og menningarmála.

Hæstv. forseti. Þessi upptalning mín verður aldrei tæmd og því er mál að linni. Ég nota þetta tækifæri og þakka sérstaklega fyrir að fá að tala fyrir þessari till. til þál. um þetta mál sem ég hef mikinn áhuga á og ég held að geti skipt miklu máli fyrir þróun byggðar á þessu svæði.

Ég vil því, hæstv. forseti, óska þess að tillögunni verði vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 457. mál. — Þskj. 793; þskj. 786 (Evrópuráðið), þskj. 645 (Þingmannasamtök Norður-Atlantshafsbandalagsins 1989), þskj. 806 (Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 14. þm. Reykv. gerir grein fyrir skýrslu þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsbandalagsins.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég flyt hér skýrslu um starfsemi þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir árið 1989 fyrir hönd sendinefndar Alþingis hjá samtökunum, en nefndina skipuðu sem aðalmenn Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason, og sem varamenn Salome Þorkelsdóttir og Ingi Björn Albertsson.

Virðulegi forseti. Þetta er í fyrsta sinn frá því að fulltrúar Alþingis tóku fyrst þátt í þessum störfum, sem var árið 1955, sem skrifleg skýrsla er lögð fram á hinu háa Alþingi. Af því tilefni finnst mér viðeigandi að fjalla nokkuð ítarlegar um þetta mál en ella.

Ég mun í sambandi við þessa skýrslu og á grundvelli hennar einkanlega fjalla um eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi mun ég rifja upp aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu árið 1949. Í öðru lagi mun ég ræða um Norður-Atlantshafsþingið, almennt um starfsemi þingsins, um skipulag, stjórn og framkvæmdastjórn og einnig um þátttöku fulltrúa Alþingis í störfum þingsins. Þá mun ég, virðulegi forseti, fjalla nokkuð um einstaka liði í starfsemi þingsins 1989 og einnig vil ég vekja athygli hv. þm. á því að með skýrslunni fylgir Atlantshafssáttmálinn og starfsreglur þingsins.

Þá mun ég, virðulegi forseti, í ræðu minni víkja nokkuð að einstökum efnisatriðum sem lúta að þessu máli eða eru því tengd, sérstaklega með tilliti til þróunar mála og stöðu Atlantshafsbandalagsríkjanna við breyttar aðstæður.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt um gerðist Ísland aðili að Atlantshafsbandalaginu árið 1949. Ég mun ekki ræða í einstökum atriðum aðdraganda þess að Ísland gerðist aðili að þessu bandalagi, en minni á það að árið 1949 þegar Ísland sótti um aðild var að

völdum á Íslandi samstjórn Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar, en utanríkisráðherra var á þessum tíma Bjarni Benediktsson.

Í janúar árið 1949 var óskað eftir aðild Íslendinga að þeim viðræðum sem áttu sér stað á milli lýðræðisríkja Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna og Kanada um hugsanlega stofnun varnar- og öryggisbandalags. Og hinn 18. mars 1949 var Íslandi formlega boðin þátttaka að þessum samtökum af ríkisstjórnum þeirra landa sem unnu að stofnun bandalagsins, en þau voru Bandaríkin, Belgía, Bretland, Frakkland, Holland, Kanada, Lúxemborg og Noregur.

Í framhaldi þessara viðræðna lagði ríkisstjórnin hinn 28. mars 1949 fram á Alþingi till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi. Tillagan var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi þeim sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada, Lúxemborgar og Noregs hafa orðið ásáttir um og prentaður er sem fylgiskjal með ályktun þessari.“

Í inngangsorðum samningsins segir, með leyfi forseta:

„Aðilar samnings þessa lýsa yfir að nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir.

Þeir eru staðráðnir í því að varðveita frelsi þjóða sinna, sameiginlega arfleifð þeirra og menningu er hvíla á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsi og lögum og rétti.“

Þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Þeir hafa ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveislu friðar og öryggis.“

Í athugasemdum við þáltill. er því lýst að undanfarna mánuði, þ.e. í byrjun mars 1949, hafi lýðræðisþjóðirnar við norðanvert Atlantshaf unnið að samningsgerð sín á milli til að tryggja frið og velmegun á þessum slóðum með þeim hætti að stofna til samtaka, slíkra sem ráðgerð eru í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Að lokinni síðari umræðu fyrir nákvæmlega 41 ári, þann 30. mars 1949, var tillagan samþykkt að viðhöfðu nafnakalli með 37 atkvæðum gegn 13 þannig að við Íslendingar getum horft á það sem sögulegan atburð að nú eru 41 ár liðin frá því að Íslendingar tóku þátt í þessu samstarfi sérstaklega með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem við horfum nú á í dag, þ.e. annars vegar velmegun og frið í Vestur-Evrópu og hins vegar þá staðreynd að þjóðir Austur-Evrópu eru allar að brjótast undan því oki sem Atlantshafsbandalagið var stofnað m.a. til þess að koma í veg fyrir að gengi yfir aðrar þjóðir Evrópu.

Í framhaldi af þessari samþykkt Alþingis undirrituðu utanríkisráðherrar þeirra 12 ríkja, sem að framan er greint frá, þann 4. apríl 1949 Atlantshafssáttmálann í Washington en hann birtist, eins og ég gat um áðan, sem fskj. I með þessari skýrslu.

Við undirskrift samningsins flutti Bjarni Benediktsson, þáv. utanrrh., ræðu þar sem hann komst m.a. svo að orði, með leyfi forseta:

„Að vísu er það rétt sem ég áðan sagði að aðilar þessa samnings eru ólíkir um margt. En það er einnig margt sem sameinar okkur traustum böndum. Sama hættan ógnar okkur öllum í þeim heimi sem við lifum í. Þar sem fjarlægðirnar eru horfnar er það áreiðanlegt að annaðhvort njóta allir friðar — eða enginn. Sömu upplausnaröflin eru hvarvetna að sinni ömurlegu iðju. Alls staðar ásaka þau okkur, sem erum að vinna fyrir friðinn, um að vilja spilla honum. Þegar þessi samningur var ræddur á Alþingi Íslendinga reyndu þessi öfl með valdi að hindra hina fornhelgu stofnun í starfi sínu. Slíkt ofbeldi hefur aldrei fyrr verið reynt gegn hinu þúsund ára gamla Alþingi Íslendinga. Sá afvegaleiddi hópur, sem þetta reyndi, þóttist með köllum sínum vera að hrópa á frið. Þetta framferði, að kasta grjóti með höndunum en hrópa á frið með vörunum, er hvorki í samræmi við arfleifð Íslendinga né vestræna menningu. Allir vitum við hvar slíkir hættir eiga upptök sín. Heiminum stafar sannarlega ekki meiri hætta nú af öðru en þessu hugarfari.“

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vísa í þessi orð Bjarna Benediktssonar sem töluð voru fyrir nákvæmlega 41 ári þar sem ég veit að það mun vart finnast einn einasti hv. alþm. sem nú mundi neita því að þetta voru orð að sönnu. Ég veit að allir hv. alþm. geta tekið undir það, hvað sem líður skoðanamun á liðnum árum, að Atlantshafsbandalagið og ríki bandalagsins hafa skilað þeirri niðurstöðu sem að var stefnt. Enda kom það fram í ræðu Havels, forseta Tékkóslóvakíu, fyrir skömmu þar sem hann sagði m.a. að án tilvistar Atlantshafsbandalagsins hefði sú þróun aldrei orðið í Austur-Evrópu sem raun ber vitni um.

Að lokum minni ég á það í sambandi við þessa upprifjun, virðulegi forseti, að af hálfu ríkisstjórnar þeirrar sem sat að völdum á Íslandi 1949 höfðu auk Bjarna Benediktssonar unnið sérstaklega að undirbúningi að þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu með þeim hætti er að framan greinir þeir Emil Jónsson fyrir hönd Alþfl. og Eysteinn Jónsson fyrir Framsfl.

Vík ég þá, virðulegi forseti, nokkuð máli mínu að Norður-Atlantshafsþinginu.

Hvað er Norður-Atlantshafsþingið? Í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsþjóðanna eru þingmenn frá öllum aðildarríkjum bandalagsins, en samtökin eru vettvangur þar sem þingmenn frá Norður-Ameríku og Evrópu koma saman til að ráðgast um mál er varða sameiginlega hagsmuni.

Þingmannasamtökin voru stofnuð árið 1955, en fram til ársins 1966 gengu þau undir nafninu „Þingmannaráðstefna NATO“. Nú nefnast þau Norður-Atlantshafsþingið. Hlutverk þess er að efla samstarf og skilning með þjóðum bandalagsins, stuðla að því að sjónarmið bandalagsins séu höfð til hliðsjónar við lagasetningu og loks að hvetja til samstöðu um

málefni bandalagsins á þjóðþingum bandalagsríkjanna.

Enda þótt samtökin séu með öllu óháð Atlantshafsbandalaginu eru þau tengiliður milli þingmanna og bandalagsins. Á ársfundum og öðrum fundum samtakanna flytja ýmsir af æðstu embættismönnum NATO mál sitt, og við slík tækifæri eru málefni bandalagsins grandskoðuð og rædd í smáatriðum. Venjulega kemur framkvæmdastjóri NATO á ársfundi samtakanna og situr þar fyrir svörum.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 fulltrúar. Þjóðþing aðildarríkjanna tilnefna fulltrúa sína í samræmi við samþykkt þar um og vísast til þess í fskj. II um starfsreglur þingsins. Ráðherrar eða aðrir sem eiga beina aðild að ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar í samtökunum. Fulltrúatala aðildarríkjanna er í hlutfalli við mannfjölda.

Innan þingsins starfa fimm fastanefndir, þ.e. efnahagsmálanefnd, félagsmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, stjórnmálanefnd og vísinda- og tæknimálanefnd. Að loknum ársfundum starfa þessar nefndir sérstaklega á milli funda.

Norður-Atlantshafsþingið kemur saman til allsherjarfundar einu sinni eða tvisvar á ári og er venjan að efna til sérstaks vorþings og haustþings en haustþingið er aðalfundartími samtakanna.

Starfsemi samtakanna hefur verið efld á seinni árum og gegnir það nú veigamiklu hlutverki í samskiptum þjóðþinga og lýðræðishreyfinga Sovétríkjanna og annarra Austur-Evrópuríkja sem ég mun víkja að hér nokkuð á eftir. Ég tel sérstaka ástæðu til þess í beinu framhaldi af ræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti hér í gær í sambandi við þátttöku einstakra flokka í störfum á alþjóðavettvangi þar sem við getum átt hlut að máli til að stuðla að auknu öryggi og friði í heiminum. Fyrstu fulltrúar Alþingis í þessum samtökum árið 1955 af hálfu Íslands voru Björn Fr. Björnsson, Guðmundur Í. Guðmundsson og Jóhann Hafstein.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar hafa fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins frá upphafi verið tilnefndir af þeim flokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu í mars 1949, en þeir voru sem fyrr er frá greint Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Starfsemi þingmannasamtakanna var í byrjun í frekar lauslegu formi. Mest áhersla var lögð á að upplýsa þingmenn um framkvæmd öryggis- og varnarmála NATO og stöðu þessara mála gagnvart vígbúnaði Sovétríkjanna. Með tímanum urðu samskipti ríkjanna og þar með þingmanna einstakra NATO-ríkja nánari. Samstarf á sviði efnahagsmála og vísinda hefur aukist. Þá er meiri áhersla lögð á að ná til borgara einstakra ríkja Atlantshafsbandalagsins um málefni þess og viðkomandi ríkja. Við þetta verða helstu nefndir þingsins mun virkari og má segja að þær ásamt helstu undirnefndum og vinnuhópum um einstök verkefni séu starfandi allt árið um kring. Haldnir eru reglulegir nefndafundir þar sem ítarleg umræða fer fram um þýðingarmestu þætti í starfsemi bandalagsins sem og önnur þau atriði er geta haft áhrif á stöðu Atlantshafsbandalagsins og einstakra ríkja innan þess.

Ég undirstrika þetta sérstaklega vegna þeirra ummæla hæstv. forsrh. hér í gær um það að sjálfstæðismenn væru ekki virkir þátttakendur í alþjóðasamstarfi. Virðulegi forseti. Ég var að segja að hæstv. forsrh. hafi sagt hér í ræðu í gær og beint þeim orðum sérstaklega til Sjálfstfl. og sjálfstæðismanna að þeir væru ekki virkir í alþjóðastarfi þar sem stefnt væri að því að koma á friði og öryggi í heiminum. Ég vil undirstrika það að m.a. með þátttöku okkar, aukinni þátttöku Íslands í þingmannasamtökum NATO, hefðu sjálfstæðismenn sem fyrr verið virkir þátttakendur á þeim vettvangi sem máli skiptir. (Gripið fram í.) Það er gott að hæstv. forsrh. skuli nú vera upplýstur um þetta. Það er greinilegt að hann fylgist ekki nægilega vel með. Ég skil það þess vegna vel að hann skuli fagna því að hann skuli loksins hafa áttað sig á þessu.

Nýjasta dæmið, hæstv. forsrh., svo að ég beini nú orðum mínum til þín og veki athygli hæstv. ráðherra á því sem segir í skýrslu þingmanna Alþingis sem eru í NATO-samtökunum, er sérstök umfjöllun undirnefnda um ný viðhorf í afvopnunarmálum. Þá hefur á sl. tveimur árum mikil umfjöllun átt sér stað um þróun mála í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu. Efnt hefur verið til funda með sérfræðingum í þessum málum. Þá hafa fulltrúar þingmannasamtakanna farið til Prag, Búdapest, Varsjár og Moskvu og nú nýlega hefur einn hv. þm., Karl Steinar Guðnason, verið á fundi í Sofiu í Búlgaríu. Þar hafa viðræður átt sér stað við fulltrúa þjóðþinga þeirra landa sem um ræðir um gagnkvæm samskipti milli vestrænna og austrænna þingmanna í þeim tilgangi að tryggja frið og öryggi í heiminum. Þetta vil ég undirstrika alveg sérstaklega vegna mikillar vinnu og þátttöku okkar á þessum vettvangi eftir því sem fjárhagsástæður hafa leyft.

Þá vil ég einnig skýra frá því, virðulegi forseti, að upphaf þessara samskipta var boð þingmannasamtakanna til þáv. aðstoðarutanríkisráðherra Ungverjalands, Gyula Horn, um að hann kæmi á fund þingsins sem haldið var í Hamborg í nóvember 1988 og flytti þar ræðu um þróun mála í Ungverjalandi. Gyula Horn, sem nú er utanríkisráðherra Ungverjalands, þáði boðið. Þar flutti hann ræðu sem vakti mikla athygli í Evrópu og má segja að með því hafi ísinn verið brotinn í stjórnmálalegum samskiptum NATO-ríkjanna annars vegar og Austur-Evrópuríkjanna hins vegar. Ég undirstrika að ég tala hér um stjórnmálaleg samskipti þessara þjóða. Síðan hafa þingmannasendinefndir farið austur á bóginn og 14. og 15. febr. sl. var haldinn í Brussel sameiginlegur fundur stjórnmála- og öryggis- og varnarmálanefnda Atlantshafsríkjanna annars vegar og fulltrúa fulltrúaþings Sovétríkjanna hins vegar um aukin samskipti þingmanna NATO-ríkjanna og Sovétríkjanna. Stjórnarnefnd þingmannasambandsins leggur áherslu á að jákvæðar viðræður við þessa aðila styrki

umbótaöfl viðkomandi ríkja og þar með batnandi friðarhorfur.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, voru núverandi fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu tilnefndir af þingflokkum Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Fór sú tilnefning fram 1987 og eru þeir sem hér segir: Guðmundur H. Garðarsson, Sjálfstfl., Jóhann Einvarðsson, Framsfl., og Karl Steinar Guðnason, Alþfl. ,og varamaður Salome Þorkelsdóttir, en í ársbyrjun 1988 tilnefndi Borgfl. Inga Björn Albertsson sem sinn fulltrúa og varamann.

Í samræmi við samþykktir þingsins skiptu aðalmenn með sér verkum sem hér segir: Formaður Guðmundur H. Garðarsson, varaformaður Jóhann Einvarðsson og ritari Karl Steinar Guðnason. Í samræmi við þetta tók Guðmundur H. Garðarsson sæti aðalmanns í stjórnarnefnd þingsins en varamaður hans er Jóhann Einvarðsson. Ritari nefndarinnar er Aðalheiður Birgisdóttir.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fullrúar aðildarþjóða tekið þátt í öllum nefndum þess í samræmi við vilja og ákvörðun viðkomandi sendinefnda. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins fullan atkvæðisrétt í þrem nefndum auk stjórnarnefndar. Hið sama gildir um Lúxemborg.

Sendinefndin ákvað þátttöku í nefndum sem hér segir: Í stjórnmálanefnd Jóhann Einvarðsson, félagsmálanefnd Karl Steinar Guðnason, vísindanefnd Salome Þorkelsdóttir, varnar- og öryggismálanefnd Guðmundur H. Garðarsson og Ingi Björn Albertsson. Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason hafa auk þess tekið þátt í störfum undirnefnda þeirra fastanefnda sem þeir eru fulltrúar í og var Jóhann kjörinn skýrsluhöfundur undirnefndar stjórnmálanefndar í sambandi við öryggis- og varnarmál sem ég mun víkja nánar að.

Í stjórn Atlantshafsþings 1988–1990 sitja síðan fulltrúar hinna einstöku þjóða í samræmi við það sem segir í starfsreglum, en forseti þingsins er Patrick Duffy, þingmaður í Englandi sem er jafnaðarmaður.

Ég vil, virðulegi forseti, í örstuttu máli geta um nokkur þau efni sem þingið fjallar um til þess að gefa hv. þingmönnum gleggri eða betri hugmynd um það hvað felst í störfum Norður-Atlantshafsþingsins. Nefni ég sem dæmi nokkuð úr starfsemi 1989.

Unnið er að því að fjalla um samstarf í varnarmálum og var það gert í sérstakri undirnefnd í varnar- og öryggismálum. M.a. fór það þannig fram að þingmenn mættu á fundum, fóru síðan í ferðalög þar sem þeir kynntu sér þessi mál nánar innan NATO-ríkjanna.

Þá var lögð sérstök vinna í það af hálfu efnahagsmálanefndar að fjalla um viðskiptatengsl Atlantshafsríkjanna en það hefur verið gert í gegnum árin.

Þá var starfandi undirnefnd sem skyldi fjalla um og gera tillögur um leiðir til traustvekjandi aðgerða í öryggismálum. Var Jóhann Einvarðsson tilnefndur sérstakur fulltrúi þar og tók hann saman skýrslu og gerði tillögur fyrir hönd nefndarinnar um þetta efni.

Þá hefur verið mikið unnið að því að leggja fram og skipuleggja upplýsingar um varnar- og öryggismál þannig að þær væru aðgengilegar borgurum NATO-ríkjanna.

Þá hefur mikil vinna verið lögð í það á árinu 1989 að fjalla um málefni Austur-Evrópu, eins og ég gat um áðan, og m.a. hafa verið farnar margar þingmannaferðir þarna austur fyrir og einnig hafa þingmenn frá þessum ríkjum komið á fundi þingmannasambandsins sem ég gat um og mun rekja hér nokkru nánar á eftir.

Þá gerðist sá sögulegi atburður að 3.–7. júlí fóru fulltrúar þingmannasambandsins í heimsókn til Sovétríkjanna í boð Æðstaráðsins. Forseti ásamt nokkrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra þingsins tókust þessa ferð á hendur sem var hin merkasta. Af plöggum sem við höfum um þessa ferð og upplýsingum frá fundum fer það ekki á milli mála að þessi fundur hefur orðið sögulegur í þeim skilningi að með því hefur skapast gagnkvæmt traust á milli þessara aðila sem kemur fram í því sem ég rek hér nokkru nánar.

Dagana 5.–10. okt. 1989 var haustþing samtakanna haldið í Róm. Þar voru að venju tekin til umfjöllunar þau mál sem efst voru á baugi hjá Atlantshafsríkjunum. Einnig var áberandi umræða um þróun mála í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Það sem vakti kannski helst athygli var að til þingsins var boðið Vladimir Lobov, æðsta hershöfðingja sovéska herráðsins, en hann er jafnframt þingmaður á fulltrúaþingi Sovétríkjanna í Mosku og á sæti í Æðstaráði Sovétríkjanna. Vladimir Lobov og yfirhershöfðingi NATO-herjanna, John Galvin, fluttu ræður í öryggis- og varnarmálanefnd þingmannasamtakanna. Hr. Lobov rakti mjög ítarlega hvernig ástand og horfur væru í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu og lagði áherslu á það að málum væri þannig komið í þessum hluta heims að það væri lífsspursmál að meiri opnun skapaðist á milli Austur-Evrópu annars vegar og Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku hins vegar. Máli hans var mjög vel tekið. Í umræðunum var einnig rætt um afvopnunarmál, sérstaklega af hálfu íslensku fulltrúanna, en í öryggis- og varnarmálanefnd þingsins eiga sæti, eins og ég gat um áðan, Ingi Björn Albertsson og Guðmundur H. Garðarsson. Við lögðum sérstaka áherslu á og fjölluðum um að það þyrfti að framkvæma afvopnun á höfunum.

Í því sambandi undirstrikuðum við stefnu núv. ríkisstjórnar í þessum efnum. Beindum við máli okkar til beggja hershöfðingjanna. Skoðanir okkar fengu sæmilegar undirtektir, en þó verður það að segjast eins og er að yfirhershöfðingi NATO-ríkjanna lagði áherslu á og taldi að þetta þyrfti allt að ræða, þ.e. afvopnunarmálin, á breiðum og almennum grundvelli á sama tíma sem Vladimir Lobov lýsti sig reiðubúinn til þess af hálfu Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins að fjalla um afvopnun á höfunum sérstaklega. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara frekar út í þá umræðu en vek athygli á að hún fór þar fram.

Síðan var í nóvember 1989 sameiginlegur fundur

þingmanna frá ríkjum þessara bandalaga haldinn í Bonn í Þýskalandi þar sem þessum viðræðum og umræðum var fram haldið. Þá var einnig, eins og ég gat um áðan, haldinn fundur í stjórnmála- og varnar- og öryggismálanefnd í Brussel í febrúar sl. þar sem mættir voru fjórir þingmenn frá fulltrúaþingi Sovétríkjanna, en þrír þeirra eiga einnig sæti í Æðstaráði þess. Þeirra á meðal var Valerij Fallin sem er helsti sérfræðingur Sovétríkjanna í Þýskalandsmálum.

Ég mun nú, virðulegi forseti, stikla á stóru í skýrslu sendinefndar Alþingis í þingmannasamtökum NATO. Ég vil síðan fá að víkja hér örlítið að nokkrum atriðum sem lúta að þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu með tilliti til þess hvaða áherslur ég tel þingmenn í flestum NATO-ríkjanna hafa í þessu efni.

Þar sem nú eru liðin 41 ár frá því að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og með tilliti til þess sem er að gerast núna í Evrópu er full ástæða til að koma hér nokkuð inn á þau atriði sem eru helst í umræðunni innan þingmannasamtaka NATO með þeim hætti sem þau birtast formanni sendinefndarinnar. Þetta er mjög mikilvægt með tilliti til þess að menn átti sig á þeirri stöðubreytingu sem hugsanlega kann að vera í þessum efnum, en ég vek athygli á eftirfarandi og rifja þá nokkuð upp forsögu þess að Atlantshafsbandalagið var stofnað.

Það sem hefur gerst frá því að bandalagið var stofnað og vekur auðvitað upp spurningarnar hvar við erum stödd er að hrun kommúnismans, hrun sósíalismans í Austur-Evrópu, þ.e. fall einræðisstjórnanna sem voru á sínum tíma ógnun við frelsi og sjálfstæði fólksins á meginlandi Evrópu og bjó við lýðræðislega stjórnarhætti, er ekki til staðar með sama hætti og þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað árið 1949. Þetta er staðreynd. En frelsi þessara þjóða er ekki enn að fullu tryggt þótt hugmyndafræði kommúnismans hafi beðið skipbrot. Það er mikið verk óunnið í þeim efnum að tryggja frið og öryggi í heiminum og byggja upp lýðræði og þingræði í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Fram undan er áratuga verk við að byggja upp lýðræðislega stjórnarhætti og þingræði í hinum fyrri kommúnistaríkjum Austur-Evrópu og þá alveg sérstaklega í Sovétríkjunum. Þróun mála í Litáen og neikvæð afstaða valdhafanna í Moskvu til sjálfstæðisyfirlýsingar Litáa sýna að þrátt fyrir jákvæðan vilja ákveðinna valdamanna í Sovétríkjunum og alls almennings í Rússlandi vantar mikið á það að þessir aðilar viðurkenni grundvallaratriði lýðræðislegra stjórnarhátta sem er fólgið í sjálfsákvörðunarrétti þjóða og einstaklinga í eigin málum. Stórveldið Sovétríkin, þ.e. ríkjasamband undir forustu Rússa, er enn til staðar í Austur-Evrópu. Þetta er staðreynd sem allir menn sem þekkja til alþjóðamála viðurkenna.

Fulltrúaþingið í Moskvu hefur enn ekki öðlast sambærileg völd um málefni Sovétríkjanna við þau sem þjóðþing vestrænna lýðræðisþjóða hafa í viðkomandi ríkjum. Þótt formlegt alræði eins flokks, þ.e. Kommúnistaflokks Sovétríkjanna, á sviði stjórnmála, en þá minni ég á að sá flokkur telur um 8 millj. manna, af um 260 millj. manna þjóð, hafi verið afnumið ráða hinir gömlu valdhafar öllu um þróun mála. Og við skulum líta nokkru nánar á stöðu þeirra.

1. Allir helstu valdamenn Sovétríkjanna öðluðust völd sín á grundvelli þátttöku sinnar í Kommúnistaflokki Sovétríkjanna.

2. Valdakerfið er enn byggt upp á hinum upprunalega grundvelli með nokkrum áherslubreytingum stjórnskipulega séð, svo sem með frjálsari kosningum þingmanna á fulltrúaþingið og einnig sérstakri kosningu forseta.

3. Hafa verður í huga að svokallaðar fjölflokkakosningar í Sovétríkjunum eru með allt öðrum hætti en tíðkast í vestrænum lýðræðisríkjum.

Ég rifja upp og minni á að í kosningum til fulltrúaþingsins voru 80% allra frambjóðenda félagar í Kommúnistaflokki Sovétríkjanna. Hið miðstýrða vald er enn hjá félögunum ef svo mætti að orði komast. Hins vegar, og það skal undirstrikað, hefur sú meginbreyting átt sér stað sem miklu máli skiptir, og mestu, að Rússar viðurkenna að aðferðir sósíalismans, hið miðstýrða hagkerfi, tryggi fólkinu ekki hagsæld. Þeir vita að hinn frjálsi markaðsbúskapur felur í sér einu leiðina til aukinnar hagsældar, framfara og betri lífskjara, þ.e. efnahagslegt frelsi er grundvallarforsenda þess að fólk geti lifað hamingjusömu lífi. Það er lykilatriði.

Valdhafarnir í Moskvu hafa hins vegar enn ekki, þrátt fyrir yfirlýstan vilja, viðurkennt í verki að efnahagslegt og stjórnmálalegt frelsi fari saman ef árangur á að nást sem tryggir sjálfsögð grundvallarmannréttindi. Vonandi á þetta eftir að þróast með þeim hætti sem við höfum reynslu af í vestrænum ríkjum. Það er greinilegur vilji þeirra, margra valdamanna Sovétríkjanna, að svo verði.

4. Þá vil ég koma að fjórða atriðinu sem virðist vera feimnismál hjá sumum að fjalla um og viðurkenna en er staðreynd sem ekki verður fram hjá gengið hvers svo sem við kynnum að óska okkur í þeim efnum. Það hefur enn ekki átt sér stað í reynd umtalsverður niðurskurður á vopnabúnaði Sovétríkjanna. Minnkandi herafli þeirra í Austur-Evrópuríkjunum er af hinu góða. Yfirlýstur jákvæður vilji á sviði afvopnunarmála einnig. Fækkun kjarnorkuvopna sömuleiðis. Hins vegar á sér enn stað stöðug framleiðsla kjarnorkuknúinna kafbáta sem er mjög alvarlegt mál, sérstaklega fyrir okkur Íslendinga sem leggjum áherslu á afvopnun í höfunum. Samkvæmt því sem næst verður komist og sérfræðingar NATO segja munu Sovétmenn ljúka við smíði eins slíks kafbáts á mánuði og kostar hver fleiri milljarða króna.

5. Völd og styrkur sovéska hersins er enn sem fyrr mikill innan sovéska ríkjasambandsins. Margir af æðstu mönnum sovéska hersins eiga sæti á fulltrúaþinginu og hafa þar gífurlega mikil áhrif. Þetta eru atriði sem er nauðsynlegt að hv. þingmenn hafi í huga þegar verið er að fjalla um þessi mál.

6. Ég vek athygli á því að í embættismannakerfi Sovétríkjanna hefur ekki orðið nein umtalsverð breyting með þeim hætti sem búast mætti við í lýðræðislegri þróun. Enn sitja þar að völdum menn sem voru tilnefndir eða skipaðir í valdatíð gömlu einræðisherranna.

Þessi og ótal fleiri atriði þeim skyld verða menn að hafa í huga þegar fjallað er um þróunina á sviði varnar- og öryggismála í heiminum og við Íslendingar sérstaklega sem aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Yfirlýstur vilji um aukið frelsi og sjálfstæði fólkinu til handa er eitt, en framkvæmd þessara mála er annað. Neikvæð afstaða valdhafanna í Moskvu til sjálfstæðisyfirlýsingar Litáa boðar því miður ekki gott og er í fullu ósamræmi við yfirlýsta stefnu Gorbatsjovs um aukið frelsi. Ber að harma það. En sú harka sem kemur fram í afstöðu Rússa til þessa litla Eystrasaltsríkis ætti ekki að koma neinum á óvart sem fylgst hefur með heimsmálum og þekkir eitthvað til sögunnar.

Við verðum að líta til þess sögulega hver staða Sovétríkjanna og Rússlands til umheimsins er. Pétur mikli, fyrstur Rússa, gerði sér grein fyrir að Rússland þyrfti að hafa opið hlið að höfum í vestri, þ.e. höfum er liggja að Evrópu. Eystrasaltsríkin voru hliðin að sjónum í vesturátt. Að hans mati þurfti að tryggja hafnir á þessu svæði. Stalín tryggði Rússum þessa aðstöðu með innlimun þessara ríkja í seinni heimsstyrjöldinni. Það var ekki gert með samningum. Hins vegar voru hundruð þúsunda Letta, Litáa og Eistlendinga fluttir nauðungarflutningum frá heimahögum sínum til Síberíu. Í staðinn tóku Rússar sér bólfestu í þessum löndum. Markmiðið var að blandast þessum litlu, fámennu þjóðum með þeim hætti að við brottflutning mikils fjölda íbúanna og blóðblöndun við þá sem eftir voru mundu þessi ríki smátt og smátt verða hluti af hinu stóra Rússlandi. Því er nú svo komið að í þessum ríkjum eru íbúar af rússneskum uppruna um eða yfir 40% í Lettlandi, í Litáen munu þeir vera um 20–30% og í Eistlandi 20–25%.

Það sem hefur gerst á þessum árum er að Rússland hefur náð algjörum undirtökum í efnahagslífi þessara landa. Þeir eru eignaraðilar að öllum stærstu fyrirtækjum þessara ríkja í gegnum ríkisfyrirtæki. Þeir hafa raunverulega atvinnu- og efnahagsleg yfirráð yfir þessaum þjóðum. Algjör. Í kringum 1940–1941 voru svo til engir Rússar í þessum löndum.

Þetta rifja ég upp til að minna okkur á það að stórveldið Rússland, sem hingað til hefur verið og er enn nefnt Sovétríkin, er enn til staðar. Þetta stórveldi mun eftir sem áður leggja áherslu á að verja og vernda sína hagsmuni, ekki hvað síst í varnar- og öryggismálum og einnig í efnahagsmálum. Þess vegna vilja Rússar ekki veita Litáum frelsi og sjálfstæði. Þetta er þeirra stórveldapólitík í nýrri útfærslu. Það breytir hins vegar ekki því að valdhafarnir í Moskvu eru opnari og þeir viðurkenna að þeir verði að líta frekar til lýðræðislegra samskiptahátta. En þeir eru sem fyrr Rússar, nútímastórveldi.

Í umfjöllun utanríkismála duga ekki draumórar eða óskhyggja. Í þeim efnum gildir raunsæi samfara nauðsynlegri þekkingu á forsögu mála og stöðu sinnar þjóðar. Þetta á sérstaklega við hvað áhrærir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og stöðu Atlantshafsbandalagsins í framtíðinni. Það vill svo til að þegar þessi umræða er hér í dag, þ.e. 30. mars, eru nákvæmlega 41 ár síðan Íslendingar samþykktu aðild sína að Atlantshafsbandalaginu. Þess vegna finnst mér fullt tilefni til að rifja upp og leggja áherslu á að sá sögulegi atburður hefur átt sér stað að ég geri varla ráð fyrir að einn einasti hv. þm. standi upp í dag og mótmæli því að það hafi verið rétt og mikið heillaspor þegar Ísland gerðist aðili að þessu bandalagi. (Gripið fram í.) Enginn hv. þm. hefur enn staðið upp og mótmælt því. Að vísu, hæstv. utanrrh., það er rétt að einn hv. alþýðubandalagsþingmaður, Hjörleifur Guttormsson, tilkynnti það (**Utanrrh.:** Já.) að hann hefði lagt fram tillögu á fundi í utanrmn. um að endurskoða ætti varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna (**Utanrrh.:** Um úrsögn.) með það að markmiði að það leiddi til úrsagnar eftir 18 mánuði í samræmi við ákvæði þessa samnings, ef ég man rétt. En hv. þm. hefur ekki enn treyst sér til þess, og ég er ekki að skora á hann að gera það, né neinn úr Alþb. að standa hér upp og lýsa því yfir á þessari sögulegu stundu, 30. mars 1990, að það hafi verið rangt að Íslendingar skyldu ganga inn í bandalagið. (**Landbrh.:** Það er einn hérna tilbúinn til þess.) Ég ætla ekki að leggja hæstv. samgrh. orð í munn en verði honum að góðu ef hann hefur geð í sér til þess eftir það sem gerst hefur í Austur-Evrópu á sl. 41 ári. Það má lesa nú eftir fyrrum alþýðubandalagsmenn, meira að segja í Morgunblaðinu, greinar þar sem þeir skýra frá ferðum sínum til Tékkóslóvakíu, svo sem einn fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans gerði, þar sem hún sagði m.a., ef ég man það orðrétt, að þegar hún ræddi við vini sína og fjölskyldur þeirra sagði fólkið grátklökkt: „Þessir áratugir ófrelsis, nauðungar og skorts verða aldrei bættir. Þessum glötuðu árum úr ævi okkar verður aldrei skilað.“ Og það þarf náttúrlega ekki að ræða það við hæstv. samgrh., hann kannski kann ekki þá sögu eða vill ekki muna hana, að þeim 20–30 þúsundum manna sem hurfu sporlaust í Tékkóslóvakíu á árunum 1948–1951 verður aldrei skilað eftur til sinna aðstandenda. Þetta er kannski það sem hæstv. samgrh. ætlar að fara að rifja hér upp á eftir.

Þess vegna vil ég minna á það að NATO-ríkin hafa með þessari gjörð sinni, að mynda þetta bandalag, tryggt frið í heiminum, þ.e. í þeim hluta heims sem við búum í og stuðlað einnig að meiri friði í öðrum heimshlutum. Þetta er söguleg staðreynd. Friðurinn hefur verið tryggður og hann mun verða tryggður áfram ef bandalag sem Atlantshafsbandalagið heldur áfram störfum sem ég er fullviss um. Þetta bandalag hlýtur að starfa um ófyrirsjáanlega framtíð, hvað sem líður því sem hæstv. forsrh. sagði í gær þar sem hann var með efasemdir um það og varpaði fram þeirri spurningu hvort tímar Varsjárbandalagsins og Atlantshafsbandalagsins væru nú ekki senn liðnir. Ég

tala ekki fyrir hönd sendinefndarinnar þegar ég segi það, heldur er þetta mín skoðun, að þar hafi hæstv. forsrh. ekki haft lög að mæla nema síður væri og þar hafi hann sýnt mikla skammsýni eða þekkingarleysi á þróun þessara mála.

Austur-Evrópuríkin hafa síðan sjálf, hæstv. samgrh., á síðustu mánuðum hrist af sér það ok, kúgun, sem NATO-ríkin sameinuðust gegn. Aðvörunarorð þáv. utanríkisráðherra, Bjarna Benediktssonar, árið 1949 um að sama hættan ógnaði okkur öllum í þeim heimi sem við lifum í voru orð að sönnu. Ég segi, því miður fyrir þjóðir Austur-Evrópu sem lifðu undir harðstjórn sósíalismans, valdhafanna í Kreml og útsendara þeirra í ríkisstjórnum þessara landa.

En nú, virðulegi forseti, rofar til. Við, friðarsinnar í öllum flokkum, sem erum alin upp í anda lýðræðis og þingræðis, hljótum að fagna þeim viðhorfabreytingum sem orðið hafa í Sovétríkjunum og Austur-Evrópuríkjunum þrátt fyrir þá ágalla sem ég rifjaði hér upp áðan í sambandi við þróun mála í Sovétríkjunum. Við hljótum að fagna frjálsum kosningum og auknum mannréttindum í Tékkóslóvakíu, Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu, Búlgaríu og Eystrasaltsríkjunum. Við skulum hins vegna gera okkur fulla og raunsæja grein fyrir því að enn hefur ekki orðið svipuð þróun í Sovétríkjunum. Þar með er ég ekki að segja að það skorti viljann hjá ýmsum valdhöfum og fólkinu sjálfu til að stíga enn frekari skref í átt til stjórnmálalegs frelsis en orðið er. En ákveðnar aðstæður takmarka þessa þróun, því miður, eins og ég hef hér nokkuð lýst fyrr í minni ræðu. Sovéska, gamla valdakerfið, öflugur her og stórveldahagsmunir 260 millj. manna þjóðar í víðlendu landi, sem teygir sig inn í tvær heimsálfur, er enn til staðar. Við, vestrænar þjóðir, *lítum ekki á Sovétríkin sem óvini eða óvinveitta þjóð*. Við höfum aldrei litið á íbúa Sovétríkjanna, fólkið, sem óvini okkar nema síður sé. Það voru fyrrverandi valdhafar, kommúnistarnir, sem litu á okkur, vestrænar þjóðir, sem fjandmenn sína. Við vorum í þeirra augum þegnar auðvaldsríkjanna. Við vorum arðræningjarnir sem kúguðu fólkið og arðrændu það! Samkvæmt kenningum Leníns var það eitt meginhlutverk kommúnista og sósíalista að frelsa hina arðrændu og efna til stéttastríðs og það var gert í austri og vestri. Í austri voru ríkin brotin undir Sovétríkin, eins og ég hef getið um hér áður og hv. þingmenn þekkja af sögunni, en í vestri var kynt undir átökunum í verkalýðshreyfingu Vestur-Evrópu og barist gegn Atlantshafsbandalaginu hvar sem því varð við komið. Allt hefur þetta mistekist svo sem dæmi sanna. Í Austur-Evrópu er lýðræði og þingræði að hefja innreið sína til þess að unnt sé að endurreisa mannlega virðingu og tryggja sjálfsögð mannréttindi. Þar þarf að bæta hag fólksins og lífsafkomu. Í vestrænum ríkjum er fólkið frjálst og lífskjör allgóð. Þar ríkir góður friður milli manna og stétta eins og því verður viðkomið í mannlegu samfélagi. Af þessu má sjá að NATO-ríkin fóru með friði og það er enn meginmarkmið þessara ríkja.

Nú vaknar spurningin: Er Atlantshafsbandalagið orðið óþarft vegna þeirrar þróunar sem hefur orðið síðustu missirin í Evrópu og þar með í Sovétríkjunum? Ég svara fyrir mitt leyti, og það er sá skilningur sem ég legg í ræður og tillögur þeirra þingmanna NATO-ríkjanna sem mynda þingmannasamtök NATO að svo sé ekki, en breyttar aðstæður krefjast breyttra áherslna. Við skulum líta nokkuð á þær.

Að mati þeirra sem eru í þingmannasamtökum NATO fer það ekki á milli mála að það er þeirra álit að leggja skuli mun meiri áherslu á stjórnmálalegt samstarf innan NATO-ríkjanna. Einnig er lögð sérstök áhersla á það að tekið verði upp mjög náið samstarf við þjóðþing Austur-Evrópu og Sovétríkin um þróun lýðræðislegra stjórnarhátta í þessum ríkjum. Þingmannasamtök NATO hafa boðið þessum þjóðþingum það sérstaklega að þingmenn frá NATO-ríkjunum færu til Austur-Evrópu til þess að vinna að þessum málum. Þá var það mat og tillögur þingmannasamtakanna að dregið verði úr hernaðarumsvifum, afvopnun verði hraðað og samningum flýtt í þeim efnum. Einnig er það áhersluatriði þingmannasamtakanna að eyða skuli kjarnorkuvopnum. Það er grundvallarskoðun þeirra sem mynda þingmannasamtök NATO að NATO-ríkin sem samtök verði sem ein heild, bæði í viðræðum við Austur-Evrópuríkin og í samstarfi við ýmsar aðrar þjóðir, bæði á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála og vísindamála, sem og með frekari þróun á sviði varnar- og öryggismála í huga.

Ef árangur á að nást í afvopnunarmálum verða samningar þar um að vera á breiðum grundvelli, þ.e. á milli Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins hins vegar. Þá ber einnig að hafa í huga að enn er ekki séð fyrir um þróun mála í lýðræðisátt í Sovétríkjunum. Í þeim efnum ríkir ákveðin óvissa og við þessar aðstæður þarf ekki að ræða það að veikja samstöðu NATO-ríkjanna með því að fjalla um það á þann hátt að til greina komi að leysa þau samtök upp. Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála, sem og á öðrum sviðum er lúta að samskiptum ríkja á milli, er flókið viðfangsefni sem tengist mati á lengritímaþróun þessara mála, bæði á vesturhveli jarðar, sem og í heiminum í heild.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég undirstrika eftirfarandi: Í fyrsta lagi skulum við hafa það í huga sem fulltrúar smáríkis að stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, eru enn til staðar í okkar hluta heims. Hið þriðja, sameinað Þýskaland, er í fæðingu. Málshátturinn segir að mannlegt eðli sé samt við sig. Hið sama gildir um stórveldi eins og sagan hefur sýnt og sannað. Þótt friðvænlegar horfi nú í heiminum eru þessi fjölmennu ríki til staðar með sín vandamál og hagsmuni sem oft og tíðum ná langt út fyrir landamæri þeirra. Við skulum vona að þessi ríki leysi hagsmunaágreining sinn með friðsamlegum hætti. Í því felst von okkar og alls mannkynsins um frið í heiminum.

Vandi smáþjóða er ætíð mikill í samskiptum við stórþjóðir. Við höfum góða reynslu af samstarfi

okkar í varnar- og öryggismálum við stórveldi NATO-ríkjanna. Sovétríkin hafa verið ógnvaldur, þetta hafa núverandi valdamenn Sovétríkjanna viðurkennt. Núverandi valdhafar í Moskvu, Gorbatsjov og félagar hans, eiga eftir að sýna enn betur og sanna að þeir hafa vald yfir atburðarásinni innan Sovétríkjanna. Þá fyrst, þegar Rússar hafa náð tökum á því að útfæra lýðræðislega stjórnarhætti og efnahagslegar framfarir á grundvelli markaðsbúskapar í Rússlandi, hafa þeir vald yfir því að geta tryggt öðrum þjóðum að þær geti búið í friði og öryggi um ókomna framtíð.

Við hljótum auðvitað að vona að Rússum takist þetta. En það er langur tími, áratugir, þar til það kemur fyllilega í ljós. Á meðan svo er verða NATO-ríkin að halda vöku sinni og styrkleika, bæði inn og út á við. NATO-ríkin geta látið margt gott af sér leiða í þá átt að efla lýðræði og þingræði í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum og flýtt fyrir þessari þróun. Í þeim efnum geta þingmannasamtök NATO látið margt gott af sér leiða. NATO-ríkin gera sér grein fyrir þessu. Þau hafa leitað eftir samstarfi við þingmannasamtök Austur-Evrópuríkjanna, svo sem fyrr hefur verið frá greint. Ég mun rekja það enn nánar í tengslum við þá þróun sem fram undan er.

Á fundi þingmannasamtakanna, þ.e. stjórnmálanefndar og varnar- og öryggismálanefndar, í Brussel í febrúar var ákveðið að efla enn frekar samstarfið við þingmenn í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Á fundinum var, eins og ég gat um áðan, m.a. helsti sérfræðingur Sovétríkjanna í Þýskalandsmálum, Valerij Fallin. Hann lagði sérstaka áherslu á það að NATO-ríkin og Varsjárbandalagsríkin fjölluðu um varnar- og öryggismál með lengri tíma makrmið í huga. Viðstaddir tóku undir þessa skoðun, en fulltrúar Alþingis á fundinum voru þeir Guðmundur H. Garðarsson og Jóhann Einvarðsson.

Í framhaldi af þessum viðræðum, sem ég ætla ekki að rekja hér í smáatriðum til að lengja ekki of mikið umræðurnar, vil ég geta þess, virðulegi forseti, að fram undan er að sendinefndir þingmannasamtakanna muni fara til Austur-Evrópu og Sovétríkjanna á þessu ári. Þá mun væntanlega mæta á vorfundi samtakanna í París í maí utanríkisráðherra Sovétríkjanna og flytja þar ræðu um samskiptamál Atlantshafsbandalagsríkjanna og Varsjárbandalagsríkjanna. Þar mun einnig væntanlega mæta varnarmálaráðherra Vestur-Þýskalands, Gerhard Stoltenberg, og fjalla um varnar- og öryggismál út frá sjónarmiði NATO-ríkjanna.

Það er, eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, mikið unnið að þessum málum og lögð áhersla á jákvætt samstarf og samskipti á sviði stjórnmála.

Þá verður haldinn á næstunni hér í Reykjavík, dagana 6.–8. apríl, stjórnarfundur þingmannasambandsins en í stjórn þess eru um 35 manns. Þar mun verða fjallað um enn nánari samskipti við Austur-Evrópuríkin og einnig um innri mál Atlantshafsbandalagsins.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara frekar inn á skýrslu sendinefndar Alþingis hjá Atlantshafsþinginu en vil að lokum segja þetta:

Fulltrúar þeirra flokka sem Alþingi hefur tilnefnt á þing Atlantshafsbandalagsins hafa verið mjög virkir í sínum störfum eftir því sem þeir hafa getað komið því við. Á það við um fulltrúa allra flokka og vil ég sérstaklega undirstrika það, þar sem Sjálfstfl. á ekki aðild að ríkisstjórn, að fulltrúar þess flokks í þessum samtökum hafa verið virkir með sama hætti og fulltrúar stjórnarflokkanna. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta vegna þess sem fram kom hjá hæstv. forsrh. Það var rangt hjá hæstv. forsrh. þegar hann leyfði sér að segja það hér í ræðu í gær að við sjálfstæðismenn viðurkenndum ekki breytingar og tækjum ekki þátt í breytingum eða störfum sem stefndu í friðarátt eða til betri tíma. Því miður talaði hæstv. forsrh. frekar óvarlega en ég ætla ekki að ræða það nú undir þessari skýrslu. Ég vil undirstrika það að fulltrúar Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. í þessu þingmannasambandi hafa unnið ötullega að þessum málum, sem og fulltrúi frjálslyndra. Þessir aðilar hafa lagt rækt við störf þingmannasamtakanna og látið þar mikið að sér kveða.

Í tíð núverandi sendinefndar get ég m.a. nefnt mikilsvert framlag núv. formanns utanrmn. Alþingis, Jóhanns Einvarðssonar, í störfum undirnefndar er gert hefur ítarlega skýrslu og tillögur er leiði til traustvekjandi aðgerða í öryggismálum.

Í varnar- og öryggismálanefnd og opnum fundum þingsins hefur hv. þm. Ingi Björn Albertsson m.a. lagt áherslu á í ræðum sínum að Atlantshafsbandalagið væri opnara gagnvart almenningi, m.a. með meira upplýsingastarfi. Þá hefur hann lagt áherslu á aukna afvopnun, sérstaklega í norðurhöfum. Sendinefndin öll hefur lagt áherslu á þetta atriði.

Þá hafa aðrir sendinefndarmenn, þeir hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Karl Steinar Guðnason, verið virkir þátttakendur í nefndum og störfum þingsins.

Að lokum, virðulegi forseti. Stjórnmálaþátturinn í starfsemi NATO-ríkjanna sem samtaka mun fá aukna þýðingu við breyttar aðstæður í þróun heimsmála í átt til varanlegri friðar. Þingmannasamtök NATO hafa verið virk í þessari þróun. Sendinefnd Alþingis í samtökunum hefur reynt að leggja sinn skerf af mörkum til að tryggja þetta háleita markmið. Hæstv. núverandi forseti Sþ. og varaforsetar hafa skilið þýðingu virkari þátttöku fulltrúa Alþingis í þessum samtökum. Hið sama má segja um afstöðu hæstv. utanrrh. Sendinefndin hefur vegna góðs skilnings þessara aðila getað tekið meiri og betri þátt í störfum Atlantshafsþingsins en áður var. Þetta er í samræmi við upprunalegan tilgang við stofnun NATO sem var að stuðla að friði og öryggi í heiminum með öllum ráðum. Í þeim efnum var og er Ísland virkur þátttakandi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í minn hlut að geta um þátttöku íslenskra þingmanna í þingi Sam-

einuðu þjóðanna sem var 44. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og var sett þann 19. sept. 1989. Það er svo að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum gefur út skýrslu um þingstörfin. Sú skýrsla kom út í janúar sl. og var send þingmönnum og hefur borist þeim. Þar er gerð grein fyrir þátttöku Íslendinga í þingstörfum og afgreiðslu mála og gefið yfirlit um störf þingsins. Ég vísa því í þá skýrslu varðandi heildaryfirlit um málefni þingsins en mun í nokkrum orðum ræða þátttöku Alþingis í 44. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Þingið sátu að þessu sinni þingmennirnir Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir og Jón Kristjánsson síðari hluta októbermánaðar og í seinni hópnum voru þingmennirnir Rannveig Guðmundsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Óskar Ólafsson varaþingmaður Borgfl. og sátu þau þingið fyrri hluta nóvembermánaðar en hvor hópur var vestra um þriggja vikna skeið.

Árið 1988 varð sú breyting á þátttöku Alþingis í allsherjarþinginu að fulltrúar Alþingis eru nú algjörlega á þess vegum og Alþingi greiðir allan kostnað af för þeirra. Áður var það fyrirkomulag ríkjandi að utanrrn. greiddi þennan kostnað og þingmenn eða aðrir fulltrúar sem sátu á vegum þingflokkanna voru hluti af starfsliði fastanefndarinnar. Nú er ekki svo, hverjum og einum þingmanni er í sjálfsvald sett hvernig hann hagar sinni þátttöku sem áheyrnarfulltrúi og velur sjálfur málefni til að fylgjast með eftir áhugasviði og mati á mikilvægi mála. Eigi að síður voru fulltrúar fastanefndarinnar sendinefndum þingsins innan handar og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim ágæta fyrirgreiðslu og samskipti þó um formlega skipulagningu starfsins hafi ekki verið að ræða af þeirra hálfu nú.

Í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir breytingu á þátttöku Alþingis í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og lækkun framlags til þessarar þátttöku um eina milljón króna. Formaður fjvn. ræddi þessi mál við 2. umr. fjárlaga, síðast nú fyrir jólin, og sagði þar svo með leyfi forseta:

„Þá er einnig ástæða til að minna á að í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir nokkrum breytingum er varða setu alþingismanna á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Með afgreiðslum Alþingis á fjárlögum yfirstandandi árs var frá því gengið að Alþingi tæki við af utanrrn. greiðslu kostnaðar vegna þátttöku fulltrúa þingflokkanna á þingi Sameinuðu þjóðanna. Sú breyting hefur tvennt í för með sér: Í fyrsta lagi að Alþingi er óheimilt að greiða kostnað vegna annarra en alþingismanna er sækja þing Sameinuðu þjóðanna. Í öðru lagi að alþingismenn þeir sem sækja þing Sameinuðu þjóðanna eru ekki lengur starfsmenn utanrrn. og sendiráðs Íslands í New York heldur áheyrnarfulltrúar Alþingis á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Í tillögum fjvn. nú er enn gert ráð fyrir nokkrum breytingum. Í tillögunum er lagt til að viðfangsefnið Þátttaka þingmanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna lækki um 1 millj. kr. og er við það miðað að dvalartími fulltrúa þingflokkanna á þingi Sameinuðu þjóðanna styttist af þeim sökum úr þremur vikum í tvær og að heimsóknirnar eigi sér stað á þeim tíma þegar þjóðarleiðtogar flytja ræður sínar á þingi Sameinuðu þjóðanna og ríkust ástæða er fyrir alþingismenn að fylgjast með málflutningi þar en ekki eftir að þessum ræðum lýkur eins og tíðkast hefur til þessa."

Því er ekki að leyna að þessi afgreiðsla hefur orðið mér við nánari umhugsun nokkur ráðgáta, hvernig tilkynning um hana ber að. Ákvörðun um tilhögun þátttöku Alþingis í þessum alþjóðasamskiptum á að vera í höndum forseta þingsins og formanna þingflokka og vera má að þeir hafi verið með í undirbúningi þessarar ákvörðunar fjvn. sem kynnt var við þessa umræðu. Ég tel ekkert við það að athuga að endurmeta alþjóðleg samskipti Alþingis en ég tel að heppilegra væri að taka öll þau samskipti í heild til endurskoðunar. Engar skýringar hafa komið fram á því hvers vegna er dregið úr þátttöku Alþingis í þingi Sameinuðu þjóðanna frekar en öðrum alþjóðasamskiptum.

Einnig orkar tvímælis að binda það fastmælum að þessi þátttaka eigi eingöngu að vera í því fólgin að hlusta á þjóðhöfðingja og leiðtoga einstakra ríkja flytja ræður í allsherjarþinginu. Skynsamlegra væri að þingmenn hefðu val um það hvort þeir velja þann kost, sem vissulega getur verið áhugavert, eða hvort þeir vilja fylgjast með störfum nefnda þingsins sem ekki er síður áhugavert og gefur að mörgu leyti fyllri mynd af vinnubrögðum hversdagsins í þessari risavöxnu alþjóðastofnun.

Ég tel þessa áheyrn á allsherjarþinginu nauðsynlega fyrir þingmenn ekki síður en önnur alþjóðasamskipti. Hún er einn þáttur í þá mynd sem nauðsynlegt er að gera sér af alþjóðamálum á tímum þegar þessi samskipti fara vaxandi. Þær raddir heyrast vissulega að allsherjarþingið sé ekki mikils virði, það sé kjaftasamkoma og er það mjög í raun í stíl við þá umræðu sem við þekkjum um Norðurlandaráð og viðlíka stofnanir. Vissulega eru störf þingsins viðamikil og þung í vöfum. Þingið er samkoma 150 þjóða, aðeins örfáar þjóðir heims eiga þar ekki aðild. Hægt er að gera sér í hugarlund stærð þessarar stofnunar sem hér er um að ræða. Hitt er þó staðreynd að þetta er eini umræðuvettvangurinn þar sem nær allar þjóðir heims mætast og hér eru vandamál heimsins rædd þó ákvörðunarvaldið vanti.

Þingmenn lítillar þjóðar eins og okkar með vaxandi alþjóðleg samskipti og erfiðar ákvarðanatökur í þeim efnum þurfa að fylgjast með á þessum vettvangi. Það er ómetanleg reynsla en auðvitað verður þessi þátttaka að þræða hinn gullna meðalveg í kostnaðarlegu tilliti.

Við Íslendingar skulum þó vera minnugir þess að einmitt á þessum vettvangi höfum við mikil áhrif til heilla við stefnumótun í hafréttarmálum og við mótun hafréttarsáttmálans á sínum tíma. Það eitt ætti að nægja til þess að undirstrika mikilvægi Sameinuðu þjóðanna fyrir smáþjóð eins og Íslendinga.

Starf 44. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna bar svip af slaknandi spennu milli stórveldanna. Af þeim sökum var óvenju mikil ró í fyrstu nefnd sem fjallar um afvopnunarmál og ræður sendifulltrúanna þar einkenndust af því. Af þeim sökum beindist athygli meira að öðrum vandamálum sem hrjá mannkyn. Má þar nefna mengun umhverfisins og stöðu þriðja heims ríkja, eiturlyfjavandamálið og önnur vandamál svo sem heilbrigðisvandamál og þá einkum hættuna á útbreiðslu alnæmis sem er ein af þeim plágum sem ógna heimsbyggðinni.

Segja má að umhverfismál hafi verið fyrirferðarmest í nefndarstarfinu á þessu allsherjarþingi en þau voru til umræðu í annarri nefnd. Það er sýnt að miðað við núverandi þróun í sambúð stórveldanna og slaknandi spennu verður næsti áratugur áratugur umhverfismála. Ætlunin er að Sameinuðu þjóðirnar gangist fyrir ráðstefnu um umhverfismál árið 1992 og hefur henni verið valinn staður í Brasilíu. Umræðurnar snerust m.a. um undirbúning þessarar ráðstefnu. Ræður fulltrúa hinna ýmsu þjóðríkja í annrri nefnd snerust auðvitað mjög um hin stóru umhverfisvandamál, eyðingu ósonlagsins, eyðingu regnskóga, gróðurhúsaáhrifin, súrt regn og áhrif mengunar á skóga, vötn og mannvirki og þar með sögulegar minjar og mengun hafsins.

Athyglisverðasti þátturinn í þessum umræðum var kannski áherslumunur sem kom fram milli iðnríkjanna og þróunarríkja þriðja heimsins. Fram kom m.a. að ríki þriðja heimsins telja iðnríkin bera mikla ábyrgð á þeim hættum sem steðja að umhverfi mannsins og telja að stuðningur þeirra verði að koma til svo hægt verði að ná alþjóðlegri samstöðu um verndun umhverfisins. Fátækt og bjargarleysi leiða af sér umhverfisvandamál ekki síður en ofgnótt alls sem leitt hefur af sér stórfelld umhverfisvandamál í hinum ríku iðnríkjum. Fulltrúar þeir sem töluðu í annarri nefnd frá þriðja heims ríkjum undirstrikuðu þetta vandamál alveg sérstaklega, umhverfisvandamál allsleysisins.

Ágreiningur þessi speglaðist í mismunandi áherslum um undirbúning umhverfismálaráðstefnunnar. Iðnríkin vilja ræða umhverfi og þróun samhangandi en þróunarríkin vilja halda þessum þáttum aðskildum. Þessi ágreiningur um grundvallaratriði setti mjög svip sinn á umræðurnar.

Náskyld þessu er umræðan um skuldastöðu ríkja þriðja heimsins. Endurgreiðsla þessara skulda gerir hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Skuldsetning þessara ríkja tefur fyrir framþróun í þriðja heiminum og eykur bilið milli norðurs og suðurs.

Það fer ekki hjá því fyrir fulltrúa sem situr þarna í fyrsta sinn, að heimsmyndin breytist nokkuð við að hlusta á umræður sem þessar og hin hefðbundna skipting sem hér er mest í umræðunni, skipting í þjóðir austurs og vesturs, hverfur nokkuð í skuggann fyrir þessari skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar þjóðir og það er ekkert áhorfsmál að við tilheyrum hinum ríku þjóðum. Vandamál okkar eru í rauninni dvergvaxin í alþjóðlegu samhengi.

Þetta leiðir hugann að framlögum okkar Íslendinga til þróunarmála sem voru rædd hér m.a. Hæstv. utanrrh. kom inn á þau mál réttilega í tengslum við skýrslu sína á Alþingi í gær.

Framlög aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til þróunarstarfs á vegum stofnunarinnar voru afhent formlega á sérstökum fundi allsherjarþingsins á þeim tíma sem ég sat þar og kom það í minn hlut að afhenda framlag Íslands. Ég verð að viðurkenna það að ég gerði það ekki með miklu stolti fyrir okkar hönd. Framlögin hafa farið minnkandi í hlutfalli við þjóðarframleiðslu meðan nágrannar okkar á Norðurlöndum auka þau stöðugt þannig að þau nema nú miklum fjárhæðum. Það kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. í gær að framlögin eru nú 0,05% af þjóðarframleiðslu þrátt fyrir að takmarkið hafi verið sett við 1%.

Ég skal að vísu viðurkenna að það er í mörg horn að líta um opinber framlög en þó verðum við að endurmeta þróunarhjálp okkar á þann hátt að við séum virkilega í hópi þeirra sem vilja taka myndarlega á í þessum efnum. Til þess ber okkur siðferðileg skylda í ljósi þess að þjóðartekjur skipa okkur í hóp hinna ríku þjóða.

Það ber vissulega að hafa gát á því að þessi framlög nýtist sem best til að hjálpa mönnum til að hjálpa sér sjálfir og bein aðstoð hefur skilað miklum árangri. Alla þessa þætti ber að endurmeta í þeim tilgangi að efla okkar þróunaraðstoð.

Það er viðurkennt að eiturlyfjavandamálið er alþjóðlegt vandamál. Það hefur verið viðurkennt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og þau voru eitt af stórmálum þessa þings. Forseti Kólumbíu hélt áhrifamikla ræðu í almennu umræðunum um þessi mál en þar sem við komum ekki fyrr en seinna þangað vestur hlýddum við ekki á þá ræðu. Hins vegar komu fram hjá fulltrúum þeirra ríkja þar sem eiturlyfjaframleiðslan á sér stað áhyggjur af afkomu þeirra bláfátæku bænda sem draga fram lífið við ræktun og ofurseldir veldi glæpaflokka sem stunda eiturlyfjasölu. Styrjöld við eiturlyfjahringana kippir lífsgrundvellinum undan þessu fólki. Þarna er alþjóðleg samstaða og samhjálp nauðsynleg, eins og á svo mörgum sviðum, ef takast á að vinna bug á þessari plágu sem brýtur þjóðirnar niður innan frá.

Eins og fram kemur í skýrslu utanrrh. er ákveðið að áratuginn 1991–2000 tileinki Sameinuðu þjóðirnar baráttu gegn eiturlyfjum.

Hér hefur verið stiklað á mjög stóru um það sem að okkar dómi voru stærstu málin á 44. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég ætla ekki í þessum orðum að rekja öll þau mál sem þar voru rædd. Kemur þar einnig til að fulltrúar þingflokkanna sátu ekki á allsherjarþinginu nema tiltölulega skamman tíma og utan um heildarmálefni þingsins heldur fastanefndin þar með sínu starfsliði undir forystu Benedikts Gröndals sendiherra og starfslið utanrrn.

Ég læt þetta því nægja. Þetta er aðeins tilraun til þess að flytja þinginu þann andblæ sem var á 44. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem einkenndist vissulega af slaknandi spennu milli stórvelda þó að

þetta þing endaði vissulega á nokkuð dramatískum átökum en átökin í Rúmeníu og innrásin í Panama bárust þar inn á síðustu dögum þingsins. Þannig að þó að friðvænlegar horfi nú um sinn þá eru veður öll válynd, það sýndi sig um síðustu jól þegar þessir atburðir áttu sér stað.

Það hefur komið fram að hæstv. utanrrh. ávarpaði þing Sameinuðu þjóðanna á þeim tíma sem almennar umræður leiðtoga voru í allsherjarþinginu. Það var mál manna þar vestra að hann hefði komið inn á stór mál og innleitt okkar sjónarmið vel í allsherjarþinginu og einkum lagt áherslu á t.d. umhverfismálin sem segja má að hafi verið mál málanna á allsherjarþinginu.

Að lokum þakka ég aftur starfsmönnum utanrrn. og fastanefndinni, þeim sem við höfðum samskipti við á allsherjarþinginu og óska þeim velfarnaðar í sínum mikilvægu störfum. Okkar fámenna utanríkisþjónusta vinnur þar mjög gott starf því það er vissulega mikið verk að halda utan um allan þann fróðleik og koma til skila skýrslum um allar þær umræður sem fara fram í þessari stofnun.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur fyrr í umræðunni fjallað um meginefni þessarar skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Eins og vænta mátti hefur umræðan nokkuð einkennst af þeim ótrúlegu og jákvæðu breytingum sem átt hafa sér stað í okkar heimshluta á sl. ári. Ég ætla hins vegar aðallega að fara nokkrum orðum um einn afmarkaðan þátt skýrslu hæstv. utanrrh. sem reyndar er ekki fyrirferðarmikill sé litið á umfang hennar og umfjöllun um flesta aðra málaflokka.

Kaflinn um þróunarsamvinnu er knappur og alveg í stíl við fjárveitingar ríkisstjórnar Íslands til þessa málaflokks, en í öfugu hlutfalli við þau vandamál og verkefni sem við blasa í þróunarlöndunum.

Á 44. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna síðasta haust gerðist sá sögulegi atburður að meðal ályktana sem samþykktar voru var alþjóðasamningur um réttindi barna. Það er í mínum huga mjög mikilvægt að slíkur samningur skuli undirritaður, að viðurkennt skuli með formlegum hætti að börn skuli hafa tiltekin réttindi og þau skuli virt. Hins vegar er á honum sá galli eins og öðrum slíkum sáttmálum Sameinuðu þjóðanna, hvort sem þeir snerta almenn mannréttindi eða t.d. réttindi kvenna, að barnasáttmálinn gefur ekkert endanlegt svar um það hvernig á málum skuli tekið.

Í barnasáttmálanum er að finna ýmis mikilvæg atriði. Eflaust finnst mörgum Íslendingum þau ekki snerta okkur beint ef miðað er við kjör og aðstæður sem börn í öðrum heimshlutum búa við. Barnasáttmálinn gefur okkur þó tilefni til að huga að okkar eigin málum og hvernig við sem teljumst til einnar af ríkustu þjóðum heimsins búum að börnum hér á landi og hvort við erum reiðubúin til þess að veita börnum annars staðar í heiminum hlutdeild í þeim auðæfum sem við eigum. Framlög okkar Íslendinga til þróunarsamvinnu og þróunaraðstoðar yfirleitt eru vitaskuld til skammar fyrir okkur.

Ég tel rétt að minna á það að árið 1985 samþykkti Alþingi ályktun þess efnis að auka reglubundin framlög hins opinbera til þróunarsamvinnu þannig að því marki yrði náð að veita 0,7% af þjóðarframleiðslu til þróunarsamvinnu á næstu sjö árum. Þessi einróma samþykkt Alþingis hefur margsinnis verið brotin og það er dapurlegt og í raun ófyrirgefanlegt að sjá yfirlitið um opinber framlög OECD-landa til þróunarsamvinnu á árinu 1988. Yfirlitið er birt sem fskj. með skýrslu utanrrh. og sýnir að af OECD-löndunum leggja Íslendingar langminnst af sinni þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Meðaltal framlaga OECD-landanna er 0,36% en Íslendingar leggja aðeins til 0,05% þetta árið.

Ég minntist áðan á börnin og barnasáttmálann og tel að vart sé hægt að minnast á þróunaraðstoð án þess að minnast á kjör barna sem fæðast í þriðja heiminum. Við vitum að verkefnin þar eru óþrjótandi og til að tryggja framtíð þess fólks sem þar býr verðum við að leggja okkar af mörkum til þess að bæta hag systra okkar og bræðra sem þar fæðast. Við vitum líka að verkefnin eru ekki einungis fjárfrek heldur líka tímafrek. Tímafrek eru þau einkum fyrir þá sök að þau eiga að miða að því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Aðeins með því móti að íbúar í þróunarlöndunum verði sjálfbjarga getum við vænst þess að lífa í betri og réttlátari heimi en nú.

Um þessar mundir er ekki vitað hversu margar milljónir ungbarna deyja vegna sýkingar af völdum mengaðs drykkjarvatns á ári hverju, en sýking af völdum þess er tíðasta dánarorsök ungbarna í þriðja heiminum. Aðrar staðreyndir blasa við. Talið er að um 900 millj. manna séu ólæsir, 600 millj. atvinnulausir og aðrar 600 millj. eru vannærðar eða búa við hungur. Þetta eru ógnvekjandi staðreyndir, ekki síst með tilliti til þeirra auðæfa og óheftrar neyslu sem daglegt líf iðnríkjanna einkennist af. Í iðnríkjunum lætur nærri að konur séu eini framfærandi eins þriðja hluta allra fjölskyldna. Í þróunarlöndunum eru ⅔ hlutar allra fjölskyldna á framfæri kvenna. Það er því ljóst að hjálp til kvenna í þróunarlöndunum er hjálp sem nær til margra einstaklinga, ekki síst barnanna sem ég hef gert að umtalsefni hér í máli mínu.

Í Afríku standa konur fyrir um 80% allra búa og um það bil 60% í Suður-Ameríku. Karlarnir eru oft langdvölum fjarri heimilunum við launavinnu eða jafnvel atvinnulausir. Það eru því konurnar sem sjá um allan daglegan rekstur. Vinnudagur þeirra er oft æðilangur, þær þurfa að ganga margra kílómetra leið eftir vatni og nota 5–7 stundir á degi hverjum til þess að þreskja og mala korn fyrir fjölskyldur sínar.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna starfar sérstakur sjóður, UNIFEM, sem hefur það hlutverk að aðstoða konur í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku við ýmiss konar þróunarstörf. Sjóðurinn var stofnaður árið 1976 í upphafi kvennaáratugarins og hefur megináherslan verið lögð á að veita úr honum lán fremur en styrki. Reynslan af starfsemi sjóðsins hefur verið sú

að konurnar geta nánast undantekningarlaust staðið í skilum. Yfirleitt er ekki um miklar fjárhæðir að ræða en þær geta þó valdið straumhvörfum í lífi kvennanna og fjölskyldna þeirra. Þannig hefur UNIFEM nú aðstoðað konur í nokkrum þorpum Gambíu við að koma upp einföldum myllum þar sem verkin sem áður tóku 5-7 stundir á degi hverjum taka nú 5 mínútur. Sá tími sem afgangs verður þegar konurnar hafa fengið slík tæki í hendurnar, t.d. vatnsdælur eða myllur, nýtist þeim til fjölbreytilegra annarra starfa, t.d. framleiðslu matvæla, sauma, vefnaðar auk þess sem tími gefst til að njóta fræðslu um ýmis mikilvæg málefni, svo sem heilbrigði, getnaðarvarnir, meðferð matvæla og fleira.

Virðulegur forseti. Ég hef farið hér nokkrum orðum um þróunaraðstoð sem sérstaklega er beint að konum. Ástæður þess eru ljósar en ég vildi sérstaklega minnast á UNIFEM-sjóðinn. Hann fær ekki fastar fjárveitingar frá Sameinuðu þjóðunum, heldur renna til hans styrkir frá ýmsum aðildarlöndum og félagasamtökum af ýmsu tagi. Hér á landi hafa nú verið stofnuð sérstök samtök til styrktar þessum sjóði.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, svo og þau lönd sem fremst standa í þróunaraðstoð, og hafa lagt metnað sinn í hana, eru að gera sér æ betri grein fyrir því hve mikilvægt er að beina aðstoðinni til kvenna. Ég hlýt að skora á hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnina alla að huga betur að málefnum þróunarlandanna við undirbúning næstu fjárlaga og leggja meiri áherslu á þá þætti þar sem konur eru beinir þátttakendur þannig að fjármagnið nýtist sem best. Við verðum að taka myndarlegt skref í þá átt að reyna að standa við einróma samþykkt Alþingis frá árinu 1985. Þrátt fyrir tímabundin vandkvæði í efnahagslífi okkar erum við í hópi þeirra þjóða sem eru vel aflögufærar. Okkur ber því að leggja okkar skerf til þróunaraðstoðar, til þeirra sem þarfnast og óska hennar.

Það kemur ekki á óvart að nokkuð hefur verið fjallað um málefni Austur- og Mið-Evrópu í þessari umræðu. Í málflutningi sumra hefur mér þótt örla á tilhneigingu til einföldunar og virðist sem ekki hafi allir getað losað sig undan þeim hugsunarhætti sem einkennt hefur samskipti risaveldanna fram á allra síðustu ár. Auðvitað eru breytingarnar í Austur-Evrópu og Mið-Evrópu í lýðræðisátt mjög jákvæðar en málflutningurinn virðist í einstaka tilfellum ganga út á að hlakka yfir ófórum annarra í fullvissu um að eigið kerfi sé það eina rétta og best fyrir alla. Ég vil minna á að alls staðar þar sem einræði og miðstýring eru einkennandi fyrir stjórnarhættina hefur fólkið risið upp og krafist réttar síns án tillits til þess hvaða hugmyndafræði stjórnarhættirnir hafa byggst á.

Ég vil biðja hv. þm. að hugleiða og minnast dæma úr sögunni sem sýna að illa þenkjandi einstaklingar og valdahópar hvar í flokki sem þeir standa hafa aldrei reynst til farsældar fyrir fólkið.

Þær breytingar sem nú hafa orðið og gengið svo hratt fyrir sig sem raun ber vitni eru tilkomnar fyrir kraft sem hefur blundað í fólkinu. Þrátt fyrir áralanga kúgun hefur ekki tekist að bæla niður frelsisþrá þess fólks sem varð til þess að greiða fyrir breyttum þjóðfélagsháttum. Sá kraftur, sem hefur rekið fólk í friðar- og umhverfishópum víða um heim áfram, er af sama toga. Það fólk hefur knúið valdhafa til að hvetja til afvopnunar og telja má víst að afvopnunarvilji forustumanna risaveldanna sé ekki hvað síst tilkominn vegna þrýstings frá slíkum hópum. Hér á norðurslóðum hefur sú krafa m.a. birst í kröfunni um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og í höfunum í kring. Sú krafa er auðvitað aðeins lágmarkskrafa. Lokatakmarkið hlýtur að vera heimur án kjarnorkuvopna þar sem fólk sér börnum sínum borgið.

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns minntist ég á börn og samþykkta ályktun um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem Ísland og önnur Norðurlönd voru meðal flutningslanda. Þessi samningur um réttindi barna er fyrsti alþjóðlegi bindandi samningurinn um réttindi barna og er hann afrakstur tíu ára starfs. Hann ber með sér að hann er málamiðlun en hann er þó spor í rétta átt.

Í barnasáttmálanum er tekið fram að börn þurfa á sérstakri vernd að halda og óskað er eftir stöðugri viðleitni í þá átt að bæta stöðu barna um allan heim. Ég hef þegar rætt nokkuð um kjör og aðbúnað barna í þriðja heiminum. Í máli hv. 12. þm. Reykv. í gær kom fram að börn eru beitt hrottalegri meðferð í Palestínu. Ísraelskir hermenn hafa deytt um 150 börn undir 16 ára aldri og hafa ísraelsk yfirvöld meinað öllum börnum í Palestínu að stunda nám í um það bil 18 mánuði. Viðleitni kennara til að kenna börnum í heimahúsum varðar við lög. Hér eru aðeins nefnd tvö dæmi en við vitum að allt of víða er pottur brotinn í málefnum barna.

Ég bið hv. þm. að hugleiða við þessa umfjöllun um utanríkismálin að víða um heim alast börn upp við allsendis óviðunandi aðstæður og fjöldi barna hefur aldrei kynnst því sem við mundum kalla venjulegar aðstæður, venjulegt líf. Í umfjöllun um utanríkismál er gjarnan fjallað um svokölluð hefðbundin atriði eins og hernaðarbandalög og viðskiptasamninga. Við verðum að muna eftir börnunum sem eru framtíð mannkyns. Í því sambandi skulum við rifja upp og hugleiða afríska máltækið sem segir að við höfum ekki fengið jörðina að gjöf frá forfeðrum okkar heldur aðeins til varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Íslendingar hafa mikið verk að vinna og geta gegnt mikilvægu hlutverki til þess að hvetja til friðsamlegri heims þar sem borin er virðing fyrir fólkinu sem jörðina byggir og umhverfinu.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það hefur verið næsta fróðlegt að fylgjast með þessari umræðu hér um skýrslu utanrrh. og ég held að þessi umræða gefi okkur tilefni til þess að huga svolítið að vinnubrögðum á hinu háa Alþingi, kannski einkanlega þegar verið er að ræða skýrslu sem þessa. Hér var í upphafi reynt að setja eins konar ramma utan um umræðurnar til að gera

þær skipulegri og markvissari en það fór kannski eins og við var að búast að tímamörk héldu ekki mjög nákvæmlega og er svo sem ekkert við því að segja. En ég vil ekki liggja á þeirri skoðun að ég held að það standi þingstörfunum mjög fyrir þrifum hvað ræðutími er lítt heftur, hvað skilvirkni er lítil í störfum þingsins, hvað umræður eru ómarkvissar og fara út um víðan völl. Það hefur komið mjög glöggt í ljós í þessari umræðu. Það er eins og við hv. þm. gleymum því ærið oft að það er ekki hversu lengi við tölum heldur hvað við segjum sem kannski skiptir meginmáli. Ég held, og ég hef sagt það hér áður, að við þurfum að athuga okkar gang og íhuga þessi vinnubrögð betur vegna þess að umræður um skýrslu utanrrh. sem var flutt hér í alllöngu máli, eru í rauninni engar umræður þegar hér kemur hver hv. þm. á fætur öðrum og talar í eina og hálfa klukkustund eða allt að því. Þá eru þetta engar umræður. Þetta eru einhvers konar einstaklingsbundnar messur. Og ræður sem standa í eina og hálfa klukkustund eru yfirleitt ekki mjög góðar ræður. Ég held því að við þurfum að athuga okkar gang.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að verða langorður við þessa umræðu. Ég ætla að drepa hér aðeins á örfá atriði sem hér hefur áður verið vikið að. Það væri vissulega hægt að nefna margt annað en ég ætla ekki að gera það á þessu stigi máls. Hæstv. utanrrh. vék hér að norrænni samvinnu. Umræðan um hana hefur auðvitað verið venju fremur mikil hér á landi eftir að haldið var þing Norðurlandaráðs hér. Ýmsir hafa orðið til að láta í ljósi efasemdir um ágæti Norðurlandasamvinnunnar. En ég skildi hæstv. utanrrh. á þann veg að hann drægi ekki í efa gildi þess að starfa náið og mikið með Norðurlöndunum þrátt fyrir tímabundin einstaklingsupphlaup eins og hjá danska utanríkisráðherranum sem skemmst er að minnast. En auðvitað er það svo í norrænni samvinnu að þar þarf að staldra við, skoða málin í ljósi nýrra tíma og ýmsu þarf að breyta.

Það hefur verið gagnrýnt oftlega og m.a. í þessum umræðum að norræn samvinna feli í sér mikla skriffinnsku og mikið embættismannafargan. Ég held að sú gagnrýni sé ekki á rökum reist. Við vitum það að öll alþjóðleg og fjölþjóðleg samvinna felur það í sér að notað er töluvert mikið af pappír. Ég held að norræna embættismannakerfið sé ekki stórt eða viðamikið miðað við það sem það skilar. En auðvitað þurfum við að vera reiðubúin á hverjum tíma að endurskoða þetta. Ég held þó að við eigum ekki að draga úr áherslunni á norræna samvinnu og ég held að við eigum ekki að draga úr því fjármagni sem fer til norrænnar samvinnu. Ég held að þvert á móti megi auka framlög á ýmsum sviðum eins og til sameiginlegra verkefna á sviði norrænna menningarmála sem hafa skilað Íslendingum mjög miklu.

Hér var, virðulegi forseti, haldin næsta löng ræða um skýrslu okkar sem skipum íslensku þingmannanefndina í Evrópuráðinu. Með fullri virðingu fyrir þeim sem ræðuna flutti verð ég að segja að mér fannst hún fulllöng og þar fannst mér líka blandast saman ýmislegt sem ekki tilheyrði beint skýrslunni. Ég hafði skilið það svo að þeir hv. þm. sem flyttu skýrslur af hálfu alþjóðanefnda þingsins flyttu skýrslur en geymdu sín persónulegu sjónarmið um utanríkismál þar til síðar í umræðunni. En þar sem mjög ítarlega hefur verið farið yfir þessa skýrslu ætla ég ekki sérstaklega að gera hana að umtalsefni í löngu máli.

Ég ætla aðeins að minna á það að Evrópuráðið hefur auðvitað hlotið mjög aukið mikilvægi núna síðustu missiri. Það var svo að með tilkomu Evrópubandalagsins og hinnar miklu pólitísku starfsemi sem fram fer á þess vegum fannst mönnum sem drægi úr mikilvægi Evrópuráðsins. Með þeim miklu atburðum sem nú hafa gerst í austanverðri álfunni hefur Evrópuráðið auðvitað hlotið alveg nýja stöðu og nýtt mikilvægi þegar það er fyrirsjáanlegt að bæði Ungverjaland og Pólland verða fullir aðilar að Evrópuráðinu áður en langt um líður. Við getum þá minnst þess í leiðinni að það var ekki fyrr en á síðasta vori, fyrir ári síðan, að Finnar urðu fullir aðilar að Evrópuráðinu og höfðu þá haft þar gestasæti í mörg ár þannig að Evrópuráðinu hefur tvímælalaust vaxið ásmegin, mikilvægi þess hefur aukist og á áreiðanlega enn eftir að aukast.

Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna hvað okkur er það mikilvægt að geta fylgst vel með því sem þar er að gerast. Hins vegar er það vandamál sem við þurfum að íhuga hér að það er vissum erfiðleikum bundið fyrir íslenska alþingismenn að taka fullan þátt í nefndastarfi á vegum Evrópuráðsins. Til þess eru fundir einfaldlega of tíðir. Það tekur of langan tíma og kostar mjög mikið ef menn ætla að fylgjast með því öllu alveg út í hörgul. Þess vegna skiptir miklu máli að velja og hafna og fylgjast með því sem skiptir máli. En við stöndum hér, þetta þjóðþing 63 þingmanna, andspænis því vandamáli að við tökum fullan þátt í alþjóðlegu samstarfi á mörgum vettvangi. Það hefur komið í ljós hér við skýrsluflutning. Við getum nefnt Alþjóðaþingmannasamtökin, Þingmannasamband Atlantshafsbandalagsins, Norðurlandaráð, Evrópuráð, Sameinuðu þjóðirnar og fleira. Þessi störf taka æ meiri tíma. En ég undirstrika að það er mikilvægt að þessum störfum sé sinnt, það er mikilvægt að stóll Íslands sé ekki auður, ég tala nú ekki um þegar verið er að fjalla um mál sem beinlínis hafa mikla þýðingu fyrir okkur. En í þessu efni er okkur vandi á höndum, bæði að því er varðar tíma og kostnað.

Ég ætla að nefna hér dæmi um mál sem eru til meðferðar í þeim nefndum sem ég á sæti í í Evrópuráðinu, þ.e. landbúnaðarnefnd sem hefur innan sinna vébanda undirnefnd sem fjallar um sjávarútvegsmál. Þar er nú verið að ræða tillögur um ástand fiskstofna í ám og vötnum í Evrópu og sérstakt fiskverndarátak sem verið er að gera til þess að uppræta mengun og bjarga fiskstofnum í ám og vötnum sem beinlínis eru í útrýmingarhættu vegna mengunar og af ýmsum öðrum ástæðum. Einhverra hluta vegna tekur Ísland ekki þátt í þessu átaki sem hófst núna í síðustu viku og það gera raunar ekki nærri því öll lönd sem eru aðilar að Evrópuráðinu.

Önnur tillaga er á döfinni í ráðinu sem fjallar um fiskveiðar í höfunum. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgjast með framgangi þess máls og sjá til þess að þar séu engin ákvæði sem við getum ekki unað við og helst að þar séu ákvæði sem við erum mjög ánægðir með. Vinnan við þessa tillögu er komin mjög skammt á veg, en hún verður til umfjöllunar í ráðinu áreiðanlega fram á næsta haust a.m.k.

Annað mál vil ég nefna sem lokið var í ráðinu nú í lok september. Það var tillaga sem fjallaði um framtíð hvalveiða. Það mál var búið að vera nokkuð lengi á döfinni í Evrópuráðinu og voru tilnefndir tveir umsjónarmenn eins og gert er þar með málinu. Annar þeirra var Kjartan Jóhannsson, fyrrv. alþm., sem nú gegnir sendiherrastörfum. Upphaflega fjallaði þessi tillaga beinlínis um fordæmingu á hvalveiðum og átti að leiða til þess að Evrópuráðið lýsti stuðningi við það að öllum hvalveiðum yrði hætt. Ég fullyrði það að Kjartani Jóhannssyni hafi m.a. tekist að beina málinu inn á aðrar brautir, þær brautir að menn huguðu að framtíð hvalastofnanna í heimshöfunum og hlutverki þeirra í lífkerfinu í höfunum. Þegar tillagan kom svo til umræðu og endanlegrar samþykktar á Evrópuráðsþinginu í september voru þar vissulega uppi mjög margar brtt. sem hefðu komið sér illa fyrir okkur ef samþykktar hefðu verið, tillögur öfgamanna úr ýmsum áttum sem líta á hvalveiðar eins og hver önnur morð, liggur mér við að segja, og það að borða hvalkjöt sé lítið betra en að leggja sér til munns mannakjöt. En samþykkt var á Evrópuráðsþinginu sérstök ályktun um framtíð hvalveiða í heiminum. Vegna þess, virðulegi forseti, að sú ályktun er fremur stutt og hefur aldrei áður verið formlega kynnt á Alþingi held ég að rétt sé að lesa hana hér og skal nú ekki lengja mál mitt mjög. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Evrópuráðsþingið gerir sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðra hvalastofna í lífkerfi hafanna og er sannfært um að aðildarríki Evrópuráðsins hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja framtíð hvalastofnanna.

— Minnir á samþykkt Evrópuráðsþingsins nr. 798 frá 1977, um verndun lífrænna auðlinda hafanna, og samþykkt nr. 674 frá 1978, um verndun lífrænna auðlinda í Norðaustur-Atlantshafi og Miðjarðarhafi, þar sem sérstök áhersla var lögð á nauðsyn þess að horfa á lífkerfið sem heild.

— Leggur áherslu á að hvalastofnunum sé nægur gaumur gefinn ásamt fiskstofnum og öðrum lífverum í höfunum þegar unnið er að stefnumótun varðandi skilning, stjórn og nýtingu auðlinda sjávar, einkum og sér í lagi nú um stundir þegar mörg ríki eru að auka umsvif sín í og á sjó.

— Viðurkennir að Alþjóðahvalveiðiráðið hefur átt mikilvægan þátt í að efla alþjóðlegt samkomulag um rétta nýtingu og verndun hvala og aukið skilning á hvölum og hlutverki þeirra í lífkerfi sjávar.

— Hvetur allar þær ríkisstjórnir sem hlut eiga að máli til að hlíta í einu og öllu ákvörðunum Alþjóðahvalveiðiráðsins og beita sér fyrir nauðsynlegum verndaraðgerðum.

— Viðurkennir að vísindaveiðar skuli því aðeins eiga sér stað að vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins sé viss um að viðkomandi stofnum sé ekki stofnað í hættu og með veiðunum megi afla mikilvægra upplýsinga.

— Gerir sér grein fyrir að einhvern tíma í framtíðinni kunni að verða nauðsynlegt að endurmeta stöðuna til að tryggja það að jafnvægi haldist í lífkerfi hafanna.

— Hvetur stjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins til:

1. Að auka stuðning við Alþjóðahvalveiðiráðið þannig að það verði sem hæfast til að gegna þeim störfum sem samþykktir þess gera ráð fyrir.

2. Að leggja áherslu á að styrkja starf vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins til að bæta þær upplýsingar sem ákvarðanir eru byggðar á og auka áhrif nefndarinnar á ákvarðanir.

3. Að beita sér fyrir eða efla, eftir því sem við á, rannsóknarverkefni sem fela ekki í sér hvaladráp en sem beinast að því að afla aukinnar þekkingar á hinum ýmsu hvalastofnum og hlutverki þeirra í lífkeðju hafanna með samvinnu aðildarríkjanna og í samstarfi við Alþjóðahvalveiðiráðið.

4. Að virða ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1982 um núllkvóta að því er varðar allar hvalveiðar í ábataskyni 1986–1990 og vinna að því að þetta bann haldist eftir 1990 ef vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins mælir með því og beita áhrifum sínum til að hvetja allar aðrar þjóðir, hvort sem þær eiga aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu eður ei, til að gera slíkt hið sama.

5. Að móta stefnu á vegum Alþjóðahvalveiðiráðsins að því er varðar hugsanlega framtíðarveiði úr hvalastofnum sem ekki eru í hættu að því tilskildu að veiðarnar byggist á vel grunduðu mati á eiginleikum stofnins.

— Að jafnvægi í lífkerfi sjávarins sé ekki stofnað í hættu.

— Að tekið sé eðlilegt tillit til þarfa og hagsmuna þeirra frumbyggja sem stunda hvalveiðar.

— Að vísindaveiðar séu í lágmarki.

— Að refsiaðgerðum verði beitt gegn þeim löndum sem ekki virða þessa stefnumótun.

— Að vinna að því að valdsvið Alþjóðahvalveiðiráðsins verði aukið svo það nái einnig til smáhvala, höfrunga o.s.frv. með það fyrir augum að banna dráp þeirra."

Hér lýkur þessari tilvitnun, virðulegi forseti. Þetta er samþykktin eins og hún var endanlega afgreidd og ég held að hún sé þannig að við getum vel við hana búið. Ég vek athygli á því að samþykkt var breytingartillaga frá undirrituðum varðandi 4. tölul. í því sem ég taldi upp hér síðast, þ.e. þar sem fjallað var um að vinna að því að áfram verði í rauninni veiðibann eða núllkvótar eftir 1990. Þar var að okkar tillögu bætt inn „ef vísindanefnd Alþjóðahval-

veiðiráðsins mælir með því.“ Og þannig var tillagan samþykkt.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að segja mikið meira hér. Það hefur verið rætt töluvert um sameiningarþróunina sem nú á sér stað í Evrópu. Ég vil bara lýsa því yfir að þar erum við Íslendingar á réttri leið, að hafa samstarf við EFTA-ríkin og taka fullan þátt í samningaviðræðum um hugsanlegt evrópskt efnahagssvæði. Við hvorki getum né viljum útiloka okkur frá því sem þarna er að gerast og alveg burt séð frá því hvað gerist og hvernig þátttakendur við verðum í þessu samstarfi þurfum við að vinna hér mjög mikið samræmingarstarf á öllum sviðum, bara ef við ætlum að selja okkar vörur og halda áfram að flytja inn vörur frá Evrópu. Ég lýsi fullum stuðningi við það sem hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hafa verið að gera í tvíhliða viðræðum og í EFTA-viðræðunum, fullyrði að þar erum við á réttri leið.

Það hefur hins vegar verið sorglegt í þessum viðræðum að hlusta á fulltrúa Alþb. gera grein fyrir sínum sjónarmiðum sem ég vona svo sannarlega að séu ekki sjónarmið flokks hans. Hann hefur opinberað sérstöðu sína og kannski hefur formanni flokksins mistekist að draga flokkinn inn í nútímann eins og þyrfti en hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson er enn þá fastur í freðmýrum fortíðarinnar og talar þaðan. Og einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að jafnvel kunni svo að vera að forusta Alþb. sé bæði í þessu máli og ekki síður í stóriðju- og virkjunarmálum að einangrast frá þjóðinni. Og út af fyrir sig harma ég það ekki en það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þá ágætu menn.

Að lokum, virðulegi forseti, var hér nokkurt upphlaup á dögunum þegar hv. 2. þm. Austurl. hljóp hér eina ferðina upp í ræðustól til þess að fullyrða eftir útvarpsfregnum, lausafregnum að því er virðist, að sennilega væru stórfelldar símahleranir og persónunjósnir stundaðar á Keflavíkurflugvelli. Ég tel að í ræðu sinni hafi hæstv. utanrrh. skýrt frá vettvangsathugun í því máli sem hnekkir öllum þeim fullyrðingum þannig að þar stendur ekki steinn yfir steini. Hv. 2. þm. Austurl. hefur bara enn einu sinni, því miður er hann ekki viðstaddur hér í salnum núna, orðið ber að því að hlaupa í ræðustól með órökstutt fjölmiðlafleipur. Ég held að þetta hafi komið mjög skýrt og greinilega í ljós enda þótt hv. 2. þm. Austurl. kæmi hér í ræðustól að máli utanrrh. loknu og léti að því liggja að það væri ekki víst að þetta væri allt saman öldungis rétt og lét meira eða minna að því liggja að samt kynni það enn að vera svo að þarna væru stundaðar stórfelldar símahleranir og persónunjósnir.

Það væri vissulega hægt að tala hér langtum lengra mál, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera það. Ég hef nefnt nokkur atriði sem mér finnast máli skipta. Margt fleira mætti hér segja og einkanlega hefði kannski verið ástæða til að fjalla meira um Evrópumálin og það sem þar er að gerast en hæstv. utanrrh. hefur þegar gert því máli glögg og ítarleg skil og ég hef lýst fullum stuðningi við það sem verið er að gera í þeim efnum og læt því máli mínu lokið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Vesturl. að það er mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Dæmi sem hann nefndi þar máli sínu til stuðnings eru dæmi um hversu mikilvægt það getur verið að við höfum áhrif á ályktanir sem okkur varða og ber því að fylgjast vel með öllu því sem gerist á alþjóðlegum vettvangi.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs hér er fyrst og fremst sú að ég taldi ástæðu til þess að gera grein fyrir viðræðum sem áttu sér stað í gær milli starfsmanna framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins og íslenskra embættismanna varðandi samskipti Íslands og Efnahagsbandalagsins, en þessar viðræður fóru fram í sjútvrn. fimmtudaginn 29. mars 1990, þ.e. í gær. Til þessa fundar komu þrír starfsmenn framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins, þeir Henrik Schmiegelow og Ole Tougard frá GG-14 sem er sjávarútvegsdeildin, og Tomas Abadia frá GG-1 sem er utanríkisdeild Efnahagsbandalagsins. Þessir menn komu hér til óformlegra viðræðna við íslenska embættismenn úr sjútvrn. og utanrrn. um undirbúning að mögulegri heimsókn Manuel Marins, þess framkvæmdastjóra Efnahagsbandalagsins sem fer með sjávarútvegsmál, en heimsókn hans er fyrirhuguð í maí n.k.

Í upphafi þessa fundar var farið yfir gamalkunnug sjónarmið hvors aðila um sig, um forsögu fríverslunarsamninganna og þróun mála síðustu tvo áratugi. Í þessum viðræðum kom skýrt fram að grundvallarforsendur Efnahagsbandalagsins eru aðrar en Íslands þar sem Efnahagsbandalagið telur að gegn frekari viðskiptaívilnunum fyrir íslenskar sjávarafurðir verði að koma tilslakanir af Íslands hálfu innan sjávarútvegsgeirans, þ.e. veiðiheimildir. Af Íslands hálfu var bent á að líta yrði á viðskipti með sjávarafurðir í samhengi við heildarsamskipti Efnahagsbandalagsins og Íslands. Gegn viðskiptaívilnunum fyrir sjávarafurðir gætu komið samsvarandi viðskiptaívilnanir af Íslands hálfu á öðrum sviðum innan ramma fríverslunarsamningsins frá 1972. Af Íslands hálfu var hreyft þeirri hugmynd að hugsanlega mætti gera fiskveiðisamning milli Íslands og Efnahagsbandalagsins er byggði m.a. á möguleika á skiptum á jafngildum veiðiheimildum í litlum mæli. Samhliða því yrði að gera tvíhliða samkomulag um lækkun eða afnám tolla í bandalaginu á íslenskum sjávarafurðum gegn lækkun eða afnámi fjáröflunartolla af iðnaðarvörum bandalagsins við innflutning til Íslands. Af hálfu bandalagsins kom fram að enda þótt æskilegt væri að gera samning um sjávarútvegsmál er m.a. grundvallaðist á skiptum á jafngildum veiðiheimildum væri ekki af hálfu bandalagsins unnt að líta svo á að slíkur samningur mundi greiða fyrir frekari viðskiptaívilnunum fyrir íslenskar sjávarafurðir. Bandalagið liti ekki á gerð slíks samnings sem eftirgjöf af Íslands hálfu. Fyrir frekari viðskiptaívilnanir fyrir íslenskar

sjávarafurðir yrðu að koma tilslakanir á sjávarútvegsviðinu í formi fiskveiðiheimilda til handa bandalaginu.

Fram kom að vegna þess að EFTA-ríkin hafa sett fram kröfu um fríverslun með sjávarafurðir munu þessi mál koma upp í viðræðum Efnahagsbandalagsins og EFTA-ríkjanna um EES. Bandalagið mun í þeim viðræðum setja fram gagnkröfu um fiskveiðiréttindi. Þar verður þetta mál hins vegar rætt í víðara samhengi þar sem markmiðið er að ná jafnvægi milli heildarhagsmuna EFTA-ríkjanna annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar.

Ég taldi rétt, virðulegur forseti, að gera Alþingi Íslendinga grein fyrir þessum fundi vegna þeirrar miklu umræðu sem farið hefur fram hér á Alþingi um samskiptin við Efnahagsbandalagið. Það hefur verið og er stefna Íslendinga að aðskilja þessi mál, þ.e. viðskiptasviðið annars vegar og sjávarútvegssviðið hins vegar. Við höfum á hinn bóginn talið nauðsynlegt að kanna vel og rækilega með hvaða hætti samningur á sjávarútvegssviðinu, sem væri algert jafnvægi í og jafnræði milli Efnahagsbandalagsins annars vegar og Íslands hins vegar, gæti orðið til þess að liðka fyrir samkomulagi um tollaafnám og lækkun tolla. Það hefur komið fram í viðræðum við marga aðila, m.a. marga ráðherra aðildarþjóðanna, að mikill vilji væri fyrir því að greiða úr þeim flækjum sem hafa verið í samskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins. Einhver opnun á því sviði gæti mjög greitt fyrir úrlausn mála. Í þessum viðræðum kemur fram að a.m.k. enn sem komið er er engin breyting á afstöðu Efnahagsbandalagsins. Það er því ljóst að ekki verður gengið til formlegra tvíhliða viðræðna við Efnahagsbandalagið af Íslands hálfu nema uppi á borðinu sé sú krafa Efnahagsbandalagsins að fyrir viðskiptaívilnanir, eins og það er kallað, komi fiskveiðiréttindi Efnahagsbandalaginu til handa frá Íslandi. Það hefur verið stefna Íslendinga að taka ekki upp slíkar viðræður nema ljóst væri að sú krafa væri ekki á borðinu. Það hefur því að mínu mati verið fullkannað hvort rétt sé að taka upp slíkar formlegar viðræður nú.

Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu halda áfram að ræða við einstaka aðila innan Efnahagsbandalagsins og aðildarþjóða þess um málefni Íslendinga í þeirri von að geta breytt þeirri stefnu sem þarna er. Það er hins vegar ljóst að við hljótum að leggja mjög ríka áherslu á að koma fram sjónarmiðum okkar í þeim viðræðum sem fara fram milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Efnahagsbandalagsríkjanna hins vegar. Ég vænti þess að þær viðræður geti leitt til þess að bandalagið breyti um stefnu í þessu lífshagsmunamáli Íslendinga. Ég taldi nauðsynlegt að gera Alþingi grein fyrir þessum fundi. Það er jafnframt nauðsynlegt að sú skýra afstaða sem kom fram hjá þeim embættismönnum sem ég hef hér nefnt liggi fyrir, m.a. vegna fyrirhugaðs fundar forsrh. í Brussel í næsta mánuði. En þar hljótum við að leggja enn á ný áherslu á að Efnahagsbandalagið breyti um stefnu að því er þetta varðar.

Þetta var aðalerindi mitt hér í ræðustól, virðulegur forseti. Vænti ég þess að þessar upplýsingar komi að gagni í þeim umræðum sem hér fara fram.

Jóhann Einvarðsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hefur lagt hér fram skýrslu um utanríkismál og fylgt henni úr hlaði með ítarlegri ræðu. Skýrsla þessi er vel úr garði gerð og hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar um stefnu ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum, svo og mikinn fróðleik um ýmis alþjóðamál. Ég mun ekki fara nema lítillega yfir skýrsluna en drepa þó á nokkur atriði.

Það eru miklir stormar og miklar sviptingar í hinum alþjóðlega, pólitíska heimi núna þessa dagana og þessar vikurnar og ekki síst í austanverðri Evrópu. Miklar breytingar eiga sér nú stað í Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra og svo er komið að ýmis lýðveldi Sovétríkjanna hafa óskað eftir og tilkynnt um sjálfstæði sitt. Hljótum við Íslendingar að aðstoða þau ríki af fremsta megni.

Ýmis ríki Sovétríkjanna, svo sem Georgía og ýmis fleiri, eru grundvöllur efnahags þess ríkis. En efnahagur Sovétríkjanna er nú kannski það mál sem veldur mestum erfiðleikum í allri endurskipulagningu hjá þeim. Af Eystrasaltsríkjunum, Eistlandi, Lettlandi og Litáen, hafa tvö þegar lýst yfir sjálfstæði sínu. Og Alþingi hefur tekið undir þessar ákvarðanir þeirra með því að senda heillaóskir og aðrar kveðjur til Litáens. Ég lít svo á að Alþingi hafi sýnt dug að við skyldum verða fremstir í flokki og fyrst þjóða til að senda skeyti til litáísku þjóðarinnar. Það hefur komið fram í viðtölum sem fulltrúar þess ríkis hafa átt við okkar fulltrúa að það er mikils metið. Hvort nauðsynlegt er að senda síðan formlega áskorun og viðurkenningu frekar en við höfum þegar gert skal ósagt látið núna. Það þarf þó að athuga það þegar lengra kemur í þessu máli því ekki má heldur valda neinum óróa að óþörfu þannig að til annarra og alvarlegri atburða gæti komið.

Um framtíð Austur- og Vestur-Þýskalands er það að segja að ég held að allir hljóti að vera sammála um að það styttist mjög í að þau tvö ríki verði sameinuð. Við sameiningu þessara tveggja ríkja verður mikil breyting á valdajafnvægi í Evrópu, svo mikil að á fundum sem ég hef setið, t.d. hjá þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsríkjanna, og þar hafa verið fulltrúar frá Sovétríkjunum, hafa menn velt miklum vöngum yfir því hvaða áhrif þetta hefur, bæði á viðskiptalega og pólitíska framtíð Evrópu. Nú er svo komið að menn láta sér jafnvel detta í hug að slík staða gæti komið upp að Rússar mundu líta á það með velvilja að bandarískur her yrði áfram í Þýskalandi vegna framtíðarinnar.

En það hefur líka komið fram á þessum fundum að Frakkar, sem sögðu sig úr hernaðarsamvinnu NATO-ríkjanna fyrir nokkuð mörgum árum síðan, eru þegar farnir að ræða þann möguleika að þeir muni óska eftir því að aðild þeirra verði tekin til endurskoðunar og NATO-her verði staðsettur á

franskri grundu, m.a. vegna forsögunnar og ýmissa vangaveltna um framtíð og hvaða áhrif sameining þýsku ríkjanna hefur.

Sama má segja um Suður- og Mið-Ameríku. Þar hafa miklar breytingar átt sér stað á síðustu vikum og mánuðum. Er nú svo komið að sennilega er það einungis á Kúbu sem í dag er forseti eða þjóðarleiðtogi sem ekki er kosinn í frjálsum lýðræðislegum kosningum. En ég ætla ekki að fara mjög ítarlega út í hin stórpólitísku heimsmál. Þeim eru gerð ítarleg skil í skýrslu hæstv. utanrrh.

Sama segi ég um viðræðurnar milli EB og EFTA og það starf sem við höfum leitt á síðari hluta sl. árs og tökum að sjálfsögðu þátt í af fullum krafti enn innan EFTA. Ég er sammála þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur sett sér í þeirri vinnu. Ég tel að við náum meiru fram í gegnum EFTA-samvinnuna heldur en við gerðum einir í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið þó svo að ég telji sjálfsagt að ríkisstjórnin haldi því áfram sem hún er þegar með í gangi, eins og fram kom hjá hæstv. sjútvrh. hér áðan, að hafa óformlega tvíhliða viðræður. Það mun að sjálfsögðu koma í ljós hvor leiðin verður árangursríkari í lokin en sjálfsagt er að halda þeim báðum opnum.

Hv. 14. þm. Reykv. flutti allítarlega skýrslu um aðild Íslands að NATO og þingmannasamtökum NATO-ríkjanna. Er í sjálfu sér ekki mörgu við það að bæta. Það er þó ljóst að tilvera NATO í þessi rúmlega 40 ár sem NATO hefur verið við lýði hefur tryggt frið í þessum heimshluta svo að á því getur ekki nokkur vafi leikið. Það kom fram á fundi sem ég og hv. 14. þm. Reykv. tókum þátt í hjá þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsríkjanna fyrir nokkrum vikum síðan í Belgíu, og á þeim fundi mættu líka fulltrúar frá Æðstaráði Sovétríkjanna, að meginmunur á þessum tveimur hernaðarbandalögum er sá, og það sem þeir öfunda okkur kannski hvað mest af, að frá upphafi hefur verið um verulega mikið pólitískt samstarf að ræða milli ríkja Atlantshafsbandalagsins. Það hefur ekki verið um það að ræða hjá Varsjárbandalaginu. Varsjárbandalagið hefur einungis verið hernaðarbandalag og í reynd ekki meira bandalag en svo að það hefur verið rekið frá einni skrifstofu í Moskvu og þaðan er því stjórnað.

Núna er ljóst að Varsjárbandalagið er að riðlast. Menn búast jafnvel við því að þarna geti orðið um herlaus ríki að ræða sem kannski yrðu eins og hlutlaus ríki í miðri Evrópu sem mundu þá hugsanlega draga verulega úr þeirri spennu sem hefur verið milli austurs og vesturs. En það sem skortir á hjá þeim er þetta pólitíska samstarf sem hefur verið milli ríkja Atlantshafsbandalagsins. Ég er sannfærður um að framtíð NATO mun ekki breytast svo mjög mikið á næstu árum. NATO-ríkin munu auka pólitískt samstarf sitt og samstarf á öðrum sviðum og trúlega draga eitthvað úr hernaðarlegu samstarfi vegna þeirra breytinga sem verða í heimsmálunum. En ég er sannfærður um það að NATO mun ekki breytast svo mikið að öðru leyti í náinni framtíð.

Á þessum fundum sem við höfum tekið átt í höfum við reynt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar með það að koma okkar áhugamálum fram. Það hefur fyrst og fremst verið í afvopnunarmálum og þá ekki síst að fá umræður innan þessara samtaka um afvopnun í höfunum og traustvekjandi aðgerðir hjá sjóherjunum. Það er náttúrlega ljóst og þarf ekki að skýra fyrir hv. alþm. að það er mikið hagsmunamál okkar ríkis sem byggir alla sína tilveru á sjávarfangi að ekki verði hér stórkostleg slys, hvorki kjarnorkuslys vegna vopna eða siglinga kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta, og að nauðsynlegt er að vel sé fylgst með slíkum hlutum. Ég verð að segja að miðað við þá starfsemi sem ég hef tekið þátt í, svokallaða undirnefnd hjá pólitísku nefnd þessara þingmannasamtaka, hefur verið mikill vilji á síðustu mánuðum, og hann aukist, að taka ítarlegri þátt í slíkri umræðu. Menn töldu í upphafi þegar byrjað var að ræða þessa hluti að bandarískir þingmenn mundu leggjast af hörku gegn öllum slíkum hugmyndum. Það hefur ekki orðið svo. Á síðasta fundinum sem haldinn var í Róm í október sl. var m.a. bætt inn í þessar samþykktir okkar um traustvekjandi aðgerðir og afvopnun að fá frá viðkomandi ríkisstjórnum stefnuyfirlýsingu eða framtíðaráætlanir þeirra sem gætu hugsað sér að taka þátt í almennri umræðu um afvopnun á höfunum og ýmsa upplýsingaskyldu á þeim vettvangi. Þetta samþykktu m.a. Bandaríkjamenn. Þetta segi ég hér af því sérstaka tilefni að því hefur mikið verið haldið á lofti að útilokað sé að fá Bandaríkjamenn til viðræðna um þessa hluti.

Hvað út úr þessu kemur skal ég ekki fullyrða á þessu stigi. Núna er verið að safna gögnum og undirbúa vorfund þessara samtaka sem haldinn verður í París í maímánuði nk. Þá kemur í ljós hvaða niðurstaða verður á samstarfi okkar á þessum vettvangi. Það er hins vegar ljóst að öll okkar umræða um að taka afvopnun á höfunum upp byggist á því að þetta sé næsta skref þegar lokið er hinum almennu viðræðum og samningum sem núna fara fram í Vínarborg og menn sjá vonandi fyrir endann á.

Annað mikilvægt atriði í þessu sambandi sem ég tel að væri rétt og nauðsynlegt að koma á á einhvern hátt er alþjóðlegt samstarf um aðgerðir þegar slys verða, svo sem þegar sovésku kjarnorkukafbátarnir sukku — annar þeirra sökk en það kviknaði í hinum — til þess að bjarga því úr hafinu þannig að dregið verði úr hættu á að um mengunarslys verði að ræða af þessu sem yrði náttúrlega mjög alvarlegt fyrir okkur.

Í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli hygg ég að ekki verði verulega miklar breytingar á næstunni. Ég held að það tvennt valdi því að ekki verði um miklar breytingar að ræða. Vonandi tekst að ná samningum um verulega afvopnun í heiminum. En það samkomulag mun byggjast fyrst og fremst á því að gott eftirlit sé haft með því að menn framfylgi því sem samið er um. Þess vegna held ég að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli muni fá nokkuð breytt en ekki síður mikilvægt verkefni, þ.e. að sinna þessu eftirlitsstarfi. Þar að auki er mikil nauðsyn vegna flutningaleiðanna að vel sé fylgst með frá stöð eins og á Keflavíkurflugvelli.

Það ber brýna nauðsyn til þess, og ég tek undir með

hv. 3. þm. Vesturl., að Íslendingar taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Þó það sé vegna fæðar okkar og kostnaðar nokkrum vandkvæðum bundið fyrir okkur að sækja slíkar þingmannasamkomur er nauðsynlegt að við reynum að mæta sem oftast og taka virkan þátt í því starfi sem þar fer fram. Og ég held ég geti fullyrt að núverandi sendinefnd hjá þessum þingmannasamtökum hefur, með fullri virðingu fyrir eldri sendinefndum, tekið mun virkari þátt í starfi og hyggst auka það enn. (**MÁM:** Ég mótmæli.) Ég bið fyrrv. forseta þessara samtaka velvirðingar en það er svo langt síðan hann var forseti þarna að ég var næstum búinn að gleyma því að hann hafði verið þar. En ég sagði líka: Með fullri virðingu fyrir fyrri sendinefndum á þessum vettvangi. (**MÁM:** Afsökunarbeiðnin er tekin til greina.) Ég þakka þér fyrir, 1. þm. Reykn.

Af því að ég minntist á Keflavíkurflugvöll vil ég fara örfáum orðum um þá umræðu sem fór fram hér fyrr í vikunni um meintar njósnir á Keflavíkurflugvelli, meintar persónunjósnir, eins og málið var lagt upp þá. Borin var fyrir því frétt í Ríkisútvarpinu sem hafði sínar heimildir úr hinu stóra blaði Washington Post, tveimur greinum sem þar birtust 18. og 19. þ.m. Ég ítreka það sem ég sagði við þær umræður, að í hvorugri þeirra greina er minnst á Ísland nokkurs staðar heldur talað almennt um öryggismálastofnun Bandaríkjanna. Það er líka upplýst af hæstv. utanrrh. að samkvæmt könnun sem hann hefur látið fara fram er ekkert sem bendir til þess að nein tæki séu þarna suður frá sem mögulega séu til þess að nýta við persónunjósnir. Enda held ég að það væri, eins og einhver góður maður orðaði það, síðasta þjóðfélagið í veröldinni sem ástæða er til að stunda persónunjósnir í því fá þjóðfélög eru opnari en okkar íslenska. Bæði er hægt að segja það um embættismenn og ekkert síður um stjórnmálamenn að alls staðar hafa þeir verið tilbúnir að tjá sig um hlutina þannig að ég efast um að það væri þess virði að eyða miklum fjármunum í persónunjósnir. Hins vegar vil ég taka undir það að ef slíkar njósnir eru stundaðar af þeim suður á Keflavíkurflugvelli og/eða, eins og ég minntist á um daginn, öðrum aðilum, svo sem rússneska sendiráðinu sem er hér mjög stórt og virkt, þá er sjálfsagt að fylgjast með því og grípa þá í taumana svo sem kostur er. En ég hef ekki nokkra trú á því að þetta sé gert, a.m.k. ekki þarna syðra, enda hefur hæstv. utanrrh. staðfest það.

En eins og ég sagði áðan, hagsmunir Íslendinga lúta ekki aðeins að öryggi hafsvæðanna séð frá hernaðarlegu sjónarmiði, heldur einnig vegna geislavirkra efna, ekki síst vegna slysahættu frá kjarnorkukafbátunum.

Á undanförnum vikum hefur nokkuð verið rætt um framkvæmdir á vegum Íslenskra aðalverktaka sem unnið hafa fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Ég tel að það væri mjög varhugavert að gera miklar breytingar á þeirri verktakastarfsemi sem fer fram á Keflavíkurflugvelli. Sú verktakastarfsemi hefur skilað góðum árangri. Mér er kunnugt um að varnarliðið er ánægt með alla samninga sem það hefur gert við Keflavíkurverktaka og Aðalverktaka, en þessir tveir aðilar annast mestallar framkvæmdir þar. Þeir hafa staðið við sína samninga hvað varðar verð, skilatíma verka og annað slíkt. Þess vegna er varhugavert, held ég, að gera þar miklar breytingar á. Ég er hins vegar sammála því að ástæða er til þess að kanna hvort hlutur ríkissjóðs í afrakstrinum gæti ekki orðið stærri en hann er í dag. Ég styð könnun hæstv. utanrrh. á því hvort það gæti náð fram að ganga. En m.a. vegna áhrifa á aðra atvinnustarfsemi á Suðurnesjum þarf að gæta þess að sem minnstar sveiflur séu í framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Þar að auki held ég að til þess að tryggja að forgangur Suðurnesjamanna að verkum á Keflavíkurflugvelli sé sem mestur geti almenn útboð á verkum þar verið mjög hættuleg. Það er því viðbúið að þá kæmu verktakar inn, næðu einstaka verkum, kæmu suður eftir eins og á vertíð og hyrfu síðan fljótt á braut aftur. Það er það stór hópur Suðurnesjamanna sem vinnur þarna suður frá sem hefur verulegar áhyggjur af öllum hugsanlegum stórbreytingum á þessum vettvangi að ég vildi geta aðeins um þetta hér. Hitt er svo annað mál að Íslenskir aðalverktakar ... (**HG:** Er ekki um að ræða einhverja aðra verktaka?) Jú, ef það gætu þá verið verktakar sem væru nógu öflugir til að takast á við þessi stóru verk og væru staðsettir suður frá og hefðu sína starfsemi þar. Ég get tekið undir það með hv. þm. Hins vegar ættu Íslenskir aðalverktakar að reyna að deila meiru af sínum undirverktökum á svæðið en gert hefur verið. Og það er rétt sem kom fram á fundi sem ég sat núna fyrir skömmu suður í Keflavík að í reynd hefðu höfuðstöðvar þessa fyrirtækis alltaf átt að vera staðsettar syðra, og eru í raun engin rök fyrir því að hafa þær höfuðstöðvar hér inni í Reykjavík.

Í sambandi við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur hvað eftir annað komið upp umræða í þinginu um svokallaðan varaflugvöll. Ég vil bara ítreka þá skoðun mína, sem ég hef látið í ljós áður úr þessum ræðustól, að ég tel það vera á valdsviði utanrrh. að taka ákvörðun um hvort heimiluð verði svokölluð forkönnun á varaflugvelli hér á landi. Á því er ekki nokkur vafi og það getur ekki að neinu leyti talist vera brot á stjórnarsáttmálanum þó að hann, þegar þar að kemur, taki þá ákvörðun að heimila þessa forkönnun. Ég tel að það sé brýn nauðsyn, bæði vegna varnarliðsins eins og það er í dag og vegna þess breytta hlutverks sem ég minntist á áðan að gæti orðið hjá varnarliðinu vegna aukins eftirlitsstarfs væntanlega í kjölfar afvopnunarsamninga sem gerðir yrðu innan ekki langs tíma, að varaflugvöllur sé á öðru veðursvæði en Keflavíkursvæðið er á, til öryggis fyrir þá sem stunda þetta eftirlitsstarf. Það sama gildir að sjálfsögðu líka fyrir millilandaflug okkar Íslendinga. Það hafa orðið miklar breytingar á flugflota Íslendinga og eru að verða. Það er meira farið að fljúga á tveggja hreyfla flugvélum til og frá landinu og er brýnt að þær hafi annan möguleika til að lenda hér á landi en suður í Keflavík.

Vegna umræðna sem fóru fram um þetta mál fyrir

nokkrum vikum, að nægilegt væri að lengja einhvern af þeim flugvöllum sem við eigum þegar, hvort sem það væri á Egilsstöðum, Akureyri, Sauðárkróki eða í Aðaldal, vil ég minna menn á það þarf fleira en nógu langa flugbraut til þess að það gagnist sem varaflugvöllur fyrir svo stórar flugvélar, hvort sem það eru herflugvélar sem við erum að tala um eða íslenskar millilandaflugvélar. Þeir sem hafa fylgst vel með á Keflavíkurflugvelli vita að það er mikið verk að halda flugbrautum auðum, eyða hálku og hafa flugvöllinn alltaf tilbúinn við erfiðustu skilyrði. Það krefst mikils mannafla sem þarf að vera til reiðu þegar veðrabreytingar verða. Öll þessi störf sem ég minnist á núna suður á Keflavíkurflugvelli í sambandi við að halda flugvellinum opnum, auðum og hæfum til lendingar, eru unnin af Íslendingum. Það sama mundi að sjálfsögðu gilda líka á þeim varaflugvelli ef af honum yrði.

Í sambandi við flugvöllinn vil ég líka minnast á það að við höfum átt mjög gott samstarf og þegar gert vissan samstarfssamning milli íslenskra stjórnvalda og björgunarsveitarinnar á Keflavíkurflugvelli. Þar höfum við notið mikillar aðstoðar þegar á hefur þurft að halda og hafa þeir alltaf verið boðnir og búnir til að hjálpa. Ég hef velt því fyrir mér og reyndar hefur verið lögð fram þáltill. af hv. 3. þm. Austurl. og mér um að kanna hvort unnt væri að koma á alþjóðlegu samstarfi til þess að tryggja veru öflugs björgunarliðs hér vegna þessa mikla flugsvæðis og hafsvæðis sem er í kringum landið. Ég held að það ætti líka, þegar og ef slík könnun fer í gang, að kanna hvort ekki væri unnt að koma á frekari samvinnu við bandarísk yfirvöld á Keflavíkurflugvelli sem hugsanlega gæti leitt til þess að Íslendingar tækju að sér rekstur þessarar flugsveitar að verulegu eða öllu leyti. Þetta þykir kannski fráleitt við fyrstu sýn en ég minni á það að fyrst þegar Íslendingar fóru að starfa í slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli þótti alveg fráleitt að ræða um það að Íslendingar tækju við bæði stjórn og starfsmannahaldi hjá slökkviliðinu. En annað hefur komið í ljós og Íslendingar eru þar nú í öllum störfum, háum sem lágum, þó að slökkviliðið tilheyri að sjálfsögðu yfirstjórn varnarliðsins á vellinum. Ég tel því ekki útilokað að Íslendingar gætu tekið að verulegu eða jafnvel öllu leyti við rekstri þessara björgunarþyrla fyrir varnarliðið svipað og við gerum með slökkviliðið. Þótt það væri í smáum stíl til að byrja með mundu Íslendingar öðlast þar mikla reynslu í rekstri slíkra tækja og skipulagi þess starfs sem þar fer fram.

Í þessu sambandi vil ég minnast á það líka að öll sveitarfélögin á Suðurnesjum gerðu fyrir allmörgum árum samstarfssamning við slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli, þ.e. slökkviliðið í Sandgerði, brunavarnir Suðurnesja og slökkviliðið í Grindavík, samstarfssamning sem kveður á um á hvern hátt heimilt skuli vera að kalla til aðstoðar hvor hjá öðrum og hvernig yfirstjórn er við hvert óhapp í hverju tilfelli. Hefur sá samningur tekist mjög vel og verið mjög áfallalaus í öllum rekstri.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem er nýreist og nýtekin til starfa suður frá svo sem allir vita, hefur gerbreytt allri starfsaðstöðu vegna farþegaflugs og fragtflugs og í reynd líka komið því fram sem menn vonuðust alltaf eftir og var megintilgangurinn, að skilja að herstarfsemina og hið almenna farþegaflug. Þessi flugstöð hefur að ýmsu leyti reynst mjög vel og mætti að mínu viti auka rekstur hennar með því að koma rekstrinum þar á eina hendi. Nú er öll þjónusta í flugstöðinni rekin af einu flugfélagi sem notar flugstöðina og hinn almenni rekstur flugstöðvarinnar er undir stjórn flugvallarstjórans eða Flugmálastjórnar. Ég tel að allur rekstur flugstöðvarinnar ætti að vera á einni hendi. Á þann hátt væri hægt að gerbreyta heildarrekstrinum og fullreyna möguleika til fjölgunar lendinga á vellinum. Því ég tel að það sé langt í frá fullreynt hvort ekki sé unnt að fjölga lendingum frá því sem er í dag.

Samkeppnin á milli flugvalla er mikil um þessar mundir, m.a. vegna breytts flugvélakosts eins og ég minntist á fyrr í ræðu minni. Tveggja hreyfla flugvélar eru núna miklu meira notaðar til þess að fljúga yfir Atlantshafið en var áður og við stöndum þar að sjálfsögðu í samkeppni við flugvelli í Skotlandi, Írlandi og víðar. Með því að hafa þetta á einni hendi gætu skapast enn meiri möguleikar á því að taka þátt í þeirri samkeppni en er í dag.

Menn hafa talað um það og eins og kemur reyndar fram í ríkisreikningnum síðasta ár og í fjárlögum þessa árs fjárvöntun í rekstri flugstöðvarinnar, ef ég man þessa tölu rétt, upp á um það bil 80 millj. kr. Ég vil ekki líta svo einfalt á dæmið. Ég nefni í því sambandi að rekstur Fríhafnarinnar, sem er að sjálfsögðu ríkisfyrirtæki líka, skilaði um eða yfir 100 millj. kr. meiri tekjum á síðasta ári en áætlað var. Ég tel að tekjur ríkissjóðs af rekstri flugstöðvarinnar og ríkisfyrirtækja í flugstöðinni ættu að sjálfsögðu að skoðast í einu ljósi þannig að menn séu að meta það hvort sá rekstur í heild borgi sig fyrir ríkissjóð eða ekki. Það er ekki nóg að taka eina stofnun út úr. Þetta mundi allt einfaldast ef komið á fót einni yfirstjórn á rekstri flugstöðvarinnar.

Ég mælti áður með því að fullreynt yrði að fjölga lendingum á flugvellinum. Ég er þá fyrst og fremst að tala um farþegaflutninga vegna þess að af þeim má hafa bæði miklar tekjur í lendingargjöldum og þjónustugjöldum, sem þarf þó auðvitað að gæta fyllsta hófs í þannig að við séum samkeppnishæfir, og líka þeim viðskiptum sem farþegar eiga innan flugstöðvarinnar við íslensk fyrirtæki þar. En það sama gildir um vöruflutninga. Það þarf að skapa enn betri aðstöðu fyrir vöruflutninga, bæði að því er varðar útflutning og innflutning og líka vegna umskipunar á milli landa, svokallaðra transit-flutninga. Tollvörugeymslu þarf að sjálfsögðu að koma upp á flugvallarsvæðinu hið fyrsta. Og í framhaldi af því hlýtur að koma ítarleg könnun og helst framkvæmd á þeim hugmyndum sem uppi hafa verið og m.a. var samþykkt þáltill. um í þinginu, að koma á tollfrjálsu iðnaðarsvæði í nágrenni flugstöðvarinnar.

Þá held ég að líka beri að kanna hið fyrsta hvort ekki er unnt að koma upp sómasamlegri afgreiðslu

fyrir innanlandsflugið þarna suður frá. Ég held að menn hafi vænst þess að þegar nýja flugstöðin yrði tekin í gagnið gætu a.m.k. farþegar sem færu í þessar fáu ferðir sem eru farnar á þotu milli Akureyrar og Reykjavíkur gengið á milli flugvélar og flugstöðvar innan dyra eins og þeir væru að fara til útlanda. En svo er ekki og er það hönnunargalli út af fyrir sig á þeirri byggingu. Það skapar vissa hættu að hleypa mönnum inn í svokallaðan transit-sal og þess vegna hefur verið farið með fólk annaðhvort í rútu beint út að flugvél eða það látið labba. Nú færist í vöxt að flogið sé beint á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það er þegar búið að úthluta sérleyfi þarna á milli. Ég tel því að kanna ætti hið allra fyrsta hvort ekki er hægt að koma upp aðstöðu annaðhvort í sjálfri flugstöðvarbyggingunni eða byggja sjálfstætt afgreiðsluhús fyrir innanlandsflug við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Ég læt þetta gott heita um þessa hluti. Um Norðurlandasamstarfið ætla ég ekki að hafa mörg orð. Það samstarf er orðið mjög umfangsmikið og þó svo að það kosti bæði mikinn tíma og fjármuni að taka þátt í því, en það er stundað bæði af þingmönnum, ríkisstjórn, embættismönnum og ýmsum opinberum stofnunum, held ég að þetta samstarf skili sér að ýmsu leyti bæði fjárhagslega og í ýmsum öðrum atriðum mjög vel fyrir íslenska ríkið. En mér er enn í huga, eins og ég gat um hér í fyrra í sambærilegri tölu, vegna þess hversu umræða á vettvangi Norðurlandaráðs er að færast meira yfir í alþjóðamál og utanríkismál en verið hefur og jafnvel öryggismál, hvort ekki væri rétt að kanna þá tilhögun að málefni Norðurlandasamstarfsins heyrðu eins og önnur utanríkismál undir utanrrn. Ég er þeirrar skoðunar að kanna beri til hlítar hvort það sé ekki rétt. Ég skil viðhorf þeirra sem hafa andmælt því, eins og kom fram í umræðunum í fyrra, en ég vil meina að svo miklar breytingar hafi orðið á þessu samstarfi að rétt sé að taka það til athugunar aftur.

Að svo mæltu þakka ég að lokum, hæstv. forseti, hæstv. utanrrh. fyrir ítarlega skýrslu og læt máli mínu lokið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Vegna frásagna fjölmiðla, innlendra og erlendra, af afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar til spurninga um viðurkenningu á Litáen, frásagna sem í ýmsu tilliti eru villandi og að sumu leyti gersamlega rangar, er nauðsynlegt að taka fram skýrt og skilmerkilega eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Íslenska ríkisstjórnin lítur svo á að viðurkenning á lýðveldinu Litáen sem veitt var fyrir Íslands hönd af dönskum stjórnvöldum árið 1921 standi af þeirri einföldu ástæðu að hún hefur aldrei verið afturkölluð. Hún hefur ekki verið afturkölluð af íslenskum stjórnvöldum eftir að íslenska lýðveldið var stofnað. Þessi afstaða er efnislega hin sama og ríkisstjórna Danmerkur og Noregs.

Í annan stað er það alveg ljóst að íslensk stjórnvöld hafa aldrei viðurkennt innlimun Litáens í Sovétríkin sem raunverulega var gerð með hernámi og er ólögleg athöfn og viðurkennd sem ólögleg athöfn af hinu nýja sovéska þingi. Ég vil aðeins vekja athygli á því að formleg viðurkenning byði heim þeirri gagnályktun að Ísland hafi einhvern tíma fallist á eða viðurkennt hina ólögmætu innlimun Litáens í Sovétríkin árið 1940.

Í þriðja lagi er rétt að taka fram það sem síðan hefur gerst eða farið fram af Íslands hálfu.

Alþingi Íslendinga sendi sérstakar heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar þann 11. mars sl. en í þeirri orðsendingu stóð m.a. eftirfarandi: „Alþingi fagnar því endurheimt sjálfstæðis Litáens og væntir góðrar samvinnu við lýðræðislega kjörna fulltrúa þess."

Enn fremur hefur utanrrh. Íslands sent orðsendingu til utanrrh. Sovétríkjanna sem hljóðar svo: „Fyrir hönd íslenskra stjórnvalda skora ég á sovésk stjórnvöld að hefja þegar viðræður við fulltrúa rétt kjörinna stjórnvalda í Litáen án fyrirframskilyrða." Því næst segir: „Þvingunaraðgerðir af hálfu Sovétríkjanna í málefnum Litáens mundu í einu vetfangi spilla þeim björtu vonum sem umbótaáætlun Gorbatsjovs forseta hefur vakið um varanlegan frið og öryggi í samskiptum þjóða í okkar heimshluta." Þessari orðsendingu var komið á framfæri við forseta Litáens.

Í þriðja lagi er þess að geta að utanrrh. Íslands tók upp málefni Litáens á fundi utanríkisráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins og sá málflutningur var efnislega á sömu lund og í þeirri orðsendingu til utanríkisráðherra Sovétríkjanna sem hér hefur verið lýst. Þá er þess að geta að sendinefnd frá Litáen sem skipuð var formanni utanríkisnefndar litáíska þjóðþingsins, pólitískum ráðgjafa forsætisráðherra Litáens og einum meðlimi utanríkisnefndar litáíska þingsins óskaði eftir og fékk viðræður við sendiherra Íslands í Noregi. Fyrir utan að nota tækifærið til þess að koma á framfæri þökkum til íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir þann boðskap sem borist hefði frá ríkisstjórn Íslands og frá Alþingi Íslendinga, sem talinn var mikils virði og hefði komið á réttu augnabliki, þá lýstu sendimenn Litáens þeirri skoðun sinni að með orðsendingu Alþingis og orðsendingu utanrrh. væri að þeirra skilningi komið á framfæri viðurkenningu af Íslands hálfu á Litáens sem sjálfstæðu ríki. Aðeins vantaði formlega viðurkenningu á stjórn Litáens og formlegt skref um að taka upp diplómatískt samband. Ég legg áherslu á það að þetta er skilningur litáískra stjórnvalda eins og hann var fram settur í viðræðum við sendiherrann í Osló.

Af þessu tilefni er rétt að taka það fram að samkvæmt hefð viðurkenna íslensk stjórnvöld ríki en ekki einstakar ríkisstjórnir. Ég minni á, að því er varðar þá staðreynd að sum ríki hafa viðurkennt bráðabirgðastjórn eða útlagastjórn PLO, þrátt fyrir þá staðreynd að þar er ekki um að ræða ríkisstjórn sem ræður skilgreindu landi eða hefur sjálfsforræði á skilgreindu landi, að íslenska ríkisstjórnin hefur ekki gert það, og með vísun til þeirrar hefðar að við viðurkennum ekki ríkisstjórnir heldur ríki og ríki sem

fullnægja skilmálum eða forsendum þjóðaréttar fyrir því.

Með öðrum orðum, til þess að framfylgja sjálfstæðisyfirlýsingu Litáens sem fyrir liggur er eftir að gefa henni endanlegt formlegt innihald en til þess þarf að koma á samningum milli fulltrúa rétt kjörinna litáískra stjórnvalda og Sovétstjórnarinnar. Þeir samningar eru vafalaust flóknir og snúast bæði um þjóðréttarleg, lagaleg og hugsanlega efnahagsleg atriði. Það ber þess vegna að líta á sjálfstæðisyfirlýsinguna sem fyrsta skref, en jafnframt árétta nauðsyn samninga, formlegra samninga til þess að ljúka málinu að fullu. Í samræmi við þetta hefur það verið stefna íslenskra stjórnvalda að hvetja Sovétstjórnina til þess að forðast valdbeitingu og hvetja hana til þess að taka upp samninga og í því skyni höfum við svarað með jákvæðum hætti beiðni litáískra stjórnvalda um að bjóða Reykjavík sem fundarstað til slíkra samninga ef báðir aðilar óska þess.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt áður en lengra er haldið að taka þetta fram og gera þessa afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar alveg skýra að því gefna tilefni að frásagnir um þessa afstöðu hafa verið villandi og í sumum tilvikum alrangar. Ég lýk máli mínu með því að segja að það gleður mig mjög að á forsíðu Morgunblaðsins í dag er í viðtali við fulltrúa litáískra stjórnvalda því yfir lýst að Litáar meti mikils þann stuðning sem borist hefur frá Alþingi og ríkisstjórn og að þeir meti það svo að Ísland sé í fremstu röð þeirra ríkja sem lýst hafa stuðningi við sjálfstæðisviðleitni og sjálfstæðisþrá litáísku þjóðarinnar.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Skýrsla utanrrh. er bæði mikil og fróðleg og er hér um að ræða mikið viðfangsefni sem mörgum fleirum en alþingismönnum væri hollt að glugga í. Ég held að hér sé um að ræða mjög góða kennslubók, handbók sem segir frá helstu málefnum sem ber á góma í utanríkismálum Íslendinga fyrr og síðar.

Mig langar þó til þess að taka þrjú viðfangsefni til sérstakrar meðferðar sem kannski ekki er svo mikið fjallað um í þessari skýrslu. Það eru í fyrsta lagi umhverfismálin, í öðru lagi Norðurlandasamstarfið og í þriðja lagi, sem að vísu er gerð allgóð grein fyrir í skýrslunni, væntanlegir EB-EFTA samningar.

Hvað varðar umhverfismálin má segja að þau séu orðin nokkurs konar utanríkismál númer tvö, einfaldlega vegna þess að umhverfismálin eru í eðli sínu alþjóðleg. Það þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar menn átta sig á því að t.d. hafstraumarnir umhverfis landið og lofthjúpurinn yfir Íslandi er á fleygiferð, hann stendur ekki kyrr yfir landinu þannig að hann er ekki einkamál okkar. Annað dæmi má taka, mengun sjávar í Norðursjó berst til Íslandsstranda og til fiskimiðanna í kringum Ísland á fjórum til sex árum. Umhverfismálin eru þar af leiðandi og hljóta í eðli sínu að vera alþjóðleg, enda á sér stað gífurlegt alþjóðlegt samstarf á þessu sviði. Því miður hafa Íslendingar lítt sinnt þessu samstarfi fram til þessa en hið nýja umhverfisráðuneyti hlýtur að vega og meta með hvaða hætti það tekur þátt í þessu samstarfi því að sjálfsögðu verðum við að hafa í huga að við erum lítil þjóð og ráðum ekki við að sinna öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem blasa við á þessu sviði.

Alþjóðlegt samstarf á sviði umhverfismála má segja að greinist í fimm meginþætti. Það er fyrst og fremst það samstarf sem hefur farið fram meðal Norðurlandanna. Síðan er það samstarf sem við verðum að eiga við Evrópubandalagsríkin. Þá er það samstarf sem EFTA-ríkin eiga með sér. Síðan í stærra samhengi er samstarf innan Sameinuðu þjóðanna, þ.e. umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna og svo að lokum má nefna mjög víðtækt samstarf um umhverfismál sem á sér stað innan vébanda OECD-stofnunarinnar.

Sem dæmi um alþjóðlega fundi sem hafa verið haldnir á síðustu vikum þar sem fjallað hefur verið um umhverfismál má nefna Norðursjávarráðstefnuna sem var haldin í Haag í byrjun þessa mánaðar. Þar hittust allir ráðherrar þeirra ríkja sem eru aðilar að Norðursjávarbandalaginu svokallaða. Þar fyrir utan komu sem áheyrnarfulltrúar ráðherrar annarra Evrópuríkja, og það var ánægjulegt að þarna mættu til leiks í fyrsta sinn fjórir ráðherrar Austur-Evrópuríkja til þess að taka þátt í þessum fundi.

Á Norðursjávarráðstefnunni afhenti ég umhverfisráðherra Bretlands, hr. Christopher Patten, formlegt mótmælabréf vegna þeirra áforma bresku ríkisstjórnarinnar að reisa endurvinnslustöð fyrir kjarnorkuúrgang við Dounreay á Norður-Skotlandi. Ég átti þess kost að ræða þetta mál sérstaklega við breska umhverfisráðherrann, sem að vísu fullvissaði mig um að það væru ekki nein áform um að veita byggingarleyfi fyrir slíkri stöð næstu sex árin. Engu að síður virka þessi áform mjög tortryggileg og hvað svo sem Bretar segja á alþjóðavettvangi um þetta hljótum við að verða að fylgjast mjög náið með framvindu þessa máls og reyna af öllum mætti að koma í veg fyrir að þessi stöð rísi.

Þá átti ég þess kost að sitja mjög mikla umhverfismálaráðstefnu sem var haldin í Kanada fyrir skömmu. Þangað fór ég í þeim tilgangi að eiga tvíhliða viðræður við embættismenn kanadíska umhverfisráðuneytisins sem höfðu óskað sérstaklega eftir því að ná sambandi við íslenska umhverfisráðuneytið vegna ýmissa verkefna- og rannsóknasviða sem þeir hafa áhuga á að eiga samstarf við okkur um. M.a. kom þar fram, sem er athyglisvert og kannski áhugavert fyrir náttúruverndarsinna, að Kanadamenn hafa miklar áhyggjur af vissum farfuglategundum sem eru sameiginlegar báðum löndunum. Tóku þeir sem dæmi stuttnefjuna sem er í mikilli útrýmingarhættu í Kanada en hún er þekktur fugl hér á landi. Þeir óskuðu eftir samstarfi um rannsóknir á stuttnefju og sömuleiðis komu þeir inn á möguleika á því að það yrði gerður tvíhliða samningur milli landanna um að vernda votlendi í báðum löndunum til þess að þessi fugl geti þrifist.

Annað sem við ræddum var hugmynd um alþjóðlega rannsóknamiðstöð í Reykjavík sem beitti sér fyrir rannsóknum á umhverfi Norður-Atlantshafsins. Það mál hefur nokkuð verið í deiglunni sem eitt af þeim verkefnum sem hið nýja umhverfisráðuneyti hefur verið að vinna að. Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi kom með þessa hugmynd til íslenskra stjórnvalda og tókum við henni strax vel. Hefur markvisst verið unnið að því að kanna hvort þetta sé raunhæft og með hvaða hætti slík stöð gæti risið í Reykjavík. Umhverfisráðherra skipaði fyrir síðustu áramót nefnd til þess að fjalla sérstaklega um þetta mál og skilaði nefndin áfangaskýrslu nýverið sem var tekin til umræðu á fundi sem var haldinn í gær. Þann fund sátu fjölmargir vísindamenn ásamt fulltrúum bandaríska sendiráðsins í Reykjavík, svo og fulltrúar umhverfisráðuneytisins. Þar var samþykkt að rétt væri að halda þessu máli áfram og leita til fleiri landa um þátttöku í þessu verkefni. Embættismenn umhverfisráðuneytisins í Kanada lýstu áhuga sínum á þessu verkefni og fyrstu viðbrögð þeirra voru mjög jákvæð. Hugmyndin er því að leita nú eftir viðhorfum og viðbrögðum Breta og svo því næst Norðmanna og Dana í þessu sambandi.

Á ráðstefnunni í Vancouver átti ég viðtal við dr. Mostafa K. Tolba sem er framkvæmdastjóri umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hann lýsti yfir mikilli ánægju sinni yfir því að stofnað skuli hafa verið umhverfisráðuneyti á Íslandi og bauð okkur velkomna til samstarfs í umhverfismálastofnuninni. Mér þótti afar athyglisvert að dr. Tolba lýsti því viðhorfi sínu til Norðurlandanna að framlag Norðurlanda á sviði umhverfismála væri talið afar mikilvægt innan vébanda umhverfismálastofnunarinnar. Það hefði þó veikt rödd Norðurlandanna að Ísland var ekki með í þeim hóp. Dr. Tolba taldi því að með þátttöku Íslands í þessu samstarfi mundi rödd Norðurlandanna styrkjast og hlutverk þeirra í umhverfismálasamstarfi Sameinuðu þjóðanna þar með einnig.

Í ágústmánuði n.k. verður fundur stjórnarnefndar umhverfismálastofnunarinnar haldinn í Nairobi og þar verða væntanlega í fyrsta sinn teknar til umræðu hugmyndir um umhverfismálasáttmála á vegum Sameinuðu þjóðanna. Rétt er að rifja það upp að hæstv. utanrrh. kom einmitt inn á þá hugmynd í ræðu sem hann flutti á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust.

Svo ég snúi mér aftur að þeim viðræðum sem ég átti við embættismenn kanadíska umhverfisráðuneytisins varð samkomulag okkar á milli um að við mundum eiga samstarf um mat á umhverfisáhrifum vegna álvera. Kanadamenn eru í svipaðri stöðu og við, þ.e. þeir hafa nýlega þurft að taka afstöðu til byggingar nýs álvers og hafa þar af leiðandi nýlega haft með höndum það verkefni að meta umhverfisáhrif frá slíku iðjuveri. Þeir höfðu mikinn áhuga á því að veita okkur upplýsingar um með hvaða hætti þeir höfðu staðið að slíku mati og sömuleiðis eiga við okkur samstarf á þessu sviði þannig að við létum þeim í té upplýsingar um það hvernig við mundum vinna slíkt mat á umhverfisáhrifum hugsanlegs og væntanlegs álvers.

Fyrirhugaður er fundur umhverfisráðherra EFTA-landanna í Genf í næstu viku þar sem umhverfisráðherrarnir ætla að hittast og ræða um umhverfismál og stilla saman strengi sína áður en samningaviðræðurnar milli EFTA-landanna og Evrópubandalagslandanna hefjast væntanlega í maímánuði n.k.

Síðan langar mig aðeins til að minna á umhverfismálaráðstefnuna sem verður haldin í Bergen 8.–16. maí nk. en það er gert ráð fyrir að þetta verði mesta umhverfismálaráðstefna sem hefur verið haldin í heiminum frá því að Stokkhólmsráðstefnan var haldin. Hv. 2. þm. Austurl. er kannski fróðastur um þá ráðstefnu. Ef ég man rétt sat hann ráðstefnuna sem var haldin 1972.

Varðandi umhverfismálasamstarf Norðurlandanna þá hittast umhverfisráðherrar Norðurlandanna reglulega til þess að ráða sínum ráðum. Þeir hittust síðast á fundi í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík, í lok febrúar og byrjun mars. Þar var m.a. tekin ákvörðun og undirritaður samningur um samnorrænt fjárfestingarfélag á sviði mengunarvarna en fyrirhugað er að það taki til starfa í næsta mánuði. Þessu fyrirtæki er ætlað að stuðla að umhverfisbótum í Austur-Evrópu. Það er hugmynd Norðurlandanna að með þessu geti Norðurlöndin boðið fram aðstoð til Austur-Evrópuríkjanna með þeim hætti að norræn fyrirtæki geti gengið til samstarfs við fyrirtæki og ríkisverksmiðjur í Austur-Evrópulöndunum og aðstoðað við að koma upp mengunarvörnum. Fjárfestingarfélaginu er svo ætlað að styrkja slík verkefni annaðhvort með því að gerast aðili að verkefninu sem hluthafi eða með beinum styrkjum og/eða lánum.

Þá langar mig að fjalla örlítið frekar um Norðurlandasamstarfið. Norðurlandasamstarfið stendur e.t.v. á krossgötum um þessar mundir. Í sambandi við 38. þing Norðurlandaráðs, sem var haldið í Reykjavík um síðustu mánaðamót eins og ég gat um áður, voru uppi miklar umræður og kom fram töluverð gagnrýni á starf Norðurlandaráðs. Höfðu ýmsir uppi hugmyndir um að þetta samstarf skilaði litlum árangri og væri fyrst og fremst mikið pappírsflóð og mikið kjaftaþing. Þessi gagnrýni heyrist nálega í hvert sinn sem Norðurlandaráðsþing fer fram. Það er eins og menn gleymi því að Norðurlandaráðsþingið er kannski ekki sá vettvangur þar sem verkefnin eru raunverulega unnin, heldur er Norðurlandaráðsþing einfaldlega þing þar sem þingmenn þjóðþinga allra Norðurlandanna koma saman til að ráða ráðum sínum, hittast og bera saman bækur sínar. Auðvitað hlýtur að fylgja því hefðbundið málæði og mikill pappír. En menn virðast gleyma því sem gerist þar á milli. Á milli Norðurlandaráðsþinganna er unnið hörðum höndum að alls konar verkefnum á sviði Norðurlandasamstarfsins sem minna fer fyrir. Það er minna fjallað um það opinberlega og þar eru störfin yfirleitt unnin í kyrrþey án þess að mikið brambolt sé í kringum þau. Auðvitað er margt af því sem er unnið

að á vegum Norðurlandasamstarfsins ekki allt of markvisst eða skilar svo miklum árangri. Ansi er ég þó hræddur um að okkur brygði við ef við vöknuðum upp við það einn góðan veðurdag, kannski í næstu viku, að það væri búið að kippa til baka öllu því sem Norðurlandasamstarfið hefur þó skilað okkur. Margir mundu vakna upp við vondan draum að þurfa allt í einu að sýna vegabréf þegar farið er til hinna Norðurlandanna, að það væri ekki lengur hægt að skreppa til Danmerkur og leita að vinnu. Svo maður tali nú ekki um að íslensk fjölskylda sem flyst til Danmerkur nýtur strax allra félagslegra réttinda eins og um Dani væri að ræða. Ef allt þetta væri tekið frá okkur í einu vetfangi er ég ansi hræddur um að okkur brygði mjög í brún. Þannig að ef þessi mál eru skoðuð af einhverri sanngirni er ekki nokkur vafi á því að Norðurlandasamstarfið hefur skilað okkur gífurlegum hagsmunum gegnum árin og að sjálfsögðu hlýtur Norðurlandasamstarfið áfram að vera einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

Þá má kannski ekki gleyma því að í þeirri stóru veröld efnahagsbandalaga sem virðist fram undan er mikið talað um frjálsræðin fjögur, þ.e. frjálsa fjármagnsflutninga milli landa, frjálsan flutning á þjónustu milli landa, frjálsan flutning á vörum og svo frjálsan flutning á fólki. Hugmyndir manna ganga út á það að almenningur í þeim löndum sem tengjast þessu efnahagssamstarfi, t.d. almenningur á Íslandi, geti valið hvort hann kýs að kaupa bifreiðatryggingar sínar hjá vátryggingafyrirtæki í Portúgal eða Ítalíu ef honum þykir vátryggingakostnaðurinn hjá íslensku vátryggingafélögunum vera of hár. Sömuleiðis leiðir þetta væntanlega til þess að lokum að við getum haft sparireikningana okkar í hvaða banka sem er innan efnahagssvæðisins ef okkur þykir þjónusta íslensku bankanna lakleg. Þannig að þetta er kannski það sem við eigum eftir að horfa upp á þegar fram líða stundir.

En þá kemur spurningin: Hafa þessar þjónustustofnanir í hinum stóra heimi nokkurn minnsta áhuga á því að sinna þessu litla þjóðfélagi hér uppi á norðurhjara veraldar? Ansi er ég hræddur um að það verði lítill áhugi t.d. hjá þýskum, enskum og frönskum bönkum að opna útibú á Íslandi.

Ég sé fyrir mér að einu löndin sem hugsanlega mundu hafa áhuga á því að bjóða fram þjónustu sína hér á Íslandi eru hin Norðurlöndin og þá kannski fyrst og fremst Danmörk. Þess vegna er Norðurlandasamstarfið að sjálfsögðu mikilvægasta alþjóðlega samstarfið sem við eigum. Þetta eru frændþjóðir okkar og það eru þær sem eru líklegastar til þess að vilja eiga slík viðskipti við okkur sem menn sjá fyrir sér með þeim efnahagssamruna og því efnahagssamstarfi sem verður meðal Evrópuþjóðanna á næstunni.

Í framhaldi af þessu er rétt að fjalla eilítið um væntanlegar samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsríkjanna. Ég tel að það hafi verið unnið mikið þrekvirki á vegum hæstv. utanrrh. að leiða könnunarviðræðurnar þann hluta ársins í fyrra sem Ísland fór með formennsku fyrir EFTA-ríkjunum. En undir stjórn hæstv. utanrrh. komust þessi mál miklu lengra áfram en nokkurn hafði grunað þegar lagt var af stað í þessa för. Það er ekki nokkur vafi á því að þessar væntanlegu samningaviðræður og hvernig okkur mun farnast í þessu samstarfi er eitt mikilvægasta mál í allri sögu íslenskra utanríkismála til þessa. Við verðum því að hafa vakandi auga á því hver framvinda þessa máls verður.

Fyrir hönd Borgfl. lýsi ég því yfir að við teljum sjálfsagt og eðlilegt að taka þátt í þessum viðræðum og ganga ótrauðir til leiks og kanna það til þrautar hvernig hagsmunum Íslendinga verður best borgið í þessu samstarfi og fara í þessar viðræður með opnum hug ásamt hinum EFTA-ríkjunum.

Hjá stjórnarandstöðunni hefur heyrst sú skoðun að það eigi að blása á þessar viðræður og krefjast þess og heimta formlegar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið, þannig sé hagsmunum Íslendinga best borgið. Ég held að þetta sé mikil tálsýn og alveg ótrúleg skammsýni af stærsta stjórnmálaflokki þjóðarinnar að telja landslýð trú um það að á þessari stundu mundi það gagna okkur Íslendingum best að heimta tvíhliða viðræður við Evrópubandalagsríkin. Í besta falli fengjum við að tala við einhverja lágtsetta embættismenn í Brussel, sem ég hef áður bent á að tali eins og slitin grammófónsplata því þeir kunna ekki aðra setningu en þá að fyrir viðskiptalega hagsmuni verði Evrópubandalagsríkin að fá veiðheimildir í íslenskri lögsögu. Annað kunna þeir ekki.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að við eigum miklu betri möguleika á því að ná auknum viðskiptalegum hagsmunum fyrir hönd Íslendinga án þess að þurfa að gefa neitt eftir í sambandi við veiðiheimildir í gegnum þær sameiginlegu viðræður sem nú fara í hönd á milli EFTA- og Evrópubandalagsríkjanna.

Síðan er kannski spurningin hvort þessi hugmynd um sameiginlegt efnahagssvæði 18 ríkja Evrópu, þ.e. Evrópubandalagsríkjanna 12 og EFTA-ríkjanna 6, er ekki þegar orðin úrelt. Því með þeim breytingum sem hafa orðið í Austur-Evrópu hljóta menn að staldra við og sjá þessa hluti í miklu, miklu stærra samhengi. Ég er farinn að trúa því að við eigum eftir að lifa það og e.t.v. fyrr en nokkurn grunar að það muni skapast efnahagslegt samstarf, efnahagslegt bandalag allra Evrópuríkjanna frá Írlandi og Íslandi í vestri að Kyrrahafsströnd í austri, þ.e. yfir allt Rússland og Síberíu með. Hins vegar er ég ekki í nokkrum vafa um það að innan þessa stóra efnahagssvæðis Evrópu, sem mætti kalla svo, hljóta að myndast alls konar bandalög og þá fyrst og fremst á sviði menningar og ýmissa annarra hagsmunamála sem tengja kannski önnur lönd innan Evrópu betur saman en ella. Sem dæmi má nefna Norðurlandasamstarfið. Í þessu samhengi má taka sem annað dæmi að Ítalía, Austurríki, Ungverjaland og Júgóslavía áforma að hefja sams konar samstarf sín á milli og gerist á vettvangi Norðurlandaráðs. Þau hafa þar af leiðandi leitað til norrænu ráðherranefndarinnar og óskað eftir því að fá að senda sendinefnd til Kaupmannahafnar til að eiga viðræður við fulltrúa og starfsmenn skrifstofu ráðherranefndarinnar til þess að læra af þeim og

fræðast um Norðurlandasamstarfið. Það er hægt að hugsa sér mörg fleiri bandalög þessa eðlis og reyndar má minna á að Benelúxlöndin halda enn þá uppi mjög víðtæku samstarfi á sviði menningar og skólamála og á ýmsum öðrum sviðum, án tillits til þess að löndin þrjú eru aðilar að Evrópubandalaginu.

Það verður því gaman að fylgjast með hver þróunin verður í Evrópu á næstu árum. Mér segir svo hugur um að þróunin geti orðið þannig að við sjáum fyrir okkur öflugt bandalag allra Evrópuþjóðanna eins og þær leggja sig, en innan þeirra muni síðan þróast samstarf á sviði menningar, skólamála og vísindamála meðal þjóðahópa sem eiga kannski sameiginlegan menningararf, skyld tungumál og ýmsa frændsemi sem gerir það að verkum að þær hljóta að starfa nánar saman en öll löndin sameiginlega í heild sinni. (Gripið fram í.) Ég var að tala um samstarf, efnahagslegt samstarf.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Utanríkismálaumræða sú, sem staðið hefur síðan á hádegi í gær, er um margt ólík annarri utanríkismálaumræðu sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Þar ráða mestu þau miklu tíðindi sem orðið hafa í Evrópu, gerbreyting á þjóðskipulagi hálfrar álfu á örfáum mánuðum. Friðarmálin eru mönnum vissulega ofarlega í huga á þessum umbrotatímum og þíðan á alþjóðavettvangi er meiri en menn hafa þorað að vona. Kannski væri réttara að tala um leysingar.

Það er því dapurlegt að heyra af munni hæstv. utanrrh., sem því miður er ekki hér til að heyra orð mín, tal um aukið mikilvægi herstöðvar Atlantshafsbandalagsins samfara breyttri heimsmynd. Í öðru orðinu talar hann um mikilvæga eftirlitsstöð með friðnum. Í hinu orðinu bendir hann á að hafið í kringum Ísland sé mikilvæg herflutningaleið fyrir Atlantshafsbandalagið. Er þetta okkar hlutur í friðnum og þíðunni að mati hæstv. utanrrh.? Sú yfirlýsing sem fram kemur í skýrslu hæstv. ráðherra bendir óneitanlega til þess. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hnattstaða Íslands gerir það að verkum að við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu kann mikilvægi liðsaukaflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- og ófriðartímum að aukast vegna hins landfræðilega mismunar á bandalögunum tveimur."

Það er áhyggjuefni að á sama tíma skuli hæstv. ríkisstjórn ekki vera reiðubúin til að taka af skarið og leggja þá áherslu á kjarnorkuvopnalaus svæði á norðurslóðum sem nauðsynleg er. Það er slegið í og úr í skýrslu hæstv. utanrrh. Þar segir:

„Með því að samskipti austurs og vestur hafa afgerandi áhrif á forsendur kjarnorkuvopnalauss svæðis er augljóslega varhugavert að reyna að draga saman niðurstöður af starfi hópsins fyrr en séð er fyrir endann á þeim miklu breytingum sem nú eru í gerjun. Á þessari stundu skal hins vegar ósagt látið hvort hinar öru breytingar í alþjóðastjórnmálum sem heimurinn verður vitni að þessa dagana muni hafa áhrif til þess að flýta eða tefja störf vinnuhópsins um kjarnorkuvopnalaust svæði."

Ég vil minna á að sú þróun sem varð í Austur-Evrópu á sl. ári átti rætur í eindreginni afstöðu sem þorri fólks tók. Það vildi breytingar. Leikur nokkur vafi á því að þorri fólks hér á landi vill kjarnorkuvopnalaus svæði í höfunum umhverfis landið, á fiskimiðunum í kringum okkur, lífsbjörginni sjálfri? Væri ekki meiri sæmd í því að taka afdráttarlausa afstöðu í stað þess að velkjast í vafa?

Fleiri atriði í ræðu hæstv. utanrrh. væri vert að drepa á. Einkum væri freistandi að fara nokkrum orðum um þá smánarlegu frammistöðu Íslands á alþjóðavettvangi að vera enn þá víðs fjarri einsprósentsmarkinu sem sett hefur verið í þróunaraðstoð. Frammistaðan er sífellt verri og nú er svo komið að aðeins 0,05% af þjóðarframleiðslu okkar fer til þróunaraðstoðar. Ég deili þeim áhyggjum með fleiri þingmönnum hér.

Ég hef ætlað mér hér í dag að leggja megináherslu á annað en þessi mjög svo mikilvægu mál sem ég hef drepið á nú. Það vill allt of oft gleymast að auk friðarmála og viðskipta snúast samskipti þjóða í æ ríkari mæli um vinnu fólks, skilgreinda sem vinnuafl af hálfu þeirra sem líta á hana sem auðlind til eigin brúks, en með áherslu á félagsleg réttindi og vinnuaðbúnað af ýmsum toga ef maður sér hana frá sjónarhorni þess sem leysir af hendi vinnuna. Og þar eiga konur raunar drjúgan skerf í vinnuafli heimsins. Þetta er ekki síst raunin nú þegar flutningar á vörum og þjónustu eru orðnir mjög greiðir og það sem er að gerast í einu landi hefur áhrif á önnur lönd til hins betra eða hins verra, meir en nokkru sinni fyrr. Mál þessi hafa komist í brennidepil, og þó ekki sem skyldi, í umræðunni um evrópskt efnahagssvæði. Launamál og félagsleg réttindi eru þau mál sem minnst er vitað um hvernig þróast í því frjálsa flæði fjármagns sem virðist öðru fjórfrelsi fremur eiga greiða leið um Evrópu framtíðarinnar, a.m.k. í þeirri mynd sem dregin hefur verið upp fram til þessa. Skilgreiningin, vinnuafl í þágu fjármagnseigenda, er því miður allt of oft það sjónarhorn sem notað er í þessari umræðu og það gefur skekkta og skerta mynd af raunveruleikanum. Ekki síður en linsa á myndavél sem sýnir þröngt sjónarhorn. Útgangspunkturinn á vitanlega að vera fólkið í löndum Evrópu og raunar alls heimsins, velferð þess og lífskjör.

Ein er sú skýrsla sem hefur nokkra sérstöðu meðal þeirra sem fluttar hafa verið í þessari umræðu að því leyti að þar er þetta sjónarhorn með í myndinni, en það er skýrsla hæstv. félmrh. um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989. Í umræðum á sl. ári er hæstv. félmrh. flutti skýrslu sína frá 75. Alþjóðavinnumálaþinginu kom fram að skýrslur þessar hljóta sjaldnast nokkra umræðu á Alþingi. Vera má að tímasetning skýrslunnar í þinglok síðasta þings hafi einhverju ráðið um að svo varð ekki þá frekar en endranær. Því ekki efa ég að hv. þm. hafi áhuga á málefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, stofnunar sem

ekki síst gegnir því mikilvæga hlutverki að styðja við bakið á þeim þjóðum sem skammt eru á veg komnar í að gæta hagsmuna vinnandi þegna sinna. Ég heyri að það eru ekki allir hér sem deila þeirri trú minni og það verður að sjálfsögðu hver að gera grein fyrir sinni skoðun.

Að vísu gengur misvel að fá þjóðir til að staðfesta samþykktir á sviði vinnumála eða einstakar greinar en það rýrir ekki gildi samþykktanna, heldur kortleggur stöðu mála. Meðal verkefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þinga hennar er einmitt að fylgjast með framkvæmd alþjóðasáttmála ýmissa aðila um vinnumálefni, svo sem Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.

Í fylgiskjali IV með skýrslu hæstv. félmrh. nú eru birtar athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmála Evrópu. En Ísland fullgilti sáttmálann í heild, að því er mér hefur sýnst í einhverjum plöggum, árið 1981. Það vakti reyndar sérstaka athygli mína að Ísland hefur ekki gengist undir skuldbindingar skv. nokkrum greinum þessa sáttmála, m.a. varðandi 7. gr., er fjallar um rétt barna og ungmenna til verndar og 8. gr. er fjallar um rétt vinnandi kvenna til verndar. Þætti mér gott ef einhver gæti gert mér grein fyrir því hverju þetta sætir. En greinarnar hljóða svo:

„7. gr. Börn og ungmenni eiga rétt á sérstakri vernd gegn líkamlegri og siðferðilegri hættu sem að þeim steðjar.

8. gr. Í sambandi við barnsburð og önnur tilvik, eftir því sem við á, eiga konur rétt á sérstakri vernd í starfi."

Ég fæ í rauninni ekki séð hvað er því til fyrirstöðu að þessar greinar sitji við sama borð og aðrar greinar sem nefndar eru í þessari skýrslu.

Margt áhugavert kemur fram í þessum athugasemdum, bæði varðandi þau ákvæði sem Ísland telst framfylgja svo og þar sem athugasemdir eru gerðar. Þótt Ísland standi e.t.v. vel að vígi miðað við ýmis önnur lönd í heiminum langar mig að drepa á nokkur atriði í þessu sambandi.

Í 4. gr. sáttmálans er fjallað um rétt verkafólks til kaups er veiti því og fjölskyldum þess sómasamleg lífskjör. Þessu ákvæði telst Ísland framfylgja. Mig langar að setja stórt spurningarmerki við mat það sem lagt er á hvað er sómasamlegt. En raunar kemur fram í umsögn nefndarinnar að hana skorti ítarlegri upplýsingar frá Íslandi, m.a. um meðallaunatekjur og lægstu laun. Kannski það skýri niðurstöðurnar.

Fram kemur í skýrslunni varðandi 2. gr. sáttmálans að upplýsingar vantar einnig um hvernig unnið sé að því að stytta vikulegan vinnutíma. Ég verð að játa að mig fýsir einnig að fá slíkar upplýsingar. Og ég geri ráð fyrir að sama máli gegni um flesta aðra þingmenn.

Varðandi viðurkenningu á rétti karla og kvenna til sama kaups fyrir jafnverðmæt störf undrast ég mjög að upplýsingar hafa verið gefnar um að einungis 10% launamunur sé á milli karla og kvenna ef litið er fram hjá aukavinnu, því þá rýkur munurinn reyndar upp í 40%. Vísað er til niðurstöðu kannana Þjóðhagsstofnunar sem birtar voru í skýrslu fyrir örfáum árum, en ég hlýt að spyrja: Hvað með aðrar kannanir sem leitt hafa í ljós aðrar og mun svartari staðreyndir um launamun kvenna og karla á Íslandi? Hér er eitthvað bogið við upplýsingar um vinnumálefni á Íslandi eða er e.t.v. eitthvað bogið við skilgreiningar á því hvað séu jafnverðmæt störf?

Ég tek undir það með hæstv. félmrh. að brýnt er að marka samræmda stefnu um málefni er snerta aðbúnað fjölskyldunnar. Eins og fram kemur í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar við 16. gr. sáttmálans vantar sárlega upplýsingar um ýmislegt er þessi mál varðar og verður ekki við það unað öllu lengur að svo sé. Þótt ekki hafi það farið ýkja hátt í almennri umræðu veit ég að innan verkalýðshreyfingarinnar hafa menn haft verulegar áhyggjur af athugasemdum sérfræðinganefndarinnar um rétt manna til þess að vera ekki í stéttarfélögum. Í athugasemdum nefndarinnar kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Nefndin veitti sérstaka athygli athugasemdum í íslensku skýrslunni og viðbótarupplýsingum sem skýrðu ástandið hvað varðar rétt launamanna til að stofna eða ganga í stéttarfélög.

Hún veitti því fyrst og fremst athygli að samkvæmt túlkun Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. stjórnarskrár Íslands er mönnum ekki tryggður réttur til að vera ekki félagar í stéttarfélagi. Auk þess taldi rétturinn að alþjóðlegir samningar, svo sem Evrópuráðssamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um almenn og pólitísk réttindi o.s.frv., ógiltu ekki sjálfkrafa „staðfest" ákvæði stjórnarskrárinnar." Og litlu aftar:

„Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun, sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Þetta er aðeins fátt eitt af því sem drepið er á í þessu sambandi og að lokum vil ég grípa niður hér aðeins neðar.

„Nefndin hafði veitt því athygli í fyrri skýrslu frá Íslandi að:

— Aðeins stéttarfélög höfðu rétt til að fara í verkfall. Launamenn, sem áttu ekki aðild að almennum samningi stéttarfélags um kaup og kjör, gátu fellt niður vinnu samkvæmt eigin ráðningarsamningi, en slík vinnustöðvun taldist ekki verkfall samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938."

Í framhaldi af þessu er síðan vikið að verkfallsrétti opinberra starfsmanna og skorti á nákvæmum útlistunum á því hverjir hafa rétt og hverjir ekki. Hið mætasta mál, þ.e. sá hluti þessara athugasemda en ég mun ekki tíunda það nánar að svo stöddu.

Umræða af þessu tagi er að mörgu leyti ný á Íslandi

og von að þessi óvenjulega sýn í samfélagi sem hefur þrátt fyrir allt ríka hefð fyrir stéttarfélögum komi slíkar athugasemdir mönnum ókunnuglega fyrir sjónir og ýmsum þyki áherslurnar orka tvímælis. Það má glögglega finna í ávarpi Ásmundar Stefánssonar á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem birt er sem hluti fskj. II með skýrslu hæstv. félmrn. Ég vil leyfa mér að vitna til orða hans þar sem hann segir:

„Meðal iðnvæddra þjóða er tekjum einnig misskipt og í hagsveiflum síðari ára hefur gætt alvarlegrar tilhneigingar til niðurskurðar á félagslegri þjónustu. Sterk markaðshyggja og pólitísk andstaða gegn viðleitni til jöfnunar og gegn allri starfsemi hins opinbera hefur aukið þessa tilhneigingu. Jafnframt hefur í ýmsum löndum verið rekinn harður áróður gegn verkalýðsfélögum. Þau hafa verið ásökuð fyrir að trufla markaðskerfið, halda uppi of háum launum og gera óraunhæfar kröfur um félagslegt öryggi." — Mig langar að skjóta hér inn, hver vill meta hvað eru óraunhæfar kröfur um félagslegt öryggi? En ég held áfram tilvitnun minni: „Með yfirgangi og ásókn bæði af hálfu atvinnurekenda og stjórnvalda hefur dregið hættulega úr styrk verkalýðssamtakanna í fjölmörgum iðnvæddum ríkjum."

Hér læt ég þessari tilvitnun lokið en Ásmundur Stefánsson er þarna vissulega að vísa til þess sem ég gat um áðan. Þótt ég hafi stytt tilvísunina mjög bendi ég á að þetta má allt saman lesa í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar. Ég er hins vegar ekki í vafa um það, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að umræða af þessu tagi mun leita sífellt meira á okkur í framtíðinni, einkum vegna tilkomu evrópsks efnahagssvæðis, og við neyðumst til að takast á við þennan veruleika.

Það kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. hér í gær að hann taldi þróun mála í Austur-Evrópu vera sigur markaðsbúskaparins, eins og hann sagði orðrétt. Ég vísa á orð Ásmundar Stefánssonar um að sterk markaðshyggja og pólitísk andstaða gegn viðleitni til jöfnunar og gegn allri starfsemi hins opinbera hefur aukið á tilhneigingu til niðurskurðar á félagslegri þjónustu og harður áróður er jafnframt uppi gegn verkalýðsfélögunum. Þetta er sú tilvitnun sem ég var áðan með og þar sem ég stytti þá tilvitnun mikið endurtek ég þetta nú til að enginn velkist í vafa um við hvað ég á. Ég verð að játa að mér finnst það háskalegt ef í nafni frelsis yrði gerð atlaga gegn samtökum vinnandi fólks undir því yfirskini að tryggja frelsi þess fólks en þetta væri í raun atlaga gegn samtakamætti fólks. Með því er ég ekki að mæla með því að skylda eigi fólk til að vera í verkalýðsfélögum, en ég hlýt að benda á hve háskalegt það gæti orðið ef atvinnurekendur fara að beita þeim rökum að þeir vilji ekki ráða aðra til vinnu en fólk sem nýtur þess eina frelsis að vera utan stéttarfélaga.

Það má margt misjafnt segja um stéttarfélög hér á landi á meðan þau tryggja mönnum ekki lágmarkslaun sem nægja til framfærslu. Og við vitum hverjir raðast í lægstu taxtana. Það eru konur. Þetta merkir einfaldlega að við verðum að bæta félögin en ekki það að hver og einn eigi að fara út í einkabaráttu fyrir eigin kaupi og kjörum og þar væri ég nú hrædd um að konur færu enn frekar halloka en nú er. Ekki hafa þær samtryggingu karlanna á bak við sig.

Ég get ekki látið hjá líða að geta um þann hluta skýrslunnar er fjallar um kæru Alþýðusambands Íslands á hendur íslensku ríkisstjórninni til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þótt þar sé um næstum tveggja ára gamalt mál að ræða og forsendur kærunnar sem betur fer ekki lengur fyrir hendi, verkfallsbann og bann við launahækkunum. Við erum þó enn að súpa seyðið af áhrifum þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar, ekki síst fólkið sem eftir sat í neðstu launaflokkunum, úrræðalaust. Það eru konurnar.

Þótt nefndir þær er fjölluðu um kæruna hafi komist að þeirri niðurstöðu að brýna þjóðarnauðsyn hafi borið til að grípa til þessara aðgerða fékk ríkisstjórn Íslands þungar ákúrur vegna málsins og þeim megum við ekki gleyma. Þar kom m.a. fram að þetta var í níunda sinn á tíu árum að slíkt mál eða sambærilegt hafði komið upp, af einhverju tagi, og ástæða til athugasemda. En áður en ég vík að þeim finnst mér nauðsynlegt að líta aðeins á mat Ásmundar Stefánssonar á því hvort þessi brýna þjóðarnauðsyn var nú fyrir hendi og skýringar hans á því hvernig sú stórfurðulega túlkun varð til. Með leyfi forseta mun ég hér hafa síðustu tilvitnun ræðu minnar:

„Fyrir sléttu ári neyddist Alþýðusamband Íslands til að leita til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna bráðabirgðalaga sem ríkisstjórn Íslands setti 20. maí 1988, fáeinum dögum eftir að Alþingi lauk störfum. Þau lög voru augljóst brot á samþykkt 87 og 98, en Ísland hefur staðfest báðar þær samþykktir. Með lögunum var samningsréttur algjörlega afnuminn í ellefu mánuði, fram til 10. apríl 1989 (síðar breytt til 15. febr.) og þann tíma voru, eins og segir í lögunum, „verkbönn, verkföll, þ.m.t. samúðarvinnustöðvanir og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi mæla fyrir óheimilar". Einnig var í lögunum skýrt ákvæði sem bannaði atvinnurekendum að hækka „laun, þóknanir og hlunnindagreiðslur hvers konar umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum og kveðið er á um í lögum þessum." Og áfram segir: „Í niðurstöðum stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá því í febrúar sl. er tekið fram að „Lögin frá 20. maí 1988 takmörkuðu augljóslega rétt samtaka atvinnurekenda og launafólks til frjálsra kjarasamninga á meðan lögin voru í gildi."„

Og síðan getur Ásmundur um að níu sinnum á tíu árum hafi löggjafinn gripið inn í gerða samninga eins og áður gat. Það bendir vissulega til þess að löggjafinn hafi of ríka tilhneigingu til afskipta af kjarasamningum á Íslandi. Síðan heldur Ásmundur áfram:

„Stjórnarnefndin tók undir það sjónarmið okkar sem mestu skiptir að „endurtekin beiting laga til að hafa stjórn á efni samninga í framtíðinni grefur undan trú launafólks á gildi aðildar að verkalýðsfélögum. Félagar þeirra eða mögulegir félagar þeirra geti talið að það sé lítið gagn í því að styðja eða ganga í samtök

sem hafa þann megintilgang að gera kjarasamninga við atvinnurekendur ef löggjafinn nemur þá úr gildi hvað eftir annað."

Þó nefndin tæki þannig undir meginefni ásakana okkar og lýsi í tilmælum sínum áhyggjum sínum vegna lagaafskipta íslenskra stjórnvalda af kjarasamningum taldi hún að þjóðarnauðsyn hafi borið til lagasetningarinnar á síðasta ári.

Sú niðurstaða er greinilega mörkuð af því annars vegar að Ísland hefur fram að þessu haft hreinan skjöld og hins vegar að trúnaður hefur verið lagður á rangfærslur íslensku ríkisstjórnarinnar um svokallað samráð við samtök launafólks. Ekki er ólíklegt að frekar hafi verið lagður trúnaður á rangfærslur ríkisstjórnarinnar fyrir þá sök að sá stjórnmálaflokkur sem harðast hafði gagnrýnt lagasetninguna þegar hún gekk yfir var orðinn þátttakandi í ríkisstjórn þegar ríkisstjórnin gaf svar sitt. Ég vil hins vegar ítreka að þótt þetta gefi til kynna að um viðurkennda staðreynd sé að ræða er sú sannarlega ekki raunin og ég treysti því að sérfræðinganefndin sannreyni að ríkisstjórnin fór með rangt mál."

Svo mörg voru þau orð. Ég tek að vísu ekki undir þau orð Ásmundar Stefánssonar að Alþb. hafi gengið harðast gegn þessari íhlutun. Það gerði Kvennalistinn, að mínu mati, en að öðru leyti vil ég vekja athygli á þessum orðum hans og hans mati á því hvað hér væri á ferðinni.

Ég læt nú máli mínu lokið, hæstv. forseti, þótt tilefni sé til þess að drepa á margt fleira í nefndri skýrslu með það í huga hvernig samstarfi okkar við Alþjóðavinnumálastofnunina verður best fyrir komið. Ég tel að þrátt fyrir ýmsa agnúa sé slíkt alþjóðlegt samstarf ákaflega lærdómsríkt, veki spurningar sem mann fýsir að fá svör við.

Ég ítreka það enn að það eru ekki síst hagsmunir kvenna sem tryggja þarf á vinnumarkaði heimsins og með það í huga vona ég að á komandi árum verði öflugri umræða um vinnuréttarmál, félagslega þjónustu og þann veruleika sem við kunnum að komast í snertingu við. Veruleika afturfarar í málefnum vinnandi fólks, jafnvel í Evrópu sem oft telur sig standa framarlega í þessum efnum.

Að lokum vil ég lýsa ánægju minni með nýja og breytta samþykkt um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum. Í þeim texta er ýmislegt áhugavert þótt ég reki það ekki frekar hér. Mér þótti þó ekki við hæfi að fara hér úr ræðustól án þess að nefna það.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Um þessar mundir eru liðin 50 ár frá því að Íslendingar tóku stjórn utanríkismála í eigin hendur, nánast tíu dagar til þess að sú hálfa öld sé liðin. Það hefði því að mínum dómi mátt búast við að sú skýrsla sem utanrrh. hefur nú lagt fyrir Alþingi og hér er til umræðu hefði að geyma venju fremur ítarlega umfjöllun um helstu þætti utanríkismála þessa hálfu öld þannig að tækifæri hefði gefist til þess að ræða þennan mikilvæga málaflokk, skiptast á skoðunum um utanríkisstefnu þjóðarinnar á þessum sögulegu tímamótum.

Það hefði ekki verið óeðlilegt að gerð hefði verið grein fyrir aðdraganda þess að við tókum utanríkismálin í okkar hendur 10. apríl 1940 og síðan þróun mála, um mótun utanríkisstefnu Íslendinga og þróun í þá hálfu öld sem senn er liðin. Við hefðum sjálfsagt getað virt fyrir okkur og metið hvort við höfðumst rétt að í þeim efnum. Við hefðum líka getað rifjað upp ýmislegt sem sagt hefur verið varðandi einstaka þætti utanríkisstefnunnar þegar utanríkismál hafa verið til umfjöllunar á Alþingi þennan tíma. Það hefði að mínum dómi verið mjög skynsamlegt ef hæstv. utanrrh. hefði hagað sinni skýrslugerð að þessu sinni svo, en það er nú ekki og eru að sjálfsögðu á því skýringar sem ég vík að á eftir.

Engu að síður hefði ég talið að slík söguleg greinargerð, og með því að leggja sérstaka áherslu á einstaka þætti, hefði getað orðið til þess og verður að sjálfsögðu til þess að vekja athygli þeirra sem síðar meir fjalla um þessa hluti hér á Alþingi, til leiðbeiningar og til þess að meta í sambandi við þá þætti sem þá verða á dagskrá.

Það voru ekki liðin nema níu ár frá því að Íslendingar tóku utanríkismálin í sínar hendur þar til t.d. Atlantshafsbandalagið var stofnað og lýðræðisflokkarnir bundust samtökum um að gerast aðili að því bandalagi. Að vísu voru brotalamir hjá tveimur af þeim þremur. Sjálfstfl. stóð einn heill og óskiptur, en sem betur fer hefur frá þessum tíma verið heilladrjúgt samstarf þessara flokka og hafi einhvern tíma einhverjir verið vantrúaðir á það sem þá var gert eru a.m.k. hjá sumum þeirra aðrar skoðanir í dag og vonandi verða þær á þeim sömu nótum framvegis.

Þegar við erum að ræða þessa skýrslu og það eru senn liðin 50 ár frá því að við tókum utanríkismálin í okkar hendur eru auk þess að gerast mjög þýðingarmiklir atburðir í Evrópu og með þeim hætti að aðdragandi þeirra er næstum því jafnlangur eða hálfur fimmti áratugur frá því að fyrstu hugmyndir í sambandi við það sem er að gerast og sýnist vera að gerast nú voru settar fram af þeim vísu stjórnmálamönnum sem þá höfðu gengið í gegnum þann hildarleik sem síðari heimsstyrjöldin var. Það má í rauninni segja að Evrópa sé í endurfæðingu, og í þessari skýrslu er að vísu vikið aftur til ársins 1815 til þess að finna hliðstæðu í sambandi við þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað. En það er ekki bara í efnahagssamstarfi og þróun efnahagsmála í Evrópu þar sem gerast stórir hlutir heldur er og líka mikið að gerast í Austur-Evrópu þar sem hver þjóðin af annarri losar sig nú undan kúgun og áþján kommúnismans.

Sú skýrsla sem utanrrh. hefur lagt fram á Alþingi stendur því á engan hátt undir þeim væntingum sem menn höfðu að sjálfsögðu gert í tilefni þess að innan tíu daga er, eins og ég gat um í upphafi, liðin hálf öld frá því að Íslendingar tóku utanríkismálin í sínar hendur. Ráðherrann virðist ekki hafa haft metnað til þess að nýta það tækifæri sem felst í framangreindum tímamótum, skyggnast fram á veginn, virða fyrir sér

hvernig skynsamlegast væri að halda á hlutunum og reyna að gera sér og öðrum grein fyrir stöðu Íslands í þeirri þróun sem blasir við í Evrópu um þessar stundir.

Hver er ástæðan fyrir þessu? Á hana var bent hér í umræðunum í gær. Ástæðan er sú að ríkisstjórnin er sjálfri sér sundurþykk í utanríkismálunum eins og svo mörgu öðru. Það hefði verið sársaukafullt fyrir ýmsa ef vikið hefði verið að einstökum þáttum og einstökum afgreiðslum utanríkismála hér á Alþingi með sérstöku tilliti til þess hvað nú er að gerast í Austur-Evrópu.

Full ástæða hefði verið til þess að rifja upp stofnun Atlantshafsbandalagsins sem slíks, það hafa aðrir aðilar gert hér í umræðunum, og þýðingu þess öryggis- og varnarbandalags sem Íslendingar tóku þátt í frá öndverðu og hafa verið traustir samherjar vestrænna þjóða, grundvallað á samstöðu lýðræðisflokkanna í landinu. En það er engin samstaða í ríkisstjórninni um þessa hluti í dag og það er heldur engin samstaða um skýringar á því í ríkisstjórninni hvort það sem gert var var rétt eða ekki. Það er engin samstaða þar um og hér í umræðunum í gær kveinkaði forsrh. sér undan því þegar á það var minnst og hann lagði á það sérstaka áherslu, hvað eftir annað, að hann hefði ekki orðið var við mikinn ágreining í utanríkismálum á milli sín og hæstv. utanrrh., lengra komst hann nú ekki, og á þá að sjálfsögðu við á milli sín og ráðherra Alþfl. Því var hins vegar eins farið í gær og í dag að ráðherrar Alþb. eru ekki hér viðstaddir til að taka þátt í þessum umræðum. (Gripið fram í.) Það er e.t.v. vegna dagsetningarinnar, 30. mars, sem hv. þm. vekur athygli á og er rétt og ég heyri að hann fylgist alveg með í sambandi við tímann, að þeir vilja ekki vera hér viðstaddir. Hins vegar var ekki 30. mars í gær svo að sú skýring dugar ekki nema þá fyrir daginn í dag.

Við urðum hins vegar áþreifanlega vör við það í þessum umræðum þegar hv. 2. þm. Austurl. flutti hér alllanga ræðu, fulltrúi Alþb. í utanrrn. þingsins. Það fór ekki fram hjá neinum sem hann sagði hér í þessum efnum og hann staðfesti einmitt það sem hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, hafði sagt, hversu mikill ágreiningur er um þessi mál í núv. ríkisstjórn. Og hann staðfesti það að sjálfsögðu að þessi skýrsla sem slík hefði ekki verið lögð fyrir þá flokka sem styðja ríkisstjórnina. Það er út af fyrir sig ekki hlutur sem er vanalegt að gera. Hitt liggur þó ljóst fyrir að í skýrslum ríkisstjórna frá því að farið var að gefa slíkar skýrslur hefur það verið metið svo að hér sé um að ræða skýrslu sem samstarfsflokkar utanrrh. hafa fyrir sitt leyti fellt sig við. Þessi mikli ágreiningur sem er og hefur verið á milli þessara flokka endurspeglast að sjálfsögðu hjá ráðherrunum sem slíkum og hann kom mjög glögglega fram. Og það var að mínum dómi ekkert sem ekki mátti búast við þegar hv. 2. þm. Austurl. flutti sína ræðu hér í gær og gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum sem í flestöllum atriðum voru önnur en sjónarmið t.d. utanrrh. þegar hann talaði hér. Það er út af fyrir sig ekki gæfulegt að þannig sé háttað málum hjá einni ríkisstjórn að í einu þýðingarmesta máli, þ.e. utanríkismálum, sé slíkur ágreiningur sem raun ber vitni.

Ég vék að því í upphafi að ég hefði talið að hæstv. utanrrh. hefði átt og það verið eðlilegt af hans hálfu að gera miklu ítarlegar grein fyrir þróun mála og samanburði á því með hvaða hætti og hvernig við höfum staðið að hlutum á undanförnum áratugum. Það eru engin sjónarmið sett fram af hálfu ráðherrans að undanskildu þó í varnar- og öryggismálunum en þá kom hv. 2. þm. Austurl. og lýsti sig algjörlega andvígan því sem hér stendur í þessari skýrslu varðandi þau mál. Á bls. 50 stendur, með leyfi forseta:

„Af ofangreindu má ráða að þær breytingar, sem orðið hafa og eru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu, gefi Íslendingum ekki tilefni til að hrófla við því fyrirkomulagi sem þeir hafa stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi. Um varnarstöð Atlantshafsbandalagsins verður fjallað í kaflanum hér á eftir." Og hvað segir svo í upphafi þess kafla? Með leyfi forseta:

„Markmið Íslendinga í öryggis- og varnarmálum er að tryggja fullveldi, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar og stuðla að jafnvægi og friði í þessum heimshluta með þátttöku í varnarsamstarfi vestrænna þjóða og vinsamlegum samskiptum við aðrar þjóðir. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951 eru grundvöllur öryggismálastefnu Íslands sem byggt verður á nú á tímum örra breytinga á Austur-Evrópu."

Hér kemur skýrt fram hvert sjónarmið utanrrh. er. Hér kemur skýrt fram hvernig hann metur þá hluti. En einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar stendur upp og lýsir því yfir að hann sé þessu gjörsamlega ósammála, Ísland eigi að ganga úr Atlantshafsbandalaginu og hér eigi engar stöðvar varnar- og öryggismála að vera og vill á engan hátt fallast á að þetta bandalag hefur átt langstærstan þátt í því hvað nú er að gerast í Austur-Evrópu. Við höfum hlýtt á þingmenn, þá sem kannski hafa ekki verið allt of harðir og ákveðnir, tala um Varsjárbandalag og Atlantshafsbandalag í sama orðinu, tvenn ólík samtök, annars vegar Atlantshafsbandalagið sem öryggis- og varnarbandalag, hins vegar Varsjárbandalagið til þess að halda í greipum kommúnismans þeim löndum, þeim þjóðum sem Sovétríkin höfðu með valdaráni tekið að lokinni síðari heimsstyrjöld.

Ísland hefur í vaxandi mæli tekið þátt í þessu samstarfi meðal vestrænna þjóða. Í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þá Geir Hallgrímsson gegndi embætti utanrrh. voru mjög aukin umsvif utanrrn. í því að sinna þessum málum og gera hlutina með þeim hætti að við værum sem allra best færir um að sinna þessum málum og standa að því sem bandalagið væri með á dagskrá hverju sinni.

Ég undirstrika þetta einfaldlega vegna þess að hér í þessari skýrslu og í umræðum og víða þar sem hæstv. utanrrh. og forsrh. hafa talað hafa þeir gjarnan viljað láta í það skína að það hefðu verið þeir sem hefðu

farið að auka þátttöku, auka afskipti og annað eftir því og þar á meðal með því sem þeir kalla tillögum um afvopnun á höfunum, hugmyndir sem settar eru fram í einu orði án þess að menn geri sér grein fyrir því með hvaða hætti þeir hugsa sér að standa að þeim hlutum.

Ég læt því lokið sem ég vildi segja um þetta atriði og vil þó undirstrika að hér er skýrt kveðið á um áframhaldandi stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum með þeim hætti sem verið hefur. Ég vek hins vegar athygli á því að auðvelt er að finna í þessari skýrslu þar sem um er að ræða frásagnir af hugmyndum hæstv. utanrrh. varðandi frumkvæði Íslands um afvopnun í höfunum en þegar skýrslan er lesin í heild má sjá að þar er verið að þjóna fleiri sjónarmiðum en einu þannig að það fer ekki alltaf saman og er ekki alltaf samhljóða það sem sagt er í einni setningunni til annarrar.

Þegar við víkjum að þýðingu Atlantshafsbandalagsins er stutt yfir til þess sem er að gerast í Austur-Evrópu. Hins vegar er í skýrslunni ekki að finna sjónarmið ráðherrans eða mat hans á því hvernig að skuli staðið. Við höfum heyrt um og fylgst með frjálsum kosningum þar eystra og við skynjum vilja Þjóðverja til þess að ná samstöðu og sameinast. Við finnum breytingarnar þegar við komum þangað, og ég verð að segja það eins og er þegar ég fyrir stuttu síðan kom til Tékkóslóvakíu og varð var við þar hversu það hafði glatt þá þjóð að við, Íslendingar, tókum á móti forseta þeirra varð það mjög til þess að auka skilning á því hvert þessi lönd hafa horft og hvar þau hafa séð í raun og veru fyrirmynd að baráttu til þess að öðlast sjálfstæði og komast undan þeirri kúgun sem þau höfðu búið við.

Hér hafa menn rætt sérstaklega málefni Litáens og hér hafa menn komið og viljað draga úr því sem lagt hefur verið til að samþykkt yrði, þ.e. að við viðurkenndum Litáen sem fullvalda ríki. Skýringarnar á því eru þær að 1921 hafi Danmörk fyrir hönd Íslands viðurkennt Litáen. Við höfum aldrei viðurkennt það sem gerðist 1940, en ég spyr: Hvað er að því að undirstrika og endurtaka? Ég mótmæli því algjörlega að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn Íslands meti afstöðu til slíkra mála út frá því sjónarmiði sem fram kom í ræðu utanrrh. í gær að það væri hætta á því að Gorbatsjov mundi missa völdin. Ætla Íslendingar að haga sínum málum með þeim hætti og láta það ráða ferðinni hvort einvaldurinn er þessi eða annar í Sovétríkjunum? Ég er ekki að halda því fram að sá forseti sem Sovétríkin eiga í dag hafi ekki gert margt mjög gott og þá skulum við gera okkur grein fyrir því að það er í samanburði við ýmislegt sem þar var gert miður gott. En að við Íslendingar getum ekki tekið afstöðu til slíkra mála af því að hætta sé á að einn einræðisherra falli úr valdastóli, það er hlutur sem ég get ekki samþykkt.

Við skulum ekki gleyma því að það voru ýmsir hér sem hældu Ceaucescu á sínum tíma og töldu hann vera frjálslyndasta einvaldinn þarna fyrir austan. (**HG:** Var honum ekki veitt orða?) Og var honum ekki veitt orða, spyr einn sem þekkir nú vel til þar fyrir austan. Það kom bara allt annað í ljós, þegar staða mála var upplýst, um þennan mann sem ýmsir vildu hafa og höfðu náið samband við á þeim forsendum að endilega þyrfti að viðhalda hans veldi af því að þetta væri frjálslyndasti forustumaðurinn í ríkjum Austur-Evrópu. Ég segi: Það er ekki okkar að meta og vega hver er við völd í Sovétríkjunum, en við eigum heldur ekki að líta þannig á að við getum ekki viðurkennt og stutt þá aðila sem berjast fyrir sjáfstæði sínu. Við skulum ímynda okkur að Tékkóslóvakía hefði verið innlimuð í Sovétríkin á sama tíma og þeir gerðu valdaránið þar 1948 og þeir stæðu í sömu sporum og þeir í Litáen. Þá væri vísað til þess að þegar við vorum í danska sambandsríkinu hefðu Danir viðurkennt og þess vegna væri ekki ástæða fyrir okkur að endurtaka þá hluti.

Ég ætlaði síðan, virðulegur forseti, í lok ræðu minnar að víkja að atriðum sem komu upp áðan, þegar hæstv. sjútvrh. skýrði frá fundi varðandi málefni EFTA og Evrópubandalagsins, og ég sé að ráðherrann er hér. Við höfum að undanförnu tekið þátt í þeim viðræðum sem stofnað var til á milli EFTA og Evrópubandalagsins eftir ræðu formanns framkvæmdastjórnarinnar, Delors, fyrir rúmu ári síðan. Áður fyrr höfðu Evrópubandalagsríkin og EFTA-ríkin á fundi í Lúxemborg hafið í raun og veru það starf sem enn hefur verið haldið áfram, þ.e. samræming á málefnum og að koma í veg fyrir og þurrka út hindranir. En með þessari ræðu og því sem henni fylgdi urðu á breytingar. Hvort tveggja var að Evrópubandalagið hafði gert samþykkt um innri markað frá og með 1. jan. 1993 og svo hitt að Delors sá að sjálfsögðu að til þess að styrkja stöðu Evrópu og þess markaðar væri eðlilegt og skynsamlegt að sem nánast samstarf væri á milli Evrópuþjóðanna enda þótt þær væru þá og séu í tveimur viðskiptabandalögum.

Þessar umræður hafa farið fram á embættismannagrundvelli. Starfa þar nefndir sem hafa gert grein fyrir málunum og nú er talið komið svo að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins vinni að umboði sem hún mun sækja til ráðherranefndar bandalagsins til þess að setjast niður og vinna úr þeim hugmyndum, þeirri kortlagningu, sem unnið hefur verið að af hálfu embættismannanna.

Hér hafa farið fram umræður um þessi mál í þinginu og ákveðin gagnrýni, m.a. frá okkur sjálfstæðismönnum, kom fram hér í umræðunum í desember, og lögð var þar á það áhersla að samhliða þessum viðræðum færu fram af hálfu ríkisstjórnar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagsríkin til að styrkja og tryggja okkar málstað þegar, eins og sagt er, til stykkisins kæmi. Á þingfundi brást þáv. hæstv. utanrrh. ókvæða við og skildi ekki hvers vegna afstaða sjálfstæðismanna væri með þessum hætti. Þessi afstaða var öllum kunn og ég trúi að þetta sé í raun og veru sú afstaða sem ábyrgir aðilar, í hvaða flokki sem þeir eru, sem við stjórnvölinn sitja, vilji hafa og að þeir vilji vinna með þeim hætti. Síðan hafa átt sér stað orðaskipti og orðahnippingar á milli utanríkisráð-

herra Íslands og utanríkisráðherra Danmerkur varðandi það að danski utanríkisráðherrann hefur viljað gera athugasemdir við gang mála, við þessa hluti og þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í Austur-Evrópu á sl. ári og það sem af er þessu, að þær út af fyrir sig geti haft og komi til með að hafa þau áhrif í þessum málum að það sem menn voru að hugsa sér fyrir einu ári sé ekki jafnraunhæft nú og það var þá.

Nú skal ég ekki blanda mér í deilumál þeirra kolleganna, utanríkisráðherra Íslands og Danmerkur. En ég trúi ekki öðru en að ábendingar danska utanríkisráðherrans séu gerðar af velvilja til Norðurlandabúa og til Norðurlandanna. Ég bendi á að hann hefur öðrum fremur um langan tíma verið mikill talsmaður samstarfs Evrópuþjóða og velt því fyrir sér með hvaða hætti það yrði eflt í framhaldi af starfi þeirra sem, eins og ég orðaði það, gengu í gegnum hildarleikinn mikla og get ég þar vísað til þess sem þeir sögðu Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, og Robert Schuman sem var utanríkisráðherra Frakka og einn af þeim sem voru í forustu fyrir Evrópuráðinu og Evrópusamstarfi. En ég trúi ekki öðru en þar sé góð meining og þar sé eitthvað það sem hann telji að menn þurfi að horfast í augu við og gera sér grein fyrir.

Mér er ljóst að á fundi utanríkisráðherra í Portúgal komu athugasemdir frá utanríkisráðherrum Svíþjóðar, Finnlands og Íslands. En um leið og sænski utanríkisráðherrann var kominn heim til sín fékk hann þar vissar ábendingar og þær hafa þeir menn skrifað sem telja sig vera vel að sér í þessum hlutum. Það ætti þá ekki eftir að koma á daginn að það væri einmitt danski utanríkisráðherrann sem hefði rétt fyrir sér í þessu efni.

Ég er þeirrar skoðunar að við höldum að sjálfsögðu áfram þessum viðræðum og það hefur komið skýrt fram. En ég er líka þeirrar skoðunar að við höldum áfram viðræðum við stjórnmálamenn í hinum einstöku Evrópubandalagsríkjum og náum eins sterkri stöðu og samstarfi við þá eins og mögulegt er. Hæstv. sjútvrh. gerir ráð fyrir fundi með kollega sínum frá Evrópubandalaginu og það er fyrirhuguð ferð forsrh. til að hitta formann framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ég geri ekki ráð fyrir því að þetta séu ferðir til annars en að undirstrika það sem við leggjum áherslu á í þessum málum, þ.e. sérstöðu Íslands.

Hér í dag gerði hæstv. sjútvrh. grein fyrir fundi sem embættismenn af hálfu Íslands og Evrópubandalagsins sátu og vék að niðurstöðu í þeim efnum og með hvaða hætti sú niðurstaða hefði verið. Það kom mér ekkert á óvart sem þarna er sagt né það sem ráðherrann skýrði frá. Þetta hefur verið skoðun embættismanna Evrópubandalagsins. Þeir hafa haldið þessu fram. Þeir eru ekki bara að þessu núna. Við höfum báðir, hæstv. sjútvrh. og ég, setið fundi þar sem nákvæmlega þessi sjónarmið sem hér eru á blaði komu fram. Það er svo annað sem kemur fram þegar stjórnmálamennirnir tala saman og ég hef þá tilfinningu að þegar Christophersen, danski fulltrúinn í framkvæmdastjórninni, var hér í opinberri heimsókn og hæstv. iðnrh. var í gagnkvæmri heimsókn hjá honum í Brussel, að eftir þann fund hafi einhverjir ætlað að þessi sjónarmið sem embættismennirnir túlka verði ekki höfð að leiðarljósi þegar kemur að lokum þessara mála. Og ég undirstrika það sem hæstv. utanrrh. sagði hér og staðfesti þá skoðun okkar sjálfstæðismanna að það er ekki um að ræða annaðhvort EFTA- og Evrópubandalagsviðræður eða tvíhliða viðræður. Það er hvort tveggja. Ég hef skilið það svo og hæstv. forsrh. hefur einmitt líka vikið að því að það væri þannig. Þessir tveir fundir sem ég vék að áðan sem hæstv. sjútvrh. verður með og hæstv. forsrh. eru að sjálfsögðu grundvallaðir á því að menn ætla sér að gera hvort tveggja. Eða, ég spyr, hugsa menn sér að bíða til ársins 1993 eða 1994? Hugsa menn sér ekki að nota tímann ef skoðanir þessara embættismanna sem gerð var grein fyrir hér áðan af hæstv. sjútvrh. eiga að ráða, ætla menn þá bara að bíða og sjá hvernig þetta endar allt saman? Og hvað geta menn þá gert 1993/1994? Hvað halda menn að íslenskt efnahagslíf geti tapað miklu á þessum tíma? Það liggur alveg ljóst fyrir að hér er um stórar upphæðir að ræða sem við vildum gjarnan að skiluðu sér í íslenskt þjóðarbú.

Ég efast ekki um það að hæstv. sjútvrh. gefst ekki upp fyrir þessari embættismannaskoðun sem hér er á blaði. Svo þekki ég hann af hans störfum að ég er ekki í neinum vafa um að það kemur ekki til greina, enda teldi ég að ef ein ríkisstjórn hygðist gefast upp fyrir slíku væri náttúrlega betur fyrir okkur Íslendingum komið að hún hyrfi frá, nema það sé af öðrum ástæðum líka, það væri betur fyrir okkur komið af öðrum ástæðum. En látum það vera, það vitum við.

En ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram varðandi þessa frásögn sem ég met að hæstv. sjútvrh. hafi verið að flytja hér áðan. Ég tek það ekki fyrir hans skoðun. Ég spyr: Er það ekki ásetningur hæstv. sjútvrh. og annarra ráðherra að halda áfram þeim viðræðum sem þeir hafa, og aðrir sem hafa sinnt þessum hlutum, staðið í, halda þeim áfram til þess að skapa stöðu fyrir okkur þegar til kastanna kemur? Á meðan ég fæ ekki önnur svör trúi ég ekki að það hafi verið ætlan hæstv. sjútvrh. þegar hann kom hér áðan að hann væri að tilkynna einhverja uppgjöf. Það met ég ekki svo. Ég met að hann hafi viljað gera mönnum grein fyrir hvað hefði verið að gerast. Hér voru menn til viðræðna. Það vissu allir. Það var ákveðið sem gerðist á þeim fundi og ég met það og við metum það að hæstv. sjútvrh. kemur til Alþingis og gerir grein fyrir því og lætur alþingismenn fá vitneskju um það sem þar hefur verið að gerast. Mér er ljóst að fjölmiðlar eru á eftir ráðherrum og því sem er að gerast á þeirra vegum og þess vegna segi ég það, við metum það við hæstv. sjútvrh. þegar hann gerir í þinginu grein fyrir þessum hlutum, en við metum það ekki svo að hvorki hann né aðrir ráðherrar séu að gefast upp í þessum málum.

Virðulegur forseti. Ég gerði kannski meira grein fyrir þessum hlutum vegna þess sem hér kom fram

áðan. En ég endurtek það sem ég sagði í upphafi. Ég hefði vænst þess af hæstv. utanrrh. nú tíu dögum áður en 50 ár eru liðin síðan við tókum utanríkismálin í okkar hendur, Íslendingar, að skýrsla hans hefði verið reisnmeiri í þeim efnum en raun ber vitni.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Skýrsla utanrrh. er venju fremur vönduð. Þar er tekið á öllum helstu málum sem varða utanríkismál Íslendinga og þeim gerð skil. Ástæða er til að þakka starfsliði utanrrn. góð störf. Ráðuneytið er fáliðað miðað við þau verkefni sem við blasa. Ótrúlegt er hve sá mannskapur sem til staðar er kemst þó yfir að sinna málum.

Án efa eru breytingarnar í Austur-Evrópu það markverðasta sem gerðist í alþjóðamálum á síðasta ári. Þær breytingar eru enn að gerast og er þróunin í raun afar hröð. Efnahagsvandi Sovétríkjanna er aðalástæða breytinganna þar. Áratuga miðstýringarbúskapur með meðfylgjandi spillingu og skrifræði hefur stöðvað hjól framþróunarinnar. Nú stendur þetta víðlenda ríki hvar 100 millj. manna búa, fólk með sömu þarfir, langanir og þrár og við Vesturlandabúar, frammi fyrir meiri vanda en nokkru sinni fyrr. Það er ljóst að það tekur langan tíma að breyta því fátæktarskipulagi sem þar hefur ríkt yfir í skipulag frjálsra manna hvar mögulegt er að nýta landsins gæði, atorku fólksins, hugvit og framsækni til lífskjarabóta fyrir fólkið sem í Sovétríkjunum býr.

Þær breytingar sem fram undan eru á efnahagssviðinu verða mjög sársaukafullar og erfiðar. Verðlag er allt brenglað vegna niðurgreiðslna ríkisins. T.d. má nefna að í Murmanskræðu Gorbatsjovs kom fram að meðalársneysla hvers Rússa af kjöti kostar jafnmikið og einir kvenkuldaskór. Fargjöld og brauð kosta svipað og gerðist árið 1946 o.s.frv. Líklegt er að þegar þeir taka til við að minnka niðurgreiðslurnar og koma á markaðskerfi verði óróasamt þar eystra.

Íslendingar hafa á undanförnum árum átt mikilvæg viðskipti við Sovétríkin. Við höfum t.d. selt þeim fisk og keypt olíuvörur í staðinn. Nú seinni árin hefur gætt mikillar tregðu í sölu síldar. Við hér á Íslandi höfum tekið því mjög illa og margur hver talið þessa tregðu skapast af annarlegum ástæðum eða dugleysi íslenskra stjórnvalda. Auðvitað sér Síldarútvegsnefnd um þessa sölusamninga. Það má hins vegar vera öllum ljóst að tregða Rússa hefur skapast vegna þess að nú hugsa nýir og hæfari menn á þeirra vegum meira um að ná hagstæðum samningum en fyrr. Breytingarnar heima fyrir gefa þeim meira frelsi. Mér er sagt að á síðasta ári hafi þeim boðist síld á 30–50% lægra verði frá Noregi og Kanada en við Íslendingar kröfðumst. Við getum að vísu státað af úrvalsvöru sem vafasamt er að boðin sé annars staðar. Vöruúrval og matvæli eru í afar slæmum gæðaflokki þar eystra svo að ótrúlegt er að þeir setji gæðin svo mjög fyrir sig. Þess vegna má spyrja: Hvers vegna kaupa þeir af okkur margfalt dýrari síld en þeim gefst kostur á annars staðar? Er það af pólitískum ástæðum eða fyrir vináttu sakir? Ég hallast að því að hér ráði pólitískar ástæður ferðinni þótt ekki vilji ég gera lítið úr vináttunni. Hér er herstöð Atlantshafsbandalagsins og er líklegt að þeir hafi viljað skapa sæmilegt andrúmsloft milli Rússa og Íslendinga með viðskiptum og hafa með því vinsamlegt viðmót hér á landi. Kannski til að afla upplýsinga um herstöðina á Miðnesheiði.

Mér er tjáð að á síðustu árum þegar viðræður hafa siglt í strand hafi komið boð að ofan, þ.e. eftir pólitískum leiðum, um að kaupa af Íslendingum. Ég verð að játa það að ég óttast að breytingarnar í Rússlandi verði okkur á margan hátt erfiðar á viðskiptasviðinu. Þegar sovésk fyrirtæki fá meira frelsi til innflutnings leita þau vafalaust til þeirra sem bjóða lægst verð. Ég spyr utanrrh. hvort ráðuneytið hafi hugað að þeim málum. Eitt er víst að við Íslendingar þurfum að vera þess viðbúnir og leita allra leiða til að efla markaðssókn fyrir afurðir okkar.

Straumar frelsis flæða nú um alla Austur-Evrópu. Þrátt fyrir tilraunir Gorbatsjovs til að halda aftur af frelsisbaráttu Eystrasaltsríkjanna trúi ég því að sú viðleitni muni ekki takast. Frelsisþrá fólksins mun ryðja nýjum tíma braut. Byltingin í Rúmeníu sýnir okkur að þrátt fyrir áratuga innrætingu til dýrðar leiðtoganum reis fólkið upp og fleygði einræðisherranum burt. Hvarvetna í Austur-Evrópu hefur breytingin komið frá hrjáðum almenningi en í Sovétríkjunum og í Búlgaríu er þróunin á annan veg. Stjórnendurnir þar virðast enn hafa tögl og hagldir og reyna nú að framkalla breytingar ofan frá. Sjálfsagt vegna þrýstings annars staðar frá.

Í Búlgaríu verða kosningar nú í maímánuði. Ég var þar á ferð fyrir skömmu. Þar var mér tjáð að Kommúnistaflokkurinn mundi án efa vinna kosningarnar hvort sem það reynist rétt eða ekki. Það eru aðeins nokkrir mánuðir síðan alræði Kommúnistaflokksins var afnumið og er stjórnarandstaðan gersamlega óviðbúin. Ég átti þess kost að vera á fundi með helstu fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Þar kom fram að þeir telja sjálfir sigurlíkur sínar litlar, enda fylking þeirra ósamstæð. Vonandi ná þeir árangri fyrr en seinna.

Í skýrslunni er ítarlega rætt um samskipti Íslendinga og Evrópubandalagsins og jafnframt málefni EFTA. Ekki ætla ég að fara mörgum orðum um þau mál, en þó vil ég segja að fyllsta ástæða er fyrir okkur Íslendinga að taka virkan þátt í umfjöllun þeirra mála. Því er spáð af fróðum mönnum að innan fimm ára verði bæði Noregur og Svíþjóð orðin aðildarríki Evrópubandalagsins. Ég tel að Íslendingar verði af fullri alvöru að hugsa um mögulega inngöngu í Evrópubandalagið. Ef nágrannar okkar, t.d. Norðmenn, helstu keppinautar okkar á fiskmörkuðunum, gerast aðilar er líklegt að rödd Íslands utan þess bandalags verði afar veik. Helsta leiðin til þess að hafa áhrif er að eiga kost á að láta rödd okkar heyrast. Í viðræðum við Evrópubandalagið eigum við auðvitað að halda fast á hagsmunamálum okkar og þá sérstaklega fiskveiðiréttindum. Hins vegar tel ég varasamt að við flækjumst of mikið í endalausri

fyrirvarapólitík. Hafta- og afturhaldspostular mega ekki móta forsendur viðræðna okkar.

Ég vil geta þess að verkalýðshreyfingin á Norðurlöndum hefur mjög látið þessi mál til sín taka. Verkalýðshreyfingin er mjög opin fyrir aukinni samvinnu Evrópuríkja. Hún bendir á að hinn félagslegi þáttur Evrópubandalagsins er of veikur. Tilvist Norðurlanda í Evrópubandalaginu hvar verkalýðshreyfingin er sterk og velferðarríki til fyrirmyndar mun styrkja félagslegan þátt Evrópubandalagsins. Verkalýðshreyfingin hefur um áratuga skeið haft með sér Evrópusamband og hefur rödd Norðurlanda verið þar afar sterk. Sannleikurinn er sá að sameining Evrópu í Evrópubandalaginu er spurningin um lífskjör. Ísland má ekki verða eins konar Grænhöfðaeyja norðursins í lífskjaralegu og menningarlegu tilliti.

Í V. kafla skýrslunnar er rætt um svæðisbundin deilumál. Auðvitað fá deilumál Ísraels og Araba mest rúm en þau hafa verið eitt aðalumræðuefni í alþjóðamálum frá stofnun Ísraelsríkis. Íslendingar hafa í áranna rás stutt Ísrael. Einkum var sá stuðningur afgerandi fyrr á árum. Samúðin með málstað Ísraelsmanna snerti taugar hvers einasta Íslendings. Mönnum var í fersku minni útrýmingarherferð nasista gegn Gyðingum, útrýmingarherferð sem vissulega var engin nýjung en sú tæknivæddasta. Ég hef fundið til fullrar samúðar og samstöðu vegna ofsóknanna sem þeir hafa sætt um aldir, ofsókna sem vissulega eru mikill blettur á kristinni menningu. Atburðir síðustu ára, sérstaklega tveggja ára, sýna að þar ríkir örvæntingarástand. Menn gera þar hluti sem ég trúi að þeir vilji ekki gera. Hluti sem stjórnast af aðstæðum. Hugsjónir þeirra hafa snúist upp í andhverfu sína hliðstætt því sem gerst hefur í kommúnistaríkjunum.

Ég þekki fólk sem búið hefur þar syðra. Lýsingarnar á grimmdinni, manndrápunum, kúgun og fyrirlitningu á mannréttindum gagnvart saklausu fólki, Palestínufólki sem þar hefur búið í aldaraðir, hefur framkallað efasemdir í mínum huga. Ég hef spurt mig: Er réttlætanlegt þrátt fyrir allt að styðja ríkisstjórnir eða ríki sem gera slíkt? Mér er það ljóst að ríkin allt í kringum Ísrael eru einræðisríki þar sem mannréttindi eru lítils virt. Enn geri ég meiri kröfu til Ísraels.

Í ályktun sem samtök kirknanna í Miðausturlöndum, alkirkjuráðsins og kirkjuleiðtoga í Jerúsalem beina til kirkna heimsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Í Jerúsalem, á Vesturbakkanum og á Gazasvæðinu þjáist fólk. Dag hvern er það svipt grundvallarréttindum vegna gerræðislegra aðgerða sem stjórnvöld framkvæma með fullum ásetningi. Fólkið okkar verður því ítrekað að þola harðræði og nauð án þess að hafa á nokkurn hátt til þess unnið. Sérstaklega hvílir þungt á okkur hin skelfilega sóun mannslífa meðal Palestínumanna, sér í lagi barna. Vopnlaust, saklaust fólk hefur verið myrt þegar skotvopnum hefur verið beitt í fullkomnu óleyfi og hundruð manna hafa særst í ofbeldisárásum. Við mótmælum hinum tíðu skotárásum við hina helgu staði. Við fordæmum jafnframt hópfangelsanir og hvernig fullorðnum og börnum er haldið í fangelsi án réttarhalda. Enn fremur fordæmum við hóprefsingar í hvaða formi sem er, þar á meðal rústun heimila og þegar heil héruð og bæir eru sviptir undirstöðuþjónustu, svo sem rafmagni og vatni. Við höfðum til heimsbyggðarinnar um að styðja kröfu okkar um að skólar og háskólar sem lokaðir hafa verið mánuðum saman verði opnaðir að nýju svo að börnin okkar sem skipta þúsundum fái aftur að njóta réttar síns til skólagöngu."

Ég læt tilvitnun í þessa ályktun kirkjuleiðtoganna lokið. Lokaorðin eru að þeir fara þess á leit við jarðarbúa og samtök hinna sameinuðu þjóða að íhuga með gaumgæfni aðstæður Palestínumanna og vinna að skjótri og sanngjarnri lausn á hinu palestínska vandamáli.

Ísrael er, eins og segir í skýrslu utanrrh., hrjáð af stjórnarkeppu. Þar er eins konar tómarúm. Friðarsamningar eru í biðstöðu vegna stjórnarkreppunnar en vonandi tekst þeim að mynda ríkisstjórn sem þorir að taka á vandamálunum, ríkisstjórn sem ekki er heft af einstefnusjónarmiðum trúarofstækismanna. Utanrrh. hefur tjáð mér að í haust muni hann fara til Ísraels í opinbera heimsókn. Ég hef ekkert við það að athuga. Forustumenn þjóða eiga að ræðast við og skiptast á skoðunum. Ég vænti þess að utanrrh. segi ísraelskum stjórnvöldum að við Íslendingar fordæmum grimmd þeirra gagnvart saklausu fólki. Við fordæmum barnamorð, misþyrmingar, kúgun og pyndingar. Ég vænti þess að utanrrh. ræði sérstaklega þau grimmdarverk sem tengst hafa íslensku fólki sem á ættingja og venslafólk í Ísrael. Ég vænti þess einnig að hann óski eftir því að sjá inn í fangelsi þar sem fórnarlömbin eru geymd og skoði þá staði þar sem kvika atburðanna á sér stað. Við Íslendingar hljótum að krefjast réttláts friðar á þessu svæði og að mannréttindi verði virt.

Í umfjöllun utanrrh. um hlutverk varnarstöðvarinnar kemur fram að breytinga er að vænta. Ekki þarf það að koma mönnum á óvart. Breytingarnar sem eru að verða með hruni kommúnismans framkalla breytingar um allan heim. Ógnin sem stafað hefur af miskunnarlausri hernaðarstefnu einræðisríkjanna í austri er að minnka. A.m.k. eru allar líkur á því. Það verður hins vegar að hafa allan varann á. Í krampateygjum hins deyjandi kommúnisma geta hræðilegir hlutir gerst. Þess vegna er ástæða til að vera vel á verði.

Líklegt er að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli gegni áfram mjög þýðingarmiklu hlutverki í varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Það hlutverk verður einkum í formi eftirlits með hernaðarumsvifum umhverfis Ísland og að bregðast tímanlega við atburðum eða þróun sem stofnað geta öryggi Íslands í hættu.

Stöðin á Keflavíkurflugvelli er og verður áfram mikilvægur hlekkur í eftirlits- og aðvörunarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Mér er sagt af þeim sem gerst

þekkja að það líði allt að fimm árum þar til áðurgreindar breytingar verða fullmótaðar. Líklegt er að þessar breytingar verði til þess að fækka starfsmönnum varnarliðsins. Það hefur í för með sér röskun á högum þess fólks sem þar hefur starfað, reyndar margt í áratugi. Við slíkum aðstæðum verða stjórnvöld að bregðast á viðeigandi hátt. Varnarliðsstarfsmenn hafa aflað þjóðarbúinu mikils gjaldeyris og gert varnarliðinu kleift að sinna hlutverki sínu.

Ég vek athygli stjórnvalda á því að nú þegar þarf að huga að hugsanlegum breytingum. Það þarf að gera með alhliða atvinnuuppbyggingu þar syðra, bæði í sjávarútvegi og á öðrum sviðum, svo að allar vinnufúsar hendur fái störf við sitt hæfi.

Nú er um það deilt hvar hugsanlega stóriðju eigi að staðsetja. Ég tel sjálfsagt með tilliti til atvinnuhagsmuna og hagkvæmni að staðsetning nýs álvers verði á suðvesturhorninu. Á þessu svæði er mikið af atgervisfólki sem hefur reynslu af samskiptum við útlendinga, fólki sem til þessa hefur þjónað varnarhagsmunum landsins og fólki sem hefur átt þátt í að byggja upp mikilvægustu stóriðju á sviði iðnaðar. Það á annað og betra skilið en að vera hrint út í kulda atvinnuleysis vegna breytinga í heimsmálum til þess eins að sinna rómantískri byggðastefnu.

Sérstakur kafli er í skýrslunni um Vatnsveitu Suðurnesja. Kunnugt er að í árslok 1987 varð vart lífrænna leysiefna í vatnsdráttarsvæði vatnsbóla Keflavíkur og Njarðvíkur. Bandarísk stjórnvöld féllust á eftir umfangsmiklar samningaviðræður að kosta gerð nýrrar vatnsveitu að öllu leyti. Ástæða er til að þakka utanrrh. og samninganefndinni vasklega framgöngu í því máli, aðrir hefðu ekki gert betur.

Ég vík aðeins að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Vil ég segja það eitt að þar þurfi að gera betur hvað varðar aðstöðu fyrir starfsmenn. Þótt flugstöðin hafi þótt stór á sínum tíma tel ég að ekki hafi verið séð fyrir nauðsynlegri aðstöðu fyrir þá sem þar starfa. Ég tel líka að það þurfi að búa stöðina undir það að flytja innanlandsflug til Keflavíkur.

Fyrirtækið Íslenskir aðalverktakar hefur undanfarna áratugi haft einokunaraðstöðu hvað varðar verktöku á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið hefur að mörgu leyti staðið sig vel, það hefur skilað verkum fljótt og vel, það hefur verið eins konar sveiflujafnari á vinnumarkaðinum á Suðurnesjum og yfirleitt haft hundruð manna í vinnu. Fyrirtækið var sett á stofn fyrir nokkrum áratugum þegar verktaka var á frumstæðu stigi hér á landi. Áður höfðu erlendir verktakar framkvæmt þau verk sem varnarliðið óskaði eftir. Reyndist það mjög illa og var það því framfaraspor á sínum tíma að færa verktökuna til íslenskra aðila. Stofnun Sameinaðra verktaka og síðan Íslenskra aðalverktaka þótti eðlileg á sínum tíma. Nú þegar verktækni og kunnátta ásamt burðugri verktakafyrirtækjum hafa komið til er eðlilegt að hugsað sé til breytinga. Það hefur líka verið gagnrýnt að í áranna rás hefur eignarhald á Íslenskum aðalverktökum færst yfir á færri hendur. Einstaklingar, sem áður tóku virkan þátt í starfi félagsins, nú aldraðir, hafa ásamt dánarbúum í raun átt og stjórnað þessu fyrirtæki á síðustu árum. Það má segja að í krafti einokunar og úreltra viðhorfa hafi fé safnast í gífurlegum mæli á fáar hendur. Suðurnesjamenn hafa og gagnrýnt að allur afrakstur af starfsemi Íslenskra aðalverktaka hefur flust frá byggðarlögunum þar sem fjármagnið varð til til hallarbygginga í Reykjavík. Er fjármagnið að mestum hluta geymt í bönkum hér í Reykjavík í stað þess að nota það til lánafyrirgreiðslu og uppbyggingar á svæðinu. Í svari við fyrirspurn þingmanna Alþfl. fyrir nokkrum árum kom fram að aðeins 4% af innistæðum félagsins Íslenskra aðalverktaka voru geymd í bönkum á Suðurnesjum. Auðvitað er þetta háttalag hreint tillitsleysi og hefur átt sinn þátt í hnignun atvinnulífs á Suðurnesjum.

Það er staðreynd að þegar útgerð og fiskvinnsla var hvað mest á Suðurnesjum voru umsvif varnarliðsins í verklegum framkvæmdum meiri en nokkru sinni síðar. Á þeim tíma var ekki amast við því skipulagi sem var á verktökufyrirkomulagi. Nú er hins vegar svo komið að sjávarútvegi hefur hnignað mjög á umræddu svæði. Bátar og skip hafa streymt frá Suðurnesjum, jafnframt fiskkvótinn, jafnframt flyst atvinnan í burtu. Það er við þessar aðstæður sem augu fólksins syðra hafa beinst að atvinnumálum og verktöku á Keflavíkurflugvelli. Með sívaxandi þunga hafa kröfur aukist um að fyrirkomulagi verktöku verði breytt þannig að heimamenn fái fleiri tækifæri og fjármagnið verði nýtt á heimavelli.

Það hefur oft verið haft á orði hér í þingsölum og víðar að Suðurnesjamenn og Reyknesingar hefðu völlinn. Slík ummæli eru mælt bæði af illkvittni og misskilningi. Staðreyndin er sú að fólkið sem starfar hjá Íslenskum aðalverktökum er ekki ofsælt af sínum kjörum. T.d. má nefna að þegar tímaritið Frjáls verslun gerði samanburð á launagreiðslum fyrirtækja í landinu árið 1988 kom fram að fyrirtækið Íslenskir aðalverktakar var í 156. sæti. Þeir greiddu þá að meðaltali 1646 þús. kr. í árslaun og varnarliðið, sem margir hér í þingsölum telja að sé ásamt Íslenskum aðalverktökum gullkista fólksins þar syðra, var enn þá neðar hvað launagreiðslur snertir. Varnarliðið var þá í 211. sæti fyrirtækja í landinu og greiddi 1503 þús. kr. í meðallaun á ári.

Ég fagna þeim breytingum sem utanrrh. hefur þegar gert hjá Íslenskum aðalverktökum. Í skýrslunni kemur fram að stjórnvöld hafa nú tvo í stjórn fyrirtækisins og má geta þess að nú í fyrsta sinn situr heimamaður í stjórn þess. Það er athyglisvert og reyndar dæmigert fyrir viðhorf eigenda og ríkisins. Hér áður fyrr var aldrei heimamaður kosinn í stjórn fyrirtækisins. Ég hvet utanrrh. til að halda áfram á sömu braut. Ég tel að hann ætti að gefa gaum þeim tillögum sem fram hafa komið um eignaraðild sveitarfélaganna að fyrirtækinu og að einstaklingum í heimabyggð verði gert kleift að hafa meiri áhrif á verktöku og ráðstöfun þess afraksturs sem fylgir fyrirtækinu. Ég tel að varast þurfi snöggar breytingar. Umfram allt þurfi að tryggja atvinnuöryggi þess fólks sem hjá fyrirtækinu starfar.

Í VII. kafla skýrslunnar fjallar utanrrh. um samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Sú samvinna hefur aukist mjög á síðustu árum. Atlantshafsbandalagið var stofnað til varnar útþenslustefnu kommúnismans sem þá þegar hafði hernumið eða framkallað fámennisbyltingu í löndum Mið-Evrópu. Það var ótti við áframhaldandi útþenslu sem þrýsti þjóðum Vestur-Evrópu saman. Aðild Íslendinga að bandalaginu olli miklum deilum. Andstæðingar aðildarinnar voru kommúnistar sem mátu meir hollustu við málstað kommúnismans en varnarhagsmuni landsins. Þess ber þó að geta að þeir voru nokkrir sem umfram allt vildu Ísland hlutlaust þrátt fyrir að engin þjóð hafi haldið hlutleysi sínu án þess að hafa eigin her.

Deilurnar um Atlantshafsbandalagið hafa smám saman hjaðnað. Keflavíkurgöngur, upphlaup og dónaskapur gagnvart forustumönnum Atlantshafsbandalagsins sem sótt hafa okkur heim er aflagður. Smám saman hefur þróttur þeirra sem lögðust gegn vörnum Íslands hjaðnað. Atlantshafsbandalagið var víðar umdeilt í Vestur-Evrópu. Þar voru fylgifiskar kommúnista í fararbroddi eins og hér á landi.

Fyrir allmörgum árum breyttu kommúnistaflokkar Vestur-Evrópu afstöðu sinni gagnvart Atlantshafsbandalaginu. T.d. eru nokkur ár síðan ítalskir og franskir kommúnistar fóru að taka virkan þátt í þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsins. Það er líka athyglisvert að einn forustumanna Socialistisk Venstre parti í Danmörku, Pelle Voigt, er einn virkasti þátttakandinn í þingmannasamtökum NATO. Þar gegnir hann trúnaðarstörfum og lætur mjög að sér kveða.

Nú er Atlantshafsbandalagið sterkara en nokkru sinni fyrr. Það verður líka á tímamótum og á ég von á því að umfang þess verði meira á næstu árum þó starfsemin breytist frá því sem nú er. Á þingi ítalska kommúnistaflokksins sem haldið var í síðasta mánuði kom fram tillaga um að Ítalía gengi úr NATO. Sú tillaga var felld með 498:353 atkv., 53 seðlar voru auðir. Ítalski kommúnistaflokkurinn hefur verið sá sterkasti og fjölmennasti í allri Vestur-Evrópu frá styrjaldarlokum.

Þessi þróun hefur alveg farið fram hjá arftaka íslenskra kommúnista, Alþb. Enn er það stefnuskráratriði þess flokks að Ísland hverfi úr NATO. Enn vilja þeir gera Ísland varnarlaust með brottför varnarliðsins. Alþb. hefur alið á óvináttu og heift gagnvart einni bestu vinaþjóð okkar, Bandaríkjunum, og þvælist fyrir þegar rætt er um traustari varnir Íslands. Þáttur í þessu er andstaða við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, gegn varaflugvelli og fleiru. Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á Alþb. að breyta frá afturhaldssömum sjónarmiðum í varnarmálum og sýna þjóðarhollustu líkt og ítalskir og franskir flokksbræður þeirra hafa gert.

Í fjölmörgum þáttum utanríkismála eigum við hins vegar samleið. Á ég þar við þróunarmál, baráttu gegn hungri og misrétti í þróunarlöndunum og víðar. Atburðirnir í Austur-Evrópu ættu fremur en nokkuð annað að gera mönnum það ljóst að tilvist Atlantshafsbandalagsins hefur meira en nokkuð annað gert það að verkum að kúgaðar og marghrjáðar þjóðir Austur-Evrópu sjá nú hilla undir frelsi og mannréttindi.

Nú þegar við ræðum utanríkismál er ástæða til að ræða hrun kommúnismans í Austur-Evrópu. Kommúnisminn hefur á undanförnum árum verið einhver mesta plága sem hrjáð hefur þjóðir Austur-Evrópu. Fólki hefur milljónum saman verið haldið í fjötrum þeirrar stefnu og nú þegar flokkseigendurnir og einræðisherrarnir falla hver á fætur öðrum kemur í ljós að ástandið gagnvart alþýðu manna hefur verið enn þá alvarlegra, enn þá verra en menn hafði grunað. Hervald og skoðanakúgun var stjórntæki svokallaðra hugsjónamanna kommúnismans. Hér fyrir vestan börðust flestir gegn þessu alræðiskerfi. Þeir er það gerðu voru til skamms tíma kallaðir öllum illum nöfnum, rógbornir, rægðir og svívirtir á alla lund. Það má aldrei gleyma því að til var Kommúnistaflokkur Íslands og arftaki hans, Sameiningarflokkur alþýðu, og nú síðasta afbrigðið, þó í útþynntara lagi, Alþb.

Vert er að geta þess að átökin milli kommúnista og jafnaðarmanna fyrr á árum urðu til þess að kljúfa vinstri hreyfinguna á Íslandi, kljúfa og veikja verkalýðshreyfinguna í landinu. Það er nú ástæða til að minnast þess að það var aðeins eitt atriði sem á sínum tíma olli klofningi Alþfl. Það var afstaðan til Sovétríkjanna. Það var sú staðreynd að kommúnistar hér á landi trúðu því að Sovét-Ísland væri framtíðarríkið. Það er ástæða til að minnast þeirra sérstaklega sem alltaf stóðu fastir gegn alræðisstefnu kommúnismans og héldu merki jafnaðarmanna á lofti. Þeir sem allt til þessa dags hafa tekið málstað kommúnismans og látið málgagn hans, Þjóðviljann, gegna hlutverki mannorðsþjófs skulda íslensku þjóðinni afsökun. Það var ekki að tilefnislausu að formaður Alþfl., Jón heitinn Baldvinsson, sagði á Dagsbrúnarfundi í febrúar 1938:

„Eðli verkalýðshreyfingarinnar er ekki skyndiupphlaup, hávaðafundir og ævintýri heldur markvisst, sleitulaust strit fyrir málefninu sjálfu. Íslenskt fólk er frábitið hugsunarhætti kommúnismans og hann sigrar aldrei hér á landi fyrir atbeina Íslendinga. Það er hið hættulegasta ævintýri fyrir íslenska alþýðu að taka sér merki mannanna frá Moskvu í hönd og ganga með það út í baráttuna. Undir því merki mun hún bíða ósigur og falla."

Gríma kommúnismans er fallin. Kalda stríðinu er lokið. Nú fyrst er Evrópa öll að ná sér eftir blóðuga heimsstyrjöld. Þar iðar allt af frelsisþrá, þrá eftir betri lífskjörum, betri heimi. Utanríkisstefna Íslendinga þarf að taka mið af þessum breytingum. Rödd Íslands þarf að heyrast hvarvetna þar sem misrétti er beitt, kúgun og ofbeldi. Þýðingarmestur er friðurinn. Sameinuð frjáls Evrópa tryggir best að friður og frelsi ríki í þessum heimshluta.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

72. fundur, mánudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa eftirfarandi bréf frá hæstv. forseta Nd. Hið fyrsta er dagsett 28. mars 1990 og hljóðar svo:

„Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda af heilsufarsástæðum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Annað bréfið er dagsett 29. mars 1990 og hljóðar svo:

„Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétur Bjarnason fræðslustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Þriðja bréfið er dagsett 2. apríl 1990 og hljóðar svo:

„Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Birgir Dýrfjörð, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Árni Gunnarsson,
forseti Nd."

Allir þessir hv. þm. hafa áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð þá velkomna til starfa.

Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvS o.fl., 458. mál. — Þskj. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 791.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 111/1989 og er efnisþátturinn fjáraukalög fyrir árið 1989. Í frv. er leitað heimilda Alþingis fyrir endanlegu greiðsluuppgjöri fyrir ríkissjóð fyrir árið 1989, niðurstöðutölum um endanlegar greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar hafa verið í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 1989.

Ég vil hér í upphafi rifja það upp að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 var lagt fyrir Alþingi 1. nóv. sl. Því fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1989 og þær heimildir sem óskað var eftir að yrðu samþykktar umfram fjárlög fyrir árið 1989. Einnig vil ég vekja athygli á því að fyrir Alþingi liggur skýrsla um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar fyrir árið 1989.

Vegna þessara gagna sem ég hef rakið hér er ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum um afkomu ríkissjóðs og þróun ríkisfjármála árið 1989, enda hefur þegar farið fram ítarleg umræða um það mál hér á Alþingi. Ég vil þess vegna nota tíma minn til þess að víkja sérstaklega að þeim frávikum sem urðu frá niðurstöðum fjárlaga að viðbættum fjáraukalögum fyrir árið 1989 og endanlegum greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1989.

Þegar fjárlög fyrir árið 1989 voru afgreidd frá Alþingi ríkti mikil óvissa um framvindu efnahagsmála á árinu 1989. Þegar líða tók á fjárlagaárið var ljóst að ýmsar forsendur fjárlaganna mundu ekki standast og ljóst var að heimildir fjárlaga mundu ekki nægja til að mæta þeim skuldbindingum sem stofnað var til. Í því skyni var lagt fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga sem afgreitt var sem lög 22. des. sl.

Samkvæmt niðurstöðutölum laganna var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs mundu verða um 8,5 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir en á móti var áætlað að tekjur ríkissjóðs mundi aukast um nálega 3 milljarða kr. miðað við áætlun fjárlaga þannig að afkoma ríkissjóðs versnaði um tæplega 5,5 milljarða kr. miðað við fjárlög. Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1989 og samkvæmt því versnaði afkoma ríkissjóðs enn frekar eða um ríflega 1,2 milljarða frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaganna fyrir árið 1989. Endanlegar greiðslur úr ríkissjóði urðu um 1,1 milljarði kr. hærri en gert var ráð fyrir.

Þessi munur sem menn hafa nú nokkuð tekið til umræðu áður hér á Alþingi felst einkum í því að þegar upp var staðið reyndust greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins vera um 176 millj. kr. meiri en áætlað var og vaxtagjöld ríkisins 190 millj. kr. meiri en áætlað var. Einnig fór rekstur framhaldsskóla 150 millj. kr. fram úr áætlun og stofnanir dómsmrn. 160 millj. kr. Loks var viðhalds- og stofnkostnaður um 240 millj. kr. hærri sem aðallega má rekja til fasteignakaupa samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga. Skýrist sá munur af annarri framsetningu á eignakaupum í ríkisreikningi en í fjárlögum. Í fjárlögum eru útborganirnar á árinu eingöngu færðar til gjalda, en í ríkisreikningi eru fasteignakaup hins vegar að fullu gjaldfærð á kaupárinu og á móti eru bókuð tekin lán. Að teknu tilliti til þess eru greiðslur vegna fasteignakaupa í samræmi við fjárlög.

Ég mun nú víkja örfáum orðum að þeim frávikum sem koma fram hjá hverju ráðuneyti fyrir sig.

Hvað forsrn. varðar vegur þyngst 2 millj. kr. kostnaðarauki við undirbúning og stofnun umhvrn. og 3,7 millj. kr. vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja.

Hvað menntmrn. snertir vegur þyngst rekstrarkostnaður framhaldsskóla og sérskóla og veldur þar mestu að þegar upp var staðið var kostnaður vegna verkfalls kennara í vor meiri en reiknað var með vegna þess að kostnaður við að bæta nemendum upp tapaðan námstíma með aukinni kennslu á haustönn reyndist meiri en hægt var að gera sér grein fyrir í nóvember- og desembermánuði. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að áætlanir um rekstur grunnskólanna stóðust algjörlega þannig að ekki þarf að sækja um heimildir vegna þeirra.

Hvað utanrrn. snertir er þar um að ræða 12,8 millj. kr. og vegur þar þyngst greiðsla vegna Þróunarsamvinnustofnunar að fjárhæð 6 millj. kr. sem eru vegna hækkunar á gengi umfram forsendur fjárlaga og framlags frá fyrra ári vegna Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar. Þá urðu greiðslur vegna skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs um 4 millj. kr. umfram heimildir og um 2,6 millj. kr. vegna ýmissa framlaga til alþjóðastofnana. Hvort tveggja skýrist að meginefni af hækkun á gengi umfram forsendur fjárlaga en einnig er um að ræða kostnað vegna veikindaforfalla hjá skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Hvort tveggja eru óviðráðanlegar ástæður sem ekki var hægt að gera ráð fyrir á sínum tíma.

Hvað snertir landbrn. er aðallega um að ræða halla á rekstri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og veiðistjóraembættis sem nemur 8,5 millj. kr. og Skógrækt ríkisins sem nemur 4 millj. kr. Í fjáraukalögum var sótt um viðbótarheimild fyrir Landgræðslu ríkisins að fjárhæð 8 millj. kr. en fyrir mistök féll sú heimild út í meðferð fjvn. Skýrist frávik í greiðslum til stofnunarinnar í aðalatriðum af þessari greiðslu. Kostnaður við gæðamat á landbúnaðarvörum var 5 millj. kr. meiri en samkvæmt forsendum fjárlaga á að innheimta þá fjárhæð hjá vinnslustöðvunum. Þá fór rekstur búnaðarskólanna 5 millj. kr. fram úr áætlun. Á móti þessu vega óhafnar fjárveitingar, aðallega vegna jöfnunargjalds, þannig að greiðslustaða ráðuneytisins er jákvæð um tæpar 8 millj. kr.

Hjá sjútvrn. er um að ræða rúmlega 90 millj. kr. umfram heimildir. Þar vega þyngst útgjöld vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi sem voru 83,7 millj. umfram heimildir, en framleiðslumagnið og útflutningurinn reyndust meiri en ljóst var í nóvember- og desembermánuði þegar gengið var frá fjáraukalögunum hér á Alþingi.

Hjá dóms- og kirkjumrn. er um að ræða 159 millj. kr. Af þeirri fjárhæð má rekja um 120 millj. kr. til embætta lögreglu og fógeta. Á móti þessu vegur að á árinu var gripið til harðra aðhaldsaðgerða sem hafa skilað verulega bættum árangri ef miðað er við fyrra ár. Af öðrum liðum má nefna að fangelsismál fóru 12,6 millj. kr. fram úr áætlun og löggæslukostnaður ýmiss konar 20 millj.

Hvað félmrn. snertir fór rekstur stofnana fatlaðra 26 millj. kr. fram úr áætlun, en á móti því vega óhafnar fjárveitingar á öðrum rekstrarliðum.

Hjá heilbr.- og trmrn. er um að ræða rúmar 207 millj. kr. Vegur þar þyngst aukin greiðsla til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristryggingadeildar að fjárhæð 176 millj. kr. Þar er um að ræða enn frekari endurgreiðslu á skuld við vörslusjóð stofnunarinnar en áætlað var fyrir í fjáraukalögum. Þessar skuldir hafa safnast upp á undanförnum árum en koma nú til gjaldfærslu. Af öðrum liðum má nefna 27 millj. kr. uppgjörskostnað vegna kaupa á sneiðmyndatæki fyrir Borgarspítalann sem keypt var á árinu 1988 með vísun til heimildar í 6. gr. fjárlaga.

Hvað fjmrn. snertir vega þar þyngst 185 millj. kr. vegna fasteignakaupa. Þessi munur skýrist, eins og ég gat um áðan, af annarri framsetningu á eignakaupum í ríkisreikningi en í fjárlögum. Þá urðu greiðslur vegna Ríkisábyrgðasjóðs 80 millj. kr. umfram fjárlög þar sem meiri ábyrgðir féllu á ríkissjóð en áætlað var. Af öðrum liðum má nefna 27 millj. kr. viðbótarútgjöld við rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík en hún er kostuð af ríki að hálfu á móti Reykjavíkurborg.

Hvað samgrn. snertir er um að ræða viðbótarheimild upp á rúmar 23 millj. kr. Þar vega þyngst greiðslur til Flugmálastjórnar og þátttaka í vaxtakostnaði af láni sem Arnarflugi var veitt árið 1985 með heimild í sérstökum lögum þar um.

Hjá iðnrn. eru óhafnar fjárveitingar tæplega 50 millj. kr. og er nánari grein gerð fyrir málefnum ráðuneytisins í grg. með frv.

Hjá viðskrn. eru um 70 millj. kr. vegna aukinna niðurgreiðslna umfram áætlanir.

Hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun eru rúmlega 178 millj. kr. vegna aukinna vaxtagreiðslna.

Eins og þessi upptalning sýnir er hér um að ræða, hvað allar stærstu upphæðirnar snertir, niðurstöðu sem erfitt var að meta nákvæmlega í nóvember- og desembermánuði hver yrði endanleg vegna bæði gengisbreytinga og meiri kostnaðar sem féll á ríkis-

sjóð af ýmsum ástæðum sem aðallega eru utanaðkomandi og ég hef hér rakið.

Ef litið er til fjárstreymis milli A- og B-hluta ríkissjóðs árið 1989 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 177 millj. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir en um 61 millj. kr. lægri en samkvæmt fjárlögum að viðbættum fjáraukalögunum fyrir árið 1989. Á hinn bóginn urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð talsvert lægri samkvæmt endanlegu greiðsluuppgjöri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Frávik hjá einstökum stofnunum urðu talsvert meiri en samtölur fyrir greiðslustreymi milli A- og B-hluta sýna. Stærsta frávikið til hækkunar varð hjá Ríkisábyrgðasjóði en greiðslur til sjóðsins urðu um 8 millj. kr. umfram fjárlög. Á móti vegur að greiðslur vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs urðu 70 millj. kr. lægri en áætlað var og greiðslur til Póst- og símamálastofnunarinnar 25 millj. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og er það vegna minni skila ICAO-tekna en áætlað var í fjárlögum. Þá urðu greiðslur til Orkusjóðs um 49 millj. kr. lægri en fjárlög að viðbættum fjáraukalögum.

Sex fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Skil þessara fyrirtækja til A-hluta ríkissjóðs urðu um 582 millj. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir en um 98 millj. kr. hærri en samkvæmt áætlun fjárlaga að viðbættri áætlun laga nr. 111/1989.

Stærsta frávik til lækkunar miðað við fjárlög varð hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins en skil fyrirtækisins urðu um 680 millj. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Stafar það einkum af því að sala á innlendum bjór varð hlutfallslega umtalsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir, en tekjur Áfengisverslunarinnar af sölu á innlendum bjór urðu minni en tekjurnar af sölu á erlendum bjór. Einnig var fallið frá áætlun fjárlaga um að hækka verð á áfengi og tóbaki umfram almennar verðlagshækkanir.

Þá urðu skil sölu varnarliðseigna verulega lægri en áformað var eða sem nemur 31 millj. kr. Á móti þessu vegur að afkoma Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli fól það í sér að skil hennar í ríkissjóð urðu 127 millj. kr. hærri en upphaflega var áætlað og skil Flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli rúmlega 3 millj. kr. hærri en áætlað var.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir því hverjar eru helstu ástæður þess að nú er lagt til við Alþingi að veita heimildir fyrir um það bil milljarði umfram það sem gert var í fjáraukalögum sem hér voru samþykkt í desembermánuði. Það er út af fyrir sig eðlilegt að þingmenn kunni að spyrja hvers vegna ekki var hægt að gera ráð fyrir þessu í fjáraukalögum sem hér voru samþykkt í desembermánuði. Skýringarnar eru margþættar eins og ég hef hér rakið. Varðandi marga af þessum þáttum var ekki hægt fyrr en við lok ársins að áætla eða sjá nákvæmlega hver umframgjöldin kynnu að verða. Það hefði svo sem mátt vera með einhverja almenna upphæð í fjáraukalögunum til þess að ætla fyrir þessu en það var ekki kosið að fara inn á þá braut þegar fjáraukalög voru í fyrsta sinn lögð fyrir þing á yfirstandandi ári eftir 70 ára hlé. Ég tel þess vegna að mörgu leyti að þessi útkoma staðfesti að breytingarnar hafi á ýmsan hátt verið e.t.v. minni en gera mátti ráð fyrir ef litið er til þess að ekki var hægt að byggja á reynslu neinna undanfarinna ára hvað snertir mat annars vegar í nóvember og desember og hins vegar endanlegt uppgjör í árslok. Ég tel því að reynslan af samþykkt fjáraukalaga í desember í fyrra og vinna fjvn. og fjmrn. að því máli í nóvembermánuði sé dýrmætt veganesti fyrir okkur á þessu ári þegar við reynum að stýra gerð fjáraukalaga að þeim markmiðum sem ég vænti að þingmenn séu sammála um að festa í sessi.

Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh., sem hér var að ljúka ræðu sinni og mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 111/1989, fjáraukalögum fyrir árið 1989, var að þessu sinni óvenju hógvær í sínum málflutningi. Hann talaði á lágu nótunum að þessu sinni og var hvergi nærri í essinu sínu og var ekki í sínum venjulega ham þegar hann er hér í þessum ræðustól að tala fyrir málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. fjmrh. var sem sé að kynna fyrir Alþingi hvernig niðurstaðan hefur orðið og útkoman úr fjármálastjórninni á hans fyrsta fjárlagaári. Það frv. sem hér liggur fyrir er dómur um fjármálastjórnina á árinu 1989 og með því frv. liggur fyrir niðurstaðan á því hvernig til hefur tekist af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. á þessu ári, á árinu 1989.

Hæstv. fjmrh. var miklu mynduglegri í málflutningi þegar hann mælti fyrir frv. til fjárlaga fyrir þetta ár hinn 10. nóv. 1988. Þá var hæstv. fjmrh. að mæla fyrir sínu fyrsta fjárlagafrv. og honum varð tíðrætt um að nú væru tímamót í fjármálum ríkisins og að fram undan væru tímamót í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Hæstv. ráðherra sagði m.a. í þeirri umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Við upphaf fjárlagagerðar nýrrar ríkisstjórnar blasti við að halli ríkissjóðs yrði verulegur á næsta ári að óbreyttum tekjum og þeim útgjaldaáformum sem lágu fyrir í Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ríkisstjórnin setti sér í upphafi það markmið að samþykkja fjárlög með afgangi. Þetta var talið nauðsynlegt til að vinna gegn þenslu og stuðla að lækkun verðbólgu og lækkun vaxta. Til að ná slíku markmiði var nauðsynlegt að skera niður fyrirliggjandi útgjaldaáform og afla ríkissjóði aukinna tekna."

Enn fremur segir í framhaldi af þessu í ræðu hæstv. ráðherra að nauðsynlegt sé, til þess að koma í veg fyrir aukningu viðskiptahallans og til þess að unnt sé að ná niður verðbólgu og lækkun vaxta, að reka ríkissjóð með afgangi á næsta ári, þ.e. á árinu 1989.

Hæstv. ráðherra sagði enn í þessari ræðu sinni þann 10. nóv. 1988, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 markast annars vegar af þeim aðstæðum sem hér hefur verið lýst og hins

vegar af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta og koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla á næsta ári þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna. ... Ríkissjóður greiðir niður skuldir í stað þess að bæta við þær, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Stórlega er dregið úr erlendum lántökum opinberra aðila.

Meginatriði fjárlagafrv. fyrir árið 1989 er að með því er gerð tilraun til að snúa við blaðinu frá þeim hallarekstri sem einkennt hefur ríkissjóð á síðustu árum. Ætlunin er að snúa um 3 milljarða kr. halla á árinu 1988 í rúmlega 1 milljarðs kr. afgang á árinu 1989."

Enn segir hæstv. fjmrh. undir lok sinnar ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Það er þess vegna mjög brýnt að Alþingi allt og ríkisstjórn sýni í reynd gott fordæmi. Verk okkar þurfa að endurspegla að við skjótum okkur ekki undan erfiðum ákvörðunum. Við verðum öll, Alþingi og þjóðin í heild, að horfa af fullri ábyrgð framan í þau vandamál sem við er að stríða í efnahagslífinu og í fjármálum ríkisins. ... Berum við gæfu til að snúa við óheillaþróun undanfarinna ára? Höfum við áræði og kraft til að takast á við erfið verkefni og hrinda í framkvæmd óþægilegum og sársaukafullum ákvörðunum?

Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 felur í sér tilraun til að svara þeim spurningum. Í því felst alvarleg viðleitni til þess að tryggja íslenskri þjóð á næstu árum betri lífskjör og traustari efnahag."

Svo sem fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1989 skorti ekki að hæstv. ráðherra lýsti því yfir fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar að nú væri ætlunin að snúa við blaðinu í fjármálum ríkisins, nú væri nauðsynlegt að taka á í fjármálum ríkisins, taka erfiðar ákvarðanir með aukinni skattheimtu annars vegar og auknum niðurskurði útgjalda hins vegar til þess að koma á jafnvægi í fjármálum ríkisins. Nú þyrfti að hafa áræði og kjark til þess að fylgja eftir þessari stefnu og hæstv. fjmrh., eins og fram kom í hinum tilvitnuðu orðum, hét á Alþingi, fjvn., samráðherra sína og jafnvel Ríkisendurskoðun að tryggja það með sér að sú yrði raunin til þess að ná fram því sem hann kallaði nýjum grundvelli fyrir efnahagsstarfsemina á Íslandi.

Þetta var sá boðskapur sem lá að baki frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 og þetta var sá boðskapur sem hæstv. ráðherra útmálaði hér úr þessum ræðustóli þann 10. nóv. þegar hann fylgdi fjárlagafrv. úr hlaði, og þessum boðskap var í raun tekið af hálfu Alþingis á þann hátt að Alþingi stóð ekki að því að spilla þessum ásetningi. Alþingi afgreiddi fjárlög, fjvn. og Alþingi afgreiddi fjárlög með þeim hætti að þar var gert ráð fyrir verulegum tekjuafgangi. Frv. eins og það var lagt fram fól að vísu í sér að þar var gert ráð fyrir tekjuafgangi sem var 1100–1200 millj. kr. en fjárlög voru afgreidd á þann hátt að tekjuafgangur var 636 millj. kr. Alþingi greip því ekki fram fyrir hendur hæstv. ríkisstjórnar né hæstv. fjmrh. Alþingi varð við áskorun hæstv. ráðherra og afgreiddi fjárlög á þann hátt að gera mátti ráð fyrir að unnt yrði að standa við þau markmið sem hæstv. ráðherra hafði sett sér.

Nú er komið annað hljóð í strokkinn og það hefur verið það á undanförnum mánuðum, allmörgum. Nú lýsir hæstv. ráðherra því yfir hvernig þessi áform hafi mistekist og að ýmsar aðstæður hafi orðið til þess að ekki hafi verið hægt að standa við þessi áform. Hæstv. ráðherra er sem sé að lýsa því yfir, óvenjulega beygður hér í þessum ræðustól, að ekki hafi tekist að standa við þau áform sem hann hafi sett og hæstv. ríkisstjórn hafði sett í fjármálum ríkisins þegar hún var mynduð. Hann er sem sé að lýsa því yfir að fjármálastjórnin hjá hæstv. ríkisstjórn, hjá hæstv. fjmrh. sjálfum, hafi mistekist á árinu 1989. Og það er ekki furða þó að hæstv. ráðherra sé beygðari þegar hann er að mæla fyrir þessu frv. en hann oftast er þegar hann er hér í þessum ræðustól.

Hæstv. fjmrh. á þakkir skilið fyrir það að hann flutti snemma á þessu þingi frv. til fjáraukalaga fyrir þetta umrædda ár, árið 1989. Það fjáraukalagafrv., sem fól í sér útgjaldaauka ríkissjóðs úr 76,4 milljörðum upp í 86 milljarða eða um 8½ milljarð, var afgreitt skömmu fyrir jól og þá var því enn lýst yfir af hálfu hæstv. fjmrh. ... Ég sé það nú að hæstv. fjmrh. er að halda flokksfund í sínum þingflokki (**Fjmrh.:** Nei.) þó að hann sé kannski ekki aðili að þingflokknum, en hann er að halda fund í flokknum og ræða við sína menn í stað þess að sitja hér til þess að hlýða á mál manna. Ég hefði kosið að ekki yrði nema einn fundur haldinn hér í þessum sal í senn. — Hæstv. ráðherra lýsti því yfir við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir jól að þá væri fengin lokaniðurstaða í útgjöld ríkisins fyrir árið 1989. Og hann var þráspurður um það hvort ekki mætti vænta þess að útgjöld ríkisins héldu áfram að aukast þrátt fyrir að með fjáraukalögum í desember væri búið að auka heimildir fyrir útgjöldum ríkissjóðs um 8½ milljarð. Hæstv. ráðherra taldi að ekki yrði um meiri útgjöld af hálfu ríkissjóðs að ræða en þá voru fengnar heimildir fyrir. Hann taldi sem sé og ítrekaði það að sér væri raunar ekki heimilt að auka útgjöld ríkisins meira en fjáraukalögin hefðu gefið heimildir fyrir.

Þetta fór enn á annan veg. Þessar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. reyndust einnig markleysa. Í því frv. sem hér liggur fyrir sést að enn hafa útgjöld ríkissjóðs verið aukin frá fjáraukalögum sem samþykkt voru hinn 20. des. sl. um tæpar 1100 millj. kr. Það voru sem sé drjúg verkin hjá hæstv. fjmrh. dagana á milli jóla og nýárs. Aðeins á þeim dögum kom hann því í verk að auka útgjöld ríkissjóðs umfram heimildir sem nam 1073 millj. kr.

Það var því ekkert einkennilegt þó að hæstv. fjmrh. væri með lágmæltasta móti þegar hann mælti fyrir frv. hér áðan. Niðurstaðan úr fjárlagadæminu á síðasta ári er því þessi að útgjöld hafa aukist um 9,6 milljarða kr. frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir, en tekjur höfðu aukist um 2,9 milljarða kr. frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Og í stað þess að tekjuafgangur væri á fjárlögunum, sem var 636 millj. kr., varð halli yfir 6

milljarðar kr. Þetta er niðurstaðan. Og þetta er dómurinn um fjármálastjórn þessa hæstv. ráðherra á hans fyrsta heila fjárlagaári.

Hæstv. ráðherra setti sér vissulega góð markmið þegar hann kom og mælti fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1989 héðan úr þessum ræðustóli eins og til var vitnað hér í upphafi máls míns. Og hæstv. ráðherra talaði af býsna miklu steigurlæti um að það þyrfti áræði til þess að leggja fram frv. sem táknaði það að þessum markmiðum ætti að ná og það þyrfti kjark til að fylgja því eftir frá einum mánuði til annars að framkvæmd fjárlaga og ríkisfjármála yrði með þeim hætti að þessi markmið næðust. Það fór hins vegar svo að eftir að Alþingi hafði verið slitið sl. vor, þá þurfti ekki nema örfáar vikur til að breyta þessu dæmi, dæmi sem sýndi í fjárlögunum hagnað á rekstri ríkisins um 636 millj., í halla upp á 4–5 milljarða kr. Og niðurstaðan liggur sem sé hér fyrir. Hún táknar halla sem er yfir 6 milljarðar kr.

Ég tel ekki ástæðu til að fara ofan í einstök atriði í þessari hrakfallasögu hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðherra er að skjóta sér á bak við það að þróun í efnahagsmálum hafi orðið öðruvísi en hann hafi gert ráð fyrir þegar lagt var upp með fjárlagafrv. haustið 1988. Hann sagði hér í ræðu sinni áðan, með leyfi hæstv. forseta, ég held að ég hafi tekið það rétt eftir honum:

„Í fyrsta lagi þróaðist verðlag, laun og gengi með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Og í öðru lagi voru lagðar kvaðir á ríkissjóð í tengslum við kjarasamninga vorið 1989."

Ég hlýt að rifja það upp fyrir hæstv. fjmrh. að í umræðum um fjárlagafrv. fyrir þetta ár, þ.e. árið 1989, var ítrekað vakin á því athygli að forsendur fjárlaganna væru í lausu lofti, bæði að því er varðaði laun, verðlag og gengi. Og ef fjárlögin væru afgreidd með þeim hætti væru þau í rauninni óvenjulega ótraust, nálguðust það að vera marklaust plagg.

Þetta var auðvitað allt saman hárrétt og satt og þetta vissi vitaskuld hæstv. fjmrh. En hann vissi líka að það var satt sem ég hélt fram úr þessum ræðustóli að það var ógerlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn að byggja á forsendum sem hald væri í án þess að taka stefnu í efnahags- og atvinnumálum, stefnu sem ríkisstjórnin hafði ekki kjark til að taka áður en fjárlög voru afgreidd. Hæstv. ríkisstjórn hraktist síðan til þess, þegar leið á árið, að taka vissa stefnubreytingu í efnahagsmálum. Í fyrsta lagi með gerð nýrra kjarasamninga sem vitaskuld hafði áhrif á launaforsendur og verðlagsforsendur og enn fremur með því að breyta gengi krónunnar á þann hátt að nokkru minni hallarekstur yrði á útflutningsgreinum landsmanna en ella hefði orðið og varð til þess að hluti af útflutningsatvinnuvegunum og hluti af fyrirtækjum útflutnings- og undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar gat starfað áfram. Hluti fyrirtækjanna féll fyrir borð. Hluti fyrirtækjanna varð gjaldþrota. Og enn var það hluti fyrirtækjanna sem gat haldið áfram vegna þess að með sérstökum ráðstöfunum af hálfu millifærslusjóða og skuldbreytingarsjóða og af hálfu Hlutafjársjóðs var mögulegt að halda þessum fyrirtækjum gangandi. Það dugði þó hins vegar ekki fyrir öll fyrirtækin, því að sum þeirra féllu fram af brúninni.

Í þessu birtist engin afdráttarlaus stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar heldur hraktist hún til þess að gera þessar breytingar og hefði verið betra að hæstv. ríkisstjórn hefði orðið við áskorunum okkar úr stjórnarandstöðunni fyrir áramótin 1988 og 1989, að taka alvarlega stefnubreytingu sem hefði orðið til þess að gera allar þessar hræringar léttbærari fyrir fólkið í landinu en raun varð á.

Það er því ekkert einkennilegt þó að forsendur fjárlaganna hafi ekki staðist vegna þess að þær voru á sandi byggðar eins og margoft var hér vikið að af minni hálfu og ýmissa annarra við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989.

Ég ítreka það að ég tel ekki ástæðu til að fara hér ofan í einstök atriði. Ég legg meira upp úr því við þessa umræðu að það liggur nú endanlega fyrir að þrátt fyrir óvenjulega digurbarkalegar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1989, yfirlýsingar um stefnubreytingu, yfirlýsingar um að nú skyldi lokið hallarekstri, nú skyldi tekið fyrir eyðslu og sukk í ríkiskerfinu, nú skyldi náð jafnvægi í fjármálum ríkisins, nú skyldi leggja nýjan grundvöll í efnahagsmálum landsmanna, hefur þetta allt farið á annan veg og jafnvel í sumum greinum á verri veg en áður. Þetta liggur nú fyrir með þessu fjáraukalagafrv. og ég tek því að sjálfsögðu ekki fagnandi því að það kemur niður á okkur öllum, íslenskri þjóð, en það er hryggileg niðurstaða af fyrsta fjárlagaári þessa hæstv. ráðherra.

Ég mun svo vitaskuld taka til athugunar ýmsar einstakar greinar frv. og væntanlega ekki síður hv. meiri hl. fjvn. Við munum auðvitað allir sem þar eigum sæti taka til athugunar ýmsar greinar frv. og ræða þær e.t.v. frekar hér við síðari umræðu, en á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að fara út í þær í einstökum atriðum þó að sjálfsögðu sé þar af ýmsu að taka sem ástæða væri til að vekja athygli á.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er annað frv. til fjáraukalaga sem kemur fram fyrir árið 1989 og má segja að sé lengi von á einum. Eftir er að fjalla um þetta frv. í fjvn. og eftir það gefst kostur á að fara ítarlegar út í umræður um það. Ég sagði að segja mætti að lengi sé von á einum og gæti hugsast að við ættum eftir að sjá fleiri eftirhreytur frá þessu ári þegar fjárlög voru lögð fram með tekjuafgangi, þegar hæstv. fjmrh. sagði er hann mælti fyrir fjárlagafrv. að þó að þróun verðlags, gengis og launa yrði önnur en frv. miðaði við mundi fjárlagafrv. ekki kollvarpast af þeim sökum vegna innbyrðis samhengis sem byggt væri inn í frv. En síðan segir í greinargerð um afkomu ríkissjóðs frá 20. febr. sl. að verðlag, laun og gengi hafi þróast með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga þannig að kaupmáttur launa og raungengi krónunnar lækkuðu meira en þar var miðað við og þá virðist þetta innbyggða samhengi

ekki hafa dugað til því allt hefur ruglast. Og við sjáum það á þessu plaggi sem hér liggur fyrir að niðurstöður af ríkisbúskapnum eru í flestu aðrar en gengið var út frá.

Ég vil minna á að hæstv. fjmrh. sagði þegar samningar voru gerðir á sl. ári að hann hefði ekki áhyggjur út af þeim útgjaldahækkunum sem yrðu vegna þeirra vegna þess að þær rúmuðust innan fjárlaganna. Nú hefur hann lýst yfir að töluverður hluti af þeim útgjaldahækkunum sem orðið hafa og eru fram yfir það sem fjárlög gerðu ráð fyrir sé einmitt vegna kjarasamninga á sl. ári. Hæstv. fjmrh. verður gjarnan tvísaga um þessi mál.

Þetta frv. sem liggur fyrir sýnir okkur svo að ekki verður um villst að þau markmið sem sett voru með gerð fjárlaga fyrir árið 1989 náðust ekki. Ríkisstjórnin hefur ekki haft neina stjórn á fjármálunum og ræður ekki við þau. Og ég held að fáum detti í hug eftir að hafa skoðað niðurstöðurnar af rekstri ríkissjóðs á síðasta ári að menn geti búist við því að fjármálastjórn yfirstandandi árs verði eitthvað styrkari og það tel ég miður því að slík stjórn bitnar á okkur, öllum landsmönnum.

Tíminn hefur ekki farið vel með þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur látið frá sér fara um nýjan grundvöll í efnahagsmálum, bæði í fjárlögum fyrir árið 1989 og eins fyrir fjárlög yfirstandandi árs. Við sjáum það á niðurstöðunni af rekstri ríkisins sem liggur fyrir á þessu plaggi sem við erum að fjalla um og við vitum það að þessi trausti hornsteinn efnahagsbúskaparins sem fjmrh. nefndi svo þegar hann lagði fjárlögin fram á sl. hausti er þegar að engu orðinn. Hann er molnaður og orðinn að sandi og ég er hrædd um að það þurfi að fara að finna einhvern nýjan grundvöll til að byggja á ef efnahagsstjórn á að verða með einhverjum sköpum í þessu landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Vegáætlun 1989–1992, fyrri umr.

Stjtill., 465. mál. — Þskj. 811.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992. Þetta er 465. mál sameinaðs þings á þskj. 811.

Vegáætlun fyrir árin 1989–1992 var samþykkt hér á Alþingi í maímánuði sl. Þar var mörkuð sú stefna að árið 1990 skyldu markaðir tekjustofnar til vegamála nýttir til fulls, þ.e. að bensíngjald og þungaskattur yrðu hækkuð að því marki sem lög um fjáröflun til vegamála heimiluðu. Þar var einnig sett fram spá um bensínsölu sem gerði ráð fyrir 2% aukningu á árinu 1989 og 1,6% á árinu 1990.

Nú hefur það skeð að bensínsala árið 1989 varð minni en áætlað var eða um 166 millj. lítrar og ekki er talið líklegt að reikna megi með neinni umtalsverðri aukningu á árinu 1990. Reiknað er nú með 167 millj. lítra sölu á þessu ári eða tæpum 4 millj. lítra minna en var við afgreiðslu vegáætlunar sl. vor.

Í ljósi efnahagslegrar stöðu nú og með tilliti til þeirra markmiða sem sett voru m.a. við gerð kjarasamninga í byrjun þessa árs hefur ekki þótt fært að hækka á þessu ári gjaldstofna til samræmis við byggingarvísitölu. Einnig ber að geta þess að ákveðið var um mitt sl. ár að hafa bensíngjald á blýlausu bensíni nokkru lægra en á öðru bensíni til að örva sölu þess.

Af þessum orsökum öllum sem hér er lýst verða markaðar tekjur á árinu 1990, eins og ákveðið hefur verið að beita þeim, mun lægri en áætlað var við afgreiðslu vegáætlunarinnar. Verður því ekki komist hjá því að lækka gjaldahlið áætlunarinnar til samræmis við þetta þar sem öllum útgjöldum var skipt á verkefnaliði og útgjöldum til nýrra framkvæmda skipt á einstök verkefni. Verður ekki komist hjá því að taka vegáætlun fyrir árið 1990 að nýju til formlegrar meðferðar á Alþingi og því er þessi tillaga flutt.

Niðurstöðutölur vegáætlunar fyrir árið 1990 voru 5250 millj. kr. en verða 4496 millj. kr. samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Heildarlækkun er því 754 millj. kr. Þessi lækkun hefur það í för með sér að nánast allir liðir áætlunarinnar lækka með þeirri undantekningu þó að liðurinn Vetrarviðhald er óbreyttur frá því sem er í gildandi vegáætlun. Miðað við tíðarfar það sem af er árinu og snjóþyngsli um mestallt land þykir ekki fært að lækka fjárveitingu til þessa verkefnis og er hún því óbreytt. Þvert á móti gæti orðið um fjárvöntun að ræða ef tíð verður óhagstæð áfram. Nokkrir litlir liðir í áætluninni eru einnig óbreyttir en allir aðrir lækka.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting í stjórn og undirbúning lækki um 34 millj. kr., sumarviðhald um 163 millj. kr., til nýrra þjóðvega um 421 millj. kr., til brúargerða 28 millj. kr., til sýsluvega um 40 millj. kr. og til þjóðvega í þéttbýli um 60 millj. kr. Liðurinn Til fjallavega o.fl. lækkar um 3 millj. kr. og liðurinn Til tilrauna um 5 millj. kr.

Hér á undan var tillagan borin saman við gildandi vegáætlun fyrir árið 1990. Sé tillagan hins vegar borin saman við árið 1989 verður niðurstaðan nokkuð önnur. Veturinn 1989 var óvenju snjóþungur víða um land og setti það mark sitt á útgjöld til vegamála það ár. Heildarkostnaður við vetrarþjónustu á árinu 1989 varð 527 millj. kr. og hefur kostnaðurinn aldrei áður orðið svo mikill. Aukafjárveiting, að upphæð 100 millj. kr., var fengin í fjáraukalögum síðla árs 1989 til að sjá fyrir þessum mikla kostnaði. Sé fjárveiting samkvæmt tillögunni borin saman við þetta er um að ræða lækkun á þessum lið, hátt í 200 millj. kr. á verðlagi 1990. Þessi lækkun samsvarar að mestu leyti þeirri lækkun á heildarútgjöldum til vegamála sem er milli áranna.

Framlög til nýrra framkvæmda og sumarviðhalds þjóðvega eru nánast hin sömu að verðgildi og urðu á

síðasta ári og hefur þá verið tekið tillit til aukafjárveitingar til Ólafsfjarðarmúla, sem færist á árið 1989, sem ákveðin var með fjáraukalögum. Þessar upplýsingar koma skýrt fram í töflu sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni og er á bls. 5 í þingskjalinu. Þar kemur skýrt fram í tveimur aftari dálkum þeirrar töflu að fjárveitingar til nýbygginga brúa og fjallvega annars vegar og sumarviðhalds hins vegar eru nánast hinar sömu í krónum talið á sambærilegu verðlagi milli áranna 1989 og 1990.

Hér hefur verið gerð grein fyrir ástæðum til lækkunar tekna og gjalda vegáætlunar 1990. Þrátt fyrir þessa lækkun verða, eins og ég sagði áðan, útgjöld til framkvæmda á svipuðu róli og verið hefur nokkur undanfarin ár og sjá má í sömu heimild og ég vitnaði til, töflu á bls. 5 í þingskjalinu, þar sem sýnd eru framreiknuð framlög eða heildarútgjöld til vegamála samkvæmt fjárveitingum, og lánsfé, eins og þau hafa orðið á hverju ári frá árinu 1982 að telja. Þar eru allar upphæðir framreiknaðar til áætlaðs meðalverðlags ársins 1990, en það er áætlun Vegagerðarinnar að vegavísitala verði þá 4300 stig.

Nú er öllum ljóst að þörfin fyrir framkvæmdir á þessu sviði samgöngumála er mjög mikil. Góðar vegasamgöngur eru raunar ein af undirstöðum þess að atvinnulíf og mannlíf í landinu nái að þróast með eðlilegum hætti á næstu árum og áratugum. Engir eiga þar meira í húfi en landsbyggðarmenn og ljóst er að góðar samgöngur og áframhaldandi samgöngubætur eru nánast forsenda þess og undirstaða þess að atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni eigi sér sambærilega þróunarmöguleika og gerist á helstu þéttbýlissvæðum landsins.

Það ber því brýna nauðsyn til þess að komast út úr þeirri sjálfheldu sem fjármögnun þessa málaflokks hefur verið í um langt skeið, og til að vinna að því hef ég ákveðið að biðja þá flokka sem fulltrúa eiga hér á hinu háa Alþingi að tilnefna menn í nefnd sem vinni með samgrn. og Vegagerð ríkisins að því að skilgreina að nýju fjárhagslegan grundvöll fyrir langtímaáætlun um vegagerð. Nefndinni er einnig ætlað að vinna upp nýja tillögu að langtímaáætlun til næstu 12 ára og bréf mun berast þingflokkum og stjórnmálasamtökum sem fulltrúa eiga hér á hinu háa Alþingi á næstu dögum með ósk um tilnefningu í slíka nefnd. Það er von mín að sú nefnd geti lokið störfum á þessu ári, helst með haustinu, þannig að ný stefnumörkun um framkvæmdir í vegagerð verði afgreidd á Alþingi næsta vetur. Hér yrði um sambærilega tilhögun hvað vinnu snertir að ræða og var á sínum tíma þegar Vegagerð ríkisins var falið með samþykkt hér á Alþingi að vinna tillögur að langtímaáætlun í samráði við sérstakan starfshóp skipaðan fulltrúum allra þingflokka.

Virðulegi forseti. Ég hef þá ekki fleiri framsöguorð fyrir þessari till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992 og leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tillaga sú sem hér liggur fyrir um vegáætlun fyrir árin 1989–1992 er afbrigðileg. Samkvæmt vegalögum er gert ráð fyrir að vegáætlun sé tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti. Ný vegáætlun fyrir árin 1989–1992 var afgreidd hér á hinu háa Alþingi þann 20. maí sl. og ekki gert ráð fyrir því skv. vegalögum að það þyrfti að taka þá vegáætlun til athugunar eða neinna breytinga hér á Alþingi fyrr en á næsta þingi, þ.e. á Alþingi 1990–91. Þessi tillaga sem hér liggur fyrir er samt sem áður flutt og til þess að fá fram breytingar. Þær breytingar eru allar til niðurskurðar, allar í þá átt að draga saman útgjöld til vegagerðar, að draga saman eða fella niður framkvæmdir sem Alþingi hafði ákveðið 20. maí sl. að skyldi vinna á árinu 1990. Þetta er gert þrátt fyrir það að hæstv. samgrh. lýsti því yfir við umræður um vegáætlun á síðasta Alþingi að árið 1989 yrði sérstakt í framkvæmdum varðandi vegagerð að því leyti að þar yrði um niðurskurð að ræða. Þá var um verulegan niðurskurð að ræða, ef ég man rétt um 682 millj. kr. frá því sem gert hafði verið ráð fyrir og frá því sem markaðir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins gáfu tilefni til. Því var þá lýst yfir að sá niðurskurður skyldi ekki standa nema það hið eina ár. Og það var skipt hverri krónu sem áætlað var að inn kæmi skv. tekjustofnum Vegagerðarinnar í þeirri áætlunartillögu sem þá lá fyrir.

Nú er hins vegar komið annað hljóð í hæstv. ráðherra og það hefur auðvitað verið öllum ljóst frá því að fjárlög voru afgreidd að ekki yrði hjá því komist að breyta þeirri áætlun sem samþykkt var hér á Alþingi þann 20. maí. Með fjárlagaafgreiðslu samþykkti hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar hér á hinu háa Alþingi að skerða útgjöld til vegamála um sem svaraði 675 millj. kr. Með því niðurskurðarátaki sem hæstv. ríkisstjórn stefnir nú að í tengslum við fjáraukalög fyrir 1990 er enn gert ráð fyrir að skera niður fé til vegamála um 78 millj. kr. Mér reiknast svo til að samtals séu þetta um 753 millj. kr. og skal ekki deila við hæstv. ráðherra um það þó að hann segði þær 754. Það skiptir ekki máli.

En það skiptir vitaskuld máli að þurfa að standa að því verki að skera niður vegaframkvæmdir sem Alþingi hefur ákveðið fyrir tæplega ári að skyldu unnar á þessu ári og fólkið í landinu sem býr við þessa vegi verður að sætta sig við að þær vegaframkvæmdir sem ákveðnar voru með vegáætlun fyrir tæplega ári komist ekki allar fram. Þetta er sú staðreynd sem fyrir liggur og skal ég ekki ráðast að hæstv. ríkisstjórn fyrir að að hún stefni að því að draga saman útgjöld ríkissjóðs. En það er nokkuð harkalega að verki staðið þegar ráðist er að hinum brýnustu viðfangsefnum, svo sem vegaframkvæmdum, í stað þess að leitast við að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við rekstur ýmissa stofnana ríkisins og þó einkanlega hjá hæstv. ráðherrum sjálfum í aðalskrifstofum ráðuneytanna. Enn er þar um að ræða aukningu á útgjöldum, hjá mörgum þeirra sem mér a.m.k. sýnist að hægt hefði verið að komast hjá. En það er ekkert uppi

á teningnum að þar skuli skera niður. Það er of sársaukafullt fyrir ráðherrana sjálfa því það hittir ýmsa meðreiðarsveina þeirra sem þeir hafa raðað þar á jötuna.

Það er einnig eftirtektarvert að þegar fjárlög voru afgreidd fyrir þetta ár flutti hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, tillögu um það að heimila að ríkissjóður keypti til viðbótar við það sem áður hafði tíðkast 500 eintök af dagblöðunum. Það er ekki verið að sjá í peningana þegar verið er að verja þeim til slíkra hluta, þegar verið er að kaupa af hálfu ríkisins dagblöð sem helst engir aðrir vilja kaupa og fáir vilja lesa. Samt sem áður var samþykkt að heimila hæstv. ríkisstjórn að kaupa 500 eintök af dagblöðum til viðbótar við þau 250 sem áður höfðu verið keypt. Þetta er gert þrátt fyrir þá miklu styrki sem veittir höfðu verið til útgáfu dagblaðanna af hálfu ríkissjóðs á öðrum stað í fjárlögunum. Ég hygg að þessi 500 eintök kosti eigi minna en svona 30 millj. kr. (**JK:** Vill enginn lesa Moggann?) Jú, Mogginn þarf ekki á þessu að halda. Mogginn er vitaskuld keyptur eins og önnur dagblöð af hálfu ríkisins, en Morgunblaðið þarf ekki á því að halda, hv. þm. Jón Kristjánsson, að ríkissjóður sé að kaupa einhvern tiltekinn fjölda af Morgunblaðinu. Morgunblaðið hefur nógan markað og DV hefur líka nógan markað. Þessi tvö dagblöð þurfa ekki á þessu að halda þannig að það eru einhver önnur dagblöð, kannski þau sem standa hv. þm. Jóni Kristjánssyni nær sem þarna er verið að hugsa um. (**PP:** Næst.) Já, kannski næst, hv. formaður þingflokks Framsfl. Þar talaði forustumaður þess hv. þm. sem hér var að grípa fram í fyrir mér, sá hinn sami og beitti sér fyrir því hér á hinu háa Alþingi við afgreiðslu fjárlaga að auka útgjöld ríkissjóðs með þessum hætti til þess að einhver þau dagblöð sem standa þessum hv. þm. nærri verði keypt af ríkinu hvort sem einhverjir vilja lesa þau eða ekki. Hv. þm. ætti ekki að vera að kasta steinum að Morgunblaðinu eða lesendum Morgunblaðsins. Ríkissjóður þarf ekki að leggja fram fé til þess að Morgunblaðið sé keypt, það hefur sinn markað og það hefur sína lesendur. Það eru einhver önnur blöð sem þurfa á þessu að halda. Það eru einhver önnur blöð sem krefjast þess að svo sómakærir hv. alþm. eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Austurl. telja það bara sjálfsagt mál að auka útgjöld ríkissjóðs eins og hver vill hafa til þess að tryggja að einhverjir kaupi þau blöð. Ég skal svo láta þessum orðaskiptum við hv. 3. þm. Austurl. lokið, enda er hægt að taka þá umræðu við annað tækifæri en um vegáætlun.

En þetta sýnir hvar áherslur hæstv. ríkisstjórnar liggja. Það er ekki verið að huga að því að spara peninga þegar um er að ræða málefni sem snerta rekstur, kannski rekstur á fyrirtækjum sem annast pólitíska blaðaútgáfu eins og hér var vikið að og ekki verið að huga að því að draga saman útgjöld þegar það snertir rekstur á aðalskrifstofum hæstv. ráðherra sjálfra. En það er gengið harkalega í það að draga saman útgjöld ríkisins og skera niður útgjöld til hinna nauðsynlegustu verkefna svo sem í vegamálum og ýmsum öðrum framkvæmdum þrátt fyrir að Alþingi hafi afgreitt og samþykkt í sundurgreindri áætlun hvað skuli gert í vegamálum, hvað skuli unnið á árinu 1990. Þetta er bara ekkert að marka þegar hæstv. ríkisstjórn þarf að draga saman fé og spara peninga til þess að geta látið meiri peninga í flokksblöðin sín eða til gæðinganna sinna á skrifstofum ráðherranna. Það er málið. Það er þetta sem fyrir liggur.

Hæstv. ráðherra sagði að á árinu 1990 mundi verða svipað fé til vegamála og verið hefur á undanförnum árum og vitnaði til töflu á bls. 5 í grg. tillögunnar. Það sést þó þar að þetta fé er minna en var á síðasta ári og miklu minna en var á árinu 1988. Ég undrast það sannast sagna að svo virðist samkvæmt þessari töflu að upphæðin hafi verið enn þá lægri en þetta á árinu 1987 því að svo vill til að árið 1987 var metár í framkvæmdum vegamála hér á landi að því er varðar slitlagsframkvæmdir. Þá var lagt bundið slitlag á vegi sem nam alls 305 km. Það var met í framkvæmdum hér á landi á einu ári. Það hefur verið vel á haldið það ár, ég segi það hefur sannarlega verið vel haldið á málum það ár ef rétt er að féð hafi verið minnst í það heila tekið en samt tókst að ná toppárangri í vegaframkvæmdum eins og þetta sýnir. Þá voru lögð bundin slitlög alls 305 km hér á landi.

Á árinu 1988 var þetta verulega lægra eða 254 km og á árinu 1989 voru ný bundin slitlög aðeins 158 km eða rúmlega helmingur af því sem var á árinu 1987. Þá var hæstv. samgrh. Steingrímur J. Sigfússon kominn í sinn stól. En það stefnir sem sé í það miðað við niðurskurðaráætlanir hæstv. ríkisstjórnar að árið 1990 verði þetta enn minna. Það er ekki hægt að sundurgreina það nákvæmlega miðað við að það er eftir að fjalla um skiptingu á þessum niðurskurðaráætlunum hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar á Alþingi og í fjvn. en það má gera ráð fyrir því að slitlagsframkvæmdir verði einhvers staðar á bilinu 100–150 km. Þetta er nú þróunin sem við blasir í þessum þætti mála og er auðvitað í samræmi við að það er sífellt verið að höggva í það fé sem hér er til umráða.

Ég hefði áhuga á að fá vitneskju um það hjá hæstv. samgrh. hvort flatur niðurskurður sem boðaður er á framkvæmdafé í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, um 2%, eigi að hitta framkvæmdafé Vegagerðarinnar ofan á þann niðurskurð sem hér er boðaður. Ef þessi niðurskurður um 2% hittir framkvæmdafé Vegagerðarinnar er þar um verulegar fjárhæðir að tefla. Ef á að taka hann t.d. af öllu fé Vegagerðarinnar er um 90–100 millj. að ræða þannig að það skiptir máli hvort á að taka þetta fé til viðbótar af Vegagerðinni ofan á þann niðurskurð sem er boðaður skv. þessari tillögu og skv. fjárlögum.

Nú eru skýringarnar á þessum flata niðurskurði á fé til opinberra framkvæmda þær að við gerð kjarasamninga hægi verðbólgan á sér umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Það náðist sem sagt nýr efnahagsgrunnur sem var á lægri nótum en hæstv. ríkisstjórn hafði lagt upp með við afgreiðslu

fjárlaga og það þýðir að opinberar framkvæmdir verða ódýrari og þess vegna á að vera hægt að ná sparnaði.

Nú stemmir þetta ekki alveg við þau gögn sem við höfum fengið í hendurnar, til að mynda eins og frá er greint í þessari tillögu sem hér er til umræðu. Þar segir að verðlagsforsendur fyrir þeirri vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi 20. maí sl. séu þær að reiknað var með að meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 1990 yrði 4066 stig. Á hinn bóginn segir svo neðar í þessum kafla greinargerðarinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Út frá ofangreindum forsendum" — þá er búið að rekja þær breytingar sem þegar eru orðnar frá meðaltali á síðasta ári — „hefur meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir árið 1990 verið áætluð 4300 stig" eða 234 stigum hærri en lagt var upp með fyrir árið 1990 í afgreiðslu vegáætlunar þannig að það er sem sé komið í ljós, samkvæmt áliti hæstv. ráðherra sem flytur þessa tillögu, að vegagerðarvísitala hafi hækkað meira og sé orðin hærri á árinu 1990 en gert var ráð fyrir þegar vegáætlun var samþykkt. Og því leyfi ég mér að spyrja hvort sá flati niðurskurður um 2% sem gert er ráð fyrir að nái yfir allar opinberar framkvæmdir og fé til allra opinberra framkvæmda skv. fjáraukalögum fyrir árið 1990, hvort hann þrátt fyrir þetta eigi einnig að hitta vegagerðarframkvæmdir.

Það er svo aftur annað mál að í sumum öðrum opinberum framkvæmdum höfum við í fjvn. þær upplýsingar að byggingarvísitala hafi þegar náð því stigi sem gert var ráð fyrir að hún yrði að meðaltali á árinu 1990 þegar fjárlög voru afgreidd, þrátt fyrir það að við höfum fengið þá hófsömu kjarasamninga sem gerðir voru í febrúarmánuði sl. Eitthvað er þetta allt saman einkennilegur málatilbúnaður af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og ákjósanlegt að fá svör við því þegar við fyrri umr. þessarar tillögu hvernig þetta skuli hitta framkvæmdir í vegmálum.

Ég held að það sé ekki tilefni til þess að vera að fara ofan í þessi efni í öllu ítarlegra máli. Ég hlýt að lýsa því yfir að ég tel það afar óhyggilega að verki staðið hjá hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn að boða miklar framkvæmdir í vegamálum eins og gert var við tillöguflutning við vegáætlunartillögu fyrir rúmu ári síðan, lögfesta skiptingu á því fé í hinum smæstu atriðum og sundurgreina það hvaða vegaframkvæmdir skyldi vinna og hverjar ekki á árinu 1990 og lofa þjóðinni því að þessi vegkafli yrði byggður upp og þessi framkvæmd skyldi unnin og lýsa því jafnframt yfir að það þyrfti enginn að óttast að við þetta yrði ekki staðið, þetta yrði allt saman gert. En koma svo örfáum mánuðum seinna með fjárlagafrv. sem kollvarpar þessum ákvörðunum og koma síðan með fjáraukalagafrv. sem dregur enn úr þeim möguleikum sem eru til þess að standa við þessar yfirlýsingar og þessar samþykktir Alþingis og verða svo hér undir sumarmál að koma upp í ræðustólinn til þess að biðja hv. Alþingi um að staðfesta þetta með niðurskurði á vegáætlun fyrir árið 1990. Þetta eru óheppileg vinnubrögð. Og ég hefði kosið að sjá framan í hæstv. ráðherra í öðru hlutverki, hefði kosið að hann hefði komið hér og sagt: Ég stend við þær yfirlýsingar sem ég hef gefið og ætla mér að standa á því að sá þýðingarmikli þáttur í framkvæmdum hins opinbera sem eru vegaframkvæmdir fái að halda gildi sínu og ég vil beita mér fyrir því að sparnaður til þess að ná samdrætti í útgjöldum ríkisins komi annars staðar fram, í rekstri aðalskrifstofa ráðherranna, í pólitískum fjárveitingum o.s.frv., en ekki að verja þetta allt saman og koma hingað til þess að biðja hv. Alþingi um það að skera niður þessar framkvæmdir. Ég hefði sannarlega kosið að hæstv. ráðherra hefði getað haldið á málum með þessum hætti, en ég ræð auðvitað ekki hans háttsemi eða hæstv. ríkisstjórnar. Og ég lýsi því að þetta er ekki þann veg að verki staðið sem ég tel að sé til eftirbreytni við stjórn landsins.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu eitt af mikilvægustu málum a.m.k. að því er varðar okkur dreifbýlismenn sem eru vegamálin og ég held að gagnrýni hv. síðasta ræðumanns, 2. þm. Norðurl. v., eigi fullkomlega rétt á sér hér á Alþingi. Það er svo að virða sem hv. þm. sem verða ráðherrar skipti um föt og skoðun eftir því hvar þeir eru settir á hverjum tíma. Ég man a.m.k. margar umræðurnar á Alþingi og gagnrýni hv. þm. Alþb. vegna niðurskurðar á fé til vegaframkvæmda. Þá voru þeir að vísu í stjórnarandstöðu og svo hefur verið því miður um flesta, flesta segi ég, þingmenn að þeir hafa skipt um skoðun og föt eftir því hvort þeir voru í stjórnarandstöðu eða stjórnaraðstöðu og þetta er slæmt. (**Landbrh.:** Ekki allir skipt um föt.) Jú, þeir hafa skipt um föt sunnudaga á sumum tímum, þeir eru ekki alltaf í sömu fötunum. Ja, ég geri ekki ráð fyrir því. Ég vil ekki ætla mönnum það, ekki þessi 19 ár sem ég hef verið á þingi að þeir hafi setið í sömu fötum.

En þetta er gangurinn því miður og það er mikið að upplifa það í gegnum árin að menn hagi sér þannig í ákvarðanatöku að það breyti málinu, grundvallarafstöðunni hvort menn eru í stjórnarandstöðu eða stjórnaraðstöðu. Það er erfitt að upplifa slíkt en það hendir allt of marga hv. þm., ég tala nú ekki um þá sem verða hæstv. ráðherrar. Ég er ekki hissa á því þó að almenningur í landinu beri litla virðingu fyrir stjórnmálum og stjórnmálamönnum sem þannig haga sér og það er ekki ástæða til þess að almenningur beri virðingu fyrir slíku.

Ég er alveg sammála hv. þm. Pálma Jónssyni. Það er auðvitað enginn vandi að skera niður kerfið um 750 millj. sem er verið að útvíkka nú á alla vegu og bæta við. Mér skilst að nú sé verið að setja á stofn eitthvert enn eitt apparatið sem á að sjá um hitt allt sem fyrir er. Eitthvað hlýtur það að kosta. Menn þenja út ríkiskerfið miskunnarlaust en skera niður nauðsynlegustu framkvæmdir, þær brýnustu. Og það er erfitt a.m.k. fyrir mig sem bý á því landsvæði þar sem vegir eru mjög slæmir, þ.e. þeir sem eru til, að una því að menn gangi fram í þessum efnum með þessum hætti. Það skiptir mig engu máli hverjir það eru sem sitja í ráðherrastólunum hverju sinni. Og þeir sem nú sitja eru síst betri í þessum efnum en aðrir.

Ég ætlaði ekki að fara í einstaka atriðum út í það mál sem er nú til umræðu. En það er auðvitað nauðsynlegt að þingmenn, ekki síst þeir á landsbyggðinni sem búa við vegleysur og slæma vegi, undirstriki það að þeir ætlast til annars en þess að nú sé skorið niður á þeim svæðum. Sem betur fer er víða búið að koma vegakerfi á landinu í sæmilegt horf. En það eru önnur svæði sem sitja eftir og það nær ekki nokkurri átt að mínu viti að þau svæði sem sitja eftir, eru verst sett, séu meðhöndluð á sama hátt og hin sem eru búin að fá sitt að mestu leyti. Það gengur auðvitað ekki upp. Í því er ekkert réttlæti, í því er engin jafnaðarmennska. En það höfðar kannski ekki til neins nú í hæstv. ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Nýr vettvangur, segir hæstv. samgrh. Það kann að vera. Ég heyri það að hæstv. ráðherra hefur trú á því framboði þrátt fyrir allt.

En það sem ég ætlaði að gera að aðalumræðuefni hér er í sambandi við Ó-vegina. Nú man ég ekki ártalið hvenær það var tekið inn í vegáætlun, hversu mörg ár eru síðan. Það kann nú hæstv. ráðherra kannski utan bókar og man. En þar var um að ræða þrjá vegi sem voru taldir hættulegastir á landinu og talin brýn þörf á að bæta þar úr. Þessir vegir voru Óshlíð, Ólafsfjarðarmúli og Ólafsvíkurenni ef ég man rétt. Óshlíð var á þeim tíma talin hættulegust af þessum þrem vegum. Og það voru gerðar tillögur um það á sínum tíma af hálfu Vegagerðar hvernig með hana skyldi farið og á sama hátt hvernig með Ólafsvíkurenni yrði farið og Ólafsfjarðarmúla. Vegaframkvæmdum fyrir Ólafsvíkurennið er lokið, nú er vonandi framkvæmdum við jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla að ljúka en Óshlíðarvegurinn, þriðji Ó-vegurinn, sem var talinn hættulegastur, situr eftir. Og ég vek athygli á því að í þessari áætlun sem nú er til umræðu er ekki króna í Ó-vegi. Þannig að sá vegurinn sem var talinn hættulegastur þegar upphafið var með Ó-vegina, það á að skilja hann eftir eins og hann er núna og þar mun vanta 300–400 millj. til þess að gera hann í það stand sem Vegagerðin taldi að þyrfti að gera á sínum tíma. Nú er honum úthýst algerlega. Ég bið nú hæstv. samgrh. í fullri vinsemd að skoða þetta mál sérstaklega, hvort það er í raun og veru meining hæstv. ríkisstjórnar, hinnar félagslegu ríkisstjórnar til framtíðar, að standa þannig að málum eins og mér sýnist hér vera gert ráð fyrir að því er varðar Óshlíð.

Ég lýsi því hér yfir að ég mun ekki standa að neinni samþykkt á vegáætlun ef svona á með að fara þann veg sem var tekinn inn á sínum tíma sem hættulegastur af þessum þremur en á að skilja eftir. Það er á hreinu. Kannski skiptir það ekki máli hvar mitt atkvæði lendir en sannfæringin er þessi og við hana stendur. Og færi betur að aðrir færu eftir sannfæringunni í þessum efnum sem og öðru en ekki eftir einhverju öðru.

Ég vil trúa því, hæstv. ráðherra samgöngumála, að það verði ekki látið henda að Óshlíðin verði út undan við afgreiðslu vegáætlunar og það verði séð til þess að hún verði áfram á Ó-vegaframkvæmdum og fái það fjármagn sem gert var ráð fyrir þegar framkvæmdir voru hafnar á þessum þrem vegum eins og Vegagerðin gerði ráð fyrir þá. Um annað er ekki að ræða. Það gengur ekki hvað sem menn mjálma um slæmt efnahagsástand. Auðvitað verða menn að vita hverjum það er að kenna og það vita flestir. Það er auðvitað stjórnvöldum að kenna á hverjum tíma að verulegu leyti og það þýðir ekkert að mjálma um að slæmt efnahagsástand verði þess valdandi að þessi þáttur verði skilinn eftir í vegaframkvæmdum, ég tala nú ekki um öll loforðin sem gefin voru á þeim tíma. Og ég spyr menn að því almennt, að vísu eru nú fáir hv. þm. innan dyra, af hverju sem það nú er og engar getsakir ætla ég að hafa uppi um það. Ég spyr menn: Er það virkilega svo að þetta brýna verkefni, sem eru vegaframkvæmdir á landsbyggðinni, í dreifbýlinu, þurfi að skera niður um 750–800 millj. á þessu ári? Er hvergi annars staðar hægt að taka af? Þarf báknið að þenja sig út um allar trissur, bæta við bákni ofan á það sem fyrir er, sem ég er handviss um að mætti spara um hundruð milljóna ef menn vildu það? Hæstv. fjmrh. ætti að beita sér fyrir að spara í bákninu en ekki bæta við eins og er að gerast. Þar mætti ná þeim peningum sem menn eru hér að tala um að skera niður að því er varðar vegaframkvæmdir á þessu ári.

Ég er alveg handviss um það og hef sagt það áður að í ríkiskerfinu mætti a.m.k. fækka um þriðjung og það sæist ekki högg á vatni. Þjónustan yrði alveg sú sama og ekkert verri. En enn er fjölgað, enn bætast við ný stöðugildi þrátt fyrir þær samþykktir sem Alþingi er að gera hér árlega til þess að stöðva þetta. En það bætist við og enginn getur spornað við því, ekki einu sinni hæstv. núv. fjmrh. sem er þó talinn af sumum, ég segi ekki af mér, af sumum talinn vera sá sem hefur hvað mestar líkur á að geta spornað við. (**Gripið fram í:** Og ekki af þér?) Ég bætti því við, ekki af mér. Það kemur kannski að því ef hæstv. ráðherrann dugar betur en verið hefur.

En kerfið þenst út. Það fjölgar á launaskrá hjá ríkinu, það bætast við milljónir og milljónatugir og hundruð milljóna og ég dreg mjög í efa að sú vinna sem þarna er borgað fyrir skili sér að öllu leyti. Og ég held að það verði verðugt verkefni fyrir hæstv. ríkisstjórn, ætli hún sér að halda lífi það sem eftir lifir kjörtímabils, að taka sig saman í andlitinu og breyta og minnka báknið frá því sem nú er en ekki vera að þenja það út eins og mér sýnist allar líkur benda til að gert verði og hefur verið gert.

En kannski þarf hæstv. ríkisstjórn ekki svona ræðu frá ómenntuðum almúgamanni, kannski duga gáfurnar í stólunum umfram það sem við almúgafólk teljum okkur betur vita. En ég held að menn ættu að hugleiða þetta. Það er engin ástæða til þess að skera niður vegaframkvæmdir á þeim svæðum sem verst búa í vegum um 800 millj. á þessu ári. (**Gripið fram í:** Það á að fara að byrja að bora fyrir vestan.) Það kann vel að vera og ekki hefði ég á móti því en menn eru líka með hugmyndir um það að láta Vestfirðinga borga það sérstaklega, að mér heyrist. Ég ætla nú ekki að fara út í þá sálma en ég heyri að hv. þm. Egill Jónsson vill taka þá umræðu hér upp og ég er klár í

hana. Mér heyrist að menn vilji láta Vestfirðinga borga það sérstaklega, með sérstökum skatti. En þá spyr ég: Hvað á að gera næst þegar þarf að stækka flugvöllinn á Ísafirði? Verður ekki bætt við 1000 kr. á farmiðann með Flugleiðum? Hvaða fordæmi kynni þetta að verða?

Ég er hins vegar viss um það að Vestfirðingar hafa aldrei skorast undan því að taka á sig þær byrðar sem þeir eiga að bera en fordæmið getur verið slæmt í þessum efnum, af því hv. þm. Egill Jónsson kom þessu hér að sem ég þakka honum fyrir. En ég hygg nú samt að menn ættu að skoða frekar aðrar leiðir til flýtingar á framkvæmdum vestra að því er varðar jarðgöng en svona skattlagningu. En ef hún er til þess nauðsynleg og ekkert annað fært, sem ég dreg mjög í efa, hygg ég að Vestfirðingar mundu ekkert skorast undan því. En það yrði slæmt fordæmi fyrir aðrar framkvæmdir í landinu.

Ég veit ekki til að Norðlendingar hafi þurft að borga neitt meira fyrir Ólafsfjarðarmúlann, það er tekið úr sameiginlegum sjóði. Af hverju Vestfirðingar? Af hverju þeir? Það er kannski af því það fennir meira þar, það snjóar meira, menn eru innilokaðir svo mánuðum skiptir og þá verður að borga meira.

Nei, ég ætlaði ekki að fara út í þessa umræðu og geri ekki meira af því, það hlýtur að koma til umræðu um þetta mál síðar.

En ég mótmæli harðlega að Ó-vegaframkvæmdir séu hér skornar niður við trog þar sem eftir er hættulegasti vegurinn sem talinn var í upphafi þegar þessar framkvæmdir voru hafnar, þegar meginhluti af framkvæmdum á honum er eftir. Og ég treysti því að þm. Vestf. allir sem einn, burt séð frá pólitískum viðhorfum í flokkum, standi heilir um það að það kemur ekki til mála að afgreiða vegáætlun með þeim hætti sem hér er lagt til. Ó-vegir verða að vera inni þar til framkvæmdum á Óshlíð er lokið. Og það er engin þörf á því að skera niður vegaframkvæmdir eins og hér er lagt til, það má taka annars staðar þær upphæðir sem um er að ræða.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Nú er tæpt ár síðan við samþykktum vegáætlun og þegar er henni riðlað. Það er dálítið erfitt fyrir landsbyggðarfólk að horfa upp á það og horfa til þess að framkvæmdir eigi að minnka við vegagerð. Eitt af því sem heitast brennur á landsbyggðarfólki, eins og reyndar allir hér munu vera sammála um, eru samgöngur. Góðar samgöngur eru undirstaða þess að atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni þróist á eðlilegan hátt og þess vegna er sérlega erfitt að horfa upp á það að þeim góðu áformum sem voru og eru í vegáætlun þeirri sem hefur verið í gildi sé breytt.

Ég vil nefna það að það er mikils vert þegar menn hugsa til þeirra áhrifa sem verkaskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga hefur og sem henni er ætlað að hafa í þá veru að sveitarfélög sameinist fremur en hingað til hefur verið. Í rauninni er krafa stjórnvalda að þetta gerist og það er líka sýnilegt að eftir því sem tímar líða finna sveitarfélögin þörf til að eflast og stækka. Með aukinni samvinnu og jafnvel samruna þeirra hlýtur að liggja í augum uppi hvað það er mikils vert að samgöngur séu greiðar því undir þeim, ekki síst, er þessi samvinna komin. Þróun byggða í landinu hefur tekið miklum breytingum á síðari áratugum og við sjáum ekki glöggt á hvaða braut við erum í þeim efnum. Við vitum ekki hvar þetta endar. Og ég vil endurtaka það að kannski er það eitt allra brýnasta verkefnið sem við þurfum til að styðja við byggðina í landinu, eitt allra brýnasta verkefnið sem við þurfum að sinna, að sjá um að samgöngurnar séu sem greiðastar og bestar til þess að fólkið eigi auðveldara með að ná saman og vinna saman.

Hæstv. samgrh. nefndi áðan að hann hefði sett á stofn nefnd sem hefði það hlutverk að finna nýjan grundvöll fyrir langtímaáætlun í vegamálum. Ég mundi vilja beina því til hæstv. samgrh. að ég held að það sé ekki síður nauðsynlegt að setja á stofn nefnd er hafi það verkefni að samræma samgöngumálin á landi, á legi og í lofti og taka mið af því hvernig þessir þættir spila saman því með því einu að hafa alla þessa þætti í hendi sér er hægt að skipa þessum málum á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt.

Frv. boðar okkur annað, þ.e. verulegan samdrátt í atvinnu á landsbyggðinni. Við vitum það að víða um landsbyggðina eru verktakafyrirtæki sem hafa unnið hjá Vegagerðinni, boðið í verkefni og unnið þau. Með verulegum samdrætti í vegafé hlýtur að liggja í augum uppi að atvinna minnkar og einnig hjá bílstjórafélögunum sem vinna við vegagerðina. Það er mikil spurning hvort það sé rétt frá þjóðhagslegu sjónarmiði þegar atvinnusamdráttur er að ríkið gangi á undan í því að draga úr atvinnunni. Margir hagfræðingar hafa haft það á orði að þegar samdráttur sé í atvinnu í þjóðfélaginu beri ríkinu að halda uppi atvinnu svo að ekki komi til stórfelldrar kreppu í þeim málum, kreppu sem vindur alltaf upp á sig og verður erfiðara og erfiðara að komast út úr.

Ég vil nefna það í sambandi við frv. sem hér liggur fyrir og hefur lítillega verið skoðað af fjárveitinganefndarmönnum að gögn sem við höfum viðvíkjandi því eru verulega misvísandi. Það er alls ekki ljóst t.d. hvort 2% flatur niðurskurður á ríkisframkvæmdum á eftir að koma ofan á þær tölur sem eru á þessari breyttu vegáætlun og ég mundi vilja fá upplýsingar um það út frá hverju á að ganga í því.

Það er nú svo að þrátt fyrir þennan niðurskurð á vegafé hefur samt sem áður aukist skattlagning á þá sem um vegina fara. Það var staðið að því hér fyrir nokkrum dögum að hækka bensíngjald. Ég verð að segja það að ég er í sjálfu sér ekki andvíg þeirri tekjuöflun fyrir ríkissjóð að leggja gjald á bifreiðar, en það er ýmislegt við þá skattlagningu að athuga og ekki síst hvernig þessum skattpeningum er varið. Við kvennalistakonur höfum kosið að bifreiðagjald ákvarðaðist ekki einungis af þyngd bifreiða heldur einnig af verðmæti. Með því væru meiri tekjujöfnunaráhrif en því fyrirkomulagi sem nú er boðað. Það má líka segja að hæpið sé að leggja bifreiðagjald með

fullum þunga á bifreiðar sem eru atvinnutæki, þar sem skattlagning er töluverð fyrir. En það sem vegur þyngst í því að ég er mótfallin því hvernig staðið var að þessum skatti er það að þrátt fyrir hækkun allra bifreiðaskatta er dregið úr framlögum til vegamála. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá fjmrn. eru áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum 5 milljarðar 395 millj. fyrir árið 1990. En framlög til vegamála fyrir árið 1990 eru 4 milljarðar 496 millj. Þarna munar 899 millj. af skattlagningu sem fer í aðra eyðslu ríkisins en til vegamála og guð má vita til hvers það fer, hvort það fer yfir höfuð til nokkurra verulegra framkvæmda.

Þessu hljótum við að mótmæla því mér er ekki grunlaust um það að bifreiðaeigendur mundu með gladara geði borga sína skatta ef þeir vissu fyrir fram að þeir færu til vegamála.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar því að það er eftir að fjalla um þessa breyttu vegáætlun í fjvn. og ég vænti þess að geta komið með athugasemdir seinna.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins rifja það upp af því að það hefur ruglast hér í umræðunum nokkuð að það var á árinu 1981 sem Alþingi samþykkti langtímaáætlun í vegagerð, til tólf ára, undir forustu páv. samgrh. Steingríms Hermannssonar. Og það var einmitt í sambandi við þá áætlun að tekin var sú ákvörðun að taka sérstaklega hættulega vegi undir svokallað Ó-verkefni. Það hittist einmitt svo á að þetta voru allt saman verkefni sem voru tengd Ó-inu. Það voru Ólafsvíkurenni, Óshlíðin og Ólafsfjarðarmúli. Það var gerð um þetta langtímaáætlun sem unnið hefur verið eftir og ég er að rifja þetta hér upp vegna þess að þegar við ræddum vegáætlunina 1989, á síðasta ári, þá varaði ég sterklega við breytingum á þessu atriði í langtímaáætluninni. Ég var ekki þar með að tala gegn þeim stórverkaákvörðunum sem núv. hæstv. samgrh. lagði fram en ég varaði við því að það væri rétt tímasetning þar sem við ættum svo mikið eftir í hinu almenna verkefni við vegagerð, að það væri ástæðulaust annað en að ætla stórverkum stað í nýrri langtímaáætlun sem lögum samkvæmt á að vera búið að leggja fram. Og undir þetta var tekið en því miður var sú ákvörðun tekin að breyta þessu ákvæði langtímaáætlunarinnar í vegáætlun 1989 og setja stórverk inn undir sérstökum lið, færa saman almenna vegakerfið eins og slitlög og almenna uppbyggingu veganna og taka Ó-verkefnin út og láta þau hverfa úr vegáætluninni en taka í staðinn stórverk, sem eru jarðgöng, stórbrýr og Reykjavíkursvæðið o.fl.

Ég hygg að hv. þm. Karvel Pálmason hafi greitt sitt atkvæði með vegáætluninni 1989 og þar með þessari breytingu. Ég er ekki þar með að segja að það eigi að hætta við þessi verkefni, þau eru að sjálfsögðu í gangi og Ólafsfjarðargöngin eru ljóst dæmi um það og vonandi verður haldið áfram með Óshlíðina eins og áætlað hefur verið og þörf er fyrir því ég hygg að þörfin fyrir að hraða úrbótum í Óshlíðinni sé jafnvel meiri en menn almennt gera sér grein fyrir, það sýna slysa- og óhappaatvik.

En hvers vegna er ég að tala um þetta hér? Vegna þess að ég óttast að einmitt þessi stefnubreyting, sem hæstv. ráðherra fékk samþykkta á Alþingi mótatkvæðalaust á síðasta ári, eigi eftir að draga dilk á eftir sér. Þar á ég við að það er svo mikið eftir af stórverkum í hinu almenna vegakerfi af þeirri einföldu ástæðu sem margoft hefur verið talað um hér þegar við erum að ræða um vegáætlun, að stærstu og dýrustu verkin í almenna vegakerfinu hafa verið látin bíða. Menn hafa reynt að nýta tæknina til þess að flýta slitlögum á vegakerfið og tekið það sem var ódýrast í uppbyggingunni víðast hvar í kjördæmum landsins. Við þurfum ekki að litast lengi um hringinn í kringum landið til þess að sjá að það eru alls staðar eftir dýru og fyrirferðarmiklu verkin í almenna kerfinu sem taka miklu meira fjármagn en það sem búið er að gera. Og það er einmitt þetta sem ég varaði við í fyrra.

Hins vegar kom skýrt fram í vegáætluninni sem samþykkt var 1989 að þessi stefnumörkun byggði á því að það aukna fjármagn sem rynni til vegagerðar færi í þessi verkefni þannig að almenn verkefni og bundin slitlög héldu sínum hlut að mestu. Þetta var svarið við þessari gagnrýni og ég sé að hæstv. samgrh. hefur sett þetta í grg. á ákveðinn máta og þá hlýt ég að minna á það að þegar við förum að fara ofan í þennan frekari niðurskurð, sem átti ekki að vera á dagskrá nú en er það vegna þessara sérstöku aðstæðna sem ég ætla ekki að ræða meira, verðum við að gæta að því að stórverkin sem eru í gangi taki ekki stærri hlut þannig að almenna verkefnið verði skert meira en í samræmi við þetta. Og það er það sem ég tel að bíði fjvn. þegar við fjöllum nánar um þetta mál.

Ég vil aðeins endurtaka það að auðvitað er ágætt að hæstv. samgrh. undirstrikar að hann hyggist óska eftir tilskipan í nefnd til að endurskoða m.a. langtímaáætlunina. Þetta var krafa sem var samþykkt með samþykkt vegáætlunar 1989 og átti þá þegar að hefja undirbúning á þessari endurskoðun því að því er beinlínis lofað í gildandi langtímaáætlun í vegagerð.

Þess vegna hlýt ég að hvetja hæstv. ráðherra til þess að láta ekki dragast að hefja þessa endurskoðun nú þegar og þetta verði ekki aðeins orðin tóm heldur verði gengið í það að fá þessa nefnd virka þannig að hún geti hafið störf sem hún átti raunar að hefja síðsumars 1989 skv. samþykkt hér á hv. Alþingi. Þetta tel ég að sé þess vegna tímabært að rifja upp og hvetja hæstv. ráðherra til þess að framkvæma þetta því að þetta er ekkert smámál. Það verður ekki tekið upp úr einhverjum pappírum að nú skuli vera gerð ný langtímaáætlun til 10–12 ára. Á bak við slíka endurskoðun er gífurleg vinna og þar þurfum við að nýta Vegagerð ríkisins sem býr yfir þessum upplýsingum og þekkingu og hefur margt í sínum fórum sem til þarf til þess að gera þetta að veruleika á stuttum tíma. En til þess þarf eigi að síður tíma, það vitum við öll, því að öll stórvirki í vegagerð, hvað sem þau heita,

hvort þau eru sérmerkt eða ekki, þurfa miklar rannsóknir og mikinn undirbúning til þess að hægt sé að vinna að framgangi þeirra á eðlilegan máta.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál vegna þess að þetta mál kemur til fjvn. og þar höfum við að sjálfsögðu möguleika til að afla þeirra upplýsinga sem til þarf. En ég taldi rétt að rifja þetta upp vegna þess að þessi ákvörðun um Ó-vegina, sem var mikilvægt spor og eitthvert besta verk sem var gert á sínum tíma að ákveða að taka þessa hættulegu vegi út úr, þessu var breytt á sl. ári með samþykki sjálfsagt allra þingmanna á hv. Alþingi. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta. Ég get látið það koma fram að ég harma mjög að það skuli hafa þurft að kúvenda í þessu máli svona snögglega eftir að búið var að ná samkomulagi um það að taka inn nýja stefnu hæstv. núv. samgrh. um þessi stórvirki og þessar tilfærslur og yfirlýsingar um að niðurskurður tekjustofna Vegagerðar ríkisins heyrði sögunni til. Þetta er því slæm lending hjá hæstv. ráðherra. Hins vegar er ekki um annað að ræða en sætta sig við þetta, en það er hægt að bæta úr þessu með því að hraða endurskoðun og eins það að við áttum okkur á því að sumir þessara stórverkaáfanga mega ekki takmarka frekar almenna vegagerð miðað við vegáætlunina eins og hún var samþykkt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem kom fram hjá stjórnarandstæðingnum hv. 2. þm. Norðurl. v. og ég tek líka undir þá gagnrýni sem kom fram hjá stjórnarstuðningsmanninum hv. 3. þm. Vestf. þó að hann gengi sýnu lengra í gagnrýni sinni á ríkisstjórnina en hv. 2. þm. Norðurl. v. Hv. 3. þm. Vestf. heldur nú hverja ræðuna af annarri fyrir vantrausti á hæstv. ríkisstjórn. Það undrar okkur ekki sem erum í stjórnarandstöðunni heldur undrar okkur meira á því hvað hv. þm. geti fengið sig lengi til þess að vera stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar.

Hv. 3. þm. Vestf. vék að Óshlíðinni og ég tek undir allt sem hv. þm. sagði umn það mál. Aðalatriðið er eins og kom glögglega fram hjá hv. 3. þm. Vestf. að á sínum tíma var ákveðið að taka þrjár framkvæmdir undir hinar svokölluðu Ó-vegaframkvæmdir, Óshlíðina, Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla. Og það var nú svo að þegar fyrst var byrjað að tala um þetta þá var fyrst byrjað að tala um Óshlíðina. En í framkvæmd hefur þetta orðið þannig að þeir sem voru fyrstir hafa orðið hinir síðustu. Þannig er nú ástatt með Óshlíðina eins og hv. 3. þm. Vestf. lagði áherslu á. Það er ekki nema hálfnað verk sem þar er búið að vinna.

Nú er gert ráð fyrir því að framkvæmdir verði ekki undir þessu nafni, Ó-vegir, en það breytir engu um það að við verðum að gera ráð fyrir því að það verði haldið áfram með framkvæmdirnar á Óshlíðarvegi eins og það hefði ekki verið breytt um neina nafngift. Ég vil láta það koma hér fram að fyrir nokkrum dögum vorum við þingmenn Vestfjarða allir á fundi með vegagerðarmönnum þar sem þetta mál kom sérstaklega til umræðu. Við þingmenn Vestfjarða lögðum áherslu á það að það væri ekki unandi við annað en það yrði haldið áfram með Óshlíðarframkvæmdirnar eins og ekkert hefði í skorist. Þá eigum við að það verði haldið áfram í eðlilegri röð, að það þurfi ekki nú að ákveða einhverja nýja framkvæmdaröð á stórverkefnum þar sem Óshlíðarframkvæmdin kæmi seint og síðar meir.

Ég leyfi mér að vona og ég veit að við gerum það allir þingmenn Vestfjarða að það verði engin svik eða brigðmælgi varðandi Óshlíðarveginn, það verði ekki hvikað frá því sem áður og fyrir löngu var búið að ákveða.

Jarðgöngin á Vestfjörðum hafa komið hér lítillega til umræðu. Ég skal ekki fara að ræða það mál hér. Ég hef þegar á þessum stað lýst skoðun minni á hugmyndum hæstv. samgrh. um að flýta framkvæmdum við jarðgöngin á Vestfjörðum og fært fram þakkir hæstv. ráðherra til handa fyrir þetta frumkvæði. Ég geng út frá því að hæstv. ráðherra komi þessu máli í höfn með því að fara þá leið sem hann hefur sjálfur lagt áherslu á, að það yrði útvegað nýtt fjármagn til þessara framkvæmda án þess að það yrði dregið úr öðrum framkvæmdum á Vestfjörðum sem þegar hafa verið ákveðnar eða framkvæmdum í öðrum kjördæmum sem þegar hafa verið ákveðnar. Þetta er eitt mikilverðasta mál, leyfi ég mér að fullyrða, sem við stöndum frammi fyrir í vegamálum.

Ég vildi núna aðeins leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hverjar væru fyrirætlanir hans um næstu viðbrögð og næstu aðgerðir í þessum málum varðandi flýti jarðganganna fyrir vestan. Ég geri ráð fyrir því að það mál þurfi að koma fyrir Alþingi og að það þurfi að afgreiða fyrir lok þessa þings. Ég vildi leyfa mér aðeins að spyrja hæstv. ráðherra hvernig verði brugðist við þessu og ég spyr í fullu trausti þess að hæstv. ráðherra komi þessum fyrirætlunum sínum í framkvæmd.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skil bara ekkert í hv. 4. þm. Vestf., fyrrv. forseta Sþ., hvað hann er orðinn glámskyggn og minnislaus á hluti sem eru að gerast hér á Alþingi, að stimpla mig sem einhvern sérstakan stjórnarsinna, mann sem lýsti því yfir strax við myndun þessarar ríkisstjórnar að ég tæki afstöðu eftir málefnum en ekki eftir flokkspólitík. Það er að verða liðið ár frá því að ríkisstjórnin var mynduð og hv. þm. er ekki farinn að hafa áttað sig á því enn eftir nærri heilt ár hvernig sagan er. (**Landbrh.:** Eru ekki flokkspólitísk málefni í Alþfl.?) Ég sagði málefnum frá ríkisstjórninni. Eg heyri nú að hæstv. samgrh. er líka orðinn skilningssljór og þeim fjölgar þá hér í þinginu sem hætta að skilja og vita hvað þeir eru að tala um. En ég hélt að þetta væri á hreinu. Og þess vegna er ég andvígur þessu, eins og þetta er hér, af því að þetta er slæmt mál, hv. þm. Þorvaldur Garðar, þó að ríkisstjórnin beri það fram.

Varðandi Ó-vegina vil ég minna menn á það að Ó-vegafyrirsögnin er hér inni í áætluninni. Það vantar

bara upphæðina, það vantar bara krónurnar. Ég sé að hæstv. samgrh. bendir á sig, hann ætlar að skaffa þær. En fyrirsögnin er hér varðandi Ó-vegina. Vel má vera að það sé rétt hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni að menn hafi látið plata sig í fyrra, en þá er hann kannski einn af þeim, en menn láta ekki plata sig trekk í trekk, ekki ár eftir ár. Hafi það verið gert í fyrra með þessum hætti þá verður það ekki gert aftur núna. Fyrir því verður séð. Og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra samgöngumála sjái ekki til þess. Auðvitað má segja að það skipti kannski ekki máli í hvaða lið peningarnir koma ef þeir eru tryggir fyrir það sem á að framkvæma. En ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherra sjái til þess að staðið verði við það sem átti að gera og áætlað var á Óshlíð skv. 12 ára áætluninni. Ég trúi bara ekki öðru. Og ég verð a.m.k. að segja það að ef eitthvað er satt í því að hæstv. ráðherra ætli sér í framboð á Vestfjörðum næst, þá þýddi nú lítið fyrir hann að koma vestur ef hann ekki stendur við þetta, sé eitthvað hæft í þeim sögusögnum. (**Landbrh.:** Ertu að bjóða mér þetta?) Nei, ég hef bara lesið þetta, hæstv. ráðherra. (**Landbrh.:** Var það ekki einhver annar ráðherra?) Nei, það var ekki einhver annar, það var þessi hæstv. ráðherra sem ég las um. Kannski hefur enginn lesið það nema ég. En ég treysti því og trúi að hæstv. ráðherra sjái til þess að staðið verði við þær framkvæmdir sem búið er að lofa og að Óshlíðin verði ekki skilin eftir í Ó-vegaframkvæmdum sem átti að verða fyrst þegar um málið var talað. Hún var hættulegust. Auðvitað kemur þetta í ljós þegar málið kemur frá hv. fjvn. en enn sem komið er a.m.k. treysti ég hæstv. ráðherra í þessu máli.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er næstum óþarfi að fara að svara hv. 3. þm. Vestf. Hann var eitthvað að tala um að ég væri skilningssljór um þau atriði sem við höfum verið að tala um. Ég læt aðra um að dæma um það og ætla ekkert að fara að dæma í eigin sök. En hv. þm. tók fram að hann tæki afstöðu eftir málefnum. Það skil ég. Og vegna þess að hann gerir það þá er hann alltaf að taka afstöðu á móti ríkisstjórnarmálum af því að þau eru slæm og ég skil það. En það sem ég skildi ekki var að hv. 3. þm. Vestf. skuli ekki formlega ganga til liðs við stjórnarandstöðuna þegar málum er svo háttað og það getur hver láð mér sem vill þó að ég skilji það ekki.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara hér þeim spurningum sem til mín var beint, byrja á því að segja fyrir mitt leyti, sem eru væntanlega engin sérstök tíðindi hér, að að sjálfsögðu tek ég undir með þeim hv. þm. sem lýst hafa vonbrigðum sínum með að ekki hefur á þessu ári reynst unnt að auka fjárveitingar til vegamála eins og að var stefnt skv. vegáætlun. Ég treysti því að allir hv. þm. átti sig á þeim stærðum sem hér eru á ferðinni. Vegáætlun fyrir árin 1989–1992 gerði ráð fyrir verulegri aukningu til vegamála á árinu 1990, en af þeirri aukingu verður nú ekki þar sem, af ýmsum ástæðum sem ég hér áðan rakti, hefur orðið niðurstaðan að beita hinum mörkuðu tekjustofnum Vegagerðarinnar þannig að þeir skili minni tekjum en ætlað var á vordögum 1989 fyrir tæpu ári síðan. Það koma einnig inn í það mál þær tölur sem ég nefndi um samdrátt í bensínsölu o.fl. sem gera það að verkum að þær upphæðir sem vegáætlunin byggði á skilar sér ekki á þessu ári.

Forsendur eru verulega breyttar að þessu leyti eins og ég gerði grein fyrir og ég vil vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssonar taka það fram að ég taldi og tel eðlilegt við slíkar aðstæður að þá komi það mál að nýju fyrir þingið. Það eru fordæmi fyrir öðru þar sem hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. ráðherra á þeim tíma hafa tekið sér talsvert vald í hendur til að breyta áður ákvörðuðum framkvæmdaáformum vegna breytinga í fjárveitingum til vegamála, en þegar um þetta miklar breytingar á forsendum er að ræða tel ég eðlilegt að það mál komi fyrir Alþingi og þess vegna er þessi tillaga um aukavegáætlun hér flutt.

Það er hins vegar öllum ljóst og þarf ekki að fjölyrða að það er meiri hluti hv. Alþingis sem hefur með samþykkt fjárlagafrv. og afgreiðslu þess í raun breytt þeim forsendum sem síðan liggja til grundvallar vegáætluninni sem hér er til umræðu.

Hv. þm. Pálmi Jónsson gerði einnig að umtalsefni upplýsingar sem koma fram í töflu á bls. 5 í þskj. um framreiknuð heildarútgjöld til vegamála á hverju ári frá 1982 til og með áætlunar fyrir árið 1990 og vakti það nokkra undrun hans að árið 1987 sem er annað lægsta ár í þessum efnum sem taflan tekur yfir hafi jafnframt verið metár hvað lagningu bundinna slitlaga snertir. Þetta kann í fljótu bragði að virðast, eins og hv. þm. tók fram, nokkuð sérkennilegt, en er þó engu að síður rétt það er ég best man og á sér skýringar og segir mönnum m.a. hversu varhugaverður mælikvarði í sjálfu sér það eitt er á útgjöld til vegamála eða vegaframkvæmdir hvað mikið var gert í hverjum einstökum framkvæmdaflokki á því ári. Og þetta með bundnu slitlögin er einmitt dæmi um það.

Ég vil að nokkru leyti taka undir það sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan. Það verður að hafa í huga í þessu sambandi þegar samanburður er gerður að það bíða margir mjög dýrir kaflar í almenna vegakerfinu sem af skiljanlegum ástæðum hefur verið tilhneiging til að geyma meðan aðrir og auðunnari áfangar væru teknir. Það liggur í hlutarins eðli. Þeir sem aka t.d. aðalleiðina norður í land átta sig á því að þar eru nokkrir dýrir og erfiðir kaflar eftir. Nefna má sem dæmi þá kafla sem lengst bíða í Norðurárdal, Bólstaðarhlíðarbrekku vestan í Vatnsskarði og síðan Giljareiti og kafla á Öxnadalsheiði. Allt eru þetta dýrir og erfiðir kaflar þar sem hver kílómetri kostir kannski upp í margfaldar fjárhæðir á við það sem gerist þar sem auðveldastar eru aðstæður á láglendi. Það voru einmitt þeir kaflar sem voru teknir og gerðu það að verkum að menn komust yfir nokkuð langa vegakafla framan af langtímaáætluninni og þar með líka í bundnu slitlagi. Það bíða sem sagt ýmsir slíkir

kaflar þar sem bæði vegarstæðið er erfitt og þar sem þarf að brúa.

Enn eitt atriði í þessu sambandi er vert að hafa í huga sem reyndar er nokkurt áhyggjuefni að mínu mati og getur átt eftir að koma í bakseglin þegar frá líður. Það er einfaldlega sú staðreynd að í viðleitni til að leggja sem mest af bundnum slitlögum, að koma sem mestu af vegakerfinu undir slitlag, hefur borið nokkuð á þeirri tilhneigingu að leggja bundin slitlög jafnvel á vegi sem ekki eru fulluppbyggðir og standast í ákveðnum tilvikum ekki þá staðla sem þó er ætlunin að vinna eftir með nýja vegi um þessar mundir. Þetta mun einfaldlega þýða, vegna þess að þessum vegum er það áfátt að ýmsu leyti, minna burðarlag og/eða beygjur krappari o.s.frv. en ætlunin er, að innan tíðar verður að gera þarna bragarbót og endurbæta þessa vegi þó að þeir hafi um sinn verið lagðir bundnu slitlagi. Ég er ekki að segja að þetta hafi ekki í raun getað verið skynsamleg ákvörðun og eðlileg, en það er rétt að menn hafi þetta í huga þegar þessar samanburðartölur eru nefndar. Ég vona að ég þurfi þá ekki að fjölyrða meira um þetta mál en hafi rökstutt það sæmilega að lengd bundinna slitlaga sem lögð eru á hverju ári eru ekki einhlítur mælikvarði á það hvernig uppbyggingunni miðar í okkar vegakerfi. Þar kemur margt fleira til og ber ekki síður að skoða hvernig áfram hefur miðað við uppbyggingu eða undirbyggingu veganna, brúargerð og það að komast yfir erfið höft sem eru á leiðunum.

Varðandi umræður og loforð sem hér voru höfð uppi við afgreiðslu vegáætlunar eða fjárlaga á síðasta ári fjölyrði ég ekki um það annað en að rifja upp það sem ég sagði þegar til umræðu var sú ráðstöfun að taka hluta af tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti í ríkissjóð sem gert var árið 1989. Ég gaf um það yfirlýsingu hér að það yrði einstök ráðstöfun bundin við árið 1989 og yrði ekki endurtekin og við það er staðið. Tekjur af hinum mörkuðu tekjustofnum, bensíngjaldi og þungaskatti, renna ekki í ríkissjóð á þessu ári og niðurskurður eða samdráttur í vegaframkvæmdum, minni fjárveitingar en ætlaðar voru skv. vegáætlun skýrast af öðrum orsökum eins og ég hef hér gert grein fyrir.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. spurði hvort ætlunin væri að flatur niðurskurður sem heimild, ég vek athygli á því, heimild er gefin fyrir eða ætlunin er að afla heimildar til í fjáraukalögum verði látinn ná yfir framkvæmdafé vegamála. Ég svara því svo að varðandi þá heimild til niðurskurðar sem áætlað hefur verið að gæti orðið á bilinu 1,5–2,2% hefur það verið mín afstaða og ég hef talað fyrir henni í ríkisstjórninni að það væri ekki hægt að skorast undan því að rekstrarkostnaður hjá Vegagerð ríkisins tæki á sig þennan samdrátt eða niðurreikning eins og annar sambærilegur rekstur af því tagi, en ég teldi ekki eðlilegt að miða við að þessi niðurreikningur yrði látinn ná yfir framkvæmdaliðina sjálfa. Ég hef sem sagt haft þá afstöðu, og henni hefur ekki verið mótmælt, að það yrði gerður greinarmunur á annars vegar rekstrarþáttunum sjálfum, rekstri Vegagerðar ríkisins eins og hverjum öðrum rekstri í þjóðfélaginu á þessu ári, að hann tæki á sig þessa lækkun, enda ætti hann að verða því hagkvæmari sem verðlagshækkanir verða minni, en um framkvæmdaliðina gegnir öðru máli, enda hafa þeir þegar verið skertir og sérstaklega frá því sem reiknað hafði verið með. Ég tel því ekki eðlilegt að til frekari niðurreikninga komi á þeim.

Það ber einnig að hafa í huga að miklu máli skiptir fyrir framkvæmdagildi fjárveitinga Vegagerðarinnar hvernig útkoma Vegagerðarinnar verður hvað virðisaukaskattsendurgreiðslur snertir. Þar eru ekki enn komnar niðurstöður um ákveðin atriði. Ég nefni þar sérstaklega snjómoksturskostnaðinn. Það er til skoðunar í samráði við sveitarfélögin sem einnig bera þar verulegan kostnað, en þegar liggur fyrir að virðisaukaskattur af sérfræðiþjónustu verður endurgreiddur. En þessi atriði skipta ekki síður máli fyrir útkomuna á þessu ári og hvert raungildi fjárveitinganna verður að endingu.

Varðandi þann samdrátt á framkvæmdafé sem hér verður á árinu 1990 miðað við vegáætlun fyrir árin 1989–1992, þá mætti auðvitað hafa um það nokkur orð. Það mætti til að mynda og væri fróðlegt fyrir hv. alþm. að gefa yfirlit um hvernig vegáætlanir hvers tíma hafa dugað. Og af því að hér töluðu þingreyndir menn eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. og 1. þm. Vesturl. og hv. 3. og 4. þm. Vestf. hygg ég að þeim muni rifjast það upp ef þeir hugsa sig vel um að því miður hefur áður hent að það hafa litið dagsins ljós á hinu háa Alþingi vegáætlanir sem hafa gefið fyrirheit um allmikið meiri framkvæmdir en síðan hefur orðið raunin á. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, svo dapurlegt sem það nú er, að engin einasta fjögurra ára vegáætlun sem lögð hefur verið fram á Alþingi frá því að þetta vinnulag var tekið upp hafi síðan ræst. Og hvers vegna leyfi ég mér að halda þessu fram? Af þeirri einföldu ástæðu að allar vegáætlanir fram að þeirri sem hér er til umræðu byggðu á því að ná innan tímabilsins því tilskilda 2,4% marki af þjóðarframleiðslu sem þá var miðað við, núna 2,14% miðað við nýjan mæligrunn þjóðarframleiðslunnar. Og það hefur eins og við vitum aldrei náðst. Það var alsiða og ég man sjálfur eftir vegáætlunum sem hér komu fram þar sem framkvæmdafé var af einhverri tiltekinni upphæð á líðandi ári en strax árið eftir áttu samkvæmt áætluninni að koma ómældar fjárhæðir úr ríkissjóði til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum. Þá var bjartsýni manna slík á hverju ári þegar þeir lögðu fram nýja vegáætlun að þeir gerðu ráð fyrir kannski 12, 15 eða 18 hundruð millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til viðbótar fullri nýtingu hinna mörkuðu tekjustofna. En hver hefur síðan orðið raunin á? Markmiðin um 2,4 eða 2,14% af þjóðartekjum hafa aldrei náðst og þessi vegáætlun, fyrir árin 1989–1992, er hin fyrsta sem ekki setur upp slíkar væntingar um að ná þessu marki heldur byggir eingöngu á því að fullnýta hina mörkuðu tekjustofna. Og það er að mínu mati hógværara en um leið raunsærra markmið í ljósi þeirrar tíu ára reynslu sem á þessa tilhögun er komin.

Ég hygg að menn verði að viðurkenna og horfast í augu við að svona hefur til tekist og reyndar er það nokkuð sláandi þegar það er skoðað á þessari töflu hér á bls. 5 hversu svipað að raungildi framkvæmdafé til vegamála hefur verið allan þennan tíma þegar öllu er á botninn hvolft. Reyndin er sú að menn virðast vera fastir við svipað mark, 4200–4800 millj. kr. miðað við meðalverðlag þessa árs. Á því bili hefur þetta leikið allan tímann frá 1982 til og með 1990.

Hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason ræddi hér nokkuð um stöðu Vestfjarða í þessu sambandi og margt get ég tekið undir af því sem hann sagði að þar bíður mikið verkefni í uppbyggingu vegamála. Enginn er fúsari til að fallast á það en ég. Og, hv. þm., ég hef fullan hug á því að koma þar til framkvæmda stórum átökum sem bíða og svara ég þá um leið hv. 4. þm. Vestf. Ég vonast til þess að geta sýnt hér á Alþingi innan fárra daga þingmál sem tengjast þeirri flýtingu jarðganga á Vestfjörðum sem rædd hefur verið. Tímans vegna og eðli málsins einnig tel ég eðlilegra að við ræðum þau viðfangsefni þegar þau birtast í formi væntanlegra frumvarpa hér á hinu háa Alþingi í annarri hvorri hv. þingdeild innan vonandi eins og ég segi, skamms tíma og stendur þá ekki á mér að ræða við Vestfirðinga um þau mál og aðra hv. þm.

Varðandi Óshlíð sem hv. 3. þm. Vestf. gerði að nokkru umtalsefni er rétt að skýra það nánar, hafi það ekki komist nægilega vel til skila, að með þeirri breytingu sem varð á uppsetningu vegáætlunar á síðasta ári hverfur svonefndur Ó-verkefnaflokkur út sem sérstakur flokkur í vegáætlun og þar verður veruleg breyting á uppsetningu mála. Inn kemur og sameinast í svonefndum stórverkefnaflokki jarðgangagerð, stærstu brýr og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Sömuleiðis varð breyting á uppsetningu hins almenna hluta verkefnanna þar sem bundin slitlög eru felld saman við almenn verkefni og skýrir þetta vonandi að nokkru leyti hvers vegna Ó-vegir hverfa út eftir árið 1989. Þannig færast til að mynda þær fjárveitingar sem áður voru til Ólafsfjarðarmúla undir verkefninu Ó-vegir yfir í svonefndan stórverkefnaflokk. (**KP:** Hvar er Óshlíðin?) Síðan kemur að því, hv. þm. Samkvæmt vegáætlun 1989 átti að veita undir liðnum Ó-vegir til Óshlíðar 17 millj. kr. Óshlíð kemur síðan inn í almenn verkefni undir sínu veganúmeri og undir Vestfjörðum vegur nr. 25 og á öllum árunum 1990, 1991 og 1992 eru fjárveitingar til framkvæmda í Óshlíð 13 millj. kr. á hverju ári. Það er því ekki svo, eins og hv. þm. virðist hafa óttast, að Óshlíðin hafi bara gleymst og horfið út úr vegáætlun vegna þessara breytinga, heldur færist hún til og það eru þrátt fyrir allt ætlaðar nokkrar fjárveitingar til áframhaldandi framkvæmda þar, enda að sjálfsögðu nauðsynlegt. Eins og hv. þm. réttilega benti á er ekki komin fullnægjandi lausn, svo að vægt sé til orða tekið, þrátt fyrir þær framkvæmdir sem þar hafa verið og það hlýtur að verða verkefni á næstu árum að reyna að bæta þá mannvirkjagerð sem þar er komin og reyndar er unnið að því og hefur verið unnið að því. Þar hafa verið prófaðar ýmsar grjótvarnir og fleira eins og ég veit að hv. þm. þekkir og það hlýtur að þurfa að hanna þá frekari framkvæmdir hvort sem það verða viðbótarveggsvalir, öflugri grjótvarnir eða hvað það nú verður sem mönnum þykir vænlegast að gera þar til að draga úr slysahættu og auka notagildi vegarins.

Ég vona að þetta skýri að nokkru þá breytingu sem hefur átt sér stað. Ég ætlast hins vegar ekki til þess að hv. þm. sé endilega ánægður með þær upphæðir sem þarna eru á ferðinni. Það er örugglega satt og rétt sem hann hér sagði að þarna þyrftu að koma til á næstu árum verulegar fjárhæðir til þess að unnt sé að koma þessum erfiða vegi í viðunandi horf.

Hv. 7. þm. Norðurl. e. nefnd hér þá samræmingu samgöngumálanna sem oft hefur áður komið til umræðu á hv. Alþingi. Ég vil bara svara hv. þm. því til að sú nefndaskipan sem hún taldi að þyrfti að koma til er þegar til orðin og reyndar geri ég mér vonir um að sérstakur starfshópur sem unnið hefur að því verkefni um nokkurt skeið að samræma og gera tillögur um samræmda samgöngustefnu undir vinnuheitinu „Samgöngur og fjarskipti á nýrri öld" skili áliti á fyrri hluta þessa árs þar sem reynt er að taka heildstætt á samgöngumálunum í þessum efnum.

Varðandi það sem hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði um samdrátt í störfum eða atvinnu vegna fjárveitinga til vegamála á þessu ári vísa ég til þess sem áður hefur komið fram í mínu máli að framkvæmdirnar verða á mjög svipuðu róli og þær voru á síðasta ári og ætti því ekki af þeim sökum að verða samdráttur í störfum. Fjárveitingarnar eru af sömu stærðargráðu og þær voru á síðasta ári og reyndar svipaðar og þær hafa verið um nokkurt árabil, eins og ég kom að áðan. Ég vona að svar mitt hafi verið nægjanlegt fyrir hv. 4. þm. Vestf. hvað varðar tillöguflutning um flýtingu jarðgangaframkvæmda á Vestfjörðum og ég tek það fram að í því svari felst jafnframt að þingmál sem tengist hugmyndum um jarðgangagerð undir Hvalfjörð verður vonandi samferða til hv. Alþingis.

Að lokum vegna þess sem hv. 3. þm. Vestf., sem mér verður hér tíðvitnað í, sagði um það hvort nokkuð væri hæft í því að ég hygðist bjóða mig fram á Vestfjörðum við næstu kosningar (**KP:** Það er ekki rétt orðað, hæstv. ráðherra.) Nú, þá vil ég taka það fram að ef ég á að skoða þetta sem sérstakt heimboð af hálfu hv. 3. þm. Vestf. er ég ákaflega stoltur yfir að fá slíkt sérstakt heimboð til framboðs í kjördæmi af sitjandi þingmanni þar. (Gripið fram í.) Ég vil hins vegar taka það skýrt fram til að forðast allan misskilning að ég er ákaflega ánægður með það kjördæmi sem ég sinni nú þingstörfum fyrir, Norðurl. e., og í mínum huga hafa ekki verið nein áform um að færa mig þaðan um set á meðan ég nýt trausts íbúa þar um slóðir til þess að gegna þingstörfum fyrir þá.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég þakka það að fá að segja hér örfá orð í lokin. Mér urðu það mikil vonbrigði hvernig hæstv. samgrh. talaði nú síðast. Mér heyrist á hans málflutningi að það sé í raun og veru búið að

afskrifa Óshlíð sem sérstakt verkefni, það er komið inn í almennu verkefnin. Væru veittar 13 millj. á ári tæki það svona 25 ár að koma Óshlíðinni í það lag sem Vegagerðin gerði ráð fyrir á sínum tíma, það tæki 25 ár, hæstv. ráðherra. Og guð hjálpi þeim hæstv. ráðherrum sem ætla að bjóða Bolvíkingum og vegfarendum um Óshlíð upp á slíkt. Það er út í hött og þá kemur það í ljós að þá framkvæmd sem átti að verða fyrst, á þeirri leið sem var hættulegust, á að skilja eftir. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka, forseti. Það er svo sjaldan sem ég tala að það er allt í lagi að tala örstutt í viðbót. En ég undirstrika það að með þessu ráðslagi eru forustumenn í stjórnmálum og þá hæstv. ríkisstjórn í reynd að afskrifa Óshlíðina frá Óvegakerfinu og skilja hana eftir óleysta eins og mál horfa nú og því verður harðlega mótmælt, ekki bara hér á Alþingi, það mun gerast heima í héraði líka.

Pálmi Jónsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að hann teldi að engin vegáætlun hefði staðist á undanförnum árum og engin vegáætlun hefði verið svo úr garði gerð fyrr en þessi sem nú er til meðferðar að þær „væntingar", eins og hann orðaði það, sem þar hefði verið boðið upp á hefðu náðst. Hæstv. ráðherra lét þess og getið að einhverjir hæstv. fyrirrennarar hans, hæstv. samgrh., án þess að hann nefndi það sérstaklega hefðu skorið niður vegáætlun án samþykkis Alþingis. Ég hlýt nú að játa það að ég man ekki eftir þessu, mitt minni brestur til þess að muna hvort þessar fullyrðingar hæstv. ráðherra séu réttar. En það mun vitaskuld gefast tóm til þess að fá upplýsingar um hvort þetta sé rétt hjá hæstv. ráðherra eða hvort hann sé bara að slá þessu fram út í bláinn.

Það liggur hins vegar fyrir og það er okkur hv. alþm. minnisstætt að þessi hæstv. samgrh. lagði svo fyrir síðasta haust að fresta skyldi eða skera niður tilteknar framkvæmdir. Að einstök verkefni sem voru á vegáætlun ársins 1989 skyldu ekki unnin. Og þetta var sundurgreint í einstaka liði í hverju kjördæmi landsins. Ég fullyrði að það er a.m.k. í fyrsta skipti sem slíkar ákvarðanir hafa verið teknar af samgrh. og það með þeim hætti eins og gerðist í mínu kjördæmi að ekki var haft fyrir því að ræða við þingmenn kjördæmisins. Það er ábyggilega fordæmislaust. Hitt mun ég láta kanna hér á milli umræðna hvort fótur sé fyrir því að fyrirrennarar þessa hæstv. samgrh. hafi fellt niður verkefni á vegáætlun eða minnkað það fé sem ákveðið hafði verið í vegáætlun að verja til einstakra framkvæmda án þess að leitað hafi verið til Alþingis um staðfestingu á því.

Það er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi vegáætlun er kannski sú fyrsta sem einungis byggir á fé sem inn kemur vegna svokallaðra sérmerktra tekjustofna Vegagerðar ríkisins. Og það er einnig minnisstætt að jafnvel það fé var skorið niður í fyrra og teknar af því um 680 millj. kr. beint yfir í ríkissjóð. Það var líka algert einsdæmi. Það hefur aldrei gerst fyrr. Áður var það svo að deilur stóðu um það hér á hv. Alþingi í umræðum um vegáætlun hvort ríkissjóður legði fram nægilega mikið fé til vegamála til viðbótar við hina sérmerktu tekjustofna Vegasjóðs. Um þetta stóðu iðulega og ár eftir ár stórdeilur. Og ríkisstjórn sem ég var stuðningsmaður að lá undir miklum árásum m.a. hv. þm. Alþb. fyrir það að ekki var lagt fram nægilega mikið fé úr ríkissjóði til viðbótar við hina sérmerktu tekjustofna. Þar voru ekki spöruð hin breiðu spjótin í málflutningi, eins og hér var vitnað til af hálfu hv. þm. Karvels Pálmasonar.

Nú er ekkert um þetta rætt. Nú erum við bara að tala um að það sé staðið við þær ákvarðanir Alþingis sem birtast í þeirri vegáætlun sem í gildi er og samþykkt var 20. maí í fyrra. Og að hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarliðar féllu frá, sem væri auðvitað eðlilegt, þeim fyrirætlunum sem hér eru um niðurskurð til þess að koma áfram þeim þýðingarmiklu verkum sem vegamálin í landinu eru. Það er ekki verið að tala um það að biðja hæstv. ríkisstjórn að skaffa aukið fé til viðbótar við hina sérmerktu tekjustofna, það er auðvitað eðlilegt að halda þeim í horfinu eins og gert hafði verið ráð fyrir. En áður var það árásarefni þessara hv. þm. úr Alþb. að við skyldum ekki láta nægilega mikið fé, þó það væri nokkuð, úr ríkissjóði til viðbótar við hina sérmerktu tekjustofna. Þetta er því út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra. Hann man nokkuð hvað hann hefur sagt um þessi efni fyrr. Hann segir að þetta sé fyrsta vegáætlunin þar sem ekkert er um það að tala að neitt aukið fé komi og það fé sem áður hafi verið ætlast til að kæmi samkvæmt sérmerktum tekjustofnum það virðist ætla að rýrna ansi mikið í meðförum þessarar hæstv. ríkisstjórnar og þessa hæstv. samgrh.

Ég man eftir því að ekki er langt síðan að vegáætlun var tekin upp með afbrigðilegum hætti á milli reglulegrar endurskoðunar. Það mun hafa verið á Alþingi 1988, þar sem vegáætlun fyrir árið 1988 var brotin upp, án þess að um reglulega endurskoðun væri að ræða, undir forustu þáv. samgrh. Matthíasar Á. Mathiesen. En það var ekki til niðurskurðar. Það var til þess að ráðstafa auknu fjármagni, það var til þess að verja meira fé til vegamála og vegaframkvæmda en vegáætlunin sem í gildi var gerði ráð fyrir. Það má segja að ólíkt hafist þeir að, hæstv. fyrrv. samgrh. Matthías Á. Mathiesen og sá hæstv. samgrh. sem nú situr, Steingrímur J. Sigfússon, því með afbrigðilegum hætti hafa þeir báðir brotið upp gildandi vegáætlun. Annar þeirra, Matthías Á. Mathiesen, til þess að auka það fjármagn og auka við þær framkvæmdir sem gildandi vegáætlun gerði ráð fyrir, en núv. hæstv. samgrh. Steingrímur J. Sigfússon til þess að skera niður það fé og til þess að draga úr þeim framkvæmdum sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir. Þetta hefði hæstv. samgrh. átt að rifja upp einnig hér áðan og taka þetta til marks um að hér væri með einstæðum hætti haldið á málum.

Ég tek það svo að hæstv. ráðherra hafi svarað fsp. minni um hinn flata niðurskurð á þann veg að hann ætlist ekki til að sá flati niðurskurður nái yfir fé til

vegaframkvæmda. Það hefði vissulega verið fróðlegt að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., ef hann hefði setið hér í sæti sínu, hver væri hans skoðun á því máli. Því stundum ber það við að þó að sagt sé að þessir tveir hæstv. ráðherrar séu í sama flokki, og vel má vera að þeir séu það enn þá, þá ber þeim ekki saman eða a.m.k. því sem kemur frá fjmrn. annars vegar og samgrn. hins vegar hefur ekki alltaf borið saman. Það hefði því verið fróðlegt að heyra einnig svör hæstv. fjmrh. við þessari fsp.

Ég vil svo í lokin rifja það upp að við umræðu um vegáætlun fyrir ári gaf hæstv. samgrh. fyrirheit um það að svokölluð langtímaáætlun skyldi endurskoðuð og það verk yrði þá hafið. Nú mælir hann fyrir þessu vandræðamáli sínu hér í dag og segist vera í þann veginn að skipa nefnd og ætlar sér núna næstu daga að biðja stjórnmálaflokkana sem eiga fulltrúa hér á hinu háa Alþingi að tilnefna fulltrúa í nefnd sem eigi að hafa með höndum að endurskoða fjárhagslegan grundvöll, eins og hann orðaði það, langtímaáætlunar í vegamálum og þá væntanlega langtímaáætlun. Ég tel að þarna hafi verið farið nokkuð hægt í að standa við þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra gaf í fyrra og er það þó meinlausara en ýmislegt annað sem brugðist hefur í því sem hæstv. ráðherra lýsti þá yfir. Það er hins vegar lítilþægt af hv. 1. þm. Vesturl., þeim ágæta hv. þm. og félaga mínum úr fjvn., þeim mikla áhugamanni um vegamál, að kalla þetta einhverja sárabót fyrir þann mikla niðurskurð sem er verið að framkvæma í þessum málaflokki.

Ég hefði trúað að hv. 1. þm. Vesturl., sá mæti maður, hefði haft um þetta efni einhver önnur orð. Ég hlýt svo að sakna þess að ekki hefur tekið þátt í þessari umræðu og ekki verið í þingsalnum einn af þingmönnum Vestlendinga, ágætur þingmaður Skúli Alexandersson, hv. 4. þm. Vesturl. og þingmaður Alþb., vegna þess að á undanförnum árum hefur hann látið vegamál mjög til sín taka í ræðustól á Alþingi. Ég minnist þess að hann flutti mikla ræðu við afgreiðslu vegáætlunar í fyrra þar sem hann lýsti áhuga síum og vilja sinna flokksmanna til þess að gera stórvirki í þessum efnum þó nú hefði tekist verr en skyldi og „þeirra verk um sinn“, eins og hann orðaði það þá, verið minni en hugur þeirra stæði til. Nú hefði ég viljað að þessi hv. þm. og ágæti áhugamaður um vegamál hefði komið í ræðustól í dag og lýst því hvernig þetta sem hann kallaði „samdrátt um sinn“ ætlaði að líta út í framtíðinni ef svo heldur fram sem horfir undir forustu flokksbróður hans og þessarar hæstv. ríkisstjórnar. En því miður er ekki því að heilsa, hv. þm. Skúli Alexandersson hefur ekki séð sér fært að taka þátt í þessari umræðu og kannski má segja lái honum hver sem vill.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

EFRI DEILD

71. fundur, þriðjudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ábyrgðadeild fiskeldislána, frh. 3. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 773, brtt. 822, 823.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Eftir að hafa rætt þetta mál sem upp kom hérna á síðasta þingfundi nokkuð ítarlega, bæði í nefnd og meðal nefndarmanna í fjh.- og viðskn. Þá hefur meiri hl. a.m.k. orðið ásáttur um að leggja það til að orðalagið verði eins og það er í lagatextanum og draga þess vegna brtt. sem lögð var fram á fundi hér sl. miðvikudag til baka með þeim orðum að þarna sé ekki átt við það sem hv. þm. Halldór Blöndal var að lýsa hér yfir. Við höfum einnig farið yfir þetta með lögfræðingum. Ágreiningsmálið var það að í 4. gr. frv. segir „frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar“ og túlkunin hjá hv. þm. Halldóri Blöndal var sú að án ríkisábyrgðar vísaði bæði til annarra lánastofnana og banka. En hinn rétti skilningur á að vera sá, svo að það sé alveg ótvírætt, að þarna er bara vísað til annarra lánastofnana með orðunum „án ríkisábyrgðar“. En tilgangur greinarinnar er sá að fiskeldisfyrirtæki fái ekki ríkisábyrgð að meira leyti en 50% af afurðalánum.

Ég vildi geta um þetta í þessari umræðu, svo að það komi alveg skýrt fram hvað er átt við með lagatextanum og að það fari ekki á milli mála, og einnig hitt að við höfum fundið aukinn þrýsting frá fiskeldismönnum um það að ýta á með þetta frv. svo það geti orðið að lögum sem fyrst. Því legg ég til að tillaga sem ég flutti ásamt fleirum verði dregin til baka og sú brtt. sem Halldór Blöndal flutti við frv. verði felld þannig að textinn eins og hann var í frv. er það kom frá Nd. verði samþykktur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hef haft samband við hv. þm. Halldór Blöndal sem er veikur. Hann hefur falið mér að draga brtt. sína til baka með hliðsjón af því að hann taki þá undir ummæli formanns nefndarinnar um að sú lagaskýring sem hann flutti muni halda og mun ég því greiða atkvæði á móti.

Brtt. 822 kölluð aftur.

Brtt. 823 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 851).

Lyfjadreifing, 2. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þskj. 597, n. 830.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. heilbr.- og trn. á þskj. 830 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum. Þar segir:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kannað umsagnir þær er heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar bárust. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið rita Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108, n. 831.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. á þskj. 831 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kannað umsagnir þær sem heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar bárust. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið rita Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 200, n. 832, brtt. 833.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. heilbr.- og trn. á þskj. 832 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og farið yfir umsagnir borgarlæknis og landlæknis um frumvarpið. Nefndin telur rétt að breyta orðinu „slysaforvarnir" í slysavarnir til samræmis við orðnotkun í þingsályktunartillögu um íslenska heilbrigðisáætlun, 145. mál þingsins, og frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 191. mál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessari breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið rita Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 833 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

72. fundur, þriðjudaginn 3. apríl, að loknum 71. fundi.

Lyfjadreifing, 3. umr.

Stjfrv., 104. mál (heildsala til heilsugæslustöðva). — Þskj. 597.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 852).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 105. mál (þvingunarúrræði). — Þskj. 108.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 853).

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 860.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 843 um að leggja Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins niður og ráðstafa eignum hans til framleiðenda lagmetis og samtaka þeirra.

Frv. þetta er flutt til að greiða úr fjárhagserfiðleikum lagmetisframleiðenda og ekki síður til þess að einfalda og bæta rekstrarskilyrði lagmetisiðnaðarins með því að fella niður sjóði og sjóðagjöld sem ég tel úrelt orðin.

Það er aðdragandi málsins nú að Sölusamtök lagmetis lentu í verulegum fjárhagserfiðleikum á árunum 1988 og 1989 þannig að gjaldþrot samtakanna blasti við þegar sl. haust. Þessu fylgir ekki síst sá vandi að þessi samtök eru ekki sjálf persóna að lögum heldur eru aðildarfyrirtækin ábyrg fyrir skuldbindingum samtakanna. Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa Sölusamtakanna varð það niðurstaðan að leggja niður Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins miðað við 31. des. 1990. Við það fellur niður 1% gjald af lagmeti og 3% fullvinnslugjald af söltuðum og frystum matarhrognum. Þessi lausn kemur að öllu leyti í stað styrks eða framlags úr ríkissjóði til þess að leysa fjárhagserfiðleika samtakanna eins og samtökin höfðu farið fram á. Með frv. er lagt til að eignum sjóðsins verði að stórum hluta varið til þess að greiða niður skuldir Sölusamtakanna og til sérstakra aðgerða fyrir lagmetisfyrirtækin. Nánar tiltekið er lagt til að mestum hluta af lausum eignum sjóðsins verði varið til að greiða niður skuldir Sölusamtakanna. Neikvætt eigið fé Sölusamtakanna var skv. efnahagsreikningi 31. des. 1989 um 50 millj. kr. og þykir rétt að styrkja samtökin um þá fjárhæð þegar við gildistöku laganna af fé Þróunarsjóðsins.

Stærsta aðildarverksmiðja þessara samtaka, Niðursuðuverksmiðja K Jónssonar & Co hf. á Akureyri, hefur reyndar sagt sig úr Sölusamtökunum miðað við næstu áramót. Niðursuðuverksmiðja K Jónssonar & Co hf. ber hins vegar ábyrgð á skuldum samtakanna að sínu leyti ef til gjaldþrots kæmi. Hér er því lagt til að hún njóti góðs af þessum aðgerðum til jafns við aðra aðila að samtökunum.

Þá er lagt til að eignarhlutur sjóðsins í fasteigninni Síðumúla 37 verði seldur og andvirðinu ráðstafað til Sölusamtaka lagmetis og lagmetisframleiðenda utan samtakanna skv. ákvörðun sjóðsstjórnar.

Um 90% af lagmeti hefur á síðustu árum verið flutt út af Sölusamtökum lagmetis. Er því eðlilegt að meginhluti eigna sjóðsins renni til þessara samtaka og aðildarverksmiðja þeirra. Hins vegar er rétt og sjálfsagt að greiða einhvern hluta til starfandi verksmiðja utan samtakanna skv. nánara mati sjóðsstjórnar, t.d. eftir hlutfalli í útflutningi lagmetis sl. 2–3 ár.

Eðlilegt er að verja tekjum ársins 1990 til styrkja, lána eða hlutabréfakaupa er samræmast tilgangi sjóðsins. Hafa ber í huga að hluti af tekjum sjóðsins á liðnum árum hefur verið fullvinnslugjald af útfluttum matarhrognum og því væri full ástæða til að huga sérstaklega að styrkjum til fullvinnslu þeirra.

Iðnrn. og Sölusamtök lagmetis beittu sér fyrir ítarlegri athugun á stöðu og horfum í lagmetisiðnaði sem unnin var í árslok 1989. Meginniðurstöður athugunarinnar voru þær að alþjóðlegur markaður fyrir lagmeti sé alltraustur og því hafi greinin í raun starfsgrundvöll. Hins vegar væri nauðsynlegt að greiða úr fjárhagsvanda greinarinnar með utanaðkomandi aðstoð. Einstakir aðrir þættir voru nefndir, svo sem samruni fyrirtækja og gæðaátak í lagmetisiðnaði, og er unnið að þeim málum samhliða því að lausn á fjárhagsvandanum er til umræðu.

Fyrirtæki í lagmetisiðnaði greiða nú iðnlánasjóðsgjald og eiga rétt til fyrirgreiðslu úr Iðnlánasjóði eins og önnur iðnfyrirtæki. Því er hér lagt til að hlutabréf, lausafé og skuldabréfaeign Þróunarsjóðs í árslok 1990 renni til Iðnlánasjóðs til vöruþróunar og markaðsaðgerða á sviði lagmetis.

Verði frv. að lögum lýkur beinum og óbeinum afskiptum ríkisins af sölumálum lagmetis sem hófust árið 1972 með stofnun sérstakrar sölustofnunar sem ríkið var þá stofnaðili að.

Eignir Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins voru skv. bráðabirgðayfirliti 31. des. 1989 þessar: Bankainnistæður, verðbréfaeign og skammtímakröfur námu samtals 47 millj. kr. en fasteign, hlutabréf og útlán

um 101,6 millj. kr. Vegna erfiðrar stöðu nokkurra lagmetisfyrirtækja má búast við að afskrifa verði hluta af útlánum. Vegna þessa er erfitt að leggja endanlegt mat á raunvirði eigna sjóðsins, en 29,3 millj. kr. voru í vanskilum 31. des. sl.

Til upplýsingar skal þess getið að tekjur Þróunarsjóðs voru 36,6 millj. kr. árið 1988, rekstrargjöldin voru það ár 25,2 millj. kr. og hagnaður því 11,4 millj. kr. Rekstrargjöldin á árinu 1988 voru að mestu leyti styrkir en þeir skiptust þannig:

1. Styrkir vegna tæknilegrar uppbyggingar, þróunar vinnsluaðferða og vörutegunda 1,3 millj. kr.
2. Lán vegna tæknilegrar uppbyggingar, þróunar vinnsluaðferða og vörutegunda 3 millj. kr.
3. Styrkir vegna markaðssetningar, fyrst og fremst til Sölusamtaka lagmetis, 11,2 millj. kr.

Tekjur sjóðsins af innheimtum gjöldum skiptust þannig árið 1988:

1. Fullvinnslugjald af lagmeti 13,2 millj. kr.
2. Fullvinnslugjald af matarhrognum 9,1 millj. kr.
3. Fullvinnslugjald af þorskhrognum 1,5 millj. kr.

Af þessu má sjá að verulegur hluti tekna sjóðsins hefur komið af hrognum sem ekki hafa notið mikils í fjármunaráðstöfun úr sjóðnum. Það er reyndar mín skoðun að á tæplega 20 ára starfstíma þessa sjóðs hafi hann í raun og veru fyrst og fremst verið óbein fjármögnun á Sölusamtökunum sem hafa lent í síendurteknum efnahagsörðugleikum. Mín skoðun er sú að hér þurfi að gjörbreyta um vinnulag og í raun og veru tel ég að þegar sjóðakerfi sjávarútvegs var lagt af í stórum dráttum með mjög víðtækri samstöðu á þingi vorið 1986 hafi Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins einfaldlega gleymst. Nú er fyrir þá gleymsku bætt og sjóðurinn lagður niður og eignum hans ráðstafað til þess að treysta fjárhag fyrirtækjanna í greininni og þeim héðan af ætlað að finna sínar eigin leiðir án atbeina ríkisins til þess að koma sínum vörum á markað eftir því sem þau telja sjálf hyggilegast, með frjálsum samtökum ef þau vilja, án ábyrgðar ríkisins eða fjáröflunar, eða þá hvert fyrir sig. Eins og dæmin sanna hefur eitt stærsta fyrirtækið þegar sagt sig úr lögum við þessi samtök en sú úrsögn tekur fyrst gildi um næstu áramót. Þannig er þetta frv. flutt í anda þeirrar hreyfingar sem þegar er uppi og sú lausn á fjárhagsvanda Sölusamtakanna, sem hér er lögð til og unnið hefur verið að í samráði við fjmrn., sjútvrh. og umhvrh., gerir ekki ráð fyrir neinum styrk úr ríkissjóði. Þess í stað er lagt til að Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins, þeim sem lagmetisfyrirtækin og hrognaframleiðendur hafa að mestu byggt upp, verði varið til þess að leysa þetta mál. Er þar með lokið að mínu áliti afskiptum ríkisins af þessari sölustarfsemi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

66. fundur, þriðjudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, 3. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni þegar ég varð að fresta henni að ég hafði verið að glugga lítillega í nokkrar umsagnir sem borist höfðu hv. allshn. Nd. og fór víða um völl, tók til bæði umsagnir sem voru meðmæltar frv. og umsagnir sem voru andvígar og leiddu í ljós mikinn ágreining og efasemdir um það frv. sem hér er á dagskrá.

Áður en ég dreg þær svolítið saman vil ég nota tækifærið, úr því að hæstv. forsrh. er hér á meðal vor, til að rifja upp frétt er var í Dagblaðinu hinn 27. mars sl. og bar yfirfyrirsögnina: „Skaðabótakröfur vegna áratuga gamalla sorphauga bandarískra hersins á Heiðarfjalli“ og aðalfyrirsögn: „Geta valdið PCB-mengun á miðum fyrir Austurlandi.“

Í þessari frétt er fjallað um mengun sem þessir gömlu sorphaugar bandarískra hersins hafa valdið og áhrif þeirra sem nú eru að koma í ljós. Það segir í fréttinni að þessi mengun muni berast í grunnvatnið undir fjallinu og síðan í vatnslindir og þaðan út í lífríkið og að hætta sé á að mengunin muni síðan berast út í hafið að áliti Dean Abrahamson, sem er prófessor við Minnesotaháskóla og sérfræðingar í menningarmálum. Hann telur að mengun frá sorphaugunum geti haft áhrif á lífríki hafsins og þar með fiskimið undan Austurlandi ef PCB úr stórum rafspennum sem urðaðir voru í sorpgryfjunum leki út í umhverfið. Hann mun jafnframt hafa bent á að PCB-mengun í hafinu kringum Ísland geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir markað fyrir íslenskan fisk. Og síðan er leitt að því getum að hér sé við mikið vandamál að eiga og erfitt að koma í veg fyrir þær afleiðingar sem hér hefur verið lýst.

Þess vegna vil ég inna hæstv. forsrh. eftir því og ríkisstjórnina í heild og hef reyndar innt hæstv. umhverfisráðherra eftir því hver viðbrögð ríkis-

stjórnarinnar verða við jafnalvarlegu máli og hér er á ferðinni, þar sem fullyrt er að fiskimiðin og lífríki undan Austurlandi séu í verulegri hættu og þar af leiðandi markaðir fyrir íslenskan fisk. Hér er náttúrlega um slíkt stórmál að ræða að ekki er hægt annað en spyrja hæstv. ríkisstjórn hvernig hún hyggist bregðast við þessum fréttum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um það hvaða afleiðingar þetta getur haft. Það sjá allir í hendi sér að ef fréttir af slíkri mengun í hafinu við Íslandsstrendur fara að berast inn á markaði okkar, til okkar viðskiptavina, þá er voðinn vís og þess vegna jafnvel sjálfstæði þjóðarinnar. Þetta vildi ég endurtaka hér vegna þess að hæstv. forsrh. var ekki viðstaddur þegar ég fór nánar út í þessa frétt á síðasta fundi. Ég vil sem sagt heyra álit ríkisstjórnarinnar á þeim vanda sem þarna blasir við.

Ég hafði farið yfir örfáar umsagnir sem bárust hv. allshn. og hugðist á þessum fundi spyrja hæstv. landbrh. nokkurra spurninga er vakna við lestur umsagnar frá landbrn. Sömuleiðis hugðist ég leggja eina eða tvær spurningar fyrir hæstv. heilbrrh. sem ekki heldur er hér í dag. Enda þótt það hafi, að mér skilst, verið tekið sérstaklega fyrir í ríkisstjórninni nýlega að brýna menn til betri mætingar í þingsölum sé ég ekki þessa tvo heiðursmenn hér í dag. En þeir geta auðvitað verið við störf í Ed. án þess að ég viti af því.

Hæstv. heilbrrh. hafði fengið áskorun frá Röntgentæknafélagi Íslands um að hætt verði við flutning Geislavarna ríkisins til umhverfisráðuneytis. Við þessu vildi ég heyra viðbrögð ráðherra, hvort hann hafi í hyggju að verða við þessari áskorun. Og ef svo, hvernig nann hyggist standa að því máli. Og ef ekki, hvers vegna. Það hafa verið færð fyrir því fullgild rök að Geislavarnir ríkisins eigi ekki undir neinum kringumstæðum að færa undir nýja ráðuneytið og bent á það að 80% af starfsemi Geislavarna ríkisins heyri undir heilbrigðisgeirann. Ég vona hins vegar að hæstv. ráðherra eigi leið um salinn seinna í dag og þá get ég endurtekið spurninguna til hans.

Ég hafði farið yfir hvað er umhverfi og hvernig á að fylgjast með umhverfi að mati mætra manna. Ég hafði farið yfir ályktun búnaðarþings þar sem hvatt er til þess að málið verði skoðað betur. Búnaðarþing hvetur til þess að reynt verði að ná sátt um málið og það kannað nánar. Búnaðarþing tekur undir þá hugmynd sem virðist eiga nokkru fylgi að fagna í þinginu bæði hjá stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum að málinu verði frestað og það sett í milliþinganefnd. Það verði unnið betur og komi síðan aftur fyrir þingið á haustdögum í sem mestri sátt allra sem málið snertir. Þessi skoðun á sér, eins og ég segi, víðtækt fylgi og langt út fyrir raðir þingmanna. Ég hygg að víðast hvar í þjóðfélaginu séu menn sáttir við það að vinna málið betur og reyna að gera það í sátt og samlyndi.

Ég hafði farið yfir umsögn Stéttarsambands bænda þar sem varað er sterklega við öllum breytingum á skipan þeirra mála sem gætu spillt fyrir árangri í þeim efnum. Rannsóknastofnun landbúnaðarins sagði að í ljósi hinna miklu skyldleika sem eru á milli RALA, Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar teldi RALA óheppilegt fyrir starfsemi stofnunarinnar að Skógrækt ríkisins og Landgræðslan færist undir umhverfisráðuneyti, þar sem veruleg hagræðing væri að því að hafa þessa þrjá þætti undir sama ráðuneyti.

Umsögn landbrn. var afar athyglisverð og nauðsynlegt að hæstv. landbrh. taki þátt í umræðu og upplýsi þingið um það hvort umsagnir sem frá ráðuneytinu hafa borist séu skoðanir og stefna hæstv. ráðherra því að þar er mjög sterklega varað við flutningi verkefna sem heyra undir landbrn. til umhverfisráðuneytisins. Reyndar byrjar landbrn. á því að benda á reynslu nágrannalanda okkar sem mun vera um 20 ára reynsla og að staðreyndin sé að þessi ráðuneyti hafi víða þanist út með slíkum hraða að með ólíkindum sé og orðið að tröllauknum stofnunum fyrr en varir. En samt ekki náð að verða virkar á þann hátt sem upphaflega var að stefnt og vonir bundnar við. Þetta er í takt við það sem stjórnarandstæðingar hafa varað við og ég hef ítrekað varað við. Landbrn. bendir t.d. á að í norska umhverfisráðuneytinu sem stofnað var 1973 starfi nú um 3000 manns og að heildarfjárveitingar til umhverfismála árið 1989 hafi numið 6 milljörðum 378 millj. norskra kr. en umhverfisráðuneytinu sé aðeins ætlaðar 1 milljarður 642 millj. kr. Hinn hluti þessarar miklu fjárveitingar skiptist á umhverfisviðfangsefni til 16 annarra ráðuneyta. Þannig er því fyrir komið í norska stjórnkerfinu.

Landbrn. gagnrýndi að fá ekki að fjalla um stofnun ráðuneytisins sem slíks en það vekur furðu ráðneytisins hversu margar stofnanir nefndin sem samdi frv. vill setja undir umhverfisráðuneytið. Ráðuneytið segir að gangi slíkt eftir stefni í að umhverfisráðuneytið verði að bákni þannig að mestur hluti mannafla og fjármuna færi í að viðhalda því sjálfu. Ráðuneytið lætur þá skoðun sína í ljós að þessi viðfangsefni eigi að vista innan núverandi ráðuneyta og að umhverfisráðuneyti sem eigi að annast eftirlit, fræðslu, aðhald og samræmingu gagnvart öllum þeim sem gætu með gerðum sínum eða aðgerðarleysi haft áhrif á umhverfi sitt ætti eðli málsins samkvæmt að vera lítið ráðuneyti mannað sérhæfðu starfsliði og ekki að hafa með stjórn stofnana að gera umfram brýna nauðsyn. Og það klykkti út með því að segja að ekkert hafi komið fram sem réttlæti breytta skipan þeirra mála en vitað er að breytingar samkvæmt hugmyndum nefndarinnar varðandi vistun málefna Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins mundu riðla mörgu og rústa margt sem áunnist hefur af því sem telja verður í þágu umhverfismála og gróðurríkara Íslands.

Hér er náttúrlega, hæstv. forseti, um stór orð að ræða. Landbrn. metur þetta svo að það sé verið að riðla miklu starfi og hreint og beint verið að rústa því. Ég tel nauðsynlgt að hæstv. landbrh. taki þátt í umræðum og láti það koma fram hvort hér séu ekki ábyggilega hans skoðanir á ferðinni. Enda, eins og ég

hef áður sagt, í hæsta máta óeðlilegt ef ráðuneytið er að senda frá sér umsagnir sem eru þvert á skoðanir og stefnu ráðherrans. Þangað til annað kemur í ljós hljótum við að telja þetta skoðun hans og stefnu og væntanlega stefnu hans flokks.

Á það hefur verið bent að embætti yfirdýralækna í nágrannalöndum okkar eru í landbúnaðarráðuneytum nema í Danmörku þar sem það er í dómsmrn. eða, eins og segir í niðurlagi þeirrar umsagnar, að alls staðar eru dýralæknar ráðgefandi um dýravernd. Því teldi ég, sagði Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, það vera dýraverndunarmálum styrkur hér á landi ef þessi málaflokkur yrði færður til landbrn. eins og í nágrannalöndum okkar og reynst hefur vel. Ég get fyllilega tekið undir það að þann málaflokk megi færa undir landbrn. en ég get ekki séð að hann eigi heima undir umhverfisráðuneyti.

Dýralæknafélag Íslands taldi það varhugaverða stefnu að samþykkja lög um umhverfisráðuneyti þar sem ekki er sett fram nein umhverfismálastefna og ekki markaðar neinar leiðir til að ná slíkri stefnu og ekki ákveðið hvernig að framkvæmd og eftirliti umhverfismála skuli yfirleitt staðið.

Sameiginleg niðurstaða stjórnar Geislavarna ríkisins og forstöðumanns Geislavarna ríkisins var að ekki eigi að flytja starfsemi stofnunarinnar frá því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn heilbrigðismála þar sem langstærsti hluti verkefna þeirra stofnunar sé á sviði heilbrigðismála eins og ég hef reyndar komið inn á áður. Og á það er bent að núverandi fyrirkomulag Geislavarna hér á landi sé í samræmi við fyrirkomulag geislavarna annars staðar á Norðurlöndum og var sérstaklega á það bent að yfirstjórn geislavarna í Danmörku og Noregi sé í höndum heilbrigðisráðuneyta landanna þrátt fyrir það að í báðum þessum löndum séu starfandi umfangsmikil umhverfisráðuneyti. Þeir benda einnig á það að 80% af þeirra starfsemi heyra undir heilbrigðismál og aðeins 20% undir aðra liði. Það er þá helst vegna rannsókna á geislavirkum efnum í matvælum.

Hv. allshn. barst einnig áskorun frá Landspítalanum, röntgendeild, þar sem prófessor í geislalæknisfræði og forstöðumaður röntgendeildar Landspítalans, Ásmundur Brekkan, yfirlæknir röntgendeildar Borgarspítala, Örn Smári Arnarson, og yfirlæknir röntgendeildar Landakotsspítala, Þorkell Bjarnason, skoruðu á hv. allshn. að Geislavarnir ríkisins mættu áfram halda eðlilegum sessi sínum í tengslum við ráðuneyti heilbrigðismála.

Hjá Hollustuvernd, sem hefur verið mikið ágreiningsefni, hefur mengunarvarnasvið þeirrar stofnunar skorið sig úr. Það hefur getað sætt sig við að vera flutt undir umhverfisráðuneyti en hin þrjú sviðin ekki og þau talið óæskilegt að tengslin við heilbrigðisráðuneytið minnkuðu eða rofnuðu alveg. Það leiðir hugann að brtt. fulltrúa Kvennalistans, þar sem gert er ráð fyrir að kljúfa Hollustuvernd ríkisins. Þeirri brtt. get ég ekki verið fylgjandi og tel reyndar mjög varasamt, eins og mjög glöggt kemur fram í röksemdum Hollustuverndar ríkisins þar sem hún varar við því að stofnunin verði klofin og bendir á nokkur dæmi sem vert er að rifja upp. Spurt er m.a. hver ætti þá að fjalla um aðgerðir til að tryggja heilnæmi neysluvatns og hvernig ætti að tryggja samræmi í aðgerðum sem nauðsynlegar væru ef í ljós kæmi að smithætta stafaði af vargfugli sem sækti í æti í ófullnægjandi frárennsli eða í óvarða sorphauga og bæri síðan smit í vatnsból manna og búpenings. — Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að þegar á að fara að reyna að koma vitinu fyrir hv. þm. Kvennalistans rjúka þeir á braut. Ég ætla nú samt að halda áfram. Þær geta spurst fyrir eða hagað sínu máli hvernig sem þær vilja.

Það er einnig bent á hvernig ætti að taka á málum ef bensíngeymir læki og bensínið ætti greiða leið niður í grunnvatn og síðan í neysluvatn þéttbýlisstaða. Þetta eru dæmi um spurningar sem vakna ef mengunarvarnir eru klofnar frá almennu heilbrigðiseftirliti. En Hollustuvernd bendir á meira. Í umsögninni segir að önnur ástæða þess að stjórnin telji fráleitt að kljúfa stofnunina sé sú, með leyfi forseta, „að henni er ætlað að hafa yfirumsjón með og samræma eftirlit á sviði matvæla, almenns heilbrigðiseftirlits, eiturefnaeftirlits og mengunareftirlits en beint eftirlit á þessum sviðum er að stærstum hluta á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Ef stofnun yrði klofin þyrfti heilbrigðiseftirlitið að bera mál sín undir tvö ráðuneyti, annars vegar vegna innra umhverfis og hins vegar vegna ytra umhverfis. Fullvíst er að það mundi valda verulegum erfiðleikum að þjóna samtímis tveimur ráðuneytum, sérstaklega í málum sem væru á mörkum þess að falla undir innra eða ytra umhverfi."

Og þriðja ástæðan sem stjórn Hollustuverndar tilgreinir er að „ef eftirlitshlutverki heilbrigðisnefndanna yrði breytt þannig að þeim væri ekki ætlað að skipta sér af mengun í ytra umhverfi þá yrði ríkið væntanlega að stofna nýtt eftirlitskerfi og taka þar með eftirlitsskyldu og ábyrgð frá sveitarfélögunum. Þessi kostur er ekki fýsilegur í dag enda leiddi hann trúlega til þess að kostnaður mundi aukast, tengsl við sveitarfélögin mundu rofna, verksvið eftirlitsaðila mundu skaras,t auk þess sem það tæki nokkur ár að þjálfa nýja eftirlitsmenn," segir í umsögninni. Með þessum rökum, sem ég geri að mínum, get ég ekki stutt brtt. Kvennalistans.

Framkvæmdastjórar og forstöðumenn fagsviða Hollustuverndar sendu inn sínar umsagnir eins og ég hef farið yfir. Eiturefnaeftirlitið taldi hugtakið umhverfismál ekki skilgreint. Heilbrigðiseftirlitssvið lýsti yfir andstöðu við hugmyndir um flutning Hollustuverndar yfir í fyrirhugað umhverfisráðuneyti og vakti athygli á að mestur hluti starfsemi stofnunarinnar er ekki á sviði umhverfismála. Þeir tóku fram að ekki séu fordæmi þess í öðrum löndum, svo vitað sé, að matvælaeftirlit heyri undir umhverfisráðuneyti. Rannsóknastofan tók undir álit heilbrigðiseftirlitssviðs. Mengunarvarnir töldu hins vegar mikilvægt að sameina sem flesta þætti umhverfismála í einu ráðuneyti. Þeir drógu hins vegar í efa að það

væri rétt að flytja stofnunina í heilu lagi undir umhverfisráðuneyti, töldu að matvæla- og heilbrigðiseftirlit ætti fremur heima undir heilbrrn., sbr. reynslu Dana, en matvælaeftirlit var þar nýlega tekið undan umhverfisráðuneytinu og flutt í heilbrrn. (**Forseti:** Forseti telur sér skylt að benda hv. þm. á það að hann er nú í annað skipti að fara yfir þær umsagnir sem borist hafa í dagskrármálinu sem er hér til umræðu og er það talsvert á skjön við viðurkenndar þinghefðir.) Ef hæstv. forseti hefur hlustað á mál mitt man hann það að ég sagði í upphafi að ég væri að draga saman niðurstöðu úr þeim umsögnum sem ég hef farið yfir. Ef hæstv. forseti álítur að ég hafi farið yfir allar þessar blaðsíður sem hann sér fyrir framan mig á 20 mínútum er það ekki rétt ályktað. Ég er aðeins að draga saman meginniðurstöður úr einstaka umsögnum, annað ekki. Ég tel það alls ekki á skjön við neinar þinghefðir þó að ég sé ekki reyndur maður í þinginu.

Ég skal ljúka yfirferð um Hollustuvernd, en engu að síður geta þess í lokin að sú skoðun nýtur meirihlutafylgis innan stjórnar þeirrar stofnunar að Hollustuvernd heyri áfram undir heilbr.- og trmrn.

Landlæknir varaði við að Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd ríkisins yrðu færðar. Þær tvær stofnanir ættu heima áfram undir yfirstjórn heilbrigðismála, enda yfirgnæfandi meiri hluti þeirra verkefna þessara tveggja stofnana á sviði heilbrigðismála og hluti heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

Ég skal, hæstv. forseti, reyna að flýta mér sem mest ég má. Ég heyri að málið þolir enga bið og skal stytta mál mitt verulega. Ég vil hins vegar ítreka það sem ég hef áður sagt að ég furða mig á því að Samband ísl. sveitarfélaga skuli ekki hafa talið sér fært að taka afstöðu til þessa máls. Þeir segja reyndar orðrétt: „Stjórnin harmar að ekki skuli hafa verið unnið að þessu mikilvæga máli í nánu samstarfi við sveitarfélögin í landinu því umhverfismál eru mikilvægur þáttur sveitarstjórnarmála.“ Um þetta hafði ég spurt hæstv. forsrh. og hann svarað því til að samstarf hefði verið haft við sveitarfélögin í landinu. En samkvæmt því sem fulltrúi þeirra, Magnús E. Guðjónsson, segir í bréfi dags. 23. jan. 1990 virðist svo ekki hafa verið. Veit ég ekki hvor fer með rangt mál en veit það hins vegar að annar aðilinn á það til að gleyma hlutum.

Á það hefur verið bent að í frv. vanti sérstök ákvæði um stofnun og tilflutning á stöðugildum og rekstrarfé frá öðrum ráðuneytum í samræmi við minni verkefni þeirra. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur boðist til að verða hv. allshn. innan handar við að forma þær breytingar og ég lýsi því hér með yfir að ég mun óska eftir að fá þær breytingar útlistaðar á fundi hv. nefndar að lokinni 2. umr. og mun því ekki fjalla meira um það í ljósi þess hversu mjög er ýtt við þingmönnum þessa dagana út af þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég hef oft sagt það og reyndar fleiri að umhverfisráðuneytið sé ákveðin greiðsla í deild Borgaraflokksins fyrir að veita þessari hörmulegu ríkisstjórn tryggari þingstyrk en áður. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort flokkunum í ríkisstjórninni hefur nú fjölgað um einn, tvo eða þrjá í ljósi þeirra frétta sem berast nú úr herbúðum Borgaraflokksins og ekki ljóst lengur hverjir eiga aðild að þeim flokki, ekki einu sinni ráðherrarnir sjálfir.

Ég ætla að leyfa að fara hér yfir fyrirspurn sem lögð var fram á þinginu 1988–1989. Svarið var á þskj. 1259. Fyrirspurnin var til forsrh. um ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland. Fyrirspurnin hljóðaði svo:

„Hvað líður undirbúningi stjórnvalda fyrir ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987?“

Fyrirspurnina lagði hv. þm. Friðrik Sophusson fram. Í svari forsrh. segir m.a.:

„Þingsályktunin var send forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 10. apríl 1987. Til sérstakra undirbúningsaðgerða hefur samt sem áður ekki komið enn, hvorki af hálfu fyrrverandi né núverandi ríkisstjórnar. Málið hefur þó alloft verið rætt.

Óskað hefur verið umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um ályktunina. Umsögnin, sem dagsett er 18. maí 1989, er svohljóðandi:

„Að mati Siglingamálastofnunar ríkisins væri bæði eðlilegt og sjálfsagt með hliðsjón af vaxandi mengun sjávarins og hagsmuna Íslands varðandi verndun hafsins að íslensk stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að halda hér ráðstefnu sem fjallaði um varnir gegn mengun sjávar í Norðaustur-Atlantshafi. Markmið slíkrar ráðstefnu ætti að vera fyrst og fremst að afla gagna til stefnumótunar og tillöguflutnings á alþjóðavettvangi um auknar varnir gegn mengun hafsins. Til þess að auka líkur á því að það markmið náist þarf ráðstefnan að vera alþjóðleg og skírskota fyrst og fremst til faglegrar umfjöllunar um helstu þætti mengunarvandans eins og hann blasir við. Þess vegna telur stofnunin að það mundi takmarka þátttöku og áhuga á ráðstefnu af þessu tagi ef hún fjallaði eingöngu um geislavirk efni því staðreynd er að það eru fjölmörg önnur vandamál sem við blasa og sum ef til vill enn alvarlegri, eins og t.d. mengun af völdum lífrænna þrávirkra klórsambanda, svo sem PCB, DDT og DIOXIN, þó ekki sé á neinn hátt dregið úr hættunni sem fylgir losun geislavirkra efna í sjó.

Að mati Siglingamálastofnunar koma til greina tvenns konar ráðstefnur. Annars vegar ályktunarhæf ráðstefna þar sem saman kæmu t.d. ráðherrar, vísindamenn og embættismenn allra þeirra þjóða sem eiga hagsmuna að gæta á Norðaustur-Atlantshafi þar sem áhersla yrði lögð á að móta sameiginlega stefnu gagnvart alþjóðlegu starfi. Hins vegar væri um að ræða hreina faglega ráðstefnu vísindamanna þar sem leitast yrði við að varpa ljósi á ástand mála á þessu hafsvæði. Auk þess mætti leggja sérstaka áherslu á umfjöllun um áhrif mengunarefna á lífríki hafsins, en slík umfjöllun á fjölsóttri ráðstefnu gæti orðið til þess að renna stoðum undir nauðsyn þess að tekin verði upp öflug sönnunarbyrði vegna losunar efna í hafið. Slíkt hlýtur að teljast verulegt kappsmál fiskveiðiþjóðanna við Norður-Atlantshaf því enn eru mörg

ríki, þar á meðal stór iðnríki, þeirrar skoðunar að nota skuli hafið til förgunar úrgangs eins lengi og ekki er sýnt fram á að það valdi mengun sjávar.

Fyrri leiðin hefur m.a. þá ókosti að um er að ræða mörg ríki með ólík sjónarmið á mengunarvandanum og erfitt væri að ábyrgjast fyrir fram afgerandi ályktanir frá ráðstefnunni nema undirbúningur og fyrirliggjandi gögn væru þeim mun afdráttarlausari um nauðsyn aðgerða. Ef hins vegar tækist að ná afgerandi samstöðu um aðgerðir á slíkri ráðstefnu gæti framhaldið leitt af sér hraðari viðbrögð á alþjóðavettvangi. Ljóst er að kanna þyrfti vilja viðkomandi ríkja áður en ákveðið yrði að boða til slíkrar ráðstefnu. Seinni leiðin er hins vegar ekki eins áhættusöm hvað árangur varðar og krefðist ekki eins mikils undirbúnings af Íslands hálfu.

Æskilegt væri að miða tímasetningu ráðstefnunnar nokkuð við það sem er að gerast á þessu sviði í næsta nágrenni okkar. Þannig má geta þess að nú er vitað um eftirfarandi alþjóðlega fundi og ráðstefnur um mengunarvarnir sjávar á næstu missirum." Og síðan kemur nokkur upptalning á slíkum ráðstefnum sem ég ætla mér ekki að telja hér upp, en í lokin segir, með leyfi forseta:

„Ætla má að lágmarksundirbúningur fyrir alþjóðlega ráðstefnu um mengun sjávar þar sem eingöngu yrði fagleg umfjöllun sé um 12 mánuðir frá því að ákvörðun væri tekin um að halda hana hér. Með vísun til þess og hins að mikið er að gerast á þessum vettvangi hér á landi eða í næsta nágrenni okkar seinni hluta þessa árs og fyrri hluta árs 1990 sýnist ekki skynsamlegt að stefna að því nú að halda slíka ráðstefnu fyrr en í fyrsta lagi seinni hluta árs 1990 eða fyrri hluta árs 1991. Undirbúningur að ályktunarhæfri ráðstefnu tæki eflaust mun lengri tíma og jafnvel álitamál hvort fagleg ráðstefna þyrfti ekki einmitt að koma til áður en boðað yrði til slíkrar ráðstefnu."

Núverandi forsrh. hefur í ríkisstjórn rætt um að haldin verði hér á landi alþjóðleg ráðstefna um verndun hafsins, helst á næsta ári."

Þannig var svarið en ekkert skeði. Ráðstefnan var ekki haldin og því var sett fram fyrirspurn á ný á þessu þingi sem nú stendur yfir og við henni barst svo svar sem er efnislega mjög svipað en þar segir svo í niðurlagi:

„Með hliðsjón af framansögðu og þeim sjónarmiðum sem fram komu í svari við fyrirspurn sama fyrirspyrjanda á síðasta þingi er af hálfu Siglingamálastofnunar ríkisins talið heppilegt að stefna að ráðstefnu vísindamanna um varnir gegn mengun sjávar í apríl eða maí 1991 og hefja þegar athugun og undirbúning með það að leiðarljósi.

Af hálfu stjórnvalda hefur umhverfisráðherra verið falið að vinna að undirbúningi ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland á grundvelli nefndrar þingsályktunar frá 18. mars 1987 í samvinnu og samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Geislavarnir ríkisins og Háskóla Íslands."

Og nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. umhvrh. hvað þessum undirbúningi líði og hvort þessi ráðstefna verði haldin hér á þessu ári eins og tvíboðað er í svari frá forsrh.

Hæstv. forseti. Það hefur greinilega legið mikið á að koma þessu ráðuneyti á laggirnar og menn bera greinilega mismunandi mikið traust til þessa nýja ráðuneytis. Þannig hefur komið fram að menntmrn. þurfti að flýta sér svo mikið við að setja reglugerð sem kemur inn á svið hins nýja ráðuneytis að það breytti hrafni í máv og gerði hrafna, sem eru eftir því sem ég best veit spörfuglar, að mávategund. Vantraustið á umhverfisráðuneytið var það mikið að þeir gátu ekki beðið, því að þessi reglugerð er sett núna fyrir örfáum vikum síðan og kemur beint inn á verksvið umhverfisráðuneytisins. Samkvæmt henni verður veiðistjóri að hafa samráð við menntmrn. um allar þær aðgerðir sem þessi sérstaka reglugerð kveður á um sem er um eyðingu svartbaks og hrafns með sérstökum hætti. Á þetta hefur verið bent áður og reyndar furðulegt að slík fáviska skuli koma fram frá einu ráðuneyti.

Nokkuð hefur verið um það fjallað að fresta þessu máli svo til öllu til haustsins. Menn hafa bent á það að ráðuneytið hafi nú þegar veruleg verkefni sem fram komi í þeirri reglugerð sem sett var 23. febr. 1990 en verkefni umhverfisráðuneytisins eru skilgreind í fimm liðum. Undir það tekur reyndar hv. þingflokksformaður Borgfl. í ræðu uppi í Ed. þegar hann gerir grein fyrir atkvæði sínu um stofnun ráðuneytisins. Þá segir hv. þingflokksformaður Guðmundur Ágústsson, og er hann að svara hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur í leiðinni, með leyfi forseta:

„Ég kvíði því ekki, eins og fram kom hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, að væntanlegur umhverfisráðherra hafi ekki næg verkefni þegar ráðuneytið hefur verið sett á stofn. Þess bíða einmitt mjög stór verkefni, samræmingarverkefni, fræðsluverkefni og önnur verkefni sem brýnt hefur verið að taka á í umhverfismálum."

Þarna tekur sjálfur þingflokksformaður Borgfl., ef hann er það enn þá og ef flokkurinn er enn þá til, undir það að nú þegar eru komin næg verkefni til hæstv. umhvrh. og því alls ekki brýnt að vera að samþykkja þann lagabálk sem við erum hér að fjalla um. Til vara getum við samþykkt frv. að því tilskildu að þær brtt. sem ég stend að ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni og Friðjóni Þórðarsyni verði samykktar. En reglugerðin gefur ráðherranum sem sagt næg verkefni. Það þarf ekki að tína út úr því neitt sérstakt. Hann hefur með fræðsluþáttinn að gera samkvæmt þessari reglugerð. Hann hefur með alþjóðasamskipti að gera, og hygg ég að þar verði ráðherrann mjög upptekinn, og fjölda marga aðra þætti sem ég ætla ekki að fjalla mikið nánar um hér.

Ég gagnrýndi, hæstv. forseti, mjög í upphafi ræðu minnar fyrir nokkrum dögum vinnubrögðin í nefndinni og ætla því til frekari stuðnings að kíkja hér aðeins á þær umræður sem fóru fram í Ed. um svipað málefni. Það var okkar mat, stjórnarandstæðinga, að bæði frv. um stofnun ráðuneytisins sem slíks og

einnig þetta frv. hér um flutning verkefna til ráðuneytisins bæri að ræða saman, enda var gefið fyrir því fordæmi þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir málunum og gerði það á þá lund að hann mælti fyrir þeim báðum samtímis og taldi það eðlilegt, sem og forseti þessarar ágætu deildar sem heimilaði þá málsmeðferð. Að því loknu skildu hins vegar leiðir og málin fengust ekki rædd saman eins og eðlilegt hefði verið. Ég hef áður sagt að ef farið hefði verið að óskum stjórnarandstöðunnar í því og farið eftir fordæmi hæstv. forsrh. væri þetta mál fyrir löngu komið út úr þessari deild. En það var sem sagt slegið á útrétta samnings- og sáttahönd stjórnarandstöðunnar og því hefur þurft að ræða þessi mál hvort í sínu lagi með þeim afleiðingum að umræða hefur orðið ívið lengri en gengur og gerist kannski. Hv. þingflokksformaður Borgfl. sagði í Ed. þann 21. febr., með leyfi forseta:

„Jafnhliða umfjöllun um það frv. sem hér er til umræðu var fjallað um fylgifrv., 128. mál þingsins. Var það óhjákvæmilegt svo nefndarmenn gætu betur gert sér grein fyrir umfangi og starfssviði hins nýja ráðuneytis. Náðist um það samstaða í nefndinni að fjalla um málin saman svo að ekki þyrfti, þegar fylgifrv. kæmi til deildarinnar, að kalla sömu aðilana fyrir aftur."

Þarna heldur hv. þingflokksformaður og nefndarformaður allshn. Ed. því vinnulagi sem við stjórnarandstæðingar fórum fram á hér í Nd., að málin fengju að fylgjast að, og tekur því undir þær kröfur okkar. En hann segir meira, með leyfi forseta:

„Meiri hl. allshn. er þeirrar skoðunar, þar sem umfjöllun um frv. er lokið í nefndinni, að taka beri það á dagskrá í þingdeildinni. Deilur urðu að vísu innan nefndarinnar um hvort bíða ætti með frv. þetta til þess tíma er fylgifrv. kæmi til Ed. og afgreiða málin samtímis úr deildinni. Stjórnarandstaðan lagði á það áherslu með þeim rökstuðningi að til lítils væri að stofna umhverfisráðuneyti ef verkefni væru engin. Má það til sanns vegar færa og staðfesti formaður þeirrar nefndar er samdi frv. að hugsun nefndarinnar hafi verið sú að frv. þessi fylgdust að."

Enn kemur það fram, það kemur fram alls staðar, að það var ætlunin allan tímann að þessi tvö frv. fylgdust að og því með öllu óskiljanlegt að stjórnarliðar og ríkisstjórn skyldu ekki vilja taka undir þá kröfu stjórnarandstæðinga að svo yrði, en þeir verða náttúrlega að sitja uppi með það.

Hæstv. forsrh. tók ekki mjög virkan þátt í þeirri umræðu. Hann sagði hins vegar eftirfarandi um Brundtland-skýrsluna sem mikið hefur verið vitnað til og ég skal viðurkenna að ég þekki ekki nógu vel. Ég hef að vísu hlustað á mál manna og aðeins lært vonandi af því. Hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar veit ég að margir ráðherrar hafa lesið hana [þ.e. Brundtland-skýrsluna] og hún var höfð sem grundvallarplagg ásamt ýmsu fleiru í því starfi sem nefndin vann sem frumvörpin samdi."

Forsrh. er hér að segja að Brundtland-skýrslan hafi verið, eins og hann segir, grundvallarplagg við samningu þessa frv. og í starfi nefndarinnar í heild. Ég vil því fara fram á það að hv. allshn. verði útveguð Brundtland-skýrslan og ekki á einhverju erlendu tungumáli, við erum hér í íslenska þjóðþinginu. Við hljótum að geta fengið það grundvallarplagg sem liggur að baki öllum þessum málaflokki til umfjöllunar í nefndinni og til kynningar. Annað finnst mér í hæsta máta óeðlilegt. Og ég spyr, kannski af fávisku minni, hæstv. forseta hvernig það er, þegar því er lýst yfir að ákveðin plögg leggi grunninn undir frumvörp, hvort það sé ekki réttur nefndarmanna í þeim nefndum sem um málin fjalla að fá þau grundvallarplögg til skoðunar og til að meta og þá einnig hvort það sé ekki réttur skilningur minn að það eigi að vera á móðurmálinu, á íslensku. — Hefur hæstv. forseti enga skoðun á því? (**Forseti:** Er hv. þm. að hefja beinar viðræður við forseta deildarinnar? Ber að skilja þetta svo?) Nei, ég leyfði mér að bera fram tvær spurningar til hæstv. forseta. (**Forseti:** Forseti getur upplýst það vegna þessarar fyrirspurnar að það hefur aldrei komið fram ósk af hálfu hv. þm., hvorki þess sem í ræðustól stendur eða frá öðrum þingmönnum, til forseta þingsins um það að Brundtland-skýrslan verði þýdd og afhent þingmönnum. Þetta er eina svarið sem forseti getur gefið.) Ég var bara, hæstv. forseti, að inna eftir því hvort það væri ekki rétt að nefndin fengi hana og hvort hún gæti fengið hana. Og ég leyfi mér þá að skilja svarið á þann hátt að við getum fengið skýrsluna þýdda til að skoða hana og yfirfara.

Hæstv. hagstrh. lagði ekki mikið til málanna í þessari umræðu annað en það að hann viðurkenndi að hann hefði verið eitthvað óþolinmóður og fundist málin kannski ganga stundum of hægt, eins og hann sagði, en hafði þó þann fyrirvara á að það ætti ekki við um umræðuna í Ed. vegna þess að hún væri yfirleitt málefnalegri en í Nd. en það kynni að stafa af því, eins og hann sagði, að hann ætti sjálfur sæti í Ed., sem er nú ágætis einkunn, bæði á Nd. og á sjálfan sig.

Það eru fleiri sem gagnrýna vinnubrögðin en stjórnarandstæðingar. Hv. stjórnarliði af og til og stjórnarandstæðingur af og til Karvel Pálmason var mjög harðorður við þessa umræðu uppi í Ed. um umhverfismálin. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ekki skal ég lengja mjög þessa umræðu þó að vissulega væri til þess ástæða að fjalla nokkuð um þá einkennilegu málsmeðferð sem mér sýnist hér vera viðhöfð.

Ég vil í fyrsta lagi viðurkenna það að ég hef eiginlega aldrei verið sannfærður um ágæti þess að stofna eitt ráðuneyti í viðbót sem héti umhverfisráðuneyti. Þeim málum má koma við með öðrum hætti. Öllum er auðvitað ljóst að umhverfið þarf að vernda og bæta. En ég vil líka viðurkenna að ég beitti mér ekki gegn því í þingflokki Alþfl. og hafði ekki við það athugaemdir þegar þessi tvö mál komu saman inn í þingflokkinn og voru afgreidd þar.

Nú er allt annað uppi á teningnum í þessum efnum. Ég heyrði það fyrir rúmri viku síðan í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að hæstv. ríkisstjórn legði höfuð-

áherslu á það nú að fá afgreitt það mál eitt og sér sem hér er á dagskrá. Hitt liggur líklega eitthvað, nema rétt sé sem haft er eftir hæstv. hagstofuráðherra og væntanlegum umhverfisráðherra, skilji maður þetta rétt, að málin eigi að fylgjast að út úr Ed.

Mér finnst að hér sé verið að misbjóða þingmönnum almennt í vinnubrögðum og hér eigi flokkspólitísk sjónarmið að ráða. Vinnubrögð af þessu tagi, að haga málum með þessum hætti, eru auðvitað að misbjóða þinginu sem slíku. Og í mínum huga ber þetta allt of mikinn keim af mikilli kaupmennsku og hégómagirni tiltekinna einstaklinga sem hér eiga hlut að máli."

Og hv. þm. klykkir síðan út með því að segja, með leyfi forseta: „Og þetta á ekki að vera nein viðskiptavara milli flokka í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu eins og mér finnst málið bera æðimikinn keim af í þessum efnum."

Það er því ljóst að það er ekki eingöngu við stjórnarandstæðinga að eiga í þessum málum heldur einnig stjórnarliða sem hafa verulegar efasemdir og athugasemdir við þetta mál allt, eins og t.d. hv. þingflokksformaður Alþb. sem hefur lýst yfir óánægju með afgreiðslu málsins, enda lýsti hún því yfir í frétt 21. febr. að henni fyndist eðlilegra að þessi tvö frv. fylgdust að og þannig yrði pakkinn allur tilbúinn til samþykktar í Ed. í heild sinni. En þar segir Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Alþb., að meðal margra þingmanna stjórnarinnar megi greina óánægju með hvernig ætlunin sé að standa að samþykkt frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands og stofnun umhverfisráðuneytis. Ætlunin sé að fá fyrst í gegn stofnun ráðuneytis en geyma til næsta þings hvernig málum verði skipað í hinu nýja ráðuneyti enda ljóst að mikill ágreiningur sé um þau mál. Þetta var fyrir rúmum mánuði síðan eða fimm vikum. Þá er þingflokksformaður stjórnarflokks, Alþb., að ýja að því að geyma ætti þetta mál til næsta þings. Síðan lýsir hún því yfir, eins og við höfum margoft gert, að þessi frv. hefðu átt að fylgjast að og það væri óeðlilegt, eins og var á þeim tíma, að stofna ráðuneyti án verkefna.

Ég hef hér undir höndum frétt frá 1. mars 1990 þar sem er viðtal við Gro Harlem Brundtland og einnig hæstv. umhvrh. og kemur þar m.a. fram að skýrsla Gro Harlem Brundtland sé biblía ráðherrans. Ég ætla vegna þess skilnings sem ég lagði í svar forseta rétt áðan að geyma mér þessa frétt þar sem ég tel að hv. allshn. muni fá Brundtland-skýrsluna til umfjöllunar og lestrar og að hugsanlega geti þessi frétt verið komin í annað ljós eftir þann lestur, en engan veginn er hún gleymd.

Í viðtali við hæstv. umhvrh. í DV, ég hef því miður ekki dagsetninguna á því, þar sem verið er að tala um gróðurvernd og hugmyndir ráðherrans í þeim efnum, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég sé það t.d. fyrir mér að ef það er eitthvert landsvæði sem við viljum taka til meðferðar getum við boðið það út eða þá samið við Landgræðsluna eða jafnvel samið um það við bændur sem eru í námunda við þetta svæði að þeir sjái um þetta fyrir okkur."

Ég óska eftir útskýringum hæstv. umhvrh. á því hvað hann meinar þegar hann er að tala um að bjóða þessa hluti út. Ég skil þann þátt að semja við Landgræðsluna og ég skil þann þátt að semja við bændur en ég skil ekki hvernig ráðherrann sér það fyrir sér að bjóða þetta verkefni út. Ég óska því eftir nánari útskýringu ráðherrans á því.

Hæstv. forseti. Undanfarið hefur umræðan nokkuð snúist um utanríkismál. Þar hefur verið rætt um samskipti okkar við og hugsanlega framtíðarþátttöku í Evrópubandalaginu og jafnvel inngöngu þar eða einhvers konar samstarf. Evrópubandalagið hefur að sjálfsögðu sérstaka stefnu í umhverfismálum sem fram kemur í mjög stuttu máli í bók Gunnars G. Schram um Evrópubandalagið sem er afar fróðleg. Ég ætla að leyfa mér að glugga lítillega í það en þar er einnig örstutt söguleg skýring. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í Rómarsáttmálanum er engin ákvæði að finna sem fjalla um umhverfismál og nauðsyn þess að vernda líf, land og vatn innan bandalagsríkjanna. Ber það vitni um það hve miklu minni áhersla var lögð á verndun umhverfisins í almennri umræðu og af hálfu stjórnvalda á þeim árum sem Rómarsáttmálinn var undirbúinn.

Úr þessu hefur nú verið bætt af hálfu bandalagsins. Í einingarlögum Evrópu, sem bandalagið samþykkti árið 1986, er sérstaklega fjallað um umhverfisvernd og nauðsyn hennar. Verður að þeim ákvæðum vikið hér á eftir. Umhverfismálin komust þó á dagskrá bandalagsins fyrir allmörgum árum. Á fundi leiðtoga bandalagsríkjanna, sem haldinn var árið 1972, voru þau til umræðu og þar ákveðið að fela stofnunum bandalagsins að móta stefnuna í umhverfismálum og hefja þar nauðsynlegar aðgerðir. Þann 22. nóv. 1973 var fyrsta umhverfisverndaráætlun bandalagsins samþykkt að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Í kjölfarið fylgdu síðan aðrar slíkar áætlanir og nú er fjórða umhverfisverndaráætlun bandalagsins í gildi, frá árinu 1987 til ársins 1992.

Meginefnið í fyrstu umhverfisverndaráætluninni var m.a. eftirfarandi:

1. Koma í veg fyrir og draga úr mengun.
2. Viðhalda vistfræðilegu jafnvægi og vernda lífríkið.
3. Stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda náttúrunnar og koma í veg fyrir að nýtingin valdi umhverfisskaða.
4. Tekið verði tillit til umhverfisverndarsjónarmiða við bæja- og landskipulag.
5. Vinna að lausn umhverfisvandamála í samvinnu við ríki utan Evrópubandalagsins, einkum og sér í lagi á sviði alþjóðastofnana.

Eftir þessum meginmarkmiðum, og öðrum sem sett voru í síðari áætlunum, hefur verið unnið að umhverfisverndarmálum innan bandalagsins frá árinu 1973. Sett hafa verið meira en 100 lög um einstök svið umhverfisverndarmála, m.a. um starfsemi fyrirtækja, gæðaeftirlit, staðla o.fl.

Svo sem fyrr sagði er fjallað um umhverfismál í

einingarlögum Evrópu sem sett voru af hálfu bandalagsins 1986. Í þeim lögum er því lýst yfir að markmið Evrópubandalagsins í umhverfismálum sé eftirfarandi:

Að viðhalda, vernda og bæta ástand umhverfisins.

Að stuðla að umbótum í heilbrigðismálum.

Að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af fyrirhyggju og skynsemi.

Þegar litið er til starfs Evrópubandalagsins að umhverfismálum á liðnum árum má segja að þar beri hæst baráttan við þau mörgu og miklu vandamál sem mengun hefur valdið í öllum bandalagsríkjunum svo sem í öðrum iðnaðarríkjum. Jafnframt hefur bandalagið í þessum efnum lagt áherslu á að tryggja skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda aðildarríkjanna. Á það fyrst og fremst við um málefni á sviði landbúnaðarins en einnig að því er varðar vernd fiskistofnanna með takmörkunum á fiskveiðum innan hinnar sameiginlegu 200 sjómílna lögsögu bandalagsins.

Þáttaskil urðu í störfum EB að umhverfismálum sumarið 1989. Þann 21. júní samþykkti framkvæmdastjórn bandalagsins að leggja til við ráðið að komið yrði á fót nýrri stofnun, Umhverfismálastofnun Evrópu. Er gert ráð fyrir að þessi nýja stofnun verði formlega stofnuð snemma árs 1990. Ríkjum utan Evrópubandalagsins, og þá fyrst og fremst EFTA-ríkjunum, mun verða boðin aðild að þessari nýju alþjóðastofnun, þar á meðal Íslandi.

Þetta nýja framtak EB á sviði umhverfismála endurspeglar hve mikilvæg hin einstöku ríki bandalagsins telja umhverfismálin vera og nauðsyn þess að vera á varðbergi í þeim efnum. Í þeirri ákvörðun að bjóða öðrum ríkjum aðild að stofnuninni felst viðurkenning á því að umhverfismálin eru alþjóðleg í eðli sínu. Öll ríki Evrópu þurfa að leggjast á eitt til að árangur náist í þessum efnum innan álfunnar.

Samhliða hinni nýju stofnun verður sett á laggirnar eftirlits- og upplýsingarkerfi í umhverfismálum sem starfrækt verður í náinni samvinnu við stofnunina (European Environment Agency and the European Environment Monitoring and Information Network).

Meginhlutverk hinnar nýju Umhverfismálastofnunar er að veita bandalagsríkjunum og bandalaginu sjálfu liðsinni við að ná þeim markmiðum í umhverfisvernd sem fram koma í samningi bandalagsríkjanna og þeim áætlunum sem það hefur gert á þessu sviði. Að þessu verður unnið m.a. með því að láta EB, aðildarríkjum þess og öðrum þátttökuríkjum í té sem fyllstar og hlutlægastar upplýsingar um ástand í umhverfismálum sem orðið geta grundvöllur stefnumótunar og framkvæmda þessara ríkja í umhverfisverndarmálum. Jafnframt mun stofnunin gera umhverfisspár sem veitt geta leiðbeiningar um nauðsyn verndaraðgerða í framtíðinni, samhæfa upplýsingakerfi aðildarríkjanna í umhverfisverndarmálum og eiga aðild að alþjóðlegum umhverfisáætlunum. Sérstök áhersla mun í störfum stofnunarinnar verða lögð á eftirfarandi fjóra málaflokka: (a) varnir gegn loftmengun; (b) verndun vatns; (c) ástand gróðurs og jarðvegs; (d) landnýtingu og nýtingu auðlinda.

EB bindur miklar vonir við starf hinnar nýju stofnunar að umhverfisvernd, ekki síst hins nýja eftirlits og upplýsingakerfis aðildarríkjanna á þessu sviði. Slíkt kerfi er ekki til en talið er að það geti mjög auðveldað aðildarríkjunum og bandalaginu sjálfu að greina hvar aðgerða er brýnust þörf og meta á þann hátt grundvöll raunhæfra aðgerða."

Síðan er hér, hæstv. forseti, listi yfir helstu verkefni sem ég ætla ekki að fara yfir þótt ekki sé hann nú ýkja langur. Þar eru verkefnin talin, vatnsmengun, loftmengun, hávaði, hættuleg efni og sorp og náttúruvernd.

Eins og fram kom í þessari stuttu lesningu er gert ráð fyrir að nýrri stofnun verði komið á fót snemma á þessu ári. Vel má vera að það sé þegar búið að stofna hana. Einnig kemur fram að Íslandi muni verða boðin aðild að þessari alþjóðastofnun. Um þetta tvennt vildi ég spyrja hæstv. umhvrh., í fyrsta lagi hvort búið sé að koma þeirri stofnun sem hér er um fjallað á laggirnar og einnig hvort Ísland verði aðili að þeirri stofnun eða ekki. Og ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. umhvrh. sé í húsinu. (**Forseti:** Forseti skal upplýsa það að hæstv. umhvrh. kom til forseta og greindi honum frá því að hann þyrfti að bregða sér út í Landsbanka til að ganga frá víxli. Forseti tók þessa afsökun og fjarvistarbeiðni mjög til greina, enda hefur hann ríkan skilning á slíkum vandamálum. Og forseti vill heimila hv. ræðumanni, ef hann er ekki ánægður með fjarvist hæstv. umhvrh., sem yrði í hæsta lagi í 10 mínútur, að standa í ræðustól á meðan.) Og tala væntanlega?

Hæstv. forseti. Ég er nú enn í fyrri ræðu þannig að ég get mjög auðveldlega endurtekið þessa spurningu mína til hæstv. umhvrh. í seinni ræðu minni og einnig í raun og veru það sem ég á eftir að segja sem er reyndar fjölmargt. En ég tel að hæstv. umhvrh. þurfi að vera viðstaddur þessa umræðu og hlýða á mál manna þegar verið er að fjalla um jafnmikilvægt mál og raun ber vitni og mikilvægt fyrir hann sem slíkan. Við erum hér að vinna dag og nótt fyrir hæstv. umhvrh. Ég ætla mér þess vegna ekki að tala hér fyrir tómum stóli hæstv. ráðherra. Mér er sama þótt aðrir stólar séu tómir en ekki hæstv. ráðherra. Ég ætla hins vegar ekki að fara fram á að fá að fresta ræðu minni, ég hygg að það fáist ekki í gegn, og ætla því að segja henni lokið að sinni.

Pálmi Jónsson (frh.)**:**

Herra forseti. Ég hafði hafið að ræða þetta mál hér við 2. umr. fyrir nokkru síðan en frestaði þá ræðu minni að ósk forseta. Ég lét þess getið að þá voru þær kringumstæður, sem var á síðdegisfundi, að fáir hv. alþm. voru í salnum og svo er enn. Ég hef fullan skilning á því að hæstv. umhvrh. þurfi að sinna persónulegum erindum sínum í banka og geri ekki athugasemdir við það, en mér þykir mjög leitt

að á reglulegum fundartíma Alþingis skuli svo fáir hv. alþm. vera viðstaddir þessa umræðu. Hér eru nú í salnum einungis fjórir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar að meðtöldum hæstv. forseta. Ég vil taka það fram að hæstv. umhvrh. hefur verið viðstaddur þessa umræðu á þann hátt að ekki er hægt að finna að því, en mér finnst að í rauninni skipti meira máli að sá hæstv. ráðherra sem flytur þetta frv., hæstv. forsrh., geti séð sér fært að vera við umræðuna.

Hér er nú í salnum, sem að sjálfsögðu hefði átt að vera við alla þessa umræðu, hv. frsm. meiri hl. allshn., sá er mælti fyrir áliti meiri hl., en það er vitaskuld algjör nauðsyn að sá hv. þm., sem málsvari meiri hl. nefndarinnar, sé viðstaddur umræðu af þessum toga. Ég beini því til hæstv. forseta að ef kringumstæður hæstv. forsrh. eru með þeim hætti að hann geti setið hér, þó ekki væri nema hinn reglulega fundartíma sem stendur ekki skemur en til kl. 4, væri mér vitaskuld þökk á því.

Ég vil láta það koma hér fram að afstaða tveggja stjórnarandstöðuflokka í þessu máli er ákaflega skýr og glögg. Þar á ég við afstöðu Sjálfstfl. annars vegar og afstöðu Frjálslynda hægriflokksins hins vegar. Þetta kom vitaskuld skýrt fram í afar yfirgripsmikilli og fróðlegri ræðu hv. 5. þm. Vesturl. sem hér var að ljúka máli sínu. Svo vill til að ég var næstur á mælendaskrá, eins og í ljós er komið, á eftir hv. þm., og ég hef hlýtt með athygli á hans ræðu sem markar auðvitað mjög skýrt afstöðu hans og hans flokks til þessa máls. Því miður hafa hv. þm. og þar á meðal hv. þm. stjórnarliðsins lítt sinnt því að hlýða á þessa ræðu, jafnglögg og yfirgripsmikil og hún var. Með sama hætti hefur afstaða Sjálfstfl. komið afar skýrt fram í umræðum um þetta mál og hið fyrra mál sem þessu er tengt, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Ljóst er að þessir tveir flokkar eru gjörsamlega andvígir þessum málatilbúnaði öllum. Ljóst var við meðferð hins fyrra frv., frv. til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, að þessir tveir flokkar voru því frv. gjörsamlega andvígir og töldu algerlega óþarft og til tjóns fyrir stjórnkerfið að stofna nýtt ráðuneyti, nýtt umhverfisráðuneyti. Nær hefði verið að gera breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands sem fælu það í sér að fækka ráðuneytum. Það er þó skoðun okkar sjálfstæðismanna að það beri ekki að stefna að breytingum í þá átt með einhverju naumu meirihlutavaldi hér á Alþingi hvort sem sá meiri hluti væri skipaður sjálfstæðismönnum ásamt öðrum eða myndaður af einhverjum öðrum flokkum. Um slíkar breytingar þarf að nást víðtæk samvinna vegna þess að þær breytingar sem þær fela í sér á stjórnkerfinu eiga að þjóna Alþingi og framkvæmdarvaldinu sem Alþingi skipar hverju sinni og það framkvæmdarvald er af hinum ýmsu flokkum og lýtur ekki lögmálum þess að sveiflast eftir meiri hluta sem myndast á Alþingi hverju sinni. Þær breytingar sem knúðar voru í gegn voru með þeim einkennum að þar var með meirihlutavaldi knúin í gegn breyting sem okkur, sem vorum þar í minni hluta og stjórnarandstöðu, þótti til óheilla.

Nú er þetta staðreynd, þessi breyting var gerð, og nú er þetta frv. hér til meðferðar og hæstv. umhvrh. er kominn í salinn og það er mér auðvitað til ánægju að hafa hann hér fyrir augum.

Miðað við þessa staðreynd er einnig ljóst að þessir tveir flokkar eru andvígir því frv. sem hér er á ferðinni um verkefni þessa nýja ráðuneytis því að ég vænti þess að sú skipan sem nú er á lögum um Stjórnarráð Íslands verði ekki framtíðarskipan, þar verði gerðar breytingar á við fyrstu hentugleika en þá væntanlega með meira samkomulagi en nú hefur verið.

Við teljum því að ástæðulaust sé, og verra en það, að fara í miklar breytingar á verkefnum ráðuneytanna sem lúta skipulagi sem nýlega hefur verið sett og væntanlega verður ekki viðvarandi heldur stendur um skamman tíma eða jafnvel til bráðabirgða. Á hinn bóginn hefur það komið fram að þessir tveir minnihlutaflokkar á Alþingi, Sjálfstfl. og Frjálslyndi hægriflokkurinn, hafa lagt fram eða fulltrúar þessara flokka í allshn., brtt. við frv. sem eru þess efnis að með því að þær verði samþykktar teljum við fært að hleypa þessu máli áfram í gegnum þingið. Þessar brtt. koma fram á þskj. 726 og ég þarf ekki að rekja þær hér vegna þess að frsm. minni hl., hv. þm. Ólafur G. Einarsson, skýrði þær í sinni ræðu fyrr í þessum umræðum. Einnig kemur fram skýrt mörkuð afstaða þessa minni hl. í nál. á þskj. 725. Þar eru dregin fram nokkur atriði sem eru þess eðlis að ástæða er til að vekja enn á þeim athygli vegna þess hve þessi umræða hefur dregist á langinn. Og þó svo að hv. 5. þm. Vesturl., sem var rétt að ljúka máli sínu, hafi farið mjög ítarlega yfir ýmsar umsagnir um frv. er hægt að draga þetta saman í örstuttu máli sem einnig er gert í nál. minni hl. á þskj. 725. Þar kemur fram að verulegur þorri þeirra sem sent hafa umsagnir um frv. er andvígur því ellegar hefur við það sterkar athugasemdir.

Í nál. er í fyrsta lagi nefnd ályktun búnaðarþings þar sem segir m.a. að fulltrúar á búnaðarþingi telji ósættanlegt með öllu að umhverfisráðuneytinu verði falið að annast gróðurvernd eins og lagt er til í 2. og 3. mgr. 1. gr. frv. og einnig að umhverfisráðherra geti fyrirskipað friðunar- og uppgræðsluaðgerðir. Þar kemur einnig fram sterk andstaða við það að færa frá landbrn. aðrar stofnanir landbúnaðarins eða hluta af starfsemi þeirra, enn fremur starfsemi sem ekki hefur fengið mikla athygli í þessum umræðum, svo sem eins og eyðing refa og minka og eyðing vargfugls. Það er rétt að menn taki eftir því að þessar varnaraðgerðir samkvæmt lögum eru ekki endilega tengdar einhverri sérstakri náttúruvernd. Þær eru fyrst og fremst tengdar atvinnuvegi, landbúnaðinum. Eyðing refa og minka er tengd landbúnaðinum vegna þess að þessi dýr eru starfsemi og búfé á vegum landbúnaðarins hættuleg. Um minka er auðvitað það að segja að þeir eru skaðræðisdýr í náttúrunni og hafa haft gífurleg áhrif á náttúrufar landsins, dýralíf landsins, einkum fuglalíf, en einnig á fiskstofna í ám og vötnum sem einnig eru beint tengdir landbúnaðinum.

Ég minnist þess frá því ég var á unglingsaldri og fram yfir tvítugsaldur að þá voru allir smálækir og skurðir fullir af seiðum og smásilungi. Nú sést þetta hvergi

nokkurs staðar í mínu nágrenni. Hvers vegna? Þessi seiði og smásilungur voru urriði og sjóbirtingur í uppvexti. Sjóbirtingur og urriði hrygnir sem sé ekki með árangri á lygnu vatni heldur í straumvatni, í lækjum. Og þarna var þessi fisktegund að alast upp. Nú er þetta alveg horfið og það er minkurinn sem hefur eytt þessum fiski gersamlega, alls staðar þar sem ég þekki til.

Ég bý við veiðivatn og það má segja að það sé hreinn viðburður ef lengur veiðist sjóbirtingur við *það veiðivatn sem áður var um það bil helmingur af* veiðinni. Bleikjan getur hins vegar hrygnt á lygnu vatni, á kyrru vatni og þess vegna hefur hún lifað af. Minknum hefur ekki tekist að eyða henni.

Að þessu leyti er minkurinn beint tengdur landbúnaðinum. Það skal hins vegar viðurkennt að áhrif hans á náttúrufarið, dýraríkið er einnig miklu meira og kemur þar við fleiri aðila heldur en landbúnaðinn. Ég minnist þess að þegar ég var á yngri árum og meðan heyjað var heima hjá mér á Akri á engjum var í slægjulandi allt löðrandi í andarungum. Það var löðrandi í ungum óðinshana og lóuþræls. Nú sést varla önd við Húnavatn og það sést varla óðinshani, hvað þá þórshani. Þar eru fáeinir lóuþrælar. Minkurinn hefur náð að eyða þessum stofnum, að mestu leyti, á stórum svæðum landsins.

Kannski má bæta því við þetta um fuglalífið að á sama tíma og þessar breytingar hafa orðið hafa aðrar fuglategundir fjölgað sér með ólíkindum. Það eru einmitt mávategundir, jafnvel hrafnar, en þó ekki síður gæsir og álftir sem hefur fjölgað svo mjög að veldur gífurlegu tjóni á gróðurlendi. Ég hygg að beit gæsa og jafnvel álfta á hálendi landsins hafi leitt til þess að þar er nú snauðara um að litast á haustdögum, jafnvel svo að gróður er uppurinn.

Um vargfugl og svartbak er það að segja að eyðing þessara tegunda er einnig að verulegu leyti beint tengd landbúnaðinum. Mávar hafa reynst verulegir skaðvaldar fiskstofna í uppvexti. Ég hef ekki hirt um að setja á mig hversu mörg seiði hafi verið talin úr einum svartbak sem skotinn var skömmu eftir að seiðum var sleppt í veiðiá en þau voru ótrúlega mörg, auk þess sem þessar fuglategundir hafa valdið og valda verulegu tjóni t.d. á sauðfé og þegar í stað komið til skjalanna ef eitthvað ber út af hjá skepnum. Það liggur þess vegna fyrir að eyðing á þessum vargfuglum og vargdýrum, sem enginn er að tala um að eyða gjörsamlega úr náttúrufarinu en að halda þeim í skefjum, er beint tengd landbúnaðinum, a.m.k. að miklu leyti þó að það snerti einnig aðra aðila til viðbótar.

Í nál. minni hl. á þskj. 725 eru, eins og ég áður sagði, dregin fram nokkur af þeim atriðum sem fram koma í umsögnum, dregin fram afstaða nokkurra aðila. Þar segir t.d. að meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins sé andvígur flutningi þessarar stofnunar yfir í hið nýja umhverfisráðuneyti og að sömu afstöðu hafi framkvæmdastjóri þeirrar stofnunar. Heilbrigðiseftirlitið allt, forstöðumaður heilbrigðissviðs og Heilbrigðisfulltrúafélagið eru á sama hátt andvíg þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir. Forstöðumaður rannsóknastofu Hollustuverndar telur það svið tvímælalaust eiga heima undir heilbr.- og trmrn. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits tekur ekki sterkar til orða en svo að hann hefur efasemdir um að breytingin sé skynsamleg. Sömu sögu er að segja um Geislavarnir. Forstöðumaður þeirrar stofnunar er andvígur flutningi sinnar stofnunar. Veðurstofustjóri telur flutning Veðurstofunnar frá samgrn. óskynsamlega ráðstöfun. Siglingamálastjóri er andvígur *ákvæðum frv. er varða þá stofnun sem hann veitir* forstöðu. Ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn. er andvígur flutningi Hollustuverndar og Geislavarna ríkisins undir umhverfisráðuneyti. Landlæknir er sömu skoðunar og einnig ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. Skógræktarstjóri segir áætlunina aðskilja þætti sem ekki verði sundur skildir og lýsir andstöðu sinni við flutning Skógræktar ríkisins. Því má bæta við að Skógræktarfélag Íslands, sem er samtök félaga á vegum einkaaðila, aðila sem með áhugastarfi hafa sinnt skógræktarmálum hér á landi af mikilli alúð í nær 60 ár, er einnig andvígt frv. Landgræðslustjóri segir gróðurvernd óaðskiljanlegan hluta landgræðslu og lýsir andstöðu sinni við að flytja þætti af starfsemi þeirrar stofnunar undir umhverfisráðuneyti. Og ráðuneytisstjóri landbrn. er, svo sem hér hefur margoft komið fram, mjög andvígur frv.

Hv. 5. þm. Vesturl. hefur ítrekað spurt tóman stól hæstv. landbrh. hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar sem fram kemur í umsögn landbrn. og ritað er undir af æðstu starfsmönnum þess ráðuneytis. Hinn tómi stóll hæstv. landbrh. hefur ekki svarað, en ég segi fyrir mína parta: Ég tel að ekki geti leikið neinn vafi á því að þegar æðstu starfsmenn eins ráðuneytis svara með afdráttarlausum hætti sé það einnig skoðun ráðherrans.

Ég var eitt sinn ráðherra í þessu ráðuneyti og ég segi alveg afdráttarlaust að aldrei hefði komið til mála að það ráðuneyti sendi frá sér umsögn sem væri í andstöðu við mig sem ráðherra. Og ég fullyrði að engum starfsmanni þess ráðuneytis á þeirri tíð hefði komið til hugar að senda frá sér ályktun um þýðingarmikið efni sem ekki var borin undir mig sem ráðherra, og hvort ég væri henni ekki samþykkur. Svo kann að vera að með nýjum herrum komi nýir siðir og ef hinn auði stóll hæstv. landbrh. mætti svara hér í þessum sal yrðu svör hans eitthvað með öðrum hætti en mín, kannski loðin eða hvarflandi eins og stundum vill henda frá hæstv. ráðherrum núv. hæstv. ríkisstjórnar. Hins vegar kæmi mér sannarlega á óvart ef sá hæstv. ráðherra, sem hér á að sitja í hinum auða stól landbrh., treysti sér til að lýsa því yfir að hann hefði aðra skoðun en þá sem fram kemur í umsögn æðstu starfsmanna hans ráðuneytis, að yfirlýsingar þess ráðuneytis færu í bága við vilja ráðherrans. Það getur hreint ekki borið sig, það væri óhugsandi. Það væri þá eitthvað skrýtin yfirstjórn á því heimili.

Þessi aðalatriði hafa komið fram í þessari umræðu og vegna þess hvað hún hefur dregist á langinn þykir mér rétt að draga nokkurn hluta af þeim umsögnum

sem fram hafa komið hér fram í svo stuttu máli sem ég hef gert. Það er nærri sama hvar gripið er niður í þessu máli, menn reka sig á vegg andstöðunnar, andstöðu við frv., andstöðu við þær fyrirætlanir sem hér eru á ferðinni. Sá veggur andstöðunnar er ekki mjög á veikum fótum. Hann birtist í þeim fjölda umsagna sem hér hefur verið vitnað til og sumpart hafa verið raktar allítarlega af hv. 5. þm. Vesturl.

Nú er það svo að þeir sem gefið hafa þessar umsagnir eru ekki neinir ómerkingar. Þeir sem gefið hafa umsagnir um frv. hafa lagt mikla vinnu í sitt viðfangsefni. Þeir hafa ýmsir hverjir skrifað ítarlegar umsagnir, umsagnir sem krefjast þess að í þær hafi verið lögð vinna og alúð. Og það eru þessir menn tilbúnir að gera vegna þess að þarna eru yfirleitt menn á ferðinni sem gerst þekkja til þeirra málasviða sem um er verið að fjalla. Þetta eru menn sem hafa haft forustu fyrir starfi að gróðurverndarmálum, landgræðslumálum, skógræktarmálum, málum á vegum heilbrigðiseftirlits, hollustuverndar, svo að dæmi séu tekin, ég tala nú ekki um veðurstofustjóra og Veðurstofu sem enginn skilur nú hvers vegna ætti að fara undir umhverfisráðuneyti. Þar eru einnig menn sem hafa haft yfirumsjón með mengunarvörnum í sjó og á ýmsum sviðum þeim sem ætlast er til samkvæmt þessu frv. að falli undir hið nýja umhverfisráðuneyti og hæstv. umhvrh. og þá eru þeir sem gerst þekkja til mála algerlega andvígir frv. Ég endurtek það að þetta eru þeir sem hafa margir hverjir áratuga starfsferil að baki, áratuga starfsferil í vinnu að þessum þýðingarmiklu málum. Þeir vita hvar skórinn kreppir. Þeir vita hvernig best er að halda á málum til að árangur verði af starfi. Þeir vita að það þarf að hafa samstarf við hagsmunaaðila. Þeir hafa þurft að rækja þetta samstarf. Þeir hafa þurft að tala á milli manna. Þeir hafa þurft að beita áróðri. Og þeir hafa þurft að leggja fram krafta sína til þess að árangur verði. Þeir kunna tökin á þessu verki. En þeir vita að sé raskað samstarfi og yfirstjórn þeirra sem fara með hagræna hluti þessara mála, svo sem eins og á vegum landbúnaðarins og þeirra sem eiga síðan að sinna eftirlits-, uppgræðslu- og verndunarstarfi, er leiðin opin til árekstra og vandræða. Þá er verið að fara í slóð sem er villugjörn og hætt er við að leiði út í ógöngur vegna árekstra. Þetta vita þessir menn og þeir byggja sínar umsagnir á mikilli þekkingu, mikilli reynslu og langvarandi starfi.

Í ljósi þessa er það sérkennilegt þegar pólitískir aðilar, hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson, mæla með því að þetta frv. verði samþykkt. Hæstv. umhvrh. hreiðrar um sig í því skjólinu að hann sé bara að hugsa um það hvað hann fái í sinn hlut og lítur lítið til annarra átta. Látum svo vera. Við skulum leyfa honum að baða sig í því ljósinu og ég geri engar sérstakar athugasemdir við það. En hæstv. forsrh., sem flytur frv. og sést ekki hér og hirðir ekki um að vera við þessa umræðu, telur sig þess umkominn og þeir piltungar sem sett hafa þetta frv. á blað, sem ég gerði nokkuð að umtalsefni við 1. umr., telja sig þess umkomna að segja fyrir um þessi mál með meiri þekkingu og meiri visku en þeir sem sjálfir hafa starfað að þessum málum, margir hverjir um áratuga skeið. Þetta er með ólíkindum. (**Forseti:** Vegna þeirra óska sem fram hafa komið frá hv. 5. þm. Vesturl. og hv. ræðumanni sem hér stendur hefur forseti gert ráðstafanir til þess að forvitnast um ferðir hæstv. forsrh. Hann er á mjög áríðandi fundi þessa stundina uppi í Ráðherrabústað en hefur lofast til þess að reyna að vera hér um kl. 5 og þá er forseti tilbúinn að reyna að veita öðrum hvorum hv. þm. orðið þannig að þeir geti komið spurningum á framfæri við hæstv. forsrh. Hæstv. landbrh. er kominn í salinn þannig að nú er tími til að beina spurningum til hans eins og fram hefur komið hjá hv. 5. þm. Vesturl. Forseti verður hins vegar að taka það fram út af ummælum um hæstv. forsrh. að hann hefur setið glettilegar slímusetur undir þessari umræðu sem nú er orðin 27 klukkustunda löng.)

Ég þakka hæstv. forseta þessar upplýsingar. Ég tek það hins vegar fram, vegna þess að mér er ekkert um það gefið að lengja þessa umræðu að óþörfu, að mér er ekkert ljúft að fara að endurtaka einhverja kafla ræðu minnar á þeim tíma sem hæstv. forsrh. kann að þóknast að vera í salnum. Og þess vegna er það mál allt mjög óhönduglegt og það er alveg ljóst að ef hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh., sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur spurt spurninga, treysta sér ekki til að vera hér viðstaddir á eðlilegum þingfundartíma, svo sem nú er, hlýtur það auðvitað að leiða til þess að umræðan lengist að óþörfu, mér t.d. til stórrar skapraunar því að mér er ekkert um það gefið að þurfa að fara að endurtaka það og tyggja það upp aftur einhvern tíma seinna í annarri ræðu eða seinna í ræðunni sem ég er áður búinn að segja. Við erum hér auðvitað ekki til þess heldur eru menn hér til þess að sinna sínum þingskyldum.

Ég held að ég haldi nú áfram ræðu minni þó að hæstv. forsrh. sé ekki væntanlegur fyrr en kl. 5. Það má þó kannski segja það, sem ég ætla alls ekki að endurtaka með jafnskýrum og afdráttarlausum og ítarlegum hætti og ég gerði út af spurningum hv. þm. Inga Björns Albertssonar um afstöðu hæstv. landbrh., sem ég talaði áðan um, við tóman stól hans, hv. 5. þm. Vesturl. kemur auðvitað sínum spurningum á framfæri á eigin spýtur, að ég lýsi því sem afdráttarlaust minni skoðun að þegar æðstu starfsmenn eins fagráðuneytis, í þessu tilliti landbrn., láta frá sér fara umsagnir um þýðingarmikil mál hlýtur þar að koma fram einnig skoðun hæstv. ráðherra. Og það eru þá breyttir siðir í því ráðuneyti frá því að ég var þar ráðherra fyrir allmörgum árum ef þeir stjórnarhættir eru ekki viðhafðir á því heimili. Það hefur þá eitthvað ruglast þar með yfirstjórnina síðan á þeim tíma. En nóg um þetta. Ég hyggst halda áfram ræðu minni hvað sem þessu líður eins og ekki hafi í skorist.

Ég vil segja það út af afstöðu Sjálfstfl., sem ég hef drepið á í aðaldráttum og fram kemur í nál. og brtt. frá hv. minni hl. allshn. og um leið er afstaða Frjálslynda hægriflokksins, að þessi afstaða byggist vitaskuld á grundvallaratriðum. Þessi afstaða er ekki

mótuð eitthvað út í loftið, eitthvað út í bláinn. Þessi afstaða byggist á grundvallaratriðum. Þessi grundvallaratriði eru m.a. þau að ástæðulaust sé og til hins verra að stofna ráðuneyti um þessi verkefni. Það er á hinn bóginn afstaða Sjálfstfl., sem fram hefur komið í frv. hér í þessari hv. deild, að samræma beri yfirstjórn umhverfismála í einni stjórnarráðsdeild og við höfum lagt til að henni verði valinn staður í samgrn. Þessi er í megindráttum afstaða Sjálfstfl. og við höfum rökstutt hana ræki lega sem ég þarf ekki að endurtaka hér. Hins vegar er rétt að vekja á því athygli eigi að síður að í ýmsum þeirra umsagna sem fram hafa komið frá þeim stofnunum sem hér eiga hlut að máli og búa yfir allri þeirri reynslu sem ég hef hér lítillega greint frá kemur fram augljós stuðningur við þessa leið Sjálfstfl.

Ég er ekkert að undrast það vegna þess að afstaða okkar byggist á fleiri grundvallaratriðum, m.a. þeim að nauðsynlegt sé að yfirstjórn í umhverfismálum, í einstökum þáttum umhverfismála, sé með þeim hætti að saman fari yfirstjórn á nýtingu, gæslu og varnaraðgerðum náttúruauðlinda. Þetta er grundvallaratriði í þessu máli en ekki, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að kljúfa í sundur, annars vegar komi nýting náttúruauðlinda og svo hins vegar gæsla, eftirlit og varnaraðgerðir. Ef þetta er klofið í sundur leiðir það til þess að verið er að vinna skemmdarverk, það er verið að skilja að hluti sem ekki má sundur skilja, eins og skógræktarstjóri orðaði það réttilega. Og ef þetta er gert verður reynslan hin sama og hefur orðið á Norðurlöndunum, að umhverfisráðuneyti hafa orðið gífurlega fjölmenn bákn, hlaðið upp starfsliði, 3000 manns í Danmörku, á þriðja þúsund manns í Noregi, og þrátt fyrir það hefur árangurinn orðið ómarkviss, árekstrar hafa orðið við hagsmunaaðila og fagráðuneytin hafa starfað að þessum málum með öðrum hætti og án tillits til umhverfisráðuneytisins. Í vaxandi mæli hafa einstök fagráðuneyti, til að mynda landbúnaðarráðuneytið danska, nú nýverið sett á laggir að nýju sérstaka deild til þess að fást við umhverfismál. Þetta eru einnig þau grundvallaratriði sem fram koma til að mynda í hinni margnefndu Brundtland-skýrslu og þetta er einnig það grundvallaratriði sem fram kemur í áliti hins nýja foringja vestur-þýskra jafnaðarmanna, Oskars Lafontaine, sem kann að verða, að manni skilst eftir því sem fréttir herma, kanslaraefni þess flokks næst þegar kosið verður í Vestur-Þýskalandi. Grundvallaratriðin í afstöðu Sjálfstfl. eru því ekki einungis í samræmi við það sem þeir sem gerst þekkja til hér heima á Íslandi telja eðlilegt, heldur eru þau einnig í samræmi við alþjóðlega stefnu í þessum málum. Þessi stefna okkar sjálfstæðismanna er því ekki mótuð eitthvað út í bláinn, en hún er gjörsamlega í andstöðu við frv. sem hér er á ferðinni.

Ég held að naumast þurfi að ræða, þó að rétt sé að fara um það örfáum orðum, að afstaða okkar þýðir vitaskuld ekki það að við viljum draga eitthvað úr því sem gera á í náttúruvernd og umhverfismálum. Við leggjum ríka áherslu á það að þeim málaflokki sé sinnt í auknum mæli. Við leggjum mikla áherslu á það að efla og vernda náttúruauðlindir og að náttúran og hið almenna umhverfi mannsins, hvar sem er í þjóðfélaginu, verði verndað svo sem kostur er. Við leggjum afar þunga áherslu á varnir gegn mengun í víðum skilningi þess orðs því að mengun er víða hvar til staðar. Og við leggjum mikla áherslu á það að umhverfi sé ekki spillt nema sem allra minnst. Auðvitað hljótum við alltaf að breyta umhverfinu eitthvað, en það á ekki gera það að óþörfu og það á að forðast að gera það nema sem allra minnst.

Við leggjum sem sagt mikla áherslu á þennan málaflokk og ég tek þetta aðeins fram til þess að forðast að verða núið því um nasir að ég hafi engan áhuga á þessum málum og að Sjálfstfl. hafi ekki áhuga á þessum málum. Það hefur auðvitað margkomið fram og ég tel ekki þörf á að eyða að því fleiri orðum.

Nú hefði ég kosið að fara örfáum orðum um ræðu hv. frsm. meiri hl. allshn. og undrast það að hann skuli ekki vera hér í salnum. Ég beini því til hæstv. forseta að ég kann ekki við að tala við þennan hv. þm., sem hér er í forsvari fyrir stjórnarmeirihlutann og fyrir þessu máli, án þess að hann sé viðstaddur. Hér kemur hv. 3. þm. Austurl. í salinn, en ég taldi ófært að halda áfram ræðu minni án þess að hann væri hér viðstaddur vegna þess að ég ætlaði að víkja örfáum orðum að ræðu hans þegar hann mælti fyrir nál. meiri hl.

Ég hlustaði mjög grannt á þessa ræðu og ég hefði fyrir löngu getað aflað mér hennar því að auðvitað er búið að prenta hana, það er það langt síðan hún var flutt, en ég hef ekki hirt um það vegna þess að ég tók niður nokkra punkta úr þessari ræðu frsm. Og ég verð að segja það að ræðan varð mér undrunarefni.

Í fyrsta lagi var algjörlega ófullnægjandi grein gerð fyrir þessu máli af hans hálfu, gjörsamlega ófullnægjandi. Hann las þó upp frá hvaða aðilum hefðu borist umsagnir og þeir voru 52 talsins. Hann las einnig upp hverjir hefðu komið til viðræðna við hv. allshn. og þeir voru 26 talsins. Það voru sem sé nálega 80 aðilar sem ýmist höfðu sent umsagnir um þetta mál eða komið til viðræðna við hv. allshn., og þetta las hv. 3. þm. Austurl., frsm. allshn., skilmerkilega upp. Undan því skal ekki kvartað. Hins vegar kom ekkert einasta orð um það í hans máli hversu margir af þessum nálega 80 aðilum vildu styðja frv. eða mæla með því og hversu margir væru á móti því. Það forðaðist þessi hv. þm., frsm. meiri hl. allshn., alveg eins og heitan eldinn að nefna. Hins vegar hefur komið í ljós síðar, vegna hins ítarlega málflutnings hv. 5. þm. Vesturl., að flestir þessara aðila eru andvígir frv., hafa við það sterkar athugasemdir eða álit þeirra felur í sér beina andstöðu.

Þetta gengur svo langt að mér verður á að spyrja hv. 3. þm. Austurl.: Hversu margir eru það eiginlega sem vilja mæla með þessu máli af þeim 78 aðilum sem ýmist sendu umsögn eða komu til viðræðna við hv. allshn.? Ég tek eftir því að á meðal þeirra sem senda umsögn er einn hv. alþm., sá hv. alþm. sem nú situr í

forsetastól, hæstv. forseti Hjörleifur Guttormsson. Ég gæti vel trúað að við, ýmsir aðrir alþingismenn, hefðum einnig getað sent umsögn ef til okkar hefði verið leitað eða okkur verið gefið færi á því.

Ég geri auðvitað ráð fyrir, þó að ég hafi ekki skoðað umsögn hæstv. forseta, að hann hafi mælt með frv., en mér dettur í hug að kannski séu ekki öllu fleiri aðilar með þessu máli eða hafi sent umsagnir sem styðja þetta mál en þessi hv. þm. og e.t.v. samtök eins og Líf og land, einhver slík samtök. E.t.v. eru það einhverjir fleiri. En miðað við það sem hér hefur verið lesið upp af hv. þm. Inga Birni Albertssyni eru ótrúlega fáir aðilar sem mæla með þessu máli.

Ég tel það vanrækslu að yfirlögðu ráði af hálfu hv. 3. þm. Austurl. að geta ekki um það, þegar hann mælir fyrir þessu máli, hverjir það eru sem mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt, hverjir það eru sem geri athugasemdir og vilji breytingar og hverjir lýsa andstöðu við málið. Það var rétt eins og þessi hv. þm., sem er frsm. meiri hl. nefndarinnar, vildi dylja þingheim hver niðurstaðan var í öllum þessum umsögnum.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að ágreiningur væri um málið í þjóðfélaginu, hann sagði þó það, en þetta þótti mér vægt til orða tekið. Það er vitað að a.m.k. á stórum landsvæðum er þorri fólks algerlega andvígur þessu máli. Og ég hefði leyft mér að segja að óathuguðu máli að meiri hluti þjóðarinnar væri gjörsamlega andvígur þessu máli og þessum máltilbúnaði öllum. Ekki fyrir það að meiri hluti þjóðarinnar sé gegn því að eitthvað sé unnið í umhverfismálum eða náttúruvernd, það er síður en svo. Sá málaflokkur á mikinn hljómgrunn meðal þjóðarinnar. Ég leyfi mér hins vegar að taka svo sterkt til orða að ég sé sannfærður um að verulegur meiri hluti þjóðarinnar, jafnvel þorri þjóðarinnar, sé andvígur þessu máli og þessum málatilbúnaði öllum. Og víst er að það er þorri þeirra sem þekkingu hafa á þeim málaflokkum sem hér er verið að fjalla um.

Hv. þm. sagði að búnaðarþing hefði að vísu gert athugasemdir. Það var einnig vægt til orða tekið. Og ég hygg að þeir fulltrúar búnaðarþings sem komu á fund nefndarinnar hafi ekkert legið á því að þeir væru andvígir þessu máli, enda liggur hér fyrir umsögn búnaðarþings, samþykkt búnaðarþings ásamt greinargerð þar sem fram kemur að það er auðvitað alger andstaða við þetta mál og segir að það sé gjörsamlega ósættanlegt ef frv. gengur fram með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Þetta kallaði nú hv. 3. þm. Austurl. að búnaðarþing hefði gert athugasemdir.

Hv. þm. Jón Kristjánsson greindi frá því að brtt. sem meiri hl. flytur á þskj. 709 séu sáttaleið í þessu máli og þá væri nú allt fallið í ljúfa löð og engin vandamál lengur. Hv. meiri hl. allshn. hafi fundið sáttaleið og hún birtist í þeim brtt. sem hér eru á þskj. 709. Ég vil gjarnan lýsa því hér yfir að ég tel þessar breytingar einskis virði. Þær eru ekki sáttaleið í mínum augum. Og þær breyta í rauninni engu efnislega. Samkvæmt brtt. meiri hl. allshn. á 4. mgr. 1. gr. að orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 5. og 6. mgr."

Það liggur fyrir eftir sem áður að valdið er hjá hæstv. umhvrh. Hann getur ákveðið þær aðgerðir sem honum þóknast. Að vísu segir: „að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs". Náttúruverndarráð getur sent allra handa tillögur og hæstv. umhvrh. getur notað þær í sínum ákvörðunum og hann getur líka haft þær að engu, alveg eftir því sem honum þóknast. Hann skal, áður en hann tekur sjálfur ákvörðun, fá slíkar tillögur. Það er ekkert um það að hann skuli fara eftir þeim. Hann getur haft þær að engu eins og honum þóknast. Svo segir: „í samráði við landbúnaðarráðherra". Samráðið við landbrh. getur verið með þeim hætti að hæstv. umhvrh. getur ráðgast við hæstv. landbrh. og haft við hann samráð. Síðan tekur hæstv. umhvrh. sínar ákvarðanir eins og honum þóknast. Við höfum nóg dæmi um það hvernig slíkt samráð er framkvæmt af handhöfum framkvæmdarvaldsins í ýmsum greinum. Og þrátt fyrir það að ákvæði sé um að samráð skuli viðhaft er eigi að síður ákvörðunin umhvrh. og hann tekur sínar ákvarðanir alveg eins og honum þóknast. Og ef það væri komið svo, ef þeir stjórnarhættir væru teknir upp, sem ég trúi nú illa, og hér er hæstv. landbrh. í hliðarsal, að æðstu starfsmenn landbrn. sendi umsagnir um mál sem hæstv. landbrh. sé ekki sammála, þá getur einhver landbúnaðarráðherra í framtíðinni mótað eitthvert samráð við hæstv. umhvrh. sem getur farið algerlega í bága við vilja starfsmanna landbrn., þeirra sem þekkinguna hafa og reynsluna. Þessi brtt. sem hv. 3. þm. Austurl. kallaði sáttaleið er því einskis virði og ekki til neins gerð annars en að leitast við að slá ryki í augun á einhverjum auðtrúa sálum. Sá einn er tilgangurinn og ekki annar.

Hv. frsm. meiri hl. sagði ekki eitt einasta orð um þann kostnað sem af samþykkt frv. mundi hljótast. Þrátt fyrir það að eftir því hafi verið gengið við 1. umr. að hér liggi fyrir, svo sem lög kveða á um og skylt er samkvæmt lögum nr. 13 frá 1979, svokölluðum Ólafslögum, greinargerð um kostnað sem fylgi stjfrv. hefur ekki eitt einasta orð komið fram um líklegan kostnað sem fylgi þessum breytingum.

Ég gerði þennan þátt mála nokkuð að umtalsefni þegar ég hóf ræðu mína hér fyrir allmörgum dögum og skal ekki fara langt út í þá sálma. Hér hefur hvað eftir annað verið vitnað til reynslunnar af þeim umhverfisráðuneytum sem stofnuð voru í ýmsum nágrannalöndum um 1970 og sú reynsla er hrikaleg. Þar eru sannarlega víti til að varast. En það er líka hægt að skoða þessi mál á þrengra sviði. Það kostar ekki lítið að flytja stofnanir á milli ráðuneyta. Og það kostar ekki lítið að flytja starfsmenn og tiltekin verksvið frá einu ráðuneyti til annars. Sú var til að mynda reynslan þegar svokölluð utanríkisviðskipti voru færð úr viðskrn. yfir í utanrrn. Það hafði í för með sér verulegan kostnað þrátt fyrir að þar væri um tiltölulega afmarkað verksvið að ræða, verksvið sem

sinnt var af tiltölulega fáum starfsmönnum. Eigi að síður hafði það í för með sér mikinn kostnað.

Ef allar þær breytingar á stjórnkerfinu sem eru í þessu frv. ættu fram að ganga og allar þær stofnanir og öll þau verksvið ýmissa annarra ráðuneyta sem hér eru upptalin í frv. ættu að færast yfir til umhverfisráðuneytis mundi það hafa í för með sér gífurlegan kostnað. Það mundi verða talsvert að gera fyrir iðnaðarmenn og smiði og þá sem þurfa að laga til í skrifstofum hins nýja umhverfisráðuneytis. Það er alveg víst. Og ég leyfi mér enn, sem ég gerði nú við eitthvert annað tækifæri, að minna á að það hefur kostað nokkuð mikið að færa t.d. aðalskrifstofur einstakra ráðuneyta á milli húsa. Jafnvel innan sama húss. Það kostaði t.d. býsna mikið að færa aðalskrifstofu sjútvrn. frá Lindargötu og niður í Fiskifélagshúsið við Skúlagötu. Fjárfestingarkostnaður við að flytja skrifstofu hæstv. sjútvrh. og 14 eða 15 starfsmanna hans af Lindargötu niður á Skúlagötu nam 36 millj. kr. fyrir tveimur árum síðan, 36 millj. kr. að flytja eina skrifstofu á milli húsa og var þó skrifstofuhúsnæði fyrir þar sem hæstv. sjútvrh. og hans menn fóru inn. Hv. 3. þm. Austurl. hirðir ekki um það sem er lagaskylda að gera grein fyrir hvaða kostnaður er áætlaður við það að flytja allar þær stofnanir, öll þau verksvið, allar þær skrifstofur sem frv. gerir ráð fyrir. Ekki eitt orð um það. Var það furða þó að ég undraðist ræðu hans? Er það furða þó að ég vilji gjarnan að hann sé hér viðstaddur?

Núv. hæstv. ríkisstjórn telur sjálfsagt litlu máli skipta þótt kostnaður aukist við framkvæmd stjórnsýslunnar ef það þjónar tilteknum pólitískum markmiðum. Það hefur komið í ljós á mörgum sviðum nú hin síðustu missiri. Þessi þáttur er ekki lítilvægur í öllum þessum málatilbúnaði og sýnir að þar þarf að gaumgæfa betur og þar þarf að knýja fram áætlanir, svo sem lagaskylda er, til þess að sýna hvaða gjald á að greiða fyrir það að koma þessu máli fram. Sú gjaldtaka verður síðan send með reikningi til þjóðarinnar, en hún verður vafalaust í tíð þessarar ríkisstjórnar sett upp sem skuld sem síðar á að afla fjár til þess að greiða.

Hv. 3. þm. Austurl. sagði síðan í eins konar afsökunartón að með frv. og með því að mæla með samþykkt þess með þeim örlitlu breytingum sem hann mælti fyrir væri tekið mið af „samþykktum stjórnarflokkanna frá því í haust". Þar kom það. Þarna var orsökin fundin. Af því að stjórnarflokkarnir höfðu gert samþykkt í haust um þetta efni í þessa átt taldi hv. 3. þm. Austurl. sér skylt að mæla með því að frv. gengi fram með þessum hætti. Og þá gilti einu þó að þorri þeirra nálega 80 aðila sem ýmist höfðu sent hv. allshn. umsögn eða komið á hennar fund hefðu ýmist verið andvígir frv. eða lagst gegn því í ýmsum greinum. Þá gilti það einu. Þá gilti það einu þó að forustumenn þeirra stofnana sem unnið hafa að þessu verksviði í fjöldamörg ár, hafa reynslu og þekkingu að baki sem best hefur dugað, væru á móti, það skipti engu máli. Af því að samþykkt hafði verið gerð í stjórnarflokkunum í haust var sjálfsagt að málið gengi fram. Þarna kom það.

Hv. 3. þm. Austurl. er vaskur maður þegar hann er í essinu sínu og hefur verið valinn til æðstu metorða hér í þessari hv. deild, sem forseti þessarar hv. deildar. Það var hins vegar beygður maður, lágmæltur og ódjarflegur sem mælti fyrir áliti meiri hl. allshn. hér fyrir nokkrum dögum, sem beygði sig undir það að mæla með máli af því að gerð hafði verið samþykkt í stjórnarflokkunum gegn vilja þorra þeirra sem gefið hafa umsögn, þorra þeirra sem komið höfðu til viðræðu, þorra þeirra sem sinnt hafa umhverfismálum, ræktunarmálum, gróðurverndar- og skógræktarmálum af mikilli alúð og áhuga á undanförnum árum, sumir um áratugi.

Ég hlýt að undrast það að hv. þingmenn Framsfl. og ýmsir aðrir hv. þm. stjórnarliðsins skuli leyfa sér að mæla með því að þetta gangi fram með þessum hætti. Áður var það tíðkað á stundum að láta menn ganga undir jarðarmen. — Ég vildi gjarnan að hv. 3. þm. Austurl. væri í þingsalnum. — Jarðarmen var með þeim hætti að rist var alllöng torfa og hún var föst í báða enda en teygð upp í miðjunni. Ef menn gengu undir jarðarmen gengu þeir undir þessa torfu, beygðu sig og gengu undir torfuna. Það var að ganga undir jarðarmen. Ævinlega þótti það svívirðing og var gerð til þess að auðmýkja menn og stundum voru þau orð látin falla í leiðinni að þar hefðu hlutaðeigandi verið svínbeygðir. Þetta hlýtur hv. 3. þm. Austurl. að kunna því hann er án efa vel að sér í sögu lands okkar og þjóðar.

En ég tel það með ólíkindum að hv. þm. Framsfl. skuli nú hafa látið sig hafa það að ganga undir það jarðarmen að mæla með því að þetta frv. verði samþykkt. Fremstur gengur vissulega hæstv. forsrh. sem er flm. málsins. Þeir ganga undir þetta jarðarmen til þess að þjóna pólitískum hagsmunum eða eins og sagt var í einni af umsögnunum um þetta mál, ef ég man rétt, að það væri verið að koma þessu fram vegna skammtímahagsmuna í stjórnmálum. Þeir ganga sem sé undir það jarðarmen að leggja til að flytja allar þær stofnanir og þau verksvið sem talin eru upp í frv. yfir til umhverfisráðuneytis, stofna umhverfisráðuneyti sem er óþarft og í andstöðu við grundvallaratriði í þessum málum sem viðurkennd eru á alþjóðavettvangi, til þess að bæta við í ríkisstjórnina hæstv. umhvrh. og hæstv. dómsmrh. og þeim þingmönnum sem þá kölluðu sig Borgaraflokkinn. Að því lutu þær samþykktir sem gerðar voru í stjórnarflokkunum í haust og hv. 3. þm. Austurl. sagði að væri hin raunverulega orsök til þess að hann mælti með að frv. yrði samþykkt.

Ég held að það sé ekki að furða þó að hv. 3. þm. Austurl. væri lágmæltur og ódjarflegur eftir að hafa gengið undir þetta jarðarmen og í leiðinni gengið gegn hagsmunum flestra þeirra sem til þessa hafa, margir hverjir, talið Framsfl. vera sinn málsvara. Þeirra á meðal eru allar stofnanir landbúnaðarins,

að heita má, hverju nafni sem nefnast. Þetta kaupir Framsfl. Þetta er það jarðarmen sem hann gengur undir til þess að kaupa það sem kallaðist Borgaraflokkur í haust. Stórmannlegt er það ekki enda þótti aldrei stórmannlegt eða til virðingar að ganga undir jarðarmen.

Ég þyrfti í rauninni ekki að telja þessar stofnanir landbúnaðarins upp en þær eru þó hér á blaði í upptalningu í nál. hv. meiri hl. á þskj. 708. Ég held ég muni þessar stofnanir og kannski er rétt að rifja þær upp fyrir hv. 3. þm. Austurl. Það er t.d. Búnaðarfélag Íslands, það er búnaðarþing, það er Bændaskólinn á Hólum, það er Bændaskólinn á Hvanneyri, það er Dýralæknafélag Íslands, það er landbrn., það er Landgræðsla ríkisins, það er Rannsóknastofnun landbúnaðarins, það er Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Íslands, það er Stéttarsamband bænda og það er yfirdýralæknirinn. Sjálfsagt eru einhverjir ótaldir. En gegn vilja allra þessara aðila gengur nú Framsfl. í þessum málaflokki. Hann gengur undir það jarðarmen að ganga gegn hagsmunum allra þessara aðila til þess að kaupa svokallaðan Borgaraflokk inn í ríkisstjórnina. Þetta er kjarni málsins, hv. 3. þm. Austurl. Var að furða þótt hv. þm. væri ódjarflegur þegar hann sagði undir lok sinnar ræðu: „Það voru gerðar samþykktir í stjórnarflokkunum í haust."

Ég sagði hér að gerð hefðu verið kaup. En ég er ekki einn um það. Ég er ekki einn um þessa skoðun. Það eru fleiri sem hafa þessa skoðun. Og svo vill til að í dagblaðinu Tímanum 3. apríl, í dag, birtist stjórnmálaályktun sjötta stjórnarfundar Sambands ungra framsóknarmanna laugardaginn 17. mars 1990. Og hvað skyldu þeir nú segja, þessir ungu framsóknarmenn? Eða skyldu þeir ekki vera að lýsa yfir mikilli aðdáun á framgöngu sinna foringja hér á hinu háa Alþingi?

Í þessari ályktun segir á hinn bóginn svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sá pólitíski hrossakaupaþefur sem af stofnun umhverfisráðuneytis leggur gerir það mál þó ekki jafnánægjulegt og ella hefði orðið. SUF hvetur hér eftir sem hingað til alla stjórnmálamenn að láta ekki eftirsókn eftir völdum og valdastólum hlaupa með sig í gönur."

Hv. 3. þm. Austurl. er, eins og ég sagði, þegar hann er í essinu sínu og eins og hann á að sér að vera, ekki einungis vasklegur maður heldur einnig gætinn og hinn mesti sómamaður í eðli sínu þó hann ráði sér ekki fyrir einhverjum samþykktum sem gerðar hafa verið í stjórnarflokkunum. Mér þykir hins vegar nokkuð færast skörin upp í bekkinn þegar ungir framsóknarmenn þurfa að fara að ávíta hann og aðra foringja sína og segja: „SUF hvetur hér eftir sem hingað til alla stjórnmálamenn til að láta ekki eftirsókn eftir völdum og valdastólum hlaupa með sig í gönur."

Undir venjulegum kringumstæðum hefði ég haldið að þetta væri eitthvert grín, að einhverjir stráklingar í framsókn væru að segja það við hv. 3. þm. Austurl. að hann mætti ekki láta sókn eftir völdum hlaupa með sig í gönur. En þetta er nú það sem fyrir liggur, og það er bragð að þá barnið finnur. Jafnvel í hópi þessara manna, ungra framsóknarmanna, er svo komið að þeim blöskrar og þeir senda frá sér ályktun sem felur í sér þær sterku ávítur á foringja sína í Framsfl. sem hér hefur verið vitnað til.

Aðeins einn hv. þm. Framsfl., sem vitað er um enn, kiknaði í hnjáliðunum þegar hann gekk undir jarðarmenið. Þetta var hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson. Honum varð um og ó. Hann lýsti því sem sé yfir hér úr ræðustól að hann treysti sér ekki til að styðja frv. í heild sinni og hann lýsti yfir stuðningi við tvær af tillögum minni hl. hv. allshn. Hann lýsti því að sér leiddist það, eins og hann orðaði það, að geta ekki að fullu fylgt hæstv. ríkisstjórn. En þegar til kastanna kom þá kiknaði hann í hnjáliðunum þótt breiður væri um herðarnar. Hann hefði verið maður að meiri að neita að ganga undir jarðarmenið og standa að áliti með fulltrúum Sjálfstfl. og Frjálslynda hægriflokksins í allshn. Hann treysti sér þó ekki til þess, heldur bognaði hann eins og hinir og gekk undir jarðarmenið en fékk ekki rétt sig upp að fullu þegar undan torfunni var komið og lýsti því yfir að hann hygðist styðja tvær af tillögum minni hl.

Ég hlýt að segja það hér að ég undrast það hvernig Framsfl. hefur látið beygja sig í þessu máli.

Hæstv. forsrh., sem ég hafði mjög óskað eftir að væri viðstaddur þessa ræðu mína, greip fram í fyrir mér ítrekað við 1. umr., þegar ég var að lýsa andstöðu ýmissa aðila í þjóðfélaginu við þennan málatilbúnað, og sagði að allir þeir sem væru á móti væru bara íhaldsmenn. Ég skal ekki fara að skilgreina það neitt nánar hverjir eru íhaldsmenn og hverjir ekki, en ef hæstv. forsrh. hefur átt við að þeir sem væru á móti þessum málatilbúnaði hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar væru allir sjálfstæðismenn er það vel, ef þeir hafa skipað sér í þann flokk. Hitt er víst að ef kosið væri um þessi sjónarmið sem við erum hér að takast á um og kosið væri um það hvort menn vilja styðja hæstv. ríkisstjórn í því í fyrsta lagi að setja á laggir umhverfisráðuneyti að óþörfu og síðan að flytja þau verkefni, þær stofnanir og þau verksvið sem frv. sem hér er á dagskrá mælir fyrir um yfir til umhverfisráðuneytis, þá er víst að atkvæðum Sjálfstfl. mundi fjölga og fækka að sama skapi atkvæðum Framsfl. og væntanlega hinna stjórnarflokkanna líka.

Mér þykir verra að hæstv. forsrh. sé ekki hér viðstaddur vegna þess að ég hef gert hér nokkra hríð að flokki hans, Framsfl., og það vegna þess að ég undrast svo stórkostlega að ofan í allar þessar umsagnir og gegn áliti allra þeirra aðila sem mæla á móti þessu máli og á móti þessum málatilbúnaði og flutningi verksviða yfir til nýs umhverfisráðuneytis ætlar Framsfl. að standa við greiðsluna, hin pólitísku hrossakaup sem ungir framsóknarmenn nefna svo. Þeir ætla ekki einungis að láta við sitja að hér fylli sali fnykurinn af hinum pólitísku hrossakaupum, eins og ungir framsóknarmenn orða það, heldur ætla þeir að standa við greiðsluna af hrossakaupunum til enda. Þetta hlýt ég að undrast stórkostlega vegna þess að

þar eru þeir að fara gegn hagsmunum og skoðunum mikils þorra þeirra sem áður hafa talið þennan flokk sinn málsvara.

Ég heyrði það í hinni yfirgripsmiklu ræðu hv. 5. þm. Vesturl. að hugleiðingar væru komnar í lið ríkisstjórnarinnar um að fresta afgreiðslu þessa máls, og það væri mér ekki undrunarefni. Ég tel hins vegar að það eina rétta sem hæstv. forsrh. geti nú gert sé að fresta afgreiðslu málsins og taka það til athugunar á víðari grundvelli til næsta þings. Þá á ég við það að fara að þessum málum á þann hátt sem er manna siður, að fulltrúar frá hinum pólitísku flokkum, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, beri saman bækur sínar og leggi saman sín ráð til þess að reyna að koma stjórnskipan landsins í betra horf en áður, en ekki að knýja fram vegna pólitískra hrossakaupa, vegna fnyksins sem fyllir þingsali, eins og hv. ungir framsóknarmenn létu liggja að í sinni ályktun, við það að kaupa svokallaðan Borgaraflokk til liðs við þessa ríkisstjórn, að ganga gegn hagsmunum þeirra aðila sem flestir hverjir hafa álitið að Framsfl. mætti telja meðal sinna málsvara.

Það er svo aftur önnur saga að enginn veit hvað það sem kallað var Borgaraflokkur í haust er í dag. Ég segi: enginn veit hvað það er í dag vegna þess að þeir sem áður kölluðust þingmenn þessa flokks eru nú að stofna stjórnmálasamtök og sumir hverjir eru þannig í sveit settir að enginn veit í hvaða flokki þeir eru eða hvort þeir eru í mörgum flokkum. Og samtök sem liggja á bak við þennan Borgaraflokk sem var til í haust hafa ýmist verið að samþykkja að vilja reka forustumenn flokksins frá starfi ellegar að samþykkja að segja sig úr eða frá öllu starfi við þennan svokallaða Borgaraflokk. Það sem var Borgaraflokkur í haust er nú eitthvað sem er í algjörri upplausn. Og það er svo sem ekki einsdæmi um þá flokka sem nú styðja þessa hæstv. ríkisstjórn. Aðrir flokkar eru þar einnig með þeim hætti að enginn veit hvað upp snýr eða niður. Einn af stuðningsflokkum þessarar hæstv. ríkisstjórnar treystir sér ekki til að bjóða fram í eigin nafni hér í Reykjavík og í öðrum flokki þeirra sem styðja þessa hæstv. ríkisstjórn er ástandið þannig að þar vegast fylkingar á og vilja bjóða fram sín í hverju lagi til sveitarstjórnarkosninga. Enginn veit þess vegna hvort Alþb. er í rauninni til eða hverjir eru í honum og hverjir ekki, eða hvort þar séu einnig sumir sem séu í fleiri en einum flokki. Allt er þetta lið því með þeim hætti að það ætti að vera umhugsunarefni fyrir forustuflokk þessarar hæstv. ríkisstjórnar, Framsfl., að ganga ekki of langt í því að gera hin pólitísku hrossakaupin við lið af þessu tagi.

Ég skal ljúka máli mínu með því að beina því til þess framsóknarmanns sem hér er í forsvari, hv. 3. þm. Austurl., að þrátt fyrir það að hann hafi gengið undir jarðarmen og hans félagar við það að mæla með því að frv. verði samþykkt, og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það, allir vissu hvað það þýddi hér áður þegar gengið var undir jarðarmen, þá beiti hann sér fyrir því að þeir hv. þm. Framsfl. rétti nú höfuðið við eftir að hafa beygt sig undir torfuna og leggi það til að afgreiðslu þessa máls verði frestað og sett verði á laggir nefnd allra stjórnmálaflokka á milli þinga til þess að fara ofan í stjórnarráðslögin, þar á meðal þessi verkefni, og reyna að vinna að þeim málum, eins og ég sagði, með mannlegum hætti eins og áður hefur tíðkast, að ekki sé verið að vinna að allra handa breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands til þess að þjóna einhverjum pólitískum duttlungum eða pólitískum hrossakaupum.

Þetta skulu vera lokaorð mín, að skora á hv. 3. þm. Austurl. að rétta nú höfuðið við og koma hér fram í þessum ræðustól og gera þetta að tillögu sinni.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér erum við að ræða um málefni sem hæstv. ríkisstjórn virðist ráðin í að þvinga í gegnum þingið þótt ljóst sé að sú breyting sem frv. felur í sér er afar illa séð, bæði á þinginu, meðal þjóðarinnar og meðal þeirra sem hlut eiga að máli, þ.e. því máli að framkvæma verkefni hins opinbera á sviði umhverfismála.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur í glöggu máli gert grein fyrir því hvernig allar þær stofnanir sem mestu skipta á þessu sviði, á hvaða sviði umhverfismálanna sem er, eru andvígar þessari breytingu. Engu að síður ætlar hæstv. ríkisstjórn sér að þrýsta þessu máli í gegn til að hæstv. ráðherra, sá sem nú rétt áðan gekk út úr salnum, geti setið í sæti sínu, ekki með góðu en með illu, það virðist vera greinilegt og hvað sem líður þeim fnyk sem Samband ungra framsóknarmanna hefur ályktað um að sé af þessu máli. Oft er það svo að það getur verið ráðlegt fyrir hina eldri að fara eftir ábendingum hinna yngri. Æskufólkið bendir okkur oft á augljósar staðreyndir, hvað beri að varast og hvað sé fráleitt í því sem við kunnum að ætla okkur að gera. Svo er einmitt um þá ályktun ungra framsóknarmanna sem hér hefur verið lesin.

Ég vil leyfa mér áður en ég vík að einstökum atriðum í frv. — Herra forseti. Það er svo mikið af búsáhöldum hér í hillunum að ég óska eftir því að einhver þingvörður kæmi og tæki svo sem eins og átta glös úr hillunum þannig að unnt sé að láta pappíra liggja hér undir. (**Forseti:** Forseti mun sjá til þess að tekið verði til í drykkjarvörudeild þingsins í ræðustól.) Hér er ágætis vatnsflaska en mér kemur betur, a.m.k. núna, að hafa pappír þarna.

Herra forseti. Ég mun halda áfram ræðu minni. Það er kannski ekki ofsögum sagt að sá hluti umhverfismála sem stendur næst okkur húsmæðrum er einmitt það sem í daglegu tali er kallað tiltekt og þetta var liður í slíkri aðgerð. Þetta er auðvitað ekki sá hluti þingsalarins sem blasir við augum manna en engu að síður held ég að hér megi taka til eins og víða annars staðar.

Mig langar til þess, herra forseti, að gera grein fyrir nokkrum ályktunum míns flokks, Sjálfstfl., um umhverfismálin. Sannleikurinn er sá að ályktanir um umhverfismál eru inni í ályktunum um ýmsa aðra málaflokka, eins og eðlilegt er, því að mönnum verður það æ betur ljóst að umhverfismálin eru ekki

fyrirbrigði sem unnt er að einangra eitt og sér heldur þvert á móti, til þess að við náum árangri í umhverfismálum verðum við að tengja þau ýmsum öðrum málaflokkum og gera okkur ljóst að enginn málaflokkur, ekki einn einasti, verður framkvæmdur svo vel sé án þess að tillit sé tekið til umhverfisþáttar með einum eða öðrum hætti.

Í ályktunum landsfundar Sjálfstfl. frá sl. hausti segir svo, ef ég nefni fyrst hluta sem veit að umhverfismálum í ályktun um iðnaðarmál. Þar segir í síðustu málsgrein þeirrar ályktunar:

„Umhverfi sitt verður iðnaðurinn og aðrir atvinnuvegir að lifa í sem bestri sátt við. Nýting náttúruauðlinda og landgæða skal ávallt miðast við skynsamlega nýtingu og vaxandi afrakstur fyrir komandi kynslóðir." Þetta var ein málsgrein af afar mörgum í ályktun landsfundar Sjálfstfl. um iðnaðarmál.

Í ályktun um landbúnaðarmál sagði m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hófleg nýting lands, gróðurvernd á viðkvæmum svæðum og uppgræðsla er þjóðinni allri brýnt hagsmunamál. Framleiðsla búfjárafurða verður að taka mið af landkostum þannig að ekki sé gengið á gæði landsins. Sjálfstfl. vill stuðla að öflugu uppgræðslustarfi og leggur áherslu á hlutverk bænda á sviði skógræktar og landgræðslu."

Í ályktun landsfundarins um sjávarútvegsmál sagði m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimiðin umhverfis landið eru dýrmætasta auðlind Íslendinga. Viðskiptasamningar og verslunarhagsmunir mega ekki stefna í hættu yfirráðum okkar yfir þessari auðlind. Enn fremur er mikilvægt að Íslendingar taki forustu um varnir gegn losun úrgangs í hafið og mengun í norðurhöfum."

Í ályktun um utanríkismál sagði svo, m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðismenn vilja stuðla að eflingu norræns samstarfs, ekki hvað síst í umhverfismálum og verndun auðlinda hafsins."

Í ályktun landsfundarins um umhverfismál sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. [Hér er áherslan lögð á að samræmingu þurfi í efnisþáttum þessa máls en hvergi er lagt til að stofnað verði nýtt ráðuneyti.]

2. Aukin áhersla verði lögð á að fylgjast með mengun sjávar á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Íslendingar hafi frumkvæði að samstarfi þjóða á norðurslóðum um málefni er varða mengunarvarnir og viðhald vistfræðilegs jafnvægis í hafinu á grundvelli eðlilegrar nýtingar auðlinda þess.

3. Gerð verði áætlun um nýtingu landsins sem miðar að því að endurheimta, vernda, varðveita og nýta landgæði á hagkvæman hátt. Slík áætlun komi til framkvæmda á þessu kjörtímabili.

4. Skógrækt, landgræðsla og gróðurvernd verði aukin í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og frjálsra samtaka.

5. Umhverfisáhrif atvinnufyrirtækja, svo sem í fiskeldi og vegna stóriðju, verði könnuð og reglur settar til að koma í veg fyrir mengun frá þeim. Mengunarvarnir við þéttbýli verði efldar, einkum að því er varðar frárennsli og sorpeyðingu. Eftirlit með losun hættulegra efna verði bætt.

6. Gengist verði fyrir þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi vegna rannsókna á eyðingu ósónlagsins og ráðstafanir gerðar hér á landi í samræmi við aðgerðir meðal nágrannaþjóða.

7. Við skipulagningu ferðamála verði þess gætt að hlífa viðkvæmum landsvæðum svo að komið verði í veg fyrir umhverfisspjöll.

8. Fræðsla um náttúruvernd og umhverfismál verði aukin í skólum og meðal almennings.

9. Sjálfstfl. vill beita sér fyrir frjálslyndri og víðsýnni stefnu í skipulagsmálum sem taki mið af þörfum allra þjóðfélagsþegna. Umhverfis- og skipulagsmál varða mjög daglegt líf landsmanna um alla framtíð. Hafa ber það í huga þegar taka þarf ákvarðanir um meiri háttar framkvæmdir er hafa afgerandi áhrif á umhverfið.

10. Við mótun stefnu í skipulagsmálum skal áhersla lögð á varðveislu menningarverðmæta jafnhliða nýsköpun umhverfis.

11. Hefja þarf fræðslu um grundvallaratriði skipulagsmála í skólum landsins og fjölmiðlum og auka á þann hátt skilning og þátttöku almennings í þeim umræðum."

Ég vék að því, herra forseti, hvernig umhverfismálin koma inn í ályktanir um fjölmörg málefni hjá þeim sem á annað borð fjalla um stjórnmál og hagsmunamál þjóðfélagsins alls.

Ef við víkjum að öðrum ályktunum sem eru í ætt við það sem ég hef nú leitt athygli að kemur í ljós að á bak við allar þessar ályktanir liggur sú hugsun að stofna til sem víðtækastra sátta milli manns og umhverfis þannig að maðurinn geti lifað lífi sínu þannig að heilsa hans sé vernduð gegn hugsanlegum heilsuspillandi áhrifum umhverfisins og að hann nýti umhverfið eða náttúruna sér til lífsviðurværis án þess að eyðileggja hana og á þann hátt að það sé bætt sem af er tekið. Af því súpum við seyðið nú í dag að menn höfðu fyrr á tíð ekki þekkingu til þess að bæta fyrir eyðingu náttúrunnar, ekki þá þekkingu sem menn hafa nú á dögum og ekki þann skilning sem nú er verið að reyna að vinna að en hefur því miður ekki náð að festa rætur nægilega víða.

Til þess að koma þeim málum áfram og vinna þeim brautargengi er afar fjarlægt að nauðsynlegt sé að búa til nýtt ráðuneyti. Það er ekki nýtt ráðuneyti sem þarf, heldur að efla þær stofnanir sem þegar hafa víðtækar og vandasamar skyldur á þessu sviði og að auka samstarfið þeirra í meðal þannig að umhverfisverndarstefnan geti skilað sem bestum árangri á vegum allra ráðuneyta, að til sé samstarf milli þeirra sem sé vel framkvæmanlegt og þannig að forðast megi tvíverknað en miðla upplýsingum sem nauðsynlegar eru á milli þeirra stofnana sem að þessum málum vinna þótt með misjöfnum hætti sé. Það er það sem máli skiptir en ekki að búa til nýtt ráðuneyti

eins og margir hafa hér mælt gegn og eins og ég vildi mega óska að hæstv. ráðherra, sem vék úr salnum nú áðan, mæltist undan því og að hann sneri sér fremur að öðrum verkefnum sem hæstv. ríkisstjórn kynni að þóknast að fá honum. En það er e.t.v. eðlilegt að hæstv. ráðherra hafi gengið úr salnum því þeir sem eiga sæti í hans flokki hafa nú ýmsum öðrum hnöppum að hneppa í dag en að sinna umræðum á Alþingi því að svo er helst að sjá sem Borgfl. sé nú enn að hrökkva í smærri einingar, e.t.v. frumeindir, og það tekur auðvitað tímann sinn að leysa þau mál. Það er bara að niðurstaðan verði ekki sú sem sagði í vísunni gömlu:

List er það líka og vinna
lítið að tæta upp í minna,
alltaf í þynnra þynna
þynnkuna allra hinna.

Það skyldi þó ekki koma á daginn eftir þennan dag að þetta gilti um flokk hæstv. ráðherra sem mestra hagsmuna hefur að gæta af því að mál þetta sem við erum nú að ræða komist á þann leiðarenda að þingið láti sér þóknast að samþykkja það. En mér finnst raunar fleira benda til þess að hv. þm. muni nú endurskoða málið og skoða hug sinn á nýjan leik þannig að málinu verði frestað á þessu þingi og það athugað á nýjan leik hvernig ráða megi fram úr þeim vanda sem hæstv. ríkisstjórn hefur óneitanlega komið sér í með því að bæta við ráðherra án teljandi verkefna. Ég tel að engan veginn sé skynsamlegt að fá honum verkefni með því að gera verkefni enn annarra ráðherra miklu minni en þau eru eða aðallega þó eins ráðherra sem ég hef sérstaklega í huga í þessu sambandi. Ég kem betur að því núna á eftir, en það er sá þáttur sem tengist heilbrigðismálum.

Ég mun halda áfram, herra forseti, að rekja ályktanir sem tengjast þessu máli sem varpa ljósi á viðhorf okkar sjálfstæðismanna til þessa frv. og sýna fram á að það er einmitt vegna þess að við viljum framkvæmd í umhverfismálum sem allra besta og árangursríkasta á sviði umhverfisverndar að við erum andvíg frv. eins og það liggur fyrir nú. Guð láti gott á vita, hæstv. ráðherra kinkar kolli, að því er mér sýnist, með samþykki í svip og ég hygg að hann sé nú í raun og veru alveg sammála mér um þetta viðhorf því að eins og kunnugt er er hæstv. ráðherra greindur einstaklingur og vel að sér í sinni grein. Ég þykist vita að í raun og veru sé hann andvígur þessari framkvæmd sem lögð er til í frv. og að hann væri til með að taka þátt í því með öðrum þingmönnum að fá hæstv. forsrh. til þess að gera ráðstöfun til þess að leysa hans vanda með öðrum hætti en þessum sem ég hygg að gæti orðið afar dýrkeyptur fyrir þær stofnanir sem raunverulega eiga að sinna umhverfisvernd á Íslandi. Um svipað leyti og ályktanir Sjálfstfl. voru samþykktar á landsfundi nú í haust var lögð fram greinargerð hinnar svonefndu aldamótanefndar sem stundum hefur verið vikið að hér úr þessum ræðustóli, en í henni voru Davíð Oddsson borgarstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Magnússon, Sigríður Þórðardóttir, Valur Valsson og Þorkell Pálsson. Þessi nefnd samdi ályktun eða greinargerð um ýmis þau efni sem hún taldi nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á á þeim árum sem eftir lifa til næstu aldamóta. Í þessari greinargerð segir svo um umhverfismál, með leyfi hæstv. forseta, í 11. kafla:

„Ekki er vafi á því að í veröld vaxandi fólksfjölda sem gengur æ nær náttúru landanna verður umræðan um umhverfismál og vernd lífríkis mikilvægari í þjóðmálabaráttunni. Vissulega stendur íslenska þjóðin betur í þessum efnum en margar aðrar m.a. af því að við búum á eylandi allfjarri iðnaðarborgum meginlandsins. Þjóðin er fámenn í stóru landi með veðráttu sem andæfir mengun. Þótt við stöndum þannig betur að vígi en aðrar þjóðir megum við auðvitað ekki fljóta sofandi að þessum sannkallaða feigðarósi sem eyðilegging náttúrunnar er. Við gerum okkur vissulega grein fyrir því að ástandið er ekki enn orðið eins bölvað hér og sums staðar þekkist og bölsýniskvak getur jafnvel úr hófi gengið.

Í þessu sambandi má leiða hugann að tveimur atriðum. Annars vegar að sjá til þess að ekki sígi hér á ógæfuhliðina og við höldum áfram okkar forskoti og á hinn bóginn getum við kannski notfært okkur þessa stöðu sjálfum okkur til framdráttar á öðrum sviðum. Jafnvel getum við gert okkur áhuga á umhverfisvernd og lítt mengaðri náttúru Íslands að eins konar útflutningsvöru. Ef við skipum okkur í framvarðasveit þeirra sem huga að umhverfisvörnum og grípum fyrr í taumana en aðrir hafa gert og áður en jafnilla er komið hjá okkur eins og öðrum gætum við skipað okkur sérstakan sess í veröldinni. Með öflugum áróðri og almennum upplýsingum gætum við gefið þá mynd af landinu að hér sé umhverfislegur aðbúnaður til fyrirmyndar.

Ef þetta tækist og fólk væri orðið þess fullvisst að Ísland stæði betur að vernd síns umhverfis en aðrir mundi það skapa okkur beinar og auknar tekjur við þróun og sölu á matvælum héðan og gera landið eftirsóknarvert fyrir aflögufæra ferðamenn. Þótt við eigum að forðast kreddur og ofstýringareftirlit megum við síst af öllu sofna á verðinum. Við verðum að gera ríkar kröfur til mengunarvarna fyrirtækja og einstaklinga, svo sem eins og bifreiðaeigenda, og ekki síst þurfum við að efla vitund borgaranna um mikilvægi þessa málaflokks og mikilvægi þess að allir leggist á eitt í þessum efnum.

Hreint land, ómengað land, fagurt land verður æ eftirsóknarverðara eftir því sem mannfjöldi og tækniváðing gerir tilveruna skuggablendnari annars staðar. Það er á hinn bóginn alls ekki í anda eða þágu málefnisins að apa eftir öðrum skrifræðisríkjum og stofna til sérstaks skrifræðisbákns eins og nýs umhverfisráðuneytis.

Íslenska stjórnkerfið er þegar nógu stórt og jafnvel er eftirlitskerfið þegar of mannað svo að ekki er á bætandi. Það á fyrst og fremst að vekja upp þjóðarvakningu um umhverfisvernd sem lýkur í þjóðarsátt um varðstöðu um ómengað land og fagurt."

Þetta var kafli, herra forseti, úr greinargerð aldamótanefndarinnar svokölluðu sem skilaði áliti á landsfundi Sjálfstfl. nú í byrjun október. Og það er sama um þetta álit að segja og um þar sem vikið var að umhverfismálum í ályktunum landsfundarins, að að öllu leyti er hér stefnt að víðtækri sátt manns og náttúru til gæfu og heilsubótar fyrir menn og gegn eyðingu gæða náttúrunnar.

Á 16. landsþingi Landssambands sjálfstæðiskvenna, sem haldið var á Akureyri, sagði svo, með leyfi hæstv. forseta, um umhverfismál:

„Með virkum aðgerðum verði markviss umhverfisvernd tryggð.

Efla þarf varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisþáttum jafnframt því að vinna að varðveislu og skynsamlegri nýtingu náttúrugæða landsins.

Auka ber fræðslu um náttúruvernd svo að komið verði í veg fyrir frekari eyðingu gróðurs og annarra landkosta."

Það þarf ekki að fjölyrða um það hér að á það hefur hvað eftir annað verið bent að alvarlegasta umhverfisvandamál á Íslandi er eyðing gróðursins og það á við hvort heldur er um eyðingu skóglendis eða annars gróðurs að ræða vegna þess að þegar skóglendi hefur verið eyðilagt heldur áfram frekari gróðureyðing og uppblástur hefst þannig að verðmæt efni úr jarðveginum fjúka á burt og enn erfiðara verður að nema nýtt land fyrir nýjan gróður. Þess vegna er það að viðleitni í þá átt er langtímamarkmið og hefur mikla þýðingu bæði til þess að hafa áhrif á ræktun landsins, nýtingu þess og jafnvel á veðurfarið, svo og að sjálfsögðu atvinnuhætti og heilsu landsmanna.

Á 17. þingi Landssambands sjálfstæðiskvenna sagði svo, m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðin byggir afkomu sína á nýtingu auðlinda lands og sjávar. Náttúruauðlindir og umhverfi þarf því að vernda fyrir rányrkju og eyðileggingu. Varnir gegn mengun sjávar og aukning gróðurlendis eiga að sitja þar í fyrirrúmi. Endurskoða þarf í heild þá stefnu sem nú er ríkjandi varðandi þennan málaflokk.

Landsþing Landssambands sjálfstæðiskvenna fagnar gróðursetningarátaki ungra sjálfstæðismanna. Þar er á ferðinni þarft verk sem vonandi ber góðan ávöxt í framtíðinni."

Ég vék að því áðan hverja þýðingu það hefur fyrir okkur sem eldri erum og vinnum að ýmiss konar stjórnmálaverkefnum að hlusta eftir því sem unga fólkið í röðum okkar er að segja og líka að taka eftir því hvað það er að gera. Þess vegna er það að ég vil vekja á því sérstaka athygli sem nefnt er hér í þessari ályktun sjálfstæðiskvenna sem ég var að vitna til, að ungir sjálfstæðismenn gerðu það að sérstöku verkefni sínu og sérstakri afmælisgjöf sinni til hinna stóru breiðu samtaka sem Sjálfstfl. er að hleypa af stokkunum verulegu átaki til gróðursetningar trjáplantna. Þar tel ég að þessi æskulýðssveit hafi haft afar gott frumkvæði sem til fyrirmyndar má sannarlega vera í ýmsum félagasamtökum og ég verð að segja að fátt finnst mér vera eins til þess fallið að vekja bjartsýni eins og þegar þeir sem eru í yngstu hópunum í stórum stjórnmálaflokkum taka ákvarðanir eins og þessa. Þetta sýnir að þeir sem yngstir eru og eiga að taka við landinu og búa það svo í hendur framtíðarinnar sýna einmitt þessu verkefni þann skilning sem þarf. Þess vegna eigum við að styðja slíkt til þess að það geti borið ávöxt. Og þess vegna er ég ekki hissa á því að Sambandi ungra framsóknarmanna þyki leggja af þessu umhverfisfrv. heldur óþægilegan fnyk því að þar er í raun og veru ekki verið að vinna að aukningu umhverfisverndar í landinu, heldur er verið að stokka og flytja stóla til og frá en ekki verið að efla þær stofnanir sem þegar eru í landinu og hafa það verkefni að vinna að mikilvægum rannsóknum og framkvæmdum til umhverfisverndar. Ekki er með frv. verið sérstaklega að efla þau samtök sem hafa slík verkefni með höndum né heldur að auka fræðslu í skólum landsins eða meðal almennings til þess að umhverfisverndin nái árangri. Og því síður er verið sérstaklega að sinna því sem æ fleiri leggja höfuðáherslu á í sambandi við umhverfismálin, en það er sá þáttur sem veit að mannlegri heilbrigði.

Nú er það svo að umfjöllun um umhverfismál hefur í raun og veru verið þannig að henni má skipta í nokkra áhersluþætti. Í upphafi eru verkefni umhverfismála fyrst og fremst tengd viðleitninni til að komast af, til að afla sér lífsviðurværis, til þess, eins og sagt er, að lifa á landsins gæðum og þá um leið á gæðum náttúrunnar yfirleitt.

Fyrr á tíð var það ljóst að umhverfismálin miðuðust fyrst og fremst við þetta. Þau voru fólgin í landnámi og það land var helst numið sem gaf besta möguleika til afraksturs á einhvern hátt, til þess að gefa af sér verðmæti, annaðhvort í heyjum eða til hugsanlegrar ræktunar þótt í litlum mæli væri og svo það sem var á síðari tímum ljóst að var heldur sorginni líkt en það var það sem sem kallað var skóglendi á fyrstu árum Íslandsbyggðar og var þá nytjað til þess að höggva viði í húsin og ekki síður til þess að kynda. Og fátt er eins sorglegt að sjá í gömlum jarðalýsingum eins og það þegar kostum jarða er lýst þannig að þar sé nokkur viður til eldsneytis. Og hvað þýðir það? Það þýðir það að þær jarðir sem svo er lýst og voru byggðar þá eru ekki við vaxnar í dag. Þar er í besta falli mosi og móa og uppblásin börð nema í þeim fáu tilvikum sem mannshöndin hefur verið þar að verki og breytt litlum hlutum þessara svæða í betra land, land sem verður betra með nokkurri umönnun. Þetta er sá þáttur umhverfisverndarinnar sem veit að atvinnu landsmanna á landi og afkomu þeirra.

En það er ekki einungis þetta sem umhverfisverndin fjallar um. Það er líka það sem nútímaþekking hefur fært okkur heim sanninn um og birtist í ýmiss konar efnum sem menn hafa reynslu af að hafi áhrif á heilsu manna. Þar er bæði um að ræða efni á landi, í lofti og á sjó. Nægir að nefna hinn víðtæka vanda sem margar þjóðir eiga við að stríða af völdum ofnæmis eða óþols og þarf ekki að minna bændur, dettur mér í hug þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. gengur í salinn, á þann vanda sem af því hlýst. Þar er m.a. um að ræða

þekkt vandamál meðal margra bænda sem er einfaldlega ofnæmi af völdum grass og moldar og ýmiss konar örverugróðurs sem þyrlast út í loftið þar sem þeir vinna. En það eru ekki einungis bændur sem hér eiga hlut að máli. Nútímaþekking hefur fært okkur heim sanninn um mikilvægi rannsókna á efnum annarra þátta líka, bæði lofts og sjávar.

Ef við víkjum frá þeim þætti umhverfismálanna sem veit að afkomu manna, atvinnu og möguleikum til að afla sér lífsviðurværis getum við líka rætt um þann þátt umhverfismála sem hefur fyrst og fremst gildi fyrir augað ef ég má svo segja og þann þátt á heldur ekki að vanmeta þótt hann sé ekki í daglegu tali mældur á mælikvarða heilsunnar eða afkomumöguleika. Raunar getur sá þáttur, fegurð umhverfisins, sannarlega líka orðið mikilvægur í sambandi við atvinnu landsmanna og nægir að minna á ferðamálin, þar sem fjöldi annarra þjóða hefur auðvitað fyrir löngu fært sér þann þátt í nyt, og skipulagsmálin sem eru mjög mikilvægur þáttur í þessu sambandi.

Mikilvægastur af öllum þessum þáttum er þó, frá mínu sjónarmiði, sá þáttur sem tengist heilbrigði manna. Ef grannt er skoðað tengjast þessir þættir allir og enda einhvern tíma í athugun okkar á því að verða tengdir heilbrigði með einum eða öðrum hætti. Auðvitað tengist möguleiki manna á að nýta landið sér til lífsviðurværis heilbrigðisþættinum og auðvitað hefur það áhrif á andlega heilsu manna hvernig umgengnin er, einungis það hvernig við umgöngumst fegurð umhverfis okkar og hvort við gerum það besta úr umhverfinu með því að sinna því, með því að skipuleggja það rétt þar sem skipulagningar er þörf og leyfa því að vera í friði þar sem það nýtur sín best ósnortið. Og stundum er það sagt að stærsta auðlind okkar sé hin ósnortna náttúra. Þetta er auðlind sem ég held að við höfum ekki sinnt eins vel og virkjað eins vel og kostur er.

Ég vék að því áðan hvernig ýmsir þættir í umhverfinu hafa orðið athugunarefni þeirra sem besta hafa þekkingu á ýmsu því sem finnst í náttúrunnar ríki og hvernig þróun þekkingarinnar hefur fært mönnum heim sanninn um það að við þurfum leiðbeiningu til þess að umgangast jafnviðkvæma auðlind og náttúruna með þeim hætti að til gæfu verði fyrir fólk og til bóta eða verndar náttúrunni sjálfri.

Ég nefndi það áðan að þegar við tölum um umhverfið í sambandi við atvinnu manna og lífsafkomu gerist það að hinir flóknu sjúkdómaþættir og flóknar sjúkdómamyndir af völdum ofnæmis gera oft vart við sig og það hefur sýnt sig að oft er hættum sem valda ofnæmi ekki nægilegur gaumur gefinn. Ég vek athygli á því að í fréttabréfi frá landlæknisembættinu 1989 sem tengt er heilbrigði allra árið 2000, svo að notað sé kjörorð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, er ítarlega fjallað um grasofnæmi og ýmiss konar örsmáa maura í náttúrunni sem valda alvarlegum og erfiðum veikindum þeirra sem nálægt þessum efnum vinna. Við ýmsum þeim vanda sem veldur asma þarf að bregðast með réttum hætti og þekkingu til þess að hin mikla auðlind sem heilbrigði manna er nýtist þeim sjálfum og landi þeirra sem best.

Okkur er gjarnt að tala um auðlindir náttúrunnar, en við skulum líka hafa í huga auðlindina sem felst í heilbrigði manna. Og við skulum líka hafa í huga gæfuna sem felst í heilbrigði manna eða eigum við heldur að segja möguleikana sem mönnum eru búnir ef þeir eru svo heppnir að vera heilsugóðir.

Ég nefni einungis þetta hefti frá landlækni um ofnæmi til þess að minna á það að þarna er þekkingarsvið sem er í mikilli þróun og vissulega þarf að veita miklu meiri athygli. Efla þarf rannsóknir á þessu sviði þannig að við getum betur ráðið við þann vanda sem þarna er um að ræða.

Við getum í þessu sambandi einnig minnt á rit sem þingmönnum var nýlega sent og fjallar um mengun erlendis frá, um mengun sem berst í andrúmsloftinu og fellur með regni til jarðar eða sjávar. Þar er greinargerð um þær hættur sem hugsanlega gætu falist í slíku en þar er einnig bent á að við þurfum að standa betur að rannsóknum. Má ég í þessu sambandi minna á allar þær athuganir sem bent hefur verið á víða um heim að gera þurfi á aukefnum í matvælum og ýmiss konar efnum sem notuð eru við vinnu. Aukefni eru efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla eða annarra neysluvara sem tæknileg hjálparefni eða til að hafa áhrif á geymsluþol, lykt, bragð eða aðra eiginleika vöru. Þegar vara er boðin til sölu eru aukefnin að einhverju eða öllu leyti til staðar í vörunni, í breyttu eða óbreyttu formi.

Því nefni ég þetta að einmitt nú er á döfinni mjög víðtækt samstarf fræðimanna og vísindamanna víða um lönd og svo heilbrigðisstarfsmanna einnig til þess að ákvarða sameiginlega staðla um leyfilegt magn slíkra efna í vörum. Einmitt þetta samstarf gerir til þess kröfu að við stöndum enn betur að rannsóknum að þessu leyti til, að við styðjum þær mikilvægu rannsóknir sem þegar fara fram í landinu og eru svo sannarlega þess virði að þeim sé verulegur gaumur gefinn og að Alþingi átti sig enn betur á með hvaða hætti væri hægt að efla þessar rannsóknir, en það gerum við ekki með því að búa til nýtt ráðuneyti, heldur með því að efla þær rannsóknarstofur sem hér eiga hlut að máli. Það nægir að nefna t.d. ýmsa þætti í hollustuvernd, ýmsa þætti sem vinna að rannsóknum á mengunarmælingum í sjó eða í lofti.

Ég hef hér í höndum, herra forseti, rit nokkurt sem ég veit að sá herra forseti sem nú situr í forsetastól kannast við, en það er samanburður á löggjöf Evrópubandalagsins og Íslands á sviði eiturefna og hættulegra efna. Ég er sannfærð um það að hér erum við með í höndunum verkefnasvið sem er svo viðkvæmt og svo mikilvægt, bæði fyrir framleiðsluhagsmuni landsins, fyrir atvinnuhagsmuni landsins og fyrir heilbrigði landsmanna, svo og fyrir viðskiptalíf okkar yfirleitt, að hér verðum við að athuga okkar gang fyrr en seinna og ekki bíða eftir að tjón hafi orðið á þessum sviðum. Í þessum samanburði er mjög gott yfirlit yfir nokkra sérstaka efnaflokka,

hvernig mismunandi kröfur gilda annars vegar á Íslandi og hins vegar hjá Evrópubandalaginu eða löndum þess, og svo hvað æskilegt er að Ísland geri á hverju sviði fyrir sig. Hér er um að ræða ýmiss konar efnavörur, frumefni, efnasambönd og samsettar efnavörur og svo eiturefni og hættuleg efni, hreinsiefni, þvottaefni og slíkt, og síðan er í ritinu kafli um innflutning og útflutning á hættulegum efnum og tilkynningarskyldu um þau.

Ég óttast að sú þjóðfélagsaðstaða sem veldur því að húsbændur og húsmæður á heimilum, forráðamenn heimila, eru svo störfum hlaðin að þau eru meira og minna fjarri heimilum sínum daglangt og undirbúningur að þeim störfum sem fólkið stundar, allt þetta, hafi verið framkvæmdur og sé framkvæmdur með þeim hætti að hættan af ýmsum efnum í hversdagsumhverfi okkar sé ekki nægilega athuguð. Ég óttast það með öðrum orðum að umhverfisfræðslan í skólakerfinu og meðal almennings sé ekki nægilega góð, hún beinist ekki með nægilega öflugum hætti að því að afstýra ýmiss konar slysum sem virst gætu hversdagsleg. Ég hef hér einkanlega í huga ýmiss konar efnaslys á heimilum. Þetta er hluti af umhverfisvernd. Þetta er hluti af því að gera nánasta umhverfi manna öruggt og heilsusamlegt. Þetta gerist hins vegar ekki nema með glöggri og fordómalausri upplýsingamiðlun.

Það hefur nokkrum sinnum verið gert átak, eins og kallað er, í þessu efni. Lausn á slíkum málum finnum við hins vegar ekki með snöggum átökum heldur með viðvarandi fræðslu sem gengur eins og eðlilegur þáttur inn í almenna menntun manna. Þeim mun meiri þörf er á þessu að ævinlega eru að koma upp ný efni, lítt könnuð oft á tíðum, og þar sem menn hafa ekki upplýsingar frá fyrri tíð þannig að menn geti með alveg öruggum hætti nýtt það hagræði sem gæti virst vera í hinum nýju efnum.

Ég er að tala um öryggi í nánasta umhverfi og þá er ég sérstaklega að víkja orðum að svokölluðum efnaslysum á heimilum, en málið þarf ekki að vera svo flókið. Það þarf ekki að vera flókin efnafræðikennsla sem kemur til greina, heldur líka leiðbeiningar um umgengni við hætturnar í nánasta umhverfi manna. Staðreyndin er sú að á Íslandi eru barnaslys ótrúlega tíð. Þau eru tíðari en svo að við getum kinnroðalaust horfst í augu við þær staðreyndir. Tíðust eru samkvæmt upplýsingum landlæknis barnaslys í námunda við heimili, ekki síst utan húss, umferðarslys nálægt eigin heimilum barna. Þess vegna verður ekki of mikil áhersla á það lögð að á þessu sviði er mikilvæg umhverfisfræðsla til þess að gera nánasta umhverfi manna öruggara og þá ekki síst umhverfi þeirra sem yngstir eru og síst færir um að sjá sjálfir fótum sínum forráð.

Þetta hefur mér vitanlega ekki verið talið til verkefna umhverfisráðuneytis og ég get ekki séð að þessum málum sé betur borgið með stofnun nýs umhverfisráðuneytis. Hér er ég einmitt að tala um eitt af þeim umhverfismálum sem er dæmigert ef svo má segja að því leyti að það snertir starfrækslu margra annarra málaflokka. Það öryggisatriði umhverfisins, nánasta umhverfisins, með öðrum orðum, slysavarnir, þau eru sannarlega umhverfismál og ekki það minnsta. Slysavarnir eru það svo sannarlega og því nefni ég það að ég tel að þessi tvö atriði, efnaslysin og slys í nánasta umhverfi heimila, jafnvel umferðarslys í nánasta umhverfi heimila, þau tengjast vernd heilsunnar, vernd barna og fullorðinna, varnir gegn þessum slysum eru liður í því að hjálpa fólki að halda lífi og heilsu. Með eðlilegum hætti ættu báðir þessir þættir heima í heilbrrn. ef ætti að heimfæra þau undir tiltekið ráðuneyti. Og svo er um fleiri þætti umhverfismála. Ég kem að því fljótlega að æ fleiri rök í seinni tíð hníga að því að í stað umhverfisráðuneytis eigi að fela umhverfismálin heilbrrn. og samræming umhverfismálanna eða öllu heldur samstarfsnefnd sem ég tel að væri heppilegasta lausnin, samstarfsnefnd ráðuneyta sem með einhverjum hætti koma nálægt umhverfismálum ætti að mestum hluta til heima í heilbrrn. Vissulega má hugsa sér það í samgrn. eins og var í frv. okkar sjálfstæðismanna en ég hallast meir og meir að þeirri skoðun að síst af öllu eigi að taka umhverfismálin úr heilbrrn. því að þar yrði þá heilt ráðuneyti sem tæpast hefði næg verkefni. Það er varla fullt verkefni fyrir heilt ráðuneyti að annast nokkrar stærstu ríkisstofnanirnar í landinu sem eru um stjórnun sína afar sjálfstæðar og koma í sjálfu sér ekki svo mikið inn á borð ráðherra nema þegar um er að ræða útlínur í fjárlagagerð og í nokkrum tilfellum öðrum sem varla eru nægileg til þess að vera verkefni heils ráðuneytis.

Ég tel að það væri þess vegna miklu skynsamlegra að tengja öll þau umhverfismál sem með nokkru móti eru hluti af heilsuvernd eða má heimfæra undir það að vernda heilbrigði manna fyrir umhverfisáhrifum ýmiss konar í bráð eða lengd, að allir þeir þættir ættu að vera í heilbrrn.

Mig grunar, þó að ég geti ekki staðfest það, að hæstv. heilbrrh. sé á þessari skoðun og hann sé einungis einn af þeim sem gengið hafa undir jarðarmenið fræga og það styður þá kenningu mína hver áhersla var af hálfu hæstv. heilbrrh. nú í vetur á því að koma frv. um breytingu á lögum um hollustuvernd í gegnum Alþingi. Það gat varla verið að sú áhersla væri jafnmikil ef einungis var þar tjaldað til einnar nætur. Ég held þvert á móti að hæstv. heilbrrh. hljóti að vera á þessari skoðun og má það vera líka með ólíkindum eftir því sem menn kynnast því ráðuneyti betur og þeim ágætu starfsmönnum sem þar vinna og þeim ágætu sérfræðingum sem því tengjast ef menn komast ekki á þá skoðun að þeim þáttum umhverfismála sem þeir hafa með höndum sé best borgið þar. Enda er það svo að bæði sérfræðingar og mikilvægustu stofnanir á þessu sviði sem heyra undir heilbrrn. svo og helstu heilbrigðisyfirvöld, ef ég má svo segja, mæla eindregið gegn þessu frv. Þannig að það er ekki eins og hér sé verið að bera fram einhverjar sérskoðanir, því fer fjarri.

Sá mikli þungi sem verið hefur í málflutningi víða um lönd á síðustu árum þegar umhverfismál ber á

góma á sér eðlilegar skýringar. Menn hafa séð það og komist að raun um með rannsóknum að ýmsum þáttum í afkomu manna og heilsu er alvarleg hætta búin vegna þess að aðgát hefur ekki verið nægileg höfð í umgengni við náttúruna.

Svo að vikið sé að því verkefni sem er fjarlægast okkur landfræðilega séð í bili getum við nefnt eyðingu regnskóganna sem hefur áhrif á loftslagið yfir jörðinni og getur leitt til mikils ófarnaðar ef ekki verður spyrnt við fótum. Það er ljóst að þeir hlutar heimsins sem ekki eiga regnskóga verða að koma til hjálpar. Þetta er mál sem mönnum finnst oft nokkuð fjarlægt af því að svo fjarri er það okkar landi t.d. og norðlægum slóðum en engu að síður er þetta sameiginleg hætta sem blasir við mannkyni, ekki á næstu dögum en í framtíðinni. Þess vegna ber að fagna því hve margar alþjóðlegar stofnanir hafa ályktað um þetta og það þótt ekki sé um að ræða stofnanir þar sem þessi lönd sem í hlut eiga eru aðilar að. Ég nefni t.d. nýlega samþykkt Evrópuráðsins um þetta efni.

Norðurlandaráð hefur látið sig umhverfismálin varða með mjög eindregnum hætti og slær því föstu að hver einasti maður gerir sér ljóst mikilvægi umhverfismálanna og telur að sú skoðun hafi margsinnis verið staðfest í Norðurlandaráði. Ég vonast auðvitað til að sem flestir geri sér þetta ljóst og það sé rétt skoðun. Meðal þess sem megináhersla er lögð á í samstarfsverkefni ráðherra Norðurlanda, Norðurlönd í Evrópu 1989–1992, er að stinga upp á forgangsverkefnum og þar eru umhverfismálin mjög ofarlega á blaði. Nú er það svo að hæstv. ráðherra sem mestan áhugann hefur á þessu máli er samstarfsráðherra Norðurlanda og það er auðvitað mjög heppilegt að hæstv. ráðherra beiti sér að þessu máli þar, enda ber honum til þess skylda sem samstarfsráðherra, hvort sem hann er umhverfisráðherra eða ekki.

Hin norrænu samtök, bæði Norðurlandaráð og ráðherranefnd Norðurlanda, hafa byggt mjög á skýrslunni frægu sem oft er kölluð Brundtlandskýrslan og heitir „Hin sameiginlega framtíð okkar", skýrsla nefndar Sameinuðu þjóðanna um þróun og umhverfi. Í skýrslunni er lögð sérstök áhersla á það að láta umhverfismálin hafa forgang í sambandi við Evrópusamvinnuna. Þess vegna telur ráðherranefndin nauðsynlegt að bæði Norðurlandaráð og aðrir stjórnmálamenn sem starfa að Evrópusamvinnu leggi áherslu á þetta atriði. Meðal þess sem er höfuðatriði frá þeirri sjónarmiði í þessum málaflokki er annars vegar orkustefnan og hins vegar áhrif umferðarinnar á umhverfið. Það verður ekki lögð á það of mikil áhersla hverja þýðingu það hefur að spyrna við fótum að því er varðar mengunaráhrif umferðarinnar og síðan að leggja á það áherslu að fjármunum verði veitt til mengunarvarna við alla fjárfestingu í atvinnuskyni eða til einkanota og svo síðast en ekki síst til þess að unnt sé að fylgjast með mengun umhverfisins.

Við þingmenn höfum fengið í hendur greinargerð og tillögur um mengunarmælingar í sjó sem er eitt af því sem skiptir verulegu máli vegna gæða þeirra matvæla sem við framleiðum og er aðalframleiðsla Íslendinga. Ég á hér við skýrslu starfshópsins sem samgrh. skipaði til þess að gera tillögur um mælingar á mengunarefnum vegna hugsanlegrar mengunar í sjó hér við land og vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um skipulegar mælingar á mengun hafsins. Í þessum starfshópi voru, eins og menn muna, Jón Ólafsson sviðsstjóri, Hafrannsóknastofnun, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri og Sigurður Magnússon, forstöðumaður Geislavarna.

Ég vil leyfa mér að tilfæra úr þessu áliti örlítið þar sem minnt er á tengsl ákvæða í þessari greinargerð við framkvæmdina. Fyrst er það skýrt að Ísland sé aðili að Oslóar- og Parísarsamningunum um varnir gegn mengun sjávar og að Alþjóðahafrannsóknaráðinu og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Með leyfi hæstv. forseta:

„Oslóar- og Parísarsamningurinn um varnir gegn mengun eru svæðasamningar sem gilda fyrir Norðaustur-Atlantshaf. Samningar þessir tóku gildi seint á síðasta áratug. Auk þess sem samningar þessir hafa það meginmarkmið að draga úr allri losun efna í hafsvæði er eitt höfuðverkefni þeirra að afla upplýsinga um mengun á hafsvæðinu og meta ástand þess með hliðsjón af varnaraðgerðum. Af þessum sökum hefur verið komið upp sérstakri áætlun á vegum Oslóar- og Parísarsamningsins um eftirlitsrannsóknir, Joint Monitoring Program." — Ég les, herra forseti, tilvitnun í ritið síðar, það er óþarft reyndar svo ég sleppi því. En þessari áætlun hefur verið komið upp með fjögur atriði að markmiði, eins og segir í skýrslunni.

a. Mat á hugsanlegri áhættu vegna neyslu sjávarfangs,

b. mat á óæskilegum áhrifum á lífríki eða vistkerfi sjávar,

c. mat á núverandi mengun sjávar á ýmsum svæðum,

d. mat á áhrifum samræmdra aðgerða til að draga úr mengun sjávar.

Það er ljóst, herra forseti, af þessari litlu upptalningu að hér er um þvílík lykilatriði að ræða til þess að tryggja verðmæti sjávaraflans og til þess að tryggja það að framtíð sjávarútvegs geti byggt á góðri von um að þar með sé verið að afla góðrar og heilsusamlegrar vöru sem á greiða leið á markaði og getur þar með haldið áfram að vera undirstaða lífsafkomu á Íslandi. Ég leyfi mér að vitna aftur til greinargerðarinnar, herra forseti:

„Þessari áætlun hefur ekki nema að hluta til enn verið hrint í framkvæmd og koma þar til ýmis tæknileg vandamál er snúið hafa m.a. að söfnun sýna og greiningu. Þar eð efnin eru í mjög litlu magni í hverju sýni er nákvæmni í mæliaðgerðum grundvallaratriði til að hægt sé að byggja á niðurstöðum þeirra. Það gefur því auga leið að ef bera á saman mælingar á mengunarefnum milli landa og hafsvæða þá verður að gæta fulls samræmis í rannsóknunum. Til þess að leysa þessi vandamál hefur samstarfs-

nefndin staðlað sýnatöku og greiningaraðferðir og beitt sér fyrir því að rannsóknastofnanir í einstökum löndum taki þátt í samanburðarprófunum í greiningarnákvæmni."

Ég held áfram: „Gera verður ráð fyrir því að styrkur mengandi efna í sýnum frá Íslandsmiðum sé lágur. Þar af leiðandi verður að beita bæði næmum greiningaraðferðum og vanda öll vinnubrögð við söfnun og efnagreiningar. Þetta þýðir að tækjabúnaður verður að vera mjög vandaður og að þeir fagmenn sem vinna að rannsóknunum verða að eyða töluverðum tíma til prófunar á aðferðum og vinnubrögðum áður en unnið verður úr sýnum og niðurstöður sendar inn í alþjóðlegum eftirlitsrannsóknum. T.d. verður að leggja vinnu í það að greina samanburðarsýni sem send verða til þeirra rannsóknastofnana sem skila gögnum í umræddum rannsóknum."

Það er svo gert ráð fyrir, herra forseti, að í þessari rannsóknaráætlun sé safnað lífverum í sjó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og athugað verði fimmta hvert ár hvernig staðan er með mengandi efni í sjó og lífverur. Markmiðið er að fá upplýsingar um svæðisbundna mengun og með endurteknum mælingum upplýsingar um breytingar í tímans rás, t.d. vegna hertra mengunarvarna eða aukinnar mengunar.

Það er þess vegna alveg ljóst að það verður ekki of þung áhersla lögð á það af hálfu Íslands að þarna þurfi að byrgja brunninn ef svo má segja. Þarna verðum við að taka til hendi nægilega öfluglega og það fyrr en síðar. Og hér verður að vinna með skipulegum hætti og sjá til þess að bæði tæki og mannafli og aðstaða séu til þess að vinna að slíkum mælingum með nægilegri nákvæmni. Mér er það mætavel ljóst að það kann að reyna á þolinmæði okkar sem ekki höfum sérþekkinguna á ýmsum sviðum sem þessum að sjá áþreifanlegan árangur sem breytist í seljanleg verðmæti á morgun eða í næstu viku, en þetta mál fjallar ekki um það. Þetta er eins og hver önnur tryggingarráðstöfun þannig að við vitum hvert halda ber í þeim efnum sem við höfum hingað til talið mestu skipta fyrir lífsafkomu á Íslandi. Þess vegna verðum við að leggja þeim lið sem að slíkum málum vinna, ekki einhvern tímann, ekki 1995 eða árið 2000 heldur strax.

Það sem þessi hópur varð sammála um að þyrfti að leggja sérstaka áherslu á hér á landi var:

Í fyrsta lagi „að afla upplýsinga um mengun sjávar á hafsvæðinu umhverfis landið, á því svæði sem kalla má mengunarlögsögu, svo hægt sé að leggja mat á heilnæmi sjávarafurða þaðan."

Í öðru lagi „að fylgjast með og koma upp þekkingargrunni sem gagnast mætti sem mest í alþjóðlegu starfi að bættum vörnum gegn mengun sjávar og til að meta hugsanlegar breytingar á mengun sjávar á hafsvæðum umhverfis landið."

Ég vil skjóta hér inn í tilvitnunina, herra forseti, að af þessu sést að hér geta Íslendingar lagt mikið af mörkum til hins alþjóðlega samstarfs í verndun umhverfis til þess að tryggja heilbrigði manna með því að fylgjast með hollustu sjávarafurða. Það er einn liðurinn af mörgum í því að hér verður að vera samstarf milli ríkja því að eins og ekki verður of mikil áhersla lögð á og oft hefur verið bent á: mengunin virðir ekki landamæri. Það er auðvitað ljóst að hafstraumar og sjávarföll hafa líka áhrif til að dreifa mengun. Hér er mikilvægt efni sem samstarf milli ríkja þarf að vera um.

Ef ég held áfram tilvitnun í tillögur hópsins var þriðja atriðið „að afla upplýsinga um hvaðan mengun kemur og hvernig hún berst."

Í fjórða lagi „að taka þátt í framkvæmdaáætlun um sameiginlegar rannsóknir á mengun í Norður-Atlantshafi á vegum Oslóar- og Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar."

Í fimmta lagi „að skapa grundvöll til sérstakra mælinga ef hér verða mengunaróhöpp sem gætu valdið víðtækum mengunaráhrifum í mengunarlögsögunni, t.d. geislavirk efni og olía. Til þess að ná þessum markmiðum þarf að velja sýni og sýnatökustaði með hliðsjón af hagfræðilegum og líffræðilegum atriðum."

Ég lýk þessari tilvitnun, herra forseti, en taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessu í þessu sambandi því að ég tel að hér sé um afar mikilvægt atriði að ræða sem menn hafa stundum ekki veitt nægilega athygli eða gleymt að hugsa út í. En ef slys verða á þessu sviði sem annaðhvort valda heilsutjóni eða eyðileggja markaði getur verið erfitt að bæta þar um og ekki víst að það takist með góðu móti þannig að gagn verði að fyrir okkur.

Í 40 ára afmælisriti Evrópuráðsins er bent á það með mjög áhrifaríkum hætti hvernig baráttan fyrir heilsusamlegu umhverfi getur verið úrslitaorusta. Vissulega getur það svo verið ef menn gá ekki að í tíma. Sumir orða það jafnvel svo að jörðin okkar sé í svo mikilli hættu og mengunin sé svo víða að við verðum að vinna sigur í baráttunni við ofnýtingu umhverfisins ef við ætlum að lifa af.

Það er ljóst að það er vandasöm aðstaða sem Evrópuríkin búa við núna þegar þau eru að efla samstarf sitt á flestum sviðum. Þar blasa við aðkallandi verkefni á þessu sviði sem þau þurfa að leysa jafnframt því sem samræmdar eru reglur um hin margvíslegustu efni, þannig að auðvelda megi samskipti, þannig að auðvelda megi flutninga á vörum, fjármagni, þjónustu og fólki. Samtímis því sem þetta er gert geta hvenær sem er komið upp og koma öðru hvoru upp alvarlegar aðkallandi aðstæður sem verður að bregðast við samstundis til þess að ekki leiði af meiri háttar tjón. Þetta verður þeim mun betur ljóst sem menn gera sér grein fyrir því núna að samstarf Evrópubandalagsríkjanna og Austur-Evrópuríkjanna er mjög að aukast og að í Austur-Evrópuríkjunum er mengunin víða miklu alvarlegri en í Vestur-Evrópuríkjunum, þó slæm sé víða, vegna þess að Austur-Evrópuríkin hafa ekki haft ráð á því að búa fyrirtækin þeim mengunarvörnum að nægilegt sé til þess að afstýra ýmiss konar heilsutjóni. Og það þarf ekki að víkja sérstaklega að hinu mikla Tsjernóbílslysi til þess að benda á þetta. En af því slysi hefur álfan ekki jafnað sig.

Við getum nefnt sem dæmi lítið atvik sem mér kemur í hug, herra forseti. Það atvikaðist þannig að í sambandi við fund Evrópuríkjanna um umhverfi og heilbrigði nú í vetur átti ég tal við embættismann sem bar ábyrgð á heilbrigðiseftirliti í Tyrklandi. Ég spurði eins og Íslendingum er gjarnt hvort það vandamál sem við vorum þarna að ræða væri alvarlegt í hans landi. Og það kom í ljós sem oft gerist að það þarf ekki mörg ár til að hugurinn hvarfli frá miklum atburðum, alvarlegum og erfiðum eins og Tsjernóbílslysinu. Þessi tyrkneski embættismaður benti á það að milljónir manna í landi hans hefðu búið í landbúnaðarhéraði sem lifði nær eingöngu á terækt. Heils árs uppskera þessara milljóna manna eyðilagðist vegna mengunar frá Tsjernóbíl-slysinu. Ég spurði hvernig unnt hefði verið að eyðileggja þessa uppskeru og svarið var: Við seldum teið Sovétmönnum, þ.e. það land sem menguninni olli varð að taka við uppskerunni. Það er því ljóst að þetta er eitt dæmið enn til viðbótar öllum þeim mörgu dæmum sem við höfum um hið mikla tjón sem með beinum og óbeinum hætti varð, heilsutjón og ómælanlegan félagslegan vanda á þessum svæðum.

Nú er það svo að því er við best vitum um mengandi efni frá iðnaði í iðnvæddum ríkjum álfunnar að það er þar sem 98% af hættulegum iðnaðarúrgangsefnum, mengandi efnum verður til. Það er auðvitað ljóst að svo hlýtur að vera vegna umfangs starfseminnar, en við vitum ekki nægilega mikið um í hversu stórum stíl mengunin hefur orðið í öðrum iðnvæddum ríkjum en hinum vestrænu því að mælingarnar liggja ekki fyrir í sama mæli og e.t.v. eru ekki sömu mælingarstaðlarnir. Ljóst er að vandinn er samt miklu meiri. Ég get greint frá því að ekki alls fyrir löngu höguðu atvikin því svo að ég kom í þá borg Austur-Þýskalands sem talin er verst farin vegna mengunar þar sem umhverfi, loft og land hefur mest spillst af mengun. Þetta er bærinn Bitterfeld. Í Bitterfeld er ástandið þannig að þar þjáist mikill hluti íbúanna af lungna- og öndunarfærasjúkdómum. Mér var greint frá því að þar væri mjög erfitt að fá lyf við þessum sjúkdómi. Ég spurði hvers vegna. Sögumaður gat ekki sagt mér það. Hitt er ljóst að það er auðvitað ekki vandalaust að reka stór iðnfyrirtæki, hvort það eru námur eða vélaverksmiðjur, með vinnuafli sem getur ekki stundað vinnu sína nema með sterkum lyfjum af þessum sökum. Hér er um að ræða sorglega staðreynd en staðreynd þó sem hægt er að bæta úr með réttum aðferðum, með réttum mengunarvarnabúnaði.

Því miður er hér ekki um eitt dæmi að ræða heldur er þetta vandamál hjá ýmsum þjóðum Vestur- og Mið-Evrópu, vandamál sem þær þjóðir standa ráðlitlar frammi fyrir vegna þess að efnahagur landanna leyfir ekki að þær bregðist við með þeim hætti sem þarf.

Af þessum ástæðum er hið alþjóðlega samstarf í umhverfismálum enn þá nauðsynlegra, enn þá meira aðkallandi. Og í ljósi staðreynda af þessu tagi var það sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin boðaði til ráðherrafundar heilbrigðisráðherra og umhverfisráðherra, þar sem þeim var til að dreifa, nú í vetur og samþykkti sérstaka yfirlýsingu um heilbrigði og umhverfi, þ.e. evrópskan sáttmála. Það þarf ekki að orðlengja það að höfuðviðfangsefni á þessari ráðstefnu var tenging umhverfisvandans og heilbrigðisvandans eða öllu heldur tenging umhverfis og heilbrigðis.

Við þurfum ekki að vísa sérstaklega í hina alþjóðlegu stefnumörkun í Brundtland-skýrslunni um sameiginlega framtíð okkar til þess að færa rök að nauðsyn þess samstarfs sem þarna var hleypt af stokkunum. Það eru ýmsir þættir í samþykktum sem taka mið af hversdagslífi okkar sem stuðla að því að nauðsynlegt er að tengja þessa þætti saman með miklu eindregnari hætti en áður hefur verið gert. Það er, svo ég víki að því hvað það er sem ég hef sérstaklega í huga, m.a. í umfjölluninni um félagsmálasáttamála Evrópu. Þar er ekki einungis það sem er í venjulegu tali kallað félagsleg réttindi heldur einnig verndun umhverfisins vegna stöðu manna á vinnumarkaðinum og heilsu yfirleitt. Það er m.a. þar sem umhverfisþátturinn kemur inn í og er talinn til félagslegra gæða. Þess vegna er það að 16 Evrópuríki sem hafa fullgilt þann þátt í félagsmálasáttmálanum sem fjallar um heilbrigt umhverfi hvetja til þess að þau sameinist um framkvæmd þessa atriðis og leggja sérstaka áherslu í því sambandi annars vegar á verndun gegn loftmengun og hins vegar verndun gegn vatnsmengun.

Um þá þætti sem ég er nú að ræða um er mjög ítarleg greinargerð skráð í álitsgerð nefndar óháðra sérfræðinga sem fjölluðu um félagsmálasáttmála Evrópu. Álitsgerðin var gefin út í Strasborg seint á síðasta ári og er 11. hefti í nefndarálitum um þetta efni. En eins og hv. þm. kannast við hefur ekki lítið verið rætt í umfjöllun um EFTA og Evrópubandalagið um hina svokölluðu félagslegu vídd en þetta verk sem ég er að vitna til er einmitt hluti af því máli og ekki sá léttvægasti.

Ég get vísað til þess, herra forseti, sem ég sagði fyrir alllöngu síðan þegar við fjölluðum um frv. til laga um breytingu á stjórnarráðslögunum og ég taldi vera svo nátengda þessu frv., að því er varðar þann kafla ræðu minnar sem fjallar um ráðstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tengingu heilsu og umhverfis. Sú umræða fór fram þegar ráðstefnu þessari var alveg nýlega lokið og þess vegna var ærið tilefni til að vitna til þess sem þar gerðist.

Til að gera langa sögu stutta vil ég benda á það að í ræðum framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og framkvæmdastjóra Evrópusvæðisins innan þeirrar stofnunar var höfuðáhersla á það atriði að við yrðum að gera okkur ljóst að þessir tveir þættir lífsins, umhverfi og heilsa, yrðu ekki aðskildir og hið endanlega markmið með hreinu og ómenguðu umhverfi væri góð heilsa fólksins. Þetta var grundvöllur þessarar ráðstefnu og lykilorðið í sameiginlegri ályktun sem 38 ríki stóðu að, auk alþjóðlegra stofnana eins og m.a. Evrópubandalagsins.

Og þessi sama röksemd liggur til þess að ég er þeirrar skoðunar að það sé heilbrigði manna síst til framdráttar heldur þvert á móti, það sé andstætt heilbrigðisverndinni að draga þá þætti umhverfismála sem nú heyra undir heilbrrn., gegn ráðleggingum þeirra yfirmanna og sérfræðinga sem að því koma, út úr því ráðuneyti til þess að búa til silkihúfu handa hæstv. ráðherra Júlíusi Sólnes. Það tel ég afar illa farið. Ég hvet alla þá hv. þm. sem hafa átt erfitt með að ganga undir jarðarmenið til þess að styðja hæstv. forsrh. í því að leysa vanda formanns Borgfl. með öðrum hætti. Og ég segi það leysa vanda hans með öðrum hætti því ég veit að vandi hæstv. ráðherra, formanns Borgfl., er ærinn af allt öðrum ástæðum en þeim sem eru hér til umræðu í dag því það er náttúrlega ævinlega mikill vandi fyrir formanninn þegar flokkur hans er að liðast í sundur og það hröðum skrefum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

73. fundur, miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Félagsráðgjöf, 1. umr.

Stjfrv., 484. mál (starfsleyfi og sérfræðileyfi). — Þskj. 842.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf, sem flutt er á þskj. 842.

Lög um félagsráðgjöf voru samþykkt árið 1975 og frá þeim tíma hafa félagsráðgjafar verið lögverndað heilbrigðisstétt þannig að hér er ekki verið að löggilda nýja heilbrigðisstétt og vil ég að það komi fram í upphafi máls míns.

Í kjarasamningum við félagsráðgjafa sem undirritaðir voru 14. apríl 1987 var gerð sérstök bókun þar sem því var lofað að kannaðir yrðu möguleikar á sérfræðiviðurkenningum innan félagsráðgjafar. Sálfræðingar fengu sambærilega bókun í sinn kjarasamning á sama tíma og voru lög þess efnis samþykkt vorið 1988, lög nr. 68/1988, þannig að nú þegar hefur verið staðfest það ákvæði sem fylgdi bókun með kjarasamningum sálfræðinga.

Frv. það sem hér er lagt fram er samið í heilbr.- og trmrn. í samvinnu við Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa. Frv. gerir ráð fyrir að efnd verði fyrrnefnd loforð til félagsráðgjafa um sérfræðiviðurkenningar. Jafnframt eru gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum um félagsráðgjöf því síðan lögin voru samþykkt árið 1975 hefur nám félagsráðgjafa færst til Háskóla Íslands en áður þurftu félagsráðgjafar að sækja nám sitt til útlanda. Í frv. er og tillaga um ákvæði sem vantar í gildandi lög um félagsráðgjöf en er að finna í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir. Þetta ákvæði leggur þær skyldur á herðar félagsráðgjöfum að þeir þekki skyldur sínar skv. lögum, viðhaldi þekkingu sinni og tileinki sér nýjungar er varða starfið. Sumum kann nú e.t.v. að þykja ástæðulaust að taka slíkt fram í lögum. En þetta er í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir eins og fram hefur komið og þótti ástæða til þess að það væri hér líka þannig að samræmis gætti. Loks er bætt inn ákvæði um að félagsráðgjafar starfi á eigin ábyrgð og er það í samræmi við þá hefð sem skapast hefur um störf félagsráðgjafa.

Herra forseti. Þetta er stutt frv. og grg. og athugasemdir við einstakar greinar frv. eru þess eðlis að það á að vera nokkuð skýrt öllum. Ég tel því ástæðulaust að hafa um þetta lengri framsögu en óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1980, um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Skv. þessum lögum hefur Norðurlandasamningur frá árinu 1981 lagagildi hér á landi.

Á sl. ári var þessum samningi breytt þannig að ákvæði hans ná nú til Færeyja. Með þessu frv. sem komið er frá hv. neðri deild er lagt til að lögunum nr. 94/1980 verði breytt til þess að taka mið af hinu nýja gildissviði samningsins um gagnkvæma aðstoð í tollamálum á milli Norðurlanda.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

74. fundur, miðvikudaginn 4. apríl, að loknum 73. fundi.

Sjómannalög, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 777, n. 863.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á sjómannalögum nr. 35/1985.

Frv. fjallar um það að 81. gr. sjómannalaga falli brott en gerðar hafa verið athugasemdir við hana frá Alþjóðavinnumálastofnuninni þar sem hún er talin brjóta í bága við ákvæði í samþykkt þeirrar stofnunar. Þó að slíkt sé ekki meiningin í efni þessarar greinar að framkvæma hana á þann hátt þá hafa íslensk stjórnvöld talið rétt að leggja þetta frv. fram þar sem ástæðulaust er að halda þessu inni í lögum. Samgn. hefur fjallað um frv. og er samþykk því að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Egill Jónsson.

Þeir sem mæla með frv. eru Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson, Jón Helgason, Þorv. Garðar Kristjánsson og Stefán Guðmundsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lögheimili, 2. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarlög). — Þskj. 135, n. 864, brtt. 865.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um lögheimili.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra.

Nokkurn tíma hefur tekið að fjalla um frv. í nefndinni því að ekki hefur legið ljóst fyrir hvaða afleiðingar frv. hefði á skattlagningu námsmanna sem eru við nám á Norðurlöndum. Nefndinni hefur nú borist bréf frá fjmrh. þar sem því er lýst yfir að ráðuneytið sé nú að athuga þetta atriði og ef við athugunina komi í ljós að frv. skerði rétt námsmanna erlendis þá muni hann leggja fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögum er tryggi að ný lögheimilislög hafi ekki áhrif á skattlega meðferð námsmanna sem eru við nám erlendis. Yfirlýsing fjmrh. er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.“ Þar segir:

„Ráðuneytinu hefur verið kynnt frv. til laga um lögheimili sem hv. félmrh. hefur lagt fram á Alþingi. Sérstaklega hefur verið óskað eftir upplýsingum um hvaða afleiðingar breyting 9. gr. frv. hefur í för með sér varðandi skattlagningu námsmanna, en samkvæmt henni geta þeir námsmenn, sem skráðir eru með fasta búsetu erlendis, ekki átt samtímis lögheimili hér á landi eins og verið hefur. Þetta snertir eingöngu námsmenn á Norðurlöndum.

Nú er verið að skoða í ráðuneytinu hvaða afleiðingar umrætt frv. hefur á skattlagningu námsmanna sem eru við nám erlendis. Ef í ljós kemur að umrædd breyting muni skerða rétt námsmanna samkvæmt skattalögum mun undirritaður leggja fram á Alþingi frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem tryggir að umrætt frv. til laga um lögheimili muni ekki hafa áhrif á skattalega meðferð námsmanna sem eru við nám erlendis.“

Undir bréfið ritar hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson.

„Með hliðsjón af bréfi fjmrh., sem og að brýnt er að fá frv. lögfest mælir nefndin með samþykkt þess með þeirri breytingu að gildistökuákvæði þess færist frá 1. júní 1990 til 1. janúar 1991. Þessi breyting er gerð til að veita Hagstofu Íslands meiri tíma til að undirbúa framkvæmd laganna en gildistökuákvæði frv. hafði miðast við að það yrði afgreitt fyrr á þessu þingi.“

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, Danfríður Skarphéðinsdóttir þó með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 865 samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Stjfrv., 492. mál (auglýsingar). — Þskj. 857.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem er á þskj. 857 og ég mæli nú fyrir, á rætur sínar að rekja til þingsályktunar um auglýsingalöggjöf frá 18. mars 1987. Fyrsti flm. þeirrar þáltill. var Steingrímur J. Sigfússon.

Að lokinni gagnasöfnun í viðskrn. skipaði ég hinn 15. mars 1988 nefnd sem hefur undirbúið löggjöf um auglýsingar á grundvelli þessarar þingsályktunar. Í frv. kemur fram að nefndin hefur athugað dreifð lög og reglur um auglýsingar hér á landi, svo og lög og reglur erlendis um þetta sama efni. Nefndin kannaði mismunandi leiðir varðandi undirbúning heildarlöggjafar um auglýsingar á Íslandi. Hún taldi ekki rétt að ganga svo langt að steypa öllum hinum dreifðu ákvæðum laga og reglna um auglýsingar hér á landi saman í eina heildarlöggjöf er heyrði undir viðskrh. fyrst og fremst vegna þess hversu ólík þessi ákvæði eru og um margt sérhæfð eða sérfræðileg. Ég nefni sem dæmi ákvæði lyfjalaga sem eru mjög ítarleg um gerð auglýsinga og birtingu þeirra. Mér þótti réttara eins og nefndinni að viðkomandi aðilar bæru áfram ábyrgð á þeim sérsviðum sem þeim stæðu næst. Þá þótti heppilegra að byggja upp almenna auglýsingalöggjöf í því formi að nýjum kafla um auglýsingar væri aukið í lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti fremur en að hafa sérstök auglýsingalög.

Í lagafrv. eru ákvæði er byggja á hinni almennu grein verðlagslaganna um villandi auglýsingar en frv. gengur þó lengra. Það tekur á ýmsum öðrum grundvallaratriðum, t.d. nauðsyn varúðar í auglýsingum sem höfða til barna og nauðsyn þess að auglýsingar séu ekki aðeins á lýtalausri íslensku í sjónvarpi og hljóðvarpi heldur hvar sem þær birtast. Þessi ákvæði eru í frv. Rétt þótti að hafa fá ákvæði í hinum almennu auglýsingalögum en ítarlegri útfærslu á lagaákvæðunum í reglugerð sem auðvelt væri að breyta eftir þörfum í tímans rás. Í reglugerðinni skyldi m.a. byggt á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi sem eru mjög ítarlegar.

Þá er í frv. gerð tillaga um kerfi til þess að taka á úrlausnaratriðum um auglýsingar, kerfi sem byggist á virku valdi og starfi auglýsinganefndar sem njóti aðstoðar Verðlagsstofnunar, þeirrar opinberu stofnunar sem einna helst skal sinna neytendavernd hér á landi. Það má ætla að kerfi þetta verði virkara og liprara en núverandi kerfi og bind ég vonir við það að þessi auglýsinganefnd geti gert mikið gagn til að bæta framkvæmd auglýsinga og að búa til farveg fyrir neytendur að koma á framfæri athugasemdum sínum og kvörtunum.

Markmiðið með hinum nýju ákvæðum í lögum og reglugerð er að stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaðnum og vernda betur hagsmuni neytenda, fyrst og fremst barna, eins og fram kemur í frv. Það er ekki vanþörf á því að gefa hagsmunum barna sérstakan gaum á okkar tímum þegar áhrif fjölmiðlanna eru jafnmikil og raun ber vitni. Auglýsingaákvæði annarra íslenskra laga eða reglna á grundvelli þeirra, sem jafnframt þarf að virða, byggjast alls ekki endilega á þessum sömu sjónarmiðum.

Ég vík þá, virðulegur forseti, að nokkrum einstökum þáttum frv. og mun einkum geta helstu nýmæla sem í því er að finna.

Í a-lið 1. gr. felst það nýmæli að ákvæði laga og reglugerðar verði ítarlegra en áður, m.a. um auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi þar sem ýmsar reglur hafa þó verið settar eins og þingheimi er kunnugt. Þá verður meira samræmi milli krafna um auglýsingar hvort sem þær birtast í sjónvarpi eða hljóðvarpi annars vegar eða öðrum fjölmiðlum hins vegar en þar hefur nokkur mismunur verið á og reyndar þannig að kröfurnar til auglýsinga, sem birtast í hljóðvarpi og sjónvarpi, eru mun ríkari en til annarra auglýsinga.

Með b-lið 1. gr. eru tekin upp í íslensk lög hefðbundin ákvæði reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en samkvæmt þeim skulu auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi vera á lýtalausri íslensku en erlendur söngtexti má þó vera hluti auglýsingar. Samkvæmt gildandi reglum má erlent tal ekki vera hluti auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi og var ekki talið fært að gera vægari kröfur í þessu frv. en gerðar hafa verið hér á landi að undanförnu. Það skal tekið fram að í reglugerðinni um auglýsingar í útvarpi er fjallað um það að þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött eða móttökustöð frétt með dagskrárefni er sýnir atburði er gerast í sömu andrá skuli auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, vera undanþegnar íslenskukröfunni sem finna má í reglugerðinni. Sama mun samkvæmt eðli máls leiða af ákvæðum þessa frv., þó með þeim fyrirvara að unnt kann að vera að taka á auglýsingum sem beint er sérstaklega að Íslandi eins og fram kemur í athugasemdum með frv.

Það nýmæli felst einnig í b-lið 1. gr. að þar er einnig sett fram sem aðalregla að aðrar auglýsingar en auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli vera á lýtalausri íslensku. Þegar sérstaklega stendur á má auglýsingatexti þó vera á erlendu máli, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til erlendra manna. Nánar má kveða á um þetta í reglugerð. Undantekningartilfellin geta m.a. náð til auglýsinga í alþjóðlegum flugstöðvum, minjagripaverslunum og á alþjóðlegum vörusýningum. Ætla má að auglýsingar í dagblöðum yrðu í algerum undantekningartilfellum á erlendu máli eingöngu. Þá getur farið saman í auglýsingu íslenskur og erlendur texti, t.d. á veggauglýsingum í flugstöð.

Í c-lið 1. gr. er byggt á gildandi ákvæðum verðlagslaganna um rangar, ófullnægjandi eða villandi auglýsingar.

Ákvæði í d-lið 1. gr. eru þess efnis að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingu sé að ræða og að þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Þessar reglur eru efnislega samhljóða ákvæði reglugerðar um auglýsingar í út-

varpi og er þarna annað dæmi um það að setja almennar reglur sem eru eins fyrir alla fjölmiðla. Ákvæði frv. eru þó reyndar víðtækari en reglurnar í útvarpinu þar sem þau ná ekki einungis til auglýsinga í sjónvarpi og hljóðvarpi. Í þessu felst nýmælið.

Í d-lið 1. gr. er einnig lögfest það ákvæði reglugerðar um auglýsingar í útvarpi að auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli fluttar í sérstökum auglýsingatímum. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segir að auglýsingatímum skuli jafnan haga þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi. Því virðist ekki útilokað samkvæmt gildandi reglum að auglýsingar geti tengst dagskrá að einhverju leyti. Til nánari skýringar vil ég í þessu sambandi vísa til athugasemdar í frv. um 11. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi frá 1989. Þar er aðalreglan sú að auglýsingar skuli birtar milli dagskrárliða en hins vegar er greint frá nokkrum leyfðum undantekningum. Með tilliti til aukins samstarfs Evrópuríkja er útlit fyrir að reglur og framkvæmd hér á landi verði með svipuðum hætti er fram líða stundir og örlar reyndar þegar á þeirri þróun.

Í e-lið 1. gr. frv., sem yrði 49. gr. verðlagslaganna, felst það mikilvæga nýmæli að lögfest er ákvæði varðandi auglýsingar er höfða til barna. Það ákvæði að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og sérstakrar varúðar skuli gætt þegar þær höfða til barna á sér fyrirmynd í reglugerð um auglýsingar í útvarpi en nær hér ekki einungis til þeirra heldur til auglýsinga almennt og jafnvel ekki aðeins í fjölmiðlum. Þá telst til bóta að útfæra má þetta ákvæði í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, og m.a. byggja á ákvæðum siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Þar er að finna ýmis ákvæði sem varða börn, m.a. ákvæði um það að auglýsingar skuli ekki innihalda neitt sem hvatt geti til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi. Svipaðar athugasemdir eiga við um það ákvæði í e-liðnum að þess skuli gætt, þegar börn koma fram í auglýsingum, að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er. Hér er um að ræða lögfestingu á ákvæðum er ná til fleiri tegunda auglýsinga en verið hefur. Þetta ákvæði má einnig útfæra nánar í reglugerð. Í þessu sambandi má til fróðleiks benda á að í I. viðauka við bresku auglýsingasamþykktina eru nefnd ýmis dæmi um auglýsingar sem geta orðið til þess að börn komist í hættu.

Þá þótti rétt að hafa í f-lið 1. gr. ákvæði um uppsetningu auglýsinga á mannvirkjum til þess að draga úr hættu á því að menn límu upp auglýsingaspjöld sem erfitt sé að ná af en fái fremur leyfi til að setja upp slík spjöld innan á búðargluggum eða á annan hátt sem eigi veldur umhverfisspjöllum. Ákvæði f-liðarins eru nýmæli í íslenskri löggjöf.

Í g-lið 1. gr. er mælt fyrir um það að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd auglýsingaákvæðanna í reglugerð er byggist m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Þetta er mikilvægt ákvæði og nýmæli í okkar lögum. Ákvæði siðareglnanna og jafnvel annarra erlendra heimilda eru birt í viðaukum við frv. þar sem er að finna mjög ítarlegt efni um þau gögn erlend og innlend sem nefndin, sem frv. samdi, viðaði að sér og kannaði. Sem dæmi um breytingu, er stuðlað getur að bættri auglýsingamenningu ef það orð mætti nota, má nefna að í viðbót við ákvæði verðlagslaganna um villandi auglýsingar, sem eru almenns eðlis, kæmu í reglugerð sérstök ákvæði um lán og fjárfestingu byggð á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins. Þar gæti t.d. staðið svo að ég taki dæmi: „Auglýsingar skulu ekki hafa orðalag sem líklegt er til að villa um fyrir almenningi hvað snertir lánskjör, eðli boðinna verðbréfa, raunverulegan eða áætlaðan hagnað eða innlausnarskilmála." Þetta nefni ég sem dæmi um reglur sem kynnu að verða settar á grundvelli þessara laga og tengjast að sjálfsögðu nýjungum á okkar fjármagnsmarkaði þar sem skylda um upplýsingar og þar með að mínu áliti um auglýsingar þarf að vera ótvíræð þannig að réttur þeirra sem skipta við verðbréfafyrirtæki sé ótvíræður.

Í h-lið 1. gr. segir að ábyrgðin á því að ákvæði í lögum og reglugerð séu haldin hvíli á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu eða útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum birtingaraðila. Þessir aðilar koma helst við sögu auglýsingagerðar og hljóta hver um sig að bera ábyrgð á verkum sínum eftir því sem við á en ætla má að aðalábyrgðin hvíli jafnan á auglýsanda, t.d. varðandi það að rétt sé farið með staðreyndir en slíkt gæti t.d. starfslið fjölmiðils í fæstum tilfellum metið. Í þessu tilfelli má vísa til ákvæða útvarpslaga um ábyrgð. Ábyrgðin yrði nánar útfærð í reglugerð og þá byggt á ákvæðum siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins sem beitt hefur verið í framkvæmd á Íslandi með frjálsu samstarfi viðkomandi aðila. Þetta ákvæði er nýmæli, a.m.k. formlega séð, í okkar lögum. Ekki þykir unnt að gera hér vægari kröfur varðandi ábyrgð í lögum enda yrðu lög og reglugerð á grundvelli þeirra ella óvirk að meira eða minna leyti.

Í i-lið 1. gr. er gert ráð fyrir því að viðskrh. skipi til fjögurra ára í senn fimm menn og jafnmarga varamenn í auglýsinganefnd er gegni lykilhlutverki í því að framfylgja ákvæðum verðlagslaga og reglugerðar á grundvelli þeirra að því er varðar auglýsingar. Rétt þykir að gera þá kröfu að formaður nefndarinnar sé lögfræðingur, svo og að aðrir nefndarmenn séu sérfróðir um öll svið auglýsinga. Þannig væri einn þeirra með sérþekkingu á sviði fjölmiðlunar en að öðru leyti yrðu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. auglýsingastofa, Verslunarráðs Íslands og Neytendasamtakanna. Þessir þrír síðastnefndu aðilar hafa reyndar tilnefnt fulltrúa í sérstaka siðanefnd sem starfað hefur hér á landi að því að framfylgja siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi á frjálsum grundvelli. Samkvæmt tillögu frumvarpsins tæki auglýsinganefndin við hlutverki verðlagsráðs, sem skipað er níu mönnum, og gegnir nefndin reyndar mun víðtækara hlutverki

varðandi auglýsingar þar eð byggt yrði á fleiri ákvæðum í lögum og ítarlegri reglugerð. Telja má að nýju ákvæðin geti aukið skilvirkni í meðferð auglýsingamála en það er mála sannast að verðlagsráð hefur ekki gegnt þar mjög atkvæðamiklu hlutverki.

Samkvæmt j-lið 1. gr. mundi Verðlagsstofnun sinna þjónustuhlutverki við auglýsinganefnd en stofnunin hefur sinnt auglýsingamálum til þessa á grundvelli verðlagslaganna einna.

Úrræði auglýsinganefndar samkvæmt k-lið 1. gr. yrðu svipuð og úrræði verðlagsráðs í lögum nú, m.a. bann, jafnvel að viðlögðu févíti, krafa um útsendingu leiðréttingar eða viðbótarskýringar og sátt. Það nýmæli felst í ákvæðinu að formaður auglýsinganefndar, sem er lögfræðingur, eða starfandi formaður nefndarinnar getur bannað auglýsingu til bráðabirgða ef hún er ekki talin vera í samræmi við ákvæði laga eða reglugerðar með vissum skilyrðum og þá um stuttan tíma. Þetta er gert til þess að auglýsingaákvæðin verði sem virkust og má nefna að þetta er í fullu samræmi við ákvæði tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins frá 1984 um villandi auglýsingar þar sem fram kemur að aðildarríki bandalagsins skuli tryggja skjóta meðferð mála og bráðabirgðaráðstafanir eða endanlegar ráðstafanir í því skyni. Sé vafi á ferðinni mundi formaður eða starfandi formaður kalla auglýsinganefndina saman í stað þess að grípa til bráðabirgðabanns. Ekkert mundi banna auglýsinganefnd eða formanni hennar að birta skriflegt og rökstutt bann opinberlega en reynslan hefur sýnt að birtingin ein getur reynst áhrifarík.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. að sinni og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Vænti ég þess að nefndin geti afgreitt þetta mál á tiltölulega stuttum tíma þar eð ekki ætti að þurfa að vera mikill ágreiningur um ákvæði þess sem fyrst og fremst hafa þann tilgang að hafa í íslenskum lögum skýr ákvæði til að girða fyrir villandi upplýsingar í auglýsingum og til þess að vernda hagsmuni neytenda og sérstaklega barna gagnvart misvísandi, villandi og hættulegum auglýsingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

75. fundur, miðvikudaginn 4. apríl, að loknum 74. fundi.

Sjómannalög, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 777.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögheimili, 3. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarlög). — Þskj. 870.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

67. fundur, miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 132, n. 708 og 725, brtt. 709, 720, 726.

Ólafur G. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Á þskj. 726 hef ég ásamt hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og Inga Birni Albertssyni flutt nokkrar brtt. Ég vil upplýsa áður en atkvæðagreiðslan hefst að við köllum aftur til 3. umr. aðra brtt. á þessu þskj. en hún fjallar um það að brott falli 6.–14. gr. að báðum meðtöldum. Ég óska hins vegar eftir að atkvæði gangi um fyrstu brtt. sem varðar brtt. við 1. gr. frv. svo og að það verði greidd atkvæði um þriðju brtt. á þskj. 726 um að 18. gr. falli brott.

Málmfríður Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Kvennalistinn hefur ákveðið að kalla til baka brtt. sínar á þskj. 720 til 3. umr. með það fyrir augum að e.t.v. mætti þá nást sú niðurstaða á þessu máli sem Kvennalistinn gæti sætt sig við.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 720 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 709,1.a samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 726,1 felld með 20:10 atkv.
Brtt. 709,1.b samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 726,2 kölluð aftur.
6. gr. samþ. með 22:6 atkv.
7. gr. samþ. með 23:9 atkv.
8. gr. samþ. með 23:9 atkv.
9. gr. samþ. með 23:10 atkv.
10. gr. samþ. með 23:10 atkv.
11. gr. samþ. með 23:10 atkv.
12. gr. samþ. með 23:10 atkv.
13. gr. samþ. með 21:10 atkv.
14. gr. samþ. með 23:10 atkv.
15.–17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 726,3 felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁJ, BÍG, EH, FrS, SP, HJ, KrP, ÓE, PJ, RH.
nei: AðB, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JK, JónS, BDýr, ÓÞG, PP, RA, RG, JAJ, StH, ÁrnG.
ÞÞ, AÓB, KE, MálmS greiddu ekki atkvæði.
9 þm. (AS, FÞ, IBA, JBH, EKG, MÁM, PB, BGísl, SJS) fjarstaddir.
18. gr. samþ. með 19:10 atkv.
19.–20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 709,2 (21. gr. falli brott) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 709,3 (ný 22. gr., verður 21. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv..
Brtt. 709,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 18:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (heildarlög). — Þskj. 748.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um grunnskóla og má segja að í grundvallaratriðum hvíli þetta frv. á sömu meginforsendum og gildandi grunnskólalög. Breytingin frá gildandi lögum kemur einna skýrast fram í yfirliti sem birt er í greinargerð frv. og ég mun hér rekja.

Meginbreytingar frv. eru sem hér segir:

1. Gert er ráð fyrir tíu ára grunnskóla en samkvæmt gildandi lögum er hann níu ár. Hér er fyrst um fremst um jöfnunaratriði að ræða þar sem meginhluti sex ára barna er þegar í skólum eða talsvert yfir 90%. Það eru börn í dreifbýli sem ekki fá kennslu strax sex ára eða svo litla og fáa tíma að vart kemur að notum.

2. Í 3. gr. frv. er kveðið á um einsetningu skóla sem þýðir að hver bekkjardeild hafi sína stofu. Þetta er undirstaða þess að unnt sé að lengja viðverutíma barna í skólunum á sama tíma og þjóðfélagið byggir á þeirri forsendu að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Með lengdum skóladegi er gert ráð fyrir því að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólunum sem nú vinnst ekki tími til. Í ákvæði til bráðabirgða er við það miðað að þessu markmiði verði náð á tíu ára tímabili.

3. Gert er ráð fyrir því að stofnað verði grunnskólaráð sem er samstarfsvettvangur þeirra aðila sem vinna að málefnum grunnskólans. Fulltrúar foreldrafélaga, kennarafélaga og kennaramenntunarstofnana verða í grunnskólaráði, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytisins.

4. Í frv. eru alls staðar felld út orðin „skipun" og „setning" og talað um ráðningu í staðinn. Er gert ráð fyrir því að skólastjórar annist ráðningu kennara og annarra starfsmanna skólanna en stjórnenda. Ráðning stjórnenda yrði í höndum fræðslustjóra í umboði menntamálaráðuneytisins. Að sjálfsögðu er miðað við að hlítt verði lagaákvæðum um réttindi kennara eins og þau eru nú. Er miðað við að útfærsla þessa lagaákvæðis verði í einstökum atriðum rædd við kennarasamtökin.

5. Í frv. er gert ráð fyrir því að hámarksfjöldi nemenda í 1.–3. bekk verði lækkaður frá því sem nú er og er gert ráð fyrir því að þetta ákvæði komi til framkvæmda á fimm árum.

6. Valddreifing er eitt einkenni frv. Þannig eru foreldrar og kennarar og einstakir skólastjórnendur kvaddir til verka oftar en í gildandi lögum. Þetta kemur m.a. fram í auknum verkum fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa og skólastjórnenda. Þetta birtist líka í því að gert er ráð fyrir því að skipta stærstu sveitarfélögunum í skólahverfi þar sem hvert hverfi hafi sína skólanefnd. Er það síðastnefnda í samræmi við frv. sem lagt var fram í efri deild Alþingis í fyrra frá þingmönnum úr öllum flokkum. Í frv. er ekki gerð tillaga um að kennarar og foreldrar eigi fulla aðild að skólanefndum og fræðsluráðum. Stafar þetta af því að fylgt er út í hörgul þeim breytingum á grunnskólalögum sem gerðar voru á síðasta þingi varðandi breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég tel hins vegar æskilegt að Alþingi taki afstöðu til þess hvort ekki er rétt og nauðsynlegt að tryggja foreldrum og kennurum fulla aðild að fræðsluráðum og skólanefndunum.

7. Í frv. er gert ráð fyrir náms- og starfsráðgjöf í skólunum bæði til þess að tengja þá umhverfi sínu en ekki síður til þess að búa nemendur betur undir framhaldsnám en nú er gert í grunnskólanum. Þá er í frv. gert ráð fyrir að nemendaverndarráð hafi samræmingarhlutverk vegna einstakra nemenda sem njóta þjónustu sérfræðinga og sérkennara.

8. Þá er gert ráð fyrir því að ákvæðin um tímafjölda á hvern nemanda sem nú eru í grunnskólalögum verði lágmarksákvæði þannig að ekki verði heimilt að bjóða minni kennslu handa nemendunum en grunnskólalög kveða á um.

Þetta eru, herra forseti, meginbreytingarnar í frv. Mun ég nú víkja að tildrögum þess að frv. þetta var samið og síðan að einstökum greinum frv.

Í frv. er, eins og þegar hefur komið fram, kveðið á um margvíslega nýja þætti í starfi grunnskólans en í meginatriðum byggir frv. á gildandi grunnskólalög-

um sem hafa reynst vel eins og þau voru sett árið 1974. Samkvæmt þessu meginatriði er markmiðsgrein laganna óbreytt. Frv. er lagað að ákvæðum IV. kafla laga nr. 87/1989, um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að þær nýjungar sem frv. gerir ráð fyrir komi til framkvæmda á allt að tíu árum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Þetta frv. er aðallega samið í menntmrn. í september og október 1989 af starfshópi sem skipaður var Gerði G. Óskarsdóttur, Hrólfi Kjartanssyni, Kolbrúnu Gunnarsdóttur, Sigurði Helgasyni, Sólrúnu Jensdóttur og Örlygi Geirssyni. Áður hafði verið lagt fram til kynningar á Alþingi vorið 1989 frv. til laga um breytingar á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, sem var samið af sama starfshópi. Við samningu þessa frv. sem hér liggur fyrir hafði starfshópurinn samstarf við fjöldamarga aðila og tók mið af fyrirliggjandi tillögum að breytingum á lögunum, frv. til laga að nýjum grunnskólalögum og frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á síðasta áratug.

Þar má nefna tillögur nefndar sem skipuð var í maí 1979 til þess að endurskoða grunnskólalögin. Það má nefna ábendingar frá ráðstefnu í Munaðarnesi 29.–30. okt. 1981. Það má nefna frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum frá Ingvari Gíslasyni menntmrh. 1983, frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Skúla Alexanderssyni, Þórði Skúlasyni og Sveini Jónssyni 1986, frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Salome Þorkelsdóttur 1986, frv. til laga um grunnskóla frá Sverri Hermannssyni menntmrh. 1987, frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum flutt af Salome Þorkelsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Ágústssyni 1988, frv. til laga um breytingar á lögunum sem flutt var af Ragnhildi Helgadóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Þorsteini Pálssyni 1988 og frv. til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur 1988 og svo frv. og seinna lög um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Starfshópurinn sem fjallaði um málið ákvað að senda fyrstu drög að frv. eins og þau lágu fyrir til fjölmargra aðila sem voru beðnir um umsagnir. Þessir aðilar voru m.a. Bandalag kennarafélaga, Félag skólastjóra og yfirkennara, fræðslustjórar, Kennaraháskóli Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, Félag ísl. skólasálfræðinga, Félag námsráðgjafa og Félag skólasafnskennara. Fulltrúar allra þessara aðila komu á heilsdags fund með starfshópnum 20. febr. 1989 og skiluðu athugasemdum og gerðu grein fyrir þeim. Starfshópurinn sem nefndur var hér á undan vann síðan úr athugasemdunum og skilaði tillögum sínum að frv. til menntmrh. 20. mars 1989.

Skömmu eftir að ég hafði lagt frv. fram á Alþingi til kynningar sl. vor sendi ég það eftirtöldum aðilum til enn frekari skoðunar: Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Skólameistarafélagi Íslands, Námsgagnastofnun, Sambandi ísl. sveitarfélaga, fræðslustjórum, fræðsluráðum, Félagi ísl. skólasálfræðinga, Félagi ísl. námsráðgjafa, Félagi skólasafnskennara, Fóstrufélagi Íslands, Fósturskóla Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands og Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að allar þær umsagnir sem hér um ræðir verða lagðar fram fyrir hv. nefnd sem kemur til með að fjalla um málið auk þess sem einstakir þingmenn geta þegar í stað fengið umsagnirnar í hendur ef þeir óska eftir.

Vegna þeirra fjölmörgu tillagna sem bárust um breytingar á frv. því sem ég lagði fram til kynningar hér í þinginu vorið 1989 og með tilliti til þess að lög nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, breyttu ákvæðum nálægt 20 greina í gildandi lögum ákvað ég að leggja fram nýtt frv. til laga um grunnskóla. Fól ég starfshópnum í byrjun september að semja drög að því. Þetta frv. var síðan fullbúið í lok september sl. og var lagt fyrir ríkisstjórnina 12. okt. 1989 og hefur nú legið hér frammi á borðum þingmanna um tíu daga skeið eða svo.

Ég hef gert grein fyrir helstu breytingunum sem í frv. felast og aðdragandanum að því. Ég hygg að menn sjái að hér hafa menn lagt sig eftir því að taka mið af þeim tillögum, hugmyndum og umræðum sem fram hafa farið um breytingar á grunnskólalögum á undanförnum árum þó svo það sé hins vegar ljóst að við hefðum kannski viljað taka ýmsar aðrar breytingar inn en gerðum ekki, fyrst og fremst vegna þess að við þræddum með samviskusemi nýju lögin um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tókum hvergi inn ákvæði sem eru íþyngjandi fyrir sveitarfélögin.

Það er hins vegar vert að minna á það í þessu sambandi, virðulegi forseti, að á yfirstandandi þingi hefur verið rætt um nokkra þætti varðandi breytingar á grunnskólalögum sem mundu, ef samþykktir yrðu, hafa í för með sér nokkra íþyngingu fyrir sveitarfélögin. Á ég þá ekki síst við till. til þál. um skólamáltíðir sem flutt var af nokkrum þingmönnum Framsfl. og rædd hér fyrir nokkrum vikum. Ég tel eðlilegt að Alþingi taki afstöðu til þessara tillagna allra í tengslum við umræðurnar um grunnskólalögin og teldi í raun og veru slæmt ef menn þyrftu að taka einstakar tillögur út úr. Skynsamlegra væri að skoða málið í heild. Ég vil þó segja það að ég held að það orki tvímælis fyrir Alþingi um leið og afgreidd eru grunnskólalög að taka inn ákvæði sem yrðu íþyngjandi fyrir sveitarfélögin án þess að fyrir liggi sú afstaða sveitarfélaganna að þau gætu fyrir sitt leyti fallist á þá breytingu sem í lagaákvæðinu fælist.

Mun ég nú, herra forseti, víkja að einstökum greinum frv. og þá fyrst að 1. gr. þess. Þar er gert ráð fyrir því að lögleidd verði skólaskylda 6 ára barna. Með því að færa núverandi forskóla 6 ára barna inn í grunnskólann er verið að svara kröfum tímans um aukinn þátt skólanna í uppeldi og fræðslu á þessu aldursstigi. Forskólanefnd á vegum menntmrn. lagði

til 1981 að lögfesta fræðsluskyldu 6 ára barna og stefna að skólaskyldu þessa aldurshóps. Sérstakur starfshópur ráðuneytisins um forskólann lagði til 1984 og 1986 að komið yrði á skólaskyldu 6 ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Undir þetta tóku allir páv. fræðslustjórar landsins.

Í frv. til laga um grunnskólann 1987 var lagt til að lögfesta fræðsluskyldu 6 ára barna og í frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskólann 1988 var lagt til að lögfesta þessa skólaskyldu. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands hefur verið lögð áhersla á fræðsluskyldu 6 ára barna um langt árabil. Í nágrannalöndum okkar hefur þessu verið á ýmsan veg farið. Í Svíþjóð er fræðsluskylda fyrir 6 ára börn og í Bretlandi hefst skólaskylda við 5 ára aldur svo að dæmi séu tekin. Hins vegar hefst skólaskylda í Noregi enn við 7 ára aldur. Í þessari grein eru undanþáguákvæði frá skólaskyldu og eru þau óbreytt frá gildandi lögum.

Eins og sakir standa sækja 95% 6 ára barna forskóla. Kennslumagn fyrir 6 ára börn er miðað við fjölda þeirra í viðkomandi skóla, þ.e. ein stund á viku fyrir hvert barn. Þetta þýðir að nemendum er mismunað stórlega þar sem kennslustundir geta verið allt frá einni stund á viku í minnstu skólunum upp í 20 stundir í þeim stærstu.

Markmiðsgrein frv. er óbreytt markmiðsgrein grunnskólalaganna frá 1974.

Í 3. gr. eru gerðar breytingar til samræmis við breytingar á 1. gr. og talað um tíu ára skóla. Núverandi 6 ára bekkur verður 1. bekkur, 1. bekkur verður 2. bekkur o.s.frv. Sveitarstjórnum er gert samkvæmt þessari grein að ákveða í samráði við menntmrn. hvort skóli skuli starfa sem ein stofnun eða vera skipt í einingar en þó er stefnt að heildstæðum skóla, þ.e. skóla þar sem starfræktir eru allir bekkir grunnskólans frá 1. til 10. bekkjar undir einni stjórn. Einnig er gert ráð fyrir þeim nýmælum í þessu frv. að skólar skuli vera einsetnir, þ.e. að hver bekkjardeild hafi sína skólastofu og séu þær því sem næst jafnmargar og bekkjardeildirnar í viðkomandi skóla, auk sérgreinastofanna.

Í greininni eins og hún lítur hér út er gert ráð fyrir að stefnt skuli að því að hver grunnskóli verði heildstæður og einsetinn og nemendur verði ekki fleiri en 650.

Í 4. gr. frv. eru nánast óbreytt ákvæði frá því sem er í gildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir því að frumkvæðið að því er varðar heimanakstur til aðalskóla verði fært frá ráðuneytinu til sveitarstjórna og í greininni eru þau nýmæli að gert er ráð fyrir því að ákvörðun um þessi mál og frumkvæði verði að vera á vegum sveitarstjórna.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fella brott ákvæði sem ekki eiga lengur við vegna laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í 6. gr. frv. eru þær breytingar einar gerðar að gert er ráð fyrir því að skólastjóri hafi samvinnu við starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skólanefnd um lausn mála áður en málum yrði vísað til fræðslustjóra.

Í 7. gr. eru ákvæði um það hvaða börn geta verið undanþegin því að sækja grunnskóla og eru þau ákvæði nákvæmlega samhljóða því sem er í gildandi lögum.

Í 8. gr. eru gerðar nokkrar brtt. við gildandi lög en greinin orðast svo í frv.: „Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu barnsins frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Fræðslustjóra skal gert viðvart um slíkar undanþágur."

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að skólastjóri hafi að höfðu samráði við umsjónarkennara heimild til þess að veita þessa undaþágu frá skólasókn. Í gildandi lögum veitir fræðslustjóri slíkar undanþágur að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar en það hefur reynst örðugt í framkvæmd. Hér er því gert ráð fyrir einföldun á málsmeðferð.

Í 9. gr. frv. er um að ræða verulegar breytingar frá gildandi lögum að því er varðar yfirstjórn málaflokksins, einkum með því að gert er ráð fyrir að stofnað verði grunnskólaráð sem verði samstarfsvettvangur menntmrn., Sambands ísl. sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og foreldra. Þessum samstarfsvettvangi er fyrst og fremst ætlað að samræma störf þeirra sem fjalla um málefni grunnskólans, stuðla að markvissara skólastarfi og auðvelda framþróun. Grunnskólaráð á að hafa yfirlit yfir gildandi lög og reglugerðir um grunnskólann og fylgjast með framkvæmd þeirra. Ég tel að við framkvæmd grunnskólalaganna væri það ákaflega mikilvægt fyrir menntmrh., hver sem hann er, að hafa möguleika til að ráðfæra sig við grunnskólaráð, sérstaklega í erfiðum og flóknum málum. Í því sambandi vil ég t.d. nefna spurninguna um það hvort heimila á stofnun einkaskóla eða ekki þegar um slíkt er sótt. Þá er það afar gagnlegt fyrir ráðherrann, hver svo sem hann er, að geta ráðfært sig við stofnun eins og grunnskólaráð eins og hér er gerð tillaga um.

Í 10. gr. er gerð tillaga um skiptingu landsins í fræðsluumdæmi. Breytingin er í raun og veru sú að bæta nýjum kaupstöðum við upptalninguna sem er í gildandi lögum.

1. og 2. málsgr. 11. gr. eru samhljóða ákvæði í 11. gr. grunnskólalaga eftir þá breytingu sem gerð var með lögunum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Felld eru niður ákvæði um fundi fræðsluráðs enda eiga þau betur heima í reglugerð. Gert er ráð fyrir að fræðslustjóri hafi rétt til setu á fundum fræðsluráðs þó hann sé ekki framkvæmdastjóri þess, sbr. 12. gr. Í greinina er síðan bætt við ákvæði um það að allur kostnaður við fræðsluráð greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra.

12. gr. frv. er efnislega samhljóða 12. gr. grunnskólalaga eftir þá breytingu sem gerð var í fyrra vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þó er fyrra hluta 2. málsgr. laganna sem fjallar um að

fræðsluráð skuli vera fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg stöf hans breytt þannig að í staðinn koma ákvæði um samvinnu fræðsluráðs og fræðslustjóra um stefnumörkun skólamála í viðkomandi fræðsluumdæmi.

13. gr. gerir ráð fyrir þeirri breytingu sem stafar af lögunum nr. 87/1989, þ.e. að fræðslustjórar hafa verið nú frá síðustu áramótum starfsmenn menntmrn. Þess vegna þykir eðlilegt að fræðsluráð séu umsagnaraðilar þegar ráða á fræðslustjóra í stað þess að gera tillögur þar um eins og verið hefur.

14. gr. frv. er efnislega samhljóða gildandi lögum og þeirri breytingu sem ákveðin var á þeim á síðasta þingi.

15. gr. er í meginatriðum samhljóða þeim breytingum sem ákveðnar voru á síðasta þingi. Þó er bætt inn ákvæði um að menntmrn. verði að samþykkja þau verkefni sem fræðsluskrifstofur taka að sér fyrir sveitarfélög eða samtök þeirra eða þessir aðilar taka að sér fyrir fræðsluskrifstofur.

Í 16. gr. frv. er fjallað um skipan skólanefnda í sveitarfélögum með yfir 10 þús. íbúa eða eins og greinin er orðuð: „Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi.

Sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla telst eitt skólahverfi séu íbúar færri en 10 þús. Fjölmennari sveitarfélögum skal skipta í skólahverfi og annast viðkomandi sveitarstjórn þá skiptingu með samþykki menntmrn. Við þá skiptingu skal miða við að íbúar í hverju skólahverfi séu að jafnaði ekki fleiri en 15 þús. og ekki færri en 5 þús. Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr viðkomandi sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.“ Þessi grein er í samræmi við frv. sem lagt var fram á Alþingi 1988 í hv. efri deild af þingmönnum úr öllum flokkum, 154. mál þess þings. Í grg. með því frv. sagði svo:

„Tilgangur þessa frv. er að færa yfirstjórn skólamála, í þessu tilviki starf skólanefnda, nær vettvangi og auka lýðræði og áhrif íbúa skólahverfis á stjórn skóla og auðvelda þannig samstarf einstakra skóla og skólanefnda og gera það markvissara en nú er. Það er álit flm. að með þessum hætti aukist líkur á því að málefni einstakra skóla fái betri umfjöllun og afgreiðslu fyrr en nú er og einnig að íbúar einstakra íbúðarhverfa geti haft aukin áhrif á þróun skólamála í sínu nánasta umhverfi.“

Þeir sem fluttu frv. á síðasta þingi höfðu einkum í huga þann vanda Reykvíkinga að Reykjavík er eitt skólahverfi samkvæmt gildandi grunnskólalögum. Þeir töldu þó að sami vandi gæti birst í öðrum byggðarlögum og því kæmi til greina að lækka viðmiðunartöluna 20 þús. t.d. í 10 þús. ef aðrir þingmenn teldu það til bóta eins og fram kom í umræðum. Í 16. gr. er miðað við 10 þús. íbúa og tekur því breytingin til Reykjavíkur og stærstu kaupstaða landsins.

Í 17. gr. er um að ræða ákvæði sem eru lítið breytt efnislega eða óbreytt frá því sem er í gildandi lögum.

Í 18. gr. er fjallað um skipan skólanefndanna. Þar er um að ræða nokkrar orðalagsbreytingar til samræmis við 16. og 17. gr. frv. Gert er ráð fyrir að skólanefndir í sveitarfélögum sem standa ein að skólarekstri skuli skipaðar fimm mönnum ef íbúar eru 500 eða fleiri í stað 900 áður. Ákvæði þess efnis að í Reykjavík fari fræðsluráð með hlutverk skólanefndar er fellt brott.

Þær nýjungar eru svo teknar upp í þessari grein að foreldrar í hverju skólahverfi kjósi úr sínum hópi fulltrúa til starfa með skólanefnd. Enn fremur er ráðuneytinu gert skylt að leita tillagna samtaka kennara á grunnskólastigi áður en reglur eru settar um kosningu kennarafulltrúa í skólanefnd og ráðuneytið skal einnig setja reglur um kosningu foreldrafulltrúa.

19. gr. er í raun og veru óbreytt frá því sem er í gildandi lögum og lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í 20. gr. er áréttað að skólastjóri er forstöðumaður þess skóla sem hann starfar við og stjórnar starfi hans. Staða skólastjóra hefur að mörgu leyti þótt óljós. Hér er leitast við að skýra hana og einfalda gildandi lagatexta til að taka af öll hugsanleg tvímæli.

Í 21. gr. er lögð aukin áhersla á samskipti heimila og skóla og kennurum gert skylt að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum. Hér er að mínu mati um ákaflega mikilvægt ákvæði að ræða sem mjög góð samstaða á að vera um hér á hv. Alþingi. Markmiðið er að foreldrar geti fylgst betur með námi barna sinna og þar með verið færari um að veita skólanum nauðsynlegt aðhald og hafa áhrif á skólastarfið.

Í 22. gr. eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar frá gildandi lagatexta varðandi nemendaráð. Heimildin tekur til allra grunnskólanema í stað nemenda í 7.–9. bekk eins og það er í gildandi lögum.

23. og 24. gr. eru lítt breyttar frá því sem er í gildandi lögum um grunnskóla, samkvæmt þeim breytingum sem gerðar voru á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á síðasta þingi.

Í 25. gr. er skólahúsnæði skilgreint. Þar er lögð sérstök áhersla á mikilvægi skólasafns, aðgengi og aðstöðu fatlaðra, aðstöðu fyrir nemendur til náms og hvíldar og aðstöðu til að neyta málsverðar og húsnæði til sérkennslu og ráðgjafarþjónustu.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að menntmrn. ákveði í reglugerð hvaða búnaður og kennslutæki skuli vera í skólum miðað við stærð þeirra og hlutverk. Auk þess er gert ráð fyrir því að menntmrn. beiti sér fyrir að gerðar verði framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar sem miðist við einsetinn skóla, sbr. 3. gr. frv.

Í 26. gr. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum og að 2. mgr. gildandi lagagreinar um þetta efni falli niður en í staðinn komi ákvæði um að tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skuli kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi til þess að foreldrar og aðrir íbúar hafi tækifæri til að gera athugasemdir og koma með ábendingar. Einnig er gert ráð fyrir því

að viðkomandi skólastjóri og fulltrúar kennara séu með í ráðum við hönnun skólahúsnæðis því að sjálfsagt þykir að þeir sem í skólunum starfa hafi áhrif á gerð húsnæðis vegna sérþekkingar sinnar. Þá er einnig ákvæði í greininni um að áður en framkvæmdir hefjist skuli leita eftir samþykki menntmrn. í samræmi við lagabreytingar sem samþykktar voru á síðasta þingi. Eðlilegt þykir að menntmrn. fái upplýsingar um fyrirhuguð skólamannvirki í tvíþættum tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að unnt sé að koma á framfæri athugasemdum vegna lágmarkskrafna um aðbúnað og vinnuaðstöðu til kennslu og í öðru lagi að ráðuneytið geti með nægilegum fyrirvara tekið afstöðu til þess kostnaðar við kennslu og fleira sem af byggingu skólans leiðir.

27. gr. er samhljóða gildandi lögum og hið sama er að segja um 28. og 29. gr.

30. gr. fjallar um starfslið grunnskóla. Þar er lagt til að heiti IV. kafla breytist frá gildandi lögum og verði einfaldlega starfslið grunnskóla. Þar er vitnað til laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Í þessu frv. eru alls staðar, eins og ég sagði áður, herra forseti, felld út ákvæði um setningu og skipun en í stað þess er gert ráð fyrir ráðningu starfsmanna í skóla. Þá er það nýmæli að kennararáð geri tillögu til menntmrn. um ráðningu skólastjóra auk skólanefndar og fræðslustjóra.

Í 31. gr. verður sú breyting að starfsheitinu yfirkennari er breytt í starfsheitið aðstoðarskólastjóri til þess að undirstrika að þessi starfsmaður er fyrst og fremst aðstoðarmaður skólastjóra. Þá er fellt niður ákvæði um að ráðherra sé skylt að fara eftir tillögum umsagnaraðila ef þeir eru sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda í stöðu aðstoðarskólastjóra þar sem ekki þykir ástæða til það hafa þau sérákvæði um þessa starfsmenn eingöngu.

Í 32. gr. er fjallað um ráðningu starfsliðs skólanna. Nú er ráðningu þannig háttað að menntmrn. setur eða skipar kennara að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra. Þrátt fyrir þessi ákvæði hefur ráðning kennara raunverulega verið í höndum skólastjóra. Breytingin er því fyrst og fremst formleg og rétt þykir að það fyrirkomulag verði lögfest. Það er gert ráð fyrir því að skólastjóri ráði kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði í samráði við skólanefnd og geti þessir aðilar vísað hugsanlegum ágreiningi til menntmrn. með greinargerð. Takist ekki að fá kennara með réttindi til að sækja um auglýsta stöðu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir skal skólastjóri sækja um undanþágu til að ráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa í samræmi við 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Fræðslustjórar munu síðan staðfesta ráðningarsamninga í umboði menntmrn.

Í 33. gr. verður sú breyting að fræðslustjórar auglýsa stöður við grunnskóla í stað ráðuneytisins. Stöður við grunnskóla hafa allar verið auglýstar í gegnum ráðuneytið sem nú flyst til fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa. Þá er gert ráð fyrir því í frv. að gengið verði frá ráðningu fyrir 1. maí í stað 1. júlí til þess að ráðningum sé lokið áður en skólastarfi lýkur að vori og þar með sé hægt að skipuleggja næsta skólaár fyrr en nú.

34. gr. er í samræmi við breytt lagaákvæði um verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga.

35. gr. er óbreytt.

Í 36. gr. er lítils háttar breyting þar sem gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir kennsluafslætti við 55 og 60 ára aldur verði 10 ára kennsluferill í stað 20 ára og skal bent á að hjá framhaldsskólakennurum er kennsluafsláttur vegna aldurs ekki bundinn við lengd starfsferils.

Í 37. gr. er orðalagi breytt í samræmi við lögin um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Og rétt er að taka fram, vegna þess orðalags sem er í greininni, að þegar talað er um fastan kennara í 1. málsgr. er átt við kennara sem ráðnir eru í hálft starf eða meira.

Í 38. gr. er sú breyting gerð að skólastjórar eigi að velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund til þess að tryggja að kennarar séu með í ráðum þegar valdir eru umsjónarkennarar.

Í 39. gr. er um að ræða tillögu um einföldun á gildandi lagaákvæðum um orlof. Í stað orðsins „orlof" er alls staðar í þessu frv. notað orðið námsleyfi sem undirstrikar enn betur markmið greinarinnar og í stað orlofstíma er talað um leyfistíma af sömu ástæðu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara hér yfir 40. gr. frv.

41. gr. er mjög mikilvæg. Hún fjallar um starfstíma grunnskóla, námsefni og kennsluskipan. Í greininni segir svo:

„Reglulegur starfstími grunnskólanemenda skal vera 9 mánuðir á hverju skólaári og hefjast 1. september en ljúka 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla getur menntmrn. heimilað það, að fenginni umsögn fræðsluráðs. Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð og skóladagatali sem ráðuneytið gefur út árlega."

Í grg. með frv. er birt nokkuð fróðleg tafla um þessi mál þar sem sést hvernig þau hafa þróast og með hvaða hætti lagt er til að þau verði í frv.

Í gildandi lögum er reglulegur starfstími grunnskóla mismunandi eftir skólahverfum og er hann 7–9 mánuðir. Í greinargerðinni er birtur samanburður á starfstíma skólanna eftir mánuðum árin 1973 og 1974 annars vegar og 1988 og 1989 hins vegar. Þar kemur í ljós að 1973–1974 voru aðeins 57% nemenda í skólanum í 9 mánuði alls en á tímanum frá 1974 hefur tíminn lengst í skólum þannig að núna er þetta hlutfall orðið 77%, hlutfall sem var 57% áður.

Í öðru lagi kemur fram að sá fjöldi nemenda sem

eru 8½ mánuð í skólanum hefur breyst lítið á tímanum. Þeir sem eru 8 mánuði eru mikið færri en þeir voru áður og hið sama er að segja um þá sem eru skemur en 8 mánuði.

Í 42. gr. er kveðið nánar á um þau meginatriði sem fjallað er um í 2. gr. frv. Þessi grundvallaratriði og grundvallarmarkmið grunnskólalaganna eru sameiginleg öllum námsgreinum og koma ekki einungis fram í venjulegri kennslu heldur í öllu starfi skólans. Hér er fyrst og fremst lögð aukin áhersla á þessi atriði með ákvæðum 42. gr. og tekið tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur frá setningu laganna 1974 fremur en að um efnisbreytingu sé að ræða. Í greininni er gert ráð fyrir því að í stað orðsins „kennslufræði" í gildandi lögum verði notað orðið „kennsluskipan". Með því er verið að leggja áherslu á aukið, faglegt sjálfstæði skólanna. Í stafliðum a-i í þessari grein eru ákvæði um hvaða markmið og inntakslýsingar skuli setja í aðalnámsskrá. Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða þótt uppröðun sé lítillega breytt frá gildandi lagagrein. Aukin áhersla er lögð á hlut skólans í því að stuðla að heilbrigði og hollustu.

Síðasta mgr. frv. er viðbót við gildandi lagaákvæði. Þetta ákvæði er nú í lögum um Námsgagnastofnun en þar sem það varðar ekki síður ýmsa aðra útgefendur námsefnis þykir rétt að hafa það ákvæði í grunnskólalögum. Í tillögu um breytingar á lögum um Námsgagnastofnun sem er til meðferðar hér á hv. Alþingi er gert ráð fyrir því að þetta ákvæði falli út.

Í 43. gr. er gerð sú áherslubreyting frá gildandi lögum að tómstunda- og félagsstarf fari ekki fram aðeins utan venjulegs skólatíma heldur að tómstunda- og félagsstarf geti einnig verið liður í venjulegu, daglegu starfi. Síðasta mgr. um kennaranámskeið á vegum menntmrn. er felld brott enda eru slík námskeið fremur verkefni stofnana sem annast kennaramenntun en ráðuneytisins.

Í 44. gr. er um að ræða talsverða breytingu frá því sem er í gildandi lögum. Í greininni segir svo, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann (þ.e. kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi" og síðan er það tilgreint fyrir hvern bekk, í 1. bekk þúsund mínútur o.s.frv. Síðan segir: „Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda. Samfelld kennslustund má þó ekki vera lengri en 80 mínútur og ekki skemmri að jafnaði en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum."

1. mgr. 44. gr. er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Hér er um að ræða almennt ákvæði sem varðar vinnuálag á nemendur. Í 2. mgr. er orðalagið „sem næst" fellt út en í stað þess sett lágmark í stafliðina a–j. Lágmarkskennsla sem nemendur í grunnskóla eiga rétt á verður þá ákveðnari en er kostur á samkvæmt gildandi lögum. Í þessu efni er einnig rétt að vísa til ákvæðis til bráðabirgða sem verður fjallað um hér á eftir.

Í stafliðum a–j er lagt til að vikulegur skólatími yngri barna verði aukinn að lágmarki í 1000 mínútur eða 5 kennslustundir á dag að jafnaði miðað við 5 daga kennsluviku.

Í töflunni sem birt er í grg. með frv. kemur fram samanburður á vikulegum kennslustundafjölda samkvæmt gildandi lögum, gildandi viðmiðunarstundaskrá, lágmarki samkvæmt 44. gr. þessa frv. og hámarki í ákvæðum til bráðabirgða í frv. þessu.

Ef við lítum aðeins á gildandi grunnskólalög og 7 ára börnin þá gera þau ráð fyrir 22 tímum á viku. Viðmiðunarstundaskráin gerir ráð fyrir 22 tímum á viku. Þetta frv. gerir ráð fyrir 25 tímum á viku og hámarkið eftir aðlögunartímann yrði 35 stundir á viku. Þá er auðvitað ekki verið að tala um hefðbundna stundaskrárkennslu í 35 tíma heldur margvíslegar nýjar greinar sem skólinn mundi þá sinna eftir að skóladagurinn hefur verið lengdur, eins og list- og verkmenntagreinar af ýmsu tagi.

Samkvæmt gildandi fjárlögum fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir því að verja 41–42 millj. kr. til þess að lengja skóladaginn hjá yngstu börnunum. Í samræmi við það hefur hafist undirbúningur að því verkefni sérstaklega í menntmrn. þannig að unnt verði að tilkynna það skólunum núna á næstunni og fræðslustjórunum. Ég mun halda fund á fimmtudag og föstudag með öllum fræðslustjórum í landinu þar sem farið verður yfir það hvernig verður háttað lengingu skóladagsins hjá yngstu börnunum. Við gerum ráð fyrir að lengingin eigi sér stað í 6 ára bekk, 7 ára bekk og 8 ára bekk, þ.e. 1., 2. og 3. bekk samkvæmt þessu frv.

Í þessu sambandi er kanski rétt að nefna það, herra forseti, að auðvitað kann svo að fara að á þeim tíma sem eftir er af Alþingi nú treysti menn sér ekki til þess að afgreiða þetta frv. í heild. Ég vil þó leggja á það áherslu og fara fram á það við hv. menntmn. og hv. Nd. að kannað verði mjög alvarlega að afgreiða a.m.k. ákvæðin um skólaskyldu 6 ára barna þannig að sá þáttur verði afgreiddur fyrir næsta haust. Fyrir því er séð í fjárlögum ársins 1990 að fjármunir eru til að standa undir því að 6 ára börnin verði öll skólaskyld.

Í 45. gr. eru óverulegar breytingar.

Í 46. gr. eru aftur á móti nokkrar breytingar. Það er gert ráð fyrir því að meðaltal nemenda í bekk verði 24 í stað 28. Í raun og veru er með þessu verið að staðfesta þróun og veruleika sem þegar liggur fyrir. Meðalfjöldi nemenda í bekk hefur lækkað og er núna 22–24 nemendur í stærri skólum. Meðaltalið er auðvitað mikið lægra í fámennu skólunum í landinu. Í gildandi lögum er ákvæði um að nemendafjöldi í bekkjardeild fari ekki yfir 30. Sú tala gildir áfram um

efri bekki grunnskóla en gert er ráð fyrir því að í 1.–3. bekk fari nemendafjöldi einstakra bekkja aldrei yfir 22. Eðlilegt er að í skólabyrjun þar sem grunnur er lagður að skólagöngu séu færri nemendur í bekk en þegar ofar dregur. Hvort tveggja er að nemendur þurfa meiri einstaklingsaðstoð þegar þeir eru yngri og mikilvægt að tryggja sem best grundvallarfærni, svo sem í lestri.

Í þessu sambandi er hins vegar rétt að leggja á það áherslu að það er forgangsstefnuatriði menntmrn. um þessar mundir að lengja skóladaginn. Og það er útilokað að gera hvort tveggja í senn fyrir sömu krónuna, að lengja skóladaginn og fækka verulega í bekkjum.

Við höfum ákveðið að taka lengingu skóladagsins fyrir yngstu börnin út úr og veita því algeran forgang í okkar áherslum í ráðuneytinu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hv. Alþingi átti sig á því að þetta er forgangsatriði og hlýtur að vera það og menn geta ekki á sama tíma stuðlað að þeirri fækkun í bekkjardeildum sem æskileg væri. Það er líka vert að benda á það í þessu sambandi, virðulegi forseti, hvernig þessum málum er háttað í grannlöndum okkar þar sem meðalfjöldi í bekk og hámark í bekkjardeild er yfirleitt svipað eða jafnvel heldur hærra en það er hér á landi.

Í 46. gr. er bætt við nýrri mgr. sem heimilar skólunum að blanda saman aldurshópum. Margir skólar hafa þegar tekið upp slíkt skipulag, bæði tímabundið og til lengri tíma og í fámennum skólum er blöndun árganga reyndar alveg óhjákvæmileg. Blöndun árganga hentar vel til að ná ýmsum markmiðum náms og kennslu í grunnskólum, svo sem um félagsþroska, samvinnu og jafnrétti.

Í 47. gr. er einnig miðað við samkennslu nemenda í fámennum skólum sem er breyting frá því sem nú er og ber að leggja á hana alveg sérstaka áherslu.

Í 49. gr. eru aldursákvæði nokkuð rýmkuð frá gildandi lögum auk þess sem ákvæðin um vorskóla eru felld niður þar sem þeir eru nú alls staðar aflagðir.

Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir 50. gr. frv.

Í 51. gr. er tekið upp það nýmæli að námsráðgjafar skuli starfa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur og sinna ráðgjöf við nemendur um mál er tengjast námi þeirra. Hér er um að ræða náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf.

Í 52. gr. er fjallað um nemendaverndarráð sem er ætlað að samræma skipulag og framkvæmd ýmiss konar þjónustu fyrir nemendur. Hér er átt við sérkennslu, námsráðgjöf, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og heilsuvernd.

Í 54. gr. er nýtt ákvæði í 5. mgr. um að ekki verði heimilt að víkja nemanda úr skóla án þess að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja honum skólavist annars staðar eða önnur úrræði. Þetta er nýmæli. Í gildandi lögum er heimilt að víkja nemendum úr skóla án þess að neinar upplýsingar liggi fyrir um það hvað um nemandann síðan verður. Tæplega verður sagt að það ákvæði gildandi grunnskólalaga sé í samræmi við anda þeirra.

Í 57. gr. er aðalbreytingin sú að heimilt verði að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluskrifstofu að annast þjónustu við forskóla- og framhaldsskólastigið líka og það er mjög mikilvægt atriði að þessir faghópar sem munu tengjast skólunum í vaxandi mæli á komandi árum geti einnig sinnt verkefnum fyrir forskóla- og framhaldsskólastigið.

Í 58. gr. sem er ný grein er gert ráð fyrir því að heimila rekstur kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofur og þjónustu við bókasöfn. Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar hefur starfað síðan 1983. Þar hefur verið haldið uppi öflugri kynningu og upplýsingastarfsemi og almennri þjónustu við starfsfólk skóla. Þegar er kominn vísir að svonefndum kennslugagnasöfnum við fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur. Nefnd sem skipuð var til að fjalla um kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur skilaði áliti fyrir stuttu og mælir mjög eindregið með frekari breytingu á þessu sviði. Alþingi samþykkti ályktun um málið vorið 1985 og menntmrn. hefur farið fram á fjárveitingar til að koma á fót og efla þá þjónustu sem kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur geta látið í té. Þessi grein miðar að því að staðfesta þá þróun sem þegar er orðin í því skyni að jafna aðstöðu skóla í landinu.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla hér nánar um 59.–61. gr.

Í 62. gr. er fjallað um námsmat. Hér er orðið „námsmat" notað í stað orðsins „próf" eins og það er í gildandi lögum enda er litið svo á að próf í venjulegum skilningi sé hluti af námsmati og ýmsar aðferðir aðrar en próf henti betur til að afla upplýsinga um sum markmið náms. Enn fremur eru felld út ákvæði um einkunnir og að vitnisburðir séu færðir í prófbækur og einkunnabækur eins og um er að ræða í gildandi lögum.

Í 63. gr. er meginbreytingin sú að ekki er lengur tiltekið í hvaða námsgreinum skuli halda samræmd próf. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir stöðluðum prófum því að ákvæði laganna um stöðluð próf hefur ekki komið til framkvæmda, enda afar tímafrekt, kostnaðarsamt og vafi á að gagnsemi slíkra prófa réttlæti kostnaðinn.

Í 66. og 67. gr. er fjallað um skólaþróun.

Í 68. gr. er fjallað um þróunarsjóð grunnskóla. Þetta er ný grein. Þróunarsjóður grunnskóla hefur þegar verið stofnaður og var starfræktur í fyrsta sinn á árinu 1989. Í honum voru þá 4½ millj. kr. Fé úr honum er úthlutað samkvæmt sérstökum reglum í samráði við hlutaðeigandi aðila. Á árinu 1990 var framlag í Þróunarsjóð grunnskóla tvöfaldað frá því sem það var á árinu 1989. Ef þingmenn óska eftir því þá er ég tilbúinn til þess að gera grein fyrir Þróunarsjóði grunnskóla í einstökum atriðum í tengslum við þessa umræðu. Þróunarsjóðurinn hefur ákaflega mikilvægu hlutverki að gegna við að styrkja nýjungar í skólastarfi og hann hefur mætt miklum áhuga og skilningi og velvilja af hálfu kennara og annarra aðstandenda skólanna.

Fyrir utan þau ákvæði sem þarna er að finna um

Þróunarsjóð grunnskóla er vert að vekja athygli á því að ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti lagt á það áherslu að ýta undir tilrauna- og þróunarstarf í skólum víðs vegar um land. Ég gæti nefnt tugi dæma. Ég ætla aðeins að nefna tvö, annars vegar átak til jafnréttisfræðslu sem hefur verið í gangi í fræðsluumdæminu á Reykjanesi og ég vil síðan nefna það að á sl. hausti hófst tilraun í Fossvogsskóla með heilsdagsskóla. Þá var skólanum veitt aukið kennslumagn sem kostar 1,7 millj. kr. á þessu skólaári. Aðstæður í Fossvogsskóla eru nú þannig að allir nemendur geta verið samtímis í skólanum, fyrir hádegi, þannig að skólinn er einsetinn. Viðbótarkennslumagnið var notað til þess að lengja skóladag yngstu barnanna og eru 6–8 ára börnin 25 stundir á viku í skólanum þetta skólaárið. Við gerum ráð fyrir því að þessi tilraun standi um nokkurra missira skeið og að allir aldurshópar verði samtímis í skólanum en elstu tveir bekkirnir kæmu í skólann kennslustund fyrr en þau yngri. Menntmrn. fylgist með þessari tilraun. Í lengri skólatíma barnanna í Fossvogsskóla er miðað við að lenging skólatímans nýtist fyrst og fremst til þess að auka nám í list- og verkgreinum og við munum hagnýta okkur þær upplýsingar sem fást úr tilrauninni í Fossvogsskóla þegar farið verður að lengja skóladaginn með kerfisbundnum hætti í framhaldi m.a. af samþykkt frv. til þessara grunnskólalaga sem ég er hér að mæla fyrir.

Í 70. gr. frv. er fjallað um skólasöfn. Ég vil geta þess í þessu sambandi að hafin er vinna við undirbúning að setningu reglugerðar um skólasöfn sem ekki hefur verið til áður.

Í 72. gr. er fjallað um einkaskóla og er greinin efnislega óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um að skólagjöld séu háð samþykki menntmrn. Ég ætla ekki að hefja hér almenna umræðu um einkaskóla en bara segja þetta, virðulegi forseti. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að til verði almennar reglur um það hvernig ráðuneytið á að bregðast við þegar óskað er eftir stofnun einkaskóla. Ég tel að það sé jafnfráleitt að segja já við öllum slíkum beiðnum og nei við öllum slíkum beiðnum. Það er grundvallaratriði skynsamlegrar skólastefnu að ná samstöðu, helst þjóðarsamstöðu um mál af þessu tagi. Það er slæmt fyrir skólann og börnin sem í skólanum kunna að verða og foreldra þeirra að það séu stöðug átök og sviptingar um viðkomandi skólastofnun. Þess vegna tel ég að umræða um þessi mál þurfi að fara fram með kannski dálítið öðrum svip en stundum hefur verið. Hér er ekki gerð nein tillaga um breytingar á gildandi lagaákvæðum í þessu efni en ég fitja upp á umræðunni til að minna á að hún er óhjákvæmileg.

Ég mun ekki fara hér, virðulegi forseti, út í það að fjalla um fjármál skólanna vegna þess að þar eru einfaldlega þræddir þeir kaflar sem teknir voru inn í lögin um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er því í sjálfu sér engin þörf á að fara yfir það hér svo skammt sem liðið er síðan að um þessi fjármál og fjárskipti ríkis og sveitarfélaga vegna skólamála var fjallað á hinu virðulega Alþingi.

Ég vil þá að lokum, herra forseti, víkja hér að ákvæði frv. til bráðabirgða. Þar er gert ráð fyrir því að ákvæði 44. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemanda komi til framkvæmda á næstu þrem árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 46. og 47. gr. um fjölda nemenda í bekkjum og ákvæði 51. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Í þriðja lagi er í ákvæði til bráðabirgða sagt að stefnt skuli að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laga þessara samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslu grunnskólanemenda að því marki að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi allra nemenda 35 stundir.

Að fimm árum liðnum, segir svo að lokum í ákvæðinu, frá gildistöku laga þessara skal menntmrh. gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Ég vil aðeins í þessu sambandi segja það, herra forseti, að ég hef heyrt það og reyndar séð það í fjölmiðlum að menn hafa verið að hafa orð á því að ákvæði þessa frv., ef það yrði að lögum, séu dýr. En ég vil trúa þinginu fyrir því, og vona að hv. Alþingi taki það gott og gilt, að þessi ákvæði eru ódýr í framkvæmd miðað við það tjón sem unga fólkið, börnin og þar með þjóðin verða fyrir vegna núverandi ástands í þessum efnum. Það er auðvitað löngu, löngu ljóst að þegar gert er ráð fyrir því að báðir foreldrar, ef báðum er til að dreifa, vinni úti frá börnum sínum þarf þjóðfélagið um leið að gera ráðstafanir sem tryggja að þessi börn séu í sæmilegu skjóli og öryggi. Það tjón sem þjóðfélagið verður fyrir vegna vanrækslu í þessu efni er mikið stærra en nemur þeim kostnaði sem það tekur að framkvæma þetta frv. ef að lögum yrði.

Það sem einkum hefur verið nefnt í sambandi við kostnað við að framkvæma þetta frv. er það ákvæði að koma á einsetnum skóla á tíu árum, það sé óhemju kostnaðarsamt. Staðreyndin er sú að ef þeir peningar sem í dag fara til skólabygginga eru notaðir til þess að bæta við skólastofum þá næst þetta mark á tíu árum. Það er ekki meira afrek en það. Vandinn liggur ekki í því að ekki hafi verið varið til þessa nægilegum peningum. Vandinn liggur í því að þungi verkefnisins verður svo mismunandi eftir byggðarlögum. Vandinn á landsbyggðinni er ekki sá að þar þurfi að byggja svo mikið meira húsnæði fyrir skóla, a.m.k. ekki í hinu ýtrasta dreifbýli þó að það eigi við um staði eins og Akranes, Ísafjörð, Akureyri, Sauðárkrók, Siglufjörð, svo nokkur dæmi séu nefnd. Vandinn liggur í því að ef sú öfugþróun heldur áfram í byggðamálum sem hefur gengið hér yfir núna um nokkurra ára skeið mun verða erfitt fyrir þéttbýlli sveitarfélögin, m.a. Reykjavík, að svara kröfum um einsetinn skóla fyrir sín börn af því að fjölgunin er margföld á við það

sem eðlilegt væri að gera ráð fyrir. Á þetta ekki bara við um Reykjavík heldur líka Kópavog, Hafnarfjörð, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Garðabæ. En það er alveg augljóst mál að ef peningarnir sem hvort sem er hafa farið til að byggja skólana færu til þess að fjölga stofum í samræmi við markmið frv. ef að lögum verður, ef þeim er varið í það þá næst þetta markmið á tíu árum. Og meginkosturinn við frv. er að mínu mati sá að það er ekki aðeins lagarammi, það er líka tilraun til að lögfesta tiltekna stefnu.

Við höfum dæmi um slíkt frá síðustu árum. Við höfum dæmi um það t.d. í lögum að tekin sé ákvörðun um tiltekna áfanga í félagslegum réttindum án þess að um leið sé gengið frá fjármögnun þeirra áfanga í einstökum atriðum. Engu að síður hafa þeir verið framkvæmdir. Nýjasta dæmið sem ég man eftir er ákvörðun um lengingu fæðingarorlofs sem var tekin án þess að í rauninni væri búið að sjá fyrir fjármögnun þess um leið og ákvörðun var tekin á þeim tíma. En engu að síður hafa menn framkvæmt lögin um lengingu fæðingarorlofs með breytingum á lögum um almannatryggingar. Með því að Alþingi gangi frá viljayfirlýsingu og lögum um stefnu af því tagi sem hér er um að ræða á að vera unnt að knýja á um framkvæmd hennar og það skapar líka viðspyrnu fyrir fræðsluyfirvöld, fyrir menntmrh., fyrir fræðslustjóra, skólastjóra og kennarasamtök að fylgja málinu eftir ef stefnan hefur verið mörkuð, ef menn vita hvert þeir eru að fara.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur hæstv. menntmrh. mælt fyrir frv. til laga um grunnskóla en hér er um að ræða frv. til allítarlegs lagabálks. Núgildandi lög um grunnskóla eru frá árinu 1974 og því orðin 16 ára gömul og vissulega kominn tími til að huga að endurskoðun þessara laga.

Grunnskólalög leggja grundvöll að skólastarfi á skyldunámsstigi, þ.e. 7–16 ára eins og skyldunámið er nú. Þetta eru gríðarlega mikilvæg lög eins og liggur í augum uppi. Það er því mjög nauðsynlegt að vanda vel til verka við slíka lagasetningu og Alþingi verður að fá góðan tíma til athugunar á þessu frv. Ég var þess vegna mjög ánægður að heyra hæstv. menntmrh. segja það í sinni framsöguræðu að hann gerði alveg eins ráð fyrir því að þetta þing treysti sér ekki til að afgreiða þessi lög enda er tíminn nú orðinn svo naumur að það er útilokað að unnt verði að gera það að mínu mati. Hitt er annað mál að það er sjálfsagt að kanna það rækilega í menntmn. þessarar hv. deildar og taka út úr það sérstaka atriði sem hann mæltist sérstaklega til, þ.e. um skólaskyldu 6 ára barna.

Umræða um skólamál hefur verið mikil undanfarin missiri. Það hafa vissulega komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um breytingar á grunnskólalögum en gagnrýni á skólastarf í okkar landi hefur þó ekki síður beinst að því að ekki hafi tekist að koma í framkvæmd ýmsum ákvæðum núgildandi grunnskólalaga. Innra starf skóla hefur einnig verið gagnrýnt. Ég nefni í því sambandi t.d. skýrslu OECD sem kom út fyrir nokkrum árum þar sem ýmis gagnrýni var sett fram á okkar skólastarf. Ýmsir aðrir hafa fjallað mikið um skólastarfið. Ég nefni t.d. Kennarasamband Íslands sem gaf út sérstaka skólastefnu fyrir örfáum árum síðan. Þar var sett fram stefna sem hægt er að taka undir í mörgum greinum.

Aðdragandi þessa frv. er langur eins og rakið er í grg. með frv. Þar er m.a. vitnað til frv. og þáltill. sem þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt á undanförnum þingum. Ég vil sérstaklega í því sambandi nefna frv. sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Pálsson, ásamt þeim sem hér stendur hafa flutt um skólaskyldu 6 ára barna, lengingu daglegrar skólavistar barna, um forskóla og nákvæmari ákvæði um einkaskóla.

Ég vil einnig nefna frv. sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir ásamt fleirum hefur flutt um aukna samvinnu foreldra og skóla. Og ég nefni einnig þáltill. sem flutt var á síðasta þingi um lengd skólaárs og samfelldan skóladag, en ég var 1. flm. að þeirri tillögu ásamt hv. þm. Þorsteini Pálssyni og Ragnhildi Helgadóttur. Þeirri þáltill. var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Aðalatriði í frv. og tillögum sem sjálfstæðismenn hafa flutt á undanfarandi þingum eru eftirfarandi: Það er skólaskylda 6 ára barna, lenging daglegrar skólavistar barna, almenn heimild til forskóla fyrir 5 ára börn, nákvæmari ákvæði um einkaskóla, aukin samvinna foreldra og skóla, 9 mánaða skóli hjá öllum og samfelldur skóladagur.

Þessar tillögur hafa verið í samræmi við niðurstöður samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál sem skipuð var af hæstv. þáv. forsrh. Þorsteini Pálssyni. Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun þeirrar ríkisstjórnar var ítarlega fjallað um fjölskyldumál og skipuð samstarfsnefnd ráðuneyta til að fylgja þeirri yfirlýsingu eftir. Sú nefnd skilaði svokallaðri áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál og hefur sú skýrsla verið birt sem hluti af þskj., þ.e. fskj. með frv. sem lagt var fram í upphafi þessa þings á þskj. 27. Flest þau atriði sem fram hafa komið í okkar frv. hafa verið tekin upp í þetta frv.

Í athugasemdum við lagafrv. hæstv. menntmrh. er greint frá undirbúningi þess eins og ég gat um áðan. Ég vil aðeins vekja athygli á því að þar segir að skömmu eftir að menntmrh. hafi lagt fram frv. til kynningar á Alþingi á sl. vori hafi það verið sent allmörgum aðilum til umsagnar. Síðan segir: „Þær umsagnir sem bárust fylgja frv. þessu.“ — Það er nú ekki svo því umsagnirnar fylgja ekki frv. Ég vakti hins vegar athygli hæstv. menntmrh. á þessu og hann sendi mér þessar umsagnir og þakka ég honum fyrir það.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er annað sem vantar með þessu frv., þ.e. kostnaðarmat. Nú er það svo að það er lagaskylda samkvæmt lögum sem Alþingi hefur samþykkt fyrir allmörgum árum að frv. sem þessu eigi að fylgja kostnaðarmat og það er að

sjálfsögðu lágmarksatriði að hæstv. ráðherrar fylgi þeirri lagaskyldu og láti fylgja kostnaðarmat með frv. eins og þessu því óneitanlega hefur þetta frv. í för með sér allmikinn kostnað.

Meginbreytingar á gildandi lögum eru tilgreindar í átta töluliðum á bls. 8–21 í grg. og ég mun ræða hverja þessa breytingu fyrir sig í tengslum við einstakar greinar frv. Ég vil þó segja um þá valddreifingu sem boðuð er í frv. að hún er meira í orði en á borði. Það eru stutt skref stigin og sú valddreifing sem fram kemur í frv. er meira að færa einstakar ákvarðanir innan ráðuneytisins en sú valddreifing sem maður hefði viljað sjá, þ.e. að færa meira vald út til sveitarfélaganna og út til skólanna sjálfra, hún er ekki svo mjög áberandi í frv.

Ég vil frekar segja að það gæti tilhneigingar til aukinnar miðstýringar og vissrar forræðistilhneigingar gagnvart sveitarfélögunum. Í þessu sambandi vil ég rifja upp að við stöndum að nokkru leyti í öðrum sporum nú en við gerðum fyrir ári síðan þegar við ræddum um skólamál. Sú meginbreyting var gerð hér á Alþingi á sl. vori að grunnskólinn var að miklu meira leyti en áður færður yfir til sveitarfélaganna, þ.e. allur stofnkostnaður vegna grunnskólanna er nú á herðum sveitarfélaganna og þau sjá um rekstur grunnskólanna en ríkið greiðir hins vegar laun kennara og þeirra sem vinna skyld störf. Hérna er um mjög breyttar forsendur að ræða og mér finnst að í þessu frv. hafi ekki verið nægilega mikið tekið tillit til þess. Ég skil ummæli ýmissa sveitarstjórnarmanna þegar þeir segja: Ríkið er núna búið að færa grunnskólann yfir á sveitarfélögin og þá ætlar ríkið sér að setja lög sem leggur miklar og auknar skyldur og meiri kostnað á sveitarfélögin en áður var.

Þetta er atriði sem ég held að þurfi að athuga miklu nánar í tengslum við undirbúning og endanlega samþykkt þessa máls og reyndar eru sum atriði frv. þannig að þau verða ekki samþykkt nema í miklu nánari samvinnu við sveitarfélögin en gert hefur verið með undirbúningi frv.

Ég skal líka viðurkenna að þau frv. sem ég hef t.d. staðið að á síðasta þingi og reyndar í upphafi þessa þings eru að vissu leyti þessu sama marki brennd. Þau eru byggð á þeirri forsendu sem var að ábyrgð á rekstri grunnskóla og byggingum sé fyrst og fremst á höndum ríkisins en sveitarfélögin greiði einungis ákveðinn kostnað þar af.

Það er t.d. spurning hvort eigi að setja í lög ákvæði eins og skiptingu sveitarfélags í skólahverfi. Það er líka spurningin um hvort eigi að kveða jafnsterkt að orði eins og gert er, að stefnt skuli að heildstæðum og einsetnum skóla með ekki fleiri en 650 nemendur. Það er líka spurning hvort eigi að leggja þá skyldu á sveitarfélög að það eigi að leita eftir samþykki menntmrn. fyrir skólamannvirki sem ákveðið hefur verið að reisa og til framkvæmda kemur. Er það ekki eðlilegt verkefni byggingarnefnda á viðkomandi stöðum að fylgja því eftir að öllum lögum sé fylgt varðandi skólamannvirki? Það er enn fremur spurningin hvort það eigi að vera verkefni menntmrn. að ákveða í reglugerð hvaða búnaður og kennslutæki skuli vera í skóla. Þetta eru allt spurningar sem mér finnst nauðsynlegt að hugleiða betur eftir þessar breyttu forsendur.

Þegar rætt er um valddreifingu í athugasemdum við frv. er líklega fyrst og fremst átt við ákveðin verkefni sem eru færð úr ráðuneyti samkvæmt ákvæðum frv. Meinið er hins vegar það að verkefni þessi eru fyrst og fremst færð til fræðsluskrifstofanna en hvorki til sveitarstjórnarmanna, skólanefnda né skólanna sjálfra nema að sáralitlu leyti. Samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. sveitarstjórnarlögunum sem breytt var á síðasta þingi, eru fræðsluskrifstofurnar alfarið ríkisstofnanir, eins konar útibú menntmrn. Því er hér miklu frekar um breytt verklag að ræða innan ráðuneytisins en valddreifingu innan grunnskólakerfisins. Það verður heldur ekki sagt að foreldrar fái aukinn íhlutunarrétt um málefni grunnskólans samkvæmt ákvæðum frv. Að vísu er kveðið á um það í 18. og 21. gr. að foreldrar skuli eiga áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt að skólanefndum og fræðsluráðum. En hér er eingöngu verið að staðfesta það sem þegar tíðkast. T.d. hafa foreldrar í Reykjavík, svo að ég nefni nú þann stað sem ég þekki hvað best, ávallt átt áheyrnarfulltrúa í skólamálaráði borgarinnar.

Þá er þess getið í 9. gr. að foreldrar skuli eiga fulltrúa í svonefndu grunnskólaráði. Því er fyrst og fremst ætlað að hafa ráðgjafar- og umsagnarhlutverk svo naumast eiga foreldrar verulegan íhlutunarrétt í gegnum það ráð. Kennarahópur hvers skóla fær tvö ný hlutverk samkvæmt frv. Samkvæmt 30. gr. þess er kennararáði ætlað að vera umsagnaraðili um umsóknir um stöðu skólastjóra og samkvæmt 38. gr. er skólastjóra gert að velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð. Þessi ákvæði bæði eru umdeilanleg og geta auðveldlega snúist upp í andhverfu valddreifingar.

Samkvæmt 32. gr. er skólastjóra falið að ráða kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði í samráði við skólanefnd sem ráðuneytið síðan staðfestir. Hér er e.t.v. stigið spor í átt til valddreifingar, þótt reikult sé, vegna þess að ráðuneytið á að staðfesta ráðningarnar. En í framkvæmd getur það aðeins orðið tilfærsla á ákveðnum verkþáttum frá ráðuneyti til skólanna. Sveitarfélögum hefur nú verið falinn rekstur grunnskóla eins og ég gat um áðan og því verður að teljast eðlilegt og rökrétt að sveitarfélögin fái einnig verkstjórnarvald yfir því fólki, a.m.k. því sem sveitarfélögin ráða eða greiða laun. Þess vegna finnst mér að ekki sé nægilegt tillit tekið til þess í frv.

Ég vildi láta þessi orð nægja í upphafi um valddreifinguna í frv. og ítreka að hún er ekki eins mikil og af er látið í greinargerð með frv.

Í I. kafla frv. er fjallað um markmið og skólaskyldu. Þar er sú meginbreyting gerð að nú er kveðið á um fræðslu- og skólaskyldu 6 ára barna. Ég er samþykkur því ákvæði, enda er það í samræmi við þær hugmyndir og tillögur sem við sjálfstæðismenn höfum flutt. Í greinargerð með frv. kemur fram að nú

sækja 95% 6 ára barna forskóla. Kennslumagn fyrir 6 ára börn er miðað við fjölda þeirra í viðkomandi skóla. Það er ein stund á viku fyrir hvert barn. Þetta þýðir að nemendum er mismunað stórlega þar sem kennslustundir geta verið allt frá einni stund á viku í minnstu skólunum upp í 20 í þeim stærstu.

Í 2. mgr. 1. gr. er sambærilegt ákvæði og er í 74. gr. gildandi laga. Þar segir: „Sveitarfélögum eða einkaaðilum er óheimilt að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi menntamálaráðuneytisins.“ Ég vek athygli á að strax í 1. gr. er ekki um valddreifingu að ræða, eins og hæstv. menntmrh. hefur haldið fram. Nú er þetta vald sem áður var í höndum fræðslustjóra, þ.e. að heimila sveitarfélögum eða einkaaðilum að reka forskóla, fært í hendur menntmrn. Vildi ég inna hæstv. menntmrh. eftir því hvernig á því stendur að nú þykir nauðsynlegt að menntmrn. fjalli um það sem fræðslustjórarnir fjölluðu um áður, þ.e. heimild til þess að reisa og reka forskóla. Það er ekki í samræmi við valddreifingarhugmyndir hæstv. ráðherra.

Í 2. gr. frv. er talað um hlutverk grunnskólans. Það gleður mig auðvitað mjög að þarna skuli vera fjallað um að starfshættir skólans skuli mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Þetta er nefnilega gamalt deilumál hér á Alþingi. Þegar grunnskólalögin frá 1974, sem þáv. hæstv. menntmrh. Magnús Torfi Ólafsson flutti, voru rædd á þingi var flutt brtt. við það frv. um að kristilegt siðgæði væri eitt af þeim markmiðum sem skólinn ætti að starfa eftir. Um það var tekist á hér á hv. Alþingi. Alþb. lagðist mjög hart gegn því en engu að síður var sú brtt. samþykkt. Ég er mjög ánægður yfir þessum breytta hugsunarhætti hæstv. menntmrh. og þeirra alþýðubandalagsmanna.

Í 3. gr. er fjallað um að grunnskólinn sé tíu ára skóli. Það er auðvitað í fullu samræmi við 1. gr. frv. þar sem skólaskyldan og fræðsluskyldan fer niður í 6 ára aldur. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað sjá og talið nauðsynlegt að þessu fylgdi nánari skilgreining. Þó stór hluti 6 ára nemenda sé í grunnskóla í dag vitum við að það er ekki nema jafnvel örfáir klukkutímar, eins og ég gat um áðan. Við erum sem sagt að lengja skólatíma barna um eitt ár. Ég hefði talið að mikil nauðsyn væri á að endurskipuleggja grunnskólanámið með tilliti til þessa, að við erum að bæta einu ári við. Maður spyr auðvitað sjálfan sig: Hvernig stendur á því að við Íslendingar útskrifum okkar stúdenta miklu eldri en aðrar þjóðir? Ég hefði talið að í tengslum við þetta ættu að koma hugmyndir og leiðbeiningar um endurskipulagningu grunnskólans. Þegar ég var í menntmrn. skipaði ég nefnd sem ég veit ekki hvað varð af en núv. hæstv. menntmrh. tók við. (**Menntmrh.:** Hún er að störfum ...) Það er gott að vita, en sú nefnd átti einmitt að fara yfir bæði grunnskóla- og framhaldsskólastigið með þátttöku fólks úr báðum þessum skólastigum og líka úr háskólastigi einmitt til þess að endurskipuleggja námið og leggja fram hugmyndir um það hvort ekki væri hægt að lækka okkar stúdentsprófsaldur í samræmi við það sem gerist í öðrum löndum.

Mér finnst vafasamt, og þá með tilliti til þess sem ég hef sagt hér áður um nauðsynleg afskipti sveitarfélaganna af stefnumótun í grunnskólamálum, að setja ákvæði eins og það í 3. gr. að stefnt skuli að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn og nemendur séu ekki fleiri en 650. Ég staldra við orðið heildstæður, en það þýðir t.d., ef þetta kemst í framkvæmd, að smábarnaskóla eins og skóla Ísaks Jónssonar, svo að ég nefni dæmi, mundi ekki vera heimilt að starfa eins og hann er í dag. Ekki heldur sérstökum unglingaskóla eins og t.d. Tjarnarskóla. Ég er ekki sammála þeim hugmyndum sem maður heyrir oft að það sé afar óæskilegt að taka börn úr skóla og flytja á milli skóla á miðjum skólaaldri. Ég held að slíkir skólar skapi vissa fjölbreytni í skólastarfi og gefi meiri möguleika. Ég held að það sé einmitt það sem við þurfum á að halda. Og þegar talað er um í frv. að ekki skuli vera fleiri nemendur en 650, þá eru ákvæði af þessu tagi auðvitað miðstýringarákvæði. Við eru búin að leggja rekstur og stofnkostnað grunnskóla að svo miklu leyti í hendur sveitarfélaganna sem raun ber vitni og þau eiga auðvitað að hafa meira um þetta að segja til þess að geta komið á þeim nauðsynlega sveigjanleika sem fari eftir gríðarlega mismunandi aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Í 6. gr. er fjallað um skólasókn. Mér sýnist að í þeirri grein sé nokkuð dregið úr valdi skólastjóra, hendur hans bundnar, honum lagðar skyldur á herðar að reyna að leysa mál sem snerta verulegan misbrest á skólasókn í samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skólanefnd. Ég tel að skólastjóri ætti að geta metið það sjálfur hvenær og í hve ríkum mæli hann vill hafa síka samvinnu. Mér finnst að þetta eigi alfarið að vera mál skólastjóra og eigi ekki að binda hendur hans eða draga úr valdi hans eins og gert er með þessari grein.

II. kafli fjallar um stjórn grunnskóla. 9. gr. fjallar um grunnskólaráð sem á að vera samstarfsvettvangur menntmrn. og þeirra aðila er starfa að málefnum grunnskóla. Verkefni þess eru m.a. að hafa yfirlit yfir lög og reglur sem varða grunnskóla, gefa ráð um lagfæringar á þeim og samræmi á milli þeirra. Grunnskólaráð á að fylgjast með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár, veita ráðgjöf og móta stefnu um samræmi í starfi þeirra sem vinna að skólamálum. Þetta á að vera níu manna ráð. Þetta er nú vafalaust gott og blessað. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um ráð af þessu tagi og maður spyr sjálfan sig: Ef þetta ráð á að geta annast þessi verkefni, sem eru gríðarlega mikil, þarf þá ekki að hafa eitthvert starfslið fyrir þetta grunnskólaráð til að vinna fyrir það? Og erum við þá ekki að stefna þarna að einhvers konar nýju bákni? Ég vona að svo sé ekki en ég vonast til að hæstv. ráðherra geti upplýst hvernig þetta er hugsað. Við

höfum haft fjöldann allan af slíkum samstarfsráðum á ýmsum sviðum þjóðlífsins en ég held að reynslan hafi sýnt að þau hafa ekki dugað sem skyldi og ekki reynst sérstaklega vel.

Í 11. gr. er fjallað um fræðsluráðin sem skulu skipuð fimm eða sjö mönnum kjörnum af sveitarstjórn. Nú eru fræðsluráðin orðin vettvangur sveitarfélaga, eins og ég gat um áðan og við samþykktum á síðasta þingi. Við höfum haft í Reykjavík bæði fræðsluráð og skólamálaráð. Það þarf auðvitað að hafa náið samráð við borgarstjórn um fyrirkomulag þessara mála hér í Reykjavík.

Í 13. gr. er fjallað um ráðningu fræðslustjóra. Ég vek athygli á að bæði setning og skipun varðandi fræðslustjóra er felld niður. Nú er talað um ráðningu. Ég held að það þurfi að kanna dálítið betur hvaða réttaráhrif slíkt kann að hafa. Mér sýnist að hér sé stefnt að því að hætta að ávíráða kennara, sem ég tel reyndar af hinu góða og er að því leyti sammála. En mér finnst að menn þurfi að átta sig fyllilega á því hvað það er sem meint er með ákvæði af þessu tagi.

Í 15. gr. er fjallað um verkefni fræðsluskrifstofa. Þar er þess getið sérstaklega að heimild sé til að þær taki að sér verkefni fyrir sveitarfélög. Það getur verið til bóta að slíkt sé mögulegt en ég velti því fyrir mér af hverju þurfi sérstakt ákvæði um þetta í lögum og af hverju menntmrn. þurfi að heimila sérstakan samning að þessu leyti. Er ekki eðlilegt að það ráðist af hinum staðbundnu ástæðum á hverjum stað? Ég tel að þetta sé eitt af þeim atriðum sem heimamenn ættu að geta ákveðið sín í milli.

Í 16. gr. er fjallað um skólahverfi. Mér er auðvitað fullljóst, eins og hæstv. ráðherra gat um, að frv. af þessu tagi var flutt af þingmönnum allra flokka í Ed. Það frv. byggðist auðvitað á aðstæðum sem voru fyrir hendi þegar það var samið, þ.e. áður en sveitarfélögin tóku að sér það verkefni sem þau hafa nú varðandi skólarekstur. Þess vegna hefði ég talið að það þyrfti að hafa miklu nánara samráð um þetta við sveitarfélögin og mikið vafamál að festa í lög reglur af þessu tagi. Það hljóta að vera verkefni sveitarfélaganna á hverjum stað að skipuleggja sitt innra starf. Þau eiga ekki að þurfa að hlíta því að Alþingi komi með lög sem mæla svo fyrir í smáatriðum hvernig þeirra innra starfi skuli háttað. Mér sýnist auk þess að þessi regla eigi eingöngu við um Reykjavík því það er ekkert sveitarfélag með yfir 15 þús. íbúa. Þá er það náttúrlega enn einkennilegra að nú, eftir að sveitarfélögin hafa fengið þetta mikla vald í grunnskólamálum, skuli með lagaboði mælt fyrir um hvernig þau eigi að skipuleggja sitt starf í jafnmiklum smáatriðum og þarna er gert.

Í 17. gr. er fjallað um skólanefndirnar í skólahverfum. Ég staldra við það að talað er um íbúa í viðkomandi skólahverfi. Við vitum að það er mjög mikil hreyfing t.d. hér í Reykjavík á fólki á milli hverfa. Það mun láta nærri að tíundi hver grunnskólanemandi í Reykjavík flytji milli skóla innan borgarinnar á hverju ári. Þetta getur skapað ákveðin vandkvæði. Auk þess vitum við að börn ganga á milli hverfa, fara í skóla utan við sitt hverfi, og reynt hefur verið að koma því þannig fyrir ef óskir eru um það hjá foreldrum að hliðra þannig til. Að svo miklu leyti sem slíkt ákvæði á heima í lögum er það þá spurning hvort ekki ætti frekar að velja úr hópi foreldra barna í viðkomandi skóla en að byggja á heimilisfangi eins og gert er í frv.

Í 21. og 22. gr. er fjallað um samstarf skóla og heimila og nemendaráð og ég hef ekki nema gott að segja um þau ákvæði.

Í 25. gr. er hert nokkuð á skilgreiningum um skólahúsnæði frá því sem verið hefur. Ég held að þetta þurfi að athuga betur í samráði við sveitarfélögin. Ég veit ekki hvort menn hafa hugsað þetta alveg til enda. Þetta eru ansi strangar kröfur sem gerðar eru um skólahúsnæði. Mér verður t.d. hugsað til ýmissa minni skóla í fámenni og spurning hvort ekki þurfi að hafa nánara samráð við sveitarfélög áður en þetta yrði fest jafnrækilega niður í lög og þarna er gert.

Í 26. gr. er fjallað um nafn á skóla. Þetta er auðvitað smátriði en ég hefði talið að heimamenn ættu að hafa alveg um það að segja. Það þurfi ekki að vera lögbundið að fá umsögn örnefnanefndar. Ef þeir vilja þá gera þeir það en það á ekki að vera lögbundið að mínu mati.

Í 30. gr. er fjallað um starfslið skóla og í 31. gr. er fjallað um aðstoðarskólastjóra. Ég stenst ekki þá freistingu að vitna í ummæli heimspekideildar Háskóla Íslands um þessa grein. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar grunnskólalögin voru í smíðum kom upp orðskrípið „aðstoðarskólastjóri" sem var að vísu ekki það eina. Barnaskóli mátti ekki lengur heita barnaskóli heldur varð að nefna hann upp á sænsku grunnskóli. Um þetta segir í athugasemdum Sambands ísl. barnakennara frá 1973:

„Samband ísl. barnakennara leggur til að starfsheitið yfirkennari verði notað í stað orðsins aðstoðarskólastjóri. Orðið aðstoðarskólastjóri er langt og óþjált í notkun og á engan hátt fegurri eða gleggri orðmyndun en orðið yfirkennari sem er orðið fast í sessi í íslensku máli og auðskilið tákn öllum þorra manna.""

Ég verð að viðurkenna að mér finnst að heimspekideild Háskóla Íslands hafi nokkuð til síns máls í þessu. Við erum alltaf að útbúa einhver nýyrði sem ekki láta vel í okkar máli og vörpum fyrir róða gömlum og góðum orðum. Ég held að orðið „yfirkennari" hafi mjög ákveðna merkingu í íslensku máli og þurfi ekki orðið „aðstoðarskólastjóri".

Í 32. gr. er fjallað um ráðningu kennara. Þar segir að skólastjóri ráði kennara, námsráðgjafa og skólasafnvörð í samráði við skólanefnd og innan heimilda fjárlaga. Verði ágreiningur milli skólastjóra og skólanefndar o.s.frv., ég ætla ekki að lesa það en síðar segir: „Menntamálaráðuneytið staðfestir ráðningar kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða til starfa í skólahverfi samkvæmt lögum þessum."

Í rauninni er ekki hér um að ræða verulega mikla breytingu frá því sem verið hefur. Við vitum hvernig

þetta hefur gengið fyrir sig. Skólarnir hafa ráðið sína kennara í raun, þ.e. tekið ákvörðun um það hvaða kennara þeir vilja fá. Síðan hafa þeir skrifað til menntmrn. sem hefur í 99,99% tilfella samþykkt tillögur skólastjóranna og kennaranna og skrifað undir skipunarbréf eða setningarbréf til kennara. Nú er þarna staðfest, sem mér finnst gott, að skólastjóri skuli ráða kennara. Mér finnst hins vegar óþarfi að menntmrn. þurfi að staðfesta þessar ráðningar. Ég held að það eigi að fylgja valddreifingunni sem hæstv. ráðherra fjallar um til enda þannig að skólastjórarnir og skólarnir fái þetta hlutverk. (**Forseti:** Forseti heyrir að hv. 2. þm. Reykv. á talsvert eftir af ræðu sinni. Nú er komið að tíma venjulegra þingflokksfunda. Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann sé ekki tilbúinn að fresta ræðu sinni þar til málið verður tekið fyrir á nýjan leik, væntanlega nk. föstudag á deildarfundi, en fyrirhugað er að deildarfundir muni hefjast á föstudaginn kl. 1.) Það er sjálfsagt að gera það.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

73. fundur, fimmtudaginn 5. apríl, kl. 10 árdegis.

Gjöld fyrir lækninga- og sérfræðileyfi, ein umr.

Fsp. GA, 446. mál. — Þskj. 781.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Um síðustu áramót var skyndilega hækkað gjald fyrir almennt lækningaleyfi úr 4000 kr. í 15.000 kr. og fyrir sérfræðileyfi úr 14.300 kr. í 75.000 kr. Þessar hækkanir, sem urðu samkvæmt reglugerð nr. 644 1989, samsvara um 1250% og eru ekki í neinu samræmi við aðrar almennar verðhækkanir í landinu eða launaþróun. Gætir nú óeðlilegs misræmis á þeim gjöldum sem einstakar heilbrigðisstéttir þurfa að greiða fyrir sambærilegt leyfi. Þess ber að geta að svipaðar hækkanir munu hafa orðið á leyfisgjaldi til tannlækna og lögfræðinga og ýmissa annarra. Þeir sem venjulega greiða gjald fyrir almennt lækningaleyfi eru unglæknar sem lokið hafa námi í læknadeild og svonefndu kandídatsári. Þeir hafa um 85.000 kr. á mánuði á þeim tíma í fastalaun og er gjaldið því um 60% af þeirri upphæð. Auknir tekjumöguleikar unglækna liggja svo í yfirvinnu en hún ræðst af fjölda stöðugilda á sjúkrahúsum hverju sinni. Aðstoðarlæknar hafa yfirleitt engar „faldar tekjur" og virðist því hægur vandi að krefja þá um almenna skatta sem þeim ber að greiða. Langflestir, ef ekki allir, unglæknar eru í raun enn í námi þegar þeir fá almennt lækningaleyfi þar sem þeir eiga fyrir höndum sérnám í a.m.k. fimm ár, oftast erlendis. Sérfræðileyfi fá læknar síðan að loknu sérnámi áður en þeir sækja um stöður á Íslandi.

Það er eðlilegt að læknar greiði almenna skatta til samneyslunnar eins og aðrir þegnar samfélagsins í hlutfalli við tekjur sínar og eignir. Hins vegar eiga þeir, eins og aðrar heilbrigðisstarfsstéttir, lögum samkvæmt rétt á því að fá leyfi til starfa að uppfylltum ákveðnum menntunarskilyrðum. Á þessi leyfi hefur því fyrst og fremst verið litið sem staðfestingu á menntun og þjálfun og fyrir þau greitt vægt gjald í samræmi við þann almenna skilning að nám skuli vera öllum aðgengilegt án tillits til efnahags. Ég veit ekki til þess að slík leyfi séu greidd háu verði í nágrannalöndum okkar og undrast því eins og margir aðrir þessa ráðstöfun fjmrh. Því hef ég leyft mér að spyrja:

„Hvaða forsendur liggja til grundvallar skyndilegri hækkun á gjaldi fyrir lækningaleyfi úr 4000 í 50.000 kr. og fyrir sérfræðileyfi úr 14.300 í 75.000 kr.?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hjá fyrirspyrjanda var reglugerðin um aukatekjur ríkissjóðs endurskoðuð um síðustu áramót. Meginforsenda þeirrar endurskoðunar var sá vilji Alþingis, sem fram kom í samþykkt fjárlaga, að aukatekjur ríkissjóðs voru hækkaðar um 200 millj. kr. frá því sem var á árinu 1989. Fjmrh. var þess vegna falið af Alþingi að afla þessara tekna með því að breyta reglugerðinni um aukatekjur ríkissjóðs. Það var einnig ljóst að í þessari reglugerð gilti mikið ósamræmi milli hinna ýmsu gjalda og reglugerðin hafði ekki í mjög langan tíma verið tekin til endurskoðunar til þess að tryggja innra samræmi milli hinna ólíku gjalda. Má í því sambandi nefna að eitt leyfisgjaldið var í gömlu reglugerðinni 75.000 kr. á sama tíma og önnur voru á bilinu 2000–6000 kr. Þess vegna var talið eðlilegt að taka upp samræmingu á þessum gjöldum og taka mið við þá samræmingu af mikilvægi þeirra leyfa sem veitt voru, taka mið af því hvort leyfin væru veitt einu sinni á starfsævinni eða hvort þau væru veitt oft, hver væri tekjumöguleiki þeirra starfsstétta sem þarna ættu í hlut og ýmislegt fleira.

Í samræmi við þessi grundvallarsjónarmið voru margvísleg gjöld hækkuð í þessari reglugerð. Má í því sambandi nefna að leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hækkaði úr 4000 kr. í 50.000 kr., leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti hækkaði úr 14.300 kr. í 75.000 kr. og starfsleyfi löggiltra endurskoðenda hækkaði úr 4600 kr. í 50.000 kr.

Sú hækkun sem fyrirspyrjandi gat um er því í samræmi við margar aðrar breytingar sem gerðar voru á reglugerðinni og bak við hana liggja þau sömu almennu rök og ég nefndi hér áðan og snerta aðrar breytingar sem gerðar voru.

Ég hef lýst því yfir að þessi reglugerð verði síðan um næstu áramót tekin til endurskoðunar og nánari samræmingar, bæði í ljósi þeirra ábendinga sem fram hafa komið og eins út frá öðrum almennum viðmiðunum. Það er svo rétt að geta þess einnig að þessi

reglugerð tók engum breytingum um áramótin 1988 og 1989 vegna þeirrar verðstöðvunar sem þá var í gildi þannig að hinar mjög svo lágu upphæðir sem í gömlu reglugerðinni voru höfðu verið óbreyttar um mjög langan tíma.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vekja athygli á því að á sama tíma og hæstv. fjmrh. gekk í það verk að hækka þessi leyfisgjöld sem hér hafa verið til umræðu kom líka til mjög verulegrar hækkunar á gjaldi atvinnuskírteina skipstjórnarmanna og vélstjóra. Þessi skírteini hafa verulega sérstöðu að því leytinu að þau eru ekki gefin út einu sinni heldur þurfa menn að endurnýja þau á fimm ára fresti, í fyrsta lagi, og í annan stað er alveg ljóst að þessara skírteina þurfa menn að afla sér oftast í upphafi starfsferils síns. Það þýðir einfaldlega að ungir menn, nýliðar í stéttinni, sem eru á leið inn í atvinnu sína sem stýrimenn og skipstjórnarmenn, þurfa jafnvel á fyrstu fimm starfsárum sínum að endurnýja þessi skírteini allt að fimm sinnum. Kostnaðurinn við þetta var fyrir áramótin 2.200 kr. í hvert skipti en fór upp í 12.000 kr. með reglugerðarbreytingu hæstv. fjmrh.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands ritaði hæstv. fjmrh. bréf af þessu tilefni og vakti athygli á þessu vegna þess að nú eru í gangi mjög viðkvæmir kjarasamningar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og LÍÚ. Í bréfinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur að umrædd hækkun sem er á bilinu 350–570% sé í engu samræmi við þá hugmynd um hækkun kaupliða í kjarasamningum milli yfirmanna á fiskiskipum og kaupskipum og viðsemjenda þeirra. Því sé nauðsynlegt til að greiða fyrir kjarasamningum að hækkun atvinnuskírteina skipstjórnarmanna og vélstjóra verði dregin til baka."

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, en ég verð að segja að ég er mjög óánægð með þau vegna þess að mér finnst í raun enginn rökstuðningur hafa komið fram fyrir þessari hækkun í máli hans annar en „af því bara" — af því bara það vantar fé í ríkissjóð. Og ég skil vel að hæstv. fjmrh. leiti víða fanga, mér finnst það mjög eðlilegt, en það verður alltaf að vera ákveðin sanngirni í skattheimtu og það verður að gæta samræmis í skattlagningu. Mér finnst þetta í grundvallaratriðum röng aðferð við skattheimtu og ég skal segja honum hvers vegna.

Í fyrsta lagi, hvað varðar almenna lækningaleyfið er hér verið að skattleggja fólk í námi sem er þegar skuldugt og á eftir að búa við framhaldsnám erlendis við aukinn tilkostnað. Það er ekki hægt í raun finnst mér að skattleggja væntanlega tekjumöguleika. Það hlýtur að þurfa að skattleggja tekjur þegar þeirra hefur verið aflað og það er auðvitað sjálfsagt að gera það og ég bendi hæstv. ráðherra á aðferðir til þess. Það er hægt að setja þak á greiðslur Tryggingastofnunar til lækna. Það er hægt að skattleggja tekjur lækna og þá sérstaklega með hátekjuþrepi ef um mjög háar tekjur er að ræða. Það er eðlilegt að læknar, eins og aðrir, greiði til samneyslunnar eins og ég tók skýrt fram. En þarna gætir mikils misræmis.

Það eru ýmsar aðrar stéttir sem líka hafa tekjumöguleika í framtíðinni. Hvað með lyfsala? Hvað með verkfræðinga, t.d.? Það væri hægt að telja marga aðra. Hvað með aðrar heilbrigðisstéttir eins og sjúkraþjálfara? Þeir hafa væntanlega líka tekjumöguleika í framtíðinni. Þarna gætir því mikils misræmis. Síðan veit ég til þess að hæstv. heilbrmrh. hefur mótmælt þessari auknu gjaldtöku. Ég veit líka til þess að mótmæli hafa borist frá Félagi unglækna.

Á þessum forsendum, að þarna gætir ekki sanngirni og þarna er misræmi mikið, vil ég biðja hæstv. ráðherra um að endurskoða málið. Ég veit að fulltrúar þeirra hópa sem hér er um að ræða hafa verið að reyna að ná tali af honum en ekki hefur gefist neitt færi á því síðan þessi hækkun varð. Mér finnst að hæstv. ráðherra beri skylda til þess að endurskoða þessar hækkanir eins og þær eru grundvallaðar eða skýra þær með betri rökum en hann hefur gert hingað til vegna mótmæla sem fram hafa komið.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra, sem oft hefur komið fram í máli hans áður, að sjálfsagt er að skattleggja þá sem eru aflögufærir til þess að standa undir því velferðarþjóðfélagi sem við viljum öll byggja, en það verður að vera samræmi í þeirri skattlagningu og það verður a.m.k. að vera nokkur sanngirni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi túlkaði svar mitt hér áðan svo að þar hefði ekki verið að finna nein rök. Ég vil aðeins, til nánari skýringar, vegna þess að ég tel þessa ályktun hafa verið nokkuð ranga, benda hv. fyrirspyrjanda á að kynna sér reglugerð sem gefin var út 28. des. 1987, þ.e. eldri reglugerðina, (Gripið fram í.) og ef þingmaðurinn virðulegur er með hana í höndum sér hún auðvitað að í þeirri eldri reglugerð er margvíslegt ósamræmi sem sést t.d. á því að leyfisbréf til heildsölu var í desember 1987, á verðlagi þess árs, ákveðið 70.200 kr. (**GA:** Það hefur ekki verið hækkað.) Nei, nei, það er alveg rétt. Það hefur ekki verið hækkað vegna þess að það reis svo langt upp úr öllum öðrum leyfum á sama tíma og leyfi til að stunda tannlækningar var 4000 kr. Í gömlu reglugerðinni var leyfi til umboðssölu á 35.100 kr. á verðlagi í desember 1987, sem er auðvitað mun hærra ef menn reikna það til raungildis 1990, á sama tíma og leyfi til að stunda sérlækningar, en enginn mótmælir því að þeir sem stunda þær eru nú með tekjuhærri háskólamenntuðum mönnum hér í okkar þjóðfélagi, var á 14.300 kr. Leyfi til fasteignasölu á desemberverðlagi 1987 var á 31.200 kr.

Þannig má auðvitað lengi telja dæmi úr gömlu reglugerðinni þar sem einstök leyfi til starfsgreina sem veita þó nokkuð mikla tekjumöguleika voru

verðlögð á örfáar þúsundir króna þar sem aðrar, á desemberverðlagi 1987, voru verðlagðar á tugi þúsunda króna. Og það var þess vegna nauðsynlegt, sérstaklega í ljósi þess vilja Alþingis að aukatekjur ríkissjóðs væru auknar um 200 millj. kr., að samræma þessi gjöld. Aftur á móti voru leyfisveitingarnar til þeirra starfa þar sem menn þurfa oftar á ævinni að sækja um þessi leyfi hækkaðar mun minna eins og fram kom m.a. í einni ræðu sem hér var flutt áðan. Ég vísa því þess vegna til föðurhúsanna að ekki hafi verið að finna rök fyrir þessum breytingum eða þetta hafi verið gert af einhverju handahófi. Þvert á móti var reynt að búa til eitthvert samræmi í því kerfi þar sem ekkert samræmi ríkti áður. Þau leyfi sem voru óheyrilega lág voru hækkuð. Þau sem voru hins vegar mjög há voru ekki hækkuð.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að gera stutta athugasemd.

Ég undirstrika að það er ekki sambærilegt að staðfesta menntun fólks og að veita verslunarleyfi sem ekki krefst sérstakrar menntunar. Það getur aldrei verið sambærilegt í raun og veru. Og það má jafnvel spyrja: Hvers vegna þarf að borga fyrir það að fá staðfestingu á menntun sinni? Það er hins vegar allt annar handleggur að skattleggja fólk í samræmi við tekjur þess. Það er ekki hægt að skattleggja væntanlega tekjumöguleika. Það er alveg út í hött.

Fiskvinnslustefna, ein umr.

Fsp. JAJ, 477. mál. — Þskj. 834.

Fyrirspyrjandi (Jóhann A. Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. á þskj. 834:

„Hvað hefur sjútvrh. gert til að marka „sérstaka fiskvinnslustefnu" eins og boðað er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 28. sept. 1988?"

Í stjórnarmyndunarviðræðum í september 1988 varð samkomulag um að móta „sérstaka fiskvinnslustefnu". Þörfin fyrir sérstaka fiskvinnslustefnu er mjög brýn við þær aðstæður sem við búum við í sjávarútvegi á Íslandi. Stærstur hluti af okkar lífskjörum byggist upp á tekjum úr sjávarútvegi. Því er það okkur Íslendingum nauðsyn að sjávarútvegurinn gefi okkur hámarksafrakstur svo standa megi undir sem bestum lífskjörum.

Tekjurnar í greininni myndast nokkurn veginn jafnt til helminga af veiðum og vinnslu. Mótuð hefur verið sérstök „fiskveiðistefna" til þess m.a. að koma í veg fyrir frekari offjárfestingar í fiskiskipum. Talin er þar mikil þörf á að hagræða í greininni, þ.e. fækka skipum og nýta fjárfestingar betur. Að mörgu leyti gilda sömu rök fyrir því að móta sérstaka fiskvinnslustefnu nú við þær aðstæður sem eru, þ.e. ekki er þörf á nýjum vinnslustöðvum. Fækka þarf frekar vinnslustöðvum sem þýddi um leið meiri vinnslu á vinnslustöð og þar af leiðandi betri nýtingu fjárfestingar.

Um mótun sérstakrar fiskvinnslustefnu náðist samkomulag við myndun ríkisstjórnar í september 1988. Í stórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar segir, með leyfi forseta, á bls. 11: „Mörkuð verður sérstök fiskvinnslustefna." Því hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Af hálfu sjútvrn. hefur, eins og kunnugt er, á undanförnum missirum verið lögð höfuðáhersla á mótun fiskveiðistefnunnar. Þessi áhersla er mjög eðlileg þegar haft er í huga að núgildandi lög um stjórn fiskveiða renna út í lok þessa árs, enda er lögbundið að unnið skuli að mótun þessarar stefnu af sérstakri nefnd á gildistíma núgildandi laga.

Frv. það um stjórn fiskveiða sem er afrakstur af störfum nefndarinnar er nú til umfjöllunar hér á Alþingi og ríður á miklu að takast megi að afgreiða það fyrir þinglok í vor. Þær reglur sem á hverjum tíma gilda um stjórn fiskveiða skipta að sjálfsögðu sjávarútveginn allan miklu máli, ekki síður fiskvinnsluna en fiskveiðarnar. Mótun reglna um stjórn fiskveiða er því veigamikill þáttur í mótun fiskvinnslustefnu. Í nefndinni sem samdi frv. voru m.a. fulltrúar fiskvinnslunnar og áttu sér stað miklar umræður um hvernig hagsmunir íslenskrar fiskvinnslu í samkeppni um hráefnið yrðu best tryggðir.

Eins og gengur voru ólíkar skoðanir uppi um ýmsa þætti málsins innan nefndarinnar og verður að skoða frv. nefndarinnar sem tilraun til málamiðlunar. Meðal atriða í frv., sem ég vil sérstaklega benda á og varða hagsmuni vinnslunnar, eru ákvæði um að hækka álag vegna útflutnings á þorski og ýsu úr 15% í 20% og að vigtun á gámafiski skuli tekin til sérstakrar skoðunar.

Auk þessarar stefnumótunar er að sjálfsögðu af hálfu stjórnvalda unnið að fjölmörgum málum er beinast að því að auka verðmætasköpun sjávarútvegsins með það fyrir augum að auka arðsemi fyrirtækjanna sem þar starfa.

Ég vil aðeins nefna nokkur dæmi. Nú er á vegum sjútvrn. unnið að undirbúningi sérstaks gæðaátaks sem ætlað er að ná til flestra þátta í starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja. Hafa nokkur fyrirtæki verið fengin til samstarfs og mun þeirri reynslu sem fæst af þessu starfi verða miðlað til annarra fyrirtækja. Á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar hafa frá árinu 1986 verið haldin námskeið fyrir meira en 6000 starfsmenn í fiskvinnslufyrirtækjum. Þá hefur nefndin staðið fyrir viðamikilli útgáfu á námsefni um störf í fiskvinnslu.

Í byrjun síðasta árs tók til starfa nefnd sem unnið hefur að bættri nýtingu afla. Verkefni nefndarinnar hafa í upphafi beinst að því að auka nýtingu sjávarafla um borð í frystiskipum. Starf nefndarinnar er þegar farið að skila árangri og hefur í sumum tilvikum tekist að auka nýtingu flaka um borð í frystitogurum um allt

að 3%. Fjölmörg önnur verkefni eru í vinnslu hjá nefndinni.

Nýverið var komið á aflamiðlun sem hefur það hlutverk að skipuleggja útflutning á óunnum fiski og stuðla að meiri dreifingu afla innan lands. Í stjórn aflamiðlunar eiga sæti fulltrúar frá veiðum og vinnslu auk fulltrúa frá Verkamannasambandi Íslands. Ég bind miklar vonir við starfsemi aflamiðlunar og vona að stofnun hennar stuðli að eðlilegu jafnvægi á milli ólíkra hagsmuna varðandi ráðstöfun á takmörkuðum afla.

Á vegum sjútvrn. var sett reglugerð í gær um útflutning á flökum og flöttum fiski. Miðar reglugerðin að því að tryggja að gæði þess fisks sem þannig er fluttur út verði sem mest og spilli ekki þeim orðstír sem fer af afurðum íslenskra fiskvinnslustöðva.

Ég er þeirrar skoðunar að setja þurfi svipaðar reglur um heilan óunninn fisk sem fluttur er út með fiskiskipum og gámum. Það krefst hins vegar meiri undirbúnings en ráðuneytið stefnir að því að setja slíka reglugerð á þessu ári.

Ýmis fleiri atriði af þessu tagi mætti nefna en ég læt hér staðar numið. Samanlagt myndar löggjöfin um stjórn fiskveiða og þær sérstöku aðgerðir sem ég hef nefnt mikilvæga þætti í fiskvinnslustefnu stjórnvalda. Í þessu sambandi mega menn þó aldrei gleyma því að hornsteinn atvinnulífsins og þar á meðal fiskvinnslunnar hlýtur að vera frjálsræði þeirra er í greininni starfa til að taka þær ákvarðanir er þeir telja rekstri sínum hagfelldastar.

Með ríkisforsjá ná menn aldrei viðlíka hagkvæmni og með markaðsbúskap. Það sanna dæmin. Mikilvægasta fiskvinnslustefnan er því að skapa sjávarútveginum viðunandi rekstrarskilyrði. Það hefur því miður ekki alltaf tekist sem skyldi þótt mikill árangur hafi vissulega náðst á undanförnum mánuðum. Brýnasta hagsmunamál fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins í heild hlýtur að vera að viðhalda þeim árangri sem hefur náðst í baráttunni fyrir bættum rekstrarskilyrðum. Með því móti skapast svigrúm til að greiða niður þær miklu skuldir sem hafa safnast upp. Hlutverk stjórnvalda er jafnframt að tryggja sambærileg starfsskilyrði fyrir íslenskan sjávarútveg og helstu keppinauta okkar á alþjóðamarkaði. Það er því miður við ramman reip að draga þar sem við eigum í samkeppni við þjóðir og bandalög er búa við ríkisstyrktan sjávarútveg og beita tollum og öðrum viðskiptahindrunum.

Fyrirspyrjandi (Jóhann A. Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið hér, en það verð ég að segja að mér fannst þau lítið koma nálægt þeirri fsp. sem ég bar hér fram. Hún hljóðaði, með leyfi forseta, svo:

„Hvað hefur sjútvrh. gert til að marka „sérstaka fiskvinnslustefnu" eins og boðað er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 28. sept. 1988?"

Af því sem hæstv. ráðherra sagði má ráða að ekki er ætlun að marka um þetta sérstaka stefnu, heldur að lög um stjórnun fiskveiða, fiskveiðistefnan, skuli samræma fiskvinnslustefnu ásamt öðrum aðgerðum sem verið er að gera.

Þrátt fyrir allt þetta var um það samkomulag við myndun ríkisstjórnar í september 1988, og eins er það nú í stjórnarsáttmála, að mörkuð skuli sérstök fiskvinnslustefna. Ég lít svo á að sé ekki ætlunin að fara eftir þessum hlutum skuli leita um það samkomulags við þá aðila sem standa að þessari ríkisstjórn, eigi ekki að framfylgja þeim sáttmála sem um hana gildir.

Þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra talaði hér um fullnægja ekki því sem hugmyndin var að fram næðist með mótun sérstakrar fiskvinnslustefnu. Það er mjög langt frá því. Dæmin víða um land sýna okkur og sanna að mikil þörf er á fiskvinnslustefnu. Við getum nefnt sem dæmi að nýlega misstu aðilar á Kópaskeri skip sem þeir gerðu þar út. Eftir situr byggðarlagið og verkunin án þess að hafa hráefni til vinnslu. Auðvitað hefur vinnslan rétt eins og veiðarnar. Auðvitað hefur fólkið úti um landið rétt til þessarar auðlindar. Um þetta þarf að marka sérstaka fiskvinnslustefnu eins og náðst hafði samkomulag um og ég lít svo á að ef á að gera eitthvað annað og ekki að framkvæma þann stjórnarsáttmála skuli um það leitað samkomulags við þá aðila sem að þessu hafa staðið.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það skýtur auðvitað skökku við að verið sé að tala um mótun einhverrar sérstakrar fiskvinnslustefnu á sama tíma og uppi eru hótanir frá talsmönnum núv. hæstv. ríkisstjórnar um að koma í veg fyrir að sjávarútvegurinn í landinu fái sjálfur að njóta þess afkomubata sem menn búast við að bíði handan við hornið í formi hækkaðs afurðaverðs.

Ekki voru fyrr farin að berast til landsins tíðindi af því að væntanlegar væru verðhækkanir á fiski erlendis en menn voru farnir að tala um það hvernig væri hægt að búa þannig um hnútana að fiskvinnslan og sjávarútvegurinn gætu örugglega ekki fengið að njóta afrakstursins af þessari hækkun. Strax var farið að tala um það að láta fiskvinnsluna borga inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þrátt fyrir að allir séu sammála um að hann í núverandi mynd sé gjörsamlega ónothæfur. Í annan stað birtust hótanir um sérstakar gengishækkanir til þess að koma í veg fyrir að fiskvinnslan fengi að njóta afraksturs af betra afurðaverði.

Einnig er ljóst að sú fiskveiðistefna sem mótuð er í frv. til laga sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram tryggir ekki stöðu fiskvinnslunnar. Þess vegna er það sérstakt fagnaðarefni að innan sjávarútvegsnefnda þingsins er uppi vilji til þess að skoða það mál miklu ítarlegar og athuga það sérstaklega í samhengi við þær hugmyndir sem fram hafa komið í Færeyjum um fiskvinnslukvóta í stað fiskveiðikvóta.

Skil á virðisaukaskatti og „svört atvinnustarfsemi", ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 461. mál. — Þskj. 802.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. fjmrh. svohljóðandi fsp.:

„1. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að tryggja sem best skil á virðisaukaskatti?

2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir „svarta atvinnustarfsemi" eftir að virðisaukaskattskerfi var tekið upp?"

Það er almennt álitið að „svört atvinna" og skattsvik séu í vexti og margir óttast að við upptöku virðisaukaskatts með nýjum greinum sem verða að standa skil á skatti sé veruleg hætta á ferðum.

Aðilar sem reka fyrirtæki telja að þegar hafi dregið úr viðhaldsvinnu í byggingarvinnu hjá einstaklingum þar sem þeir sem bjóða upp á nótulaus viðskipti og afslátt hafi stækkað sína hlutdeild við upptöku virðisaukaskatts. Talið er að staðgreiðsla skatta hafi einnig aukið áráttu til skattsvika. Nú reynir á hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hvort menn hafa þrek og þor til að gera ráðstafanir sem duga.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að gerðar hafa verið, fyrir allmörgum árum, ítarlegar tillögur sem eru á þingskjali um hvernig menn eigi að bregðast við og hvernig menn eigi að reyna að koma í veg fyrir skattsvik. Þar má nefna að lagt var til að einfalda öll skattalögin og fækka undanþágum, endurskoða ákvæði um refsingu og álag, setja ný refsiákvæði um stórfelld skattsvik inn í almenn hegningarlög þar sem jafnvel fangelsisdómur í mörg ár er lagður til.

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort eitthvað slíkt sé í endurskoðun eða á prjónunum til að koma í veg fyrir þessi miklu skattsvik.

Enn fremur voru mörg fleiri atriði sem lögð voru til.

Mér verður líka oft hugsað til þess hvort ekki væri rétt, miðað við allan þann orðróm sem er í gangi, að gera sérstaka úttekt á umfangi skattsvika, slíkt er hægt að gera með mjög einföldum og ódýrum hætti, t.d. með einfaldri spurningakönnun, ég held að það væri mikilvægt á þessu stigi, og marka síðan ákveðnar aðgerðir til að tryggja að við búum í ríki þar sem allir eru jafnir fyrir lögum og menn komast ekki upp með svik og verða að greiða keisaranum það sem keisarans er.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi vek ég athygli á því að dagurinn í dag, 5. apríl, er fyrsti gjalddagi virðisaukaskatts eftir að hann var innleiddur hér á Íslandi og eru skilin fyrir gjaldatímabilið janúar og febrúar. Það liggur þess vegna ekki fyrir fyrr en á næstu dögum hvernig fyrstu skil í virðisaukaskatti koma út, en það verður auðvitað mjög fróðlegt að skoða þá reynslu.

Það er mikilvægt einnig, sem svar við þessari spurningu, að átta sig á því að einn af meginkostum virðisaukaskattsins umfram söluskatt er að innheimta og eftirlit með álagningu verða mun öruggari. Í innheimtu virðisaukaskattsins er á vissan hátt fólgið sjálfvirkt öryggi þar sem greiddur skattur kemur til frádráttar innheimtum skatti hjá öllum öðrum en hinum endanlega neytanda.

Eins og hv. alþm. er kunnugt beitti ég mér fyrir því á fyrri hluta síðasta árs að innheimtuaðgerðir vegna vanskila á söluskatti voru hertar allverulega og var það m.a. gert til að undirbúa að þegar virðisaukaskatturinn tæki gildi væri innheimtukerfið orðið virkara en það var áður.

Það er ánægjulegt að þessar aðgerðir sem fjmrn. beitti sér fyrir til að auka og herða innheimtuna á sl. ári skiluðu verulegum árangri, og er rétt að vekja athygli þingmanna á því að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1989 kemur m.a. fram að innheimtuaðgerðirnar sl. sumar skiluðu umtalsverðum árangri. Nú telur Ríkisendurskoðun brýnt að þessari starfsemi verði haldið áfram. Það munum við gera í fjmrn. og tryggja að sá góði árangur sem náðist með hertum innheimtuaðgerðum á sl. ári haldist á þessu ári.

Hvað síðari spurninguna snertir er rétt að vekja athygli á því að öryggi í álagningu og innheimtu virðisaukaskatts er tvímælalaust mun meira en í söluskattskerfinu, m.a. vegna þess að margvíslegri óvissu er eytt varðandi skattskyldumörkin og að heilsteyptara og rökréttara skattkerfi kemur í stað þess sem fyrir var. Undandráttur ætti einnig að minnka vegna þess, eins og ég gat um áðan, að sá sem dregur veltu undan virðisaukaskatti kemst ekki hjá því að greiða sjálfur skatt af aðföngum sínum. Þrátt fyrir þetta er það rétt hjá fyrirspyrjanda að þörf er á að hafa virkt eftirlit og í upphafi þessa árs var lögð rík áhersla á að upplýsa bæði fyrirtæki og hinn almenna borgara um þær reglur sem gilda um rétt skattskil. Í því sambandi vil ég greina frá því að í dag verður tilkynnt um sérstaka herferð fjmrn. sem fram mun fara á næstu vikum þar sem rík áhersla verður lögð á það að kynna fyrir almenningi hvernig peningakassar eiga að líta út, hvernig ber að nota þá við afgreiðslu í verslunum þannig að þeir skuli ávallt vera lokaðir við upphaf afgreiðslu gagnvart hverjum einstaklingi svo að almenningur geti haft virkt eftirlit með því hvort sá sem skipt er við fylgir lögum og reglum í þessum efnum. Sé aftur á móti afgreitt og gefið til baka upp úr opnum kassa án þess að inn sé stimplað er augljóslega verið að leggja drög að því að viðkomandi fyrirtæki geti skotið undan skattinum.

Í þessari kynningarherferð verður einnig lögð áhersla á að útskýra nákvæmlega hvernig nótur eigi að líta út þannig að almenningur geti fylgst með því að öllum slíkum skilyrðum sé fullnægt þegar þeir eiga viðskipti og vakin líka athygli á því að almennur borgari sem tekur þátt í nótulausum viðskiptum glatar verulegum réttindum. Ef hann verður síðan fyrir tjóni vegna þessara viðskipta eða varan eða þjónustan reynist ekki uppfylla þær kröfur sem ætlast var til í upphafi getur hinn almenni borgari ekki leitað

réttar síns hjá viðkomandi verslun eða framkvæmdaaðila ef um nótulaus viðskipti hefur verið að ræða.

Í þessu sambandi er ætlunin að leita liðsinnis hjá hinum almenna borgara til þess að tryggja virkt eftirlit í framkvæmd. Meginástæðan er auðvitað sú að virðisaukaskatturinn er vörslufé. Hann er ekki skattur viðkomandi fyrirtækis eða rekstraraðila heldur er hann vörslufé úr almennum sjóði landsmanna sjálfra sem viðkomandi rekstraraðila hefur verið falið að geyma um takmarkaðan tíma.

Ég vænti þess að þessar aðgerðir muni þess vegna á næstunni skila jafnjákvæðum árangri og hinar hertu innheimtuaðgerðir sem fjmrn. beitti sér fyrir á sl. ári skiluðu.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég nota tækifærið og þakka hæstv. fjmrh. svör hans við þessari fyrirspurn og það sérstaklega að í dag hefst herferð á vegum ráðuneytisins til þess að berjast gegn skattsvikum og upplýsa almenning.

Ég ítreka það hins vegar og beini því til hans að ég held að mikilvægt væri að gera mjög fljótlega skipulega könnun þar sem gerð yrði í þjóðfélaginu úttekt á þeim fullyrðingum sem ég minntist á, að nótulaus viðskipti hefðu aukist með hinum miklu kerfisbreytingum, staðgreiðslukerfinu og ekki síður nú með upptöku á virðisaukaskatti.

Bifreiðaskoðun í Vestmannaeyjum, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 462. mál. — Þskj. 803.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. dómsmrh. svohljóðandi fyrirspurn:

„1. Hvernig er bifreiðaskoðun í Vestmannaeyjum nú hagað?

2. Hver eru framtíðaráform um tilhögun bifreiðaskoðunar í Vestmannaeyjum?

3. Hvernig er tilhögun ökuprófa í Vestmannaeyjum?"

Engin kerfisbreyting hefur jafnillilega snúist upp í andhverfu sína og stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands sem tók við af Bifreiðaeftirliti ríkisins. Skattar og skoðunargjöld hafa margfaldast og heilt bákn hefur verið stofnað og í mörgum tilfellum hefur verið farið allt öðruvísi að en heitið var í frv. um þetta mál á sínum tíma hér í þinginu.

Vestmannaeyjar eru glöggt dæmi um þá mörgu sem hafa farið illa út úr þessu máli. Vestmannaeyjar eru eyja hér fyrir sunnan land þar sem búa 5 þús. manns. Þar þarf allt að vera til staðar í einhverjum mæli alveg eins og í litlu ríki.

Við þessa kerfisbreytingu hafa skapast veruleg vandamál í Vestmannaeyjum. Menn hafa því miður horfið áratugi til baka í þjónustu við fólkið þar og bifreiðar þess. Núna eru t.d. bifreiðar skoðaðar um miðjan mars. Síðan þóknast eftirlitsmönnunum ekki að koma aftur fyrr en í ágústlok eða eftir hálft ár. Það eru dæmi um að menn hafa verið með bifreiðar sínar í viðgerð á þessum tíma. Þeir verða þá jafnvel að draga þá um borð í Herjólf, draga þá upp að Selfossi eða austur á Hvolsvöll til þess að koma þeim á götuna. Lögreglan getur ekki framfylgt lögum vegna þessa ástands með sama hætti og annars væri.

Ég tel þetta fyrirkomulag óviðunandi. Mér fannst Vestmannaeyjar vera glöggt dæmi þar sem bæri að stofna einmenningsstöð, sem kölluð var, hafa þar bifreiðaeftirlitsmann sem hefði þetta að starfi.

Hvað ökuprófin varðar verða krakkar að bíða þar dögum eða vikum saman eftir að fulltrúar komi af fastalandinu til Vestmannaeyja. Hvers vegna var sú leið ekki valin að skipa heimamann í þetta verk sem hefði það sem aukastarf? Það hlyti að vera ódýrara. Þar eru menn sem hafa þessa menntun og þekkingu til staðar og hefðu getað tekið þetta sem aukastarf með öðru og það hefði orðið ódýrara fyrir alla aðila og þjónustan náttúrlega til staðar í bænum.

Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. gefi hér glögg svör, ekki síst um það hvort ekki megi breyta þessu fyrirkomulagi á þann veg að þjónustan verði heima í þessu litla ríki sem Vestmannaeyjar vissulega eru.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. beinir til mín fsp. á þskj. 803 í þremur liðum. Sú fyrsta er þannig: „Hvernig er bifreiðaskoðun í Vestmannaeyjum nú hagað?"

Á síðasta ári voru skoðuð um 1000 ökutæki í Vestmannaeyjum og er áætlað að svipaður fjöldi verði skoðaður á þessu ári. Samið hefur verið við Hjálparsveit skáta um afnot af bifreiðageymslu þeirra og hefur Bifreiðaskoðun Íslands hf. ráðstafað einni vinnuviku í hverjum mánaðanna janúar, febrúar, mars, ágúst og nóvember til skoðunarinnar. Þrír skoðunarmenn munu vinna við skoðunina og þeir munu hafa komið frá skoðunarstöðvunum í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli.

Bifreiðaskoðun boðar ökutæki í Vestmannaeyjum til skoðunar í samræmi við þann tíma sem verið er að skoða á staðnum en auk þess er eigendum ökutækja heimilt að færa þau til skoðunar í hvaða skoðunarstöð sem er á landinu. Reynslan sýnir að um fjórðung ökutækja þarf að færa til endurskoðunar í framhaldi af aðalskoðun. Fjögur bifreiðaverkstæði eru í Vestmannaeyjum sem hafa viðurkenningu Bifreiðaskoðunar til að annast þessa þjónustu.

Alltaf er eitthvað um að lögregla þurfi að hafa afskipti af vanbúnum ökutækjum. Ef lögregla metur vanbúnaðinn svipaðan því sem gert er þegar ökutæki þarf að koma til endurskoðunar getur hún gefið út svokallaðan aðfinnslumiða lögreglu og veitt frest eða akstursleyfi fram að næsta skoðunartíma. Reynist ökutæki alvarlega vanbúið þannig að það stofni umferðaröryggi í hættu getur lögreglu reynst nauðsynlegt að taka skráningarmerki af ökutækinu. Um-

boðsmanni Bifreiðaskoðunar í Vestmannaeyjum er heimilt að afhenda eiganda eða umráðamanni ökutækisins skráningarmerkin á ný ef viðkomandi getur sýnt fram á, t.d. með vottorði frá viðurkenndu bifreiðaverkstæði, að ökutækið hafi verið fært í lögmætt ástand.

Önnur spurning var: „Hver eru framtíðaráform um tilhögun bifreiðaskoðunar í Vestmannaeyjum?" Það hefur komið hér fram að ágústmánuður sé ekki heppilegur sem skoðunarmánuður í Vestmannaeyjum. Bifreiðaskoðunin hefur því ákveðið að hafa þá ábendingu til hliðsjónar í framtíðinni. Bifreiðaskoðun Íslands hf. stefnir að því að hafa innan næstu fimm ára, a.m.k., eina fullkomna skoðunarstöð í hverju kjördæmi landsins. Það verður að segjast eins og er að ekki liggur fyrir hvenær skoðunarstöð verður reist í Vestmannaeyjum.

Þriðja spurningin var: „Hvernig er tilhögun ökuprófa í Vestmannaeyjum." Prófdómari hefur ekki fast aðsetur í Eyjum. Hann er sendur frá Reykjavík eftir þörfum eða á um það bil 2–3 vikna fresti. Ferðunum er hagað í samvinnu við starfandi ökukennara í Vestmannaeyjum. Þannig er ástand þessara mála í dag. En vegna þess sem fram kom í máli fyrirspyrjanda um þetta efni og hugsanlega breytingu á því skal ég lýsa því hér yfir að það verði gjarnan tekið til nánari athugunar.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans, ekki síst síðustu setninguna sem hann mælti. Það sem hvarflar kannski að manni stundum þegar maður hugsar um öll þau miklu umferðarslys sem verða hér á Íslandi hvort menn verji ekki allt of miklum peningum og kostnaði í þessa svokölluðu bifreiðaskoðun, hvort ekki væri kannski einfaldast að leggja hana niður eða færa alfarið inn á verkstæðin eins og ég minnist að margir hv. þm. lögðu til í umræðunni hér um þessi mál á sínum tíma. Menn þyrftu þá að fara í ljósaskoðun, bremsuskoðun og stýrisskoðun og fengju um það stimpil af verkstæði sem mundi kosta tiltölulega lítið en mundu síðan taka alla þessa miklu peninga sem fer í allt þetta bákn sem byggir sig upp innan frá, eins og Bifreiðaskoðun Íslands, nýttu þá peninga til baráttu í umferðinni til að taka virkilega á þeim sem þar fara gáleysislegast um vegna því að fyrst og fremst liggur vandinn í því að mennirnir bregðast sjálfir. Vandinn liggur ekki í því að bifreiðarnar hafi brugðist, ástæðan er oftast önnur.

Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni, ein umr.

Fsp. DS og MálmS, 469. mál. — Þskj. 817.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Í umræðum um ráðstafanir vegna kjarasamninga í Ed. 22. febr. sl. spurði ég hæstv. forsrh. hvað liði því átaki í atvinnumálum kvenna sem fyrirheit er gefið um í sáttmála hæstv. ríkisstjórnar. Í svari hans kom fram að gerð hefði verið athyglisverð skýrsla um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„En einnig kom fram að við gerð fjárlaga hafi félmrh. farið þess á leit að fá 15 millj. kr. fjárveitingu til að byrja að framkvæma þær tillögur sem fram komu í skýrslunni."

Nú eftir áramótin kom fram önnur skýrsla um atvinnumál kvenna á vegum landbrn. og fjallar hún um stöðu bændakvenna og óskir þeirra um atvinnu. Í þeirri skýrslu kemur fram að 91% þeirra kvenna sem svöruðu telja nauðsynlegt að eiga kost á vinnu utan húss en það er reyndar nokkru lægra hlutfall kvenna eða 51% sem óska eftir vinnu fyrir sig sjálfar.

Í könnun landbrn. kemur mjög greinilega í ljós sérstaða kvenna í landbúnaði og sérstaða kvenna á vinnumarkaðinum yfirleitt. 72% þeirra sem áhuga hafa á vinnu vilja óreglulega vinnu eða sveigjanlega.

Miðvikudaginn 7. mars sl. hélt Marta B. Jensdóttir, sem vann að þeirri athugun þriggja ráðuneyta sem hér er spurt um, fyrirlestur byggðan á könnun sinni á vegum kvennarannsóknahópsins við Háskóla Íslands. Af máli hennar mátti heyra að hún hefur mjög gott yfirlit yfir stöðuna í atvinnumálum kvenna um land allt og ýmsar hugmyndir sem leitt gætu til úrbóta. Sú skýrsla sem hún fjallaði þar um hefur eftir því sem ég best veit hvergi birst og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. á þskj. 817:

„1. Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin fylgja eftir skýrslu þeirri um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni sem unnin var á vegum félmrn., iðnrn. og landbrn. á síðasta ári?

2. Er ætlunin að gefa skýrsluna út? Ef svo er, hvenær má vænta þess að hún líti dagsins ljós?"

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að tvær skýrslur liggja fyrir sem varða vinnu kvenna á landsbyggðinni, önnur frá félmrh., hin frá landbrh. Skýrsla landbrh. hefur ekki enn verið lögð fram í ríkisstjórninni en ég hef fengið hana til skoðunar. Skýrsla félmrh. var lögð fram í ríkisstjórninni 16. des. sl. og jafnframt lagði félmrh. þá fram þrjár tillögur.

Í fyrsta lagi að sérstök fjárveiting að fjárhæð 15 millj. kr. yrði á fjárlögum ársins 1990 og veitt Byggðastofnun til að vinna að þessum málum á grundvelli skýrslunnar.

Í öðru lagi að atvinnuráðgjöf verði efld og stefnt að því að iðnráðgjöfum fjölgi og verði a.m.k. tveir í hverju kjördæmi.

Í þriðja lagi starfsmenntun í atvinnulífinu. Félmrh. beiti sér fyrir námskeiðum fyrir atvinnulausar konur í samvinnu við ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu ráðuneytisins.

Þessar tillögur voru allar samþykktar í ríkisstjórninni og án tafar var gerð tillaga til fjvn. um þessa fjárveitingu, að þetta yrði tekið inn við 3. umr. fjárlaga. Því er skemmst frá að segja að fjvn. hafnaði

þeirri tillögu ásamt reyndar nokkrum öðrum svipuðum málum sem þá lágu fyrir.

Ég hef engu að síður sent skýrsluna með bréfi til Byggðastofnunar og óskað eftir því að skýrslan verði þar kynnt og verði lögð til grundvallar við áætlanir og uppbyggingu atvinnumála í strjálbýli. Og þótt ég hafi hér ekki formlega fengið skýrslu landbrh. vakti ég einnig athygli á þeirri skýrslu í umræddu bréfi og lagði til að hún yrði einnig höfð til hliðsjónar.

Þetta hefur verið rætt við framkvæmdastjóra Byggðastofnunar sem mun að sjálfsögðu verða við þessum tilmælum og ég geri ráð fyrir að skýrslurnar verði því þar til meðferðar. Vitanlega væri mjög æskilegt að fá til þess sérstaka fjárveitingu og ég veit að Byggðastofnun veitir ekki af því. Ég á nú samt von á því, miðað við þær ágætu móttökur sem þetta hefur fengið þar, að Byggðastofnun muni gera það sem í hennar valdi er til að stuðla að framgangi þessara mála. En ég hygg að það muni ekki enn þá vera komið það langt að unnt sé að segja frá því hvernig Byggðastofnun hyggst gera það. Byggðastofnun er hins vegar að sjálfsögðu í öllu sínu starfi með atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og það hefur vitanlega komið fram m.a. í viðræðum sem ég átti við framkvæmdastjóra Byggðastofnunar að mjög stór þáttur í þeirri atvinnuuppbyggingu varðar vitanlega atvinnu kvenna. Má þar nefna fiskvinnsluna, ferðaþjónustuna og margt fleira sem þessu tengist. En í þessum skýrslum eru eigi að síður margar ábendingar til viðbótar.

Um útgáfu á þessu skýrslum get ég lítið sagt. Þær verða ekki gefnar út á vegum forsrn. að sjálfsögðu en ég hef þær upplýsingar frá félmrh. að útgáfa á skýrslu hennar sé í athugun.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Það liggur nú fyrir að gerðar hafa verið merkar kannanir á atvinnuþörf og atvinnuaðstöðu kvenna á landsbyggðinni og í dreifbýli. Í þessum skýrslum er vissulega mikinn fróðleik að finna bæði um afkomu og aðstöðu kvenna á landsbyggðinni. Þar kemur glöggt fram þörf þeirra fyrir fjölbreyttari atvinnukosti en þær hafa, einkum í dreifbýlinu. Þar koma líka fram hugmyndir um hvernig mætti byggja upp atvinnutækifæri sem leiddu til úrbóta fyrir konur.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að framkvæmdum í þessum málum hefði verið vísað til Byggðastofnunar og henni er þá væntanlega treyst til að móta einhverja stefnu í þeim málum. Það kom ekki fram hjá hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin sem slík hefði mótað neina stefnu um það hvernig hún ætlaði að snúa sér í þessu. En ég vil minna á það að við kvennalistakonur höfum lagt fram frv. til laga um það að við Byggðastofnun verði stofnuð sérstök deild til þess að hafa með höndum atvinnuuppbyggingu fyrir konur. Það er auðvitað deginum ljósara að Byggðastofnun gerir ekki mikið í þessum málum nema hún hafi fé til þess sem við einnig lögðum til, að hún hefði fast framlag til þeirra hluta. Í öðru lagi skiptir máli að það séu konur sem hafa þetta með höndum. Við lögðum til að við þessa kvennadeild Byggðastofnunar störfuðu konur því að konur hafa meiri skilning á því hvað konum er fyrir bestu og ekki síst í atvinnulegu tilliti.

Hæstv. forsrh. sagði að Byggðastofnun mundi gera í þessum málum það sem á hennar valdi væri. Þá vil ég minna á það að til allra hluta þarf fé og það verður þá í leiðinni að sjá Byggðastofnun fyrir fjármunum til þess að vinna að þessu verkefni. Ég vil enn undirstrika það sem ég hef oft sagt úr þessum ræðustól að ef við eigum að tala um einhverja skynsamlega byggðaþróun og að byggð haldist í landinu á þeim nótum sem æskilegt er verður að vera þar atvinna fyrir konur.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf en ég verð reyndar að segja að þau ollu mér töluverðum vonbrigðum vegna þess að í máli hans kom fram að hæstv. félmrh. hefði lagt fram skýrslu sína 16. des. sl., farið hefði verið fram á 15 millj. kr. fjárveitingu en fjárveitingavaldið sá sér ekki fært að verða við þeirri ósk. Það kom einnig fram í máli hans hvaða tillögur hæstv. félmrh. lagði fram og ég held að þar sé um að ræða mjög þörf atriði bæði í sambandi við atvinnuráðgjöf og starfsmenntun. En mér þykir vera mikill hægagangur á þessu máli og þess vegna hef ég vikið að því oft héðan úr þessum ræðustól. Skýrslan er greinilega send núna Byggðastofnun til athugunar og eftir því sem best er vitað þá hefur Byggðastofnun heldur ekki mikið fé aflögu þannig að það er kannski ekki hægt að ganga út frá því að hún muni leggja á þetta mál þá áherslu sem nauðsynleg er.

Ég vil taka undir það sem hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði áðan og minna á kvennadeild Byggðastofnunar sem við lögðum til að yrði stofnuð til þess að vinna sérstaklega að atvinnuþróun fyrir konur. Ég vil einnig minna á tillögu frá okkur kvennalistakonum sem samþykkt var nýlega hér í Sþ. um að komið verði á fót svokölluðum fjarvinnustofum. Þó þar sé e.t.v. ekki um þúsundir atvinnutækifæra að ræða gæti það eflaust haft mikið að segja í ýmsum byggðarlögum að fá einhver slík verkefni og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að framkvæma þá tillögu hið allra fyrsta.

Þá vil ég einnig taka undir það sem hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði um það að nauðsynlegt er að konur hafi þetta verk með höndum. Það sama kemur fram í skýrslu landbrn. Þrjár konur hafa unnið þá skýrslu í sameiningu og það kemur fram í inngangi með henni skýrslu að þær hafa mjög góðan og næman skilning einmitt á hinum sérstöku vandamálum kvenna úti á landsbyggðinni hvað atvinnumál varðar.

Það eru óneitanlega viss vonbrigði að útgáfa skýrslu hæstv. félmrh. skuli aðeins vera í athugun og

vona ég að hún líti dagsins ljós sem fyrst. Ég sé reyndar ekki ástæðu til þess að gera margar fleiri skýrslur, hvorki um þetta mál né um launakjör kvenna. Það sem þarf fyrst og fremst er að grípa til raunhæfra aðgerða.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Út af því sem sagt var hér áðan um það að ríkisstjórnin sjálf hefði ekki gert neitt í þessu máli má nú kannski segja að það sé sjaldan sem ríkisstjórnin sjálf vinnur að slíkum málum heldur felur öðrum að sinna þeim. En þó vil ég undirstrika það sem ég sagði að ríkisstjórnin samþykkti allar tillögur félmrh. strax. Og ríkisstjórnin hefur nú ekki fjárveitingavaldið. Það hefur verið talað um það æðimikið hér á Alþingi að ríkisstjórnin leyfir sér að fara út fyrir það og ríkisstjórnin hefur tekið sig á skulum við segja í þeim efnum og forðast það og mun ekki gera það nema um algera neyð sé að ræða.

Vissulega er þetta mikilvægt mál en t.d. fyrir ríkisstjórnina að veita aukafjárveitingu eftir að fjvn. hefur hafnað þessu kemur held ég ekki til greina. Við áttum ekki annan kost en ríkisstjórnin mun fylgja þessu eftir við aðra fjárlagagerð t.d. og allan fjárhag Byggðastofnunar verður að taka til meðferðar við næstu fjárlagagerð.

Ég vil lýsa þeirri afstöðu minni að ég tel það mistök að mynda sérstaka deild kvenna við Byggðastofnun. Ég tek undir það að það þarf að fá fleiri konur þar til starfa. Það er alveg hárrétt. En mér sýnist að þetta verði að ganga hönd í hönd, störf kvenna og karla í dreifbýlinu og beri ekki að aðskilja. Ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram fyrst þetta bar á góma.

Virðisaukaskattur af snjómokstri, ein umr.

Fsp. ÁrnG, 472. mál. — Þskj. 825.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Frá síðustu áramótum og til 17. mars sl. hafði Vegagerð ríkisins greitt 267 millj. kr. fyrir snjómokstur. Af þessari fjárhæð má ætla að greiddar hafi verið 52,5 millj. kr. í virðisaukaskatt. Frá 17. mars hefur kostnaður Vegagerðar ríkisins við snjómokstur aukist verulega og er nú líkega um 300 millj. kr. En þetta er ekki nema hluti af kostnaði við snjómokstur á Íslandi. Eftir er að taka saman kostnað sveitarfélaganna sem er gífurlegur í sumum landshlutum.

Sem dæmi vil ég nefna að á fyrstu þremur mánuðum ársins greiddi Akureyrarbær 18,7 millj. Þar af fara 3,7 millj. í virðisaukann. Á Húsavík er kostnaðurinn orðinn 7 millj., 1,4 millj. fara í virðisaukaskatt. Það sem af er árinu hefur Vegagerðin greitt tæpar 8 millj. kr. fyrir það eitt að halda veginum um Ólafsfjarðarmúla opnum.

Mikill munur er á kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Í snjóþungum héruðum er um að ræða verulegan fjárhagslegan bagga og eykur virðisaukaskatturinn á þennan mismun. Í 4. gr. reglugerðar um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila er talin upp skattskyld starfsemi. Þar er snjómokstur ekki meðtalinn. Í lögum um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, er þess getið í 1. gr. að fjmrh. sé heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágu.

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég átta mig ekki á því í fljótu bragði hvaða virðisauki er fólginn í snjómokstri og af hverju úrkoma er skattlögð og spyr af því tilefni: Hvað með rigninguna? Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurningar:

„Telur fjmrh. sig hafa lagaheimildir til að fella niður virðisaukaskatt af snjómokstri? Ef svo er, hyggst hann nota þær og þá hvenær?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögunum um virðisaukaskatt hefur fjmrh. ekki almenna heimild til að undanþiggja snjómokstur virðisaukaskatti. Hins vegar eru lögin á þann veg að fjmrh. hefur heimild í virðisaukaskattslögunum til þess að ákveða að sveitarfélög og ríkisstofnanir, sérstaklega Vegagerð ríkisins, þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt af snjómokstri, enda ákveði fjmrh. jafnframt að endurgreiða þessum sömu aðilum virðisaukaskatt af snjómokstri ef þessi þjónusta er keypt af einkaaðilum. Það skilyrði er sett fram til að tryggja jafnræði á milli opinberra aðila og einkaaðila sem er eitt af grundvallaratriðum virðisaukaskattslöggjafarinnar.

Í samræmi við þá heimild sem fjmrh. hefur í virðisaukaskattslögunum til þess að fella niður með þeim hætti sem ég hef hér lýst virðisaukaskatt af snjómokstri hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum hef ég ákveðið að beita þessum heimildum á þann veg að fella niður virðisaukaskatt af snjómokstri hjá sveitarfélögum og Vegagerð ríkisins í samræmi við heimildarákvæði virðisaukaskattslaganna. Reglugerð sem kveður á um þetta sérstaklega, endurgreiðsluna af virðisaukaskatti og snjómokstri hjá sveitarfélögunum, verður birt í næstu viku.

Það er þess vegna ljóst að fjmrn. hefur tekið þá ákvörðun að beita þeim heimildum sem eru í virðisaukaskattslögunum til þess að sveitarfélög og Vegagerð ríkisins þurfi ekki að bera virðisaukaskatt af snjómokstri.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta svar hæstv. fjmrh. sem við vorum að hlusta á. Hann hefur sýnilega tekið þarna alveg rétta stefnu eins og stundum áður. Það er auðvitað alveg sjálfsagt mál að fella þennan virðisaukaskatt niður, enda var það a.m.k., leyfi ég mér að fullyrða, meining hv. fjh.- og viðskn. Nd. þegar hún fjallaði um virðisaukaskattslögin að svo yrði gert. Því til stuðnings vil ég nefna að í gildi

var í söluskattslögunum heimild til fjmrh. að endurgreiða söluskatt af snjómokstri. Það var auðvitað eðlilegt að svo yrði einnig með virðisaukaskattinn. Þessi heimild var komin inn í lögin fyrir forgöngu okkar Karvels Pálmasonar, ef ég man rétt, og hún var réttmæt og sjálfsögð og ég er mjög ánægður að fjmrh. skuli verða við þessu. Ég átti raunar aldrei von á öðru og það má kannski leggja honum það til lasts að vera ekki búinn að því fyrr en við verðum bara að láta þetta gott heita og ég er honum þakklátur fyrir.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. innilega fyrir hans svör. Þetta eru vafalítið einhver bestu svör sem gefin hafa verið í fyrirspurnatíma á þessum morgni á hinu háa Alþingi og þessi ákvörðun hans um að gefa út reglugerð í næstu viku um niðurfellingu á virðisaukaskatti á snjómokstri er mjög skynsamleg.

Ósoneyðandi efni, ein umr.

Fsp. KE, 473. mál. — Þskj. 826.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur verið útbreiddur misskilningur að við Íslendingar þurfum ekki að hafa áhyggjur af loftmengun. Hér sé nóg af hreinu lofti, við séum fámenn þjóð og mengun af okkar völdum smávægileg í samanburði við erlendar iðnaðarþjóðir. Vindurinn er af mörgum talinn sjá um þær mengunarvarnir sem við þurfum á að halda að því er varðar loftmengun. Sem betur fer eru viðhorf nú að breytast að því er þetta varðar. Þær hættur sem steðja að andrúmslofti og jarðarbúum eru margvíslegar. Ein þeirra er eyðing ósonlagsins.

Nú liggja fyrir vísindalegar sannanir fyrir eyðingarmætti svonefndra freóna og halóna á ósonlagið. Það er því mikilvægt að bregðast strax við og draga úr notkun ósoneyðandi efna.

Eins og hv. þm. rekur eflaust minni til var staðfestur hér á Alþingi í maí sl. svokallaður Montreal-samningur um takmörkun á notkun og framleiðslu klórflúorefna og halóna. Og eftir því sem mér hefur skilist eru uppi áform um að nýr samningur verði gerður þar sem reynt verði að takmarka enn frekar notkun á ósoneyðandi efnum.

Hér á landi er eðlilega mikil notkun á ósoneyðandi efnum vegna atvinnustarfseminnar en freón er notað í kælikerfi og þar sem við erum matvælaframleiðsluþjóð er mjög eðlilegt að mikið sé notað af slíkum efnum hér á landi. En það eru ýmsar lausnir til í þessu sambandi. Það er verið að gera ýmsar tilraunir með önnur efni á kælikerfi. Einnig þarf að fara mjög varlega með þessi efni þegar verið er að skipta um kælikerfi og ýmsar sögur heyrast um það hve óvarlega farið er í sambandi við einmitt freón á kælikerfum. En það er hægt að fara ýmsar leiðir til þess að minnka notkun ósoneyðandi efna. Við höfum m.a. bannað innflutning og notkun á úðabrúsum en það er aðeins hluti af málinu. Ég tel mjög mikilvægt að við höldum áfram að reyna að koma í veg fyrir notkun á þessum efnum hér á landi, ekki bara hvað viðkemur úðabrúsum heldur miklu fleira.

Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. á þskj. 826 spurningar sem hljóðar svo:

„Hvaða reglur gilda um innflutning og notkun ósoneyðandi efna hér á landi?

Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að draga úr notkun slíkra efna hérlendis?"

Ég hef beint spurningu minni til forsrh. þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ég gæti hér spurt marga ráðherra um þennan málaflokk því að það eru fleiri sem þarna ættu að máli að koma og e.t.v. umhverfisráðherra en ég taldi rétt að spyrja forsrh. þessarar spurningar nú.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni að það vakti nokkra undrun mína að fá þessa fsp. Ekkert hef ég á móti því að svara henni út af fyrir sig en ég hef orðið að fá upplýsingar frá þeim ráðuneytum sem þetta heyrir undir og get í raun ekki annað en flutt þær hér.

Fyrri fsp. var: „Hvaða reglur gilda um innflutning og notkun ósoneyðandi efna hér landi?" Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Hollustuvernd ríkisins er svarið svona:

1. Reglugerðarbann við innflutningi og sölu úðabrúsa sem innihalda tiltekin ósoneyðandi dreifiefni var gefin út á vegum heilbr.- og trmrn. 10. febr. 1989. Innflutningsbannið tók gildi 1. jan. sl. Sölubannið tekur hins vegar gildi 1. júní n.k. Fram til þess tíma er leyfilegt að selja úðabrúsa með ósoneyðandi dreifiefnum að því tilskildu að þeir séu merktir sérstaklega með áletruninni: Eyðir ósonlaginu. Lyf eru undanskilin frá þessu banni. Notkun klórflúorkolefna í úðabrúsum er u.þ.b. 25% heildarnotkunar þessara efna á Íslandi árið 1986.

2. Ísland gerðist einnig aðili að Vínarsáttmálanum og Montreal-samningnum í maí 1989 og er því skuldbundið til að fara að ákvæðum hans að því er snertir notkun klórflúorkolefna og halóna. Samkvæmt ákvæðum Montreal-samningsins skal draga saman notkun klórflúorkolefna um 20% miðað við notkun árið 1986 fyrir árið 1993 og um 50% fyrir árið 1998. Halónnotkunin skal ekki vera meiri 1992 en hún var árið 1986.

Síðari spurningin er: „Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að draga úr notkun slíkra efna hérlendis?"

Árið 1988, segir í svarinu frá Hollustuverndinni, skipaði iðnrh. nefnd, ósonnefndina svokölluðu, er var falið það hlutverk að kanna notkun ósoneyðandi efna á Íslandi svo og að koma fram með tillögur um það hvernig mætti draga úr notkun þessara efna. Nefndin skilaði skýrslu í lok ársins 1988. Að tillögu iðnrh. samþykkti ríkisstjórnin 20. des. 1988 tillögur nefndarinnar um aðgerðir til þess að draga úr notkun

klórflúorkolefna og halóna. Má líta á þessa skýrslu sem framkvæmdaáætlun í ósonmálefnum fyrir næstu ár. Í tillögum ósonnefndarinnar voru sett fram eftirtalin meginmarkmið:

1. Að Ísland fylgi þeim aðgerðum sem Norðurlöndin koma sér saman um á vettvangi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar.

2. Að Ísland gerist aðili að Vínarsáttmálanum og Montreal-samningnum. Og eins og ég hef þegar rakið hefur Ísland þegar gerst aðili að þeim samningi. Sérstakri framkvæmdanefnd, sem skipuð var í febrúar 1989, skipaðri forstöðumönnum frá Iðntæknistofnun Íslands, Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins, var síðan falið að fylgja eftir aðgerðum til að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Norðurlandaþjóðirnar hafa samþykkt að draga hraðar úr notkun ósoneyðandi efna en ákvæði Montreal-samningsins ganga út á og ganga lengra í sínum aðgerðum. Í norrænu umhverfismálaáætluninni sem undirrituð var í janúar 1989 var samþykkt að notkun á ósoneyðandi efnum yrði helminguð fyrir árið 1995. Ísland stefnir í samræmi við þetta að því að draga hraðar úr notkun klórflúorkolefna en ákvæði Montreal-samningsins kveða á um. Aðgerðir sem áðveðnar hafa verið til að draga úr notkun ósoneyðandi efna eru eftirfarandi:

1. Bönnuð hefur verið notkun úðabrúsa sem innihalda ósoneyðandi efni, eins og áður er greint frá.

2. Unnið er að því að endurskoða staðla og reglur um notkun klórflúorkolefna í kæli- og frystikerfum og um eftirlit með slíkum efnum. Unnið er að því að safna og endurnýta ósoneyðandi efni sem til falla úr slíkum kerfum. Notkun á þessu sviði er hlutfallslega mikil hér á landi þar sem fiskiðnaðurinn er svo viðamikill þáttur í atvinnulífinu. Með bættu eftirliti og nýjum reglum mun mögulegt að draga saman þessa notkun þar til ný efni eru komin á markaðinn sem leyst geta af hólmi þau klórflúorkolefni sem notuð eru í dag.

3. Stefnt er að því að beina neyslu að efnum sem ekki innihalda klórflúorkolefni þar sem slíkt er mögulegt eða að efnum þar sem minna magn af klórflúorkolefnum hefur verið notað í framleiðslu en áður tíðkaðist.

4. Notkun klórflúorkolefna sem hreinsimiðla í iðnaði hefur verið minnkuð verulega. Samanlagt er reiknað með því að notkun klórflúorkolefna í kæli- og frystikerfum í harðfroðu- og mjúkfroðuframleiðslu og sem hreinsimiðla muni minnka um u.þ.b. 15% fyrir árið 1991.

5. Í undirbúningi er að setja reglur um notkun halóna í slökkvibúnaði sem miði að því að draga verulega úr almennri notkun.

6. Loks áætlar Hollustuvernd ríkisins að gefa bráðlega út fræðslubækling um þynningu ósonlagsins og um loftslagsbreytingar. Um er að ræða þýðingu á sambærilegum norskum bæklingi.

Að endingu er þess að geta að í skýrslu ósonnefndarinnar er gert ráð fyrir endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árið 1991. Ég vil því segja það að mér sýnist við standa allsæmilega í stykkinu og við munum fylgja öllum alþjóðlegum samþykktum í þessu efni og vera þar einskis eftirbátur.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka forsrh. svör hans og heyrist mér að þau hafi komið frá Hollustuvernd ríkisins og hefði kannski verið eðlilegra að beina spurningunni til hæstv. heilbrrh. á meðan hann hefur yfir þessum málum að ráða. Hins vegar finnst mér ekkert verra að fá hæstv. forsrh. hér til að svara. Mér sýnist að margt sé reynt að gera í þessum málum en betur má ef duga skal.

Ég er mjög ánægð með það að okkur hafi tekist að setja reglugerð um notkun ósoneyðandi efna á úðabrúsum þar sem við höfum bannað innflutning og notkun hérlendis. Það munu vera u.þ.b. 25% af þeim ósoneyðandi efnum sem hér hafa verið í umferð. Það er eitt atriði sem mig langar til að benda á í þessu sambandi og hæstv. forsrh. minntist á, en það er harðfroðueinangrunin eða plasteinangrunin. Ég held að það væri rétt hjá okkur að líta betur á það mál. Þegar verið er að blása slíkt plast eru oft notuð ósoneyðandi efni en hægt er að blása með öðrum efnum. En það sem ég vildi vekja athygli á er að við framleiðum hér á landi einangrunarefni, steinull, og það er mjög mikilvægt fyrir okkur af tveimur ástæðum að auka notkun á henni, bæði vegna ósoneyðandi efna sem notuð eru við framleiðslu á plasti og til að auka notkun á innlendri framleiðslu. Það þarf að vekja sérstaka athygli á því að við getum notað okkar eigin framleiðslu sem er minna skaðleg en það sem við flytjum inn. Það er eðlilegt fyrir okkur að líta til þess hvert við leitum eftir bæði einangrunarefnum og ýmsum öðrum og hvort í þeim löndum þar sem þau eru framleidd séu notuð við framleiðsluna efni sem eru vinsamleg fyrir ósonlagið. Þetta vildi ég einungis benda á og ég lýsi ánægju minni með að það skuli eiga að gefa út fræðslubækling. Því fólk er orðið mjög meðvitað í þessum málum og margir sem vilja fá að vita hvort það sem þeir kaupa getur verið skaðlegt fyrir umhverfið.

SAMEINAÐ ÞING

74. fundur, fimmtudaginn 5. apríl, að loknum 73. fundi.

Möguleikar Bláa lónsins, síðari umr.

Þáltill. NL, 153. mál. — Þskj. 160, n. 839.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um till. til þál. um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins við Svartsengi. Ég mæli fyrir nál. í forföllum framsögumanns sem er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og bárust umsagnir um hana frá bæjarstjórn Grindavíkur, Ferðamálaráði Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi veitinga- og gistihúsa og Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga.

Nefndin taldi eðlilegt að auk þeirra aðila sem haft hefur verið samráð við um könnun þessa og nefndir eru í tillgr. verði einnig sérstaklega tilgreind bæjaryfirvöld í Grindavíkurbæ. Því leggur nefndin til að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir orðunum „Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum" í 2. mgr. komi: Grindavíkurbæ.

Ingi Björn Albertsson og Kristinn Pétursson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal, Karl Steinar Guðnason og Guðrún Helgadóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 839 samþ. með 33 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 880).

Samningur um viðurkenningu á niðurstöðum prófana, fyrri umr.

Stjtill., 466. mál. — Þskj. 812.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þáltill. þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu úr niðurstöðum prófana og staðfestingu á samræmingaraðgerðum sem gerður var í Tampere 15. júní 1988. Að auki er farið þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu bókunar um beitingu samningsins gagnvart Liechtenstein en sá samningur var gerður í Tampere sama dag. Samningurinn er liður í viðleitni Evrópuríkja til að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum til að stuðla að óhindruðum vöruviðskiptum á evrópska efnahagssvæðinu. Samningurinn ryður burt hindrunum vegna prófana vara sem settar eru á markað í öðrum EFTA-ríkjum og vegna staðfestingar á því að þær uppfylli kröfur sem gerðar eru, fyrst og fremst grunnkröfur um vernd heilsu, öryggis og umhverfis. Markmið samningsins er að stuðla að því að prófanir sem gerðar hafa verið í EFTA-ríkjum gildi fyrir vörur sem eru settar á markað innan Efnahagsbandalags Evrópu.

Af þessu tilefni vil ég láta þess getið að í undirbúningi er samningur milli Íslands og Svíþjóðar um samstarf á þessu sviði, þ.e. að eftirlitsstofnun Svía, sem hefur undir sinni stjórn um 250 aðrar eftirlitsstofnanir og hefur fengið sérstaka viðurkenningu Evrópubandalagsins, láti okkur í té slíkar staðfestingar og prófanir á varningi sem þar með njóti viðurkenningar í Evrópubandalagslöndunum.

Virðulegi forseti. Í 5. gr. þessa samnings er gert ráð fyrir því að gerðir verði sérstakir samningar um einstök framleiðslusvið. Til þess að íslensk stjórnvöld geti tekið virkan þátt í samvinnu á því sviði er unnið að frv. til laga um fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar hér á landi og um stöðlun og tengda starfsemi.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Fullgilding Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum, fyrri umr.

Stjtill., 455. mál. — Þskj. 790.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Samningur þessi var gerður í Strasborg 26. nóv. 1987. Markmið samningsins er að efla vernd þeirra sem sætt hafa frelsissviptingu gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Samningurinn kemur ekki í stað Mannréttindasáttmála Evrópu og málsmeðferðar sem hann gerir ráð fyrir. Markmiði samningsins skal náð með fyrirbyggjandi aðgerðum. Er gert ráð fyrir að sett verði á fót nefnd sem með vitjunum rannsakar aðstæður þeirra sem sætt hafa frelsissviptingu, geri athugasemdir ef ástæða er til og geri tillögur til viðkomandi ríkis um bætta meðferð eða aðbúnað.

Í athugasemdum með till. er gerð grein fyrir hlutverki nefndarinnar og skyldum aðildarríkja í samskiptum við hana. Ríkisstjórnin hefur lagt fyrir hv. Alþingi frv. til laga þar sem sett eru fram fyrirmæli til þess að tryggja að Ísland geti fullnægt skyldum samkvæmt samningnum.

Ég leyfi mér að leggja til, virðulegi forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalagsins, fyrri umr.

Stjtill., 454. mál. — Þskj. 789.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalagsins sem gerður var í Brussel 30. okt. 1989. Markmið þessa samnings er að auðvelda og auka samstarf Íslands og Evrópubandalagsins á sviði vísinda, tækni, rannsókna og þróunar. Þessu markmiði yrði náð m.a. með heimsóknum og skiptum á vísindamönnum, verkfræðingum og tæknimönnum. Samningurinn er forsenda fyrir þátttöku Íslands í viðamiklum vísindaáætlunum Evrópubandalagsins en um fyrirkomulag slíkrar þátttöku skal síðan samið í hverju tilviki.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Breytingar á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, fyrri umr.

Stjtill., 491. mál. — Þskj. 856.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að heimila ríkisstjórn að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, frá 14. júní 1989, um breytingar á stofnsamningi samtakanna. Í greinargerð sem fylgir tillögunni er í stutt máli rakin forsaga þessarar ákvörðunar. Með henni er komið í höfn áratuga baráttumáli Íslendinga innan samtakanna, að helstu útflutningsvörur Íslands njóti sömu fríverslunarkjara og iðnaðarvörur.

Það er rétt að EFTA-ríkin eru ekki veigamestu útflutningsmarkaðir okkar. Útflutningur okkar á markaði þeirra nemur um eða innan við 10% af okkar heildarútflutningi. Full fríverslun með sjávarafurðir milli aðildarríkjanna er því ekki verulegt fjárhagslegt hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga að svo stöddu, nema útflutningur til þessara landa aukist á næstunni. Okkur hefur vissulega verið ljós þessi staðreynd, en tilgangurinn af okkar hálfu var fyrst og fremst sá að berjast fyrir því grundvallaratriði að fullt jafnræði ríkti um viðskipti með helstu útflutningsvörur allra aðila EFTA-samningsins. Þetta baráttumál hefur nú náðst fram og því fylgir jafnframt annað sem kann að verða enn veigameira fyrir okkur en ábatinn af fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA. Það er sú staðreynd að krafan um viðskiptafrelsi með sjávarafurðir er nú sameiginleg krafa allra EFTA-ríkjanna í viðræðum þeirra við Evrópubandalagið og evrópska efnahagssvæðið. Hvernig því máli reiðir af kemur að sjálfsögðu ekki í ljós fyrr en komið er út í raunverulegar samningaviðræður en fullur stuðningur félaga okkar í EFTA ætti að styrkja stöðu okkar í þeim viðræðum.

Rétt er að geta þess hér varðandi túlkun á 10. gr. samningsins að af henni, þ.e. af fríverslun með allan fisk, þar á meðal ferskan fisk, leiðir að selja megi hann í öllum samningsríkjum á sama hátt og aðrar fríverslunarvörur. Landanir fiskiskipa í höfnum annars samningsaðila eru því eins og hver önnur vörusala og því ekki nema sjálfsagðar og eðlilegar ef slík sala er metin fjárhagslega hagkvæm. Varðandi landanir er þó um þann fyrirvara að ræða að neita megi löndun fiskiskipa eins samningsaðila í höfn annars ef um er að ræða fisk úr sameiginlegum fiskstofnum sem ekki hefur verið gert samkomulag um skiptingu á eða ekki falla undir viðeigandi eftirlitskerfi einstakra aðildarríkja. Sá fyrirvari ætti að vera næg trygging fyrir því að við gætum aldrei skaðast af fríverslunarfyrirkomulaginu þótt deilur um fiskstofna kæmu upp.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessari þáltill. vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nefna það, vegna þess máls sem hér var mælt fyrir af hæstv. utanrrh., að vissulega skiptir miklu að við njótum sömu kjara með okkar fiskafurðir og gilda um iðnaðarvörur í fríverslun. Það er verulegt hagsmunamál Íslands að full viðurkenning fáist á slíku, bæði á vettvangi EFTA og ekki síður, enn frekar raunar, gagnvart Evrópubandalaginu þannig að þær tollahindranir sem eru nú í viðskiptum við Evrópubandalagið með fiskafurðir verði felldar niður.

Ég vil jafnframt benda á það að gæta verður þess við meðferð þessa máls og túlkun á okkar kröfum varðandi fríverslun að samningar um þessi mál leiði ekki til þess að við missum möguleika á að stýra ráðstöfun fiskafla og tryggja að vinnsla haldist í landinu. Ég tel það vera hættulegt fyrir íslenska hagsmuni ef við færum að berjast fyrir algerri fríverslun með fisk, fisk upp úr sjó, óunninn eða hálfunninn fisk, og hefðum ekki eðlilega möguleika á því að stýra löndun aflans. Það liggur ljóst fyrir að alger fríverslun á þessu sviði mundi gera það ókleift og óheimilt að reisa skorður við útflutningi á óunnum eða hálfunnum fiski. Mér finnst sem við meðferð þessa máls á fyrri stigum hafi ekki verið nógsamlega fjallað um þetta efni. Mér er til efs að þeir fyrirvarar sem felast í þessum samningi séu næg trygging í því.

Með þessum orðum vil ég ekki draga úr þýðingu þess að við fáum fulla viðurkenningu á því gagnvart okkar viðskiptaaðilum að verslun með fiskafurðir hljóti hliðstæða meðferð og iðnvarningur. Þar er hins

vegar um unnar afurðir að ræða, fullbúnar á markað. Allt öðru máli gegnir um óunninn fisk og hálfunnar afurðir. Þar hljótum við að gæta að okkar hagsmunum og verðum að hafa það í huga við meðferð málsins. Á þetta verður væntanlega litið í þeirri þingnefnd sem fær mál þetta til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til utanrmn. með 39 shlj. atkv.

Alþjóðasamþykkt um stefnu í atvinnumálum, fyrri umr.

Stjtill., 493. mál. — Þskj. 858.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lögð fyrir Alþingi þáltill. um heimild Alþingis fyrir því að Ísland fullgildi samþykkt sem afgreidd var á 48. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var árið 1964 og fjallar um stefnu í atvinnumálum.

Í athugasemdum með þáltill. er gerð nokkur grein fyrir aðdraganda þess að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt nr. 122. Ég tel rétt að draga fram mikilvægustu atriðin í því sambandi.

Á 45. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1961 var samþykkt einróma ályktunartillaga sem m.a. fól í sér eindregin tilmæli til stjórnarnefndar ILO um að leggja áherslu á að taka stefnu í atvinnumálum sem allra fyrst á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins og ekki síðar en árið 1963. Markmiðið væri að afgreiða viðeigandi gerð sem stuðlaði að auknu framboði atvinnu eftir leiðum sem bent var á í tillögunni. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar samþykkti á 152. fundi sínum í júní 1962 að boða til undirbúningsfundar um þetta málefni.

Á fundi stjórnarnefndar í nóvember það ár var samþykkt að taka stefnu í atvinnumálum til umræðu á 48. þinginu 1964 með það að markmiði að afgreiða viðeigandi gerð um þetta málefni. Áðurnefndur undirbúningsfundur, sem haldinn var haustið 1963, afgreiddi drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem lögð var til grundvallar umræðum á Alþjóðavinnumálaþinginu sumarið 1964. Þingnefnd sem fjallaði um drögin varði þremur fundum í að ræða hvort stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar eða ekki. Að afloknum umræðum um það atriði var samþykkt með nokkrum meiri hluta atkvæða að stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar. Allmargir voru þessu andvígir og skorti töluvert á fulla samstöðu um þessi atriði.

Flestir sem tóku afstöðu gegn því að stefnt skyldi að afgreiðslu á alþjóðasamþykkt lýstu yfir þörf á mikilli framleiðni og frjálsu vali starfs. Af ýmsum ástæðum töldu þeir að þeirri þörf yrði ekki fullnægt með afgreiðslu alþjóðasamþykktar um þetta málefni. Þessir fulltrúar bentu á að atvinnumál væru viðamikill málaflokkur þar sem stefnumörkun væri erfið vegna margra óvissuþátta. Í alþjóðasamþykkt um þetta efni gæti í besta falli falist viljayfirlýsing um markmið sem stefnt væri að á þessu sviði. Af þeirri ástæðu yrði erfitt fyrir alþjóðavinnumálaskrifstofuna að hafa með því eftirlit hvort aðildarríki hugsanlegrar samþykktar stæðu við þær skuldbindingar sem þau gengjust undir með fullgildingu. Einnig var vakin á því athygli að atvinnuástandið í mörgum þróunarlöndum væri með þeim hætti að fullgilding af þeirra hálfu væri nánast marklaus og mundi vekja tálvonir meðal íbúa þeirra landa.

Talsmenn þess að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi alþjóðasamþykkt bentu á, máli sínu til stuðnings, að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, svo og ríki sem höfðu tekið undir Mannréttindayfirlýsingu samtakanna, viðurkenndu rétt manna til launavinnu þeim og fjölskyldum þeirra til framfærslu. Lögð væri áhersla á þennan rétt í Fíladelfíuyfirlýsingu Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1944, um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Alþjóðasamþykkt um stefnu í atvinnumálum gæti orðið grundvöllur þróunaráratugar Sameinuðu þjóðanna. Með slíkri samþykkt yrði lögð áhersla á mikilvægi þess að nýta þá auðlind sem felst í vinnuframlagi fólks. Af hálfu þessara aðila var viðurkennt að samþykkt um þetta efni mundi aðeins fela í sér viljayfirlýsingu en ekki nákvæmlega skilgreindar skuldbindingar. Ekki væri hætta á að þetta mundi grafa undan áliti á alþjóðasamþykktum ILO. Hitt yrði þvert á móti tilefni til gagnrýni ef Alþjóðavinnumálastofnunin léti hjá líða að afgreiða alþjóðasamþykkt þar sem lýst væri yfir lágmarksmarkmiðum í atvinnumálum.

Niðurstaða Alþjóðavinnumálaþingsins varð því sú að afgreiða stutta alþjóðasamþykkt sem felur í sér að aðildarríkin lýsi því m.a. yfir sem meginmarkmiði að framfylgja stefnu er miði að því að veita öllum næga arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali.

Auk samþykktarinnar afgreiddi vinnumálaþingið ítarlega tillögu nr. 122 um stefnu í atvinnumálum. Í henni er bent á ýmsar leiðir til að ná markmiðum samþykktarinnar. Þess skal getið að 70. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 1984 afgreiddi tillöguna um stefnu í atvinnumálum. Á þessa tillögu nr. 169 ber að líta sem endurskoðun og viðauka við tillögu nr. 122/1964. Í nýju tillögunni eru áherslur nokkuð aðrar en í hinni eldri. Benda má á ákvæði um aukna áherslu á starfsmenntun starfsfólks vegna nýrrar tækni. Þó tillagan sé birt í skýrslu félmrn. um 70. Alþjóðavinnumálaþingið sem kom út árið 1985 er hún birt til hægðarauka hér í fylgiskjali.

Í tillögum nr. 122 og 169 um stefnu í atvinnumálum er bent á margar leiðir sem geta falist í stefnu í vinnumarkaðsmálum. Ég vil vekja athygli á nokkrum þeirra. Í 14. gr. í tillögu nr. 122 er lögð áhersla á hlutverk vinnumiðlunar í því að framleiðni fyrirtækja verði sem mest, m.a. með því að útvega fólk til starfa til þess að hindra samdrátt í framleiðslu vegna

manneklu. Þeir sem þekkja til starfsemi vinnumiðlunar í landinu vita að á þessu sviði þarf að gera betur. Efla þarf starfsemi vinnumiðlunarinnar, m.a. með auknu samstarfi sveitarfélaga og gera hana virkari en hún er.

Einnig er vakin athygli á gildi starfsþjálfunar og endurmenntunar sem gerir starfsfólki kleift að takast á við ný eða breytt verkefni. Loks er minnt á gildi starfsmenntunar, eins og ég vék að áður. Þar er m.a. kveðið á um það að aðildarríki skuli kappkosta að tryggja með viðeigandi ráðstöfunum að launafólki séu gefin tækifæri með menntun og þjálfun til að aðlagast nýjum kröfum vegna tæknibreytinga. Við þetta má bæta að í ýmsum ályktunum Evrópubandalagsins á sviði vinnumarkaðsmála er fjallað um mikilvægi starfsmenntunar og er ljóst að bandalagið kemur til með að verja verulegum fjárupphæðum til þeirrar starfsemi á næstu árum.

Þótt í fullgildingu alþjóðasamþykktar nr. 122 felist einungis skuldbinding um að fylgt sé stefnu sem miði að því að veita öllum næga arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali felur hún í sér hvatningu til að móta heildarstefnu í atvinnumálum sem taki til fjölmargra þátta. Samkvæmt samþykktinni hafa stjórnvöld gott svigrúm til stefnumótunar sem tekur mið af séraðstæðum í hverju landi þar sem hún er mjög almennt orðuð og er vísað til tillögunnar um nánari útfærslu.

Ég vil að síðustu, virðulegi forseti, geta þess að leitað hefur verið álits þriggja aðila á því hvort fullgilda eigi alþjóðasamþykkt nr. 122. Þeir eru Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands. ASÍ mælir eindregið með því að ríkisstjórninni verði heimiluð fullgilding. Vinnumálasambandið og VSÍ leggjast ekki gegn fullgildingu. Loks er rétt að það komi fram að alþjóðasamþykkt nr. 122 er meðal þeirra sem flest aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa fullgilt. Hinn 1. jan. 1989 höfðu 72 ríki fullgilt samþykktina.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 457. mál. — Þskj. 793; þskj. 786 (Evrópuráðið), þskj. 645 (Þingmannasamtök Norður-Atlantshafsbandalagsins 1989), þskj. 806 (Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989).

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sé hér nærstaddur því ég treysti mér ekki til að hefja ræðu án þess að hann sé viðlátinn. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að láta hæstv. utanrrh. vita.)

Virðulegur forseti. Þar sem hæstv. ráðherra er kominn í þingsal ætla ég að að halda áfram ræðu. Þetta er í annað sinn sem ég kveð mér hljóðs varðandi skýrslu hæstv. ráðherra. Það eru nokkur atriði sem ég ætla að leyfa mér að taka upp í framhaldi af þeirri umræðu sem fram fór í síðustu viku um þessi mál.

Ég varði litlum tíma í fyrri ræðu minni til að fjalla um stöðu mála varðandi könnunar- og undirbúningsviðræður milli EFTA og Evrópubandalagsins um svonefnt evrópskt efnahagssvæði. Það er því ástæða til þess af minni hálfu að fara um það nokkrum orðum frekar og inna hæstv. ráðherra þar eftir ýmsum atriðum sem snerta málsmeðferðina nú hina síðustu daga og vikur. Þar hefur ýmislegt verið á döfinni sem æskilegt er að mínu mati að hæstv. utanrrh. veiti upplýsingar um og svari til um. Ég vænti þess að það sé ljúft af hálfu hæstv. ráðherra að koma inn á þau efni hér síðar í umræðunni þar sem hann hefur sjálfur nú alveg nýverið verið á vettvangi erlendis, á vettvangi utanríkisráðherra EFTA-landanna þar sem þessi mál voru til sérstakrar umræðu.

Það stendur svo að í þessum viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið hafa orðið ákveðin þáttaskil þessar vikurnar. Af hálfu utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna var tekið fram, samkvæmt fréttatilkynningu frá því í fyrradag, 3. apríl sl., sem hæstv. utanrrh. sendi út, að utanríkisráðherrarnir hafi staðfest ásetning sinn um að ganga til samninga um evrópskt efnahagssvæði sem tryggði óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi, eins og það er orðað í fréttatilkynningunni. Þetta er samkvæmt þeirri áætlun um þessar viðræður sem fyrir hefur legið. Embættismannanefndin sem vann að málinu fyrir báða aðila lauk störfum 20. mars sl. og utanríkisráðherrar EFTA-landanna voru þarna að taka sólarhæðina að sínu leyti. Það stefnir því greinilega í það af hálfu forustumanna EFTA-ríkjanna að vilji þeirra er að taka upp þessar formlegu viðræður um evrópskt efnahagssvæði.

Ég vil vekja athygli á því og minna á það hér að minn þingflokkur hefur ekki fjallað um þetta mál nú nýlega og raunar ekki með ákvarðandi hætti síðan 29. nóv. sl. þegar þingflokkurinn gerði svohljóðandi samþykkt, með leyfi virðulegs forseta:

„Þingflokkur Alþb. samþykkir fyrir sitt leyti að Ísland verði áfram þátttakandi í viðræðum EFTA og EB. En áður en til þátttöku í beinum og formlegum samningaviðræðum komi verði málið tekið til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Þingflokkurinn ítrekar þá stefnu Alþb. varðandi samninga EFTA og Efnahagsbandalagsins að fullur fyrirvari verði hafður um þátttöku og fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Alþb. hefur því almennan fyrirvara við málið á þessu stigi.

Þingflokkurinn telur enn fremur brýnt að tryggja

að stjórnarflokkarnir eigi beinan aðgang að meðferð málsins á hverju stigi á næstu mánuðum. Þingflokkurinn telur óhjákvæmilegt að utanrrh. geri viðmælendum sínum grein fyrir fyrirvörum ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna varðandi fjárfestingu útlendinga og þátttöku þeirra í íslensku atvinnulífi. Þingflokkurinn leggur áherslu á að áfram verði haldið tvíhliða viðræðum við forustumenn einstakra ríkja Evrópubandalagsins, sérstaklega um fríverslun með sjávarafurðir."

Þetta var, virðulegur forseti, ályktun þingflokks Alþb. frá 29. nóv. sl. Eins og þar kemur fram hefur þingflokkur Alþb., einn af stjórnarflokkunum, almennan fyrirvara við málið. Hann áskildi sér rétt til þess að taka það fyrir á nýjan leik og að það kæmi til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn og stjórnarflokkum áður en gengið yrði til formlegra samningaviðræðna. Ég hef þegar minnt á það í mínum þingflokki að á þeim vettvangi þurfi að taka á þessu máli í ljósi þeirrar niðurstöðu sem fram er komin úr hinum svokölluðu undirbúningsviðræðum og hæstv. ráðherra var að fjalla um með sínum starfsbræðrum hinn 3. apríl sl. Af hans hálfu liggur það mat fyrir að ganga til þessara formlegu viðræðna. Alþb. á eftir að taka afstöðu til þess fyrir sitt leyti hvort það styður þá stefnu.

Ég hef fyrir mitt leyti ítrekað bent á það og komið því á framfæri að ég tel að ekki séu efni til þess og það sé ekki skynsamlegt af Íslands hálfu að ganga til formlegra samningaviðræðna á þeim grundvelli sem lagður hefur verið varðandi hið evrópska efnahagssvæði. Þær upplýsingar sem fram hafa komið um þessi mál, m.a. inn í Evrópustefnunefnd Alþingis, hafa í engu orðið til að breyta þessu viðhorfi mínu. Mér finnst í rauninni margt hafa komið fram nú að undanförnu sem fremur styrki þetta viðhorf og færi rök að því að ekki sé farsælt fyrir Ísland að gerast þátttakandi í formlegum samningaviðræðum um þessi efni. Ég er ekki í því sambandi að blanda inn í það mat þeirri ókyrrð sem ríkt hefur að undanförnu í sambandi við þessar umræður á vettvangi Evrópubandalagsins, og einnig að nokkru leyti meðal EFTA-ríkjanna. Það er mál út af fyrir sig sem ég ætla að gera nokkuð að umtalsefni síðar. En það sem hefur orðið til þess að ég er enn eindregnar en áður andvígur því að gengið verði til formlegra samningaviðræðna af Íslands hálfu er það sem fram hefur komið, m.a. varðandi stofnanaleg tengsl sem gert er ráð fyrir að komið verði á milli Evrópubandalagsins og hins fyrirhugaðaða evrópska efnahagssvæðis, svo og það kerfi varðandi eftirlit og dómstóla sem ráðgert er að komið verði á.

Það liggur fyrir, nú þegar könnunarviðræðum er lokið, að ekki hefur verið gengið frá þessum efnum. Það liggur jafnframt fyrir að hæstv. utanrrh. er reiðubúinn að ganga mjög langt í því að afsala íslensku valdi yfir til yfirþjóðlegra stofnana, samþjóðlegra stofnana eins og sumir kjósa að kalla þær, í að skerða mjög verulega lagasetningarvald Alþingis sem fælist að nokkru í samningnum sem á að taka til mjög víðtækra og viðamikilla atriða varðandi íslensk efnahagsmál, félagsmál og margt fleira sem í undirbúningi er varðandi þennan samning.

Það sama gildir í sambandi við dómskerfi og dómsvald að einnig á því sviði er ráðgert, samkvæmt þeim grundvelli, að svo miklu leyti sem hann liggur fyrir, að Ísland afsali sér yfir til sameiginlegs dómstóls hins evrópska efnahagssvæðis dómsvaldi í landinu. Hér er auðvitað um mjög stór og alvarleg málefni að ræða. Það er að mínu mati ekki forsvaranlegt að fara að gerast þátttakandi í fjölþjóðlegum viðræðum á meðan ekki liggur fyrir hvaða grundvöllur getur komið til greina í sambandi við þessi stóru málefni.

Ég vil líka benda á það að sá andi svífur yfir vötnum þessara væntanlegu viðræðna að þar eigi fyrirvarar hinna einstöku ríkja að verða sem fæstir. Áherslan af hálfu Evrópubandalagsins hefur verið í þá átt að það þýði ekkert fyrir EFTA-ríkin að koma fram með marga fyrirvara inn í þessar væntanlegu samningaviðræður. Það var haft eftir forustumanni EFTA og talsmanni EFTA-hópsins, Anitu Gradin, hinum sænska ráðherra, í fréttum í gær að tímamörkum þessara viðræðna væri stefnt í voða, eins og það var orðað í fréttinni, ef undanþágulistinn yrði ekki styttur verulega.

Við þekkjum það líka úr málflutningi hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. að þeir eru þeirrar skoðunar að það eigi í rauninni að gera kröfu til mjög fárra undanþága af Íslands hálfu. Þeir vilja ganga mjög langt inn á lagagrundvöll Evrópubandalagsins, „acquis communautaire" og eru í rauninni með sárafáa fyrirvara af Íslands hálfu inn í þær viðræður. Ég hygg að þeir fyrirvarar séu færri en gerist hjá sumum öðrum EFTA-ríkjunum án þess að ég hafi kannað það sérstaklega. Og ég tel það ekki stýra góðri lukku að við séum að fara inn í samningaviðræður með það vegarnesti sem þarna liggur fyrir varðandi möguleika á því að gera fyrirvara af hálfu Íslands. Allt það svið er í rauninni með allt öðrum hætti en ég tel skynsamlegt að við eigum aðild að og tökum þátt í í sambandi við þennan fyrirhugaða samning um evrópskt efnahagssvæði. Því ræð ég eindregið frá því að út á þennan vettvang verði farið og mun beita mér í mínum þingflokki ákveðið gegn því að þingflokkurinn fyrir sitt leyti standi að því að styðja hæstv. utanrrh. í því að hefja þessar formlegu samningaviðræður. Þarna vil ég að ekkert fari á milli mála, virðulegur forseti.

Ég vil líka vekja athygli á því að fleiri stjórnaraðilar og málgögn stjórnarflokkanna hafa tjáð sig í þá veru að þar er gert ráð fyrir því að málin beri að með öðrum hætti en nú er gert ráð fyrir af hæstv. utanrrh. og samstarfsmönnum hans. Ég leyfi mér að vísa til þess leiðara sem ritaður var í dagblaðið Tímann í gær, 4. apríl, undir fyrirsögninni „Ísland og Evrópa" þar sem fjallað er í fyrstu um orðahnippingar milli Uffe Ellemann-Jensen annars vegar og annarra ráðherra og ráðherra EFTA-ríkjanna hins vegar, en þar hefur hæstv. utanrrh. átt hlut að máli og tekið þátt í orðsendingum og greinaskrifum. Í lok leiðara stjórn-

armálgagnsins Tímans segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sannleikurinn er sá að þótt af formsástæðum væri rétt að Íslendingar tækju þátt í EFTA–EB viðræðum þeim sem nú eiga sér stað hefur aldrei verið fullvissa í nokkurs manns hug um að þessar viðræður gætu fullnægt þörfum Íslendinga eins og þær birtast í margvíslegum fyrirvörum um efni slíkra samninga. Íslendingar hafa fyrirvara um svo að segja alla þætti samningaviðræðnanna nema að því er tekur til gagnkvæms viðskiptafrelsis með sjávarvörur og almennan iðnvarning. Hvernig þessu reiðir af í núverandi samningalotu veit enginn en fyrirvarastefnan er eftir sem áður nauðsynleg. Það verða leiðtogar Evrópubandalagslanda að skilja, þar á meðal danskir ráðherrar en fyrst og fremst Íslendingar sjálfir."

Ef þetta er vegarnestið sem Framsfl. heldur að hæstv. utanrrh. gangi fram með á vettvangi EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið í væntanlegum formlegum samningaviðræðum þá veður Framsfl., flokkur hæstv. forsrh., í mikilli villu í sambandi við þann málatilbúnað sem fyrir liggur af Íslands hálfu eftir könnunar- og undirbúningsviðræður. Ég hlýt að vekja alveg sérstaka athygli á því að stjórnarmálgagnið Tíminn er hér að draga upp allt aðra mynd af þessum fyrirhuguðu viðræðum en fyrir liggur í reynd og fyrir liggur úr máli hæstv. utanrrh. og málsskjölum. Þar fer ekkert á milli mála. Og ég tel það satt að segja sæta furðu og vera óviðeigandi með öllu ef svo háttar til um hæstv. ríkisstjórn að hún sé að leggja upp í formlegar samningaviðræður með hæstv. utanrrh. í fararbroddi án þess að hafa sett sig inn í grundvallarefnisþætti málsins og hvernig fyrirhugað er að standa að þessum viðræðum af Íslands hálfu.

Ég er ekki að væna ritstjóra Tímans um það að mæla hér þvert um hug eða að koma vísvitandi fram með blekkingar. En hér eru staðlausir stafir á ferðinni varðandi upplegg þessara væntanlegu samningaviðræðna. Ég held að rétt væri fyrir ritstjórn Tímans að athuga málið betur og koma skýrari upplýsingum á framfæri við lesendur sína. Kannski er þörf á því að það komi einnig fram við hæstv. ráðherra Framsfl. í ríkisstjórn.

Það er einmitt meginatriði nú þegar stefnt er í þessar formlegu samningaviðræður að þar ríkir sá andi að fyrirvarar skuli vera sem fæstir og Ísland hefur sárafáa fyrirvara gert. Þar fyrir utan eru þeir fyrirvarar samningsatriði. Þeir eru samningsatriði m.a. um grundvallarhagsmunamál þjóðarinnar í sambandi við fiskveiðimálefnin. Einnig þeir fyrirvarar sem snúa að þeim efnum og náttúruauðlindum almennt eru samningsatriði í væntanlegum viðræðum en ekkert sem tekið hefur verið út af borðinu. Eftir þessu hljóta menn að taka og taka afstöðu til málsins í ljósi þess.

Síðan hefur það verið að gerast, virðulegur forseti, að á sama tíma og ráðherrar EFTA-ríkjanna ásamt hæstv. utanrrh. Íslands berja sér á brjóst og segjast vera reiðubúnir að ganga til formlegra samningaviðræðna berast þær raddir frá Evrópubandalaginu að það sé ekki reiðubúið að taka við EFTA sem samningsaðila miðað við þau atriði sem fyrir liggja, m.a. langa fyrirvaralista. Þing Evrópubandalagsins, að vísu valdalítil stofnun, hefur áskilið sér rétt til að taka mál þetta upp til sérstæðrar umræðu. Það hefur einnig komið fram, sem ekki sætir út af fyrir sig mikilli furðu, að Austurríki, eitt af EFTA-ríkjunum, sem hefur lagt inn formlega umsókn um aðild að Evrópubandalaginu, telur sig nú eiga möguleika á því að fá áheyrn sinna mála miklu fyrr en áður var talið. Ef það gengur eftir verður Austurríki rammflækt í samningaumleitanir við Evrópubandalagið um beina aðild, hugsanlega á sama tíma og þessar samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið standa yfir.

Ég hef oft og ítrekað vakið athygli á því hversu veikur sá grunnur er og það bindiefni sem tengir saman EFTA-ríkin. Ég hef vakið athygli á því að hagsmunir Íslands og okkar sérstöku viðfangsefni í samningaviðræðum við Evrópubandalagið munu ekki sækja mikinn stuðning í kröfugerð annarra EFTA-ríkja, iðnríkjanna eins og Svíþjóðar svo að dæmi sé tekið, hvað þá til Austurríkis sem er að leita allra leiða til að komast fyrr en seinna að sem aðili að Evrópubandalaginu. Ég hef líkt þessum samningsaðila, þessari stoð í þessu tveggja stoða kerfi, sem stundum hefur verið kallað svo, þýtt eftir ólánlegri ensku, við skakka turninn í Písa. Þannig er hinum sameiginlegu málefnum EFTA í rauninni komið og lítið á að treysta í þeim efnum.

Hvort sú staða sem þarna hefur verið að koma í ljós skýrar en áður hefur orðið til þess að Alþfl. virðist vera farinn að endurmeta stöðuna með nýjum og sérstæðum hætti skal ég ekki fullyrða. En eitthvað hlýtur að hafa gerst á þeim bæ vegna þess að komið hefur fram í þessari umræðu frá einum talsmanni Alþfl., hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, að hann telji að Íslendingar verði af fullri alvöru að hugsa um mögulega inngöngu í Evrópubandalagið. Einn af flokksmönnum hæstv. utanrrh. kom þessu hér á framfæri sl. föstudag í umræðu um utanríkismál. Ég undrast það satt að segja að ekki skuli hafa verið meira tekið eftir þessum ummælum en raun ber vitni. Í rauninni eru hér stórtíðindi á ferðinni. Og það kannski enn frekar þegar tekið er tillit til þess að hæstv. utanrrh. hefur svo samkvæmt hans eigin málgagni viðrað þá skoðun á erlendri grund, úti í Kaupmannahöfn á fundi sem þar var haldinn í Jónshúsi í síðasta mánuði, að fari svo að Svíþjóð og Noregur sæki um aðild að Evrópubandalaginu eða gengju í Evrópubandalagið, þá mundu, eins og Alþýðublaðið orðar það hinn 16. mars sl., Íslendingar fylgja með. „Svaraði ráðherra því til", segir Alþýðublaðið, „að ljóst væri að þá mundu Íslendingar fylgja með."

Þetta hefur Alþýðublaðið eftir hæstv. utanrrh. 16. mars sl. Síðan gerist það að einn af talsmönnum flokksins í utanríkismálum kemur hér upp í ræðustól og kynnir það sjónarmið sitt að Íslendingar verði af fullri alvöru að hugsa um mögulega inngöngu inn í Evrópubandalagið. Samkvæmt þessu er það að verða

dagljóst að Alþfl. er að búa sig undir það, fyrstur stjórnmálaflokka á Alþingi Íslendinga, að taka upp þá stefnu að Ísland eigi að fara að búa sig undir formlega umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Ég vil ekki leggja meira í orð hæstv. utanrrh. en hans eigin flokksmálgagn gerir hinn 16. mars sl. Vafalaust voru næg vitni í Jónshúsi til að geta greint frá því hvað hæstv. ráðherra sagði. Og hann hefur ekki haft fyrir því að gera, a.m.k. hér á Alþingi og ekki mér vitanlega, athugasemd við þessa frásögn Alþýðublaðsins af sínum ummælum.

Það hlýtur að sjálfsögðu að skipta þá aðila nokkru máli sem standa að ríkisstjórn með Alþfl. og hafa veitt hæstv. utanrrh. umboð til að hefja samningaviðræður um svonefnt evrópskt efnahagssvæði ef það liggur fyrir, og þegar það liggur fyrir eins og raunar málin eru hér eftir ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, að Alþfl. er á flugferð með það að búa sig undir að mæla með því að Ísland sæki formlega um aðild að Evrópubandalaginu. Stilli sér upp í biðröðina sem hæstv. utanrrh. var að gera sérstakar athugasemdir við við starfsbróður sinn danska, Uffe Ellemann-Jensen, um svipað leyti og hann hélt ræðuna í Jónshúsi, að ráðherrann væri að hvetja EFTA-ríkin og Norðurlöndin sérstaklega til þess að hugleiða beina aðild að Evrópubandalaginu. Hæstv. utanrrh. er sá maður sem fer með þessi málefni í ríkisstjórn Íslands öðrum fremur. Hann fer með þessi málefni gagnvart EFTA. Ætli það segi ekki samstarfsaðilum Alþfl. í ríkisstjórn, ætli það séu ekki nokkur skilaboð til þeirra, þegar fulltrúi þess flokks kemur hér inn á vettvang Alþingis og lýsir þeirri skoðun sinni að Ísland eigi af fullri alvöru að hugsa um inngöngu í sjálft Evrópubandalagið milliliðalaust?

Nú er það vissulega ljóst, virðulegur forseti, að hið evrópska efnahagssvæði og sá grunnur sem lagður hefur verið fyrir væntanlegum formlegum samningaviðræðum, ef út í þær verður lagt, sá grunnur er í rauninni mjög skyldur megingrunni sjálfs Evrópubandalagsins. Þar eru menn í rauninni að ganga inn í fordyri Evrópubandalagsins og nokkuð ljóst að af ýmissa hálfu, þó ekki hafi verið haft hátt um það fram undir þetta, geti það verið æskilegt skref að fullri aðild að bandalaginu. Ég held að það sé alveg ljóst að sú umræða er hafin á Alþingi Íslendinga eftir föstudaginn var. Og hæstv. utanrrh. er hér beðinn um að skýra eigin afstöðu til þessa máls og síns flokks. Við eigum kröfu á því á Alþingi Íslendinga að hæstv. ráðherra tali milliliðalaust um þessi mál við þingmenn og greini frá því hvort það er hans afstaða sem haft er eftir honum í ummælum Alþýðublaðsins á fundi í Jónshúsi í marsmánuði sl.

Það liggur fyrir, virðulegur forseti, að áhrifamikil öfl í Sjálfstfl. eru á sömu slóðum, eru með sömu hugsun, eins og fram kemur í svonefndri aldamótaskýrslu sem lögð var fram á landsfundi Sjálfstfl. sl. haust þar sem hélt á penna varaformaður flokksins, Davíð Oddsson borgarstjóri, maður sem stefnir til æðstu metorða í þeim flokki. Bilið milli talsmanna Alþfl. og áhrifamikilla aðila í Sjálfstfl. er því ekki mikið að þessu leyti. Og ég held að það væri ráðlegt fyrir hv. alþm. að átta sig á þessari þróun mála og þessum viðhorfum eins stjórnarflokksins, Alþfl., og stærsta stjórnarandstöðuflokksins, Sjálfstfl., eins og þau hafa komið fram, áður en hafnar verði formlegar samningaviðræður um að koma Íslandi inn í fordyri Evrópubandalagsins, inn í hið svonefnda evrópska efnahagssvæði.

Ég vil aðeins víkja að því, virðulegur forseti, hver er mín sýn til stöðu Íslands, hvernig ég tel að Ísland ætti að standa að málum á komandi árum í sambandi við samskipti sín út á við við viðskiptabandalög og efnahagsbandalög, hvort sem er austan hafs eða vestan eða í öðrum heimshlutum. Ég tel að það sé mjög óvænlegt, óskynsamlegt af Íslands hálfu að fara að binda sig rísandi stórveldi í Evrópu hvort sem það er með millistigi í gegnum svonefnt evrópskt efnahagssvæði eða með beinni aðild að Evrópubandalaginu. Ég tel að það sé andstætt hagsmunum okkar sem smáþjóðar að tengjast þannig einum voldugum aðila. Við ættum að hafa lært það af okkar sögu og okkar reynslu að það er vænlegra fyrir okkar málefni að við reynum að halda utan um okkar sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt og skapa okkur sem mest svigrúm í þeim efnum. Ég tel satt að segja að óðagotið sem einkennt hefur umræðuna um þróun mála í Evrópu og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið þar að lútandi sé næsta furðulegt. Það er látið að því liggja að við séum að missa af einhverju sérstæðu einstæðu tækifæri ef við látum þessa þróun fram hjá okkur fara og tökum ekki beinan þátt í henni og tengjumst þeirri efnahagsheild sem þarna er rætt um með þátttöku Evrópubandalagsins sem hins volduga aðila.

Ég held að við ættum að skoða okkar mál og okkar hagsmuni út frá allt öðru sjónarhorni. Ég tel ekki æskilegt fyrir smáþjóð eins og Íslendinga að tengjast þeim stórveldabandalögum, þeim efnahagsbandalögum sem eru þegar komin á eða eru í uppsiglingu í Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Austur-Asíu. Við eigum þvert á móti að stilla okkur utan þessara bandalaga, skapa okkur svigrúm til þess að semja við þau, hvar sem þau eru og hver sem þau eru. Við liggjum mjög vel við landfræðilega, samgöngulega, til þess að eiga góð samskipti við Evrópu, til að eiga góð samskipti við Norður-Ameríku, til að eiga vaxandi samskipti við Austur-Asíu. Og við eigum að nota þessa stöðu okkar, þessa sérstöðu okkar sem þjóðar í Norður-Atlantshafi til að ná hagstæðum samskiptum við þessa stóru keppinauta sem þarna eru að búa sig í harða samkeppni, hver innan sinna víggirðinga, ef svo má segja.

Það væri skammsýni og ófyrirgefanlegt að mínu mati, ófyrirgefanlegt fljótræði, að kasta þeim möguleikum á glæ sem felast í slíkri sérstöðu. Við skulum ekki gleyma því, virðulegur forseti, að Ísland er á margan hátt í allt annarri stöðu en önnur Norðurlönd, að ekki sé nú talað um gamalgróin iðnríki Vestur-Evrópu. Við erum fámenn þjóð í stóru landi og því fylgja margháttaðir kostir á meðan við ráðum ferð okkar sjálf. En hins vegar miklar hættur ef við

flytjum valdið yfir eigin málum suður í Brussel eða til Berlínar.

Ég vek athygli á sérstöðu okkar sem fiskveiðiþjóðar sem býr að óvenjulega gjöfulum fiskimiðum, sem við verðum að standa vörð um, dyggan vörð hvað sem á dynur. Þau eru lífsgrundvöllurinn í þessu landi. Hvernig er fiskveiðimálum háttað innan Evrópubandalagsins? Þau eru þar ekki undir merki hins svokallaða viðskiptafrelsis, heldur þvert á móti njörvuð í styrkjakerfi, margþætt styrkjakerfi. Aðild okkar að þessari stóru heild gæti fyrr en varir dregið íslenskan sjávarútveg og málefni hans inn í sömu fjötrana og gert Íslendinga að beinum eða óbeinum beiningamönnum einnig hvað varðar fiskveiðimálefni.

Ég skil ekki þá þingmenn á Alþingi Íslendinga sem geta komið hér upp í þennan ræðustól og mælt með því að við göngum beint í gin úlfsins eins og sjávarútvegsmálum er háttað innan Evrópubandalagsins. Er þar þó aðeins eitt nefnt af mörgum atriðum sem hljóta að fæla okkur frá þeim vettvangi.

Ég tel að okkar leið á næstu árum og áratugum eigi einmitt að felast í því að halda sem óháðastri stöðu gagnvart viðskiptabandalögum í austri og vestri og einnig í fjarlægari heimshlutum. Þar eigum við mjög spennandi og góða kosti til að byggja upp atvinnulíf, fjölþætt atvinnulíf og menningarlíf í þessu landi og nýta sérstöðu okkar sem smáþjóðar sem hefur átt góð samskipti til margra átta á liðnum árum og nýtur í rauninni mun meiri virðingar og betri viðtöku af þjóðum, stórum og smáum, en svarar til efnahagslegra hagsmuna viðkomandi þjóða. Þarna eigum við okkar stóru kosti. M.a. af þeim sökum ræð ég eindregið frá því að við göngum inn á vettvang evrópsks efnahagssvæðis, inn í stórríki Evrópu þar sem iðnríkin, Þýskaland öðru fremur, munu ráða ferðinni. Við þetta stórríki eigum við að sjálfsögðu að eiga góð samskipti. Og við eigum alla kosti á því að hafa góð samskipti við það ef við höldum þétt á okkar málum og gefumst ekki upp fyrir minni háttar hindrunum. Við verðum að taka okkur tíma og sýna þrautseigju eins og þessi þjóð hefur gert fyrr á árum þegar erfiðara var og þrengra fyrir dyrum en er í dag til að þreyja þorrann og góuna til þess að fá sína hagsmuni viðurkennda með viðræðum, beinum og millilliðalausum viðræðum um okkar grundvallarmálefni.

Virðulegur forseti. Ég hef gert Evrópumálin að meginþætti í þessari ræðu minni, enda eru þau hið stóra mál sem við hljótum að fjalla um þegar við ræðum um utanríkismálefni. Þar er vissulega af fjölmörgu öðru að taka. Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt í þessari umræðu um þau efni. Ég vil aðeins nefna hér einn þátt sem er mjög þýðingarmikill fyrir okkur Íslendinga, okkar hagsmuni, okkar lífshagsmuni. Það tengist baráttu okkar fyrir því að bægja frá hættunni af kjarnorkuógn á norðurslóðum, í okkar næsta nágrenni. Það er málefni sem tengist vissulega viðleitni til afvopnunar og til þess að láta afvopnunarviðræður einnig ná til sjóhernaðar og hafanna. En það tengist einnig umferð, þótt í friðsamlegum tilgangi sé, kjarnorkuknúinna báta og skipa, þar sem óhöpp geta orðið til þess að skaða íslenska hagsmuni með mjög áhrifaríkum og afgerandi hætti. Þess vegna eigum við Íslendingar að sýna frumkvæði í þeim efnum. Um það hef ég, ásamt fleiri hv. alþm., flutt þáltill. á þessu þingi, till. sem er til meðferðar í utanrmn.

Með sama hugarfari hef ég verið þátttakandi í norrænu þingmannasamstarfi um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði. Í síðustu viku var lögð á borð alþingismanna skýrsla frá þeim hópi þingmanna sem tekið hefur þátt í því starfi að undanförnu með yfirliti um fundi sem haldnir hafa verið varðandi þetta þýðingarmikla mál. Í norrænu þingmannanefndinni er í forsæti fyrrv. forsætisráðherra Dana, Anker Jörgensen, sem hefur verið frumkvöðull að þessu starfi nú um margra ára skeið. Ég tel að við þurfum að sinna þessum vettvangi af mikilli alúð áframhaldandi og taka á málunum með þeim hætti sem lagt er til í umræddri þáltill. Við megum ekki láta tímann líða í andvaraleysi því hættuna getur borið að okkar garði fyrr en varir og hún gerir ekki boð á undan sér. Það er ekki nema rúmt ár síðan að slys varð í sovéskum kjarnorkukafbáti, og annað fylgdi raunar í kjölfarið, norðaustur í höfum. Þessi sama hætta getur skapast með miklu hrikalegri afleiðingum en þarna urðu því þarna varð ekki stórfelld geislamengun, þótt hugsanlega hafi hún orðið einhver. En miklu verr kynni að fara ef illa tækist til. Þarna ber okkur því að beita öllu okkar afli til þess að knýja fram samninga og til þess að bægja hættunni frá. Þess vegna hef ég ásamt fleiri hv. þm. lagt til að Ísland hafi frumkvæði um að kveðja saman ráðstefnu til undirbúnings formlegum viðræðum um þessi mál.

Ég vil svo í lokin, virðulegur forseti, aðeins minnast á starfsemi íslensku utanríkisþjónustunnar, þeirrar fámennu sveitar sem vinnur mikið starf fyrir Ísland á alþjóðavettvangi til þess að þoka okkar málum áfram, oft við mjög erfiðar aðstæður. Það skiptir vissulega miklu máli að reynt sé að búa sem best að þessu starfsliði og haga störfum íslensku utanríkisþjónustunnar þannig að það skili sem mestum og bestum árangri. Ég tel mjög nauðsynlegt að farið sé yfir skipan þessara mála af Íslands hálfu, þar á meðal starfsemi sendiráða og hugsanlega stofnun nýrra sendiráða til þess að gæta okkar hagsmuna. Ég nefni t.d. málefnin gagnvart Austur-Asíu í þessu samhengi. Það hefur oft verið talað um að þörf sé á því að við komum upp íslensku sendiráði í Japan. Ég held að full þörf sé á því að við förum yfir það mál fyrr en seinna og gerum einhverja alvöru úr því að bæta okkar stöðu á þessu svæði. Ég hygg að málin gagnvart Austur-Asíu séu satt að segja í mjög dapurlegu horfi hvað snertir utanríkisþjónustuna, ekki síst eftir að starfsemi heimasendiherra sem sinnti málefnum þessa svæðis hefur lamast, ef ég er rétt upplýstur um þau efni. Ég vil því hvetja hæstv. utanrrh. til að sinna þessu máli og ræða það meir við utanrmn. þingsins en tíðkað hefur verið þegar málefnum sendiráða og

sendimanna Íslands erlendis hefur verið ráðið að undanförnu. Ég bendi á stöðu okkar sendiherra sem fylgist með þýðingarmiklum viðræðum í Vín. Þar er einn maður að starfi. Aðstaða hans er hótelherbergi, engin aðstoð. Þar er verið að fjalla um hin þýðingarmestu efni. Það er ekki sómasamlegt, þótt við séum fá og höfum ekki mikil ráð í hendi, að búa ekki betur að okkar starfsliði sem er að fást við hin þýðingarmestu málefni á erlendum vettvangi. Við erum nógu rík til þess að menn þurfi ekki að liggja þar við, nánast eins og beitarhúsasmalar upp á gamla vísu.

Ég vil svo, virðulegur forseti, aðeins segja að lokum að það er ætíð gagnlegt að kostur gefst á að fara yfir svið utanríkismálanna af tilefni skýrslu hæstv. utanrrh. Þó ég hafi gert hér margar og alvarlegar athugasemdir við málflutning hans og ýmsa þætti í skýrslunni vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það efni sem hann hefur fram lagt. Og ég tel að margt af því sem hann hefur verið að reyna að koma til leiðar í okkar þágu á erlendum vettvangi sé góðra gjalda vert. Það er kannski svo að það er frekar það sem greinir á sem gert er að umtalsefni hér úr ræðustól Alþingis. En ég tel að það sé best fyrir málstaðinn og málefnin og störf þess ráðherra sem fer með utanríkismálin á hverjum tíma að menn ræði þau hér hreinskilnislega á þessum vettvangi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka öllum hv. alþm. sem tekið hafa þátt í þessum umræðum fyrir málefnalegar og fróðlegar umræður um utanríkismál almennt, um stöðu alþjóðamála og um mat á stöðu Íslands við þær síbreytilegu ytri kringumstæður sem örar breytingar á vettvangi alþjóðamála hafa skapað að undanförnu.

Áður en ég vík að einstökum fyrirspurnum sem til mín var beint, þykir mér rétt að gera hv. Alþingi í stuttu máli grein fyrir seinustu viðburðum í samskiptum EFTA og EB, þ.e. nýafstöðnum fundi ráðherra EFTA-málefna í Genf, sem fram fór á þriðjudag og miðvikudag.

Á þeim fundi var gengið frá tveimur skjölum sem nú er lokið við að þýða á íslensku. Þau verða rædd á ríkisstjórnarfundi í fyrramálið og send utanrmn. samtímis. Þessi skjöl eru grundvallarstefnumörkun EFTA til undirbúnings samningaviðræðum við Evrópubandalagið. Annað skjalið er boðskapur EFTA-ráðherranna til Evrópubandalagsins, sem má segja að sé útdráttur úr hinu fyrra skjali. Á fundinum áttu sér einnig stað gagnlegar viðræður við fulltrúa í svokallaðri þingmannanefnd EFTA um aukinn hlut þeirra innan EFTA í samstarfi ríkjanna og aukinn hlut þeirra í samskiptum við þingmenn Evrópubandalagsins og fulltrúa á þjóðþingum Evrópubandalagsríkjanna.

Af hálfu Alþingis tóku þátt í þessum fundum þeir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, fyrrv. utanrrh., og Jón Sæmundur Sigurjónsson alþingismaður.

Ef ég ætti að leggja mat á stöðu þessara mála vildi ég leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi. Ráðherrar EFTA-ríkjanna staðfestu það mat sem fram kom í sameiginlegri skýrslu svokallaðrar stjórnarnefndar EFTA og EB frá 20. mars að undirbúningur af beggja hálfu væri það vel á veg kominn að báðir aðilar væru sammála um að óska eftir formlegu umboði af hálfu Evrópubandalagsins til þess að hefja samningaviðræður hið fyrsta. Hér er einkum vikið að því að frá því að könnunarviðræðunum, eða fyrsta áfanga þeirra, lauk 19. des. á fyrra ári hefur á vettvangi EFTA-ríkjanna hvers og eins verið unnið fyrst og fremst að tvennu. Í fyrsta lagi að ítarlegum samanburði á lögum og reglum Evrópubandalagsins, þeim sem varða samningssviðið og löggjöf EFTA-ríkjanna. Þetta hefur verið viðamikið verk. Niðurstaðan er að fyrir liggur skýrsla þar sem skráð eru þau frávik eða þau vandamál sem upp kunna að koma þegar um er að ræða samræmingu á þessari löggjöf. Þetta er allviðamikil skrá og sérstök ástæða til að nefna hana hér vegna þess að hún hefur valdið nokkrum misskilningi. Þess hefur orðið vart á vettvangi Evrópubandalagsþingsins og utanríkismálanefndar þess, svokallaðrar REX-nefndar, að menn hafi talið þessa skrá yfir frávik og mismun á löggjöf og reglum vera skrá yfir væntanlega fyrirvara EFTA-ríkjanna. Það er mikill misskilningur. Þetta er vinnuskjal innan EFTA þar sem er að finna niðurstöður af starfi starfshópanna fimm og sérfræðinganefndar á þeirra vegum, þar sem þessi frávik eru skráð en á ekkert skylt við formlega framsetningu á fyrirvörum af hálfu EFTA-ríkjanna í væntanlegum samningum. Þeir fyrirvarar voru allir skráðir í könnunarviðræðunum og hafa verið kynntir fyrir löngu síðan og hafa legið fyrir lengi.

Þessir fyrirvarar hafa, eins og hv. alþm. er kunnugt, af okkar hálfu verið fyrst og fremst eftirfarandi:

Eins og við setjum málið fram er stærsta málið af Íslands hálfu þegar við erum að ræða um sérmál Íslendinga spurningin um að fá fram grundvallarregluna um fríverslun með fiskafurðir sem er sameiginleg samningsstaða EFTA-ríkjanna í heild og þess vegna ekki séríslenskur fyrirvari.

Annar meginfyrirvarinn varðar fjármagnssviðið og lítillega búsetu- og vinnumarkaðssviðið en fyrst og fremst fjármagnssviðið og snýst um varanlegan fyrirvara með vísan til þjóðarhagsmuna varðandi rétt erlendra aðila til nýtingar á grundvallarauðlindum sem íslenska þjóðin byggir afkomu sína á. Hér er átt að sjálfsögðu við nýtingu á fiskimiðunum og orkuauðlindunum.

Þriðji fyrirvarinn varðar síðan búsetu- og vinnumarkaðinn og skírskotun til þess fyrirvara sem Íslendingar hafa haft lengi að því er varðar norræna vinnumarkaðinn, þ.e. að íslensk stjórnvöld áskilja sér rétt til íhlutunar ef það stefnir í verulega röskun annaðhvort í einstökum greinum íslensks vinnumarkaðar eða á einstökum svæðum vegna innflutnings erlends vinnuafls. Þetta eru þeir þrír meginfyrirvarar sem settir hafa verið fram af hálfu Íslendinga og það var gert strax í byrjun könnunarviðræðnanna með skýrum og afdráttarlausum hætti.

Annað meginmál er spurningin um stjórnun hins

evrópska efnahagssvæðis þegar því hefur verið komið á í ársbyrjun 1993 ef tímaáætlanir standast. Þess misskilnings hefur gætt og valdið nokkrum andmælum af hálfu Evrópubandalagsins að EFTA-ríkin hafi skilgreint stöðu sína að því er varðar stjórnun hins evrópska efnahagssvæðis með þeim hætti að við höfum gert kröfu til þess að hlutast til um innri ákvörðunarferil EB. Þetta er á misskilningi byggt og ætti slíkur misskilningur ekki að vakna upp nú vegna þess að frá þessum málum var gengið með skilmerkilegum hætti í sameiginlegum niðurstöðum bæði stjórnarnefndarinnar 20. okt. 1989 og í yfirlýsingu utanríkisráðherranna 19. des. 1989. Staðan í málinu er þessi:

Í samræmi við upphaflegar tillögur Jacques Delors, forseta framkvæmdastjórnar EB, um það að EFTA og EB komi sér upp sameiginlegum stofnunum til stjórnunar og ákvörðunartöku samkvæmt því verklagi sem hann hefur kennt við hinar tvær meginstoðir, er það alveg skýrt að hvor aðili um sig muni hafa sinn eigin innri ákvörðunarferil. Við gerum ekki kröfu um það að hafa sama rétt og aðildarríki EB um ákvörðunarferil þess, enda er það skýrt að tilgangur þessara samninga er ekki aðild að EB heldur samningur um að yfirfæra grundvallarreglur innri markaðarins einnig til landanna sex. Jafnframt er það ljóst að við frábiðjum okkur að EB hafi áhrif á ákvörðunarferil EFTA-ríkjanna sem er annars eðlis vegna þess að EFTA-ríkin eru ekki yfirþjóðleg stofnun heldur frjáls fríverslunarsamtök sex sjálfstæðra ríkja þar sem ákvarðanir eru teknar á grundvelli samstöðu og þar sem ekki er um að ræða yfirþjóðlegt eða samþjóðlegt vald. Þetta er alveg ljóst þannig að þau andmæli sem heyrst hafa eða efasemdir frá utanríkismálanefnd Evrópubandalagsins eru byggðar á afar ófullnægjandi upplýsingum.

Reyndar kom það fram í viðræðum EFTA-ráðherranna við fulltrúa þingmannasamtaka EFTA að ekki hefði verið lögð nægileg áhersla á það á undanförnum mánuðum í starfi EFTA að kynna þetta mál millilliðalaust fyrir þingmönnum Evrópubandalagsins. Við höfum lagt mjög ríka áherslu á að koma upplýsingum um okkar afstöðu millilliðalaust til skila til ríkisstjórna og stjórnmálaleiðtoga EB-landanna og að sjálfsögðu við framkvæmdastjórnina en á það hefur skort að þessum upplýsingum hafi verið komið jafnrækilega til skila til Evrópuþingsins. Það verður að viðurkennast að það hafa verið mistök og úr því þarf að bæta. Á þeim tíma sem eftir er þangað til formlegar samningaviðræður hefjast verður því lögð rík áhersla á það af hálfu EFTA, bæði af hálfu formennskulandsins og einstakra EFTA-aðildarlanda, sem og þingmannasamtaka EFTA, að reyna að bæta fyrir þetta.

Að því er varðar þetta atriði, þ.e. samskiptin við Evrópuþingið, þá er þess að geta að Evrópubandalagsþingið hefur fyrst og fremst ráðgefandi hlutverki að gegna. Það er hins vegar ljóst af atburðum seinustu vikna að það er í valdabaráttu við framkvæmdastjórnina. Því að við skulum átta okkur á því að Evrópubandalagið, þótt við tölum oft um það nánast eins og samheiti yfir eitt fyrirbæri, er samsett af mörgum pörtum og því fer víðs fjarri að þar séu allir á einu máli. Og ef við viljum tryggja árangur okkar í samningaviðræðunum skiptir það náttúrlega máli að við sinnum því rækilega að tala við alla þar sem hafa áhrif á niðurstöðuna. Evrópubandalagsþingið er í valdabaráttu við framkvæmdastjórnina og hefur sagt eftirfarandi af því tilefni: „Við ætlum að gera samning Evrópubandalagsins við EFTA, sem er langsamlega viðamesti samningur sem Evrópubandalagið hefur nokkru sinni gert, að eins konar prófsteini á stöðu okkar, Evrópubandalagsþingsins, innan þessa kerfis."

Með öðrum orðum, einstakir þingmenn utanríkismálanefndarinnar hafa sagt: Við munum ekki una því að Evrópubandalagsþingið sé sett skör lægra en þjóðþing EFTA-ríkjanna og sett þá kröfu fram að áður en ráðherraráðið gangi formlega frá samningsumboði sínu sem ráðgert var að gera 7. maí verði málið tekið til umfjöllunar í Evrópubandalagsþinginu, ekki til atkvæðagreiðslu því að það hefur ekki vald til þess, heldur til umfjöllunar sem ráðgjafarstofnunar. Jafnframt hafa menn á þeim bæ haft uppi stór orð um það að ekki komi til greina að EFTA-ríkin, sem eru utan bandalagsins og hafa ekki tekið á sig þær skuldbindingar sem aðild fylgja, fái með samningum rétt til íhlutunar um ákvörðunarferil EB og virðast standa í þeirri trú að sú krafa hafi verið sett fram sem er á misskilningi byggt eins og ég vék að áður.

Þetta er nú eiginlega það eina sem veldur mér umtalsverðum áhyggjum vegna þess að það er ljóst að ef framkvæmdastjórnin verður við tilmælum eða kröfum Evrópubandalagsþingsins um að leggja niðurstöður hinnar sameiginlegu stjórnarnefndar EFTA-EB, High Level Steering Group, fyrir þingið í Strasborg mun það tefja að samningsumboð verði veitt á áformuðum tíma. Þá gæti ráðherraráðið ekki veitt sitt formlega samningsumboð fyrr en á tímabilinu 11.–14. júní í stað áður tekinnar ákvörðunar um 7. maí. Það mundi með öðrum orðum dragast á langinn um rúmlega mánuð. Nú er að vísu ekki víst að af þessu verði vegna þess að á fundi framkvæmdastjórnarinnar að loknum ráðherrafundinum í Lúxemborg sl. mánudag varð niðurstaðan sú að leggja málið fyrir utanríkismálanefndina, REX-nefndina hjá Evrópuþinginu, og að reyna að halda upphaflegri dagsetningu 7. maí til þess að taka endanlega ákvörðun um formlegt samningsumboð af hálfu Evrópubandalagsins. Þannig er a.m.k. staða málsins í dag.

Að loknum ráðherrafundinum, þ.e. EFTA-ráðherranna, þriðjudag og miðvikudag, fór núv. formaður ráðherraráðsins, Anita Gradin, utanríkisviðskiptaráðherra Svía, til fundar við Andriessen, varaforseta Evrópubandalagsins, og kynnti honum niðurstöður fundarins sem og fór hún til fundar við REX-nefndina, þ.e. utanríkismálanefnd Evrópubandalagsins, síðar í dag.

Í tilefni þess að fréttir sem hingað hafa borist,

aðallega eftir dönskum heimildum, þ.e. eftir fréttastofunum Ritzau og NTB, og virðast að mestu leyti byggðar á viðtölum við danska utanríkisráðherrann eða háttsetta embættismenn í danska utanríkisráðuneytinu er óhjákvæmilegt að taka af tvímæli um afstöðu EFTA og EB að loknum þessum tveim þýðingarmiklu fundum. Og þá styðst ég við skriflega orðsendingu frá ráðherraráði EB sem okkur EFTA-ráðherrum barst síðla dags á þriðjudag. Þar segir einfaldlega að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins muni á fundi sínum þann 10. apríl nk. taka ákvörðun um formlegt samningsumboð af sinni hálfu til þess að hefja viðræður við EFTA-ríkin. Því næst segir að EB-ráðherrar hafi almennt lýst stuðningi við það að hefja samningaviðræður sem fyrst en vegna kröfu Evrópubandalagsþingsins, sem ég vék að áður, kunni að vera að veiting formlegs samningsumboðs dragist frá byrjun maí til byrjun júní. Af hálfu utanríkisráðherra Ítalíu, De Michelis, sem mun taka við formennsku Evrópubandalagsins á seinni hluta þessa árs, var því yfir lýst að hann mundi leggja á það höfuðáherslu að ljúka þessum samningum fyrir lok þessa árs en framkvæmdastjórnin hefði hins vegar áréttað þá afstöðu sína að hún teldi sig ekki bundna af slíkum yfirlýsingum, enda væri það hennar mat að samningagerðin sjálf mundi taka a.m.k. eitt ár frá því að hún hefst. Með öðrum orðum, það er afstaða framkvæmdastjórnarinnar að samningunum geti varla verið lokið fyrr en undir mitt næsta ár, en væntanlegur forseti Evrópubandalagsins lýsir þeirri stefnu sinni að hann muni stefna að því að ljúka þeim hið allra fyrsta.

Það er í samræmi við málflutning Ítala áður í viðræðum við okkur þar sem þeir hafa tekið af tvímæli um það að þeir telja breytingar sem orðið hafa í álfunni á undanförnum mánuðum ýta undir það að samningar Evrópubandalagsins við EFTA verði ekki dregnir á langinn heldur verði þeim hraðað, m.a. í ljósi nýrrar stöðu í Mið-Evrópu með sameiningu Þýskalands og þeirrar stefnu sem ljóst er að á miklu fylgi að fagna hjá Frakklandi, Suður-Evrópuríkjunum og þarna hins vegar væntanlega formennskulands, Ítalíu, nefnilega að nauðsynlegt sé af pólitískum ástæðum að njörva hið nýja Stór-Þýskaland sem tryggilegast niður í öflugri samstarfsheild Vestur-Evrópuríkja.

Þetta er það jákvæða sem við höfum heyrt frá Evrópubandalaginu. Á hinn bóginn kom það líka fram í þessari orðsendingu að þar raddir hefðu heyrst, þar á meðal frá utanríkisráðherra Lúxemborgar, að kröfur EFTA-ríkjanna um íhlutunarrétt í ákvörðunarferil EB væru af því tagi að ekki væri unnt að verða við þeim og þess vegna gæti vel farið svo að upp úr þessum samningum slitnaði. Það væri út af fyrir sig alvarleg yfirlýsing ef hún væri ekki, eins og ég sagði áður, á misskilningi byggð vegna þess að þá kröfu hafa EFTA-ríkin aldrei sett fram. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að misskilningur af þessu tagi verði leiðréttur og hann muni þess vegna ekki reynast sú hindrun í vegi samninga sem menn kynnu að ætla, annars vegar af ummælum einstakra þingmanna í utanríkismálanefnd Evrópuþingsins eða þessari yfirlýsingu ráðherrans frá Lúxemborg.

Þetta er það sem ég hef að segja um stöðu málsins, þ.e. annars vegar út frá bæjardyrum EFTA-ráðherra og hins vegar EB, eftir þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Það er kannski ástæða til þess að geta sérstaklega um tvennt út af hinum dönsku fréttaskeytum.

Í fyrsta lagi kemur þar fram að ýmsir ráðherrar í Evrópubandalaginu hafi á þessum fundi lýst þungum áhyggjum yfir fyrirvarafjölda EFTA-ríkjanna en þar munu menn hafa byggt afstöðu sína á flugufregnum um 60 blaðsíðna bók með fyrirvörum sem, eins og ég hef þegar vikið að, er líka á misskilningi byggð. Hitt er alveg ljóst að af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, sem hefur skuldbundið sig í undirbúningi að þessum viðræðum með þeim hætti sem ég hef lýst, hefur því verið lýst yfir, bæði af þeim Delors og Andriessen, að það muni skipta miklu máli að fyrirvörum sé haldið í algeru lágmarki. Og hvað eiga þeir þá við með fyrirvörum? Þeir eiga við frávik eða fyrirvara frá hinum almennu reglum um innri markaðinn, þ.e. hinn svokallaða „acquis communautaire" sem varðar þetta samningssvið. Um það eiga ekki að ríkja neinar efasemdir vegna þess að þeir fyrirvarar eru skráðir og liggja fyrir.

Í annan stað segir í þessum dönsku fréttaskeytum að vaxandi líkur séu á því að EFTA leysist upp ef ekkert verði af samningum vegna þess að Austurríki kunni að ná inngöngu í Evrópubandalagið miklu fyrr en áður hefur verið gert ráð fyrir. Hingað til hefur verið gert ráð fyrir því og það staðfest af utanríkisráðherra Austurríkis að þeir gerðu ekki ráð fyrir því að ljúka samningum um inngöngu í Evrópubandalagið fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1996. Einmitt þess vegna hafa þeir áréttað það að þeir ætli að halda til streitu samstarfi sínu innan EFTA vegna þess að þeir gerðu ráð fyrir því að niðurstöður af samningum EFTA-ríkjanna lægju fyrir miklu fyrr, þ.e. snemma á árinu 1991 og Austurríki gæti ekki beðið með lausn sinna vandamála í samskiptum við Evrópubandalagið í heil fimm ár. Í tilefni af bæði þessum fréttum og annarri umræðu, t.d. í austurrísku pressunni, notuðum við að sjálfsögðu tækifærið til þess á þessum EFTA-ráðherrafundi og gengum fast að Austurríkismönnum um að svara þeirri spurningu hvort þess væri að vænta að þeir væru í þann veginn að segja skilið við EFTA-sporið eða yfirgefa EFTA-samstarfið eða hvort þeir hefðu einhverjar fréttir okkur að færa um það að fyrstu viðræður þeirra við Evrópubandalagið vegna umsóknarinnar hefðu breytt þessari stöðu, hvort þeir væntu þess að fá fyrr samning um inngöngu í EB. Svörin voru þessi: Að vísu vonumst við til að geta náð samningsniðurstöðu um inngönguna fyrr en upphaflega var áformað, þ.e. einhvern tíma fyrir 1996 en það breytir engu um það að eftir því sem okkur er sagt, þ.e. Austurríkismönnum, af hálfu Evrópubandalagsins mun það ekki koma til greina að hefja slíka samningagerð af neinni alvöru fyrr en eftir 1993,

þ.e. eftir að innri markaðurinn er kominn til framkvæmda. Sem þýðir þá hvað? Sem þýðir það að ef þeir samningar taka að lágmarki tvö ár, en í fyrri tilvikum hafa þeir tekið frá sjö upp í átta ár, gæti slíkt gerst árið 1995 samkvæmt þeim upplýsingum sem Austurríkismenn gefa okkur sjálfir og samkvæmt því mati sem fyrir liggur frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þann lágmarkstíma sem það taki að ljúka samningum.

Þetta segi ég einfaldlega sem endursögn af því sem okkur er tjáð og legg ekkert mat á það sjálfur hvort eitthvað sem síðar kann að gerast geti enn breytt þessu í þá átt að hraða þeirri afgreiðslu eitthvað meir. Ég hika ekki við að segja það hér úr þessum ræðustól af því að ég hef mjög leitað eftir upplýsingum um það að það er ágreiningur innan Evrópubandalagsins í þessu máli. Það kemur fram í austurrískri pressu að Austurríkismenn gera sér vonir um að fá öflugri stuðning hins sameinaða Stór-Þýskalands við umsókn Austurríkis eftir sameiningu og gera sér þess vegna vonir um það að þeirra mál fái lausn eftir aðildarleiðinni fyrr en áður var ætlað.

Á móti kemur að það er opinbert leyndarmál að fyrrv. forustuland EB, Frakkland, og Suður-Evrópuríkin eru andvíg þessari afstöðu og segja: Þetta mál er óbreytt. Vitna til yfirlýsingar Delors þar sem hann sagði: Austur-Þýskaland er sérstakt tilfelli og er ekki fordæmi að því er varðar afgreiðslu Evrópubandalagsins á aðildarumsóknum einstakra ríkja. Sérstakt tilfelli og ekki fordæmi. Með öðrum orðum, þeirra afstaða er sú að aðildarumsókn Austurríkis fái enga hraðferð og tímaáætlunin í því efni sé óbreytt. Þegar menn togast þannig á innan Evrópubandalagsins er það ekki á okkar færi að slá því föstu hver niðurstaðan verður en ég tel rétt að skýra frá því sem kemur fram af viðtölum við fulltrúa þessara þjóða að þessi ágreiningur er uppi.

Og hver er þá heildarstaðan í ljósi þess að ráðherrar Evrópubandalagsins hafa nú hist og lagt mat á stöðuna eftir að vinur vor, utanríkisráðherra Dana, tók sérstakt frumkvæði í þessu máli með því að birta greinar í víðlesnum dagblöðum í öllum höfuðborgum Norðurlanda? Það vekur athygli mína að á þessum ráðherrafundi Evrópubandalagsins tók hann málið alls ekki upp. Vék þar ekki að skoðunum sínum í þessu máli, ekki einu einasta orði. En hvað var það sem hann hafði einkum og sér í lagi ráðlagt okkur? Fyrir utan það að gefa yfirlit um að hans mati líklega þróun á meginlandi Evrópu á næstu árum, sem ég hef engan ágreining að gera við, þá fólst í orðsendingu danska utanríkisráðherrans ráðgjöf eða hvatning til annarra Norðurlanda um það að raða okkur nú upp í biðröðinni sem umsækjendur um beina aðild. Það var kjarninn í hans boðskap. Raðið þið ykkur nú upp í biðröðinni. Hvers vegna? Vegna þess að þið getið ekki gert ykkur vonir um að fá fram kröfur ykkar um íhlutunarrétt um ákvarðanaferil EB. Eins og við hefðum nokkurn tímann farið fram á það. Tómur misskilningur. Vegna þess að það er ekki líklegt að þið fáið fram kröfur ykkar um þann fjölda af undanþágum sem EB býst við að sé á leiðinni. Tómur misskilningur líka. Vegna þess að frá því að Uffe Ellemann-Jensen, utanríkisráðherra Dana, skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingu utanríkisráðherra EFTA og EB 19. des. 1989 hafa orðið slíkar reginbreytingar á meginlandi Evrópu að það mun hugsanlega leiða til þess að EB falli frá öllum forsendum þessarar samningsgerðar. Hvað hefur gerst svona óskaplega merkilegt frá því í árslok 1989 og þangað til núna í mars–apríl? Hvenær varð lýðræðisbyltingin í Austur-Evrópu? Hvenær hrundi Berlínarmúrinn? Hvenær var það komið á dagskrá að sameining Þýskalands væri fram undan? Það var áður en Uffe Ellemann-Jensen skrifaði undir þessa sameiginlegu yfirlýsingu og lýsti þar yfir sérstakri ánægju sinni sem utanríkisráðherra Danmerkur að undirbúningur samninga væri svona vel á veg kominn og hvatti eindregið til þess að þessu samningaferli yrði hraðað. Hvað er það sem hefur breyst? Er Austurríki búið að falla frá samstarfi við EFTA-ríkin vegna þess að sameining Þýskalands er komin á dagskrá? Við spyrjum Austurríkismenn og þeir svara nei. Vegna þess að við gerum okkur enn, eins og þeir kalla það, raunhæfar vonir um að eftir EFTA-leiðinni fáum við fljótar niðurstöðu okkar mála.

Og hvað er þá eftir af málflutningi danska utanríkisráðherrans að því er varðar ráðgjöfina til annarra Norðurlanda? Raðið þið ykkur upp í biðröðina á eftir Austurríki, á eftir Tyrklandi, á eftir Möltu, til þess að sækja um beina aðild að Evrópubandalaginu sem gæti verið á dagskrá að taka afstöðu til á seinni hluta þessa áratugar. Það er kosturinn sem danski utanríkisráðherrann er að bjóða okkur upp á. Ég læt hv. alþm. eftir að meta það hversu hollráður hann er í því efni.

Ég held að niðurstaðan sé afar skýr. Hún er þessi: Það var Evrópubandalagið sem lagði niður forsendurnar fyrir hinni svokölluðu EFTA-leið. Það var Evrópubandalagið sem sagði og segir enn: Fyrir 1993, meðan við erum að hrinda innri markaðnum í framkvæmd, getum við ekki samið í tvíhliða samningum við einstök ríki. Þá verða þau bara í biðröðinni. Það var Evrópubandalagið sem sagði: Við tökum ekki við nýjum umsóknum fyrr en einhvern tímann eftir 1993, de facto eftir 1995. Við gerum ekki tvíhliða samninga við einstök ríki fyrr en eftir að við erum búin að hrinda grundvallarreglunum um innri markaðinn í framkvæmd, með öðrum orðum einhvern tímann eftir 1993–1995. Og það var Evrópubandalagið sem sagði: Við erum hins vegar reiðubúin til þess að taka upp samninga við EFTA-ríkin sem heild um hið fjóreina frelsi um einn viðskiptamarkað fyrir vörur, um einn fjármagnsmarkað, um einn þjónustumarkað, um einn atvinnu- og búsetumarkað.

Það er Evrópubandalagið sem er búið að skuldbinda sig til þess að halda þessu áfram. Það er Evrópubandalagið sem gerði það með hinni sameiginlegu yfirlýsingu stjórnarnefndarinnar 20. okt. 1989. Það var Evrópubandalagið sem gerði það með sam-

eiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherranna í Brussel í desember 1989. Og það er Evrópubandalagið sem er búið að árétta núna, þann 20. mars, með sameiginlegri yfirlýsingu stjórnarnefndarinnar um það að vinnan hafi gengið samkvæmt áætlun og að menn séu tilbúnir til samninga. Og það er Evrópubandalagið eða nánar tiltekið framkvæmdastjórn þess sem lýsir því nú yfir að hún muni ganga frá formlegu samningsumboði sínu 10. apríl og tilkynnir okkur að þótt formlegt endanlegt samningsumboð ráðherranefndarinnar geti hugsanlega dregist til 11.–14. júní búist hún síður við því vegna þess að það er áhugi á því hjá meiri hluta ráðherranna að ljúka þessu þann 7. maí, að því tilskildu að nægilegt sé að Evrópuþingið taki málið til umfjöllunar í utanríkismálanefnd sinni en ekki á formlegu „plenum", allsherjarfundi. Báðir aðilar eru búnir að fjárfesta mikið í þessari leið. Leggja fram mikla vinnu, leggja fram vinnugögn upp á þúsundir blaðsíðna, en eftir stendur fyrst og fremst þetta: Það liggja fyrir undirskriftir, skuldbindandi undirskriftir utanríkisráðherra Evrópubandalagsins.

Gallinn við hin bróðurlegu ráð danska utanrríkisráðherrans er því fyrst og fremst sá að hann virðist byggja á einhverjum kviksögum, einhverjum „gossip" sem er með þeim hætti að þegar eftir er leitað staðfestingar á því með formlegum hætti hjá réttum aðilum þá gufar þetta allt saman upp. Og jafnvel þótt svo færi, öfugt við formlegar staðfestar yfirlýsingar, að af einhverjum ástæðum ófyrirséðum tækist okkur ekki að ná viðunandi samningsniðurstöðum, sem auðvitað getur gerst, og enginn getur fullyrt að geti ekki gerst, jafnvel þótt svo færi, hver er þá hinn kosturinn? Það verða auðvitað hvert og eitt EFTA-ríkjanna að gera upp við sig.

En hitt er alveg rétt að það er mikið til í því mati danska utanríkisráðherrans og styðst ekki eingöngu við hans mat, það er mikið til í því að það eru miklar líkur á því, ef svo fer, að ýmis önnur EFTA-ríkjanna eigi þá ekki annan kost en að raða sér upp í biðröðina og reyna að semja um fulla aðild. Og það er ekkert efamál að það er svo um Austurríki vegna þess að aðildarumsókn þess liggur fyrir og það eru mjög verulegar líkur á því að það sama gerist að því er varðar a.m.k. Svíþjóð.

Þegar menn spyrja hver sé hinn kosturinn vil ég áður en lengra er haldið vekja athygli manna á einu. Við erum ekki að tala um eitthvað sem er statískt, óumbreytanlegt. Við erum að tala um þróun mála í Evrópu sem er sífellt að þróast, sífellt að taka breytingum. Sem dæmi um það vil ég nefna eftirfarandi: Nokkur hinna nýfrjálsu ríkja í Austur-Evrópu hafa á undanförnum mánuðum tekið upp mjög náið samstarf við EFTA og reyndar EB líka. Lönd eins og, ég tala nú ekki um Júgóslavíu, það er eldra mál, Ungverjaland, Tékkóslóvakía og Pólland eru núna að gera, almennt orðað, samstarfssamninga við EB. Þau hafa tekið upp viðræður við EFTA um að ná sams konar samningum. Ungverjaland er þar fyrst vegna þess að það liggja fyrir drög að svokallaðri sameiginlegri yfirlýsingu um samstarf á mörgum sviðum. Það liggur fyrir að umbótaöflin þar, sem nú eiga þegar aðild að ríkisstjórn, stefna að því að stofnanabinda samstarf sitt við Vestur-Evrópuríkin sem allra fyrst og með sem allra víðtækustum hætti.

Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi ríki geta ekki gengið inn í Evrópubandalagið á fyrri hluta þessa áratugar. Núna hugsa menn um það mál þannig að ef við lítum fram til Evrópu aldamótanna geti vel verið að það sem nú heitir Evrópubandalag og nú heitir EFTA, eða það sem kynni að heita sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði, nái yfir Evrópu alla með 500 millj. íbúa. Það er að sjálfsögðu ekkert annað en pólitískt mat. En ég segi, Ungverjaland, Tékkóslóvakía og Pólland geta ekki gert sér vonir um að ganga inn í Evrópubandalagið. Á því er mjög einföld skýring. Þessi lönd geta ekki opnað sitt hagkerfi fyrir samkeppni og innflutning við vörur þessara háþróuðu iðnríkja á jafnréttisgrundvelli undir kjörum fríverslunar með banni á ríkisstyrki og með þeim kröfum sem gerðar eru um algjöra opnun á vöruviðskiptum, fjármagnsmarkaði og hverju einu. Á því er ekki áhugi af hálfu EB og á því er ekki möguleiki af hálfu þessara ríkja. Hvað munu þau þá gera? Það fer eftir því hversu skjótt þau ná árangri. En þau draga enga dul á það að þau munu fyrr en síðar óska eftir fríverslunarsamningum við EFTA sem biðstofu á meðan þau eru að byggja upp áform sín um inngöngu í Evrópubandalagið. Því það liggur fyrir af hálfu þessara ríkja að þau stefna að inngöngu í Evrópubandalagið, það er hafið yfir allan vafa. En þau hafa lýst því yfir að bæði eiga þau ekki þennan inngöngurétt og þau óska eftir að gera það í áföngum. Og af því að EFTA er ekki yfirþjóðleg stofnun heldur fríverslunarsamband sjálfstæðra ríkja muni þau frekar óska eftir því að byrja þetta samstarf með fríverslunarsamningum við EFTA. Vegna þess að þá geta þau gert það í áföngum. Þau geta tekið upp samninga um fríverslun á einhverjum ákveðnum sviðum og þurfa ekki að opna dyr sínar að fullu og öllu fyrir grundvallarreglum Evrópubandalagsins sem mundi verða þeim ofviða.

Og svo spyrja menn, þegar komið væri fram til ársins 1995, hver væri staðan þá t.d.? Ætli Ungverjaland verði fyrr inn í Evrópubandalagið eða inn í hið evrópska efnahagssvæði en Ísland? Eða ætli Tékkóslóvakía verði á undan? Eða ætli Pólland verði á undan? Eða hver yrði staða Íslands eftir að ekki einungis Austurríki heldur líka Svíþjóð og kannski Noregur og Finnland og Tékkóslóvakía og Ungverjaland og Pólland væru komin inn? Hver væri þá staða Íslands?

Með þessum orðum er ég að vísa til þeirrar spurningar sem hv. 2. þm. Austurl. beindi til mín. Sem er sú hvort það hafi orðið einhver stefnubreyting af minni hálfu eða míns flokks eða innan ríkisstjórnarinnar varðandi þessi mál. Svarið er nei. Það er engin stefnubreyting. Við erum í EFTA-samstarfinu, við höfum verið í undirbúningi þessara samninga, við höfum enn þá trú á því að þessir samningar geti leitt til nægilega hagstæðrar og jákvæðrar niðurstöðu, að

það dugi okkur, og við erum í þessum samningum vegna þess að það er ekki stefna þessarar ríkisstjórnar að ganga í Evrópubandalagið heldur að tryggja okkar hagsmuni með þessum samningum á þessum samningssviðum. Hversu varanlegur slíkur samningur verður það verður framtíðin að leiða í ljós. Því get ég ekki svarað hér á þessari stundu. (**HG:** Ummælin í Kaupmannahöfn?) Ummælin í Kaupmannahöfn voru af mjög líkum toga eins og þau sem ég nú hef látið falla, þ.e. í samhenginu við það sem kann að gerast í framtíðinni í Evrópu og í heild er ómögulegt að útiloka það að við verðum einhvern tímann í þeirri stöðu. En það er mál sem bíður síns tíma og ég hef ekki meira að segja um.

Af gefnu tilefni er rétt einnig að víkja að athugasemdum um það hvort hér sé um að ræða í þessum samningum eitthvert afsal landsréttinda, afsal löggjafarvalds fyrir hönd Alþingis, afsal valds ríkisstjórna o.s.frv., vegna þessara samninga. Ég hélt að við hefðum þegar svarað þessu með viðhlítandi hætti.

Aðalatriðin í því máli eru þessi: Við erum búin að leggja drög að því að gera viðamikinn milliríkjasamning. Samningur Evrópubandalagsins, ef af verður, verður samningur við hvert EFTA-ríki fyrir sig. Þetta er, eins og ég sagði, viðamesti samningur sem Evrópubandalagið hefur nokkru sinni gert og hvað þá heldur langsamlega viðamesti milliríkjasamningur sem Ísland hefur nokkurn tímann gert ef af honum verður. Hann er óskaplega mikill að magni til, umfangi, u.þ.b. 30.000 síður af lagatexta. En út frá spurningunni um afsal valds er þetta ósköp einfaldlega svona: Samningurinn verður auðvitað lagður fyrir Alþingi. Hann verður aldrei að milliríkjasamningi nema Alþingi samþykki hann. Ef Alþingi gerir það hins vegar hefur þessi samningur sömu stöðu og aðrir milliríkjasamningar sem við höfum áður gert. Við tökum á okkur síðan aðrar skuldbindingar um það að tryggja að þessum samningi verði framfylgt. Að tryggja samræmda túlkun hans á svæðinu og að tryggja rétt þeirra sem eiga að starfa samkvæmt samningnum að geta fengið úrlausn sinna deilumála fyrir dómstóli. Þess vegna setjum við upp tvennar stofnanir, eina eftirlitsstofnun, sem verður fyrir EFTA í heild og fyrir hvert land sérstaklega, og einn dómstól þar sem menn geta leitað réttar síns. Nákvæmlega með sama hætti og við skuldbindum okkur í milliríkjasamningum, t.d. með Mannréttindasáttmálanum, til þess að íslenskir þegnar geti, ef þeir telja á sér brotið, fengið lausn sinna deilumála með því að skjóta ágreiningsefnum fyrir Evrópudómstólinn. Engum hefur dottið í hug að í því felist afsal valds, hvorki Alþingis né dómstóla, og það er nákvæmlega sambærilegt við þann samning sem við nú gerum. Vegna þess að það liggur fyrir að EFTA ætlar ekki, þrátt fyrir þær tillögur sem fyrir liggja um styrkingu á EFTA, að breyta sjálfu sér og samstarfsaðferðum sínum. EFTA er samtök frjálsra fullvalda ríkja þar sem ekki er hægt að ná niðurstöðu nema með samstöðu.

Að því er varðar undanþágur og fyrirvara ætla ég aðeins að segja eftirfarandi: Samkvæmt hugsanagangi EB er fyrirvari, „exception" eða „reservation", samkvæmt skilgreiningu fyrirvari eða undanþága frá reglum Evrópubandalagsins um framkvæmd innri markaðarins sem eru allt reglur um opnun og um fríverslun, almennar reglur þess eðlis. Þess vegna er það að ég lít ekki á kröfur Íslendinga um fríverslun með fisk sem undanþágu eða fyrirvara frá EB-reglum. Þvert á móti. Ég segi: EFTA-ríkin sem hafa komið á fríverslun með fisk í viðskiptum sínum innbyrðis setja sameiginlega fram þá kröfu að hún verði látin gilda á evrópska efnahagssvæðinu öllu. Við erum að setja fram kröfu um frekari útfærslu á fríverslunarreglunni, að hún nái til fleiri vörusviða, nefnilega fiskjar og að hluta til landbúnaðarafurða. Það er ekki undanþága frá EB. Það er krafa um það að EB gangi lengra í að útfæra sínar fríverslunarreglur til vörusviða sem þar eiga heima og er engin sérislensk undanþága.

Hverjar eru þá okkar undanþágur? Þær eru í grundvallaratriðum þessar: Sérstaða Íslands sem fámennrar þjóðar sem býr við tiltölulega einhæft atvinnulíf og tiltölulega fábreyttan auðlindagrundvöll er þessi: Við setjum fram kröfu um varanleg frávik, varanlega undanþágu, byggt á tilvísun til lífshagsmuna þjóðar, „fundamental national interest", um það að erlendir aðilar megi ekki hafa sama rétt og íslenskir að því er varðar nýtingu á þessum auðlindum sem heita fiskstofnarnir og orkuauðlindirnar. Við rökstyðjum þetta með þeim hætti að samkvæmt íslenskum lögum eru fiskstofnarnir sameign þjóðarinnar. Um þá gegnir öðru máli en t.d. lendur eða fasteignir. Þeir eru óskiptanlegir í þeirri merkingu að auðlindin er óskiptanleg. Hún gengur ekki kaupum og sölum á markaði eins og jarðir eða fasteignir. Við segjum að nær sé að líta á t.d. auðlindir eins og olíulindirnar í Norðursjónum og þær reglur sem um nýtingu þeirra gilda hjá EB-landinu Bretlandi. Auðlindir innan breskrar lögsögu eru sameign þjóðarinnar og það er á forræði bresku ríkisstjórnarinnar, hvað sem svo líður EB-aðild þeirra, hvernig sú auðlind er nýtt. Og það er á valdi bresku ríkisstjórnarinnar að tryggja það að þær auðlindir nýti engir aðrir en þeir sem eru meðeigendur þeirra, þ.e. breskir þegnar.

Þriðja fyrirvarann, sem varðar búsetu- og atvinnumarkaðinn og er sá hinn sami og verið hefur í gildi varðandi norræna vinnumarkaðinn, tel ég vera af því tagi að það verði mjög auðvelt fyrir EB að fallast á hann. Sá fyrirvari sem langsamlega mestu máli skiptir er því fyrirvari nr. tvö, um auðlindanýtinguna, því að hitt er raunverulega ekki í skilningi Evrópubandalagsmanna sjálfra fyrirvari frá þeim reglum þó að það standi eftir sem áður að stærsta hagsmunamál Íslendinga í þessum samningum er auðvitað að knýja fram fríverslun með fiskafurðir.

Hvað varðar ótta manna um að það muni þýða að við höfum ekki lengur stjórn á útflutningi á ósunnum fiskafurðum og það muni leiða til þess að Íslandi sitji hér uppi sem hráefnisframleiðandi og við missum vinnuna úr landinu, þá er því til að svara að þetta mun

í engu breyta því ástandi sem nú er. Við höfum skuldbundið okkur til þess að leggja ekki magntakmarkanir á útflutning í þessu landi. Við höfum gert það bæði innan GATT og við höfum gert það í samningsskuldbindingum okkar innan EFTA og EB. En það eru fyrirvarar á því, t.d. í fríverslunarsamningnum við EB, þar sem við jafnframt tökum á okkur þá skuldbindingu að tryggja að ekki verði slíkt offramboð á ferskfiskmörkuðum að við stöndum ekki þar við þá skuldbindingu að halda uppi svokölluðum lágmarksviðmiðunarverðum þannig að þetta mun engu breyta um þá ráðstöfun.

Og að því er varðar spurninguna um það hvort við treystum okkur til þess að keppa á mörkuðum hins evrópska efnahagssvæðis ef Evrópubandalagið heldur áfram sinni sameiginlegu fiskveiðistefnu, sem m.a. inn á við beinist að því að greiða styrki til evrópsks sjávarútvegs og fiskvinnslu, þá verður það að byggjast á okkar eigin mati, nefnilega mati okkar á því hvað af þessum styrkjum er samkeppnishindrandi. Að verulegum meiri hluta til eru þeir það nefnilega ekki þegar grannt er skoðað. Vegna þess að helmingurinn af þessum fjármunum fer í að kaupa veiðiheimildir annars staðar. Það kemur okkur ekkert við. Hluti af þessum fjármunum fer í að byggja upp dreifingar-, sölu- og markaðskerfi fyrir fiskafurðir sem er okkur jákvætt. Hluti af þessum styrkjum fer í að fjármagna í gegnum úreldingarsjóð minnkun á veiðiflota þeirra sem er okkur afar hagstætt. Það er einungis sá hlutinn sem lýtur að beinum styrkgreiðslum við fiskvinnsluna sem er markaðstruflandi.

Ég hallast hins vegar að því að þrátt fyrir þetta muni styrkur íslensks sjávarútvegs og fiskvinnslu reynast slíkur að við getum með góðum árangri keppt á þessum mörkuðum jafnvel þótt þeir haldi þessum styrkjum um skeið. En það er yfirlýst stefna Evrópubandalagsins að minnka þennan flota og það er yfirlýst stefna Evrópubandalagsins að draga úr þessum styrkjum og það er mjög eindregin stefna framkvæmdastjórnarinnar og það er mat manna að á næstu árum muni draga mjög úr hvoru tveggja sem þýðir þá það að markaðsstaða okkar styrkist að sama skapi.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðynlegt við lok þessarar umræðu að reyna eftir bestu getu að gera Alþingi grein fyrir mati mínu á stöðu þessara mála og að reyna að draga úr hálftaugaveiklunarkenndum viðbrögðum sem orðið hefur vart vegna misvísandi fréttaflutnings, nefnilega á þá leið að allt sé hers höndum, allt sé upp í loft og allar líkur bendi til þess að ekki verði neitt úr neinu. Ég tel þvert á móti allar líkur benda til þessa að þessar áætlanir muni standast, til eða frá þessi eini mánuður sem líður þar til við fáum samningsumboðið. Að því er varðar samninginn sjálfan er rétt að segja það einu sinni enn að um það bil 90%, og þá tölu nefni ég nú með fyrirvara, af því sem við munum semja um við samningaborðið er þegar frágengið mál. Það er ágreiningslaust. Það sem eftir er að semja um eru sérmál einstakra ríkja, þeir þungu fyrirvarar sem við ætlum að halda í lágmarki en skipta auðvitað sköpum. Síðan verðum við að láta auðnu ráða um það hvort samningsniðurstaðan að því er þetta varðar verður okkur hagstæð þannig að við getum við unað.

Að því er varðar aðra kosti ætla ég að láta mér nægja að segja aðeins eitt: Þeir sem hafa í góðri trú sagt að við eigum að leggja höfuðáherslu á tvíhliða samninga við Evrópubandalagið eru nú nokkru nær um það hversu líklegt er að ná jákvæðum niðurstöðum eftir þeirri leið eftir heimsókn embættismanna framkvæmdastjórnarinnar sem hingað kom í fyrri viku til þess að undirbúa tvíhliða viðræður við sjávarútvegskomissara Evrópubandalagsins, senjor Marin. Þessir embættismenn staðfestu allt sem við höfum sagt um það mál áður. En þegar menn segja: Það er ekkert að marka, þetta eru bara embættismenn, bið ég menn um að vera ekki í orðaleikjum. Þetta eru að sönnu embættismenn. En þeir voru að framfylgja hinni opinberu, sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins sem stjórnmálamenn hafa ákveðið, sem er það pólitíska veganesti og það pólitíska umboð sem þeir hafa og þeir hafa ekkert annað umboð.

Og ef við erum að tala um, ekki tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið heldur tvíhliða formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið, þá komumst við ekki fram hjá þessum mönnum vegna þess að það er ekki við neina aðra að tala. Við tölum ekki við aðra um lækkun á tollum vegna þess að samningsumboð til þess er í höndum framkvæmdastjórnarinnar. Og við tölum ekki við aðra um sérsamninga um fiskveiðimálefni vegna þess að það er á verksviði framkvæmdastjórnarinnar. Með það mál þýðir okkur ekkert að fara til stjórnmálaleiðtoga í ríkisstjórnum EB, til Þjóðverja, sérstaklega Helmut Kohl, eða vinar vors, aðstoðarutanríkisráðherra Þjóðverja, Adam-Schwaetzer. Um það þýðir okkur ekki að ræða sérstaklega til þess að fá niðurstöðu við þann mann sem hefur verið okkur hvað jákvæðastur í þessu máli, von Gelder, sjávarútvegsráðherra Þýskalands, vegna þess að þessir menn hafa ekki umboð. Samkvæmt stjórnkerfi Evrópubandalagsins er það framkvæmdastjórnin í Brussel sem ein hefur hið pólitíska umboð til að framfylgja hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu inn á við og út á við. Það er framkvæmdastjórnin í Brussel sem við er að semja ef við ætlum að fá lækkaða tolla, t.d. frekari tollalækkanir samkvæmt bókun 6. Við fáum engu um það breytt og þeir fá engu um það breytt fyrr en kannski á þeim tímapunkti undir lok viðræðna EFTA-ríkjanna við EB þegar ljóst er að það er komið samkomulag kannski um 99% af öllum þeim mikla milliríkjasamningi en það strandar kannski enn á því að það er árekstur milli sérhagsmuna Íslands og hinnar sameiginlegu fiskveiðipólitíkur og þá er kannski einhver von til þess að fremur en þessi ríki öll vilji sópa þessum mikla samningi út af borðinu þá verði hægt að taka það mál upp í alvöru og ná einhverri sérannexíu eða sérprótokolli um sérmál Íslands eins og við höfum hugsað það mál frá öndverðu og liggur fyrir alveg

endanlega staðfest og skjalfest að er rétt mat á samningsstöðunni.

Ég segi þetta einfaldlega vegna þess að ég tel að þetta eigi að leiða til þess að við hér á hinu háa Alþingi og fulltrúar þeirra flokka sem auðvitað hafa allir það að markmiði að gæta íslenskra hagsmuna sem allra best í þessum samningum, við látum þetta ekki verða okkur að ágreiningsefni, að við búum okkur ekki til ágreiningsefni af þessu tagi heldur stöndum einfaldlega einhuga saman um sannanlega meginhagsmuni okkar. Það er ekki lengur deila um það hvort við eigum að fara þessa tvíhliða leið eða EFTA-leiðina. Ég hef sagt og segi enn: Við eigum að sækja fram á báðum vígstöðvum. Þetta er ekki annaðhvort eða. Við höldum auðvitað áfram EFTA-leiðina til enda. Við munum halda áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Við óskum eindregið eftir því að senjor Marin komi í þá heimsókn sem honum hefur verið boðið í. Og ég nefni það sem dæmi að forsrh. Íslands mun fara í tvíhliða viðræður við framkvæmdastjórnina í Brussel þann 18. apríl þar sem hann mun ræða við forseta framkvæmdastjórnarinnar, Jacques Delors, varaforseta framkvæmdastjórnarinnar og utanríkisráðherra bandalagsins, Franz Andriessen, Henning Christophersen sem fer með hin viðskiptalegu málefni og Marin sem fer með sjávarútvegsmálefnin. Auk þess mun forsrh. ræða við forseta Evrópubandalagsþingsins og væntanlega og vonandi formann utanríkismálanefndar, REX-nefndarinnar. Og það er ákveðið að utanrrh. verði með honum í för. Þetta nefni ég bara sem dæmi um það að við munum að sjálfsögðu halda áfram tvíhliða viðræðum því að við munum hamra þetta járn áfram. Við munum halda áfram að segja: Hvað svo sem líður ykkar sameiginlegu fiskveiðistefnu getið þið að sjálfsögðu — það er ekki á okkar valdi að segja ykkur til um það hversu vitlaus hún er. Við vitum af henni. En þrátt fyrir hana viljum við fá fram viðurkenningu á sérstöðu Íslands, lands sem byggir afkomu sína á þessari auðlind og lands sem byggir gjaldeyristekjur sínar í jafnríkum mæli á útflutningi fiskafurða, þá viljum við vinsamlegast fara fram á það að sá skilningur verði de facto sýndur á sérstöðu Íslands að hún á ekki við, þessi margrómaða evrópska fiskveiðistefna þegar Ísland á í hlut.

Við munum halda þessum málflutningi áfram í tvíhliða viðræðum eins og við höfum gert kerfisbundið tvö sl. ár. Forsrh. hafandi rætt við alla sína kollega, ég hafandi rætt við alla mína starfsbræður, bæði utanríkisráðherra og utanríkisviðskiptaráðherra hvers einasta Evrópubandalagsríkis, viðsk.- og iðnrh. sem hefur rætt þetta við kollega sína og einnig við framkvæmdastjórnina í Brussel, sjútvrh. sem hefur rætt þetta við sína kollega og þannig mætti lengi telja. Auðvitað munum við halda þessum viðræðum áfram með það að markmiði að afla og viðhalda skilningi á sérstöðu Íslands þannig að við getum hugsanlega fært okkur það í nyt de facto þegar kemur að lokum samningsniðurstöðunnar en til þess þurfum við atbeina stjórnmálaleiðtoganna í Evrópubandalaginu sem munu ekki geta tekið fram fyrir hendurnar á kommissjóninni nema með því að taka um það sérstaka pólitíska ákvörðun.

Virðulegi forseti. Að því er varðar einstakar spurningar sem til mín var beint vil ég reyna að fara hratt yfir sögu því þetta er að sönnu meginmálið sem við erum að fjalla um. Mér þótti vænt um að heyra það hjá hv. 1. þm. Suðurl., formanni Sjálfstfl., að það væri ekki mikill ágreiningur af hans hálfu um þá utanríkisstefnu sem framfylgt hefur verið af hálfu núv. ríkisstjórnar, að í stórum dráttum væri samstaða um grundvallarforsendurnar, þ.e. aðildina að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamninginn sem forsendur fyrir þeirri öryggisstefnu sem við höfum rekið og rekum enn. Ég tók eftir því að hann gagnrýndi að að þessu væri ekki sérstaklega vikið í stjórnarsáttmálanum og það er rétt, það er ekki að því vikið. En það var heldur hvergi að því vikið að þessum grundvallarforsendum ætti að breyta. Þvert á móti lá það fyrir að á þeim forsendum yrðu ekki breytingar í tíð þessarar ríkisstjórnar og þarf engum að koma á óvart. (Gripið fram í.) Það er auðvitað öllum kunnugt hér á hinu háa Alþingi um það hver hefur verið afstaða t.d. Alþb. til þessara mála. Alþb. er andvígt varnarsamningnum við Bandaríkin. Alþb. er eftir því sem ég best veit enn þá andvígt aðildinni að Atlantshafsbandalaginu. En Alþb. hefur hvað eftir annað tekið þátt í ríkisstjórnum án þess að setja fram kröfur um að breyta þessu tvennu og þær kröfur voru heldur ekki settar fram að þessu sinni og voru ekki á dagskrá. Í stórum dráttum er því út af fyrir sig samstaða þvert yfir flokkavíggirðingar um þessar grundvallarforsendur.

Það er hins vegar á misskilningi byggt þegar hv. 1. þm. Suðurl. segir að það skorti á mótaða skýra eða samkvæma stefnu innan núv. ríkisstjórnar. Auðvitað er áherslumunur milli flokka. En sú stefna sem framfylgt hefur verið hefur verið afar skýr og samkvæm og reyndar að mínu mati árangursrík. Þar vil ég leggja sérstaka áherslu á það frumkvæði sem Íslendingar hafa tekið í einu stærsta öryggismáli okkar sem varðar tillögurnar um afvopnun á höfunum. Það mál sýnir að lítil þjóð sem er aðildarþjóð að varnarbandalagi getur með árangursríkum hætti beitt sér fyrir frumkvæði á alþjóðlegum vettvangi með árangri. Íslendingar eru jafnréttháir aðilar í Atlantshafsbandalaginu og hinar þjóðirnar, þ.e. Bandaríkin, Þjóðverjar, Bretar eða hver önnur sem menn nefna, og þar er, rétt eins og í litla EFTA, málum svo fyrir komið að engar ákvarðanir eru teknar nema með samstöðu.

Dæmið af því með hvaða hætti við, sem stöndum að þessari ríkisstjórn, höfum tekið frumkvæði að því er varðar afvopnun á höfunum, það sannar okkur það að Atlantshafsbandalagið er vettvangur þar sem við getum, ef við viljum beita virkni og frumkvæði, komið þýðingarmiklum hlutum áleiðis. Reyndar vil ég bæta því við að ef við ekki hefðum þessa aðild að Atlantshafsbandalaginu ættum við hvergi nokkurs staðar aðild að öllum afvopnunarferlinum í Evrópu, yrðum þar hvergi til kvaddir og hvergi um neitt

spurðir, ættum enga aðild að þeim málum. Það hefur einmitt verið afar lærdómsríkt að kynnast því hvernig fulltrúar hinna minni ríkja innan Atlantshafsbandalagsins hafa hvað eftir annað reynst hafa, í krafti síns málflutnings, úrslitaáhrif á niðurstöður og stefnumörkun innan Atlantshafsbandalagsins.

Ég vildi því í allri vinsemd segja sem svo að það væri kominn tími til, af því að sumir tala um hið kalda stríð sem á að vera liðið, fyrir flokk eins og Alþb. íslenska og talsmenn þess í utanríkismálum að taka nú til rækilegrar endurskoðunar gömlu „parólin" „Ísland úr NATO — herinn burt" sem eru vel fallin til söngs en afar illa fallin til þess að gera að grundvelli í yfirvegaðri ábyrgri stefnu í utanríkis- og varnarmálum í ljósi þeirra atburða sem orðnir eru í okkar heimshluta.

Ég nefni sem dæmi að ítalski kommúnistaflokkurinn, sem er nú sá merkasti, hefur auðvitað fyrir lifandi löngu gert þetta upp við sig og hætt að vera með þetta „paról" fyrir mörgum árum. Meira að segja danski SF-flokkurinn, Sund fornuft, hætti þessu einnig fyrir mörgum árum og styður aðild Danmekur að NATO.

Umbótaöflin, lýðræðisöflin í Austur-Evrópu, lýsa því yfir, Tékkóslóvakía og Ungverjaland, að þau telji rétta og skynsamlega þá stefnu stjórnvalda í þessum löndum að Þýskaland haldi áfram að vera aðili að Atlantshafsbandalaginu. (**Forseti:** Leyfist forseta að spyrja hæstv. ráðherra hvort mikið sé eftir af ræðu hans. Hér hafði svo um samist að gerður yrði frestur á þessari umræðu kl. 2 svo að atkvæðagreiðsla næðist um mikilvæg mál.) Virðulegi forseti. Ég skal slá botn í þessa ræðu með nokkrum setningum.

Ég þarf ekki að víkja að fullyrðingum varðandi varaflugvöll um að um hann ríki slíkur ágreiningur innan ríkisstjórnar að utanrrh. hafi verið beygður í því máli. Ég vísa því enn á bug. Ég hef rætt það svo oft á þessum vettvangi að ekki þarf meira um það að segja.

Að því er varðar málefni Aðalverktaka tek ég eftir því að formaður Sjálfstfl. sem boðar þá stefnu að þar eigi að efna til opins verktakamarkaðar sem væntanlega mundi gerbreyta aðstöðu Íslands, íslenskra verktaka, í þeim málum, svarar ekki þeirri spurningu hvað gera á við þetta mikla fyrirtæki en þetta eru náttúrlega skilaboð til þeirra sem þar starfa um það að endi verði bundinn á starfsemi þess sem sérhæfðs verktakafyrirtækis. Ég hef boðað þar aðra stefnu, nefnilega þá að ríkið taki þar meiri hluta og að hagnaðurinn af þessari starfsemi skili sér þannig til þeirra sem hann ber, þ.e. almennings í landinu, þjóðarinnar í heild fremur en í hlut einhverra sem úthlutað var þarna forréttindum og hafa makað krókinn sem slíkir áratugum saman.

Spurt var af hverju ekki kæmi fram afstaða til sameiningar Þýskalands. Ég vil bara taka fram að það er ekki okkar hlutverk í skýrslu utanrrh. til Alþingis að blanda okkur í innanríkismálefni annarra þjóða, en ég vil láta þess getið að ég hef skrifað utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að gefnu tilefni, eins og fleiri utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsríkja um það að við óskum eftir að það mál, að því er varðar öryggismál annarra Evrópuríkja, verði tekið sérstaklega upp innan Atlantshafsbandalagsins og reyndar stóð til að gera það um miðjan þennan mánuð.

Þeirri spurningu var til mín beint, að því er varðar landbúnaðarmál í samningum EFTA–EB, hvort þau fælu í sér að framvegis yrði innflutningur landbúnaðarvara bannaður eða hömlur lagðar á það hvort Íslendingar sjálfir vilja moka hundruðum millj. kr. í útflutningsbætur. Svarið við hvoru tveggja er nei. Það er ekki á okkar samningssviði. Hins vegar eru þeir hlutir að gerast innan GATT að þar eru uppi tillögur um að frysta núverandi ástand og stefna að því að minnka þetta í áföngum og smám saman að koma á hindrunarminni heimsviðskiptum með landbúnaðarafurðir sem er auðvitað hið þýðingarmesta mál, bæði fyrir okkar þjóð og allar aðrar þjóðir sem eru matvæla- eða hráefnaframleiðendur.

Virðulegi forseti. Sjálfsagt er eitthvað af einstökum spurningum sem ég hef þá ekki svarað hér sérstalega, en ég held að þær skipti a.m.k. ekki því höfuðmáli að þær varði nein meginatriði.

Ég læt máli mínu lokið, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1989.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Talað hafði verið um að gert yrði hlé á umræðu um utanríkismál um sinn svo að unnt væri að mæla fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar 1989, en eins og menn minnast hefur mjög dregist úr hömlu að þetta mál kæmist á dagskrá og vænti ég þess að því verði ekki mótmælt.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1989 hefur nú verið lögð fram á Alþingi. Á síðasta ári var lögð fram starfsskýrsla fyrir árin 1987 og 1988. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti að skýrsla stofnunarinnar er rædd með formlegum hætti í Sþ.

Grundvallarbreyting varð á starfsemi Ríkisendurskoðunar og stöðu hennar með lögum nr. 12/1986 sem tóku gildi 1. jan. 1987. Þá breyttist staða stofnunarinnar frá því að vera stjórnardeild eða ráðuneytisígildi í Stjórnarráði Íslands undir beinni stjórn fjmrh. í það að vera stofnun sem starfar á vegum Alþingis óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvalds. Í 1. gr. fyrrnefndra laga segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og

þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, sbr. 43. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins."

Þá segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsetar Alþingis geta þó, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hann skýrslna um einstök mál."

Þrátt fyrir þessi lagafyrirmæli gegnir þingið engu beinu stjórnunarhlutverki hvað snertir störf Ríkisendurskoðunar. Algjört sjálfstæði Ríkisendurskoðunar er grundvöllur þess að hún njóti trausts og geti sinnt sómasamlega eftirlitshlutverki sínu. Þetta sjálfstæði leggur henni hins vegar miklar skyldur á herðar, svo og ábyrgð.

Í svonefndri Lima-yfirlýsingu um leiðbeinandi reglur varðandi endurskoðun er mikil áhersla lögð á þetta sjálfstæði ríkisendurskoðunar. Lima-yfirlýsingin er á vissan hátt grundvöllur þeirrar ríkisendurskoðunar sem vönduðust og best getur talist hvarvetna í heiminum.

Ég tel ástæðu til að geta nokkurra atriða yfirlýsingarinnar sem snerta sjálfstæði stofnunarinnar og tengjast Alþingi. Í inngangi Lima-yfirlýsingarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Með því að skipuleg og góð nýting á almannafé er ein af meginforsendum fyrir réttri stjórnun og meðferð opinberra fjármála og þess að ákvarðanataka viðkomandi yfirvalda beri árangur, með því að óhjákvæmilegt er, til að ná þessu markmiði, að hvert land hafi á að skipa ríkisendurskoðun og sjálfstæði þeirra stofnana sé tryggt með lögum, með því að slíkar stofnanir hafa orðið enn mikilvægari sökum þess að ríkið hefur gerst æ virkara á sviðum félags- og efnahagsmála og þar með farið út fyrir ramma hefðbundinna fjárlaga, með því að hin sérstöku markmið með endurskoðun, þ.e. rétt og virk meðferð á opinberu fé, uppbygging traustrar fjármálastjórnunar, skilvirk stjórnsýsla og upplýsingamiðlun til yfirvalda, sem og almennings, með útgáfu á hlutlægum skýrslum, eru mikilvæg fyrir stöðugleika og þróun ríkja og í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna, með því að á fyrri alþjóðaþingum ríkisendurskoðana voru samþykktar ályktanir sem öll aðildarríkin féllust á að dreift yrði, var samþykkt [og er þá vitnað til Lima-fundarins] að gefa út og dreifa skýrslu undir heitinu Lima-yfirlýsingin um leiðbeinandi reglur varðandi ríkisendurskoðun."

II. kafli og 5. gr. yfirlýsingarinnar fjallar um sjálfstæði ríkisendurskoðana og er eins konar sjálfstæðisyfirlýsing þessara stofnana. Þar segir:

„Ríkisendurskoðanir geta því aðeins gegnt hlutverki sínu á hlutlægan hátt og með tilætluðum árangri ef þær eru óháðar þeim aðilum sem endurskoðað er hjá og eru verndaðar fyrir utanaðkomandi áhrifum. Enda þótt ríkisstofnanir geti ekki með öllu verið óháðar sökum þess að þær eru hluti af ríkinu sem heild þá skulu ríkisendurskoðanir njóta þess sjálfstæðis, að því er snertir starfsemi og skipulag, sem nauðsynlegt er til þess að þær geti gegnt hlutverki sínu.

Í stjórnarskrá skal kveða á um stofnun ríkisendurskoðunar og það sjálfstæði sem hún skal njóta. Um einstök atriði má mæla nánar fyrir í lögum. Sérstaklega ber að tryggja að æðsti dómstóll veiti ríkisendurskoðun nauðsynlega lögvernd gegn hvers konar afskiptum af sjálfstæði og heimild hennar til að framkvæma endurskoðun."

Í kafla yfirlýsingarinnar sem kennd er við Lima segir enn fremur um tengsl við þing, ríkisstjórn og stjórnsýslu í 8. gr.:

„Sjálfstæði ríkisendurskoðana sem tryggt er í stjórnarskrá og lögum felur í sér að þær hafi mikið frumkvæði og sjálfsforræði jafnvel þegar þær í umboði þings framkvæma endurskoðun að fyrirmælum þess. Í stjórnarskrá hvers lands skulu vera ákvæði [og bið ég nú hv. þm. að taka eftir] um tengsl ríkisendurskoðunar og þings í samræmi við aðstæður og þarfir þess lands sem í hlut á."

Þá segir í 9. gr. þessarar yfirlýsingar um tengsl við ríkisstjórn og stjórnsýslu:

„Ríkisendurskoðun endurskoðar verk ríkisstjórnar, stjórnsýslu og allra stofnana er þar heyra undir. Þó er ekki þar með sagt að ríkisstjórnin heyri undir ríkisendurskoðun. Einkum og sér í lagi ber ríkisstjórnin ein fulla ábyrgð á gerðum sínum og vanrækslu og getur ekki firrt sig ábyrgð með því að skírskota til endurskoðunar og sérfræðiálita ríkisendurskoðunar nema slík sérfræðiálit hafi verið lögð fram sem lögmætur úrskurður."

Í 18. gr. yfirlýsingarinnar er kveðið á um að grundvallarheimildir ríkisendurskoðunar til að endurskoða skuli ákveðnar í stjórnarskrá en kveða megi á um einstök atriði með lagasetningu.

Af þessum tilvitnunum í Lima-yfirlýsinguna má ljóst vera að talsvert skortir á ákvæði í Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins um Ríkisendurskoðun og hafa ber það í huga við endurskoðun stjórnarskrárinnar, hvenær sem það verk verður annars unnið.

Starfsemi hinnar íslensku Ríkisendurskoðunar má skipta í þrjá meginþætti: Í fyrsta lagi fjárhagsendurskoðun, í öðru lagi þjónustu við Alþingi og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og í þriðja lagi stjórnsýsluendurskoðun.

Fjárhagsendurskoðunin er að mestu í sömu skorðum og áður var en hefur þó farið hlutfallslega minnkandi miðað við aðra þætti starfseminnar. Þjónusta við þingnefndir og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings er nýr þáttur í lögunum um Ríkisendurskoðun. Stofnunin hefur að vísu ávallt aðstoðað yfirskoðunarmenn í störfum sínum án lagaskyldu. Þjónusta við Alþingi og þingnefndir hefur tekið sífellt aukinn tíma. Sérstaklega hefur fjvn. fengið mikla þjónustu. T.d. voru

3–4 starfsmenn meira og minna bundnir við að aðstoða nefndina síðustu fjóra mánuði síðasta árs.

Virðulegi forseti. Mig langar að staldra örlítið við þennan þátt í starfi Ríkisendurskoðunar. Ég og nokkrir fleiri þingmenn höfum lýst nokkrum efasemdum vegna þessarar þjónustu við fjvn., ekki vegna þess að við teljum samstarf fjvn. og Ríkisendurskoðunar ónauðsynlegt, það er mikilvægt, um það er engin spurning, heldur fremur vegna þess að það kunni að vera erfitt að draga markalínu á milli þeirrar þjónustu sem Ríkisendurskoðun veitir og beinna áhrifa á fjárlagagerðina. Þarna getur hinn gullni meðalvegur verið býsna vandrataður. Ef út af honum yrði stigið gæti Ríkisendurskoðun staðið frammi fyrir þeirri gagnrýni að hún endurskoðaði framkvæmd laga sem hún hefði haft áhrif á. Þar með er ekki sagt að þetta muni gerast, aðeins varað við þeirri hættu sem þetta fyrirkomulag býður heim. Sjálfur er ég staðfastlega þeirrar skoðunar að Alþingi þurfi í nánustu framtíð að koma á fót eigin fjárlagastofnun þar sem starfi sérfræðingar á sviði fjárlagagerðar.

Þá vil ég aðeins víkja að stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar, en í 9. gr. laganna um stofnunina er kveðið á um að hún geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum og að í slíkri skoðun felist könnun á meðferð og nýtingu á ríkisfé. Þessari endurskoðun hefur lítið verið sinnt þótt nokkrar skýrslur hafi verið gerðar sem flokka má undir stjórnsýsluendurskoðun. Á næstu árum verður væntanlega lögð meiri áhersla á þessa tegund endurskoðunar og hefur ríkisendurskoðandi tjáð mér að að því sé stefnt.

Hjá flestum þjóðum hefur sú þróun orðið hin síðari ár að í stjórnsýsluendurskoðun hefur verið varið sífellt meiri tíma á kostnað fjárhagsendurskoðunar. Þannig ver t.d. sænska ríkisendurskoðunin u.þ.b. 40% af sínum fjármunum til stjórnsýsluendurskoðunar og telur að hún hafi með því náð mjög umtalsverðum árangri í bættum rekstri og sparnaði hjá mörgum ríkisfyrirtækjum og stofnunum.

Virðulegi forseti. Sú breyting á starfi Ríkisendurskoðunar sem mesta eftirtekt hefur vakið er tvímælalaust útgáfa á skýrslum um hin margvíslegustu mál. Þessar skýrslur gefur stofnunin út, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum alþingismanna og ráðherra. Fjölmiðlar hafa mikið fjallað um þessar skýrslur en Alþingi lítið sem ekkert tekið þær til umræðu. Undantekningar eru skýrsla um flugstöðina á Keflavíkurflugvelli og svonefnd Siglóskýrsla. Sjálfur tel ég nauðsynlegt að Alþingi gefi skýrslunum meiri gaum en það hefur gert og fjalli um þær veigamestu. Opinber birting á þessum skýrslum er mikilvægur þáttur í sjálfstæði Ríkisendurskoðunar.

Þessi skýrslugerð Ríkisendurskoðunar hefur hins vegar stundum vakið upp harða gagnrýni þegar einstaklingar og stofnanir hafa verið ósáttir við niðurstöðurnar. Því hefur verið haldið fram að stofnunin hafi tekið sér eins konar dómsvald og kveðið upp dóma. Þessu hefur Ríkisendurskoðun harðlega mótmælt og segir þennan þátt starfsemi sinnar einn mikilvægasta þáttinn í eftirlitshlutverkinu. Þess ber að gæta að Ríkisendurskoðun er að stíga sín fyrstu skref í nýju hlutverki hvað snertir skýrslugerð um mál sem stundum eru viðkvæm. Ekki er ólíklegt að reynsla stofnunarinnar muni móta þetta starf frekar en nú er. Á það vil ég hins vegar leggja megináherslu að stofnunin hefur nú ákveðið að taka til greina andmælarétt áður en skýrslur eru birtar og hefur þar með stigið mjög mikilvægt skref í því að gera skýrslur sínar betri og nákvæmari en hingað til hefur verið.

Í 1. gr. laganna um Ríkisendurskoðun er kveðið á um að hún skuli hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Í því sambandi eru gerðar tvær til þrjár skýrslur á ári, þ.e. fyrst eftir að fjárlagaárið er hálfnað, síðan þegar liðnir eru níu mánuðir og síðast eftir lok ársins. Í þeirri starfsskýrslu sem nú er til umræðu er listi yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar á árinu 1989 og mun ég nú telja þær upp, með leyfi forseta.

Framkvæmd búvörulaga:

Skýrsla um framkvæmd búvörulaga nr. 46 1985, ásamt fylgiskjölum, útgefin í apríl 1989.

Framkvæmd fjárlaga:

1. Skýrsla um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1988, útgefin í mars 1989.

2. Skýrsla um afkomu A-hluta ríkissjóðs janúar–apríl 1989, útgefin í maí 1989.

3. Skýrsla um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið 1. jan. til 30. júní 1989, útgefin í ágúst 1989.

Endurskoðunarskýrsla:

Skýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1988, útgefin í október 1989.

Breytingar á gjöldum og starfsmannafjölda ráðuneyta:

Skýrsla um breytingar á gjöldum og starfsmannafjölda hjá aðalskrifstofum allra ráðuneyta árin 1982–1988, útgefin í maí 1989.

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði:

Athugun á rekstri, innra eftirliti og skráningu sértekna hjá St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, rekstrartímabilið 1. jan. til 31. okt. 1988, útgefin í febrúar 1989.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði:

Athugun á rekstri, innra eftirliti og skráningu sértekna hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði rekstrarárið 1988, útgefin í febrúar 1989.

Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs:

Athugun á rekstri, innra eftirliti og skráningu sértekna hjá sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs rekstrarárið 1988, útgefin í apríl 1989.

Sjúkrahúsið á Húsavík:

Athugun á rekstri, innra eftirliti og skráningu sértekna hjá sjúkrahúsinu á Húsavík rekstrarárið 1988, útgefin í maí 1989.

Málefni Sigló hf.:

Skýrsla um málefni Sigló hf. o.fl., útgefin í maí 1989.

Byggingarkostnaður Breiðafjarðarferju:

Skýrsla um athugun á ákveðnum þáttum byggingarkostnaðar Breiðafjarðarferju, útgefin í nóvember 1989.

Greinargerð um endurskoðunarskýrslu:

Greinargerð um athugasemdir stofnana og ríkisfyrirtækja sem Ríkisendurskoðun hafa borist vegna skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1988, útgefin í nóvember 1989.

Greinargerð um atriði í starfsemi Ríkisendurskoðunar:

Greinargerð vegna álitsgerðar lagastofnunar Háskóla Íslands varðandi tiltekin atriði í starfsemi Ríkisendurskoðunar, útgefin í nóvember 1989.

Og að lokum, greinargerð um framkvæmd búvörulaga:

Greinargerð í tilefni álitsgerðar Tryggva Gunnarssonar lögfræðings og Þorgeirs Örlygssonar prófessors um tiltekin lögfræðileg atriði í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd búvörulaga, útgefin í nóvember 1989.

Í 1. gr. laganna um Ríkisendurskoðun eru ákvæði um að hún eigi að vera yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar. Þetta starf hefur þróast þannig að samstarf yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar hefur orðið mun skilvirkara en áður var, enda hafa yfirskoðunarmenn lokið störfum sínum miklu fyrr en áður. Það hefur leitt til þess að yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun hafa nú tvisvar skilað sameiginlegri endurskoðunarskýrslu fyrir umliðið ár til Alþingis strax í þingbyrjun, þ.e. í byrjun október. Áður gat það dregist árum saman að yfirskoðunarmenn lykju verki sínu. Þar af leiðandi var ekki hægt að leggja ríkisreikninga fyrir Alþingi. Á síðasta ári var hreinsað til hvað þetta snertir og afgreiddir ríkisreikningar og tilheyrandi fjáraukalög fyrir árið 1979 og 1981 til og með 1987.

Telja má víst að hraðari vinnubrögð yfirkoðunarmanna og sameiginleg skýrsla þeirra og Ríkisendurskoðunar hafi gert hv. alþm. betur meðvitaða um ríkisfjármálin sem m.a. hafði þau áhrif að á síðasta ári voru samþykkt fjáraukalög fyrir það ár þar sem teknar voru upp veittar aukafjárveitingar á árinu og væntanleg aukafjárþörf stofnana til ársloka. Þetta er í fyrsta sinn að slíkt hefur verið gert.

Í þessu sambandi má minna á frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem nú er komið til hv. fjh.- og viðskn. neðri deildar og allir hv. þm. í fjvn. standa að. Verði frv. að lögum kemur það í veg fyrir að framkvæmdarvaldið geti veitt aukafjárveitingar nánast að geðþótta og er nú ástæða til af þessu tilefni að hvetja til þess að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar ljúki því starfi að yfirfara frv. og skili því inn í deildina hið allra fyrsta.

Það er hins vegar spurning, virðulegur forseti, í mínum huga hvort þingmenn ættu ekki að velta því fyrir sér hvort starf yfirskoðunarmanna heyri ekki fortíðinni til. Ríkisendurskoðun með núverandi fyrirkomulagi hefur í raun tekið við starfi yfirskoðunarmanna og fer þörfin fyrir störf þeirra mjög minnkandi. Þetta eru gömul embætti sem tryggð eru í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og voru til þess gerð að þingmenn hefðu á hendi yfirskoðun ríkisreiknings á hverjum tíma. Ég hygg að þetta fyrirkomulag sé orðið að hluta til úrelt og það sé fyllilega til athugunar t.d. hjá hv. fjvn. hvort hún eigi ekki að leggja til að þessi embætti verði felld niður.

Virðulegi forseti. Ég gat þess áðan að hv. alþm. og hæstv. ráðherrar gætu óskað eftir að Ríkisendurskoðun tæki saman skýrslur um einstök mál. Þetta er algjör nýjung í starfi Ríkisendurskoðunar. Hvað snertir alþingismenn er málsmeðferð sú að þeir beina málaleitan sinni til forseta Alþingis sem síðan eiga að taka sameiginlega afstöðu til óska hv. þingmanna. Hingað til hafa forsetar ekki hafnað slíkri beiðni, en í eitt skipti hefur Ríkisendurskoðun endursent beiðni þar sem hún taldi það ekki í sínum verkahring að fjalla um það mál sem um var að ræða. Forsetar féllust á rök Ríkisendurskoðunar í því máli.

Þegar ráðherrar beina sams konar óskum til Ríkisendurskoðunar með milligöngu forseta er það algjörlega á valdi stofnunarinnar hvort orðið verður við þeim óskum. Ríkisendurskoðun telur að ef verkefnið sem um er beðið fari saman við endurskoðunarhlutverk stofnunarinnar sé eðlilegt að verða við beiðninni. Ríkisendurskoðun hefur orðið við þremur slíkum erindum frá ráðherrum, þ.e. um skýrslu um smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, skýrslu um framkvæmd búvörulaga, nr. 46/1985, og nú síðast um álitsgerð um kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands.

Virðulegi forseti. Ég fer nú senn að ljúka þessari skýrslugerð en vil þó fara nokkrum orðum um innri mál Ríkisendurskoðunar. Heildargjöld stofnunarinnar á síðasta ári námu 104,5 millj. kr. sem er 25% hækkun frá árinu 1988. Launaútgjöld námu 72,3 millj. kr. og önnur gjöld voru röskar 30 millj. kr. Starfsmenn eru nú 38, þar af eru 4 löggiltir endurskoðendur, 14 viðskipta- og hagfræðingar, 1 lögfræðingur og 19 aðrir starfsmenn sem vinna að endurskoðun, tölvuþjónustu og almennri skrifstofuþjónustu.

Ég vil geta þess að orðið hefur mikil breyting á starfsliði Ríkisendurskoðunar á undanförnum árum og til stofnunarinnar hafa ráðist fleiri og fleiri sérfræðingar, fólk sem er sérhæft í bókhaldsstörfum og endurskoðunarstörfum, og hefur sú breyting orðið það mikil að segja má að hlutföllin hafi algjörlega snúist við því áður voru tiltölulega mjög fáir sérfræðingar að störfum hjá stofnuninni en almennir starfsmenn voru því fleiri.

Það verður að koma fram að þetta starfslið getur ekki unnið öll þau verk sem Ríkisendurskoðun eru falin og hafa því verið gerðir samningar við 30 löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarskrifstofur um endurskoðun á 76 stofnunum og fyrirtækjum. Fyrir þessa þjónustu voru greiddar röskleg 20 millj. kr. á síðasta ári. Og væri nú æskilegt að Ríkisendurskoðun gæti sparað sér þessar greiðslur og heimilt yrði að bæta við starfsliði í staðinn.

Brýna nauðsyn ber til þess að Ríkisendurskoðun fái að fjölga starfsliði sínu á næstu árum. Að öðrum kosti getur stofnunin vart sinnt vaxandi verkefnum á sómasamlegan hátt. Þá býr Ríkisendurskoðun við mjög þröngan húsakost. Hún hefur leitað til forseta þingsins með þennan vanda sinn og hafa forsetar beint tilmælum til hæstv. fjmrh. um að ráðin verði bót á húsnæðisvandanum. Nú mun frá því gengið, án þess að ég hafi um það fulla vissu, að Ríkisendurskoðun fái fljótlega húsnæði ríkisskattstjóra sem er talsvert stærra en núverandi húsnæði Ríkisendurskoðunar. Ef þessi lausn er fyrir hendi verð ég þó að líta á hana sem bráðabirgðalausn til 5 eða 10 ára og æskilegt væri að huga sem fyrst að framtíðarhúsnæði fyrir Ríkisendurskoðun.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta: Sú ákvörðun að Ríkisendurskoðun skuli starfa á vegum Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins var í raun bylting hvað varðar allt eftirlit með framkvæmd fjárlaga og meðferð á opinberum fjármunum. Þegar hefur orðið mikil breyting til batnaðar á þessu sviði og hún á eftir að verða meiri með auknu aðhaldi og eftirliti. Undirstaða þessarar jákvæðu þróunar er og verður sú að Ríkisendurskoðun njóti algjörs sjálfstæðis. Þetta sjálfstæði verður löggjafarvaldið að tryggja með öllum ráðum.

Ég vil svo endanlega, fyrir hönd forseta Alþingis, og væntanlega þá allra hv. alþm., færa Ríkisendurskoðun innilegar þakkir fyrir góð og vel unnin störf.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hlutverk Ríkisendurskoðunar hefur verið tíundað hér svo nákvæmlega að ég ætla ekki að rifja það upp frekar til að lengja málið, en með þessari skýrslu sem við ræðum nú liggur fyrir hver verkefni Ríkisendurskoðunar hafa verið á sl. ári. Þau verkefni hafa verið nokkuð mörg og er gerð grein fyrir þeim og einnig því hvað Ríkisendurskoðun telur að séu framtíðarverkefni stofnunarinnar.

Með lögunum um ríkisendurskoðun frá 1986 var stofnuninni falið víðtækara endurskoðunarhlutverk en áður. Enn hafa bæst við ný verkefni svo sem skýrslan greinir. 1. jan. 1987 tóku gildi lög sem kváðu á um að Ríkisendurskoðun skuli starfa á vegum Alþingis en vera óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins. Áður var Ríkisendurskoðun sjálfstæð stjórnardeild innan fjmrn. og laut fjmrh. Þessi lagasetning gerði síðan Ríkisendurskoðun sjálfstæðari en áður. Síðan hafa athugasemdir stofnunarinnar um atriði sem aflaga hafa farið í rekstri ríkisfyrirtækja og stofnana mjög oft verið í sviðsljósinu og vakið umræður í fjölmiðlum og meðal almennings og vakið yfirleitt almennan áhuga á að fylgjast með fjármálum ríkisins, eða almennari en áður hefur verið, e.t.v. ekki síst vegna þess að í opinberum skýrslum Ríkisendurskoðunar á fólk greiðari aðgang að upplýsingum um þau mál og skattborgarinn hlýtur að láta sig varða það hvernig sameiginlegu fé okkar allra er varið.

Áður en áðurnefnd lagabreyting var gerð var Alþingi mjög háð aðstoð framkvæmdarvaldsins við fjárlagagerð. Embættismenn aðstoðuðu við fjárlagagerð, embættismenn sem gert höfðu eða höfðu látið gera þær tillögur sem þeir áttu svo að sjá um framkvæmd á. Sú höfuðbreyting er nú orðin að Alþingi hefur fengið stofnun til að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu sem er því alls óháð, þ.e. framkvæmdarvaldinu.

Síðan Ríkisendurskoðun tók til starfa á vegum Alþingis hefur mikil breyting orðið á um skýrslugerð og eftirlit með ríkisfjármálum. Má þar nefna að þrisvar á ári koma skýrslur um framkvæmd fjárlaga yfirstandandi árs, skýrslur koma um niðurstöður framkvæmdar fjárlaga liðins árs, fjáraukalög hafa verið lögð fram vegna greiðslna á yfirstandandi ári. Allt gerir þetta mönnum auðveldara að fylgjast með stöðu fjármála ríkisins og það sem mest er um vert, það stuðlar að betri yfirsýn yfir umfang ríkisrekstrar og stuðlar á þann hátt að markvissari fjárlagagerð.

Ég vil leyfa mér að láta í ljós þá skoðun að þetta sem ég nú hef nefnt sé með því markverðasta sem gerst hefur í meðferð ríkisfjármála síðan lýðveldið var stofnað. Þessi meðferð mála stuðlar að auknu aðhaldi hjá ríkisstofnunum og hjá framkvæmdarvaldinu. Öll umræða um þessi mál hefur breyst í þá veru að kröfur hafa aukist um sparnað, ráðdeild og ábyrgð í meðförum á fé ríkisins og forstöðumenn ríkisstofnana finna fyrir þessum kröfum. Það örlar á hugarfarsbreytingu í þessum efnum. Ríkisendurskoðun hefur veitt fjvn. aðstoð við störf hennar. Sú aðstoð hefur fyrst og fremst tengst vinnu við afgreiðslu fjárlagafrv. og upplýsingagjöf vegna framkvæmdar fjárlaga og upplýsingagjöf að beiðni einstakra nefndarmanna. Ég tel þá aðstoð ómetanlega fyrir nefndarstarfið og ég sé ekki fyrir mér í rauninni hvernig hægt var að komast af án þess, einkum vegna þeirrar stöðu Ríkisendurskoðunar að vera með öllu óháð framkvæmdarvaldinu.

Ég hef þegar rætt um það hversu nauðsynleg sú fjárhagsendurskoðun er sem stofnunin hefur með höndum og hingað til hefur verið aðalverkefni hennar, en annar þáttur er ekki síður mikilvægur sem minna hefur verið sinnt og það er stjórnsýsluendurskoðun sem felst í því að könnuð sé meðferð og nýting á almannafé. Stofnuninni er skylt að vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis kann að fara í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

Því er ekki að leyna að sú endurskoðun sem stofnunin hefur gert á stjórnsýslu nokkurra stofnana virðist hafa farið fyrir brjóstið á ýmsum og er það í rauninni furðulegt þegar litið er til þess hversu mikið nauðsynjamál þetta er og hversu markverðum árangri þetta hefur skilað. Og furðulegast af öllu er að ákveðin andstaða við þessar aðgerðir virðist ríkja hér innan veggja hins háa Alþingis, en hér ætti þó öðrum stöðum framar að ríkja skilningur á mikilvægi slíkra aðgerða, að mínu áliti.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu með því að lesa nokkra kafla úr Lima-yfirlýsingunni sem hv. frsm. gerði grein fyrir áðan hvers eðlis væri, og þar segir m.a.:

„Með því að skipuleg og góð nýting á almannafé er ein af meginforsendum fyrir réttri stjórnun og með-

ferð opinberra fjármála og þess að ákvarðanataka viðkomandi yfirvalda beri árangur, með því að óhjákvæmilegt er, til að ná þessu markmiði, að hvert land hafi á að skipa ríkisendurskoðun og sjálfstæði þeirra stofnana sé tryggt með lögum, með því að slíkar stofnanir hafa orðið enn mikilvægari sökum þess að ríkið hefur gerst æ virkara á sviðum félags- og efnahagsmála og þar með farið út fyrir ramma hefðbundinna fjárlaga, með því að hin sérstöku markmið með endurskoðun, þ.e. rétt og virk meðferð á opinberu fé, uppbygging traustrar fjármálastjórnunar, skilvirk stjórnsýsla og upplýsingamiðlun til yfirvalda, sem og almennings, með útgáfu á hlutlægum skýrslum, eru mikilvæg fyrir stöðugleika og þróun ríkja og í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna, með því að á fyrri alþjóðaþingum ríkisendurskoðana voru samþykktar ályktanir sem öll aðildarríkin féllust á að dreift yrði, var samþykkt að gefa út og dreifa skýrslu undir heitinu Lima-yfirlýsingin um leiðbeinandi reglur varðandi ríkisendurskoðun." Í þessum reglum eru drög að helstu starfsreglum sem ríkisendurskoðunum beri að fara eftir.

Í 5. gr. þessarar yfirlýsingar er lögð áhersla á sjálfstæði ríkisendurskoðana: „Ríkisendurskoðanir geta því aðeins gegnt hlutverki sínu á hlutlægan hátt og með tilætluðum árangri ef þær eru óháðar þeim aðila sem endurskoðað er hjá og eru verndaðar fyrir utanaðkomandi áhrifum." Og enn fremur segir í þessum kafla að í stjórnarskrá skuli kveðið á um stofnun ríkisendurskoðunar og það sjálfstæði sem hún skuli njóta. „Sérstaklega ber að tryggja að æðsti dómstóll veiti ríkisendurskoðun nauðsynlega lögvernd gegn hvers konar afskiptum af sjálfstæði og heimild hennar til að framkvæma endurskoðun." Á þetta ber að leggja ríka áherslu.

Það er trúa mín að þessir kaflar undirstriki nauðsyn þess að Ríkisendurskoðun starfi óháð á vegum Alþingis og sem lög mæla fyrir um og á þann hátt sé best sinnt því nauðsynlega aðhaldi og eftirliti sem þarf að vera á ráðstöfunum á almannafé.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja hér örfá orð í sambandi við þessa starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1989 sem hér liggur frammi og hefur verið mælt fyrir. Ég held að enginn sé í vafa um að með tilkomu Ríkisendurskoðunar undir Alþingi var stigið mikilvægt spor og hefur nú þegar á þessum stutta starfstíma sem Ríkisendurskoðun hefur starfað eftir að þessi breyting var gerð markað veruleg spor til að færa meðferð ríkisfjármála til betri vegar. Ég vil sérstaklega taka fram að samskipti Ríkisendurskoðunar við fjvn. *hafi verið með miklum ágætum og* það hefur verið fyllilega í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun og komið að miklum notum við fjárlagagerðina. Þetta er fyrst og fremst í sambandi við upplýsingar og þær beiðnir um upplýsingar sem hafa komið fram bæði frá fjvn. í heild og eins frá einstökum nefndarmönnum sem Ríkisendurskoðun hefur fylgt eftir og komið með með miklum ágætum.

Ríkisendurskoðun sem slík hefur aldrei haft bein áhrif á fjárlagagerðina sjálfa á þann hátt sem margir hafa viljað halda fram og raunar var haldið fram af hv. frsm. skýrslunnar, það er síður en svo, heldur hefur eingöngu verið um upplýsingastörf að ræða og í samræmi við það sem segir í lögum um Ríkisendurskoðun. Hún á sérstaklega að vera fjvn. Alþingis til ráðuneytis og til þjónustu eftir því sem farið er fram á. *Þetta tel ég mikilvægt og ég er í engum vafa um að* sú þjónusta sem Ríkisendurskoðun hefur veitt við fjárlagagerð og í fjvn. hefur verið mjög jákvæð fyrir meðferð á ríkisfjármálum og sérstaklega í sambandi við fjárlögin sjálf.

Mér þykir rétt að undirstrika þetta alveg sérstaklega hér því að það er samdóma álit allra þeirra sem nálægt þessum málum hafa komið að þetta hefur haft mjög jákvæð áhrif.

Það má einnig segja það hér að nú þegar tel ég það engum vafa undirorpið að Ríkisendurskoðun hafi haft gífurlega mikil áhrif á ríkiskerfið í heild. Ég er í engum vafa um það að bæði hjá ríkisstofnunum og hjá hinum ýmsu ráðuneytum hafa menn áttað sig á mikilvægi stofnunarinnar og mikilvægi þeirra leiðbeininga, upplýsinga og ábendinga sem koma fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar um hin ýmsu mál sem *sum hver hafa verið tíunduð hér í framsöguræðu.* Þetta er gífurlega mikið atriði og enginn vafi á því að þetta verður leiðandi starf til að koma ríkisfjármálum á öllum sviðum til betri vegar og þá stefnum við að sjálfsögðu rétt í þessum málum.

Það sem við sjáum svo er náttúrlega það sem kemur fram í þessari ágætu skýrslu, að það eru áhrif upplýsingar um framkvæmd fjárlaganna og meðferð þeirra. Þetta hefur komið fram þegar, eins og hv. frsm. skýrði hér frá, í skýrslum sem Alþingi hefur fengið, bæði um meðferð fjármálanna og meðferð framkvæmdarvaldsins á hinum ýmsu málum sem hefur verið leiðbeinandi fyrir framhald þessara mála.

Ég legg mikla áherslu á, og ég fagna því að forusta þingsins áttar sig á mikilvægi þessara mála, að það kom ákveðið fram hjá hv. frsm. að leggja beri áherslu á að auka og efla sjálfstæði Ríkisendurskoðunar. Og þegar við lítum yfir þau alþjóðasamtök sem Limayfirlýsingin er árangur af, hvernig unnið er að þessum málum á alþjóðavettvangi, er það alveg ljóst að Ríkisendurskoðun stefnir í rétta átt í störfum sínum. Ég tel að á engan hátt megi koma fram hér á hv. Alþingi að Alþingi vilji hefta framgang sjálfstæðis Ríkisendurskoðunar. Það er meginmál. Og ég vona að niðurstaðan af þessu starfi sanni það að hér er brýn þörf á að Ríkisendurskoðun starfi innan Alþingis og hafi algjört sjálfstæði til þess að meðhöndla þau mál *sem lögin gera ráð fyrir að hún annist og það sem* henni er falið að gera eða er óskað er eftir að hún geri hér á hv. Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka lengri tíma. Við erum vonandi sammála um þessi mál. Ég tel mjög nauðsynlegt að búa Ríkisendurskoðun viðunandi starfsaðstöðu, bæði að því er rekstrarfé snertir og eins starfsaðstöðu í húsnæði, og vænti þess að sú

ákvörðun sem núna er verið að ganga frá, að Ríkisendurskoðun fái húsnæði ríkisskattstjóra, verði að veruleika á þessu ári. Það má vel taka undir það með hv. frsm. að þetta sé að hluta til bráðabirgðahúsnæði, en aðalatriðið er það að ekki sé komið í veg fyrir það frá hv. Alþingi að Ríkisendurskoðun geti starfað sjálfstætt eins og nauðsyn ber til því að á því veltur sá árangur sem menn gera sér grein fyrir að hún þurfi að sýna í störfum sínum.

Ég vildi aðeins endurtaka að ég fagna þessari skýrslu og hún undirstrikar að mínu mati gildi Ríkisendurskoðunar, og sú ákvörðun sem Alþingi tók á sínum tíma var í alla staði réttmæt og hefur þegar sannað gildi sitt.

Utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 457. mál. — Þskj. 793; þskj. 786 (Evrópuráðið), þskj. 645 (Þingmannasamtök Norður-Atlantshafsbandalagsins 1989), þskj. 806 (Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989).

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða mikið um skýrslu utanrrh. frekar en orðið var. Í alllangri ræðu sem ég flutti hér í síðustu viku um þetta dagskrárefni var að ýmsu vikið sem varðaði efni skýrslunnar. Þó var þar órætt eitt stórt mál, sem við höfum mörg okkar þingmanna unnið við, en það varðaði einmitt efnið sem hæstv. ráðherra lét sér hvað tíðræddast um nú, sem sé viðræður EFTA og Evrópubandalagsins.

Það fór ekki á milli mála, að því er mér virtist, fyrir jól nú í vetur hver afstaða hæstv. ráðherra var, ekki síst gagnvart hugmyndum sjálfstæðismanna um það að samhliða könnunarviðræðum EFTA og EB ættu að fara fram tvíhliða viðræður Íslendinga og EB vegna viðskipta með fisk. Hæstv. ráðherra og hæstv. forsrh. áttu varla nógu sterk orð til að lýsa þeirri ósvinnu sem það væri að láta sér detta slíkt og þvílíkt í hug. Hæstv. ráðherrar spurðu sem svo: Eigum við þá að sækja fram á tvennum vígstöðvum í senn? Eigum við að vinna með EFTA að viðræðum við EB og eigum við jafnframt að grafa undan því samkomulagi með því að taka upp tvíhliða viðræður við EB? Eitthvað í þessa veru voru þau sjónarmið sem hæstv. ráðherra lét í ljós og ég þarf ekki annað en vísa til nokkurra stórkostlegra ræðna sem hæstv. ráðherra hélt. Þar barði hann mjög á sjálfstæðismönnum, að eigin mati a.m.k., m.a. í útvarpsumræðunum um vantraustið þar sem hæstv. ráðherra bæði rangfærði tillögu sjálfstæðismanna og andmælti henni eins og hún lá fyrir sem afar óskynsamlegri.

Hvað segir hæstv. ráðherra nú: „Að sjálfsögðu höldum við áfram tvíhliða viðræðum. Ég hef alltaf sagt það og segi nú: Auðvitað höldum við uppi tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið.“ (**Utanrrh.:** Ég hef alltaf sagt það.) Ævinlega, mikil ósköp. Hæstv. ráðherra hefur bara alltaf sagt þetta. Var þá einhver annar sem talaði í gegnum hæstv. ráðherra þegar allt annað kom fram í ræðum hans hér í vetur? (Gripið fram í.) Og hví var það þá sem hæstv. ráðherra gat ekki hugsað sér að fallast á það sem hefði styrkt stöðu hans, svo sannarlega, a.m.k. stöðu Íslands, í viðræðum EFTA við Evrópubandalagið, að fyrir lægi umboð Alþingis, skýrt og skorinort, til þess að halda áfram þessum viðræðum á þeirri braut sem fyrir lá? Og það var ekki að ófyrirsynju sem slík tillaga var borin fram af hálfu sjálfstæðismanna, svo sannarlega ekki, því að það hefur æ ofan í æ komið fram af hálfu hv. þm. Alþb., og þó aðallega aðaltalsmanns þess flokks í utanríkismálum, að um mörg atriði í þessum viðræðum væri hreint engin samstaða í ríkisstjórninni. Því var það að gerð var sérstök samþykkt í ríkisstjórninni sem greint var frá hér á þinginu í umræðunum fyrir jól, að á ýmsum stigum þessara viðræðna yrðu einstakir þættir bornir undir atkvæði ríkisstjórnarinnar eða leitað yrði álits allrar ríkisstjórnarinnar. Það kom fram að alþýðubandalagsmenn, hæstv. ráðherrar Alþb. töldu sig þar með hafa fengið tryggingu fyrir því að aldrei yrði gengið gegn þeirra sjónarmiðum í þessum viðræðum. Það liggur fyrir að aðaltalsmaður Alþb. í utanríkismálum er andvígur aðild Íslands að væntanlegu evrópsku efnahagssvæði. Ef þetta er rangt hjá mér þá hef ég misskilið hv. þm. allan tímann og það má þá vera einfeldni minni að kenna. Ekki er a.m.k. óskýrleika hv. þm. að kenna, svo skýrt og skorinort er hann vanur að tala um sínar skoðanir og undirbyggja þær með rökum. Það verður að viðurkennast þó svo maður geti ekki fallist á þau rök, það er önnur saga.

Og hvers vegna skyldi hæstv. ráðherra hafa tekið þeim sinnaskiptum sem mér virðast hafa orðið? Fyrir því liggja ýmsar ástæður sem komu greinilega fram í ræðu hans því að annar eins dans í ræðuformi hefur ekki lengi verið stiginn hér í þessum ræðustól. Mér varð hugsað til þess sem mundi gerast ef hljóðfæraleikari ætti að spila fyrstu fiðlu í hljómsveit en hljómsveitarstjórarnir væru þrír. Hvernig færi fyrir þessum hljóðfæraleikara? Ég tala ekki um ef það væri ballettdansari sem ætti að lúta stjórnendum þar sem einn vildi láta stíga til vinstri og annar til hægri og sá þriðji í hring. Hæstv. ráðherra gerði þetta nefnilega allt í senn.

Um leið og hæstv. ráðherra hlýtur að vinna verk sitt með ríkisstjórnina á bak við sig er hann núna um leið að viðurkenna það samt að ýmislegt það sem við sjálfstæðismenn höfum bent honum á frá upphafi vega er rétt. Eins og t.d. hæstv. ráðherra segir nú: Það liggur ekkert fyrir um það að við gætum ekki fengið tvíhliða viðræður upp á það að fallist yrði á okkar fyrirvara að því er varðar t.d. viðskipti með fisk. Jú, að vísu hefur það komið fram hjá embættismönnum á vegum framkvæmdastjórnarinnar að þetta sé svo sem nánar hefur verið tilgreint og hæstv. ráðherra hefur einnig vitnað til afstöðu þeirrar stofnunar í sambandi við væntanlegar reglur um ákvarð-

anatöku, en svo kemur í ljós að þingið kann að vera allt annarrar skoðunar og síst skyldi það sitja á ráðherrum úr þingræðisríkjum að muna eftir því að það kann að hafa einhverja þýðingu hvaða skoðun þingið hefur þó að ólíkum reglum sé saman að jafna hjá Evrópubandalaginu og einstökum þjóðríkjum.

En það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði, innan Evrópubandalagsins er engin ein skoðun ríkjandi. Þar eru mismunandi skoðanir á hinum ýmsu tillögum sem varða viðræður og samkomulag milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Og það er nákvæmlega þetta sem við sjálfstæðismenn höfum haft í huga þegar við höfum bent á hættuna sem leiðir af því þegar bæði hæstv. utanrrh., hæstv. forsrh. og nú seinast hæstv. sjútvrh. eru að lýsa því yfir æ ofan í æ að við komumst ekki lönd eða strönd með viðskiptasamninga um fisk við Evrópubandalagið vegna þess að það strandi á því að þá verðum við að vera tilbúin til þess að veita Evrópubandalaginu aðgang að okkar fiskimiðum. Og hæstv. ráðherra hefur sjálfur sagt þetta berum orðum: Svari menn þá því fyrst hvort þeir vilja hleypa löndum Evrópubandalagsins í okkar fiskveiðilögsögu. Þessa kröfu hefur hæstv. ráðherra gert til okkar þegar við höfum lagt það til að jafnframt viðræðum EFTA og EB sé það kannað til hlítar hvaða möguleika við höfum til þess að ná sérstöku samkomulagi í sambandi við fiskveiði, í sambandi við fisksölusamninga og tollaívilnanir, þá höfum við jafnan rekið okkur á þennan vegg þegar hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og nú seinast, og er þá fokið í flest skjól, hæstv. sjútvrh. hafa sagt við okkur: Þetta gengur ekki, það liggur fyrir af hálfu Evrópubandalagsins, það strandar á kröfu Evrópubandalagsins, stefnu þess um að fá í staðinn réttindi til veiða í okkar fiskveiðilögsögu.

Og þá víkur sögunni til hæstv. sjútvrh. sem kvaddi sér hljóðs í umræðunni sl. föstudag og tilkynnti það sem manni virtist að yrði mjög alvarleg frétt að nú lægi það ljóst fyrir svo ekki yrði um villst að þessi kenning hæstv. ráðherra væri rétt því að tveir embættismenn, eða kannski þeir hafa verið þrír, sem komu hér á vegum Marins og á vegum framkvæmdastjórnar EB létu þá skoðun í ljós að það væri alveg ljóst að um þetta þýddi ekki að tala nema veittar yrðu heimildir til fiskveiða í íslenskri lögsögu. Þar með var sú saga sögð.

Svo líður helgi og hálf vika og þá kemur hæstv. utanrrh. í ræðustól og segir: Það eru mismunandi skoðanir innan EB. Og það má vel skilja af ræðu hans sem við höfum raunar oft sagt, að stjórnmálamennirnir kunna að hafa aðra skoðun en embættismennirnir. Hæstv. ráðherra segir að nú hafi það uppgötvast að það þurfi umboð frá þinginu, það þurfi umsögn frá þinginu. Ég verð að segja það að mér þykir gott að hæstv. ráðherra hefur loksins uppgötvað það, en betra hefði verið ef hann hefði látið sér skiljast það fyrr í vetur. En hvað um það. Að því er varðar hinn mikla vettvang Evrópubandalagið, stjórnarfyrirkomulag þess og Evrópuþingið þá liggur þetta atriði fyrir. Við höfum ævinlega sagt og ég held að við höfum verið sammála um það að við gætum einmitt helst bundið vonir okkar við hið beina samband milli æðstu ráðamanna á vettvangi stjórnmálanna.

Og svo kemur æðsti ráðamaður okkar í þessum samningaviðræðum og segir, eftir að hann er búinn að lýsa því fyrir okkur að álit manna um þessi efni sem fleiri innan Evrópubandalagsins séu svo sannarlega mismunandi, að því fari víðs fjarri að menn séu á einu máli og það sé líka ljóst að samið verði við hvert EFTA-ríkið fyrir sig, en skrifar jafnframt undir það að rétt sé að tveir embættismenn sem komu hér í síðustu viku að þeir hafi sagt allan sannleikann og haft úrslitaorðið um þetta efni. Ég verð að segja að mér þykir ekki á góðu von ef hæstv. ráðherra hefur ekki bein í nefinu til þess að taka upp þessar viðræður og ætlar kollegum sínum álíka styrkleik í skoðunum til þess að ræða um þessa hluti og taka á þeim frá pólitísku sjónarmiði. Einhvers staðar frá hafa embættismennirnir umboð sitt. Þeir koma væntanlega ekki með það heiman frá sér í skólatöskunum, þeir hljóta að hafa umboð sitt frá pólitískum yfirboðurum. Og mér þykir lítið leggjast fyrir kappann, það verð ég að segja, að láta sér detta í hug að renna þessu niður sisvona.

Ég treysti því, þrátt fyrir það að jörðin sé losaraleg undir þessari hæstv. ríkisstjórn, að hæstv. ráðherra taki nú fast á þessu máli því hann er þegar að komast nær raunveruleikanum í því. Því að hæstv. ráðherra er farinn að viðurkenna það rétt sem við sjálfstæðismenn sögðum í vetur að það sé sjálfsagt að halda áfram og taka upp tvíhliða viðræður um þetta efni og það meira að segja svo að hæstv. ráðherra segir nú að samningurinn sem stefnt hefur verið að milli EFTA og EB verði samningur við hvert einstakt EFTA-ríki. Þetta sagði hæstv. ráðherra. Og hvað er þá orðið um stoðirnar tvær sem menn hafa svo mjög talað um og sjálfur Delors hélt um fræga ræðu í janúar í fyrra?

Í mars í fyrra var gefin út allfræg yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda. Þar gerði forsrh. Íslands hæstv. nokkra fyrirvara sem voru næstum því eins frægiro g þessi yfirlýsing. Það var deilt um það í nokkra daga á okkar kæra landi hvort fyrirvarar hæstv. forsrh. hefðu verið raunverulegir fyrirvarar eða einhvers konar athugasemdir. Það fór eftir því hver var að útskýra þetta mál hvort það hétu fyrirvarar eða eitthvað annað. Nú er liðið rúmt ár og nú segir hæstv. utanrrh.: Menn segja að Íslendingar hafi gert heila röð af fyrirvörum. — En þetta er misskilningur, segir hæstv. utanrrh. Þessir fyrirvarar eru engir fyrirvarar. Þeir eru bara sjálfsögð afleiðing af stefnu þeirri sem ríkir. Eitthvað á þessa leið orðaði hæstv. ráðherra það. Ég skildi hann svo að þarna væri nánast um að ræða tilbrigði við ríkjandi stefnu hjá Evrópubandalaginu sem hægt væri að teygja í þá veru að við gætum notfært okkur hana eða hægt væri að semja um að okkar hagsmunum væri betur borgið.

Mig gildir það einu hvort við köllum slíkt fyrirvara eða eitthvað annað, það skiptir bara engu máli. Það sem skiptir máli er hins vegar það að ríkisstjórnin viti hvert hún stefnir í þessu máli og þegar ég tala um

ríkisstjórnina í þessu máli tala ég um hæstv. utanrrh. sem á að hafa rétt til þess að tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar. En það gerir hann hins vegar ekki. Það gerir hann ekki. Það er ljóst af afstöðu þeirri sem Alþb. hefur hvað eftir annað látið koma fram.

Hæstv. ráðherra segir hér í lok ræðu sinnar: Við skulum ekki vera að búa okkur til ágreiningsefni. Ég vildi óska þess að hæstv. ráðherra hefði heldur sagt: Ég hef eytt ágreiningsefnum í ríkisstjórn Íslands um þetta mál. En það sagði hann ekki. Og til þess að það sé ljóst að það er samstaða um þetta mál þá er í raun og veru alveg nauðsynlegt að við höfum það alveg skýrt hvert hæstv. ráðherra er að stefna. Ég sé ekki betur en að einungis í þessari ræðu sem hér var haldin hafi verið farið í þvílíka hringi með þetta mál að menn vita nú tæpast hvaðan á sig stendur veðrið. Og auðvitað er það svo að staða þessa máls eins og hún er nú eftir að hæstv. sjútvrh. hefur komið og bætt um betur og ber fyrir sig tvo embættismenn í því að nú sé það fullreynt að ekki þýði að tala um viðskiptaívilnanir í sambandi við íslenskar fiskafurðir vegna þeirrar afstöðu sem þeir létu í ljós í síðustu viku, þegar þetta er orðin staða málsins og eftir nokkra daga á hæstv. forsrh. að fara að ræða við Jacques Delors og aðra aðalráðamenn Evrópubandalagsins um þessi mál og hefur fengið þetta í veganesti, ekki einungis frá stjórnarflokkunum heldur frá ráðherra úr sínum eigin flokki, þá virðist sannast sagna staða þessa hluta málsins heldur óbjörguleg.

Ég get ekki varist því að lýsa ábyrgð á hendur hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. á því að ekki var tekið með miklu afdráttarlausari hætti á þessu máli í vetur fyrir 19. des., þegið það umboð sem líklegt var að þeim stæði til boða af hendi Alþingis og það veganesti af hendi Alþingis að taka jafnframt upp tvíhliða viðræður um þetta einstaka hagsmunamál og leggja þau spil á borðið sem við þegar höfðum en ekki að eyðileggja alla samningsstöðu okkar fyrir fram. Þegar þetta er skoðað þá þykir mér ábyrgð hæstv. ráðherra vera mikil og svo sannarlega ekki útséð um það hvort við yfir höfuð getum náð því marki að tryggja stöðu okkar Íslendinga sérstaklega í þessu máli að óbreyttri ríkisstjórn.

Hæstv. ráðherra sagði að auðvitað stæði það ekki til að fara að taka þátt í ákvörðunum Evrópubandalagsins, að við færum ekki að vera aðilar þar að, enda væri alveg óþarfi fyrir Evrópuþingið að vera að afsala sér slíku tilboði um að EFTA-ríkin færu að taka þátt í þeim ákvörðunum. En hvað sagði hæstv. ráðherra í vetur? Í skýrslu sinni til Alþingis um stöðu viðræðnanna frá nóvember í vetur er sérstakur kafli um mikilvægi þess að EFTA-ríkin telji það forsendu að þau hafi tök á því á sama tíma að hafa áhrif á ákvarðanir. EB hefur reyndar lagt til líka að samráð sé haft við EFTA-ríkin á sama tíma og með sömu skilyrðum og þegar haft er samráð við þing Evrópubandalagsins. Jafnframt er það undirstrikað að EFTA-ríkin hafi lagt mikla áherslu á það að þau geti haft áhrif á mótun þeirra reglna sem verði innan Evrópubandalagsins og gildi um evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt er tekið fram í því plaggi að frá því verði að ganga að reglur evrópska efnahagssvæðisins verði í öllum tilvikum þar sem þær eiga að gilda um bæði Evrópubandalagið og EFTA-löndin, jafnskilvirkar, með öðrum orðum, þær gildi jafnt og séu jafnframkvæmanlegar fyrir hvor tveggja bandalögin. Það er því ljóst að þá var þetta talið af hálfu utanrrh. fyrirvari. Ekki nóg með það, í þessu fólust aðalrökin fyrir þeim tímasetningum sem fram undan voru í viðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins. Aðalrökin voru þau að EFTA-ríkin mundu í gegnum þetta hafa áhrif á allt ákvörðunarferlið, svo að notað sé orð úr orðasafni utanrrn., og þetta væri aðferð til að tryggja það.

Ég er hins vegar sammála hæstv. ráðherra um það að við hljótum, ef af þessu samkomulagi verður, að horfast í augu við það að við semjum um sameiginlega úrskurði og einhverjar sameiginlegar reglur. Það er hins vegar nýtt, a.m.k. að því er fram kemur af hálfu hæstv. ráðherra gagnvart Alþingi, að EFTA-ríkin hafi svona miklu minni tök á því að hafa áhrif á ákvarðanir heldur en til stóð þá.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að vekja sérstaka athygli á því sem ég tel vera hættulegt í þessu máli, sem sé að hér liggi fyrir, en það er í raun og veru afar óljós afstaða af hálfu hæstv. ráðherra. Mér þykir hún vera óljós því að það eru komnar fram nokkuð mismunandi meiningar í þeirri stefnu sem við höfðum talið að hæstv. ráðherra hefði verið að marka sér og það er enn ljósara en áður að í hæstv. ríkisstjórn er ekki ein skoðun ráðandi um þetta efni. Við eigum eftir að fá svör við ýmsu sem varðar sameiginlegar reglur hins evrópska efnahagssvæðis. Ég minnist þess að í einni af ræðum sínum um þetta efni hér í vetur sagði hæstv. ráðherra: Það verða engin vandræði með að sameinast um sameiginlegar reglur. Það hlýtur að ganga ef samkomulag verður um efnisatriði ýmis. En eftir því sem við fáum upplýsingar um í skjölum og gögnum um þessi efni er það einmitt á þessu sviði sem vandinn er mestur, þ.e. sá þáttur sem veit að sameiginlegum reglum og úrræðum stofnana. M.a. þarf það að vera ljóst hvort hæstv. ráðherra telur, ef af stofnun evrópsks efnahagssvæðis verður, að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskrá Íslands. Ef hæstv. ráðherra telur að svo sé tel ég það ábyrgðarleysi að skýra ekki frá því og vinda þá að því jafnbráðan bug og nauðsynlegt er til þess að slíkt megi takast því að það veit hver maður hvern tíma það tekur eftir íslenskum stjórnlögum að breyta stjórnarskránni.

Þetta er e.t.v. stærsta atriðið og mér þykir það heldur fálmkennt, ég verð að segja það með því orði, ef hæstv. ráðherra gerir sér það ljóst að hann telji slíka breytingu nauðsynlega, og veit að ríkisstjórnin mun ekki verða á einu máli um hana, hluti hennar muni spyrna við fótum og vilja hætta þessum viðræðum, en hæstv. ráðherra heldur áfram allt að einu. Því er það að mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að svara því hvort hann hefur raunverulega land fyrir augum á

þessari siglingu eða hvort hann er í þessu viðræðuferli sínu úti á rúmsjó.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. — sem ég vona að heyri mál mitt — var að koma á framfæri úr ræðustól áðan ábendingum til Alþb. varðandi afstöðu til Atlantshafsbandalagsins. Ég frábið mér ráð af hans hálfu í þeim efnum og það enda þótt hann sé að vitna til flokka á erlendri grund sem hann tiltók í máli sínu. Alþb. hefur ekki haft það til siðs að vera að leita eftir ráðum til flokka erlendis varðandi stefnu sína í utanríkismálum. Það eru aðrir sem standa hæstv. utanrrh. nær sem hafa tíðkað það að leita slíkra ráða varðandi utanríkismál og að því er varðar hernaðarbandalagið NATO (**GHG:** Það er varnarbandalagið NATO) hernaðarbandalagið NATO. Vísa ég til þeirrar samþykktar sem sú stofnun gerði á 40 ára afmæli sínu sl. vor og fram kemur m.a. á bls. 98–100 í skýrslu hæstv. ráðherra, tölusettum liðum þar sem kemur fram lið eftir lið eftir lið að þetta hernaðarbandalag áskilur sér rétt til þess að beita kjarnavopnumn að fyrra bragði.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram vegna þess sem hér hefur komið fram fyrr í umræðunni að Kvennalistinn telur ekki rétt að farið sé út í þær samningaviðræður sem virðast standa fyrir dyrum. Við viljum að það verði frekar leitað eftir samningum við Evrópubandalagið á svipuðum grunni og gert hefur verið hingað til og haldið áfram því sem byrjað hefur verið á á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar og síðan leitað eftir tvíhliða viðræðum enn frekar varðandi niðurfellingu á tollum og þá á grundvelli bókunar 6. Ég vil taka það fram að við erum aðilar að þeirri tillögu sem hér hefur verð gerð að umtalsefni um að nú þegar verði gengið til beinna samningaviðræðna við Evrópubandalagið um frekari ívilnanir á viðskiptasviðinu. Af því að tekið var sérstaklega fram að tillagan væri sjálfstæðismanna vil ég taka fram að við kvennalistakonur vorum aðilar að þeirri tillögu þó svo við teljum að tvíhliða beinar viðræður við Evrópubandalagið eigi að fara fram á fleiri sviðum en þar er tekið fram.

Þetta vildi ég láta koma fram hér við þessa umræðu. Eftir því sem mér skilst er nú þegar búið að ákveða að fara út í samningaviðræður á þeim forsendum sem gefnar hafa verið, þ.e. að reglur Evrópubandalagsins gildi, og reyndar virtist vera búið að gera það miklu fyrr þar sem hæstv. utanrrh. fór með þau skilaboð frá Íslandi 19. des. að íslenska ríkisstjórnin vildi taka þátt í þessum samningaviðræðum.

Mig langar að benda á að þann 29. nóv. gerði þingflokkur Alþb. samþykkt um það að áður en til þátttöku í beinum og formlegum samningaviðræðum kom verði málið tekið til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn og stjórnarflokkum, eins og segir orðrétt í þeirra samþykkt. Mér þykir það mjög merkilegt og það kemur þá greinilega fram að hæstv. utanrrh. hefur ekki alla stjórnarflokkana að baki sér og langar mig til að varpa fram þeirri spurningu hvort orðið hafi á einhver breyting í þessu sambandi, hvort þessi samþykkt sé ekki lengur gild eða hvort þetta hafi verið tekið til sérstakrar umfjöllunar nú þar eð nú liggur fyrir að um formlegar samningaviðræður muni verða að ræða fljótlega eftir því sem hæstv. utanrrh. sagði. Þrátt fyrir að einhver afturkippur virðist vera kominn í það af hálfu EB sagðist hann þess fullviss að það séu einungis örlitlar tafir.

Það kom fram fyrr í umræðunni að einn þingmaður Alþfl. telur rétt að Íslendingar íhugi það mjög alvarlega að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Hann talaði að sjálfsögðu einungis fyrir sjálfan sig og ekki fyrir fleiri hv. þm. Alþfl. en þetta þótti mér mjög athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að það hefur komið fram af hálfu hæstv. utanrrh., að vísu ekki hér á þessum vettvangi, mjög ákveðið ef rétt er eftir haft að ef Svíar og Norðmenn gengju í Efnahagsbandalagið sé ekki um neitt annað að ræða fyrir okkur en að ganga inn í Evrópubandalagið. Þetta þóttu mér ekki góð tíðindi. Mér þykir það slæmt ef hæstv. utanrrh. og samningamenn á hans vegum ganga til samninga við Evrópubandalagið með það í huga að næsta skref sé að sækja um inngöngu í bandalagið. EFTA sé eins konar biðsalur fyrir ríki sem vilja ganga inn í Evrópubandalagið, eins og mátti skilja á ummælum hæstv. ráðherra hér áðan þegar hann talaði um ríki Mið- og Austur-Evrópu sem væru hugsanlega að sækja um aðild að EFTA þá með það í huga að næsta skref þeirra væri að ganga í Evrópubandalagið. Mér finnst mjög einkennilegt að stilla málum þannig upp þar sem ég hélt að það væri yfirlýst stefna allra íslenskra stjórnmálaflokka að aðild að bandalaginu kæmi ekki til greina af ýmsum ástæðum og þá skipti ekki máli hvort Svíar eða Norðmenn sækja þar um inngöngu. Ég hélt að við hefðum þar sjálfstæða skoðun og stefnu og þyrftum ekki að fara eftir því sem þeir gerðu.

Það hefur mikið verið rætt um svokallaða fyrirvara Íslands í þessum samningaviðræðum og mikið rætt um að þeir séu ýmist miklir eða engir eða litlir sem engir. Það fer eftir því hver talar. Hæstv. utanrrh. hefur ítrekað sagt að fyrirvararnir séu mjög fáir og það muni ekki verða mikið mál að ganga til samninga. Við hefðum nánast enga fyrirvara og þar af leiðandi þyrftum við ekki að hafa neinar áhyggjur af því sem alltaf væri verið að tala um, að fyrirvararnir mundu verða okkur hindrun í samningum. Það eru fyrirvarar á fjármagnssviðinu varðandi rétt til nýtingar á grundvallarauðlindum, eins og ég held að hann hafi orðað það, og krafa um fríverslun með fisk og svo einhverjir fyrirvarar varðandi flutning á vinnuafli. En það eru ekki fyrirvarar almennt að því er varðar ítök erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Þetta mun að mínu mati og margra annarra fljótlega leiða til þess að erlendir aðilar geta náð verulegum tökum á íslensku atvinnulífi. Það muni reynast mjög erfitt fyrir okkur að halda fiskveiðum og fiskvinnslu utan við ef ekki verða settar hömlur á ítök erlendra aðila almennt í íslensku atvinnulífi.

Ég hef því verulegar áhyggjur af þessu atriði. Menn virðast halda að þarna séu miklu víðtækari og verulegri fyrirvarar en eru í raun og veru. Það er greinilegt að þingflokkur Alþb. hefur einnig litið svo á að fullur fyrirvari eigi að vera um þátttöku og fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahags- og atvinnulífi almennt þar sem það kemur einnig fram í samþykkt þess þingflokks. Það virðist því greinilegt að túlkun stjórnarflokkanna er mjög mismunandi á því hvers konar fyrirvarar eigi að vera og séu þarna á ferðinni. Ég tel það mjög, og vil ítreka það, mjög óheillavænlegt fyrir okkur að fara út í þá samninga sem þarna virðast vera á döfinni.

Mig langar einnig að gera að umtalsefni þá yfirlýsingu eða frásögn sem hér var lesin af hæstv. sjútvrh. Þar talaði hann um þann boðskap sem þrír starfsmenn framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins færðu Íslendingum, sem kom að vísu ekki neitt á óvart því það var alveg í samræmi við það sem við höfum heyrt áður, þar sem embættismennirnir hafa ítrekað að sjávarútvegsstefna bandalagsins verði að yfirfærast yfir á Ísland eins og önnur lönd. Mér finnst mjög merkilegt að lesa þá yfirlýsingu. Og ekki síður merkilegt að hæstv. sjútvrh., og það hefur reyndar einnig komið fram hjá hæstv. utanrrh., skuli láta sér detta í hug að fyrst ekki er hægt að fara út í beinar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um viðskiptahagsmuni, hvers vegna í ósköpunum ætti það þá frekar að vera hægt í viðræðum eins og EFTA er að fara út í við Evrópubandalagið? Það virðist einnig koma fram í skýrslu ráðherrans að þar hafa embættismenn sagt að þeir vilji að fyrir aðgang að mörkuðum komi fiskveiðiheimildir innan íslenskrar efnahagslögsögu. Hvers vegna í ósköpunum ætti þá ekki að vera hægt að fara í tvíhliða beinar viðræður strax? Ég sé engan mun á því hvort sú krafa er innan EFTA eða hvort við erum með hana ein og sér.

Mér fannst það mjög furðulegt sem kom fram í yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. og þykir slæmt að hann skuli ekki vera hér til þess að ræða þessi mál.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram í þessum umræðum að hv. 2. þm. Austurl. er andvígur þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að Íslendingar taki þátt með öðrum aðildarríkjum EFTA í sameiginlegum viðræðum og samningaviðræðum við Evrópubandalagið. Það hefur líka komið fram að hv. þm. er staðfastur í þeirri stefnu sinni að hann er andvígur aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og andvígur varnarsamningnum við Bandaríkin. Hefur þingmaðurinn flutt sérstaka tillögu um að hann verði tekinn til endurskoðunar með það fyrir augum að segja honum upp.

Það fer heldur ekkert á milli mála hver er stefna Kvennalistans samkvæmt þeim málflutningi sem við höfum hér hlýtt á. Hún er sú sama og Alþb.

Eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. 3. þm. Reykv. er ég kannski hins vegar í ögn meiri vafa um það hver muni vera stefna Sjálfstfl., hvort hún er sú hin sama og Kvennalistans og hv. 2. þm. Austurl. eða með einhverjum hætti afbrigði af henni. Það er ekki alveg ljóst. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm.: Er það ekki alveg ljóst að Sjálfstfl. styður þá stefnu sem mótuð hefur verið af núv. ríkisstjórn um þátttöku Íslands í samningaviðræðum af hálfu EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið? Getur verið að það fari eitthvað á milli mála, er Sjálfstfl. kannski andvígur henni? (**RH:** Af hálfu allrar ríkisstjórnarinnar?) Ég er að spyrja um stefnu Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Við höfum spurt um stefnu ríkisstjórnarinnar.) Já, já, ég hef svarað því, ég svara fyrir ríkisstjórnina. Nú spyr ég um stefnu Sjálfstfl. Stefna ríkisstjórnarinnar er alveg skýr. Stefna ríkisstjórnarinnar, að því er varðar samningsumboðið, var birt hér á hinu háa Alþingi, bókfærð í ríkisstjórn og flutt af forsrh. (**RH:** En nú er hún önnur.) Nei, nei, hún er alveg sú hin sama, hún er óbreytt. Stefna ríkisstjórnarinnar er þessi: Samkvæmt einróma bókun í ríkisstjórn var utanrrh. falið að halda áfram þátttöku fyrir Íslands hönd í undirbúningsviðræðum og samningaviðræðum. Og jafnframt að halda áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um sérmál Íslands. Þetta kom fram í bókun ríkisstjórnarinnar, hún er fyrirvaralaus að því er varðar ríkisstjórnina sem slíka og þetta er stefna ríkisstjórnarinnar. (**RH:** Hvað var meira í bókuninni?) Bókunin var um þetta tvennt: Að halda áfram þátttöku af Íslands hálfu, bæði í undirbúnings- og samningaviðræðum á grundvelli þeirra niðurstaðna í könnunarviðræðunum sem fyrir lágu. Hverjar voru þær niðurstöður? Þær birtust í sameiginlegum niðurstöðum stjórnarnefndarinnar frá 20. okt. Þar eru t.d. tilgreindir þeir fyrirvarar sem Ísland hafði þá sett fram. Með öðrum orðum, utanrrh. hefur umboð stjórnarflokkanna til að halda áfram undirbúnings- og samningaviðræðum á grundvelli niðurstaðna könnunarviðræðna. Alveg skýrt. Og jafnframt að halda áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið sem þessi ríkisstjórn hefur staðið í í tvö ár. Algjörlega skýr afstaða. Það er hins vegar alveg jafnljóst að hv. 2. þm. Austurl. er ósammála þessari stefnu. (**HG:** En þingflokkurinn?) Þingflokkurinn hefur gert einhverja ályktun, að því að mér skilst. En það er annað mál en fram kemur í bókun ríkisstjórnarinnar því þar eiga hlut að máli ráðherrar Alþb. Hún er eins og ég hef lýst. Ég hef að sjálfsögðu tekið fullt mark á þeirri bókun.

Þess vegna fer það ekkert á milli mála, þetta er stefna ríkisstjórnarinnar. En ég er farinn að velta fyrir mér, hver er stefna Sjálfstfl.? Það er ekki nógu skýrt. Þess vegna er mín fyrsta spurning til þeirra talsmanna Sjálfstfl., er það ekki alveg ljóst og er ekki hægt að taka af tvímæli um það, styður Sjálfstfl. þá stefnu ríkisstjórnarinnar að Ísland haldi áfram viðræðum við Evrópubandalagið með hinum EFTA-ríkjunum, þ.e. þeim viðræðum sem nú er lokið, könnunar- og undirbúningsviðræðum, og samningaviðræðum sem fram undan eru? Styður Sjálfstfl. að við höldum áfram og tökum upp þær samningaviðræður sem boðaðar eru með EFTA-ríkjunum við

Evrópubandalagið? (**Gripið fram í:** Já.) Já, takk, gott. Þá höfum við það á hreinu. Það var nefnilega ýmislegt í máli hv. ræðumanns sem gat vakið upp efasemdir um það, en þetta þarf að vera alveg skýrt. (**Gripið fram í:** Kom skýrt fram í ræðu formannsins í upphafi.) Akkúrat, og er ég ánægður með að þetta eru skýrar niðurstöður. Sjálfstfl. styður þá stefnu ríkisstjórnarinnar að taka upp á grundvelli niðurstaðna könnunar- og undirbúningsviðræðna samningaviðræður við EB. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að vera ekki að kallast á hér í þingsal.) Og þá fer ekkert á milli mála um það að á bak við þá stefnu er mikill þingmeirihluti. Það er kjarni málsins.

Þá er spurningin um það, eigum við ekki að halda áfram tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið, sem líka er stefna ríkisstjórnarinnar? Styður Sjálfstfl. ekki það líka? Ég hef gengið út frá því sem gefnu að Sjálfstfl. styðji það. (**Gripið fram í:** Byrja að ræða þær.) Byrja þær, já, byrja tvíhliða. Nú er því við að bæta að kannski er ekki rétt að komast svo að orði að *það eigi að byrja þær vegna þess að þær hafa staðið* yfir í tvö ár. Tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið hafa staðið yfir í tvö ár á ýmsum stigum. Það hafa farið fram tvíhliða viðræður við ríkisstjórnir, ráðherra í ríkisstjórnum Evrópubandalagsins, á vettvangi forsætisráðherra við forsætisráðherra, utanríkisráðherra við utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra við viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra við sjávarútvegsráðherra, o.s.frv. Tvíhliða viðræður við ríkisstjórnir. Jafnframt á öðru stigi hafa farið fram tvíhliða viðræður af hálfu ríkisstjórnar Íslands við framkvæmdastjórnina í Brussel. Og það hafa farið fram tvíhliða viðræður, sérstaklega af hálfu sjávarútvegsráðherra Íslands við sjávarútvegsráðherra nokkurra Evrópubandalagsríkja. Það hafa sum sé farið fram á undanförnum árum tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið á tveimur stigum: Við einstakar ríkisstjórnir og við framkvæmdastjórnina í Brussel, sérstaklega um sérmál Íslands, þ.e. um samstarfsmál á sviði fiskveiðimálefna og sjávarútvegs og hins vegar um tollamál. Þær viðræður fóru seinast fram af hálfu sjútvrh. við sjávarútvegsmálakommissar í framkvæmdastjórninni á sl. hausti. Þær viðræður eru í gangi, þ.e. verið er að undirbúa framhaldsfund um þau mál, sérmál Íslands, fiskveiðimálefnin, sjávarútvegsmálefnin og tolla.

Þá höfum við þetta skýrt, það er víðtækur stuðningur við það að halda viðræðum áfram á grundvelli markaðrar stefnu, formlegum samningaviðræðum með EFTA-ríkjunum og síðan að halda áfram tvíhliða viðræðunum við Evrópubandalagið. Og það er auðvitað *mikið ánægjuefni að þetta skuli vera svo.*

Þá þarf bara að leiðrétta einn misskilning og hann er þessi: Það kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv. að sinnaskipti hefðu orðið af hálfu utanrrh., og þá væntanlega forsrh. einnig. Þessir tveir menn hefðu verið andvígir því að halda uppi tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Það er ekki svo. Það hefur komið skýrt fram, og það kom skýrt fram þegar ég reifaði fyrst okkar mál hér á hinu háa Alþingi, þ.e. gaf Alþingi skýrslu um stöðu þessara könnunarviðræðna, að stefna ríkisstjórnarinnar væri sú að sækja fram í þessu máli á tveimur vígstöðvum, þ.e. með EFTA-leiðinni og svo í tvíhliða viðræðum. Það kom einnig fram í bókun ríkisstjórnarinnar sem ég vitna til, þar sem stefnan er mörkuð, að halda þessu hvoru tveggja áfram.

Um þetta er ekki ágreiningur nema af hálfu þeirra sem skilgreina afstöðu sína þannig að þeir vilji alls ekkert samflot hafa með EFTA-ríkjunum. Það er allt svo stefna Kvennalistans og hv. 2. þm. Austurl.

Þá er eftir eitt mál sem er þetta: Er skynsamlegt að taka strax upp formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið um lækkun tolla á sjávarafurðir? Þetta er eina ágreiningsefnið sem eftir er milli þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað og þeirrar afstöðu sem birst hefur af hálfu þingmanna Sjálfstfl. Þingmenn Sjálfstfl., ásamt reyndar þingmönnum Kvennalistans ef ég man rétt, hafa flutt tillögu um að taka upp slíkar formlegar samningaviðræður sem *fyrst með það að markmiði að fá fellda niður tolla á* því sem eftir er og sætir nú tollum samkvæmt bókun 6. Reyndar var tillagan, a.m.k. í sinni upphaflegu gerð, bara um það að ná sama hlutfalli og upphaflega. En alla vega, tvíhliða samningaviðræður við framkvæmdastjórnina í Brussel um það að fá tollaívilnanir, víðtækari en bókun 6 hefur veitt, á okkar sjávarútvegsútflutningi. Og það er í sambandi við þetta sem það hefur gerst að menn komu hingað í fyrri viku til að undirbúa frekari viðræður um þetta mál, tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Þeir komu og áttu viðræður við embættismenn hér á Íslandi. Og hver var þeirra boðskapur? Þeirra boðskapur var sá að ef Íslendingar óskuðu eftir formlegum samningaviðræðum við Evrópubandalagið um tollalækkanir á fiskafurðir yrðu þær viðræður náttúrlega að fara fram við framkvæmdastjórnina, þ.e. utanríkismáladeild og sjávarútvegsdeild, en þá hefðu þeir ekki annað samningsumboð en að vísa til hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins sem er um það að krefjast veiðiheimilda í staðinn fyrir tollaívilnanir. Þeir áréttuðu með öðrum orðum enn það sem við höfum sagt, sögðum þá: Framkvæmdastjórnin hefur ekki umboð til annars. Þeir gengu reyndar lengra og sögðu að það væri að vísu sjálfsagt mál að gera fiskveiðisamning við Íslendinga og gæti tekið til þeirra mála sem við höfum verið að ræða við þá um, þ.e. samstarf að því er varðar fiskveiðirannsóknir, mengunarvarnir, heilbrigðiseftirlit, gæðastaðla og hvað eina. Jafnvel um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir, en það væri gagnkvæmni sem *mundi engu breyta um tolla.* Ef Íslendingar færu fram á tollalækkanir í samræmi við fyrirliggjandi tillögu þeirra sjálfstæðismanna þá væri aðeins unnt að gera það á þeim forsendum að við keyptum það fullu verði í krónum og aurum, með veiðiheimildum. Einhliða veiðiheimildum. Veiðiheimildir fyrir tolla.

Þetta kom þeim sem hér stendur ekki á óvart og þetta kom ekki sjútvrh. á óvart og ekki þeirri ríkisstjórn sem hér situr á óvart. Ætti kannski ekki að

koma neinum á óvart vegna þess að þetta er hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins. Og þá er sagt, og þá segja hv. sjálfstæðismenn eða talsmenn þeirra núna eins og t.d. hv. 1. þm. Reykn.: Já, en þetta er ekkert að marka, þetta eru bara embættismenn. Þetta eru bara embættismenn. Og ekki fara menn nú að gefast upp. Eða eins og hv. 3. þm. Reykv. sem spurði á þá leið, eða fullyrti á þá leið, að það væri dapurlegt að utanrrh. hefði ekki bein í nefi til að taka upp þessar tvíhliða viðræður af því að hér væri bara um embættismenn að ræða.

Af hverju eru menn með þennan orðaleik? Hverjir eru þessir embættismenn? Þeir eru embættismenn í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í Brussel. Þeir eru að framfylgja stefnu sem stjórnmálamenn, ríkisstjórnir, aðildarríkisstjórnir Evrópubandalagsins hafa mótað. Auðvitað eru þeir í umboði stjórnmálamanna, umboði ríkisstjórna. Okkar vandi er aðeins þessi: Í formlegum tvíhliða samningaviðræðum munum við fá þessi sjónarmið fram af því að við getum ekkert farið fram hjá framkvæmdastjórninni í Brussel, eins og við höfum verið að segja. Það er framkvæmdastjórnin í Brussel sem ein hefur umboð til þess að semja um lækkun á tollum. Það þýðir ekkert að tala um það við Helmut Kohl eða Francois Mitterrand. Þetta er á verksviði framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt stjórnkerfi Evrópubandalagsins. Það liggur fyrir að þeir hafa aðeins pólitískt umboð til eins, að krefjast veiðiheimilda fyrir tolla. Og það er ekki nógu gott að segja: Já, en þetta eru bara embættismenn, vegna þess að það er út í hött. Þetta eru embættismenn sem eru að framfylgja stefnu sem stjórnvöld í EB hafa gefið þeim umboð til og þeir hafa ekki umboð til annars. Það er því hverju orði sannara sem við sögðum: Viljið þið virkilega framkalla kröfuna um veiðiheimildir í svona tvíhliða formlegum samningum? Vegna þess að ef hv. sjálfstæðismenn eru spurðir: Hver á svo að vera afstaða ykkar í næsta leik? Ja, þá hafa menn talað ákaflega skýrt. Vinur vor, hv. 8. þm. Reykv., hefur sagt það skýrar en nokkur annar maður á Íslandi: Það skal aldrei verða. Við semjum ekki um veiðiheimildir fyrir tollaívilnanir. Hann flytur hér tillögu um að taka upp tvíhliða viðræður, samningaviðræður við EB, sem munu og hafa þegar framkallað kröfuna um veiðiheimildir, en svarar sér sjálfum fyrir hönd Sjálfstfl.: Þeirri kröfu vísum við á bug, við munum aldrei semja um þær tillögur. Og það er ekki nógu gott að segja síðan: Já, en þetta eru bara embættismenn. Það þýðir ekkert að vera með ögrunartal um það, ja, ætlar utanrrh. eða forsrh. eða ætlar þessi ríkisstjórn ekki að hafa bein í nefinu til þess? Hún hefur haft bein í nefinu til þess að vera í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Hún hefur hins vegar sagt: Það er óskynsamlegt að framkalla þessa kröfu á þessum tímapunkti, vegna þess að það verður ekkert hjá því komist, verður ekkert fram hjá því gengið ef við ætlum að fara þessa leið. Og það er t.d. ekki nógu gott að segja: Utanrrh. hefur verið að segja að svona mundi fara. Nú er það ekki lengur utanrrh. sem er að segja neitt um það, það eru fulltrúar Evrópubandalagsins sem eru að segja þetta. Þetta er ekki komið frá mér. Þetta er ekki komið frá hæstv. forsrh. Þetta er ekki komið frá hæstv. sjútvrh. Þetta er stefna, stefnuumboð þeirra aðila sem við er að eiga í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og það er loksins komið á daginn það sem við sögðum allan tímann: Svona er þetta. (Gripið fram í.) Jú, jú, það eru margvísleg sjónarmið uppi innan Evrópubandalagsins, hv. þm., en það er algjörlega klárt í þessu efni að það er framkvæmdastjórnin sem fer með umboð til samninga um tolla og það er framkvæmdastjórnin sem hefur sett á þetta eina umboð til þess að ganga til samninga varðandi fiskveiðimál, að heimta veiðiheimildir. Um það eru ekki skiptar skoðanir. Hins vegar hefur það komið fram í tvíhliða viðræðum við einstaka sjávarútvegsráðherra, einkum og sér í lagi hinn þýska, Von Gelden, að hann ásamt nokkrum öðrum hefur sagt: Ja, við munum að sjálfsögðu ekki breyta hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins vegna þess að hún styðst við ákveðin rök og ákveðna hagsmuni innan þess, og þið munuð ekki fá því breytt, en við erum reiðubúnir að styðja ykkur til þess að reyna að koma því til leiðar að lokum að það takist um það pólitískt samkomulag að þessi stefna verði ekki látin eiga við um Ísland. Það gerist hins vegar aldrei ef þið ætlið að semja um það beint við núverandi framkvæmdastjórn. Er ekki hægt að koma þessu til skila, er þetta ekki nægilega skýrt?

Við stöndum frammi fyrir þessari kröfu ef við ætlum að taka upp formlegar tvíhliða samningaviðræður við Evrópubandalagið og við fáum þar engu breytt. Það er alveg skýrt, alveg ljóst. Það þýðir ekkert að afneita þeim staðreyndum. Og það þýðir ekkert að afgreiða það með því að þetta séu embættismenn. Þetta eru embættismenn sem eru að verki, þeir sem við þurfum að semja við í umboði stjórnmálamanna. Þá er næsta spurning: Eru stjórnmálamennirnir reiðubúnir að breyta þessu? Hvernig ætla þeir að fara að því? Jú, það gæti hugsanlega gerst með þeim hætti þegar svo væri komið í samningum EFTA-ríkjanna við EB, að ekkert stæði eftir á samningaborðinu af öllum þeim gríðarlega efnivið sem við erum að semja um, upp á 30 þúsund síður, nema það sérmál Íslands sem lýtur að kröfunni um frjálsan aðgang að mörkuðum fyrir fiskafurðir án þess að kaupa hann veiðiheimildum heldur á gagnkvæmisgrundvelli. Þá gæti það þýtt — og það er bara gæti — að mjög rækilega undirbúnar og ítrekaðar tvíhliða viðræður við hina pólitísku forráðamenn gætu komið því til leiðar að það sjónarmið sem þýski sjávarútvegsráðherrann hefur tekið undir, sem framkvæmdastjórnarmeðlimurinn Henning Christophersen hefur tekið undir, að þeir gætu komið því til leiðar að þessi sameiginlega fiskveiðistefna verði ekki til þess að spilla öllum samningunum um evrópska efnahagssvæðið. Það gæti hugsast að menn teldu það heldur of háu verði greitt, ef þetta ágreiningsefni eitt væri eftir. Með öðrum orðum, til þess að spilla nú ekki þeim heildarsamningum um allt það efni þar sem allir

hagsmunir EFTA-ríkjanna eru í húfi, og vegna þess að EFTA talar einni röddu eru þeir allir skuldbundnir til að styðja þessa kröfu okkar Íslendinga, þá gæti náðst pólitísk samstaða um það að beygja framkvæmdastjórnina eða breyta málum á þann veg að þetta skyldi að vísu ekki ná til Íslands vegna sérstöðu. En við munum aldrei ná því máli fram í viðræðum við framkvæmdastjórnina. Og það er ekki tímabært að taka það mál upp við pólitíska forráðamenn Evrópubandalagsins núna á meðan við erum á EFTA-sporinu. Þetta eru rökin í málinu. Þetta eru engin sinnaskipti. Þetta er nákvæmlega það sem við sögðum síðasta haust.

Hv. 3. þm. Reykv. lagði við hlustir og tók eftir því þegar ég sagði áðan: Að forminu til verða samningarnir við EFTA-ríkin við hvert og eitt ríki. Þetta er búið að liggja fyrir í meira en hálft ár. Þetta er búið að liggja fyrir í öllum vinnugögnum í sambandi við undirbúnings- og könnunarviðræðurnar að forminu til er það svo. En það breytir engu um það að samningaviðræðurnar eru við EFTA í heild og við EFTA sem einn hóp og EFTA kemur þar fram sem einn aðili og að EFTA-formaðurinn, sem ber mesta ábyrgð á samningsumboðinu, verður þar og er skuldbundinn til þess að fylgja fram málstað EFTA sem slíks, ekki sérhagsmunum sinnar þjóðar heldur EFTA sem slíks og þeim fyrirvörum sem EFTA-ríkin hafa gert hvert og eitt. Samningarnir eru því milli Evrópubandalagsins og EFTA. En að forminu til, þegar þeir eru lagðir fyrir til staðfestingar, eru þeir við hvert og eitt EFTA-ríki. En þetta eru ekki tvíhliða samningar hvers ríkis. Það þarf að vera alveg skýrt.

Þess vegna verð ég að segja þegar það er upplýst að í stórum dráttum, sem betur fer, er svona mikil samstaða um þetta mál á Alþingi, þá finnst mér alveg óþarfi að vera að taka til orða á þann veg að það eigi að lýsa ábyrgð á hendur utanrrh. eða forsrh. fyrir að eyðileggja samningsstöðu Íslands fyrir fram. Hvaða rök eru á bak við svona fullyrðingar? Hefur það verið okkar verk að eyðileggja samningsstöðu Íslands fyrir fram? Eða málflutningur af því tagi að ríkisstjórnin hafi í þessu máli farið í einhverja hringi. Ég skil ekki slíkan málflutning. Ég verð bara að viðurkenna það fúslega.

En síðan, virðulegi forseti, er það spurningin um það hvort erfiðasta málið í þessum samningum lúti að spurningunni um sameiginlegar stofnanir og stjórnun hins evrópska efnahagssvæðis. Sumir eru þeirrar skoðunar, það er rétt, að það kunni að vera erfiðasta málið. Ég hef fyrir löngu síðan lýst því mati mínu að ég telji að það verði ekki erfiðasta málið. Ég dreg enga dul á það að ég held að þeir stóru fyrirvarar sem við Íslendingar höfum lýst varðandi nýtingu náttúruauðlinda og almenn krafa EFTA-ríkjanna um fríverslun með fisk verði erfiðu málin. Vegna þess að það er misskilningur hjá þeim forráðamönnum EB og þeim talsmönnum Evrópubandalagsins sem halda það að EFTA hafi sett fram kröfu um að fá íhlutun um ákvörðunarferil EB. Við höfum aldrei sett fram þá kröfu. Það er alveg skýrt, alveg eins og við ætlumst til þess að við verðum ekki knúnir til þess, vegna þessara samninga innan EFTA, að breyta EFTA í einhverja samþjóðlega eða yfirþjóðlega stofnun og við ætlumst til þess að okkar ákvörðunarferlar, byggðir á samstöðu, verði óbreyttir áfram, þá gerum við að sjálfsögðu ekki slíkar kröfur til EB. Við erum ekki að sækja um aðild að EB og við erum ekki að gera þá kröfu að við fáum réttindi sem eingöngu eru á færi aðildarþjóða. Þetta er því á misskilningi byggt. Hitt er alveg jafnljóst að þegar við hugsum til framtíðarinnar varðandi stjórnun hins evrópska efnahagssvæðis, um nýja löggjöf sem ætti að gilda yfir allt svæðið, þá getur ekki EB „dikterað" það eitt og sér. Með öðrum orðum, við erum að segja: Það er ekki hægt og verður ekki hægt innan evrópska efnahagssvæðisins að frumkvæði EB að knýja þar fram löggjöf sem sjálfkrafa mun gilda um allt evrópska efnahagssvæðið vegna þess að EFTA hefur sína eigin ákvörðunarferla. Um það verður að takast samkomulag. Það verður að fara sína leið fyrir stofnanir beggja aðila. Og til þess að leysa þetta vandamál hafa verið settar fram tillögur sem ekki er komin full samstaða um, eitt af því fáa sem ekki er komin full samstaða um, um það með hvaða hætti eigi að undirbúa slíkar ákvarðanir, að báðir aðilar hafi þar frumkvæði. Hvernig unnið verði að undirbúningnum á grundvelli sérfræðinganefnda. Og að lokum verði einn samningsvettvangur milli EFTA og EB, þ.e. ráð hins evrópska efnahagssvæðis sem er bæði á vettvangi háttsettra embættismanna og loks á ráðherrastigi. Ég vona að það sé alveg skýrt. Við virðum sjálfræði ákvörðunarferilsins innan EB og það skal verða gagnkvæmt að því er varðar EFTA.

Og að lokum: Hefur eitthvað komið fram í þessum umræðum sem gefur til kynna að ríkisstjórnin eða ég persónulega eða flokkur minn hafi skipt um skoðun í þessu efni og við séum farnir að boða aðild að EB? Svarið er nei. Svarið er eins skýrt og einfalt og það getur verið. Það er einfaldlega nei. Við höfum lagt okkur fram um það að móta þá stefnu sem hér er fylgt. Við fylgjum henni einhuga sem flokkur, Alþfl. Það er sú stefna sem ríkisstjórnin hefur náð samstöðu um að fylgja fram og sem ég heyri mér til mikillar ánægju að nýtur víðtæks stuðnings hér á hinu háa Alþingi. Við ætlum að ganga til þessara samninga á grundvelli þeirrar miklu vinnu sem unnin var í könnunarviðræðunum, fullir af pólitískum vilja um að ná árangri. Ég hef það mat, hvað sem svo líður fréttaflutningi og tilraunum einstakra aðila til að spila fyrir þessum samningum, að það sé hægt að gera sér raunhæfar vonir um að ná árangri. Vandamálin sem bíði úrlausnar séu ekki stærri en það.

Ef menn spyrja hins vegar: Ja, hvað gerist ef allt fer í hund og kött? Hvað gerist ef við náum ekki viðunandi samningsniðurstöðu? Hvað gerist ef einstök önnur ríki fara þá að tínast hvert á fætur öðru inn í EB? Hvað gerist ef Austur-Evrópuríkin, einhvern tíma á seinni hluta þessa áratugar, væru búin að skapa forsendu fyrir því að þau færu inn í EB? Hvað

gerist ef búið væri að breyta EB eða evrópska efnahagssvæðinu yfir í viðskipta- og efnahagssamtök Evrópu gervallrar, þar með talið ekki einasta EFTA-ríkjanna og þar með allra Norðurlanda? Hvað gerist með öðrum orðum ef Evrópa væri komin inn í eina slíka viðskipta- og efnahagsheild, kannski að undanskilinni Albaníu? Ekki kann ég að svara því, spá fyrir um óorðna hluti. Ekki er ég spámaður. (**HG:** Ekki hér?) Nei, nei, nei, nei og enginn er spámaður í sínu föðurlandi, allra síst þar. En það getur hver og einn spurt og það getur hver og einn leitt að því líkur hvað muni gerast.

Ég held að það sé hins vegar alveg óþarfi að eyða löngum tíma í að ræða þá fræðilegu spurningu hvernig Íslendingar muni bregðast við ef þróun mála í Evrópu verður svona en ekki á hinn veginn. Við höfum mótað okkur þessa stefnu, við ætlum að fara þessa leið. Við byrjum formlega samninga núna eftir nokkrar vikur. Við höfum vel skilgreinda samningsstöðu. Menn geta vel metið það svo að samningsstaða okkar sé sterk eða veik. Menn geta haft hvaða skoðun á því sem þeir vilja. En við vitum eftir hverju við slægjumst, við vitum hvaða markmiðum við ætlum að ná. Og við höfum lagt okkur fram um það til hins ýtrasta að tryggja íslenska hagsmuni í þeim samningum. Ég held að það sé hafið yfir allan vafa núna að sú leið sem við höfum markað og undirbúið er skynsamleg og rétt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði satt að segja ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum en tilefni gafst eins og hv. alþm. vita og við hlustuðum á hér áðan. Auðvitað væri hægt að hafa langt mál um ræður hæstv. utanrrh. hér í dag en ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi. Ég get tekið undir síðustu orð hans hér úr ræðustólnum, að allt sé óráðið. Hvað ætla menn að gera ef Evrópubandalagið verður allt annað en við höldum að það væri á þessari stundu o.s.frv. Allt er þetta auðvitað laukrétt. Við erum ekki að ákveða örlög heimsins og meira að segja ekki okkar eigin örlög á þessari dagstund. Við verðum auðvitað að fylgjast með framvindunni og breyta til ef viðhorf breytast og þau eru að breytast á hverjum einasta degi. Það væri þess vegna ekkert ljótt við það þó Alþfl. skipti um skoðun. Það væri heldur ekkert ljótt við það að Sjálfstfl. gerði það. En svo vill til, að því er varðar a.m.k. fyrri spurningu hæstv. utanrrh., að hvorugur flokkurinn hefur breytt um skoðun. Það er laukrétt að flokkarnir eru sammála um það að halda áfram þessum EFTA-samningum við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði. Þeirri spurningu er auðsvarað. Þetta vita allir.

Hitt er líka rétt að ég hef æðioft varað mjög við því að við færum að taka upp samninga við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál. Ekkert er fjarlægara. Um sjávarútvegsmál höfum við nákvæmlega ekkert að semja við Evrópubandalagið. Við erum ekki að sækjast eftir neinum fiskveiðum hjá þeim eða neinu slíku og munum aldrei láta þá, aldrei og aldrei, fá neinar fiskveiðiheimildir hjá okkur. Það er ósköp einfalt. Málið snýst um það að við erum að fara fram á þá réttlætiskröfu að teknar séu upp viðræður auðvitað við framkvæmdastjórnina, eins og ráðherrann margendurtók hér, við framkvæmdastjórnina, og hana í heild, um breytingu á bókun 6 til samræmis við breyttar viðskiptavenjur, til samræmis við það að þeir hafa notið aukinna tollfríðinda hér á landi meðan tollar sem við greiðum til Evrópubandalagsríkjanna hafa stórlega hækkað. Það hvarflar ekki að mér að Evrópubandalagið mundi neita slíkum tilmælum. Það er svo augljóst mál að framkvæmdastjórnin, þ.e. auðvitað deild 1, ekki sjávarútvegsdeildin, mundi taka þessum tilmælum vel. Ég held að við getum jafnvel enn þá náð slíkum samningum þó við höfum stigið víxlspor. Ég hef líka sagt margsinnis úr þessum ræðustól að eini maðurinn sem ekki mætti senda til Evrópubandalagsins til að biðja um viðræður væri sjútvrh. — og alls ekki um sjávarútvegsmál. Ég hef sagt að annaðhvort forsrh. eða utanrrh. ættu að fara þessa ferð eða báðir saman. Ég er ekkert að gera mannamun. Þetta er alveg augljóst, við höfum ekkert við deild 21, held ég að hún sé, að ræða. Það er deild sem er með 60 manna starfsliði, langsamlega minnsta deildin. Ég held að starfsmenn bandalagsins séu um 25 þúsund. Þetta eru menn sem eru að mæla möskva og fylgjast með einhverju skipulagi á veiðum, áhrifalausir með öllu. Og einu sinni enn, samanlagðar tekjur Evrópubandalagsríkjanna af fiskveiðum og fiskvinnslu eru 0,1% af þjóðartekjum þessara þjóða samanlagt. Deild sem enginn maður veit að er til nema hún sé leituð uppi. Og þess vegna átti sjútvrh. ekki að fara þessa ferð. En það er liðin tíð og þýðir ekki að vera að ásaka hann eða aðra. Auðvitað hafa einhverjir embættismenn eða aðrir ráðlagt honum að fara þessa ferð. Sú ferð hefur verið farin. En ég vona að ferð þessa svokallaða sjávarútvegsráðherra Evrópubandalagins, hvað heitir hann nú? (**Gripið fram í:** Marin.) Já, ég vil helst ekki muna þetta orð, Marin. (**Viðskrh.:** Átti að verða sjómaður, Marin.) Nú, það var gott. Ég vona að ferð hans til Íslands verði aldrei farin. Verði ferðin sem aldrei var farin.

Hér var hæstv. sjútvrh. í ræðustól á föstudag að lýsa því yfir að bréf hefðu borist um það að sjávarútvegsmál og veiðar innan efnahagslögsögu Íslendinga mundi bera á góma þegar þessi maður kemur. Auðvitað á bara að segja manninum að hann skuli ekkert vera að borga neinn farseðil. Um það verður ekkert rætt. Og þó að þetta sé indæll maður vafalaust, ég hef ekki séð hann, þá á hann ekkert erindi til Íslands. En ég ætla ekkert að vera að orðlengja um þetta.

Það er augljóst mál að það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði í lokaorðum sínum hér um daginn þegar við ræddum þessa tillögu um viðauka við bókun 6, það er svo margt og miklu meira sem við getum sameinast um en það sem skilur okkur að. Hann er margbúinn að segja í dag að báðar þessar leiðir verði farnar. Og hann sagði alltaf: Við framkvæmdastjórnina, ekki þennan ráðherra sjávarútvegsmála. Hann hefur nákvæmlega ekkert með mál-

ið að gera. Það höfum við allt saman bókfært og skjalfest í bréfum frá okkar eigin sendiráði að viðskiptasamninga gerir deild 1 eins og hún alltaf hefur gert. Og hver er merkasti samningurinn og sá sem afsannar algerlega að sameiginleg fiskveiðistefna eða sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins geti gilt í öðrum löndum er nákvæmlega bókun 6? Hún var gerð til þess að koma erlendum skipum út úr íslenskri landhelgi. Það voru æðstu ráðamenn Evrópu og Caston Thorn, sem þá var æðsti maður framkvæmdastjórnarinnar, sem leystu það mál. Síðan þann dag hefur aldrei komið til greina að Evrópubandalagsríki fengju aðgang að íslenskri landhelgi. Ég vona að þetta verði síðasti dagurinn sem Alþingi og alþingismenn þurfa að líða þá áþján að heyra á þetta minnst.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður en það voru þó örfá atriði í ræðu hæstv. utanrrh. sem ég aðeins vildi drepa hér á.

Það var í fyrsta lagi þegar hann ræddi hér um fund embættismanna Evrópubandalagsins í sl. viku. Ég trúi því ekki að nokkuð sem þar kom fram hafi komið hæstv. utanrrh. á óvart, að hann hafi ekki vitað allt sem þar kom fram. Það höfum við vitað og það hefur áður komið fram einmitt hjá embættismönnum Evrópubandalagsins. Þess vegna er lögð áhersla á það að við stjórnmálamenn Evrópubandalagsríkjanna sé talað til að gera þeim grein fyrir hver eru okkar sjónarmið. Ég met það svo að sú ferð sem hæstv. forsrh. fer með hæstv. utanrrh. í þessum mánuði sé einmitt til þess að gera það. Það staðfestir það sem sjálfstæðismenn hafa verið að segja og sögðu í umræðunum í haust og hæstv. utanrrh. hefur tekið undir. Það er ekki um annaðhvort eða að ræða, það er hvort tveggja. Það verður að vera svo til þess að hagsmunum okkar verði best borgið þegar fram í sækir.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði áðan að menn væru að spilla fyrir, og ég met svo að þar eigi hann við það útspil eða það sem hæstv. utanríkisráðherra Danmerkur sagði, þá trúi ég ekki að hæstv. utanrrh. viti ekki hvað gerðist í Lúxemborg sl. mánudag og hvað þar fór fram og hverjar voru skoðanir hæstv. utanríkisráðherra Evrópubandalagsins alls. Á þeim fundi er það hæstv. utanríkisráðherra Danmerkur sem undirstrikar þýðingu þess að Evrópubandalagið skoði og meti stöðu EFTA, þó sérstaklega Norðurlandanna, einfaldlega vegna þess að Austurríki og staða þess er mikið breytt frá því sem hún var á sl. ári. Austurríki er, svona eins og sagt er, við dyrnar til inngöngu ef ekki nást þeir samningar sem nú er unnið að. Hlutleysisstefna Austurríkis gildir ekki það sama í dag og hún gilti fyrir 6–7 mánuðum síðan. Sú mikla breyting sem hefur orðið í Austur-Evrópu gerir það einmitt að verkum. Ég held þess vegna að við eigum að meta það jákvætt sem utanríkisráðherra Danmerkur hefur verið að gera og hefur verið að segja og líta á það út frá þeim sjónarhóli. Það staðfestir einmitt það sem kemur fram hjá utanríkisráðherrum Evrópubandalagsins sl. mánudag.

Síðan kom hæstv. utanrrh. og leitaði að stefnu Sjálfstfl. Hún hefur alla tíð verið skýr og kom skýrt fram í þessum umræðum, eins og hann áttaði sig réttilega á hjá formanni Sjálfstfl. Hann vék þar hins vegar að og talaði um stefnu ríkisstjórnarinnar og vildi meina að hún væri alveg ljós. En þá spyr ég: Stefna ríkisstjórnarinnar? Mér er ljóst hver er stefna utanrrh. í málinu. En fyrirvari og samþykkt ríkisstjórnarinnar sem kynnt var hér á Alþingi 29. nóv. sl. er þess eðlis að einn stjórnarflokkurinn hefur ekki veitt utanrrh. umboð til að ganga til þeirra samninga sem hann er núna að ganga til í viðræðunum á milli EFTA og Evrópubandalagsins. Það er skýrt tekið fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér á þingi 29. nóv. Ég skal lesa það upp, með leyfi forseta:

„Þetta, virðulegur forseti, er sú samþykkt sem þingflokkur Alþb. gerði í morgun. Á ríkisstjórnarfundi sem haldinn var í hádeginu í dag samþykktu ráðherrar Alþb. þá bókun sem forsrh. kynnti hér áðan með sérstakri“ — og nú bið ég utanrrh. að taka eftir, því það sem hann sagði hér áðan um hver væri stefna ríkisstjórnarinnar getur ekki staðist samkvæmt því sem hér stendur — „með sérstakri tilvísun til þeirrar samþykktar sem þingflokkurinn gerði í morgun og kynnt var rækilega á ríkisstjórnarfundinum.“ Í þeirri samþykkt segir að áður en gengið verður til þeirra samninga sem núna á að ganga til verði málið tekið upp og rætt. Og þingflokkur Alþb. áskilji sér fullkomlega rétt til þess að hafa aðra afstöðu í málinu. Í samþykkt Alþb. segir, með leyfi forseta:

„En áður en til þátttöku í beinum og formlegum samningaviðræðum komi verði málið tekið til sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu í ríkisstjórn.“ Sú afgreiðsla hefur ekki farið fram. Ekki hef ég heyrt hæstv. utanrrh. gera grein fyrir því. Hann sagði hér áðan, sem ég vissi og veit: Það er ekki breyting hjá mínum flokki þó að hér hafi komið einn þingmaður og sagt: Við eigum að horfa á einhverja aðra möguleika í sambandi við þessar viðræður, þá var það hans og mér er það fullkomlega ljóst. En hann sagði einmitt: Það er ekki breyting hjá mér eða mínum flokki.

Afstaða Sjálfstfl. er skýr. Þar hefur enginn vafi verið á að þessum umræðum sem nú hafa farið fram á að halda áfram. Okkar skoðun er sú að því fyrr því betra. Það kom hins vegar fram hjá utanríkisframkvæmdastjóra Evrópubandalagsins á fundinum sl. mánudag að hann metur það að samningarnir sem menn telja að eigi að gerast á þessu ári muni ekki verða gerðir á þessu ári. Það er vissulega ástæða fyrir okkur að vega og meta hver staðan í þessu máli er, hverjar eru líkurnar. Hæstv. utanrrh. hefur sagt sína skoðun á því. Ég met það svo sjálfur að á það verði að reyna hverjir eru okkar fyrirvarar, með hvaða hætti við getum komið þeim málum fyrir sem við þurfum á að halda í sambandi við þessar viðræður til þess, og því fyrr þeim mun betra fyrir okkur. En komi þá í ljós að mönnum mistakist, því það spyr sig margur að því í dag hvort það náist að gera samninga um evrópskt efnahagssvæði, þurfum við að gera okkur grein fyrir

því hvar við ætlum okkur hlut í þessum málum og staðsetningu í þessu öllu.

Afstaða Sjálfstfl. er ljós, en afstaða ríkisstjórnarinnar er ekki ljós í þessu máli. Afstaða utanrrh. er hins vegar ljós. Það liggur alveg ljóst fyrir. En hér höfum við heyrt talsmann Alþb. og hér liggur það ljóst fyrir hver staða þeirra er.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa nein afskipti af orðum sem talsmenn Alþb. hafa látið falla hér fyrr í umræðum. En vegna þess að hv. síðasti ræðumaður vék að málflutningi danska utanríkisráðherrans og því hvaða hlut hann átti á ráðherrafundi EB sl. mánudag í Lúxemborg, þá er ég með hér í höndunum fréttaritið Evrópa. Það er gefið út, eins og kunnugt er, í tengslum við Evrópubandalagið. Þar er fjallað um þennan fund. Þar segir svo, og nú þýði ég lauslega:

Ráðherrarnir fóru ekki niður í smáatriði. Flestir þeirra takmörkuðu mál sitt við það að árétta mikilvægi þess að ná skjótlega niðurstöðu í samningunum um evrópska efnahagssvæðið eins fljótt og mögulegt er og lögðu á það áherslu að bandalagið getur ekki boðið EFTA-ríkjunum minni hlut en það mun hugsanlega síðar bjóða löndum Austur-Evrópu. — Síðan segir: Undantekningin var Lúxemborg sem hélt fram því sjónarmiði að aðeins aðild gæti tryggt fulla þátttöku í ákvörðunarferlum, — sem enginn ágreiningur er um. Síðan kemur hér: Hins vegar — og nú ætla ég ekki að þýða lengur, heldur láta það fara beint eins og sagt er: „The Danish delegation did not speak out. Mr. Ellemann-Jensen did not elaborate on the ideas he had expressed last week." Þetta þarfnast ekki þýðingar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðu um skýrslu utanrrh. er lokið. Nú stendur svo á að hv. 5. þm. Norðurl. e. er á förum af þingi eftir vetursetu hér. Ég vænti þess að því verði ekki mótmælt að hann fái nú að tala fyrir 13. dagskrármáli, sem er ný samvinnufélög.

Ný samvinnulög, fyrri umr.

Þáltill. JGS og JK, 478. mál. — Þskj. 835.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. sem með mér flytur hv. þm. Jón Kristjánsson. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að ljúka undirbúningi frv. um ný samvinnulög á komandi sumri. Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi á fyrstu dögum haustþings."

Við þurfum að fara rúm 100 ár aftur í tímann til þess að finna upphaf samvinnustarfs á Íslandi. Þá uppgötvuðu menn að þeir gátu beitt samtakamætti sínum sér og sínum hagsmunum til framdráttar. Ég ætla ekki að rekja þá sögu til þessa dags, en ég ætla að fara örfáum orðum um það hvernig samvinnustarf á Íslandi stendur nú, rúmum 100 árum seinna.

Það hefur ekki farið hjá því að samvinnufélögin hafa orðið fyrir barðinu á erfiðum starfsskilyrðum undirstöðuatvinnugreina nú um nokkurt skeið. Það hefur að vísu lagast verulega á síðasta ári eins og ég kem að hér á eftir. Það á kannski fyrst og fremst við um hin sameiginlegu samtök samvinnufélaga, Samband ísl. samvinnufélaga, sem nú á í verulegum fjárhagserfiðleikum og menn verða að takast á við á næstu mánuðum. Hagur grunnfélaganna, kaupfélaganna, hefur hins vegar vænkast mjög á síðasta ári og stefnir allt í það að þau muni komast á góðan rekspöl á því ári sem nú er að líða.

Ég ætla að nota tækifærið hér til að leiðrétta þrálátan misskilning sem hefur náð meira að segja alla leið upp í umræðu hér í hv. Alþingi þar sem menn virðast ekki gera nokkurn greinarmun á Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem er, eins og ég sagði áðan, heildarsamtök samvinnufélaganna, og grunneiningunum, kaupfélögunum, sem í raun eru sjálfstætt starfandi félög en ekki deildir í Sambandinu eins og manni heyrist stundum á umræðunni og meira að segja hér á Alþingi.

En hvað er það sem skilur samvinnufélögin frá öðrum rekstri? Það er kannski það öðru fremur að allir félagar hafa eitt atkvæði. Það er ekki fjármagnið sem ræður. Þessi hugmyndafræði fellur mjög vel að skoðunum stórs hóps í okkar þjóðfélagi auk þess sem form sem þetta hentar mjög vel fyrir fjölmargar greinar í atvinnulífinu, ekki síst í hvers konar þjónustu. Það hentar miklu fleirum en þeim sem hafa skipað sér í raðir Sambands ísl. samvinnufélaga. Nú skyldi maður ætla að lög um eins víðtækan rekstur og samvinnurekstur sé í stöðugri endurnýjun. En hver er reyndin? Núverandi lög eru að stofni til nánast óbreytt síðan 1937. Á síðustu árum hefur undirbúningur að nýjum samvinnulögum oftar en einu sinni farið af stað en aldrei náð það langt að hér væri lagt fram á Alþingi heildstætt frv. um þessi mál.

Það sem öðru fremur rekur á eftir umræðu um ný samvinnulög nú er sú mikla umræða sem er í þjóðfélaginu núna um uppbyggingu á eigin fé eða hvernig eigið fé fyrirtækja er byggt upp. Það sem gerir það að verkum að þetta er í umræðunni núna frekar en kannski oft áður eru þær breytingar sem urðu þegar fyrirtæki hættu að eiga aðgang að fjármagni með neikvæðum vöxtum og urðu að fara að greiða, ekki bara verðtryggingu heldur háa vexti til viðbótar. Það var þannig um langt árabil að fyrirtæki gátu byggt upp eigið fé með því einu að taka fé að láni sem ekki var borgað til baka nema að litlum hluta.

Það er mjög mikið í umræðunni núna, og ég held að þróunin muni verða sú, að fyrirtæki muni í vaxandi mæli leita eftir áhættufé með útgáfu hlutabréfa, þ.e. ná fjármagninu beint frá fjármagnseigendunum án milligöngu bankakerfisins. Þetta tel ég að sé mjög af hinu góða. En þá hljótum við að spyrja: Hvernig

standa samvinnulögin gagnvart þessum nýju sjónarmiðum? Þau standa þannig að þar er sú eina leið sem til er til þess að byggja upp eigið fé frá eigendunum eða í gegnum stofnsjóðina. Það kerfi er að mörgu leyti stirt í fjölþættum rekstri og þarfnast verulegrar endurskoðunar.

Á síðustu áratugum hafa lög um hlutafélög verið endurskoðuð, bæði í heild og einnig einstakir þættir. Um þetta hefur verið samstaða á Alþingi og sömuleiðis gagnvart þeim atriðum í skattalögum sem snúa að því að auðvelda hlutafélögum að ná sér í eigið fé með útgáfu hlutabréfa. Um þetta hefur, eins og ég sagði áður, verið mikil samstaða á þingi og við kunnum þess dæmi frá þessum vetri að bæði hafa verið gerðar breytingar á skattalögum í þessa veru og sömuleiðis hafa breytingar á lögum um hlutafélög fengið fljúgandi byr í gegnum þingsali. Ég hlýt því að treysta því að nú þegar hér er lagt til að unnið verði markvisst að því að endurskoða samvinnulögin með það að markmiði að heildstætt frv. verði lagt fyrir á næsta haustþingi og þá í mínum huga með það fyrir augum að búið verði að samþykkja ný samvinnulög fyrir næstu áramót, þá hlýt ég að treysta því að þetta fái sama byr, sama hljómgrunn á Alþingi og sú umfjöllun sem verið hefur um hlutafélagsformið. Enda hljótum við að líta þannig á að það sé jákvætt fyrir heilbrigt atvinnulíf á Íslandi að þeir sem í atvinnurekstrinum standi hafi á hverjum tíma völ á margs konar formi fyrir sinn atvinnurekstur.

Hlutafélagsformið hefur reyndar verið nokkuð í umræðunni undanfarið og að ósekju hafa menn tengt saman auðsöfnun á fárra hendur og það að í þeim tilfellum hafa menn notast við hlutafélög. Þetta er ekki rétt og á ekki að gera og er að mínu mati mjög slæmt að menn hafa um langan aldur ruglað mjög saman annars vegar þeim formum sem menn hafa til að ná sínum markmiðum og hins vegar þeim hugsjónum eða markmiðum sem standa að baki rekstrinum. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að það hlýtur að vera öllum aðilum til hagsbóta að hér verði sem fjölbreyttust form fyrir atvinnulífið á hverjum tíma, sama hvar í flokki menn standa og sama hvaða hugsjónir menn aðhyllast varðandi uppbyggingu atvinnulífs.

Þessi mál komu nokkuð til umræðu á Alþingi fyrr í vetur í tengslum við skýrslu um kaup Landsbankans á Samvinnubankanum. Ég ætla að leyfa mér að vitna í ummæli hæstv. viðskrh. þar um. Hann sagði að nú um sinn hefðu verið uppi hugmyndir í viðskrn. um breytingar á samvinnulögunum í þá veru að tekin yrðu upp stofnbréf sem samvinnufélög gætu gefið út og gegndu sama hlutverki og hlutabréf í hlutafélögum. Í þeirri umræðu sagði hæstv. viðskrh. líka að þetta hefði ekki fengið mikinn hljómgrunn meðal forustumanna íslenskra samvinnufélaga. Ég hygg að það sé rétt að einstakir forustumenn hafi ekki sýnt þessu áhuga en hins vegar veit ég það að stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga hefur síðan unnið að þessu máli og lagt tillögur inn til viðskrh. einmitt í þá veru sem við höfum rætt um og við ræðumaður hér og hæstv. viðskrh. erum sammála um, að því er ég tel, að þurfi að gera.

Ég ætla líka að leyfa mér að vitna í ummæli hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl., í þeim sömu umræðum þar sem hann sagði að það væri sorglegt að samvinnumenn vildu ekki endurskoðun á sínum lögum en það væri kannski skiljanlegt í ljósi þess að menn gætu alltaf hlaupið til ríkisins þegar á bjátaði. Þetta er alrangt og sú umræða að hér þurfi að verða breyting á er orðin mjög útbreidd meðal samvinnumanna og hefur orðið æ útbreiddari síðustu mánuði.

En hver er þá hinn æskilegi framgangur þessa máls á næstunni? Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég hlýt að líta þannig á að það sé vilji Alþingis að þessi tillaga fái afgreiðslu og þessi vinna verði hafin að fullum krafti. Ég ætla í því sambandi að ítreka það að samhliða því að gengið verði endanlega frá frv. að samvinnulögum verði að ganga í þá vinnu að gera einnig drög að reglugerð um stofnbréf vegna þess að þar eru margir þættir sem verður að binda og sú breyting ein á samvinnulögunum að heimila samvinnufélögunum útgáfu stofnbréfa án þess að nánar sé á um það kveðið í reglugerð segir okkur lítið og er okkur haldlítil.

Ég vil einnig ítreka það sem reyndar hefur komið fram fyrr í ræðu minni að það verður líka að liggja ljóst fyrir samhliða þessari vinnu að það sé viji fyrir því að ganga þannig frá skattalögum að stofnbréf samvinnufélaga verði jafnrétthá hlutabréfum hlutafélaga.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að óska eftir því að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn. til frekari vinnu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Með þessari tillögu hreyfa flm. þörfu máli en núgildandi samvinnulög eru orðin úrelt eins og glöggt kemur fram í grg. með tillögunni. Ég ætla aðeins að rifja upp sögu síðustu ára hvað varðar hugmyndir um endurskoðun á samvinnulögunum og minni á það að Alþingi ályktaði 29. maí 1980 að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd í samráði við samvinnuhreyfinguna. Haustið 1980 skipaði síðan þáv. viðskrh. fimm manna nefnd til að vinna að þessu verkefni. Gaukur Jörundsson prófessor, nú umboðsmaður Alþingis, var formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði drögum að frv. til laga um samvinnufélög á árinu 1983. Skömmu eftir að þessi frumvarpsdrög voru afhent urðu stjórnarskipti og í ársbyrjun 1984 skipaði viðtakandi viðskrh. nýja nefnd til að endurskoða lög um félög og stofnanir í atvinnurekstri eða með önnur fjárhagsleg markmið. Formaður þeirrar nefndar var Árni Vilhjálmsson prófessor. Á fundum sínum árið 1985 ræddi nefndin fyrirliggjandi frv. til laga um samvinnufélög sem nefnd Gauks Jörundssonar hafði samið. Formaður síðari nefndarinnar útbjó síðan drög að nýju frv. en tími vannst ekki til að vinna grg. eða aðrar athugasemdir áður en starfi þeirrar nefndar lauk. Ég vil því

kalla þessi frumvarpsdrög sem eru til í viðskrn. fremur vinnuskjal nefndarinnar en niðurstöðu. En þetta vinnuskjal er ítarlegra en fyrra frv. og kaflarnir um ráðstöfun hagnaðar og gerð ársreikninga eru með öðrum hætti.

Þegar ég tók við stöðu viðskrh. lágu fyrir Alþingi tillögur um breytingar á hlutafélagalögum og ákvað ég að láta þær hafa allan forgang en lýsti því jafnframt yfir í umræðunni í þinginu að þegar þetta frv. væri orðið að lögum væri eðlilegt að snúa sér að frumvarpsgerð um breytingar á samvinnulögunum, enda nauðsynlegt að samræmis sé gætt í þessari löggjöf. Breytingarnar á hlutafélagalögunum sem eru nokkuð umfangsmiklar tóku reyndar eins og þingmönnum er kunnugt gildi hinn 1. mars sl. Reyndar var hafinn undirbúningur að athugun á samvinnulögunum þegar á liðnu ári og gerður samanburður á fyrirliggjandi frumvarpsdrögum og sá samanburður sendur nokkrum forsvarsmönnum samvinnuhreyfingarinnar með beiðni um umsögn. Það dróst nokkuð að fá slíka umsögn þrátt fyrir eftirgangsmuni en það er rétt sem kom fram hjá hv. 1. flm. að fyrir skömmu bárust mér tillögur frá stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga um þetta mál.

Ég var sjálfur þeirrar skoðunar að það væri ýmislegt athugavert við frumvarpsdrög nefndanna sem starfað hafa og m.a. og kannski mikilvægast að í þær hafi vantað heimildir til þess að gefa út einhvers konar samvinnuhlutabréf, stofnbréf, stofnsjóðsbréf, hlutabréfaígildi ef menn vilja nota það orð, þannig að samvinnufélögin gætu aflað sér aukins eigin fjár með því móti. En það er hárrétt hjá hv. flm. að það eru einmitt takmarkanirnar á slíkri eiginfjármyndun sem eru helsti veikleiki samvinnuhreyfingarinnar við þær rekstraraðstæður, það efnahagslega umhverfi sem nú er sem betur fer á komið með raunverulegum jákvæðum vöxtum og vonandi fram undan stöðugra verðlagi. Það er tekið undir þetta í hinum nýju tillögum frá stjórn Sambandsins, þ.e. að það þurfi að opna leið til útgáfu stofnbréfa eða stofnsjóðsbréfa. En ákvæði þar að lútandi sem lagt er til af þeirra hálfu að sett verði í lög eru að mínu áliti tæpast nógu ítarleg.

Annað atriði sem þarf að huga að við endurskoðun samvinnulaganna er heimild samvinnufélaga til að reka innlánsdeildir. Að mínu áliti er þetta úrelt form innlánsstofnana og tel ég að þær ætti að leggja niður með nýjum samvinnulögum. Í athugun á þessu máli innan viðskrn. að undanförnu hefur komið í ljós að Finnar hafa um alllangt skeið unnið að endurskoðun á sinni samvinnulöggjöf og voru þar gefin út breytingarlög 22. des. sl. Ráðuneytið hefur aflað sér þessara gagna, bæði frv. með grg. og laganna sjálfra. Breytingarnar í Finnlandi eru gerðar út frá sömu sjónarmiðum og hér hafa verið rædd varðandi möguleika á eiginfjármyndun með útgáfu ígildis hlutabréfa og þar er einnig að finna nýjungar eins og almenna heimild í samvinnulögum til þess að breyta samvinnufélögum í hlutafélög ef félagsmenn kjósa. Finnsku lögin sem ég tel allrar athygli verð eru ákaflega nákvæm, kannski að mínu áliti helst til nákvæm því að í nýju finnsku samvinnulögunum eru 172 greinar. Þar er vissulega mjög margt athyglisvert að finna sem ég hygg að við getum dregið af nokkurn lærdóm og reyndar af líkri löggjöf um samvinnufélög og almenningshlutafélög í nálægum löndum.

Virðulegi forseti. Svo að ég snúi mér beint að efni tillögunnar mun ég láta vinna að samningu frv. til nýrra samvinnulaga með það fyrir augum að það verði lagt fram í haust eins og tillaga hv. flm. gengur út á og setja til þess menn til starfa eins og hentugt þykir, hvort sem það verður kölluð nefnd eða starfshópur eða bara menn sem verða settir til þess að vinna það verk sem ég er sammála flm. um að nauðsynlegt er að unnið verði.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. sem er 1. flm. að þeirri tillögu sem hér um ræðir hefur gert glögga grein fyrir ástæðum þess að hún er flutt í sinni ræðu og ég fagna yfirlýsingum hæstv. viðskrh um að hann hyggst taka málið upp á komandi sumri. Ég vil aðeins undirstrika nokkur atriði til viðbótar varðandi ástæður þess að þessi tillaga er flutt því að það hefur öðru hvoru verið í umræðunni á undanförnum árum rætt um nauðsyn þess að endurskoða samvinnulögin. Það hefur yfirleitt verið á þeim forsendum að nauðsynlegt sé að endurskoða þau til að koma í veg fyrir sérréttindi eða einokun samvinnuhreyfingarinnar. Þetta er rangt. Samvinnuhreyfingin hefur ekki einokun, hún hefur ekki sérréttindi og endurskoðun samvinnulaganna á að stefna að því að efla samvinnufélagsformið. Sú ástæða er fyrir því að þetta málefni er flutt inn á hv. Alþingi.

Samvinnufélögin þurfa að vera raunverulegur valkostur í nútímaþjóðfélagi fyrir þá sem vilja koma á fót atvinnurekstri eða fara út í nýjan atvinnurekstur. Lögin eru gömul og það hefur verið gerð glögg grein fyrir því hve erfitt er að fá eigið fé frá almenningi í samvinnurekstur. Hlutafélagalögin hafa verið aðlöguð þessum þjóðfélagsbreytingum eins og hér hefur verið rakið. Það er því æ algengara að samvinnufélögin hefji rekstur eða taki þátt í atvinnurekstri í hlutafélagsformi. Slíkt þarf ekki endilega að vera af hinu vonda, en hins vegar á samvinnufélagsformið að vera raunverulegur valkostur í þessu efni.

Á undanförnum vikum hefur komið upp umræða um hringamyndun í einkarekstri. Það er athyglisvert að sú umræða kemur upp í þjóðfélaginu þegar samvinnufélögin eru í erfiðleikum. Rætt hefur verið um að það sé ekki við hæfi að stórfyrirtæki nái einokunaraðstöðu í ákveðnum þáttum atvinnulífsins. Það er ekki langt í það að stórfyrirtæki á innlendum markaði nái einokunaraðstöðu í öllum samgöngum og flutningum til og frá landinu. Í fyrirtækinu sem hefur verið til umræðu, Eimskipafélagi Íslands, háttar þannig til og ég hef þær upplýsingar úr ekki ómerkara riti en Frjálsri verslun að 15 hluthafar af 13 þúsund ráða yfir 40% hlutafjárins. Þetta hefur mönnum þótt ískyggileg þróun og Morgunblaðið m.a. tekið upp í sínum

skrifum. Og hv. 8. þm. Reykv. sem hefur látið þessi mál mikið til sín taka hefur tekið þetta mál upp og m.a. rætt við forstjóra fyrirtækisins í sjónvarpsþætti nýverið þar sem það sjónarmið kom fram hjá honum skýrt og skorinort að hluthafar í félögum eins og þessu ákveðna fyrirtæki ættu ekki að vera að spekúlera í stefnumótun félagsins. Það væri nóg fyrir þá að fá arð af sínu hlutafé. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig og er ekkert við því að segja. En þetta er ómengaður kapítalismi og við ætlum ekki að hafa þjóðfélag ómengaðs kapítalisma. Það er ekkert við því að segja að slík félög séu til með þessi sjónarmið en það er jafnsjálfsagt að til sé annað félagsform sem keppir við félög sem rekin eru samkvæmt slíkum sjónarmiðum, það séu til félög þar sem fólk vill með þátttöku sinni hafa áhrif á stefnumótun.

Þessi mál hafa komið til umræðu áður lítillega á Alþingi. Þar komu þau sjónarmið fram hjá hv. 14. þm. Reykv. að þetta ákveðna fyrirtæki væri vel rekið. Það má vel vera og ég held að það sé ekkert illa rekið. Ég kann ekki að dæma um það. Það er áreiðanlega að mörgu leyti vel rekið, en hv. þm. fullyrti að samvinnufélögin og sérstaklega Samband ísl. samvinnufélaga væru illa rekin og erfiðleikar samvinnuhreyfingarinnar stöfuðu af því. Það má örugglega margt betur fara í þeim rekstri, ég efast ekki um það, eins og í öllum rekstri, hann er aldrei fullkominn. Hins vegar verður að undirstrika það að erfiðleikar samvinnuhreyfingarinnar eru ekki orðnir til af tilviljun. Og þær misjöfnu aðstæður sem eru fyrir einkarekstur og samvinnurekstur hér á landi eru ekki orðnar til fyrir tilviljun. Samvinnufélögin starfa víða um land og í öllum byggðarlögum. Þau eru félög fólksins í þessum byggðarlögum. Þau hafa orðið að taka á sig ýmis verkefni á þröngum markaði sem er ekki arðbær meðan einkaframtakið hefur getað hreiðrað um sig þar sem fjölmennið er og þar sem möguleikarnir eru mestir. Þetta er grundvallarmismunur og þetta eru aðstæður sem samvinnufélögin standa frammi fyrir og þurfa að bregðast við. Samvinnufélögin hafa gengið í gegnum miklar breytingar á sínum rekstri undanfarið. Þar hefur verið tekið á ýmsum málum og félögin hafa gengið í gegnum ýmsar sársaukafullar breytingar. Samvinnufélög hafa verið lögð niður, þau hafa verið stækkuð þannig að þetta form er í mikilli þróun. Það eru miklar breytingar fram undan í þessum rekstri en það er jafnnauðsynlegt að endurskoða og færa til nútímahorfs þá rammalöggjöf sem starfað er eftir.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að fagna þessari tillögu og lýsa mínum stuðningi við málefnið og vænti að ég geti talað þar fyrir hönd míns flokks alls. Því hefur æðioft verið hreyft á þingi og í langa tíð og það hef ég gert nokkuð oft að nauðsyn bæri til að endurskoða samvinnufélagalöggjöfina. Sérstaklega var þetta til umræðu í sambandi við endurskoðun hlutafélagalaga sem sett voru 1978. Því miður var ekki aðhafst þá en betra er seint en aldrei og þess vegna fagna ég því að þessi þátill. er fram komin.

Það er auðvitað ljóst að ef stofnbréf verða í samvinnufélögum með svipuðum hætti og hlutabréf eru hjá hlutafélögum hvað varðar atkvæðamagn og atkvæðisrétt getur það ekki breytt því að sömu reglur munu gilda um skattlagningu stofnbréfa eins og hlutabréfa hygg ég en hv. þm. gat sérstaklega um það atriði. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli að sömu skattareglur eigi að gilda um raunar öll félagsform.

Hitt er líka rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að það er nauðsynlegt að raunverulegir valkostir, held ég að hann hafi orðað það, væru á milli fjárfestingar í hlutafélögum og öðru félagsformi og þá einmitt samvinnufélögum. Auðvitað eru almenningshlutafélög og samvinnufélög af sama meiði og það er mjög athyglisvert þegar menn fara yfir þingsöguna fyrr á öldinni að þá er gjarnan rætt í sama mund um hlutafélög og samvinnufélög og það er nú enn gert og er af hinu góða.

Ég hefði gjarnan viljað að þessu starfi hefði verið hraðað meira, jafnvel þannig að frv. í einhverri mynd hefði getað orðið til t.d. á miðju sumri og það yrði þá kynnt þannig að Alþingi gæti haft snör vinnubrögð þegar hitt frv. kæmi síðan fram við þingsetningu.

Ég endurtek að ég og minn flokkur styðjum þetta mál og ég vil sérstaklega geta þess af því tilefni að minnst var hér á hv. 14. þm. Reykv. Guðmund H. Garðarsson að hann flutti fyrir nokkrum árum tillögu eða frv. um samvinnufélög og hvort sem í því stóð það sama að öllu leyti eða ekki var það þó viðleitni til að fá lögum breytt til styrktar félögunum en ekki til að veikja þau.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 8. þm. Reykv. og lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. Ég tel það góðs vita að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Jón Kristjánsson skuli leggja fram þessa þáltill. Það er ekki vanþörf á því, eins og þeir hafa sagt fyrr í ræðum, að endurskoða þessi lög með sambærilegum hætti og átt hefur sér stað við endurskoðun á lögum um hlutafélög.

Það sem rekur mig í ræðustól er að mér fannst vanta í ræðum þeirra áðan í sambandi við endurskoðun þessara laga það atriði sem ég hef sett fram í frv. til laga um breytingu á samvinnulögum, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson minntist á áðan, þ.e. að í þessum nýju væntanlegu samvinnulögum þurfa að vera mjög skýr og ákveðin ákvæði er lúta að eignarstöðu grunneininganna gagnvart þeim heildarsamtökum samvinnuhreyfingarinnar sem væntanlega munu verða rekin áfram þrátt fyrir þær breytingar sem kunna að verða gerðar á samvinnulögum. Þar á ég við það atriði að í reikningum heildarsamtakanna komi það skýrt fram hver nettóeignarstaða grunneininganna er, í þessu tilviki aðallega kaupfélaganna, í heildareignum samvinnuhreyfingarinnar. Þetta getur orðið mjög erfitt mál við að eiga í sambandi við endurskoðun laganna ef lögin eiga að hafa þau áhrif og sá tilætlaði árangur á að nást sem flm. þessarar þáltill. leggja áherslu á, þ.e. að samvinnuhreyfingin fái þann

rekstrargrundvöll, fái þá formlegu stöðu sem æskileg er til þess að hún geti styrkst í þeirri samkeppni sem fram undan er. Ég tek undir það að í sambandi við samkeppni og stöðu fyrirtækja á Íslandi í framtíðinni er mjög æskilegt og nauðsynlegt að hafa valkosti í þeim efnum þannig að annars vegar geti verið um að ræða samvinnufyrirtæki sem eru í stórum dráttum sniðin eftir þörfum fólks til slíkra rekstrarforma og svo hins vegar einkafyrirtæki hvort sem þau eru þá í eigu einstaklinga eða í hlutafélagsformi.

Virðulegi forseti. Ég vildi lýsa stuðningi mínum við þáltill. og vona að hún nái fram að ganga með þeim hætti sem stefnt er að.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka fyrir þá jákvæðu umræðu sem þessi tillaga hefur fengið og ég hlýt að vera enn þá vissari um það eftir þetta að hún fái skjóta afgreiðslu á þingi.

Ég ætla ekki að rekja nein efnisatriði sem hér hafa komið fram en þó vil ég segja varðandi það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í lok sinnar ræðu um tímamörk og að hægt væri að kynna þessa vinnu á miðju sumri að ég tek auðvitað heils hugar undir það og ég vísa því bara til nefndarinnar ef hún metur það svo að eðlilegt væri að gera þá breytingu á tillögunni að þar væri kveðið á um það að einhver árangur af þessari vinnu sæist strax á miðju sumri.

Að lokum ítreka ég þakkir mínar fyrir jákvæða umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurvinnsla úrgangsefna, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 433. mál. — Þskj. 754.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. á þskj. 754 um endurvinnslu og fullnýtingu úrgangsefna. Flm. tillögunnar eru allar þingkonur Kvennalistans en tillagan hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að endurvinnsluiðnaði sem nýti meiri hluta þess sem til fellur af endurvinnanlegum og fullnýtanlegum úrgangsefnum. Samhliða því verði leitað leiða til að styrkja endurvinnsluiðnað sem fyrir er í landinu."

Tillaga þessi var flutt á 110. löggjafaþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er nú flutt á ný vegna þess að málið er enn jafnbrýnt og það var fyrir rúmum tveimur árum.

Í umræðu um till. til þál. um könnun á magni endurnýtanlegs pappírs og söfnun hans og endurnýtingu sem mælt var fyrir hér fyrir nokkrum vikum kom fram í máli margra hv. þm. að þeir teldu að sú tillaga væri of takmörkuð og það væri miklu eðlilegra að líta á endurvinnsluiðnað í miklu víðara samhengi en þessi tillaga gerir einmitt ráð fyrir því að ekki sé eingöngu litið á pappír heldur á miklu fleiri hliðar. Öllum ætti nú að vera ljóst að jörðin er ekki óþrjótandi nægtabúr og neysla undanfarinna ára hefur leitt til þess að sífellt er gengið á auðlindir jarðar. Löngu er orðið tímabært að móta langtímastefnu í nýtingu þeirra. Hingað til hafa skammtímasjónarmið ráðið ferðinni. Allt skal gert á sem hagkvæmastan hátt en ekki hugsað fram í tímann.

Mikil verðmæti eru fólgin í því ógrynni úrgangs sem til fellur. Háum fjárhæðum er varið til eyðingar á sorpi og úrgangi með ýmsum aðferðum. Því er brennt, urðað eða jafnvel sökkt í sæ án þess að hugsa um hvaða áhrif þetta hefur á lífkerfið. Eðlilegra og farsælla er að reyna að vinna samkvæmt lögmálum náttúrunnar en þar ríkir jafnvægi sem viðhaldið er af eðlilegri hringrás efna.

Auðlindir jarðar eru langt frá því að vera óþrjótandi. Reyndar eru margar nær þrotnar. Okkur sem nú lifum ber að hugsa til þeirra sem á eftir koma. Þeir þurfa ekki síður á þessum hráefnum að halda.

Þegar rætt er um endurvinnslu hefur athyglin oft beinst að nýtingu pappírsúrgangs eins og ég minntist aðeins á áðan. Skógar eru undirstaða pappírsframleiðslu og þrátt fyrir stuttan endurnýjunartíma miðað við mörg önnur hráefni er stöðugt gengið á skóglendi jarðar. Talið er að á höfuðborgarsvæðinu leggist árlega til um 25 þús. tonn af úrgangspappír. Um 10–15 þús. tonn af þessum pappír er úrgangur frá ýmiss konar framleiðslu, verslun og þjónustu. Um 10 þús. hektara af skóglendi þarf til þess að framleiða 15 þús. tonn af pappír ef miðað er við venjulega asparskóga sem framleiða um 3000 tonn á hektara af viði og þá gert ráð fyrir að um 40% nýtist við pappírsframleiðsluna. Þetta er umhugsunarefni þegar haft er í huga að hér á landi er stærstum hluta pappírs eytt með því að urða hann. Það er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélög og þá sem þurfa að standa undir kostnaði við sorphirðu að draga úr því magni sem fer á haugana. Heppilegasti kosturinn er því endurvinnsla í einhverri mynd, a.m.k. á þeim hluta pappírs sem ekki er blandað við annað sorp. Langæskilegasta hráefni til endurvinnslu er það sem leggst til við iðnaðarframleiðslu.

Reynsla erlendis hefur sýnt að það er nokkrum erfiðleikum bundið að tryggja hreinleika á pappír sem safnað er, t.d. dagblaðapappír. Það er hægt að nota pappír við ýmiss konar framleiðslu og margt af því hefur verið reynt hér á landi, t.d. við mótun á eggjabökkum, og hefur einmitt verið dregið fram það framtak sem Silfurtún hf. í Garðabæ hefur sýnt með framleiðslu eggjabakka. Framleiðslan er stöðugt að aukast og telja þeir að þeir séu að ná meiri hlutanum af þeirri framleiðslu sem fer á innlendan markað. En það er hægt að nota margs konar pappabakka í aðra hluti. Það er líka hægt að nota afgangspappír í pappapoka, þakpappa, pappakassa o.fl. Þetta er einungis um pappírinn.

Tilraunir hafa einnig verið gerðar með fullnýtingu á slógi og öðrum fiskúrgangi, m.a. til meltufram-

leiðslu. Einnig hefur verið reynt að nota innyfli úr sauðfé til lyfjaframleiðslu og undirbúningur að endurvinnslu á brotajárni var einnig vel á veg kominn fyrir nokkrum árum og lagaheimild fengin fyrir stuðningi ríkisins við byggingu verksmiðju. Málið strandaði hins vegar á lokastigi.

Ef litið er nánar á endurvinnslu á málmi hef ég fengið minnisblað frá Ásgeiri Einarssyni hjá Sindrastáli sem hann hefur tekið saman varðandi brotajárn á suðvesturhorninu. Þar kemur fram að áætlað er að um 13 þús. tonn af brotajárni falli til á suðvesturhorninu á ári og ef öllu þessu brotajárni væri safnað saman og urðað, sem maður reiknar með að sé gert, kostar eingöngu söfnunin á þessum 13 þús. tonnum um það bil 8,5 millj. kr. Það verða þá um það bil 650 kr. á hvert tonn þannig að eyðingin og söfnunin samtals mun kosta um 1750 kr. á hvert tonn af málmi. En ef við miðum við útflutning á brotajárni er reiknað með að hvert tonn af útflutningi kosti um 5900 kr. og ef reiknað er með að útflutningurinn, pressunin, pökkunin og söfnunin á brotajárni kosti um 5900 kr. og hægt sé að selja það fyrir um það bil 4500 kr. þá yrði tap á starfseminni um 1400 kr. á hvert tonn, þ.e. við þyrftum að greiða með hverju tonni um 1400 kr. En það kostar 1750 kr. að urða það. Greinilegt er að þó að hægt sé að reikna út að það sé tap á því að safna saman brotajárni og flytja til útlanda til endurvinnslu verður útkoman samt sem áður sú að það verði ódýrara en að urða. Og þá er ekki tekið með í reikninginn það mikla landrými sem þarf til urðunar á efni eins og brotajárni. Það er því greinilegt að þessi atriði þarf að athuga mjög vandlega og ekki vera fljót að ákveða að þetta sé ekki hagkvæmt. Það verður að hafa í huga eins og svo oft áður að hugtakið hagkvæmt er mjög afstætt. Það er t.d. spurning fyrir hvern endurvinnslan er hagkvæm. Er það hagkvæmt fyrir þann sem rekur endurvinnslufyrirtækið eða verðum við að líta á hagkvæmni í víðara samhengi? Og þá hef ég undanskilið það umhverfissjónarmið sem er oft erfitt að reikna inn í en verður þó að gera í þessu sambandi.

Eitt vandamálið við fullnýtingu og endurvinnslu er að safna saman hráefninu til vinnslunnar. Oft kemur mikill úrgangur frá fyrirtækjum, svo sem pappír frá prentsmiðjum og umbúðaverksmiðjum og efnaafgangar frá saumastofum og mikið af afgangsefnum kemur einnig frá heimilum.

Hin síðari ár hafa æ fleiri gert sér grein fyrir þýðingu fullnýtingar og endurvinnslu. Það er því líklegt að margir verði fúsir til að flokka sorp frá heimilum sínum og koma t.d. pappír, málmum og gleri á ákveðna staði í gáma í hverfamiðstöðvum eða fyrir utan stórverslanir. Þannig mætti á ódýran hátt safna miklum hluta af heimilisúrgangi. Víða erlendis tekur almenningur virkan þátt í slíkum störfum og þeim fer sífellt fjölgandi sem vilja jafnvel greiða hærra verð fyrir ýmsar vörur, t.d. pappírsvörur, ef þær eru endurnýttar.

Margir hafa talið það eina helstu hindrunina fyrir því að endurnýting og endurvinnsla á heimilisúrgangi verði tekin upp hér á landi að fólk vilji ekki flokka sorp. Þetta held ég að sé misskilningur. Ég er alveg sannfærð um það að mjög margir mundu vera tilbúnir að flokka sitt sorp enn þá meira en við gerum núna. Ég held að mjög margir taki þátt í flokkun á einnota umbúðum, t.d. einnota plastflöskum og áldósum, og fari með þær í endurvinnslu og ég held að við ættum ekki erfitt með að fá fólk til að flokka enn frekar en nú er gert.

Útreikningar á hagkvæmni endurvinnsluiðnaðar eru því flóknir og hætta á að ekki séu allir þættir teknir inn í dæmið þegar verið er að reikna. Það hafa verið gerðar margar tilraunir til að reikna en hingað til hefur útkoman yfirleitt verið neikvæð. Það hefur meira að segja verið samþykkt hér á Alþingi tillaga, árið 1975 held ég að það hafi verið, þar sem talað var um að reyna að meta hagkvæmni endurvinnsluiðnaðar og alltaf hefur útkoman verið talin neikvæð en þar hafa áreiðanlega ekki verið teknir inn allir þættir málsins.

Úrgangsefni sem ekki er talið hagkvæmt að endurvinna hér verður að láta endurvinna erlendis þar sem það er hagkvæmara vegna meira magns og stærri markaðar. Á þann hátt vinnum við gegn auðlindaþurrð auk þess sem við leysum mikinn vanda vegna sorpeyðingar. Til þess að endurvinnsluiðnaður eigi betri möguleika hér á landi í framtíðinni er eðlilegt að hann njóti bestu kjara á sem flestum sviðum. Má þar t.d. nefna skattaívilnanir og orku á hagstæðu verði utan álagstíma. Þeir sem vilja veita stóriðjufyrirtækjum bæði skattaívilnanir og ódýra orku mættu hugsa til þess að það eru til ýmsar aðrar leiðir til að nýta þá orku sem við getum aflað hér á landi en að horfa alltaf til stóriðjufyrirtækja sem bæði menga út frá sér og eru á allan hátt mjög óhagstæð fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ég tel eðlilegt að verkefni eins og það sem hér er fjallað um verði falið ráðuneyti umhverfismála í samvinnu við ráðuneyti iðnaðar-, heilbr.- og félagsmála. En auk þess verður að sjálfsögðu að hafa gott samstarf við sveitarstjórnir um þetta mál. Það hefði kannski í fljótu bragði mátt telja eðlilegt að iðnrn. væri falið verkefni eins og þetta, en ég tel eðlilegra að umhverfisráðuneytið hefði forustu um slík mál.

Að lokinni umræðu um þetta mál vil ég leggja til að því verði vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingar um efnainnihald í íslenskum matvælum, fyrri umr.

Þáltill. JGS, 452. mál. — Þskj. 787.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til

þess að nú þegar verði gert skipulegt átak til þess að mæla og skrá efnainnihald íslenskra matvæla með sérstöku tilliti til aðskota- og aukefna. Jafnframt verði unnin nákvæm skrá um öll slík efni í íslenskum matvælum á hverjum tíma þannig að íslensk stjórnvöld geti hvenær sem er gefið út vottorð, byggt á vísindalegum grunni, um hollustu íslenskra matvara."

Þessi tillaga lætur ekki mikið yfir sér en ég tel samt að hér sé verið að hreyfa mjög stóru máli sem varðar framtíðarhagsmuni okkar Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar sem hlýtur að byggja sjálfstæði sitt á sinni atvinnustarfsemi og þeirri sérstöðu sem við getum skapað okkur varðandi okkar atvinnuvegi í því samfélagi þjóðanna sem við sjáum fram á að verður á næstu árum miklu nánara og með miklu minni hömlum á viðskipti með okkar framleiðsluvörur en verið hefur fram að þessu.

Umræða um aukefni í matvælum hefur verið nokkuð áberandi í nágrannalöndum okkar nú um langt skeið. Nágrannar okkar eru orðnir mjög meðvitaðir um hættuna sem stafar af aukefnum og aðskotaefnum í matvælum og eru farnir að meta það mikils ef þeir eiga kost á að fá ómengaða vöru. Hér hafa Íslendingar verið grandalitlir fram að þessu. Það er þó mjög að breytast nú, kannski bara á allra síðustu vikum. Við þurfum ekki annað en fletta blöðum síðast nú í dag þar sem rætt var við efnafræðing, starfsmann Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sem benti á að við vissum sáralítið um aðskotaefni í okkar matvöru. Við höfum talið okkur, og segjum það gjarnan í ræðu og riti, eiga möguleika á að markaðssetja okkar matvæli sem ómenguð. Þegar á okkur er gengið getum við ósköp lítið gert annað en benda á tæra fjallalæki og hreina firði. Að vísu hefur sú mynd eilítið dekkst á síðustu vikum þegar við vorum óþyrmilega minnt á að við þurfum virkilega að taka á varðandi mengunarmál. En það er þó að mínu mati miklu meira um að ræða umhverfismál sem við erum að taka á en það að okkar umhverfi sé orðið mengað af þeim efnum sem nágrannar okkar gjalda orðið varhuga við.

Því varð mér ljóst eftir að ég hafði kynnt mér þessi mál nokkuð að ef við ætlum að geta kynnt okkar matvöru á næstunni sem ómengaða náttúruafurð verðum við að geta sýnt fram á það á vísindalegan hátt. Það verður að vera til á hverjum tíma nákvæm skrá yfir aðskotaefni í íslenskum matvælum sem við getum sýnt viðskiptaaðilum okkar erlendis.

Þetta tengist m.a. umræðu sem lengi hefur verið uppi um það að við eigum möguleika á fjölbreyttari matvælaútflutningi en er í dag. Við gætum e.t.v. flutt út einstakar landbúnaðarafurðir okkar. Ég vil nefna í því sambandi þá umræðu sem nýlega komst í fjölmiðla um hugsanleg kaup Bandaríkjamanna á verulegu magni af íslensku skyri sem sérstakri heilsuafurð. Ég tel tvímælalaust að þarna eigum við möguleika en þeir byggjast, eins og ég sagði áðan, á því að við getum sýnt fram á það að okkar vara sé laus við aðskotaefni. Og það verður einungis gert með stöðugum mælingum og skráningu.

Ég sagði í upphafi máls míns að þetta tengdist að mínu mati framtíð okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Ég ætla að koma aftur inn á það. Við horfum fram á það að við munum innan skamms starfa á miklu opnari markaði Evrópuríkja en er í dag. Og hverju getum við fremur beitt þar til þess að marka sérstöðu okkar, okkar sérstöku framleiðsluvörur sem gengju inn á þennan markað, en því að vinna ötullega að umhverfismálum, veita okkar matvælaframleiðslu aðhald og mæla reglulega efnainnihald og á þann hátt sýnt fram á það ekki bara með fallegum myndum í myndabæklingum heldur ekki síður með vísindalegum rökum að við framleiðum matvöru sem sé hreinni en Evrópubúum og reyndar fólki víðar í heiminum býðst frá öðrum stöðum.

Þar með er ekki sagt að að þessum málum hafi ekkert verið unnið hér á landi. Ýmsar stofnanir sinna þessum málum nú þegar. Þar má nefna Hollustuvernd ríkisins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun mjólkuriðnaðarins, yfirdýralæknisembættið, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og aðila innan Háskóla Íslands. En þessi vinna hefur ekki verið samræmd og ekki beinst að ákveðnu markmiði.

Þar sker sig kannski nokkuð úr varðandi eftirlit annars vegar hluti sjávarafurða, en þeim verkefnum hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sinnt, og hins vegar hefur eftirlit með efnaleifum í mjólkurvörum verið í mjög góðu lagi þar mjólkuriðnaðurinn sjálfur hefur rekið öfluga rannsóknastofu í því skyni.

Ég segi hér í grg. með tillögunni að ég telji eðlilegt að kannað verði hvort ekki væri hægt að koma þessari starfsemi fyrir, þ.e. þessari samræmingu á upplýsingum og þeim mælingum sem ekki fara fram annars staðar, við Háskólann á Akureyri, nánar tiltekið í tengslum við sjávarútvegsbrautina sem þar er búið að setja á stofn og ráðamenn hafa reyndar lýst yfir vilja sínum að sjá til þess að hún verði efld til rannsókna á sviði matvæla. Þetta væri að mínu mati mjög vel við hæfi margra hluta vegna, ekki síst vegna þess að þá mundi starfsemin fara fram í miðju héraði sem í dag er líklega einna fjölbreyttast hvað snertir framleiðslu matvæla, bæði til sjávar og lands. Auk þess væri þetta jákvætt og virkt skref til byggðajöfnunar.

Þetta er hins vegar ekki aðalatriði málsins þó ég leggi til að það verði skoðað í tengslum við það. Aðalatriðið er það að ríkisstjórnin hafi forgöngu um það að koma þessari skipulögðu mælingastarfsemi og skráningu á.

Ég vil að lokinni þessari umræðu fara fram á að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmn. til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 474. mál. — Þskj. 827.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að leita þegar í stað eftir samvinnu við borgaryfirvöld í Reykjavík og samtök fólks í miðborginni um að gera þróunaráætlun um framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík."

Ástæðan fyrir því að tillagan er flutt er sú að gamli miðbærinn hefur átt undir högg að sækja. Það hefur hallað undan fæti. En með „gamla miðbænum" í málflutningi þessum er átt við svæðið sem liggur eins og tré með ræturnar í gamla Grjótaþorpinu, sjálfur stofninn liggur upp Laugaveg og Hverfisgötu að Hlemmi og strætin út frá þeim götum. Við erum því að tala um svæðið frá Vesturgötu, þ.e. frá Garðastræti og alveg upp fyrir Hlemm. Ekki kvosina gömlu heldur mun stærra svæði.

Á þessu svæði hefur þróast verslun, viðskipti og þjónusta. En reksturinn á nú undir högg að sækja og æ fleiri fyrirtæki kjósa annaðhvort að flytja rekstur sinn í nýrri borgarhverfi eða loka búðum sínum og fyrirtækjum og því miður er sjón sögu ríkari þegar gengið er um miðbæinn og hvert verslunarplássið af öðru er með hvítt kalk í gluggum. Með deyjandi athafnalífi í miðborginni hverfur líka mannlífið. Breyttir verslunarhættir hafa leitt fólk í önnur borgarhverfi til að sinna viðskiptum sínum og núna síðast inn í Kringlu, eftir að þar var opnuð stór og glæsileg verslunarmiðstöð undir einu þaki.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér í þingsölum og kem með þessa tillögu er einfaldlega sú að í Reykjavík er Alþingi. Það er í hjarta gamla miðbæjarins. Reykjavíkurborg er höfuðborg alls landsins og allra landsmanna og því er það í rauninni mál allra landsmanna hvernig höfuðborgin dafnar og hvernig gamli miðbærinn í henni dafnar. Ríkið er líka stærsti húseigandinn hér á svæðinu. Hér eru flest hús í eigu ríkisins, þ.e. ríkið á fleiri hús en aðrir aðilar, þótt margir einstaklingar eigi náttúrlega flest húsin hér samanlagt. Þess vegna er ábyrgð Alþingis mikil því það er hlutverk Alþingis að gæta fasteigna ríkisins. Eins og nú er komið málum hér í gamla miðbænum lækka fasteignir í verði, líka þær fasteignir sem ríkið og ríkisfyrirtæki eiga. Þannig að Alþingi ber ábyrgð á því að svo verði ekki. Það er hlutverk Alþingis að reyna að snúa vörn í sókn til þess að eignir ríkisins lækki ekki í verði umfram það sem orðið er.

En gamli miðbærinn er líka mikið meira en hluti af peningalegri eign ríkisins. Þar eru fleiri þjóðminjar en á nokkrum öðrum stað á Íslandi. Þar er bæjarstæði Ingólfs, Innréttingar Skúla Magnússonar, hús á borð við Dómkirkjuna, Menntaskólann, Stjórnarráðshúsið, gamla Hegningarhúsið og sjálft Alþingishúsið. Þess vegna hefur gamli miðbærinn ekki bara viðskiptalegt gildi heldur ekki síður menningarlegt gildi.

Á sínum tíma var gerð úttekt á þeirri þróun sem hlaut að fylgja í kjölfar þess að opna verslunarmiðstöð á borð við Kringluna í samkeppni við gamla miðbæinn. Þessi skýrsla er til hjá borgarstjórn Reykjavíkur og meiri hlutanum í borgarstjórn. Raunar var borgarstjórn allri kunnugt um þetta áður en Kringlan var opnuð. Í þessari skýrslu var tíundað rækilega hvað gerst hefur í öðrum löndum þegar verslunarmiðstöðvar af þessari stærð rísa upp, hvernig gamlir miðbæjarkjarnar bókstaflega tapa vægi og lognast smám saman út af. Ráðamönnum Reykjavíkurborgar var því fullkomlega ljóst að hverju þeir gengu þegar Kringlan var opnuð. Þrátt fyrir það létu þeir undir höfuð leggjast að gera einhverjar þær ráðstafanir sem hefðu orðið til þess að halda mannlífinu og halda athafnalífinu í miðbænum í því horfi sem það var áður. Engar ráðstafanir voru gerðar, ekkert var gert til þess að fjölga bílastæðum eða breyta og bæta aðkomuleiðir að gamla miðbænum. Þvert á móti var fjölgað hér í liði stöðumælavarða og kranabílar teknir í notkun til þess að draga brotlegar bifreiðar af götum borgarinnar, þær geymdar í bílageymslu yfir nóttina og eigendum gert að greiða stórfé til að fá þær leystar úr haldi. Þannig lagðist borgarstjórnin af alefli á að ganga af gamla miðbænum dauðum á sama tíma og Kringlan opnaði.

Reykjavíkurborg er nú að eyða milljörðum í að byggja tvær byggingar í Reykjavík sem ekki verður í fljótu bragði séð að þjóni mörgum þegar upp er staðið. Annars vegar er ráðhús sem hefur verið valið það undarlega bæjarstæði að setja það ofan í Reykjavíkurtjörn og hins vegar einhvers konar veitingastaður sem hefur verið valið jafnundarlegt bæjarstæði eða uppi á hitaveitugeymunum á Öskjuhlíð. Það er ljóst að veitingahúsið mun aldrei geta staðið undir sér. Þó svo að einhverjar leigutekjur fáist fyrir að leigja það veitingamönnum munu þær tekjur í mesta lagi duga til þess að halda húsinu við.

Ráðhúsið var og er ákaflega umdeild bygging. Rúmlega 15 þús. Reykvíkingar mótmæltu því á sínum tíma og sendu inn mótmælaskjöl til borgarstjórnar sem borgarstjórn hunsaði og gerði grín að.

Þessi vitlausa röð á verkefnum í Reykjavíkurborg hefur gert það að verkum að engir peningar eru aflögu þó svo að menn mundu kjósa að söðla um og verja peningum til að glæða miðborgina aftur lífi, til að miðborgin verði aftur eftirsóknarverður staður fyrir lifandi fólk. Hvað þá að til séu peningar til að nota til að byggja upp eðlilegt æskulýðsstarf í staðinn fyrir að skilja miðborgina eftir auða um nætur, börnum og hröfnum að leik. Eða þá, við förum ekki út í þá sálma, að Reykjavíkurborg mundi reyna að hjálpa því fólki sem verður gjaldþrota. Má segja að ein Reykjavíkurfjölskylda verði gjaldþrota á dag og er það varlega áætlað. Fólksstraumurinn liggur nú til annarra landa. Það er aftur komin upp Astralíutilfinning í borgrlífið. Hundruðum saman flytjast Reykvíkingar til Svíþjóðar og annarra landa í leit að þeim vonum sem brugðust hér í Reykjavík. Það þyrfti ekki mörg hundruð þúsundin ef á réttum tíma væri veitt sú aðstoð sem þarf því meðalgjaldþrotið er fáein hundruð þúsunda. Oft er um áætlanir skatta eða annarra

gjalda að ræða. Reykjavíkurborg hefði ekki þurft að eyða miklum peningum til að hjálpa því fólki sem nú á um sárt að binda en borgarstjórn kaus þess í stað að nota peningana til að byggja ráðhús úti í tjörn og veitingahús uppi á hitaveitugeymum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra. Ég óska eftir því að till. fari til seinni umræðu og til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðleikhús Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. EG, 459. mál. — Þskj. 796.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er flutt í allri hógværð þáltill. um framkvæmdir við Þjóðleikhús Íslendinga. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að hætt skuli við fyrirhugaðar stórbreytingar á svölum og sal Þjóðleikhússins sem fái að halda sér sem allra næst þeim hætti sem arkitekt hússins hugsaði sér.

Alþingi felur menntamálaráðherra í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að sjá til þess að á næstu tveimur til þremur árum fari fram nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á Þjóðleikhúsinu og aðgengi fyrir fatlaða verði bætt. Kappkostað verði að þessar aðgerðir hafi sem minnsta röskun í för með sér á starfsemi leikhússins."

Ég vil geta þess strax, virðulegi forseti, að um leið og sagt hafði verið frá þessari þáltill., að hún yrði flutt hér á hinu háa Alþingi, varð ég var við óskaplega sterk viðbrögð almennings úr mörgum stéttum og mörgum landshlutum gegn fyrirhuguðum breytingum á Þjóðleikhúsinu og til stuðnings þessari tillögu. Það er alveg ljóst að þær breytingar sem nú er rætt um að gera á Þjóðleikhúsinu mæta mjög mikilli andstöðu. Það er líka ljóst að viðhald þessa húss hefur verið vanrækt um langt árabil. Þar þarf mjög margt að endurbæta og lagfæra sem úr sér er gengið. Hins vegar ber svo að hafa það í huga að alveg eins og skólahúsnæði er ekki skóli þá er það húsrými sem leikhúsið er ekki leikhús. Leikhúsið er listin og skólinn er skólastarfið. Á það hefur verið bent að eftir því sem Borgarleikhúsinu miðaði fram og það var nær því að verða tilbúið þá elnaði Þjóðleikhúsinu sóttin og allt varð þar miklu verra.

Tilgangur þessarar tillögu er að koma í veg fyrir að innan í Þjóðleikhúsinu verði byggt nýtt hús. Leikarahópur í Þjóðleikhúsinu, sem hefur mikinn áhuga á því að þessar breytingar nái fram að ganga, bauð hv. þm. í heimsókn í Þjóðleikhúsið sl. mánudagskvöld klukkan 18.30. Þar var staðfest mjög rækilega það sem ég hafði óttast og ýmsir fleiri, að ætlunin er að byggja algjörlega nýtt hús innan í hinu gamla Þjóðleikhúsi. Nær hefði verið, að mínu mati, að byrja á ytra byrðinu, lagfæra þær augljósu steypuskemmdir sem blasa við augum á Þjóðleikhúsinu sjálfu heldur en að gera þetta. Og ég spyr, vegna þess að við þeirri spurningu hefur ekki fengist neitt svar, hver var það sem bað um að byggt yrði nýtt leikhús, nýtt hús innan í gamla Þjóðleikhúsinu? Því hefur enginn viljað svara. Í rauninni hafa tillögurnar, bókin fræga, gormabókin, þar sem þessar tillögur eru tíundaðar, hún hefur ekki verið í allra höndum og hún hefur ekki verið fáanleg. Þetta allt hefur í rauninni farið mjög leynt, verið lítið kynnt og illa kynnt og er nánast ókynnt fyrir hv. þm., leyfi ég mér að fullyrða, þótt þeir sem sæti eiga í fjvn. hafi kannski haft eitthvað betri aðstöðu en ýmsir aðrir til að kynna sér málið.

Nú segja menn sjálfsagt, og það hefur hæstv. menntmrh. raunar sagt, að hér séu menn nokkuð seint á ferð með gagnrýni. Vel má það rétt vera að það sé nokkuð seint, en ekki of seint. Ég hygg að það sé svo um fleiri þingmenn en þann sem þetta mælir að menn héldu sig einfaldlega vera að veita fé til lagfæringa og endurbóta á leikhúsinu en ekki, og ég undirstrika ekki, til þess að byggja nýtt hús inni í gamla húsinu. Hver bað um það? Við því hafa ekki fengist svör.

Um þetta mál og framgang þess allan hefur í rauninni verið heldur lítið rætt og ritað. Það er ekki fyrr en á síðustu vikum sem það almennt rennur upp fyrir fólki í landinu hvað það er sem á að fara að gera. Það á að rústa þessa byggingu að innanverðu og byggja þar algjörlega nýtt hús. Það á að blanda saman rekstri hússins og viðgerðum, sýnist mér, með ýmsum hætti. Og það er afar óheppilegt, að ekki sé meira sagt.

Síðan þessi till. var lögð fram hefur það gerst að 122 íslenskir arkitektar hafa komið til forseta Sþ. og afhent forseta ávarp til alþingismanna. Það ávarp hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Þjóðleikhúsið er einn hinna stóru varða í byggingarsögu þjóðarinnar. Almenningur hefur í áranna rás notið þar mikilfenglegrar leiklistar í fallegu og virðulegu umhverfi, leiklistarsýninga hinna ágætustu listamanna, íslenskra og erlendra. Húsið nýtur vinsælda alls þorra landsmanna sem fyllt hafa sal þess árum saman þegar leiklistin hefur blómstrað og stór afrek verið unnin í listinni. Höfundur hússins vann þetta verk sitt af mikilli alúð og valdi þá gerð salarins sem notast hefur með þeim ágætum og vinsældum sem kunn eru.

Það er hlutverk íslenskra arkitekta að standa vörð um íslenska byggingarlist og einkum minnismerkin í byggingarsögu þjóðarinnar. Sérstaklega ber okkur að halda á loft minningunni um afrek Guðjóns Samúelssonar og annarra frumherja í arkitektastétt.

Við undirritaðir arkitektar viljum með þessum hætti skora á alþingismenn að hlutast til um að varðveita Þjóðleikhúsið með því að samþykkja framkomna þingsályktunartillögu um varðveislu sýningarsalar og forsala og jafnframt leggja því lið að viðgerðum og endurbótum verði hraðað svo sem unnt er."

Það sem auðvitað vekur sérstaka athygli nú í þessu

sambandi er að undir þetta ritar m.a. húsameistari ríkisins. En hann og hans embætti hafa að yfirvaldanna stranga boði, liggur mér við að segja, unnið að þessum breytingartillögum og því að gera tillögur um nýtt hús inni í gamla húsinu. Það finnst mér segja mikla sögu.

Ég sagði áðan að ekki hefði farið fram mjög mikil umræða um þetta. Þó er skylt að geta nokkurra blaðagreina, t.d. í Morgunblaðinu fimmtudaginn 22. mars eftir Skúla H. Norðdahl arkitekt þar sem er opið bréf til Svavars Gestssonar menntmrh. Þar segir m.a. — ég gæti vitnað til margs hér vegna þess að hér er margt mjög athyglisvert — en í niðurstöðum Skúla Norðdahls arkitekts segir m.a., með leyfi forseta:

„Opin, hlutlæg umræða var engin. T.d. var húsfriðunarnefnd tekin tvisvar á beinið til að fá hana til að breyta áliti sínu. Leikarar voru fældir frá að ræða málin með ógnun um að ekkert yrði gert ef ekki yrði farið að tillögum nefndarinnar. Fundurinn í Þjóðleikhúsinu var staðfesting á því.

Skýrsla byggingarnefndar ber ekki vott um úttektir og kannanir til að leita leiða til úrbóta, skýrslan er forsögn fyrir hönnuði til að endurhanna húsið frá grunni. Þar sem í skýrslunni eru ræddar tillögur um breytingar gestarýmis og áhorfendasalar kemur fram að allar tillögurnar gera salinn lakari en hann er í dag og framkvæmdir dýrari. Eftir stendur fullyrðing ein um betri sjónlínur og meiri nálægð áhorfenda við leikendur. Þetta er hvorki rökstutt né sannanlegt.

Í fjórða lagi: Með tillögu sinni hefur nefndin afhjúpað algjört skilningsleysi sitt á grundvelli og eðli byggingarlistar og takmarkalaust virðingarleysi fyrir byggingarsögu þjóðarinnar."

Og síðan segir hér: „Að lokum skírskota ég til skynsemi þinnar, Svavar, að þú endurskoðir gerðir nefndarinnar og ákvörðun um breytingar á Þjóðleikhúsinu. Ég skírskota til ábyrgðar þinnar sem æðsta gæslumanns íslenskra menningarverðmæta, m.a. verndara íslenskrar byggingarsögu. Og mundu það, Svavar, að endurreisn Þjóðleikhússins byggist fyrst og fremst á góðri, áhugaverðri leiklist en ekki skilningslausu brölti við breytingar á húsinu breytinganna vegna."

Síðan kemur hér eftirskrift: „Eru til fullgerðir uppdrættir af Þjóðleikhúsinu breyttu? Hafa þeir verið lagðir fyrir byggingarnefnd og samþykktir? Í grein 3.4.1. í byggingarreglugerð segir: „Óheimilt er að hefja byggingarframkvæmdir, þar með talinn grunngröft eða breytingar á húsi, nema leyfi byggingarnefndar sé fyrir hendi"."

Í Morgunblaðinu 26. jan. skrifaði annar arkitekt, Hannes Kr. Davíðsson. Vissulega væri ástæða til að rekja grein hans í nokkuð ítarlegu máli en ég mun þó aðeins gera það í fáum orðum. Hann segir, með leyfi forseta:

„Húsafriðunarnefnd hefur ekki misst átta í málinu og ber að þakka það. Hún mátti því einnig þola snuprur ráðherra á fundinum. Þótt byggingarnefnd hússins hafi tengt þetta mál eingöngu ákvörðun menntamálaráðherra þá hlýtur hin siðferðilega ábyrgð á meðferð Þjóðleikhússins að hvíla á ríkisstjórninni allri. Í raun vekur það furðu að einn maður skuli ætla að axla þá ábyrgð á jafnveikum grunni."

Síðan segir hér, og á þeim orðum lýkur þessari ágætu grein: „Það er ekki hagur Þjóðleikhússins né íslenskrar menningar að rugla þessum sal sem við nú höfum, það er bara misskilningur og umkomuleysi andans."

Ég minni líka á grein í Morgunblaðinu 12. janúar eftir Hörð Bjarnason, fyrrv. húsameistara ríkisins. Hann segir, með leyfi forseta:

„Breytingartillögur byggingarnefndar þeirrar sem menntamálaráðherra hefur nú síðast skipað sér til ráðuneytis um „endurreisn leikhússbyggingarinnar", einkum á áhorfendasal, gangarými og anddyri, virðast með öllu ónauðsynlegar og óraunhæfar."

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að hvorki hæstv. menntmrh., leikarar Þjóðleikhússins né svokölluð byggingarnefnd hafi leyfi til þess að gera það sem nú stendur til að gera. Einn af þeim fjölmörgu sem höfðu samband við mig þegar þessi tillaga var komin fram sagði: „Ef á að byggja nýtt hús innan í þessu húsi þá er það svona eins og að mála ofan í vatnslitamynd eftir Ásgrím." Það er óneitanlega töluvert til í því.

Ég held því hiklaust fram að við höfum ekki leyfi til að rústa Þjóðleikhúsið að innan og gera þar nýtt hús. Við höfum ekki leyfi til þess gagnvart þeim sem á eftir koma. Þó tískan í leikhúsi kalli á einhvern veginn öðruvísi svið og öðruvísi umbúnað en nú er eigum við ekki að hlaupa eftir því.

Var það ekki Sir Laurence Olivier sem sagði t.d. um hringsviðið, eða hið opna svið, í viðtali vegna þjóðleikhússins í London: „Now we see the open stage as a great step forward. It is and it isn't." Sem sagt, nú sjáum við opna sviðið sem stórt skref fram á við, það er það og það er það ekki. Og einhvers staðar minnti hann líka á það að leikarinn hefur ekki nema eina framhlið til þess að sýna þeim sem á hann horfa. Það skiptir líka máli í þessari umræðu allri.

Það fólk sem hefur haft samband við mig út af þessu máli, sem er býsna margt, telur sig nefnilega eigendur þessa húss. Hvorki menntmrh., byggingarnefnd né leikarar Þjóðleikhússins eiga þetta hús. Þeir eiga jafnmikið í því og hver einasti Íslendingur. Og það hefur hver einasti Íslendingur rétt til þess að hafa skoðun á því sem þarna á að fara að gera, láta hana í ljós og það á að hlusta á hana. Við eigum öll hlut í þessu húsi og við eigum mörg minningar úr þessu húsi og við erum mörg sem viljum varðveita þetta hús.

Virðulegi forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Hér hefur lítill hópur farið fram með sérskoðanir sem mæta mikilli andstöðu. Það hefur verið gert í skjóli ráðherra sem hér fer villur vegar, að mínum dómi, að ekki sé sterkar að orði kveðið. Hér hefur upplýsingum verið haldið frá almenningi. Hér hefur sagan aldrei öll verið sögð, hér hafa aldrei allar tölur verið nefndar heldur hafa hálfsannleikur og laumuspil ráðið ferðinni. Spurningin sem menn þurfa að svara hér á Alþingi gagnvart þessari tillögu er sú: Vilja

menn byggja nýtt hús innan í Þjóðleikhúsinu? Ég vil það ekki og því flyt ég þessa tillögu. Ég hygg að svo sé um mjög marga fleiri.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að þessari umræðu lokinni verði tillögunni vísað til hv. allshn. og síðari umræðu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér skilst að það sé nokkurn veginn einsdæmi í sögu þingsins að flutt sé tillaga af þessu tagi sem er í raun gegn tillögu sem þegar hefur verið samþykkt á Alþingi. Þ.e. Alþingi hefur þegar samþykkt fjárveitingu til þessa viðhalds og breytinga sem til stendur að gera á Þjóðleikhúsinu.

Svo ég taki þetta nokkurn veginn í sömu röð eins og hv. flm. þá segir hér fyrst í tillögunni að salur Þjóðleikhússins „fái að halda sér sem allra næst þeim hætti sem arkitekt hússins hugsaði sér." Þarna gengur flm. algerlega fram hjá þeirri staðreynd sem honum var e.t.v. ekki kunnugt um þegar hann samdi tillöguna, en hann hefði átt að fá vitneskju um á fundi sem haldinn var í Þjóðleikhúsinu sl. mánudag, að Þjóðleikhúsið í núverandi mynd er í engu samræmi eða mjög litlu samræmi við upphaflegar hugmyndir arkitektsins. Því til sönnunar voru m.a. teikningar sem héngu þarna uppi, öllum til sýnis. Sú niðurstaða um útlit og hönnun Þjóðleikhússins sem fékkst að lokum var nokkuð sem arkitektinn sætti sig við og beygði sig undir, en það voru ekki hans upphaflegu óskir. Svo var heldur ekki um t.d. viðarþiljur hússins, hvernig þær urðu stafaði af því að annað fékkst ekki á þeim tíma sem húsið var á lokabyggingarstigi og svo mætti lengi telja.

Það er ákaflega mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að upphaflegar hugmyndir og óskahugmyndir arkitektsins voru einmitt um sal með hallandi gólfi og einar svalir, ekki tvennar eins og síðar varð ofan á. Hann hafði þá skoðun að efri svalirnar skyggðu mjög á það sem var helsta einkenni hússins, þ.e. stuðlabergsloftið. Ég held að engum sem sá líkan af Þjóðleikhúsinu eins og til stendur að það líti út eftir breytingar blandist hugur um að loftið muni njóta sín miklu betur ef breytingarnar verða gerðar. Að vísu er þarna um smekksatriði að ræða og um smekk skyldi maður auðvitað ekki deila. Ég virði fullkomlega rétt allra til þess að hafa skoðanir á því hvort húsið verður fallegra eða hvort það þjóni betur tilgangi sínum eftir breytingar.

Viðbrögð almennings koma auðvitað ekki á óvart því að það verður að segjast eins og er að þær upplýsingar sem almenningi hafa borist hafa verið afskaplega villandi. Svo villandi að ég býst við að næstum hver einasti Íslendingur haldi að til standi að breyta Þjóðleikhúsinu eða rústa það, eins og hv. flm. kýs að kalla það, fyrir hálfan milljarð kr. Og það er von að fólki blöskri og sjái einmitt fyrir sér rústirnar einar og eftir standi ekkert nema skelin. Það er aftur á móti staðreynd málsins að það er vegna viðhalds og endurbóta ýmissa á húsinu að upphæðin er svona há. Af því munu innan við 20 millj. kr. vera kostnaður vegna breytinganna einna. Til þess að útskýra það aðeins nánar er nauðsynlegt að taka fram að hvort sem þessar breytingar verða gerðar eða ekki verður að taka upp allan sal hússins, allar viðarþiljur, smíða í það nýtt gólf, setja í það ný sæti o.s.frv. Breytingarnar sjálfar kosta því sáralítið fé miðað við allt það sem fer til viðhalds sem hefur verið skammarlega forsómað í marga áratugi og við súpum nú seyðið af. Hefði sjálfsagt verið ódýrara að standa sæmilega að því viðhaldi öll þessi ár. Þá stæðum við ekki frammi fyrir þessum vanda í dag. Mín reynsla er a.m.k. sú, og margir hafa rætt þetta mál við mig, ekki bara hv. flm., að þegar fólk er upplýst um hvernig kostnaður skiptist kemur yfirleitt annað hljóð í strokkinn. En ég lái það engum að fólki blöskri ef mál eru þannig fram sett að til standi að rústa Þjóðleikhúsið fyrir 500 millj. kr.

Hv. flm. sagði að skóli væri ekki bygging, skóli væri það starf sem færi fram í skólabyggingunni. Á sama hátt væri leikhúsbygging ekki leikhús heldur það starf sem þar færi fram. Það er hárrétt og enginn hefur haldið öðru fram. En við byggjum nýja skóla og við breytum skólum til þess að skólastarfið geti farið fram með betra móti og mætt nýjum kröfum. Og á sama máta þarf auðvitað að breyta leikhúsum og öðrum stofnunum til þess einmitt að sú starfsemi sem þar á að fara fram njóti sín betur og eigi greiðari leið að þeim sem hún á að ná til, þ.e. áhorfenda. Það er einmitt það sem til stendur að gera við Þjóðleikhúsið. Þrátt fyrir að ég vilji ekki deila um smekk þá eru staðreyndir sem fólk getur ekki deilt um eins og vondar eða slæmar sjónlínur víða í Þjóðleikhúsinu. Það er staðreynd sem ekki er hægt að hafa neina skoðun á. Það eru fjöldamörg sæti í húsinu sem sést illa úr og eru allt of langt til hliðar við sviðsopið. Þar að auki er salurinn það lágur og það flatur að allt fólk sem er lægra en meðalmanneskjur að hæð sér illa þar. Þetta gildir t.d. um mjög margar konur. Sú sem hér stendur kærir sig ekki um að sitja aftar en á 3. og 4. bekk því þá sé ég illa. Ég er ekkert afbrigðilega lítil svo það eru afskaplega margir sem deila þessum kjörum með mér.

Einnig er vert að taka fram að það eru ekki leikarar Þjóðleikhússins sem eru að breyta Þjóðleikhúsinu eða eru einir um að hafa skoðun á því máli. Í Þjóðleikhúsinu vinna fjöldamargir aðrir en leikarar, reyndar eru leikarar í minni hluta starfsfólks Þjóðleikhússins. Það hefur verið, með örfáum undantekningum auðvitað, mikil samstaða um það sem nú stendur til að gera.

Varðandi þá yfirlýsingu sem nýlega kom frá arkitektum, þá undrast ég hana nokkuð. Arkitektar hafa haft marga mánuði til þess að láta þetta álit í ljós. Sérstakur fundur hefur verið haldinn til að kynna arkitektum þetta mál. Þeir sýndu þeim fundi afskaplega lítinn áhuga og mættu þar fáir. En ætla líka að endurtaka hér það sem ég sagði á fundi í Þjóðleikhúsinu sem haldinn var í janúar; þar voru nokkrir arkitektar mættir og ræddu um að ekki skyldi breyta Þjóðleikhúsi. Maður, líttu þér nær, segi ég við arki-

tekta því að ef þeir bera skyndilega hag Guðjóns Samúelssonar svona fyrir brjósti, hvernig stendur þá á því að þeir hafa haft forgöngu um að stóreyðileggja hans verk? Vil ég þá sérstaklega taka Landspítalann, sem ég held að allir séu sammála um að sé ein fallegasta bygging á Íslandi. Þar hafa arkitektar staðið þannig að málum að sú bygging hefur verið gersamlega eyðilögð með því að hrúga hverri stíltegundinni ofan á aðra. Þar er nú ekki aldeilis verið að hugsa um að vernda verk Guðjóns Samúelssonar og blasir þó það hús við öllum vegfarendum sem eiga leið um þá fjölförnu götu Hringbrautina. Í Þjóðleikhúsinu stendur til að breyta halla á sal og að það komi einar svalir í staðinn fyrir tvennar. Útlit Þjóðleikhússins verður algerlega óbreytt að utanverðu. (**EG:** Er það eina breytingin innan húss?) Það er eina afgerandi breytingin innan húss. Loft Þjóðleikhússins verður eins. Viðarþiljur verða þær sömu. Sæti og áklæði á þeim verða eins, teppi á gólfum verða eins, gangar verða að mestu með sama hætti. Þannig að það er, svo að vægt sé til orða tekið, ýkt að verið sé að rústa Þjóðleikhús Íslendinga.

Fleiri dæmi væri svo sannarlega hægt að taka um arkitekta og hvernig þeir hafa umgengist verk Guðjóns Samúelssonar en svona rétt til samanburðar, vegna þess að sjúkrahús alveg eins og leikhús á fyrst og fremst að sinna þeirri starfsemi sem þar fer fram innan veggja, þá langar mig til þess að varpa fram þeirri spurningu hvort nokkrum óbrjáluðum manni dytti í hug að segja: Í verndunarskyni skyldi skurðstofa Landspítalans ekki hreyfð.

Um afstöðu húsameistara ríkisins ætla ég ekki að fjölyrða. Mér finnst að öll framganga hans í þessu máli sé með þeim hætti að varla sé hægt að ræða um hana.

Hér er takmarkaður tími og því langar mig að lokum einungis til að segja þetta, virðulegur forseti: Það vildi ég óska að þeirri starfsemi sem fram fer innan veggja Þjóðleikhússins, sem auðvitað er hið eina raunverulega leikhús, hefði einhvern tíma verið veitt sú sama athygli og sá sami áhugi og birtist í umræðu um steinsteypu utan um leiklist.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem síðasti hv. ræðumaður sagði hér í ræðustól. Það er dapurlegt til þess að vita að hinn ágæti hv. þm. Eiður Guðnason skuli taka að sér að flytja hér inn í þingsali misskilning og fordóma. Slík gögn liggja fyrir í þessu máli að menn eiga ekki að þurfa að vaða reyk í þeim efnum. Það er ekkert til sem heitir laumaspil sem hefur verið unnið í þessu verki. Það hefur verið unnið að undirbúningi endurbyggingar og endurreisnar Þjóðleikhússins í fjögur ár af fjölda manna. Það er nær undantekningarlaust að allir sem þar hafa komið að verki eru sammála, samdóma álit. Yfir 95% starfsmanna Þjóðleikhússins eru sammála þeim breytingum og lagfæringum sem þarf að gera og rök eru fyrir. Það segir sína sögu því allir þekkja hvað þau hús sem menn vinna í og hafa unnið í áratugum saman eru viðkvæm fyrir þann sem er þar innan húss.

Hv. flm. þessarar tillögu vitnar gjarnan til þess að fólkið í landinu sé á móti viðgerð og endurreisn Þjóðleikhússins. Það er rangt að taka þannig til orða þó svo að einhverjir 10–15 manns hafi hringt í hann vegna tillögu hans. Það skiptir ekki máli, eins og sagt er. Það sem skiptir máli er að hafa rök og vitneskju fyrir hlutunum. Ég gæti nefnt tugi ef ekki hundruð manna sem hafa haft samband við undirritaðan vegna þessara lagfæringa á Þjóðleikhúsinu. Að segja að eftir því sem Borgarleikhúsi hafi fleygt fram hafi óánægja vaxið með Þjóðleikhús eru rangfærslur.

Að halda því fram að verið sé að byggja nýtt leikhús inni í Þjóðleikhúsinu er fáránlegt, hreint út sagt fáránlegt. 97% af fjármagninu sem fer í endurreisn Þjóðleikhússins er vegna viðgerða og lagfæringa. Hin prósentin eru vegna breytinga. Það þýðir ekkert að snúa út úr því. Það er staðreynd og fyrir því liggja gögn sem öllum eru opin og þingmenn hafa fengið og fjvn. fékk á sínum tíma. Það hefur ekkert breyst frá því að þetta mál var afgreitt úr höndum Alþingis um síðustu áramót.

Hver var það sem bað um að nýtt hús yrði byggt inni í Þjóðleikhúsinu? Þegar menn skoða verk sem á að vinna, þegar komið er að því eftir 70 ár í einu húsi sem hefur farið varhluta af viðhaldi, þegar komið er að því að það á að taka til hendinni þar, þá huga menn auðvitað að því sem hægt er að lagfæra og skynsamlegt er að lagfæra. Leikhús er ekki listaverk út af fyrir sig. Leikhús er ekki eins og Kjarvalsmálverk eða Ásgrímsmynd. Við horfum á þær myndir og viljum ekki breyta þeim. En leikhús er til þess að nota það. Það eru breyttar kröfur, breytt tækni og breytileg aðstaða sem þarf að taka tillit til. Það sem bað um að gerðar yrðu lagfæringar og breytingar á Þjóðleikhúsi eru til að mynda sjónlínur, hlustun, öryggisleiðir, öryggiskerfi margs konar. Allt aðrar kröfur en gerðar voru fyrir 60–70 árum þegar húsið var í byggingu. Þjóðleikhúsið var byggt sem bíó. Þess vegna eru sjónlínur mitt á milli sviðsgólfs og lofts. Það er gat fyrir rúllugardínur vegna þess að reiknað var með að allar leikmyndir um aldur og ævi í Þjóðleikhúsinu yrðu eins og gluggatjöld. Það verður að horfast í augu við staðreyndir ef ganga á til verks, lagfæra eins og hægt er án þess þó að taka burt, eins og sagt er, anda hússins.

Þetta verk hefur verið ótrúlega mikið kynnt út á við, og meira en flest önnur opinber verk af sömu stærðargráðu, með greinum, með flutningi efnis í sjónvarpi og ef menn hafa lokað augunum og ekki viljað hlusta á eða viljað vita af því þegar það var gert, þá er við þá sjálfa að sakast en ekki aðra.

Af þeim 122 arkitektum sem skrifa undir áskorun um húsfriðun án nokkurs tillits til notkunar hússins sem leikhúss eru innan við 20 sem hafa kynnt sér málið á þeim fundum sem hefur verið boðað til, innan við 20. Og meira að segja á sérstökum fundi með arkitektum komu örfáir arkitektar. Að standa vörð um verk Guðjóns Samúelssonar hefur verið kjörorð byggingarnefndar og þeirra sem hafa unnið að málinu.

Það verður að segjast eins og er um húsameistara að hann hefur á vinnslustigum málsins hegðað sér eins og

vindhani. Hann hefur einn daginn verið með, annan á móti, einn daginn kom hann með framúrstefnuhugmyndir, annan húsfriðunarhugmyndir og það hefur ekki verið vitglóra í þeim vinnubrögðum, svo hreint sé úr pokahorninu talað. Það er óboðlegt. Það er auðvitað óboðlegt líka að húsameistari skuli skrifa undir það ávarp sem hv. flm. tillögunnar vitnaði til vegna þess að húsameistari ríkisins krafðist þess í skjóli embættis síns að aðrir arkitektar kæmu ekki við sögu. Ef húsameistari hafði ekki geð til að vinna það verk sem hann tók að sér átti hann auðvitað ekki að gera það. Þess vegna er óboðlegt að koma eftir á og segja: Ekki ég, ekki meir.

Þess ber að geta að Garðar Halldórsson húsameistari hefur staðfest það á opinberum fundum að hann telji að Þjóðleikhúsið verði mun betra sem leikhús með þeirri lagfæringu og endurbót sem gerð er en það gangi á húsfriðun eins og hún gengur lengst. Mun betra leikhús. Sjónlínur verða betri fyrir alla sem eru í leikhúsnu, þær verða góðar fyrir alla. Það er nefnilega úrelt að ástæða sé til að reikna með fátæku fólki einhvers staðar í húsinu í afkimum, svo sem á efri svölum sem hafa nýst um 7–8% í gegnum tíðina og voru samþykktar í trássi við vilja Guðjóns Samúelssonar. Það var byggingarnefnd 1931 sem samþykkti að efri svalir ættu að vera til að fjölga sætum gegn vilja höfundar hússins. Guðjón Samúelsson kom einnig með æðimargar tillögur þegar tekið var til hendi og á endasprettinum við að byggja Þjóðleikhúsið á árunum 1946–1950 en þær fengust ekki fram vegna þess að byggingarnefnd hafði ekki fjármagn eða tíma til þess að taka tillit til þess.

Það er rangt að húsfriðunarnefnd hafi verið tekin á beinið til þess að breyta áliti sínu. Húsfriðunarnefnd var beðin um að taka þátt í störfum að endurreisn Þjóðleikhússins, en hafnaði því bréflega. Þó heyrir Þjóðleikhúsið ekki undir byggingarnefnd. Þetta er í fyrsta skipti sem byggingarnefnd í opinberum framkvæmdum kallar til húsfriðunarnefnd þar sem ekki var þörf til.

Haldnir hafa verið fjölmargir fundir með leikurum, með arkitektum, með sérfræðingum, með leikmönnum á liðlega árs tímabili, reglulegir fundir þar sem málið er kynnt og engin launung hefur verið á neinum þáttum.

Hannes Kr. Davíðsson arkitekt, sem vitnað var til, hefur byggt myndlistarhús sem er illmögulegt að nota sem myndlistarhús. Þó hann vilji byggja leikhús sem er illmögulegt að nota sem nútímaleikhús með reisn verður það að vera hans mál en maður getur þakkað fyrir að slíkur maður teikni ekki t.d. handboltahöll.

Engum upplýsingum hefur verið haldið leyndum, allt hefur legið borðleggjandi sem unnið hefur verið í þessu máli og það eru rök fyrir öllum breytingum. Breytingar sem eru gerðar þær eru gerðar í anda hússins, þær eru gerðar eftir þeirri línu sem Guðjón Samúelsson lagði í bygginguna á sínum tíma og hafa verið sterkustu þættir hennar þar sem það hefur skorið sig úr svo sem í lofti leikhússins þar sem stuðlabergið er.

Í lokin er ástæða til að árétta það að faglega hefur verið að þessu verki staðið. Það er samdóma álit manna úr hinum ýmsu áttum að rétt sé að framkvæma verkið og gera Þjóðleikhúsið að betra húsi með því sterka svipmóti sem Guðjón Samúelsson lagði í það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hefur spunnist síðustu vikur vegna viðhalds á Þjóðleikhúsinu er slæm fyrir íslenska leiklist. Hún er fyrst og fremst slæm fyrir lifandi íslenska leiklist sem tengist hvorki þessu húsi né nokkru öðru húsi. Það er einhvern veginn búið að koma því inn í þjóðina að íslensk leiklist standi og falli með þessu húsi, sem ég ber mikla virðingu fyrir og sem er, eins og hér hefur verið sagt, kannski einhver ljósasti vottur um arkitektúr Guðjóns Samúelssonar.

Ég verð að segja það að mitt ferðalag upp í Þjóðleikhús núna í vikunni varð kannski öðru fremur til þess að rugla mig enn frekar í ríminu en áður. Sömuleiðis þau gögn sem okkur voru þar fengin í hendur því ég fékk það svo sterklega á tilfinninguna á eftir að málið snerist, eins og hér var réttilega bent á af flm. þessarar till., að verulegu leyti um einhverja samanburðarfræði við nýbyggt Borgarleikhús, því miður. Það þarf ekki annað en að lesa þau gögn sem okkur voru fengin þar í hendur.

Ég vil taka það líka fram að ég ber mikla virðingu fyrir þeim arkitektúr sem Guðjón Samúelsson skapaði hér á landi. Mér finnst það í sjálfu sér engin rök sem hér er talað um, að hann hafi á einhverju stigi teiknað einhvern veginn öðruvísi. Ég sæi menn fara að skafa upp olíumyndir stórmeistaranna vegna þess að þeir höfðu á einhverju stigi síns listaverks skapað það öðruvísi en endanlega gerðin var. Það dettur ekki nokkrum lifandi manni í hug. Þetta verða menn að taka inn í þessa umræðu vegna þess að í ræðum manna hér, m.a. hv. 1. þm. Suðurl. sem hér talaði áðan, er lögð áhersla á það að hérna gangi menn fram með það framar öðru að vernda hina upphaflegu hugsun eða vernda listaverk listamannsins. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir í þessari umræðu.

En ég vil taka það skýrt fram hér líka til að taka af öll tvímæli að ég tel að öflugt stofnanaleikhús sé okkur bráðnauðsynlegt. Það hlýtur að verða kjölfestan í því lifandi leikstarfi sem þróast umhverfis það, líkt og við vitum og sjáum og skiljum að Sinfónían er kjölfestan í íslensku tónlistarlífi og reyndar íslensku tónlistarnámi líka. Ég get hins vegar ekki gert að því að eftir því sem lengra líður á þessa umræðu hugsa ég meira um málið og það hvernig við ætlum að vernda lifandi leiklist, ekki bara þá leiklist sem þrífst í stofnanaleikhúsunum okkar heldur líka úti um allt land. Ég var fyrir nokkrum vikum á frumsýningu í minni heimabyggð. Þar var flutt enskt leikverk sem leikhópur þar sem hefur starfað í mörg ár setti upp af miklum dugnaði. Þessi leikhópur er búinn að koma sér upp ljósabúnaði, hljóðbúnaði og ýmsum öðrum

búnaði sem er nauðsynlegur til að leikstarfsemi þrífist að lágmarki. Þetta á sér stað úti um allt land, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á sér líka stað í frjálsum leikhópum, sem mér hefur fundist að hafi ekki síður en stofnanaleikhúsin verið vaxtarbroddurinn í íslensku leikhúslífi síðustu tvo áratugina. Og ég veit að hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, fyrrv. þátttakandi í Alþýðuleikhúsinu, skilur þetta sjónarmið.

Ég held áfram þar sem ég hætti áðan, að smám saman fer sú hugsun að mótast með mér að ég spyr sjálfan mig: Er það rétt stefna fyrir okkur, þessar 250 þúsund sálir sem hér búum og viljum lifa öflugu listalífi, að okkar leiklistarlíf þróist yfir í það að hér í höfuðborginni verði tvö mjög stór stofnanaleikhús? Við skulum gera okkur grein fyrir því að Borgarleikhúsið mun vaxa. Það mun vaxa og ná því að fylla það nýja húsnæði sem því hefur verið aflað, sem þeir hafa aflað sér og með góðri aðstoð annarra. Það verður ekki langt þangað til að þau 40 stöðugildi sem Reykjavíkurborg hefur fram að þessu styrkt Leikfélag Reykjavíkur með hrökkva mjög skammt til þess að fylla upp í þá starfsemi sem getur rúmast í því mikla og glæsilega húsi. Hvað þýðir það fyrir aðra lifandi leiklist? Hvert verður leitað eftir þeim peningum? Ég hlýt að spyrja sjálfan mig: Er ekki tímabært að ríki og borg kanni þann möguleika að þau sameinist um að reka öflugt stofnanaleikhús í því húsnæði sem Borgarleikhúsið hefur nú til umráða sem gæti orðið, eins og ég sagði áðan, kjölfesta í íslensku leikhúslífi?

Þetta þyrfti ekki að þýða að listaverk Guðjóns Samúelssonar gæti ekki haft áfram fullverðug verkefni. Það mundi þýða að við gætum lægt þessar öldur, við gætum tekið okkur sæmilegan tíma til að endurbyggja það hús og fá því að nokkru ný verkefni sem gætu tengst leiklist, gætu tengst tónlist, gætu tengst hátíðarsamkomum á vegum ríkis og borgar, gætu tengst ótal mörgum hlutum svo sem ráðstefnuhaldi. Og að lokum, ég vildi sjá það að þar væru enn þá aðstæður til leikhúshalds þar sem lifandi leiklist utan af landi gæti komið og sýnt sinn afrakstur. Verkefnin eru því óþrjótandi. Og nú skulum við vinda okkur að því í umræðunni á næstunni að beina henni að því að skapa lifandi leiklist góðan ramma til starfa.

Ég vil sjá fjármagni veitt víðar frá ríkinu. Ég vil sjá því skipt, kannski svolítið öðruvísi en nú er. Ég vil sjá því ekkert síður veitt til þess að styrkja frjálsa leikhópa, ekki bara úti um land heldur sem eru starfandi hér líka. En ég sé ekki að íslenskt þjóðfélag hafi efni á því að auki að ætla að reka tvö stór stofnanaleikhús í samkeppni hvort við annað.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. þessa máls kærlega. Þetta er ákveðin viðurkenning, finnst mér, á því sem ég hef haldið fram. Ég þakka liðveisluna, það veitir ekki af henni. Við þurfum á öllum vopnfærum mönnum að halda í þessu sambandi. Ég tek undir kjarnann í málflutningi hv. síðasta ræðumanns. Þjóðleikhús er ekki hús, ekki ein bygging í mínum huga heldur er það leiklist sem þjóðin nýtur öll til jafns. Í Þjóðleikhúsið í dag á þjóðin ekki öll jafnan aðgang, þjóðin á ekki jafnan aðgang að leika þar, þjóðin á ekki jafnan aðgang að sækja leiksýningar eða njóta annarrar sviðslistar vegna þess að Reykvíkingar eru þar betur settir en aðrir. Það sem tengir húsið mest við þjóðina er að þjóðin borgar öll kostnaðinn af húsinu. Hún á húsið og þá starfsemi sem þar fer fram.

Ég vil taka undir þau sjónarmið að þjóðleikhús eigi að vera styrkur eða peningum eigi að veita til leikhópa hvort sem það er um landið eða hér í Reykjavíkurborg. Við eigum núna mjög öflugt og glæsilegt leikhús hér í borginni sem á að þjóna og getur þjónað sviðslistinni mjög vel. Ég sé ekki þörfina fyrir annað sambærilegt hús. Þess vegna finnst mér að ekki eigi að breyta Þjóðleikhúsinu. Þjóðleikhúsið, eða þeir sem því ráða og stjórna, eiga ekki að keppast við að vera jafnstórir og Borgarleikhúsið vegna þess að það er nóg að hafa eitt glæsilegt leikhús í borginni. Við skulum halda Þjóðleikhúsinu eins og það er, ekki bara frá sjónarmiði leiklistar og arkitektúrs heldur líka fyrir borgarana. Við skulum nota Þjóðleikhúsið eins og tíðkast um mörg önnur leikhús í öðrum löndum. Þar geta allir fengið inni, fleiri leikhópar en fastráðnir starfsmenn, að það verði opið fyrir þá leikhópa sem uppfylla þau faglegu skilyrði að geta flutt frambærileg sviðsverk. Við skulum leigja þeim hópum húsið á hóflegu verði. Þannig erum við farnir að nálgast það hlutverk að Þjóðleikhúsið sé þjóðleikhús í öðrum skilningi en að þjóðin borgi brúsann. Þá eiga fleiri leikarar og fleiri listamenn aðgang að húsinu. Þannig tíðkast í hinum virðulegustu leikhúsum í öðrum löndum sem ég veit að hv. áheyrendur, hvort sem eru á þingpöllum eða í sal, vita mætavel um.

Þær breytingar sem núna eru teiknaðar og komnar á lokastig að öðru leyti en ekki hefur fengist samþykki til að hrinda í framkvæmd eru því miður ekki einu breytingarnar sem eru fyrirhugaðar á þessum stað. Byggingarnefnd hússins hefur lagt fram áætlun sem er engin smásmíði. Þar er gert ráð fyrir að byggja hús á stærð við Borgarleikhúsið utan á Þjóðleikhúsinu, hvorki meira né minna, og með öllum þeim búnaði sem í Borgarleikhúsinu er. Með leyfi forseta vil ég lesa aðeins úr þessari byggingarskýrslu: „Við hliðina á sjálfu Þjóðleikhúsinu er gert ráð fyrir smíðaverkstæði, geymslum, skrifstofu, litlu sviði, vörulyftu, búningsherbergi, vörumóttöku, aðstöðu fyrir leikara, mötuneyti, saumastofu, geymslum, leiktjaldamálun, æfingasviði, skrifstofum og skálum.“ Og til þess að hrinda þessari framtíðarsýn í framkvæmd bendir byggingarnefndin á það í skýrslu sinni að þegar í stað skuli hefjast handa við að kaupa lóðir í næsta nágrenni við húsið og það strax á meðan eignir þar eru í tiltölulega lágu verði. Það eru húseignirnar á þeim skika sem er austan við Þjóðleikhúsið, á milli Hverfisgötu og Lindargötu og að Smiðjustíg. Mér telst til að það séu átta lóðir og sjö fasteignir sem þurfi að kaupa. Og ekki nóg með það, heldur gerir byggingarnefndin í bók sinni og áætlun ráð fyrir að setja

upp sérstakt Indriðasvið handan við Hverfisgötuna. Þar þarf líka að kaupa upp fjölmargar húseignir, m.a. Laugaveg 5, svo hægt sé að gera tröppur út á Laugaveg.

Þetta er sú áætlun sem byggingarnefnd Þjóðleikhússins hefur gefið út í grænni bók. Menn geta komið hér upp hver á fætur öðrum og þvegið hendur sínar af þessari áætlun en hún er til og þessa bók á ég og hef lesið. Það er þetta sem ég óttast, að þegar kappsamir menn taka til óspilltra málanna þá sjáum við ekki fyrir endann á þeim framkvæmdum. Þessar breytingar eru aðeins Trójuhestur inn í miklu stærri og viðameiri breytingar sem er alveg vonlaust að þjóðin ráði við. Í fyrsta lagi af því við erum ekki nema 250 þúsund, við erum ekki 25 milljónir til þess að borga þetta verk. Svona framtíðardraumar verða að bíða. Við erum með fullboðlegt Borgarleikhús og það hlýtur að duga þessari litlu þjóð. Við megum heldur ekki misþyrma arkitektúr á þennan hátt. Hérna handan við götuna erum við með hróplegt stílbrot þar sem húsið sem Gallerí Borg er í er á milli tveggja gamalla húsa. Aðeins lengra erum við með annað stílbrot þar sem búið er að byggja utan á gamalt hús Landsbankans og aðeins utar í Austurstræti er þriðja stílbrotið þar sem búið er að eyðileggja gamalt og fallegt hús Útvegsbankans eða Íslandsbanka.

Virðulegi forseti. Ég tek undir þetta mál af heilum hug og ég vænti þess að þingheimur haldi vöku sinni í þessu máli áður en unninn verður sá skaði og lagt af stað út í einhver ævintýri sem við sjáum ekki fyrir endann á.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Það ber að fagna þeirri umræðu sem hér fer fram vegna till. hv. 3. þm. Vesturl. um framkvæmdir við Þjóðleikhúsið. Þetta mál er mjög ofarlega í umræðu manna. Allir eru sammála um nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir í Þjóðleikhúsinu. Til þess verks var ákveðin fjárveiting á fjárlögum og að sjálfsögðu er ekki hægt að vinna fyrir meira fé í ár en því nemur. Þetta mál virðist nú allt vera komið úr böndunum og því ekki óeðlilegt að flytja þá tillögu sem hér liggur fyrir, en þessi tillaga hefði ekki verið flutt fyrir nokkrum vikum síðan, þó sæist í hvað stefndi. Nú eru stjórnarflokkarnir hins vegar í því að láta hver annan vita af sér opinberlega. Og í því ljósi skýrist tillöguflutningurinn að hluta þótt ég dragi ekki í efa að hv. flm. hafi þá skoðun á málinu sem í tillögunni felst. Sá er hér talar er stuðningsmaður þessarar tillögu. En það er ekki til að blanda sér í deilur stjórnarliða eða koma höggi á hæstv. menntmrh. sem þó sannarlega hefur ekki ratað rétta veginn í þessu máli. Ég hef einfaldlega þá skoðun að það eigi að endurbæta Þjóðleikhúsið með eðlilegum hætti án gjörbyltingar.

Örfá orð um gang þessa máls. Fyrst skal nefna að byggingarnefnd Þjóðleikhússins hefur ekki fengið það forgangsverkefni í skipunarbréfi sínu að gera breytingar á byggingu hússins. Henni var einungis falið að skipuleggja viðgerðir á húsinu í samráði við forkönnun húsameistaraembættisins. Samkvæmt öllum gögnum hefur nefndin unnið með eðlilegum hætti allt fram á síðasta sumar. Þegar starfsmönnum var kynnt áætlun nefndarinnar voru engar stórfelldar breytingar fyrirhugaðar á húsinu, aðeins viðgerðir. Hingaðkoma erlends ráðgjafa virðist hafa gerbreytt tilgangi viðgerðanna og þær hugmyndir fundið hljómgrunn meðal nokkurra leikara við Þjóðleikhúsið. Það eru tillögur hans sem snúa öllu á haus. Það er gott að sækja góð ráð til annarra þjóða. Margir hér á landi líta um of til annarra þjóða eins og allt sé gott sem þaðan kemur. Austur fyrir tjald hafa margir lengi horft um fyrirmyndir en það er erfitt nú þessa mánuðina. Margir líta oft til Washington og nú er Brussel í tískunni. Gott er í þessu sambandi að minnast orða skáldsins sem hvatti menn til að muna vel hvað íslenskt er um alla vora tíð.

Þegar byggingarnefnd kynnir tillögur sínar um miðjan nóvember er starfsmönnum Þjóðleikhúss nánast stillt upp við vegg. Stjórn hússins er þegar farin að miða allar sínar aðgerðir við lokun þótt fjvn. hafi þá enn ekki verið tilkynnt um hversu stórfelld endurbyggingin sé og enn séu engar nákvæmar áætlanir til um kostnað né nokkrar teikningar nema forvinnuuppdrættir. Undirstrika verður að víðtæk kynning fer aldrei fram á hugmyndum byggingarnefndar. Þær hafa enn ekki verið ræddar í Félagi íslenskra leikara svo nokkru nemi hvað þá almennt meðal listamanna. En áætla má að svo fjárfrek framkvæmd hafi áhrif á allt fjárstreymi til lista í landinu. Kynning á niðurstöðu nefndarinnar er gerð rétt fyrir frágang fjárlaga. Þegar greinar fara að birtast sem mæla gegn framkvæmdum á faglegum grundvelli leikhúsfræði, reynslu og byggingarfræði þá svarar byggingarnefnd engu. Það er ekki fyrr en leiðari birtist í Morgunblaðinu að frá henni berst greinargerð sem er engin viðbót við fyrri málflutning og svarar í engu mótmælum gegn breytingunum.

Rök gegn breytingunum eru m.a. eftirtalin:

Þær eru skýlaust brot á höfundarrétti sem ekki er forsvaranlegt frá byggingarsögulegu og siðferðilegu sjónarmiði. Höfundarréttur Guðjóns Samúelssonar er lítilsvirtur. Þær eru byggðar á veikum leikhúsfræðilegum og faglegum kröfum um sjónlínu og skort á nálægð, nánast persónulegum smekk. Grundvöllur þeirra frá byggingarfræðilegum sjónarmiðum hefur verið harðlega gagnrýndur af Hannesi Davíðssyni, Skúla Norðdahl og fleirum, eins og þegar hefur komið fram í þessari umræðu. Bent hefur verið á ítrekað að með breytingum af þessu tagi er verið að skerða rekstursmöguleika hússins um ókomna framtíð og um leið að breyta rekstursforminu á afdrifaríkan hátt.

Mjög er óttast að fjárfrekar og umdeildar aðgerðir af þessu tagi komi til með að hafa áhrif á allan leikhúsrekstur í landinu. Minnka fjárstreymi til annarra leikflokka og jafnvel til nokkurs tíma, draga úr þeim geira menningar okkar. Enn er á það bent að eðli þeirra breytinga sem eru í uppsiglingu kallar á framhaldsaðgerðir á sviði og í aðstöðu baksviðs.

Ljóst er að þær eru hugsaðar í beinum tengslum við yfirgripsmikið plan frá húsameistara ríkisins um stórt svæði austan og norðan við núverandi hús. Þá er á það bent, m.a. af Sveini Einarssyni og Jóni V. Jónssyni og fleirum, að með breytingunni er burt numið dæmi um sögulega byggingu sem er í samræmi við margar aðrar víða um lönd en einstæð hér á landi.

Hljómburður hússins hefur þótt afbragðsgóður. Óvíst er hvernig hann verður eftir breytingar. Listrænir viðburðir eru tengdir umhverfi og í endurminningum leikhúsgesta er salur Þjóðleikhússins hluti af leikhúslífi síðustu 40 ára. Allar breytingar þarf að framkvæma varlega. Ekki eru breytingar þær sem fyrirhugaðar eru eingöngu bundnar við áheyrendasal og leiksvið heldur á líka að breyta anddyri, fatageymslu og öllum inngöngudyrum, sem sé framhúsi breytt frá neðsta gólfi og upp úr. Áætlaður kostnaður við breytingarnar er samkvæmt áætlun húsameistara 540 millj. kr. Af fenginni reynslu við aðrar opinberar framkvæmdir er vart að treysta að það standist. Ekki er gert ráð fyrir neinum lagfæringum baksviðs, svo sem á hreinlætisaðstöðu eða mötuneyti fyrir starfsfólk.

Eitt af því sem talað er um að breyta er sviðsopið. Það á að breikka en við það verður tjaldið sem er eldvörn milli sviðs og sals of lítið svo sníða þarf nýtt sem kostar tug milljóna. Ekkert tillit hefur verið tekið til álits húsafriðunarnefndar, mótmæla Bandalags ísl. listamanna, mótmæla arkitekta, né undirskriftalista almennra borgara.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Alexander Stefánsson:

Virðulegur forseti. Það var ekki meining mín að taka þátt í umræðunni um þessa þáltill. Hún getur verið ágæt út af fyrir sig en það hefði verið betra að slík afstaða hefði legið fyrir þegar fjárlög voru samþykkt og málið var til umræðu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Það sem ég vil taka fram í sambandi við þetta mál er fyrst og fremst það að ég get lýst því yfir að ég er mjög fylgjandi því að Þjóðleikhúsið fái þá meðferð sem því ber í opinberum byggingum. Ég tel að staða þess í opinberum byggingum sé sérstæð hvort sem við tölum um hönnuð þessarar byggingar á sínum tíma þá hefur Þjóðleikhúsið það gildi í þjóðfélaginu bæði að því er varðar listir, menningu og aðra sögu leiklistar að ég held að það sé ekki hægt að horfa fram hjá því að Alþingi ber að stuðla að því að þessu húsi sé sýndur sá sómi að endurbyggja það á þann veg að það geti talist sá menningarauki sem Þjóðleikhúsið á að vera. Út frá þessu hefur mín afstaða mótast í sambandi við meðferð þessa máls í fjárlögum.

Þegar fjvn. skoðaði húsið í ársbyrjun 1989 og raunar árið 1988 einnig var um það að ræða að átta sig á því hvernig þetta hús leit út. Niðurstaðan varð sú að við vorum sammála byggingarnefnd sem þá starfaði um að hér yrði að taka til höndum myndarlega og þess vegna var þetta sett inn í fjárlög 1989 og reiknað með að taka húsið til meðferðar í 1½ ár og þá var áætlunin um 240 millj. kr. Það sem kom upp síðar var það, eins og allir hv. þm. vita, að fjvn. tók málið til endurskoðunar og féllst á að taka endurnýjun á Þjóðleikhúsinu inn á sitt prógram sem svaraði 540 millj. kr. miðað við þá grófu áætlun sem lá fyrir frá byggingarnefnd án þess að hún væri skilgreind nákvæmlega í með örum nefndarinnar eldur kom það skýrt fram, sem ég þarf ekki að [illegible] hér, að formaður fjvn. lýsti því skilmerkilega við 2. umr. fjárlaga hvernig fjvn. leit á þetta mál. Það var ákveðið að leggja til að þessi framkvæmd færi fram á árunum 1990 og 1991. Fjárlög voru samþykkt og engin slík rödd sem hér hefur hljómað síðan heyrðist við afgreiðslu fjárlaga og þessa ákvörðun. Síðan gerist það að málið kemur í hendur á byggingarnefnd á ný eftir þessa samþykkt. Gera má ráð fyrir að fjármagnið sem byggingarnefnd hafði til umráða hafi verið 301 millj. kr., þ.e. 275 millj. í fjárlögum og 75 millj. í lánsfjárlögum frá árinu 1989 til framkvæmda sem þá fóru ekki fram.

Þetta er sá grunnur sem byggingarnefndin hafði og mér, sem sat í fjvn. og var fulltrúi Alþingis í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, bar að sjálfsögðu ásamt félögum mínum í þeirri nefnd að sjá um það að þessi framkvæmd sem fyrirhuguð var færi fram í samræmi við lög og reglur um opinberar framkvæmdir. Þess vegna voru þær kröfur gerðar til byggingarnefndar að það yrði nákvæmlega tilgreint hvernig hægt væri að framkvæma endurbætur á Þjóðleikhúsinu innan þessa fjárlagaramma. Þetta hefur síðan staðið yfir frá því í janúar á þessu ári og allt til þessa dags. Og ég ætla ekki á þessari stundu að fara að tíunda hvernig hér hefur verið að máli staðið. Það hefur verið sífellt vinna í þessu. Ég get sagt það svona í framhjáhlaupi að það eru 322 teikningar um þessa framkvæmd í umferð og það segir sína sögu um umfang málsins.

Eftir daginn í dag eða á morgun liggur sjálfsagt fyrir niðurstaða um það frá hendi samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir hvernig á þessu máli verður tekið en ég get ekki látið hjá líða að koma hér upp og mótmæla ummælum varaformanns byggingarnefndar Þjóðleikhússins um húsameistaraembætti ríkisins. Mér finnst ekki hægt að segja slíkt um opinberan embættismann þó hann sé kannski ekki á þeirri línu sem menn hefðu kosið í sambandi við þetta mál, að lýsa hann óhæfan í sambandi við meðferð þessara mála. Mér finnst það ósæmilegt. Og það greiðir ekki götu þessara mála ef þeir menn sem eru kosnir í byggingarnefnd fyrir svona viðamikla og mikilvæga byggingu ætla að halda uppi því málfari að rakka menn niður á ljótri íslensku fyrir þeirra störf því hvað sem má segja um húsameistaraembættið er ljóst mál að Garðar Halldórsson, húsameistari ríkisins, stendur fyrir sínu í sambandi við þau störf sem hann vinnur.

Það var þetta sem mér líkar ekki og ég verð að segja eins og er að ég verð að biðja varaformann byggingarnefndar Þjóðleikhússins að taka þessi orð aftur. Mér finnst að það sé ástæða til. Við erum búnir

að halda marga fundi í samstarfsnefndinni með þessum aðilum og ræða þessi mál og það er margt sem mætti um það segja sem ég ætla ekki að upplýsa hér á þessu stigi mála, það getur komið síðar. En ég verð þó að upplýsa á þessari stundu að það sem stendur í vegi fyrir því að veita heimild til þess að hefja framkvæmdir í Þjóðleikhúsinu er það að sú kostnaðaráætlun sem byggingarnefndin leggur fram er 75 millj. kr. hærri en fjármagn það sem er á fjárlögum segir til um. Það er vandinn og hvernig hann verður leystur kemur væntanlega í ljós núna næstu daga.

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Að bera af sér sakir. Það sem ég sagði um embætti húsameistara í framgangi þessa máls stendur. Því miður er skammur tími hér til umræðunnar og ástæða hefði verið til að fara lið fyrir lið í marga þætti. En ég get fyllilega tekið undir orð síðasta hv. ræðumanns að húsameistari og starfsmenn hans eru mjög hæfir menn og hafa unnið það verk sem liggur fyrir gagnvart Þjóðleikhúsi mjög vel. Það er enginn sem ber brigður á það. Það er allt annað mál en það að taka upp hanskann sem svokallaðir húsfriðunarmenn og vilja ekki taka tillit til þess hvort Þjóðleikhúsið á að nýtast sem leikhús, gott leikhús eða slakt leikhús eftir atvikum. Það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni.

Því miður eru, eins og ég sagði, mörg dæmi þess að húsameistari hafi ekki sýnt, að mínu mati, eðlileg vinnubrögð í framgangi þessa máls. Ég met húsameistara sem fagmann mikils, það er engin ástæða til að luma á því. En það er auðvitað mikil spurning þegar rætt er um svona mál hvað má ætlast til þess að menn teygi lopann. Vegna þess að það kostar mikla peninga þegar um 15 hönnunaraðila er að ræða og tugi sérfræðinga sem fá hátt tímakaup. Þá er spurning hvað menn mega gera þegar búið er að taka ákvörðunina. Alþingi tók ákvörðun og færir hana yfir til framkvæmdarvaldsins og síðan er það endanlega samstarfsnefnd um opinberar byggingar sem hv. síðasti ræðumaður á sæti í sem á að sjá um að allir þræðir séu í hendi. Tæknilegir þræðir eru í hendi í dag og hafa verið rétt unnir og það er viðurkennt. En það er líka jafnrétt að það á eftir að hnýta upp endanlega hvernig fjármagnið sem er á fjárlögum getur greitt fyrir þær framkvæmdir sem ætlað er að vinna á þessu ári. Og ég held að það verði ekki vandamál sem menn muni ekki geta leyst.

Það er ástæða til að undirstrika það að öll innri lagnakerfi Þjóðleikhússins eru mjög illa farin, sama hvort er talað um rafmagn, vatn, brunavarnakerfi, loftræstikerfi eða aðra þætti sem húsið samanstendur af. Og þegar þarf að svo gott sem rústa þessum þáttum til þess að endurbyggja — því auðvitað þarf að brjóta upp veggi til þess að komast að ónýtum rafmagnsleiðslum, auðvitað þarf að brjóta upp veggi þar sem vatn rennur ekki lengur eftir rörum heldur eftir steinsteypu vegna þess að rörin eru tærð og horfin, auðvitað fylgir þessu brot — er þess vegna skynsamlegt að nota tækifærið til að bæta það sem betur má fara án þess að gengið sé yfir það sem er stíll hússins.

Það er rangt sem hér hefur komið fram að hingaðkoma erlends leikhússérfræðings hafi skipt sköpum um það að tillögur voru unnar um hækkun á salargólfi. Þegar saman kom vinna ma gra sérfræðinga sem unnu hver á sínu sviði lágu staðreyndir á borðinu og út frá því horfðu menn á málið og unnu eftir því. Það er sannleikurinn í málinu.

Sumir hafa gert lítið úr því og orðað það þannig að einhver Pólverji hafi komið hingað til lands sem sérfræðingur. Sá erlendi sérfræðingur sem hingað kom, Miklos Ölvercky sem hefur verið búsettur í Svíþjóð í áratugi, er virtur af leikhúsmönnum víða um heim sem einn færasti sérfræðingur í leikhúsmálum í heiminum í dag, byggingu og haganlegum þáttum í leikhúsi. Sú tillaga sem rædd var og hefur verið skoðuð ofan í kjölinn og lengst gekk í breytingum á Þjóðleikhúsinu miðaði við að engar svalir væru í húsinu. Það væri svokölluð ein brekka. Það var talið hagstæðast fyrir húsið sem leikhús. Á það vildu menn ekki fallast vegna þess að mönnum þótti það stílbrot og menn hafa farið að mínu mati skynsamlega leið sem rök eru fyrir.

Það er ástæða til að benda einnig á það að þótt menn hefðu gjarnan viljað fara í endurbætur á Þjóðleikhúsinu og breyta í engu húsinu sjálfu þá hefði það ekki fengist samþykkt til opnunar á ný. Það liggur ljóst fyrir. Það liggur ljóst fyrir að flóttaleiðir úr sal — það heitir flóttaleiðir í brunavarnakerfi — ef upp kemur eldur í húsinu og fólk þarf að komast burt þá kallar kerfið á flóttaleiðir. Það er langsótt þegar talað er um leikhús en það er kerfisorð. (Gripið fram í.) Já, ömurlegt orð, ég get tekið undið það. En þetta er málið. Það er spurning um rými þannig að fólk geti yfirgefið sal ef óhapp hendir. Og það er heldur ekkert launungarmál að fyrir fáum árum kom upp eldur í kjallara Þjóðleikhússins sem leiddi inn í loftræstikerfi hússins, loftræstikerfi sem er smíðað úr efnum sem fyrir löngu voru bönnuð í slíkt kerfi vegna þess að þau eru svo eldfim. Og þeir sem hafa unnið í húsinu telja að það hafi kannski ekki munað nema sekúndum að húsið yrði alelda. Þetta er ekki gamanmál, þetta er staðreynd og þó svo að menn gjarnan vildu og teldu vera rök fyrir að hafa salinn óbreyttan, nýta ekki tækifærið til þess að lagfæra það sem betur má fara þá fengist slíkt ekki samþykkt. Það mundi fækka samt sem áður um tugi sæta í sal.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er leitt til þess að vita að umræða um Þjóðleikhúsið skuli leiða til einhverrar samanburðarfræði við Borgarleikhús og þá helst að skilja að það sé einhver öfund leikara Þjóðleikhússins sem ráði ferðinni. Óánægja með sal og starfsaðstöðu í Þjóðleikhúsinu er síður en svo ný af nálinni. Erfiðleikar í vinnu eru öllum kunnir sem þar starfa. Við þekkjum öll vondar sjónlínur, vondan hljómburð, erfiðleika við hönnun og meðferðir leikmynda, erfiðleika við að lýsa sýningar og þann skort á sambandi

við áhorfendur sem oft er og áhorfendur finna auðvitað líka. Þetta allt er öllum fullljóst sem þarna vinna.

Ekki hefur kröfuharkan þó verið meiri en svo að engum datt í hug að fara fram á þessar breytingar og leggja í kostnað þeirra vegna einna. En þegar fyrir lá að þyrfti vegna viðhalds og endurbóta, m.a. í öryggisskyni, að leggja í gífurlegan kostnað var einboðið að reyna að bæta leikhúsið og laga annmarka þess í leiðinni, ekki leikaranna vegna heldur leiklistarinnar og áhorfenda vegna. Ef leikarar, listamenn og starfsfólk hússins væru að hugsa um eigin hag mundu þeir t.d. neita að vinna áfram við þær aðstæður sem öllu starfsfólki Þjóðleikhússins eru boðnar þar baksviðs. Þeim aðstæðum er ekki hægt að lýsa svo ómögulegar sem þær eru. En starfsmenn, trúir listinni, vilja að fyrst sé leið listarinnar til áhorfenda gerð greiðari og betri og svo langt hafa þeir gengið að þeir hafa meira að segja sætt sig við það að fé til endurbóta og viðhalds sem fyrst og fremst stafar af vanrækslu sé að stórum hluta til sótt í vasa þess fólks sem hefur um árabil starfað við Þjóðleikhúsið. Því að staðreyndin er sú að svo stórlega hefur dregið úr starfsemi Þjóðleikhússins að hluti af þeim þremur hundruðum sem áformað er að leggja í þessar endurbætur núna, 100 millj., eru teknar beint úr starfseminni og þetta hygg ég að sé alveg einsdæmi í meðferð opinberra bygginga hér á landi að starfsfólk í rauninni fjármagni endurbætur og viðhald.

Ég hef oft gert leikhús og leiklist með einum eða öðrum hætti að umtalsefni hér og því miður oft við litlar undirtektir. Því er auðvitað gott og ég þakka þann áhuga sem menn hafa sýnt hér á leiklistinni þó að gjarnan mætti vera meiri þekking í för hjá sumum sem hafa tekið til máls. En þessi samanburður milli Borgarleikhúss og Þjóðleikhúss, og að halda það að Borgarleikhús hafi gert Þjóðleikhús ónauðsynlegt, sýnir auðvitað mikið skilningsleysi og það að fólk hefur lítið fylgst með þeirri starfsemi sem verið hefur undanfarin ár. Leikfélag Reykjavíkur hafði oftast síðustu ár annað húsnæði til umráða. Um árabil voru sýningar tvisvar til þrisvar í viku í Austurbæjarbíói sem tekur 1000 manns í sæti þannig að fylltist það tvisvar eða þrisvar í viku var það álíka áhorfendafjöldi og sá sem fer í Borgarleikhúsið á viku. Seinna hafði Leikfélag Reykjavíkur svo skemmu úti á Granda sem það fyllti kvöld eftir kvöld til viðbótar við starfsemina við Tjörnina. Þjóðleikhúsið hefur líka haft yfir öðrum sviðum að ráða en stóra sviðinu og þau aðsóknarmetár sem hafa verið á Íslandi hafa einmitt verið þegar Þjóðleikhúsið var með starfsemi mjög víða með leikhópum sem fóru mjög víða og Leikfélag Reykjavíkur hafði til umráða annað stórt hús. Svo að það er alger misskilningur að verið sé að bæta svo mjög við sætafjölda í leikhúslífi Reykvíkinga. Því að eign þjóðarinnar á Þjóðleikhúsi birtist með þeim einum hætti að þjóðin greiði til Þjóðleikhúss og Þjóðleikhúsið sinni ekki landsbyggð verður að vísa heim til föðurhúsanna. Auðvitað má til sanns vegar færa að Þjóðleikhúsið hefur ekki uppfyllt skyldur sínar sem skyldi við landsbyggð. Það hefur það heldur ekki gert við ýmislegt annað, svo sem íslenska leikritun, nýjungar og formtilraunir af ýmsu tagi. Allt þetta stafar einmitt af ákvörðunum sem teknar eru hér á hinu háa Alþingi. Það eru fjárveitingar af skornum skammti sem hafa komið í veg fyrir að Þjóðleikhúsið hafi getað verið eign allrar þjóðarinnar með þeim hætti sem það gjarnan vildi.

Talandi um áhugastarfsemi víða um land held ég að það viðurkenni allir atvinnuleikarar og aðrir listamenn sem vinna við leikhús, að rætur leikhússins liggja svo sannarlega í áhugamennskunni og þann áhuga sem landsmenn upp til hópa virðast hafa á leiklist má auðvitað að stórum hluta til rekja til þeirrar starfsemi. Þetta eru alls ekki andstæður heldur styður hvað annað í þessu efni.

Það er skyndilega talað um að Þjóðleikhúsið muni standa frjálsum leikhópum fyrir þrifum eða fjárveitingar til þessara endurbóta í Þjóðleikhúsinu. Til þess var og höfðað að ég hefði starfað í Alþýðuleikhúsi og þekkti þann skort á fjármagni sem frjálsir leikhópar byggju við. Auðvitað þekki ég hann og ástæðan fyrir því að ég varð að yfirgefa það leikhús var að ég og mín fjölskylda hafði hreinlega ekki efni á því að borga með okkur í fleiri, fleiri ár til þess að geta sinnt því starfi. En það að þeir leikhópar hafa ekki fengið fjármagn og það að áhugastarfsemin hefur ekki fengið fjármagn er ekki vegna fjár sem hefur verið veitt til Þjóðleikhúss heldur vegna þess að fyrir því hefur ekki verið skilningur að það þyrfti kannski fleira en Þjóðleikhús eitt. Og þessu á síður en svo að stefna saman sem einhverjum andstæðum.

Hv. 16. þm. Reykv. gerði hér að umræðuefni framtíðaráætlanir byggingarnefndar. Í raun og veru er ástæðulaust að hafa áhyggjur af þeim framtíðaráætlunum. Þær eru ekki á dagskrá, til þeirra eru ekki fjárveitingar. Þarna er einungis verið að reyna að gera sér einhverja heildarmynd af því sem hugsanlega gæti gerst í framtíðinni þannig að þær breytingar sem nú eru gerðar inni í Þjóðleikhúsi séu gerðar í einhverju samhengi við vaxandi starfsemi Þjóðleikhússins á næstu árum. Og við skulum vona að hún vaxi. Með vaxandi borg og auknum mannfjölda vaxi starfsemi Þjóðleikhúss. Ég held að það hafi mátt viðhafa þessi vinnubrögð annars staðar og menn hafi víða sopið seyðið af því að hafa einmitt ekki gert sér einhverja heildarmynd áður en út í framkvæmdir var lagt. Það er ekki þar með sagt að hún geti ekki tekið breytingum þegar þar að kemur en nauðsynlegt er að reyna að hafa heildarsýn þannig að ekki sé verið að brjóta og byggja eitthvað sem þarf síðan að breyta aftur á morgun.

Hvað breytingar í sal varðar vil ég að lokum aðeins segja þetta, virðulegur forseti. Fólk gengur inn í Þjóðleikhús, það sest þar inn í sal, það horfir í kringum sig en innan tíðar dofna og slokkna ljósin í salnum og tjaldið er dregið frá og ljósin á sviðinu kvikna og þá skiptir hús ekki lengur máli heldur, ef vel tekst til, einungis það sem fram fer á sviðinu og því á allt sem gert er að miða að því að þess verði notið sem best.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Þetta eru áhugaverðar umræður sem hér hafa orðið um þessa litlu tillögu mína. Hv. 1. þm. Vesturl. tók til orða á þann veg að betur hefði slík afstaða legið fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Rétt er það og satt. En þegar fjárlög voru afgreidd í þessum virðulega sal, hvað lá þá fyrir um þetta mál hjá hinum almenna þingmanni? Jú, í fjárlögum eins og samþykkt eru stendur undir liðnum Þjóðleikhús: „Fjárfestingar 275 millj." Eitt orð.

Í fjárlagafrv. sem þingmenn hafa til handargagns og lesa auðvitað gaumgæfilega og tileinka sér stendur, með leyfi forseta:

„Talsverð óvissa ríkir um rekstur Þjóðleikhússins á ári komanda. Stofnuninni hefur ekki tekist að halda rekstri innan fjárlaga undanfarin ár. Húsið sjálft er í fremur lélegu ásigkomulagi og fyrirhugaðar eru umfangsmiklar endurbætur á því."

Þar stendur hvergi og það var engum sagt að það ætti að byggja nýtt hús inni í gamla húsinu. Það var talað um endurbætur á Þjóðleikhúsinu, það var talað um viðhald og viðgerðir og um það voru allir sammála. Það er engin röksemd þegar hv. 1. þm. Suðurl. kemur í þennan ræðustól og segir: Það þarf að brjóta svo mikið til að laga lagnakerfin að það er eins gott að gera þá eitthvað meira. Það eru ekki rök í þessu máli. Og af því að ég er byrjaður að beina orðum mínum til hv. 1. þm. Suðurl. þá tók hann þannig til orða um húsameistara ríkisins og hans persónu að það var hv. 1. þm. Suðurl. ekki til sóma svo mjög vægt sé til orða tekið. Það gefur okkur ekkert rétt til þess í þessum ræðustól að taka fyrir nafngreinda einstaklinga úti í bæ og segja að þeir hafi í málefnum sínum og vinnu fyrir hið opinbera verið eins og vindhanar frá degi til dags eins og hv. þm. sagði hér. Ég tel þetta óviðurkvæmileg ummæli, óviðeigandi og ósmekkleg og væri hv. 1. þm. Suðurl. sæmst að taka þessi orð aftur og biðjast á þeim velvirðingar. (Gripið fram í.) Hann hefur enn tækifæri til að gera það. Það kemur í ljós hvort hann treystir sér til þess.

Hv. 3. þm. Suðurl. gerði því skóna að hér væri um eitthvert deilumál milli stjórnarflokkanna að ræða. Það er grundvallarmisskilningur, mikill misskilningur, hv. þm. Eggert Haukdal. Þetta mál á ekkert skylt við slíkt. Ég er að vísu aðili að ríkisstjórn með hæstv. menntmrh. Svavari Gestssyni. Það þýðir ekki að ég sé sammála öllu sem hann gerir og ég hef fullan rétt til þess að láta þær skoðanir mínar í ljós, bæði í þessum ræðustól og með því að flytja þingmál. Það geri ég, það hef ég gert og það mun ég gera. Og það á einfaldlega ekkert skylt við flokkspólitík fremur en það að 1. þm. Suðurl. og 3. þm. Suðurl. sem varða dyrnar í þennan sal eru í sama flokki en þeir eru gersamlega ósammála um þetta mál. Þetta kemur bara flokkspólitík ekkert við. Þetta mál er langt þar fyrir ofan og utan.

Hv. þm. Árni Johnsen taldi að ég hefði tekið mér stór orð í munn að tala um að fólkið í landinu vildi þetta ekki. Ég sagði það aldrei. Það er misheyrn hjá hv. þm. eins og ýmislegt fleira. Það er ákaflega margt fólk í þessu landi tel ég mig geta sagt sem ekki vill þetta. Leikararnir í Þjóðleikhúsinu eiga ekki Þjóðleikhúsið. (Gripið fram í.) Þeir hafa sama rétt og við. Við höfum rétt til að tjá okkar skoðanir og þeir hafa það, vissulega. Ekki dreg ég það í efa. Og sjálfsagt hafa þeir um margt betra vit á ýmsu þar en mörg okkar. En það breytir ekki því að aðrir hafa leyfi til að hafa skoðanir á þessu og hafa það. Og ég leyfi mér líka að draga það í efa þegar hv. 1. þm. Suðurl. fullyrðir hér í ræðustól að innan við 20 arkitektar hafi kynnt sér málið. Það er mikill sleggjudómur.

Nú er ekki svo að það sé alger einhugur í röðum listamanna eða leikara um þær breytingar sem á að gera. Ég er með í höndum greinargerð leikstjóra Þjóðleikhússins, Brynju Benediktsdóttur og Benedikts Árnasonar, frá því í maí 1989. Þar er fjallað um sal og framhús og segir m.a.:

„Þær breytingar sem við teljum að gera eigi á sal eru óverulegar hvað snýr að áhorfendum."

Og svo segir: „Svo sem áður var minnst á viljum við breyta áhorfendasal sem allra minnst, aðeins bæta inn í hann þeim útbúnaði fyrir leiksýningar sem nútímaleikhús kallar á." Það er óhætt að taka undir hvert einasta orð. En ef það er rétt að búið sé að eyða tugum milljóna, ég held að mig misminni ekki að ég hafi heyrt nefndar 50 millj. í hönnunarkostnað, þá spyr ég: Hvar fengu menn umboð til slíkra útláta? Hið háa Alþingi hefur aldrei samþykkt það. Það hefur aldrei verið lagt fyrir Alþingi. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þessar breytingar nái fram að ganga fyrr en þingviljinn í málinu hefur komið fram, þ.e. fyrr en atkvæði hafa gengið um þessa tillögu, vegna þess að það er ekki rétt að þingmenn hafi samþykkt þessar breytingar með samþykkt fjárlaga. Það er einfaldlega rangt. En auðvitað hljóta menn að doka við með framkvæmdir. Ég vona að þessi tillaga fái skjóta afgreiðslu í nefnd. Auðvitað hljóta menn að doka við þangað til þingviljinn liggur fyrir. Ég veit ekkert hver niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu verður. Verði hún sú að tillagan verði felld er auðvitað ekkert annað að gera en að una því. Þá er málið afgreitt og uppgert. Það er hægt að segja það alveg hreint út. Ég ætla ekki að nota það orðalag sem hv. 1. þm. Suðurl. notaði hér áðan, ég skrifaði það eftir honum, „svo hreint sé úr pokahorninu talað". (**ÁJ:** Er eitthvað óhreint við þetta?) Þetta er, hv. þm., ekki góð íslenska. Ég hélt satt að segja að ég væri að hlusta á hana Bibbu.

En alveg burt séð frá öllu því sem hér hefur verið sagt þá eigum við að gera vel við okkar Þjóðleikhús. Það á að laga það sem vanrækt hefur verið og bæta. Ég get ekki að því gert að í minn huga kemur það æ oftar að auðvitað er nauðsynlegt að starfsaðstaða sé góð og allt slíkt í góðu lagi. En ég á góðar minningar um margar mjög eftirminnilegar og áhrifamiklar stundir þar sem íslenskir listamenn hafa flutt góða list í þessu vonda húsi, sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir fann flest eða allt til foráttu áðan. Ég á líka afar góðar minningar um list sem risið hefur hátt í Iðnó hérna við Tjörnina sem fullnægir sjálfsagt engum

kröfum sem nú eru gerðar. Ég held að við getum áfram átt góða leiklist og að mikilhæfir listamenn geti starfað við góð skilyrði í okkar Þjóðleikhúsi, enda þótt ekki sé byggt nýtt hús inni í því gamla.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni langar mig að vitna í skýrslu byggingarnefndar Þjóðleikhússins í framhaldi af því sem ég sagði áðan að þessar aðgerðir, þessi viðgerð og breytingar væru aðeins Trójuhestur stærri og meiri framkvæmda. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Til þess að ná þeim framtíðaráformum sem hér eru sett fram er nauðsynlegt að ríkissjóður kaupi lóðir og fasteignir austan við Þjóðleikhúsið. Það er brýnt að falast verði eftir kaupunum sem fyrst meðan þar eru enn hlutfallslega lítil verðmæti í mannvirkjum." Hér stendur „sem fyrst", ekki seinna, eftir fimm ár, tíu ár, 50 ár eða 100 ár, heldur sem fyrst.

Í framhaldi af því, hæstv. forseti, vil ég leyfa mér að halda áfram að vitna í þessa skýrslu. Þar stendur: „Af framansögðu ætti að vera ljóst mikilvægi þess að skilgreina verkefnið í heild, greina þarfir Þjóðleikhússins og aðrar umbætur áður en hafist er handa við framkvæmdir. Þá aðeins er tryggt að ávallt sé unnið í rétta átt að stærra markmiði þó svo að verkinu sé skipt í verkþætti sem dreifast yfir langt tímabil. Húsnæðisvandi Þjóðleikhússins verður ekki endanlega leystur fyrr en öll starfsemi þess er komin undir eitt þak."

Hér stendur þetta í skýrslunni, þetta er texti hennar. Það hef ég þann fróðleik, það hef ég þá framtíðarsýn sem ég hef lýst, þar sem kaupa þarf sem fyrst þær eignir sem ég fjallaði um hér áðan. Þetta er úr þeirri skýrslu, forseti. Ég þakka gott hljóð.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki setið undir ræðum ýmissa stjórnarþingmanna, og ég nenni því ekki heldur, þar sem þeir eru að tala um óþarfa fjárveitingar til framdráttar íslenskri leiklist. Þeir hv. þm. sem standa að baki þeirri hæstv. ríkisstjórn sem nú situr að völdum hafa sjálfir tekið þátt í þvílíku dæmalausu sukki og eyðslu á fjármunum þjóðarinnar að annað eins þekkist ekki í sögu hins háa Alþingis. (**Gripið fram í:** Samanber flugstöðina.) Þeir reikningar, hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson, verða gerðir upp í næstu kosningum af þjóðinni sjálfri, þannig að ég þarf ekki að munnhöggvast við einstaka stjórnarþingmenn hér. Ég minni á þetta vegna þeirrar umræðu og þeirra orða sem hv. þm. hafa látið falla varðandi Þjóðleikhúsið.

Hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason vitnaði í fjárlög og talaði m.a. um óvissu í rekstri Þjóðleikhússins. Hann talaði margsinnis og endurtók að verið væri að byggja nýtt hús inni í Þjóðleikhúsinu. (Gripið fram í.) Fyrirhugað væri, já, að byggja nýtt hús inni í Þjóðleikhúsnu. Ég spyr hv. þm.: Var hann ekki sjáandi þegar hann ásamt okkur fleirum skoðaði Þjóðleikhúsið sl. mánudag? Skildi hann ekki þær teikningar sem þar lágu fyrir eða það líkan af breytingum sem þar var sýnt? Áður en ég vík að þeim breytingum sem okkur voru kynntar vil ég minna á eftirfarandi sem ekki hefur verið talað um nægilega hér í þessari umræðu.

Þjóðleikhúsið er í niðurníðslu og í þvílíkri niðurníðslu að það hefði átt að loka því þess vegna fyrir mörgum árum. Starfsskilyrði leikara, búningsklefar, gangar og annar aðbúnaður er gersamlega ófullnægjandi og til skammar. Ég segi fyrir mitt leyti, og hef ég skoðað marga vinnustaði um ævina sem fyrrverandi formaður í stéttarfélagi, að ég hefði ekki trúað því, ef ég hefði ekki séð þann aðbúnað eða réttara sagt þann skort á aðbúnaði sem er að baki sviðsins, ef einhver hefði sagt mér frá því. Sviðið er þess eðlis að ég hugsa að það mundi vera í öðrum salarkynnum dæmt óhæft og hættulegt, sérstaklega með tilliti til þess að eldhætta er þar til staðar eins og allt umhverfið sýndi manni þegar maður stóð á sviðinu. Ef við lítum á sætin í salnum þá er ástand þeirra þannig að þau eru fyrir löngu ónýt. Það vita þeir sem hafa stundað Þjóðleikhúsið.

Svalirnar, þá vík ég nokkrum orðum að svölunum. Þriðju svalirnar eru beinlínis hættulegar. Þær hafa aldrei þjónað því hlutverki sem þeim var ætlað. Raunverulega hefðu þessar þriðju svalir aldrei átt að vera í húsinu. Í stuttu máli sagt er allt ástand hússins innan húss þess eðlis að annaðhvort er að endurnýja húsið og gera nauðsynlegar breytingar, eins og hér hefur verið haldið fram af þeim sem styðja breytingar, eða loka Þjóðleikhúsinu.

Þá vil ég víkja að því sem snýr að því að endurnýja og bæta. Það eitt er ekki nauðsynlegt í nútímaheimi. Það þarf líka að breyta og menn verða bara að þora að viðurkenna það. Það er talað um það og hv. þm. Eiður Guðnason vildi vitna í ræðu hv. 18. þm. Reykv. og tala um það og lagði út af því að hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hefði verið að tala um „vont hús". Það gerði hún aldrei í sinni ræðu. En það hentaði hv. 3. þm. Vesturl. að leggja það þannig út í sinni lokaræðu hér, sem mér fannst afar óviðeigandi og óþinglegt.

Ég vil, virðulegi forseti, síðan víkja hér að Þjóðleikhúsinu sem slíku. Við erum öll sammála um það að Þjóðleikhúsið er hús menningar og lista. Við Íslendingar höfum notið þess allt frá opnun Þjóðleikhússins árið 1950. Þegar Þjóðleikhúsið var hannað og byggt var hugsað stórt. Þeir sem þá lifðu og stóðu að því að byggja þetta hús skynjuðu kröfu tímans fyrir hálfri öld. Þeir vildu skapa leiklistinni góð og betri skilyrði. Það var byggt í samræmi við ríkjandi viðhorf þeirra ára þegar húsið var byggt og þegar það tók til starfa í kringum 1950. En síðan eru liðin 40 ár.

Ég vil leyfa mér að fullyrða, virðulegi forseti, að kröfur nútíma Íslendinga eru þess eðlis að þær breytingar sem á að gera, sérstaklega í sal, eru þannig að þær munu svara kröfu nútímafólks, þeirra kynslóða sem koma til með að njóta hússins í framtíðinni. Við sem erum eldri eigum ekki að miða allt við fortíðina. Ef við gerðum það yrði engin framþróun né framfarir.

Það hefur verið upplýst hér, virðulegi forseti, að stærsti hluti kostnaðar er vegna nauðsynlegrar endurnýjunar. Minnstur hlutinn er vegna formbreytinga. Ég lít þannig á að þessar formbreytingar innan húss séu til stórbóta og í samræmi við kröfur nútímans. Ég fullyrði það vegna þess að ég hef kynnst fleiri nútímaleikhúsum en Borgarleikhúsinu sem menn hafa vísað til í ræðum. Ég hef stundað leikhús erlendis og séð hvernig innréttingum er háttað í nútímaleikhúsum. Því miður var Þjóðleikhúsið, hvað sætaskipan áhrærir, þegar árið 1950 ekki í samræmi við nútímakröfur um útfærslu leiklistar. Ég ætla þess vegna ekki að fjalla hér mikið um húsfriðunaratriði umfram það sem ég hef þegar sagt, virðulegi forseti, en ég tel að í þessum efnum sé ekki verið að ræða um húsfriðunaratriði. Það hefur verið undirstrikað af þeim sem hafa betri þekkingu á þessum málum en ég að Þjóðleikhúsið mun halda sínum ytri formum og einnig innri formum í meginatriðum. Sú eina grundvallarbreyting sem á sér stað er breyting á svölum og sætaniðurröðun sem er til bóta.

Síðan vil ég, virðulegi forseti, segja þetta að lokum: Andi leikhúss skapast ekki nema að takmörkuðu leyti vegna ytri skilyrða. En ytri skilyrði verða að fullnægja kröfum tímans og vera þess eðlis að listamennirnir og þeir sem eiga að njóta listarinnar fái notið sín sameiginlega, framkalla þá list sem Íslendingar gera kröfu til. Þess vegna er það mín skoðun, virðulegi forseti, að það verði að endurnýja Þjóðleikhúsið. Þjóðleikhúsið verður að svara kröfum tímans. Listin verður að fá að njóta sín með eðlilegum nútímahætti í Þjóðleikhúsinu. Þröngsýni og úrtölur hæfa ekki í þessu máli og hæfa ekki kröfum framtíðarinnar.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Gerð hefur verið athugasemd af tveimur hv. þm. um notkun mína á orðinu vindhani. Í orðabók Menningarsjóðs segir um þetta orð: „Veðurviti; óstöðugur, hverflyndur maður." Það er það sem húsameistari hefur verið í vinnu þessa máls og það er ekkert ljótt við það orð. (**Forseti:** Ég vil áminna hv. þm. um að þannig er ekki við hæfi að tala um fjarstaddan mann.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

76. fundur, föstudaginn 6. apríl, kl. 1 miðdegis.

Dómsvald í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 337. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 588, n. 879.

Frsm. allshn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 879 frá allshn. um frv. til laga um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

Það frv. sem hér um ræðir eða réttara sagt bráðabirgðalög sem sett voru í sumar hafa fengið umfjöllun í nefndinni og er hún sammála um svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um efni þess Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt boði 28. gr. stjórnarskrárinnar til að staðfesta bráðabirgðalög er gefin voru út 13. janúar 1990, níu dögum áður en þing kom saman. Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar skal ekki gefa út bráðabirgðalög nema brýna nauðsyn beri til. Í umræðum innan nefndarinnar kom fram að óvíst hafi verið hvort dráttur á lögfestingu þessara ákvæða uns Alþingi kom aftur til funda hefði valdið miklum vanda. Vill nefndin leggja áherslu á að gætilega sé farið með þessa heimild stjórnarskrárinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta rita Jón Helgason formaður, Guðmundur Ágústsson fundaskrifari, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Eyjólfur Konráð Jónsson með fyrirvara, Danfríður Skarphéðinsdóttir með fyrirvara og Salome Þorkelsdóttir einnig með fyrirvara.

Ég tel rétt að fara yfir það sem í nál. greinir og þá umræðu sem var í nefndinni. Áður en ég tek til við að ræða einstaka þætti og það hvenær og hvort 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið misnotuð vil ég, með leyfi forseta fyrst lesa upp það sem fram kemur í bráðabirgðalögunum þegar þau voru sett:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur tjáð mér, að þann 9. janúar 1990 hafi gengið dómur í Hæstarétti Íslands í máli nr. 120/1989, þar sem niðurstaðan hafi orðið á þann veg, að dómur uppkveðinn í sakadómi Árnessýslu hafi verið felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Hafi þetta verið gert sökum þess, að sýslumaðurinn í Árnessýslu og fulltrúi hans, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, hafi verið vanhæfir til að fara með dómstörf í málinu, þar sem sýslumaðurinn sé jafnframt lögreglustjóri í sama umdæmi og hafi sem slíkur farið með lögregluranns6kn málsins. Sú staða sé því uppi í tuttugu umdæmum landsins, að einn og sami maðurinn sé í senn lögreglustjóri og dómari, án þess að sjálfstæðir héraðsdómarar starfi við þau embætti, sem geti farið með og dæmt í opinberum málum á eigin ábyrgð, óháð því hvort forstöðumaður embættisins er vanhæfur til meðferðar málsins. Af þessum sökum sé svo komið í umræddum umdæmum, að þeir, sem þar fari nú með dómsvald að gildandi lögum, verði í ljósi áðurnefnds dóms Hæstaréttar taldir vanhæfir til að fara með flest þau opinber mál, sem þar séu og verði til meðferðar, þar til ný skipan dómstóla í héraði samkvæmt lögum

um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, komi til framkvæmda þann 1. júlí 1992. Til að tryggja að dómarar verði fyrir hendi í umræddum umdæmum, sem taldir verði hæfir og bærir til að fara með opinber mál þar, beri brýna nauðsyn til að nú þegar verði gerð breyting á gildandi lögum, svo meðferð þessrara dómsmála stöðvist ekki eða dragist óhæfilega. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið."

Í sjálfu sér er ekki deilt um og nefndin er sammála um þá skipan sem var sett á að ég tel. Hins vegar er setningarmátinn óeðlilegur að því er nefndarmenn telja þar sem svo stutt hafi verið til setningar Alþingis, aðeins níu dagar. Með nál. er nefndin að vara við ofnotkun á þeirri heimild sem ríkisstjórn og forseti hafa til setningar bráðabirgðalaga.

Það má eflaust alltaf deila um það, eins og í þessu tilviki, hvort rétt hafi verið að setja bráðabirgðalög. En það sem verður að hafa í heiðri er að það er löggjafarsamkoman sem setur lög en ekki ríkisstjórn með atbeina forseta og að það eigi að vera mjög brýn skilyrði fyrir hendi til að bráðabirgðalög verði sett.

Ég vil ekki hafa þessi orð fleiri en legg áherslu á það sem fram kom í nefndinni að ríkisstjórn og ráðherrar reyni eftir mætti að beita þessari heimild af varfærni og grípi ekki til óyndisúrræða af þessu tagi nema mjög brýna nauðsyn beri til og svipti þar með ekki Alþingi rétti til að taka á málum eins og þessum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur hef ég undirritað nál. sem hér er til umræðu með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist á setningu bráðabirgðalaga svo skömmu áður en áætlað var að þing kæmi saman. Eins og fram kom við undirbúning þessa máls, þ.e. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, vorum við kvennalistakonur hlynntar því frá upphafi og studdum að sjálfsögðu það frv. sem varð að lögum á síðasta þingi. Það er hins vegar spurning hvort hér bar svo brýna nauðsyn til, eins og segir í stjórnarskránni, að nauðsynlegt hafi verið að setja bráðabirgðalög. Ég vil aðeins benda á að þegar þingi var frestað 22. des. sl. var það gert með eftirfarandi orðum hæstv. forsrh.: „Enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 22. jan. 1990."

Það hefði ekkert verið því til fyrirstöðu ef svo mikið lá við, ef svo brýna nauðsyn bar til, að kalla þingið saman níu dögum fyrr og ég þykist þess fullviss að alþingismenn allir hefðu verið reiðubúnir til að afgreiða þetta mál þá þegar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, bæði af hálfu frsm. og síðasta hv. ræðumanns. Auk hennar, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, skrifum við Salome Þorkelsdóttir undir nál. með fyrirvara. Hann byggist að sjálfsögðu að mestu á því sem þegar hefur fram komið. Ég mundi nú segja að það sé meira en að orkað hafi tvímælis að þetta frv. var flutt svo skömmu áður en þing kom saman að nýju. Það var á ystu nöf að það væri innan ákvæða stjórnarskrár. Það eina sem réttlætir þetta er að kannski væri hægt að benda á önnur dæmi, a.m.k. að því er tímasetninguna varðar, en ekki að hinu leytinu að það væri svo brýnt að þessi skipan kæmist á vikunni fyrr en ella hefði orðið.

Hitt er a.m.k. ekki alls kostar rétt að við í nefndinni höfum verið sammála um þá skipan sem upp var tekin með setningu þessara bráðabirgðalaga, a.m.k. ekki ég. Það finnst mér líka orka mjög tvímælis hvort það er rétt skipan. En hitt væri kannski að fara úr öskunni í eldinn að breyta aftur í fyrra form eða taka upp eitthvað annað í þeim ólgusjó sem bæði skipun dómstóla og margt annað í þessu þjóðfélagi okkar er. Þess vegna er ekki annað að gera en að sætta sig við orðinn hlut.

En það var nauðsynlegt að hér kæmi fram og er þakkarvert að það skuli kma fram í raun og veru af hálfu fjögurra nefndarmanna, því að frsm. tók undir með okkur hinum sem skrifuðum undir með fyrirvara, að hér sé á ystu nöf farið að því er varðar ákvæði stjórnarskrárinnar um heimild til útgáfu bráðabirgðalaga.

Það hefur færst mjög í aukana að menn séu að gefa út bráðabirgðalög um alla mögulega hluti og ómögulega og að mér læðist sá grunur að embættismennirnir hafi lúmskt gaman af því að gera grín að Alþingi með því að flytja svona frumvörp rétt áður en þing kemur saman. Ég sagði gera grín að Alþingi en ekki bara það heldur líka taka í rauninni fram fyrir hendur Alþingis, vera búnir að fullskapa löggjöfina áður en þingmenn fari eitthvað að fjalla um hana. Það gæti tafist svo og svo lengi ef þingmenn færu að kalla á einhverja og yfirheyra þá o.s.frv. Það væri ekki af því góða fyrir kerfið. Kerfið ætti að stjórna, það væri hið vitra afl í þjóðfélaginu og þess vegna ætti að fara þá leið að reyna að rýra það afl og koma skipaninni þannig á að hún væri svona eins og í kansellístíl og það væru tilskipanir frekar en að þvælast með löggjafarvald.

En ég endurtek að það læðist að mér sá grunur, ég get ekki fullyrt að þetta sé rétt hjá mér en sá grunur læðist að mér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613, n. 886.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 886 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Nál. er frá fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Undir þetta rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Guðrún Agnarsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason. Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um frv. en legg til að málið verði samþykkt til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Um þingsköp.
Breyting á fundartíma o.fl.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég hef áður gert athugasemd við það að það er óþolandi þegar verið er að flýta fundum um klukkutíma, í samráði við hverja og hvernig sem það er gert. Það hlýtur að vera hægt að standa við það af forsetum þingsins að þingfundir hefjist kl. 2 á venjulegum dögum. Menn eru að binda sig með löngum fyrirvara, fjöldi þingmanna situr á fundum í hádeginu. Menn hafa verið að tínast hingað inn í þingsalinn eftir kl. 1. Þetta er einfaldlega óþolandi.

Ég skal svo ekki ræða stjórn þingsins að öðru leyti. En ég get þó rifjað eitt upp að þingnefndir t.d. hafa sent forsetum bréf um að fá aðgang að eðlilegum upplýsingum í sambandi við sín störf. Slíkum bréfum nefnda er ekki svarað af forsetum þingsins. Nú er ég að tala um bréf frá sjútvn. Ég get kannski líka bent á það að ég vakti athygli á því á fundi með forsetum um daginn að eðlilegt væri að nefndafundir hæfust ekki fyrr en kl. 10 á mánudögum vegna þess að menn kynnu að fara heim til sín eða í sín kjördæmi um helgar. Þá var lofað að athuga það. Sú athugun hefur farið fram og kemur í ljós að betra var að hafa þau orð ósögð á forsetafundi en hitt að halda að eftir þeim hafi verið tekið. Það gengur auðvitað ekki í fyrsta lagi að geta ekki staðið við venjulegan fundatíma í deildum, í öðru lagi að forsetar svari ekki bréfum nefnda og í þriðja lagi að ekki sé hægt að komast að sæmilegu samkomulagi um það hvernig þingmönnum gefist kostur á því að komast í kjördæmi sín um helgar.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég hafði vænst þess að fá einhver svör við mínum athugasemdum þó ekki væri nema við þeirri athugasemd hvort hæstv. forseti hyggist beita sér fyrir því að forsetar þingsins svari bréfi sjútvn. Ed.

Forseti (Jón Helgason):
Ég mun ræða það við formann viðkomandi nefndar. (**HBl:** Hvort forseti beiti sér fyrir því að svara bréfum? Á að ræða það við formann nefndarinnar?) Málefnið.

EFRI DEILD

77. fundur, föstudaginn 6. apríl, að loknum 76. fundi.

Dómsvald í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 337. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 588.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, 3. umr.

Stjfrv., 356. mál (aðild Færeyja). — Þskj. 613.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 895).

Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 497. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 871.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntmrn. sem flutt er á þskj. 871. Fjórir skólar heilbrigðisstétta eru nú reknir af heilbr.- og trmrn. Það er Ljósmæðraskóli Íslands, Lyfjatæknaskóli Íslands, Sjúkraliðaskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands. Heilbrrn. hefur hins vegar verið þeirrar skoðunar að rekstur skóla væri á verksviði menntmrn. eða ætti að vera það. Af þessum sökum hefur hjúkrunarnám sem áður var í höndum heilbr.- og trmrn. verið fært undir yfirstjórn menntmrn. og sama máli gegnir um nám í röntgentækni svo nýleg dæmi séu tekin.

Á síðustu árum hefur verið boðið upp á sjúkraliðanám í fjölbrautaskólum. Heilbrrn. telur því að ekki sé lengur þörf á Sjúkraliðaskóla Íslands og hefur ráðuneytið nú þegar hafið undirbúning að því að skólinn verði lagður niður frá og með 1. nóv. 1990.

Samkomulag hefur nú náðst milli heilbr.- og trmrn. annars vegar og menntmrn. hins vegar um frekari framgang þessa máls. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að yfirstjórn Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands flytjist til menntmrn. frá og með 1. júlí 1990 ef frv. þetta verður að lögum á þessu þingi. Gert er ráð fyrir að framlög í fjárlögum ársins 1990 flytjist milli ráðuneytanna sem þessu nemur, samningar um húsaleigu, ráðningarsamningar o.fl. Jafnframt hefur verið gert samkomulag um það að heilbrrn. leggi niður Ljósmæðraskóla Íslands á árinu 1992. Þetta þýðir að sá hópur ljósmæðranema sem byrjar nám haustið 1990, þ.e. á komandi hausti, verður sá síðasti sem lýkur námi frá skólanum og mun starfsemi skólans lögð niður í framhaldi af námslokum þess hóps vorið 1992. Á vegum menntmrn. er nú hafin athugun á framtíðarskipan ljósmæðranáms og hugsanlegum tengslum þess við námsbraut í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands. Breyta þarf fimm lögum svo að breytingar þessar sem ráðherrar heilbrigðismála og menntamála hafa samið um nái fram að ganga. Breytingarnar eru þessar:

Breyta þarf 15. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 1982, með síðari breytingum, en þar er fjallað um menntun lyfjatækna. Breyta þarf tveimur ákvæðum í lögum um sjúkraliða nr. 58/1984, með síðari breytingum. Fyrri breytingin tekur mið af þeirri skipulagsbreytingu sem verður á námi sjúkraliða eftir að Sjúkraliðaskólinn er lagður niður. Síðari breytingin fellir niður heimild heilbrrh. til að setja reglur um nám sjúkraliða.

Breyta þarf einni grein í lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, í þá veru að í stað heilbr.- og trmrh. komi menntmrh. Og breyta þarf tvennum lögum vegna fyrirhugaðra breytinga á ljósmæðranámi. Annars vegar þarf að setja sólarlagsákvæði í lög nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, þannig að þau falli úr gildi 31. des. 1992. Hins vegar þarf að breyta 1. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, til samræmis við breytt ljósmæðranám.

Herra forseti. Ég hef nú rakið þær breytingar á lögum sem samkomulag heilbr.- og trmrh. og menntmrh. um fyrirkomulag náms nokkurra heilbrigðisstétta kallar á. Þess er vænst að máli þessu megi ljúka á yfirstandandi þingi því áformað er að flutningur þeirra skóla sem færast eiga milli ráðuneytanna verði hinn 1. júlí n.k. og þeir hefji störf undir forustu mennmtmrn. á n.k. hausti.

Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er reyndar að sjá þetta frv. fyrst hér og nú. Það er svo stutt síðan því var dreift, það hefur líklegast verið seinni partinn í gær þegar við vorum farin úr húsinu. Ég þarf því auðvitað að kynna mér málið betur en eftir að hafa litið hér á það og hlustað á hæstv. ráðherra langar mig samt sem áður að gera nokkrar athugasemdir við 1. umr.

Það er í fyrsta lagi ég tel mjög eðlilegt að menntmrn. fari með menntunarmál og þá líka menntunarmál heilbrigðisstétta. Ég get í sjálfu sér fellt mig ágætlega við það og finnst það vera eðlilegt. Hins vegar veiti ég því athygli í frv., sem má segja að sé stutt, að það er ekki minnst einu orði á samráð við fulltrúa viðkomandi skóla né heldur á það hvaða skoðanir þeir kunna að hafa á þessari breytingu sem fyrirhugað er að gera með litlum fyrirvara. Það kann að vera að umræður hafi verið í gangi lengi, ég veit ekki um það. En ég bendi bara á þetta af því að þetta sló mig við lestur frv.

Annað er síðan að það er fyrir löngu orðið brýnt að samræma betur nám heilbrigðisstétta, fella það saman þar sem það er hægt og gefa fólki kost á því að fara jafnvel á milli greina ef því snýst hugur einhvers staðar á leiðinni í námi sínu, að opna betur leiðina á milli ýmissa greina og að samræma og fella betur saman.

Það kom mjög glögglega í ljós þegar fjallað var um ljósmæðralög á þinginu 1984 að þar þurfti að endurskoða og samræma ljósmæðranám hjúkrunarnámi til þess að ljósmæðranámið væri ekki óhóflega eða óeðlilega langt en jafnframt að námið væri nógu gott. Þá var einmitt, man ég, rætt um það að ljósmóðurstarf yrði sérgrein innan hjúkrunarfræðinnar. Ég legg mikla áherslu á það að ljósmóðurstarfið verði varðveitt sem sérstakt starf. Ég tel það mjög mikilsvert starf og það á sér langa hefð. Það hefur sums staðar erlendis verið lagt af. Ég tel það miður og vil alveg sérstaklega leggja áherslu á það og koma þeim skilaboðum áleiðis þegar þessi mál verða endurskoðuð og skipulögð.

Það voru einungis þessi atriði sem ég vildi nefna hér við 1. umr. en að sjálfsögðu hef ég kost á því að kynna mér þetta allt miklu betur og nánar í umfjöllun í heilbr.- og trn. Ed.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins örstutt. Það er rétt sem kom

fram hjá hv. 6. þm. Reykv. að málið er nýlega fram komið og þess vegna hefur ekki gefist langur tími til þess að kynna sér það en það er heldur ekki mjög flókið. Þetta er nokkuð skýrt og liggur vel fyrir í þessu stutta frv.

Við höfum að sjálfsögðu haft nokkurt samráð við forsvarsmenn skólanna, ég segi nokkurt fyrir það að ekki voru fulltrúar allra skólanna með í nefndarstarfinu sem fór fram á milli ráðuneytanna og það voru starfsmenn heilbr.- og trmrn. annars vegar og starfsmenn menntmrn. hins vegar sem fjölluðu um málið. En þegar samkomulag lá fyrir milli ráðuneytanna þá var málið að sjálfsögðu kynnt fyrir forsvarsmönnum hlutaðeigandi skóla.

Eins og fram hefur komið er reyndar svo að nám í Sjúkraliðaskólanum er að leggjast niður og hefur þegar verið flutt að verulegu leyti inn í fjölbrautaskólana svoleiðis að það er þróun sem er í gangi.

Það er auðvitað líka rétt hjá hv. þm. að það er eðlilegt að reyna að samræma sem best þessar námsbrautir og reyndar gerð grein fyrir því í grg. frv. að menntmrn. hefur þegar hafið athugun á því hvernig koma megi ljósmæðranámi fyrir og fella það að hjúkrunarfræðináminu án þess þó að ljósmóðurnám og starf sé fellt niður og ég get verið sammála hv. þm. um það.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum, herra forseti. Það voru ekki beint spurningar sem hér voru lagðar fram en ég ítreka að ég óska eftir því, þó svo mér sé ljóst að nefndin auðvitað bæði þurfi og vilji kynna sér málið vel, að hún hraði störfum sínum þannig að þetta geti orðið að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasýsla ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir var samið af nefnd sem í sátu fulltrúar fjmrn. og Seðlabanka. Tilefni frv. er fyrst og fremst að á undanförnum árum hafa átt sér stað verulegar breytingar á innlendum og erlendum peningamarkaði og ljóst er að þær breytingar munu halda áfram af enn meira krafti á næstu árum. Þessar breytingar hafa leitt til þess að hefðbundið hlutverk fjmrn. annars vegar og Seðlabanka hins vegar hvað snertir þau verkefni sem snúa að fjárþörf ríkisins með lántökum og sölu á spariskírteinum og ríkisvíxlum eru ekki í dag þess eðlis að hægt sé að hafa þau í höndum fjmrn. sem slíks eða Seðlabankans.

Ég veit að ég þarf ekki að rekja fyrir hv. þingdeildarmönnum að það hafa orðið miklar breytingar á undanförnum árum á íslenskum peningamarkaði. Viðskiptabankarnir hafa breytt mjög starfsemi sinni og aukin samkeppni hefur færst í þennan markað, m.a. með stofnun sérstakra verðbréfafyrirtækja og sjóða. Þess vegna er það mjög mikið mál og mikilvægt verkefni fyrir ríkissjóð á okkar tímum að þurfa að afla innlends lánsfjár í samkeppni við fjölmarga aðra aðila á innlendum peningamarkaði vegna þess að í fjárlögum og lánsfjáráætlun hvert ár er fjmrh. lögð sú skylda á herðar að afla innlends lánsfjár í formi sölu á spariskírteinum og ríkisvíxlum á markaði þar sem frjáls samkeppni er við aðrar peningastofnanir.

Einnig er ljóst að á erlendum lánamörkuðum hafa verið að eiga sér stað mjög miklar breytingar sem gera það að verkum að það er ekki jafneðlilegt og áður var að Seðlabanki einn og sér annist lántökuverkefni fyrir hönd ríkissjóðs, m.a. vegna þess að aðrar kröfur eru gerðar til Seðlabanka nú á tímum og í framtíðinni en var áður. Sérstaklega er það talið óeðlilegt að Seðlabanki sé í reynd fulltrúi ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum við þær lántökur heldur sé annar og óháður aðili, þ.e. óháður Seðlabankanum, sem það annast. Má í því sambandi nefna sem dæmi að nýlega hefur komið upp mál eins og lesa mátti um í fjölmiðlum þar sem Englandsbanki mat lántökukostnað og vaxtagjöld vegna lána til Landsvirkjunar með öðrum hætti en innlendir aðilar og Seðlabanki Íslands þurfti að gefa álitsgerðir um það efni sem sjálfstæður aðili gagnvart Englandsbanka.

Í ljósi þessara miklu breytinga var talið nauðsynlegt að vel athuguðu máli í fjmrn. og í Seðlabankanum að gera svipaða breytingu hjá okkur á Íslandi og gerð hefur verið í flestum nágrannalöndum okkar. Þetta frv. sem hér er flutt miðar að því að festa ákveðinn lagaramma um þessa starfsemi.

Frv. felur í sér að í fyrsta lagi er Lánasýslu ríkisins ætlað að sinna ábyrgðar- og endurlánamálum sem hingað til hafa verið starfrækt í Ríkisábyrgðasjóði og þau málefni þannig færð undir þennan nýja aðila.

Í öðru lagi að sinna sölu og innlausn innlendra markaðsbréfa og starfrækja þjónustumiðstöð fyrir kaupendur slíkra verðbréfa. Í upphafi sl. árs sögðu viðskiptabankarnir upp þeim samningi sem þeir höfðu gert við fjmrn. um sölu spariskírteina ríkissjóðs og fjmrn. var knúið til þess að halda út á markaðinn og keppa við bankastofnanir og verðbréfasjóði um sölu spariskírteinanna. Það varð þess vegna að grípa til þess með nokkurri skyndingu að koma því í ákveðið form. Gerður var um það samningur milli Seðlabankans og fjmrn. að þjónustumiðstöðin yrði sett á laggirnar en hins vegar var það ljóst að finna yrði henni lagaramma til frambúðar vegna þess að slík starfsemi þyrfti að byggjast á slíkum ákvæðum. Þess vegna er í þessu frv. ákveðið að þessi mikilvæga sala á spariskírteinum ríkissjóðs og reyndar ríkisvíxlum falli undir þennan þátt. Í því sambandi vil ég árétta það sem ég sagði áður að það er óeðlilegt að fjmrn. sem stofnun eða Seðlabanki sem slíkur verði samkeppnisaðilar beint, án slíkrar þjónustumiðstöðvar eða söluaðila, við viðskiptabanka, lífeyrissjóði eða verðbréfasjóði.

Í þriðja lagi er þessum nýja aðila falið að annast erlend lánamál ríkissjóðs. Á síðustu árum hefur mikill fjölbreytileiki komið fram á erlendum lánamörkuðum. Það eru þess vegna miklir möguleikar til að spara verulega lántöku- og vaxtakostnað ríkisins með því að vera vel vakandi fyrir breytingum og hugsanlegum endurnýjunarlánum á þeim markaði þar sem um mjög háar upphæðir er að ræða þannig að örlítil frávik í vaxta- og lántökukostnaði geta sparað Íslendingum háar upphæðir.

Þessir þrír þættir verða verkefni Lánasýslu ríkisins og í frv. er kveðið nánar á um það með hvaða hætti þessu verður fyrir komið. Ég vil taka það skýrt fram að hér er ekki verið að setja á laggirnar eitthvert nýtt bákn nema síður sé. Það er fyrst og fremst verið að flytja á eina hendi þá starfsemi sem nú er þegar fyrir hendi hjá þremur aðilum, í fjmrn., hjá Seðlabanka og hjá þjónustumiðstöðinni, og það er ekki reiknað með því að bæta neitt við starfsmönnum þó að þessi breyting verði gerð.

Ég vil hins vegar ítreka það að ef á allra næstu missirum verður opnað fyrir samskipti og beint streymi milli innlends og erlends peningamarkaðar er auðvitað ljóst að þeir hagsmunir sem hér eru í húfi og ætlað er að finna fastan lagagrundvöll með þessu frv. verða mun meiri. Þá verður það enn meira verkefni fyrir íslenska ríkið að tryggja það að innlend fjáröflun náist á markaði sem verður þá ekki bara samkeppnismarkaður innan lands, heldur einnig alþjóðlegur markaður. Og á sama hátt verður það mjög mikilvægt að þau lántökukjör erlendis sem íslenska ríkið fær séu í samræmi við hagstæðustu kjör á hverjum tíma.

Eins og ég sagði í upphafi þá er frv. unnið af samstarfsnefnd Seðlabankans og fjmrn. Það hefur verið borið undir ýmsa sérfræðinga á þessu sviði og það er einróma álit þeirra allra að það sé nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að koma þessari starfsemi í hliðstæðan lagaramma og gert er í flestum nágrannalanda okkar.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr. þar sem nánari upplýsingar um eðli málsins geta fengist.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þetta mál er alveg nýtt af nálinni og ég hef ekki kynnt mér það ofan í kjölinn að neinu leyti og get þess vegna ekki fjallað um það efnislega svo mikið vit sé í. En það fer alltaf hálfgerður hrollur um mig þegar nýjar ríkisstofnanir, ekki síst á sviði fjármála, eru til umræðu og þó einkum og sér í lagi þegar menn halda því fram, ekki endilega þessi hæstv. fjmrh. heldur þeir sem í þessari stjórnsýslu eru og fjármálalífinu, að þarna geti orðið um sparnað að ræða. Við höfum nú séð þann sparnað í verki víða um bæ í byggingunum og tölvubúnaðinum sem kallar á fleira fólk en fyrir var áður en tölvurnar komu o.s.frv. Ég vil þess vegna gjalda allan varhug við því að menn fari of langt inn á að þetta hljóti að vera til einföldunar og sparnaðar. En ekkert skal ég fullyrða fyrr en ég hef kannað málið betur og heldur ekki fjölyrða um mál sem ég þekki ekki nægilega til að gera það. En svo vel vill til að ég á sæti í hv. fjh.- og viðskn. sem hæstv. ráðherra leggur til að fái málið til umfjöllunar eðli málsins samkvæmt og ég leyfi mér að skilja orð hans svo að það sé ekki ætlast til að frv. verði afgreitt sem lög á eldingarhraða.

En málið kemur sem sagt til nefndarinnar og þar verður það skoðað. Kannski er hægt að færa fyrir því einhver rök að það sé verið að sameina stofnanir eða starfsemi á ríkisins vegum sem muni þýða sparnað, en það tek ég ekki svona alveg hrátt. Ég vil melta það betur, enda ekki til annars ætlast. (Gripið fram í.) Ég sagði enda ekki til annars ætlast.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að taka undir með hv. 8. þm. Reykv. Ég hef ekki kynnt mér frv., ekki unnist tími til þess og get þess vegna ekki tekið afstöðu til efnisatriða þess. En athygli mína vakti grein í blaði sem gengur undir nafninu Pressan sem kom út í gær. Þar er fyrirsögnin: „Nýr kóngur í kerfinu. Ríkisrekið fésýsluapparat stofnað þegjandi og hljóðalaust.“ Og þar segir frekar í rammagrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa hefur verið sett á laggirnar utan við lög og reglur. Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við að kostnaður vegna miðstöðvarinnar hafi verið „falinn“ sem vaxtakostnaður ríkisins. Forstjóri þjónustumiðstöðvarinnar var ráðinn samkvæmt kjörum aðstoðarbankastjóra og með ríkisbifreið til afnota.“

Ég ætla ekki að lesa greinina í heild en mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þarna sé átt við starfsmann sem tekinn er til starfa utan við lög og reglur og heyri undir það frv. sem hér er verið að mæla fyrir í dag því að ef svo væri eru slík vinnubrögð náttúrlega forkastanleg.

Það kemur jafnframt fram í greininni að Ríkisendurskoðun hafi gert athugasemdir við ráðningu þessa manns á sínum tíma. Ég held að tilgreindar séu 10 millj. sem hafa verið faldar með því að þær hafa verið færðar undir fjárlagaliðinn Vaxtagjöld ríkisins en hafi verið ætlaðar til að setja þessa stofnun á laggirnar. Mér finnst eðlilegt og rétt þegar svona frétt birtist, ég vil taka það fram að ég trúi ekki öllum fréttum sem koma í þessu blaði því að það er oft svo að verið er að leita að fréttum sem hægt er að selja, án þess kannski að alltaf sé leitað heimildanna fyrir fréttinni áður en hún er birt, en mér finnst full ástæða til þess hér og nú að biðja hæstv. fjmrh. að skýra frá því hvort fréttin sé á rökum reist.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka það fram í beinu framhaldi af ræðu síðasta ræðumanns að ég hef fyrir reglu að trúa engu sem stendur í Pressunni, en fjmrh. svarar fyrir það þannig að ég ætla ekki að svara neitt fyrir hann.

Eftir að við höfðum skoðað þetta í þingflokki hjá

okkur get ég tekið undir það að full þörf sé á að samræma þessa starfsemi á þann hátt sem hér er gert. En ég geld nokkurn varhug við að séð verði til þess að það verði ekki allt of margir íbúar í Lánasýslu. Ég hef að vísu ekki fengið neina skýringu á því hvar Lánasýsla muni eiga að vera, hvar hún kemur inn í okkar landafræði. Ég vildi því leggja hér mikla áherslu á það að ef það er rétt, sem ég dreg ekki í efa, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að samræma þessa starfsemi þá verði séð til þess að henni verði þannig komið fyrir að kerfið bólgni ekki út meira en orðið er. Óneitanlega horfir maður á allt það apparat sem er í svarta húsinu okkar sem hefur séð um þetta fram að þessu og veltir því fyrir sér hvort ekki sé hægt að samræma það þannig að dregið sé úr umfangi Seðlabankans á móti til þess að mæta þeim kostnaði sem við þessa stofnun er.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er með þetta frv. eins og það sem hér var rætt á undan að við erum fyrst að sjá það nú á borðum okkar og höfum þess vegna ekki kynnt okkur það gaumgæfilega.

Það er tvennt sem ég vildi aðeins víkja að í 1. umr. Nú sýnist mér að Lánasýslan eigi að taka yfir erlend lánamál og þá líklega gegna því hlutverki sem Seðlabankanum var ætlað í þessum efnum. Nú veit ég reyndar ekki að hve miklu leyti þarna er verið að endurvekja gamla Framkvæmdasjóð Íslands eða hlutverk það sem hann hafði. Hann var lagður niður á síðasta kjörtímabili ef ég man rétt og Seðlabankinn látinn taka við hlutverki hans. Nú sýnist mér að verið sé að endurvekja stofnun sem hefur þessa sýslu með höndum. Það kann að vera að þörf sé fyrir hana, ég get ekki metið það að svo stöddu. Við kynnum okkur það í nefndinni.

Það kom fram í umræðum í fjh.- og viðskn. við afgreiðslu lánsfjárlaganna þegar forustumenn og fulltrúar hinna ýmsu sjóða og stofnana á vegum ríkisins komu á fund nefndarinnar að þeim fannst það mjög heftandi að þurfa að sækja um erlend lán í gegnum Seðlabankann svo að segja. Þeir vildu sjálfir fá að spreyta sig og fannst það óþarfi að leita ævinlega til Seðlabankans um slíkar lántökur og töldu sig jafnvel geta sjálfir náð hagstæðari lánum erlendis fyrir sínar stofnanir eða sjóði en Seðlabankinn gæti, hann hefði minna svigrúm. Nú veit ég ekki hvernig þetta er hugsað í tengslum við Lánasýsluna af því að við höfum augljóslega ekki haft nægilegan tíma til að kynna okkur það og mér fannst það ekki koma nógu ljóst fram í máli hæstv. ráðherra. Nú kann að vera að hér sé einhver óþarfa silkihúfa, það veit ég ekkert um. Ég reikna með að við fáum nógan og góðan tíma til að kynna okkur þetta nánar í nefndinni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég skil ósköp vel að þær spurningar skuli vakna sem hér hafa komið fram og sumar þeirra eru auðvitað þess eðlis að það er eðlilegt að þær séu skoðaðar nánar í nefnd.

Ég vil fyrst vekja athygli á því að í 9. gr. frv. eru ákvæði um það að heimilt sé að semja við Seðlabankann um að hann annist framkvæmd erlendra lánamála ríkisábyrgða og endurlánamála eftir því sem hagkvæmt þykir. Þetta er sett þarna inn vegna þess að ætlunin er auðvitað að reyna að hagnýta sér þá aðstöðu sem í Seðlabankanum er og sérfræðikunnáttu. Vandinn er hins vegar sá að á nútíma peningamarkaði, sérstaklega erlendis, og miðað við ýmsar breyttar hugmyndir um eðli Seðlabanka, og líka í ljósi þess sem síðasti ræðumaður vék að að það eru ýmsir fleiri á lánamarkaðinum en ríkið, m.a. sjóðir, fyrirtæki og aðrir, þá er á ýmsan hátt óeðlilegt að Seðlabankinn sé, ef ég má nota það erlenda orð, „agent" ríkisins við lántökurnar. Vegna þess að Seðlabankinn þarf öðrum þræði að geta verið óháður umsagnaraðili og eftirlitsaðili gagnvart bæði erlendum og innlendum aðilum. Þetta var auðvitað öðruvísi fyrir mörgum árum síðan þegar peningakerfi veraldarinnar var mun einfaldara og peningakerfi okkar sjálfra var mun einfaldara en það er nú.

Það er alls ekki ætlunin þess vegna að fara að búa til einhverja tvöfeldni í þeim verkefnum sem eiga að vera í Seðlabanka og þeim sem eiga að vera á þessu sviði, heldur fyrst og fremst búa þannig um hnútana að íslenska ríkið geti rekið sína fjármálastarfsemi með sem eðlilegustum og hagkvæmustum hætti. Ég nefni í því sambandi að ávinningurinn af því að ná lánakjörum og vaxtakjörum sem eru kannski aðeins brot úr prósenti hagstæðari en þau voru fyrir getur skipt hundruðum milljóna fyrir íslenska þjóðarbúið. Ég vil taka sem dæmi um nýjar aðferðir í þessum efnum að á sl. ári bauð íslenska ríkið út erlent lán að upphæð 100 millj. dollara. Það var hið alþjóðlega fyrirtæki Goldman Sachs sem annaðist það útboð fyrir hönd ríkisins með mjög góðum árangri. En það var alveg ljóst í þeim samskiptum að það var dálítið snúið. Annars vegar voru samskiptaaðilarnir hér heima Seðlabankinn sem miðbanki og svo hins vegar fjmrn. sem formleg stjórnsýslustofnun.

Víðast hvar í stjórnkerfum hliðstæðum því sem við búum við eru það samstarfsstofnanir fjmrn. og seðlabanka, sem á þeirra málum eru nefndar „bureaus", sem þetta annast.

Hvað snertir þjónustumiðstöðina og þá grein sem birtist í Pressunni þá fagna ég því að geta farið um það nokkrum orðum vegna þess að þessi grein er auðvitað eitt af mörgum dæmum um uppslátt þar sem kjarni málsins er hins vegar falinn inni í greininni. Ég vil aðeins vekja athygli þingmanna á því að inni í greininni, síðasta dálki greinarinnar og það er auðvitað hvergi vakin athygli á því í fyrirsögnum eða sérstökum römmum sem teknir eru út úr, stendur, með leyfi forseta:

„Þess ber að geta að viðmælendur Pressunnar voru almennt sammála um að stofnun þessarar þjónustumiðstöðvar fæli ekki í sér uppsetningu á nýju bákni og ef eitthvað væri mundi kostnaður ríkissjóðs minnka þar sem söluþóknun til óskyldra umboðsaðila drægist saman." Hér viðurkennir blaðið það sem er auðvitað

kjarni málsins að útgjöld ríkisins vegna sölu á spariskírteinum á síðasta ári voru minni en þau hefðu orðið ella ef viðskiptabankarnir eða aðrir aðilar hefðu annast þessa sölu. Það er því ljóst að hvað heildarútgjöld snertir er beinlínis sparnaður að því að hafa þetta kerfi sem hefur verið komið upp.

Ástæðan hins vegar fyrir því að það var nauðsynlegt að gera þetta í mikilli skyndingu í fyrra var að viðskiptabankarnir sögðu upp með litlum fyrirvara þeim samningi sem hafði verið gerður við þá um sölu á spariskírteinum. Fjmrn. átti því engan annan kost en að reyna, miðað við þörfina á að afla þessa innlenda fjár, að finna því farveg sem gæti skilað árangri. Hins vegar var alltaf ætlunin að gera það með þeim hætti að innan tíðar yrði fundinn lagagrundvöllur fyrir það.

Ég vil svo geta þess m.a., sem ánægjulegt er, að ein af þeim nýjungum sem kom til sögunnar með þessari starfsemi var áskriftarkerfi almennings að spariskírteinum ríkissjóðs. Og hið ánægjulega er að yfir 4000 Íslendingar hafa þegar gerst þátttakendur í þessu áskriftarkerfi þannig að verðmæti þeirra áskrifta í sölu á spariskírteinum er yfir 100 millj. kr. á mánuði. Þetta hefur vakið mikla og alþjóðlega athygli að slíkt áskriftarkerfi almennings að þessu sparnaðarformi skuli gefast svona vel.

Það er misskilningur hjá Pressunni að þessi kostnaður sé sérstaklega falinn sem vaxtakostnaður. Það hefur ávallt verið gert að færa kostnaðinn við söluna á spariskírteinum ríkissjóðs í tengslum við vaxtakostnaðinn, þ.e. kostnaðinn við hina innlendu lánsfjáröflun ríkisins. Þess vegna var í engu vikið frá þeirri venju sem hafði verið um árabil. Munurinn var bara sá að áður var þessi kostnaður greiddur viðskiptabönkunum eða öðrum söluaðilum en nú var hann greiddur þessari þjónustumiðstöð en var hins vegar minni en hann hefði orðið ella.

Tilgangurinn með því að flytja þetta frv. er þess vegna, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, m.a. sá að finna þessari starfsemi fastan lagaramma. Nú hefur þessi tilhögun á tæpu ári gefist vel. Það er samdóma álit allra, líka viðskiptabankanna og verðbréfasjóðanna, að þessi reynsla af þjónustumiðstöðinni sé góð og þá sé tímabært að finna henni varanlegan, lagalegan grundvöll.

Þess vegna er margt missagt og rangt með farið í þessari grein án þess að ég ætli að gera hana nánar að umræðuefni. Kjarni málsins er sá að það var í engu brugðið út af venju. Ríkisendurskoðun gerði þá athugasemd að æskilegra væri að sérstakur lagarammi yrði fyrir þessa starfsemi til frambúðar. Það er gert með því frv. sem hér er flutt. Kjarni málsins kemur hins vegar fram í síðasta dálki fréttarinnar, að þessi máti reynist ríkinu ódýrari og hagstæðari en sá sem fyrr var hafður.

Það er líka ljóst að niðurstaða Seðlabankans varð sú að þó það hafi þótt eðlilegt fyrir 10–20 árum að Seðlabankinn sæi um söluna á spariskírteinum ríkissjóðs sé það ekki eðlilegt í dag í því fjölþætta markaðskerfi í peningamálum sem við búum við þar sem margvíslegir aðrir verðbréfapappírar eru í boði frá verðbréfasjóðum, viðskiptabönkum, lífeyrissjóðum og öðrum og eðlilegt að ríkið standi þar að einnig með svipuðum hætti og aðrir en Seðlabankinn reki ekki þá starfsemi.

Ég vona að ég hafi greitt úr þeim spurningum sem hér hafa komið fram en ítreka svo það sem ég sagði áðan að eðlilegt er að fjh.- og viðskn. kalli til sín þá sérfræðinga og aðra sem hún óskar eftir til þess að fá nánari skýringar á efnisþáttum frv.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Hér er að mínu viti til umræðu nokkuð sérkennilegt mál. Ég tala nú ekki um á þeim tíma sem við upplifum þegar a.m.k. þeir sem ferðinni ráða í íslenskum stjórnmálum tala um sparnað, það eigi að draga saman og launafólk hefur tekið á sig æðimiklar byrðar til þess að gera enn eina tilraunina til lækkunar verðbólgu, til bættrar efnahagsstefnu fyrir þetta þjóðfélag. Það er út af fyrir sig mjög athyglisverð sú hugmyndagleði sem hefur gripið hæstv. ráðherra suma hverja undangengið. Hér er dengt inn hverju frv. á fætur öðru sem kostar ekki milljónatugi heldur milljarða á sama tíma og þessir hæstv. ráðherrar reyna að telja launafólki með lágmarkslaun, um 50 þús. kr. á mánuði, trú um það að enn þurfi að herða sultarólina. Þetta er einkennileg afstaða að mínu viti hjá hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn, en þó er hún breytileg milli stóla.

Ég heyrði í fréttum í gær að ráðuneytið sem nefnt hefur verið umhverfisráðuneyti sem var ekki til á síðasta ári, mætti auðvitað kalla mengunarráðuneyti, að það hafi fengið nokkur hundruð þúsund úr ríkissjóði til ráðstöfunar, fyrirtæki sem ekki er til. Er þetta traustvekjandi fyrir það fólk sem leggur á sig mikla vinnu og harða til þess að reyna að koma til móts við þær óskir sem stjórnmálamenn í forustu hafa látið í ljósi, til þess að draga úr verðbólgu, bæta efnahagslífið en síðan eru foringjarnir með þessu marki brenndir. Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg að það sé skoðun þingflokks Alþfl., að eftir að þessi þjóðarsátt sem gerð var á sínum tíma náði fram að ganga hefði hæstv. ríkisstjórn átt að sjá sóma sinn í því að vera ekki að dengja inn hér frv. sem kosta hundruð milljóna eða milljarða kr. sem útgjaldaliðir fyrir ríkissjóð. En það er ekki hluturinn.

Það kann vel að vera að þetta mál sem er til umræðu komi til með að skila einhverju til ríkissjóðs. Um það er kannski of snemmt að dæma. En hvað mun þetta kosta, hæstv. ráðherra? (**Fjmrh.:** Kostnaðarmat verður lagt fram í nefndinni.) Kostnaðarmat verður lagt fram í nefndinni. Það er nú einu sinni svo að samkvæmt áratuga reglu, nú orðið talað, á kostnaður að fylgja frumvörpum sem lögð eru fram á Alþingi, ég tala nú ekki um af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hvað þýðir þetta mörg stöðugildi til viðbótar á sama tíma og menn eru að tala um að það eigi að fækka stöðugildum hjá ríkinu og búið að tala um í mörg ár, en þeim fjölgar alltaf? Hvað þýðir þessi stofnun, til að líta eftir hinum, mörg stöðugildi umfram það sem nú er í kerfinu?

Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta afskap-

lega einkennilega að verki staðið og ég spyr: Er þetta það brýnasta sem þurfti að gera undir þessum kringumstæðum þegar aðilar vinnumarkaðarins keppast við það í sameiningu að reyna að ná niður verðbólgu með sem minnstum launahækkunum og sem minnstum verðhækkunum, að ríkið gangi síðan á undan í því að fara upp á við í kostnaðinum? Ég held að þetta sé ekki svo brýnt verkefni að það hefði þurft að sýna á þessu stigi máls.

Ég sé í greininni sem hv. þm. hafa verið að vitna í og hæstv. fjmrh. líka og taldi að því væri ekki haldið á lofti sem mestu máli skipti, grundvallaratriðinu, ég sé að í þessari grein stendur, með leyfi forseta:

„Sumir þingmenn bera þó þann ugg í brjósti að með Láru" — það er líklega nafnið sem þetta á að fá — „sé í uppsiglingu bákn sem með tíð og tíma verði fyllilega sambærilegt við sjálfan Seðlabankann."

Þá hafa menn það. Og þetta er úr Pressunni og menn vita hverju það blað er tengt. (Gripið fram í.) Ég sagði ekkert um það, hæstv. ráðherra hlýtur að vita það. En þetta er í grein úr því blaði. (**EG:** Og hlýtur að vera satt.) Og hlýtur að vera satt, segir hv. þm. Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl. (**Fjmrh.:** Einn góður maður sagði að Alþýðublaðið segði alltaf satt og það kæmi út alla daga vikunnar.) Já, hæstv. fjmrh., þetta tek ég ekki undir. (**Fjmrh.:** Nei.)

Auðvitað sýnist mönnum sitt hvað um svona hluti. Það er bara eðli málsins samkvæmt. En ég er þó þeirrar skoðunar að þetta sé ekki traustvekjandi í þeirri stöðu þar sem menn eru að reyna að ná saman höndum um að minnka verðbólgu, draga úr efnahagsvandanum en þenja síðan báknið út hjá ríkinu. Hafa menn t.d. tölur um það núna — nú spyr ég hæstv. fjmrh. — hvað stöðugildum hefur fækkað hjá ríkissjóði á árinu 1989? Eða kannski miklu frekar að spyrja, hvað hefur þeim fjölgað?

Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að fara að líta í eigin barm í þessum efnum. Það dugar ekki alltaf að pína aðra ef topparnir ætla að leika sér sjálfir. Það dugar ekki endalaust. Menn verða að líta í eigin barm. Og þó að hér kunni að vera á ferðinni mál sem er þess eðlis að skoða beri hygg ég að það eigi vart rétt á sér á þessum tíma. Og ég a.m.k. hef allan fyrirvara á um fylgni við þetta frv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason skuli mæla nokkur varnaðarorð til ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. Það kemur ekki á óvart að þessum fulltrúa þeirra Vestfirðinga sem hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir verkalýðshreyfinguna skuli ofbjóða sú mikla eyðslusemi og eyðslustefna sem kemur fram hjá hæstv. ríkisstjórn, sérstaklega þegar höfð er hliðsjón af því að lífskjör hér á landi hafa versnað um 15–20% síðan 1988 eins og glögglega kemur fram í grein sem iðnrh. skrifaði í Morgunblaðið í gær og hrósaði sér af því annars vegar að hafa skert kjörin um 15–20% og hins vegar af því að hér skuli vera töluvert atvinnuleysi sem hann telur bera vott um heilbrigða stefnu stjórnvalda og telur sig eiga von á því að erlendir menn muni hrósa sér fyrir það að ríkisstjórninni skuli þó hafa tekist að koma á viðvarandi atvinnuleysi hér á landi eins og tíðkast erlendis.

En þetta er raunar ekki efni minnar ræðu og ekki tilefni þess að ég stóð upp þó ég í framhjáhlaupi veki athygli á því að þeir þingmenn sem fram að þessu hafa stutt ríkisstjórnina heils hugar en standa næst atvinnulífinu og fólkinu í landinu eru óðum að missa trú á þá ríkisstjórn sem nú situr.

Það sem olli því að ég stóð upp var að hæstv. fjmrh. sagði í sinni ræðu áðan að það væri eðlilegt að verðbréfapappírar eins og ríkisskuldabréf sætu við svipað borð og aðrir pappírar af þessu tagi sem boðnir væru og þá skildist mér að hann væri að tala um skuldabréf sem bankar selja eða jafnvel hlutabréf.

Nú liggur það fyrir að það gegnir alls ekki svipuðu máli um ríkispappírana og aðra. Ríkispappírarnir njóta sérstakra skattfríðinda en á hinn bóginn hefur það líka komið glöggt fram hjá þeim sem hafa gert úttekt á íslenskum fjármagnsmarkaði, og kemur raunar fram líka í ræðum hæstv. iðnrh. þegar hann er í hátíðaskapi og er að reyna að geðjast sjálfstæðismönnum, að óhjákvæmilegt er til þess að koma hér á heilbrigðu efnahagslífi að hlutabréf njóti sambærilegra skattfríðinda og þessir ríkispappírar til þess að sparnaður fólksins í landinu geti runnið inn í atvinnulífið. Það er að sjálfsögðu miklu heilbrigðari og eðlilegri stefna en hin að ríkissjóður sé að velja nokkur fyrirtæki, taka þau út úr og lofa fyrirgreiðslu í sambandi við fjáraukalög þegar einstökum stofnunum er falið að skenkja einstökum fyrirtækjum opinbera fjármuni.

Ég get bara rifjað upp að á fundi Byggðastofnunar í gær voru afgreidd tvö fyrirtæki sem bæði munu njóta verulegrar opinberrar fyrirgreiðslu. Og ég get líka rifjað upp að á fundi Byggðastofnunar í morgun var til meðferðar erindi frá ríkisstjórninni þar sem lofað var verulegum fjárhæðum úr ríkissjóði. Ég held að ég fari rétt með að í bréfinu hafi því verið heitið að um 37 millj. kr. sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum skuli renna til loðdýrabænda á þessu ári. Ríkisstjórnin lofar síðan að þessir peningar komi í gegnum fjáraukalög eða gefur það í skyn. Stefna af þessu tagi, slík opinber forsjá í atvinnulífinu gengur auðvitað ekki. Ég veit að hæstv. fjmrh. hlýtur að vera mér sammála um að það væri miklu eðlilegra að sparifjáreigendur sjálfir, fólkið sjálft legði fram sitt fé til þess að treysta undirstöðu atvinnulífsins. Af þessum sökum beini ég þeirri fyrirspurn til fjmrh. hvort þess megi vænta á þessu þingi að ríkisstjórnin leggi fram frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt sem geri hlutabréf jafnsett opinberum pappírum skattalega séð. En réttlæting hans í sambandi við það að ríkið færi sjálft inn á fjármagnsmarkaðinn sem samkeppnisaðili var einmitt sú að þessi stofnun ríkisins ætti að vera jafnsett eða starfa á svipuðum grundvelli og bankar og aðrar slíkar stofnanir.

Ég hlýt líka, úr því að ráðherrann lagði svo mikið upp úr því að það ætti að vera eðlileg samkeppnisstaða þarna á milli, að spyrja hvort hæstv. ráðherra finnist eðlilegt að þessi nýja peningastofnun sem rekin er á ábyrgð ríkissjóðs greiði opinber gjöld með sama hætti og t.d. ríkisbankar til þess að ekki sé verið að halda uppi dýrri og óhagkvæmri starfsemi á vegum ríkisins sem sýnist bera sig þegar ekki er tekið tillit til þeirra opinberu gjalda sem samkeppnisaðilarnir verða að greiða. Það eru atriði af þessu tagi sem nauðsynlegt er að komi fram.

Ég þakka svo að síðustu hæstv. fjmrh. fyrir það að hann skuli hafa heitið nefndinni því að um það verði séð að henni berist fullnægjandi upplýsingar og gögn um þau atriði sem fram hafa komið í þessum umræðum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það voru aðeins viðbótarspurningar sem mig langaði að beina til hæstv. fjmrh. Hann kom aðeins inn á þessa blaðagrein en mér fannst vanta ýmsar upplýsingar í svör hans.

Það kemur fram hér í 8. gr. frv. að forseti Íslands skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins samkvæmt tillögu fjmrh. Forstjóri stjórnar rekstri Lánasýslu ríkisins og ræður henni starfsfólk. Nú kemur hins vegar fram í þessari blaðagrein og því var ekki neitað að þetta fésýsluapparat, eins og það er kallað í blaðagreininni, hefur verið stofnað þegjandi og hljóðalaust af fjmrn. og Seðlabankanum utan við lög og reglur. Það kemur fram einnig að þessi þjónustumiðstöð hafi nú þegar öðlast sjálfstæða skrifstofu á Hverfisgötu 6, framkvæmdastjóra, tvo starfsmenn og ríkisbifreið til afnota. Þess vegna langar mig að spyrja hvenær þjónustumiðstöðin hafi tekið til starfa og hvernig hafi verið staðið að ráðningu starfsfólksins, hvort stöðurnar hafi verið auglýstar og þá með hvaða heimild og svo aftur, ef þetta frv. verður að lögum, hver ber þá kostnaðinn af ráðningu og rekstri þessarar stofnunar fram að þeim tíma sem lögin taka gildi eða er gert ráð fyrir því að þau verki aftur fyrir sig?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara í örstuttu máli þeim spurningum sem fram hafa komið.

Í fyrsta lagi vil ég vegna ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals láta það koma fram að ákveðið hefur verið að vinna að því á næstu mánuðum að gera tillögur um breytingar á skattlagningu hlutafjár og samræmingu skattlagningar á hlutafjár við annað fjármagnsform. Það voru gerðar nokkrar breytingar í þinginu í desember í þessum efnum. Það fara fram viðræður við einstaka nefndarmenn í fjh.- og viðskn. Nd. að gera kannski fáeinar breytingar einnig á þessu þingi þannig að það er ákveðin þróun í þessum málum sem sýnir vilja til þess að breyta ríkjandi skipan.

Hins vegar var talið nauðsynlegt að kanna mjög rækilega lagasetningu í ýmsum helstu viðskiptalöndum okkar í þessum efnum í sumar og undirbúa slíkar tillögur fyrir haustið því að það þarf ekki aðeins að gæta samræmis innan lands heldur einnig huga að því hvernig þessum málum er fyrir komið í okkar helstu viðskiptalöndum til þess að innra samræmi ríki þá einnig þegar íslenska hagkerfið tengist meira, sem það mun óhjákvæmilega gera, þróun hagkerfanna í nágrannalöndum okkar. En það er fullur vilji á því að skoða þetta mál þess vegna í því samhengi.

Vegna ummæla hv. þm. Karvels Pálmasonar vil ég bara leggja ríka áherslu á það að ég tel að þetta frv. sé einn þáttur í því að renna styrkari stoðum undir nýgerða kjarasamninga vegna þess að mikilvægur þáttur í árangri þeirra er að innlend fjármögnun ríkissjóðs takist vel, að erlendum lánum sé ekki í stórum stíl dælt inn í hagkerfið og fest sé í sessi sú árangursríka starfsemi sem hófst í fyrra að selja spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvíxla til þess að fjármagna umframfjárþörf ríkissjóðs. Það tókst á sl. ári sem nemur 80%. Sala á spariskírteinum ríkissjóðs og ríkisvíxlum er þess vegna mjög veigamikill þáttur í þeim efnum og t.d. sala á slíkum verðpappírum til lífeyrissjóðanna sem verkalýðsfélögin eiga aðild að og við höfum átt ágætar viðræður við forsvarsmenn margra lífeyrissjóða og samtaka launafólks um það efni. Svo að sú starfsemi sem hér er verið að veita lagaramma og traustan lagagrundvöll er einmitt veigamikill liður í því að árangur náist til frambúðar í þeirri efnahagsstefnu sem kjarasamningarnir tengjast. Það er þess vegna ekki verið að setja hér á laggirnar neitt bákn sem gengur gegn þeirri hugsun heldur þvert á móti halda áfram á þeirri braut.

Ég vil, vegna þess að menn ræða mikið um hugsanlegt bákn eða starfsmannafjölda, vekja athygli á því að það er ekki eðli þessa máls samkvæmt. Hvað snertir þá starfsemi sem snýr að Ríkisábyrgðasjóði og erlendum lántökum er þar aðeins um örfáa starfsmenn að ræða sem taldir verða á fingrum annarrar handar. Aftur á móti er það auðvitað alveg ljóst að þegar ríkið annast sjálft sölu á spariskírteinum til almennings og öðrum verðpappírum og viðskiptabankarnir hafa sagt upp þeim sölusamningum er óhjákvæmilegt að hafa einhverja starfsmenn til að sinna því verkefni. Og ég vil vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur vekja athygli á því að þessir fáeinu starfsmenn sem starfa í þjónustumiðstöðinni sinna m.a. viðskiptum við yfir 4000 Íslendinga sem nú eru áskrifendur að spariskírteinum ríkissjóðs. Þeir annast samningagerð við lífeyrissjóði og banka um kaup á spariskírteinum ríkissjóðs og þróa uppbyggingu ríkisvíxlamarkaðar þannig að í raun má segja að þetta sé ótrúlega fámennur hópur miðað við það að á sl. ári var salan á spariskírteinunum kringum 5–6 milljarðar og á ríkisvíxlunum rúmlega sú upphæð vegna þess að salan á ríkisvíxlunum núna nemur í kringum 10 milljarða.

Það er misskilningur að þjónustumiðstöðin hafi verið sett upp þegjandi og hljóðalaust. Það fóru fram ítarlegar viðræður á milli fjmrn. og Seðlabankans um það til hvaða ráða ætti að grípa þegar viðskiptabankarnir sögðu upp samningunum sem þeim var auðvitað frjálst að gera og þegar ljóst var að Seðlabankinn

gæti ekki við núverandi aðstæður sinnt því hlutverki að vera söluaðili á samkeppnismarkaði á pappírum af þessu tagi. Það var einnig rætt við fjvn. og Ríkisendurskoðun um skipan þessara mála og niðurstaðan varð sú að færa þennan kostnað með nákvæmlega sama hætti og gert hefur verið á undanförnum árum, þ.e. sem hluta af vaxtakostnaði ríkisins vegna þess að þetta er lántökukostnaður ríkisins. Og kostnaðurinn af starfseminni hingað til er færður með þessum hefðbundna hætti. Þjónustumiðstöðin tók til starfa um mitt sl. ár og hefur því ekki enn þá starfað í heilt ár. Sá kostnaður sem snertir starfsmannahaldið er í raun og veru mjög lítill, aðeins fáeinar milljónir, miðað við þá miklu veltu sem þarna fer fram. Meginkostnaðurinn á þessum 12 mánuðum eða svo hefur falist í því að byggja upp innlendan markað fyrir spariskírteini og ríkisvíxla sem allir eru sammála um að hafi tekist með mjög árangursríkum hætti.

Ég vona að ég hafi þá svarað þeim spurningum. (**Salþ:** Ég var að spyrja um heimildirnar fyrir ráðningunni.) Já, eins og ég sagði áðan, þá voru heimildirnar fyrir ráðningunni byggðar á því að Seðlabankinn og fjmrn. gerðu samning um þessa markaðsskrifstofu með sama hætti og iðnrn. og Landsvirkjun gerðu samning í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar um markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar — og ég er ekki að segja það þeirri ríkisstjórn til hnjóðs. Ég er bara að nefna annað dæmi um nákvæmlega sama hátt á þegar markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar var sett upp með samningi milli iðnrn. og Landsvirkjunar þannig að það voru á engan hátt óvenjuleg vinnubrögð í þeim efnum. Hins vegar lá það ekki ljóst fyrir fyrr en að fenginni reynslu hvort þetta form væri hentugt til frambúðar. Þegar það kom hins vegar í ljós á seinni hluta síðasta árs að svo væri var strax hafin sú vinna sérfræðinga Seðlabankans og fjmrn. að semja tillögur um frv. að lögum til þess að veita þessari starfsemi varanlegan, lagalegan grundvöll. Ég vona að þetta veiti nægileg svör við þeim spurningum sem hér hafa komið fram.

Ég bið hins vegar hv. þm. að hugleiða það að Alþingi samþykkir árlega í fjárlögum og fjáraukalögum þá kvöð á hendur fjmrh. að afla innlends lánsfjár sem getur numið mörgum milljörðum kr. Sú öflun innlends lánsfjár er forsenda þess að efnahagslífið hér sé á eðlilegum brautum og m.a. forsenda þess að kjarasamningarnir fari ekki úr skorðum. En þingið verður þá að leggja viðkomandi fjmrh. einhver tæki upp í hendurnar til þess að geta, á þeim nýja markaði sem við búum við í dag, selt spariskírteini og ríkisvíxla svo að hægt sé að afla þessa innlenda lánsfjár. Það er tiltölulega auðvelt af hálfu þingsins að setja bara í fjárlög og lánsfjárlög að svo skuli aflað segjum 10 milljarða á innlendum lánsfjármarkaði. En þá þarf líka að velta þeirri spurningu fyrir sér hvernig beri að gera það. Gamla kerfið var þannig að viðskiptabankarnir tóku þetta verkefni að sér. Viðskiptabankarnir sögðu upp þeim samningi og vildu ekki hafa það verkefni í sínum höndum áfram. Seðlabankinn tók á fyrri tímum einnig virkan þátt í þessu starfi. Miðað við breyttar aðstæður er talið óeðlilegt að Seðlabanki sinni því verkefni á þeim peningamarkaði sem við búum við í dag og þess vegna var óhjákvæmilegt að ríkið kæmi sér upp fastbundnum vettvangi til að annast það mikilvæga verkefni að selja á frjálsum markaði spariskírteini og ríkisvíxla til þess að tryggja innlenda fjármögnun þess sem á vantar þegar Alþingi hefur samþykkt tekju- og gjaldahlið fjárlaga og lánsfjáráætlun.

Það er það sem við erum að leggja til og er í samræmi við þær bestu venjur sem tíðkast hafa í nágrannalöndum okkar þar sem menn hafa viljað koma þessu fyrir með álíka hætti og við og þar sem peningamarkaðurinn hefur tekið álíka breytingum og hann hefur gert hjá okkur.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það eru einkum þrjú atriði í ræðu hæstv. fjmrh. sem ég hlýt að gera að umræðuefni.

Í fyrsta lagi lýsi ég sérstakri ánægju minni yfir því að orð hæstv. fjmrh. féllu á þann veg að hann gaf fyrirheit um það að þegar þing kæmi aftur saman á hausti komanda mundi liggja fyrir frv. frá ríkisstjórninni sem lagfærir þau ranglátu ákvæði sem nú gilda varðandi skattlagningu hlutabréfa og arðs af hlutabréfum. Ég vænti þess að samhliða verði lagt fram frv. um aðrar nauðsynlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og raunar varðandi launaskatt einnig og önnur þau atriði sem nauðsynlegt er að lagfæra vegna þess að við færumst nær Evrópumarkaðnum ef marka má orð hæstv. fjmrh. og vegna þeirra breytinga sem verða í þeim málum á árinu 1992.

Hæstv. fjmrh. mat það svo að efnahagskerfi okkar Íslendinga hljóti óhjákvæmilega á næstu árum að verða háðara Evrópubandalaginu en áður sem aftur vekur upp spurningar um það hvort Alþb. hafi kúvent í þessum efnum. Hvort nú sé svo komið að Alþb. sé orðið talsmaður þess að Íslendingar sæki um fulla aðild að Evrópubandalaginu, hvort Alþb. geri þetta í heild eða hvort þetta er kannski eingöngu skoðun Nýs vettvangs sem maður sér að er að bjóða fram til borgarstjórnar Reykjavíkur og líka raunar á Seltjarnarnesi. Er fróðlegt að sjá í blöðunum hvers konar fólk það er sem býður sig fram fyrir þennan Nýja vettvang. Þannig kom fram í prófkjörinu á Seltjarnarnesi að dóttir viðskrh. væri krati en eiginkona fjmrh. alþýðubandalagsmaður en báðar samt á Nýjum vettvangi.

Nú væri auðvitað gaman að heyra meira um hugmyndir hæstv. fjmrh. í sambandi við Evrópubandalagið og þær skoðanir sem hann hefur á því en ég skal ekki gera það að umræðuefni.

Í annan stað er það rétt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að ríkið hefur verið mjög áberandi á íslenskum fjármagnsmarkaði á sl. ári og það sem af er þessu ári og haldið uppi háum raunvöxtum á hinum frjálsa peningamarkaði. Það má rifja það upp þegar Þorsteinn Pálsson var fjmrh. Hann gerði þá samkomulag við bankana um það að ríkið drægi sig til baka á

hinum almenna peningamarkaði sem umsvifalaust hafði í för með sér lækkun á raunvöxtum. Það liggur á hinn bóginn alveg ljóst fyrir að sú stefna sem núv. hæstv. fjmrh. hefur fylgt í sambandi við framboð á ríkispappírum hefur valdið því að raunvextir eru hærri hér á landi en ella mundi. Þetta sjónarmið kom m.a. fram á fundi með viðskrh. og bankaráði Búnaðarbankans nú í vikunni þegar hæstv. viðskrh. kom einmitt inn á það að með því að ríkið breytti þeim útboðsskilmálum sem það hefur á sínum pappírum mætti búast við að raunvextir hér á landi gætu lækkað. Þetta er líka nauðsynlegt að fram komi, viðurkenning hæstv. fjmrh. á því að ríkið hafi verið mjög fyrirferðarmikið á íslenskum peningamarkaði sem er auðvitað um leið viðurkenning á því að hið háa raunvaxtastig sem hér hefur verið er ekki síst tilkomið vegna þess að lánsfjárþörf ríkisins hefur verið óseðjandi. Þetta liggur líka fyrir.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við þau ummæli hæstv. fjmrh. að hér sé uppi einhver efnahagsstefna sem kjarasamningarnir tengjast. Það er misskilningur og raunar rangtúlkun af versta tagi að kjarasamningarnir nú í desembermánuði hafi verið í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og að ríkisstjórnin hafi átt eitthvert frumkvæði að þeim samningum. Það er á hinn bóginn svo að báðir þessir ráðherrar sem eiga náinn ættingja sem er í prófkjöri á Seltjarnarnesi eru að reyna að láta líta svo út að þeir eigi einhvern sérstakan hlut í síðustu kjarasamningum, að aðilar vinnumarkaðarins hafi fallist á þessi naumu kjör sem kjarasamningarnir bjóði upp á af því að þessir tveir ráðherrar sem báðir eru gullinkollar og bjart yfir þeim, a.m.k. í fjarlægð, að þeir hafi eitthvað sérstaklega komið þar við sögu en svo er nú ekki. Þessir kjarasamningar voru alls ekki einn liður í efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Kjarasamningarnir eru á hinn bóginn afleiðing af þeirri efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið.

Eins og ég sagði í minni ræðu áðan tekur viðskrh. sérstaklega fram í grein í Morgunblaðinu í gær að raungengi krónunnar hafi lækkað um 15–20% síðan 1988. Þetta þýðir á mæltu máli að kaupmátturinn í landinu hefur dregist saman um svipaða tölu. Skilgreiningin á raungengi er afskaplega nærri því að vera skilgreining á kaupmætti. Kjörin í landinu hafa með öðrum orðum rýrnað um 15–20%. Á sama tíma og menn hafa orðið að sætta sig við þetta hafa beinir skattar af launum hækkað verulega. Tekjuskatturinn er núna um 40% af launum manna en var 36% þegar sá maður varð fjmrh. sem lætur fara mikið fyrir sér þar. Á tveim árum hefur honum tekist að hækka staðgreiðsluna um tvisvar sinnum 2%, 4%. Það yrði lítið eftir ef hann ílentist í þessu embætti. Þá kæmi lítið í hlut þess sem á launaumslagið. 2% á ári er nokkuð mikið.

Um síðustu áramót kom þessi síðari hækkun og um leið voru ýmsir aðrir skattar þyngdir og jafnframt var ákveðið að leggja fram frv. um að skattleggja orkuneyslu heimilanna. Eins og ég hef gert grein fyrir í ræðustólnum var það mat bæði Rafmagnsveitna ríkisins og annarra sem að þeim málum komu að ef sá skattur yrði að veruleika mundi hann þýða um 30% hækkun á orkunotkun heimilanna. Hæstv. ráðherra er að reyna að afsaka sig með því að fjmrn. hafi reiknað vitlaust, að hann hafi ætlað að hækka orkunotkunina eitthvað minna. Það skiptir ekki máli hvort hæstv. fjmrh. hafi ætlað að hækka orkunotkunina um 500 kr. eða 1000 kr. á mánuði hjá venjulegri fjölskyldu. Aðalatriðið er að ráðherrann var önnum kafinn við að þyngja álögurnar. Þegar kjarasamningarnir voru gerðir voru þessi mál öll í deiglunni. Þá var hæstv. ráðherra að þyngja álögurnar, hann var önnum kafinn við þær af því að kjarasamningarnir gengu þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Við skulum aðeins rifja upp hvernig umhverfið er hér á landi. Hvað gerðist haustið 1988 þegar þessi ríkisstjórn komst til valda? Í þeirri grein sem hæstv. iðnrh. skrifaði í Morgunblaðið í gær tekur hann fram að raungengi hafi verið verulega rangt þegar þessi ríkisstjórn settist að völdum haustið 1988. Hann tók jafnframt fram að ríkisstjórnin hefði af ráðnum hug haldið raungenginu skökku fram eftir sl. ári. Og hverjir eru það sem töpuðu á því að raungengið var skakkt ef við notum það hugtak, á hvaða atvinnuvegum bitnaði það? Það bitnaði auðvitað á útflutningsframleiðslunni, það bitnaði á samkeppnisiðnaðinum. Við sjáum t.d. fórnarlambið í Slippstöðinni á Akureyri. Við sjáum hvernig farið hefur fyrir ullariðnaði, niðursuðuiðnaði. Það er haldinn fundur í hverjum einasta mánuði í Byggðastofnun til að reyna að fjalla um einhver ný útflutningsfyrirtæki. Ríkisábyrgðasjóður er að gefa eftir vexti til þess að bjarga útflutningsfyrirtækjum. Fjmrh. beitti sér fyrir því að gefa nokkur hundruð millj. til eins fyrirtækis á Siglufirði um áramótin. Gjaldþrotunum fækkar ekki neitt. Fólk úti á landi sem missir atvinnuna kemur til Reykjavíkur, ungt fólk. Það stoppar lítið við hér heldur fer svo að segja beina leið upp í félmrn. til að leita eftir því hvort hægt sé að fá vinnu í nálægum löndum, helst Svíþjóð, vegna þess að það er enga vinnu að hafa hér á landi. Mikill fjöldi af ungu og glæsilegu fólki sem ekkert hefur hér að gera hefur farið þangað. Þessi útflutningur á ungu, íslensku fólki nemur orðið einhverjum þúsundum síðan þessi ríkisstjórn kom til valda. Samt er atvinnuleysið í febrúarmánuði mun meira en það hefur verið svo áratugum skiptir hér á landi, mun meira.

Ef við horfum á einstakar greinar sem búið er að vera að hvetja fólk til að ganga út í, má minnast t.d. á loðdýrabændur. Þeir voru hvattir til að fara út í þessa atvinnu á sínum tíma. Það er búið að halda þeim við efnið með nýjum og nýjum nefndum, með nýjum og nýjum loforðum. Síðast 30. mars voru gefin hálfgildings loforð um að það ætti að gera svo og svo mikið fyrir þá. Síðast á fundi í Byggðastofnun nú í hádeginu bárust stjórn Byggðastofnunar skilaboð frá landbrh. um fóðurstöðina á Dalvík. Ég spurði hann hvort það væri kannski hugmyndin að Byggðastofnun tæki veð í skuldabréfum bænda sem ekki er búið að gefa út og síðan mundi Seðlabankinn endurgreiða Byggða-

stofnun þessa peninga til þess að hægt sé að koma fóðurstöðinni á Dalvík aftur í gagnið. Það kom í ljós að allir stjórnarsinnar sem þarna voru inni litu á þetta sem orðin tóm, tóku ekki mark á þessum skilaboðum, þessari dúsu sem loðdýrabændurnir fyrir norðan áttu að fá. Þetta fólk hefur verið að missa aleigu sína og vinir þess og fjölskyldumeðlimir hafa orðið að hlaupa undir bagga og tekið á sig ábyrgðir. Mikið af þessu fólki eru launþegar eftir að það hefur gefist upp. Og það hefur eitthvert fólk í kringum sig, vini og fjölskyldu sem hefur gengið í ábyrgð fyrir það. Hvernig á þetta fólk að geta greitt ábyrgðirnar þegar ekkert tillit er tekið til fjármagnskostnaðar, þegar ekkert tillit er tekið til tapa í skattkerfinu og þegar svo er komið að beinn staðgreiðsluskattur er orðinn 40% og enga miskunn að fá neins staðar?

Þetta er umhverfið sem við erum að tala um. Og það er við þessi ömurlegu skilyrði sem verkalýðshreyfingin gerði samkomulag við vinnuveitendur um það að semja til langs tíma, fram á næsta ár. Þó liggur það fyrir að verðbólgan á þessu ári verður meiri en þær launahækkanir sem fólkið fær í vasann, hæstv. fjmrh. Það verður áframhaldandi kjaraskerðing á þessu ári, hæstv. fjmrh. En hvernig er svo umhverfið þegar við tölum um áframhaldandi kjaraskerðingu þessa fólks, fólks sem búið er að missa 15–20% af tekjum sínum á tveimur árum svo að ég tali nú ekki um þetta aumingja fólk sem hefur talið sig vera í góðum störfum? Lítum t.d. á uppsagnir hjá traustu fyrirtæki eins og Kaupfélagi Eyfirðinga nú upp á síðkastið og þann mikla persónulega harmleik sem er í kringum slíkar uppsagnir.

Í grein hæstv. viðskrh. í Morgunblaðinu í gær hrósar hann sér af þrem atriðum. Hann hrósar sér af því að viðskiptajöfnuður skuli vera betri nú en áður. Auðvitað er það eðlilegt að viðskiptajöfnuðurinn batni um leið og kaupmátturinn dregst svo verulega saman. Kaupmátturinn dregst í raun meira saman en þessar tölur sýna. 15–20% kaupmáttarskerðing hefur í för með sér enn þá meiri samdrátt í eftirspurn eftir innfluttum vörum en þessar tölur gefa tilefni til. Auðvitað er það eðlilegt við slík skilyrði að viðskiptajöfnuður eigi að vera hagstæður.

Hæstv. viðskrh. hrósaði sér líka af því að einhver fyrirtæki sem höfðu áður nokkuð góða stöðu væru enn að hressast og mér skildist á hæstv. fjmrh. áðan að hann væri að gefa eitthvað slíkt í skyn. Höfum við ekki margfalda reynslu af því ef kaupið dregst saman um 15–20% að einhver fyrirtæki gangi ögn betur? Skárra væri það. En um leið og við tölum um þetta felst í því viðurkenning Alþb. á því að ósanngjarnar og mjög miklar launahækkanir geti ráðið úrslitum um það hvort jafnvægi náist í efnahagslífinu eða ekki. Um þetta er þess vegna ekki ágreiningur. Þegar búið er að skerða launin um 15–20% hlýtur auðvitað staða atvinnulífsins að batna. Um það er ekki ágreiningur.

En það er annað sem vekur mikla athygli. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan að kjarasamningarnir yrðu að halda. Það hefur komið fram hjá forsrh. að það séu þrjú ráð: Í fyrsta lagi að taka í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, í öðru lagi að hækka vexti og í þriðja lagi að þyngja skatta til þess að halda niðri kaupmættinum.

Hvernig er umhverfið? Í heild hafa viðskiptakjörin batnað. Það er talað um að í þýðingarmiklum útflutningsgreinum sjávarútvegs hafi hækkun orðið 10%. Hæstv. iðnrh. hrósar sér af því að samningur um byggingu álvers hér á landi sé í hendi nú. Hann talar um að álverið verði kannski við Reyðarfjörð, á Akureyri, kannski nálægt Hornafirði eða Keflavík, kannski nálægt Akranesi. Þetta eru miklir kratabæir, Akureyri, Akranes, Keflavík og Hafnarfjörður og er kannski vissara að slá því ekki föstu hvar álverið verði fyrr en 31. maí til þess að kratar geti haldið sína kosningabaráttu á öllum þessum stöðum og sagt að álverið verði nálægt sér. (**KP:** En hvað með Ísafjörð?) Það hefur ekki verið lofað neinu um það. (**KP:** En hefur hinu verið lofað?) Þannig að ef þetta gengur fram þýðir það auðvitað verulegar gjaldeyristekjur fyrir okkur og nýja eftirspurn eftir vinnuafli. Með öðrum orðum horfum við núna fram á það vegna þess að viðskiptakjörin eru batnandi, vegna þess að við fáum meira fyrir sjávarafla en á síðasta ári, að afrakstur þjóðarbúsins er orðinn meiri en menn bjuggust við.

Samt hafa ráðherrarnir áhyggjur. Og hverjar eru áhyggjurnar núna? Að eitthvað af þessu góðæri í atvinnulífinu fari í launaumslögin. Að eitthvað af góðærinu hjá fyrirtækjunum fari í launaumslögin. Auðvitað liggur það ljóst fyrir að það hafa skapast skilyrði fyrir því að bjóða upp á betri lífskjör en um var samið í kjarasamningunum. Auðvitað hefur þessi mikli bati sem við sjáum nú vegna ytri skilyrða í sumum greinum atvinnulífsins það í för með sér að einfaldasta leiðin er sú að ríkið mæti aukinni veltu af þeim sökum með því að draga úr beinni skattheimtu og færi tekjuskattinn niður í t.d. 38% og komi þannig til móts við launafólk. Ef þessi ríkisstjórn sem vill kenna sig við félagshyggju vill á annað borð láta almenning í landinu njóta góðærisins sem er að koma. En því miður er það ekki þannig. Því miður er það á hinn veginn, að ráðherrarnir með góðum stuðningi þingmanna sem ríkisstjórnina vilja styðja og undanskil ég að sjálfsögðu þm. Vestf., Karvel Pálmason. Mér virðast aðrir stjórnarsinnar sömu skoðunar og ríkisstjórnin, að ef hér má vænta einhvers góðæris fyrir þjóðina í heild skuli það helst vera ríkissjóður einn sem þess fær að njóta.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið og ekki ætla ég að ræða um mál tiltekinna eiginkvenna eða fríðleik í fjarlægð eins og var umræðuefni áðan. (**HBl:** Það var ekki eiginkvenna, það var eiginkona hans og dóttir.) Já, það skiptir engu máli fyrir mig, ég ætla ekki að blanda mér í það. En mig langar til þess að segja örfá orð út af því sem hæstv. fjmrh. lagði inn í umræðurnar áðan.

Það kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðherra að hér verði um að ræða örfáa starfsmenn sem eru

byrjaðir, því að mér heyrist menn tala á þeim nótum að þetta sé í reynd orðið það sem þetta frv. gerir ráð fyrir að það eigi að vera. Þetta er búið að vera starfandi í nærri ár. En reynsla mín er samt sú í gegnum árin á hv. Alþingi að hvað sem hæstv. ráðherrar hafa sagt um þau hugðarefni sín að fjölga ekki mikið á ríkisjötunni hefur staðreyndin eigi að síður orðið sú að þar hefur fjölgað miklum mun meira en þau fyrirheit hafa gefið tilefni til að ætla og hæstv. ráðherrar hafa verið að tala um í gegnum árin. Og ég óttast að hvað sem hæstv. fjmrh. segir um þetta málefni séu menn hér enn að hlaða á jötuna til þess að fjölga í kerfinu, auka báknið og taka meira af skattborgurunum en þegar er orðið og er nú nóg fyrir. (**EKJ:** Getur það verið?) Já, það getur verið, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Og það sem meira er, það hefur líka gerst undir handarjaðri Sjálfstfl. þannig að hann er enginn eftirbátur í þeim efnum og er þá kannski rétt að koma að þeim kafla ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals er varðar launamálin. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. að kaupmáttur hefur minnkað verulega. En það er í sjálfu sér ekki nýtt. Menn muna kannski viðskilnaðinn hjá hæstv. þáv. forsrh. Þorsteini Pálssyni. Hvernig stóðu mál þá? Og hvernig stóðu mál fyrir kosningarnar 1987 þegar þáv. hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson hleypti upp vinnumarkaðnum með sérsamningum við opinbera starfsmenn á kostnað hins almenna launamanns í landinu? Auðvitað geta menn tekið fleiri dæmi ef það er einhver sárabót að einhver sé slæmur að því er þetta varðar. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu og nóg pláss hér á eftir. Ég skal fylgja þessu öllu eftir. Ég man þetta held ég allt saman.

En kannski var þetta það sem hinum almenna launamanni sárnaði hvað mest eftir að hann var búinn að semja á tiltölulega lágum nógum fyrir venjulegt verkafólk að þá kom þessi hæstv. fjmrh., formaður Sjálfstfl., og bauð opinberum starfsmönnum miklu betur en hinum og kom þannig í bakið á almennu verkafólki. Þetta þarf auðvitað ekki að rifja upp. Þetta muna allir og er lýðum ljóst. Það er því *ekkert nýtt að kaupmáttur og launakjör séu slæm á* Íslandi og mættu raunar vera miklum mun betri.

Mér finnst einhvern veginn, kannski er ég orðinn svona gamaldags, að það skipti orðið engu máli hvað Alþingi eða hinn óbreytti þingmaður hefur um tiltekin mál að segja. Það virðist vera nóg að ráðherrarnir geti rætt um þetta yfir kaffibolla og samþykkt, fjvn. geti gert það líka yfir kaffibolla og samþykkt og síðan kannski ríkisendurskoðandi einn og sér með kaffibolla og þá sé málið afgreitt. Mér sýnist bara málið vera í þessum farvegi og þessir ungu menn, fjölhæfu að margra áliti, ekki allra, og þá er ég að tala um þá sem eru í forustu fyrir íslensk stjórnmálaöfl, ráða ferðinni og sitja í ráðherrastólum. Það er engu líkara en þetta sé hin nýja innreið í íslenska stjórnmálabaráttu, að þingið sé sett til hliðar, að því komi í raun og veru ekkert við hvað er verið að gera á hverjum tíma. Það eru þessar þrjár stofnanir, það eru ráðherrastólarnir, það eru fjárveitinganefndarstólarnir og það er stóll ríkisendurskoðanda. Hinum kemur málið ekkert við.

Mér finnst þetta mjög slæmt og ekki verður þetta til þess að auka virðingu Alþingis. Ég held að þeir sem ferðinni ráða í íslenskum stjórnmálum ættu að skoða sinn hug vel áður en menn halda lengra inn á þessar brautir. En vel kann að vera að þetta verði framtíðin í íslenskum stjórnmálum. En verði svo þá er hún slæm.

Aðeins út af því sem hæstv. fjmrh. sagði um að viðskiptabankarnir hefðu neitað þessu. Er það orðið svo, hæstv. ráðherra, að bankarnir geti bara gert það sem þeim dettur í hug og þeim sýnist? Til hvers höfum við ríkisstjórn, til hvers höfum við stjórnvöld? Til hvers höfum við stjórnvöld? Af hverju ekki að skikka þetta lið til þess að taka þetta að sér þó að það vilji sjálft losna við það? Er nauðsyn á nýju bákni til þessara hluta? (**Fjmrh.:** Það er af því að þeir eru að selja sína eigin pappíra í samkeppni við hina.) Það á bara að setja þeim skorður fyrir dyrnar eins og hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnir hafa í gegnum árin sett almenningi skorður fyrir dyrnar. Þeir eiga ekki að vera á neinum sérbáti að því er þetta eða annað varðar. Það hefur ekki vafist fyrir ráðherrum nánast hverrar ríkistjórnar á fætur annarri að setja almenningi í landinu skorður fyrir dyrnar. Segja bara: Hingað og ekki lengra. Þú færð þetta og ekkert meira. Þú bara hagar þér svona og ekkert öðruvísi. Það er þetta sem ráðherrar hafa gert og stjórnvöld. Og þetta á auðvitað líka að eiga við um bankana. Þeir eiga ekki að vera neitt sérríki hér á landi og þurfa ekki að lúta einum eða neinum. Ég tek það því ekki gott og gilt þó að hæstv. fjmrh. segi það að bankarnir vilji ekki þetta eða hitt. Það á bara að láta þá gera það.

Ég skal svo, herra forseti, ekki eyða fleiri orðum að þessu sinni í þetta mál, en ég ítreka enn að ég sé enga þörf á þessu máli. Og það sem er verst í þessu, ég hygg að almenningur í landinu, sá almenningur sem hefur fallist á nánast að skerða laun sín frá því sem hefði átt að vera, að hæstv. ríkisstjórn sitji svo bara hér í sínum ráðherrastólum og ungi út frv. upp á milljónir og hundruð milljóna sem auðvitað lendir á skattborgurunum sjálfum og þeim líka sem fengu nánast enga kauphækkun. Þetta virkar illa. Þetta verður kannski sálrænt. Og þetta er ekki til þess að menn fái tiltrú á stjórnvöldum og var hún að vísu ekki mikil fyrir. Þá á ég ekki sérstaklega við núv. hæstv. ríkisstjórn. Það á nánast við þær allar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki misnota það að fá gera stutta athugasemd þó að það hefði verið freistandi að svara nokkrum orðum og halda áfram með þá upprifjun sem hv. 3. þm. Vestf. kom með í sambandi við kjaramálin og kjaraskerðingar. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp að kjör höfðu verið skert 14 sinnum í þeirri ríkisstjórn sem sat að völdum þegar Alþb. var í ríkisstjórn næst á undan þeirri sem nú situr.

En ég lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra áðan og fékk ekki svör við því sem ég spurði um. Ég var ekki að leggja faglegt mat á hvort

starfsmenn hefðu unnið verk sín, hvort það hefði verið ástæða til að ráða þetta fólk. Ég var að spyrja um heimildirnar. Ég var að spyrja um með hvaða hætti starfsfólkið hefði verið ráðið og ég var að spyrja um hver mundi bera kostnað af ráðningu þessa starfsfólks fram að þeim tíma að lögin tækju gildi eða hvort lögin ættu að verka aftur fyrir sig. Ég spyr að þessu að gefnu tilefni vegna þess að núv. hæstv. fjmrh. hefur lagt á það mikla áherslu að hann ætli ekki að stunda það sem forverar hans í embættum hafi gert. Hann ætlaði að reka ríkissjóð með hagnaði. Það vita allir hvernig það hefur gengið. Hann ætlaði eins og félagi hans, hæstv. menntmrh., að skrúbba, skúra og bóna og taka til eftir forvera sína í embættum en eftir stendur það hvort hann hafi gert það og þetta er eitt dæmi þess að svo hefur ekki verið gert. Það er það sem stendur eftir. Hér hefur verið sett á laggirnar deild í fjmrn. sem ekki er heimild fyrir, sem ekki stenst lög. Það er nú fyrst verið að leggja fram frv. til þess að staðfesta þessa þjónustumiðstöð og eftir stendur að þetta er gert án heimilda til ráðningar í þessar stöður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

68. fundur, föstudaginn 6. apríl, kl. 1 miðdegis.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 2. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 144, n. 873, brtt. 874.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Árna Þ. Árnason, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Jón B. Jónasson, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Halldór Þ. Kristjánsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Guðmund Eiríksson, þjóðréttarfræðing í utanríkisráðuneytinu, Guðmund Pálmason frá Orkustofnun og Jón Arnalds borgardómara.

Eftir ítarlega umfjöllun um málið og viðræður við fyrrgreinda menn mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Flestar breytingarnar miða að því að gera ákvæði frumvarpsins skýrari en meginefnisbreytingin er sú að hugtakið „auðlind" í merkingu frumvarpsins er bundið við allar lífrænar og ólífrænar auðlindir hafsbotnsins aðrar en lifandi verur. Nefndin vill þó leggja áherslu á að hún telur nauðsynlegt að hugað verði að sérstöku frumvarpi er fjalli um réttindi til rannsókna og hagnýtingar á sjávargróðri og verum sem lifandi eru á, í og undir hafsbotninum eða í tengslum við hann."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í hv. iðnn., þar af með fyrirvara Friðrik Sophusson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 873 höfum við tveir nefndarmenn, hv. þm. Friðrik Sophusson og ég, ritað undir nál. með fyrirvara. Þykir mér rétt að gera grein fyrir þeim fyrirvara. Ég vil þó áður láta þess getið að hér er um mjög merka löggjöf að ræða. Ég sé ástæðu til að þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir hans forgöngu í þessu máli. Hann er 1. flm. að frv. og hefur verið formaður nefndarinnar og leitt starfið, en nefndin hefur unnið mjög ítarlega í þessu máli, haldið um það marga fundi og fengið hina færustu sérfræðinga á sinn fund.

Þetta mál er búið að vera hér fyrir þinginu nokkrum sinnum. Til skýringar á fyrirvörum okkar þykir mér rétt að rifja upp að á árinu 1983 var frv., samhljóða því sem er á þskj. 144, flutt í Ed. Þá skilaði allshn. Ed. samhljóða nál. sem er birt sem fskj. með þessu frv. Ég sé ástæðu til að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál að ógerlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Samkvæmt 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvíræð eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar en tilheyrir Íslandi samkvæmt 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen svæðinu og Rockall-hásléttu, falli undir sjútvrn. en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú vísað til ríkisstjórnarinnar til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi."

Undir þetta rita allir nefndarmenn en frsm. nefnd-

arinnar var hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Þetta var árið 1983. Síðan hefur ekkert gerst í þessu máli af hálfu þeirra ríkisstjórna sem setið hafa. Ástæðan er sú að þarna er um að ræða vissan ágreining. Þetta mál snertir tvö ráðuneyti, þ.e. iðnrn. og sjútvrn. og ráðuneytin hafa þess vegna ekki getað gripið á þessu máli. Því kemur nú til kasta þingsins að skera úr.

Niðurstaða hv. iðnn. varð sú að þrengja frv., þ.e. taka af öll tvímæli um að það taki aðeins til ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum en ekki til lifandi vera svo sem fiska, krabbadýra og annarra slíkra sem eðli málsins samkvæmt mundu þá heyra undir sjútvrn. Fyrirvari okkar, minn og hv. þm. Friðriks Sophussonar, er sá að við hefðum talið æskilegra að víkka frv. út þannig að það tæki bæði til ólífrænna og lífrænna auðlinda og efna, svo og til fiska og lifandi vera. Ég vil aðeins geta þessa hér, en við viljum á engan hátt leggja stein í götu þessa máls. Við styðjum það auðvitað heils hugar og teljum það mjög brýnt að slík lög séu sett, þó takmörkuð séu.

Við teljum hins vegar mjög nauðsynlegt, eins og fram kemur í nál., að nú verði unnið að sérstöku frv. sem fjalli um réttindi til rannsókna og hagnýtingar á sjávargróðri og verum sem lifandi eru á, í og undir hafsbotninum eða í tengslum við hann.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir orð hans og stuðning við þetta mál og öllum nefndarmönnum. Eins og fram kom er þetta mjög þýðingarmikil löggjöf sem hér er verið að setja. Vegna fyrirvara sem hv. 2. þm. Reykv. kynnti hér vil ég að það komi fram af minni hálfu að ég tel mjög æskilegt og raunar brýnt að löggjöf af þeim toga sem hér um ræðir verði undirbúin og sett af Alþingi. Það er því enginn ágreiningur í raun okkar á milli um það og ég held að það sé hugur annarra í iðnn. eins og kemur fram í nefndaráliti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 874,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 874,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 874,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 874,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (heildarlög). — Þskj. 748.

Birgir Ísl. Gunnarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar fundi var slitið og umræðu frestað á miðvikudaginn var hafði ég ekki lokið ræðu minni um það frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. frv. til laga um grunnskóla. Mér þykir rétt, samhengisins vegna, að stikla með örfáum orðum á því helsta sem ég hafði sagt áður en ég lauk máli mínu þá. Ég rifjaði upp að í grg. með þessu frv. er m.a. vitnað til frv. og þáltill. þingmanna Sjálfstfl. á undanförnum þingum. Þær tillögur byggjast m.a. á niðurstöðu samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál sem skipuð var af þáverandi hæstv. forsrh. Þorsteini Pálssyni og var liður í að framkvæma nokkuð ítarlegan kafla í þáv. stjórnarsáttmála um fjölskyldumál. Helstu atriðin í tillögum sjálfstæðismanna hér á þingi hafa verið eftirfarandi: Skólaskylda sex ára barna, lenging daglegrar skólavistar barna, almenn heimild til forskóla fyrir fimm ára börn, nákvæmari ákvæði um einkaskóla, aukin samvinna foreldra og skóla, níu mánaða skóli hjá öllum og samfelldur skóladagur.

Ég vakti athygli á því að frá því að frv. okkar sjálfstæðismanna hafa verið lögð fram, og reyndar frá því að meginundirbúningur þessa grunnskólafrv. fór fram, hefur orðið sú meginbreyting að með lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur sveitarfélögum verið falið að fara með málefni grunnskólans í ríkari mæli en áður var. Því vanti í þetta frv. nánari ákvæði um samstarf við sveitarfélögin og að í sumum greinum eru völdin tekin af sveitarfélögunum.

Hæstv. menntmrh. hefur lagt áherslu á að valddreifing sé einkenni þessa nýja grunnskólafrv. Athugun á frumvarpstextanum leiðir nokkuð annað í ljós. Það gætir þvert á móti aukinnar miðstýringar og forræðistilhneigingar gagnvart sveitarfélögunum. Ýmis atriði sem eðlilega ættu að vera á þeirra valdi eða jafnvel skólanna sjálfra eru flutt í menntmrn. eða útibú þess. Þegar rætt er um valddreifingu af hálfu hæstv. ráðherra er fyrst og fremst átt við að ákveðin verkefni eru færð úr ráðuneytinu og til fræðsluskrifstofanna en þær verða nú útibú menntmrn. Hér er því miklu frekar um að ræða breytt verklag innan ráðuneytis en valddreifingu innan grunnskólakerfisins.

Ein aðalbreyting frv. frá því sem nú gildir er að kveða á um fræðslu og skólaskyldu sex ára barna með því að staðfesta að grunnskóli verði tíu ára skóli. Þetta er í samræmi við fyrri frv. sjálfstæðismanna hér á þingi. Hins vegar vantar nánari skilgreiningu og í raun hefði þurft í tengslum við þessa breytingu að endurskipuleggja grunnskólanámið. Í því efni hljótum við Íslendingar að horfa til annarra þjóða sem útskrifa sína stúdenta mun yngri en við og er enginn vafi á því að við þurfum að líta sterklega til þess að nýta betur þann tíma sem nemendur eru í grunnskóla.

Ég hafði, að þessum almennu athugasemdum

loknum, farið yfir nokkra kafla frv., þ.e. I. kafla, um markmið og skólaskyldu, II. kafla, um stjórn grunnskólans, og III. kafla, um skólahúsnæði, og var kominn að því að ræða um IV. kaflann sem er starfslið grunnskóla. Í því sambandi vaknar m.a. sú spurning af hverju menntmrn. þurfi að staðfesta ráðningu kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða. Ég tel að skólarnir eigi sjálfir að fá þetta hlutverk þannig að valddreifingunni sé fylgt eftir til enda. Í grg. með frv. er þess getið að fræðslustjórar eigi að fá það verkefni að staðfesta ráðningu. Það skiptir auðvitað ekki aðalmáli hvort fræðslustjórar fá það verkefni eða ráðuneytið sjálft vegna þess að nú verða fræðslustjóraskrifstofurnar útibú frá ráðuneytinu. Aðalatriðið er í mínum huga að fylgja valddreifingunni eftir með því að flytja þetta verkefni alfarið yfir til skólastjóranna.

Í 33. gr. frv. kemur fram að fræðslustjóri auglýsir stöðu skólastjórnenda. Mér finnst það út af fyrir sig í lagi, en síðan segir að hann eigi einnig að auglýsa stöður kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða. Maður spyr auðvitað sjálfan sig: Hvers vegna eiga ekki skólastjórar að auglýsa stöður kennara og annarra starfsmanna? Það væri raunveruleg valddreifing, en það er ekki mikil valddreifing að færa ákvarðanir frá einni skrifstofu til annarrar innan ráðuneytisins sjálfs.

Í 38. gr. er ljóst að vald skólastjóra er nokkuð skert. Þar segir: „Fyrir hverja bekkjardeild eða sambærilegan námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund." Mér finnst vafamál að lögbinda sérákvæði um þetta verkstjórnaratriði skólastjóranna öðru fremur. Þegar ég segi það geri ég auðvitað ráð fyrir því að skólastjórar hafi gott og eðlilegt samstarf við sína kennara og aðra samstarfsmenn. En ég dreg það í efa að lögbinding ákvæðis af þessu tagi sé til bóta.

Í V. kafla frv. er talað um starfstíma grunnskóla, námsefni og kennsluskipan. Í 41. gr. er ákvæði um að reglulegur starfstími grunnskólans skuli vera níu mánuðir. Þetta er nánar útskýrt í grg. á bls. 28 í frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir níu mánaða reglulegum starfstíma grunnskólanemenda frá 1. sept. til 31. maí. Í gildandi lögum er reglulegur starfstími grunnskóla hins vegar mismunandi eftir skólahverfum eða 7–9 mánuðir."

Tafla sem fylgir sýnir hvernig starfstími hefur skipst á nemendur og kemur í ljós að níu mánuði hafa skólaárið 1988–1989 haft 77,04% nemenda, átta og hálfan mánuð 13,51%, átta mánuði 9,31% og styttra en átta mánuði 0,14%. „Stefnt er að því að jafna þennan mun og er það í samræmi við þróun á síðustu árum eins og ofangreind tafla sýnir." Þetta segir í grg.

Ég styð mjög eindregið þetta ákvæði. Að vísu er í greininni heimild til tímabundinnar undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Aðstæður geta auðvitað verið mismunandi á einstökum stöðum en ég vek athygli á að þetta er í samræmi við þáltill. sem þingmenn Sjálfstfl. fluttu á síðasta þingi. Henni var þá vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í 42. gr. er fjallað um námsskrá. Maður veltir því auðvitað fyrir sér þegar maður sér jafnítarleg ákvæði og hér eru hversu mikið eigi að festa í lög af ákvæðum af þessu tagi, hvort það sé nægjanleg sveigja í löggjöfinni til þess að mæta kröfum mismunandi tíma.

Kennslumálanefnd Háskóla Íslands fjallaði um þetta mál sérstaklega, gerði reyndar ýmsar athugasemdir við frv., en hún tók þetta atriði sérstaklega fyrir. Ég vil leyfa mér að vitna í álit hennar en þar segir, með leyfi forseta:

„Kennslumálanefnd gerði á sínum tíma athugasemd við upptalningu á efnisatriðum aðalnámsskrár í frv. frá 1987. Þó að nokkuð hafi miðað í rétta átt í stafliðum a–i í 41. gr. hins nýja frv." — það er 42. gr. samkvæmt frv. nú — „vill kennslumálanefnd endurtaka fyrri ummæli sín um langar upptalningar. Bæði er að með þessari framsetningu er lítill sem enginn greinarmunur gerður á veigamiklum meginverkefnum og harla smáum aukaatriðum og auk þess er þekkingin og færnin sem skólinn veitir brotin upp í óþarflega smáar einingar þannig að fram kemur óheppileg og villandi mynd. Til þess að skýra betur hvað átt er við höfum við sett saman eftirfarandi hugmynd um texta þessarar málsgreinar." Það er miðhluti 42. gr. og hún hljóðar svo samkvæmt tillögu kennslumálanefndarinnar:

„Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá þar sem m.a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan. Þar skulu og sett ákvæði um eftirfarandi meginverkefni grunnskóla:

a. Þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenskar bókmenntir. Auk þess sem móðurmál er sérstök kennslugrein má gera ráð fyrir þjálfun í því í tengslum við aðrar kennslugreinar eftir því sem við getur átt.

b. Undirstöðukennsla í stærðfræði.

c. Þjálfun verkkunnáttu, fagurskyns og líkamsræktar með almennu verknámi, kennslu í heimilisfræðum, tónmennt, myndmennt, handíðum, skrift, tölvunotkun og íþróttum að meðtöldu sundi og hjálp í viðlögum.

d. Fræðslu um mannlegt samfélag og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu og samfélagshætti, landafræði, kristinfræði, siðfræði og um önnur helstu trúarbrögð.

e. Fræðslu um efnisheiminn, um frumatriði í líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði sem og um áhrif áfengis og annarra ávana- og fíkniefna, sbr. lög nr. 23/1983.

f. Kennslu í erlendum tungumálum, einkum ensku og einu Norðurlandamáli samkvæmt nánari ákvörðun.

Í efstu bekkjum grunnskóla skulu nemendum standa til boða ýmsar verklegar og bóklegar valgreinar, sömuleiðis skal kynna þeim atvinnulíf, námsmöguleika að loknum grunnskóla og annað sem áhrif getur haft á starfsval."

Ég segi það sem mína skoðun að mér finnst að þessi tillaga kennslumálanefndarinnar sé mun betri en sú tillaga sem fram kemur í frv. Það vekur athygli að í 42. gr. fara út úr frv. miðað við núgildandi lög ákveðin

hugtök sem kennslumálanefndin setur inn í sína tillögu. Ég nefni hugtök eins og Íslandssaga, landafræði og mannkynssaga. Þau er ekki að finna í þessari tillögu sem hér liggur fyrir nú og það vekur auðvitað athygli. Maður hlýtur að staldra við þessa breytingu, einmitt í ljósi þess ágreinings sem varð í íslenska skólakerfinu um þessar námsgreinar, ekki síst Íslandssögu, fyrir örfáum árum síðan. Spurning er hvort ekki eigi að hafa það alveg kristaltært í lögunum að Íslandssaga eigi að vera meðal námsgreina. Nú er þetta mjög þynnt út í frv., en í upptalningu, í g-lið, segir hvað eigi að vera í aðalnámsskrá: „Mannlegt samfélag, samfélagshættir, umheimur og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi."

Mér finnst þetta orðalag dálítið moðsuðukennt, svo ekki sé meira sagt, og hefði fellt mig mun betur við það orðalag sem kennslumálanefnd Háskóla Íslands leggur til og tel nauðsynlegt að athuga það sérstaklega í nefndinni.

Í 44. gr. frv. er fjallað um daglegan og vikulegan starfstíma nemenda. Í því sambandi vil ég vitna til frv. á þskj. 27 sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er 1. flm. að, en ég ásamt hv. þm. Þorsteini Pálssyni erum meðflm. Það er nokkur munur á þessum frv. Á þskj. 27 segir: „Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:" og síðan kemur upptalning á mínútum, en í frv. hæstv. ráðherra segir að vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skuli „að lágmarki" vera þessi. Þetta þarf auðvitað að athugast betur. Ég skal ekki kveða upp úr með það hvort orðalagið sé æskilegra á þessu stigi, það kann vel að vera að það sé skynsamlegra að setja ákveðið lágmark í þessu en ég vek þó athygli á að hugmyndir kennarasamtakanna eru nær þeim tillögum sem fram koma í frv. á þskj. 27.

Í 46. gr. frv. er breyting frá gildandi lögum. Þar er fjallað um nemendur í bekkjardeildum og segir í frv.: „Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í hverri bekkjardeild í grunnskóla séu ekki fleiri en 24 að meðaltali, eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla," og síðar stendur: „Í 1.–3. bekk skulu nemendur í einstökum bekkjardeildum þó ekki vera fleiri en 22."

Um þetta er nánar fjallað í grg. með frv. á bls. 29. Þar segir: „Meðaltal nemenda í bekk verði 24 í stað 28. Í raun er verið að staðfesta þá þróun sem orðið hefur. Meðalfjöldi nemenda í bekk hefur lækkað og er 22–24 nemendur í stærri skólum. Meðaltal er lægra í fámennum skólum. Í gildandi lögum er ákvæði um að nemendafjöldi í bekkjardeild fari ekki yfir 30. Sú tala gildir áfram um efri bekki grunnskóla en gert ráð fyrir því að í 1.–3. bekk (6, 7 og 8 ára börn) fari nemendafjöldi einstakra bekkja aldrei yfir 22. Eðlilegt er að í skólabyrjun þar sem grunnur er lagður að skólagöngu séu færri nemendur í bekk en þegar ofar dregur. Hvort tveggja er að nemendur þurfa meiri einstaklingsaðstoð og mikilvægt að tryggja sem best grundvallarfærni svo sem í lestri."

Maður spyr auðvitað sjálfan sig hvort ástæða sé til að binda ákvæði af þessu tagi í lögum. Ákvæði samsvarandi þessu er í núgildandi grunnskólalögum. Það eru auðvitað mjög mismunandi aðstæður í hinum einstöku byggðarlögum og í hinum einstöku skólum. Miðað við það vald sem nú er búið að færa sveitarfélögunum, a.m.k. í orði kveðnu, í löggjöf um grunnskólana, þá spyr maður sjálfan sig að því hvort ekki sé rétt að fela skólunum þetta vald, hvort það sé nú ekki hin eiginlega valddreifing að fela skólunum vald af þessu tagi.

Ég held að slík ófrávíkjanleg ákvæði séu vart framkvæmanleg í reynd og því haldlítil en þau geta leitt af sér ómæld vandkvæði. Ég held að það sé skynsamlegra að það sé ákveðin viðmiðunartala en síðan megi taka tillit til aðstæðna og þarfa á hverjum stað hverju sinni varðandi nemendafjölda í einstökum bekkjardeildum.

Ég vek athygli á að Danir og Svíar höfðu lengi ákvæði af þessu tagi í sinni grunnskólalöggjöf en nú hafa þeir afnumið þessi ákvæði, tekið þetta út úr sínum grunnskólalögum, Danir frá og með 1. jan. sl. og Svíar hafa ákveðið að fella þetta úr sinni löggjöf frá og með 1. jan. 1991, þegar ný grunnskólalöggjöf tekur gildi þar í landi. Þess vegna er spurning hvort við eigum ekki að fara sömu leið og þessar nágrannaþjóðir okkar að þessu leyti.

Í VI. kafla er fjallað um réttindi og skyldur nemenda og kennara. Ég hef ekki mörg orð um það. Ég gerði að umtalsefni hér á miðvikudaginn orðið „aðstoðarskólastjóri" í staðinn fyrir yfirkennara og vakti þá athygli á umsögn heimspekideildar Háskólans um þetta orð. Heimspekideild Háskólans hefur líka rætt í sinni umsögn um orðið „nemendavernd". Ég ætla ekki að lesa þá umsögn, en þar segir þó, ég gríp niður í hana: „Þessi klausa er dæmi um hæfni embættismanna þeirra sem sömdu frv. til að negla saman lagagrein. Hver á að vernda nemendur gegn hverju? Eru þessi svið sem upp eru talin þess eðlis að það þurfi að vernda nemendur sérstaklega fyrir þeim? Hver á að sitja í þessu ráði, nemendur, kennarar, aðrir? Á bak við þetta er einhver leyndardómur sem embættismennirnir einir vita um. Þessir sem semja frv. eiga svo að framfylgja lögunum og semja reglurnar sem þeir setja ákvæði í lög um." Mér finnst þetta orð satt að segja alveg hræðilegt, nemendaverndarráð, og maður hlýtur auðvitað að spyrja fyrir hverju á að vernda nemendur og ég held að við þurfum endilega að reyna að finna betra orð í því sambandi.

Í VII. kafla er fjallað um kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu og ég hef engar athugasemdir þar að gera.

Í VIII. kafla er fjallað um námsmat. Nokkuð ítarleg greinargerð er um þennan kafla og þessa grein í umsögn Háskóla Íslands, þ.e. heimspekideildar Háskólans. Ég vek athygli á þeirri greinargerð. Ég ætla ekki að lesa hana, hún er alllöng, og geri í sjálfu sér ekki orð hennar alveg að mínum. Hún er nokkuð stórorð á köflum um það hvernig námsmati er hagað og hver þróunin hefur verið í þeim efnum að undan-

förnu. Ég tel þó að það þurfi að skoða mjög rækilega þennan kafla og endurskoða í sumum atriðum orðalag á kaflanum um námsmat.

Í IX. kafla er fjallað um skólaþróun. Þar er m.a. ákvæði um skólaþróunarsjóð sem ég held að sé mikilvægur sjóður og nauðsynlegt að þar sé fjármagn hverju sinni til að vinna að skólaþróun. Ég er því fylgjandi því sem þar segir.

Í XII. kafla er fjallað um einkaskóla. Án þess að ætla frekar en hæstv. ráðherra að fara að taka upp almenna umræðu um einkaskóla hér í þessari umræðu um grunnskólafrv. vil ég vekja athygli á því að í frv. á þskj. 27 sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er 1. flm. að er mun skýrara orðalag um einkaskóla. Þar segir í 5. gr. frv.:

„Heimilt er menntmrn. að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 74. gr., sem reknir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá er það staðfestir enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Ríki eða sveitarfélag getur samið við einkaaðila um rekstur grunnskóla, sbr. 1. gr. Setja skal í reglugerð ákvæði um það hversu opinberum stuðningi við einkaskóla skuli háttað."

Hér er kveðið miklu skýrar að orði um einkaskóla en í frv. eins og það lítur út hér. Ég vek athygli á að í 2. mgr. 72. gr. frv. segir: „Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé. Skólagjöld eru háð samþykki menntmrn." Mér finnst að þessar tvær setningar fari ekki saman. Með þessu fær ráðherra þetta algjörlega á sitt vald. Hann getur neitað skóla um styrk af almannafé og eftir að hafa gert það knúið upp skólagjöldin og neitað svo um leyfi þar sem skólagjöldin séu of há. Þetta er raunverulega það sem gerðist þegar deilan um miðskólann kom upp hér á síðasta vori eða sl. sumri. Fyrst var skólanum synjað um ríkisstyrk í samræmi við það sem aðrir einkaskólar hafa haft og síðan, þegar það varð til þess að skólagjöld þurftu að hækka verulega frá því sem áætlað hafði verið og forráðamenn skólans höfðu ákveðið, var þeim synjað um það, m.a. á þeim grundvelli að þetta væru allt of há skólagjöld og þar með væri verið að stefna að stéttaskiptingu og ég veit ekki hvað og hvað, eins og menn þekkja úr þessari umræðu.

Ég hefði talið að eins og þetta er orðað í frv. á þskj. 27 sé mun skýrar að orði kveðið um þetta, ja, ég vil segja viðkvæma deilumál, um einkaskóla eða sérstaklega nýja skóla á því sviði, þó að ég haldi að flestir séu mjög sáttir við þá einkaskóla sem starfa nú þegar. Ég nefni t.d. skóla Ísaks Jónssonar og skóla kaþólska safnaðarins og Tjarnarskólann.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir einstaka kafla frv., þ.e. þá kafla sem ég taldi sérstaklega ástæðu til að gera að umtalsefni. Það er enginn vafi á því að frv. fylgir mikill kostnaðarauki. Hæstv. ráðherra gerði það að umtalsefni í sinni ræðu hér á dögunum. Þessi kostnaðarauki er auðvitað fyrst og fremst í skólabyggingum og það má vissulega til sanns vegar færa að ef sú viðbót við skólabyggingar, sem mun koma á næstunni, fer gagngert í það að koma þessari grunnskólalöggjöf í framkvæmd, þá er það ekkert mikið meira mál en verið hefur á undanförnum árum. Ef ég man rétt voru á síðasta ári um 300 millj. kr. á fjárlögum ríkisins til grunnskólabygginga. Sveitarfélögin lögðu á móti helming þannig að eytt var um 600 millj. kr. í landinu til grunnskóla, þannig að segja má að e.t.v. sé ekki of í lagt að ætla sér að ná þessu á 10 árum. Skólaskrifstofa Reykjavíkur hefur slegið á hvað þetta mundi kosta fyrir Reykjavíkurborg og það kemur upp á um 2,3 milljarða. (**Gripið fram í:** Á 10 árum?) Já, allur pakkinn. Reyndar er slegið á það líka hvað þetta mundi kosta fyrir skólabyggingar utan Reykjavíkur, þar sé um tæpa 5 milljarða að ræða. Þetta væru því svona um 7,3 milljarðar allt í allt.

Engu að síður er hér náttúrlega um gríðarlega mikla fjármuni að ræða. Við gerum okkur auðvitað grein fyrir að við erum að móta stefnu til frambúðar. Sveitarfélögin eiga að borga þetta samkvæmt núgildandi lögum og það kallar því auðvitað á miklu nánara samráð við sveitarfélögin áður en löggjöf af þessu tagi er sett. Í bráðabirgðaákvæðinu er fjallað um framkvæmdaáætlun sem er bundin í hinum ýmsu greinum en að því er snertir þetta atriði sem snertir skólabyggingar er talað um 10 ára aðlögunartíma.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég býst við að þingmenn, a.m.k. þeir sem óska og alla vega nefndarmenn, fái í hendur nokkuð merkilegar almennar athugasemdir sem fram koma í umsögn kennslumálanefndar Háskóla Íslands um þetta frv. almennt og um grunnskólann og ég freistast til að vitna aðeins í það. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem Háskóli Íslands ber fyrir brjósti, e.t.v. umfram aðra aðila í menntamálum, er það að íslenskt skólakerfi standist sem best samanburð við önnur lönd í kringum okkur. Háskólinn starfar sjálfur í stöðugum samanburði við erlenda háskóla bæði vegna nemenda sem fara á milli vegna náms erlendis sem margir háskólakennarar eiga að baki og síðan vegna hvers kyns alþjóðlegra samskipta sem eru snar þáttur í störfum háskólakennara. Þannig má segja að endastöð skólakerfisins sé stöðugt undir smásjá samanburðar og þá um leið áfangarnir á leið nemenda. Hér við bætist sem aukageta að margir háskólakennarar hafa kynnst grunnskólum annarra landa sem foreldrar. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að íslenskir skólar veiti nemendum þekkingu og færni er sé í sem bestu samræmi við kröfur tímans og búi þá undir líf og starf í samfélagi framtíðarinnar ekki síður en skólar í nágrannalöndum. Hér er ekki aðeins um að ræða þá þekkingu og þau almennu viðhorf sem skólinn miðlar nemendum sínum, heldur

er einnig mikilvægt að huga t.d. að þeim vinnubrögðum sem skólinn temur nemendum.

Þegar íslenskir grunnskólar eru bornir saman við erlenda stingur í augu að hérlendir skólar eru yfirleitt ekki einsetnir og skóladagur ekki samfelldur. Þetta einfalda atriði hefur margvísleg áhrif á skólastarfið allt eins og þeir vita sem hafa átt börn í erlendum skólum. Til að mynda hamlar þetta því að nemendur læri sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, svo sem ritgerðasmíð og heimildaöflun með aðstoð bókasafna og annarra gagna sem þurfa þó auðvitað að vera tiltæk, og sem meira er, þetta kemur í veg fyrir að nemendur læri að líta á skólann sem vinnustað sem vekur heilbrigða starfsgleði. Lengi býr að fyrstu gerð og því eru margir háskólakennarar á því að sýnilegur munur sé á íslenskum háskólastúdentum og erlendum sem rekja megi til atriða eins og þessa í starfsháttum og starfsskilyrðum grunnskóla. M.a. kynni hið mikla fráhvarf nemenda á fyrstu árum háskólanáms að eiga að einhverju leyti rætur að rekja til slíkra atriða.

Þá er það mál margra að nemendur íslenskra skóla fái ekki nægilega þjálfun í að tjá sig í ræðu og riti, einkum um fræðileg efni. Þetta veldur talsverðum erfiðleikum á háskólastigi og er að margra mati eitt gleggsta dæmið um svið þar sem við stöndum greinilega að baki ýmsum öðrum þjóðum í kringum okkur. Ekki er nægilegt að framhaldsskólarnir bæti sinn hlut í þessu efni heldur þarf að byrja markvissa þjálfun í tjáningu strax í fyrstu bekkjum grunnskóla eins og gert er víða erlendis. Ekki er heldur fullnægjandi að einskorða þetta við móðurmál sem kennslugrein, heldur þarf einnig að tengja tjáningarþjálfun við aðrar kennslugreinar grunnskólans. Að þessu hnígur hugmynd kennslumálanefndar hér á undan um a-lið upptalningar í 41. [nú 42. gr.] frv." sem ég reyndar gat um og rakti hér nokkuð áðan.

„Í lögum um framhaldsskóla var í nokkrum atriðum reynt að laða fram og virkja þann heilbrigða metnað sem vafalítið býr með íslenskum almenningi í þá átt að skólakerfi okkar sé sem best. Sveitarfélög og skólanefndir eiga samkvæmt lögunum að verða farvegur þessa metnaðar. Í grunnskólafrv. virðist þessi hugsun hins vegar ekki hafa komist að. Þar er sveitarfélögum og skólanefndum fyrst og fremst ætlað að vera farvegur fyrir undanþágur og þær undanþágur eru allar niður á við. Þannig virðist alls ekki gert ráð fyrir að upp geti komið vilji sveitarfélaga til að gera betur í skólahaldi á einhverjum sviðum en frv. tiltekur.

Hér er ekki úr vegi að leiða hugann að hlutverki menntunar fyrir einstakling og samfélag í nútíð og framtíð. Flestum mun ljóst að menntun einstaklingsins hefur jákvæð áhrif á lífskjör hans í víðasta skilningi, hvað sem líður því mati á menntun sem birtist í efnislegum lífskjörum í þröngri merkingu, og þessi tengsl menntunar og lífskjara munu væntanlega verða enn gleggri í vestrænu samfélagi framtíðarinnar en þau eru nú. En það er ekki aðeins menntun hvers einstaklings um sig sem segir til sín í lífskjörum hans, heldur líka menntun allra hinna. T.d. ræður almennt menntunarstig hverrar þjóðar um sig miklu um lífskjör hennar. Af þessu leiðir að því hljóta að vera takmörk sett í ábyrgu þjóðfélagi að hyggilegt sé að slaka á kröfunni um almenna og vandaða menntun öllum til handa."

Þetta er sem sagt úr álitsgerð kennslumálanefndar Háskóla Íslands og undir þetta ritar Þorsteinn Vilhjálmsson sem er formaður þessarar nefndar. Mér finnst þetta vera mjög athyglisverð orð sem rétt sé að hafa í huga þegar þetta frv. er skoðað.

Ég gat þess áðan að hæstv. ráðherra hefði boðað valddreifingu í þessu frv. en því miður virðist mér að hún sé meira í orði en á borði, verkefni færð frá einu skrifborði til annars innan menntmrn., og þá tel ég auðvitað fræðsluskrifstofurnar til ráðuneytisins eins og skipulag er nú á þeim málum.

Í Danmörku hafa nýlega verið sett lög um grunnskóla. Þau lög tóku gildi 1. jan. á þessu ári. Ég held að þingnefndin, og síðan væntanlega hæstv. ráðherra og ráðuneytið, ætti að kynna sér þessa löggjöf nokkuð ítarlega því þar er um raunverulega valddreifingu að ræða sem Danirnir fara inn á í sinni nýju grunnskólalöggjöf og satt að segja virðast vera mjög djarfir, að mínu mati, í því að færa beint vald yfir til skólanna sjálfra, gefa skólunum mikið vald til að ráða sitt starfsfólk, og gefa sveitarfélögunum einnig mikið vald. Afskipti menntamálaráðuneytisins danska eða skólamálaráðuneytisins verða satt að segja hverfandi lítil af skólastarfi, einungis að gefa út heildarreglur og viðmiðunarreglur, vera úrskurðaraðili í launa- og ráðningarmálum, en launa- og ráðningarmál eru öll færð yfir til sveitarfélaganna og yfir til skólanna. Og ýmsar fleiri mjög merkar nýjungar eru í þessum lögum sem ég ætla nú ekki að orðlengja um frekar, en þar sýnist mér að um raunverulega valddreifingu sé að ræða. Síðan fá sveitarfélögin ákveðið framlag frá ríkinu sem miðast við hvern nemanda og annast svo öll fjármál skólanna sjálf og stjórna þeim að öllu leyti. Ég held að þarna sé um að ræða löggjöf sem við ættum að skoða mjög rækilega og athuga hvort þarna er ekki farvegur til þess að um raunverulega valddreifingu geti orðið að ræða í okkar grunnskólum.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið, herra forseti.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mun fyrst fara nokkrum orðum um frv. almennt og síðan í einstakar greinar eins og þær horfa við nú.

Í athugasemdum um frv. er gerð grein fyrir nokkrum helstu meginbreytingum þess, og vil ég þá fyrst nefna þá valddreifingu sem felst í frv. Nú verð ég að viðurkenna að þegar maður les frv. frá grein til greinar er stjórnunarkerfið allt nokkuð flókið og ekki auðskilið svona við fyrstu sýn og í rauninni hefði verið æskilegt að einhvers konar skipurit fylgdi frv. þannig að þingmenn hefðu betri tök á að átta sig á hvernig þessari valddreifingu er í raun háttað og hvernig hvað grípur inn í annað, og vil ég fara fram á það við hæstv. menntmrh. að slíkt skipurit sé útbúið

ef mögulegt er. Þó verð ég að segja að ég er ekki sannfærð um að allt í frv. sé í valddreifingarátt, sums staðar sé einungis um tilfærslu að ræða og jafnvel sé hlutur menntmrn. aukinn. Um þetta vil ég þó ekki fullyrða fyrr en ég hef áttað mig betur á þessu stjórnunarkerfi en mun samt koma að því atriði eins og það er í einstökum greinum.

Heildarmarkmið frv. eru út af fyrir sig gleðiefni, þ.e. lenging skóladags, einsetinn og heildstæður skóli, eins og það heitir, bætt aðstaða í skólahúsnæði og aukin hlutdeild foreldra í starfi skólans svo að eitthvað sé nefnt. Um þetta gildir það sama og um stjórnunina að ég mun koma nánar að því við hverja grein.

Það vakti athygli mína þegar hæstv. menntmrh. mælti fyrir frv. fyrir tveimur dögum að hann sagði að frv. hefði farið frá menntmrn. og verið lagt fyrir ríkisstjórnina 12. okt. sl. Það hefur sem sagt tekið afar langan tíma fyrir þetta frv. að finna sér leið aftur út úr ríkisstjórninni. Ég skal svo sem ekki segja af hverju þetta stafar, en það setur að manni grun um að annaðhvort hafi áhugi ekki verið nægur eða menn hiki vegna þess aukna kostnaðar sem mun leiða af þessu frv. og hvort tveggja væri vondar fréttir ef sannar væru.

Nú er það að vísu svo að það fylgir ekki kostnaðarmat með þessu frv. en ef maður ber þetta saman við frv. sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir hafa lagt fram getur maður gert sér einhverja grein fyrir þessum kostnaðarauka. Þó vil ég vekja athygli á því að varðandi skólabyggingar segir í frv. að því markmiði sem frv. setur sér sé hægt að ná með álíka framlögum og nú eru til skólabygginga og verð ég að segja eins og er að ekki þykir mér metnaðurinn nógur í því að það nægi sem lagt er fram í dag og það sýnir skort á þeim skilningi að hér sé um algjört forgangsverkefni að ræða, vegna barnanna sjálfra sem stunda nám nú og eiga eftir að stunda næstu árin, vegna foreldra þeirra, fjölskyldunnar allrar og þjóðfélagsins í heild. Mér finnst að margar blikur hafi verið á lofti undanfarið sem segja okkur það að ekki sé eftir neinu að bíða að gera verulega bragarbót í íslenskum skólum og koma með miklu ákveðnari hætti til móts við breytt þjóðfélag og breyttar kröfur og því sé tíu ára áætlun ekki endilega það sem væri besti kostur nú. En ég kem aftur að þessu síðar.

Strax í 1. gr. frv. er eitt nýmæli, þ.e. að nú er það lögfest sem í rauninni hefur viðgengist að stórum hluta til í framkvæmd, að skólaskylda taki til sex ára barna líka. Þetta er í samræmi við tillögu sem bæði var gerð í frv. Kvennalistans og Sjálfstfl. um grunnskóla og er ánægjulegt að sjá það hér, svo sjálfsagt sem það er, því að með því að lögfesta það ætti aukinn jöfnuður barna í landinu að vera tryggður.

Í 2. gr. þar sem hlutverk grunnskólans er skilgreint í nokkrum orðum eru engar sérstakar breytingar, enda eru þarna á ferðinni nokkur opin og almenn markmið og ekki ástæða til að staldra við þau að svo stöddu. Það er miklu frekar í framkvæmdinni og þá í námsskrá sem betur er hægt að átta sig á inntaki þessarar greinar.

Í 3. gr. er sú breyting að skólinn er gerður að tíu ára skóla í staðinn fyrir níu ára skóla og er það auðvitað í samræmi við 1. gr., en auk þess er þar að finna ákvæði um að stefnt skuli að því að grunnskóli sé heildstæður og einsetinn. Vegna orða hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar um ýmis orð í þessu frv. sem betur mættu fara, og er ég honum algjörlega sammála um flest, bendi ég einmitt á þetta orð, heildstæður. Ég hef orðið vör við að fólk skilur ekki þetta orð. Sjálf skildi ég það ekki og þurfti að fá skýringu á því fyrst. Nú fyrir nokkru var þetta frv. til umfjöllunar á nokkuð stórum fundi sem ég var stödd á og þar skildu einungis kennarar þetta orð. Aðrir þurftu útskýringar við. En hvað sem líður orðanotkun og orðasmíð er höfuðinntak þessarar setningar allra góðra gjalda vert, þ.e. þetta markmið um einsetinn heildstæðan skóla og að nemendur séu ekki fleiri en að jafnaði 650. Auðvitað má deila um tölur af þessu tagi en í frv. Kvennalistans um breytingu á lögum um grunnskóla var gert ráð fyrir færri nemendum, bæði í þessum svokölluðu heildstæðu skólum en ekki síður í þeim skólum þar sem einungis væru yngri bekkir. Þar hafði Kvennalistinn gert ráð fyrir að nemendafjöldi skóla færi ekki yfir 300 og þar sem seinna í frv. eru ákvæði um skólahúsnæði þar sem talað er um vistlegan vinnustað og heimilislegan og ýmislegt af því tagi er sjálfsagt að huga að því hvort þessi tala er e.t.v. fullhá, en eflaust er það nú raunsætt mat að sem fyrsti áfangi sé þessi tala haldbær.

Í 4. gr. er kveðið skýrar á en áður um skólasel. Tillögur um skólasel fluttu einmitt kvennalistakonur hér á þingi fyrir nokkrum árum. Nú hefur þeim verið komið á nokkuð víða, en ekki veit ég til þess að gerð hafi verið nein sérstök úttekt á því hversu víða og hver reynslan hefur verið af þeim. Vonandi liggja einhverjar slíkar upplýsingar fyrir í menntmrn. fyrst ástæða þykir til að setja þetta með skýrari hætti í lög. Ég lýsi reyndar þeirri skoðun minni að það hljóti að vera æskilegri kostur fyrir nemendur en að fara að heiman of ungir. Einnig er tekið fram í þessari grein að óheimilt sé að börn yngri en 10 ára dvelji í heimavist og það hlýtur líka að vera til bóta.

Í 5., 6. og 7. gr. er komið inn á atriði sem nefnt er í umsögn kennslumálanefndar Háskóla Íslands þar sem það er orðað eitthvað á þann veg að sveitarfélögum og skólanefndum sé fyrst og fremst ætlað að fjalla um undanþágur. Ég veit nú ekki alveg hvort ég tek undir þau ummæli. Þó virðist til bóta í þessum greinum að það kemur nú í hlut skólastjóra fremur en fræðslustjóra að taka ákvarðanir varðandi skólasókn barna og mér finnst það skynsamleg ákvörðun þar sem hann hlýtur í flestum tilfellum að vera kunnugri viðkomandi barni og aðstæðum þess og því færari um að taka slíka ákvörðun, þ.e. síðan er hægt að skjóta málinu til fræðslustjóra en reynt er að leysa það heima í héraði fyrst.

Þá komum við að II. kafla frv. þar sem fjallað er um stjórn grunnskóla. Í 9. gr. er kveðið á um

grunnskólaráð og það er einmitt þegar kemur að þessu grunnskólaráði sem maður staldrar við og leiðir hugann að valddreifingu og líka hvernig vald grunnskólaráðs og fræðsluráða skarist. Nú er það vel skiljanlegt eftir að starfsemi grunnskólanna er komin að því marki sem nú er til sveitarfélaganna að menntmrn. vilji hafa einhver ráð til þess að halda heildarsýn og geta fylgst með því að ekki sé slakað á kröfum í hinum ýmsu skólum og virðist það eiga að vera verkefni þessa grunnskólaráðs. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig háttað verði samstarfi grunnskólaráðs og fræðsluráða og hvernig starfssviðin skarist.

Í greininni er líka kveðið á um það hvernig ráðið skuli skipað. Það verður nú sjálfsagt athugað betur í nefndinni en þarna er í fyrsta skipti af mörgum í frv. talað um fulltrúa foreldrafélaga eða samtaka þeirra. Foreldrum er nú ætlaður miklu stærri þáttur í stjórnum skólanna og þarna kemur það fyrir í fyrsta sinn.

Það vaknar sú spurning, þegar einum fulltrúa foreldrafélaga eða samtaka þeirra, og þá væntanlega alls landsins, er ætlað að sitja í þessu grunnskólaráði, hvernig staðið verði að vali þessa fulltrúa og mun ég reyndar koma nánar að því síðar.

Í 11. og 12. gr. er fjallað um fræðsluráð og starfssvið þess og í 12. gr. segir einmitt, með leyfi forseta: „Fræðsluráð markar stefnu um málefni grunnskóla í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi í samvinnu við fræðslustjóra.“ En í 9. gr. segir um grunnskólaráð: „Verkefni þess eru m.a. að hafa yfirlit yfir lög og reglur sem varða grunnskóla, gefa ráð um lagfæringar á þeim og samræmi á milli þeirra. Grunnskólaráð fylgist með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár, veitir ráðgjöf og mótar stefnu um samræmi í starfi þeirra sem vinna að skólamálum.“ Mér sýnist samkvæmt þessu að starfssvið fræðsluráðsins sé í dálítið lausu lofti miðað við þessa 9. gr.

Menntmrn. ræður svo fræðslustjóra. Í 14. gr., þar sem segir að fræðslustjóri sé fulltrúi menntmrn. gagnvart skólamálum í umdæmi sínu, segir líka: „Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs, sé svo um samið.“ Nú er vel skiljanlegt að ekki sé hægt að skylda sveitarfélög til að ráða sér framkvæmdastjóra fræðsluráða sem menntmrh. ræður, en þessi spurning hlýtur að vakna: Hvernig verður framkvæmdin ef fræðsluráð ákveður að ráða annan mann til framkvæmdastjórastarfa en fræðslustjóra og hver verða þá skilin milli fræðslustjóra og framkvæmdastjóra?

Í umsögnum sem bárust um grunnskólafrv. eins og það var lagt fram hér til kynningar í fyrra minnist ég að hafa séð athugasemdir um einmitt þetta og fleira sem varðar ráðningu starfsfólks þar sem lagt var til að það væru sveitarfélög og menntmrn. sem stæðu að ráðningu. Ég er hér með ekki að taka afstöðu til þess hvort það væri hin rétta lausn, en það hvarflar vissulega að manni að þarna gæti komið til verulegra erfiðleika og árekstra.

Við 15. gr. staldra ég ekki í bili, en í 16. gr. er nýmæli, þ.e. um stærð skólahverfa, sem er í samræmi við frv. sem flutt var af þingmönnum úr öllum þingflokkum í fyrra og virðist helst miðast við Reykjavík, eðlilega þar sem það er langstærsta núverandi skólahverfið og sjálfsagt að skipta því upp. Hins vegar má spyrja sem svo hvort viðmiðunin sé hugsanlega of há, hvort ekki væri til bóta að önnur stór bæjarfélög, þó að minni séu en Reykjavík, skipti upp í skólahverfi. Ég vil t.d. minna á Akureyri sem, þó ekki sé nema landfræðilega séð, virðist mjög eðlilegt að væri skipt upp. (**Menntmrh.:** Þeim er skipt hér í Kópavoginum.) Já, nægir þetta til þess? (Gripið fram í.) Já. Jæja, þá dreg ég þetta til baka.

Í 17. gr. þar sem kveðið er á um kosningu skólanefnda vil ég bara vekja athygli á vissu ósamræmi í orðalagi. Í 2. mgr. segir að skólanefnd skuli kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum og í 3. mgr. segir svo: „Í sveitarfélagi þar sem skólahverfi eru tvö eða fleiri skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.“ Þarna þyrfti e.t.v. að hnykkja betur á hver það er sem kýs, sem ég býst nú við að eigi að vera viðkomandi sveitarstjórnir, en það má e.t.v. skilja þessa málsgrein með öðrum hætti. Þá má líka velta þessu fyrir sér um leið: Ef og þegar Reykjavík verður skipt upp í nokkur skólahverfi og allar skólanefndir skulu, eftir því sem ég skil þetta, kosnar af viðkomandi sveitarstjórn, þá fer kannski lítið fyrir valddreifingu þegar vilji kjósenda hefur yddast upp í nokkra fulltrúa í sveitarstjórn sem síðan getur valið í margar skólanefndir.

Í niðurlagi 18. gr. segir að foreldrafélög eða samtök foreldra í skólahverfinu kjósi úr sínum hópi einn fulltrúa er starfi með skólanefnd o.s.frv. Þarna vaknar enn sú spurning hvernig eigi að standa að vali þessara fulltrúa. Að vísu eru sterk rök fyrir því sem kvennalistakonur hafa lengi lagt til og hafa áhuga á, þ.e. að skipting Reykjavíkur í hverfi sem hafi talsvert sjálfdæmi væri æskileg, og þessi foreldrafélög sem nú er ætlað að starfi við sem flesta skóla eru svo sannarlega enn ein rök fyrir slíkri skiptingu, ekki bara hvað varðar skólahverfi heldur í miklu fleiri efnum.

Í 19. gr. er kveðið á um eftirlitsskyldu skólanefndar með því að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu og hún fylgist og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig sé ætlað að fylgjast með því að skólanefndir uppfylli þessar skyldur. Það hlýtur að vera mikilvægt að fylgjast með því frá ári til árs, ekki síst með tilliti til þessarar 10 ára áætlunar um uppbyggingu skólahúsnæðis, að unnið sé að því jafnt og þétt öll árin.

Í 20. gr. má finna merki um ýmislegt það sem ég gerði að umtalsefni hér í byrjun, þ.e. nokkuð flókið stjórnkerfi og hvernig það allt skarast.

Í 21. gr. er svo sagt: „Starfsmönnum skóla er skylt að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.“ Mér er ekki ljóst hvernig á að framfylgja þessu eða hvort

uppi eru einhverjar áætlanir um skipulag eða fyrirkomulag þessara upplýsinga og fræðslu sem kennarar eiga að miðla foreldrum og hvernig starfsmenn skólans eiga að uppfylla þá skyldu að efla sem mest samstarf skóla og heimila. Þarna eru tilgreindir ýmsir möguleikar á því að stofna foreldrasamtök og skólastjórar eða almennir kennarafundir geta óskað eftir stofnun slíkra samtaka, en vert er að velta því fyrir sér hvort þetta nægir og hvort ástæða sé e.t.v. til þess að jafnvel lögfesta að slík samtök verði að starfa við skóla. Það verður vissulega að koma til nokkur hugarfarsbreyting á Íslandi ef foreldrar eiga að sinna starfi skóla eins mikið og hér er kveðið á um og ég vil taka það fram að mér finnst það afskaplega jákvætt að að því skuli stefnt að auka þetta samstarf og auka ábyrgð og áhuga foreldra. Ástæðan fyrir því að foreldrar hafa e.t.v. ekki sinnt skólamálum sem skyldi er kannski m.a. sú að skólinn hefur, sérstaklega með tilliti til yngri barna, ekki verið svo stór hluti af lífi barnanna og því ekki sama ástæða til þessa samstarfs milli skóla og foreldra eins og verður ef viðvera barna í skólum lengist því það segir sig sjálft að með aukinni viðveru barna í skólanum verður hlutur skólans snarari þáttur í uppeldi barnanna og því eðlilegt að foreldrarnir séu í nánari tengslum við skólana en nú er.

Annað kann líka að hafa valdið þessu áhuga- og jafnvel afskiptaleysi margra foreldra um skóla og það er einfaldlega vinnutími foreldra og lítill tími afgangs til þess að sinna hlutum eins og skólastarfi. Ég vil leyfa mér að vitna hér aðeins í skýrslu eða bækling sem vinnuhópur um tengsl heimila og skóla tók saman og er um samfelldan skóladag, tengsl heimila og skóla. Í könnun sem gerð var meðal foreldra um ýmsa þætti sem varða þetta, var m.a. spurt, með leyfi forseta:

„Óska foreldrar eftir meiri þátttöku í skólastarfinu, t.d. kennslu?

Svör við þessari spurningu eru mjög samhljóða niðurstöðum úr könnuninni meðal foreldra. Ekki er almennur áhugi á þátttöku í skólastarfi og bein þátttaka, t.d. í kennslu, er ekki talin nauðsynleg til að halda góðum tengslum heimila og skóla. Ástæðan fyrir því hve tregir foreldrar eru til beinnar þátttöku í innra starfi skóla virðist þó fyrst og fremst vera tímaskortur."

Og örlítið seinna í þessum bæklingi er líka spurt, með leyfi forseta:

„Eru foreldrar almennt tilbúnir að leggja fram þá vinnu og tíma sem aukið samstarf krefst?" Og svarið við þessu er: „Langoftast er tekið fram að vinna foreldra komi í veg fyrir að þeir leggi fram tíma í aukna samvinnu. Tími er peningar og peningar eru sama og lífsgæði, segir á einum stað í svörunum. Einnig er getið um að heimilisástæður geti valdið vandkvæðum í samvinnu við skóla."

Þetta hlýtur að vera íhugunarefni varðandi framkvæmd þessara grunnskólalaga, ef frv. ef verður að lögum, hvernig á að gera foreldrum kleift að rækja þessar skyldur. Í fyrsta lagi að sjá til þess að viðkomandi foreldrafélög séu stofnuð, séu fyrir hendi, og í öðru lagi má varpa fram hugmyndum eins og þeim að atvinnuveitendum sé hreinlega skylt að gefa foreldrum nauðsynleg frí frá vinnu til þess að sinna þessum mikilvæga þætti í uppeldi og lífi barna sinna, að þetta sé nokkurs konar þegnskylduvinna með sama hætti og er um ýmsa starfsemi í þjóðfélaginu, t.d. þegar fólk er kallað í vinnu í kringum kosningar og í kjörnefndum og annað slíkt. Þetta er vissulega mjög mikilvægur þáttur og það verður að reyna að sjá til þess að hægt sé að uppfylla hann.

Í 22. gr. er fjallað um nemendaráð sem nemendum grunnskóla er heimilt að stofna og að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs eigi rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs. Nú vil ég vekja athygli á því að foreldrar mega ekki sitja fundi kennararáðs samkvæmt þessu frv. en nemendum er heimilt að gera það. Samkvæmt frv. mega nemendur á öllum aldri eiga setu í nemendaráði og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji að heppilegt sé að nemendur í skóla sitji fundi þar sem oft eru tekin fyrir mjög viðkvæm mál, bæði hvað varðar einstaka kennara og einstaka nemendur. Það væri alveg hrapallegt ef kennarar, nemendur og foreldrar gætu ekki treyst því að með þeirra mál væri farið í fullum trúnaði. (**Gripið fram í:** Það er í lögunum núna.) (**Gripið fram í:** Aðeins formaður nefndarinnar.) Já, en það breytir því ekki að mér finnst þetta þess virði að staldra við, hvort æskilegt sé að nemendur taki með þessum hætti þátt í umræðu um innra starf skólans eins og gert er ráð fyrir að fari fram á fundum kennararáðs.

Næst staldra ég við 25. gr. þar sem er að finna lýsingu á því hvernig skólahúsnæði skuli úr garði gert svo að fullnægjandi sé og er þar vissulega að finna marga góða hluti. Í frv. Kvennalistans var kveðið fastar að orði varðandi aðstöðu til annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda og raunar gert ráð fyrir að skólinn gæti verið athvarf eða verustaður nemenda utan skólatíma líka. Nú veit ég ekki hvort þetta er orðhengilsháttur en ég held að full ástæða sé til þess að gera ráð fyrir að nemendur geti dvalið í skólahúsnæðinu lengur en sem nemur þeim tíma sem varið er til kennslustunda.

Hér er líka talað um aðstöu til að neyta matar. Þetta er auðvitað afskaplega teygjanlegt því að aðstaða til að neyta matar getur í rauninni verið hvar sem er nema betur sé skilgreint. Hér á Alþingi urðu nýlega miklar umræður um skólamáltíðir eða hvernig því yrði best fyrir komið að nemendur gætu neytt málsverða eða nestis í skólanum og ég ætla ekki að fara að endurtaka hér allt það sem sagt er um nauðsyn þess að séð yrði fyrir því að börn fengju næga og góða næringu í skólanum. Ég spyr því hæstv. menntmrh. að því, ef hann heyrir mál mitt, hvað átt sé við með aðstöðu til að neyta matar og hvernig hugsuð sé nánari útfærsla á því og hvort uppi séu áform um að koma á skólamáltíðum, hvort sem þær væru í formi heitra máltíða eða léttari matar.

Í 2. mgr. greinarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað að

þeir minni sem mest á venjuleg heimili" o.s.frv. Ef nemendum er ætlað að dvelja í skólanum er auðvitað höfuðnauðsyn á að þeim líði þar vel og umhverfi þeirra minni meira á heimili en stofnun en ég held að ástæða væri til þess að eitthvert slíkt ákvæði eða einhver slík tilmæli væri einnig að finna í 1. mgr. því að með lengingu skóladags eykst auðvitað líka þörf barna sem ekki eru í heimavist fyrir það að skólinn sé vistlegur og heimilislegur.

Í 26. gr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að hönnun skólabygginga og framkvæmd annarri og nú virðast fleiri eiga að koma þar við sögu og er það til bóta. Að vísu mætti hugsa sér að orðalag yrði örlítið nákvæmara þar sem segir að tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skuli kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi. Auðvitað verður nánar kveðið á um í reglugerð hvernig staðið skuli að því en spurning er hvort ekki mætti tryggja það að a.m.k. foreldrafélög kynntu sér tillögur og það ætti ekkert að koma í veg fyrir að líka væri hægt að kynna þær öðrum í skólakerfinu en nú býst ég við að þetta sé frekar spurning um orðalag sem verði útskýrt nánar í reglugerð. En þarna skal leita eftir samþykki menntmrn. og enn kemur það við sögu.

Í 29. gr., þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilt að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins, finnst mér e.t.v. einu orði ofaukið. Það verður náttúrlega að tryggja það að skólinn sé fyrst og fremst fyrir nemendur og þeirra starf, bæði lögbundið og tómstundastarf og ég sé ekki ástæðu til að nefna þarna sérstaklega íþróttastarfsemi. Íþróttastarfsemi er svo sannarlega hluti af æskulýðsstarfsemi en þar sem íþróttafélög hafa mjög víða verið frek til fjörsins og eiga eins og ... (Gripið fram í.) Ég er að tala um 29. gr. — að þar finnst mér ætti að nægja að segja: „hluta þess til æskulýðsstarfsemi og almennrar félagsstarfsemi", þetta gefur íþróttastarfsemi of mikið vægi finnst mér. Það er margs konar starfsemi sem fer fram í sveitarfélögum sem ætti þá að eiga sama rétt til afnota af skólanum. Mér finnst ekki ástæða til að taka eitt atriði út úr með þessum hætti. Almenn félagsstarfsemi og æskulýðsstarfsemi ætti að nægja.

Í IV. kafla, sem fjallar um starfslið grunnskóla, er fyrst rætt um skólastjóra. Nú skal hann ráðinn eins og annað starfsfólk. Er það auðvitað í samræmi við þá stefnu sem nú er uppi í þjóðfélaginu um að afnema æviráðningar að mestu. En það er annað sem hefur verið áberandi í lagasetningu ýmissa stofnana undanfarið og það eru einmitt tímabundnar ráðningar yfirmanna. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort það hafi einhvern tímann komið til álita að setja einhver tímatakmörk á ráðningartíma skólastjóra. *Það fer ekki á milli mála að skólastjóri setur auðvitað* sitt mark á starfsemi skóla. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að skólastjórar gætu flust á milli skóla en að þeir væru ekki of lengi á sama stað. Þeir gætu annaðhvort horfið aftur inn í kennaralið skólans og komið þá til álita seinna aftur sem skólastjórar eða átt jafnan kost á við aðra að sækja um skólastjórastöðu í öðrum skólum. Það væri þeim eflaust viss hvatning því oft er það nú svo að menn takast á við starf af mestum áhuga á fyrstu árum starfsins. Þar með er ég alls ekki að segja að allir slaki svo á með tímanum að ekkert gagn sé að þeim, langt í frá, en vegna þess að of löng dvöl skólastjóra í embætti getur auðvitað drepið ýmislegt í skólastarfinu í dróma finnst mér það vel þess virði að íhuga hvort einhverjar reglur mætti setja um tímatakmörk í sama skóla.

Í 31. gr. staldra ég líka við þetta orð „aðstoðarskólastjóri" líkt og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson. Hann hefur þegar gert því svo góð skil að ég ætla ekki að ræða meira um það en held að ágæt skilgreining á starfinu sé alveg nógu lýsandi og því sé allt í lagi að viðhalda orðinu „yfirkennari".

Í 32. gr. er kveðið svo á að skólastjóri skuli ráða kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði í samráði við skólanefnd o.s.frv. Þá vaknar sú spurning hvort menntmrn., sem nú skal staðfesta ráðningu kennara, hafi tök á því að fylgjast nógu vel með eða sjá til þess að fylgst sé nógu vel með því að kennarar séu eftir því sem við verður komið með full réttindi og uppfylli önnur skilyrði eða hvort þetta geti hugsanlega opnað leið fyrir skólastjóra til þess að ráða kennara sem eru þeim þóknanlegir. Dæmi þekkjast um að slíkt hefur viðgengist og spurning hvort það verði jafnvel auðveldara með þessu móti.

Ég fer hratt yfir næstu greinar, staldra næst við 36. gr. Það er ekki spurning að það er til mikilla bóta að nú þurfi einungis tíu ára kennsluferil að baki til að njóta þeirra réttinda að kennsluskylda minnki við tiltekinn aldur. Þarf ekki að taka það fram að þetta ákvæði er auðvitað sérstaklega gott fyrir konur sem, eins og kunnugt er, hefja oft sinn starfsferil seint eða að hann er rofinn þannig að þær hafa oft miklu styttri starfsaldur að baki en karlar. Því á þetta örugglega eftir að nýtast mörgum konum vel. Eins er til bóta í 39. gr. að nú skuli það heita námsleyfi í stað orlofs því orlof hefur í hugum okkar þá merkingu að þá séu menn í fríi.

Í V. kafla er fjallað um starfstíma grunnskóla, námsefni og kennsluskipan. Þar er til bóta að lögfest *skuli að reglulegur starfstími grunnskólanemenda* skuli vera níu mánuðir á hverju skólaári, það voru eins og kunnugt er sjö til níu mánuðir áður. Samkvæmt töflu sem er að finna á bls. 28 er augljóst að nemendum var nokkuð mismunað hvað lengd starfstíma snerti. Þetta er fortakslaust skref í jöfnunarátt, þ.e. að aðstaða um allt land verði svipuð.

Í 2. málsgr. 41. gr. er sagt: „Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd að *hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla*" o.s.frv. Þarna finnst mér e.t.v. ástæða til að kveða nánar eða fastar að orði um afskipti menntmrn. vegna þess að þarna álít ég að menntmrn. gæti oft verið betri umsagnaraðili eða ákvörðunaraðili en t.d. skólanefndin sem mundi e.t.v. taka aðstæður sveitar-

félagsins og atvinnuhætti þar fram yfir þarfir nemenda og rétt.

42. gr. er vissulega mjög viðamikil og verður að athugast vel í nefnd og þá með hliðsjón af aðalnámsskránni og ýmsum umsögnum sem um þetta hafa komið. Hún er í rauninni of viðamikil til að gera henni full skil hér. Margt fannst mér til bóta sem var að finna í áliti kennslumálanefndar Háskólans, eins og fram kom reyndar í máli hv. 2. þm. Reykv. áðan.

Mér þykir heldur til baga hvað tjáning er mikið tengd íslensku og íslenskunámi. Hún ætti að tengjast öðrum námsgreinum líka. En ég vil líka vekja athygli á því að hér, þar sem segir „þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu", þá finnst mér athyglisvert að hér er orðið „leikræn" sett inn í án þess að nokkurs staðar sé gert ráð fyrir að kennarar með menntun til að sinna þessari kennslu séu starfandi við grunnskóla. Tónmenntakennarar skulu kenna tónmennt og myndmenntakennarar kenna myndmennt en leikrænni tjáningu er talið að almennir kennarar eða e.t.v. íslenskukennarar geti sinnt. Þetta er fag sem líka þarf sérþekkingu þó að vissulega gæti bæði íslenskukennarar og aðrir kennarar nýtt sér það að einhverju marki. Hér er m.a. starfandi rándýr skóli sem tekur fjögur ár sem menntar fólk í þessu fagi. Er fráleitt að ætla að aðrir geti tekið það að sér án einhverrar sérmenntunar. Með sama hætti væri eiginlega hægt að halda því fram að allir sem kunna að lesa geti sem best kennt börnum að lesa. Ég er hrædd um að kennurum mundi ekki líka ef t.d. leikarar tækju að sér opinberlega lestrarkennslu. (**ÁrnG:** Forseti vill minna á skóla Gunnars Eyjólfssonar.) Ég er nú að tala um börn hérna, ég er ekki að tala um talskóla heldur er ég einmitt að tala um lestrarkennslu. Ég veit ekki til að umræddur talskóli kenni lestur.

Það er athyglisvert að á sama tíma og bæði í aðalnámsskrá og markmiðslýsingum og raunar alls staðar kemur fram krafa um aukið vægi list- og verkmenntagreina í skólum hefur menntun þeirra sem eiga að kenna þessar greinar veikst. Er hún núna komin að mjög miklu leyti inn í Kennaraháskóla Íslands. Ég leyfi mér að efast um að þar sé í rauninni fullnægt þeim kröfum sem gera verður til slíkra kennara. Mér er alveg ljóst að það gekk erfiðlega hér áður að fá fólk sem stundaði nám t.d. í tónlistarskóla eða myndlistarskóla til þess að taka að sér slíka kennslu. Orsökin er auðvitað fyrst og fremst slæm launakjör og sú aðstaða sem þessum greinum er búin innan skólanna. Það að taka þessa menntun inn í Kennaraháskólann hefur eflaust gert það að verkum að fleiri kennarar koma til starfa í þessum greinum en ég held að þurfi að huga að eflingu menntunar kennara í þessum greinum, bæði innan Kennaraháskólans og utan ef unnt á að vera að mæta þessum auknu kröfum eða uppfylla einhvern tímann þær óskir sem svo greinilega koma fram, bæði frá kennurum og skólafólki ýmiss konar og foreldrum um aukningu í þessum greinum.

Ég ætla ekki að fjalla frekar um þessa grein en vonast til að hún verði tekin til mjög vandlegrar skoðunar í menntmn. Nd. en get þó ekki að því gert að staldra aðeins við síðustu málsgrein 42. gr., þar sem segir: „Þess skal gætt að námsbækur og önnur námsgögn sem skólar nota samrýmist gildandi lögum og aðalnámsskrá."

Ég held að það sé um þessa málsgrein eins og margar aðrar að markmiðið er fagurt og gott en óralangt frá að staðið sé við eða það markmið hafi náðst. Það verður að stórefla Námsgagnastofnun, gerð kennsluefnis og útgáfu ef á að vera hægt að nálgast þetta markmið. Í rauninni er slíkt ófremdarástand í þessum efnum að ekki verður við unað. Sjálfsagt þekkja allir sem eiga börn á skólaaldri það pappírsflóð sem tröllríður heimilum, eða réttara sagt börnum, en berst inn á heimilin. Nú er það auðvitað svo að það er alltaf ástæða til að auka fjölbreytni með ýmsum hætti og útbúa alls konar verkefni fyrir börnin. Ekki er hægt að vænta þess að nokkur bók sé svo góð að ekki komi til einhver verkefni utan hennar, en það virðist svo að svo til allt námsefni barna sé á einhverjum ljósrituðum lausblöðum. Þetta er allsendis óviðunandi. Oft er þetta mjög ljótt og óhrjálegt, börnin týna þessu, þau eru að losa þetta úr möppum til þess að rýma fyrir öðru, þetta rifnar o.s.frv. Þau venjast því ekki að hafa bækur milli handanna sem skyldi, fallegar bækur, vel úr garði gerðar. Þarna verður að gera stórátak og það fyrr en síðar.

Í 43. gr. er kveðið á um „tómstunda- og félagsstarf á vegum skólans, bæði sem lið í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma." Svo mörg voru þau orð. Í rauninni er engin skilgreining á því hvað þarna er við átt eða hvernig staðið skuli að því þar sem segir „bæði sem lið í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma". Það tómstunda- og félagsstarf sem nú er í skólum er í lágmarki víðast hvar, því miður. Núna háttar svo til að kostnaður við félagsstörf skal greiðast af sveitarfélagi, hlutaðeigandi sveitarfélagi. Og spurningin hlýtur þá að vakna: Verður þetta eitthvert forgangsverkefni eða kemur það til með að sitja á hakanum?

Í fyrsta lagi langar mig til að leggja það til strax að þarna verði ekki einungis sagt „tómstunda- og félagsstarf" heldur verði sagt „tómstunda-, menningar- og félagsstarf", jafnvel „menningar-, tómstunda- og félagsstarf."

Það eru þegar dæmi þess að ekki fást greiðslur frá sveitarfélagi fyrir félagsstörf í skólum. Og það vekur strax ugg um að það kunni að verða erfiðleikum bundið að halda uppi jafnvel því starfi sem verið hefur hingað til. Varðandi 43. gr. langar mig til að minna á eitt frv. og eina þáltill. sem undirrituð hefur lagt fram. Þáltill. var reyndar samþykkt. Hún var um tónmenntakennslu í grunnskólum og miðaði að því að efla og auka þá tónmenntakennslu, en ekki síður eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins með það fyrir augum að efla

og auka tónmenntakennslu í grunnskólum, að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla, að það nám í tónlist sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna, að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur. Nefndin ljúki störfum fyrir upphaf næsta þings."

Þessi þáltill. var samþykkt. Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvað líði framkvæmd þessarar tillögu. (**Menntmrh.:** Það er unnið á grundvelli hennar í ráðuneytinu.) Ég sé engin merki þess hér í frv. nema þessi setning, að nemendum sé „gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, bæði sem lið í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma" innifeli framkvæmd þessarar tillögu. Ef svo er hefur það farið fram hjá mér og er ég vissulega tilbúin að taka þá ábendingum í þá átt hér á eftir.

Þessi tillaga var, eins og fram kom í grg., einungis hugsuð sem byrjunarskref og að eðlilegt væri að byrja á tónlistinni vegna þess að kennslumálum í tónlist og tónmennt er hvað best fyrir komið af þessum greinum. Æskilegt væri auðvitað að sérskólar af ýmsu tagi og starfsemi gæti flust inn í skólana í ríkari mæli en nú er. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað sjá einhverja nánari útfærslu á þessari 43. gr.

En hér er líka frv. sem flutt hefur verið tvö þing í röð. Að því frv., sem ég er 1. flm. að, standa þingmenn úr öllum þingflokkum. Frv. hefur fengið mjög góðar undirtektir, m.a. hjá hæstv. menntmrh. sjálfum. Það liggur nú í menntmn. neðri deildar og bíður þar afgreiðslu. Komið hefur fram viljayfirlýsing í nefndinni þess efnis að ástæða sé til að samþykkja þetta frv. Ég tek fram að það er ekki formlegt enn þá en virðist vera áhugi á því. Það frv. gerir ráð fyrir því að við 43. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að kynnast menningarstarfsemi af ýmsu tagi, svo sem með því að sækja leiksýningar og tónleika, heimsækja listasöfn, þjóðminja- og byggðasöfn, eða að slík menningarstarfsemi sé kynnt í skólunum.

Skólastjórum og kennurum er skylt að gangast fyrir því að listamenn og fræðimenn heimsæki skóla til að kynna nemendum íslenska menningu, sögu og arfleifð.

Nám skv. 6. og 7. mgr. skal fara fram á skólatíma og vera nemendum að kostnaðarlausu. Til þess skal varið minnst sem samsvarar einum kennsludegi í mánuði. Nánari reglur um nám skv. 6. og 7. gr. skal setja í reglugerð."

Í grg. fylgja svo mjög margar hugmyndir um hvernig þessu mætti koma fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að þennan þátt vanti sárlega í skólakerfið og sé höfuðnauðsyn að honum sé sinnt betur. Vegna þess, eins og stendur í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum á nokkrum áratugum, vonandi til hins betra, en er enn í örri breytingu og svo mun verða áfram. En þessar breytingar hafa jafnframt haft ýmislegt það í för með sér sem veikir stoðir sjálfstæðis okkar. Áður erfðist reynsla, menning og tunga frá einni kynslóð til annarrar með „eðlilegum" hætti í starfi og leik. Nú hafa þessi tengsl rofnað vegna breyttra samfélagshátta. Staða heimilis og fjölskyldu hefur veikst og aðrir þættir í uppeldi nýrra kynslóða orðið að sama skapi mikilvægari."

Þarna er því í rauninni í nokkrum orðum lýst hvers vegna sé þörf fyrir starfsemi af þessu tagi innan skólanna. Langar mig til þess að vitna örlítið nánar í grg., virðulegur forseti. Þar segir einnig: „Við eigum sameiginlega tungu, arfleifð og sögu, þ.e. sameiginlega menningu. Meðan svo er eigum við okkur tilverurétt sem sjálfstæð eining í samfélagi þjóða. En komi of djúpir brestir í þessar stoðir sjálfstæðis okkar glötum við þeim rétti því þá mun okkur skorta rök fyrir nauðsyn þess að halda uppi, með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn, svo litlu og á margan hátt óhagkvæmu þjóðfélagi hér á hjara veraldar. Því ber okkur að styrkja þessar stoðir sjálfstæðis okkar eftir mætti, jafnframt því sem við opnum gáttir til allra átta, kynnumst og tileinkum okkur það besta úr reynslu og menningu annarra þjóða.

Þessu markmiði má ná eftir tveimur leiðum og þær höfum við báðar farið. Það er annars vegar skóla- og menntakerfi, hins vegar stofnanir og starfsemi af ýmsu tagi tengt listum og varðveislu íslenskrar menningar þar sem jafnframt eru ástunduð vísindi, rannsóknir og nýsköpun. Ýmislegt má betur fara í skólum og menningarstarfsemi í landinu, en það er ekki viðfangsefni þessa frumvarps, heldur hvernig tengja megi betur þessar tvær leiðir, þ.e. reyna að tryggja að leiðir liggi saman að einu marki."

Ég held að þörfin fyrir þessa starfsemi vaxi, mér liggur við að segja með hverjum degi. Það stefnir allt í stóraukin samskipti Íslands við aðrar þjóðir og jafnvel eru horfur á því að efnahagskerfi okkar og atvinnuvegir tengist með einhverjum hætti stærri samfélögum. Þá fer fljótt að bresta rök fyrir því að búa í þessu landi. Þá verða einungis tilfinningaleg og menningarleg rök sem duga til að viðhalda þessu þjóðfélagi þegar það verður upp á teningnum að það verði þægilegra og e.t.v. auðveldara og gefi meira af sér að búa annars staðar og því fylgi ekkert nema óþægindin ein að búa hér á landi ef ekki eru fyrir því, eins og ég segi, sterk tilfinningaleg og menningarleg rök. Þau eru á hröðu undanhaldi á Íslandi og ef við viljum að hér haldi áfram að búa þjóð sem talar íslensku verðum við að snúa vörn í sókn með einhverjum hætti. Þetta frv. hér bendir á eina leið til þess.

Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. hvort hann vilji ekki taka þetta frv. til alvarlegrar íhugunar. Það olli mér satt að segja nokkrum vonbrigðum, vegna þess hve vel hann tók undir það hér á hinu háa Alþingi, að hann skyldi nefna það hér í upptalningu á frv. og till. sem hefðu verið höfð til hliðsjónar við samningu þessara frumvarpsdraga.

Þá erum við komin að 44. gr. Þar er kveðið á um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda og hvert lágmark hans skuli vera. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að bæði í frv. Kvennalistans og í frv. sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir lengri tíma á viku hverri en hér er. Þetta er að vísu ... (**Gripið fram í:** Þetta er lágmark.) Hæstv. menntmrh. greip fram í fyrir mér þegar ég var í miðri setningu. Þetta er að vísu lágmark. En þó er ekki ætlunin næstu þrjú árin að komast lengra en að ná þessu lágmarki, ef ég skil rétt.

Aukningin er fyrst og fremst í yngstu bekkjardeildunum. Á móti er líka lágmark lækkað hjá þrem efstu bekkjardeildunum. Þar er í núgildandi grunnskólalögum kveðið á um 1440–1480 mínútur á viku en hér er kveðið á um lágmarkið 1400 mínútur. Og eins og málum er háttað hefur maður auðvitað vissar efasemdir um að það verði farið yfir þetta lágmark í bili.

Ef maður lítur nánar á þessa töflu hér í 44. gr. þá virðist manni að þarna séu einungis um millifærslu á stundum að ræða en ekki fjölgun í heild. Að það sé tekið af efstu bekkjardeildunum og fært niður til þeirra yngstu. 1000 mínútur á viku munu gera 25 kennslustundir. Það er náttúrlega ekki meira en hálfs dags skóli. Svoleiðis að nokkuð þykir manni skorta á stórhug í þessum efnum. Þetta þýðir að hægt er að ljúka af viðveru hvers nemanda á tímabilinu kl. 8–12 eða 1–5 svo ekki þarf að gera skólann einsetinn til að standa undir þessu lágmrki. Síðan að loknum þessum þremur árum er ætlað að ná hærra á næstu sjö. Í lok tíu ára tímabilsins sem þessi áætlun tekur yfir verði vikulegur stundafjöldi allra nemenda 35 stundir. En tíu ár eru langur tími og mörg verða börnin horfin út úr grunnskólunum áður en þetta kemst til framkvæmda.

Ég vil ekki hverfa frá 44. gr. án þess að minna aftur, enn og aftur á þá áherslu sem allir leggja á aukningu þeirra greina sem nú standa svo höllum fæti, þ.e. list- og verkmenntagreinarnar. Og hvaðan á sú aukning að koma, t.d. í efstu bekkjunum? Á e.t.v. að draga úr þeirri kennslu í efstu bekkjunum? Ég vil minna á skýrslu sem unnin var á vegum menntmrn., að minni beiðni og fleiri, um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræði og íþróttakennslu í skólum landsins og menntun kennara í þessum greinum sem var lögð fram hér í lok síðasta þings. Þar kom glögglega fram að einmitt þessar greinar eru í algjörum ólestri. Það heyrir til undantekninga að þar náist að framfylgja núgildandi lögum, hvað þá ef á að auka vægi þeirra. Það vantaði kennara, það vantaði húsnæði og greinilegt á umsögnum margra í þeirri skýrslu að virðing þessara greina var ekki mikil innan skólakerfisins og þær liðu e.t.v. stórlega fyrir það líka.

Í 45. gr. hefur verið gerð sú breyting að orðið „nemenda" hefur verið sett inn í greinina, þ.e. „Í grunnskóla skal jólaleyfi nemenda vera frá og með 21. des. til og með 3. jan." Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort skilja megi þetta þann veg að kennarar fái ekki þetta sama jólaleyfi og hvort nýta megi kennara til vinnu í jólaleyfi. Þegar eru víst einhver brögð að því að þegar kennarar hafa sótt námskeið í jólaleyfi, t.d. námskeið í starfsleikni, þá hafi verið nokkrum erfiðleikum bundið að fá greitt fyrir það sérstaklega. Leikur manni forvitni á að vita hvort hér er í rauninni verið að setja í lög að kennarar skuli vinna í jólaleyfum nemenda.

Í 46. gr. er kveðið á um meðaltal í bekkjum. Nú hefur meðaltal í bekkjum farið lækkandi en nokkuð þykja okkur þær meðaltalstölur sem hér eru lagðar til háar. Til samanburðar má geta þess að í frv. Kvennalistans var talað um að meðaltali 18–20 nemendur í bekk og 14–16 í yngstu bekkjardeildunum. Það er sérstaklega þar sem verður að gæta vandlega að nemendafjölda. En auðvitað er samhengi milli markmiðsins „einsetinn skóli" og stærð bekkjardeilda og e.t.v. er ekki hægt að ná báðum markmiðum í einu. Það kann að vera ástæðan fyrir þeim meðaltalstölum sem hér eru nefndar. En mig langar til að varpa því hér fram til íhugunar hvort ekki þurfi líka að tiltaka einhverja meðalstærð eða meðalrými sem hver nemandi skuli hafa. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að skólahúsnæði er auðvitað afskaplega misnýtt, misgamalt. Enn eru í notkun skólar sem byggðir voru fyrir tugum ára. Og skólastofur eru afskaplega mismunandi að stærð, þannig að það getur munað allt upp í 20–30 fermetrum á stofum milli skóla. Ég vil varpa því hér fram hvort ekki sé ástæða til að setja líka einhver ákvæði um meðalrými fyrir hvern nemanda en ekki bara meðalfjölda í bekkjardeildum.

Ég hleyp nú hraðar yfir sögu næstu greinar.

Í 49. gr. er mjög jákvætt að tengja atvinnulífið skólanum með þeim hætti sem þarna er og að heimilt sé að meta þátttöku nemenda í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum greinum.

50. gr. þarfnast auðvitað skoðunar. Hún er, eins og ýmsar aðrar greinar, að mörgu leyti meira markmiðsgrein en raunveruleiki, þ.e. hvort hægt hefur verið að framfylgja því að allir fái kennslu við sitt hæfi og tekið sé sérstakt tillit til nemenda og þeirra erfiðleika sem þeir kunna að eiga við að etja af ýmsum ástæðum. Nú er það svo að framlög til sérkennslu í skólum hafa verið minnkuð og því erum við sjálfsagt enn fjær markinu en við vorum með það að ná að uppfylla þessar kröfur að allir nemendur eigi sama rétt.

Það er mjög jákvætt að nú skuli vera kveðið á um það í lögum að námsráðgjafar skuli starfa við grunnskóla og fræðsluskrifstofur. Sömuleiðis eru nemendaverndarráðin af hinu góða, þó að við viljum enn einu sinni taka undir gagnrýni á orð eða orðsmíð. Hér segir að setja skuli reglur um nemendaverndarráð en það hefði vissulega verið forvitnilegt að vita eða fá á því nánari útskýringu hvaða mál nemendaverndarráðið léti til sín taka og með hvaða hætti.

Í 53. gr. er kveðið á um að nemandi megi ekki stunda vinnu utan skólans valdi hún því að hann geti ekki rækt námið sem skyldi. Jákvætt nýmæli í þessu er að það liggur nú í valdi skólastjóra og kennara að dæma um hvort nemandi verði upptekinn við vinnu utan skóla. En um hitt spyr maður hvort þessu hafi

verið og sé framfylgt með einhverjum hætti. Hér var lögð fram tillaga af hv. fyrrv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um könnun á launavinnu framhaldsskólanema. Ekki þótti ástæða til að samþykkja þá tillögu hér á hinu háa Alþingi þó að allir virtust sammála um að það væri stórkostlegt vandamál í framhaldsskólum landsins hve upptéknir nemendur væru við vinnu. Var ekki laust við að gætti í máli margra þingmanna þessarar vinnudýrkunar sem virðist vera svo rík hjá Íslendingum, að það væri merki um dugnað og sjálfsbjargarviðleitni að eyða miklu, miklu lengri tíma í vinnu en nám.

Ég veit að ég þarf ekki að spyrja hvort slík könnun hafi farið fram í grunnskólum en vissulega væri forvitnilegt að fá einhverjar gleggri hugmyndir um hversu víðtækt vandamál þetta er hjá grunnskólanemendum. Ég hef heyrt það á ýmsum sem starfa við skóla að þess gæti verulega í efstu bekkjardeildum grunnskóla að nemendur stundi talsverða vinnu með námi og oft þannig að það hamli störfum þeirra í skólanum.

Ég ætla rétt að staldra við 55. gr. bara til þess að minna á það sem ég sagði í upphafi um mjög flókið kerfi. Ef maður les 55. gr. í gegn þá þarfnast þau orð mín ekki skýringa. Þarna er afskaplega flókið ferli sem þarf að fara fram áður en niðurstaða fæst.

Í 57. gr., þar sem talað er um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, er sagt, með leyfi foreldra — með leyfi forseta, meina ég auðvitað, ekki foreldra. (**Forseti:** Forseti er foreldri líka.) Já, forseti er foreldri líka svo að þetta á kannski vel við. „Eftir ósk foreldra, kennara og heilsugæslu skóla skal hún", þ.e. ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan, „annast athugun á nemendum sem annaðhvort eiga í sálrænum, tilfinningalegum, félagslegum og öðrum skyldum erfiðleikum, eða nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi." Nú held ég að þessi þjónusta hafi fyrst og fremst verið fyrir börn sem eiga við einhverja erfiðleika að etja og ekki ætla ég að draga úr nauðsyn hennar eða lasta hana. Hitt veit ég ekki hvort það eru mikil brögð að því að fylgst sé með því hvort þörfum annarra nemenda sé sinnt sem skyldi og þessi setning hérna „eða nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi" hvort hún hefur eitthvert gildi eins og nú háttar eða hvort hún er þarna meira til skrauts. Okkur hættir til að líta svo á að með þá sem standa sig vel eða alla vega sæmilega sé allt í lagi og sinnum e.t.v. ekki sem skyldi þörfum þeirra. Ég vil varpa því fram hér hvort ekki væri hægt að gera t.d. á hverju ári einhvers konar athugun í hverjum skóla eða hver ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta gæti framkvæmt athugun á hverju ári með úrtaki úr skólum. Einhver fjöldi barnanna væri rannsakaður og skoðaður einmitt með tilliti til þess hvort hæfileikar þeirra, miklir eða litlir, nýtast.

Í 58. gr. er núna gert ráð fyrir að heimilt sé að reka kennslugagnamiðstöð við allar fræðsluskrifstofur og er auðvitað gleðilegt að sjá þetta komið í frv.

Varðandi námsmatið teljum við kvennalistakonur að það sé mjög til bóta að hætt sé við þessi svokölluðu samræmdu próf, þ.e. ekki sé lengur tiltekið í hvaða námsgreinum skuli vera samræmd próf. Skólafólk þekkir það vel og foreldrar líka að þegar líður að lokum námsins fá þau fög sem unglingarnir eiga að fara í samræmd próf í forgang og mikilvægi þeirra eykst og liggur við að öll önnur fög verði einhvers konar hliðarstarf sem ekki er áríðandi að sinna. Það hlýtur því að vera mjög til bóta og jafna vægi greina að til standi að breyta þessu.

Í 68. gr. er talað um að árlega skuli veitt fé á fjárlögum í þróunarsjóð grunnskóla. Væri fróðlegt að fá að vita hversu miklu hefur verið úthlutað til hans og úr honum og hvort hann hefur þegar skilað árangri því að sjóður af þessu tagi hlýtur auðvitað að vera af hinu góða.

Í 72. gr. er talað um einkaskóla. Ég verð að taka undir þau orð hæstv. menntmrh. sem hann viðhafði hér þegar hann mælti fyrir frv., að afstaða til einkaskóla getur ekki markast af einföldu jái eða neii. Það er flóknara mál en svo að það verði afgreitt með svo léttum hætti.

Hér í Reykjavík er m.a. starfandi einkaskóli sem margir þekkja sem er skóli Ísaks Jónssonar. Hann er vissulega mjög jákvætt dæmi um einkaskóla að mínu mati. Ég hef átt því láni að fagna að fjögur barna minna hafa gengið í þann skóla. Mér hefur fundist þau fá svo góða og æskilega byrjun á sinni skólagöngu þar að stundum hefur hvarflað að mér hvort ekki væri ástæða til að gera nokkra könnun á því hvað veldur að svo vel tekst til í þeim skóla. Ég held að þar væri mjög margt til eftirbreytni fyrir aðra.

Fleira ætla ég ekki að segja í bili um einstakar greinar en mun víkja að ákvæðum til bráðabirgða að lokum. Eins og ég sagði hér áðan finnst mér markið ekki sett nógu hátt með tíu ára áætlun. Ég vil minna á að við höfum áður séð hér á Alþingi, það var að vísu fyrir minn tíma, en hér var gerð mjög merk tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistunarstofnana. Hún skilaði því miður ekki því sem til var ætlast. Ég er ekki að hafa uppi neinar hrakspár um þessa áætlun en mér finnst að þarna hefði átt að ríkja meiri metnaður, meiri hugur og þessu hefði átt að hraða meira en þarna er kveðið á um. Eins og nú er ætlunin að haga þessu segir hér: „Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntmrh. gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin." Mér finnst að þarna ætti að gera þá kröfu til hæstv. ráðherra að hann skilaði slíkri greinargerð árlega. Það er allt of seint að gera það eftir fimm ár því að ef þá kemur í ljós að ekki hefur verið staðið við uppbyggingu eins og skyldi eru harla litlar líkur á að hægt sé að gera á fimm árum það sem átti að gera á tíu árum. Sérstaklega ef ekki á að auka fjárframlög til þessara mála eða reyna að ná þessum markmiðum sem mest með því fé sem hér er til reiðu.

Ég get ekki stillt mig um að gerast örlítið persónuleg í tali mínu um þessa tímaáætlun sem hér er, ekki vegna þess að ég sé svo sérstök heldur einmitt vegna þess hvað ég er dæmigerð. Árið 2000, þegar þessi lög verða komin til fullra framkvæmda ef áætlun stenst,

stendur svo á að yngsta barn mitt hefur þá lokið grunnskólanámi, ef guð lofar. Þá munu verða liðin 30 ár frá því að fyrsta barn mitt hóf nám í grunnskóla. Þá mun ég hafa átt börn í grunnskóla á Íslandi í 30 ár samfellt. Allan þennan tíma hefur verið höfð uppi hávær krafa um einsetinn skóla, um lengdan skóladag, að þörfum foreldra og barna og breytts þjóðfélags yrði mætt með einhverjum hætti og ekki síst með bót í skólamálum. 30 ár eru langur tími. Það er langur tími í ævi einnar manneskju og það er mjög langur tími í ævi barna. Á þeim tíma vaxa þau, verða unglingar og að lokum fullorðnar manneskjur. Er það því von að mér finnist, nú þegar ég stend hér, að þessu hafi miðað allt of, allt of hægt. Það hefur engin bót orðið á þeim árum sem ég hef haft reynslu af skólakerfinu sem foreldri og enn líða mörg ár þangað til það verður komið í viðunandi horf.

Hæstv. menntmrh., þetta er of langur tími. Og það er svo margt í okkar þjóðfélagi sem vekur athygli okkar á því að ekki verður lengur unað við þetta ástand. Við sjáum þess merki alls staðar í kringum okkur og við vitum það öll að það er skammarlega búið að börnum í okkar þjóðfélagi. Foreldrum er ekki gert kleift að sinna þeim sökum þess hvað vinnudagurinn er langur og erfiður, skólarnir hafa ekki mætt þessu, þjóðfélagið hefur ekki mætt þessu með styttingu vinnutímans eða sveigjanleika eða hærri launum eða nokkrum sköpuðum hlut. Skólarnir gera það ekki, dagvistanir gera það ekki. Hvað á þetta að dragast lengi? Við getum ekki beðið svona lengi, við höfum ekki efni á því. Við höfum ekki efni á því að stórum hluta íslenskra barna líði illa sökum vanrækslu, líkamlegrar og andlegrar vanrækslu og fyrst og fremst auðvitað tilfinningalegrar vanrækslu. Við höfum ekki efni á því. Og það er ekki of dýrt að kippa því í lag. Ég hef fyllstu samúð með hæstv. menntmrh. sem augljóslega mátti bíða svo lengi eftir frv. sínu inni í ríkisstjórn en ég brýni hann til þess að hann reyni að tosa ríkisstjórnina með sér. Ég trúi ekki öðru en að hann vilji standa betur að málum og hann vilji ná skjótari úrbótum. Mér hefur heyrst það á tali hans hér og ég hvet hann til þess að reyna að ná fram skjótari úrbótum í skólamálum. Ekki skal skorta stuðning annarra ef hann getur hjálpað.

Það eru nokkur atriði sem mig langar til að nefna að lokum. Fyrst og fremst vil ég ítreka hvort ekki sé hægt að fá einhvers konar skipurit eða yfirlit yfir stjórnkerfi skólanna. Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til álita að auka fjárhagslegt sjálfstæði skólanna, þ.e. tryggja þeim fjárframlög en gefa þeim frjálsar hendur með ráðstöfun fjárins. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra heyrði orð mín. (Gripið fram í.) Ég var að spyrja ráðherra um hvort ekki hefði komið til álita að auka fjárhagslegt sjálfstæði skóla, þ.e. tryggja þeim öruggar tekjur en gefa þeim frjálsari hendur með ráðstöfun fjárins. Það er í raun ekkert sem hvetur í dag til sparnaðar, segjum t.d. á því fé sem fer í gegnum Námsgagnastofnun. Skólar geta ekki safnað í sjóði eitt árið og nýtt sér þá betur næsta ár. Auk þess held ég að það væri til svo mikilla bóta að færa aukna ábyrgð inn í skólana sjálfa.

Ég vil í því sambandi minna á það sem ég sagði í upphafi að ég hef vissar efasemdir um valddreifingu í þessu frv. eða hvort það er í valddreifingarátt. Satt að segja átta ég mig ekki alveg á því en sýnist að sú valddreifing sem boðuð er, ef einhver er, í þessu frv. sé afskaplega tímafrek og þar af leiðandi auðvitað fjárfrek. Það virðist sem miklum tíma skuli varið í fundi og samráð af ýmsu tagi. Eflaust er margt af því nauðsynlegt en mér finnst oft áberandi í störfum okkar Íslendinga að við höfum einhverja ofurtrú á fundum og ráðstefnum. Stundum dettur mér jafnvel í hug að fundir og ráðstefnur séu einhvers konar ventlar þar sem fólk getur tappað af, en þeir séu ekki alltaf árangursríkir að sama skapi. Valddreifing er ekki endilega að allir hafi samráð um allt, upp og niður allan píramídann, út og suður allt kerfið. Valddreifing er ekki síður fólgin í því að hver og einn sé gerður ábyrgur fyrir sínu starfi, sínu verki. Þetta gildir auðvitað í þessu tilfelli um hvern skóla fyrir sig og jafnvel hvern einstakling. Stór skref í átt til valddreifingar eins og aukið fjárhagslegt sjálfstæði sem gæfi skólunum miklu meira svigrúm til þess að nýta sína fjármuni eins og þeir vildu, svo framarlega sem þeir uppfylltu einhverjar tilsettar kröfur, væri að mínu viti miklu stærra skref í valddreifingarátt en stigið er með þessu frv.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið um þetta frv. að þessu sinni. Ég vil enda á því að segja aftur, eins og ég sagði í upphafi, að margt jákvætt er hér að finna. Markmiðin eru góð og gild, en við ætlum okkur of langan tíma, hæstv. ráðherra.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Fyrir setningu grunnskólalaga 1974 hafði farið fram gífurlega mikil vinna í undirbúning og kynningu. Fundir voru haldnir með skólamönnum um land allt og leitað álits hjá fjöldamörgum aðilum. Þau lög sem síðan hafa gilt að mestu óbreytt til síðustu áramóta voru að flestu leyti góð lög og hafa gefist vel.

Eitt og annað kemur þó upp þegar farið er að vinna eftir nýjum lögum sem þarfnast endurskoðunar. Svo var og um þessi. Þó nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að setja upp ný grunnskólalög en ekki orðið árangur af þeim. Þetta frv. er í veigamiklum atriðum árangur af þeim tilraunum þar sem farið hefur verið yfir allar brtt. og það tekið inn í frv. sem talið er gott. Þetta er því í meginatriðum gott frv. sem gera þarf að lögum hið fyrsta. Vafalaust hafa breytingum verið gerð skil í framsöguræðu menntmrh. sem ég gat ekki hlýtt á fremur en aðrar ræður í fyrsta hluta 1. umr. Ég kom hér inn í lok ræðu hv. 2. þm. Reykv. og heyrði mál hv. 18. þm. Reykv. sem flutti hér langt mál. Af þeim sökum verður það kannski helst við mál hans sem ég mun gera nokkrar athugasemdir. Mér þótti það skína í gegnum málflutning hv. þm. að í rauninni var margt sem mér virtist hann taka undir og frekar sneru athugasemdirnar að orðalags-

breytingum og smávægilegum atriðum. Það tel ég sýna að hér er margt gott á ferðinni sem þarf að fá framgang.

Skoðanir þessara tveggja þingmanna á anda laganna fóru ekki saman. Mér heyrðist í lok ræðu hv. 2. þm. Reykv. að kostnaðarauki af þessum lögum væri visst áhyggjuefni, hv. 18. þm. Reykv. taldi aftur á móti of skammt farið. Ég held að við endurskoðun laga sé það brýnt að saman fari bókstafur laganna og möguleikar á því að standa við þann bókstaf eins framarlega og unnt er, en slá þá varnagla ella og orða hlutina sem skýrast. Þar sem hv. 18. þm. Reykv. sagði að lítill metnaður fylgdi þessu frv. þá held ég að metnaður sem fæli í sér útgjöld sem útilokað væri að framkvæma væri markleysa og mundi ekki ná þeim tilgangi sem með lagasetningunni er stefnt að. Þess vegna er aðlögun sú sem gert er ráð fyrir í þessum lögum mjög eðlileg, mismunandi löng eftir ýmsum ákvæðum en hlýtur að vera nauðsynleg til þess að ná megi fram þeim miklu breytingum sem hérna er á margan hátt stefnt að.

Hv. þm. gat þess að 30 ár væri langur tími í lífi þjóðar og það er alveg rétt. 30 ár er auðvitað tími sem ekki rúmast í lífi eins barns. Þá dettur manni í hug bóndinn gamli sem rak lömbin sín á fjall. Hann var að reka þau á fjall í þrítugasta sinn og furðaði sig á því hvernig stæði á því að þau ætluðu aldrei að rata þetta þó þau færu alltaf sama veginn. Þetta er kannski það sem við sem höfum starfað við uppeldi barna megum svolítið passa okkur á, að við gerum ekki viðhorf sögunnar að okkar því þá erum við farin að staðna æðimikið. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það eru alltaf ný börn.

Ég ætla aðeins að staldra við þessi tímamörk, 30 ár, af því að þingmaðurinn sagði að árið 2000 væru börn hennar búin að vera í skóla í 30 ár. Það vill svo til að á þessu ári eru nákvæmlega 30 ár síðan ég hóf kennaranám þannig að ég hef 30 ára viðmiðun líka til þess að velta fyrir mér. Ég staldraði aðeins við og leit til baka þegar ég heyrði þessi orð og þessi tímamörk sérstaklega sett. Það kann að vera að þriggja, fimm og tíu ára aðlögunartími sé langur tími fyrir þann sem er að útskrifa síðasta barnið sitt úr skóla. En við skulum ekki gleyma því að skólinn í dag er langt frá því að vera óhæfur þannig að ekki er víst að öllu sé tapað. Á þessu tíu ára bili sem fram undan er með þessu frumvarpi mun mjög verulega stefna í rétta átt.

Þegar ég lít til baka um þessi 30 ár frá því að ég hóf kennaranám, þá er ekki vafi í mínum huga að margt hefur áunnist og margt hefur breyst. Þegar ég hóf kennslu var aðbúnaður skólabarna, t.d. í Reykjavík þar sem ég hóf mitt starf, verulega lakari en hann er nú. Þá ætla ég ekki að tala um hvernig hann var þegar ég flutti síðan út á land og bar saman eða ber saman núna það sem nú er þar og það sem þá var. Á þessu 30 ára tímabili, þessum langa tíma, hefur heilmikið áunnist. Þess vegna held ég að þó ákveðin tímamörk séu sett þarna til þess að ná fram þessum markmiðum, þá sé það nauðsyn, ill nauðsyn. Tíu ár eru kannski langur tími en hann er þó skemmri en 30 og hann er ekki svo langur tími í lífi þjóðar að við getum látið það ógert að samþykkja breytingar sem eru til bóta, jafnvel þó að taki frá þremur og upp í tíu ár að koma þeim á.

Hér var aðeins getið um orðið heildstæður skóli. Það er nú svo með málfar í skólakerfinu að þar hefur margt slæmt komið inn og ég get alveg tekið undir það. En þetta orð er langt frá því að vera nýtt og ég held að þarna sé um að ræða viðleitni til að finna orð fyrir hugtakið sem í þessu felst. Við gætum líka orðað það þannig að þetta væri skóli frá forskóla upp í níunda bekk eða frá fyrsta og upp í tíunda bekk en það er óþjálla. Ég held að hérna sé frekar jákvæð viðleitni til að búa til nýtt orð sem stenst nokkurn veginn skoðun. En auðvitað þarf að kynna þessi orð. Þau eru þegar orðin þjál í skólakerfinu og hafa verið það um margra ára skeið. Ég vona að einmitt með þessum lögum og vaxandi foreldrasamstarfi og vaxandi kynningu á málefnum skólans muni annmarkar eins og þessi með ýmis orð sem eru kannski frosin í skólakerfinu, notuð af skólafólki og virka sem einhvers konar furðuverk fyrir hina, þá muni þau ná kynningu, ná fótfestu og verða góð og gild íslenska svo framarlega sem þau falla að málinu eins og þetta orð gerir vissulega.

Mig langar aðeins að fara nokkrum orðum um einstakar greinar, alls ekki allar, heldur að drepa á fáein atriði sem mér finnst rétt að komi fram hér í umræðunni. Tíu ára skóli í stað níu áður. Með því er verið að koma til móts við gildandi fyrirkomulag þar sem þorri forskólabarna nýtur nú skólagöngu og einnig í vaxandi mæli í dreifbýli. Þetta hefur batnað ár frá ári og ég held að það sé einmitt tímabært núna að gera hlut forskólabarna jafnan öðrum skólanemendum með þessu móti. Það er til bóta að takmarka nemendafjölda við 650. Menn hafa staldrað svolítið við þessa tölu. Fyrri ræðumaður ræddi um aðra tölu við skóla með færri nemendum. Þá get ég komið með annað orð sem hefur líka verið notað í skólakerfinu lengi og menn þekkja lítið. Það er „hliðstæða", þ.e. með þremur bekkjardeildum í hverjum árgangi. Miðað er við að sé skólinn heildstæður þá séu að jafnaði þrjár bekkjardeildir í hverjum árgangi hans. Með sama hætti mundi skóli sem væri með skemmri tíma vera fámennari.

Hv. 18. þm. Reykv. ræddi nokkuð um grunnskólaráð og tengsl þess við fræðsluráð. Nú er það svo að fræðsluráð hefur sitt ákveðna hlutverk samkvæmt þessum lögum, raunar hið sama og var í fyrri lögum. Það er að mestu bundið við sitt eigið skólahérað, sitt eigið umdæmi og störf þess varða málefni sem þar eru. Ég get vel tekið undir orð þingmannsins um fundi og ráðstefnur og gagn þeirra og gildi. Það er vafalaust afar misjafnt hversu mikið fæst út úr því skrafi sem þar á sér stað. Ég held að allt velti á því varðandi skipan þessa grunnskólaráðs hvernig reglur því verði settar. E.t.v. getur grunnskólaráð náð tilgangi sínum með því að vera eins konar samráðs- eða ráðgjafaraðili í einstökum málum sem varða þá landið allt en ekki einstök fræðsluumdæmi, því að þar

ættu fræðsluráðin að vera. Almennt talað er ég ekki mjög hlynntur fjölmennum ráðum sem koma saman, tala langt mál og e.t.v. flækja málin frekar en greiða þau. En ég held að þarna velti fyrst og fremst á því hvernig til tekst um þær reglur sem setja skal um grunnskólaráðið.

Í 4. gr. er talað um að óheimilt sé að láta börn yngri en tíu ára dvelja í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að mati fræðslustjóra. Hér er verið að koma til móts við álit nefndar eða starfshóps um samskipti heimila og skóla og ég held að þetta sé til bóta. Þó er rétt að hafa í huga að aðstæður á einstöku stað á landinu eru mjög sérstakar þar sem ekki verður komið við að stofna útibú og í rauninni ekki heldur hægt að senda börnin í heimavist svo ung sem þarna er talað um. Þá nefni ég t.d. eyjarnar í Djúpi og Breiðafjarðareyjar og vafalaust fleiri svæði á landinu. Það væri kannski til bóta að þarna væri viðbót: „Verði hvorugum kosti við komið skal fræðslustjóri hlutast til um lausn."

Vík ég þá aðeins að 16. gr. Í 16. gr. er kveðið á um að sveitarfélög sem reki tvo eða fleiri grunnskóla skuli skiptast í fleiri skólahverfi og fleiri skólanefndir fari með málefni þeirra. Ég held einmitt að reynslan, sérstaklega héðan úr Reykjavík, hafi sýnt fram á að það er nauðsynlegt og æskilegt að þeir sem ráða málefnum síns hverfisskóla séu kunnugir staðháttum og starfsemi skólans. Þar eru einmitt foreldrar úr því hverfi og e.t.v. fulltrúar skólanna líka mun betur til þess fallnir. Við höfum svo fjölmörg dæmi fyrir okkur að um það þarf ekki að fjölyrða mikið. Þannig að þetta held ég að sé til verulega mikilla bóta.

Í 19. gr. er sérstaklega hnykkt á um það að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með taldar skólalóðir. Þarna er kveðið sterkar á en var í fyrri lögum. Það er fullkomin ástæða til þess því að skólalóðir víðs vegar út um land, sérstaklega við smærri skóla, eru ófullnægjandi og þar vantar gífurlega mikið á að yfirleitt sé áhugi fyrir að bæta um. Þarna held ég að sé mjög nauðsynlegt að kveðið sé svolítið sterkar að og það er gert hér.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði aðeins um 19. gr., hvernig skólanefnd ætti að sjá um að skólaskyld börn í skólahverfi njóti lögboðinnar fræðslu. Það er svo kveðið á í þessum lögum að fræðsluráð og fræðslustjóri í umboði menntmrn. eigi að sjá um þetta. Á því er í mínum huga enginn vafi hvar slíkt á að gerast. Hins vegar vil ég taka undir varnagla þingmannsins við þeirri grein, sem er reyndar óbreytt frá fyrri lögum, 22. gr. um setu nemenda á fundum skólastjóra og kennararáðs. Ég tel að þetta væri rétt að athuga betur. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga veit ég ekki til að þetta sé almennt stundað og kann þó að vera, einkum í skólum með elstu bekki. Það er allt annað mál hvort þeir sitja á kennarafundum. En ég tek undir orð þingmannsins að á fundum skólastjóra og kennararáðs er fjallað um viðkvæm innri mál skóla, um kennara og ýmislegt sem ég held að nemendur eigi ekki endilega að hafa rétt til þess að fylgjast með hverju sinni.

Í sambandi við 21. gr. nefndi hv. 18. þm. Reykv. þá hugmynd að lögfesta foreldrafélög. Það tel ég fráleitt því svo erfitt sem er að fá foreldrafélög til starfa held ég að það yrði enn þá erfiðara með lögþvingunum og væri ekki til neins. Það væru þá kannski félög sem væru stofnuð löglega og hefðu heiti en ekkert annað. Ef foreldrar sjálfir í hverju skólahverfi hafa ekki áhuga á að starfa með skólanum þá er fátt sem getur knúið þá til þess. Ég tel að það sem kemur fram í greininni, „starfsmönnum skóla er skylt að efla sem mest", sé það næsta sem við komumst því að virkja foreldra. Að vísu þarf ekki alls staðar að gera það því víða eru foreldrar mjög virkir í starfi skóla, en hitt er þó því miður til.

Það er ánægjulegt í 25. gr. að framkvæmdaáætlanir skuli miðast við einsetinn skóla. Reyndar er það víða þannig að það þarf ekki svo mjög mikið að breytast til þess að skóli verði einsetinn. Víða er það svo, þó annars staðar vanti verulega á húsnæði. En það hefur oft verið rætt um samfelldan skóla ekki síður en einsetinn. Ég fullyrði að í næstum öllum skólum er hægt að koma við samfelldri kennslu. Þar tala ég af reynslu af skólastjórn í stórum skóla þar sem var húsnæðisskortur en það er einungis um skipulagsmál að ræða sem hægt er að leysa nú þegar ef áhugi er fyrir hendi. Þar væri hægt að stíga stórt skref í rétta átt einmitt hér á höfuðborgarsvæðinu og hefur reyndar verið stigið þó nokkuð í þá áttina.

Þá vil ég sömuleiðis lýsa ánægju minni með það að ákvæði skuli vera komið inn um að skólastjórar og fulltrúar kennara hvers skóla skuli vera með í ráðum við hönnun skólahúsnæðis. Við höfum fyrir okkur gífurlega mörg sorgleg mistök við hönnun skólabygginga um allt land þar sem arkitektar hafa, að því er virðist, verið með tilraunastarfsemi til þess að kanna ýmsar hugmyndir sem þeir hafa fengið og sjá hvort þær gengju upp. Því miður hefur reynslan oft orðið sú að þær hafa alls ekki gengið upp. Og eftir stendur þetta minnismerki um þessar tilraunir þeirra. Sveitarstjórnir hafa oft á tíðum orðið að blæða stórum fjárupphæðum og fengið skóla í staðinn sem var langt frá að uppfylla þeirra þarfir.

Hér kom fram athugasemd um íþróttastarfsemi. Þetta held ég að sé greinilegt að getur ekki komið frá öðrum en fulltrúa Reykjavíkur vegna þess að æskulýðsstarfsemi og almenn félagsstarfsemi nær engan veginn yfir íþróttastarfsemi t.d. fullorðinna. Það sem ég held að sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir er að skóli, einkum og sér í lagi út um byggðir landsins, er miðstöð byggðarinnar, er hjarta samfélagsins. Þar sem íþróttasalir eru komnir við skóla fer fram blómleg starfsemi meginhlutann af sólarhringnum. Og einmitt íþróttastarfsemi fullorðinna, sem ég held að megi alls ekki draga út úr þessu, er af hinu góða og mjög æskileg. Ég vil undirstrika það að þessari athugasemd þingmannsins er ég ekki sammála og get ekki tekið undir.

Varðandi valddreifingu sem felst í því að breyta ráðningarmálum þá er mikilvægt og gott atriði að hér skuli vera komið inn „ráðning" í stað „setningar" og

„skipunar" og ég heyri almennt hjá skólamönnum að þeir taka undir heilum hug. Það er af hinu góða. Ég geri ekki athugasemdir við það hvort aðstoðarskólastjóri heitir svo eða yfirkennari. Hins vegar var gerð tilraun fyrir fáeinum árum til að skilgreina starf yfirkennara og setja honum erindisbréf. Þar þyrfti að gera betur. Verkaskipting milli skólastjóra og yfirkennara er alls ekki nógu skýr. Út af fyrir sig held ég að aðstoðarskólastjóri sé meira í takt við það sem hefur gerst í framhaldsskólanum svo það er ekki óeðlileg breyting. En jafnhliða þessu þyrfti að huga að því í framhaldinu að skýra betur verkaskiptingu þessara tveggja starfsmanna skólans.

Í 32. gr. segir svo: „Skólastjóri ræður kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði í samráði við skólanefnd," síðan kemur seinna: „Menntmrn. staðfestir ráðningar kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða" og menntmrn. ræður skólastjóra. Hérna er svolítið ósamræmi sem ég vil vekja athygli menntmrh. á í frv. sjálfu og í skýringum þar sem í athugasemdum er sagt frá því sem skýringu á þessari grein að ráðning stjórnenda yrði í höndum fræðslustjóra í umboði menntmrn. Þarna þætti mér eðlilegt að í stað „menntmrn." yrði sett í greinina: fræðslustjóri ræður skólastjóra í umboði menntmrn. Það er í samræmi við þær skýringar sem eru gefnar og í samræmi við þá framkvæmd sem fyrirhuguð er í þessum efnum.

Í 33. gr. er ráðningum flýtt fram til 1. maí frá 1. júlí sem nú er. Það ákvæði er til mikilla bóta. Það hefur löngum staðið skólastarfi fyrir þrifum, var reyndar fyrir nokkrum árum flýtt frá 1. ágúst, reyndar 1. sept. upphaflega. Það er nauðsynlegt að hver skóli viti að vori nokkurn veginn hvaða starfsliði hann hefur á að skipa ef kennaramál þróast með þeim hætti, sem við vonum, að við fáum starfslið fyrir skólann eins og lög standa til. Það er reyndar ekki hægt að segja það um mitt umdæmi sem nær ekki einu sinni að uppfylla það að hálfu, en annars staðar hefur þetta batnað og ég vona að það sé fyrirboði þess að svo muni verða í næstu framtíð. Árganga- og fagstjórn er þegar orðið staðreynd og er farin að skila árangri og á eftir að skila enn betri árangri.

Sérstakri ánægju vil ég lýsa yfir með 41. gr. Ég held að það sé einmitt ástæða til að undirstrika það að nokkuð hefur verið óttast að þeir sem koma úr dreifbýlinu væru á móti ákvæði um það að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera níu mánuðir. Og vissulega heyrir maður enn þá andóf gegn þessu í sveitunum. Það fer þó minnkandi og ber margt til. Börn eru ekki jafnalgildur vinnukraftur í sveitum eins og áður var. Helstu rök sem færð eru fram eru kannski sauðburðurinn á vorin en þetta hefur þá verið leyst með því að gera undanþágur að einhverju leyti þar sem aðstæður eru þannig en það eru færri og færri staðir sem á því þurfa að halda. Ég held að þetta sé eitt af þýðingarmeiri atriðunum í þessu frv., að við förum að samræma skólahald á Íslandi hvar sem er á landinu og búum ekki við það eins og verið hefur um áratuga skeið að þeir nemendur sem koma úr þéttbýlinu fái á annað ár og jafnvel meiri skólagöngu á sínum grunnskólatíma en þeir sem búa aftur í dreifðustu byggðunum. Þetta er eitt af meginatriðum sem ég held að skipti máli þarna.

Þá vildi ég aðeins víkja nokkrum orðum að 42. gr. og athugasemd sem kom frá hv. 18. þm. Reykv. um orð sem þarna er inni, um leikræna og listræna tjáningu. Ég vil vekja sérstaka athygli þingmannsins á að það er þó nýtt að fá þetta inn í frv. Og þar er þó skref í þessa átt að mínu mati.

Ég get ekki búist við því að neinar horfur séu á því á næstunni að við fáum leikara inn í skólana til þess að sinna leikrænni og listrænni tjáningu. Ég get heldur ekki séð að það sé nauðsynlegt vegna þess að leikræn og listræn tjáning er notuð til annars en að fullmennta leikara. Hún hefur verið notuð um árabil í kennaranámi, á námskeiðum Kennaraháskólans og er núna talin ómissandi og nauðsynlegur þáttur í kennslu, bæði yngri barna og ekki síður þeirra eldri. Ég ætla ekki að vanmeta leikara og það nám sem þeir hafa að baki og kannski ekki síst það sem þeir skila út í dreifbýlið með því að halda námskeið. Þeir kynna sína grein með því að kenna þetta einmitt kennurum til þess að þeir geti nýtt þetta. Ég vil ekki vanmeta það eða vanþakka því það er okkur mikils virði. Og ég tel að það að hafa fengið leikræna og listræna tjáningu inn í grunnskólafrumvarpið sé mjög veigamikið spor í rétta átt. Ég vildi geta um þetta því að það komu fram athugasemdir um það áðan.

Hins vegar vildi ég beina um það spurningu til ráðherra hvernig standi á því að út hefur fallið — eða það er að finna annars staðar og mér hafi sést yfir það — það sem var í fyrri lögum um ávana- og fíkniefni. Í þeim lögum sem tóku gildi um áramót er vísað til neðanmálsgreinar. Það er f-liður, fræðsla um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna. Þar er vísað til neðanmálsgreinar þar sem segir að þetta sé vegna laga nr. 23/1983 og kemur þess vegna inn í lögin um síðustu áramót. Ég vildi að þetta væri athugað. Ég tel að þarna sé um svo þýðingarmikið atriði að ræða að það megi ekki falla út. Hafi það verið vegna vangár eða annars þá vildi ég mælast til að úr því yrði bætt eða þá skýrt fyrir mér hvar þetta væri annars staðar. Reyndar tel ég að þetta eigi ekki að vera með öðru, þetta eigi að vera ákveðið og sérstaklega svo þýðingarmikið sem þetta er og svo mikill þáttur sem þetta er í samfélagi okkar og mikil nauðsyn að vinna gegn þessu. Skólarnir mega ekki bregðast sínu hlutverki í því.

Ég get ekki fallist á að markmið 44. gr. séu metnaðarlítil, að gera þetta á þennan hátt. Þetta hlýtur að taka tíma, svo miklum fjármunum sem þarf til að kosta. En ég er líka þeirrar skoðunar að þeim fjármunum þurfum við að kosta til. Það er alveg rétt sem bent var á að í 7. bekk, sem var 6. áður, er þetta óbreytt og í 8., 9. og 10. bekk er þetta lágmarkið, það er alveg rétt. Hins vegar mundi maður ætla að þegar aukningin hefur orðið fyrir neðan, sem er meiri en þessu nemur, hljóti að hafa náðst þó nokkur jöfnuður á. Og það er reyndar svo með nemendur í eldri

bekkjum að þá er komið býsna margt annað sem þeir eru að starfa. Þetta er fólk sem er í tónlistarnámi, þetta er fólk sem stundar íþróttir, þetta er fólk sem stundar félagsstörf og það er oft feikilega mikið vinnuálag á fólki einmitt á þessum aldri. Ég er því ekki viss um að þessi jöfnun og aukning sé slæm. Það er alveg rétt að 25 stundir er kannski ekki það sem við stefnum að enn þá en það er líka stefnt að því að auka það með tímanum.

Talað er um jólaleyfi nemenda í 45. gr. Ég held að ekki sé verið að setja lög um að skikka kennara til að vinna í leyfum þó e.t.v. væri ástæða til þess, ég veit það ekki, heldur sé fyrst og fremst verið að setja inn í lögin að nemendurnir eru það sem þessi lög snúast um frekar en kennarar. Hins vegar er það svo í núgildandi kjarasamningum kennara að þeir vinna allmargir úti á landi í átta mánaða skóla. Þeim er gert skylt, ef þess er krafist, að mæta níu mánuði til vinnu. Þeim er óvíða gert að gera þetta þó það sé vaxandi að skólastjórar þessara skóla noti sér að einhverju leyti þessa heimild fyrir og eftir skóla. Það sem hefur leitt síðan af því er að kennarar sjá sér einfaldlega hag í því að skólatími verði lengdur. Það hefur tekið langan tíma að þetta ákvæði í kjarasamningunum komist til framkvæmda. Það er smátt og smátt að vinna á og það verður til þess að auðvelda ákvæðin sem áður var getið um, níu mánaða skóla, sem ég held að við ættum að stefna að. Reyndar hafa fræðslustjórar unnið markvisst að því undanfarin ár eins og sést á þeirri töflu sem vísað var til áður. Við eigum ekki að sætta okkur við neitt minna en að þetta verði lögleitt um allt land, að sami skólatími verði alls staðar. Síðan er svo annað mál hvort sérstakar aðstæður geta gefið tilefni til undanþágu. Þá verða líka að vera gild rök fyrir því og þær munu ekki verða svo margar.

Þá vil ég vekja athygli á a-lið í 47. gr. Þar segir að nemendur í bekkjardeild verði ekki fleiri en hér segir: 10 nemendur ef aldursflokkar eru fimm til sjö. Í fyrri lögum var það svo að ef skólinn samanstóð af fjórum nemendum þá var það mat bæði kennarans sem starfaði þar og fræðslustjóra að hann gæti sinnt þeim í einu lagi í einni deild. Ef einn nemandinn var hugsanlega 8 ára, annar 10, þriðji 11 og fjórði 12, þá sögðu lögin að skylt væri að kenna þeim í tveimur deildum með fullri stundaskrá. Þetta er ekki hagkvæmt, þetta er ekki nauðsynlegt. Og það er ekki gengið á rétt barna þó að þarna sé lagað til í lögunum. Þess vegna er það, eins og ég gat um í upphafi, að margt í þessum lögum tekur mið af langri reynslu og hvernig framkvæmdin hefur verið. Þá er jafnan reynt í tillögum og umsögnum þeirra sem fjallað hafa um málið, þetta er byggt á býsna mörgum álitum sem komið hafa, þá er jafnan reynt að gæta þess við hagræðingu að réttur nemandans sé ekki fyrir borð borinn. Ég held að þau ákvæði sem eru um nemendur séu yfirleitt til bóta. Það getur vel verið að það hefði mátt fara neðar og hafa enn þá færri nemendur í bekk en hér er einmitt gerður greinarmunur á því hvort við erum að tala um eldri bekki í grunnskóla eða yngri bekki. Og það held ég að sé til bóta. Það hefur löngum verið svo að yngri bekkir grunnskóla hafa verið taldir heldur ómerkilegri bekkir. Almenningur hefur því miður oft litið svo á. Hins vegar höfum við sem störfum við skólana litið svo á að þýðingarmesta kennslan væri á fyrstu tveimur til þremur skólaárunum. Ég held að það sé orðinn almennur skilningur flestra nú að þar mæði hvað mest á hæfileikum, reynslu og getu kennarans.

Ýmis ákvæði sem eru að koma inn í skólann eru hérna fest, eins og námsráðgjafi. Þróunarsjóður er þegar tekinn til starfa, farinn að úthluta til margra merkra verkefna og ég held að þetta sé mjög til bóta. Ég vil sérstaklega fagna því að heimilt er að reka kennslugagnamiðstöð og veita þar sérfræðilega ráðgjöf og þjónustu. Þetta er einmitt í samræmi við skýrslu nefndar sem skipuð var af Birgi Ísl. Gunnarsyni 1988, ef ég man rétt, og skilaði áliti í maí 1989. Hún lagði til að kennslugagnamiðstöðvum yrði komið upp við allar fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur þar sem reiknað var með að Námsgagnastofnun og kennslumiðstöð hennar mundi sinna því hlutverki. Þessu er mikil ástæða til að fagna sérstaklega.

Mig furðar nokkuð á þeirri pólitísku andstöðu sem hefur verið við grunnskólafrumvörp á þingi. Þá er ég ekki bara að ræða um þetta eina grunnskólafrv. heldur að í hvert skipti sem reynt hefur verið að koma fram með frv. til breytinga, og þá bóta oftast nær, á grunnskólalögum hefur það ævinlega mætt andstöðu og það gerir það hér líka núna. Eins og ég gat um þá gat ég ekki séð annað en að hv. 18. þm. Reykv. tæki undir velflest það sem er í þessu frv. Enda held ég að mjög margt sem þarna kemur fram sé í góðum takti við það sem Kvennalistinn hefur verið að berjast fyrir, þ.e. að fá betri skóla fyrir landsmenn. Þetta var minn skilningur á flestu því sem hún sagði þó að minni háttar agnúar væru. Og það tek ég undir, það eru auðvitað agnúar á þessu. En ég tel þá vera minni háttar. Ég sé ekkert í þessu frv. núna sem réttlæti það að menn fari að hnotabítast pólitískt um það, jafnvel þó þeir hafi ekki meiri áhuga á þessu frv. en svo að það eru örfáir hér í salnum. Ég held það sé ekki áhugi á grunnskólamálum sem veldur þessu andófi heldur eitthvert pólitískt metnaðarmál. Og ég verð að segja það, hafandi starfað við skóla í 30 ár, að mér finnst það ansi mikil léttúð af alþingismönnum að leyfa sér þetta. Að leyfa sér að hindra framgang bóta og breytinga á lögum um grunnskólann sem er þýðingarmesta stofnun okkar þjóðfélags. Þetta vil ég endilega að komi skýrt fram vegna þess, og ég endurtek, mér þykir þetta léttúð og mér þykir ámælisvert að þetta skuli vera gert. Þetta er ekki í fyrsta skipti núna heldur í hvert skipti sem þetta hefur komið fram. Það er ekki við einn flokk að sakast, þetta eru þingmenn í heild. Svona á ekki að vinna á þingi að mínu mati. Það á ekki að vinna þannig að kæfa vegna pólitískra hagsmuna mál sem geta og þurfa að ná framgangi. Mál sem varða þjóðfélag okkar og grunninn að því. Mér finnst ekki rétt á málum haldið hér.

Mér finnst um þá agnúa sem eru á þessu frv. að þeir séu smávægilegir. Þá má sníða af í nefnd með mjög lítilli fyrirhöfn. Fyrst og fremst er þetta frv. aðlögun

að sjálfri framkvæmdinni, að því sem orðið hefur og því sem við viljum gera. Og ég tek undir það sem við viljum gera í þessu. Ég vil líka ítreka það aftur að hér er ekki um að ræða frv. sem menntmrh. er að smíða og henda inn í þingið. Hér er um að ræða frv. sem byggt er á öllum þeim tilraunum sem gerðar hafa verið frá 1974, á allri þeirri framkvæmd sem hefur verið á lögunum síðan. Það er verið að draga saman reynslu þessara ára til úrbóta og það er verið að draga saman þær tillögur sem gerðar hafa verið af öllum þingflokkum hér á Alþingi til þess að gera eitt gott frv. Þess vegna vona ég að þetta frv. fái góðan byr og fái gott brautargengi hér í þinginu og vona að það verði að lögum hið fyrsta.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær ítarlegu og málefnalegu umræður sem hafa farið fram um þetta grunnskólafrv. Það er svo fjölda margt sem hefur komið fram í þessum umræðum að það tæki allt of langan tíma ef ég færi að fara yfir hvert einasta atriði. Ég get tekið það fram að ég er sammála ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið frá einstökum þingmönnum. Ég vil þó leggja alveg sérstaka áherslu á það sem hv. 2. þm. Vestf. var að segja hér áðan að þetta frv. er auðvitað tilraun til að finna samnefnara. Við undirbúning frv. hefur verið ráðgast við fjöldann allan af samtökum. Þetta er í raun og veru ekki skrifað af menntmrh. heldur hef ég lagt áherslu á það við undirbúning frv. að reyna að finna samnefnara. Ég held að það sé grundvallaratriði í sambandi við alla skólastefnu hér á landi að það finnist samstaða um skólann. Það má ekki efna til stríðs um skólann eins og stundum hefur gerst á árum áður vegna þess að það spillir því mikilvæga starfi sem þar er unnið. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að finna breiða samstöðu um íslenska skólastefnu. Ég tel að þetta frv. sé ágæt tilraun í þá átt.

Varðandi einstakar athugasemdir og spurningar ætla ég að segja þetta, og fer mjög hratt yfir sögu, herra forseti.

Fyrst í sambandi við grunnskólaráð og fræðsluráð. Hér er í raun og veru um að ræða svo að segja sama stjórnkerfi og í framhaldsskólalögunum. Í framhaldsskólalögunum er gert ráð fyrir því að þar sé til samstarfsnefnd framhaldsskólanna. Hún er undir forsæti menntmrh. eða staðgengils hans og í henni eru skólameistarar allra framhaldsskóla í landinu. Grunnskólaráðið mun vinna mjög svipað og þessi samstarfsnefnd hefur gert. Af henni er að vísu ekki mjög löng reynsla en þó nokkuð á annað ár. Hvert er vald grunnskólaráðs? Svarið er: Ekkert. Vald grunnskólaráðs er í raun og veru bara fortöluvald. Grunnskólaráð er *ráðgefandi aðili*. Eins og fram kemur er það samstarfsvettvangur til að hafa yfirlit og til að fylgjast með. Dæmi um mál sem ég mundi leita til grunnskólaráðs með er sú umræða sem hér var sl. sumar um einkaskóla. Ég mundi bera slíkt mál undir slíka stofnun. Og ég held að fyrir menntmrh., hver sem hann er, sé það gagnlegt að geta borið sig saman við slíkt viðurkennt, faglegt tæki sem grunnskólaráðið ætti að vera.

Fræðsluráðið hefur hina svæðisbundnu yfirsýn en grunnskólaráðið á að hafa landsyfirsýn. Auðvitað skarast verkefni fræðsluráðanna og grunnskólaráðsins oft. En óhjákvæmilegt er að þarna sé um að ræða tvenns konar stofnanir. Það mætti hugsa sér að grunnskólaráðið væri sett saman úr fræðsluráðum þannig að fræðsluráðin tilnefndu inn í grunnskólaráðið. Það er hins vegar gallað, m.a. vegna þess að þá nást ekki örugglega sjónarmið allra. Ef meiri hlutarnir í fræðsluráðunum kjósa er mjög líklegt að það yrðu upp til hópa kennararnir sem kæmu inn í grunnskólaráðið. Þá mundi vanta foreldrana, vanta fulltrúa Námsgagnastofnunar o.s.frv.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði sérstaklega um foreldrafélögin, hvort nógu sterkt væri að orði kveðið í 21. gr. Ég get sagt fyrir mig að ég væri út af fyrir sig tilbúinn til að ganga býsna langt í því að kveða sterkt að orði í þessum efnum. Ég held að það sé ekki ráðlegt að festa þetta mikið nánar. En ég vek athygli á að annars staðar í frv. er kennurunum gert að skyldu að gefa foreldrum kost á að fylgjast með því sem gert er í skólunum. (**ÞÞ:** Ég spurði einmitt að því hvernig þeir ættu að uppfylla þá skyldu.) Það eiga þeir auðvitað að gera með því að þeir eru umsjónarkennarar. Þeir eiga að kalla til funda með foreldrum, ræða við foreldra o.s.frv. Auðvitað er þetta frv. til rammalaga og það er ekki skrifað niður í einstökum atriðum hvernig menn eiga að taka á hlutunum.

Ég er alveg sammála athugasemdum hv. 18. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Vestf. í sambandi við 2. málsgr. 22. gr., varðandi fulltrúa nemenda eða nemendaráðs í kennararáði. Ég tel að greinina þurfi að laga í meðferð nefndar. Þetta eru bersýnilega mistök og yfirsjón eins og það liggur fyrir hér.

Það var annars athyglisvert að fylgjast með ræðu hv. 2. þm. Reykv. og hv. 18. þm. Reykv. Hv. 2. þm. Reykv. vildi helst festa sem allra minnst af skyldum m.a. vegna þess að þær væru á sveitarfélögunum. En hv. 18. þm. Reykv. vildi ganga ívið lengra í að festa skyldur m.a. á sveitarfélögunum en gert er ráð fyrir í þessu frv. Tíu ára markmiðið er t.d. fyrst og fremst spurning um samvinnu við sveitarfélögin. Það var dálítið fróðlegt að fylgjast með ræðum þeirra tveggja sem ég hlustaði á með athygli, t.d. að því er varðar 25. gr. frv. í sambandi við búnað o.fl. Þar sagði hv. 2. þm. Reykv.: „Þetta eru ansi strangar kröfur", en hv. 18. þm. Reykv. sagði aftur á móti að kannski væri ekki nægilega skýrt og þétt að orði kveðið í greininni auk þess sem markmiðunum væri náð allt of hægt. Út af fyrir sig get ég alveg tekið undir það og maður vildi ná þessu mikið, mikið fyrr. En þarna rekst þetta *dálítið á kostnað eins og menn þekkja* og ég kem aðeins nánar að hér á eftir.

Sama var að segja um mismunandi viðhorf þessara tveggja samþingsmanna minna hér úr þessu kjördæmi varðandi 32. gr., um ráðningu, og hvort það væri nóg að menntmrn. ætti bara að staðfesta ráðningar kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða.

Hvort hætt væri við því að menn færu samkvæmt þessum reglum jafnvel að ráða, ef ég skildi þingmanninn rétt, t.d. réttindalaust fólk af einhverjum ástæðum fram hjá kerfinu. Ég tel satt að segja að ákvæðin séu svo skýr um að það eigi að virða lögin um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara að ekki eigi að þurfa að óttast þetta.

Hv. 18. þm. Reykv. ræddi mikið um 44. gr. varðandi lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þetta sé ein allra merkasta grein frv. vegna þess að hún kveður á um lágmark. Hún kveður á um lágmark og menn sjá kannski á bls. 29 í grg. frv. hvað í raun og veru verið er að leggja hér til. Í grunnskólalögum í dag er gert ráð fyrir því t.d. að 3. bekkur hafi 24 tíma á viku. En í gildandi lögum er þetta ekki lágmarksákvæði heldur viðmiðunarákvæði, það eru 24 tímar á viku. Í viðmiðunarstundaskrá, eins og hún er núna orðin eftir niðurskurð aftur og aftur er þetta komið niður í 22 tíma. Í frv. er gert ráð fyrir að þessi botn, þetta lágmark, verði 25 stundir og síðan verði sett markið á 35 stundir á nokkurra ára bili. Með þessu orðalagi um lágmark er verið að tryggja börnunum þennan rétt, foreldrunum þennan rétt og það er líka í raun og veru verið að styðja skólana og menntmrn. Þegar kemur að því að skipta þurfi takmörkuðum fjármunum ríkisins er hægt fyrir ráðuneytið að verja sig með þessu ákvæði, þegar það er orðið lágmarksákvæði frekar en að vera almennt viðmiðunarákvæði. Og ég er viss um að á undanförnum árum hefði svona ákvæði hjálpað menntmrn. til þess að verja skólana fyrir þeirri almennu sparnaðarbylgju, að ég segi ekki köstum, sem stjórnvöld fá oft — að vísu af ýmsum ástæðum og oftast eðlilegum og óhjákvæmilegum. Þetta er auðvitað ekki aðeins millifærsla eins og ég kem hér að á eftir varðandi kostnaðinn.

Hvar eiga list- og verkmenntagreinar að koma í efstu bekkjunum þegar þar verður aukið við? Svarið er þetta: Við lengjum skólatímann strax í haust. Við lengjum skólatímann strax í haust í 1., 2. og 3. bekk. Þessi tími verður notaður fyrir lista- og verkmenntagreinar að svo miklu leyti sem mögulegt er. Fyrst og fremst erum við þar hömluð af kennaraskorti. Ég geri síðan ráð fyrir því að núna alveg á næstu vikum, næstu einum eða tveimur mánuðum verði gefin út ný viðmiðunarstundaskrá. Hún einkennist fyrst og fremst af því að hún er sveigjanlegri en gildandi viðmiðunarstundaskrá. Við munum leggja á það áherslu að list- og verkmenntagreinar, heimilisfræði og slíkar greinar fái aukið svigrúm, jafnvel á kostnað bóklegu greinanna af því að þjóðfélagið hefur breyst, eins og hv. 18. þm. Reykv. hefur oft minnt á í ræðum sínum hér í þessari virðulegu deild.

Varðandi önnur einstök atriði vil ég geta þess í sambandi við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu og sérkennsluna sérstaklega, sem hv. 18. þm. Reykv. kom aðeins að hér áðan, að við erum núna með í gangi úttekt á sérkennslunni. Við byrjuðum þá úttekt í fyrra, allsherjar úttekt á allri sérkennslu í landinu. Ég bind miklar vonir við að niðurstöður þeirrar könnunar verði góður leiðarvísir um það hvernig á þeim málum á að halda í framtíðinni. Jafnframt erum við að undirbúa setningu nýrrar reglugerðar um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustuna sem ég held að sé mjög mikilvægt að endurmeta frá því sem er í gildandi reglugerð. Í gærkvöldi sat ég félagsfund hjá Sálfræðingafélagi Íslands þar sem farið var yfir þessi mál og þar sem mjög margt fróðlegt kom fram. Það er bersýnilega óhjákvæmilegt að á þessum málum verði tekið á ný og þess vegna verður reglugerðin endurskoðuð.

Í 68. gr. frv. er fjallað um þróunarsjóð grunnskóla. Hann fékk í fyrra 4,5 millj. kr. Hann fær í ár 9 millj. kr. Þessu hefur öllu verið úthlutað til líklega 30–40 verkefna í fyrra og álíka margra í ár í skólum allt í kringum landið. Eins og hv. þm. Pétur Bjarnason, sem þekkir þessi mál mjög vel sem starfandi fræðslustjóri á Vestfjörðum, gat um áðan þá hafa þessir fjármunir, þó litlir séu í raun og veru, þegar haft veruleg áhrif á innra starf skólanna og ýtt þar undir áhuga á þróunarstarfi.

Það er út af fyrir sig athyglisvert að þeir hv. þm. Reykv. sem hér hafa talað tala um að hér sé að einhverju leyti of skammt gengið í valddreifingarátt. Það er ánægjulegt að það sjónarmið skuli vera uppi, þá er í raun og veru samstaða um það. Ég bendi hins vegar á að ekki er full samstaða um það að ganga mikið lengra að sinni. M.a. ekki gagnvart hagsmunasamtökunum, þ.e. stéttarsamtökum uppeldisstéttanna sem við þurfum auðvitað að taka tillit til. Ég held að skynsamlegt sé að stíga skref í þessa átt, ákveðin skref en ekki allt of róttæk á allt of stuttum tíma. Ég held t.d. að það að fara að setja hvern einasta skóla á föst fjárlög og láta hvern einasta skóla um ráðningar síns fólks geti út af fyrir sig gengið í mjög mörgum skólum, en sumir skólarnir eru svo fjarska veikir, bæði að því er varðar uppeldislega forustu og félagslegar aðstæður að ég held að það væri vafasamt að ganga mikið lengra í bili. En stefnan er út af fyrir sig sett hér á það að auka valddreifingu í skólunum og mér heyrist að allir séu sammála um það. Satt best að segja fannst mér á þeim ræðum sem hér voru fluttar að í meginatriðum sé fólk sátt við þetta frv. sem hugsanlegan samnefnara fyrir þau viðhorf sem fólk hefur í málefnum grunnskólans þó hitt sé auðvitað rétt að við hefðum sum viljað hafa þetta töluvert öðruvísi og sennilega öll.

Ég vil aðeins víkja að kostnaði að lokum, herra forseti, sem leiðir af samþykkt þessa frv. Það eru fjórir þættir sem þar skipta máli. Í fyrsta lagi er kostnaður vegna tíu ára skólaskyldu sem felur í sér að forskóli verður reiknaður á sama hátt og aðrar bekkjardeildir og síðan fjölgum við kennslustundum í 2. og 3. bekk. Þessi kostnaður, þ.e. við sex ára bekkinn og 2. og 3. bekk, er alls um 100 millj. kr. á ári. Í bráðabirgðaákvæði í frv. er gert ráð fyrir því að fjölgun kennslustunda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laganna. Og í fjárlögum þessa árs er sérstök fjárveiting að upphæð 40 millj. kr.

til aukinnar kennslu yngri barna, þannig að raunverulegur kostnaðarauki miðað við fjárlög er alls 60 millj. kr. af þessum þætti.

Í öðru lagi er kostnaður vegna fjölgunar bekkjardeilda í 1.–3. bekk, en við ætlum að fækka hámarkinu í 1.–3. bekk. Sá kostnaður er talinn verða 70 millj. kr. á ári. Bekkjardeildum fjölgar vegna þess ákvæðis að hámarksfjöldi nemenda í hverri bekkjardeild verði lækkaður úr 30 í 22 nemendur. Það mun eingöngu hafa áhrif í stærstu sveitarfélögunum. Gert er ráð fyrir því í frv. að þessi kostnaður upp á 70 millj. kr. alls komi til framkvæmda á fimm árum.

Í þriðja lagi eru stöður námsráðgjafa. Ef miðað er við eina stöðu námsráðgjafa á hverja 650 nemendur, eins og menntmrn. áætlar, þá verða stöðugildi þeirra rúmlega 60 talsins. Kostnaður við það er 75 millj. kr. á ári og við gerum einnig ráð fyrir því að þetta komi til framkvæmda á fimm árum.

Í fjórða lagi eru svo ýmsir smærri kostnaðarliðir svo sem rýmkun kennsluafsláttar, níu mánaða starfstími allra grunnskóla, heimild til rekstrar sumarskóla, aukin skólaþróun o.fl. Þeir fela í sér kostnaðarauka sem má áætla að sé á bilinu 50–55 millj. kr. á ári. Heildarkostnaður, rekstrarkostnaður af þessum breytingum er því á ári 300 millj. kr. Þar af eru þegar í fjárlögum ársins 1990 40 millj. kr., kostnaðarauki er því 260 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Við gerum ráð fyrir því að þessi kostnaðarauki komi inn í jöfnum áföngum, þ.e. vegna skólaársins 1990–1991 34 millj. kr., skólaársins þar á eftir 73 millj. kr., skólaársins þar á eftir 73 millj. kr., fjórða skólaárið 40 millj. kr. og fimmta skólaárið 40 millj. kr. þegar allur þessi kostnaður er kominn inn. Þá er auðvitað, eins og fram hefur komið, eftir að reikna þann kostnað sem sveitarfélögin munu leggja í vegna stofnkostnaðar. Það verður örugglega mismunandi. Og eins og hér var bent á hlýtur ráðuneytið að leggja á það áherslu að vinna það verk varðandi einsetningu í samvinnu við sveitarfélögin. Það getur ekki gerst öðruvísi af því að þau bera alla hina fjárhagslegu ábyrgð.

Herra forseti. Ég vil endurtaka þakkir mínar til þeirra hv. þm. sem hér hafa talað og flutt ágætar ræður og málefnalegar. Þetta hefur verið góð umræða fyrir þá sem hér hafa verið í salnum, hinir hafa misst af miklu. Það er þá bara verst fyrir þá. Ég vænti þess að málið fái góða meðferð í hv. menntmn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. þau svör sem hann veitti hér við spurningum þó vissulega hafi hann ekki svarað nærri öllum þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Vonandi fást svör við þeim á seinni stigum í meðförum þessa máls. En ég get ekki stillt mig um að minnast aðeins á orð hv. þm. Péturs Bjarnasonar. Nú háttaði svo til þegar hann flutti mál sitt að sú sem hér stendur var eini þingmaðurinn í salnum. Að auki voru hér staddir hæstv. menntmrh. og virðulegur forseti. Hann fjölyrti nokkuð um að grunnskólalög væru gerð að pólitísku bitbeini og atyrti menn fyrir það háttalag. Í máli mínu tel ég að ég hafi aftur og aftur lýst yfir ánægju minni með þetta frv. að mjög mörgu leyti. (**PB:** Ég sagði það skoðun mína.) Ég skildi orð þingmannsins þannig að hann væri að atyrða okkur hin fyrir að líta ekki málefnalega á hlutina heldur láta einhverjar pólitískar línur ráða skoðunum. Ég vil bara ítreka það að mér finnst flest í þessu frv. til bóta og horfa í jákvæða átt þó að vissulega megi sníða af ýmsa agnúa og er sjálfsagt að nefna þá. Mitt aðalumkvörtunarefni var að ekki skyldu vera uppi áætlanir um að hraða þessum markmiðum eða hraða því að þeim yrði náð meir en gert er ráð fyrir í frv. Og með þá skoðun sný ég ekki aftur.

Einn smámisskilning langar mig til þess að leiðrétta í máli hv. þm. Það var þegar hann virtist hafa skilið orð mín svo að sérmenntað fólk ætti að annast kennslu í leikrænni tjáningu í skólunum. Það er alls ekki með það að markmiði að mennta alla nemendur sem leikara fremur en það er markmið tónmenntakennslu að gera alla að tónlistarfólki eða myndlistarkennsla að gera alla að myndlistarmönnum. En þetta er nú einu sinni sérfag eins og svo margt annað og mundi auðvitað nýtast nemendum í öðrum námsgreinum. Ekki hef ég á móti því að hinir almennu kennarar læri eitthvað til þessara hluta en ég álít að grunninn þurfi fagfólk að leggja. (Gripið fram í.) Já, að orðið sjálft skuli komið inn en ég spyr um framkvæmd þess. Þar sem þetta er ekki námsgrein sem er tilgreind sérstaklega þá hefur mér vitanlega aldrei verið ráðið sérmenntað fólk til þessara starfa. Ég veit reyndar ekki hvort það stendur til því það er vissulega svo að sérstaklega íslenskukennarar hafa mjög oft haft það á orði að þeir séu fullfærir til þessarar kennslu. Ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því að þeir eins og aðrir geta vissulega sinnt hluta af þessari kennslu og tileinkað sér eitthvað af þessu fagi. En ef þarna á að vera um alvarlega og markvissa kennslu að ræða þá verður auðvitað að koma til sérmenntað fólk í þessu eins og öðrum greinum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Skákskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 797.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Skákskóla Íslands. Það er í raun og veru fylgifrv. með frv. um launasjóð stórmeistara sem þegar hefur verið vísað til hv. menntmn. til meðferðar.

Í frv. er gert ráð fyrir því að á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við ráðuneytið starfi skóli sem nefnist Skákskóli Íslands. Skólastjórn skólans verði skipuð þremur mönnum sem verði

tilnefndir af Félagi stórmeistara, Skáksambandinu og af menntmrn. Þá er gert ráð fyrir því í 6. gr. að skólinn skiptist í almenna deild og framhaldsdeild. Og í 8. gr. segir að menntmrh. sé heimilt að semja við önnur félagasamtök eða einkaaðila um rekstur skákskóla samkvæmt lögum þessum.

Frv. hefur m.a. þann tilgang að hér verði starfræktur viðurkenndur skákskóli þar sem unnt verði að gera ráð fyrir að stórmeistarar sem fá laun frá ríkinu inni af höndum [illegible] vinnuskyldu. Hér er um að ræða mikilvæ[illegible] sem lengi hefu[illegible] verið í undirbúningi í menntmrn. og birtist nú í frumvarpsfor[illegible]. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þ[illegible]ari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Mannanöfn, 1. umr.

Stjfrv., 475. mál (heildarlög). — Þskj. 828.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um mannanöfn. Má segja að það hafi verið lengi í undirbúningi. En lokaverkið að undirbúningi frv. vann nefnd sem ég skipaði 2. okt. 1989. Í henni áttu sæti dr. Guðrún Kvaran orðabókarritstjóri, formaður, dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Svavar Sigmundsson dósent. Þá starfaði Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, með nefndinni. Áður hafði fyrrv. menntmrh. falið þeim Ármanni Snævarr og Hallgrími Snorrasyni að endurskoða gildandi mannanafnalög en því verki höfðu þeir ekki að fullu lokið.

Þessi mál komu til ítarlegrar meðferðar á Alþingi 1971. Þá var lagt fram frv. til laga sem var samið af nefnd sem var skipuð af menntmrh. 1967. Urðu miklar umræður um það frv. hér á hinu virðulega Alþingi. Má segja að frv. hafi dagað uppi og var vísað til ríkisstjórnarinnar í seinni lotunni sem gerð var að því hér á hv. Alþingi. Það frv. sem hér birtist byggist á þeirri reynslu sem fengin er frá því að gildandi lög um mannanöfn frá 27. júní 1925 voru sett. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að forræði þessa málaflokks flytjist frá menntmrh. til dómsmrh. ef frv. þetta verður að lögum.

Þetta frv. byggist að talsverðu leyti á mannanafnafrv. frá 1971 en í ýmsum greinum er þó vikið frá því í veigamiklum atriðum. Þar má sérstaklega nefna að ekki er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Á hinn bóginn er í þessu frv. komið talsvert til móts við óskir um heimildir til notkunar ættarnafna á íslenskum börnum erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi. Gert er ráð fyrir að ættarnöfn geti gengið jafnt í kvenlegg sem í karllegg og menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður. Þá skal tekið fram að í frv. er enn fremur lagt til, eins og ég gat um áðan, að dómsmrn. fari framvegis með mál sem snerta mannanöfn en ekki menntmrn. eins og nú háttar.

Þetta frv. er mikið styttra en frv. frá 1971. Það stafar af því að færri ákvæði eru um ættarnöfn en voru í fyrra frv. og af því að ekki þykir nauðsynlegt að hafa ítarleg ákvæði í lögum um skráningu nafna á þjóðskrá enda er nú komin fastari skipan á þau mál en þegar fyrra frv. var samið og flutt hér á hv. Alþingi.

Hér geri ég næst, herra forseti, grein fyrir helstu tillögum frv.

I. kafli frv. fjallar um eiginnöfn. Þar er í upphafi haldið þeirri meginstefnu sem fram kemur í gildandi lögum, og einnig er í frv. frá 1971, að barni skuli gefið eitt eiginnafn eða tvö. Nafnið skal vera íslenskt, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Kveðið er á um skyldu til nafngjafar og mælt fyrir um að gefa skuli barni nafn innan hálfs árs frá fæðingu. Þá eru ákvæði um nafngjafir við skírn eða með tilkynningu til presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga eða Þjóðskrár og um eftirlit þessara aðila með nafngjöfum. Þetta eftirlit byggist á þrennu fyrst og fremst, þ.e. skrá um heimil nöfn sem mannanafnanefnd skal semja, á eftirliti presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og Þjóðskrár og málskoti til mannanafnanefndar í álitamálum um nafngjafir og loks á þeirri skyldu Þjóðskrár að taka ekki nafn til skráningar nema það sé á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd.

Í gildandi lögum eru fyrirmæli um útgáfu skrár um þau mannanöfn sem bönnuð eru. Slík skrá hefur aldrei verið gefin út og eðli málsins samkvæmt er vandséð að slík skrá verði nokkurn tímann samin svo raunhæft sé. Í þessu frv., eins og í frv. frá 1971, er kveðið á um að samin verði skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast. Er þessi skrá talin ein helsta undirstaða þess að unnt verði að framfylgja lögunum auk þess sem hún verði öllum almenningi til leiðbeiningar við nafngjafir. Er lagt til að prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og starfsfólk Þjóðskrár skuli ekki samþykkja nöfn, sem ekki eru á skránni, heldur skuli óskum um slíkar nafngjafir skotið til úrlausnar mannanafnanefndar. Skráin á því ekki að standa í vegi fyrir því að ný nöfn séu tekin upp auk þess sem hún hlýtur að breytast eftir því sem starfsemi mannanafnanefndar miðar.

Rétt er að nefna eitt álitamál sérstaklega í tengslum við ákvæði I. kafla um eiginnöfn. Sem fyrr segir er lagt til í 2. gr. að eiginnöfn skuli vera íslensk, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Í 8. gr. er þó gert ráð fyrir að þessar skorður gildi ekki um nöfn erlendra barna fæddra hér á landi, þ.e. ef foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns hafa erlent ríkisfang. Í sömu grein er enn fremur lagt til að ákvæði 2. gr. gildi ekki að fullu um íslensk börn ef annað foreldra er erlendur ríkisborgari eða hafi verið það. Samkvæmt þessari tillögu yrði heimilt að

gefa börnum af slíkum blönduðum uppruna tvö nöfn, annað íslenskt en hitt erlent. Þegar hefur verið vikið að því að í tilvikum sem þessum eru óskir um þess háttar nafngjafir mjög algengar. Enginn vafi er á að verði þær bannaðar munu lögin verða ákaflega erfið í framkvæmd. Hér er úr vöndu að ráða. Með því að veita til þess heimild í lögum að barni, sem á annað foreldrið íslenskt en hitt erlent, megi gefa erlent eiginnafn auk íslensks, er að nokkru grafið undan meginstefnu laganna. Auk þess verða réttindi slíkra foreldra til nafngjafa ríkari en réttindi alíslenskra foreldra og því kynni að mega halda því fram að í þessu fælist mismunun. Á móti vegur að það sýnist sanngjart að mörgu leyti að barn af blönduðum uppruna fái, auk íslensks eiginnafns, að bera annað nafn sem er gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess. Hér er yfirleitt um mikið tilfinningamál að ræða og takmörk laganna að þessu leyti eru oft túlkuð sem skerðing á persónulegum réttindum manna og kunna að varða við mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Að mati þeirra sem fjallað hafa um þessi mál á okkar vegum í menntmrn. vega þó þyngst þau rök að verði þessi heimild ekki veitt er hætt við að lögin verði óframkvæmanleg að þessu leyti. Þannig yrði sífellt reynt að sniðganga þau, t.d. með því að gefa börnum nöfn erlendis, en á því hefur nokkuð borið að undanförnu.

II. kafli frv. fjallar um kenninöfn. Á sama hátt og í frv. frá 1971 tekur hugtakið kenninafn í þessu frv. til hvers konar kenningar samkvæmt lögunum, þ.e. er menn kenna sig til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir og til ættarnafns. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður og að jafnt sé heimilt að láta ættarnöfn ganga í kvenlegg sem karllegg. Hins vegar er lagt til að mönnum sé aðeins heimilt að bera eitt kenninafn. Í þessu sambandi skal bent á að svo virðist sem vaxandi tilhneigingar gæti til þess að menn vilji bera tvö kenninöfn. Dæmi um þetta er að konur, sem giftast mönnum er bera ættarnafn, óska stundum eftir því að taka upp ættarnafn eiginmannsins án þess að fella niður eigið kenninafn, hvort sem það er ættarnafn eða hefðbundið föður- eða móðurnafn. Sú nefnd sem samdi þetta frv. er andvíg því að þetta verði heimilað, bæði vegna þess að hér er ekki um íslenska málvenju að ræða og vegna hins að með þessu sýnist hætta á að hér geti sótt í sama far og í nágrannalöndum og leitt til ásóknar til tvöfaldra eftirnafna með bandstriki. Loks má geta þess að dæmi eru um að foreldrar vilji kenna börn sín til eiginnafna beggja og færa gjarnan fram jafnréttisrök í því sambandi. Þetta samrýmist hins vegar ekki íslenskri nafnvenju og þykir rétt að það verði látið nægja að menn geti valið um til hvors foreldranna barn sé kennt.

Tillögur frv. um ættarnöfn eru um sumt svipaðar tillögum frv. frá 1971 en um sumt ólíkar. Á sama hátt og í frv. frá 1971 er nú gert ráð fyrir að hér á landi haldist tvöfalt kerfi kenninafna, þ.e. hið gamla kerfi föður- og móðurnafna og kerfi ættarnafna. Ekki þykir raunhæft að leggja niður ættarnöfn, sem ekki teljast lögleg í skilningi laga nr. 54/1925, og að þau verði afnumin. Telja má að í því fælist í mörgum tilvikum veruleg skerðing á mannréttindum þar sem slík ættarnöfn yrðu vafalaust talin hafa unnið sér hefð fyrir afskiptaleysi stjórnvalda. Því er gert ráð fyrir að þeir menn, sem nú bera ættarnöfn skv. þjóðskrá, megi bera þau áfram og sama gildi um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ólíkt því sem var í frv. frá 1971 er í þessu frv. ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Hér gætir þeirrar skoðunar að æskilegt sé að varðveita hið gamla kenninafnakerfi og því sé ekki æskilegt að veita heimildir til upptöku nýrra ættarnafna. Þetta er og í samræmi við afgreiðslu Alþingis á frv. 1971. Einn nefndarmanna sem undirbjó þetta frv., Ármann Snævarr, hefur þó tekið fram að hann hefði kosið að ganga lengra í þessum efnum og gera ráð fyrir að unnt væri að taka upp ný ættarnöfn með þeim hætti og þeirri gerð er greinir í II. kafla frv. 1971. Hann bendir í því sambandi á að ella fælist mismunun í því tvöfalda kerfi kenninafna sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar.

Að einu leyti gengur þetta frv. nokkru lengra en hið fyrra hvað varðar ættarnöfn. Hér er um það að ræða að gert er ráð fyrir að barn erlends manns og íslenskrar konu megi bera ættarnafn föður síns. Með þessu er í reynd opnað fyrir notkun erlendra ættarnafna, a.m.k. miðað við það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Hins vegar felst í þessu viðurkenning á þeirri framkvæmd sem verið hefur, þ.e. að ekki hefur verið talið unnt að standa gegn notkun ættarnafna af þessu tagi. Er meðal annars talið vafasamt að bann við að börn erlends manns fái að bera ættarnafn hans fái staðist gagnvart mannréttindasáttmála Evrópu. Í frv. er til mótvægis þessu ákvæði í 11. gr. Þar er tekið fram að auk þess að kenna sig til ættarnafns föður megi barn erlends manns og íslenskrar konu kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt samkvæmt sömu grein að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt það.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið, er gert ráð fyrir því í frv. að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi til þess rétt. Jafnframt er heimilað að menn felli niður ættarnöfn, sem þeir hafa borið, eða taki upp ættarnafn sem þeir hafa rétt til. Lagt er til að þó sé að öllu jöfnu einungis unnt að gera slíka nafnbreytingu einu sinni á ævi hvers manns.

III. kafli frv. fjallar svo um mannanafnanefnd, skipan hennar og verkefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt frv. er mjög ápekkt því sem gert var ráð fyrir í frv. frá 1971. Mannanafnanefnd er nefnd sérfræðinga samkvæmt frv. og er því lagt til að tveir nefndarmenn verði skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskólans en einn eftir tilnefningu lagadeildar. Ætlast er til þess að mannanafnanefnd gegni í aðalatriðum þríþættu hlutverki, þ.e. að semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast samkvæmt lög-

unum, að fella úrskurði og vera til ráðuneytis um nafngjafir. Af þessu leiðir að nefndin verður að starfa með reglubundnum hætti árið um kring og hafa fastan skrifstofutíma þannig að jafnan megi leita til hennar með skömmum fyrirvara. Óhjákvæmilegt er að nefndin hafi starfsmann og er gert ráð fyrir að hún hafi á að skipa sérfræðingi í hálfu starfi. Ætla má að hlutverk starfsmannsins verði að annast samskipti við þá sem fara með framkvæmd laganna og við almenning og að undirbúa úrskurði nefndarinnar. Þá gæti hann einnig tekið þátt í samningu mannanafnaskrár en það verkefni hlýtur þó að koma mest til kasta nefndarinnar. Í upphafi þarf mikið átak til að koma saman mannanafnaskránni en jafnframt er sýnt að samning slíkrar skrár er stöðugt verkefni þar sem skráin verður sífellt í mótun og endurskoðun. Um skipan nefndarinnar, verkefni og kostnað af starfsemi hennar er fjallað ítarlega í athugasemd með 17. og 18. gr. frv.

Í IV. kafla frv. eru ýmis ákvæði um skráningu og notkun nafna. M.a. er kveðið á um gildistöku nafnbreytinga, um samræmingu í skráningu nafna á þjóðskrá og nafnnotkun manna. Til þess er ætlast að í skiptum við opinbera aðila, í lögskiptum og við samningsgerð riti menn ævinlega nafn sitt eins og það er skráð í þjóðskrá. Flest ákvæði þessa kafla voru í frv. frá 1971 og um sum gilda hliðstæðar reglur í norrænum mannanafnalögum.

V. kafli frv. geymir ákvæði til að hindra misnotkun nafns annars manns, ákvæði um viðurlög, heimild til setningar reglugerðar um gildistöku laganna og kynningu. Í ákvæðum þessa kafla felst m.a. að mál er snerta mannanöfn flytjast frá menntmrh. til dómsmrh.

Loks eru í frv. tvö ákvæði til bráðabirgða. Hið fyrra lýtur að tafarlausri skipan mannanafnanefndar svo ekki verði dráttur á því að hún hefji störf og hið síðara segir til um hvernig fara skuli með álitamál um nafngjafir þar til mannanafnaskrá hefur verið gefin út.

Að lokinni þessari framsögu, herra forseti, legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (niðurfelling gagnvart Namibíu). — Þskj. 788.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Með lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, var bannað að flytja til Íslands vörur sem upprunnar voru í Suður-Afríku og Namibíu og að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu, eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst mætti vera að endanlegur áfangastaður varanna væri Suður-Afríka eða Namibía.

Með setningu laganna var mótmælt aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku og höfðu sams konar lög verið sett annars staðar á Norðurlöndum.

Með sjálfstæði Namibíu hefur kynþáttaaðskilnaður verið afnuminn þar í landi og er forsendan fyrir viðskiptabanni gagnvart Namibíu brostin. Leggur ríkisstjórnin því til að lögum nr. 67/1988 verði breytt þannig að þau gildi ekki gagnvart Namibíu. Þó þykir rétt vegna ástands í Valvis Bay að láta lögin ná áfram til svæða sem lúta yfirráðum Namibíu, sbr. 2. gr. frv.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Samningur um aðstoð í skattamálum, 1. umr.

Stjfrv., 496. mál. — Þskj. 868.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Norðurlönd hafa um langt skeið haft með sér víðtæka samvinnu í skattamálum. Frá árinu 1972 hefur verið í gildi aðstoðarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Á árinu 1983 var gerður tvísköttunarsamningur milli sömu landa og aftur í endurskoðaðri mynd á árinu 1987. Þá gerðu þessi lönd, auk Færeyja, með sér tvísköttunarsamning 12. sept. 1989 sem tók gildi 1. jan. 1990.

Reynslan af þessum samningum hefur verið góð og hafa þeir stuðlað að greiðari viðskiptum milli landanna, t.d. vegna tilflutnings fólks og fjármagns þeirra á milli.

Eins og að framan er rakið hefur aðstoðarsamningur í skattamálum verið í gildi milli fimm Norðurlandanna frá árinu 1972. Á árinu 1988 óskuðu Færeyingar og Grænlendingar eftir því að gerast aðilar að aðstoðarsamningnum. Embættismannanefndir landanna hafa unnið að því máli á nokkrum fundum og náðu samkomulagi á síðasta ári. Aðstoðarsamningurinn milli Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Grænlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var síðan undirritaður í Kaupmannahöfn hinn 7. des. 1989 og er þess vænst

að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum á fyrri hluta þessa árs, þannig að hann geti tekið gildi fyrir mitt ár.

Eins og fram kemur í grg. er aðalbreytingin frá gildandi samningi sú að nýi alþjóðasamningurinn nær einnig til Grænlands og Færeyja. Af öðrum breytingum má nefna breyttar reglur um fyrningu, sbr. 14. gr. samningsins, og nýjar reglur um samtímis skattrannsókn tveggja eða fleiri ríkja þar sem aðildarríkin hafa sameiginlega eða samtengda hagsmuni, sbr. 12. gr. samningsins. Samningurinn gerir, eins og gildandi samningur, ráð fyrir gagnkvæmri aðstoð við rannsókn skattamála, skiptum á upplýsingum og aðstoð við innheimtu skatta. Auk þess er gert ráð fyrir að aðstoðað verði við birtingu ýmissa skjala og skipst á eyðublöðum í sambandi við skattamál. Samningurinn tekur m.a. til tekjuskatta og eignarskatta bæði til ríkissjóðs og sveitarfélaga, erfða- og gjafaskatta, skatta af vélknúnum ökutækjum, virðisaukaskatts, söluskatts og almannatryggingagjalda.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 732.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir um breytingu á lögum um Háskóla Íslands hefur þegar sætt meðferð í hv. efri deild og var þar samþykkt samhljóða óbreytt eins og það kom frá ríkisstjórninni.

Frv. gerir ráð fyrir breytingum á stjórnkerfi Háskólans. Tilgangurinn er í fyrsta lagi sá að auka valddreifingu og sjálfstæði rekstrareininga innan Háskólans.

Í öðru lagi miða tillögurnar að því að starfsmenn Háskólans, hvort sem þeir sinna fyrst og fremst kennslu og rannsóknum eða stjórnsýslustörfum, vinni saman að stefnumótun og framkvæmd málefna Háskólans.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að eðlilegri verkaskiptingu og sérhæfingu verði komið á innan hinnar sameiginlegu stjórnsýslu þannig að skyld verkefni falli undir sömu stjórnunareiningu.

Í fjórða lagi miða tillögurnar að því að treysta sjálfstæði Háskólans með lýðræðislegu stjórnskipulagi.

Þar sem frv. þetta var afgreitt samhljóða í hv. efri deild og um það virðist vera rík samstaða á hinu virðulega Alþingi tel ég ástæðulaust, herra forseti, að fara frekari orðum um málið hér í síðari deild og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, 1. umr.

Stjfrv., 476. mál (heildarlög). — Þskj. 829.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Þjóðleikhús. Þetta frv. er að stofni til samið af nefnd sem ég skipaði og starfaði undir forustu Stefáns Baldurssonar leikstjóra. Nefndin skilaði til mín heildaráliti bæði varðandi Þjóðleikhúsið sem slíkt og sömuleiðis skilaði hún drögum að frv. til laga fyrir Íslenska dansflokkinn, tillögum að reglum um Listdansskólann og auk þess grg. um stöðu Óperunnar á Íslandi.

Í nefndinni áttu sæti auk Stefáns Baldurssonar Guðrún Þ. Stephensen leikari, Kristinn Hallsson, starfsmaður í menntmrn., Nanna Ólafsdóttir dansari, Sveinn Einarsson dagskrárstjóri, Þórhallur Sigurðsson leikari og Þórhildur Þorleifsdóttir alþm.

Við meðferð málsins í ríkisstjórninni tók frv. nokkrum breytingum og er gerð grein fyrir þeim ítarlega í athugasemdum við lagafrv. þetta.

Um einstök efnisatriði frv. er það að segja að það leggur megináherslu á rekstrarlegt sjálfstæði Þjóðleikhússins og listrænt sjálfstæði í senn til þess að stuðla að aukinni bæði listrænni og fjárhagslegri ábyrgð þeirra sem í Þjóðleikhúsinu starfa.

Gert er ráð fyrir því í 3. gr. frv., til að undirstrika það að Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar allrar, og lögð áhersla á að farið verði í leikferðir sem víðast um landið árlega auk hinnar almennu starfsemi sem Þjóðleikhúsið heldur uppi á þeim stað þar sem það er með starfsemi sína í meginatriðum.

Í 5. gr. er að finna nokkrar breytingar frá því sem er í gildandi lögum. Þar er gert ráð fyrir því að þjóðleikhússtjóri verði ráðinn til fjögurra ára en að heimilt verði að endurráða hann tvisvar til tveggja ára í senn ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því.

Í 6. gr. er kveðið á um frekara hlutverk þjóðleikhússtjóra og segir þar að hann sé stjórnandi leikhússins og hafi forustu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum en um fjárhagslega framkvæmd er fjármálastjóri honum til aðstoðar en leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi.

Í 7. gr. er fjallað um þjóðleikhúsráð og samkvæmt frv. verður veruleg breyting á skipan þess. Það er gert

ráð fyrir því að í þjóðleikhúsráði sitji fimm fulltrúar. Þrjá þeirra skal starfsfólk leikhússins, bæði fastráðið og lausráðið, kjósa leynilegri kosningu á fundi sem sérstaklega er boðaður samkvæmt reglum sem menntmrn. setur. Fjórði fulltrúinn er kosinn af Leiklistarsambandi Íslands en sá fimmti skipaður af menntmrh. Þjóðleikhúsráð á að kjósa til tveggja ára í senn en þó er heimilt að endurkjósa það tvisvar sinnum þannig að sami aðili sitji í allt að sex ár samfellt. Ráðið kýs sér sjálft formann. Meginhlutverk þjóðleikhúsráðs er að bera ábyrgð á hinu listræna starfi í Þjóðleikhúsinu ásamt þjóðleikhússtjóra.

Til þess hins vegar að fjalla um fjármálin kemur til sögunnar sérstök nefnd og ný. En í 8. gr. segir: „Þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráði til ráðuneytis er sérstök nefnd, þjóðleikhúsnefnd, sem í sitja þrír fulltrúar. Hún er skipuð til tveggja ára í senn. Er einn skipaður af menntmrh., annar af fjmrh. en þriðji fulltrúinn er starfandi formaður þjóðleikhúsráðs og er hann formaður hópsins. Þjóðleikhúsnefnd skal hafa eftirlit með rekstri leikhússins og fjármálum. Hún fylgist með fjármálum leikhússins og er tengiliður við fjárveitingarvaldið í því skyni að tryggja leikhúsinu nægilegt rekstrarfé hverju sinni."

Í 9. gr. er tekið fram að við Þjóðleikhúsið skuli starfa fjármálastjóri sem menntmrn. ræður til fjögurra ára í senn.

Í 10. gr. er talað um að við Þjóðleikhúsið starfi framkvæmdastjóri sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raðar niður æfingum o.s.frv.

Í 11. gr. er kveðið á um það að þjóðleikhússtjóri hafi með að gera mannaráðningar í húsinu að því er varðar leikara, leikstjóra, leikmyndateiknara, höfunda og aðra listamenn leikhússins, eins og þar greinir.

Í 13. gr. er lögð á það áhersla að Þjóðleikhúsið eigi að hafa sérstakt samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gestaleikara, leikstjóra og aðra leikhússtarfsmenn eftir því sem unnt er. Með þessum hætti er lögð á það áhersla að tengja Þjóðleikhúsið sem höfuðleikhús þjóðarinnar við þá leikstarfsemi áhugaleikfélaga sem fram fer allt í kringum landið. Einnig tel ég sjálfsagt að hv. menntmn., sem fjalla mun um málið, ræði það sérstaklega með hvaða hætti er unnt að tengja Þjóðleikhúsið og starfsemi þess við hina fjölmörgu atvinnuleikhópa sem hafa orðið til á síðustu árum.

Segja má að ein meginbreyting frv. felist í 16. gr. þess. Þar segir: „Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé þess hrekkur ekki til. Þegar fjárlög hafa verið afgreidd skal gera samning milli ríkisins og Þjóðleikhússins um greiðslur innan ársins. Þjóðleikhúsið ber þá alla ábyrgð á greiðslum fyrir einstaka rekstrarþætti hvort sem um er að ræða laun eða annan rekstrarkostnað."

Hér er um að ræða grundvallaratriði. Þjóðleikhúsið verður sett á föst fjárlög. Það verður að bera ábyrgð á sínum fjárhagslega rekstri innan þess ramma sem Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum fyrir íslenska ríkið.

Eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, þá gerði nefndin sem fjallaði um þetta mál fyrir mig á sínum tíma einnig tillögur að lögum fyrir Íslenska dansflokkinn og tillögur um starfsreglur varðandi Listdansskólann sérstaklega og einnig sendi hún frá sér tillögu að lögum um Íslensku óperuna. En svo lengi sem þau ákvæði eru ekki orðin að lögum er það alveg skýrt að Þjóðleikhúsið mun þegar þetta frv. hefur verið samþykkt eftir sem áður bera sömu ábyrgð að því er varðar listdans, ballett og óperur og það gerir samkvæmt gildandi lögum þar til ný lög hafa verið sett um Íslenska dansflokkinn og óperustarfsemi hér á landi.

Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi málsins, herra forseti, að fara frekari orðum um frv. þetta. Það er liður í átaki til allsherjaruppbyggingar og eflingar Þjóðleikhússins sem í gangi er á vegum hæstv. ríkisstjórnar og hefur verið dálítið rætt hér í þingsölum að undanförnu og einnig pínulítið í fjölmiðlum. Ég tel því ástæðulaust að eyða frekari orðum að málinu að sinni og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Sjómannalög, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 777.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd hæstv. samgrh. fyrir frv. til laga um breytingu á sjómannalögum en frv. hefur þegar sætt meðferð í hv. efri deild.

81. gr. sjómannalaganna hljóðar nú svo: „Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni sem er í skipstjóra stað eða skorast undan hlýðni við þá en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því sætir hann sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar. Hið sama gildir ef skipverji óhlýðnast réttmætum fyrirmælum hvers þess yfirmanns sem segja má honum fyrir verkum." Þetta ákvæði byggðist fyrst og fremst á ríkjandi viðhorfi í íslensku þjóðfélagi til að tryggja öryggi sjófarenda svo sem unnt væri. Árið 1960 fullgilti Ísland alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um afnám nauðungarvinnu. Það er talið að þetta ákvæði sjómannalaga stangist á við aðild Íslands að þessari alþjóðasamþykkt.

Nefndin sem fjallaði um málið í efri deild, hv. samgn., lagði til að frv. yrði samþykkt með samhljóða atkvæðum og svo var einnig gert í deildinni.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 860.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill taka fram að hér er á ferðinni samkomulagsmál og litlar líkur á því að mikil umræða verði um málið.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Lögheimili, 1. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarlög). — Þskj. 870.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lögheimili sem flutt var á þskj. 135 og afgreitt hefur verið frá hv. Ed. og liggur hér fyrir á þskj. 870. Frv. er samið af nefnd sem skipuð var árið 1985 að ósk Hagstofu Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Nú eru liðnir nær þrír áratugir frá setningu gildandi lögheimilislaga. Á þessum tíma hafa þjóðfélagshættir tekið töluverðum breytingum, ekki síst sambýlis- og búsetuhættir. Ýmsum lögum sem tengjast eða styðjast við lögheimilislög hefur og verið breytt og því nauðsynlegt að lögheimilislögin séu endurskoðuð. Loks er talin þörf á endurskoðun laganna vegna ýmissa norrænna samninga, einkum á sviði almannatrygginga, skattamála og almannaskráningar. Helsta markmiðið með endurskoðun lögheimilislaga er að skapa meiri festu í skilgreiningu og ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Er stefnt að því að það verði meginreglan að menn hafi lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu. Hugtakið „föst búseta“ er því þungamiðja í frv. og er lögð áherslu á að skilgreina það hugtak með ótvíræðum hætti. Í þessu felst mikilvæg breyting frá gildandi lögum en ákvæði þeirra hafa nú á síðari árum þótt gefa færi á hentisemi og hringlanda við ákvörðun lögheimilis. Ekki síst hefur á því borið að menn hafa talið sig geta átt formlega lögheimili á einum stað en búið annars staðar. Þannig hefur reynst æ örðugra fyrir sveitarfélögin og Þjóðskrá að ákvarða lögheimili manna.

Nauðsynlegt er að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Þetta er ákaflega brýnt vegna þess hve lögheimilisskráning skiptir miklu um framkvæmd ýmissa laga, sérstaklega skattalaga ,og vegna hins hve opinberir aðilar og ýmsir aðrir eru orðnir háðir heimilisföngum í þjóðskrá um útsendingu mikilvægra gagna og fjármuna.

Á síðustu árum hefur ýmsum lögum verið breytt sem skipta máli við framkvæmd lögheimilislaga. Hér má einkum nefna ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt er snerta skiptingu skatttekna milli sveitarfélaga. Jafnframt hafa verið gerðar breytingar á hjúskaparlögum og sett barnalög sem m.a. kveða á um forsjá barna. Nauðsynlegt er að samræmi sé á milli allra þessara laga og lögheimilislaga, bæði hvað snertir efni og framkvæmd. Lög annarra Norðurlandaþjóða um lögheimili og fasta búsetu og breytingar þeirra laga skipta máli fyrir Íslendinga vegna ýmissa norrænna samninga þar sem lögheimili er lagt til grundvallar ýmsum réttindum og skyldum.

Á undanförnum árum hafa lögheimilislög grannþjóðanna verið endurskoðuð. Svonefnd svefnstaðaregla er nú alls staðar notuð sem meginregla við ákvörðun fastrar búsetu og þar með lögheimilis. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að ekki sé greint á milli raunverulegrar búsetu og lögheimilis. Í því sambandi má benda á að þó að lagareglur Norðurlandaþjóða um fasta búsetu og lögheimili séu keimlíkar eru undantekningarákvæði þeirra mismörg og mismikilvæg. Ekki er vafi á að í gildandi lögum um lögheimili hér á landi eru einna flest og veigamest undantekningarákvæði og eru þau hvað örðugust í framkvæmd. Í þessu frv. er m.a. tekið mið af löggjöf annarra Norðurlandaþjóða og leitast við að fá fram frekari samræmingu við hana en nú er, m.a. með því að fækka undantekningum frá meginreglunni.

Á þingi Norðurlandaráðs 1986 var samþykkt tillaga sem Íslendingar beittu sér fyrir um endurskoðun norræna samningsins um almannaskráningu frá 1968. Nýr samningur var undirritaður í Reykjavík 8. maí 1989 og tekur væntanlega gildi á þessu ári er allar þjóðirnar hafa fullgilt hann. Samningurinn er prentaður sem fskj. með frv. þessu.

Nýi samningurinn felur í sér ýmsar breytingar frá gildandi samningi er lúta að því að skerpa og skýra ýmis ákvæði hans og koma í veg fyrir misræmi milli þjóða og sveitarfélaga í túlkun og framkvæmd hans. Helstu breytingar sem frv. gerir ráð fyrir frá gildandi löggjöf eru eftirfarandi:

1. Frv. gerir ráð fyrir breytingu á skilgreiningu lögheimilis. Í gildandi lögum segir að maður eigi lögheimili þar sem heimili hans er og síðan er skilgreint hvað átt er við með hugtakinu heimili. Í frv. er lagt til að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu og síðan er skilgreint hvað felst í hugtakinu „föst búseta.“ Fasta búsetu má skilgreina með ákveðnari hætti en heimili. Í frv. er gert ráð fyrir að upp verði tekin svefnstaðareglan svonefnda, en í því felst að maður teljist hafa fasta búsetu þar sem svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir. Þessi ákvæði eru m.a. sniðin eftir

sambærilegum ákvæðum í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

2. Þá er í frv. lagt til að áfram verði miðað við sem meginreglu að kvöð um lögheimili hér á landi vakni við sex mánaða dvöl. Jafnframt er tekið upp það nýmæli að mönnum verði heimilt að telja sig hér með lögheimili ef þeir dveljast í landinu þrjá mánuði eða lengur vegna atvinnu eða náms. Þetta ákvæði tryggir betra samræmi en nú er milli lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta. Hins vegar er gert ráð fyrir að niður falli sú kvöð sem nú er í lögheimilislögum að allir sem stunda hér atvinnu eigi lögheimili hér á landi. Meginatriðið er varðar skráningu útlendinga sem koma hingað til vinnu um mjög skamman tíma er ekki að þeir séu skráðir í þjóðskrá heldur að unnt sé að úthluta þeim kennitölu vegna þarfa skattayfirvalda, tryggingakerfisins og launagreiðenda. Af þessum sökum hóf Hagstofan haustið 1987 að færa sérstaka skrá yfir aðila sem nauðsynlegt er að úthlutað sé kennitölu en eiga eðli málsins samkvæmt ekki að færast á þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá. Þetta þykir mun heppilegra fyrirkomulag en núgildandi kvöð um lögheimilisskráningu og þjónar svipuðum tilgangi.

3. Í þriðja lagi má nefna að í gildandi lögum er kveðið á um að eigi maður samtímis heimili í fleiri en einu sveitarfélagi skuli hann eiga lögheimili þar sem aðalatvinna hans er. Í frv. er lagt til að í tilvikum sem þessu sé fyrst beitt meginreglu frv. um lengd dvalar á hverjum stað, en dugi hún ekki ráðist lögheimili af þeim stað þar sem viðkomandi stundar aðalvinnu sína.

4. Þá gerir frv. ráð fyrir mikilvægri breytingu á ákvörðun um lögheimili á dvalarheimilum aldraða. Í gildandi lögum er kveðið á um að menn geti ekki átt lögheimili á elliheimilum eða í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraða eða öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraða eða heilsugæslustöð nema sveitarstjórn heimili undantekningu frá þessu. Þetta gildir jafnt þó viðkomandi eigi húsnæðið sem hann býr í. Í frv. er lagt til að þessi ákvæði verði felld niður þannig að aldraðir og öryrkjar geti á sama hátt og aðrir átt lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu, hvort sem þeir búa á dvalarheimilum aldraða eða í sérstökum íbúðum fyrir aldraða og öryrkja.

5. Í frv. felast nokkrar breytingar á ákvæðum um lögheimili námsmanna. Í gildandi lögum eru sérstök ákvæði sem heimila námsmönnum erlendis að telja lögheimili sitt í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu lögheimili er þeir fóru af landi brott eða hjá skyldfólki sínu. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta ákvæði haldist í meginatriðum en með nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að lagt er til að þetta ákvæði gildi ekki ef menn eru skráðir með fasta búsetu erlendis. Þetta er m.a. í samræmi við samning Norðurlanda um almannaskráningu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þeir sem fara til náms á Norðurlöndum hafa alls staðar nema í Danmörku getað valið um hvort þeir væru skráðir þar eða ekki. Á þessu hefur nú orðið sú breyting að til að tryggja samræmi í almannaskráningu hafa Norðurlandaþjóðirnar orðið ásáttar um að ef menn dveljast lengur en sex mánuði í hverju landi skuli þeir skráðir með búsetu í því landi. Grundvöllur þess er sá að tryggingalöggjöf er svipuð á öllum Norðurlöndunum en tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að menn geti ýmist verið skráðir í fleiri en einu landi eða hvergi. Í þessu sambandi skal þess getið að við meðferð málsins í Ed. kom fram að ákvæði 9. gr. frv., um að þeir námsmenn sem skráðir eru með fasta búsetu erlendis geti ekki samtímis átt lögheimili hér á landi, kynni að hafa áhrif á skattlagningu námsmanna á hinum Norðurlöndunum. Þetta atriði er nú til athugunar í fjmrn. og hefur fjmrh. lýst því yfir að komi í ljós að þessi breyting skerði rétt námsmanna samkvæmt skattalögum muni hann leggja fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem tryggi að þessi breyting lögheimilislaga hafi ekki áhrif á skattalega meðferð námsmanna á hinum Norðurlöndunum. Ég vil lýsa ánægju minni með viðbrögð fjmrh. í þessu efni og legg áherslu á að naumast er skynsamlegt að skattlagning tiltekins þjóðfélagshóps sé háð undantekningarákvæðum lögheimilislaga eins og hér gæti verið um að ræða. En sé svo, sýnist það eðlilegt að við þessu sé brugðist með setningu skýrra ákvæða í skattalög fremur en að ekki megi hrófla við lögheimilislögum.

6. Þá er í frv. lagt til að heimilt verði að setja reglugerð um skráningu lögheimilis í ákveðnum íbúðum. Eins og nú háttar er lögheimili manna í þéttbýli yfirleitt skráð sem heimilisfang í tilteknu húsi við tiltekna götu. Undanfarin missiri hafa Hagstofunni borist óskir frá nokkrum sveitarfélögum um návæmari skráningu heimilisfanga í þjóðskrá, þ.e. í tiltekna íbúð ef um fjölbýlishús er að ræða. Þetta eykur festu í lögheimilisskráningu og gerir sveitarstjórnum kleift að fylgjast betur en ella með því hverjir búa raunverulega í sveitarfélaginu. Þá eykur þetta mjög á öryggi við útburð mikilvægra póstsendinga. Hagstofan er mjög meðmælt þessu, ekki síst vegna þess að með skráningu sem þessari mundi þjóðskrá þjóna hagsýslugerð mun betur en nú er. Ef hægt er að telja menn til heimilis í ákveðnum íbúðum verður unnt að hætta að taka manntöl eins og þau hafa tíðkast til þessa. Þær upplýsingar um heimili og fjölskyldu sem hingað til hefur verið aflað með manntölum yrði þá hægt að vinna árlega úr þjóðskrá. Í þessu fælist verulegur sparnaður því að hefðbundin manntöl eru ákaflega kostnaðarsöm. Þess má geta að Danir fóru inn á þessa braut fyrir nokkrum árum og byggja nú mannfjölda- og fjölskylduupplýsingar sínar eingöngu á þjóðskrá í stað manntals áður. Þetta þykir hafa gefið mjög góða raun.

Ljóst er að þessi breyting krefst talsverðs undirbúnings og er nauðsynlegt að hún verði gerð í samráði við sveitarstjórnir og samtök þeirra, við Fasteignamat ríkisins, skipulagsyfirvöld, Hagstofuna og aðra er málið varðar. Af þessum sökum þykir rétt að leggja til að ráðherra verði veitt heimild í reglugerð til þess að kveða á um skráningu lögheimilis í tilteknum íbúðum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið helstu breytingar sem felast í frv. Í ýmsum efnum er gert ráð fyrir að

gildandi ákvæði haldist óbreytt og á nokkrum stöðum er um að ræða breytingar á orðalagi fremur en á efni laganna.

Loks er í frv. lagt til að niður falli nokkur ákvæði sem ýmist eru ekki talin eiga við lengur eða ekki hefur reynt á um langt skeið. Meðal þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að haldist óbreytt í meginatriðum má nefna ákvæði um lögheimili hjóna. Lagt er til að grundvallarreglan verði hin sama og nú er, að hjón eigi sama lögheimili. Á hinn bóginn er ekki talin átæða til að hjón sem slitið hafa samvistum haldi sama lögheimili og er því gert ráð fyrir að fellt verði niður það ákvæði að hjón verði að hafa skilið að lögum eða búið hvort í sínu lagi tvö ár eða lengur til að þau megi hafa sitt lögheimilið hvort. Í sambandi við þá grundvallarreglu að hjón eigi sama lögheimili má benda á að áratugum saman hefur löggjöf um réttindi hjóna byggst á samvistun þeirra. Væri hjónum heimilað að hafa sitt lögheimili hvort án þess að slíta samvistir yrði meginregla íslenskrar löggjafar um form hjúskapar brotin. Þá yrði t.d. að breyta almannatryggingalöggjöf, lögum um stofnun og slit hjúskapar, barnalögum og lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingu á meginreglu um lögheimili barna þess efnis að barn eigi sama lögheimili og foreldrar þess eða forsjármaður. Ákvæði um lögheimili barna hafa þó verið skert nokkuð og samræmd barnalögum.

Um lögheimili alþingismanna og ráðherra gilda sem kunnugt er sérstök ákvæði sem ætlað er að tryggja að þeir þurfi ekki að flytja lögheimili sitt þó þeir hafi bækistöð á höfuðborgarsvæðinu vegna þingmennsku sinnar eða annarra opinberra trúnaðarstarfa. Í frv. er ekki gert ráð fyrir efnislegri breytingu á þessu ákvæði en orðalagi er breytt til samræmis við skilgreiningu og orðalag frv.

Ástæða er og til að geta um ákvæði núgildandi laga um dómsúrskurði til að skera úr ágreiningi um lögheimili. Í frv. er gert ráð fyrir að þessi ákvæði haldist óbreytt þar til lokið er þeirri endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar sem nú er unnið að í framhaldi af samþykkt laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Í frv. eins og það var lagt fram sl. haust var gert ráð fyrir að ný lögheimilislög tækju gildi 1. júlí á þessu ári. Var þá gengið út frá því að lögin yrðu útrædd á haustþinginu þannig að nægur tími gæfist til undirbúnings og kynningar frá því að lögin væru samþykkt og þar til þau öðluðust gildi. Málið hefur hins vegar tafist og því þótti rétt við afgreiðslu málsins í Ed. að seinka gildistöku laganna til 1. jan. 1991.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja áherslu á að brýnt er að breyta lögheimilislögunum þannig að þeim megi beita með markvissari og afdráttarlausari hætti en nú er. Meginatriði þessa máls er að jafnan fari saman föst búseta og lögheimili. Búseta manna er grundvallaratriði í margvíslegri löggjöf og má þar ekki síst minna á skattalög og kosningalög. Af því leiðir að óhjákvæmilegt er að lögheimilislög séu þannig úr garði gerð að föst búseta manns liggi ævinlega til grundvallar lögheimilisskráningu hans og að sem minnstur vafi leiki á því hvar telja skuli að lögheimili manns standi. Frv. sem hér er mælt fyrir nær að mínum dómi þeim tilgangi að skapa meiri festu í ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Ég vil sérstaklega benda á að frv. hefur verið vandlega undirbúið og hefur nefndin sem samdi það haft samráð við ýmsa aðila sem málið varðar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að endingu að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég stend aðeins upp til að þakka hæstv. félmrh. fyrir að þetta frv. skuli nú fram komið.

Á þingi Norðurlandaráðs 1986 var samþykkt tillaga sem ég var 1. flm. að um að samræmdar yrðu reglur um almannaskráningu á Norðurlöndum þar sem það var mjög óþægilegt fyrir marga að mjög mismunandi skilningur var lagður í það hvort menn skyldu skoðast innflytjendur eða hvort menn mættu vera með tímabundna búsetu á öðrum Norðurlöndum.

Nefnd sú sem skipuð var þegar tillagan hafði verið samþykkt hefur unnið mjög gott og merkilegt starf að mínu mati og ber að þakka Hallgrími Snorrasyni hagstofustjóra fyrir mikla vinnu sem hann lagði á sig í þeirri nefnd. Ég fylgdist nokkuð vel með því svo að ég tel mig geta fullyrt að hann gerði það mjög vel og skilmerkilega. Þar var við dálitla erfiðleika að etja varðandi Dani sem hafa verið mjög kröfuharðir um að menn skrái sig sem innflytjendur hversu stutt í raun veru sem þeir ætla að vera í landinu og kannast menn við flutningsvottorð sem menn verða að hafa með sér til þess að komast inn í danskt samfélag.

Ég tel að hér hafi verið unnið skynsamlega. Vissulega eru lög hinna ýmsu Norðurlanda nokkuð mismunandi enn þá en þó hefur mjög verið unnið að því að samræma lögin og hér held ég að sé stigið spor í rétta átt. Ég þakka því hæstv. ráðherra fyrir að leggja þetta frv. fram og vona að það nái afgreiðslu á þessu þingi. Um önnur atriði get ég verið sammála og vildi aðeins vekja athygli á því að með þessu er stigið verulegt skref til samræmingar varðandi Norðurlöndin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

75. fundur, mánudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 474. mál. — Þskj. 827.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Endurvinnsla úrgangsefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 433. mál. — Þskj. 754.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Ný samvinnulög, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS og JK, 478. mál. — Þskj. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Þjóðleikhús Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. EG, 459. mál. — Þskj. 796.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Upplýsingar um efnainnihald í íslenskum matvælum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS, 452. mál. — Þskj. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Beiðni um skýrslu um nýtt álver.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hinn 19. febr. sl. skrifuðu nokkrir hv. alþm. bréf til forseta Sþ. og báðu um skýrslu frá hæstv. iðnrh. um nokkur atriði er varða nýtt álver. Þess er getið í skýrslubeiðninni að þess sé óskað að í þessari skýrslu verði gerð grein fyrir nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi er spurt hvenær gert sé ráð fyrir að frv. um heimild til að semja við erlend álfyrirtæki um byggingu Atlantal-álversins verði lagt fram, í öðru lagi hvert sé meginefni þess frv., í þriðja lagi hvort ríkisstjórnin hafi mótað afstöðu sína til einstakra atriða málsins og loks um staðsetningu álvers.

Ég átti von á því, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. yrði hér staddur í dag en mér varð það ljóst nú við upphaf þessa fundar að hæstv. iðnrh. hefur leyfi. Ég hef spurst fyrir um það í ráðuneyti hæstv. ráðherra og hann mun vera erlendis í opinberum erindum og kemur ekki aftur fyrr en 12. þessa mánaðar. Þetta mun þýða það að komi skýrslan ekki núna í dag eða á morgun mun líða meira en tveir mánuðir frá því að þetta bréf var sent og þar til viðkomandi skýrsla verður lögð á borð hv. þm.

Öllum er ljóst að hér er fjallað um mál sem hefur verið til umfjöllunar í hæstv. ríkisstjórn og ætla mætti að tiltölulega auðvelt væri fyrir hæstv. ráðherra að láta þau atriði koma fram sem spurt er um í skýrslubeiðninni. Nú virðist hins vegar vera svo, þar sem hæstv. ráðherra er fjarverandi, sem ekki sé von á skýrslunni fyrr en í fyrsta lagi eftir páska. Þetta er að mínu áliti nokkuð óviðfelldið, sérstaklega í ljósi þeirra umræðna sem hafa átt sér stað í fjölmiðlum að undanförnu þar sem nokkuð nákvæmlega hefur verið greint frá þeim ágreiningi sem á sér stað innan hæstv. ríkisstjórnar og í stjórnarflokkunum um þetta mál. Mig langar, virðulegur forseti, þess vegna til að fara þess á leit að eftir því verði gengið að þessi skýrsla verði lögð fram hið allra fyrsta og beini þeim tilmælum jafnframt til starfandi iðnrh. sem væntanlega er hæstv. utanrrh. að hægt verði að ræða þessa skýrslu sem allra fyrst.

Þótt ekki séu bein ákvæði um það í þingsköpum Alþingis að skýrslur skuli leggja fram innan tiltekinna tímamarka hlýtur það að liggja í augum uppi að hæstv. ráðherra ber að skila slíkri skýrslu við fyrsta tækifæri. Nú eru brátt liðnir tveir mánuðir frá því að beðið var um þessa skýrslu og ljóst er af umfjöllun fjölmiðla að hæstv. ríkisstjórn hefur fjallað um flest þeirra atriða sem beðið var um að svarað yrði í þeirri skýrslubeiðni sem ég hef margoft vitnað til. Það er því beiðni mín, virðulegur forseti, bæði til hæstv. forseta og eins til hæstv. starfandi iðnrh., að þeir beiti sér fyrir því að undinn verði bráður bugur að því að skila þessari skýrslu til Alþingis þannig að hægt verði að taka hana upp til umræðu og umfjöllunar eins og lög gera ráð fyrir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að beiðni um skýrslu þessa var leyfð 21. febr. sl., þannig að ekki er hægt að segja að skýrslan hafi tekið óeðlilega langan tíma, en eins og hv. þm. er kunnugt eru engin tímatakmörk á því hversu snemma skýrslum skuli svarað. Forseti vill hins vegar upplýsa að skrifstofa þingsins hefur fylgst mjög náið með hvernig gengur að innheimta svör við fyrirspurnum og skýrslur samkvæmt beiðni og hefur, að ég hygg að óhætt sé að fullyrða, haft samband við viðkomandi ráðherra aldrei sjaldnar en vikulega og flestir hæstv. ráðherrar hafa upplýst að skýrslur séu á næsta leiti og svo mun einnig vera með þessa skýrslu. Öðruvísi get ég ekki svarað því þar sem hæstv. iðnrh. er ekki viðstaddur, en ég hygg að mjög langt sé komið gerð þessarar skýrslu og forseti mun að sjálfsögðu fylgjast náið með því að hún berist sem allra fyrst.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Nú hagar þannig til án þess að ég geti vísað til ákveðinnar greinar í þingsköpum að mál skal vera búið að leggja fram í síðasta lagi — eða eins og segir reyndar í 2. mgr. 18. gr., með leyfi forseta:

„Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frv. er borið upp í, samþykki það."

Á grundvelli þessarar greinar er ljóst að það er síðasti dagur á morgun til þess að leggja fram án afbrigða til umræðu og afgreiðslu frv., þar á meðal stjórnarfrumvörp. Nú hefur það heyrst í fréttum að það sé álit hæstv. iðnrh. að leggja þurfi fram frv. um hugsanlegt álver og undirbúning vegna álversins. Ég hygg að hæstv. iðnrh. hafi ætlað sér að leggja það frv. fram áður en skýrsla sú sem ég gerði að umtalsefni yrði rædd hér á hinu háa Alþingi. Af því tilefni vildi ég spyrja starfandi iðnrh., hæstv. utanrrh., sem var hér rétt áðan í þingsölum, ef hægt er að ná til hans, hvort það sé hugmynd hæstv. ríkisstjórnar að leggja það frv. fram í dag eða á morgun til þess að ekki þurfi að leita afbrigða ef það frv. þarf að afgreiða fyrir þinglok.

Ég tel, virðulegur forseti, að nauðsynlegt sé að Alþingi fái að vita um þetta mál. Um þetta hefur verið fjallað talsvert mikið í fjölmiðlum að undanförnu og þetta snertir beinlínis efni þeirrar skýrslubeiðni sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. utanrrh. svari fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. og ég hygg að hann komi í salinn innan örstutts tíma.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hæstv. utanrrh. um framlagningu frv. vegna samninga um nýtt álver, hvort það frv. verði lagt fram í dag (**FrS:** Í dag eða á morgun.) þar sem síðustu forvöð séu til að leggja fram þingmál.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Svar við þessari fyrirspurn er að ég geri fastlega ráð fyrir því, í dag eða á morgun.

Um þingsköp.

Skoðunarferðir um Hótel Borg.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Í hólfum hv. alþingismanna, væntanlega allra, mun vera bréf frá skrifstofu Alþingis, það er bréfhausinn. Í gamla daga hét þetta bara Alþingi með góðu og fallegu letri. Hér er kominn nýr bréfahaus sem ég kannast nú ekki við, en látum það gott heita. Bréfið er dagsett 6. apríl og er svohljóðandi:

„Skoðunarferðir um Hótel Borg.

Ákveðið hefur verið að bjóða þingmönnum að skoða fasteignina Pósthússtræti 11, Hótel Borg, undir leiðsögn Gunnars Ingibergssonar. Gengið verður um húsið mánudaginn 9. apríl og þriðjudaginn 10. apríl kl. 12 og 13 hvorn dag. Gunnar tekur á móti skoðunarmönnum í anddyri á þeim tíma.

Allir þingmenn sem ekki hafa þegar skoðað húsið með kaup í huga" — ég endurtek: með kaup í huga — „eru sérstaklega hvattir til að koma og skoða það."

Karl Kristjánsson skrifar undir bréfið, en hann mun vera fjármálastjóri Alþingis, tiltölulega nýráðinn. Nú langar mig að spyrja hæstv. forseta hverju þetta sæti. Hvers vegna fáum við bréf frá starfsmanni Alþingis, sjálfsagt ágætis manni? Ég hef nú ekki séð hann nema einu sinni en látum það gott heita. Það er búið að ráða heilmikið af nýju fólki hér og allt hefur það reynst mér vel sem ég hef þurft að leita til, ágætis fólk. En hvers vegna fáum við nú bréf um það að við eigum að skoða Hótel Borg með kaup í huga? Hverjir hér inni hafa kaup á Hótel Borg í huga? Ef þeir eru einhverjir ættu þeir að geta skoðað húsið hjálparlaust. Ég hef skoðað það margsinnis og að sjálfsögðu aldrei dottið í hug að Alþingi keypti það. Það er algjörlega fráleitt. En að efna til einhverrar skoðunarferðar fyrir þingmenn og bara þá sem hafi endilega viljað kaupa húsið, ekki hina sem hafi þá skoðun að ekki eigi að kaupa það. Menn geta þess vegna náttúrlega farið og sannfærst um það enn þá frekar að það er fáránlegt að kaupa þetta hús fyrir Alþingi.

Ég verð að vekja athygli á þessu bréfi og spyrja hæstv. forseta hverju þetta sæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er ljúft að upplýsa það að fjármálastjóra þingsins var falið að sjá til þess að þingmenn ættu kost á að skoða Hótel Borg. (Gripið fram í.) Ég skal nú játa að ég hafði ekki tekið eftir þessum orðum: „með kaup í huga". Vissulega er ástæðan fyrir því að þingmönnum er gefinn kostur á að skoða húsið að fyrir þinginu liggur tillaga um að heimila forsetum að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg og eins og

mönnum er kunnugt er það mál í hv. fjvn. og fyrr en það kemur þaðan verður auðvitað engin afgreiðsla á því hér. Hins vegar er það góð og gild regla að fólki gefist kostur á að sjá hvað er verið að bjóða því til kaups áður en ákvörðun er tekin þannig að forsetum fannst eðlilegt að reyna að skipuleggja skoðunarferð um húsið til þess að menn gætu áttað sig á um hvað verið væri að tala.

Ég skal játa að ég stóð ekki með ritskoðunarpennann á lofti þegar ég fékk þetta bréf, eins og aðrir, frá fjármálastjóra og við erum þá sjálfsagt bæði um það að biðja forláts á því ef þessi orð hefðu ekki átt að standa þarna, en ég held að með góðvild megi horfa fram hjá því. Vitanlega er verið að skoða húsið vegna þess að til eru þeir hv. þm. sem hugsanlega vilja kaupa Hótel Borg fyrir Alþingi Íslendinga, og aðrir e.t.v. ekki. Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að öllum gefist kostur á að skoða húsið og ég vona að hv. þingmenn misvirði ekki þessi orð. Ég held að þau hafi þá ekki verið meint öðruvísi en svo að þess vegna væri mönnum boðið að skoða húsið að til greina hefði komið að kaupa það.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka út af fyrir sig þessi svör, en ég vil gjarnan fá að vita hverjir af forsetum Alþingis hafa óskað eftir að þessi skoðunarferð yrði farin, hvort það er eingöngu — það var í fleirtölu, forsetar. Það hljóta þá að vera einhverjir fleiri en hæstv. forseti Sþ. Ég vil fá að vita hverjir það eru. Ég hafði satt að segja haldið að þetta mál væri dautt. Því hefur ekki verið hreyft æðilengi, en ef nú undir þinglokin, í tímapressu, á að leggja þessa pressu á fólk ofan á allt annað, þá líst mér nú ekki á blikuna. En hverjir eru það sem óska eftir að alþingismönnum sé sérstaklega boðið að skoða innviði þessa húss? Og hverjir eru það af hv. alþingismönnum sem sérstaklega vilja gera það? Ég held að ég verði a.m.k. að fá svar við fyrri spurningunni. Hverjir eru þessir forsetar Alþingis sem taka sér það, ég vil nú segja bessaleyfi að hafa þennan óvenjulega hátt á?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í 11. gr. þingskapalaga segir svo í 3. mgr.:

„Forsetar fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis. Þeir hafa umsjón með eignum þess og fjárreiðum."

Forsetar Alþingis eru hæstv. forsetar Ed. og Nd. og forseti sameinaðs Alþingis. Engar ákvarðanir eru teknar um, mér er nær að segja hin smæstu mál nema það sé gert af öllum þremur forsetum þingsins, og hingað til hefur enginn kvartað yfir því að fram hjá þessu þríeina valdi þingsins væri gengið. Það er því að sjálfsögðu sameiginleg ákvörðun okkar þriggja að þingmenn skoði húsið. (Gripið fram í.) Ég þykist ekki þurfa að segja hv. 8. þm. Reykv. að engar ákvarðanir verða teknar um þáltill. sem er í nefnd fyrr en hún kemur úr nefndinni og til meðferðar þingsins og því held ég að hér sé ekki verið að ganga á nokkurs manns rétt nema ef vera kynni að deila megi um þetta orðalag sem ég satt að segja skal játa að ég hygg að ekkert okkar hafi tekið eftir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er greinilega hið alvarlegasta mál á ferðinni, að forsetar þingsins hafa ákveðið að bjóða þingmönnum að fara í skoðunarferð í tilteknu húsi hér við Austurvöll, og það fer mjög í taugarnar á hv. 8. þm. Reykv. Það hljóta allir að skilja að hér er ekkert lítið mál á ferðinni og ég hvet hæstv. forseta til þess að reyna að finna einhverja þá stund sólarhrings sem lítið beri á þessari heimsókn ef einhverjir skyldu leggja leið sína inn í Hótel Borg, t.d. árla morguns um sexleytið þegar umferð er lítil í bænum þannig að ekki verði ljóst hverjir eru hugsanlega að velta fyrir sér kaupum á þessu húsi.

Í þessu sambandi finnst mér sjálfsagt að rifjað sé upp að innganga í Hótel Borg hefur komið við stjórnmálasögu Íslands þó að nokkuð sé um liðið. Það mun hafa verið á fjórða áratugnum að þrír nafngreindir menn voru reknir úr virðulegum Kommúnistaflokki Íslands vegna þess að þeir sáust hafa gengið inn á Hótel Borg. Einn í þessum hópi var, ef ég man rétt, Aðalsteinn Kristmundsson, síðar Steinn Steinarr skáld, sem lét henda sig þann höfuðglæp að ganga inn á kaffihús sem var rómað fyrir setu borgaralegra stjórnmálamanna og viðskiptahölda. Ég vona að Sjálfstfl. láti ekkert slíkt henda sig nú í sambandi við þetta hús þannig að ekki þurfi að gera menn í þeim flokki flokksræka vegna þess að þeir leggi hugsanlega leið sína inn í þetta hús sem eitt sinn þótti reisulegt og álitlegt en menn hafa sjálfsagt misjafnar skoðanir á hvernig ástand þess er nú og hvort það er fallið undir starfsemi þingsins.

Könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol, síðari umr.

Þáltill. HJ, 26. mál. — Þskj. 26, n. 888.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 888 er að finna nál. hv. félmn. varðandi könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Samtökum fólks með glúten-óþol, Tryggingastofnun ríkisins og landlækni. Einnig komu á fund nefndarinnar til viðræðu um málið Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, og Gestur Pálsson barnalæknir.

Umsagnaraðilar mæla með að tillagan hljóti afgreiðslu. Fulltrúi Samtaka fólks með glúten-óþol segir m.a. í umsögn sinni:

„Samkvæmt upplýsingum frá Svíþjóð munu sjúklingar með glúten-óþol fá aðstoð með skattaívilnunum og væri það vafalaust æskilegasta lausnin hérlend-

is, nema ef farið væri að greiða út bætur. ... Við hvetjum því eindregið til þess að yfirvöld sjái ástæðu til að kanna hvernig að málum er staðið á öðrum Norðurlöndum svo koma megi málefnum einstaklinga hérlendis, sem haldnir eru sjúkdómnum, í betra horf."

Í viðtölum við ofangreinda um málið kom fram að líkt væri ástatt um ýmsa fleiri hópa sem þjást af ofnæmi eða skyldum sjúkdómum og væru svipað settir og fólk með glúten-óþol. Þá var dregið í efa að fjöldi sjúklinga með glúten-óþol hérlendis væri jafnmikill og talið hefur verið og látið er liggja að í greinargerð með tillögunni. Rannsóknir hafa farið fram um nokkurt skeið á glúten-óþoli hjá börnum hérlendis og aðeins örfá ný tilfelli greinst með sjúkdóminn. Sjúkdómurinn er mun sjaldgæfari á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, t.d. Svíþjóð, og í Bandaríkjunum. Þannig virðist þessi sjúkdómur almennt séð frekar í rénun en vexti að sögn Gests Pálssonar læknis. Það breytir samt ekki eðli vandans hjá þeim sem haldnir eru glúten-óþoli.

Félagsmálanefnd vefengir ekki að verulegur aukakostnaður geti fallið á einstaklinga sem haldnir eru glúten-óþoli. Það gildir hins vegar um ýmsa fleiri hópa sem haldnir eru ofnæmi gagnvart fæðutegundum. Því virðist ekki sjálfgefið að taka glúten-óþol sérstaklega út úr í þessu efni.

Nefndin hvetur yfirvöld heilbrigðis- og tryggingamála til að kanna hversu mikil brögð eru að því að fólk haldið ofnæmissjúkdómum, þar á meðal glúten-óþoli, standi verr að vígi hér á landi gagnvart tryggingum og greiðslu opinberra gjalda en samsvarandi hópar í nágrannalöndum og geri tillögur um leiðréttingar eftir því sem réttmætt er talið. Í trausti þess að það verði gert leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í félmn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir nál. um þáltill. um könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol frá félmn. og hefur hún lagt til að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og geri ég ekki athugasemd við það. Það er hins vegar svo að þessi sjúkdómur er enn ekki skráningarskyldur, þannig að ýmsar upplýsingar um hann eru ekki fyrir hendi í dag. Það er nýlega sem hann hefur verið tekinn til rannsóknar hér á landi og því ýmis atriði sem eru óljós enn þá um þennan sjúkdóm. Hins vegar hafa farið fram miklu víðtækari rannsóknir á þessum sjúkdómi annars staðar á Norðurlöndunum og meiri upplýsngar eru til þar um þau vandamál sem hljótast af honum.

Ég vonast hins vegar til að með þessu verði yfirvöldum í heilbrigðis- og tryggingamálum gert kleift að vinna betur að þessum málum og koma því þannig fyrir að þessir sjúklingar fái einhverja úrlausn sinna mála.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 888 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv.

Menningarsamskipti við Vestur-Íslendinga í Kanada, síðari umr.

Þáltill. ÁHE og AðB, 120. mál. — Þskj. 124, n. 887.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 887 er prentað nál. félmn. varðandi till. til þál. um viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

„Tillagan gerir ráð fyrir að utanrrh. skipi nefnd er fái það hlutverk að kanna möguleika á að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá samskiptanefnd utanrrn., Þjóðræknisfélagi Íslendinga, Ferðamálaráði Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Útflutningsráði Íslands.

Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með tillögunni.

Stjórn Ferðamálaráðs óskar eftir að verði ákveðið að stofna nefnd um þetta verkefni verði fulltrúum frá Ferðamálaráði, Flugleiðum, Útflutningsráði, SÍS og SH í Bandaríkjunum falið að mynda starfshóp sem geri tillögur um aukin samskipti við Vestur-Íslendinga í Kanada.

Útflutningsráð og Þjóðræknisfélagið telja ekki ástæðu til nefndarskipunar eins og tillagan gerir ráð fyrir. Stjórn Þjóðræknisfélagsins tekur fram að þess skuli freistað með öllum tiltækum ráðum að virkja Íslendinga erlendis, og Íslandsvini, til frekari samskipta við Ísland hvort heldur er á sviði menningar eða viðskipta. Segir stjórnin félagið vinna að því að skrá Íslendinga sem búsettir eru erlendis og félagið hafi á prjónunum áform um fjölmiðlun sem komið gæti að gagni við menningartengsl og viðskipti milli landa.

Samskiptanefnd utanríkisráðuneytisins hefur starfað frá árinu 1976, skipuð af utanrrh. til fjögurra ára í senn. Var nefndin upphaflega skipuð í framhaldi af því að Alþingi, löggjafarþingið 1974–75, samþykkti þingsályktun „í tilefni af aldarafmæli landnáms Íslendinga í Vesturheimi" um að ríkisstjórnin skipi „þriggja manna nefnd til að gera um það tillögur til hennar á hvern hátt minnst verði aldarafmælis landnámsins af Íslendinga hálfu, svo og um aukin tengsl hins íslenska þjóðarbrots vestan hafs við heimalandið". Ekki verður séð af þingsályktuninni að nefndin hafi átt að vera varanleg.

Í umsögn samskiptanefndarinnar kemur m.a. fram: „Fjölmörg mál hafa verið til umfjöllunar sem

fram koma í fundargerðum nefndarinnar þessi ár og hafa með ýmsum hætti stuðlað að hinum margvíslegustu gagnkvæmum samskiptum Íslendinga og landa þeirra í Vesturheimi. Fjárframlög til nefndarinnar hafa alla tíð verið mjög rýr og hefur það dregið úr ýmsu því sem ella hefði getað komist á dagskrá og til framkvæmda. Meðal annars hafa ekki verið tök á því að sinna viðskiptamálum sem annars hefði verið kostur. Þó er ætlunin að ræða þau mál ásamt öðrum málum á fyrirhuguðum aðalfundi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi í Winnipeg í maí nk." Þess má geta að í greinargerð með þáltill. frá 1974 er sérstaklega vikið að því „að ýmislegt bendir til þess að hægt verði að koma á auknum viðskiptum milli landanna og að Kanada sé að ýmsu leyti lítt kannaður akur fyrir íslenskar útflutningsvörur".

Þá kemur fram í umsögn samskiptanefndar að fjárframlag til „hinna ýmsu starfa nefndarinnar á þessu ári nemur 310.000 kr." og að nefndin sé ólaunuð. Bent er einnig á í umsögn samskiptanefndar að samgöngur á milli Íslands og Kanada eru afar takmarkaðar, t.d. eru nú engar beinar siglingar milli landanna og beinar flugsamgöngur engar enn sem komið er.

Niðurstaða samskiptanefndar utanrrn. er „að vart sé ástæða til þess að stjórnvöld skipi aðra nefnd með sama hlutverk og sú er þegar starfar. Miklu nær væri að starfandi nefnd væri skapaður bættur starfsvettvangur með rýmri fjárveitingu".

Í samskiptanefnd eru nú eftirtaldir menn: Heimir Hannesson lögfræðingur, Bragi Friðriksson prófastur, Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður, Haraldur Bessason rektor og Jón Ásgeirsson fréttastjóri.

Félmn. bendir á að Alþingi hefur fyrir um 15 árum lýst vilja sínum í þessu efni og síðan hefur starfað stjórnskipuð nefnd, svokölluð samskiptanefnd, sem átt hefur að sinna tengslum við Íslendinga vestan hafs. Nefndin leggur ekki dóm á hversu til hefur tekist, en þó virðist hafa verið hljótt um störf samskiptanefndar. Eðlilegt verður að teljast að skipan slíkrar nefndar sé endurmetin að svo löngum tíma liðnum, ekki síst með nýjar áherslur, svo sem samskipti á sviði viðskipta og ferðaþjónustu, í huga. Félmn. telur rétt vegna málsins að stjórnvöld fari yfir þessi málefni í heild með það að markmiði „að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada" eins og fram kemur í þáltill. Með vísan til þessa leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Nál. er undirritað af öllum fulltrúum í félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 887 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 32 shlj. atkv.

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Dagskrá þessa fundar hefur nú legið frammi síðan fyrir helgi og öllum hefði mátt ljóst vera að 8. mál á dagskrá er Hvalveiðimál og Andramál, skýrsla utanrrh. Nú hefur það komið í ljós á síðustu mínútum að menn eru ekki sáttir við að ræða þetta mál að svo stöddu og mun forseti því hitta þá sem það mál varðar núna innan tíðar og verður þess vegna að fara yfir í 9. mál á dagskrá á meðan.

Jöfnun orkukostnaðar, fyrri umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 449. mál. — Þskj. 784.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi úr hlaði till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar. Flutningsmenn eru allir þingmenn Vesturl., sex að tölu. Tillagan er þess efnis að Alþingi álykti að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að markvisst verði unnið að jöfnun orkukostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið margt rætt og ritað um það á undanförnum árum. Á Alþingi hefur málinu verið hreyft hvað eftir annað, þing eftir þing, tillögur, frumvörp og fyrirspurnir hafa verið sett fram, rædd og reifuð af miklum móði. Málið hefur verið viðfangsefni margra ríkisstjórna. Einstakir þingmenn og þingflokkar hafa fjallað um það fram og til baka. Vissulega hafa ýmsar leiðréttingar verið gerðar í þessu efni, en þær eru þó yfirleitt með því marki brenndar að þær hafa gengið of skammt.

Þessi tillaga sem hér er flutt á rætur sínar að rekja til samþykktar sem gerð var einum rómi á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi sem haldinn var í Borgarnesi í nóvembermánuði sl. Sú samþykkt laut að vísu aðeins að jöfnun húshitunarkostnaðar og var þetta mál þar rökstutt vel. Samtökin telja að jöfnun húshitunarkostnaðar sé mjög brýnt mál til jöfnunar lífskjara og mjög vel til þess fallið að auka jöfnuð og styrkja búsetu á landsbyggðinni og munu fáir geta mælt því í gegn.

Þessi tillaga sem hér um ræðir er nákvæmlega eins og sú sem samþykkt var í Borgarnesi að öðru leyti en því að hér er rætt um orkukostnað almennt, þ.e. þessi tillaga er víðtækari að því leyti að hún tekur einnig til annars konar nýtingar orkunnar, þ.e. til atvinnuveganna. Og það má spyrja t.d. hvort réttlætanlegt sé að iðnaðartaxti sé helmingi hærri í Búðardal en í Reykjavík og þriðjungi hærri en í Borgarnesi, þegar um er að ræða sambærileg atvinnufyrirtæki.

Meginforsenda þess að fólk vilji og geti búið í strjálum byggðum landsins er næg atvinna og að fólk búi við svipaða aðstöðu hvað snertir öflun brýnustu

lífsnauðsynja. Nú á dögum er orkunotkun orðin svo mikil og almenn að verðið á orkunni vegur þungt og skiptir miklu máli á búreikningi hverrar fjölskyldu. Það getur jafnvel ráðið og ræður úrslitum um það hvar fjölskyldan ákveður að velja heimili sínu stað til frambúðar.

Til þess að hægt sé að gera verulegt átak í jöfnun orkuverðs þarf að sjálfsögðu stuðning meiri hluta alþingismanna og ríkisstjórnar. Og það vill svo vel til að þegar augum er rennt yfir samþykktir um þessi *málefni frá liðnum árum er af nægu að taka. Hér í* greinargerðinni eru ýmis dæmi tekin um þetta efni. Ég ætla ekki að rekja þau lið fyrir lið en taka þau aðeins sem sýnishorn. Þá verður fyrst fyrir að líta á þá stefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur markað sér. Er þá rétt að fletta upp í endurnýjuðum málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 10. sept. 1989, en þar er eitt af áhersluatriðunum, þegar það ráðuneyti var endurskipulagt, að endurskoða verðmyndun á orku með það að markmiði að jafna orkuverð og efla innlendan orkubúskap.

Það er svo hægt nánast að fletta upp í stefnuskrám og yfirlýsingum hvaða stjórnmálaflokks sem vera skal. Þar er hægt að finna næg dæmi um þetta efni. T.d. hefur oft verið ályktað um þessi mál á flokksþingum og miðstjórnarfundum Framsfl. og nefnd þingflokks Framsfl. um efnahags-, atvinnu- og byggðamál skilaði áliti í októbermánuði sl. Þar er vikið að þessum málum, mjög ákveðið. M.a. segir þar, með leyfi forseta:

„Verði ekki þegar snúist gegn byggðaröskun af þessum sökum með róttækum aðgerðum eru gífurlegir tilflutningar fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins fyrirsjáanlegir sem verða munu þjóðfélaginu mjög kostnaðarsamir og draga úr hagvexti."

Og ég vil nefna ályktun kjördæmisþings Alþfl. á Vesturlandi sem haldinn var á Akranesi 30. sept. sl. en þar segir svo um þessi efni, með leyfi forseta:

„Kjördæmisráðið beinir því til iðnrh. að hann vini ötullega að jöfnun orkuverðs í landinu, enda er það ein meginforsenda áframhaldandi búsetu fólks á landsbyggðinni. Sama orkuverð á að gilda um land allt án tillits til búsetu." Vonandi hefur þessi ályktun hitt í mark.

Í sögu Sjálfstfl. er að finna margar ályktanir um þessi efni, m.a. frá síðasta ári þegar Sjálfstfl. varð 60 ára. Þá var haldinn 28. landsfundur flokksins og hann hefur sem kunnugt er æðsta vald í öllum málefnum Sjálfstfl. Þar segir m.a. svo í ályktun um byggðamál, með leyfi forseta:

„Leitast verði við að bæta aðstöðu fólks til að njóta opinberrar þjónustu hvar sem menn búa á landinu. Verð á raforku og símaþjónustu verði jafnað. Sjálfstfl. vill treysta búsetu í landinu og jafna aðstöðu í landshlutunum með markvissum aðgerðum. Í því gegna sveitarfélögin viðamiklu hlutverki. Borg og byggð eiga að vaxa og dafna eðlilega og styðja hvort annað."

Hér hafa aðeins verið nefnd örfá dæmi af fjölmörgum sem skráðar heimildir hafa að geyma um orð og yfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna. Þær hníga yfirleitt allar í þá átt að styrkja eigi byggðir landsins, jafna aðstöðu landsmanna, hvar sem þeir eiga búsetu, og byggja landið allt. Það virðist því vera mjög víðtæk samstaða meðal ráðamanna þjóðarinnar í þessum efnum, hvar í flokki sem þeir standa. Það skortir aðeins á að samræma orð og athafnir, fyrirheit og framkvæmdir. Það er sagt að enginn einn þáttur valdi jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Mætti þetta vera hugstætt öllum þeim sem á liðnum árum hafa barist fyrir jafnvægi í *byggð landsins í orði og athöfnum.*

Í Raforku, fréttariti Sambands ísl. rafveitna, 4. tbl., 1. árg., desember 1989, er viðtal við Kristján Haraldsson, orkubússtjóra Vestfjarða. Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Það er brýn nauðsyn til að ná frekari jöfnun í húsnæðiskostnaði landsmanna strax, og ég skora á alla þá sem einhvers mega sín að leggja þessu máli lið.

Lesendur góðir. Við skulum minnast þess að ef við ætlum að lifa sem ein þjóð í þessu landi í sátt og samlyndi, þá verður að skipta gæðum landsins sem jafnast meðal allra íbúanna."

Ef ég tek aðeins örfá dæmi þessu til viðbótar. Ég vitna hér í sama rit, Raforku, 1. tbl., 2. árg., febrúar 1990. Þar er viðtal við Ingólf Aðalsteinsson, forstjóra Hitaveitu Suðurnesja. Hann segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Allar íslenskar rafveitur starfa samkvæmt einkaleyfi. Með einkaleyfi til sölu á orkunni má segja að viðskiptavinur veitunnar sé ofurseldur getu og vilja hennar til afhendingar þeirrar orku sem hann þarf á að halda á því verði sem rafveitan ákveður." Og síðar segir hann: „Gera má ráð fyrir því að flestar mannlegar athafnir í íbúðarhúsi leiði til þess að athygli beinist að staðsetningu rafmagnsúttaks eða rofa." Og víkur hann þar að víðtæku gildi raforkunnar.

Ég sagði að fjöldamargar tillögur hefðu verið bornar fram um þessi efni á undanförnum árum. Ég tek hér t.d. mál nr. 371 sem flutt var á 110. löggjafarþingi. Það er till. til þál. um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði. Þar er 1. flm. Alexander Stefánsson og með honum fimm aðrir framsóknarmenn. Þar er lögð sérstök áhersla á jöfnun kostnaðar við upphitun húsa og vikið að því í greinargerð að stjórnvöld hafi lofað jöfnun á orkuverði og við það miðað að orkuverð yrði sambærilegt um land allt. Áform stjórnvalda um að jafna orkuverð í landinu hafi því miður ekki tekist. Nefnt er að orkukostnaður í atvinnurekstri úti um land sé orðinn fyrirferðarmesti liðurinn í rekstri fyrirtækja, ekki síst í fiskvinnslu og orkufrekum iðnaði.

Hér er tillaga frá 108. löggjafarþingi um jöfnun orkukostnaðar. Flm. er Guðmundur Búason sem þá sat á þingi. Tilgangur þeirrar tillögu er að spara dýrmætan gjaldeyri og að ná fram jöfnuði meðal landsmanna á sviði orkumála. Flm. getur þess að á síðustu árum hafi orðið veruleg búseturöskun í landinu og megi hiklaust telja að enginn einn þáttur sé veigameiri í því efni en ójafn orkukostnaður.

Fjöldamörg fleiri dæmi mætti rekja um þetta efni, t.d. þáltill. frá 109. löggjafarþingi um rétt raforkunot-

enda. Þar er 1. flm. Kjartan Jóhannsson, þáv. alþm. Einnig get ég nefnt tillögu frá 110. löggjafarþingi um stefnumörkun í raforkumálum. Þar er 1. flm. Þórður Skúlason sem þá sat á Alþingi. Sú tillaga beinist að því að allir landsmenn búi við sem jafnast raforkuverð. Þar segir í grg. m.a. að í meginatriðum sé skipulag raforkumála í landinu nú með þeim hætti að einn aðili, Landsvirkjun, annist raforkuöflunina, reki virkjanirnar og selji raforkuna í heildsölu til þeirra sem dreifa henni síðan til notenda.

Ég ætla að nefna eitt dæmi enn. Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins, segir svo í formála fyrir ársskýrslu Rafmagnsveitna ríkisins 1988:

„Dreifing raforku og hagkvæm nýting hennar er undirstaða velferðarþjóðfélagsins. Nánast allir hlutir, bæði í atvinnulífi og á heimilum, eru háðir raforkunni. Gæði raforkunnar og þjónustan í dreifingunni er því lykillinn að betra mannlífi."

Hér er fast að orði kveðið en þó ekkert of sagt, að ég hygg. En það vantar enn mikið á að landsmenn sitji allir við sama borð hvað húshitun og orkukostnað varðar. Enn eru fluttar fyrirspurnir, tillögur og frumvörp um þessi efni. Allir eru næsta sammála en lítið miðar áleiðis að því marki að hægt sé að una við eins og nú horfir.

Af því sem nú hefur verið rakið má ljóst vera að allir stjórnmálaflokkar eru hlynntir því að jafna orkuverð til landsmanna, að ekki sé meira sagt. Þeir eru þess mjög fýsandi. En vera má að það vefjist fyrir mönnum á hvern hátt það skuli gert. Þar koma vafalaust fleiri en ein leið til greina. Hér í niðurlagi tillögunnar er einmitt vikið að þessu atriði. Þar er nefnt sem dæmi 264. mál þessa þings sem bendir á ákveðnar leiðir í þessum málum og má vitna þar í þskj. 470 ef menn vilja kynna sér það betur.

Til nánari skýringar á þessu máli er birt með þessari tillögu bréf frá svæðisrafveitustjóra á Vesturlandi ásamt línuriti um húshitunartaxta og sérstök hugleiðing um raforkuverð. Svæðisstjórinn segir svo í niðurlagi bréfsins, með leyfi forseta:

„Vona ég að farsæl niðurstaða fáist við þá umræðu sem fram undan er og að orkukaupendur á hinum „köldu svæðum" fái rétt sinn hlut miðað við orkukaupendur á hagstæðum hitaveitusvæðum. Hætt er við enn frekari búseturöskun en hana má m.a. rekja til orkukostnaðar."

Þegar til stóð að ræða þessa tillögu fyrir nokkrum dögum lá á borði mínu skýrsla Orkustofnunar um orkuverð á Íslandi 1989. Það er góðra gjalda vert að dreifa hér upplýsingum um orkumál. Þar segir í inngangi að ákveðið hafi verið að endurnýja skýrsluna miðað við söluverð árið 1989 og stefnt sé að því að gefa árlega út skýrslu um orkuverð hér á landi. Og þetta er í sjálfu sér ágætt því að orkunotkun til húshitunar er mikil á Íslandi eða tæplega þriðjungur af vergri orkunotkun landsmanna. Umræður um orkukaup heimilanna snúast því fyrst og fremst um orkuverð til upphitunar, segir í þessari skýrslu, sem ég þakka fyrir, þó að ég hafi ekki haft tíma til að kynna mér hana í einstökum atriðum.

En í hugleiðingu svæðisrafveitustjóra Vesturlands um raforkuverð segir svo í niðurlagi:

„Í þessum hugleiðingum er ég fyrst og fremst að benda á þá stefnu Landsvirkjunar í verðlagningu á raforku sem er allt of frjálsleg, kröfurnar um arðsemi fjármagns þjónustufyrirtækis allra landsmanna of miklar og áherslur þeirra í markaðsmálum rangar."

Virðulegi forseti. Ég skal senn láta máli mínu lokið. Ég ætlaði að vísu aðeins að víkja að því, þar sem Landsvirkjun hefur nokkrum sinnum verið nefnd, að afkoma Landsvirkjunar var mjög góð á sl. ári, 1989, og ber að sjálfsögðu að fagna því. En ég verð að láta nægja að vitna í fréttabréf frá Landsvirkjun án þess að rekja það nánar.

Ég hef aðeins drepið á nokkra þætti þessa stóra og mikilvæga máls. Að *mínum dómi komumst* við alþingismenn ekki með nokkru móti fram hjá því að hugleiða þessi mál í fullri alvöru og það án tafar. Svo mikið er húfi að við verðum þegar í stað að kanna hvernig unnt er að skipuleggja öflun og dreifingu raforku þannig að allir landsmenn geti búið við sem jafnast orkuverð. Það er einhver veigamesti þáttur þeirra lífsskilyrða, réttlætis og jafnstöðu sem allir landsmenn ættu að eiga kost á að njóta frá vöggu til grafar.

Að lokinni fyrri umr. legg ég til, virðulegi forseti, að máli þessu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. hefur nú flutt framsöguræðu fyrir þáltill. um jöfnun orkukostnaðar. Það kom fram í ræðu hans eins vel og komið getur hve mikilvægt þetta mál er. Ég hef engu við það að bæta. Ég held að öllum hv. alþm. eigi að vera það kunnugt.

Það má kannski segja að tvö grundvallarsjónarmið séu ríkjandi í þessu máli. Annars vegar það sjónarmið að rétt sé að verðskrár fyrir orkukostnað séu það sem kallað er kostnaðarréttar, þ.e. þær endurspegli nákvæmlega kostnað veitunnar við að afhenda viðskiptavininum orkuna. Hins vegar það grundvallarsjónarmið að orkan eigi að vera á sama verði um allt land.

Báðum þessum grundvallarsjónarmiðum er hafnað í framkvæmd hjá okkur. Ekki er um að ræða kostnaðarréttar verðskrár. Ástandið er þannig að Landsvirkjun hefur sömu verðskrá á öllum sölupunktum sínum hvar sem er á landinu. Orkubú Vestfjarða, sem ég er sérlega vel kunnugur, hefur sömu verðskrá um alla Vestfirði þó munur á kostnaði við að koma orkunni til neytenda sé mikill eftir því hvort það er á þéttbýlisstöðum eða í sveitum. Það má líka segja að í Reykjavík sé verðjöfnun að því leyti að ekki er fylgt grundvallarsjónarmiðinu um að verðskrárnar skuli vera kostnaðarréttar. Það er mismunandi sem það kostar að koma orkunni, jafnvel í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu til einstakra notenda. Samt er verðið það sama.

En þó að við búum við þetta í dag og að við höfnum í framkvæmd þeirri grundvallarhugsun að verð-

skrárnar skuli vera kostnaðarréttar, þá er langt í frá að við séum með sama verð hvar sem er á landinu. Það er langt í frá að við séum búnir að ná takmarki verðjöfnunar, ef við setjum okkur það mark að verðið sé hið sama á öllu landinu, þegar verð orkunnar er tvöfalt, þrefalt eða jafnvel meira miðað við orkuverðið hér í Reykjavík.

Spurningin er, hvernig á að bæta úr þessu? Sú þáltill. sem hér er lögð fram segir ekkert um það. Hún fjallar um að skora á ríkisstjórnina að vinna markvisst að því jafna orkukostnað í landinu. Þessi till. er þess vegna hvorki betri né lakari en fjöldi tillagna sem fram hefur komið um þetta efni.

Það er alveg rétt og það er deginum ljósara sem hv. frsm. og 1. flm., 2. þm. Vesturl., sagði að það er kominn tími til þess að hv. þm. samræmi orð og efndir í þessu máli. Flestir, ég segi ekki allir, sem rætt hafa um þessi mál á undanförnum árum hafa tjáð sig fylgjandi verðjöfnun, a.m.k. meiri verðjöfnun en er í dag. Ef menn ætla að samræma orð og efndir í þessum efnum verða þeir að horfast í augu við staðreyndir og mæta staðreyndum og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera. Og hverjar eru þær staðreyndir? Staðreyndirnar eru þær að það krefst fjármagns að koma á verðjöfnun á orku í landinu.

Nýjustu tölur sem ég hef handbærar um þetta efni eru þær að ef ætti að verðjafna þannig að sama orkuverð væri hvar sem er á landinu þyrfti til þess 2,2 milljarða kr. Það eru miklir fjármunir og er von að mönnum hnykki við þegar þeir heyra þetta. En mönnum ætti að hnykkja meir við það að þetta sýnir hvað sá óréttur kostar þá sem búa við hið háa orkuverð. Auðvitað hljóta svona staðreyndir að vera okkur hvatning til að gera eitthvað raunhæft í þessum málum.

Ég sé ekki annað en í grundvallaratriðum sé um tvær leiðir að ræða. Önnur er verðjöfnun innan orkugeirans með greiðslum orkufyrirtækja í jöfnunarsjóð sem þau sjálf ráðstafa eftir ákveðnum reglum. Hin leiðin er sú að ríkisvaldið verðjafni af almennu skattfé borgaranna. Ég held að nauðsynlegt sé að við sem viljum raunhæfar aðgerðir í þessum málum gerum okkur grein fyrir því hvað hér er um að ræða og leitumst líka við að gera okkur grein fyrir hvernig á úr að bæta.

Ég hef ekki staðið upp til að ræða þetta mál til neinnar hlítar. Ég hef staðið hér upp einungis til að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. þingmanna Vesturl. Ég hygg að það hljóti allir að gera hér á Alþingi sem fara með umboð þeirra sem verða fyrir þeim búsifjum og því óréttlæti sem fylgir þeim mismun á orkuverði í landinu sem við nú búum við.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mál sem er í senn bæði gamalt og nýtt. Gamalt að því leytinu sem fram kom í máli hv. 1. flm. þáltill. að um þetta mál hefur verið mikið fjallað hér á hinu háa Alþingi. Það hefur verið mikið rætt í fjölmiðlum, á þingum, á fundum hagsmunasamtaka, landshlutasamtaka og orkufyrirtækjanna í landinu. En það er nýtt að því leytinu að ekki eru komnar þær lyktir í þetta mál sem ég hygg að við margir kjósum að sjá fyrr en síðar. Sannleikurinn er nefnilega sá að þrátt fyrir að vilji mjög margra hafi staðið til þess að stíga þetta mikilvæga skref til fulls, að jafna orkuverðið í landinu, þá hefur allt of hægt miðað.

Ég ætla ekki að fara að gera lítið úr þeim ávinningi sem hefur orðið á síðustu árum. Tölur sýna að raunverulega hefur orðið nokkur jöfnun á orkuverði þegar litið er yfir lengri tíma. Hins vegar er það ljóst þegar skoðuð er sú skýrsla sem hv. 1. flm. gerði að umtalsefni og kom frá hæstv. iðnrh. um þróun orkuverðsins, ég hygg það sé á bls. 18 í þeirri skýrslu, að ef borið er saman annars vegar orkuverð til húshitunar á RARIK-svæðinu og hins vegar orkuverð frá Hitaveitu Reykjavíkur þá er ljóst að þetta hlutfall hefur verið sem næst óbreytt allt frá árinu 1985. Með öðrum orðum, þrátt fyrir allar þær tillögur sem hér hafa verið raktar og hafa verið ræddar á hinu háa Alþingi, þrátt fyrir allt þetta, þrátt fyrir endalausar ítrekanir hagsmunasamtaka fólksins á landsbyggðinni hefur nákvæmlega ekkert miðað á þessum fimm árum. Við erum í sömu sporunum hvað það snertir.

Vakin var á því athygli í tengslum við aðalfund Landsvirkjunar að Landsvirkjun hefur núna uppi hótanir, liggur mér við að segja, fyrirætlanir í það minnsta um að lækka um helming afsláttinn sem hefur verið á taxta á rafmagni sem selt er frá Landsvirkjun til húshitunar í landinu. Skýringin sem er gefin er sú að nú sé ekki lengur þörf á því að veita þennan afslátt þar sem olíuverð og rafmagnsverð sé orðið svo viðlíka og því sé ekki lengur ástæða fyrir Landsvirkjun til að greiða niður eða gefa afslátt á sínum rafmagnstöxtum. Hér skýtur óneitanlega mjög skökku við.

Í fyrsta lagi skulum við hafa það í huga hvaða stöðu Landsvirkjun hefur í okkar landi. Þetta er það fyrirtæki sem hefur haft hvað rýmstan aðgang að orkubúskapnum í landinu, hefur einkaleyfi á því að selja raforku til mjög stórra notenda í landinu og hefur alveg einstaka aðstöðu til þess að skammta sér sína taxta. Þetta fyrirtæki er líka að því leytinu sérstakt að í gegnum tíðina hafa því verið búin þau rekstrarskilyrði, sem eru auðvitað eðlileg, að það hefur hagnast gífurlega og er eitt auðugasta fyrirtæki í landinu. Bara á síðasta ári var hagnaðurinn fyrir afskriftir, eftir því sem kom fram í fjölmiðlum, tæpir 3 milljarðar kr. Afskriftirnar sem fyrirtækið síðan nýtti sér á sl. ári voru um það bil tveir milljarðar sem, svo að ég taki nú dæmi sem ég þekki, er nálægt kaupverði á fjórum myndarlegum, fínum nýtískutogurum. Með öðrum orðum, afskriftirnar sem Landsvirkjun taldi sér nauðsynlegt að nota eru sem svarar til kaupvirðis fjögurra nýtískutogara í landinu. Eftir afskriftir er síðan hagnaður Landsvirkjunar um 700 millj. Það var jafnframt upplýst í fjölmiðlum að þessi niðurgreiðsla, þessi afsláttur sem Landsvirkjun væri að tala um, væri um það bil 90 millj., þ.e. nokkur prósent af hagnaðinum á síðasta ári.

Nú er það næsta undarlegt í þeirri umræðu sem fram

fer um byggðamál í landinu að fyrirtæki á borð við Landsvirkjun skuli telja þetta stund og stað til þess að vega að hagsmunum landsbyggðarinnar með því að lækka svo þennan afslátt sem fréttir herma að sé fyrirhugað.

Bæjarstjórinn í Ólafsvík vakti réttilega athygli á því að Landsvirkjun er kannski með þessum hætti, með litlum hætti að grafa undan eigin starfsemi. Það er nefnilega athyglisvert að á sama tíma og uppi eru fyrirætlanir um þetta hjá Landsvirkjun er stórkostlegur fólksflótti frá landsbyggðinni. Tölur frá Byggðastofnun segja að fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu fram til aldamóta verði eitthvað um 28 þúsund manns á meðan á landsbyggðinni, á því svæði þar sem Landsvirkjun m.a. selur rafmagn sitt til húshitunar, fækki fólkinu um 1500–1600 manns þrátt fyrir náttúrlega fólksfjölgun. Þetta er auðvitað undarleg stefnumörkun hjá fyrirtækinu og verður að gjalda mjög varhug við því. A.m.k. er það ljóst að þetta er ekki stefnumörkun í anda þeirra samþykkta sem gerðar hafa verið hér á hinu háa Alþingi.

Það er alveg ljóst, eins og kom fram í máli hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að kostnaðurinn við að jafna orkuverðið er gífurlegur, er á þriðja milljarð kr. eftir því sem hann upplýsti. Það er alveg ljóst að hin ýmsu orkudreifingarfyrirtæki á landsbyggðinni, hvort sem um er að ræða RARIK, Orkubú Vestfjarða eða einhver önnur fyrirtæki, eru ekki í stakk búin til að taka þessa jöfnun á sig. Það hefur að vísu verið stigið mikilvægt skref með því að aflétta skuldum af þessum fyrirtækjum en hitt er alveg ljóst að þau eru ekki í neinum færum til að taka á sig þann kostnað sem er nauðsynlegur til að jafna þetta verð. Það verður þess vegna að liggja fyrir og þetta þarf auðvitað að vera pólitísk ákvörðun sem er verið að taka með opnum augum og menn verða að átta sig á að henni fylgir mikill kostnaður.

En ég ítreka það sem ég hef sagt hér áður að það vekur auðvitað athygli og spurningar við lestur þeirrar skýrslu sem hæstv. iðnrh. hefur dreift hér á Alþingi að ekki hefur verið um að ræða jöfnun orkuverðs, frekari jöfnun orkuverðs, á þessu fimm ára tímabili frá árinu 1985 þegar borinn er saman annars vegar húshitunartaxtinn hjá RARIK og taxti Hitaveitu Reykjavíkur. Ég tel þess vegna fulla ástæðu til að lýsa stuðningi við þessa till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar. Ég vona að örlög hennar verði ekki þau að daga hér uppi, heldur verði hún til þess að hvetja menn í því skyni að jafna orkuverðið og leggja þannig sitt af mörkunum til þess að koma í veg fyrir þann stórhættulega og þjóðhættulega fólksflótta sem er nú á sér stað á landsbyggðinni og á eftir fyrr en síðar, ef ekki verður að gert, að valda meiri usla og óþægindum á Íslandi en dæmi eru til um.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um þessa tillögu okkar Vestlendinga. En það verður náttúrlega að segja eins og er að það er mjög slæmt að hæstv. iðnrh. skyldi ekki geta verið hér við þessar umræður. Ég man að þegar hann svaraði fsp. frá mér á sl. hausti um þessi mál hafði hann ýmis orð um að þetta væri allt á réttri leið og verið væri að leggja grunn að verulegu átaki til lagfæringar. Sama kom fram í svari hans við fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar nokkru áður.

Hér er náttúrlega um að ræða mál sem er varla hægt fyrir okkur þingmenn úr dreifbýlinu að þola öllu lengur. Við erum búnir að gera, eins og hér hefur komið fram í ræðu hv. frsm., allt sem í okkar valdi stendur til þess að fá samstöðu um það hér á hv. Alþingi, bæði í umræðum og tillögum, í stjórnarmyndunarviðræðum og hvað eina. En allt kemur fyrir ekki. Allir eru sammála um þörfina en niðurstaðan er engin eða svo til. Þó eitthvað hafi verið lagfært er það alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, ástandið er óbreytt frá 1985. Fjöldi fólks á landsbyggðinni er að gefast upp vegna þessa aðstöðumunar. Ég ætla ekki að eyða tíma í að sýna mismuninn á þessu reikningslega. Það liggur í augum uppi og er löngu búið að sanna það hve þessi mismunur er gífurlegur, ekki aðeins í upphitum heldur er þetta líka aðstöðumunur í atvinnurekstri.

Ég hef alltaf haldið því fram og held því fram enn að eina leiðin til þess að þoka þessu nokkuð áleiðis sé Landsvirkjun. En því miður hafa síðustu viðbrögð Landsvirkjunar verið mjög neikvæð og er raunar alveg ótrúlegt að Landsvirkjun skuli voga sér að ætla að leggja til að taka til baka 90 millj. í sambandi við þann jöfnuð sem löngu er búið að ákveða sem sjálfsagðan hlut, bara af því að hægt sé að finna flöt á því að olíuverð og raforkuverð sé í einhverju jafnvægi, eins og kallað er.

Ég get alveg tekið undir það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér áðan að það er náttúrlega ljóst núna og ætti að vera kærkomið tækifæri fyrir þá sem eru að berjast fyrir þessu máli að hægt er að verðleggja ójöfnuðinn á 2,2 milljarða kr. Það liggur alveg skýrt fyrir í öllum gögnum að þetta er ójöfnuðurinn í tölum talið, 2,2 milljarðar í óréttlæti í orkusölu í landinu sem eykur á ójöfnuð eftir því hvar menn búa í landinu. Og þetta ætti auðvitað að vera atriði nr. 1. Þetta verður að lagfæra.

Ég er með þriðju leiðina, hv. 4. þm. Vestf. Hún er sú að við verðum bara að takast á við það að breyta lögum um Landsvirkjun. Það er ekki um annað að ræða. Þetta er fyrirtæki sem sannarlega tekur miklu meira til sín en eðlilegt er meðan við erum að ná jöfnun í landinu um orkudreifingu og orkusölu. Það skal enginn fá mig til að trúa því að þetta fyrirtæki þurfi svona miklar afskriftir á svo stuttum tíma eins og þeir leggja til. Við erum að byggja þarna til framtíðar. Og sem betur fer eyðast þessi orkufyrirtæki ekki upp eða eyðileggjast á tveimur tugum ára, það tekur miklu, miklu lengri tíma. Ég held að ekki sé um annað að ræða en að krefjast þess að Landsvirkjun, annaðhvort með breyttum lögum eða vilja þeirra, komi inn í þetta dæmi til þess að breyta þessum ójöfnuði að einhverju leyti í jöfnuð á styttri tíma. Hins vegar tek ég undir tillögur hv. 4. þm.

Vestf., að það er um tvö mikilvæg atriði að ræða í sambandi við þessa verðjöfnun, hvernig sem hún er tekin. En ég vil bæta þriðja atriðinu við vegna þess að ég hygg að það væri fljótvirkast í stöðunni.

Ég vil aðeins vitna í skýrsluna sem hv. frsm. vitnaði til frá orkustjóranum á Vesturlandi. Í hugleiðingum hans, sem er merkilegt innlegg í þetta mál og má lesa í aths. með frv., segir:

„Í þessum hugleiðingum er ég fyrst og fremst að benda á þá stefnu Landsvirkjunar í verðlagningu á raforku sem er allt of frjálsleg, kröfurnar um arðsemi fjármagns þjónustufyrirtækja allra landsmanna of miklar og áherslur þeirra í markaðsmálum rangar. Ekki er hægt að finna tryggari markað en rafhitunarmarkað um allt land, t.d. selja Rafmagnsveitur ríkisins um 60% allrar raforkunnar til húshitunar, en eins og menn eflaust vita keypti RARIK um 18,5% framleiðslu Landsvirkjunar árið 1988 en Landsvirkjun hafði um 28% tekna sinna frá viðskiptum við RARIK það árið.“ Þetta er áreiðanlega mjög merkilegt innlegg í þessar umræður.

En hvað sem öllu þessu líður, virðulegi forseti, ég skal ekki tefja þetta lengur, þá tel ég að bæði þessi tillaga sem við leggjum hér fram og enn fremur það sem hefur komið fram á þessu yfirstandandi þingi og áður leiði huga okkar að því að við megum ekki láta lengur gera grín að okkur í sambandi við meðferð þessa máls. Fólkið í landinu hættir að treysta og trúa því að þingmenn séu nokkurs megnugir í sambandi við þetta mál. Það er örugglega nægur meiri hluti hér á Alþingi til að snúa þessari þróun við og ég skora á hv. þm. að taka nú höndum saman og láta ekki lengur kúga okkur í þessu máli. Við erum búnir að reyna það á öllum sviðum áður, en það hefur alltaf strandað á samtakamætti, ef svo má segja, bæði í gegnum ríkisstjórnir og hér á hv. Alþingi. Nú er tækifærið. Við verðum að snúa þessari þróun við.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tek undir þessa þáltill. og tel mjög brýnt að tekið verði á því máli sem hér er hreyft. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem rætt er um þessi mál hér á Alþingi. Eins og kom fram í máli þeirra sem hér hafa talað á undan mér hefur allt of lítið verið gert í raun og veru þrátt fyrir að vilji hafi komið fram um að eitthvað þurfi að gera.

Ég tek eftir því að þingmenn Vesturl. eru flm. að þessari tillögu og hér hafa þingmenn dreifbýlisins talað. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að mig minnir, að „við dreifbýlisþingmenn þyrftum að taka okkur á“. Ég er þingmaður Reykv., eins og kunnugt er, og ég er alveg viss um að ég tala fyrir munn fleiri þingmanna höfuðborgarsvæðisins þegar ég segi að við þurfum að gera eitthvað í þessu máli. Þetta er ekki eingöngu mál landsbyggðarinnar heldur okkar allra. Það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni þegar fram kemur að íbúar landsbyggðarinnar þurfa að taka á sig á þriðja milljarð aukakostnað vegna húshitunar til þess að búa fyrir utan þetta svæði hér sem við erum nú stödd á. Ég held að það ætti að geta skapast samstaða um þetta mál.

Stjórn Landsvirkjunar hefur þegar ákveðið að minnka þann afslátt sem gefinn hefur verið á húshitunartaxta, ef ég man rétt úr rúmlega 90 millj. kr. í liðlega 40 millj. á þessu ári sem hlýtur að vekja mann til umhugsunar um hvað þarna er á ferðinni og hvers vegna þessi lækkun hefur verið ákveðin. Það er vitnað til þess að olíukynding sé nú orðin það dýr að það þurfi ekki að lækka húshitunarkostnað með rafmagni. Það þykja mér ekki rök í þessu máli. Ég held að það sé alveg rétt að það þurfi að breyta lögum um Landsvirkjun til að við getum tekið á þessu máli, það sé ekki nóg að höfða eingöngu til þess að það þurfi samstöðu um að jafna þennan orkukostnað. Það virðist ekki vera skilningur í þeim herbúðum þannig að ég er alveg sammála því sem hér hefur komið fram að við þurfum að taka á okkur rögg og breyta lögum um Landsvirkjun.

Við sem búum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu erum svo heppin að geta nýtt þá auðlind sem heita vatnið er. En ég er þeirrar skoðunar að auðlindir landsins eigi að vera öllum landsmönnum til hagsbóta, ekki bara þeim sem næst þeim búa. Því sé ekkert óeðlilegt að við sem búum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu tökum á okkur auknar byrðar auk þess sem við þurfum að gera ráð fyrir því að hluti af þeim ágóða sem Landsvirkjun hefur sýnt verði tekinn til jöfnunar. Ég vona að þessi þáltill. verði samþykkt og það verði til þess að eitthvað raunhæft verði gert í málunum sem fyrst.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég kem til þess að lýsa stuðningi við það mál sem hér er flutt, till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar. Ég get tekið undir fjölmargt sem hefur komið fram hjá þeim sem talað hafa hér í umræðunni og þar á meðal mál hv. 1. flm. tillögunnar. Hér er á ferðinni mál sem hefur borið árlega á góma í sölum Alþingis um langt skeið. Það er ekki vansalaust að menn skuli ekki hafa náð hér saman þvert á flokka, óháð ríkisstjórnum til þess að taka á þessum hrikalega mismun sem þarna er um að ræða í lífskjörum í landinu eftir því hvar menn búa.

Ég vil hvetja mjög eindregið til þess að nú verði gerð að því gangskör af þingmanna hálfu að taka saman höndum um það að skila árangri í þessu máli með þeim hætti að menn útbúi hér frv. til laga til tekjuöflunar til þess að tryggja að árangur náist á þessu sviði. Það hefur ekki verið krafa okkar að þetta leysist í einu vetfangi þannig að það skapist alger jöfnuður í þessum efnum. Sú krafa hefur ekki verið uppi hverju sinni sem mál þessi eru borin fram, heldur að það takist að leiðrétta þetta á stuttum tíma. Það væri árangur sem allir gætu verið sáttir við, auðvitað helst að ná strax fullkominni jöfnun í þessu eftir því sem hægt er. Vissulega verðum við að hafa í huga að aðstæður hvers ein-

staklings, hvers íbúðareiganda t.d., eru auðvitað misjafnar, hús eru misjafnlega úr garði gerð o.s.frv. Slíkir þættir þurfa auðvitað að vera í lagi. Þegar menn eru að tala um jöfnun orkuverðs óháð búsetu er verið að tala um reiknaðar meðaltalsaðstæður, að menn nái þar sambærilegum árangri.

Ég held að fullyrða megi að mjög lítið hefur miðað í þessum efnum undanfarin ár. Það er rétt sem fram hefur komið um það. Mismunurinn hefur kannski orðið ögn minni vegna þess að samanburðurinn við þéttbýlissvæðið hérna hefur orðið ögn hagstæðari. Hér hefur verð hitaorku til íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkað hlutfallslega meira, eða gerði það a.m.k. um skeið, heldur en rafhitunarkostnaðurinn og verð hitaveitna annars staðar á landinu, hinna dýru hitaveitna, þeirra sem standa undir miklum fjármagnskostnaði. Þannig hefur mismunurinn orðið ögn minni. Eftir stendur þó þetta, tvöfaldur til þrefaldur munur miðað við meðaltalsaðstæður sem er auðvitað gersamlega óþolandi staða. Ég man auðvitað eftir því þegar ég var í stöðu iðnrh. fyrir um áratug síðan, þá var við þennan vanda að fást. Þá leituðumst við við að leggjast á árar um það að hamla gegn geysilegum hækkunum sem Landsvirkjun taldi sig þurfa á þeim tíma og að leiðrétta stöðu þess fyrirtækis og orkuviðskipti þess við hinn stóra kaupanda ÍSAL og aðra stóriðjukaupendur. Þar lögðust á árar menn úr ýmsum flokkum. Ég minnist mjög góðrar liðveislu hv. 4. þm. Vestf. í þeirri baráttu á þeim tíma, á þessum árum og margir fleiri komu þar að máli. Það tókst að fá mjög verulega leiðréttingu á raforkuverði til álversins í Straumsvík. Baráttan fyrir þeirri leiðréttingu tengdist vissulega voninni um að hægt væri að jafna orkukostnað í landinu. Ég ætla ekki að rekja þá sögu frekar.

Meginatriðið er að menn beri sig saman um það fyrr en seinna hvaða ráðum menn geta beitt, um hvaða ráð menn ná saman til þess að leiðrétta þennan mismun. Hér hefur verið vísað í lög um Landsvirkjun, að sækja í sjóði Landsvirkjunar í þessum efnum. Það er vafalaust eitt af þeim ráðum sem koma til álita. En ég hygg þó að víðar þurfi að leita fanga, hugsanlega með almennum orkuskatti sem legðist á þau fyrirtæki sem bjóða hagstæðast orkuverð til þess að ná jöfnuði eftir þeirri leið og safna tekjum eftir þeirri leið. Þetta næst auðvitað ekki nema pólitísk samstaða sé um aðgerðir. Það er auðvitað alveg ljóst að það yrði talsvert lagt á þá sem búa nú við hagstæðan orkugjafa og miklu lægra kostnaðarverð en hinir. Þó skulu menn hafa það í huga að fjöldinn sem býr við erfiðust kjörin í þessum efnum er nefnilega ekki svo ýkja mikill. Það er því ekki um það að ræða að menn þurfi að lyfta kostnaði hjá þeim sem hér búa á þessu fjölmenna svæði svo mjög þó að þeir leggi í sameiginlegan sjóð til þess að leiðrétta mismuninn að einhverju leyti.

Þetta eru aðeins vangaveltur sem ég hef mælt í tilefni af umræðu um þessa tillögu. Ég heiti mínu liðsinni í þessu máli ef ég get komið þar við sögu. Ég skora á okkur þingmenn hér á Alþingi að taka þegar til höndum um tillögugerð og ætla ekki einvörðungu stjórnvöldum, þ.e. ríkisstjórn, að leysa málið. Við eigum hér á þinginu að hafa alla burði til þess að geta borið fram tillögu til að ná árangri á þessu sviði.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma hér upp og þakka hv. þm. Vesturl. fyrir flutning þessarar tillögu og taka eindregið undir það sem í henni felst. Það er mjög ánægjulegt og kemur skýrt fram í greinargerð að það sem í tillögunni felst, að markvisst verði unnið að jöfnun orkukostnaðar í landinu, virðist njóta eindregins stuðnings allra stjórnmálaflokka og ætti því kannski að verða auðleyst mál og verður það vonandi. Hér er um mikið réttlætismál að ræða og, eins og hér kemur fram, ekki aðeins um orkukostnað til húshitunar heldur aðra orkunotkun.

Ég vil benda á að ýmislegt hefur áunnist, bæði í þessum efnum þrátt fyrir allt og öðrum. Ég nefni þar t.d. jöfnun símakostnaðar. Þar hefur náðst nokkur jöfnuður þó að nokkuð sé langt í land enn þá. Ég á ekki von á því að Póstur og sími hafi í rauninni tapað mikið á þessu eða almenningur annars staðar en í dreifbýli hafi þurft að bæta miklu við sig. Staðreyndin er sú t.d. um símakostnað á landsbyggðinni að menn nota símann upp að ákveðnu marki sem efnahagurinn leyfir og þeir nota símann meira eftir að lækkun hefur orðið. Nú ætla ég ekki að halda því fram að svo verði með húshitun. Þó kann svo vel að vera vegna þess að einmitt vegna þess hversu illbærilegur þessi hái hitunarkostnaður er þar sem orkuverð er hæst, þá nýta menn auðvitað hitann eins lítið og þeir geta.

En það er ánægjulegt að sjá hversu sterk rök liggja fyrir stuðningi við þetta og ég vona að þetta mál fái góðan stuðning hér á þingi og hinn besta framgang.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. alþm. sem hafa tekið mjög vinsamlega undir þessa tillögu, nú síðast hv. 2. þm. Vestf. Ég gat þess í upphafi að þetta mál væri ekki nýtt. Og hv. 2. þm. Austurl. gat þess réttilega að því hefði verið hreyft svo til árlega og að ekki hefði endilega verið stefnt að fullu réttlæti þegar í stað heldur að leiðréttingu á sem skemmstum tíma. Mér þótti sérstaklega vænt um ummæli hv. 12. þm. Reykv. sem taldi réttilega að þetta mál væri ekki einungis mál þeirra sem byggju utan höfuðborgarsvæðisins heldur mál allra landsmanna.

Hér hefur verið bent á nokkrar leiðir sem fara mætti í þessu máli. M.a. nefndi hv. 1. þm. Vesturl. að breyta þyrfti lögum um Landsvirkjun. Hv. 4. þm. Vestf. sagði að þessi tillaga væri hvorki betri né lakari en aðrar um þessi efni og það er rétt. Það var ekki að því stefnt að flytja tillögu sem fengi sérstök fegurðarverðlaun eða viðurkenningu af því tagi, en aðeins að hreyfa máli sem ég tel að okkur öllum alþingismönnum sé bæði rétt og skylt að ræða og leita lausnar á. Ég vek sérstaka athygli á því að þetta er till. allra þingmanna Vesturl. sem reyna þó að standa saman um góð mál.

Nú skora ég á alla hv. alþm. að reyna að finna leiðir sem gætu stefnt í rétta átt sem fara mætti í þessu máli. Ég minni á það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þetta

mál er bæði gamalt og nýtt og það verður það þangað til lausn fæst á því sem menn geta við unað.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta nokkru við af því að hér hafa komið hvatningarorð úr öllum áttum og stuðningur sem er í samræmi við það sem alþingismenn hafa sagt á undanförnum árum en hefur því miður ekki tekist að finna samnefnara til þess að leiða málið fram til sigurs. Mér dettur í hug að fram undan er ákvörðunartaka um nýjar stórvirkjanir upp á 50 milljarða kr. Því fylgir ákvörðun um nýja stóriðju sem yrði náttúrlega að vera til staðar til að hagnýta sér þá miklu orku og við vitum allir hve þýðingarmikið það er fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar. Ég tel það sjálfsagðan hlut að í sambandi við ákvörðun um að farið verði í þessi stórvirki á þessu sviði þá verði leitt til lykta þetta réttlætismál, að orkuverð í landinu verði jafnað út. Það verði það sama fyrir hliðstæða orkunotkun. Ég tel að hv. þm. gætu náð saman um að nota þetta tækifæri, að við greiðum ekki atkvæði nýjum stórvirkjunum og stóriðju öðruvísi en þetta mál, verðjöfnun á orku, sé leyst um leið. Miðað við reynslu undangenginna ára er þetta sjálfsagt eina tækifærið sem við höfum til að setja þetta sem skilyrði. Og ég mun a.m.k. fyrir mitt leyti beita þessu ákvæði.

Ég ætla bara að segja ykkur í leiðinni að ég er með fyrir framan mig reikninga fyrir rafmagns- og hitanotkun á tveimur íbúðum. Önnur er í Reykjavík og hin vestur á landi, á svæði sem býr við dýrasta kerfið. Þetta er 61 dagur. Kostnaðurinn í Reykjavík fyrir 61 dag er 8.165 kr. En kostnaðurinn við íbúðina úti á landi, á kalda svæðinu sem kallað er, sem er sömu stærðar en lítið notuð, er 18.199 kr. fyrir 61 dag. Þetta er sem sagt sem svarar 2,7 sinnum hærra verð og þó er þetta sennilega mjög vægt dæmi miðað við reynslu annarra sem koma til okkar með reikningana sína. En þetta sýnir þörfina, virðulegi forseti, að þarna verði farið að gera leiðréttingu á, sem er, eins og hér hefur komið fram áður, 2,2 milljarða kr. ójöfnuður.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. sagði að ég hefði sagt í ræðu minni áðan að þessi tillaga væri hvorki lakari eða betri en ýmsar aðrar. Ekki neita ég því að ég hafi sagt þetta. En mér fannst kannski að það bryddaði á því hjá hv. þm. að þetta hefði verið mælt af einhverri lítilsvirðingu eða vanmati á tillögunni. Það var nú eitthvað annað því að ég stóð upp til að hæla þessari tillögu og lýsa fylgi mínu við hana. Þetta orðalag átti við það að ég var að draga fram þá staðreynd að við höfum svo oft talað um þessi mál án nokkurs árangurs, bæði ég og ýmsir aðrir hv. þm., ég ætla líka hv. 2. þm. Vesturl.

Landsvirkjun hefur komið sérstaklega til umræðu og er ekkert óeðlilegt við það. Ég nefndi tvö grundvallaratriði sem um væri að ræða ef við ættum að koma á umtalsverðri verðjöfnun í orkugeiranum. Hv. 1. þm. Vesturl. nefndi þriðju leiðina, sem hann orðaði svo, breytingu á lögum um Landsvirkjun. Ég hef ekkert móti því að breyta lögum um Landvirkjun ef það er hægt og sjálfsagt er hægt að gera eitthvað sem horfir til bóta í því efni, ég efast ekki um það. En það breytir ekki því grundvallaratriði sem ég vildi draga fram að einhvers staðar verður að taka fjármuni til þess að vinna þetta verk sem við erum að tala um.

Hér var af einhverjum, ég held af frummælanda, 1. flm., vísað í tímarit Sambands ísl. rafveitna, Raforku, og í grein eftir Kristján Haraldsson orkubússtjóra. Þetta er gagnmerk grein og hann setur fram hugmyndir um hvernig eigi að koma á verðjöfnun. Það er í fjórum punktum. Fyrsti punkturinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsvirkjun selji orku til rafhitunar á verði sem jafngildir langtímajaðarkostnaði. Það verð er nú um 60% af gjaldskrárverði."

Það sem hér er átt við er að þær virkjanir sem Landsvirkjun á eftir að stofna til geti, vegna hagkvæmni hjá þeim, selt orkuna á 60% lægra verði en hún er seld í dag. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta en þetta er stórkostlegur hlutur. Það gefur til kynna að ekki hafi nú allt verið með felldu hjá Landsvirkjun, fyrst þetta er inni í dæminu. Ég vil ekkert draga úr því sem hv. 1. þm. Vesturl. og fleiri komu inn á, að breyta lögum Landsvirkjunar. En það haggar ekki því sem ég tel að sé aðalatriði þessa máls og ég hef áður greint frá.

Þá var réttilega fundið að því af 1. þm. Vestf., 1. þm. Vesturl. og e.t.v. fleirum að Landsvirkjun hefði eða ætlaði, eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði, að draga úr niðurgreiðslum til upphitunar. Ég vil taka það fram að hér er ekkert að ætla eða fyrirhuga í þessu efni. Landsvirkjun hefur gert þetta þegar. Landsvirkjun hefur skorið niður sitt framlag til niðurgreiðslu til húshitunar um helming, hefur gert það. Það er alvarlegt mál. En mér er ljúft og ánægja að láta þess getið hér að þessu var mætt í því orkufyrirtæki sem ég þekki einna best, Orkubúi Vestfjarða, með því að Orkubúið tók á sig sjálft að greiða þann hluta sem Landsvirkjun féll frá. Sýnir það hve mikil áhersla þar á bæ er lögð á að halda orkuverði niðri með öllum mögulegum hætti.

Það er rétt sem hér hefur verið tekið fram af ræðumönnum yfirleitt. Við náum ekki árangri í þessu máli nema standa saman. Hér hafa fulltrúar landsbyggðarinnar lýst sínum skoðunum og ásetningi og vilja í þessu efni. Það verður ekki betur gert en hefur verið í þessari umræðu þó að ekki sé ýkja löng. En það sem var sérstaklega ánægjulegt var að heyra hvað hv. 12. þm. Reykv. sagði um þetta mál. Það er einmitt slík afstaða fulltrúa þéttbýlisins og þess fólks sem býr við bestan kost núna sem gefur vonir og fyrirheit um að við getum tekið með skynsemi á þessu máli og komið til leiðar því réttlæti sem við erum að berjast fyrir í þessum efnum.

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég hef tekið eftir því að það gerist hvað eftir annað þegar hæstv. forseti hringir bjöllu sinni vegna atkvæðagreiðslu að sagt er af forsetastóli að þingmenn séu beðnir um að koma til starfa. Í þessu felst yfirlýsing um að þeir sem ekki eru í þingsölum séu þar með ekki að störfum. Ég vildi aðeins benda á þetta því ég þykist vita að það vaki alls ekki fyrir hæstv. forseta að væna menn um að þeir séu ekki að þingstörfum, jafnvel þótt þeir séu ekki þá stundina inni í þingsal. Það er heldur óþægilegt fyrir þingið og leitt til afspurnar að nokkrum sinnum á dag sé sagt af forsetastóli að þingmenn sem ekki eru í salnum séu ekki að störfum. Það er síst til þess fallið að auka skilning þjóðfélagsins á störfum Alþingis.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 3. þm. Reykv. vill forseti benda á að í 34. gr. þingskapalaga, upphafsorðum, segir svo:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Ragnhildur Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins láta þess getið að ég tel að þetta þingskapaákvæði eigi ekki við um það ef þingmaður bregður sér í símann eða annarra nauðsynjaerinda hér innan húss sem ekki er þörf að tíunda frekar. Ég held að það hafi aldrei tíðkast að biðja forseta leyfis til slíks ef menn þurfa nauðsynlega að víkja úr þingsal og þeir teljist sækja þingfund fyrir því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umræðu með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Breytt röð dagskrármála.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú stendur svo á að þegar hefur eitt mál verið tekið út af dagskrá að beiðni málflytjenda. Tvö næstu mál er ekki mögulegt að taka til umræðu vegna þess að hv. 1. flm. eru ekki viðstaddir. Gengið verður nú til dagskrár um 13. dagskrármál, en þetta kann að vera að ástæðan fyrir því hvernig forseti orðaði beiðni sína til þingmanna um að koma til starfa rétt áðan. Ég skal taka þau orð aftur til þess að geðjast hv. 3. þm. Reykv. þar sem forseta er vitaskuld fullkunnugt um að menn sitja hér að störfum. En það er satt að segja erfitt á þessum síðustu dögum þingsins, þar sem ljóst er að þrír næstu þingfundir í Sþ. falla niður af eðlilegum ástæðum, að ekki skuli vera hægt að halda hér eðlilegri dagskrá í dag án þess að forseta væri það kunnugt fyrir fram.

Ég vil þó taka fram að vel kann að vera að hv. 4. þm. Austurl. verði kominn áður en þessum fundi lýkur og geti flutt sitt mál. Hann mun vera á leiðinni.

Ræktun íslenska fjárhundsins, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 503. mál. — Þskj. 882.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér ásamt þingmönnunum Inga Birni Albertssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Pálma Jónssyni og Árna Gunnarssyni að leggja fyrir Alþingi svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn."

Í greinargerð með þessari þáltill. er fjallað um þann vanda sem steðjar að hvað ræktun og framtíð íslenska fjárhundsins varðar. En við segjum þar:

„Íslenski fjárhundurinn er þjóðararfur og þjóðargersemi Íslendinga, hann er lifandi listaverk sem okkur ber að varðveita.

Nú er talið að aðeins 100 til 200 hundar af íslenska fjárhundakyninu séu hér á landi. Þetta eitt segir að kynið er í útrýmingarhættu.

Útlendingar hafa sýnt hundinum okkar mun meiri sóma en við sjálf. Íslenski fjárhundurinn er nú þegar kominn í ræktun víða um lönd þar sem hann nýtur mikillar virðingar og síaukinna vinsælda. Frændur okkar, Norðmenn og Danir, rækta stofninn í miklum mæli og þar fjölgar hundum af okkar stofni ört. Íslenski fjárhundurinn vekur mikla athygli á hundasýningum í Evrópu og Ameríku."

Mér skilst að íslenski fjárhundurinn sé sýningargripur á nokkur hundruð sýningum út um allan heim árlega. Það segir sína sögu. Við tökum kannski stórt upp í okkur þegar við segjum að útlendingar sýni honum meiri sóma en við sjálf því að það verður þó að viðurkennast að allmargir Íslendingar eru bæði meðvitaðir um þá hættu sem steðjar nú að stofninum og hafa sýnt ræktunarmálum íslenska hundsins mikinn áhuga og unnið mikið og fórnfúst starf.

Það gerðist nýlega að veitt var leyfi til að flytja hingað þrjá íslenska hvolpa frá Danmörku til undaneldis. Þessir hvolpar eru undan hundi og tík sem seld voru til Danmerkur fyrir nokkrum árum til að bæta ræktun þar og þá fylgdi sú kvöð að við fengjum í staðinn hvolpa síðar meir. Nú hefur þeim þætti verið fullnægt og hvolparnir þrír eru nú lausir úr einangrun. Mikilvægt er að Hundaræktarfélaginu og áhugamönnum um hundarækt sé veitt aðstoð til að nýta þessa góðu sendingu til sóknar í ræktunarstarfinu. Ekki síst þess vegna er þessi þáltill. flutt, til að vekja athygli á málinu, til þess að efla ræktunarstarfið.

Útlendingar eru það hrifnir af okkar fjárhundi að þeir greiða háar fjárhæðir fyrir hreinræktaðan íslenskan hvolp og það er mikil eftirsókn eftir íslensk-

um hvolpum. Ég hygg að það skipti tugum þúsunda sem fæst fyrir hvern hvolp. En þegar stofninn er aðeins 100 til 200 hreinræktaðir hundar þolir hann illa að bestu dýrin séu jafnan seld úr landi eins og nú gerist. Þess vegna er kannski það háa verðlag sem nú er á hundinum í heiminum enn líklegra við þessar aðstæður til þess að útrýma honum í okkar eigin landi. Það er kannski spurning hvort um sinn verði ekki að stöðva sölu á hvolpum héðan frá Íslandi út í heim. En um það ætla ég ekki að fjalla frekar hér.

Frá því að skipuleg ræktun og skráning hófst hafa 140 hreinræktaðir hundir verið seldir úr landi. Enginn vafi er á því að sú deild í Hundaræktarfélaginu sem sinnir málefnum íslenska fjárhundsins hefur unnið ómetanlegt starf en deildin hefur haft yfirumsjón með svo til allri ræktun hér á landi síðustu ár. Sjálfsagt væri enn verr komið ef þarna hefði ekki hugsjónafólk safnast saman og haldið áfram ræktunarstarfi.

Enn fremur hafa miklir ræktunarmenn unnið gagnmerkt hugsjónastarf. Hér nefnum við til sögunnar þrjár persónur, Svein Kjarval, Sigríði Pétursdóttur á Ólafsvöllum og Pál Agnar Pálsson, fyrrv. yfirdýralækni, en auðvitað mætti nefna mörg fleiri nöfn. Við bendum á það að með nýju átaki væri mikilvægt að fá bændur landsins í miklu meiri mæli inn í ræktunarstarfið.

Ég gat þess að eftirspurn eftir hvolpum væri mjög mikil í fjölmörgum löndum. Þar vil ég nefna t.d. Bandaríkin, Sviss, Þýskaland, Kanada og öll Norðurlöndin. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hundur um víða veröld er í færri tilfellum eign fátæka mannsins þó það sé sem betur fer kannski með, en það er mjög algengt að efnafólk leyfi sér það að halda hund.

Jafnvel hefur það sums staðar orðið að tísku úti í heimi að eiga íslenskan hest og íslenskan hund og klæðast íslenskri lopapeysu. Það er ekki lítið atriði að hesturinn og hundurinn, sem hafa fylgt Íslendingum í 1100 ár, njóta þeirrar hrifningar að broddborgarar úti í löndum líta á það sem stöðutákn að ríða á glæstum íslenskum gæðingi, þeim fylgi íslenskur hundur og í ofanálag klæðast þeir lopapeysunni okkar.

Það er hugsanlegt að með auknu ræktunarstarfi kunni þessar tvær búgreinar, hundarækt in og hestarækt in eða íslenski hundurinn og hesturinn, að styrkja hvor aðra hvað markaðsvöru varðar ef við stöndum okkur vel hér heima í að efla hundaræktina. Því að sannleikurinn er sá með íslenska hestinn að þar höfum við dugað vel. Þar er ræktunarstarfið í góðum farvegi og hesturinn er sterkur í landinu. Enn fremur yrði íslenski fjárhundurinn, ef vel tekst til með markvissu átaki sem yrði stjórnað af okkar besta ræktunarfólki og sérfræðingum, enn betri auglýsing á erlendum vettvangi og mundi skapa gjaldeyristekjur hér heima. Þeir sem halda hunda, eins og ég sagði, eru oftar en ekki efnafólk þannig að allur kostnaður lagður í eflingu stofnsins mundi skila sér til baka.

Við getum þess hér að Hundaræktarfélagið átti 20 ára starfsafmæli 4. sept. sl. Í tilefni af því gáfu hundaræktarfélögin annars staðar á Norðurlöndum félaginu peningagjöf sem skal varið til að gera myndband um íslenska hundinn. Það ber að sama brunni að hugsjónafólkið sem er að reyna að vernda íslenska hundastofninn fær oftast styrk og aðstoð frá áhugafólki erlendis meðan íslenskir aðilar láta sér fátt um finnast. Mér er sagt t.d. að íslenski fjárhundurinn sé eina hundakynið í heiminum sem hafi hringaða rófu og að því leyti hefur hann vakið virkilega athygli víða. Það eru mörg sérkenni við hann, bæði í útliti og ekki síður hversu djúpvitur hann reynist ef rétt er með hann farið í uppeldinu.

Með þessari tillögu höfum við látið fylgja ágrip af sögu íslenska fjárhundsins til upplýsingar. Hygg ég að ef þingmenn lesa þetta ágrip verði þeir kannski dálítið undrandi á ýmsu sem þar kemur fram. Þar segir t.d.: „Á miðöldum voru íslenskir hundar orðnir nokkuð vinsæl útflutningsvara frá Íslandi, sérstaklega til Bretlands, og voru þeir vinsælir sem heimilishundar hjá fyrirfólki.“ Við komum inn á það að þeir sem skrifuðu ferðabækur minntust gjarnan á íslenska hundinn, útlit hans og sérkenni og hversu mikilvægur hann var baráttunni í landinu, hversu tryggur félagi hann var þjóð sinni. Það er getið um hann í hverri einustu ferðabók sem hér er skrifuð og hundurinn vakti verulega athygli ýmissa þeirra ferðamanna sem hingað komu í gegnum aldirnar. Fyrir góða hunda mátti áður fyrr fá gott hestverð. Nú kann það að vera í uppsiglingu á nýjan leik ef vel tekst til, að menn geti fengið fyrir góðan hund hestverð. Ég veit ekki hvað hestverð er en ekki kæmi mér á óvart að góðir hestar færu á nokkur hundruð þús. kr.

Síðan rekjum við það hvernig þetta hefur þróast. Hér herjuðu pestir o.s.frv. og sullaveiki sem leiddi e.t.v. til þess að farið var að fækka hundum.

Ég veit ekki hvort ég á að hafa öllu fleiri orð um þessa þáltill. Mér finnst hún segja það sem við erum að hugsa, að menn þurfa að snúa vörn í sókn. Ég er sannfærður um að það er hægt að fara margar leiðir til að styrkja og efla ræktun íslenska fjárhundsins. Það er hægt að fá marga til liðs við sig. Við bendum hér á deildina í Hundaræktarfélaginu. Ég er sannfærður um að það á að leita til Búnaðarfélags Íslands í málinu og enn fremur held ég að það sé mjög mikilvægt að virkja einmitt bændur, stofna stofnræktarbú o.s.frv. þannig að mér finnst leiðirnar margar.

Ég orðlengi þetta þá ekki frekar, hæstv. forseti, en að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög þessari tillögu og að það skuli vera áhugi fyrir því að varðveita íslenskan hundastofn. Og sérstaklega fagna ég því að það skuli koma frá alþingismanni fyrir dreifbýlið, fyrir sveitahérað því að mér hefur einhvern veginn fundist að þessi elsti landnemi og elsti bandamaður mannkynsins á Íslandi hafi einkum átt undir högg að sækja á meðal þeirra sem búa utan við þéttbýlið.

Hundurinn hefur í rauninni verið eini íbúi landsins

sem hefur haldið tryggð við mannskepnuna frá því að við námum þetta land. Hundurinn hefur verið hennar tryggi bandamaður, hann hefur verið hennar vinnudýr og félagi. Því miður er hundurinn fyrst og fremst metinn í því ljósi í dag hvað hann getur lagt mikið af mörkum í sveitum við að elta búsmala eða sem björgunarhundur, leitarhundur og eitthvað slíkt. En oftast gleymist þessi þýðingarmikli þáttur sem er félagsskapurinn, hversu mikill félagi hundurinn er fólki, sérstaklega í borgum. Hér í Reykjavík hefur hundurinn átt undir högg að sækja áratugum saman. Hundahald var bannað. (**Gripið fram í:** Fjandsamleg borgarstjórn.) Fjandsamleg borgarstjórn. En í dag er það þó leyft með ákveðnum reglum sem hafa mælst mjög vel fyrir. Og það er fyrir hönd þeirra hunda sem leggja ekkert af mörkum til þjóðfélagsins, hvorki að elta búsmala um fjöll eða leita uppi týnt fólk eða þefa af hassi í farangri, það er fyrir hönd þeirra hunda sem ég kem hér upp. Vegna þess að það eru þeir hundar sem veita fólki ekkert annað en ánægju bara með því að vera til. Þess vegna fagna ég mjög að það skuli koma frumkvæði utan af landi um að viðhalda og rækta íslenska hundastofninn.

Í því sambandi er ekki hægt annað en minnast Mark Watson, þess merka Íslandsvinar sem gaf okkur ekki bara hinar frægu Collingwood-myndir, lagði stórfé til þess að endurreisa byggðasafnið að Glaumbæ í Skagafirði, heldur gaf okkur líka eitt stykki dýraspítala vegna þess að Mark Watson hugsaði með sér: Íslendingar geta aldrei tekið hundinn í sátt, þeir geta ekki leyft hundahald fyrr en þeir búa svo vel að hundinum að það sé a.m.k. hægt að lækna hann eins og aðra þegna landsins, því smádýralækningar hafa mjög átt undir högg að sækja vegna þess að smádýr og gæludýr hafa aldrei gefið af sér pening. Þau eru bara til ánægju fyrir fólkið. Þess vegna fagna ég þessu máli mjög og tek undir það með hv. flm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 421. mál. — Þskj. 733.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Það er ekki laust við að ég finni til innilokunarkenndar með svo marga þingmenn í salnum, en ég tala hér fyrir till. til þál. um fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagafrumvarp um fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll undir vörugeymslur og fríiðnað. Frumvarpið skal lagt fram á Alþingi við upphaf þings haustið 1990."

Fríhafnarsvæði á Íslandi er gamall draumur. Honum hefur áður verið hreyft hér á Alþingi, þáltill. hefur verið samþykkt. Könnun hefur hins vegar farið fram á vegum forsrh. sem bar ekki þann árangur sem skyldi því að það var ekki talið æskilegt, a.m.k. á því stigi, að ráðast í þessar framkvæmdir, enda voru þær þá hugsaðar sem framkvæmdir á vegum ríkisins.

Sú tillaga sem hér er lögð fram gerir hins vegar ráð fyrir því að fríhafnarrekstur verði í höndum einstaklinga og það eina sem ríkið gerir er að leggja fram lóðir á Keflavíkurflugvelli undir þennan rekstur. Ég vil leyfa mér að lesa hér úr grg.:

„Íslenska kaupsýslumenn hefur löngum dreymt um fríhafnarsvæði á Íslandi:

a. Til að geta flutt vörur á milli annarra viðskiptalanda með viðkomu hér á landi til umskipunar. Þannig yrði mögulegt fyrir íslenska innflytjendur að selja vörur frá t.d. Bandaríkjunum í löndum Evrópu eða öfugt og eiga birgðir af vörum jafnan til á Íslandi. Þessi hugmynd hefur oft verið kölluð vöruhótel og lýsir það nafn starfseminni betur en mörg orð.

b. Til að framleiða eða fullvinna vörur hér á landi úr hráefni eða hlutum frá einu landi til þess að selja í öðru. Þannig gætu íslenskir iðnrekendur keypt t.d. ýmsan búnað frá Austurlöndum fjær og sett saman á Þýskalandi og selt á markaði í Evrópu eða Bandaríkjunum.

c. Aðrar fríhafnir. Má þar nefna bæði tollvörugeymslur og vöruafgreiðslur skipa- og flugfélaga. Umskipunarhafnir fyrir vörur erlendra fyrirtækja á leið milli landa."

Kjarninn í þessu máli er sá að vörurnar yrðu geymdar eða unnar á Íslandi á sérstöku fríhafnarsvæði og kæmu aldrei inn í íslenskt efnahagslíf. Áfangastaður þessarar vöru er í öðrum löndum og því yrðu ekki innheimt nein gjöld af þeim í íslenskri efnahagslögsögu á sama hátt og gjöld eru innheimt af þeim vörum sem keyptar eru til notkunar og neyslu á Íslandi.

Eins og ég sagði áðan eru þessar fríhafnir ekki hugsaðar sem opinber rekstur á neinn hátt. Hlutverk ríkisins er aðeins að heimila þennan rekstur með lögum og greina hann frá öðrum rekstri í landinu sem ekki nýtur sömu kjara og fríhafnir koma til með að gera.

Ég hirði ekki um, virðulegi forseti, að lesa mikið úr grg. en vil þó drepa niður á nokkrum stöðum og ég legg til að í fyrsta stað verði Keflavíkurflugvöllur fyrir valinu. Þó að margir staðir á Íslandi séu vel til þess fallnir að hafa þar fríhafnir, ekki síður í Reykjavík, þá er Keflavík það vel í sveit sett, nálægt helsta athafnasvæði landsins hér á Reykjanesi og á Suðvesturlandi. Keflavík er alþjóðleg flughöfn. Það hefur geysilega mikil flugumferð verið um völlinn sem er snar þáttur í rekstri á borð við fríhafnir.

Ísland liggur það vel við alþjóðlegri flugumferð að möguleikarnir eiga að vera miklir og eru þegar orðnir því að umferð um völlinn samkvæmt fylgiskjölum sem hér eru lögð fram er gífurlega mikil. Vil ég í því sambandi lesa upp frá árinu 1989. Þá lenda flugvélar

5708 sinnum á Keflavíkurflugvelli. Farþegar eru samtals 658.096. Vörur í tonnum eru samtals 25.173 og póstur er 1.874 tonn. Þetta er mikil umferð og hún er í rauninni grunnur undir það að hægt sé að reka á Keflavíkurflugvelli fríhöfn í þeim dúr sem hér er rætt um.

Flugvallaryfirvöld hafa skipulagt sérstakt svæði á flugvellinum undir fríhöfn í nágrenni við flugstöðina þannig að ekki yrði flutningskostnaður innan lands til og frá flughafnarsvæði. Á sama hátt er verið að vinna að ýmsum öðrum endurbótum á flugvellinum eins og að koma upp stóru, nýju flugplani, birgðastöð fyrir olíufélögin og fleira sem getur þjónað aukinni flugumferð og starfsemi af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hafa þessi mál áður verið rædd á Alþingi. M.a. hefur hv. alþm. Karl Steinar Guðnason beitt sér mjög fyrir þessu máli. Hann lagði fram þáltill. sem var samþykkt 22. maí 1984 og hann hefur ítrekað spurst fyrir um hvað liði framkvæmd þál. en ekkert hefur enn þá gerst. Forsrh. lagði fram skýrslu um fríiðnaðarsvæði á Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–1987. Niðurstöðurnar voru þær í stórum dráttum að stofna ætti hlutafélag um rekstur iðngarða með tollvörugeymslu rétt hjá sérstöku svæði við Keflavíkurflugvöll. Þetta félag mundi byrja á því að undirbúa lóðir fyrir byggingar og kynna hugmyndir innan lands og utan. Ekki veit ég til að þetta hafi verið gert, hins vegar eins og ég sagði áðan er málið komið það langt að sjálf flugvallaryfirvöldin á Keflavíkurflugvelli hafa þegar búið heilmikið landsvæði undir að taka á móti fríhafnarrekstri. M.a. eru þar tilbúnar allar lagnir og í rauninni ekkert því til fyrirstöðu að úthluta lóðum fyrir þá sem vilja reka starfsemi af þessu tagi. Í niðurstöðum úr skýrslu forsrh. segir m.a.:

„Iðnaður hefur þróast nokkuð hér á landi á síðustu árum og fjölbreytni í útflutningi aukist talsvert. Jafnframt hefur þýðing þjónustu farið vaxandi í útflutningi. Er þjónusta við varnarliðið og ferðamenn líklega orðin önnur mesta gjaldeyrisuppspretta þjóðarbúsins. Þótt vafalítið megi vinna meira úr sjávarafurðum okkar og auka ferðamannaþjónustu er nauðsynlegt að reyna nýjar leiðir og koma upp fleiri útflutningsgreinum sem búa við trausta markaði og jafnan vöxt. Slíkt verður best gert með því að styðja við bakið á nýjum útflutningsfyrirtækjum, auka tengslin við mikilvægustu markaðssvæði okkar og fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta hér mun meira en verið hefur. Jafnframt er tímabært að gera átak í atvinnulífi á Suðurnesjum. Stofnun fríhafnarsvæðis sem miðast við sérstakar aðstæður hér er athyglisverð leið að þessu marki."

Undir þetta tek ég. Okkar atvinnulíf er því miður allt of einhæft. Við þurfum að skjóta undir það fleiri stoðum og þessi rekstur gæti tvímælalaust eflt atvinnulífið ekki bara á Suðurnesjum heldur um allt land. Þess vegna hef ég lagt fram þessa tillögu vegna þess að aðstæður hafa nokkuð breyst frá því að skýrslan kom út bæði vegna þess að viðskipti út um allan heim eru stöðugt að aukast á fríhafnarsvæðum. Þeim fjölgar. Nútíminn er að ganga í garð. Fríhafnir eru hluti af þeirri þróun og flugvallaryfirvöld á Keflavíkurflugvelli hafa búið sig undir að taka á móti rekstri af þessu tagi.

Að svo mæltu, forseti, mæli ég með því að þessi tillaga fari til seinni umræðu og hv. atvmn.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er rætt er gott mál eins og þar segir. Það hefur reyndar verið til umfjöllunar á Alþingi og flutti ég tillögu á fimm þingum um að gerð yrði könnun um hagkvæmni fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar, t.d. í Straumsvík. Þó er grg. og annað miðað sérstaklega við Keflavíkurflugvöll eins og reyndar er gert í þessari tillögu einnig. Eftir að tillagan hafði verið samþykkt spurðist ég fyrir um hvað málinu liði á þinginu 1984–1985 og síðan kom skýrslan sem Byggðastofnun hafði gert árið 1987.

Í skýrslunni er fjallað um fríiðnaðarsvæði almennt og bent á það hvernig þetta hefur reynst annars staðar. Það kemur reyndar fram að víðast hvar hefur þetta fyrirkomulag reynst mjög vel og varð til þess á þeim stöðum að fjölga mjög störfum og auka tækniþekkingu og efla viðskipti.

Í grg. þeirri sem ég flutti á sínum tíma sótti ég heimildir aðallega til Shannon á Írlandi en þar var alvarlegt atvinnuleysi áður fyrr. Reyndar er þar enn atvinnuleysi en svo vel tókst til um fríiðnaðarsvæðið þar að þau störf sem unnin voru innan marka fríiðnaðarsvæðisins urðu með betur launuðum störfum þar í landi þrátt fyrir spár um annað. Hitt er annað mál að írska ríkið þurfti að láta þeim fyrirtækjum sem þarna settu sig niður margvísleg fríðindi í té en Írar töldu að það hefði komið margfalt til baka í aukinni atvinnu og auknu umfangi verslunar á svæðinu.

Síðan þessi athugun var gerð hefur vissulega ýmislegt breyst í heiminum og þá sérstaklega hvað varðar viðskipti. Þá var ekki svo mjög farið að tala um tollabandalögin sem við erum á kafi í að tala um núna og samkeppni á fríiðnaðarsvæði og samkeppni milli þessara svæða hefur orðið öllu grimmari en áður var. Ég bendi á að til eru lóðir fyrir slíka starfsemi. Þær hafa verið skipulagðar í nágrenni við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sé ég ekki annað en hægt væri að sækja um slíkar lóðir strax í dag, en það vanti frumkvæði einstaklinga eða fyrirtækja er sýni þessu máli áhuga.

Það hefur valdið mér vonbrigðum hve lítinn áhuga íslensk fyrirtæki hafa sýnt þessum málum. Ég tel að hér sé gott mál á ferðinni og sjálfsagt að athuga það vandlega, en það er spurning hvort það er rétt að gera lagafrv. um þessa þætti fyrr en fyrirtæki hér innan lands sýna þessu áhuga. Ég held að frumkvæðið verði að koma þaðan og síðan verði það mótað með hvaða skilyrðum slík fyrirtæki komi til með að starfa. Ég tel að það sé alveg ljóst að eigi af þessu að verða þurfi að veita ákveðin fríðindi sem ekki eru veitt annars staðar og þarf að taka þar til hver þau eigi að vera og hafa nokkra samvinnu við þá sem hugsanlega vildu standa að þessu.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál nú en bendi enn á ný á það að hér er gott mál á ferðinni sem er ástæða til að skoða en ég tel nauðsynlegt að frumkvæði einstaklinga komi til svo að hægt sé í góðri samvinnu við þá að móta það hvernig að þessum málum yrði staðið. Hvort tímabært er að semja frv. um það fyrr læt ég ósagt en tel þó eðlilegt að frumkvæðið verði að koma fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

EFRI DEILD

78. fundur, þriðjudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Flutningur Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 497. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 627, n. 910, brtt. 911.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar frá allshn. Eins og að undanförnu var sá háttur hafður á við nefndarstarfið að formenn allsherjarnefnda beggja deilda ásamt starfsmanni nefndanna fóru yfir frv. og þær umsóknir sem nefndinni bárust til viðbótar þeim sem í frv. eru.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nál. 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, eru nú hafðar til hliðsjónar. Þær reglur voru síðast birtar í nál. 2. maí 1978, þskj. 830. Jafnframt hafa formenn nefndanna og síðan allshn. Ed. lagt til að sérstök regla verði tekin upp varðandi fólk í óvígðri sambúð þar sem umsóknum einstaklinga, sem búa í óvígðri sambúð, hefur fjölgað á undanförnum árum. Reglan er byggð upp á sama grunni og hjúskaparreglan, þ.e. að samkvæmt mati því sem miðað er við hjá Tryggingastofnun ríkisins og fjmrn. er það sama réttarstaða og hjá hjónum ef sambúðarfólk hefur búið saman í tvö ár. En síðan er krafist þriggja ára búsetu fyrir hjón hér á landi þar sem annað hjóna er íslenskur ríkisborgari. Það er því metið sem sama réttarstaða og hjá hjónum ef fólk hefur búið saman í fimm ár og átt hér lögheimili í þrjú ár a.m.k. Þá telur nefndin rétt að kyngreina ekki í sérreglu um íslenskan ríkisborgara sem missir íslenska ríkisfangið við hjúskap en snýr heim eftir að hjúskap hefur verið slitið. Reglurnar eru birtar þannig breyttar í nál.

Nefndin leggur til að við frv. verði bætt nöfnum 33 einstaklinga sem hún mælir með að hljóti íslenskan ríkisborgararétt að þessu sinni. Eftir þá breytingu, ef samþykkt verður, verða það því alls 43 einstaklingar. Að nál. og brtt. standa allir nefndarmenn í allshn. Ed. og leggja til að frv. verði samþykkt svo breytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 911 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357, n. 914.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. frá allshn. Þessu frv. er einkum ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18 22. mars 1949. Viðfangsefni frv. líkt og núgildandi laga er fyrst og fremst að kveða á um heimildir til bráðabirgðaverndar réttinda sem ekki verður þegar fullnægt með aðför með því að tryggja að óbreytt ástand vari meðan aflað er úrlausnar dómstóla um þau.

Frv. þetta er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði. Er það sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, og að þeim forsendum sem gengið var út frá í samningu frv. að þeim lögum og nánar er lýst í athugasemdum með því.

Hæstv. dómsmrh. gerði ítarlega grein fyrir innihaldi frv. að öðru leyti við 1. umr. málsins og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér nú. Við meðferð málsins í Nd. hafði verið leitað umsagna um frv. frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands og gerðu þessi félög engar athugasemdir við frv. en félagsmenn þeirra eru þeir sem fyrst og fremst fjalla um þau málefni sem frv. kveður á um. Einnig var rætt við Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem átti stærstan þátt í samningu þess.

Með tilliti til þessara umsagna og hinnar ítarlegu meðferðar sem þetta mál hefur fengið og þar sem engar athugasemdir hafa komið fram leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir það nál. skrifa allir nefndarmenn allshn. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
5.–22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24.–32. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
33.–35. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
36.–41. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
42.–43. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
44.–52. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 896.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um meðferð opinberra mála sem flutt er á þskj. 896, en frv. fjallar um réttarreglur í refsimálum. Endurskoðun þessara laga er liður í þeirri heildarendurskoðun á dómsmálakerfi landsins og réttarfarsreglum sem grundvöllur hefur verið lagður að með lögunum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1989, og kemur til framkvæmda 1. júlí 1992. Frv. er ætlað að koma í stað laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en þau lög eru að stofni til lög nr. 27 1951, sem sætt hafa nokkrum breytingum og þrívegis verið gefin út sem ný lög, síðast 1974.

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 gilti hér á landi í öllum meginatriðum svokallað rannsóknarréttarfar. Megineinkenni þess er að ekki er greint svo skýrt sé á milli ákæruvalds og dómsvalds. Með lögunum nr. 27 1951 voru gerðar allveigamiklar breytingar á réttarfari í opinberum málum, m.a. dregið úr ákæruvaldi dómara og ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmrh. auk ýmissa annarra réttarbóta.

Með lögunum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins. Eftir sem áður var ekki skilið að fullu milli ákæruvalds og dómsvalds þar sem dómarar, sem höfðu stjórn lögreglu með höndum, létu hefja rannsókn af sjálfsdáðum. Í flestum málum var enginn til þess að flytja málið af hálfu ákæruvaldsins heldur ákváðu dómarar sjálfir hvaða gögn yrðu færð fram í máli og önnuðust öflun þeirra.

Með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt lögum nr. 108/1976 fékkst veruleg réttarbót og var með því stigið skref í átt að svokölluðu ákæruréttarfari. Þrátt fyrir þessa breytingu stóðu eftir leifar hins gamla rannsóknarréttarfars, einkum utan Reykjavíkur þar sem dómari fór jafnframt með stjórn lögreglu. Á vegum réttarfarsnefndar hófst á árinu 1979 vinna að nýjum reglum um meðferð refsimála og voru fyrstu drög að frv. þegar tilbúin á því ári. Í þeim var að sjálfsögðu miðað við núgildandi dómaskipan. Á næstu árum var nokkuð unnið að því að fullgera drög þessi en ekki kom þó til þess að frv. yrði lagt fyrir Alþingi. Eftir að sú stefna var tekin að gerbreyta dómaskipan í landinu var á ný tekið til við að vinna að nýju frv. til laga um meðferð opinberra mála sem væri í samræmi við hina nýju skipan og er árangur þess starfs frv. það sem hér er nú mælt fyrir.

Í frv. er að finna margvíslegar breytingar á gildandi lögum um meðferð opinberra mála. Veigamestu breytingarnar eru þó þessar:

1. Skilið er að fullu mili ákæruvalds og dómsvalds.

2. Reglum um ákæruvald er breytt. Lögreglustjórum er veitt heimild til höfðunar máls í smærri málum. Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknari geti falið lögreglustjóra ríkisins að annast flutning mála er hann hefur höfðað. Áfram er ríkissaksóknari þó æðsti handhafi ákæruvaldsins.

3. Rýmkuð er heimild lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sátt þar sem játning sakbornings liggur fyrir.

4. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi er breytt að ýmsu leyti. Gert er ráð fyrir að fulltrúi ákæruvalds mæti í dómi nær undantekningarlaust. Málsmeðferð yrði meira í höndum ákæruvalds og verjanda sakbornings og dómari yrði hlutlausari í meðferð málsins. Tekin er upp svokölluð aðalmeðferð máls líkt og í einkamálum, þ.e. að lokinni gagnaöflun komi vitni fyrir í einu þinghaldi og málflutningur fari fram í beinu framhaldi.

5. Reglur um réttarstöðu sakbornings og um vörn hans og um þvingunarúrræði undir rannsókn máls eru gerð skýrari.

6. Reglum um málskot til Hæstaréttar er breytt, bæði um kæru og áfrýjun.

Verður nú gerð nánari grein fyrir efni frv., niðurröðun efnis og kaflaskiptingu og vakin athygli á helstu nýmælum.

Í I. kafla er greint frá því til hvaða mála lögin taka. Í fyrsta lagi taka þau til eiginlegra opinberra mála, þ.e. mála sem höfðuð eru til þess að koma fram refsingu á hendur manni fyrir afbrot, svo og mála til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum þótt ekki sé krafist refsingar. Í 2. gr. eru auk þess taldir upp nokkrir málaflokkar sem rétt þykir að fari eftir reglum laganna eftir því sem við á þótt ekki sé um eiginleg opinber mál að ræða.

II. kafli frv. fjallar um dómendur í héraði. Er efni hans í samræmi við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

III. kafli fjallar um þinghöld, birtingar o.fl. Engar verulegar breytingar eru gerðar á umræddum atriðum frá gildandi lögum. Nefna má þó að hér er gert ráð fyrir að dómstólar nýti sér ýmsa tækni, tölvur o.fl. Gert er ráð fyrir að skráning mála verði færð í tölvu

sem auðveldar að fá ýmsar tölfræðilegar upplýsingar, svo og eykur möguleika á betra eftirliti. Einnig er gert ráð fyrir að nota tölvu að einhverju leyti í stað þingbóka er leiða ætti til hagræðis.

IV. kafli fjallar um varnarþing. Hér er fjallað um það hvar opinbert mál skuli höfðað. Höfða má mál þar sem brot er framið, á brotavarnarþingi. Ef hentugra þykir er þó heimilt að höfða mál á varnarþingi þar sem brotamaður er búsettur eða þar sem hann dvelur, þ.e. heimilis- eða dvalarvarnarþingi.

Í V. kafla frv. er fjallað um ákæruvaldið. Hér er um nokkrar veigamiklar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála fer ríkissaksóknari fyrst og fremst með ákæruvaldið. Hann gefur út ákæru. Það sérkenni hefur verið á skipan ákæruvalds hér á landi að saksóknarar hafa eigi haft afskipti af rekstri opinberra mála í héraði nema í viðameiri málum. Hefur héraðsdómari átt að gæta hagsmuna ákæruvaldsins, m.a. með því að taka ákvörðun um hvaða gögn skuli færð fram o.s.frv. Þessi skipan hefur og tengst því að saksóknarar hafa aðeins setið í Reykjavík og því ekki viðkomið nema í hinum stærstu málum að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds. Í þeim réttarfarsbreytingum sem í lögum nr. 92/1989 felast er m.a. stefnt að því að dómarar fari alls ekki með ákæruvald og að ákærandi fylgi ákæru sinni eftir við meðferð málsins. Sú breyting er lögð til að lögreglustjórum er falið ákæruvald hverjum í sínu umdæmi. Málshöfðunarvald þeirra er takmarkað við mál út af brotum gegn umferðarlögum og áfengislögum, svo og brotum gegn öðrum lögum nema almennum hegningarlögum þar sem eigi er lögð þyngri refsing við broti en sektir eða varðhald.

Af þeim málum sem hér koma til greina skipta umferðarlagabrot mestu máli, þar á meðal ölvunarakstur, en slík mál eru mjög verulegur hluti þeirra opinberu mála sem koma til kasta dómstóla. Mál þau sem lögreglustjórar höfða eiga þeir sjálfir að flytja í héraði. Ríkissaksóknari getur einnig falið þeim flutning annarra mála í héraði. Heimildar þessarar mundi sjálfsagt einkum verða neytt í umdæmum sem liggja fjarri Reykjavík. Um framkvæmd ákæruvalds getur ríkissaksóknari sett almennar reglur en einnig gefið fyrirmæli um einstök mál eða tekið mál sjálfur í sínar hendur. Ríkissaksóknari er eftir sem áður æðsti handhafi ákæruvalds en honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, saksóknarar og fulltrúar á sama hátt og nú tíðkast. Dómsmrh. hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýringa eða skýrslna um einstök mál en hann getur ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um einstök mál.

Það nýmæli er sett í 2. mgr. 26. gr. að þyki ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæð eða löglaus getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og mál höfðað. Þessi heimild nær hins vegar ekki til þess að fella úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara um að mál skuli höfðað.

Í VI. kafla er fjallað um sakborning og verjanda. Í kafla þessum er leitast við að safna á einn stað almennum reglum um sakborning og réttarstöðu hans, þar á meðal rétt hans til málsvara. Að ýmsu leyti er hér um ítarlegri reglur að ræða en eru samkvæmt gildandi lögum, einkum er varðar réttarstöðu sakbornings. Um málsvara sakbornings eru reglur í 34.–44. gr. Er hér greint á milli verjanda sem dómari skipar, réttargæslumanns handtekins manns sem saksóknari tilnefnir og talsmanns sem sakborningur ræður á eigin kostnað. Í 41. gr. frv. segir svo um hlutverk verjanda að það sé að færa fram í máli hvað það sem verða megi sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

VII. kafli fjallar um sönnun og er hann í samræmi við XIII. kafla núgildandi laga. Koma hér fram grundvallarreglurnar um að sönnunarbyrðin hvílir á ákæruvaldinu og um frjálst mat sönnunargagna.

VIII. kafli fjallar um vitni, mat og skoðun. Kafli þessi svarar til XII. kafla gildandi laga. Nefna má að sú breyting er lögð til að eið- og heitfestingar skuli ekki fara fram nema í undantekningartilvikum.

Í IX. kafla er að finna almennar reglur um rannsókn máls. Með rannsókn er hér átt við þær aðgerðir sem miða að því að gera ákæranda fært að ákveða hvort mál skuli höfðað og að því að afla nauðsynlegra gagna til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi. Gert er ráð fyrir að rannsókn verði að öllu leyti í höndum lögreglu og ákæruvalds en dómsrannsóknir samkvæmt gildandi lögum verði lagðar niður. Þótt rannsókn að þessu leyti verði ekki í höndum dómara framvegis er þó nauðsynlegt að atbeini dómara komi til í vissum tilvikum. Koma hér fyrst og fremst til greina fyrirmæli um að tilteknar aðgerðir megi ekki fara fram nema samkvæmt dómsúrskurði, t.d. leit og gæsluvarðhald. Í undantekningartilvikum geta yfirheyrslur fyrir dómi á rannsóknarstigi verið nauðsynlegar eða heppilegar, sbr. 74. gr.

Leitast er við að setja nokkru skýrari ákvæði um rannsókn á geðhögum sakbornings. Er gert ráð fyrir að gagnger geðheilbrigðisrannsókn verði því aðeins látin fara fram að sérstakur grunur leiki á því að sakborningur sé ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga, eða að svo standi á sem 16. gr. sömu laga segir. Geðheilbrigðisrannsóknir hafa hingað til verið tíðkaðar í miklu fleiri tilvikum og verður að telja æskilegt að dregið verði úr þeim. Gert er ráð fyrir að þegar ástæða er til fari fram einföld athugun læknis eða sálfræðings á sakborningi og ætti þá í flestum tilfellum að vera hægt að gera sér ljóst hvort þörf er á eiginlegri geðrannsókn.

X. kafli fjallar um hald á munum og fleira. Ekki verða raktar hér í einstökum atriðum breytingar sem felast í ákvæðum þessa kafla. Aðeins skal þó bent á ákvæði 86. gr. um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir. Umrædd ákvæði eru að verulegu leyti sniðin eftir 71. kafla dönsku réttarfarslaganna.

XI. kafli fjallar um leit. Kafli þessi kemur í stað VII. kafla núgildandi laga en ekki er um verulegar efnisbreytingar frá ákvæðum þess kafla að ræða.

XII. kafli fjallar um handtöku. Reglur núgildandi laga eru miðaðar við það að dómarar fari með

rannsókn mála. Í frv. eru því gerðar ýmsar breytingar á reglum um handtöku í samræmi við það að dómarar eigi ekki að stýra rannsókn heldur lögregla og ákærendur.

XIII. kafli fjallar um gæsluvarðhald. Reglur um þetta efni eru að verulegu leyti í samræmi við VIII. kafla gildandi laga um meðferð opinberra mála. Að ýmsu leyti er þó hér um skýrari reglur að ræða. Reglur 108. gr. frv. um framkvæmd gæsluvarðhalds koma í stað 70. gr. núgildandi laga og eru töluvert breyttar. Ekki er gert ráð fyrir að gæslufangar séu hafðir í einrúmi nema þegar rannsóknanauðsynjar krefjast. Þá eru reglur skýrari um rétt til þess að fá heimsóknir, til þess að taka við bréfum og skjölum og hafa aðgang að fjölmiðlum. Einungis má takmarka þessi réttindi ef nauðsyn er vegna rannsóknarinnar og er það sá sem rannsókn stýrir sem slíkar takmarkanir setur en ekki dómari eins og gert er ráð fyrir í 70. gr. núgildandi laga, enda stýra dómarar ekki lengur rannsókn. 109. gr. kemur í stað 71. gr. núgildandi laga um tryggingu í stað gæsluvarðhalds. 110. gr. mælir fyrir um ferðabann sem dómari getur lagt á sakborning, sbr. upphafsákvæði 72. gr. núgildandi laga. Enn fremur um vistun sakbornings á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun ef heilsu eða högum sakbornings er svo háttað að gæsluvarðhaldi verði ekki við komið.

Í XIV. kafla ræðir um saksókn og undirbúning málsmeðferðar þegar mál er höfðað með ákæru en einnig um það hvernig máli verði lokið án málshöfðunar. Rýmkaðar eru heimildir lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sektarákvörðun. Nær heimild lögreglustjóra til sektarákvörðunar, fallist sakborningur á það, vegna brota er lögreglustjóri fer með ákæruvald í og ef viðurlög við broti fara ekki fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmrh. ákveður nánar í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Þessi rýmkun ætti að geta orðið til þess að álag á dómstóla léttist töluvert. Í 3. mgr. 115. gr. frv. er það nýmæli að lögreglustjóri getur valið um það, ef sakborningur greiðir ekki sekt sem hann hefur undirgengist skriflega, að ákveða saksókn fyrir dómi eða þá að krefjast fullnustu sektarinnar með aðför. 116. gr. mælir fyrir um hina eiginlegu saksókn, þ.e. þegar ákæruvald leggur mál fyrir dóm til úrlausnar. Um form ákæru eru svipaðar reglur og ákvæði í 115. gr. núgildandi laga.

Í 120. gr. er það nýmæli að dómari ákveði fyrirtöku máls sem fyrir hann hefur verið lagt með útgáfu fyrirkalls. Fyrirkallið er yfirlýsing dómara um að málið verði tekið fyrir á tilteknum stað og tíma. Það kemur í stað áritunar þeirrar á ákæru sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 115. gr. núgildandi laga. Ef gallar eru á málatilbúnaði má dómari synja um útgáfu fyrirkalls skv. 3. mgr. 119. gr. Getur ákærandi þá bætt úr þeim ágöllum sem dómari telur vera á undirbúningi máls eða krafist úrskurðar dómara um synjunina en synjunarúrskurð gæti hann kært til æðra dóms skv. 142. gr. Dómarinn gefur út fyrirkall en lögreglustjóri sér um birtingu þess, sbr. 2. mgr. 120. gr. Gert er ráð fyrir að sakborningur beri fram ósk um verjanda við birtingu fyrirkalls ef því er að skipta. Þetta gæti leitt til hagræðingar og flýtisauka. Dómari skipar verjanda, sbr. 121. gr.

Í XV. kafla er að finna reglur um meðferð mála í héraði og er um veruleg nýmæli að ræða. Í 122. gr. frv. segir um upphaf málsmeðferðar. Í fyrsta þinghaldi er mál þingfest með framlagningu ákæru og annarra gagna. Mál má eigi taka fyrir nema fyrirkall hafi verið birt ákærða, en undantekning er þó gerð ef hann sækir þing. Skylt er að þing sé sótt af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 123. gr. Ef það er ekki gert mundi þingfesting að vísu fara fram, en máli yrði ekki lokið, heldur yrði að fresta því.

Í þessu fyrsta þinghaldi ber fyrst að athuga hvort fram kemur krafa um frávísun máls. Dómari getur einnig vísað máli frá af sjálfsdáðum. Ef til frávísunar kemur ber að ákveða hana með úrskurði en ekki dómi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Þá verður við þingfestingu gengið úr skugga um það hvort máli megi ljúka þá þegar skv. 124.–126. gr., en þær greinar geyma ákvæði um sérstaklega hraða meðferð.

Ef ákærði sækir þing og játar brot ótvírætt og brot varðar að mati dómara ekki þyngri refsingu en sekt má gefa sakborningi kost á að ljúka máli með því að hann skuldbindi sig skriflega til greiðslu sektar og ákveður dómari þá að ljúka máli með þeim hætti, sbr. 124. gr. frv. Úr kröfu um sviptingu ökuleyfis og um upptöku má leysa með sama hætti. Ákærandi getur þó synjað um slíka afgreiðslu og krafist þess að dómur gangi. Þessi ákvörðun dómara um viðurlög svarar til dómsátta samkvæmt núgildandi lögum. Er þetta fljótvirk leið til að fá niðurstöðu í minni háttar málum.

Ef ákærði sækir þing og játar brot skýlaust og hvorki dómari né aðilar telja þörf á sönnunarfærslu má dómari þegar leggja dóm á málið, enda liggi ekki í lögum þyngri refsing við broti en 8 ára fangelsi, sbr. 125. gr. frv. Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir að dómar verði mjög stuttir.

Í 126. gr. frv. er heimilað að dæma tiltekin mál að sakborningi fjarstöddum. Hér er í verulegum atriðum um nýmæli að ræða sem miðar að greiðari afgreiðslu einfaldari mála. Þessi heimild nær í fyrsta lagi til mála þar sem einungis kemur til greina að dæma á mann sekt, upptöku eigna eða réttindasviptingu og í öðru lagi mála þar sem ákærði hefur áður komið fyrir dóm og játað brot sitt þar skýlaust, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en 6 mánaða fangelsi. Í málum þeim sem lokið verður skv. 124.–126. gr. frv. er yfirleitt eigi skipaður verjandi nema ákærði óski þess. Hafi ákærði ekki verjanda né sjálfvalinn talsmann fer enginn lokamálflutningur fram. Ella á að gefa ákæranda og verjanda kost á því að tjá sig stuttlega um lagaatriði og viðurlög áður en málið er tekið til dóms. Ef refsihámark brots sem ákært er fyrir er hærra en 8 ára fangelsi, svo og ef ákærði neitar sök að einhverju leyti eða öllu, fer fram aðalflutningur máls. Aðalflutning máls mundi dómari einnig

endranær geta ákveðið, t.d. ef hann dregur í efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæm eða telur að sönnunarfærsla og málflutningur sé æskilegur.

Um aðalmeðferð máls eru fyrirmæli í 128.–130. gr. frv. Sé við útgáfu ákæru ljóst að um aðalmeðferð máls verði að ræða ber ákæranda að láta ákæru fylgja skrá yfir gögn sem fram verði færð af hálfu ákæruvalds. Við aðalmeðferð er ákærða skipaður verjandi, hvort sem hann óskar þess eða ekki, nema hann hafi sjálfur valið sér talsmann eða honum verði leyft að flytja mál sitt sjálfur. Ætlast er til þess að aðalmeðferð fari fram í einni lotu. Reglur um aðalmeðferð eru líkar reglum laga um meðferð einkamála í héraði um aðalmeðferð máls. Munnlegum málflutningi í lok aðalmeðferðar á að haga á sama hátt og nú, sbr. 2. mgr. 135. gr. núgildandi laga. Heimild til þess að flytja mál skriflega ef sérstaklega stendur á er á sama veg og er samkvæmt núgildandi lögum.

XVI. kafli fjallar um dómsúrlausnir héraðsdóms og kemur í stað XII. kafla gildandi laga. Í 134. gr. er fjallað um ákvörðun dómara og úrskurð. Úrskurðir eru studdir forsendum en ekki ákvarðanir. Í 135. gr. er fjallað um dóma. Í minni háttar málum þar sem játning liggur fyrir eða mál er dæmt að ákærða fjarstöddum er ætlast til að dómar séu mjög stuttir.

Í XVII. kafla er fjallað um kæru til æðra dóms. Reglur gildandi laga eru þar lítið eitt breyttar.

XVIII. kafli fjallar um áfrýjun. Nokkur nýmæli mætti þar nefna. Í fyrsta lagi er í 147. gr. gert ráð fyrir að máli verði áfrýjað með tvennu móti. Í fyrsta lagi má áfrýja máli í heild sinni um:

a. Sakarmat, þ.e. úrlausn á því hvort ákærði hefur gerst sekur um það athæfi sem honum er gefið að sök.

b. Færslu brota til refsiákvæða og um önnur lagaatriði.

c. Ákvörðun viðurlaga.

En einnig má áfrýja máli einungis um þau atriði sem greinir í b og c, þ.e. lagaatriði og viðurlög. Þegar um þessa takmörkuðu áfrýjun eina er að ræða er að því stefnt að málsmeðferð fyrir Hæstarétti geti orðið mun umfangsminni og fljótvirkari en ef máli er áfrýjað í heild sinni. Hvor aðila getur áfrýjað máli. Er hér raunar um orðalagsmun að ræða frá því sem nú er en nú áfrýjar ákæruvaldið máli í öllum tilvikum ýmist af sjálfsdáðum eða eftir kröfu ákærða. Eftir sem áður telst ákæruvaldið sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti og gefur út áfrýjunarstefnu, sbr. 155. og 156. gr. frv. Í 153. gr. er áfrýjunarfrestur ákveðinn fjórar vikur í stað tveggja vikna.

XIX. kafli fjallar um sakarkostnað. Felld eru niður ákvæði um að ferðakostnaður dómara, þóknun fyrir skjalaþýðingar og dómtúlkun og gæsluvarðhalds- og flutningskostnaður ákærða teljist til sakarkostnaðar.

XX. kafli fjallar um kröfur borgararéttarlegs eðlis. Þessi kafli er að verulegu leyti í samræmi við gildandi reglur.

XXI. kafli fjallar um bætur til handa sakborningi og XXII. kafli fjallar um endurupptöku. Athygli er vakin á 2. mgr. 185. gr. um að ríkissaksóknari geti óskað endurupptöku til hagsbóta fyrir dómfellda. Einnig má benda á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. en þar er um sérstaka endurupptökuheimild að ræða þegar mál hefur verið dæmt að sakborningi fjarstöddum.

XXIII. kafli fjallar að lokum um gildistöku og brottfallin lög. Gert er ráð fyrir að gildistaka frv. verði 1. júlí 1992 þegar aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds gengur í gildi.

Ég hef nú vikið að meginbreytingum er í frv. felast. Í stuttu máli felast þær í því að tryggja sem best réttaröryggi. Jafnframt lúta breytingarnar að auknu hagræði, m.a. með því að gera meðferð minni háttar mála einfaldari. Eðlilegt er að spurt sé hvort breytingarnar auki útgjöld ríkissjóðs. Í stuttu máli skal gerð grein fyrir því.

Málsmeðferð verður dýrari að því leyti að gert er ráð fyrir að ákæruvaldið mæti nær ætíð fyrir dómi í refsimálum. Þetta þýðir þörf fyrir aukinn mannafla einkum hjá ríkissaksóknara. Ef ríkissaksóknari nýtti sér heimild til þess að fela lögreglustjórum að fara með mál utan Reykjavíkur yrði viðbótarkostnaður minni. Nokkur atriði í frv. leiða til sparnaðar. Þau eru einkum þessi:

1. Aukin heimild lögreglustjóra til þess að ljúka máli með sektarákvörðun.

2. Ítarlegri ákvæði um kvaðningu ákærða fyrir dóm og heimild dómara til þess að ljúka máli þótt ákærði mæti ekki í dómi.

3. Gert er ráð fyrir styttri dómum í einfaldari málum.

4. Ákvæði um svokallaðan aðalflutning mála ætti að auka hagræði.

5. Nýjar kæruheimildir ættu að stuðla að fækkun kærumála.

6. Nýjar reglur um áfrýjun, þ.e. möguleiki á að áfrýja hluta máls (varðandi lagaatriði og viðurlög), ættu að leiða til sparnaðar.

Til viðbótar þessum atriðum mætti nefna að í ráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds sem verður 1. júlí 1992. M.a. er stefnt að því að taka tölvur í auknum mæli í notkun í þágu dómstóla sem ætti að leiða til skilvirkari vinnubragða, hagræðingar og jafnframt verksparnaðar. Það sem hér hefur verið talið upp og horfir til sparnaðar ætti að verulegu leyti að vega upp á móti auknum kostnaði vegna aukinna verkefna ákæruvaldsins.

Ég hef nú, hæstv. forseti, lokið að mæla fyrir frv. Það er ekki ætlan mín að leggja til að þetta viðamikla mál verði afgreitt á þessu þingi. Hins vegar vænti ég þess að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að segja nokkur orð um þetta viðamikla frv. við 1. umr. og þá sérstaklega vegna ákveðins erindis sem ég hef þegar gert ítarlegar fyrirspurnir um á þessu þingi.

Þannig er mál með vexti að skýrslu nauðgunarmálanefndar var skilað til dómsmrh. í október 1988

eins og komið hefur fram hér í umræðum áður. Í þeirri skýrslu voru tillögur til úrbóta. Þær voru í fjórum meginliðum. Fyrsti liðurinn varðaði breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, sem varðar sifskapar- eða skírlífisbrot, og lagt hefur verið fram frv. til breytinga á þeim lögum hér á þessu þingi sem er til umfjöllunar í allshn.

Annar liðurinn varðaði breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem þetta frv. fjallar einmitt um og er ítarleg og veruleg endurskoðun á þeim lögum. Ég vil lesa upp úr skýrslunni það sem varðar þennan lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur nauðsynlegt að lögum um meðferð opinberra mála verði breytt, og eru markmið lagabreytingar samkvæmt hugmyndum nefndarinnar einkum þessi: Að draga úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola og tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska. Að styrkja refsivörslukerfið í baráttunni við refsiverð brot. Tillögur nefndarinnar eru ekki í formi frumvarpstexta heldur settar þannig fram að unnt sé að taka afstöðu til meginstefnu þeirra og þess útgjaldaauka sem af þeim leiðir áður en gengið er frá frumvarpi. Tillögur nefndarinnar eru miðaðar við nauðgunarbrot og önnur þau kynferðisbrot sem falla undir verksvið nefndarinnar, en flest af því sem lagt er til á einnig við um önnur kynferðisbrot og sumt einnig um ofbeldisbrot almennt. Helstu tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála eru“ og síðan eru taldir upp fimm stafliðir sem ég hef reyndar nýlega gert fyrirspurn um ásamt þrem öðrum ítarlegum fyrirspurnum til hæstv. dómsmrh. og vil ég lesa þá upp:

„a. Að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur.“ Ég sé þess engin merki að tekið hafi verið tillit til þessa í því frv. sem hér liggur fyrir og verð ég að segja að ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með það.

„b. Að vikið verði frá frjálsu sönnunarmati varðandi fyrri kynferðishegðun brotaþola að fyrirmynd margra annarra ríkja, sbr. t.d. 2. mgr. 185. gr. dönsku réttarfarslaganna. Verður sönnunarfærsla um fyrri kynhegðun brotaþola þá yfirleitt útilokuð nema hún teljist hafa verulega þýðingu í máli sem til umfjöllunar er.“ Þessarar breytingar sér engan stað í því frv. sem hér er til umfjöllunar.

„c. Lagt er til að tilgreint verði tæmandi í lögum hvernig ákæruvaldið megi falla frá saksókn. Einnig verði sett ákvæði um rökstuðning fyrir niðurfellingu í meiri háttar málum og hverjum hún skuli kynnt.“ Til þessa atriðis eða þessa stafliðar hefur verið tekið tillit í 113. gr. að ég hygg og í 114. gr. Í 113. gr. er fjallað um hvernig falla megi frá saksókn. Þar er aftur orðalagi á ýmsan hátt vikið við miðað við það sem hér stendur og er talsvert þrengra og takmarkaðra en við lögðum til. Í 114. gr. er fjallað um rökstuðning þann sem saksóknara ber að gefa fyrir niðurfellingu máls og það er einnig þrengra en við lögðum til í c-liðnum. En þó verður að fagna því að þar hafi verið tekið tillit til þess sem við lögðum til. Ég les áfram:

„d. Þá leggur nefndin til að endurskoðuð verði gildandi lagaákvæði um meðferð mála fyrir dómstólum í því skyni að veita brotaþolum aukna vernd og stuðning.

1. Lagt er til að brotaþoli öðlist skýlausan rétt til að krefjast þess að með mál verði farið fyrir luktum dyrum.

2. Heimiluð verði skýrslutaka brotaþola án návistar hins brotlega.

3. Ákveðnar reglur verði settar um fortakslaust fréttabann á persónulegar upplýsingar um brotaþola nema knýjandi nauðsyn sé til þess að birta slíkar upplýsingar opinberlega.“

Í þessum lið sem er í þremur undirliðum hefur einungis verið tekið tillit til eins atriðis og það má finna í 6. lið 59. gr. á bls. 12 í frv. þar sem segir: „Dómari getur ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess.“

Að öðru leyti er ekkert tekið tillit til þessa stafliðs og þeirra tillagna sem þar koma fram.

Og í síðasta lagi er það e-liður þar sem nefndin telur nauðsynlegt að brotaþola, konu, verði tryggð greiðsla þeirra bóta sem dómstólar dæma henni með því að ríkissjóður greiði henni bæturnar og endurkrefji síðan dómþola.

Það er sem sagt tekið ákaflega lítið tillit til þeirra vel útfærðu og sanngjörnu tillagna til breytinga til þess að vernda brotaþola og draga úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola. Verð ég að telja að þarna hafi ekki verið brugðist við sem skyldi. Ég hlýt að krefja hæstv. dómsmrh. svara um það hvers vegna ekki er að finna fleiri af þeim breytingum sem lagðar voru til í þessu viðamikla frv. Og ég vil lýsa yfir óánægju með það að í þessu frv. skuli í raun enginn sérstakur kafli vera um brotaþola sem hlýtur þó að vera aðili að öllum þeim málum meira og minna sem hér er um að ræða.

Ég ætla ekki að orðlengja neitt frekar um þetta við 1. umr., ég heyri að ekki er ætlunin að þetta frv. eigi að fara í gegnum þingið nú, enda væri það óðs manns æði að ætla að fjalla um svo viðamikið frv. á jafnstuttum tíma og eftir er. Ég vil bara minna hæstv. dómsmrh. á hans eigin orð sem hann hafði þegar hann svaraði fsp. hér ekki alls fyrir löngu. Ég vil minna hann á tvær aðrar tillögur sem nefndin gerði sem varða neyðarmóttöku og námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu. Allt eru þetta brýnar tillögur en þær sem varða sérstaklega þetta frv. hef ég þegar lesið upp. Ég legg megináherslu á fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns og einnig að brotaþola verði tryggðar þær bætur sem henni eða honum eru dæmdar með því að ríkissjóður greiði bæturnar og endurkrefji síðan dómþola. Hinar breytingarnar eru líka mjög mikilvægar og ég get

ekki annað séð en það hljóti að verða tekið tillit til þeirra í umfjöllun nefndarinnar. En ég vil spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna er ekki að finna fleiri af tillögum nauðgunarmálanefndar í þessu viðamikla frv.?

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir það innlegg sem hún hefur lagt í þetta mál nú sem og fyrr og skal leitast við að svara þeirri fsp. sem hún beindi til mín.

Eins og okkur bæði rekur sjálfsagt minni til svaraði ég fsp. hennar einmitt um þau atriði sem hún taldi upp, tillögur nauðgunarmálanefndar um þau lagaatriði sem hér er um að ræða, á þann veg að ég mundi leita umsagnar réttarfarsnefndar, einmitt þeirrar nefndar sem hefur haft þetta frv. til meðferðar og raunar samið það að langmestu leyti, og það gerði ég á sínum tíma. Mér barst ákveðið svar frá réttarfarsnefnd eða formanni hennar. Ég held að ég svari best þeirri spurningu sem þingmaðurinn lagði fyrir mig með því að lesa meginhlutann af því svari. Í svari réttarfarsnefndar um þessi atriði segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndinni eru kunnar tillögur nauðgunarmálanefndar og hefur tekið tillit til þeirra í tillögum sínum að frv. til nýrra laga um meðferð opinberra mála en tillögur að texta frv. hafa verið afhentar ráðuneytinu.“ — Þetta var um líkt leyti og fyrstu tillögur komu til ráðuneytisins. — „Þá hefur ríkissaksóknari vakið athygli dómstóla á skýrslu sömu nefndar.

Það er tilfinning þeirra sem vinna að dómsmálum að rannsóknaraðilar hafi á síðari árum nokkuð aðlagað sig að líkum viðhorfum og koma fram hjá nefndinni. Engin rannsókn hefur þó farið fram á þessu þannig að þetta verður ekki fullyrt. Það er eindregin skoðun réttarfarsnefndar að það sé við upphaf rannsóknar og á rannsóknarstigi sem eðlilegast sé að koma til móts við þolendur kynferðisafbrota. Nauðgunarmálanefnd leggur til að þetta verði gert með neyðarmóttöku á sjúkrahúsi þar sem þjálfað starfsfólk tekur á móti brotaþola. Þetta er stutt af rannsóknaraðilum en það er í verkahring heilbrigðisyfirvalda að hrinda þessu í framkvæmd. Að því er snýr að lögreglu og dómsyfirvöldum verður best komið til móts við þessa brotaþola með þjálfun starfsmanna og ákveðnum starfsreglum hjá rannsóknarlögreglu.

Því skal ekki gleymt að innan rannsóknarlögreglu starfa margir þrautreyndir menn með mikla lífsreynslu sem vel eru í stakk búnir til þess að takast á við þessi mál sem önnur.

Einnig er um að ræða hér á landi nægilega öflugt almenningsálit til þess að lögreglu og dómurum verði gert mögulegt að beita þeim hlutlægu sjónarmiðum sem á að vera aðall réttarkerfis okkar.

Þá verður ekki hjá því komist að vekja athygli á því að brot þessi eru mjög ólík innbyrðis.

Í tillögum þeim að frv. að nýjum lögum um meðferð opinberra mála sem að framan er getið hefur réttarfarsnefnd komið mjög til móts við þær tillögur nauðgunarmálanefndar sem snerta lög um meðferð opinberra mála enda þótt tillögur réttarfarsnefndar nái til meðferðar allra brota en ekki aðeins til kynferðisbrota. Þá hafa tillögur réttarfarsnefndar að geyma ákvæði þar sem enn frekar er tekið tillit til þolenda kynferðisbrota sem og til þolenda annarra brota en gert er í tillögum nauðgunarmálanefndar. Réttarfarsnefnd hefur lengi unnið að tillögum að frv. til nýrra laga um meðferð opinberra mála. Nú sér fyrir endann á þessu yfirgripsmikla verki og hefur nefndin miðað við að frv. í þessa veru verði lagt fyrir yfirstandandi þing. Þykir einsýnt að réttara sé að leitast við að fá það lögtekið en að efnt verði til einhverrar annarrar nýsmíði á þessu sviði. Hér á eftir verður gerð grein fyrir afgreiðslu einstakra tillagna nauðgunarmálanefndar eins og þær koma fyrir í bréfi því sem dómsmrh. sendi nefndinni.“

Síðan eru hér í bréfinu svör við hverju þessara atriða en ekki spurningarnar sjálfar eða efnisatriðin. Þess vegna tel ég rétt að ég lesi í svari mínu upp hvern lið fyrir sig. Í a-lið segir, með leyfi hæstv. forseta, að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns, allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur.

Um þetta segir í svari réttarfarsnefndar: „Í frumdrögum að frv. til laga um opinbera réttaraðstoð“ — og það er rétt að taka fram að nú hefur þetta frv. verið samþykkt af ríkisstjórn og stjórnarflokkum öllum og mun verða lagt fram á þessu þingi, frv. til laga um réttaraðstoð, — „sem nefnd undir forsæti Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra vinnur að [hefur nú lokið við] er ýmist gert ráð fyrir skyldu eða heimild til að kveðja þegar í upphafi máls til réttargæslumenn fyrir þolendur kynferðisbrota. Drög þessi hafa einu sinni verið rædd í réttarfarsnefnd, að ósk Björns“ — hafa nú verið rædd oftar að því að ég best veit — „og mun svo aftur verða þegar nefndin hefur lokið lagfæringum á drögunum.

Réttarfarsnefnd styður þessar tillögur og telur að ákvæði í þessa veru eigi heima í lögum um opinbera réttaraðstoð.“

Þá er það b-liðurinn af hálfu nauðgunarmálanefndar. Þar segir svo: „Að vikið verði frá frjálsu sönnunarmati varðandi fyrri kynferðishegðun brotaþola að fyrirmynd margra annarra ríkja, sbr. t.d. 2. málsgr. 185. gr. dönsku réttarfarslaganna. Verður sönnunarfærsla um fyrri kynhegðum brotaþola þá yfirleitt útilokuð nema hún teljist hafa verulega þýðingu í máli sem til umfjöllunar er.“

Um þetta segir réttarfarsnefnd: „Tillaga í þessa átt er vandmeðfarin. Sönnunarmat í refsimálum hvílir á lagareglum sem samofnar eru mannréttindaviðhorfum. Hafa ber hér í huga mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt. Í 1. málsgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er áskilið að ákærður maður eigi rétt til réttlátrar málsmeðferðar. Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa í fjölmörgum úrlausnum skýrt þennan áskilnað svo að lagaákvæði sem takmarka heimild ákærða til sönnunarfærslu fái

ekki staðist nema að því leyti sem þau mæla fyrir um rétt dómara til að neita um sönnunarfærslu sem enga þýðingu hefur fyrir úrlausn máls. Hvernig dómari beiti slíkum rétti verði að vera komið undir mati hans. Sjá hér tillögur réttarfarsnefndar í 7. kafla tillagna að frv. um meðferð opinberra mála" — sem hér er til umræðu.

„Fyrr á öldum voru settar margvíslegar skorður við sönnunarfærslu en þeim takmörkunum hefur smátt og smátt verið rutt úr vegi hérlendis. Að dómi réttarfarsnefndar væri það spor aftur á bak og fæli í sér varhugavert fordæmi að taka umrædda tillögu nauðgunarmálanefndar upp í lög um meðferð opinberra mála."

Í c-lið í tillögum nauðgunarmálanefndar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lagt er til að tilgreint verði tæmandi í lögunum hvenær ákæruvaldið megi falla frá saksókn. Einnig verði sett ákvæði um rökstuðning fyrir niðurfellingu í meiri háttar málum og hverjum hún skuli kynnt."

Um þetta atriði segir í bréfi réttarfarsnefndar: „Erfitt er að tilgreina tæmandi í lögum hvenær ákæruvaldið megi falla frá saksókn. Réttarfarsnefnd hefur í tillögum sínum sett þær reglur hér um sem hún telur æskilegar. Þær munu í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar, sjá hér tillögur réttarfarsnefndar, 112. og 113. gr. XIII. kafla áðurnefnds frv., og í 114. gr. frv. er gert ráð fyrir þeirri nýbreytni að ákærandi skuli tilkynna niðurfellingu máls þeim sem misgert er við og tiltaka þá lagaheimild sem stuðst er við.

Hér er þannig komið verulega til móts við tillögur nauðgunarmálanefndar."

Í d-lið í tillögum nauðgunarmálanefndar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þá leggur nefndin til að endurskoðuð verði gildandi lagaákvæði um meðferð mála fyrir dómstólum í því skyni að veita brotaþolum aukna vernd og stuðning. Í fyrsta lagi er lagt til að brotaþoli öðlist skýlausan rétt til að krefjast þess að með mál verði farið fyrir luktum dyrum. Í öðru lagi að heimiluð verði skýrslutaka af brotaþola án návistar hins brotlega. Í þriðja lagi að ákveðnar reglur verði settar um fortakslaust fréttabann á persónulegar upplýsingar um brotaþola nema knýjandi nauðsyn sé til þess að birta slíkar upplýsingar opinberlega."

Um þetta atriði segir í svari réttarfarsnefndar: „Mál þau sem hér um ræðir eru ávallt rekin fyrir luktum dyrum án þess að krafa komi fram um það. Ekki er lögð til nein breyting hér á, sjá hér 8. gr. frumvarpstillagnanna. Samkvæmt frumvarpstillögunum má krefjast þess að skýrsla sé tekin af brotaþola fyrir dómi án þess að ákærði sé viðstaddur og ætti að heimila það sé ástæða til, sjá hér 6. málsgr. 59. gr. Verjandi ákærða á hins vegar skýlausan rétt á að vera viðstaddur slíka yfirheyrslu. Persónulegar upplýsingar eru ekki veittar um brotaþola og nafni hans er leynt við birtingu dóms. Því miður geta slíkar upplýsingar komið annars staðar frá í þjóðfélagi þar sem engu virðist hægt að leyna, sjá hér 10. gr. frumvarpstillagnanna. Þá er rétt að benda hér á nýbreytni sem í því er fólgin að taka má skýrslur upp á myndband, skv. 15. og 72. gr. frumvarpstillagnanna. Þetta getur komið í veg fyrir a.m.k. að börn þurfi að koma til yfirheyrslu oft og mörgum sinnum."

Í lokagrein í tillögum nauðgunarmálanefndar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin telur nauðsynlegt að brotaþola, konu, verði tryggð greiðsla þeirra bóta sem dómstólar dæma henni með því að ríkissjóður greiði henni bæturnar og endurkrefji síðan dómstóla."

Um þetta atriði segir í bréfi réttarfarsnefndar: „Þetta atriði á ekki heima í lögum um meðferð opinberra mála. Löggjafinn getur auðvitað ákveðið að þessum brotaþolum séu tryggðar dæmdar bætur. Ríkissjóður yrði líkast til oftast að bera þær endanlega því þeir sem fremja þessi brot sem önnur afbrot eru að jafnaði slakir borgunarmenn.

Rétt er að í framtíðinni geti þó verið rétt að huga að því hvort ekki má fá í raðir rannsóknarlögreglu fólk með ýmsa félagslega menntun. Þá er það kunnugt að nauðsynlegt er að ráða þangað viðskiptamenntað fólk en það er utan þess efnis sem hér er til meðferðar."

Ég hef nú, hæstv. forseti, lokið við að gera grein fyrir þeim svörum sem komu fram í svari réttarfarsnefndar við þeim spurningum sem ég sendi til hennar af þessu tilefni. Í lokum svars réttarfarsnefndar segir þetta almennt: „Af framanrituðu má ljóst vera að réttarfarsnefnd vísar aðallega til þegar saminna tillagna að frv. til laga um meðferð opinberra mála og telur ekki þörf frekari aðgerða. Benda má á að lögfræðingar úr nauðgunarmálanefnd hafa komið tillögum á framfæri við réttarfarsnefnd varðandi þetta frv. og hafa lesið það yfir. Rétt væri að bera það undir þá hvort þeir telja einhverra breytinga þörf og væri þá hægast að koma þeim að í þingnefnd."

Um þetta atriði hef ég í rauninni ekki miklu við að bæta að svo stöddu. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að það er ekki ætlun mín að leggja til að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Eins og raunar kom einnig fram hjá hv. 6. þm. Reykv. væri það óðs manns æði og af þeirri ástæðu legg ég það auðvitað ekki til.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir svör hans. Ég fagna því að hann skuli komast að sömu niðurstöðu og ég um afgreiðslu málsins. Það þarf auðvitað að vanda mjög til allrar málsmeðferðar þar sem verið er að leggja fram svona yfirgripsmikið frv. sem lögð hefur verið mikil vinna í og alveg sjálfsagt að vinna það vandlega í nefnd. Þó ég sé ekki sammála niðurstöðum þeim sem koma fram í svörum réttarfarsnefndar við þeim fsp. sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra fagna ég því samt að þingnefnd skuli gefast kostur á að hugleiða málið og kalla til sín þá sem t.d. störfuðu í nauðgunarmálanefnd, ekki síst lögfræðinga, til þess að fræðast um það sem þeim finnst í þessum málum. Ég ætla aðeins lítillega að fara yfir þau svör sem hæstv. ráðherra góðfúslega gaf hér og komu frá réttarfarsnefnd.

Ég sagði áðan að ég hefði ekki komist að sömu niðurstöðu og nefndin um það að hún hefði tekið verulegt tillit til þeirra tillagna sem nauðgunarmálanefnd lagði fram. Mér finnst hún í raun ekki hafa gert það nema að hluta og hefur alls ekki tekið á þeim atriðum sem ég álít vera veigamest. Að vísu varðandi a-liðinn, þ.e. um rétt til löglærðs talsmanns, þá mun verða tekið á því í öðru frv. sem á að leggja hér fram og fagna ég því og hlakka til að sjá það. Ég vona að það verði sem fyrst og kannski í dag því svo mun vera að þau þingmál sem lögð eru fram í dag verða væntanlega tekin fyrir en önnur þarf ekki endilega að taka fyrir á þessu þingi.

Varðandi b-liðinn þá skildi ég alls ekki röksemdafærslu réttarfarsnefndar fyrir því að taka ekki þann lið upp í frv. og þarf að biðja um betri útskýringar á því. c-liðnum hefur verið sinnt að mestu leyti eins og ég gat um áðan. Og ég sé að í 8. gr. bætist við réttur brotaþola á því að um mál hennar eða hans verði fjallað fyrir luktum dyrum sem ég tel til verulegra bóta. Einnig er sjálfsagt að taka undir það að hægt verði að nýta myndbandsupptökur, sérstaklega hvað varðar börn í yfirheyrslum. Hefur það verið notað víða erlendis, einmitt til þess að hlífa börnum og vernda þau gegn skaðlegum áhrifum frá málsmeðferðinni.

Og svo kemur að e-liðnum sem ég taldi annan af mikilvægustu liðunum í þeim brtt. sem komu frá nauðgunarmálanefnd, þ.e. að konu verði tryggð greiðsla þeirra bóta sem dómstólar dæma henni. Réttarfarsnefnd telur að þetta eigi ekki heima í þessu frv. Þá er bara að finna því stað einhvers staðar annars staðar þar sem það á heima til að tryggja brotaþola þennan rétt sem sannarlega er verðskuldaður að mati nauðgunarmálanefndar.

Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og vona að þessar breytingar komist þá að í störfum þingnefndar sem mun hafa góðan tíma til að fjalla um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðamál, 2. umr.

Frv. JH o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 42, n. 854 og 861, brtt. 862.

Frsm. meiri hl. samgn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. samgn. um skipulag ferðamála. Eins og nál. ber með sér hafa nefndarmenn undirritað það, aðrir en hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sem mun að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni afstöðu. Málið er flutt á Alþingi sem frv. til laga og eru flm. hv. þm. Jón Helgason, Skúli Alexandersson, Egill Jónsson, Guðmundur Ágústsson og Jónas Hallgrímsson sem sat á Alþingi sem varamaður hæstv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar.

Í grg. með frv. og í þeirri umræðu sem þá fór fram var málið rækilega skýrt. Af þeirri ástæðu eru ekki nein rök fyrir því að endurtaka þá umræðu hér nema að litlum hluta. Það er kunnara en frá þurfi að segja að ferðamál eru ný grein hér í okkar landi sem reyndar hefur þróast býsna hratt á síðustu árum og áratugum. Það hlýtur að vera eðlilegt með slíka atvinnugrein þegar hún hefur náð þeirri stærð eða svipaðri sem nú er að litið sé til skipulags hennar. Það sem hér er sérstaklega haft í huga er þáttur ferðamálanna í hinum dreifðu byggðum sem, eins og kunnugt er, hafa tekið þar mikinn vaxtarkipp á síðustu árum.

Segja má að meginmarkmið þessa frv. sé að auka valdsvið heimaaðila í þessari atvinnugrein, stjórn hennar og skipulagi. Leitast er við að koma þessum markmiðum í framkvæmd með stofnun ferðamálanefnda heima í héruðunum sem fá ákveðin verksvið sem ýmist eru ekki unnin núna eða þá helst unnin af utanaðkomandi aðilum eins og Ferðamálaráði og Ferðamálasjóði. Þetta er sem sagt frv. til þess að dreifa valdi og styrkja áhrif hinna dreifðu byggða.

Í grg. fyrir frv. eins og það var lagt fram eru þessi verkefni skilgreind nokkuð nákvæmlega. Vil ég hér sérstaklega vísa til þess sem þar er sagt um störf ferðamálanefndanna. Í því sambandi má sérstaklega minna á ferðaskipulag og tilhögun þess innan byggðarlaganna, nýtingu og eftirlit með fjölförnum ferða- og dvalarstöðum og annað í þeim dúr.

Í nál. meiri hl. samgn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Bárust umsagnir frá borgarstjóranum í Reykjavík, Félagi leiðsögumanna, Ferðaþjónustu bænda, Náttúruverndarráði, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðamálaráði Íslands og Sambandi veitinga- og gistihúsa. Með tilliti til þessara umsagna leggur meiri hl. nefndarinnar til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali, og mælir með samþykkt þess svo breytts."

Hér kemur greinilega fram að umsagnirnar voru ekki á einn veg og að ýmsar ábendingar komu fram um annmarka á frv. sem slíku. Brtt. lúta að sjálfsögðu að því að færa frv. og þá um leið afgreiðslu málsins hér í þessari hv. deild til þess horfs sem nokkur sátt getur orðið um. Hitt hlýtur að vera eðlilegt að undirstrika hér að þegar valdatilfærsla á sér stað, þó hún sé nú ekki aflmeiri en hér er gert ráð fyrir, er það oft svo að þeir sem völdin og áhrifin hafa haft eru ekki sérstaklega sáttir við slíkar breytingar. Það er augljóst að sumar umsagnirnar, að hluta til, bera þess auðvitað nokkur merki.

Ég vil þá í fáum orðum leitast við að gera grein fyrir brtt. á þskj. 862. Vík ég þá að hinni fyrstu þessara brtt. sem er við 7. gr. laga um ferðamál þar sem sérstaklega er kveðið á um verkefni Ferðamálaráðs. Í lögunum eru 13 liðir sem kveða á um verkefni Ferðamálaráðs. Hér er lagt til að nýjum lið verði bætt við og að í honum felist skylda Ferðamálaráðs til að hafa samráð við ferðamálanefndir

sveitarfélaganna um skipulag ferðamála. Þetta er að sjálfsögðu nýmæli.

Þá er enn fremur gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. frv. þar sem kveðið er á um skipan ferðamálanefnda í héraði. Þar er lagt til að sú skipan verði markvissari en er í frv. sem gerir ráð fyrir því að ferðamálanefndir væru skipaðar eftir atvikum fimm til sjö mönnum og þar væri bæði um að ræða hagsmunaaðila í þessari grein og eins fulltrúa sveitarstjórna. Hér er hins vegar lagt til að þar sem ferðamálanefnd er skipuð af einu sveitarfélagi verði nefndarmennirnir fimm en sjö þar sem um samstarf fleiri sveitarfélaga er að ræða. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að nefndin geti kallað til sín áheyrnarfulltrúa sem tengjast ferðamálum eftir því um hvaða mál er fjallað hverju sinni.

Þá er kveðið svo á í b-lið 2. brtt. þar sem fjallað er um verkefni ferðamálanefnda að sú umræða og þær ákvarðanir fari fram í samstarfi og í samráði við Ferðamálaráð. Enn fremur er lagt til í c-lið að 3. efnismgr. a-liðar falli brott en hún kveður einmitt á um heimildir ferðamálanefndar til þess að taka gjald fyrir sína þjónustu.

Síðan kemur 3. brtt. sem er við 23. gr. laganna um ferðamál, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, þar sem kveðið er á um heimildir Ferðamálasjóðs til að veita óafturkræf framlög til einkaaðila og opinberra aðila, eins og þar er orðað. Hér er hins vegar lagt til að auk þess sé heimilt að veita sveitarfélögum og ferðamálanefndum sams konar stuðning. Þetta á að sjálfsögðu bæði við um lán og styrki. Þessi breyting er mjög til þess fallin að kveða skýrar á um rétt þessara aðila til að verða aðnjótandi þess fjárhagslega stuðnings sem Ferðamálasjóði er ætlað að veita samkvæmt þeim lögum.

Ég hef hér, herra forseti, skýrt þessar brtt. í meginatriðum að ég vona. Ég vænti þess að eftir þessa umræðu geti þetta mál fengið greiða afgreiðslu hér í þessari hv. deild.

Frsm. minni hl. samgn. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði um mikilvægi ferðamálanna. Um það getur ekki verið ágreiningur. Hins vegar var ágreiningur í hv. samgn. sem fékk þetta frv. til meðferðar, eins og hv. 4. þm. Austurl. hefur þegar skýrt frá.

Ég vil taka fram að ekki voru allir nefndarmenn viðstaddir þegar afgreiðsla málsins fór fram. Einn nefndarmann vantaði. Það var hv. 2. þm. Norðurl. e. (**EgJ:** Mér láðist að geta þess.) Já, ég þóttist vita það og þess vegna hleyp ég undir bagga með það að hið rétta megi koma í ljós. (**EgJ:** Ég þakka fyrir það.)

Ég vil leyfa mér að fara með það nál. sem minni hl. samgn. stendur að, þ.e. sem ég stend að. Það er á þessa leið:

„Á síðasta ári skipaði samgönguráðherra sérstaka nefnd til að endurskoða lög um ferðamál og marka stefnu í ferðamálum. Þar sem nefnd þessi situr að störfum telur minni hl. samgöngunefndar að ekki eigi að taka til afgreiðslu nú einstaka þætti málsins heldur eigi efni þessa frumvarps að koma til athugunar við þá heildarendurskoðun þessara mála sem nú fer fram.

Með tilvísun til þessa er lagt til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Hér er tekið fram hvers vegna lagt er til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er vegna þess að slík mál eru til meðferðar í sérstakri nefnd um þessar mundir. Til að skýra þessa afstöðu nánar þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að þeim umsögnum um þetta frv. sem fram komu og lágu fyrir nefndinni. Sjö aðilar sendu umsagnir um þetta frv. Það er rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði. Hann sagði: „Umsagnirnar voru ekki á einn veg." En þær voru á einn veg um það sem höfuðmáli skiptir. Enginn mælti með samþykkt þessa frv., enginn af þessum sjö aðilum. Skal ég nú víkja nánar að þessu.

Fyrir nefndinni lá bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík ásamt samþykkt eða umsögn sem borgarráð hafði gert um málið. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarpið fjallar um heimild sveitarstjórnar til þess að skipa ferðamálanefnd og hlutverk nefndarinnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir skipun fimm eða sjö manna nefndar sveitarstjórnarmanna og þeirra sem starfa að ferðaþjónustu á svæðinu. Sveitarfélög kjósa fjölmargar nefndir til þess að vinna að tilteknum verkefnum án beinna lagaheimilda. Með þeim hætti hefur ferðamálanefnd verið kosin af borgarstjórn og verður ekki séð að skortur á lagaheimild hafi gert henni erfitt fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfi fleiri aðilar en í nefndina eru valdir að ferðamálum á svæðinu skuli þeir eiga rétt til setu á nefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Það er nánast óframkvæmanlegt í jafnfjölmennu sveitarfélagi og Reykjavík að bjóða öllum hagsmunaaðilum þátttöku í störfum ferðamálanefndar.

Athygli skal vakin á ákvæðum í frv. er lúta að skattlagningu ferðaþjónustunnar. Annars vegar er gert ráð fyrir að ferðamálanefnd sé heimilt að taka sanngjarnt gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir og hins vegar að nefndin geti innheimt framlög frá þeim sem ferðaþjónustu veita á svæðinu. Sveitarfélög hafa þegar tekjur af þeim fyrirtækjum sem stunda þjónustustörf á sviði ferðamála. Það virðist því fráleitt að fara að skattleggja þessi fyrirtæki umfram önnur."

Ég vík þá að umsögn frá Félagi leiðsögumanna. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hafa verið stofnaðar ferðamálanefndir og ferðamálasamtök sem sinnt hafa málefnum einstakra héraða eða sveitarfélaga. Þessar nefndir og samtök hafa unnið að framgangi ferðamála í samráði við Ferðamálaráð og aðra aðila í ferðamannaþjónustu. Hefur sú skipan mála gefist vel og þess vegna sjáum við ekki þörf á breytingu á þessum lögum.

Félag leiðsögumanna hefur á undanförnum árum lagt áherslu á aukna menntun og faglega þekkingu

sinna félaga. Í námi leiðsögumanna hefur verið leitast við að gera öllum landsvæðum góð skil þar sem ferðamannahópar fara víða um í ferðum sínum. Auk þess hefur verið gerð krafa um málakunnáttu þeirra sem taka að sér leiðsögn. Einnig hafa verið menntaðir leiðsögumenn til að starfa á afmörkuðum svæðum. Félag leiðsögumanna leggst eindregið gegn öllum tilslökunum á menntunarkröfum þeirra sem taka að sér leiðsögustörf þar sem slíkt gæti skaðað framtíð ferðamannaþjónustu á Íslandi."

Ég vík þá að umsögn frá Ferðaþjónustu bænda. Ég skal taka fram að þessi umsögn hefur þá sérstöðu að afstaða Ferðaþjónustu bænda til frv. virðist óljós þar sem hjá hinum sex aðilunum er afstaðan ljós, andstæð frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að vitna mikið í þetta bréf sem er að sjálfsögðu ágætis bréf. Það hefst þannig, með leyfi forseta: „Það er nauðsynlegt að heimamenn verði virkir í skipulagningu ferðamála á sínum svæðum. Þetta verður æ meira aðkallandi eftir því sem ferðamönnum fjölgar."

Afstaða Ferðaþjónustu bænda er óljós eins og ég sagði, en ég ætla að frekar mætti þó segja að hún væri jákvæð.

Kem ég þá að Náttúruverndarráði. Í bréfi frá Náttúruverndarráði segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem nefnd undir forsæti Hjörleifs Guttormssonar alþingismanns vinnur að endurskoðun laga um ferðamál og stefnumörkun í ferðamálum telur Náttúruverndarráð ekki eðlilegt að fjalla um einstaka þætti ferðamálastefnu á þessu stigi og leggur til að frv. verði vísað til nefndarinnar."

Ég held þessari yfirferð áfram og kem þá næst að Félagi ísl. ferðaskrifstofa. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Sveitarstjórnir hafa á undanförnum árum skipað ferðamálanefndir án þess að sérstök heimild væri til þess í lögum og því ekki sjáanlegt að nauðsyn beri til að breyta lögunum hvað þetta varðar. Sama gildir um ferðamálasamtökin sem nú eru starfandi í öllum kjördæmum landsins og eiga aðild að Ferðamálaráði." Síðar segir í þessu bréfi: „Stjórn félagsins mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem fram koma í frv. um sérstaka heimild ferðamálanefnda til gjaldtöku af ferðamönnum og þeim aðilum sem sinna ferðaþjónustu á svæðinu. Ekki er verið að mótmæla sanngjarnri greiðslu fyrir veitta þjónustu eins og t.d. fyrir afnot af tjaldsvæði eða gistingu. Þarf ekki lagaheimild til slíkrar gjaldtöku." Þá segir að lokum í þessu sama bréfi Félags ísl. ferðaskrifstofa: „Nú er starfandi nefnd sem samgrh. skipaði m.a. til þess að gera tillögur til breytinga á gildandi lögum um ferðamál. Er stefnt að því að nefndin ljúki störfum haustið 1990. Ef vilji er til þess að veita þeim hugmyndum sem fram koma í frv. brautargengi mælir stjórn FÍF eindregið með því að frv. verði vísað til þessarar nefndar ásamt fram komnum athugasemdum svo hún geti haft það til hliðsjónar í störfum sínum."

Fyrir nefndinni lá líka umsögn frá Ferðamálaráði Íslands. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Sveitarstjórnir hafa á undanförnum árum skipað ferðamálanefndir til þess að vinna að framgangi ferðamála. Ekki er sjáanlegt að nauðsyn beri til að *breyta lögunum til að heimila skipan slíkra nefnda.* Vera má þó að slík heimild í lögum verki hvetjandi og geti þannig verið til bóta." Síðar segir í sama bréfi: „Fyrr á þessu ári skipaði samgrh. nefnd sem m.a. á að gera tillögur til breytinga á gildandi lögum um ferðamál. Nefndin mun ljúka störfum haustið 1990. Ferðamálaráð mælir með því að frv. verði vísað til þeirrar nefndar svo að hún geti haft það til hliðsjónar í umfjöllun sinni."

Loks barst hv. samgn. umsögn frá Sambandi veitinga- og gistihúsa. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Ekki er okkur ljós nauðsyn þess að setja í lög heimildarákvæði um ferðamálanefndir sveitarstjórna. Það eru nú þegar starfandi ferðamálanefndir á vegum ýmissa sveitarstjórna úti um land og eru þær trauðla starfandi í trássi við lög landsins." Síðar segir í sama bréfi Sambands veitinga- og gistihúsa: „SVG mótmælir mjög eindregið því ákvæði að nefndirnar geti innheimt framlög frá þeim sem ferðaþjónustu veita á svæðinu." Enn fremur segir í sömu umsögn: „Hvað varðar gjaldtöku af ferðamönnum bendum við flm. á 36. gr. núgildandi laga, en þar er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða gjaldtöku að fenginni umsögn Ferðamálaráðs. Ísland er mjög dýrt ferðamannaland og frekari gjaldtaka af ferðamönnum því óraunhæf auk þess sem slíkt yrði mjög dýrt í framkvæmd. Við lestur greinargerðarinnar sem fylgir frv. kemur í ljós að tilgangurinn með flutningi þess er að efla ferðamannaþjónustu. Aukin skattheimta og gjaldtaka af ferðamönnum er skringileg viðleitni í þá átt. SVG bendir á að nefnd er starfandi á vegum samgrn. undir stjórn Hjörleifs Guttormssonar sem m.a. er að endurskoða lög um skipulag ferðamála."

Ég hef rakið nokkuð ítarlega helstu atriði í umsögnum sem nefndin fékk um þetta frv. Ég geri það vegna þess að afstaða mín, sem fram kemur í nál. minni hl. hv. samgn., byggist á þessum umsögnum. Og ég geri það líka til þess að vekja athygli á því sem mér finnst og er að það sé heldur óeðlilegt og heldur óvenjulegt að ein þingnefnd afgreiði mál í svo afgerandi andstöðu við svo marga hagsmuna- og áhugaaðila að því máli sem um er að ræða.

Hv. 4. þm. Austurl. skýrði brtt. sem meiri hl. nefndarinnar leggur fram á þskj. 862. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við hans skýringar að athuga en mér þykir rétt að láta í ljós þá skoðun mína að þessar tillögur, sem eru í þrem töluliðum og auk þess nokkrum bókstafsliðum, eru allar að mínu áliti nema ein harla léttvægar og ekki nauðsynlegar til þess að gera frv. sem hér um ræðir skiljanlegra. Þannig er um að ræða brtt. skv. 1. tölul. þar sem kveðið er á um að nýr tölul. bætist við 7. gr. svo sem þar er greint frá. Brtt. samkvæmt 2. tölul. a kann að hafa einhverja þýðingu en hún hefur ekki afgerandi þýðingu fyrir spurninguna um það hvort það eigi að samþykkja þetta frv. eða ekki. Í frv. sjálfu er talað um að í nefndinni skuli eiga sæti fimm til sjö menn en í brtt. er talað um að í nefndinni skuli eiga sæti fimm menn

þegar hún er skipuð einu sveitarfélagi en sjö ef fleiri sveitarfélög eru aðilar að nefndinni. Mér sýnist að þetta sé ekki veigamikil brtt. og raunar að frv. hefði verið skýrt í þessum anda án brtt.

Þá er b-liður 2. brtt. þar sem tekið er fram að nefndin skuli vinna að slíku í samráði og samstarfi við Ferðamálaráð. Það er brtt. sem er náttúrlega rökrétt og eðlileg miðað við efni frv. en breytir ekki eðli þess á einn eða annan hátt.

Þá er c-liður 2. brtt. og það er skatturinn. Það er það sem er þýðingarmest og auðvitað þýðingarmikið og það er þetta eina atriði sem ég nefndi hér áður. Þessi brtt. felur í sér að fallið er frá heimildarákvæði í lögunum um skattlagningu. Sú brtt. er til bóta og mikilla bóta.

Um 3. brtt. er það að segja að mér sýnist að sú brtt. hafi enga þýðingu og sé kannski vafasöm. Það er skotið inn eftir orðalagi um opinbera aðila sveitarfélögum og ferðamálanefndum, rétt eins og sveitarfélög séu ekki opinberir aðilar. Mér sýnist að þessi breyting sem felur þetta í sér sé til lýta, bæði skv. a- og b-lið.

Ég skal nú ekki fjölyrða frekar um þessar brtt. Það er eins og ég sagði upphaflega að mér finnst þær allar léttvægar nema brtt. um það að falla frá heimild til gjaldtöku, sú brtt. er þýðingarmikil.

Hv. 4. þm. Austurl. talaði um að frv. miðaði að því að auka valdsvið heimaaðila í ferðamálum. Á hann þá sjálfsagt við þar sem segir í upphafi 1. gr. frv.: „Heimilt er sveitarstjórn eða sveitarstjórnum sameiginlega að skipa ferðamálanefnd.“ En ég fæ ekki séð að með þessu sé nokkuð verið að auka valdsvið heimaaðila. Sveitarstjórnirnar hafa þessa heimild og geta hvenær sem er skipað sínar ferðamálanefndir og það eru ýmsir umsagnaraðilar sem taka þetta fram. Þetta er svo augljóst að ég held að það þurfi ekki að hafa sérstök orð um þetta. Þá sagði hv. 4. þm. Austurl. að frv. „miðaði að því að dreifa valdi og styrkja áhrif hinna dreifðu byggða“ eins og það var orðað. Ef þetta frv. er nú með öllu ástæðulaust og talað er um hluti til handa sveitarfélögum sem þau hafa rétt til þess að gera hvenær sem þeim þóknast þá fær maður ekki séð að þetta frv. ráði neinum sköpum um það að styrkja áhrif hinna dreifðu byggða. (**EgJ:** Hver sagði að það réði sköpum um það?) Hv. þm. segir: „Hver segir að það réði sköpum?“ Ég skrifaði þetta niður orðrétt, þ.e. ummæli hv. þm., en það er alveg rétt hjá honum að hann sagði ekki að það réði sköpum. Hér stendur á blaði sem ég skrifaði að þetta væri til þess að dreifa valdi og styrkja áhrif hinna dreifðu byggða. En það var mín hugsun að þetta réði engum sköpum um stöðu hinna dreifðu byggða. Hvað er það sem ræður mestum sköpum fyrir hinar dreifðu byggðir? Er það ekki það að við dreifum sem mestu valdi til heimaaðila? Það er valddreifingin. Að ríkið sé ekki að fást við mál sem eru betur unnin og eru betur ráðin af heimamönnum með staðarþekkingu hverjum á sínum stað.

Ef þetta er rétt þá er frv. sem hér liggur fyrir meira en vafasamt því að í því felst ekkert annað en afskiptasemi ríkisvaldsins um mál hinna dreifðu byggða, um mál sveitarstjórnanna. En það er í sjálfu sér meinlaust vegna þess að frv. er meiningarleysa af því að sveitarfélögin hafa þá heimild sem talað er um í frv. að veita þeim, þ.e. sveitarfélögin hafa heimild til þess að stofna ferðamálanefndir.

Ég hef ekki lagt til að þetta frv. yrði fellt. Ég hef lagt til að það yrði skoðað nánar og það er í samræmi við umsagnir hagsmuna- og áhugasamtaka um ferðamál í landinu. Og mér virðist það harla einkennileg vinnubrögð að fara ekki þá leið vegna þess að það situr að störfum nefnd sem er að vinna að heildarendurskoðun þessara mála. Ég held að það mundi þjóna hagsmunum ferðaþjónustunnar í landinu betur að taka ekki þennan eina þátt út úr heldur að leysa þetta mál með tilliti til heildarlausnar samkvæmt þeirri endurskoðun sem nú fer fram.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

79. fundur, þriðjudaginn 10. apríl, að loknum 78. fundi.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843, n. 908.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er rætt um er flutt til að greiða úr fjárhagserfiðleikum lagmetisframleiðenda og til þess að einfalda og bæta rekstrarskilyrði lagmetisiðnaðar með því að fella niður sjóði og sjóðagjöld.

Iðnn. fjallaði um frv. og segir svo í nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og kom Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnrn., til viðræðna við nefndarmenn um efni þess.“ Þess má geta líka að Samtök lagmetisframleiðenda sendu inn jákvæða umsögn um frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Að þessu nál. standa allir mættir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 511. mál (heildarlög). — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 949.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kyrrsetning, lögbann o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (heildarlög). — Þskj. 357.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 950).

Ferðamál, frh. 2. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 42, n. 854 og 861, brtt. 862.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Þar sem Kvennalisti á ekki fulltrúa í hv. samgn. og hafði ekki tök á að fylgjast með afgreiðslu þessa máls ætla ég aðeins að gera örfáar athugasemdir við 2. umr. málsins. Við höfum kynnt okkur þær umsagnir sem borist hafa og þær brtt. sem fyrir liggja á þskj. 862.

Það er mjög ánægjulegt að sjá stöðugt fjölga í þeim hópi hv. þm. sem láta ferðamálin til sín taka því við eigum örugglega mikla möguleika í þessari atvinnugrein í framtíðinni og bindum við hana miklar vonir. Hér hefur orðið nokkur umræða um þetta mál og það er mjög af hinu góða að mínu mati. Það minntist einhver á það áðan að sú megintillaga sem felst í brtt. skipti ekki sköpum fyrir sveitarfélögin. Ég er sammála því en ég tel hins vegar að með því að setja þetta inn í lög geti það ef til vill vakið bæði sveitarfélögin og fólkið til vitundar um ferðamálin og mikilvægi þeirra og því sýnist mér meinlaust að hafa slíkt ákvæði í lögum um ferðamál.

Það kom fram sú hugmynd í nál. minni hl. að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar í ljósi þess að ferðamálalög eru nú í endurskoðun hjá samgrn. Tel ég raunar ekki óeðlilegt að sú hugmynd komi upp en sé ekki ástæðu til þess að stöðva málið eða leggjast gegn því því að viðleitnin í frv. er jákvæð.

Eins og ég sagði hef ég örfáar athugasemdir. Í fyrsta lagi vil ég benda á að í 9. og 10. lið 7. gr. er gert ráð fyrir samstarfi við einkaaðila og opinbera aðila *samkvæmt núgildandi lögum*. *Samkvæmt mínum* málskilningi eru sveitarfélög opinberir aðilar og því hefði ég talið að þau ættu að geta rúmast innan þessara hugtaka. Það er í sjálfu sér meinlaust þó þau séu nefnd sérstaklega og hefur visst gildi einmitt í því skyni að vekja sveitarstjórnir og fólkið til vitundar um þessi mál.

Síðan vildi ég benda á 13. lið 7. gr. núgildandi laga þar sem segir, með leyfi forseta:

„Önnur þau verkefni sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt."

Það er alveg ljóst að sá liður sem hér er lagt til að við bætist hefði átt að geta rúmast innan þessa töluliðar. Efni töluliðarins, sem nefndin leggur til að bætist við greinina, rúmast auðvitað innan núverandi 13. liðar. En, eins og í hinu tilvikinu, þ.e. með því að nefna sveitarfélögin, tel ég að þessi nýi liður sé alls ekki til skaða.

Ég vil láta þess getið að b-, c- og d-liðir í 2. brtt. á þskj. 862 eru að mínu mati allir til bóta og reyndar tel ég þá meðferð alla sem frv. hefur hlotið í hv. nefnd *hafa verið nauðsynlega og til bóta frá því sem upphaflega var*. Frv. í heild sinni er ef til vill óþarft en það er meinlaust og það er í besta falli hvetjandi til sveitarfélaga að sinna betur því sem gera þarf til uppbyggingar ferðamála á hverjum stað og til að koma í veg fyrir landspjöll.

Það er því að sjálfsögðu ástæða til þess að taka jákvætt undir efni frv. og vil ég reyndar geta þess að ég tel mjög mikilvægt að heimaaðilar á hverjum stað séu í beinum tengslum við þessa atvinnustarfsemi. Það er nú svo að allir landshlutar hafa reynt að stofna með sér ferðamálasamtök hver í sínum landsfjórðungi og það hefur verið viðleitni í þá átt að vinna sameiginlega að ferðamálunum. Það hefur mér þótt vera mjög gott og hef reyndar lagt fram brtt. við fjárlagagerð um að ferðamálasamtök landshlutanna fengju fjárveitingar til starfsemi sinnar þó ekki væri nema örlítil viðurkenning á því starfi sem þau vinna. Vil ég að endingu taka það fram að ég tel alls ekki skaðlegt að sveitarfélögum sé heimilt að stofna ferðamálanefndir. Þær hafa þá heimild að sönnu nú þegar og mörg sveitarfélög hafa stofnað ferðamálanefndir og unnið vel að uppbyggingu hver á sínu svæði. En

eins og ég sagði áðan, þá skerpir þetta ef til vill á hugsun fólks varðandi þessi mál og hvetur það til þess að taka til hendinni í ferðamálum sem svo sannarlega er full þörf á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að leggjast gegn þessu frv. og tek undir efni þess en hef uppi þessar vangaveltur blandaðar efasemdum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég er einn af flm. frv. en var ekki viðstaddur þegar 1. umr. málsins fór fram í hv. deild en mér er sagt að þá hafi verið hin besta umræða þar sem flestir ræðumenn tóku undir eða voru meðmæltir frv. og töldu að hér væri verið að hreyfa góðu máli. Málið hefur verið til umfjöllunar í samgn. og eins og fram hefur komið hér í umræðunni komu sjö umsagnir um málið til nefndarinnar. Og eins og hefur líka verið upplýst í umræðunni voru þær flestar á þann veg að það var óskað eftir því að frv. yrði vísað til nefndar sem væri að störfum á vegum samgrh. til þess að undirbúa heildarstefnu um ferðamál.

Svo einkennilega vill til að þessir aðilar sem sendu nefndinni umsögn munu flestir ef ekki allir vera beinir eða óbeinir aðilar að þessari framtíðarnefnd og þess vegna var það ekki óeðlilegt að þessir aðilar sendu hv. samgn. ósk um það að þetta mál fengi ekki venjulega umfjöllun hér á hv. Alþingi heldur yrði sent til þessarar nefndar sem hv. 4. þm. Vestf. sagði að væri að vinna að heildarendurskoðun, þetta væri mjög sérstök nefnd og yrði að „respektera" hana á sérstakan máta. Það var ekki nema ósköp eðlilegt að þessir aðilar óskuðu eftir því að fá málið til sín ef verið gæti og sem sjálfsagt er að það væri gott innlegg í þeirra vinnu.

Ég tel að okkur öllum sem fluttum frv. hafi verið vel kunnugt um þessa nefnd og hennar ágæta verk sem stóð þá yfir. Við erum ekki búnir að fá skil frá þessari nefnd enn inn á hv. Alþingi þó að það muni kannski dálítið nálægt því að vera komið hér til okkar. Það sem við vorum að hreyfa í frv. var á þann veg að við töldum nauðsynlegt að það væri algerlega skilið frá því sem verið var að fjalla um í framtíðarnefndinni, væru nauðsynlegir þættir til þess að styrkja ferðaþjónustu, hvetja til aukins samstarfs og hvetja sveitarstjórnirnar til þess að vinna að þessum málum með því að vekja athygli á sérstökum ferðamálanefndum hjá sveitarstjórnunum. Einmitt af því að sveitarstjórnarkosningar eru á næstu dögum og sveitarstjórnir kjósa nefndir sveitarfélaganna eftir kosningarnar töldum við rétt að vekja athygli á þessu atriði. Vekja athygli á því hve nauðsynlegt það væri að sveitarstjórnirnar skipuðu sérstakar ferðamálanefndir. Það má auðvitað segja að hægt sé að gera þetta án þess að það komi nein hvatning frá Alþingi til þessa eða hins, en ekki er það verra. Ég get varla ímyndað mér að það sé verra að tekið sé fram í lögum að sveitarstjórnum sé heimilt og þar með komin tilætlun um það að þessir hlutir verði gerðir á vegum sveitarstjórna.

Það kom fram í umsögnum að búið sé að stofna ferðamálanefndir í sumum sveitarfélögum og að ferðamálanefndir hafi verið stofnaðar á vegum landshlutasamtaka. Þetta er allt gott og rétt, en staðreyndin er sú að þó að búið sé að stofna ferðamálanefndir hjá landshlutasamtökunum eru þær mjög mismunandi virkar. Fyrsta ferðamálanefndin sem stofnuð var var stofnuð hjá samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og sú nefnd var virk í upphafi. Síðan, eins og oft vill verða, kom tímabil þegar nefndin tók ekki mikið á þessum málum þannig að þessi mál hafa gengið í áföngum en ekki samfelldri lotu því miður. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að þetta sé víðar gert en á sviði samtakanna og að sveitarfélögin vítt um landið fari inn á þann vettvang að tilnefna fólk til þessara starfa, til þess að vinna að þessum málum hvert á sínu svæði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu. Bæði veit ég að hér var við 1. umr. fjallað um þessa tillögu og eins gerði hv. 4. þm. Austurl. ágætlega grein fyrir þessu máli hér í framsögu nefndarinnar.

Mér finnst aftur „mjög sérstætt", svo ég hafi alveg sömu orð og hv. 4. þm. Vestf. hafði um heildarendurskoðunina, að stjórnarandstöðuþingmaður leggi til á hv. Alþingi að máli sem þessu sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Mér hefði fundist mikið eðlilegra að hv. þm. hefði hreinlega lagt til að þetta mál yrði fellt. (Gripið fram í.) Já, ég tek undir það að hæstv. ríkisstjórn ber að þakka þetta traust sem henni er sýnt og veitir ekki af. Sjálfsagt veitir henni ekki af eins og öllum þeim sem eru að vinna að góðum málum að fá stuðning eins margra góðra manna og mögulegt er. Að það sé lagt eins mikið á sig að mæla með slíkri tillögu eins og hv. þm. gerði hér í langri ræðu er mjög sérstætt. Mér fundust rök hans reyndar vera heldur léttvæg þegar til þess er hugsað að hann byggði rök sín á þeim umsögnum sem nefndinni bárust og þær umsagnir, eins og ég sagði áðan, eru fyrst og fremst frá aðilum sem eru þátttakendur í starfi þeirrar nefndar sem er að vinna að heildarendurskoðun ferðamála í landinu. Þaðan var því ekki hægt að búast við neinum skoðunum öðrum en þeim sem þar koma fram jafnvel þó að þeir aðilar hafi verið að ýmsu leyti, og sem reyndar kemur fram í umsögnumn þeirra, jákvæðir gagnvart aðalatriði málsins.

Ég vil svo aðeins segja það að sjálfsagt verður það nál. sem kemur frá þessari framtíðarnefnd hið merkasta, en það verður ekkert annað en nál. sem síðan er eftir að fjalla um á hv. Alþingi. Og nú er komið að þeim tíma að ekki verða lögð fram fleiri mál á hv. Alþingi til afgreiðslu á þessu þingi þannig að greinilegt er að tillaga um ferðamálastefnu verður ekki afgreidd á þessu þingi og jafnvel þó að svo hefði verið, einhver tillaga um stefnumörkun, hefði hún ekki náð inn á það sem við erum að leggja til með þessari tillögu. Til þess hefðu þurft að vera lög um ferðamálastefnu og breytingu á lögum eins og við leggjum hér til, ekki eins og búast má við að komi frá þessari nefnd, þál. um stefnumörkun sem

getur verið góð og gild en gildir ekki á sama hátt og það lagafrv. eða breytingar á lögum sem við leggjum til að samþykkt verði með því frv. sem hér er til umræðu.

Ég beini því til hv. þm. að þeir standi með okkur í því að koma þessu máli úr deildinni svo að Nd. geti fjallað um þetta mál og það verði að lögum áður en þingi lýkur í vor.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til þess að lýsa stuðningi mínum við nál. frá minni hl. samgn. sem liggur fyrir á þskj. 854 og taka að fullu undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Það er áreiðanlega rétt hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni að flestir ræðumenn hafa hér í hv. Ed. verið meðmæltir frv. við 1. umr. Það er í sjálfu sér eðlilegt því hver er á móti því að hvetja sveitarstjórnir til þess að vinna betur að ferðamálum hver á sínu svæði? Uppbygging ferðaþjónustu hefur verið nokkurn veginn skipulagslaus, en nú hefur samgrh. hins vegar skipað nefnd sem á að endurskoða þau lög sem hér eru til umræðu og marka stefnu í ferðamálum, eins og kom fram í nál. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar. Þessi nefnd er nú að skila tillögum sínum til hæstv. samgrh. og því næst munu þær tillögur koma til umræðu hér inni á hv. þingi. Þar höfum við tækifæri til að koma inn ákvæði um hlutverk sveitarstjórna í þessum efnum. Sveitarstjórnir hafa í dag heimild til að skipa nefndir er sjái um stefnumörkun í ferðamálum, hver á sínu svæði. Þó er betra að umfjöllun og ákvarðanir séu teknar í samræmi við heildarlöggjöf og stefnu þar um.

Ég vil svo aðeins segja það að vissulega er gott að leggja hér fram frv. til laga sem veitir sveitarstjórnum heimild eða festir í lögum heimild til sveitarstjórna til að framkvæma eða móta stefnu. En slík heimild er í dag til staðar. Ég get ekki séð að það sé nokkuð sem bannar sveitarstjórnum að skipa nefndir sem fjalla um ferðamál. Hvað varðar þá breytingu sem meiri hl. samgn. leggur til þar sem segir: „Heimilt er sveitarstjórn, eða sveitarstjórnum sameiginlega, að skipa ferðamálanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn þegar hún er skipuð af einu sveitarfélagi en sjö menn ef fleiri sveitarfélög eiga aðild að nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndinni er heimilt að kalla til sín áheyrnarfulltrúa sem tengjast ferðamálum þegar ástæða þykir til," þá eru allar þessar heimildir til staðar og áreiðanlega ekki til sá sveitarstjórnarmaður sem ekki hefur litið á þetta sem sjálfsagðan hlut sem óþarfi er að festa með lögum. Svo vil ég aðeins spyrja: Ef til kemur að menn verða sammála um að festa þetta hlutverk sveitarstjórna í lögum, er þá ekki frekar ástæða til að sú breyting verði á sveitarstjórnarlögum þar sem ákvæði og upptalning um hlutverk sveitarstjórna eru og samræma það síðan lögum um skipulag ferðamála?

Frsm. meiri hl. samgn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Það er ekki tilefni til mikilla svara af minni hendi. Sérstaklega vegna þess að tveir þm. Vesturl., hv. þm. Skúli Alexandersson og Danfríður Skarphéðinsdóttir, hafa fjallað um málið og skýrt það enn betur en ég gerði. Og í rauninni fólst æðimikil niðurstaða í því sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sagði, að hér væri um að ræða jákvætt mál, jákvætt innlegg í umræðuna um ferðamálin og e.t.v. líka aðgerðir í þeim efnum.

Ég ætla hins vegar að fara örfáum orðum um þær athugasemdir sem einkum hafa komið fram í ræðum þeirra hv. þm. sem eru hér helst til andsvara.

Þá er það í fyrsta lagi að í þeim efnum vitna menn gjarnan til umsagna um frv. frá þeim aðilum sem um það fjölluðu og hér hefur verið minnst á. Þar hefur m.a. komið fram að sveitarfélög hafi skipað ferðamálanefndir og þær séu að störfum. Þar sem slíkri skipan hafi ekki verið komið á geti menn að sjálfsögðu tekið þær ákvarðanir einhliða. Og hver skyldi nú andmæla þessum staðreyndum?

Ég hygg að ekki sé sama hvort slíkar nefndir fái verkefni og verksvið á grundvelli íslenskra laga eða einungis sem kjörnar af sveitarstjórnum og með erindisbréf þá frá þeim. Ég minni sérstaklega á í þessu sambandi að víða í okkar stjórnkerfi eru til nefndir sem lög eða lagaákvæði fjalla um. Ég minni í þessu sambandi sérstaklega á jarðalögin og jarðanefndirnar. Auðvitað gætu sveitarfélög, búnaðarsambönd og sýslunefndir komið sér saman um skipan jarðanefnda. En ég hygg að þær væru ekki jafnvaldamiklar og áhrifamiklar og þær eru ef ekki fjallaði um þær nefndir sérstök löggjöf, jarðalögin. Enn fremur er vert að minnast á nefndir eins og gróðurverndarnefndir. Þær eru út af fyrir sig kannski ekki sérstaklega valdamiklar nefndir. Auðvitað væri hægt að velja í þær nefndir án tillits til þess að um þær fjölluðu sérstök lög, þ.e. lög um Landgræðslu Íslands. Sumar gróðurverndarnefndirnar vinna mjög merkilegt starf og aðrar ekki. En þær hafa bæði skyldur og réttindi á grundvelli laga um Landgræðslu Íslands. Og ég hygg að á því sé verulegur munur hvort þær hafi þann starfsvettvang eða ekki. Ég minni á nefndir eins og t.d. fjallskilanefndir. Af hverju skyldu menn vera að kveða sérstaklega á um fjallskilanefndir í lögum um fjallskil og afréttarmálefni? Af hverju eru menn að setja lög um slíkar nefndir eða kveða sérstaklega á um valdsvið þeirra? Nefndarskipun sem þessi er reyndar miklu víðar. Ég minni t.d. á búfjárræktarlög, hinar ýmsu greinar þeirra laga, þar sem kveðið er á um ræktun búfjárins. Auðvitað er hægt að koma slíkum nefndum á fót þó þær séu ekki tilgreindar í lögum en þær fá sín verkefni þannig, sín völd þannig. Það er auðvitað nákvæmlega það sama sem er um ferðamálanefndirnar, nákvæmlega sama og allar hliðstæðar nefndir sem eru starfandi í okkar stjórnkerfi, að þeirra starfsemi og starfsvettvangur verður að sjálfsögðu miklu öflugri með því að þær hafi lagalegan bakgrunn. Þó hér sé ekki gengið eins langt fram og menn hefðu gjarnan viljað er það alveg augljóst mál, eins og hefur komið fram í umræðunni, að hér er um að ræða jákvætt viðhorf.

Annað atriði sem kom fram í umsögnunum sem

andmæli var um gjaldheimtuna. Til þessa er tekið tillit í nál. og brtt. meiri hl. samgn. með því að fella það ákvæði út úr frv. Þá er það þriðja atriðið sem einkum sætir andmælum. Það er að nú fari fram mikil starfsemi um endurskoðun á ferðamálum og tillögugerð um ferðamálastefnu. Það vill svo til að einmitt núna um svipað leyti og ég var að ganga hér til þessa virðulega ræðustóls var útbýtt hér á Alþingi till. til þál. um ferðamálastefnu.

Nú er það svo, og vitna ég þá m.a. til ræðu hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur, að auðvitað spillir þessi tillögugerð á engan hátt hugmyndum um ferðamálastefnu í landinu. Eins og hefur komið fram í þessari umræðu er einmitt þessi till. til þál., sem berst hingað á mikilvægu augnabliki vegna þessarar umræðu, um ferðamálastefnu í mörgum og ítarlegum liðum með greinargerðum og fylgiskjölum. Ekki efa ég að hér er um vönduð vinnubrögð að ræða. Hér eru ekki á ferðinni tillögur um breytingar á lögum um ferðamál þó auðvitað sé hér um að ræða mikilvægar áherslur. Á bls. 3 vil ég vekja sérstaka athygli á kafla í sex liðum með yfirskriftinni: „Byggðaþróun og ferðaþjónusta." Ég geri ráð fyrir því að ýmislegt í þeim kafla gangi lengra en í þeim till. sem hér er verið að fjalla um. En mér þykir hins vegar ólíklegt að það fari mjög í aðrar áttir.

Ég get á engan hátt fundið nokkur rök fyrir því að stöðva framgang þessa máls þó menn eigi von á og hafi reyndar þegar fengið í hendurnar till. til þál. um ferðamálastefnu. Það færi nú í verra með ýmsar afgreiðslur á Alþingi ef þær ættu ekki að ganga fram vegna þess að svo gæti farið að meiningar væru um að gera breytingar á þeim lögum sem þar væri sérstaklega um fjallað. Þessar umsagnir sem slíkar geta þess vegna ekki verið tilefni til að hindra framgang þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Einmitt vegna þess að í nál. og brtt. nefndarinnar sem hér eru ræddar hefur verið tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem fram kemur í umsögnunum.

Ég vil svo að lokum aðeins segja að það er fjarri því að hér sé á ferðinni mál sem skipti sköpum í byggðamálum. Mikið lifandi skelfing væri nú auðvelt að laga þau mál og koma þeim til betra horfs ef ekki þyrfti nema samþykkt eins frv., jafnvel þó það væri víðtækara en það sem hér er um fjallað. En margt smátt gerir eitt stórt og það er áreiðanlega miklu betra að ná fram árangri, þó hann sé ekki stór, en að hafast ekkert að.

Út frá því sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vestf. um þau orð sem ég lét sérstaklega falla, að hér væri um að ræða valddreifingu og markvissari áherslur í ferðamálum, vil ég vekja athygli á því að fjallað er um fleira en aðeins nefndaskipanina sem slíka. Í þeim efnum vil ég sérstaklega undirstrika að samkvæmt frv., ef að lögum verður, ber Ferðamálaráði að leita samráðs við ferðamálanefndir í héraði. Það eru ekki svo lítil völd sem felast í því. Ég hygg að það væri t.d. erfitt fyrir Ferðamálaráð að ganga í gegn skoðunum og tillögum ferðamálanefndar. Í þessu felst vald. Það eru líka skýrari ákvæði um réttindi ferðamálanefnda og sveitarfélaga að því er varðar opinberan fjárhagsstuðning. Þegar farið er yfir þessi mál í samhengi er hér um að ræða umtalsverða áhrifabreytingu á þann veg sem ég sagði, þegar ég mælti fyrir þessu máli í fyrri ræðu minni, um aukna valddreifingu og markvissari áherslur. Ekki skal standa á mér að samþykkja stærri skref í þessum efnum þegar tillögur koma fram um það. Þeim miðar sem taka lítil skref en þeir færast ekkert sem taka engin skref, þeir standa kyrrir.

Frsm. minni hl. samgn. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef kannski ekki svo miklu að svara í þeim ágætu umræðum sem hér hafa farið fram. Aðeins eru þó nokkur atriði. Ég vil byrja á því að þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir að hafa komið svo beint og skýrt að kjarna þessa máls eins og hún gerði í ræðu sinni hér áðan. Það voru einmitt slík viðhorf sem ég átti von á að kæmu fram hjá mönnum almennt hér í deildinni. Þó þau hafi ekki komið fram í umræðunum koma þau væntanlega fram í atkvæðagreiðslu um málið.

Í fyrri ræðu minni ræddi ég, ef svo mætti komast að orði, um báðar hliðar þessa máls, þ.e. um formhliðina og efnishliðina. Nú vil ég aðeins segja það um formhliðina að ég lagði ekki í nál. mínu neitt annað til en sem varðar formhliðina, þ.e. að þessu máli yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Til stuðnings þeirri tillögu lagði ég áherslu á umsagnir þeirra aðila sem nefndin kaus að vísa málinu til. Nú hefur verið sagt að lítið mark væri takandi á þessum umsagnaraðilum vegna þess að það vildi svo til að þessir sömu umsagnaraðilar hefðu fulltrúa í endurskoðunarnefndinni sem er að fjalla um þetta mál á vegum ríkisstjórnarinnar. Mér var ekki ljóst að þetta væri svo. En ég kemst að þveröfugri niðurstöðu við þá sem segja að ekki sé mark á þessu takandi, því ég geng út frá því að þeir sem hafa verið skipaðir í endurskoðunarnefndina séu menn sem hafi vit á þessum málum, séu kunnugir þessum málum og sé best treystandi til að tjá sig um þessi mál. Frá því sjónarmiði er náttúrlega rík ástæða til að taka mark á þessum mönnum.

Þá sagði hv. 4. þm. Vesturl. að það væri einkennilegt eða skyti skökku við að stjórnarandstöðuþingmaður gerði till. um að vísa máli til ríkisstjórnarinnar. Mér sýnist að svona fullyrðingar beri vott um að lítið sé um rök af hálfu hv. þm. í þessu máli. Þessi hv. þm. veit jafn vel og ég að það eru nokkur mismunandi form á því hvernig þingið afgreiðir mál. Þingið getur samþykkt þingmál, þingið getur fellt þingmál og þingið getur vísað máli til ríkisstjórnarinnar. Það fer ekkert eftir því hvort menn tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu hvað þeir velja í þessu efni. Það fer eftir málefninu sem um er að ræða. Hv. 4. þm. Vesturl. þarf ekkert að óttast að ég sé að gerast einhver stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar þó ég leggi til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Hann þarf ekkert að óttast um það. Það væri ekki mikill stuðningur við ríkisstjórnina, jafnvel þó það væri eitthvað meira en hjá hv. 4. þm. Vesturl.

Hv. 4. þm. Austurl. vék einnig að haldleysi þess sem felst í umsögnum þeirra aðila sem leitað var umsagnar hjá vegna þess að þeir væru í endurskoðunarnefndinni. En það er sama hvort hv. 4. þm. Vesturl. eða hv. 4. þm. Austurl. halda slíku fram, það er hvort tveggja jafnfráleitt, eins og ég hef þegar bent á. Það er auðvitað allt rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði um einstakar nefndir og gildi þeirra og starfssvið sem hann nefndi hér áðan í ræðu sinni. En það breytir ekki því sem er höfuðatriðið í þessu máli ef við tölum um efnishlið þess.

Þá kem ég að efnishliðinni, aðeins örfá orð. Efnishliðin er sú að þetta frv. kveður á um að heimila sveitarstjórnum að tilnefna nefndir í ferðamálum. Það er meginefni frv. Það er upplýst og allir viðurkenna að þetta þarf ekki að lögfesta til þess að sveitarstjórnir geti skipað nefndir í ferðamálum. Það eru allir sammála um þetta og enginn neitar því. Það neitar heldur enginn þeirri staðreynd að mörg sveitarfélög hafa tilnefnt nefndir í ferðamálum án þess að þessi lagaheimild væri fyrir hendi. Því neitar heldur enginn. Það er meginatriði og efnisatriði þessa máls að verið er að gera till. um það sem er óþarft, till. um að veita sveitarstjórnum heimild sem sveitarstjórnirnar hafa fyrir.

Þessu verður kannski best lýst með þeirri afstöðu sem kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl. Hv. 6. þm. Vesturl. viðurkennir staðreyndir í þessu máli. Hún sagði að frv. vekti fólk til vitundar um mikilvægi ferðamálanna og það væri meinlaust, eins og hún orðaði það. (**EgJ:** En jákvætt.) Jákvætt en meinlaust, viðleitnin væri jákvæð. Þessi sami þingmaður kom inn á það sem ég hafði áður komið inn á, að afkáralegt væri að ganga út frá því að sveitarstjórnir væru ekki opinberir aðilar. Hún komst svo að orði að það væri meinlaust að gera það. Hv. 6. þm. Vesturl. sagði að frv. væri e.t.v. óþarft. Hún orðaði það með þessum orðum. Væri e.t.v. óþarft en það væri meinlaust.

Ef við ætluðum hér á hv. Alþingi að fara að starfa þannig að bera fram frv. sem eru markleysa eins og þetta frv. er frá því sjónarmiði að ekki þarf að veita sveitarfélögum þá heimild sem um er að ræða, þá gætum við mjög aukið fjölda þingmála. Það gæti vakið athygli á þeim málum og mætti segja að það væri meinlaust. En það eru ekki vinnubrögð sem eru að mínu viti eðlileg eða við ættum að fara að taka upp.

Frsm. meiri hl. samgn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl. Danfríðar Skarphéðinsdóttur að e.t.v. væri ástæða til að gera örlitlar breytingar á nefndarálitinu. Að sjálfsögðu er eðlilegt að nefndin hafi möguleika á að fjalla um þær ábendingar sem ég hygg að séu kannski eðlilegar fljótt á litið. Af þeirri ástæðu eru brtt. teknar til baka til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. GA og DS, 506. mál (fæðingarorlof við fleirburafæðingu). — Þskj. 889.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, sem er frv. til laga á þskj. 889. Meðflutningskona mín er Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Þetta frv. felur í sér einfalda en að okkar mati sjálfsagða breytingu á lögum um almannatryggingar, nánar tiltekið á lögum um fæðingarorlof. Það varðar sérstaklega þær konur sem ala fleirbura, tvíbura eða þaðan af fleiri börn, og miðar að því að gefa þeim færi á hvíld sem vanalega er ráðlögð af fæðingarlæknum á meðgöngutíma þegar mest hætta er á að börnin fæðist fyrir tímann.

Konum sem ganga með fleirbura er hættara við fyrirburafæðingum en þeim konum sem ganga með eitt barn. Reynslan sýnir að hættast er við fyrirburafæðingu á tímabilinu frá 30. viku og fram til 35. viku meðgöngunnar.

Þeim sið hefur verið fylgt á kvennadeild Landspítalans til margra ára að hvetja konur til að hætta vinnu þetta tímabil til þess að minnka þessa áhættu. Í mörgum tilvikum hafa konur verið lagðar inn á meðgöngudeild ef þær hafa fengið fyrirvaraverki á þessu hættuskeiði.

Við Íslendingar höfum getað státað okkur af því að hér á landi er ein lægsta tíðni burðarmálsdauða sem um getur í heiminum. Bætt heilsufar, góður aðbúnaður og árvekni í eftirliti og meðferð barnshafandi kvenna eru án efa veigamiklir þættir í þeirri lækkun sem orðið hefur á tíðni burðarmálsdauða hér á landi á sl. tveim áratugum. Á árunum 1985–1989, að báðum árunum meðtöldum, urðu 20.917 fæðingar hér á landi en 177 börn fæddust andvana eða dóu á fyrstu viku eftir fæðingu. Burðarmálsdauði er skilgreindur sem dauði barna í fæðingu eða á fyrstu vikunni eftir fæðinguna. Burðarmálsdauði á þessum árum varð því hjá 6,9 af hverjum 1000 börnum og má telja að það sé með því lægsta sem gerist í heiminum.

Í lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, er reyndar kveðið á um rétt barnshafandi konu til fæðingarstyrks ef hún þarf að leggja niður störf fyrir áætlaðan fæðingartíma af heilsufars- og öryggisástæðum. Í 7. málsgr. 2. gr. þeirra laga segir, með leyfi forsta: „Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.“ Svipað ákvæði gildir reyndar einnig um rétt til greiðslu fæðingardagpeninga. En eins og hv. þm. vita er fæðingarorlofi skipt niður í greiðslu fæðingarstyrks og að auki fæðingardagpeninga fyrir þær konur sem vinna utan heimilis.

Í 3. tölul. 2. gr. reglugerðar um fæðingarorlof, nr. 20/1989, er nánar kveðið á um þær heilsufars- og öryggisástæður sem geti leitt til framlengingar fæðingarorlofs, en þar segir, með leyfi forseta: „Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, skv. vottorði læknis."

Reynslan sýnir að um 40 tvíburafæðingar verða hérlendis á hverju ári að meðaltali. Þríburar fæðast hér annað eða þriðja hvert ár og fjórburar hafa fæðst tvisvar hér á landi svo að vitað sé. Hér er því ekki um mjög stóran hóp að ræða en nauðsynlegt er að tryggja öryggi þessara barna eins og best verður á kosið og í samræmi við þær kröfur sem fæðingarlæknar telja við hæfi.

Bæði ákvæði laganna og reglugerðarinnar gætu gilt um konur sem ganga með fleirbura. Þau eru hins vegar túlkunum háð og til þess að taka af allan vafa þykir rétt að setja sérstök ákvæði inn í lögin sem einungis varða þær konur sem ganga með fleirbura.

Þær breytingar sem við við leggjum til að gerðar verði á almannatryggingalögunum eru tilgreindar í 1. og 2. gr. þessa frv. og eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. gr. hljóðar svo: „Á eftir 1. málsl. 5. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1987, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þó skal kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, eiga rétt á fæðingarstyrk í einn mánuð að auki fyrir fæðingu barnanna."

Og í 2. gr. segir: „Við e-lið 26. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1987, bætist nýr málsl. svohljóðandi: Kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, skal eiga rétt á einum mánuði að auki fyrir fæðingu barnanna."

Í 3. gr. segir svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og ég sagði, hæstv. forseti og hv. þm., því við erum ekki fleiri hér nú, er hér um að ræða í raun afar einfaldar breytingar en að sama skapi mjög sanngjarnar og í samræmi við þá ráðleggingu sem konum sem ganga með fleirbura er jafnaðarlega gefin til þess að draga úr hættu fyrir þær og þau börn sem þær ala. Ég legg því til að hv. þm. komi sér saman um að styðja velferð þessara barna eins og annarra og gefa þeim tækifæri á að byrja sitt líf vel með því að auka öryggi þeirra áður en þau fæðast. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. að þessari umræðu lokinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 893.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

80. fundur, þriðjudaginn 10. apríl, að loknum 79. fundi.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur þessa umræðu.

Forseti (Jón Helgason):

Hæstv. iðnrh. er ekki staddur hér þannig að fresta verður þessu máli og er málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Páskakveðjur.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil óska hv. deildarmönnum gleðilegrar páskahátíðar og góðrar heimferðar, þeim sem fara um langan veg. — Fundi er slitið.

NEÐRI DEILD

69. fundur, þriðjudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 3. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 893.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 732, n. 906, brtt. 907.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Mál þetta hefur verið afgreitt frá Ed. þar sem samstaða var um málið. Frv. var undirbúið af háskólaráði en áður en það var lagt fram var gerð á því ein breyting í þá veru að breytt var ákvæði um námsráðgjöf. Að athuguðu máli telur nefndin rétt að færa frv. aftur í fyrra horf eins og háskólaráð gekk frá því og gerir þess vegna tillögu um breytingu sem felur það í sér að námsráðgjöf sé starfrækt sem sérstök háskólastofnun en í frv. var ákvæði þetta í heimildarformi.

Eins og ég segi er frv. með þessari breytingu aftur orðið eins og háskólaráð gekk frá því og um þetta er gerð tillaga á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt þannig breytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 907 samþ. með 27 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (niðurfelling gagnvart Namibíu). — Þskj. 788, n. 912.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, og leggur til að það verði samþykkt án breytinga. Undir það rita allir nefndarmenn, Þórhildur Þorleifsdóttir, Friðrik Sophusson, Birgir Dýrfjörð, Guðmundur G. Þórarinsson, Einar Kr. Guðfinnsson, Ragnar Arnalds og undirritaður.

Þetta frv. lýtur að því að nú hafa breyst stjórnarhættir í Namibíu þannig að ekki er lengur ástæða til að hafa viðskiptabann á því ríki. Enn fremur er í 2. gr. frv. skýrar kveðið að orði en gert er í gildandi lögum þannig að ekki þarf að orka tvímælis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Samningur um aðstoð í skattamálum, 2. umr.

Stjfrv., 496. mál. — Þskj. 868, n. 913.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum. Það er álit fjh.- og viðskn. að rétt sé leggja til að frv. verði samþykkt án breytinga og að því nál. standa allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). — Þskj. 905.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Hinn 20. nóv. sl. skipaði ég nefnd samkvæmt þál. sem samþykkt var hér á Alþingi í lok síðasta þings til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi en formaður nefndarinnar var Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin skilaði áliti hinn 3. þessa mánaðar og er frv. það sem hér er til umræðu ávöxtur af starfi nefndarinnar. Eins og lýst er í skilabréfi nefndarinnar sem er fylgiskjal með frv. voru allir nefndarmenn þó ekki sammála þeim tillögum er í frv. felast. Kemur það skýrt fram í skilabréfinu og ég vísa til þess.

Íslenskt efnahagslíf er mjög sveiflukennt. Útflutningsframleiðsla okkar hefur löngum verið einhæf og hafa nálægt þrír fjórðu hlutar vöruútflutningsins á undanförnum árum verið sjávarafurðir. Helstu orsaka fyrir hagsveiflum hefur því oftast verið að leita í

sveiflum í afla og verðlagi á sjávarafurðum. Það hlýtur að vera markmið stjórnvalda á hverjum tíma að skapa jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífinu og draga eftir föngum úr áhrifum breytinga á ytri aðstæðum. Dæmin sanna þó að hér er við ramman reip að draga. Allar efnahagsaðgerðir til að minnka þessar sveiflur miðast við það að binda hluta af því fjármagni sem streymir inn í efnahagslífið á uppgangstíma til að draga úr þenslunni og leggja fjármuni til hliðar til að mæta mögru árunum er á eftir fylgja. Í þessu skyni er beitt ýmsum almennum efnahagsaðgerðum á sviði ríkisfjármála, peningamála og gengismála.

Margt mælir þó með því að ráðast að rótum vandans og takast á við sveiflur sem eiga upptök sín í sjávarútvegi með aðgerðum er beinast að greininni sérstaklega. Þetta var hugsunin að baki stofnunar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er hann var stofnaður með lögum vorið 1969 en tilefni stofnunar hans var verulegt verðfall á frystum afurðum haustið 1967.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur nú starfað í rúm 20 ár. Ekki er að efa að sjóðurinn hefur á þessum árum almennt þjónað því hlutverki sem honum er ætlað að gegna og náð verulegum árangri í að jafna sveiflur í einstökum greinum sjávarútvegs, t.d. varðandi rækju, hörpudisk og saltfisk. Hann hefur hins vegar sýnt að með núverandi skipulagi megnar hann ekki nema að litlu leyti að milda áhrif hinna dýpri sveiflna í sjávarútvegi á hag sjávarútvegsfyrirtækja og þjóðarbúskaparins í heild. Á seinustu árum hefur gætt vaxandi óánægju með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hefur þeim skoðunum vaxið fylgi að leggja bæri sjóðinn niður eða gera verulegar breytingar á skipulagi hans. Þrjár stjórnskipaðar nefndir hafa síðustu fimm árin fjallað um starfsemi sjóðsins og komið með mismunandi tillögur um skipulag verðjöfnunar. Er það frv. sem hér er til umræðu ávöxtur af starfi hinnar síðustu af þessum þremur nefndum eins og ég gat um í upphafi máls míns.

Það eru einkum þrjú atriði sem valdið hafa óánægju með núverandi fyrirkomulag Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Í fyrsta lagi hefur óánægja beinst að fyrirkomulagi verðjöfnunar. Endanlegt uppgjör er mjög tímafrekt og krefst mikilla útreikninga. Það getur ekki átt sér stað fyrr en allar vörur sem framleiddar voru á viðkomandi verðjöfnunartímabili eru seldar. Eftir því sem framleiðsluvörur verða fjölbreyttari og viðskiptaferlar margbreytilegri, því flóknari og óábyggilegri verða verðjöfnunaruppgjörin. Endanlegt uppgjör liggur því oftast ekki fyrir fyrr en mörgum mánuðum eftir að verðjöfnunartímabili lýkur.

Annað óánægjuefni varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins er að hann hafi ekki getað starfað eftir hlutlægum ákvörðunum á grundvelli þeirra almennu laga sem um hann gilda. Þannig hafa stjórnvöld oftar en einu sinni notað sjóðinn sem farveg til að koma fjármunum til skila til ákveðinna greina sjávarútvegsins en ekki annarra með því að fela sjóðnum að taka lán í því skyni. Hafa stjórnvöld fyrir vikið verið sökuð um misnotkun á sjóðnum. Eins eru þess dæmi að hinar teygjanlegu viðmiðanir sem stjórn sjóðsins hefur til ákvörðunar viðmiðunarverðs hafi verið nýttar til að ná fram verðjöfnun eða hlutleysi sjóðsins með þeim hætti að óánægju hefur valdið. Þessar ásakanir um misnotkun á sjóðnum hafa mjög orðið til að draga úr trausti manna á honum.

Í þriðja lagi hafa framleiðendur í vaxandi mæli gagnrýnt að útborganir til einstakra fyrirtækja úr sjóðnum eru óháðar því hvort eða hversu mikið viðkomandi fyrirtæki hafa greitt í sjóðinn.

Í því frv. sem hér er til umræðu er lagt til að byggt verði á þeim grunni sem skapaður hefur verið með Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins en þeir vankantar sem komið hafa í ljós á skipulagi og starfsháttum sjóðsins verði sniðnir af. Meginstarfsregla hins nýja Verðjöfnunarsjóðs er líkt og hins fyrri sú að innheimta skuli afgjöld af útflutningsframleiðslu sjávarafurða þegar markaðsverð er talið hátt en bæta upp verð afurðanna þegar verð er talið lágt. Við framkvæmd þessarar reglu skal samkvæmt frv. taka mið af meðalverði síðustu fimm ára en á grundvelli þess meðalverðs skal svonefnt viðmiðunarverð ákveðið. Kringum viðmiðunarverðið skal samkvæmt frv. ákveða gjaldfrjálst bil, svonefnt verðbil, er skal víkja 3–5% frá viðmiðunarverðinu í báðar áttir en eins og áður sagði er viðmiðunarverð reiknað á grundvelli meðalverðs síðustu fimm árin.

Víki markaðsverð meira en þessu verðbili nemur til hækkunar frá meðalverðum liðinna ára, eins og ég áður gat um, kemur til inngreiðslu í sjóðinn og skal þessi inngreiðsla nema 50% af því sem umfram er. Á sama hátt myndast útborgunartilefni ef markaðsverð víkur frá meðalverði til lækkunar umfram verðbilið.

Í frv. er þannig lagt til að forsendur til ákvörðunar viðmiðunarverðsins verði lögbundnar, svo og afgjaldshlutfallið. Er þetta veruleg breyting frá gildandi lögum þar sem ákvörðun viðmiðunarverðs er falin sjóðsstjórn sem hefur allmikið svigrúm við þá ákvörðun á grundvelli almennra leiðbeiningarreglna í lögunum. Þá gerir sjóðsstjórn tillögu til sjútvrh. um afgjaldshlutfallið samkvæmt gildandi lögum og má það vera allt að 75%. Í gildandi lögum er ákvörðun verðbils um viðmiðunarverðið einnig í höndum sjóðsstjórnar án þröngra lagatakmarkana.

Í frv. felst því að hlutverk sjóðsstjórnar og ráðherra við ákvörðun verðjöfnunar er verulega takmarkað frá því sem nú er og að allir mikilvægustu þættir verðjöfnunar verða lögbundnir og sjálfvirkir. Það sem eftir stendur af ákvörðunarvaldi stjóðsstjórnar er að henni er falið að ákveða hvar á bilinu 3–5% hið svonefnda verðbil skuli liggja varðandi afurðir í hverri deild. Rökin að baki þessu svigrúmi eru fyrst og fremst að ástæða virðist til að hafa breiðara verðbil varðandi afurðir þar sem verðsveiflur eru miklar og tíðar, t.d. varðandi rækju og hörpudisk, en varðandi afurðir þar sem verðsveiflur eru minni. Með þessu ætti að vera tryggt að verðjöfnunin fylgi almennum og hlutlægum reglum.

Í tengslum við þetta breytta hlutverk sjóðsstjórnar er í 2. gr. frv. lagt til að horfið verði frá því að fela hagsmunaaðilum í sjávarútvegi að tilnefna meiri hluta sjóðsstjórnar og að stjórn sjóðsins verði þess í stað skipuð af ráðherra án tilnefningar.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að greiðslur til Verðjöfnunarsjóðsins verði lagðar inn á sérstakan verðjöfnunarreikning í nafni viðkomandi framleiðanda og að enda þótt innstæðurnar teljist eign sjóðsins verði þær einungis notaðar til að greiða verðbætur vegna afurða þess framleiðanda er inneign myndaði. Með þessu er tryggt að þeir sem mynda Verðjöfnunarsjóð í góðæri njóti hans er harðara verður í ári í hlutfalli við framlög sín og aðrir ekki. Í samræmi við þetta er í 5. gr. frv. kveðið á um að enda þótt útgreiðslutilefni sé eftir almennum reglum sjóðsins skuli enginn framleiðandi þó fá meira úr sjóðnum en inni á hans verðjöfnunarreikningi er.

Í 7. gr. frv. eru sérstök ákvæði um að verðjöfnunarreikningar geti fylgt félagi við sameiningu og breytingu á félagsformi og að verðjöfnunarreikningar einstaklinga geti fylgt við sölu rekstrar eða aðilaskipti að honum fyrir erfðir. Verðjöfnunarreikningar koma hins vegar aldrei til útgreiðslu samkvæmt frv. nema í formi verðbóta á grundvelli almennra reglna þess. Því er kveðið á um að sé rekstri á sviði sjávarvöruframleiðslu til útflutnings hætt um lengri tíma eða verði framleiðandi gjaldþrota skuli innstæða á viðkomandi verðjöfnunarreikningi ganga til óskipts reiknings sjóðsins.

Þá eru í frv. gerðar tillögur um mikla einföldun á framkvæmd útreiknings verðjöfnunarinnar.

Eins og ég vék að hér að framan miðast endanlegt uppgjör verðjöfnunar samkvæmt gildandi lögum við framleiðslutímabil og er bæði flókið og seinlegt. Samkvæmt frv. er lagt til að verðjöfnunin miðist við útflutningstímabil og fyrir liggi fyrir fram fyrir upphaf hvers mánaðar hversu hátt hlutfall af andvirði útfluttra sjávarafurða í komandi mánuði skuli greitt í sjóðinn eða úr honum. Verðjöfnunin verður því framleiðendum fyrir fram ljós og kemur til endanlegs uppgjörs um leið og gjaldeyrisskil eiga sér stað vegna viðkomandi framleiðslu.

Eins og áður sagði er stjórn sjóðsins ætlað mun minna hlutverk við verðjöfnunarákvarðanir en samkvæmt gildandi lögum. Henni er fyrst og fremst ætlað að taka mánaðarlega formlegar ákvarðanir um verðjöfnun á grundvelli reglna laganna og hafa yfirumsjón með daglegum rekstri sjóðsins og ávöxtun innstæðna hans. Er það lagt í vald stjórnar að taka ákvörðun um hvort hún ræður starfsfólk til að annast daglegan rekstur sjóðsins eða semur um það við fjármálastofnanir en núverandi Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur, eins og kunnugt er, verið vistaður í Seðlabankanum.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ríkissjóður taki við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Þá er lagt til að þær innstæður sem til kunna að verða í einstökum deildum sjóðsins eftir að uppgjöri hans lýkur renni inn á sérstaka reikninga í hinum nýja sjóði og komi til útborgunar ef verðbótatilefni skapast vegna viðkomandi afurða samkvæmt almennum reglum hinna nýju laga.

Herra forseti. Ég er þess fullviss að með frv. er lagður grunnur að virkri verðjöfnun á útfluttum sjávarafurðum. Með því er skapað tæki til að kljást við sveiflur í afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og þjóðarbúsins í heild og þar með að stuðla að auknum stöðugleika og jafnvægi í þjóðarbúinu.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Málefni Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins eru eðlilega ekki ný af nálinni hér á hv. Alþingi. Málefni sjóðsins hafa verið mjög rædd upp á síðkastið, ekki síst vegna þess að fyrir einum tveimur árum eða svo var lagt fram hér á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóðinn sem fól í sér verulega breytingu á starfsemi sjóðsins frá því sem verið hefur. Niðurstaða þess máls var sú að samþykkt var hér á Alþingi till. til þál. um endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og í framhaldi af því hefur verið unnið að endurskoðun laganna og ávöxtur þess starfs liggur hér fyrir.

Ég er þeirrar skoðunar að með þessu frv. sé stigið veigamikið skref til þess að bæta það ástand sem hefur ríkt á þessum sviðum og því sé ekki að leyna að þetta frv. sé mikil framför frá því sem verið hefur við lýði upp á síðkastið. Sannleikurinn er sá að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur í núverandi mynd verið gjörsamlega ónýttur sem hagstjórnartæki. Hann hefur verið umdeildur innan sjávarútvegsins og tortryggður af flestum af ástæðum sem að nokkru voru raktar í máli hæstv. sjútvrh. og flestir raunar þekkja.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var upphaflega stofnaður með lögum frá haustinu 1969 í kjölfar þess mikla aflabrests og verðhruns sem varð árið 1967. Frv. var flutt um stofnun sjóðsins á árinu 1968 og það tókst mikil pólitísk samstaða um stofnun sjóðsins. Í meðförum þingsins var gerð nokkur breyting á upphaflegu hlutverki sjóðsins og ég hygg að sú breyting hafi kannski með öðru orðið til þess að þegar fram í sótti varð hlutverk sjóðsins ekki eins veigamikið eins og ástæða hefði verið til að ætla.

Í áliti og tillögum nefndar sem hæstv. sjútvrh. skipaði í janúar 1988 til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóðinn eru þessar breytingar raktar svo, með leyfi forseta:

„Í meðförum Alþingis voru gerðar nokkrar breytingar á frv. Frv. gerði ráð fyrir að ráðherra skipaði þrjá menn í stjórn sjóðsins án tilnefningar en fjóra samkvæmt tilnefningu hagsmunasamtaka er ráðherra ákvarðaði í reglugerð. Þessu var breytt á þann veg að bundið var í lög frá hvaða samtökum þessar tilnefningar kæmu. Enn fremur var bætt inn ákvæði þess efnis að við ákvörðun viðmiðunarverðs skyldi og hafa hliðsjón af markaðs- og aflahorfum fyrir næsta

ár eins og þær voru metnar af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þessi breyting var tvíþætt. Annars vegar var svigrúm sjóðsstjórnarinnar við ákvörðun viðmiðunarverðs aukið með því að heimila henni að taka tillit til líklegrar markaðs- og aflaþróunar. Hins vegar var beinlínis bundið í lög að stjórnin skyldi og taka tillit til þeirra forsendna er lægju að baki ákvörðun á fiskverði í Verðlagsráði sjávarútvegsins."

Þetta hygg ég að hafi að mörgu leyti orðið til þess að torvelda starfsemi sjóðsins, bæði vegna þess að starfsemin byggðist ekki nægilega mikið á almennum reglum, eins og þó hefði verið nauðsynlegt og hér er gert ráð fyrir í hinu nýja frv., og enn fremur var ekki eingöngu tekið mið af markaðsverði á sjávarafurðum erlendis, eins og þó hefði verið nauðsynlegt, heldur líka vegnar og metnar aflahorfur og verðlagsforsendur Verðlagsráðs sjávarútvegsins, og þannig varð raunverulega Verðjöfnunarsjóðurinn aðili að fiskverðsákvörðun í hvert skipti. Það var svo í valdi ráðherra og stjórnvalda hverju sinni að beita Verðjöfnunarsjóðnum og þetta með öðru varð til þess að sjóðurinn varð ekki það mikilsverða hagstjórnartæki sem menn höfðu vænst.

Sú óánægja sem hefur ríkt með starfsemi sjóðsins undanfarin ár hefur einmitt stafað m.a. af þessu. Í fyrsta lagi hafa menn gagnrýnt þessi miklu pólitísku afskipti sem menn ætla að hafi verið af sjóðnum og starfsemi hans. Í annan stað hefur það verið harkalega gagnrýnt að starfsemi sjóðsins byggist á því að inn í hann er greitt sameiginlega og út úr honum sameiginlega, á svipaðan hátt, án þess að tekið sé tillit til þess hverjir hafi stofnað til inngreiðslnanna. Þetta var sérstaklega áberandi og magnaðist auðvitað á árunum eftir 1980 þegar rækjuframleiðendur stóðu frammi fyrir því að hafa um þó nokkurt árabil borgað mikið inn í þennan sjóð, en vegna þess að rækjuframleiðsla fór vaxandi og rækjuframleiðendum fór fjölgandi háttaði málum þannig, þegar farið var að borga út úr sjóðnum, að þeir sem inn í hann höfðu borgað nutu útgreiðslanna ekki nema að litlu leyti. Þessa deilu hygg ég að flestir hv. þm. þekki því að hún var einmitt meginhvati þess að málið var flutt hér inn á Alþingi af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og í frumvarpsformi sem ég minntist á hérna áðan.

Sé farið yfir þá endurskoðun sem fram hefur farið á sjóðnum kemur í ljós að mjög margt bendir til þess og mælir með því að starfsemi sjóðsins eigi ekki jafn vel við og hún átti þegar til hans var stofnað í upphafi. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir þá umræðu sem hér fer fram að víkja dálítið að þeim rökum sem fram hafa verið sett af þeim sem gleggst hafa skoðað málið, þeim rökum sem mæla gegn því að sjóðurinn starfi í þeirri mynd sem hann hefur starfað undanfarin rúmlega 20 ár.

Í áliti þeirrar nefndar sem ég vitnaði til áðan og var skipuð af hæstv. sjútvrh. í janúar 1988, álitið var dags. í maí 1988, eru rakin nokkur efnisatriði þeirrar gagnrýni sem sett hafði verið fram á starfsemi sjóðsins. Þar er vakin athygli á því að starfsumhverfi sjávarútvegsins hafði tekið miklum breytingum sem bæði varðaði ytri og innri skilyrði sjávarútvegsins. Og þessi atriði eru að mati nefndarinnar, með leyfi forseta:

„1. Með útfærslu landhelginnar og fullum yfirráðarétti yfir fiskveiðilögsögunni hafa skapast aðstæður til að beita vísindalegri stjórn fiskveiða. Um leið myndast forsendur til að draga úr sveiflum í þeim afla sem að landi berst á hverjum tíma.

2. Aðild Íslands að Fríverslunarbandalagi Evrópu, EFTA, hefur fjölgað tækifærum til að flytja út íslenskar iðnaðarvörur. Jafnframt tókst með viðskiptasamningum við Evrópubandalagið að tryggja íslenskum sjávarafurðum aðgang að Evrópumarkaði.

3. Útflytjendum sjávarafurða hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Jafnframt hefur framleiðslan orðið fjölbreyttari samhliða því sem markaðssvæðum hefur fjölgað. Þessi þróun gerir starfsemi Verðjöfnunarsjóðs flóknari og skapar í mörgum tilvikum mikla erfiðleika í framkvæmd.

4. Þegar Verðjöfnunarsjóður var settur á laggirnar voru tekjur sjávarútvegsfyrirtækja að stærstum hluta tengdar bandaríkjadal. Með aukinni fjölbreytni í framleiðslu, nýjum mörkuðum og breyttum viðskiptaháttum hefur dregið úr áhrifum gengis bandaríkjadals á hag fyrirtækjanna.

5. Samkeppnisstaða sjávarútvegsins hefur breyst mikið á síðustu tveimur áratugum. Annars vegar hafa möguleikar til útflutnings batnað að mun og nýir markaðir opnast fyrir íslenskan fisk, m.a. sökum bættrar flutningatækni. Á móti þessu vegur að samkeppni um hráefni til fiskvinnslunnar í landinu hefur harðnað að mun. Verðmyndunarkerfi sjávarútvegsins hefur á margan hátt breyst á síðustu árum. Verðlagsráði sjávarútvegsins hefur verið veitt heimild til að gefa fiskverð á tilteknum tegundum frjálst. Jafnframt hafa sprottið upp víða um land uppboðs- og fjarskiptamarkaðir fyrir sjávarafla. Fiskur sem seldur er á uppboðsmarkaði er ekki heldur háður ákvörðun Verðlagsráðs um lágmarksverð.

6. Fyrirtæki er starfa í sjávarútvegi hafa nú betri skilyrði en fyrir tveimur áratugum til að verja starfsemina fyrir sveiflum í afkomu. Verðtrygging og fjölbreyttir sparnaðarkostir hafa gefið færi á að verja fé sem lagt er til hliðar í góðæri fyrir breytingum á verðlagi og gengi. Jafnframt leiðir staðgreiðsla tekjuskatta að öllu jöfnu til aukins stöðugleika í ráðstöfunartekjum sjómanna.

7. Dregið hefur úr beinum afskiptum stjórnvalda af atvinnustarfsemi. Þess í stað hefur viðleitni þeirra beinst að því að skapa atvinnulífinu hagstætt starfsumhverfi og stöðug rekstrarskilyrði."

Ég hygg að öll þessi rök hnígi mjög að því að sú starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sem hefur verið við lýði undanfarna tvo áratugi eða rúmlega það kalli á gagngera endurskoðun og jafnvel spurningar um það hvort þörf sé yfirleitt á sérstökum verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins eða sjávarútvegsins. Þess vegna hafa augu manna beinst mjög að því hvort ekki mætti fara aðrar leiðir, svo sem eins og þá að mynda sérstaka

sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækjanna með sparnaði og afnema þar með það kerfi verðjöfnunarsjóðs sem við lýði hefur verið.

Þegar forsendur þess frv. sem hér liggur fyrir eru skoðaðar kemur á hinn bóginn í ljós að í raun og veru snerist endurskoðunin ekki nema að litlum hluta um þessa spurningu. Endurskoðunin snerist miklu frekar um aðra þætti er kynnu að lúta að áframhaldandi starfsemi sjóðsins í einhverri mynd og þá breyttri mynd. Þeir þættir sem mér sýnist að hér hafi fyrst og fremst komið til álita eru þeir að takmarka verðjöfnunina úr sjóðnum og í hann fyrst og fremst við verðsveiflur erlendis og afnema þá tengingu við innlenda þætti, kostnaðarþætti og fiskverðsákvarðanir, sem teknir voru upp þegar sjóðurinn var settur á laggirnar. Í öðru lagi með því, eins og hæstv. sjútvrh. rakti í ræðu sinni, að þrengja starfsemi sjóðsstjórnarinnar, þrengja kosti sjóðsstjórnarinnar og stjórnvalda til þess að hafa áhrif á reglurnar. Með þessu móti var hægt að taka sjóðinn úr sambandi við hin pólitísku afskipti í landinu. Samfara þessu er tryggð með þessum reglum ákveðin sjálfvirkni inn- og útgreiðslna sem er auðvitað nauðsynleg forsenda þess að sjóðurinn geti virkað sem raunverulegt hagstjórnartæki. Í þriðja lagi var tekin upp sú nýbreytni, sem ég vil leggja sérstaka áherslu á, að nú er fyrirhugað að hverfa frá þessum sameiginlegu greiðslum inn í sjóðinn og út úr sjóðnum og taka þess í stað upp þá eðlilegu eyrnamerkingu á inngreiðslum sem mjög hefur verið talað um á síðustu árum og var raunar meginefni þess frv. sem Matthías Bjarnason og fleiri fluttu hér á Alþingi.

Niðurstaðan af þessari endurskoðun er hins vegar sú að því er raunverulega hafnað að leggja þennan sjóð niður en hins vegar ákveðið að reyna að koma til móts við þau markmið sem menn settu sér í upphafi, að tengja annars vegar sjóðinn fyrst og fremst við erlendar verðsveiflur og hins vegar að eyrnamerkja innstæðurnar.

Ég sagði hér í upphafi að ég teldi að frv. sem hér lægi fyrir væri veigamikið skref í rétta átt og að því leyti sem ég kom nálægt undirbúningi þess máls tel ég að þar hafi verið vel að verki staðið. Hins vegar er ýmislegt í frv. sjálfu sem má segja að sé álitamál og sé ástæða fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis til þess að skoða betur og fyrir Alþingi að taka á í meðförum þingsins á frv.

Það er í fyrsta lagi í 2. gr. laganna þar sem kveðið er á um stjórn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Ég held að þetta sé skref í ranga átt að afnema algjörlega afskipti hagsmunaaðila af starfsemi sjóðsins. Mér er alveg ljóst að þau rök hafa verið sett fram að hagsmunaaðilar geti nýtt meiri hluta sinn í stjórn sjóðsins til þess að koma í veg fyrir hvers konar inngreiðslur í sjóðinn. Ég vek hins vegar athygli á því að reglur sjóðsins hafa verið þrengdar í því skyni að gera þær almennari og sjálfvirkari þannig að ég hygg að sú hætta sem þarna hefur verið talað um sé ekki jafnmikil og áður hefur verið. Ég tel almennt að óeðlilegt sé með sjóð sem þennan að hagsmunaaðilar komi ekki að nokkru leyti að því verki og teldi t.d. mjög eðlilegt að þrír væru skipaðir af samtökum fiskvinnslustöðvanna en tveir t.d. af sjútvrh. í stjórn þessa sjóðs. Ég tel mjög eðlilegt að það sé fyrst og fremst fiskvinnslan sem eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins þar sem hér er verið að taka ákvörðun um að aftengja sjóðinn frá fiskverðsákvörðunum og innlendri kostnaðarþróun almennt.

Í annan stað er auðvitað mjög þýðingarmikið, og það held ég að sé ástæða til að árétta alveg sérstaklega, í 7. gr. frv., þar sem sagt er í fyrsta lagi að þrátt fyrir að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins séu eign sjóðsins sjálfs en ekki þeirra fyrirtækja sem borga í hann sé það samt sem áður þannig að inneignirnar séu bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði. Þetta er auðvitað mjög þýðingarmikið og er svar við þeirri miklu gagnrýni sem hefur komið fram, sérstaklega hjá rækjuframleiðendum, á starfsemi Verðjöfnunarsjóðsins.

Ég vil hins vegar vekja á því athygli að í 3. gr. frv. er talað um að Verðjöfnunarsjóði skuli skipt í deildir eftir tegundum afurða. Í næstu setningu er sagt að sjútvrh. taki ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar.

Hér hefur verið nokkur meiningarmunur með mönnum um það hvernig bæri að túlka þessa grein frv. Ég vil þá í þessu sambandi vekja athygli á því að í athugasemdum við einstakar greinar frv. er nánar kveðið á um þetta og ég tel þýðingarmikið að það sé áréttað og ég álít nauðsynlegt að fram komi a.m.k. mitt sjónarmið í þessu sambandi. Ég tel að það sé þýðingarmikið að þrátt fyrir að Verðjöfnunarsjóði kunni að verða skipt upp í deildir eftir tegundum sjávarafurða eigi það að vera þannig að það beri að líta á inneign hvers og eins framleiðanda sem sérstakan reikning sem er í eigu sjóðsins. Það sé ástæðulaust að skipta þessu með jafnríkum hætti og nú er gert í saltfisksdeild, freðfisksdeild, rækju- og hörpudisksdeild o.s.frv. o.s.frv. Það sé miklu eðlilegra að skipta þessu minna niður og fara frekar í það að eyrnamerkja inneign hvers framleiðanda á hans nafn án tillits til framleiðslugreinarinnar. Þessi tilhögun er m.a. nefnd hér í athugasemdunum. Þar segir að samkvæmt þessu fengi öll botnfiskvinnslan sömu verðjöfnun og því hefði tilhögun verðjöfnunarinnar engin áhrif á innbyrðis samkeppnisstöðu einstakra greina í vinnslunni. Þetta held ég að sé ákaflega þýðingarmikið og sé nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um í meðförum þingsins.

Það mál sem ég tel einna gagnrýnisverðast í frv. er nokkrar setningar í ákvæðum til bráðabirgða sem hér eru aftan við frv. Í ákvæðum til bráðabirgða segir m.a. svo, með leyfi forseta — og þarna er verið að tala um, svo að ég taki það til áréttingar, ráðstöfun á leyfum þess sjóðs sem er til staðar nú þegar og, þegar til slita á sjóðnum kemur, hvernig beri að ráðstafa því fé sem nú er inni á reikningum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins:

„Þegar útborgunartilefni skapast samkvæmt

ákvæðum 5. gr. þessara laga skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðum hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins."

Hér er raunverulega verið að tala um það að útborgunin á þessum leifum sjóðsins eigi í framtíðinni að verða samkvæmt hinum gömlu reglum sem voru og hafa verið og eru í gildi. Þetta tel ég í rauninni alveg ótækt form. Með því frv. sem hér er verið að leggja til er verið að hverfa frá ákveðinni aðferð við inn- og útborgun í Verðjöfnunarsjóð, aðferð sem ég hygg að allir séu sammála um að hefur ekki gengið upp og hefur ekki leitt til þess sem að var stefnt í upphafi. Það er raunverulega ekki ágreiningur um það að þessi gamla aðferð sem hefur verið við lýði er ónýt. Við viljum hverfa frá henni og þess vegna tel ég eðlilegast að að því sé stefnt að hverfa frá þessari aðferð nú og strax. Það eru engir eða mjög litlir tæknilegir annmarkar á þessari aðferð.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef undir höndum frá Verðjöfnunarsjóði eða starfsmönnum Verðjöfnunarsjóðs hefur bókhald sjóðsins verið fært þannig undanfarin ár að þar hafa innborganir verið eyrnamerktar sérstaklega hverjum framleiðanda og hvað snertir rækjuna t.d. er þetta ekkert vandamál. Þetta mun vera nokkurt vandamál hvað varðar humarinn og innstæðu humarframleiðenda í Verðjöfnunarsjóðnum, en mér býður í grun að það þurfi ekki annað en dálitla handavinnu, dálitla vinnu sem þurfi að leggja í það til þess að athuga hvernig innborgunum í humardeild sjóðsins hefur verið háttað, til þess að komast að því og búa málið þannig úr garði að hægt sé að borga út úr honum í samræmi við innborganir. Þess vegna held ég að það sé ákaflega óheppilegt og óskynsamlegt út frá þessum sjónarhóli að hafa þetta ákvæði til bráðabirgða inni með þessum hætti sem hér er gert og ég legg höfuðáherslu á það að í meðförum þingsins verði tekið á þessu máli og þessu snúið við.

Virðulegi forseti. Ég hygg að þrátt fyrir að ekki hafi verið stigið til fulls það skref sem margir hefðu kosið, að leggja af Verðjöfnunarsjóðinn að fullu og færa þessa sveiflu og verðjöfnun inn í fyrirtækin sjálf, sé samt sem áður mikilsvert skref stigið í rétta átt. Versta tilvikið væri það auðvitað ef við sætum uppi með óbreytt form vegna ágreinings um málið. Við erum nú stödd á þeim tímapunkti í hagsveiflunni, ef við gætum sagt sem svo, að menn ímynda sér a.m.k. að botni hennar hafi verið náð og margir horfa nú til þess að e.t.v. getum við farið að rétta úr kútnum að nýju, efnahagslega. Ýmsir óttast að þessu geti fylgt þensla og erfiðir tímar í kjölfarið á henni eins og við höfum svo oft þekkt í sögu okkar. Ef svo væri held ég að það væri ákaflega slæmt ef við byggjum við ónýtan verðjöfnunarsjóð þrátt fyrir að ég sé ekki að mæla með því að afrakstur af tekjuaukningu sjávarútvegsins verði tekinn að fullu og öllu og greiddur inn í sjóðinn í stað þess að leyfa greininni sjálfri að nýta hann til þess að lækka skuldir sínar og bæta efnahag sinn.

Ég vek hins vegar í þessu sambandi athygli á mjög athyglisverðri grein sem birtist um þessi mál í Morgunblaðinu nú á sunnudaginn var, eftir Sigurð Snævarr, hagfræðing á Þjóðhagsstofnun, þar sem hann rekur þessi mál dálítið. Ég held að það gæti verið fróðlegt að rifja það ögn upp.

Hann segir í greininni að staðreyndin sé sú að Íslendingar hafi ekki hingað til haft bein til þess að standast uppsveiflu í efnahagsmálum. Tilkall til þess tekjuauka sem nú er boðaður mun koma frá ýmsum þjóðfélagsöflum. „Þingmaðurinn mun fara fram á endurmat á forsendum fjárlaga og benda á að nú sé lag til að hrinda af stað gæluverkefninu sínu. Launþeginn mun benda á að kaupmáttur launa hafi lækkað um rúmlega 7½% á undanförnum tveimur árum og að útlit sé að óbreyttu fyrir að enn lækki kaupmáttur um 2½%. Atvinnurekandinn mun vitna til bágrar rekstrarafkomu um nokkurra ára skeið og lofar að verja tekjuaukanum til að greiða niður skuldir. Til staðfestingar getur hann vísað til fyrrnefnds rits Þjóðhagsstofnunar um að halli á atvinnurekstri í landinu hafi verið 8–9 milljarðar á árinu 1988 og í besta falli á sléttu í fyrra, og er þá ekki tekið tillit til ávöxtunar af eigin fé. Þetta sýnir okkur auðvitað að þrátt fyrir að við höfum gengið í gegnum gífurlegar hremmingar á undanförnum árum, efnahagur útflutningsgreinanna hafi versnað mjög mikið, eignirnar brunnið upp og fyrirtækin séu núna verr stödd en ég hygg nokkru sinni áður muni ekki skorta á tilefni hjá ýmsum til þess að gera tilkall til þess tekjuauka sem sjávarútvegurinn vissulega þarf á að halda til þess að greiða niður þær skuldir sem hann hefur stofnað til í undanförnu harðæri."

Ef hægt er á einhvern hátt að milda efnahagsleg áhrif af hugsanlegum tekjuauka með verðjöfnunarsjóði sem yrði eyrnamerktur hverjum framleiðanda væri það vissulega vel og ég tel, og ég ítreka það, að það væri versti kosturinn í þessu máli að við sætum uppi með óbreytt ástand, ónýtan verðjöfnunarsjóð engum til gagns, öllum til óþurftar og sem einskis trausts nyti nokkurs staðar í sjávarútveginum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til umræðu frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Ég var einn af þeim sem voru skipaðir í nefnd af hæstv. sjútvrh. til að fjalla um þessi mál og skilaði sú nefnd af sér 3. apríl 1990. Höfðu þá farið fram ítarlegar kannanir á stöðu þessara mála og niðurstaðan var sú að mjög skiptar skoðanir voru um áframhaldið eða það frv. sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi var eindreginn meiri hluti fyrir því að leggja niður núverandi Verðjöfnunarsjóð sem menn telja að hafi löngu gengið sér til húðar. Í öðru lagi voru menn alls ekki sammála um ágæti þessa nýja sjóðs og lögðust þrír aðilar algjörlega á móti því og raunar einn í viðbót.

Það er athyglisvert að þeir sem lögðust gegn þessu, auk mín, voru Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands og einnig

hafði fulltrúi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mjög eindreginn fyrirvara um botnfisk. Því má segja að þessir aðilar hafi hafnað frv. og það segir sitt um hvað hér er á ferðinni.

Hér er í fyrsta lagi verið að setja upp mjög flókið kerfi, miðstýringu, forræði ríkisins og áframhaldandi tilhneigingu til þess að halda í hönd hvers og eins, eins og hann sé ósjálfbjarga og geti ekki hjálpað sér sjálfur. Það er verið að færa fjármuni úr rekstri fyrirtækja inn í lokað kerfi sem á að ávaxta í erlendum bönkum með þeim hætti að það verður að teljast mjög óvenjulegt hér á landi. Það ýtir undir það og reyndar staðfestir að hér er verið að mismuna fyrirtækjum. Fyrirtæki í hvaða öðrum rekstri sem er hafa ekki möguleika á því að gera þetta. Í þriðja lagi er ábyrgð atvinnurekenda ekki sú sem hún ætti að vera. Hér er verið að reyna að fría menn frá ábyrgð og að þeir geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir, staðið frammi fyrir því að spara þegar vel gengur og eiga eftir til mögru daganna.

Í því sambandi er rétt að minna á að hugmyndir hafa verið uppi um að koma á fót sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækjanna þar sem stjórnendur fyrirtækja sjálfir ákveða hvort leggja skuli fyrir fjármuni eður ei. Ég held sjálfur og hef talið að það sé hin rétta leið, að það sé ekki verið að færa valdið frá fyrirtækjum og stjórnendum þeirra yfir til ríkisins eða einhvers miðstýringarafls heldur sé hér um það að ræða að fyrirtækin og þeir sem ráða fyrirtækjunum stjórni sínum gerðum sjálfir og standi ábyrgir fyrir því sem þeir gera.

Það þarf ekki að tíunda hér sérstaklega að eldri sjóðurinn hefur verið misnotaður þar sem úr honum hefur verið fært á milli greina og fyrirtækja þannig að þau fyrirtæki sem hafa lagt mest inn í sjóðinn hafa ekki hlotið þær greiðslur sem þau hefðu átt að fá samkvæmt því heldur hafa þær runnið til einhverra annarra fyrirtækja eftir aðstæðum hverju sinni.

Ég held að þetta frv. sé heldur ekki þannig vaxið að ástæða sé til bjartsýni. Ég held að núverandi ríkisstjórn muni halda áfram að mismuna með einhverjum hætti með þessum sjóði og mun koma að því síðar. Þá má reikna með því að þetta forræði ríkisins yfir rekstri sjávarútvegsins sé einn liðurinn í því að gera sjávarútveginn undirgefnari ríkisstjórninni hverju sinni.

Ég minni á það að í 2. gr. frv. er kveðið á um það að stjórn sjóðsins skuli skipuð af sjútvrh. og það segir auðvitað að pólitísk skipan verður í þennan sjóð. Hagsmunaaðilar hafa ekki möguleika á að tilnefna inn í sjóðinn eins og var gert ráð fyrir til að mynda í frv. sem hv. þm. Matthías Bjarnason flutti hér í fyrra. Og ég tel að líka að það væri til bóta ef Alþingi kysi menn í slíkan sjóð þannig að forræðið væri ekki á hendi sjútvrh. eins og hér er eina ferðina enn. Þetta er raunverulega staðfesting á miðstýringu þessa frv.

Í 3. gr. er tekið fram að sjútvrh. taki ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar. Hér er auðvitað mjög einkennilegt afbrigði í þessum lögum. Sjóðsstjórn er ekki treystandi til þess að ákveða þetta, jafnvel þó hún sé skipuð af hæstv. ráðherra.

Það sem hins vegar er til bóta í frv. miðað við eldri lög er að greiðslur eiga að renna inn á verðjöfnunarreikning á nöfn viðkomandi framleiðenda. Hins vegar eru ýmis ákvæði í frv. sem eru þannig vaxin að þau geta orkað tvímælis, bæði hvað varðar almennt réttarfar í landinu, hvað varðar uppgjör eða skuldaskil á þrotabúum og tryggingu manna fyrir því að þeir fái greiddar ógreiddar kröfur sem þeir eiga í fyrirtækjum sem verða gjaldþrota.

Í 7. gr. er tekið fram að í skuldafrágöngubúi eigi búið ekki kröfu í sjóðinn sem þýðir auðvitað það að þeir aðilar sem hafa lánað þeim ágæta manni sem fallinn er frá, en erfingjar vilja ekki gangast við búinu vegna skulda, standa verr eftir en áður.

Þá er það einnig í 7. gr. að ef framleiðandi verður gjaldþrota eða félagi er slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við á innstæðan á verðjöfnunarreikningi hans að renna óskipt inn á reikning Verðjöfnunarsjóðs. Það sama er um það að segja að kröfuhafar í gjaldþrotabú standa verr eftir en áður. Meginregla í íslensku réttarfari gagnvart því hvernig menn standa er að þeir geti fengið kröfur sínar greiddar. Þetta getur auðvitað skipt sköpum ef framleiðandi á miklar fjárhæðir inni í Verðjöfnunarsjóði.

Þá er sagt í 8. gr. að greiðslur framleiðenda inn á verðjöfnunarreikning hjá Verðjöfnunarsjóði skuli koma til lækkunar á tekjum þeirra á því ári sem framleiðsla á sér stað. Útgreiðslur af verðjöfnunarreikningum til framleiðenda skuli færðar til tekna á því ári sem framleiðsla á sér stað. Um þetta ákvæði er það að segja að hér mun vera ætlunin að fyrirtæki geti nýtt sér þetta skattalega þegar þau leggja inn á reikningana þó að ekki sé ótvírætt kveðið á um það í lögunum. Ég hefði talið að ef svo ætti að vera ætti auðvitað að taka efasemdir af. Hitt er annað mál að það er ekki til bóta að mismuna fyrirtækjum skattalega með þessum hætti, jafnvel þó að sama fyrirtæki eigi að greiða skatta af þessu þegar þeir fá til baka úr Verðjöfnunarsjóði. Það er meginregla í íslenskum lögum að menn greiða skatta af tekjum á því ári sem þær verða til.

Í 9. gr. er sagt: „Skylt er framleiðendum og útflytjendum sjávarafurða ásamt útflutningsfyrirtækjum og lánastofnunum að veita Verðjöfnunarsjóði allar þær upplýsingar sem hann kann að leita eftir um söluverð, söluskilmála, tegundir, pakkningar, vinnslustig afurða og annað það sem máli skiptir."

Hér er auðvitað mjög viðkvæmt mál á ferðinni. Almennt má segja að þegar menn eru í samkeppni sé það meginreglan að menn þurfi ekki að gefa upp viðskiptaleyndarmál sín, en hér í 9. gr. er mönnum með fyrirtæki gert það skylt, þeim er sagt: Svona förum við að — og allar upplýsingar um viðskiptin eru lagðar fram. Ég tel þetta mjög óheppilegt og ég tel mjög óheppilegt að hægt sé að ganga í innri upplýsingar fyrirtækja með þessum hætti. Ég tel það meginreglu að fyrirtæki eigi að geta starfað sjálfstæð og óháð án þess að ríkiskerfið sé með puttana í rekstri

þeirra og sé að rannsaka hvernig og hvað þau eru að gera í megindráttum. Ég held að 9. gr. verði að teljast mjög hæpin og alls ekki til þess að auka traust manna á ríkinu.

Í 10. gr. er rætt um það að stjórn sjóðsins sé heimilt að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð verði verulegur aflabrestur. Auðvitað er sjálfsagt að svo sé en þetta sýnir náttúrlega þá vankanta sem eru á slíku frv. Þegar aflabrestur er standa fyrirtækin miklu verr og því er erfitt annað en hafa slíkt ákvæði í þessu frv. eins og það er lagt fram hér.

Í 11. gr. er kveðið á um að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins hafi umsjón með starfsemi sjóðsins og að kostnaðurinn sé greiddur af óskiptum reikningi sjóðsins. Þá er í þeirri grein ákvæði um það að innstæður á verðjöfnunarreikningi sjóðsins skuli ávaxtaður á tryggan og hagkvæman hátt í erlendum gjaldeyri. Hér er eitt meginatriði frv. Það er verið að segja að ávaxta eigi fé í erlendum bönkum sem er mjög óvenjulegt um meðferð á fé sem er aflað innan lands. Ég held að þetta ákvæði sé mjög athugunarvert og því spurning á hvaða leið stjórnvöld.

Ég bendi síðan á ákvæðið þar sem sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum. Að lokum vil ég taka undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan um ákvæðin til bráðabirgða, með hverjum hætti er verið að greiða útflutningsbætur af þeim sjóðum sem enn eru til, og ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Að lokum vil ég segja að frv. eykur aðeins miðstýringu í íslensku þjóðfélagi og er ekki jafnsýnt að það verði til bóta eins og hér hefur verið rakið lítillega. Og síðan er hitt að mjög mikill ágreiningur er um þetta mál og stórir hagsmunaaðilar, aðallega þeir hagsmunaaðilar sem launafólk stendur að, eru á móti frv., svo og LÍÚ. Ég tel því að ekki eigi að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir hér og hef reyndar frá upphafi talið að það ætti ekki að fjölga opinberum sjóðum um einn enn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til að fara mjög mörgum orðum um frv. við 1. umr. þessa máls. Þó eru nokkur atriði sem hljóta að leiða til þess að hv. þm. fái frekari upplýsingar hjá hæstv. ráðherra og reyni að átta sig á þeim atriðum. Tveir nefndarmanna, annar aðalnefndarmaður, hinn varamaður, hafa nú þegar tjáð sig um þetta mál og báðir haft sínar efasemdir þótt í mismiklum mæli sé.

Það er ljóst að markmiðið með þessu frv. er skiljanlegt og eftirsóknarvert. Þó kemur fram að ekki er samkomulag í þeirri nefnd sem vann að undirbúningi málsins. Mín skoðun er sú að best hefði farið á því að leggja þennan sjóð af og beita í stað þess nýjum ákvæðum í lögunum um tekju- og eignarskatt með þeim hætti sem sjálfstæðismenn lögðu til í sínu frv. sem lagt var fram fyrir jól. Þar kom mjög skýrt fram hvernig ná megi þessum markmiðum með því að setja ákvæði í þau lög um sveiflujöfnunarsjóði sem hefðu það hlutverk að jafna sveiflur innan fyrirtækjanna sem auðvitað hefur nákvæmlega sömu áhrif og hér er gert ráð fyrir að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins hafi.

Því miður virðist ekki vera samkomulag um að fara þessa leið sem ég hef minnst á og sjálfstæðismenn hafa lagt til. En það er ekki heldur fullt samkomulag um þá leið sem hér er lögð til. Ég hvet þess vegna virðulega sjútvn. til að kanna mjög rækilega þær tillögur sem þegar hafa komið fram á yfirstandandi þingi og gætu leyst af hólmi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins eins og hann er í dag, flestum til óþurftar eins og allir virðast vera sammála um.

Í öðru lagi, þ.e. eftir að hafa bent á að til er önnur leið betri, sýnist mér vera farið hér inn á mjög varhugaverða braut varðandi skilgreiningu á eignarréttindum þess fjár sem lagt er til hliðar í Verðjöfnunarsjóðinn, og ég tel ástæðu til þess að menn átti sig mjög vel á því hvort þetta sé eðlilegasta leiðin. Í 7. gr. frv. segir að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist eign hans, þ.e. sjóðsins, en eru bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði. Að mínu áliti væri miklu betra að þessi inneign væri eign viðkomandi framleiðanda sem myndaði þannig eigið fé sem fyrirtækið ætti þótt slík eign sé háð ákveðnum takmörkunum. Ég skil vel að hér er um skattalegt mál að ræða að nokkru marki og verið er að reyna að komast fram hjá því að auka skattbyrði fyrirtækjanna. En það er gert með þeim hætti að í raun og veru hygg ég að kanna þurfi mjög vel hvort eðlilegt sé að menn borgi inn á sinn reikning, framleiðendur borgi inn á sinn reikning en fjármunirnir verði eign sjóðsins, að vísu með takmörkunum. Og svo eru þessi, ég vil kalla klúðurslegu ákvæði um það hvenær fyrirtæki sem taka við af fyrirtækjum, nýir eigendur eða erfingjar, geti eignast réttinn til þessara innstæðna og síðan takmörkun á þeim réttindum og hvernig þau geta gengið manna á milli. Ég tel að þetta sé slæmt kerfi, það sé flókið og eðlilegra hefði verið að fara þá leið sem ég hef bent á, sveiflujöfnunarsjóðsleiðina, þar sem enginn vafi leikur á um eignarréttinn, þar sem fyrirtækin sjálf taka ákvarðanir. Ef ekki væri hægt að fara þá leið ætti a.m.k. að leggja inn á nöfn fyrirtækjanna og þær innstæður séu þá eign viðkomandi fyrirtækja. Ég tel að þetta þurfi hv. sjútvn. að kynna sér mjög rækilega því mér sýnist eignarréttarfyrirkomulagið, eins og það er sett upp í þessu lagafrv., vera með þeim hætti að mjög athugunarvert sé.

Mér er þó ljóst að þetta er skárri kostur en sá sem er í núgildandi lögum og tek heils hugar undir flest það sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf. þar sem hann benti á ókosti núverandi kerfis og sýndi fram á að þessar nýju tillögur eru til bóta þótt ekki sé nægilega langt gengið að okkar mati.

Þá er athygli vert að skoða 3. gr. frv. þar sem segir að Verðjöfnunarsjóði sé skipt upp í deildir eftir tegundum afurða og síðan að sjútvrh. skuli taka ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins samkvæmt tillögum sjóðsstjórnarinnar. Mér skilst, ef ég hef lesið þetta rétt, að í þessu felist m.a. að það sé undir stjórn

sjóðsins komið og hæstv. sjútvrh. hvort setja eigi verðjöfnun og deild fyrir ísfisk, fyrir óunninn fisk, fyrir ísvarinn fisk, fisk sem fluttur er út t.d. í gámum. En eins og allir vita hefur það verið eitt stærsta deilumálið varðandi Verðjöfnunarsjóð að framleiðendur og þeir sem reka fyrirtæki í sjávarútvegi hafa ekki þurft að greiða í Verðjöfnunarsjóð ef um er að ræða útflutning á óunnum fiski. Hins vegar hafa t.d. saltfiskverkendur þurft að greiða í sína deild. Þannig hefur myndast misræmi sem felst í því að þeir sem fá óunninn fisk í hendur erlendis geta unnið þann fisk með sambærilegum hætti og innlendir aðilar án þess að taka á sig það sem þeir innlendu þurfa að gera þegar þeir greiða inn í sjóðinn. Þetta er ekkert nýtt vandamál. Þetta er vandamál sem allir þekkja, vandamál sem um hefur verið skrifað og rætt.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, sem hefur heimildina samkvæmt þessum lögum, hvort hann hyggist setja upp deild fyrir ísvarinn fisk sem fluttur er t.d. út í gámum og hvort greiða eigi þá út úr Verðjöfnunarsjóði ef um verðfall er að ræða, t.d. vegna offramboðs á mörkuðum. Ég tel það aldeilis óviðunandi að við ljúkum þessari 1. umr. án þess að hæstv. ráðherra segi álit sitt á þessu sérstaka vandamáli sem er eitt það stærsta og hefur reyndar orðið til þess að fulltrúar til að mynda SÍF hafa helst viljað leggja þennan sjóð af án þess að nýr taki við af honum og gengið þannig í lið með fulltrúum útvegsmanna og sjómanna.

Ég skal sleppa þeim atriðum sem aðrir hafa fjallað um sem eru skýr og skiljanleg, en vil aðeins benda á ákvæði til bráðabirgða, 1. málsl. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður skal taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins." Þessi setning lætur nú ekki mikið yfir sér. Ef hins vegar er flett upp í greinargerðinni eða athugasemdunum sést að verulegar skuldbindingar eru á Verðjöfnunarsjóðnum, þ.e. Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, bæði vegna lántöku hjá Seðlabankanum 1981 og eins vegna tveggja lána sem tekin voru 1988 og 1989. Áætla má að skuldir þessar geti numið allt að 2 milljörðum kr. með vöxtum og gengistryggingu. Síðar segir: „Nauðsynlegt er að ríkissjóður taki á sig þessar skuldbindingar, enda hafa verið gefin fyrirheit um það."

Nú vil ég rifja það upp að þegar núv. hæstv. ríkisstjórn, ef ég má orða það svo, var mynduð — ég tel að þær breytingar hafi ekki verið gerðar á henni síðan sem nokkru máli skipta. Að vísu hefur einn pínuflokkur bæst við í ríkisstjórnina en sá flokkur er nú að líða undir lok eins og allir vita og brotna upp í öreindir sínar þannig að ég tel að það sé vart hægt að tala um nýja ríkisstjórn þótt þessir örfáu hafi bæst við — en ég rifja það upp að þegar hæstv. ríkisstjórn var mynduð haustið 1988 varð ágreiningur um hvaða leið skyldi fara. Niðurstaðan varð sú að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sprakk. Hin nýja stjórn, stjórn Steingríms Hermannssonar, ákvað að fara þá leið að taka að láni verulegar upphæðir og greiða tímabundið með útfluttum fiski. Það var gert með því að taka lán, lánið var tekið af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, tvívegis reyndar. Þá um haustið lýsti hæstv. sjútvrh. því yfir á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins m.a. að ekki mætti búast við því að Verðjöfnunarsjóður yrði látinn greiða þetta til baka eins og kannski væri eðlilegast þegar slíkur sjóður tekur lán, þá ætti hann samkvæmt kenningunni að greiða þetta lán til baka þegar betur áraði.

Sí og æ hafa orðið umræður um þetta mál og á það hefur verið bent að þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra jafngilti því að ríkissjóður hefði ákveðið að taka að sér þetta lán og þess vegna væri rangt að bókfæra þetta lán á Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Í raun og veru væru þetta skuldbindingar ríkissjóðs og þess vegna eðlilegt að taka þetta upp í bókhald ríkisins með þeim hætti sem vera bæri, sem lán sem ríkisstjórnin hefði tekið, ríkissjóður hefði tekið en ekki Verðjöfnunarsjóðurinn. Á þetta hefur hæstv. fjmrh. aldrei fallist. Hann hefur sagt sem svo: Það hefur engin ákvörðun verið tekin um þetta mál. Það ber að haga þessum málum þannig að þegar greiða skal lánið þá kemur í ljós hver greiðir. Ef ríkissjóður lendir í því að greiða lánið þá kemur það til gjalda eins og hver önnur ríkisútgjöld.

Í þessu stjfrv. er því lýst yfir að nauðsynlegt sé að ríkissjóður taki á sig þessar skuldbindingar, enda hafi verið gefin fyrirheit um það. Með öðrum orðum, það sem hér stendur er í nafni allrar hæstv. ríkisstjórnar. Því verður að telja að hæstv. fjmrh. sé bundinn af þessu jafnframt. Þá finnst mér eðlilegt að hæstv. sjútvrh. skeri úr um það hér og nú hvað gerist ef þetta frv. verður samþykkt, hvort ekki sé eðlilegt að flytja þessa lántöku yfir á ríkissjóð og sýna þannig eðlilega ríkisreikninga, eðlilegt ríkisbókhald en láta ekki þessa upphæð standa á Verðjöfnunarsjóði, rétt eins og hann hafi tekið lánið og ætlast sé til af þessum tiltekna sjóði að hann endurgreiði lánið í tímans rás. Þetta er auðvitað ekki stórt atriði varðandi sjálfan Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins en þetta er atriði sem sýknt og heilagt hefur verið rætt um hér á hv. Alþingi og kominn er tími til að hæstv. sjútvrh., sem er nú fróðastur manna um bókhald og endurskoðun, kveði upp úr um þetta tiltekna atriði.

Eins og ég sagði áður, þá skil ég vel markmiðið með þessu frv. En ég hef efasemdir um þá leið sem frv. gerir ráð fyrir að farin verði. Ég tel miklu betri leið að fyrirtækin séu sjálf ábyrg, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 11. þm. Reykn. Ég tel í raun að hér sé áfram haldið á þeirri braut að ríkisvaldið sé eins konar barnapía fyrir fyrirtækin í landinu. Ég bendi á að það er út af fyrir sig sveiflujafnandi ef fyrirtækin fá tækifæri til að greiða skuldir sínar til baka. Í því felst sveiflujöfnun. Og sveiflujöfnun er fólgin í því ef fyrirtækin fá að leggja til hliðar í sveiflujöfnunarsjóði, eins og gert var ráð fyrir í frv. okkar sjálfstæðismanna en sveiflujöfnunarsjóðurinn þar tók nokkurt mið af fjárfestingarsjóðum fyrirtækjanna eins og þeir voru skilgreindir í lögum á sínum tíma. Lagareglur gilda um þá, þ.e. að þessari sjóðsmyndun fylgja ákveðin skattfríðindi sem felast í því

að skattheimtu er frestað um tiltekinn tíma. Á þetta bendi ég og ég hvet hv. nefnd, sjútvn. Nd., til að ræða þessi atriði mjög nákvæmlega, að kynna sér þau frv. sem lögð hafa verið fram um þetta mál hingað til. Ég vona að nefndin geti lokið þeim störfum fyrir þinglok því að ég er sammála þeim sem segja: Niðurstaða í þessu máli þarf að nást sem allra fyrst og helst ekki síðar en á þessu þingi, sem er nú reyndar að verða lokið. Þess vegna þarf að nýta tímann mjög vel á næstu vikum.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur erum í megindráttum sammála því frv. sem liggur hér fyrir, enda áttum við fulltrúa í þeirri nefnd sem undirbjó það. Eins og lýst er hér í fskj. I við frv. var fulltrúi okkar í hópi þeirra sem lýstu sig hlynnta verðjöfnun í anda frv. með fyrirvara um einstök atriði.

Þegar hefur verið tíundað hér hverjar voru helstu ástæður fyrir samningu þessa frv. og sú óánægja sem var með fyrri tilhögun. Í fyrsta lagi, eins og hæstv. sjútvrh. *ræddi hér áðan, að kerfið er mjög seinvirkt* og því illa fallið til þeirra verkefna sem því er ætlað og skilar niðurstöðum of seint. Í öðru lagi að stjórnvöld hafa getað hlutast til um þessi málefni meira en góðu hófi gegnir með lántökum sjóðsins. Og í þriðja lagi, og það sem mestu skiptir, að þær breytingar eru gerðar að framleiðendur eiga nú sjálfir þær innstæður í sjóðnum og þeir einir geta fengið greiðslu sem til hans hafa lagt.

Þó eru nokkur atriði hér sem mig langar að minnast á. Það er í fyrsta lagi 2. gr. frv. þar sem segir að sjútvrh. skipi sjóðnum fimm manna stjórn. Nú þykir eflaust mörgum nóg um vald sjútvrh. í flestum þeim atriðum sem varða málefni sjávarútvegsins. Það hefur verið haft á orði að eðlilegt væri að hagsmunaaðilar hefðu aðild að sjóðnum. Það er kannski ekki eins einfalt og það kann að virðast. Hagsmunaaðilar eru ákaflega missterkir og vægi orða þeirra er hreint ekki hið sama eftir því hvaðan þeir koma. Því kann að vera nokkrum erfiðleikum háð að finna hvernig þeim málum væri rétt skipað. Ég vil í þessu sambandi minna á að í umfjöllun um frv. um stjórn fiskveiða kemur mjög greinilega í ljós að það er hreint ekki sama hvaða sjónarmið hagsmunaaðilar færa fram og vega þar sumir sýnu meir en aðrir. Sífellt fleiri hafa lýst stuðningi við byggðakvóta með einum eða öðrum hætti en sá fjölmenni kór hefur þó ekki náð eyrum *hæstv. sjútvrh. og greinilegt að þeir hagsmunaaðilar* sem vilja viðhalda ríkjandi kerfi ná eyrum hans miklu greiðlegar en aðrir. Því efast ég satt að segja um að auðvelt væri að finna þá sjóðsstjórn sem ekki væri, eins og málum er nú háttað, hæstv. sjútvrh. þóknanleg. Þó finnst mér ekki gott að una við þetta fyrirkomulag og finnst sjálfsagt að í meðförum sjútvn. verði þetta atriði athugað rækilega.

Sama er að segja um 3. gr. frv. þar sem í rauninni er skilið eftir opið hvernig þetta skuli framkvæmt og deildaskipting ekki verið ákveðin. En tekið er fram í greininni að sjútvrh. taki ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins, samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar, sem hann skipar sjálfur. Það skiptir auðvitað verulegu máli hvernig til tekst um þessa frmkvæmd, hvernig þessi deildaskipting er og ekki æskilegt að skilja það vald eftir í höndum hæstv. ráðherra eins og hér er lagt til. Því er þetta annað atriði sem verður að koma til rækilegrar meðferðar í nefndinni. Vonandi, þó mikið liggi á afgreiðslu þessa máls, gefst tími til þess að gaumgæfa vel þessar tvær greinar.

Sama má segja um ákvæði til bráðabirgða þar sem vissulega þarf að kanna nánar hvernig á í rauninni að framkvæma þessa breytingu, þ.e. að breyta Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins eða leggja hann niður og taka upp í staðinn þennan sem hér er lagður til. Það er vissulega möguleiki að nota sömu aðferð við greiðslur úr þeim sjóði áfram eins og lagt er til með því fyrirkomulagi sem hér er boðað í frv. Annar möguleiki er að reikna út innstæður hvers og eins og flytja yfir á reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Hvort það er heppilegasta aðferðin skal ósagt látið á þessu stigi málsins en vissulega koma *nokkrar leiðir til álita sem vert er að athuga betur.*

Varðandi þau orð sem hér hafa fallið um að grípa fram fyrir hendur einstakra atvinnurekenda, taka frá þeim ábyrgð, eða eins og hv. 11. þm. Reykn. orðaði það, að samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir eigi að halda í hönd hvers og eins vegna þess að hann geti ekki bjargað sér sjálfur. E.t.v. mætti frekar orða þetta þannig að menn hafi ekki kunnað fótum sínum forráð. Það gildir ekki einungis um aðila í sjávarútvegi sem hafa oft gerst allt of eyðslu- og fjárfestingarglaðir heldur gildir það um miklu fleiri. Hafa verður í huga að sjávarútvegurinn og afkoma hans snertir þjóðina alla og afkomu hennar og því miklu meira í húfi en sjálfsforræði einstakra atvinnurekenda. Sú aðferð til sveiflujöfnunar sem hér er lögð til tekur tillit til þjóðfélagsins alls. Hún er virkt hagstjórnartæki í því skyni að verja þjóðarskútuna alla of miklum áföllum og sveiflum, hvernig sem kann að viðra, bæði varðandi afla og verð á erlendum mörkuðum. Ég held að miklu mikilvægara sé að viðhafa aðferðir sem ekki eru lagðar í hendur einstaklinga eða einstakra fyrirtækja heldur með þessu fyrirkomulagi hér sem mun, ef vel tekst til, taka tillit til heildarinnar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og ýmsar þær ábendingar sem hafa komið í þessu máli. Auðvitað er með þetta mál eins og öll önnur að það eru ýmis álitamál sem sjálfsagt er að meta við meðferð málsins í nefnd.

Hér hafa einkum komið fram athugasemdir við 2. og 3. gr. Það er talið óeðlilegt að sjútvrh. skipi þá stjórn sem á að fara með málefni þessa sjóðs, ef frv. þetta verður að lögum. Ég held að það sé alveg ljóst að sjútvrh. verður að skipa þá stjórn en álitamálið hlýtur að snúast um það hvort rétt sé að einhverjir aðilar tilnefni til þeirrar stjórnar. Svo hefur verið að því er varðar núverandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnað-

arins. Ég held að það hafi oft og tíðum verið slæmt að hagsmunaaðilar hafa getað myndað þar meiri hluta sem ég tel að í sumum tilvikum hafi verið í andstöðu við anda þeirrar löggjafar.

Nú er það alveg rétt sem hv. 1. þm. Vestf. tók fram að um verulega breytingu á sjóðnum er að ræða og því sé það ekki jafnþýðingarmikið hverjir eru í stjórn þessa sjóðs. Er sjálfsagt að taka það til umfjöllunar en ljóst er að sjútvrh. á hverjum tíma verður að skipa stjórnina, jafnvel þótt einhverjir fulltrúar til hennar yrðu tilnefndir.

Að því er varðar 3. gr. er eðlilegt að um það sé rætt hvort nauðsynlegt sé að hafa deildaskiptingu í sjóðnum eða ekki. Auðvitað er þessi deildaskipting ekki jafnmikilvæg þegar það hefur verið ákveðið að innstæðunni skuli skipt á viðkomandi framleiðendur og viðkomandi fyrirtæki. En þetta er haft með þessum hætti vegna þess að hér kunni að koma upp álitamál og nauðsynlegt að hafa möguleika til að gera hér breytingar á ef upp kemur. Þannig er það að sjálfsögðu í allri löggjöf að ráðherrar hafa vald til þess að gera a.m.k. takmarkaðar breytingar innan ramma laganna ef upp koma aðstæður sem kalla á slíkt.

Það kemur mér mjög á óvart í endurtekinni umræðu hér á Alþingi að það þyki óeðlilegt að ráðherrar eigi að ákveða hluti sem þessa. Því er oft haldið fram að sjútvrh. hafi svo mikið vald að ekki sé á það bætandi. Þetta er að verða það sem unglingarnir kalla frasa hér í þinginu. Ég hef ávallt staðið í þeirri meiningu að íslenska stjórnkerfið væri þannig byggt upp að framkvæmdarvaldið sækti vald sitt til löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldið bæri ábyrgð gagnvart löggjafarvaldinu og gagnvart þjóðinni og ekki væri hægt að breyta mikið út frá þessum sið samkvæmt okkar stjórnarskrá. Að sjálfsögðu yrði að sækja viðkomandi ráðherra til ábyrgðar í þeim málaflokkum sem þeir fjalla um. Þess vegna tel ég við yfirlestur á þessu frv., og tek fram að því hefur í engu verið breytt síðan viðkomandi nefnd skilaði því af sér, að það komi t.d. fram í 4. gr. að sjóðsstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Og til að taka þarna af öll tvímæli væri e.t.v. nauðsynlegt að sjútvrh. á hverjum tíma staðfesti a.m.k. þessa ákvörðun því ekki er heimilt að framselja t.d. skattlagningarvald til utanaðkomandi aðila. Því hefur alltaf þótt varlegra í öllum svona tilvikum að viðkomandi ráðherra staðfesti slíka ákvörðun.

Þetta eru hinar almennu reglur en mér finnst stundum þegar ég hlusta á umræður á Alþingi að menn vilji helst bregða út af þessu grundvallaratriði í hinni íslensku stjórnsýslu. Ég held það fari að verða undarlegt ef menn vilja framselja þetta vald til aðila utan framkvæmdarvaldsins. Hitt er svo annað mál að það er að sjálfsögðu góð regla og nauðsynleg að hafa lög það skýrt afmörkuð að ekki sé vafi á hvað við er átt. Þó er það svo í mjög mörgum atriðum að nauðsynlegt er að hafa nokkurt svigrúm til þess að gera reglugerðarbreytingar, nema menn vilji taka upp þann sið í íslenskri stjórnsýslu að nánast engar breytingar sé hægt að gera á einu né neinu nema fram fari breytingar á lögum á Alþingi. Ég hélt satt best að segja að menn væru almennt frekar þeirrar skoðunar að það sé of mikið af lagafrumvörpum hér inni á þinginu. Er það í sjálfu sér ekkert nýtt og hefur orðið hálfgerð lenska í okkar samfélagi að vera alla tíð að eyða tíma í að breyta lögum eins og nánast sé ekkert hægt að gera án þess að vera alltaf að setja ný lög. Þetta vildi ég taka fram en með því er ég á engan hátt að andmæla því að breytingar geti átt sér stað á 2. og 3. gr. ef betra orðalag finnst á þessum greinum. Ég tek undir með hv. 1. þm. Vestf. sem sagði að auðvitað væri ekki jafnrík ástæða til að hafa þessa skiptingu eftir að fjármagninu hefur verið skipt upp á fyrirtæki.

Það eru nokkur önnur atriði sem hafa verið gagnrýnd. M.a. gagnrýndi hv. 1. þm. Vestf. einkum ákvæði til bráðabirgða, þ.e. það ákvæði að þeim eignum sem í Verðjöfnunarsjóðnum eru í dag skuli ekki skipt upp á einstaka aðila. Ég tel þetta réttmæta gagnrýni og get í sjálfu sér tekið undir það með honum að mun æskilegra hefði verið að skipta þessari eign með sambærilegum hætti og annarri eign í framtíðinni. Ræddi ég það nokkuð við formann nefndarinnar á sínum tíma. Hann taldi hins vegar ýmis vandkvæði á því. En ef hægt er að finna framkvæmdarreglu sem er ásættanleg í því máli þá get ég tekið undir það að ég vildi heldur sjá þennan sjóð uppskiptan í upphafi ef hægt er að koma því við. Hins vegar eru um þetta eins og annað, eins og reyndar hv. þm. tók fram, ýmis álitamál sem eru viðkvæm í sambandi við skiptinguna.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði mig um nokkur atriði. Í fyrsta lagi gagnrýndi hann eignarréttarlega uppbyggingu frv. og taldi eðlilegra að sjóðurinn væri færður hjá hverjum aðila fyrir sig og eignfærður þar. Ég er ekki sammála hv. þm. í þessu. Ég tel eðlilegast að eignalega séð sé farið með þennan verðjöfnunarsjóð með svipuðum hætti og gengur og gerist að því er varðar tapsfrádrátt fyrirtækja. Fyrirtæki geta ekki dregið tap fyrri tíma frá nema hagnaður verði og segja má að hér sé um sambærilega reglu að ræða, ekki er hægt að efna til verðjöfnunar nema eign sé fyrir hendi og aðeins í því tilviki að verðjöfnunartilefni sé. Það er t.d. ekki hægt að taka út úr Verðjöfnunarsjóði við það að fyrirtæki sé slitið, við það að fyrirtæki verði gjaldþrota eða leggi niður rekstur. Ég veit að hv. þm. er það ljóst eins og mér að auðvitað er hægt að sameina og leggja niður fyrirtæki af ýmsu tilefni. Það er ekki eðlilegt að mínu mati að þar sé aðilum mismunað og hægt sé t.d. að fá út úr þessum sjóði við það eitt að slíta félagi og stofna e.t.v. nýtt.

Ég skil hins vegar vel áhyggjur hv. 1. þm. Reykv. út af þessu máli. Hann sagði reyndar að hann teldi eðlilegt að gera þetta með öðrum hætti, þ.e. vera ekki með þennan sameiginlega sjóð heldur að hvert fyrirtæki fyrir sig tæki sínar ákvarðanir og hefði heimildir til sveiflujöfnunar. En þá kemur að því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði réttilega, og vitnaði þar í

ágætan hagfræðing sem um þetta ritaði um síðustu helgi í Morgunblaðið, að miklar kröfur eru gerðar til sjávarútvegsins þegar þar verður uppsveifla og sú kröfugerð verður oft til þess að jafnvel í tiltölulega góðu árferði myndast taprekstur í sjávarútveginum. Og ekki er nóg með það að sjávarútvegurinn byrji að tapa fé, heldur allur íslenskur atvinnurekstur. Það sem hefur verið eitt það versta er að við slík skilyrði hefur iðnaðurinn í landinu oft og tíðum farið afar illa. Þessar staðreyndir hvetja menn oft og tíðum til að gera þetta með þeim hætti að ekki sé um eign viðkomandi fyrirtækja að ræða í þeirri trú að það geti orðið til þess að allur almenningur í landinu sætti sig fremur við að sjávarútvegurinn safni upp nokkru fé til ráðstöfunar þegar verr gengur. Það eru þessar staðreyndir sem hafa a.m.k. sannfært mig um að ekki sé rétta leiðin að gera þetta innan fyrirtækjanna sjálfra heldur með þessum hætti. En hitt er svo allt annað mál að að sjálfsögðu þurfa að vera almennar heimildir til einhverrar sveiflujöfnunar í fyrirtækjum almennt og á það jafnt við um fyrirtæki í sjávarútvegi, iðnaði og öðrum atvinnurekstri. En í þessu tilviki er verið að taka á sérstökum málefnum sjávarútvegsins, þ.e. aðstæðum sem leiða til þess að verð fellur og verð stígur á okkar afurðum.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hvort ætlunin væri að fram færi verðjöfnun við útflutning á óunnum fiski. Svarið er já. Hann sagði jafnframt að ekki hefði verið lagt í sjóð að því er varðar útflutning á óunnum fiski. Þetta er ekki alls kostar rétt því þegar verðjöfnun átti sér stað, sérstaklega í saltfiskdeild á sínum tíma, var tekið vegið meðaltal af verðjöfnun í freðfiskdeildina og saltfiskdeildina og greitt inn í Verðjöfnunarsjóð af útflutningi á ferskum fiski í nokkurn tíma. Þessar fjárhæðir voru hins vegar ekki miklar og greiðslurnar á engan hátt fallnar til þess að jafna þau ójöfnu skilyrði sem þar hafa verið á ferðinni sem ekki eru síst vegna mismunandi tollareglna í Efnahagsbandalaginu. En ég er alveg sammála hv. 1. þm. Reykv. um það að ekki er eðlilegt að taka upp verðjöfnun sem þessa nema hún nái til allra sjávarafurða, í hvaða formi sem þær eru, eftir hlutlausum reglum.

Að því er varðar spurningu hans um ákvæði til bráðabirgða, um það hvernig rétt sé að bókfæra viðkomandi skuld, þá sýnist mér að það liggi alveg í augum uppi hvernig rétt er að bókfæra hana. Það ber að sjálfsögðu að bókfæra skuld hjá þeim sem skuldar umrædda fjárhæð og er frekar lögfræðinga að svara slíkum spurningum en aumra bókara. En af því að lögfræðingurinn spurði bókarann um það, og ég skal vel kannast við það að ég var a.m.k. bærilegur í bókhaldi, þá get ég staðfest þann skilning sem mér fannst hann hafa, að við það að Verðjöfnunarsjóðurinn skuldaði ekki lengur fjárhæðina hlyti ríkissjóður að skulda hana.

Fleira var það ekki sem ég tel að hafi komið fram í þessari umræðu sem til mín var beint en vil endurtaka þakklæti mitt fyrir þessar ágætu umræður sem hér hafa farið fram. (Gripið fram í.) En sem svar við þessari síðustu spurningu þá hef ég lagt niður kennslu í slíkum fræðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Dómsvald í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 337. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 588.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt er á þskj. 588, frv. til laga um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972. Frv. þetta hefur verið samþykkt í hv. efri deild.

Þann 9. jan. sl. kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 120/1989 sem var sakamál. Varð niðurstaðan sú að dómur uppkveðinn í sakadómi Árnessýslu var felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Var þetta gert sökum þess að sýslumaðurinn í Árnessýslu og fulltrúi hans, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, hafi verið vanhæfir til að fara með dómstörf í málinu þar sem sýslumaðurinn sé jafnframt lögreglustjóri í sama umdæmi og hafi sem slíkur borið ábyrgð á lögregluannsókn málsins. Forsendur dóms Hæstaréttar eru þessar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í málinu er á þetta að líta. Í stjórnarskrá lýðveldisins er byggt á þeirri meginreglu að ríkisvaldið sé þríþætt og að sérstakir dómarar fari með dómsvaldið. Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður sem bjuggu því að baki að sömu menn fara utan Reykjavíkur oftsinnis bæði með stjórnsýslu og dómstörf hafa nú minni þýðingu en fyrr, m.a. vegna greiðari samgangna en áður var.

Alþingi hefur sett lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem taka gildi 1. júní 1992. Ísland hefur að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða Mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindanefnd Evrópu hefur einróma ályktað að málsmeðferð í máli Jóns Kristinssonar hafi ekki verið í samræmi við 6. gr. 1. mgr. Mannréttindasáttmálans. Ríkisstjórn Íslands hefur, eftir að fyrrgreindu máli var skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu, gert sátt við Jón Kristinsson svo og annan mann sem kært hefur svipað málsefni með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Í 36. gr. 7. tölul. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, segir m.a. að dómari skuli víkja úr dómarasæti ef hætta er á því að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál skv. 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála. Í máli þessu er ekkert fram komið sem bendir til þess að dómara-

fulltrúinn sem kvað upp héraðsdóminn hafi litið hlutdrægt á málavöxtu. Hins vegar verður að fallast á það með Mannréttindanefnd Evrópu að almennt verði ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómsstörfum þegar sami maður vinnur bæði að þeim og lögreglustjórn. Með tilliti til þess sem rakið hefur verið ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig að sýslumanninum í Árnessýslu og fulltrúa hans, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Árnessýslu og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar."

Í framangreindu máli túlkar Hæstiréttur íslensk lög um hæfi dómara í samræmi við Mannréttindasáttmála Evrópu en Ísland er aðili að þeim samningi og hefur skuldbundið sig að þjóðarétti til að virða niðurstöður Mannréttindadómstólsins. Í þessu sambandi má og benda á dóm Hæstaréttar frá 2. febr. sl. þar sem Hæstiréttur taldi dómara vanhæfan til að fara með mál þar sem hann hafði kveðið upp gæsluvarðhaldsúrskurð á grundvelli 4. tölul. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, en Mannréttindadómstóllinn hafði sl. sumar dæmt í máli gegn Danmörku þar sem sambærilegt ákvæði í dönskum réttarfarslögum var talið andstætt Mannréttindasáttmálanum.

Eins og kunnugt er skiptist landið í 27 umdæmi. Alls staðar utan Reykjavíkur háttar svo til að sami maður, þ.e. sýslumaður eða bæjarfógeti sinnir fjölþættum störfum. Hann er dómari, lögreglustjóri, tollstjóri og hefur ýmis önnur stjórnsýsluverkefni. Við sex af þessum embættum starfa einn eða fleiri dómarar sem starfa sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum sem forstöðumaður embættis hefur falið þeim til meðferðar. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta starfa á þeirra ábyrgð og eru vanhæfir til meðferðar máls ef yfirmaðurinn er það. Afleiðingar framangreinds dóms vörðuðu grundvallaratriði í dómstólaskipan landsins. Hann þýddi í reynd að í 20 umdæmum landsins voru sýslumenn, bæjarfógetar og fulltrúar þeirra vanhæfir til að fara með öll sakamál sem rannsökuð voru í þeirra umdæmi og í flestum tilfellum var það meginþorri þeirra sakamála sem þar voru til meðferðar.

Það var óviðunandi staða að í 20 umdæmum landsins væru ekki til bærir aðilar til að fara með jafnmikilvægan málaflokk og sakamál eru og því nauðsynlegt að úr því yrði bætt þegar í stað. Þar sem Alþingi sat ekki þegar framangreindur dómur gekk voru gefin út bráðabirgðalög um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, og er það frv. sem hér er til umræðu flutt til staðfestingar þeim samkvæmt fyrirmælum 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Framangreindur dómur hafði einnig afleiðingar í þeim sex umdæmum þar sem héraðsdómarar voru til staðar. Starfsmenn dómsmrn. heimsóttu þessi umdæmi til að afla upplýsinga og leggja á ráð um með hvaða hætti mál gátu eftir sem áður haft eðlilegan framgang.

Ég mun nú gera grein fyrir nokkrum atriðum varðandi efni þessa frv.

Skv. 1. gr. þess eru stofnuð fimm ný embætti héraðsdómara. Fjórir af þessum dómurum starfa í fleiri en einu umdæmi. Varðandi val á umdæmum sem hver þessara fjögurra dómara skyldi starfa við voru fyrst og fremst hafðar í huga landfræðilegar aðstæður og að heildarfjöldi þeirra opinberu mála sem þar eru til meðferðar væru innan þeirra marka að ætla megi að einn maður geti sinnt þeim.

Skv. 9. gr. laga um skipan dómsvalds í héraði o.fl. úthlutar forstöðumaður embættis héraðsdómurum verkefnum. Skv. 3. gr. þessa frv. verður þeim fjórum dómurum sem starfa við fleiri en eitt embætti ekki falið að fara með stórnvaldsmálefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með þeirra samþykki. Ástæða þessarar takmörkunar er sú að tilgangur frv. er að opinber mál geti haft eðlilegan framgang í þessum umdæmum og ætla má að í flestum tilfellum sé það fullt starf að sinna þeim. Vissulega hefði í sumum tilfellum mátt fara aðrar leiðir, t.d. að núv. héraðsdómarar gætu dæmt í fleiri umdæmum. Sú leið var ekki valin vegna þess að hér er um tímabundið ástand að ræða, þ.e. þangað til lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði öðlast gildi 1. júlí 1992. Og þar sem þessir dómarar hafa allir meira en næg verkefni í sínu umdæmi var ekki talið rétt að gera víðtækari breytingar en nauðsynlegar væru til að í öllum umdæmum landsins væru bærir dómarar til að fara með opinber mál.

Skv. 2. mgr. 2. gr. frv. eru stöður þessara nýju héraðsdómara tímabundnar til 30. júní 1992. Ástæða þess er að þann 1. júlí 1992 öðlast gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Skv. 18. gr. þeirra laga hafa sýslumenn, bæjarfógetar og dómarar forgang til skipunar í embætti dómara við hina nýju héraðsdómstóla. Þar sem þessir aðilar eru fleiri en embætti við hina nýju héraðsdómstóla og með hliðsjón af því að hér er um bráðabirgðaástand að ræða eru í 2. gr. frv. ákvæði um að þessir nýju dómarar njóti ekki þess forgangs til skipunar í dómaraembætti sem um er fjallað í 18. gr. aðskilnaðarlaganna.

Í 3. mgr. 2. gr. frv. er ákvæði um að heimilt sé að skipa héraðsdómara í fyrsta sinn samkvæmt lögunum án þess að embættin hafi verið auglýst laus til umsóknar. Þetta ákvæði var sett til að tryggja að unnt væri að ráða dómara þegar í stað svo umrædd 20 embætti væru ekki dómaralaus um alllangt skeið.

Í 4. mgr. 2. gr. frv. er ákvæði um að skipa megi mann í héraðsdómaraembætti þótt hann uppfylli ekki skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936. Í þeirri grein er fjallað um skilyrði þess að skipa megi mann dómara. Í 7. tölul. er ákvæði um að menn þurfi að hafa sinnt tilgreindum störfum í þrjú ár svo skipa megi þá dómara. Þótt markmiðið sé að dómarar þessir uppfylli öll skilyrði þess að skipa megi þá sem dómara þótti nauðsynlegt að hægt væri að víkja frá framangreindu skilyrði ef ekki fengist hæfur dómari sem uppfyllti öll skilyrði þess að fá skipun í embætti. Og ég vil taka fram

sérstaklega í þessu sambandi að það tókst að fá héraðsdómara í öll þessi embætti sem uppfylltu öll skilyrði.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti en nú hefur þegar verið rakið tel ég að svo stöddu ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir einstökum ákvæðum þessa frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Það er rétt að taka það fram að frekari atkvæðagreiðslur verða ekki hér í dag en samkvæmt samkomulagi við formenn þingflokka stjórnarandstöðu verður væntanlega kvöldfundur til þess að ræða fjöldamörg frv. frá hv. þingdeildarmönnum sem hafa kannski sum hver beðið allt of lengi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 347. mál (útibú á landsbyggðinni). — Þskj. 601.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 601 um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Meðflytjendur með mér eru fulltrúar allra flokka sem sitja hér á þingi. Frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Húsnæðisstofnun skal hafa afgreiðslu á landsbyggðinni, eina eða fleiri í hverju kjördæmi, og ber í því skyni að semja við útibú Byggðastofnunar eða bankastofnanir og sparisjóði á helstu þéttbýlisstöðum um alla almenna afgreiðslu fyrir stofnunina.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. segir:

„Opinber þjónusta er greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og því er réttlætismál að landsmenn allir geti notið hennar jafnt. Einnig er mikilvægt í þessu sambandi að sú þjónusta sem hið opinbera veitir sé sem næst fólkinu.

Flestir verða einhvern tíma á ævinni að eignast þak yfir höfuðið og þurfa því að eiga viðskipti við Húsnæðisstofnun ríkisins í Reykjavík. Flestir, sem kaupa húsnæði, þurfa ráðgjöf og leiðbeiningar. Hins vegar er sú staðreynd augljós að ekki er allt fólk búsett á höfuðborgarsvæðinu sem á þessum samskiptum þarf að halda. Allt frá því að Húsnæðisstofnun var komið á fót hefur það valdið því fólki, sem fjarlægar býr, ómældu óhagræði og kostnaði hve erfitt er að nálgast upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu þá sem stofnuninni er skylt að veita. Þrátt fyrir þetta óhagræði og óánægju manna með núverandi fyrirkomulag hafa engar umtalsverðar tilraunir verið gerðar til að færa þjónustu þessarar stofnunar nær fólkinu." Reyndar var nú í vetur, eftir að þetta frv. var lagt fram, stofnuð umboðsskrifstofa á Akureyri fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins. En það var sérskrifstofa og ekki í tengslum við aðrar stofnanir þar á svæðinu.

Þá má nefna í sambandi við það sem ég sagði um að engar umtalsverðar tilraunir hefðu verið gerðar til að færa þessa þjónustu út um landið að nefnd sem sat að störfum á árunum 1972–1975, að mig minnir, og hafði með höndum að semja tillögur um hvernig flytja mætti ríkisstofnanir eða deildir ríkisstofnana út um landið gerði tillögu um það að deildir úr Húsnæðismálastofnun mætti flytja út á land. Og eins og segir í skýrslu nefndarinnar:

„Nefndin leggur til að Húsnæðismálastofnun komi á fót útibúakerfi og verði þeim útibúum ætlað að aðstoða við lánaumsóknir og veita upplýsingar um lánastarfsemina, kynna teikningar á mismunandi húsagerðum, einkum með tilliti til ríkjandi staðhátta á hverju svæði, annast eftirlit með byggingarframkvæmdum og láta í té aðra þá þjónustu sem stofnuninni er ætlað að veita. Útibúin geta starfað í tengslum við útibú frá Landsbanka Íslands eða annarri fjármálastofnun og til greina kæmi að veita þeim eitthvert ákvörðunarvald um lánveitingar."

Þar sem hér er um að ræða þjónustu sem landsmenn eiga að geta notið án tillits til búsetu leggur nefndin til að útibú frá Húsnæðismálastofnun verði á öllum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins og tilgreinir svæði sem hún leggur til að verði ákveðin sem ég fer ekki að telja upp hér. Nefndin vekur athygli á því að samstarf útibúa Húsnæðismálastofnunar við útibú annarra stofnana á sviði byggingarstarfsemi, t.d. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, gæti orðið byggingarframkvæmdum í einstökum landshlutum til margvíslegs framdráttar því að nefndin lagði einnig til að útibú frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins yrðu út um landið.

Tillögur þessarar nefndar voru að engu hafðar og ekkert með þær gert, því miður, því að þar var margt gott að finna. Allar götur síðan Húsnæðisstofnun var sett á laggirnar fyrir rúmum 30 árum hefur það verið fólki utan höfuðborgarsvæðisins mikill ásteytingarsteinn hversu erfitt getur verið að sækja þá þjónustu sem stofnuninni er skylt að veita um langan veg til Reykjavíkur. Hingað til hefur þessi þjónusta við fólk úti á landi farið fram með bréfaskiptum, símhringingum og með því að fólk beinlínis tekur sér ferð á hendur til að fylgja umsóknum sínum eftir og fá niðurstöður í sín mál. Og það þarf ekki að fjölyrða um að þessi skipan mála hefur í áranna rás reynst landsbyggðarfólki bæði örðug og kostnaðarsöm.

Ég ætla ekki að segja neinar reynslusögur af við-

skiptum við þessa títtnefndu stofnun en mér hefur stundum virst að sjónarmið og hagir landsbyggðarfólks mættu ekki þeim skilningi þar sem æskilegt væri og að sjónarmið hjá stofnuninni væri stundum nokkuð langt frá fólkinu. Ég geri ráð fyrir að aðrir hv. landsbyggðarþingmenn geti tekið undir það með mér að reynsla þeirra sé eitthvað á þennan veg í þessum efnum og því er þetta frv. komið hér fram. Flm. sem flestir eru landsbyggðarþingmenn og allir hafa skilning á högum og þörfum landsbyggðarfólks hafa séð og fundið nauðsyn þess að Húsnæðisstofnun kæmi til móts við fólkið út um land á þann hátt sem hér er lagt til. Í greinargerð með frv. segir enn fremur:

„Bankastofnanir landsins eiga sín útibú vítt um landið og í mörgum byggðarlögum eru sparisjóðir í eigu heimamanna. Flm. telja einboðið að bankar og sparisjóðir taki að sér fyrir hönd Húsnæðisstofnunar að sinna þeirri nauðsynlegu þjónustu sem stofnuninni ber að láta í té. Byggðastofnun hefur nú þegar sett upp útibú á Akureyri og áformar að fjölga þeim á næstunni þannig að það verði a.m.k. eitt í hverjum landsfjórðungi. Er einsætt að útibú þeirrar stofnunar veitti a.m.k. ráðgjöf og þjónustu fyrir þá sem erindi eiga við Húsnæðisstofnun. Ætla má að þjónusta Húsnæðisstofnunar við alla landsmenn verði varla framkvæmd á ódýrari og skilvirkari hátt en þann að útibú Byggðastofnunar, bankar og sparisjóðir hefðu hana með höndum utan höfuðborgarsvæðisins."

Sú breyting sem er orðin á fjarskiptatækni auðveldar þetta mjög og mætti segja að víða í bönkum og sparisjóðum um landið þyrfti kannski ekki að bæta við starfsfólki svo að neinu næmi og aðstaða kann að vera fyrir hendi á hverjum stað þannig að þetta þyrfti ekki að vera umtalsverður kostnaður. Það gæti skeð að bæta þyrfti við manni í hálfu starfi eða að maður sem vinnur í banka þar sem ekki eru mikil umsvif gæti bætt á sig þessu starfi ef hann væri settur inn í þau mál og hvernig þau ganga fyrir sig. Aftur á móti mætti ætla að við þessa skipan mála mundi álagið á Húsnæðisstofnun minnka og fyrst og fremst mundu erindi, að ég tel, ganga greiðar ef afgreiðslan væri nær því fólki sem á henni þarf að halda og það væri e.t.v. líka hægt að minnka umfang stofnunarinnar hér sem ýmsum þykir nú að komið sé úr öllum böndum.

Ég vil minna á það að sú nefnd sem hafði með höndum endurskoðun félagslega húsnæðiskerfisins og skilaði af sér í haust lagði til að umdæmisskrifstofur frá Húsnæðisstofnun yrðu út um landið. Þetta kom ekki fram í því frv. sem hér liggur fyrir og tel ég það mjög miður því ég held að það hefði verið mjög nauðsynlegt og í rauninni að hluta til það sama og hér er verið að tala um nema þar var ekki talað um beina afgreiðslu á lánum eða annað slíkt. En þetta frv. miðar að því að fólk geti fengið afgreiðslu á sínum málum sem næst sér og það tel ég vera meginmál í þessu efni og einnig það að sumum þykir sem Húsnæðisstofnun hér í Reykjavík sé orðin slíkt bákn að þar hafi menn varla yfirsýn yfir málin. Og það ætti að vera liður í þeirri valddreifingu sem ég og margir telja nauðsynlegt að fari fram í þessu þjóðfélagi að slíkar stofnanir sem Húsnæðisstofnun ættu sín útibú sem víðast um landið og fólk ætti sem greiðastan aðgang að þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 371. mál (fjárhagsaðstoð við einstæða foreldra). — Þskj. 635.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Stefán Valgeirsson.

Inntak frv. birtist raunar í einni gr. þar sem lagt er til að við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður. Þessi grein í lögunum segir til um hverjir skuli fá lán. Þar er lagt til að við bætist:

„Jafnframt er heimilt að veita einstæðum foreldrum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms óháð aldri þeirra og eðli lánsins."

Þessu nokkuð til skýringar. Þarna er vikið frá núgildandi úthlutunarreglum Lánasjóðsins bæði hvað varðar aldur lánþega og eðli láns í því skyni að gera einstæðum foreldrum kleift að afla sér almennrar menntunar eða sérmenntunar til undirbúnings frekara námi eða starfi. Þarna er átt við nám sem að öllu jöfnu er ekki lánshæft nú. Til samræmis þarf þá að breyta 2. gr. reglugerðar um námslán og námsstyrki þannig að við bætist: 1. Almennir framhaldsskólar ef um einstæða foreldra er að ræða. 2. Starfsþjálfunarnám og/eða námskeið þar sem skólagjalds er krafist ef um er að ræða einstæða foreldra og einnig þarf í reglugerð sérstaklega að kveða á um lágmarks- og hámarksviðmiðun skólagjalda og endurgreiðsluákvæði vegna síðasttalda liðarins.

Einstæðir foreldrar og fjölskyldur þeirra eru um 12% allra fjölskyldna í landinu. Þetta er svo stór hluti þjóðarinnar að ekki verður fram hjá horft þegar verið er að meta aðstæður fjölskyldna og hverra úrbóta sé helst þörf. Einstæðir foreldrar eru auðvitað sundurleitur hópur með mismunandi aðstæður rétt eins og gengur og gerist meðal þjóðfélagsþegna. Þó er ýmislegt sem greinir þennan hóp frá öðrum og lýsir það sér helst í því að kjör hans og aðstæður ýmsar eru bágari en annarra fjölskyldna þegar á heildina er litið. Þetta kemur glögglega í ljós í niðurstöðum könnunar um kjör og félagslega aðstöðu einstæðra foreldra sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands gerði fyrir félmrn. og birtar voru í skýrslu í maí 1984. Þó nokkuð sé um liðið síðan könnun þessi var gerð er ekkert sem bendir til að þær breytingar hafi orðið sem raski niðurstöðum hennar. Raunar segir manni

svo hugur um að þær breytingar sem hugsanlega hafi orðið séu síst til þess að bæta kjör eða félagslega stöðu einstæðra foreldra. Verður þá fyrst fyrir að nefna rýrðan kaupmátt launa, en samkvæmt nýjustu upplýsingum mun hafa orðið 7½% kauprýrnun sl. tvö ár og von á meiru af því tagi þannig að búast má við að áður en þetta ár er liðið hafi kaupmáttur rýrnað um 10% á þremur árum. Ekki þarf að orðlengja það að hjá þeim sem minnstu hafa úr að spila hefur þessi kaupmáttarrýrnun auðvitað mestu áhrifin. Og samkvæmt öllum haldbærum upplýsingum eru það einmitt einstæðir foreldrar sem þar bera skarðari hlut frá borði en nokkur annar hópur þjóðfélagsins.

Það er helst um niðurstöður könnunar þessarar sem ég nefndi áðan að segja að þær leiða í ljós að fjárhagsleg staða einstæðra foreldra er verri en annarra með afleiðingum sem ekki verða frekar tíundaðar hér. Nærtækasta skýringin er sú að þar sem aðeins er ein fyrirvinna í fjölskyldu liggi það í hlutarins eðli að afkoma sé verri en þar sem eru tvær fyrirvinnur eins og nú er hjá þorra fjölskyldna. En við nánari athugun er sú skýring ekki einhlít. Skýringarinnar er fyrst og fremst að leita í því að fjárhagsleg staða kvenna er verri en karla. Þann sannleika segja allar tölur okkur hvar sem þeirra er leitað og þetta er staðreynd sem blasir líka við okkur í íslensku þjóðfélagi.

Það kemur líka í ljós í þessari skýrslu að um það bil 70% einstæðra foreldra tilheyra lægst launuðu stéttum landsins. Rétt um það bil 70% aðspurðra í nefndri könnun starfa sem launþegar, annaðhvort það sem kallað er almennt starfsfólk eða ófaglært verkafólk. Nú er það að vísu svo að það mun þó vera í þessum hópum sem launamunur er hvað minnstur en í flestum tilfellum er um að ræða svo lág laun að launamuni verði varla við komið.

Samkvæmt manntalsskýrslu frá 1. des. 1989 eru einstæðir foreldrar í landinu um það bil 7.500. Þar af eru einungis 500 einstæðir feður, hinir, þ.e. 7.000, eru einstæðar mæður. Samtals eru rúmlega 10.000 börn á framfæri einstæðra foreldra, þar af um það bil 9.700 börn á framfæri einstæðra mæðra. Í ljósi alls þessa þarf auðvitað engan að undra niðurstöður könnunarinnar.

Við kvennalistakonur fluttum á þessu þingi frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt þar sem lagt var til að einstæðir foreldrar gætu nýtt sér ónýttan persónuafslátt eins barns sem ætti hjá því lögheimili ef þau teldu fram saman. Með því frv. var leitast við að bæta örlítið hag þessa hóps. Þrátt fyrir að frv. hafi fengið góðar undirtektir bæði hér inni í þinginu og utan var vegur þess því miður ekki meiri en það að ákveðið var af meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. að vísa því frv. til ríkisstjórnarinnar. Að vísu með góðum orðum um efndir en ekki var nú áhuginn brennandi á að gera þessa smá bragarbót þessum hópi til handa.

Hér er á ferðinni annað frv. sem tekur á öðrum þætti er varðar einstæða foreldra, þ.e. hvaða aðgang þeir eiga að námslánum og námsstyrkjum og hvernig því verður hugsanlega hagað. Nú ber vissulega að taka það fram að auðvitað eiga einstæðir foreldrar sama aðgang og aðrir að öllum námslánum og styrkjum samkvæmt núgildandi lögum, en ýmislegt bendir til að þessi hópur þurfi á sérstakri fyrirgreiðslu að halda og í þá átt miðar einmitt þetta frv.

Það kemur líka í ljós í áðurnefndri könnun að stór hluti einstæðra foreldra hefur einungis notið tíu ára eða skemmri skólagöngu. Samkvæmt könnuninni er um að ræða hvorki meira né minna en 71% allra einstæðra foreldra. Þegar komið er að skólagöngu sem er 14 ár eða lengur hafa einungis 6% einstæðra foreldra þá skólagöngu að baki. Þarna er einn millihópur þar sem gert er ráð fyrir að skólaganga hafi verið 10–11 ár. Þar bætast við 22% þannig að vel yfir 90% af einstæðum foreldrum hafa notið mjög lítillar skólagöngu.

Það er líka athyglisvert í þessari könnun að það eru yngstu aldurshóparnir meðal einstæðra foreldra sem verst standa að vígi, þ.e. í aldurshópunum 20–29 ára er hlutfall þeirra hæst sem minnstrar skólagöngu hafa notið. Síðan dregur aðeins úr þessu eftir því sem ofar dregur í aldurshópum.

Stutt skólaganga er að sjálfsögðu ekki alltaf afleiðing barneigna en eins og segir í skýrslunni á bls. 33. — Það er gott ef þetta getur glatt hv. þm. Já, ef þingmenn vildu nú hlusta á mál mitt þó það sé svona bráðskemmtilegt. — Þá segir í skýrslunni: „Barneignir hafa að sjálfsögðu í för með sér miklar breytingar á högum fólks og fátt er líklegra til að koma fyrir kattarnef námsáformum kvenna en barneign. Ef barnið er aðeins á vegum annars foreldrisins eru röskunaráhrifin þeim mun sterkari fyrir það foreldrið sem í hlut á.“ — Enn fremur segir þar: „Engum blöðum er um það að fletta að því unga fólki sem leggur út í lífið um þessar mundir án annarrar formlegrar menntunar en þess lágmarks sem fræðslulög kveða á um eru settar sýnu þrengri skorður en hinum sem hafa aflað sér viðbótarréttinda eða jafnvel starfsréttinda. Fyrir þá sök eina standa þeir þegar höllum fæti á vinnumarkaði sem margir telja að muni einkennast af harðnandi samkeppni í náinni framtíð. Það verður því að teljast sérstakt íhugunarefni þegar hér kemur í ljós að ungir einstæðir foreldrar sem augljóslega standa höllum fæti á þessum vettvangi í krafti þeirrar stöðu sinnar einnar virðast í óvenju ríkum mæli jafnframt fylla flokka hinna skemmst menntuðu. Þetta unga fólk er að hefja lífsbaráttuna með léttari mal en um leið þyngri byrði en flestir jafnaldrar þeirra.“

Þegar svo tekið er tillit til þess, eins og ég nefndi hér áðan, að þessi hópur lendir þá að sjálfsögðu í lægst launuðu hópum þjóðfélagsins þarf ekki að spyrja að afleiðingunum. Börnum einstæðra foreldra eru eftir því sem virðist boðin upp til hópa verri kjör en öðrum börnum þjóðfélagsins og þykir þó ef til vill mörgum nóg um. Það hefur sem betur fer verið talsvert hér til umræðu í Alþingi undanfarið hvernig aðstöðu og kjörum barna í þessu þjóðfélagi væri háttað og hafa menn verið flestir á einu máli um það

að nú væri svo komið að þannig væri búið að börnum í íslensku þjóðfélagi að ekki yrði lengur við unað. Þar veldur margt, en fyrst og fremst breyttir þjóðfélagshættir, að nú eru tvær fyrirvinnur á flestum heimilum þar sem um tvo aðila er að ræða og lítið hefur breyst úti í þjóðfélaginu sem er í samræmi við þessa stórfelldu breytingu.

Hér var fyrir nokkrum dögum til umræðu grunnskólafrv. þar sem gert er ráð fyrir því að á tíu árum náist sá ásetningur að hér verði einsetnir skólar þar sem skóladagur muni nokkurn veginn samræmast vinnu foreldra. Ef svo á að verða og ef þessi áætlun nær fram að ganga á þessum tíu árum þarf sannarlega margt fleira að breytast en skólatími eða viðvera barna í skólum. Svo sannarlega þarf vinnutími að breytast líka því það er alveg sama hvað við lengjum skóla eða setjum á fót margar stofnanir, við munum aldrei geta geymt öll börn þjóðfélagsins á stofnunum 10–12 klukkutíma á dag. En svo mun nú hátta til á mjög mörgum heimilum að fjarvera foreldra er svona löng á hverjum degi. Þetta er auðvitað fullkomlega óviðunandi. Sama er að segja um dagvistunarmál, þau mál eru í fullkomnum ólestri líka, en það má þó að vísu segja um þann hóp sem hér er til umræðu, þ.e. einstæða foreldra, að þeir eiga þó í flestum tilfellum rétt á plássi á dagheimilum fyrir börn sín svo lengi sem þau mega dvelja þar. En hvað bíður þeirra svo þegar þau koma út af dagvistunarheimilunum og fara í skóla? Jú, þá mun — mér liggur við að segja í örfáum tilvikum möguleiki á því að börn dvelji á skóladagheimilum að skólatíma loknum en þau pláss sem þar eru til umráða eru víðs fjarri raunveruleikanum. Það eru svo mörg börn sem í rauninni berjast um hvert pláss og forgangshópar eru þeir sömu eins og hjá dagvistun, þannig að það eru þó helst börn einstæðra foreldra sem þar komast að en ekki nærri öll.

Það kemur líka fram í þessari skýrslu að einstæðir foreldrar virðast vinna meira aukastörf en aðrir hópar þjóðfélagsins. Einstæðar mæður eru sem sagt upp til hópa að reyna að sjá sér og börnum sínum farborða með kvöld- og helgarvinnu umfram aðalvinnu og mun sjálfsagt ekki af veita á þeim heimilum ef á að takast að láta enda ná saman.

Það hefur verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum undanfarið að þar hefur verið talsverð umfjöllun um einstæða foreldra og viðtöl við þá. Og það ber allt að sama brunni, meginþorri þessa fólks virðist berjast í bökkum og neyta allra bragða til þess að lifa af hvern mánuð og reynir að láta hverjum mánuði nægja sína þjáningu en fátt virðist vera í augsýn sem muni greiða götu þessa hóps.

Í könnuninni, sem ég hef gert að umtalsefni hér og er í rauninni rótin að frv. sem ég flyt, svöruðu margir aðspurðir því til að þeir hefðu áhuga á frekari skólagöngu en flestir sögðu að fjárhagsaðstæður leyfðu það ekki. Af svörunum mátti helst ráða að frekara nám einstæðra foreldra væri undir því komið hvort foreldrar þeirra gætu veitt þeim fjárhagsaðstoð. Það er auðvitað óviðunandi að framtíð og möguleikar fólks til náms og starfa sé háð efnahag og skilningi foreldra en það er fáum ætlandi að ætla að stunda nám jafnframt því að sjá einn fyrir barni og annast það upp á eigin spýtur.

Námslánakerfið, eins og það er úr garði gert í dag, á að jafna aðstöðu fólks til náms, og gerir það vissulega, þannig að allir eigi greiðan aðgang að námi óháð efnahag og félagslegri stöðu. Það er sannarlega farið fram á nokkur forréttindi til handa þeim hópi sem hér um ræðir en í ljósi upplýsinga er varla stætt á því að kalla það forréttindi heldur verður það miklu frekar að falla undir að þeim séu sköpuð örlítið önnur skilyrði einmitt vegna stöðu sinnar og að það sé einungis verið að reyna að gera þeim kleift að nýta sér réttindi til námslána eins og öðrum þar sem áfanginn sem opnar þeim leið til námslána virðist vera þessum hópi og sérstaklega ungu fólki erfiður.

Hér er að finna nokkur dæmi um hvernig fólk svaraði þeim spurningum sem lagðar voru fyrir það í könnuninni. Það var til þess tekið að úrvinnsla hefði verið nokkuð erfið í þessari könnun, þar sem reynt var, til þess að fá fram hug fólks, að hafa spurningarnar þannig úr garði gerðar að ekki væri svarað með einu jái eða neii heldur var verið að reyna að fá fram viðhorf í víðari skilningi. Hér segir m.a., með leyfi forseta: „Þeir foreldrar sem ekki stunda nám voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að ganga áfram í skóla. Um 40% foreldranna svöruðu þessu játandi en flestir sögðu að fjárhagsaðstæður leyfðu það ekki."

Síðan eru birt nokkur dæmi um svör og grip ég niður í nokkur þeirra. Tveggja barna móðir á fertugsaldri sem varð einstæð móðir við skilnað segir: „Helstu breytingar sem urðu svo á högum mínum voru að ég fór ári seinna í öldungadeildina og minnkaði þá við mig vinnu. Gat ég haldið í okkur lífinu með svona hlutavinnu meðan á námi mínu stóð vegna þess að ég hafði ágætlega borgaða vinnu og vann fulla vinnu á sumrin og vann þá mikla yfirvinnu þegar börnin voru í sveit." — Þarna höfum við vissulega eitt dæmi um það hvernig ein móðir hefur sigrast á erfiðleikum en hin dæmin eru því miður fleiri.

Hér segir móðir á þrítugsaldri: „Ég var í skóla og ætlaði að halda áfram námi en úr því varð ekki, þurfti að fara að vinna til að eiga í okkur og á. Maður varð meira bundinn þegar barnið kom til sögunnar."

Önnur móðir á þrítugsaldri segir: „Þegar ég varð einstæð móðir fékk ég fjárhagsaðstoð frá foreldrum mínum í eitt og hálft ár til að geta lokið námi."

Og enn ein segir: „Áður en ég varð einstæð móðir bjó ég hjá foreldrum mínum og þurfti ekki að hafa neinar fjárhagsáhyggjur. Þegar ég varð svo ólétt flutti ég að heiman. Ég fékk vinnu og síðan hef ég alltaf haft eilífar fjárhagsáhyggjur. Ég var búin að fá skólavist en vitaskuld hafði ég ekki efni á henni."

Ein önnur segir: „Þegar ég varð einstæð móðir þurfti ég að hætta námi til að sjá fyrir mér og barni mínu. Ég átti eftir þrjár annir í stúdentinn."

Og enn eitt dæmi: „Ég varð einstæð móðir fimmtán ára gömul og hafði það að sjálfsögðu áhrif á skólagöngu mína. Ég hef aldrei lagt út í neitt meira nám. Um leið og ég hætti í skóla missti ég flestalla félaga

mína. Ég var rétt farin að kynnast lífinu eins og maður segir. Það er erfitt að taka að sér móðurhlutverkið svona ung."

Önnur segir: „Eftir að ég hafði eignast barnið hóf ég aftur nám. Ég fékk bæði húsnæði hjá foreldrum sem og fjárhagsaðstoð. Án þess hefði ég aldrei getað gengið í skóla."

Og síðasta dæmið sem mig langar að taka hljóðar svo: „Breytingar urðu mjög miklar hjá mér. Ég hætti námi á meðgöngutímanum en reyndi að byrja aftur nám eins fljótt og ég gat. Ég vinn með náminu, basla í skólanum og reyni að ala barnið mitt upp. Það þyrftu að vera námslán fyrir einstæða foreldra í framhaldsskólanámi því margir einstæðir foreldrar eru svo ungir og þó þeir séu ungir þá geta þeir líka bugast."

Ég held að þessi dæmi segi í rauninni allt það sem um þetta mál þarf að segja, þ.e. hvernig þetta horfir við þessum einstaklingum.

Þegar þess er gætt hve margir ungir einstæðir foreldrar hafa skamma skólagöngu að baki virðist brýnast að gera þeim fjárhagslega kleift með lagabreytingu að ljúka almennu framhaldsskólanámi, t.d. í mennta-, fjölbrauta- eða verslunarskólum, en það nám er ekki lánshæft samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum. Einnig er gert ráð fyrir því með þessu frv. að ýmiss konar styttra nám eða námskeið sem tengjast þjálfun eða undirbúningi til ákveðinna starfa verði lánshæf. Má nefna einkaritaraskóla, málanám, leiðsögumannanám og tölvunám, svo eitthvað sé talið. Oftast er nám af þessum toga nokkuð dýrt og getur reynst fjárvana fólki þungt í skauti. Allt slíkt nám er þó fjölsótt af konum og getur ráðið úrslitum um kjör þeirra.

Ég tel ákaflega mikilvægt að eitthvað með þessum hætti komi inn í lögin því að jafnvel þó að nokkrir tugir þúsunda virðist ekki háar upphæðir eru það vissulega háar upphæðir þegar um er að ræða hóp sem er að stórum hluta til á lágmarkslaunum, kannski með í kringum 50 þús. kr. á mánuði. Það gefur auga leið að erfitt kann að vera að finna aura afgangs jafnvel til að standa straum af skólagjaldi af þessu tagi. Eins mun þessum hópi oft erfitt að fá fyrirgreiðslu í bankakerfi eða eftir öðrum slíkum leiðum þar sem húsnæðismál þeirra eru líka verri en annarra sambærilegra hópa og því oft ekki um við að ræða og líka vegna þess að greiðslugetan er svo lítil að lánastofnanir sjá sér ekki fært að lána.

Það er brýnt í nútímaþjóðfélagi að búa sig sem best undir lífsstarf og með síauknum menntunarkröfum verður skólaganga æ mikilvægari í þeim undirbúningi. Það er því samkvæmt áliti þeirrar sem hér stendur og þeirra sem frv. flytja með mér engin ofrausn að koma til móts við einstæða foreldra í þessum efnum með þeim hætti sem lagt er til í frv. og gera þeim betur fært að afla sér þeirrar menntunar sem þeir æskja, þeim sjálfum og börnunum til hagsbóta. Og ég held að ef þetta mál næði fram að ganga værum við að leggja örlítið lóð á vogarskálarnar til þess að reyna að jafna aðstöðu í þessu þjóðfélagi og ekki síst værum við að gera einstæðum foreldrum kleifara að sjá sínum börnum betri farborða en í dag og þar af leiðandi að búa í haginn fyrir börn framtíðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. PP, 490. mál (skráning ökutækja). — Þskj. 855.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla að mæla hér örfá orð fyrir frv. til laga á þskj. 855 um breytingu á umferðarlögum.

Efni frv. er það að lagt er til að bifreiðaeigendum sé heimilað að skrá nýja bíla eða umskrá notaða samkvæmt hinu gamla númerakerfi ef þeir þess óska en jafnframt verði fastnúmerakerfið í gildi fyrir þá sem það kjósa.

Með lagabreytingunni nr. 62/1988, þar sem breytt var nýsettum umferðarlögum, var afnumin sú langa hefð að skrá bíla eftir umdæmum. Rökin fyrir því voru þau að þessi breyting væri til sparnaðar. Það hefur komið í ljós að það var algjörlega úr lausu lofti gripið og allar fullyrðingar um sparnað af þessari nýbreytni voru rangar.

Það er nú svo að mörgum bifreiðaeigendum er eftirsjá að gamla númerakerfinu, enda er það auðvitað miklu gleggra og þjóðlegra en hin erlenda eftiröpun sem tekin var upp 1988. Þess vegna er lagt til að gamla kerfið verði framlengt við hlið hins nýja fastnúmerakerfis.

Herra forseti. Þetta mál þarfnast ekki frekari skýringa. Ég vænti þess að frv. verði vísað til athugunar í hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögfræðiráðgjöf í hjúskaparmálum, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 412. mál. — Þskj. 718.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lögfræðiráðgjöf og aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála. Flutningsmenn auk mín eru aðrar þingkonur Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt til lögfræðiráðgjafar og lögfræðiaðstoðar samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem eiga

lögheimili hérlendis og hafa ekki hærri árstekjur en sem nemur tvöföldum þeim tekjuskattsstofni sem ekki greiðist tekjuskattur af, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Mæðralaun skulu í þessu tilviki ekki teljast til tekjuskattsstofns. Sá sem hefur barn eða börn á framfæri sínu hefur enn fremur rétt til að draga frá tekjuskattsstofni upphæð sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka."

Í athugasemdum um þessa grein frv. segir:

„Hér er fjallað um hverjir skuli eiga rétt á lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð. Markmiðið er að auðvelda tekjulágu fólki aðgang að þessari þjónustu. Vandasamt er að ákveða hvar setja skuli mörkin þegar ákveða á hverjir skuli njóta þjónustu eins og þeirrar er hér um ræðir. Gæta verður þess að viðmiðun sé ekki svo lág að þeir sem þurfa eigi ekki rétt á þessari þjónustu. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ákvarðaður tekjuskattsstofn sem ekki greiðist tekjuskattur af. Sá skattstofn er svo lágur að mönnum er gert að greiða skatt af tekjum sem eru langt undir mörkum mannsæmandi framfærslu. Því er hér lagt til að miða við tvöfaldan tekjuskattsstofn sem ekki greiðist af tekjuskattur." Tekjuskattsstofn er nú sem næst 52.400 kr. og sé hann tvöfaldaður, 104.800 kr., þá blasir við hverjum manni sem vill sjá að sá sem hefur laun á því bili og undir því hefur engan veginn efni á að leita sér lögfræðiaðstoðar eða reka sín mál fyrir dómstólum. Það er hreinlega útilokað.

Það er lagt hér til að mæðralaun teljist ekki til tekjuskattsstofns samkvæmt þessum lögum og enn fremur er lagt til að upphæð sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka dragist frá tekjuskattsstofni því að þetta eru greiðslur sem ætlað er að kosta framfærslu barna og því er óeðlilegt að þær teljist tekjur foreldra. Þetta eru tekjur sem barnið á sjálft en ekki foreldrarnir.

Í 2. gr. frv. segir:

„Einstaklingur, sem þarf á lögfræðiráðgjöf eða aðstoð að halda, skal framvísa afriti af síðasta skattframtali sínu eða sambærilegum gögnum til lögmanns til staðfestingar tekjum þannig að ljóst sé að hann eigi rétt á lögfræðiþjónustu skv. 1. gr."

Í 3. gr. frv. segir:

„Með lögfræðiráðgjöf er átt við ráðgjöf og upplýsingar varðandi réttarstöðu aðila í hjúskap og í óvígðri sambúð, svo sem við slit hjúskapar og við slit sambúðar.

Að jafnaði skal gengið út frá að ráðgjöfin miðist við eitt viðtal.

Það telst óvígð sambúð ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár."

Síðan er greint á milli við hvað er átt með ráðgjöf og við hvað er átt með aðstoð. Í 4. gr. er lögfræðiaðstoðin skilgreind:

„Með lögfræðiaðstoð er átt við aðstoð vegna mála er aðilar eiga í varðandi forsjár-, framfærslu- og umgengnisréttarmál, við minni háttar búskipti og önnur mál er á reynir í þessum málaflokkum.

Skal lögfræðiaðstoðin miða að því að endanleg niðurstaða eða samkomulag náist í málinu."

Í 5. gr. segir:

„Öllum starfandi lögmönnum er skylt að veita þeim er til þeirra leita lögfræðilega ráðgjöf eins og hún er skilgreind í 3. gr.

Sama skylda hvílir ekki á starfandi lögmönnum varðandi lögfræðiaðstoð skv. 4. gr. laga þessara. Dómsmrn. skal halda skrá yfir starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn sem gefa kost á sér til að veita almenningi lögfræðiráðgjöf og aðstoð samkvæmt lögum þessum.

Lögmenn skulu veita aðstoð og ráðgjöf nema þeir telji slíkt brjóta í bága við siðareglur lögmanna eða starfsannir þeirra banni.

Ef ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur dómsmrn. heimilað öðrum lögfræðingum að láta í té ráðgjöf skv. 3. gr."

Í 6. gr. segir:

„Fyrir lögfræðiráðgjöf og aðstoð samkvæmt lögum þessum skal greitt í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands sem staðfest er af dómsmrn., enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem dómsmálaráðherra ákveður, ásamt afriti af skattframtali skjólstæðings eða sambærilegum gögnum, sbr. 2. gr.

Fyrir lögfræðiráðgjöf samkvæmt lögum þessum greiðist föst þóknun er miðast við munnlegar álitsgerðir og lögfræðilegar leiðbeiningar, sbr. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og skal ríkissjóður greiða þrjá fjórðu hluta þóknunar en skjólstæðingur fjórðung.

Dómsmrh. setur reglugerð um framkvæmd lögfræðiaðstoðar skv. 4. gr. Jafnan skal miðað við að ríkissjóður greiði þrjá fjórðu hluta þóknunarreiknings lögmanns en skjólstæðingur fjórðung. Dómsmrh. getur ákveðið að lækka eða fella greiðslu skjólstæðings niður ef sérstakar ástæður mæla með því."

Og í 7. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. segir m.a.:

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum áratugum og sífellt koma upp mál er benda til þess að almenningur sé mjög illa að sér um réttarstöðu sína í ýmsum málum. Þetta kemur ekki síst í ljós við hjónaskilnað og sambúðarslit. Því varðar miklu að fólk eigi greiðan aðgang að lögfræðiráðgjöf og aðstoð. Sá tími getur komið í hjónabandi eða sambúð karls og konu að þau telji sig ekki geta haldið sambandinu áfram. Í mörgum tilvikum gengur fólk frá sínum málum í sátt og samlyndi en stundum koma upp deiluefni þar sem þörf er á ráðgjöf og/eða aðstoð sérfróðs fólks. Þar má t.d. nefna félagsráðgjafa, sálfræðinga og lögfræðinga.

Þau atriði, sem oft valda deilum, snerta gjarnan lagalega stöðu aðila. Þetta á ekki eingöngu við atriði er snerta eignaskipti heldur einnig þau atriði er varða umgengni, framfærslu og forsjá barna. Erfiðleikar við skilnað og sambúðarslit bitna oft hart á börnum og því ætti að leitast við að gera þann feril eins auðveldan og mögulegt er.

Það er mat flutningsmanna að ekki þyrfti alltaf til

skilnaðar eða sambúðarslita að koma ef fólk ætti kost á ráðgjöf þar sem því væri gerð ljós í tíma réttarstaða þess og leyst væri úr vandamálum sem geta virst óyfirstíganleg en eru ef til vill ekki eins flókin og hlutaðeigendur álíta.

Tryggja þarf að sérhver einstaklingur hafi tækifæri til að leita sér lögfræðiþjónustu án tillits til efnahags. Þeir sem ekki hafa fjárhagslega getu til að kaupa sér þjónustu lögmanna fullu verði eiga nú um tvo kosti að velja, að leita til ráðgjafar Orators, félags laganema, eða til Kvennaráðgjafarinnar. Eins og heiti Kvennaráðgjafarinnar ber með sér er hún sérstaklega hugsuð fyrir konur og þangað hefur mikill fjöldi kvenna leitað þau sex ár sem ráðgjöfin hefur verið starfrækt. Það eru ekki síst konur sem standa uppi varnarlausar gagnvart lagakrókum sem beitt er í forsjár-, skilnaðar- og sambúðarslitamálum. Þær hafa oft og tíðum ekki fjárhagslega getu til að leita sér lögfræðiþjónustu. Karlar hafa hærri tekjur en konur, svo sem kunnugt er, og geta því yfirleitt greitt fyrir lögfræðiþjónustu ef þeim sýnist svo. Það er að mati flutningsmanna óverjandi að fjárhagsleg staða ráði því hvort fólk leitar lögfræðiþjónustu þegar vanda ber að höndum og af þeim sökum er þetta frv. lagt fram.

Á löggjafarþinginu 1974–75 var lögð fram þáltill. um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Það voru hv. þm. Ragnar Arnalds og Svava Jakobsdóttir sem lögðu þá tillögu fram. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar og síðan hefur ekki af henni frést. Á 102. löggjafarþingi, 1979–80, lagði þáv. dómsmrh., Vilmundur Gylfason, fram frv. um lögfræðiaðstoð. Því var vísað til nefndar en aldrei afgreitt þaðan. Í umræddu frv. var gert ráð fyrir að efnalítið fólk gæti fengið niðurgreidda lögfræðiaðstoð í fleiri málaflokkum en lagt er til í því frv. sem hér liggur fyrir. Ástæða þess að við flutningsmenn einskorðuðum okkur við mál sem snerta hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmál er sú að við teljum þau mál eiga að hafa forgang verði lögfræðiráðgjöf eða lögfræðiaðstoð komið á laggirnar. Börn koma mjög oft við sögu í þessum málum og þar sem þau eiga hlut að máli ber að stuðla að því að réttinda allra sé gætt og mál gangi svo greiðlega sem kostur er. Þá þykir okkur flutningsmönnum rétt að benda á skjótvirka leið til að bæta úr brýnni þörf fyrir lögfræðiaðstoð. Í stjfrv. um fjölskylduráðgjöf, sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1988–89, er lagt til að sett verði á stofn sérstök miðstöð fjölskylduráðgjafar þar sem sálfræðingar og lögfræðingar annast ásamt öðrum fræðslu um málefni barna í tengslum við sambúðarslit foreldra og leiðbeini um úrlausn í forsjár- og umgengnisréttarmálum. Þessu frv. var vísað til nefndar en var ekki afgreitt þaðan. Í því frv. sem hér er lagt fram er bent á greiðari leið til að bæta úr brýnustu þörfinni á lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð í þessum málaflokkum, en það er þó skoðun flutningsmanna að fengur yrði að sérstakri stofnun sem veitti alhliða fjölskylduráðgjöf.

Samkvæmt frv. þessu yrði um tvenns konar þjónustu að ræða, annars vegar lögfræðiráðgjöf og hins vegar lögfræðiaðstoð. Sambærileg þjónusta hefur verið í boði annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi um alllangt skeið.

Lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð, eins og lögð er til í þessu frv., má líta á sem neyðarhjálp þegar í óefni er komið. Hins vegar er ljóst að mikil þörf er á fyrirbyggjandi aðgerðum og má þar til dæmis nefna fjölskylduráðgjöf. Þannig mætti hugsanlega koma í veg fyrir að mál þróuðust á þann veg að fólk teldi einu lausnina vera skilnað eða sambúðarslit. Flutningsmenn telja að ráðgjöf og aðstoð samkvæmt frv. ætti að vera auðvelt að koma á án mikils undirbúnings og þá væri tryggt að þeir sem þyrftu fengju þá aðstoð við málflutning sinn sem nauðsynleg er.

Ég mun fara hér út í skýringar við greinar laganna. Um 2. gr. stendur hér að ákvæði hennar miðist við að þeir njóti aðstoðarinnar sem fjárhags síns vegna þurfa á henni að halda miðað við þær forsendur sem gefnar eru í 1. gr. Á undanförnum árum hafa rauntekjur fólks farið lækkandi, svo sem kunnugt er, sérstaklega í þjónustustörfum þar sem konur eru flestar. Til þess að þessi lagagrein nái tilgangi sínum verður að vera hægt að taka tillit til tekna á þeim tíma sem aðstoðarinnar er óskað og þá er skattframtal sl. árs ekki alltaf rétt viðmiðun. Launaseðlar yfirstandandi árs eða önnur gögn sem sýna fram á lágar tekjur eða jafnvel tekjuleysi geta því verið nauðsynleg sönnun þess að viðkomandi eigi rétt á þjónustunni þar sem talað er um í 2. gr. að skattframtal eða sambærileg gögn þurfi að nota. Með sambærilegum gögnum er átt við það sem ég nú var að segja, t.d. launaseðla.

Í 3. gr. er tekið fram hvað felst í ráðgjöf og hverjir eiga rétt á að njóta hennar. Við ráðgjöfina er nauðsynlegt að tekið sé fram við fólk hver kostnaður þess geti hugsanlega orðið ef það kýs að reka mál sín lengra. Almenningur á yfirleitt ekki greiðan aðgang að upplýsingum um réttarfarslega stöðu sína, hvorki í þeim málum sem hér um ræðir eða öðrum. Lögum og reglum er sífellt breytt þannig að erfitt getur verið fyrir einstakling að átta sig á hver réttur hans er. Það getur verið gagnlegt fyrir fólk að eiga möguleika á því að hitta lögmann í eitt skipti til að fá upplýsingar um réttarfarslega stöðu sína. Með því móti má jafnvel koma í veg fyrir að mál þróist á þann veg að til skilnaðar eða sambúðarslita komi, ef fólki er staða þess ljós og réttur. Slík ráðgjöf ætti að geta nægt til þess, eitt viðtal eða svo. Í frv. er líka gert ráð fyrir að fólk geti leitað til lögmanns og fengið slíka ráðgjöf niðurgreidda samkvæmt ákveðnum reglum og þessa þjónustu er öllum starfandi lögmönnum skylt að veita.

Ástæða þess að ráðgjöf miðast við eitt viðtal er sú að telja má að það nægi til að skýra réttarstöðu einstaklings í hjúskap eða sambúð og veita almennar ráðleggingar sem geta nægt til að skýra þau mál sem viðkomandi þarf upplýsingar um.

Í 4. gr. er lögfræðiaðstoð skilgreind. Lögfræðiaðstoð tekur við eftir að ráðgjöf hefur farið fram vilji viðkomandi láta málið ganga lengra. Oft á tíðum enda mál vegna skilnaðar eða sambúðarslita fyrir

dómstólum og þá er nauðsynlegt að tryggja að báðir aðilar málsins hafi lögmann til að annast mál sín. Ef um efnalítið fólk er að ræða getur það reynst því ofviða og því er lagt til að ríkisvaldið komi til móts við það og greiði niður aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála. Þau minni háttar búskipti sem tilgreind eru í lagagreininni geta einnig tekið til erfðamála að því leyti að þau kunna að tengjast þeim málum sem greinin fjallar um.

Um 5. gr. er það að segja að 1. mgr. hennar varðar það að öllum lögmönnum sé skylt að veita ráðgjöf, sé þess óskað, og almennar upplýsingar sem allir lögmenn kunna skil á, en lögfræðiaðstoð varðandi þá málaflokka sem frv. fjallar um er mun sérhæfðari og því ástæða til að sú skylda hvíli ekki á lögmönnum að láta hana í té heldur að þeir einir sem áhuga hafa og óska þess fjalli um slík mál. Úti á landi er ekki alls staðar kostur á lögmannaþjónustu og er dómsmrn. gert að taka tillit til þess samkvæmt síðustu málsgrein þessarar greinar.

Þessa þjónustu munu þeir héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn veita sem hafa gefið kost á sér til þess. Skal dómsmrn. halda skrá yfir þá lögmenn sem gefa kost á sér til að veita lögfræðiaðstoð í þessum málaflokkum. Á þann hátt er reynt að tryggja að þeir sem þurfa á þessari þjónustu að halda standi ekki frammi fyrir því að leita til lögmanns sem e.t.v. hefur ekki áhuga á að sinna málinu en er nauðbeygður til þess vegna lagaboða. Þá væri hætta á að skjólstæðingurinn fengi ekki svo góða aðstoð sem nauðsyn er.

Í 6. gr. er fjallað um gjaldtöku vegna lögfræðiráðgjafar og aðstoðar samkvæmt lögum þessum. Það þykir ekki ástæða til að hafa aðra viðmiðun en staðfesta gjaldskrá Lögmannafélagsins og lagagreinin miðast við að gera endurkröfu lögfræðinga á dómsmrn. eins einfalda og kostur er.

Flutningsmenn þessa frv. telja æskilegt að notendur þessarar þjónustu greiði sjálfir hluta kostnaðar en á hinn bóginn verður að gæta þess að sá kostnaður verði í engu tilviki notanda ofviða. Hlutur skjólstæðings fer m.a. eftir því hversu viðamikið málið er og þess vegna er í lagagreininni heimild til ráðherra að lækka þessa greiðslu eða fella hana alveg niður.

Ég hef nú skýrt frv. eins og það liggur fyrir hér og tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það. Margoft hefur komið fram í umfjöllun um slík mál eins og hér er um að ræða að forsjármál eru með viðkvæmustu og erfiðustu málum sem koma til umfjöllunar lögfræðinga og dómstóla. Með þessu er leitast við að tryggja það að fólk fái eins góða þjónustu og kostur er og sömuleiðis að þeir sem þurfa að leita réttar síns á lögfræðilegum grundvelli og fyrir dómstólum fái eins góða þjónustu og kostur er og að sú þjónusta sé veitt á þann hátt að hún gangi sem greiðast og þurfi ekki að veltast í kerfinu árum saman. Eins og þetta frv. er lagt fyrir hér þarf ekki mikinn undirbúning til að koma þessu á. Það þarf í rauninni ekki annað en einfalda tilskipun frá dómsmrn. og í öðru lagi sé útbúin reglugerð um það hvernig þessi kostnaðarskipti fara fram og dómsmrn. útbúi eyðublöð fyrir reikninga vegna lögfræðiþjónustu sem ráðuneyti ber að greiða lögræðingum.

Við sem flytjum þetta frv. teljum að með því höfum við komið til móts við þarfir fólks í erfiðum málum sem oft hanga óleyst yfir höfðum þess árum saman og valda því ómældu hugarangri og erfiðleikum, og við leggjum til að frv. fái góða umfjöllun og sem fljótasta afgreiðslu.

Að lokinni 1. umr. vildi ég mælast til að frv. yrði sent til félmn. (**Forseti:** Forseti hyggur að þetta mál eigi frekar heima í hv. allshn.) Já, þá fel ég forseta að koma því þangað sem það á heima.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. ÁHE, 354. mál (aðstöðugjald á fjölmiðla). — Þskj. 611.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Í upphafi skyldi endinn skoða, segir einhvers staðar, en í dag eru Reykvíkingar að súpa seyðið af því að borgarstjórn hefur ráðist í tvær stórar byggingar, ráðhús ofan í Tjörninni og veitingahús ofan á geymum Öskjuhlíðar. Nú er komið að skuldadögum og þá vantar borgina pening. Því hefur verið gripið til þeirra úrræða að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga, aðstöðugjald, og nú blasir við að aðstöðugjald verði lagt á alla fjölmiðla í Reykjavík að þó einum undanskildum sem er Ríkisútvarpið þar sem Ríkisútvarpið er undanþegið greiðslu aðstöðugjalda með sérstakri heimild og undanþágu í lögum. Þess vegna er frv. sem ég mæli hér fyrir lagt fram, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga.

Í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Við síðari mgr. 34. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

d. Starfsemi fjölmiðla, þ.e. sjónvarps- og útvarpsstöðva og dagblaða."

Í frv. er lagt til að lögunum verði breytt þannig að starfsemi þessara fjölmiðla verði undanþegin aðstöðugjaldi á sama hátt og Ríkisútvarpið.

Flm. telur það vera eina af æðstu skyldum Alþingis að mismuna ekki þegnum og að gæta þess að allir hafi hér sama rétt. Þess vegna sé það á verksviði Alþingis að búa svo um hnútana að í einni og sömu starfsgreininni sé ekki eitt fyrirtæki sem losnar undan gjöldum sem annað greiðir. Eðlilegast er í þessu sambandi að ekkert þessara fyrirtækja greiði gjöldin sem hér um ræðir.

Þegar lög um prentfrelsi voru sett á sínum tíma tóku þau aðeins til prentaðs máls þar sem ekki var gert ráð fyrir öðrum miðlum á því sviði, en í dag hefur ný tækni flutt stóran hluta af prentuðu máli yfir á öldur ljósvakans og yfir í myndmiðla. Þar með hefur

öld fjölmiðla gengið í garð og þó svo að enn þá sé talað um prentfrelsi er í rauninni verið að tala um fjölmiðlafrelsi því að fjölmiðlafrelsi er ekkert annað en málfrelsi og raunar staðfesting á tjáningarfrelsi.

Þessi eru rökin fyrir því að þetta frv. er flutt. Þó svo að fjárhagur Reykjavíkurborgar kunni að vera bágborinn verða menn að bjarga honum á annan hátt. Það má ekki verða á kostnað hinna frjálsu fjölmiðla á meðan ríkisfjölmiðlarnir sleppa undan skattheimtunni og því er eðlilegast að ekkert þessara fyrirtækja beri aðstöðugjald í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Flm. telur ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira, en vísar til greinargerðar og treystir því að þingheimur haldi áfram vörð um málfrelsið í störfum sínum.

Ég leyfi mér að mæla með að frv. fari til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. ÁJ o.fl., 495. mál (flotvinnubúningar). — Þskj. 867.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Þar er lagt til að í 1. gr. laganna komi viðauki, nýr töluliður, nr. 12: „Sala á flotvinnubúningum sem fullnægja kröfum sem Siglingamálastofnun ríkisins setur um slíka búninga."

Frv. fjallar um breytingu á lögum til þess að tryggja það að virðisaukaskattur verði ekki innheimtur af flotvinnubúningum fyrir þá sem þurfa að nota slíkan búnað á landinu og er þar helst um sjómenn að ræða. Það skýtur auðvitað skökku við, þegar flest skylduð öryggistæki sjómanna eru undanþegin virðisaukaskatti, að innheimtur skuli skattur af þeim búnaði sem löggiltur er en ætlast er til að sjómenn afli sér að eigin frumkvæði. Það er ekki skylda að útgerðir á Íslandi, fiskiskipa, togara eða flutningaskipa, hafi slíkan búnað um borð á sinn kostnað, en þarna er um að ræða búnað sem hefur sannanlega bjargað mörgum mannslífum á undanförnum árum. Á síðustu missirum hefur það bjargað lífi sjómanna ítrekað að þeir hafa verið klæddir í flotvinnubúninga þegar þeir hafa fallið fyrir borð á hafi úti.

Flotvinnubúningana er sem sagt ekki skylt að hafa um borð í fiskiskipum en Siglingamálastofnun hefur viðurkennt flotgallana sem öryggistæki með reglugerð frá 28. júlí 1989. Þess má geta að Siglingamálastofnunin er eini umsagnaraðilinn á landinu um öryggisbúnað sjómanna.

Fjölmennur fundur eiginkvenna sjómanna í Vestmannaeyjum vakti fyrst athygli á því fyrir fáum vikum hve óeðlilegt væri að leggja virðisaukaskatt á það öryggistæki sem flotvinnubúningurinn er og getur skipt sköpum um lífsmöguleika sjómanna. Nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík fylktu í kjölfarið í baráttu fyrir þessu máli og segja m.a. í skjali sem þeir hafa afhent fjmrh., forseta Sþ. og alþingismönnum, með leyfi hæstv. forseta: „Við getum ekki sætt okkur við að greiða virðisaukaskatt af möguleikum okkar til að lifa."

Konur sjómanna um land allt hafa verið í fararbroddi fyrir þessu máli. Þær hafa vakið athygli á mikilvægi málsins og hvatt til þess að efla öryggi sjómanna. Þá má minna á að dr. Jóhann Axelsson, prófessor í lífeðlisfræði, hefur lýst því yfir út frá rannsóknum á ofkælingu að flotgallar, flotvinnubúningar, geti ráðið úrslitum um lífslíkur sjómanna sem lenda í hrakningum.

Siglingamálastofnun Íslands hefur nú þegar viðurkennt þrjár tegundir flotvinnubúninga sem uppfylla kröfur um einangrun og flothæfni. Það eru öll rök sem mæla með því að flotvinnubúningar séu undanþegnir virðisaukaskatti. Þeir eru viðurkennt öryggistæki og rík ástæða er til þess að hvetja til notkunar þeirra og því eðlilegt að lækka svo sem mögulegt er kostnað sjómanna við öflun slíkra öryggistækja. Björgunarbúningar sem eru um borð í skipum landsmanna og eru skyldaðir á kostnað útgerða henta ekki sem vinnugallar en það gera flotvinnubúningarnir sem reynslan hefur sýnt á undanförnum árum, eins og ég hef áður getið, að hafa ráðið úrslitum um björgun mannslífa, ekki aðeins í þeim tilvikum þegar menn hafa fallið fyrir borð heldur einnig þegar sjómenn hafa varpað sér fyrir borð til að bjarga félögum sínum sem áttu ekki möguleika sjálfir á því.

Það er auðvitað óviðunandi í sjálfu sér að skattleggja öryggi sjómanna sem búa við mesta slysatíðni allra starfsgreina í landinu og slík lagabreyting sem hér er lögð til er knýjandi til þess að efla og auðvelda öryggi sjómannastéttarinnar í landinu.

Það er kannski ástæða til þess aðeins að skilgreina betur þennan mun sem er á björgunarbúningum og flotvinnubúningum. Björgunarbúningarnir eru að öllu jöfnu geymdir við ákveðnar aðstæður í hverju skipi tilbúnir til þess að menn geti farið í þá ef þeir hafa einhvern fyrirvara á því að hugsanlegur voði steðji að. Þeir eru þungir og þeir eru þannig gerðir að í þeim vinna menn ekki almenn störf til sjós. Það gera menn hins vegar auðveldlega í flotvinnubúningunum og fjmrn. hefur bent á í umfjöllun um þetta mál að útgerðir gætu keypt flotvinnugallana fyrir sjómenn. Ef útgerðirnar gera það geta þær fengið frádráttarliði í sínu bókhaldi, en auðvitað er óeðlilegt að þarna þurfi að vera einhverjir milliliðir. Það er óeðlilegt að sjómaður þurfi að koma til útgerðarmanns og biðja hann um að kaupa fyrir sig flotgalla og borgi honum og þarna sé útgerðarmaðurinn orðinn milliliður. Það er flókið og það er óeðlilegt.

Einnig er að mínu mati mjög mikilvægt að sjómenn sjálfir eigi þessa flotvinnugalla. Þetta er spurning um að rétt stærð sé á réttum manni eins og sagt er, að þeir flotvinnubúningar henti sem menn vinna í. Það skipt-

ir máli ef menn lenda í sjónum hvort gallinn passar þokkalega á þann sem í honum er eða ekki. Ef gallinn er t.d. allt of stór tapast strax mjög mikið einangrunargildi og það er auðvitað eingöngu til þess að veikja gæði og möguleika þessa búnaðar.

Það kann að koma að því síðar að sjómenn fái svokallaða fatapeninga út frá sínum kjarasamningum til þess að greiða niður þessa flotvinnugalla og það er auðvitað mikilvægt að hvetja á allan hátt til þess að sem flestir sjómenn noti þessa flotvinnugalla að öllu jöfnu. Það er í rauninni mitt mat að skylda ætti sjómenn til þess að nota þessa galla. Þeir eru orðnir það liprir og þeir eru svo mikilvægt öryggistæki, að mínu mati, að það ætti að hafa forgang í dag í öryggismálum sjómanna. Björgunarbátar, björgunarvesti og allur almennur viðurkenndur björgunarbúnaður um borð í bátunum er undanþeginn þessu gjaldi og það skýtur auðvitað skökku við að sjómannastéttin skuli ekki njóta þess réttlætis að eiga kost á að kaupa án sérstakrar skattheimtu þessa flotvinnugalla sem eru á sinn hátt eins konar gúmmíbjörgunarbátur sem menn eru klæddir í. Menn sem eru klæddir í flotvinnugalla og lenda í köldum sjó eiga að geta lifað 6–8 klukkustundir í sjónum við eðlilegar kringumstæður. Auðvitað er þetta misjafnt en þetta er almenna viðmiðunin sem hefur komið út úr rannsóknum á gildi þessara galla. Ég er í rauninni sannfærður um að þessu máli verður vel tekið. Þetta mál hefur fengið sérstaka umfjöllun í öllum sjávarplássum landsins og er baráttumál alls fólks sem byggir sitt á afkomu til sjávar og helst er þetta mikið baráttumál þess fólks sem á sína ástvini á sjónum. Það er því von mín að þetta mál fái almennt jákvæða og skjóta afgreiðslu.

Að lokinni umræðu í hv. Nd. óska ég eftir að málið verði sent til fjh.- og viðskn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til að koma hér og taka undir frv. sem er flutt af sjálfstæðismönnum í deildinni og taka undir það sem hv. 1. flm. sagði um mikilvægi þess að sjómenn séu í flotbúningum vegna þess að það er alveg ljóst og þarf ekki frekari vitnanna við hversu mikilvægt það er að sjómenn og þeir sem eru í miklum kulda séu vel klæddir og þá er auðvitað flotbúningur það albesta sem hægt er að hugsa sér fyrir sjómenn.

Ég hef um árabil kennt sjómönnum í Slysavarnaskóla sjómanna um áhrif kælingar og kulda á mannslíkamann og þar hef ég að sjálfsögðu lagt mikla áherslu á hversu mikilvægt það er að klæða sig vel. Þessir flotbúningar eru tiltölulega nýtilkomnir á markaðinn. Mér finnst mjög mikilvægt það sem kemur fram í 1. gr. frv. um að flotbúningar verði að fullnægja kröfum Siglingamálastofnunar. Fyrir nokkrum árum voru á markaðnum — sérstaklega voru dæmi um það erlendis — búningar sem voru þannig að þegar menn fóru í þeim í sjóinn drukku þeir í sig svo mikið vatn að þeir sukku. Þess vegna finnst mér þetta vera mjög mikilvægt atriði að gerðar séu mjög strangar kröfur og ekki leyfður innflutningur á búningum eða öðru en því sem er viðurkennt og það allra besta og að vitað sé að muni í raun og veru vera nothæft til þess sem til er ætlast.

Í greinargerð er vitnað til Jóhanns Axelssonar, prófessors í lífeðlisfræði, og talað um að flotgallar hafi ráðið úrslitum um lífslíkur sjómanna. Auðvitað er þetta alveg rétt vegna þess að fólk drukknar ekki af öðru en kulda eða þá það gefst upp vegna þess að það getur ekki synt lengur. Hér við land er það kuldinn sem tekur líf fólks ef það dettur í sjóinn og í svo köldum sjó sem er hér við land tekur það örfáar mínútur ef fólk er fáklætt. Auðvitað er hægt að láta sér detta í hug að fólk lifi 6–8 klukkustundir í sjónum hér við land. Ég efast þó um, alla vega um vetur, að svo langur tími geti liðið. Hins vegar er það ekki það sem skiptir máli. Við þurfum yfirleitt ekki svo langan tíma. Við þurfum í flestöllum tilvikum ekki nema kannski innan við klukkutíma þangað til hægt er að bjarga fólki þegar um slys er að ræða og fólk dettur útbyrðis og ekki er um björgunarbáta að ræða.

Eftir að hafa kynnst sjómönnum í þeim skóla sem ég hef kennt í, Slysavarnaskóla sjómanna, þá veit ég að þeir hafa fullan skilning á þessum málum og mikinn áhuga. Ég reikna með því að þau hörðu viðbrögð sem hafa orðið nú við því að virðisaukaskattur skuli vera á þessum nauðsynlegu björgunartækjum hafi einmitt orðið vegna þess að fólk gerir sér betur og betur grein fyrir hversu mikilvægt það er að halda kuldanum frá líkamanum. Það er hann sem skiptir öllu máli. Og ef ég man rétt sat hv. 1. flm. einu sinni og hlustaði á þegar ég var að kenna sjómönnum um ofkælingu og björgun úr köldum sjó.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið lengri en endurtek það að ég tel mjög mikilvægt að við getum samþykkt frv. á þessu þingi. Ég get ekki trúað því að það sé slíkur kostnaður fyrir ríkissjóð að fella niður virðisaukaskatt af flotgöllum sem sjómenn kaupa sér sjálfir. Það er ekki nóg fyrir þá að eiga bara einn sem geti dugað í mörg ár, heldur verður að endurnýja þá nokkuð þétt. Mjög farsælt væri að Alþingi samþykkti að felldur yrði niður virðisaukaskattur á flotbúningum en jafnframt að athugað yrði hvort ekki þyrfti að kanna frekar önnur björgunartæki sem eru nauðsynleg fyrir sjómenn og ef nauðsyn krefur gera þau að skyldu ef það er talið nauðsynlegt til þess að hægt sé að gæta samræmis varðandi skattlagningu.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna framkomu frv. og tek eindregið undir efni þess. Það er að sjálfsögðu ekki tilviljun að það er Vestmanneyingur sem er 1. flm. og frummælandi fyrir þessu frv. en umræðan hefur einmitt verið mjög mikil þar í bæ sem er eðlilegt, þetta er höfuðstöð útgerðar á Íslandi og hefur verið um langan aldur. Ég kem hins vegar frá Ísafirði og ekki síður þar hefur þessi umræða verið í gangi. Einmitt á síðasta einu ári höfum við þó nokkuð mörg dæmi þar sem við teljum að hafi skipt algjörlega sköpum að menn voru í flotbúningi þegar óhöpp

urðu. Við höfum kannski ekki eins skýr dæmi um það hvað hefði getað verið annars staðar því að það er nú svo að á útgerðarstöðum, eins og í Vestmannaeyjum og á Ísafirði þar sem menn sækja sjóinn sér til lífsviðurværis, gerast óhöppin oftar en skyldi og ég held að það sé skylda okkar að stuðla að hverju því sem getur orðið til aukins öryggis fyrir sjómenn okkar sem stunda þessa atvinnugrein. Og svo að ég víki að Vestfjörðum aftur, þá er þar mjög kaldur sjór. Þar er stundaður veiðiskapur á litlum bátum að vetrarlagi og sá veiðiskapur er fjarri því að vera hættulaus, eins og reynsla margra undanfarinna ára sýnir, og það hafa orðið afar mörg óhöpp, allt of mörg. Núna að undanförnu vitum við, eins og ég sagði áðan, að þessir búningar hafa, að mati sérfróðra manna, skipt sköpum og bjargað mannslífum. Þess vegna held ég að mjög æskilegt sé að frv. fái sem best brautargengi.

Ég tek sérstaklega undir orðin „sem fullnægja kröfum" vegna þess að ég var á fundi með siglingamálastjóra fyrir skömmu og þar barst einmitt talið að flotgöllum, afskiptum stofnunarinnar af þessu máli sem kom fram að hún taldi sig ekki hafa umboð til þess að sinna. Hins vegar, eins og kemur fram í frv., þá hefur Siglingamálastofnun ríkisins sett ákveðinn stimpil á þá búninga sem uppfylla þær kröfur sem settar eru. Það eru fleiri búningar á markaði á Íslandi svo að það er mjög nauðsynlegt að einmitt þetta verði skýrt, að það séu ekki aðrir en fullnægjandi búningar sem standast gæðakröfur sem fái þessa undanþágu.

Flotvinnubúninga er ekki skylt að hafa í fiskiskipum, en það er held ég bara tímaspursmál hvenær það verður þar sem þetta ágæta öryggistæki hefur sýnt sig að vera þannig að það er hægt að sinna vinnu í þessu og oft og tíðum er hægt að meta aðstæður þannnig að menn séu í svona búningum við vinnu sína þegar meiri hætta er á ferðum en oft áður.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta en ítreka það að ég tek undir efni frv. og vænti þess að það fái sem best gengi.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir jákvæðar undirtektir í umfjöllun um þetta mikilvæga mál. Það er nú einu sinni svo að því miður er það bláköld staðreynd að öryggismál sjómanna hafa löngum setið óeðlilega á hakanum í okkar þjóðfélagi, kannski ekki síst vegna andvaraleysis sjómanna sjálfra í þeim efnum því það er þannig að allir sem þekkja vel sjómenn vita að þeim er gjarnt að leiða hjá sér umræðu og umfjöllun um eigið öryggi. Það er eins og það sé rótgróið meðal íslenskra sjómanna að leiða slíkt hjá sér að hluta, en sem betur fer hefur orðið breyting á því á undanförnum fáum árum og ég held einna mest í kjölfar stofnunar öryggismálanefndar sjómanna sem skipuð var 10 þingmönnum 1984 og vann allmikinn bálk sem hefur verið hrundið fram markvisst síðan. Og þetta er aðeins liður í því. Það er kominn búnaður sem menn geta unnið í. Eins og kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv. er bæði um að ræða blautbúninga og þurrbúninga. Auðvitað gefur þurrbúningurinn meiri möguleika, en þó skiptir þarna miklu máli, eins og ég sagði áðan, hvort búningarnir falla vel að líkamanum eða eru víðir, hleypa inn í sig sjó. Þetta er spurning um að halda hita við æskilegastar aðstæður. Og þurrbúningarnir eru talsvert mikið dýrari. Blautbúningarnir gefa auðvitað minni lífsmöguleika og ekki, eins og ég sagði, svona langan tíma, nema það séu sérstaklega gerðir búningar sem eru mjög dýrir en eru til, en þessi almenni vinnuflotgalli er það sem málið snýst um og margir sjómenn hafa sæst á að vinna og þykir gott að vinna í honum fyrir utan öryggið sem það skapar.

Það má með sanni segja að sjómenn Íslands séu stríðsmenn Íslands. Þeir heyja það stríð sem kostar í atvinnulífi og lífsbaráttu þjóðarinnar flest mannslífin. Aðeins í einu plássi, Vestmannaeyjum, hafa á síðustu 100 árum farist yfir 500 sjómenn, þ.e. fimm menn á ári, og það er mikil ástæða til þess að vera sífellt á verði í þessum efnum og gæta þess að vera hvetjandi en ekki letjandi. Virðisaukaskattur á þennan búnað er letjandi. Hann er gegn því að menn vilji og hafi geð í sér til þess að horfast í augu við að það er mikilvægt að auka og efla öryggi sjómanna og það er það sem við þurfum að gera.

Stríðsmenn Íslands, sagði ég. Sem betur fer höfum við ekki þurft að búa við her á Íslandi, með íslenskum hermönnum, en þetta er ósköp svipað í sjálfu sér eins og það ef fallhlífastökkvarar Winstons Churchill á stríðsárunum hefðu sagt: Við förum ekki í fallhlíf, það þarf að setja lög um að fella niður tolla af þeim. Þetta er mikilvægt mál sem, eins og ég vil endurtaka, er ástæða til þess að stuðla að sem skyldusetningu. Það mál þarf að vinna betur. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja það að ekki sé virðisaukaskattur á flotvinnubúningum og það er einfaldlega það atriði sem þessi lagagrein byggir á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. GuðnÁ og AðB, 507. mál (niðurfelling barnsmeðlaga). — Þskj. 890.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram frv. til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum. Ásamt mér flytur þetta frv. hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Í frumvarpsgreininni segir, með leyfi forseta:

„Aftan við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt að fella niður barnsmeðlög að hálfu eða öllu leyti ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð."

Svohljóðandi greinargerð fylgir þessu frv.:

„Í íslensku samfélagi er það samdóma álit þegnanna að einstaklingur, sem á í vandræðum, eigi skilið hjálp og stuðning þar sem það á við. Og í umræðu allri í þjóðfélaginu undanfarin ár er snertir samfélagslega aðstoð til handa þeim er lenda í klóm ávana- og fíkniefna og í kjölfarið upplifa andlega, líkamlega og félagslega ógæfu sem endar oftar en ekki með hjónaskilnaði eða sambúðarslitum, hefur viðhorf samfélagsins þróast í þá átt sem betur fer að sá ógæfumaður eigi skilið stuðning og hjálp meðan hann er að ná sér á strik og verða aftur ábyrgur þegn í samfélaginu. Þessi aðstoð er sem dæmi oft í formi niðurfellingar á opinberum gjöldum, samið er um skuldbreytingar hjá lánastofnunum og samið um greiðslu meðlaga hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Sá liður, sem reynist mönnum oft erfiður við að glíma og semja um, eru barnsmeðlög. Oft er um að ræða menn sem í gegnum óreglu og fjármálaerfiðleika eða af því að langvinn veikindi hafa steðjað að", kannski árum saman, þurfa þó ekki að vera mjög mörg ár, „eru með uppsöfnuð meðlög yfir marga mánuði og jafnvel ár.

Árið 1987 var gerð sú breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga að heimilt er að fella niður dráttarvexti af meðlagsskuld ef viðkomandi á við erfiðar félagslegar aðstæður að búa. Samt sem áður eru menn með það mikla skuld í höfuðstól að niðurfelling dráttarvaxta hrekkur ekki til.

Og hvað gera þessir einstaklingar ef þeir sjá ekki fram á að geta greitt sín meðlög? Þeir vinna yfirleitt vinnu þar sem ekki eru dregin af þeim gjöld, þar tapast ekki bara meðlagsgreiðslur heldur einnig önnur opinber gjöld. Þeir fara úr landi og missa þar með tengsl við börn sín og eru flóttamenn í þeim skilningi að þeir ráða ekki við að stofna heimili eða starfa með eðlilegum hætti og yfirgefa oft land sitt þess vegna. Það sem er þó alvarlegast er að þeir missa oft og tíðum móðinn og við tekur endurtekin óregla og innlagnir á meðferðarstofnanir og síðar leita þeir á náðir félagsmálastofnunar bæjarfélags síns" eins og dæmin sanna.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn. Nd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenningsbókasöfn, 1. umr.

Frv. ÁHE, 437. mál (rithöfundasjóður). — Þskj. 758.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég legg fram hér tvö frv. til laga, annað um breytingu á lögum nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn, og hitt um breytingu á lögum nr. 29 1975, um launasjóð rithöfunda. Ástæðan fyrir því að þessi tvö frumvörp eru lögð fram er sú að starfandi eru í landinu tvö félög rithöfunda, Rithöfundasamband Íslands og Félag ísl. rithöfunda. Aðeins Rithöfundasamband Íslands er sá aðili sem leitað er til um umsagnir og til að tilnefna menn í stjórn Launasjóðs rithöfunda og í stjórn Rithöfundasjóðs, en um hann getur í lögum um almenningsbókasöfn. Ég vil leyfa mér að lesa hér úr greinargerð, með leyfi forseta:

„Með lögum nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn, og reglugerð frá 1. febrúar 1977 um Rithöfundasjóð Íslands á að tryggja öllum íslenskum rithöfundum aðgang að Rithöfundasjóði Íslands samkvæmt úthlutunarreglum hans.

2. mgr. 11. gr. laga um almenningsbókasöfn hljóðar svo:

„Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands."

Hér er aðeins Rithöfundasamband Íslands nefnt til sögunnar en ekki Félag ísl. rithöfunda þegar kveðið er á um að hafa samráð við félög rithöfunda. Sami háttur er í 4. gr. laga um Launasjóð rithöfunda en hún hljóðar svo með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum."

Hér er skýrt tekið fram að haft skuli samráð við félagssamtök rithöfunda en þau voru þá, eins og áður segir, aðeins ein starfandi í landinu og hétu Rithöfundasamband Íslands. Síðan hafa íslenskir rithöfundar endurvakið gamalt félag um hagsmuni sína og það heitir í dag Félag ísl. rithöfunda. Það starfar við hlið Rithöfundasambands Íslands og þess vegna telur flm. eðlilegt að það njóti sömu réttinda og Rithöfundasambandið og að til Félags ísl. rithöfunda verði einnig leitað þegar óskað er umsagnar um hagsmunamál starfandi rithöfunda á Íslandi.

Ég vil leyfa mér að lesa 1. gr. þessa frv.:

„Við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist: og Félag íslenskra rithöfunda. Alþingi kýs árlega sjö menn í stjórn Rithöfundasjóðs með óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn."

Á sama hátt segir í 1. gr. um frv. til laga um Launasjóð rithöfunda: „Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og Félag ísl. rithöfunda, þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum. Alþingi kýs árlega sjö menn í stjórn Launasjóðs rithöfunda með óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn."

Flm. telur rétt að þessi mál séu ekki í höndum menntmrn. og menntmrh. eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, heldur kjósi Alþingi sjálft sjö menn, annars vegar í stjórn Launasjóðs rithöfunda og hins vegar í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands. Í stjórnir þessara tveggja sjóða sem rithöfundar fá síðan úthlutað úr.

Ég vil ekki hafa þessi orð lengri og vísa málinu til nefndar að vali forseta.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti þakkar traustið og hann mun leggja til að þetta mál fari til hv. menntmn.

Hér hefur hv. 16. þm. Reykv. í raun mælt fyrir tveimur frumvörpum sem eru samhliða hér á dagskrá, þ.e. 11. dagskrármálinu, almenningsbókasöfn, sem er 437. mál Nd. og 12. dagskrármálinu sem er Launasjóður rithöfunda og er 438. mál Nd. Engu að síður mun forseti taka 12. málið á dagskrá svo allra formsatriða sé gætt til fullnustu, en umræðunni um 11. dagskrármálið, almenningsbókasöfn, er lokið þar eð ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs en atkvæðagreiðslu er frestað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launasjóður rithöfunda, 1. umr.

Frv. ÁHE, 438. mál (þingkjörin stjórn). — Þskj. 759.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29/1975, um Launasjóð rithöfunda. 1. gr. orðast svo:

„4. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara í samráði við Rithöfundasamband Íslands og Félag ísl. rithöfunda þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

Alþingi kýs árlega sjö menn í stjórn Launasjóðs rithöfunda með óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt skal ráðherra þegar eftir birtingu laganna gefa út nýja reglugerð um Launasjóð rithöfunda."

Að öðru leyti vísa ég í greinargerð með frv. og til þess málflutnings hér áðan þegar ég mælti fyrir þessu frv. og frv. til laga um almenningsbókasöfn og legg til að þessu verði vísað til nefndar samkvæmt vali forseta.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Enn á ný hefur forseti þetta val og mun í þessu tilviki velja á nýjan leik hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 501. mál (trúnaðarmaður sjúklinga). — Þskj. 877.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. um ráðningu trúnaðarmanna við sjúkrahús. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kvennalistans, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Um hlutverk slíkra trúnaðarmanna segir svo í frv., með leyfi forseta:

„Við sjúkrahús, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr., skal starfa trúnaðarmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, og greiðast laun hans úr ríkissjóði.

Trúnaðarmaður skal vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Trúnaðarmaður skal efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra."

Þau sjúkrahús sem hér um ræðir eru svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús og almenn sjúkrahús. Í grg. frv. segir m.a.:

„Málefni sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa eru nú víða til umfjöllunar og endurskoðunar. Stofnuð hafa verið fjölmörg félög sjúklinga er hafa látið málefni þeirra varða sig á margvíslegan hátt." Vil ég þar m.a. nefna Styrk sem er félag krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra, Samhjálp foreldra sem er félag foreldra krabbameinsveikra barna og Samhjálp kvenna sem er félag kvenna með brjóstakrabbamein. „Meðal annars hafa þau beint sjónum að andlegri líðan við erfiðar aðstæður. Starfsfólk sjúkrahúsa hefur einnig víða tekið höndum saman og átt frumkvæði að því að fjalla um mál er varða andlega velferð starfsfólks og sjúklinga. Í því sambandi má benda á umfjöllun um sorg og sorgarviðbrögð sem heilbrigðisstéttirnar, sjúklingar og aðstandendur þeirra hafa látið til sín taka."

Kveikjan að því frv. sem hér liggur fyrir var samtal mitt við konu sem varð fyrir því að missa barn sitt eftir veikindi sem enduðu með sjúkrahúsdvöl eins og löngum er í slíkum málum. Í huga þessarar konu var mörgum spurningum enn ósvarað. Spurningum sem án efa hefði verið hægt að svara ef hún hefði vitað hvert hún átti að snúa sér. Henni voru ofarlega í huga spurningar eins og: Hvers vegna var meðferð barnsins míns breytt? Var einhvern tíma von um bata? Af hverju vissi ég ekki hvað var að gerast?

Nokkur ár eru liðin og þessum spurningum er enn ósvarað að því er þessa konu varðar. Hún lét þó vel af framkomu starfsfólks deildar þeirrar sem barnið lá á. Þar mætti hún hlýju og skilningi. Margt var gert til að greiða úr spurningum hennar en eftir sat að hana fýsti að fá að vita meira um þá læknisfræðilegu meðferð er barnið fékk en vissi ekki hvern hún átti að spyrja. Það var einfaldlega enginn sem hafði það sérstaka hlutverk að greiða úr slíkum spurningum. Þó er ég sannfærð um að ýmsir er á deildinni unnu hefðu bæði haft vilja og getu til að ræða málin við hana, leita eftir svörum frá læknum og þekkingu til að miðla þeim fróðleik til hennar. Það þarf áræði og frum-

kvæði starfsfólks, sjúklinga og aðstandenda þeirra til að taka af skarið og tala um slík mál og það þarf tíma sem er sérstaklega tekinn frá til þessa.

Hjúkrunarfólk hefur víða haft frumkvæði af því að taka þetta hlutverk að sér og sinnt því vel. En það breytir því ekki að slíkri þjónustu er ekki ætlaður staður innan heilbrigðiskerfisins né heldur tími í þéttskipaðri dagskrá sjúkrahúsanna og starfsfólksins sem þar vinnur.

Eins og skipulagi sjúkrahúsa er nú háttað þykir mörgum, bæði starfsfólki stofnana og sjúklingum og aðstandendum þeirra að heppilegt væri að koma á einhvers konar kerfi trúnaðarmanna fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra líkt og trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum. Starfssvið þessara aðila yrði án efa mjög vítt og mundi þurfa að mótast í samvinnu við sjúklinga, aðstandendur þeirra og starfsfólk sjúkrahúsa. Hlutaðeiganda yrði ætlað annað hlutverk en nú er í höndum félagsráðgjafa og presta sjúkrahúsa, m.a. að leita svara við spurningum sjúklinga og aðstandenda þeirra um læknisfræðilega meðferð, liðsinna sjúklingum og aðstandendum þegar þeim þykir skorta skýringar eða upplýsingar um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru um málefni þeirra. Einnig væri það hlutverk trúnaðarmanns að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra í öllum þeim margvíslegu málum sem upp kunna að koma í mannlegum samskiptum á sjúkrahúsum. Þar koma oft upp viðkvæm mál þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir. Slíkt reynir mjög á fólk bæði líkamlega og andlega.

Æskilegt er að slíkur trúnaðarmaður hefði sérþekkingu á sviði heilbrigðismála og þekkingu á aðhlynningu sjúkra. Því segir svo í 5. mgr. frv.:

„Trúnaðarmaður skal vera hjúkrunarfræðingur að mennt eða hafa aðra þá faglegu reynslu og menntun sem starfið krefst að mati sjúkrahússtjórnar. Sjúkrahússtjórn annast ráðningu trúnaðarmanns, að höfðu samráði við félög sjúklinga og aðstandendur þeirra verði því við komið. Trúnaðarmaður getur jafnframt gegnt öðrum störfum á sjúkrahúsinu." Þessa síðustu setningu tel ég mjög mikilvæga vegna lítilla sjúkrahúsa og einnig vegna þess að oft getur skipt máli að ekki sé verið að ráða í stöðu sem er stök heldur hluti af verksviði einhvers starfsmanns á sjúkrahúsi.

Íslenskt heilbrigðiskerfi er að mörgu leyti mjög gott. Menntun starfsfólks heilbrigðisstétta er mikil og tækjakostnaður sjúkrahúsanna er víða fullkominn. Það er því fyllilega tímabært að hyggja nánar að andlegri velferð allra er leita þurfa til sjúkrahúsa vegna veikinda sinna eða náinna aðstandenda. Frv. er ætlað að verða skref í þá átt að taka á því mikilvæga máli sem mannleg samskipti á sjúkrahúsum eru og virða rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til að fá fullkomnar upplýsingar og úrlausn mála hjá einum óháðum aðila sem bundinn er trúnaði og hefur þá skyldu fyrst og fremst að liðsinna sjúklingum og aðstandendum þeirra og efla samstarf sjúklinga, aðstandenda þeirra og heilbrigðisstéttanna.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaxtalög, 1. umr.

Frv. ÁHE, 447. mál (vaxtavextir). — Þskj. 782.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

„1. gr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ekki er heimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta eða reikna aðra vaxtavexti af skuld.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll önnur lagaákvæði um vaxtavexti af skuldum. Frá og með birtingardegi laga þessara er óheimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól ógreiddra eða óuppgerðra skulda."

Frv. er lagt fram til þess að freista þess að draga úr vaxtaokrinu á Íslandi. Með vaxtalögum frá 1987 komu ný ákvæði í lög á Íslandi um heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæðinni. Með þessu móti hefur upphæð skulda vaxið það hratt að það hefur orðið mörgum Íslendingum ákaflega þungt í skauti. Einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki hafa misst eigur sínar og jafnvel orðið gjaldþrota vegna þess. Mikil verðmæti hafa verið færð til í þjóðfélaginu í skjóli þessarar greinar vaxtalaganna. Hugsunin á bak við dráttarvexti er sú að þegar þeir eru reiknaðir falla niður allir almennir vextir af skuld ásamt verðbótum og öðru umsömdu álagi. Þess vegna eru dráttarvextir jafnan hafðir hærri en samanlagðir þeir vextir og verðbætur sem þá falla niður. Þannig er lánardrottni tryggt að fá hærri vexti, betri stöðu á skuld sinni en ella. Þess vegna er það hrein viðbót við þá eðlilegu vexti sem reikna ber af skuld þegar dráttarvextir eru um hver áramót lagðir við hlið skuldarinnar og búinn til nýr höfuðstóll sem ber síðan aftur vaxtavexti næsta ár.

Í grg. eru sýnd þrjú dæmi um mismunandi upphæð vaxta. Niðurstaðan er sú að þegar eru reiknaðir svokallaðir flatir vextir af skuld sem nemur 1 millj. kr., þ.e. þeim er ekki bætt við höfuðstólinn, munar um rúmri milljón á vöxtunum einum saman í fjögur ár. Þetta er svimandi fjárhæð og hér er um svo gífurlega mikinn mun að ræða á sömu skuldinni, eftir því með hvorri aðferðinni er reiknað, flötum vöxtum eða vaxtavöxtum, að það gengur ekki lengur að búa til höfuðstól skulda á þennan hátt hér á landi. Þetta eru það miklir peningar sem eru í húfi og hlutfallið er það hátt að það er komið fram úr öllum eðlilegum skilningi á vaxtalögunum. Vaxtavextir gera ekkert

annað en að ýta undir að fólk tapi eignum sínum. Almenningur tapar á þessum vöxtum. Ástæðan fyrir því að það er auðvelt að leggja þessa vexti af er fyrst og fremst sú að þessir vextir taka ekki til vaxta á sparifé landsmanna og hafa því engin áhrif á sparifé því hér er eingöngu um að ræða vexti af skuldum. Þess vegna telur flm. að hér sé kjörin leið til að draga úr vaxtaokrinu án þess að skerða nokkuð eðlilega fengið sparifé. Það telur flm. vera kjarna málsins.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu vísa ég málinu til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 468. mál (yfirheyrslur yfir börnum). — Þskj. 816.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru þær þingkonur Kvennalistans Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði hljóða svo, með leyfi forseta:

„5. mgr. 40. gr. orðast svo:

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Getur nefndin sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar. Einnig skal tilkynna foreldri eða forráðamönnum barnsins um yfirheyrslurnar svo fremi að grunur leiki ekki á að þau tengist málinu."

Frv. þetta er ekki mikið að vöxtum. Í grg. kemur fram hverjar þær meginbreytingar eru sem lagt er til að verði gerðar á greininni. Þar stendur:

„Í gildandi lögum stendur að tilkynna skuli barnaverndarnefnd um yfirheyrslu barna „ef þess er kostur". Lagt er til í frumvarpi þessu að það sé skylda að tilkynna barnaverndarnefnd ef barn er kallað til yfirheyrslu.

Einnig er lagt til að skylt sé að tilkynna foreldri eða forráðamanni ef barn er tekið til yfirheyrslu hjá lögreglunni, en ekki einungis barnaverndarnefnd eins og núgildandi lög kveða á um. Ef grunur leikur á að foreldrar eða forráðamenn barnsins tengist málinu sem yfirheyrslan snertir gildir þetta ákvæði ekki."

Varla leikur nokkur vafi á því að hér er um að ræða lagfæringu á lögum sem á fullan rétt á sér. Þetta mál er nú flutt vegna ábendingar foreldris sem varð fyrir því að barn var kvatt til yfirheyrslu án þess að fjölskyldan vissi nokkuð um það. Slíkt hlýtur að koma sem reiðarslag yfir fjölskyldu sem það hendir og því er mjög mikilvægt að þetta nái fram að ganga.

Ég vil aftur vísa í grg. þar sem stendur: „Börn geta verið mikilvæg vitni í opinberum málum og nauðsynlegt málsins vegna að færa þau til yfirheyrslu. Lögreglunni er skylt ef svo er að leita til barnaverndarnefndar og láta vita af því að barnið verði tekið til yfirheyrslu. Nefndin þarf að veita samþykki sitt og getur sent fulltrúa til að fylgjast með yfirheyrslunni. Það er hins vegar engin trygging fyrir því í núgildandi lögum að foreldrar eða forráðamenn séu látnir vita ef barn þeirra er fært til yfirheyrslu. Það er vissulega alvarlegt mál ef barn tengist brotamáli á einhvern hátt en yfirheyrsla hjá lögreglu er ekki síður alvarlegt mál. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið að vera óstutt á meðal einkennisklæddra lögreglumanna. Návist foreldra eða forráðamanna getur veitt barninu ómetanlegan stuðning þó að ekki sé mælt með að foreldrar eða forráðamenn séu viðstaddir sjálfa yfirheyrsluna."

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 517. mál (hlutdeild vistmanna í dvalarheimiliskostnaði). — Þskj. 903.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989. Flm. auk mín eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Friðrik Sophusson, Hreggviður Jónsson, Ólafur G. Einarsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Í 1. gr. frv. segir:

„27. gr. laganna orðist svo:

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 30.000 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 30.000 kr., skal vistmaður (langlegusjúklingur) greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

2. gr. Lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1990."

Mun ég þá gera grein fyrir grg. sem fylgir með frv.

„Í frv. þessu er lögð til sú breyting að þær 11.000 kr., sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skuli hækka upp í 30.000 kr., en 27. gr., þar á meðal 3. mgr., er að öðru leyti efnislega óbreytt. Rétt er þó að vekja sérstaklega athygli á 3. mgr. þar sem gera má ráð fyrir því að ætlunin hafi verið að hækka þessar viðmiðunarfjárhæðir talsvert í reglugerð, en nú, þegar hún hefur litið dagsins ljós, er aðeins um óverulegar hækkanir að ræða og því er hér gerð tillaga um lagabreytingu.

Í eldri lögum um málefni aldraðra þurftu aldraðir

að vísu að greiða hlutdeild í dvalarheimiliskostnaði ef þeir höfðu lífeyrissjóðstekjur umfram frítekjumark en greiðslur féllu niður ef þeir fluttust á hjúkrunardeild. Í lögum nr. 82/1989 virðist hafa verið ætlunin að breyta þessu fyrirkomulagi að einhverju leyti í réttlætisátt og jafnvel að létta á greiðsluskyldunni hjá þeim sem greitt hafa í lífeyrissjóði en niðurstaðan hefur orðið önnur. Það sem vekur sérstaka athygli er að nú greiða einnig aldraðir sjúklingar fyrir vist sína. Lögin hafa þannig stækkað þann hóp aldraðra sem ætlað er að greiða dvalarkostnað sinn í stofnunum að hluta eða öllu. Þeir, sem hafa yfir 11 þús. kr. á mánuði í eigin tekjur, skulu þannig greiða með sér og bitna þessar greiðslur aðallega á fólki sem greitt hefur til lífeyrissjóða á starfsævi sinni, enda þótt eignatekjur séu einnig teknar inn í þennan kostnað. Þetta fólk fær þar að auki ekki neina vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins líkt og þeir sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en frá þeirri stofnun. Vasapeningaupphæðin er að vísu „smánarlega lág" eins og heilbrmrh., Guðmundur Bjarnason, komst að orði í umræðum um frv. á síðasta þingi, eða núna um það bil 6000 kr. á mánuði. Það þyrfti svo sannarlega að hækka þessar bætur því að fjöldi vistmanna þarf nú að sækja um fjárhagsstyrki til fatakaupa frá sveitarfélaginu og þykir mörgum sárt. Raunar geta margir aldraðir ekki hugsað sér að sækja um slíka styrki.

Engu að síður hlýtur að teljast óeðlilegt að það fólk, sem hefur tekjur umfram bætur frá Tryggingastofnun vegna þess sparnaðar sem það hefur ástundað alla ævi, skuli missa þær til ríkisins þegar það sest í helgan stein. Vandséð er hvaða rök geta réttlætt slíka ráðstöfun löggjafans enda þótt vistun aldraðra feli í sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Það má einnig leiða að því rök að eldri borgarar þessa lands séu nú þegar búnir að leggja sitt af mörkum til samfélagsins hvað þennan kostnað varðar og að þeir eigi sinn sparnað sjálfir.

Í núgildandi lögum um málefni aldraðra felast margvíslegar breytingar frá því sem áður var. T.d. falla nú færri stofnanir undir lögin en áður, þar á meðal svonefndar þjónustuíbúðir aldraðra. Í 18. gr. laganna er skilgreint hvað teljist stofnanaþjónusta fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum. Hún er tvískipt, annars vegar þjónustuhúsnæði aldraðra skv. 1. tölul. og hins vegar hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimili skv. 2. tölul. (Sjá fylgiskjal I með skilgreiningu laganna á stofnanaþjónustu og fylgiskjal II, reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, einkum fylgiskjal með henni þar sem er skrá um öldrunarstofnanir og hjúkrunarrými fyrir aldraða.)

Um langan tíma hefur það verið eitt af höfuðeinkennum sjúkratrygginga á Íslandi að öllum sjúkratryggðum landsmönnum hefur verið tryggð ókeypis vist á sjúkrahúsum og sjúkradeildum fyrir aldraða, sbr. 40. og 41. gr. laga um almannatryggingar. Þannig segir í upphafi 41. gr.:

„Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum ..."

Verður ekki annað séð en 27. gr. laga nr. 82/1989 gangi þvert á þetta ákvæði almannatrygginga og breytir þar varla nokkru um þótt aldraðir sjúklingar séu í reglugerð kallaðir „langlegusjúklingar". Þessa nýtilkomnu greiðslubyrði mætti e.t.v. kalla „sjúklingaskatt" og vísast þá til fyrri umræðna á Alþingi um hann, m.a. á þinginu 1983–84 er rætt var um umdeilda tillögu í þá átt að sjúklingar greiddu hluta af fæðiskostnaði sínum en þá var þessi nafngift notuð.

Þess má geta til upplýsingar að 1596 lífeyrisþegar dveljast nú í hjúkrunarrými landsins. Af þeim greiða 285 eitthvað upp í vistgjaldið af tekjum sínum en 20 greiða það að fullu. Ekki liggja fyrir tölfræðilegar upplýsingar um fjölda aldraðra sem er í þjónustuhúsnæði og greiðir dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu leyti. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar fá u.þ.b. 1200 vistmenn greidda elliheimilisuppbót að fullu eða hluta vegna þess að þeir geta ekki greitt allan dvalarkostnað sinn. Það eru þó alltaf nokkrir vistmenn sem greiða dvalarkostnað sinn að fullu. Við meðferð málsins í nefnd væri æskilegt að fá nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um kostnaðargreiðslur vistmanna.

Lög nr. 82/1989 tóku gildi um síðustu áramót og reglugerð um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, nr. 47 1990, frá 17. janúar 1990 tók gildi 1. febrúar sl. Í reglugerð þessari hafa viðmiðunarmörk 27. gr. laga nr. 20/1989 aðeins verið hækkuð til samræmis við hækkun bóta og eru nú þær upphæðir sem vistmenn halda eftir á mánuði 15.700 kr. í þjónustuhúsnæði og 13.200 kr. í hjúkrunarrými. Allar tekjur umfram þessar fjárhæðir renna til greiðslu dvalarkostnaðar upp að 61.290 kr. á mánuði eins og daggjaldanefnd hefur ákveðið. Þessar fjárhæðir eru allt of lágar og hlýtur það að reynast fólki þungbært að hafa ekki meira fé til ráðstöfunar, hvort sem það dvelst í þjónustuhúsnæði eða hjúkrunarrými. Þykir því sanngjarnt að leggja til þessa hækkun til viðmiðunar, þ.e. 30.000 kr.

Til þess að gera skýrari grein fyrir þeim nýmælum sem frumvarp þetta felur í sér í samanburði við 27. gr. laga gildandi laga, nr. 82/1989, ásamt fyrrnefndri reglugerð, þá eru hér tvö dæmi, miðuð við 1. febrúar 1990. Tryggingastofnun ríkisins greiðir svokallaða elliheimilisuppbót skv. 19. gr. almannatryggingalaga, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 351/1977. Grunnlífeyrir ellilífeyrisbóta er nú 11.016 kr. á mánuði."

Ef við tökum núgildandi kerfi um einhleypa, þ.e. einhleypur í þjónustuhúsnæði. Viðmiðun 15.700 kr. á mánuði. Tekjur 60.000 kr. á mánuði (eftirlaun). Tekjutrygging á mánuði er engin. Hann borgar sjálfur með tekjum sínum á mánuði, að frádregnum skerðingarmörkum: 60.000 – 15.700 = 44.300. Sambærileg tala fyrir mann á langlegudeild er 46.800 sem sá maður borgar sjálfur.

Dvalarkostnaður er samtals 61.290 – (11.016 + 60.000 – 15.700). Þannig er fengin upphæðin 5.974

kr. sem er svoköllud elliheimilisuppbót. Tryggingastofnun borgar því 11.016 + 5.974 eða 16.900.

Samkvæmt frv. sem hér er til umfjöllunar tökum við aftur dæmi um einhleypan mann í þjónustuhúsnæði. Viðmiðun er hins vegar 30.000 kr. á mánuði. Tekjur 60.000 kr. á mánuði og tekjutrygging engin. Hann borgar sjálfur 60.000 – 30.000 = 30.000. Dvalarkostnaður = 61.290 – (11.016 + 60.000 – 30.000) = 20.274 kr. sem er svoköllud elliheimilisuppbót.

Tryggingastofnun borgar því 11.016 + 20.274 = 31.290.

„Rétt þótti að gera hér einnig grein fyrir kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar en hún er að sjálfsögðu fjármögnuð af skattgreiðendum. Þá má sömuleiðis geta þess að skattalögum hefur ekki verið breytt vegna vistmanna á stofnunum þannig að allar tekjur sem eru umfram 52.400 kr. á mánuði eru skattskyldar.

Eftir að núgildandi lög um málefni aldraða komu til framkvæmda hefur orðið vart mikillar óánægju meðal aldraðra og telja þeir ekki sanngjarnt að þurfa á síðustu árum ævinnar að greiða meiri hluta eftirlauna sinna til ríkisins. Reyndar kom frv. að núgildandi lögum svo seint fram á síðasta þingi að lítill tími gafst til efnislegrar umfjöllunar um þennan viðamikla málaflokk og er ekki óeðlilegt að ætla það, m.a. af umræðum á Alþingi að dæma, að fulltrúar löggjafarvaldsins, margir hverjir, hafi búist við mun hærra viðmiðunarmarki en ákvæði reglugerðarinnar gera ráð fyrir.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á 2. mgr. 1. gr. laganna um málefni aldraða sem ákvæði 1. og 2. mgr. 27. gr. geta varla talist samrýmast, en þar segir svo:

„Tilgangur þessara laga er að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur og möguleikar þeirra til ráðstöfunar eigin eigna og lífeyris ef þess gerist þörf."

Með hliðsjón af þessu ákvæði, og til þess að milda áhrif þeirrar löggjafar sem hér um ræðir, er lagabreyting þessi lögð til. Það er skoðun flutningsmanna að enda þótt nú sé mikið rætt um þörf aðhalds og sparnaðar í ríkiskerfinu hljóti að verða að taka tillit til hagsmuna og sjálfsvirðingar þessa fólks sem lagt hefur grundvöllinn að íslensku nútímaþjóðfélagi."

Með þessu frv. eru tvö fylgiskjöl. Á fylgiskjali I er lýst skilgreiningu 18. gr. laganna um málefni aldraðra og skilgreiningu hennar á stofnanaþjónustu. Þar er annars vegar lýst því hvernig þjónustuhúsnæði aldraðra eigi að vera og síðan hvernig hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimili skuli vera. Mun ég ekki gera nánari grein fyrir því hér. Hins vegar er í fylgiskjali II látin fylgja reglugerðin í heild, þessi reglugerð sem ég vitnaði til hér áðan, og er það talið nauðsynlegt til að skýra málið enn frekar þar sem hér er um nokkuð flókin mál að ræða og margvíslegar breytingar.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til ásamt meðfylgjandi grg. Mér þykir miður að hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki staddur hér við þessa umræðu og vona ég að það sé ekki tákn um áhugaleysi hans.

Ég legg áherslu á það að með þessu frv. er fyrst og fremst reynt að milda áhrif þeirra laga um málefni aldraðra sem nú eru í gildi. Þó vil ég ítreka það sem kemur fram í greinargerð að margir eru þeirrar skoðunar að eldri borgarar þessa lands séu nú þegar búnir að leggja sitt af mörkum til samfélagsins hvað vistunarkostnað snertir og að þeir eigi sinn sparnað sjálfir.

Þessi skoðun kom m.a. fram í umræðum um frv. sem varð að núgildandi lögum á síðasta þingi og átti ekki síst við það atriði að nú ættu aldraðir sjúklingar að fara að borga með sér, en eins og bent er á í grg. með þessu frv. hlýtur hér að vera gengið þvert á 41. gr. almannatryggingalaganna, og hljóta það að teljast furðuleg vinnubrögð. Það álit hefur þó komið fram að öldruðum hafi verið mismunað þar sem hluti aldraðra hefði þurft að greiða þennan kostnað en ekki ef þeir urðu sjúkir og fóru í hjúkrunarrýmið. Það er þó á skjön við almannatryggingalögin, eins og ég benti á, og má segja að það sé almennt varhugaverð stefna að fulltrúar löggjafarvaldsins og sérstaklega fulltrúar framkvæmdarvaldsins telji sér það frjálst að ráðskast á þennan hátt með fjármuni fólks, fjármuni sem það hefur unnið fyrir í sveita síns andlitis og á þetta ekki síst við um lífeyrissjóðsgreiðslur. Það fer þó ekki á milli mála að öldrunarstofnanir eru mjög dýrar stofnanir en það getur hins vegar engan veginn réttlætt það ástand sem hér hefur skapast eftir að núgildandi lög komu til framkvæmda og hlýtur að vera með öllu ljóst að þær fjárhæðir sem gamla fólkið fær mánaðarlega að halda eftir til ráðstöfunar eru skammarlega lágar.

Í heild má segja að lög nr. 82/1989 og meðfylgjandi reglugerð feli í sér svo margvíslegar breytingar og að sumu leyti skerðingu á réttarstöðu aldraðra að þetta þyrfti að skoðast upp á nýtt og í heild sinni. Einkum sést það af reglugerðinni sem er á fylgiskjali II með frv., t.d. það atriði að nú borga aldraðir fyrir dagvist sem þeir gerðu ekki áður og er þá vandséð hvernig þeir eiga að geta haldið áfram að búa á sínum eigin heimilum þar sem því fylgir talsverður kostnaður, hiti, rafmagn, jafnvel húsaleiga o.s.frv.

Framkvæmd laganna og reglugerðarinnar hafa og reynst þeim sem að öldrunarmálum starfa mjög erfið, ekki síst sá þáttur sem snýr að innheimtu dvalarkostnaðar, og margt gamalt fólk á mjög erfitt með að skilja þær ráðstafanir sem hér um ræðir sem vonlegt er. Á það er einnig minnst í greinargerðinni að vasapeningar séu skammarlega lágir en mér skilst að upphæð þeirra sé verið að skoða í þeirri endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna sem verið hefur við lýði um alllangan tíma þótt enn sjáist enginn árangur af hennar starfi. Vonir standa þó til að einhverjar tillögur muni brátt líta dagsins ljós. En ekki er vanþörf á að hækka vasapeningana sem eru u.þ.b. 6000 kr. á mánuði.

Í lagatextanum í 2. mgr. 1. gr. frv. er bætt við innan sviga orðinu „langlegusjúklingur“ til þess að undirstrika það að þessi lagabreyting nær bæði til fólks sem dvelur í þjónustuhúsnæði og í hjúkrunarrými þar sem fyrrgreindir aðilar hafa ekki síður þörf fyrir ráðstöfunarfé en þeir síðarnefndu, enda er talað um vistmenn og langlegusjúklinga í reglugerð og 27. gr. laga nr. 82/1989 nær til hvors tveggja.

Þá er og rétt að geta þess að nú nýverið bárust mér upplýsingar um þá vistmenn sem dveljast í þjónustuhúsnæði. Samkvæmt úrtaki úr bótaskrám Tryggingastofnunar ríkisins eru 1107 einstaklingar með dvalarheimilisuppbót. Þar af eru 1014 með óskerta dvalarheimilisuppbót en 93 með skerta. Í grg. er hins vegar talað um 1200 vistmenn. Því miður gafst ekki tími til að leiðrétta það og bæta þessum nýju upplýsingum við.

Að sjálfsögðu væri æskilegt og raunar nauðsynlegt að fá nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um kostnaðarhlutdeild aldraðra til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem lagabreyting þessi mun leiða af sér. Þó virðist af tölum að hér þurfi ekki að vera um mjög mikinn kostnað að ræða.

Hæstv. forseti. Ég tel þörf á að víkja nokkuð að meðferð og umræðum á síðasta þingi um frv. sem varð að núgildandi lögum. Frv. um málefni aldraðra virðist hafa komið svo seint fram á þinginu í fyrravor að takmarkaður tími hafi gefist til umfjöllunar, enda málið ekki sent til umsagnar frá efri deild þar sem mælt var fyrir frv. fyrst og það þrátt fyrir að um svo umfangsmikinn málaflokk var að ræða. Stjórnarandstaðan mótmælti þó mjög ákveðið ýmsum atriðum, t.d. hinum fræga nefskatti, en nú liggur fyrir þinginu frv. um afnám hans frá hv. þm. Geir H. Haarde. Eins var mjög mikil óánægja með þessa greiðsluþátttöku og lagt til í 27. gr. að orðin „eða öllu“ féllu niður en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Þá kom fram mjög mikil gagnrýni á viðmiðunarupphæðina 11.000 kr. sem er í 27. gr., en menn virðast þó hafa gert sér vonir um að þeirri upphæð og greiðslufyrirkomulagi yrði breytt verulega í reglugerð eins og reyndar 3. mgr. 27. gr. gaf ástæðu til, enda sagði hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar í 1. umr. um frv. að 11.000 kr. væru aðeins viðmiðunartala en auðvitað ekki fastbundin að öðru leyti og gæti sjálfsagt verið til umræðu hvort sú viðmiðun væri rétt, sbr. 18. hefti Alþingistíðinda 1988–1989, dálki 5055.

Heilbr.- og trn. efri deildar kom fram brtt. við 30. gr. í umræddu frv. þess efnis að heilbrmrh. setji þegar eftir gildistöku laganna með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra. Það þótti ástæða til að setja þetta inn í frv. vegna mikilvægis þess að setning reglugerðar drægist ekki á langinn. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir segir einnig við 2. umr. um frv.: „En það á e.t.v. eftir að sýna sig, þegar þessar breytingar eru komnar til framkvæmda, að einhverju þurfi að hnika til og breyta frekar eftir því sem reynslan leiðir í ljós.“ Enn fremur segir hæstv. heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason við 2. umr., sbr. 23. hefti Alþingistíðinda, dálk 7618, með leyfi forseta: „Það er einnig um það getið að nánar skuli kveðið á um þessar greiðslur í reglugerð og ég hygg ekki að nokkrum hafi dottið í hug að sá sem hefur 11.000–15.000 kr. eða einhverja slíka upphæð greiði dvöl sína að fullu, það er ekkert verið að hugsa þetta á þann hátt, en það sé hægt að ætlast til þess að þeir sem hafa verulegar tekjur greiði fyrir þessa dvöl. Það er það sem hér er lagt til og finnst mér ekki óeðlilegt að við það sé haldið.“ Mér er spurn: Hvernig var þetta þá hugsað? Það er ekki bara fólk með verulegar tekjur sem greiðir að fullu, heldur greiðir fjöldi manna þennan dvalarkostnað að hluta og það fólk sem getur ekki talist hafa miklar tekjur. Það má þó skilja orð hæstv. ráðherra á þann hátt varðandi þessar viðmiðunartekjur, 11.000 kr., að það sé á engan hátt bindandi tala og gæti því orðið um talsvert meira ráðstöfunarfé að ræða sem sett yrðu ákvæði um í reglugerð.

Þá þykir einnig rétt, hæstv. forseti, að geta ummæla í sömu þingtíðindum, dálki 7624, en þar mælir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson á þess lund: „Spurningin um greiðslur af hálfu vistmanna sem gert er ráð fyrir í 27. gr. er hins vegar álitamál að mínu mati. Ég hefði viljað skoða þau efni betur áður en væri farið að lögfesta þá skipan þó að ákvæði séu um það í gildandi lögum eins og hæstv. heilbrrh. vék að og ég hvet hv. heilbr.- og trmrh. til þess að gæta sín vel í sambandi við reglugerðarsetningu á grundvelli þessarar lagagreinar.“

Hér talar stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og varar mjög við þessum ráðstöfunum, enda telur hann tekjuviðmiðunina, 11.000 kr., allt of lága. Þessi hv. þm. er einnig alþýðubandalagsmaður og skyldi maður ætla að hans flokksmenn væru sama sinnis í málaflokki sem þessum, en svo var nú ekki raunin því að þetta frv. fór í gegnum þingið á atkvæðum stjórnarþingmanna, sama úr hvaða flokki þeir voru, og ekki var talin ástæða til að styðja tillögu minni hlutans. Skýringin kann þó að felast í því að hv. þingmenn hafi búist við allt öðrum og hærri viðmiðunartekjum í reglugerð. Það hlýtur bara að vera svo mjög sem t.d. alþýðubandalagsmenn telja sig hafa stutt kerfi almannatrygginga, en hér er auðvitað líka verið að ráðast á það kerfi, sbr. 41. gr. almannatryggingalaga sem tryggir öllum sjúkratryggðum landsmönnum ókeypis sjúkrahúsvist, enda er þess getið í greinargerð með því frv. sem hér er til umræðu að e.t.v. megi nota orðið sjúklingaskattur í því sambandi, enda þótt það sé varla að mínu mati viðeigandi heiti. Og þar sem vitnað er til tillögu á þinginu 1983–1984 í grg. verð ég, hæstv. forseti, að fá að gera grein fyrir afstöðu alþýðubandalagsmanna um þá tillögu sem þar kom upp eitthvað í þá veru að sjúklingar með góðar tekjur tækju einhvern þátt í fæðiskostnaði ef þeir væru á sjúkrahúsi, en þessi tillaga kom ekki til framkvæmda.

Núv. hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson lét mikið að sér kveða í þessari umræðu og hafði uppi margar og digrar yfirlýsingar, en hann segir m.a., með leyfi virðulegs forseta: „Ég tel að þessi hugmynd hæstv.

ríkisstjórnar sé ekkert minna en hneyksli. Og það kemur auðvitað ekki til greina af hálfu Alþb. að taka undir sjónarmið af því tagi sem hér er um að ræða. Ég vil láta það koma hér skýrt fram við þessa umræðu að Alþb. mun beita sér fyrir því strax og tækifæri gefst að afnema þennan sjúklingaskatt. Við munum ekki líða þá árás á almannatryggingakerfið, á íslenska velferðarþjóðfélagið, sem þeir leiftursóknarriddarar íhaldsins eru hér að innleiða. Við munum ekki taka þátt í því, heldur leggja á það höfuðáherslu að þetta verði afnumið. Hér er svo gróflega vegið að grundvallarréttindum mannsins í þessu þjóðfélagi, hér er svo gróflega vegið að siðferðislegum grundvelli íslenska þjóðfélagsins að ég hélt að það gæti ekki gerst, jafnvel ekki í ríkisstjórn íhaldsins og framsóknar, að menn legðu upp með svona andstyggð eins og þessar hugmyndir eru. Ég hélt að það gæti ekki gerst.

Nú hafa þau miklu tíðindi gerst hér að það hefur verið lagt til að rukka þá sem eru lagðir inn á sjúkrahús. Það er verið að ráðast hér að almannatryggingakerfinu. Með þessu væri ríkisstjórnin að stíga fyrsta skrefið í því að rústa niður það kerfi sem alþýðuhreyfingar þessa lands hafa barist fyrir og knúið fram á síðustu áratugum. Hér er verið að stíga stórhættulegt skref og það er auðvitað grundvallaratriði að það kemur ekki til greina af hálfu flokks sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju að standa að sjónarmiðum af þessum toga. Og það er athyglisvert að Framsfl., sem einu sinni var stofnaður til að gæta sjónarmiða félagshyggju og samvinnu, skuli taka þátt í því að framkvæma þessi ósköp."

Og nú hefur Framsfl. bætt um betur í að framkvæma enn þá meiri ósköp, eða hvað? Nú hefur Alþb. tækifæri til þess að afnema þennan sjúklingaskatt. Þessi flokkur sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju er nú í ríkisstjórn sem kennir sig við það sama, ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Miðað við það sem hér hefur verið lýst hljóta flutningsmenn þessa frv. að búast við góðum viðtökum og málefnalegum, að þetta frv. fái afgreiðslu sem fyrst til þess að unnt sé að milda a.m.k. áhrif þeirrar löggjafar sem hér um ræðir, laganna um málefni aldraðra.

Ég hygg að það hafi ekki mátt liggja ljóst fyrir, hæstv. forseti, er frv. sem varð að núgildandi lögum var afgreitt á síðasta þingi að lögin hefðu þá röskun í för með sér sem reynsla sýnir frá áramótum og reglugerð í fylgiskjali II ber með sér. Í grg. með 27. gr. laga nr. 82/1989 voru líka fremur sakleysisleg ummæli þess efnis að hægt væri að búast við að lögunum væri ætlað að breyta þágildandi fyrirkomulagi að einhverju leyti í réttlætisátt og jafnvel að létta á greiðsluskyldunni hjá þeim sem greitt hafa í lífeyrissjóði en niðurstaðan hefur því miður orðið önnur. Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á 2. mgr. 1. gr. laga nr. 82/1989, svo sem getið er um í grg., en 27. gr. óbreytt getur varla talist samrýmast þessu ákvæði.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum vitna til niðurlags grg. með því frv. sem hér er til umræðu, en þar segir:

„Með hliðsjón af þessu ákvæði [þ.e. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 82/1989], og til þess að milda áhrif þeirrar löggjafar sem hér um ræðir, er lagabreyting þessi lögð til. Það er skoðun flutningsmanna að enda þótt nú sé mikið rætt um þörf aðhalds og sparnaðar í ríkiskerfinu hljóti að verða að taka tillit til hagsmuna og sjálfsvirðingar þessa fólks sem lagt hefur grundvöllinn að íslensku nútímaþjóðfélagi."

Að lokum vísa ég málinu til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Við erum hér saman komin á fundi í Nd. á þeim degi þegar síðasti möguleiki er að skila inn frumvörpum. Okkur er sagt í fjölmiðlum að um það bil 30 frumvörp hafi verið lögð inn til skráningar í dag. Jafnframt var frá því sagt í Ríkisútvarpinu í kvöld að mikið starf lægi fyrir Alþingi og þess vegna yrði að halda fund í hv. Nd. í kvöld til að halda áfram afgreiðslu mála og koma þeim til nefnda. Því er fróðlegt að líta hér yfir þingsalinn og kanna hverjir eru viðstaddir, hverjir það eru sem hafa áhuga á því að koma málum áfram, koma þeim til nefnda. Hér sjást 10–11 hv. stjórnarandstæðingar og síðan fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar sem er annars vegar forseti sem hér verður að vera og hins vegar annar skrifari sem er úr stjórnarliðinu.

Ekki ætla ég að fara að skamma þá sem ekki eru viðstaddir í kvöld, en ég tel nauðsynlegt að benda á þetta, ekki síst vegna þess að á undanförnum dögum höfum við stjórnarandstæðingar átt því að venjast að vera kallaðir hér inn í þingsalinn til þess að greiða fyrir því að mál geti farið til nefnda, einkum og sér í lagi stjórnarfrumvörp, þar sem hv. stjórnarsinnar hafa ekki mætt hér í nægilega ríkum mæli til þess að koma málum til nefnda með góðu móti.

Það er einnig athyglisvert þegar nú er verið að fjalla um ýmis mjög merkileg mál sem hér eru á dagskrá í kvöld að aðeins einn hæstv. ráðherra hefur sést hér í mýflugumynd. Það er sá ráðherra sem ekki þarf að svara fyrir þá málaflokka sem frumvörpin fjalla um sem hér eru á dagskránni.

Ég vil, virðulegur forseti, byrja á því að þakka hv. frsm. þess máls sem hér er til umræðu fyrir ágæta ræðu. Það kemur í ljós að hv. þm. hefur lagt mikla vinnu í það frv. sem hér er til umræðu, enda er málið mikilvægt. Hv. flm. sagði frá því að hæstv. ríkisstjórn kenndi sig — það má segja kenndi sig í þátíð — við jafnrétti og félagshyggju. Það var í árdaga þess stjórnarsamstarfs sem hér er við lýði. Upp á síðkastið hefur heldur minna farið fyrir þessum frasa og virðist nú vera gleymt og grafið það sem átti að gerast í tíð þessarar ríkisstjórnar samkvæmt þeim áformum sem lágu fyrir í upphafi.

Um nokkurra ára skeið, og þó einkum fyrir svona um það bil tíu árum, var mikil umræða í þjóðfélaginu um svokallaða sjúklingaskatta. Ýmsir þeir sem kenna sig við jafnrétti og félagshyggju, ekki síst þeir sem eru lengst til vinstri í íslenskum stjórnmálum, töldu slíkar hugmyndir hinar verstu og það yrði að sporna við fæti til að koma í veg fyrir það að öfgamenn til hægri, frjálshyggjumenn, reyndu að koma hér á svokölluð-

um sjúklingasköttum. Þessir sjúklingaskattar sem þá voru til umræðu í þjóðfélaginu eða tillögur um þá voru á þann veg að hugsanlega kæmi til greina að fólk sem væri á fullum launum eða með fulla tryggingu tæki að einhverju leyti þátt í dvalarkostnaði á sjúkrahúsum takmarkaðan tíma, t.d. með því að greiða matarkostnað eða hluta af matarkostnaði eða með öðrum hætti. Allir sannir vinstri menn, einkum og sér í lagi úr Alþb., risu þá upp og hrópuðu: Sjúklingaskattar! sjúklingaskattar! Síðan fengum við þessa ágætu hæstv. ríkisstjórn, ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju, ríkisstjórn þar sem Alþb. ræður æðimiklu, fer með mikilvæg ráðuneyti, þar á meðal fjmrn. Það leið eitt ár. Þá stóð þessi hæstv. ríkisstjórn að því að leggja á sjúklingaskatta, reyndar ekki á þá sem voru á fullum launum þegar þeir lágu inni á sjúkrahúsi heldur var byrjað þar sem garðurinn var hæstur. Það var valinn sá hópur fólks sem virtist að áliti ríkisstjórnarinnar hafa mest handa á milli til þess að standa straum af sjúklingaskattinum og fyrir valinu varð gamla fólkið.

Um þetta atriði snýst það mál sem hér er til umræðu. Vissulega má færa rök fyrir því að það frv. sem hér er til umræðu hefði mátt ganga lengra. En eins og kom fram í máli hv. 1. flm. var tekin sú ákvörðun að rýmka þetta ákvæði sem nú er í lögunum þannig að greiðsluþátttakan yrði minni en hún er samkvæmt gildandi lögum. Það byggist m.a. á yfirlýsingu löggjafans eins og hún kemur fram í 41. gr. almannatryggingalaganna.

M.a. af þeim ástæðum sem ég nú hef rakið er það furðulegt að ekki skuli vera hér í þingsal í kvöld fulltrúar þess flokks sem hæst hafði á sínum tíma og hafði uppi hróp og köll um sjúklingaskatta. Maður verður hissa á því að hv. þm. úr Alþb. skuli ekki grípa það tækifæri sem hér gefst til þess að koma í þingsal og ræða þetta mál — og í þessum svifum birtist einn þeirra manna sem eiga sæti í þingflokki Alþb., ekki man ég nú gjörla hvort hann tók þátt í umræðunni gegn sjúklingaskattinum á sínum tíma og ekki veit ég heldur hvort hann í dag kærir sig um að vera kallaður málsvari Alþb. Það bandalag hefur breyst svo mikið að hv. þm. telur að hann eigi fremur samleið með öðrum en þeim sem hann er formlega í flokki með. Það er hins vegar gleðilegt að hann skuli vera kominn hér í salinn til þess væntanlega í fyrsta lagi að hlýða á og hugsanlega í öðru lagi að taka þátt í þeim umræðum sem hér eiga sér stað um þá „sjúklingaskatta" sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á gamla fólkið í þessu landi.

Það var ekki ætlan mín, virðulegur forseti, að fara mörgum orðum um efnisatriði þessa frv. Það hefur þegar verið gert rækilega af hálfu 1. flm. Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að þakka hv. 1. flm. fyrir að hafa haft frumkvæði að því að leggja þetta frv. fram til þess að hægt sé hér á hinu háa Alþingi að sjá hverjir það eru sem hafa áhuga á því að ræða um þessa svokölluðu sjúklingaskatta. Áhuginn hefur þegar komið í ljós eins og ég hef sagt. Þetta mál fer nú til nefndar. Þar gefst enn kostur á því að ræða þessi mál og taka afstöðu. Einmitt vegna þess að skrefið er ekki stórt sem tekið er, það er ekki farin öll leiðin heldur er enn þá opin leið til þess að skerða að nokkru tekjur aldraðra, þá er þess vænst að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar komi til móts við flm. þessa frv. og sjái til þess að þetta frv., annaðhvort í því formi sem hér er eða í breyttu formi, verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. 17. þm. Reykv. Sólveigu Pétursdóttur fyrir það frumkvæði að leggja þetta mál fram hér og með svo ítarlegri og vel undirbúinni greinargerð sem raun ber vitni, þar sem glögglega kemur fram hvað hefur gerst við breytingu á þeim lögum sem um hefur verið fjallað hér í kvöld.

Það er nokkuð ljóst að sá skattur sem er lagður á eldri borgara er allt annað en hv. þm. núverandi ríkisstjórnar og hæstv. ráðherrar töluðu um þegar lögin frá 1989 voru til umræðu. Ég held að það sé út af fyrir sig ekki ástæða til að fara mjög ítarlega yfir þetta mál, svo augljóst sem það er. En það er náttúrlega umhugsunarefni að 60 þús. kr. laun á mánuði skuli vart nægja fyrir þeim kostnaði sem einhleypur maður í þjónustuhúsnæði verður að reiða af hendi þegar hann dvelur á slíkum stað. Það er náttúrlega verulega lág fjárhæð sem hann heldur eftir því eftir að hafa greitt fyrir sig á elliheimili 44.300 kr., þá heldur hann eftir *15.700 kr. sem er ekki há upphæð fyrir hvern og einn til* daglegs brúks. Sú breyting sem hér er lögð til er auðvitað til verulegra bóta, að hækka þetta miðað við þær tölur sem hér eru lagðar til grundvallar upp í 30 þús. kr. á mánuði og þætti engum of mikið fyrir þá eldri borgara sem hafa lagt grundvöllinn að þeirri velsæld sem nú er hér á landi.

Mér datt í hug þegar hv. 1. þm. Reykv. var að tala um öll þau mál sem hafa verið lögð fram hér í dag, megnið af þeim eru væntanlega stjórnarfrumvörp, að það er annar og merkari dagur í dag en síðasti dagur til þess að leggja fram frumvörp því að í dag eru 50 ár frá því að Alþingi ákvað að Ísland skyldi taka konungsvaldið í eigin hendur, sem gerðist 1940. Það er hálf öld síðan og hefði nú kannski verið ástæða til að minnast þeirra hluta hér í þinginu með einhverjum veglegum hætti því að það er upphafið að því að við lýsum yfir lýðveldi okkar 1944. Hefði einhverjum þótt ástæða til að hafa orð á þessum merkisdegi, en 50 ára afmæli þessa dags er merkisdagur. Ég vil bara vekja athygli á þessu í umræðum hér. Þeir þingmenn sem hér eru munu áreiðanlega taka undir það að það hefði verið vel til fallið að Alþingi Íslendinga minntist þessa dags sérstaklega.

En hvað um það. Ég ætla ekki að hafa mörg frekari orð um þetta frv. Ég vona að það fái góða meðferð í nefnd. Þetta er þarft frv. og okkur ber skylda til þess að koma þannig fram við eldri borgara að þeir geti haldið reisn sinni í ellinni og haft næga fjármuni eftir af sínum tekjum til þess að greiða fyrir daglegar þarfir sínar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. flm. þessa frv. fyrir mjög greinargóðan málflutning

með máli þessu. Hér er, eins og fram hefur komið, fyrst og fremst um að ræða mikið réttlætismál að því leyti til að hér er verið að leiðrétta misrétti sem aldrei hefði átt að verða. Og það er verið að hlúa að þeirri hugsun að aldraðir geti átt sómasamlegt ævikvöld. Það er ekki verið að leggja til neinar ítarlegar breytingar heldur einungis að færa í það horf að hægt sé að sætta sig við ástandið eins og það er núna, verði þetta frv. að lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um frv. í einstökum atriðum þar sem þegar hefur verið gerð góð grein fyrir því. En mér þykir ekki annað við hæfi en að taka undir efni þess hér úr ræðustól ekki síður en vera meðflm. að þessu máli. Ég ítreka að það er mjög gott að hér skuli hafa verið tekið af skarið og komið með ítarlegar og góðar tillögur til að leiðrétta það sem aldrei skyldi verið hafa.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í henni. Ég tel það miður að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé ekki viðstaddur. Vona ég að það stafi ekki af áhugaleysi heldur séu þar aðrar skýringar.

Ég hef áður gert hér nokkra grein fyrir þeim umræðum sem frv. að núgildandi lögum hlaut á síðasta þingi og að hv. þm. hafi búist við öðrum viðmiðunartekjum og útfærslum en koma fram í reglugerð. Þar er um svo margvíslegar breytingar að ræða að það þyrfti að taka upp heildstæða endurskoðun á þessu máli öllu. Í frv. sem hér um ræðir er reynt að koma að ákveðnu leyti til móts við hæstv. ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Vona ég að sú nafngift sé ekki einungis í orði heldur líka á borði og er þá von mín að þetta mál fái góða og skjóta afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 488. mál (íslenskar bækur). — Þskj. 848.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum. Auk mín eru flm. hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Ólafur G. Einarsson.

Þetta frv. er ákaflega einfalt. Í 1. gr. þess segir að síðari málsl. 17. gr. laganna skuli felldur brott. Í 17. gr. laganna sem samþykkt voru í desember sl., um breytingu á virðisaukaskattslögunum, segir að breytingarnar skuli taka gildi 1. jan. á þessu ári nema undanþágan er varðar íslenskar bækur. Sú undanþága á ekki að koma til framkvæmda fyrr en 16. nóv. nk. Með því að fella niður síðari málsl. 17. gr. laganna og ákveða með 2. gr. að lög þessi öðlist gildi 1. sept. nk. tekur undanþágan gildi frá og með þeim degi.

Til að rifja upp í örstuttu máli efnisatriði þessa frv. vil ég segja frá því að þegar frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt voru til umræðu hér á hinu háa Alþingi fyrir jól komu fram brtt. um sama efni og hér er verið að ræða um. Í Ed. komu fram tvær tillögur um að breyta dagsetningunni í 17. gr. í 1. sept. 1990 og voru þær báðar felldar. Í Nd. komu fram tvær brtt., önnur frá sjálfstæðismönnum um að breyta dagsetningunni í 1. sept., hin frá Kvennalistanum um að breyta dagsetningunni í 16. sept. og voru þær tillögur báðar felldar.

Sjálfstfl. og Kvennalistinn ásamt frjálslyndum hægrimönnum greiddu atkvæði með brtt. en stjórnarliðið undantekningarlaust, ef ég man rétt, greiddi atkvæði gegn brtt. Það má vera, virðulegur forseti, að hér sé farið á ystu nöf um túlkun á þingskapalögum með því að flytja þetta frv. sem efnislega er það sama og þær till. sem felldar voru fyrr á þessu þingi. En eftir að hafa kannað það mál var talið rétt að láta á það reyna, enda er þetta frv. orðað með öðrum hætti en þær brtt. sem fram komu á sínum tíma.

Í framsöguræðu hæstv. fjmrh. með stjfrv. um breytingu á virðisaukaskattslögunum sagði hann að ekki væri talið rétt að láta niðurfellinguna hafa áhrif á tekjuforsendur fjárlaga á yfirstandandi ári. Þannig háttar til að ætlunin er að einungis þær tekjur sem falla til vegna álagningar virðisaukaskatts frá 16. nóv. til 31. des. komi til greiðslu á næsta ári. Talsmenn stjórnarandstöðunnar bentu hins vegar á í umræðunum hér á Alþingi að bókakaup skólafólks ættu sér fyrst og fremst stað í byrjun septembermánaðar þegar skólahald hefst almennt í framhaldsskólum landsins. Með því að hafa gildistöku undanþáguákvæðisins hinn 16. nóv. væri viss hætta á því að nemendur geymdu sér kaup á íslenskum bókum fram til 16. nóv. Þetta hefði í för með sér þann ókost að hafa áhrif á skólahaldið og þar með nám nemendanna. Hins vegar yrði ríkissjóður af þeim tekjum sem annars hefðu komið ef virðisaukaskattur héldi áfram að vera á íslenskum bókum um ótiltekinn tíma.

Ástæðan fyrir því að ráðist var í að flytja þetta frv. nú er ekki einungis sú að fjölmargir nemendur í framhaldsskólum landsins hafa sent hv. Alþingi og einstökum hv. alþm. erindi þessa efnis, heldur miklu fremur hin að einn þeirra sem stóðu að því að fella tvær brtt. sem fluttar voru hér í hv. Nd. hefur nýlega lýst því yfir að hann telji eðlilegt að þingið beiti sér fyrir því að þetta verði leiðrétt. Til að gera frekari grein fyrir því, virðulegur forseti, við hvern er hátt, þá er átt við hv. 16. þm. Reykv. Ásgeir Hannes Eiríksson sem boðaði til fundar fyrir skömmu að Hótel Borg til að tilkynna hvar í litrófi íslenskra stjórnmála hann hefði ákveðið að hasla sér völl á næstu missirum. Á þessum fundi var hann spurður af einum af fulltrúum nemenda, nánar tiltekið fulltrúa Iðnskólans í Reykjavík, hvað hann vildi segja um

þetta undanþáguákvæði og gildistökuna hinn 16. nóv., hvort hann teldi eðlilegt að gildistökuákvæðinu yrði breytt. Það vildi svo til að ég hlustaði á útvarp sem útvarpaði beint frá þessum fundi, útvarp frá Aðalstöðinni í Reykjavík. Ég aflaði mér útskriftar frá þeirri útvarpsstöð og orðrétt segir hv. þm., með leyfi forseta: „Mér finnst eðlilegt að þingið beiti sér fyrir því að þetta verði leiðrétt."

Í trausti þess, virðulegur forseti, að eins sé farið með aðra hv. þm. en hv. 16. þm. Reykv. úr liði stjórnarliðsins er þetta frv. flutt. Við teljum, í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið í framhaldsskólum landsins, bæði meðal kennara og nemenda, fulla ástæðu til þess að láta á það reyna hvort fleiri stjórnarliðar en hv. þm. Ásgeir Hannes séu tilbúnir að breyta afstöðu sinni. Slíkt virðist vera útgjaldalítið fyrir ríkissjóð þar sem gera má ráð fyrir að flestir námsmenn fresti bókakaupum og að skólahaldi verði hagað með þeim hætti að reynt verði að draga kennslu í þeim kennslugreinum þar sem það er hægt, þar sem íslenskar bækur, frumsamdar eða þýddar á íslensku, eru notaðar við kennsluna.

Mér þykir leitt, virðulegur forseti, að sá hv. þm. sem hér á í hlut skuli ekki vera hér í kvöld. Hann hefur verið manna iðnastur við að flytja tillögur hér á hinu háa Alþingi, sumar góðar, aðrar verri. Hann hefur hingað til ekki þurft að standa við orð sín utan þingsins. Þar hefur hann látið ýmislegt flakka um þau málefni sem hér eru til umræðu. Hér í kvöld hefði honum gefist tækifæri til að taka til máls, endurtaka þá yfirlýsingu sem hann svo skörulega flutti á Hótel Borg, hér í næsta húsi sem kannski einhvern tíma síðar verður í eigu Alþingis. Hann hefur ákveðið að sleppa því tækifæri og þegja. Vonandi veit það á gott, veit það á það að í hans huga hljómar máltækið að þögn sé sama og samþykki.

Að þessum orðum loknum, virðulegur forseti, mælist ég til þess að þetta frv. verði sent hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar og því vísað til 2. umr.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það þarf vart að taka það fram að kvennalistakonur styðja það frv. sem hér er flutt, svo ötullega sem þær hafa barist gegn skatti á bækur, sérstaklega námsbækur. Til að skýra aðeins nánar hversu langan tíma kvennalistakonur hafa haft áhyggjur af þessum skatti þá lagði hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir fram fsp. til fjmrh. á 111. löggjafarþingi um það hversu miklar tekjur ríkissjóður hefði af söluskatti á bókum og gagnrýndi hún á hvern hátt námsbækur væru skattlagðar. Fljótlega eftir það, á því sama þingi, lögðu þingkonur Kvennalistans í Ed. fram frv. til laga um breytingu á lögum um söluskatt, sem þá voru í gildi, um að námsbækur yrðu undanþegnar. Í greinargerð með því frv. sögðu þær, með leyfi forseta: „Það er nánast einsdæmi meðal þjóða að lagður sé söluskattur á námsbækur. Niðurfelling hans mundi draga verulega úr kostnaði nemenda við kaup á námsbókum, jafna möguleika þeirra til náms og lækka hlut bókakostnaðar við útreikning á framfærslu þeirra nemenda sem njóta námslána."

Því miður hlaut þetta frv. ekki stuðning og kom aldrei til atkvæðagreiðslu í þinginu. En ef ég man rétt voru þeir sem þetta mál flytja nú í stjórnarmeirihluta þá og því miður treystu þeir sér ekki til að styðja þetta frv. kvennalistakvenna.

Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. fluttu kvennalistakonur einnig brtt. við frv. til laga um virðisaukaskatt hér fyrr í vetur um að dagsetningu yrði flýtt á þeim undanþáguákvæðum sem sett voru inn í frv. um að námsbækur, eða reyndar allar bækur, skyldu undanþegnar virðisaukaskatti. Í nál. kvennalistakvenna kemur m.a. fram þar sem talað er um skatt á námsbækur, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra, verði undanþegin virðisaukaskatti. Er það vel og getur 2. minni hl. stutt þá tillögu, enda í samræmi við brtt. sem þingkonur Kvennalistans fluttu við frv. til laga um virðisaukaskatt. Þó er sá galli á gjöf Njarðar að þessu ágæta ákvæði er ekki ætlað að taka gildi fyrr en 16. nóv. 1990. Það kemur illa niður á námsfólki sem þarf að kaupa námsbækur sínar í september. Endurnýta má sumar bækur, en þó er ávallt tekið upp nýtt námsefni og hætt er við að margir nemendur, einkum þeir efnaminni, bíði með bókakaup þar til eftir miðjan nóvember."

Síðan skýra þær að flutt er brtt. í samræmi við þetta, að þessari dagsetningu verði flýtt til 1. sept. en eftir að frv. kom hingað til Nd. var þeirri dagsetningu breytt í samræmi við uppgjörstímabil virðisaukaskattsins til einföldunar í uppgjöri. Þess vegna var dagsetningunni breytt.

Það getur komið sér mjög illa fyrir námsmenn að geta ekki keypt sínar bækur þegar skólar hefjast því mjög líklegt er að flestir spari það við sig. Getur það kostað að helmingurinn af önninni sé ónýtur. Margir hafa komið að máli við kvennalistakonur sem og aðra þingmenn og lýst því hversu áhyggjufullir þeir eru gagnvart þessu. Kennarar hafa einnig lýst áhyggjum sínum vegna þessarar ráðstöfunar, að virðisaukaskattur skuli ekki vera felldur niður af bókum fyrr en í nóvember.

Ég endurtek því að við styðjum að sjálfsögðu þetta frv. og vonum að það fái skjóta afgreiðslu og það þurfi ekki að tefjast eða því verði hafnað út af einhverjum formlegheitum eins og 1. flm. virtist gefa í skyn að hann óttaðist.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Því miður er ekki hægt að efna hér til frekari umræðna um þetta mál. Ég gerði fyrirspurn um það þegar þessi fundur hófst hvort hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur umræðuna en fékk þau svör hjá virðulegum forseta að því miður gæti slíkt líklega ekki orðið þar sem hæstv. ráðherra væri önnum kafinn annars staðar. Ég ætla ekki að sakast við ráðherra um það, hann hlýtur að raða sínum verkefnum og sínum tíma í forgangsröð, en það hefði

vissulega verið full ástæða til þess að fá að ræða við hann um þetta mál. Ég held að smám saman hafi það skýrst að tekjurýrnun ríkissjóðs mun verða mjög lítil þar sem nú liggur fyrir að skólarnir eru að undirbúa sig undir haustið með tilliti til virðisaukaskattsins eins og hefur komið fram í þessari umræðu.

Virðulegur forseti. Aðalerindi mitt í ræðustólinn hér öðru sinni var þó að þakka síðasta ræðumanni, hv. 12. þm. Reykv., fyrir undirtektirnar. Þær komu mér satt að segja ekkert á óvart. Ég vissi alla tíð hver stefna Kvennalistans var í þessu máli og vona að það hafi komið mjög skýrlega fram í greinargerð með frv. En ég vil þakka henni fyrir stuðninginn og veit reyndar að stjórnarandstöðuflokkarnir allir styðja þetta frv. Við verðum hins vegar að treysta á að fleiri en hv. 16. þm. Reykv. hafi skipt um skoðun. Ef svo er megum við eiga von á því að frv. nái fram að ganga, enda er það ekki mjög flókið og þarf ekki að sendast víða til umsagnar.

Varðandi það hvort svo kynni að fara að frv. yrði hafnað eða það næði ekki í gegn af formsástæðum eins og ég minntist lítillega á í ræðu minni, þá tel ég slíkt óhugsandi. Það hefur verið kannað, enda er frv. flutt í nokkuð breyttri mynd, þótt efnisatriði séu þau sömu. Túlka verður jafnframt þingskapalögin nokkuð rúmt því að í þeim segir einungis að ekki sé þinglegt að flytja brtt. við frumvörp eftir að brtt. sama efnis hafi verið felld áður í meðferð deildarinnar. Það mætti hugsa sér að jafna ætti út frá þessu ákvæði og banna að flytja frumvörp sem hefðu sama tilgang, en ég hef átt tal við sérfræðinga í þessum efnum og þeir telja ekkert því til fyrirstöðu að þetta frv. geti orðið að lögum af formsástæðum.

Virðulegur forseti. Ég kom hingað einungis til þess að þakka undirtektir við frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. HJ og IBA, 487. mál (gjöld á fasteignir). — Þskj. 846.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er tekið til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum, um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér er hv. 5. þm. Vesturl. 1. gr. frv. er svohljóðandi:

„Við 3. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 7/1990, bætist ný mgr. svohljóðandi:

Sveitarstjórnum ber að tilgreina á álagningarseðli hlutfall annarra gjalda sem greidd eru af fasteign í sveitarsjóð samhliða fasteignaskatti. Enn fremur skal koma fram á seðlinum heildarhlutfall samanlagðra fasteignagjalda. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera staðlaðan fasteignaseðil sem allar sveitarstjórnir skulu nota."

2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu fasteignagjalda á árinu 1991."

Í greinargerð segir: „Fasteignagjöld eru orðin verulegur útgjaldaliður heimila um allt land. Hins vegar eru fasteignagjaldaseðlar, sem fólk fær í hendur, mjög mismunandi að gerð og oft erfitt að átta sig á hvað gjöldin á þeim þýða í raun. Oft er skýrt tekið fram hvert er hlutfall álagðs fasteignaskatts miðað við fasteignamat til álagningar, en ekki nærri alltaf. Aldrei er tekið fram hlutfall annarra álagðra gjalda, svo sem lóðarleigu, vatnsskatts, holræsagjalds, sorphreinsunargjalds og tunnuleigu. Í raun þýðir þetta að heildarálagning er afar mismunandi eftir sveitarfélögum án þess að fólki sé gert kleift að lesa það með einföldum hætti á fasteignaseðli sínum og hafi þannig tækifæri til að bera saman heildarfasteignagjöld í einstökum sveitarfélögum. Dæmi um þetta eru þrjú bæjarfélög sem öll eru á sama svæði, sveitarfélag A, B og C.

Í sveitarfélagi A er hlutfall fasteignaskatts 0,375%, en séu öll fasteignagjöldin reiknuð er heildarhlutfallið 0,55%. Í sveitarfélagi B er hlutfall fasteignaskattsins 0,421%, en séu öll fasteignagjöldin reiknuð er heildarhlutfallið 0,60%. Í sveitarfélagi C er hlutfall fasteignaskattsins 0,50%, en séu öll fasteignagjöldin reiknuð er heildarhlutfallið 0,82%. Þetta þýðir að íbúar, sem eiga sambærileg hús í þessum bæjarfélögum, greiða mjög mismunandi upphæðir í fasteignagjöld. Gróft reiknað greiðir t.d. íbúi í sveitarfélagi A 100.000 kr., íbúi í sveitarfélagi B 107.000 kr. og íbúi í sveitarfélagi C 150.000 kr., allir af sambærilegri eign. Með öðrum orðum eru fasteignagjöldin 50% hærri hjá íbúanum í sveitarfélagi C en hjá íbúanum í sveitarfélagi A. Þetta hafa íbúar þessara sveitarfélaga ekki tök á að vita þar sem þeir þurfa að vera mjög vel að sér í útreikningum og reglum um álagningu fasteignagjalda til að þeir geti áttað sig á þessu.

Það ætti að vera grundvallarregla í nútímaþjóðfélagi að fólkið í landinu geti treyst því að það geti á einfaldan hátt áttað sig á hver er munurinn á fasteignagjöldum einstakra sveitarfélaga en slíkt sé ekki falið í flóknum talnarunum á fasteignagjaldaseðlunum eins og nú er raunin."

Það liggur nokkuð ljóst fyrir að það frv. sem hér er flutt kostar ekki neitt í framkvæmd. Það kostar sveitarfélögin ekki neitt aukalega, það kostar ríkið ekki neitt aukalega. Hins vegar yrði þetta til bóta fyrir íbúana og gerði þeim kleift að vita hver hin raunverulegu álögðu gjöld eru í því sveitarfélagi sem þeir búa í. Ég nefndi áðan dæmi um hve gífurlegur munurinn er á álögðum fasteignagjöldum milli sveitarfélaga. Þetta er svo alvarlegt að allir hljóta að taka undir þá ósk að íbúar geti glöggvað sig á tölum sem standa á þeim seðlum sem þeir fá hverju sinni með fasteignagjöldum á. Ég hef skoðað allmarga fasteignagjaldsseðla og geri mér ljóst að sveitarstjórnarmenn bera mikla ábyrgð gagnvart kjósendum og þá ekki síður alþingismenn gagnvart því að gera lögin þannig úr garði og seðlana að allir geti lesið á

einfaldan hátt úr því hvað stendur á þeim og hvað þeir þýða í raun og veru.

Nú eru senn sveitarstjórnarkosningar. Hér er kosið til fjögurra ára. Stefna sveitarstjórna í hinum ýmsu bæjum og sveitarfélögum er mjög mismunandi. Þess vegna hlýtur það að vera krafa að íbúar geti hverju sinni sagt við hina kjörnu fulltrúa: „Við krefjumst þess að fasteignagjöld okkar séu sambærileg við önnur sveitarfélög.“ Og það sé þá með þeim hætti að þeir eigi auðvelt með að lesa út úr því sem stendur á seðlinum, en svo er ekki í dag.

Það hefði verið gagnlegt að hafa hæstv. félmrh. hér við þessa umræðu en svo er ekki. Ætla ég að vona að þegar þetta mál verður tekið til umræðu í nefnd fái það fá örugga og skjóta afgreiðslu en ég tel að ekki geti átt sér stað ágreiningur um slíkt mál. Svo einfalt er það, svo réttlátt er það, svo mikil skilvirkni er falin í því að framkvæma það með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Ég legg að lokum til að málinu verði vísað til hv. félmn. deildarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. FrS og IBA, 494. mál (persónuafsláttur eftirlifandi maka). — Þskj. 859.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. auk mín er hv. þm. Ingi Björn Albertsson. Þetta frv. fjallar um nýtingu eða færslu persónuafsláttar við fráfall maka. Í lögum um tekju- og eignarskatt segir orðrétt í 64. gr., með leyfi forseta:

„Á sama hátt“ — þá er vitnað til þess sem á undan fer í greininni — „er eftirlifandi maka heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans í samræmi við ákvæði 63. gr.“

Í þessu frv. er um það að ræða að breyta þessu ákvæði. Í stað þess að tiltaka andlátsárið er fremur tiltekinn ákveðinn tími og hér er gerð tillaga um fulla níu mánuði. Ástæðan fyrir þessu er auðsæ. Það skiptir verulegu máli fyrir hinn eftirlifandi hvenær makinn deyr. Gerist það í janúar er hægt að nýta persónuafsláttinn í tæpa tólf mánuði. Verði dauðsfallið hins vegar í desember er ekki hægt að nýta þessa ívilnun tekjuskattslaganna nema í nokkra daga. Á sínum tíma hafði þetta ákvæði tiltölulega litla þýðingu en með breytingu á lögum, þegar yfirfæranlegur persónuafsláttur hækkaði, fór þetta ákvæði að hafa verulega þýðingu.

Að sögn mun vera misjafnt eftir skattumdæmum landsins hvernig skattstjórar túlka þetta ákvæði. Í sumum tilvikum er tekið tillit til þess þegar maki fellur frá seint á árinu með því að nýta sér heimild í 66. gr. tekjuskattslaganna þar sem segir að skattstjóri skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar þannig stendur á að ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega. Þetta er þó misjafnt eftir skattumdæmum eins og ég sagði og þessi samverkandi ákvæði valda þess vegna því að réttur eftirlifandi maka til að nýta persónuafslátt verður misjafn.

Fyrr á þessu þingi spurðist hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir fyrir um þetta mál. Í svari hæstv. fjmrh. kom fram, í 4047. dálki í þingtíðindum, hinn 22. febr. sl., að hann teldi kominn tíma til þess að kanna rækilega hvort ekki eigi að breyta reglunum á þann veg að heimildin gildi óháð því hvenær andlát eigi sér stað innan ársins. Orðrétt sagði hann, með leyfi forseta:

„Ég sé í sjálfu sér enga sanngirni í því að heimildin til að nýta persónuafslátt styttist eftir því hvenær á árinu fráfall makans verður.“ Síðan bætti hæstv. ráðherra við orðrétt: „Ég hef því ákveðið að láta vinna í fjmrn. og hjá ríkisskattstjóra athugun á þessu máli og tillögur um breytingar á umræddu lagaákvæði og mun innan tíðar gera Alþingi og ríkisstjórn grein fyrir þeim tillögum.“

Í þessari umræðu um fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur, sem Hreggviður Jónsson flutti reyndar þar sem Kolbrún er varaþingmaður, kom fram að sá sem hér stendur hafði þá þegar beðið ríkisskattstjóraembættið um að forma tillögu þessa efnis vegna þess að fyrir lá dæmi um óréttlæti í þessu efni. Í umræðunum kom fram að allir þeir sem tóku þátt í þeim voru sammála um að breytingar væri þörf. Þegar búið var að vinna viðkomandi lagafrv., en í því var gert ráð fyrir að heimildin tæki til fullra tólf mánaða, hafði ég samband við hæstv. fjmrh. Hann taldi þá að þessi tími væri fulllangur, ekki síst vegna þess að ríkissjóður mundi tapa verulegum upphæðum. Hann taldi jafnvel að ríkissjóður mundi tapa 100 millj. kr. ef heimildin ætti að vera í tólf mánuði. Um það efast reyndar flestir aðrir því, eins og ég hef fyrr sagt í mínu máli, margir skattstjórar hafa tekið tillit til versnandi gjaldþols með því að beita 1. tölul. 66. gr. laganna. Eigi að síður varð ég við ósk hæstv. ráðherra að stytta tímann og gerði ég að tillögu minni að níu mánuðir mættu líða þannig að eftirlifandi maki nyti ónýtts persónuafsláttar. Ég held að óhætt sé að láta það koma hér fram að ég taldi að hæstv. ráðherra hefði samþykkt þá tillögu mína en í frekari viðtölum við hann kom í ljós að svo var ekki. Reyndar var málið þannig vaxið og svo langt komið í sameiginlegum meðförum okkar að það frv. sem hér liggur fyrir er samið af lögfræðingi fjmrn. og einnig greinargerðin að langmestu leyti. Hæstv. ráðherra vildi að heimildin yrði aðeins nýtanleg í sex mánuði en flm. og aðrir sem um þetta mál fjölluðu töldu að af því væri nánast enginn ávinningur.

Í greinargerð með frv. segir m.a. að í því sé lagt til að þessum reglum verði breytt þannig að allir njóti sama réttar, óháð því hvenær maki falli frá.

Þetta var að sjálfsögðu ætlun flutningsmanna en

við nánari skoðun á frv. kemur í ljós að svo verður ekki ef frv. verður samþykkt óbreytt vegna þess að orðalag frv. er þannig að þeir sem eiga maka sem fellur frá á fyrstu þremur mánuðum ársins munu hafa meiri rétt en hinir eða allt frá níu til tólf mánaða. En þeir sem eiga maka sem fellur frá á síðari hluta ársins eða síðari níu mánuðunum hafa allir sama rétt samkvæmt frv. Þetta voru, virðulegur forseti, mistök af okkar hálfu sem áttu sér skýringu í því að upphaflega var gert ráð fyrir fullum tólf mánuðum í frv. en fyrsti texti frv. var saminn, eins og ég hef áður sagt, að minni beiðni af einum lögfræðinga ríkisskattstjóraembættisins. Ég taldi hins vegar ástæðulaust að láta prenta frv. upp. Sjálfur á ég sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar og get hæglega skýrt frá þessum mistökum þar. Mjög auðvelt er að leiðrétta þetta frv. þannig að samræmis gæti ef hv. nefnd vill afgreiða málin með þeim hætti.

Ég vil enn á ný leggja áherslu á að í greinargerðinni segir að hámarkstekjutap ríkissjóðs gæti orðið 50 millj. kr. á verðlagi ársins 1990. En ástæða er til að rengja þær upplýsingar, þótt þær séu komnar frá ábyrgum opinberum aðilum, vegna þess að skattstjórar sumra skattumdæma hafa gripið til þess sjálfsagða ráðs að beita fyrir sig reglunni í 1. tölul. 66. gr. laganna.

Það er ekki ástæða til þess, virðulegur forseti, að orðlengja frekar um þetta frv. að svo stöddu. Hér er augljóst sanngirnismál á ferðinni, mál sem löggjafinn hlýtur að láta til sín taka eftir að lögunum var breytt á sínum tíma og ónýttur persónuafsláttur varð flytjanlegur á milli hjóna og sambúðarfólks með þeim hætti sem nú tíðkast.

Ég vil síðan í lok þessarar ræðu minnar óska eftir því að þetta mál verði sent virðulegri fjh.- og viðskn. deildarinnar og frv. jafnframt vísað til 2. umr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og flutt er af hv. 1. þm. Reykv. og 5. þm. Vesturl. fjallar, eins og hér hefur komið fram, um að eftirlifandi maka sé heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans í samræmi við ákvæði 63. gr. laganna og skal eftirlifandi maka að auki heimill persónuafsláttur um hina sömu fjárhæð og ef maka hefði notið við til lækkunar á tekjuskatti í fulla níu mánuði frá og með þeim mánuði er maki féll frá.

Það frv. sem hér liggur fyrir þarf auðvitað ekki frekari skýringa við svo sjálfsagt sem það er. Í umræðum fyrr á þessu þingi, þegar ég bar fram fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur varaþingmanns míns um þetta efni, gat ég ekki skilið annað en svo að hæstv. fjmrh. hefði goldið jáyrði við þessu frv. eins og það liggur hér fyrir efnislega. Það kom mér því mjög á óvart að hann vildi ekki standa við þau orð sem hann lét falla í þeim umræðum. Ég tel að það mál sem hér liggur fyrir ætti að fá hraðafgreislu í þinginu, svo sjálfsagt sem það er og mjög í anda þeirrar ríkisstjórnar sem telur sig ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis. Þetta er ekki mikið og stórt frv. hvað kostnað varðar. Ég tel að það muni ekki skipta sköpum í rekstri ríkisins því það eru mjög óglöggar tölur um raunverulegan kostnað sem ég held að sé ekki nærri eins mikill og hér hefur komið fram. Auðvitað væri hægt að fá það upplýst með lengri fyrirvara en ég held að það sé alveg ljóst að þetta er réttlætismál og mikið hagsmunamál þeirra sem fyrir þeirri ógæfu verða að maki fellur frá, því það getur oft verið mjög erfitt að standa uppi fyrst eftir að slíkur atburður hefur átt sér stað.

Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir framsögu hans um þetta mál og ætla að vona að honum takist að ýta því í gegnum nefnd hér á þinginu nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

70. fundur, miðvikudaginn 11. apríl, kl. 10 árdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 347. mál (útibú á landsbyggðinni). — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 354. mál (aðstöðugjald á fjölmiðla). — Þskj. 611.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 371. mál (fjárhagsaðstoð við einstæða foreldra). — Þskj. 635.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Lögfræðiráðgjöf í hjúskaparmálum, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 412. mál. — Þskj. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Almenningsbókasöfn, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 437. mál (rithöfundasjóður). — Þskj. 758.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Launasjóður rithöfunda, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 438. mál (þingkjörin stjórn). — Þskj. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁHE, 447. mál (vaxtavextir). — Þskj. 782.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 468. mál (yfirheyrslur yfir börnum). — Þskj. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. HJ og IBA, 487. mál (gjöld á fasteignir). — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 488. mál (íslenskar bækur). — Þskj. 848.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. PP, 490. mál (skráning ökutækja). — Þskj. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. FrS og IBA, 494. mál (persónuafsláttur eftirlifandi maka). — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁJ o.fl., 495. mál (flotvinnubúningar). — Þskj. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 501. mál (trúnaðarmaður sjúklinga). — Þskj. 877.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. GuðnÁ og AðB, 507. mál (niðurfelling barnsmeðlaga). — Þskj. 890.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Frv. SP o.fl., 517. mál (hlutdeild vistmanna í dvalarheimiliskostnaði). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 951.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (niðurfelling gagnvart Namibíu). — Þskj. 788.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Samningur um aðstoð í skattamálum, 3. umr.

Stjfrv., 496. mál. — Þskj. 868.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755, n. 909.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 909 um frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsögn um það barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn sem eru Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Alexander Stefánsson, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal og Sólveig Pétursdóttir, en Alexander Stefánsson ritaði undir álitið með fyrirvara.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur á þessu nál. þá er ég samþykkur því að frv. verði að lögum. Hins vegar vildi ég skýra aðeins þennan fyrirvara sem ég setti. Ég skýrði frá því við 1. umr. málsins að mér kæmi á óvart afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga vegna þess að þeir hefðu lagt til þá breytingu sem var gerð á núgildandi lögum 1986 og var lögð áhersla á það að gerð yrði sú breyting frá fyrri lögum að einvörðungu yrði miðað við aðalmenn sem tækju sæti í bæjarráði eða hreppsráði, sem er í minni sveitarfélögum. Ég vildi fá skýringu á því hvers vegna þessi stefnubreyting hefði verið gerð. En svarið sem kom frá Sambandi ísl. sveitarfélaga til nefndarinnar fjallaði ekki um það heldur aðeins að þeir hefðu samþykkt að frv. yrði lagt fram. Það var ekkert efnislegt svar og mér þótti rétt að láta það koma hér fram í framhaldi af þeirri athugasemd sem ég gerði. En að öðru leyti styð ég þessa breytingu, ég sé ekkert athugavert við hana fyrst litið er svo á að sveitarfélögin séu því samþykk.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 949.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Kvikmyndastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 525. mál (heildarlög). — Þskj. 922.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Kvikmyndastofnun Íslands. Í frv. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á skipan kvikmyndamála hér á landi frá því sem verið hefur. Þar er fremst að nefna að gert er ráð fyrir að sameina Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn í eina stofnun sem heiti Kvikmyndastofnun Íslands. Stjórn stofnunarinnar verði þriggja manna og skipuð til þriggja ára í senn. Verður einn skipaður samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndagerðarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. kvikmyndaframleiðenda og einn án tilnefningar. Í greininni er gert ráð fyrir því að enginn sitji í stjórn stofnunarinnar lengur en þrjú ár samfellt og að stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Þá er gert ráð fyrir því í 4. gr. að menntmrh. ráði framkvæmdastjóra Kvikmyndastofnunar til fjögurra ára í senn og að kostnaður við rekstur hennar greiðist úr ríkissjóði. Hér er um þá breytingu að ræða frá því sem er að kostnaður við starfsemi Kvikmyndasjóðs hefur verið greiddur úr ríkissjóði en í raun og veru tekinn af fjármunum Kvikmyndasjóðsins sjálfs og þannig skert ráðstöfunarfé hans til framlaga og styrkja vegna kvikmynda. Í þessu ákvæði, seinni mgr. 4. gr., felst einn þátturinn í því að styrkja stöðu Kvikmyndasjóðs frá því sem verið hefur.

Ein veruleg breyting kemur fram í 5. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að stjórn Kvikmyndastofnunar skipi tvær þriggja manna nefndir til að úthluta úr Kvikmyndasjóði og að þær úthluti tvisvar á ári í stað þess sem verið hefur, einu sinni á ári snemma hvers árs.

Í 7. gr. frv. er fjallað um tekjur Kvikmyndasjóðs. Þar er gert ráð fyrir því að uppistaðan sé virðisaukaskattur af kvikmyndasýningum.

Í 8. gr. frv. eru nokkur nýmæli. Þar er gert ráð fyrir því að þegar framlag er ákveðið til íslenskrar kvikmyndar á stjórn Kvikmyndasjóðs að kynna sér fjárhag þess fyrirtækis sem fær stuðning frá Kvikmyndasjóði og á að miða við að stjórnin veiti að jafnaði ekki styrki til kvikmyndaframleiðenda sem hafa minna en 10% eigið fé til að leggja fram til verkefnis. Þá er stjórninni heimilt að veita til viðbótar við styrkinn ábyrgð fyrir bankalánum til þess að standa undir allt að 15% af kostnaði viðkomandi kvikmyndar. Verði hagnaður af sýningu myndarinnar greiðir kvikmyndafyrirtækið lánið, ella fellur það á Kvikmyndasjóð.

Það má segja að ákvæði 9. gr. sé skylt ákvæði 1. málsl. 8. gr. að því leytinu til að þar er fjallað um fjárhag þeirra fyrirtækja sem framleiða kvikmyndir. Gert er ráð fyrir því að fari stuðningur við framleiðslu kvikmyndar fram úr helmingi kostnaðar við gerð hennar geti stjórn sjóðsins óskað eftir því að ríkisbókhaldið fari yfir fjárreiður fyrirtækisins. Þá segir að stjórn sjóðsins skuli hafa heimild til þess að bjóða fyrirtækjum sem framleiða kvikmyndir með styrk úr sjóðnum upp á fjárhagslega og skipulagslega ráðgjöf. Hér er satt að segja um að ræða mjög veigamikið nýmæli þar sem fjöldamörg fyrirtæki sem lagt hafa út í framleiðslu kvikmynda hafa tekið á sig þyngri byrðar en þau hafa í raun og veru ráðið við og einstaklingar hafa orðið fyrir tilfinnanlegum alvarlegum skakkaföllum. (Gripið fram í.) Hv. þm. bendir á það að það sé svo sem ekki meira en margir aðrir og það er út af fyrir sig nokkuð til í því, en engu að síður er hér iðulega um að ræða stærri upphæðir en algengt er í framleiðslu menningarefnis hér á landi en stórar upphæðir eru auðvitað til í öðrum greinum.

Í 10. gr. er síðan fjallað um hlutverk Kvikmyndasafns og í 11. gr. segir að hverjum þeim sem fær styrk úr Kvikmyndasjóði sé skylt að afhenda Kvikmyndasafni sýningarhæft eintak af viðkomandi mynd til varðveislu.

Í upphaflegum drögum að frv., sem samin voru af nefnd sem starfaði undir forustu Þráins Bertelssonar á árinu 1989, var gert ráð fyrir því að framlög til kvikmynda væru frádráttarbær frá skatti. Með þeim hætti lagði ég frv. t.d. fyrir stjórnarflokkana fyrir nokkrum mánuðum. Niðurstaða okkar varð sú, eftir ítarlega athugun á þessu máli, að fella þetta ákvæði út úr frv. sjálfu. Jafnframt var tekin um það ákvörðun að þegar frv. hefur verið samþykkt mun fjmrh. gefa út reglugerð um breytingu á reglugerð um frádrátt vegna gjafa til menningarmála þannig að þar bætist við íslenskar kvikmyndir sem hlotið hafa viðurkenningu Kvikmyndastofnunar. Þetta þýðir að fyrirtæki geta dregið frá tekjum sínum fyrir skatt allt að 0,5% af aðstöðugjaldsstofni vegna kvikmyndagerðar. Hér er í raun og veru um að ræða mjög myndarlega ákvörðun sem getur skipt miklu máli í sambandi við framleiðslu á íslenskum kvikmyndum, að kalla til fjármuni frá fyrirtækjunum með beinum hætti. Hér er um að ræða aðferð sem var ákveðin og notuð í lögum í Ástralíu fyrir 12 árum síðan þar sem fyrirtækjum var sérstaklega gert kleift að leggja fram fjármuni til kvikmyndagerðar. Árangurinn af því þekkjum við mörg sem horfum á kvikmyndir og sjónvarpsmyndir. Ástralíumenn hafa stigið stór skref fram á við í framleiðslu góðra kvikmynda, bæði fyrir kvikmyndahús og sjónvarp á undanförnum árum. Það má segja að fyrirmyndin sé að nokkru leyti sótt þangað. Ég er sannfærður um að þarna er um að ræða verulega

möguleika fyrir íslenska kvikmyndagerð umfram það sem verið hefur.

Það sem mestu máli skiptir, virðulegi forseti, varðandi það að styrkja stöðu kvikmyndarinnar á Íslandi er þetta:

1. Heimild til þess að draga frá 0,5% af veltu fyrirtækis þegar um er að ræða framlög til íslenskra kvikmynda sem hlotið hafa viðurkenningu Kvikmyndastofnunar.

2. Stjórn Kvikmyndasjóðs er heimilt að veita til viðbótar við styrkinn ábyrgð fyrir bankalánum til þess að standa undir allt að 15% kostnaðar.

3. Það er gert ráð fyrir því að gengið verði úr skugga um að ekki verði að jafnaði veittur styrkur til kvikmyndaframleiðenda sem hafa minna en 10% eigið fé til að leggja fram til verkefnisins.

Þegar þetta allt og fleira í frv. er lagt samam sjá menn að hér er um að ræða frv. sem felur sér talsverðar endurbætur á umhverfi íslensku kvikmyndarinnar, enda veitir ekki af. Vegna þess að það er auðvitað ljóst að framlög á þessu ári til Kvikmyndasjóðs eru í raun og veru út úr öllum hlutföllum miðað við veruleikann sem blasir við, stórfelldan og vaxandi áhuga á framleiðslu íslenskra kvikmynda. Við þurfum að eiga kvikmyndasjóð sem hefur burði til þess að leggja fjármuni til tveggja til þriggja leikinna mynda á ári ef vel ætti að vera. Til þess dygðu ekki allir markaðir tekjustofnar Kvikmyndasjóðs einu sinni hvað þá heldur skertir, eins og þeir eru nú, og við höfum neyðst til að skera niður, bæði í fjárlögum og lánsfjárlögum í ár og að undanförnu.

Ég tel ástæðulaust, herra forseti, að fara frekari orðum um mál þetta að sinni og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu frestað.

Páskakveðjur.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þá liggur ekki fleira fyrir þessum fundi, dagskrá fundarins er tæmd. Forseti leyfir sér að óska hv. þingdeildarmönnum gleðilegrar páskahelgi og vonast til að sjá þá alla heila í þingsal að páskaleyfi loknu.

SAMEINAÐ ÞING

76. fundur, föstudaginn 20. apríl, kl. 1 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 20. okt. 1990:

„Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Geir H. Haarde,
forseti Nd."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hana velkomna til starfa.

Stimpilgjöld, ein umr.

Fsp. AÓB, 377. mál. — Þskj. 650.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. sem er að finna á þskj. 650.

Tilefni þessarar fsp. er ábending frá starfandi lögmanni sem í starfi sínu hefur orðið var við mismunandi túlkun þinglýsingadómara annars vegar í Reykjavík og Kópavogi og hins vegar í Hafnarfirði varðandi skyldu sambúðarfólks, gifts og ógifts, til að greiða stimpilgjöld af sambúðarsamningi sem tekur til fasteigna aðilanna. Mismunandi túlkun í þessum sveitarfélögum veldur því í reynd að gjald fyrir þessa þjónustu getur verið allt frá nokkrum hundruðum kr. upp í tugi þúsunda kr. eftir því hver túlkun á skrifstofu fógeta er. Því er nauðsynlegt að fá upplýsingar um hver túlkun þessara laga er í sveitarfélögum víðs vegar um landið.

Oft er það svo að sambúðarfólk, hvort sem er í hjónabandi eða óvígðri sambúð, stofnar til eigna saman, kaupir sér t.d. húsnæði. Hending getur ráðið því hvort bæði eru frá upphafi skráð fyrir þeirri eign sem þar um ræðir. Flestir kannast víst við þann vana að skrá karla fremur en konur fyrir slíkri sameign þó ekki sé það algilt. Ef fólk ákveður að báðir aðilar vilji vera skráðir fyrir eign er oft farin sú leið að leiðrétta skráningu eignanna með yfirlýsingu. Hér er átt við yfirlýsingu varðandi umskráningu á eignaraðild íbúðar, t.d. við sambúðarslit þegar annar sambúðaraðilinn yfirtekur íbúð eða skuldir búsins, eða og ekki síður þegar sambúðarfólk óskar eftir leiðréttingu á skráningu fasteigna þeirra þannig að hún verði skráð á nafn beggja. Algengt er að sambúðarfólk vilji leiðrétta þinglýsingu eignaraðildar að íbúð þess þegar annað hvort eða bæði uppgötva þann mismun sem er á réttarstöðu þeirra innbyrðis þegar aðeins annar sambúðaraðilinn er þinglýstur eigandi íbúðarinnar en eignin hefur orðið til fyrir sameiginlega vinnu og fjárframlag þeirra beggja. Slík viðbót við fyrri þinglýsingu eða yfirlýsingu er oft og tíðum fyrst og fremst leiðrétting, ekki eiginleg breyting á eignarhaldi. Fsp. sem ég beini hér til hæstv. dómsmrh. er því svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hver er ástæða misræmis í túlkun bæjarfógeta í Reykjavík og Kópavogi annars vegar og hins vegar í Hafnarfirði um skyldu hjóna og sambúðarfólks til að greiða stimpilgjöld af yfirlýsingu sambúðarfólks vegna fasteigna sem annar aðilinn er skráður fyrir þegar óskað er eftir að nafni hins sé bætt við þannig að skráning taki til beggja aðila?

2. Hvernig er þessum málum háttað annars staðar á landinu?

3. Hvernig ber að mati dómsmálaráðherra að túlka lög um stimpilgjöld í þessu tilliti?"

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Reykn. beinir til mín fsp. í þremur liðum á þskj. 650. Sú fyrsta: „Hver er ástæða misræmis í túlkun bæjarfógeta í Reykjavík og Kópavogi annars vegar og hins vegar í Hafnarfirði um skyldu hjóna og sambúðarfólks til að greiða stimpilgjöld af yfirlýsingu sambúðarfólks vegna fasteigna sem annar aðilinn er skráður fyrir þegar óskað er eftir að nafni hins sé bætt við þannig að skráning taki til beggja aðila?"

Við embætti borgarfógetans í Reykjavík og bæjarfógetans í Kópavogi hefur ekki verið innheimt stimpilgjald þegar þinglýst hefur verið yfirlýsingu hjóna þess efnis að bæði verði þinglýstir eigendur fasteignar sem aðeins annað hjóna hefur verið þinglýstur eigandi að. Skýring þeirra embætta á þessari framkvæmd er að þau hafa talið að hér sé aðeins um að ræða staðfestingu og skráningu á eignarheimild en ekki yfirfærslu eignarréttinda í skilningi laga um stimpilgjöld, nr. 36/1978. Þessi embætti innheimta stimpilgjald við þinglýsingu yfirlýsingar sambúðarfólks sama efnis þegar ótvíræð yfirfærsla eignarréttinda á sér stað. Hins vegar er ekki innheimt stimpilgjald þegar rök hafa verið leidd að því að eign hafi myndast í sambúð aðila en fjármögnun stafi ekki einungis frá öðrum aðilanum. Þessi embætti hafa, með vísan til 3. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, eigi innheimt stimpilgjald í framangreindum tilvikum þar sem þau telja að ekki sé um að ræða gerninga sem séu sambærilegir við venjulega sölu fasteigna.

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu er innheimt stimpilgjald við þinglýsingu yfirlýsingar hjóna og sambúðarfólks þegar um sam-

bærileg tilvik og að framan greinir er að ræða. Embættið telur að við ákvörðun á stimpilskyldu beri að hafa hliðsjón af ákvæðum laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923. En í 17. gr. þeirra laga komi fram að hvort hjóna eigi sínar hjúskapareignir en annað hjóna öðlast hjúskaparrétt yfir hjúskapareignum hins. Embættið telur að yfirlýsing annars hjóna um að hitt hjóna, sem ekki hefur verið skráður eigandi að fasteign, verði framvegis jafnframt þinglýstur eigandi sé afsal viðkomandi á hjúskapareign sinni til hins hjúskaparaðilans og beri því, skv. 5. gr. stimpillaga, nr. 36/1978, að taka stimpilgjald af yfirlýsingunni þar sem stimpilskylda skjals fer eftir réttindum er það veitir en eigi nafni þess eða formi. Embættið telur enga undanþágu vera til staðar í stimpillögum til handa hjónum eða sambúðaraðilum til niðurfellingar stimpilgjalds þegar um yfirfærslu eignarréttinda milli þeirra er að ræða. Bent er á að eina undantekningin frá stimpilskyldu á skjölum er varða eignayfirfærslur milli hjóna sé í 4. mgr. 16. gr. stimpillaga þar sem undanþegnir eru stimpilskyldu úrdrættir úr skiptabók og önnur skjöl sem sýna eignayfirfærslu fasteigna er lagðar hafa verið maka út upp í búshelming hans við skilnað. Sú undantekning taki tillit til helmingaskiptareglunnar, sbr. 1. málsgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.

Embættið telur enn fremur að út frá 4. mgr. 16. gr. stimpillaga megi gagnálykta tvennt. Í fyrsta lagi að ef undantekningarreglan væri ekki til staðar þá væri jafnvel eignayfirfærsla fasteigna við skilnað stimpilskyld þrátt fyrir helmingaregluna. Í öðru lagi að þar sem sérstaklega sé kveðið á um þessa undanþágu hafi borið að taka skýrt fram í stimpillögum ef það hefði verið ætlan löggjafans að undanþiggja eignayfirfærslur milli hjóna frá stimpilskyldu meðan á hjúskap stendur. Niðurstaða bæjarfógetans í Hafnarfirði er því sú að undantekningar frá framangreindri meginreglu beri að skýra þröngt og að undantekningarnar þurfi að eiga sér skýra og styrka lagastoð.

Önnur fsp. var svohljóðandi: „Hvernig er þessum málum háttað annars staðar á landinu?"

Samkvæmt upplýsingum þinglýsingadómara við önnur bæjarfógeta- og sýslumannsembætti mun þeirri túlkun er fram kemur í svari borgarfógetans í Reykjavík og bæjarfógetans í Kópavogi víðast hvar vera fylgt.

Þriðja spurningin er svohljóðandi: „Hvernig ber að mati dómsmálaráðherra að túlka lög um stimpilgjöld í þessu tilliti?"

Það er skoðun dómsmrh. að túlka beri lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, við ákvörðun stimpilskyldu yfirlýsingar hjóna og sambúðarfólks um að báðir verði þinglýstir eigendur þannig að taka beri stimpilgjald af slíkum yfirlýsingum og eru forsendurnar þær sömu og fram koma í svari bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að framkvæmd og túlkun stimpillaga heyrir undir fjmrn. og þess vegna getur dómsmrh. eigi gefið út fyrirmæli til þinglýsingadómara um þetta efni.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. greinargóð svör og þá túlkun sem hann leggur til þótt sú túlkun, ef notuð verði, muni koma mjög illa við ýmsa. Svo sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. og samkvæmt heimildum mínum hefur einmitt framkvæmdin verið sú í Reykjavík og Kópavogi að sama regla hefur verið látin gilda um sambúðarfólk og hjón sem hafa viljað leiðrétta rangskráningu fasteigna aðilanna í þeim tilvikum sem aðeins annað hjóna hefur verið þinglýstur eigandi eignarinnar. Í þeim tilvikum hefur aðilum verið gefinn kostur á að leggja inn til þinglýsingar yfirlýsingu um að viðkomandi fasteign skuli framvegis vera skráð á nafn beggja hjóna eða sambúðarfólks.

Forsendur fyrir slíkri beiðni eru venjulega þær að þótt eignin hafi fram til þessa einungis verið skráð á nafn annars aðilans þá sé eignin afrakstur sameiginlegs framlags beggja aðila. Enn fremur er stundum vísað til þess að við fasteignakaup hafi aðilar ekki verið upplýstir um, hvorki af fasteignasala né af lánveitendum, t.d. Byggingarsjóði ríkisins, hverjar lagalegar afleiðingar mismunandi skráning á eignaraðild fasteignar hafi varðandi innbyrðis réttarstöðu aðilanna, bæði í hjónabandi og óvígðri sambúð. Þetta tel ég raunar að sé atriði sem þurfi að gefa gaum að þrátt fyrir þá túlkun sem dómsmrh. lagði í þessi mál hér áðan.

Lögmaður sá sem ég vitna til nefndi dæmi um að sambúðarfólki í Hafnarfirði hafi verið gert að greiða um 20 þús. kr. í stimpilgjald eins og um afsal hafi verið að ræða fyrir leiðréttingu á rangskráningu eignaraðildar á fasteign sem sambúðarfólkið byggði í sameiningu. Í yfirlýsingunni var beðið um að eignin væri skráð sem eign beggja í tilgreindum eignarhlutföllum eftir framlagi hvors um sig sem tíundað var ítarlega í yfirlýsingunni. Ef þessir aðilar hefðu búið í Reykjavík eða Kópavogi hefðu þeir einungis þurft að greiða þinglýsingargjald, 600 kr. Þetta kemur raunar heim og saman við þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. dómsmrh. Lögmaðurinn hafði samband við fulltrúa fjmrh. sem hafa með innheimtu stimpilgjalda að gera og spurðist fyrir um hvað hægt væri að gera við slíkar aðstæður. Þá var lögmanni bent á að láta skjólstæðinga sína greiða stimpilgjaldið en óska síðan formlega eftir endurgreiðslu þess með vísan til heimildar í 13. og 14. gr. stimpillaga, nr. 36/1978, sbr. ákvæði 5. málsgr. 16. gr. þeirra laga. Í raun er ekki hægt að treysta því að slík endurgreiðsla fáist og þar af leiðandi er staða þessa fólks erfiðari.

Það er augljóslega óviðunandi ástand í landi sem telur sig til réttarríkja að mismunandi réttarreglur gildi um fólk eftir lögsagnarumdæmum þinglýsingadómara. Ítreka ég því að þessu máli þarf að kippa í lag og samræma sanngjarnar reglur sem gera fólki kleift að skrá fasteignir sínar á réttan hátt án þess að það þurfi að greiða stórfé fyrir.

Fíkniefnaneysla unglinga, ein umr.

Fsp. IBA, 448. mál. — Þskj. 783.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja fram fsp. til hæstv. dómsmrh. á þskj. 783 um fíkniefnaneyslu unglinga. Tilefni þessarar fsp. eru fréttir sem birst hafa í blöðunum og sérstaklega viðtal sem haft var við 16 ára gamlan fíkniefnaneytanda í Breiðholti eftir að stór hópur ungmenna hafði verið handtekinn, eða 25 manns í það heila. Margt athyglisvert kemur fram í viðtali við þennan 16 ára gamla ungling þar sem hann m.a. segir að þessi 25 krakka hópur sem handtekinn var sé aðeins dropi í hafinu af öllum þeim sem eru í fíkniefnum í tilteknu hverfi. Hann telur að lögreglan viti ekki um hinar ýmsu eiturlyfjaklíkur sem þar eru. Hann kemur víða við og lýsir því yfir að unglingar verði, eins og hann segir sjálfur, snarvitlausir af notkun sniffs og hass og af völdum þeirra efna lendi þeir iðulega í blóðugum slagsmálum niðri í bæ og hafi ekki stjórn á sér. Hann kemur einnig inn á verðlagið á slíkum eiturlyfjum og getur þess að nóg efni séu nú á markaðinum og verð hafi lækkað þar af leiðandi.

Síðan talar hann um að efni sé hægt að kaupa á mörgum stöðum, hann gæti til að mynda keypt á fjórum stöðum þessa dagana ef hann kærði sig um og það frá mismunandi innflytjendum.

Og í síðasta lagi segir þessi unglingur að í hans bekk reyki sjö krakkar hass að staðaldri en um 20 þeirra hafi prófað það í þessum eina bekk. Og að hans áliti noti fjórði til fimmti hver nemandi í níunda bekk í tilteknum skóla þetta eiturlyf.

Þetta viðtal kallaði á viðbrögð. Í Dagblaðinu daginn eftir, þann 21. mars sl., segir Arnar Jensson, yfirmaður fíkniefnadeildar, í athyglisverðu viðtali að tilgangur með handtökuaðgerðum eins og í fyrri viku sé að stöðva neyslu eins og kostur er. Þarna er ég vissulega sammála, það ber að reyna að stöðva neyslu með öllum ráðum, en að mínu mati hlýtur tilgangurinn fyrst og fremst að vera sá að stöðva framboð á eiturefnum. Minna framboð hlýtur að leiða til minni neyslu.

Arnar telur að hlutfall fíkniefnaneytenda sé ekki eins hátt og fram kemur í því viðtali sem ég vitnaði til áðan en segir þó að það geti átt við í einhverjum einum bekk í einhverjum tilteknum skóla.

Daginn eftir, 22. mars, kom lítil frétt í Dagblaðinu sem lét lítið yfir sér þar sem fíkniefnadeild lögreglunnar var beðin að rannsaka hassneyslu í Menntaskólanum við Hamrahlíð vegna þess að þar áttu að fara fram tónleikar með enskri hljómsveit sem neitaði að spila nema henni yrði útvegað hass. Við þeirri beiðni var góðfúslega orðið, engin vandamál, hassið var útvegað og tónleikarnir fóru fram.

Og rétt í lokin, hæstv. forseti, þá var viðtal föstudaginn 23. mars. Þar er sagt frá fundi lögreglu, ráðuneytis og borgar með landlækni þar sem fram kemur óánægja fundarins með að fíkniefnasalar fái að ganga lausir vegna seinvirks réttarkerfis og halda áfram iðju sinni þrátt fyrir að sök þeirra sé sönnuð.

Þessar fréttir sem ég hef farið hér yfir í stuttu máli eru tilefni þeirrar fsp. sem ég hef hér lagt fram. Sökum tímaskorts mun ég ekki fara yfir hana enda er hæstv. ráðherra að sjálfsögðu fullkunnugt um efni hennar.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur beint til mín fyrirspurn í þremur liðum á þskj. 783 sem ég mun leitast við að svara. Fyrsti liðurinn hljóðar svo: „Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við sívaxandi fíkniefnaneyslu unglinga sem fjölmiðlar flytja fréttir af þessa dagana?"

Ég vil fyrst segja að hér er um mjög margþætt vandamál að ræða sem teygir anga sína víða. Þess vegna er augljóst að eigi einhvers árangurs að vænta í baráttunni við þennan skæða nútímavágest verður að heyja þá baráttu á mörgum vígstöðvum í senn, mér liggur við að segja nánast um allt þjóðfélagið. Á vegum dómsmrn. og raunar einnig í samstarfi við önnur ráðuneyti er margs konar starf í gangi í þessum tilgangi. Ég mun fráleitt geta á fimm mínútum tíundað það allt saman út í hörgul en mun þess í stað greina frá fáeinum atriðum í þessu sambandi sem sérstaklega snerta starfsemi á vegum ráðuneytisins og eru ofarlega á baugi um þessar mundir.

Á fundi sem ráðuneytið mun efna til núna eftir helgina, á mánudag og þriðjudag, með öllum lögreglustjórum á landinu verður verulegum hluta fundartímans varið til þess að kynna lögreglustjórunum rannsókn ávana- og fíkniefnamála. Ætlunin er að auka þekkingu lögreglustjóranna á rannsókn og meðferð málanna og þannig að auka einnig frumkvæði þeirra. Kynnt verður dæmi frá sl. ári þar sem fíkniefnamál var meðhöndlað á faglegan og afgerandi hátt í kaupstað á landsbyggðinni. Einnig munu fundarmenn fara til ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík og skoða starfsemi hennar. Þá mun verða rætt um útihátíðir, löggæslu á slíkum hátíðum, skipulag þeirra og aðgerðir til að koma í veg fyrir vímuefnaneyslu unglinga. Á fundinum verða einnig kynntar reglur sem ég hef nýlega ritað undir um hlutverk ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, verkaskiptingu milli hennar og annarra lögregluyfirvalda, svo og samstarf við aðrar stofnanir. Samkvæmt þeim reglum hefur ávana- og fíkniefnadeildin með höndum lögregluranns0kn ávana- og fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar eða Rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt öðrum reglum. Lögreglustjórar bera ábyrgð á því, hver í sínu umdæmi, að stemmt sé stigu við ávana- og fíkniefnabrotum og að brot sem uppvís verða sæti rannsókn. Ávana- og fíkniefnadeildin skal veita lögreglustjórum og dómurum hvar sem er á landinu aðstoð við

rannsókn ávana- og fíkniefnabrotamála þegar þeir óska og lögreglustjórinn í Reykjavík og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ef ávana- og fíkniefnadeildin vinnur að rannsókn ávana- og fíkniefnamáls sem teygir anga sína í önnur lögsagnarumdæmi geta starfsmenn hennar farið inn í þau, jafnvel fyrirvaralaust, gerist þess þörf.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að ekki er ætlunin að ávana- og fíkniefnadeildin verði einangruð rannsóknadeild þannig að hún sjái um öll mál þar sem fíkniefni koma við sögu frá upphafi til enda. Í skipulagi þessara mála er gert ráð fyrir að hinir almennu lögreglumenn vinni einnig að fíkniefnamálum og lögð er áhersla á að þeir hafi frumkvæði að rannsókn þeirra hvar sem þeir verða efnanna varir. Mjög mikilvægt er að lögreglumenn, í hvaða stöðu sem þeir kunna að vera, fylgist grannt með því hvort mögu leiki sé á að unglingar eða aðrir sem safnast saman hafi fíkniefni um hönd. Markmiðið er að seljendur efnanna og neytendur þeirra séu aldrei látnir í friði þannig að öll fíkniefnahreiður séu eyðilögð og allar fíkniefnaklíkur séu upprættar.

Það hvort menn verða dregnir til refsingar er auðvitað mikilvægur þáttur. En enn þá mikilvægara er að koma í veg fyrir dreifingu og neyslu, eins og raunar kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, hvort sem aðgerðirnar leiða til frekari rannsóknar eða ekki. Samkvæmt ofangreindum reglum er ávana- og fíkniefnadeildinni ætlað að halda landsspjaldskrá og tölvufærðar upplýsingar um fíkniefnamál yfir allt landið. Enn fremur annast hún söfnun upplýsinga innan lands og erlendis frá og sér um að miðla þeim upplýsingum til annarra sem hlut eiga að máli. Mjög hefur skort á að upplýsingar um neyslu og útbreiðslu fíkniefna hér á landi væru aðgengilegar. Þessari spjaldskrá er ætlað að bæta úr þessu að nokkru. Langt er þó frá að þetta eitt sé nægilegt til að öðlast yfirsýn yfir fíkniefnaneysluna.

Ávana- og fíkniefnadeildinni er ætlað að vera í tengslum við erlenda og innlenda löggæsluaðila og aðra sem vinna gegn útbreiðslu fíkniefna. Í baráttunni gegn fíkniefnum er mikilvægt að nýta sér þekkingu og reynslu annarra þjóða. Einnig þarf að vera góð samvinna við erlenda löggæsluaðila við rannsókn og meðferð mála þannig að upplýsingar um efni og brotamenn berist greiðlega milli landa. Starfsmönnum ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hefur verið fjölgað um sex frá 1986 og er nú 14 og auk þess fjórir sem eru í tengdri deild.

Fræðslustarf hefur verið eflt verulega. Hundar til hassleitar eru nú tveir en ákveðið hefur verið að fjölga þeim á þessu ári. Í samvinnu við skólayfirvöld hefur verið tekin upp kennsla á svonefndu „Lions-quest"-efni en því er ætlað að hafa jákvæð áhrif á unglinga á mótunarskeiði. Ætlunin er að foreldrar þessara ungmenna taki þátt í starfinu og fylgir foreldrahandbók kennsluefninu. Fræðsluefni af þessu tagi hefur gefist mjög vel í baráttunni við fíkniefni í nágrannalöndum. Þessi jákvæða viðhorfsmótun beinist jafnframt að vörnum gegn áfengisneyslu. En við megum ekki, hæstv. forseti, gleyma því að það vímuefni sem leyft er að nota hér í landinu, þ.e. áfengið, er oftast nær grunnurinn að frekari vímuefnaneyslu ungs fólks.

Önnur spurning hv. fyrirspyrjanda var: „Eru þær fréttir réttar að rekin sé umfangsmikil dreifingarstarfsemi á fíkniefnum í framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum unglinga og til hvaða ráða hyggjast lögregluyfirvöld grípa?" Fréttir í fjölmiðlum hafa beinst að einni rannsókn nú undanfarið sem í sjálfu sér er ekki sérstök nema að því leyti hversu marga hún snertir. Þessari rannsókn er ekki lokið. En lögreglan telur að sú aðgerð sem þegar hefur verið framkvæmd í því sambandi hafi haft talsvert miklar afleiðingar í þá átt að draga úr neyslu í ákveðnum hverfum Reykjavíkur. Rannsókninni verður fylgt eftir með samvinnu við ýmsa aðila sem vinna að því að fækka fíkniefnaneytendum. Ekkert bendir til þess að rekin sé umfangsmikil dreifingarstarfsemi á fíkniefnum í framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum unglinga. Nú sem fyrr er stærsti hópur fíkniefnaneytenda fólk sem ekki stundar fasta atvinnu eða er ekki í skóla.

Þriðja og seinasta spurningin er svohljóðandi: „Hefur lögreglan orðið vör við vaxandi ofbeldi meðal unglinga sem rekja má til fíkniefnasölu og fíkniefnaneyslu?" Starfsmenn fíkniefnadeildar hafa ekki orðið varir við sérstaka aukningu á ofbeldi nú síðustu mánuði en benda hins vegar á að ofbeldi hefur vaxið samfara neyslu fíkniefna nú seinustu árin. Erfitt er þó að meta þetta þar sem stór hluti ofbeldisverka sem framin eru sem afleiðing fíkniefnaneyslu er vísast aldrei kærður.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir ágæt svör. Hér er um að ræða mál sem brennur á fjölmörgum foreldrum og heimilum og þyrfti raunar miklu meiri umræðu hér á hv. Alþingi en unnt er á þeim litla tíma sem fyrirspurnum er ætlaður. Mig langar til að skjóta inn í þessa umræðu örfáum orðum.

Baráttan gegn fíkniefnum er auðvitað heil keðja sem samanstendur af fjölmörgum hlekkjum sem allir þurfa að vera sterkir og vafalaust þarf alla að styrkja. Ráðherra gerði eðlilega mjög að umræðuefni hlut dómsmrn., eftirlit og löggæslu, sem enginn vafi er á að þarf að vera mjög traustur og styrkur þannig að þegnar landsins geti treyst á að innflutningur eigi sér ekki stað, framboð sé takmarkað og þar fram eftir götunum. Mig langar í þeim fáu setningum sem ég má segja hér í þessu sambandi, virðulegi forseti, til að leggja áherslu á annan þátt sem eru sjálfar forvarnirnar. Einmitt þegar kemur að börnum í skóla og framhaldsskólunum þá skipta forvarnirnar gríðarlega miklu máli. Það hefði verið ástæða til að menntmrh. væri hér og velti þeim málum fyrir sér. Það er enginn vafi á því að fræða þarf foreldra miklu meira um þessi mál og heimilin almennt. Foreldrar gera sér ekki grein fyrir því nægilega snemma hvað er

að ske. Þeir þekkja allt of oft ekki áhrif þessara efna og vita kannski ekki hvað um er að ræða fyrr en of seint. Þarna vantar fræðslu.

Að mínu viti hafa skólarnir brugðist í þessu máli. Skólarnir hljóta að vera sá vettvangur sem á að fræða æskulýð þessa lands um hvað hér er í húfi. Á mjög athyglisverðum fundi í Gerðubergi í Breiðholti nú fyrir stuttu upplýsti ungur framhaldsskólanemi að öll þau ár sem hann hefði verið í skóla, sem eru hreint ekki fá, hefði heildarfræðsla sem hann hefur fengið um fíkniefni numið hálfri klukkustund. Og það gefur auga leið með tilliti til þeirrar alvöru sem hér er á ferðinni að skólakerfið tekur þetta mál engan veginn þeim tökum sem þarf. Ég held að við þurfum að taka það alveg sérstaklega fyrir hér og þingmenn að beita sér fyrir því að inn í skólana verði tekin mjög aukin fræðsla um fíkniefni og áhrif þeirra. Á skal að ósi stemma, er oft sagt en einmitt þar, að fræða unglingana um alvöruna, skortir gríðarlega á og ég vil beinlínis halda fram að skólarnir hafi brugðist í þessu efni.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Inga Birni Albertssyni fyrir þessa fsp. og hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Þetta mál brennur mjög á stórum hópi fólks í dag og enginn vafi er á því að þetta er vaxandi vandamál. Ég hef áreiðanlegar upplýsingar um aukna dreifingu fíkniefna í skólum. Því er nauðsyn að taka á þeim málum með skjótum hætti og ég vil taka undir það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði í því sambandi.

Þá vil ég minna á það að ég flutti fsp. um það hvort setja ætti lög um eignaupptöku á eignum eiturlyfjasala á Íslandi og vil beina því til dómsmrh. hvort hann muni ekki gera svo.

Þá vil ég í þessu mikilvæga máli einnig beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort hann muni ekki flytja lagafrv. um að herða viðurlög og auka fjárframlög til að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu og dreifingu. Og í þriðja lagi óska ég að dómsmrh. íhugi það og kanni hvort ekki sé rétt að beita sér fyrir því að birtar séu ljósmyndir af dæmdum eiturlyfjasölum í fjölmiðlum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið hér um að það þarf ekki síst að hyggja að forvörnum í þessum málum. Í því sambandi langar mig aðeins að benda á að starfsfólk unglingadeilda, unglingaheimila og sálfræðideilda skóla hefur í vaxandi mæli beint sjónum að samskiptamynstri og hegðunarmynstri barna og unglinga innan skóla. Á því tekur raunar „Lionsquest"-námsefnið að nokkru leyti en einnig er ábyrgð starfsfólks sem starfar í skólum og hefur mikil samskipti við börn og unglinga mikil. Það er í aðstöðu til að koma auga á ef í óefni er að koma. Það hefur sýnt sig að þau börn og unglingar sem leiðast helst út í eiturlyfjaneyslu eru oft og tíðum börn sem hafa orðið t.d. fyrir einelti og aðkasti í skóla.

Ég vil nota tækifærið hér og minna á till. til þál. sem við kvennalistakonur höfum lagt fram um átak gegn einelti. Þar er verið að benda á eina leið af mörgum sem þarf að líta á þegar verið er að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og einnig þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni og undirstrikað með mér mikilvægi þessa máls. Auðvitað fagna ég því að fundaherferð, fræðsla og frekari kynning sé að fara í gang og tek undir þær raddir sem hvetja til enn frekara forvarnarstarfs en nú er haft í frammi. Ég fagna einnig því sem fram kom hjá ráðherra að nú eigi allir lögreglumenn í raun að standa á vakt og enginn verði látinn í friði, hvort heldur er um að ræða fíkniefnaneytanda eða fíkniefnasala. Eins og ég sagði hér í fyrri ræðu minni tel ég að lögregluaðgerðir eigi að beinast fyrst og fremst að því að stöðva framboðið því að með því að stöðva framboðið hlýtur neyslan að minnka.

Ég vil sjá það sem allra fyrst að tekið verði miklu fastar á þessum málum, fíkniefnasalar verði teknir og þeirra málum verði virkilega hraðað í gegnum kerfið. Og þegar sekt er sönnuð fari þessir menn umsvifalaust í fangelsi. Það verði engin miskunn þar. Og ég vil ganga skrefi lengra. Ég vil líka taka fíkniefnaneytendur og ég vil loka þá inni strax og næst í þá, hvar sem er. Ég tel að það mundi benda þeim á þá áhættu sem þeir taka með því að neyta eiturlyfja ef þeir vita að þeir eiga yfir höfði sér t.d. viku fangelsisvist fyrir að vera staðnir að verki. Ég hygg að unglingar muni hugsa sig um tvisvar áður en þeir leggja út í slíkt.

Og ég vil jafnvel ganga enn lengra. Ég vil gefa þessum neytendum kost á því að semja við lögin. Gefi þeir upp dreifingaraðilann losni þeir við þessa viku eða þennan tiltekna tíma sem þeir eiga að sitja inni. Þannig eigum við að leita allra ráða, bæði til að finna dreifingaraðilana og söluaðilana og einnig til þess að koma í veg fyrir þá fíkniefnanotkun sem nú er í gangi.

Ég vil að lokum taka undir það sem hv. þm. Hreggviður Jónsson sagði, að ég er ansi smeykur um að umfangsmikil dreifing og sala sé í skólum landsins í dag og þá sérstaklega hérna á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að ekki megi horfa fram hjá þeirri staðreynd.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, þakka ég þá umræðu sem hér hefur orðið en ég tel að til þess að ræða svona mál í botn þurfi miklu lengri tíma en fyrirspurnaformið gefur okkur.

Einangrun útveggja húsa, ein umr.

Fsp. IBA, 502. mál. — Þskj. 878.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þingi 1980–1981 mæltu hv. þm. Helgi Seljan, Steinþór Gestsson, Alexander Stefánsson og Magnús H. Magnússon fyrir þáltill. sem orðaðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa. Skulu Húsnæðisstofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst."

Í framsögu með þessari þáltill. kom fram hjá 1. flm., Helga Seljan, að hér sé trúlega um byltingu að ræða í byggingarkostnaði með betri endingu, meiri einangrun og meiri orkusparnaði húsa. Hann og fleiri telja að þetta geti þýtt allt upp í 20% sparnað á orkukostnaði.

Hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði í umræðunni þá að á verðlagi þess tíma væri reiknað með að 200 fermetra einbýlishús mundi verða um 12 millj. kr. ódýrara í byggingu með þessari aðferð. Þriðji flm., Alexander Stefánsson, kom síðan inn á lagaákvæði um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sem fjallar um endurbætur í byggingariðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingartækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjaskipulagningu og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingariðnaði og laga þær að íslenskum staðháttum, þ.e. kynningu á niðurstöðum rannsókna og veitingu upplýsinga um byggingarfræðilegt efni, aðstoð við eftirlit með byggingarefnum og byggingarframkvæmdum og nauðsynlegri rannsóknaþjónustu í þeim greinum sem stofnunin fæst við.

Þessari þáltill. var síðan vísað til nefndar. Þegar hún kom þaðan mælti hv. þm. Magnús H. Magnússon, frsm. nefndarinnar, fyrir samþykkt nefndarinnar á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að einskis megi láta ófreistað til að bæta byggingaraðferðir og lækka byggingarkostnað og um leið upphitunarkostnað húsa."

Þessi þáltill. var samþykkt óbreytt þann 21. maí 1981. Eftir því sem ég best veit hefur lítið skeð síðan. Sá aðili sem að þessari uppfinningu eða hugmynd stendur hefur ekki fengið neina fyrirgreiðslu í kerfinu þrátt fyrir að hann hafi m.a. uppáskrifað frá iðnrn. bréf til Húsnæðisstofnunar þar sem farið er fram á að gata hans verði greidd í þessum efnum. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. félmrh. hvað líði þeirri könnun sem þessi þáltill. gerði ráð fyrir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Til mín er beint fyrirspurn um hvað líði könnun þeirri á einangrun útveggja húsa sem Húsnæðisstofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins var falið að gera með þáltill. 21. maí 1981. Því er til að svara að á Alþingi 1986–87 var lögð fram fsp. af þáv. þm. Helga Seljan um framkvæmd ályktunar Alþingis um einangrun húsa frá 21. maí 1981. Hér er um að ræða sömu þál. og nú er spurt um framkvæmd á af hv. þm. Inga Birni Albertssyni.

Í svari félmrh. á Alþingi árið 1987 um þessa sömu þál. kom fram að hún hefði verið send Húsnæðisstofnun ríkisins til umsagnar 9. febr. 1982. Í svari Húsnæðisstofnunar hafi komið fram að stofnunin telji ekki nóg að einungis fari fram könnun á einangrun útveggja eins og þál. gerði ráð fyrir. Að mati stofnunarinnar væri nauðsynlegt að könnunin næði einnig til ýmissa annarra húshluta, svo sem húsþaka, lofta, gólfa o.s.frv. Stofnunin mælti jafnframt með að könnunin færi fram.

Með bréfi dags. 9. nóv. 1983 fól félmrn. Húsnæðisstofnun að vinna sérstaklega að þessu máli. Ráðuneytið óskaði eftir því að stjórn Húsnæðisstofnunar fæli tæknideild stofnunarinnar að gangast fyrir úttekt á íbúðarhúsnæði í öllum landshlutum utan hitaveitusvæða í þeim tilgangi að fá yfirlit um ástand húsnæðis. Jafnframt var greint frá því að í ársbyrjun 1984 hafi ráðherrar félagsmála og iðnaðarmála komið sér saman um að gangast fyrir sérstöku orkusparnaðarátaki til að minnka og jafna húshitunarkostnað. Var stefnt að því að framkvæma endurbætur á eldra húsnæði sem miðuðu að bættri einangrun og orkunýtingu. Sérstök þriggja manna verkefnisstjórn var skipuð til að annast yfirstjórn þessa verkefnis.

Sérstök samráðsnefnd var verkefnastjórn til ráðgjafar. Í þeirri nefnd voru m.a. fulltrúar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Sem svar við þessari sömu fsp. á Alþingi 1987 var jafnframt greint frá því að á vegum verkefnisstjórnar hefði farið fram umfangsmikið starf sem var m.a. unnið í samvinnu við Húsnæðisstofnun. Orkusparnaðarátakið var kynnt með sýningum sem haldnar voru um allt land. Þar voru kynntar sérstaklega allar nýjungar og nýr tæknibúnaður á sviði einangrunar. Var það gert í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og ýmsar aðrar stofnanir.

Í mars 1987 taldi þáv. ráðherra, og það kom fram hér á hv. Alþingi, að með því sem ég hef hér lýst væri framkvæmd á þessari ályktun Alþingis lokið. Þess má geta að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur eftir 1980 gefið út alls 17 rit og RB-blöð um einangrun og upphitun húsa. Rit þessi fjalla m.a. um einangrun húsa, hitun húsa, einangrunarefni, gerðir, eiginleika og fleira. Af framansögðu má sjá að ýmislegt hefur verið gert í því að kanna einangrun útveggja húsa ásamt öðrum þáttum einangrunar og orkunýtingar eins og samþykkt var í þál. árið 1981.

SAMEINAÐ ÞING

77. fundur, föstudaginn 20. apríl, að loknum 76. fundi.

Jarðgöng á Vestfjörðum, fyrri umr.

Stjtill., 509. mál. — Þskj. 892.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Þetta er 509. þingmál á þskj. 892. Með þeirri till. til þál. sem ég mæli hér fyrir er ætlunin að fá samþykki

Alþingis til að flýta framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem fyrirhugað er í fyrirliggjandi vegáætlun. Stefnt er að því samkvæmt tillögunni að öllum undirbúningi þessa verks verði hraðað þannig að framkvæmdir geti hafist á næsta ári. Þá verði heimilað að auka framkvæmdahraða við verkið þannig að því ljúki á fjórum til fimm árum í stað a.m.k. sjö, eins og áformað hefur verið eða ætla má að framkvæmdin taki miðað við núverandi fjármögnunarforsendur.

Gert er ráð fyrir því í þáltill. að ríkissjóði verði heimilað að taka lán í þessu skyni, samtals allt að 1300 millj. kr. á árunum 1990–1994 og þá samkvæmt nánari ákvæðum sem sett yrðu í lánsfjárlög hverju sinni. Skulu þau lán, ásamt verðbótum, endurgreiðast af því fjármagni sem varið verður til stórverkefna samkvæmt vegáætlun á næstu árum. Hins vegar skulu vextir og lántökukostnaður greiðast árlega af ríkissjóði og mætti líta á það sem sérstakt byggðaframlag. Loks er í þáltill. gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin láti fara fram könnun á möguleikum þess að afla sérstaklega lánsfjár og/eða tekna til að standa straum af kostnaði vegna þessarar ákvörðunar, ákvörðunar um að flýta þessum framkvæmdum, og verði áliti skilað til næsta Alþingis þar um.

Ég hygg að fáum dyljist sú mikla þýðing sem þessi nefndu jarðgöng á norðanverðum Vestfjörðum, undir Breiðadals- og Botnsheiði, geta haft fyrir þróun atvinnulífs og í menningar- og félagslegu tilliti á þessu svæði. Með tengingu byggðarlaga yrði allur grundvöllur atvinnu- og félagslífs treystur og meiri hagkvæmni ætti að nást á ýmsum sviðum. Því má heldur ekki gleyma að þessar framkvæmdir á samgöngusviðinu gætu haft í för með sér umtalsverðan sparnað á ýmsum öðrum sviðum. Það er auðvelt að nefna dæmi um þetta samspil mannvirkjagerðar, sérstaklega samgöngumannvirkjanna. Þannig má t.d. auðveldlega sýna fram á, ekki síst á þessu svæði, að bætt vegakerfi geti gert flugvelli óþarfa og benda má á það að á þessu svæði á norðanverðum Vestfjörðum eru, í öllum byggðarlögunum fjórum sem tengjast munu sérstaklega saman með þessum jarðgöngum, áætlunarflugvellir. En með góðum og öruggum vegasamgöngum sem komast á með þessari tengingu ætti einn áætlunarflugvöllur með möguleika á öðrum til vara auðveldlega að geta þjónað svæðinu. Það mundi síðan leiða til þess, vegna aukinnar umferðar um þann völl, að unnt yrði að bjóða upp á betri þjónustu, tíðari ferðir og meiri hagkvæmni næðist.

Svipaða sögu má væntanlega segja um hafnir, a.m.k. hvað snertir sérhæfðari flutninga sem um hafnirnar fara eins og vöruflutninga. Þá ætti að mega samræma og nýta betur mannvirkin en nú er gert. Og síðan má í raun telja svona áfram lengi. Það ætti að mega ná betri nýtingu út úr skólum, heilsugæslustöðvum og hvers kyns aðstöðu, menningarmiðstöðvum, opinberum stjórnsýslubyggingum o.s.frv., með því að gera slíkt svæði að einni sameiginlegri og samfelldri samskiptaheild.

Það er eðlilegt að sú spurning vakni hvort tæknilega sé unnt að flýta rannsóknum og síðan framkvæmdum við þessa gerð jarðganga á Vestfjörðum umfram það sem áður hefur verið fyrirhugað og gert er ráð fyrir í þál. Ég hef látið fara rækilega yfir það og er niðurstaða sérfræðinga Vegagerðarinnar að svo sé. Fyrir því eru m.a. eftirfarandi rök:

Núverandi rannsóknaáætlun gerði ráð fyrir því að á árinu 1989 yrði unnið við kjarnaboranir og viðbótarkortlagningu. Árið 1990, þ.e. á yfirstandandi ári, yrði unnið við úrvinnslu úr þessum borunum, bergtækni- og jarðfræðisnið og á árinu 1991 yrði unnið við gerð forskeringa og frágang á rannsóknarskýrslu. Þessi áætlun hefur miðast við það að verkið verði boðið út veturinn 1991–1992 og framkvæmdir hefjist sumarið 1992. Ofangreindum rannsóknum er hins vegar unnt að ljúka haustið 1990. Þá þyrfti að vinna stíft á næstu mánuðum við þessa úrvinnslu, sem ætlunin hefur verið að vinna hvort eð er á þessu ári, einkum á borkjörnunum sem liggja fyrir og einnig þarf að hraða gerð jarðlagasniða sem nota mætti síðan beint í lokaskýrslu. Gera þyrfti uppkast að jarðfræðiskýrslu á ensku með sambærilegum hætti og gert var þegar undirbúin voru útboðsgögn fyrir framkvæmdir í Ólafsfjarðarmúla. Þá þyrfti að sjálfsögðu hönnunarvinna varðandi göngin, vegi og skála að hefjast sem allra fyrst á þessu ári þannig að útboðsgögn yrðu til um eða fyrir næstu áramót. Það er mat þeirra sem þetta hafa skoðað og þessi verk mundu hafa með höndum að það eigi auðveldlega að takast að haga þessu svo eins og ég hef þegar gert grein fyrir. Það flýtir að sjálfsögðu fyrir að nú hafa menn nýlega reynslu af því að ganga í gegnum sams konar undirbúning framkvæmda þar sem voru framkvæmdirnar í Ólafsfjarðarmúla.

Áætlanirnar hafa hingað til miðast við að framkvæmdirnar tækju a.m.k. sjö ár ef þær yrðu eingöngu sniðnar eftir tekjum af vegáætlun eins og þær bærust að. Þá er gert ráð fyrir því að fjármagn dygði einungis til þess að vinna á einum stað í göngunum í einu, þ.e. fyrir eitt „úthald". Endanleg tilhögun ganganna hefur ekki verið ákveðin en til greina kemur að hafa þau í tvennu lagi eða ein þriggja arma göng. Hvort heldur sem verður er ljóst að tæknilega er vel framkvæmanlegt að vinna á fleiri stöðum í einu og jafnvel æskilegt með tilliti til sparnaðar sem mætti ná með ýmiss konar samnýtingu auk þess að fá mannvirkið fyrr í notkun. Ef unnið væri á tveim stöðum í einu mestan hluta verktímans er líklegt að hann styttist úr a.m.k. sjö árum í fjögur til fimm.

Auk þess að flýta gerð jarðganga væri mjög æskilegt að flýta nýbyggingu 3 km vegar að göngunum í Tungudal en ljóst er að þar er eðlilegast að gangagerðin hefjist. Best væri að sá vegur yrði tilbúinn þegar jarðgöngin verða boðin út þar eð erfitt er að gera bráðabirgðavegi og nauðsynlegt að aðkoma sé orðin greið ef gangagerð hefst síðsumars eða að hausti. Miðað við að framkvæmdir hefjist sumarið 1991 eða einu ári fyrr en reiknað hefur verið með í vegáætlun yrðu göngin væntanlega tekin í notkun seint á árinu 1995. Til þess að vinna verkið á fjórum til

fimm árum í stað sjö þarf annaðhvort að hækka verulega framlag úr Vegasjóði meðan á framkvæmdum stendur eða, eins og tillagan gerir ráð fyrir, afla fjár með öðrum hætti að hluta til. Á þessu ári þarf þó aðeins að leysa lánsfjárþörf að upphæð 45–47 millj. kr. og miðað er við að sú fjárhæð verði tekin inn í fjáraukalög eða lánsfjáraukalög fyrir árið 1990 á komandi hausti. Ætla má að kostnaður vegna flýtingar framkvæmdanna nemi um 430 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 164,9 stig. Eftir að göngin hafa verið opnuð fyrir umferð sparast hins vegar, að áætlað er, snjómoksturs- og viðhaldskostnaður sem nemur a.m.k. 25 millj. kr. á ári í meðalárferði. Á fjármögnunarskeiði framkvæmdarinnar eða flýtingartímanum einum mundu því sparast a.m.k. 75 millj. kr. á þessum kostnaðarliðum.

Hér verður ekki farið út í að fjölyrða um ýmsan annan sparnað, bæði beinan og óbeinan, sem skjótar úrbætur í samgöngumálum af því tagi sem hér um ræðir á norðanverðum Vestfjörðum og jákvæð byggðaþróun, sem vonandi fylgir í kjölfarið, hafa í för með sér. Óhætt er þó að fullyrða að slíkur sparnaður getur orðið verulegur fyrir einstaklinga, atvinnulíf og opinbera aðila. Einn er sá þáttur í þessu sambandi sem vert er að hugleiða og það er að þegar verktökum býðst að vinna hraðar svo stórt verk sem hér um ræðir eru verulegar líkur á hagstæðari tilboðum en ella. Má benda á að ef fengjust um 10% hagstæðari tilboð af þessum sökum lætur nærri að sá sparnaður, að viðbættum sparnaði í viðhaldi (snjómoksturskostnaði), vegi upp lántökukostnað vegna fyrirhugaðrar flýtingar. Nú er að sjálfsögðu erfitt að spá fyrir um það nákvæmlega eða slá á það mælikvarða hversu mikill slíkur sparnaður er sem verktakar geta nýtt sér með því að vinna verkið hraðar, en augljóst er að ýmiss konar úthaldskostnaður og samnýting á aðstöðu býður upp á sparnað í framkvæmdinni. Það er alþekkt frá öðrum framkvæmdum af sambærilegri stærðargráðu og þó það verði ekki um að ræða í prósentvís nema tiltölulega lágar tölur er það fljótt að muna þegar verkin eru af þessari stærðargráðu.

Þá er enn fremur rétt að hugleiða að það hlýtur að verða að telja hvert það ár, sem svo mikil framkvæmd með tilheyrandi fjárfestingu stendur ónýtt vegna lengri framkvæmdatíma, mjög dýrt þó að vissulega sé umdeilanlegt hvaða ávöxtunarkröfur eigi að miða við í því tilviki þegar lagt er mat á hversu dýrt það er að láta slíkt mannvirki liggja ónotað á síðari stigum framkvæmdanna. Engu að síður er augljóst mál að það er hagstætt í ýmsu tilliti að framkvæmdatíminn, þegar á annað borð er byrjað, sé sem stystur þannig að það fé sem í framkvæmdina fer liggi sem allra stystan tíma ónýtt.

Ég vil svo fara um það nokkrum orðum að ýmsir möguleikar hafa verið ræddir til öflunar fjár vegna þessarar flýtingar. Gert er ráð fyrir því að það viðfangsefni verði sérstaklega kannað og áliti skilað til næsta Alþingis þar um. Samgrn. hefur m.a. unnið tillögur um staðbundna gjaldheimtu í formi sérstaks álags á eldsneytisgjald. Þar er aðallega stuðst við fyrirmyndir frá nágrannalöndunum þar sem ýmis stór átök í samgöngumálum hafa einmitt verið fjármögnuð að hluta til eða að öllu leyti með slíkri gjaldtöku, þ.e. þeim sérstaka kostnaði sem af byggingu þeirra og/eða flýtingu, eins og hér á við, leiðir. Þetta fyrirkomulag er til að mynda vel þekkt víða á hinum Norðurlöndunum.

Einnig hefur verið rætt um útgáfu sérstakra skuldabréfa. Eins og kunnugt er var fjár á sínum tíma, m.a. til Djúpvegar og hringvegarins, aflað með sölu sérstakra happdrættisskuldabréfa. Þá er að sjálfsögðu sá möguleiki einnig fyrir hendi að heimamenn greiði að einhverju leyti af slíkum lánum sem tekin yrðu vegna flýtingarinnar með vegtekjum kjördæmisins á árum næst á eftir gangaframkvæmdum.

Ég ætla svo, virðulegur forseti, ekki tímans vegna að lengja framsöguræðu mína fyrir þessu máli en legg á það áherslu að lokum og undirstrika sérstaklega að í mínum huga er hér fyrst og síðast á ferðinni byggðapólitískt mál og byggðapólitísk ákvörðun. Og ég held að nauðsynlegt sé að undirstrika að málið er þannig upp lagt af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar að hér sé um sjálfstæða byggðapólitíska ákvörðun að ræða sem ekki tengist í sjálfu sér því samkomulagi sem fyrir liggur um forgangsröðun verkefna samkvæmt vegáætlun, þar sem um hrein skil yrði að ræða annars vegar á öllum vaxta- og lántökukostnaði sem af þessari flýtingu mundi leiða og því yrði haldið aðgreindu og greitt sérstaklega og beint af ríkissjóði, og/eða með annarri fjáröflun sem ákveðið yrði að grípa til.

Ég bind við það miklar vonir að málið megi njóta hér stuðnings og skilnings. Við það eru miklar vonir bundnar, ekki bara í þeim fjórðungi sem á sérstakra hagsmuna að gæta, Vestfirðingafjórðungi, heldur og víða í landinu þar sem menn horfa til þess að aðstæður byggða og mannlífs verði bættar með stórátökum í samgöngumálum á næstu árum og áratugum. Hér er eitt slíkt mál, mjög stórt, á ferðinni. Það tengist þeim landshluta þar sem byggðaþróun hefur verið alóhagstæðust undanfarin ár. Ég tel því að með því að styðja framgang þessarar tillögu eigi menn þess kost að sýna í verki með mjög myndarlegum hætti að menn vilji eitthvað á sig leggja til þess að snúa við þeirri öfugþróun í byggðamálum sem við höfum allt of lengi mátt búa við.

Ég vona að tillögunni verði tryggður greiður gangur í gegnum þingið og legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. fjvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að lýsa ánægju minni yfir þessari tillögu sem við hér ræðum og stuðningi við þessa tillögu. Þessi tillaga er nokkuð sérstaks eðlis. Það kemur til af því að Vestfirðir hafa sérstöðu í þróun byggðamála. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það í hverju þessi sérstaða liggur. Við skulum minnast þess að landsbyggðin vítt og breitt um landið og einstök byggðarlög hafa átt í

vök að verjast, hlutfallslega fækkað fólkinu og samdráttur orðið víða út um landsbyggðina.

Sérstaða Vestfjarða er fólgin í því að á Vestfjörðum hefur ekki einungis fækkað á þessari öld hlutfallslega íbúum heldur tölulega. Það er eina kjördæmið í landinu þar sem fólksfækkunin hefur orðið svo mikil að það hefur ekki einungis fækkað hlutfallslega heldur tölulega. Á þessu byggist sérstaða Vestfjarða og þróunin síðustu missirin er ekki til þess að hughreysta í þessu efni ef ekki verður gert neitt að. Það sem þarf að gera er að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hamla þeirri ískyggilegu þróun sem hefur verið á Vestfjörðum og er sérstæð fyrir Vestfirði. Þess vegna var það að þegar hæstv. samgrh. kom í byrjun þessa árs með hugmyndir sínar um að flýta framkvæmd á jarðgöngum þeim sem hér um ræðir voru það fagnaðartíðindi fyrir fólkið á Vestfjörðum af því að mönnum þótti að þetta væri sérstakur skilningur á því að það yrði að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að styrkja byggðina á Vestfjörðum.

Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta en nú er komin fram þáltill. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum eins og fram kom í hugmyndum ráðherra fyrst þegar þær komu í dagsins ljós í byrjun þessa árs. Og þá var tekið fram og samkvæmt þessari tillögu er það svo að það er gert ráð fyrir að útvega sérstakt fjármagn til þessara framkvæmda sem hér um ræðir. Það er ekki gengið út frá því að það sé gengið á framkvæmdafjármagn annarra verkefna á Vestfjörðum. Það er ekki gengið út frá því að það sé gengið á framkvæmdafjármagn annarra verkefna í öðrum kjördæmum, nei. Það er gert ráð fyrir því að það sé útvegað sérstakt fjármagn í þessu skyni. Og það er hægt að gera. Það er réttlætanlegt vegna þess að það eru sérstakar aðstæður í þessu kjördæmi, sem ég hef hér vikið að.

Ég þarf ekki hér að fara að ræða um það hve þýðingarmikil jarðgöngin eru fyrir byggðaþróun á Vestfjörðum. Hæstv. samgrh. kom nokkuð inn á þau efni. En ég vil að það komi fram að á fjórðungsþingi Vestfirðinga í september sl. var gerð grein fyrir og lagt fram þingskjal sem varðar þetta mál, hvaða þýðingu jarðgöngin hafa fyrir Vestfirðinga og sérstaklega byggðina á norðanverðum Vestfjörðum í ýmsum samböndum. Þar eru tíunduð atriði sem varða þjónustustofnanir atvinnuveganna. Þar er tíundað það sem varðar sérstaklega sjávarútveginn og þar er tíundað það sem sérstaklega varðar fiskiðnaðinn, landbúnaðinn, opinbera þjónustu margs konar, samgöngur o.fl. o.fl. Þetta var lagt fram á fjórðungsþingi Vestfirðinga í september sl. En ég vil upplýsa það að síðan hefur Fjórðungssambandið unnið að þessum málum og frekari athugunum og útfærslum á ýmsum hugmyndum sem geta komið til framkvæmda á grundvelli þess að jarðgöng verði fyrir hendi. Og það er ekki einungis að í því felist bætt þjónusta fyrir fólkið á Vestfjörðum heldur og eru ýmsir þættir þess eðlis að þeir geta dregið úr kostnaði sem þarf til þess að veita þessa þjónustu.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins um leið og ég lýsi ánægju minni og stuðningi við þessa þáltill. drepa á örfá atriði sem ég hef hér gert. Meginatriðið er það að þessari tillögu verði tekið vel og afgreiðslu tillögunnar verði flýtt svo sem verða má og það megi verða tryggt að hún hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil mega vonast til þess að sú verði raunin á og ég efast ekki um að hæstv. samgrh. er alvara þegar hann leggur ríka áherslu á það að málið fái skjóta og góða afgreiðslu á þinginu.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Öllum er kunnur sá niðurskurður sem varð á vegafé og vegaframkvæmdum á síðasta ári undir forustu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þá var það fé sem aflaðist vegna sérmerktra tekjustofna Vegagerðar ríkisins skorið niður um 682 millj. kr. og sú fjárhæð látin renna beint í ríkissjóð. Það er líka kunnugt að á þessu ári stendur til að skerða vegafé og vegaframkvæmdir frá því sem gert var ráð fyrir í vegáætlun, sem afgreidd var hér 20. maí sl., um 754 millj. kr.

Í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur því verið um mjög mikinn niðurskurð á vegaframkvæmdum að ræða. Hluta af þeirri skerðingu sem stendur til að fram komi á þessu ári mun væntanlega verða reynt að bera uppi af lánsfé. Lánsfé sem þá kemur til greiðslu á komandi árum.

Undir þessum kringumstæðum flytur hæstv. ráðherra hér till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Það er að sjálfsögðu vel, eins og hér hefur komið fram, ef hægt er að flýta framkvæmdum. Ég tek í mörgum greinum undir það sem hér hefur komið fram bæði hjá hæstv. ráðherra og hv. 4. þm. Vestf. um það mikla hagræði sem af flýtingu verka hlýst og hvað það hefur mikið gildi að tengja saman þær byggðir á Vestfjörðum sem hlut eiga að máli. Þetta virðist eiga að gera með þeim hætti að í stað þess, sem vegáætlun segir fyrir um, að hefja framkvæmdir 1992 skuli hefja framkvæmdir 1991 og ljúka þeim á fjórum árum í stað sjö ára.

Allt er þetta vel en kveður þó við nýjan tón miðað við fyrri athafnir hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra í vegamálum. Það verður þó að gera sér grein fyrir því að allt er þetta spurning um fjármagn. Í tillgr. er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán á árunum 1990 til 1994, allt að 1300 millj. kr., samkvæmt nánari ákvæðum sem sett verða í lánsfjárlög hverju sinni. Þar er einnig kveðið á um að vextir og lántökukostnaður vegna slíkra lána verði greiddur úr ríkissjóði sem sérstakt byggðaframlag. Ég vil í sjálfu sér lýsa yfir stuðningi við það ákvæði till. Vegna þess að hér er öðrum þræði og kannski fyrst og fremst um sérstaka byggðaframkvæmd að ræða eins og glögglega hefur komið fram.

Ég vil hins vegar segja það að í grg. með tillögunni eru þessi mál ákaflega lítið skýrð. Og skýringar urðu engu betri í ræðu hæstv. ráðherra sem var að meginhluta upplestur grg. sem tillögunni fylgir. Þar eru til að mynda engar fjárhæðir nefndar um framkvæmdakostnað í heild eða á hverju ári sem stafa af þessari

tillögu. Ekki er rakið hvaða fjárhæðir bætast við vegáætlun á hverju ári framkvæmdatímans. Þar er engin grein gerð fyrir því hvernig flýting verka á jarðgöngum kemur niður á öðrum verkefnum, þar á meðal á Vestfjörðum. Og nú sagði hv. 4. þm. Vestf. að til þessa yrði aflað sérstaks fjármagns sem þýddi að það kæmi alls ekki niður á öðrum verkum.

Ég vitna til þess að í grg. tillögunnar segir, með leyfi forseta: „Til að unnt sé að vinna þetta verk á 4-5 árum í stað 7 þarf annaðhvort að hækka verulega framlag úr vegasjóði meðan á framkvæmdum stendur eða afla fjár með öðrum hætti." Ekki er nú fastar að orði kveðið. Það er sem sé allt í lausu lofti. „Á þessu ári þarf þó aðeins að leysa lánsfjárþörf að upphæð 47 millj. kr. Miðað er við að fjárhæðin verði tekin inn á fjáraukalög fyrir árið 1990 nú á komandi hausti." Af hverju ekki að taka þessa fjárhæð inn á fjáraukalög sem nú eru til meðferðar á hv. Alþingi?

En um fjármögnun málsins er þarna eins losaralega að orði komist og mögulegt er. Og það má kannski segja að það sé bjartsýni og vonandi að sú bjartsýni, sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Vestf., geti átt sér síðar stað í raunveruleikanum, að til komi sérstakt fjármagn sem ekki muni skerða aðrar framkvæmdir í landinu, hvorki á Vestfjörðum eða annars staðar. En eins og þetta er sett fram þá er í rauninni mjög hæpið að það geti staðist. Og engin grein er gerð fyrir því hvort önnur verk eða hvaða önnur verk verða þá að þoka að sama skapi. Það er t.d. engin grein gerð fyrir því hvernig Vestfirðir fara að því að standa straum að sínum hluta, að því að leggja fé á móti þessum framkvæmdum sem eru stórverkefni, fé af sínum kvóta úr hinu almenna vegafé. Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir ári síðan var mótuð sú regla að hlutaðeigandi kjördæmi skyldi leggja fram 20% kostnaðar við jarðgangagerð og 35% kostnaðar við brúargerð, teljist þessi verkefni til stórverka.

Miðað við þá flýtingu sem hér er á ferðinni í jarðgöngum og miðað við það að á sama tíma er verið að brúa Dýrafjörð, þá hygg ég að það verði æríð þröngt fyrir Vestfirðinga að standa straum að sínum hluta af þessu fé og gæti jafnvel farið svo að engin önnur verk í vegamálum yrðu þar í gangi eða gætu verið. En það er ekki nokkur einasta grein gerð fyrir þessu í tillögunni eða grg. með henni og engar upplýsingar í ræðu hæstv. ráðherra, eins og hann hafi ekki hugleitt þetta.

Ég hlýt því að segja það að mörgum spurningum er ósvarað um þetta mál. Spurningum sem hlýtur að verða að spyrja í fjvn. undir meðferð málsins ef ekki koma fram svör hér. Ég kasta ekki rýrð á það að hér er um byggðapólitískt mál og þýðingarmikið mál að ræða og það er gott að geta komið þessu máli áfram og það er gott að geta komið hér fram ýmsum öðrum slíkum málum sem þýðingu hafa fyrir byggðirnar í landinu. En menn verða að gera sér grein fyrir því að það kostar peninga. Og menn verða að gera sér grein fyrir því að þegar slík mál eru flutt þá á að gera grein fyrir því hvernig peninganna skuli aflað. Hér er á ferðinni mál, eins og mörg önnur mál af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þar sem settar eru fram tillögur og málatilbúnaður hafinn um útgjöld úr ríkissjóði sem engin grein er gerð fyrir hvernig eigi að fjármagna en koma til greiðslu þegar þessi hæstv. ríkisstjórn er farin frá.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi þáltill. vekur furðu mína vegna þess að á sama tíma hefur núv. ríkisstjórn skert verulega vegafé. Og það bitnar á öllum landsmönnum. Á sama tíma hefur núv. ríkisstjórn ekki bolmagn til þess að standa undir viðhaldi á einum fjölfarnasta vegi landsins. Ég er að tala um Reykjanesbrautina, þar sem þúsundir manna fara um á hverjum degi, þar sem stórkostleg hætta er og vegurinn er þannig að það er algerlega óforsvaranlegt að ekki skuli gert við hann. Ég vil benda á það í þessu sambandi að aðeins aukakostnaðurinn við flýtingu framkvæmda á þessari áætlun mundi nægja og meira til til að leggja nýtt slitlag á alla Reykjanesbrautina eina, en hann er 430 millj. Þetta sýnir hvílíkt ábyrgðarleysi er hér á ferðinni og hvernig tillöguflutningur þetta er.

Ég flutti í haust með fyrstu málum á þinginu tillögu um tvöföldun Reykjanesbrautar. Sú tillaga hefur verið gagnrýnd fyrir það sem núna er sett í þessa tillögu af hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar, að það eigi að vera sérstök fjáröflun fyrir hana. Maður hlýtur að spyrja sig hvort ríkisstjórnin eigi ekki að standa ábyrg frammi fyrir því sem hún gerir eða hvort hún ætli bara að leggja á skattborgarana hærri skatta. Ég vil benda á að hér er um að ræða áætlun sem sennilega kostar 7–8 milljarða, a.m.k. stendur ekkert um það í tillögunni að hún kosti minna. Maður þyrfti að fá gleggri svör frá hæstv. samgrh. um hvað þetta þýðir í rauninni. Að leggja fram áætlun, eins og þessa hér, um þvílíkt stærðarverk er dónaskapur við þingið. Og það verður að fá því svarað hvaða vegaframkvæmdir á að skera niður í viðbót við þær sem þegar hefur verið ákveðið að skera niður á þessu ári. Það hefur verið ákveðið að skera niður vegafé um 10%, er okkur þingmönnum tjáð, í kjördæmum nú þegar vegna þess að ríkisstjórnin þarf að nota þá peninga í eitthvað annað. Hvar ætlar núv. ríkisstjórn að taka fjármuni upp á 8 milljarða í þetta? Þessum spurningum verður hæstv. samgrh. að svara. Það er ekki hægt að bera það á borð fyrir hv. Alþingi að hér sé fleygt inn áætlun á síðustu dögum þingsins með þessum hætti án þess að henni fylgi ítarleg úttekt og grg. um fjármögnun og hvernig á að standa að þessum framkvæmdum. Annað er dónaskapur. Hér hefur verið samþykkt vegáætlun sem okkur hv. þm. er sagt að megi ekki hvika frá, hún er gerð til fjögurra ára, og það er lágmark að þeirri áætlun sé breytt og þetta sett inn á hana.

Ég ætla ekki að draga úr mikilvægi þess að leggja jarðgöng á Vestfjörðum, sem er allt annað mál. En hvernig að þessu er staðið er bara blekkingarleikur. Þetta er bara kosningamál. Það sem þeir eru að gera er að þeir hugsa sér að hlaupa frá hvort sem er og þá sé þessi víxill ógreiddur og það komi í hlut einhverra

annarra að borga þetta eins og margt annað sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra getur hrópað hér fryjuorð til skíðamanna, en þeir eru líka á Vestfjörðum. (**KP:** Já og ekki verri.) Og ekki verri nei, það er rétt.

Og það verður að segjast eins og er að grg. sem fylgir þáltill. fullnægir ekki þeim kröfum sem Alþingi Íslendinga gerir til grg. frá ríkisstjórn og ráðherrum um stórfellda framkvæmd sem á að fara fram upp á kannski 8 milljarða. Það hlýtur að vera krafa Alþingis að menn vinni heimavinnuna sína en hendi ekki inn einhverjum kosningavíxlum fyrir hv. Alþingi.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Og svo sannarlega er þetta gleðiefni að geta flýtt framkvæmdum í samgöngumálum. Ég samfagna vinum mínum Vestfirðingum að eiga þarna von á svona mikilli samgöngubót fyrr en hefði mátt vænta. Það er alveg rétt líka að á undanförnum árum og mjög lengi raunar hafa farið fram umræður í þjóðfélaginu um byggðamál og byggðastefnu. Byggðastefnu sem við áhugamenn, sem um hana höfum talað, höfum ekki getað komið í framkvæmd nema að litlu leyti. Byggðastefnu sem á eftir að vinna stórmikið við og gera stór átök áður en hún rís undir nafni. Og það er ekki hægt að neita því að Vestfirðingar í þeim ágætu byggðum hafa búið við sérstaka erfiðleika í samgöngumálum. Ég segi fyrir mig að ég má ekki til annars hugsa en að allt verði gert sem mögulegt er til að létta þeim róðurinn í þessum efnum. Það eiga þeir svo sannarlega skilið Vestfirðingar. Þær byggðir sem leggja á borð með sér í þjóðarbúið ekki minna en hver maður getur séð sem vill kynna sér það.

Þess vegna er það svo að okkur getur ekki dulist að það átak sem hér er fyrirhugað í samgöngumálum sé mikils virði fyrir þróun atvinnulífs, menningu og félagsmál þar vestra. Ég fagna öllum átökum sem gerð eru til þess að bæta samgöngur á Vestfjörðum og ann Vestfirðingum alls góðs í þessum efnum. Ég vil endurtaka það.

Það er aðeins eitt atriði sem ber að íhuga og staldra ögn við þegar rætt er um að hraða framkvæmdum í þessu „byggðapólitíska stormáli", eins og hæstv. samgrh. komst að orði. Sú athugasemd er þess efnis hvort flýting þessarar jarðgangagerðar kunni ekki að seinka öðrum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í samgöngumálum, hvort sem þær eru innan eða utan gildandi vegáætlunar. Það er þetta atriði sem við þurfum að staldra við og íhuga.

Og auðvitað eru þær athugasemdir réttar, sem hér hafa komið fram frá fleirum en einum ræðumanni, að þegar um svo dýrar og miklar framkvæmdir er að ræða þurfi vitaskuld að gera hákvæma og glögga grein fyrir því hvernig afla eigi fjár til þeirra af hálfu stjórnvalda.

Ég ætla ekki að ræða um þetta í löngu máli en í þessu efni vil ég þó aðeins ræða og nefna eina einustu framkvæmd í samgöngumálum. Svo vill til að sú vegagerð snertir einmitt Vestfirðinga allra manna mest að mínum dómi. Það er vegagerð yfir Gilsfjörð. Það mál hefur verið kannað á undanförnum árum og til þeirra rannsókna hefur runnið fé árlega. Þeirri rannsókn lýkur á þessu ári og er fullyrt að nægileg fjárveiting sé þegar fyrir hendi til að greiða allan kostnað sem um verður að ræða í þessu skyni. Allar rannsóknir, sem þetta mál varða, lofa góðu og sýna arðsemi og hagræði frá öllum hliðum. Þær eru óteljandi þær samþykktir sem gerðar hafa verið um þetta mál bæði á Vesturlandi og Vestfjörðum og ég veit ekki betur en alþingismenn Vesturlands og Vestfjarða séu einhuga um málið. Óteljandi samþykktir í háum bunkum hafa verið gerðar um þetta efni bæði vestan Gilsfjarðar og sunnan. Og allir sem til þekkja telja þetta stórmál.

Ég vil leyfa mér að benda á að fyrir þessari framkvæmd, sem ég nú nefni, má færa mörg rök sem ég ætla ekki að telja upp nú en segja þó að hún er á svæði svokallaðrar Dalabyggðaáætlunar. Það er ein elsta byggðaáætlun sem gerð hefur verið og staðfest af ríkisstjórn. Það var á ríkisstjórnarfundi 13. febr. 1981. Ég held að okkur alþingismönnum sé sæmra að reyna að framfylgja þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið heldur en láta okkur nægja að þær rykfalli einhvers staðar uppi í hillum. En um þetta mál má ræða svo margt að ég ætla ekki að eyða tíma í það, aðeins segja að það er mitt álit að þessi ágæta framkvæmd sem við ræðum hér um og varðar jarðgöng á Vestfjörðum megi ekki seinka þeirri framkvæmd sem ég hef hér gert að umtalsefni, vegagerð yfir Gilsfjörð, sem fyrirhugað er að framkvæmd verði í beinu framhaldi af brúargerð á Dýrafirði sem á að ljúka á næsta ári, þ.e. að það þurfi að hefja þessa framkvæmd á Gilsfirði á árinu 1992.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Þetta er mál sem er stór liður í því að reyna að halda byggð í þessu landi í sæmilegu horfi og minnka mismuninn á lífsaðstöðunni í landinu. Ég ætla ekki að fara að ræða efni tillögunnar, það er búið að gera það af öðrum og ég hef litlu við það að bæta. En ég er ekki sammála því sem hefur komið hér fram. Það eru hliðstæðar ástæður t.d. á Austfjörðum og á Vestfjörðum í samgöngumálum og í byggðamálum. Þar á ég við t.d. Neskaupstað, Mjóafjörð og jafnvel Vopnafjörð þó að ég telji að það sé alveg rétt að jarðgöng um Vestfirði hafi átt að ganga fyrir. Það tel ég rétt. En við megum ekki gleyma því að það er ekki ósvipað ástand og knýjandi þörf að gera þetta t.d. á Austfjörðum. Við getum ekki búist við því að það fólk sem stendur undir velmegun í landinu, þ.e. í þessum sjávarplássum, uni því til lengdar að hafa allt aðra lífsaðstöðu en er í öðrum byggðum landsins. En ég get ekki betur séð en að óvíst sé hvernig þessar framkvæmdir verða á næstu árum. Við stöndum á krossgötum í sambandi við atvinnustefnu í landinu.

Það er verið að tala um stóriðju. Það er verið að tala um það að meðan á uppbyggingu hennar stendur

verði hið opinbera, bæði ríkið og sveitarfélögin, að draga úr sínum framkvæmdum. Ég heyrði að í fréttum í gær var talað um það að Atlantal-hópurinn vildi tryggja sér að byggja ekki 200 heldur 400 þúsund tonna álsmiðju á Íslandi á næstu tíu árum. Hvað þýðir þetta ef af verður og ef framkvæmdir liggja eftir eins og seðlabankastjóri er búinn að áleggja ríkisstjórn að gera og embættismenn ríkisins tala nú um á bak við tjöldin? Við sem berum ábyrgð á framkvæmdastefnunni í landinu hljótum að staldra við og hugleiða hvað er hér á seyði. Það er alveg rétt sem hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði áðan, það var tekin ákvörðun um fyrir mörgum árum að stefna að því að byggja brú á Dýrafirði. Það er ekki nóg að samþykkja þessa tillögu ef svo er verið að tala um á sama tíma að það verði að draga úr þessum framkvæmdum. Það er ekki nóg að ákveða vegafé á fjárlögum í vegáætlun og taka það svo til baka. Það er ekki nóg. Ef við viljum vera ábyrg á annað borð verðum við að horfa á þessi mál af fullri einurð, af kjarki og ekki að láta alls konar agenta villa okkur sýn.

> Agentar hafa hér áður sést
> og oftast í gróðaleit.
> Sannleikann fáir mátu mest,
> mundu ekki gefin heit.

Það hefur sannast og mun áfram sannast að það er ekki nóg að samþykkja gott mál á Alþingi ef því er ekki fylgt eftir. Og það er eins víst og tvisvar tveir eru fjórir að ef ákveðið verður að byggja á næstu tíu árum, hvar sem það verður staðsett, 400 þúsund tonna álver þá er byggðastefnan búin að snúast í andhverfu sína og þá er þýðingarlítið fyrir okkur að samþykkja þetta mál að mér sýnist. Eða ég vil spyrja hæstv. samgrh. sem ég veit að berst fyrir þessu máli af heilindum: Hvernig getur hann tryggt það ef hin ákvörðunin verður tekin og ef farið verður eftir ráðleggingu seðlabankastjóra og annarra hagfræðinga, sem eru að ræða um það í skúmaskotum að þetta sé gott mál? Álverksmiðja er mjög gott mál, segja þeir. En þeir segja líka: Það fer verðbólguskriða af stað nema dregið verði úr öðrum framkvæmdum. Það er málið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt lengra nú. Ég mun ræða þetta álævintýri betur hér í sölum Alþingis síðar. Ég hef reynt að afla mér þeirra upplýsinga sem mögulegt er að fá bæði í Evrópu og vestan hafs. Og ég hef reynt að kynna mér hvernig hefur verið staðið að eftirliti hjá ÍSAL. Ég hef reynt að fá þær upplýsingar sem hægt er í þessu máli. Það er ekki fallegur lestur að hlusta á fyrir þá sem hafa ráðið þessum málum á undanförnum árum og ráða enn. Og ætla sér svo að fara út í svona framkvæmd miðað við þá reynslu sem við höfum er forkastanlegt.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég hlýt sem Vestfirðingur og íbúi á því svæði sem hér er verið að ræða um að fagna mjög þessari tillögu. Ég hygg, enda hefur það komið fram hjá velflestum hv. þm. sem hér hafa talað, að menn skilji þörfina og nauðsynina á því að hendi verði tekið til að því er samgöngumál varðar á Vestfjörðum. Það er að vísu ein undantekning, hv. 11. þm. Reykn. fór aðeins út af sporinu í sinni ræðu og fór að tala um Reykjanesbrautina í tengslum við þetta, eins og hún kæmi þessu máli eitthvað við, braut sem er búin að vera teppalögð í marga áratugi. Ég hygg að þeir sem eru þessarar skoðunar eins og hv. þm. Hreggviður Jónsson ættu að íhuga svolítið aðstæður á þessu svæði.

Hér utan dyra eða suður með, í Hafnarfirði, Kópavogi eða enn sunnar sjá menn ekki mikinn snjó. Á Vestfjörðum eru þriggja hæða hús núna á kafi í snjó. Þeir sem tala á þann hátt sem hv. þm. Hreggviður Jónsson gerði gera sér auðvitað enga grein fyrir aðstæðum á þeim svæðum sem verið er að tala um. Einstaklingar á borð við hann ættu auðvitað að setjast að á þessum svæðum, vera þar í nokkurn tíma þegar mest gengur á og vita hvort hugarfarið breyttist þá ekki í þá veru að þarna sé þörf á því að bæta úr. Ég hygg að það dyljist engum, sem á annað borð hugleiðir málið og vill vera sanngjarn, að ekkert landsvæði er eins illa sett samgöngulega séð og Vestfirðir. Þá er ég að tala um landshlutann. Auðvitað geta menn tekið út úr einhvern tiltekinn stað annars staðar á landinu og sagt svipað um hann. En svæðið á Vestfjörðum, sem heild, er samgöngulega séð langverst sett af öllum svæðum sem hægt er að ræða um.

Menn hafa mikið rætt um þessa framkvæmd, sem ég auðvitað geri ráð fyrir að verði, þó að ég taki að vísu undir það sem fram hefur komið í þessum umræðum, að oft er ekki nægilegt að þáltill. séu samþykktar hér á Alþingi. Meira að segja er ekki nóg að lög séu samþykkt á Alþingi. Það tekur ærið langan tíma að framkvæmdin skili sér þó að Alþingi sé búið að veita samþykki sitt og leggja blessun sína yfir málið. Á það vil ég leggja mikla áherslu. Ég geri ráð fyrir því, og raunar veit eftir undirtektum sem hafa komið fram, að þessi tillaga verður samþykkt í þinglok. Ég er ekki í neinum vafa um það. En það dugar ekki. Það verður að sjá svo um að framkvæmdin skili sér. Það dugar ekki að samþykkja tillögur sem síðan eru lagðar til hliðar og ekkert með þær gert. Ég legg höfuðáherslu á það að framkvæmdin komi í ljós strax.

Menn hafa eðlilega spurt: Er með þessari tillögu verið að slá einhverju öðru á frest í samgöngumálum? Ég er sömu skoðunar og hv. 4. þm. Vestf. að ekki sé verið að slá neinu öðru á frest. Hér er verið að tala um að afla fjármagns til þessa verkefnis án þess að það skerði önnur. Ef svo er ekki óska ég eftir því að hæstv. samgrh. greini frá því hér. Ef meiningin er, eins og sumir, ja fullyrða ekki en vilja upplýsingar um, að þessi framkvæmd þýði að það verði skorið annars staðar í samgöngumálum þá eru menn að tala á röngum nótum. Ég lít þannig á þetta mál að hér eigi að afla sérstaks fjármagns án þess að skerða neins staðar annars staðar það sem búið er að ákveða. Auðvitað er nauðsynlegt að það komi fram hvort þetta er ekki réttur skilningur.

Hv. 4. þm. Vestf. vitnaði til samþykkta frá fjórðungsþingi, ítrekaðra samþykkta þaðan, ekki bara einu sinni heldur oftar og um fleiri mál líka. Á sama tíma og

fjallað var um jarðgangagerð á fjórðungsþingi var samþykkt sérstök ályktun að því er varðaði Óshlíðarveg og vakin athygli á að bæta þarf öryggi á þeirri leið. Skal ég ekki víkja að því frekar hér. Það kemur væntanlega til umræðu við afgreiðslu vegáætlunar. Auðvitað hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga haft í fleiri horn að líta en þetta. Nú eru á ferðinni stórmál sem geta haft veruleg áhrif á byggðaþróun í landinu sem víða hefur farið mjög illa með tiltekið landsvæði og virðist eiga að halda áfram undir handleiðslu stjórnvalda ekki bara núverandi heldur og áður. Ég nefni þar t.d. kvótann, fiskveiðistefnuna. Hvaða áhrif halda menn að frv., sem hæstv. ríkisstjórn lagði fram á Alþingi og nú liggur fyrir í hv. Ed., eða þau lög, verði það samþykkt, hafi á byggðaþróun t.d. á Vestfjörðum á næstu árum og áratugum? Menn verða auðvitað að ræða byggðastefnuna í samhengi ef hún á að vera á annað borð.

Virðulegur forseti. Ég skal fara að hætta. Það má segja miklu fleira um þessi mál og auðvitað er þörf á því að ræða þau. Ég legg áherslu á það að í mínum huga þýðir afskaplega lítið að byggja jarðgöng á Vestfjörðum eða flýta þeim um eitt ár ef á samtímis af hálfu stjórnvalda að draga kjark og líf úr því fólki sem byggir þetta svæði með helstefnu í fiskveiðum eins og henni hefur verið beitt og og á að versna, eins og allt lítur út fyrir, með frv. sem liggur fyrir Alþingi. Það dugar ekki að taka í einn spotta sem kannski virðist landfastur ef hinum er sleppt sem líka þarf að byggja á. Líftaugin er víðar en í samgöngum. Það þarf líka að afla teknanna, ekki bara fyrir Vestfirði heldur og fyrir þjóðfélagið. Og það gerist í gegnum fiskinn, fiskveiðar og fiskvinnslu. Til þess að það geti gerst þurfa menn að njóta þess að vera í nálægð fiskimiða og geta hagnýtt þau á sem ódýrastan hátt. En það gerist ekki með því að farið verði með fiskveiðistefnuna um ótiltekinn tíma eins og hæstv. ríkisstjórn leggur til. (Forseti hringir.) Já, virðulegi forseti, ég skal hætta. En ég ítreka stuðning minn við þessa þáltill. en ítreka enn frekar að það er ekki nóg að samþykkja hana. Það verður að hefja framkvæmdir í áframhaldi af því. Ég er ekki í neinum vafa um það að til þess er ætlast og ég treysti hæstv. samgrh. til þess að sjá svo um, hvað sem öðru líður, að framkvæmdin eigi sér stað eftir að tillagan hefur verið samþykkt. Ég ítreka einnig þá skoðun mína að með þessu er ekki verið að mínu viti að draga úr framkvæmdum á öðrum sviðum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Umræður um samgöngumál eru að þessu sinni ánægjulegar þar sem þeir sem hér hafa talað hafa allir lagt á þau áherslu þó það sé misjafnt eftir því hvar þeir eru búsettir á hvað þeir hafa horft í því sambandi. Um leið og ég lýsi stuðningi við þessa þáltill. fagna ég því að Vestfirðingar fengu fyrir stuttu síðan bætta tengingu við Snæfellsnes með tilkomu nýrrar ferju sem gengur á milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Það eru stórir atburðir að gerast þegar slík þróun á sér stað sem þar hefur orðið. Og ég vil jafnframt þakka þeim fyrrv. samgrh. sem unnu að því að gera hana að veruleika. Ég vil bæta því við að sú ákvörðun, sem tekin var við seinustu vegáætlun, að fara í jarðgangagerð á Vestfjörðum var mjög stór ákvörðun og tímamótaákvörðun. Ég fagna því jafnframt að sá samgrh. sem tók við hefur ekki viljað hægja á ferðinni hvað þetta snertir heldur auka ferðina. Við Vestfirðingar hljótum vissulega að fagna í þeim efnum.

Ég ætla samt sem áður að telja upp nokkur stórverkefni sem eru enn eftir á Vestfjörðum þó þetta sé unnið. Dýrafjarðarbrúin er verkefni sem hafist verður handa um af fullum krafti í sumar en byrjað var á í fyrrasumar. Í brúarframkvæmdum er Dýrafjarðarbrú eftir, þarf að koma brú yfir Gilsfjörð, eins og hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Vesturl. og ég þakka honum fyrir hans orð þar um. Ég lít svo á að því verði ekki slegið á frest að fara í þá brúargerð þegar Dýrafjarðarbrúnni er lokið. Ég minna jafnframt á það að um leið og jarðgöngin eru orðin að veruleika og brú yfir Dýrafjörð verður þá búin að vera í nokkur ár þá er það ekkert vafaatriði að íbúar norðursvæðisins munu horfa með nokkrum öfundaraugum til þess möguleika að komast til Brjánslækjar lengri tíma á ári en þeir komast í dag. Í því sambandi er það Rafnseyrarheiðin sem fyrst og fremst hindrar því snjóflóðahætta er mikil á því vegarstæði sem er og kallar á stórframkvæmdir að koma þar á eðlilegri lausn. Dynjandisheiðin aftur á móti er heiði sem hægt er með lagfæringum á vegi að halda opinni ef vegur þar væri nægilega vel byggður og nútíma snjómokstursstækjum beitt.

En það er einnig rétt að taka fram, af því að menn hafa í þessari umræðu hlaupið um landið þvert og endilangt til að finna staði þar sem benda mætti á að vegir séu lokaðir alllengi, eins og við Mjóafjörð, að Árneshreppurinn á Vestfjörðum er lokaður á hverju ári vetrarmánuðina hér um bil alla. Og hreppurinn er nú eitt af þeim svæðum sem áhugamenn um fagra náttúru munu sækja heim í vaxandi mæli á næstu árum því náttúrufegurð er einstök þar norður frá. Ég hygg að undan því verði ekki vikist að láta á það reyna hvort hægt sé að flýta því að gera þar sumarfæran veg. Ég segi sumarfæran veg því ég lít ekki á það sem sumarfæran veg ef menn geta ekki ferðast sumartímann eftir veginum á fólksbílum án þess að eiga á hættu að stórskemma bílana.

Allt leiðir þetta hugann að því hversu mikið við Íslendingar eigum ógert í samgöngumálum. Sé skoðað hversu langt við erum komnir á sumum sviðum í þjónustu og stutt á öðrum þá blasir við að við erum sennilega komnir lengst allra þjóða á sviði heilbrigðismála ef tryggingakerfið og heilbrigðiskerfið eru sett í einn pakka, svo langt að það er spurning hvort við rísum undir því í framtíðinni. En við erum mjög stutt komin í vegamálum. Sé þetta borið saman við áherslupunkta hjá Rómverjum hinum fornu, áherslupunkta um í hvað eigi að verja fjármunum, stangast þetta allillilega á. Þeir trúðu því nefnilega að Rómaveldi yrði aldrei stærra en það svæði sem þeir legðu

vegi um. En einhvern veginn virðist það vera svo að allmargir Íslendingar trúi því að Ísland geti orðið stærra en það landsvæði sem við leggjum vegi um. Ég held að svo sé ekki. Ég held að kenning Rómverjanna sé rétt.

Ef menn ekki treysta sér til að leggja nothæfa vegi um ákveðna hluta þessa lands þá eru menn jafnframt að taka ákvarðanir um að það svæði tilheyri ekki Íslandi í framtíðinni. Þá eru menn að taka ákvarðanir um að það verði spurning hvort Sameinuðu þjóðirnar eða einhver slíkur aðili óski eftir því að fá viðkomandi svæði fyrir flóttamenn og muni leggja til fjármuni til þess að koma þar upp því sem til þarf svo það verði byggilegt. Ég held að þetta sé kannski meira í brennidepli en margir ætla því eitt af stærstu vandamálum okkar tíma er það hvað á að gera við þá stóru hópa manna sem í dag eru geymdir bak við gaddavírsgirðingar og enginn vill hafa á sínu landi á þessum hnetti.

Menn hafa verið nokkuð þungorðir í garð núv. ríkisstjórnar fyrir að hafa ekki nýtt sér að fullu heimildir til að hækka bensín og hækka þungaskatt. Ég tek vissulega undir það að ég tel að við þurfum að verja meiri fjármunum til vegamála en ég held aftur á móti að sú stefna sé rétt að lækka þungaskattinn. Ég held að það sé ekki sanngjarnt gagnvart þeim byggðarlögum sem þurfa að búa við það að flytja mestallan sinn varning með vörubifreiðum að þeir sitji uppi með þær greiðslur á sínu vöruverði sem þungaskatturinn hefur verið. Ég held að menn hafi verið komnir þar yfir mörkin í eðlilegri skattheimtu.

Nú glymur bjallan og það er ekkert vafaatriði hverjum hún glymur. Ég ætla því ekki að hafa mál mitt lengra en þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. samgrh. fyrir að hafa lagt þessa till. fram til þál.

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég lýsi stuðningi við það mál sem er til umræðu. Ég tel að aðstæður séu hinar verstu á Breiðadals- og Botnsheiði og það sé full ástæða til að leggja þar jarðgöng og mest aðkallandi hér á landi nú. Um það er enginn ágreiningur, þar á meðal á Austurlandi þar sem menn hafa líka áhuga á jarðgangagerð á stöðum sem erfiðir eru yfirferðar að vetrarlagi.

Sú tillaga sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að flýta skuli framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem áformað er samkvæmt fyrirliggjandi vegáætlun. Ég hlýt að undirstrika það við þessa umræðu að ég tel að samþykkt tillögunnar feli í sér að flýtt sé jarðgangagerð almennt.

Ég styð tillöguna heils hugar en hún hlýtur að þýða þetta. Hún hlýtur jafnframt að þýða það, ef Alþingi samþykkir hana, að vegamál og samgöngumál eiga að fá aukið vægi í opinberum framkvæmdum á næstunni. Við erum satt að segja með vegáætlun í höndunum til endurskoðunar og höfum ekki neitt áþreifanlegt í þeim efnum, síður en svo. Við höfum orðið að ganga í það verk að skera niður vegáætlun og sá niðurskurður er, ef ég man rétt, yfir 700 millj. frá því áætlað var í fyrra. Ef við eigum að endurgreiða þær lántökur á vegáætlun næstu ára er óhjákvæmilegt að við verðum að leggja meira fé til þessara mála en við höfum gert. Ég álít að samþykkt tillögunnar sé ásetningur í því efni. Og samþykktin sé ásetningur í því að halda áfram jarðgangagerð í landinu og láta þráðinn ekki slitna.

Með því fororði styð ég tillöguna en ég vil taka fram að ég tel þá röð sem hér er sjálfsagða og eðlilega og styð Vestfirðinga af heilum hug í því að vera næstir í röðinni hvað jarðgangagerð snertir. Eigi að síður komumst við ekki hjá því að líta á fjármögnun næstu ára í þessum efnum og við verðum að tillögunni samþykktri að leggja meira fé til vegagerðar en við höfum gert.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessar umræður hafa verið um margt athyglisverðar. Ég vil segja það sem mína skoðun að því er varðar efnisatriði tillögunnar sem hér liggur fyrir að ég hygg að fá mál skipti meira til þess að tryggja byggð á Vestfjörðum en einmitt framkvæmdir af þessu tagi. Ég hygg réttnefni að hér sé um byggðapólitískar ákvarðanir að ræða. Ég hef sannfærst um það í heimsóknum vestur á firði að slíkar framkvæmdir muni alveg vafalaust ráða úrslitum um þróun byggðar á þessu mikilvæga atvinnusvæði landsins.

Ég vil þess vegna minna á og taka undir þá áminningu hv. 2. þm. Vestf. að það var hv. 1. þm. Vestf., á meðan hann var samgrh., sem varðaði veginn í þessu efni og lagði af stað með þau stórhuga áform sem menn sjá nú fyrir að senn komist í framkvæmd. Það er jafnframt nauðsynlegt að vekja á því athygli, sem hér hefur rækilega verið gert ekki einungis af talsmönnum stjórnarandstöðunnar heldur líka af öllum talsmönnum stjórnarflokkanna sem hér hafa talað, að hæstv. samgrh. hefur ekki sýnt mönnum fram á að hann sé að flytja tillögu um að flýta verkáætlun í fullri alvöru. Honum hefur ekki tekist að sýna fram á að það sem við á að eta, sem eru peningarnir, sé fyrir hendi. Og þær efasemdir hafa komið fram ekki síður af hálfu talsmanna stjórnarflokkanna en stjórnarandstöðu. Þessum framkvæmdum verður ekki flýtt án þess að fjármagn sé fyrir hendi. Hæstv. núv. samgrh. hefur reist sér minnisvarða. Hann hefur reist sér minnisvarða um að vera sá ráðherra samgöngumála sem gengið hefur lengst í því að skera niður framkvæmdir í samgöngumálum, að stöðva þá þróun sem verið hefur í þeim efnum og að hindra að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, næðu fram að ganga. Enginn samgrh. hefur gengið jafnlangt í því og núv. hæstv. ráðherra. Það er sá minnisvarði sem hann hefur reist sér. Og nú á að reyna að bæta nokkuð úr með því að leggja fram tillögu um að flýta framkvæmdum, sem eru mikilvægar fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum, en án þess að sýna fram á að það sé unnt að gera þetta, án þess að sýna fram á að fjármagnið sé fyrir hendi.

Það eru opnuð ávísanahefti á lánsfjárlög og fjárlög en ekki gerð grein fyrir því með hvaða hætti á að ná þeim markmiðum. Hæstv. fjmrh. hefur á stundum sagt að taka þurfi á ríkisfjármálum með miklu aðhaldi. Ekki sé hægt að ávísa úr ríkissjóði án þess að menn hafi séð fyrir hvernig á að afla peninganna. Og hann hefur stundum flutt hér ádrepur í þeim efnum. Að vísu hefur enginn fjmrh., að ég hygg, haft önnur eins lausatök á stjórn ríkisfjármálanna og einmitt sá hæstv. ráðherra sem nú situr í þeim stól. Hann talar þannig tungum tveimur. Það kemur heim og saman við aðrar athafnir hans. Hann er hvort tveggja í senn formaður Alþb. og helsti andstæðingur þess í framboði til borgarstjórnarkosninga hér í Reykjavík. Þeir eru formaður og varaformaður í Alþb., hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. Og það er ástæða til að spyrja hvort það kunni að vera vík milli vina í samgöngumálunum eins og í flokksmálunum.

Það er auðvitað ekki hægt að ljúka, frú forseti, umræðu af þessu tagi án þess að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir fjárhagslegri hlið málsins. Því hæstv. samgrh. er búinn að opna ávísanahefti bæði á fjárlög og lánsfjárlög, ekki bara á næstu árum heldur líka á þessu ári, vegna þess að það á að breyta fjárlögum þessa árs í þessu skyni. Og með hliðsjón af öllum hinum stóru yfirlýsingum hæstv. fjmrh. um hina nýju stefnu sem hann stundum segir að ríki í fjmrn. er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. komi hér og geri grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Geri grein fyrir því hvernig þessi málatilbúnaður um fjármögnun verksins samræmist öðrum yfirlýsingum fjmrh. um fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar. Það eru stundum gerðar kröfur til þess að ríkisstjórnir hafi samræmda stefnu.

Við vitum að þetta er ekki í fyrsta skipti sem áform eru uppi um að flýta framkvæmdum af byggðapólitískum ástæðum. Í flestum kjördæmum, að ég hygg, hafa verið teknar ákvarðanir í samgöngumálum vegna brýnna byggðahagsmuna að flýta mikilvægum verkefnum. Ég veit að a.m.k. í mínu kjördæmi hafa slíkar ákvarðanir verið teknar. En hæstv. núv. ríkisstjórn hefur með niðurskurði sínum reynt að koma í veg fyrir og reyndar komið í veg fyrir að unnt væri að endurgreiða lán, sem tekin hafa verið af þeim sökum, eins og áætlanir stóðu til um. Það veit hæstv. dómsmrh. Í ljósi þessa er auðvitað full ástæða til að hæstv. fjmrh. geri ítarlega grein fyrir því hvernig á að standa að fjármögnun þessara framkvæmda. Það verður ekkert gert, það vita Vestfirðingar, nema peningar séu fyrir hendi.

Ég óska þess vegna eftir því, frú forseti, að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir þessari mikilvægustu hlið málsins af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Því að öll þessi góðu áform velta á því hvaða ákvarðanir verða teknar í þeim efnum. Stjórnarþingmenn hafa lagt á það áherslu að þessi áform megi ekki skerða aðrar framkvæmdir. Hvernig eiga menn að trúa því eftir þann mikla niðurskurð sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir í samgöngumálum? Það er óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri, a.m.k. stjórnarþingmönnum, nokkra grein fyrir þeim áleitnu og alvarlegu spurningum sem þeir hafa sett fram í þessu efni.

Þess vegna ítreka ég þá ósk mína, frú forseti, að hæstv. fjmrh. verði kallaður til þessarar umræðu og honum verði gert að gera ítarlega grein fyrir fjármögnunarhlið þessara áforma svo að menn geti rætt tillöguna í fullri alvöru. Því að sannarlega er það svo að það verkefni, sem er verið að fjalla um, og þau áform um að flýta framkvæmdum eru mikilsverð og verðskulda það að ítarlega sé gerð grein fyrir þeirri forsendu hvernig fjármagna eigi framkvæmdirnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna óska hv. 1. þm. Suðurl. um að hæstv. fjmrh. komi hér þá hefur þeim skilaboðum verið komið á framfæri. Hann mun vera á fundi, eins og stendur, uppi í ráðuneyti en forseti hefur óskað eftir því að hann verði látinn vita af þessari ósk.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þáltill. sem er til umræðu. Ég tel hana góðra gjalda verða og eðlilegt að hæstv. samgrh. leggi sig fram um að sýna fram á að hann hafi áhuga á því að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum. Þetta mál verður væntanlega sent til hv. fjvn. og skoðað þar ásamt vegáætlun. Mig langar hins vegar, þar sem ég hef tækifæri til þess við þessa umræðu, að ræða örlítið mál sem kannski er efnislega óskylt en er þó náskylt að því leytinu til að til þess þarf verulega fjármuni og það telst einnig til vegagerðar. Þar á ég við þær miklu skuldir sem hrannast hafa upp vegna framkvæmda hér á höfuðborgarsvæðinu, einkum í höfuðborginni sjálfri. Skuldir sem hafa orðið til vegna þess að Reykjavíkurborg hefur fjármagnað sjálf bráðnauðsynlegar framkvæmdir í vegagerð sem ríkið á í tímans rás að greiða en ekki hefur enn tekist, svo að ég viti til, að ná samkomulagi um hvernig greiða skuli þessar skuldir. Ef allur kostnaðurinn sem ríkið ætti að borga lögum samkvæmt fellur á ríkið, en um það er vissulega deilt, a.m.k. um þær framkvæmdir sem áttu sér stað fyrir allnokkru síðan, má áætla að skuldir ríkisins við Reykjavíkurborg aðeins af þessum málum séu um 900 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir síðustu jól var opnuð heimild í 6. gr. laganna til þess að semja um þetta mál m.a. Það hlýtur að vera hlutverk hv. fjvn. og reyndar hæstv. samgrh. og auðvitað hæstv. fjmrh. að fjalla um þetta mál því að hér er um að ræða slíkar upphæðir að ekki verður hjá því komist þegar rætt er um vegagerð og fjármögnun vegagerðar að taka tillit til þessara miklu skulda ríkissjóðs við Reykjavíkurborg. Ég er ekki að ætlast til þess við fyrri umræðu málsins að hæstv. ráðherra svari því nákvæmlega hvar þetta mál stendur. En ég hlýt að gera þá kröfu að hv. nefnd og hæstv. ráðherra vinni að þessu máli þannig að úrslit liggi fyrir eigi síðar en hv. Alþingi afgreiðir þær tillögur sem snerta vegagerð. Því miður hefur sá háttur ekki verið hafður á á undanförnum árum að kalla til þingmenn Reykvík-

inga þegar fjallað er um vegáætlun. Það hefur ekki tíðkast mestmegnis vegna þess að á sínum tíma var tiltölulega lítið um framkvæmdir í höfuðborginni sem ríkið átti að greiða. Nú hefur það breyst. Þess vegna er eðlilegt að Reykvíkingar taki í auknum mæli þátt í *því að ráðstafa fjármagni til vegagerðar enda er* umferð langmest í höfuðborginni sjálfri. Kannski má halda því fram að þar hafi ekki verið staðið að öllu leyti eins vel að málum og með sama hraða og ætlast mætti til miðað við þann mikla umferðarþunga sem er á götum Reykjavíkur, ekki síst á þeim vegum sem teljast til þjóðvegakerfisins. Þá á ég við þann hluta gatnakerfisins sem ríkissjóður á að greiða að öllu eða að hluta.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, ræða án þess að draga úr því að þessar framkvæmdir eigi sér stað vestur á fjörðum. Ég hef fullan skilning á því en þegar verið er að gefa út ávísun á slíka fjárhæð eins og hér er um að ræða og taka erlent lán til þess að flýta framkvæmdum þar, sem ugglaust eru nauðsynlegar, verða menn jafnframt að gera sér grein fyrir því hvernig fjárhagsstaðan er að öðru leyti. Ég tel það eitt af forgangsverkefnunum til þess að heildaryfirsýn fáist að hæstv. ríkisstjórn og þá þeir tveir hæstv. ráðherrar sem nefndir hafa verið til sögunnar, ef þeir tala saman, sem ég efast ekki um að þeir geri, ræði þetta mál sín á milli og í framhaldi af því geri þingmönnum Reykjavíkur, og jafnvel hv. Alþingi, grein fyrir því hver staða málsins er að þeirra áliti.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess, án þess að ég sé að gera kröfu til svara við þessa umræðu, að hv. fjvn. skoði þetta mál og geri sér grein fyrir því hvernig afgreiða skuli vegáætlun þegar nefndin kemur saman til að ræða hana.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég vil nú er kemur að lokum umræðunnar svara í örfáum orðum því helsta sem hér hefur verið til mín beint og þá fyrst hv. 1. þm. Reykv. þar sem hann mun þurfa að bregða sér úr salnum.

Það er alveg rétt að eitt af þeim verkefnum sem þarf að taka á er hvernig fara skuli með skuldir vegna framkvæmda í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum. Reyndar voru haldnir tveir fundir á sl. sumri um það mál en af ýmsum ástæðum, sem ég tímans vegna fer ekki út í að rekja, hefur orðið *töf á því að áfram yrði haldið viðræðum milli borgar*innar og ríkisstjórnar um meðferð þeirra mála. Þar er ekki bara um að ræða skuldir vegna fyrri framkvæmda heldur eru í gangi og bíða mjög miklar og mikilvægar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem að sjálfsögðu verður að tryggja fjármagn til. Og það er einmitt ætlunin með núgildandi vegáætlun. Þá voru framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu í fyrsta skipti teknar upp sem sérstakur framkvæmdaflokkur og það hversu miðar framkvæmdunum og uppgjöri skulda hlýtur auðvitað fyrst og fremst að tengjast því fjármagni sem til ráðstöfunar verður í þessum framkvæmdaflokki sem einum af þremur flokkum hinna svonefndu stórverkefna. Ég tek undir það sem hv 1. þm. Reykv. sagði. Þetta er að sjálfsögðu atriði sem þarf að ræða í fjvn. við afgreiðslu vegáætlunar sem þar er nú unnið að.

Þá vil ég svara lítillega því sem hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson og reyndar fleiri komu inn á í sambandi við fjármögnun þessara framkvæmda. Ég skal taka undir það og geri það af fullri hreinskilni að gjarnan hefði mátt setja meira af upplýsingum um þann þátt málsins í grg. Það var reyndar búið að vinna ýmislegt í því máli en horfið var frá því að hafa það allt saman með og frekar reiknað með því að þau gögn yrðu síðan lögð fyrir hv. fjvn. og mundu birtast þá sem fskj. eða hluti af nál. fjvn. þá hún afgreiddi málið frá sér. M.a. vegna þess að talið var rétt að fjvn. færi yfir það hvernig staðið skyldi að hinni sérstöku fjármögnun.

Rétt til upplýsingar fyrir hv. þm. er heildarframkvæmdakostnaður við verkið á núgildandi verðlagi tæpir 3 milljarðar kr. Það er, eins og kemur fram í tillögunni, gert ráð fyrir því að uppsöfnuð lántaka á síðasta framkvæmdaárinu, miðað við flýtingu, geti orðið allt að 1300 millj. kr. sem síðan mundu endurgreiðast á næstu 3–4 árum eftir framkvæmdatímann af tekjum vegáætlunar.

Síðan vil ég gera það alveg ljóst að grundvöllur málsins er sá að þessi sjálfstæða ákvörðun um flýtingu hefur ekki áhrif á aðrar vegaframkvæmdir. Það liggur í því hlutarins eðli að allur viðbótarkostnaður, sem af flýtingunni leiðir, er samkvæmt tillgr. sjálfri færður þannig að hann greiðist sérstaklega úr ríkissjóði sem byggðaframlag. Þar með er ljóst að af vegatekjum verður einungis endurgreidd verðbætt lántökuupphæðin sjálf en ekki annar kostnaður þegar þær tekjur berast inn til Vegasjóðs. Og af sjálfu leiðir að þessi sjálfstæða ákvörðun um flýtingu á ekki að hafa áhrif á aðrar vegaframkvæmdir og er í raun sjálfur grundvöllur málsins eins og það er hugsað og upp lagt.

Um jarðgangaframkvæmdirnar að öðru leyti liggja þegar fyrir ýmsar upplýsingar á hinu háa Alþingi. Bæði voru þær lagðar fram við afgreiðslu vegáætlunar á sl. ári og nægir að mínu mati að vísa til þeirra og þess framreiknings á heildarframkvæmdakostnaði sem ég gat um. Miðað við núgildandi vegavísitölu eða verðlag er heildarframkvæmdakostnaðurinn að nálgast 3 milljarða kr.

Ég hygg ég hafi þá jafnframt svarað hv. 2. þm. Vesturl. Friðjóni Þórðarsyni og hv. 11. þm. Reykn. Hreggviði Jónssyni.

Tímans vegna verð ég að biðjast undan því að fara út í langar umræður í framhaldi af því sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi um staðsetningu álvers og hvort yfirleitt þyddi að reyna að leggja öðrum byggðamálum lið ef sú ákvörðun yrði tekin að staðsetja álver hér á suðvesturhorninu. Að sjálfsögðu mundi það hafa mikil áhrif á alla byggðaþróun og þarf ekki að fjölyrða um það. En ég hygg engu að síður, með tilliti til þeirrar stöðu sem það mál er í nú um stundir, að við eigum ekki að látra deigan síga og skorast undan því að ýta öðrum málum áfram á meðan svo stendur.

Það var aðeins spurt um það hvernig Vestfjarða-

kjördæmi færi að því að reiða fram sinn hluta framkvæmdakostnaðarins. Það er auðvitað ljóst að svo stór framkvæmd, þó hún sé ekki greidd nema að 20% af framkvæmdafé kjördæmisins, mun hafa veruleg áhrif á svigrúm til framkvæmda í kjördæminu meðan á því stendur, enda geri ég ekki ráð fyrir því að neinum hafi dottið í hug að þau kjördæmi, sem væru að fá í sinn hlut þvílíkar stórframkvæmdir og það greiddar að jafnvel 80% úr óskiptum sjóði, fengju þær án þess að þurfa að leggja talsvert að sér og talsvert af mörkum sjálf. Það liggur held ég í hlutarins eðli að þrátt fyrir allt er einmitt hið nýja fyrirkomulag um stórverkefnasjóðinn og kostnaðarskiptingu verkefna forsenda þess að einstök kjördæmi geti yfir höfuð ráðist í framkvæmdir af þessari stærðargráðu, ella hefði það með öllu orðið þeim ofviða. Ég hygg þess vegna að hér sé á ferðinni fyrirkomulag sem geri einmitt kleift að slíkar framkvæmdir geti náð fram að ganga. Af því að hv. 1. þm. Vesturl. ber nú í borðið þá veit ég að hann ætlar að segja það að einmitt svona tilhögun hefði þurft að vera komin til sögunnar þegar Borgarfjarðarbrúin var byggð, alveg rétt.

Ég ætla svo að lokum, herra forseti, að biðjast undan því, ef hv. 1. þm. Suðurl. væri sama, að fara hér í pólitískan eldhúsdag við hann um framkvæmdir almennt til vegamála og þvílíka hluti, vegna þess m.a. að hér var almennt og þverpólitískt tekið jákvætt undir sjálft efni málsins þó menn hefðu svo sem ýmislegt annað að ræða, og biðst undan því að framgangur þess verði tafinn með slíkum hlutum. En vegna þess að hann vildi fara að eigna mér sérstakt met í því að skammta illa til vegaframkvæmda neyðist ég til að minna á það, en skal svo ekki hafa um það fleiri orð, að allra lélegasta ár síðustu áratuga til vegamála á Íslandi, og þarf að fara alveg aftur á hin mögrustu ár viðreisnarstjórnarinnar til að finna jafn bága frammistöðu, verður því miður að skrifast á reikning hv. 1. þm. Suðurl. ásamt með hans flokksbræðrum og samstarfsmönnum í ríkisstjórn á þeim tíma. Í miðju góðærinu 1987 fór bæði hlutfall þjóðartekna og raungildi fjárveitinga til vegamála lægst af því sem við höfðum upplifað á þessum áratug og reyndar held ég alveg aftur fyrir 1970 eða 1971 frá því að stjórnarskipti urðu. Þess vegna er ég ansi hræddur um að hæstv. þáv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson, sem stóð að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 og þar með fjárveitingum til vegamála, verði að bíta í það súra epli að ef einhver á met í þeim efnum er engin samkeppni um það við hann.

Og að lokum þetta, herra forseti. Ég lít svo á að ef eitthvað má kallast byggðamál á Íslandi í dag hljóti það að vera það að reyna að reisa rönd við því að mér liggur við að segja byggðin í heilum landsfjórðungi rústist niður. Við skulum horfast í augu við það eins og það er, góðir alþingismenn, að auðvitað blasir ekkert annað við Vestfjörðum, ef svo heldur fram sem horfir, en að byggðin í heilum landsfjórðungi rústist hreinlega meira og minna niður. Það gefur auga leið að það landsvæði mun ekki standast það til lengdar að búa ár frá ári við beina fólksfækkun svo nemur kannski allt að 2,5% á hverju ári. Það mun einfaldlega þýða það að hvert samfélagið á fætur öðru kemst þar í slíkt ójafnvægi og slíka upplausn að til hruns horfir.

Ég segi því að lokum einungis þetta: Ef menn geta ekki sameinast um það á hinu háa Alþingi, þrátt fyrir öll ræðuhöld um byggðamál, að gera eitthvað og reyna eitthvað til þess að reisa rönd við þeirri hrikalegu þróun sem verið hefur í byggðamálum Vestfjarða, þá held ég að menn geti stytt ræðuhöldin um byggðamál á næstu árum. Því það mun ekki verða mikið mark á þeim tekið ef menn ekki, í ljósi þeirra mjög svo alvarlegu aðstæðna sem þar eru, ná saman um að reyna að reisa þar einhverja rönd við.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. lauk máli sínu áðan með þeim orðum að menn gætu stytt ræðuhöldin út af byggðamálum og vegamálum. Ég tek undir þau orð ráðherrans og vitna til þess að snemma í haust lagði ég fram þáltill. sem lýtur að vegagerð. Ég sé að hv. 1. þm. Suðurl. kannast við tillöguna þar sem hann yfirgefur salinn. Tillaga sú átti öðrum tillögum fremur undir högg að sækja í þingsalnum. Það þurfti nafnakall til þess að koma henni til nefndar sem er a.m.k. einsdæmi núna í vetur þó að slíkt komi fyrir öðru hvoru. Og nú er þess gætt mjög tryggilega að hún sofi vært í viðkomandi nefnd.

Tillagan sem hér um ræðir laut að því að kanna hvort varnarliðið væri reiðubúið til að taka þátt í að gera þjóðvegi hér á landi. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. kannast við tillöguna en hún lýtur að sjálfsögðu að því að spara ríkiskassanum útgjöld en fyrst og fremst þó að treysta svo varnir þjóðarinnar að hægt sé í rauninni að tala um varnir. Þau ríki sem taka að sér að vernda aðrar þjóðir, eins og Bandaríkin hafa gert, mega ekki láta staðar numið við moldina. Verndin hlýtur að beinast að fólkinu sjálfu ef við eigum að geta talað um vernd af nokkurri sannfæringu. Sú vernd sem lýtur aðeins að moldinni er ekki vernd fyrir fólkið. Hluti af þeim viðbúnaði sem ég sé fyrir mér sem vernd eru greiðir akvegir um landið til þess að komast fram og til baka ef í harðbakkann slær. Það þarf að færa íbúa landsins til eftir því hvar hættusvæði myndast og það þarf að færa varnarliðið til milli landshluta eftir því hvar eldarnir brenna hverju sinni. Allar þjóðir sem hafa staðið í hernaði hafa viðurkennt það sem frumskyldu til þess að koma herjum á milli staða að hafa sæmilegt vegakerfi. Og Bandaríkin hafa staðfest það með því að þau hafa áður boðið að leggja hér vegi Íslendingum að kostnaðarlausu. Við höfum aldrei þegið það. Við höfum verið þar stórir upp á okkur. Á meðan tókum við á móti Áburðarverksmiðjunni sem Marshall-aðstoð. Ég sé að hv. þm. Ingi Björn Albertsson skilur líka hvað ég er að tala um.

Kjarni málsins er sá að á sínum tíma voru Bandaríkin reiðubúin til að leggja akbraut frá Keflavíkurflugvelli utan byggðar alla leið upp í Hvalfjörð. Seinna voru Bandaríkin aftur reiðubúin til að leggja

tvöfalda akbraut, hraðbraut, frá Reykjavík til Akureyrar til þess að þjálfa verkfræðisveitir sínar í að gera vegi við svokallaðar heimskautaaðstæður. Þessu höfnuðum við öllu saman. En við höfum þegið Marshall-aðstoðina og við höfum þegið PL480-aðstoðina þar sem Bandaríkin gáfu okkur alla sekkjavöru í 12 ár, alls kyns korn, tóbak og aðra vöru. Og andvirði þessarar vöru var lagt í sjóð sem seinna varð Framkvæmdasjóður og Framkvæmdastofnun og nú er Byggðastofnun. Byggðastofnun er því meira og minna komin á fót fyrir blóð, svita og tár prælanna á ekrum Bandaríkjanna. Við erum fullsæmd af því að nota þá peninga hér í landinu. En þegar talað er um vegi sem hluta af vörnum þá er öllum krossbrugðið og menn fara að tala um að selja landið, leigja landið, selja fjallkonuna og allt þetta bull.

Í tillögunni sem ég lagði fram var gert ráð fyrir að leggja veg hringinn í kringum landið og velja jafnan skemmstu leið á milli byggða með því að leggja vegina ekki yfir fjöllin eins og hefur tíðkast heldur í gegnum þau. Og þau göng sem þar mynduðust yrðu notuð sem almannavarnabyrgi ef til tíðinda drægi á viðkomandi svæði. Þar er sérstaklega tekið tillit til þjóðvega á Vestfjörðum, Austurlandi, Norðurlandi, í Hvalfirði og víðar. Einmitt á þeim stað sem núna er *verið að ræða um hvort og hvernig við getum fjármagnað* af eigin rammleik að grafa göng og leggja vegi á milli þeirra byggðakjarna sem þar eru. Því það er alveg rétt að helsta forsenda fyrir byggðaþróun, að byggð haldist út um landið, eru samgöngurnar, að það sé hægt að nýta sameiginleg mannvirki eins og hafnir, að það sé hægt að nýta sameiginleg mannvirki eins og flugvelli og væntanlegan varaflugvöll. Í framtíðinni verður fiskinum skipað burt úr landinu með flugvélum. Þess vegna þurfa að liggja greiðir akvegir til flugvalla til þess að hver einasta verstöð geti nýtt sér þá.

Ég nefni þetta hér af tveim ástæðum. Ég mundi telja vitinu meira að kanna fyrst hvort Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið séu reiðubúin til þess að fjármagna þessa vegagerð áður en við förum að ræða það hér að við fjármögnum hana ein. Við skulum kanna þennan möguleika áður. Þetta var og er af mörgum kallað aronska í höfuðið á Aroni heitnum Guðbrandssyni sem rak Kauphöllina í Reykjavík í áratugi. En í dag þegar þessi umræða fer fram eru tilviljanirnar bæði margar og merkilegar og á borðinu hjá mér liggur till. til þál. um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Það eru tveir fyrrv. flokksbræður mínir, Eggert Haukdal og Hreggviður Jónsson, sem er flokksbróðir minn úr mörgum flokkum, sem leggja þetta til. Tillagan hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á því hvort ákvæði um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins eða önnur ákvæði heimili fjárveitingar til bættra samgangna vegna stórbrúa og jarðgangagerðar sem nauðsynlegs hluta varnarkerfis landsins.“ Einmitt það sama og ég var að segja. En þá var það kallað að selja fjallkonuna. Og áfram er haldið í þessari tillögu: „Jafnframt verði kannað hvort fordæmi eru fyrir fjárveitingum í öðrum ríkjum bandalagsins til samgangna, fjarskipta og flugvallagerðar af hálfu þess.“ Auðvitað vitum við öll að það er. Norðmenn hafa ekki blakað auga við að taka á móti milljörðum í sitt vegakerfi. Að við tölum ekki um þjóðir eins og Portúgal, Spán, Grikkland og fleiri lönd. Þetta er alls staðar gert vegna þess að í öðrum löndum, þar sem fólk hefur barist í stríði, eru vegir viðurkenndir sem hluti af vörnum. Svo einfalt er það nú.

Eftir að hafa lesið þessa tillögu sé ég að við Aron Guðbrandsson *erum orðnir vanmetakindur í þessari* umræðu. Þeir félagarnir Eggert og Hreggviður eru miklu miklu kaþólskari en við Aron og miklu kaþólskari en páfinn. Og sem aronisti hlýt ég að fagna þeim liðsauka. Samkvæmt þessu sýnist mér þess ekki langt að bíða að skynsamleg tillaga um að kanna þessa möguleika fái þinglega meðferð á hæstv. Alþingi.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal eyða litlum tíma þar sem komið er fram yfir þann tíma sem má ræða þetta mál. Því miður gat ég ekki verið hér þegar það var til umræðu fyrr í dag en mig langar aðeins til að segja örfá orð í sambandi við þessa þáltill.

Hún er að sjálfsögðu eðlileg miðað við þann vanda sem það fólk, sem á þessu svæði býr, á við að eiga og alltaf er að koma betur og betur í ljós og ætti náttúrlega að vera löngu kunnugt, það er eiginlega óviðunandi samgönguleysi við þennan mikilvæga landshluta eins og oft hefur verið rætt á hv. Alþingi. Þó er verið að reyna að bæta um að hluta til núna með veg yfir Breiðafjörð, þar sem nýja ferjan er, sem leysir einhvern hluta vandans. Þess vegna get ég sagt það hér að ég hef jákvætt viðhorf til þáltill. Hins vegar vil ég segja það, af því að talað er um að leysa eigi úr þessu vandamáli inni í fjvn., að vandinn er náttúrlega mjög stór og fyrirferðarmikill þar sem hér er um mál að ræða sem kosta milljarða eins og hefur komið fram. Í þeirri vegáætlun sem nú er í gildi er ekki gert ráð fyrir því fjármagni sem þarf að koma til. Þess vegna hefði verið æskilegt að með tillögunni fylgdi raunhæf áætlun um það hvernig með skuli farið *þar sem hér er um að ræða fjármagn* utan við vegáætlun.

Ég vildi aðeins segja, út af því sem kom fram áður og ég heyrði hjá hæstv. ráðherra, að það var alveg ljóst að sú ákvörðun að taka stórverk inn í vegáætlunina á þann hátt sem lá fyrir í vegáætluninni sem samþykkt var á sl. ári kallaði á að það væri alveg 100% tryggt að fjármagnið sem þar var áætlað skilaði sér inn í áætlunina. Og undir þessi stórverk, sem ég þarf ekki að lýsa, heyrir Stór-Reykjavíkursvæðið m.a. sem kallar á miklar fjárhæðir til framkvæmda. Hv. 1. þm. Reykv. kom aðeins inn á það áðan að vandamálið er náttúrlega enn þá meira fyrir það að við ákvörðun um fjárlög á þessu ári var ákveðið að skera vegáætlun niður um 700 millj. Þar af leiðandi er miklu vandasamara að átta sig á því hvaða aðferð

verður notuð til að tryggja þessa flýtingu sem ég geri ráð fyrir að flestir hér inni séu í raun og veru sammála.

Af því að hæstv. ráðherra var að halda að ég mundi fara að tala um Borgarfjarðarbrú o.s.frv. þá vil ég bara nefna það hér að það er ekkert smámál sem Vestfirðingar standa frammi fyrir. Þeir eru að byggja brú yfir Dýrafjörð þar sem þeir verða að leggja fram af sínu vegafé, yfir heildina, 37% og síðan þessi jarðgangagerð sem kallar á, samkvæmt reglum um vegamál, 20% af framlagi Vestfirðinga. Okkur, sem erum aðilar með Vestfirðingum að annarri tengingu við Vestfirði, þ.e. vegi eða brú yfir Gilsfjörð, hrýs hugur við því hvernig í ósköpunum á að framkvæma þessar aðgerðir með framlagi Vestfirðinga eftir venjulegum reglum sem standa undir vegáætluninni.

Það sem ég vildi segja er aðeins það að ég vil undirstrika enn betur það sem ég hef alltaf haldið fram frá því ég kom fyrst inn á Alþingi, að miða yrði stórframkvæmdir í vegagerð hér á Íslandi við erlenda hagstæða lántöku. Öðruvísi yrði ekki hægt að standa undir þeim. Og þetta kemur einnig fram núna þegar hæstv. ráðherra nefnir sem eitt aðalátaksatriðið í þessari breytingu að þetta eigi ekki að hafa áhrif á aðra vegagerð í landinu. Það eykur enn á vandann. Ég vil bara nefna þetta hér til að benda á hvað þetta er stórt mál og þó ýmislegt furðulegt hafi komið inn í umræðurnar um fjármögnun til vegagerðar leynir það ekki vandanum sem Alþingi stendur frammi fyrir, að ákveða hvernig á að fjármagna þessar gífurlegu framkvæmdir. Við erum ekki að tala um hundruð milljóna heldur milljarða víðs vegar um landið. Allir eru sammála um að samgönguleysið sé ein mesta fyrirstaðan fyrir eðlilegri byggðaþróun í landinu. Eitt hættulegasta málið sem við stöndum frammi fyrir er það ef íbúar heilla landshluta eiga að lifa það ár eftir ár að vera marga mánuði lokaðir inni og hafa ekki eðlilega möguleika á að ferðast um okkar ágæta land. Þess vegna er málið stórt.

Ég get skotið því hér inn í að ég geri ráð fyrir að verðgildi Borgarfjarðarbrúarinnar sé í dag eitthvað um 1,5–1,6 milljarðar kr. Auðvitað urðu Vestlendingar að taka það á sig þá, af því að ráðherra var sérstaklega að spyrja eftir því. Á því tímabili sem hún var í byggingu var annað vegafé til Vesturlands ekki nema 4–5% meðan aðrir landshlutar fengu á bilinu 16–20%. Svona liggja dæmin og ég veit að þetta mál tengist ákvörðun um hvað á að gera í sambandi við fjármögnun á þessum stórframkvæmdum á Vestfjörðum, sem við erum allir sammála um, en það verður að taka öðruvísi á þessu máli en þannig að Vestfirðingar leggi til 20% eða 37% í Dýrafjarðarbrú. Þeir hafa þá ekkert í aðra vegagerð á Vestfjörðum, sem gengur ekki upp. Þar af leiðandi held ég að tími sé kominn til að í umræðunni um þessi mál liggi það ljóst fyrir að ef við ætlum að standa við allar þessar ákvarðanir í vegamálum, þar á meðal stórvirki á Reykjavíkursvæðinu sem er ekki hægt að skorast undan, þá þýðir ekkert að tala um það að við ætlum að láta duga til þess 4–5 milljarða tekjur Vegasjóðs, sem er hámark þess sem fæst af skattlagningu á eldsneyti til bifreiða í okkar fámenna landi, við náum aldrei lengra. Og hvernig ætlum við þá að fjármagna aðgerðir sem þarf að flýta víðs vegar um land, bæði fyrir austan og vestan og hér á þessu svæði, um marga milljarða öðruvísi en að gera okkur grein fyrir því að það verður að finna aðrar leiðir til langtímafjáröflunar?

Það var eiginlega þetta sem ég vildi segja hér út af því sem ég heyrði í endinn hjá hæstv. ráðherra. Þetta er stærra vandamál en svo að menn geti lokað augunum fyrir því að finna verður lausn á því.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. beindi til mín fyrirspurn varðandi horfur í fjármögnun til jarðgangagerðar á Vestfjörðum. Eins og fram hefur komið hjá hæstv. samgrh. er það skoðun ríkisstjórnarinnar að gerð jarðganga á Vestfjörðum sé ekki aðeins verkefni á sviði samgangna heldur sé þar einnig um að ræða mjög brýnt verkefni í byggðamálum. Vestfirðir eru og hafa verið mikilvægur þáttur í gjaldeyrisöflun okkar Íslendinga og um nokkuð langt skeið hafa þar verið miklir erfiðleikar í byggðamálum. Það er ljóst að jarðgöng milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar ásamt brú yfir Dýrafjörð muni tengja þennan hluta Vestfjarða saman í eina atvinnuheild, eina félagsheild og eina menningarheild. Þess vegna var það okkar skoðun að skynsamlegt væri að verja hluta af því fjármagni sem ætlað er til byggðamála á næstu árum til þess að flýta jarðgöngum á Vestfjörðum.

Kostnaður vegna þess að jarðgangagerðinni verður flýtt verður þess vegna að hluta til, samkvæmt þeirri þáltill. sem hér er til umræðu, borin uppi af sérstöku framlagi úr ríkissjóði sem við lítum á sem byggðaframlag og verður tekið með hliðsjón af framlagi á næstu árum til byggðamála í heild sinni. Við höfum á undanförnum tveimur árum lagt verulega fjármuni til þess að varðveita og styrkja atvinnulífið á landsbyggðinni. Sem betur fer eru horfur á því að atvinnulífið á landsbyggðinni muni styrkjast á þessu ári og hinum næstu. Við það ætti eðlilega að skapast svigrúm í ríkissjóði til þess að verja hluta af því byggðafjármagni, sem ella hefði verið varið til þess að bjarga atvinnulífinu úti um land, til annarra verkefna.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði sérstaklega að því hvort horfur væru á því að þannig yrði svigrúm í ríkisfjármálunum á næstu árum til þess að standa undir kostnaði við flýtinguna og ég er þeirrar skoðunar að svo eigi að vera, m.a. vegna þess að ég hef trú á því að okkar hagkerfi sé á uppleið á nýjan leik og þannig séu þeir miklu erfiðleikar sem verið hafa í ríkisfjármálunum á undanförnum árum að mestu að baki. En það er auðvitað undir því komið líka að menn stilli útgjaldakröfum sínum í hóf á öðrum sviðum og séu sjálfum sér samkvæmir í því að veita byggðaverkefnum af þessu tagi algeran forgang.

Annar kostnaður við flýtingu jarðganganna verður

borinn uppi af tekjum til vegagerðar á þeim áratug sem er nýhafinn og ætti þess vegna að samrýmast eðlilegri skipan þeirra mála. Ég held þess vegna að ekki sé óraunhæft að miða við það að á næstu árum sé eðlilegt svigrúm innan ríkisfjármálanna til þess að standa straum af þessu verkefni ef það verður skoðun Alþingis á næstu árum, eins og yrði skoðun þessa þings ef þessi þáltill. yrði samþykkt, að jarðgöng á Vestfjörðum séu eitt mikilvægasta byggðaverkefnið á Íslandi. Ef aftur á móti næstu þing verða annarrar skoðunar getur auðvitað orðið erfitt að uppfylla þær fjárhagsskuldbindingar sem í þáltill. felast. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að Alþingi átti sig á því að með því að samþykkja þessa þáltill. er ekki aðeins verið að ákveða verkefni á sviði samgangna heldur einnig eitt helsta forgangsverkefnið í byggðamálum á Íslandi á næstu árum. Ég vona að þetta hafi varpað nokkru ljósi á það vandamál sem hv. 1. þm. Suðurl. velti eðlilega fyrir sér í umræðunni hér áðan.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. samgrh. var heldur seinheppinn þegar hann í ræðu sinni fór að gera samanburð á verklegum framkvæmdum í samgöngumálum. Á árinu 1987 var lagt bundið slitlag á yfir 300 km. Á þessu ári eru horfur á að ekki verði lagt bundið slitlag á nema *100–150 km. Það afrek sem hann hefur unnið frá því að* hann varð samgrh. er sem sagt þetta, að framkvæmdir við að leggja bundið slitlag hafa verið skornar niður sem þessu nemur. Þær voru tvöfalt meiri á því ári sem hann tók hér til viðmiðunar.

Það var líka athygli vert í ræðu hæstv. samgrh. að hann sagði: Ég frábið mér að ræða hér í eins konar eldhúsdagsumræðum um fjármögnun þessara framkvæmda. — Það er algjört aukaatriði af hálfu hæstv. ráðherra. Hann frábiður sér, telur það vera eldhúsdag eða einhverja ómerkilega umræðu og lýsir því hvaða hugur fylgir máli þegar hæstv. samgrh. gefur slíkar yfirlýsingar.

Mér skilst að sá fjármögnunarvandi sem menn eru hér að tala um sé álíka mikill og hæstv. ríkisstjórn hefur skorið niður í framlögum til vegamála á tveimur undangengnum árum. Og auðvitað skilur maður að það vefjist svolítið fyrir hæstv. ríkisstjórn að gera grein fyrir hvernig á að fjármagna þetta í þessu ljósi. Það var hæstv. núv. forsrh. sem í frægri ræðu í janúar 1988 á Hótel Sögu gerði fyrstur alþingismanna kröfu um það að hafinn yrði verulegur niðurskurður í samgöngumálum og núv. hæstv. ríkisstjórn undir hans forustu hefur efnt það hugsjónamál Framsfl.

Ræða hæstv. fjmrh. var líka athygli verð. Hann segir í fyrsta lagi að þetta eigi að fjármagna af þeim tekjum sem ella hefðu farið til byggðamála og í öðru lagi af því fjármagni sem ella hefði farið til annarra byggðamála og í þriðja lagi af almennum tekjum Vegasjóðs. Með öðrum orðum lýsir hæstv. fjmrh. því hér yfir í umræðunni að þetta eigi að takmarka aðrar vegaframkvæmdir í landinu þvert ofan í yfirlýsingar hæstv. samgrh. og þvert ofan í yfirlýsingar þeirra stjórnarþingmanna sem hér hafa talað sem meira að segja hafa haldið því fram að þetta sé ávísun á það að flýtt sé öðrum framkvæmdum. Þá kemur hér yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. sem gengur þvert á allar þessar yfirlýsingar. Það er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. geri nánari grein fyrir þessum yfirlýsingum. Hvaða framkvæmdir eru það í vegamálum sem á að skerða af þessum sökum og hvaða framlög til almennra byggðamála eru það sem skerðast eiga af þessum sökum? Menn verða auðvitað að taka afstöðu til þessara mála í heild en þegar yfirlýsingar af þessu tagi liggja fyrir er nauðsynlegt að allar upplýsingar séu lagðar hér á borðið.

Hæstv. fjmrh. orðaði það svo að hann teldi að það yrði meira svigrúm til fjárframlaga úr ríkissjóði vegna þess að staða atvinnufyrirtækja væri betri nú. Það er að sönnu rétt að gengi krónunnar var nokkuð lækkað á síðari hluta síðasta árs, það kom að því að hæstv. ríkisstjórn áttaði sig á því, og verðlag á afurðum hefur hækkað mjög verulega á erlendum mörkuðum og af þeim sökum standa útflutningsgreinarnar nokkuð betur að vígi en áður. En við skulum huga að því að aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar voru allar með þeim hætti í þágu atvinnuveganna að taka erlend lán og veita þeim í gegnum millifærslusjóði og það er ekki fyrr en þessi ríkisstjórn er öll eftir næstu kosningar sem þeir víxlar fara að falla á ríkissjóð. Það hefur tiltölulega litlu fjármagni verið varið beint úr ríkissjóði enn *sem komið er í þessu efni. Við sjáum hins vegar* milljarða á milljarða ofan sem munu falla á ríkissjóð þegar þessi ríkisstjórn er öll af þessum sökum. Svigrúmið mun þess vegna fyrst takmarkast í ríkissjóði þegar þessir víxlar fara að falla. Við vitum af tveimur milljörðum í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins sem ríkissjóður þarf að taka á sig og við höfum séð skýrslu Ríkisendurskoðunar um þá milljarða sem munu falla á ríkissjóð vegna hinna tveggja millifærslusjóðanna. Það er þess vegna alveg þveröfugt við það sem hæstv. fjmrh. segir sem mun gerast. Svigrúmið mun fyrst takmarkast fyrir ríkissjóð til að taka á þessu máli þegar þessir víxlar fara að falla.

Það hefur með öðrum orðum komið í ljós að ærin ástæða var til þess að fá hæstv. fjmrh. hingað og það hefur komið á daginn að hér tala ráðherrarnir út og suður. Það kom á daginn að ástandið á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. í ríkisstjórninni er með svipuðum hætti og í Alþb. þar sem formaður Alþb. styður ekki framboð flokksins en varaformaðurinn styður það. Í ríkisstjórninni í samgöngumálum segir hæstv. fjmrh. að fjármagna eigi tillögur hæstv. samgrh. með því að skerða aðrar framkvæmdir í byggðamálum og aðrar framkvæmdir í vegamálum, en hæstv. samgrh. segir að hér eigi að vera um að ræða hreina viðbót. Það er einnig komið í ljós að á þessu sviði er vík á milli vina og hjá því verður auðvitað ekki komist að hæstv. ríkisstjórn geri nánari grein fyrir þessu. Eins og málið stendur eftir ræðu hæstv. fjmrh. er augljóst að tillaga hæstv. samgrh. er sýndarmennska ein. Hann hefur ekki getað leyst það verkefni sem máli skiptir, að sýna fram á að hægt sé að fjármagna þessar framkvæmdir. Það er enginn ágreiningur hér um mikilvægi þeirra. Það er enginn ágrein-

ingur um mikilvægi þess að flýta þeim. Ef menn meina hins vegar eitthvað með slíku verða þeir að sýna fram á að það sé hægt því að þetta verður ekki gert nema fjármunirnir séu til. Það hefur hæstv. samgrh. ekki getað sýnt fram á og hæstv. fjmrh. hefur staðfest með ræðu sinni hér að málflutningur hæstv. samgrh. er hrein sýndarmennska. Og það er svolítið kyndugt, ofan í allar ræðurnar sem hæstv. fjmrh. hefur haldið um nauðsyn aðhalds í ríkisfjármálum, að koma hér og gefa yfirlýsingar af þessu tagi í fullkomnu ábyrgðarleysi. Ef hæstv. ráðherrar hefðu sýnt fram á það hér í umræðunni hvernig þeir ætluðu að fjármagna þetta, þá blöstu þessi mál svolítið öðruvísi við.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri en ég hygg að hér hafi það komið fram sem ýmsa grunaði, að málatilbúnaðurinn var ekki reistur á bjargi að þessu sinni fremur en endranær af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Í umræðum um þetta mál hefur margt býsna fróðlegt komið fram og það hefur verið staðfest, bæði af hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh., að fjármögnun þessa fyrirtækis er ekki byggð á þeim grunni sem ætti að vera. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst að það eigi að taka umrætt fjármagn m.a. af tekjum til vegamála og það staðfestir auðvitað það sem við höfðum grun um, að það eigi að draga enn frekar úr framkvæmdum til vegamála í öðrum kjördæmum á næstu árum. Sá víxill sem núv. ríkisstjórn ætlar að leggja á þjóðina verður auðvitað að greiðast með einhverjum hætti og með þeim hætti sem hér hefur verið skýrt frá er það alveg ljóst að þeir væntanlega 3–4 milljarðar sem þetta kostar verða ekki teknir upp með öðrum hætti en þeim að það verða auknir skattar á þjóðinni.

Ég vík enn að því sem ég sagði hér í minni fyrstu ræðu vegna hv. 3. þm. Vestf. Hann sneri eiginlega út úr mínu máli og hélt að ég hefði ekki þau kynni af snjóalögum sem hann hefur sem er nú misskilningur enda alinn upp við svipaðar aðstæður og hv. þm. Ég geri mér alveg ljóst hvaða erfiðleika er við að etja þegar um einangraðar og snjóþungar byggðir er að ræða þannig að út af fyrir sig hefur enginn efast um að mikilvægt er að leggja jarðgöng á Vestfjörðum. En það hlýtur að vera krafa til ríkisstjórnar á hverjum tíma að hún leggi slíkt fram með vegáætlun og með þeim hætti að það sé gert þegar við afgreiðslu fjárlaga.

Ég ítreka svo einnig það að tillaga mín og hv. 5. þm. Vesturl. um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar liggur hér óafgreidd í þinginu og ég tel það ekki minna brýnt verkefni en margt annað og vil upplýsa hér enn einu sinni og ítreka það að aðeins sá hluti að setja nýtt slitlag á Reykjanesbrautina eins og hún er kostar minna en það mundi kosta að flýta áætlun þessara jarðganga eins og hér kemur fram í grg. með þessari þáltill. Ég tel þess vegna að ríkisstjórnin verði að huga vandlega að því, þegar um svo fjölfarna vegi er að ræða og þar sem svo mikil slysahætta er, að það hljóti að vera krafa að sett verði a.m.k. slitlag, þó að ég sé ekki að tala um tvöföldun, og sett lýsing við helstu vegamót á Reykjanesbrautina. Og ég undirstrika það hér að það er mikilvægt að hafist verði handa sem fyrst um þetta og alls ekki forsvaranlegt að afgreiða þessa tillögu sem hér liggur fyrir um flýtingu á framkvæmdum á jarðgöngum á Vestfjörðum nema afgeiða jafnframt tillögu um a.m.k. að leggja nýtt slitlag á Reykjanesbrautina þar sem þúsundir manna fara til og frá vinnu á hverjum degi. Þetta er þjóðvegurinn til útlanda og menn eru raunverulega í lífshættu við það að aka þessa braut og veruleg vandamál hafa myndast vegna þess hve hún er slitin. Ég tel að það hljóti að verða tekið á þessum málum jafnhliða.

Í þessum umræðum hefur það líka komið glöggt fram að nægilegt fé hefði verið til til að framkvæma þessa áætlun um jarðgöng á Vestfjörðum ef þeir fjármunir sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið út af vegáætlun hefðu verið notaðir til þeirra framkvæmda. Maður verður einnig að hafa í huga að hér á höfuðborgarsvæðinu bíða mjög brýn verkefni á fjölmörgum sviðum í umferðarmálum sem kosta hundruð milljóna og það hlýtur að verða að gera miklu betri áætlun um þau því að hér verða stórslys á hverjum degi vegna þess hve vegir eru slæmir. Ég vil bara undirstrika það að á sama tíma og vegáætlun er skorin niður um 10% get ég ekki átt þátt í því sem þingmaður Reyknesinga að farið sé út í stórfelld verkefni á öðrum sviðum í vegamálum.

Það hlýtur að verða heildaráætlun sem gildir um þetta og það er nú einu sinni þannig að það eru fleiri en þingmenn Vestfjarða sem eru kosnir í sínum kjördæmum. Við sem erum kosnir í Reykjaneskjördæmi hljótum að líta til þess að okkar umbjóðendur eigi að njóta þess vegafjár sem þeir sannanlega leggja fram í Vegasjóð, vegna þess að stærsti hluti þess vegafjár sem aflast er greiddur af þeim notendum sem eru í höfuðborginni og á Reykjanesi. Fram hjá því verður ekkert farið. Og þeir bifreiðaeigendur sem hafa greitt stórfé til vegamála eiga kröfu á því að staðið verði þannig að verki að þeir geti ekið hér um nokkurn veginn óhultir. Fram hjá því verður ekki gengið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að verja löngu máli hér til þess að svara hv. 1. þm. Suðurl. þó að vissulega væri ástæða til þess að gera það mjög ítarlega, en það er ætlunin að taka fyrir hér annað mál síðar á þessum fundi og ég veit að beðið er eftir því að sú umræða geti hafist.

Ég vek í fyrsta lagi athygli á því að sú upphæð sem hér um ræðir, vextir og lántökukostnaður vegna flýtingarinnar sérstaklega, sem greiðast á úr ríkissjóði, er í sjálfu sér ekki með hinum stærstu upphæðum sem sést hafa til byggðamála hér í þingsölum á undanförnum árum þannig að við erum ekki að tala hér um eitthvert sérstakt afburðastórt fjármögnunarverkefni.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að við jarðgöngin sjálf mun sparast verulegur kostnaður, bæði vegna snjómoksturs og viðhalds sem kemur á móti þessum kostnaði við flýtinguna.

Í þriðja lagi vil ég benda á það að þegar ákveðið hefur verið að ráðast í þessa jarðgangagerð verður við fjárveitingar til margvíslegra framkvæmda á Vestfjörðum hægt að taka mið af því að byggðarlögin verði innan fárra ára ein samgönguheild allt árið og þar með sparast einnig verulegir fjármunir sem ella hefði verið varið til framkvæmda og framfara í þeim 5–6 byggðarlögum sem tengjast með þessum jarðgöngum. Það er þess vegna alveg ljóst, eins og ég sagði hér í minni ræðu áðan, að við jarðgöngin sjálf verður hægt að horfa á ýmsa fjármuni sem ella hefðu farið til annarra byggðamála og nota þá til þess að vega upp fjárframlögin úr ríkissjóði vegna flýtingarinnar. Það sem kann að standa eftir eru þá fáein hundruð milljóna á nokkurra ára bili, og það er verkefni sem ég tel að vissulega sé svigrúm fyrir að leysa í fjárlögum næstu ára á þeim grundvelli sem þessi tillaga byggir á, að þingið viðurkenni þá eins og nú að jarðgöng á Vestfjörðum séu meðal forgangsverkefna í byggðamálum. Ég held þess vegna að ekki séu nein sérstök rök til þess að ætla að þótt ríkissjóður taki á sig þennan vaxta- og lántökukostnað vegna flýtingarinnar sérstaklega muni aðrir þættir fara úr skorðum í fjármálum ríkisins. Hins vegar er auðvitað ljóst að menn verða þá að viðurkenna forgangsröðina milli þessa verkefnis sem í þáltill. felst og margra annarra.

Hvað snertir síðan hinn stærsta lið fjármögnunarinnar, þ.e. greiðslu á þeim lánum sem tekin yrðu til þess að standa undir jarðgangagerðinni, er auðvitað eins með það farið og önnur stórverkefni sem við Íslendingar höfum ákveðið að fara í og framkvæmt á undanförnum árum, að þau hafa verið greidd af hefðbundnum tekjustofnum til vegamála á Íslandi og það felst engin stefnubreyting að því leyti í frv.

Ég mundi svo kjósa hér við síðara tækifæri að eiga ítarlegri viðræður við forustu Sjálfstfl. um ríkisfjármál næstu ára, bæði hvað snertir þær skuldbindingar sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og líka þróunina í tekjumálum ríkisins þegar hagkerfið fer að rétta við á nýjan leik. Það væri vissulega vel þess virði að eiga hér einhvern tíma í þingstörfum til þess að fara yfir þann þátt málsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þessar umræður hafa nú gengið nokkuð vítt og breitt í sumum efnum þannig að mér þykir rétt að leggja með örfáum orðum áherslu á aðalatriði þessa máls svo að þau drukkni ekki í því sem minna máli skiptir.

Þá er það fyrst það að gripið er til sérstakra aðgerða á Vestfjörðum vegna þess að þar eru alveg sérstakar aðstæður. Ég lýsti því í minni ræðu áður í þessum umræðum í hverju sú sérstaða er fólgin og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér nú.

Hitt aðalatriðið er það að frá fyrstu tíð, eftir að hugmynd kom fram um flýtingu á jarðgöngum á Vestfjörðum, hefur verið gengið út frá því að til þess yrði aflað sérstaks fjár, að það hefði ekki áhrif á aðrar vegaframkvæmdir. Þetta hefur margoft verið ítrekað af hæstv. samgrh. og m.a. á sameiginlegum fundi með þingmönnum Vestf. og öðrum þingmönnum þannig að þetta fer ekki á milli mála. Hæstv. ráðherra ítrekaði þetta hér á þessum fundi.

En það þarf að útvega fjármagn. Auðvitað er það átak og ég vil ekkert gera lítið úr því. En ég vil samt jafnframt taka það fram að við megum ekki mikla þetta verkefni um of. Þá kemur mér í huga hliðstætt verkefni sem á sínum tíma var, það var að flýta framkvæmdum í samgöngumálum og það vill svo til að það var einmitt í sama kjördæmi. Það var á Vestfjörðum. Það var stórt átak. Ef það væri reiknað til verðlags nú var það upp á 9–10 milljarða, þrisvar sinnum meira verkefni en við erum að tala um nú. En þetta var leyst. Við höfðum ágæta ríkisstjórn þá og hún leysti þetta og það var almennur skilningur á Alþingi að það ætti að gera þetta sérstaka átak fyrir Vestfirði á grundvelli þess að þar voru sérstakar aðstæður. Það er nákvæmlega það sama og nú er um að ræða nema verkefnið er þrisvar sinnum minna.

Eins og ég sagði áðan að við hefðum haft góða ríkisstjórn sem framkvæmdi þetta á sínum tíma, þá vil ég treysta hæstv. samgrh. til þess að sjá um að þetta verði nú framkvæmt. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en að hæstv. ráðherra sé full alvara í þessu efni. Það væri hörmulegt ef hæstv. ráðherra kæmi þessu ekki í framkvæmd vegna þess að þá hefði hann verið að vinna skemmdarverk í samgöngumálum Vestfjarða og byggðamálum Vestfjarða, því að þá hefðu brostið þær vonir sem Vestfirðingar fengu með þessum hugmyndum. Ég vil hins vegar ekki ganga út frá þessu og ég vil ekki ætla þetta. Ég vil mega reikna með því að málið nái fram að ganga. Og ef svo vill til að núv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra vinnist ekki embættisaldur til þess að framkvæma þetta, þá er ég líka vongóður því að ég vil ætla að þeir sem taki við stjórn landsins séu menn til þess að koma þessu máli í höfn.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég er ekki hissa á því þó að hv. 4. þm. Vestf. svelli móður í brjósti eftir að hafa hlýtt á forustuna í sínum eigin flokki tæta niður það sem menn vilja gera vel. Mönnum væri nær, í þeirri forustu, að taka hv. 4. þm. Vestf., þaulreyndan stjórnmálamann, sér til fyrirmyndar (**Gripið fram í:** Og til forustu.) og raunar til forustu. Þetta eru ákveðin skilaboð frá hv. þm. Þorvaldi Garðari til forustu Sjálfstfl., hvernig hún hagar sínum málflutningi um jafnalvarleg mál eins og hér er verið að ræða um gagnvart þeim landshluta sem við þekkjum mjög vel. Það hefði verið gott að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., hefði hlýtt á þessa áðrepu hv. 4. þm. Vestf., samflokksmanns síns, héðan úr ræðustól. Þetta segir manni auðvitað, sem maður vissi raunar fyrir, hvernig ástandið í forustunni á þeim bæ er. Það

gengur svo langt að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, sem ekki kallar nú allt ömmu sína í þessum efnum, stígur hér í ræðustól og hundskammar formann Sjálfstfl. fyrir það hvernig hann hagar málflutningi í þessu máli. Það á auðvitað við forustuna alla og hv. þm. ættu að taka eftir þessu. (**Gripið fram í:** Allan flokkinn.) Ja, trúlega allan flokkinn og kannski víðar ef skoðað væri. Það er auðvitað athyglisvert að hlýða á slíkar umræður. Ég man ekki eftir því fyrr að samflokksmaður hafi tekið forustumann í einum flokki jafn vel í gegn og hv. 4. þm. Vestf. gerði við hv. 1. þm. Suðurl., formann Sjálfstfl., hér áðan, enda mun hann farinn úr salnum fyrir nokkru síðan, hefur ekki tollað við eftir slíkan lestur hjá hv. 4. þm. Vestf.

Ég tek undir með honum. Það á ekki að mikla þetta svo fyrir sér og vera með neinar bölbænir um það að þetta verði ekki fjármagnað. Yfirlýsing hæstv. samgrh. liggur fyrir. Þetta er aukafjármagn sem þarna kemur til mála. Það verður ekki dregið úr öðrum framkvæmdum. Þetta liggur fyrir eftir umræðuna hér í dag og lá raunar fyrir fyrr og áður. Menn þurfa þess vegna ekki að vera að velta sér upp úr þessu hér á hv. Alþingi eins og málunum er komið nú.

Ég ítreka: Hafi menn í huga þessa ádrepu hv. 4. þm. Vestf. á formann Sjálfstfl. Muni menn hana sem lengst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú fer fram umræða utan dagskrár um Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Forseti vill aðeins skýra gang þess máls.

Þegar umræðubeiðandi kom til forseta og fór fram á að þessi umræða færi fram í dag leyfði forseti hana vegna þess að erfitt var fyrir forseta, þó ljóst væri að fram kæmi þáltill., að neita um umræðu utan dagskrár þar sem forseti átti þar sjálfur í hlut. Forseti vissi hins vegar ekki að fram kæmi önnur tillaga frá samflokksmanni hv. 1. þm. Reykv. Það er því ljóst að hér verða umræður, ef leyfðar verða, þær krefjast að vísu afbrigða en að öllum líkindum fara þær umræður fram.

Að þessu sögðu vill forseti þess vegna fara fram á það við hv. þingheim að menn reyni að takmarka svolítið lengd umræðna vegna þess að umræður um þetta viðamikla mál fara fram hér innan tíðar í þinginu.

Forseti hafði hugsað sér að halda fundi ekki lengur áfram en til kl. 6 og vænti ég að þá náist að ljúka þessari umræðu með góðri samvinnu við hv. þingmenn.

Eiður Guðnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að benda á það í upphafi þessarar umræðu, þrátt fyrir þær skýringar sem forseti hefur gefið, að skv. 32. gr. þingskapa er ekki eðlilegt að þessar umræður fari fram með þeim hætti sem forseti hefur lýst, ef forseti og þingmenn vilja halda sig við þingsköp og innan ramma þeirra. Í fyrri mgr. 32. gr. eru ákvæðin um takmarkaða umræðu utan dagskrár, þ.e. hálfa klukkustund, og það er alveg ljóst að samkvæmt henni getur hvaða þingmaður sem er, ef hann ber fram óskina með réttum hætti, eins og hér segir, fengið að ræða mál utan dagskrár í hálfa klukkustund. En í 2. mgr. 32. gr. þingskapa segir svo, með leyfi forseta:

„Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu mmálsins skv. 36. gr. eftir því sem við á."

Nú á að ræða þetta mál samkvæmt þessari málsgrein þingskapa, þ.e. umræðunni eru ekki sett tímamörk og málið er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma og svo aðkallandi að það geti ekki beðið meðferðar eða formlegra þingmála. Nú háttar hins vegar svo til, virðulegi forseti, að fyrir liggja tvö þingmál um þetta efni og verða væntanlega rædd hér á mánudag og þá sé ég í rauninni ekki að hér sé farið að þingsköpum. Ég hef a.m.k. miklar efasemdir um það og ég held að þetta sé óeðlileg og í rauninni röng málsmeðferð þar sem komin eru tvö bókuð þingmál, þ.e. 557. mál, um byggingu nýrrar áburðarverksmiðju, og 560. mál, um Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, þar sem 1. flm. er virðulegur forseti Sþ.

Ég held að hér verðum við aðeins að staldra við og athuga okkar gang því að hér sýnist mér beinlínis vera farið á svig við það sem stendur í 32. gr. þingskapa. Ég er ekki að leggja neinn efnisdóm á það hvort rétt sé að ræða þetta mál. Efni málsins er þessu óviðkomandi. Það er aðferðin og vinnubrögðin sem hér eru höfuðatriði og skipta máli. Ég mælist til þess að forseti íhugi þetta lítið eitt betur vegna þess að hér sýnist mér að mistök hafi átt sér stað.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka virðulegum forseta fyrir það að hafa orðið við beiðni um að fá að ræða hér alvarlegt mál sem allir þekkja og óþarfi er að tala um að þessu sinni enda verður það gert hér á eftir.

Ég get ekki tekið undir gagnrýni hv. 3. þm. Vesturl., sem að hans áliti byggist á þingsköpum, af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að það þarf að veita afbrigði til þess að hægt sé að ræða mál sem koma fram eftir 10. apríl og alveg óljóst hvort þau afbrigði verða veitt.

Og í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. forseta að því hvort það sé svo að sé farið fram á utandag-

skrárumræðu um mjög aðkallandi mál nægi fyrir einhverja aðra hv. þm. að boða það í fjölmiðlum að þeir muni flytja þingmál um sama efni og þá eigi að útrýma umræðunni utan dagskrár. Sé það svo, eins og hv. þm. lét liggja að í sínum orðum, er auðveldur leikur, þegar einhver biður um að fá að ræða aðkallandi mál utan dagskrár, fyrir hvern þingmann sem er að auglýsa það í útvarpi að hann hafi í hyggju að flytja mál um sama efni og skal þá forseti ekki verða við utandagskrárumræðubeiðninni.

Þessu vil ég biðja hæstv. forseta að gera grein fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér sýnist að það liggi ljóst fyrir að hv. 3. þm. Vesturl. hafði hér lög að mæla og fer ekki á milli mála að hans túlkun er sú hin eina eðlilega í þessu sambandi. Verði nú ekki eftir því farið og tekið tillit til þess sem hann sagði þætti mér vænt um ef hæstv. forseti upplýsti hvaða bráði vandi það er sem ber svo skjótt að að þessi umræða þurfi að fara fram nú en ekki sé hægt að taka málið fyrir með eðlilegum hætti. Í annan stað lít ég svo á að ekki sé völ nema tveggja kosta varðandi þá umræðu, annars vegar að það sé hálftíma umræða eða ótakmörkuð. Og miðað við þá umræðu í fjölmiðlum, að hugsanlegt sé að Reykjavíkurborg öll sé í hættu, mannhættu mikilli, þá sýnist mér að það hljóti þá að vera hin lengri umræða sem forseti leyfi undir svona kringumstæðum, varla metur hann það svo að það sé ekki nema hálftíma virði að ræða það mál ef slíkt hættuástand er í raun, og sé það hin lengri umræða fær það ekki staðist að henni geti verið lokið kl. 6 því að satt best að segja er það nú svo með okkur sem höfum horft á þessa verksmiðju alllengi að við vitum ekki hvaða teikn hafa gerst á himni í þeim efnum, að hún sé nú allt í einu orðin slíkur vágestur hér á höfuðborgarsvæðinu því að við höfum ekki haft af því neinar sérstakar fréttir að hinn gamli Þjóðvilji hafi verið svo grimmt lesinn um páskana að . . . (**Forseti:** Nú verð ég að biðja hv. þingmenn að ræða ekki efnislega um þetta mál. Eins og hv. þingmönnum mun kunnugt þá hefur forseti alla jafna reynt að koma til móts við óskir þingmanna um umræður utan dagskrár. Nú hefur það gerst að tveir þingmenn, hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Vestf., hafa borið fram gagnrýni á ákvörðun forseta. Forseti mun því fresta fundi í 10 mínútur og ræða við samforseta sína um framvindu þessa máls.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 1. þm. Suðurl. hefur beðið um orðið um þingsköp. Þolir það ekki bið þar til forseti hefur fengið tækifæri til að ræða við samforseta sína? (**ÞP:** Nei.) Hv. 1. þm. Suðurl. ræðir um þingsköp.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það er mjög óvenjulegt þegar forseti sameinaðs þings hefur leyft umræður utan dagskrár á grundvelli ákvæða í þingsköpum að ekki einasta einn, heldur tveir af þingmönnum ríkisstjórnarliðsins skuli koma upp og mótmæla slíkri ákvörðun forseta. Það eru, að ég hygg, fá dæmi um slíkt. Ég minnist þess ekki að slíkar tilraunir hafi verið gerðar af hálfu þingmanna stjórnarliðsins eftir að forseti hefur samþykkt að umræða skuli fara fram.

Hér liggur fyrir að óskað hefur verið eftir umræðu utan dagskrár um málefni sem er þess eðlis að við lá að almannavarnanefnd í Reykjavík gæfi út almenna viðvörun vegna hættuástands. Það er staðreynd sem fyrir liggur. Það liggur fyrir að borgarráð Reykjavíkur hefur samhljóða, með atkvæðum fulltrúa allra flokka, óskað eftir að ríkisstjórnin taki afstöðu til áframhaldandi reksturs þessarar verksmiðju. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt, fullkomlega eðlilegt og í fullu samræmi við ákvæði þingskapa sem hér er fjallað um, að umræðan fari fram með þeim hætti sem óskað var eftir og forseti hefur úrskurðað. Ef ekki er eðlilegt að kalla þegar í stað eftir afstöðu ríkisstjórnar í máli sem þessu, þá er þetta ákvæði þingskapa ákaflega lítils virði.

Ég ítreka það að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess fyrir forseta að taka fyrri úrskurð sinn til íhugunar og endurskoðunar þó að sá einstæði atburður gerist að tveir stjórnarþingmenn reyni að koma í veg fyrir umræðuna með þessum hætti. Ég óska eindregið eftir að forseti standi við sinn úrskurð og mér finnst málið liggja svo ljóst fyrir í samræmi við þingsköp að ekki sé nokkur ástæða til þess að gera hér frestun á fundum til samráðs þar um og vona að forseti láti umræðuna utan dagskrár hefjast án slíkrar tafar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 1. þm. Suðurl. vill forseti taka fram að hún á því ekki að venjast að tveir hv. þm. sjái ástæðu til þess að koma í ræðustól til að gagnrýna ákvarðanir forseta. Það hefur ekki komið fyrir fyrr. Ég tel mér skylt að hlýða á þessar raddir og mun þess vegna leyfa mér að taka nokkrar mínútur til að ráðfæra mig við embættismenn þingsins og samforseta mína um hver fordæmi eru þegar slík staða kemur upp. — [Fundarhlé.]

Vegna þeirrar gagnrýni sem borin var fram hér áðan vill forseti taka eftirfarandi fram: Athugasemdir hv. 3. þm. Vesturl. áttu vitaskuld rétt á sér ef um það hefði verið að ræða að tillögur þær sem hér um ræðir hefðu verið komnar fram. Nú eru þær óvenjulegu aðstæður hér að þingið hefur verið í frí og hvorug þessara þáltill. hafði verið lögð fram. Forsetar og embættismenn eru því sammála um að forseti hefði vart getað neitað því að þessi umræða færi fram. Því verður þeirri ákvörðun haldið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka virðulegum forseta fyrir þá ákvörðun að leyfa þessa umræðu sem er afar eðlileg eftir það sem á undan er gengið.

Ástæðan fyrir því að ég hef óskað eftir þessum umræðum utan dagskrár er það óhapp sem varð við Áburðarverksmiðjuna á páskadag og þær umræður

sem orðið hafa um atburðinn síðan. Ég tek það strax fram í upphafi að ég tel að fjölmiðlar, einkum ljósvakamiðlarnir, hafi ofgert í fréttaflutningi og ofmetið hættuna vegna óhappsins og gert meira úr þeirri hættu sem varð af þessu tiltekna slysi vegna þess hve ammoníakmagnið var lítið í geyminum á þeirri stundu sem slysið varð. Þá finnst mér mjög alvarlegt hvernig pólitísk samtök hafa reynt að nýta sér þetta óhapp til að vekja athygli á sér. Sérstaklega vil ég nefna pólitískar árásir Nýs vettvangs á borgarstjórann í Reykjavík og almannavarnanefnd Reykjavíkur.

Í Morgunblaðinu í gær birtist grein frá Nýjum vettvangi þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum frá Almannavörnum ríkisins hefur almannavarnanefnd Reykjavíkur ekki sinnt lágmarksskyldum sínum varðandi öryggismál og viðbrögð við hættuástandi í borginni. Almannavarnanefnd Reykjavíkur er talin ein verst skipulagða almannavarnanefnd landsins en þær eru 62 að tölu." Síðar í þessari grein segir: „Engin ítaráætlun er til vegna yfirvofandi hættuástands fyrir ný borgarhverfi. Gildandi ítaráætlun er frá árinu 1976. Á stopulum fundum almannavarnanefndar Reykjavíkur hefur komið fram að æðstu embættismenn borgarinnar hafa ólíkan skilning á hlutverkum sínum og viðbrögðum við hættuástandi. Almannavarnir ríkisins skortir úrræði til þess að veita almannavarnanefnd Reykjavíkur aðhald." Og enn síðar segir í þessari grein: „Víða í borginni eru geymdar birgðir hættulegra efna sem stefnt geta lífi og heilsu borgarbúa í voða. Samkvæmt upplýsingum frá Almannavörnum ríkisins eru ákveðnir borgarhlutar í umtalsverðri hættu af þeim sökum. Aðstandendur Nýs vettvangs hafa gilda ástæðu til að efast um úrræðagetu almannavarnanefndar Reykjavíkur þegar bregðast þarf skjótt og skipulega við aðsteðjandi vá."

Þetta er orðrétt úr yfirlýsingu frá Nýjum vettvangi sem birtist í Morgunblaðinu í gær, hinn 19. apríl.

Í morgun sendu Almannavarnir ríkisins frá sér fréttatilkynningu og í henni kemur fram þetta m.a., með leyfi forseta:

„Almannavarnir ríkisins hafa ekki gefið neinar yfirlýsingar um að almannavarnanefnd Reykjavíkur hafi ekki sinnt lágmarksskyldum sínum varðandi öryggismál og viðbrögð við hættuástandi í borginni. Enginn samanburður er gerður á störfum almannavarnanefnda í landinu þar sem áherslur á störfum þeirra eru mjög mismunandi og miðast við ólíkar áhættur sem ógna á hverjum stað. Í neyðaráætlun Almannavarna Reykjavíkur eru fyrir fram gefin fyrirmæli almannavarnanefndar til þeirra stofnana og sveita sem fara með fyrstu viðbrögð gegn hættu eða vá og ákveði um verkaskiptingu þeirra í þeim viðbrögðum. Almannavarnanefnd tekur ekki við beinni stjórn og samræmingu aðgerða á neyðartímum fyrr en langtímaaðgerðir eru hafnar. Neyðaráætlun Almannavarna Reykjavíkur er frá 1982 en ekki 1976. Hlutverk æðstu embættismanna borgarinnar á neyðartímum eru nákvæmlega skilgreind í þeirri áætlun. Hefur nefndin falið embættismönnum sínum að taka þátt í námskeiðum og öðrum þjálfunum sem stofnað hefur verið til á sviði Almannavarna, svo og sent nefndarmenn og björgunarforingja til að kynna sér hliðstæð almannavarnastörf erlendis.

Almannavarnir ríkisins hafa ekki reynt að túlka skilning æðstu embættismanna borgarinnar á hlutverkum sínum og viðbrögðum við hættuástandi. Í stóræfingum Almannavarna í Reykjavík, svo og í hættutilvikum og neyð þegar almannavarnanefndin hefur starfað að stjórn og samræmingu aðgerða, hefur ekkert annað komið fram en að hún sinni fullkomlega hlutverki sínu og leysi það af fagmennsku og festu.

Könnun á geymslu og notkun hættulegra efna í Reykjavíkurborg var gerð að frumkvæði almannavarnanefndar Reykjavíkur en öryggissvæði kortlögð fyrir nefndina af Almannavörnum ríkisins. Samkvæmt lögum um almannavarnir fer stjórn Almannavarna ríkisins með umsjón með almannavarnanefndum. Hafa samskipti Almannavarna ríkisins og almannavarnanefndar Reykjavíkur verið með miklum ágætum. Framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins er ætíð boðaður á fundi nefndarinnar og situr þá verði því við komið. Nefndin hefur tekið undir allar tillögur sem komið hafa frá Almannavörnum ríkisins um framkvæmd einstakra þátta í almannavörnum. Hins vegar hefur verið lýst yfir áhyggjum við nefndina um að framkvæmdir á ákvörðunum nefndarinnar gengju hægar en æskilegt væri.

Nefndin brást þegar við því og réð sérstakan verkefnisstjóra í fullt starf til að hraða málum í framkvæmd. Almannavarnir höfuðborgar landsins eru mikið ábyrgðarstarf og hefur þessi fagnefnd hennar eitt víðtækasta verksvið allra nefnda borgrinnar. Hefur almannavarnanefnd Reykjavíkur haft forustu í framkvæmdum á mörgum sviðum almannavarna í héraði sem ekki verða talin upp hér."

Virðulegur forseti. Þetta hef ég kosið að lesa hér upp vegna þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram og byggist á misskilningi eða þá á einhverjum annarlegum sjónarmiðum.

Það er einkum tvennt sem mér finnst skipta mestu máli þegar rætt er um framtíð Áburðarverksmiðju ríkisins í ljósi atburða og umræðu á undanförnum dögum. Annars vegar verður óhappið með öðrum hætti en menn höfðu áður gert ráð fyrir að gæti orðið. Ekki er enn ljóst hvað valdið hefur íkveikjunni en ein af tilgátunum er sú að rafdrifinn öryggisloki hafi orsakað eldinn. Sú staðreynd að slys skuli eiga sér stað með þessum hætti sýnir að áhættan er önnur og meiri en menn ætluðu þegar málið hefur verið til skoðunar áður. Hins vegar eru meiri efasemdir nú en áður um þjóðhagslegt gildi framleiðslunnar í Áburðarverksmiðjunni. Í fréttagrein DV er sagt að skattborgararnir hafi styrkt verksmiðjuna um tæplega 1 milljarð á síðustu fimm árum og er þá verðlagið fært upp til marsmánaðar þessa árs. Raforkuverð sem verksmiðjan greiðir er mjög lágt. Verð raforku til Álversins í Straumsvík er t.d. 80–90% hærra en til

Áburðarverksmiðjunnar um þessar mundir. Sala raforku til Áburðarverksmiðjunnar er 140 gwst. á ári og gefur það innan við 1,5% tekna Landsvirkjunar. Þá er á það bent að á næstu árum hljóti áburðarnotkun að fara minnkandi vegna samdráttar í landbúnaðarframleiðslunni.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að rekja einstaka þætti málsins, hvorki þá sem snerta óhappið sjáft né heldur fyrri ákvarðanir um öryggismál í verksmiðjunni. Ljóst er að árið 1988 töldu menn að nýr geymir mundi draga svo mikið úr áhættunni vegna ammoníaksbirgða að hættan yrði hverfandi. Síðustu atburðir hafa vakið upp nýjar efasemdir sem nauðsynlegt er að bregðast við. Á fundi sínum sl. þriðjudag samþykkti borgarráð Reykjavíkur samhljóða tillögu borgarstjóra sem hljóðar svo, með leyfir forseta:

„Borgarstjórn Reykjavíkur krefst þess að ríkisstjórnin taki nú þegar ákvörðun um að leggja eins fljótt og auðið er niður rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi."

Ég vek athygli á að fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga í borgarráði greiddu atkvæði með tillögunni. Hæstv. ríkisstjórn hefur fjallað um þetta mál á tveimur fundum sínum, þeim seinni í morgun. Það hlýtur að vera eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn geri Alþingi grein fyrir þeirri umfjöllun og skýri frá niðurstöðu sinni. Hér er um mál að ræða sem er þess eðlis að þing og þjóð hljóta að krefjast þess að fá að fylgjast með hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst taka á því.

Verksmiðjureksturinn heyrir undir landbrn. og öryggismálin undir félmrn. Ég hef því beðið hæstv. félmrh. og hæstv. landbrh. að vera viðstadda umræðuna en tel eðlilegast að beina máli mínu til hæstv. forsrh. og biðja hann að gera Alþingi grein fyrir afstöðu hæstv. ríkisstjórnar. Afstaða hennar hlýtur að hafa áhrif á það hvernig Alþingi fjallar um málið á næstunni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eg vil í upphafi máls míns taka undir það sem fram hefur komið, að þegar um öryggi íbúanna er að ræða ber að hafa fyllstu varúð og fara þannig að málum að slys verði helst aldrei. Hins vegar verð ég að taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að mér finnst að í þessu máli hafi verið farið nokkuð geyst og ýmislegt verið sagt sem einkennist meira af kappi en forsjá. Ég held satt að segja að í þróun og í athugun á Áburðarverksmiðjunni undanfarin ár hafi þess einmitt verið gætt að tryggja öryggi eins og best verður kosið.

Ég er hins vegar ekkert undrandi á að hafa fengið beiðni um að loka verksmiðjunni frá íbúasamtökum Grafarvogs. Það er afar eðlilegt eins og um þetta mál hefur verið fjallað og vísa ég enn til þess sem hv. fyrirspyrjandi sagði um það.

Spurt er um viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin fjallaði um þetta mál þegar á fundi sínum sl. þriðjudag. Jafnframt heimsóttu tveir ráðherrar verksmiðjuna og kynntu sér á staðnum hvernig þetta hefði atvikast og ræddu þar við ráðamenn. Það voru landbrh. og sjútvrh., sem gegndi störfum fyrir mig.

Á fundi sínum í morgun gerði ríkisstjórnin samþykkt sem ég vil, með leyfi forseta, lesa:

„Vegna alvarlegs ástands sem skapaðist í kjölfar þess að eldur kviknaði í ammoníaksgeymi Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi á páskadag og vegna umræðna sem fylgt hafa í kjölfarið um starfsemi Áburðarverksmiðjunnar hefur ríkisstjórnin á fundi sínum í dag gert svohljóðandi samþykkt:

1. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að ítarlegri rannsókn á orsökum óhappsins sem varð á páskadag ljúki hið fyrsta.

2. Ríkisstjórnin mun sjá til þess að lokið verði svo fljótt sem auðið er yfirstandandi öryggisgreiningu á verksmiðjunni og einnig verði gert heildaráhættumat með aðstoð viðurkenndra erlendra sérfræðinga. Einnig verði aflað ítarlegra upplýsinga um staðsetningu, öryggisbúnað og rekstur ammoníaksgeyma og sambærilegra verksmiðja erlendis.

3. Ríkisstjórnin felur landbrh. og félmrh. að sjá til þess að rekstri verksmiðjunnar verði hagað þannig að fyllsta öryggis verði gætt. Það feli m.a. í sér að núverandi ammoníaksgeymir verði ekki notaður framar og ekki verði geymt ammoníak í verksmiðjunni umfram það sem er á daggeymum verksmiðjunnar vegna eigin framleiðslu þar til annað verður ákveðið. Vinnueftirliti ríkisins og Almannavörnum ríkisins verði í samráði við Slökkviliðið og almannavarnanefnd Reykjavíkur falið að fylgjast með ofangreindum aðgerðum, ekki síst því að rekstri verksmiðjunnar verði, meðan á þeim stendur, hagað þannig að ýtrasta öryggis sé gætt.

4. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að viðhalda áburðarframleiðslu í landinu með þeim störfum sem þar skapast og tilheyrandi verðmætasköpun enda sé um þjóðhagslega hagkvæma starfsemi að ræða. Samtímis lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna til viðræðna við Reykjavíkurborg um framtíð verksmiðjunnar í Gufunesi, sbr. samþykkt borgarráðs frá 17. apríl sl."

Ég ræddi jafnframt við borgarstjóra Reykjavíkur í morgun og við höfum ákveðið að hittast á mánudaginn vegna þessa máls.

Ég tel jafnframt nauðsynlegt að fara fáeinum orðum um það sem ég nefndi lauslega í upphafi, þá athugun sem hefur verið gerð á undanförnum síðustu árum á öryggisbúnaði Áburðarverksmiðjunnar. Ég minni á það að í febrúarmánuði 1986 skipaði þáv. félmrh. starfshóp sem skyldi gera tillögur um úrlausn á vandamálum vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Þetta var allfjölmennur starfshópur sem í sátu fróðustu menn um þetta málefni. Til að gera langt mál stutt varð meginniðurstaða starfshópsins sú að hann taldi að með því að geyma ammoníakið kælt og án yfirþrýstings í tvöföldum geymi drægi mjög úr hættu og öryggi yrði viðunandi fyrir byggðina umhverfis verksmiðjuna, enda verði hún ekki nær en nú er ráðgert, þ.e. 1200 m.

Í framhaldi af þessari skýrslu sem fjallað var um í ríkisstjórninni á fundi 14. jan. 1988 var ákveðið að

fela stjórn Áburðarverksmiðjunnar að velja á milli þess að taka upp kælingu á eldri geymi eða byggja nýjan, kældan geymi. Páv. forsrh. Þorsteinn Pálsson fól landbrh. að láta þá athugun fara fram. Sú athugun fór fram. Skipuð var nefnd í þessu skyni og áttu sæti í henni Gunnlaugur M. Sigmundsson viðskiptafræðingur, Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur og Kristinn Ó. Magnússon verkfræðingur. Fjöldamargir sérfræðingar voru kvaddir til ráða og m.a. skoðað vandlega hvernig þessum málum er háttað erlendis.

Niðurstaða nefndarinnar eða sá þáttur niðurstöðunnar sem við kemur öryggismálum er þessi, með leyfi forseta:

„Þegar reistur hefur verið nýr og öruggari ammoníaksgeymir er talið að Áburðarverksmiðja ríkisins fullnægi í aðalatriðum öllum öryggiskröfum sem gerðar eru til hennar, en þær eru strangar. Því er af öryggisástæðum ekkert því til fyrirstöðu að athafnasvæði nái alveg að lóð verksmiðjunnar."

Eftir að þessi niðurstaða var fengin samþykkti ríkisstjórnin samhljóða að heimila Áburðarverksmiðjunni að byggja nýjan geymi samkvæmt þessum ströngu öryggiskröfum. Rétt er að það komi fram líka að skipulagsnefnd Reykjavíkur samþykkti fyrir sitt leyti að slíkur geymir yrði byggður. Reyndar er það athyglisvert að Reykjavíkurborg hefur síðan framlengt lóðarsamningi við verksmiðjuna og gildir hann nú til ársins 2019, ef ég man rétt. Það mun hafa verið gert í september sl. Þarna hefur því verið algjör samstaða um þær öryggiskröfur sem nefndirnar lögðu til á milli ríkisstjórnar, þ.e. ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, og Reykjavíkurborgar.

Það er e.t.v. rétt að gera aðeins örstutta grein fyrir þeim veigamikla mun sem er á geymi eins og þeim sem þarna er nú og þeim sem á að byggja. Ég skal reyna að hafa það stutt.

Ammoníak er í eðli sínu lofttegund en er, vegna geymslurýmis, yfirleitt geymt undir þrýstingi eða réttara sagt sem vökvi. Það má gera annaðhvort undir nægilega miklum þrýstingi eða með kælingu. Í þeim geymi sem þarna er núna er þessu náð með *því að geyma ammoníakið undir þrýstingi*. Þessu fylgir að vissu leyti meiri hætta, því ef geymirinn brestur gufar ammoníakið upp og getur þá sem lofttegund farið með vindum og að sjálfsögðu valdið tjóni. Í slíkri geymslu er alltaf eitthvað af ammoníakinu sem lofttegund. Þegar dælt er inn ammoníaki sem er vökvi undir þrýstingi, þá eykst þrýstingurinn í geyminum. Þá er ammoníaksgufu iðulega hleypt út úr geyminum til að draga úr þrýstingi eða ammoníaksgufan er færð yfir á svæði þar sem unnt er að kæla hana og breyta henni í vökva. Vitanlega er það æskilegri leið því með því móti nýtist ammoníakið jafnframt til vinnslunnar. Þó hefur tíðkast að létta á þrýstingi með því að hleypa smávegis ammoníaki út sem gufu og hefur ekki verið talið hættulegt.

Ekki er fengin skýring á því hvers vegna kviknaði í þessari ammoníaksgufu. Ammoníak brennur ekki vel, það þurfa að vera ákveðin hlutföll af ammoníaki í loftinu til að það brenni og það er tiltölulega vel slökkvanlegt.

Þó að ég sé fullkomlega sammála því að þarna gerðist hlutur sem ekki átti að geta gerst er ég sannfærður um að allt of mikið hefur verið gert úr þeirri hættu sem þessu fylgdi. En ég hygg að í raun og veru hefði hætta fyrst orðið ef þessi eldur hefði logað mjög lengi og veikt stálið þannig að á það hefði komið gat. Þá hefði verið hætta ef mikið ammoníak hefði verið í geyminum. Hins vegar var það mjög lítið. Reyndar er rétt að fram komi að almannavarnanefnd Reykjavíkur setti það skilyrði fyrir áframhaldandi notkun þessa gamla geymis þar til nýi geymirinn væri kominn í notkun að aldrei mætti vera í honum meira en helmingur þess sem hann tekur, þ.e. 500 tonn. Eldinn tókst að slökkva á nokkrum mínútum því, eins og ég sagði áðan, tiltölulega auðvelt er að slökkva eld í ammoníaki í andrúmslofti að því er mér er tjáð. Það er því langt frá því að nokkur hætta hafi verið orðin, t.d. að stálið léti undan, þetta er mjög þykkt stál, 2,5 sm á þykkt.

En ég endurtek, að sjálfsögðu verður að fara fram ítarleg athugun á því sem þarna gerðist. Hins vegar er nýi geymirinn allt öðruvísi gerður. Það er tvöfaldur geymir, sem sagt ein kúla innan í annarri. Auk þess er stórt rými í kring, þ.e. eins konar gryfja. Þannig að ef geymirinn springur þá fer ammoníakið í fyrsta lagi út í millirýmið og ef það springur líka fer það út í jarðrýmið, gryfjuna sem þar er fyrir utan. Auk þess er ammoníakið þarna geymt kælt en ekki undir þrýstingi. Til kælingar er gert ráð fyrir að verði þrjú kælikerfi og þó þarf ekki nema eitt til notkunar í senn. Þarna er því um svo ólík öryggisatriði að ræða að þetta er ekki sambærilegt.

Það er kannski fróðlegt að menn viti að mjög víða um heim er ammoníak geymt miklu nær byggð en hér er um að ræða. Í Landskrona í Svíþjóð er t.d. 30 þús. tonna kældur tankur á hafnarsvæði borgarinnar. Aðalsjúkrahús borgarinnar er í eins *kílómetra fjarlægð*. Í Fredericia í Danmörku er 5 þús. tonna kældur tankur í verksmiðju á hafnarsvæði borgarinnar og í Lyngsodde sem er í þriggja kílómetra fjarlægð frá borginni er aðalammoníaksgeymslan 83 þús. tonn — 83 þúsund tonn — í fjórum kældum geymum. Og í Heroy í Noregi er 76 þús. tonna geymir í byggð og búið er allt í kringum verksmiðjuna og geyminn.

Nú er ég út af fyrir sig ekki að mæla með þessu og ég tel að eigi að vera viss fjarlægð frá verksmiðjunni. En þó þessi geymir sé nú aðeins 1 þús. tonn, en þeir geymar sem ég hef nefnt eru frá 30 þús. og samtals geymt upp í 83 þús. tonn af ammoníaki, þá held ég að menn hljóti að sjá að þegar nýi geymirinn kemur er hér áreiðanlega gætt eins mikils öryggis og nokkurs staðar þekkist. Við smíði þessa geymis eru virtar allar þær kröfur sem ýtrastar eru

gerðar erlendis. Og ég gæti rakið langtum fleiri dæmi um slíka geymslu.

Ég er algjörlega sammála því að gamli geymirinn komi ekki til greina. Og það er alveg hárrétt niðurstaða að hann átti að fjarlægja. Nú er búið að loka honum. Það var fyrsta ákvörðunin sem var tekin strax, honum var lokað í samráði við almannavarnanefnd Reykjavíkurborgar.

Ég tel jafnframt að almannavarnanefnd Reykjavíkurborgar hafi brugðið rétt við. Mér er tjáð að borgarstjóri og borgarverkfræðingur hafi komið á staðinn samstundis, kynnt sér þetta persónulega. Fundur var haldinn í almannavarnanefndinni um kvöldið og í samráði hennar og Áburðarverksmiðjunnar var ákveðið að taka þennan geymi úr notkun. Svo sú hætta sem var til staðar, þó hún væri miklu minni með geyminn aldrei nema hálfan, er fjarlæg. Og hvað eru menn þá að tala um? Allar athuganir á verksmiðjunni hafa beinst að geymslu ammoníaks. Það er löngu hætt að geyma áburðinn ópakkaðan. Allir hafa verið sammála um að hættan beinist að geymslu ammoníaks í þrýstigeymi. Hann er tekinn úr notkun og verður ekki tekinn í notkun aftur.

Ríkisstjórnin er jafnframt sammála um að til að gæta fyllsta öryggis fari enn fram áhættugreining á verksmiðjunni, sem reyndar er hafin, og að hún verði jafnvel enn ítarlegri en hingað til hefur verið gert ráð fyrir. Hún verður að sjálfsögðu gerð í fullu samráði við Reykjavíkurborg. Ríkisstjórnin er sammála um það að jafnvel þessi nýi geymir, sem þó er með öllum ýtrasta öryggisbúnaði sem þekkist, verði ekki tekinn í notkun nema niðurstaða slíkrar athugunar liggi fyrir og gefi ótvírætt til kynna að þarna sé ekki um þá hættu að ræða sem sumir hafa óttast. Ríkisstjórnin hefur jafnframt ákveðið að vinna að þessu máli í fullu samráði við Reykjavíkurborg. Ég greindi frá því áðan að ég hef rætt við borgarstjóra um málið símleiðis og við munum hittast strax eftir helgina. Ég mun gera það að tillögu minni að ríkið og Reykjavíkurborg setji sameiginlega á fót rannsóknanefnd í þessu máli. Svona mál á að leiða til lykta með samvinnu þeirra aðila sem þarna koma að.

Ég get þar með í raun látið lokið mínu máli. Ég ætla ekki að fara að fjalla um það hér að leggja verksmiðjuna niður eða flytja hana. En svona aðeins til upplýsingar, ég hygg að núvirði þessarar verksmiðju sé um 3 milljarðar króna eða kannski rúmlega það. Líklega eru um tveir þriðju þess bundnir í byggingum og slíku á staðnum. Það getur vel verið að einhverjir vilji kaupa þær og nota í eitthvað — sjóminjasafn heyrði ég nefnt, eða eitthvað annað. Ef það yrði gert getur vel komið til greina að byggja verksmiðjuna annars staðar. Þarna vinna 150 manns og ýmis sveitarfélög vilja gera ýmislegt til þess að skapa fólki vinnu. Ég er sannfærður um að Reykjavíkurborg vill einnig hafa það í huga. Fleiri eru tengdir þessari verksmiðju, eins og járnsmiðir og ýmislegt lið sem er til kvatt þegar þarna þarf að vinna. Ekki má rasa um ráð fram í þessu, ég held að sá ótti sem hefur verið byggður upp með fjölmiðlatali í málinu sé ástæðulaus, menn eigi að ræða þetta málefnalega, eins og ríkisstjórnin stefnir að að gera í fullu samráði með Reykjavíkurborg næstu daga.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta ágæta ræðu forsrh. Þó vil ég láta það koma fram að mér þykir hér vera dæmi um afar sorglegt mál og hryggilega þróun sem orðið hefur. Ég ber ákveðnar taugar til þessa fyrirtækis því að ég kom að stækkun fyrirtækisins á sínum tíma. Mér sýnist að nú syrti heldur í álinn fyrir áburðarframleiðslu á Íslandi.

Fyrir tveimur árum var náð samkomulagi um framtíðarrekstur þessarar verksmiðju og á grundvelli þess var ráðist í byggingu ammoníakstanks. Fyllsta öryggi átti að vera náð þegar hann væri kominn í notkun. Þetta var allt saman samþykkt af yfirvöldum borgarinnar. Öryggið var nú reyndar það mikið áður en ákveðið var að byggja þennan nýja tank að talið var óhætt að byggja Grafarvogshverfið alveg upp að verksmiðjuveggnum. Verksmiðjan er á sama stað og hún var 1982, á sama stað og hún hefur verið frá upphafi, og menn hafa ekki vílað það fyrir sér að byggja upp að verksmiðjuveggnum.

Fyrir nokkrum dögum varð óhapp í verksmiðjunni, óhapp sem e.t.v. má rekja til trassaháttar einhverra starfsmanna. Guði sé lof þá varð ekki slys þarna en þó nægði þetta til að blása upp móðursýkismoldviðri út af þessu óhappi. Nú rignir hér inn tillögum um málið. Borgarráð hefur gert mjög skorinorða ályktun um það og þetta er hin fyrsta af a.m.k. þremur umræðum sem koma til með að fara fram hér á Alþingi á næstu dögum. Þetta minnir mig nú á manninn sem í tóbaksleysinu gernýtti tóbakið sitt með því að í fyrstu tuggði hann rjólið, síðan þurrkaði hann það og setti það í pípuna sína og reykti og að lokum tók hann öskuna í nefið. Sem betur fer held ég að þessi skelfing hafi verið ástæðulítil. Hún er samt þess eðlis að ekki er hægt að loka augunum fyrir því að hún er fyrir hendi. Ef það er vilji, ef það er raunverulegur vilji borgarbúa að þessari verksmiðju sé lokað, þá er óhjákvæmilegt að verða við því að mínum dómi. Ef það er raunverulegur vilji Reykvíkinga að Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi verði lokað, þá held ég að óhjákvæmilegt sé að verða við því.

Ég tel líka að óhjákvæmilegt sé að verða við því að loka álverinu í Straumsvík ef Hafnfirðingum þætti sér standa ógn af því með einhverjum hætti, óhjákvæmilegt á sama hátt að loka Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði ef íbúar á Siglufirði teldu sér standa ógn af rekstri þeirrar verksmiðju. Svona mætti líka telja upp Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki, Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Ég tel að svona verksmiðju sé ekki unnt að reka nema í sæmilegri sátt við það samfélag þar sem þær starfa.

Á hinn bóginn verður maður náttúrlega að velta fyrir sér hvernig fer fyrir því þjóðfélagi sem stöðvar atvinnurekstur og þolir ekki atvinnurekstur innan skynsamlegra og eðlilegra og strangra öryggismarka. Ég tel að ekki eigi að byggja álver í umhverfi ef þeir

sem næstir búa eru ekki fúsir að taka við því. Mér sýnist það mikið óráð að byggja verksmiðjur í trássi við það fólk sem í kringum þær kemur til með að búa.

Ég óttast satt að segja að dagar áburðarframleiðslu í Gufunesi séu taldir. En áður en Áburðarverksmiðjunni verður endanlega lokað tel ég að skynsamlegt sé að fara þá leið sem ríkisstjórnin hefur ákveðið á fundi sínum í morgun. Ákveðið að gera fleiri aðgerðir. Það er búið að taka gamla tankinn úr notkun. Ég held að öryggiskönnun þurfi að fara fram, ítarleg könnun á öryggi. Jafnframt held ég, og ég saknaði þess í ræðu forsrh. eða í samþykkt ríkisstjórnarinnar, að huga þurfi líka að skipaferðum að og frá verksmiðjunni. Ég held að það stafi ekki minni hætta af skipaferðum um sundin en af starfseminni þarna í Gufunesi. A.m.k. verður að líta á það jafnframt. Það er hugsanlegt að setja strangari öryggiskröfur um búnað skipanna sem flytja ammoníakið og e.t.v. strangari kröfur um að íslenskir hafnsögumenn hafi leiðsögn á hendi lengra utan úr flóa o.s.frv.

Ég held að líka sé nauðsynlegt að gera sér fullkomna grein fyrir þjóðfélagslegum afleiðingum af lokun verksmiðjunnar, hvað áburður kostar, er hægt að fá hann á lægra verði frá útlöndum? Ég held að það sé afturför í atvinnulífi þjóðarinnar ef hætt verður að framleiða áburð á Íslandi. Ef það kemur í ljós að hentugt sé að framleiða áburð hér er eðlilegt að kanna hvort reisa ætti áburðarverksmiðju annars staðar á landinu. Og þá vil ég leyfa mér að nefna að ég tel að mjög vel kæmi til greina að byggja hana á Norðurlandi vestra. Þar væri vafalaust hægt að finna henni öruggan stað og rétt að athuga hvað það mundi kosta. Ég held að ekki sé forsvaranlegt að reka þessa verksmiðju í óþökk borgarbúa en áður en ákvörðun um lokun er tekin held ég að öll gögn málsins verði að liggja fyrir þannig að niðurstaðan sé tekin með rökum en ekki sem liður í kosningabaráttu eða þá í einhverri geðshræringu.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef, kannski ekki síður en hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hér var að ljúka máli sínu, taugar til þess fyrirtækis sem hér er til umræðu, Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Ég var um skeið yfirmaður verksmiðjunnar og átti sem slíkur hlut að ákvörðun um stækkun hennar á þeirri tíð.

Ég tel að ekki fari á milli mála að það óhapp sem varð á páskadag við verksmiðjuna hafi verið mjög alvarlegt. Ég skal ekki dæma um það sem komið hefur fram í þessari umræðu, bæði af hálfu málshefjanda og eins af hálfu hæstv. forsrh., að úr þessari hættu hafi verið gert helsti mikið, ekki síst af fjölmiðlamönnum og pólitískum aðilum, en ljóst er að um alvarlegt óhapp var að ræða.

Ég ætla ekki heldur að rekja það á nokkurn hátt eða dæma um það hvort nægilega verður bætt úr öryggi við þessa verksmiðju með nýjum ammoníaksgeymi sem nú er í byggingu en það kom glöggt fram í máli hæstv. forsrh. að þá verður öryggi verulega aukið við geymslu á þessu hættulega efni. Hins vegar er rétt að leggja á það áherslu að við verksmiðju sem er við bæjardyr aðalþéttbýlis landsins verður að gæta fyllsta öryggis. Ég tek undir það sem fram kom í máli hæstv. forsrh. að eðlilegt er að að þessu máli verði unnið með þeim hætti sem hann greindi frá, af hálfu hæstv. ríkisstjórnar annars vegar og borgaryfirvalda í Reykjavík hins vegar með fullu samstarfi þessara aðila.

Ég skal ekki gera því skóna hver niðurstaða verður að lokinni þeirri athugun sem hafin er í þessu máli, en fari svo að tekin verði ákvörðun um að fella niður starfsemi Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, þá þykir mér það einsýnt að verksmiðjan verði endurbyggð og framleiðsla á áburði fari fram annars staðar á landinu. Og það er ekkert smámál sem þar er um að tefla vegna þess að þarna eru miklar eignir og því fylgir mikill kostnaður að endurbyggja slíka verksmiðju annars staðar. Ég vil í tilefni af því taka það fram sem mér þykir eiga erindi inn í þessa umræðu, að komi til slíkra aðgerða, þá verði sá kostnaður sem af endurbyggingu verksmiðjunnar annars staðar hlýst ekki borinn uppi af áburðarverði. Þar er þá um að ræða aðgerð sem er sprottin af því að nauðsyn þykir bera til að öryggis sé gætt fyrir fjölda fólks hér á höfuðborgarsvæðinu og öryggis þessa fólks verður vitaskuld að gæta. Og ef það þykir, að bestu manna yfirsýn, svo komið að öryggis fólks á þessu svæði sé ekki nægilega gætt nema með því að loka verksmiðjunni, þá verður hún að mínum dómi byggð annars staðar. Sá kostnaður getur ekki verið borinn uppi af notendum áburðarins. Hann verður að vera borinn uppi af almannafé. Þetta vil ég að komi alveg skýrt og skorinort fram af minni hálfu.

Ég vil svo bæta um betur en hv. 1. þm. Norðurl. v. og bjóða fram lóð undir nýja verksmiðju, ef byggð verður, á Norðurlandi vestra. Svo vill til að starfandi er samstarfsnefnd héraðsnefnda í því kjördæmi ásamt fulltrúa frá Siglufjarðarkaupstað og iðnráðgjafa iðnþróunarfélags kjördæmisins. Þessi samstarfsnefnd hefur einmitt fundað um þetta mál þann 18. þ.m. og sent hæstv. ríkisstjórn erindi þar sem vilji samstarfsnefndarinnar liggur fyrir um það að ef af slíkri tilfærslu yrði þá væri mjög mikilvægt að nýrri verksmiðju væri þar valinn staður eftir því sem heppilegt kann að sýnast.

Þetta kemur heim við það sem er í fskj. með tillögu hv. þm. Egils Jónssonar, að nýrri verksmiðju yrði vitaskuld að velja stað með tilliti til þess að öryggishagsmuna sé gætt. Ef þeirra þykir ekki nægilega gætt á þessu svæði þá verður að velja annað og hættuminna svæði. Þar þarf m.a. að taka tillit til jarðhræringa. Fskj. sem er hér og er hluti af ritgerð Sigurðar heitins Þórarinssonar jarðfræðings sýnir að landinu er skipt niður í svæði eftir áhættuþáttum vegna jarðhræringa og eru þeir býsna miklir hér á þessu svæði en mjög litlir á Norðvesturlandi og Austfjörðum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég ítreka þá skoðun mína að fyllsta öryggis verður að gæta við verksmiðju af þessu tagi og við

geymslu á hættulegum efnum svo sem ammoníaki. Ég vænti þess að með samstarfi hæstv. ríkisstjórnar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar takist að leiða í ljós hvort sú hætta sem menn telja að sé til staðar í núverandi verksmiðju sé það rík að hún réttlæti að verksmiðjureksturinn verði felldur niður og verksmiðjan byggð annars staðar. Fari svo þá liggur það fyrir af minni hálfu alveg tvímælalaust að kostnaður við slíka flutninga verði borinn uppi af almannafé en ekki af notendum áburðarins.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Þetta er viðkvæmt mál að ræða um á þessum tíma, Áburðarverksmiðjan sem var vissulega barn síns tíma. Hún var reist árið 1952 þegar landbúnaður á Íslandi var í sókn. Þetta var skömmu eftir stríðið og miklar væntingar og vonir bundnar við landbúnað, hann var í sókn og þurfti á áburði að halda.

Í dag eru breyttar aðstæður. (**PJ:** Er hætt að bera á?) Það er enn borið á, því miður er of mikið borið á, því miður. Spurningin er: Hvernig nýtist sá áburður sem við erum að framleiða í dag? Er hann þjóðarbúinu til heilla eða er hann hráefni í aukið Rúmeníukjöt? Það er eitt af því sem verður að spyrja þegar þessi mál eru rædd. Hverjum þjónar áburðarframleiðslan í dag?

Áburðarverksmiðjan var fyrir margra hluta sakir hin merkilegasta framkvæmd á sínum tíma. Þar var notuð afgangsraforka til framleiðslu, sem var merkileg nýjung. Margt annað má um hana segja þó hún hafi verið byggð undir hálfgerðum sjóræningjafána, til þess að fá Marshall-aðstoð. Það er út af fyrir sig gott og blessað og hefur verið vikið að Marshall-hjálp fyrr í dag. En Áburðarverksmiðjan hefur líka verið misnotuð, hún hefur aldrei fengið að starfa sem fyrirtæki. Hún hefur aldrei fengið að lúta lögmálum viðskiptanna. Hún hefur verið notuð til þess að stýra verðlagi og nú síðast var henni gert að slá 50 millj. kr. lán til þess að halda niðri verði á áburði. Áburðarverksmiðjan er hjól í þeim stýrisbúnaði sem stjórnvöld nota á hverjum tíma til þess að halda verðlaginu í skefjum, eða halda því uppi, eftir því hvernig á stendur á hverjum tíma.

Núna um páskahelgina raskaði Áburðarverksmiðjan ró manna og olli hræðslu hjá fólki sem hefur verið túlkuð hér sem kosningaskjálfti eða ótímabær hræðsla og óþörf.

Nú eru sjálfsagt til margar tegundir af hræðslu og ég veit ekki hver hræðslan er best, hræðslan við hið þekkta sem við höfum fyrir framan okkur eða hræðslan við hið óþekkta. Það var einmitt hið óvænta sem gerðist og það var svo óvænt og svo óþekkt að í dag er ekki enn komin skýring á því hvernig eldar kviknuðu í stútum geymisins sem olli þeirri hræðslu sem hefur gripið um sig. Það er sama hversu vel við búum um hnútana, hversu vel við göngum frá hinum ýmsu málum. Það er alltaf eftir hið óvænta sem enginn hefur enn þá fyrir séð. Og það er þegar það gerist sem menn líta hver á annan og velta fyrir sér: Hvernig gat þetta gerst? Í okkar útreikningum var ekki gert ráð fyrir þessu. Það er vegna þess að hin ófyrirséðu atvik eru alltaf nokkrum sentimetrum á undan því sem reiknað er út á teikniborðinu. Annars væru þau ekki ófyrirséð. Það er ekki gert ráð fyrir þeim.

Háttur borgarstjórnar Reykjavíkur í þessu máli er nokkuð sérstakur. Að kvöldi annars dags páska segir borgarstjórinn að það hafi verið verst að nýi tankurinn skyldi ekki hafa verið kominn í notkun þegar þetta gerðist því þá hefði þetta aldrei gerst. Daginn eftir leggur hann fram tillögu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Borgarstjórn Reykjavíkur krefst þess að ríkisstjórnin taki nú þegar ákvörðun um að leggja eins fljótt og auðið er niður rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi."

Þá var ekki verið að harma hvaða tankur væri í notkun heldur á að leggja niður allan reksturinn. Nú er Davíð borgarstjóri því miður ekki enn þá kominn hingað inn í þingsali, þó að það sé væntanlega ekki nema eitt ár fyrir okkur aðdáendur hans að bíða, en þetta mál kemur upp fyrir borgarstjórnarkosningar og fær þess vegna aukið vægi og aukið umtal í borginni. Það er engin spurning að þetta mál verður kosningamál. Það er heldur engin spurning að ef þetta mál hefði komið upp sjö vikum seinna þá hefði verið tekið á því öðruvísi. En það breytir út af fyrir sig ekki málinu. Mál verða lítil mál, miðlungs mál eða stór mál, fyrst og fremst eftir því á hvaða tíma þau koma upp. Og sú umræða sem við megum búast við er ekkert óþarfari, þó að hún verði menguð af kosningalykt, en ef hún kæmi upp eftir kosningar.

Kjarni málsins er þessi, eins og kom fram hér áðan, er það vilji Reykvíkinga að hafa þessa verksmiðju í túnfætinum eða ekki? Og þó svo að Reykvíkingum kunni að skjátlast, að þetta sé ekki eins hættulegt og margir gera ráð fyrir, þá er sú hræðsla ekkert betri en önnur hræðsla, að vera með stöðugan ugg út af einhverju sem ekki er vitað hvenær gerist eða vera með ugg út af einhverju sem er vitað að muni gerast og jafnvel upp á dag. Ég kann ekki að greina á milli hvor hræðslan er betri, enda á það eitt að vera nóg að ef Reykvíkingar vilja ekki þessa verksmiðju verði rekstri hennar hætt. Svo einfalt er það nú.

Ég tek undir með hv. þm. Páli Péturssyni að þetta gildir um allan annan rekstur, sama hvar er á landinu og aðra hluti í umhverfinu. Ef íbúarnir vilja hann ekki þá eru engin máttarvöld til sem eiga að geta þröngvað því upp á íbúana sem þeir kæra sig ekki um.

Það er líka annað sem vekur athygli þegar þessi afgerandi afstaða borgarstjórnar Reykjavíkur er skoðuð, og það að ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan borgarstjórnin framlengdi leigusamningi við Áburðarverksmiðjuna til 30 ára. Og það eru ekki nema nokkur ár síðan borgarstjórnin sóttist svo mjög eftir því landi í Grafarvoginum sem liggur að verksmiðjudyrunum undir íbúðabyggð að hún hafnaði öðru landi við Rauðavatn sem af mörgum var talinn mun fýsilegri kostur. Þá var tíundað sú sprengihætta á Rauðavatnslandi sem fylgdi því að vera á sprungu-

svæði, að landið gæti sokkið í sæ eins og Atlantis forðum. En menn drógu fjöður yfir þá hættu sem stafaði af Áburðarverksmiðjunni og sem núna í dag er orðin tilefni til þess að borgarstjóri leggur fram tillöguna sem ég las upp áðan, þar sem þess er krafist að Áburðarverksmiðjan verði lögð niður jafnfljótt og auðið er. Þetta eru dálítið merkilegar sveiflur og er ljóst að enginn ber meiri ábyrgð á því hversu byggðin hefur nálgast Áburðarverksmiðjuna en einmitt borgarstjórnin og sá meiri hluti sem henni ræður. Byggingarlandið var þar ákveðið af borgarstjórn. Byggðin spratt ekki upp af sjálfu sér.

Á fundi alþingismanna og borgarstjórnarmanna í Höfða á þriðjudaginn huggaði borgarstjóri okkur, sem búum ekki í næsta nágrenni við verksmiðjuna, með því að það væri spurning um vindátt og veðurfar hvar þessa vá mundi bera niður ef hið versta yrði að raunveruleika. Eða, eins og borgarstjóri kallaði það sjálfur, að afleiðingarnar ráðast af veðri og fjöldi manns mundi farast, einkum utan dyra, því að vindáttin mundi ná yfir Kleppsholtið fyrst og fremst og síðan niður í bæ. Þetta sýnir náttúrlega að þetta er ekki eingöngu spurning um íbúðabyggðina við verksmiðjudyrnar heldur er þetta mál fyrir alla íbúa Reykjavíkur og Reykjavíkursvæðisins, þar með talinn Garðabær, Seltjarnarnes og önnur byggð í nágrenninu ekki síður. Þetta er ekki einkamál íbúanna í Grafarvogi og í rauninni ekki einkamál Reykvíkinga. Þess vegna hljótum við í dag að beina sjónum að framtíð þessarar verksmiðju. Í framhaldi af því hefur verið lögð fram till. til þál. um að leggja reksturinn þegar í stað niður. Undir hana skrifa fimm þingmenn Reykjavíkur.

Komið hefur fram í viðtölum við þá sem best þekkja til að ekki er hægt að flytja þessa verksmiðju með góðu móti, bæði vegna þess að flest mannvirkin eru þess eðlis að þau verða ekki flutt og vélar og tæki eru mörg hver af eldri gerðinni. Það mundi ekki svara kostnaði að flytja stóra hluta þeirra yfir í nýtt verksmiðjuhúsnæði heldur yrði væntanlega að reisa nýja verksmiðju frá grunni ef þessi verksmiðja yrði lögð af og ákveðið að halda áfram áburðarframleiðslu í landinu. Við höfum þegar fengið boð frá hinum ýmsu þingmönnum um lóðir undir nýjar verksmiðjur. En fyrst og fremst, og áður en lengra er haldið, er nauðsynlegt að það verði skoðað hvaða þjóðhagslegt gagn er að því að framleiða áburðinn í landinu.

Áburðarverksmiðjan seldi fyrir um milljarð kr. í fyrra og um 400 millj. af því verðmæti er innflutt hráefni. Spurningin hlýtur því að vera þessi: Er það þjóðhagslega óhagkvæmt að draga úr áburðarnotkun þegar við erum að draga úr framleiðslu landbúnaðarvara og er ekki nóg af túnum til í landinu þannig að annar áburður sem leggst til af skepnum og öðru dugi til þess að halda við þeirri framleiðslu sem við þurfum eða erum við með auknum áburði að búa til aukið öskuhauga- og Rúmeníukjöt eins og ég gat um áðan? Þetta hlýtur að vera spurning sem þarf að svara. Og ef við þurfum meiri áburð en leggst til af skepnum þá er spurningin: Er ekki jafnhagkvæmt fyrir þjóðina að flytja hann inn? Við flytjum hvort sem er inn frá öðrum löndum 40% hráefnis í þann áburð sem hér er unninn. Er þá ekki alveg eins gott að flytja inn áburð fyrir andvirði þessa hráefnis og selja beint? Þetta eru spurningar sem þarf að velta fyrir sér. Hver er framtíð verksmiðjunnar og áburðarframleiðslu í landinu?

Fyrir tveim árum voru málefni Áburðarverksmiðjunnar nokkuð til umtals hjá þjóðinni og þá sagði borgarstjórinn í blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Jón Baldvin Hannibalsson lýsti því yfir á sínum tíma að það kæmi ekki til greina að selja Áburðarverksmiðjuna," sagði Davíð. „Ég benti á að hann yrði að gera sér grein fyrir að ef hann hygðist selja, þá mundi ég væntanlega reyna að kaupa verksmiðjuna og þá til þess að leggja hana niður. Skuldfæra upphæðina á milli ríkisins og borgarinnar. Hann var eitthvað hikandi við það."

Þarna lýsir borgarstjórinn í Reykjavík sig reiðubúinn til að kaupa alla verksmiðjuna og nota til þess skuld ríkissjóðs við borgina og skuldajafna. Þetta hlýtur að vera mjög athyglisverð tillaga og hugmynd í framhaldi af því sem hér hefur komið fram. Því að verði niðurstaðan sú að borgarbúar kæri sig ekki um þennan rekstur í borgarlandinu þarf einhver að bera kostnaðinn af því að leggja hann niður. Vilji borgarstjóri kaupa verksmiðjuna með manni og mús, og hún er metin á þrjá milljarða en skuld ríkisins við Reykjavíkurborg er líklega ekki meiri en einn milljarður, eru tveir milljarðar eftir sem Reykjavíkurborg þyrfti að greiða ríkissjóði. (Gripið fram í.) Seljum strax, segja fjárveitinganefndarmenn úti í sal. En í þessu dæmi held ég að bæði ríki og borg verði að bera nokkuð jafnt fjárhagslegan skaða ef þessi leið verður valin. Það þarf að finna lendingu sem flestir geta sætt sig við og sæmilega við unað. Sjálfur hef ég löngum haft horn í síðu þessarar verksmiðju og þess vegna er enginn sérstakur kosningaskjálfti í mér í pontu í dag. Og fleiri hafa verið á móti henni. Ég vil sérstaklega geta þess að borgarfulltrúinn Bjarni P. Magnússon lagðist gegn því að verksmiðjan héldi áfram fyrir tveim árum þegar málið kom til atkvæðagreiðslu í borgarstjórn.

Á fundinum í Höfða var Davíð Oddsson borgarstjóri spurður að því hvernig hann sæi örlög þess starfsfólks sem vinnur við verksmiðjuna fyrir sér. Þarna vinna 140 manns sem er margir þeirra orðnir sérhæfðir og fá kannski ekki auðveldlega vinnu á öðrum vinnustað. Borgarstjóri lýsti því yfir að hann teldi engin tormerki á því að það fólk fengi vinnu, hvort sem það yrði hjá borginni eða annars staðar. Starfsfólk Áburðarverksmiðjunnar þarf þess vegna ekki að óttast að það fái ekki vinnu þó svo að verksmiðjan verði lögð niður. Við höfum orð borgarstjórans í Reykjavík fyrir því. Ég veit að fólkið getur líka treyst því að það er fullur vilji þingmanna, og annarra sem málið tekur til, að allir sem þar vinna fái vinnu sem þeir geta sæmilega sætt sig við. Þetta er eins og önnur mál sem tengjast verksmiðjunni, viðbúið er að allir þurfi að slá einhvers staðar af.

Við megum ekki gera Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi að blóraböggli fyrir hættur í Reykjavík. Fleiri svæði eru hættuleg og víðar eru geymd hættuleg efni heldur en ammoníak. Öll þessi mál þurfum við líka að skoða. Við þurfum að skoða aðra staði. Þetta þarf allt að vinna í fullu samhengi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Á páskadag varð sá atburður í Áburðarverksmiðju ríkisins sem hefur dregið athygli manna, einkum Reykvíkinga, að starfsemi verksmiðjunnar og þeirri hættu sem íbúum borgarinnar gæti stafað af henni. Nú var það löngu þekkt staðreynd að nokkur áhætta fylgdi starfsemi verksmiðjunnar og reyndar allveruleg hætta ef allt færi á versta veg. Þegar áhættuþættir á höfuðborgarsvæðinu voru metnir, bæði á vegum almannavarnanefndar Reykjavíkur, en þar átti ég sæti í tvö ár, og Almannavarna ríkisins var sprenging í ammoníaksgeymi verksmiðjunnar sá atburður sem menn óttuðust einna mest. Einmitt þess vegna voru gerðar athuganir á þeim hættuþáttum sem þar blöstu við, eins og komið hefur fram í umræðunni á undan. Þar var gerð tilraun til þess að meta bæði áhættu og síðar gerð önnur könnun um rekstrarhagkvæmni. Niðurstöður þessara kannana leiddu til þess að rekstri verksmiðjunnar var haldið áfram, með vissum skilyrðum þó, og tillögur gerðar til úrbóta til að auka öryggi, t.d. með því að smíða nýjan ammoníaksgeymi, sem lýst hefur verið hér fyrir okkur af hæstv. forsrh. Mikilvægt er að minnast þess nú að vitneskjan um hættuna hefur alltaf verið til staðar. Hún var reyndar líka til staðar þegar ákvörðun var tekin um að færa byggðina að hlaðvarpa verksmiðjunnar.

Atburðurinn á páskadag, þegar kviknaði í ammoníaksgasi sem hleypt var út í andrúmsloftið við efri hluta kúlugeymisins, hefur skotið mönnum skelk í bringu, minnt okkur óþægilega á það að menn hafa látið sig hafa það að taka vissa áhættu þrátt fyrir að jafnan hafi verið reynt að gæta fyllsta öryggis. Það er eðlileg krafa nú að atburðarásin, sem varð við dælingu þennan dag, verði könnuð ítarlega til þess að skilja orsakir brunans og læra af þeim mistökum sem þar voru gerð. Það er einnig eðlilegt að ríkisstjórnin láti kanna ítarlega allt framleiðslukerfi, tækja- og vélakost Áburðarverksmiðjunnar í þeim tilgangi að meta alla hugsanlega áhættuþætti í framleiðsluferli verksmiðjunnar og ástand alls búnaðar hennar. Síðan má ákveða, í ljósi niðurstaðna og í samráði við borgarstjórn, hvort verjandi sé að halda áfram rekstri verksmiðjunnar á þessum stað. Þessar athuganir hafa að vísu þegar farið fram, a.m.k. að hluta til, að undirlagi Vinnueftirlitsins. En þeim hefur sinnt breskt ráðgjafarfyrirtæki, Technical Consulting Scientists and Engineers, sem m.a. hefur unnið fyrir norsk stjórnvöld við olíuvinnslu í Norðursjó. Þetta fyrirtæki hefur þegar framkvæmt áhættugreiningu á hönnun nýja geymisins og búnaði sem tengist honum og var einmitt tekið tillit til niðurstöðunnar við endanlega hönnun geymisins. Vinnueftirlitið hefur lagt til að sama fyrirtæki verði látið framkvæma hættumat og nánari áhættugreiningu á öðrum þáttum verksmiðjunnar. Tel ég það mjög við hæfi og fagna því að ríkisstjórnin skuli nú hafa gert samþykkt þar um.

Það er rétt, sem kom fram í umræðunni hér áðan, að eðlilegt er að borgarbúar hafi nokkuð um málið að segja. Ég minni á tillögur og frv. sem kvennalistakonur hafa flutt á þingi en þau heimila íbúum sveitarfélaga að greiða um það atkvæði þegar einstakar ákvarðanir eru teknar í viðkomandi sveitarfélagi, ákvarðanir sem skipta miklu. Eðlilegt er að fólk hafi sitt um þær að segja. Ég minni hv. 16. þm. Reykv. á það þegar um 10% Reykvíkinga höfðu skoðun á því að ekki ætti að reisa ráðhús í Tjörninni. Þær skoðanir voru virtar að vettugi. En auðvitað er mikilvægt að fólk fái að tjá sig og taka ákvarðanir um það sem skiptir máli í nánasta umhverfi þess.

Ég tel mjög mikilvægt, og við kvennalistakonur allar, að staðið verði málefnalega að könnun málsins, en ég hygg að nokkur kosningaskjálfti hafi komist í þetta mál og er það mjög miður. Eftir því sem ég hef kynnt mér var ekki ástæða til að óttast sprengingu með ammoníaksskýi sem borist gæti í nærliggjandi byggðir þegar þessi atburður varð. Þess vegna var hvorki rétt né eðlilegt, og gat því ekki skipt mínútum, að tilkynnt yrði um almennt hættuástand. Ég tek undir þau orð málshefjanda þegar hann gagnrýndi fréttaflutning af málinu. Nú veit ég ekki hver ber sök í því máli, hvort þetta var miðlun upplýsinga til fréttamanna eða þeirra eigin túlkun á ástandinu. En hún varð til þess að vekja upp meiri ótta en ég tel hafa verið réttlætanlegan á þessu stigi málsins. Það segir hins vegar ekkert um það sem hefði getað orðið ef meira ammoníak hefði verið komið í geyminn og allar aðstæður verið aðrar á þeim tíma sem bruninn varð. Það dregur heldur ekki úr mögulegri staðbundinni hættu fyrir þá starfsmenn sem vinna í verksmiðjunni eða koma á vettvang til aðstoðar eins og slökkviliðsmenn eða lögregla.

Sá geymir sem ævinlega hefur verið mestur þyrnir í augum manna og mest áhætta er bundin við er ekki lengur í notkun. Því er sú hætta úr sögunni og Áburðarverksmiðjan ekki lengur sú tímasprengja sem getur réttlætt það að loka vinnustað 150 manns án tafar. Hins vegar er ekki þar með sagt að menn vilji una því að verksmiðja af þessu tagi verði staðsett áfram eins og nú er orðið, í þéttbýli, ekki síst þar sem enn frekari byggð er fyrirhuguð í nágrenni hennar. Ég legg þó megináherslu á að gengið verði að þessu máli á yfirvegaðan og málefnalegan hátt og niðurstöður fengnar þannig.

Það eru nokkur atriði sem mér finnst skipta miklu í þessu máli. Eins og komið hefur fram í greinargerð Vinnueftirlitsins til hæstv. félmrh. virðist mega rekja orsakir atburðarins til mannlegra mistaka. Annars vegar að halda áfram dælingu á fljótandi ammoníaki úr skipi þegar sá barki reynist skemmdur sem notaður er til að hleypa aftur til skipsins til þéttingar því ammoníaki sem verður að gasi við að streyma frá

skipinu og í geyminn. Rétt hefði verið að stöðva þá löndun á ammoníaki og gera við barkann og halda síðan áfram dælingu. Það var ekki gert. Hins vegar var gripið til þess ráðs að hleypa gasinu beint út í andrúmsloftið frá geyminum. Þetta varð til þess að eldur kviknaði og þetta voru ekki eðlileg vinnubrögð að mati Vinnueftirlitsins og brýtur reyndar gegn yfirlýsingum sem forvígismenn verksmiðjunnar hafa gefið í nýlegum viðræðum við Vinnueftirlitið þar sem farið var markvisst yfir hugsanlegar lekaleiðir. Þessi vinnubrögð bera vott um vanþekkingu og vanmat á aðstæðum og brýna fyrir okkur að enginn tæknilegur ferill né önnur þau verk sem menn koma nærri eru öruggari en þeir menn sem þau vinna. Þetta er líka þarft að íhuga þegar staða verksmiðjunnar er metin og öryggi hennar.

Að lokum þetta, sem lítið hefur verið minnst á. Þegar atburðurinn varð brugðust þeir aðilar við, sem koma áttu á vettvang, þ.e. slökkvilið og lögregla, eins og best mátti vona. Bæði þeir og starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar sinntu störfum sínum eftir það vel og vandlega. Ég vil leggja áherslu á þetta.

Lyktir þessa máls kunna að verða þær að Áburðarverksmiðjan verði flutt eða lögð niður. Öllu skiptir þó að menn komist að niðurstöðu í málinu eftir vandlega yfirvegun. Ég tel ekki að íbúum borgarinnar sé slík hætta búin, eins og nú er komið, að hún réttlæti óðagot og leyfi ekki vönduð vinnubrögð. Auðvitað er aðalatriði að lífi manna sé ekki stefnt í hættu.

Kvennalistakonur hafa frá öndverðu lagt megináherslu á umhverfisvernd og beitt sér gegn því sem líklegt er til að valda mengun eða skapa hættu í lífríkinu. Þetta mál hefur sannarlega einnig leitt huga manna að ýmsum öðrum mögulegum hættum á höfuðborgarsvæðinu sem nauðsyn er að huga að. Má þar sem dæmi nefna olíugeyma, gasgeyma og sjálfan Reykjavíkurflugvöll sem oft hefur komið til umræðu. Nauðsynlegt er að nýta tilvik eins og þetta til að læra af því, leita úrbóta og draga úr þeim margvíslegu hættum sem mönnum og dýrum eru búnar, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu. Okkur er nauðsynlegt að auka árvekni í umhverfismálum almennt. Vonandi verður óhappið í Áburðarverksmiðjunni hvati að verulegum umbótum í þessum efnum.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Mér virðist að málið sem hér er til umræðu sé dæmi um það þegar málflutningur er ekki í nokkru samræmi við raunveruleikann. Mér virðist að í þessu máli hafi fréttir og fréttaflutningur, og jafnvel málflutningur ákveðinna stjórnmálamanna, verið alveg úr samhengi við raunveruleikann og úr öllum hlutföllum við það sem þarna var í rauninni að gerast. Kannski er erfitt að mæla slík orð á þessari stundu og í þeirri múgæsingu sem gripið hefur um sig varðandi þetta áburðarverksmiðjumál, annars vegar fyrir óábyrgan fréttaflutning fjölmiðla og hins vegar fyrir málflutning borgarstjórans í Reykjavík.

Það hlýtur að dæmast óábyrgt af fjölmiðlum að birta línurit og kúrvur sem sýna allt að því götur íbúa í Reykjavík sem hugsanlega hefðu farist ef hitt eða þetta hefði verið til staðar sem í rauninni gat varla eða alls ekki gerst. Ég held að það sem þarna skeði, eins og hér hefur reyndar verið rakið, hafi mátt rekja að hluta til mannlegra mistaka. Ammoníumgasið streymdi út í loftið. Ef ekki hefði verið svanaháls á þessari leiðslu, sem beindi gasinu niður að tankinum aftur þannig að eldurinn virkaði sem logsuðutæki á tankinn, hefði ammoníakið brunnið bara rólega upp úr þessari leiðslu, án þess að mikil hætta hefði verið á ferðum. Mér virðist allt benda til þess að jafnvel þó að loginn hefði brennt gat á tankinn hefði það ekki valdið mikilli áhættu. Vegna þess að ammoníakið hefði farið þar upp og mjög litlar líkur eru á því, að mínu viti, að tankurinn hefði rifnað við það sem þarna var að ske. Ammoníak er hægbrennandi og varla eldfimt nema blandað við andrúmsloft í ákveðnum hlutföllum.

Ég held að menn hafi í tilfinningahita farið algerlega fram úr sjálfum sér í þessu máli. Ég verð að játa það að ég óttast þá stjórnmálamenn sem taka afdrifaríkar ákvarðanir í slíkum tilfinningahita, án þess að huga að rökum og raunveruleika. Það var engin ástæða til að bregðast við á þann hátt sem þarna var gert. Dæmið var það að menn töldu tankinn hættulegan sem átti að taka úr notkun eftir tvo mánuði. Í rauninni var þegar ákveðið að taka hann úr notkun. Og yfirlýsingar um að borgin sé aldrei örugg fyrr en verksmiðjan fari er gersamlega út í hött ef skoðað er líf borgaranna og önnur athafnasemi í Reykjavíkurborg. Ég tel það þess vegna hreint ógæfuspor hjá borgarstjóranum í Reykjavík, varaformanni Sjálfstfl., sem sumir segja verðandi formanni innan tíðar, að hann skuli hafa varpað því inn á meðal Reykvíkinga að þeir geti aldrei nokkurn tíma verið öruggir fyrr en verksmiðjan sé flutt og það verður vafalaust fjöldi fólks sem trúir því. Ef horft er á þessi mál af hreinni rökvísi hljóta menn að gera sér grein fyrir því að þetta mál er alls ekki svona vaxið. Ég held að hræðsluáróður í þeim dúr sem viðhafður hefur verið í þessu máli sé hreint ógæfuspor.

Auðvitað var alveg sjálfsagt, þegar þessi atburður átti sér stað, að menn settust niður og framkvæmdu nýtt mat á þessari verksmiðju. Hvaða hætta er fram undan? Hvernig standa málin? En bein yfirlýsing í tilfinningahita um að verksmiðjan verði að fara og að íbúar Reykjavíkur séu aldrei öruggir fyrr en hún sé farin er auðvitað alveg gersamlega út í hött. Ég held að menn hljóti að horfa á þetta frá þeim sjónarhól að menn vissu að af þessum tanki gæti einhver hætta stafað. Menn höfðu ákveðið að verja 100 millj. kr. til öryggisráðstafana og byggja nýjan tank þar sem þeir sömdu nánast um það sín á milli, fyrrv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, og Davíð Oddsson borgarstjóri.

Menn töldu sjálfsagt að ráðast í þá fjárfestingu til þess að tryggja öryggi Reykvíkinga, enda væri þá, eins og reyndar framkvæmdastjóri Vinnueftirlits ríkisins sagði, verksmiðjan í Gufunesi orðin öruggari en fjölmargir aðrir staðir í borginni. Þegar Reykjavíkurborg hefur, alveg nýlega, samþykkt að nýr tankur sé byggður og framlengt lóðasamning við verksmiðjuna

um 30 ár þá rjúka menn upp í hita augnabliksins og heimta að verksmiðjan sé lögð niður og henni lokað. Ég verð að játa það að í mínum huga virðist kókakólakynslóðin, sem nú er að alast upp, ekki gera sér neina grein fyrir verðmætum. Þarna er um að ræða verksmiðju sem kostar 2–3 þús. millj. kr. og 200–300 störf við framleiðslu eru í hættu, ekki bara þeirra sem í verksmiðjunni vinna heldur ýmissa annarra sem tengjast þessari starfsemi, vinna fyrir hana og annað slíkt. Ég held að það sé gersamlega út í hött að ræða það að flytja þessa verksmiðju. Til þess er framleiðslueiningin einfaldlega of lítil í minnkandi landbúnaði. Ef ég hef þessar tölur réttar í kollinum þá skuldar Áburðarverksmiðjan ekki nema 400-500 millj., sem er þó allnokkuð. Þrátt fyrir það gengur ekki allt of vel að reka hana. Þrátt fyrir ekki meiri fjármagnskostnað en þetta gerir hún ekki betur en svo, samkvæmt þeim skýrslum sem ég hef séð, að það eru áhöld um það hvort ekki sé ódýrara að flytja inn áburð. Það er alveg útilokað að verksmiðja af þessari stærð gæti borið fjármagnskostnað af 2000-3000 millj. Menn eru þess vegna hreinlega að ræða það hvort áburðarframleiðsla eigi að hætta á Íslandi. Út frá þeim sjónarhól held ég að menn verði að horfa á málið.

Ég tel alveg sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því líka að ammoníak er ekki framleitt eða geymt bara á Íslandi. Ammoníak er framleitt í flestum löndum í kringum okkar og það er geymt í flestum löndum í kringum okkur. Í löndum sem búa við mjög strangar öryggiskröfur. Forsrh. nefndi hér lönd með slíkar geymslur sem eru upp í 60 sinnum stærri tankar en það sem um er að ræða að geyma í þessum tanki, jafnvel í 2–3 km fjarlægð frá borgum. Menn telja þó að tvöfaldur geymir með kældri geymslu sé það öruggur að byggð stafi ekki af honum hætta. Það er það sem þarna er um að ræða. Í þessu máli er nauðsynlegt að menn nái áttum, að menn staldri andartak við. Það liggur ekkert á að taka neina ákvörðun í þessu máli. Verksmiðjan er þarna, þessi tankur hefur verið tekinn í notkun og menn hafa nógan tíma til að skoða það hver á að verða framtíð þessarar verksmiðju.

Menn verða líka áð átta sig á því að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi nýtir kannski 11 þús. tonn af ammoníaki á ári til áburðarframleiðslu. Um 9 þús. tonn af því framleiðir hún sjálf. Þau 2 þús. tonn sem flutt eru inn eru það sem sett er á geyminn. Þannig að þó að geyminum væri út af fyrir sig lokað og þessi geymsla væri ekki til staðar er ekki endilega þar með sagt að ástæða væri til að hætta rekstri ammoníaksverksmiðjunnar sjálfrar, á daggeymslum eða rekstri Áburðarverksmiðjunnar.

Menn hafa látið berast af leið í þessari umræðu allri. Sú hætta sem hefur verið lýst þarna var ekki til staðar og hún verður ekki til staðar heldur í framtíðinni. Íslendingar hafa ekki efni á því að kasta frá sér framleiðslufyrirtækjum og tekjum í þessum dúr með fljótfærnislegum yfirlýsingum stjórnmálaleiðtoga sem gefa þær í tilfinningahita. Þessar ákvarðanir þarf að skoða miklu betur. Það er til annars konar öryggi á Íslandi en það öryggi sem menn eru að ræða um hér. Til eru líka hlutir sem heita fjárhagslegt öryggi. Til eru líka hlutir sem heita atvinnuöryggi. Alla þessa þætti verða menn að vega og meta saman. Menn verða að gera sér grein fyrir því að þessi verksmiðja hefur staðið þarna í um það bil 40 ár. Þeir áhættuþættir sem menn eru að tala um eru ekki lengur til staðar. Og það er ábyrgðarhluti hjá ábyrgum stjórnmálaforingjum að haga máli sínu þannig í jafnviðkvæmu máli og þetta er, að Reykvíkingar geti jafnvel aldrei verið fyllilega óttalausir vegna þess hræðsluáróðurs sem vakinn hefur verið upp varðandi þessa verksmiðju.

Ég hef, virðulegur forseti, lagt hér fram brtt. við eina af þeim þáltill. sem fyrir liggja í þeim dúr, sem ég lagði reyndar áherslu á þegar í upphafi, að menn stöldruðu við við þetta óhapp sem þarna varð og allsendis óvíst er að hefði nokkurn tíma getað leitt til slíkra hluta sem menn hafa verið að leika sér að að lýsa í fjölmiðlum að undanförnu, að menn stöldruðu við og framkvæmdu nýja öryggisgreiningu á fyrirtækinu, framkvæmdu nýtt hættumat, gerðu það á vandaðan hátt og gæfu sér til þess nægan tíma. Að því framkvæmdu settust menn niður, skoðuðu þær niðurstöður upp á nýtt og áttuðu sig á því hver framtíð þessarar verksmiðju ætti að vera.

Ástæða er til að ítreka það að framkvæmdastjóri Vinnueftirlitsins lýsti því alveg sérstaklega að eftir að þessi geymir væri tekinn úr notkun, eftir að nýr geymir væri kominn, þá væru fjölmargir þættir í Reykjavík miklu hættulegri en þessi verksmiðja, hvort sem menn hafa talað hér um gasgeymslur, eldsneytisgeymslur, bensíngeymslur, eða hvað menn vilja kalla það, í borginni. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér að almannavarnanefnd Reykjavíkur hafi ekki haldið fundi árum saman eða að borgarstjórinn hafi síðan hann tók við völdum aðallega látið byggja í kringum verksmiðjuna. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi.

En fyrst og fremst þetta: Ég held að hér hafi það skeð, sem við höfum allt of mörg dæmi um, að menn hafa í tilfinningahita látið berast af leið án þess að skoða málið og raunveruleikann eins og hann lá fyrir. Menn munu, þegar tilfinningahitann lægir, átta sig á því að með þeim geymi sem þarna er byggður er sú hætta, sem menn hafa verið að ræða um, ekki til staðar. En eftir stendur að þeir aðilar sem telja átti ábyrga í stjórnmálum á Íslandi hafa með orðum sínum og athöfnum vakið slíkan ótta hjá Reykvíkingum að það kann að vera að þeir þori þess vegna aldrei í framtíðinni að sætta sig við verksmiðjuna. Og það er ábyrgðarhluti vegna þess að þó ekki sé um að ræða nema 3 milljarða kr. og 200–300 störf, þá skiptir það máli í okkar litla þjóðfélagi.

Aðaláherslan hlýtur að vera á því að yfirfara stöðuna, skoða hana eins vandlega og unnt er og taka að því loknu ákvörðun um framhaldið. En það ber að fordæma slíkar yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í þessu máli. Ég leyfi mér að gagnrýna fjölmiðla fyrir

hvernig þeir hafa haldið á þessu. Múgæsing í þeim skilningi sem hér hefur verið reynt að vekja upp er alltaf til skaða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur það komið fram hjá einum af ræðumönnum, hv. 16. þm. Reykv., að tveir stjórnmálamenn á Íslandi hafi fleygt því á milli sín hvort ekki væri rétt að skuldajafna milli ríkisins og Reykjavíkurborgar með því að Reykjavíkurborg yfirtæki verksmiðjuna. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Reykjavíkurborg verði gefinn kostur á að kaupa þessa verksmiðju á því verði sem hún er talin standa í, 2–3 milljörðum, og að sjálfsögðu hefði þá eigandinn rétt á því að gera við hana það sem honum sýndist.

En mér finnst rétt að það komi hér fram að þetta er um margt ákaflega sérstæð umræða. Hv. 1. þm. Reykv. hefur þessa umræðu og aðalinntakið í hans ræðu var lygi í Morgunblaðinu, þ.e. að aðstandendur Nýs vettvangs hefðu komið grein inn í Morgunblaðið sem væri lygi. Nú er það svo fyrir flesta stjórnmálamenn á Íslandi að þeim bregður ekki þó að birt sé lygi í Morgunblaðinu. Mér finnst það alveg með ólíkindum að hæstv. forseti skuli telja það til stórfrétta þannig að af þeirri ástæðu verði að ræða þetta mál strax hér í dag. Ég skil satt best að segja ekki að það geti verið slík stórfrétt.

En mér er ljóst að það loga eldar í þessu þjóðfélagi í dag. Það loga pólitískir eldar. Og hæstv. borgarstjóri Reykjavíkurborgar er í þeim vanda að hann finnur ekki fjandmenn sína í þeirri orustu sem er fyrir stafni. Ástæðan er sú að hann hefur löngum getað hrópað á Moskvu sem hið hræðilega afl sem þurfi að sameina þjóðina gegn en (**Gripið fram í:** Og SÍS.) nú er svo komið að mjög hallar undan fæti hjá Moskvu — og líka hjá SÍS, og þess vegna finnur hann ekki fjandmenn sína. Og menn hafa stillt upp kvenfólki í stórum stíl til höfuðs honum. Hann er kominn í þá aðstöðu að hann leitar eins og — ja, ég ætla ekki að segja hvað, að þessum óvini sínum og telur að nú sé rétt að ráðast á ríkisstjórnina fyrir það að áburðarverksmiðja sé í Gufunesi. Það sé eiginlega sá eini bitastæði andstæðingur sem hægt sé að hefja herför að og gleymir því í skáldlegum tilþrifum sínum að þessi verksmiðja var byggð fyrir Marshall-aðstoð, þ.e. bandarískt fé, kapítalistafé. Og þeir sem báru ábyrgð á því að hún var reist og hún stóð þarna, hverjir voru það? Mætustu foringjar úr hópi Sjálfstfl. sem uppi hafa verið að öllum öðrum ólöstuðum. (**ÞÞ:** Og Vilhjálmur Þór.) Og Vilhjálmur Þór sem talinn var hafa mest fjármálavit af hálfu framsóknarmanna.

Það er ekki skrýtið þó að upp sé komin merkileg staða. Hæstv. borgarstjóri verður þessa dagana að liggja yfir gömlum Þjóðviljagreinum til þess að finna rök fyrir sínu máli og hella þeim yfir landslýð á sama tíma og stuðningsmenn hans á Alþingi Íslendinga, sjálfstæðismenn, þurfa að halda uppi árásum og þá fyrst og fremst á þann forsrh., hlýtur að vera, sem ákvað að byggja nýjan geymi. Hv. 1. þm. Reykv. hefur stórskotahríð á hv. 1. þm. Suðurl. Það dugar ekkert minna. Það dugar sko ekkert minna, nú duga engar smábyssur á dýrið, kanónan á fullt. Hv. 1. þm. Suðurl. virðist nefnilega hafa verið svo samviskulaus að hann hafi ætlað sér að hafa um aldur og ævi þá hættu yfir Reykvíkingum að þeir gætu allir drepist á nokkrum mínútum, hvorki meira né minna. Ef ekki eru komin rök fyrir því að setja hann af í Sjálfstfl., eftir að þetta er komið fram, þá veit ég ekki hvar ætti að fá þau. En kannski er það nú svo að hv. 1. þm. Suðurl. lét á sínum tíma aðeins stjórnast af vitsmunum og þekkingu hæfustu manna þegar hann ákvað að byggja nýjan geymi. Hann lét sem sagt vit ráða. Það ku ekki vera nógu gott nú á dögum. Nú þurfi tilfinningarnar að ráða. Og nýr foringi boðar það að Reykvíkingar verði aldrei óhultir meðan þessi verksmiðja stendur. Samt hefur hann í sinni borgarstjórnartíð lagt höfuðkapp á að byggja upp í kringum hana.

Ég verð að segja eins og er að ég veit ekki hvort Slökkvilið Reykjavíkurborgar er fært um að slökkva þá elda sem hæstv. borgarstjóri hefur verið að kveikja að undanförnu. Þetta dugar hæstv. borgarstjóra ekki í kosningunum því að það hefur komið í ljós að allir flokkar ætla að styðja hann í þessu þannig að þetta verður ekki sérmál fyrir hann. Meira að segja forseti Alþingis ætlar að ganga fram fyrir fylkinguna. Nei, þetta dugar ekki í þeim efnum. En gerir hann sér grein fyrir því að með því að kveikja þennan hræðsluáróður þarf hann að svara mörgum spurningum öðrum? Hvernig ætlar Slökkvilið Reykjavíkur að bregðast við ef bensínflutningaskip sem kemur af hafi strandar í Skerjafirði, eldur kviknar og bensínið æðir upp að ströndinni og vindur er af hafi? Hvernig ætlar hann að slökkva? Hvað ætlar hann að gera undir slíkum kringumstæðum? Liggur það fyrir hjá Almannavörnum Reykjavíkur hvernig eigi að stoppa slíkan eld? Er hann að leggja til að allir olíutankarnir, sem hér eru staðsettir, verði fjarlægðir og öll olía verði flutt jafnóðum til borgarinnar? Þar er hætta á ferðum. Er það það sem menn eru að leggja til? Gasið, sem geymt er, það hlýtur náttúrlega að verða að fjarlægjast strax. Og hvað með stóra klórgeyminn við sundlaugarnar? Getur forsrh. baðað sig í heita pottinum af nægu öryggi í framtíðinni? Það er orðið álitamál ef hann færi nú til fjandans, potturinn. (**FrS:** Eða þeir báðir.) (**ÞÞ:** Eða þeir báðir, já.) Eða þeir báðir, já. Það var gleði í röddinni, bæði hjá 1. þm. Reykv. og 1. þm. Suðurl. þegar þeir bættu því við. (**Gripið fram í:** En ræðumanni?) Það er gott ef menn sjá einhverjar bjartar hliðar á þessu líka. Hvað með flugvöllinn og hættuna sem honum fylgir? Nei, þetta er sko ekkert spaug.

En hvar eru þá til þau mannslíf á Íslandi sem óhætt er að hafa í nágrenni við svona verksmiðju? Það er nefnilega það merkilega. Þau eru til í Húnaþingi. Þau mannslíf sem hægt er að fórna fyrir svona verksmiðju eru til í Húnaþingi. Staðfest bæði af 1. og 2. þm. Norðurl. v. Ekki veit ég hvort þeir eru það vel lesnir í Njálu að þeir viti það sem gamli maðurinn sagði forðum: „Guð er miskunnsamur. Hann mun oss eigi bæði láta brenna þessa heims og annars.“ Þess vegna

telji þeir vísu menn og þingmenn Norðurl. vestra allt í lagi að fá verksmiðjuna norður. Ef hún verði til þess að brenna einhverja með því þá sleppi þeir í það minnsta við helvítisvist á eftir.

En ég held að það sé hárrétt hjá Davíð að það verður engin önnur verksmiðja byggð ef þessi verður rifin. Það held ég að sé hárrétt. Vegna þess, eins og hér hefur komið fram hjá hv. 10. þm. Reykv., að það er enginn rekstrargrundvöllur fyrir nýrri verksmiðju sem framleiðir jafnlítið magn, það er enginn rekstrargrundvöllur.

Ég verð að segja það að mér finnst það dálítið skrýtin staða hér í sölum Alþingis þegar ég upplifi það að hlusta á hv. 6. þm. Reykv. gerast talsmann skynsamlegrar yfirvegunar, rökréttrar hugsunar og þess að láta tilfinningarnar ekki hlaupa með sig í gönur, flytja hér afburða góða ræðu þannig að raunverulega þarf ekkert að segja meira um málið en þar kom fram. En svo falli hv. 1. þm. Reykv. í þá gryfju að ryðjast fram í kapphlaupinu við Egil á Seljavöllum, hv. þm. þeirra Austfirðinga, hv. 13. þm. Reykv. og hv. borgarstjóra, um að reyna að ná því sviðsljósi að þeir sem hræddastir hafa orðið hér í Reykjavík um páskana geti litið á sig sem lífgjafa sína. Það er ekkert smáræðis kapphlaup atarna. Nei, ég held að það hefði verið ákaflega hagstætt fyrir hv. 1. þm. Reykv. ef hann hefði orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að þessari umræðu hefði verið frestað fram yfir helgi því vafalaust hefði hann, sem var einn af ráðherrunum í ríkisstjórninni sem ákvað að byggja þennan geymi á sínum tíma sem nokkurn veginn er fullbyggður, í rólegri yfirvegun um helgina áttað sig á því að þetta mál er ekki þess eðlis að skynsamlegt væri að láta etja sér út í vitleysuna. Ég trúi því aldrei að það geti gerst, nema á mjög stuttu tímaskeiði, að reykvísk alþýða trúi því að á Alþingi Íslendinga séu annars vegar menn sem vilji drepa borgarbúa og sé alveg sama um hvort þeir séu lífs eða liðnir og hins vegar menn sem vilji bjarga borgarbúum. Ég þekki ekki einn einasta þingmann sem ekki vill Reykvíkingum allt hið besta. Og það er rosaleg málefnafátækt í umræðunni fyrir þessar borgarstjórnarkosningar ef menn ætla að láta þetta óhapp sem þarna varð, mannleg mistök, eins og hér hefur verið sagt, stjórna gerðum sínum í ákvarðanatöku upp á milljarða þegar það hefur jafnframt komið í ljós að þeir sem áttu, embætta sinna vegna, að bregðast við á hættustundu, eins og slökkviliðið, eins og lögreglan, eins og almannavarnanefnd, tóku allir rökréttar ákvarðanir og framkvæmdu það sem framkvæma þurfti og sönnuðu það að þeir geta séð við smá mannlegum mistökum á þessum stað.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Í mínum huga er mál þetta einfalt, augljóst. Þessari verksmiðju á að loka. Hér hafa verið haldnar tilfinninganæmar ræður, reynt að draga fram rökstuðning, sem mér hefur nú þótt lítilfjörlegur, reynt að brigsla mönnum um hræðslu, þeir þyrðu ekki að horfast í augu við raunveruleika o.s.frv. Það er heilbrigð skynsemi sem segir manni að þegar atvik gerist sem vekur ugg, ekki einungis Reykvíkinga heldur landsmanna allra, Reykvíkingar eru engin sérþjóð eins og sumir halda sem hér hafa talað, einhver óæðri þjóð, alltaf öðruvísi hugsandi en aðrir menn. Það sló óhug á íslensku þjóðina alla þegar það fréttist að eldur logaði í þessum margnefnda ammoníakstanki. Atvik sem var talið að ekki ætti að geta gerst. Ég hef skilið fréttir þannig og það sem vísindamenn hafa sagt, að þetta hafi verið útilokaður hlutur sem gerðist samt.

Ég heyrði í sjónvarpi nú fyrir nokkrum kvöldum vísindamenn lýsa því að ekki séu nema tvö eða þrjú ár síðan eðli ammoníaks hafi verið kannað rækilega, hverju ammoníaksgufur gæti valdið. Mig minnir að tilraunir hafi verið gerðar á Nevada-eyðimörkinni eða einhvers staðar þar og þá hafi komið í ljós að þetta var allt annað en eitthvert glingur sem menn voru að leika sér með í höndunum, þetta ammoníak sem hér er haldið fram að sé langt frá því að af því geti stafað nokkur minnsta hætta. Það heyrðum við áðan úr þessum ræðustól.

Nú er ráðist að borgarstjóranum í Reykjavík og talað um ógæfuspor hans, ógæfumanninn Davíð Oddsson, ógæfuspor sem hann stigi. Það ógæfuspor að vekja athygli á þeirri hættu sem þarna er og krefjast þess að henni verði bægt frá dyrum Reykvíkinga. Hvað ætli það séu margir hér í Reykjavík sem taka undir þessi orð hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar að þetta sé ógæfumaður sem stígur ógæfuspor þegar hann krefst þess að þessari vá sé beint frá dyrum Reykvíkinga? Það eru áreiðanlega ekki margir Íslendingar sem eru sammála þessu.

Þetta var reyndar bara byrjunin. Þessu er varpað fram í tilfinningahita, órökstuddu. Það getur vel verið að ég sé í tilfinningahita, ég var það á sunnudagskvöldið þegar þessar fréttir bárust út. Og ég held að fleiri hafi orðið það og ég skammast mín ekkert fyrir það. Ég skammast mín ekkert fyrir að óttast hið ókunna, eins og einhver sagði hér, menn óttuðust það meira en það sem þeir þekktu. Það er vafalaust alveg rétt. Við eigum þess vegna ekki að vera að leika okkur með hið ókunna. Ég hef verið einn mesti baráttumaður fyrir iðnvæðingu Íslands, m.a. stóriðju. Ég hef aldrei haft álit á þessari verksmiðju. Mér hefur einhvern veginn boðið í hug að hún kynni að verða það ógæfuspor sem kannski hindraði iðnvæðingu Íslands. Hún var, eins og hér var getið um, byggð fyrir Marshall-fé. Marshall-fé kom auðvitað þjóðum sem verst urðu úti í styrjöldinni að mjög miklu gagni og var mikil hugsjón og merkileg af Bandaríkjamanna hálfu. En ég er hræddur um að margt hafi fylgt þessum Marshall-gjöfum, ýmiss konar rusl sem var gott að geta selt og þar á meðal þessi verksmiðja og t.d. Hæringur sem kom til Íslands.

Þeir sem hins vegar nutu þessara peninga best voru þjóðir eins og Japanar og Þjóðverjar þar sem allt var raunar í rúst. Þeir þurftu þetta fé, þeir þurftu þann kraft sem fjármagnið skapaði til að byggja upp nútímalegan iðnað og þeir gerðu það svo rækilega að fyrst varð þýska undrið og síðan það japanska. Þá

voru byggðar fullkomnar verksmiðjur með allt öðrum hætti en þessi verksmiðja. Ég tala af nokkurri reynslu vegna þess að ég kynntist því þegar var verið að ræða hér um hugsanlega olíuhreinsunarstöð í kringum 1970. Þá var þessi verksmiðja skoðuð af þeim sem höfðu áhuga á að byggja olíuhreinsunarstöð. Hún var illu heilli stoppuð af vitleysu og þeir menn töldu ekki mikið bitastætt í þessari verksmiðju.

Ég held að það viti allir menn að Áburðarverksmiðjan hefur aldrei skilað Íslendingum nokkrum sköpuðum hlut. Ég kynntist því í fjh.- og viðskn. fyrir nokkrum árum þegar var verið að fara yfir reikningana og skoða tapið frá þessari verksmiðju. Ég sannfærðist um það þá að hún hefði aldrei skilað einseyring og minnu en engu og mun aldrei gera það. Það ódýrasta væri auðvitað að byggja strax nýja áburðarverksmiðju ef við viljum hafa slíkt fyrirtæki og þá nútímalega verksmiðju og hættulausa, eða a.m.k. ekki með þeirri geigvænlegu hættu sem augljóslega er við bæjardyr okkar sem erum í þessu húsi í dag. Það er áreiðanlega það billegasta, að fá nútímalega verksmiðju sem framleiðir á ódýrari hátt með meira öryggi. Því fyrr sem hún yrði byggð þeim mun ódýrara væri það, þeim mun meiri hagur er það fyrir þjóðina.

Nú rjúka menn upp í hita baráttunnar. Og hverjir eru það sem rjúka upp í hita baráttunnar? „Það er borgarstjórinn í Reykjavík. Kókakólakynslóðin sem nú er að alast upp gerir sér enga grein fyrir verðmætum.“ Þetta eru orð töluð úr þessum ræðustóli í sameinuðu Alþingi, af framsóknarmanni að sjálfsögðu. Þetta er borgarstjórinn í Reykjavík og samstarfsmenn hans. Þetta eru synir okkar og dætur sem elstir erum hér inni. Þetta er heitið sem unga fólkinu er sent. Kókakólakynslóðin sem nú er að alast upp gerir sér enga grein fyrir verðmætum. Og síðan kemur: Það liggur ekkert á að flytja þessa verksmiðju eða leggja hana niður. Nógur tími, hættan er ekki fyrir hendi og var ekki fyrir hendi og verður ekki fyrir hendi.

Öll þessi orð heyrðum við hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson segja hér áðan. Þetta ber að fordæma, sagði hann líka. Það ber að fordæma að vara við þessari hættu. Þessari hættu sem allir landsmenn gera sér grein fyrir nema einhverjir örfáir sérvitringar. Hún er fyrir hendi. Og þó hún væri minni en við sem ekki erum tæknifróðir höldum að hún sé þá er það sjálfgefið að þessa verksmiðju á að leggja niður. Það á að loka henni strax. Hún skilar þar að auki engum verðmætum, hefur aldrei gert og mun aldrei gera. Og ég held að það væri hægt að færa að því sterk rök, og meira en rök, það væri hægt að sanna það ef maður fengi tæknifróða menn til þess að reikna út allt það tap, öll þau ósköp sem þessi verksmiðja er búin að kosta, og líka hvað hún hefur tafið fyrir tæknivæðingu og iðnvæðingu landsins vegna þess að það hefur verið óhugur í Íslendingum út af þessari verksmiðju, fleirum en mér, alla tíð. Sprengihætta fyrst af áburðinum sjálfum, síðan kemur ammoníak og margar íkveikjur í þessari verksmiðju, margsinnis kviknað í. Ekki íkveikjur af manna völdum þó.

Ég hygg að við hefðum kannski fengið eitthvað af þeim tuttugu álbræðslum sem var sagt að ég hefði predikað hér í eina tíð. Ég sagði að vísu í útvarpsþætti eða sjónvarpsþætti á móti Magnúsi Kjartanssyni að sú álverksmiðja sem var verið að tala um að byggja í kringum 1967–1968 mundi taka 1/20 af vel virkjanlegri orku. Þessu var snúið upp í það að ég hefði viljað byggja 20 slíkar verksmiðjur. Það var ekki rétt, en hún var nú svo lítil þessi reyndar að kannski er kominn svona obbinn af þessum 20 ef allt er saman lagt.

Ef við tökum áhættu af efnaiðnaði, sem er kannski sá áhættusamasti, þá getur hann valdið stórslysum. Persónulega hef ég alltaf verið heldur ragur við efnaiðnað þó menn segi að jarðhitinn geti nýst þar mjög vel og við getum hagnast á því og iðnvætt landið með þeim hætti. En þá yrði það auðvitað að gerast með nútíma tækni og með þeim vinnubrögðum sem þekkt eru í dag en ekki 40 ára gamalli tækni, eins og nú er verið að tala um.

Það var sagt að kannski mundu Reykvíkingar aldrei þora að sætta sig við verksmiðjuna. Kannski þora þeir aldrei að sætta sig við verksmiðjuna. Og það var sagt: Trúið þið því að á Alþingi séu annars vegar menn sem vilji drepa Reykvíkinga, hins vegar menn sem vilja bjarga þeim? Hver hefur haldið fram slíkum firnum? Hvernig í ósköpunum er hægt að vera með slíkar öfgar? Það er sagt að við eigum að ræða öfgalaust og rólega hvað sé að gerast. Við erum með nánast atómsprengju hér í túngarðinum og við eigum að ræða um það alveg öfgalaust. En hitt, að því sé haldið fram í sölum Alþingis að einhverjir þingmenn vilji drepa kannski helming þjóðarinnar eða hana alla jafnvel. Þessi málflutningur gengur ekki. Hann hittir auðvitað fyrir þá sem beita honum.

Ég get náttúrlega ekkert annað gert en að óska borgarstjóranum í Reykjavík hjartanlega til hamingju því það er margsagt hér að hann finni enga andstæðinga. Það séu allir sem styðji hann. Þess vegna hafi hann farið að leita að þessari verksmiðju, margsagt hér. Borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson, verður að leita sér að andstæðingum því hann finnur þá enga. Hann er farinn að leita og leita. Ég held að nokkuð sé til í þessu. Ég veit varla um nokkurn andstæðing Davíðs Oddssonar. Ég held að svo til allir Reykvíkingar ætli að kjósa hann sem borgarstjóra, ef þeir væru ekki bundnir við einhverja flokka sem eru nú raunar allir klofnir út og suður og norður og niður, þannig að maður veit nú ekkert hvað út úr því kemur. En þetta eru náttúrlega einhver mestu meðmæli sem nokkur stjórnmálamaður hefur fengið, a.m.k. á þessu landi, líklega á þessum hnetti, þ.e. þeim parti hans þar sem menn mega yfirleitt tala um stjórnmál og þar sem frjálsræði ríkir. Hann finnur sér hvergi andstæðing og verður þess vegna að búa til einhverja sprengju eða sprengihættu í verksmiðju sem staðið hefur í 40 ár. Meiri tiltrú getur enginn maður haft. (Gripið fram í.) Nei, ég held það nú ekki.

Mér er nú enginn hlátur í huga en það varð að vekja athygli á því sem ég nú hef gert, að sá málflutningur gengur ekkert upp sem hér hefur verið haldið á loft. Mergurinn málsins er sá, hvort sem menn kalla það

hræðslu eða eitthvað annað, óhugnan gjarnan, hvað sem er, sem ríkir meðal Reykvíkinga og Íslendinga allra út af þessu óvænta atviki og óskýrða atviki, óskýranlega víst, þetta getur gerst sem sagt en mun vonandi ekki gerast vegna þess að verksmiðjan verður auðvitað lögð niður. Það eru svo til allir Reykvíkingar sammála um það og þjóðin öll og það mun gerast. Auðvitað eru Reykvíkingar ekkert annað en hluti af landsmönnum. Öll erum við meira og minna utan af landi og ein og sama þjóðin.

Af því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er nú kominn hér þá held ég að ég verði að endurtaka þetta, að það er ekki hægt að láta að því liggja að við séum að reyna að fá fólk til að trúa því að á Alþingi séu ekki nema tvenns konar menn, annars vegar menn sem vilja drepa Reykvíkinga, hins vegar þeir sem vilja bjarga þeim. Hver hefur sagt þessi ósköp? Hef ég sagt þessi ósköp? Hver hefur sagt þetta? Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði að það væru hættulegir stjórnmálamenn, Davíð Oddsson og þeir aðrir sem ynnu eins og hann. Þá er ég hættulegur stjórnmálamaður, stórhættulegur, miklu hættulegri en ég hef haldið að ég gæti orðið því ég ætla ekki að ... (**Gripið fram í:** Það liggur alveg ljóst fyrir.) Já, það liggur alveg ljóst fyrir. Þeir menn sem vara við slíkum hættum eru stórhættulegir af því að það þjónar ekki málstað framsóknarafturhaldsins.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við þessa umræðu og sérstaklega ekki í ljósi þess að hæstv. forsrh. fór mjög ítarlega yfir afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á samþykkt sem var undirbúin af mér og félmrh. og ríkisstjórnin afgreiddi fyrir sitt leyti í morgun. Þar kemur fram afstaða og viðbrögð ríkisstjórnarinnar eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Það sem fyrst og fremst kom mér til að kveðja mér hljóðs var að hv. síðasti ræðumaður hafði uppi að mínu mati nokkuð stórkarlalegar fullyrðingar um að þessi verksmiðja hefði aldrei getið neitt gott af sér, a.m.k. í efnahagslegu tilliti, hefði aldrei skilað neinu inn í okkar þjóðarbú, gerði það ekki í dag og mundi aldrei gera, eins og hann kvað hér nokkuð svo sterklega að orði. Ég held að það sé stærri fullyrðing en svo að hægt sé að styðja gildum rökum. Þvert á móti hljóti menn að horfa til þess að verksmiðjan er stór vinnustaður sem sparar umtalsverðan gjaldeyri með því að nýta innlenda orku til framleiðslu vöru sem ella þyrfti að flytja inn.

Það kom skýrt fram í könnun sem á því var gerð fyrir tveimur árum af starfshópi sem þáv. ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar skipaði að framleiðsla verksmiðjunnar er fyllilega samkeppnisfær við verð á áburði í nágrannalöndunum. Þar var fyrst og fremst tekið mið af áburðarverði í Noregi eins og það er til norskra bænda og borið saman við verð verksmiðjunnar í Gufunesi eins og það er til íslenskra bænda. Þar var um fyllilega sambærilegar tölur að ræða. Og þá er að sjálfsögðu eftir sá flutningskostnaður sem væri á áburðinum utan lands frá inn í landið. Þannig að jafnvel þó að ætla mætti að eitthvað lægri álagning og magnafsláttur fengist ef um stór innkaup væri að ræða á innfluttum áburði, þá virðist ljóst vera að verksmiðjan er samkeppnisfær.

Í sambandi við það sem sagt var um stuðning við verksmiðjuna á undanförnum árum ber að hafa í huga að verðlagning á áburði hefur haft nokkra tilhneigingu til að vera fremur pólitísks eðlis en viðskiptalegs og á köflum hefur verksmiðjan verið látin verðleggja sína framleiðslu í raun undir kostnaðarverði af pólitískum ástæðum sem lið í aðgerðum til að halda niðri verði á framleiðsluvörum bænda. Það er því ekki hægt að saka verksmiðjuna sem slíka um það. Sú könnun, sem ég vitnaði til, leiðir hins vegar í ljós að ef verksmiðjan verðleggur sína vöru á framleiðslukostnaðarverði, því sem hún þarf til að skila því sem upp í hennar rekstur þarf, þá er hún eftir sem áður samkeppnisfær. Það er mergurinn málsins. Þetta fyrirtæki sem slíkt getur boðið íslenskum bændum sína framleiðsluvöru á samkeppnisfæru verði. Og þá liggur það fyrir að mikill meiri hluti rekstrarkostnaðar verksmiðjunnar fellur til innlendra aðila í formi launagreiðslna, í formi greiðslna fyrir orkuverð og í formi kaupa á margs konar þjónustu. Einungis minni hluti tilkostnaðarins er innflutningur á aðföngum.

Þetta segir mér í raun og veru það sem segja þarf um það að hér er að sjálfsögðu á ferðinni þjóðhagslega hagstæð starfsemi. Líka vegna þess að verksmiðjan er tiltölulega mikið afskrifað fyrirtæki. Heildarskuldir hennar nema ekki nema rúmlega veltufjármunum hvers árs og því sem bundið er í birgðum o.s.frv. á hverjum tíma. Það má nota sem grófa viðmiðun að fastafjármunirnir séu eign verksmiðjunnar. Eigið fé hennar á núgildandi verðlagi nálgast um 1300 millj. kr., 1200–1300 millj. kr., og stofnvirði verksmiðjunnar, núvirði þess er nálægt 3 milljörðum kr. Það verður að ætla að endurbygging sambærilegrar verksmiðju á öðrum stað mundi kosta ekki minna en 3–4 milljarða. Þetta eru staðreyndir sem mönnum er hollt að hafa í huga þegar rætt er um þetta mál.

Að öðru leyti þarf ég ekki að endurtaka það sem hæstv. forsrh. sagði um viðbrögð ríkisstjórnarinnar og þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar og verða gerðar á næstunni og lúta að öryggismálum í verksmiðjunni og viðræðum við Reykjavíkurborg um þau mál og framtíð verksmiðjunnar. Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti að ég tel það sjálfsagt mál að ræða þetta við Reykjavíkurborg í ljósi þess atburðar sem þarna varð. Ég geri ekki lítið úr því hversu alvarlegur hann var og fullkomlega eðlilegt að mönnum brygði í brún. Það er sjálfsagt að hafa það í huga í allri meðferð málsins.

Ég tel hins vegar að þar sem það liggur nú fyrir eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar í dag verði ekki um það að ræða að gamli geymirinn verði notaður framar. Það verða ekki ammoníaksbirgðir í verksmiðjunni á næstunni nema sem svarar framleiðslu hennar sjálfrar í daggeymum hverju sinni. Ég tel sjálfsagt að

nota þess vegna tímann á næstunni til að fara rækilega yfir alla þætti málsins, ræða það við Reykjavíkurborg og auðvitað fyrst og fremst fara aftur yfir þær forsendur sem voru lagðar til grundvallar ákvörðuninni um það á sínum tíma, fyrir einu og hálfu til tveimur árum, að ráðast í byggingu nýja geymisins og reikna síðan með starfrækslu verksmiðjunnar áfram á þessum stað. Sú ákvörðun var ekki tekin í skyndingu. Hún var tekin að vandlega athuguðu máli. Um það vitna skýrslur og starfshópar sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar skipaði og páv. hæstv. landbrh. Jón Helgason átti líka aðild að.

Ég tel þess vegna að að sjálfsögðu eigi menn að fara á nýjan leik yfir þessar forsendur og svara því: Hefur eitthvað nýtt komið fram, hefur eitthvað breyst sem gerir það að verkum að menn eru nú ekki tilbúnir til að sætta sig við rekstur verksmiðjunnar á þessum stað að uppfylltum þeim öryggiskröfum sem þá voru metnar fullnægjandi? Allir aðilar málsins, þar á meðal Reykjavíkurborg, Almannavarnir, Vinnueftirlit, eigendur verksmiðjunnar og allir aðrir sem að þessu komu mátu þær fullnægjandi, ríkisstjórn ekki síst. Þessari spurningu þarf einfaldlega að svara. Verði niðurstaðan sú að menn séu nú í dag ekki lengur tilbúnir til að sætta sig við tilvist verksmiðjunnar á þessum stað, þrátt fyrir það að öllum þessum skilyrðum væri fullnægt, þá er komin upp ný staða í málinu sem menn verða að bregðast við. Þá kemur væntanlega í beinu framhaldi upp sú spurning: Vilja menn þá leggja þessa verksmiðju niður og reisa nýja á öðrum stað eða vilja menn leggja af með öllu þessa framleiðslu í landinu? Þá kemur að því að svara þeirri vandasömu spurningu en ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það á þessu stigi eða eyða lengri tíma í það að svo stöddu. Fyrst ber að svara því sem ég og aðrir hljóta að telja vera aðalatriði þessa máls og fyrstu og stærstu spurninguna: Er ekki lengur ásættanlegt, að öllum öryggiskröfum fullnægðum, að reikna með áramhaldandi starfrækslu fyrirtækisins á þessum stað?

Ég vildi líka, virðulegur forseti, leyfa mér að fara um þetta nokkrum orðum m.a. vegna þess að ég hlýt að segja það hér svo a.m.k. það sé á hreinu gagnvart hv. alþm. hver mín afstaða er í þessu máli. Ég vona að ég hafi skýrt það sæmilega vegna þess að ég tel að hún hafi verið nokkuð afflutt í vissum fjölmiðlum, a.m.k. þegar leiðara- og Staksteinaskrif hafa verið á ferðum. Ég kvarta ekki undan því sem eftir mér hefur verið haft af fréttamönnum.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum. En eftir ræðu þá sem hv. 8. þm. Reykv. flutti áðan get ég ekki orða bundist og þá kannski fyrst og fremst vegna þess að hann sagði tvennt sem ég trúi ekki að hann hafi meint. Ég sá og skynjaði að honum var mjög mikið niðri fyrir og í hans máli kom tvennt fram sem vakti mér ákaflega mikla furðu.

Hið fyrra var þegar hann sagði að tilvist Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi hefði tafið alla tæknivæðingu á Íslandi (Gripið fram í.) og tafið stóriðjumál á Íslandi. Ég held að ég hafi heyrt alveg nákvæmlega hvað hv. þm. sagði. Ég sé satt að segja ekki samhengið þarna á milli, mig brestur alveg á því skilning. Í öðru lagi sagði hv. þm. að Bandaríkjamenn hefðu notað Marshall-aðstoðina til að losa sig við rusl og nefndi sérstaklega í því sambandi Áburðarverksmiðjuna og Hæring. Ég heyrði þetta alveg eins og aðrir hv. þm. og ég trúði satt að segja ekki mínum eigin eyrum að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafi meint þetta. Ég vil skilja hans orð þannig að honum hafi orðið á mismæli og hann hafi ekki meint þetta. Ég vona að hann komi og skýri það hér á eftir.

En fyrst ég, virðulegi forseti, er kominn hér í ræðustól þá langar mig að segja örfá orð um efni þess máls sem hér er til umræðu. Það er nú svo með marga mannlega starfsemi og atvinnustarfsemi að henni fylgir ýmis hætta og margs konar hætta. Auðvitað er það svo að við getum aldrei komið í veg fyrir að fullu og öllu að af þessari starfsemi kunni okkur að stafa hætta. Auðvitað gerum við samtímis allar þær ráðstafanir sem okkur er unnt og eru í mannlegu valdi til að draga úr þeirri hættu.

Hér tala menn um Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Þar höfum við sígilt dæmi um það að þegar stofnað er til atvinnustarfsemi sem menn telja að einhver hætta fylgi þá er henni valinn staður fjarri byggð. Síðan teygir byggðin sig að þessari starfsemi þangað til menn segja: Nú verður þessi starfsemi að fara af því að hún er allt of nálægt byggð. Við höfum þessi dæmi t.d. með flugvelli, við höfum þessi dæmi með vegi þar sem vegurinn er fyrst lagður þar sem eru engin hús. Síðan teygir byggðin sig að veginum og loks segja menn: Ja, þessi vegur er allt of mikið ofan í byggðinni, nú verður vegurinn að fara. Það er svipað dæmi sem við höfum hér. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga það sem er í skjölum sem lögð voru á borð hv. þm. hér áðan. Þar er fjallað um Áburðarverksmiðjuna og talað um að reisa nýjan og öruggari ammoníaksgeymi. Nú er það svo, eftir því sem mér skilst og er nú ekki mjög tæknifróður, að köfnunarefnisáburður eins og framleiddur er í Áburðarverksmiðjunni verður ekki framleiddur nema með því að nota ammoníak. Og spurningin er þá: Hvernig er hægt að geyma þetta ammoníak með sem allra öruggustum hætti?

Það hefur komið fram í þessum umræðum að til þess völdu menn þá leið og tóku þá ákvörðun að byggja nýjan geymi af þeirri traustustu gerð sem til er. Og í þessum skjölum sem lögð voru á borð þingmanna segir, með leyfi forseta:

„Þegar reistur hefur verið nýr og öruggari ammoníaksgeymir er talið að Áburðarverksmiðja ríkisins fullnægi í aðalatriðum öllum öryggiskröfum sem gerðar eru til hennar, en þær eru strangar. Því er af öryggisástæðum ekkert því til fyrirstöðu að athafnasvæði nái alveg að lóð verksmiðjunnar."

Það er sjálfsagt með þetta í huga m.a. sem hér segir líka: „Enn fremur má benda á að 29. sept. sl.

framlengdi Reykjavíkurborg lóðarleigusamning við Áburðarverksmiðjuna fram til ársins 2019." Það hefur væntanlega verið borgarstjórinn í Reykjavík sem hér hefur mjög borið á góma sem hefur gert þennan samning fram til ársins 2019. En í þessum samningi segir, með leyfi forseta í 2. gr.: „Lóðin er leigð til þess að reisa á henni og reka verksmiðju til vinnslu áburðar, áburðargeymslu og annarrar starfsemi leigutaka að meðtalinni verslun með tilbúinn áburð."

Síðar í þessu skjali er fjallað um nefnd sem skipuð var til að kanna þá hættu sem íbúðarbyggð í Grafarvogi og Borgarholti gæti stafað af Áburðarverksmiðjunni. Þar segir: „Nefndin skilaði áliti sínu haustið 1985 og var það lagt fyrir borgarráð 29. okt. Þar kemur m.a. fram að ef gerðar verða tilteknar öryggisráðstafanir í verksmiðjunni sjálfri getur byggð verið í 1200 metra fjarlægð frá henni. Í skipulaginu er miðað við þessi fjarlægðarmörk."

Ég held að þessi mörk hafi áður verið 1600 metrar. Þarna er sem sagt samþykkt að færa byggðina nær. Menn telja hættuna ekki meiri en svo. Vissulega er fyrir hendi hætta af Áburðarverksmiðjunni. Um það er ekki deilt. Og ég er alveg sannfærður um að þessi verksmiðja verður ekki mjög mörg ár til viðbótar þarna. Í fyrsta lagi er þar til að taka að mér sýnist að þarfir íslensks landbúnaðar fyrir áburð muni fara minnkandi eftir því sem við aðlögum landbúnaðarframleiðsluna að innanlandsneyslu. Í öðru lagi hafa menn áhyggjur af mikilli áburðarnotkun vegna þeirrar mengunar sem hún veldur. Það er því líklegt að þessi framleiðsla muni minnka. Auðvitað gengur þessi verksmiðja úr sér eins og annað.

Ákvörðun um að hætta þessari starfsemi taka menn ekki með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þáltill. hv. 13. þm. Reykv., Guðrúnar Helgadóttur, að þetta skuli gera án tafar. Menn hljóta auðvitað að skoða málin miklu betur. Menn hljóta að gera áætlun um það hvernig hægt er að finna því fólki störf sem þarna starfar. Menn hljóta að gera áætlun um það hvernig hægt er að nýta þann húsakost sem þarna er á svæðinu og þetta hlýtur auðvitað að gerast á allmörgum árum. Ég er alveg sannfærður um það að fyrir aldamót t.d. verður þessi verksmiðja hætt að starfa. Kannski verður hún þá löngu hætt að starfa.

En auðvitað verða menn þá að skoða þá atburði sem nú urðu um páskana og menn hafa gert það. Það er ljóst að um mannleg mistök var að ræða. Það var hætta fyrir hendi en það er líka ljóst að það hefur verið gert gróflega mikið úr hversu alvarlegt ástandið var. Þar er hlutur fjölmiðla satt best að segja ekki mjög góður og raunar töluvert umhugsunarefni.

Áreiðanlega kemur að því að þessari starfsemi verður hætt á þessum stað. En það þýðir ekki að hætt verði að geyma ammoníak hér í landinu. Það er notað á ýmsum öðrum stöðum, t.d. í frystiiðnaðinum mjög, og það verða áfram vandamál samfara því sem menn munu auðvitað leysa. Mér sýnist að hér sé vissulega ástæða til að staldra við en ekki ástæða til þess upphlaups sem hér hefur verið gert. Það er ástæða til að skoða þetta niður í kjölinn af fyllstu alvöru. Það hefur verið gert og niðurstöðurnar liggja nokkurn veginn fyrir. Það urðu mannleg mistök en sú hætta sem fjölmiðlar hafa látið liggja að mjög sterkt var aldrei fyrir hendi. Það er auðvitað mergurinn málsins. Mér finnst það ekki meðmæli með þeim stjórnmálamönnum sem nú hafa hlaupið upp til handa og fóta og kynt undir og aukið á þessa hræðslu og þennan ugg, án þess að hafa í huga staðreyndirnar og kalt mat á því sem hér hefur verið að gerast og hverjir áhættuþættirnir eru. Ekkert hefur komið fram í rauninni sem ekki var áður vitað. Nú vitum við að þessi geymir sem þarna er um að ræða verður ekki notaður. Hann verður ekki notaður aftur, það liggur fyrir. Um það hefur verið tekin ákvörðun. En þegar ráðandi aðilar hjá Reykjavíkurborg taka ákvörðun um að leyfa þennan rekstur fram til ársins 2019, ja hvað á maður að segja þá um þeirra afstöðu? Það er ekki merkileg pólitík og það er mjög óábyrgt að mínu mati hvernig fjölmiðlar og ákveðnir stjórnmálamenn hafa komið þessu máli á framfæri. Ástæðurnar eru ekki í neinu samræmi við þann ótta sem menn hafa kallað hér fram og þau stóru orð sem hafa verið látin falla í þessari umræðu. Ég held að þeir, sem hæst hafa haft hér, muni eftir á að hyggja þegar málið er skoðað, vegið og metið, þeir hagsmunir sem hér vegast á og þegar mönnum er ljóst að þessi mikla hætta var í rauninni aldrei fyrir hendi, fleiri en einn og fleiri en tveir sérfræðingar hafa nú skýrt frá því og því hefur ekki verið andmælt með rökum, þá muni þeir sem fyrir þessu upphlaupi stóðu ekki hafa af því mjög mikinn sóma.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég mundi gjarnan kjósa að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Enda heyrir verksmiðjan sem hér er til umræðu undir hann stjórnskipulega og vegna þeirrar ræðu sem hann flutti hér fyrr í þessari umræðu þarf ég að gera nokkrar athugasemdir og óska því eftir nærveru hans og þátttöku í umræðunum.

En fyrst, frú forseti, vegna þess sérstaka máls sem hér hefur verið fjallað um. Það er alveg rétt, sem vakin hefur verið athygli á, að eftir að Vinnueftirlit ríkisins hafði vakið athygli á þeirri hættu sem stafaði af geyminum, sem notaður hefur verið um langa hríð, var brugðist við á þann veg af páv. ríkisstjórn að ákveðið var að tillögu hæstv. félmrh. og hæstv. páv. landbrh. að reisa nýjan geymi sem draga mundi mjög verulega úr þeirri áhættu sem talin var vera fyrir hendi. Í sjálfu sér eru það engin rök á þessu stigi umræðunnar að vísa til þessara ákvarðana. Ég er þeirrar skoðunar að þá hafi verið teknar eðlilegar ákvarðanir. Auðvitað gat á þeim tíma komið til álita að leggja verksmiðjureksturinn niður. Engar tillögur af því tagi voru fluttar af hálfu þeirra ráðherra sem um þessi mál fjölluðu, annars vegar rekstrarlega og hins vegar út frá öryggissjónarmiðum og því kom það ekki til álita á þeim tíma. Sjálfur svaraði ég hins vegar jákvætt hugmyndum að Reykjavíkurborg gæti keypt

verksmiðjuna í þeim tilgangi að leggja hana niður en úr hugmyndum af því tagi varð ekki.

Það sem er tilefni umræðna hér og nú er atvik sem nú hefur gerst og menn sáu ekki fyrir á þeim tíma þegar fyrri ákvarðanir voru teknar. Það er það sem gefur mönnum tilefni til umræðna og endurmats á fyrri ákvörðunum. Það vekur þess vegna mikla furðu hvernig sumir hv. þm. og ráðherrar stjórnarliðsins bregðast við þessari umræðu með einkennilegum yfirlýsingum sem lýsa að mínu mati fyrst og fremst tilfinningahita af þeirra hálfu og óskynsamlegum viðbrögðum. Auðvitað er furðulegt, eins og hér hefur verið vakin athygli á af hálfu helsta talsmanns framsóknarmanna í Reykjavík, að tala um kókakólakynslóðina þegar borgarstjórinn í Reykjavík, borgarráð, fulltrúar allra flokka, þar á meðal Framsfl. í borgarráði, og almannavarnanefnd Reykjavíkur hafa fjallað um málið með þeim hætti sem raun ber vitni. Það er nánast dæmalaust. Ég hygg að ekki verði um það deilt þegar um þetta mál er fjallað af yfirvegun, að fullt tilefni er til að endurmeta fyrri ákvarðanir í ljósi þess atburðar sem átti sér stað á dögunum, atburðar sem menn sáu ekki fyrir og töldu að ekki gæti átt sér stað þegar fyrri ákvarðanir voru teknar sem menn á þeim tíma töldu vera fullnægjandi.

Hér hefur líka komið til umfjöllunar rekstur þessarar verksmiðju og þjóðhagslegt gildi verksmiðjurekstursins. Hæstv. landbrh. vakti á því athygli að á stundum hefðu verið teknar pólitískar ákvarðanir um verð á áburði frá verksmiðjunni með alvarlegum afleiðingum fyrir rekstur verksmiðjunnar. Hann ítrekaði í ræðu sinni að þegar slíkar ákvarðanir væru teknar væri ekki fyrir hendi þjóðhagsleg hagkvæmni af rekstrinum, ef ég skildi mál hans rétt.

Ég vil henda þessi ummæli hæstv. ráðherra á lofti því rétt er að of oft hafa verið teknar pólitískar ákvarðanir, í engum tengslum við rekstur verksmiðjunnar, um útsöluverð á áburðinum. Þetta hefur verið gert í þeim tilgangi að falsa verðbólgutölur. Þetta hefur verið gert með því að fyrirskipa verksmiðjunni að taka lán erlendis í þeim tilgangi að falsa verðbólgutölur um stund, en hefur alltaf komið í bakið á mönnum aftur.

Ég minnist þess frá veru minni í fjmrn. að hafa þurft að taka á óreiðusyndum af þessu tagi. Vegna þess að í fyrri tíma höfðu menn talið að hægt væri að lækna verðbólgu með því að ákveða verð í engum tengslum við framleiðslukostnað og taka lán erlendis fyrir mismuninum. En hvað er að gerast einmitt þessa daga? Hæstv. landbrh. fyrirskipaði verksmiðjunni, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að hækka verð á áburði um 12%. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá stjórnendum verksmiðjunnar þýddi þessi fyrirskipun hallarekstur upp á 130 millj. kr. Hallarekstur sem er meiri en nemur kostnaði við nýja ammoníaksgeyminn. Með öðrum orðum, hér var tekin af hálfu ríkisstjórnar pólitísk ákvörðun um ábyrgðarlausa stjórn á verksmiðjunni. Pólitísk ákvörðun um hallarekstur upp á 130 millj. kr. Til hvers? Í þeim tilgangi að falsa verðbólgutölur. Í þeim tilgangi að telja mönnum trú um að verðbólga sé minni en hún í raun og veru er. Hverjar yrðu afleiðingarnar af því ef hæstv. ráðherra næði þessu máli fram? Vafalaust er það svo að það er ekki hugsjónamál hæstv. landbrh. Ég hygg að forustumenn Alþfl. eigi stærri hlut að máli, enda í samræmi við efnahagsstefnu þeirra að fela verðbólgu með erlendum lánum. Vafalaust er það svo að þetta mun runnið frá forustumönnum Alþfl. að reka þessa verksmiðju með halla. En hæstv. ráðherra landbúnaðarmála hefur fallist á þá stefnu og fyrirskipað verksmiðjunni rekstur af þessu tagi.

Hvað þýðir það ef hæstv. ráðherra nær þessu fram? Annað tveggja, að greiða þarf þau erlendu lán sem taka á til að fela verðbólguna næst þegar taka þarf ákvörðun um áburðarverð eða eftir að núv. ríkisstjórn hefur gengið til feðra sinna. Þá þarf ekki aðeins að greiða þann mismun sem nú er á milli gjalda og tekna, og taka þarf lán fyrir, heldur líka fjármagnskostnaðinn. Þegar til lengdar lætur leiðir fjármálastjórn af þessu tagi því til hærra áburðarverðs og meiri verðbólgu. Þetta er sóðaskapur í fjármálastjórn sem ekki á að þekkjast. Þegar ákvarðanir voru teknar á árunum 1986 og 1987 um að hreinsa upp fyrri syndir í þessu efni með beinum framlögum úr ríkissjóði, sem lögðust auðvitað á skattborgarana, voru gefin um það alveg skýr fyrirheit af hálfu stjórnenda verksmiðjunnar að aldrei aftur yrði horfið að stjórnunarháttum og fjármálastjórn af þessu tagi. En núna ætlar hæstv. ráðherra að knýja þetta fram, sennilega með lagasetningu hér á Alþingi vegna þess að meiri hluti verksmiðjustjórnarinnar hefur hafnað því að efna til ábyrgðarleysis í fjármálastjórn verksmiðjunnar eins og ráðherrann hefur krafist. Sennilega ætlar hann þá að ná vilja sínum fram í þessu efni með lagasetningu á Alþingi. Ég sé ekki að hann eigi annarra kosta völ. En vinnubrögð af þessu tagi gera það að verkum að ekki er þjóðhagslega hagkvæmt að reka verksmiðjuna. Ef á að stjórna fjármálum hennar með þessum hætti þá er alveg augljóst að það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt. Það mun leiða til hærra áburðarverðs og meiri verðbólgu í landinu. Og bændur og neytendur landbúnaðarvara eiga fyrst og fremst kröfu á því að fá ódýran áburð, hvort heldur hann er framleiddur hér eða fluttur inn. Það er ekki höfuðmálið, heldur hitt, að það sem nota þarf af áburði fáist á sem lægstu verði. Það er höfuðmálið, bæði fyrir bændur og neytendur. En stefna hæstv. ríkisstjórnar nú er að steypa verksmiðjunni í erlenda skuldasöfnun sem þýðir aukinn fjármagnskostnað og hærra áburðarverð.

Hinn kosturinn er auðvitað sá að velta þessu yfir á skattgreiðendur. Hækka skatta enn á ný. Kannski telur hæstv. ríkisstjórn og forustumenn Alþfl. að ekki sé nóg að gert í skattahækkunum. Kannski verður hér flutt frv. um enn eina hækkunina á tekjuskattinum til þess að standa undir hallarekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Kannski er það það sem forustumenn Alþfl. stefna að. En það er alveg ljóst að með þessari

pólitísku verðákvörðunarstefnu, eins og hæstv. ráðherra kaus að kalla hana, er búið að kippa fótunum undan rekstrarlegri hagkvæmni. Hæstv. ráðherra er með tilraunum sínum af þessu tagi að ganga þvert gegn skýrum fyrirheitum þáv. yfirvalda í landbrn. og stjórnar verksmiðjunnar þegar síðast var tekið til eftir óráðsíu af þessu tagi. Vegna ummæla hæstv. ráðherra er óhjákvæmilegt að draga þessa staðreynd inn í umræðuna um það hvort halda á þessum verksmiðjurekstri áfram.

Ég vænti þess að hægt verði að koma í veg fyrir að ákvarðanir af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn hefur stefnt að í þessu efni nái fram að ganga. Það skiptir afar miklu máli að svo verði.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri en vildi aðeins, vegna ummæla hæstv. ráðherra um hinar pólitísku verðákvarðanir sem hefðu áhrif á það hvort verksmiðjan væri rekstrarhæf eða ekki, draga þessa staðreynd fram. Núv. hæstv. ríkisstjórn er með ákvörðunum sínum í þessu efni að grafa undan því að svo muni verða. Og það hlýtur að skjóta enn sterkari stoðum undir kröfur um að verksmiðjurekstrinum verði hætt ef þessu á að halda áfram með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur helst kosið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir þær athugasemdir sem hann gerði við mál mitt áðan. Hann hefur bersýnilega misskilið það sem ég ætlaði að segja og held ég hafi sagt. En hafi hann gert það mun svo vera um fleiri og þess vegna nauðsynlegt að koma að leiðréttingum.

Ég sagðist hafa óttast að Áburðarverksmiðjan mundi tefja fyrir iðnvæðingu hérlendis og vék þá raunar að því að á sjöunda áratugnum hefði ég verið mikill baráttumaður fyrir því að hér risi álverksmiðja og raunar fleiri iðnfyrirtæki. Sannleikurinn er sá að Áburðarverksmiðjan naut aldrei mikils almenns stuðnings, held ég. Raunar var svo kannski um Sementsverksmiðjuna líka, að hún var kannski byggð af vanefnum og naut ekki þess stuðnings upphaflega sem menn hefðu getað ætlað. Nú vita það allir menn að þegar Bandaríkjamenn veittu Marshall-aðstoðina lögðu þeir kapp á að einkarekstur yrði á þeim fyrirtækjum sem byggð yrðu fyrir þetta gjafafé sem voru gífurlegar upphæðir. Sumir kölluðu það nú að verið væri að múta mönnum og efla auðvaldið í heiminum. Það fór nú svo þrátt fyrir allt að blessaðir Bandaríkjamennirnir, vinir okkar, höfðu rétt fyrir sér, að kapítalisminn var þó eitthvað betri en kommúnisminn. Það hefur nú sagan sannað og þrætir víst enginn fyrir lengur.

En þá var verið að vandræðast með þessa blessaða verksmiðju. Stofnað var fyrirtæki sem hét, held ég, Borgarvirki. Hlutafélag um þessa verksmiðju var stofnað af góðum flokksmönnum mínum og ýmsum fleirum sem áttu einhverja peninga í handraðanum. Það gekk allt saman brösuglega. Ég held að komið hafi verið á verðlagshöftum. Ég held að það hafi verið innflutningsbann á áburði og allra handanna ríkisafskipti af þessu fyrirtæki og það endaði svo auðvitað í þjóðnýtingu. Þó að þar hafi auðvitað verið að störfum ágætis menn þá er svo farið með þetta fyrirtæki eins og svo mörg önnur þjóðnýtt, bæði hérlendis og enn þó frekar þar sem sósíalisminn hefur verið í algleymingi, að afraksturinn varð nú aldrei mikill. Það var ekki talið neitt sérstaklega eftirsóknarvert að fjárfesta í nýjum iðngreinum og er kannski ekki enn í dag vegna þess að ofstjórnin í efnahags- og peningamálum er við lýði enn þann dag í dag þó hún sé kannski ekki á alveg sama hátt og hún var fyrir 3–4 áratugum.

Það var þetta sem ég vildi sagt hafa. Ég held að ég hafi rétt fyrir mér í því að töf hafi orðið á iðnvæðingu vegna þessa skipulags sem var á þessum fyrstu iðnfyrirtækjum okkar sem við þó auðvitað vorum stolt af að vissu marki.

Hin athugasemdin var um það hvort Bandaríkjamenn hefðu notað sér af því að selja okkur rusl. Í fyrsta lagi seldu þeir nú ekkert af því að þeir gáfu þetta allt saman. Ef ég man rétt voru það gífurlegar upphæðir sem þeir gáfu. Þar að auki held ég að menn hafi verið frjálsir að því að kaupa varning til iðnvæðingar og uppbyggingar hvar sem var þannig að Bandaríkjamenn höfðu enga sérstaka aðstöðu til að selja okkur vöru. Hitt hygg ég sé rétt að ekki hafi verið byggt mikið af áburðarverksmiðjum í heiminum á styrjaldarárunum og þróunin á því sviði hafi ekki verið mikil. Hún var meira og minna á sviði hernaðarmálefna og sjálfsagt hafa menn þá hugsað að gott gæti verið að framleiða einhver sprengiefni, hvort sem þar voru efnasprengingar eða púður, sem er efni sem mér skilst að svona verksmiðjur geti líka framleitt. Ég held að þessi verksmiðja hafi um það leyti sem hún var byggð, 1950–1952, þá strax verið úrelt tæknilega. Ekki hafa margar verksmiðjur af þessari gerð verið byggðar. Ég hef nokkuð fyrir mér í því en get kannað það betur. Ég held að ég fari rétt með það að hún hafi aldrei verið nútímaleg, því miður, og þess vegna hafi hún aldrei skilað neinu í þjóðarbúið. Ég held að reikna mætti út að hún hafi aldrei gert það. Það er kannski staðhæfing á móti staðhæfingu. Ráðherra segir annað. Ég gat um það að í fjh.- og viðskn. Ed. fyrir einum 4–5 árum var farið ofan í þessa sauma og ég fyrir mína parta gat nú ekki séð að það hefði verið um mikinn hagnað þjóðhagslegan, eða fyrir einn eða annan, að ræða af þessari verksmiðju. Ég hygg að svo sé ekki en auðvitað má segja að þetta sé mín staðhæfing, mín tilfinning og sjálfsagt hægt að reikna þetta. Það er nú allt mögulegt sett í tölvur núna. Að vísu koma nú ekki alltaf réttar útkomur úr tölvunum. Stundum eru þær útkomur ansi einkennilegar, enda hægt að mata tölvur á mismunandi hátt.

Þá dettur mér nú í hug það sem gerðist hér þegar fjmrh. í stjórn Steingríms Hermannssonar sagðist mundu segja af sér ef erlendar skuldir færu yfir 60% af þjóðartekjum. Svo fóru þær í 62% og þá kom allt í einu orðsending frá Þjóðhagsstofnun um að lands-

tekjur hefðu verið mun hærri en þjóðartekjur áður þannig að hlutfallið, miðað við landstekjur, fór niður í 54%. Það var sem sagt skipt bara um spólu og ráðherrann sat áfram og þurfti ekki að segja af sér. Þó að hlutfallið af þjóðartekjunum sem hann talaði um væri orðið 62% þá var það reiknað niður í 54% með einu handtaki í tölvunni. Svo að margt er nú hægt að gera með tölvunum.

Það er talað um að Reykjavíkurborg hafi samþykkt að verksmiðjan yrði hér áfram og samþykkt ýmiss konar áætlanir fyrir tveim, þrem, fjórum árum og enn þá fyrr. Það hefur ekki nokkur maður mótmælt því, ekki svo að ég viti. Þetta liggur allt saman fyrir skjalfest. Það þarf ekki að rifja það upp. Menn hafa bara vaknað upp við vondan draum. Þeir hafa bara vaknað upp við það að þeir sitja á púðurtunnu. Svo einfalt er málið. Og sá maður sem ekki reynir að koma tunnunni í burtu þegar hann hefur þó séð hana, rétt eins og gert var við einar 15 tunnur af arseniki sem fundust hér við Elliðaárnar út af glerverksmiðju sem átti að reisa og sem var víst nægilegt magn, að mér skildist, til þess að drepa alla Evrópubúa, þær voru fjarlægðar. Þeim var komið úr landi og því arseniki eytt. Því skyldum við ekki gera það sama nú þegar við höfum uppgötvað að við sitjum á sprengju? Þá var það eiturefni og er eiturefni reyndar núna líka.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að hann gerði ráð fyrir því að það liðu ekki mjög mörg ár til viðbótar þangað til verksmiðjan yrði fjarlægð bara vegna byggðarinnar, umhverfisins o.s.frv. Ég er alveg sammála honum um það að jafnvel þó að þessi umræða hér og tillöguflutningur eða ályktanir borgarstjórnar mundu ekki bera þann árangur að þessu yrði hrundið í framkvæmd strax þá verður það gert mjög bráðlega, innan fárra ára. En ég er líka sannfærður um að ef menn reikna þetta bara í peningum og leiða hættuástandið hjá sér er það miklu ódýrara og hagstæðara að byggja fullkomna verksmiðju strax og vera ekki að reka þessa úreltu verksmiðju í nokkur ár bara af einhverri þvermóðsku. Það á þá að vinda sér í það að byggja fullkomna litla verksmiðju þar sem menn vilja hafa hana og auðvitað með öllu því öryggi sem hægt er að koma við. Allir vita hve gífurlegar framfarir eru einmitt á tæknisviðinu nú. Menn eru að tala um að t.d. álverksmiðjan í Straumsvík, sem var endurnýjuð, sett í hana nýtískuleg skaut fyrir um það bil tíu árum, sé algerlega úrelt núna. Við vitum að framþróunin er svona gífurleg og þess vegna er auðvitað langsamlega hagkvæmast að hætta rekstri þessarar verksmiðju strax og byggja nýja og nútímalega verksmiðju, minni eða stærri eftir því sem menn telja ástæðu til.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur umræðan snúist á dálítið sérstæðan hátt. Hv. 1. þm. Suðurl. eyddi mestöllum ræðutíma sínum í það að tala um í hvílíkan rekstrarvanda verið væri að setja núverandi áburðarverksmiðju með því að ríkisstjórnin væri að leggja til lægra áburðarverð en fengi staðist samkvæmt rekstrargrundvelli verksmiðjunnar. Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann að hann hafi aðaláhyggjurnar af rekstrarvanda verksmiðjunnar. Ég virði þau sjónarmið, því að sá sem hefur áhyggjur af rekstrarvanda verksmiðjunnar hefur náttúrlega ekki áhyggjur af því að það þurfi að leggja hana niður. Það fær náttúrlega ekki staðist að sá maður telji að það þurfi að leggja verksmiðjuna niður því að þá þarf náttúrlega engar áhyggjur að hafa af rekstrarvanda hennar í framtíðinni.

En einnig hafa hér gerst furðulegir hlutir og það m.a. að hv. 8. þm. Reykv. upplýsir að hann telur að hv. 3. þm. Vesturl. hafi misskilið það sem hann ætlaði að segja. Það skil ég nú bara ekki hvernig geti gerst því að mér er ekki ljóst hvernig hv. 3. þm. Vesturl. hefur getað fundið út hvað hv. 8. þm. Reykv. ætlaði að segja. En þá eru líka fleiri boðleiðir hér í salnum en þær sem við hinir notumst venjulega við og er náttúrlega verðugt rannsóknrefni fyrir vísindamenn að fá svör við þessu.

En það sem mér þótti aftur á móti alvarlegt var það að hann virtist misskilja þá atkvæðagreiðslu sem allt stefnir í hér í þinginu. Það stefnir í atkvæðagreiðslu um það hvort eigi að loka Áburðarverksmiðjunni til þess að tryggja lífsöryggi Reykvíkinga. Það er í það sem allt stefnir hér í þinginu. Og það verður litið svo á þeir sem munu greiða atkvæði gegn því virði ekki lífsöryggi Reykvíkinga. Ég tel það ekki heiðarlegan vopnaburð að ætla að stilla mönnum upp við vegg á þennan hátt. En það sem var þó kannski langalvarlegast í hans málflutningi var það að hann sagðist alltaf hafa vitað að verksmiðjan hafi verið hættuleg. Hv. þm. hefur skrifað ógrynni af greinum, ég hef lesið margar þær greinar og metið sem gott innlegg í íslenska þjóðmálaumræðu. En nú spyr ég: Er það rétt hjá mér að hann hafi ekki skrifað eina einustu grein um það öll þessi ár hve hættuleg þessi verksmiðja er lífi Reykvíkinga, ekki eina einustu grein þó að hann lýsi því hér yfir í ræðustól að hann hafi alltaf vitað það? (**EKJ:** Það hefur verið ritað um sprengihættu frá áburðinum sjálfum. Það hafa allir vitað.) Svarið er komið. Það hefur engin slík grein verið skrifuð. Og þá spyr ég aftur: Hver er skýringin? Er skýringin sú að það voru kommúnistar á Íslandi sem börðust gegn verksmiðjunni og uppsetningu hennar, en það voru sjálfstæðismenn sem börðust fyrir því að hún yrði reist? Liggur það þá fyrir að af pólitískum hugsjónum hefur umræddur þingmaður talið rétt að þegja öll þessi ár þó að hann hafi e.t.v. í svefni liðið hinar verstu kvalir vegna þess sem hann taldi sig þó vita?

Herra forseti. Ég tel að ekki sé rétt að lengja þessa umræðu meira en mér þykir miður að þetta skyldi hafa verið upplýst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Enn þá eru tveir hv. þm. á mælendaskrá. Ég vil minna á beiðni mína hér fyrr í dag um að umræða þessi gæti tekið enda. Að vísu var beðið um að svo

yrði miklu fyrr, en ég vil minna hv. þm. á að þessi mál koma væntanlega á dagskrá aftur í þinginu fyrir þinglok þannig að ég vil fara fram á það við hv. þm. að þeir stytti nú mjög mál sitt.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég minnti nú víst á það fyrr hér í dag að þessi umræða mundi líka fara fram á mánudaginn og ég skal svo sannarlega stytta mál mitt.

Í tilefni ræðu hv. 1. þm. Suðurl. sem hafði mjög miklar áhyggjur af afkomu Áburðarverksmiðjunnar og áburðarverði og lýsti því í löngu máli hve alvarleg þróun væri á ferðinni ef áburður yrði ekki hækkaður um 18%.

Nú er það svo að í kjarasamningum sem nýlega voru gerðir í mjög þröngri stöðu gaf ríkisstjórnin verkalýðshreyfingunni ákveðin loforð um hækkanir á margs konar opinberri þjónustu, þar á meðal sementi og áburði, ef ég man rétt. Það sem hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., gerði hér í ræðustól áðan, og launþegar landsins munu áreiðanlega taka eftir, er að hann beinlínis skoraði á ríkisstjórnina að svíkja þetta samkomulag sem hún hefur gert við launþegahreyfinguna. Það er ástæða til að vekja alveg sérstaka athygli á þessari framgöngu formanns Sjálfstfl. þegar hann kemur í ræðustól og manar ráðherra til að svíkja það samkomulag sem nýlega var gert við verkalýðshreyfinguna og er forsenda þeirra kjarasamninga sem nú eru í gildi. Þessu eiga menn að taka eftir og þessu munu launþegar áreiðanlega taka eftir. Ég vona sem stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og veit, að hún mun láta þessi frýjunarorð hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl., sem vind um eyru þjóta.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hv. 3. þm. Vesturl., formaður þingflokks Alþfl., flutti hér mjög athyglisverða ræðu vegna þeirrar umræðu sem hæstv. landbrh. hóf um pólitískar verðákvarðanir og hvernig þær geta kippt rekstrargrundvelli undan rekstri af þessu tagi og gert hann þjóðhagslega óhagkvæman. Hv. þm. sagði: Hæstv. ríkisstjórn gaf loforð um það að áburðarverð mundi ekki hækka nema um 12% í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru í byrjun þessa árs. Hún lofaði aðilum vinnumarkaðarins, launþegum og vinnuveitendum, að hækkun á áburðarverði yrði ekki meiri. Allt til þess að halda niðri verðbólgu. Þetta loforð var góðra gjalda vert og ekki ætla ég að draga úr hæstv. ríkisstjórn að standa við það. Ég geri fyllilega ráð fyrir því að hún hafi metnað til þess. En þegar ljóst er og fyrir liggur að áburðarverð þarf að hækka um rúmlega 20% til þess að tekjur verksmiðjunnar mæti gjöldum verður þetta loforð ekki efnt með því einu að senda verksmiðjunni skilaboð um það að áburðarverðið megi ekki hækka nema um 12%. Svo sé hægt að taka lán í útlöndum fyrir mismuninum og það eigi kaupendur áburðarins að greiða ásamt vaxtakostnaði á næstu árum eða skattborgarar með enn einni tekjuskattshækkun hæstv. ríkisstjórnar. Það er ekki hægt að efna þetta loforð með þessum hætti, hv. formaður þingflokks Alþfl. Þetta er að svíkja loforðið við aðila vinnumarkaðarins. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að efna loforðið á hún auðvitað engra annarra kosta völ en að veita núna fjármunum úr ríkissjóði, gera breytingar á fjárlögum til þess að brúa bilið þarna á milli. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki staðið við loforð sitt með öðrum hætti. Það hefur hún hins vegar, samkvæmt yfirlýsingum hæstv. landbrh., ákveðið að gera ekki. (**Forseti:** Má ég minna hv. þm. á að þetta mál er ekki á dagskrá og hefur ekki verið beðið um að verða rætt hér.) Frú forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umræður í upphafi, en þegar hæstv. landbrh. tók þó nokkurn hluta af ræðutíma sínum hér til þess að fjalla um þetta efni, þá var óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessari staðreynd og ég kemst ekki hjá því að svara ræðu hv. 3. þm. Vesturl., formanns þingflokks Alþfl., um þetta efni.

Með öðrum orðum, það er þetta sem liggur fyrir, hv. 3. þm. Vesturl. Ríkisstjórnin ætlar ekki að standa við þetta fyrirheit. Hún hefur ákveðið að varpa þessu inn í framtíðina með þeim afleiðingum að áburðarverðið mun hækka meira en þyrfti eða hækka þarf skatta umfram það sem hæstv. ríkisstjórn hefur þegar gert. Ég fullyrði og endurtek, efnahagsstefna af þessu tagi, fjármálarekstur af þessu tagi er fullkomið ábyrgðarleysi. Það er ánægjulegt að hv. 3. þm. Vesturl. skuli í raun og veru hafa viðurkennt með ræðu sinni að það er Alþfl. sem stendur fyrir efnahagsstefnu sem framkvæmd er með þessum hætti. Það er ánægjulegt að hann skuli í raun hafa viðurkennt þá staðreynd. En undan þessu getur hæstv. ríkisstjórn ekki skorast og hún getur ekki hlaupið á bak við samningamenn launþega og vinnuveitenda. Hún hefur aðeins eina leið til þess að efna sitt loforð. En hún hefur tekið um það ákvörðun að gera það ekki og það er sú staðreynd sem hér liggur fyrir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. samgönguráðherra tekur til máls en forseti mælist til að hér sé ekki farið að tala um áburðarverð. Það var aldrei ætlunin að ræða það í þessari umræðu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að hafa þetta eins stutt og mér er kostur.

Ég vek fyrst athygli á því að ég minntist í minni ræðu hér áðan ekki einu orði á áburðarverð eða verðlagningu. Ég gat þess, að gefnu tilefni, vegna þess að rætt var um greiðslur úr ríkissjóði til verksmiðjunnar, af hvaða toga þær hefðu verið sprottnar, sem sagt þeim að menn hefðu á köflum ekki verðlagt áburðinn fyrst og fremst út frá framleiðslukostnaði, heldur hefðu pólitísk sjónarmið í verðlagningu búvara ráðið þar ferðinni. Þetta er staðreynd og ég satt best að segja skildi nú ekki þann tilfinningahita sem greip um sig af þessum sökum. Það var síðan hv. 1. þm. Suðurl. sem hóf umræðu um verðlagningu á áburði, kjarasamninga og annað því um líkt.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að málflutn-

ingur hv. 1. þm. Suðurl. og formanns Sjálfstfl. hér í dag vekur nokkra furðu. Hann setur hér á eldhúsdag með miklum ræðum og talar sig upp í hita í hverju málinu á fætur öðru og fer þá um víðan völl og ræðir helst allt annað en dagskrárefnið sem til umræðu er hverju sinni. Ég upplifi þetta eiginlega með vissum hætti þannig að hv. 1. þm. Suðurl. sé genginn í pólitíska barndóm og telji sig aftur vera kominn á frumbýlingsár sín í stuttbuxnadeild Heimdallar og hagi nú málflutningi sínum og áherslum með þeim hætti sem þar þótti þá viðeigandi (Gripið fram í.) en hlýtur auðvitað að vera spurning hvort er viðeigandi fyrir hv. 1. þm. Suðurl. miðað við þá stöðu sem hann nú gegnir, en hann um það.

Það er auðvitað ljóst að hv. 1. þm. Suðurl., fyrrv. hæstv. forsrh., er í nokkrum vanda staddur í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um öryggismál Áburðarverksmiðjunnar og starfrækslu hennar. Það leiðir af sjálfu vegna þeirrar ábyrgðar sem hann ber sem starfandi forsætisráðherra og ábyrgðaraðili þeirrar ríkisstjórnar sem tók ákvörðun um ákveðnar framkvæmdir í verksmiðjunni í Gufunesi og síðan varanlega starfrækslu hennar hér á þessu svæði. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að sú ákvörðun hafi verið skynsamleg og vel grunduð og ég tel að hún hafi verið rétt út frá þeim upplýsingum sem fyrir lágu í málinu þannig að ég er ekki að áfellast, nema síður sé, hæstv. fyrrv. forsrh., núv. 1. þm. Suðurl., fyrir þá ákvörðun sem tekin var. Út frá þeim gögnum sem fyrir liggja og lágu þá í málinu tel ég að þarna hafi verið eðlilega að málunum staðið. Vandi hans skapast hins vegar af því sem síðar hefur gerst og einkum nú eftir að borgarstjóri í broddi fylkingar hefur hafið upp einhliða kröfur um það að þessari ákvörðun verði kastað fyrir róða og ný tekin um það að leggja verksmiðjuna niður.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því sem formaður Sjálfstfl. sagði um þau fyrirheit sem aðilum kjarasamninganna voru gefin, þar á meðal bændasamtökunum sem óumdeilanlega taka á sig mestar byrðar í þeirri kjarasátt sem tókst hér í þjóðfélaginu á sl. vetri og hv. 1. þm. Suðurl. gerði mörg tilhlaup til að eigna sér eða a.m.k. öðrum en ríkisstjórninni að tókst, hældi á hvert reipi og taldi mikil tímamót í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem hún sjálfsagt má kallast. Nú sé ég hins vegar ekki betur en að hv. 1. þm. Suðurl. og formaður Sjálfstfl. telji að það eigi að láta þau fyrirheit sem bændum og öðrum aðilum kjarasamninganna voru gefin lönd og leið og eigi þá að bæta ofan á þær fórnir sem bændur hafa fært í tengslum við þessa kjarasamninga því að þeir verði fyrstir fyrir því að forsendur bregðist.

Ég áskil mér rétt til að ræða það við betra tækifæri og annað tilefni sem er þá nær viðfangsefninu með hvaða hætti ríkisstjórnin hefur reynt að tryggja að þessar forsendur stæðust, m.a. með því að gefa verksmiðjunni fyrirheit um að afkoma hennar verði skoðuð á árinu og tillit tekið til rekstrartaps ef það er óumflýjanlegt við afgreiðslu fjáraukalaga á næsta hausti. Ég bendi á það (**ÞP:** Af hverju ekki núna?) að tillaga um 22,3% áburðarverðshækkun byggir á því að allar afskriftir og fjárfestingar verksmiðjunnar á þessu ári komi frá rekstri og það er spurning hvort menn hafa við þessar þröngu aðstæður tök á að setja sér slík markmið.

Virðulegur forseti. Ég tel að það bæti ekki þá umræðu, sem ýmislegt mætti um segja, sem hér hefur farið fram um öryggismál og starfrækslu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi þó að við förum að lengja þennan eldhúsdag um verðlagningu áburðar á árinu og mun því láta máli mínu lokið um það efni. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi í sinni ræðu hér í upphafi umræðunnar gert með mjög skilmerkilegum hætti grein fyrir því sem ríkisstjórnin hefur ákveðið sem næstu skref í málefnum Áburðarverksmiðjunnar, hvað tengist öryggismálum hennar og áframhaldandi starfrækslu, viðræður við Reykjavíkurborg o.s.frv., og þarf ekki neinu við það að bæta og vona að menn komist til að taka á því máli af yfirvegun og skynsemi. Þá er ég sannfærður um að menn komast að farsælli niðurstöðu í því máli.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki reyna á þolinmæði virðulegs forseta. Þessi umræða hefur staðið nokkra hríð. Reyndar byrjaði hún mun seinna en ætlunin var. Það er auðvitað skýringin á því hve nú er orðið framorðið.

Hæstv. ráðherra talaði hér síðastur og eins og hann réttilega komst að orði var kominn tími til að hætta þeirri eldhúsdagsumræðu sem hérna var hafin. Ein uppistaðan í hans ræðu var að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., ætti í vandræðum með Davíð Oddsson, þetta stafaði af því, en svaraði ekki sjálfur þeirri spurningu sem hlaut að kvikna þá þegar í huga allra þeirra er á hlýddu, hvort hæstv. landbrh. væri hugsanlega í vandræðum með einhvern af þm. Alþb. í þessu máli og skal ekki frekar farið út í þá sálma því að ég býst við að flestir skilji hvað ég á við.

Ég vil einungis, virðulegur forseti, segja það að ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh., og reyndar því sem kom fram hjá hæstv. landbrh., að nú séu fram undan viðræður við Reykjavíkurborg og ég treysti því að þær leiði til niðurstöðu sem báðir aðilar geta sætt sig við. Ég vek athygli á því að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., segir að sé það raunverulegur vilji að loka verksmiðjunni verði henni lokað og ég hygg að hann hafi æðigóðar hugmyndir um það hver sé raunverulegur vilji borgarstjórnarinnar í Reykjavík.

Ég ætla ekki að eiga hér orðastað við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson. Aðrir hafa tekið það ómak af mér að ræða við hann, þar á meðal hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Ég tel að þetta mál sem við erum að ræða hér í dag sé ekkert gamanmál, sé ekki mál til þess að hafa í flimtingum, en auðvitað haga menn sínum málflutningi eins og lund þeirra liggur.

Það hlaut að vera afar eðlilegt að óska eftir niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar eftir að það lá fyrir að hún hefði gert samþykkt í morgun og fyrir fram var sagt

frá að hún ætlaði að fjalla um málið. Og ég vek sérstaka athygli á því að við erum að tala hér um nýjan áhættuþátt, áhættuþátt sem ekki var áður þekktur og í raun hafa menn helst komist að því, þegar rætt er um það hvar orsakanna sé að leita og hvar eldsupptök voru þegar þetta óhapp átti sér stað, að eldsupptökin hafi verið í nýjum varnarviðbúnaði sem segir okkur það að þessi rekstur og geymsla á ammoníaki hlýtur ávallt að vera hættuspil.

Inn í þessa umræðu hafa menn síðan kosið að *blanda geymslu á bensíni og olíu. Ég minni* aðeins á það að við þurfum á því að halda, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, að geyma slíkt, en hins vegar eru efasemdir uppi um það að sú verksmiðja sem hér starfar og framleiðir áburð hafi það þjóðhagslega gildi að ástæða sé til að halda henni gangandi til frambúðar.

Ég ætla ekki heldur að vekja hér frekari umræðu með því að fjalla um ræðu hv. 10. þm. Reykv. Ég tel að hann hafi tekið fullstórt upp í sig. Það hafi verið ástæðulaust fyrir hann að tala um ógæfuspor Davíðs Oddssonar, að tala um kókakólakynslóðina sem geri sér enga grein fyrir verðmætum. Á hann þar við alla borgarstjórn Reykjavíkur, að því er manni skilst, og suma hv. þm., meira að segja þá sem eru einna háttvirtastir. Ég minni á að öll borgarstjórnin, eða a.m.k. borgarráðið, var sammála um þá tillögu sem lögð var fyrir og ef hv. þm. ætlar að óskapast yfir þeim viðbrögðum sem urðu hefði hann kannski fyrst af öllu átt að fletta upp á forsíðu Tímans miðvikudaginn 18. apríl þar sem yfir alla forsíðuna, alla dálka, er fyrirsögn sem orðast þannig: „Fjöldi borgarbúa í lífshættu". Þetta eru viðbrögð flokksblaðs Framsfl. og menn verða að átta sig á því að þegar almenningur fær slíkar fréttir, jafnvel úr innstu herbúðum framsóknarmanna, hljóta menn að leggja við hlustir og það hlýtur að vera skylda yfirvalda, jafnt borgaryfirvalda sem hæstv. ríkisstjórnar, að endurmeta það hvort hér eigi að reka þessa verksmiðju áfram.

Þessi umræða hefur, virðulegur forseti, verið efnisleg með fáeinum undantekningum. Hún hefur á vissan hátt skýrt þetta mál og vonandi mun hæstv. ríkisstjórn stíga það gæfuspor að eiga samstarf við reykvísk yfirvöld sem leiði til sameiginlegrar niðurstöðu öllum til heilla í þessu máli.

EFRI DEILD

81. fundur, laugardaginn 21. apríl, kl. 10 árdegis.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843.

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Ég tel mig vera að halda áfram minni ræðu sem ég gat ekki lokið á síðasta fundi deildarinnar þar sem hæstv. iðnrh. var fjarstaddur og málinu var frestað af þeim sökum.

Það mál sem hér liggur fyrir er mjög merkilegt. Það fjallar um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Málefni þessa sjóðs voru lögð fyrir Alþingi á sl. vetri og á síðustu dögum þingsins var líka lagt fram frv. af hæstv. iðnrh. þess efnis að stjórn sjóðsins væri heimilt að leggja fram úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis eða taka þátt í hlutafjáraukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi þeirra. Þetta er orðið mjög vinsælt orðasamband, „í því skyni að efla framleiðni, vöruþróun og markaðsstarfsemi". Ég hygg að svipaðir orðaleppar hafi verið notaðir í sambandi við skipasmíðaiðnað og eru notaðir á ýmsum stöðum öðrum þar sem sá maður sem ber ábyrgðina þarf með einhverjum hætti að koma sér hjá því að ræða kjarna málsins, hina raunverulegu stöðu þeirrar atvinnugreinar sem í hlut á.

Það sem er athyglisvert í sambandi við þetta mál er að það mat sem lagt er á Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins er nú mjög ólíkt því sem það var fyrir einu ári og ekki að sjá að það séu sömu aðilarnir sem standa að þessum frumvörpum báðum. Þannig segir í athugasemdum við 2. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir, herra forseti:

„Neikvætt eigið fé Sölusamtakanna var skv. efnahagsreikningi 31. desember 1959 um 50 millj. kr. og þykir rétt að styrkja samtökin um þá fjárhæð þegar við gildistöku laganna." Jafnframt er um það rætt að *sjóðurinn eigi verulegt fé útistandandi.* Staða lagmetisiðnaðarins í heild sé mjög slöpp og sum fyrirtæki þurfi á verulegri aðstoð að halda.

Í því frv. sem hæstv. iðnrh. lagði fram lauk grg. með þessum orðum: „Staða sjóðsins [þ.e. Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins] er sterk og því þykir eðilegt að auka möguleika sjóðsins til að rækja hlutverk sitt." Á þeim tíma þótti sjálfsagt að láta þennan þróunarsjóð ekki aðeins rækja það hlutverk sitt sem var að beita sér fyrir markaðsstarfsemi og nýjungum í lagmetisiðnaði. Fyrir einu ári mátti sjóðurinn ekki festa fjármagn sitt í fasteignum, hvorki fasteignum sjálfs sín eða festa kaup á hlutabréfum eða öðru slíku áður en lögunum var breytt. Um það hafði fallið úrskurður Ríkisendurskoðunar þannig að markmið Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins voru á þeim tíma, áður en sú lagabreyting var gerð fyrir einu ári sem ég hef gert að umtalsefni, mjög þröng. Var álitið að með þessari sjóðsstofnun væri nauðsynlegt að sameina kraftana til þess að styrkja lagmetisframleiðendur til söluátaks og þróunarstarfsemi. Nú veit ég að hæstv. iðnrh. er mér fullkomlega sammála um það að mikið skortir á að hægt sé að fylgja eftir framleiðslu sem unnið hefur verið að, kannski með vísindalegum aðgerðum, kannski með aðstoð stofnana eins og Iðntæknistofn-

unar. Þá hefur reynst mjög erfitt að fylgja eftir slíku þróunarstarfi vegna þess að enginn aðili stendur á bak við markaðsstarfsemi og markaðsöflun erlendis þegar verið er að setja nýja framleiðslu á markað.

Það er líka annað sem veldur því að einmitt þessi atvinnugrein, lagmetisiðnaðurinn, stendur mjög höllum fæti núna. Í grein sem hæstv. iðnrh. skrifaði í Morgunblaðið fyrir skömmu, þar sem hann bar sig til við að svara réttmætum og vel rökstuddum athugasemdum mínum við ræðu sem hann hafði flutt á ársþingi iðnaðarmanna, kemur m.a. fram að gengi íslensku krónunnar hafi verið orðið svo rangt á haustdögum 1988 að það hafi verið ógerningur að leiðrétta það í einum rykk. Það hefði þýtt þvílíka verðbólguholskeflu og þvílíka kjararýrnun að verkalýðshreyfingin mundi ekki hafa viljað una slíku. Hæstv. iðnrh. gerir okkur sjálfstæðismenn að skotspæni sínum þegar hann talar um að á þessum tíma hefðum við viljað taka stórt skref í þá átt að leiðrétta gengi íslensku krónunnar. En í sama orðinu og hann segir þetta, þá færir hann ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar það til málsbóta að raungengi íslensku krónunnar hafi lækkað um 15–20% frá árinu 1988. Geri ég þá ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé með meðaltölu í huga án þess að ég hafi séð neinn útreikning á því hvernig þessi tala er fundin, enda er þetta töluvert hlaup þegar sagt er að raungengi krónunnar hafi lækkað um 15–20%.

Nú sé ég að hæstv. sjútvrh. situr við hlið hæstv. iðnrh. og það væri þá fróðlegt, herra forseti, ef hann vildi líka taka þátt í þessum umræðum og ef hann vildi svara því til hér í deildinni hvort hann sé sammála þessu mati hæstv. iðnrh., að það hafi verið forsendan fyrir hinni nýju stjórnarstefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á haustdögum 1988 að halda genginu vísvitandi áfram verulega skökku þar sem hæstv. ríkisstjórn óttaðist að verkalýðshreyfingin mundi að öðrum kosti rísa upp og efna til átaka til þess að leiðrétta sín kjör. Þetta mat hæstv. iðnrh. á þessum tíma, að verkalýðshreyfingin hefði ekki fellt sig við þá kjaraskerðingu sem tillögur sjálfstæðismanna þá hefðu í för með sér, er umhugsunarefni fyrir varaformann Verkalýðssambands Íslands sem situr við hlið hæstv. sjútvrh., (**Gripið fram í:** Verkamannasambandsins.) já, Verkamannasambandsins. oddvita Alþfl. á Suðurnesjum, vegna þess að sú kjaraskerðing sem fólkið í landinu hefur orðið fyrir frá þessum tíma er miklu, miklu meiri en orðið hefði, jafnvel þótt farið hefði verið að þeim tillögum sem forstjóranefndin lagði til, að lækka kaup allra launþega í landinu um 9% á einu bretti á þessum tíma.

Verkalýðshreyfingin hefur nú samið um það að kjararýrnunin skuli halda áfram á þessu ári. Og verkalýðshreyfingin hefur líka samið um það að kjararýrnunin skuli halda áfram á næsta ári fram yfir kosningar. Í máli sumra ráðherra hefur einmitt komið fram þessi skemmtilega ábending, að ríkisstjórnin geti verið róleg fram yfir kosningar þó svo að ekki verði kosið fyrr en í apríl á næsta ári af því að stuðningsmenn hennar í verkalýðshreyfingunni séu búnir að tryggja það að ekki komi til átaka á vinnumarkaði á þessum tíma. Þessi ríkisstjórn fái þess vegna bullandi meðbyr og síðan muni verkalýðshreyfingin e.t.v. eftir þann tíma búa sig undir einhver átök.

Það sýnir með öðru vesældóm þeirra manna sem eru í pólitísku forsvari fyrir Alþfl. og Alþb., en eru þó um leið trúnaðarmenn í verkalýðshreyfingunni, að þeir skuli ekki vera reiðubúnir til þess að setja það á oddinn hér á hinu háa Alþingi og krefja hæstv. forsrh. sagna um það hvenær að því komi að lánskjaravísitalan verði numin úr gildi. Um það liggja fyrir hreinar og beinar yfirlýsingar frá þeim tíma sem þessi ríkisstjórn tók til starfa að ef tækist að ná verðbólgunni niður, þá yrði lánskjaravísitalan líka felld úr gildi. Ég geri ráð fyrir því að verkalýðsleiðtogi Alþfl. sé kannski þeirrar skoðunar að við þurfum að notast við lánskjaravísitöluna áfram og sé kannski ekki sammála forsrh. um þetta efni.

Þetta var útúrdúr og ekki kjarni málsins, en þó. Ráðherra Alþfl. telur það fram sem sérstakt ágæti fyrir stefnu ríkisstjórnar sinnar að búið er að lækka raungengi krónunnar síðan 1988 um 15–20% sem þýðir kjaraskerðingu sem er mjög veruleg, ekki síst þegar jafnframt er höfð hliðsjón af því að frá þessum tíma er búið að þyngja beina skattheimtu á launum manna um 4% í staðgreiðslukerfinu. Mér kæmi ekki á óvart þótt svo sé komið að kjararýrnunin frá þessum tíma sé jafnvel örlítið meiri.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að taka það fram, af því að ég sá að hæstv. ráðherra flýtti sér að snúa við blaðinu og hefur ugglaust haldið að ég væri að reyna að lesa af borðinu, að því miður hef ég ekki sömu sjón og þegar ég var ungur. Ég hefði kannski reynt að notfæra mér ef ráðherrann hefði skilið eftir blað á glámbekk, ef ég hefði mína gömlu sjón. En svo er nú ekki lengur. Ég greini ekki orð í þessari fjarlægð þannig að hæstv. ráðherra er óhætt að snúa blaðinu við aftur.

Nú er það svo að hæstv. ráðherra segir í Morgunblaðinu núna: Við urðum að hafa gengi krónunnar rangt, mjög rangt út árið 1988 og fram eftir ári og á árinu 1989 af því að við óttuðumst að verkalýðshreyfingin mundi að öðrum kosti rísa upp. Þessar upplýsingar eru í fullkomnu samræmi við þær upplýsingar sem fjh.- og viðskn. hefur fengið frá formanni Atvinnutryggingarsjóðs, Gunnari Hilmarssyni. Aðspurður lét hann þess getið að tapið á fyrirtækjum í útflutningsgreinum hefði orðið miklu meira á síðasta ársfjórðungi ársins 1988 en nokkurn hafði órað fyrir. Og hæstv. sjútvrh. lætur sér ekki bregða. Hæstv. sjútvrh. er kunnugt að allt sumarið 1988 stóð hæstv. iðnrh. á móti því að gengið yrði látið síga um þau 3% sem heimild var gefin til þegar ákveðið var að fella gengið í maímánuði 1988. Þá var gengið fellt um 10%. Allt sumarið stóð hæstv. iðnrh. á móti því sem viðskrh., sem er sami maðurinn, að gengið yrði látið síga um sumarið. Allt sumarið stóð hann á móti því. (**Sjútvrh.:** En forsrh.?) Forsrh. stóð ekki á móti því. Er hæstv. sjútvrh. að halda því fram að hæstv. forsrh.

hafi staðið á móti því? (**Sjútvrh.:** Já.) Sumarið 1988? (**Sjútvrh.:** Já.)

Herra forseti. Ég hef áður, þegar hæstv. viðskrh. hefur sagt þetta hér í Ed., skorað á hann að ræða þetta mál í Nd. eða Sþ. þar sem fyrrv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa málfrelsi. Ég hef borið þetta undir þá og þarna er greinilegt að ekki ber saman, það er greinilegt. Auðvitað er alveg óhjákvæmilegt að þetta mál verði ítarlega rætt hér í þinginu. Það er fróðlegt að heyra hæstv. sjútvrh. segja þetta. Það væri kannski fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. sjútvrh. hafi verið sammála þessu. Var hæstv. sjútvrh. sammála viðskrh. um það að ekki þurfti að nota gengissigið sumarið 1988? Var hann sammála því? Er hægt að fá það fram? Ef hæstv. sjútvrh. sér ástæðu til þess að grípa fram í til þess að reyna að koma höggi á fyrrv. samstarfsmenn sína í ríkisstjórn, sem ekki hafa málfrelsi hér í deildinni, er hann þá reiðubúinn til þess að segja hver hans afstaða var? Ég hlýt að hafa orð á því, herra forseti, að það er mikil sérstaða, það eru mikil forréttindi að vera reiðubúinn til þess að gefa yfirlýsingar um afstöðu manna í ríkisstjórn þar sem maður á sæti, annarra manna, en neita að gefa jafnstuttorða lýsingu á afstöðu sjálfs sín. Heldur hæstv. sjútvrh. að hann komist upp með það?

Ég geri mér að vísu grein fyrir því að á þessum tíma var mjög náin, pólitísk vinátta milli þessara tveggja manna sem eru mér til vinstri handar í þeirri ríkisstjórn. Ég geri mér grein fyrir því að á þeim tíma komst ekki hnífurinn upp á milli þeirra. Ég geri mér líka grein fyrir því að á þessum sömu dögum var afskaplega náin vinátta og ekki komst hnífurinn upp á milli formanns Framsfl. og formanns Alþfl. Og það er líka rétt að á þessum tíma var formaður Alþb. mjög á ferðinni og var að bjóða mönnum í kaffi eða þiggja kaffi eins og hann er að gera núna. Hann er líka mikið á ferðinni núna að fá sér kaffi.

Á þessum tíma voru formaður Alþfl. og formaður Framsfl. að búa sig undir að mynda nýja ríkisstjórn á meðan þeir þóttust vera í náinni samvinnu við Sjálfstfl. Og voru þeir með þeim hætti að endurtaka það sem gerst hafði fyrr í þeim svifum sem hræðslubandalagið var stofnað og ráðherrar Sjálfstfl. vissu ekki annað en að þeir menn sem þá voru í ríkisstjórn með þeim fyrir hönd Framsfl. væru hreinir og beinir í sinni samvinnu. Þá var það hræðslubandalag stofnað með því að menn töluðust einslega við í Alþfl. og Framsfl.

Nú hef ég, herra forseti, hér við hliðina á mér tvo ráðherra úr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Báðir þessir menn hafa í framíköllum sagt við mig, annar þeirra áður og hinn núna, að Þorsteinn Pálsson hafi haft ákveðna afstöðu til gengissigsins og hún hafi verið sú að hann hafi ekki viljað nýta 3% heimildina. En hvorugur þeirra er maður til þess að lýsa því hvaða afstöðu sjútvrh. hafði á þessum tíma, hvorugur þeirra. Ætli þeir haldi að þeir komist upp með það? Það er nógur dagurinn í dag. Og ég get sagt þeim það, þessum ráðherrum báðum, að ég ætla mér að fá fram af vörum hæstv. sjútvrh. hér í dag hvaða afstöðu hann hafði til gengissigsins sumarið 1988. Hann getur flýtt og greitt fyrir störfum þingsins með því að svara mér úr sæti sínu eins og hann hefur lýst afstöðu Þorsteins Pálssonar. Ef hæstv. sjútvrh. lætur sér detta í hug eitt andartak að frammíkall af þessu tagi sé eitthvað sem hann komist upp með hér vegna þess að Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Birgir Ísl. Gunnarsson eiga sæti í Nd. en ekki í Ed. þá er það misskilningur. En það er best að víkja nánar að þessu síðar þegar ég hef rætt nokkur atriði sem ég vil gera að umræðuefni í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu.

Í september 1988 var gengi krónunnar mjög rangt. Ég lýsi því báða hæstv. ráðherra ósannindamenn að því að Sjálfstfl. hafi ekki viljað láta gengið síga sumarið 1988. Ég lýsti hæstv. sjútvrh. ósannindamann að því að hæstv. forsrh. þá, Þorsteinn Pálsson, hafi ekki viljað láta það síga og ég fullyrði, herra forseti, og ég skora á hæstv. sjútvrh. að segja þetta ósatt ef ég fer með fleipur, ég fullyrði að hann og forsrh. þeirrar ríkisstjórnar hafi átt samtal um það sumarið 1988 að nauðsynlegt væri að gengið yrði látið síga. Ég fullyrði að þetta sé rétt og ég fullyrði að þetta mál muni koma til umræðna og athugana í þinginu frekar og verður fróðlegt að sjá hver viðbrögð hæstv. sjútvrh. verða þegar þar að kemur. Ég fullyrði líka að það er rétt að þegar þessi ríkisstjórn sat, ekki veit ég hvað síðan hefur gerst, þá hafi sjútvrh. verið málhreifari á ríkisstjórnarfundum og haft meiri skoðanir á því og frekari skoðanir á því hvernig ætti að bregðast við vanda sjútvrn. og sjávarútvegsins í heild þegar formaður Framsfl. var erlendis en þegar formaður Framsfl. var hér á landi. Ég sé að nú er forsrh. þeirrar ríkisstjórnar kominn hér inn í salinn, hefur ekki málfrelsi, en af því tilefni vil ég aðeins rifja upp, herra forseti, að sjútvrh. var með framíkalli að upplýsa þingheim um að meðan Þorsteinn Pálsson var forsrh., sumarið 1988, hafi hann verið andvígur því að nýta það svigrúm sem 3% heimild til gengissigs gaf sumarið 1988. Þorsteinn Pálsson hafi verið sammála viðskrh. um það að nýta ekki þetta gengissig. Ég fullyrti að þetta væru ósannindi. Ég fullyrti að þáv. forsrh. og þáv. sjútvrh. hefðu átt um það samræður sín á milli að þetta gengissig yrði nýtt. Ég hef skorað á hæstv. sjútvrh. að skýra frá því hér í deildinni hvort hann hafi viljað nýta gengissigið sumarið 1988. Ég hef skorað á hæstv. viðskrh. að upplýsa hvort sjútvrh. í þeirri ríkisstjórn hafi viljað nýta heimildina til gengissigs. Þó svo að báðir þessir ráðherrar hafi í framíkalli talað um afstöðu formanns Sjálfstfl. er hvorugur þeirra maður til að svara þessari einföldu spurningu. Og það er ekki undarlegt miðað við óheilindin sem eru í kringum þá. (**ÞP:** Þeir neituðu báðir að fella það í september.)

Þá skulum við halda áfram. Fyrir einu ári var hæstv. iðnrh. svo bjartsýnn að hann taldi að kannski væri hægt að útvíkka hlutverk Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, en nú er Þróunarsjóðurinn sem sagt leystur upp. Og það sem er alvarlegra í þessu máli er það að í ræðu sinni og í greinargerð með frv. fullyrðir iðnrh. að stærsta aðildarverksmiðja Sölusamtaka lag-

metis, niðursuðuverksmiðja K Jónssonar & Co hf. á Akureyri, beri ábyrgð á öllum skuldum samtakanna að sínu leyti ef til gjaldþrots kæmi til jafns við aðra. Þetta er algerlega rangt. Hitt er rétt að þessi stofnun hefur greitt um 30 millj. kr. í stofnsjóð samtakanna. Það er rétt. En hvaðan kemur hæstv. ráðherra heimild til þess að gefa lögfræðilegt álit af þessu tagi hér í deildinni og hér á Alþingi og segja bara hér eins og ekkert sé að þessi verksmiðja beri ábyrgð á öllum ákvörðunum þessara samtaka? Hvaðan kemur honum þessi heimild? Hefur hann athugað málið? (Gripið fram í.) Hann hefur athugað málið. Þetta er svona eins og þegar hann sagði að fyrrv. forstjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri hefði verið ævintýramaður í þeim rekstri. Það eru kannski engin takmörk fyrir dugnaði hæstv. ráðherra en honum getur skotist. Og ekki er maðurinn lögfræðingur, svo mikið er víst. Ég held að hann ætti að láta þeim mönnum sem eru lærðir á því sviði eftir að meta hvar ábyrgð liggur (Gripið fram í.) — og það hefur hann gert. (**KP:** Þeir eru nú misjafnir.) Ég veit ekki hvort það er nauðsynlegt, herra forseti, að fá að sjá þessi plögg. Ég er ekki að fara fram á það í Ed. en það er nauðsynlegt að fara vel ofan í þetta mál. Iðnrh. segir: Það hef ég líka gert. Ég hef allt aðrar upplýsingar en hæstv. iðnrh., allt aðrar upplýsingar. Það er oft sem maður hefur aðrar upplýsingar en iðnrh. En það er kannski þannig að hinum skjöplist, iðnrh. viti fyrir víst hvað rétt er. En ekki sá nú iðnrh. fram í tímann fyrir einu ári þegar hann var að víkka út verkefni Þróunarsjóðsins, svo mikið er víst.

Lagmetisiðnaðurinn hefur farið halloka. Hver ber ábyrgð á því? Ætli niðursuðuverksmiðja Kristjáns Jónssonar beri líka ábyrgð á því? Ég man ekki betur en þegar fyrir einu ári hafi niðursuðuverksmiðja Kristjáns Jónssonar, sem hæstv. iðnrh. telur nú að beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Sölusamtaka lagmetisins, skrifað ríkisstjórninni bréf þar sem ekki var farið fram á neinar gjafir heldur lántökuheimildir til þess að byggja upp nýja framleiðslu, til þess að mæta því mikla atvinnuleysi sem fyrirsjáanlegt var á Norðurlandi og til þess að reyna að mæta því, ef ekki opnuðust á nýjan leik markaðir í Þýskalandi fyrir niðursoðna rækju eða almennt fyrir lagmeti héðan frá Íslandi.

Hæstv. forsrh. sendi þetta bréf hæstv. iðnrh. til svars. Það liðu einhverjir mánuðir áður en bréfinu var svarað og þá auðvitað neitandi og málinu ekki sýndur áhugi. Nú hefur þessi niðursuðuverksmiðja beitt sér fyrir nýjungum áfram og er að byggja sig upp. Ég skal ekki segja hversu margir hafa fengið atvinnu hjá þessu fyrirtæki nú, hversu mikil viðbótin er, einhverjir tugir. Þessi verksmiðja stendur mjög vel, enda stjórn hennar einstök. Sumar niðursuðuverksmiðjur aðrar hafa skilað þokkalegum og jafnvel góðum hagnaði, aðrar ekki. En hvernig stendur á því að greinin í heild sinni stendur svo illa og stóð svo illa á árunum 1988 og 1989? Ætli viðskrh. og iðnrh. hafi haft nokkuð um það að segja á þeim árum? Viðskrh. er búinn að lýsa því yfir í Morgunblaðinu að gengi krónunnar hafi verið verulega rangt skráð 1988. Sjútvrh. vill ekki svara því hvort hann hafi haft nokkra skoðun á því máli þá. Og í ummælum iðnrh. og viðskrh. felst að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi skipulagt hallarekstur í sjávarútvegi, í útflutningsgreinum og samkeppnisiðnaði haustið 1988 og á árinu 1989, enda var það svo í kjarasamningunum fyrir einu ári að vinnuveitendur settu fram þá kröfu að útflutningsatvinnuvegunum yrðu búin viðunandi rekstrarskilyrði, viðunandi samkeppnisstaða. Það dróst hins vegar fram eftir sumri að svo yrði.

Við getum auðvitað bent á sérstakar greinar í sjávarútveginum sem standa mjög illa. Hvernig stendur t.d. bátaútvegurinn? Ég veit að hluti hans stendur mjög vel en að hluta til stendur bátaútvegurinn frammi fyrir miklum erfiðleikum, sérstaklega á þeim stöðum þar sem útgerðarmennirnir eru að reyna að tryggja atvinnu heima í héraði í staðinn fyrir að flytja fiskinn út í gámum eða selja á uppboðsmarkaði. Þar stendur bátaútvegurinn miklu betur þannig að efnahagur og rekstrarafkoma bátaflotans er mjög mismunandi eftir aðstæðum. En niðursuðuiðnaðurinn hefur staðið höllum fæti og hæstv. viðskrh. ber fulla ábyrgð á því, ekki síst eftir að í ljós hefur komið að hann viðurkennir fullum fetum að gengið hafi verið svo rangt skráð í september 1988 að ekki hafi verið hægt að leiðrétta það í einum rykk. Eignaupptaka hjá almenningi í landinu, eignaupptaka hjá þeim mönnum sem stóðu fyrir þessum rekstri, mönnum sem höfðu kannski varið allri sinni ævi og fjölskyldum sem höfðu varið allri sinni ævi í að byggja upp fyrirtækin, skipulögð eignaupptaka. Og afsökun ráðherrans í Morgunblaðinu er sú að leiðréttingin gengisins hefði haft í för með sér mikla verðbólgu og lífskjaraskerðingu sem verkalýðshreyfingin hefði ekki unað við, hvaðan sem hann hefur haft þær upplýsingar að verkalýðshreyfingin hefði ekki unað við það í september 1988 að gengi krónunnar væri rétt skráð. Ekki skal ég segja hvaðan hæstv. viðskrh. hefur þær upplýsingar. Hann hefur kannski athugað það líka eins og hann hefur sérstaklega athugað ábyrgðir niðursuðuverksmiðju Kristjáns Jónssonar og sérstaklega athugað hvernig sú verksmiðja stendur að þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið hjá Sölusamtökum lagmetis. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég tek eftir því að iðnrh. fær stundum málið, en ekki ef maður spyr hann beinna spurninga.

Ekki skal ég um það segja hvernig iðnrh. hyggst minnast þess að búið er að koma málum þannig fyrir að eignir Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins fara allar í það að greiða uppsafnaðan hallarekstur lagmetisiðnaðarins vegna rangrar stjórnarstefnu þessarar ríkisstjórnar. Ekki skal ég um það segja. Þetta er náttúrlega mikill minnisvarði. Þetta er svona álíka minnisvarði og við sjáum víða um land þar sem skipasmíðaiðnaðurinn stendur höllum fæti. Fyrir einu ári var líka búið að leysa öll mál í sambandi við ullariðnaðinn. Ullariðnaðurinn hefur staðið mjög höllum fæti og sumt af erfiðleikum hans má beinlínis rekja til þess að

ríkisstjórnin hefur vísvitandi haldið genginu uppi. Vísvitandi, eins og fram kemur í grein viðskrh.

Í sjónvarpinu í gær var sagt frá því að bændur í Reykjadal hafi skrifað umboðsmanni Alþingis bréf þar sem þeir töldu sig illa blekkta af stjórnvöldum. Með loforðum voru þeir hvattir til þess að fara út í loðdýraframleiðslu. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem hún gaf loðdýrabændum, hún hefur ekki staðið við þau, hvergi. Og til viðbótar við hin sviknu loforð ríkisstjórnarinnar stendur að gengi krónunnar var rangt. Viðskrh. segir að gengi krónunnar hafi verið svo vitlaust í september 1988 að ekki hafi verið hægt að leiðrétta það í einum rykk. Hver tapar þegar ekki er hægt að leiðrétta í einum rykk? Var iðnaðarráðherrann sammála viðskiptaráðherranum? Taldi iðnrh. það skynsamlegt fyrir þá hagsmuni sem hann bar ábyrgð á sem iðnrh. að gæta samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar, íslensks samkeppnisiðnaðar? Hann segir í þessari grein sinni að hann hafi borið gerðir sínar undir iðnrekendur og gefur í skyn með orðalagi að iðnrekendur hafi verið óskaplega kátir og glaðir yfir því hversu vel hefur verið staðið að þeirra málum. Þó hefur markaðshlutdeild iðnaðarins ekki aukist. Kaupmáttur hefur minnkað verulega í landinu, samdráttur orðið í framleiðslu og innflutningi, en samt sem áður hefur markaðshlutdeild samkeppnisiðnaðarins ekki aukist, ekki vaxið. Voru iðnrekendur virkilega ánægðir með það? Iðnrekendur greiða núna 15–20% lægra kaup en fyrir tveimur árum og samt eru þeir að segja upp fólki. Eru iðnrekendur ánægðir með það? Hafa þeir ekki meiri metnað fyrir sitt fólk en svo að þeir láti sig litlu eða engu skipta þó kaupmáttur þeirra sem hjá þeim vinna rýrni um 15%, skiptir það atvinnurekandann engu máli? Ætlar ráðherrann að láta þá skrifa upp á þessar kringumstæður og þessar rekstraraðstæður, þessa starfsaðstöðu? Hvernig dettur honum í hug að gefa svona lagað í skyn?

Auðvitað eru iðnrekendur hundfúlir yfir því að rekstur þeirra skuli ekki gefa meira af sér. Auðvitað eru iðnrekendur fúlir yfir því að þessi ríkisstjórn skyldi hafa tekið til baka þær miklu skattalegu leiðréttingar sem gerðar voru vorið 1988. Auðvitað eru iðnrekendur hundfúlir yfir því hvernig staðið hefur verið að virðisaukaskattinum. Og auðvitað eru fleiri hundfúlir yfir því.

Landssamband iðnaðarmanna, er það ánægt? Eru öll aðildarfélög Landssambands iðnaðarmanna ánægð? Það kemur kannski næst upp að eigendur fyrirtækja í lagmetisiðnaði séu mjög ánægðir yfir því hvernig að þessum rekstri hefur verið staðið.

Þetta stendur svona. Þingmálið er þetta, að leggja niður sjóð sem fyrir einu ári hafði möguleika á því að auka umsvif sín. Þingmálið er þetta, að leggja niður sjóð sem hefur það að markmiði að styrkja þróunarstarf í lagmetisiðnaði og markaðsöflun erlendis. Þingmálið er þetta, að taka sjóð sem í jákvæðu augnamiði er byggður upp, eigið fé þess sjóðs var byggt upp með því að skattleggja fyrirtækin í lagmetisiðnaði. Þingmálið er þetta, að nú skuli taka sjóðinn og deila honum milli framleiðenda til þess að bæta þeim upp gengismuninn síðan 1988, tapið sem má rekja til þess að ríkisstjórnin hafði ekki kjark til að leiðrétta gengisskráninguna 1988. Þetta er texti dagsins.

Ég er auðvitað þakklátur viðskrh. fyrir að skýra frá því, herra forseti, svona beint í blaðagrein, segja að gengið hafi verið svona rammvitlaust þarna um haustið og hann hafi ekki haft kjark til þess að leiðrétta það. Við hlið hans stendur sjútvrh. sem blessaði athöfnina og sá sérstaka ástæðu til þess að hlaupa í krata- og kommafaðminn, í þann fína og hreina félagsskap sem þar er. Ég verð þó að segja það, og meina það alveg fullkomlega, ég ann þeim félagsskaparins, hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh. Ég ann þeim þess að vera í félagsskap með hæstv. fjmrh. og þeim öflum sem standa að Nýjum vettvangi. Ég ann þeim þess að vera í félagsskap með þeim mönnum sem eru eftir í Alþb. Og ég ann þeim þess að vera með þeim mönnum sem flæmdu stofnanda Borgfl. úr landi. Sækjast sér um líkir.

Hvernig er nú ástandið hjá Alþb.? Hvað er G-listi? Hugsa sér annað eins, að maður skuli upplifa það að Ríkissjónvarpið skuli spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann kjósi G-listann. Ég bíð bara eftir því að einhverjir fjölmiðlamenn hlaupi til og spyrji Ragnar Arnalds hvort hann kjósi G-listann. Hugsa sér þegar fjölmiðlun er komin á svo ruglingslegt stig og pólitíkin er orðin svo óhrein að formaður Alþb. styður ekki Alþb. í Reykjavík.

Hugsa sér að við þingmenn skulum hafa fengið í pósti í gær bréf frá Nýjum vettvangi þar sem okkur er sagt frá því að Nýr vettvangur taki undir tillögur Geirs Gunnarssonar alþingismanns um það að frv. um stjórn fiskveiða verði frestað fram á næsta þing á sama tíma og það liggur fyrir að Framsfl. leggur á það höfuðáherslu hér í þinginu að þetta frv. fái afgreiðslu. Hugsa sér það að í dymbilviku, þegar unnið var að athugun þessa frv., var fulltrúi Alþfl. í sjútvn. Ed. farinn vestur. Ég vakti athygli formanns nefndarinnar á því að Alþfl. ætti þar engan fulltrúa og Alþfl. var boðið að senda fulltrúa til að sitja fundi sjútvn. Ed. þegar frv. um stjórn fiskveiða var athugað og eftir því gengið. Alþfl. sá ekki ástæðu til að senda fulltrúa. Og af hverju ekki? Vegna þess að Alþfl. er að reyna að tefja fyrir þessu máli og er að reyna að koma því í kring að það fái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Og af hverju skyldi það vera? Ætli svarið við því sé ekki mjög ljóst? Dettur einhverjum manni í hug að Alþfl., á meðan hann er að eiga við Ólaf Ragnar og þennan samtíning sem er í Nýjum vettvangi, kæri sig um að hafa hreinar línur í því málefni sem er stjórn fiskveiða? Vissulega var unnið að því ágæta máli í nefnd sem skipuð var lögum samkvæmt. En ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að þetta frv. yrði flutt sem stjfrv., sem auðvitað gefur til kynna að ríkisstjórnin taldi sig hafa burði til þess að meðhöndla það sem slíkt. Og þá er spurningin: Ætli hreinleiki Alþfl. sé slíkur að hann hafi gert sér grein fyrir því hvaða stefnu hann hafi í því máli? Ég þori að fullyrða að svo er ekki. Ég þori

að fullyrða að ráðherrar Alþfl. hafi ekki í neinni alvöru rætt þetta mál.

Ég vil svo að síðustu spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann telji að mikið fé komi til skipta þegar upp verður staðið, þegar búið verður að leysa upp Þróunarsjóðinn, greiða skuldir Sölusamtakanna. Og spyrja hann að því hvort hann hugsi sér, ef einhverjar eignir verða eftir, að þær renni til fyrirtækjanna í réttu hlutfalli við þær eignir sem fyrirtækin eiga í stofnsjóði eða hvort hann hugsi sér að hafa einhverja aðra aðferð við það. Ég held það sé alveg nauðsynlegt að það komi fram. Hér stendur: „Eignarhlutur sjóðsins í fasteigninni að Síðumúla 37, Reykjavík verði seldur og andvirði eignarinnar varið til að styrkja Sölusamtök lagmetis og lagmetisframleiðendur utan Sölusamtakanna." Þetta atriði vekur líka aðra spurningu: Hvenær eignaðist Þróunarsjóðurinn þetta hús? Er hér verið að tala um þá gömlu eign? Ég hélt að Þróunarsjóðurinn ætti ekki þetta hús, ég hélt að það hefði verið selt fyrir löngu. Það er víst misskilningur minn, rangminni. Væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hversu mikill þessi eignarhlutur er í húsinu, hvenær hann sé til kominn, eignarhlutur Þróunarsjóðs í þessari húseign. Ég held að væri líka fróðlegt að fá upplýsingar um það hversu mikið fé það er sem iðnrh. telur að komi til skipta. Og enn fremur hvort hugmyndin sé að skipta fénu í réttu hlutfalli við framlög fyrirtækjanna í stofnsjóð. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur látið örfá orð falla um þingmálið sem hér er til umræðu. Þetta þingmál er um það að létta sköttum af lagmetisiðnaðinum og hrognaframleiðendum. Þetta þingmál er um það að nýta fé, sem greinin hefur safnað á þeim 17 árum sem þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði, til þess að leysa brýnan fjárhagsvanda, sameiginlegan, í greininni. Þetta þingmál er um það að láta af ríkisafskiptum af sölumálum lagmetis sem staðið hafa í 17 ár og því miður ekki skilað góðum árangri. Þetta þingmál er um það að nota þennan sjóð til að leysa þann vanda sem nú er brýnastur í þessum atvinnuvegi. Þetta þingmál er líka sama eðlis og það þingmál sem flutt var á síðasta þingi um að víkka starfssvið sjóðsins, gera honum kleift að bregðast við vanda greinarinnar eins og hann birtist mönnum þá, svara kalli tímans. En mér er það ljúft að láta uppskátt að endurmat á þessu fyrirkomulagi, athugun á því hvernig fénu hefur verið ráðstafað á undanförnum árum, leiddi til þeirrar niðurstöðu sem liggur fyrir í frv. Ég leyfi mér að segja að eigendur lagmetisfyrirtækjanna séu vel sáttir við það, reyndar ánægðir, ef hægt er að tala um ánægju þegar menn standa frammi fyrir jafnmiklum efnahagsvanda og hér er á ferðinni.

Hitt er svo ekki rétt að fjárhags- og efnahagsvandi þessarar greinar stafi eingöngu af skammtímasveiflum í gengi krónunnar. Því miður er málið ekki svo einfalt. Þessi grein á í harðri samkeppni, m.a. við framleiðendur í láglaunalöndum Suðaustur-Asíu og Suður-Ameríku. Greinin á þess vegna mjög á brattann að sækja. Hún lenti líka í óvenjulegum truflunum í sínum sölumálum og sínum markaðsmálum á liðnum árum sem ég ætla ekki að rifja upp hér. Nefni það eingöngu að ég tel að sú tillaga sem frv. geymir sé raunsætt mat á því hvernig eigi að taka á þessu máli.

Ég endurtek að ég tel ekki vera í því neina mótsögn að beita nú afli þessa sjóðs á þennan hátt. Hinar beinu spurningar hv. 2. þm. Norðurl. e. um það hversu mikið fé muni koma til skipta þegar upp verði staðið, því treysti ég mér ekki til að svara öðruvísi en gert er í grg. frv. Þeim eignum sjóðsins sem eru lausar eða geta losnað verður ráðstafað til að gera upp þetta vandræðamál sem Sölusamtökin hafa lent í. Þar verður líka gætt hagsmuna þeirra sem ekki eru aðilar að samtökunum en hafa lagt til sjóðsins. En vegna þess sem hv. þm. nefndi, og er vissulega rétt, að það þurfi að stuðla að markaðsöflun og vöruþróun í þessari grein, þá tel ég heppilegra að gera það í almennari stofnunum, ekki svona þröngum sérstofnunum, ekki með beinni skattlagningu á hrognaframleiðendur eins og þarna verður eða á greinina sjálfa. Þess vegna verða eftirstöðvar fjárins, fyrst og fremst verðbréfaeign og torleysanlegar eignir, lagðar til markaðs- og vöruþróunardeildar Iðnlánasjóðs.

Ég vona, virðulegi forseti, að með þessu hafi ég svarað því sem til mín var beint um þetta þingmál og endurtek að ég tel það ákaflega mikilvægt fyrir þessa grein, fyrir fólkið sem vinnur í þessum fyrirtækjum, að þetta þingmál fái skjóta afgreiðslu, eins og reyndar kom fram við 1. umr. málsins.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er undarlegt mat sem ráðherrar hafa á afgreiðslu þingmála. Þau mega dankast í ráðuneytum eins og þeim sýnist, það má senda þau milli allra þessara flokksbrota sem standa að ríkisstjórninni en um leið og málið er komið inn á löggjafarsamkunduna á að fara að flýta því. Ég hélt það væri nú nær að segja að mál ættu að fá vandaða meðferð í deildum. Vandaða meðferð í þinginu. Ég held að það veiti ekki af því að reyna að passa upp á þessa ráðherra, satt að segja.

Mér var það mikilsvert að heyra ráðherra viðurkenna það að vandi þessa iðnaðar er að hluta til tilkominn vegna þess sem ráðherra kallaði skammtímasveiflur í gjaldeyrismálum eða gengismálum, ég tók ekki eftir hvort heldur hann sagði, en hann notaði orðið skammtímasveiflur. Með því er fengin viðurkenning á því að ríkisstjórnin hafi, eins og ég sagði áðan, vísvitandi haldið genginu röngu til þess að ná efnahagslegum markmiðum sem ríkisstjórnin taldi meira virði en þau að útflutningsframleiðslan hefði viðunandi starfsaðstöðu. Þetta er kjarni málsins. Ráðherra viðurkennir að erfiðleikarnir eru að hluta til tilkomnir vegna þeirrar stefnu sem viðsk.- og iðnrh. hefur haft í gjaldeyrismálum og efnahagsmálum, í atvinnumálum. Það er kjarni málsins. Hitt er laukrétt hjá ráðherra að ýmis fyrirtæki í lagmetisiðn-

aði hafa löngum átt í miklum erfiðleikum. Sum hafa yfirleitt staðið vel, önnur verr. Auðvitað veit ég að það fyrirtæki sem hér hefur sérstaklega verið nefnt, niðursuðuverksmiðja Kristjáns Jónssonar & Co á Akureyri, er mjög til fyrirmyndar um vinnuaðstöðu, aðbúnað allan og vöruþróun. Þetta liggur ljóst fyrir.

Ég er líka sammála hæstv. iðnrh. um það að Sölustofnun lagmetis hefur ekki skilað þeim árangri sem menn höfðu vonast til. Af þeim sökum er ég kannski ekkert voðalega sorgmæddur yfir því að það kerfi sem við búum nú við skuli lagt niður. En ég vil líka minna á að það er ekki gott ef þeir menn sem standa í útflutningi eru of sundraðir og auðvitað best að framleiðendur sjálfir, án opinberra afskipta, vinni úr því hvernig hægt verði að koma á fót skynsamlegri markaðssetningu vörunnar.

Hæstv. ráðherra svaraði mér ekki um eignarhlut Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins í fasteigninni að Síðumúla 37. Ég spurði hvenær sjóðurinn hefði eignast þetta hús. Ég hélt að sjóðurinn ætti ekki húseignir. Ég stóð í þeirri meiningu. Ég vissi að sjóðurinn keypti á sínum tíma húseignir en ég hélt að það hefði, samkvæmt ábendingum Ríkisendurskoðunar, verið ákveðið að þessi húseign yrði seld. Er þetta rangminni hjá mér? Hvenær varð þessi eign til? Er þetta eitthvað nýtt? (**Iðnrh.:** Ég hef ekki svar við því.) Nei. (**Iðnrh.:** Ætli það hafi ekki verið í tíð Friðriks Sophussonar?) Ég veit það ekki. Þetta er ekki stórmál í sambandi við þetta frv.

Eg tel, herra forseti, nauðsynlegt að frv. verði athugað mjög gaumgæfilega í Nd. Ég álít að sumar greinar frv. séu þess eðlis að óhjákvæmilegt sé að athuga frv. enn betur en gert hefur verið og fleiri sjónarmið komi þar að. Ég álít raunar líka að það sé sorglegt hvernig komið er fyrir þessum þýðingarmikla útflutningsiðnaði og vonast sannarlega til þess að hæstv. viðskrh., ef hann gegn von minni á eftir að vera í þessu embætti mikið lengur, dragi lærdóm af því sem hér hefur verið að gerast og standi ekki eftirleiðis á móti nauðsynlegum leiðréttingum á gengi krónunnar til þess að útflutningsframleiðslan geti haft viðunandi starfsaðstöðu.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Hér er nú á dagskrá 3. mál þessa fundar sem er Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins. Ekki var það mín ætlan að taka þátt í þessari umræðu en hv. 2. þm. Norðurl. e. fór, eins og oft áður, út í ýmsa aðra sálma, umræður um allt önnur mál en þetta og gerði m.a. að umræðuefni að ég hefði stokkið vestur á firði í dymbilviku til þess að losna undan því að taka þátt í umræðu í sjútvn. Ed. varðandi kvótamálið. (**HBl:** Þetta er ekki rétt með farið, ég sagði Alþfl.) Já, enn tilheyri ég honum. (Gripið fram í.) Þannig að þarna eru nú menn að kasta grjóti úr glerhúsi þar sem hv. 2. þm. Norðurl. e. talar með þessum hætti.

Ég man það að við héldum fjóra ef ekki fimm sameiginlega fundi sjútvn. beggja deilda án þess að þessi hv. þm. sæist á neinum þeirra. Það er ekkert nýtt. Ég man líka hvernig þetta var haustið 1987 þegar kvótamálið var til meðferðar í báðum sjútvn. deilda. Þessi hv. þm. sást sjaldan á þeim fundum og svo mun vera um fleiri nefndarfundi þar sem þessi hv. þm. á að vera en er ekki. Og mér finnst nokkuð erfitt að sitja undir því í umræðum hér á Alþingi af þessum hv. þm., sem ég tel að hafi hvað síst sinnt sinni skyldu í fundarsetu í nefndum deilda þar sem ég þekki til frá því að ég hef verið hér, án þess að ég sé á nokkurn hátt og ætlaði ekki að hefja umræður um slíkt. En ég sit ekki undir slíku þegar menn hefja umræður úr ræðustól á Alþingi með þessum hætti, þeir sem síst skyldi og ættu alls ekki að hefja upp svona málróm því að það er vitað af öllum hv. þm. hvernig þessi hv. þm. hefur sinnt nefndarstörfum.

Það væri rétt að láta taka saman hverjir hafa mætt á fundi í Ed., í nefndum, hverjir hafa mætt betur en aðrir og hverjir eru verstir. Það skyldi nú ekki vera svo að þau spjót beindust að hv. 2. þm. Norðurl. e., að hann væri neðarlega í þeirri röð sem mætti vel til funda. Ég a.m.k. vísa þessu alfarið frá mér.

Það er rétt, ég fór vestur á firði í dymbilviku. En ég veit ekki betur en formaður þingflokks Alþfl. hafi mætt á fundi í sjútvn. Ed. Er það rangt? (**HBl:** Já.) Þá hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal ekki verið á þeim fundi og enn upplýsist um það hvernig þessi hv. þm. mætir til nefndafunda á Alþingi. (**GHG:** Þetta er nú ekki þinglegt.) Nei, það er ekki þinglegt, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. En þegar menn byrja, þá svara aðrir fyrir sig. Þeir sem upphefja þennan leik verða að svara fyrir það. Ég hélt að hv. þm. Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl., væri ekkert ómerkari fulltrúi í sjútvn. Ed. en ég og hann mætti þar. Þetta taldi ég rétt að gera en kannski kemur að því að menn fara að rifja upp frekar hverjir mæta og hvernig á nefndafundi deildanna.

Ég taldi nauðsynlegt, virðulegi forseti, vegna þessara ummæla hv. þm. Halldórs Blöndals, að þetta kæmi hér fram. Ég mun ekki sitja undir því að þeir sem síst skyldu séu að kasta grjóti úr glerhúsi og sem síst hafa efni á slíku.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hafi ég hagað orðum mínum svo að í þeim fólust einhver meiðandi ummæli í garð hv. 3. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar, þá biðst ég afsökunar á því og tek þau orð ljúfmannlega til baka. Það var ekki meiningin. Kjarni þess sem ég var að segja var það að hv. þm. hafi farið vestur á firði og ekki getað setið fundi sjútvn. í dymbilviku. Ég hafði vakið athygli formanns nefndarinnar á því að enginn fulltrúi Alþfl. var á fundinum og óskaði eftir því að Alþfl. yrði gefinn kostur á því að eiga fulltrúa á fundum sjútvn. þó svo að hv. þm. hafi farið vestur.

Hv. þm. talaði um að þingflokksformaður Alþfl. hefði setið á fundum nefndarinnar í dymbilviku. Ég sagði það rangt. Ég hygg að hann hafi komið á einn fund nefndarinnar. Mér fannst þegar ég sagði þetta, og ég held að það sé rétt, að hann hafi ekki setið þann fund allan. Ég fullyrði að ég hafi mætt á fundum

sjútvn. þegar ég hef getað, þarf ekki að taka fram, hélt ég, að tvær vikur fyrir jól var ég með inflúensu en þurfti að vísu að vera eitthvað á stjái, en ég hélt að það væri alveg viðtekin venja hér í þinginu að ef maður gengi ekki heill til skógar þó að hann væri ekki dauðveikur, slíkt væri ekki árásarefni í ræðustól í Ed. Hins vegar tók ég eftir því að samgn. hafði á þessum vikum t.d. sent frá sér frv. sem ég hefði gjarnan viljað koma að en við því er ekkert að segja. Deildin samþykkti frv. á meðan ég gat ekki sótt fundi hennar og við það verður að sitja.

Ég vil að þetta komi fram, herra forseti, um leið og ég fer viðurkenningarorðum um störf hv. 3. þm. Vestf., bæði hér í deildinni og í nefndum þingsins. Ég hef unnið þar með honum í mörg ár og hef með fáum jafnmikla ánægju af að vinna eins og einmitt hv. þm.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Menn eru auðvitað meiri að því að viðurkenna mistök. Ekki hóf ég þessa umræðu og ég skal ekki halda henni áfram í þeim dúr sem hér var upp hafið. Ég þakka hv. þm. fyrir það að lýsa slíkum geislabaug yfir mína samvinnu við hann í nefndum á þingi og menn gætu þá látið þetta niður falla. En ég ítreka það að ég upphóf ekki þessa umræðu, hún kom frá öðrum. En ég er alltaf reiðubúinn til að svara. Þeir sem byrja taka á sig að hinir hljóta að svara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 724, n. 916 og 972, brtt. 917, 971.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Nál. er á þskj. 916. Meiri hl. flytur einnig brtt. við frv. á þskj. 917 og 971. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Var það sent til umsagnar fjölmargra aðila og bárust umsagnir frá eftirtöldum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, bæjarráði Mosfellsbæjar, Sjómannasambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, samstarfshópnum „Þak yfir höfuðið", Kjalarneshreppi, Alþýðusambandi Íslands, stjórn Verkamannabústaða Reykjavíkur, Verkamannafélaginu Fram og borgarstjóranum í Reykjavík.

Páll Magnússon, formaður stjórnar Verkamannabústaða í Reykjavík, Ríkharður Steinbergsson framkvæmdastjóri og Gylfi Thorlacius lögfræðingur komu á fund nefndarinnar. Einnig sátu Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmaður félmrh., og Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., fundi nefndarinnar.

Athugasemdir hafa verið gerðar við nokkur atriði í frv. í áðurgreindum umsögnum og telur meiri hl. nefndarinnar að taka beri nokkrar þeirra til greina.

Breytingarnar varða eftirfarandi:

1. Þar sem sveitarfélög með fleiri en 10.000 íbúa hafa verulega meiri umsvif hvað varðar félagslegar byggingar þykir eðlilegt að húsnæðisnefndir í þeim sveitarfélögum séu skipaðar sjö mönnum.

2. Skýrt sé kveðið á um það að húsnæðisnefnd hafi umsjón með byggingu félagslegs húsnæðis eins og fram kemur í greinargerð með frv. Slíkt er gert í umboði sveitarstjórnar.

3. Framkvæmdaraðili getur vegna sérstakra aðstæðna hafnað forkaupsrétti án þess að glata lánsmöguleikum ef fyrir liggur að ekki er unnt að nýta félagslegar íbúðir á hagkvæman hátt.

4. Nauðsynlegt þykir, til að auka rétt kaupandans, að kaupsamningur sé undirritaður við afhendingu íbúðar þegar kaupandi hefur greitt 10% áætlaðs kostnaðarverðs.

5. Hert er á ákvæðum vegna óleyfilegrar útleigu. Leigusamningur er ógildur ef hann er ekki áritaður af húsnæðisnefnd eða sveitarstjórn.

6. Lögin öðlast gildi 1. júní nk. að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

7. Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að húsnæðisnefndir taki við réttindum og skyldum er stjórnir verkamannabústaða hafa tekist á hendur, svo sem varðandi úthlutanir.

Einnig fjallaði nefndin um þá tillögu að endurskoða vexti lána með tilliti til fjölskyldutekna á fimm ára fresti í stað átta ára eins og ákvæði ss. (95. gr.) í 3. gr. frv. gerir ráð fyrir. Niðurstaðan varð þó sú að hafa þetta ákvæði óbreytt.

Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt ásamt breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir nál. rita Jóhann Einvarðsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Karl Steinar Guðnason, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Herra forseti. Í áliti nefndarinnar er upptalning á þeim aðilum sem sendu inn umsagnir. Auk þeirra sem þar er getið bárust umsagnir frá stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þegar gengið hafði verið frá nál. og þeim brtt. sem eru á þskj. 917, áður en þingið fór í páskaleyfi, höfðu þessi álit ekki borist. Nefndin hélt síðan fund í gær þar sem farið var yfir þessar tvær umsagnir. Í báðum umsögnum kemur fram að þessir aðilar telja að frv. feli í sér breytingar til hins betra en leggja til örfáar breytingar til viðbótar. Nefndin fjallaði um þær og taldi rétt að taka til greina nokkrar ábendingar þeirra og eru þær brtt. fluttar á þskj. 971.

Ég tel rétt að fara í örfáum orðum yfir brtt. sem meiri hl. félmn. flytur. Á þskj. 917 eru breytingar ásamt ákvæði til bráðabirgða.

Í fyrsta lagi er þar breyting við 3. gr., a-lið, þar sem aðeins er um orðalagsbreytingu að ræða. Þá er

breyting við 3. gr., f-lið, þar sem fjallað er um skipun húsnæðisnefnda og hverjir skuli tilnefna í nefndirnar. Í frv. er lagt til að fimm fulltrúar skuli skipa húsnæðisnefnd á hverjum stað. Mikil umræða varð í nefndinni um þessa grein frv., annars vegar um það hvort tryggja ætti að starfandi meiri hluti í sveitarstjórn skipaði jafnframt meiri hluta í húsnæðisnefnd í viðkomandi sveitarfélagi og hins vegar var mikil umræða um það hvernig að vali fulltrúa verkalýðshreyfingar skuli staðið, hvort eðlilegt væri að stærstu samtök launafólks eða stærstu einstök félög launafólks á viðkomandi svæði ættu að tilnefna fulltrúa. Ljóst var af þeirri umræðu sem átti sér stað í nefndinni að hugsanlega gæti skapast vandamál við skipan fulltrúa launþegahreyfinga í húsnæðisnefndir í stærstu sveitarfélögunum ef frv. yrði samþykkt óbreytt. Þar þyrfti að kveða skýrar á um það hverjir ættu að skipa fulltrúana og jafnframt þyrfti að fjölga fulltrúum til þess að tryggja réttlæti við skipan þeirra. Það þótti því orka tvímælis að hafa sama fjölda nefndarmanna, þ.e. fimm, hvort sem um væri að ræða sveitarfélög með 2000 íbúa eða 10.000. Umsvif húsnæðisnefnda hlytu að vera meiri í stærri sveitarfélögum landsins. Af þessum ástæðum leggjum við til eftirfarandi breytingu:

„Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.

Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu."

Til þess að taka af allan vafa um hvað þessi síðasta setning merkir þá er það skilningur nefndarinnar að það skuli staðið að tilnefningu fulltrúa launþega á sama hátt og gert er í dag í þessum stærstu sveitarfélögum landsins.

Þá leggur nefndin til breytingu við 3. gr., k-lið, þar sem aðeins er um að ræða að kveða skýrt á um það að húsnæðisnefndir hafi umsjón með byggingu félagslegs húsnæðis, eins og reyndar kemur fram í grg. frv., en rétt þótti að hafa þetta ákvæði í 3. gr. frv. skýrara og án alls vafa.

Þá er í fjórða lagi lögð til breyting við 3. gr., t-lið, þar sem segir að ef sveitarfélag hafnar forkaupsrétti sínum á íbúðum í félagslega kerfinu hafi það fyrirgert rétti sínum til að byggja nýjar íbúðir innan kerfisins í þrjú ár.

Þarna þótti nefndinni fulllangt gengið því sú staða gæti komið upp, sérstaklega í minni sveitarfélögunum, að sú íbúð eða húseign sem í boði væri hentaði engan veginn að stærð eða gerð að teknu tilliti til þeirra umsókna sem fyrir kynnu að liggja. Því var nefndin sammála um að við greinina bættist nýr málsliður, svohljóðandi: „Þetta á þó ekki við ef íbúðin hentar ekki að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsókna."

Þá leggur nefndin til breytingu við enn einn lið 3. gr. þar sem nauðsynlegt þykir, til þess að auka rétt kaupandans, að kaupsamningur skuli undirritaður strax við afhendingu íbúðar þegar kaupandi hefur greitt 10% áætlaðs kostnaðarverðs.

Í i-lið 3. gr. frv. er fjallað um óleyfilega útleigu. Nauðsynlegt þykir að herða ákvæði í núgildandi lögum um viðurlög við óleyfilegri útleigu íbúða í félagslega kerfinu. Við yfirferð nefndarinnar á frv. og eins í athugasemdum lögfræðings stjórnar Verkamannabústaða komu fram efasemdir um að greinin, eins og hún er orðuð í frv., stæðist. Niðurstaða nefndarinnar varð sú tillaga til breytingar sem er á þskj. 917 og reyndar viðbót á þskj. 971. Þar sem okkur fannst eftir nánari athugun ekki nóg að gert leggjum við til að greinin orðist svo:

„Íbúðareiganda er óheimilt að leigja út íbúð sína nema að fengnu skriflegu samþykki sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar í umboði hennar. Heimilt er að binda samþykki skilyrðum um leigutíma og leigufjárhæð. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af sveitarstjórn eða húsnæðisnefnd, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Framkvæmdaraðili getur rift leigusamningi sem er ógildur skv. 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka."

Hér leggur meiri hl. nefndarinnar svo til að við bætist ný mgr. sem orðist svo:

„Auk ákvæða 1. og 2. málsgr. er Byggingarsjóði verkamanna heimilt að breyta vöxtum á láni íbúðareiganda frá þeim tíma sem íbúðin var leigð út án heimildar þannig að vextir frá þeim tíma verði þeir sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða."

Meiri hl. nefndarinnar leggur einnig til að ákvæði þessi eigi við um allt félagslegt húsnæði, einnig það sem byggt var samkvæmt eldri lögum.

Við leggjum einnig til að ákvæði um gildistöku laganna verði breytt. Og að síðustu er hér á þskj. 917 ákvæði til bráðabirgða um að húsnæðisnefndir taki við réttindum og skyldum sem stjórnir verkamannabústaða hafa tekist á hendur. Er þessi tillaga einkum komin til vegna ábendinga stjórnar Verkamannabústaða í Reykjavík, sem virðist hafa haft algjöra sérstöðu hvað varðar sjálfræði þessara stjórna sem í nær öllum tilvikum hafa orðið að standa skil á verkum sínum og ákvörðunum til viðkomandi sveitarstjórnar, nema hér í Reykjavík.

Þær brtt. meiri hl. félmn. sem birtast á þskj. 971 fjalla, eins og ég sagði áðan, um viðurlög við óleyfilegri útleigu íbúða.

Þá var samkomulag um að leggja til breytingu við 3. gr., ss-lið, þar sem fjallað er um endurskoðun vaxta með tilliti til fjölskyldutekna en töluverð umræða var um það í nefndinni hvort sú endurskoðun, sem frv. gerir ráð fyrir að eigi sér stað átta árum eftir kaup íbúðar á tekjum íbúðarkaupanda, ætti að fara fram fyrr, t.d. fimm árum eftir að kaupsamningur er gerður. Það álit kom m.a. fram í umsögn stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins og öðrum umsögnum reyndar.

Mótrökin eru þau að fyrstu árin eftir að einstakling-

ur eða fjölskylda festir kaup á húsnæði séu ár mikillar vinnu og raunhæft mat á tekjum verði því ekki til staðar svo stuttu eftir íbúðarkaup. Niðurstaðan varð því sú að halda inni ákvæðinu um að endurskoðun tekna skuli fara fram átta árum eftir að kaupsamningur er gerður en síðan leggjum við til að eftir það verði endurskoðun framkvæmd á þriggja ára fresti í stað fimm eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þá er lagt til að í stað orðsins „varasjóður" í 3. gr., uu-lið, komi: Tryggingarsjóður vegna byggingargalla og breytist liðurinn allur í samræmi við það. Þetta er gert eftir ábendingum frá stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég hef hér farið yfir brtt. meiri hl. félmn. Eins og áður er nefnt fengum við umsagnir frá þó nokkuð mörgum aðilum. Fresturinn sem þeir höfðu til þess að skila inn umsögnum var stuttur og ber að þakka hversu fljótt og ljúflega þeir brugðust við. Það komu margir að samningu frv. og ekki oft sem maður sér hér á borðum hv. Alþingis frv. sem náðst hefur eins víðtæk samstaða um og það frv. sem hér um ræðir. Ég leyfi mér því að vona að hv. þm. hér í deildinni greiði fyrir samþykkt þess og það fái fljóta og góða afgreiðslu.

Frsm. minni hl. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. félmn. Eins og fram hefur komið þá hefur félmn. fjallað um frv. og sent það til umsagnar ýmissa aðila, eins og fram kom í máli frsm. meiri hl. nefndarinnar og formanns hennar, hv. 4. þm. Suðurl. Nefndin fjallaði um þetta frv. á sex fundum. Þessu máli var vísað til nefndar 20. mars og var afgreitt úr nefndinni 6. apríl. Á þessu tímabili voru haldnir sex fundir um málið og eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Suðurl., formanns nefndarinnar, þá var sjöundi fundurinn haldinn í gær eftir að málið hafði verið afgreitt úr nefndinni en var tekið upp að nýju vegna þess að borist hafði umsögn frá stjórn Húsnæðisstofnunar sem var dagsett 11. apríl eða fimm dögum eftir að málið var afgreitt úr nefndinni. Þetta sýnir kannski best hve mikið lá á að afgreiða þetta mál og hversu stuttan tíma það fékk til umfjöllunar. Í umsögn stjórnar Húsnæðisstofnunar koma fram ýmsar athugasemdir við frv., bæði jákvæðar og eins ýmis atriði sem talið er að þurfi að breyta í frv. og því hefði verið full ástæða til að skoða þetta mál miklu betur.

Það má ekki skilja orð mín svo að ég sé að gagnrýna vinnubrögð formanns nefndarinnar. Þvert á móti tel ég að hún hafi lagt sig fram um að vinna að þessu máli eins vel og hægt var og afla þeirra upplýsinga sem beðið var um miðað við þann stutta tíma sem við höfðum til umfjöllunar. Ég held að ekki hefði verið hægt að gera það betur þegar þannig er staðið að málum að fyrir fram er ákveðið að keyra málið í gegnum þingið á allt of skömmum tíma. Gagnrýni mín beinist fyrst og fremst að því að svo viðamiklu máli, sem hér er um að ræða, er ætlaður svo skammur tími sem raun ber vitni og það tillitsleysi, og ég vil leyfa mér að segja virðingarleysi, sem stjórnarandstöðunni eða þingmönnum Sjálfstfl. er sýndur með því að gefa ekki lengri tíma til umfjöllunar um þetta viðamikla mál.

Þetta er í þriðja sinn sem hæstv. félmrh. flytur frv. sem fela í sér breytingar á lögum um húsnæðismálin. Áður hafa verið flutt frv. um húsbréfakerfið og kaupleiguíbúðirnar og svo nú um félagslega íbúðar- eða húsnæðiskerfið.

Ég tel þetta ekki vera heppileg vinnubrögð að slíta þennan lagabálk svona í sundur í stað þess að taka á málinu í heild og láta fara fram heildarendurskoðun á lögunum. Þá væru væntanlega ekki svo margir óvissuþættir til staðar við afgreiðslu þessa frv. nú.

Þess má geta að t.d. í umsögn þeirri sem okkur barst frá Húsnæðisstofnun er einmitt bent á það í lok umsagnarinnar að á undanförnum árum hafi verið gerðar miklar breytingar á húsnæðislöggjöfinni. Af þeim sökum telur húsnæðismálastjórn að ástæða sé til að huga að heildarendurskoðun á löggjöfinni og ég vil vissulega taka undir þetta.

Ég sný mér þá að nál. minni hl. félmn. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem varðar hverja fjölskyldu í landinu. Málið hefði því þurft lengri tíma og ítarlegri umfjöllun í nefndinni en raun ber vitni, ekki síst þegar haft er í huga að ekki var leitað breiðrar samstöðu við undirbúning frv. og áttu þingmenn Sjálfstfl. þess ekki kost að kynna sér frv. fyrr en það var lagt fram á Alþingi.

Þó að ýmis atriði frv. séu til bóta miðað við núgildandi lög þá eru margir óvissuþættir sem orka tvímælis, og ekki liggur ljóst fyrir hver áhrif þess verða á lánakerfið í heild, m.a. á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ein veigamesta breytingin varðar skipan í húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Samkvæmt frv. bera sveitarstjórnir í landinu alfarið fjárhagslega og framkvæmdalega ábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Þess vegna ber að tryggja það með lögum að meiri hluti sveitarstjórna eigi ávallt meiri hluta í húsnæðisnefndum. Ekki náðist samstaða um það atriði í nefndinni.

Minni hl. nefndarinnar ítrekar að nauðsynlegt hefði verið að nefndin fengi lengri tíma og ítarlegri upplýsingar til að vinna að málinu. Slíkt reyndist ekki unnt. Því treystir minni hl. sér ekki til að taka afstöðu til frv. á þessu stigi og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir og Guðmundur H. Garðarsson.

Ég vil bæta því við að ég tel að þær breytingar, sem nefndin leggur til við frv., séu yfirleitt til bóta. En það hefði þurft að skoða miklu fleira í þeim efnum. Ég fagna því að tekið var tillit til tillögu minnar er varðar tvær brtt. við frv. Þær láta að vísu lítið yfir sér en það eru 1. brtt. við 3. gr., a-lið, að í stað orðsins „félagslegum" er notað orðið „viðráðanlegum". Manni finnst einhvern veginn hljóti að vera erfitt að meta við hvað sé átt þegar verið er að tala um eitthvað sem eigi að meta eftir félagslegum kjörum. Það hlýtur að vera

átt við að það sé viðráðanlegt fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Það má einnig benda hér á í framhaldi af því sem ég sagði áðan um umsagnir sem bárust að einnig barst umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eftir að málið var afgreitt úr nefndinni. Hún var dagsett 9. apríl. Einnig bárust sérálit frá tveimur fulltrúum í húsnæðismálastjórn sem gera athugasemdir varðandi skipun í húsnæðisnefndirnar. Þar leggja þeir áherslu á að verkalýðshreyfingin hafi, sem áður, mikil áhrif á skipun þeirra nefnda sem um þessi mál fjalla á hverjum stað, eins og þeir segja. Eins og fram hefur komið þá var ekki fallist á að breyta skipan í húsnæðisnefndir þannig að tryggt sé að sveitarstjórnir, sem eiga að bera þessa ábyrgð, beri einnig ábyrgð á meiri hluta húsnæðisnefndanna. Ég tel nefnilega að jafnvel þessi athugasemd frá þeim félögum, Birni Þórhallssyni og Grétari Þorsteinssyni, að það væri ekkert síður möguleiki á að tryggja jafnvel enn þá sterkari stöðu verkalýðshreyfingarinnar í húsnæðisnefndunum ef sveitarstjórnirnar bæru alfarið ábyrgð á skipan þeirra. Því að ég hef það traust á sveitarstjórnum að þær leggi sig fram um á hverjum tíma að skipa í nefndir það fólk sem best þekkir til mála í viðkomandi málaflokkum. Í þessum tilvikum þá teldi ég að það hlyti að vera lögð áhersla á það hjá sveitarstjórnum að tryggja hagsmuni verkalýðshreyfinganna innan slíkra húsnæðisnefnda, jafnvel þó að þess væri ekki getið í lögunum.

En þetta varðandi húsnæðisnefndirnar er það sem aðallega er gagnrýnt í umsögnum þeim sem hafa borist og það er sterkasta gagnrýnin frá sveitarfélögunum sem öll leggja áherslu á þýðingu þess að þeir sem bera ábyrgð á viðkomandi sveitarstjórnum hafi tryggan meiri hluta í húsnæðisnefndunum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að setja hér á langa ræðu þó að auðvitað væri hægt að fjalla að nýju um húsnæðismálin í heild. Það væri vissulega freistandi að gera það en ég ætla að sleppa því. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel mjög miður að ekki var upphaflega leitað breiðrar samstöðu um undirbúning þessa frv. Þar af leiðandi höfum við, þingmenn Sjálfstfl., ekki möguleika á að kynna okkur þetta mál eins ítarlega og við hefðum viljað geta gert til þess að geta tekið afstöðu í málinu. Mér þykir alltaf miður að geta ekki tekið afstöðu og greitt atkvæði með eða á móti málum, ekki síst þegar um svo viðamikil mál er að ræða sem hér er verið að fjalla um. En þetta varð niðurstaða okkar á þessu stigi málsins. Málið á eftir að fara til Nd. Ég veit ekki hvort þar kemur upp ný staða þannig að okkar fulltrúar sem fjalla um málið geti tekið þar aðra afstöðu. Það kemur þá í ljós. Ég vil jafnframt benda á að á fundinum í gær óskaði hv. 14. þm. Reykv. eftir upplýsingum um áhrif frv. á stöðu sjóðanna, sem getið er um í nál., og formaður nefndarinnar reyndi að afla þeirra upplýsinga en það hefur ekki reynst mögulegt á þessum skamma tíma.

Ég læt því máli mínu lokið, hæstv. forseti, og ítreka það að við munum sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Þar sem ég átti þess ekki kost að sitja þennan síðasta fund nefndarinnar þar sem málið var endanlega afgreitt vildi ég aðeins láta koma fram að ég styð brtt. á þskj. 971 og tel þær allar vera til bóta.

Það sem ég tel mikilvægast í þessu máli er að samstaða hefur náðst. Eins og fram kemur í umsögnum um frv. þá eru þær allar mjög jákvæðar. Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að styrkja og bæta félagslega húsnæðiskerfið og við teljum að með þessu frv. sé tekið mikilvægt skref í þá átt. Í sumum atriðum hefði e.t.v. mátt hugsa sér að ganga lengra og auðvitað hefði verið æskilegt að fyrir lægi frv. um leiguhúsnæði og húsaleigubætur, en við metum það svo að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða að full ástæða sé til að styðja það. Helsta ágreiningsefnið, eins og fram hefur komið í umræðunni og einnig í þeim umsögnum sem borist hafa, er varðandi skipan í húsnæðisnefndir. Ég tel að þau ákvæði sem eru í frv. séu viðunandi lausn, þar sem skýrt er kveðið á um að þær starfi í umboði sveitarstjórna og verður að treysta því að vel takist til með samráð og samstarf með sveitarstjórnunum.

Hins vegar bárust umsagnir, eins og fram kom í máli hv. formanns félmn., mjög seint miðað við þann frest sem hafði verið gefinn, bæði frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þar eru auðvitað ýmsar athugasemdir en í öllum meginatriðum fær frv. jákvæðar undirtektir. Í ljósi þess teljum við rétt að styðja það.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög þýðingarmikið frv. og ég vil segja að sumu leyti dæmigert frv. fyrir þá stjórnarstefnu sem við Íslendingar verðum nú að sæta um skeið. Það er áreiðanlega rétt sem er á vörum margs fólks í þjóðfélaginu að það sé hart fyrir okkur Íslendinga, sem státum stundum af því að við skulum eiga elsta löggjafarþing veraldar, að á sama tíma og verið er að brjóta niður sósíalisma og ríkisforsjá í öðrum löndum skulum við sitja uppi með það nátttröll sem núv. ríkisstjórn er og ber með sér, ef maður skoðar innviði ríkisstjórnarinnar, öll þau óheilindi sem einkenna samsvarandi ríkisstjórnir hvarvetna þar sem sósíalistar fara með völd og skiptir ekki máli hvort við horfum til ríkja vestan eða austan hins gamla járntjalds.

Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á það, herra forseti, að nú eru nefndarmenn stjórnarflokkanna önnum kafnir við að reyna að spilla fyrir því að mál samstarfsráðherranna nái fram að ganga. Það liggur líka fyrir að innan Alþb. eru mjög mikil óheilindi og komin upp sú undarlega staða að formaður Alþb., sem raunar hefur ekki hlotið sæti á Alþingi, stendur á móti framboðslista flokksins í Reykjavík og er að vinna, með alls konar samtíningi, að því að bjóða fram lista hér í Reykjavík til borgarstjórnarkosninga. En Alþfl. stendur uppi svo snautlega að eftir næstu borgarstjórnarkosningar mun hann sennilega ekki

eiga einn einasta mann í borgarstjórn Reykjavíkur í fyrsta skipti í sögu flokksins.

Það má kannski segja að ekki sé undarlegt að þetta skuli gerast á sama tíma og það liggur fyrir að Alþfl. hefur með fulltingi hæstv. núv. húsnæðismálaráðherra beitt sér fyrir þeirri tillögugerð hér á hinu háa Alþingi að verkamannabústaðirnir verði lagðir niður og aðalreglan verði sú að það fátæka fólk sem ekki getur af eigin rammleik eignast húsnæði á almennum frjálsum markaði skuli nú þurfa að sæta því að eiga ekki lengur kost á eignaríbúð í verkamannabústöðum. Mér þykir það mikill ljóður á ráði formanns félmn. Ég veit ekki hvort hann er hér staddur.

Við 1. umr. málsins var því beint til nefndarinnar, bæði af mér og hæstv. húsnæðisráðherra, að samanburður yrði gerður á því hvaða munur væri á greiðslukjörum í félagslega kerfinu og verkamannabústaðakerfinu. Ég hafði satt að segja búist við að því yrðu gerð rækileg skil en það fylgir enginn slíkur útreikningur grg. meiri hl. Er þó óhjákvæmilegt að það mál verði tekið til glöggrar athugunar í félmn. Nd. Ég hygg að þetta mál muni fá þar mjög ítarlega skoðun. Mér þykir líka sárt að ekki skuli hafa unnist tími til að taka rækilega til athugunar hver væri eignarstaða Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, hvernig þróunin hefur verið á þessum sjóðum síðustu ár, hver spáin sé um greiðsluflæði í þessum sjóðum í fyrirsjáanlegri framtíð og við hverju megi búast. Að milligjöf úr ríkissjóði verði að vera til þessa kerfis ef svo fer fram sem horfir að félagslegar íbúðir verði aðalreglan hér á landi. Hugsunin sem liggur á bak við frv. er sú, sem að vísu góður upphafsmaður var að, góður var nú nauturinn og að mörgu leyti mikil fyrirmynd okkar sjálfstæðismanna, gamli Bismarck, sem var upphafsmaður velferðarþjóðfélagsins og hafði þá trú að hægt væri með opinberum millifærslum og opinberum fjárgjöfum að leysa vandamál þeirra sem minnst mættu sín í þjóðfélaginu, þyngja skattana jafnt og þétt en í staðinn ætti með opinberri forsjá að beina peningunum út til fólksins í landinu, að hinir opinberu aðilar gerðust þannig skömmtunarstjórar fjármagnsins, skömmtunarstjórar sem höfðu hliðsjón af tilbúnum forsendum sem þeir bjuggu sér til sjálfir en ekki á þeim eðlilegum forsendum nútímaþjóðfélags sem við sjálfstæðismenn leggjum til grundvallar í okkar þjóðfélagsskoðun og sem hefur valdið því að hér á landi hefur til skamms tíma meiri fjöldi verkafólks átt eignaríbúðir en í öðrum löndum.

Ég vil minna á að það framtak Margrétar Thatcher og breska íhaldsflokksins sem hefur kannski valdið miklu um þann mikla og góða árangur sem sú ríkisstjórn hefur náð er einmitt að brjóta á bak aftur hið opinbera húsaleigukerfi sem þar hefur verið. Ég vil líka minna á að erlendir menn sem eru kunnugir félagslegu íbúðakerfi í öðrum löndum hafa látið í ljós mikla aðdáun yfir því hvernig við Íslendingar höfum staðið að okkar húsaleigulöggjöf og hvernig við höfum reynt að stuðla að því að almenningur geti komist í nokkrar álnir, allur almenningur eigi þess kost að búa í eigin húsnæði og vera að því leyti sjálfstæður. Það er rauður þráður í gegnum þetta frv. hér að gera hvort tveggja, draga úr því að fólk geti af eigin rammleik komist áfram og hins vegar deila ábyrgðinni og áhrifunum, rugla ákvarðanatöku og með þeim hætti gera torvelt að það kerfi, sem þó er verið að reyna að setja upp hér, geti verkað með sæmilegum hætti.

Ég veit, herra forseti, ekki hvort rétt er að hefja þessa umræðu. Ég hafði búist við því að hæstv. félmrh. segði nokkur orð eftir að frsm. nefnda höfðu lýst sínum skoðunum, þó ekki væri nema til að fram kæmi hvaða skoðanir hæstv. félmrh. hefur á þeim brtt. sem hér hafa komið fram. En hann sá ekki ástæðu til þess, enda er sá háttur meira og meira áberandi í þinginu eftir því sem stjórnarflokkum fjölgar að umræðan færist úr þingsölunum en inn í svokallaða þingflokka. Mér skilst m.a. að sú hafi verið niðurstaðan þann tíma sem ég gat ekki sótt fundi nefndarinnar að hér var samþykkt lagafrv. í trausti þess að það þýddi annað en orðin segðu til um.

Við skulum aðeins byrja á því að rifja upp hvað olli því að núv. húsnæðisráðherra vakti mesta athygli meðan Alexander Stefánsson var ráðherra húsnæðismála. Ég vil aðeins rifja það upp að þá vitnaði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mjög í tiltekinn einstakling í þjóðfélaginu og bætti löngum við „sem vinnur hjá Fasteignamati ríkisins". Það átti að vera mikill stimpill á það að þessi maður hefði rétt fyrir sér, að hann vann hjá Fasteignamati ríkisins. Ekki man ég nú hvað þessi einstaklingur heitir. Hann hefur alveg horfið úr umræðunni síðan og enginn þingmaður, hvorki ráðherrar né aðrir séð neina ástæðu til þess að gera hans skoðanir í húsnæðismálum sérstaklega að umræðuefni, enda skilst mér að maðurinn sé hættur að vinna hjá Fasteignamati ríkisins.

Það er skemmst frá að segja, ef við aðeins rifjum upp söguna, að hinn nýi Alþfl., sem núverandi ráðherrar eru fulltrúar fyrir, setti þá kröfu fram í kosningunum á árinu 1977 og 1978 að óhjákvæmilegt væri að full verðtrygging kæmi á allar fjárskuldbindingar. Og sá ungi og öflugi Alþfl., sem nú ber ábyrgð á stefnu flokksins og er að leggja hann niður í Reykjavík, beitti sér m.a. fyrir því að öll lán til húsnæðismála yrðu verðtryggð. Það tókst að ná fram þessum markmiðum í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Síðan tók við völdum ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og þá var það svo að núv. hæstv. menntmrh. var húsnæðisráðherra. Honum tókst á fjögurra ára valdaferli sínum að ganga þannig frá eiginfjárstöðu byggingarsjóðanna að þeir voru nánast gjaldþrota í árslok 1982 og eiginfjárstaða þeirra fór mjög versnandi á næsta ári. Þá var svo komið að lán úr Byggingarsjóði ríkisins til nýrra meðalíbúða í blokkum nam rétt um 10–11%. Til þess að bæta úr þessu var sú ákvörðun tekin af þeim meiri hluta sem þá sat að leggja á svokallaðan eignarskattsviðauka sem hafði það að markmiði að afla fjár í Byggingarsjóð ríkisins og leggja niður þá stefnu að fjár til hans og í Lánasjóð ísl. námsmanna yrði aflað með erlend-

um lánum. Það var auðvitað hart aðgöngu fyrir okkur sjálfstæðismenn að þurfa að fara þessa leið en við töldum óhjákvæmilegt að beita aukinni skattheimtu til þess að bæta úr þeim vanrækslusyndum sem við stóðum þá frammi fyrir frá þeirri vinstri stjórn eða félagshyggjustjórn sem þar hafði á undan verið.

Það er nú eiginlega orðið hálfsorglegt, herra forseti, að orðið félagshyggja er að verða svo ljótt í íslensku máli að menn eru eiginlega hættir að bera sér það í munn vegna þess að það er búið að koma slíku óorði á það. Þeir sem bera höfuðábyrgð á því eru auðvitað þeir menn sem nú fara með stjórn í landinu.

Við gerðum þá ráðstafanir til þess að reyna að styrkja innviði Byggingarsjóðs ríkisins með þessari nýju skattheimtu. Þá átti sæti í Nd. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem mjög talaði við, hvað hét hann, Stefán Ingólfsson sem vinnur hjá Fasteignamatinu. Stefán Ingólfsson sem vinnur hjá Fasteignamatinu hafði sannfært þennan hv. þm. um að staða Byggingarsjóðs ríkisins og staða Byggingarsjóðs verkamanna væri ekki góð. Ég minnist þess að hinar löngu tölur sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir setti þá á gengu mjög nærri þáv. hæstv. félmrh. Alexander Stefánssyni. Ég þykist raunar fullviss um að hann muni gera þessi mál að sérstöku umræðuefni þegar málið kemur til umfjöllunar í Nd. Það er hins vegar til marks um það hvort hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi borið sérstaklega fyrir brjósti hag þessara sjóða, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, hvernig fjárframlög til þessara sjóða hafa verið á undanförnum árum, hvernig hún hefur reynt að standa á verði fyrir þessa sjóði.

Ég rifjaði það upp við 1. umr. að í fjárlögum fyrir árið 1989 samþykkti Alþingi að veita einum milljarði og 50 millj. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Þó lá það fyrir og var öldungis ljóst að þessi fjárhæð var mjög ófullnægjandi ef það vakti fyrir löggjafanum að reyna að halda rétt í horfinu, hvað þá ef einhverjum hefur dottið í hug að reyna að bæta svo stöðu Byggingarsjóðs ríkisins sem nauðsynlegt var til þess að fylgja fram þeirri stefnu sem þá var og er enn mörkuð í lögum. Og til þess að standa á bak við þær ábyrgðir sem þessi sjóður hefur á sig tekið.

Í fjárlögum fyrir sl. ár var sem sagt ákveðið að einn milljarður og 50 millj. kr. skyldu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Hæstv. húsnæðisráðherra sætti sig við það að þessi fjárhæð yrði skorin niður í 550 millj. kr. Og í fjárlögum fyrir þetta ár er lagt til að fjárhæðin verði 150 millj. kr. Ég fór fram á það við 1. umr. málsins að þessi atriði yrðu sérstaklega athuguð. Ég varð ekki var við annað en hæstv. félmrh. hefði tekið vel í það. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef ráðherrann vill bera einhverja virðingu fyrir því sem þingmaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir sagði og fyrir því sem Stefán Ingólfsson í Fasteignamatinu sagði, meðan hann var í Fasteignamatinu, að ráðherra komi hér upp á eftir og útskýri fyrir þingheimi hvaða rök hann hefur fyrir því að nú sé hægt að fara svo með Byggingarsjóð ríkisins að hann þurfi rétt um 10% af því fjármagni í fjárlögum þessa árs sem Alþingi samþykkti að hann þyrfti til sín á sl. ári. Þá samþykkti Alþingi einn milljarð og 50 millj. Á þessu ári segja fjárlög að í Byggingarsjóð ríkisins eigi að renna 150 millj. kr., rétt um 10%. Og þó var fjárhæðin á sl. ári skorin niður um 500 millj. kr., úr einum milljarði og 50 millj. í 550 millj.

Samkvæmt fjárlögum í ár og samkvæmt endurskoðaðri áætlun á árinu 1989, með öðrum orðum leiðréttingu ríkisstjórnarinnar á fjárlögum, renna til Byggingarsjóðs ríkisins samtals 700 millj. kr. Alþingi ætlaði sjóðnum 50% hærri fjárhæð á árinu 1989 eða einn milljarð og 50 millj. Það vantar sem sagt 50% upp á að Byggingarsjóður ríkisins fái á þessu ári og síðasta ári þá fjárhæð sem Alþingi samþykkti í desembermánuði 1988 að sjóðurinn ætti að fá á árinu 1989.

Þetta er ekki lítill niðurskurður. Ég fór fram á það, herra forseti, við 1. umr. málsins að hæstv. félmrh. gerði grein fyrir þessu máli og útskýrði fyrir þingheimi hvaða rök væru á bak við þessa ákvörðun. Ég hafði þess vegna vænst þess að ráðherrann stæði upp þegar framsögumenn hefðu lokið sínum ræðum og gerði þingheimi grein fyrir afstöðu sinni.

Nú skulum við líta á Byggingarsjóð verkamanna. Í desembermánuði 1988 mat Alþingi stöðu Byggingarsjóðs verkamanna svo að óhjákvæmilegt væri að gera ráð fyrir 600 millj. kr. fjárveitingu í sjóðinn á sl. ári. Sú fjárhæð var óbreytt eftir það sem kallað er „endurskoðuð áætlun“ í grg. fjárlagafrv. fyrir þetta ár þannig að Byggingarsjóður verkamanna hélt sínu framlagi á sl. ári. Nú bregður svo við að í Byggingarsjóð verkamanna renna einungis 500 millj. kr. á þessu ári. Upphæðin er lækkuð um 100 millj. kr. Þá er spurningin: Er þessi lækkun á fjárveitingu til Byggingarsjóðs verkamanna grundvölluð á því að verið sé að draga úr umsvifum sjóðsins? Er hún grundvölluð á því að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að sjóðurinn standi undir sér í framtíðinni? Er þetta fyrsta skrefið sem stigið er í þá átt? Ef maður les, herra forseti, það frv. sem hér liggur fyrir er alveg greinilegt að löggjöfin stendur til hins gagnstæða. Löggjöfin stendur til þess að færa út umsvif Byggingarsjóðs verkamanna og láta skömm skella, kæra sig kollóttan um hvernig fer um framhaldið. Hæstv. ráðherra veit sem er að hann mun ekki sitja lengi í því sæti sem hann situr í núna eftir að búið verður að kjósa á næsta ári svo hann hugsar sér einungis að efna til eyðslunnar en vill ekki standa ábyrgur frammi fyrir neinum þeim aðgerðum eða ráðstöfunum sem mega verða til þess að treysta fjárhagslegar undirstöður Byggingarsjóðs verkamanna.

Nú má kannski segja að ef hæstv. félmrh. væri nýr hér á þingi og ætti sér enga fortíð á Alþingi ætti þetta ekki að koma þingheimi svo mjög á óvart. Ráðherrann hafi aldrei haft neina sérstaka skoðun á því hver ætti að vera eiginfjárstaða Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. En ráðherra getur ekki flúið í það skjólið. Ráðherrann hefur haldið fleiri háværari og harðari ræður um húsnæðismál en nokkur annar sá maður eða kona sem á Alþingi hefur setið

frá öndverðu, þannig að fortíðina má lesa sem opna bók. Og í þessari fortíð stendur það kratastöfum að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé sammála Stefáni Ingólfssyni, sem vinnur hjá Fasteignamatinu, um það að nauðsynlegt sé að tryggja betur eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Á sama tíma og þau voru sammála um það, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Stefán Ingólfsson, sem vinnur hjá Fasteignamati ríkisins, að nauðsynlegt væri að huga svolítið að því hvernig sjóðirnir stæðu, hafði hv. þm. og Stefán Ingólfsson, sem vinnur hjá Fasteignamati ríkisins, áhyggjur af þeirri miklu misvísun sem orðið hafði á launakjörum frá árinu 1981 til áranna 1984–1985 vegna þeirra verðskuldbindinga sem almenningur hafði tekið á sig vegna þess misvægis og misræmis sem var á lánskjaravísitölunni og sem var á launavísitölunni eins og hún var útreiknuð. Og auðvitað var það rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Stefáni Ingólfssyni, sem vinnur hjá Fasteignamati ríkisins, að þarna hafði orðið nokkur misvísun. Þessi misvísun var auðvitað fyrst og fremst komin til af því að kaupmátturinn rýrnaði, sem var óhjákvæmilegt vegna stjórnarstefnu ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens og sem var óhjákvæmilegt vegna þess viðskilnaðar sem sú ríkisstjórn hafði.

Þá vorum við sammála um það, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að nauðsynlegt væri að standa að því að verulegu fé yrði varið til að veita svokölluð greiðsluerfiðleikalán til þeirra íbúðareigenda sem hefðu orðið illa úti vegna misræmis í lánskjaravísitölunni frá 1981 og vegna þess að viðskilnaður Svavars Gestssonar sem húsnæðisráðherra hafði verið þannig að þeir sem urðu að búa við hið fyrra kerfi fengu mjög óverulega fyrirgreiðslu til íbúðarbygginga eða íbúðarkaupa. Við vorum sammála um það þá, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Stefán Ingólfsson, sem vinnur hjá Fasteignamatinu, að það yrði að efna til slíkrar fyrirgreiðslu. Nú hefur það gerst, ég veit ekki hvort hæstv. húsnæðisráðherra hefur tekið eftir því, en síðan 1988 hefur raungengi íslensku krónunnar lækkað um 15–20%, kaupmáttur í landinu hefur lækkað eitthvað svipað. Jafnframt hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur bætt gráu ofan á svart með því að þyngja mjög skattheimtu á þurftartekjur. Svo er komið nú að staðgreiðsluskatturinn er fjórum prósentustigum hærri en hann var þegar hann var lagður á 1988 og lífskjörin hafa verið að versna. Atvinnuleysið hefur verið að vaxa, yfirvinnan hefur verið að minnka og atvinnuöryggið er ekki það sama og áður. Þetta hefur allt gerst. Viðskrh. Alþfl. skýrir frá því í blöðunum að við Íslendingar eigum bráðum von á því að erlendir menn sem eru vanir atvinnuleysinu muni koma hingað til Íslands til þess að láta í ljós sérstaka ánægju yfir því hvernig til hefur tekist og viðskrh. segir að þetta atvinnuástand sé skólabókardæmi um það að ríkisstjórninni hafi vel til tekist.

Það er fjögurra dálka fyrirsögn í Þjóðviljanum, í blaðinu sem kom á sumardaginn fyrsta, ef ég man rétt, frekar en á miðvikudag, verulega stór og mikil frétt á forsíðu að það sé mat atvinnueftirlits félmrn., eða hvað það nú heitir, að hér sé komið viðvarandi atvinnuleysi, viðvarandi mikið atvinnuleysi. Það er sú ályktun sem Þjóðviljinn dregur af fréttatilkynningu frá félmrn. Nú hef ég ekki séð þessa fréttatilkynningu og skal ekki, herra forseti, um það segja hvort Þjóðviljinn dregur að þessu leyti réttar ályktanir. En ég hef ekki orðið var við að nein leiðrétting hafi komið fram um það að þarna hafi verið farið rangt með. Viðvarandi mikið atvinnuleysi á Íslandi. Yfirvinna hefur minnkað og tekjuskatturinn er kominn upp í 40% af launum, staðgreiðsluskatturinn er 40% af launum. Og það sem meira er, það fólk sem hefur verið að afla sér eigin húsnæðis á undanförnum árum situr uppi með háu skuldirnar sem til eru komnar vegna þess misvægis sem orðið hefur á síðustu missirum í lánskjaravísitölu, í skuldbindingum, fjárskuldbindingum og vegna hinna lágu launa, sultarlauna og sultartekna sem við Íslendingar verðum nú að búa við. Það er í ljósi þessara upplýsinga, herra forseti, sem hæstv. félmrh. sér ekki ástæðu til að segja eitt einasta orð hér í deildinni þegar þetta mál er tekið til umræðu.

Nú skulum við velta fyrir okkur: Ætli einhver þörf sé á því að veitt sé meiri fjármunum í greiðsluerfiðleikalán nú en áður hafði verið fyrirhugað? Ég gerði þetta mál að sérstöku umræðuefni, herra forseti, hér við 1. umr. málsins. Hæstv. félmrh. tók undir ummæli mín með þeim hætti að ég hafði ríka ástæðu til að ætla að hann hefði einhverjar fréttir að færa varðandi greiðsluerfiðleikalánin nú. Ég beið þess vegna eftir því að hæstv. ráðherra stæði upp þegar framsögumenn nefnda voru búnir að ljúka sínu máli. Minntist þess líka að meðan hv. þm. Alexander Stefánsson var félmrh. talaði enginn þingmaður jafnoft um nauðsynina á erfiðleikalánum eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hér innan þings. Og utan þings enginn maður jafnoft um nauðsyn þessa eins og Stefán Ingólfsson, sem vinnur hjá Fasteignamati ríkisins.

Ég hafði af þeim sökum búist við að hæstv. félmrh. mundi grípa tækifærið, úr því hann hafði sérstakt tilefni til þess þar sem voru orðaskipti okkar við 1. umr. málsins, og mundi nú tala um hvernig stæði á hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og mundi fræða okkur um það að þeirri deild sem sér um erfiðleikalánin hefði nú verið útvegað nægilegt fjármagn til þess að hún gæti brugðist skjótt og vel við. En hverjar eru staðreyndir þess máls? Einhver fugl sagði mér að þessi deild Húsnæðisstofnunar hefði 20–30 millj. kr. til ráðstöfunar. Er það rétt, hæstv. félmrh.? Er það til í dæminu að einungis séu eftir 20–30 millj. kr. til ráðstöfunar á þessu ári, til þeirra sem eiga í erfiðleikum með að halda sínu íbúðarhúsnæði og aprílmánuður ekki liðinn og þessar 20–30 millj. kr. eigi að duga það sem eftir lifir þessa árs? Er það hugsun og er það hugmynd hæstv. félmrh.? Eða hef ég fengið rangar upplýsingar? Það mundi sannarlega gleðja mig ef svo væri. Ég geri ekkert með það þó þarna skakki

kannski 10 millj. eða einhverju svoleiðis. Við erum ekki að tala um það að fjárhæðir á bilinu 20 til 50 millj. dugi neitt. Mér var sagt eftir minni að í þessum sjóði væru nú til ráðstöfunar 20–30 millj. kr. Svo ég spurði: Hvað skyldi þurfa mikla fjármuni til þess að þetta væri, ekki sómasamlegt, en svona í þrengsta skilningi orðsins ekki til fullkominnar skammar? Og þá var mér sagt að það mætti tífalda þessa upphæð.

Það getur verið að hæstv. félmrh. nefni enn hærri fjárhæð. En eftir því sem mismunurinn er minni — segjum svo að það sé hægt að fullnægja þessum lánaflokki, herra forseti, með því að bæta við litlum hundrað, hvað eigum við að segja, 200–250 millj. kr. í þennan lánaflokk, til þess að það yrði nægilegt til að draga úr mesta sársaukanum þá væri það áreiðanlega verkefni sem hæstv. félmrh. ætti að beita sér fyrir. Og auðvitað er það öldungis ljóst að hæstv. félmrh. hefur það vopn í sínum höndum þegar hann talar við fjmrh., þegar hann talar við forsrh. og þegar hann talar við fjvn. að þessar litlu 150 millj. í Byggingarsjóð ríkisins séu félmrh. til skammar og þessar litlu 500 millj. sem eru til Byggingarsjóðs verkamanna séu líka félmrh. til skammar.

Félmrh. getur til viðbótar ekki sætt sig við það að í engu verði sinnt því fólki sem á í mestu greiðsluerfiðleikunum það sem eftir lifir ársins. Nema það sé kannski markmiðið að koma þessu fólki öllu saman í leiguíbúðir. Fólki sem er kannski fimm eða tíu eða fimmtán ár búið að vinna hörðum höndum, hefur hlaupið og snapað hverja einustu vinnustund sem það hefur getað. Eða þá að þetta er fólk sem býr við heilsuleysi eða einhverja ógæfu sem veldur því að heimilið verður fyrir miklum útgjöldum eða þá að heimilið missir af tekjum. Það er kannski ekki svo stór þröskuldur sem það þarf að fara yfir til þess að geta áfram búið í sinni íbúð þó svo að greiðsluerfiðleikarnir séu yfirþyrmandi af því að það á að greiða kannski 700–800 þús. kr. á allt of skömmum tíma eins og ég hef séð dæmi um. Málinu var vísað frá af því að greiðsluerfiðleikarnir voru svo litlir. En þeir voru miklir fyrir það fólk sem í hlut átti. Það á kannski að láta alla þessa þjáningu verða til einskis, allt þetta mikla stríð verða til einskis hjá því fólki sem vill svo sannarlega fá að búa í því sem það á sjálft sem það hefur til sinnar ráðstöfunar og hefur stritað svo mikið fyrir að halda.

Ekki er boðað neitt af þessu efni í frv. Og hæstv. húsnæðisráðherra sá ekki ástæðu til að standa hér upp og svara athugasemdum mínum við 1. umr. að þessu leyti. En sú nefnd sem skipuð var komst að niðurstöðu. Hér stendur í grg. frv.:

„Nefndin ræddi ítarlega um kosti og galla þess fyrirkomulags sem við nú búum við, kallaði á fund sinn fulltrúa þeirra sem vinna við félagslega húsnæðiskerfið, neytendur, fulltrúa félagasamtaka, embættismenn og aflaði víðtækra gagna um félagslega íbúðarlánakerfið. Niðurstaða nefndarstarfsins varð sú að skila af sér sameiginlegum tillögum í fernu lagi:

1. Frv. til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

2. Tillögum um breytt skipulag húsnæðismála í landinu.

3. Tillögum um húsaleigubætur og leigumiðlanir.

4. Tillögum um endurskoðun laga um húsaleigusamninga."

Þetta er fagnaðarefnið. Tillögur um húsaleigubætur og leigumiðlanir. Það er auðvitað nauðsynlegt að koma slíku upp þegar ráðherrann beitir sér sérstaklega fyrir því að leggja niður það kerfi sem nú er búið að vera hér í tvo mannsaldra rúma og gengur út á það að verkamaður megi eiga sína eigin íbúð. Og eins og ég hef áður sagt og er táknrænt við Hringbrautina þar sem styttan er af Héðni Valdimarssyni, þar sem hann er búinn að ganga upp að knjám til þess að reyna að koma því í framkvæmd að verkamennirnir megi líka eiga eitthvað. Ganga upp að knjám, eins og sést á styttunni. Og svo kemur hér ráðherra núna sem hefur það helst fyrir sitt markmið og sinn draum og sína hugsjón að brjóta þetta niður og kallar það sérstakar úrbætur að koma með tillögur um húsaleigubætur.

Hvað felst í þessu frv. eða þessum tillögum um húsaleigubætur, hæstv. ráðherra? Hvernig eru þær hugsaðar? Hverjir eiga að fá þessar húsaleigubætur? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. félmrh. geri glögga grein fyrir þessu atriði sem er mjög viðamikill þáttur í húsnæðisstefnu ráðherrans og sem hlýtur auðvitað að vera enn einn liðurinn í því að mismuna þegnum í þessu landi sem ráðherrann er mjög önnum kafinn við að vilja. Er það hugsunin hjá hæstv. ráðherra að það fólk sem kemst í félagslega íbúð svokallaða, félagslega kaupleiguíbúð, sem byggir á því að lánið sé til 50 ára, sem byggir á niðurgreiddum vöxtum, það fólk eigi að fá húsaleigubætur? En það fólk sem er hins vegar að berjast í bökkum við að eignast sitt eigið húsnæði og verður að greiða tvisvar og þrisvar sinnum hærri vexti og fær lán til helmingi skemmri tíma eða kannski til nokkurra ára eigi að búa við takmarkaðan frádrátt vegna fjármagnskostnaðar eða takmarkaðar greiðslur af þeim sökum? Hvort það er kallað húsnæðisbætur eða annað, að það fólk eigi að bera þungann sjálft og ekki eigi að taka tillit til þess í skattalögum með sama hætti og gera á í sambandi við húsaleigubætur? Á sem sagt að gera hvort tveggja, á að greiða með framlögum úr ríkissjóði háar fjárhæðir í vaxtamun til þess að gera húsaleigustefnuna aðlaðandi með því að falsa tölur á kostnað allra í landinu, búa til opinberan fjármagnskostnað? Og á til viðbótar að búa til sérstakar húsaleigubætur til þess að gera þetta kerfi enn þá meira aðlaðandi? Hver á síðan að greiða þetta? Og hvernig lítur þetta út ef við horfum 10 eða 20 ár fram í tímann, ef hver einasti maður í landinu er þá

kominn í þá stöðu að búa við húsaleigubætur og búa við niðurfærðan vaxtakostnað? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta. Og ég vil líka spyrja: Er hugmyndin að setja á fót einhverjar opinberar leigumiðlanir til þess að einhverjir lúxuskratar geti setið þar fyrir opinbert fé án þess að gera gagn í staðinn fyrir að láta einstaklingana sjálfa um að leysa mál af þessu tagi eins og ævinlega hefur reynst farsælast? Það hefur jafnan einkennt Alþfl. að hugsa vel um sína og má kannski segja að leigumiðlanir þurfi ekki að vera mjög víða til þess að uppfylla þörfina eins og nú er komið og eins og Alþfl. hefur minnkað, búið að leggja hann niður hér við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík.

Nú er spurning, herra forseti, hvað átt sé við með þegar talað er um skipulag og stjórn, yfirstjórn, á bls. 3 í frv. Þar er kafli sem heitir: Sveitarstjórnir og húsnæðisnefndir. Þar stendur í 55. gr. sem verður, eftir 3. gr. frv.: „Sveitarfélag ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess." Þá er spurningin: Er þannig um hnútana búið að sveitarfélögin geti takmarkað ábyrgðina, ráðið því í hverju ábyrgðin verður fólgin? Á framkvæmdin með öðrum orðum að vera í höndum sveitarfélaganna? Í 57. gr. sem verður, stendur:

„Sveitarstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á félagslegum íbúðum á vegum hennar og enn fremur ábyrgð á framkvæmdum.

Skylt er sveitarstjórn að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflum.

Sveitarstjórn ber að kanna heildarþörf á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu og á grundvelli hennar skal unnin fjögurra ára áætlun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum sem endurskoðuð skal árlega.

Áætlanir um byggingu eða kaup félagslegra íbúða eiga að byggjast á mati á þörf fyrir nýjar íbúðir, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu og mannfjöldaþróun. Einnig komi fram í áætluninni fjöldi þeirra íbúða sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, æskilegar stærðir, húsgerð og áætlaður byggingartími. Jafnframt skal gerð grein fyrir æskilegri skiptingu íbúða milli eignaríbúða og leiguíbúða."

Svo mörg eru þau orð. Hver er það sem á að hafa framkvæmdina með höndum? Og hver á að vinna í umboði sveitarstjórnarinnar? Við fáum upplýsingar um það í f-lið 3. gr., sem verður 56. gr. Þar er talað um að skipaðar verði sérstakar húsnæðisnefndir og skal kosið í þær að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Þrír skulu kjörnir af sveitarstjórn og tveir fulltrúar tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í frv. segir að nefndin skuli fara með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar og almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál. Og nú spyr ég: Er eðlilegt að löggjafinn geti sett ákvæði af þessu tagi inn í lög, annars vegar lagt skyldur á sveitarfélögin að vinna að ákveðnum hlutum í húsnæðismálum, síðan sett á fót nefnd sem skal vera framkvæmdaraðili og vinna í umboði sveitarstjórnar þó svo að meiri hluti viðkomandi sveitarfélags sé ekki afgerandi í nefndinni? Engin trygging sé með öðrum orðum fyrir því að nefndin hafi sömu stefnu í húsnæðismálum og meiri hluti sveitarstjórnar.

Nú skulum við aðeins athuga þessi mál. Nýbúið er að úthluta félagslegum íbúðum hjá Húsnæðisstofnun. Það stendur m.a. svo á í Ólafsfirði þar sem Sjálfstfl. er í meiri hluta — það er kannski tilviljun að þetta dæmi skuli einmitt koma upp í Ólafsfirði þar sem Sjálfstfl. hefur meiri hluta — að bærinn sótti um 14 íbúðir í því sem kallað hefur verið hið félagslega kerfi. Nú hefur fengist svar þar sem í ljós kemur að í hlut bæjarins hafa einungis komið lán til byggingar tveggja almennra kaupleiguíbúða.

Ég spurðist fyrir um það hvernig á því stæði að svo illa hefði tekist til. Mér var sagt að umsókn þeirra Ólafsfirðinga hefði verið röng, þeir hefðu ekki kunnað að sækja um. Ef þeir hefðu sótt um eftir annarri formúlu hefðu þeir fengið fleiri íbúðir. Þær hefðu hins vegar ekki allar heitið kaupleiguíbúðir. Það er líka til eitthvert fyrirbæri sem heitir leiguíbúð sveitarfélaga og eitthvað fleira sem ég kann ekki að nefna. Þannig varð skriffinnskan til þess, var mér sagt í skriffinnskuapparatinu, skriffinnskubákninu, að ekki var aðeins níðst á sveitarfélaginu með þessum hætti heldur er búið að búa til einhverja formúlu hér í Reykjavík, ég veit ekki eftir hvaða heimildum, hvers konar félagslegar íbúðir sveitarstjórnirnar eigi að byggja úti á landi. Hvað segir hæstv. félmrh. um það? Er þetta víða? Það væri nauðsynlegt að fá um það upplýsingar. (**Gripið fram í:** Get ég gert eitthvað fyrir þig, Halldór?) Hér inni, herra forseti, er hvorki formaður félmn. né ráðherra. (**Forseti:** Ráðherrann er í kallfæri hér.) Ja, ekki sé ég hann. Ég held að ráðherrar geti vel setið hér í deildinni eða verið þar sem þeir sjást. Þeir sækja ekki þingfundi það vel.

Ég var að hafa orð á því, hæstv. ráðherra, að það væri búið að búa til formúlu fyrir því hér í Reykjavík hvers konar félagslegar íbúðir sveitarfélögin ættu kost á en þau mættu ekki einu sinni ráða því, slíkt er ofríkið orðið. Þetta eru þær upplýsingar sem ég fékk.

Nú væri fróðlegt að fá að vita frá hæstv. félmrh. eða yfirstjórn húsnæðismála hvað lagt er til grundvallar þegar verið er að skammta sveitarfélögunum eftir einhverjum slíkum heimagerðum formúlum. Nema þetta sé kannski ósatt sem við mig hefur verið sagt. Það er annað sem er til marks um þetta. Þegar ég leitaði til ráðuneytisins og fékk upplýsingar var sagt við mig að samkvæmt íbúaspá, íbúðaspá eða mannfjöldaspá Byggðastofnunar þyrfti viðkomandi sveitarfélag ekki á frekari íbúðum að halda. Ég sagði viðkomandi starfsmanni félmrn. að þetta mál hefði komið upp hér við 1. umr. málsins og ég hefði þá tekið það sérstaklega fram að einhver framreikningur sem beðið er um hjá Byggðastofnun, framreikningur á íbúafjölda á þeim forsendum að athuga hvernig mannfjöldi hafi verið sl. 10 ár og reyna að reikna út frá þeim forsendum hvernig mannfjöldi verði næstu 10 ár, er auðvitað engin spá um það hvernig fjölgar á næsta ári. Algjörlega út í bláinn. Það

er ekkert hægt að verja sig með einhverjum slíkum spám þegar verið er að reyna að gera sér grein fyrir því hvar helst sé þörf á því að reisa íbúðarhúsnæði.

Ólafsfjörður er einmitt mjög glöggt dæmi um þetta, herra forseti. Að halda að þau göng sem verða opnuð á hausti komanda, þau göng gegnum Múlann skipti engu máli í sambandi við byggðaþróun. Við getum tekið annað dæmi. Það gefur auðvitað auga leið að það hefur mikil áhrif á byggðaþróun við Eyjafjörð ef álver rís á Dysnesi á næstu árum. Auðvitað mun það gera að engu allar spár um mannfjölda á þessum slóðum miðað við það hvernig umhorfs var við Eyjafjörð á árunum 1978–1988 eða 1979–1989 eða hvað við erum að tala um. Við getum talað um staði eins og Patreksfjörð þar sem svo stóð um skeið að horfur voru á að skipin sem þar eru hyrfu á brott. Það hefði auðvitað haft mjög skaðleg áhrif á byggðaþróun, ekki aðeins á Patreksfirði heldur einnig á Tálknafirði og Bíldudal, í allri Vestur-Barðastrandarsýslu. Á hinn bóginn er ástandið nú orðið þannig á Patreksfirði, vegna þess að opinberir sjóðir hlupu undir bagga, að þeir hafa viljað kaupa skip frá Suðurnesjum til Patreksfjarðar. Það mál er nú í athugun hjá stjórn Hlutabréfasjóðs. Og er þá kannski spurning hvort Byggðastofnun muni með sama hætti gjaldfella allar skuldir sem eru í Byggðastofnun á viðkomandi skipi ef það fer frá Suðurnesjum til Patreksfjarðar eins og gjaldfelldar voru skuldirnar ef skipið hefði farið frá Patreksfirði til Suðurnesja. En auðvitað sjáum við að ef þetta skip kemur til Patreksfjarðar mun atvinnuástandið gjörbreytast, samgöngur gjörbreytast með hinni nýju ferju yfir Breiðafjörðinn. Því er þess að vænta að fólk festist fremur í sessi á þessum stað. Ef það kemur á hinn bóginn í ljós að þessi mikla aðstoð verður til einskis og ef það kemur í ljós að Breiðafjarðarferjan skiptir ekki máli fyrir byggðaþróun í Vestur-Barðastrandarsýslu gefur það á hinn bóginn vísbendingu um hversu erfitt er með opinberri aðstoð, opinberum fjárveitingum að tryggja það að lífvænleg byggð haldist þar sem hún hefur áður staðið höllum fæti.

Þarf ekki um þetta að fara frekari orðum en ég vil einungis harma það, herra forseti, að svo skuli hafa tekist til, eins og við í stjórn Byggðastofnunar óttuðumst, að sú skýrsla sem starfsmenn Byggðastofnunarinnar hafa unnið og byggir á þeim forsendum að reyna að gera grein fyrir því hvernig umhorfs verði í landinu ef fólksflutningar verða með sama hætti á næstu árum og verið hefur, er notuð í allt öðrum tilgangi og getur þess vegna beinlínis orðið skaðleg.

Það sýnir með öðru forsjárhyggju þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, sú nauðung sem ríkisstjórnin vill beita sveitarfélögin í landinu, hvernig frá t-lið 3. gr. er gengið í frv. Sú gr., sem verður 69. gr., orðast svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafi framkvæmdaaðili áður hafnað forkaupsrétti að félagslegri íbúð skal ekki veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú ár frá því forkaupsrétti var hafnað."

Í grg. segir um þetta atriði: „Hér er nýmæli á ferðinni. Í því skyni að koma í veg fyrir að sveitarfélög, sem hafna forkaupsrétti að félagslegri íbúð, ráðist á sama tíma í framkvæmdir við félagslegar íbúðir er lagt til að höfnun á forkaupsrétti standi í vegi fyrir láni til þess sveitarfélags næstu þrjú árin frá því forkaupsrétti var synjað. Með því móti má afstýra því að sveitarfélög takist á hendur ónauðsynlegar framkvæmdir við félagslegar íbúðir." Svo mörg voru þau orð.

Að vísu hefur nefndin breytt þessu, ég er ekki með brtt. hér hjá mér, hvort það var niður í eitt ár eða tvö, mér er það ekki ljóst. En ég hygg að nefndin hafi breytt þessu ákvæði. Það væri kannski hægt, herra forseti, að fá brtt. nefndarinnar hér upp í ræðustól.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða tilefni er til þessarar breytingar? Hér er brtt.: „Þetta á þó ekki við ef íbúðin hentar ekki að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsókna." Það á sem sagt að halda áfram nauðunginni í þrjú ár.

Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé að ráðherrann útskýri hvaða nauðsyn ber til þess að setja þetta inn. Ég þekki dæmi um það sem hér um ræðir frá Raufarhöfn frá síðustu árum, ég man ekki hvort það eru tvö eða þrjú ár síðan. Ég held að þetta dæmi sé frá þeim tíma sem núv. félmrh. sat í því embætti. Þannig stóð á á Raufarhöfn að eigandi verkamannabústaðar hafði ekki tök á að halda húsnæðinu þannig að þessi verkamannabústaður var settur á uppboð og seldur á nauðungaruppboði Byggingarsjóði verkamanna. Það var einn verkamaður á Raufarhöfn sem var giftur verkakonu sem óskaði eftir því við Byggingarsjóð verkamanna að fá íbúðina keypta á því verði sem hún seldist á uppboðinu. Þetta verkafólk var jafnframt reiðubúið til þess að greiða áhvílandi lán á viðkomandi íbúð eftir kjörum Byggingarsjóðs ríkisins. Kerfið sagði á hinn bóginn að verkamannabústaðurinn yrði að vera verkamannabústaður áfram og þá var hlaupið til og metið hvað þyrfti að gera við þessa íbúð til þess að hún gæti kallast boðleg í því kerfi sem heitir „verkamannabústaðakerfi" eða „félagslegt kerfi". Þá kom í ljós að kosta þyrfti 800 þús. kr. til viðgerða á íbúðinni. Nú vildi svo til að þessi ungu hjón voru bæði laghent og áttu auk heldur iðnaðarmenn fyrir feður, þannig að þetta fólk hafði hugsað sér að gera sjálft við það sem það taldi nauðsynlegt að lagfæra og smátt og smátt koma íbúðinni í það horf sem það sætti sig við og nota til þess þann dauða tíma sem stundum er í þessum sjávarplássum, eins og við þekkjum.

Við stóðum í þessu stappi í nokkra mánuði. Ég vil taka það fram að við sem reyndum að ná þessu fram, að ungi verkamaðurinn og unga verkakonan gætu fengið þessa íbúð keypta, nutum góðrar aðstoðar m.a. fulltrúa Alþýðusambands Íslands í húsnæðismálastjórn, og að síðustu hafðist þetta. Að síðustu tókst þetta. Og þessi ungu hjón fengu íbúðina með þeim kjörum sem þau báðu um og síðan var hægt að veita því fé úr Byggingarsjóði verkamanna sem um var talað í annað og þarfara. Auðvitað átti þetta unga fólk fullan rétt á því að kaupa innan kerfis félagslegra íbúða, hvort tveggja verkafólk og þar að auki áttu þau börn. En þau voru með þessa undarlegu áráttu

að vilja komast yfir húsnæðið ódýrt og þetta unga fólk sá ekki eftir sér, né fjölskyldur þeirra, að leggja á sig nokkra vinnu til þess að kostnaðurinn við þeirra eignaríbúð yrði eins lítill og hugsast gæti.

Þarna erum við einmitt komin að kjarna þessa máls og hann er sá að fyrir félmrh. vakir ekki með þessu frv. að stuðla að því að það fjármagn sem fest er í íbúðarhúsnæði hér á landi verði minna en áður. Hæstv. félmrh. lætur sig slíka hluti engu skipta. Og það sem er kannski enn alvarlegra er að hæstv. félmrh. er að beita sér fyrir lagasetningu sem leggur þungar og miklar skyldur á herðar sveitarfélögunum í landinu en þessi sveitarfélög eiga ekki einungis að hafa það vald án nauðungar að geta gert upp við sig og ráðið sjálft hvort þau muni neyta forkaupsréttar, t.d. í því tilviki sem ég var að lýsa hér áðan, að íbúð í verkamannabústaðakerfi færi í nauðungarsölu og af þeim sökum væri hagkvæmt bæði fyrir fólk á staðnum og sveitarfélagið að viðkomandi íbúð falli úr félagslegri eigu, sveitarfélagið nýti með öðrum orðum ekki forkaupsréttinn.

Það má líka velta því fyrir sér í hvaða stöðu sveitarfélagið sé ef til slíkrar nauðungarsölu kemur þegar þessi lagagrein er svo fortakslaus og, eins og ég skil hana, tekur einnig til eignaríbúðar og þarf þá ekki að öðru leyti um það að ræða, hlýtur í rauninni að eiga við eignaríbúðir, getur ekki átt við annað.

Spurningin er auðvitað: Hefur verið sýnt fram á að félagslegar íbúðir séu ódýrari en aðrar íbúðir? Hefur hæstv. húsnæðisráðherra einhverjar tölur um það? Hvert er t.d. meðalverð félagslegrar íbúðar í Reykjavík, hvert var það í Kópavogi, sl. fimm ár, hvert var það á Akureyri, hvert var það á Húsavík? Hefur það verið athugað? Og hefur ráðherrann einhverja glögga skýringu á því hvernig standi á því að verð hinna félagslegu íbúða eru í engu samræmi við almennt markaðsverð á viðkomandi stöðum? Rýkur upp og niður og er í engu samhengi. Ekki hægt að lesa úr því neitt samhengi frá einu ári til annars ef horft er til þeirrar þróunar. Þannig að auðvelt og raunar óhjákvæmilegt er að draga þá ályktun að hið félagslega íbúðakerfi sé ekki hagkvæmt, hvorki fyrir þá sem í þeim íbúðum búa né til lengdar litið fyrir sveitarfélögin eða þjóðfélagið í heild sinni.

Í þeim kafla þessa frv. sem heitir „Réttur einstaklinga til félagslegra íbúða" er rétt að líta aðeins á þau skilyrði sem sett eru fyrir því að einstaklingi sé heimilt að festa kaup á félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð. Hér stendur í a-lið: „Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi." — Eða samsvarandi eign í öðru formi. Hvað þýðir þetta? (**Gripið fram í:** Skilurðu ekki íslenskt mál?) Er þarna einungis átt við eignaríbúðir? Eða er t.d. átt við vörubíl? Er átt við trillu? Hvað er átt við? Hefur trillusjómaður ekki rétt á að eignast íbúð eftir þessari grein ef hann á trilluna skuldlausa, þó svo að tekjur hans séu kannski litlar og aflabrögð rýr? Þýðir þetta að vörubílstjóri hefur ekki sjálfkrafa rétt á því að eignast íbúð í hinu félagslega kerfi ef skuldastaðan er bærileg hjá honum gagnvart sínu atvinnutæki? Hvað þýðir þetta? Það væri fróðlegt að fá við því einhver svör.

Eigum við að taka annað dæmi? Það er heimilt, samkvæmt núgildandi lögum, að eftirlifandi maki sitji í óskiptu búi. Nú getur verið af einhverjum ástæðum að hann sjái ástæðu til að skipta sínu búi og með þeim hætti falli einhverjar eignir til fólks sem þó vill ekki ganga nærri sínu foreldri og getur þá eignast eitthvað í öðru formi. Þetta er náttúrlega svolítið óljóst. Hvað er átt við með „eiga ekki íbúð fyrir"? Loðdýrabóndi, sem að nafninu til á íbúð einhvers staðar uppi í sveit og búið er að rýja öllum eignum sínum, á hann íbúð fyrir? Á meðan verið er að fara þá leið að jörðin hans seljist á nauðungaruppboði og íbúðarhúsið með, verður honum þá sjálfkrafa vísað frá af því hann á íbúð fyrir? Hvað þýðir þetta? Það er alveg nauðsynlegt að fá einhverjar skýringar á því.

Hvað er eign? Ég held að ráðherra verði að upplýsa við hvaða fjárhæðir hann miðar í þessu. Ekki man ég hvort það er í núgildandi lögum. Það virðist svo eftir greinargerð. En ekki finnst mér það skipta máli því ekki eru þau gallalaus nema síður sé að því er tekur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Í öðru lagi stendur hér: „Réttur til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði: ... Hafa haft meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram sem svarar eigi hærri fjárhæð en 974.667 kr. fyrir einstakling og 88.900 kr. fyrir hvert barn. Viðmiðunartekjur hjóna skulu vera 25% hærri en hjá einstaklingi. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Fyrrgreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltekjur áranna 1986, 1987 og 1988."

Síðan er sagt að sýna verði fram á viðunandi greiðslugetu þannig að greiðslubyrði lána fari ekki yfir þriðjung af tekjum. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra af þessu tilefni: Er honum kunnugt um það hvernig fjölskyldur standa stundum að málum ef við mikla erfiðleika er að etja? Það er alveg rétt, eins og ég sagði hér áðan, herra forseti, það kemur fyrir að verkamannaíbúðir fari á uppboð. Stundum er það náttúrlega vegna þess að viðkomandi eru miklir einstæðingar og af þeim sökum hafa ekki getað haldið sínum íbúðum. Hitt er ekki síður og raunar miklu, miklu algengara að fólk sem býr í slíkum íbúðum, einstætt foreldri með börnum, fólk sem hefur ekki fulla heilsu eða af einhverjum ástæðum á erfitt uppdráttar um sinn eða til langframa, nýtur aðstoðar frá fjölskyldu sinni til þess einmitt að komast í það öryggi sem því fylgir að búa í slíkri íbúð. Það er miklu, miklu algengara. Þess vegna er mér alveg óskiljanlegt að sett skuli tekjumörk af þessu tagi inn í lögin.

Því er slegið föstu mjög greinilega að menn mega ekki hafa of miklar tekjur til þess að komast í þá aðstöðu að eignast íbúðir eftir hinu félagslega kerfi. Á hinn bóginn er þess krafist að greiðslubyrði lánanna fari ekki yfir þriðjung af tekjum. Þetta ákvæði er satt að segja mjög varhugavert, vanhugsað og hættu-

legt. Það getur verið skammtímaástand sem veldur því að viðkomandi hafi takmarkaðar tekjur. Það þarf ekki að vera viðvarandi ástand. Auk þess vil ég minna hæstv. ráðherra á að greiðslubyrði vegna opinberra gjalda hefur þyngst mjög verulega og af þeim sökum er það auðvitað svo að maður veltir miklu frekar fyrir sér, ekki því hvort þriðjungur af tekjum fólks með þessar tekjur sem hér er verið að tala um og verulega minni, dugi til þess að greiða afborganir og vexti af félagslegum íbúðum. Maður veltir því fyrir sér hvernig þetta fólk, sem á kannski tvö eða þrjú börn, kemst af með afganginn. Það er auðvitað meira umhugsunarefni. Þarna er líka um mjög varhugaverða grein að ræða sem enn einu sinni lýsir þeirri áráttu, sem allt þetta gengur út á, að hafa vit fyrir fólki. Allt frv. eins og það leggur sig, að hafa vit fyrir fólki. (Gripið fram í.) Það er ugglaust. Ég veit ekki hvort ráðherrann dreymir um að hanga í þessu sæti sínu svo áratugum skiptir og upplifa það að eiga allar íbúðir í landinu sem húsnæðisráðherra og geta horft yfir ríki sitt, leiguhjallana og sagt: Þetta á ég.

Það er auðvitað ekki til að auka sjálfsvirðingu fólks að beita opinberu afli til þess að koma í veg fyrir að fólk geti verið efnahagslega og fjárhagslega sjálfstætt. Ég get varla hugsað mér að nokkur ráðherra hafi farið með öllu ömurlegri hugsjón inn í sitt embætti en þetta, að breyta þjóðfélaginu svo að í staðinn fyrir að Íslendingar skeri sig úr sem það þjóðfélag þar sem eignarréttur á íbúðum er almennastur, þá muni nú vera svo komið að fjölgun leiguíbúða sé hvergi í veröldinni meiri en á Íslandi. Að hvergi í veröldinni fjölgi leiguíbúðum jafnmikið og á Íslandi. Og hvergi í veröldinni fækki íbúðum sem byggðar eru sem eignaríbúðir jafnmikið og hér á Íslandi á þeim tíma sem þessi einstaklingur skipar sæti hæstv. húsnæðisráðherra.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég ítreka þær fsp. sem ég gerði til hæstv. húsnæðisráðherra. Það er þá í fyrsta lagi: Hversu mikið fé er eftir óráðstafað handa þeim sem sótt hafa um greiðsluerfiðleikalán? Og í leiðinni: Hversu margar umsóknir liggja nú fyrir sem ósvarað er og um hversu háar fjárhæðir er þar að tefla?

Mér er sagt eftir minni viðkomandi að það séu eitthvað um 20–30 millj. eftir. Ég þori ekki að ábyrgjast að það sé rétt tala, en mér er sagt að þörfin sé tíföld.

Í öðru lagi spyr ég: Hvaða sérstöku ástæður eru til þess að sú regla skuli vera algjörlega ófrávíkjanleg að sveitarstjórn megi ekki hafa það í sinni hendi hvort hún nýtir forkaupsrétt í sambandi við sölu á félagslegri íbúð, hvort sem um nauðungarsölu er að ræða eða ekki? Hvernig stendur á því og hvaða sérstöku rök eru fyrir hendi að hæstv. ráðherra geri þetta að afdráttarlausri reglu? Það hljóta að vera meira en lítið veigamikil rök sem hníga að því.

Í þriðja lagi: Hefur hæstv. félmrh. gert það upp við sig hvort hann láti sér duga samsvarandi fjárhæðir á fjárlögum næsta árs, ef hann verður áfram í embætti, og hann hefur látið sér duga nú á þessu ári til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, að þær verði 150 millj. kr. og 500 millj. kr.? Kannski þær hækki lítillega í sambandi við verðbólgu. En að þetta sé nægilegt miðað við þær kröfur sem ráðherrann gerir til sjálfs sín og eiginfjárstöðu sjóðanna.

Ég vil í fjórða lagi spyrja hæstv. félmrh. hvort einhver möguleiki sé fyrir þau sveitarfélög sem hafa orðið illa úti í sambandi við úthlutun á félagslegum íbúðum á þessu ári að fá það leiðrétt. Nú liggur það fyrir að sum sveitarfélög fengu þá úthlutun að að fullu var orðið við beiðni þeirra um leyfi til að byggja félagslegar íbúðir. Önnur sveitarfélög voru skorin niður við trog. Ég tek það alveg sérstaklega fram að ég tel hæstv. ráðherra vera ábyrgan fyrir framkvæmd húsnæðismála í landinu.

Ég vil í fimmta lagi spyrja hæstv. félmrh. við hvað sé átt í tillögum nefndarinnar með tillögum um húsaleigubætur og leigumiðlanir sem vikið er að á bls. 15 í athugasemdum við lagafrumvarpið. Og ég vil spyrja ráðherrann að því hvort hugmynd hans sé að þeir einstaklingar sem taki á leigu félagslegar íbúðir eigi kost á einhverjum sérstökum húsaleigubótum. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá þetta atriði fram og samtímis hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að íbúðaeigendur fái samkvæmt skattalögum samsvarandi breytingar til að þeir standi ekki að þessu leyti höllum fæti gagnvart hinum sem í leiguhúsnæði búa. Með öðrum orðum, hvort húsnæðisráðherrann telur sig vera ráðherra þess fólks sem af eigin rammleik er að reyna að eignast þak yfir höfuðið eða hvort hann telur að það sé einhver annar sem eigi að gæta hagsmuna þess fólks.

Ég vil svo í sjötta lagi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann standi enn við þá fullyrðingu sína að hægt sé að bjóða upp á betri kosti í þessum leiguíbúðum, miðað við sömu opinberu fyrirgreiðslu, en gert er í verkamannabústaðakerfinu. Þá er ég að tala um að sveitarfélögin borgi það sama til verkamannabústaðakerfisins og þau borga til kaupleiguíbúða og þessara leiguíbúða. Ég er að tala um að ríkið geri þeim sams konar skil. Og ég er að spyrja ráðherrann að því hvort hann telji að umstangið, umsvifin og stofnanakostnaðurinn verði eitthvað mismunandi.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á að þeir sem eru í verkamannabústaðakerfinu standa sjálfir fyrir margvíslegu viðhaldi, verja þessar íbúðir eignatjóni, þykir vænt um þessar íbúðir. Þarf ekki að fjölyrða um þá miklu yfirburði sem það hefur bæði hér á landi og annars staðar, hvarvetna í veröldinni, að málunum sé sem mest komið í hendur einstaklinganna sjálfra. Að þeir eigi að bera ábyrgð á gjörðum sínum og að auðvelda eigi þeim og gera þeim kleift að vera sem sjálfstæðastir. Þá vil ég auðvitað leggja áherslu á það, eins og ég hef jafnan gert í þessum umræðum, að við sjálfstæðismenn höfum talið sjálfseignarkostinn bestan um leið og við höfum lagt á það ríka áherslu að við viljum eign fyrir alla og við viljum auðvelda því fólki sem lægstar hefur tekjur að komast í eigið húsnæði.

Um leið leggjum við ríka áherslu og minnum á það mikla starf sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur unnið, það mikla framtak sem hún hefur sýnt til þess að koma til móts við þá sem verst eru staddir og rekið af þeim sökum leiguíbúðir til þess að hlaupa þar undir bagga.

Á allt þetta vil ég minna og að síðustu aðeins segja þetta: Það dettur áreiðanlega engum í þessu húsi í hug, öðrum en þeim mönnum sem eiga sæti í ríkisstjórn, ég skal ekki segja, kannski forseta sameinaðs Alþingis og svona einstaka krata þar fyrir utan, að yfirstjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og félmrn. á öllu íbúðarbákninu í landinu sé til meiri farsældar en einstaklingarnir sjálfir og völd fólksins, hvar sem það býr á landinu. Þess vegna væri þetta frv. mjög gott ef það hefði gengið í gagnstæðar áttir, aukið sjálfstæði sveitarfélaganna, byggðarlaganna, yfirsýn með félagslegum þætti húsnæðismálanna, fært það í þeirra hendur sem þar búa. Og ef það yrði gert um leið að þeir sem bera ábyrðina, framkvæmdarábyrgð, lagaábyrgð og fjárhagslega ábyrgð, hafi líka ákvörðunarvaldið í sínum höndum. Það er það sem nauðsynlegt er að verði og nauðsynlegt er að gerist.

Ég vil svo að síðustu, vegna þess hvaða maður stjórnar hér fundi, rifja upp hversu ánægjulegt samstarf ég átti við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar á sínum tíma í tengslum við kjarasamningana 1986 og upp úr því og allar þær mörgu viðræður sem ég átti þá við fulltrúa úr þessum hópum um það eðlilega markmið sem við vildum setja okkur, að hjálpa sem flestum að eignast íbúðarhúsnæði og reyna að koma í veg fyrir margvíslega misnotkun og margvíslegt, ég vil segja ranglæti sem almennt félagslegt kerfi hefur haft í för með sér hvar sem er. Það er það sem er hið sorglega í þessu máli. Og af þeim sökum er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. þessara einföldu spurninga.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka félmn., bæði meiri hl. og minni hl. nefndarinnar, fyrir afgreiðslu á þessu frv. Ég tel að nefndin hafi unnið hér gott starf og farið ítarlega yfir frv. og það hafi fengið góða umfjöllun. Fyrir það vil ég þakka og ég tel að þær brtt. sem hér hafa verið lagðar fram séu til bóta.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. kom víða við í sinni ræðu og lagði fyrir mig ýmsar spurningar um húsnæðismálin á mjög breiðum grundvelli. Ég skal leitast við að svara þeim spurningum sem hér hafa verið lagðar fyrir mig.

Hv. þm. kom í fyrsta lagi inn á greiðsluerfiðleikalánin. Það er auðvitað nokkurt áhyggjuefni hvað greiðsluerfiðleikalán hafa verið viðvarandi lengi. Síðan 1985 hygg ég að úthlutað hafi verið vegna greiðsluerfiðleika um þrem milljörðum kr. Hv. þm. spyr um stöðu þessara mála núna. Sú skýrsla sem ég fékk fyrir nokkrum vikum síðan sýndi að 250 umsóknir um lán voru óafgreiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Viðræður hafa staðið lengi yfir milli viðskrn., félmrn. og Húsnæðisstofnunar annars vegar og viðskiptabankanna og sparisjóða hins vegar um að þeir tækju þátt í þessum greiðsluerfiðleikalánum. Niðurstaða fékkst í það mál í upphafi ársins þannig að viðskiptabankar og sparisjóðir lögðu til greiðsluerfiðleikalána um 130 millj. kr. Það var mat Húsnæðisstofnunar að með því fjármagni mundi vera hægt að afgreiða þessar óafgreiddu umsóknir sem fyrir lágu, sem voru um 250. Frekari afstaða hefur ekki verið tekin til greiðsluerfiðleikamálanna en ég hef hér lýst. Það hefur verið reynt að fullnægja þeim umsóknum sem liggja fyrir. Auðvitað er viðbúið að koma þurfi til fleiri greiðsluerfiðleikalána á þessu ári og mun ég skoða það mál sérstaklega og taka upp í ríkisstjórninni ef efni standa til.

Hv. þm. fór hér nokkrum orðum um húsaleigubætur og leigumiðlanir, sem að vísu eru ekki í þessu frv. eins og það er hér lagt fram. Þess er getið í greinargerðinni vegna þess að nefnd sú sem fjallaði um frv. skilaði einnig ítarlegri skýrslu um félagslega húsnæðiskerfið eins og ég minnti hv. þm. á við 1. umr. málsins og væri e.t.v. fróðlegt fyrir hann að fara yfir hana. Þar er getið ýmissa annarra tillagna en fram koma í frv. sem nefndin telur rétt að verði kannaðar sérstaklega. Þar á meðal eru þessar húsaleigubætur og leigumiðlanir.

Þar sem húsaleigubætur eða löggjöf um það efni er ekki í höndum félmrn. heldur í höndum fjmrn. vil ég upplýsa að mér er kunnugt um að fjmrn. er að skoða það mál sérstaklega. Hvernig útfærslan á því verður í einstökum atriðum er mér ekki kunnugt um á þessari stundu.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna. Ég held að nauðsynlegt sé að athuga út frá hvaða forsendum við ræðum fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna. Það er alveg ljóst og liggur fyrir að þrátt fyrir að ríkisframlög hafi verið skorin niður hefur útlánageta sjóðanna ekki skerst. Vil ég t.d. minna á í því sambandi að frá því að biðraðakerfið var tekið upp 1986 hafa útlánin engu að síður aukist að raungildi um 56%. Ég miða hér við verðlag 1989. Þá var um 4,8 milljörðum úthlutað í lán frá Byggingarsjóði ríkisins en á árinu 1989 var það um 7,5 milljarðar. Og ef við tökum með á þessu ári það fjármagn sem fer til húsbréfakefisins, þá erum við að tala um útlán úr Byggingarsjóði ríkisins upp á 9,6 milljarða og heildarútlán að meðtöldum Byggingarsjóði verkamanna upp á 13,4 milljarða kr.

Hitt er engu að síður ljóst með það kerfi sem við höfum búið við frá 1986 að við þekkjum þá galla sem það býr yfir. Það er nú einu sinni svo að þrátt fyrir það að útlánin hafi aukist að raungildi um það fjármagn sem ég hef hér lýst, þá er enn óleyst þörf í kerfinu upp á 21 milljarð kr. og biðröðin í þessu . . . **(Gripið fram í:** Hvað á ráðherrann við með því?) Ég er að tala um óafgreiddar umsóknir í þessu kerfi frá 1986, það kostar um 21 milljarð kr. að afgreiða þær umsóknir. Engu að síður er biðtíminn þarna mjög langur eða 2–3 ár.

Ég held að líka sé rétt að skoða málin í því ljósi að

mikill vaxtamismunur hefur verið í húsnæðislánakerfinu frá 1986. Hefur vaxtamunurinn verið um 3% eða rúmlega það í þessu kerfi. Það er auðvitað hverjum manni ljóst að slíkar niðurgreiðslur kosta mjög mikla fjármuni. Kannski er rétt að minna á að með hverju 4 millj. kr. láni úr Byggingarsjóði ríkisins greiðir sjóðurinn um 3,5 millj. í niðurgreiðslur vaxta á lánstímanum. Þetta hafa lántakendur fengið hvort sem þeir þurfa á því að halda eða ekki. Þetta kerfi kallar auðvitað á það að fólk fer í biðröð eftir þessum lánum hvort sem það þarf á því að halda eða ekki og þær miklu niðurgreiðslur, sem ég hef hér lýst, hefur ríkissjóður þurft að greiða til ýmissa sem hafa verið að sækja í þetta kerfi þó þeir hafi ekki þurft á því að halda, þó þeir hafi átt íbúð fyrir o.s.frv. Og þessi langa biðröð hefur auðvitað orðið til þess að þeir sem eru í brýnni þörf hafa þurft að bíða þarna lengi.

Fyrir nokkru síðan setti ríkisstjórnin í gang, að minni ósk, úttekt á fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna. Þar átti auðvitað sérstaklega að líta á eiginfjárstöðu sjóðanna og skoða þann mikla vaxtamun sem er í kerfinu og þörf fyrir ríkisframlag. Væntanlega lýkur þeirri úttekt innan tíðar og ættu niðurstöður að liggja fyrir áður en farið verður að vinna að næstu fjárlögum. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að tekið verði mið af þeirri úttekt við fjárlagagerðina að því er varðar stöðu sjóðanna. Ef hugmyndin er að viðhalda því kerfi frá 1986 sem ég hef hér lýst, sem kallar á þetta mikla fjármagn og með því að það er það mikill vaxtamismunur í þessu kerfi, þá verða menn auðvitað að gera það upp við sig, til þess að ekki sé gengið á eiginfjárstöðu sjóðsins, hvort auka eigi ríkisframlagið í Byggingarsjóð ríkisins eða að skoða hvernig hægt er að brúa þann vaxtamun, hvort eigi að gera það með hækkun vaxta í kerfinu eða með öðrum hætti.

Hitt verða menn líka að skoða í þessu ljósi að með upptöku húsbréfakerfisins hafa forsendur verulega breyst að því er varðar ríkisframlag. Og ef við byggjum ekki við þetta kerfi sem við búum við í dag frá 1986, þá þyrftum við ekki að nota ríkisframlag í annað en félagslega kerfið. Svar mitt til hv. þm. er því að þetta mál, að því er varðar fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna, er í sérstakri skoðun af hálfu ráðuneytisins. Um það hefur verið fjallað í ríkisstjórn og vænti ég að niðurstöður geti legið fyrir þannig að hægt sé að taka mið af þeim við næstu fjárlagagerð.

Að því er varðar úthlutun félagslegra íbúða til einstakra sveitarstjórna og annarra sem sækja um er það alveg deginum ljósara, og hv. þm. ætti að vera það ljóst, að félmrh. eða félmrn. hafa ekki afskipti af þessari úthlutun. Sú löggjöf sem við búum við er með þeim hætti að ráðherra getur ekki haft afskipti af þeirri úthlutun. Það ber ekki einu sinni að leggja hana fyrir ráðherra til staðfestingar, hvað þá að ráðherra hafi bein áhrif á þessa úthlutun. Enda sá ég ekki fyrr en fyrst í gær hvernig sú úthlutun leit út. Hitt er annað mál að Húsnæðisstofnun hefur haft skýrslu nefndar Byggðastofnunar til hliðsjónar sem hv. þm. ætti nú að vera kunnugt um. Ég veit ekki betur en hann eigi sæti í stjórn Byggðastofnunar. (**HBl:** Þetta er ekki skýrsla Byggðastofnunar.) Þetta er skýrsla sem var unnin af Byggðastofnun. (**HBl:** Hún var unnin af starfsmönnum en ekki á ábyrgð Byggðastofnunar.) Hvað sem því líður var óskað eftir þessari útttekt af hálfu húsnæðismálastjórnar og í nafni Byggðastofnunar er þessi skýrsla afhent húsnæðismálastjórn, ég veit ekki betur. Í þeirri úthlutun félagslegra íbúða á landsbyggðina, sem fram hefur farið nú, hefur verið gengið mun lengra en þessi skýrsla kvað á um og er það vel.

Að því er varðar það hvort Húsnæðisstofnun stýrir því hvaða félagsleg form íbúða hvert sveitarfélag fær, þá veit ég ekki hvað skal segja um það. Sveitarfélögin hafa þarna fjóra kosti. Þau geta sótt um almennar kaupleiguíbúðir, félagslegar kaupleiguíbúðir, verkamannabústaðaíbúðir og leiguíbúðir. Ég verð að segja að það kom mér svolítið spánskt fyrir sjónir hvernig skiptingin var milli verkamannabústaða og kaupleiguíbúða miðað við þær umsóknir og vilja sveitarfélaganna sem lá fyrir. Það lá fyrir að sveitarfélögin höfðu sótt um 972 kaupleiguíbúðir en fengu einungis úthlutað tæplega þriðjungi af sinni ósk, þ.e. 300 kaupleiguíbúðum var úthlutað en óskir sveitarfélaganna voru 972 kaupleiguíbúðir. Aftur á móti var ósk sveitarfélaganna um 570 verkamannaíbúðir og þar er úthlutað 351 eða um 65% af því sem óskað var eftir, meðan það var einungis úthlutað um 300 kaupleiguíbúðum þó að sveitarfélögin óski eftir 972 íbúðum. Húsnæðismálastjórn stýrir þessu með ákveðnum hætti að verkamannabústaðakerfinu, að mér sýnist helst gegn vilja margra sveitarfélaga.

Að því er varðar forkaupsréttinn sem hv. þm. nefndi og fram kemur í frv. vil ég vitna til þess sem segir um þessa grein. Þar er sagt: „Í því skyni að koma í veg fyrir að sveitarfélög, sem hafna forkaupsrétti að félagslegri íbúð, ráðist á sama tíma í framkvæmdir við félagslegar íbúðir er lagt til að höfnun á forkaupsrétti standi í vegi fyrir láni til þess sveitarfélags næstu þrjú árin frá því að forkaupsrétti var synjað. Með því móti má afstýra því að sveitarfélög takist á hendur ónauðsynlegar framkvæmdir við félagslegar íbúðir."

Auðvitað ber til þess að horfa að verulega mikið af opinberu fjármagni er sett til félagslegra íbúða og það styrkt með margvíslegum hætti. Því hljóta að vera ákveðnar kvaðir og skilyrði inni í löggjöf sem stuðla að því að halda þessum félagslegu íbúðum sem félagslegum íbúðum áfram en þær fari ekki á almennan markað. Ég hygg að þetta ákvæði sé m.a. til komið til þess. Á það ber einnig að minna að ég minnist þess ekki að Samband ísl. sveitarfélaga hafi gert athugasemdir við þetta ákvæði og minni einnig á það að Samband ísl. sveitarfélaga átti fulltrúa, átti aðild að samningu þessa frv. Veit ég ekki til að ágreiningur hafi verið um það hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það eru þá helst sveitarfélögin sem ættu að gera athugasemdir við þetta ákvæði ef þeim sýndist svo.

En ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fjölyrða meira um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það fór svo að svör hæstv. félmrh. voru að sumu leyti misvísandi, í einstaka tilvikum fullnægjandi, í öðrum tilvikum efnislega á þá lund að ég á erfitt með að sætta mig við þá niðurstöðu sem þar kom fram.

Ég vil fyrst, herra forseti, vekja athygli á því sem hæstv. félmrh. sagði þegar hann svaraði fyrirspurnum mínum varðandi greiðsluerfiðleikalán. Hæstv. félmrh. vitnaði í gamla skýrslu og sagði að í þeirri skýrslu hefði komið fram að um 250 umsóknir hefðu verið óafgreiddar og talaði um að bankar og sparisjóðir legðu fram fé. Og með aðstoð viðskrh., skildist mér, hefði verið aflað 130 millj. kr. í þessu skyni og kannski hefur eitthvað komið eftir öðrum leiðum, það kom ekki fram hjá ráðherra. En hann taldi að þessari þörf hefði þar með verið fullnægt. Jafnframt kom fram að ráðherra taldi sorglegt hversu illa hefði gengið að draga úr þörf fyrir erfiðleikalánin og virðist ekki skilja að þegar lífskjörin versna á tveim árum um 15–20% er auðvitað minna eftir til þess að standa við lánaskuldbindingar en áður var. Auk þess hefur innheimta verið hert almennt hjá lánastofnunum á hinum almenna markaði. Það á því ekki að þurfa að koma ráðherra á óvart þó þörfin fyrir greiðsluerfiðleikalán sé vaxandi. Raunar virðist svo vera ef það er rétt hjá ráðherra að í ársbyrjun hafi um 130, ef ég hef tekið rétt eftir, að um 130 millj. kr. hafi fullnægt þörfinni, því að mér er sagt nú að það þurfi tvöfalda þá upphæð til þess að fullnægja þeirri þörf sem nú er fyrir hendi. Tek ég auðvitað fram að ég er ekki með nákvæmar tölur upp á milljón, ég er í grófum dráttum að tala um þá þörf sem er fyrir hendi.

Ráðherrann sagði að hann mundi skoða þetta mál. Það er alltaf talað um að skoða. Ég er farinn að sakna þess sem einu sinni var sagt í þinginu. Þá sagði hver einasti þingmaður að hann ætlaði að fara ofan í saumana á því sem var auðvitað mjög nýstárlegt og skemmtilegt þegar maður heyrði það í fyrsta skiptið. Mig minnir að Eysteinn hafi verið einna fyrstur til þess að koma með þetta orðalag inn í þingsalina. Hann notaði þetta mikið hér í stjórnarandstöðu á árunum 1960–1970 man ég a.m.k. En nú segja allir að skoða. Skoða er svona lausleg athugun, ég ætla að skoða það. Það merkir að hugur fylgir ekki mikið máli, að réttri íslensku. Og mér finnst líka að þegar hæstv. félmrh. segir: Ég mun skoða það, þegar hann talar um erfiðleikalánin, að hann muni skoða það í þeirri gömlu, íslensku merkingu að ekki fylgi hugur máli. Og að taka málið upp í ríkisstjórn ef efni standa til. Standa ekki efni til þess ef þörfin skyldi nú vera svona um fjórðungur úr milljarði hjá fólki sem á í meiri og minni erfiðleikum við að halda sinni íbúð? Er þá ekki ástæða til að taka málið upp í ríkisstjórninni fyrir þann mann sem ber ábyrgð á þessum málaflokki? Ég mundi halda að hæstv. ráðherra ætti að sýna þessu meiri áhuga en hinu að koma á nýju bákni, nýju skriffinnskubákni, nýrri ófreskju í húsnæðismálunum og hefði maður þó haldið að hún væri orðin þvílík fyrir að hroll mundi setja að hverjum þeim sem dytti slíkt í hug. En það er svo að alltaf er hægt að ganga lengra í ósköpunum og mikið verður hægt að hagræða fljótt og vel þegar þessi ófreskja verður að velli lögð, sem ekki verður langt þangað til. (**Gripið fram í:** Þetta á allt að verða skilvíst og það er nýyrði.) Skilvíst já, skilvíst.

Svo eru það húsaleigubætur og leigumiðlun. Ég verð nú að láta í ljós sérstaka undrun yfir því, ef satt er, að það mál sem vikið er að í þessu frv. og er mál sem er sérstakt afkvæmi húsnæðisnefndar skuli vera komið á vonarvöl í fjmrn. og það skuli vera búið að sleppa því svo lausu að félmrh. veit ekki lengur hvernig málið stendur.

Í kvæði eftir Kristján Karlsson stendur:

> Fyrir heppni í dag
> spratt hurðin opin,
> og Celia hélt leiðar sinnar
> út í veður og vind.

Mér finnst einhvern veginn að þessar húsaleigubætur séu komnar út í veður og vind. Ráðherrann sem skipaði nefndina sem lagði þær til veit ekki hvar það mál stendur, er ekki kunnugt um útfærsluna og svaraði því engu hvort til stæði að þeir sem sjálfir stæðu undir sínum íbúðum ættu að fá samsvarandi lagfæringu varðandi fjármagnskostnaðinn, sem er auðvitað mjög verulegur hjá þeim sem sjálfir eru að reyna að ráða við það að eignast þak yfir höfuðið eftir almennum leiðum, ég tala nú ekki um ef um launafólk er að ræða sem getur auðvitað ekki lagt mikið til hliðar eins og ástandið er.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra þegar hann er að tala um Byggingarsjóð ríkisins. Hann segir: Biðraðakerfið var tekið upp 1986, biðraðakerfið í Húsnæðisstofnun ríkisins. Voru ekki biðraðir í Húsnæðisstofnun ríkisins þegar Magnús Magnússon var húsnæðisráðherra, eða hvað? Bjó Alexander til biðraðirnar? (**Gripið fram í:** Það var ekki búið að setja þær í kerfi.) Já, það var ekki búið að setja þær í kerfi. Það er rétt, biðraðir voru til en ekki biðraðakerfi. Þannig ber að skilja. Maður verður að reyna að skilja orðanna hljóðan og reyna að fara ofan í merkinguna nákvæmlega. Ég er mjög þakklátur fyrir þessa ábendingu.

Það er alveg rétt að lögin voru sett 1986 og það kerfi var tekið upp það ár. Ég geri ekki athugasemdir við það. En samkvæmt þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir, upplýsingum sem m.a. voru studdar af athugunum sem höfðu farið fram á vegum verkalýðshreyfingarinnar, var búist við að það kerfi yrði komið í jafnvægi á árinu 1990 ef eðlilega yrði að því staðið. Nú segir ráðherra að því fari víðs fjarri, það þurfi 21 milljarð kr. til að leysa mál þeirra sem eiga umsóknir í Byggingarsjóði ríkisins. Og hæstv. ráðherra kvartar óskaplega út af framtíðarstöðu þess sjóðs vegna þess mikla vaxtamunar sem þar er og vegna þeirra miklu fjárskuldbindinga sem sjóðurinn verði í fyrirsjáanlegri framtíð að taka á sig ef þetta kerfi gengur upp. Var ráðherrann með þessu að segja að vextirnir væru hærri í Byggingarsjóði ríkisins? Var ráðherra með þessu að segja að lánin væru lægri til hverrar íbúðar í

Byggingarsjóði ríkisins? Eða var ráðherra með þessu að gefa villandi mynd af ástandinu? Hvað skyldi sá einstaklingur, sem á íbúð fyrir og kaupir íbúð hér í Reykjavík eins og algengt er á meðan börnin hans eru hér við nám í framhaldsskólum eða háskóla, fá mikið lánað úr Byggingarsjóði ríkisins? Eigum við að bera þá fjárhæð saman við það sem viðkomandi fær lánað á meðan hann er í íbúð t.d. sem heitir námsmannaíbúð? Má vera að sparifé sem fólk breytir með þessum hætti í fjárfestingu til þess að hjálpa börnum sínum verði skattlagt með öðrum og þyngri hætti en áður? Á það leggist eignarskattur og eignarskattsviðauki og eftir atvikum fleiri skattar?

Það er ekki að öllu leyti rangt að maður sem á íbúð eigi þess kost með fyrirgreiðslu að kaupa aðra íbúð. Það atriði kom einmitt sérstaklega upp þegar við vorum að ræða þetta frv. og fulltrúar Alþýðusambands Íslands töluðu einmitt háðulega um þessa kratamennsku, að geta ekki skilið að oft væru aðstæður þannig að einstaklingar væru að reyna að hjálpa öldruðum foreldrum, væru að reyna að hjálpa börnum og öðrum sem þeir hafa framfærsluskyldu gagnvart. En það má auðvitað segja að einfaldara sé að leysa þetta mál með því að ríkið kaupi íbúðina, leggi til svona 4–5 millj. kr. í staðinn fyrir að láta duga lán til skemmri tíma en áður. Það er nauðsynlegt að leiðrétta þetta.

Það er auðvitað rangt hjá ráðherra að vaxtamunur sé meiri hjá Byggingarsjóði ríkisins en Byggingarsjóði verkamanna og það er auðvitað líka rangt hjá ráðherra ef hann heldur og er að reyna að gefa í skyn að ódýrara sé að leysa húsnæðisþörfina gegnum Byggingarsjóð ríkisins en Byggingarsjóð verkamanna. Hvort tveggja þetta sem ráðherrann gaf í skyn er úr lausu lofti gripið, er fullkomlega rangt. Er raunar óviðunandi, herra forseti, þegar maður spyr ráðherra um greiðslustöðu þessara sjóða tveggja að fá svör af þessu tagi.

Mér þykir það líka undarlegt þegar ráðherrann sættir sig við 150 millj. til Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári, samþykkir að framlag til Byggingarsjóðs ríkisins skuli skorið niður í 10%, úr 1 milljarði og 50 millj. niður í 150 millj. kr., þá þykir mér náttúrlega mjög undarlegt að ráðherra skuli ekki hafa frekari rök fyrir sínu máli en hann vék að hér áðan.

Ég tók eftir því, herra forseti, að formaður þingflokks Alþfl. kom hér eins og í einhverri kattarmynd, hljóp í gegnum deildina, og var ljúft að heyra elskulegan hljóm raddar hans hingað upp í ræðustólinn því að ég sá á honum að hann var í góðu skapi. En það má þó segja að það sé merkilegt að hæstv. húsnæðisráðherra skuli vera búinn að biðja um úttekt á fjárhagslegri stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Að vísu hafði ég hugboð um það að þessir sjóðir hefðu verið teknir til athugunar uppi í Hagsýslustofnun. Ég hef líka hugboð um það að þessi ráðherra, sem talaði mest um fjárhagslega stöðu sjóðanna meðan hann var alþingismaður, hefur látið sig það mál engu skipta hér í þinginu fram að þessu.

Hæstv. ráðherra gerði mikið úr vaxtamun í Byggingarsjóði ríkisins. Það er óhjákvæmilegt að hann gefi um það svar nú við þessa umræðu hvort hann hafi í huga að hækka vexti Byggingarsjóðs ríkisins. Og óhjákvæmilegt er að fá um það yfirlýsingu nú við umræðuna, 3. umr. er eftir þannig að hægt er að kalla yfirlýsinguna fram við 3. umr. ef nauðsyn krefur, hvaða ráðstafanir hæstv. húsnæðisráðherra hyggist gera varðandi hina erfiðu stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Mér skildist á ummælum hans að hann hefði ekki áhyggjur af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegri stöðu Byggingarsjóðs verkamanna þar sem málefni þess sjóðs voru ekki nefnd. Veit ég ekki hvort beri að skilja þögn ráðherrans svo að þær 500 millj. kr. sem gengu til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári með fjárlögum dugi að hans mati til að tryggja viðunandi eiginfjárstöðu sjóðsins.

Alvarlegast af því sem kom fram hjá ráðherra var kannski það sem hann sagði um Byggðastofnun og félagslegu íbúðirnar, úthlutun hinna félagslegu íbúða. Ráðherra kvartaði undan því að hann hefði ekki í sínum höndum vald yfir því hvernig hinum félagslegu íbúðum væri skipt. Hann var mjög undrandi yfir því hvernig skiptingin var milli kaupleiguíbúða og íbúða í verkamannabústöðum og sagði með málflutningi sínum að hann vildi ekki bera pólitíska ábyrgð á þeirri úthlutun á félagslegum íbúðum sem nú hefur verið ákveðin. Ef ég man rétt á Alþýðusamband Íslands tvo fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ég man ekki hvort atvinnurekendur eiga tvo líka, og síðan eru kjörnir fulltrúar af Alþingi. Ráðherra hefur sagt hér við umræðurnar með þessum hætti, og hann hefur raunar líka sagt það opinberlega, að erfitt sé að bera ábyrgð á störfum stofnunarinnar og hafa ekki meiri tök á henni en raun ber vitni. En hvaða kerfi er ráðherrann sjálfur að leggja til að tekið verði upp í sambandi við húsnæðisnefndirnar? Er hann ekki að taka upp kerfi sem á engan hátt tryggir það að sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmdinni, sá aðili sem útvegar fjármagnið, sá aðili sem lögin leggur á ríkar skyldur, sá aðili á heldur ekki að ráða í húsnæðisnefndunum. Það er vel hugsanlegt að þeir tveir fulltrúar í slíkri húsnæðisnefnd sem kjörnir eru af meiri hluta sveitarstjórnar lendi í minni hluta í nefndinni vegna þess að fulltrúar verkalýðsfélagsins og fulltrúi stjórnarandstöðunnar í viðkomandi sveitarfélagi lendi í meiri hluta. Þetta finnst hæstv. húsnæðisráðherra í lagi. Við þetta gerir hann ekki athugasemdir. Hvernig skyldi standa á því? Úr því að húsnæðisráðherrann er óánægður með þau ítök sem verkalýðshreyfingin hefur í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og vill ekki bera pólitíska ábyrgð á gerðum fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar þar hlýtur maður að spyrja ráðherra hvers vegna hann vilji ætla sveitarstjórnarmönnum að hlíta því að verkalýðsfélögin úti um landið eigi þá að eiga fulltrúa í húsnæðisnefndunum en ekki eigi að tryggja sveitarfélögunum á hverjum stað meiri hlutann þó þeir eigi að bera alla ábyrgðina, skyldurnar og hvað eina. Skyldur sem sveitarstjórnirnar hafa ekkert beðið um að á þær séu lagðar. Og ef ráðherrann er spurður kann hann alltaf

að nefna einhverja stofnun úti í þjóðfélaginu. Það er eitthvert verkalýðsfélag, það er Samband ísl. sveitarfélaga og það eru slíkir aðilar sem spurðir eru. En það er ekki spurt hver sé þörf einstaklinganna, hver sé þörf fólksins.

Þegar ég spurði hæstv. ráðherra hvernig á því stæði að undir öllum kringumstæðum yrði sveitarfélag að neyta forkaupsréttar í sambandi við íbúðina, félagslega kerfisins, og ég nefndi dæmi af verkafólki sem naut þess að sveitarfélag neytti ekki forkaupsréttarins. Ég spurði ráðherrann að því hvernig á því stæði að sveitarfélögin yrðu að gera þetta, ella hefðu þau verra af, þá las ráðherrann upp það sem ég hafði áður lesið úr grg. frv. en sagði ekki neitt, var einskis virði og utan við efnið. Ráðherrann hefur kannski aldrei hugsað um þetta, hann sé ókunnugur málinu og af þeim sökum geti hann engu um þetta svarað. Ég skal sætta mig fullkomlega við það og segja að ekki sé óeðlilegt að svo muni vera.

En ég spyr: Var það rétt hjá ráðherra þegar hann sagði hér áður að það hefði verið mat Húsnæðisstofnunar að það fjármagn sem afgreitt var nú fyrr á þessu ári, 130 millj. kr., mundi duga til að afgreiða óafgreiddar umsóknir í sambandi við erfiðleikalán? (Gripið fram í.) Var það stofnunin? Var það staðfest af stjórn stofnunarinnar? Og var það mat stjórnar stofnunarinnar að ekki þyrfti meira til að koma? Hefur stofnunin lagt á það eitthvert mat að núna sé nauðsynlegt að taka málið að nýju upp í ríkisstjórninni? Er bara verið að skjóta sér á bak við stofnunina? Hefur stofnunin ekkert sagt síðan? Eru fulltrúar verkalýðshreyfingarnnar í Húsnæðisstofnun ásáttir með það að ekki komi meira fé til þessara hluta? Ég hélt að þeir hefðu af þessu áhyggjur. Ég vissi ekki betur en Húsnæðisstofnun, a.m.k. þegar menn sem þar vinna tala við mig, þá hafa þeir haft af því miklar og þungar áhyggjur að þetta fé sé algerlega ónógt. Nú skal ég afla mér upplýsinga um það hvort það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að stjórn Húsnæðisstofnunar hafi lagt það mat á að þetta fé mundi duga. Það skal ég gera í fullri vinsemd og láta ráðherra vita, kannski við 3. umr., hver sé niðurstaðan af því.

Svo komum við að skýrslu Byggðastofnunar. Þá tók nú steininn úr. Að vísu sagði ráðherra að Húsnæðisstofnun hefði óskað eftir skýrslunni. Og skýrslan var unnin eftir þeim forsendum af starfsmönnum Byggðastofnunar, framreikningur á því hvernig byggð í landinu hefur þróast. Við 1. umr. málsins sagði ég við ráðherra, og það er hægt að fletta því upp, að beðið hefði verið um þessa skýrslu af Byggðastofnun til þess að vera blóraböggull fyrir ráðherrann í húsnæðismálum. Ég sagði að ráðherrann mundi síðar meir reyna að nota þessa skýrslu til að afsaka úthlutun á félagslegum íbúðum út um landsbyggðina. Það yrði vitnað til þessarar skýrslu og sagt að í henni kvæði á um það að viðkomandi byggð þyrfti ekki meira en svo og svo af félagslegum íbúðum og kannski ekki neitt. Ráðherrann stóð svo upp á eftir, alveg hissa á því að mér skyldi detta í hug að bera annað eins á borð. Aldrei mundi sér detta í hug að nota þessa skýrslu í því skyni. Ekki hefði verið beðið um það. En hvað sagði ráðherrann áðan? Hann sagði: Sums staðar var gengið lengra en þessi skýrsla kvað á um. Fyrst er búin til skýrsla og svo er vísað í skýrsluna. Ég var að lesa Kravchenko, „Ég kaus frelsið". Þar var einmitt þessi aðferð höfð. Við höfum líka stundum heyrt ýmsa lærða málafylgjumenn gera þvílíkt áður, en auðvitað er þetta kratablekking, aulablekking.

Ráðherra veit að stjórn Byggðastofnunar tók sérstaklega fram að þetta væri ekki skýrsla Byggðastofnunar. Hér er kominn inn einn af stjórnarmönnum í Byggðastofnun sem getur staðfest að það er rétt. Ég var að gera athugasemdir við þau ummæli hæstv. félmrh. þegar hann sagði að til sumra staða úti á landi hefði verið úthlutað fleiri íbúðum en skýrsla Byggðastofnunar hefði kveðið á um. Ráðherra sagði: Gengið lengra en þessi skýrsla kvað á um. Nú á með öðrum orðum að þvo hendur sínar þannig og segja: Það er Byggðastofnun að kenna að bara koma tvær íbúðir til Ólafsfjarðar. Það er Byggðastofnun að kenna að ekkert kemur til Flateyrar. Það er Byggðastofnun að kenna að þetta er svona og það er Byggðastofnun að kenna að þetta er hinsegin. (**Félmrh.:** Þetta eru þín orð.) Það er náttúrlega ekki gengið lengra en þessi skýrsla kvað á um. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að í skýrslunni hafi Byggðastofnun tekið afstöðu til þess hversu mmargar íbúðir skyldu fara á hvern stað. „Kveðið á um." Það er kveðið á um það í lögunum hvernig þetta skuli vera, algengt mál. Ég vona að málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins þurfi ekki að taka hæstv. ráðherra til bæna og útskýra fyrir honum mælt mál. Þarna er verið að gefa þetta í skyn. Það var auðvitað ekkert óvænt. Stjórn Byggðastofnunar gerði sér grein fyrir því í hvaða tilgangi beðið var um skýrsluna. Af þeim sökum var tekið skýrt fram með stjórnarsamþykkt, sem er bókuð, að þessi skýrsla er unnin að beiðni Húsnæðisstofnunar og samkvæmt hennar forskrift og kemur skoðunum Byggðastofnunar ekkert við. Þetta er svona einfalt.

Er hæstv. fjmrh. í húsinu? Ég óska eftir að fá hann hingað í salinn. (**EG:** Þar vex sómi Sjálfstfl. núna.) Ég veit ekki hvort allir heyrðu, formaður þingflokks Alþfl. sagði að sómi Sjálfstfl. yxi þegar ég bað formann Alþb. að koma í salinn. Ég hélt að hann væri nú einmitt að auka sóma Alþfl. um þessar mundir með því að koma í veg fyrir að Alþfl. bjóði fram í Reykjavík. Og er sómi Alþfl. þar mikill, eins og við höfum séð t.d. eftir ummælum Bjarna P. Magnússonar og eftir ummælum fyrrv. framkvæmdastjóra Alþfl. sem ég held að sé líka orðinn núna fyrrv. alþýðuflokksmaður ef marka má það sem stendur í blöðunum. En það væri kannski gaman fyrir fulltrúa Alþfl. á Vesturlandi að geta sagt við ráðherrana þrjá: Það er þó einn krati í sveitarstjórn fyrir vestan en enginn í Reykjavík eftir næstu kosningar. — Er Ólafur Ragnar Grímsson í húsinu, hæstv. fjmrh.? (**Forseti:** Ég hef óskað eftir að það sé kannað hvort hann sé hér nærstaddur.)

Mér þykir leiðinlegt, herra forseti, af því að ég veit

nú að formaður þingflokks Alþfl. er samviskusamur þingmaður og fylgist glöggt með því sem sagt er í þingsal — nú sé ég að hann hefur tíma til þess að koma inn í deildina, ég held að ég nenni nú samt ekki að endurtaka það sem ég hef hér sagt í þessari ræðu þó að ég viti vel að með því mundi ég létta af honum þeirri fyrirhöfn að þurfa að lesa þetta þegar það kemur út prentað. En það veit ég að hann muni kynna sér þetta eins og annað eins og skylda hans kveður á um. Er hæstv. fjmrh. ekki í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er í ræðustól í Nd.) Það er nefnilega það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 917,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. a, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. b–e samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 917,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. f, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. g–j samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 917,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. k, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. l–s samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 917,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. t, svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.
3. gr. u–ff samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 917,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. gg, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. hh samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 971,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 917,6 (ný 3. gr. ii), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. jj–rr samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 971,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. ss, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. tt samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 971,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. uu, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. vv–þþ samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 917,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 917,8 (ákv. til brb.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Um þingsköp.
Fundarlok.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Það var samkomulag um það að fundi mundi ljúka kl. 2 eða sem næst því eftir því sem stæði á spori. Ég tek það svo að klukkan sé orðin 2 og spyr hvort ekki verði staðið við það samkomulag sem gert var.

Forseti (Jón Helgason):
Það varð samkomulag um það að taka ekki fyrir dagskrármálið Raforkuver og málin þar fyrir neðan og reyna að ljúka fundum sem næst því kl. 2, eins og hv. þm. sagði. Þar á undan eru tvö smámál sem ég vænti þess að engar umræður yrðu um, en hæstv. viðskrh. mundi mæla fyrir í fjarveru utanrrh. Ég ætlaði að freista þess að koma þeim málum til nefnda.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég var náttúrlega ekki staddur á þeim fundi sem var kl. hálfeitt, en við vorum búnir að gera samkomulag um það að hér yrði lokið fundum kl. 2 eða eftir því sem á stæði. Það er að vísu rétt að ríkisstjórnin var mjög sein með mörg mál. Það er náttúrlega ekki mat forseta hvort tekið sé til máls um smámál. Ef að mati hans er um smámál að ræða mega þau væntanlega bíða fram yfir helgi.

Forseti (Jón Helgason):
Þar sem hæstv. viðskrh. er bundinn í atkvæðagreiðslu og getur ekki komið hér til þess að mæla fyrir máli sínu, þá er 6. mál ásamt 5., 7.–13. máli og 1.–2. dagskrármál tekin út af dagskrá.

NEÐRI DEILD

71. fundur, laugardaginn 21. apríl, kl. 10 árdegis.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Listskreytingasjóður ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623, n. 958.

Guðmundur G. Þórarinsson:
Virðulegi forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. um Listskreytingasjóð ríkisins. Borist hafa um það umsagnir frá borgarstjóranum í Reykjavík, stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins og Listasafni Íslands. Umsagnir þeirra tveggja fyrst nefndu eru birtar sem fylgiskjöl með nál. menntmn.
Um leið og nefndin mælir með samþykkt frv. vill

hún leggja á það áherslu að hún telur mikilvægt að lögbundin framlög til sjóðsins séu ekki skert í fjárlögum.

Árni Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn rita undir álitið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lögheimili, 2. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarlög). — Þskj. 870 (sbr. 135), n. 966.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 966, um frv. til laga um lögheimili, fyrir hönd félmn. Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Hallgrím Snorrason hagstofustjóra. Eftir að hafa rætt málið við hagstofustjóra og fengið svör við ýmsum spurningum um frv. voru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess eins og Ed. afgreiddi það á þskj. 864.

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (heildarlög). — Þskj. 915.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Búnaðarmálasjóð. Þetta er 520. mál á þskj. 951.

Forsaga þessa máls er sú að hinn 10. febr. 1989 skipaði landbrh. nefnd til að vinna að endurskoðun á innheimtu sjóðagjalda, sem innheimt eru samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða, og renna til landbúnaðarins. Nefndinni var ætlað það verkefni að gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á þessum lögum og reglugerðum sem um er að ræða. Nefndina skipuðu Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri landbrn., formaður, Leifur Kr. Jóhannesson, forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og Þórólfur Sveinsson bóndi, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda.

Á undanförnum árum, og einkum og sér í lagi á sl. tveimur árum, hafa sjóðagjöld í landbúnaði verið til ítarlegrar umræðu. M.a. hefur umræðan annars vegar beinst að fjármögnun félagslegrar starfsemi í landbúnaði og hins vegar innheimtu á sjóðagjöldum til jöfnunar á framleiðslukostnaði með því að afla sameiginlegra fjármuna til að standa undir fjárfestingum í landbúnaði í stað þess að láta fjármagnskostnaðinn koma af fullum þunga á þá sem eru tiltölulega skuldugastir vegna nýlegra framkvæmda og hárra lána þess vegna. Það er því ljóst að í gegnum Stofnlánadeild og fjármögnunarkerfið að þessu leyti fer fram umtalsverð jöfnun á kjörum bænda.

Frv. það sem hér er mælt fyrir byggist á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið um þessi mál. Þar er m.a. um að ræða tillögur og samþykktir búnaðarsambandanna í landinu, búnaðarþings og aðalfundar Stéttarsambands bænda.

Á búnaðarþingi 1988 var fjallað um málefni Bjargráðasjóðs. Í meðferð þingsins breyttist málið á þann veg að fjárhagsnefnd sameinaðist um að bera fram tillögu um fastan tekjustofn fyrir Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin sem var samþykkt samhljóða. Þar skoraði búnaðarþing á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar skiptingu á sjóðagjöldum landbúnaðarins með það að markmiði að Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsamböndunum verði markaður ákveðinn tekjustofn til að kosta hina félagslegu starfsemi. Jafnframt var rætt um nauðsyn þess að hefja heildarendurskoðun á skipulagi félagssamtaka landbúnaðarins þar sem faglegi og félagslegi þátturinn yrðu aðskildir þannig að betur komi fram hver sé hinn lögbundni þáttur í starfseminni annars vegar og hinn félagslegi þáttur hins vegar, eins og þar segir.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda árið 1988 ályktaði einnig um nauðsyn þess að endurskoða sjóðagjöldin.

Helstu breytingar sem verða á gildandi lögum um þessi efni eru þær að lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, nr. 45 frá 16. apríl 1971, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, verður með frv. breytt þannig að í fyrsta lagi fellur niður ákvæði laganna um svokallað framleiðendagjald en ákvæði um þá innheimtu verður fellt undir ákvæði laga um Búnaðarmálasjóð, þau lög sem hér er mælt fyrir.

Í öðru lagi verður afnumin skylda Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að reka Byggingastofnun landbúnaðarins með þeim verkefnum sem lögin kveða á um. Þau verkefni, sem Byggingastofnunin hefur annast, verða falin öðrum aðilum eftir því sem við getur átt, þjónustuþátturinn fyrst og fremst Búnaðarfélagi Íslands en rannsóknir og slík starfsemi Rannsóknastofnun landbúnaðarins eftir því sem við verður komið.

Lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 40 frá 7. maí 1982, verður einnig breytt. Í fyrsta lagi verður innheimta framleiðendagjaldsins, sem áður rann til Stofnlánadeildar, felld undir innheimtu á gjaldi til Búnaðarmálasjóðs. Samkvæmt því verða innheimt gjöld til Búnaðarmálasjóðs samkvæmt lægri innheimtuflokki, 0,75% í stað 0,25% áður, þ.e. fram-

leiðendagjaldið bætist við þá gjaldtöku sem áður rann í Búnaðarmálasjóð. Í hærri innheimtuflokki verða mörkin 1,50% í stað 0,50% áður.

Í öðru lagi verður gerð breyting á röðun búgreina og afurða frá þeim í gjaldflokka. Þannig verði fellt úr lægsta innheimtuflokki fiskeldi, fiskrækt, veiðileiga og leiga á landi til annarra nota en búskapar.

Í þriðja lagi verði innheimtum fjármunum deilt til fleiri aðila og verkefna en áður var. Þannig verði til viðbótar fyrri verkefnum fjármagni varið, eins og áður sagði, til reksturs búgreinasambanda og forfalla- og afleysingaþjónustu í landbúnaði og framlag til búnaðarsambanda frá Búnaðarmálasjóði tvöfaldað. Framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins dregst saman er nemur þessum viðbótarframlögum og framlag til Stéttarsambands bænda lækkar reyndar lítillega.

Í fjórða lagi verður búgreinasamböndum í sjálfsvald sett hvort þau nýti þessa tekjuheimild eða ekki. Skil afurðaverðs til framleiðenda innan hverrar búgreinar mundi þá breytast að sama skapi og hvert búgreinasamband tæki ákvörðun um.

Í fimmta lagi verður felld inn í lög um Búnaðarmálasjóð heimild til að undanþiggja einstakar búgreinar framlagi til Bjargráðasjóðs, komi um það beiðni frá Stéttarsambandi bænda.

Lagafrv. sem hér er mælt fyrir er síðan í beinu samhengi við þær breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og lögum um Búnaðarmálasjóð sem ég hef hér gert grein fyrir og ég sé ekki ástæðu til að rekja nánar.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það, herra forseti, að um þetta mál hefur tekist allvíðtæk samstaða milli helstu hagsmunaaðila. Það er afar mikilvægt atriði þar sem hér er um að ræða allrík hagsmunamál, auðvitað fyrst og fremst bændanna sjálfra en líka viðkomandi aðila innan félagskerfis landbúnaðarins. Það er því að mínu mati fagnaðarefni að slík samstaða hefur tekist. Ég bind miklar vonir við það að hv. Alþingi treysti sér til að afgreiða þetta mál nú fyrir þinglok þó að tíminn sé orðinn skammur. En um þetta mál hefur tekist sú samstaða sem ég hef gert grein fyrir og breytingarnar fela í sér mjög svo brýna úrlausn á miklum fjárhagserfiðleikum, ekki síst búnaðarsambandanna, sem hafa búið við samdrátt á tekjum á undanförnum árum, m.a. vegna minni framkvæmda og minni fjárfestinga í sveitum og minni búfjárræktar- og jarðræktarstyrkja sem runnið hafa til hinna sameiginlegu verkefna á undanförnum árum.

Þá er og að mínu mati mjög svo tímabær sú ráðstöfun sem frv. tengist, að leggja niður Byggingastofnun landbúnaðarins eins og hún hefur verið rekin á undanförnum árum hjá Stofnlánadeild, færa þau verkefni til annarra aðila sem munu sinna þeim eftir því sem við getur átt og þörf krefur miðað við núverandi aðstæður í íslenskum landbúnaði.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. landbn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með að þetta frv. er komið hér fram. Eins og allir hv. þm. vita sjálfsagt hefur lengi staðið til að gera heildarskipulagningu á félagslega kerfi landbúnaðarins og reyna að tryggja það í sessi. Þetta hefur verið með þeim hætti núna síðari árin að mjög mikil óvissa hefur verið um starfsemi, ekki síst búnaðarsambandanna og Búnaðarfélags Íslands og sérsambandanna í landbúnaði. Þar af leiðandi er þessi niðurstaða mjög jákvæð að því leyti til að hér hefur náðst breið samstaða um þetta mál.

Hins vegar vil ég benda á það að starfandi var nefnd um Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin er skilaði ákveðnum tillögum til hæstv. landbrh. í byrjun síðasta árs. Þar var gert ráð fyrir ákveðnari tekjustofnum fyrir rekstur Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna með breytingum á Búnaðarmálasjóði. Þar var gert ráð fyrir að sjálfsögðu, eins og hlutverk nefndarinnar var, að styrkja búnaðarsamböndin og Búnaðarfélag Íslands í sessi og var gengið út frá ákveðnum tillögum. Það var í samræmi við samþykkt búnaðarþings og fleiri aðila í landbúnaði.

Þetta frv. er víðtækara. Þó finnst mér ástæða til að benda á það að mér finnst að hlutur Búnaðarfélags Íslands sé ekki skilgreindur í þessu frv. Mér sýnist að áfram sé nokkur óvissa um framtíð Búnaðarfélagsins eða hlutverk þess og hefði óskað eftir því að það yrði aðeins skilgreint nánar. En að sjálfsögðu mun landbn. Nd. fjalla frekar um það mál. En mér finnst vera stórt spurningarmerki í sambandi við þetta atriði.

Að öðru leyti tel ég frv., sem er niðurstaða starfa sem þessar nefndir hafa unnið að og stofnanir landbúnaðarins hafa fjallað um og náð samkomulagi um, vera mjög mikilvægt. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að nauðsynlegt er að afgreiða þetta mál þannig að a.m.k. sú óvissa sem er búin að vera núna ár eftir ár í sambandi við fjárlagagerð og framtíð félagslegra þátta landbúnaðarins verði að verulegu leyti leyst með þessu lagafrv.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki lesið það frv. sem hér liggur fyrir nægilega vel. Þó sé ég strax að hér er um að ræða mál sem hingað til og langoftast hefur verið talið eingöngu hagsmunamál bænda, enda snertir það fyrst og fremst Búnaðarmálasjóð. Ég tel þó, þegar svo áliðið er þings, að ef einhver hugmynd er uppi um það hjá hæstv. landbrh. að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi þurfi að skoða það í samhengi við greiðsluflæði í landbúnaðinum. Ég held að það sé kominn tími til að fleiri en bændur líti á það hvernig því greiðsluflæði er háttað.

Ég vil, án þess að ég sé að leggja dóm á þetta tiltekna frv. sem kann að vera mjög vel unnið og engan veginn get ég gert athugasemdir við störf þeirrar nefndar sem hefur unnið að gerð þessa frv., spyrja hæstv. ráðherra að því hvort farið hafi verið í gegnum sjóðakerfi landbúnaðarins með þeim hætti

sem hann telur nauðsynlegt. Ég hygg að þar leynist ýmislegt það sem hefur komið landbúnaðarstarfseminni á kaldan klaka í mörgum tilvikum. Ég hygg t.d. að það hafi ekki verið hollt fyrir landbúnaðinn að lánað hafi verið með niðurgreiddum vöxtum út úr sumum sjóðum landbúnaðarins, með tilteknum skilyrðum um það að lánin færu til lögbýla, á meðan ljóst var að í vissum tilvikum gat verið hentugra fyrir landsbyggðina að fá viðkomandi starfsemi betur staðsetta. Er ég þá einkum að tala um loðdýraræktina sem allir vita hvernig farið hefur fyrir.

Nú eru uppi hugmyndir um það í þjóðfélaginu að bændur þurfi að sækja rétt sinn, loðdýrabændur. Og ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa talið að svo kunni að fara að einhverjir verði bótaskyldir vegna þess að sjóðirnir hafi lagt svo mikla áherslu á að bændur færu í loðdýrarækt. Eitt af því sem gert hefur verið í því sambandi er að fá menn til að breyta til með því að greiða niður vexti. Það var gert, að ég hygg, þegar loðdýraræktin var sett á stofn og mönnum var ætlað að breyta til og setja á stofn loðdýrabú á lögbýlum, eins og það heitir. Ég hef nefnilega grun um að sjóðakerfið sé að ýmsu leyti landbúnaðinum fótakefli. Ég tel að það væri landbúnaðinum fyrir langbestu ef hann viðurkenndi markaðslögmálið meira en gert hefur verið og sniði starfsemi sína að því. Ég tel t.d. sjálfsagt að bændur og þeir sem stunda búskap á lögbýlum eigi að greiða sín framlög með sama hætti og annar atvinnurekstur og það eigi ekki að binda útlánin með þeim hætti sem stundum er gert.

Nú get ég ekki, virðulegur forseti og hæstv. ráðherra, gagnrýnt einstök atriði í þessu lagafrv. En þar sem þetta mál er hér á dagskrá langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að með þessu frv. sé gengið nægilega langt í að endurskoða, og ég leyfi mér að segja að skera upp sjóðakerfi landbúnaðarins þannig að það svari til þeirrar þróunar sem við viljum sjá í landbúnaði á næstunni. Ég ætla ekki að nefna nein einstök atriði í þessu sambandi. Ég vil ekki heldur að orð mín séu skilin þannig að þetta sé einhvers konar árás á landbúnaðinn. Ég tel að þvert á móti þurfi að finna leið til þess að styrkja landbúnaðinn hér á landi. Ég hef efasemdir um að það hafi verið gert með réttum hætti hingað til vegna þess að landbúnaðurinn stendur frammi fyrir því á næstunni að þurfa að vera samkeppnisfærari. Ég tel að það sama gildi um mál í landbúnaði og öllum öðrum atvinnugreinum, að með því að færa sig meira yfir í markaðslægari viðhorf, nær markaðslögmálinu, þá næst betri árangur. Ég þarf ekki að leita langt til þess að benda á ýmislegt máli mínu til sönnunar, til að mynda það sem hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur, það sem hefur verið að gerast í Austur-Evrópu og það sem er að gerast í viðræðunum hjá GATT. Allt ber þetta að sama brunni, að gera atvinnustarfsemina í öllum þessum löndum þannig að hún sé sem eðlilegust án opinberra áhrifa og án þess að of mikið sé gert af því að útjafna á milli manna. Fremur er verið að leita leiða til þess að auka samkeppnina, fá sem mest út úr þessum greinum og leyfa þeim sem standa sig vel að njóta ávaxta sinna verka.

Nú kann það vel að vera að sá sé tilgangurinn með þeim tillöguflutningi sem hér er. Sé svo, þá er það gott. En ég vildi gjarnan fá að heyra álit hæstv. landbrh. á því hvort hann teldi að þetta frv. flokkaðist undir meiri háttar uppskurð á sjóðakerfi landbúnaðarins eða hvort hann teldi að það ætti að fara aðrar leiðir og þá hverjar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það er sjálfsagt að reyna að svara hv. 1. þm. Reykv. Fagna ég því að hann lætur sig málefni landbúnaðarins varða og kveður sér hljóðs um þau efni. Það mætti vera meira af því að allir teldu þau málefni sér viðkomandi en ekki bara hluti hv. þm. eins og stundum hefur viljað brenna við.

Það er kannski erfitt að leggja mælikvarða á það hvað eigi að flokkast undir meiri háttar eða minni háttar breytingar. Þó vil ég segja það sem mína skoðun að ég held að þetta sé verulega stórt skref í þá átt að laga sjóða- og félagskerfi landbúnaðarins að breyttum aðstæðum. Það má í raun segja að í hnotskurn gangi þetta mál út á það að hluti af tekjustofni, svonefnt framleiðendagjald sem áður hefur verið tekið af framleiðsluvörum bænda og runnið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sé núna tekið þaðan og fært yfir í félagskerfið eða hina félagslegu hlið til að standa straum af starfsemi þar. Þetta þýðir að sjálfsögðu að tekjustofnar Stofnlánadeildar skerðast. Þeir hafa í raun verið undirstaða þess að deildin hefur getað lánað bændum á sérlega hagstæðum vöxtum auk þess sem Stofnlánadeild hefur, sérstaklega á síðustu árum, verið gert að standa undir ýmsum öðrum verkefnum sem reyndar voru áður viðfangsefni ríkisins. Það er því alveg ljóst að greiðslubyrðin er í raun að færast af ríki yfir á Stofnlánadeild og síðan yfir í félagskerfi landbúnaðarins í gegnum þetta gjald sem tekið er af framleiðsluvörum bænda. Ég hygg að það megi til sanns vegar færa að það sé þróun í þá átt sem hv. 1. þm. Reykv. var í raun og veru hér að víkja að.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þessi lagabreyting hefur engin áhrif á búvöruverð eða gjaldtökuna sem slíka. Hér er einungis um tilfærslu að ræða. Þar sem á ferðinni er samkomulagsmál allra helstu aðila í landbúnaðinum vil ég leyfa mér að vænta þess að það mæti skilningi.

Deila má um það hvort það hafi orðið atvinnugreininni til hagsbóta eða ekki, eins og hv. þm. vék lítillega að, að þessi háttur hefur verið hafður á hvað stofnlánasjóð eða fjárfestingarlánasjóð landbúnaðarins, Stofnlánadeildina snertir, að hún hefur haft ákveðna tekjustofna sem allir framleiðendur í landinu hafa lagt deildinni til sem síðan hefur gert henni *kleift að lána þeim sem standa í fjárfestingum á* hverjum tíma á hagstæðari kjörum en ella hefði verið mögulegt. Ég sagði í minni framsöguræðu að gegnum þetta hefði átt sér stað veruleg jöfnun og ég tel að sú jöfnun hafi verið mjög mikilvæg. Ég vildi ekki horfa

framan í þær aðstæður sem væru í íslenskum landbúnaði í dag ef hann hefði byggt fjárfestingar sínar á 8. áratugnum sérstaklega, þegar mjög mikið var framkvæmt í íslenskum landbúnaði, og núna á síðustu árum, á lánum sem orðið hefðu jafndýr og varð á hinum almenna markaði þegar verst lét hér fyrir nokkrum árum síðan á ákveðnu tímabili, sem ég ætla ekki að fara út í sérstakar umræður við hv. þm. um. Þá óttast ég að víða væri ærið verra ástand en þó er í íslenskum landbúnaði.

Í gegnum þetta fyrirkomulag hefur átt sér stað viss jöfnun, viss stuðningur þeirra sem búa grónu búi, ef svo má að orði komast, við þá sem standa í framkvæmdum og fjárfestingum á hverjum tíma. Þannig má segja að greinin í heild hafi að nokkru leyti staðið á bak við framkvæmdirnar, fjárfestingarnar, og ég vil leyfa mér að meina framfarirnar, þar sem þær hafa verið í gangi á hverjum tíma í landbúnaðinum. Ég held að það sé að mörgu leyti ágætis fyrirkomulag og það er mjög nærri mínum pólitísku skoðunum en um það geta menn að sjálfsögðu deilt.

Ég held sem sagt að þetta sé óumdeilanlega skref í rétta átt. Ég hygg þó að rétt sé að viðurkenna að fleira þarf að koma til til þess að unnt sé að segja með réttu að heildaryfirferð á þessu hafi farið fram. Að mínu mati þarf að fara yfir og endurskoða betur málefni Bjargráðasjóðs. Það þarf að fara yfir tryggingarmálefni í landbúnaði og samræma þá hluti. En þetta er tvímælalaust skref í rétta átt og gæti tengst áframhaldandi vinnu að endurskoðun og uppstokkun eða endurskipulagningu félagskerfis landbúnaðarins, sem mikið hefur verið til umræðu. Það er að sjálfsögðu stórt og mikið mál þar sem frumkvæðið verður auðvitað fyrst og fremst að koma frá samtökum bænda eða bændum sjálfum, eðli málsins samkvæmt.

Ég hygg líka að hv. þm. sjái, ef hann fer yfir fylgiskjöl frv., ýmsar mjög gagnlegar upplýsingar sem þessu máli tengjast þar sem gerðar eru áætlanir um skiptingu tekna og afkomu Stofnlánadeildar og fleira sem þessu máli tengist.

Ég vona að þetta hafi að einhverju leyti svarað spurningum hv. 1. þm. Reykv.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að beina einni spurningu til hæstv. ráðherra. Það kemur fram í aths. með frv. að gert er ráð fyrir nokkurri hækkun á gjöldum, samkvæmt 2. gr. Eða eins og segir í grg.: „Lagt er til að gjald af alifugla- og svínarækt verði 0,75% í stað 0,25% eins og er í gildandi lögum. Skv. staflið B er lagt til að gjald til búnaðarmálasjóðs verði 1,5% af þeim afurðum sem þar eru taldar upp í stað 0,5%.“ Þarna er auðsýnilega um að ræða hækkun á gjaldskyldu.

Í öðru lagi segir í 3. gr. að sá hluti búnaðarmálasjóðsgjalda er rennur til Stéttarsambands bænda og búgreinafélaga skuli ekki teljast til framleiðslukostnaðar við opinbera verðákvörðun. Þetta hlýtur að þýða að sá hluti gjaldsins sem ekki rennur til Stéttarsambandsins og búgreinafélaga skuli teljast til framleiðslukostnaðar. Nú fæ ég ekki annað séð, a.m.k. af fljótum lestri yfir þetta frv., en að með hækkun þeirri sem gert er ráð fyrir í 2. gr. og með þeim skilningi sem menn hljóta að leggja í þau ákvæði 3. gr. sem ég las upp hér áðan þá hljóti samþykkt þessa frv. óhjákvæmilega að leiða til nokkurrar hækkunar á framleiðslukostnaðarmati við opinberar verðákvarðanir. Ég vildi leita eftir því hjá hæstv. ráðherra hvort það sé svo að þarna sé um að ræða hækkun sem muni koma fram í verðhækkun á landbúnaðarafurðum. Ef svo er, hve mikil er þá sú hækkun sem menn eiga von á?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég skal með mikilli ánægju endurtaka í þriðja sinn í þessari umræðu að þetta frv. felur ekki í sér neina hækkun á búvöruverði og hefur alls engin áhrif á verðmyndunarferli búvaranna af ástæðum sem ég hef þegar skýrt tvívegis. Og skýringin er sú að hér er eingöngu um tilflutning á gjöldum, sem þegar eru tekin, að ræða. Svonefnt framleiðendagjald, sem áður hefur runnið til Stofnlánadeildar, hverfur nú inn í Búnaðarmálasjóð og búnaðarmálasjóðsgjald hækkar sem því nemur. Það skýrir það að af afurðum alifugla og svína færist gjaldið upp úr þeim 0,25% sem það var fyrir og við bætast þau 0,5% sem áður runnu í Stofnlánadeild og hétu framleiðendagjald. Sama á við um B-lið og af þeim sökum verður alls engin breyting.

Varðandi 3. gr. hefur framleiðendagjaldið af þessum hluta talist til framleiðslukostnaðar og verið inni í verðlagsgrundvelli þannig að þar verður heldur engin breyting á. Ef eitthvað er þá má vænta þess að það lækki vegna þess að það varð niðurstaða eftir vandlega skoðun að ekki væri eðlilegt að sá hluti gjaldsins sem rynni beint til, ef maður má segja stéttarfélags bænda, þ.e. Stéttarsambandsins, teldist til framleiðslukostnaðar. Þess vegna er það undanskilið, svo og sá hluti gjaldsins sem kann að renna til búgreinasambanda. Mér finnst það eðlileg tilhögun að bændur greiði það sjálfir, þann hluta þess gjalds og það munu þeir gera með því að það telst ekki til framleiðslukostnaðar sem kemur inn í verðlagsgrundvöllinn.

Ég vona að þetta hafi svarað hv. þm. og formanni fjvn. með fullnægjandi hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Kvikmyndastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 525. mál (heildarlög). — Þskj. 922.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það var á fundi í þessari hv. deild fyrir páska að hæstv. menntmrh. mælti fyrir frv. til laga um Kvikmyndastofnun Íslands. Síðan var um-

ræðunni frestað. Langar mig nú til að gera nokkrar athugasemdir í sambandi við þetta mál áður en það fer til nefndar. Ég vil aðeins í upphafi þó ræða nokkuð almennt um stöðuna í okkar kvikmyndamálum.

Fyrir skömmu var haldið upp á tíu ára afmæli íslenska kvikmyndavorsins, eins og menn kölluðu það, en þá voru liðin tíu ár frá því að kvikmyndin Land og synir var frumsýnd. Íslenskar kvikmyndir eiga sér því ekki langa hefð og vissulega er enn mikill frumbýlingsbragur á allri aðstöðu til kvikmyndagerðar hér á landi. Í rauninni er það með ólíkindum hversu miklu menn hafa komið í verk með litlum fjármunum á síðustu tíu árum. Reyndar má einnig líta lengra aftur í tímann því vissulega voru brautryðjendur í íslenskri kvikmyndagerð sem störfuðu einnig fyrir þessi tímamörk sem menn hafa nú sett.

Árið 1984 voru sett á Alþingi lög um kvikmyndamál og það var þáv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir sem beitti sér fyrir þeim lögum. Þau lög áttu að tryggja Kvikmyndasjóði Íslands fastar tekjur þannig að Kvikmyndasjóðurinn gæti úthlutað styrkjum og lánum til íslenskrar kvikmyndagerðar. Aðaltekjustofn Kvikmyndasjóðsins átti að vera árlegt framlag úr ríkissjóði sem næmi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu og við gerð hverra fjárlaga skyldi áætlun um það samin af Hagstofu Íslands. Því miður hefur reyndin orðið sú að Kvikmyndasjóður hefur ekki fengið lögboðnar tekjur. Alþingi hefur ávallt skorið þær tekjur niður sem Kvikmyndasjóði eru ætlaðar en þó mismunandi mikið. Allmikill niðurskurður var gerður á tekjum sjóðsins við fjárlagagerð nú í vetur og fær Kvikmyndasjóður nú úr ríkissjóði 71 millj. kr. sem er sama upphæð og var á síðasta ári.

Fleira hefur þó gerst sem gefur tilefni til nokkurrar bjartsýni. Nýlega var samþykkt á vettvangi Norðurlandaráðs að stofna norrænan kvikmyndasjóð sem hefði það verkefni að styrkja kvikmyndagerð á Norðurlöndum. Hér á Íslandi hljóta menn að líta björtum augum til hins norræna kvikmyndasjóðs og enginn vafi er á að Íslendingar eiga eftir að njóta góðs af starfsemi hans. Hinn norræni kvikmyndasjóður má þó alls ekki verða til þess að við látum okkar eigin hlut eftir liggja og þess vegna var leitt að sjá það í grg. með fjárlagafrv. á sl. vetri að niðurskurður á framlagi til Kvikmyndasjóðs var sérstaklega rökstuddur með því að norræni kvikmyndasjóðurinn og Kvikmyndasjóður Evrópu mundu væntanlega styrkja starfsemi íslenskra kvikmyndagerðarmanna verulega. Þessir sjóðir voru að sjálfsögðu hugsaðir sem viðbót við það sem fyrir var og viðbót við það sem við Íslendingar mundum láta af hendi rakna í þessu efni en áttu engan veginn að koma í staðinn fyrir það sem við látum af hendi rakna eins og gefið var í skyn í grg. með fjárlagafrv. á sl. vetri.

Ég held það sé mjög mikilvægt að við reynum, Íslendingar, að efla innlenda kvikmyndagerð. Kvikmyndir eru mjög áhrifamikill miðill í lífi nútímamannsins. Þjóð sem vill efla eigin menningu getur ekki látið öðrum þjóðum það algjörlega eftir að framleiða fyrir sig kvikmyndir. Við þurfum að vera skapendur á þessu sviði en ekki bara þiggjendur og þess vegna ber okkur að hlúa að íslenskri kvikmyndagerð með öllum tiltækum ráðum.

Það hefur legið fyrir um nokkurn tíma að það væri nauðsynlegt að endurskoða þau lög sem nú gilda um kvikmyndamál og nú liggur hér sem sagt fyrir frv. frá hæstv. menntmrh. til laga um Kvikmyndastofnun Íslands og gert ráð fyrir að sérstök kvikmyndastofnun starfi hér á landi sem heyri undir menntmrn.

Ég verð að vísu að viðurkenna að þetta nafn, Kvikmyndastofnun, finnst mér ekki mjög skemmtilegt en ég geri það ekki að neinu ágreiningsefni hér. Ég hefði þó talið að reyna ætti að huga að því að finna betra orð yfir þessa starfsemi hér á Íslandi.

Ég vildi, eins og ég sagði áðan, gera nokkrar athugasemdir hér við 1. umr. þessa máls þó að ég eigi sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um málið og fái þar tækifæri til þess að ræða ítarlegar um frv. Ég byrja á að ræða um 2. gr. frv., þ.e. þá grein sem fjallar um stjórn Kvikmyndastofnunarinnar.

Í 2. gr. segir:

„Menntmrh. skipar stofnuninni þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndagerðarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda og einn án tilnefningar. Enginn skal sitja í stjórn stofnunarinnar lengur en þrjú ár samfellt. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum."

Samkvæmt núgildandi lögum, þar sem fjallað er um Kvikmyndasjóð, skipar menntmrh. sjóðnum fimm manna stjórn í stað þriggja eins og gert er ráð fyrir í frv. Formaður er skipaður án tilnefningar af ráðherra en hinir fjórir samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Auk þess eiga að taka sæti í stjórninni þegar fjallað er um málefni kvikmyndasafns stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun.

Mér er auðvitað ljóst að mönnum er alltaf nokkur vandi á höndum þegar verið er að skipa slíkar stjórnir, bæði hversu fjölmennar þær eigi að vera og hvaða samtök eigi að eiga fulltrúa í slíkum stjórnum.

Vandinn við þessa stjórn til þessa, og mér sýnist að ekki sé komið í veg fyrir þann vanda með þessu frv., er sá að stjórnarmenn hafa verið tengdir hagsmunaböndum við meginverkefni sjóðsins sem hefur auðvitað verið að úthluta styrkjum til kvikmyndagerðar. Þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs að skipa sérstaka úthlutunarnefnd, þriggja manna, og hún hefur verið skipuð mönnum sem ekki hafa hagsmuna að gæta. Ég hygg að nú eigi sæti í henni formaður stjórnarinnar, sem er Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri, og auk þess Birgir Sigurðsson rithöfundur og Þorvarður Helgason sem hefur verið bæði rithöfundur og gagnrýnandi. Ef menn hins vegar á annað borð

fara þá leið sem er í frv. bendi ég á að Félag kvikmyndaleikstjóra er ekki með í þessari upptalningu, á ekki aðila að stjórn Kvikmyndastofnunarinnar. Ég hygg að Félag kvikmyndaleikstjóra sé nokkuð öflugt félag og eigi a.m.k. ekki minni rétt til þess að skipa mann í stjórn Kvikmyndastofnunar en þau samtök sem þarna eru tilnefnd og eru þau þó góðra gjalda verð.

Fleiri en ein leið koma til greina í þessu sambandi, t.d. að hafa tiltölulega fámenna stjórn sem ekki sé bundin hagsmunaaðilum, því að meginverkefni þessarar stjórnar er auðvitað að úthluta styrkjum úr þessum sjóði, en hafa síðan stærri stofnun eða stærra ráð, eins konar fulltrúaráð, þar sem allir sem hagsmunatengsl hafa geta komið saman til þess að móta meginstefnu í sambandi við eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Annar möguleiki er líka að fjölga í þessari stjórn sem þarna situr og fá fleiri aðila til þess að tilnefna, eins og Félag kvikmyndaleikstjóra, en hafa síðan úthlutun styrkja á hendi annarra aðila eins og reyndar er gert ráð fyrir í frv. og ég mun nánar koma að hér á eftir. Mér finnst að þetta atriði þurfi að hugleiða mjög rækilega í nefndinni sem fær þetta mál til meðferðar.

Kem ég þá að því að ræða um 5. gr. þar sem gerð er tillaga um að lögfesta hvernig úthlutun úr sjóðnum eigi að fara fram. Og einmitt vegna hagsmunatengslanna sem ég gat um áðan hefur þeim sem semja þetta frv. auðvitað verið það ljóst að úthlutunin yrði að vera í höndum einhverra annarra, þ.e. að meginverkefni stofnunarinnar yrði að vera í höndum einhverra annarra en stjórnar stofnunarinnar.

Þá er farin óskaplega óljós og ruglingsleg leið, vil ég segja. Í 5. gr. er sagt:

„Stjórn Kvikmyndastofnunar skipar tvær þriggja manna nefndir til að úthluta úr Kvikmyndasjóði, úthlutunarnefnd A og úthlutunarnefnd B. Skulu meðstjórnendur í stjórn stofnunarinnar vera formenn hvor í sinni nefnd, skipaðir til eins árs í senn. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar til tveggja ára í senn. Enginn skal sitja lengur en tvö ár samfellt í úthlutunarnefnd. Nefndarmenn mega ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina."

Þetta finnst mér óljóst og ruglingslegt kerfi. Síðan segir í 6. gr. hvert eigi að vera hlutverk úthlutunarnefnda, en það er að úthluta styrkjum úr Kvikmyndasjóði til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina, og síðan segir: „Nefnd A skal ljúka úthlutun samkvæmt 1. mgr. í janúar ár hvert en nefnd B í júlí ár hvert og skal nefnd A eigi hafa minna fé til ráðstöfunar en sem svarar ⅔ af heildarfjárveitingu til sjóðsins."

Mér finnst þetta ekki nægilega glögg ákvæði um verkaskiptingu milli þessara tveggja úthlutunarnefnda. Það koma þarna sem sagt tvær úthlutunarnefndir í stað einnar áður. Ég held að það sé alveg ljóst að það hefur verið dálítið erfitt að fá menn í úthlutunarnefnd sem ekki hefðu hagsmuna að gæta því að þessi heimur okkar hér, kvikmyndaheimurinn, er þröngur og lítill og þar keppast menn auðvitað um að fá styrki til kvikmyndagerðar. Þess vegna hefur verið mjög erfitt að fá menn til setu í úthlutunarnefnd sem örugglega hefðu ekki hagsmuna að gæta. En nú eiga formenn þessara nefnda, A og B, að vera þeir tveir sem eru meðstjórnendur í stjórn stofnunarinnar og eru þá fulltrúar, annaðhvort Félags kvikmyndagerðarmanna eða Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Mér sýnist að það verði ákaflega erfitt með þessu ákvæði, eins og það er þarna sett upp, að koma í veg fyrir þau hagsmunatengsl sem þó er skýrt tekið fram að eigi ekki að vera til staðar eins og þetta er orðað í 5. gr.

Þessa athugasemd vildi ég gera strax við 1. umr. þessa máls því að ég tel að þetta þurfi að athuga mjög rækilega því þarna eru auðvitað miklir hagsmunir í húfi þannig að það er nauðsynlegt að í löggjöf sé rækilega gengið frá þeim þáttum sem mikilvægastir eru sem eru auðvitað hvernig staðið skuli að úthlutun úr sjóðnum.

Í 8. gr. er nýmæli sem ég hygg að sé mjög til bóta, þ.e. að stjórninni er heimilt til viðbótar við styrk til kvikmyndagerðar að veita ábyrgð fyrir bankalánum til þess að standa undir allt að 15% kostnaðar. Ég veit ekki og vildi nú spyrja hæstv. ráðherra að því hvort kannað hafi verið hvernig þetta ákvæði muni í rauninni virka. Ég tek það fram, eins og ég sagði áðan, að ég tel þetta mjög til bóta ef hægt er að veita ábyrgð af þessu tagi. En mundu bankar t.d. telja ábyrgð fullnægjandi sem þessi sjóður veitti? Mundu þeir ekki áfram fara fram á fasteignaveð eins og þeir gera undir flestum kringumstæðum þegar slík lán eru veitt? Og ef ábyrgð fellur á sjóðinn, hvað þá? Hvernig fer með fjármagn hans að öðru leyti? Verður þetta þá einhvern veginn tengt Ríkisábyrgðasjóði eða öðrum slíkum stofnunum? Er ekki nauðsynlegt að það sé betur orðað í frv. hvað raunverulega sé á bak við þennan ábyrgðarsjóð sem þarna er um að ræða? Eiga einungis að vera fjárveitingar ársins sem renna til Kvikmyndasjóðs sem gætu þá hugsanlega á einhverju ári að miklu leyti farið til þess að greiða upp slíkar ábyrgðir sem féllu á sjóðinn eða á að leysa það með einhverjum öðrum hætti? Þetta finnst mér ekki nægilega skýrt í frv. og þyrfti að huga betur að því.

Í 9. gr. er fjallað um að fari stuðningur við framleiðslu myndar fram úr helmingi af kostnaði við gerð hennar getur stjórn sjóðsins óskað eftir því að ríkisbókhaldið fari yfir fjárreiður fyrirtækisins. Ég hefði talið miklu æskilegra og eðlilegra að það væri Ríkisendurskoðun sem færi yfir fjárreiður fyrirtækisins en ekki ríkisbókhald. Ég hef alltaf litið á ríkisbókhaldið sem hlutlausan bókhaldara sem ekki tekur afstöðu til eins eða neins heldur færir bókhaldið bara eins og það liggur fyrir, en það sé hins vegar hlutverk Ríkisendurskoðunar að fara með gagnrýnisaugum yfir bókhaldið og kanna hvað sé að. Ég hefði því talið það æskilegra að þarna kæmi Ríkisendurskoðun í staðinn fyrir ríkisbókhald en vildi þó gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hvaða rök hafi sérstaklega mælt með því að ríkisbókhaldið fengi þetta verkefni en ekki Ríkisendurskoðun.

Áður en ég kem að lokaþætti í máli mínu vildi ég aðeins víkja að ákvæði til bráðabirgða sem er þáttur í því fyrirkomulagi sem sett er upp samkvæmt 5. gr. um úthlutunarnefndir og mér finnst þetta bráðabirgðaákvæði renna stoðum undir það sem ég hef sagt að allt er þetta dálítið flókið og óljóst.

Að lokum, herra forseti, þá er tekið inn í grg. frásögn af hvernig einni helstu tillögu þeirrar nefndar sem undirbjó frv. reiddi af. Um það segir í grg.:

„Meginbreytingin frá frumvarpstillögum nefndarinnar felst í því að nú er gert ráð fyrir því að taka ákvæði um skattfrelsi framlaga til kvikmyndagerðar inn í reglugerð um álagningu tekjuskatts í stað þess að hafa ákvæðið í kvikmyndalögum. Verður reglugerð breytt þannig að í a-lið 12. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 615/1987, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála, verði bætt orðunum „og íslenskar kvikmyndir sem hafa hlotið viðurkenningu Kvikmyndastofnunar". Þetta þýðir að fyrirtæki geta dregið frá tekjum sínum fyrir skatt allt að 0,5% af aðstöðugjaldsstofni vegna kvikmyndagerðar. Hér getur verið um að ræða verulegar fjárhæðir þegar um er að ræða stærri fyrirtæki og munar hvað mestu um þennan lið sem ákveðinn er í tengslum við frv. Hefur fjmrh. ákveðið að breyta reglugerðinni um leið og frv. þetta verður að lögum."

Ég vildi vekja sérstaka athygli á þessu. Ég skil það út af fyrir sig að menn telji eðlilegt að ákvæði af þessu tagi séu í skattalögum og þeim reglugerðum sem settar eru í sambandi við skattalög frekar en að slíkum ákvæðum sé dreift inn í löggjöf hér og þar. Það er mikilvægt að menn geti lesið skattalögin í einni heild og áttað sig á því þar hvernig beri að haga skattlagningu og hvaða frádrætti er um að ræða. Ég vildi hins vegar vekja athygli á þessu og auðvitað treystir maður því að ef þetta frv. verður að lögum verði við þetta staðið og að slík reglugerð verði þá gefin út.

Ég hef hins vegar ekki skoðað lögin sérstaklega í þessu sambandi og maður spyr sjálfan sig að því hvort þetta rúmist ekki innan laganna eins og þau eru í dag, þ.e. skattalaganna, og vildi inna hæstv. ráðherra eftir því. Það er talað um, ef ég man rétt, frádrátt til menningarmála almennt en vafalaust yrði það þó til bóta að skilgreina þetta betur, að kvikmyndagerð falli örugglega undir þessi ákvæði.

Ég læt þessar athugasemdir hér við 1. umr. duga en taldi rétt að koma þeim að áður en málið fer til nefndar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér ánægjuefni að hér skuli liggja fyrir frv. til laga um nýja tilhögun á málefnum kvikmyndagerðar á Íslandi. Tíu ár eru liðin síðan kvikmyndavorið svokallaða hófst. Þetta 10 ára afmæli hefur e.t.v. orðið til þess að drepa á dreif því starfi sem áður hafði verið unnið. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir að hér er ekki um að ræða tíu ára starfsemi heldur má segja að kvikmyndavorið svokallaða hafi einmitt verið uppskera sem aðrir sáðu til.

Hér höfðu þó nokkrir einstaklingar reynt að stunda þessa listgrein árum og áratugum saman. Hér höfðu verið framleiddar kvikmyndir sem nutu vinsælda meðal almennings og heimildarkvikmyndir einnig. Nægir að nefna t.d. kvikmynd sem sýnd var núna um páskana, um björgunarafrekið fræga við Látrabjarg. Þess gætir hins vegar nokkuð í umfjöllun um kvikmyndagerð í dag að brautryðjendur hafi gleymst og mönnum þykir e.t.v. tíu ár ekki langur tími en þessi tími er í raun orðinn miklu lengri. Við áttum hér þó nokkra gagnmenntaða kvikmyndamenn sem höfðu verið við nám víðs vegar um Evrópu árum saman. Ég held að engum þeirra manna hafi auðnast að vinna að kvikmyndagerð eftir það nema mjög stopult og með löngum hléum og við mjög bágborin kjör þannig að þessi vorkynslóð er sú kynslóð sem hefur fyrst uppskorið.

Á þessum tíu árum sem liðin eru frá því að myndin sem talin er marka upphaf þessa tímabils, Land og synir, var frumsýnd hafa verið frumsýndar 25 íslenskar myndir. En svo undarlega vill til að þeim fer fækkandi. Síðasta ár voru einungis frumsýndar tvær myndir, í ár ein og 1991 er ekki von til þess að verði frumsýnd nema ein mynd þar sem einungis var fé til í Kvikmyndasjóði til einnar leikinnar myndar. Það gefur auga leið að með svo lítilli framleiðslu þurfum við ekki að búast við miklum framförum eða stórvirkjum í bráð. Okkur hættir e.t.v. til þess að líta á menn sem hafa starfað við þetta í 10–12 ár sem gamalreynda og reynslumikla en svo er auðvitað alls ekki því að í besta falli hafa þeir staðið að gerð nokkurra kvikmynda, þannig að engum hefur auðnast að ná þar fullum þroska. Það er ekki við þá að sakast og ég er ekki að draga úr framlagi þeirra eða getu, en það liggur auðvitað ljóst fyrir að enginn stekkur alskapaður úr höfði Seifs nema auðvitað Pallas Aþena forðum en aðrir þurfa sinn reynslutíma, sína eldskírn, og til þess hefur raunar engum veist tækifæri enn þá á Íslandi.

Fjárframlög hafa því miður orðið minni nú undanfarið en fyrst var eftir að byrjað var að reyna að styrkja þessa grein en það kemur auðvitað fleira til. Framleiðsla myndanna er dýrari. Menn sætta sig ekki mjög lengi við frumbýlishætti. Það var eflaust auðveldara að fá fólk til starfa fyrir sáralitla greiðslu fyrstu árin og nægir að nefna hlut þess hóps sem hefur hvað drýgst stutt við bakið á kvikmyndagerðarmönnum sem vill því miður ærið oft gleymast, bæði af þeim og öðrum, en það eru íslenskir leikarar sem hafa um árabil lagt þessari listgrein lið með því að gefa, lána og í besta falli fá heldur lágar greiðslur fyrir vinnu sína. Ég held að þeir hafi ekki talið þetta eftir sér, en þess hefur kannski verið að litlu getið hversu mikið þeir hafa í rauninni lagt til þessarar listgreinar.

Eins og liggur fyrir hér í þessu frv. til laga stendur til að gera nokkra breytingu á stjórn Kvikmyndastofnunar Íslands eins og henni er ætlað að heita núna. Áður áttu sæti í stjórn fulltrúar Bandalags ísl. listamanna. Eflaust má deila um hvort það er réttmætt, en raunin hefur orðið sú að það hefur verið

fulltrúi kvikmyndagerðarmanna í Bandalagi ísl. listamanna sem tekið hefur svo sæti í þessari stjórn líka. Aðrir sem sátu í stjórn voru kvikmyndahúsaeigendur. Ég get ekki með nokkru móti séð hvaða erindi þeir áttu í þessari stjórn hvort eð var. Ég er hrædd um að mörgum þætti einkennilegt ef atvinnurekendur ættu sæti í stjórn Dagsbrúnar t.d. Þeir eru auðvitað hagsmunaaðilar, kaupendur framleiðslunnar, og hafa ekkert að gera í stjórn þessara mála. Og eflaust má deila um hvort þriggja manna stjórn er of mikil fámennisstjórn. Ég hef ekki á reiðum höndum hverjir ættu að sitja í þessari stjórn ef fjölgað væri en ég gæti ímyndað mér að það væri þá helst að fjölga fulltrúum þessara tveggja aðila sem nú eiga hvor sinn mann samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands ísl. kvikmyndaframleiðenda. Varðandi það sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um nauðsyn þess að Félag kvikmyndaleikstjóra ætti þarna hlut að máli bendi ég á að ég held að enginn kvikmyndaleikstjóri á Íslandi sé ekki meðlimur í öðru hvoru eða báðum þeirra félaga sem núna tilnefna í stjórn. Þetta mun ekki vera fjölmennt félag, en flestir íslenskir kvikmyndaleikstjórar eru jafnframt framleiðendur mynda þannig að þeir eru þá í Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda og eiga sinn fulltrúa í gegnum þann félagsskap.

Um verkefni ætla ég ekki að ræða. Þau eru tíunduð í 3. gr.

Í 4. gr. stendur að menntmrh. ráði framkvæmdastjóra Kvikmyndastofnunar til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum stjórnar og vil ég gjarnan spyrja hæstv. menntmrh. hvort beri að skilja þetta þannig að hægt sé að endurráða framkvæmdastjóra Kvikmyndastofnunar aftur og aftur til fjögurra ára eða hvort þarna sé átt við eitthvert hámark ráðningar eins og gjarnan tíðkast nú, sérstaklega í stjórnun menningarstofnana af ýmsu tagi. Ég held að full þörf væri á því í þessu tilfelli að hafa ákvæði um hversu oft mætti endurráða, en víðast í svipuðum tilvikum eru ákvæði um að endurráða megi einu sinni. Þarna er að vísu um að ræða framkvæmdastjóra en ekki stjórnendur, en það mun þó orða sannast að framkvæmdastjóri mun í þessu tilfelli hafa afskaplega mikil áhrif á rekstur Kvikmyndastofnunar og því nauðsynlegt að þar gæti endurnýjunar.

Í 5. gr. er svo ákvæði um hvernig stjórn Kvikmyndastofnunar skuli skipa tvær þriggja manna nefndir til að úthluta úr Kvikmyndasjóði. Hér virðist vera talsvert flókinn hlutur á ferð, þ.e. að það á að setja á stofn tvær nefndir og síðan eiga tveir stjórnarmanna að hreyfast milli þessara nefnda þannig að þeir veiti þessum nefndum formennsku til skiptis og þarna verði hreyfanleiki. Hvort hér er í raun um valddreifingu að ræða efast ég um. Í þriggja manna stjórn hljóta samskipti og samvinna að vera mjög náin og ef tveir þeirra stjórnarmanna eiga síðan að veita forstöðu hvor sinni nefndinni efast ég dálítið um að það nái þeim tilgangi sem hér virðist stefnt að.

Ég er algjörlega samþykk því að útdeilt skuli tvisvar á ári. Það er vissulega til bóta. Það getur oft dregist mjög lengi að þeir sem sækja um fjárframlög úr Kvikmyndasjóði fái svar við sínu erindi og eins og segir hér í greinargerð, getur það gefið áfrýjunarmöguleika, ef svo má að orði komast, og eins og málum er háttað nú er líklegt að flestir sem fengju styrk til framleiðslu fengju hann í janúar svo að þeir gætu hafist handa við framleiðslu myndarinnar svona undir vor en þau fjárframlög sem fengjust að hausti væru frekar til undirbúnings.

Það hafa vissulega verið uppi hugmyndir um ýmsa aðra tilhögun á úthlutun. Tillögur hafa komið fram frá Félagi kvikmyndagerðarmanna og Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda um að veita stjórn Kvikmyndastofnunar Íslands sjálfdæmi um hverjum væri falin þessi úthlutun og væri hægt að gera það á marga mismunandi vegu og þyrfti ekki að setja um það svo fastar reglur. Það hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir á Norðurlöndum um tilhögun þessara mála og við hljótum t.d. að líta til Danmerkur þar sem kvikmyndagerð hefur staðið með miklum blóma undanfarið. Bæði hafa verið framleiddar margar myndir og góðar og þeir vakið athygli heima fyrir og um heim allan fyrir kvikmyndagerð. Að vísu eiga þeir langa sögu að baki í þeim efnum, en víst er um það að þar hefur kvikmyndagerð tekið verulegan fjörkipp nú undanfarið. Þeir hafa notað þá, að því er manni virðist, sérkennilegu aðferð, að fela jafnvel einum aðila að standa að þessu máli, þ.e. stjórn kvikmyndastofnunar þeirra hefur ráðið sér ráðgjafa til þess að fara yfir umsóknir og mæla með umsækjendum og fylgja síðan þessum verkum eftir alveg til enda. Ég verð að viðurkenna það að mér finnst þetta hljóma nokkuð sérkennilega, en þennan hátt hafa þeir nú haft á og það hefur skilað góðum árangri. Það mætti eflaust reyna ýmsar aðferðir en með því að binda þetta svona verða hendur Kvikmyndastofnunar bundnar. Væri þetta hins vegar haft opnara væri hægt að viðhafa margar mismunandi aðferðir við úthlutun og í rauninni væri lagt í hendur Kvikmyndastofnunar sjálfrar hvernig hún ákvæði að standa að málum og gæti þá hugsanlega gert þar ýmiss konar tilraunir. Það væri út af fyrir sig miklu djarfari ákvörðun en að negla það alveg niður hvernig staðið skuli að málum. Í tillögum sem þessi tvö félög hafa sent frá sér er lagt til að stjórnin skipi tvo mismunandi aðila til að annast úthlutun, einn eða fleiri í hvora úthlutun. Ég held að þarna séu athyglisverðar hugmyndir á ferðinni sem a.m.k. eru umræðu virði og má e.t.v. segja að í þessu naglfasta skipulagi hér, sem er skipulagt út í æsar, gæti nokkurrar forræðishyggju.

Í 6. gr. er hlutverk úthlutunarnefndar nokkuð tíundað og þykir mér sú grein nokkuð stuttaraleg. Í fyrsta lagi vil ég nefna að í 1. mgr. stendur: „Hlutverk úthlutunarnefnda er að úthluta styrkjum úr Kvikmyndasjóði til íslenskrar kvikmyndagerðar.“ Ég held að það væri afskaplega heppilegt að taka burt orðið „styrkjum“ og nota orð sem notuð eru í flestum öðrum tilfellum, þ.e. fjárframlög eða eitthvað í þeim dúr. Það er óþarfi að kalla þetta styrki. Þetta eru framlög ríkisins til þessarar greinar. Menn tala ekki

um að skólar séu styrktir eða leikhús séu styrkt eða sjúkrahús. Það er opinbert fé sem er veitt til ákveðinnar starfsemi og í þeim fjárframlögum birtist hugur löggjafarvaldsins en ekki í styrkjum. Þetta er e.t.v. orðhengilsháttur en töluverður munur er á því að taka við styrk úr hendi manns eða fjárframlögum. Hér er einungis sagt að úthluta skuli „styrkjum úr Kvikmyndasjóði til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina". Þarna hefði mér fundist ástæða til að tíunda frekar það sem fengi fjárframlög, þ.e. að um geti verið að ræða styrki til handritagerðar, undirbúnings, framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda, að það sé áréttað í lögunum að það sé ekki bara lokaframleiðslan sem þarna um ræðir.

Í 7. gr. er kveðið á um tekjur Kvikmyndasjóðs. Í raun er ekkert sem tryggir í þessum frumvarpsdrögum að tekjur Kvikmyndastofnunar verði nokkuð meiri eða tryggari en þær hafa verið hingað til: „Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningun. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands" o.s.frv. Menn þekkja náttúrlega hvernig eyrnamerkt fé hefur skilað sér til starfsemi. Þarna er gerð enn ein tilraun til slíkrar eyrnamerkingar og er eflaust nokkur stoð í þessu en trygging er það ekki eins og dæmin sanna, en aftur á móti er hér einungis gert ráð fyrir áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum. Það mun þó mála sannast að ekki eru síður tekjur af útleigu kvikmynda af myndbandaleigum og jafnvel mætti hugsa sér af myndum sýndum í sjónvarpi, en þarna mundi þó mest muna um að bætt yrði inn í lögin virðisaukaskatti af útleigu myndbanda. Virðisaukaskattur af sjónvarpsauglýsingum hefur líka verið nefndur en einhvern grun hef ég um að það tengist hugsanlegum menningarsjóði sem er víst væntanlegur einhvern tíma.

Kvikmyndagerðarmenn hafa gert tillögu um athyglisverða tekjuöflun fyrir Kvikmyndasjóð sem felst í því að Kvikmyndastofnun fái tekjur af kvikmyndum í jöfnu hlutfalli við það sem þeir leggja til ákveðinna kvikmynda að frádregnu tvöföldu áhættufé framleiðenda. Þetta mundi hugsanlega líta þannig út að mynd kostaði 40 millj., ríkið legði tl 20 millj., framleiðandi 20, þannig að eignarhaldið væri helmingaskipt. Þegar myndin hefði skilað 20 millj. til framleiðanda að viðbættum öðrum 20, með öðrum orðum að hann hefði tvöfaldað sitt áhættufé, skiptust tekjur af aðgangseyri myndarinnar eftir það til helminga. Fengi þá Kvikmyndastofnunin auknar tekjur ef mynd skilaði ágóða en jafnframt hefði framleiðanda verið sköpuð aðstaða til þess að hefja framleiðslu nýrrar myndar. Þetta ætti því að geta komið báðum aðilum til góða, eflt framleiðanda til dáða og skapað Kvikmyndastofnun tekjur.

8. gr. verð ég að viðurkenna að er mér nánast óskiljanleg. Í fyrsta lagi virðist hér átt við lán. „Nú ákveður stjórn Kvikmyndasjóðs að lána til verkefnis," segir í 1. mgr. Seinna segir svo: „Miða skal við að stjórnin veiti að jafnaði ekki styrki til kvikmyndaframleiðenda sem hafa minna en 10% eigið fé." Nú eru náttúrlega engin dæmi þess að kvikmyndaframleiðendur hafi lagt til minna en 10%. Vel getur verið að framtíðin kunni að bera það í skauti sér, en ég verð að játa að ég bið um nánari útskýringu á þessari grein og hvað hún í rauninni merkir. Lán hafa verið veitt í neyðartilfellum þegar ekki hefur t.d. tekist að ljúka við gerð myndar eða komast yfir lokaáfanga, en að lögfesta slík lán veit ég hreint ekki hvort er til bóta og allra síst að lögfesta það að lánið falli á Kvikmyndasjóð. Auk þess er hér sérkennileg setning: „Nú ákveður stjórn Kvikmyndasjóðs að lána til verkefnis. Skal stjórnin þá kynna sér fjárhag fyrirtækisins eftir föngum." Ja, skárri væri það nú stjórnin sem ekki kynnti sér fjárhag fyrirtækis sem hún ætlaði að fara að ganga í ábyrgð fyrir. Mér finnst þetta vera orðalag sem ætti miklu frekar heima í reglugerð og hálfsnuprukennt að hafa það inni í lagatexta.

Ekki tekur betra við í 9. gr.: „Fari stuðningur við framleiðslu myndar fram úr helmingi af kostnaði við gerð hennar getur stjórn sjóðsins óskað eftir því að ríkisbókhaldið fari yfir fjárreiður fyrirtækisins." Þeir sem úthluta fé hverju sinni hljóta að gera það af einhverri ábyrgð og hljóta að hafa kynnt sér fjárhagsáætlun og forsendur þess sem um sækir. Það er harla einkennileg ráðstöfun ef á að festa það í lög að eftir úthlutun eigi að fara yfir fjárreiður fyrirtækis. Ef það gerist ekki fyrir úthlutun hefur verið illa að málum staðið. Úthlutunaraðilar eru ekki einungis að taka tillit til innihalds, menningarlegs eða sögulegs gildis eða listræns gildis. Þeir eru auðvitað líka að taka afstöðu til þess hvort umsóknin er á einhverjum rökum reist eða hvort hún stendur bara á brauðfótum. Auðvitað er sjálfsagt að hafa ákvæði um að hvenær sem er eftir að framleiðsla myndar er hafin megi fara fram á það að framleiðandi leggi fram bókhald til þess að hægt sé að fara yfir það, en svona tilhögun finnst mér í fyrsta lagi út í hött og í öðru lagi finnst mér þetta lítillækkandi bæði fyrir umsækjendur og úthlutunaraðila. Og ég vil bara biðja menn að athuga þessa grein rækilega áður en svona er hleypt í gegn.

Að lokum vík ég aðeins að ákvæði sem var, skilst mér, upphaflega í frumvarpsdrögunum en er nú einungis nefnt í athugasemdum við lagafrv., þ.e. að reglugerð verði breytt þannig að frádráttur vegna gjafa til menningarmála gildi einnig um íslenskar kvikmyndir. Í fyrsta lagi er hér sagt að það muni orðast svo: „og íslenskar kvikmyndir sem hafa hlotið viðurkenningu Kvikmyndastofnunar". Nú vil ég leyfa mér að spyrja hvort umsækjandi sem ekki hlýtur náð fyrir augliti úthlutunaraðila hverju sinni geti þá ekki fjármagnað kvikmynd sína með framlögum einkaaðila eða fyrirtækja sem geti þá nýtt sér þennan frádrátt. Eða hvað merkir þetta, „hafa hlotið viðurkenningu Kvikmyndastofnunar"? Nú getur stofnun sem hefur takmarkaða fjármuni til umráða auðvitað aldrei veitt öllum sem hún vildi veita fé, en getur hún þá gefið út hæfnisvottorð þannig að viðkomandi geti lagt það fram ef hann leitar styrkja eða framlaga hjá einkafyrirtækjum?

Það er mjög vandmeðfarið, ekki bara í kvikmynda-

gerð, heldur í öllum listgreinum hvernig draga skuli þessi mörk milli framlaga einkaaðila og ríkis og sjálfsagt að reyna að setja um það nokkuð strangar reglur hvernig að skuli staðið því auðvitað er alltaf sú hætta fyrir hendi að fyrirtæki af einhverju tagi fari að ráða óhóflega miklu um innihald, í þessu tilfelli kvikmynda, og auðvitað verður að koma í veg fyrir það. Hugsanlegt væri að ef fyrirtæki ætti að njóta skattafrádráttar rynnu framlögin beint til Kvikmyndastofnunarinnar en ekki til einstakra mynda, þannig að fyrirtækið sýndi þá í rauninni þann hug sinn að það vildi stuðla að kvikmyndagerð en veldi ekki sjálft úr verkefni.

Þær greinar sem fjalla svo um kvikmyndasafn eru að mínu viti ágætar og þarfnast ekki nánari skoðunar. Ýmislegt annað í frv. gerir það hins vegar og vona ég að það verði skoðað með opnum huga og af víðsýni í nefndinni og fái góðan framgang.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um frv.

Ég vil taka undir þessi orð hv. 18. þm. Reykv., ég tel að sjálfsagt sé að skoða allar athugasemdir í nefndinni með opnum huga, og víðsýni líka, en ég legg á það mikla áherslu að frv. verði að lögum á þessu þingi og ég held satt að segja að í nefndinni séu svo margir valinkunnir sæmdarmenn sem þekkja glöggt til þessa málaflokks að þeim ætti ekki að verða skotaskuld úr því að ná samkomulagi um málið og að því verði lokið.

Ég vek athygli á því að fyrir þinginu liggja núna 14 frumvörp á vegum menntmrn. og ég tel að þetta frv. eigi að vera af okkar hálfu og það er af okkar hálfu, af hálfu ráðuneytisins og minni hálfu, mjög framarlega á þeim forgangslista, þannig að ég legg verulegt kapp á að niðurstaða náist í þessu máli.

Um þær athugasemdir sem fram hafa komið vil ég segja þetta: Í fyrsta lagi er varðandi þær athugasemdir sem fram komu bæði hjá hv. 18. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv. um úthlutunarkerfið, að það sé flókið, það tengist hagsmunaaðilum stundum um of, eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Reykv., því til að svara að að sjálfsögðu er nokkuð til í því. Og það að úthlutunarkerfið sé flókið, út af fyrir sig er nokkuð til í því líka. Vandinn er hins vegar sá að finna kerfi sem er hlutlægt, sem lokar eins og kostur er fyrir klíkuskap og þröng sjónarmið og að ákvarðanir séu byggðar á persónulegum tengslum. Það er afar erfitt að koma því við í þessu fámenna þjóðfélagi okkar. Ef menn eru með einhverjar aðrar og tvímælalaust betri aðferðir í þessu efni á auðvitað að skoða það, en ég legg á það mikla áherslu að það kerfi sem ákveðið verður í lögum sé þannig að hægt sé að treysta því, í grófum dráttum a.m.k., og það í sjálfu sér sé ekki þannig að það kalli á tortryggni í hvert einasta skipti sem úthlutað er fjármunum úr Kvikmyndasjóði. Ég veit að ekki er til neitt kerfi sem algjörlega útilokar þetta, en mér er það mjög mikið kappsmál að þetta kerfi sé sem best úr garði gert í þessa veru. Þess vegna eru hér hugmyndir um þennan mikla hreyfanleika á stjórn og úthlutunarnefndum sem verkar flókið en er í raun og veru óhjákvæmileg forsenda þess að hægt sé í þessu fámenna þjóðfélagi kunningsskaparins að halda þannig á málum að einstakir aðilar fari ekki svo að segja að ráða lögum og lofum um kvikmyndagerð í þessum efnum.

Að sjálfsögðu finnst mér að til greina komi t.d. að taka undir það sjónarmið hv. 18. þm. Reykv. að hliðstæð endurnýjunarákvæði eigi að setja inn í 4. gr. frv. um framkvæmdastjóra Kvikmyndastofnunar eins og t.d. er í frv. til útvarpslaga að menn séu ráðnir til takmarkaðs tíma og það sé heimild til að endurráða þá aftur en ekki nema kannski einu sinni eða í allra mesta lagi tvisvar.

Okkar stóri vandi í þessum efnum er auðvitað sá að við erum hérna með lítinn markað. Við erum með lítinn markað 250 þúsund manna þjóðar. Menn bera sig saman við Danmörku t.d. Þar er markaðurinn, bara markaðurinn einn út af fyrir sig, 20 sinnum stærri og þar af leiðandi er hætt við að mjög erfitt verði fyrir opinbera aðila að ná árangri á þessu sviði nema með mikið meiri fjármunum en ætla má að unnt sé að ná samstöðu um að veita til þessarar starfsemi hér á hv. Alþingi.

Í frv. eru gerðar tilraunir til þess að ná mjög víða inn fjármunum með alveg nýjum hætti. Fyrir utan sjóðinn sjálfan, sem er veikur og hefur verið skertur, eins og hér kom fram, er hér gert ráð fyrir ábyrgðarheimildum og það er gert ráð fyrir skattafrádrætti og það er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki reksturinn á Kvikmyndastofnuninni gagnstætt því sem nú er, að Kvikmyndasjóðurinn stendur undir rekstrinum á sjálfum sér sem er auðvitað fullkomlega óeðlilegt kerfi. Þess vegna er það í raun og veru þannig að í frv. er vísað í mjög margar áttir til þess að reyna að efla og treysta fjárhagslega undirstöðu íslenskrar kvikmyndagerðar og reyna að vega þannig upp þá staðreynd að markaðurinn er veikur, markaðurinn er lítill, og þar af leiðandi búa okkar kvikmyndagerðarmenn við mikið þrengri markaðsforsendur en kvikmyndagerðarmenn í grannlöndunum.

Á það má hins vegar benda að við höfum á árunum 1989 og 1990 tekið ákvarðanir um að íslensk kvikmyndagerð eigi aðild bæði að evrópska kvikmyndasjóðnum og norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum. Á það er bent í grg. fjárlagafrv. eins og hv. 2. þm. Reykv. nefndi hér áðan. Það er ekki gert til þess að segja sem svo: Ja, þar með erum við laus allra mála, heldur er þetta veruleiki, að við erum að ná þarna vonandi dálítilli viðbót við möguleika okkar kvikmyndagerðar til að ná sér í fjármuni og ég held að þeir sem eru unnendur íslenskrar kvikmyndagerðar, eins og þeir hv. þm. sem hér hafa talað, hljóti að gera sér ljóst að eftir því sem við förum víðar að sækja fjármuni, eftir því sem við leitum víðar fanga, hvort sem það er sjóður, breyting á skattafrádrætti, erlendir sjóðir, ábyrgðir eða hvað það nú er, eftir því eru meiri möguleikar á því að við náum árangri. Gallinn við þessi mál hefur verið sá að þau hafa einvörðungu

hangið á Kvikmyndasjóðnum sem slíkum og framlögum til hans. Með þessu frv. og fleiri ákvörðunum sem teknar hafa verið er verið að leita miklu víðar fanga en verið hefur.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson spurði að því hvernig ég sæi fyrir mér ábyrgðarákvæðið í 8. gr. gagnvart bönkum. Ég er út af fyrir sig alveg sannfærður um að þetta ákvæði stenst gagnvart bönkum. Hins vegar má segja að það sé þeim í sjálfsvald sett miðað við núgildandi bankalög hvaða ábyrgðir þeir taka gildar. En ég hygg að það sé þó alveg ótvírætt að þeir muni taka þessa ábyrgð gilda ekki síður en fasteignaveð og að bankarnir muni ekki, hafandi ábyrgð af þessu tagi, gera kröfur um það að menn leggi á sama hátt og verið hefur íbúðir sínar undir við framleiðslu á kvikmyndum, eins og við þekkjum mörg afar sorgleg dæmi um frá undanförnum árum. En þá spyr hv. þm.: En ef ábyrgðin fellur á sjóðinn, hvað þá?

Ég vek athygli á því að Kvikmyndasjóður er A-hluta stofnun og hlýtur auðvitað að verða farið með skuldbindingar hans eins og aðrar skuldbindingar A-hluta stofnana. Ég held þess vegna að mjög mikilvægt sé að halda þessu ákvæði þarna inni og að menn geri sér grein fyrir því að hér er auðvitað í fyrstu lagi Kvikmyndasjóður skráður sem ábyrgðaraðili, en hver er ábyrgðaraðili Kvikmyndasjóðs? — Það er ríkissjóður.

Varðandi aðra athugasemd hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar um ríkisbókhaldið þá er ég algjörlega sammála honum um það að ég tel að þetta orðalag í fyrri málsl. 9. gr. sé á misskilningi byggt, hér eigi að standa Ríkisendurskoðun, enda eru ákvæðin í 8. og 9. gr. í raun og veru sniðin að gildandi lögum um Ríkisendurskoðun.

Kem ég þá að nokkrum atriðum sem fram komu í máli hv. 18. þm. Reykv. varðandi sérstaklega 8. og 9. gr. þar sem hún taldi að um væri að ræða óeðlilegt orðalag eða „niðurlægjandi" eins og þingmaðurinn komst að orði. Í fyrsta lagi sagði hv. þm. að orðalagið „skal stjórnin þá kynna sér fjárhag fyrirtækisins eftir föngum" væri óeðlilegt og sagði sem svo, þetta ákvæði á heima í reglugerð og þess vegna er óeðlilegt og óþarfi að hafa það í lögunum. Mín skoðun er sú að það sé ekki óþarfi. Það er ekki hægt að setja svona ákvæði í reglugerð öðruvísi en það eigi lagastoð, þá hef ég misskilið hv. þm. ef hún hefur komist öðruvísi að orði, en ég rökstyð mína skoðun með því að þetta þurfi að vera í lögum til þess að stjórnin geri þetta. Hér stendur „eftir föngum". Hér er ekki verið að tala um neitt annað en það að stjórnin hafi yfirlit, reyni að afla sér yfirlits um fjárhag viðkomandi kvikmyndaframleiðanda. Á bak við þetta er heldur engin forræðishyggja eins og er svo vinsælt að ýta málum hér út af borðinu með einhverju orði sem heitir forræðishyggja. Hér er í raun og veru bara um það að ræða að menn taki tillit til reynslunnar í kvikmyndaframleiðslu hér á undanförnum árum. Það liggur fyrir, m.a. í umsóknum Kvikmyndasjóðs á hverju einasta ári, að það koma aðilar sem hafa lagt í kvikmyndaframleiðslu og hafa lent í gífurlegum fjárhagslegum erfiðleikum sem hefði verið hægt að sjá fyrir og benda mönnum á að gætu stofnað þeirra persónulega fjárhag í stórkostlega hættu. Hér er í raun og veru ekki verið að segja neitt annað en það að stjórnin eigi að kynna sér fjárhag viðkomandi fyrirtækis eftir föngum af því að hér er líka um styrk að ræða. Hér er ekki um að ræða í öllum tilvikum lán heldur í flestum tilvikum styrk. Og ég bendi á að allir aðrir sjóðir sem eru með hliðstæða starfsemi, hvort sem um er að ræða lán eða styrki, þó það séu bara lán reyndar, afla sér vitneskju um fjárhag þeirra fyrirtækja sem verið er að lána.

Í annan stað kom það fram hjá hv. þm. að það væri ruglingslegt að tala annars vegar um lán í fyrsta málslið og hins vegar um styrk, m.a. í 6. gr. sérstaklega og einnig endurtekið í 8. gr., og svo er talað um ábyrgðir. Hv. þm. bað um að þetta yrði skýrt aðeins betur. Í gildandi lögum er talað um lán, það er ekkert nýtt. Það er ekki nýtt í þessu frv. Í gildandi lögum segir styrkir og lán. Hér er í raun og veru ekki verið að segja neitt annað en það að þeim þætti í starfsemi sjóðsins má halda áfram ef fyrir því eru önnur efnisleg rök. Ég held að það skipti út af fyrir sig talsverðu máli að þjónusta sjóðsins við kvikmyndagerðina sé fjölbreytt, hún sé ekki eingöngu í formi styrkja heldur komi þar fleiri þættir til, eins og lán og ábyrgðir.

Í máli hv. 18. þm. Reykv. kom það einnig fram að orðalagið í fyrri málsl. 9. gr. væri gagnrýni vert og ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að þar ætti auðvitað að standa Ríkisendurskoðun. En hér er í rauninni ekki um neitt annað að ræða en það sem er þegar í gildandi lögum um Ríkisendurskoðun. Að öll fyrirtæki, sem eru með framlög sem nema meira en helmingi af kostnaði við rekstur viðkomandi fyrirtækis, eru í raun og veru undir þá sök seld að Ríkisendurskoðun getur, samkvæmt gildandi lögum, farið yfir fjárhag þeirra.

Út af fyrir sig er það athyglisvert umhugsunarefni, sem vikið var að hér áðan, að reyna að komast fram hjá því að vera með tiltölulega naglfest skipulag í þessum efnum í einstökum atriðum. Ég held hins vegar, eins og aðstæðurnar eru, að í raun og veru sé engin önnur leið fyrir löggjafann en að reyna að hafa þessar boðlínur eins skýrar og kostur er. Til að undirstrika hvað það er stór vandi hér á höndum má benda á að umsóknir um stuðning úr Kvikmyndasjóði á sl. ári námu alls um 500 millj. kr. Og það var mat nýju úthlutunarnefndarinnar að í raun og veru hefði þurft a.m.k. 150 millj. kr. til þess að afgreiða þær umsóknir sem fyrir lágu, en úthlutunarnefndin hafði liðlega 60 millj. kr. til ráðstöfunar eftir að rekstur Kvikmyndasjóðs hafði verið greiddur úr sjóðnum sjálfum.

Það er stórkostleg gróska í íslenskri kvikmyndagerð. Umsóknum hefur farið fjölgandi, verkin eru stöðugt metnaðarmeiri. Þetta birtist reyndar á mörgum öðrum sviðum líka. Það varð geysileg fjölgun á verkefnum 1988–1990. Það varð sennilega tvöföldun eða þreföldun frá því sem verið hefur. Þetta birtist á

fleiri sviðum. Tökum t.d. atvinnuleikhópa sem hér hafa verið starfandi um nokkurt skeið. Sá aðili, sem hefur með að gera úthlutun á fjármunum til atvinnuleikhópa, stóð frammi fyrir því núna fyrir nokkrum vikum að umsóknir bárust um stuðning við 51 nokkurn veginn fullgild verkefni. Sambærilegur umsóknafjöldi um verkefni af þessu tagi fyrir fjórum, fimm árum voru þrjú, fjögur og fimm verkefni. Þannig að það er veruleg grósku á þessu sviði og vandi fyrir ríkið að búa til kerfi sem er þannig að það í rauninni opni fyrir þokkalega afgreiðslu á þessum málum í öllum tilvikum. Það getur það í raun og veru ekki gert heldur hlýtur að setja fjárhagsramma sem er meira og minna ákveðinn eftir almennum pólitískum og menningarlegum forsendum.

Hitt er svo ljóst að með þessu frv., eins og það er núna, er verið að auka fjárhagslegt svigrúm íslenskrar kvikmyndagerðar mjög verulega frá því sem verið hefur. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson spurði hvort þetta skattaákvæði í reglugerð rúmaðist innan gildandi reglugerðar. — Svarið er nei, það gerir það ekki. Það rúmast innan laganna, en innan reglugerðarinnar verður að kveða skýrt á um þetta og þess vegna er ætlunin að breyta reglugerðinni þannig að inn í hana bætist orðin „og íslenskar kvikmyndir sem hlotið hafa viðurkenningu Kvikmyndastofnunar".

Og hvað þýðir nú: „... hlotið hafa viðurkenningu Kvikmyndastofnunar"? Þýðir það að aðrir eigi ekki að fá þetta sem ekki fá lánað fé eða styrki úr Kvikmyndasjóði? *Þetta þýðir að þær myndir sem eru* styrktar eða fá lán eða ábyrgð úr Kvikmyndasjóði geta notið þessa skattafrádráttar og aðrar myndir sem Kvikmyndastofnun telur rétt að gefa sérstakan gæðastimpil. Með öðrum orðum auglýsingamyndir, t.d. fyrir fyrirtæki, mundu ekki fá skattafrádrátt af þessum ástæðum. Þetta er takmarkað í raun og veru til þess að veita þessum fjármunum fyrirtækjanna til kvikmynda sem hafa listrænt gildi, heimildagildi eða almennt menningarlegt gildi þannig að þessir fjármunir fari í raun og veru í þann heildarfarveg sem frv. gerir ráð fyrir.

Eins og hv. 18. þm. Reykv. lagði áherslu á þá verður auðvitað að halda þannig á þessum málum að fyrirtækin ráði ekki gerð myndanna í einstökum atriðum og m.a. af þeim ástæðum er talað hér um „... hlotið hafa viðurkenningu Kvikmyndastofnunar".

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er þetta af minni hálfu forgangsmál og ég skora á hv. menntmn. að halda þannig á málum að þetta mál nái afgreiðslu, bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Ég held að það skipti mjög miklu máli að ná lendingu í þessu. Og ég segi að hv. menntmn. Nd. er svo vel mönnuð af fólki sem þekkir til þessa málaflokks að henni á ekki að verða skotaskuld úr því að afgreiða þetta mál með myndarlegum og samstæðum hætti á þeim skamma tíma sem sagt er að eftir lifi þessa þings.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um frv. sem hér er til umræðu. Fyrst og fremst þakka ég fyrir ágætar ræður sem hér hafa verið fluttar, bæði af hálfu hæstv. ráðherra og ekki síður af hálfu hv. 2. þm. Reykv. og 18. þm. Reykv. sem bæði þekkja vel til þessara mála.

Ég vildi leggja áherslu á það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, en það er að mikilvægt sé að afgreiða frv. á þessu þingi. Ég skildi hæstv. ráðherra svo að hann teldi að málið gæti farið til nefndarinnar með þeim hætti að óhætt væri að gera þær lagfæringar sem eðlilegt er að gera á þessu frv. sem hér er til umræðu. Það kemur í ljós að gagnrýnin sem beinist að frumvarpsgreinunum er mjög svipuð, bæði af hálfu talsmanna Sjálfstfl. og Kvennalista. Eftir að hafa lesið frv. þá sýnist mér kannski helsta gagnrýnin vera sú að í 2. gr. er gert ráð fyrir því að menntmrh. skipi stofnuninni þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Það kemur fram gagnrýni á þessa skipan mála. Menn telja að varla sé hægt að gæta allra sjónarmiða með þessum hætti og eðlilegt væri kannski að stjórnin væri stærri og nefnt hefur verið til sögunnar að fleiri samtök gætu þess vegna átt tilnefningarrétt.

Þá er ljóst að í 2. mgr. 6. gr. og í 5. gr. er efni sem ræðumenn hafa nokkuð rætt og talið að varla geti staðið óbreytt, eins og það er í frv. Ég held, án þess að ég þekki mikið til þessara mála, að augljóslega sé betra að úthlutunarnefndin blandist ekki saman við *stjórn Kvikmyndastofnunar*, þ.e. að það séu ekki sömu einstaklingar sem sitji annars vegar í stjórn Kvikmyndastofnunar og hins vegar í úthlutunarnefndinni. Ég segi nefndinni frekar en nefndunum, því ég tel að það sé út í bláinn að hafa A og B úthlutunarnefndir, eins og gert er ráð fyrir í þessu lagafrv.

Ef litið er á uppsetninguna, hér er reynt að koma í veg fyrir það að einhver slys verði, en menn kalla það gjarnan slys ef þeir fá ekki sjálfir úthlutað, þá er gengið þannig frá málum að fyrst á ein nefnd að koma að þessu og síðan önnur með ákveðnu fyrirkomulagi eins og er lýst í frv. Ég held að það væri stórkostlegt slys að samþykkja þessa útgáfu eins og hún birtist í lagafrv. Ég held að það hljóti að vera affarasælast að úthlutunarnefndin sé skilin frá stjórn Kvikmyndastofnunar. Það sem kannski þyrfti að tryggja betur en hefur verið gert á undanförnum árum er að einhver rauður þráður sé í starfsemi úthlutunarnefndanna. *Það má tryggja með því að ekki komi sífellt alveg nýr* hópur að þessu verkefni heldur sitji einn eða tveir eftir í nefndinni þannig að ekki fari mjög mikill tími í að rifja upp það sem áður hefur verið unnið á vegum nefndarinnar. En það gerist óneitanlega þegar alveg nýtt fólk kemur að þessu starfi.

Ég þarf ekki, virðulegur forseti, að hafa mörg orð um þetta mál en vil þó ekki láta hjá líða að spyrja eins og aðrir að því atriði sem kemur fram í athugasemdum við lagafrv. En það var kannski ein helsta rósin í frumvarpsdrögunum, sem nefndin skilaði af sér, að setja inn lagaákvæði um það að fyrirtæki gætu fengið

skattfríðindi vegna framlaga til kvikmynda sem viðurkenndar eru af Kvikmyndastofnuninni. Lagatæknilega skil ég ósköp vel að slík ákvæði eigi fremur heima í tekju- og eignarskattslögum, og síðan í reglugerð sem byggist á þeim lögum, um frádrátt vegna framlaga til menningarmála. Vandinn er hins vegar sá, þar skil ég auðvitað það fólk sem telur sig eiga rétt til slíkra fjármuna af því það stundar menningarstarfsemi á borð við þá að framleiða kvikmyndir, að það er viss hætta á því að slík reglugerð verði mótuð af viðhorfum ráðherra á hverjum tíma, enda hefur Alþingi lítið um þá reglugerð að segja. Þess vegna þarf að vera fyrir hendi veruleg trygging fyrir því að fjmrn. og hæstv. fjmrh. hafi fullan skilning á þessu máli og það þarf að liggja fyrir í nefndarstarfinu, mjög duglega og eftir því gengið, að þetta kerfi geti gengið upp.

Ég átta mig ekki alls kostar á því hvað 0,5% af aðstöðugjaldsstofni þýðir í raun og veru. Ég vissi að á sínum tíma fóru fram mælingar á því þegar nefndin sat að störfum hvað þetta þýddi. Ef ég man rétt þýddi þetta, eins og þetta stóð þá í lagafrv., að fyrirtækin, 25 stærstu fyrirtækin á suðvesturhorni landsins, gátu lagt allt að 1 millj. til kvikmyndagerðar með þessum hætti ef þau notuðu allar heimildir sem þau höfðu samkvæmt lögunum um frádrátt vegna framlaga til kvikmyndagerðar. Ég hygg þó að þetta hafi breyst, að hlutfallið hafi verið annað og miðað við tekjuskatt, en ekki miðað við aðstöðugjaldsstofn. En mér finnst eðlilegt, án þess að ég sé að beina þeim fyrirspurnum til hæstv. ráðherra, að fara fram á það við hv. menntmn., sem ég veit að er skipuð fólki sem þekkir þetta mun betur en ég, að það sé gengið úr skugga um þetta því ég hef trú á að í jafnfjármagnsfrekri listgrein og kvikmyndagerðin er, þá komumst við Íslendingar aldrei langt án þess að nýta alla þá möguleika sem við höfum til þess að afla fjár, þar á meðal að notfæra okkur ákvæði skattalaga til að reyna að ná fjármunum út úr venjulegum atvinnufyrirtækjum þar sem eigendur og stjórnendur hafa áhuga á því að leggja íslenskri menningu lið með þeim hætti.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, þarf ég ekki að ræða þetta frv. Ég get tekið undir flest það sem komið hefur fram af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar. Mér heyrist hæstv. ráðherra vera á þeim buxunum að koma þessu máli fram með samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu, sem ég skil á þann veg að hann sé tilbúinn til þess að taka fyllsta tillit til þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram af hálfu talsmanna annars vegar Kvennalistans og hins vegar Sjálfstfl.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég get eiginlega ekki látið hjá líða að leiðrétta það sem, a.m.k. í mínum eyrum, hljómaði sem smámisskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv. En örfá orð til hæstv. ráðherra fyrst.

Ég hef kannski ekki orðað þá spurningu nógu skýrt, en ég vil beina til hans þeirri spurningu hvort ekki hafi komið til greina að gert yrði ráð fyrir áætluðum virðisaukaskatti af útleigu myndbanda í 7. gr. um tekjur Kvikmyndasjóðs og ef svo er ekki, hvers vegna? Þarna er kannski harðasti keppinautur íslenskrar kvikmyndagerðar. Það munu vera miklu fleiri sem sjá kvikmyndir eftir þeim leiðum en í kvikmyndahúsi. Og þar sem tilgangurinn virðist vera að taka virðisaukaskattinn af erlendum kvikmyndasýningum og leggja til innlendrar framleiðslu þá hlýtur maður að spyrja hvers vegna meiri hluti þess tekjustofns er undanskilinn.

Í öðru lagi vil ég aðeins nefna 9. gr. aftur. Það var ekki rétt í máli ráðherra að ég vildi ekki láta fylgjast með fjárreiðum eða bókhaldi fyrirtækja. Ég sagði að auðvitað væri sjálfsagt að ákvæði væri um að það mætti gera hvenær sem væri og á hvaða stigi sem væri. Ég skil ekki þetta orðalag, að það skuli bindast við að framlag Kvikmyndasjóðs fari yfir helming af kostnaði. Mér finnst líka orðalagið bera það í sér að þessi athugun skuli einungis fara fram eftir úthlutun, en auðvitað á ríkið að eiga aðgang að fjárreiðum þessara fyrirtækja hvenær sem er, svo að það fari ekki á milli mála.

Í 6. gr. stendur, eins og ráðherra benti á: „Einnig er heimilt að veita lán.“ Þannig að mér er enn þá 8. gr. jafnóskiljanleg. En ég mun leggja mig fram í nefnd að reyna að skilja hana.

Ég sný þá máli mínu að hv. 1. þm. Reykv. Hann hafði orð á því að stjórnarandstaðan talaði nokkuð einum rómi í þessu máli. Ég er ekki viss um að svo sé. Ég held að það sé eitt sem við erum algerlega sammála um, ég skal ekki segja að hvaða samkomulagi við komumst ef við förum svo að tala nánar saman. Það er oft eins og það sé styttra í samkomulag þegar komið er inn í nefndir en virðist hér úr ræðustólnum, en af því sem ég marka nú þá er ég algerlega sammála því að stjórnarmenn í Kvikmyndastofnun Íslands eigi ekki að eiga aðild að úthlutun, þ.e. beina aðild, heldur eigi þeir að fela það öðrum. Ég er algerlega sammála því og ég sagði það áðan. Ég er ekkert handviss um að það eigi að fjölga í stjórn Kvikmyndastofnunar og sagði raunar að það vefðist fyrir mér, ef yrði fjölgað, hverjir ættu þá að koma þar inn. Ef ég fæ að heyra einhverjar góðar uppástungur er ég vissulega reiðubúin að íhuga það. En að svo komnu máli get ég ekki í fljótu bragði séð hverjir eiga að koma þar að og þegar hafa aðilar farið út, eins og ég sagði um kvikmyndahúsaeigendur, sem ekkert erindi áttu þarna inni. En sem talskona valddreifingar get ég auðvitað ekki sett mig á móti fjölmennari stjórn svo framarlega sem ég sannfærist um að menn eigi þangað erindi. Það sem tilgreint var hér áðan, Félag kvikmyndaleikstjóra á Íslandi, tel ég að eigi aðild að þessari stjórn eftir öðrum leiðum og engin ástæða sé til að opna þeim leið með þessu móti. Það væri þá frekar að fjölga fulltrúum, þ.e. að tveir væru frá Félagi kvikmyndagerðarmanna og tveir frá Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda, eða eitthvað slíkt. En þá að úthlutuninni.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég er mjög sammála því að úthluta tvisvar á ári. Mér finnst það

mjög til bóta og hafði fyrir því nokkur rök hér áðan. Eitt ár er langur tími til að fá úrskurð um hvort þú getur hafið vinnu eða framleiðslu myndar. Það er gott að geta áfrýjað til annarra aðila en þeirra sem höfnuðu þér í fyrra skiptið því að misjafn er nú smekkur manna og enginn óbrigðull í þeim sökum. (**FrS:** Þarf tvær nefndir?) Ég held að hv. þm. hafi ekki hlýtt á mál mitt áðan. Ég hef ekki lýst mig samþykka þessum tveim nefndum. Aftur á móti, ef hv. þm. má vera að því að ljá mér eyra núna svo að hann þurfi ekki aftur að fara hér upp í ræðustól með misskilning og gera mér upp orð, sagði ég að ég efaðist um þessa tilhögun, bæði að menn í stjórn Kvikmyndastofnunar ættu beina aðild að úthlutun, og eins hafði ég þá gagnrýni uppi að óþarfi væri að festa þetta með þessum hætti. Ef til vill mætti orða þetta þannig í lögum að stjórn Kvikmyndastofnunar væri falið að skipa tvo mismunandi aðila til að annast úthlutunina, einn eða fleiri hvora úthlutun. Þannig að í rauninni væri það í höndum Kvikmyndastofnunar hverjum þeir fælu þetta verkefni hvert sinni.

Ég vil taka það fram að ég er heldur ekki fylgjandi því að þarna sitji sama fólk við úthlutun árum saman og nú vil ég biðja hv. þm. aftur að ljá mér eyra. Það er ekki svo flókið að hafa yfirsýn yfir það hverjir hafa fengið úthlutun hér á Íslandi. Nægir að nefna að 25 myndir hafi fengið úthlutun á 10 árum. Það hljóta allir að geta kynnt sér með nokkuð fljótlegum hætti. En einmitt vegna smæðar og hættu á hagsmunaárekstrum er mjög áríðandi að þar komi nýir aðilar að hverju sinni. Vegna þess að við getum ekki forðast hagsmunaárekstrana. Þó að það sé auðvitað fullkomlega óeðlilegt að einhver sem á aðild að úthlutun fái fjárframlag þá getum við ekki í svo smáu þjóðfélagi, ég tala nú ekki um þegar um er að ræða svona afmarkaðan geira eins og kvikmyndagerð sem mjög fáir aðilar í rauninni eiga aðild að, forðast hagsmunaárekstra. En við getum forðast að það verði sömu hagsmunaárekstrarnir ár eftir ár. Það er í rauninni það eina sem hægt er að gera í þessu máli. Þess vegna er áríðandi að það komi að nýir aðilar. Rauði þráðurinn er ekki vandfundinn eða vandlærður, en það að sömu aðilar sitji ár eftir ár til að tryggja samhengi held ég að væri ekki til bóta í þessu. Það er miklu betra, í stað þess að vera að reyna að finna einhverja svokallaða óháða aðila úti í bæ til þess að fara með þetta fé, þá virðist mér að væri nú betra að það lægi nær þeim sem hlut eiga að máli og hér gerir það það vissulega. Það eru kvikmyndagerðarmenn sjálfir sem hafa meiri hluta í stjórn Kvikmyndastofnunar. Við verðum bara að sætta okkur við að hagsmunir ráði, en reynum að koma í veg fyrir að sömu hagsmunir ráði aftur og aftur.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær athugasemdir og ábendingar sem hafa komið fram í umræðunni og svara fyrirspurnum. Fyrst frá hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur, hvort ekki hafi komið til greina að hafa þarna með virðisaukaskatt af útleigu myndbanda, af hverju það sé ekki inni. Svarið er einfalt. Það er bara peningamál, það er einfalt. Ef útleiga myndbanda hefði verið þarna inni þá hefði það sennilega þýtt 50–60 millj. kr. í viðbót af mörkuðum tekjustofni fyrir sjóðinn og menn voru ekki tilbúnir til þess að marka sjóðnum meiri tekjur en sem nemur þeim virðisaukaskatti sem um er að ræða í frv. eins og það lítur út núna. Það eru ósköp einfaldlega rökin og í sjálfu sér ekki margt fleira um þau að segja.

Hv. þm. spurði líka, af hverju er aðeins talað um heimild til athugunar ef framlög úr Kvikmyndasjóði, lán eða ábyrgðir, fara yfir helming af kostnaði, eins og stendur að mig minnir í 9. gr. Svarið er: Það er sniðið eftir gildandi lögum um Ríkisendurskoðun.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. þá tel ég út af fyrir sig að það sé allt saman gildar ábendingar. Ég tel það ekki út í bláinn að hafa tvær úthlutunarnefndir. Það kannski virkar þannig, en það er auðvitað ekki út í bláinn. Það er hugsað þannig að tveir aðilar komi að úthlutuninni á fjármunum úr sjóðnum til að draga úr hættu á því að þröngir hagsmunir ráði ráðstöfun alls fjármagns Kvikmyndasjóðs hverju sinni. Það er í raun og veru svo einfalt.

Hins vegar er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. að það mætti kannski búa aðeins betur um hnútana varðandi það að ekki komi alltaf alveg nýr hópur að úthlutun eins og þetta er núna. Þeir sem eru t.d. í úthlutunarnefndinni núna komu að öllu leyti nýir til skjalanna. Þeir sem voru í úthlutunarnefndinni í fyrra voru allt aðrir. Auðvitað má reyna að stuðla að því að einhver samvinna sé á milli eða einhver tengsl náist á milli þessara úthlutunarnefnda. Það er út af fyrir sig alveg hægt samkvæmt frv. eins og það lítur út.

Með skattfríðindin. Þannig var fyrir allmörgum árum að tekin var um það ákvörðun í landi nokkru, sem er nokkuð fjarlægt okkur og heitir Ástralía, að það yrðu veittir sérstakir skattafrádrættir vegna kvikmynda. Það var ákveðið að hver króna, sem fyrirtæki veitti til kvikmyndaframleiðslu, drægist frá skatti þess fjórföld. Árangurinn af þessu höfum við meira að segja hér uppi á Íslandi séð í kvikmyndahúsum og sjónvörpum okkar, þar sem fram hefur komið að Ástralíumenn hafa gert sig gildandi á alþjóðlegum kvikmyndamarkaði á undanförnum árum. Í upphaflegum tillögum, sem ég lagði fyrir í þessum efnum, var gert ráð fyrir því að svipað fyrirkomulag yrði tekið upp hér og kvikmyndagerð þannig í raun og veru raðað í forgangsröð með þeim rökum að framleiðsla á hverri leikinni mynd er dýr og um er að ræða verkefni, menningarlegt verkefni sem þess vegna er réttlætanlegt að verja fjármunum til með alveg sérstökum og afbrigðilegum hætti. Það er enginn vafi á því í mínum huga. Ég tel líka að af því að markaðurinn er svo lítill hér séu full rök fyrir því að ganga lengra í þessum efnum að því er kvikmyndina varðar en ýmsa aðra þætti í okkar menningarstarfsemi.

Niðurstaðan varð svo sú, út af einhverju sem heitir skatttæknilegar ástæður og hv. 1. þm. Reykv. sagðist skilja og ég verð að segja alveg eins og er að ég hef aldrei skilið og get sennilega aldrei lært að skilja,

enda er ég ekki búinn að vera á þingi nema í 12 eða 13 ár, að ég taldi fullkomlega eðlilegt að vera með svona frádráttarákvæði inni í þessum sérlögum. Niðurstaðan varð svo sú að menn töldu það óeðlilegt og betra væri að hafa þetta á grundvelli tekjuskattslaganna sjálfra. Auðvitað er það rétt, það er hreinna að hafa það þannig og þess vegna segja menn sem svo: Við breytum reglugerðinni. Þá kem ég að því sem hv. þm. Friðrik Sophusson ýjaði sérstaklega að, hvernig verður henni breytt? Henni verður breytt nákvæmlega eins og stendur í greinargerðartextanum, en ég gæti sent hv. menntmn., ef menn vilja, reglugerðargreinina í heild, eins og hún liti út svo breytt þannig að menn hafi það alveg á hreinu hvernig með þetta yrði farið.

Hv. þm. sagði að reglugerðir væru mótaðar af viðhorfum ráðherra á hverjum tíma og það er út af fyrir sig alveg rétt. En í sjálfu sér er þetta mjög einföld reglugerðarbreyting og sjálfsagt að nefndin fái það til meðferðar. Mér finnst mikilvægt að afgreiðsla nefndarinnar á frv. byggist m.a. á því að reglugerðinni verði breytt með tilteknum hætti þannig að það komi í raun og veru fram með óbeinum hætti hver vilji löggjafans er í þessu efni og að framkvæmdarvaldið geti þess vegna við reglugerðarbreytinguna tekið mið af því.

Eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan þá er ég að sjálfsögðu tilbúinn til að stuðla að því að tekið verði tillit til skynsamlegra ábendinga um breytingar á frv. Ég kannast nú satt að segja ekki við að mjög hafi staðið á því í samvinnu minni við stjórnarandstöðuna í flestum málum. En að sjálfsögðu, ef menn eru með lagfæringar á frv., eins og að sumu leyti hefur verið bent á þegar, á að skoða það. Betur sjá augu en auga og það er eðlilegt, og stjórnvöldum í raun og veru skylt og menntmrh., hver sem hann er, að stuðla að því að mál fái skynsamlega afgreiðslu þar sem menn reyna að nálgast þessa hluti af víðsýni. Ég heiti enn á hv. menntmn. að gera allt sem í hennar valdi stendur til að lenda þessu máli þegar á yfirstandandi þingi.

Ég þakka svo að öðru leyti fyrir umræðuna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Skaðsemisábyrgð, 1. umr.

Stjfrv., 518. mál. — Þskj. 904.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skaðsemisábyrgð. Frv. fjallar um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hljótast kann af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða látið af hendi á annan hátt. Hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál af þremur ástæðum.

Í fyrsta lagi af því að það bætir stórlega réttarstöðu neytenda hér á landi.

Í öðru lagi af því að það er liður í samræmingu viðskiptalöggjafar í Vestur-Evrópu.

Í þriðja lagi af því að það er nauðsynlegur þáttur í því að tryggja okkar vöruútflutningi hindrunarlausan aðgang að innri markaði Evrópubandalagsins og markaði annarra EFTA-ríkja.

Skaðsemisábyrgð er það orð sem menn hafa valið á íslensku til að þýða orðin „produkt ansvar“ á skandinavískum málum eða „product liability“ á enskri tungu. Þessi grein skaðabótaréttarins er tiltölulega ung. Samkvæmt henni er meginreglan sú að sá sem bíður tjón vegna skaðlegra eiginleika framleiðsluvöru geti krafist bóta beint frá framleiðanda eða frá framleiðanda og dreifingaraðila í sameiningu. Meginábyrgðin fyrir hinum skaðlegu eiginleikum framleiðsluvörunnar liggur þó hjá framleiðandanum. Ef vara er innflutt tekur þó innflytjandi, eða annar dreifingaraðili á vörunni, á sínar herðar ábyrgðina á framleiðslunni. Á sameiginlegu markaðssvæði margra ríkja verður ekki um sérstakan innflytjanda að ræða heldur um framleiðendur og dreifingaraðila. Það er ekki síst vegna þessara væntanlegu breytinga á viðskiptaháttum í Vestur-Evrópu sem nauðsyn er á að flytja frv. eins og þetta.

Virðulegur forseti. Vegna þess að tími til að ljúka þingstörfum er nú í knappara lagi mun ég stytta mál mitt en væntanlega gefst mér kostur á að skýra þetta frv. betur síðar. Ég nefni þó sérstaklega stóraukinn rétt neytenda sem af samþykkt frv. mun leiða.

Í dag er ábyrgð framleiðenda leidd af hinum almennu skaðabótareglum og í vissum tilfellum kann hún að leiða til svipaðrar niðurstöðu og þetta frv. mundi gera ef að lögum yrði. En vegna aðildarreglna, þ.e. að sá sem fyrir tjóni kann að verða þarf að fara í mál við eiganda vörunnar, eigandinn við kaupmanninn sem seldi honum og síðan koll af kolli til framleiðandans, er oft erfitt og jafnvel með öllu ómögulegt að ná fram rétti þess sem fyrir tjóni verður vegna aðildarskorts framleiðandans. Nái þetta frv. fram að ganga verður aðgangurinn beinn. Beint að framleiðanda vörunnar, beint að dreifingaraðila eða aðilum sameiginlega, þ.e. framleiðendum og dreifingaraðilum. Þeir gera svo upp hinar greiddu skaðabótakröfur sín á milli í hlutfalli við þátt hvers og eins í hinum skaðvænlegu eiginleikum.

Í öðru lagi nefndi ég að frv. er liður í samræmingu á viðskiptalöggjöf Vestur-Evrópuríkja. Þetta er rakið miklu nánar í athugasemdum með frv. En bæði Evrópubandalagið og EFTA hafa samþykkt í stjórnarstofnunum sínum að stuðla að samræmdri löggjöf á þessu sviði þannig að réttindi almennings gagnvart tjóni sem hlýst af skaðsemi vöru séu hvarvetna samræmd.

Í þriðja lagi nefndi ég að frv. væri þáttur í að tryggja íslenskri framleiðsluvöru hindrunarlausan aðgang að innri markaði Evrópubandalagsins og markaði EFTA-ríkjanna. Skýringin á þessu er sú að eftir að samræmdar reglur um skaðsemisábyrgð hafa verið

lögfestar í þessum ríkjum muni dreifingaraðilar tregir til þess að selja vörur frá öðrum ríkjum en þeim þar sem tvímælalaust er hægt að fella skaðsemisábyrgð á framleiðanda vörunnar. Sé það ekki hægt sitja innflytjendur og dreifingaraðilar uppi með ábyrgðina. Þetta kynni að tefja fyrir framgangi og sölu íslenskrar framleiðsluvöru á hinum sameiginlega Evrópumarkaði. Vafalaust má í einstaka tilfellum leysa slíkan vanda með samningum. En hætt er við að það muni valda auknum kostnaði og erfiðleikum fyrir íslenska útflytjendur. Þess vegna er mikilvægt, bæði vegna hagsmuna neytenda og útflytjenda, að á þessu máli verði tekið.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að fjalla um einstakar greinar frv. en vil þó vekja sérstaklega athygli á 4. tölul. 1. mgr. 7. gr., þar sem fjallað er um ábyrgð á svokölluðum þróunarsköðum. Þetta er nánar skýrt í athugasemdum við frv. en löggjöf viðskiptaþjóða okkar er ekki samræmd hvað þróunarskaða varðar.

Ég legg til að þetta atriði verði tekið til sérstakrar athugunar við nánari umfjöllun frv.

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því að þetta frv. megi að lögum verða á þessu þingi. Bæði er að skammur tími er til þingloka og málið þarfnast ítarlegrar og vandaðrar meðferðar. Ég legg hins vegar á það mikla áherslu að þessari umræðu um frv. verði lokið og málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. Málið þarf að fá þá kynningu sem framlagning frv. hefur í för með sér og það þarf að fá umsagnir frá ýmsum aðilum. Þar vil ég nefna sérstaklega samtök útflytjenda, samtök neytenda, samtök iðnrekenda, verslunar og vátryggjenda.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Það kemur mér nokkuð á óvart að hæstv. ráðherra skuli nú mæla fyrir þessu frv. um skaðsemisábyrgð.

Mér er kunnugt um að mál þetta hefur ekki verið lengi í undirbúningi og mér sýnist að talsvert eigi eftir að betrumbæta það, jafnvel þannig að töluverð vinna sé eftir, enda um flókið mál að ræða, ekki síst lögfræðilega.

Þar að auki er nokkuð ljóst að ekkert liggur á setningu lagareglna sem þessara næstu árin. Að því er ég best veit er forsaga þessa máls sú að Jón Finnbjörnsson héraðsdómari flutti erindi hjá Lögfræðingafélaginu nýverið um ráðstilskipun EB um skaðsemisábyrgð, eins og gerð eru rækileg skil í greinargerð. Þetta erindi er mér tjáð að hafi verið mjög fróðlegt og varð m.a. til þess að ráðuneytisstjóri í viðskrn. bað Jón Finnbjörnsson um að semja þetta frv. sem hann og hóf störf að ásamt Arnljóti Björnssyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Þeirra starfi virðist þó ekki hafa verið að fullu lokið. Því fagnaði ég sérstaklega þegar hæstv. ráðherra lýsti því yfir áðan að ekki væri ætlunin að þetta frv. yrði að lögum á þessu þingi heldur væri tilgangurinn öllu fremur sá að koma málinu til nefndar til þess að hægt væri að afla umsagna. Ég verð að segja að það er þó frekar skiljanleg meðferð en hitt, ef frv. ætti að reyna að gera að lögum strax.

En það vekur þó nokkra furðu að aðeins eitt mál, sem varðar EB og þá þróun sem í því sambandi á sér stað, skuli tekið svona út fyrir en ekki í samræmi við annað starf á þessu sviði. Þessum athugasemdum vildi ég koma að, hæstv. forseti, en auðvitað er þó hér um mjög athyglisvert mál að ræða. Einmitt þess vegna þarf að vanda vel undirbúning þess.

Markmiðið með frv. er vafalaust að samræma íslenskar reglur reglum EB á þessu sviði og um það er rætt í greinargerðinni. Sérstaka athygli vekur að hún er samin í viðskrn. Reyndar er þar alvarleg stafsetningarvilla, að því er ég best fæ séð, á bls. 3 neðarlega og bið ég hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef það er ekki rétt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvöru fer í meginatriðum eftir almennum skaðabótareglum. Ekki er ljóst samkvæmt kenningum fræðimanna eða úrlausnum dómstóla, hversu ströng ábyrgð þessi skuli vera. Þróunin á þessu sviði er til strangari ábyrgðar og jafnvel huglægrar ábyrgðar."

Þarna hlýtur að eiga að standa „hlutlægrar" ábyrgðar. Vegna þess að það er aðalatriðið í frv. að hér er um að ræða hlutlæga eða „objektiva" ábyrgð, sem skiptir verulegu máli því að í frv. er ekki gert ráð fyrir sök í samræmi við „culpa"-regluna. Ég bið hæstv. ráðherra um að leiðrétta mig ef þetta er ekki rétt skilið því ég hefði haldið að hér væri um aðalatriði að ræða.

Hér er sem sé fjallað um svokallaða upprunaábyrgð, þ.e. ábyrgð á vöru er færð til hins upprunalega framleiðanda. Þessar reglur snerta þá að sjálfsögðu m.a. mikið útflutning hjá Íslendingum og er því mætavel skiljanlegt að hæstv. ráðherra vilji fá athugasemdir frá þeim aðilum sem þetta mál varðar.

Það er að vísu varla tími til þess hér að fara nákvæmlega ofan í hverja einustu grein frv., enda tiltölulega stutt síðan það var lagt fram. Þó má vekja hér athygli á t.d. 12. gr. þar sem segir: „Eigi má áður en tjón verður víkja með samningi frá ákvörðun laga þessara til baga fyrir tjónþola eða þann er öðlast rétt sinn frá honum." Það gæti litið út fyrir að hér væri um svolítið sérstakt ákvæði að ræða en ég hygg þó nauðsynlegt að hafa slíkar ófrávíkjanlegar reglur ef menn vilja koma á slíkri löggjöf. En þessar reglur munu hafa það í för með sér að atvinnureksturinn hlýtur að verða að tryggja sig fyrir slíkri ábyrgð og kaupa þar með iðgjöld hjá vátryggingafélögum. Maður getur gert ráð fyrir því að alls kyns kostnaður muni þar með leggjast ofan á vöruna. Þannig að vöruverð hlýtur að hækka. Hins vegar má náttúrlega benda á að þá ætti vara jafnframt að vera öruggari og líka má gera ráð fyrir því að þegar vátryggingafélögin komi svo sterkt inn í þessi mál muni þau fara út í sjálfstætt eftirlit. Það er því hægt að vonast til þess að tjón muni frekar minnka þar sem gerðar yrðu strangari kröfur.

Það er reyndar athyglisvert með 4. gr. að þar er talið til hver teljist vera framleiðandi. Í fyrsta lagi er það sá sem býr til fullunna vöru en í 2. mgr. segir:

„Auk þess skal hver sá teljast framleiðandi er flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja, leigja eða afhenda vöru á annan hátt en í atvinnustarfsemi.“ Þar með eru innflytjendur komnir með þessa ábyrð á sínar herðar væntanlega í þeim tilgangi að auðvelda tjónþolanum að ná fram rétti sínum þar sem erfitt yrði að ná til framleiðanda sem er einhvers staðar langt í burtu. En ég geri ráð fyrir því að þá yrði um endurkröfurétt að ræða frá innflytjanda til framleiðandans. Í 3. mgr. 4. gr. segir: „Dreifingaraðili telst hver sá er afhendir vöru í atvinnuskyni, án þess að teljast framleiðandi.“ Nú kemur það í ljós í frv., og í greinargerð, að dreifingaraðili getur borið jafnsterka ábyrgð. Væntanlega er þá hér átt við dreifingaraðila eins og seljanda vörunnar, t.d. kaupmanninn á horninu. Vildi ég biðja hæstv. ráðherra um að skýra aðeins frekar hvað hér er um að ræða, hversu víðtæk þessi ábyrgð er.

Maður getur séð fyrir sér að hér getur orðið um talsverðan kostnað að ræða. Vátrygging getur jafnvel orðið þeföld. Fyrst er það framleiðandi vörunnar sem kaupir sér vátryggingu. Síðan getur innflytjandinn eða hver sá sem flytur vörur til landsins í þeim tilgangi sem getið er um í 2. mgr. 4. gr. keypt sér vátryggingu og sömuleiðis dreifingaraðili. Hér getur því orðið um þrefalda vátryggingu að ræða.

Fram kemur í greinargerð að þessi lög virðast fyrst og fremst sniðin eftir dönsku lögunum. Er það að sjálfsögðu fagnaðarefni ef hæstv. ráðherra vill halda sig að norrænni löggjöf í þessu sambandi. Eins og kemur fram í greinargerð þá er nú þegar búið að samþykkja dönsk lög um skaðsemisábyrgð og lagasetning er í undirbúningi annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er sérstaklega mikilvægt atriði vegna þess að við höfum mjög fá tilvik um slíka ábyrgð í íslenskum dómapraxis. Það er þess vegna mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að geta notfært sér bæði rit og dóma um þetta efni þar sem norræn löggjöf er víðast hvar mjög svipuð og Íslendingar hafa miðað sína löggjöf við hana.

Það er samt nokkuð athyglisvert atriði hér sem kemur fram neðst á bls. 7 í kaflanum sem heitir „Lagasetning um skaðsemisábyrgð“. Þar er talað um hvernig þessu hefur verið fyrir komið í Bandaríkjunum þar sem löggjafarþróun og dómar, sem kveðnir hafa verið upp í málum sem fjalla um skaðsemisábyrgð, hafa lagt mjög ríka ábyrgð á framleiðendur vöru og hafa dæmdar skaðabætur numið háum fjárhæðum. Hér segir einnig orðrétt:

„Framleiðendur í Bandaríkjunum kaupa sér yfirleitt vátryggingar fyrir hugsanlegum útgjöldum vegna skaðsemisábyrgðar, en á síðustu árum hafa iðgjöld af slíkum vátryggingum hækkað verulega. Eru iðgjöld slíkra trygginga jafnvel ofviða smáum fyrirtækjum. Í ágúst árið 1986 var lagt fram á Bandaríkjaþingi frumvarp til alríkislaga um skaðsemisábyrgð en það hefur enn ekki verið staðfest. Samkvæmt frumvarpinu ber seljandi því aðeins skaðsemisábyrgð að hann hafi sýnt gáleysi.“

Þetta er mjög mikilvægt atriði, að framleiðandinn hafi sýnt gáleysi. Það lítur svo út að hér sé verið að draga úr kröfum. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort nokkur hætta sé á því að löggjöf sem þessi, sem við erum að ræða um hér og eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, geti haft einhverja slíka afturvirkni í för með sér eftir einhvern ákveðinn tíma. Það er kannski fremur ótrúlegt vegna þess að það hafa verið mjög ólíkir dómar sem hafa verið dæmdir annars vegar hér á Íslandi og Norðurlöndum og svo aftur í Bandaríkjunum þar sem skaðabótakröfur hafa verið gífurlega háar og dæmdar hafa verið gífurlega háar fjárhæðir í slíkum málum. En það er kannski ástæða til að velta því aðeins fyrir sér.

Þá er rétt að geta þess að tryggingafélög hér á landi hafa verið að greiða einhverjar bætur út af svona tjóni. Sem dæmi má nefna vanstilltar þvottavélar, þ.e. tjón sem hefur orðið á þvotti. Það hefur verið bætt af ábyrgðartryggingu seljanda og fleiri dæmi eru til, eins og sala á dýrafóðri þar sem skepnur hafa sýkst, jafnvel drepist, varp dottið niður í hænsnabúum. Eins líka tjón út af matareitrun og að því er mér skilst þá hefur þetta tjón einnig verið bætt í sambandi við útflutning hjá íslensku fyrirtæki þar sem efni hefur verið notað í iðnað erlendis og um talsvert tjón var að ræða. Þessi mál virðast því ekki alveg óþekkt hér í praxis og reyndar virðist sem framkvæmdir hafi tekið mið af íslenskum dómapraxis. Þannig að það er kannski ekki hundrað í hættunni þó að þetta mál yrði athugað nánar og jafnvel lagt fram á næsta haustþingi. En þó virðist svo sem ekki liggi mikið á þessari löggjöf og mörg atriði þurfi að athuga betur í þessu sambandi. Þessi löggjöf er til viðbótar við þá löggjöf sem gildir um ábyrgð á vöru, þ.e. galla á vöru samkvæmt kaupalögum. Í kaupalögum er talað um galla á vöru en hér er búið til nýtt orð, það er talað um ágalla. Þetta sést m.a. í 5. gr. frv. Það er kannski rétt að vekja athygli á því að hér er ekki um að ræða sama hlutinn, hvort það er galli í kauparétti eða galli samkvæmt skaðsemisábyrgð. Það getur verið tvennt ólíkt.

Hæstv. forseti. Ég vildi við 1. umr. koma þessum athugasemdum að og fá kannski aðeins nánari skýringar hjá hæstv. viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir athugasemdir og ábendingar sem fram komu í ræðu hennar. Ég heyrði ekki betur en að hún sé mér sammála um það að þetta mál þurfi að fá vandaða meðferð og umsagnir þeirra sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Ég nefni samtök útflytjenda, samtök neytenda og samtök framleiðenda og verslunaraðila hér á landi, reyndar vátryggjenda einnig, eins og kom fram í mínu máli. Ég tel mjög mikilvægt að þessi þáttur í samræmingu á okkar viðskiptalöggjöf við það sem gerist í heiminum í kringum okkur sé tekinn þessum tökum. Hins vegar er ekki rétt, að mínu áliti, hjá hv. 3. þm. Reykv. að þetta sé eina löggjöfin sem varðar þær breytingar á viðskiptaháttum sem eru að verða í löndunum í kringum okkur. Ég bendi t.d. á

löggjöfina um verðbréfafyrirtæki og verðbréfaviðskipti svo að ég taki eitt dæmi frá síðasta þingi. Ég bendi líka á það að ég vonast til að kynna hér á þinginu, með líkum hætti og frv. um skaðsemisábyrgð, frv. til laga um staðla og staðlastarfsemi sem miklu máli skiptir varðandi viðskipti okkar við Evrópurríkin og reyndar öll ríki þegar fram líða stundir.

Það er mikilvægt, sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv., að hér er verið að gera mun á gallaðri vöru og vöru sem haldin er skaðlegum eiginleikum þótt hún sé eðlilega eða venjulega notuð. Þetta er í raun og veru kjarni málsins og löggjöfin er tilraun til þess að takast á við þennan vanda sem hlýst af flóknari þjóðfélagsgerð, flóknari tækniferlum í framleiðslu, dreifingu og notkun á vöru en áður þekktist. Það er enginn vafi á því að okkur er mikil þörf á lögum um þetta efni til þess að verja réttarstöðu neytenda, til þess að tryggja okkar útflutningi aðgang að markaði. Þegar þetta tvennt fer saman ríður á að tímanlega sé í taumana tekið og það er nákvæmlega tilgangur þessa frv. en ekki sá að knýja þetta fram hér á skömmum tíma.

Það er rétt, sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv., að frv. er samið af þeim Jóni Finnbjörnssyni héraðsdómara og Arnljóti Björnssyni prófessor. Greinargerðin er hins vegar samin í viðskrn. vegna þess að því miður forfallaðist aðalhöfundur frv., Jón Finnbjörnsson héraðsdómari, vegna slyss. Það varð þess vegna að ráði að starfsmenn viðskrn. semdu greinargerðina í samráði við Arnljót Björnsson og á grundvelli gagna sem hægt var að fá úr fórum Jóns Finnbjörnssonar. Ég tek það fram, vegna þess sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. og varðar prentvillu á bls. 3 þar sem mér virðist, eins og henni, að orðið „huglægur" hafi verið ranglega prentað í staðinn fyrir „hlutlægur". Til þess að staðfesta það enn frekar bendi ég á það sem segir í 11. síðu í greinargerðinni um 6. gr. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari grein er kveðið á um hina hlutlægu (objektívu) ábyrgð framleiðenda á tjóni, sem stafar af ágalla vöru, sem hann hefur framleitt eða látið af hendi."

Þetta er réttilega, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., kjarni þessa máls.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, mælast til þess að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu og að það fái á vegum nefndarinnar, gjarnan með þátttöku viðskrn. ef nefndin óskar þess, þá umsagnarmeðferð sem ég lýsti nokkuð í fyrri ræðu minni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 534. mál (bótaréttur). — Þskj. 931.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 931.

Haustið 1988 skipaði ég nefnd sem fékk það verkefni að endurskoða nokkur tilgreind ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar. Í nefndina voru skipaðir þeir Jón Ingimarsson skrifstofustjóri, án tilnefningar, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Eyþór Þorbergsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Guðmundur Þ. Jónsson, formaður Landssambands iðnverkafólks, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Eyjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs, tilnefndur af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Tilefni þess að nefndin var skipuð var ósk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um að nokkur tilgreind ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar yrðu endurskoðuð. Telja má að störf nefndarinnar hafi verið langt komin þegar formaður hennar, Jón Ingimarsson, andaðist í september 1989. Hinn 22. sept. 1989 skipaði ég Eyjólf Jónsson formann nefndarinnar, en ekki var skipaður nýr maður í nefndina.

Nefndin lauk störfum í nóvember 1989 en klofnaði í afstöðu sinni til breytinga á 3. gr. laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, en greinin útilokar nú nokkrar tilgreindar stéttir frá atvinnuleysisbótum. Nefndin varð þó sammála um að leggja til breytingar á greininni. Helmingur nefndarmanna vill að fellt verði niður það skilyrði bótaréttar að hlutaðeigandi umsækjandi sé í stéttarfélagi. Hinn helmingur nefndarinnar vill láta nægja að rýmka aðgang stéttarfélaga að Atvinnuleysistryggingasjóði.

Í frv. því sem hér er lagt fram er brtt. um 3. gr. í samræmi við vilja þeirra nefndarmanna sem vildu ganga skemmra í breytingum á ákvæðum laganna. En þann hluta nefndarinnar skipuðu fulltrúi Alþýðusambands Íslands og Atvinnuleysistryggingasjóðs og er mér kunnugt um það að vilji fulltrúa ráðuneytisins var samhljóða því sjónarmiði meðan hans naut við.

Breytingarnar eru þær að í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð eins og þau hljóða nú segir svo í 3. gr.:

„Ákvæði laga þessara taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila."

Eins og þessi grein hljóðar síðan í frv. sem hér er mælt fyrir og er 1. gr. þess, um breyting á 3. gr. laganna, segir svo:

„3. gr. hljóði svo:

Ákvæði laga þessara taka til félagsmanna í þeim

stéttarfélögum, sem við gildistöku þeirra eru aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði, svo og þeirra félaga sem stjórn sjóðsins veitir síðar aðild að sjóðnum eftir umsókn þeirra þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum."

Eins og kemur í ljós af samanburði á þessum lagatextum er ljóst að hér er um allnokkra útvíkkun á heimildum Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að greiða atvinnuleysistryggingabætur að ræða, en þó enn þá skilyrði að viðkomandi einstaklingar séu aðilar að stéttarfélögum. Og þar sem segir í seinni málsl. 1. gr. frv. að lögin taki ekki til þeirra, sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum, er átt við þá einstaklinga sem eru opinberir starfsmenn eða eiga aðild að stéttarfélögum starfsfólks ríkis og sveitarfélaga.

Til þess að árétta aðeins nánar í hverju þessi ágreiningur kann að vera falinn sem kom fram í nefndinni og í nefndarálitunum sem urðu tvö, eins og fram hefur komið, tel ég rétt að vitna í þessi nefndarálit svo að það komi fram í þingtíðindum. Í greinargerð með tillögum fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Atvinnuleysistryggingasjóðs segir:

„Er nefndin hóf störf haustið 1988 komu fljótlega í ljós mismunandi sjónarmið varðandi það hve langt skyldi gengið í tillögum til breytinga að því er varðar nokkur ákvæði laganna, einkum um aðild að atvinnuleysistryggingum og stjórn þeirra. Nefndarmenn voru sammála um að leggja til breytingar á 3. gr. laganna sem nú útilokar nokkrar tilgreindar stéttir frá atvinnuleysisbótum. Tveir nefndarmanna, þeir Jón Rúnar Pálsson og Eyþór Þorbergsson, vildu að fellt yrði niður það skilyrði bótaréttar að hlutaðeigandi umsækjandi væri í stéttarfélagi. Aðrir nefndarmenn töldu að hér væri um slíka grundvallarbreytingu að ræða að þeir væru ekki reiðubúnir að leggja það til. Æskilegt væri að fá sem fyrst breytingar á nokkrum ákvæðum laganna en umræða um breytingar á grunnskipulagi þeirra væri líkleg til að tefja málið til muna."

Í nefndaráliti fulltrúa Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna segir m.a.:

„Fulltrúi Atvinnuleysistryggingasjóðs og fulltrúi Alþýðusambands Íslands lögðu fram á fundi nefndarinnar þann 20. nóv. sl. tillögu sem miðaði að því að viðhalda núverandi kerfi sem byggist á að ófélagsbundnir launamenn eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Sú „réttarbót" felst þó í tillögum tvímenninganna að nú munu háskólamenntaðir menn í stéttarfélögum öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Samkvæmt þessum tillögum þurfa t.d. lögfræðingar og viðskipta- og hagfræðingar sem ekki eru í ríkisþjónustu að stofna sérstök stéttarfélög til þess eins að geta öðlast rétt til atvinnuleysisbóta."

Fulltrúar þessara samtaka, eins og t.d. viðskipta- og hagfræðinga og einnig verkfræðinga, hafa gengið á fund minn og lýst því yfir að þeir telji að eins og frv. liggi nú fyrir sé það mjög til bóta þó svo það leggi á þá kvöð að þeir myndi stéttarfélög til þess að eiga aðild að sjóðnum, en telja að það sé samt nægjanlegt, a.m.k. að sinni, að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Ég taldi rétt að leggja það fyrir eins og fulltrúar Alþýðusambandsins og Atvinnuleysistryggingasjóðs vildu, þar sem annars væri um svo mikla grundvallarbreytingu að ræða að það þyrfti nánari skoðun og væri vart hægt að leggja það hér til í andstöðu við fulltrúa Alþýðusambandsins. A.m.k. vil ég þá að það verði skoðað nánar og síðar, en tel að aðrar breytingar sem í frv. felast séu það mikilvægar að æskilegt væri að þær hlytu samþykki hér og nú.

Um aðrar breytingar á lögunum sem fram koma í frv. varð samkomulag í nefndinni. Helstu nýmæli frv. eru: Gildissvið laga um atvinnuleysistryggingar rýmka. Frv. gerir ráð fyrir að þau nái til félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem eru eða geta gerst aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði eins og þegar hefur komið fram. Aldurshámark vegna atvinnuleysisbóta miðast við 71 árs aldur. Þetta þýðir að einstaklingur sem missir starf sitt sjötugur fær möguleika á að vera umsækjandi um atvinnu og fá atvinnuleysisbætur um tíma meðan hann leitar fyrir sér um starf sem kynni að henta honum. Nú er ekkert aldurshámark í lögunum. Það var áður 67 ár en var fellt niður í lok 7. áratugarins.

Í meðfylgjandi frumvarpsdrögum er lagt til að bótarétt eigi þeir sem eru orðnir 16 ára en yngri eru en 71 árs. Úrræði aldraðra eru orðin önnur nú en áður var með stóraukinni tekjutryggingu almannatrygginga og tilkomu lífeyrissjóða. Ekki er eðlilegt að greiddar séu atvinnuleysisbætur löngu eftir að tengslum bóta við vinnumarkað er lokið, enda leiðir það beinlínis af sér skerðingu eða brottfall tekjutryggingar almannatrygginga. Það virðist færast í vöxt að starfsmönnum sé sagt upp um sjötugt vegna aldurs og jafnvel dæmi um lægri aldur. Í nágrannalöndunum er aldurshámark atvinnuleysistrygginga 65–67 ár, en það er ekki með öllu sambærilegt þar sem úrræði almannatrygginga vegna aldurs geta tekið til yngra fólks þar en hér.

Þá má nefna ákvæði um geymslu bótaréttar og skyldu bótaþega sem notið hefur bóta í fjórar vikur eða lengur að viðlögðum missi bótaréttar að taka vinnu í starfsgrein sem er erfiðari en sú sem hann stundaði áður, enda geti hann ekki sannað að hann sé ófær um að stunda það starf sem í boði er. Og að reglum um greiðslur vegna fyrirsjáanlegrar skerðingar á vinnutíma er breytt til samræmis við framkvæmd og lagt til að í lögunum sé beint tekið fram að bótaréttur falli niður sé starfsmönnum sagt upp.

Í kostnaðaráliti frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun segir svo að ljóst sé að nokkur útgjaldaauki hljóti að verða af samþykkt frv. þar sem bótarétturinn er rýmkaður og fleiri aðilar eiga nú rétt á bótum en áður. En mjög erfitt er að meta það í upphæðum þar sem það hlýtur auðvitað að fara eftir atvinnuástandi á hverjum tíma.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um frv. þetta, enda reyndar fátt

þingmanna orðið í salnum til þess að hlýða á framsögu þessa. Ég vonast hins vegar til þess að nefndin, sem fær málið til meðferðar, kynni sér það ítarlega. Auðvitað er ítarleg greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar frv. sem skýra það sem hér kemur fram, auk þess sem ég hef reynt að láta það koma skýrt fram að ekki varð fullkomin samstaða í nefndinni sem fjallaði um frv. og reynt einnig að gera grein fyrir því í hverju sá mismunur var fólginn.

Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Frv. JSS, 479. mál (aðild að lífeyrissjóði). — Þskj. 836.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Eins og kunnugt er hefur þróun lífeyrissjóða á Íslandi verið með afar misjöfnum hætti. Með tíð og tíma hafa orðið til yfir 90 lífeyrissjóðir stofnaðir á mismunandi tímum með mismunandi reglugerðum og mismunandi fjárhagsgetu. Niðurstaðan fyrir bótaþegann eru svo mismunandi bætur jafnvel þótt greiddar séu sömu upphæðir í iðgjöld um jafnlangt æviskeið. Það er því augljóst að ekkert jafnrétti ríkir fyrir þegna þessa lands í lífeyrismálum. Vegna þess að aðild að lífeyrissjóðnum er háð starfi og stéttarfélagsaðild á maður á ellilífeyrisaldri það undir tilviljun æviferils síns, en ekki undir heildargreiðslum sínum í einstaka lífeyrissjóði, hverra tekna hann nýtur um ævikvöldið. Þetta eru augljós sannindi sem hafa leitt til þess að krafan um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, sem mundi bæta úr öllum þessum ágöllum, hefur hvað eftir annað komið fram. Þar mundu allir búa við sama rétt eins og stjórnarskráin mælir fyrir um að Íslendingar skuli gera.

Það hefur reynst með eindæmum erfitt að losna úr viðjum ríkjandi lífeyriskerfis. Frv. endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðakerfis, sem tók um áratug að semja og fjmrh. hefur nú einmitt á þessum dögum flutt á þessu þingi, er nú loksins komið fram. Það frv., ef yrði að lögum, mundi bæta stórlega úr ágöllum núverandi kerfis þó að það leiddi ekki til þess fyrirkomulags sem flm. teldi skynsamlegast í lífeyrismálum, en það er eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem væri byggt á svokölluðu gegnumstreymiskerfi.

Verstu ágallar núverandi kerfis og einnig samkvæmt því fyrirkomulagi sem frv. fjmrh. gerir ráð fyrir, þ.e. frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, er það að fólkið á ekkert val um það í hvaða lífeyrissjóði það lendir. Það er háð tilviljun starfsferils þess hvaða laun það hlýtur í ellinni því að hverjum og einum launamanni er gert að skyldu að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns og verður hann þá að hlíta því, eins og hluta af sínum kjörum, að lífeyrissjóður hans sé öðruvísi en annarra. Í þessu felst töluvert ranglæti þegar menn eru í raun að kaupa sér þessi réttindi, að þeir fái ekki að ráða hvað þeir eru að kaupa. Hluti af þessu ranglæti er að launamanni er gert að slíta sinn iðgjaldaferil í sundur ef hann skiptir um starf og skipta um leið um lífeyrissjóð. Honum er gert að hefja nýjan feril þótt hann kæri sig ekkert um þessa röskun á högum sínum. Þetta hefur leitt til ýmissa vandræðamála og leiðinda í þjóðfélaginu sem auðvelt væri að komast hjá ef frelsi ríkti í þessum málum. Það er svo heldur ankannalegt að skylda launamenn til lífeyrisgreiðslna ef þeir hafa hafið töku lífeyris. Það er því lagt til að þeim launamönnum sem eru lífeyrisþegar sé ekki gert skylt að greiða á sama tíma iðgjöld til lífeyrissjóðs nema þeir kæri sig um það.

Frv. sem hér er lagt til hljóðar svona:

„1. gr. Í stað 1. málsl. 2. gr. laganna komi þrír nýir málsl. svohljóðandi:

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði að eigin vali, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjmrn. Einungis lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skal þó skylt að veita launamanni aðild að sjóðnum en engum lífeyrissjóði skal heimilt að segja launamanni upp aðild óski hann áframhaldandi aðildar þar þótt hann skipti um starf. Launamönnum, sem hafa hafið töku lífeyris, er ekki skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð."

Í 1. málsl. er lögð til sú breyting að launamanni sé ekki lengur gert skylt að vera í lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar eða starfshóps heldur hafi hann rétt til að velja sér þann lífeyrissjóð þar sem hann telur hag sínum best borgið.

Lögð er sú kvöð á lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skv. 2. málsl. að veita launamanni aðild, en öðrum sjóðum er það í sjálfsvald sett. Hugsanlegt væri að fella þetta ákvæði niður að einhverjum tíma liðnum. Þá er launamanni gefið frjálst val að vera áfram í sínum gamla lífeyrissjóði ef honum sýnist svo enda þótt hann skipti um starfsvettvang.

„2. gr. Í stað orðanna „náð 75 ára aldri" í 2. málsl. 5. gr. laganna komi: hafið töku lífeyris."

Þarna er gert ráð fyrir því að heimild til setningar reglugerðar um endurgreiðslur iðgjalda einskorðist ekki við þá sem hafa náð 75 ára aldri heldur verði víkkuð út þannig að hún nái til allra lífeyrisþega. Þetta beinist að því að menn sem eru komnir á lífeyrisaldur þurfi ekki lengur að greiða iðgjöld held-

ur þiggi lífeyri frá sínum lífeyrissjóði, án þess að liggja undir lífeyrisiðgjaldakvöð, sem virðist eðlilegt.

Að lokinni þessari umræðu vildi ég leggja til, virðulegur forseti, að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. JSS, 481. mál (auglýsingar við vegi). — Þskj. 838.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Þar er lögð til sú breyting að við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

„Einnig er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu við vegamót heimreiðar og aðalþjóðvegar til kauptúna eða kaupstaða þar sem slík starfsemi fer fram.“

Það hefur reynst mjög bagalegt fyrir kauptún sem liggja úr helstu alfaraleið að hafa ekki óskoraðan rétt til að vekja athygli ferðamanna, sem leið eiga um þjóðveginn, á þeim þjónustumöguleikum sem þau hafa upp á að bjóða. Það væri áreiðanlega mikil lyftistöng fyrir viðkomandi staði að geta aukið ferðamannastrauminn eitthvað með þessu móti og einnig komið til móts við ferðamenn með því að benda á þá þjónustu sem þeir eiga völ á þegar þeir þurfa á slíku að halda á leið sinni um landið.

Ég hef tekið dæmi um ferðamann sem er á leið úr höfuðborginni um þjóðveg 1 og þjóðveg 76 norður um land í áttina til Siglufjarðar. Þegar hann er kominn yfir Holtavörðuheiði á hann leið fram hjá Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki og Hofsósi, án þess að þessir staðir hafi möguleika til að setja upp auglýsingaskilti á látlausan hátt við þjóðveginn sem upplýsti ferðamanninn um hótel, bensínstöð, bifreiðaþjónustu og aðra þjónustu og atvinnustarfsemi, eða jafnvel mannfundi sem væntanlegir eru. Íbúar þessara staða hafa haft áhuga á að koma upp upplýsingaskiltum um þessa þjónustu við þjóðveg 1 og þjóðveg 76, við þau vegamót sem liggja til þessara staða, en hafa verið í talsverðum vandræðum vegna ákvæða náttúruverndarlaga sem bannar uppsetningu slíkra skilta. Þessi lagabreyting er því til þess ætluð að réttur staða, sem þannig eru í sveit settir, sé ótvíræður til að vekja athygli með þessum hætti á því mannlífi sem þar fer fram.

Ég mundi leggja til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og — ég er nú ekki viss um til hvaða nefndar þetta mál ætti að fara en ég mætti e.t.v. fá að leysa það í samráði við forseta. (**Forseti:** Forseti telur það sjálfsagt.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Frv. JSS, 482. mál (aukaskattkort námsmanna). — Þskj. 840.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Þessi breyting er við 5. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1987, um að þar bætist við nýr málsliður svohljóðandi:

„Námsmenn við framhaldsskóla, sem lögheimili eiga á stöðum þar sem engir slíkir skólar eru fyrir hendi og hafa ekki nýtt persónuafslátt sinn að fullu við upphaf haustmissiris, eiga rétt á aukaskattkorti frá skattstjóra til ráðstöfunar fyrir foreldri eða viðurkenndan fjárhaldsmann þar sem tilgreindur er sá persónuafsláttur sem fyrirsjáanlegt er að námsmaðurinn nýtir ekki.“

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda gera ráð fyrir því að launamaður, sem stundar nám í a.m.k. sex mánuði á ári en er í launuðu starfi yfir sumarmánuðina, geti sótt um að fá námsmannaskattkort hjá ríkisskattstjóra sem beri hærri mánaðarlegan persónuafslátt en aðalskattkort. Námsmaður við viðurkennda framhaldsskóla hefur þannig tvö skattkort til afnota fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst.

Nú þarf námsmaðurinn að hafa tiltölulega góð laun þessa þrjá mánuði til að fullnýta persónuafslátt sinn sem er einnig leið til að fjármagna námið. Fullvíst má telja að í fæstum tilvikum séu laun námsmanna þennan stutta tíma það góð að þau endist til framfærslu allt skólaárið. Aðstoð þarf því í flestum tilvikum að koma til frá foreldrum eða fjárhaldsmönnum. Framhaldsskólanemendur njóta ekki námslána fyrr en á háskólastigi.

Í eldri skattalögum nutu foreldrar og fjárhaldsmenn afsláttar vegna námskostnaðar barna sinna í framhaldsskólum. Í núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda er ekki gert ráð fyrir slíku en þó er gefinn kostur á persónuafslætti námsmannsins, sem oftast er sýnd veiði en ekki gefin.

Sérstakan kostnað umfram aðra hafa nemendur í framhaldsskólum og foreldrar þeirra þegar sækja þarf skóla í önnur byggðarlög. Það felst veruleg mismunun í því fyrir margt landsbyggðarfólk að geta ekki veitt börnum sínum fæði og húsnæði í heimahúsum meðan á framhaldsskólagöngu stendur, held-

ur verða að senda þau um langan veg með ærnum tilkostnaði. Ég veit um foreldra í mínu byggðarlagi þar sem ekki er um framhaldsskóla að ræða sem þurfa að hafa kostnað af börnum sínum sem þau þurfa að senda um langan veg í framhaldsskóla í önnur byggðarlög sem nemur 250–350 þús. kr. á ári. Ég veit um nemendur sem hafa staðið sig mjög vel í hinum svokölluðu samræmdu prófum, hafa fengið einkunnir milli 9 og 10, hafa ekki komist inn í viðkomandi heimavistir í framhaldsskólum í öðrum byggðarlögum og hafa þess vegna orðið að sitja heima. Ég ber ugg í brjósti að við séum að stefna inn í gamalt fyrirkomulag þar sem menn þurftu að berjast til mennta og við séum aftur að komast í þann vítahring að foreldrar hafi ekki efni á að senda börn sín til mennta. Við það að fyrirkomulagið, sem áður var í skattalögum, er lagt niður, þ.e. að fjárhaldsmenn eða foreldrar fengu umbun í skattgreiðslum til að geta komið börnum sínum til mennta, er nú á stundum komið í veg fyrir að börnin fái þá menntun sem þau sækjast eftir vegna mismununar á aðstöðu. Því að það segir sig sjálft að það er stórkostlegur munur á því að búa við skólavegg og geta haft börnin í heimahúsum eða þurfa að senda þau um langan veg. Ef kostnaðurinn er slíkur að munar 250–350 þús. kr. á heimili og nemanda, hvort barnið þarf að fara um langan veg til skóla eða ekki, þá sér hver maður í hendi sér að hér er mikið réttlætismál á ferðinni.

Þessu frv. er ætlað að bæta úr þessum aðstöðumun til menntunar í landinu þannig að landsbyggðarfólki, sem ekki býr á framhaldsskólastöðum, gefist kostur á að fullnýta þann persónuafslátt námsmanna sem skattalögin hvort eð er bjóða upp á.

Skv. 1. gr. frv. eiga námsmenn í framhaldsskólum, sem sjaldnast eru í hjónabandi eða sambúð, sama rétt og makar og fólk í sambúð til að framvísa skattkortum sínum til ráðstöfunar, í þessu tilfelli til foreldra eða fjárhaldsmanns. Þessi réttarbót er ætluð til að jafna aðstöðumun til menntunar og er því bundin við lögheimili fjarri framhaldsskólum.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu vildi ég leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 432. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 753.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Hér er um að ræða tvö atriði sem bæði lúta að því að afturkalla breytingar sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir á skattalögum og eru afturvirkar. Það er sem sagt lagt til með frv. að þessum afturvirku atriðum verði breytt þannig að lögin gildi einungis fram í tímann en ekki afturvirkt, gildi ekki aftur fyrir sig, og valdi ekki afturvirkri íþyngingu gagnvart einstaka skattþegnum.

Ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Í fyrsta lagi, og um það fjalla 1. og 2. gr. frv., er um að ræða afturköllun á þeirri afturvirku íþyngingu sem gerð var gagnvart þeim aðilum sem gerðu ráðstafanir til húsnæðisöflunar á árinu 1988 og á fyrri hluta árs 1989 í trausti þess að þeir nytu húsnæðisbóta í sex ár eins og gildandi lög á þeim tíma gerðu ráð fyrir.

Þegar hér voru samþykkt á Alþingi lög nr. 79 fyrir tæpu ári síðan voru svokallaðar vaxtabætur innleiddar í löggjöfina og skyldu þær taka yfir hlutverk húsnæðisbóta að því leyti til að þær voru hugsaðar til að greiða fyrir húsnæðisöflun hjá þeim sem lágar hafa tekjur og litlar eiga eignir. Sú fyrirgreiðsla var áður í formi húsnæðisbóta sem komu inn í skattkerfið með upptöku staðgreiðslukerfis skatta og voru fyrst greiddar út á árinu 1988 og höfðu þess vegna aðeins verið stuttan tíma í lögum. Gert var ráð fyrir því að húsnæðisbótum ættu menn rétt á í sex ár þannig að ljóst er að verulegur hópur fólks hefur gert fjárhagslegar skuldbindingar vegna húsnæðisöflunar í trausti þess að það fengi húsnæðisbætur í sex ár eins og lögin gerðu ráð fyrir.

Það er viðurkennt með lögum nr. 79 frá því í fyrra að þarna hafi myndast ákveðinn réttur hjá fólki en sú viðurkenning er ekki látin ná til allra þeirra sem hér eiga hlut að máli. Þess vegna er gert ráð fyrir í frv. þessu að allir þeir sem töldu sig í góðri trú á grundvelli gildandi laga eiga rétt á húsnæðisbótum fái þær, eins og lög stóðu þá til, en að vaxtabæturnar taki síðan við frá og með gildistöku eða birtingardegi laga um vaxtabætur, að mönnum sé ekki refsað afturvirkt ef það stendur þannig á fyrir þeim að þeir hefðu átt rétt á húsnæðisbótum en eiga ekki rétt á vaxtabótum.

Hér er töluvert flókið mál á ferðinni, herra forseti, vegna þess að svo getur staðið á um einstaklinga, þó svo að vaxtabætur eigi að koma í staðinn fyrir húsnæðisbætur, að viðkomandi eigi ekki rétt á vaxtabótum þó svo að hann hefði átt rétt á húsnæðisbótum. Það er vegna þess að skilyrði þess að fá vaxtabætur eru þrengri en þau sem giltu áður um húsnæðisbætur.

Þannig var með þessari breytingu einhver hópur fólks — ég veit ekki hvað hann er stór — sviptur ákveðnum rétti með afturvirkum hætti, sviptur rétti til húsnæðisbóta í allt að fimm ár, og ákveðinn hópur jafnframt, þeir sem öfluðu sér húsnæðis á tímabilinu 1. jan. 1989 til 14. júní sama ár, í allt að sex ár.

Hér er auðvitað um að ræða töluverða hagsmuni vegna þess að húsnæðisbæturnar nema nú rúmum 53 þús. kr. fyrir hvern einstakling miðað við lánskjaravísitölu í desember sl. og hjón eiga í flestum tilfellum rétt á tvöföldum bótum. Þess vegna getur þessi

íþynging, þessi skerðing réttinda sem þarna er hugsanleg, numið rúmlega 640 þús. kr. á núvirði ef bæði hjón hafa átt rétt á húsnæðisbótum og ef þau gengust undir skuldbindingar vegna húsnæðisöflunar snemma ársins 1989 og eiga ekki rétt á vaxtabótum.

Ég geri mér ekki grein fyrir, herra forseti, hvað hér er um marga einstaklinga að ræða en mér finnst það heldur ekki vera aðalatriðið. Það má vel vera að það séu örfáir einstaklingar, jafnvel enginn, þó að ég telji það nú að vísu ólíklegt. Ég tel víst að þess séu dæmi að lögin nr. 79 frá 1989 hafi skert rétt og hag einhvers hóps manna. En aðalatriðið í þessu máli út frá lagalegu sjónarmiði er auðvitað það að það er fullkomlega óeðlilegt og ósiðlegt að íþyngja mönnum afturvirkt í skattalögum og um þetta hefur verið margrætt á Alþingi í tengslum við ýmis lög á fyrri árum sem vinstri stjórnir hafa beitt sér fyrir. Það virðist vera einhver undarleg árátta hjá vinstri flokkunum hér á Alþingi að geta helst aldrei skipt sér af skattamálum eða sett ný lög um það efni án þess að hafa einhverja afturvirkni þar með. Um þetta eru ótal dæmi frá síðustu árum og áratugum. Nægir að nefna til að mynda löggjöf frá árinu 1978 þegar ríkisstjórnin sem þá tók við um haustið setti afturvirk skattalög sem voru mjög umdeild á sínum tíma. Sömuleiðis ákvæði í skattalögum sem samþykkt voru fyrir jólin 1988 að því er varðar skattlagningu fyrirtækja, og fleira og fleira. Það virðast því vera einhver álög á vinstri flokkunum að setja ekki skattalög nema þannig að þau séu að einhverju leyti afturvirk. Þetta er auðvitað algjört skattalegt siðleysi og lögfræðileg handarbakavinnubrögð, svo ekki sé meira sagt, og auðvitað á ekki að þurfa að flytja frv. sem þetta til leiðréttingar á slíkum atriðum. Það á auðvitað ekki að þurfa en það virðist vera svo að það þurfi að setja einhvers konar ákvæði í stjórnarskrá til þess að tryggja að óábyrgir stjórnmálamenn og óábyrgar ríkisstjórnir setji ekki hvað ofan í annað afturvirk ákvæði í skattalögim.

Ég hef rakið fyrra atriði þess máls sem hér er um að ræða, herra forseti, varðandi húsnæðisbæturnar, en einnig var breytt ákvæði annars staðar í þessum lögum í sambandi við breytingar sem gerðar voru á vaxtabótum fyrir síðustu jól. Í því tilfelli var skilgreiningu á því hvað teljast mætti vaxtagjöld breytt þannig að þó svo að þessari skilgreiningu væri ekki breytt fyrr en í lok ársins var hún látin gilda fyrir allt árið. Aðilar sem höfðu gert sínar ráðstafanir á árinu, frá því í janúar og fram í desember, þar til lögin voru samþykkt, gátu því auðvitað ekki vitað betur en að þau skattalög sem þá voru í gildi mundu ná yfir þær ráðstafanir sem viðkomandi voru að gera. Síðan er þessu skyndilega breytt með afturvirkum og fullkomlega óeðlilegum hætti.

Ég hlýt auðvitað að fordæma þessi vinnubrögð og þess vegna er þetta frv. flutt, í góðri samvinnu við nokkra aðra þingmenn, þar sem gert er ráð fyrir að frá þessari afturvirkni verði fallið en ekki breytingunum sem slíkum að því er varðar framtíðina. Ég geri ekki athugasemd við þær sjálfar, en maður hlýtur auðvitað að gera athugasemdir þegar svona er staðið að málum, enda held ég að verði frv. ekki að lögum þá stefni hér í málaferli með einhverjum hætti þar sem einstaklingar sem hér eiga hlut að máli muni leita réttar síns að því er bæði þessi atriði varðar, bæði húsnæðisbæturnar og þessa afturvirkni skilgreiningar á því hvað teljast megi vaxtagjöld. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að einhver aðili leiti réttar síns fyrir dómstólum og reyni að hnekkja því að lögum sé breytt til íþyngingar með svona afturvirkum hætti. Ég held að það sé hreinasta ósvinna að gera það og harma það reyndar að hafa ekki farið nógu vel yfir þetta atriði hér fyrir síðustu jól til þess að geta gert þessar athugasemdir á þeim tíma. En við, þessir óbreyttu þingmenn í stjórnarandstöðu, höfum ekki önnur úrræði þegar svona stendur á en að flytja nýtt frv. um að hnekkja því sem hér þarf að breyta. Og það er það sem hér liggur fyrir og hefur verið gert með þessu frv.

Hins vegar, ef ég þekki vini mína í stjórnarflokkunum rétt, þá munu þeir eflaust ekki leggja sig mjög fram um að breyta þessu, en ég vildi nú skora á þá og ekki síst á hv. formann fjh.- og viðskn., fyrst hann er hér í salnum, að skoða þetta mál vel í nefndinni. Það þarf ekki að taka langan tíma, og hér er ekki um útgjaldaaukandi áhrif að ræða svo neinu nemi fyrir ríkissjóð, hins vegar ákveðið réttlæti gagnvart eflaust tiltölulega litlum hópi fólks sem hér á hlut að máli og sem hefur hugsanlega ekki enn þá gert sér grein fyrir því að réttur þess hafi verið skertur. Vegna þess að það kemur ekki fram í öllum tilvikum fyrr en við álagningu í sumar þegar þeir sem gerðu ráð fyrir því að fá húsnæðisbætur á grundvelli fyrri laga fá ekki þá peninga sem þeir gerðu ráð fyrir.

Það er tækifæri til að leiðrétta það sem gert var hér þannig að þeir sem þetta mál snertir nái rétti sínum, ella spái ég því að það muni koma til heiftúðugra málaferla af hálfu einhverra þeirra sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því að forseti léti kanna hvort hæstv. fjmrh. hefði tök á að vera hér við. Líður því máli nokkuð? (**Forseti:** Já. Það hefur verið athugað. Hæstv. ráðherra var ekki í þinghúsi. Hann var væntanlegur í ráðuneyti sitt um hálftvöleytið og yrði þá látinn vita um þess ósk. Það er staða máls. Hér eru fleiri á mælendaskránni í málinu þannig að eftir því má þá ganga ef hv. frummælandi óskar eftir að ráðherrann komi.) Ég þakka forseta fyrir þessar upplýsingar.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Ég vænti þess í fullri vinsemd að það verði tekið til skoðunar í alvöru í hv. fjh.- og viðskn. Ég tel að um raunverulegt vandamál sé að ræða sem hér er bent á og lögð til lausn á sem allir geti haft fullan sóma af að afgreiða með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég hefði gjarnan viljað að ráðherrann léti álit sitt í ljós á þessu, ef hann hefur kynnt sér þetta mál, því ég held að flestir geti verið sammála um að sú íþyngning sem orðið hefur í þessum efnum er óréttmæt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni

þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og til 2. umr. en áskil mér rétt til að taka til máls að nýju ef fjmrh. hefur tök á því að vera hér við síðar við umræðuna.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill geta þess að það hefur gengið mjög greitt að þoka fram málum á dagskrá og það er hugmyndin að taka hér fyrir að lokinni umræðu um þetta mál enn eitt mál, 9. mál. Fleiri eru á mælendaskrá í þessu máli og það var áhugamál forseta að hægt væri að ná atkvæðum um þau mál sem hægt væri að vísa til nefnda fyrir lok fundar. Það er ábending um að æskilegt væri að við gætum haft þessar umræður frekar knappar vegna þess að nú er laugardagur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem er flutt af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. auk mín, er ekki flutt að ástæðulausu. Frv. er mjög tímabært vegna þess að þær breytingar sem voru gerðar með því að taka upp vaxtabætur hafa breytt myndinni mjög illilega fyrir þá aðila sem höfðu reiknað með í fyrsta lagi að hafa áframhaldandi húsnæðisbætur en fá þær ekki. Þeir höfðu gert sínar ráðstafanir varðandi kaup og byggingu húsnæðis og nú er ákveðið að það gildi ekki lengur. Þeir verða því fyrir allmiklum fjárhagslegum skaða. Þá fellur hluti þeirra aðila sem hefðu átt rétt á þessu utan þessa kerfis vegna þess að frá þeim tíma eða tímabilinu 1. jan. 1989 til 14. júní 1989 eiga þessir aðilar ekki rétt á neinu. Þeir njóta ekki húsnæðisbóta, eiga að vísu e.t.v. möguleika á að fá vaxtabætur, en vaxtabæturnar sem voru teknar upp í staðinn fyrir húsnæðisbætur eiga aðeins við um þá aðila sem kaupa eftir nýja húsbréfakerfinu og aðeins um þá aðila sem nánast eru eignalausir, hafa ekkert eigið fé. En þeir aðilar sem áður gerðu ráð fyrir því í sínum útreikningum að þeir nytu húsnæðisbóta sitja nú eftir og fá ekki þessar húsnæðisbætur. Ég er ansi hræddur um að í sumar, þegar búið er að leggja á skatta, vakni þessir aðilar upp við vondan draum. Það er alveg hárrétt sem hv. 17. þm. Reykv. sagði hér áðan um þetta atriði. Ég held líka að sú stefna sem hefur birst hér æ oftar, að gera lög afturvirk í skattamálum, gangi bara hreinlega ekki og ég er sammála því sem hv. 17. þm. Reykv. sagði hér að það er e.t.v. tímabært að binda það í stjórnarskrá landsins að ekki sé hægt að hafa skattalög afturvirk.

Ég vil einnig undirstrika það um þetta frv. að ráðstafanir hæstv. félmrh., sem hefði auðvitað líka verið nauðsynlegt að hafa hér við umræðuna, í húsnæðismálum stefna æ meira að því að mismuna fólki. Það er verið að draga fólk í dilka með mjög ósmekklegum hætti sem ekki hefur verið gert nándar nærri eins harkalaga hér á Íslandi áður. Og ég tel að þær breytingar sem voru gerðar með vaxtabótum og með því að leggja niður húsnæðisbætur séu einn af þeim liðum sem eru ekki til bóta heldur alveg þveröfugt, skaða húsbyggjendur og þá sem eru að kaupa.

Ég tel einnig að þær breytingar sem voru gerðar með því að fella niður húsnæðisbætur og taka upp vaxtabætur vegi að þeirri stefnu sem var kölluð sjálfseignarstefna hér á Íslandi með mjög róttækum hætti og með þessari lagasetningu hafi verið stefnt að því að sjálfseignarstefnunni verði raunverulega sagt stríð á hendur og að þær breytingar sem hæstv. félmrh. hefur staðið fyrir stefni allar í þá átt að gera fólkið sem mest háð hinu opinbera kerfi og að það verði gert með þeim hætti að fólkið verði að leita æ meira til hins opinbera með æ fleiri hluti. Það er verið að vega að sjálfstæði hvers einstaklings og fólksins í landinu með þeim lagasetningum sem hér hafa gengið í þinginu og þeim breytingum sem hafa verið gerðar. Ég tel því tímabært að a.m.k. verði þetta frv. tekið til greina og það verði með þeim hætti að þeir aðilar sem fyrir 14. júní 1989 höfðu keypt húsnæði eða byggt og hefðu átt rétt á húsnæðisbótum eftir fyrra kerfi eigi að njóta þess áfram og eigi að fá húsnæðisbætur eftir því sem þau lög fjölluðu um á meðan það gengur yfir. Síðan er auðvitað hægt að breyta þessum lögum um vaxtabætur síðar því að ég tel að þau lög hafi verið ill lög eins og mörg lög sem hæstv. félmrh. hefur sett um þessi atriði.

Þar sem hæstv. fjmrh. gengur nú í salinn er náttúrlega nauðsynlegt að spyrja hann að því hvort hann vilji ekki stuðla að því að frv. sem hér er til umræðu verði samþykkt þannig að afturvirkni laga um vaxtabætur verði kallað til baka og þeir sem hafi keypt eða byggt fyrir 14. júní 1989 fái að njóta réttar samkvæmt eldri lögum um húsnæðisbætur. Það er mjög mikilvægt að fá svör við þessu núna. Ég tel að það væri auðvitað réttlætismál því að afturvirkni í skattalögum á ekki að eiga sér stað. Og ég þykist vita að hæstv. fjmrh. muni taka undir þetta og ekki efast ég um að hinn velviljaði formaður fjh.- og viðskn. Nd. muni láta þetta fá skjóta og góða afgreiðslu. Að öðru leyti vil ég ekki segja meira um þetta.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu þingi mælti ég fyrir þeim breytingum sem gerðar voru varðandi húsnæðisbætur og vaxtabætur í frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Eins og kom fram í ummælum mínum þá, fyrr á þessu þingi, fólu þessar breytingar í sér að réttindi þessara hópa voru að ýmsu leyti aukin með því m.a. að afnema þær tímatakmarkanir sem höfðu verið í gildi áður. Það var mat okkar þá að þegar á heildina væri litið ykju þessar breytingar réttindastöðu þeirra einstaklinga sem þessara ákvæða höfðu notið og ég er því ekki þeirrar skoðunar, sem fram kemur í greinargerð með 432. máli, að með þessum breytingum hafi verið um afturvirka íþyngingu að ræða sem lýsi siðleysi stjórnvalda og virðingarleysi í garð skattþega.

Það er auðvitað mjög algengt að í skattalögum eru menn að breyta stöðu einstaklinga og hópa, rekstraraðila og fjölskyldna, og gera það þá á þann veg að réttindi eða möguleikar sem menn höfðu áður eru lagðir af og í staðinn koma önnur réttindi og aðrir

möguleikar. Og það getur auðvitað verið þannig, eins og algengt er með skattalög, að það komi fram sem einhver íþyngingu gagnvart hluta skattþega en sem bót fjárhagsstöðu og réttinda fyrir aðra.

Mér finnst sú túlkun á hugtakinu „afturvirkni skattalaga" sem fram kemur í frv. þess vegna vera óeðlileg og hún er ekki í samræmi, fljótt á litið, við hinn venjubundna skilning sem hefur verið lagður í hugtakið afturvirkni skattalaga. Ég held að það sé dálítið hæpið almennt séð og til frambúðar ef vilji þingsins stendur til þess að fara að þrengja hugtakið afturvirkni skattalaga með þeim hætti sem gert er í þessu frv. vegna þess að þá er orðið stutt í að það verði túlkað á þann veg að ekki megi breyta í neinu réttindum þeirra sem töldu sig hafa þau um ókomna framtíð þegar þau voru sett á. Það er auðvitað allt annar hlutur en að túlka afturvirknina á þann veg sem gert hefur verið til þessa, að hún feli í sér að verið sé að breyta sköttum sem viðkomandi taldi að þegar væru á lagðir á greiðsluári eða álagningarári þeirra.

Varðandi vaxtabæturnar og húsnæðisbæturnar var hins vegar verið að ræða ákvæði sem giltu yfir lengri tíma hjá viðkomandi einstaklingum eða hópum og eðlilegt og í samræmi við mörg önnur fordæmi í íslenskum skattalögum að breyta samsetningu þeirra réttinda yfir lengra tímabil. Það var það sem gert var með lagabreytingunni fyrr á þessu þingi, að á móti breytingum sem fólu í sér annars konar vægi kom lenging á tíma eða afnám þeirra tímatakmarkana sem áður giltu.

Ég vona að þessi ummæli varpi nokkru ljósi á viðhorf mín til þeirra hugmynda og röksemda sem fram koma í frv. en er auðvitað reiðubúinn að ræða það nánar annaðhvort nú eða við annað tækifæri.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að sinna þessu kalli og koma hér til að ræða þetta mál með svo litlum fyrirvara sem raun ber vitni og taka hér þátt í umræðum. Hann hefði nú sennilega engu að síður betur haft meiri tíma til að kynna sér frv. því að ég hygg að hann hafi misskilið nokkuð það sem í því felst.

Það sem hér er um að ræða er ekki ágreiningur um það að þeim réttindum sem áður fólust í húsnæðisbótum skyldi breytt í vaxtabætur fram í tímann. Um það var í raun og veru ekki ýkja mikill ágreiningur og hann kemur hvort eð er þessu frv. ekki við. Sú breyting er orðin staðreynd að þeir sem núna gera ráðstafanir til húsnæðiskaupa eiga ekki lengur rétt á húsnæðisbótum heldur geta þeir fengið vaxtabætur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og þar stendur hnífurinn í kúnni. Það eru eflaust einhverjir einstaklingar, án þess að ég viti hve margir, sem gerðu fjárhagslegar skuldbindingar vegna húsnæðiskaupa á árinu 1988 og fyrri hluta árs 1989 en uppfylla ekki skilyrði um vaxtabætur en töldu sig hins vegar á grundvelli þágildandi laga eiga rétt á húsnæðisbótum til sex ára. Það er því þetta sem ég á við hér í greinargerð sem afturvirka íþyngingu, að réttindi sem menn telja sig eiga þegar þeir gera ákveðnar ráðstafanir eru skyndilega frá þeim tekin og síðan undir hælinn lagt hvort þeir uppfylla skilyrði hinna nýju réttinda sem eru vaxtabæturnar. Og ég er ekkert einn um þá skoðun að þetta sé óeðlilegt. Ég hef rætt þetta við ýmsa sem eru sérfróðir um þessi mál sem eru mér fyllilega sammála. En eins og ég segi, þetta kemur því ekkert við hvað síðan tekur við almennt af húsnæðisbótum fyrir þá sem eru í þeirri stöðu að vera að afla sér húsnæðis. Það eru núna vaxtabætur ef menn uppfylla skilyrði þeirra.

Það er líka misminni hjá ráðherra að þessum lögum hafi verið breytt á þessu þingi. Meginbreytingin sem hér er um að ræða varð með lögum nr. 79 frá því fyrir um það bil ári síðan sem birtust í Stjórnartíðindum 14. júní sl. og tóku gildi 15. nóv. í fyrra. Síðan var aftur um að ræða breytingu á lögunum í vetur, það er rétt hjá hæstv. ráðherra og þá var enn breytt annarri skilgreiningu sem 3. gr. frv. víkur að, þ.e. skilgreiningunni á vaxtagjöldum, en sú lagabreyting tók gildi í desember þar sem um var að ræða þrengingu á því hvað kalla mætti vaxtagjöld í skilningi skattalaga. Sú breyting var látin ná yfir allt árið þannig að menn sem höfðu gert ráðstafanir fyrr á árinu, fyrir desember, fyrir gildistöku laganna, gátu ekki séð það eða vitað að lögunum yrði síðan breytt með þessum afturvirka hætti sem ég vil kalla svo.

Ég hef ekki hugsað mér að efna til mikilla umræðna um þetta mál við hæstv. ráðherra. Ég þakka honum fyrir þátttökuna í þessu og fyrir hreinskilnina, að treysta sér til þess að verja þessi sjónarmið sem hann hefur hér flutt og sem birtust náttúrlega í þeirri lagasetningu sem hann beitti sér fyrir á sínum tíma. Ég hefði talið að ef hann kynnti sér þetta rækilega gæti hann sagt sem svo að eftir á að hyggja hefðu þetta verið ákveðin mistök vegna þess að ég hygg að hann hafi hugsað dæmið þannig að húsnæðisbæturnar yrðu leystar af hólmi af vaxtabótum gagnvart öllum. Staðreyndin er hins vegar sú að þarna er ákveðinn hópur fólks, sem ég veit ekki hversu stór er, sem lendir milli stafs og hurðar í þessu, taldi sig eiga rétt á húsnæðisbótum, fær síðan ekki vaxtabætur en er sviptur húsnæðisbótunum líka. Þetta geta verið fáir einstaklingar — ég þekki það bara ekki — en prinsippið er það sama, óháð því hve hópurinn er fjölmmennur. Ég beini því þess vegna til hæstv. ráðherra að hann athugi með sínum embættismönnum hvort ekki er ástæða til þess að gera breytingu, eins og hér er lagt til, bæði varðandi húsnæðisbæturnar og eins þessa skilgreiningu á vaxtagjöldum sem einnig er tilkomin með afturvirkum hætti.

Ég skal síðan ekki orðlengja þetta, herra forseti, en ég mælist til þess, bæði við hæstv. ráðherra og formann fjh.- og viðskn., að þeir skoði þetta mál í fullri alvöru og kanni hvort ekki er ástæða til þess að gera hér breytingar á. Ég hef ástæðu til þess að ætla, herra forseti, að í skattkerfinu sjálfu séu hugmyndir á ferðinni svipaðar þeim sem ég er að leggja til með frv. Ég hygg að margir sérfróðir menn sem hafa litið á þessi mál séu sammála flutningsmönnum um að

ástæða sé til að gera hér breytingar á enda, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, býst ég við að til málaferla geti komið vegna þessara atriða af hálfu fólks sem þarna á hagsmuna að gæta og taldi sig eiga réttindi sem af því eru tekin með þessum afturvirka hætti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa unnið að því oftar en einu sinni að meta breytingar á skattalögum, sérstaklega lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, vita auðvitað fjölmörg dæmi þess að útfærsla á þeim almennu reglum sem menn eru sammála um að setja inn í slík lög getur gagnvart mjög afmörkuðum hópum komið óðruvísi út en hin almenna regla felur í sér. Hægt er að nefna fjölmörg dæmi um slíkt, bæði í undirbúningi breytinga á skattalögum og eins þegar framkvæmdin kemur skýrar í ljós. Ástæðan er einfaldlega sú að í okkar flókna og margbrotna þjóðfélagi, þótt lítið sé, geta auðvitað tilvikin verið með svo margslungnum hætti að ekki er hægt í löggjöfinni eða undirbúningi hennar að gera ráð fyrir þeim öllum. Og þá skoða menn yfirleitt slík tilvik og meta þau. Mér finnst það hins vegar ekki vera tilefni til orðalags í grg. um siðleysi vegna þess að siðleysi er allt annar hlutur og sá efnisdómur sem er í grg. frv. og ég gerði að umræðuefni hér áðan felur auðvitað í sér töluvert annað en það sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði hér í sinni seinni ræðu. Hann gat þess sjálfur að hann hefði ekki hugmynd um hvort það væru fáir einstaklingar eða þá hve margir sem þessi misbrestur hefði komið niður á. (**GHH:** Þeir vita það ekki sjálfir.) Nei, en ef þeir vita það ekki sjálfir er kannski erfitt að fella dóm um alvarlegt siðleysi stjórnvalda gagnvart einhverjum sem enginn veit hvort hefur orðið fyrir því. (**GHH:** Það kemur í ljós við álagninguna í sumar.) Já, já, það getur auðvitað komið í ljós þá. En þingmaðurinn þekkir væntanlega máltækið um að gera úlfalda úr mýflugu. Annaðhvort er hér um að ræða tæknilegar útfærslubreytingar sem nauðsynlegt kann að vera að gera á skattalögunum og ber þá að meðhöndla sem slíkt, eins og mér skildist nú öðrum þræði í ræðu hv. þm., og hins vegar um einhvern meiri háttar pólitískan ágreining. Ég ætla ekkert á þessu stigi að kveða upp úr um það. Ég lýsti hins vegar viðhorfum mínum gagnvart því að það væri hæpið að fara að breyta merkingu orðsins afturvirkni í skattalögum frá því víðtæka samkomulagi sem hefur náðst um merkingu þess hugtaks milli ólíkra aðila í okkar þjóðfélagi og ólíkra stjórnmálaflokka í landinu. Þessa hluti er út af fyrir sig alveg sjálfsagt að skoða. Ég hef aldrei lagst gegn því að hlutirnir væru skoðaðir með þessum hætti og get alveg fallist á það, eins og hv. 1. flm. nefndi hér, að embættismenn fjmrn. og skattkerfisins skoði þetta mál. Þess vegna þarf í sjálfu sér ekki mikið meira um það að segja á þessu stigi. En það er svona stundum þegar ég hlusta á hv. þm. Geir H. Haarde að mér finnst erfitt að átta mig á því hvort þar talar hinn ágæti ræðumaður og starfsmaður í fjmrn. um árabil, sem hefur auðvitað góða innsýn í erfiðleika þessara mála, eða hvort þar talar hinn vaski, nýi þingmaður Sjálfstfl. hér á Alþingi sem hefur tekið að sér forustuhlutverk í málflutningi í efnahagsmálum í þessari hv. deild. Í síðustu ræðu fannst mér þeir báðir tala til skiptis. Mér er engin launung á því, sem kannski er skiljanlegt, að mér geðjast mun betur að fyrri manninum sem ég lýsti hér áðan en hinum síðari og er reiðubúinn að eiga viðræður við hinn fyrri um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 528. mál (söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.). — Þskj. 925.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 925 er prentað frv. til laga um breytingu á lögum nr. 71/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. er flutt af fjh.- og viðskn. og í því er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar varðandi skattfrádrátt vegna fjárfestingar manna í hlutafélögum.

Í desember sl. voru gerðar breytingar á framangreindum lögum varðandi frádráttarheimildir vegna fjárfestingar í hlutafélögum þar sem t.d. hámarksfrádráttur vegna fjárfestingar í hlutafélögum var hækkaður umfram verðlag. Þær breytingar sem gerðar voru í desember höfðu veruleg áhrif á viðskipti með hlutabréf og varð mikil aukning á sölu hlutabréfa í lok síðasta árs.

Á því samdráttarskeiði, sem atvinnulíf landsmanna gekk í gegnum á síðustu tveimur árum, hefur komið í ljós hversu veikburða og skuldug íslensk fyrirtæki eru. Þessi rýra eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja gerir þau vanhæfari til að þola tímabundin áföll. Erfiðleikarnir undanfarin tvö ár höfðu því mikil gjaldþrot í för með sér. Með þessu frv. eru lagðar til breytingar sem eiga að veita almenningi frekari skattalega hvatningu til að fjárfesta í hlutabréfum. Auk þess er um að ræða breytingu sem á að ýta undir skráningu og viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.

Ég ætla að fjalla lítillega um efni einstakra greina frv. Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að söluhagnaður af hlutabréfum í tilteknum fyrirtækjum verði skattfrjáls ef hann er ekki yfir 300 þús. kr. eftir fjögurra ára eignarhaldstíma. Heimilt verður að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við allt að 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum. Hjá fyrirtækjum verður úthlutaður arður frádráttarbær upp að 15% af nafnverði hlutabréfs í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum. Lagaákvæðum er breytt í því skyni að auðvelda viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.

Lagt er til að söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls upp að tilteknu marki og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gert er ráð fyrir því að söluhagnaður af sölu á hlutabréfum, sem er ekki hærri en 300 þús. kr. hjá hverjum manni, verði skattfrjáls enda hafi viðkomandi maður átt hlutabréfin í full fjögur ár. Hér er einungis um að ræða söluhagnað af sölu á hlutabréfum í félögum sem ríkisskattstjóri hefur á söluári veitt staðfestingu um að uppfyllt séu skilyrði III. kafla laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Sem dæmi um framangreind skilyrði er að um sé að ræða hlutafélag með hlutafé a.m.k. að fjárhæð 12 millj. kr. (miðað við árslok 1988), hluthafar séu a.m.k. 25 og að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutafé félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir. Þessi grein tekur aðeins til söluhagnaðar af sölu á hlutabréfum sem keypt eru á árinu 1990 eða síðar.

Sú breyting sem hér er gerð þótti eðlileg þar sem í dag eru arðstekjur, sem nema allt að 115 þús. kr., skattfrjálsar. Á fjögurra ára tímabili getur einstaklingur því fengið 460 þús. kr. í skattfrjálsar tekjur af hlutabréfaeign ef viðkomandi hlutafélag greiðir arð. Af hlutafélgum sem skila hagnaði en greiða ekki arð birtist hagnaðurinn gagnvart hluthöfunum í því að hlutabréfin hækka í verði. Því þykir eðlilegt að visst samræmi sé í skattfrelsi arðs og söluhagnaðar af hlutabréfum.

Ekki þótti þó rétt að þakið yrði full 460 þús. kr. þar sem hlutabréf geta hækkað í verði af öðrum sökum en þeim að hlutafélög greiða ekki arð þrátt fyrir hagnað og sumir geta notið skattfrelsis bæði á arði og söluhagnaði. Hér er því stigið mjög verulegt skref til að ýta undir fjárfestingu í hlutabréfum og til að hvetja eigendur þeirra til að halda í þau í einhvern lágmarkstíma.

Í 2. gr. frv. er lagt til að arður, sem greiddur er einstaklingum, verði skattfrjáls að hámarki 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum. Samkvæmt þessu verður einstaklingum heimilt að draga frá tekjum sínum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, fenginn arð að hámarki 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs, þó að hámarki 115 þús. kr. hjá einstaklingi og 230 þús. kr. hjá hjónum.

Samkvæmt 3. gr. frv. er lagt til að heimilt verði að draga frá tekjum tapaða hlutafjáreign sem vegna greiðsluerfiðleika hlutafélags var tekin sem gagngjald fyrir viðskiptakröfu sem viðkomandi átti á hendur hlutafélaginu. Með þessu er verið að auðvelda fyrirtækjum, sem eiga viðskiptakröfur á hlutafélög sem eiga í greiðsluerfiðleikum, að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi hlutafélaga með því að breyta viðskiptaskuld í hlutabréf. Samkvæmt núgildandi lögum er fyrirtækjum heimilt að draga frá tekjum sínum tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Þetta hefur haft það í för með sér að tregðu hefur gætt hjá fyrirtækjum að breyta viðskiptaskuld í hlutafé þar sem ekki hefur verið hægt að draga frá tekjum fyrirtækisins hlutafé sem tapast hefur og það hefur eignast með þessum hætti.

Í 4. gr. frv. er lagt til að samræmi verði á milli skattfrelsis á útgreiddum arði hjá einstaklingi, sbr. 2. gr. frv., og félagsins sem greiðir hann út. Samkvæmt þessu er lagt til að félaginu verði heimilað að draga frá tekjum sínum fjárhæð þá sem það greiðir eða úthlutar í arð, þó að hámarki 15% af nafnverði hlutafjár í stað 10% eins og lögin kveða á um.

Samkvæmt 5. gr. frv. er lagt til að ekki þurfi að telja hlutabréf til eignar á kaupþingsverði þótt þau séu skráð á opinberu kaupþingi. Núgildandi lög eru talin koma í veg fyrir viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands. Tilgangurinn með þessari breytingu er að örva viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands og gera þau samkeppnisfær. Með þessu tekst vonandi að koma viðskipum með hlutabréf af stað á Verðbréfaþingi Íslands. Sú lausn sem hér er fundin á þessu máli er þó ekki líkleg til þess að standast til frambúðar þar sem eðlilegast er að hlutabréf, jafnt sem aðrar eignir, séu metin í samræmi við raunverulegt verðgildi, einnig í skattalegu tilliti. Hins vegar þarf að taka eignarskattsmat hlutabréfa til endurskoðunar í heild. M.a. þarf að skoða hvort hægt sé að finna aðra leið til þess að uppskrifa hlutafjáreign en að gefa út jöfnunarhlutabréf. Á meðan er eðlilegt að sú tilhögun sem hér er lögð til verði höfð á þessu máli.

Í 6. gr. er lagt til að hámarksfjárhæð skattfrjáls söluhagnaðar af sölu hlutabréfa samkvæmt 1. gr. frv. breytist með sama hætti og fleiri fjárhæðir laga nr. 75 1981. Samkvæmt þessari grein mun fjárhæðin breytast í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum.

Lokagrein frv., þ.e. 7. gr. þess, þarfnast ekki skýringa þar sem hún fjallar um gildistöku frv. Samkvæmt þeirri grein öðlast lögin strax gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991 vegna tekna og eigna á árinu 1990.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til munu engin áhrif hafa á tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Í hvaða mæli þær munu koma til með að lækka tekjur ríkissjóðs í framtíðinni er hins vegar erfitt að segja til um. Að öllum líkindum hafa þau lítil áhrif þar sem á móti lægri skattlagningu á hlutafjáreign koma aukin viðskipti með hlutafé og sterkari eiginfjárstaða fyrirtækja. Sú breyting sem hér er lögð til varðandi hámark skattfrjáls úthlutaðs arðs mun ekki hafa mikið tekjutap í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem upphæðarþak hjá einstaklingum er óbreytt og þau eru ekki mörg, íslensku fyrirtækin í dag, sem hafa efni á því að greiða 15% arð.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um það frv. sem hér er til umræðu. Þetta frv. er flutt af fjh.- og viðskn. deildarinnar. Nefndin er einhuga um málið og því tel ég ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um það í fjh.- og viðskn. og legg því ekki til að því sé vísað til nefndarinnar. Frv. er flutt í framhaldi af frv. sem hv. 1. þm. Reykv. og fleiri fluttu

fyrr í vetur um sama efni og var til meðferðar í fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

72. fundur, laugardaginn 21. apríl, að loknum 71. fundi.

Listskreytingasjóður ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JóhS, JK, JónS, JSS, KE, PP, RG, SV, StH, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, FÞ, FrS, GeirG, GB, GHelg, GHH.

HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

20 þm. (JBH, KrP, EKG, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PJ, RA, SP, SighB, SJS, AðB, AS, ÁrnG, ÁHE, EH, GGÞ, GuðnÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér vantar alveg heilan stjórnarflokk til þátttöku í atkvæðagreiðslu í dag. Ég vil minna á það að Listskreytingasjóður ríkisins þurfti auðvitað stuðning allra stjórnarflokkanna. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. til Ed.

Lögheimili, 3. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarlög). — Þskj. 870 (sbr. 135).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 990).

SAMEINAÐ ÞING

78. fundur, mánudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varðveisla ljósvakaefnis, síðari umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 71. mál. — Þskj. 71, n. 984.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. um till. til þál. um athugun á varðveislu ljósvakaefnis, en það, nál. varðandi 71. mál, er á þskj. 984, svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér að fram fari athugun á hvernig best verði staðið að varðveislu ljósvakaefnis sem hafi gildi vegna menningarsögu eða fyrir rannsóknir. Umsagnir bárust frá eftirtöldum: Landsbókasafni og Háskólabókasafni (sameiginlega), Ríkisútvarpinu, Stöð 2, Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni. Þá komu til fundar við nefndina Elín Kristinsdóttir, safnastjóri RÚV, Ragnhildur Bragadóttir, forstöðumaður myndasafns Stöðvar 2, og Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður.

Margt athyglisvert kom fram hjá umsagnaraðilum og viðmælendum nefndarinnar. Lagafyrirmæli eru um varðveislu ljósvakaefnis í útvarpslögum, nr. 68 1985 (17. og 34. gr.), og í lögum um Þjóðskjalasafn, nr. 66/1985 (3. gr.), og reglur í mótun um útfærslu þeirra. Hins vegar eru engin lagafyrirmæli til er taki til varðveislu á efni einkastöðva og þær eru ekki skilaskyldar til Þjóðskjalasafns. Verulegur vandi blasir við vegna vöntunar á geymslurými og fjárskorts til viðhalds á ljósvakaefni en myndbandaupptökur endast vart meira en 15 ár.

Í umsögn útvarpsstjóra kemur m.a. fram:

„Lögum samkvæmt hóf Ríkisútvarpið samstarf við Þjóðskjalasafnið vegna geymslu safnefnis á árinu 1987. Fram að þeim tíma hafði ekki verið um neinn einn ákveðinn aðila að ræða sem hafði yfirumsjón með safnamálum Ríkisútvarpsins og safnkosturinn því ekki byggður upp á markvissan hátt. Ný deild, safnadeild, hefur nú tekið við þessu hlutverki. . . . Mótaða heildarstefnu fyrir hljóðvarp og sjónvarp hefur vantað á geymslu- og grisjunarsviðinu. Ekki er hægt að uppfylla ákvæði útvarpslaganna um geymslu á öllu efni til frambúðar, m.a. vegna manneklu og vöntunar á geymslurými. . . . Það verður að teljast eðlileg skipan mála að Ríkisútvarpið varðveiti myndir, plötur og hljómbönd enda geymslur þess innréttaðar með það í huga en Þjóðskjalasafnið taki við öðrum gögnum. . . . Þar sem þegar eru til lagaákvæði um skipan þessara mála og mikil undirbúningsvinna hefur verið unnin á grundvelli þeirra hjá Ríkisútvarpinu í samráði við Þjóðskjalasafn verður að telja það rétt að halda áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð."

Í umsögn Stöðvar 2 segir m.a.:

„Fullunnu innlendu dagskrárefni, ásamt fréttaþáttum, er haldið til haga í myndasafni Stöðvar 2. Allt fullunnið efni er varðveitt, og mestallt hráefni, hvort sem það er unnið af Stöð 2 eða þriðja aðila."

Um fréttir og fréttatengt efni segir að Stöð 2 standi „fljótlega frammi fyrir ákvörðun varðandi framtíðarvörslu á því efni". Um staka tilbúna þætti segir m.a.:

„Ljóst er að mikið af þessu efni verður að yfirfæra á ódýrari myndbönd og munu gæði þessa efnis þar með stórlega versna. . . . Stefna Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. er að varðveita allt innlent sjónvarpsefni. Því er hins vegar ekki að neita að eftir því sem safn þetta vex stendur félagið frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum hvað þetta varðar, þ.e.a.s. (a) geymslurými, og (b) stighækkandi kostnaði."

Þjóðskjalavörður segir m.a.:

„Þjóðskjalavörður hefur átt viðræður við útvarpsstjóra um varðveislu dagskrárefnis sérstaklega og var niðurstaða sú að velja þyrfti úr efni sem varðveita skal til frambúðar. Var ákveðið að koma á fót samstarfsnefnd sem setti reglur um þetta efni en hún hefur ekki enn verið skipuð. Eins og fram kemur í lögum taka útvarpsstjóri, útvarpsráð og þjóðskjalavörður lokaákvörðun um varðveislu dagskrárefnis.

Í gildandi lögum hefur verið mótuð sú stefna að varðveita beri ljósvakaefni Ríkisútvarps á þess vegum. Má vænta þess að bestur aðbúnaður verði í safnadeild þess til að sinna varðveisluhlutverki og veita nauðsynlega þjónustu. Á það er rétt að benda að engar hliðstæðar reglur gilda um varðveislu gagna og dagskrárefnis einkastöðva í útvarpsrekstri (hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva) og er vafalaust erfitt að skylda einkaaðila með lögum til að standa undir varðveisluskyldu ljósvakaefnis. Má því ætla að einhverri varðveislustofnun verði falið að taka við ljósvakaefni sem þær framleiða og ástæða er til að varðveita til frambúðar. Engar reglur gilda um það hverjir skuli fjalla um grisjun dagskrárefnis einkaútvarpsstöðva og er þarft verk að velta þeim málum fyrir sér og setja leiðbeinandi reglur.

Ég er þeirrar skoðunar að varðveislumál Ríkisútvarps hafi nú verið tekin föstum tökum en þeim er ekki borgið fyrr en safnadeild Ríkisútvarps hefur fengið nægjanlegt húsrými og reglur um grisjun dagskrárefnis hafa verið mótaðar.

Ég tel að í þáltill. þessari sé hreyft þörfu máli og vek athygli á því að miklum vandkvæðum er bundið að varðveita og fá til varðveislu mikilvæg gögn um nútímasamfélag sem flutt eru með tölvubúnaði milli manna og stofnana."

Landsbókavörður og háskólabókavörður telja m.a. „. . . að heppilegast sé að Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, annist grisjun umræddra efnis í samráði við Þjóðskjalasafn og fleiri aðila, ef ástæða þykir til, og varðveisla þess verði einnig á vegum þess. Ríkisútvarpið þyrfti að geta veitt aðgang að efninu en því sé einnig heimilt að lána það til notkunar í t.a.m. Landsbókasafni og Háskólabókasafni (og síðar Þjóðarbókhlöðu) sem og Þjóðskjalasafni. Brýnt er að Ríkisútvarpinu verði gert kleift að skrá hið varðveitta efni því að það er eitt meginskilyrði þess að það komi að tilætluðum notum."

Þjóðminjavörður segir m.a. í ítarlegri umsögn:

„Ég get varla lagt til að komið verði á fót enn einni stofnun til að annast úrval og framtíðarvarðveislu slíks efnis en hins vegar er ljóst að það verður ekki gert af neinu viti nema til komi sérstakt fólk sem þekkingu hafi og tilfinningu til að geta valið úr það efni sem varðveita skuli.

Mér liggur næst við að leggja til að varðveisla slíks efnis skuli falin stofnun sem á annað borð beitir sér að varðveislu sögulegra eða menningarsögulegra heimilda. Vil ég ætla að Þjóðskjalasafn Íslands sé sú stofnun sem málið heyrði eðlilegast undir enda yrði því gert fjárhagslega kleift að bæta á sig þessu verkefni.

Til að velja efni ætti að kveðja þrjá menn, einn frá Þjóðskjalasafni, einn frá Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og einn frá þjóðháttadeild Þjóðminjasafns. ... Lýsi ég fyllsta stuðningi við nefnda þáltill. og mælist til að hún verði vandlega skoðuð í nefnd og afgreidd frá Alþingi og ekki látið þar við sitja heldur fylgt eftir með raunverulegum aðgerðum."

Nefndin telur að þrátt fyrir góða viðleitni hin síðustu ár til að framfylgja ákvæðum laga um varðveislu ljósvakaefnis vanti enn mikið á að mál þessi séu komin í það horf sem æskilegt er. Nefndin bendir á að m.a. vantar reglur um geymslu og grisjun ljósvakaefnis og engin lagafyrirmæli eru um varðveislu ljósvakaefnis einkastöðva. Með vísan til þessa og fyrrgreindra umsagna leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Kristinn Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir rita aðrir nefndarmenn í félmn. Nál. er dags. 10. apríl 1990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 997).

Ný samvinnulög, síðari umr.

Þáltill. JGS og JK, 478. mál. — Þskj. 835, n. 983.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um till. til þál. um ný samvinnulög, geri það í forföllum formanns og frsm. eins og kom fram í máli forseta.

Nefndin fjallaði um þessa tillögu en eins og kom fram í umræðum um hana lýsti viðskrh. því yfir að hann mundi láta vinna að samningu frv. til nýrra samvinnulaga með það fyrir augum að það verði lagt fram í haust eins og tillagan gerir ráð fyrir. Í trausti þess að það verði gert leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég var 2. flm. þessarar tillögu en 1. flm. situr ekki á þingi lengur, en hann hefur setið hér í vetur, Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Þessi tillaga var flutt til þess að ýta við þessu máli en frv. til samvinnulaga er búið að liggja nokkuð lengi í drögum án þess það hafi komið fram hér á hv. Alþingi. Ég get fellt mig við þessa afgreiðslu, enda er ég einn af þeim sem skrifa undir tillögu nefndarinnar. Ég þakka nefndinni fyrir afgreiðslu þessa máls en undir afgreiðsluna rita Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Guðrún Helgadóttir og Eggert Haukdal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 983 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 36 shlj. atkv.

Aukin verkefni sveitarfélaga, síðari umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 49. mál. — Þskj. 49, n. 985, brtt. 986.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nál. félmn. um till. til þál. um aukin verkefni sveitarfélaga er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana fjölmörgum til umsagnar, þar á meðal til margra sveitarfélaga. Eftirtaldir umsagnaraðilar mæltu með samþykkt tillögunnar: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, bæjarstjórn Blönduóss, bæjarstjórn Siglufjarðar, bæjarráð Borgarness, bæjarráð Stykkishólms, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, bæjarráð Njarðvíkur, bæjarráð Hafnarfjarðar, bæjarráð Ólafsfjarðar, bæjarstjórn Egilsstaða, bæjarstjórn Dalvíkur, bæjarstjórn Akureyrar. Eftirtaldir umsagnaraðilar mæltu ekki með samþykkt tillögunnar eða töldu ekki tímabært að hefja þá vinnu sem hún gerir ráð fyrir: Bæjarstjórn Sauðárkróks, Fjórðungssamband Vestfirðinga, bæjarstjórn Ísafjarðar, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, bæjarstjórn Ólafsvíkur, bæjarstjórn Neskaupstaðar, bæjarráð Vestmannaeyja, bæjarráð Keflavíkur, bæjarstjórn Akraness, bæjarráð Selfoss. Á fund nefndarinnar kom Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneyti.

Lögð var fram í nefndinni skýrsla með upplýsingum um byggðamál á Norðurlöndum, tekin saman af Sigurði Helgasyni, fyrrv. sýslumanni, fyrir Byggðasamtökin Útvörð. Er þar sérstaklega gerð grein fyrir lýðræðislega kjörnum héraðsstjórnum og þróun byggðamála á Norðurlöndum að undanförnu. Einnig lá fyrir nefndinni skýrsla tekin saman fyrir Samband sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi (ágúst 1989): „Felst lausnin í fylkisstjórn? Skýrsla starfshóps um þriðja stjórnsýslustigið".

Nefndin er þeirrar skoðunar að æskilegt sé að stuðla að frekari valddreifingu í þjóðfélaginu með því að sveitarfélög, héraðsnefndir eða önnur samtök, sem mynduð kunna að verða, taki við verkefnum frá

ríkinu enda sé tryggt að nauðsynlegir tekjustofnar fylgi. Undirbúningur að slíkri verkefnatilfærslu þarf að vera vandaður og taka mið af fenginni reynslu hérlendis og í nágrannalöndum. Aðdragandi að lagasetningu um þessi efni hefur verið langur hér á landi eins og gerðist við lagasetningu á síðasta ári um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Því telur nefndin réttmætt að stjórnvöld, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga, hefji könnun á því hvernig best verði staðið að tilfærslu á verkefnum og tekjustofnum. Í samræmi við þetta flytur nefndin breytingu á tillögunni á sérstöku þingskjali og leggur til að hún verði samþykkt þannig.

Kristinn Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Þetta er gjört á Alþingi 10. apríl 1990 og undir það rita aðrir nefndarmenn í félmn.

Brtt. sem er á þskj. 986 er svohljóðandi:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna skipulega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga hvernig best verði staðið að frekari tilfærslu á verkefnum og tekjustofnum frá ríkinu til sveitarfélaga og héraða.

2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og héraða."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 986,1 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 986,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 998) með fyrirsögninni:

Þál. um tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og héraða.

Leiðsögumenn í hópferðum erlendra aðila á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. DS o.fl., 159. mál. — Þskj. 168, n. 987, brtt. 988.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti atvmn. um till. til þál. um leiðsögumenn í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi. Ég mæli fyrir tillögunni í forföllum formanns sem hefur fjarvistarleyfi.

Nefndin fjallaði um tillöguna og sendi hana til umsagnar og bárust umsagnir um hana frá Bifreiðastjórafélaginu Sleipni, Birnu G. Bjarnleifsdóttur, forstöðumanni Leiðsöguskólans, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Félagi leiðsögumanna, Ferðamálaráði Íslands og Norrænu ferðaskrifstofunni.

Niðurstaðan af þessu varð sú að nefndin telur rétt að breyta tillögunni á þann veg að samgrh. verði falið að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða reglugerð nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Í nefndinni eigi sæti fimm fulltrúar og eigi samgrn., umhvrn., Félag leiðsögumanna og Félag íslenskra ferðaskrifstofa hvert að tilnefna einn fulltrúa. Ferðafélög áhugamanna tilnefni síðan einn fulltrúa sameiginlega.

Eftir endurskoðunina skal reglugerðin m.a. fela í sér:

a. skilgreiningu á því hvað telst vera skipulögð hópferð,

b. að skylt verði að hafa leiðsögumann með starfsréttindi Ferðamálaráðs í hópferðum erlendra ferðamanna um landið sem skipulagðar eru í atvinnuskyni af íslenskum eða erlendum aðilum,

c. í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum unnt væri að veita undanþágur til að ráða aðra í störf leiðsögumanna.

Það kom fram í störfum nefndarinnar að e.t.v. væri tillagan of fortakslaus í þessu efni.

Nauðsynlegt er að hefjast handa um þessa endurskoðun sem fyrst þannig að ný reglugerð taki gildi eigi síðar en 1. jan. 1991. Einnig er gerð tillaga um breytta fyrirsögn þáltill.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem liggja fyrir á sérstöku þingskjali.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu málsins. Matthías Á. Mathiesen og Geir Gunnarsson voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Árni Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Pétur Bjarnason, Sólveig Pétursdóttir, með fyrirvara, og Hreggviður Jónsson, með fyrirvara.

Brtt. eru á þskj. 988 og hljóða svo:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Í nefndinni eigi sæti fimm fulltrúar skipaðir af eftirfarandi aðilum: samgrn., umhvrn., Félagi leiðsögumanna, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og ferðafélögum áhugamanna. Ný reglugerð öðlist gildi eigi síðar en 1. jan. 1991.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um leiðsögumenn og endurskoðun reglugerðar nr. 175 1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. atvmn. Sþ. fyrir afgreiðslu þessa máls og samstarf við mig vegna þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á tillögunni.

Breytingarnar sem gerðar hafa verið á tillögunni við umfjöllun í nefndinni koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu í sumum umsagnanna um að betur þyrfti að skilgreina hugtakið hópferð og að í einstaka tilfellum gæti reynst erfitt að hafa alls engan

sveigjanleika hvað varðar ráðningu leiðsögumanna. Að öðru leyti var efni allra umsagnanna jákvætt. Ég er sammála þessum brtt. og tel mikilvægt og fagna því að samstaða skyldi takast með öllum nefndarmönnum um afgreiðslu málsins.

Leiðsögumenn gegna lykilhlutverki í ferðaþjónustunni og því skiptir miklu máli að einungis þeir sem vel þekkja til náttúru, sögu og staðhátta landsins fylgi erlendum gestum okkar sem hingað koma. Í vetur hefur spunnist þó nokkur umræða um ferðamál og virðast allir sammála um að það skipti meginmáli að við Íslendingar getum skipulagt þessa nýju og lofandi atvinnugrein á okkar eigin forsendum, miðað við okkar eigin aðstæður. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að við mótum okkur stefnu og svo vel vill til að á dagskrá þessa fundar er einmitt þáltill. um mótun ferðamálastefnu og fylgir tillögunni mjög ítarleg greinargerð og upplýsingar um flesta þætti ferðamála. Sú tillaga er þó reyndar trúlega aðeins lögð fram til kynningar á þessu þingi en efni þeirrar tillögu sem hér er til afgreiðslu er afar mikilvægur hlekkur í keðjunni og mun væntanlega koma til framkvæmda fyrir háannatíma ferðaþjónustunnar á næsta ári.

Með því að styrkja stöðu íslenskra leiðsögumanna ættum við að geta tryggt góða og örugga umgengni við viðkvæma náttúru landsins og að erlendir ferðamenn fái alltaf áreiðanlegar upplýsingar um land og þjóð frá fólki sem auk menntunar sinnar hefur reynslu af því að búa í þessu landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 988,1 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 988,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 996) með fyrirsögninni:

Þál. um leiðsögumenn og endurskoðun reglugerðar nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

Um þingsköp.

Óafgreidd þingmál.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er öllum þingmönnum ljóst að nú lifir mjög skammt eftir af þessu þingi og brýnt er að öll þau mál fái afgreiðslu úr nefndum þingsins sem ætlunin er að afgreiða hér í vor.

Ég kveð mér hér hljóðs og beini orðum mínum fyrst og fremst til hv. formanns utanrmn. og inni hann eftir því hvað líði afgreiðslu á þáltill. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi. Þannig háttar til að þessi tillaga er endurflutt á þessu þingi. Hún var flutt í fyrra en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún var flutt strax í haust á nýjan leik og hún var send hv. utanrmn. hinn 8. febr. sl. Ég held að það liggi fyrir, virðulegi forseti, að þótt ágreiningur sé um þessa tillögu innan þingsins og innan utanrmn. er ástæða til að ætla að hún eigi verulegt fylgi í þinginu og fullkomlega eðlilegt að hún fái að koma til atkvæða.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, virðulegur forseti, að þannig háttar til um tillöguna að ráðherra þessa málaflokks, hæstv. utanrrh., hefur sérstaklega lýst því yfir í blaði, í sínu eigin málgagni, Alþýðublaðinu, hinn 7. febr. sl., að hann sjái enga ástæðu til að hafa á móti því að þessi tillaga verði samþykkt á Alþingi. Þess vegna, í ljósi þess hvernig þetta mál er allt vaxið, vildi ég beina spurningu til hv. formanns utanrmn., spyrja hann hvar þetta mál er á vegi statt, og um leið skora á hann og aðra nefndarmenn að beita sér fyrir því að þetta mál fái afgreiðslu í nefndinni nú á næstunni þannig að það megi koma til atkvæða hér við síðari umræðu áður en þingi lýkur í vor og niðurstaða fást í þetta mál nú á þessu þingi.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur beint til mín þeirri fyrirspurn sem formanns utanrmn. hvað líði afgreiðslu ákveðinnar tillögu í utanrmn.

Sú tillaga er til meðferðar hjá okkur í nefndinni, kom að vísu til nefndarinnar 12. febr., án þess að það breyti öllu, hann nefndi held ég 8. febr. Það breytir kannski ekki stóru. Nefndarmenn í utanrmn. hafa óskað eftir ákveðnum upplýsingum frá utanrrn. sem ekki hafa borist enn. Ég mun að sjálfsögðu gera mitt til þess, ef tími vinnst til, að ljúka afgreiðslu tillögunnar úr nefndinni fyrir þingslit.

Í utanrmn. hefur verið mjög góð samstaða um að afgreiða sem flestar af þeim tillögum sem þar eru. Sumar munu trúlega liggja eins og oft vill verða, ekki vegna þess að ég sé að reyna að draga úr því heldur hefur ekki verið samstaða um jákvæða afgreiðslu á þeim. Stundum þykir, eins og þingmönnum er kunnugt, þó það eigi ekki sérstaklega við þessa, ekki óskynsamlegt að láta tillögur frekar liggja en fella þær.

Af því að farið er að ræða hér um afgreiðslu tillagna er vert að vekja athygli á því að miðað við yfirlit yfir nefndarstörf frá 18. febr. sýnist mér að við í utanrmn. stöndum nefndarmönnum í öðrum nefndum alveg fyllilega á sporði, í sameinuðu þingi a.m.k.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er reyndar um annað mál sem ég tel að hafi dregist úr hömlu. Hinn 19. febr. á þessu ári skrifuðu nokkrir þingmenn hæstv. forseta og báðu um skýrslu frá hæstv. iðnrh. um nýtt álver. Sú beiðni kom fram í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. ráðherra fyrr á þessu þingi um að lagt yrði fram frv. um nýtt álver á yfirstandandi þingi.

Fyrir um það bil hálfum mánuði spurðist ég fyrir um þessa skýrslu. Varð þá fyrir svörum starfandi iðnrh., hæstv. utanrrh. Kvaðst hann mundu beita sér fyrir því að unnið yrði að skýrslunni sem allra fyrst og hún lögð fram þannig að hægt yrði að ræða hana á

yfirstandandi þingi. Það er stutt eftir af þingtímanum. Ég vil þess vegna, virðulegur forseti, spyrja hæstv. ráðherra að því hvort búast megi við því, eftir að hæstv. ráðherra hefur haft þessa beiðni hjá sér í liðuga tvo mánuði, að skýrslan berist inn á þingtímanum með þeim hætti að hægt verði að ræða efni hennar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. lagði hann ásamt öðrum fram beiðni um skýrslu um nýtt álver hinn 19. febr. sl. Það er skemmst frá því að segja, eins og vel er kunnugt, að 13. mars náðist samkomulag um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver milli ríkisstjórnarinnar og þriggja álfyrirtækja. Frá því var að sjálfsögðu skýrt rækilega opinberlega. Hinn 10. apríl sl. lagði ég síðan fram í þinginu, eins og þingmönnum er einnig kunnugt, virkjanafrv., frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver og fleira. Í því frv. er gerð ítarleg grein fyrir þróun viðræðna um nýtt álver, enda eru þær viðræður forsendur frv.

Ég mun leggja fram formlegt svar við skýrslubeiðni þingmannsins á næstu dögum þannig að það efni má ræða. En ég bendi á að efnislega hefur skýrslubeiðninni þegar verið svarað í þinginu.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á óafgreiddum þingmálum. Hins vegar held ég að það mál sem hann nefndi hafi enga sérstöðu að því leyti, þó hann hafi kosið að velja það og utanrmn. Utanrmn. er ekki ein undir þá sök seld að vera ekki búin að afgreiða mál frá sér. Ég taldi saman hér áðan að sjálfur er ég með 33 mál sem hafa verið lögð fram á hinum ýmsu tímum og ekkert þeirra komið úr nefnd. Það elsta er rúmlega sex mánaða gamalt, eða frá 26. okt. í fyrra.

Það má vel vera að þetta séu hin hefðbundnu vinnubrögð hér á Alþingi en það hefur þá a.m.k. gleymst að segja mér frá því eins og fleiri hlutum þegar ég kom hér fyrst og tók sæti. En á sama tíma eru haldnir fundir hjá forsetum og þingflokksformönnum um forgang mála sem ríkisstjórnin leggur fram og svo aftur um forgang fyrir mál sem stjórnarandstaðan leggur fram. Í þessu sambandi virðast mál sem einstakir þingmenn leggja fram engu skipta. Ég veit ekki hvað aðrir þingmenn hugsa sem leggja fram mál sem þingmenn en ekki hlutar af þessum tveimur blokkum, stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég sjálfur veit það eitt að ef hin einstöku þingmannamál eiga stöðugt að víkja fyrir málum ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu eins og t.d. gerðist í einni nefnd í morgun — þar voru afgreidd fimm stjórnarmál en níu þingmannamál hafa legið þar óhreyfð í allan vetur — þá verð ég alla vega þungur í taumi ef á að teyma mig hingað út sem strengjabrúðu til þess að rétta upp höndina trekk í trekk með stjórnarmálum, nema að mál alþingismanna fái sömu afgreiðslu. Stjórnarmál eiga ekki, frekar en stjórnarandstöðumál, að hafa forgang fram yfir þingmannamál, því þingmaðurinn er nú einu sinni einingin í þessum sal. Kjarninn hér er þingmaðurinn. Ef þingmaðurinn er stöðugt settur aftur fyrir þá verð ég alla vega þungur í taumi og getur vel verið að ég leiti til fleiri kverúlanta hér á þinginu og við bindumst samtökum um að vernda þingmanninn fyrir ríkisstjórn og stjórnarandstöðu.

Matthías Á. Mathiesen:

Frú forseti. Hér fara fram umræður um þingsköp sem eru talandi tákn um það með hvaða hætti þinghaldið er hjá okkur á þessu þingi. Hér er vikið að afgreiðslu frá nefndum. Hægt er að telja þann tíma í mánuðum sem liðinn er frá því frv. er vísað til nefndar og það er ekki enn farið að taka það til afgreiðslu í viðkomandi nefnd. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis eru ekki ýkja margir dagar eftir af þinghaldi, það mun sennilega vera hægt að telja þá á fingrum sér, a.m.k. hefur ekkert annað verið gefið upp.

Hér er spurst fyrir um skýrslu ráðherra sem beðið var um fyrir tveimur mánuðum síðan. Ráðherrann kemur og vísar til greinargerðar sem fylgir frv. sem hann hefur flutt. Ekki er um það að ræða að skýrslan sem beðið var um fyrir tveimur mánuðum síðan hafi séð dagsins ljós. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðherra, á hann von á því að skýrslan komi áður en þingi lýkur samkvæmt starfsáætlun þingsins? Hann sagði að hún mundi sjá dagsins ljós eftir örfáa daga en það eru ekki nema örfáir dagar þangað til þingi á að ljúka.

Síðan er það upplýst, og það er gott að hæstv. utanrrh. fór ekki til útlanda á fund svo hann getur svarað hér og nú, að beðið hafi verið um upplýsingar frá utanrrn. varðandi það nefndarmál sem hér er þingskapaumræða um. Og það er upplýst eftir tvo mánuði að utanrrn. hefur ekki haft aðstöðu til þess að svara eða gefa þær upplýsingar sem spurt var um. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að þetta séu vinnubrögð sem ráðuneyti eigi að sýna Alþingi þegar beðið er um upplýsingar hjá nefnd og legið er á þeim. Það má vel vera að ráðuneytið geti ekki gefið upplýsingarnar, þá er bara að láta vita af því. Það getur vel verið að upplýsingarnar séu með þeim hætti að þar sé eitthvað sem einhverjum aðila er ekki að skapi, en það verður þá að koma fram. Þessi vinnubrögð eru með allt öðrum hætti en a.m.k. mér var talin trú um af fulltrúum þeirra flokka sem í ríkisstjórn sitja í dag, sumum hverjum, að menn ættu að haga sér þegar þeir væru í ríkisstjórn og væru að sinna störfum þar. Menn reyndu að mínum dómi að gera þessa hluti með þeim hætti að svona vinnubrögð væru ekki viðhöfð á Alþingi.

Þessu til viðbótar má benda á að umboðsmaður Alþingis hefur kvartað yfir því að Stjórnarráðið sinni ekki upplýsingaskyldu sinni, að þeir sem leita til Stjórnarráðsins fái ekki svör. Ríkisendurskoðun, við erum sammála um að breyta lögum um Ríkisendurskoðun, styrkja hana. Til hvers? Til þess að þegar Ríkisendurskoðun kemur með sína gagnrýni standi

ráðherrar hér upp og segi: Þetta er bara tóm vitleysa, það er ekkert að marka Ríkisendurskoðun. Henni er ekkert ætlað að segja okkur fyrir verkum eða dæma um það sem við höfum verið að gera. Ekki má gleyma því sem hér var sagt um ríkislögmann. Af því hann hafði skoðun á málum sem ekki passaði ráðherrum, ja, þá var bara lagt til að leggja það embætti niður svo ekki væri verið að gagnrýna lögfræðileg atriði í sambandi við framkvæmd ráðherra á ýmsum málum.

Ég vildi draga þetta hér saman einfaldlega til þess að við gerðum okkur grein fyrir því að þau vinnubrögð sem eru viðhöfð eru ekki virðingu Alþingis samboðin. Við eigum að breyta þessu, það er okkar að gera það og ég trúi því að þingmenn séu þeirrar skoðunar og þá verða þeir og ráðherrarnir líka að sinna þessum málum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirrar umræðu sem nú fer fram vill forseti upplýsa að sjaldan eða aldrei hafa jafnmörg mál fengið afgreiðslu og á þessu þingi, þar á meðal frá hæstv. ráðherrum. Nú er staðan sú, þegar líður að þinglokum, að einungis 13 fsp. bíða skriflegs svars og einungis 19 munnlegum fsp. er ósvarað og margar þeirra eru alveg nýjar þannig að ekki hefði einu sinni verið unnt að svara þeim fyrr en nú. Fyrir Sþ. liggja óræddar innan við tíu þáltill., ef ég man rétt, ég hef ekki haft tíma til að taka þetta nákvæmlega saman — þær munu vera nánar tiltekið 16, svo að öllu sé til skila haldið og eru þá nokkrar alveg nýjar. Ég hygg að sjaldan eða aldrei hafi svo mörg mál hlotið afgreiðslu.

Varðandi störf í nefndum hafa fleiri þáltill. verið afgreiddar út úr þinginu það sem af er liðið þingi en oft áður. Síðast nú fyrir stundu voru afgreiddar fjórar þáltill. og margar tillögur eru væntanlegar úr nefnd á næstu dögum. Ég held því að hér sé ekkert óvenjulegt á ferðinni. Starfsmaður skrifstofu sýnir mér nú að þáltill. frá þingmönnum sem samþykktar hafa verið eru þrettán en fjórum vísað til ríkisstjórnarinnar. Af þingmannafrv. eru tvö orðin að lögum, fimm frv. frá nefndum eru orðin að lögum og fimm þingmannafrv. hefur þegar verið vísað til ríkisstjórnarinnar. Ein vantrauststillaga hefur verið felld. Ég vil upplýsa að ég hygg að hér hafi fleiri þingmannamál verið afgreidd nú en oft áður. Þetta vildi ég aðeins segja til upplýsingar.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er rétt, vegna þeirra ummæla sem hafa fallið úr forsetastóli, að vekja athygli á því að umræða þessi um þingsköp hófst vegna athugasemda um afgreiðslu eins tiltekins máls úr þingnefnd en ekki vegna umkvörtunar um það hversu mörg mál hefðu verið afgreidd eða samþykkt hér í þinginu. Það er aukaatriði sem kemur í sjálfu sér ekki við þeirri þingskapaumræðu sem hér hófst. Auðvitað er það svo að á hverju þingi er aldrei hægt að afgreiða öll mál sem fyrir það eru lögð, þau eru fleiri en svo. Jafnan kemur til eitthvert mat á því, pólitískt mat, hvaða mál eru endanlega borin undir atkvæði. Þó þingsköp geri ráð fyrir þeirri meginreglu að farið skuli eftir töluröð þskj. er það jafnan svo að frá því þarf að víkja og grundvöllur þeirra undantekninga hlýtur að vera pólitískt mat.

Hér var vakin athygli á því að þáltill. sem borin er fram annað árið í röð og vísað var til hv. utanrmn. í byrjun febrúar hefur ekki verið afgreidd. Svo háttar til um þessa tillögu að hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir opinberlega að hann telji eðlilegt, eða sjái a.m.k. ekkert athugavert við að Alþingi samþykki tillöguna. Sú alvarlega staðreynd hefur verið upplýst hér að hv. utanrmn. hafi ekki getað afgreitt málið vegna þess að upplýsingar sem hv. nefnd hefur óskað eftir hafi ekki borist frá utanrrn. Þetta er mjög alvarleg ásökun í garð utanrrn., ekki síst í ljósi þess að fyrir liggur að hæstv. ráðherra hefur greint frá því opinberlega að hann telji eðlilegt að till. verði samþykkt. Þess vegna er nauðsynlegt að fram komi skýrar yfirlýsingar hér og nú varðandi þetta mál. Ég óska í fyrsta lagi eftir því að hæstv. utanrrh. staðfesti fyrri yfirlýsingar sínar um þetta efni, að hann gefi þinginu yfirlýsingar um að það dragist ekki út þennan dag að hv. utanrmn. fái umbeðnar upplýsingar. Hann staðfesti það hér að séu þær þess eðlis að þær séu ekki bundnar trúnaði þá fái nefndin þær upplýsingar strax í dag. Og ég óska eftir því að ef jákvæð svör fást við þessu af hálfu hæstv. ráðherra, sem ég fastlega geri ráð fyrir, þá komi hv. formaður utanrmn. hér aftur í ræðustólinn og staðfesti að hann muni beita sér fyrir því að till. verði afgreidd úr nefnd án tafar, að fengnum þessum upplýsingum, þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til tillögunnar. Þetta tvennt, þessar yfirlýsingar annars vegar frá hæstv. utanrrh. og hins vegar frá hv. formanni utanrmn., er nauðsynlegt að fá fram hér við þessa umræðu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Umræðan snýst um þáltill. sem varðar heimild til forkönnunar vegna varaflugvallar. Um það mál hef ég þetta að segja:

Þetta mál hefur verið á dagskrá hér á hinu háa Alþingi hvað eftir annað. Rækilega hefur verið upplýst af hálfu ráðherra og ráðuneytis um afstöðu ráðherrans og ráðuneytisins til málsins. Ráðuneytið liggur ekki á neinum gögnum í þessu máli. Mér er kunnugt um að óskað hefur verið eftir slíkum gögnum almennt séð en af minni hálfu er því einu til að svara að mér er ekki kunnugt um hvaða gögn það ættu endilega að vera. Eins og allur þingheimur veit og rætt hefur verið hér á hinu háa Alþingi fer fram endurskoðun á langtímaáætlun Mannvirkjasjóðs. Þeirri könnun er ekki lokið, þannig að ekki liggja fyrir nein gögn í utanrrn. sem unnt er að afhenda af þeim sökum vegna þessa máls. Mér er ekki ljóst nákvæmlega eftir hvaða gögnum er verið að slægjast. Ég tel því ekki tilefni til þess að gagnrýna utanrrn. fyrir að liggja á gögnum nema þá sé gerð grein fyrir því nákvæmlega hvaða gögn um er beðið. Mér er ekki kunnugt um það hver þau eru.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Vegna beinnar spurningar 1. þm. Reykn. um það hvenær sé að vænta skýrslu um stöðu viðræðna um nýtt álver, sem ég tel reyndar að hafi efnislega komið fram í þinginu eins og ég nefndi áðan, þá er að því stefnt að hið formlega svar, hin formlega skýrsla um málið komi til þingsins á miðvikudag og getur vonandi orðið þingmönnum að meira gagni vegna þess hversu málið hefur skýrst á þeim tíma sem liðinn er frá því að skýrslubeiðnin var fram borin. En eins og þingmönnum er kunnugt er nú stefnt að þinglausnum 4. eða 5. maí.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þó að hér hafi farið fram mikil umræða um þingsköp um fjölda mála og afgreiðslu þeirra, þá dylst mér ekki að auðvitað fer það eftir þeim meiri hluta hverju sinni sem ræður hvort mál eru afgreidd eður ei. Ég geri ekki ráð fyrir því að þau mál sem ég hef lagt fram, hvort sem það eru þáltill. eða lagafrv., séu afgreidd nema fyrir því sé pólitískur meiri hluti þó að ég telji þau mál sem ég hef lagt fram góð. Maður getur því ekki ætlast til þess að öll mál séu afgreidd. Hitt er annað mál, og það vil ég ræða hér, hve lengi það getur dregist að svara fyrirspurnum.

Ég er hér með fyrirspurn sem er 18. mál þingsins. Henni hefur ekki verið svarað í sex og hálfan mánuð. Það hefur verið beðið í sex og hálfan mánuð eftir svari frá hæstv. hagstofuráðherra. Að vísu er nú kominn annar maður í sæti hæstv. hagstofuráðherra sem hefði kannski getað svarað fyrir þetta. Auk þess er ég með tvær aðrar fyrirspurnir sem hafa beðið í um tvo mánuði og ekki er komið svar við enn þá.

Ég tel í þessu sambandi að mjög nauðsynlegt sé að ráðherrar svari skjótt og vel því sem er beint til þeirra. Þar að auki hefur þetta orðið til þess að ég hef beðið með að leggja fram frv. til laga um þau málefni sem ég hef spurt um sem byggjast á upplýsingum sem maður þarf að hafa undir höndum til þess að geta unnið mál með þeim hætti að boðlegt sé Alþingi Íslendinga. Þess vegna hlýtur það að vera krafa að fyrirspurnum sé svarað með nokkuð skjótum hætti og maður þurfi ekki að bíða eins og í þessu tilfelli í sex og hálfan mánuð eftir svari.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þessarar athugasemdar hv. 11. þm. Reykn. um þingsköp skal upplýst að inn á borð forseta hafa borist upplýsingar frá forsrn. um að svar við þessari fyrirspurn berist nú í vikunni.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur snúist um þrjú atriði fyrst og fremst þó að ég hafi hafið hana á grundvelli einungis eins máls. Hér hafa menn verið að tala almennt um afgreiðslu mála úr nefndum. Ég ætla ekki að blanda mér í það. Hér hafa menn verið að tala um svör við skýrslubeiðni frá hv. 1. þm. Reykv. Ég ætla heldur ekki að blanda mér í það.

Málið sem ég tók upp er spurningin um afgreiðslu á þáltill. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi og afgreiðslu þess máls úr hv. utanrmn.

Ég vil þakka formanni nefndarinnar fyrir svör hans. En óneitanlega ruglast maður eilítið í ríminu þegar formaður nefndarinnar segir að ekki sé hægt að afgreiða málið úr nefndinni vegna þess að það strandi á upplýsingum frá hv. utanrrn. en ráðherrann kemur síðan og segist ekki vita til þess að það vanti neinar upplýsingar og kannast ekkert við að um neitt hafi verið beðið sem ekki liggi fyrir. Þetta eru náttúrlega ekki fullnægjandi svör. Ég hlýt auðvitað að krefjast þess að menn greiði úr þeim ruglingi sem hér virðist vera upp kominn og afgreiði þetta mál og það verði látið koma hér til atkvæða, eins og alltaf hefur verið beðið um, í Sþ. Ef það er rétt að utanrrn. hafi ekkert að fela í þessu máli, eins og ég hef fyllstu ástæðu til að ætla að sé rétt, þá á ekki að vera neinum erfiðleikum bundið að allir nefndarmenn í utanrmn. geti fengið þær upplýsingar sem þeir vilja og sameinist síðan um að afgreiða málið úr nefndinni og koma því hér til atkvæða. Eða er þetta ekki það sem málið snýst um? Er það kannski ekki það að einhver skjöl vanti úr utanrrn.? Skyldi það kannski vera djúpstæður, pólitískur ágreiningur í stjórnarliðinu um afstöðuna til málsins? Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu, en auðvitað læðist að manni sá grunur.

Ég túlka hins vegar ummæli formanns nefndarinnar hér áðan svo að hann vilji beita sér fyrir því að þetta mál fái eðlilega afgreiðslu út úr nefndinni. Hann tók það sérstaklega fram að það ætti ekki við um þessa tillögu að oft væri betra að tillögur lægju kyrrar í nefndum í stað þess að vera felldar. Ég leyfi mér að túlka það svo að hann telji rétt að afgreiða þessa tillögu.

Hvað sem því líður er náttúrlega nauðsynlegt að greiða úr þessum ruglingi sem virðist vera milli nefndarinnar og ráðuneytisins í fyrsta lagi og í öðru lagi er nauðsynlegt að afgreiða málið út úr nefndinni og koma því hér til atkvæða. Þá reynir á vilja þingsins og þá geta menn sýnt í verki með atkvæði sínu hvaða afstöðu þeir hafa til þessa máls. Það er ekki beðið um neitt annað.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Út af þeim orðum sem hér hafa fallið í sambandi við afgreiðslu á þessari tillögu frá utanrmn. vil ég segja þetta til viðbótar við það sem ég sagði áðan. Ég hélt því ekki fram að við í utanrmn. hefðum beðið í tvo mánuði eftir svari frá utanrrn., það er af og frá. Málinu er vísað til okkar 8. febr. og er tekið til umræðu nokkru seinna. Þá biður einn nefndarmanna um ákveðnar upplýsingar frá ráðuneytinu og ítrekar það svo aftur nokkrum fundum síðar. Þær upplýsingar hafa ekki komið. Það er viðtekin venja að verða við beiðnum nefndarmanna þegar þeir óska eftir upplýsingum í nefndarstarfi. Það er auðvitað mjög fljótlegt og einfalt að fletta þessu upp og sjá hvenær þetta skeði og hvaða beiðnir þetta

eru og það mun ég að sjálfsögðu gera strax eftir þennan dag, en ég vissi ekki af þessari umræðu áður en ég kom hingað.

Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því eins og ég get, og ég held að nefndarmenn séu almennt sammála því að koma sem flestum málum frá nefndinni. Eins og ég tók fram áðan þá stendur ekki upp á okkur í samanburði við aðrar nefndir í þinginu. Við afgreiddum t.d. fjórar tillögur í morgun, þar af eina þingmannatillögu. Þær koma til umræðu á næstunni. Við munum afgreiða a.m.k. eina eða tvær alveg á næstu dögum þannig að það verður ekki margt sem mun stranda hjá okkur vegna tímaskorts. Ef þetta mál út af þessari tillögu leysist fljótt þá mun ég að sjálfsögðu kalla nefndina saman og þá verður rætt á hvern hátt við afgreiðum þessa tillögu.

Ferðamálastefna, fyrri umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 934.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um ferðamálastefnu. Þetta er 537. mál á þskj. 934.

Með umfjöllun Alþingis og samþykkt á ferðamálastefnu er að því stefnt að skýra viðhorf þingsins til ferðaþjónustu sem atvinnugreinar. Í tillögunni sem hér er mælt fyrir eru sett fram nokkur samfélagsleg markmið er varða atvinnugreinina og bent á margar leiðir sem fara þarf til að ná þessum markmiðum. Í greinargerð og fylgiskjölum, sem eru allnokkur að vöxtum eins og sjá má, eru síðan settar fram nánari skýringar á einstökum liðum tillagnanna og upplýsingar um stöðu ferðaþjónustunnar hér á landi og þróunarhorfur greinarinnar.

Stefnumótun í ferðamálum á bæði að vera opinberum aðilum og þeim sem starfa við ferðaþjónustu að gagni. Eftir umræður um stefnuna á að vera auðveldara en ella að átta sig á æskilegum lagabreytingum og öðrum aðgerðum til að ná fram settum markmiðum. Stefnuna þarf síðan að endurskoða með reglubundnum hætti í ljósi fenginnar reynslu.

Þáltill. um ferðamálastefnu sem hér er flutt er samin af nefnd sem samgrh. skipaði þann 1. júní 1989. Voru verkefni nefndarinnar tilgreind þannig af ráðuneytinu:

Að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og stefnumörkun í þeim og að nefndarstarfið fæli m.a. í sér eftirfarandi þætti:

1. Könnun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi og í samanburði við nágrannalöndin.
2. Endurskoðun á opinberri stefnu í ferðamálum og tillögur um æskilega þróun þeirra mála.
3. Endurskoðun laga um ferðamál.

Í nefndina voru skipuð Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri samgrn., Áslaug Alfreðsdóttir, hótelstjóri á Ísafirði, Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Bjarni Sigtryggsson ferðamálafræðingur, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Reynir Adólfsson, framkvæmdastjóri á Akureyri, og Unnur Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

Nefndinni var ekki afmarkaður starfstími en hún ákvað í samráði við ráðuneytið að skipta verkefni sínu í áfanga og ljúka störfum haustið 1990. Nefndin skilaði síðan tillögu að opinberri ferðamálastefnu til samgrn. 17. mars sl. og er sú tillaga nú flutt óbreytt í formi þáltill. Ég leyfi mér að fara nokkrum orðum um helstu markmið ferðamálastefnunnar.

Mikið skortir á að stjórnvöld og aðrir hafi áttað sig á þjóðhagslegu gildi ferðaþjónustu og þeim vaxtarmöguleikum sem hún býr yfir ef rétt er á málum haldið. Málefni ferðaþjónustu verðskulda ekki síður athygli en hefðbundnar greinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður. Alveg sérstaklega þarf að taka tillit til þess við stjórnvaldsaðgerðir að hér er um útflutningsatvinnugrein að ræða, sem ekki má mismuna með tilliti til samkeppnisaðstöðu og líta ber á í sambandi við meðferð efnahagsmála, þar með talið varðandi gengisákvarðanir.

Ferðaþjónusta sem atvinnugrein á fyrst og fremst að standa á eigin fótum án opinberrar íhlutunar um málefni einstakra fyrirtækja. Tímabundinn stuðningur af hálfu ríkis eða sveitarfélaga getur þó verið nauðsynlegur og jákvæður, m.a. vegna aðstæðna í dreifbýli og við að koma fyrirtækjum á legg. Þá er óhjákvæmilegt að Ferðamálaráð leggi, í samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila, fram fjármagn til að koma upp aðstöðu á ýmsum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Fjárhagslegur stuðningur af hálfu ríkisins á þó fyrst og fremst að beinast að sameiginlegri yfirstjórn, skipulagi, menntun og rannsókna- og þróunarstarfi í ferðamálum. Þennan fjárstuðning þarf að auka til muna frá því sem nú er, a.m.k. á meðan verið er að koma ferðaþjónustu á viðunandi grundvöll og bæta úr margháttaðri vanrækslu. Lágmark er að Ferðamálaráð og starfsemi sem því tengist fái á næstu árum óskertan þann markaða tekjustofn sem lög um skipulag ferðamála nú kveða á um eða hliðstætt framlag. Einnig þarf að fá fjármagn til uppbyggingar á öðrum sviðum sem tengjast ferðamálum, m.a. til fræðslumála.

Ferðamennska hefur vaxið gífurlega síðustu áratugi og er að verða snar þáttur í lífi flestra. Aðstaða til ferðalaga og tilkostnaður við þau eru því hluti af lífskjörum almennings í landinu. Fyrir eyþjóð eins og Íslendinga skipta samgöngur til og frá landinu afar miklu. Á því sviði eiga sér stað umtalsverðar breytingar sem skipta ferðaþjónustuna verulegu máli. Flugsamgöngur eru þar efstar á blaði. Framboð á ferðum innan lands hefur ekki síður gildi jafnt fyrir landsmenn sjálfa og útlendinga. Gott skipulag á samgöngum og samgöngubætur er allra hagur og forsenda þess að sem flest byggðarlög geti átt hlut í ferðaþjónustu. Stefnt er að því að ferðaþjónustan

hafi í heild jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.

Uppbygging ferðaþjónustu innan lands getur á tvennan hátt haft bætandi áhrif á viðskiptajöfnuð Íslendinga við útlönd. Ferðir um eigið land draga úr gjaldeyrisnotkun og beina neyslunni þess í stað inn í innlent hagkerfi og komur útlendinga hingað færa þjóðinni gjaldeyristekjur. Svo framarlega sem ferðaþjónusta innan lands ofbýður hvorki náttúru né umhverfi og leiðir ekki til óarðbærra fjárfestinga er hún þarft verkfæri til að stuðla að jöfnuði í viðskiptum okkar við önnur lönd.

Þótt það sé yfirlýst þjóðhagslegt markmið að stefna að afgangi eða jöfnuði í viðskiptum við útlönd getur slíkt þó aldrei náð til allra einstakra þátta. Það er auk þess einn mælikvarðinn á velferð þegnanna hve aðgengileg ferðalög eru innan lands og utan. Ferðaþjónusta þarf að búa við hliðstæð kjör og aðrar samkeppnisgreinar, m.a. um skattlagningu. Lækkun kostnaðarliða í ferðaþjónustu bætir samkeppnisstöðuna og er líkleg til að hafa hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Matvælaverð er enn tilfinnanlega hátt hérlendis og fyrir ferðaþjónustuna skiptir miklu að það lækki.

Framboð í ferðaþjónustu þarf að miða við að laða hingað viðskipti. Það verður best gert með því að auka fjölbreytni í afurðum og afþreyingu er höfðar til erlendra ferðamanna.

Náttúra landsins er sú auðlind sem laðar útlendinga til Íslandsferða öðru fremur. Sama gildir um skemmtiferðir Íslendinga innan lands. Verndun umhverfis er því undirstöðuatriði að því er varðar framtíð ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er því að við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu sé verndun náttúru og umhverfis höfð að leiðarljósi. Hingað til hefur allt of mikið verið horft fram hjá þeim þætti, þessum grundvallarþætti. Þetta varðar alla þætti umhverfisins, loft, vatn og land. Allt er þetta í nokkurri hættu að spillast og við því þarf að bregðast með viðhlítandi aðgerðum. Sem dæmi má nefna að fjöldi ferðamannastaða er í niðurníðslu og umgengni er víða mjög ábótavant. Ferðamennskan á hér hlut að máli en önnur umsvif og almennt ástand umhverfismála skiptir vitaskuld miklu í þessu efni.

Ferðaþjónusta er margþætt atvinnugrein og tengist ýmissi annarri starfsemi. Hún er því vel fallin til að auka fjölbreytni í störfum og atvinnuframboði en á því er veruleg þörf, m.a. vegna samdráttar á öðrum sviðum atvinnulífs. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu og ástæða er til að ætla að svo geti orðið áfram ef rétt er að málum staðið. Mikið vantar hins vegar á kjölfestu í greininni, m.a. að því er varðar menntun og þjálfun starfsfólks og námsframboð innan lands, svo og rannsókna- og þróunarstarf.

Hafa ber einnig í huga að miklar árstíðabundnar sveiflur eru í ferðaþjónustu hérlendis og endurspeglast þær í breytilegri eftirspurn eftir vinnuafli í greininni þar sem mikið er um hlutastörf og árstíðabundin verkefni. Þetta þarf hins vegar ekki endilega að falla illa að íslenska vinnumarkaðinum að öðru leyti og nægir að benda á sumarvinnu skólafólks og störf í ferðaþjónustu í því sambandi.

Ferðaþjónustan getur fallið vel að því yfirlýsta markmiði stjórnvalda í byggðamálum að viðhalda byggð sem víðast í landinu. Innlendir og erlendir ferðamenn vilja öðru fremur kynnast náttúru landsins og lífsháttum fólksins í byggðunum. Því á að vera unnt að tryggja dreifingu ferðamanna á álagstímum og gera sem flestar byggðir landsins með einhverjum hætti þátttakendur í ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta á að geta styrkt nauðsynlega þjónustu við heimafólk í byggðunum, en til þess þurfa heimaaðilar að eiga hlut að henni og grunnþjónusta að njóta hagnaðar af árstíðabundnum tekjum af viðskiptum við ferðafólk.

Stuðla skal að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður. Uppbygging og þróun innlendrar ferðaþjónustu hefur tvö meginmarkmið, efnahagsleg og félagsleg. Hin efnahagslegu lúta að því að afla gjaldeyris og skapa vinnu og nýta fjárfestingar í samgöngu- og þjónustutækjum. Hin félagslegu miða að jöfnuði byggðar og jöfnun lífskjara. Auknar ráðstöfunartekjur heimilanna og samningsbundið orlof hafa gert almenningi kleift að njóta útivistar, ferðalaga og orlofsdvalar. Mikilvægt er að tryggja öllum hópum þjóðfélagsins aðgang að slíkri aðstöðu. Þeir sem vegna fötlunar sinnar eða sjúkdóma, bágs fjárhags, félagslegrar einangrunar eða skorts á þeim réttindum sem samtök launafólks veita, geta ekki notið orlofsins með sama hætti og aðrir. Sérstaklega þarf að huga að málefnum hreyfihamlaðra og fatlaðra í þessu sambandi varðandi byggingar, farartæki, útivistarsvæði, vegi og brautir. Sjá verður fyrir þörfum þessara hópa þegar settar eru reglugerðir, við skipulag og ekki síst byggingu mannvirkja og útbúnað tækja.

Svipuðu máli gegnir um aldraða. Taka þarf sérstakt tillit til þeirra við uppbyggingu ferðaþjónustu. Öldruðu fólki fer fjölgandi meðal ferðamanna og líkur eru á að sú þróun haldi áfram. Hér er því um umtalsverðan hluta af markaði ferðaþjónustunnar að ræða sem á eðlilega kröfu á þjónustu miðað við sínar aðstæður.

Hæstv. forseti. Ferðaþjónusta er atvinnugrein í örum vexti. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum nema nú tæplega 10% af útfluttri vöru og þjónustu og verða þannig nálægt 10 milljörðum kr. á þessu ári. Störfum í ferðaþjónustu fer enn fremur jafnt og þétt fjölgandi en erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir fjölda starfsmanna í ferðaþjónustu, þar sem svo mörg störf eru aðeins að hluta tengd ferðaþjónustunni í gegnum aðrar atvinnugreinar. Þó er varla ofáætlað að um 5–6% af mannafla sinni ferðaþjónustu og fer þetta hlutfall vaxandi. Ég vil leyfa mér að vekja sérstaka athygli hv. þm. á þessum tveimur eða þremur tölum sem ég hef nú nefnt og ég endurtek að um 10% af verðmæti útfluttrar vöru og þjónustu á landinu koma nú frá ferðaþjónustu. Þetta nemur á þessu ári um 10 milljörðum kr. Og að störf í ferðaþjónustu eru um 5–6% af mannafla á hinum

íslenska vinnumarkaði. Það er því ekki seinna vænna að mótuð sé opinber stefna í ferðamálum, atvinnugreinin skilgreind sem og verkaskipting ríkis og einkaaðila. Þáltill. sem hér liggur fyrir er einmitt ætlað að bæta úr í þessum efnum. Við höfum stundum orðað það svo á meðan á þessari vinnu hefur staðið að hún miðaði að því að fá ferðaþjónustuna tekna í fullorðinna manna tölu á meðal atvinnugreina landsmanna.

Hæstv. forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir helstu markmiðum með mótun opinberrar stefnu í ferðamálum. Um einstakar leiðir og einstök markmið vísast til grg. og till. sjálfrar.

Virðulegur forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til *síðari umr. og hv. atvmn.*

Friðjón Þórðarson:

Hæstv. forseti. Það er ekki þörf á að ræða þessa till. í löngu máli á þessu stigi þar sem hæstv. ráðherra hefur gert góða grein fyrir henni. Sjálf er till. mjög efnismikil og hefur verið viðað til hennar úr mörgum áttum.

Þar sem ég átti sæti í þeirri nefnd sem undirbjó þessa till. vil ég þó láta nokkur orð falla af minni hálfu. Nefndin hefur starfað undir forustu hv. 2. þm. Austurl. Mjög vel hefur verið unnið í þessari nefnd og allra mest hefur formaðurinn auðvitað unnið sjálfur. Ég tel að nefndin geti vel staðið fyrir sínu máli, a.m.k. hingað til. Hún hefur farið yfir stöðu ferðamála hérlendis og aflað vitneskju um stefnumörkun í ferðamálum í nágrannalöndum. Nefndarmenn hafa átt viðtöl við fjölmarga hagsmunaaðila og ýmsa fleiri sem tengjast ferðaþjónustu á einn eða annan máta.

Að sjálfsögðu hafa verið gerðar nokkrar atrennur til að móta almenna stefnu í ferðamálum á liðnum árum því það eru allnokkrir áratugir frá því að fyrstu lög um ferðamál litu dagsins ljós hér á landi. Hægt er að vitna í ýmsar skýrslur í því sambandi, t.d. skýrslu sem gerð var á vegum Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1973, hina svonefndu Checchi-skýrslu eða „Tourism in Iceland". Þá má nefna „Bláu skýrsluna" frá árinu 1981 og „Grænu skýrsluna" frá 1987 og svona mætti lengur telja þannig að menn hafa ekki setið auðum höndum í þessum málum, alls ekki. Þar sem hér er um mikilvæga atvinnugrein að ræða sem hefur margar hliðar er mjög eðlilegt að reynt sé að taka þessi mál föstum tökum og móta stefnu í þeim af mörgum ástæðum. Ég álít því að hér sé verið að reyna að vinna gott verk.

Það mætti að sjálfsögðu hafa um þetta mörg orð. Sjálfur hef ég tekið nokkurn þátt í því að móta löggjöf í þessum efnum, var m.a. formaður þeirrar nefndar sem síðast athugaði og endurskoðaði lög um ferðamál. En ég verð að segja það eins og er að sú nefnd sem nú situr að störfum og fjallar um þessi mál tekur þetta fastari tökum og vinnur betur að þessum málum en ég gerði á sínum tíma.

Það eru einkum tvö atriði sem ég vil benda sérstaklega á sem verður auðvitað að hafa ríkulega í huga. Það er umhverfisverndin fyrst og fremst. Verndun umhverfis er undirstöðuatriði að því er varðar framtíð ferðaþjónustu á Íslandi. Þetta verða menn að muna. Það er því mikilvægt að við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu sé verndun náttúru og umhverfis höfð að leiðarljósi.

Í öðru lagi má nefna byggðaþróun og ferðaþjónustu, hvernig þetta tvennt tengist saman. Þá vil ég leggja áherslu á að ferðaþjónusta er atvinnugrein sem stuðlað getur að jákvæðri þróun byggðar í landinu með því að auka fjölbreytni í atvinnu og bæta þjónustu sem einnig kemur heimafólki til góða víðs vegar um land.

Ég held að gert sé ráð fyrir því að ferðamálin verði áfram vistuð í samgrn. og fer vel á því að mínum dómi. Það er ýmislegt sem ekki hefur verið fullathugað í þessu máli. T.d. hafa fáar athuganir verið gerðar á því hvað einkum laðar erlenda skemmtiferðamenn til Íslands, svo maður tali um erlenda skemmtiferðamenn. Þó bendir flest til þess að það sé öðru fremur náttúra landsins. Náttúran er því sú auðlind sem íslensk ferðaþjónusta byggir að miklu leyti tilveru sína á. Það gildir einnig um ferðir Íslendinga innan lands að verulegu leyti, að ég hygg.

Til að festa fáist í ferðaþjónustu sem lífvænlega atvinnugrein er brýnt að ákvarðanir séu teknar um þau starfsskilyrði sem henni eru ætluð af hálfu hins opinbera. Reynt er að gera það með þessari till. og umfjöllun hennar og síðan framkvæmd.

Ég held að það sé rétt hermt að þessi níu manna nefnd sem hefur starfað vel saman sé búin að fara yfir tvo fyrstu töluliði eða þætti í því skipunarbréfi sem *henni var lagt upp í hendur í öndverðu.* Nú liggur fyrir að fara yfir gildandi lög á næstu mánuðum. Hún fær ekki óskert sumarleyfi, nefndin, að þessu leyti. Það er víst meiningin að reyna að skila af sér síðsumars á þessu ári og að leggja þá fram tillögur um æskilegar breytingar á löggjöf. Satt að segja hef ég litið svo á að löggjöfin hafi þróast nokkurn veginn eðlilega með árunum. Hitt er svo annað mál, að það sem við verðum að vænta að verði til staðar að verki okkar loknu í þessari nefnd er að nægilegt og nauðsynlegt fé fáist af hálfu hins opinbera til að styðja þessa mikilvægu atvinnugrein meðan hún er að komast á laggirnar. Þessi orð vildi ég aðeins láta falla hér af minni hálfu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Sú nefnd sem undirbjó þá *þáltill. um ferðamálastefnu sem hér liggur frammi* fékk að sönnu viðamikið verkefni til að fjalla um. Sýnist mér að hún hafi skilað fyrsta hluta þess með miklum ágætum því hér liggur fyrir tillagan ásamt mörgum fylgiskjölum og mjög ítarlegum upplýsingum um hvaðeina sem ferðaþjónustu tengist. Það hlýtur að vera svo á þessum síðustu dögum þingsins að till. þessi sé aðeins lögð fram til kynningar og væntanlega mun okkur gefast góður tími til að lesa allar þær upplýsingar sem hér liggja frammi í sumar.

Ég vil aðeins lýsa því hér sem minni skoðun að ég

tel rétt og nauðsynlegt að stjórnvöld móti ákveðna stefnu í þessari atvinnugrein. Eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. hefur þessi atvinnugrein mikið þjóðhagslegt gildi fyrir okkur, sé rétt á málum haldið. Ferðaþjónustan hefur sýnt að hún getur staðið á eigin fótum sem atvinnugrein en ég vil benda á það að ferðaþjónusta er samt mjög háð tveimur mörkuðum tekjustofnum sem eiginlega eru lykilatriði varðandi uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Það er annars vegar markaður tekjustofn til Ferðamálaráðs og hins vegar markaðir tekjustofnar til vegamála.

Samgöngumálin verða auðvitað að komast í betra lag ef við eigum að ná því að dreifa ferðamönnum um landið eins og nauðsynlegt er. Eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. eru umhverfismálin mjög mikilvægur þáttur í ferðaþjónustunni. Við verðum ætíð að hafa verndun náttúru og umhverfis að leiðarljósi. Það getur hins vegar þýtt það að við verðum að taka ákvarðanir sem geta reynst erfiðar í bili, svo sem að takmarka umgengni um ákveðin svæði eða hreinlega loka þeim.

Við þurfum e.t.v. líka að gera upp við okkur hvort við teljum æskilegt að leggja upp úr því að fjölga erlendum ferðamönnum sem koma til landsins. Mér sýnist að miðað við þann fjölda sem nú kemur, auk vaxandi fjölda Íslendinga, sem sem betur fer ferðast um landið núna hin seinni ár, að þá taki landið vart við meiru eins og aðstæður eru.

Ég vil aðeins drepa á annað varðandi umhverfið og það er umhverfisfræðsla. Ég tel að það þurfi að stórauka hana og vil minna á till. Kvennalistans um það efni sem samþykkt var hér á síðasta þingi. Því aðeins getum við vænst þess að erlendir gestir okkar gangi um náttúruna eins og við viljum að við Íslendingar göngum á undan með góðu fordæmi.

Það er auðvitað heldur ekki hægt að fjalla um þessa atvinnugrein án þess að minna á hið himinháa verð á matvælum sem hér er og hefur dregið mjög úr sölu hjá veitingahúsum svo þau hafa átt í vök að verjast hin seinni ár. Það hefur færst í vöxt og verið mikið um það rætt að undanförnu að útlendingar, eða margir þeir sem hingað koma, flytji með sér allar sínar daglegu nauðsynjar.

Ég ætla ekki að fara nánar út í efni þessarar viðamiklu till. að svo stöddu þar sem ég þykist viss um að okkur muni gefast góður tími til að skoða þetta betur fram að næsta þingi. En ég vil leggja áherslu á að ég fagna því að tekið er á þessum málum núna og vil ekki ljúka máli mínu án þess að minnast á annað lykilatriði. Menntunarmálin og umhverfismálin eru lykilatriði í ferðaþjónustunni. Við þurfum að mennta það fólk sem á að starfa í atvinnugreininni og því þarf að móta stefnu í menntunarmálum fólks í ferðaþjónustunni á öllum stigum hennar.

Annars vil ég, eins og ég gat um áðan, enn og aftur fagna því að tekið skuli á þessu máli og viðurkennt þar með að þessi atvinnugrein skipti okkur verulegu máli og að það þurfi að hafa ákveðna stefnu til að ná þeim markmiðum sem við stefnum að með henni.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um ferðamálastefnu sem byggir á gífurlega viðurhlutamiklu verki sem sérstök nefnd hefur unnið að upp á síðkastið og birtist okkur hér í þessum plöggum sem fyrir okkur liggja. Eru þau á allan hátt mjög fróðleg aflestrar og greinargóð, svona sem handbók með upplýsingum um ferðamál almennt á Íslandi til lengri og skemmri tíma litið. Það er ljóst af starfi nefndarinnar að hún hefur leitað mjög víða fanga, aflað sér upplýsinga mjög víða að og kannað þessi mál í víðu samhengi eins og vera ber. Enda er hér um að ræða atvinnugrein sem, enda þótt hún sé ekki mjög gömul, hefur verið vaxandi og er orðin mjög þýðingarmikil bæði í þjóðarbúskap okkar og eins fyrir einstök héruð og sveitarfélög og mun á næstunni, ef allt gengur fram sem horfir, verða enn þá þýðingarmeiri fyrir landið í heild og einstök héruð og sveitarfélög.

Ég vek athygli á því að það kemur fram í gögnum nefndarinnar að hún mun hafa átt viðræður við eitthvað á annað hundrað manns um þessi mál. Það segir kannski nokkra sögu um það að nefndin hefur af mikilli samviskusemi reynt að leita víða fanga og tekið á þessu máli í víðu samhengi. Enda hygg ég raunar að ferðamálin séu dálítið sérstök að því leyti að þau eru ekki bara venjuleg atvinnugrein, atvinnugrein í vexti, heldur er hér um að ræða grein sem kemur inn á verkefni í byggðamálum og umhverfismálum og fleira sem nefna mætti og fram hefur komið í ræðum fyrri hv. ræðumanna sem hér hafa talað.

Það er ljóst að ferðamálin eru nú orðin einn af þýðingarmestu þáttum útflutnings okkar. Um það bil 10% af útflutningstekjum af vöru og þjónustu koma frá þessari atvinnugrein. Ef við höfum það í huga að ekki eru nema 40 ár síðan farið var með skipulegum hætti að efna til ferða útlendinga, skipulegra ferða útlendinga til Íslands, þá er auðvitað alveg ljóst að hér er um að ræða ævintýralegan vöxt á mjög skömmum tíma. Það er talið að á síðasta ári hafi um 131 þús. útlendingar gist Ísland og er það ekki lítill árangur þegar litið er til þess sem ég nefndi, að greinin er ung að árum.

Ég tel sérstaka ástæðu til að leggja á það áherslu að ferðaþjónusta sem atvinnugrein er útflutningsgrein. Hún lýtur þess vegna flestum þeim lögmálum sem útflutningsgreinar okkar lúta, sjávarútvegur eða iðnaður, svo ég taki dæmi, og starfsskilyrði sjávarútvegs og starfsskilyrði iðnaðar eru því með einum eða öðrum hætti líka starfsskilyrði ferðaþjónustunnar. Við skulum minnast þess að þegar litið er til undangenginna ára og viðurkennt það sem allir sjá, að starfsskilyrði útflutningsgreinanna hafa verið ákaflega bágborin, þá liggur í augum uppi að rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar hafa verið mjög rýr. Með öðrum orðum, þrátt fyrir að mikið hafi verið talað um þýðingu þess að efla ferðaþjónustu, þrátt fyrir að þetta sé nú ekki í fyrsta skipti sem menn hafa sest niður við það verkefni að reyna að

móta ferðamálastefnu, þá hefur það nú einu sinni verið þannig að efnahagslegar aðstæður í okkar þjóðfélagi, verðbólga, viðskiptahalli, hátt vöruverð o.s.frv., allt þetta hefur gert atvinnugreininni sjálfri mjög erfitt um vik. Þess vegna er auðvitað þýðingarlaust að tala um að móta einhverja ferðamálastefnu nema það liggi fyrir af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem situr hverju sinni hver stefna þeirrar stjórnar er gagnvart útflutningsgreinunum í heild sinni. Af þeirri einföldu ástæðu sem ég hef þegar komið inn á, að ferðaþjónustan er í eðli sínu útflutningsgrein.

Þetta er m.a. rakið í þeim fylgiskjölum sem hér hafa verið til umræðu í sérstökum kafla þar sem fjallað er um raungengisþróunina á síðasta ári og dregið saman á hvern hátt þetta snertir rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar. Ég vil aðeins leyfa mér að víkja að þessum kafla sem er á bls. 35, með leyfi virðulegs forseta. Þar segir svo:

„Þar sem kostnaður ferðaþjónustu er að stórum hluta launakostnaður, þá gefur samanburður á launaþróun hér og í samkeppnislöndunum vísbendingu um þróun samkeppnisstöðu innlendra aðila. Hækki til að mynda laun meira hér á landi en í helstu samkeppnislöndum á ákveðnu tímabili, mælt í sömu mynt, þá hefur samkeppnisstaða hérlendra aðila versnað. Gengisskráning krónunnar er því afar þýðingarmikið atriði. Á þeim tímum þegar gengi krónunnar er haldið föstu og verð á erlendum gjaldmiðlum breytist ekki af okkar völdum, en laun hækka hlutfallslega meira hér en í samkeppnislöndunum, þá er samkeppnisstaða aðila sem flytja út ferðaþjónustu (þ.e. flytja inn ferðamenn) að versna. Krónutöluhækkun launa er meiri hér en í samkeppnislöndunum og róðurinn þyngist því hlutfallslega fyrir innlenda aðila. Þetta á t.d. við um árin 1986–88. Á hinn bóginn batnar staða þessara aðila á tímum þegar gengið breytist umfram muninn á innlendum og erlendum launabreytingum, þ.e. laun í samkeppnislöndunum hækka meira í krónum talið en laun hér á landi. Þróunin á síðasta ári var með þessum hætti."

Hér er auðvitað komið að þessu þýðingarmikla atriði sem snertir ferðaþjónustuna, útflutningsgreinina ferðaþjónustu, jafnt og aðrar útflutningsgreinar. Þetta tel ég að sé sérstaklega þýðingarmikið að undirstrika hér og nú vegna þess að mjög hefur örlað á því í almennum þjóðfélagslegum umræðum að menn hafa ekki viljað hafa skilning á þessu atriði, skilning á því hvílík grundvallarstærð það er fyrir útflutningsgreinarnar hver raungengisþróunin er. Þeir sem tala digurbarkalegast í þessum efnum ættu að hafa það í huga að vilji menn byggja upp þennan vaxtarsprota í íslensku atvinnulífi sem ferðaþjónustan er verða menn a.m.k. að hafa þessa hluti alveg á hreinu. Efnahagsstefna sem ekki hefur þetta að leiðarljósi er þess vegna ekki efnahagsstefna sem getur verið í samræmi við einhverja ferðamálastefnu sem við kunnum að móta á hverjum tíma heldur hið gagnstæða. Þess vegna er allt tal um mótun ferðamálastefnu sem hégómi einn nema þetta verði haft að leiðarljósi.

Ferðamálaráð hefur haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna og þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að vekja á því athygli að á undanförnum árum hefur tekjustofn þess sem er tekjur af vörusölu Fríhafnarinnar verið gegndarlaust skertur. Það er ástæða til að fagna því að í þessari till. til þál. er sérstaklega um þetta mál fjallað og lögð á það áhersla að þessu verði snúið við. Ég vek athygli á að skerðingin á síðasta ári á mörkuðum tekjustofni Ferðamálaráðs var hvorki meira né minna en 72%.

Margt er það í þessum tillögum sem segja má að sé óljóst en þó er það alveg deginum ljósara að þessi nefnd, sem hér er að fjalla um ferðamálastefnuna, hefur alveg tekið af öll tvímæli um það að þennan tekjustofn verði Ferðamálaráð að fá að fullu og er það vissulega íhugunar- og umhugsunarefni fyrir stjórnvöld í náinni framtíð.

Ég verð því miður, virðulegi forseti, að stytta mjög mál mitt, tíminn er búinn, en ástæða hefði verið til að fjalla um þessi mál mun ítarlegar. Ég kaus að fjalla ekki um þetta mál mjög sértækt vegna þess að ég bjóst við, sem raunin varð á, að um þessi mál yrði fjallað ítarlega hér í öðrum ræðum. Ég vildi hins vegar leyfa mér að vekja athygli á hinum eðlilegu tengslum ferðaþjónustunnar sem útflutningsgreinar við aðrar útflutningsgreinar í landinu og það tel ég lykilatriði þegar þessi mál eru rædd.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um ferðamálastefnu og eins og komið hefur fram í máli manna er um ítarlega tillögu að ræða sem er vel skýrð í grg. og með fylgiskjölum. Það vildi svo til að á sl. vetri átti ég þess kost að sitja ferðamálaráðstefnu á Austurlandi sem að mjög stórum hluta fjallaði um þá tillögu sem hér liggur nú fyrir og þar var skýrð sérstaklega. Mér er þess vegna vel kunnugt um hve mikið starf hefur hér verið af hendi leyst og það má ekki minna vera en að þeir sem hafa áhuga fyrir ferðamálum og áhuga fyrir málefnum dreifðra íslenskra byggða þakki það starf og fagni þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Það er reyndar svo með allar tillögur af þessum toga að þær valda ekki miklum straumhvörfum nema á eftir fylgi aðrar ákvarðanir. Að vísu er það alltaf góður kostur að skýra mál, koma þeim í umræðu í þjóðfélaginu og þá ekki síst hér á hinu háa Alþingi. En ef menn ætla að ná fram markvissum vinnubrögðum verður að sjálfsögðu að fylgja á eftir löggjöf eða ákvarðanir eins og hér hefur reyndar verið bent á af hv. síðasta ræðumanni, ákvarðanir við fjárlagagerð. Af því ræðst náttúrlega hinn raunverulegi árangur af slíku starfi sem hér er leyst af hendi.

Í jafnvíðtækum tillögum og þeirri sem hér er fjallað um geta menn að sjálfsögðu metið málin með ýmsum hætti, en það sem ég legg áherslu á í þessari tillögugerð og mér þykir mikilvægast eru þær áherslur sem koma fram í sambandi við umhverfið í þessu landi, náttúru þess, og hvað hér eru með skýrum hætti dregin fram í dagsljósið þau miklu verðmæti sem í

okkar sérstæða náttúrufari búa og þeir möguleikar sem við eigum óhagnýtta í þessum efnum. Hér er þá fyrst og fremst um verkefni að ræða sem tengjast þeim byggðum sem laða til sín náttúruskoðendur og hefur reyndar verið sýnt fram á hve miklir möguleikar eru einmitt bundnir við slíkar aðstæður. Við getum tekið sem dæmi Mývatnssveit og Þingvelli, að ógleymdri Austur-Skaftafellssýslu, ekki kannski einungis þjóðgarðinn heldur líka umhverfið þar í grennd þar sem á sér stað mikil uppbygging ferðamannaaðstöðu og ferðamannaþjónustu sem verður áreiðanlega lyftistöng fyrir þær sveitir sem þannig taka á málum.

Nú verður það væntanlega svo, eins og hér er skýrt frá, að þessi þáltill. verður útfærð í lagafrumvörpum með haustinu og þá gefst mönnum kostur á að brjóta efni hennar til mergjar á réttum vettvangi. Þess vegna sýnist mér ekki að hér séu efni til mikillar efnislegrar umræðu, en ég endurtek það sem ég sagði í upphafi, að ég fagna því að þessi tillaga er hér fram komin til umræðu og meðferðar á Alþingi.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér aðeins upp og fagna þessari þáltill. sem er fram komin um ferðamálastefnu. Það er alveg ljóst, eins og hér hefur komið fram hjá ræðumönnum og í framsögu hæstv. ráðherra, að þetta er sá vaxtarbroddur í atvinnumálum í okkar landi sem ástæða er til að fara að líta alvarlega til. Og ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Vestf. að auðvitað eru ferðamálin, eins og þau eru að verða í dag, mikilvægur útflutningsiðnaður, það má orða það svo, þannig að hér er um að ræða einn af stærri mikilvægum þáttum í efnahagskerfinu í heild. Það sýnir þróun þessara mála. Þrátt fyrir það að skort hefur stefnumörkun í þessum málum hefur hún orðið ótrúlega jákvæð miðað við aðstæður. Við getum bara nefnt það sem hefur gerst í sveitum landsins, Ferðaþjónusta bænda hefur náð ótrúlega langt og víða og er til mikillar fyrirmyndar víðs vegar um hinar dreifðu byggðir landsins. Árangur sem þar hefur náðst, sem væri hægt að tíunda í löngu máli, sýnir að það er margt sem þarf að líta til í þessari atvinnugrein sem mörgum hefur e.t.v. ekki verið ljóst áður, en jafnvel erlendir ferðamenn hafa sýnt okkur með komu sinni hve mikilvægt þetta er í þeirra augum.

Ég skal ekki hafa langt mál um þetta, virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir það að hér hefur verið unnið gott verk sem komið er frá þessari nefnd sem hefur markað vissa stefnu í þessum málum og sem hlýtur að leiða af sér að Alþingi verður að taka hér vel á málum og fylgja þessu máli eftir með nauðsynlegri lagasetningu. Ég ætla aðeins að nefna hér, sem hv. þm. er sjálfsagt vel kunnugt um, að það fjármagn sem hefur verið ætlað til ferðamála á undanförnum árum hefur verið af mjög skornum skammti og því miður hefur niðurstaðan orðið sú ár eftir ár að þrátt fyrir ákvæði laga um vissan tekjustofn Ferðamálaráðs hefur hann verið skorinn niður í fjárlagatillögum ríkisstjórnar og Alþingi hefur látið það ganga yfir sig að sinna þessu máli ekki óðruvísi en að samþykkja þær tillögur sem þannig hafa verið lagðar fram.

Þetta er náttúrlega nokkuð sem getur ekki gengið og það má vel vera að orsök þess að þessi aðgerð eða þetta aðgerðarleysi, réttara sagt, hefur náð fram að ganga sé að stefnumörkun í ferðamálum almennt hefur vantað. Þess vegna er þetta skref sem hér er verið að stíga að mínu mati mjög mikilvægt.

Ég vil einnig nefna það að uppbygging á hótelum úti um landið hefur verið mjög erfið og nokkuð handahófskennd. Það er ljóst að flest hótel á landsbyggðinni hafa verið byggð af bjartsýni og án þess að hafa það fjármagn sem til þarf í þessum iðnaði undir höndum. Niðurstaðan hefur orðið sú að eigendur hótela hafa ekki ráðið við þessa uppbyggingu og lent í miklum fjárhagsvanda. Ferðamálasjóður, eins og við þekkjum hann, var til þess stofnaður að styrkja þessa starfsemi og leggja til þess fjármagn. En því miður hefur hann ekki haft það mikið fjármagn að hann hafi getað staðið undir þessu og lán frá Ferðamálasjóði hafa verið ein dýrustu skammtímalán sem hægt hefur verið að taka til fjárfestingar. Þetta hefur orsakað það að allir þeir aðilar sem hafa staðið fyrir þessari uppbyggingu út um landið, eða allflestir, hafa lent í miklum vanda sem hefur verið reynt að leiðrétta að nokkru með sams konar aðgerðum, með því að láta Ferðamálasjóð koma aftur inn í dæmið, annaðhvort með hlutafé eða lengingu lána. En það hefur því miður ekki skilað viðunandi árangri eins og nýjustu dæmi sanna sem fjvn. hefur reynt að fjalla um á síðustu árum þegar í fjárlagagerðinni hafa verið tekin ákveðin hótel á landsbyggðinni og reynt að bjarga þeirra fjárhag og endurskipuleggja þau til rekstrar.

Þetta er talandi dæmi um það sem er ekki í lagi hjá okkur og allt sem gengur út á að samræma aðgerðir á þessu sviði er það sem koma skal. Ég tek þess vegna sterklega undir það að þessari þáltill. sem hér kemur fram verði fylgt eftir með frumvörpum sem styrkja þessa uppbyggingu því að ég er í engum vafa um það, eins og raunar fleiri hafa sagt hér, að ferðamálaþjónusta á Íslandi á eftir að verða miklu mikilvægari hlekkur í okkar atvinnustarfsemi og í okkar útflutningsstarfsemi en menn hafa yfirleitt gert sér grein fyrir og þess vegna þarf að standa vel að þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að mæla örfá orð í sambandi við þáltill. sem hér er rædd. Það er auðvitað mjög ánægjulegt að hún skuli hafa komist hér til umræðu þrátt fyrir miklar annir á Alþingi og það er ánægjuefni að svo margir hv. þm. hafa tjáð sig um málið og það með þeim hætti sem liggur fyrir. Hér hefur komið fram mjög ríkur skilningur á þörfinni að marka stefnu varðandi ferðamálin í landinu og undirtektir við þá viðleitni sem felst í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og ég hef komið að ásamt átta öðrum sem tóku sæti í nefnd hjá hæstv. samgrh. til að vinna að þessu máli. Það hefur verið

mjög ánægjulegt að starfa í þessari nefnd vegna þess að einnig þar hefur svifið mjög jákvæður andi yfir vötnum og mikill áhugi vaknað hjá þeim mörgu viðmælendum sem nefndin hefur átt tal við á starfstíma sínum frá því í fyrrasumar og ég vænti þess að af þessu starfi og meðferð Alþingis á þessu máli geti margt sprottið til heilla fyrir þessa atvinnugrein sem hefur eins og fyrir liggur og menn hafa undirstrikað hér mjög vaxandi þýðingu í okkar þjóðarbúskap.

Ég tel að hér hafi ekkert verið ofmælt um möguleikana á því að auka ferðaþjónustuna sem burðarás í atvinnustarfsemi í landinu. Það er þó háð því skilyrði að tekið verði vel á þeim málum sem snúa að opinberum aðilum í þessu sambandi, en þau eru hinn almenni starfsrammi sem þessari atvinnugrein er skapaður og eðlilegur fjárstuðningur til verka sem eðlilegt er að ríkisvaldið sinni. Eins og menn taka eftir er í þessari stefnumörkun ekki gert ráð fyrir að ríkið sé að grípa inn í sem rekstraraðili í atvinnugreininni nema þá í sérstökum tilvikum til þess að hjálpa til eða koma af stað þróun. Engu að síður blasir við að í ýmsum efnum þarf hið opinbera að koma að til þess að tryggja farsæla þróun og tryggja undirstöður fyrir vöxt greinarinnar. Það á m.a. við í sambandi við verndun umhverfis og stýringu á uppbyggingu greinarinnar með tilliti til þess að sú auðlind sem dregur flesta hingað til landsins sem ferðamenn, þ.e. náttúra landsins, bíði ekki hnekki af heldur verði áfram til staðar í sem bestu ástandi. En ferðamálin hafa auðvitað engu síður þýðingu fyrir landsmenn sjálfa á ferðum þeirra um landið og tengjast margvíslegri starfsemi sem þarf að vera til staðar sem almenn þjónusta við íbúana í byggðarlögum. Ferðaþjónustan hefur þá ágætu kosti í rauninni að vera fallin til að dafna víða um land, nánast alls staðar þar sem eru byggð ból í landinu, og það er auðvitað eiginleiki sem er mjög jákvæður í sambandi við þessa grein og hlýtur að vera hvetjandi fyrir alla á hv. Alþingi að stuðla að því að sú þróun geti haldið áfram og fái sem farsælastan framgang.

Hér hefur komið fram í máli hv. þingmanna að þessu starfi þurfi að fylgja eftir með ákvörðunum af hálfu Alþingis í formi laga og í formi fjárveitinga og það er sannarlega réttmætt. Það er verkefni sem nefndin sem vann að þessari tillögugerð á eftir að gera tillögur um, þ.e. breytingu á lögum um ferðamál eftir því sem ástæða er talin til. Eins og menn sjá af því sem fram kemur í grg. með tillögunni liggja fyrir af hálfu nefndarinnar, og undir það er tekið af ráðuneyti með flutningi tillögunnar, ákveðnar grunnhugmyndir um endurskoðun laga og mótun nýrrar löggjafar um ferðaþjónustu. Þeir sem um tillöguna fjalla geta því séð af henni hvað er fyrirhugað af nefndarinnar hálfu í sambandi við lagabætur.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, sem hefur verið mjög góður liðsmaður í þessari stjórnskipuðu nefnd og hefur mikla reynslu af ferðamálum og hefur komið að þeim áður, að við breytum ekki lögum breytinganna vegna. Margt hefur tekist ágætlega til í þeim efnum en ýmislegt má þó færa til bóta og stilla saman til þess að ná betri árangri og það hlýtur að verða haft að leiðarljósi við meðferð málsins.

Mér þótti mjög ánægjulegt að heyra í máli þingmanna, t.d. það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf., þann næma skilning á gildi og möguleikum ferðaþjónustu sem kom fram í máli hans og þörfinni á að líta á þessa starfsemi sem hvern annan atvinnuveg, sem útflutningsgrein, sem hún sannarlega er, og taka tillit til hagsmuna fyrirtækja í ferðaþjónustu þegar ákvarðanir eru teknar í efnahagsmálum. Það er mikið í húfi í þeim efnum og það eru margir þættir sem hafa þarf auga á. Í raun er engin ein atvinnugrein í okkar landi jafnfjölbreytt eðli málsins samkvæmt og ferðaþjónustan. Það eru gífurlega margir aðilar sem þar koma að verki og þurfa að eiga eðlilegt samstarf og eðlilegt svigrúm til starfa til að greinin geti þróast með farsælum hætti.

Í grannlöndum okkar er verið að vinna merkilegt starf á þessu sviði, á sviði ferðamálanna og við þurfum auðvitað að horfa til þess sem þar er vel gert. Það höfum við reynt að gera í starfi þessarar nefndar að svo miklu leyti sem það hefur verið á okkar færi miðað við tíma og aðstöðu, en af reynslu nágrannaþjóða má margt læra í þessum efnum. Ég tel mjög æskilegt, og raunar er það ósk þeirra sem að þessu hafa starfað, að sú hv. þingnefnd, atvinnumálanefnd sameinaðs þings, sem fær þetta mál til meðferðar komi því áleiðis til ýmissa aðila í ferðaþjónustu. Leitað verði umsagna þannig að þó að tillagan fái ekki afgreiðslu á þessu þingi fái aðilar í ferðaþjónustu möguleika á að segja sitt álit enn frekar en orðið er og hefur þó vissulega verið haft mjög náið samstarf við fjölmarga á þeim vettvangi. Þannig geti þetta mál og væntanleg frumvörp komið til þingsins að hausti í sem bestum búningi að höfðu samráði við þá sem mest eiga undir að vel takist til.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hér hefur mjög margt komið fram sem ég get heils hugar tekið undir. Mig langaði einungis til þess að lýsa sérstakri ánægju með það að þessi tillaga er fram komin og vona svo sannarlega að hugur núverandi stjórnvalda fylgi því máli hæstv. samgrh. sem við heyrðum af hans svörum hér áðan þegar hann mælti fyrir tillögunni og kemur fram í því plaggi sem hér liggur fyrir.

Ferðamál hafa verið vanrækt af hálfu stjórnvalda, um það er engum blöðum að fletta, þrátt fyrir þá staðreynd að þau skipta okkur fjárhagslega svo gífurlega miklu máli sem fram kemur í grg. með tillögunni. Atvinnumál landsbyggðarinnar eru oft til umfjöllunar, og ferðamálin skipta í því tilliti mjög miklu máli, ekki hvað síst atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Nú sýnist manni vera bjartara fram undan fyrir þessa atvinnugrein eftir að þessi tillaga er fram komin og eftir þær umræður sem hér hafa farið fram og er það vel.

Ég vil að lokum geta þess að árið 1988 samþykkti

Alþingi þáltill. frá varaþingmanni Framsfl., Unni Stefánsdóttur, og fleirum um mótun opinberrar ferðamálastefnu. Sú tillaga sem hér er til umfjöllunar er því eðlilegt framhald af þeirri samþykkt og það er von mín að það skref sem nú er stigið verði þessari mikilvægu atvinnugrein til framdráttar og þar með þjóðarhag.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og lýst yfir með einum eða öðrum hætti stuðningi við þessa tillögu og það starf sem hún hvílir á. Ég leyfi mér þó fyrst, hafi mér láðst það í fyrri ræðu minni sem mér býður í grun, að færa auðvitað sérstakar þakkir nefndinni sem unnið hefur þetta starf og þar með drög að þessari þáltill. Þar hefur verið unnið mjög mikið og mjög gott starf að mínu mati og ég nota þetta tækifæri til að færa nefndinni allri og þó auðvitað ekki síst formanni hennar og starfsmanni kærar þakkir fyrir þeirra framlag. Ég bind mjög miklar vonir við þetta starf, ekki bara það sem þegar liggur fyrir í formi þessarar áfangaskýrslu og þessarar þáltill. heldur og það sem á eftir kemur og lýtur bæði að yfirferð á lagaákvæðum sem snerta ferðaþjónustuna og ferðamálin og einnig áframhaldandi vinnu að samkeppnisstöðu og þjóðhagslegu mikilvægi greinarinnar, en því verður varla á móti mælt að fram undir það allra síðasta hafa menn byggt á afar fátæklegum grunni hvað snertir upplýsingar um efnahagslegt og þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar, um stærð hennar í þjóðarbúskapnum, gjaldeyrissköpun, störf o.s.frv.

Það er von mín að sú vinna sem fylgir þessu starfi muni bæta þar verulega úr, og það er enda ætlunin að taka upp að ýmsu leyti breytta skráningu og breytta úrvinnslu þjóðhagslegra gagna hjá m.a. Þjóðhagsstofnun þannig að unnt verði að greina betur þátt ferðamálanna og ferðaþjónustunnar í efnahagslífinu og þjóðarbúskapnum. Það held ég að sé mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi, ekki síst til þess að gera ráðamönnum grein fyrir því og sanna það í raun og veru tölfræðilega og tölulega hversu mikilvæg atvinnugrein er hér á ferðinni og mikilvæg verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið.

Spurt var að því hvort ekki bæri að skilja framlagningu tillögunnar svo hér á síðustu dögum, skulum við ætla eða a.m.k. síðustu vikum, alla vega síðustu mánuðum þinghaldsins, að hún væri lögð fram til kynningar og það er að sjálfsögðu rétt. Auðvitað er þinginu í sjálfsvald sett hvað það kýs að gera og yrði það niðurstaða manna að hér væri svo fullskapað verk á ferðinni að það væri bókstaflega ekkert að vanbúnaði að afgreiða það hefur þingið það að sjálfsögðu í sínum höndum. En það er einlæg von okkar í öllu falli að hv. nefnd taki málið fyrir og sendi til umsagnar þannig að sumarið megi nýtast m.a. til þess að safna saman umsögnum og fara yfir þær.

Hér voru nefnd ýmis áhersluatriði sem einstakir ræðumenn vildu gefa vigt með því að nefna þau til sérstaklega. Þar komu fram þættir eins og umhverfismál, byggðamál, menntun, rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði og svo auðvitað fjármagn. Undir það allt saman get ég meira og minna tekið heils hugar auðvitað. Ég hygg að það dyljist mönnum ekki sem fara yfir þessa tillögu og þetta starf að umhverfismálin, verndun náttúru og umhverfis, og skipulagning ferðaþjónustunnar út frá þeim sjónarmiðum eru eins og rauður þráður í gegnum þetta starf. Það er vel og þannig á það og þarf það að vera.

Í öðru lagi um byggðamálin: Það er auðvitað alveg ljóst að það er orðið mikilvægt skipulagsatriði í sjálfu sér, í rekstri ferðaþjónustunnar í landinu, að dreifa álagi af henni betur um landið og í því skyni þarf að gera, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, sem flest og helst öll byggðarlög landsins að virkum þátttakendum í þessari atvinnugrein. Þetta skiptir líka máli í viðleitni okkar til þess að skapa störf og auka fjölbreytni atvinnulífs út um landið og menn geta horft til þess með þó nokkurri ánægju á þeim annars að mörgu leyti dökku dögum sem ganga yfir í okkar byggðamálum að ferðaþjónustan er líklega sú grein atvinnulífsins sem helst hefur byggst upp í einhverju jafnvægi og landsbyggðinni í hag hvað varðar ný störf á undangengnum árum. Uppbygging í ferðaþjónustunni hefur orðið hlutfallslega mikil úti á landi miðað við íbúatölu og ég tala nú ekki um miðað við það sem gerst hefur í öðrum atvinnugreinum. Um þetta liggja fyrir tölur og það er auðvitað mjög vel. Þar á Ferðaþjónusta bænda verulegan hlut að máli. Um menntun og rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði vísa ég til þess sem ég áður sagði og til tillögunnar.

Um fjármagnið er það auðvitað svo að helst þarf að gera þá kröfu að hinn markaði tekjustofn skili sér að fullu og öllu til greinarinnar og það strax. Það þarf að sjálfsögðu helst að takast að láta það rætast ekki síðar en strax. Og risminna mark en það að skila þessu í áföngum á 1–2 árum geta menn að mínu mati ekki sett sér. Það er alveg ljóst að það stefnir í enn eitt metár í þessum efnum hjá okkur á yfirstandandi ári. Allar upplýsingar sem fram hafa komið frá flugfélögum og ferðaskrifstofum og öðrum slíkum aðilum um bókanir og horfur hvað ferðaþjónustuna snertir á þessu ári spá fyrir um eitt og hið sama, að það verði enn eitt metár og þar með áframhald á þeirri þróun að fjöldi erlendra ferðamanna fari vaxandi. Enn sem komið er er þar því miður um að ræða að langmestu leyti gríðarlegan topp yfir sumarmánuðina sem veldur því að álagið á helstu ferðamannastaði landsmanna fer enn vaxandi á komandi sumri. Það má verða mönnum umhugsunarverð staðreynd í ljósi þess sem áður hefur verið sagt um ástandið þar víða og þetta ber allt að sama brunni. Það verður að takast að leggja þessari vaxandi grein til meira fjármagn, ekki síst til þess að mæta þeirri vaxandi þörf sem er á sviði umhverfismála og í uppbyggingu á ýmsum ferðamannastöðum vítt og breitt um landið, ekki síst í óbyggðum.

Það þarf einnig að marka að ýmsu leyti skýrari stefnu, að mínu mati, en hingað til hefur verið við lýði í sambandi við ráðstöfun fjármuna og áherslur í því

sambandi. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé eitt af því brýna á því sviði að leggja Ferðamálasjóði til tekjustofn þannig að hann verði því hlutverki sínu vaxinn að ekki bara veita lánsfé út í greinina til uppbyggingar heldur geti hann og stjórn hans haft um það forgöngu að marka stefnu um hvernig styrkjum eða þá hagstæðri fyrirgreiðslu af einhverjum toga verði varið á komandi árum til að efla og byggja upp ferðaþjónustuna, og þá er ég ekki síst að hugsa um nauðsynlega þjónustu og heilsársþjónustu á mikilvægustu stöðunum úti á landi. Sú uppbygging og ráðstöfun fjármuna í því sambandi á að vera hluti af ferðamálastefnunni. Að mínu mati er því langeðlilegast og farsælast að Ferðamálaráð og Ferðamálasjóður fari með stefnumörkunina og framkvæmdina á því sviði eins og almennt framkvæmd ferðamálastefnunnar fyrir hönd stjórnvalda. Ráðuneyti, ríkisstjórn og Alþingi eiga þar að marka almenna rammann og almennu stefnuna, sem og að stýra fjárveitingum hverju sinni.

Hæstv. forseti, eins og ég lærði af hæstv. fyrrv. forseta að ætti ævinlega að ávarpa forseta því að allir væru þingmenn virðulegir og ekki þyrfti að taka það fram sérstaklega um forseta, og þess vegna væri það rangt að ávarpa forseta virðulegur forseti heldur skuli segja hæstv. forseti og geri ég það nú hér með.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra sem hér hafa tekið þátt í umræðunni, sem og til nefndarinnar fyrir hennar mikilvægu störf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Frelsi í gjaldeyrismálum, fyrri umr.

Þáltill. ÞP o.fl., 395. mál. — Þskj. 689.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hef flutt hér, ásamt hópi þingmanna úr Sjálfstfl. og frá frjálslyndum hægrimönnum, till. til þál. um frelsi í gjaldeyrismálum. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa gjaldeyrisviðskipti frjáls í samræmi við alþjóðlega þróun í þeim efnum og tryggja þannig að Ísland taki þátt í sókn nágrannalandanna til aukinnar hagsældar og framfara.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að falla frá sérstökum fyrirvara, sem gerður var af Íslands hálfu við Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992, sem hamlar á móti því að eðlileg tengsl skapist við viðskipta- og fjármálalíf í nálægum löndum."

Þetta er, frú forseti, meginefni tillögunnar. Að mati flm. er gildandi löggjöf um gjaldeyris- og viðskiptamál á þann veg að hún geymir allvíðtækar heimildir til þess að auka frelsi í gjaldeyrisviðskiptum. Við teljum að hægt sé að stíga flestöll nauðsynleg skref í þessum efnum á grundvelli þeirra laga með útgáfu reglugerða.

Efnahagsáætlun Norðurlandanna geymir upptalningu um þær meginbreytingar sem verið er að tala um í þessu efni. Þar er gert ráð fyrir því að Norðurlöndin muni á tímaskeiði áætlunarinnar rýmka heimildir gjaldeyrisreglna hvað varðar:

1. Kaup á erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfest hafa í erlendum hlutabréfum.
2. Kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum og hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfest hafa í slíkum bréfum.
3. Fasteignakaup erlendis.
4. Rekstrarlán fyrirtækja í erlendum gjaldeyri til lengri tíma en eins árs.
5. Lán í innlendum og erlendum gjaldeyri til allt að eins árs til að fjármagna innflutning og útflutning.
6. Lán gjaldeyrisbanka í erlendri mynt til erlendra aðila.
7. Heimildir fyrirtækja til að geyma gjaldeyristekjur tímabundið á erlendum reikningi.

Það er engum blöðum um það að fletta að ákvörðun Evrópubandalagsins um sameinaðan markað frá 1992 hefur skapað alveg ný viðhorf í viðskipta-, efnahags- og atvinnulífi í Evrópu. Það á jafnt við um lönd innan bandalagsins sem lönd utan þess, eins og við Ísland. Öll þessi lönd eiga mikilla viðskiptahagsmuna að gæta.

Einhver mesta breytingin sem er að verða á efnahagslegu umhverfi Evrópu felst í óhindruðu fjármagnsflæði milli landa og frjálsum bankaviðskiptum og annarri fjármálaþjónustu þvert á landamæri. Íslendingar standa í þessum efnum frammi fyrir nýjum aðstæðum sem kalla á viðbrögð af hálfu stjórnvalda og atvinnulífs. Samkeppnisstaða fyrirtækja getur ráðist af því hversu greiðan aðgang þau hafa að fjármagni og á hvaða kjörum. Það er því þýðingarmikið hagsmunamál íslenskra atvinnufyrirtækja að þau hafi í þessu efni ekki lakari aðstöðu en keppinautar þeirra í Evrópu. Og margt þarf auðvitað að breytast til þess að svo verði.

Evrópubandalagið hefur tekið ákvarðanir um framkvæmd þessarar stefnu og einstök ríki. Í þeim efnum hafa líka komið til ákvarðanir sem heimila einstökum ríkjum nokkurra ára aðlögun að þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Það er augljóst að við höfum margs konar ávinning af því að tengjast hinum frjálsa gjaldeyrismarkaði, bæði almennan ávinning og eins beinan hag. Við höfum almennan ávinning af því að tryggja íslenskum atvinnufyrirtækjum sambærilega stöðu á fjármagnsmarkaði og helstu keppinautar þeirra í Evrópu. Við höfum almennan hag af því að sníða gjaldeyrisreglur með þeim hætti sem almennt gerist í Evrópu til þess að stuðla hér að betra jafnvægi í efnahagsmálum en verið hefur og verið getur ef við einangrumst í þessu efni.

En við getum líka haft beinan hag af breytingum á

reglum á þessu sviði. Evrópubandalagið lét til að mynda kanna hvaða fjárhagslegan ávinning mætti hafa af aukinni samkeppni í fjármálaþjónustu í framhaldi af samruna á fjármagnsmarkaði í aðildarríkjum bandalagsins. Meginniðurstaðan af þeirri athugun var sú að búast mætti við 10% lækkun á þjónustukostnaði að meðaltali. Það svarar til 0,7% af samanlagðri landsframleiðslu landanna. Niðurstöðurnar bera jafnframt með sér að gera má ráð fyrir enn meiri ávinningi í þeim löndum þar sem fjármagnsmarkaður er skammt á veg kominn á þróunarbrautinni og hefur verið einangraður fram til þessa.

Ef gert er ráð fyrir að niðurstöður athugunarinnar eigi í grófum dráttum einnig við hér á landi svara fyrrgreindar tölur til þess að á Íslandi væri um að ræða sparnað í lækkun á þjónustugjöldum sem svaraði til um tveggja milljarða króna. Auðvitað eru útreikningar af þessu tagi ekki nein nákvæmnisvísindi, hvorki að því er varðar mat á beinum hagnaði innan Evrópubandalagsríkjanna né heldur yfirfærsla þeirra útreikninga á íslenskt hagkerfi. En eigi að síður gefa þeir til kynna að hafa megi beinan fjárhagslegan ávinning af breytingum sem þessum.

Það má gera ráð fyrir því að ákvarðanir Evrópuríkjanna um frelsi í fjármagnshreyfingum og fjármálaþjónustu muni leiða af sér miklar efnahagslegar breytingar þegar þeim hefur að fullu verið hrundið í framkvæmd. Og það er sýnt að aukin samkeppni og stærri markaður mun leiða til þess að vextir verða áþekkir um álfuna alla. Ríki Evrópubandalagsins stefna að því að treysta stöðugleika í gengi milli einstakra mynta á grundvelli frjálsra fjármagnshreyfinga. Stefna þessara ríkja byggir á því að fylgt sé jafnvægisstefnu í ríkisfjármálum og peningamálum sem, ásamt stöðugleika í gengi, tryggja að verðbólgu og kostnaðarhækkunum sé haldið í skefjum. Íslendingar hljóta að stefna inn á sömu braut, vilji þeir koma á jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum. Norðurlandaþjóðirnar hafa, eins og áður hefur komið fram, gert sérstaka tímasetta áætlun í þessum efnum um það hvernig þær tengjast þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Við höfum á hinn bóginn haft fyrirvara við efnahagsáætlun Norðurlanda að þessu leyti. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gert þar um fyrirvara og á aukaþingi Norðurlandaráðs á Álandseyjum í nóvember sl. kom fram af hálfu hæstv. fjmrh. að í það sinn var gerður fyrirvari um þær tímasetningar sem efnahagsáætlunin gerir ráð fyrir að því er varðar frjáls gjaldeyrisviðskipti. Endurteknir fyrirvarar bera með sér að ríkisstjórnin treystir sér ekki til að vera nágrannaþjóðunum samferða í aðlögun að breyttum aðstæðum í evrópsku fjármála- og viðskiptalífi. Þessi fyrirvarastefna er misráðin að mínu mati og hættuleg. Íslensk fyrirtæki í mörgum greinum atvinnulífs eiga líf sitt undir því að geta staðist erlendum keppinautum snúning. Aðgangur að fjármagni á samkeppniskjörum getur ráðið úrslitum í þessu efni. Þess vegna er mjög brýnt að tekin verði ákvörðun um að falla frá þessum fyrirvörum þannig að ljóst sé hver stefna Íslands er í þessum efnum og íslenskt atvinnulíf viti að hverju það getur gengið í þessu efni. Fyrirvarastefnan sem hér hefur komið fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar veldur óvissu um það hvert Ísland er að stefna, veldur óvissu um þær aðstæður sem íslensk fyrirtæki þurfa að búa við á næstu árum. Þessi óvissa er á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar.

Ég er sannfærður um að hér á hinu háa Alþingi er meiri hluti fyrir því að falla frá fyrirvarastefnunni og taka hiklaust ákvarðanir í samræmi við þá alþjóðlegu þróun sem á sér stað um frelsi í gjaldeyrismálum og hrinda þannig af stað breytingum hér heima fyrir sem tryggi okkur sömu aðstöðu. Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið í þessu efni. Ég ætla ekki að rekja það í einstökum atriðum en óneitanlega hafa verið tekin skref sem miðað hafa í rétta átt. Af hálfu hæstv. viðskrh. hefur komið fram góður hugur í þessu efni en mjög vantar á að hann hafi komið þeim hugmyndum í framkvæmd. Hann hefur nokkrum sinnum gefið yfirlýsingar um að tilbúin sé tímasett verkáætlun í þessu efni og tilbúin sé reglugerð sem ekki þurfi annað en að undirrita. Eigi að síður virðist stjórnarsamstarfið vera með þeim hætti að hæstv. ráðherra kemur hugsjónamálum sínum ekki fram þótt allar líkur séu á því að meiri hluti sé fyrir þeirri stefnumörkun hér á hinu háa Alþingi og alveg ótvírætt að meðal þjóðarinnar er mikill meiri hluti fyrir þeirri stefnumörkun. Hæstv. ráðherra hefur heldur kosið að beygja sig fyrir þeim þröngsýnu öflum sem ráðið hafa ferðinni um mótun efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar en taka höndum saman við þá aðila hér á Alþingi og annnars staðar í þjóðfélaginu sem vilja hrinda breytingum í framkvæmd.

Frú forseti. Í sunnudagsblaði Morgunblaðsins frá síðustu helgi var birt mjög athygli vert viðtal við fráfarandi aðstoðarmann hæstv. viðskrh. og leiðtoga ungra jafnaðarmanna. Þar víkur hann einmitt að þessum miklu vandamálum innan hæstv. ríkisstjórnar sem gert hafa það að verkum að hæstv. viðskrh. hefur ekki komið hugsjónamálum sínum í framkvæmd. Auðvitað vekur það upp spurningar um það hvort raunverulega fylgi hér hugur máli eða hvort hann ásamt öðrum þingmönnum og ráðherrum Alþfl. hafi einfaldlega kosið að beygja sig fyrir afturhaldsöflunum innan ríkisstjórnarinnar sem eru í minni hluta hér á Alþingi og minni hluta meðal þjóðarinnar. En fráfarandi aðstoðarmaður hæstv. viðskrh. segir að núv. ríkisstjórn hafi ekki átt auðvelt með að taka á ýmsum umbótamálum. Sérstaklega segir hann að þetta eigi við um Evrópumálin þar sem samstarfsaðilarnir virðast botna lítið í hlutunum, eins og hann segir, og afstaða þeirra mótast annars vegar af fáfræði um málin og hins vegar af hræðslu og einangrunarhyggju. Sérstaklega tekur aðstoðarmaðurinn fráfarandi fram að þessi lýsing eigi við formann þingflokks framsóknarmanna, sem er í forustu fyrir núv. ríkisstjórn. Um samkomulag innan ríkisstjórnarinnar varðandi málefni fjármagnsmarkaðarins segir fráfarandi aðstoðarmaður að mikið hefði verið deilt um þau. Og síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í viðskiptaráðuneytinu lægi tilbúin reglugerð sem mundi heimila innlendum aðilum kaup á verðbréfum á erlendum markaði upp að vissu marki. Hana þyrfti ráðherra einungis að undirskrifa til að hún tæki gildi þó ekki væri samstaða um hana innan ríkisstjórnarinnar. Væntanlega yrði hægt að fá samstarfsflokkana til að taka einhver varkár skref í þessa átt en ganga þyrfti miklu lengra. Ég held", segir aðstoðarmaðurinn fráfarandi, „að það sé mjög óæskilegt að þurfa að nauðga þessu upp á samstarfsaðilana óviljuga. Það er mun betra að þeir flokkar sem telja æskilegt og nauðsynlegt að framkvæma þessi mál taki höndum saman."

Hér er talað alveg tæpitungulaust. Hér er verið að fjalla um eitt af þeim atriðum sem hvað mikilvægast er að fjalla um og taka ákvarðanir um.

Ég vildi mjög gjarnan í þessari umræðu heyra viðhorf hæstv. utanrrh. til þessara verkefna almennt. Ég þykist vita að í því efni sé hann jákvæður, enda hefur ekki neitt annað komið fram af hans hálfu fram til þessa. En hitt er líka nauðsynlegt að skýrt verði hér af þessu gefna tilefni hvað það er sem tefur undirritun á reglugerð sem liggur tilbúin. Er það hæstv. forsrh. sem gerir það? Eru það ráðherrar Alþb. sem gera það að verkum að þessa mikilvægu reglugerð er ekki hægt að undirrita? Ætlar hæstv. viðskrh. að láta afturhaldsöflin í ríkisstjórninni halda aftur af sér öllu lengur? Sættir hann sig við þá stöðu? Hefur hann ekki meiri metnað en svo að hann ætli að láta afturhaldsöflin halda aftur af sér þangað til þess ríkisstjórn er öll? Það væri mjög fróðlegt að fá skýr svör við því og hvaða áform hæstv. ráðherra hefur í þessu efni.

Með flutningi þessarar tillögu hér, frú forseti, gefst þingmönnum færi á því að gefa hæstv. viðskrh. mjög skýrt umboð um það hvað gera á í þessu efni. Hér gefst tækifæri á því sem fráfarandi aðstoðarmaður hans segir að þau öfl sem hafa vilja til þess að taka á þessu máli geta tekið höndum saman. Við höfum möguleika til þess nú hér á Alþingi, þau öfl sem hafa þennan vilja, að taka höndum saman, samþykkja þessa tillögu þannig að hæstv. ráðherra hafi alveg skýrt umboð frá Alþingi Íslendinga. Það hygg ég að muni styrkja hann mjög í viðureigninni við afturhaldsöflin innan ríkisstjórnarinnar sem auk þess eru mjög fáfróð um þessi efni, að því er fráfarandi aðstoðarmaður hans segir og upplýsir okkur hér um sem við vissum þó ekki áður.

En ég vildi gjarnan heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þess hvort hann er tilbúinn til þess að verða við þeirri áskorun fráfarandi samstarfsmanns síns að taka höndum saman hér á Alþingi við þau öfl sem vilja styðja að þessu framfaramáli og fá það skýra umboð sem hér gefst kostur á.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, en flm. hennar eru allir þingmenn Sjálfstfl., með einum aukamanni að vísu, er vissulega hreyft merku máli, máli sem núv. ríkisstjórn hefur á sinni verkefnaskrá og er staðráðin í að koma vel á veg á kjörtímabilinu. Málið er mikilvægt af því að samkeppnisstaða fyrirtækja ræðst í ríkum mæli af því hversu greiðan aðgang þau eiga að fjármagni og á hvaða kjörum. Og einnig af því að okkar þjóðarbúskapur er í ríkum mæli háður útflutningi, framleiðslu og þjónustu og því verða útflutningsgreinarnar að hafa jafngreiðan aðgang að fjármagni með ekki lakari kjörum en keppinautar þeirra á erlendum markaði. Sama gildir að sjálfsögðu um samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum á okkar eigin heimamarkaði.

Vegna orða hv. 1. flm., 1. þm. Suðurl., vil ég segja að ekki ríkir nein óvissa um það hvert Ísland er að stefna í þessum efnum. En það voru orðin sem hann vakti hér áðan. Ísland stefnir í frjálsræðisátt. Tímasetningar í málinu ráðast hins vegar af ýmsum tímabundnum ástæðum, m.a. gangi samningaviðræðna um Evrópuviðskiptabandalögin sem eru í mótun, eins og þingmönnum er vel kunnugt. Til þess að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu langar mig að vitna fyrst í málefnasamning ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. sept. 1988, en þar sagði að stjórnin mundi vinna að því „að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verði unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptaaðstöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu."

Ég rifja einnig upp samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febr. 1989, en þar sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun á næstunni kynna ákveðnar tillögur um samruna lánastofnana hér á landi og áætlun um aðlögun íslenska lánamarkaðarins að breyttum aðstæðum í umheiminum. Í þessu felst m.a. að íslensku atvinnulífi verði tryggð sambærileg aðstaða á fjármagnsmarkaði og er í helstu viðskiptalöndum. Markmiðið er að stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar fjölskyldna og fyrirtækja með aukinni samkeppni og hagræðingu í bankakerfinu og nánari tengslum innlends lánamarkaðar við fjármagnsmarkaði í nágrannalöndunum. Heimildir íslenskra fyrirtækja til þess að taka lán erlendis með ríkisábyrgð eða ábyrgð banka og sjóða í eigu ríkisins verði takmarkaðar en hins vegar verði heimildir fyrirtækja til að taka erlend lán á eigin ábyrgð rýmkaðar. Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna norrænu ráðherranefndarinnar um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar sem fylgja munu sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi."

Og loks, virðulegi forseti, vitna ég, með leyfi forseta, í málefnasamning ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 10. sept. sl. en þar segir:

„Íslenski fjármagnsmarkaðurinn verður aðlagaður breyttum aðstæðum í Evrópu, m.a. með því að rýmka heimildir innlendra aðila til að eiga viðskipti við erlenda banka án ríkisábyrgðar og njóta fjármagnsþjónustu þannig að innlendar lánastofnanir fái aðhald. Markmið þessarar aðlögunar er að lækka fjármagnskostnað fjölskyldna og fyrirtækja, enda verður þess vandlega gætt að ekki skapist óstöðugleiki á innlendum fjármagns- og gjaldeyrismörkuðum."

Þetta er skýr lýsing á stefnu í frjálsræðisátt og það er eðlilegt að spurt sé hvað gert hafi verið til að uppfylla þessi fyrirheit.

Í fyrsta lagi þurfti að styrkja íslenska bankakerfið svo það gæti staðist samkeppni öflugra erlendra banka, sem reyndar hafa þegar stóra markaðshlutdeild hér á landi á tilteknum sviðum í gegnum innlenda milligönguaðila. Þetta vill oft gleymast þegar menn ræða skilyrðin á fjármagnsmarkaðnum. Ég taldi þar forgangsatriði að vinna að sameiningu bankanna í færri og sterkari stofnanir. Eins og kunnugt er náðust í fyrravor samningar um sameiningu fjögurra hlutafélagsbanka í einn öflugan banka sem varð svo að veruleika um síðustu áramót. Þá er nú unnið að sameiningu fimmta hlutafélagsbankans við ríkisbanka og að lokinni þeirri sameiningu hefur bönkunum fækkað úr sjö í þrjá. Það má að vísu segja að með slíkri sameiningu sé nokkuð dregið úr samkeppni bankastofnana og vissulega getur verið hætta á því. Ég minni þó á að bankarnir búa við verulega samkeppni við sparisjóðina, við verðbréfasjóði og ríkissjóð um innlánin. Þess vegna er mjög mikilvægt að aukin erlend samkeppni veiti þeim aðhald varðandi þjónustu og útlán. En átakið er þó aðeins hálfnað. Það er eftir að setja nýja almenna löggjöf um fjárfestingarlánasjóðina sem hér hafa þróast án þess að höfð væri fyrir augum heildarmynd af fjármagnsmarkaðnum.

Þá kem ég að þeim reglum sem hér gilda um gjaldeyrismál. Frá því ég tók við embætti viðskrh. hef ég tvívegis staðið að rýmkun og einföldun þeirra reglna. Segja má að varast þurfi tvær meginhættur við að gefa gjaldeyrisviðskiptin algerlega frjáls. Það er í fyrsta lagi að varnaraðgerðir séu undirbúnar gegn öflugum skammtímasveiflum í eftirspurn eftir gjaldeyri og í öðru lagi að búa svo um hnúta að frelsið veiti ekki auðveld tækifæri til að draga fé undan skattlagningu. Að hvoru tveggja þurfum við að hyggja og við þurfum e.t.v. að koma okkur upp nýjum stjórntækjum til þess að mæta skammtímasveiflum í gjaldeyriseftirspurn þegar frelsi er komið á og ganga tryggilega frá því að með því séu ekki opnaðar leiðir til skattundandráttar.

Eins og áformað er með innri markað Evrópubandalagsríkjanna er nú unnið skipulega að því að afnema höft á fjármagnshreyfingum milli ríkja bandalagsins. Þar er að því stefnt að fullt frelsi sé komið á í meginatriðum um mitt þetta ár. Ég bendi þó á að Spánn, Portúgal, Írland og Grikkland hafa þar viðbótarfresti á ýmsum sviðum. Hjá EFTA-ríkjunum er einnig unnið að afnámi hafta á þessum sviðum og má segja að Sviss, Austurríki og Svíþjóð hafi þegar afnumið þau að langmestu leyti. Finnland kemur þar næst í röð og loks Noregur, en Íslendingar reka lestina, eins og ég held að óhætt sé að segja.

Ég vil leyfa mér að benda á að ekkert er óeðlilegt við þessa stöðu mála hér. Nágrannaríkin hafa þróaðri fjármagnsmarkað en við, stærra hagkerfi og fjölbreyttara atvinnulíf. Við vinnum nú að skipulegum breytingum á gjaldeyrisreglunum og í viðskrn. og Seðlabanka er unnið að gerð nýrrar reglugerðar um gjaldeyris- og innflutningsmál. Er þar miðað við að gildandi reglur verði stokkaðar upp að öllu leyti, samin ný reglugerð frá grunni og henni skipað í greinar í samræmi við flokkun OECD-ríkjanna á gjaldeyrisviðskiptum. Þá hef ég mælt fyrir um það að í reglugerðinni verði gert ráð fyrir því að þessar reglur breytist í frjálsræðisátt í tímasettum áföngum. Þessir áfangar munu m.a. ráðast, eins og ég nefndi í upphafi máls míns, af viðræðum okkar við Evrópubandalagsríkin í hópi EFTA-ríkja og einir sér. Hér er um mikið og vandasamt verk að ræða sem ég tel að muni þó brátt sjá fyrir endann á.

Heimild fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja frá OECD-ríkjunum, sem líka er nefnd í greinargerð með þáltill., er svo annað mál. Slíkar breytingar, slíkar heimildir er auðvitað ekki unnt að veita nema með lagabreytingum þótt í ályktuninni eða tillögunni virðist gengið út frá öðru. Ég hyggst kynna tillögur um slíkar lagabreytingar á næsta hausti.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég fái umburðarlyndi að ljúka ræðu minni sem tekur fáeinar mínútur enn. Það er von að menn spyrji: Hvers vegna er þessi þáltill. flutt? Ef jafnveigamikil breyting á reglum um gjaldeyrisviðskipti væri bara einfalt pennastrik, hvers vegna framkvæmdu ráðherrar Sjálfstfl., sem ýmsir hafa setið á stóli viðskrh., ekki breytinguna tafarlaust þegar þeir höfðu aðstöðu til þess? Það er von að spurt sé, ekki síst vegna orða hv. 1. þm. Suðurl., 1. flm. þegar hann spyr hvort hugur fylgi máli.

Nei, mér virðist þessi tillaga e.t.v. flutt af öðru tilefni. Drög að þessari nýju reglugerð um gjaldeyrismál hafa verið til umsagnar hjá nokkrum aðilum og er nú verið að vinna úr þeim umsögnum. Mér þykir ekki ólíklegt að sjálfstæðismenn ýmsir hafi haft af þessu pata og koma nú fram með tillögu til þess að eignast hlut í þeirri breytingu sem fram undan er. Mætti kannski spyrja hvort þeir sjái eftir aðgerðarleysi sínu þegar þeir sátu í ráðherrastól og vilji nú reyna að breiða yfir það. Ég tel þessa þáltill. ekki nauðsynlega þótt hún sé jákvæð. Málið er þarft en það er í góðum höndum. Það er langeðlilegast að vísa slíkri tillögu til ríkisstjórnarinnar.

Í síðari hluta tillögunnar er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að falla frá sérstökum fyrirvörum sem flm. telja að gerðir hafi verið af Íslands hálfu við efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Ég vil leyfa mér að

benda á, og vísa til þeirrar samþykktar frá 6. febr. 1989 sem ég las upp áðan og staðfestingu hennar með stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar frá 10. sept. 1989, að þá hafi efnislega verið fallið frá þeim fyrirvara. Sú samþykkt fylgir í öllum greinum sömu meginstefnu og efnahagsáætlunin norræna. Mér finnst erfitt að skilja þá áherslu sem flm. leggja á það að hæstv. fjmrh. lét gera fyrirvara við drög að efnahagsáætluninni. Það gerðu reyndar embættismenn hans, enda hafði hann ekki fylgst með gerð hennar í smáatriðum og taldi þörf á nánari athugun á málinu. Mér finnst nú eiginlega réttara að hrósa hæstv. fjmrh. fyrir það að vilja ekki flana að hlutunum á sínum tíma. En það er liðin tíð og málið mikið þróað síðan.

Efnahagsáætlun Norðurlanda er vissulega hið merkasta plagg, en það sem skiptir okkur mestu máli er að framkvæma breytingar á gildandi reglum án þess að það valdi hér kollsteypu. Þótt við kunnum að vera eitthvað á eftir öðrum Norðurlöndum í tímasetningum, þá munum við ná þeim á endanum, því skjaldbakan kemst þangað líka.

Í grg. með tillögunni er þess getið að Danir hafi með öllu gefið fjármagnshreyfingar yfir sín landamæri frjáls í október 1988. Ég vil nú minna á að fjármagnsmarkaður hafði staðið í aldir í því landi áður en nokkur fjármagnsmarkaður varð til hjá okkur sem hægt er að nefna því nafni. Og þótt Kristján konungur IV., á þeim tíma konungur Danmerkur og Íslands, hafi byggt kauphöll fyrir verðbréf í Kaupmannahöfn á sinni tíð erum við enn ekki komnir svo langt í okkar málum.

Í grg. með tillögunni er líka minnst á hinn almenna fyrirvara okkar með samþykkt OECD um frelsi í fjármagnsflutningum. Það er ábending sem er alveg á sínum stað. Fyrir um það bil ári áttu fulltrúar viðskrn. og Seðlabanka fund með starfsmönnum OECD um þetta efni. Gerðu þeir síðan skýrslu um þau skref sem stíga þarf til þess að fella niður þennan almenna fyrirvara en taka e.t.v. upp fyrirvara um einstök atriði samþykktarinnar í hans stað. Það verður framhald á þeirri vinnu og ég geri ráð fyrir því að starfsmenn viðskrn. muni hitta fulltrúa OECD að máli í vor vegna þess. Okkar niðurstaða er sú að hér sé um alltímafrekt verk að ræða sem ekki sé rétt að skipa framarlega í forgangsröð verkefna meðan á ráðuneytinu hvílir mikið starf vegna yfirstandandi viðræðna fulltrúa EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins, m.a. um málefni fjármagnsmarkaðarins. Það er ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar færi sínar gjaldeyrisreglur í frjálsræðisátt framar því sem hinn almenni fyrirvari gefur til kynna og er nægilegt að snúa sér að breytingum á okkar afstöðu í OECD þegar tími gefst til þess og, og það er mikilvægast, eftir að hafa breytt okkar gjaldeyrisreglum. Þá verður það líka sannarlega gert.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. — Hæstv. forseti — vildi ég sagt hafa af gefnu tilefni, a.m.k. af tilefni dagsins og þeirra orða sem hér hafa fallið. Ég tel að sú till. til þál. sem hér er til umræðu sé ein sú merkasta sem við ræðum á þessu yfirstandandi þingi og vil þakka 1. flm., hv. 1. þm. Suðurl., fyrir að hafa haft frumkvæði um það að flytja hana hér inn á þingið. Þessi tillaga byggir á landsfundarályktun Sjálfstfl. og ályktun þingflokks sjálfstæðismanna frá því í fyrrasumar, en báðar þær ályktanir grundvallast á þeirri meginstefnu Sjálfstfl. að færa efnahags- og fjármálalíf þjóðarinnar til þess horfs sem bestan árangur hefur gefið í þeim löndum sem við þekkjum til.

Fyrri hluti tillögunnar snýr að því að gefa gjaldeyrisviðskiptin frjáls og síðari hlutinn snýr að því að hæstv. ríkisstjórn er falið að falla frá sérstökum fyrirvara sem gerður var af Íslands hálfu við efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.

Það var athyglisvert að hlusta á hæstv. viðskrh. lýsa því yfir hér áðan að hann teldi að þeir fyrirvarar sem þá voru gerðir af hálfu hæstv. fjmrh., og mér er kunnugt um að þeir hafa oft verið notaðir í umræðum á vegum Norðurlandaráðs, til að mynda af hv. 2. þm. Austurl. sem tekið hefur þátt í starfi Norðurlandaráðs og sífellt í umræðum bent á að Íslendingar hafi gert þennan fyrirvara. Þá er verið að vitna til þess fyrirvara sem hæstv. fjmrh. gerði á sínum tíma og hefur ekki fengist til að lýsa yfir að úr gildi sé fallinn. Nú kemur hæstv. viðskrh. og segir að þeir fyrirvarar sem þá voru gerðir séu úreltir og af máli hans mátti skilja að þeir væru ekki í gildi nú. Til þess að skera úr um þetta langar mig til að spyrja hæstv. forsrh., sem hér er staddur: Telur hæstv. forsrh. að þeir fyrirvarar sem hæstv. fjmrh. gerði á sínum tíma séu í gildi eða er það rétt sem mátti skilja af máli hæstv. viðskrh. að þeir væru úr gildi fallnir? Þetta hefur auðvitað gífurlega þýðingu fyrir áframhaldandi umræðu um þetta mál.

Fyrir skömmu ritaði hæstv. viðskrh. grein í Morgunblaðið og sagði þar m.a., með leyfi forseta: „Því er stundum haldið fram að sérstök lögmál gildi um íslenskt efnahagslíf og reynsla annarra ríkja á mörgum sviðum efnahagsmála eigi ekki við hér á landi. Þetta er hættuleg bábilja. Hér á landi gilda sömu meginreglur og annars staðar.“ Aftur og aftur hefur hæstv. viðskrh. lýst því yfir að hann telji að Íslendingar eigi að feta sömu braut og aðrar lýðræðisþjóðir hafa gert á vesturhveli jarðar, ekki síst í Vestur-Evrópu að undanförnu. Samt sem áður virðist verða minna úr framkvæmdum en ætla mætti ef skoðanir hæstv. ráðherra fengju að ráða. Þetta kemur mjög skýrt fram í því viðtali sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði hér að umtalsefni, bæði er varðar sjónarmið fyrrv. aðstoðarmanns ráðherra gagnvart samstarfsmönnum hans í núv. hæstv. ríkisstjórn og ekki síður þegar fyrrv. aðstoðarmaður hæstv. ráðherra lýsir því yfir að um langan tíma hafi legið í ráðuneytinu tilbúin reglugerðardrög sem einfalt væri að skrifa undir og setja í gildi og full ástæða væri til í þessum málum að eiga samstarf við aðra aðila en þá sem hæstv. ráðherra á nú í formlegu stjórnarsamstarfi við. Þessi sjónarmið hæstv. ráðherra sem aftur og aftur birtast í orðum hans eru góðra gjalda verð en sú tillaga sem

hér er flutt er flutt vegna þess að ýmsum þykir að nokkuð skorti á að þeim sé fylgt eftir.

Mig langar, hæstv. forseti, í framhaldi af þessu að spyrja hæstv. ráðherra að örfáum atriðum sem snerta íslenska bankakerfið. Hæstv. ráðherra hefur margoft sagt að hann hafi unnið stórkostlegt starf til þess að undirbúa bankakerfið undir það frelsi sem við megum eiga von á næstunni. Hann hefur haldið því fram að hann hafi nánast gert kraftaverk í þeim efnum. Síðan hefur hann lýst sínum skoðunum. Þar á meðal hefur hann sagt að hann telji að breyta ætti ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög. Hann hefur tækifæri til að vinna að því á yfirstandandi þingi. Um það hefur verið flutt frv. En það er annað sem mig langar til þess að víkja að og það er það að hinn 1. febr., ef ég man rétt eða síðustu daga janúarmánaðar, var skipuð nefnd, samstarfsnefnd viðskrn. og bankanna. Sú nefnd átti að skila áliti í lok febrúarmánaðar, en skilaði áfangaskýrslu í síðari hluta marsmánaðar. Þar voru gerðar ýmsar tillögur um það hvernig breyta ætti starfsemi íslenska bankakerfisins til þess að undirbúa það undir frekari samkeppni en ekki síður til þess að koma í veg fyrir slæmar afleiðingar þess að vaxtamunur hefur minnkað á undanförnum missirum, og einkum og sér í lagi undanförnum vikum og mánuðum, eftir að bankarnir samþykktu, að tilmælum aðila vinnumarkaðarins, að lækka vextina verulega vegna þeirra samninga sem gerðir voru að tilhlutan aðila vinnumarkaðarins. Í niðurstöðum þessa hóps er m.a. fjallað um skatta vegna gjaldeyrisviðskipta, þar er fjallað um breytingar á bindiskyldureglum, þar er fjallað um breytingar vegna afskriftareiknings útlána, lífeyrisskuldbindingar og fleira í þeim dúr, en öll þessi atriði mundu hafa veruleg áhrif til þess að styrkja bankakerfið og undirbúa það betur undir það að fást við þá auknu samkeppni sem búast má við á næstunni. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort búast megi við niðurstöðu á næstunni í þessu máli, en það skiptir bankakerfið verulega miklu máli.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara mörgum fleiri orðum um þetta. Tíminn er reyndar runninn út en ég óska eftir því að viðkomandi hæstv. ráðherrar fái tækifæri til að taka til máls nú í dag og svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er erfitt að veita hæstv. ráðherrum tækifæri til að svara hér í dag vegna þess að fundartíminn er liðinn og því verður þessari umræðu frestað.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

82. fundur, mánudaginn 23. apríl, kl. 8.30 síðdegis.

Háskóli Íslands, ein umr.

Stjfrv., 420. mál (stjórnsýsla). — Þskj. 951.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar fjallaði á fundi sínum í morgun um þá breytingu sem gerð var í neðri deild á frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Sú breyting var gerð á 5. gr. frv. þar sem fjallað er um námsráðgjöf. Þar var áður heimild til þess að haldið væri uppi slíkri starfsemi í Háskólanm en eins og frv. kemur frá neðri deild er kveðið á um að þetta skuli gera. Er það raunar í samræmi við frv. eins og það var upphaflega eftir umfjöllun háskólaráðs á sínum tíma.

Menntmn. þessarar hv. deildar er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá hv. neðri deild.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé ekki að sú breyting sem gerð var á frv. í neðri deild hafi efnislega þýðingu. Einungis með skírskotun til þess get ég réttlætt það að flytja ekki brtt. um að það verði gert afdráttarlaust í lögunum að Háskólinn skuli hafa endurmenntun á sinni dagskrá.

Ég tel að þessi vísan frv. aftur til efri deildar sé ástæðulaus eins og málið liggur fyrir og eins og staðið hefur verið að námsráðgjöf og fjárveitingum til Háskólans.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1004).

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 2. umr.

Stjfrv., 355. mál (breytingar frá 1987). — Þskj. 612, n. 965.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Aðdragandi þessa frv. er sá að árið 1972 var gerður slíkur alþjóðasamningur og ríkisstjórninni var heimilað að staðfesta hann fyrir Íslands hönd með lögum nr. 7/1975. Hinn 19. nóv. 1987 voru síðan gerðar

breytingar á þessum alþjóðareglum og öðluðust þær gildi 19. nóv. 1989. Með frv. þessu er ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta þessi viðbótarákvæði.

Nefndin er sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt. Allir nefndarmenn skrifa undir nál. nema Danfríður Skarphéðinsdóttir, sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (niðurfelling gagnvart Namibíu). — Þskj. 788.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, á þskj. 788, sem hér kemur frþ hv. neðri deild.

Með setningu laga nr. 67/1988 var mótmælt aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Höfðu sams konar lög verið sett annars staðar á Norðurlöndum. Lögin tóku, auk Suður-Afríku, til viðskipta við Namibíu. Með sjálfstæði Namibíu hefur kynþáttaaðskilnaður verið afnuminn í landinu og er forsenda fyrir viðskiptabanni gagnvart Namibíu brostin. Leggur ríkisstjórnin því til að lögum nr. 67/1988 verði breytt þannig að þau gildi ekki gagnvart Namibíu. Þó þykir rétt vegna ástands í Valvis Bay að láta lögin ná áfram til svæða sem lúta yfirráðum Suður-Afríku, sbr. 2. gr. frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Samningur um aðstoð í skattamálum, 1. umr.

Stjfrv., 496. mál. — Þskj. 868.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lagagildi Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum á þskj. 868 sem hér kemur frá hv. neðri deild.

Norðurlönd hafa um langt skeið haft með sér víðtæka samvinnu í skattamálum. Síðan 1972 hefur verið í gildi aðstoðarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Á árinu 1983 var gerður tvísköttunarsamningur milli sömu landa og aftur á árinu 1987. Þá gerðu þessi lönd auk Færeyja með sér tvísköttunarsamning þann 12. sept. 1989 sem tók gildi 1. jan. 1990.

Reynslan af þessum samningum hefur verið góð og hafa þeir stuðlað að greiðari samskiptum milli landanna, t.d. vegna tilflutnings vinnuafls og fjármagns þeirra á milli.

Eins og að framan er rakið hefur aðstoðarsamningur í skattamálum verið í gildi milli fimm Norðurlandanna frá árinu 1972. Á árinu 1988 óskuðu Færeyjar og Grænland eftir því að gerast aðilar að aðstoðarsamningnum. Embættismannanefndir landanna hafa unnið að málinu á nokkrum fundum og náðist samkomulag þeirra í milli á síðasta ári. Aðstoðarsamningurinn milli Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Grænlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var undirritaður í Kaupmannahöfn 7. des. 1989 og þess vænst að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum á fyrri hluta þessa árs þannig að hann geti tekið gildi fyrir mitt ár.

Eins og fram kemur í greinargerð er aðalbreytingin frá gildandi samningi sú að nýi aðstoðarsamningurinn nær einnig til Grænlands og Færeyja.

Af öðrum breytingum má nefna breyttar reglur um fyrningu, sbr. 14. gr. og nýjar reglur um samtímis skattrannsókn tveggja eða fleiri ríkja þar sem aðildarríkin hafa sameiginlegra eða samtengdra hagsmuna að gæta, sbr. 12. gr. samningsins. Samningurinn gerir, eins og gildandi samningur, ráð fyrir gagnkvæmri aðstoð við rannsókn skattamála og skipti á upplýsingum og aðstoð við innheimtu skatta. Auk þess er gert ráð fyrir að aðstoðað verði við birtingu ýmissa skjala og skipst á eyðublöðum í sambandi við skattamál.

Samningurinn tekur m.a. til tekjuskatta og eignarskatta bæði til ríkissjóðs og sveitarfélaga, erfða- og gjafaskatta, skatta af vélknúnum ökutækjum, virðisaukaskatts, söluskatts og almannatryggingagjalda.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þegar málið var hér til 2. umr. óskaði ég eftir því að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur umræðuna

af þeim sökum að ég hafði gert fyrirspurn um það hvað liði tillögum um húsaleigubætur og leigumiðlanir. Á þeim tíma sem sú umræða stóð yfir var það sagt hér að hæstv. fjmrh. væri í ræðustól og gerði ég ekki athugasemdir við það. Ég þykist vita að hæstv. félmrh. hafi kynnt sér hvernig það mál stæði hjá fjmrh. í dag úr því að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðlátinn og geti gefið upplýsingar um þá fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. félmrh. sl. laugardag. Þá kom fram hjá hæstv. félmrh. að þetta mál væri hýst í fjmrn. Jafnframt lét hæstv. félmrh. þess getið að það hefði farið eins fyrir þessum tillögum um húsaleigubæturnar í félmrn. og Celiu í New York, að tillögurnar hafi horfið út í veður og vind. Nú geri ég að sjálfsögðu ekki athugasemdir við það þó hæstv. fjmrh. sé ekki viðlátinn þar sem ég þykist vita að hæstv. félmrh. hafi aflað þeirra upplýsinga sem ég bað um hér þegar málið var til 2. umr. Ég vildi ítreka þá fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. ráðherra um það hvernig þetta mál stæði og hvaða hugmyndir væru uppi hjá stjórnarmeirihlutanum eða ríkisstjórninni um það hvernig húsaleigubótum og leigumiðlunum yrði fyrir komið.

Ég vil í annan stað rifja upp að ég bar fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um það hvort hann hefði áhyggjur af fjárhagslegri stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í ræðu sinni gerði hæstv. félmrh. ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi Byggingarsjóð ríkisins en vék hins vegar ekki að fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna né þeim áætlunum sem ríkisstjórnin hefur gert um fjárhagsafkomu þess sjóðs með hliðsjón af þeim tillögum og því frv. sem hér liggur fyrir.

Af þessum sökum vil ég ítreka fyrirspurn mína varðandi húsaleigubætur og leigumiðlanir. En ég hlýt, herra forseti, ef í ljós kemur að hæstv. félmrh. hefur af einhverjum ókunnum ástæðum ekki unnist tími til að setja sig inn í málið, að fara fram á það að umræðunni verði frestað til morguns, ella verði hæstv. fjmrh. kvaddur hingað á fundinn til að svara þeirri eðlilegu fyrirspurn sem ég bar fram við 2. umr. málsins. Ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemd við það að málið verði tekið út af dagskrá um hríð á meðan hæstv. fjmrh. væri á leiðinni hingað niður eftir til að svara eðlilegri fyrirspurn til þess að upplýsa frekar það mál sem hér liggur fyrir og til þess að gefa fyllri mynd af því hvernig ríkisstjórnin hyggst hrinda í framkvæmd þeim sameiginlegu tillögum sem ástæða hefur þótt til að tíunda lauslega í athugasemdum við þetta lagafrv.

Ég vil jafnframt láta í ljós þá skoðun að sumt í þessu frv. er þannig orðað að síðar meir verður óhjákvæmilegt að kveða nánar á um einstök atriði og í sumum tilvikum falla úr gildi ákvæði sem hér eru. En auðvitað standa ekki efni til að koma slíkum leiðréttingum og nauðsynlegum lagfæringum á frv. fram á meðan við sitjum uppi með þá ríkisstjórn sem nú er sem hefur ekki markmið né tilgang með sinni setu, heldur hugsar um það eitt að sitja og þruma í sínum stólum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég gat um það við 2. umr. þessa máls að það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. spurði um þá, sem voru húsaleigubætur, væri ekki inni í því frv. sem við höfum hér til umræðu. Einungis var um að ræða að þetta var hluti af öðrum tillögum sem nefndin, sem samdi frv., sendi frá sér og lagði til mín í skýrsluformi ásamt því frv. sem hér er til umræðu. Skýrslu nefndarinnar um félagslega húsnæðiskerfið var dreift hér til allra þingmanna þegar málið var fyrst lagt fram á Alþingi þar sem m.a. koma fram hugmyndir nefndarinnar um tilhögun á húsaleigubótum og húsaleigumiðlun. Við 1. umr. málsins benti ég hv. þm. á skýrsluna þar sem þessar tillögur er að finna. Þar er mjög ítarlega rakið hvernig húsnæðisbótum er háttað á Norðurlöndum og þar koma einnig fram hugmyndir nefndarinnar um húsaleigubætur sem voru kynntar í ríkisstjórninni á sínum tíma þegar frv. var þar lagt fram. Ég tel rétt að lesa hér tillögurnar sem koma fram frá nefndinni sem eru hennar hugmyndir um húsaleigubætur en í skýrslunni segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að komið verði á sérstökum húsaleigubótum til kostnaðarlækkunar á leigukostnaði hjá tekjulágum leigjendum. Bæturnar verði greiddar á þriggja mánaða fresti á grundvelli umsókna. Til grundvallar ákvörðunar um húsaleigubætur verði upplýsingar um tekjur, fjölskyldustærð og húsaleigu, samkvæmt staðfestum leigusamningi. Bæturnar falla niður nái þær aðeins 10% húsaleigunnar og miðast við ákveðið mark. Húsaleigubætur reiknast út frá 80% leigunnar en 20% eru sjálfsábyrgð leigjenda. Einnig skal miðað við leiguíbúðir sem eru 130 fermetrar eða minni. Fjmrn. sjái um útreikning húsaleigubótanna í samvinnu við félmrn. og Húsnæðisstofnun ríkisins. Fjmrn. annast greiðslu bótanna.

Markmiðið með húsaleigubótum er fyrst og fremst að jafna aðstöðu leigjenda og annarra þjóðfélagsþegna. Þeim er einnig ætlað að auðvelda þeim að leigja sem það kjósa og gera leiguíbúðir vænlegan kost. Þeim er ætlað að koma þeim til góða sem á þurfa að halda, sem nú njóta lítillar sem engrar fyrirgreiðslu í húsnæðismálum. Tilgangurinn er einnig að beina þeim, sem ráða ekki við húsnæðiskaup, inn í leiguíbúðir og gera þeim kleift að leigja. Nefndin leggur til að húsaleigubæturnar verði tekjutengdar, hafi ákveðið hámark og miðist við fjölskyldustærð. Einhleypingar eiga einnig rétt á húsaleigubótum uppfylli þeir sett skilyrði. Nefndin telur eðlilegt að hafa hliðsjón af fyrirkomulagi vaxtabóta sem tekið verður upp á næsta ári. Eðli málsins samkvæmt má miða hámarksfjárhæðir húsaleigubótanna við samsvarandi hámark vaxtabóta. Þannig yrðu húsaleigubæturnar ávallt bundnar ákveðnu hámarki sem fylgir breytingum á lánskjaravísitölu hverju sinni. Ef höfð er hliðsjón af hámarki vaxtabóta yrðu hámarksbætur, miðað við verðlag í desember 1989, sem hér segir: 107 þús. fyrir einstaklinga, 140 þús. fyrir einstætt foreldri og 170 þús. fyrir hjón. Nefndin leggur til að bæturnar verði einnig bundnar við að leiguíbúðir séu innan ákveðinna

stærðarmarka, 130 fermetrar. Tekjutenging húsaleigubótanna gæti tekið mið af tekjumörkum sem giltu um rétt manna til að kaupa félagslega íbúð í kaupleigu- eða verkamannabústaðakerfinu. Þeir leigjendur sem eru innan tekju- og stærðarmarka fengju þannig hámarkshúsaleigubætur en bæturnar minnki síðan með hækkandi launum."

Ég hef hér lýst hugmyndum nefndarinnar sem nokkuð fjallaði um þetta mál. Þessar tillögur voru lagðar fyrir ríkisstjórnina jafnhliða því frv. sem hér er til umræðu. Þar var fallist á mína tillögu, að vísa þessu til frekari umfjöllunar í fjmrn. og að við úrvinnslu fjmrn. í þessu máli yrði höfð hliðsjón af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram. Væntanlega verður, eins og ég sagði í máli mínu við 2. umr., frv. lagt fram um það á næsta þingi.

Forseti (Jón Helgason):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur óskað upplýsinga um ákveðin atriði. Verður athugað hvort ekki verður hægt að veita þær upplýsingar síðar á fundinum. Er því þessari umræðu frestað um sinn.

Umræðu frestað.

Raforkuver, 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 921.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 921 um breytingu á lögum nr. 60 frá 4. júní 1981, um raforkuver o.fl. Þetta frv. er flutt til þess að greiða fyrir eflingu orkufreks iðnaðar hér á landi í framhaldi af undirritun yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Atlantsálsaðilanna frá 13. mars 1990 um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver.

Meginefni þessa frv. er í stuttu máli hægt að skipta í fjórar greinar.

1. Lagt er til að í lög nr. 60 frá 4. júní 1981, um raforkuver, verði bætt heimildum fyrir tvær virkjanir, þ.e. stækkun Búrfellsvirkjunar úr 210 mw. í um það bil 310 mw. og stækkun Kröfluvirkjunar úr 55 mw. í allt að 60 mw.

2. Lagt er til að sérstök heimild verði veitt til þess að reisa og reka jarðgufuvirkjun til raforkuframleiðslu að Nesjavöllum með allt að 38 mw. afli.

3. Lagt er til að 2. gr. laga nr. 60 frá 4. júní 1981, um raforkuver, verði umorðuð í heild. Lagt er til að framkvæmdarvaldinu verði settar almennar reglur um röðun framkvæmda sem ráðist af væntanlegri orkunýtingu. Jafnframt verði leitast við að styrkja raforkukerfið og auka öryggi orkuöflunar og orkudreifingar. Í sérstöku ákvæði til bráðabirgða er hins vegar lagt til að lögfest verði tiltekin röð virkjanaframkvæmda, takist samningar um nýtt álver.

4. Gerð er tillaga um breytingu á lögum nr. 42 frá 23. mars 1983, um Landsvirkjun, og skýrt kveðið á um að Landsvirkjun reisi og reki þær virkjanir sem kveðið er á um í lögunum um raforkuver með þeim breytingum sem hér eru gerðar tillögur um.

Loks er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að verja og taka að láni allt að 300 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda á árinu 1990 til þess að unnt verði að sjá nýja álverinu fyrir nægri raforku árið 1994, náist um það samningar. Ég vil vekja athygli þingmanna á því að vegna smávægilegrar villu í útreikningum í fskj. Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif Atlantsáliðjuversins hefur þingskjalið verið prentað upp. Meginbreytingin við þessa leiðréttingu er sú að þjóðhagsleg áhrif álversins og tengdra framkvæmda eru, þegar rétt er metið, nokkru hagstæðari en fram kom í upphaflegri grg. með frv.

Þetta frv. er flutt í samræmi við viljayfirlýsinguna um álverssamning frá 13. mars sl. en þar er miðað við að reist verði álbræðsla með 200 þús. tonna ársframleiðslugetu er hefji rekstur árið 1994. Áætluð raforkuþörf hins nýja álvers, að meðtöldu orkutapi við flutning orkunnar til iðjuversins, er um 2970 gwst. á ári og aflþörf þess 355 mw. Því lætur nærri að orkuþörf álversins sé um ¼ hlutar af heildarsölu orku á Íslandi um þessar mundir en um ⅓ af heildarorkuvinnslu. Miðað við endurreiknaða raforkuspá orkuspárnefndar fyrir forgangsorku og raforkuþörf Atlantsálsiðjuversins verður raforkuþörfin orðin 7360 gwst. árið 1995 og 7630 gwst. árið 2000.

Athyglisvert er að bera þessar tölur saman við þær forsendur um raforkumarkað sem voru lagðar til grundvallar virkjunaráformum í frv. til laga um raforkuver árið 1981. Í því frv. var gert ráð fyrir að heildarorkuþörfin gæti orðið um 7500 gwst. árið 1995 en um 9600 gwst. árið 2000. Forsendurnar voru þær að til ráðstöfunar, vegna nýrrar orkufrekrar starfsemi, gætu verið um 2400 gwst. árið 1995 en um 3700 gwst. árið 2000. Það má því segja að með samningunum um Atlantalsálverið takist að fullnægja í meginatriðum fyrrgreindum forsendum fram til ársins 1995. Til þess að fullnægja forsendum áformanna frá 1981 fram til aldamóta þarf hins vegar veruleg skref til viðbótar í orkufrekum iðnaði. Hins vegar hafa, eins og kunnugt er, framkvæmdir til þessa verið mun minni en gert var ráð fyrir þegar raforkuveralögin voru samþykkt árið 1981.

Nú hafa verið gerðir ítarlegir útreikningar á því hvernig hagkvæmast sé að afla orku til nýs álvers. Í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv. er gerð tillaga um þær virkjanir sem hagkvæmast eru að ráðast í, þ.e. auk Blönduvirkjunar Fljótsdalsvirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar ásamt lokaáfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni, fyrsti áfangi Nesjavallavirkjunar og loks stækkun Kröfluvirkjunar. Hér er í öllum meginatriðum um sömu virkjanaframkvæmdir að ræða og Alþingi samþykkti með þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1982. Eina beina viðbótin er að með frv. er leitað heimildar

Alþingis fyrir fyrsta áfanga jarðvarmavirkjunar á Nesjavöllum sem samkvæmt eðli máls var ekki í þeirri röð virkjana sem ákveðin var í þál. frá 1982. Auk þess er hér svo að sjálfsögðu gerð tillaga um 100 mw. stækkun við Búrfell, eins og reyndar var í þeirri þál. sem ég hef vitnað til.

Samtals er áætlað að fjárfestingar í raforkukerfinu verði rúmlega 31 milljarður kr. á árunum 1990 til ársins 1995 og að þeim fylgi um 2900 ársverk. Ef ekki yrði um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar að ræða á þessu tímabili er áætlað að fjárfestingar í raforkukerfinu mundu nema tæplega 5 milljörðum kr. og mannaflaþörfin aðeins 500 ársverkum þessi sex ár. Sannleikurinn er sá að ef ekki kemur til nýr stórkaupandi að orku, eins og nýtt álver, er engin þörf fyrir frekari virkjanir sem umtalsverðar geta talist á þessari öld. Ég mun nú í örstuttu máli gera grein fyrir þeim virkjanaframkvæmdum sem heimilda er leitað fyrir í þessu frv. en að öðru leyti leyfi ég mér, virðulegi forseti, að vísa til athugasemda og fskj. 1, 2 og 3 með frv.

Gert er ráð fyrir því að auka afl Búrfellsvirkjunar með því að reisa stöðvarhús neðan við Sámsstaðaklif austan við Búrfellsstöðina, reyndar á sama stað og gert var ráð fyrir í áætlun sem samin var á vegum Fossafélagsins Titan hf. snemma á þessari öld. Má því með sanni segja að með þessari stækkun við Búrfell verði draumur orkuskáldsins Einars Benediktssonar og verkfræðings hans, Sætermoens, að veruleika í bókstaflegum skilningi. Virkjunin mun að hluta til nýta mannvirki núverandi virkjunar, þ.e. stíflu, inntaksvirki í Þjórsá, veituskurð með stjórnlokum, inntakslón, svonefnt Bjarnarlón, og efri hluta aðrennslisskurðar. Um 300 metra langur aðrennslisskurður liggur að inntaki virkjunarinnar á brún Sámsstaðaklifs. Síðan tekur við ein 420 metra löng niðurgrafin þrýstipípa niður hlíðina að stöðvarhúsi ofan jarðar. Verg fallhæð er 118½ metri og er gert ráð fyrir að uppsett afl þessarar virkjunar verði 100 mw. í eini vélasamstæðu. Stofnkostnaður við þessa virkjun með vöxtum á byggingartíma er áætlaður að nema um 4400 millj. kr. og er þá miðað við verðlag í desember 1989.

Þá er gert ráð fyrir að setja upp seinni vélasamstæðu Kröfluvirkjunar og auka þannig afl virkjunarinnar í 60 mw. Í lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974 var veitt heimild til að reist yrði jarðvarmavirkjun við Kröflu með 55 mw. afli til að framleiða raforku. Árið 1975 var samið um kaup á tveimur 30 mw. vélasamstæðum og voru aðrir hlutar virkjunarinnar miðaðir við það að uppsett afl yrði um 60 mw. í þessum tveimur vélasamstæðum. Einungis önnur samstæðan hefur verið í rekstri og hefur virkjunin til þessa því verið rekin með 30 mw. afli þegar mest er. Stofnkostnaðurinn við þessa stækkun er áætlaður tæplega 1400 millj. kr. á verðlagi í desember 1989. Er það mjög lítill kostnaður á hvert viðbótarmegavatt, einfaldlega vegna þess að hin fyrri framkvæmd gerði ráð fyrir þessum umsvifum.

Þá er hér leitað heimildar til handa Hitaveitu Reykjavíkur að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuvinnslu á Nesjavöllum með allt að 30 mw. afli. Raforkuvinnsla að Nesjavöllum er mjög hagkvæm þar sem hún tengist upphitun á vatni sem síðan er dælt til höfuðborgarsvæðisins. Gufa frá skiljum sem er undir háum þrýstingi knýr gufuhverfil áður en hún er leidd inn á varmaskipta. Það er því ekki gert ráð fyrir að auka upptöku úr þessu jarðhitasvæði vegna raforkuvinnslunnar svo nokkru nemi. Áætlaður kostnaður við þetta raforkuver á Nesjavöllum er um 900 millj. kr. á verðlagi í desember 1989. Áður en sú virkjun verður heimiluð er í þessu frv. gert ráð fyrir því að fyrir liggi samningur um rekstur þessarar nýju virkjunar sem hluta af raforkukerfi landsins.

Til þess að unnt verði að sjá Atlantsálsiðjuverinu fyrir nægilegri orku veturinn 1994–1995 þarf Landsvirkjun þegar að hefja hönnun og undirbúning framkvæmda, ekki síst við Fljótsdalsvirkjun og stækkun Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og háspennulínur sem tengja eiga þessar virkjanir við raforkukerfið og við hið nýja iðjuver. Með hliðsjón af þessu er hér tillaga í ákvæði til bráðabirgða í frv. að Landsvirkjun fái heimild til 300 millj. kr. lántöku á þessu ári í því skyni.

Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og um að nýta þessar heimildir verða hins vegar teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álverið vindur fram og samþykki til þeirra eingöngu veitt sé raunveruleg samningagerð í sjónmáli. Ég mun nú víkja að undirbúningi og viðræðum um hið nýja álver sem er í reynd forsenda þeirra virkjunaráforma sem þetta frv. fjallar um.

Með undirritun viljayfirlýsingar 13. mars sl. náðist mikilvægur áfangi í því þýðingarmikla stefnumáli ríkisstjórnarinnar að nýta innlendar orkulindir, vatnsorku og jarðvarma, til atvinnuuppbyggingar. Í þessari viljayfirlýsingu kemur fram að í álverinu verði notuð nýjasta tækni við framleiðslu og steypu á áli og, sem ekki er síður mikilvægt, nýjustu fullkomnar mengunarvarnir. Bandaríska félagið Alumax mun eiga um 40% hlut í álverinu en sænska félagið Grängers og hollenska félagið Hoogovens Aluminium um 30% hvort um sig. Gert er ráð fyrir að hið ameríska fyrirtæki Alumax annist stjórnun framkvæmda hins nýja álvers. Alls er gert ráð fyrir því að til byggingar álversins þurfi um 2400 ársverk. Þar af má ætla að um fimmtungur verði erlent vinnuafl. Stofnkostnaður við byggingu álversins er áætlaður um 42 milljarðar kr. á meðalverðlagi ársins 1989 og er áætlaður framkvæmdartími við allt verkið 36–40 mánuðir. Við rekstur álversins og nýrra virkjana er gert ráð fyrir 645 ársverkum þegar það er komið í fulla framleiðslu.

Í yfirlýsingunni er staðfest að gera þurfi samninga á grundvelli heimildarlaga um nýtt álver sem ég mun nú hér greina. Í fyrsta lagi þurfa að takast heildarsamningar milli íslenska ríkisins og Atlantsálsaðilanna um byggingu og rekstur álversins. Í slíkum aðalsamningi yrði kveðið á um starfsréttindi Atlantsálsfyrirtækisins og veittar nauðsynlegar undan-

þágur frá íslenskum lagaákvæðum, m.a. vegna meirihlutaeignar erlendra aðila að fyrirtækinu. Í aðalsamningi yrði einnig kveðið á um gagnkvæmar ábyrgðir og fyrirheit aðilanna, aðild Íslendinga að stjórn fyrirtækisins, um lausn ágreiningsmála, um endurskoðun samningsskilmálanna, svo að ég nefni nokkur mikilvægustu atriðin í þessum aðalsamningi. Viðamesta ákvæði heimildarlaganna og aðalsamnings, sem vonandi verður unnt að kynna hér í haust, munu væntanlega taka til skattlagningar en álverið yrði rekið á kostnaðargrundvelli. Því er gert ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi varðandi útreikning og greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs. Þegar ég segi að gert sé ráð fyrir því að álverið sé rekið á kostnaðargrundvelli er það af því að aðildarfyrirtækin þrjú gera ráð fyrir að reka það sem samlagsfyrirtæki, ekki ólíkt því sem tíðkast um mjólkursamlög og rjómabú á Íslandi.

Þá er gert ráð fyrir sérákvæðum um gjöld til sveitarfélaga og vissum undanþágum öðrum en þau frávik sem hér er rætt um helgast af sérstöðu fyrirtækisins og þeirri miklu fjárfestingu sem í því liggur. Hins vegar er gert ráð fyrir að álagning skatta og eftirlit með skattgreiðslum yrði í höndum íslenskra skattyfirvalda. Í aðalsamningi hefur verið gert ráð fyrir ákvæðum er varða frekari úrvinnslu áls á Íslandi, þátt Atlantsálsaðilanna í uppbyggingu tækniþekkingar og iðnþróun hér á landi og um aðgang íslenskra fyrirtækja að framkvæmdunum við hið nýja álver.

Í öðru lagi þarf að takast orkusölusamningur milli Atlantsáls og Landsvirkjunar sem tryggir að heildartekjur af orkusölu til álversins geri gott betur en standa undir flýtingarkostnaði vegna virkjana. Gert er ráð fyrir að orkuverð verði tengt verði á áli með eðlilegum endurskoðunarákvæðum en að veittur verði afsláttur frá orkuverðinu fyrstu starfsárin.

Í þriðja lagi hefur verið gert ráð fyrir að Atlantsálsiðjuverið geri samning við hlutaðeigandi sveitarfélög um hafnar- og lóðaraðstöðu fyrir hið nýja álver.

Í fjórða lagi hafa Atlantsálsaðilarnir lagt áherslu á að samningur um meginskilmála varðandi útblástur og losun efna frá álverinu og aðrar mengunarvarnir verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að eigendur Atlantsáls geri ítarlega samninga sín á milli um eignarhald, um rekstur og um fjármögnun álversins. Takist samningarnir í september, eins og að er stefnt, mun ég leggja fyrir Alþingi frv. til heimildarlaga um álverið í október nk. með það fyrir augum að afla samþykkis fyrir lok ársins 1990.

Meðal þeirra þátta þessa máls sem einna mest hafa verið ræddir er staðsetning hins nýja álvers. Ég ætla mér ekki hér að setja á um það langar ræður en vil þó geta þess að á grundvelli viðræðna við Atlantsálsaðilana hefur verið ákveðið að gera nánari samanburð á stofn- og rekstrarkostnaði álvers á eftirtöldum fjórum svæðum á landinu:

1. Við Eyjafjörð.
2. Við Hvalfjörð.
3. Við Reyðarfjörð.
4. Á Reykjanesi, og þá á ég við svæðið allt eða strandlengjuna frá Straumsvík að Þorlákshöfn.

Þessar samanburðarathuganir munu fjalla um fjölmörg atriði önnur en beinan kostnað. Þau munu fjalla um hafnargerð, orkuöflun, efnisflutninga, laun og flutninga á verkafólki, rekstur vinnubúða, kostnað við birgðarými og uppskipunartæki og um áhrif veðurs á framkvæmdir. Þá vega ýmis sjónarmið þungt sem erfitt er að verðleggja, svo sem samskipti við aðila vinnumarkaðarins og sveitarstjórnir og margvísleg umhverfismál. Í iðnrn. hefur verið lögð rík áhersla á það að tryggja að fullnægjandi kröfur um mengunarvarnir og umhverfisvernd verði gerðar til hins nýja fyrirtækis. Í mengunarreglugerð eru m.a. kröfur um loftgæði sem eru afar strangar varðandi brennisteinstvíildi. Hins vegar eru þar ekki kröfur hvað varðar flúor. Hugsanlegt er að á grundvelli reglugerðarinnar verði krafist mismunandi mengunarvarna eftir því hvar álverið er staðsett og fer það eftir staðháttum. Þetta mun ekki síst ráðast af dreifingarspá um loftmengun sem nú er unnið að, m.a. af norsku fyrirtæki eða ráðgjafarstofnun, Norsk Institutt for luftforskning, NILU, sem reyndar hefur nokkra reynslu af slíkum athugunum hér á landi og vann fyrir svonefnda staðarvalsnefnd á árunum 1981–1986. Áformað er að staðsetningin verði að lokum ákveðin þegar þessar samanburðar- og kostnaðarathuganir hafa verið gerðar. Er að því stefnt, eins og fram kemur í viljayfirlýsingu aðila, að taka staðarvalsákvörðunina í byrjun júnímánaðar. Ég vil ítreka að staðarvalið er órjúfanlegur hluti af heildarsamningum um álverið og af Íslands hálfu verður lögð á það rík áhersla að staðarvalið sjálft stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða. En eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin gert um þetta sérstaka samþykkt og er sú samþykkt prentuð orðrétt í grg. með þessu frv.

Byggðastofnun hefur að beiðni iðnrn. gert athugun á áhrifum nýs álvers á búsetu- og vinnumarkað miðað við staðsetningu í Eyjafirði, á Reyðarfirði eða á höfuðborgarsvæðinu. Þessi greinargerð er birt sem fskj. 4 með frv. Stofnunin vinnur nú að beiðni iðnrn. að sambærilegri athugun miðað við staðsetningu í Þorlákshöfn, á Suðurnesjum og við Hvalfjörð. Þjóðhagsstofnun hefur fyrir sitt leyti, að beiðni iðnrn., kannað þjóðhagsleg áhrif 200 þús. árstonna álvers sem hér yrði reist á árunum 1991–1994 og tilheyrandi virkjunum eins og fram kemur í fskj. 5 með þessu frv. Niðurstaðan er sú að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu yrði um 3% á árunum 1991–1997 ef nýtt álver yrði reist samanborið við um það bil 2% án slíkra framkvæmda. Í einföldum orðum talað munu því þessar framkvæmdir leiða til þess að landsframleiðsla verði rúmlega 5% hærri árið 1997 en hún annars yrði eftir því sem nú verður best séð, eins og nánar greinir í þessu fskj. Í stuttu máli má orða þetta þannig að sá munur sem verið hefur á hagvexti á

Íslandi og í þeim löndum OECD sem við berum okkur helst saman við yrði jafnaður. Á undanförnum árum höfum við dregist nokkuð aftur úr þeim löndum en þessar framkvæmdir dygðu til að jafna þau met.

Þjóðhagsstofnun telur að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna verði um 5% meiri í lok þessa tímabils með álversframkvæmdum en án þeirra og atvinnuleysi um 0,2% minna. Erlendar skuldir munu óhjákvæmilega aukast verulega á framkvæmdarskeiðinu og ná hámarki árið 1994 en fara síðan lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu, verða árið 1994 um 53% af landsframleiðslunni, samkvæmt þessum reikningi. Til samanburðar má nefna að erlendar skuldir í því dæmi sem reiknað er til samanburðar, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum slíkum framkvæmdum, eru 40% af landsframleiðslunni árið 1994. Þegar þetta er metið er mikilvægt að hafa í huga að þessi skuldaaukning vegna virkjanaframkvæmdanna er að mínu áliti fremur til þess fallin að efla traust á íslenskum efnahag og bæta lánstraust okkar en hið gagnstæða. Ástæðan er sú að verði af þessu höfum við sýnt að við getum laðað hér til samninga erlenda aðila sem eru fúsir til að hætta hér mjög miklu fé án þess að íslensk þátttaka verði í því fyrirtæki. Þetta mun treysta tekjugrundvöll, bæði útflutningstekjur og tekjur almennings í landinu. Það er áætlun Þjóðhagsstofnunar að útflutningsverðmæti afurða álversins yrði um 21 milljarður kr. miðað við meðalgengi bandaríkjadollars árið 1989. Í þessu felst að samanlagður útflutningur áls verður um 21% af heildarútflutningi okkar árið 1997.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð að sinni um þetta mál, en ítreka nauðsyn þess að heimildir þær til virkjana og undirbúnings þeirra á þessu ári sem farið er fram á í frv. verði veittar. Það er ákaflega brýnt að nauðsynlegur undirbúningur orkusölu til væntanlegs álvers geti hafist á þessu sumri ella missum við eitt ár og lengjum enn það langa hlé sem orðið hefur á eflingu stóriðju í landinu.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem við nú ræðum er flutt til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu. Því ber að fagna þessu frv. og fagna því að það er komið fram og að ástæða skuli vera til þess að leggja það fram nú.

Þetta frv. leggur til, eins og hæstv. iðnrh. tók fram, í fyrsta lagi að í lög nr. 60/1981, um raforkuver, verði bætt heimildum fyrir tvær virkjanir, þ.e. stækkun Búrfellsvirkjunar í um 300 mw. og stækkun Kröfluvirkjunar í allt að 60 mw. Í öðru lagi leggur frv. til að sérstök heimild verði veitt til að reisa og reka jarðgufuvirkjun til raforkuframleiðslu að Nesjavöllum með allt að 38 mw. afli. Og í þriðja lagi er lagt til að 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, verði umorðuð í heild. Í stað þess að Alþingi ákveði röð einstakra framkvæmda með þingsályktun er lagt til að framkvæmdarvaldinu verði settar almennar reglur um röð framkvæmda sem ráðist af væntanlegri orkunýtingu.

Þetta eru meginatriði frv. og hæstv. ráðherra hefur lýst þeim ítarlega. Ég ætla mér ekki að fjölyrða frekar um meginatriði þessa frv. né heldur ætla ég að ræða sérstaklega um forsendurnar fyrir því, þ.e. byggingu nýs álvers, en hæstv. ráðherra skýrði skilmerkilega þau atriði í ræðu sinni áðan. Ég mun eiga þess kost í iðnn. sem fær málið til umfjöllunar að athuga málið í heild af gaumgæfni eins og ég veit að nefndin mun gera því hér er um slíkt mál að ræða að það þarf ítarlegrar athugunar við.

En við 1. umr. vildi ég aðeins minnast á nokkur atriði í frv. sjálfu. Er þá fyrst til að taka 3. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði ekki röð einstakra framkvæmda í virkjunarmálum eins og verið hefur, heldur verði það vald fært í hendur framkvæmdarvaldinu. Hér er um atriði að ræða sem við getum ekki látið fara fram hjá okkur því að það er mjög þýðingarmikið. Það er pólitísk ákvörðun hver röð virkjunarframkvæmda verður. Ég held að Alþingi þurfi mjög að athuga þetta áður en það samþykkir að láta af hendi það vald sem felst í röðun virkjunarframkvæmda, láta það í hendur framkvæmdarvaldinu eða iðnrh. á hverjum tíma.

Auk þess er það um 3. gr. að segja að mér þykir orðalagið nokkuð ófullkomið. Það segir í greininni, og það kemur eiginlega eins og skollinn úr sauðarleggnum: „Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun" o.s.frv. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda. En það segir ekkert í greininni að iðnrh. eigi að ráða röð framkvæmda. Þetta er annað orðalag og óeðlilegt ef við berum þetta saman við ákvæði gildandi laga, þ.e. í 2. gr. laga um raforkuver nr. 60/1981. Þar er farið öðruvísi að. Þar er sagt beint hver hefur þetta vald. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar." Hér er gengið beint til verks og tekið skýrt fram hvar þetta vald liggur, en það er ekkert ákvæði um það að eftir að Alþingi hafi ákveðið þetta skuli annað koma á eftir. Ég vek athygli á þessu.

Í þriðja lagi vek ég athygli á, í sambandi við 3. gr. frv. um þetta atriði sem ég var að ræða, að í ákvæðum til bráðabirgða nr. I er gert ráð fyrir að Alþingi samþykki röð virkjunarframkvæmda eins og þar segir. Ef útfærð væri hugsunin um að Alþingi afsali sér þessu valdi í hendur framkvæmdarvaldsins virðist manni að það hefði legið næst að stíga skrefið til fulls og gera ráð fyrir því að ráðherra hefði þetta vald um þær framkvæmdir sem bráðabirgðaákvæðið fjallar um. Ég bendi á þetta ósamræmi. En ég er ekki að deila á þetta bráðabirgðaákvæði því að í raun og sannleika tel ég að það eigi að standa. En

hins vegar er eðlilegt a.m.k. að við tökum til gaumgæfilegrar athugunar hvort ekki eigi að breyta 3. gr. frv. í þá veru að það verði Alþingi sjálft sem ákveður röð framkvæmda en ekki ráðherra.

Ég vil aðeins með örfáum orðum víkja að 4. gr. Það er kannski ekki stórvægilegt en ég kann ekki við það orðalag sem þar er að finna. Þar er talað um stækkaða Búrfellsvirkjun, stækkaða Hrauneyjafossvirkjun og stækkaða Sigölduvirkjun, stækkaða Búrfellsvirkjun með allt að 310 mw. afli og stækkaða Hrauneyjafossvirkjun með allt að 280 mw. afli, stækkaða Sigölduvirkjun með allt að 200 mw. afli. Mér sýnist að það þurfi ekki að setja þetta „stækkaða" því að það gefur auga leið að það er um stækkaða virkjun að ræða. Búrfellsvirkjun á að stækka úr 210 mw. í 310, Hrauneyjafossvirkjun úr 210 í 280 og Sigölduvirkjun úr 150 í 200 og Krófluvirkjun úr 30 í 60. Við getum hugsað okkur, ef ætti að stækka þessar virkjanir enn þá meira, að þá ætti í næstu löggjöf að standa: Stækkuð stækkuð Búrfellsvirkjun eða enn stækkuð Búrfellsvirkjun. Þetta er gjörsamlega óþarfi því að það segir allt þegar talað er um að virkjunin sé allt að ákveðnu mw. afli. Ég sagði að þetta væri ekki mikið atriði. En það er formsatriði. Ég nefni þetta hér af því að ég rak augun í þetta við fyrsta yfirlestur frv.

Þá er það um 2. gr. frv. að þar er iðnrh. heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til þess að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 38 mw. afli eins og þar stendur. Ég er ekki að setja út á þetta og tel raunar sjálfsagt að veitt sé heimild til að reisa þessa virkjun. Það orkar ekki tvímælis að það er nauðsynleg og þörf framkvæmd. En þetta ákvæði vekur til umhugsunar um það að það skuli þurfa samkvæmt núgildandi lögum sérstaka heimild Alþingis til þess að reisa og reka orkuver næstum því hvað lítil sem þau eru. Ég held að þetta sé óeðlilegt og það sé spurning hvort einmitt þetta ástand hafi ekki dregið úr þeirri þróun sem er eðlileg, að jafnframt stórvirkjunum sé lögð áhersla á smávirkjanir eftir því sem aðilar finnast til þess að stofna og reka slík fyrirtæki ef rekstrargrundvöllur er fyrir hendi.

Í þessu sambandi er rétt að vitna til þess sem segir í orkulögum um þetta atriði til þess að sýna fram á hvað þetta ástand er í raun og veru óeðlilegt. Í 7. gr. orkulaga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kílówatta þarf leyfi Alþingis. Til þess að reisa og reka raforkuver, 200–2000 kílówatta, þarf leyfi ráðherra orkumála."

Ég vek athygli á því og beini því til hæstv. ráðherra að fullkomin ástæða er til og raunar nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum. Og fyrst í þessu frv. sem við nú ræðum er verið að leita sérstakra heimilda til að reisa smávirkjun er spurningin hvort ekki hefði farið eins vel á því að gera tillögu í þessu frv. um breytingu á orkulögunum eins og um breytingu á hinum lögunum sem hér er um að ræða samkvæmt frv. Ég vil þó taka fram að það er auðvitað matsatriði hvar á að setja stærðarmörkin á virkjunum sem ekki þurfi að leita heimildar Alþingis til og ég vil ekki fullyrða það hér að þessi virkjun á Nesjavöllum sé innan þeirra takmarkana sem eðlilegt væri að miða við í þessu efni. Ég vek athygli á þessu atriði af því tilefni að hér í frv. er ekki einungis leitað heimilda til að reisa stórvirkjanir heldur þessa Nesjavallavirkjun, af þessari stærðargráðu sem tilgreind er.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki núna að ræða ítarlega og almennt um forsendurnar fyrir frv., um undirbúning að byggingu álvers eða önnur þau mikilvægu atriði sem hæstv. ráðherra vék hér að í sinni ræðu, en til þess mun gefast tækifæri síðar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hafa lengi verið uppi skiptar skoðanir meðal Íslendinga um virkjun þeirra fallvatna sem eru hér á landi, ekki bara hvort ætti að beisla þau heldur líka hvernig og hver þeirra ætti að virkja. Um þessi mál hafa oft orðið deilur vegna sterkra og ólíkra skoðana. Deilurnar hafa staðið um það hvernig væri skynsamlegast og hagkvæmast að nýta þá orku sem beislanleg er og hvernig bæri að koma henni í verð og menn hafa sannarlega ekki verið á eitt sáttir um það hvort veita ætti erlendum aðilum aðgang að náttúruauðlindum og efnahagslífi Íslendinga eða hvort Íslendingar hefðu sjálfir bolmagn til að reka orkufrekan iðnað eða stóriðju til að nýta sér raforku í stórum stíl. Þó að stjórnmálaflokkar hafi sumir tekið afdráttarlausa stefnu í þessum efnum fer því fjarri að skoðanir almennings á þessum málum fari endilega eftir öðrum stjórnmálaskoðunum manna.

Meginröksemd þeirra sem helst vilja virkja hefur verið sú að við yrðum að koma orku landsins í verð, okkur sé nauðsynlegt að nýta alla þá orku sem sífellt streymir óbeisluð til sjávar í fallvötnum landsins. Þá minni ég á það að sums staðar, t.d. í Noregi, er talað um lifandi vatn, og lifandi vatn fyrir þá sem ekki skilja er t.d. foss sem fellur fram af fjallsbrún óskertur og frjáls og hefur aldrei í pípu, stokk eða skurð komið. Ísland er einmitt auðugt af lifandi vatni og við skulum ekki gleyma því að það er afar dýrmæt eign, jafnvel þó að það sé ekki beislað. Við höfum einnig nýlega komist að því að Vatnajökull er talsvert miklu stærri en menn héldu þannig að við eigum talsverðan forða eftir til þess að nýta okkur þó síðar verði.

Við skulum heldur ekki gleyma því þegar við tölum um beislanlegar eða nýtanlegar orkulindir að vindurinn æðir óbeislaður um loftið og hvergi hraðar eða meir á byggðu bóli en einmitt hér á Íslandi. Hann er sannarlega virkjanlegur. Sama má segja um sjávarföllin. Víða erlendis hefur sólin verið nýtt til sömu hluta. En það er einnig annað sem við megum heldur ekki gleyma og það er að það er dýrt að nýta alla þessa orkugjafa. Það kostar afar mikið fé. Þess vegna getur það verið matsatriði hvort það borgar sig fyrir okkur Íslendinga að nýta fallvötnin einmitt á þann hátt að selja frá þeim raforku til stóriðju. Það er ekkert sjálfgefið að það sé hagkvæmt í raun og veru og hagkvæmast fyrir okkur þegar til lengri tíma er

litið og það er undarlegt að þegar Íslendingar hafa beislað vatnsorkuna einmitt til þess að bjóða hana til sölu skuli þeir almennt hafa fengið fyrir hana verð sem hefur reynst vera talsvert undir því verði sem kostar að framleiða hana. Það geta ekki virst hagkvæm viðskipti.

Mig langar að minna hv. þm. á það að upp úr 1960 þótti ýmsum að nú lægi Íslendingum mikið á og þeir þyrftu að hafa hraðan á ef tryggja ætti sölu á raforku úr fallvötnum landsins þar sem kjarnorkan yrði lausnarorð framtíðarinnar og hún mundi verða mun ódýrari en vatnsorka. Þess vegna var, þrátt fyrir mjög skiptar skoðanir manna og mikil átök, hygg ég, hér á Alþingi, hrapað að því að gera orkusölusamning við fjölþjóðafyrirtækið Alusuisse árið 1966 einmitt til þess að missa nú ekki af lestinni eins og menn héldu að þeir væru að gera. Þetta óðagot, sem er auðvelt fyrir okkur að líta til baka og sjá, er e.t.v. skiljanlegt, mjög skiljanlegt, í ljósi þeirra aðstæðna sem þá ríktu. En það hefur síðan leitt til þess að við erum í raun enn að súpa seyðið af þeim samningum sem þá voru gerðir og það er svo komið nú að rúmur helmingur allra erlendra skulda okkar stafar af stórvirkjanaframkvæmdum, vegna stóriðju. Og ég vil minna hv. þm. á að sú kjarnorka sem menn trúðu að mundi leysa vandann hefur reynst bjóða meiri vanda heim en menn grunaði og nú eru uppi afar skiptar skoðanir um öryggi kjarnorkuvera. Við höfum síðan 1966 upplifað óhappið eða slysið í Tsjernóbíl. Í tengslum við það fréttum við af ýmsum öðrum hættulegum slysum sem orðið hafa í öðrum kjarnorkuverum og það er e.t.v. bara spurning um tíma hve lengi menn una við orkugjafa sem getur reynst jafnhættulegur. Þess vegna varpa ég fram spurningu til hæstv. iðnrh. því að hann hlýtur að hafa velt þessum málum mikið fyrir sér og örugglega vill hann ekki hrapa að því að virkja fallvötnin til hefðbundinnar stóriðju sem slæm reynsla hefur gefist af hér á landi ef hann eygir einhverja aðra möguleika sem eru vænlegri fyrir Íslendinga, jafnvel þegar til lengri tíma er litið.

Hér var í eina tíð minnst á að hægt væri að virkja vatnsföll Íslendinga og framleiða úr þeim raforku til þess að flytja út, ekki endilega til að nýta hér á landi. Menn höfðu ævintýralega drauma um sæstreng sem gæti legið frá Íslandi og þannig gætum við flutt út raforku til annarra þjóða sem vantaði orkugjafa. Ég veit að þessar hugmyndir þóttu mjög ævintýralegar þegar þeim var fyrst hreyft, en mig langar að spyrja hæstv. iðnrh.: Hefur hann hugað eitthvað frekar að þessum kostum, hversu raunhæfir þeir eru nú? Og hefur hann unnið eitthvað frekar að þessum málum því að hann hlýtur einmitt að vera að hugsa til framtíðar líka.

Ég ætla ekki að rekja nánar reynsluna af viðskiptum okkar við Alusuisse. Það hefur verið gert oft hér á Alþingi þegar þau mál hafa komið sérstaklega til umræðu, en ég minni menn á að Íslendingar hafa staðið klofnir og tvístraðir í viðskiptum sínum við þennan fjölþjóðarisa. Þetta hefur fyrirtækið að sjálfsögðu nýtt sér til að leita styrks fyrir sjálft sig í samningum og það hefur orðið Íslendingum til mikils tjóns í fyrsta lagi að hafa lent í viðskiptum við fyrirtækið og síðan að hafa ekki borið gæfu til að standa saman um þau mál en gefið erlendum aðilum aðstöðu til að deila og drottna því að hér er auðvitað um mjög mikilvæga sameiginlega hagsmuni allra landsmanna að ræða.

Sá skoðanaágreiningur sem hefur ríkt í stóriðjumálunum meðal þjóðarinnar á sér fulltrúa á Alþingi, en segja má að þar finnist í raun þrjár meginstefnur.

Í fyrsta lagi er sú stefna sem hæstv. núv. iðnrh. túlkar og felst í því að byggja hér upp stóriðju með meiri hluta eða algerri eignaraðild erlendra aðila. Sú stefna hefur reyndar leitt til þess að íslenskt vatns- og vinnuafl hefur verið selt allt of lágu verði, sumir mundu vilja segja útsöluverði, úr landi og má segja að þar fari sjálfstæði þjóðarinnar fyrir lítið. En dæmi um slíkan rekstur hefur einmitt verið álbræðslan í Straumsvík.

Í öðru lagi er sú stefna sem hv. þm. Alþb. hafa fylgt hingað til og felur í sér að hér skuli reka stóriðju en með meirihlutaeignaraðild Íslendinga. Það hefur reyndar sýnt sig að Íslendingar hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að standa undir slíkum fyrirtækjum sjálfir né höfum við fengið við nokkuð ráðið á þeim markaði þar sem stóriðjuframleiðsla er seld. Og nú virðast alþýðubandalagsmenn vera horfnir frá þessari stefnu, hafa skipt um og eru gengnir stefnu hæstv. iðnrh. á hönd.

Í þriðja lagi er svo sú stefna sem kvennalistakonur hafa fylgt og felur í sér virkjanastefnu, því að við erum sannarlega fylgjandi því að virkja íslensk fallvötn í hófi, virkjanastefnu sem miðar að eigin þörfum Íslendinga og hafnar frekari stóriðju, bæði reyndar innlendri og erlendri. Ástæðurnar fyrir því að við höfum hafnað stóriðju hafa verið eftirfarandi og þær hafa í raun ekki breyst.

Við höfum ekki viljað frekari stóriðju hér á landi vegna þess að hún hefur í raun þýtt aukin fjárhagsleg ítök erlendra aðila hér á landi, en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Stóriðja hefur nær alla tíð verið rekin hér með bókfærðu tapi þannig að erfitt er að sjá fjárhagslegan ávinning af slíkum atvinnurekstri. Stóriðja getur verið mengandi og náttúruspillandi og henni fylgir bæði byggðaleg og félagsleg röskun. Þessar ástæður eru þeim mun alvarlegri þar sem Íslendingar eru fámenn þjóð sem býr í viðkvæmu landi.

Mig langar að ræða örlítið um mengunarhættuna því að það hefur komið fram ekki alls fyrir löngu hjá Hollustuvernd ríkisins að flúoríð- og rykmengun í útblásturslofti frá verksmiðjunni hefur mælst óviðunandi. Þessu hafa menn reynt að kippa í lag. Síðan höfum við mengun sem er öllu hættulegri og hefur reynst mun erfiðari viðureignar, og á hana minntist reyndar hæstv. iðnrh., en það er mengunin af brennisteinstvíildi. Það hefur verið álitið að hlutur álversins í þeirri brennisteinstvíildismengun sem finnst hér á landi sé u.þ.b. 25%. Mengun af þessu efni er verulegt

vandamál í iðnríkjum víða um heim, og þetta er einn af drýgstu þáttunum til myndunar á súru regni sem þegar hefur valdið óheyrilegum skemmdum bæði á gróðri og lífríki víða í Evrópu eins og sést af skógum og líflausum vötnum.

Þegar iðnaðarnefndir beggja þingdeilda fóru í heimsókn til Álversins ekki alls fyrir löngu áttum við einmitt viðræður við forsvarsmenn verksmiðjunnar sem eru enn að reyna að glíma við þennan vanda. Það þýðir ekki fyrir okkur að ætla að okkur sé óhætt að hleypa þessu efni út í þetta síkvika andrúmsloft sem hér ríkir. Það er líka vandi að hleypa því út í hafið því að það er mengandi í báðum tilvikum. Þó að sagt sé að jarðvegurinn á Íslandi sé basískur og mætti sums staðar súrna (**Gripið fram í:** Og vatnið, hið lifandi vatn.), hið lifandi vatn, já. Það er þó ekki þar með sagt að það sé tilbúið til að gleypa við meiri mengun en okkur hefur nú þegar tekist að koma í það. Og ég minni hæstv. iðnrh. og aðra hv. þm. á þá miklu mengun sem er í kringum landið okkar nú og við höfum ekki getað sinnt svo sæmilegt sé.

Ég minni einnig á aðrar nýlegar tölur sem benda til þess að mengun hér á landi sé mun meiri en okkur grunar. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvaða ráðstafanir hafi í raun verið gerðar og hvaða kröfur hafi í raun verið gerðar um mengunarvarnir í því álveri sem hann langar til eða hefur í hyggju að reisa hér á landi.

Ég ætla ekki að víkja fleiri orðum að mengunarmálunum. Þó vil ég benda mönnum á að ýmsar rannsóknir benda til þess að heilahrörnun hjá mönnum, sem verður á síðari hluta ævinnar, geti stafað að sumu leyti til af mengun með áli, t.d. í drykkjarvatni. Ellihrörnun virðist fara vaxandi meðal vestrænna þjóða. Nýlega urðu mjög harðar umræður í Bretlandi þegar það kom í ljós að neysluvatn í stórum hlutum landsins, sérstaklega á Lundúnasvæðinu öllu, var ótrúlega mikið mengað, m.a. af alumínium sem a.m.k. í tilraunadýrum er vitað að veldur heilahrörnun.

Eins og þetta frv. gefur glögglega til kynna fylgja auknar virkjunarframkvæmdir aukinni stóriðju, en vegna stóriðjusjónarmiðanna hefur einmitt hingað til verið farið allt of hratt í slíkar framkvæmdir eins og erlendar skuldir okkar sanna. Hæstv. ráðherra vék einmitt að skuldastöðunni sem hefur verið nokkuð óskyggileg. Hér segir í grein í DV frá því fyrr á þessu ári sem mig langar að vitna í, með leyfi forseta:

„Ef skuldasöfnun íslensku þjóðarinnar heldur áfram til aldamóta með sama hraða og undanfarin 10 ár má búast við að erlendar skuldir verði orðnar um 86% af landsframleiðslu árið 2000. Þar með væru Íslendingar komnir í hóp allra skuldugustu þjóða í heimi. Þeir yrðu skuldugastir þeirra sem nú eru flokkaðir með iðnríkjum. Í fyrra voru erlendar skuldir rétt tæp 50% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall hafði þá hækkað úr 31% 1980. Ástæðan fyrir því að þetta hlutfall mun hækka enn meira fram til aldamóta miðað við óbreytta skuldasöfnun er að fátt bendir til annars en hagvöxtur verði hér hærri en 1–2% á ári. Skuldirnar munu því hækka um 6,7% á ári eins og var á níunda áratugnum en landsframleiðslan rúmlega fjórum sinnum minna. Þó að álver verði byggt mun það ekki lækka þetta hlutfall. Talið er að álver eins og fyrirhugað er að byggja muni gefa hagvöxt upp á um 5% til frambúðar. Á móti kemur að Landsvirkjun þarf að taka um 40 milljarða að láni erlendis. Þegar þetta tvennt er sett inn í dæmið má búast við að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu verði um 93% um aldamót.

Skuldasöfnunin á níunda áratugnum var gífurleg. Í upphafi hans námu skuldir landsmanna um 1,2 millj. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Í lok hans voru skuldirnar orðnar um 2,3 millj. Skuldasöfnunin var því um 1,1 millj. á hverja fjölskyldu á 10 árum eða um 70 milljarðar. Þetta er enn átakanlegra fyrir það að þjóðin stóð ekki í neinum stórframkvæmdum á þessu tímabili."

Nú segir hæstv. iðnrh. okkur hins vegar frá því að aukin skuldasöfnun muni í raun tryggja lánstraust okkar þó að flestir leiði að því getum að verri skuldastaða okkar muni gera okkur erfiðara fyrir í framtíðinni með lánakjör á erlendum lánamarkaði. En hann heldur því fram að það muni auka traust á þjóðinni að henni hafi tekist að koma skuldum sínum upp í enn meiri hæðir en nú er.

Sérhvert atvinnutækifæri í stóriðju er margfalt dýrara en á öðrum atvinnusviðum og auk þess eru störf þar mjög fá og eru það nú engar fréttir í raun fyrir hv. þingmenn. Störfunum fækkar reyndar sífellt vegna nýrrar tækni. Má ætla að af öllum þeim einstaklingum sem eiga eftir að koma út á vinnumarkaðinn fram til aldamóta séu í raun og veru mjög fáir sem muni vinna í álverum vegna þess hve störfin þar eru fá.

Hæstv. ráðherra nefndi tölur um þann fjölda sem fengi vinnu við uppbyggingu bæði virkjana og þá væntanlega einnig álvers. Og ég verð að segja að ég undrast í raun. Ég undrast aðgerðir þessarar stjórnar þegar litið er á það hversu mikið kapp hæstv. ráðherrar hafa lagt á að ná niður þenslu og ná niður verðbólgu. Ég undrast að þeir skuli að því er virðist ekki hika við að mæta vaxandi atvinnuleysi sem vissulega er áhyggjuefni, og ég skil að þeir vilji bregðast við því, að þeir skuli ætla að horfast í augu við minnkandi hagvöxt á þennan heftbundna hátt sem hefur gefið svo slæma raun í fortíðinni. Að þeir skuli í raun ekki treysta sér til þess að læra af reynslunni, að þeir skuli sýna sig bera að þvílíkri hugmyndafátækt í atvinnumálunum að þeir skuli ætla út í þessar framkvæmdir nú. Þeir hljóta að vita að þrátt fyrir aukinn hagvöxt muni þetta í raun valda mikilli þenslu í þjóðfélaginu, muni í raun gera það mjög erfitt að halda verðbólgunni í skefjum, muni í raun valda hálfgerðri sprengingu í atvinnulífinu um tíma og á ákaflega takmörkuðu svæði af landinu. Á sama tíma hefur hæstv. forsrh. skipað sérstaka nefnd til þess að búa til glæsilegri ímynd landsins sem friðsællar náttúruauðlindar, ómengaðrar náttúruauðlindar matvælaframleiðenda. Þá er á sama tíma lögð áhersla á það að auka hér stórkostlega við uppbyggingu stóriðju.

Hæstv. iðnrh. talaði um að fyrirkomulagið á þessu samlagi yrði líkast því sem gerist við mjólkur- og rjómabú. Ég er ansi hrædd um það að þegar erlendu

ferðamennirnir flýja lífvana vötnin í Evrópu, lauflausu skógana, einmitt í leit að ómengaðri náttúru, muni nú heldur betur glennast upp á þeim augun þegar þeir mæta álveri, risastóru álveri, sem getur fullt eins vel boðið okkur heim mengunarvanda sem er eitthvað í líkingu við þann mengunarvanda sem hefur verið af því álveri sem hér er nú, sem er eitthvað í líkingu við þann mengunarvanda sem í raun blasir við okkur að reyna að hemja og draga úr hér á landi. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan við fréttum af tunnum með úrgangi sem höfðu verið grafnar niður að því er virtist án vitundar manna. Það hefur verið upplýst seinna að það mun víst hafa verið með vitund yfirvalda á Sauðárkróki að þessar tunnur voru grafnar niður við Steinullarverksmiðjuna. En í stað þess að gera átak í þessum málum er í raun verið að bæta á okkur vanda sem við eigum afar erfitt með að taka á.

Á sunnudaginn var dagur jarðar. Þá áttum við öll að huga að því hvernig við getum farið sem best með jörðina okkar. Eru menn í raun sammála um að þetta sé heppilegasti atvinnukosturinn fyrir Íslendinga í framtíðinni? Eru menn í raun sammála um að það sé þessi leið sem við eigum að fara, að það sé á þennan hátt sem við eigum að fjárfesta? Liggur ekki hugur manna til þess að reyna að varðveita og hlúa betur að þeirri náttúru landsins sem er hin raunverulega auðlind okkar. Að verða stóriðjuþjóð í matvælaframleiðslu, að nýta vel það góða hráefni sem við höfum á því sviði.

Nei. Ég lýsi yfir vonbrigðum með skort á hugmyndaauðgi, með úrræðaleysi í atvinnumálum og ég undrast það hve menn eru orðnir fúsir að skipta um skoðun til að leita skammtímalausna við atvinnuleysi, til að leita skammtímalausna til að auka hagvöxt, því ég held að þessi lausn sé í raun ekkert annað en viðbrögð við þessum tveim nokkuð ógnvekjandi fyrirboðum sem ríkisstjórnin sér í náinni framtíð. Og mér finnst að hún hefði átt að leysa þessi mál á annan veg og okkur kvennalistakonum (**Gripið fram í:** Öllum?), sex sem eru hér á þingi.

Síðan minni ég á það og ég spyr hæstv. iðnrh. og reyndar fjmrh. líka: Ef þeir ætla þenslunni og verðbólgunni ekki að fara úr böndunum, sem hlýtur að vera nokkur hætta á vegna þeirrar atvinnusprengingar í efnahagslífinu sem hlýst af þessari hröðu og miklu uppbyggingu og þessari stóru fjárfestingu, hvernig ætla þeir að hemja hana? Ætla þeir að draga svona mikið úr fjárfestingum innan lands til jafnvægis? Ætla þeir til jafnvægis að draga svona mikið úr annarri atvinnuuppbyggingu, því að auðvitað er ekki hægt að gera allt í einu? Uppbyggingin verður bara á einum stað á landinu því að endanlega verður líklega bara einn staður valinn. Hvað á að gera í byggðastefnumálum annars staðar á landinu? Hvernig á að leysa þann vanda sem blasir við ótal byggðarlögum úti á landi sem hrópa á fjármagn, sem hrópa á þjónustu, sem hrópa á meiri uppbyggingu? Á fólkið allt að flytjast, þessi 2400 manns sem eiga að vinna við þessa uppbyggingu, á það allt að flytjast á þennan stað? Vilja menn meina að það hljótist ekki byggðaröskun og félagsleg röskun af slíku? (**EgJ:** Hvaða stað?) Þann stað sem líklega verður fyrir valinu og það er áhugavert í sjálfu sér hver á að velja staðinn.

Margir álíta stóriðju úreltan atvinnukost og ég stend hér einmitt og horfi á hæstv. fjmrh. og man eftir grein sem hann skrifaði í dagblað um atvinnuuppbyggingu hinna smáu fyrirtækja. Það væri vænlegasti framtíðarkosturinn. Við það réðu menn. Það væri eðlilegt fyrir okkur Íslendinga að huga að uppbyggingu atvinnu með hinum smáu fyrirtækjum, ekki á þennan veg. En menn hafa látið leiða sig út í þessa lausn. Og ég held að þetta sé röng leið.

Framsæknustu iðnaðarríki heims, og það veit hæstv. fjmrh. af því að hann minntist einmitt á það líka, eru að flytja þungaiðnað sinn úr landi, hvert sem betur getur. Þau sem geta það flytja hann annað. Ég er ekki að mæla því bót að hann verði fluttur annað, til fólks sem er varnarlausara, t.d. í þróunarríkjunum, alls ekki. Tilhneigingin er hins vegar sú af því að menn vilja ekki sjá þetta við sínar eigin bæjardyr. En þeir vilja fá afurðirnar og ég vil gjarnan spyrja ykkur: Hversu margir hv. þm. vita til hvers ál er notað í heiminum í dag? Halda menn að þetta séu aðallega steikarapönnur eða álpappír til eldhúsnota, til þess að grilla með? Til hvers er ál notað? Í hverju tökum við þátt? Vita menn að ál er notað t.d. í hergögn? Hve mikill hluti áls er notaður í hergögn? Til hvers viljum við nota orku fallvatnanna? Í hverju viljum við taka þátt? Viljum við nota hana til þess að framleiða matvæli handa heiminum eða viljum við nota hana í þungaiðnað? Viljum við nota hana í stóriðju? Þetta er spurning um grundvallaratriði.

Vegna þess að ég var að tala um atvinnuuppbyggingu vil ég minna hv. ríkisstjórn og þingmenn á það að sú atvinnuuppbygging sem er í kringum stóriðju er ekki fyrir konur. Þessi hæstv. ríkisstjórn lofaði í málefnasamningi sínum að gera sérstakt átak í atvinnumálum kvenna. Og það var ekki að ástæðulausu að hún gerði það. Hún gerði það vegna þess að kröfurnar um það eru mjög miklar. Þær eru miklar vegna þess að af öllum þeim fjölda sem nú er atvinnulaus er yfirleitt stærsti hlutinn konur. Ég minni hv. 3. þm. Vesturl. á það að á Akranesi eru a.m.k. 150 manns sem ganga atvinnulausir og langstærstur hluti þeirra er konur.

Þessi saga endurtekur sig víða úti á landi og hv. þm. vita allir að atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar allt of einhæft. Sums staðar stendur og fellur byggðarlagið í raun og veru með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki og þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsháttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilis. Þess vegna er löngu, löngu tímabært að taka mið af þeirri staðreynd og þið vitið líka allir, hv. þm., að flest heimili þurfa tvær fyrirvinnur.

Ég minni hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn á sinn eigin málefnasamning. Ég minni hæstv. ríkisstjórn líka á tvær þáltill. sem hafa verið fluttar hér á þingi. Fyrstu

flm. þeirra eru tvær Unnar. Önnur er Stefánsdóttir og hún flytur mál sitt með þingmönnum Framsfl. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakt átak til að efla atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli."

Seinni tillagan er flutt af Unni Kristjánsdóttur með þingkonum Alþb. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjögurra manna nefnd til að gera tillögur til úrbóta á atvinnumöguleikum og starfsskilyrðum þeirra kvenna sem vinna við iðnað, landbúnað og sjávarútveg á landsbyggðinni. Félmrh. skipi formann nefndarinnar en sjútvrh., iðnrh. og landbrh. skipi einn nefndarmann hver. Nefndin starfi á vegum félmrn. og skal skila áliti eigi síðar en í júní nk."

Þessar tillögur voru reyndar báðar fluttar á þinginu 1988.

Það er ekki að ástæðulausu að þingkonur stjórnarflokka flytja þessi þingmál. Það er vegna þess að þær eru fulltrúar fólks sem finnur eldinn brenna á sér og það er sorglegt til þess að vita hversu lítið hæstv. ríkisstjórn hefur gert í þessum efnum. Nú alveg nýlega gerði hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir fyrirspurn um ágæta skýrslu sem hafði verið gerð og fjallaði um atvinnumál bændakvenna, og það hafði nánast ekkert verið gert í þeim efnum. Hæstv. félmrh. hafði lagt þessa skýrslu fram 16. des., hafði farið fram á 15 millj. kr. fjárveitingu, en fjárveitingavaldið sá sér ekki fært að verða við þeirri ósk. Og ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvaða ráð hefur ríkisstjórnin undir rifi sínu til þess að mæta þörfum kvenna um aukna atvinnuuppbyggingu? Og ég gæti lesið hér úr ræðum sem hafa verið fluttar á þinginu í vetur um það hvað Norðurlandaþjóðirnar hafa gert til að halda konum í byggðarlögum jaðarbyggða vegna þess að þegar konurnar flytja burtu leggst byggðin af. Karlmennirnir una ekki kvenmannslausir lengur. Það er ósköp einfalt mál. Þeir missa fjölskyldur sínar og þeir vilja fylgja þeim. Og ef menn ætla að halda byggð í þessu landi verða þeir að gera eitthvað sem er úrræðabetra en að byggja annað álver á hefðbundinn hátt. Þvílíkt hugmyndaleysi.

Ég bendi hæstv. iðnrh. á möguleika hátækniiðnaðar. Ég bendi honum á þáltill. sem hefur nýlega verið samþykkt á þessu þingi. Hún leiðir okkur í átt til nýrri tíma. Hún leiðir okkur í átt að atvinnu sem hentar okkur betur í þessu þjóðfélagi. Mig langar að lesa hana, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til þess að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna."

Þessi tillaga var flutt af þingkonum Kvennalistans og mælti Danfríður Skarphéðinsdóttir fyrir henni.

Sem betur fer sá ríkisstjórnin, og hv. þm., að þetta er hið þarfasta mál. Þarna eru atvinnutækifæri. Þarna eru á ferðinni störf, réttara sagt því atvinnutækifæri er ljótt orð, sem bæði karlar og konur geta unnið. Þarna eru á ferðinni störf sem hægt er að dreifa um landið.

Og síðan bendi ég hæstv. iðnrh. á annan iðnað sem er mun lífvænlegri og hentar Íslandi og Íslendingum miklu betur en stóriðjuuppbygging og það er ferðamannaiðnaður. Ferðamannaiðnaðinn er hægt að byggja upp víða um landið þar sem byggð er þegar fyrir. Það er hægt að styrkja byggðina þar sem hún er þegar. Þá þarf ekki að flytja fólkið og þjappa því saman. Þá þarf ekki að skapa úlfúð á milli landshluta eins og verið er að gera núna þegar verið er að etja saman byggðarlögunum um það hvert verði sigurstranglegast í að hreppa þessa líka gjöf, þessa líka hermdargjöf.

Ég var nýlega samferða forsvarsmönnum atvinnulífs í byggðarlagi hér á landinu sem voru einmitt að koma á fund vegna möguleika á því að þeir hrepptu álverið. Þeir voru ekki ýkja hamingjusamir yfir því, en þeir áttu í erfiðleikum með að mæta atvinnuleysinu sem þeir sáu í sínu byggðarlagi. Þeir undu því ekki vel að þurfa í raun og veru að horfast í augu við þennan möguleika, en frekar en atvinnuleysið kusu þeir þetta. En þetta er ekki góður kostur og aðrir eru ekki boðnir.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar þó ég mundi vilja tala lengur vegna þess að þetta er afar mikið mál. Þetta mál fjallar um grundvallaratriði og þetta mál fjallar í raun um það hvernig við erum að binda okkur og börnin okkar í langri framtíð vegna þess að erlendu skuldirnar munu vaxa. Ég efast stórlega um að þær muni auka tiltrú annarra þjóða á okkur. Mér finnst þetta ekki vera góðir atvinnukostir og af öllum þessum ástæðum sem ég hef þegar talið getum við kvennalistakonur ekki stutt frv., fyrst og fremst vegna þess að tilgangur þess er að standa fyrir stórvirkjunum í þágu stóriðju sem við erum í raun og veru mótfallnar. Þess vegna kemur ekki til greina að styðja þetta mál. Og ég tek undir með hv. 4. þm. Vestf.: Mér finnst afar undarleg 3. gr. frv. Ef einhver á að ákveða forgangsröð eins og þessa, þá er það Alþingi. Slíkt vald á alls ekki að fela í hendur neinum iðnrh. og það á að vera samþykki fulltrúa þjóðarinnar sem ræður því hvað er virkjað og hvernig er virkjað, í hvaða röð. Kvennalistakonur eru ekki mótfallnar því að virkja fallvötn landsins, en við viljum ekki gera það í þessum tilgangi og á þennan hátt.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ber að skilja þetta hlé svo að ekki eigi að taka raforkumálin fyrir að nýju? Eða eru einhverjar

aðrar ástæður fyrir því að umræðu er slitið með þessum hætti? Mér finnst eðlilegt að umræður geti haldið áfram viðstöðulaust um það mál sem hér er á dagskrá.

Forseti (Jón Helgason):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. óskaði eftir upplýsingum frá hæstv. fjmrh. í máli sem er fyrr á dagskrá og nú hefur verið tekið fyrir. Hæstv. fjmrh. tekur til máls.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fyrr í þessum umræðum var vikið að húsaleigubótum og spurt um vinnu að tillögugerð um nýskipan þeirra mála. Það er rétt sem fram hefur komið í þessum umræðum að innan fjmrn. er unnið að útfærslu hugmynda um húsaleigubætur. Félmrh. lagði fram hugmyndir og tillögur sem höfðu verið þróaðar í vinnu að húsnæðismálafrumvörpum og þessar hugmyndir og tillögur hafa gengið inn í þá vinnu sem fjmrn. hefur haft sem einn af meginþáttum í endurskoðun laganna um tekjuskatt, en eins og fram hefur komið fyrr á þessu þingi var ákveðið fyrr í vetur að tekjuskattslögin yrðu endurskoðuð með tilliti til aukins jöfnuðar innan laganna sjálfra án þess að um breytingu á skattbyrðinni sjálfri væri að ræða. Ein af þeim hugmyndum sem nefndar voru í því samhengi var að húsaleigubótum yrði beitt sem tekjujöfnunartæki innan ramma tekjuskattslaganna. Ætlunin er að kynna síðan hugmyndir og tillögur í þessum efnum á haustþingi. Vona ég að þetta séu nægilegar skýringar á því hvar á vegi þessi vinna er stödd og hvaða hugmyndir eru um lok hennar á þessu ári.

Þá hefur einnig verið vikið hér að stöðu byggingarsjóðanna og eins og hv. alþm. er kunnugt hefur það efni verið nokkuð til umræðu á undanförnum árum og m.a. á þessu þingi og verið rætt í tengslum við vaxtaákvarðanir af húsnæðislánum og framtíðarþróun þessa kerfis.

Það er auðvitað alveg ljóst að það verður eitt af verkefnum á næstu árum að finna viðvarandi farveg fyrir húsnæðisfjármögnunina og staða byggingarsjóðanna í framtíðinni verður eðlilega þáttur í þeirri endurskoðun. Þar koma til greina ákvarðanir um vexti. Þar kemur einnig til greina reynslan af húsbréfakerfinu sem núna er að stíga sín fyrstu spor og þar koma enn fremur til greina ýmsar nýjar hugmyndir sem hafa heyrst á síðustu missirum um nýskipan í húsnæðismálum, hugsanlega breytt samskipti lífeyrissjóðanna og Húsnæðisstofnunar varðandi fjármögnun húsnæðismálakerfisins.

Þetta verður eitt af stærri verkefnum í íslenskum þjóðmálum á næstu árum og munu allir flokkar og þau þing sem kosin verða hér á næstu árum þurfa að móta sér afstöðu í þeim efnum og ekki við því að búast að á þessu stigi liggi fyrir endanlegar tillögur um þau mál.

Það verður sérstaklega fróðlegt síðar á þessu ári að sjá hver reynslan af húsbréfakerfinu hefur orðið vegna þess að hún mun hafa þó nokkur áhrif á stærðargráðu þessa vandamáls á næstu árum.

Ég vænti þess að þetta varpi einnig nokkru ljósi á þau atriði sem óskað var frekari upplýsinga um fyrr í þessari umræðu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa komið hingað til þessa fundar. Þó að hann hafi ekki sagt mörg orð varpa þau gleggri mynd á það sem er að gerast en allar þær ræður sem hæstv. félmrh. hefur haldið um þessi efni. Sýnir ræða hæstv. fjmrh. ljóslega í hvaða vanda við erum stödd í húsnæðismálunum. Ég tek fullkomlega undir þau ummæli hæstv. fjmrh. að það verður verkefni næstu ára að finna viðvarandi grundvöll fyrir tekjuöflun til byggingarsjóðanna eins og eiginfjárstöðu þeirra er komið og eins og staðið hefur verið að fjáröflun til þeirra. Í því sambandi er þess skemmst að minnast að á sl. ári tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að skera fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins niður um helming miðað við þá ákvörðun Alþingis í desember 1988 að ríflega einn milljarður kr., einn milljarður og 50 millj. kr., rynni til Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi fjárhæð var skorin niður um 500 millj., um hálfan milljarð, á miðju ári, og það sem kannski vekur meiri athygli er að á þessu ári er einungis reiknað með því að 150 millj. kr. renni til Byggingarsjóðs ríkisins. Það er greinilegt af ummælum hæstv. fjmrh. nú að hann telur að þessi naumi skammtur, naumi fjármagnsskammtur sem hann treystir sér til að sjá af til Byggingarsjóðs ríkisins, er fullkomlega óviðunandi, fullkomlega ónógur, og sagði berum orðum í sinni ræðu að hæstv. félmrh. er að velta vandanum yfir til framtíðarinnar með því að sætta sig við þessa niðurstöðu og ætlast til þess að sú ríkisstjórn sem tekur við þegar þessi lýkur nösum, sem margt bendir til að verði fyrr en hæstv. forsrh. vill vera láta, sú ríkisstjórn verður að taka duglega á til að reyna að bæta þau skemmdarverk sem nú eru unnin á þessu kerfi.

Ég saknaði þess einungis að hæstv. fjmrh. segði að í samanlagðri sögu húsnæðismála á Íslandi hefði enginn húsnæðisráðherra sýnt jafnauma frammistöðu og sá sem nú er í því embætti, að sætta sig við það að einungis 10% af því fjármagni sem Alþingi ætlaðist til á sl. ári að rynni til sjóðanna skuli nú koma í hlut Byggingarsjóðs ríkisins. Og þegar ég segi 10% er það nú svo að ekki er tekið tillit til verðgildis krónunnar. Ef metið yrði verðgildi krónunnar í desember 1988 og verðgildi þeirra 150 millj. sem ríkisstjórnin nú treystir sér til að sjá af til Byggingarsjóðs ríkisins sjáum við að niðurskurðurinn er enn meiri. Það er ekki upp í nös á ketti þetta smáræði sem húsnæðisráðherrann sættir sig við að renni til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég sagði, hæstv. fjmrh., í ræðu á laugardaginn að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Stefán Ingólfsson sem vinnur hjá Fasteignamati ríkisins hefðu ekki sætt sig við jafnsmáan hundaskammt og þann sem við erum nú að tala um.

Ég vék að því í ræðu minni á laugardag að miðað við það frv. sem hér er til umræðu og þær miklu vonir sem

bundnar eru við félagslega kerfið og líka með hliðsjón af því að lífskjör hafa dregist mjög verulega saman hér á landi og að æ stærri hluti þjóðarinnar býr nú við þurftartekjur, þá er auðvitað augljóst mál að ásóknin í félagslegar íbúðir verður miklu meiri en ella, líka vegna þess að hæstv. húsnæðisráðherra virðist hlakka yfir því að biðröðin í Byggingarsjóð ríkisins verði sem allra lengst þannig að allt víkur þarna að einum punkti. Það er greinilegt að ekki stendur vilji til þess í Alþfl. að reyna einu sinni að takast á við þau verkefni sem húsnæðismálin eru. Þetta er auðvitað mjög eftirtektarvert, ekki síst í ljósi þess að það hefur verið svo fram að þessu að Alþfl. hefur lagt á það höfuðáherslu við stjórnarmyndanir að fá húsnæðismálin í sínar hendur. Til þess að reyna að gera honum góð skil og til þess að reyna að skilja við byggingarsjóðina heldur sterkari að loknum starfsferli ríkisstjórnar en þegar Alþfl. kom að málinu. Nú er þetta breytt og nánast ógerningur að fá ráðherra í ríkisstjórninni til þess að ræða í alvöru og hreinskilni um þá miklu erfiðleika sem þarna blasa við og ætlað er að framtíðin fáist við að leysa.

Ég hygg, hæstv. fjmrh., að það sé rétt hjá mér að hagsýslan hafi tekið byggingarsjóðina báða til sérstakrar athugunar og meðferðar þar sem augu fjmrn. hafi opnast fyrir því að þessum sjóðum hefur ekki verið sinnt sem skyldi og nauðsynlegt að aðrir menn komi að þessum sjóðum en þeir sem hafa haft þau verkefni samkvæmt stjórnskipan ríkisins. Þannig er nú þetta mál vaxið. Auðvitað er óhjákvæmilegt líka við meðferð málsins í Nd. að þessi mál séu brotin til mergjar og fyllstu upplýsingar liggi fyrir um það hvernig lessið stendur, svo vitnað sé til þess ágæta spils pikkís, sem er kannski skemmtilegasta tveggja manna spil sem þekkist og ég veit að við hæstv. fjmrh. kunnum báðir.

Annað vakti athygli mína í ræðu hæstv. fjmrh. og hlýtur að verða mörgum mikið umhugsunarefni, ekki síst aðilum vinnumarkaðarins sem stóðu að því samkomulagi sem gert var í febrúarmánuði um að reyna að ná stöðugleika í þjóðfélaginu þó svo að við hefðum ríkisstjórn sem ekki hefur burði til þess að standa sæmilega vel að neinu því sem henni er til trúað. Aðilar vinnumarkaðarins náðu því samkomulagi að skyldi nú um sinn horfið frá því að reyna að sækja meiri kaupmátt. Þess í stað skyldu launþegar sætta sig við lakari kaupmátt og versnandi á þessu ári en hinu síðasta. Þessir samningar eru þannig úr garði gerðir að ekki er búist við því að til nýrrar samningalotu þurfi að koma fyrr en eftir alþingiskosningar, ef þær verða í aprílmánuði á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur þess vegna meiri starfsfrið að þessu leyti en nokkur önnur ríkisstjórn hefur haft hér á landi þó maður fari marga áratugi aftur í tímann.

Ég kannast ekki við að skýrt hafi verið frá því í fjh.- og viðskn. þegar aðilar vinnumarkaðarins komu til fundar við nefndina né í þeim drögum sem fyrir okkur hafa verið lögð, minnispunktum sem maður hefur séð frá þessum samningum, að aðilar vinnumarkaðarins hafi fallist á það að grundvelli tekjuskattslaganna yrði bylt með þeim hætti að horfið yrði frá því að skattþrepið væri eitt en þess í stað tekin upp tvö skattþrep í tekjuskattinum. Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. átti við það þegar hann var að tala um að í undirbúningi væri frv. til nýrra tekjuskattslaga sem miðuðu að aukinni tekjujöfnun. Það er auðvitað mjög fróðlegt að fá um það upplýsingar. Er ríkisstjórnin að undirbúa það að bylta því staðgreiðslukerfi sem við búum nú við, taka upp tvö skattþrep og með þeim hætti kippa undirstöðunum undan þeirri þjóðarsátt sem náðist í kjaramálunum í febrúarmánuði?

Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er reiðubúinn að gefa nánari skýringar á þessum ummælum sínum. Vissulega gaf hann tilefni til þess að þetta atriði yrði gert að sérstöku umræðuefni og hann inntur eftir því hvað hann ætti við með orðunum „til aukinnar tekjujöfnunar" í sömu svifum og hann er að lýsa þeim hugmyndum, að vísu mjög lauslega, sem liggja að baki því sem kallað hefur verið tillögur um húsaleigubætur og leigumiðlanir.

Við erum að fjalla um frv. sem hefur í för með sér að hinn félagslegi þáttur íbúðabygginga verður mun meiri en áður. Jafnframt eru því settar mjög strangar skorður hvaða hópur þjóðfélagsþegna eigi kost á því að njóta þess sem kallað er félagslegar íbúðir. Þessi hópur nýtur verulegrar vaxtaniðurgreiðslu fram yfir þá sem hærri hafa tekjurnar. Ég tala nú ekki um þann hóp manna sem verður að leita til húsbréfakerfisins eða út á hinn frjálsa markað til þess að eignast þak yfir höfuðið af þeirri einföldu ástæðu að félagslegu íbúðirnar eru kannski ekki til reiðu eða viðkomandi fer lítillega yfir mörkin.

Nú má auðvitað segja að þjóðfélagið eigi að verja vissum hluta af sínum tekjum til tekjujöfnunar. Við sjálfstæðismenn höfum jafnan verið þeirrar skoðunar. Við höfum bent á það frumkvæði og þá forustu sem Reykjavíkurborg hefur haft í byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða. Ekkert bæjarfélag á landinu hefur komið meira við sögu hins félagslega íbúðarhúsnæðis, ef maður notar þau orð, enda, eins og ég sagði hér síðast, góður nauturinn að þar sem er hugmyndasmiðurinn að því sem við köllum velferðarþjóðfélag, hinn gamli Bismarck, Prússinn Bismarck.

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hugmyndin sé sú að húsaleigubæturnar verði til langframa. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. hugsi sér að menn geti notið húsaleigubóta svo lengi sem viðkomandi býr í leiguhúsnæði. Það hlýtur að vera hugsunin á bak við slíka fjármagnstilfærslu. Vaknar þá aftur spurningin hvort viðkomandi eigi ekki líka kost á því að fá sérstakar vaxtabætur, ef hann kýs t.d. að breyta kaupleiguíbúð í eignaríbúð á einhverju stigi, og geti þá um langan tíma fengið veruleg framlög til þess að létta sér þann róður að eignast þak yfir höfuðið.

Ég hef verið þeirrar skoðunar eins og Margrét Thatcher að ríkisvaldið eigi að koma til móts við þá sem vilja eignast þak yfir höfuðið. Ég sé ekki eftir því og vil ganga lengra í þeim efnum en gert er í

núgildandi lögum. Ég er sammála forsætisráðherra Bretlands um það að þjóðfélagið eigi að leggja mikið á sig til þess að menn eignist sínar íbúðir. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hyggist breyta þeim ákvæðum skattalaga sem lúta að frádráttarbærni fjármagnskostnaðar eða niðurgreiðslu á fjármagnskostnaði þannig að tekið verði tillit til þess fjármagnskostnaðar sem þeir sem eru að eignast sitt íbúðarhúsnæði hafa við öflun húsnæðisins og hvort slík frádráttarbærni verði eftir öðrum reglum en nú eru. Við vitum allir að hún er mjög takmörkuð og ónóg. Um þetta vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um leið og ég þakka honum fyrir hans svör.

Ég tók eftir því að í fjmrn. eru uppi að sumu leyti aðrar hugmyndir en hæstv. félmrh. var hér að lýsa. Auðvitað er ekkert athugavert við það þótt fjmrn. reyni að vinna úr þeim hugmyndum sem nefnd félmrn. lagði fram. Vegna þess að við því má að búast að þær hafi ekki verið þrauthugsaðar. Þessi ummæli mín ber þó ekki að skilja þannig að ég sé fyrir fram sammála þeim hugmyndum sem í fjmrn. eru lagðar til grundvallar breyttum skattalögum en hlýt að endurtaka spurningu mína til hæstv. fjmrh., hvort hann hafi með orðum sínum hér áðan verið að boða frv. um breytt tekjuskattslög og þá í þeim skilningi að horfið verði frá því að tekjuskatturinn verði í einu þrepi eins og nú er og þrepum fjölgað þá e.t.v. í tvö eða þrjú. Ég ítreka að ég tel að með því sé komið í bakið á þeim sem stóðu að kjaramálasáttinni nú í febrúarmánuði.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessa ræðu lengri. Við þingdeildarmenn höfum verið á fundum síðan kl. 8 í morgun og fundir hafa verið boðaðir kl. 8 í fyrramálið. Ég þykist því vita að hæstv. forseti sé mér sammála um að eðlilegt sé að ljúka fundi í kvöld eigi síðar en um 11. Ég ætla þess vegna að gefa hæstv. fjmrh. svigrúm til þess að svara fyrirspurn minni á þessum fundi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Halldórs Blöndals hér áðan.

Það sem hæstv. fjmrh. fjallaði einkum um í ræðu sinni, ef ég hef skilið hann rétt, var að hann talaði um það að í hans huga væru fram undan nýskipan í sambandi við húsnæðismálakerfið. Vék hann þá einkum að þeim þætti sem lýtur að fjármögnun. Jafnframt kom hann í svari sínu nokkuð inn á það atriði sem auðvitað skiptir líka höfuðmáli.

Ég veit að félmrh. skilur vel að það gerist ekkert í húsnæðismálum án fjármagns. Ég var einmitt að víkja að því, hæstv. félmrh., að skilningur fjmrh. á því að þetta þyrfti að fjármagna með eðlilegum hætti virðist vera með öðrum hætti en sá skilningur sem hefur eiginlega ríkt, vil ég segja, frá ársbyrjun 1986 þegar sett voru hér þvingunarlög með samþykki þm. úr öllum flokkum í sambandi við fjármögnun núverandi húsnæðismálakerfis. Ég sé að hæstv. fjmrh. gerir sér grein fyrir því að það er ekki í takt við nútímann og allra síst við framtíðina, að haga málum með þeim hætti sem þar er.

Áður en ég vík nánar að fjármögnunarþættinum er annað aðalatriði í sambandi við húsnæðismálakerfið og húsnæðismál fólks almennt sem ég vildi fjalla um. Þetta atriði lýtur að skilyrðum til eignamyndunar á sviði íbúðareignar. Mér fannst nokkuð óljóst í svari ráðherra hvernig hann hugsar sér þann þátt mála sem er auðvitað grundvallaratriði í þessu máli vegna þess að það er til lítils að útvega fjármagnið ef hitt skilyrðið er ekki fyrir hendi sem gerir fólki kleift að eignast sínar eigin íbúðir. Eins og við vitum allir er það grundvallarstefna Sjálfstfl. að það sé sjálfseign í sambandi við íbúðarmál.

Það sem hæstv. fjmrh. sagði sérstaklega var að það þyrfti að finna nýjan farveg í sambandi við fjármögnun hvað húsnæðismálakerfið áhrærir í framtíðinni. Ég get ekki skilið orð ráðherra á annan veg en að hann geri sér grein fyrir því að núverandi fjármögnunarkerfi stenst ekki, enda hefur það komið fram bæði í ræðum hæstv. fjmrh. og í ræðum hæstv. félmrh. að núverandi niðurgreiðslukerfi stenst ekki þegar til lengdar lætur. Hvorki ríkissjóður né þjóðin getur axlað þann vaxtamun sem felst í þessu kerfi. Það hlýtur því auðvitað að vera þáttur í þessari endurskipulagningu, enda er það í anda hæstv. félmrh., að vextir nálgist það að vera í svokölluðu jafnvægi þannig að þessar niðurgreiðslur hætti. En það vill nú svo til að í þessari deild höfum við verið að fjalla um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem gert er ráð fyrir því að í stað þess að framkvæma nýskipan á sviði þessara mála erum við að festa húsnæðismálakerfið í þeim farvegi sem það er í í dag og auka hinn svokallaða félagslega þátt kerfisins.

Nú er það eitt atriði í sambandi við félagsmálakerfið að útfærsla þess og framkvæmd, samkvæmt því lagafrv. sem hér hefur verið til meðferðar, brýtur í bága við það ákvæði í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins við ríkisvaldið að sjóðfélagar lífeyrissjóðanna, sem leggja nú til mestallt fjármagnið, skuli hafa forgang að lánum vegna þess að eftir því sem þáttur félagsmálakerfisins eykst með því úthlutunarkerfi sem því fylgir, þá þrengist auðvitað hagur þeirra sem leita inn í almenna kerfið eftir lánum og þar af leiðandi minnka möguleikar sjóðfélaga á að fá eðlilega lánafyrirgreiðslu úr almenna kerfinu. Þetta er augljóst mál. Þetta er það sem ég geri mér ljóst að hæstv. fjmrh. gerir sér einnig grein fyrir vegna þess að hæstv. fjmrh. er í ýmsu framúrstefnumaður og á undan sínum tíma, oft til góðs almennt séð vil ég nú halda fram, en getur líka valdið öðrum erfiðleikum eins og við þekkjum annars staðar frá í hans stjórnmálastarfsemi. En það er ekki til umræðu hér.

Sem sagt, ég tek undir þetta viðhorf hæstv. fjmrh. að það þurfi að horfa til framtíðarinnar. Og þá er spursmálið, hvernig menn spá í þróunina í sambandi við það að skapa skilyrði til eignamyndunar sem gerist auðvitað m.a. í gegnum skattakerfið. Ég varpa því fram sem hugmynd sem hlýtur að vera til athugunar í þeim efnum að í stað þess að vera með þessar vaxtabætur, sem að mínu mati er úrelt miðstýringaraðferð sem er seinvirk og háð mati embættismanna

og stjórnmálamanna sem ég tel mjög óæskilegt, er auðvitað miklu eðlilegra að þetta komi strax fram hjá þeim aðilum sem hlut eiga að máli, t.d. með vaxtafrádrætti á fyrstu íbúð, innan ákveðinna marka að sjálfsögðu og ekki ótakmarkað. Þetta var svona áður fyrr og reyndist að ýmsu leyti vel. Ég get ekki fallist á það sjónarmið að þótt skattalögum hafi verið breytt fyrir nokkrum árum séu þau eitthvað sem ekki megi breyta aftur. Ég tel það grundvallaratriði að skapa fólki betri skilyrði og auðvelda því að eignast íbúð, þak yfir höfuðið með þeim hætti að vaxtafrádráttur komi á fyrstu íbúð innan ákveðinna marka í stað þess að vera með vaxtabætur.

Ég gat um það áðan að þvingunarlög frá 1986, með þeim breytingum sem hafa orðið á lögunum síðan, tryggja það núna að 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna fara inn í húsnæðismálakerfið. Þar streyma peningarnir eins og skrúfað sé frá krana. Þar virðist vera nægilega mikið af peningum fyrir hendi. Þrátt fyrir þessar svokölluðu biðraðir, þá eru aðrir aðilar sem verða ekki varir við það. Þeir fá allt sitt á þurru og ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Ég vil einnig halda því fram að þetta kerfi hafi framkallað óeðlilega hátt verð á íbúðum, sérstaklega hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, því miður fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa íbúðir. En til þess að nálgast nú frekar þá hugsun sem ég tel að sé að baki hjá hæstv. fjmrh. þegar hann er að fjalla um nýskipan þessara mála, þá geri ég ráð fyrir því að hann sé að hafna þessum úreltu norrænu sósíalísku viðhorfum sem ganga öll út á það að auka félagslegar íbúðir. Það þekkjum við frá Svíþjóð og þessum kratalöndum. Það liggur í augum uppi að þær aðferðir duga ekki. Það þarf ekki að fara lengra en til þess sem er að gerast í Austur-Evrópu núna til að kynnast því. Það eru ekki allir jafnkokhraustir og utanríkisráðherra Svía, Sten Andersson, sem lét sig hafa það að afneita Litáum þegar þeir áttu í miklum erfiðleikum fyrir skömmu. Ég skil fullvel að hæstv. fjmrh. lítur til engilsaxneskra viðhorfa þegar hann er að skoða húsnæðismálin og þá náttúrlega til Bretlands og hins vestræna heims sem gerir sér grein fyrir því að fólkið verður að hafa frelsi og skilyrði til þess að eignast sínar eigin íbúðir. Hæstv. fjmrh. er menntaður í Bretlandi og þekkir þau viðhorf sem þar ríkja. Ég ætla ekkert að fara að vitna í Margréti Thatcher. Hún er ekki endilega mitt uppáhald. Þó hún hafi í ýmsu gert margt gott þá er hún ekki til fyrirmyndar í öllum efnum. En hvað sem því líður þá hafa markaðsöflin svonefndu, sem ég veit að hæstv. fjmrh. er mjög hrifinn af, afgerandi áhrif í sambandi við þessi mál í Vestur-Evrópu þó þau nái ekki inn í Svíaríki þar sem sósíalistar ráða enn ríkjum.

Í sambandi við hugmyndir um nýskipan vil ég varpa fram þeirri hugmynd hér, hæstv. fjmrh., þar sem ég geri ráð fyrir því að þessi ríkisstjórn lifi af sumarið, maður hlýtur að gera ráð fyrir því. Það á ekki að kjósa fyrr en árið 1991 og maður trúir því ekki fyrr en fullreynir á að hún lafi ekki, þessi ríkisstjórn. Ég held að ég verði að nota tækifærið vegna þess að það er ekki nema hálfur mánuður í það að þing hætti, til að varpa fram þeirri hugmynd, ef hæstv. fjmrh. stendur við það að skoða þetta mál um nýskipan húsnæðismála í sumar, hvort hann geti ekki fallist á þá hugmynd að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í hlutafélag. Þá á ég við að Húsnæðisstofnun verði hlutafélag að hluta til í eigu ríkisins til að byrja með en helstu eignaraðilar að þessari stofnun verði þeir sem mestu máli skipta og eru í nánustum tengslum við þá aðila sem leggja inn fjármagnið, eru bæði þiggjendur, þolendur og veitendur, sem er fólkið í landinu, þannig að inn í þetta hlutafélag kæmu að sjálfsögðu þeir einstaklingar sem vildu gerast aðilar og hluthafar, bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, verkalýðsfélög svo að dæmi séu nefnd. Með þeim hætti hyrfi ríkið út úr myndinni með sambærilegum hætti, vil ég segja, og fjárframlög hins opinbera hafa farið dvínandi ár frá ári núna síðustu árin.

Ég held að þetta hljóti að vera eðlileg þróun og ég treysti því að hæstv. fjmrh. íhugi hugmynd mína um að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í hlutafélag. Ég efast ekki um að ef það yrði gert yrði þungu fargi létt af ýmsum stjórnmálamönnum. Þeir þyrftu þá ekki að vera að velta því fyrir sér á hinu háa Alþingi ár eftir ár, eins og við höfum horft upp á síðan 1986, hvernig ætti að ráðstafa þessum málum. Fólkið mundi gera það sjálft. Ég treysti því að t.d. kjörnir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar séu jafnverðugir fulltrúar í umfjöllun þessara mála í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins eins og þeir geta setið t.d. í bankaráði stærsta einkabanka landsins sem er Íslandsbanki hf. Þar situr, ef ég man rétt, m.a. í bankaráði forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Rafvirkjasambands Íslands og þeir virðast standa sig nokkuð vel. Þessi banki sem til varð m.a. með stuðningi virðulegs forseta sem nú situr, hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar. Það hlýtur að vera fullt af hæfum mönnum í verkalýðshreyfingunni sem geta komið inn í rekstur slíks fyrirtækis sem hér um ræðir ásamt öðrum. Ég viðhafði þá kurteisi að nefna ekki hv. fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar sem eru í stjórn Íslandsbanka, en ég get gert það, flokksbróður hæstv. fjmrh. Ásmund Stefánsson, sem sögur segja að sé nú að endurskipuleggja Alþb. Hæstv. fjmrh. getur kannski upplýst okkur eitthvað um það. (**Gripið fram í:** Í frítíma sínum.) Í frítíma sínum að sjálfsögðu.

En gamanlaust, ég sé að hæstv. fjmrh. hlýtur að vera mjög hrifinn af þessari hugmynd því að með henni mundum við framkalla einfalda útfærslu þessara mála. Ég var að tala um það að það hlyti að vera mikill léttir fyrir hv. þm. og stjórnmálamenn að þurfa ekki að vera að atast í þessu ár eftir ár í ræðustóli á Alþingi Íslendinga hvernig þeir eiga að haga þessum málum fyrir fólkið sem getur auðveldlega séð um þetta sjálft með miklu auðveldari hætti, fyrir utan það að það væri framkvæmt miklu nær fólkinu og þeim sem standa í þessu fyrir fólkið. Þar á ég við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og vinnuveitendur sem og að sjálfsögðu fulltrúa ríkisvaldsins þar sem það á við.

Ég hef sagt það áður í ræðustól á hinu háa Alþingi að ég teldi stjórnmálamenn gersamlega óþarfa aðila í framkvæmd þessara mála og frekar til óþurftar en hitt. Fyrir utan það að þeir gera kerfið allt miklu dýrara með sínum afskiptum. Það er ein grundvallarstefna hæstv. viðskrh. og iðnrh. að sameina fyrirtæki, sérstaklega fjármála- og peningastofnanir, allt er lýtur að því. Hann átti verulegan þátt í því ásamt öðrum að sameina fjóra banka og er allt gott um það að segja. Nú treysti ég á það að hv. þm. Alþfl. hér á hinu háa Alþingi skoði þessa hugmynd okkar hæstv. fjmrh., sem ég held að hann hljóti að taka undir hér á eftir, um að gera þessa grundvallarbreytingu í útfærslu húsnæðismála á Íslandi. Þetta er mjög auðvelt og það er mjög æskilegt. Fyrir utan það að ég tel mig hafa nokkra þekkingu á því hvernig verðlag á peningum verður til í þessu kerfi. Þar sem ég hef nú staðið í samningum við ríkisvaldið fyrir hönd eins lífeyrissjóðs um það hvaða vextir skuli vera af skuldabréfum er ég sannfærður um að með því að taka upp þennan hátt væri hægt að lækka vexti til muna, m.a. vegna þess að þessi framkvæmd sem ég lýsti hér áðan, að færa þetta frá ríkisvaldinu, frá kerfinu til fólksins sjálfs, skapar allt annan grundvöll, allt annan skilning og allt annan jarðveg, fyrir utan að það er örugglega miklu hagkvæmara og ódýrara í rekstri en núverandi kerfi. Þannig að kostir þess að breyta þessu kerfi eru miklir.

Ég treysti því að hæstv. fjmrh. hafi meint eitthvað með því þegar hann talaði um það að fram undan væri að endurskoða þetta kerfi allt saman og sérstaklega það með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir tækju þátt í þessu. Þar hlýtur að vera um að ræða grundvallarstefnubreytingu frá því sem verið hefur sem er auðvitað eðlilegt.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjölyrða mikið meira um þetta á þessu stigi en ef tilefni gefst mun ég að sjálfsögðu taka aftur til máls. Ég legg sem sagt áherslu á það að við gerum þetta kerfi einfaldara, ódýrara og hagkvæmara fyrir þá sem þurfa að búa við það. Það gerist aðeins með þeim hætti, að mínu mati, að þessi mál verði tekin úr höndum ríkisvaldsins. Það verði tekið úr höndum stjórnmálamanna, það verði tekið úr höndum embættismanna og fært til þeirra sem eru raunverulegir ábyrgðarmenn, bæði þiggjendur og þolendur í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 921.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mun nú með nokkrum orðum leitast við að svara þeim spurningum sem hv. 4. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Reykv. beindu til mín hér í ræðum sínum áðan. Ég vík þá fyrst að því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf.

Hann vék að því að hann teldi að í 2. gr. frv. væri e.t.v. ekki ástæða til að veita sérstaklega heimild með lögum vegna Hitaveitu Reykjavíkur að reisa jarðvarmavirkjun á Nesjavöllum með allt að því 38 mw. afli. E.t.v. væri nær að breyta ákvæðum orkulaga um stærð þeirra virkjana sem leita þyrfti lagaheimilda fyrir. Mér finnst nú að vísu skrefið giska stórt frá tveimur mw. upp í 38 mw., enda skildi ég hv. 4. þm. Vestf. þannig að hann væri ekki að gera þá tillögu að það yrði heimilt, án sérstakrar lagaákvörðunar eða ákvörðunar í iðnrn., að reisa svo stórar virkjanir. Ástæðan fyrir því að menn vilja binda leyfi til virkjana takmörkunum, eins og þeim sem felast í því að það verði annaðhvort ákveðið með lögum eða í ráðuneytinu, eru náttúrlega fyrst og fremst þær að virkjanir séu ákveðnar út frá hagkvæmni virkjananna en ekki út frá gjaldskrám þeim sem einstakar smáveitur eiga við að búa. Það eru víða dæmi um það að það gæti verið hagkvæmt fyrir litlar bæjarveitur og almenningsveitur að virkja gjaldskrár Rafmagnsveitna ríkisins eða Landsvirkjunar en það er hins vegar ekki lóðið í málinu. Lóðið er að sjálfsögðu að menn virki hagkvæmustu kostina frá sjónarmiði raforkukerfisins í heild og áskilja þarf, eins og gert er í 2. gr., að fyrir liggi samningur um rekstur virkjananna sem hluta af raforkukerfi landsins. Þetta er hin efnislega ástæða fyrir þessum takmörkunum. Ég tel fullnægjandi ákvæði um þetta í 3. gr. þessa frv. og ég vík nú að henni, enda gerðu bæði hv. 4. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Reykv. þá grein sérstaklega að umtalsefni.

Ég tel að í þessari grein sé farið inn á þá hyggilegu braut að röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í orkumálum ráðist fyrst og fremst af væntanlegri nýtingu orkunnar og þess sé gætt að orkuöflunin sé sem hagkvæmust. Það er miklu eðlilegra að fela þetta verkefni virkjanafyrirtækjunum, orkufyrirtækjunum og ráðuneyti orkumála en að leita samþykkis þingsins hverju sinni. Samþykki þingsins og stefnumótun á að vera í almennari atriðum og fjárheimildum. Þetta er mín skoðun og henni er lýst hér í athugasemdum með þessari grein. Hins vegar tek ég fram að ég er að sjálfsögðu samþykkur því að vönduð athugun fari fram á málinu í hv. iðnn. þessarar deildar. Ég bendi á að það sem hv. 4. þm. Vestf. taldi að væri mótsögn milli 3. gr. og ákvæða til bráðabirgða veiki þær virkjanir sem menn telja nú rétt að ráðast í til þess að afla orku fyrir hið væntanlega nýja álver. Ég tel þvert á móti þetta vera eðlileg umþóttunarákvæði frá þeirri aðferð sem tíðkast hefur til hinnar sem koma skal. Þar með er alls ekki hægt að segja að Alþingi sé að afhenda hér þau tök, það vald sem þingið hefur haft á virkjanaröð og virkjanaframkvæmdum vegna þess að hér er þá verið að ákveða í hvaða virkjanir verði ráðist næstu fimm árin og jafnvel reyndar lengur. Menn eiga að átta sig á því að hér þarf líka að líta á það sem er praktískt í málinu.

Þá vík ég að því sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um 4. gr. frv. en hann kunni ekki við orðalagið „stækkaða

Búrfellsvirkjun" o.s.frv. Ég er honum sammála um þetta. Orðalagið er ekki sérlega þekkilegt en ástæðan fyrir því að þessi orð eru notuð er einmitt lögfesting virkjana og lögfesting stærðarmarka þeirra, því oft er erfitt að skilgreina virkjanir nákvæmlega með einni tölu eins og afli í megawöttum. Orkumál eru náttúrlega miklu meira en megawött og milljarðar. Þetta er líka spurning um mannlegt hugvit til þess að nýta þau tæki, þá virkjanamöguleika og þær virkjanir sem fyrir eru í hinu samþætta orkukerfi. Þess vegna tel ég einmitt að rökin fyrir því að hverfa að því ráði sem tillaga er gerð hér um í 3. gr. séu styrkt af þeim umræðum sem hér hafa orðið í deildinni um þetta og ég bið hv. iðnn. að huga að því þegar hún fjallar um þetta mál.

Þá kem ég að orðum, spurningum, athugasemdum hv. 6. þm. Reykv. Hún lýsti því fyrst að lengi hefðu verið skiptar skoðanir um virkjunarmál á Íslandi. Það er sannarlega rétt en fáa hefur greint á um þá skoðun sem best var lýst í orðum orkuskáldsins Einars Benediktssonar í kvæði hans um Dettifoss. Ég ætla mér ekki að ég geti orðað það betur:

> Hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör
> að leggja á bogastreng þinn kraftsins ör, —
> að nýta máttinn rétt í hrapsins hæðum,
> svo hafin yrði í veldi fallsins skör.

Þetta er líka lifandi vatn, virðulegi 6. þm. Reykv. Þetta er það sem málið snýst um, að breyta þessum draumi í veruleika. Það er náttúrlega þrautkannað mál að vænlegasti kosturinn til þess nú er einmitt hinn bjarti málmur, hinn ljósi málmur, málmur framtíðarinnar, álið. Og ég held að hv. þm. yrði margs fróður af því að kynna sér til hvers þessi gagnmerki málmur er notaður, eins og hún lýsti eftir hér í ræðu sinni áðan. Því það mun þá koma í ljós að þetta er geysimikið notað í daglegar vörur heimilanna, í umgjörð hversdagslífsins. Þetta er til þess að gera samgöngutækin léttari, nýta orkuforða jarðar betur og sú samþjappaða orka sem vinnst úr okkar fossaskrúða og þjappað er saman í álið skilar sér margfalt aftur þegar búið er að gera bílana, járnbrautarvagnana, flugvélarnar og allt sem fólkið ferðast í léttara og sparneytnara.

Þetta er hin sanna umhverfisverndarstefna og einkum af því að við getum leyst af hólmi úreltar, mengandi verksmiðjur í öðrum löndum. Við höfum nú tök á því að gera þetta betur en aðrar þjóðir. Við getum nú forðað jörðinni frá þeim hremmingum sem hljótast af óvandaðri framleiðslu á þessu mikilvæga efni. Þetta er málið. Það er sannarlega rétt hjá hv. þm. að kjarnorkan leysti ekki vandann. Þar hafa komið upp vandamál. Þess vegna eru iðnaðarríkin að leita eftir kostum á stórum skömmtum af orku til þess að framleiða á hagkvæman hátt, án mengunar, þetta mikilvæga efni, álið, og önnur efni. En reyndar er það þannig að álið býður bestu kostina. Og það er einmitt þessi þróun sem hv. þm. lýsti svo vel sem gerir það fýsilegt, gerir það eftirsóknarvert og gerir okkur samkeppnisfær í þessu máli.

Hv. þm. nefndi líka möguleikann á að selja orkuna beint til notenda í öðrum löndum með sæstreng. Það mál er í virkri athugun, m.a. með viðræðum við orkufyrirtæki í Evrópu og við orkuyfirvöld Evrópubandalagsins. Það er vissulega athyglisverður kostur en eingöngu við hliðina á orkunýtingu til iðnaðarframleiðslu því okkur er þörf á að dýpka okkar hagkerfi, að gefa því sterkari grundvöll, að fjölga möguleikum til starfa fyrir vinnandi hendur, bæði karla og kvenna, og ég kem að því hér á eftir.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi að uppi gætu verið þrjár meginstefnur í orku- og stóriðjumálum. Í fyrsta lagi uppbygging stóriðju sem að mestu væri í erlendri eign. Í öðru lagi stóriðja með innlendum meiri hluta og í þriðja lagi stefna atvinnuþróunar án stóriðju. Ég tel að þessir kostir rúmi alls ekki málið allt og ég vísa því á bug sem hv. þm., á sinn mjúka hátt, leyfði sér að lýsa, að stefnan sem fælist í fyrstu leiðinni fæli það í sér að íslenskt vatns- og vinnuafl væri selt langt undir verði og þá færi sjálfstæðið fyrir lítið og það væri sú stefna sem sá sem hér stendur fylgi. Þessu vísa ég harðlega á bug og mun aldrei standa að neinum samningum sem hafa það í för með sér að íslenskt vatnsafl og vinnuafl verði selt undir verði heldur þvert á móti stefnir þetta allt að því að breyta þessu afli í verðmæti. Hv. þm. skaust þar hrapallega og er alveg stórfurðulegt að hún leyfi sér að segja svona hluti. Reyndar fylgdi sú fullyrðing á eftir að stóriðja á Íslandi hefði alla tíð verið rekin með bókfærðu tapi. Þetta er afar einkennileg fullyrðing þegar þess er gætt að einmitt síðustu tvö árin hefur afkoma bæði Ísals og Íslenska járnblendifélagsins verið með allra besta móti, skilað góðum hagnaði og miklum tekjum í íslenskt þjóðarbú. En það er einmitt það sem gefur þessu máli nú loft undir væng.

Þá kem ég að umhverfisáhrifum áliðju og annarrar stóriðju sem hv. 6. þm. Reykv. réttilega gerði hér að umtalsefni. Hún vék nokkuð að brennisteinstvíildismengun frá iðnaðarstarfsemi. Við höfum í því efni mjög ströng ákvæði í okkar hollustuverndarreglum og heilbrigðiskröfum. Það er að vonum og á að vera svo. Hins vegar tel ég að hlutfallsreikningur, eins og sá sem hv. þm. fór hér með, að af heildarútlosun á brennisteinstvíildi á Íslandi svaraði Ísalálverið fyrir fimmtung, ef ég man rétt að hún segði (**GA:** Þetta er frá Hollustuvernd.) Já, en þetta er af mjög lágri heildarlosun þessa efnis út í andrúmsloftið miðað við það sem gerist í löndunum í kring og ekki sambærilegt við það sem þar er.

Ég bendi líka á að náttúrleg losun á þessu efni við eldgos og jarðhræringar getur verið hér miklu stórfelldari, og súrt regn getur líka hlotist af eðlilegri hegðun jarðarkringlunnar. Þetta er hlutur sem við, sem búum í eldfjallalandi, verðum að gera okkur rækilega ljóst. Þetta gefur okkur ekki leyfi til að láta þennan mengunarvald leika lausum hala, enda er

enginn að hugsa um það, en við þurfum að skilja og þekkja okkar umhverfi, meta það rétt hvað hér er á ferðum og meta það rétt í samhengi við það sem fyrir er.

Ég fullyrði að við undirbúning þess iðjuvers, sem við ræðum hér nú og bindum vonir við að verði að veruleika, hefur umhverfissjónarmiða verið gætt í miklu ríkari mæli og þau tekin miklu fastari tökum en fyrr hefði verið gert og til kvaddir ráðgjafar, bæði þeir sem ég nefndi frá Noregi og eins virt kanadískt ráðgjafarfyrirtæki, Admont Project Management, sem eru afar vel að sér um allar umhverfisverndarkröfur. Við höfum þar á undanförnum mánuðum látið gera ítarlegan samanburð á þeim kröfum um mengunarvarnir og vinnuvernd sem gerðar eru til álvera í öllum helstu iðnríkjum heims og af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO. Þetta verk hefur ekki verið unnið fyrr en er svo sannarlega nauðsynlegt og ég hef, eins og kemur fram á 17. síðu í því skjali sem liggur hér fyrir hv. þingdeild, látið skipa sérstaka ráðgjafarnefnd í umhverfismálum og áhrifum stóriðju á náttúrulegt umhverfi einmitt til þess að við höfum hér viðleitni til þess að byggja upp í landinu sérfræðikunnáttu í þessu máli. Ég bind vonir við það að þessi nefnd, sem er undir forustu borgarlæknis og hefur innan sinna vébanda líffeðlisfræðing, efnaverkfræðing, líffræðing, haffræðing og veðurfræðing, muni einmitt byggja upp þá sérfræði sem Íslendingar eiga og þurfa að hafa á þessu sviði. Þarna verður enginn steinn látinn óhreyfður til þess að þetta mál verði sem allra best undirbyggt.

Ég vildi líka láta þess getið að Atlantsálsfyrirtækin sjálf eru afar áhugasöm um það að þetta verði vel og vandlega gert og eru þess vel meðvitandi að það hættir enginn svo miklu fé í fyrirtæki af þessu tagi á okkar tíð að hann hafi ekki fyrirhyggju til þess að mæta þeim kröfum sem nú eru gerðar og þeim sem fyrirsjáanlegar kunna að vera á þessu sviði. Þessu er margyfirlýst og hér er engin tilraun gerð til þess að sleppa billega frá umhverfishliðinni og verður ekki gert. Það er enginn áhugi á því, hvorki frá samstarfsaðilum okkar né að sjálfsögðu okkur sjálfum. Þetta veit ég að hv. 6. þm. Reykv. ber mjög fyrir brjósti og þar er ég henni alls hugar sammála. Þess verður líka gætt að þarna verði vandlega um alla hnúta búið.

Ég bind vonir við það að þessi ráðgjafarnefnd og samstarf við innlend ráðgjafarfyrirtæki á þessu sviði geti gert Íslendinga frambærilega sem ráðgjafa í þessum efnum síðar. Það er eitt af því sem á að fylgja verkefnum eins og þessum en líka áminning um það að hugsjón hv. 6. þm. Reykv., sem ég vil ekki gera lítið úr, að Íslendingar eigi að stefna að því að byggja hér upp hugvitsiðnað. En hvers konar þjónustustarfsemi þarf að hafa hrygglengju í raunverulegri efnislegri framleiðslu eins og þeirri sem Atlantsálsiðjuverið getur fært með sér. Þá getum við líka sinnt ýmsum öðrum verkefnum, þá getum við gert fjarvinnslu að skynsamlegum kosti. Við þurfum að hafa innihald í hlutunum, það nægir ekki að nefna umbúðirnar einar, þetta er málið. (**GA:** Hvað með matinn?) Ég ætlaði einmitt að koma að því.

Hv. þm. hafði orð á því að það væri skelfilegt að stofna ferðamannaiðnaðinum í hættu og matvælaiðnaðinum með því að hefja hér framleiðslu á „hinum ljósa málmi". Ég vildi leyfa mér að benda á það að Sviss, sem er nú eitt eftirsóttasta ferðamannaland veraldar, bæði á sumri og vetri, hefur reyndar vínrækt líka, að í Dalnum, sem svo er nefndur, í Sviss þar sem eru álver og hafa verið í 100 ár er helsta vínrækt þeirra alveg við verksmiðjuvegginn hjá álverunum. Þar eru líka eftirsóttustu sumardvalarstaðirnir og skíðastaðirnir, m.a. þar sem heitir Montana Crans. Ég hef ekki orðið var við það að álið hafi fælt fólk frá því að koma á þessa staði. Reyndar er Ísland líka svo stórt land að það er nóg rúm fyrir þetta og hitt. Þetta er það sem við þurfum að gera okkur ljóst. Þetta er líka hlutur sem við þurfum að ganga vandlega frá. Álverin í Dalnum í Sviss nálægt Montana Crans og nálægt vínræktinni, sem telja að hafi ekki spillst af þeirra völdum, eru alls ekki eins fullkomin og það álver sem við erum að ræða. Ég fullyrði að við höfum hér óvenjulegt tækifæri til að sýna það og sanna að þetta geti vel farið saman og bendi líka á að það eru margir staðir sem geta tekið við áliðju og landið er einmitt ríkt af rými. Og ég furða mig á því að hv. 6. þm. Reykv., með sína vísindahyggju, skuli ekki hafa áttað sig á þessum einföldu staðreyndum málsins.

Þá kem ég að skuldunum. Ég vil leyfa mér að benda hv. 6. þm. Reykv. á það sem segir hér á síðu 55–57 í því riti sem hér hefur verið dreift, frv. og greinargerð þess. Ég ætla ekki að gera lítið úr gildi Dagblaðsins DV en ég vil leyfa mér að trúa að áætlun Þjóðhagsstofnunar um þróun skuldabyrðar fram til aldamóta sér nær sanni en dagblaðsgreinin sem til var vitnað. Þær fullyrðingar sem hv. þm. bar hér fram sem heilagan sannleika fara mjög á skjön við það sem þar kemur fram. Það er ekki undan því að víkjast að til þess að virkja svo mikið sem þarna er verið að ræða, og ég endurtek að ef við ekki ráðumst í eitthvað svona, þá þurfum við ekki að virkja neitt fyrr en á næstu öld. Þá munu líka margir hugvitsmenn og andans garpar, þeir sem hv. 6. þm. Reykv. ber svo mjög fyrir brjósti, verða harla verkefnasnauðir næstu árin, okkar góðu verkfræðingar, jarðfræðingar og aðrir snjallir vísindamenn landsins, m.a. sá sem sannaði svo vel að Vatnajökull væri stærri en menn hugðu. Hvers vegna skyldum við vita það? Það var vegna þess að Landsvirkjun lét Helga Björnsson, þann snjalla jarðeðlisfræðing, kanna jökulinn með nýstárlegum hætti og komast að raun um það hvernig landslagið undir honum liti út. Þetta er hægt, virðulegi þm., 6. þm. Reykv., af því að við höfum verið að virkja, af því að við ætlum að virkja, af því að við ætlum að breyta orkunni í samanþjappað form, í hinn bjarta málm.

(**HBl:** Svo hefur veðurfarið áhrif á stærð Vatnajökuls.) Víst er það svo.

Þetta er allt í samhengi og málflutningur virðulegs þm., rökstuðningur hennar fyrir því máli sem hér liggur á okkar borðum, þarna er svarið. Þarna eru verkefnin fyrir okkar vel menntaða fólk. Þarna er grundvöllurinn til þess að menn og konur fái nytsöm verk að vinna, geti eflt þjónustustarfsemi út um landsins byggðir. Og að sjálfsögðu eru áhrifin ekki bara á einum stað, eins og hv. þm. sagði hér, heldur um allt land. Þau hríslast um allt land eins og seytluveita á engi og skapa bæði mönnum og konum verk. Það lýsir þröngsýni í hugsun að segja: Það verða bara störf fyrir sex hundruð karla á einhverjum stað á landinu og síðan ekki söguna meir. Flestir eiga þessir karlar sem betur fer konur auk þess sem af þeirra verkum hlýst eftirspurn eftir gögnum og gæðum, þjónustubrögðum, svo að maður noti nú gömul og góð orð, sem munu færa með sér verkefni fyrir aðra. Þetta þekkjum við öll og vitum, en þetta vanrækir hv. 6. þm. Reykv. í sínu máli og gengur þar ekki erinda kvenna heldur misskilur málið.

Um þensluna ætla ég ekki að segja margt. Það er einkennileg mynd af hinum efnahagslega veruleika að fyrst sé allt í kreppu og kaldakoli og svo einn góðan veðurdag sé hér upphafin hin ógurlega þensla sem allir óttast, eiginlega enn þá meira en kreppuna. Lífið er ekki svona. Okkur er nú þörf á því að hafa þarna bil, komast úr erfiðleikum, komast yfir á bataskeið. Við erum að gera það. Þetta frv., ef að lögum verður, gæti staðfest það, gæti jafnað muninn milli hagvaxtar á Íslandi og í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, tryggt okkur að það þjóðfélagslega markmið náist um aldamótin að Ísland haldi sínu fólki með reisn, haldi því með frambærilegum kjörum, haldi því þannig að menn hafi hér góðan hlut en hreppi ekki Kaldbak og láti Akra með því að glepjast af efnahagsstefnu og atvinnustefnu sem ekki skilar arði, sem ekki skilar tekjum handa fólkinu. Og ég skora á hv. 6. þm. Reykv. að spyrja fólkið, spyrja Dagsbrúnarmennina, spyrja verkamennina út um allt land, spyrja verkfræðingana, gröfumennina, jarðvinnuvélamennina hvernig þeim lítist á þetta. Spyrja hvað verkakonunum sýnist um að taka þátt í þessu eða láta það ógert. Þetta er það sem skilur á milli feigs og ófeigs í framvindu íslenskra efnahagsmála.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið og ítreka tillögu um það að málinu verði vísað til hv. iðnn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér í þessari umræðu að gera í örstuttu máli grein fyrir afstöðu alþýðubandalagsmanna til þess frv. sem hér er til umræðu í kvöld og hæstv. iðnrh. hefur haft framsögu um og síðan gert ítarlegri grein fyrir í alllöngu máli. Á fundi í þingflokki Alþb. 9. apríl sl. var gerð eftirfarandi samþykkt um hugsanlega byggingu álvers:

„Þingflokkur Alþb. minnir á að enn eru engar forsendur fyrir hendi til að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þús. tonna álvers hér á landi. Meðan meginatriði væntanlegra samninga liggja ekki fyrir er tvímælalaust óhyggilegt að hefja virkjunarframkvæmdir, enda hlyti það að veikja samningsstöðu Íslendinga að binda nokkur hundruð milljónir króna í nýjum virkjunarframkvæmdum án þess að orkuverð hafi verið ákveðið. Á þessu stigi málsins telur þingflokkur Alþb. brýnast að ríkisstjórnin marki þá stefnu að hugsanleg bygging þessa risafyrirtækis stuðli ekki að enn frekari byggðaröskun í landinu og þess vegna verði því valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt þarf að kanna betur en gert hefur verið hvernig Íslendingar gætu sjálfir átt aðild að rekstrinum og tryggt forræði sitt og hagsmuni þannig að viðunandi sé.

Þingflokkur Alþb. telur einsýnt að leita verði allra leiða til að efla atvinnulíf í landinu eftir nokkurra ára samdráttarskeið og telur sjálfsagt að kanna alla tiltæka kosti í því skyni. Jafnframt minnir þingflokkurinn á að auk byggðasjónarmiða hlýtur endanleg afstaða til nýrra stóriðjuframkvæmda að ráðast af því fyrst og fremst hvaða verð fæst fyrir orkuna, hvort iðjuverið greiðir skatta með eðlilegum hætti og lýtur íslenskum dómstólum og hvernig mengunarvörnum og umhverfisvernd verður háttað."

Hér er um að ræða samþykkt sem gerð var á fundi þingflokks Alþb., eins og ég sagði áðan, 9. apríl sl. og send var fjölmiðlum og þá birt í tengslum við afgreiðslu þingflokksins á því frv. sem hæstv. iðnrh. hefur hér gert grein fyrir í kvöld. Það er með öðrum orðum þannig að ekki er uppi um það deila, hvorki við mig eða trúi ég hv. 6. þm. Reykv. eða hæstv. iðnrh., hvort nýta á þá auðlind sem í vatnsaflinu felst. Um það er engin deila, um það hefur aldrei verið deila. Og að ætla sér að búa til leikrit um það að menn séu í háa rifrildi um þetta grundvallaratriði, það er ekki á dagskrá, það er ekki veruleiki. Veruleikinn er ekki hvort heldur hvernig. Um það hefur umræðan alltaf verið, um það hefur deilan staðið hér á Alþingi Íslendinga alveg frá því á árinu 1964, 1963, 1965 þegar umræður hófust á sínum tíma um það hvort nýta ætti vatnsafl í þágu stóriðju hér á landi. Það er auðvitað algerlega óhjákvæmilegt fyrir einn þingmanna Alþb. og ráðherra að taka þetta fram í þessari umræðu. Það sem liggur fyrir er þetta: Þingflokkurinn undirstrikar: Það eru enn engar forsendur fyrir hendi til þess að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þús. tonna álvers. Þessar forsendur eru ekki fyrir hendi. Þær grundvallarforsendur sem skipta máli, sem eru orkuverð, sem eru skattar, sem eru dómstólar, sem eru umhverfismál, þessar forsendur liggja auðvitað ekki endanlega fyrir af því að samningum er ekki lokið. Samningar hafa ekki verið leiddir til lykta. Þess vegna liggur niðurstaða auðvitað ekki endanlega fyrir í þessu efni.

Í öðru lagi er það undirstrikað í samþykkt þingflokks Alþb. frá 9. apríl sl. að þingflokkurinn telji

brýnast að mörkuð verði sú stefna að hugsanleg bygging þessa risafyrirtækis stuðli ekki að enn frekari byggðaröskun í landinu og því verði fyrirtæki af þessu tagi valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. (**EgJ**: Það var tillaga mín.) Þetta er úrslitaatriði, þetta er meginhersluatriði af hálfu þingflokks Alþb. og það hafa margir ágætir þingmenn, sem ekki eru enn þá komnir eins og hv. skrifari hér mér á hægri hönd, undirstrikað m.a. í tillöguflutningi hér á hv. Alþingi. Við höfum með öðrum orðum ekki útilokað það á neinn hátt að hér verði komið upp risafyrirtæki af þessu tagi, það höfum við ekki gert. En við höfum sagt: Til þess að það verði byggt, til þess að það verði stofnað, reist og starfrækt þurfa að liggja fyrir tilteknar grundvallarforsendur sem í dag liggja ekki 100% fyrir.

Þess vegna hlýtur umræðan um frv. um raforkuver auðvitað að snúast m.a. um það hverjar verði þessar hugsanlegu grundvallarforsendur. Hver eru þau meginatriði sem menn vilja halda til haga í þessu efni. Og það er auðvitað ekki ætlun ríkisstjórnarinnar né hæstv. iðnrh. að ganga þannig fram í þessu máli að það verði hrapað að hvaða kostum sem er, það er langt frá því, heldur munu menn auðvitað setja tiltekin skilyrði, byggja á tilteknum forsendum sem geta verið í sem bestu samræmi við efnahagslegar og þjóðhagslegar forsendur íslenska þjóðarbúsins.

Í samþykkt þingflokks Alþb. hefur einnig verið á það bent að jafnframt þurfi að kanna betur en gert hefur verið hvernig Íslendingar gætu sjálfir átt aðild að rekstrinum og tryggt forræði sitt og hagsmuni þannig að viðunandi sé. Hér er um algert lykilatriði að ræða að okkar mati, algert lykilatriði. Við lögðum lengi á það megináherslu að við uppbyggingu fyrirtækja af þessu tagi þyrftu Íslendingar að eiga þar meiri hluta. Í samþykkt landsfundar Alþb. sl. haust var komist þannig að orði að Íslendingar þyrftu að eiga meiri hluta, verulegan eignarhluta eða að tryggja forræði sitt yfir viðkomandi fyrirtæki með öðrum sambærilegum hætti. Þetta er það sem átt er við í samþykkt þingflokksins sem gerð var 9. apríl sl., að það verður að tryggja forræði Íslendinga algerlega afdráttarlaust þegar um það yrði að ræða að samningar um fyrirtæki af þessu tagi kæmust hugsanlega á lokastig. Það er ljóst af því sem hér hefur verið sagt að ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti ekki útilokað á neinn hátt þann möguleika að Íslendingar gætu átt verulegan eignarhluta í þessu fyrirtæki. Það fer m.a. eftir aðstæðum og eftir samningum um aðra hluti. En hugmyndin um eignarhluta Íslendinga er enn á borðinu, bæði pólitískt af okkar hálfu og af hálfu ríkisstjórnarinnar í heild.

Í samþykkt þingflokks Alþb. er, eins og ég sagði, byggðasjónarmiðið undirstrikað. Það er mjög mikilvægt atriði að þannig verði haldið á þessum málum að þetta fyrirtæki, ef reist verður, verði utan þenslusvæðisins hér á Suðvesturlandi, það er mjög mikilvægt atriði. Það er í raun og veru ekki um neitt annað að ræða, hvorki meira né minna en það, að það takist að stuðla að því með hugsanlegri stofnun fyrirtækis af þessu tagi að til verði sterkari byggðakjarni einhvers staðar utan höfuðborgarsvæðisins en nú er um að ræða. Þess vegna hefur þetta mál efnislega þýðingu og efnahagslega þýðingu, vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að með áframhaldandi öfugþróun í byggðamálum er stórkostleg hætta á því að margvísleg félgsleg þjónusta, sem byggð hefur verið upp úti á landi á undanförnum árum og áratugum, molni niður af því að fólkið flýr í burtu. Og það er augljóst að ef svona fyrirtæki yrði byggt hér á suðvesturhorninu þá mundi enn aukast sá flótti, enn fækka börnum í skólum úti á landi, enn minnka þörfin fyrir þjónustu heilsugæslustöðvanna o.s.frv., o.s.frv.

En auk þessara grundvallarsjónarmiða sem okkar þingflokkur gerir að meginatriði í samþykkt sinni leggjum við áherslu á nokkra aðra höfuðþætti. Það er í fyrsta lagi orkuverðið. Fæst sæmilegt verð fyrir orkuna? Fæst kostnaðarverð fyrir raforku? Stendur verðið undir kostnaði við þær framkvæmdir sem efna verður til vegna stóriðjuversins? Eru einhverjir með það í huga að semja um orkuverð sem er eitthvað í líkingu við það sem var fyrir allmörgum árum þegar menn voru að ræða um þessi mál? Þar var beinlínis um að ræða niðurlægjandi verð á raforku sem m.a. viðreisnarstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. á þeim tíma bar ábyrgð á, gjörsamlega niðurlægjandi verð. (**EgJ**: Hvaða verð er ráðherrann með í huga?) Ég er að tala um verð viðreisnarstjórnarinnar, hv. ritari, það var eitthvað milli 3 og 4 mill, ef ég man rétt. Þar var auðvitað um að ræða gersamlega niðurlægjandi samninga, algerlega niðurlægjandi samninga um þetta verð af hálfu Íslendinga á þeim tíma. Auðvitað er ekkert slíkt á dagskrá af hálfu núv. ríkisstjórnar. Við alþýðubandalagsmenn leggjum með öðrum orðum á það megináherslu að orkuverðið sé tryggt í bak og fyrir með skynsamlegum hætti, með skynsamlegum grundvallarákvæðum og skynsamlegum grundvallarviðmiðunum inn í framtíðina.

Í öðru lagi leggjum við á það mjög mikla áherslu að skattaákvæði hugsanlegra samninga verði skýr. Við bendum á það að á undanförnum árum hafa staðið verulegar deilur við Alusuisse um skattaákvæði þeirra samninga sem gerðir voru um stofnun Ísal á sínum tíma. Um það stóðu langvinnar deilur sem leiddu m.a. til verulegra sviptinga í kringum ríkisstjórnina 1980–1983. Þessi meginatriði varðandi skattana verða einnig að vera á hreinu, þau verða einnig að vera skýr og þar mega engin eftirkaup vera. Þar má ekki opna fyrir þann möguleika að þeir aðilar sem standa að þessum hugsanlegu samningum geti leikið okkur grátt með svipuðum hætti og Alusuisse gerði langtímum saman með margvíslegu svindli gagnvart íslenskum stjórnvöldum, m.a. með svokallaðri hækkun í hafi og alls konar faktúrufölsunum út og suður sem kostuðu íslenska þjóðarbúið stórfellda fjármuni.

Í þriðja lagi leggjum við á það mikla áherslu af okkar hálfu að fyrirtæki af þessu tagi lúti íslenskum dómstólum, það sé íslensk dómstólameðferð sem þetta fyrirtæki verði að sæta. Þetta er sagt að gefnu

tilefni, m.a. úr samningunum við Alusuisse á sínum tíma þegar það gerðist að einn stjórnarandstöðuflokkurinn a.m.k., Framsfl., lagði á það ofuráherslu að ástæðan fyrir andstöðu Framsfl. við samningana um álverið á sínum tíma byggðist fyrst og fremst á því að menn væru að vísa málinu til alþjóðlegra gerðardóma, það ætti með öðrum orðum ekki að taka á þeim fyrir íslenskum dómstólum.

Síðast en ekki síst er það úrslitaatriði að mengunarvarnir og umhverfisvernd verði í því besta horfi sem nokkur kostur er. Þetta eru meginmálin. Og áður en þau liggja öll fyrir er ekki hægt að ákveða að hér verði stofnað álver. Það gerir ríkisstjórnin ekki, það gerir iðnrh. ekki, það gerir örgglega enginn hv. þm. að heldur. En öll þessi atriði verða að vera skýr. Þess vegna hrekkur það auðvitað skammt að mála upp draumsýn framtíðarinnar af hinu mikla 200 þúsund tonna álveri ef menn hafa þetta ekki á hreinu, þessi meginatriði — sem eru hver? Sem eru orkuverð, sem eru skattar, sem eru dómstólar, sem eru umhverfisvernd og sem eru íslenskt forræði. Og svo loks það að fyrirtæki af þessu tagi rísi utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég held líka að það sé algerlega ástæðulaust fyrir menn að vera að fá glýju í augun yfir þeim stórkostlegu tíðindum sem fyrirtæki af þessu tagi muni sjálfkrafa hafa í för með sér til bata fyrir íslenskt þjóðarbú. Þetta fyrirtæki mun ekki skila bata fyrir íslenskt þjóðarbú nema þessi 5–6 grundvallaratriði sem ég nefndi séu uppfyllt. En þó að menn, og það er athyglisvert, herra forseti, þó að Þjóðhagsstofnun reikni til hins ýtrasta hina miklu hagkvæmni af þessu fyrirtæki, til hins ýtrasta, hvað kemst hún þá hátt? 1% í hagvexti á ári, 1%. Hvað halda menn að fyrirtækin, segjum á Suðurlandi, segjum á Austurlandi, segjum í Reykjavík, segjum á Vestfjörðum, hversu miklu halda menn að þau skili til þjóðarbúsins og gætu skilað í auknum mæli ef það væri betur á málunum haldið?

Það hlýtur að vera einkar athyglisvert fyrir menn sem koma t.d. úr sjávarútveginum, eins og hv. 14. þm. Reykv., sem hefur í rauninni skilað hagvexti ár eftir ár langt umfram það sem Þjóðhagsstofnun hefur spáð, að þegar Þjóðhagsstofnun getur ýtrast gengið til þess að sýna árangur af hugsanlegu álveri upp á 200 þús. tonn, þá kemst hún í 1% af þjóðarframleiðslunni. Auðvitað geta menn svo sagt eins og hér var sagt áðan: 1% á einu ári eru 5% á fimm árum og margfalda þannig upp tölurnar og segja: Þetta gerir bara eina 20 milljarða á hálfum áratug og 40 á heilum. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar við nálgumst mál af þessu tagi eigum við ekki að nota margföldunartöfluna til þess að fegra myndina umfram það sem nauðsynlegt er. Við eigum að horfa á veruleikann rétt eins og hann er og skoða þetta mál í raunverulegu, íslensku, efnahagslegu samhengi.

Alþb. hefur fyrir sitt leyti ekki útilokað á neinn hátt að efnt verði til stórrekstrar af þessu tagi hér á landi, það hefur flokkurinn aldrei gert. Alþb. hefur fyrir sitt leyti aftur og aftur undirstrikað að auðvitað eigum við að virkja okkar fallvötn og um það hefur ágreiningurinn aldrei verið. Ágreiningurinn við okkur m.a. hefur alltaf verið hvernig. Hversu mikið verður borgað fyrir rafmagnið? Hvernig verða skattarnir? Hvernig verða dómstólaákvæðin? Hvernig verður umhverfisverndin? Hvar verður fyrirtækið og hvernig verður háttað hinu íslenska forræði? Ef þetta er allt á hreinu eru hlutirnir í lagi að okkar mati. En það er ekki hægt að slá neinu föstu um þetta fyrirtæki og við höfum heldur ekki gert það af hálfu þingflokks Alþb. fyrr en öll þessi atriði eru ljós.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan eiga orðastað við ráðherra, er hann vant við látinn? (**Forseti:** Það er óskað eftir því að iðnrh. komi í salinn.) Ég kem eiginlega fyrst og fremst í stólinn til þess að svara orðum hans.

Aðeins nokkur orð, hæstv. forseti, eða athugasemdir öllu heldur við orð hæstv. ráðherra sem að mörgu leyti vöktu undrun mína. Ég gerði það yfir helgina, til að rifja upp álverssögu og Íslendinga, að ég las nokkuð af þeim umræðum sem fóru hér fram á árunum 1984 og 1985 til að minna mig á þetta mál að svo miklu leyti sem það snertir álver. Þá hafði ég einmitt nokkur orð um þessa sögu álvers og Íslendinga, þar sem álver hefur lengst af verið gerandinn en Íslendingar hafa verið þolendur, jafnvel þó svo þeir hafi verið fullir af bjartsýni um möguleika sína til að ná góðum kostum í viðureigninni við álver eða Alusuisse.

Vegna orða hæstv. ráðherra langar mig aðeins til að rifja upp umræðuna frá því 1985. Þá minntist ég á það að allt frá því að ég hefði kynnst þessum málum hefði það verið áberandi hve sú saga var skráð af fáum einstaklingum sem höfðu allt of lítil samráð nema við mjög þröngan hóp manna. Mér fannst það bæði alvarlegt og hættulegt og ég veitti því athygli í umræðum á Alþingi að menn virtust í raun vera búnir að fá sig fullsadda af málinu, þeir virtust hafa gefist upp fyrir því, hafa látið það yfir sig ganga eins og það væri árstíð eða náttúrulögmál. Flestir hv. þm. hirtu ekki um að taka þátt í umræðum eða setja sig inn í flókin og tæknilega erfið atriði málsins á þeim tíma sem það var í umræðu. Þeir leiddu það hjá sér og málið sigldi meira og minna í gegnum þingið án gagnrýnnar afstöðu nema fárra þingmanna.

Sömuleiðis virtist málið fá litla umfjöllun í þjóðfélagsumræðunni almennt. Það virtist hafa færst úr sjónmáli fyrir allan þorra manna og var aðeins á höndum örfárra einstaklinga. Ef hæstv. menntmrh. hefði ekki komið hér upp í kvöld þá hefði ég verið ein þingmanna í Ed. sem hefði hreyft minnstu andmælum gegn þessu máli. Það hefði mér þótt mjög alvarlegt því að þá er þessi kafli í álverssögu og Íslendinga enn þá alvarlegri, finnst mér, fyrir framtíð þessa lands en síðasti kaflinn var á fyrra kjörtímabili.

Hæstv. iðnrh. bað mig að fara út á vettvanginn, hann bað mig að spyrja verkafólkið, hann bað mig að spyrja verkamennina og verkakonurnar hvort þau vildu ekki þessa atvinnukosti, hvort þau vildu ekki

þessa uppbyggingu. Og þá vil ég svara hæstv. ráðherra, vegna þess að það vill svo til að ég var á ferðinni bæði sl. sumar og sl. haust og þá talaði ég við fleira fólk en ég á vanda til, fólk sem ég þekki ekki, fólk sem vinnur í mjög fjölbreyttum atvinnugreinum við ýmis störf, ég gekk inn á hvern vinnustaðinn á fætur öðrum og það var ekki ein einasta manneskja sem stakk upp á því við mig að hún vildi fá álver í sína sveit, ekki ein einasta manneskja. (**Gripið fram í:** Einhvern veginn komu ¾ út úr skoðanakönnuninni.) Ég spurði ekki beint að því, það er alveg rétt, ég spurði ekki þessarar spurningar beint. En það var enginn sem að eigin frumkvæði fann þessa lausn á atvinnuvanda síns byggðarlags. Það voru víða mikil vandræði og fólk var svartsýnt og fólk leitaði kosta, bæði í eigin hugskoti og ætlaðist til þess að þingmenn og svokallaðir forráðamenn þjóðarinnar byðu upp á vænlega atvinnukosti. En enginn, ekki ein einasta manneskja minntist á álver.

Síðan talaði hæstv. ráðherra um það sem kannski vakti mér einna mestan ugg í máli hans. Það var ekki að ég treysti honum ekki til vandaðra vinnubragða því að ég er sannfærð um að vinnubrögð hans eru vönduð. Ég er líka sannfærð um að honum gengur gott til með sinni vinnu. Ég veit að hugsjónir okkar fara saman að ýmsu leyti, en ég veit líka og finn að þær gera það ekki að öllu leyti. Það sem vakti ugg með mér var hin ótrúlega bjartsýni hans, það var hin ótrúlega bjartsýni á það að þótt hinir vösku garparnir, hinir vösku harðskeyttu iðnaðarráðherrarnir hefðu ekki haft sigur, þeim hefði ekki tekist í glímunni við marghöfða þursinn, við fjölþjóðafyrirtækin að vinna gullið eða hinn bjarta málm úr höndum þeirra, þá var hann bjartsýnn og hann var sannfærður um að honum tækist að snúa hinn bjarta málm úr höndunm þeirra. Hann sagði oftar en einu sinni „hinn bjarta málm" eins og málmurinn væri góður, eins og hann væri eftirsóknarverður, eins og hann væri ekki eitraður og honum fylgdi ekki mengun og hægt væri að lepja vínið utan af veggjunum í verksmiðjunum í dölunum í Sviss. Þessir dalir eru væntanlega mjög djúpir og hreyfir varla loftið þar, og engan skíðamann skaðaði nema ef hann lenti á veggnum fyrir eigin misgáning. (**Viðskrh.:** Þeir hafa séð hann.) Það er ekki nóg að horfa með augunum. Maður verður að mæla, jafnvel fávísar konur með litla vísindahyggju vita að það þarf að mæla. (Gripið fram í.) Mengunaráhrif og eiturverkanir af allri tegund málmiðnaðar, líka af iðnaði hins bjarta málms.

Það er svo skrýtið að í viðureigninni við þennan málm og í viðureigninni við þennan marg — ja, ég ætla ekki að hafa fleiri lýsingarorð um það, en af viðureigninni við fjölþjóðafyrirtæki sem standa fyrir málmiðnaði hér á landi virðast menn ítrekað ganga í góðri trú, það stendur alltaf í samningunum, í góðri trú. Og þeir ganga í þessari góðu trú í hamrana, í samningshamrana og fæstir hafa komið þaðan út með sigur í höndum, því miður, ég veit ekki hvers vegna, hæstv. iðnrh. Við þekkjum það úr þjóðsögunum þegar menn ganga í hamrana. Þeir ganga á vit annarra vætta, þeim er glapin sýn og þeir gleyma mannheimum og skuldbindingum sínum þar. Sumir hafa gerst sekir um mikla blindu eða á þá hefur fallið mikil blinda. Og í það vitnaði hæstv. menntmrh. í ræðu sinni.

Hæstv. iðnrh. brosti að mér, að ég skyldi ekki þekkja grundvallaratriði efnahagslífsins, að ég væri að tala um atvinnusprengingar og þenslu. Afneitar hæstv. iðnrh. því að það hefur verið vandamál á undanförnum árum hversu mikil þensla hefur verið á suðvesturhorni landsins í atvinnuuppbyggingu? Um tíma var þetta forkastanleg þensla að mati hagfræðinga vegna þess að hún olli svo mikilli spennu í efnahagslífinu. Og ég hélt að menn í þessari ríkisstjórn hefðu verið að reyna að ná tökum á þenslu í stað þess að auka hana vegna þess að hún hefur verið álitin óæskileg.

Hæstv. iðnrh. talaði um að þeir 600 karlar sem kynnu að vilja vinna í álverinu ættu konur, þeir væru kvæntir. Þannig áttu þær að njóta góðs af álverinu. Hann talaði líka um ýmis þjónustubrögð og aðra vinnu sem mundi hljótast í tengslum við álvinnsluna. En, hæstv. iðnrh., hvenær verður það? Hvenær er kominn tími til að mæta atvinnuþörfum kvenna? Hæstv. iðnrh. talaði ekkert um aðra þætti, hann talaði ekkert um önnur úrræði sem þessi ríkisstjórn ætlar að grípa til núna eða í náinni framtíð fyrir konur. Það hlýtur að verða í fjarlægari framtíð sem álverið, sem hann hefur í huga, hefur náð þeirri virkni að í kringum það blómstri sú atvinna sem jafnvel konur kunna að njóta góðs af.

Þegar álmálin voru til umræðu á árinu 1985 var ævinlega verið að tala um dótturfélag og móðurfyrirtæki. Hvernig dettur nokkrum í hug að það sé réttnefni? Ég vek máls á því. Ég fletti því upp. Á árinu 1985 voru 35.329 starfsmenn sem töldust til Alusuisse út um allan heim og hverfandi lítið brot af þeim fjölda voru konur. Þetta voru mestallt karlar þannig að ég lagði til að þetta yrðu kölluð sonarfélög og föðurfyrirtæki, það væri meira réttnefni. Ég held að í uppbyggingunni, bæði á virkjununum og við uppbyggingu álversins og síðan í þessum 645 störfum, eða hvað þau eru nú mörg, þar verði fyrst og fremst störf fyrir karlmenn. Ég er ekki á móti því að byggja upp störf fyrir karlmenn í þessu landi, langt í frá. Auðvitað þurfa þeir að hafa atvinnu og þeir eiga vissulega fjölskyldu flestir, sem betur fer. En það vantar störf fyrir konur og ég spurði: Hvað á að gera fyrir þær? Hvenær er kominn tími til að svara atvinnuþörfum þeirra? Hvenær er hagkerfið orðið nógu djúpt til að rúma þær? Hæstv. ráðherra talaði um að dýpka hagkerfið okkar. Það hef ég aldrei heyrt talað um áður, en það er fróðlegt líkingamál.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta núna, klukkan er orðin margt. En það er eitt sem ég minntist ekki á og ég ætla aðeins að geta um hér. Það er vegna þess að nú fannst hæstv. iðnrh. vera svo gott lag því fyrirtækin hefðu staðið sig svo vel og verðið á áli hefði verið gott. En verðið á áli fer lækkandi og verðið á áli sveiflast, það veit hæstv. iðnrh. og það er

mjög óáreiðanleg viðmiðun, því miður. Við búum við grundvallaratvinnuveg sem er sveiflukenndur. Það er okkur mjög erfitt og það veit hæstv. iðnrh. Það er mjög erfitt að treysta sveiflukenndum atvinnuvegi. Það er erfitt að bæta hann upp með öðrum atvinnuvegi sem líka er sveiflukenndur og sem við höfum jafnlitla stjórn á, eins og öllum þeim mörgu þáttum sem gera sjávarútveg sveiflukenndan. Við höfum jafnlítil ráð yfir eftirspurn eftir áli og markaðsverði þess.

Síðan býst ég við að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta séu nútímaleg fyrirtæki sem vilji gera vel, alla vega ekki vera staðin að allt of mikilli mengun. En það er þeim afar dýrt að setja upp fullkominn mengunarbúnað og þess vegna hafa iðnfyrirtækin í Bretlandi og iðnfyrirtækin í Evrópu þrjóskast við, eins lengi og þau geta, að setja upp búnaðinn af því að það er þeim svo dýrt. T.d. hafa öll Norðurlönd sótt ákaft eftir því að í Bretlandi yrðu settar síur á reykháfa skeytingarlausra iðnrekenda en þeir hafa ekki fengist til þess af því að það er svo dýrt. Ég trúi því að þeir reyni að sleppa eins lengi og þeir komast upp með það. Það sýnir reynslan. Það þarf mjög góða trú til að sannfæra sig um það að þeir geri það ekki. Ég vona að þessi fyrirtæki sem hæstv. iðnrh. hefur komist í tæri við séu af betra tagi. Hann virðist trúa því.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta nú. Það verða tækifæri til þess að kynna sér málið í iðnn. Ég held að það verði ekki til þess að við kvennalistakonur skiptum um skoðun. Það verða tækifæri til að ræða málið þegar það kemur aftur hingað til umræðu. Það er miður hversu seint þetta mál kemur fram. Ég veit að hæstv. iðnrh. hefur unnið mjög vandlega að undirbúningi málsins og það er vegna þess að það er honum hjartans mál. En skoðanir okkar eru mjög ólíkar á málinu og jafnvel með allri sinni bjartsýni og góðu trú hefur hann ekki sannfært mig.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

83. fundur, þriðjudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.
Afgreiðsla þingmála.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hafa mörg óvænt tíðindi gerst nú á síðustu missirum. Það er komið í ljós að þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið af einstökum ráðherrum hafa ekki staðist. Það er komið í ljós að það er miklu meiri upplausn í stjórnarliðinu en nokkur hafði vænst og höfðu menn þó ekki átt von á því að upplausnin væri lítil. Þetta hefur valdið því að ný viðhorf hafa skapast í þjóðmálum hér á landi sem ég tel að geti orðið örlagarík. Ég vil í þessu sambandi benda á í fyrsta lagi þá upplausn sem nú er í afstöðunni til frv. um fiskveiðistjórnun. Hæstv. sjútvrh. kaus að leggja það frv. fram sem stjfrv. þó svo það hafi verið samið af milliþinganefnd lögum samkvæmt. Það var búið að láta að því liggja við okkur þingmenn Sjálfstfl. fyrir tveim dögum að samkomulag væri að takast milli stjórnarflokkanna um lausn þess máls. Einstakir ráðherrar höfðu kallað saman nefndarmenn í sjútvn. Ed. upp í ráðherrabústað sl. laugardag. Það var látið svo heita að sá fundur hefði skilað árangri. Síðan voru málin rædd á þingflokksfundi í gær og þá kom í ljós að Alþfl. hefur allt aðra skoðun á þessum málum en hæstv. sjútvrh. og gerði raunar sérstaka þingflokkssamþykkt sem í grundvallaratriðum gengur gegn þeim sjónarmiðum sem hæstv. sjútvrh. hefur haft. Minnisblað frá Alþb. er sömuleiðis á öðrum nótum en frv. hæstv. sjútvrh. Mér er að vísu ekki kunnugt um hvort Borgfl. hafi sent frá sér minnispunkta í þessum efnum, en við vitum að afstaða Borgfl. til kvótakerfisins hefur verið skýr, að Borgfl. hefur verið á móti því. Fulltrúi hans í milliþinganefndinni skilaði séráliti og veittist gegn frv., sömuleiðis fulltrúi Stefáns Valgeirssonar í nefndinni, varaþingmaður hans.

Í öðru lagi hefur það komið í ljós að sú breiða samstaða sem hæstv. iðnrh. lét í gær í veðri vaka að væri um orkufrv. liggur heldur ekki fyrir eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. Það skilur á milli hæstv. menntmrh. og hæstv. iðnrh. í grundvallaratriðum. Af þeim sökum er auðvitað nauðsynlegt að það upplýsist nú þegar það frv. verður tekið fyrir sem ég geri ráð fyrir að verði 1. mál á dagskrá, er ekki svo? Ég geri ráð fyrir að það verði haldið áfram umræðum frá því í gærkvöldi (**Forseti:** Jú, jú.) og það mál haldi áfram nú fyrst alla mála. Það kemur líka í ljós þar að mikill ágreiningur er innan ríkisstjórnarinnar og þetta mál í lausu lofti.

Þingflokkur Sjálfstfl. telur nauðsynlegt í ljósi þessa að koma saman til að ræða hin nýju viðhorf og af þeim sökum fer ég fram á það, herra forseti, að gert verði hlé á fundi deildarinnar kl. 3.30 í dag þannig að okkur sjálfstæðismönnum gefist svigrúm til þess að ræða saman og fáum til þess eina klukkustund, ekki förum við fram á meira. Við hefðum að sjálfsögðu komið saman til fundar í morgun ef ekki hefði hist svo á að morguninn var ásetinn, nefndarfundir í báðum deildum, jafnvel í Sþ., þingmenn kallaðir inn í Vegagerð o.s.frv. þannig að ekki var svigrúm til þess að halda þennan fund utan venjulegs starfstíma deildarinnar. Ég veit að hæstv. forseti skilur nauðsyn þessa og mun bregðast vel við og heimila að slíkt hlé verði gert á fundi deildarinnar en fer að sjálfsögðu ekki fram á það að hæstv. forseti svari þessu nú þegar heldur ráðfæri sig við forseta Nd. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hittist þannig á í gærkvöldi að einstakir ráðherrar tóku tíma deildarinnar þegar rætt

var um stjfrv. um raforkuver. Við sjálfstæðismenn komumst lítið að í þeim umræðum. Það hafði náðst samkomulag um að venjulegum fundartíma deildarinnar lyki fyrir miðnætti, enda höfðu þingmenn þá setið á fundum frá því kl. 8 um morguninn og í hádeginu og fram í kvöldmatartíma margir hverjir, en fundur var boðaður kl. 8.30 í gærkvöldi. Síðan voru fundir boðaðir á nýjan leik kl. 8 í morgun.

Við sjálfstæðismenn brugðumst vel við þeirri málaleitan meiri hlutans að koma ekki í veg fyrir að frv. um raforkuver yrði tekið til athugunar í iðnn. þessarar deildar nú í morgun þegar hæstv. iðnrh., og ég tala nú ekki um formaður þingflokks Alþfl., fóru fram á það að við féllum frá orðinu, að ekki yrðu eðlilegar umræður um þetta mál hér í deildinni. Ég á erfitt með að trúa því, herra forseti, að þetta frjálslyndi okkar sjálfstæðismanna, þessi greiðvikni og skilningur okkar á því að þingstörf geti gengið með eðlilegum hætti verði ekki til þess að þetta frv. sé fyrst á dagskránni núna og umræður geti haldið áfram. Það er náttúrlega algerlega óviðunandi ef hæstv. forseti ætlar að fara að taka önnur mál fyrir núna og gefur stjórnarandstöðunni ekki tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðherra út úr. Þeir komu þannig fram í gær að þeir töluðu tveim tungum og auðvitað verðum við að fá svigrúm til þess nú og það strax í upphafi fundar að ræða við þá um það hvernig samstaðan sé í ríkisstjórninni um þetta mál. Ég óska jafnframt eftir því, herra forseti, að hæstv. forsrh. verði viðstaddur þannig að hann geti þá fyllt upp í eyðurnar ef hvorugur fagráðherranna hefur þekkingu til þess að skilja hið flókna laumuspil sem einkennt hefur starfshætti ríkisstjórnarinnar upp á síðkastið.

Ég þarf ekki að taka það fram, herra forseti, að allt þetta laumuspil, þessi tvískinnungur í störfum hæstv. ríkisstjórnar kemur okkur sjálfstæðismönnum ekki á óvart eftir þann viðskilnað og eftir þá reynslu sem við höfðum af sumum ráðherrum sem sátu með Sjálfstfl. í síðustu ríkisstjórn og ástæðulaust er að tíunda að þessu sinni.

Forseti (Jón Helgason):

Ég ætlaði að ljúka atkvæðagreiðslu um fyrstu málin sem engan tíma tekur og hæstv. forsrh. er ekki kominn í húsið þannig að á meðan mun ég taka fyrir 2. mál á dagskrá.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Er óskaplega erfitt að skilja þetta? Það var farið fram á það við okkur að við liðkuðum til, að frv. um raforkuver yrði tekið fyrir í nefnd þó svo að 1. umr. yrði ekki lokið. Er ómögulegt að skilja það að það eru eðlileg viðbrögð hjá forseta deildarinnar, það er eðlileg kurteisi að halda umræðunni um raforkuver tafarlaust áfram nú á þessum fundi og vera ekki að smátefja og fara út í aðra sálma. Það var eftirtektarvert t.d., vegna þeirrar miklu þýðingar sem frv. um raforkuver hefur, að Alþfl. skyldi hafa tekið það fram yfir að koma til Nd. máli sem búið er að vera lengi í athugun í deildinni, var að fara til síðari deildar sem eru húsnæðislögin, taka það á undan frv. um raforkuver sem sýnir auðvitað að ráðherra iðnaðarmála leggur lítið upp úr því að mál gangi hér fyrir í þeirri röð sem þýðing þeirra segir til um. Síðan er látið í veðri vaka af þessum krötum að við sjálfstæðismenn sýnum ósanngirni þegar við förum fram á það að frv. um raforkuver fái eðlilega málsmeðferð í deildinni. Ég vil biðja hæstv. forseta að bregðast við af kurteisi, bregðast við af sanngirni og hefja þegar í stað þessa umræðu eins og gengið var frá í gærkvöldi, eins og ég skildi orð forseta, að við færum fram á það að umræður héldu áfram en mundum fallast á að málið yrði tekið fyrir í nefndinni. Auðvitað er hægt að hafa það þannig, herra forseti, að maður þurfi að þráspyrja og þaulspyrja um hvert einasta smáatriði þegar menn ræðast við þannig að allt sé klárt og kvitt, eins og smákrakkar sem eru óvön því að standa í erfiðum samningum en læra þó fljótt að treysta hvert öðru og reyna ekki að fara á bak við og reyna ekki að pota þegar ekki á að pota.

Forseti (Jón Helgason):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. óskaði eftir því að hæstv. forsrh. yrði við þessa umræðu og eins og ég sagði áðan er hann ekki staddur í húsinu. Til þess að verða við þeirri beiðni hef ég óskað eftir að skilaboðum yrði komið til forsrh. og hyggst ég nota tímann til að taka fyrir 2. mál á dagskrá sem ég vænti að verði aðeins atkvæðagreiðsla.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég minnist þess að hæstv. forsrh. hafi í fjölmiðlum haft orð á því að einstakir ráðherrar mættu illa í þinginu og hafi áminnt ráðherra sína um að gegna þingskyldu sinni. Ég verð því að láta segja mér það þrem sinnum að hæstv. forsrh. sé ekki í húsinu og gegni ekki sinni þingskyldu.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 3. umr.

Stjfrv., 355. mál (breytingar frá 1987). — Þskj. 612.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1015).

Ferðamál, frh. 2. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 42, n. 854 og 861, brtt. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 854 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHG, KSG, MF, SalÞ, ÞK, EG.

nei: GA, JE, KP, VS, EgJ, JHelg.

HBl greiddi ekki atkvæði.

8 þm. (EKJ, GuðmÁ, HÁ, JúlS, SkA, StG, SvG, DS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég hef ekki jafnmikla trú á hæstv. ríkisstjórn eins og flm. þessarar tillögu um að láta henni þetta í hendur og er andvígur því og segi því nei.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 751, n. 991.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. deildarinnar hefur fjallað um frv. til laga um tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Til viðræðna við nefndina komu meðal annarra Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, Guðmundur Pétursson, forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum, Guðmundur Eggertsson, prófessor við raunvísindadeild Háskólans og Helgi Valdimarsson, varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands. Þá var lögð fram að ósk nefndarinnar álitsgerð frá ráðgjafarþjónustu Lagastofnunar Háskóla Íslands um stöðu forstöðumanns tilraunastöðvarinnar.

Frv. gerir sem kunnugt er ráð fyrir því að héðan í frá verði ráðið tímabundið í stöðu forstöðumanns og í nefndinni vöknuðu umræður um það hvort sá starfsmaður sem þessu starfi gegnir kynni við slíka breytingu að eiga rétt til skaðabóta af hálfu ríkisins. Niðurstaða Lagastofnunar, prófessoranna Björns Þ. Guðmundssonar og Þorgeirs Örlygssonar, var í stuttu máli þessi, með leyfi forseta vitna ég til skjalsins frá þeim:

„Löggjafinn getur gert breytingu á réttindum ríkisstarfsmanna með þeim hætti sem umrætt frv. gerir ráð fyrir. En séu með því skert þau lögvörð réttindi sem starfsmaður öðlaðist sjálfkrafa við skipun í starf sitt verður ríkið að svara bótum fyrir. Meðal lögvarinna réttinda ríkisstarfsmanns sem skipaður er í starf, í þessu tilviki forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, er rétturinn til að gegna starfi meðan aldur og heilsa leyfa, enda brjóti hann hvorki af sér í starfi né missi embættis- eða starfsgengi. Þessum rétti verður skipaður ríkisstarfsmaður ekki sviptur, hvorki með stjórnsýsluákvörðun né lögum, bótalaust. Við ákvörðun bóta yrði væntanlega við það miðað að viðkomandi starfsmaður yrði a.m.k. jafnsettur þeim sem vikið hefur verið úr starfi með ólögmætum hætti eða orðið hefur fyrir því að staða hans er lögð niður, en um það efni eru ákvæði í starfsmannalögum. Telja verður að starfsmaður eigi í þessu tilviki bæði rétt til bóta fyrir missi starfsöryggis og fyrir fjártjón. Við ákvörðun fjártjónsins yrði væntanlega byggt á sviputum sjónarmiðum og í 3. mgr. 11. gr. starfsmannalaganna. Líklega glatast bótaréttur ekki þó að starfsmaður hafni tímabundinni ráðningu sem honum býðst með sérstökum lögum í stað æviráðningar samkvæmt skipun í starf."

Þetta er sem sagt álit Lagastofnunar. Það er auðvitað enginn dómstólaúrskurður um málið, en þetta er álit þeirra manna sem glöggt til þekkja. Í rauninni var tímabært að slíks álits yrði aflað þar sem það gerist nú æ algengara að störfum sem áður var æviráðið í eða skipað til lífstíðar, eða því sem næst, sé breytt í tímabundin störf. Venjulegast er það þá gert við mannaskipti þannig að mál sem þessi koma ekki til álita. Þess vegna held ég að það hafi verið af hinu góða að nefndin fékk þetta álit.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar verði ráðinn til sex ára í senn með heimild til endurráðningar. Nefndinni þykir rétt og eðlilegt að sá sem hefur gegnt þessari stöðu eigi kost á að gegna henni áfram í ákveðinn tíma. Með hliðsjón af því hefur nefndin ákveðið að flytja brtt. við frv. og er sammála um það og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu. Breytingin felur það í sér að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar, sem starfar þegar lög þessi taka gildi, heldur forstöðumannsstöðunni í allt að sex ár frá gildistöku laganna."

Þetta er tillaga menntmn. Undir nál. rita allir nefndarmenn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðsluna á þessu frv. og þó sérstaklega því álitaefni sem hv. 3. þm. Vesturl. gerði hér grein fyrir áðan varðandi ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar á Keldum.

Ég hef farið yfir það álit Lagastofnunar sem hv. þm. gerði grein fyrir og nefndin aflaði. Það er út af fyrir sig nokkuð skýrt hvert álit þeirra manna er sem þar skrifa undir. Það er með þeim hætti að ríkið sé hugsanlega bótaskylt ef breytt er ráðningarforsendum manna sem æviráðnir hafa verið samkvæmt gildandi lögum og venjum í þeim efnum sem hafa verið í gildi um áratuga skeið.

Nú er það hins vegar svo að um þetta eru ekki allir sammála og um þetta mál hefur áður verið fjallað á öðrum vettvangi í tengslum við aðrar opinberar

stöður. Þess vegna taldi ég óhjákvæmilegt að kynna þetta álit, sem hv. menntmn. aflaði, á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun.

Það varð niðurstaða ríkisstjórnarinnar að þrátt fyrir þetta álit sem lá fyrir frá Lagastofnun væri rétt að fara fram með málið eins og hv. menntmn. Ed. gerir hér tillögu um. Rökin á bak við það eru margvísleg en þó fyrst og fremst þau að auðvitað verður ríkið að athuga sinn gang í þessu efni varðandi æviráðningu embættismanna þegar það liggur fyrir að verulegur vilji er til þess hér á hv. Alþingi að ráðningartími æðstu embættismanna ríkisstofnana verði yfirleitt tímabundinn. Ég held að sú aðferð sé í bestu samræmi við þau lýðræðislegu sjónarmið sem hafa unnið sér stuðning á undanförnum árum í mjög vaxandi mæli.

Mál af þessu tagi hafa oftlega komið fyrir Alþingi á undanförnum árum, ekki aðeins á vegum núv. hæstv. ríkisstjórnar heldur á vegum fyrri stjórna. Gallinn hefur kannski verið sá að mönnum hefur ekki auðnast sem skyldi að samræma heildarstefnu í þessu efni. Þess vegna væri að mörgu leyti eðlilegt að á máli af þessu tagi væri tekið með heildarlöggjöf fremur en með breytingum á einstökum lögum. Síðarnefnda leiðin hefur hins vegar verið valin, ekki aðeins í þessu frv. heldur í fjöldamörgum öðrum frv. sem afgreidd hafa verið hér á hv. Alþingi.

Fyrir Alþingi munu núna liggja nokkur stjfrv. þar sem á þessum málum er tekið. Þar nefni ég auðvitað fyrst frv. um Tilraunastöðina á Keldum sem hér er á dagskrá. Ég nefni þar einnig frv. til útvarpslaga sem er til afgreiðslu í hv. menntmn. Ed. og ég nefni frv. til skipulagslaga sem hefur verið hér nokkuð til umræðu. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það að menn horfi á þessa hluti í samhengi en ég tel engu að síður nauðsynlegt, miðað við tilurð þessa máls sem hér er á dagskrá, að þetta mál verði afgreitt sérstaklega með þeim hætti sem hv. menntmn. leggur til. Ég tel að tillaga hennar sé afar skynsamleg miðað við allar aðstæður.

Annað álitamál kemur upp varðandi afgreiðslu frv. Það er það að í frv. er gert ráð fyrir að forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum sé jafnframt prófessor. Nú er það svo að núverandi forstöðumaður sem gert er ráð fyrir að haldi sinni stöðu áfram, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða, í a.m.k. sex ár er ekki prófessor eins og sakir standa. Menn kunna því að velta fyrir sér, er það þá svo að forstöðumaðurinn verði sjálfkrafa prófessor við Háskólann um leið og frv. hefur verið samþykkt í þeirri mynd sem það er núna. Athygli mín var vakin á þessari spurningu í gær. Ég hef velt henni dálítið fyrir mér og svar mitt er nei. Það er ekki þannig að forstöðumaðurinn verði sjálfkrafa prófessor við það að frv. verði að lögum. Hins vegar á samkvæmt háskólalögum forstöðumaður háskólastofnunar rétt á því að sækja um stöðu prófessors. Reynist hann síðan að loknu dómnefndarferli hæfur til að gegna prófessorsstöðu, þá getur hann fengið hana samkvæmt gildandi háskólalögum. Þannig getur núverandi forstöðumaður Keldna sótt þennan rétt hvenær sem er. Geri hann það og fái hann jákvæðan hæfnisdóm þá fær hann sjálfkrafa þá stöðu forstöðumanns og prófessors sem frv. í núverandi mynd gerir ráð fyrir. Hann félli þannig inn í það ferli sem frv. gerir í raun og veru ráð fyrir þó að það gerðist ekki um leið og frv. yrði afgreitt sem lög. Það er hins vegar mín skoðun að ekki sé óeðlilegt að þessi forstöðumaður, hafandi gengið í gegnum dómnefndarferlið, héldi síðan prófessorsstöðu áfram þó að hann viki úr forstöðumannsstöðunni.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að taka þetta fram til þess að skýra eins vel og kostur er af hálfu ráðuneytisins þau álitamál sem upp koma við afgreiðslu frv. um leið og ég endurtek þakkir mínar til hv. menntmn. fyrir úrlausn hennar á þessu máli.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég sat ekki í menntmn. og hef bara lauslega kynnt mér efni frv. En það sem fékk mig til þess að standa hér upp í ræðustól er það sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. og mikið var fjallað um í nefndinni, ráðningarmál starfsmanna ríkisins.

Það er alveg rétt sem fram kemur hjá hæstv. menntmrh. að ráðningarmálin eru því miður ekki í nógu góðu lagi en þó er nú verið með frv. sem hefur verið lagt fram í þinginu til kynningar, frv. til laga um Stjórnarráð Íslands, að taka fyrsta skrefið í þá átt að breyta ráðningarkjörum opinberra starfsmanna. Þar er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur. Það er byrjað ofan frá. Það er byrjað á því að taka fyrir ráðningarmál starfsmanna ráðuneyta. Þar er gert ráð fyrir því að ráðuneytisstjóri verði ráðinn til sex ára í senn en aðrir starfsmenn ráðuneyta annaðhvort til ákveðins tíma eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Það er mikil nauðsyn á því að taka til endurskoðunar, með þetta markmið í huga, lögin um opinbera starfsmenn og breyta þeim á þann hátt sem þarna er gert ráð fyrir, að opinberir starfsmenn verði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma. Þetta hefur tíðkast nokkuð, sérstaklega hjá sveitarfélögum, og ég sé ekki af hverju önnur kjör ættu að vera hjá ríkisvaldinu en sveitarfélögum.

Það er líka rétt sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. að í einstökum lögum er kveðið á um ákveðinn ráðningartíma. Til viðbótar því sem ráðherrann nefndi má nefna bankalögin, en þar er gert ráð fyrir að bankastjórar verði ráðnir til sex ára í senn, og fleiri lög. Í vissum tilvikum má segja að þarna sé um rétta stefnu að ræða, að ráða til ákveðins tíma, en almennt á þessi regla ekki að gilda.

Þegar reglan um æviráðningu var sett var það til að tryggja embættismenn gagnvart ofurvaldi konungs eða einhvers slíks sem var með einræðisvald þannig að æviráðning er arfleifð sem ekki á við í dag. Núna er þjóðfélagsþróun á þann veg að opinberir starfsmenn þurfa ekki á þessari vernd að halda sem þeir þurftu og ég sé ekki af hverju ríkisstarfsmenn eigi að njóta einhverra sérstakra kjara umfram almenna launþega.

Ég minnist þess að hjá heilu fyrirtækjunum er sagt

upp til hagræðingar. Í ríkiskerfinu er slíkt hins vegar ekki fyrir hendi. Og af hverju, er þá spurt. Ég er þeirrar skoðunar að lög þurfi að vera þannig að ríkisvaldið eigi að geta losað sig við starfsmenn, og þá oft óhæfa starfsmenn, og einnig að meiri sveigjanleiki eigi að vera í stjórnsýslunni þannig að hægt sé að færa starfsmenn til. En þessi sveigjanleiki er því miður ekki til í kerfinu eins og það er í dag.

Þetta vildi ég að kæmi fram núna þar sem vakið var máls á þessu sérstaka atriði og ég skora á þann ráðherra sem hér situr að vekja máls á því innan ríkisstjórnarinnar hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða lögin um opinbera starfsmenn með einmitt þetta í huga, að starfsmenn í ríkisþjónustu verði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Ég þakka hæstv. menntmrh. annars fyrir að hafa vakið máls á þessu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að þetta mál væri ekki hér til umræðu nú ef sjálfstæðismenn hefðu ekki fallist á að orkumálin yrðu rædd í iðnn. í morgun því að við erum hér að ræða um álitamál sem hæstv. forseta átti að vera kunnugt að tæki nokkurn tíma. En það virðist vera þannig að hæstv. forseti hafi, og ég tala nú ekki um hæstv. iðnrh. eða formaður þingflokks Alþfl., skyndilega misst áhuga á raforkumálunum úr því að þingnefndir hafa tekið til starfa án þess að málinu sé vísað til 2. umr. og nefndar. Þetta sýnir auðvitað hversu varhugavert það er fyrir stjórnarandstöðu að verða við tilmælum af þessu tagi frá meiri hlutanum.

Ég hlýt líka að ítreka það sem ég sagði áður, að fjarvera hæstv. forsrh. hefur orðið til þess að tefja fyrir eðlilegum umræðum hér í deildinni.

Ég hlýt, herra forseti, að verða að lýsa yfir sérstakri undrun minni á yfirlýsingu hæstv. menntmrh. hér áðan þegar hann var að láta í ljós þá skoðun sína að þetta frv. væri ekki afgerandi um það hver verði staða forstöðumanns Tilraunastöðvarinnar á Keldum ef frv. verður samþykkt og verður að lögum eins og það er hér fyrir framan mig á þskj. 751. Í 5. gr. frv. stendur skýrum stöfum:

„Við Tilraunastöðina starfar forstöðumaður sem skal hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði dýra eða manna, líffræði eða öðrum skyldum greinum sem eru á rannsóknarsviði stofnunarinnar. Hann er jafnframt prófessor við læknadeild Háskóla Íslands með takmarkaðri kennsluskyldu samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs."

Ef Alþingi samþykkir frv. eins og það liggur hér fyrir er auðvitað ljóst að Alþingi lítur svo á, og ég lít svo á, að æskilegt sé og verði Háskólanum og þeirri kennslu sem þar er til styrktar ef þeir nemendur sem þar eru í læknadeild eiga kost á að njóta fyrirlestra forstöðumanns Tilraunastöðvarinnar á Keldum. Sá maður sem nú gegnir því embætti er gamalreyndur í starfi og nýtur fyllsta trausts sem vísindamaður og þess vegna er fráleitt að hugsa sér að hann sé ekki til þess bær að gegna prófessorsembætti við Háskóla Íslands á borð við hvern annan.

Ég vil í þessu sambandi taka hliðstæðu. Það var að vísu svo um dómara í Hæstarétti sem nýlega lét af störfum að hann hafði ekki fengið málflutningsleyfi fyrir réttinum en rétturinn leit svo á að þess þyrfti ekki með. Hæfileikar hans og hæfni til þess að reka mál fyrir Hæstarétti væru hafin yfir allan vafa. Eins hlýt ég að álíta það hafið yfir allan vafa að jafnþrautreyndur vísindamaður og Guðmundur Pétursson eigi ekki að þurfa að ganga undir einhverja naflaskoðun í Háskólanum eftir að Alþingi hefur slegið því föstu að hann eigi áfram að vera forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum.

Ég vek líka sérstaka athygli á því að fulltrúar Háskóla Íslands komu til fundar við menntmn. og þeir höfðu engar athugasemdir við þetta atriði að gera og var það þó svo þegar þeir komu á fund nefndarinnar að ekki hafði verið vakin athygli á því að þörf væri á ákvæði til bráðabirgða. Eins og frv. leit þá út varð að ganga út frá því að starfskjör yfirmanns Tilraunastöðvarinnar héldust óbreytt.

Ég get auðvitað ekki fallist á það sem innlegg í þetta álitamál þegar hæstv. menntmrh. segir að það eigi að vera á valdi forstöðumanns Tilraunastöðvarinnar á Keldum hvort hann kjósi eða kjósi ekki að sækja um prófessorsstöðu við Háskóla Íslands. Frv. felur þvert á móti í sér að Alþingi, ef greinin verður samþykkt og frv. verður samþykkt eins og það liggur nú fyrir, telur feng að því að þessi forstöðumaður miðli reynslu sinni við nemendur læknadeildar Háskóla Íslands. Það á ekki að vera undir hans duttlungum komið hvort hann kjósi eða kjósi ekki að rækja þá kennsluskyldu sem hér er gert ráð fyrir að prófessor hafi.

Í þessu samhengi vek ég einnig athygli á því að eins og frv. liggur hér fyrir og þó svo að brtt. verði samþykkt er öldungis ljóst að forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar hefur rétt til að sækja um endurráðningu við Tilraunastöðina á Keldum og ég get ekki fallist á það, herra forseti, að réttarstaða hans til þess að sækja um þetta embætti breytist að sex árum liðnum þannig að svo beri að líta á að þá skuli hann lúta þeim almennu reglum sem í frv. segir og muni af þeim sökum eiga kost á tólf ára ráðningartíma til viðbótar við þau sex ár sem í bráðabirgðaálitinu felast. Þá erum við að tala um átján ár og þá held ég satt að segja að ástæðulaust sé að vera með allt þetta vesen.

Ég vil að þetta sé alveg skýrt og auðvitað hefur það enga merkingu þó einhverjir þingmenn komi hér upp í þennan ræðustól og lýsi yfir að þeir skilji texta 5. gr. með öðrum hætti. Textinn liggur fyrir í þingskjalinu, textinn er afdráttarlaus og það er viðtekinn skilningur lögfræðinga, eða ekki veit ég betur, að yngri lög ryðji eldri lögum úr vegi. Ef hugmynd þingsins væri sú að forstöðumaðurinn kæmist hjá því að hafa kennsluskyldu við Háskólann er óhjákvæmilegt að taka það skýrt fram í ákvæði til

bráðabirgða. Ég held að mönnum hljóti að vera þetta ljóst.

Ég veit að vísu að Háskóli Íslands leggur mikið upp úr því að vera sem sjálfstæðastur í sínum rekstri og veit að hann hefur mikinn metnað í þeim efnum en ég hygg á hinn bóginn að umsögn Háskólans um frv. feli í sér að háskólaráð og Háskólinn sem stofnun sé þegar búinn að gera það upp við sig að forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum hefur með starfi sínu sýnt fram á að hann sé hæfur til að vera kennari við læknadeild Háskóla Íslands ekki síður en hver annar. Það er því að minni hyggju í senn, mér liggur við að segja móðgandi við þann mann sem þessu embætti hefur gegnt og lítillækkandi fyrir Háskólann ef hann hefur annan skilning á þessu atriði. Háskólinn hefði í umsögn og umfjöllun sinni um frv. tekið miklu fastar á þessu atriði ef hann hefði aðrar skoðanir á hæfni þess manns sem nú er forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum en ég hef hér lýst. Við erum þess vegna, herra forseti, ekki að tala um efnisatriði, við erum ekki að tala um annað en þá einhvern dauðan bókstaf, einhvern tilgangslausan metnað sem engu skiptir og menningarstofnun á ekki að hafa.

Ég vil í annan stað, herra forseti, vekja athygli á því að í nefndinni var ekki fjallað um þá réttarstöðu sem forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum hefði, sá maður sem því embætti gegnir nú, ef hann kysi. Ef skilningur hæstv. ráðherra væri réttur, að hann yrði ekki sjálfkrafa prófessor við Háskólann, þá var það ekki rætt í nefndinni hver réttarstaða þessa forstöðumanns yrði. Í 1. mgr. 5. gr. segir svo: „Um ráðningu hans [þ.e. forstöðumanns] fer að öðru leyti eins og segir í háskólalögum um prófessora og getur hann haldið prófessorsembætti þótt hann láti af störfum forstöðumanns."

Mér virðist einsýnt ef skilningur hæstv. ráðherra er réttur að sá maður sem nú gegnir forstöðumannsembætti Tilraunastöðvarinnar eigi ekki kost á neinni slíkri svokallaðri æviráðningu ef hann lætur af störfum eftir sex ár og svo fer um hans embættisrekstur sem hæstv. menntmrh. hefur lýst.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það álitamál hvort rétt sé að ráðningartími æðstu embættismanna sé tímabundinn eða ekki. Það eru auðvitað mörg rök sem hníga að því að svo skuli vera, aðrir hafa verið annarrar skoðunar og læt ég það álitamál liggja hér í vangaveltum mínum nú en vil einungis vekja athygli á því að launakjör, starfskjör æðstu embættismanna ríkisins, hljóta að koma til endurskoðunar ef við sláum því föstu að þeir sitji aðeins tímabundið í slíkum embættum. Margir þeir sem slík embætti hafa skipað á liðnum árum hafa haft rekstur með höndum í sinni starfsgrein sem hefur tekið þá mörg ár að byggja upp og auðvitað er ekki við því að búast að menn séu reiðubúnir til að hlaupa úr eða gefa slíkar rekstur upp á bátinn ef þeir mega búast við að sitja skamman tíma í embætti og eiga ekki kost á góðum launakjörum sem ekki eru mjög fjarri því sem þeir hafa vanist þar sem þeir hafa áður verið.

Ég vil líka, herra forseti, vekja athygli á því að spurning um tímabundna ráðningu tekur ekki aðeins til æðstu embættismanna. Það má auðvitað hugsa sér t.d. að prófessorar við Háskóla Íslands verði ráðnir tímabundinni ráðningu, svo að ég taki eitthvert dæmi, en hér er því sem sagt slegið föstu að úr því að forstöðumaðurinn skuli jafnframt hafa kennsluskyldu við læknadeild Háskóla Íslands sé eðlilegt að hann fái að halda prófessorsembætti þótt hann láti af störfum. Þetta er auðvitað mjög eftirtektarverð niðurstaða og hlýtur að vekja upp spurningar um það hvernig það sé hugsað að prófessorum fjölgi með þeim hætti í læknadeild.

Ég er þeirrar skoðunar að launakjör forstöðumanns Tilraunastöðvarinnar á Keldum hljóti að breytast í grundvallaratriðum eftir að hin nýja skipan verður upp tekin og vil í þeim efnum benda á það sem hliðstæðu hvernig staðið hefur verið að ráðningu og launakjörum þeirra yfirlækna sem jafnframt hafa kennsluskyldu við læknadeild Háskóla Íslands.

Ég hafði um það forgöngu, gerði það að tillögu minni, að álitamálinu um það hver væri réttarstaða þeirra embættismanna sem fengju nú tímabundna ráðningu í stað æviráðningar áður yrði vísað til lagadeildar Háskóla Íslands í þetta skipti. Ég bað jafnframt um upplýsingar um það frá lagadeild Háskólans hvers eðlis álitsgerðir Lagastofnunar Háskólans væru, hvort svo bæri að líta á að lagadeild Háskólans stæði að slíkri álitsgerð eða hvort álitsgerðin væri eingöngu á ábyrgð þeirra manna sem undir álitsgerðina skrifuðu og Háskólanum óviðkomandi að öðru leyti. Það kom í ljós að á bak við þetta álit er eingöngu athugun þeirra tveggja prófessora sem undir það skrifuðu. Þetta gefur auðvitað tilefni til þess fyrir þingdeildir og Alþingi að íhuga hvort ekki sé skynsamlegt að gera það jöfnum höndum, þegar um álitsgerðir er beðið um álitamál sem hér eru til umfjöllunar, að leita út á hinn frjálsa markað til þeirra lögmanna t.d. sem sérstaklega hafa verið í tilteknum málaflokkum, eru sérfræðingar þar á sínu sviði, fremur en að sækja til embættismanna um slíkar álitsgerðir. Ég hef ekki aflað mér upplýsinga um hvað það kostar Alþingi að fá álitsgerð eins og þá sem ég bað um.

Að síðustu vil ég aðeins segja að það er auðvitað deginum ljósara að embættismaður sem æviráðningu hefur hlýtur að hafa a.m.k. sambærilega réttarstöðu við þann sem með óréttmætum hætti er sagt upp embætti eða ef embætti manns er lagt niður. Um þetta held ég að ekki sé ágreiningur. Og ég vil aðeins vekja athygli á því í lokin að nýfallinn er í Hæstarétti dómur um það álitamál hvort einstaklingur sem hafði verið forstöðumaður ríkisstofnunar eigi rétt á, ég veit ekki hvort ég á að segja skaðabótum eða bótum getum við sagt, launabótum, þó svo hann hafi orðið forstjóri þess fyrirtækis sem stofnað var á rústum hins opinbera fyrirtækis. Munurinn var eingöngu sá að opinberum rekstri var breytt í einkarekstur, forstöðumaður varð að forstjóra. Hæstiréttur hefur fellt úrskurð um það að þessi maður eigi rétt á biðlaunum

sem ég kann ekki að fara með hvort var sex mánuðir eða eitt ár.

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt úr því að hæstv. menntmrh. hefur annan skilning á innihaldi 5. gr. frv. en ég sem nefndarmaður í menntmn. að málinu verði á nýjan leik vísað til menntmn. þannig að hún geti gert upp við sig hvort hún kjósi að gera það orðalag sem hér er skýrara og hljóti að verða að taka tillit til þess hvaða skoðun hún hefur á því hvort forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum skuli sjálfkrafa verða prófessor við læknadeild Háskólans með takmarkaðri kennsluskyldu eða hvort svo beri að líta á að það sé sett í hans vald.

Ég get ekki séð að Alþingi geti sætt sig við þá niðurstöðu að það sé komið undir duttlungum ráðherrans hvernig með það mál verður farið.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er lóðrétt ósammála hv. 2. þm. Norðurl. e. í þessu máli og tel að hans málflutningur byggist að verulegu leyti á misskilningi. Ég leyfi mér hins vegar að stinga upp á því við hæstv. forseta að málið fari til nefndar aftur á milli 2. og 3. umr. ef það mætti verða til þess að greiða úr þessum misskilningi og greiða fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.–11. gr. samþ. með 15 slj. atkv.

Brtt. 991 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ferðamál, frh. 2. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 42, n. 854 og 861, brtt. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 862,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 862,2 samþ. með 10:2 atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 862,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, JE, KP, SkA, SvG, VS, DS, EgJ, JHelg.

GHG, HBl, MF, SalÞ, ÞK, EG greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (EKJ, GA, HÁ, JúlS, KSG, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við það að þegar komið er nærri þinglokum skuli sá meiri hluti sem stendur á bak við þessa ríkisstjórn ekki sjá ástæðu til þess að mæta við atkvæðagreiðslur þannig að þær taka miklu lengri tíma en eðlilegt er. Það verður að endurtaka þær hvað eftir annað og meira að segja fresta atkvæðagreiðslu á meðan önnur mál eru tekin fyrir ef ske kynni að það tækist að hóa saman liðinu.

Ég hygg að þetta áhugaleysi lýsi kannski vel afstöðu stjórnarsinna til þessarar ríkisstjórnar og þess sem hún er að gera. Ég greiði ekki atkvæði.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 921.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það vekur athygli að frv. sem hér er til umræðu er í sérstökum hátíðabúningi. Það hefur verið kostað upp á sérstaka gráa kápu utan um það sem er auðvitað mjög óalgengt um frv. hér í deildinni og væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvort sá aukakostnaður sem þessu fylgir er tekinn af Alþingiskostnaði eða hvort Alþingi muni senda iðnrn. reikning fyrir þessum óþarfa lúxus, þessu óþarfa pjatti, sem lýsir sér í frágangi þessa frv. (**VS:** Er þetta ekki bara endurunninn pappír?) Það er líka athyglisvert að frv. er upp á 68 bls. og hefur verið prentað upp vegna lítils háttar villu í grg. sem hefði auðvitað verið miklu einfaldara að leiðrétta með einfaldari hætti en hér er gert til þess að komast hjá þeim kostnaði sem því fylgir að endurprenta svo viðamikið þingskjal. Þetta er auðvitað smámál en mér finnst samt sem áður óhjákvæmilegt að vekja athygli á því.

Ég hef beðið um að hæstv. forsrh. verði viðstaddur þessar umræður. Það er óhjákvæmilegt eftir þær yfirlýsingar sem hæstv. menntmrh. gaf hér í deildinni í gærkvöldi og eftir þær ræður sem hæstv. iðnrh. flutti, fyrst frumræðu hæstv. iðnrh. um þetta mál og síðar svarræðu hans, en í hvorugri þessari ræðu kom það fram sem hæstv. menntmrh. lýsti yfir og það er að ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til veigamikilla atriða í sambandi við það mál sem hér liggur fyrir og sérstaklega þó í sambandi við grundvallaratriði í þeirri samningsgerð sem nú stendur fyrir dyrum við Atlantal-hópinn og hlýtur að vera forsenda þess að ráðist sé í virkjunarframkvæmdir.

Það er auðvitað ekkert nýtt. Það var auðvitað kunnugt áður en hæstv. menntmrh. tók til máls að afstaða Alþb. til stóriðjumála er önnur og hefur verið

önnur en hæstv. iðnrh. Ég hygg að mönnum sé það líka ljóst að Framsfl. hefur í þeim efnum borið kápuna á báðum öxlum. Ég fletti upp til þess að athuga hvort eitthvert svar fengist við þessari spurningu í stefnuræðu forsrh. hinn 23. okt. sl. en þar kom í ljós að engin afdráttarlaus yfirlýsing var gefin eins og hv. þm. Friðrik Sophusson vakti athygli á í umræðunum. Þá sagði hv. þm., með leyfi hæstv. forseta: „Heyrðuð þið forsrh. taka af skarið í stóriðjumálum? Lýsti hann yfir stuðningi við starf iðnrh. sem fylgt hefur fram stefnu forvera sinna gegn afturhaldssjónarmiðum Hjörleifs Guttormssonar? Nei, hann sagði aðeins að þann kost ætti að skoða ef viðunandi samningar næst."

Hæstv. iðnrh. sté í ræðustól Alþingis næstur á eftir hv. þm. og sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú þurfum við að gera að því gangskör að breyta orku fallvatna og jarðvarma í atvinnu og tekjur. Við þurfum að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í nýtingu orkulinda til atvinnuuppbyggingar. Nærtækasti kosturinn er aukin álframleiðsla.

Eins og fram hefur komið í máli forsrh. hér fyrr hefur iðnrn. að undanförnu undirbúið stækkun álversins í Straumsvík í samvinnu við nokkur erlend álfyrirtæki, svonefndan Atlantal-hóp. Þetta kom fram í ræðu forsrh. þótt hv. 1. þm. Reykv. virðist hvorki hafa heyrt þetta né séð.

Ég tel nú líkur á því að viðunandi samningar frá sjónarmiði Íslendinga geti náðst við þennan hóp. Eitt tonn af áli frá álbræðslu hér á landi skilar okkur álíka miklu í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Þegar málið er skoðað á þennan einfalda hátt sjá menn glöggt hversu mikilvæg viðbót við atvinnulífið stækkun álversins í Straumsvík getur orðið. Við þurfum þessa viðbót nú þegar, draga þarf úr þorskafla til þess að vernda þennan mikilvægasta nytjastofn á Íslandsmiðum.

Ég vil tengja áformin um aukna álframleiðslu í Straumsvík við framtíðaruppbyggingu orkufreks iðnaðar og raforkukerfisins alls," segir hæstv. ráðherra og lýkur þessum kafla ræðu sinnar með því að lýsa því yfir að hann muni á næstunni leggja fyrir Alþingi till. til þál. þar sem fjallað yrði um þetta mál í stærra samhengi, þ.e. virkjunarframkvæmdir.

Nú vitum við hvernig þessi mál enduðu. Alusuisse gekk úr Atlantalhópnum. Það fór ekki fram hjá neinum að fyrst eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við, haustið 1988, fram eftir vetri og fram á vor, sýndi hæstv. iðnrh. lítið frumkvæði í þessum málum, sýndi Atlantal-hópnum satt að segja lágmarksáhuga, og þær fregnir, óstaðfestar að vísu, bárust hingað til lands frá Svisslendingum að þeim þætti iðnrh. áhugalítill um málið. Nú skal ég ekki um það segja hvort þessi orðrómur er á rökum reistur en hitt liggur ljóst fyrir að Alþb. hafði aðrar skoðanir á þessu máli en Sjálfstfl. og í öðru lagi að hæstv. iðnrh. bar ekki gæfu til að ljúka því starfi sem forveri hans hafði hafið í samvinnu við þann Atlantal-hóp sem þá var, þó svo að sú mikla forvinna sem Friðrik Sophusson stjórnaði í iðnrn. hafi valdið því að auðveldara var að fá annað fyrirtæki til að hlaupa í skarðið.

Ég skal ekki segja hæstv. iðnrh. það til lasts þó honum hafi gengið illa að reka alþýðubandalagstrippin í þessari ríkisstjórn. Við vitum auðvitað of vel að Alþb. hefur jafnan verið andvígt stóriðju á sömu forsendum og sjálfstæðismenn höfðu forustu um að móta á viðreisnarárum og gátu talið Alþfl. á. Þetta liggur auðvitað ljóst fyrir og þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

Ég vil í annan stað, herra forseti, vekja athygli á því að hinn 19. febr. sl. lögðu tíu þingmenn Sjálfstfl. fram beiðni um skýrslu frá iðnrh. um nýtt álver. Þetta þskj. hljóðar svo:

„Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnrh. flytji Alþingi skýrslu um fyrirhugaða byggingu nýs álvers.

Í skýrslunni verði m.a. eftirtöldum spurningum svarað:

1. Hvenær er gert ráð fyrir að frv. um heimild til að semja við erlend álfyrirtæki um byggingu Atlantal-álversins verði lagt fram?
2. Hvert verður meginefni frv.?
3. Hefur ríkisstjórnin mótað afstöðu sína til einstakra atriða málsins, svo sem eignarhalds, orkuverðs o.fl.?
4. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um staðsetningu álversins?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið dreift meðal þingmanna."

Þessi beiðni um skýrslu var lögð fram hinn 19. febr. sl. Nú má vera að hæstv. iðnrh. reyni að hlaupa í það skjólið að hann hafi nú lagt fram frv. sem eigi að taka af allan vafa um þessi atriði en svo er ekki. Það liggur líka fyrir að í frumræðu hans hér í gær var ekki komið inn á þessi atriði. Það er augljóst ef borið er saman efnisinnihald frumræðu hæstv. ráðherra og þau efnisatriði sem fólust í ræðu hæstv. menntmrh. Þetta er því auðvitað ámælisvert. Úr því að hæstv. iðnrh. lét undir höfuð leggjast að svara skýrslunni eins og embættisskylda hans segir til um var auðvitað lágmark að ætlast til þess að hann svaraði þeirri spurningu m.a. hvort ríkisstjórnin hafi mótað afstöðu sína til einstakra atriða, svo sem eignarhalds, orkuverðs og fleira.

Herra forseti. Nú er klukkan hálffjögur. Ég óska eftir því að gera hlé á ræðu minni vegna þingflokksfunda þar sem ég mun nú víkja að öðrum efnisatriðum í minni ræðu. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þinghald hér í Ed. hefur verið með þeim hætti í dag að fundur hófst með því að farið var að ræða önnur efni en frv. um raforkuver. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsrh. yrði við umræðuna og að athuguðu máli er nauðsynlegt að formaður Alþb. verði einnig við umræðuna. Við vitum að djúp gjá hefur myndast milli formanns Alþb. og fyrrv. for-

manns Alþb., Svavars Gestssonar, og vitum að þeir tala ekki einum munni og af þeim sökum er nauðsynlegt að fá staðfestingu á því hjá formanni Alþb. að þau ummæli sem hæstv. menntmrh. viðhafði hér í gær séu skoðun þess Alþb. sem Ólafur Ragnar Grímsson þykist vera formaður fyrir.

Ég vil vekja athygli á því að fregnir hafa borist um að ráðherrar muni hittast á fundi nú klukkan fimm til þess að ræða stjórn fiskveiða og freista þess að ná samkomulagi í því máli. Ég hlýt að fara fram á það, herra forseti, þar sem þetta mál sem hér er til umræðu er mjög viðkvæmt og þar sem óhjákvæmilegt er að bera saman ummæli einstakra ráðherra og fá jafnframt úrskurð hæstv. forsrh. um það hvernig hann líti á þær deilur sem upp hafi komið, og líka vegna mikilvægis málsins, að hæstv. forseti sjái svo til að þessi umræða geti farið fram viðstöðulaust án þess að verið sé að trufla umræðurnar. Ég mælist þess vegna til þess, ef svo er að ráðherrar ætla að mæta til annars fundar klukkan fimm, að umræðan geti hafist í upphafi fundar á morgun og þá gefist svigrúm til þess að inna einstaka ráðherra eftir svörum við þeim álitaefnum sem upp eru komin og sýna fram á að í ríkisstjórninni er ekki eining um það frv. sem var hér til umræðu, né um byggingu álvers og þær forsendur sem leggja beri til grundvallar við viðræður við Atlantal-hópinn um álver hér á landi.

Forseti (Jón Helgason):

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt var fundi frestað klukkan hálffjögur vegna beiðni um þingflokksfundi sem mér fannst óhjákvæmilegt að verða við. Mér er ekki kunnugt um að ráðherrar fari í burtu en ef svo er geri ég ekki ráð fyrir að þessi umræða haldi áfram.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. um það að umræðum verði frestað í þessu máli og vísa til þeirra ummæla hans hér áðan að við viljum fá tækifæri til að ræða þetta í samfelldri umræðu að viðstöddum þeim ráðherrum sem þessi mál snerta. Við höfum ástæðu til að halda að þeir ráðherrar verði ekki til staðar hér á eftir án þess að ég fari nánar út í það, virðulegi forseti, þannig að ég óska einnig eftir því að þessi umræða fari ekki fram núna, heldur verði frestað þangað til á morgun þannig að hún geti verið samfelld og með þeim hætti sem við á.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef verið hér og hlustað á ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. og er reiðubúinn að svara þeim spurningum sem mér skilst hann vilji beina til mín. Ég er reiðubúinn að gera það enn og sé ekkert því til fyrirstöðu að ljúka því á mjög skömmum tíma. Ég vil spyrja hvort menn vilji ekki greiða fyrir þessum málum með því að ég fái tækifæri til að svara og málið komist þannig til nefndar sem mér skilst að sé mikill áhugi á hjá mörgum. Hitt er svo rétt að einhvern tímann þurfum við að finna tíma til að setjast yfir erfitt mál sem bíður lausnar, sem stjórn fiskveiða. En við getum frestað þeim fundi eitthvað ef fljótlega er hægt að koma við svörum við þeim spurningum sem hv. þm. mun hafa í huga að bera fram.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að hæstv. forsrh. virðist ekki kunnugt um að iðnn. kom saman í morgun til þess að ræða þetta mál. Það er því ekki um það að ræða að tefja fyrir því að frv. fái þinglega meðferð í nefnd. Sjálfstfl. hefur ekki gert athugasemd við það að sú vinna geti byrjað, enda höfum við auðvitað verið helstu áhugamenn um það að til stóriðju komi hér á landi á réttum forsendum.

Á hinn bóginn er ekki við því að búast að þær fsp. sem óhjákvæmilegt er að bera fram, líka við formann Alþb., Ólaf Ragnar Grímsson, og að hæstv. menntmrh. viðstöddum, að sú umræða taki hálftíma eða klukkutíma. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim ágreiningi sem upp er kominn milli einstakra ráðherra. Það er nauðsynlegt að rekja aðdraganda þessa máls og það er nauðsynlegt að tíunda þau sjónarmið sem hæstv. iðnrh. hefur látið í ljós, sem í sumum tilvikum er óhjákvæmilegt að líta á sem forsendur fyrir þeirri vinnu sem hann hefur lagt í stóriðjumálin og sem líka er óhjákvæmilegt að líta á sem forsendur fyrir þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir milli Atlantsálshópsins og Íslendinga.

Ég er þess vegna reiðubúinn, herra forseti, að halda umræðum áfram ef svo ber að skilja að umræðunni verði haldið viðstöðulaust áfram til kl. 7 ef nauðsynlegt verður. En ég get á hinn bóginn ekki fallist á það að ráðherrar gangi úr deildinni þegar þeim þykir henta eða ráðherrar séu svo vant við látnir að þeir reyni af þeim sökum að hlíðra sér hjá því að svara eðlilegum fyrirspurnum. Ef hæstv. forsrh. kýs að umræðan fari fram núna þá er sjálfsagt að verða við því og þá sér maður hvort einstakir ráðherrar verða við þeim tilmælum forsrh. að svara einarðlega þeim spurningum sem fram eru bornar, eins og hæstv. forsrh. lofaði að gera að sínu leyti.

Halldór Blöndal (frh.):

Hæstv. forseti. Í viðtali við Birgi Árnason, fyrrum aðstoðarmann Jóns Sigurðssonar, hæstv. iðnrh. og viðskrh., kemur fram að hann telur að Alþfl. hafi lent í tröllahöndum í þeirri ríkisstjórn sem hann er í núna. Hann talar um að í ríkisstjórninni hafi ekki verið auðvelt að taka á ýmsum umbótamálum og víkur í þeim efnum sérstaklega að stóriðjumálum og segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „. . . í stóriðjumálunum væri á brattann að sækja. Þó að Alþýðubandalagið hefði að vísu ekki náð að stöðva framgang málsins væri það með fyrirvara á afgreiðslu þess ef því líkaði ekki niðurstaðan í öllum atriðum. Það sama mætti segja um Framsóknarflokkinn, þó að stuðningur við málið væri meiri þar.“ Svo mörg voru þau orð. Með þessum hætti vék fyrrv. aðstoðarmaður iðnrh., sem

ég veit að hann bar mikið traust til, að stóriðjumálunum.

Nú vil ég víkja að þeim atriðum sem hæstv. menntmrh. gerði að umræðuefni í gær og sagði um að væri óhjákvæmilegt fyrir einn þingmann Alþb. og ráðherra að taka fram í þessari umræðu. Það er óhjákvæmilegt að líta svo á að þau atriði sem hæstv. menntmrh. tilgreindi hafi verið sögð að yfirveguðu ráði til þess að minna á að umræðurnar um stóriðjuna væru ekki í því fari sem hæstv. iðnrh. hefur gefið í skyn og talaði hæstv. menntmrh. um að hann hefði verið að búa til leikrit í þeim efnum, fór sem sagt háðulegum orðum um málflutning hæstv. iðnrh.

Þá er best að víkja að einstökum atriðum. — Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. heyrir mál mitt? (**Forseti:** Ég hef komið boðum til hæstv. forsrh. um að hv. þm. sé byrjaður ræðu sína.)

Hæstv. menntmrh. segir, og vitnar í samþykkt þingflokks Alþb. frá 9. apríl sl., en í þeirri samþykkt undirstrikar þingflokkurinn að enn séu engar forsendur fyrir hendi til þess að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þús. tonna álvers. Hæstv. menntmrh. tekur það skýrt fram og í sömu svifum undirstrikar hann að það sé til þess að veikja málstað Íslendinga en styrkja málstað viðræðuhópsins í Atlantsálshópnum ef nú yrði haldið áfram virkjunarframkvæmdum án þess að niðurstaða hafi fengist um það hvort álverið rísi hér á landi.

Í öðru lagi tiltók hæstv. menntmrh. staðsetningu álversins. Í yfirlýsingum iðnrh. og í ummælum hans, ég hygg ég fari rétt með að það sé einnig í grg. án þess að ég muni það fullkomlega, er talað um að álverið geti risið á ýmsum stöðum, m.a. hér á Reykjavíkursvæðinu. En hæstv. menntmrh. tók af skarið um það að Alþb. mundi undir engum kringumstæðum fallast á að álverið rísi á suðvesturhorni landsins. Þá kvaðst hann hræddur um að félagsleg þjónusta mundi molna niður af því fólki sem byggi úti á landi og talaði um þenslusvæðið hér á Suðvesturlandi í því samhengi. Hann sagði að þetta væri mikilvægt atriði, lykilatriði.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort um þetta sé samkomulag í ríkisstjórninni, að það sé óhugsandi að álver rísi hér á suðvesturhorni landsins. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. fjmrh., sem er formaður Alþb., hvort hann sé sammála þessum ummælum menntmrh., að Alþb. geri það að úrslitaatriði að álverksmiðja rísi ekki á suðvesturhorni landsins. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að þetta liggi fyrir.

Í þriðja lagi sagði hæstv. menntmrh. að Alþb. hefði lagt á það áherslu að Íslendingar hefðu forræði fyrir álveri, hann sagði að það væri lykilatriði, algjört lykilatriði. Og hann minnti á að í samþykkt landsfundar Alþb. sl. haust hafi verið komist þannig að orði að Íslendingar þyrftu að eiga meiri hluta, verulegan eignarhluta, eða tryggja forræði sitt yfir viðkomandi fyrirtæki með öðrum sambærilegum hætti. Í ræðu sinni í gær sagði hæstv. iðnrh., ég tók svo eftir, að gert væri ráð fyrir því að Alumax mundi eiga 40% í væntanlegu álveri en hin fyrirtækin tvö um 30% hvort — var það ekki rétt tekið eftir? Nú spyr ég formann Alþb. hvort hann sé sammála þeirri túlkun menntmrh. að það sé lykilatriði í álsamningum að Íslendingar eigi verulegan eignarhluta, meiri hluta, eða tryggi forræði sitt yfir viðkomandi fyrirtæki. Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. hver skoðun hans sé á þessu máli og vil minna á að hæstv. menntmrh. tók fram í ræðu sinni að um þetta hefði ekki verið fjallað sérstaklega í ríkisstjórninni með þeim hætti að tekið væri af skarið í þessum efnum. Það er auðvitað nauðsynlegt að Alþingi fái fyllstu upplýsingar um þetta mál strax nú við 1. umr. málsins.

Hæstv. menntmrh. fór háðulegum orðum um það raforkuverð sem samið var um við álverið á sínum tíma, þegar Búrfellsvirkjun var reist og álverið í Straumsvík, gætir að vísu ekki að því að einungis með orkuverðinu hefur álverið nú borgað allan kostnað, allan byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar og rekstrarkostnað til dagsins í dag við línulagnir og annað þannig að við eigum Búrfellsvirkjun nú gratís, Íslendingar, af þeim sökum. Það sem við lögðum út hefur skilað sér. Þetta kallar hæstv. menntmrh. niðurlægjandi verð. Hann spurði að því hvort kostnaðarverð fengist fyrir raforku, hvort verðið mundi standa undir þeim kostnaði sem fylgdi framkvæmdum við orkufyrirtæki vegna stóriðjuversins. (**EgJ:** Er ekki gott að fá skoðun formanns Nýs vettvangs líka?) Hann er nú ekki til, hann er í felum.

Í þessu samhengi vil ég minna á að eftir áramótin var til umræðu frv. um skattlagningu orkufyrirtækja. Ég man ekki betur en hæstv. iðnrh. hafi við þær umræður talað um það að eðlilegt væri e.t.v. að lengja afskriftartíma á raforkuverum. Nú spyr ég af þessu tilefni út frá hvaða forsendum iðnrh. hefur lagt þær viðræður sem ríkisstjórnin hefur staðið að í Atlantsálshópnum í sambandi við verðið á raforkunni. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. iðnrh. hvort hæstv. menntmrh. hafi eitthvað fyrir sér í því að verðið sem Atlantsálshópurinn sé tilbúinn að bjóða sé mjög lágt og undir kostnaðarverði nauðsynlegra virkjana. Með öðrum orðum, hefur komið fram eitthvert tilboð frá Atlantsálshópnum í sambandi við raforkuverð og hvernig er tilboðið? Er það óaðgengilegt fyrir Íslendinga? Eða gerir hann ráð fyrir því að slíkt tilboð, ef til er, komi til endurskoðunar? Út frá hvaða forsendum gengur hæstv. iðnrh. þegar hann leggur upp samningaviðræður um verð fyrir raforkuna? Ég geri ráð fyrir því að orkuskatturinn heyri sögunni til, en ef það frv. hefði verið samþykkt þá hefði ekki komið til neinnar frekari stóriðju hér á landi eins og við vitum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. iðnrh. og jafnframt hæstv. forsrh. og formann Alþb., hæstv. fjmrh., þeirrar spurningar hvort þeir séu sammála menntmrh. um það að nauðsynlegt sé að álfyrirtækið lúti íslenskum dómstólum, það sé íslensk dómstólameðferð sem fyrirtækið verði að sæta en gerðardómar komi ekki til greina. Ég skildi orð hæstv.

menntmrh. svo að það væri ein af þeim forsendum sem væri ófrávíkjanleg í huga þeirra alþýðubandalagsmanna.

Nú er það vissulega svo, eins og við lásum í Morgunblaðinu í dag, að þegar formaður þingflokks Alþfl. var spurður hvernig á því hefði staðið að Alþfl. hefði gert sérstaka samþykkt um kvótamálið, um stjórn fiskveiða, og hann var spurður að því hvort þessi samþykkt hefði einhverja sérstaka merkingu í huga alþýðuflokksmanna, þá svaraði hann: Þetta er innlegg í umræðuna en alls ekki neinir úrslitakostir. — Þetta er innlegg í umræðuna en alls ekki neinir úrslitakostir, sagði formaður þingflokks Alþfl. Og mér skilst að alþýðuflokksmenn muni núna nota næstu dægrin til þess að læra að kyngja, því þeir séu staðráðnir í að kyngja stóru yfirlýsingunni um fiskveiðistjórnina frá því í gær. Sú yfirlýsing þingflokksins var auðvitað kosningabrella til þess að geta skotið sér á bak við og auðvitað mun það koma í ljós að Alþfl. mun ganga til samstarfs við Halldór Ásgrímsson um frv. um stjórn fiskveiða. Það er auðvitað alveg ljóst og dettur engum í hug að Alþfl. hafi einhver prinsipp eða einhverja meiningu í þeim efnum.

En um hitt er spurningin: Hefur Alþb. meiningu? Eða voru orð hæstv. menntmrh. bara innlegg í umræðuna en alls ekki neinir úrslitakostir? Meinti menntmrh. það ekki þegar hann sagði að verksmiðjan yrði að vera á forræði Íslendinga? Meinti menntmrh. það ekki þegar hann sagði að verksmiðjan yrði að vera utan Suðvesturlands? Og meinti menntmrh. það ekki þegar hann sagði að verksmiðjan yrði í öllum greinum að lúta forræði íslenskra dómstóla?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. lagði fram ýmsar spurningar og lagði þá út frá umræðu sem varð hér í gærkvöldi. Ég var því miður ekki viðstaddur hana og þekki því e.t.v. ekki nægilega vel til þó ég hafi leitast við að kynna mér það sem þar kom fram frá þeim ráðherrum sem þar eru til málsins taldir.

Um það frv. sem hér liggur fyrir er full samstaða í ríkisstjórninni. Einn maður, stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, hefur hins vegar lýst annarri skoðun og andstöðu við frv. eins og allir vita. Í þessu frv. er m.a. ákveði til bráðabirgða sem segir að í þær framkvæmdir sem þar um ræðir skuli ekki ráðist án heimildar frá iðnrh. Kom það, að því er mér er tjáð, vel fram í framsöguræðu iðnrh. að það væri til þess að ekki yrði lagt í kostnað án þess að sæmilega ljóst væri að úr samningum yrði. Þessi mál eru því vitanlega samtengd. Ríkisstjórnin taldi mikilvægt að hafa aflað þessarar heimildar þannig að hugur Alþingis lægi fyrir í sambandi við þetta stóra mál, viðræðurnar við Atlantsálshópinn og byggingu stóriðju hér á landi.

Í grg. með frv. kemur einnig fram að ríkisstjórnin leggur á það áherslu að bygging álvers verði í tengslum við viðleitni hennar til að stuðla að eðlilegri og skynsamlegri byggðaþróun í landinu. En síðan hefur hv. þm. spurt um afstöðu bæði mína til ýmissa forsendna fyrir byggingu stóriðju og afstöðu mína til ýmislegs þess sem kom fram í umræðum hér í gærkvöldi. Hv. þm. gerði í fyrsta lagi að umræðuefni að ég skilyrti stuðning minn við byggingu stóriðju með því að segja „enda náist viðunandi samningar." Ég vona að allir séu sammála því að við byggjum ekki stóriðju án þess að viðunandi samningar náist og þeir hafa ekki náðst enn. Þeir eru nú, við getum kannski sagt í burðarliðnum og of snemmt að taka afstöðu til þess hvort þeir eru viðunandi eða ekki. Hins vegar hefur aldrei farið á milli mála, hvorki stuðningur minn né Framsfl. við það að stóriðjufyrirtæki verði byggð hér, enda hafi viðunandi samningar náðst. Við teljum að efnahagsástand þjóðarinnar sé þannig að nú sé rétti tíminn til að ráðast í svo mikla framkvæmd. Í þessu litla þjóðfélagi verður vitanlega að gæta þess að stóriðjuframkvæmd, sú kostnaðarsama framkvæmd og þær virkjanir sem fylgja, leiði ekki til þenslu. Við teljum að með þeim tiltölulega og of litla hagvexti sem talinn er vera fram undan sé nú rétti tíminn að ráðast í svona framkvæmd.

Hins vegar höfum við í ríkisstjórninni og milli stjórnarflokkanna að sjálfsögðu talað mjög ítarlega um allar þær forsendur sem þurfa að liggja fyrir. Ég ætla að leyfa mér að fara yfir þau atriði.

1. Við höfum talað um að svona verksmiðja þurfi að hlíta íslenskum lögum. Ég held að allir séu sammála um að verksmiðjan verður að hlíta íslenskum lögum.

2. Við höfum rætt um það að verksmiðjan þurfi að falla undir íslenska dómstóla. Hv. þm. spurði hvort það væri skilyrðislaust að við værum mótfallnir því að gerðardómar kæmu til greina. Við Íslendingar erum aðilar að ýmsu samkomulagi um gerðardóma, m.a. um alþjóðlega gerðardóma í vissum tilfellum og þeir eru hluti af hinu íslenska dómkerfi, þar sem við höfum samþykkt aðild að slíkum gerðardómum. Ég kannast ekki við að rætt hafi verið um sérstakan gerðardóm fyrir þessa verksmiðju heldur íslensk lög. Ég veit satt að segja ekki hvar sú umræða stendur. Mér fyndist koma til greina gerðardómar sem eru liður í okkar alþjóðlega samkomulagi og því liður í okkar dómkerfi.

Einnig hefur verið mikið rætt um það að Íslendingar hafi það sem ég hef oft kallað virk áhrif á rekstur verksmiðjunnar. Þar má segja að nokkur mismunur hafi verið á áherslum manna í umræðum. Það er rétt að af hálfu Alþb. hefur komið fram áhersla á það að eignaraðild Íslendinga verði nokkur að þessari verksmiðju og þannig tryggð virkari aðild, að þeirra mati, en fengist án slíkrar beinnar aðildar. Ég hef persónulega talið að ná megi verulegum áhrifum á rekstur verksmiðjunnar í fyrsta lagi með þeim lögum sem eru sett, þeim reglum sem eru settar og svo með setu Íslendinga í stjórn verksmiðjunnar. Þetta eru atriði sem ég lít á að séu alls ekki leyst og eru ekki enn þá komin á það stig í samningaviðræðunum að unnt sé að taka endanlega afstöðu til þess sem liggur fyrir. En það liggur fyrir mjög skýr og eindreginn vilji allra

stjórnarflokkanna að áhrif Íslendinga á rekstur verksmiðjunnar verði mikil. Íslendingar geti haft mikil áhrif. Ég vek hins vegar athygli á því að þarna er um alþjóðlega auðhringi að ræða, mundi hafa verið sagt, og fyrirtæki sem verslar um allan heim, sem tekur hráefni víða um heim, sem ráðstafar framleiðslunni víða um heim. Sem sagt, báðir endar, upphaf og endalok þessarar framleiðslu eru afar lítið á okkar valdi. En við viljum hafa veruleg áhrif á starfsemina hér heima og um það verður að sjálfsögðu vandlega rætt.

Mengunarmálin eru einn þáttur sem allir stjórnarflokkarnir hafa lagt mjög mikla áherslu á. Eftir því sem ég veit næst leggja allir áherslu á það að ýtrustu mengunarkröfum verði fullnægt og ekki verði mismunað í þeim kröfum eftir staðsetningu. Vitanlega er það hárrétt að veður, vindar og ýmislegt kann að vera eitthvað breytilegt frá einum stað til annars en kröfurnar eru þær að a.m.k. lokaáhrifin verði alls ekki meiri á einum stað en öðrum.

Enn eitt atriði sem mikið hefur verið um rætt er staðsetning verksmiðjunnar. Ég vísaði til þess áðan að í greinargerð með frv. er yfirlýsing um vilja stjórnarflokkanna til þess að verksmiðjan verði þáttur í eðlilegri og skynsamlegri byggðaþróun. Ég hef ekkert farið leynt með þá skoðun mína að þessi verksmiðja eigi að vera staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. Alþb. hefur einnig látið í ljós þá skoðun að hún eigi að vera staðsett utan Suðvesturlandsins. Ég fellst hins vegar á það að við eigum ekki að gera það að skilyrði nú. Hv. þm. spyr hvort það sé af minni hálfu slíkt afgerandi skilyrði að verksmiðjan verði alls ekki byggð, t.d. ef Atlantsálshópurinn er ófáanlegur til að byggja hana annars staðar en hér á Suðvesturlandi. Ég verð að segja það eins og er að þá verð ég að skoða það í samhengi við allt annað sem út úr samningunum næst. Og ég væri mjög tregur, ég teldi mjög vafasamt að samþykkja slíkt. Ég tel það afar óheppilegt af byggðaástæðum. Og ég tel að þéttbýlissvæðinu væri enginn greiði gerður með því að ákveða slíkt.

Ég vek athygli á því að hv. þm. ásamt hv. ritara þessarar deildar flytja hér á hinu háa Alþingi tillögu um það að verksmiðjan skuli vera staðsett utan Suðvesturlandsins. Ég tel satt að segja ekki skynsamlegt að binda það í samþykkt Alþingis á þessu stigi og binda þannig hendur samningamanna. En ég fagna því að þessi stuðningur við þetta sjónarmið komi fram hjá hv. sjálfstæðismönnum. Eins og ég hef lýst er ég því sjónarmiði sammála. Og ég geri mér miklar vonir um það, eftir að iðnrh. hefur mjög stuðlað að því að aðrir staðir á landinu eru skoðaðir, að fyrri hugmyndir sem voru bundnar við Straumsvík verði þá fremur lagðar til hliðar. Það var út af fyrir sig eðlilegt að staðsetning væri bundin við Straumsvík áður þegar Svisslendingar voru í málinu, það skilja allir. En það hefur tekið nokkurn tíma að fá þá sem eru eftir til að skoða aðra staði. Þeir hafa þó heimsótt tvo af þeim og ég veit að þeir staðir báðir, og reyndar fleiri, eru í mjög alvarlegri skoðun núna í samvinnu við Atlantsálshópinn.

Síðan er það raforkuverðið. Ég er vitanlega sammála hv. þm. að það sé mjög mikið atriði. Landsvirkjun hefur haft veg og vanda af því að meta raforkuverðið. Það er engin launung að það hefur komið fram visst mat Landsvirkjunar á því á hvaða verði unnt er eða rétt er að selja raforku til þessa nýja fyrirtækis. Ég tel satt að segja afar óheppilegt að vera að tala um það opinberlega, en ég viðurkenni að þar eru viss atriði sem eru nokkuð vandmeðfarin. Sú staðreynd liggur fyrir að ef enginn orkufrekur iðnaður verður hér nýr á næstu árum, þá verður Blanda mjög kostnaðarsöm virkjun. Það mun taka langan tíma að nýta Blöndu, fram á næstu öld. Það þekkja náttúrlega allir að að ráðast í slíka fjárfestingu sem Blöndu og nýta hana á svo löngum tíma er afar kostnaðarsamt. Þarna koma til nokkuð flóknir útreikningar, á hvaða verði er hagkvæmast að selja þessa orku frekar en láta hana ónotaða. Það blandast inn í þetta allt saman og þess vegna hefur verið talað um að orkuverð gæti af þeim ástæðum orðið lægra til að byrja með og hækkað síðan smám saman eftir því sem orkuverin nýtast betur. En ég endurtek að þetta eru margslungnir útreikningar sem við teljum að enn þurfi að skoða vel. Grundvallaratriðið er það að sala til stóriðjunnar má alls ekki verða til þess að orkuverð til almenns neytanda hér og íslensks iðnaðar verði hærra. Það er náttúrlega grundvallaratriðið. Vitanlega viljum við allir að það geti orðið til þess að það verði eitthvað lægra.

Svo er enn eitt atriði og það eru skattamál slíks fyrirtækis. Við höfum líka rætt það mjög ítarlega milli stjórnarflokkanna og þar er sú meginstefna að fyrirtækið hlíti íslenskum skattalögum. Ég skal viðurkenna að ég hef þar haft vissar efasemdir um suma þætti. Kannski er það arfleifð frá því að ég vann mikið í sambandi við Ísal og sannfærðist um að afar erfitt er að elta þessi alþjóðlegu fyrirtæki uppi með íslenskan tekjuskatt vegna þess að þau geta í raun og veru hagað afkomunni svo mikið að eigin vilja. Þau eru með hráefniskaupin á eigin hendi og markaðsmálin á eigin hendi. Ég hef verið hlynntari því að greitt sé framleiðslugjald eins og gert er í Straumsvík en ég set mig alls ekki á móti því að greiddur verði tekjuskattur eftir íslenskum lögum ef unnt er að sýna fram á að innheimtan sé sæmilega örugg.

Ég hef farið held ég yfir þau atriði sem hvað mikilvægust eru í þessum samningum. Þau eru öll margslungin og þau tengjast öll. Það væri að mínu mati mjög rangt og lýsti fordómum ef menn væru fyrir fram að taka afgerandi afstöðu til eins án þess að skoða önnur. Ég held að menn þurfi að skoða þetta í heildina og skoða fyrst og fremst hver árangur næst og hvaða hag þjóðarbúið hefur af þessari framkvæmd þegar á heildina er litið.

Nú er mér tjáð að ástæðan fyrir þessum spurningum sé að hæstv. menntmrh. hafi lýst samþykktum Alþb. Að sjálfsögðu hef ég ekkert við það að athuga. Mér finnst það afar eðlilegt. En ég hef skilið Alþb. jafnframt svo að það vilji einmitt skoða þessa heild og skoða þann þjóðarhag sem út úr þessu fæst en sé ekki bundið í eitthvað ósveigjanlegt í þessu sambandi. En ég tek undir það, við skulum skoða þetta mál í heild.

Ég vil nú eindregið mælast til þess að þetta mál fái framgang sem allra fyrst. Ef af samningum verður verða þeir lagðir fyrir hið háa Alþingi og þá getum við að sjálfsögðu rætt og munum ræða öll þessi mál. Ég tel það mjög mikilvægt fyrir framgang málsins að hér komi fram vilji til að veita þá heimild sem þetta frv. fer fram á.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns varpa fram einni spurningu til hæstv. forsrh. Hún er þessi: Á sínum tíma, þegar stjórn hæstv. forsrh. var mynduð haustið 1988, kom það fram að Alþb. taldi sig hafa neitunarvald í ákveðnum mikilsverðum málum, þar á meðal málum eins og því sem hér er verið að ræða um, þ.e. stóriðjumálum. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort Alþb. hafi enn þá neitunarvald í samræmi við nefndan skilning alþýðubandalagsmanna og túlkun á því á sínum tíma að þeir hefðu þetta vald í ríkisstjórninni.

Þetta er sagt að gefnu tilefni. Eftir að hafa fyldst með ræðum bæði hæstv. menntmrh. og iðnrh. hér í gærkvöldi, þá fer það ekki á milli mála að Alþb. er alls ekki sammála því sjónarmiði sem kemur fram í ræðu hæstv. iðnrh. Því miður var hæstv. forsrh. ekki staddur hér í gærkvöldi, eins og fram kom í ræðu hans áðan, þannig að honum er ekki nægjanlega kunnugt um það sem hér fór fram né efni þeirra ræðna sem ég vísa til. Ég vil þess vegna segja hæstv. forsrh. það, til að spara honum tíma, að ræður ráðherranna stönguðust algerlega á.

Iðnrh. flutti hér mikla ræðu um eflingu stóriðju á Íslandi *í tengslum við fyrirhugaðar stórvirkjanir*. Strax á eftir kom hæstv. menntmrh. og flutti ræðu þar sem hann dró úr því og beinlínis talaði gegn því að ráðist væri í slíkar stórvirkjanir vegna þess að hann taldi ekki enn þá leitt í ljós hvort hagkvæmt væri fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þús. tonna álvers hér á landi. Ég spyr nú hæstv. *forsrh.: Hvaða heilvita aðilar erlendir mundu* nokkurn tíma ganga til samningaviðræðna við eina þjóð eða fulltrúa ríkisstjórnar ef þeir gerðu ráð fyrir því að hægt væri að stöðva allar samningaviðræður á atriðum sem þessum? Það fer enginn alvörusamningamaður, enginn alvöruframkvæmdamaður erlendur eða stórfyrirtæki að eyða tíma og fjármunum í að reyna að stofna til atvinnurekstrar hérlendis nema þær forsendur séu fyrir hendi sem hæstv. iðnrh. gat réttilega um hér í sinni ræðu í gærkvöldi. Ég hef því miður ekki nema eitt eintak af ræðu hæstv. iðnrh. en ég geri ráð fyrir því að hæstv. forsrh. hafi verið að spyrja hann eitthvað um þessi atriði þegar hann var að hvíslast á við hann hér áðan. En spursmálið sem snýr að okkur hinum sem hlustuðum á þessar ræður hlýtur að vera þetta: Þegar hæstv. iðnrh. segir: Við skulum halda áfram og virkja og semja við erlenda aðila, þá kemur annar hæstv. ráðherra, menntmrh., og segir nei. Hvort er hér um að ræða neitunarvald Alþb., sem hlýtur að hafa áhrif á samningsstöðu Íslendinga og þar með stórveikja möguleika hæstv. iðnrh. til að ná þessu máli fram með hagkvæmum hætti fyrir Íslendinga, eða er verið að blekkja, er verið að sætta einhver sjónarmið þannig að þetta er kannski allt saman tóm markleysa?

Ég vildi hins vegar leggja þá túlkun í það sem hér er á ferðinni að málið sé í upplausn. Þegar iðnrh. segir eitt, þá segir menntmrh. annað. Síðan kemur hæstv. forsrh. með almennar skýringar og segist vera hlynntur þessu og hinu, en hann tekur ekki af skarið.

Einnig sagði hæstv. forsrh. hér áðan, sem við hljótum auðvitað að vera sammála um sem viljum efla íslenska atvinnuvegi og íslensk atvinnutækifæri, eitthvað á þá leið: Hvað sagði hæstv. menntmrh. um þjóðhagslega hagkvæmni þessara virkjana- og stóriðjuframkvæmda? Ég skal lesa þann kafla upp úr ræðu hæstv. menntmrh. fyrir hæstv. forsrh. því að sá kafli í ræðu hæstv. menntmrh. — sem hefur forðað sér úr salnum af því að hann gerði sér fullkomlega grein fyrir því hvert ég stefndi í ræðu minni. Hæstv. menntmrh. sagði m.a. eitthvað á þessa leið varðandi þjóðhagslega hagkvæmni þessa máls, með leyfi forseta:

„Ég held líka að það sé algerlega ástæðulaust fyrir menn að vera að fá glýju í augun yfir þeim stórkostlegu tíðindum sem fyrirtæki af þessu tagi muni sjálfkrafa hafa í för með sér til bata fyrir íslenskt þjóðarbú. Þetta fyrirtæki mun ekki skila bata fyrir íslenskt þjóðarbú nema þessi 5–6 grundvallaratriði" — sem eru varðandi mengun, forréttindi Íslendinga til að eiga eignaraðild o.s.frv. — „sem ég nefndi séu uppfyllt. En þó að menn, og það er athyglisvert, herra forseti," sagði hæstv. menntmrh. „þó að Þjóðhagsstofnun *reikni til hins ýtrasta*" — *ég held* að hæstv. forsrh. ætti að hlusta á þetta því þetta mun koma í fjölmiðlunum væntanlega, eitthvað af þessu sem við erum að fjalla hér um — „hina miklu hagkvæmni af þessu fyrirtæki," — og svo undirstrikar hæstv. menntmrh. þetta atriði — „til hins ýtrasta, hvað kemst hún þá hátt? 1% í hagvexti á ári, 1%. Hvað *halda menn* að fyrirtækin, segjum á Suðurlandi, segjum á Austurlandi, segjum í Reykjavík, segjum á Vestfjörðum, hversu miklu halda menn að þau skili til þjóðarbúsins og gætu skilað í auknum mæli ef betur væri á málunum haldið?

Það hlýtur að vera einkar athyglisvert fyrir menn sem koma t.d. úr sjávarútveginum, eins og hv. 14. þm. Reykv., sem hefur í rauninni skilað hagvexti ár eftir ár langt umfram það sem Þjóðhagsstofnun hefur spáð, að þegar Þjóðhagsstofnun getur ýtrast gengið til þess að sýna árangur af hugsanlegu álveri upp á 200 þús. tonn, þá kemst hún í 1% af þjóðarframleiðslunni."

Þetta eru orð og mat hæstv. menntmrh. á því atriði sem hæstv. forsrh. varpaði fram í ræðu sinni um þetta, hvernig menntmrh. metur þjóðhagslegt gildi þess sem hér um ræðir. Síðan segir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta, með mikilli lítilsvirðingu fyrir okkur sem vorum hér í gær og hlustuðum á ræðu ráðherra, þá fór hér fram mjög skrautleg leiksýning, svo ekki sé meira sagt — það vita það allir að

hæstv. menntmrh. getur verið mjög litríkur ræðumaður — þegar hann segir m.a. þetta: „Auðvitað geta menn svo sagt eins og hér var sagt áðan: 1% á einu ári eru 5% á fimm árum og margfalda þannig upp tölurnar og segja: Þetta gerir bara eina 20 milljarða á hálfum áratug og 40 á heilum. Staðreyndin er hins vegar sú," segir hæstv. menntmrh. enn fremur, „að þegar við nálgumst mál af þessu tagi eigum við ekki að nota margföldunartöfluna til þess að fegra myndina umfram það sem nauðsynlegt er. Við eigum að horfa á veruleikann rétt eins og hann er og skoða þetta mál í raunverulegu, íslensku, efnahagslegu samhengi."

Það fer ekki á milli mála hver er skoðun ráðherrans á þessari framkvæmd og það fór ekki á milli mála til hvers hæstv. menntmrh. var að tala í gærkvöldi. Hann beindi orðum sínum fyrst og fremst til hæstv. iðnrh. Þetta voru allt saman skeyti á samráðherra hans, hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson. Ég vildi þess vegna upplýsa hæstv. forsrh. um hvert var svar alþýðubandalagsmannsins Svavars Gestssonar, hæstv. menntmrh.

En það er ekki viðunandi, hvorki fyrir okkur þingmenn né íslenska þjóð, að láta bjóða sér upp á það að hér komi ráðherrar og tali hver gegn öðrum í jafnþýðingarmiklu hagsmunamáli og þessu. Þetta varðar veigamikil atriði er geta ráðið úrslitum um að Íslendingum takist að ná samningum við erlenda aðila um byggingu stóriðjufyrirtækis, í þessu tilviki álvers.

Við hljótum að mótmæla því að í ríkisstjórn á Íslandi skuli vera ráðherrar sem tala af jafnmiklu ábyrgðarleysi og þessir tveir menn gerðu í gær. Þá á ég við það að þeir skuli ekki geta verið samtaka í túlkun sinni um það hvað er þjóðhagslega hagkvæmt og æskilegt fyrir Íslendinga. Þrátt fyrir góðan vilja hæstv. iðnrh. til þess að leggja málið fyrir faglega, eins og kom fram í ræðu hans í gærkvöldi, þá var það mál allt saman meira og minna eyðilagt með ræðu hæstv. menntmrh. Ég segi því miður. Þetta getur stórlega skaðað samningsstöðu Íslendinga við erlenda aðila. Ég sé að hæstv. fjmrh., formaður Alþb., er hér staddur þannig að ég geri ráð fyrir því að hann geri sér grein fyrir hvað hæstv. menntmrh., flokksbróður hans, varð hrapallega á í messunni í gærkvöldi.

Ég vek einnig athygli á því og held að það sé nauðsynlegt að hæstv. forsrh. viti það og heyri nú þegar, þannig að hann geti varað sig á því hvernig hann fjallar um þetta mál með tilliti til þess hvernig samráðherrar hans haga máli sínu og afstöðu. Það eitt er ekki nægilegt að hafa lesið eða hlustað á samþykkt þingflokks Alþb. í þessu máli þó að það eitt út af fyrir sig segi hverjum heilvita manni að ekki fylgir hugur máli hjá Alþb. í sambandi við stóriðjumál á Íslandi.

Þótt hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því að Ísland verði að taka þátt í stóriðju þá er það staðreynd að þau öfl í hans eigin flokki sem hafa ráðið ferðinni í gegnum árin og áratugina eru aftur að ná undirtökunum í Alþb. Sá flokkur hafnaði raunverulega, ég vil segja, þeirri opnun sem hæstv. fjmrh., núv. formaður Alþb., vildi gera í sambandi við framtíð Alþb. á Íslandi. Það er þess vegna ekki aðeins að staða Alþb. sé óviss heldur einnig staða þess manns sem var með, ég vil kalla, hina íslensku opnun fyrir sósíalista á Íslandi í farteskinu þegar hann hóf sína innreið í Alþb. Hann er einnig í mikilli hættu með sína pólitísku framtíð og þá tilraun sem hann var að gera og vildi gera í þeim efnum að leiða sósíalista út úr þeim heljargreipum kommúnista eða kommúniskra viðhorfa sem Alþb. er því miður allt of lengi búið að vera í. En það er annað mál.

Hins vegar fer ekki á milli mála að í samþykkt þingflokks Alþb. leynast og eru hin gömlu, sterku viðhorf Alþb. gegn stóriðju sem jafngilda því að vera á móti auknum virkjunum, enda fór það ekki á milli mála, og kom ítrekað fram í ræðu hæstv. menntmrh. hér í gær, að alþýðubandalagsmenn, alla vega samkvæmt hans túlkun, eru á móti því að hæstv. iðnrh. standi að samningum með þeim hætti sem hann hefur gert á undanförnum vikum og mánuðum. Til þess að undirstrika það vil ég aðeins segja þetta um samþykkt þingflokks Alþb. Í upphafi hennar segir orðrétt:

„Þingflokkur Alþb. minnir á að enn eru engar forsendur fyrir hendi til að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þúsund tonna álvers hér á landi."

Á mæltu máli þýðir þetta gagnvart erlendum aðilum sem kynnu að hafa viljað semja við Íslendinga: Það þýðir ekki að reyna að semja við ríkisstjórn sem er með flokk innan sinna vébanda sem tekur af skarið með þeim hætti sem hér er gert. Það gengur enginn til samninga við aðila sem segir: Nei, heyrðu, ég ætla ekki að semja við þig. Það er misskilningur. Ég er á móti því að semja við þig vegna þess að þú hefur ekki réttar forsendur til þess að standa í samningum. Það er það sem Alþb. er raunverulega að gera. Það er að eyðileggja þær grundvallarforsendur sem Íslendingar verða að hafa til þess að geta náð samningum við erlenda aðila í þessu stórmáli. Þetta segir alveg skýlaust í upphafsmálsgreininni í samþykkt þingflokksins. Síðan segir:

„Meðan meginatriði væntanlegra samninga liggja ekki fyrir er tvímælalaust óhyggilegt að hefja virkjunarframkvæmdir, enda hlyti það að veikja samningsstöðu Íslendinga að binda nokkur hundruð milljónir króna í nýjum virkjunarframkvæmdum án þess að orkuverð hafi verið ákveðið."

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég sárvorkenndi hæstv. iðnrh. í gær, þeim manni sem á að standa í samningum fyrir okkar hönd á meðan hann gegnir þessu embætti, á meðan hæstv. núv. ríkisstjórn er við völd. Ég sárvorkenndi þessum manni að þurfa að standa að samningum á grundvelli þessara forsendna með jafnveikan stuðning, ég vil segja meira en veikan stuðning, þetta er andstaða. Það er verið að eyðileggja samningsstöðu hæstv. iðnrh. gagnvart erlendum aðilum. Hann fær ekki þau

grundvallaratriði fram sem hann verður að hafa til að geta samið. Það vita hæstv. ráðherrar sem hér eru staddir að erlendir aðilar semja ekki við Ísland og Íslendinga nema þessi atriði séu fyrir hendi og séu í framkvæmd. Þess vegna er málið svo komið sem komið er og þess vegna verður að taka af skarið.

Hér var höfðað til þess með óbeinum hætti, ef ég skildi hæstv. forsrh. rétt áðan, að það væru nú kannski fleiri þingmenn hér sem hefðu áhuga fyrir framgangi þessa máls en svokallaðir stjórnarsinnar. Það kann að vera rétt. Auðvitað hljótum við, ábyrgir þingmenn, að taka afstöðu í þessu máli með þeim hætti að Íslendingar geti framkvæmt það sem máli skiptir fyrir okkar atvinnuuppbyggingu í framtíðinni. En það breytir ekki þeirri staðreynd að hæstv. forsrh. er með flokk innan sinna vébanda sem hyggst beita neitunarvaldi. Takist það ekki þá hyggst hann hafa í frammi þær aðgerðir, þær athafnir sem veikja og skaða samningsstöðu okkar og það er mjög alvarlegt mál.

Í ræðu hæstv. menntmrh. — sem er nú kominn — kom einnig fram að hann teldi að það þyrfti á grundvelli samþykktar þingflokks Alþb. að kanna betur en gert hefur verið hvernig Íslendingar geta sjálfir átt aðild að rekstri og tryggt forræði sitt og hagsmuni þannig að viðunandi sé. Í því sambandi vísaði hæstv. menntmrh. til þessa atriðis aftur í lok ræðu sinnar og sagði á þessa leið: „En hugmyndin um eignarhluta Íslendinga er enn á borðinu, bæði pólitískt af okkar hálfu og af hálfu ríkisstjórnarinnar í heild."

Nú vil ég, virðulegi forseti, óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann skýri betur hvað hæstv. menntmrh. átti við þegar hann kom inn á þetta atriði. Hafa þær viðræður farið fram t.d. við hinn erlenda aðila sem helst kemur til greina um hugsanlegan eignarhlut Íslendinga í þessu fyrirtæki og þá með hvaða hætti? Er það t.d. hugsað þannig að Íslendingar eigi meiri hluta eins og menntmrh. krefst? Er það hugsað þannig að ríkið sem slíkt eigi þá þann meiri hluta í þessu fyrirtæki eða er hugsað að aðrir aðilar en ríkið komi þarna til skjalanna, þ.e. aðrir Íslendingar en þeir sem fara með völdin á hverjum tíma í ríkisstjórn og geta þá ráðið því hverjir sitja þar í stjórn og ráðið ráðum? Er það kannski hugsað þannig að það eigi að leita á íslenskan peningamarkað um það að Íslendingar komi þarna að sem hluthafar, einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir. Ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á þessu hjá hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, ég held að það sé nú réttara að hæstv. forsrh. skýri þetta ef þetta er rætt í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og þar sem hann er mættur hér. Það er eðlilegra að hann skýri frá þessu. Ég geri ráð fyrir því að hann sé talsmaður þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil, virðulegi forseti, einnig víkja að því atriði í ræðu hæstv. menntmrh. að hann ítrekaði það að enn væru engar forsendur til þess að ganga til samninga. Ég vil þá spyrja hæstv. menntmrh. hvers vegna í ósköpunum hann hefur þá fallist á það innan ríkisstjórnarinnar að hæstv. iðnrh. skuli yfirleitt vera í því að reyna að ná samningum um byggingu álvers á Íslandi þar sem hann telur að engar forsendur séu fyrir því að standa í slíkum viðræðum, eða réttara sagt að þær forsendur sem eru grundvöllur þess að hægt sé að standa í slíkum viðræðum, þ.e. auknar virkjunarframkvæmdir skuli ekki koma til framkvæmda. Ég verð að segja eins og er, hæstv. menntmrh., að þetta er afskaplega einkennilega að málum staðið svo að ekki sé meira sagt. Ég ætla ekki að víkja að þeim kafla í ræðu menntmrh. þar sem talað er um staðarval verksmiðjunnar.

Það er annað atriði sem ég vil einnig koma inn á, virðulegi forseti, í ræðu hæstv. menntmrh. (Gripið fram í.) Ég sé, hæstv. forsrh., að þetta eru nefndarmenn í sjútvn. Ed. sem eru að píska saman. Ég vil ekki spilla fyrir því að þeir geti leyst það vandamál sem við stöndum frammi fyrir samkvæmt frv. til laga um stjórn fiskveiða. (Gripið fram í.) Já, það er afar óþægilegt. Ég viðurkenni það, hæstv. forsrh. En ef hv. þm. Skúli Alexandersson og Halldór Blöndal eru að leysa þann hnút sem er í sambandi við frv. til laga um fiskveiðistjórnun skal ég náttúrlega fúslega þagna augnablik og lofa þeim að ljúka því. En það er þetta með lykilatriðið í ræðu hæstv. menntmrh. í gærkvöldi. Það var mjög athyglisvert. Ég vil upplýsa hæstv. forsrh. um það þar sem hæstv. menntmrh. segir í ræðu sinni í gærkvöldi:

„Í samþykkt þingflokks Alþb. hefur einnig verið á það bent að jafnframt þurfi að kanna betur en gert hefur verið hvernig Íslendingar gætu sjálfir átt aðild að rekstrinum og tryggt forræði sitt og hagsmuni þannig að viðunandi sé. Hér er um algert lykilatriði að ræða að okkar mati, algert lykilatriði. Við lögðum lengi á það megináherslu að við uppbyggingu fyrirtækja af þessu tagi þyrftu Íslendingar að eiga þar meiri hluta. Í samþykkt landsfundar Alþb. sl. haust var komist þannig að orði að Íslendingar þyrftu að eiga meiri hluta."

Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh., þar sem hæstv. iðnrh. er ekki hér staddur: Hefur verið rætt við hina erlendu aðila á þessum grundvelli varðandi eignarhlutdeild? Það væri mjög fróðlegt að fá það upplýst. Einhvern veginn gæti ég nú ímyndað mér að það sé ekki hugsun hinna erlendu aðila að Íslendingar hefðu forræði í þessu. En ef svo er ekki, hæstv. menntmrh., hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að fjármagna þennan eignarhlut, með hvaða hætti? Það væri fróðlegt að heyra það. Mér skilst að hér sé um að ræða framkvæmdir upp á milljarða. Það væri fróðlegt að vita hvað fyrirhugað álver kostar. Ég man það nú ekki svo nákvæmlega þótt það hafi verið til umræðu hér hvað 200 þúsund tonna álver kostaði. Það væri fróðlegt að vita um hversu marga milljarða króna er að ræða. Ef Íslendingar eiga að taka þátt í að fjármagna þetta og leggja fram umtalsvert hlutafé væri fróðlegt að vita hvernig ríkisstjórnin hyggst útvega þetta fé eða hvort það sé raunverulega svo sterkur hlutafjármarkaður á Íslandi að Íslendingar

geti komið með þessi framlög og orðið virkir þátttakendur í þessu fyrirtæki. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, orðlengja þetta mikið meira. En ég vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum. Síðan segir hæstv. menntmrh. og klykkir út með þessum orðum þegar hann er að svara hæstv. iðnrh. sem hann tók reglulega til bæna hér, alla vega efnislega. Hann gerði það kurteislega en með efnislegum rökum. Sem alþýðubandalagsmaður tók hann alþýðuflokksmanninn Jón Sigurðsson, hæstv. iðnrh., rækilega til bæna hér í gærkvöldi því að lokum segir hæstv. menntmrh. á þessa leið:

„En öll þessi atriði verða að vera skýr." Sem sagt, allt það sem hæstv. iðnrh. hefur sagt áður í löngu máli. En þetta mál var ekki nægilega skýrt né það sem hann kann að hafa sagt á fundum í ríkisstjórninni um þessi mál. Alla vega var það ekki skýrt í huga hæstv. menntmrh. því síðan segir hann:

„Þess vegna hrekkur það auðvitað skammt að mála upp draumsýn framtíðarinnar af hinu mikla 200 þúsund tonna álveri ef menn hafa þetta ekki á hreinu."

Það þarf ekki að útskýra hvað felst í svona orðum úr munni hæstv. ráðherra. Það fer ekkert á milli mála að allt það sem hæstv. iðnrh. hefur verið að segja og gera á undanförnum vikum og mánuðum er bara draumsýn, eitthvað sem er ekki marktækt. Hæstv. menntmrh. er greinilega búinn að skipta um skoðun frá því í gærkvöldi. Nú er hann greinilega kominn niður á jörðina og farinn að eygja veruleikann. Nú er hann loksins farinn að átta sig á efnisinnihaldi ræðu hæstv. iðnrh. og líklegast búinn að undirgangast flest það sem hæstv. iðnrh. sagði í sinni ræðu. Hæstv. menntmrh. hlýtur þá að standa upp á eftir og taka undir ýmis atriði sem komu fram hjá iðnrh., m.a. þessi:

„Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og um að nýta þessar heimildir verða hins vegar teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álverið vindur fram og samþykki til þeirra eingöngu veitt sé raunveruleg samningagerð í sjónmáli. Ég mun nú víkja að undirbúningi og viðræðum um hið nýja álver sem er í reynd forsenda þeirra virkjunaráforma sem þetta frv. fjallar um."

Ef hæstv. menntmrh. getur fallist á þetta í ræðu iðnrh. þá var ræða hæstv. menntmrh. í gærkvöldi markleysa og sýning. (Gripið fram í.) Já, hún var góð, sagði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hún var góð sem sýning fyrir Alþb. Hún var góð sem sýning fyrir sjónvarpið, hún var góð sem sýning í 2–3 mínútur í sjónvarpinu til þess að blekkja og villa um fyrir alþýðubandalagsfólki sem enn þá kann að vera þeirrar skoðunar að ekki eigi að efna til og byggja upp álver á Íslandi. Ræða menntmrh. hentaði þannig, það er alveg rétt, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Í þeim skilningi var ræðan góð fyrir Alþb. En hún var vond fyrir hæstv. menntmrh. sem er búinn að undirgangast það sem hæstv. iðnrh. sagði í gærkvöldi.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið meira, virðulegi forseti. Ég vil þó vekja athygli á því atriði sem kom fram í ræðu iðnrh. í gærkvöldi sem er mjög þýðingarmikið fyrir alvöru málsins og þann raunveruleika sem við erum hér að fjalla um. Þar segir:

„Með undirritun viljayfirlýsingar 13. mars sl. náðist mikilvægur áfangi í því þýðingarmikla stefnumáli ríkisstjórnarinnar að nýta innlendar orkulindir, vatnsorku og jarðvarma, til atvinnuuppbyggingar. Í þessari viljayfirlýsingu kemur fram að í álverinu verði notuð nýjasta tækni við framleiðslu og steypu á áli og, sem ekki er síður mikilvægt, nýjustu fullkomnar mengunarvarnir. Bandaríska félagið Alumax mun eiga um 40% hlut í álverinu en sænska félagið Grängers og hollenska félagið Hoogovens Aluminium um 30% hvort um sig." (**Fjmrh.:** Þið verðið nú að vita hvaða fyrirtæki þetta er í Sjálfstfl.) Það er von að hæstv. ráðherrar báðir tveir, fjmrh. og menntmrh., vilji draga athyglina frá því sem er meginatriði þessa máls og kjarni þess sem felst í því sem ég las upp, sem er þetta, að lykilatriðið sem hæstv. menntmrh. var að tala um hér um forræði Íslendinga og meirihlutaeign byggist ekki á þeim grundvallarforsendum í samningaviðræðum iðnrh. sem er það að erlendir aðilar eiga samkvæmt þessu að eiga 70% í væntanlegu álveri. Um hvaða lykilatriði var hæstv. menntmrh. að tala hér í gær? Hvern var hann að blekkja? Sjálfan sig eða hv. þm. eða íslenska þjóð? Nei, virðulegur forseti. Ég held að hæstv. ráðherrar ættu að láta af því að koma hér upp og tala hver gegn öðrum, reyna að blekkja þjóðina eftir því sem hentar þeim og þeirra flokkum hverju sinni. Háttalag sem þetta skaðar hagsmuni íslensku þjóðarinnar og er móðgun við fólk með heilbrigða dómgreind.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er óneitanlega nokkuð skemmtilegt þegar þingmenn Sjálfstfl. koma hér í umræðunni og þykjast vera hinir vitru menn. (**GHG:** Við erum það. Það er ekkert að þykjast.) Já, trúa því kannski að þeir séu hinir vitru menn í gerð samninga við erlend stórfyrirtæki um áliðju eða annan stóriðnað á Íslandi. Því hver er ferill Sjálfstfl. í þessu máli? Staðreyndin er sú að þrír iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. glímdu á síðasta áratug við þetta verkefni og náðu engum árangri. Ég sat í stjórn Landsvirkjunar þennan tíma, á árunum 1983–1988, og átti þess vegna ágætlega kost á því að fylgjast með þessum óburðugu tilraunum ráðherra Sjálfstfl. til þess að ná einhverjum árangri á þessu sviði. Tvisvar sinnum sendi iðnaðarráðherra Sjálfstfl. inn í stjórn Landsvirkjunar frv. um virkjun Búrfells vegna þess að hann var ákveðinn í því að leggja frv. um virkjun Búrfells fyrir Alþingi til undirbúnings byggingu álvers á Íslandi. Tvisvar sinnum eyddi stjórn Landsvirkjunar dýrmætum tíma sínum til þess að fara yfir þau frv. og starfsmenn fyrirtækisins lengi. Síðan var þessum frv. stungið niður í skúffur hjá ráðherrum Sjálfstfl. og komu aldrei fram á Alþingi. Iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. höfðu nefnilega ekki dug til þess að leggja fyrir þingið þau frv. sem þeir höfðu óskað eftir að Landsvirkjun gengi frá til undirbúnings virkjana vegna álvera.

Menn eru kannski búnir að gleyma því, ég rifja það

nú bara upp svona hér til skemmtunar, að meðan Sverrir Hermannsson, þáv. iðnrh. Sjálfstfl., var í essinu sínu í iðnrn. þóttist hann vera í ítarlegum viðræðum við Kínverja um byggingu álvers á Íslandi. Það komu miklar fréttir af þessum glæsilegu viðræðum Sjálfstfl. við Kínverja um byggingu álvers á Íslandi. Það eru allir búnir að gleyma þessu í dag. Það eru sem sé allir búnir að gleyma þessum 5–6 árum þegar Sjálfstfl. fór með forræði þessara mála og náði engum árangri, skilaði satt að segja málunum þannig af sér að tvö af þeim fjórum fyrirtækjum sem Sjálfstfl. valdi til viðræðna um málið gengu frá viðræðunum, fyrst austurríska fyrirtækið og síðan Alusuisse. Ferill Sjálfstfl. er þess vegna endalausar, árangurslausar tilraunir þriggja iðnaðarráðherra Sjálfstfl. á árunum 1983–1988 og skilar málunum þannig frá sér að tvö af fjórum fyrirtækjum ganga burt. Svo koma þessir menn hér í umræðunum og þykjast vera einhverjir sérstakir snillingar — og erum það, greip hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson fram í til að árétta sérstaklega skilninginn í samningum við erlenda aðila. Satt að segja hélt ég nú að Sjálfstfl. áttaði sig nægilega á sínum eigin ferli í þessum málum til þess að hann mundi hafa hljótt um sig í þessari umræðu vegna þess að enginn flokkur hefur skilað jafnárangurslausu verki í þessum málum og Sjálfstfl. á undanförnum 10–15 árum. Það er staðreynd málsins, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Var það vegna þess að Sjálfstfl. kunni ekki viðræðurnar? Var það vegna þess að hinir erlendu aðilar kynnu ekki að meta hina íslensku viðræðuaðila eða var það vegna þess að málin væru ekki nægilega vel undirbúin af hálfu Íslands eða var það eitthvað annað? Hver var skýringin? Hver er skýringin á árangursleysi Sjálfstfl. í þessum málum? Það væri vissulega tilefni til þess að spyrja um það hér fyrst þingmenn Sjálfstfl. kjósa að fara í umræðuna með þessum hætti.

Staðreyndin er nefnilega sú að það hefur engin ríkisstjórn á Íslandi í nærri 20 ár náð jafnlangt í árangursríkum viðræðum við erlenda aðila um þessi efni eins og núv. ríkisstjórn. Og það er kannski ósköp eðlilegt að Sjálfstfl. líði illa þegar hann þarf að horfast í augu við þá staðreynd. (**SalÞ:** Er það vegna stuðnings Alþb.?) Já, það er m.a. vegna þess að Alþb. hefur í þessari ríkisstjórn haldið fram ýmsum af þeim grundvallarsjónarmiðum sem Alþb. hefur haft í þessu máli og hafa hlotið stuðning ekki bara samstarfsaðila okkar í þessari ríkisstjórn heldur einnig hinna erlendu viðræðuaðila. Enda kom það fram í lýsingu hæstv. forsrh. hér áðan hver sá grundvöllur er.

Þess vegna væri í sjálfu sér algerlega óþarfi fyrir mig að bæta hér einhverju sérstöku við vegna þess að bæði í ræðu hæstv. menntmrh. og forsrh. sem svar við spurningum sem var líka beint til mín kom alveg fram það sem þarf að koma fram í málinu og er í sjálfu sér engu þar við að bæta.

Eðlilega hefur þingflokkur Alþb. lagt áherslu á það að samningar verði metnir eftir orkuverði, eftir sköttum, eftir umhverfisverndarákvæðum o.s.frv., eða er það kannsi afstaða Sjálfstfl. að það eigi bara að semja hvað sem það kostar? Er það kannski niðurstaða Sjálfstfl. eftir rúmlega fimm ára árangurslausar tilraunir flokksins sjálfs í þessum málum að hann sé kominn á það stig í málinu að hann vilji bara semja hvað sem það kostar? Er það afstaða Sjálfstfl.? Kannski maður fari nú að spyrja Sjálfstfl. út úr í þessum málum vegna þess að það er auðvitað athyglisvert að þessir talsmenn Sjálfstfl. hér í umræðunum hafa forðast það eins og heitan eld að lýsa afstöðu Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Ja, það getur verið þín prívatafstaða, en það hefur ekki verið afstaða Sjálfstfl. Þú treystir þér a.m.k. ekki til þess að tala fyrir Sjálfstfl. í þessu máli. Kannski er enginn maður hér í þessari deild sem treystir sér til að tala fyrir Sjálfstfl. í þessu máli, hann hefur a.m.k. ekki gefið sig fram enn.

Staðreyndin er auðvitað sú að ríkisstjórnin er fullkomlega sammála um það að í þessu máli þarf að leggja ríkar áherslur á orkuverðið, á skattana, á íslensk lög, á íslenska dómstóla, á íslenskt réttarfar, á íslenskar umhverfisverndarkröfur o.s.frv. (**HBl:** Ráðherrann er farinn að vella eins og kratasteggur.) Hv. þm. má kjósa því hvaða orð sem hann vill. Ég er einfaldlega að lýsa því sem hefur komið fram hjá öllum þeim ráðherrum sem hafa talað í þessu máli. Það er þess vegna alveg út í hött fyrir hv. þm. Sjálfstfl. að reyna að fjalla um málið á þessum grundvelli. En ég skil hins vegar að þeir reyni það vegna þess að þeir hljóta að hafa það sem meginmarkmið í þessari umræðu að koma í veg fyrir að menn fari yfir sögu Sjálfstfl., hið árangurslausa forræði Sjálfstfl. í þessu máli í fimm ár. Því að sú staðreynd blasir nú þegar við að núverandi ríkisstjórn hefur náð miklu lengra í samningum við hin erlendu fyrirtæki um þessi efni út frá íslenskum hagsmunum en þrír iðnaðarráðherrar Sjálfstfl. á árunum 1983-1988.

Þess vegna er það mesti misskilningur hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að málið sé í einhverju uppnámi. Málið er í þeim eðlilega farvegi að það er verið að ræða við hina erlendu aðila um orkuverðið, um skattana, um umhverfisverndarkröfurnar, um staðsetninguna og annað það sem ræður því hvort menn meta samninginn hagstæðan eða ekki. Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að taka það fram hér — en það er greinilega nauðsynlegt gagnvart þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram hjá þingmönnum Sjálfstfl. — að auðvitað er það mjög varasamt út frá íslenskum hagsmunum að þykjast vera of ákafur í það að ná samningum hvað sem það kostar því að þá hljóta eðlilega hin erlendu viðskiptafyrirtæki, sem fyrst og fremst meta þetta út frá eigin arði og eigin fjárhag, að ganga lengra og lengra í sinni kröfugerð til þess að þeir nái bara meiru og meiru út úr þessu.

Auðvitað verður að halda á málinu af fullri reisn út frá hagsmunum Íslendinga og gera hinum erlendu aðilum skýra grein fyrir því að það eru takmörk fyrir því hvað Íslendingar geta samþykkt í þessum efnum. Það er kjarni málsins. En sjálfstæðisflokksþingmennirnir hafa auðvitað ekki reitt hér fram nein slík

efnisatriði í umræðunni. Og ef það ætti að skilja eitthvað á þeirra ræðum er það helst það að það eigi bara að semja hvað sem það kostar. En auðvitað hljóta allir að átta sig á því að í slíkum viðræðum eru það miklir hagsmunir í húfi út frá sjónarmiðum Íslands að það er nauðsynlegt frá íslenskum sjónarhóli að halda þannig á málum að hinir erlendu aðilar geri sér skýra grein fyrir því að beggja hagur verður að vera virtur í þessum efnum. Og þeir verða að gera sér grein fyrir því hverjar eru efnahagslegar og aðrar kröfur Íslendinga í þeim viðræðum. Ég tel að þau fyrirtæki sem nú er rætt við hafi gengið miklu lengra nú þegar til móts við hin íslensku sjónarmið en t.d. Alusuisse, sem var nú eitt helsta ástfóstur Sjálfstfl. í þessu máli, var reiðubúið að ganga. Kannski er ein af skýringunum á því hvers vegna Alusuisse gekk brott frá viðræðunum að það var ekki reiðubúið að ganga jafnlangt til móts við hina íslensku hagsmuni í málinu og þau erlendu fyrirtæki sem nú er rætt við.

Þess vegna er í sjálfu sér engin þörf á því að fara yfir málið með þeim hætti sem tveir síðustu ræðumenn Sjálfstfl. hafa gert hér vegna þess að það hefur komið skýrt fram, bæði í þeirri samþykkt sem þingflokkur Alþb. gerði, í þeirri ræðu sem menntmrh. flutti hér, í þeirri ræðu sem iðnrh. flutti þegar hann mælti fyrir málinu og í ræðu forsrh. hverjar þær eðlilegu áherslur eru sem settar eru fram í þessu máli á Íslandi.

Við höfum lagt á það áherslu, eins og kemur fram í samþykkt þingflokks Alþb., að álverið *væri* staðsett utan höfuðborgarsvæðisins og höfum talið það mikilvægan þátt. Ég tek hins vegar eftir því að Sjálfstfl. hefur ekki tekist að gera það mál upp við sig. Sjálfstfl. sem flokkur hefur enga afstöðu í því máli, hefur ekki þorað að svara þeirri spurningu enn sem komið er. Það sem hefur gerst er það að einstakir þingmenn Sjálfstfl. hafa klofið sig út úr röðum þingflokksins og flutt um það persónulega ályktun hér í þinginu, en þingflokkurinn, Sjálfstfl., hefur enga afstöðu í málinu. Það er auðvitað mjög merkilegt að Sjálfstfl. sem hefur viljað telja sig forustuflokk í þessu máli hefur gefist upp í staðsetningarmálinu. Hann hefur gefist upp á því að hafa nokkra skoðun á því hvar álverið eigi að vera staðsett. Einstakir þingmenn Sjálfstfl. hafa tekið afstöðu til þess, m.a. hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Egill Jónsson, og það ber að virða þá fyrir það, en hinir í þingflokki Sjálfstfl. hafa ekki þorað að taka þá afstöðu og það liggur ekkert fyrir um það hvort þingmenn Sjálfstfl. í þessari hv. deild eru sammála í staðsetningarmálinu eða ekki. Satt að segja bendir allt til þess að Sjálfstfl. í þessari hv. deild sé þverklofinn í því hvar álverið eigi að vera staðsett.

Það er satt að segja alveg stórfurðulegt að þessir þingmenn skuli svo vera að koma hér upp og telja sig vera í stöðu til þess að deila á Alþb. (**Salþ:** Barnalegar tilraunir til að reyna að vekja athygli á málstað Alþb.) Barnalegar tilraunir! Ég tel það engar barnalegar tilraunir að svara því alveg skýrt að við viljum að álverið sé staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. En ef hv. þm. Salome Þorkelsdóttir telur það barnalegt að hafa afstöðu í því hvar álverið eigi að vera staðsett, þá held ég að hún ætti að beina þeirri athugasemd sinni til samþingmanna sinna úr Sjálfstfl. sem m.a. eru hér í þessari hv. deild og hafa flutt um það sérstaka tillögu. (**Salþ:** Ég er að tala um ræðu þína.) En í þessu kemur auðvitað alveg greinilega fram að þingmenn Sjálfstfl. þola ekki að hlusta á það hérna í deildinni að Sjálfstfl. er þverklofinn í málinu. Hann hefur enga afstöðu. Það er kannski ein af skýringunum á því hvers vegna Sjálfstfl. í fimm árangurslaus ár skilaði þessu máli þannig í hendur annarra að það var einfaldlega í núlli og kannski verra en það, það var í mínus vegna þess að helmingurinn af þeim fyrirtækjum sem átti að ræða við voru að ganga á brott.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson setti fram þá spurningu, í einum af fáum málefnalegum pörtum í ræðu sinni, með hvaða hætti menn hefðu hugsað sér eignaraðild Íslendinga að slíku stórfyrirtæki. Það er alveg rétt hjá þingmanninum að Alþb. hefur lagt áherslu á það að rætt yrði af mikilli alvöru um hugsanlega eignaraðild Íslendinga að slíku fyrirtæki. Um það eru skiptar skoðanir, það vitum við. En við höfum í þeirri umræðu m.a. sett fram þá hugmynd að myndað yrði eignarhaldsfélag þar sem ýmis íslensk stórfyrirtæki, eins og Eimskipafélagið svo að ég nefni dæmi, þar sem lífeyrissjóðir eins og Lífeyrissjóður verslunarmanna, þar sem fyrirtæki eins og kannski Járnblendiverksmiðjan, þar sem sveitarfélög og kannski í einhverjum mæli íslenska ríkið, þó ekki *væri endilega víst að það ætti að vera íslenska ríkið*, væru eigendur þessa hlutafélags, íslensks eignarhaldsfélags sem væri eitt af eignarfyrirtækjum hins nýja álvers.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur beitt sér fyrir því að Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur gerst stóreigandi í Eimskipafélaginu, Flugleiðum og Íslandsbanka, áður Verslunarbanka, og ætti því að hlusta með athygli á hugmyndir af því tagi sem ég hef hér verið að lýsa. Ég tel að hér á landi séu bæði stórfyrirtæki og öflugar fjármálastofnanir eins og lífeyrissjóðirnir sem hæglega gætu myndað öflugt íslenskt eignarhaldsfyrirtæki sem gæti tekið höndum saman við hin erlendu fyrirtæki og gerst hluthafi í hinu nýja álveri. Það getur verið sjálfsagt og eðlilegt að skoða þann þátt málsins.

Hv. þm. Halldór Blöndal var að rétta mér samþykkt þingflokks Alþb. Ég get auðvitað lesið hana upp ef þingmaðurinn óskar eftir því. En ég tel kannski enga sérstaka þörf á því og skil ekki alveg af hverju þingmaðurinn er að rétta mér þessa ágætu samþykkt. En það er auðvitað alveg sjálfsagt að fara með hana eins oft og óskað er hér í umræðunum vegna þess að það er ekkert í þessari samþykkt sem er á annan veg en þann sem ég hef verið að lýsa í ræðu minni.

Þess vegna er það staðreynd málsins að þessi ríkisstjórn hefur komið þessum viðræðum mun lengra en Sjálfstfl. nokkru sinni tókst. Það er staðreynd málsins að innan ríkisstjórnarinnar er einhugur um þær meginákvarðanir sem þarf að leggja þegar menn meta hvort þeir samningar sem í boði eru verða

hagstæðir eða ekki fyrir Íslendinga. En slíkt er auðvitað ekki hægt að meta fyrr en þeim er lokið eða þeir eru komnir lengra á veg, fremur en hin erlendu fyrirtæki hafa fyrir sitt leyti svarað því hvort þau telji samningana vera hagstæða á þessu stigi eða ekki. Þau hafa ekkert svarað því og þess vegna væri óeðlilegt að krefjast þess að Íslendingar færu að svara því á þessu stigi.

Við innan Alþb. höfum sett fram ýmsar hugmyndir um það hvernig hugsanlegri eignaraðild Íslendinga gæti verið varið. Ég vænti þess nú að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson skoði þær hugmyndir í alvöru við annað tækifæri. En mikið væri nú skemmtilegt ef Sjálfstfl. gæti loksins náð einhverri samstöðu í einu máli því það er alveg ljóst að í þessu máli er ekki til sameiginleg afstaða Sjálfstfl.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín tveimur eða þremur beinum spurningum sem ég mun nú leitast við að svara. Fyrsta spurningin var mjög tæknilegs eðlis. Hún var: Hver er afskriftartími í kostnaðaráætlunum Landsvirkjunar vegna þeirra virkjana sem nauðsynlegar eru til þess að afla orku fyrir hið væntanlega iðjuver Atlantsálsfélagsins? Svarið er: Aðaldæmið er miðað við 40 ár og línulega afskrift. Hins vegar hafa að sjálfsögðu verið reiknuð nokkur önnur dæmi við skemmri eða lengri tíma eða annars konar afskriftaraðferð. En ég hygg að rétt sé lýst með því að segja að 40 ár sé sú regla sem við höfum oftast stuðst við. Reyndar er hvergi í þessu máli til neinn óumdeilanlegur sannleiki, en þetta er þeirra aðalviðmiðun.

Í öðru lagi var spurt um tilboð sem gengið hefði á milli aðila í viðræðum um orkuverð. Því mun ég að sjálfsögðu ekki svara, hv. 2. þm. Norðurl. e. Á því stigi sem slíkir viðskiptalegir samningar eru nú væri það tóm fjarstæða að fara að ræða það hér í tölum í heyranda hljóði. Því mun ég ekki svara þeirri spurningu með þessum rökum.

Í þriðja lagi var spurt um hverjar væru forsendur iðnrn. í þessum viðræðum hvað varðar orkuverðið. Svarið er að sjálfsögðu að söluaðilinn er Landsvirkjun. Þeir fara þar með verkið að mestu leyti, að sjálfsögðu með þátttöku iðnrn. Það er einkum rætt um orkusölusamning til 25 ára, en viðmiðanir við tíma að öðru leyti eru að sjálfsögðu miðaðar við líftíma virkjananna og athuganir í kringum þær stærðir. Eins og ég nefndi áðan er hér hvergi til neinn óumdeilanlegur og fastur sannleiki heldur er þetta að sjálfsögðu hlutur sem verður skoðaður á nokkru bili stærða.

Í fjórða lagi var spurt um lögsögu og lausn deilumála. Mig langar að benda hv. þm. á bls. 13 í frv. sem hér var lagt fram í grárri kápu eins og hv. þm. benti réttilega á fyrr í umræðunni. Það var nú að vísu ákvörðun annarra en mín en ég tel að það hafi verið vel ráðið því að það er auðveldara að finna frv. á borðinu í þessari góðu gráu kápu. Ég veit að hv. þm. mun, eins og ég og fleiri, oft þurfa að grípa til þessarar vænu, gráu bókar. Ég er viss um það að þar með fæst endurheimt sú aukafjárþörf sem kann að hafa hlotist af því að þarna er annar pappír en venjulega.

En hvað um það þá kemur það mjög glöggt fram að það er óumdeilt að hið nýja álfyrirtæki lúti íslenskum lögum með þeim ákvæðum sem lögfest kunna að verða í heimildarlögum um nýtt álver. Atlantsál, ef samningar nást, verður að sjálfsögðu íslenskt fyrirtæki. Það þarf að veita nokkrar undanþágur frá íslenskum ákvæðum. Þær eru tæknilegar og einfaldar, stafa af því að það þarf að víkja frá skilyrðum um ríkisfang og búsetu erlendra eignaraðila og stofnenda vegna hinnar erlendu eignaraðildar sem við erum að tala um. Við leggjum að sjálfsögðu áherslu á það af Íslands hálfu að lausn ágreiningsmála við ríkisvaldið á Íslandi verði fyrir íslenskum dómstólum. Atlantal-aðilarnir hafa fyrir sitt leyti gert tillögu um að gerðardómi sé beitt í vissum viðskiptalegum ágreiningsmálum. Mig langar til þess að minna hv. þm. á að nýlega hafa verið sett á Íslandi lög um gerðardóma sem njóta vaxandi hylli sem úrlausnaraðferð í viðskiptadeilum fremur en hefðbundin dómstólameðferð einfaldlega af því að þeir skila fyrr, og með lægri kostnaði, niðurstöðu sem báðir geta unað við. Þar munu einnig gilda íslensk lög.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að minna á að Íslendingar eru aðilar að nokkrum alþjóðasamningum sem hafa lagagildi og varða gerðardóma. Þar skiptir einna mestu Alþjóðagerðardómsstofnunin til lausnar fjárfestingardeilum, The International Center for the Settlement of Investment Disputes (ICSID), sem er tengd Alþjóðabankanum í Washington. Samningurinn um þessa stofnun hefur lagagildi á Íslandi. Þar með eru það íslensk lög sem gilda væri til hennar vísað. Ekkert slíkt hefur þó enn verið ákveðið.

Ég vona, virðulegi forseti, að með þessu hafi ég svarað þeim fjóru beinu spurningum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að óska eftir því að þessum umræðum verði frestað þangað til forsrh. getur verið hér viðstaddur. Ég lagði ákveðnar spurningar fyrir hæstv. forsrh. Ég tók eftir því að hann skrifaði þær niður hjá sér. Með tilliti til alvöru málsins og þess sem hér um ræðir þá hlýt ég að ítreka það að hæstv. forsrh. svari þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil ekki spilla því að það verði orðið við beiðni hv. 14. þm. Reykv. og haldið áfram umræðunni kl. 2 á morgun. Umræðan hefur tekið nokkuð lengri tíma en búist hafði verið við. Ég þarf auðvitað ekki að taka fram að það lá a.m.k. alveg ljóst fyrir að hæstv. fjmrh. hefði getað stytt mál sitt því að ekki komu mörg efnisatriði

fram í þeirri ræðu. Hins vegar veit ég ekki, herra forseti, hvort það er óþinglegt undir þessum kringumstæðum að segja að það var auðheyrilegt þegar formaður Alþb. talaði að hann var kominn á nýjan vettvang en hafði ekki komið hér upp í stólinn til þess að lýsa þeim vettvangi sem Alþb. vill standa á.

Umræðu frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Frv. fjallar um að varamenn kjörinna sveitarstjórnarmanna verði kjörgengir sem varamenn í bæjarráð, borgarráð eða hreppsráð.

Nú eru ákvæði 55. gr. sveitarstjórnarlaga skýr þess efnis að varamenn í byggðarráð skuli kosnir úr hópi kjörinna fulltrúa sveitarstjórnarmanna. Félmrn. hefur borist beiðni um það frá Kópavogskaupstað að regla eldri sveitarstjórnarlaga gæti gilt, þ.e. að varafulltrúar í sveitarstjórn séu kjörgengir í bæjarráð, borgarráð eða hreppsráð en til þess þarf lagabreytingu.

Þessi ósk Kópavogskaupstaðar var send Sambandi ísl. sveitarfélaga sem lýsti sig meðmælt þeirri breytingu sem hér er lögð fram.

Með frv. er í fyrsta lagi lagt til að bæði aðalfulltrúar og varafulltrúar úr sveitarstjórn verði kjörgengir sem varamenn í byggðarráð. Aðalmenn skulu hins vegar vera kosnir úr hópi aðalfulltrúa einvörðungu og er það óbreytt.

Í öðru lagi felur frv. þetta í sér að lagt er í vald sveitarstjórnanna sjálfra hvort þær kjósa varamenn í byggðarráð sérstaklega, eins og verið hefur og er aðalreglan, eða ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að aðalfulltrúi og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið á sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í byggðarráði í þeirri röð sem þeir skipa listann.

Eins og ég benti á í máli mínu þá mælir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga með þessari breytingu. Ég vænti þess að þetta frv. fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að hér hefur farið fram atkvgr. til að vísa máli til nefndar. Sjö þingmenn stjórnarandstöðunnar ásamt fimm þingmönnum stjórnarliðsins hafa tekið þátt í þessari atkvgr.

Listskreytingasjóður ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Listskreytingasjóð sem endurskoðuð hafa verið í samræmi við ákvæði lagnna. Helstu breytingar sem í frv. felast eru þessar:

1. Það er gerð nokkur rýmkun á verksviði sjóðsins þannig að sjóðnum verður núna heimilt að styrkja ekki aðeins verkefni til að fegra opinberar byggingar heldur einnig umhverfi þeirra.
2. Sett er skýr heimild til að binda framlag eða styrk úr sjóðnum skilyrði um mótframlag frá eiganda mannvirkis í ákveðnum tilvikum. Þessi ákvæði hafa ekki verið nægilega skýr.
3. Sett eru ákvæði er varða meðferð listskreytinga sem sjóðurinn veitir framlag til.

Frv. þetta hefur þegar sætt meðferð í hv. Nd. og þar skilaði hv. menntmn. samhljóða áliti þar sem segir m.a.:

„Um leið og nefndin mælir með samþykkt frv. vill hún leggja á það áherslu að hún telur mikilvægt að lögbundin framlög til sjóðsins séu ekki skert í fjárlögum."

Ég tel mjög mikilvægt að undir þetta hafa ritað þingmenn allra flokka, að menn vilji halda framlögum til sjóðsins sem hæstum. Það er auðvitað ein meginforsenda þess að unnt verði að framkvæma þessi lög þannig að skaplegt sé.

Ég tel, með hliðsjón af því að mál þetta hefur fengið ítarlega meðferð í hv. Nd., ekki ástæðu til að orðlengja það frekar og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Æskulýðsmál, 1. umr.

Stjfrv., 526. mál (heildarlög). — Þskj. 923.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um æskulýðsmál sem er heildarendurskoðun á löggjöf um æskulýðsmál og hefur verið til endurskoðunar og athugunar um skeið í menntmrn. Skipuð var nefnd snemma í október 1988 og var gert ráð fyrir því að

nefndin hefði í fyrsta lagi það hlutverk að endurskoða lög um æskulýðsmál og í öðru lagi að skila tillögum um breytta stefnu í íþrótta- og æskulýðsmálum til aldamóta.

Nefndin skilaði áliti sínu um endurskoðun æskulýðslaga snemma á þessu ári, í janúarmánuði og vinnur núna að tillögugerð varðandi stefnumótun í íþróttamálum til aldamóta. Vænti ég þess að nefndin skili mér tillögum þar um fljótlega.

Nefndin skilaði sameiginlegu áliti til menntmrn. þar sem lögð var áhersla á nokkrar meginbreytingar í þessum málaflokki. Aðalbreytingin var sú að eftir tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir því að framvegis stýrðu æskulýðssamtökin í raun og veru sjálf þessum málaflokki fyrir hönd ráðuneytisins, en ekki ríkisstofnanir eins og Æskulýðsráð ríkisins eða æskulýðsfulltrúi ríkisins. Hér er um að ræða mjög mikilvæga stefnubreytingu sem kemur fram í 1. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að menntmrn. setji reglur er kveði á um hvað teljist æskulýðssamtök í skilningi frv., og laganna ef að lögum verður, og jafnframt komi þar fram aldursákvæði.

Hér er um að ræða þá grundvallarbreytingu að menntmrn. felur heildarsamtökum æskulýðsfélaga að annast þennan málaflokk í samráði við ráðuneytið, en Æskulýðsráð ríkisins í núverandi mynd er lagt niður.

Önnur meginbreyting frv. er sú, eins og það lítur út hér, að gert er ráð fyrir því að embætti æskulýðsfulltrúa ríkisins verði lagt niður en í staðinn verði þeim fjármunum sem til þess embættis hafa farið, svo og þeim fjármunum sem farið hafa til æskulýðsmála almennt á fjárlögum á hverjum tíma, varið til sjóðs sem kallaður er æskulýðssjóður og miðað er við að fái um 10 millj. kr. á ári á verðlagi janúar 1990. Þess má geta að framlög til æskulýðsmála alls á fjárlögum ársins 1990 nema talsvert hærri upphæð. Það er ekki miðað við að öll framlög til æskulýðssamtaka fari endilega í gegnum þennan sjóð heldur meginhluti þeirra.

Hér er um að ræða þær meginbreytingar sem frv. gerir núna ráð fyrir. Á því urðu tvær veigamiklar breytingar í ráðuneytinu, annars vegar sú að embætti æskulýðsfulltrúa er lagt niður samkvæmt tillögu ráðuneytisins og í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir mörkuðum tekjustofni í þennan æskulýðssjóð eins og gert var ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Megin- og grundvallarbreytingin er hins vegar sú að gert er ráð fyrir að leggja Æskulýðsráð ríkisins niður og fela hinum frjálsu æskulýðssamtökum í landinu alla forystu í þessum málum.

Ég tel ástæðulaust, herra forseti, að fara frekari orðum um þetta frv. Það er stutt, einfalt og skýrir sig sjálft. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og vænti þess fastlega að nefndin sjái sér fært, þó skammur tími sé til stefnu, að ljúka málinu þannig að unnt verði að afgreiða það á þeim tíma sem eftir lifir af yfirstandandi þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (sjóðfélagar). — Þskj. 940.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni lítið frv. og einfalt. Frv. er flutt til þess að taka af öll tvímæli um það að starfsmenn blandaðra fyrirtækja sem eru í eigu ríkis og sveitarfélaga geti átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það er talið nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögunum til að taka af öll tvímæli um lagalegan rétt fólks sem hefur árum saman, jafnvel í áratugi, greitt í sjóðinn og verið talið eðlilegir félagar í honum. Þetta á fyrst og fremst við um starfsmenn fyrirtækja eins og Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja, svo ég nefni þrjú dæmi.

Ég vænti þess að Alþingi geti afgreitt þetta frv. svo réttaróvissu í málefnum þessara sjóðsfélaga verði eytt og mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 921.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Fjarvera mín stafar síður en svo af því að ég hafi ekki viljað svara hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Samið var um það að fundur sem ég þurfti að vera á annars staðar yrði kl. 6 svo ég skaust þangað.

Fyrsta spurning hv. þm. var hvort Alþb. hefði neitunarvald í þessu máli í ríkisstjórninni. Í þeim ríkisstjórnum sem ég hef setið og eru þær orðnar nokkuð margar hafa stjfrv. ekki verið lögð fram nema allir stjórnarflokkar samþykki það. Ég man ekki eftir neinu slíku tilfelli. Að því leyti hefur Alþb. eins og aðrir flokkar í þessari ríkisstjórn neitunarvald.

Ég vil hins vegar taka fram sem ég sagði áðan að mér þykir að í allri meðferð málsins hafi mjög miðað í rétta átt. Það er um afar stórt og viðkvæmt mál að ræða og þarf engum að koma á óvart þótt um það séu nokkuð skiptar skoðanir. Mér þykir hafa stefnt í rétta

átt og geri mér vonir um samstaða náist um að leggja það mál fyrir Alþingi, að sjálfsögðu sem stjfrv.

Ég veit ekki hvort ég á að taka þetta með hagkvæmnina og glýjuna sem spurningu til mín. Hverjum verður að vera frjálst að fá glýju í augun ef honum svo sýnist. Ég fæ enga glýju í augun af þessari hugmynd. Mér heyrist að hæstv. menntmrh. hafi lýst réttilega þeirri hagkvæmni sem Þjóðhagsstofnun telur vera af þessari verksmiðju, 1% auknum hagvexti á ári. Ég fyrir mitt leyti tel afar mikilvægt að fá þennan aukna hagvöxt því sama stofnun spáir 1,5% hagvexti að óbreyttu, þ.e. ef ekki koma til nýjar greinar. Í Evrópu er almennt spáð 3,5% hagvexti á ári sem mun þýða það að við drögumst aftur úr. Ég tel þess vegna m.a. að nú komi til greina að ráðast í þessa miklu framkvæmd.

Ég neita því hins vegar ekki að ég bind ekki síður vonir við alls konar aðra atvinnuþróun hér á landi og sérstaklega sérhverja þróun sem byggist á aukinni þekkingu. Ég tel það vera hvað mikilvægast að á þeim sviðum er unnt að greiða hvað hæstu launin og sem betur fer eru hér mörg merki þess að þar geti orðið atvinnuþróun sem ekki er inni í þeirri spá sem Þjóðhagsstofnun hefur birt. Ég vek athygli á t.d. stórauknum útflutningi hátæknifyrirtækja o.s.frv. Þannig að ég vona svo sannarlega að við náum því sem á vantar við aðrar þjóðir eftir ýmsum slíkum leiðum. Það er fremur að ég fengi glýju í augun af þeim kostum en álbræðslu, svo ég segi eins og er, sem þýðir þó ekki að ég sé á móti álbræðslu eins og ég hef margtekið fram.

Um eignaraðildina, hvað hún á að vera mikil o.s.frv. Ég get ekki nefnt neinar tölur í því sambandi. Ég hef aldrei heyrt nefnt að til greina kæmi að Íslendingar ættu yfir helming í svona verksmiðju, það er gífurlega mikil fjárhæð. Hins vegar hefur þeim hugmyndum verið hreyft að Íslendingar hefðu t.d. forkaupsrétt á eignaraðild í svona verksmiðju og unnt væri að nota eitthvað af þeim skattatekjum t.d. sem koma í hlut hins íslenska ríkis til að kaupa sig í vaxandi mæli inn í svona verksmiðju. Ég hef líka heyrt suma sem þessu eru fylgjandi nefna að byrja með eins og 5% og geta aukið þetta smám saman.

Ég get ekki svarað þeirri spurningu, það verður hæstv. iðnrh. að gera, hvort þetta út af fyrir sig hefur komið til umræðu í þeim viðræðum sem nú fara fram. Ég get hins vegar upplýst að þegar ég var þátttakandi í slíkum viðræðum þá var þetta oft nefnt og ég varð aldrei var við andstöðu af hálfu hins erlenda aðila að Íslendingar kæmu inn með eignaraðild. Ég held að þeir hafi frekar talið það kost og þá sparað sér vissa fjárfestingu.

Þetta eru atriði sem að sjálfsögðu tengjast þessum virku áhrifum Íslendinga á verksmiðjuna. Ég lýsti því áðan að ég teldi það geta orðið eftir ýmsum öðrum leiðum. Ég vil láta það koma hér fram að ég legg ekki persónulega áherslu á eignaraðild Íslendinga. Ég teldi gott að hafa heimild til að ráðstafa hagnaði til að eignast smám saman verksmiðjuna, en ég lít ekki á það sjálfur sem úrslitaatriði.

Ef ég man rétt voru þetta meginspurningarnar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan hefði verið fullnægjandi fyrir hæstv. fjmrh. að láta iðnrh. tala fyrir sinn munn því hann vék hvergi, hvorki í smáu né stóru, að þeim áhersluatriðum sem hæstv. menntmrh. hafði vikið að í gær, enda má segja að það þurfi ekki að koma á óvart því öllum er kunnugt um að pólitískt samstarf þeirra er með þeim hætti nú að hæstv. fjmrh. er það síst í hug að taka undir sjónarmið hæstv. menntmrh. í litlu sem stóru. Það vakti líka sérstaka athygli að hæstv. fjmrh. taldi það ekki vera sitt hlutverk að túlka stefnu þingflokks Alþb., enda má kannski segja að aðrir séu betur um það færir.

Ég vil út af ummælum þakka öðrum hæstv. ráðherrum fyrir að þeir skyldu hafa svarað fyrirspurnum. Ég vil, hæstv. forsrh., vekja athygli á því að samkvæmt bráðabirgðaákvæði þá er það ekki á valdi iðnrh. að heimila það að 300 millj. kr. sé varið til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlínu á árinu 1990, heldur er það lagt í vald ríkisstjórnarinnar í heild sem auðvitað staðfestir þann pólitíska ágreining sem er í ríkisstjórninni um þetta mál og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh.

Ég vil aðeins víkja að þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. forsrh. og þeim svörum sem gefin voru. Ég skildi hæstv. menntmrh. svo að hann ætlaðist til þess að álverið lyti að öllu íslenskum dómstólum, en ef það er svo að hæstv. menntmrh. fellst á þá lausn sem hæstv. iðnrh. vísaði til og er lýst á bls. 13 í frv. til laga um álver, þá verð ég að segja eins og mér finnst, að hin ríka áhersla sem hæstv. menntmrh. lagði á þetta atriði í ræðu sinni í gær var algerlega út í hött. Ég skildi hæstv. menntmrh. svo að hann væri ekki sammála þeim hugmyndum sem fram koma um alþjóðlegan gerðardóm til úrlausnar á ágreiningsmálum við ríkisstjórn. Ég heyrði á formanni Alþb., það var erfitt að greina nokkur kjarnaatriði í hans ræðu satt að segja, þetta var nú svona hálfgerð froða, en eftir því sem ég skildi formann Alþb. þá var hann sammála þessari túlkun iðnrh. og kemur ekki á óvart að forræðið yrði ekki í íslenskum höndum að öllu leyti eins og ég skildi hæstv. menntmrh. í gær. Hæstv. menntmrh. getur þá leiðrétt ef ég fer rangt með, hann er hér staddur og getur sjálfur staðfest það hvort hann sé sammála þeirri tilhögun sem á bls. 13 er lögð til í sambandi við lögsögu og lausn deilumála.

Ef þarna er ekki um ágreining að tefla milli Alþb. og ríkisstjórnarinnar í heild þá er þeim þröskuldi rutt úr vegi og þá er það allsherjar staðfesting á því að þau sjónarmið í þessu efni sem við sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn lögðum til grundvallar í álsamningunum á sínum tíma hafa unnið sér þegnrétt hér hjá okkur og hafa sannað gildi sitt og kemur auðvitað ekki á óvart að sérstaklega framsóknarmenn fallist á þau almennu sjónarmið sem við settum fram á þeim tíma og voru í álsamningunum.

Ég vil í öðru lagi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort hann sé ánægður með þau svör sem samráðherrar hans þrír hafa gefið um það hvernig eignaraðild að álverksmiðjunni verður. Hæstv. menntmrh. sagði í gær að Íslendingar þyrftu að eiga meiri hluta, verulegan eignarhluta eða tryggja forræði sitt yfir viðkomandi fyrirtæki með öðrum sambærilegum hætti og sagði að ríkisstjórnin hefði ekki fyrir sitt leyti á neinn hátt útilokað þann möguleika að Íslendingar gætu átt verulegan eignarhluta í þessu fyrirtæki. Hæstv. menntmrh. sagði enn fremur að eignarhlutfall Íslendinga væri enn á borðinu, bæði pólitískt af hálfu Alþb. og af hálfu ríkisstjórnarinnar í heild.

Hæstv. forsrh. gaf í skyn að slíkt gæti komið til greina, ef ég skildi hann rétt, en á hinn bóginn hefur hæstv. iðnrh. gengið út frá öðru í sínum samningum. Hann hefur gengið út frá því að álverið yrði í eigu hinna erlendu fyrirtækja. Ég held að það væri fróðlegt að fá svar við því frá hæstv. iðnrh. hvort hann lítur svo á að hann hafi heimild ríkisstjórnarinnar til þess að leggja málið þannig fyrir í samningaviðræðum við Atlantalhópinn.

Ef það er rétt að enginn ágreiningur er um þetta atriði, ef það er svo að hæstv. menntmrh. átti ekki við neitt sérstakt þegar hann talaði um forræði Íslendinga yfir álverinu, þá er það líka vísbending um að ræða hans í gær hafi verið tilgangslaus og markleysa.

Í þriðja lagi var það athyglisvert að í þeim fáu orðum sem hæstv. fjmrh. vék að efni spurninganna kom fram að hann hafði vilja til þess að álverið risi utan Stór-Reykjavíkursvæðisins, utan Suðvesturlands. Sama hugsun kom fram hjá hæstv. forsrh. Það virðist því morgunljóst að sú ákvörðun að leggja ekki eingöngu slíka staði til grundvallar, til að byrja með a.m.k., í viðræðum við Atlantsálshópinn séu runnar undan rifjum hæstv. iðnrh. og að hann hafi ekki til fulls viljað sætta sig við þá hugsun að Suðvesturland verði útilokað í sambandi við staðarval stóriðjunnar.

Ef það er á hinn bóginn svo að hæstv. menntmrh. og Alþb. sættir sig við að stóriðjan rísi á Suðvesturlandi, eins og hæstv. fjmrh. sagði, en ég tek hann nú ekki sem talsmann þingflokks Alþb. satt að segja, eins og komið er, en ef það er rétt hjá formanni Alþb. að Alþb. geri það ekki að skilyrði að stóriðja rísi utan Suðvesturlands þá eru líka orð hæstv. menntmrh. markleysa að þessu leyti.

Í ræðu hæstv. menntmrh. er annars vegar talað um Stór-Reykjavíkursvæðið og hins vegar er talað um Suðvesturland, en má vera að það sé mismæli seinna skiptið, og ég skal ekki neita því að hann eigi rétt á leiðréttingu sinna orða.

En nú langar mig aðeins til að segja í lokin um þetta atriði: Gæti nú ekki verið að ágreiningur stjórnarflokkanna um stóriðjumálin sé meiri en þeir vilja vera láta? Er ekki til í dæminu að eins fari fyrir okkur í sambandi við stóriðjumálin og nú hefur farið í sambandi við stjfrv. um stjórn fiskveiða, að einstakir stjórnarflokkar geymi fram á elleftu stund að lýsa ágreiningi sínum í einstökum atriðum þannig að þessir tilburðir hæstv. iðnrh. til að ná fram þessum samningum muni að síðustu steyta á þessum sundurlyndissteini sem virðist vera hvarvetna undan ströndum þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn?

Um þau atriði önnur sem ég vísaði til hæstv. iðnrh. upplýsti hann að í aðalatriðum væri reiknað út frá 40 árum, eins og ég hygg að gert hafi verið af Landsvirkjun, og þá haldið þeim afskriftartíma sem hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. gagnrýndu svo mjög þegar frv. um skattskyldu orkufyrirtækja var hér til umræðu. Það sýnir einungis að þeir hafa vitkast síðan þá og eru annarrar skoðunar og ber að fagna því. Ég geri ekki athugasemd við það þó hæstv. iðnrh. vilji ekki í einstökum atriðum greina frá þeim verðtilboðum sem komið hafa vegna byggingar nýs álvers hér á landi.

Ég vil svo þakka fyrir þessar umræður. Eftir standa orð menntmrh., hann hefur ekki séð ástæðu til þess við umræðurnar enn sem komið er að skýra nánar sín ummæli, hann hefur ekki kosið að skýra nánar hvað hann eigi við með því að Íslendingar hafi forræði yfir álfyrirtækinu, hann hefur ekki séð ástæðu til þess að ítreka eða leggja frekari áherslu á það skilyrði að álverið sé utan Reykjavíkursvæðisins og hann hefur ekki heldur vikið að öðrum þeim atriðum sem hann gerði svo glögglega grein fyrir í gær. Upp úr stendur í því sambandi að fjmrh. telur sig ekki vera talsmann Alþb. í þessu máli.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa svarað þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hann. Það var fullnægjandi svar eða svör réttara sagt. Hann sagði m.a. í sínu svari, sem mér fannst mjög athyglisvert í ljósi þess að landsfundur Alþb. samþykkti á sínum tíma að Íslendingar skyldu eiga meiri hluta í fyrirtækjum eins og álverum framtíðarinnar, að hann hefði aldrei heyrt að Íslendingar ættu að eiga meiri hlutann í slíkum fyrirtækjum. Það hefur því farið fram hjá honum með hvers konar flokki hann starfar að þessum málum. Hæstv. forsrh. sagði einnig að hann hafi gert ráð fyrir því að Íslendingar ættu svona 5% eignarhluta, ef ég skildi hann rétt. (**Forsrh.:** Ég hef heyrt það nefnt.) Heyrt það nefnt, já. Ég verð að segja það sem mína skoðun að mér finnst það raunverulega engin eignarþátttaka þótt Íslendingar ættu 5% í fyrirtæki sem þessu. En ég tek undir þau orð hæstv. forsrh. að það hlýtur að vera kostur fyrir erlenda aðila ef Íslendingar vilja vera eignaraðilar með þeim í slíkum fyrirtækjum.

Ég vil þá víkja máli mínu að hæstv. fjmrh., formanni Alþb. Það er mjög fróðlegt fyrir okkur sjálfstæðismenn að sitja undir ræðum eins og hann flutti hér áðan, sérstaklega með tilliti til þess að þetta er formaður Alþb. sem barðist hvað harðast gegn því að áliðjuver yrði reist á Íslandi á sjöunda áratugnum, þ.e. á árunum 1965 og 1966. Þá var Alþb. í forustunni fyrir því að reyna að koma í veg fyrir að Íslendingar leyfðu byggingu álvers, sem hefði auðvitað þýtt að fyrstu stórvirkjanir á Íslandi hefðu aldrei átt sér stað.

Nú vill svo til að á sama tíma sem hæstv. ráðherra skammar okkur sjálfstæðismenn fyrir það sem hann vill meina og halda fram, að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi í sambandi við uppbyggingu stóriðju á Íslandi, að það var einn af fyrrverandi formönnum Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, þáv. iðnrh., sem hafði forustuna, ásamt Bjarna Benediktssyni forsrh., um uppbyggingu fyrstu stóriðjufyrirtækja á Íslandi í samningum við erlenda aðila, sem var algjör forsenda þeirra stórvirkjana sem við þekkjum á Íslandi í dag. Það skýtur nú skökku við þegar formaður Alþb. heldur því fram að Sjálfstfl. hafi ekki staðið sig í sambandi við uppbyggingu þessarar atvinnugreinar.

Það er hins vegar mjög fróðlegt að sitja undir því að formaður Alþb. skuli vera kominn á þennan nýja vettvang, að tala hér fyrir stóriðju í sölum Alþingis. Auðvitað er ég eins og flestir eða margir með ákveðinn fyrirvara í sambandi við stóriðju og stóriðjuframkvæmdir á Íslandi og teldi að mörgu leyti æskilegt ef við gætum án þeirra verið, en heimurinn er nú einu sinni þannig að við getum ekki gengið fram hjá þróuninni eða meinað Íslendingum í framtíðinni að taka þátt í slíkum verkum eða framkvæmdum sem stóriðja er.

Þá kemur auðvitað að því atriði sem mér finnst mjög þýðingarmikið og mér fannst hæstv. fjmrh. koma vel inn á, það var spursmálið um eignaraðild. Ég get tekið undir þá skoðun hans að Íslendingar eiga að eiga verulegan hlut í slíkum stórfyrirtækjum. Ég segi ekki að Íslendingar ættu að eiga þetta alfarið einir, vegna þess að ég held að það sé óframkvæmanlegt og óraunsætt. Hins vegar eiga Íslendingar að vera verulegir eignaraðilar að þessum stórfyrirtækjum á móti erlendum aðilum. Og ég vil einnig taka undir það sjónarmið hans að sú eignarþátttaka á að vera á breiðum grundvelli.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að orðlengja þetta meir en þakka ráðherrum fyrir svör þeirra.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Það hafa orðið miklar umræður um þetta frv. sem við ræðum, bæði í gær og í dag. Í beinu framhaldi af framsöguræðu hæstv. iðnrh. tók ég til máls og byrjaði með því að lýsa ánægju minni með frv. sem hefði þann tilgang að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Ég lýsti ánægju minni. En ég verð að segja að sú ánægja er nokkuð blandin nú eftir að hafa hlustað á umræður hér. Hvers vegna? Vegna þess að í þessu þýðingarmikla máli, þessu mikla hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar, hefur komið í ljós, raunar vissum við það, en það hefur komið greinilega í ljós í þessum umræðum, að hver höndin er uppi á móti annarri í ríkisstjórninni og hún er algjörlega sundruð í þessu máli. Það er það alvarlega og það alvarlegasta í þessu máli, að ríkisstjórnin skuli ekki ganga heils hugar til verks í því. Auðvitað kastar svo tólfunum þar sem er framlag hæstv. fjmrh. í þessum umræðum.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um það framlag, það dæmir sig sjálft. Næstum því hvarvetna þar sem hæstv. ráðherra drap niður í tali sínu kom hann með þverstæður sem maður undrast að skuli geta átt sér stað í jafnafdrifaríku máli sem þessu. Hæstv. ráðherra sagði að enginn flokkur hefði skilað jafnlitlum árangri í stóriðjumálunum og Sjálfstfl. Hæstv. ráðherra lét sem Alþb. væri mesti baráttuflokkurinn í stóriðjumálum og hefði núv. ríkisstjórn skilað meiri árangri í þeim efnum en nokkur önnur vegna þess að í núv. ríkisstjórn væri Alþb. mesti baráttuflokkur fyrir stóriðju á Íslandi.

Það var sama hvar hæstv. fjmrh. bar niður. Hann sagði að Sjálfstfl. væri sundraður og gæti ekki komið sér saman um staðarval næsta álíðjuvers, þó nokkrir þingmenn flokksins hefðu hins vegar borið fram tillögu um það. Hæstv. fjmrh. er ekki vandur að virðingu sinni því ef hann vissi um þá tillögu sem hann gat um, þá hefði hann mátt vita að hún fjallar um sama efni, með sama orðalagi og samþykkt var á síðasta landsfundi Sjálfstfl. um staðarval næsta álvers. (**Fjmrh.:** Er Friðrik þá á móti stefnu Sjálfstfl.?) Ég gæti haldið svona áfram, að nefna fjarstæður þær sem fram komu í máli hæstv. fjmrh. en ég ætla ekki að gera það. Kannski á ekki að taka þetta alvarlegar en fullyrðingar þessa ráðherra um að hann sé alltaf að lækka skatta með því að hækka þá.

Ég sagði að í beinu framhaldi af framsöguræðu hæstv. iðnrh. hefði ég talað í þessu máli. Hæstv. iðnrh. gerði fyrr í þessum umræðum nokkur skil því sem ég drap á og voru aðeins örfá atriði í frv. sjálfu. Eitt atriði sem ég hafði vakið athygli á var það ákvæði 2. gr. frv. um að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til þess að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum.

Ég sagði að þetta gæfi tilefni til þess að skenkja því hugsun að í gildandi lögum, í orkulögum, er ákveðið að ekki megi reisa smávirkjanir, ef þær eru yfir 2 mw. að afli, nema með leyfi Alþingis. Ég hélt því fram að þetta væri óeðlilegt. Ég sagði að það væri álitamál þegar þessi mörk væru hækkuð hvar ætti að setja þau og ekki væri víst að 38 mw. væru innan þeirra marka. Ég minnist á þetta vegna þess að hæstv. iðnrh. gaf í skyn að ég hefði ekki talið ástæðu til að veita Hitaveitu Reykjavíkur þessa heimild. Það er misskilningur, ég tók það beint fram að það væri að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera slíkt.

Þá var það atriði sem ég kom inn á og hæstv. ráðherra svaraði, það er efni 3. gr. frv. 3. gr. kveður á um að röðun virkjanaframkvæmda verði tekin af Alþingi og það hlutverk fengið iðnrh. Þessu svarar hæstv. iðnrh. eitthvað á þá leið að hann telji að í þessari grein, 3. gr., sé farið inn á þá hyggilegu braut að röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í orkumálum ráðist fyrst og fremst af væntanlegri nýtingu orkunnar og þess sé gætt að orkuöflunin sé sem hagkvæmust. Þetta eru sjálfsagðir hlutir en þetta er útúrsnúningur og ekkert annað við því sem ég var að segja. Heldur hæstv. ráðherra virkilega því fram að það þurfi að setja þetta vald um að ákveða röðun virkjanaframkvæmda í hendur iðnrh.

svo að þess sé gætt að hyggilega sé farið að um framkvæmdir? Og telur hæstv. ráðherra að Alþingi hafi alveg brugðist hlutverki sínu í þessum efnum? Auðvitað er það fjarstæða.

Ég veit raunar ekki hvort ég á að fara frekar út í þessi svör hæstv. ráðherra. Ég hafði tekið fram í sambandi við 3. gr. frv. að ákvæði til bráðabirgða I væri ekki í samræmi við þá hugsun sem fram kæmi í 3. gr. því þar væri gert ráð fyrir að Alþingi réði virkjanaröðinni. En ég tek núna fram, eins og ég tók áður fram raunar, að auðvitað er rétt að hafa þetta bráðabirgðaákvæði og með því efni sem þar er að finna.

Hæstv. ráðherra talaði um þetta sem hann teldi að taka ætti þetta vald sem hér um ræðir af Alþingi. En það væri ekkert óeðlilegt samt að hafa bráðabirgðaákvæði. Hann talaði um að það væri eðlilegt umþóttunarákvæði, eins og hann orðaði það. Ég skal ekki fara frekar út í þetta en mér sýnist, og ég deili ekki á hæstv. ráðherra fyrir það, mér sýnist að honum takist ekki að færa nein gild rök fyrir sínum málstað í þessu efni. (**Viðskrh.:** Þau minna á kristnitökuna.) Kristnitöku? (**Viðskrh.:** Á Alþingi árið 1000.) Já, já, það er ágætt að minnast þess. (**Viðskrh.:** Þá voru umþóttunarákvæði.) Já. Ég held að þetta orð „umþóttunarákvæði" og „umþóttunartími" o.s.frv. hafi ekki verið til þá. Eg bið hæstv. ráðherra að sýna mér það á prenti ef það hefur verið. Þetta var eftirlætisorðfæri Bjarna Benediktssonar heitins og það er náttúrlega kostur en ekki ókostur.

Þá var það síðasta atriðið sem ég vék að í máli mínu og fann að. Ég tók fram að það væri ekki höfuðatriði en það væri þó formsatriði. Það var orðalagið í 4. gr. frv. þar sem talað er um „stækkaða Búrfellsvirkjun, stækkaða Hrauneyjafossvirkjun, stækkaða Sigöldu-virkjun" o.s.frv. Ég tók fram, og ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki hrakið það eða mótmælt því raunverulega, að betur færi á því að fella niður þetta orð, „stækkaða", enda sagði hæstv. ráðherra að orðalagið væri ekki sérlega þekkilegt. Ég lít þá svo á að við séum sammála um það efni. (**Viðskrh.:** Því miður voru lærðir lögfræðingar sem vildu hafa þetta svona.) En hvort sem það eru lærðir lögfræðingar eða lærðir sérfræðingar á hvaða sviði sem er þá verðum við, hæstv. ráðherra, að hafa okkar eigin dómgreind í lagi. Ég vil ekki að ósekju bera brigður á dómgreind hæstv. ráðherra. Ég ítreka það sem ég sagði, mér virðist að við séum sammála um þetta atriði.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál nú. Ég lagði áherslu á það í minni fyrri ræðu að málið fengi vandlega meðferð í hv. iðnn. Ég efast ekki um að þar verði vandlega farið yfir þetta mál. Okkur gefst svo tækifæri til að ræða það betur þegar það kemur úr nefnd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

73. fundur, þriðjudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Beiðni um fundarhlé.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég vildi í upphafi þessa fundar koma þeirri ósk á framfæri að gert verði hlé á fundum deildarinnar einhvern tíma dagsins. Ég legg til að það verði um kl. 15.30. Við þurfum á tíma að halda til þess að ræða um einstök mál hér í þinginu og sérstaklega um frv. um stjórn fiskveiða sem virðist ætla að ganga illa að koma frá þingnefnd og í umræðu í hv. Ed. Það virðist ríkja alger ringulreið um stærstu mál þingsins í liði stjórnarinnar. Ég nefndi frv. um stjórn fiskveiða. Þar hefur núna komið fram sérstök ályktun frá þingflokki Alþfl. og er ekki séð á þessari stundu a.m.k. að neinn meiri hluti sé fyrir þessu máli í liði stjórnarinnar. Við þurfum tíma til þess að ræða viðbrögð við þessari stöðu.

Það sama má segja um annað stórt mál sem er óafgreitt í þinginu en lögð er mikil áhersla á að nái afgreiðslu. Það er frv. um raforkuvirkjanir. Það tók á sig nokkuð nýja mynd í umræðu í hv. Ed. í gær með ræðu hæstv. menntmrh. og sýnist ástæða til þess að ræða það mál líka.

Þá hefur komið tilkynning frá einum hæstv. ráðherra um nýtt frv. sem lagt verði fyrir þingið núna væntanlega í dag. Það er um áburðarverð. Þar sýnist eins og taka eigi fram fyrir hendur á þingkjörinni stjórn Áburðarverksmiðjunnar. Við ætlum einnig að ræða viðbrögð við því frv. Ég tek það svo að hæstv. landbrh. hafi ekki verið að gaspra neitt, það sé ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja slíkt frv. fram. Ég veit ekki hvort hæstv. ríkisstjórn er að þessu til þess að greiða fyrir þingstörfum en það má vel vera að hún meti það svo að slíkt frv. verði til þess að greiða fyrir þingstörfum á þessum síðustu dögum þingsins.

Þetta kallar á tíma fyrir þingflokksfundi alla vega hjá Sjálfstfl. En það má vel vera að stjórnarliðar þurfi ekki á neinum tíma að halda, enda er ég ekkert að biðja um þennan tíma fyrir þá.

Um afgreiðslu mála yfirleitt ríkir óvissa. Það er viðurkennt að afgreiðsla mála hér í þinginu veltur auðvitað á þessum stærstu málum, sérstaklega á frv. um stjórn fiskveiða. Vegna þeirrar óvissu sem hefur ríkt um það mál, og hefur núna aukist, þá hefur ekki verið hægt að setjast niður í neinni alvöru til þess að ræða um afgreiðslu hinna ýmsu mála sem hæstv. ríkisstjórn og einstakir þingmenn óska eftir að nái afgreiðslu fyrir þinglausnir sem eru nú fyrirhugaðar, eftir því sem ráðherrar segja, þann 4. maí n.k. Ekki hefur verið gefin út nein ákveðin tilkynning um að sá dagur hafi verið ákveðinn en við vitum að við þann dag er miðað.

Ég vildi sem sagt koma þessari ósk á framfæri. Ég veit að hliðstæð ósk verður borin fram í hv. Ed. og vænti þess að forsetar deildanna verði við þessari beiðni og komi sér saman um tíma fyrir þingflokksfundi.

Forseti (Geir H. Haarde):

Í tilefni af þessari ósk hv. 2. þm. Reykn. vill forseti taka það fram að hann mun bera sig saman við forseta Ed. um það hvort unnt er að verða við þessari ósk og reyna að greiða fyrir því að unnt verði að gera eitthvert hlé á fundinum síðar í dag eins og um var beðið.

Námsgagnastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 738, n. 980.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um Námsgagnastofnun eins og það kom frá Ed. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna Jón Torfa Jónasson frá Rannsóknastofnun uppeldismála og Ingvar Sigurgeirsson frá Kennaraháskóla Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu. Breytingin er við 5. gr. Í stað orðanna „kannanir og rannsóknir" í 6. mgr. komi: og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum. Með þessu vildi nefndin árétta nauðsyn þess að slíkar rannsóknir væru ekki stundaðar sjálfstætt víða í kerfinu og kæmu þá að takmörkuðum notum á hverjum stað, heldur væri í frv. eða lögunum fyrst og fremst ákvæði um að Námsgagnastofnun hefði frumkvæði að könnunum og rannsóknum sem þyddi að hún þyrfti ekki endilega að standa að þeim sjálf heldur gæti komið þeim af stað hjá öðrum og haft samvinnu um þær einnig þar.

Undir nál. og brtt. rita allir nefndarmenn í menntmn. Nd.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um Námsgagnastofnun. Þetta er 2. umr. í síðari deild þannig að málið virðist vera á góðri leið með að verða að lögum. Ég átti sæti í þeirri nefnd, þ.e. menntmn. þessarar deildar, sem fjallaði um frv. og skrifaði undir nál. og hef ekki viljað gera ágreining um þetta mál en vildi þó engu að síður koma að nokkrum athugasemdum við 2. umr.

Ég vil þá byrja á því að skýra ofurlítið nánar hver ástæðan er fyrir brtt. sem fram kemur í nál. á þskj. 980 og sem hv. frsm. nefndarinnar, 10. þm. Reykv., hefur gert hér grein fyrir. Hún er þess efnis að lagt er til að 6. mgr. breytist. Hún er nú orðuð á þessa leið í frv., með leyfi forseta:

„Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna, kannanir og rannsóknir á gerð þeirra og notkun." Það er lagt til að í stað orðanna „kannanir og rannsóknir" í 6. mgr. komi: og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum.

Þetta mál var allmikið rætt í nefndinni og reyndar hreyfði ég því að rétt væri að bæta enn við þessa mgr., að árétta nauðsyn samstarfs við Kennaraháskóla Íslands og Rannsóknastofnun uppeldismála að því er snertir rannsóknir þær sem Námsgagnastofnun mundi fjalla um eða beita sér fyrir. Þetta orðalag varð þó að samkomulagi og felur það auðvitað í sér að ekki er sjálfgefið að Námsgagnastofnun sjálf annist þær rannsóknir sem hér er fjallað um.

Við fengum á fund nefndarinnar tvo valinkunna menn, sérstaklega til viðræðna um þetta atriði, þ.e. þá Jón Torfa Jónasson frá Rannsóknastofnun uppeldismála og Ingvar Sigurgeirsson frá Kennaraháskóla Íslands. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að það orðalag sem varð niðurstaðan var frá þeim komið. Þeir voru hins vegar sammála því sjónarmiði að það ber að gjalda varhug við að dreifa um of kröftum okkar í rannsóknarmálum. Við vitum að rannsóknir á öllum sviðum eru dýrar. Við höfum takmarkað fjármagn til rannsókna. Við eigum í erfiðleikum með að sinna ýmsum rannsóknarverkefnum vegna hins takmarkaða fjármagns og þess vegna er ekki eðlilegt að við dreifum allt of mikið okkar takmörkuðu kröftum í þessum efnum.

Ég held að allir séu sammála um það að Námsgagnastofnun eigi að hafa með höndum þróun námsgagna og jafnvel ýmsar kannanir í því sambandi. Það er þáttur í eðlilegu starfi og við vonumst til að starf hennar miði að því að betrumbæta þau námsgögn sem skólar landsins fá í hendur, en hins vegar sé það meira en vafamál hvort þessi stofnun eigi að stunda sjálfstæðar rannsóknir. Ég vek í því sambandi athygli á að helstu rannsóknastofnanir okkar í menntamálum eru, við getum sagt, þrjár. Það er Kennaraháskóli Íslands, það er sérstök rannsóknastofnun uppeldismála og að sjálfsögðu Háskóli Íslands. Hins vegar er Kennaraháskólinn miðstöð rannsókna á sviði uppeldismála. Í lögunum um Kennaraháskóla Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi þann 4. maí og gefin út 18. maí 1988, er sérstakur kafli um rannsóknarhlutverk Kennaraháskóla Íslands. Þar segir í VII. kafla sem heitir Rannsóknir:

„25. gr. Heimilt er skólaráði, að fengnu samþykki menntmrh., að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan Kennaraháskóla Íslands.

Skólaráð skal setja reglur um ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem Kennaraháskólinn hefur til umráða.

26. gr. Heimilt er að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Fela má rannsóknastofnuninni umsjón með útgáfustarfsemi á vegum Kennaraháskólans.

Rannsóknastofnunin getur veitt kennurum og

kennaraefnum ráðgjöf og fræðslu um framkvæmd rannsókna.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn, tengsl við skólaráð, samstarf við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðra aðila er rannsóknum sinna."

Um svipað leyti og lögin um Kennaraháskóla Íslands voru afgreidd voru jafnframt afgreidd sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála þar sem fram kemur að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skuli vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði. Síðan er rakið í 2. gr. hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og skal það vera:

„1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni er teljast hafa fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir skóla- og menntamál á Íslandi.

2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.

3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum.

4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir. Við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skulu starfa sérfræðingar á sviði uppeldis- og menntamála. Heimilt er háskólakennurum að inna vinnuskyldu sína eða hluta hennar af hendi með störfum í þágu stofnunarinnar."

Þetta er sem sagt sú grein þessara sérstöku laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem fjallar um meginhlutverk hennar.

Ég held að það sé mikill vilji fyrir því innan menntakerfisins að efla Rannsóknastofnum uppeldis- og menntamála þannig að hún geti í raun orðið rannsókna- og vísindastofnun á þessu sviði. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að vísindalegum rannsóknum sem snúa að námsgögnum sé beint inn í Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og að kröftum sé ekki dreift með því að Námsgagnastofnun fari sjálf með vísindalegar rannsóknir á þessu sviði eins og greinilega var að stefnt með frv. eins og það leit út þegar það var lagt fram og kom inn í þessa deild.

Ég vildi, herra forseti, árétta þessa skoðun og skýra betur hvað liggur að baki brtt. sem hefur nú verið lögð fram sem hluti af nál. menntmn. Ég árétta að mér finnst eðlilegt að stofnunin hafi með höndum þróun námsgagna og kannanir sem snerta slíka þróun, en hinar vísindalegu rannsóknir eigi að vera í höndum þeirra stofnana sem Alþingi hefur sérstaklega sett lög um og eiga að vera höfuðmiðstöðvar rannsókna í uppeldis- og menntamálum.

Það vill nú gjarnan vera svo hér á hv. Alþingi að við *fáum í hendur frv. um hinar ýmsu ríkisstofnanir.* Oft mótast þessi frv. mjög af starfsfólki viðkomandi stofnana. Það er mannlegt og eðlilegt að forstöðumenn og starfsfólk viðkomandi stofnana vilji veg þeirra sem mestan, vilji efla þær, fá þeim ný verkefni og þar með að gera sín eigin störf meira gildandi en þau hafa verið. Mér finnst við hv. alþm. allt of oft falla í þá gryfju að samþykkja gagnrýnislaust lög af þessu tagi sem fela í sér stöðuga útþenslu og stöðuga aukningu á stofnunum ríkisins og ríkiskerfinu. Það gefur auga leið að rannsóknarskylda sem samþykkt yrði fyrir Námsgagnastofnun mundi auðvitað kalla á nýtt starfsfólk áður en langt liði. Og um það mundi verða sótt, bæði til menntmrn. í tengslum við gerð fjárlaga og síðan til fjmrn. og síðan væntanlega inn í fjvn. og til Alþingis. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að við alþingismenn gætum mjög að okkur í þessum efnum. Ég tel að það hafi tekist nokkuð að bæta hér um með brtt. sem hér liggur fyrir og samkomulag var um og ég vænti þess að muni verða samþykkt.

Það væri að vísu tilefni til að ræða nokkuð önnur atriði í frv. Frv. felur ekki í sér neinar verulegar breytingar frá núgildandi lögum um Námsgagnastofnun. Því hefur nokkuð verið breytt frá því það var lagt fram þannig að þær breytingar sumar sem að var stefnt í upphafi hafa ekki náð fram að ganga. En allt miðar nú frv. frekar að því að styrkja og efla þessa stofnun sem er út af fyrir sig ágætt. Mér finnst hins vegar að við þingmenn höfum oft of mikla trú á ríkisstofnunum til þess að leysa hin ýmsu vandamál í okkar þjóðfélagi. Ég nefndi það t.d. þegar frv. til grunnskólalaga var hér til umræðu ekki alls fyrir löngu að Danir hafa verið að gera mjög djarflegar breytingar á sínum grunnskólalögum og dreifa verulega valdinu, bæði út til skólanna sjálfra og til sveitarfélaganna. Það er merkilegt að í tengslum við þessar miklu breytingar á grunnskólalögunum, sem tóku gildi í Danmörku á síðasta ári, ákváðu þeir að leggja niður sína námsgagnastofnun, þ.e. þá ríkisstofnun sem hefur farið með útgáfu námsgagna hingað til og beindu þeim verkefnum í aðrar áttir. Dreifðu valdinu meir til skólanna sjálfra, til samtaka þeirra, til sveitarfélaganna, þannig að þeir tóku þá ákvörðun að binda ekki ofurtrú við störf miðstýrðrar ríkisstofnunar að þessum mikilvægu verkefnum heldur að dreifa valdinu. Hins vegar hefur ráðuneytið áfram ákveðið eftirlitshlutverk í þessum efnum.

Ég vildi aðeins skýra frá þessu hér. Þetta er ekki mín tillaga en mér finnst að við þurfum að gá svolítið að okkur og huga dálítið betur að okkur í þessum efnum, að treysta ekki um of á miðstýrðar ríkisstofnanir sem hafa tilhneigingu til að vaxa og þenjast út jafnvel án þess að þess sjáist stað í auknum afköstum eða auknu starfi. Ég tek það sérstaklega fram að Námsgagnastofnun er stofnun sem er ágætlega vel stjórnað að mínu mati í dag. Hún hefur unnið mjög gott starf og starf hennar fer batnandi. Ég hygg að um það geti allir verið sammála og ég bið menn um að skilja á engan hátt orð mín svo að ég sé að gagnrýna *stofnunina sem slíka eða það fólk sem þar starfar.*

Ég taldi hins vegar rétt að koma með þessar athugasemdir og upplýsa hvað menn hafa verið að gera í Danmörku í þessum efnum. En aðaltilgangur

minn hingað var þó sá að skýra rækilegar en gert var í framsögu með nál. af hvaða rótum er runnin sú brtt. sem við leggjum til í menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 980 samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
6.–9. gr. og ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 528. mál (söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.). — Þskj. 925.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er til 2. umr. frv. sem mælt var fyrir á laugardaginn. Frv. er flutt af hv. fjh.- og viðskn. Formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., flutti ágæta og skilmerkilega ræðu við 1. umr. en ekki gafst tækifæri til þess þá í þeim tímaskorti sem hrjáði deildarfundi á laugardaginn að gera þessu máli ítarlegri skil.

Þetta er í annað sinn sem frv. er flutt af hv. nefnd um það efni sem hér er til umræðu. Ég tel ástæðu til að þakka hv. nefnd sérstaklega fyrir að hafa fjallað mjög ítarlega í vetur um annars vegar lögin nr. 9 frá 1984 og hins vegar um lögin nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ég tel ástæðu til að það komi hér fram skýrt og greinilega að nefndin hefur reynt að átta sig á því hvernig unnt er að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði í þeim tilgangi að hlutabréf verði gefin út í stærri stíl en verið hefur til þess að freista þess að styrkja þannig eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja. Það er ljóst að á nokkrum undanförnum árum hefur eiginfjárstaða fyrirtækja versnað. Því miður hefur þá oft verið gripið til þeirra úrræða að skuldbreyta lánum fyrirtækjanna í stað þess að annars vegar reyna að bæta rekstrarskilyrðin og hins vegar freista þess að fá fleiri til þess að leggja fram eigið fé í fyrirtækin. Nú er það svo með hlutafé, eigið fé fyrirtækjanna, að auðvitað þarf að greiða af því fjármagni arð, eins og menn þurfa að borga vexti af lánsfé, en munurinn er þó sá, sem er mjög mikill, að hlutaféð situr eftir í fyrirtækjunum en lánsfé verður að greiða til baka, ekki einungis vextina heldur einnig stofninn sjálfan. Hins vegar geta hlutabréf gengið kaupum og sölum en sjálfur stofninn, sjálft hlutaféð, situr eftir í fyrirtækinu og verður þar áfram fyrirtækinu til styrktar.

Ég tel að hv. nefnd hafi í vetur unnið mjög gott starf á þessu sviði. Ástæðan fyrir því að nefndin tók þetta mál upp á sína arma, og ræddi það með þessum hætti og flutti sjálf þessi tvö frv., er að fyrir nefndinni lágu nokkur frv. um þessi tilteknu mál. Annars vegar voru frv. frá sjálfstæðismönnum, hins vegar var frv. frá nokkrum framsóknarmönnum, undir forustu hv. 10. þm. Reykv., sem flutti frv. fyrr í vetur sem hlaut afgreiðslu nefndarinnar.

Ef litið er á einstakar greinar frv. sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem hv. formaður nefndarinnar sagði skilmerkilega í ræðu sinni. Mér finnst þó ástæða til þess að benda sérstaklega á þær breytingar sem gerðar eru annars vegar með 3. gr. frv. og hins vegar 5. gr. þess.

Það hagar þannig til, samkvæmt tekju- og eignarskattslögum, að kaupi fyrirtæki hlutabréf í öðrum fyrirtækjum og selji þau síðan með tapi þá er ekki heimilt að nota það tap til gjaldfærslu á rekstrarreikningi félagsins sem á hlutabréfin. Það er ekki einu sinni þannig að hægt sé að draga það tap frá þeim ágóða sem fyrirtækin geta fengið við sölu hlutabréfa. Ástæðan fyrir þessu virðist vera sú að löggjafinn taldi þegar lögin um tekjuskatt og eignarskatt voru samþykkt að kaup fyrirtækja á hlutabréfum annarra fyrirtækja væru áhættusöm í eðli sínu og ef fyrirtæki töpuðu á slíkum viðskiptum ættu þau að bera tapið. Ef þau hins vegar græddu hlyti sá gróði að koma eins og hver annar ágóði til tekna á rekstrarreikningi viðkomandi félags.

Þetta hefur ýmsum þótt nokkuð ósanngjörn regla og þess vegna var reynt að koma því fram í nefndinni með tillöguflutningi að fyrirtæki sem tapaði vegna sölu á hlutabréfum fengi að draga það tap frá tekjum fyrirtækisins með því að gjaldfæra slíkt tap. Um þetta náðist ekki samkomulag. Hins vegar náðist samkomulag um þá tillögu sem er gerð í 3. gr. frv. Þar segir að tapi fyrirtæki hlutafé vegna bréfa sem fyrirtækið hefur eignast sem gagngjald fyrir viðskiptakröfu megi draga verð slíkra hutabréfa frá tekjum á því tekjuári þegar hlutafé var sannanlega tapað.

Mér finnst ástæða til að fara örfáum orðum um það hvað þetta þýðir í raun. Við skulum bregða upp dæmi og kannski á best við að hugsa sér byggð úti á landi. Aðalfyrirtæki staðarins er frystihús sem hefur átt í erfiðleikum, eins og svo mörg önnur slík fyrirtæki hafa átt á undanförnum missirum, jafnvel árum. Þetta fyrirtæki skuldar vegna viðskipta ýmsum öðrum fyrirtækjum, þar á meðal ýmsum þjónustufyrirtækjum á staðnum, netagerðum, vélsmiðjum og öðrum slíkum fyrirtækjum. Banki frystihússins ákveður að freista þess, ásamt jafnvel einhverjum sjóðum landsmanna, Byggðasjóði eða slíkum sjóðum, að láta fara fram fjárhagslega endurskipulagningu á fyrirtækinu. Það er gert með þeim hætti að lofa framlagi eða betri og meiri lánum gegn því að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Þetta þýðir að eigendur fyrirtækisins þurfa að leggja meira fjármagn fram, en getur einnig þýtt að nýir aðilar komi til samstarfs um rekstur frystihússins. Þá er ekki óeðlilegt að leitað sé til þeirra aðila sem eiga í mestum viðskiptum við viðkomandi frystihús og eðlilegt að freista þess að fá þá til að leggja fram nýtt hlutafé. Í mörgum tilvikum er hægt að gera þetta með því að breyta viðskiptaskuldum í hlutafé.

Hingað til hefur þetta verið nánast útilokað af þeirri einföldu ástæðu að heppilegra hefur verið fyrir fyrir-

tækin sem áttu kröfu á frystihúsið að segja sem svo: Við skulum frekar hafa biðlund, jafnvel lækka dráttarvexti eitthvað. Svo þegar til gjaldþrots kemur, ef um gjaldþrot verður að ræða síðar, getum við tekið þessa töpuðu kröfu og fært hana til gjalda á rekstrarreikningi félagsins. Ef viðkomandi fyrirtæki, til að mynda vélsmiðjan eða netagerðin, hefðu breytt viðskiptaskuldum í hlutabréf og gjaldþrot hefði skollið á væri ekki heimilt samkvæmt gildandi lögum að nota það tap sem varð vegna gjaldþrotsins heldur hefði viðkomandi fyrirtæki, sem átti viðskiptakröfuna hjá frystihúsinu, orðið að sætta sig við að tapið hefði orðið án þess að það kæmi til gjalda hjá fyrirtækinu. Þetta hefur leitt til þess að mjög erfitt hefur verið að endurskipuleggja fjárhag slíkra fyrirtækja, jafnvel þótt þau hafi verið móðurskip atvinnulífsins á viðkomandi stöðum og í raun skapað öðrum fyrirtækjum atvinnutækifæri og þá undirstöðu sem þarf til þess að hægt sé að reka slík þjónustufyrirtæki við sjávarútveg. Ég hef, virðulegur forseti, reynt að bregða upp þessu dæmi til þess að skýra út hve mikilvæg þessi regla er, sem er í 3. gr. frv., jafnvel þótt við hefðum ýmsir viljað ganga enn lengra.

Í 5. gr. frv. er breyting sem lætur mjög lítið yfir sér. Hún segir að séu verðbréf, önnur en hlutabréf, skráð á opinberu kaupþingi skuli telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs. Hér er skotið inn orðunum: „önnur en hlutabréf". Þetta þýðir að skuldabréf og ýmis verðbréf, viðskiptabréf sem eru til sölu eða eru skráð á t.d. Verðbréfaþingi Íslands skal telja til eignar á síðasta skráðu gengi síðasta söludags á viðkomandi ári. Mynda þau þannig eignarskattsstofn viðkomandi eigenda. Ef þetta frv. verður samþykkt verða hlutabréfin undanskilin og hægt verður að telja hlutabréf fram á nafnverði bréfanna. Þessi regla er þá samsvarandi þeirri reglu sem notuð er um húseignir þar sem einstaklingar telja fram til eignarskatts húseignir á fasteignamatsverði, jafnvel þótt kaupverð sé miklu hærra en fasteignamatið á hverjum tíma.

Hver er ástæðan fyrir því að við leggjum til þessar breytingar? Hún er sú að ekkert fyrirtæki hefur skráð hlutabréf sín á Verðbréfaþingi Íslands til þessa dags, jafnvel þótt verðbréfaþingið hafi starfað um nokkurra ára skeið. Með þeirri breytingu sem hér er lagt til álítum við, og reyndar þeir sem þekkja þessi mál til hlítar, að breyting verði á og ýmis fyrirtæki láti skrá hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands. Það er ein besta trygging fyrir því að hlutabréfaviðskipti geti farið fram með eðlilegum hætti. Og að almenningur jafnt sem sjóðir og aðrir sem hyggja á hlutabréfakaup geti treyst því að þessi skráning sé dæmi um það hvert sé markaðsverð bréfanna og að óhætt sé að kaupa bréf í slíkum fyrirtækjum án þess að eignarskattsstofn kaupendanna þjóti verulega upp því þeir sem eiga bein viðskipti sín á milli geti eftir sem áður, hvort sem þessi breyting nær fram að ganga eða ekki, skráð til eignar hlutabréf á nafnverði bréfanna, auðvitað með þeim breytingum sem gerðar hafa verið með útgáfu jöfnunarbréfa. Þannig getur þessi lagabreyting orðið til þess að koma af stað skráningu á hlutabréfum á Verðbréfaþingi Íslands.

Mér finnst ástæða til að fagna þeim umskiptum, sem ég vil kalla svo, sem hafa orðið á sjónarmiðum ýmissa stjórnmálaflokka á síðustu árum og vaxandi skilningi á því hve nauðsynlegt það er fyrir Íslendinga að feta í fótspor annarra þjóða og reyna að auka eigið fé fyrirtækja og styrkja hlutabréfamarkaðinn. Einmitt slíkur fjármagnsmarkaður hefur verið einn veigamesti grundvöllur batnandi lífskjara þar sem frjálsræði ríkir í efnahagsmálum. Ég tel þess vegna ástæðu til að hæla þeim mönnum sem hafa barist fyrir því í sínum flokkum að gera þær breytingar á stefnuskrám og yfirlýsingum flokkanna sem hafa orðið til þess að nú má segja að yfirgnæfandi meiri hluti íslenskra stjórnmálaflokka sé á því að gera gagngerar breytingar á þessum málum. Ég veit að ég móðga engan þó að ég nefni nafn eins manns sérstaklega, en það er hv. 10. þm. Reykv. sem hefur sýnt þessum málum sérstakan áhuga og mikinn skilning. Og reyndar einnig þeir menn sem mest hafa starfað með honum innan Framsfl. og gert, að mínu áliti, mjög veigamiklar breytingar á yfirlýsingum flokksins sem gera það að verkum að búast má við því að auðveldara og einfaldara verði fyrir okkur að undirbúa okkur undir þá miklu samkeppni sem vænta má þegar sú breyting verður í Evrópu sem leiðir af hinum sameiginlega innri markaði Evrópubandalagsins.

Menn hafa rætt um það hvort Íslendingar eigi að lýsa því yfir að aðild að slíku bandalagi sé ekki á dagskrá eða hvort við ættum að sækja um aðild til að láta á samninga reyna. Það er allt saman aukaatriði á þessari stundu. Það er ljóst að enginn sækir um aðild, enginn fær viðræður við bandalagið, aðildarviðræður á þessu stigi málsins, ekki fyrr en eftir 1992. En það skiptir hins vegar afar miklu máli að við högum okkar löggjafarstarfsemi þannig að við séum sem best í stakk búin til að takast á við þau miklu umskipti sem verða þegar til starfa tekur sameiginlegur innri markaður Evrópubandalagsins því það mun hafa áhrif hér á landi hvort sem við ætlum okkur aðild að bandalaginu eða ekki.

Það væri vissulega freistandi, þegar við erum að fjalla um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum með tilliti til hlutafjármarkaðar, að fara nokkrum orðum um undirbúning okkar undir það sem er að gerast í Vestur-Evrópu og væntanlega einnig í Austur-Evrópu á næstu árum. En ekki er til þess tóm og kannski ekki ástæða til að gera það nákvæmlega þegar við ræðum þetta frv., enda gefst tækifæri til þess síðar þegar önnur skyld málefni verða til umræðu hér í hv. deild.

Ég vil aðeins geta þess, því það hefur kannski farið fram hjá ýmsum, en þannig er að á undanförnum árum hefur hlutafjármarkaðurinn íslenski verið að vaxa, jafnvanþróaður og hann er. Á árunum 1984–1988 nýttu sér frádráttarheimildir skattalaganna 900–1300 manns. Það er talið að á síðasta ári hafi þessi hópur allt að því þrefaldast. Meginástæðan er sú að á hinu háa Alþingi var vaxandi skilningur

fyrir því að hægt væri að nota hlutafé og hlutafjármarkað til að treysta betur eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja. Það kann að koma á óvart, en það er talið að um það bil 17 þús. einstaklingar notfæri sér frádráttarheimildir vegna arðs og hlutabréfa hér á landi, 17 þús. framteljendur, samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra. Er það auðvitað miklum mun stærri hópur en flestir gætu ímyndað sér, en sannleikurinn er sá að við eigum hér á landi ýmis stór almenningshlutafélög. Ég spái því að á næstunni muni þeim fjölga, ekki síst vegna þess að ýmis þau félög sem hafa starfað undir merkjum samvinnuhreyfingarinnar hljóti að aðlaga sig breyttum tímum, annaðhvort að breyta starfsemi sinni í hlutafélagsform, eins og reyndar hefur gerst hér í Reykjavík þegar Mikligarður hf. hefur tekið við starfsemi KRON. Við sem erum aldir upp hér á mölinni munum vel eftir nákomnum ættingjum sem voru í KRON. Ég man eftir að ég varð að ganga fram hjá tveimur kaupmönnum þegar ég þurfti að kaupa fyrir ömmu mína sem var mikil stuðningskona KRON til þess að fá miða frá KRON og síðan um áramót náttúrlega almanak frá KRON. Það var held ég það eina sem blessuð gamla konan fékk frá KRON yfirleitt því að KRON átti ekki mikið aflögu alltaf. En trúin var sterk hjá ýmsu þessu fólki sem hafði trú á samvinnuhugsjóninni.

Smám saman hefur það þó gerst að önnur rekstrarform hafa reynst sterkari, ekki síst vegna þess að hægt hefur verið að bæta eiginfjárstöðu þeirra fyrirtækja. En því miður hefur ekki verið nægileg samstaða innan samvinnuhreyfingarinnar til þess að breyta lögum um samvinnufélög með þeim hætti að þau samsvari hlutafjárlöggjöfinni og geti þannig breytt sér í því breytta rekstrarumhverfi sem nú er á Íslandi. Það sem hefur breyst fyrst og fremst er að nú er jafnræði á milli félaga og fyrirtækja og þeirra sem þurfa að taka lán. Nú skiptir ekki lengur máli að eiga fulltrúa í bankaráði, eiga frænda sem bankastjóra eða mann úr sama flokki til þess að fá lán og borga síðan aðeins örlítið af þeim til baka.

Nú eru allir jafnir, menn borga fyllilega það aftur sem þeir taka að láni. Þá kemur auðvitað í ljós að ýmsir aðilar, þar á meðal samvinnuhreyfingin, hafa sofið á verðinum, starfað í skjóli þess að geta tekið lán og greitt aðeins lítinn hluta þess aftur. Sem betur fer er vaxandi skilningur á þessu meðal forráðamanna Sambandsins. Við höfum heyrt það í umræðunni á hinu háa Alþingi að samvinnulöggjöfinni þurfi að breyta. Og á öðrum sviðum hefur það gerst að samvinnumenn hafa gengið á undan og breytt fyrirtækjum í hlutafélagsform. Nefni ég þá enn á ný Miklagarð sem hefur tekið við verslunum KRON og hafa nú nýlega lýst því yfir að þeir ætli að ná sér í svo sem 150 millj. kr. í nýju hlutafé til þess að geta staðist öðrum félögum sem hér starfa á markaðnum snúning.

Ég get ekkert sagt um það hvort það tekst, en þetta er auðvitað sú leið sem þeir sjá affarasælasta miðað við þá breytingu á rekstrarskilyrðum sem orðið hefur á undanförnum árum. Og ég verð að segja það að ég tel það vera hól um þá menn sem eru í forustu fyrir samvinnuhreyfingunni að reyna ekki lengur að liggja í faðmi og reyna að kreista út úr sínum mönnum á Alþingi eða í ríkisstjórnum það sem þeir geta, heldur (**Gripið fram í:** Og bankaráðum.) og bankaráðum, að ógleymdum bankaráðum, sem er alveg rétt ábending, að reyna það ekki lengur heldur taka þátt í leiknum á jafnréttisgrundvelli. Og ég held sem betur fer, og ég mæli þar af heilum hug, þá held ég að sem betur fer sé vaxandi skilningur á þessu innan samvinnuhreyfingarinnar.

Það kemur kannski á óvart til viðbótar að á sl. ári var útboð meðal tíu fyrirtækja, tíu nokkuð stórra hlutafélaga. Þessi fyrirtæki seldu 1200–1300 millj. kr. í hlutafé og þetta var nýtt hlutafé. Að vísu voru það ekki einstaklingar sem keyptu þetta mestan part heldur lífeyrissjóðir. Þetta voru fyrirtæki eins og Alþýðubankinn, sem var að auka hlutafé sitt vegna þátttöku í nýrra og stærra hlutafélagi. Og auðvitað komu lífeyrissjóðir inn hjá öðrum fyrirtækjum, en þarna voru líka ýmsir einstaklingar sem keyptu hlut.

Ég sagði 1200–1300 millj. kr. Ef við berum þær tölur saman við árangur hæstv. ríkisstjórnar í sölu ríkisskuldabréfa, eða spariskírteina ríkissjóðs, þá held ég að ég fari rétt með að nettó hafi aukningin orðið innan við 900 millj. kr. Þegar búið er að draga innleyst bréf frá þeim sem seld voru er aukningin 900 millj. kr. eða rétt innan við það, líklega 880 millj. kr. Með öðrum orðum, nýtt hlutafé í fyrirtækjum varð talsvert miklu meira en það sem ríkissjóður náði með öllu auglýsingabramboltinu til að fá almenning og aðra til þess að kaupa spariskírteini ríkissjóðs. Auðvitað náði ríkissjóður sínum fjármunum en það gerðist fyrst og fremst með sölu ríkisvíxla, en vextir af þeim voru auðvitað miklum mun hærri og þeir ríkinu þess vegna miklu óhagstæðari heldur en ef um sölu ríkisskuldabréfa hefði verið að ræða.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara mörgum fleiri orðum um það sem hefur verið að gerast að undanförnu. Ég þarf ekki að rifja upp í löngu máli það frv. sem samþykkt var fyrir áramót. Það er ljóst að það hefur valdið straumhvörfum og full ástæða til þess að minnast á það sérstaklega, því ég held að það starf sem fór fram á vegum hv. fjh.- og viðskn. fyrir jólin hafi verið mjög til fyrirmyndar og skilað sér í miklum árangri út á markaðinum.

Fyrir örstuttu lagði hæstv. ríkisstjórn fram frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Í 6. tölul. 23. gr. þess frv. er sagt að fé lífeyrissjóðs skuli ávaxtað m.a. með því að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheimilt, samkvæmt þessari grein í frv., að verja meiru en 5% af árlegu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs til kaupa á hlutabréfum. Enn fremur er lífeyrissjóði óheimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta frv. var lagt fram af hæstv. ríkisstjórn aðeins til sýningar og verður ekki afgreitt í vor.

Ef þetta frv. verður afgreitt á næsta þingi, eins og ég held að menn búist almennt við, þá mundi þessi

litla grein breyta heilmiklu um rétt lífeyrissjóða til þess að kaupa hlutabréf. Auðvitað hafa margir lífeyrissjóðir nú þegar rétt til að kaupa hlutabréf í hlutafélögum og í raun hafa sumir þeirra keypt hlutabréf og hagnast á slíkum hlutabréfakaupum langt umfram það sem þeir hafa gert þegar keyptu annars konar verðbréf á markaðinum því verð á hlutabréfum hefur á undanförnum árum hækkað miklum mun meira en lánskjaravísitalan og ávöxtun annarra bréfa. Ég get giskað á að um það bil 25 milljarðar séu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í ár, samkvæmt nýjustu áætlunum, kannski 23–25 milljarðar, það er nýbúið að hækka þessa tölu, Þjóðhagsstofnun fór yfir þetta fyrir skömmu. Ef helmingur sjóðanna, eða sjóðir sem samsvara helmingi þessa fjármagns hafa ekki enn þessa heimild en mundu nýta hana þá mun koma fram verulega mikið til viðbótar í eftirspurn eftir hlutabréfum á næstu árum. Það er einmitt álit Enskilda Securities, sem á sínum tíma var fengið til þess að gera úttekt á íslenska hlutafjármarkaðinum, að það þurfi að ýta við eftirspurnarhliðinni. Á þetta vil ég leggja áherslu því mér sýnist að það sé skilningur á þessu, bæði hjá hæstv. ríkisstjórn og eins hjá öðrum sem um þessi mál hafa fjallað.

Ég veit, virðulegur forseti, að hæstv. viðskrh. hefur mikinn áhuga á þessum málum. Hann hefur þó ekki fylgt sínum hugmyndum eftir. Við vitum hvers vegna það er. Hæstv. fjmrh. svaraði því fyrr í vetur þegar hann sagði að ekki væri ástæða til þess að gera verulegar breytingar á skattalöggjöfinni nú á meðan skattkerfið væri að jafna sig á jafnstórum breytingum og þeim sem urðu þegar annars vegar staðgreiðslukerfið var sett á og hins vegar virðisaukaskattskerfið um síðustu áramót. Hins vegar er farið af stað starf á vegum fjmrn. sem miðar að því að gera nokkrar breytingar á þessari löggjöf til þess að samræma hana sem mest þeirri löggjöf sem er í gildi í nágrannalöndum okkar, ekki síst löndum Vestur-Evrópu.

Ég held, virðulegur forseti, að ástæðulaust sé fyrir mig að hafa mörg fleiri orð um þetta mál. Mér finnst það svo merkilegt að það þurfi að fá hér nokkra umræðu og ástæða sé til að segja frá því þannig að menn taki eftir hvað Alþingi er að gera hér að eigin frumkvæði. Síðar í dag verður rætt um frv. sem fjallar um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög. Það frv., sem flutt er af hv. 1. þm. Suðurl. og nokkrum öðrum þingmönnum, er auðvitað liður í þessari sömu starfsemi, liður í því að styrkja eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja. Það kann að koma á óvart að það þurfi að styrkja eiginfjárstöðu íslensku ríkisviðskiptabankanna til þess að þeir geti tekist á við hið nýja verkefni sitt, að keppa við erlenda aðila sem koma til með að fá leyfi til að opna útibú og stunda bankastarfsemi hér á landi þegar fram líða stundir.

Virðulegur forseti. Ég hef nú í nokkrum orðum fjallað um það frv. sem hér er til umræðu. Ég vil enn á ný ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem í nefndinni störfuðu og komu nálægt þessu máli og eins embættismönnum sem hjálpuðu til við að ná þessu víðtæka samkomulagi sem hér hefur orðið um þetta mjög svo mikilvæga málefni.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Reykv. er þetta í annað skiptið sem fjh.- og viðskn. Nd. flytur frv. á þessu þingi er varðar málefni hlutabréfa. Ég er ekki alveg viss um að þingmenn geri sér almennt grein fyrir því hversu merkilegt mál hér er á ferðinni, ekki bara efnislega, heldur líka vegna þeirrar vinnslu sem málið hefur fengið í þinginu. Ég tel að þessi tvö frv. séu dæmi um það hvernig þjóðþing Íslendinga á að starfa í reynd. Þau mjög svo mikilvægu mál sem hér er fjallað um hafa í för með sér grundvallarbreytingu og þróun í rétta átt í því er lýtur að eiginfjármögnun fyrirtækja og fjármagnsmarkaði Íslendinga. Það er athyglisvert að þessi frv. eru ekki flutt að frumkvæði ríkisstjórnar, þau eru flutt að frumkvæði þingmanna. Og ekki bara það heldur eru þessi frv. bæði, svo mikilvæg sem þau eru, eiginlega sérstakt dæmi um það hvernig stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn geta unnið saman. Í þessum málum hefur tekist að yfirstíga venjulega flokkadrætti og ríg um að eigna sér ákveðna þætti í lagabreytingum. Tekist hefur samvinna um mjög merkileg mál. Þingið hefur haft frumkvæði að því sjálft. Ég tel að hér sé um að ræða dæmi um hvernig þingið eigi að starfa og að það eigi að láta til sín taka fleiri slík mál. Það eykur sjálfstæði þingsins og sýnir fremur vilja þess.

Það hefur þegar komið fram, og er hygg ég lýðum ljóst, að bæði þessi frv. sem flutt eru af fjh.- og viðskn. Nd. eru að stofni til byggð á frv. sem nokkrir sjálfstæðismenn hafa flutt hér í deildinni að frumkvæði og undir forustu hv. 1. þm. Reykv. Í nefndinni hafa þessi frv. verið unnin frekar og ég held að mér sé óhætt að segja að það sé á engan hallað þó að sagt sé að hv. 1. þm. Reykv. hefur manna mest flutt þessi mál hér inn í þingið á undanförnum missirum og mælt fyrir þeim. Hann á þakkir skildar fyrir sinn þátt í því.

Það er líka rétt sem kom fram í máli hans að skilningur á þessum málum hefur mjög verið að aukast, að ég hygg í öllum stjórnmálaflokkum. Þær breytingar sem hér er um að ræða eru mjög víðtækar. Þær miða í fyrsta lagi að því að auðvelda fyrirtækjum almennt að auka sitt eigið fé. Fátt er nauðsynlegra til að styrkja atvinnulíf í landinu en einmitt það og auðvitað hlýtur það að vera grundvöllurinn undir velferð landsmanna og góðum lífskjörum.

Jafnframt miða þessi frv. að því að gera hlutabréf að sambærilegra sparnaðarformi við önnur sparnaðarform, samanber skuldabréf. Og í þriðja lagi miða þau að því að auka þátt og hlutdeild almennings í atvinnurekstri.

Ég vil sérstaklega, með leyfi forseta, vekja athygli á því að nefnd þingflokks Framsfl. um efnahags-, atvinnu- og byggðamál, sem skilaði áliti í október

sl., fjallaði mjög um þessi mál og lagði þar fram tillögur í nokkrum liðum. Fyrsti liður var um að skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa verði hækkaður. Það hefur tekist. Það hefur þegar verið samþykkt á þessu þingi þó menn greini kannski á um hvort nægilega stórt skref hafi verið stigið. Í öðru lagi segir í áliti nefndarinnar að ákvæði sem fyrirtæki þarf að uppfylla til þess að hlutabréfakaup móti skattfrádrætti verði rýmkuð, það er lágmarksfjöldi hluthafa, lágmarks hlutafé o.s.frv. Þessi ákvæði hafa einnig verið löguð, þau hafa verið rýmkuð mjög með lagasamþykkt hér á Alþingi.

Í þriðja lagi segir í áliti þessarar nefndar að útgreiðsla arðs verði frádráttarbær hjá fyrirtæki og skattmörk rýmkuð hjá einstaklingum. Skattmörk eru rýmkuð hjá einstaklingum með því frv. sem nú liggur fyrir, úr 10% af nafnvirði hlutafjár í 15%. Enn er það þó svo að það sem umfram er þau 15%, verði þetta frv. að lögum, verður í raun tvískattað. Þessi tillaga nefndar þingmanna Framsfl. hefur ekki náð fram. Hún var reyndar rædd talsvert í fjh.- og viðskn. Nd., um hana náðist ekki samstaða og verður vafalaust látið á hana reyna frekar á síðari þingum hér.

Í fjórða lagi lagði þingmannanefnd Framsfl. til að tapað hlutafé verði frádráttarbært í rekstri svipað og tap annarra eigna. Nokkuð er gengið í átt að þeirri samþykkt með því frv. sem hér liggur fyrir. Hv. 1. þm. Reykv. skýrði ítarlega út gildi þeirrar greinar sem um það fjallar þannig að ég þarf ekki að fara frekar í það. Þó er rétt að ítreka það að þingmenn Framsfl., sem þessa nefnd skipuðu, töldu að hér ætti að ganga lengra, ekki ætti að vera um tvísköttun að ræða í þessu sambandi.

Í fimmta lagi lagði nefndin til að stimpilgjöld af hlutabréfum yrðu lækkuð úr 2% í 0,5%. Sú breyting hefur þegar orðið að lögum hér á Alþingi.

Í sjötta lagi lagði þingmannanefndin til að lífeyrissjóðum verði heimilað að verja ákveðnu hlutfalli eigna sinna til hlutabréfakaupa í atvinnurekstri. Þetta hefur enn ekki náð fram. Hv. 1. þm. Reykv. gerði grein fyrir ákvæði í frv. um lífeyrissjóði sem liggur fyrir þinginu og vafalaust verður ekki afgreitt á þessu þingi.

Ég hygg að skilningur sé að verða almennt ríkari á nauðsyn þess að lífeyrissjóðunum verði heimiluð slík hlutabréfakaup. Reyndar hlýtur það að vera hagsmunamál þeirra sem í reynd eiga lífeyrissjóðina að atvinnufyrirtækin séu styrkt með þeim hætti.

Þess vegna er ljóst að þrátt fyrir þær breytingar, ég vil segja mjög miklu, ákjósanlegu, sem verða með þessum tveimur frv. til laga sem fjh.- og viðskn. Nd. flytur, eru þó enn eftir atriði sem umhugsunar þurfa við og frekari lagfæringar. Það er mjög skiljanlegt að lengra sé ekki gengið í einu skrefi en það sem hér er um að ræða.

Ég vonast til að þingið taki þessu frv. vel og það verði að lögum nú innan tíðar.

Ég vil síðan alveg sérstaklega þakka öllum þeim sem hlut áttu að máli í þá átt að þetta samkomulag gæti tekist. Ég ítreka það að ég tel að í þessum mikilsverðu málum báðum sé á vissan hátt um að ræða þáttaskil í starfsemi þingsins því þessi mikilvægu mál eru ekki lögð fram að frumkvæði ríkisstjórnar, Alþingi er oft sakað um að vera afgreiðslustofnun ríkisstjórnarinnar, þau eru unnin að frumkvæði þingmanna sjálfra hér í þinginu. Og ekki bara það, sú ágæta samvinna sem tókst milli stjórnarandstöðuþingmanna og stjórnarþingmanna í þessum mikilvægu málum hlýtur að verða hvati til þess að vinna áfram á þeirri braut að ná fram mikilvægum lagabreytingum og nauðsynlegum án þess að til sífelldra flokkadrátta komi eins og um of vill verða í mörgum málum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það voru mjög athyglisverð ummæli sem féllu hér af vörum hv. 10. þm. Reykv. þar sem hann vakti mjög réttilega athygli á því hvernig þetta merka mál hefur verið unnið af þingmönnum og að hæstv. ríkisstjórn hefur hvergi komið nálægt málatilbúnaði af þessu tagi né á nokkurn hátt haft frumkvæði að þessu mikla framfaramáli. Það er athyglivert að það skuli einmitt vera einn af höfuðtalsmönnum Framsfl. í efnahagsmálum sem lætur þessi ummæli falla. Sannleikurinn er sá að hv. 10. þm. Reykv. er forsvarsmaður svokallaðrar efnahagsnefndar þingflokks framsóknarmanna sem sett var á laggirnar á síðasta ári. Sl. sumar skrifaði hann grein í eitt af dagblöðunum þar sem hann krafðist þess að tekin yrði upp ný efnahagsstefna. Ný efnahagsstefna var krafa þess hóps þingmanna Framsfl. sem þingflokkurinn hafði falið að fjalla sérstaklega um efnahagsmálin.

Það vakti ekki síst athygli fyrir þá sök að, að forminu til a.m.k., hefur formaður Framsfl. forustu á hendi í núv. hæstv. ríkisstjórn um mótun efnahagsmála og efnahagsstefnu. Þrátt fyrir þá staðreynd tóku þessir þingmenn svo afgerandi af skarið um það að þjóðin gæti ekki búið við efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar og krafan væri ný efnahagsstefna.

Hv. þm. hefur verið samkvæmur sjálfum sér í þessu efni og tekið hér á Alþingi mjög málefnalega afstöðu í ýmsum þeim framfaramálum sem hér hefur verið hreyft af öðrum en hæstv. ríkisstjórn. Það er ástæða til þess, þegar þetta merka mál er til umræðu, að vekja athygli á þessari staðreynd sem sýnir hvers Alþingi er megnugt þegar hugrakkir stjórnmálamenn eru annars vegar sem eru reiðubúnir til að brjóta af sér fjötra flokksbanda þegar miklir hagsmunir eru í húfi og fyrir liggur að unnt er að mynda breiða pólitíska samstöðu þrátt fyrir sitjandi ríkisstjórn. Hv. 10. þm. Reykv. á miklar þakkir skildar í þessu efni.

Það er að sönnu rétt sem hann hefur vakið hér athygli á, að einmitt þessi málefnalegu vinnubrögð eru nokkur nýlunda í störfum Alþingis og full ástæða er til þess að vekja á þeim athygli og fagna því að menn geti með þessum hætti tekið höndum saman. Það er engum blöðum um það að fletta að íslenskt atvinnulíf stendur nú frammi fyrir nýjum aðstæðum að mörgu leyti. Íslendingar verða að taka þátt í þeirri

öru þróun og miklu framförum sem nú eiga sér stað. Við megum hvergi dragast þar aftur úr ef við ætlum að tryggja Íslendingum sömu lífskjör og aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu búa við.

Eitt af þeim atriðum sem máli skipta í því sambandi eru tengsl okkar við Evrópubandalagið og öll sú breyting á löggjöf sem við verðum að gera til þess að þau tengsl verði virk og við njótum ávaxta af því samstarfi. Þar á meðal er breyting á allri skattalegri meðferð atvinnufyrirtækja og að því er varðar hlutabréf. Hvort tveggja í þeim tilgangi að styrkja eiginfjárstöðu atvinnufyrirtækjanna með þessum hætti og að hinu leytinu að auðvelda almenningi að spara í atvinnulífinu sjálfu, auðvelda almenningi að taka þátt og eiga hlut í atvinnurekstrinum, dreifa valdinu, dreifa fjármagninu og eignarhaldi atvinnufyrirtækjanna í landinu.

Það eru þessi meginsjónarmið sem lágu að baki þeim frv. sem upphaflega voru flutt um þetta efni og hv. 1. þm. Reykv. hafði, sem kunnugt er, forustu um. Og hv. 10. þm. Reykv., helsti forsvarsmaður framsóknarmanna í efnahagsmálum, hafði nægjanlegt víðsýni og þrek til þess að fjalla um og mynda þá breiðu samstöðu sem hér er orðin.

En um leið og þessar jákvæðu hliðar eru dregnar fram, og ég vil enn á ný taka undir þau ummæli hv. 10. þm. Reykv. í því efni, hversu mikilvægt það er fyrir Alþingi Íslendinga að þessar jákvæðu hliðar séu dregnar fram, þá verður því auðvitað ekki neitað að á hinn vænginn lýsir þetta því mjög vel hvers konar ríkisstjórn situr í landinu um þessar mundir. Það er auðvitað það athygli verðasta við þetta breiða samkomulag sem þingmenn mynda hér að hæstv. ríkisstjórn á ekkert frumkvæði, að sú ríkisstjórn sem situr í landinu er ófær um að taka á og hafa frumkvæði að flutningi mála af þessu tagi. Hún er ófær um að hafa frumkvæði að málatilbúnaði sem skiptir sköpum um aðlögun íslensks atvinnulífs að þeim miklu breytingum sem eru að eiga sér stað og skapa hér þau skilyrði sem íslenskt atvinnulíf verður að búa við. Hún er ófær um að takast á við verkefni nútíðar og horfa til framtíðar. Hún var mynduð til þess að snúa hjólunum við. Þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð í þeim tilgangi að taka hér upp fortíðarsjónarmið við stjórn efnahagsmála. Hún var mynduð til þess að færa efnahagsstjórn í landinu áratugi aftur í tímann. Og hún hefur sannarlega í störfum sínum staðið við þau fyrirheit sem hún gaf því að í einu og öllu hafa ákvarðanir hennar byggst á áratuga gömlum úrræðum við stjórn efnahagsmála. Það er athygli vert og ástæða til að rifja það upp hér að hæstv. viðskrh. gerði ekki það eitt í ágúst sl. að flytja tillögur í ríkisstjórn um breytingar sem hann teldi nauðsynlegt að gera á skattalegri meðferð hlutafjár í fimm liðum, heldur greindi hann ítarlega frá því opinberlega hverjar hans hugmyndir væru í þessu efni. Með því móti vildi hæstv. viðskrh. gefa til kynna að *þrátt fyrir hæstv. ríkisstjórn hefði Alþfl. skilning á því* að Íslendingar þyrftu að horfast í augu við nútíðina og framtíðina og breyta lögum og skapa íslensku atvinnulífi skilyrði í samræmi við þetta.

En hver var nú hinn raunverulegi hugur hæstv. viðskrh.? Hver varð árangurinn af tillöguflutningi hans? Það hefur hvorki heyrst hósti né stuna frá hæstv. ríkisstjórn síðan hæstv. viðskrh. flutti þessar tillögur og lét fjölmiðla segja frá þeim með stórum fyrirsögnum og miklum yfirlýsingum. Það hefur hvorki heyrst hósti né stuna frá hæstv. ríkisstjórn. Hún getur ekki tekið á málum sem þessum. Hún var mynduð sem fortíðarstjórn og hæstv. viðskrh. situr uppi með þá ömurlegu staðreynd. Og svo virðist sem hann hafi annaðhvort ekki afl til þess að fylgja slíkum tillögum eftir innan ríkisstjórnarinnar eða það skorti í raun og veru á viljann og tillöguflutningur og blaðayfirlýsingar af hans hálfu séu einungis sýndarmennska. Þetta varpar ljósi á það hvernig núv. ríkisstjórn er og sú merka samstaða sem hér hefur tekist sýnir því fyrst og fremst hversu brýnt það er að koma hæstv. ríkisstjórn fyrir kattarnef og gefa þjóðinni kost á að velja fulltrúa á löggjafarsamkomuna á nýjan leik. Því að auðvitað er það svo, þó að ánægjulegir atburðir af þessu tagi geti tekist vegna þess að innan stjórnarliðsins eru menn sem hafa bæði skilning og þor, eins og hv. 10. þm. Reykv., þá fer aldrei hjá því að ríkisstjórn sem byggir á fortíðarhyggju, eins og hér hefur á sannast, verður dragbítur, hún verður til þess að í miklu fleiri efnum getum við ekki tekist á við nútíðarverkefni, getum við ekki leyst aðsteðjandi viðfangsefni út frá hagsmunum nútíðar og framtíðar. Það er það sem er hið stóra áhyggjuefni og það er það sem er hin alvarlega staðreynd. Það er það sem er hinn raunverulegi skuggi þess sólargeisla sem hér hefur verið varpað inn í störf löggjafarsamkomunnar.

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til þess vegna þessara merku tímamóta að árétta þau meginsjónarmið sem liggja að baki þeim breytingum sem hér er verið að leggja til á skattalöggjöfinni og mikilvægi þeirra fyrir þróun íslensks atvinnulífs og mikilvægi þeirra fyrir það markmið að dreifa eignaraðild og yfirráðum fjármagns í landinu og vekja á því athygli hversu þingmenn hafa tekið á málum af mikilli víðsýni og talsverðu þreki. Um leið verður ekki hjá því komist að þessi ánægjulegi atburður skerpir þá dökku mynd sem er af efnahagsstjórn núv. hæstv. ríkisstjórnar, getuleysi hennar til þess að takast á við slík verkefni, þeirri staðreynd að ráðherrar innan þeirrar ríkisstjórnar sem segjast opinberlega vilja fylgja nútímasjónarmiðum kjósa þegar á reynir fremur að lúta leiðsögn hinna sem eru þar talsmenn afturhalds og fortíðarhyggju.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

74. fundur, þriðjudaginn 24. apríl, kl. 4.30 síðdegis.

Opinber réttaraðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 544. mál. — Þskj. 941.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um opinbera réttaraðstoð. Frv. er flutt á þskj. 941. Tilgangurinn með því að leggja fram þetta frv. til laga um opinbera réttaraðstoð er að veita efnalitlu fólki möguleika á að leita sér lögfræðiaðstoðar þannig að fólk þurfi ekki vegna fátæktar að missa þau réttindi sem það raunar hefur. Ef hafa á í heiðri þá grundvallarreglu íslensks réttarfars að allir séu jafnir fyrir lögum þá verður að búa svo um hnútana að allir geti leitað réttar síns án tillits til efnahags. Réttaraðstoð af þessu tagi er jafnframt varnaðarstarf, meiri líkindi eru til þess að mál leysist farsællega á frumstigi, þ.e. án þess að til málshöfðunar þurfi að koma, ef fólk fær fullnægjandi lögfræðilega aðstoð sér að kostnaðarlitlu í tæka tíð. Raunar má benda á að hér á landi er tiltölulega sjaldgæft að leitað sé lögfræðiaðstoðar í sumum málaflokkum, svo sem í sifjamálum, en algengt er hins vegar erlendis að leitað sé lögfræðiaðstoðar vegna þessara mála þar sem settar hafa verið reglur um opinbera réttaraðstoð. Löggjöf um lögfræðiaðstoð við almenning hefur verið í gildi í flestum nágrannalöndum okkar í 15–20 ár.

Frv. þetta sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem Jón Sigurðsson dómsmrh. skipaði í maímánuði 1988. Í nefndinni sátu Björn Friðfinnsson, þáv. aðstoðarmaður dómsmrh., Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður og Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Haustið 1989 bættist Sigurður Jónsson, aðstoðarmaður dómsmrh., í nefndina. Ritari nefndarinnar hefur frá upphafi verið Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri.

Lögfræðiaðstoð við almenning hefur áður verið á dagskrá hér á landi og má minna á till. til þál. sem Ragnar Arnalds og Svava Jakobsdóttir fluttu á Alþingi veturinn 1974–1975, um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar en haustið 1978 skipaði Ólafur Jóhannesson dómsmrh. starfshóp til að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk undir forystu Eiríks Tómassonar, þáv. aðstoðarmanns dómsmrh.

Við samningu þess frv. sem hér liggur fyrir hefur verið höfð hliðsjón af lagareglum um þetta efni annars staðar á Norðurlöndum. Fyrir um það bil einu ári eða 17. apríl 1989 var samþykkt á Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum. Flm. þeirrar þáltill. var hv. 2. þm. Vesturl. Friðjón Þórðarson.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um nauðsyn aðstoðar við brotaþola í nauðgunar- og líkamsárásarmálum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að settar verði reglur um einn þátt þessarar aðstoðar, þ.e. um lögfræðilega aðstoð við þolendur tiltekinna afbrota.

Það er ekki ætlun mín að rekja öll efnisatriði frv. en hins vegar drepa aðeins á fáein aðalatriði. Í frv. er gert ráð fyrir að allir þeir einstaklingar sem fasta búsetu hafa hér á landi eigi rétt til opinberrar réttaraðstoðar.

Í II. kafla frv. er fjallað um almenna ráðgjöf við almenning. Samkvæmt frv. er hér um að ræða munnlegar leiðbeiningar sem veittar eru af lögmönnum eða á vegum samtaka lögmanna. Fyrirkomulagið er á þann veg hugsað að dómsmrh. semji við lögmenn eða samtök þeirra um að skipuleggja slíka ráðgjöf á ákveðnum tímum, t.d. einu sinni til tvisvar í viku, tvo til þrjá tíma í senn. Ráðgjöf þessi er veitt að kostnaðarlausu fyrir þá sem hana nýta sér. Ekki er gert ráð fyrir að hún kosti ríkissjóð mikið fé. Samkvæmt mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, lauslegu að vísu, er gert ráð fyrir að þetta gætu orðið 2–3 millj. kr. á ári.

Í III. kafla frv. er fjallað um aðstoð hins opinbera í einstökum málum og er framkvæmd þeirra ákvæða sá þáttur frv. sem mestan kostnað mun, án efa, hafa í för með sér. Samkvæmt lauslegu mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, miðað við þær forsendur sem hún raunar gefur sér í þessu sambandi, er gert ráð fyrir að sú aðstoð gæti numið við núverandi aðstæður allt að 25–35 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að í samráði við samtök lögmanna verði ákveðið af ráðherra hvaða lögmenn láti aðstoð í té og skal birta lista um nöfn þeirra. Þeir sem leita aðstoðar snúa sér til lögmanna sem skráðir eru á listann og þeir kynna sér hvort um er að ræða aðila sem á rétt á aðstoð. Aðstoðin er síðan látin í té og lögmaðurinn snýr sér til sýslumanns og leggur þar fram umsókn um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

Í IV. kafla er um nýmæli að ræða sem ég minntist á fyrr í máli mínu. Nauðsyn þykir bera til þess að þeir sem orðið hafa fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, grófar líkamsárásir eða ólögmæta frelsisskerðingu. Samkvæmt lauslegu mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar gæti hér verið um að ræða 2–3 millj. kr. kostnað á ári.

Ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í XI. kafla laganna um meðferð einkamála í héraði frá 1936 eru nú úrelt orðin og í V. kafla frv. er leitast við að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Lagt er til að veiting gjafsóknarleyfis sé miðuð við efnahag umsækjanda, eins og nú er aðalreglan, en formlegri reglur verði settar um tekju- og eignamörk. Einnig skal taka tillit til annarra atriða og er lagt til að sérstök nefnd verði sett á fót til þess að veita umsagnir um gjafsóknarbeiðnir og til að móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa. Felld eru niður ákvæði um gjafsókn til kirkna, skóla, sjúkrahúsa, hreppsfélaga og fleiri aðila og um skilyrði fyrir gjafsóknarleyfi til

erlendra ríkisborgara. Þessi þáttur er samkvæmt lauslegu mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar metinn að kostnaði til 2–3 millj. á ári.

Lagt er til að lög þessi taki gildi, ef af verða, 1. jan. 1991 að undanskildum III. kaflanum. Ljóst er að erfitt verður að áætla kostnað af framkvæmd III. kaflans svo að viðhlítandi sé. Því er lagt til að hann taki eigi gildi fyrr en 1. júní 1992.

Hafa verður í huga að hér er, ef frá eru talin ákvæðin um gjafsókn og gjafvörn, um að ræða algjöra nýjung í íslenskum rétti sem brýn þörf er að vísu á en óhjákvæmilegt er að láta reynsluna skera úr um hvort reglur sem hér er gerð tillaga um leysi nægilega úr þeirri þörf sem þeim er ætlað að leysa.

Að öðru leyti vísa ég til frv. og athugasemda þess.

Ég vil að loknum þessum kynningarorðum, hæstv. forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. sem er allrar athygli vert. Virðist markmiðið ekki síst það að auka opinbera lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk. Eins og fram kemur, m.a. í grg. og í framsögu hæstv. dómsmrh. hér áðan, hafa svipuð mál komið upp fyrr hér á hinu háa Alþingi. Þá er einnig rétt að geta þess hér að Lögmannafélag Íslands gerði stjórnvöldum viðvart um áhyggjur sínar fyrir upptöku virðisaukaskattsins þar sem þeir höfðu áhyggjur af því að það yrði miklu dýrara fyrir einstaklinga að fá lögfræðiaðstoð en fyrir fyrirtæki.

Mig langar einnig til að vekja sérstaka athygli á frv. til laga um fjölskylduráðgjöf sem mælt var fyrir á síðasta þingi en var ekki afgreitt. Í því frv. var fjallað m.a. um lögfræðiaðstoð og sérstakt tillit tekið til efnalítils fólks. En þar var ekki gert ráð fyrir almennri réttaraðstoð heldur á mun þrengra sviði, eða í fjölskyldu- og sifjaréttarmálum. Þetta frv. hæstv. félmrh. fékkst ekki afgreitt að því er ég best veit, fyrir því var greinilega ekki pólitískur vilji. Frv. sem hér er til umræðu spannar mun stærra svið, — ég vil að vísu taka það fram að ég hef ekki tök á að ræða þetta mál af nákvæmni hér en langar þó til að koma að nokkrum athugasemdum — eins og sést m.a. á 1. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið opinberrar réttaraðstoðar er að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði og jafnframt leitast við að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Dómsmálaráðherra hefur umsjón með opinberri réttaraðstoð sem skiptist í:

a. almenna ráðgjöf
b. aðstoð í einstökum málum
c. réttargæslu fyrir brotaþola í opinberum málum
d. gjafsókn og gjafvörn fyrir dómstólum.

Þetta síðasta atriði má gjarnan taka betur til umræðu hér þar sem veiting gjafsóknarleyfa hefur einmitt sætt talsverðri gagnrýni á undanförnum árum. Hafa menn nokkuð velt því fyrir sér hvernig framkvæmd þeirra hefur verið háttað. Um þetta spurði m.a. einn varaþingmaður Sjálfstfl. á 110. löggjafarþingi. Er athyglisvert að skoða svar hæstv. dómsmrh. við þeirri fyrirspurn en svarið var skriflegt. Þar er m.a. spurt: „Hve oft hefur gjafsókn verið veitt sl. þrjú ár?“ Í svarinu kemur fram að fyrir undirrétti er fjöldinn 33 en fyrir Hæstarétti 15, alls 48.

Um fleiri atriði er spurt og svar kemur þar fram. Síðan segir í síðustu spurningu, þeirri fimmtu: „Til hvaða atriða er litið við mat á umsókn um gjafsókn?“ Það er nú einkum þetta atriði sem hefur valdið þó nokkurri umræðu. Í svari ráðherra segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, þurfa einstaklingar til að þeir njóti gjafsóknar að vera svo illa staðir fjárhagslega að þeir megi ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri *sínum er fara mundi til málsins.* Mat á fjárhag einstaklinga er byggt á skattframtölum og öðrum upplýsingum um fjárhag sem fram eru lagðar eða eftir kallað.“

Síðan er rætt um skaðabótamál vegna líkamstjóns eða missis framfæranda í 2. mgr. og að lokum segir: „Einnig er litið til þess hvort málsókn sé nauðsynleg til að niðurstaða máls fáist. Þá er og tekið tillit til þess hvort ætla megi að niðurstaða máls hafi almenna þýðingu.“

Í frv. virðast að nokkru koma fram svipaðar reglur og ég gerði hér grein fyrir og komu fram í þessu svari. Í kaflanum sem fjallar um gjafsókn og gjafvörn segir í 14. gr. að ráðherra *skuli skipa nefnd þriggja lög*lærðra manna, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands.

Telja má að þessi nefndarskipan verði tvímælalaust til bóta og má þá búast við meiri festu á leyfisveitingum.

Enn fremur segir í 15. gr.: „Ráðherra veitir gjafsóknarleyfi samkvæmt umsókn þar að lútandi og að fenginni umsókn gjafsóknarnefndar. Skilyrði gjafsóknarleyfis er að málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málsóknar og að efnahag hans sé svo háttað að kostnaður málsins verði honum fyrirsjáanlega ofviða, hvort tveggja að mati gjafsóknarnefndar.“

Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort gjafsóknarleyfi muni einnig ná til reksturs mála hjá stjórnvöldum þar sem mér sýnist það ekki ljóst af þessu ákvæði.

Síðan kemur 16. gr. í þessum sama kafla. Þar segir í upphafi: „Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt gjafsókn, enda þótt skilyrðum 15. gr. sé ekki fullnægt.“

Þarna virðist mér verið vikið frá ákvæðum laganna til þess að geta e.t.v. tryggt ákveðið vald ráðherra. Ég velti því fyrir mér hvort það sé rétt og á því gæti verið þörf.

Þá er rétt að minnast á IV. kafla frv., um réttargæslu fyrir brotaþola, en um IV. kafla segir í grg.: „Eins og áður er vikið að er hér um nýmæli að ræða en nauðsyn þykir bera til þess að þeir sem orðið hafa

fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, grófar líkamsárásir eða ólögmæta frelsissköðingu."

Ég tel ástæðu til þess að fagna þessum reglum sérstaklega, enda hafa þessi brot og meðferð þeirra verið mikið til umræðu eins og hæstv. dómsmrh. gat um hér áðan.

Þetta frv. sem hér er til umræðu er sem sé á margan hátt mjög gott mál og athyglisvert. Þó má gera ráð fyrir að það hafi talsverðan kostnað í för með sér ef ákvæðum þessum á að fylgja með raunhæfum hætti, þ.e. ef frv. verður samþykkt sem lög hér á hinu háa Alþingi. Nánari ákvæði verða sett í reglugerð, þar á meðal um kostnað, og er það veigamikið atriði að menn geri sér grein fyrir því hvað hér er um að ræða. Hæstv. dómsmrh. nefndi hér áðan ákveðnar tölur og er þar um háar fjárhæðir að ræða.

Það er e.t.v. ekki svo mikil ástæða til þess að hafa áhyggjur af ákvæðum II. kafla frv. sem fjallar um almenna ráðgjöf en í 4. gr. segir: „Einstakir lögmenn eða samtök lögmanna, sem ráðherra gerir samning við, láta almenna ráðgjöf í té gegn fastri þóknun sem greiðist úr ríkissjóði."

Gera má ráð fyrir því að lögmenn, a.m.k. á þéttbýlustu svæðunum, muni mynda með sér e.t.v. nokkurs konar vaktafyrirkomulag.

En spurningin um kostnaðinn skiptir miklu meira máli fyrir III. kafla sem fjallar um aðstoð í einstökum málum. Um kostnaðinn samfara þeim ákvæðum segir í 9. gr. frv.: „Fyrir veitta aðstoð skv. 5. gr. greiðist föst þóknun og skal upphæð hennar ákveðin í reglugerð. Ríkissjóður greiðir ¾ þóknunar en skjólstæðingur ¼." Síðan eru nánari ákvæði í 2. mgr. 9. gr. þar sem m.a. er talað um allt að þrefalda þóknun skv. 1. mgr. Það er athyglisvert að hér er ætlunin að skjólstæðingar taki þátt í kostnaði, sem auðvitað er ekki óskynsamleg krafa en getur þó skapað viss vandamál.

Ég hef hér undir höndum álitsgerð frá Lögmannafélagi Íslands sem er dagsett þann 8. jan. sl. Þar er að vísu aðeins fjallað um drög að því frv. sem hér er mælt fyrir en í þessari álitsgerð er m.a. bent á það að vinna skv. III. kafla frv. getur í mörgum tilvikum orðið mjög umfangsmikil. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef aðstoð þessi á ekki að vera orðin tóm þarf að tryggja að lögmenn þeir sem veita þessa þjónustu fái greitt fyrir hana í einhverju samræmi við vinnuframlag sitt. Í reglugerð þeirri sem frv. gerir ráð fyrir í þessum efnum þarf að taka raunhæft á þessu atriði. Þá telur nefndin að aðgangur almennings að þessari þjónustu megi ekki vera of flókinn eða tafsamur. Það þarf að tryggja, e.t.v. með tímamörkum, að afgreiðsla hins opinbera á þessum málum gangi eðlilega fyrir sig."

Það er því full ástæða til að velta því fyrir sér hér, hæstv. forseti, hvort ætlunin sé að setja raunhæf markmið með þessu frv. eða hvort hér sé aðeins verið að reisa einhvern minnisvarða. Ráðamenn hæstv. ríkisstjórnar verða að sjálfsögðu að skera úr um það og ég vona að þeir beri gæfu til þess að komast að þeirri niðurstöðu sem best hentar því fólki sem á þessari aðstoð þarf að halda. Sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar mun væntanlega skoða þetta mál til hlítar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma með nokkur atriði til umhugsunar varðandi einstaka þætti er varða afgreiðslu þessa máls. Fyrst langar mig þó að lýsa ánægju minni yfir því að fram skuli vera komið frv. sem gerir ráð fyrir réttargæslu fyrir brotaþola í opinberum málum, en svo sem fram kemur í skýrslu nefndar þeirrar sem fjallaði um meðferð nauðgunarmála er mjög brýnt að lögfesta slík ákvæði. Það mun ég þó ekki gera hér að aðalumræðuefni mínu í dag þótt vissulega sé þarna um stóran þátt að ræða.

Frv. mun að þessu sinni vera lagt fram til kynningar en vonandi verða örlög þess ekki þau sömu og annarra frumvarpa og þingsályktana sem lögð hafa verið fram með svipuð sjónarmið í huga, þ.e. að tryggja það að allir eigi í raun kost á ráðgjöf og aðstoð í mikilvægum málum, t.d. sifjaréttarmálum og öðrum persónuréttarmálum, þar sem sérfræðiaðstoðar getur verið þörf.

Svo sem fram kemur í athugasemdum við frv. og raunar kom fram í framsögu hæstv. dómsmrh. eru þau mál orðin allmörg sem ekki hafa náð fram að ganga. Ég vil rétt drepa á þáltill. þá sem Ragnar Arnalds og Svava Jakobsdóttir fluttu á Alþingi veturinn 1974–1975, um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk, frv. til laga um lögfræðiaðstoð sem flutt var sem stjfrv. á 101. löggjafarþingi 1978–1979 og aftur á 102. löggjafarþingi veturinn 1979–1980 en náði ekki fram að ganga. Og loks má nefna mál sem einnig snertir sifjaréttarmál en það er stjfrv. um fjölskylduráðgjöf sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1989–1990, á 111. löggjafarþingi. Þar var gert ráð fyrir að stofnuð yrði miðstöð fjölskylduráðgjafar með fræðslu m.a. sálfræðinga og lögfræðinga. Það frv. var ekki afgreitt úr nefnd en fékk tiltölulega jákvæðar umsagnir.

Það hefur glöggt komið fram í nágrannalöndum okkar að langstærsti einstaki málaflokkurinn þar sem lögfræðiráðgjafar og aðstoðar er þörf er sifjaréttarmálin. Á Norðurlöndunum og í Bretlandi mun þessi prósenta vera um það bil 60%. Í athugun sem lögmennirnir Atli Gíslason, Skúli Thoroddsen og Steinþór Haraldsson gerðu, að vísu fyrir um það bil 10 árum, um þörf á ókeypis eða ódýrri lögfræðiaðstoð hér á landi komu fram svipaðar vísbendingar en þess má geta að lögfræðiráðgjöf Orators varð til í kjölfar þessarar athugunar þótt með óbeinum hætti megi telja.

Sex ára starfsemi Kvennaráðgjafarinnar hefur enn frekar orðið til að gefa til kynna að þörfin sé mikil á þessu sviði og þess má auk þess geta að fráskildu fólki hefur fjölgað um þriðjung á aðeins fimm undanförnum árum sem bendir til þess að upplausn fjölskyldu, sem sumir vilja nefna svo, sé orðin nokkuð mikil og í

sumum tilvikum mætti ætla að ráðgjöf um réttarstöðu og aðstoð í slíkum málum gæti leitt til þess að e.t.v. þyrfti ekki alltaf til skilnaðar að koma þótt í mörgum tilvikum verði ekki hjá því komist að vísu.

Í ljósi þessara staðreynda ákváðu þingkonur Kvennalistans að leggja fram frv. um lögfræðiráðgjöf og aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála. Málmfríður Sigurðardóttir, þingkona Kvennalistans, mælti fyrir því máli þann 10. apríl sl. og er það að finna á þskj. 718.

Í þessu frv. kvennalistakvenna er að finna nokkuð ítarlegri tillögu um framkvæmd lögfræðiráðgjafar og aðstoðar í hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmálum en fram koma í því frv. sem hér er til umræðu. Ég mun nú tíunda í stuttu máli það helsta sem mér finnst þörf á að geta um í þessu sambandi.

Það ber þá fyrst að nefna skilgreiningu þess hóps sem rétt á á aðstoð samkvæmt þessum tveimur frumvörpum. Það er ákaflega mikilvægt að aðstoðin nái til þeirra sem raunverulega þurfa á henni að halda og því mjög nauðsynlegt að skilgreina hvað lágar tekjur séu út frá skynsamlegum forsendum.

Í frv. því er hæstv. dómsmrh. mælti fyrir er skv. 8. gr. ekki tiltekið hvar tekjumörkin eigi að vera til þess að fólk njóti aðstoðar og í skýringum við greinina er gert ráð fyrir að þau ákvæði verði sett í reglugerð. Ég vík að þessu atriði ekki síst til þess að benda á að til að frv. nái tilgangi sínum verður þjónusta þessi að standa þeim til boða sem ekki hafa efni á að greiða hana fullu verði. Lögfræðiþjónusta getur verið mjög dýr og ef um aðstoð er að ræða sem tekur mikinn tíma, eins og raunar síðasti ræðumaður kom inn á, þá er hér um tiltölulega umfangsmikið mál að ræða. Framfærslukostnaður fólks er hár og þar af leiðandi má vera að fólk með tekjur sem taldar eru til meðaltekna eigi erfitt með að greiða fullu verði þá aðstoð sem það í raun þarf á að halda. Ég vil benda á hvaða viðmiðun kvennalistakonur ákváðu í sínu frv. um lögfræðiráðgjöf og aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála, en þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Rétt til lögfræðiráðgjafar og lögfræðiaðstoðar samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem eiga lögheimili hérlendis og hafa ekki hærri árstekjur en sem nemur tvöföldum þeim tekjuskattsstofni sem ekki greiðist tekjuskattur af, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Mæðralaun skulu í þessu tilviki ekki teljast til tekjuskattsstofns. Sá sem hefur barn eða börn á framfæri sínu hefur enn fremur rétt til að draga frá tekjuskattsstofni upphæð sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka."

Með þessu viljum við kvennalistakonur benda á að þær tekjur sem t.d. skattur er heimtur af eru fjarri því að nema því sem þarf til framfærslu fjölskyldu og það er ekki svigrúm til þess að greiða af slíkum tekjum fyrir nauðsynlega aðstoð eins og lögfræðiaðstoð getur verið. Mér þykir full ástæða til að benda á að hér verður að taka afstöðu út frá þeim forsendum og þeim markmiðum sem frv. sem hér er til umfjöllunar hlýtur óhjákvæmilega að hafa.

Ég hef lítillega borið saman önnur atriði sem eru í þessum tveimur frumvörpum, hliðstæð og ekki hliðstæð. Ég vil benda á að í frv. kvennalistakvenna er ákvæði í 4. gr. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Skal lögfræðiaðstoðin miða að því að endanleg niðurstaða eða samkomulag náist í málinu."

Hér er beinlínis verið að benda á að þessum málum þurfi að fylgja eftir og jafnframt benda á að í umfangsmiklum málum þarf að gefa tíma og svigrúm til þess að fylgja þeim eftir. Hér er því ekki um einfalt mál að ræða en svo brýnt að nágrannaþjóðir okkar hafa ekki talið rétt að sitja hjá. Það hefur komið fram hér á Alþingi hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndunum og mun ég ekki tíunda það hér í smáatriðum.

Um aðrar greinar frv. mun ég ekki fjölyrða að svo stöddu. Ég bendi þó á mismunandi útfærslur í þessum tveimur frumvörpum um það hverjum beri að veita annars vegar ráðgjöf og hins vegar aðstoð og ég ítreka að ég teldi eðlilegt að í lögum en ekki reglugerð yrðu skýrari ákvæði, bæði um tekjumörk þau sem höfð eru til viðmiðunar þegar ákveðið er hverjir eigi kost á aðstoð og einnig hver háttur skuli hafður á því að ákvarða upphæð þóknunar fyrir veitta aðstoð, en hér er ég að vísa til 9. gr. frv. til laga um opinbera réttaraðstoð.

Að öðru leyti mun ég ekki fjalla um þetta mál að svo stöddu en þótti nauðsynlegt að þessar ábendingar kæmu fram og áskil mér rétt til þess ef málið mun fara í áframhaldandi umfjöllun á þessu þingi. Ef ekki, þá verður málið vonandi tekið upp á næsta þingi, svo það dagi ekki uppi. Mun ég þá benda á fleiri atriði. En ég endurtek að þarna er að mörgu leyti um mjög mikilsvert mál að ræða sem vonandi nær fram að ganga.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er rætt um frv. til laga um opinbera réttaraðstoð, eins og það er kallað. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að sýna frv. og leggja það hér fram því að sannarlega er hér um mikið mál að ræða, en að sama skapi er löggjöf um þetta efni vandasöm. Aðalatriðið er að einstaklingar glati ekki rétti sínum sökum lítilla efna. En það er jafnástæðulaust að styðja þá sem leggja stund á málaferli, liggur mér við að segja, til þess að iðka þann leik því að það er kunnara en frá þurfi að segja að besta meðferð mála er að sætta þau á réttum tíma, stór og smá.

Hér hefur þetta mál verið nokkuð rætt. Hv. 3. þm. Reykv. fjallaði um það í ýmsum greinum. Hv. síðasti ræðumaður fjallaði ekki síður um frv. kvennalistakvenna, en eins og málið er búið má að sjálfsögðu margt um það ræða þegar á þessu stigi. Ég ætla ekki að þræða kaflaskiptingu eða greinaskiptingu frv. en aðeins geta þess sem segir hér í athugasemdum, að þetta efni er ekki nýtt af nálinni. Það sýnir best að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Það er nokkuð rakið í athugasemdunum hvenær þessu var fyrst hreyft, bæði getið höfunda og efnisþátta úr frumvörpum. Hér er talað um að skipaður hafi verið

haustið 1978 starfshópur til að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu við efnalítið fólk. Þetta er nefnilega það sem ég tel að sé hættulegt, að opna flóðgátt þar sem hver sem er getur fengið ókeypis aðstoð. Þó að margt mætti segja um reglurnar sem gilt hafa samkvæmt gömlu einkamálalögunum frá 1936 var það þó skilyrði sem framfylgt var í ráðuneytinu að enginn fékk ókeypis aðstoð nema glöggir menn væru áður búnir að leggja nokkurt mat á málið og væri sýnt að þessi aðili hefði lög að mæla ef svo má segja.

Á 5. blaðsíðu er rætt um það að hinn 17. apríl 1989 hafi Alþingi samþykkt þál. þar sem það ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum. Höfundar er ekki getið hér í athugasemdunum, hins vegar kom það fram hjá hæstv. dómsmrh. En í frv. því sem hér liggur fyrir er reynt að sameina ákvæðið um lögfræðilega aðstoð við almenning, aðstoð við brotaþola og ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í einum lagabálki og tel ég það merkilegt út af fyrir sig.

Um þetta mál mætti margt og mikið ræða þegar á þessu stigi og það er rétt að reglur um réttaraðstoð við tekjulítið fólk er að finna í flestum nágrannaríkjum okkar og hér er á fylgiskjali greint frá því hvernig þessu er hagað á Norðurlöndum og í Bretlandi og er ekki nema gott eitt um það að segja. En þar sem þetta er 544. mál þessa þings og nú líður að síðustu dögum þingsins og það er aðeins lagt fram hér til kynningar, þá tel ég ekki beina ástæðu til að fara um það fleiri orðum að sinni. Ég vil aðeins ítreka það að lokum að ég tel hér um merkilegt mál að ræða, vandasamt mál og þess vegna er mjög gott að fá að líta á það nánar og til þess gefst tími að því er dómsmrh. hefur greint frá.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um frv. og ég byrja á því að taka það skýrt fram sem mér mun líklega hafa láðst í framsöguræðu minni að vitaskuld er þetta mál eingöngu lagt fram hér til kynningar. Í rauninni var ætlunin að leggja það fram allnokkru fyrr en því miður tafðist það nokkuð í meðförum og einmitt vegna þess sérstaklega að nefndin sem vann að samningu þess hafði nokkrum sinnum samráð við réttarfarsnefnd, eins og kemur raunar fram í lokum fyrsta hluta athugasemdanna á bls. 5, en þar segir:

„Upphaflega hugðist nefndin einnig fella ákvæði um réttargæslumenn grunaðra manna og sökunauta í frv., en frá því var horfið að ábendingu réttarfarsnefndar, en endurskoðuð ákvæði um það efni er að finna í nýju frv. til laga um meðferð opinberra mála“ sem nýlega var mælt fyrir í Ed. Það er eins um það frv. Einungis var ætlast til þess að það væri hér til kynningar nú í vor. Hins vegar er megintilgangurinn sá að leggja þessi frv. eða önnur álíka að nýju fram í haust og það er einmitt þess vegna sem ég þakka sérstaklega þá umfjöllun sem hefur orðið og þær ábendingar sem hér hafa komið fram hjá þeim aðilum sem hafa um fjallað sem allir þekkja greinilega mjög vel til þessara mála, eru nú raunar sérfræðingar á þessu sviði, sumir hverjir, og ég vil ekki draga það undan að auðvitað er ágætt að hafa mál kvennalistakvenna á þskj. 718 til hliðsjónar í sumar í þessu efni til undirbúnings málinu í haust.

Ég ætla ekki að fara frekar út í einstök atriði. Hjá hv. 3. þm. Reykv. kom fram ein ákveðin fyrirspurn. Ég hef ekki skýr svör við henni enda held ég að hún sýni það í rauninni að málið er að nokkru leyti hrátt enn þá þannig að enginn vafi er á að þetta þarf að vinna frekar, því að eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl. er þessi löggjöf vandasöm, það er enginn vafi á því, og þeim mun vandasamari ef tilgangurinn er að ná fram raunhæfu markmiði en ekki einungis minnisvarða, eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv.

Ég endurtek þakklæti mitt fyrir þessa umræðu, sérstaklega, og ég er viss um að hún verður þessu máli frekar til góðs en hitt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég er ánægður yfir því að hæstv. dómsmrh. skuli hafa lagt þetta frv. hér fram til sýningar og umfjöllunar, en því er ekki að neita að mér finnst frv. vera á þann veg að það nái ekki þeim tilgangi sem ég a.m.k. vonaðist til að löggjöf sem yrði sett um þetta efni gerði. Nú er mér það ljóst, og hæstv. ráðherra tók það fram, að þetta væri rangt. Þetta er nefnd sem var sett á stofn 1988 ef ég man rétt en það má segja að á síðustu tveimur árum hafi gerst ýmsir hlutir í þjóðfélaginu sem eru að mörgu leyti nýir þó að menn hafi áður orðið gjaldþrota og allt það, en þó ekki í svo stórum stíl eins og hefur verið nú síðustu þrjú missirin eða svo.

Ég var að vonast til þess og er að vonast til þess að löggjöf sem yrði sett í þessu efni mundi reyna að liðka til fyrir þessu fólki, minnka kostnaðinn í sambandi við þegar það kemst í greiðsluþrot og jafnvel er gengið að því, reynt sé að hafa áhrif á bankavaldið, að lengja lán hjá þeim sem gætu bjargað sér með því móti, en því miður, ef fólk lendir í vanskilum er það ekkert svo létt að fá skuldbreytingu sem hentar fólkinu til þess að hugsanlegt sé að það geti staðið í skilum. Og þetta er enn þá brýnna vegna þess að þjóðfélagið hefur verið þannig að það vaxtaokur og sú verðbólga sem hefur verið í þjóðfélaginu hefur raskað öllum útreikningum. Jafnvel þó að fyrir nokkrum árum hafi verið sýnt að þessi eða hinn hafi getað staðið við sínar skuldbindingar, þá hefur þróunin orðið þannig að allt hefur brugðist, og ég veit að hæstv. dómsmrh. þekkir þetta vel. Bæði höfum við rætt um það og ég veit að ýmsir hafa farið til hans og rætt um þetta.

Á vegum G-samtakanna er komin upp ráðgjöf sem mér er kunnugt um að hefur gert mikið gagn en þau eru alveg fjárvana. Þau geta í raun og veru ekki sinnt þessu þó að þau geri það vegna þess að það opinbera hefur gengið allt of skammt í því að hjálpa þessu fólki eða hjálpa þessari skrifstofu og gera það mögulegt að

þeir geti, í þeim tilvikum sem menn þurfa að fá lögfræðinga, keypt slíka aðstoð. En í mörgum tilvikum hefur þetta komið að gagni, mér er það ljóst, og ég veit um ýmsa því að ég hef vísað fólki á þessa skrifstofu. Fólk sem ég hef verið að vinna með hefur á síðustu vikum komið með ýmsar ábendingar eða jafnvel drög að frv. í þessa átt sem ég ætla ekki hér og nú að eyða tíma í að lesa upp heldur fá einhvern tíma, í sumar eða vor, hjá hæstv. dómsmrh. til að afhenda honum það og ræða þessi mál.

Ég kem fyrst og fremst upp í þennan ræðustól til þess að mælast til þess að hæstv. dómsmrh. kanni það hvort ekki er hægt að veita einhverja aðstoð, jafnvel þótt ekki sé búið að setja löggjöf, hvort hann getur ekki beitt sér fyrir því að bankarnir taki öðruvísi á þessum málum ef það liggur fyrir að með því móti getum við bjargað því t.d. að menn haldi sínu húsnæði og G-samtökunum sé gert kleift að hafa sína skrifstofu áfram og hjálpa þessu fólki, styðja það eftir megni og það hafi möguleika til að leita jafnvel til lögfræðinga sem hæstv. ráðherra mundi þá e.t.v. geta samið við. Það væri svona bráðabirgðaaðgerð og svo þarf að fara að athuga þetta frv. og breyta því í þá veru að þetta komi að sem mestu gagni fyrir þá sem ég vil segja að þjóðfélagið hafi orðið til að koma út á kaldan klaka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 843 um að leggja niður Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins og ráðstafa eigum hans til framleiðenda lagmetisins og samtaka þeirra. Þetta frv. kemur frá hv. Ed. og er hér flutt til þess að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum lagmetisframleiðenda en ekki síður til þess að einfalda og bæta rekstrarskilyrði lagmetisiðnaðarins með því að fella niður sjóði og sjóðagjöld sem ég tel úrelt orðin.

Það er aðdragandi þessa máls að þessu sinni að Sölusamtök lagmetis lentu í alvarlegum fjárhagsörðugleikum á árunum 1988–1989 og má reyndar segja að gjaldþrot samtakanna hafi blasað við þegar á sl. hausti. Þessu fylgir ekki síst sá vandi að þessi samtök eru ekki sjálf persóna að lögum heldur eru aðildarfyrirtækin talin ábyrg fyrir skuldbindingu samtakanna. Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa sölusamtakanna varð það niðurstaðan að leggja til að Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins verði lagður niður um næstu áramót. Við það fellur niður 1% gjald af lagmeti og 3% fullvinnslugjald af söltuðum og frystum matarhrognum. Þessi lausn kemur að öllu leyti í stað styrks eða framlags úr ríkissjóði til þess að leysa fjárhagserfiðleika samtakanna eins og samtökin höfðu óskað eftir. Með frv. er lagt til að eignum sjóðsins verði að stórum hluta varið til þess að greiða niður skuldir Sölusamtakanna og til sérstakra aðgerða fyrir lagmetisfyrirtækin. Nánar tiltekið er lagt til að mestum hluta af lausum eignum sjóðsins verði varið til þess að greiða niður skuldir Sölusamtakanna. Neikvætt eigið fé Sölusamtakanna var samkvæmt efnahagsreiningi þeirra 31. des. 1989 um 50 millj. kr. og þykir rétt að styrkja samtökin um þá fjárhæð þegar við gildistöku laganna af lausu fé Þróunarsjóðsins.

Þá er lagt til að eignarhlutur sjóðsins í fasteigninni að Síðumúla 37 verði seldur og andvirðinu ráðstafað til Sölusamtaka lagmetis og lagmetisframleiðenda utan samtakanna samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar. Eitt stærsta aðildarfyrirtæki samtakanna hefur reyndar sagt sig úr þeim miðað við næstu áramót, en það telst hins vegar bera sömu ábyrgð á skuldum samtakanna að sínu leyti eins og önnur aðildarfélög ef til gjaldþrots kæmi. Hér er því lagt til að það félag njóti góðs af þessum aðgerðum til jafns við aðra sem eru og verða áfram aðilar að samtökunum ef þau starfa framvegis. Um 90% af lagmeti hefur á síðustu árum verið á vegum Sölusamtaka lagmetis. Það er því eðlilegt að meginhluti eigna sjóðsins renni til þessara samtaka og aðildarverksmiðjanna í þeim. Hins vegar er bæði rétt og sjálfsagt að greiða einhvern hluta fjárins til starfandi verksmiðja sem eru utan samtakanna samkvæmt nánara mati sjóðsstjórnarinnar, t.d. eftir hlutfalli þessara fyrirtækja í útflutningi lagmetis undanfarin 2–3 ár.

Mér þykir eðlilegt að verja tekjum ársins 1990 af gjöldum af lagmeti og hrognum til styrkja, lána eða hlutabréfakaupa er samrýmast tilgangi sjóðsins. Þar ber að hafa í huga að hluti af tekjum sjóðsins á liðnum árum hafa komið af fullvinnslugjaldi af útfluttum matarhrognum og væri því full ástæða til að huga sérstaklega að styrkjum til fullvinnslu þeirra. Það verður líka gert eftir því sem sjóðsstjórnin hefur tjáð mér.

Iðnrn. og Sölusamtök lagmetis beittu sér fyrir ítarlegri athugun á stöðu og horfum í greininni sem var gerð í árslok á liðnu ári. Meginniðurstöður þessarar athugunar voru þær að alþjóðlegur markaður fyrir lagmeti væri alltraustur og því hafi greinin í raun starfsgrundvöll. Hún hefur hins vegar lent í tímabundnum örðugleikum á undanförnum árum og þess vegna er nauðsynlegt að greiða úr fjárhagsvanda greinarinnar með utanaðkomandi aðstoð. Einstakir aðrir þættir til lausnar á vanda greinarinnar voru nefndir, svo sem samruni fyrirtækja og gæðaátak í lagmetisiðnaði og er nú unnið að þeim málum samhliða því sem lausna er leitað á fjárhagsvandanum sem hér er einkum til umræðu.

Virðulegi forseti. Af því sem ég hef hér flutt má sjá að verulegur hluti af tekjum sjóðsins hefur komið frá hrognaframleiðendum sem ekki hafa notið mikils í ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum. Það er reyndar

fljótséð að á tæplega 20 ára starfsferli þessa sjóðs, sem er næstum jafnlangur og Sölusamtakanna, hafi hann í raun fyrst og fremst verið óbein fjármögnun á þeim, þ.e. Sölusamtökunum undir ýmsum nöfnum, sem hafa lent í síendurteknum efnahagsörðugleikum. Mín skoðun er sú að gjörbreyta þurfi um vinnulag og leggja meiri ábyrgð á fyrirtækin sjálf, og í raun og veru tel ég að þegar sjóðakerfi sjávarútvegsins var lagt niður í stórum dráttum, eins og þingmenn minnast, með mjög víðtæku samkomulagi á þinginu og meðal hagsmunaaðila, vorið 1986 hafi Þróunarsjóðurinn eiginlega gleymst. Nú væri fyrir þá gleymsku bætt og þessi sjóður lagður niður eins og aðrir sambærilegir millifærslusjóðir og eigum hans ráðstafað til þess að treysta fjárhag fyrirtækjanna sjálfra og létta skuldabagga af þeim sem þá hafa borið vegna Sölusamtakanna. Sölumálin yrðu þá framvegis án frekari atbeina ríkisins og fyrirtækjunum væri héðan af ætlað að finna sínar eigin leiðir til þess að koma sínum vörum á markað eftir því sem þau telja sjálf hyggilegast — með frjálsum samtökum ef þau kjósa það — en án ábyrgðar ríkisins eða fjáröflunar í því skyni.

Eins og dæmin sanna hefur eitt stærsta fyrirtækið þegar sagt sig úr lögum við samtökin en sú úrsögn tekur þó fyrst gildi um næstu áramót. Þannig er frv. flutt í anda þeirrar hreyfingar sem þegar er uppi og sú lausn á fjárhagsvanda Sölusamtakanna sem hér er gerð tillaga um og unnið hefur verið að í samráði við fjmrn., sjútvrn. og reyndar umhvrn. gerir ekki ráð fyrir neinum styrk úr ríkissjóði. Þess í stað er lagt til að Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins, þeim sem lagmetisfyrirtækin og hrognaframleiðendur hafa að mestu leyti byggt upp, verði varið til þess að leysa þetta mál. Er þar með lokið, að mínu áliti, afskiptum ríkisins af þessari sölustarfsemi.

Ég vil geta þess að það fé sem ekki rennur með þessum hætti til fyrirtækjanna mundi renna til Iðnlánasjóðs til markaðs- og vöruþróunarstarfsemi á hans vegum fyrir lagmetisiðnaðinn en fyrirtækin í lagmetisiðnaðinum greiða iðnlánasjóðsgjald og mundu þar með eignast eins konar sérdeild innan markaðs- og vöruþróunardeildar Iðnlánasjóðs.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Málið sem hér er til umræðu fer væntanlega til hv. iðnn. deildarinnar að tillögu hæstv. ráðherra þannig að sá sem hér stendur fær þar tækifæri til að fjalla um þetta mál ítarlegar en hér gefst kostur á við 1. umr. málsins í þessari hv. deild. Málið hefur reyndar verið rætt og afgreitt af hv. Ed. og um málið er víðtæk samstaða eins og kemur fram í sameiginlegu nál. hv. iðnn. Ed.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að full ástæða er til að skera upp sjóðakerfi atvinnuveganna. Það var gert á sínum tíma varðandi sjóðakerfi sjávarútvegsins. Vissulega þarf að þróa sjóðakerfi íslenskra atvinnuvega hraðar og setja því reglur og hlutverk sem hæfir nútímanum sem allra best. Þetta mál, sjóðakerfið, hefur verið til umræðu hjá síðustu hæstv. ríkisstjórnum aftur og aftur. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar og þó sérstaklega á Iðnlánasjóði á sínum tíma, en einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar á öðrum sjóðum. Við höfum fyrir skömmu fjallað um Búnaðarmálasjóð og nokkrar breytingar hafa jafnframt verið gerðar á Fiskveiðasjóði. Eftir stendur þó að löggjafinn hefur ekki skoðað nægilega vel hvernig hann hyggst halda á þessum málum í framtíðinni og kemur þá einmitt sérstaklega til skoðunar hverjir eigi þessa sjóði. Um það hefur verið deilt. Þó er ljóst að flestir lögfræðingar hallast að því að ríkið eigi sjóði eins og Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins með beinum eða óbeinum hætti. Hins vegar hafa verið uppi þær skoðanir og réttlættar með rökum að Iðnlánasjóður sé ekki í eigu íslenska ríkisins heldur þeirra sem greiða gjald til sjóðsins.

Ég er sammála hæstv. ráðherra um það að ástæða er til að einfalda þetta sjóðakerfi. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á lögum um innlánsstofnanir, viðskiptabanka, sem hljóta að leiða til þess að skoða verður sjóðakerfið upp á nýtt. Sú skoðun verður auðvitað að gerast með hliðsjón af þeirri þróun sem nú er að eiga sér stað í breyttum viðskiptaháttum sem koma til með að gerast í nágrannalöndum okkar og hafa áhrif hér á landi fyrr en varir.

Það er kannski einkum d-liður 2. gr. sem ástæða er til að fjalla örlítið um og spyrja hæstv. ráðherra út í. Ég skil vel, og tel það augljóslega bestu leiðina, að hlutabréf, lausafé og skuldabréfaeign sjóðsins renni í Iðnlánasjóð og myndi sérstakan sjóð innan vöruþróunar- og markaðsdeildar. Það þarf út af fyrir sig ekki að gerast með breytingu á lögum um Iðnlánasjóð. Samkvæmt þeim lögum er sá sjóður tvískiptur, annars vegar í almennu deildina og hins vegar í vöruþróunar- og markaðsdeildina sem var eins konar arftaki annars sjóðs sem ég man nú ekki alveg að nefna. (**Gripið fram í:** Iðnrekstrarsjóðs.) Iðnrekstrarsjóðs, ég horfi nú til eins af fyrrum hæstv. ráðherrum þegar minnst er á hann. Þetta tel ég rétt en þegar sagt er í síðasta málslið þessarar greinar að heimilt skuli að breyta útlánum í hlutafé í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu einstakra fyrirtækja þá vakna að sjálfsögðu ýmsar spurningar, t.d. þær hvað verði um hugsanleg töp vegna gjaldþrota þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að svo háttar til í núgildandi lögum að þau fyrirtæki sem lána fjármuni rétt eins og Iðnlánasjóður og aðrir slíkir sjóðir, jafnvel fyrirtæki og sjóðir sem sérstaklega eru stofnaðir til þess að kaupa hlutabréf, verða að sætta sig við það, ef skuldum er breytt í hlutabréf, að mega ekki færa til gjalda töp vegna gjaldþrota fyrirtækja. Þetta þarf að skýrast betur í lögum því að ég held að það sé ljóst að sjóði eins og þessum sem við erum hér að leggja af ber að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Heppilegast væri að það gæti gerst með þeim hætti að útlánum yrði breytt í

hlutafé. Það sem mundi þá hvetja aðila til slíks væri að tapað hlutafé vegna gjaldþrota kæmi til gjalda á rekstrarreikningi viðkomandi aðila.

Um þetta ræddum við fyrr í dag þegar annað frv. var til umræðu þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að færa til gjalda það tap sem kynni að verða við gjaldþrot fyrirtækis ef um er að ræða hlutafé sem orðið er til með þeim hætti að viðskiptaskuld sé breytt í hlutafé. Þetta er vandamál sem ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á og tel að hann þurfi að skoða gagngert á næstunni því að þetta hefur þýðingu í þeirri umsköpun sem þarf að eiga sér stað í íslenskum atvinnurekstri einmitt þegar verið er að einfalda sjóðakerfið og freista þess að laga þannig umhverfi atvinnurekstursins og rekstrarskilyrðin að því að fyrirtæki geti starfað sem mest óháð duttlungum ríkisvaldsins á hverjum tíma og afskiptum þess af atvinnustarfseminni.

Það er einkum ástæða til að nefna eitt atriði til viðbótar nú þegar við erum að ræða frv. sem snertir jafnviðkvæma starfsemi og lagmetisiðnaðinn, sem er mjög háður markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Það er hvort sveiflujöfnunarsjóður, eins og sjálfstæðisþingmenn lögðu til fyrr í vetur, gæti ekki komið að verulegu gagni einmitt fyrir fyrirtæki á borð við þau sem hafa sameinast í Sölusamtökum lagmetis, eins og þessi samtök heita réttu nafni.

Mig hefði langað til þess að heyra álit hæstv. ráðherra á því. Hæstv. ráðherra hefur oft á tíðum á undanförnum missirum látið í ljós skoðanir sínar á málum sem þessum. Ég tel fulla ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji sveiflujöfnunarsjóði eins og þá sem voru í frv. sjálfstæðismanna ekki einmitt eiga rétt á sér til þess að tryggja það að hægt sé að fresta skattlagningu á fyrirtækjum sem hafa sveiflukennda afkomu og gefa þeim þannig kost á því að geyma fjármuni í góðærum og nýta þá aftur þegar verr árar.

Aðalatriði þessa máls er auðvitað það að með þessari breytingu er verið að stefna að því að treysta fjárhag þessara fyrirtækja með þeim hætti að þau geti starfað á eigin fótum, án þess að sérstök aðstoð komi frá hinu opinbera önnur en sú sem kemur fram í lögum sem heimila gjaldtöku í Iðnlánasjóð. Þá munu þessi fyrirtæki fá sömu úrlausn úr Iðnlánasjóði og þau hafa fengið hingað til og önnur iðnfyrirtæki fá.

Ég tel ekki, virðulegur forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Ég skil það svo að allir aðstandendur málsins, bæði stjórnendur Sölusamtaka lagmetis og þau fyrirtæki sem störfuðu innan samtakanna, en a.m.k. eitt stórt fyrirtæki hefur sagt sig úr samtökunum, séu sátt við þessar breytingar, svo og þeir sem koma til með að sinna þessu hlutverki í framtíðinni. Þá á ég við yfirstjórn Iðnlánasjóðs en hér er gert ráð fyrir því að vissir fjármunir gangi til vöruþróunar- og markaðsdeildarinnar og myndi þar sérstakan sjóð, án þess að breytt sé lögum um Iðnlánasjóð. Telja verður það tryggara að skilningur stjórnenda sjóðsins sé fyrir hendi til þess að hægt sé að aðskilja þessa fjármuni, án þess að gengið sé tryggilegar frá því í lögum en gert er í þessu frv.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Það virðist vera allvíðtæk samstaða um málið. Ég veit að það mun fá eðlilega skoðun í nefnd og þess freistað að afgreiða málið áður en þingi lýkur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir undirtektir hans og ábendingar varðandi þetta frv. Það er alveg rétt að það er ástæða til þess að huga að hver verði staða þessarar sérstöku deildar lagmetis innan vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Ég hef rætt málið við stjórnendur Iðnlánasjóðs og þeir eru reiðubúnir að taka þessi verkefni að sér. Ég tel það einmitt málinu fremur til gildis að setja það ekki í allt of strangar skorður, einfaldlega af því að fyrirtækin í lagmetisiðnaðinum greiða nú iðnlánasjóðsgjald og eiga rétt til fyrirgreiðslu úr Iðnlánasjóði eins og önnur iðnfyrirtæki og þess vegna eðlilegt að þau njóti þess þegar þau leggja inn í þann sjóð sérstakar eignir. Ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að þetta verði vel og skynsamlega framkvæmt.

Vegna ábendingar hv. 1. þm. Reykv. um hugsanlega meðferð tapa sem hljótast kynnu af hlutafjáreign þessarar deildar þar sem hlutaféð væri tilkomið vegna breytinga á skuldum í hlutafé vil ég taka fram að ég tel það ekki skipta ákaflega miklu máli fyrir Iðnlánasjóð einfaldlega vegna þess að hann er ekki skattskyldur. Þó kann hann að verða það síðar eftir að reglur hefðu verið samræmdar og þá skiptir meginreglan auðvitað máli. Þess vegna er ástæða til þess að huga að því. En í sambandi við þetta mál er ekki á því sérstök þörf. Hins vegar er mjög brýnt að ljúka afgreiðslu málsins einfaldlega til þess að leysa þessi fyrirtæki og samtökin úr greiðslukreppu sem þau eru í. En það er hægt að gera um leið og frv. er orðið að lögum. Með því er ég ekki að segja að flana eigi að neinu í málinu. Ég tel að það hafi fengið góða athugun, bæði utan þings og innan og ítreka þá tillögu mína að hv. iðnn. þessarar deildar taki málið til athugunar.

Sveiflujöfnunarhugmyndir hv. 1. þm. Reykv. eru allrar athygli verðar en snerta ekki beinlínis það mál sem hér er rætt þótt vafalaust megi huga að þeim, eins og öðrum heimildum hlutafélagalaga og fyrirtækjaskattalaga. Reyndar er það mín skoðun að mjög mörg ákvæðanna til þess að ráða sköttum á einstökum árum hjá fyrirtækjum séu það rúm að ekki sé alveg víst að við bætum okkur mikið á því að auka við slíkum ákvæðum. Hins vegar þarf að fara yfir allan sveigjanleikann í fyrirtækjaskattlagningunni, ekki síst með þetta sjónarmið í huga, þó ekki sé víst að menn bæti sig á því að búa til nýtt nafn á heimildir til þess að flýta fyrningum eða haga skattlagningu og gjaldfærslu eftir afkomu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 1018.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 528. mál (söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.). — Þskj. 925.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105, n. 819 og 820.

Geir H. Haarde (frh.):

Herra forseti. Ég var í miðri ræðu hér fyrir nokkrum vikum síðan þegar umræðum var frestað. Þær hafa síðan ekki verið hafnar að nýju fyrr en núna með samkomulagi milli mín og aðalforseta deildarinnar. Það er að vísu orðið svolítið um liðið síðan þetta mál var rætt, eins og ég sagði, en þetta er vafalaust mörgum þingmönnum í fersku minni, bæði frá því um daginn og eins frá því í fyrravor þegar þetta málefni var efnislega til umræðu á allra síðustu dögum þingsins. Þá upplýsti hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. að það mál sem hér er lagt til að breytt verði hafi verið slys og það frv. sem þá varð að lögum hafi að þessu leyti til ekki verið búið að fá samþykki stjórnarflokkanna og ætti að nota tímann sl. sumar til að leiðrétta þessi mistök. Nú er mér ekki kunnugt um að nein vinna hafi farið fram sem miðar að því að leiðrétta þau mistök sem þarna urðu og felast í því að taka upp á nýjan leik sérstakan nefskatt eða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. En eins og kunnugt er voru öll slík smágjöld felld niður þegar hér var tekin upp staðgreiðsla skatta.

Ég leyfði mér þess vegna ásamt tveimur öðrum hv. þm., sem komu að þessu máli á síðasta vori, að flytja nú í haust frv. um að breyta þessu ákvæði þannig að Framkvæmdasjóði aldraðra yrði framvegis tryggð hlutdeild í staðgreiðslufénu eins og verið hefur frá því að staðgreiðsla var upp tekin. En hinn endurvakti skattur, nefskattur svokallaður, falli niður og komi þess vegna aldrei til framkvæmda. Þetta gjald sem lögfest var fyrir um það bil ári síðan átti að koma til framkvæmda á miðju ári í fyrra. Það tókst að fá því breytt á síðustu dögum þingsins og lögin eru þannig núna að þetta gjald mun koma til álagningar í sumar þegar álagning skatta fer fram um mánaðamótin júlí/ágúst.

Frv. miðar sem sé að því að afturkalla þetta gjald og fella þetta mál í eðlilegan farveg og til samræmis við staðgreiðslukerfi skatta, án þess að Framkvæmdasjóður aldraðra bíði af því nokkurt fjárhagslegt tjón.

Ég hef leyft mér að óska eftir því að hæstv. utanrrh., sem var hér fyrir augnabliki síðan, verði viðstaddur þessa umræðu og geri grein fyrir skoðunum sínum í þessu efni og geri grein fyrir því með hvaða hætti hann hefur framfylgt þeim loforðum sem hann gaf þinginu í fyrra vor um að nýta tímann, sem vannst með því að seinka upptöku þessa gjalds, til þess að finna aðra tekjuöflunarleið fyrir sjóðinn. Hæstv. utanrrh. hlýddi á mál mitt fyrir nokkrum vikum síðan þegar málið var afgreitt úr nefnd en hann hefur ekki séð ástæðu til þess að doka við núna þó að hann hafi staðið hér í gættinni þegar tilkynnt var að þetta mál yrði tekið til framhaldsumræðu nú. Ég hef óskað eftir því að það verði reynt að hafa upp á ráðherranum, en eitthvað mun það ganga erfiðlega að því er mér skilst. Þannig að ég mun þá áskilja mér rétt til að fresta enn ræðu minni ef svo ber undir. Hefur forseti nokkur tíðindi? (**Forseti:** Forseti hefur óskað eftir því að það verði leitað að hæstv. ráðherra og óskað að hann komi sem fyrst í þingsal. Það eru ekki upplýsingar enn um það hvort hans er að vænta.) Já, ég þakka forseta fyrir þessar upplýsingar.

Ég vil aðeins rifja upp að ég lét það koma fram þegar málið kom til umræðu fyrir nokkrum vikum, að í raun og veru er í þessu máli um að ræða stórkostlega svikamyllu sem ríkisstjórnin núv. hefur komið upp. Vegna þess og í skjóli þess að hér er um að ræða málefni sem allir vilja styðja, Framkvæmdasjóð aldraðra, gott mál þar sem vissulega er full þörf á peningum til framkvæmda. En um það snýst ekki deilan í þessu máli, hún snýst eingöngu um það hvernig þessa fjár er aflað. Og nú er það gert þannig, virðulegur forseti, að það eru fyrst lagðir á skattar innan staðgreiðslukerfis skatta og síðan er ætlunin að leggja á sérstakt gjald, að sömu fjárhæð, 230 millj. kr., úr hvorri uppsprettunni fyrir sig, 460 millj. kr. sem þarna er aflað af skattþegnum landsins. Hins vegar renna aðeins innan við 200 millj. af þessum peningum öllum raunverulega til þessa málefnis. Mig minnir að það séu 197 millj. eftir þá meðferð sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur fengið í niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar og fjáraukalagafrv. Afgangnum stingur fjmrh. í vasa ríkissjóðs.

Það er þetta sem ég leyfi mér að kalla svikamyllu og fjárplógsstarfsemi á baki gamla fólksins í landinu og í skjóli þess að allir viljum við leggja Framkvæmdasjóði aldraðra lið. Það er þetta sem stjórnarflokkarnir núv. bera ábyrgð á. Það er þetta sem hæstv. utanrrh. hefur lýst yfir úr þessum ræðustól að hafi verið slys og sem ég hyggst krefja hann sagna um. Einhvern tímann kemur að því að hæstv. ráðherra verður að vera hér við þegar þetta mál er rætt og svara fyrir sín fyrri ummæli um það. Enda lýsti hann því yfir á síðasta vori að þetta nýja gjald samræmdist ekki hinu nýja staðgreiðslukerfi skatta og talaði þar vissulega eins og út úr mínu hjarta. Þó hann hafi hins vegar lagt þessu máli og þessari gjaldtöku sitt lið hér á Alþingi með atkvæði sínu eins og allir aðrir þingmenn Alþfl. sem þó þykjast á hátíðastundum hafa verið öflugasti drifkrafturinn í því að innleiða hér á landi staðgreiðslu skatta. Auðvitað er það allt saman einn farsi hvernig þessi virðulegi stjórnmálaflokkur, Alþfl., hefur hagað sér í þessu máli.

Það er nú samt ekki svo að allir þingmenn hans hér hafi ekki vitað hvað þeir eru að gera, það er ekki þannig, virðulegi forseti. Því um tíma í vetur gegndi hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson formennsku í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Hann gerði sér lítið fyrir og afgreiddi þetta mál út úr nefndinni í samstarfi við aðra nefndarmenn. Ég hef áður fært honum þakkir fyrir það og vil gera það á nýjan leik þó hann hafi nú brugðið sér fram fyrir.

Það kemur nefnilega glöggt fram í því nál. sem meiri hl. nefndarinnar hefur lagt fram að hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaformaður nefndarinnar, skilur vel um hvað þetta mál snýst og það gera þeir líka sem skrifa undir það með honum, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og Sverrir Sveinsson, sem hér sat í fjarveru Páls Péturssonar, formanns nefndarinnar á þessum tíma, 26. mars sl.

En af hverju skyldi ég nú ráða það að þeir hafi skilið þetta mál til hlítar og fullnustu? Hvað er til marks um það að þeir viti vel hvað hér er á ferðinni? Jú, forseti, það er til marks um það að þeir hafa tekið upp úr rökstuðningi sjálfs frv., upp úr þeirri grg. sem sá sem hér talar samdi með frv., og gert þau orð að sínum. Það er samhljóma því sem lagt var fram í þessu máli á síðasta þingi. Rökstuðningurinn er því ekki bara í greinargerð frv., ekki bara í þeirri framsögu sem flutt var um málið þegar það var lagt fram og ekki eingöngu í skjölum sem um þetta mál voru lögð fram á þinginu í fyrra. Nú liggur hér fyrir skjalfest af hálfu stjórnarliða að allt það sem sagt hefur verið um þetta mál af minni hálfu og stuðningsmanna þessa frv. er satt og rétt. Það er ekki hægt að gera það með skýrari hætti en að taka manns eigin hugverk inn í nál. Þeir taka hugverk og grg. 1. flm. frv. inn í sitt nál. Ég hlýt að vera afskaplega stoltur yfir því að það skuli hafa verið gert og samþykkti það að sjálfsögðu fúslega þegar spurt var hvort ég hefði nokkuð á móti þeim vinnubrögðum. Það hafði ég að sjálfsögðu ekki.

Ég ætla að leyfa mér að lesa hvaða texta er hér um að ræða. Ég get valið hann á ýmsum stöðum. Ég get valið hann úr grg. frv., ég get valið hann úr nál. stjórnarliða í fjh.- og viðskn., eða upp úr þskj. frá í fyrra, þetta er sami textinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar sem urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingargjald, auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Með því að taka einn þessara skatta upp í tengslum við samþykkt nýrra laga um Framkvæmdasjóð aldraðra er verið að fitja að nýju upp á álagningu þessara smáskatta og gefa um leið fordæmi fyrir frekari beitingu þeirra, án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu gjaldendur eignarskatta sem greiða eftir á sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari og mun auka fjölda þeirra gjaldenda sem ekki eru gerðir upp að fullu í staðgreiðslunni."

Ég hefði ekki getað skrifað þetta betur sjálfur í nál. minni hl. En ég skrifaði þetta reyndar í grg. frv. (**Forseti:** Forseti telur rétt að fram komi að það hefur ekki náðst samband við hæstv. utanrrh.) Nei. Ég geri mér grein fyrir því að hann kann að hafa fyllilega lögmætar ástæður fyrir því að geta ekki verið hér og er ekkert meira um það að segja.

Ég ætla að stytta mál mitt, herra forseti. Ég hef lokið þeirri upprifjun sem ég taldi nauðsynlega. Það kemur glöggt fram að nál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn., sem þeir þrír hv. þm. sem ég nefndi standa að, er skrifað af fullum skilningi á því máli sem hér er verið að tala um og þar af leiðandi gegn betri vitund þeirra sem undir þetta nál. rita, gegn betri vitund þeirra. Þetta er auðvitað dálítið sérkennilegt, og ég veit ekki hvort það er einsdæmi í þingsögunni, það vita þeir sem hafa verið hér lengur en sá sem hér stendur, en að leggja síðan til að frv. sé vísað til ríkisstjórnarinnar á grundvelli þess rökstuðnings sem fylgir sjálfu frv. og ég var að lesa upp er auðvitað eilítil nýlunda. (**SV:** Það er frábært.) Það hlýtur að vera dálítil nýlunda og meira að segja frábært, segir hinn dyggi stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, hv. 6. þm. Norðurl. e. Þetta er allt hið kostulegasta mál og minnir helst á framgöngu utanrrh. sjálfs í málinu sem auðvitað veit ekkert í hvorn fótinn hann á að stíga. Veit ekkert í hvorn fótinn hann á að stíga í þessu máli.

Ég ætla ekki að lengja þetta frekar, virðulegi forseti. Ég óska eftir að fá að gera hlé á ræðu minni þar til ég fæ færi á að ræða þetta við hæstv. utanrrh. Ef það er ekki hægt núna má vera að það takist á morgun eða á föstudaginn eða einhvern næstu daga þegar fundur verður hér í deildinni. Ég fer sem sagt

fram á það við forseta að ég fái hér að gera hlé á þessari ræðu.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):
Forseti telur eðlilegt að verða við því. Ræðumaður hafði ástæðu til að ætla að hæstv. ráðherra yrði viðstaddur þessa umræðu. Svo hefur því miður ekki orðið þannig að þessari umræðu er nú frestað þar sem ekki hafa aðrir óskað eftir að fá orðið.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, eða þann hluta laganna sem fjallar um félagslegar íbúðir, en frv. hefur nú verið afgreitt frá efri deild.

Forsaga þessa máls er sú að í maí 1988 skipaði ég vinnuhóp til að athuga fyrirkomulag og fjármögnun félagslega kerfisins og benda á leiðir til úrbóta. Vinnuhópurinn skilaði í febrúar 1989 ítarlegri skýrslu um fyrirkomulag félagslega íbúðalánakerfisins og tillögum um úrbætur. Í niðurstöðum vinnuhópsins kemur fram það álit að núverandi fyrirkomulag félagslega húsnæðislánakerfisins hafi ýmsa annmarka og þurfi að taka til endurskoðunar. Vinnuhópurinn taldi að binda eigi opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði við aðstæður einstaklinganna hverju sinni en ekki ákvarða aðstoðina á grundvelli tekna heimilisins á einum tímapunkti eins og nú er gert.

Athugun á tekjum íbúa í verkamannabústöðum í Reykjavík gefur vísbendingu um að hluti íbúanna sé kominn yfir tekjumörk félagslega íbúðalánakerfisins eftir nokkurra ára búsetu. Í skýrslunni segir frá athugun á tekjum íbúa í verkamannabústöðum í Reykjavík sem gefur vísbendingu um að 20–30% hjóna hafi, eftir nokkurra ára búsetu, tekjur sem eru hærri en leyfilegar hámarkstekjur þeirra sem eiga kost á að kaupa verkamannabústað.

Í skýrslunni er sagt frá upplýsingum um útleigu verkamannabústaða. Samkvæmt athugun stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík voru 150 íbúðir í útleigu á árinu 1988, en 100 þeirra voru leigðar út án heimildar.

Fram kemur það álit vinnuhópsins að séreignastefna hins opinbera gangi of langt þegar íbúðakaupendum í verkamannabústöðum er lánað allt að 100% kostnaðarverðs úr Byggingarsjóði verkamanna. Frá 1986 til loka ársins 1988 lætur nærri að um 30% íbúðakaupenda verkamannabústaða hafi fengið viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna erfiðrar fjárhagsstöðu og þar með fengið allt kostnaðarverð íbúðarinnar að láni hjá Byggingarsjóði verkamanna. Einnig er ljóst að íbúðarkaup í verkamannabústöðum eru ofviða mörgu því fólki sem fær úthlutað íbúð. Ávallt er nokkur fjöldi sem á í erfiðleikum með að standa í skilum vegna verkamannabústaða, þrátt fyrir hátt lánshlutfall og hagstæð kjör. Árlega fara fram nauðungarsölur á íbúðum í verkamannabústöðum. Árið 1988 voru nauðungarsölur verkamannabústaða í Reykjavík 17 talsins. Á síðasta ári voru samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun samtals um 40 íbúðir í verkamannabústöðum seldar á nauðungaruppboði. Ljóst er því að nauðsynlegt er að leiguhúsnæði sé fullgildur valkostur á húsnæðismarkaðnum.

Sú skoðun kom fram í vinnuhópnum að stjórnun á verkamannabústaðakerfinu væri þung í vöfum og ekki nægjanlega öflug. Margir aðilar koma við sögu, kaupandi, sveitarstjórn, stjórn verkamannabústaða og Byggingarsjóður verkamanna auk verktaka. Verkaskipting og ábyrgð á einstökum þáttum er oft óskýr. Stjórnir verkamannabústaða eru kjörnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Mannaskipti eru tíð og því er nauðsynlegri þekkingu á framkvæmd laga um félagslegar íbúðir oft áfátt. Reglur sem gilda um íbúðir í verkamannabústöðum eru margar flóknar, t.d. um endursölu, auk þess sem mismunandi reglur gilda allt eftir því hvenær íbúðirnar voru byggðar. Þess vegna er mikilvægt að þekking og reynsla við stjórnun félagslegra íbúða sé í föstum og skipulögðum farvegi.

Í skýrslunni frá 1988 voru settar fram ýmsar hugmyndir um endurbætur á núverandi fyrirkomulagi félagslega íbúðalánakerfisins.

Í fyrsta lagi er bent á lagfæringar sem hægt er að gera án þess að breyta þeirri forsendu að veitt verði sérstök niðurgreidd lán til félagslegra íbúða. Í því sambandi eru m.a. kynntar hugmyndir um að vextir af lánum til félagslegra eignaríbúða verði endurskoðaðir eftir ákveðinn tíma eða endurgreiðslur verði tekjutengdar.

Í annan stað eru settar fram hugmyndir um grundvallarbreytingar á skipan hins félagslega þáttar húsnæðiskerfisins. Þar er gert ráð fyrir að félagsleg aðstoð vegna húsnæðiskostnaðar verði fastbundin afkomu og eignastöðu hverju sinni. Miðað er við að aðstoðin sé almenn og miðuð við félagslega stöðu og tekjur en henni hætt jafnskjótt og hagur vænkast. Jafnframt var m.a. benti á nauðsyn þess að stuðla að auknu framboði leiguhúsnæðis og að húsnæðiskostnaður leigjenda verði greiddur niður með sérstökum húsaleigubótum til jafns við aðstoð hins opinbera við íbúðareigendur fyrir milligöngu skattakerfisins.

Í framhaldi af þessari undirbúningsvinnu skipaði ég síðan í júlí 1989 nefnd til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðarbygginga með það að markmiði að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúða-

lánakerfisins. Nefndinni var falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag og stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt var henni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.

Nefndin skilaði sameiginlegum niðurstöðum sínum 12. febr. sl. Verkefni hennar var annars vegar að endurskoða og einfalda fyrirkomulag félagslega húsnæðiskerfisins og hins vegar málefni leigjenda. Niðurstöður nefndarinnar eru birtar í skýrslu til félmrh. sem þingmenn hafa fengið og í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem hér er til umræðu. Í skýrslunni er fjallað um tillögur nefndarinnar um endurbætur á félagslega húsnæðiskerfinu, tillögur um breytt skipulag húsnæðismála og tillögur er lúta sérstaklega að málefnum leigjenda, þ.e. tillögur um húsaleigubætur, húsaleigumiðlanir, aukið framboð leiguhúsnæðis og endurskoðun laga um húsaleigusamninga. Í frv. því sem hér er til umræðu eru síðan tillögur um breytingar á félagslega hluta húsnæðiskerfisins.

Mjög góð samstaða var í nefndinni um niðurstöðurnar. Í nefndinni komu þó fram ólík sjónarmið og áherslumunur varðandi tillögur um skipan í húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Það að nefndin skilar sameiginlegu áliti undirstrikar þá áherslu sem hún leggur á nauðsyn þess að breyta núverandi fyrirkomulagi en í nefndinni áttu sæti bæði fulltrúi sveitarfélaganna í landinu og fulltrúi samtaka launafólks.

Við undirbúning að lagasetningu um kaupleiguíbúðir var tekið mið af stöðu húsnæðismála á landsbyggðinni. Kaupleiguíbúðirnar hafa þegar sannað gildi sitt og hafa þær verið lyftistöng fyrir húsnæðismálin á landsbyggðinni. Það er alveg ljóst að kaupleiguíbúðirnar opnuðu nýjan möguleika fyrir byggingu leiguíbúða sem höfðu mjög legið í láginni í mörg ár. Segja má að almenna húsnæðislánakerfið hafi verið í stöðugri þróun og endurnýjun frá árinu 1983. Útlán Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa aukist jafnt og þétt en frá árinu 1983 hafa heildarútlán stofnunarinnar aukist um a.m.k. 10% á ári. Heildarútlán Húsnæðisstofnunar frá upphafi, eða frá árinu 1956, til loka ársins 1989 eru um 112 milljarðar kr. á núvirði. Af þeirri fjárhæð hefur 31 milljarður eða 28% verið lánuð út á árunum 1987, 1988 og 1989. Af þessu má ráða hve aðild ríkisvaldsins er orðin mikil í lánveitingum til húsnæðismála og er bein þátttaka hins opinbera í lánveitingum til íbúðarmála hæst hér á landi af öllum Norðurlöndunum. Sú staðreynd undirstrikar nauðsyn þess að gæta vel að því að lánakerfið þjóni vel markmiðum sínum og að sú aðstoð sem veitt er til að jafna húsnæðiskostnað landsmanna komi þeim til góða sem mesta þörf hafa fyrir slíkt, láglaunafólki og barnafjölskyldum.

Á árinu 1986 var tekið upp lánafyrirkomulag sem byggðist á almennum rétti til niðurgreiddra lána úr húsnæðiskerfinu án tillits til þarfa, fjölskyldustærðar, eigna eða tekna. Með gildistöku laga um húsbréfaviðskipti og vaxtabætur í fyrra urðu miklar breytingar á húsnæðiskerfinu. Þessar breytingar, húsbréfin og vaxtabæturnar, leiða til þess að dregið er úr beinni þátttöku hins opinbera við lánveitingar til húsnæðismála og að stuðningur hins opinbera vegna útvegunar eigin húsnæðis er tekju- og eignatengdur.

Að því er varðar einstakar greinar frv. skal vikið að því helsta.

Í 1. gr. er sett fram sú stefnumótun að stuðlað skuli að jafnrétti í húsnæðismálum með því að fólk geti valið um að kaupa eða leigja húsnæði, að aðstoð hins opinbera vegna íbúðalána taki jafnt til eignar- og leiguíbúða. Hingað til hefur áhersla verið lögð á það að fólki sé gert kleift að eignast húsnæði þótt það megi ljóst vera að nokkur hluti landsmanna á þess engan kost og öðrum hentar betur að leigja af ýmsum ástæðum. Það er því réttlætismál að lögin taki til þess hóps og það sé viðurkennt að leiguhúsnæði sé kostur sem á að vera til staðar og hentar mörgum vel.

Í 2. gr. er fjallað um einföldun og samræmingu lánaflokka vegna félagslegra íbúða. Lánaflokkurinn Lán til almennra kaupleiguíbúða, sem nú er í Byggingarsjóði ríkisins, færist yfir í Byggingarsjóð verkamanna og tilheyrir félagslegum húsnæðislánum. Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar á félagslegum forsendum, eignarhald er félagslegt og rekstur einnig. Einnig eru ýmsar takmarkanir á endursölu almennra kaupleiguíbúða svipað því sem gildir um félagslegt húsnæði, t.d. að framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu fyrstu fimm árin og síðan forkaupsrétt. Almennar kaupleiguíbúðir eiga því meiri samleið með félagslegum íbúðum en með íbúðum í almenna húsnæðislánakerfinu. Lánaflokkurinn Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði er felldur niður enda þjónar lánaflokkur Byggingarsjóðs verkamanna í raun slíkum tilfellum og því óþarft að viðhalda slíkum lánaflokki.

Í 3. gr. er kveðið á um nýjan kafla með 52 nýjum greinum undir heitinu Félagslegar íbúðir. Þar eru samræmd núgildandi ákvæði um almennar kaupleiguíbúðir, kafli um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðir og kafli um félagslegar kaupleiguíbúðir.

Fyrst er kveðið á um þau markmið sem sett eru varðandi félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum og eiga að rúmast innan heildarmarkmiða laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér er lögð áhersla á þann skilning að aðstoð hins opinbera sé óháð eignarhaldsformum, að jöfnuður sé í þessu tilliti milli þeirra sem búa í eigin húsnæði og leigjenda. Lykilatriði í markmiðsgreininni eru jöfnuður, öryggi og val. Lögð er áhersla á að miða félagslega aðstoð í húsnæðismálum við aðstæður einstaklinga hverju sinni en ekki ákvarða hana í eitt skipti fyrir öll.

Þá er mörkuð sú stefna að opinberar aðgerðir miði að því að fólk þurfi ekki að verja meira en þriðjungi af tekjum sínum í húsnæðiskostnað. Einnig er lögð áhersla á nauðsyn þess að dreifa og blanda félagslegum íbúðum fremur en að einangra þær margar saman á sérstökum svæðum.

Í 2. gr. er fjallað um skilgreiningar á lánaflokkum þeim sem tilheyra félagslegum íbúðum, tekið er upp heitið „félagslegar eignaríbúðir" í stað verkamannabústaða. Heitið „félagslegar leiguíbúðir" kemur í stað leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Rök fyrir því að nota fremur félagslegar eignaríbúðir en verkamannabústaði er sú að hið síðarnefnda þykir of þröngt þegar hafður er í huga sá þjóðfélagshópur sem á rétt á þessum íbúðum.

Þá er í greininni kveðið á um að almennar kaupleiguíbúðir teljist til félagslegra íbúða, eins og áður var vikið að. Einnig er gert ráð fyrir að lánshlutfall vegna félagslegra íbúða hækki úr 85% í 90% og lánstími kaupleiguíbúða og leiguíbúða verði lengdur í 50 ár.

Frv. gerir ráð fyrir að lánaflokkar í Byggingarsjóði verkamanna verði fjórir, þ.e. lán til félagslegra kaupleiguíbúða, lán til félagslegra eignaríbúða, lán til félagslegra leiguíbúða og lán til almennra kaupleiguíbúða. Þeir sem geta staðið að byggingu félagslegra íbúða eru sveitarfélög eða félagasamtök að undanskildum félagslegum eignaríbúðum sem eingöngu eru á vegum sveitarfélaga. Þeim breytingum sem felast í hækkun lánshlutfalls og lengri lánstíma í sumum tilfellum er ætlað að samræma lánaflokkana auk þess sem lán til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum verða mun aðgengilegri en áður. Með þessu er ætlunin að hvetja til aukins framboðs á leiguhúsnæði.

Í frv. felst sú veigamikla breyting að stjórnir verkamannabústaða og leigunefndir sveitarfélaga verða lagðar niður og húsnæðismál sveitarfélaga verða settar undir sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem verða skipaðar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Í húsnæðisnefnd eiga sæti þrír fulltrúar sveitarfélagsins kjörnir af sveitarstjórn og tveir fulltrúar tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Hver húsnæðisnefnd á að starfa á ábyrgð sveitarfélags sem ber ábyrgð á framkvæmdum, uppgjöri og fjármagni þess.

Í meðferð efri deildar á þessu frv. var sú breyting gerð að þar sem sveitarfélög með fleiri en 10.000 íbúa hafa verulega meiri umsvif hvað varðar félagslegar byggingar þótti eðlilegt að húsnæðisnefndir í viðkomandi sveitarfélagi séu skipaðar sjö mönnum. Einnig er skýrt kveðið á um, eftir meðferð frv. í efri deild, að húsnæðisnefnd hafi umsjón með byggingu félagslegs húsnæðis eins og fram kemur í grg. með frv. Slíkt er gert í umboði sveitarstjórnar.

Eins og ég vék að áðan var góð samstaða í nefndinni en ólík sjónarmið og áherslumunur kom fram varðandi skipan í húsnæðisnefndir. Fulltrúar samtaka launafólks voru ósáttir við að þeirra fulltrúum væri fækkað og fulltrúi sveitarfélaganna vildi fremur að sveitarfélögin skipuðu húsnæðisnefndir alfarið án tilnefningar frá samtökum launafólks. Niðurstaðan er því málamiðlun sem aðilar sættust á til að tefla ekki nauðsynlegri breytingu á félagslega húsnæðiskerfinu í tvísýnu.

Mikil hagræðing felst í því að koma á fót húsnæðisnefndum. Allt félagslegt húsnæði sveitarfélagsins verður undir einni stjórn. Málefnum leigjenda verður sinnt og umsjón með framkvæmdum verður á einni hendi. Þar með ætti þjónustan að verða betri og tryggt að sú þekking sem nauðsynleg er í þessu sambandi fái meiri festu hjá starfsfólki sveitarfélagsins. Eins og nú háttar heyra félagslegar eignaríbúðir eða verkamannabústaðir undir stjórnir verkamannabústaða en félagslegar kaupleiguíbúðir, leiguíbúðir og íbúðir aldraðra heyra beint undir sveitarstjórnir. Samkvæmt núgildandi lögum eru stjórnir verkamannabústaða skipaðar þrem fulltrúum tilnefndum af sveitarfélögum en aðildarfélög ASÍ tilnefna tvo fulltrúa og félag opinberra starfsmanna tilnefnir einn fulltrúa. Félmrh. skipar stjórnir verkamannabústaða og í sveitarfélögum með yfir 10 þús. íbúa skipar félmrh. einn mann til viðbótar í stjórnina og skal hann vera formaður.

Þar sem stjórnir verkamannabústaða eru nú skipaðar af félmrh. tilheyra þær stjórnsýslu ríkisins en ekki sveitarfélags. Það hlýtur að teljast óheppilegt með hliðsjón af því að sveitarfélögin leggja fram óafturkræf framlög til verkamannabústaða og bera ábyrgð á framkvæmdum. Í núverandi fyrirkomulagi eru valdamörk milli sveitarstjórna og stjórna verkamannabústaða oft óljós enda hafa ýmis erindi borist félmrn. vegna ágreinings af þeim sökum. Tengsl milli stjórna verkamannabústaða og sveitarfélaga eru afar misjöfn, í sumum sveitarfélögum lítil sem engin. Stjórnunum eru falin veigamikil verkefni án þess að ábyrgð þeirra sé skýr. Þá hefur verið bent á hve óheppilegar þær tíðu mannabreytingar eru sem átt hafa sér stað í stjórnum verkamannabústaða. Einnig eru dæmi um að uppgjör vegna byggingarkostnaðar verkamannabústaða hafi dregist úr hömlu, jafnvel í þrjú ár, og leitt til mikilla vandræða fyrir íbúa og byggingarsjóði. Í sumum minni sveitarfélögum hefur vandinn verið leystur með því að fela sérstökum starfsmanni bæjarfélagsins að annast fjármál vegna verkamannabústaða og hafa umsjón með endursölu þeirra, en annars staðar er hann óleystur.

Tillagan um húsnæðisnefndir með forræði sveitarfélagsins og skýrum ákvæðum um ábyrgð og ráðstöfun félagslegra íbúða felur í sér mjög nauðsynlega grundvallarbreytingu á stjórnun félagslegra íbúðarmála. Áhersla er lögð á upplýsingar um þá kosti sem fyrir hendi eru og jafnframt að við úthlutun félagslegra eignaríbúða verði greiðslugeta umsækjenda metin og þeim sem ekki er ráðlagt að festa kaup á íbúð bent á leiguhúsnæði. Eðlilegt er að húsnæðisnefnd hafi umsjón með þessu verkefni þar sem eftirlit með félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagsins í heild sinni er á hennar vegum.

Markmið tillagna nefndarinnar er einföldun og samræming félagslegrar aðstoðar í húsnæðismálum og því lagt til að húsaleigunefndir verði lagðar niður og verkefni þeirra færð til húsnæðisnefnda.

Það er rétt að nefna í þessu sambandi að á Akureyri hefur sveitarfélagið þegar fetað sig í átt að

samræmingu í umsýslu með félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélagsins með því að koma á sérstakri húsnæðisskrifstofu sem opnuð var í febrúar sl.

Í 57.–63. gr. er kveðið á um skyldur og ábyrgð framkvæmdaaðila að félagslegum íbúðum. Lögð er rík áhersla á það í frv. að skýrt komi fram hver beri ábyrgð á félagslegu húsnæði og að hvert og eitt sveitarfélag beri ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess. Í núgildandi lögum er ekki nægilega skýrt fjallað um það hvernig ábyrgð skiptist á milli stjórnar verkamannabústaða, sveitarstjórna og Byggingarsjóðs verkamanna.

Í 60. gr. er kveðið á um að taka í lög þá heimild sem nú er í reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna að taka 1% af endursöluverði félagslegrar eignaríbúðar vegna kostnaðar við að annast endursöluna. Jafnframt er kveðið skýrt á um að allur kostnaður verði á herðum sveitarfélaga en framkvæmd þessara mála er nú með þeim hætti að ýmis kostnaður, t.d. ef íbúðin stendur tóm vegna viðgerða, hefur verið greiddur af Byggingarsjóði verkamanna. Þannig er lagt til að heimild til gjaldtöku verði lögfest en jafnframt skýrt kveðið á um ábyrgð framkvæmdaraðila vegna umsýslukostnaðar við endursölu.

Þá er sú nýjung gerð varðandi fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna að bein og óafturkræf framlög sveitarfélaga sem byggja félagslegar eignaríbúðir eru felld niður. Þess í stað er þeim gert að lána sjóðnum 10% af kostnaðarverði hverrar íbúðar með því að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði verkamanna. Lagt er til að lánstími skuldabréfanna verði 15 ár og vextir þeir sömu og gilda um útlán sjóðsins hverju sinni. Tillaga um að fella niður óafturkræf framlög sveitarfélaga er sett fram til samræmingar við kaupleiguíbúðir en þar er ekki um að ræða óafturkræf framlög sveitarfélaga. Rökin fyrir láni sveitarfélaga til félagslegra eignaríbúða eru þau að með því móti megi tryggja ábyrgð þeirra á byggingu félagslegra eignaríbúða. Með því að hverfa frá óafturkræfu framlagi yfir í lán af hálfu sveitarfélaga megi jafnframt auðvelda sveitarfélögum að taka þátt í því að koma upp félagslegum íbúðum.

Samkvæmt frv. er lagt til að felld verði niður heimild til þess að lán megi nema 100% byggingarkostnaðar, sbr. heimild 66. gr. laga nr. 86/1988, um 10% viðbótarlán ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og fjárhagsaðstæður. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeir sem kaupa íbúðir eigi fyrir nokkurn sparnað og leggi fram hluta kaupverðs. Reynslan hefur sýnt að þeir sem fengið hafa slíkt viðbótarlán geta oft ekki staðið í skilum og getur því slík aðstoð snúist upp í andhverfu sína. Því er hér lagt til að umsækjendum, sem eru það illa staddir að þeir sjá ekki fram á að kaupa eignaríbúð með öðrum hætti en 100% láni, sé vísað á félagslegt leiguhúsnæði enda miða tillögur frv. að því að framboð á félagslegu leiguhúsnæði aukist.

Í frv. er lagt til að vextir af framkvæmdalánum Byggingarsjóðs verkamanna verði hækkaðir. Framkvæmdalán hafa hingað til verið á mismunandi kjörum eftir því hvor byggingarsjóðurinn á í hlut. Frv. gerir ráð fyrir að vextir framkvæmdalána til byggingar félagslegra íbúða verði samræmdir því sem gerist í Byggingarsjóði ríkisins þannig að byggingarkostnaður sé sambærilegur. Þessi tillaga er einnig liður í því að koma í veg fyrir að uppgjör byggingarkostnaðar dragist úr hömlu eins og margoft hefur gerst á undanförnum árum. Tafir á uppgjöri hafa dregið úr lánamöguleikum byggingarsjóðsins.

Það er stefna frv. að niðurgreiðsla vegna félagslegra íbúða verði tekjutengdari en verið hefur og færist í ríkari mæli yfir í skattkerfið, rétt eins og gert er í almenna húsnæðiskerfinu, en verði ekki í formi vaxtaniðurgreiðslu framkvæmdalána.

Í frv. er lagt til að stærðarmörk félagslegra íbúða verði hin sömu og nú gilda um kaupleiguíbúðir eða 130 fermetrar, sama hvers konar íbúð á í hlut. Mikilvægt er að halda niðri húsnæðiskostnaði fólks og ólíklegt má telja að fólki sé í kot vísað þó íbúðir séu ekki stærri enda hefur fjölskyldustærð hér á landi minnkað á undanförnum árum.

Sú breyting er gerð í frv. að greint er á milli tekna hjóna og einhleypinga varðandi þau tekjumörk sem gilda um rétt manna til félagslegra íbúða. Nú gildir sama viðmiðun fyrir einstakling og hjón. Fjölskylduaðstæður hafa breyst verulega á sl. árum, allur meginþorri kvenna vinnur utan heimilis og aflar tekna, þannig að eðlilegt er að taka tillit til þess að hjón hafa hærri tekjur samanlagt en einhleypingar. Lagt er til að núgildandi tekjumörk fyrir hjón verði hækkuð um 25%.

Varðandi þau skilyrði sem gilda um rétt til kaupa á félagslegri eignaríbúð eru þau nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir tekjulágmarki, þ.e. að kaupandi eignaríbúðar verði að sýna fram á að geta staðið undir kaupunum og að greiðslugetan verði metin. Reglan sem hér er sett er sú að húsnæðiskostnaður megi ekki fara yfir þriðjung tekna. Með þessum breytingum er verið að tryggja að íbúðum sé ekki úthlutað til þeirra sem ekki ráða við kaup og þar með reynt að koma í veg fyrir mikil vandræði. Fólk sem lendir undir lágmarkinu verður að eiga kost á leiguhúsnæði enda sýni tekjur að viðkomandi ræður ekki við annað en lága húsaleigu.

Í 86. gr. er fjallað um hert viðurlög við óleyfilegri útleigu félagslegra eignaríbúða. Upplýst er að nokkuð er um það að verkamannabústaðir, sem úthlutað er á félagslegum forsendum, eru leigðir út án heimildar stjórna verkamannabústaða. Mikilvægt er að reglur um útleigu á félagslegum eignaríbúðum verði hertar, svo og refsingar við óleyfilegri útleigu. Rök fyrir hinum hertu viðurlögum eru þau að félagslegar íbúðir skulu einungis nýttar af því fólki sem hefur þörf fyrir þær.

Í 87. gr. er fjallað um takmarkanir á heimildum til veðsetningar á félagslegum eignaríbúðum. Þegar lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var breytt árið 1980 og lán til félagslegra íbúða hækkuðu upp í 90% af kostnaðarverði giltu ákvæði um að íbúðareigendum í verkamannabústöðum væri óheimilt að veðsetja

íbúðir sínar fyrir öðrum lánum en lánum Byggingarsjóðs verkamanna fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Með lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var sú breyting á gerð um þetta atriði að íbúðareigendum var heimilað að veðsetja íbúðir sínar fyrir öðrum lánum. Athuganir á greiðsluerfiðleikum og nauðungarsölum sýna að óheppilegt er að hafa slíka heimild til veðsetningar félagslegra eignaríbúða án takmörkunar þegar um er að ræða hátt lánshlutfall. Því er hér lagt til að heimild til veðsetningar verði bundið því að eigandi hafi greitt af láninu og að óheimilt verði að veðsetja íbúðina fyrir öðrum lánum fyrr en greitt hefur verið af láni Byggingarsjóðs verkamanna sem nemi því að fjárhæð lánsins sé lægri en 75% af uppfærðu kostnaðarverði íbúðarinnar.

Í 91. gr. er kveðið á um hertar reglur er lúta að uppgjöri á byggingarkostnaði. Hér er lögð til sú breyting að ákveða frest sem framkvæmdaraðili hafi til að láta kaupanda í té afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi þá staðið í skilum að fullu. Hæfilegt þykir að veita framkvæmdaraðila tveggja mánaða frest. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að veita framkvæmdaraðila ákveðið aðhald svo óeðlilegur dráttur verði ekki á afsali til kaupanda.

Í frv. er lagt til að sú regla sem nú gildir um almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir, að vaxtakjör á lánum skuli endurskoðuð með ákveðnu millibili, gildi um allar félagslegar íbúðir. Hér er um eitt af grundvallaratriðum þessa frv. að ræða og kemur fram í markmiðsgreininni, þ.e. opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði miðist við aðstæður fólks á hverjum tíma en séu ekki bundnar við eina tímasetningu. Með þessu er leitast við að tryggja að félagslegar íbúðir þjóni markmiðum sínum og að sú aðstoð sem veitt er með niðurgreiddum vöxtum sé háð tekjum.

Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið á kjörum þeirra sem búa í verkamannabústöðum batna kjör margra er fram líða stundir og er allstór hluti íbúa verkamannabústaða yfir þeim tekjumörkum sem gengið er út frá við úthlutun íbúða. Því má álykta sem svo að þeir þurfi ekki jafnmikla félagslega húsnæðisaðstoð og þegar þeir sóttu um.

Í frv. er því gert ráð fyrir að tekjur eigenda félagslegra íbúða verði kannaðar eftir átta ár, eins og nú gildir um félagslegar kaupleiguíbúðir og heimilt verði að endurskoða vaxtakjör til samræmis við þá vexti sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir komi í ljós að kjör hafi batnað. Þar með verður dregið úr félagslegri aðstoð og lán greiðast hraðar niður. Í frv. var gert ráð fyrir að tekjur væru síðan athugaðar á fimm ára fresti en við meðferð frv. í Ed. var það stytt í þrjú ár.

Virðulegi forseti. Í tengslum við kjarasamninga launafólks og vinnuveitendur í febrúar sl. lýsti ríkisstjórnin því yfir að í framhaldi af tillögum þeim sem hér liggja fyrir í þessu frv. verði skipuð nefnd með þátttöku samtaka launþega sem geri áætlun um hvernig auka megi framboð á félagslegu húsnæði. Nefndin verður skipuð þegar þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu hér á Alþingi en stefnt er að því að hún ljúki störfum fyrir 1. sept. 1990. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að málið fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Þörf fyrir félagslega aðstoð er enn langt umfram framboð félagslegra íbúða. Þessi staðreynd undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að það fjármagn sem lagt er í félagslega húsnæðiskerfið nýtist sem best og komi þeim til góða sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð. Í þessu frv. eru settar fram tillögur í því augnamiði að fjármagn nýtist betur og afkastageta lánakerfisins aukist. Tillögurnar ganga bæði í þá átt að auka tekjur Byggingarsjóðs verkamanna og auka útgjöld hans. Hækkun vaxta á framkvæmdalánum og öðrum lánum sjóðsins auka tekjur hans. Lenging lánstíma leiðir einnig til þess að endurgreiðslur lána til sjóðsins aukast þegar til lengri tíma er litið. Gert er ráð fyrir að það fé sem ætlað hefur verið til almennra kaupleiguíbúða færist yfir í Byggingarsjóð verkamanna, sjóðurinn fái auknar vaxtatekjur og þeir sem búa nú við betri hag greiði meira af félagslegum íbúðarlánum sínum. Þá er gert ráð fyrir að tilkoma húsbréfakerfisins muni smám saman létta á Byggingarsjóði ríkisins og hluti þess fjár verði látinn renna til Byggingarsjóðs verkamanna, þangað sem þörfin er mest.

Samkvæmt kostnaðarmati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. leiða tillögur frv. ekki af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hér er fyrst og fremst um að ræða að nýta það fjármagn sem fyrir hendi er í Byggingarsjóði verkamanna með öðrum og hagkvæmari hætti en áður. Hækkun vaxta, lenging lánstíma, afnám 100% lánveitinga og heimild til að endurskoða vaxtakjör lántakenda hefur í för með sér að staða Byggingarsjóðs verkamanna styrkist.

Ég vil, virðulegi forseti, undirstrika í lokin mikilvægi þess að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. Ég hef ástæðu til að ætla að nokkuð breið samstaða geti verið um þetta mál á hæstv. Alþingi.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

84. fundur, miðvikudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Frv. um stjórn fiskveiða.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Eins og forseta er kunnugt hefur þessi hv. deild til umfjöllunar frv. um stjórn fiskveiða. Þar er búið að vinna lengi og á ýmsan veg. Á síðustu stundum, í morgun og í gær, var farið að fjalla um frv. á svolítið sérstakan hátt, fyrst af hæstv.

sjútvrh. og síðan af fulltrúa í sjútvrn. þannig að ég tel fulla ástæðu til að benda á þessi sérstöku vinnubrögð ráðuneytisins og óska eftir að hæstv. sjútvrh. verði hér viðstaddur meðan ég fjalla lítillega um þessi sérstöku vinnubrögð ráðuneytisins. (Forseti: Hæstv. sjútvrh. er ekki kominn í húsið.) Ef hæstv. ráðherra er ekki við tel ég rétt að ég fresti þessari umfjöllun minni þar til hann er við.

Námsgagnastofnun, ein umr.

Stjfrv., 167. mál (heildarlög). — Þskj. 1018.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Í meðförum Nd. var gerð smávægileg breyting á frv. til laga um Námsgagnastofnun sem þegar hafði verið afgreitt úr þessari hv. deild. Það er í rauninni ekki efnisbreyting heldur áhersluatriði.

Í stað orðanna „kannanir og rannsóknir“ í 5. gr. frv. standi: og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum. Ég hef rætt þessa breytingu við einstaka nefndarmenn í menntmn. þessarar hv. deildar og nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1035).

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (niðurfelling gagnvart Namibíu). — Þskj. 788, n. 1010.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1010 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, og kemur það frá fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt án breytinga. Málið kom til Ed. frá Nd. Þar var engin brtt. gerð við frv. og taldi Ed. Alþingis ekki heldur ástæðu til að breyta frv. frá því sem var. Frv. er um það að eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Namibíu verði aflétt því banni á viðskiptum sem er í núgildandi lögum, en áfram er haldið banni við viðskiptum við Suður-Afríku.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Samningur um aðstoð í skattamálum, 2. umr.

Stjfrv., 496. mál. — Þskj. 868, n. 1011.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 1011 um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samninga milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

Nefndin fjallaði um frv. á fundi sínum í gær og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 528. mál (söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.). — Þskj. 925.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Lánasýsla ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872, n. 1012.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1012 um frv. til laga um stofnun Lánasýslu ríkisins. Nál. er frá fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um frv. Eftirtaldir voru kallaðir á fund nefndarinnar: Már Guðmundsson, efnahagsráðunautur fjmrh., Ingimundur Friðriksson, forstöðumaður alþjóðasviðs Seðlabankans, og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga. Undir þetta rita allir nefndarmenn. Eyjólfur Konráð Jónsson ritar undir með fyrirvara.

Það frv. sem hér um ræðir er um stofnun sérstakrar

stofnunar er nefnist Lánasýsla ríkisins. Á hún að hafa með að gera öll viðskipti ríkisins er varða innlenda sem erlenda lánsfjáröflun og sjá um sölu spariskírteina ríkissjóðs og einnig að hafa yfirumsjón með lántökum ríkisins erlendis.

Í umsögnum þeirra aðila sem mættu fyrir nefndina kom fram nauðsyn á stofnun sérstakrar stofnunar þar sem þetta er nú til húsa í fjmrn. og að æskilegt sé að fela þetta sjálfstæðri stofnun þar sem umfang þessara mála er orðið svo mikið að það telst til hlýða.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál enda allir nefndarmenn sammála um að þessi stofnun skuli sett á stofn. Ég legg því til fyrir hönd nefndarinnar að mál þetta verði samþykkt óbreytt.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að það er mjög mikilvægt að vel sé fyrir því séð að umsjón með erlendum lánum og lántökum sé svo fyrir komið í ríkiskerfinu að það geri hvort tveggja í senn að tryggja það, eftir því sem hægt er, að þau kjör sem við búum við séu þau bestu sem kostur er á á hverjum tíma og hins vegar að vel sé með því fylgst að okkur Íslendingum takist að standa við skuldbindingar okkar, en þau mál hafa verið í mjög góðu lagi eins og kemur fram í þeim lánskjörum sem við Íslendingar höfum notið á almennum fjármálamarkaði. Þessi fáu orð mín lúta af þeim sökum ekki að þeim hluta málsins heldur vil ég, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli á því að fyrir nokkrum árum þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var brotin upp og hún klofin í tvær stofnanir, annars vegar Byggðastofnun sem átti að hafa veruleg umsvif og hins vegar Framkvæmdasjóð, var út frá því gengið að Framkvæmdasjóður yrði mjög lítil stofnun og menn töldu að draga mundi úr hlutverki sjóðsins, það mundi minnka, en verkefni hans færast yfir á aðrar stofnanir.

Nú hefur það gerst gegn vilja löggjafans að Framkvæmdasjóður hefur hlaðið utan á sig og nú síðast fengum við fregnir af því að hugmyndin sé að ráða sérstakan aðstoðarframkvæmdastjóra fyrir Framkvæmdasjóð og hefur meira að segja verið haft í flimtingum að sá sem það embætti eigi að hreppa sé af fjölskyldu sem vel hefur verið séð fyrir af flokkssystkinum hennar eftir að hinir pólitísku vinir fjölskyldunnar komust til áhrifa og metorða í þjóðfélaginu.

Nú þarf það ekki að þýða, hæstv. forseti, að þessi fjölskylda sé ekki vel af guði gerð og geti ekki gert þjóðinni gagn og má enginn skilja orð mín svo að ég sé að draga það í efa. Ég er einungis að draga fram að hugmyndin er enn að auka umsvif Framkvæmdastofnunar, gagnstætt því sem löggjafinn ætlaðist til þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var lögð niður.

Nú hefði ég, hæstv. forseti, undirbúið tillögu um það í tengslum við lánastofnun ríkisins að leggja starfsemi Framkvæmdasjóðs ríkisins niður og láta verkefni hans, eftir því sem við á, falla undir Lánasýslu ríkisins ef ég hefði haft tök á og ef mér hefði verið kunnugt um það með lengri fyrirvara að stofnun þessarar sérstöku ríkisstofnunar væri á döfinni. Þó svo að ekki gefist svigrúm til þess nú að flytja um það frv. hér á Alþingi að Framkvæmdastofnun ríkisins verði lögð niður og verkefnum hennar skipt eftir atvikum milli einstakra stofnana, aðallega kannski Lánasýslu ríkisins, sé ég ekki ástæðu til að setja fótinn fyrir það frv. sem við erum að ræða en lýsi þeirri skoðun minni að brýnt sé að Framkvæmdasjóðurinn verði lagður niður til þess að spara opinber útgjöld og koma í veg fyrir að ráðherrarnir hafi svona einhvern prívatsjóð eins og Bör Börsson á sínum tíma átti sinn prívatbanka Öldurdæla sem að vísu var miklu betri stofnun en þeir prívatsjóðir sem ráðherrar Íslands eru að leika sér að núna.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals vil ég taka það fram að í nefndinni var einmitt rætt um það hvort fella ætti Framkvæmdasjóð undir Lánasýsluna en menn töldu ekki ástæðu til þess á þessu stigi að gera það þar sem fyrirhugað væri að setja nefnd á stofn um það að taka sjóðakerfi ríkisins til endurskoðunar nú í sumar. Þess vegna var frekar litið til þess að í þeirri umfjöllun kæmi það til að framtíð Framkvæmdasjóðs og kannski fleiri sjóða mundi ráðast.

Það er mikil spurning um marga þá sjóði sem nú eru við lýði hvort þeir hafa ekki runnið sitt skeið á enda. Ég er þeirrar skoðunar að það mætti sameina marga fjárfestingarlánasjóði þar sem þeir skapa vissa hólfun á fjármagnsmarkaði. Og kannski er þörfin sem var á sínum tíma þegar þeir voru settir á stofn ekki lengur fyrir hendi.

Ég vil því í þessari umræðu vísa til starfs þessarar nefndar í sumar og vonast eftir því að ríkisstjórnin komi til með að leggja fram frv. á næsta þingi þar sem sjóðakerfi ríkisins verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
6.–12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 1016.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Þegar þetta mál bar á góma hér síðast og ég mælti fyrir af hálfu menntmn. brtt. eða ákvæði til bráðabirgða komu fram ábendingar um að e.t.v. væru atriði þarna sem væru ekki nægilega skýrt orðuð.

Á fundi nefndarinnar í morgun urðu nefndarmenn sammála um að leggja til eða flytja skriflega brtt. við

ákvæði til bráðabirgða eins og það liggur nú fyrir, að við það bætist tvær setningar, svohljóðandi: „Um ráðningu forstöðumanns í embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands fer eftir háskólalögum. Að öðru leyti fer um forstöðumann eins og segir í 5. gr. laga þessara."

Ég leyfi mér sem sagt að flytja fyrir hönd nefndarinnar þessa skriflegu brtt. Með þessu teljum við að öllum efa sé eytt og tekin af öll tvímæli um stöðu viðkomandi starfs og starfsmanns.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1031, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð vegna þess að ég sat í þeirri nefnd sem samdi frv. á sínum tíma. Ég vildi aðeins láta það koma fram hér í þessari umræðu að ég er mjög sátt við þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. Ég tel að þær hafi verið til bóta og eins og hv. frsm. og formaður nefndarinnar greindi frá taka þær af allan vafa um skilning og vilja nefndarmanna um stöðu og réttindi forstöðumanns. Ég vildi bara láta það koma fram að ég styð þessar breytingar eindregið og tel að þær hafi verið til bóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1031 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ferðamál, 3. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 1017, brtt. 1023.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það fór svo við 2. umr. hér í hv. deild að tillaga hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um að vísa frv. til laga um skipulag ferðamála til ríkisstjórnarinnar féll á jöfnum atkvæðum sem er að mínu mati einkennileg niðurstaða hv. þingmanna þar sem nú hefur verið lögð fram till. til þál. um heildarstefnumótun í ferðamálum, tillaga sem unnin er af nefnd skipaðri af hæstv. samgrh. og er til meðferðar hér í þinginu núna og mun að öllum líkindum fara til athugunar í nefnd í sumar. Það er því með ólíkindum að við hér í hv. efri deild erum á sama tíma og við vinnum að heildarstefnumótun í ferðamálum í sameinuðu þingi að afgreiða einn afmarkaðan þátt þessara mála.

Fyrsta gr. frv. um skipulag ferðamála á þskj. 1017 er svo sem ágæt og markmið frv., að vekja athygli sveitarstjórnarmanna á mikilvægi þessa málaflokks, en eðlileg vinnubrögð tel ég þó vera að vísa þessu frv. inn í þá vinnu sem á sér nú stað um heildarstefnumótun ferðamála í landinu.

Um 2. gr. frv. er það að segja að ég tel það afar einkennilegt að ætla að fara að festa í lögum heimild til sveitarstjórna til að skipa nefnd. Sveitarstjórnir hafa fulla heimild til að skipa nefndir um þau mál sem þær vilja fjalla um. Og hvað þá að nefndinni sé síðan samkvæmt lögum heimilt að kalla til sín áheyrnarfulltrúa. Það finnst mér líka alveg með endemum.

Á sama tíma og við erum að taka það fyrir hér á þingi að veita sveitarstjórnum heimildir til þess að skipa nefndir, þá var verið að dreifa hér áðan till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Og ég tel nú að þetta frv. sé ekki í þeim anda.

Að þessu sögðu hef ég leyft mér, herra forseti, að leggja fram till. til rökstuddrar dagskrár sem hljóðar svo:

„Þar eð nefnd skipuð af samgrh. vinnur nú að athugun ferðamála, þar á meðal að endurskoðun laga um ferðamál, telur deildin eðlilegt að efnisatriði þessa máls komi til athugunar við þá heildarendurskoðun og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Út af ræðu hv. 4. þm. Suðurl. vil ég gera hv. þingmönnum reglulega ljóst að hér er á ferðinni ansi merkilegt og mikið mál, þessi ferðamálastefna hæstv. samgrh. Mikið plagg bæði að efni til ... (Gripið fram í.) ja, gott plagg bæði að efni til og mikið magn af pappír, en í fyrsta lagi er þetta þáltill. um hvernig skuli framfylgja ferðamálastefnu og fellur því í engu saman við það lagafrv. sem hér er til umfjöllunar og því algjörlega rangt að vera að óska eftir því við hv. deild að þetta frv. verði tekið af dagskrá deildarinnar með tilvísun til þáltill. sem ég var að fjalla um. Það fellur ekki heim og saman, ég vil benda hv. þingmönnum á það, og að nokkru leyti hefur deildin þegar afgreitt þetta mál með því að fella tillögu hv. 4. þm. Vestf. um það að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Þar með er eðlilegt að þetta mál gangi sinn rétta veg og verði samþykkt hér í hv. deild og verði síðan sent til neðri deildar til frekari umfjöllunar þar.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það er vissulega álitamál hvort eigi að vera að eyða svo miklum tíma í frv. sem hér liggur fyrir en ég styð tillögu þá sem fram hefur komið frá hv. 4. þm. Suðurl. um að málinu verði vísað frá. Ég tel allsendis óeðlilegt að Alþingi fari að setja lög um það að ákveðinni nefnd sé heimilt að kalla til sín áheyrnarfulltrúa, eins og segir hér, sem tengjast ferðamálum þegar ástæða þykir til. Það vita allir landsmenn og allir sveitarstjórnarmenn að þetta er heimilt. Og það dettur engum í hug að það þurfi lagasetningu til. Það segir einnig

hér: „Enn fremur getur sveitarstjórn falið ferðamálanefnd umsjón tjaldsvæða, stjórn umferðar að fjölsóttum ferðamannastöðum og annan þann rekstur sem æskilegt kann að vera.“ Hverjum dettur í hug að þetta sé ekki heimilt? Þarf að lögfesta þetta? (Gripið fram í.) Mér finnst það fráleitt að svo verði gert. (**Gripið fram í:** Það er kannski rétt í Keflavík.) (**Gripið fram í:** Og Stokkseyri.) Ég tel fráleitt að þingið sé að eyða pappír í að lögfesta svona hluti og það dettur engum manni í hug að þess þurfi. Svo segir einnig hérna í 2. gr.: „Ferðamálanefnd er heimilt að taka sanngjarnt gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir.“ Hverjum dettur í hug að það sé ekki heimilt? Dettur nokkrum manni í hug að það þurfi að lögfesta svona hluti? Ég held að Alþingi Íslendinga hafi mikið þarfara hlutverki að gegna en að eltast við svona frv. sem fjallar um ekki neitt, nema það að lögfesta hluti sem allir telja sjálfsagða, og eftir á að hyggja munu menn líta á það sem undarlega hluti ef þetta verður lögfest.

Það liggur fyrir að til umræðu er frv. um ferðamál sem þarf að fara vandlega ofan í. Því tel ég eðlilegt að þessu máli verði vísað frá og ef eitthvað bitastætt fyndist í frv. sem hér er til umræðu mætti tengja það þeirri lagasmíð.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Þessi umræða er á margan hátt endurtekning á því sem þegar hefur verið fjallað um í þessari hv. deild. Hér hafa ekki komið fram nein ný efnisleg rök og þar af leiðandi er ekki ástæða til að hafa hér mörg orð um. Ég vil hins vegar sérstaklega benda á það að meginröksemd flutningsmanns, hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, er sú að vegna þess að lögð hafi verið fram till. til þál. um ferðamálaáætlun sé þessi afgreiðsla hér óeðlileg. Þessu vil ég mótmæla þó ekki væri nema vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að á næsta ári verði lögð fram lagafrv. á grundvelli þeirrar áætlunar. Það liggur að sjálfsögðu ekkert fyrir um það hvenær þau lagafrv. taka gildi. Það væri ekki þörf á að breyta mikið lögum á Alþingi ef þessi kenning ætti að verða algild, að vegna áformaðrar breytingar á einhverri löggjöf, einhvern tímann, ætti ekki að gera ráðstafanir á viðkomandi þingum. Þetta stenst náttúrlega, eins og við vitum, engan veginn og auðvitað er kunn sú vinnutilhögun hér að breyta sumum lögum á milli ára, jafnvel árlega eftir því sem tíminn krefur. Ég óska þess sannarlega að ferðamálaáætlunin og sú löggjöf sem kann af henni að spretta stuðli að betri og bættri þróun þessara mála. Og ekki skal standa á mér að stuðla að slíkum árangri. En það getur auðvitað ekki breytt afstöðu minni til þessa máls sem er til bóta í þessum málaflokki og byrjar þá að telja á þann veg þegar málið hefur fengið jákvæða niðurstöðu hér á Alþingi. Þetta er grundvallaratriði í málinu og mér þótti sérstök ástæða til að koma því hér á framfæri.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa stuðningi mínum við þessa dagskrártillögu sem hér hefur verið borin fram af hv. 4. þm. Suðurl.

Ég tek undir hvert orð sem hv. 4. þm. Suðurl. lét falla sem rökstuðning fyrir þessari dagskrártillögu, svo og það sem hv. 4. þm. Reykn. sagði um þetta sama efni. En sérstaklega vísa ég til þess sem ég sagði sjálfur um þetta efni við 2. umr. í ítarlegri ræðu sem mér fannst rétt að flytja vegna þess að mér finnst málið í sjálfu sér efnislega og formlega með ólíkindum. Og þá hef ég í huga að það hefur verið leitað umsagna sex eða sjö aðila sem varðar ferðamálin í landinu og hafa mest með þau að gera og enginn hefur mælt með samþykkt frv. sem við nú ræðum en yfirleitt hefur verið bent á það að vel færi á því að taka efnisatriði frv. til meðferðar við þá heildarendurskoðun á ferðamálunum sem á sér stað.

Það að nefndin sem vinnur að endurskoðun ferðamálalaganna hefur lagt fram þáltill. breytir engu í þessu efni vegna þess að þar er um áfangaskýrslu að ræða og gert ráð fyrir að nefndin haldi áfram störfum af alefli fram á næsta haust og á hún mikið verk enn óunnið.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég vildi aðeins segja þessi orð til áherslu á því að ég fylgi og fagna þeirri tillögu sem hv. 4. þm. Suðurl. hefur hér lagt fram og mælt fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Rökstudd dagskrá á þskj. 1023 felld með 8:5 atkv.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Sementsverksmiðja ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 436. mál (stofnun hlutafélags, stjfrv.). — Þskj. 757, n. 1008, brtt. 1009.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Hv. iðnn. hefur fjallað um málið, frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Nefndin fékk umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, bæjarstjórn Akraness, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríkisins, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnrn., Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, og Sigurgeir Sigurðsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga.

Almennt voru umsagnaraðilar samþykkir frv. og mælir nefndin með samþykkt þess. Nefndin flytur brtt. á sérstöku þingskjali að ósk bæjarstjórnar Akraness.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Brtt. er reyndar ekki stór í sniðum. Hún fjallar um

það að þrjú orð falli niður úr frv., þ.e. b-lið 1. gr. Þar segir: „Öll hlutabréf í hlutafélaginu eru eign ríkissjóðs við stofnun félagsins." Það eru þessi þrjú orð, „við stofnun félagsins", sem brtt. gerir ráð fyrir að verði felld niður.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. um frv., nál. hv. iðnn., með fyrirvara og þess vegna þykir mér hlýða að segja nokkur orð við þessa umræðu um málið. Ég tek fram: Ég er aðili að nál. sem leggur til að frv. verði samþykkt.

Það er eitt atriði í sambandi við þetta mál sem nokkuð hefur komið til umræðu og verið skiptar skoðanir um. Það er það hvernig á að fara með eignarhald á hlutabréfum verksmiðjunnar, þegar Sementsverksmiðjunni hefur verið breytt í hlutafélag. Það eru tvær skoðanir í því efni. Annars vegar er sú skoðun að sem minnstar hömlur eigi að vera á meðferð og sölu hlutabréfa í þessu fyrirtæki og ég er samþykkur því sjónarmiði. Hitt sjónarmiðið er það að ríkið eigi ekki að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni, það eigi eitt að eiga hlutabréfin.

Frv. eins og það liggur fyrir tekur tillit til beggja þessara sjónarmiða og að því leyti hafa sjónarmið verið samræmd. Ég hef talið rétt eftir atvikum að fylgja þeirri lausn á málinu. Í frv. segir að öll hlutabréf í hlutafélaginu séu eign ríkissjóðs, en það er bætt við: við stofnun félagsins. Þetta gefur til kynna að ekki eigi að vera útilokað að selja bréfin, enda eru bein ákvæði um það í 8. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því með þessu orðalagi, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis með breytingu á b-lið 1. gr." Það er ákvæðið sem ég vitnaði í áður.

Eins og hv. frsm. og formaður iðnn., hv. 4. þm. Reykn., tók fram leitaði nefndin umsagna ýmissa aðila um frv. Varðandi það atriði sem ég hef hér sérstaklega vikið að, sölu hlutabréfa, þykir mér rétt að taka fram það sem tveir aðilar, sem leitað var umsagna hjá, segja. Það er í fyrsta lagi það sem segir í bréfi frá bæjarstjóranum á Akranesi, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Akraness lýsir yfir stuðningi við efni frv. Sú stuðningsyfirlýsing er gefin í trausti þess að Sementsverksmiðjan skuli áfram vera eign ríkisins."

Hitt sem ég vildi vitna til er umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, en í bréfi frá Vinnuveitendasambandinu um þetta efni segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til alls þessa mælir Vinnuveitendasambandið með samþykki frv. en hvetur jafnframt eindregið til þess að tálmar við sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í Sementsverksmiðjunni hf. verði felldir úr frv."

Þannig eru tvö mismunandi sjónarmið um þetta efni en þau hafa verið samræmd í frv. eins og það liggur fyrir og ég er samþykkur því að mæla með samþykkt frv. eins og það er.

En inn í þessar umræður um sölu hlutabréfa hefur annað mál komið sem mér þykir nauðsynlegt að víkja að. Það er spurningin um skattgreiðslu af hinu nýja hlutafélagi. Sementsverksmiðjan greiðir núna landsútsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. En bæjarstjórn Akraness leggur í umsögn sinni áherslu á að mikilvægt sé að verksmiðjan greiði gjöld eins og önnur hlutafélög. Með þessu er átt við að verksmiðjan hætti að greiða landsútsvar en greiði aðstöðugjald. Ég minnist á þetta vegna þess að það er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hvað frv. þýðir með tilliti til skattgreiðslu af verksmiðjunni. Það er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hvað við erum að samþykkja í því efni og þá vil ég benda á að tekið er fram í 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga í upptalningu um það hvaða aðilar greiði landsútsvar að þar á meðal er Áburðarverksmiðja ríkisins.

Meðan þetta ákvæði laganna er óbreytt ber að greiða skatt af Áburðarverksmiðjunni sem landsútsvar og mér þykir ... (**Gripið fram í:** Var það ekki Sementsverksmiðjan?) Fyrirgefið, ég meina Sementsverksmiðjunni, mér urðu á mismæli af því að í upptalningunni var Áburðarverksmiðjan fyrst tilgreind. Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram. Ég vil líka taka það fram sem mína skoðun að ég tel að þetta sé rétt. Ég er ekki að deila á þetta frv. fyrir það að ekki skuli vera gerð breyting á skattgreiðslu Sementsverksmiðjunnar, þvert á móti þykir mér það kostur við frv. að ekki er hreyft við ákvæði 9. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að Sementsverksmiðjan greiði landsútsvar.

Ég ítreka það svo sem ég sagði í upphafi: Ég er einn þeirra sem mæla með því að frv. verði samþykkt.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þegar frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins var hér til umfjöllunar við 1. umr. fjallaði ég lítillega um það og lýsti yfir litlum áhuga mínum á þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. Skoðun mín er óbreytt. Ég tel að hér sé aðeins verið að leika sér að óþarfa hlutum, algjörlega ástæðulaust sé að breyta ríkisfyrirtækinu Sementsverksmiðja ríkisins í hlutafélag. Í sjálfu sér breytir það engu öðru en því að stjórnarmenn verksmiðjunnar verða tilnefndir af einum ráðherra í staðinn fyrir að stjórnarmenn verksmiðjunnar hafa verið kjörnir af Alþingi. Þeir verða kjörnir árlega eftir frv. eins og á sér stað í hlutafélögum yfirleitt, ekki fjögurra ára stjórn eins og þegar þeir eru kjörnir af Alþingi, þannig að þessi háttur gerir stjórnsýslu verksmiðjunnar greinilega erfiðari en áður var. Það verður að öllum líkindum eða gætu orðið meiri mannaskipti í stjórn fyrirtækisins en annars yrði.

Það eru nú allar líkur fyrir því að þetta frv. hafi verið flutt og þau frv. sem hafa verið flutt hér á undanförnum árum hafa verið þess eðlis að til þess væri hugsað að fleiri aðilar en ríkið gerðust eigendur að verksmiðjunni. Í frv. er að vísu tilætlun um það að þó að ætlast sé til að öll hlutabréf í hlutafélaginu verði

ríkiseign við stofnun þá er það sem sagt undirstrikað í frv. að það sé við stofnun félagsins. Nú hefur hv. iðnn. flutt brtt. um það að fella þennan þátt burtu, sem sagt þessa tilætlun að aðrir en ríkið eigi hlut í félaginu og fagna ég því og mun standa að þeirri brtt. En við það að þessi þáttur fellur burt úr frv. er raunverulega tilgangi þess lokið. Eftir það að ekki er lengur verið að áætla það að einhverjir aðrir en ríkið eigi hlut í félaginu þá sé ég ekki hvaða rök eru fyrir því að breyta ríkisfyrirtækinu Sementsverksmiðja ríkisins í hlutafélagið Sementsverksmiðja ríkisins hf.

Ef við lítum aðeins til baka til þeirra ára þegar var verið að berjast fyrir því að stofnsett yrði sementsverksmiðja hér á landi held ég að það hafi aldrei komið í umræðuna að annar eigandi yrði að þessari verksmiðju en ríkið. Það var nú jafnmikill einstaklingshyggjumaður og Pétur Ottesen, sem við munum, sem stóð fremstur þar í flokki að byggja upp ríkisfyrirtækið Sementsverksmiðju ríkisins. Og það er nokkurn veginn víst, og það mun Pétur Ottesen hafa vitað, að sementsverksmiðja sú sem nú er og hefur verið á Akranesi hefði aldrei verið byggð ef hún hefði ekki verið ríkisfyrirtæki og undirbyggð á þann máta sem Pétur Ottesen og fleiri lögðu til.

Það er nú einnig svo að ef þetta hefði ekki verið ríkisfyrirtæki, segjum að þeir möguleikar hefðu verið fyrir hendi að einhverjir einstaklingar hefðu viljað fara að byggja fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna á þessum árum, þá eru náttúrlega engar líkur fyrir því að sú verksmiðja hefði verið byggð á Akranesi. Hún hefði að öllum líkindum verið byggð, eins og Áburðarverksmiðjan, í hjarta Reykjavíkur og við stæðum kannski frammi fyrir því í dag að vera að berjast fyrir því að fá að halda henni þar áfram eða hugsa okkur einhvern annan stað fyrir verksmiðjuna eins og núna Áburðarverksmiðju ríkisins. Vegna þess að vitaskuld eru ýmsar hættur í kringum Sementsverksmiðju ríkisins eins og öll önnur stór fyrirtæki. En þetta hafa nú Skagamenn látið yfir sig ganga og munu væntanlega láta yfir sig ganga áfram á næstu árum.

Verksmiðjan var byggð sem ríkisverksmiðja og menn töldu það sjálfsagt vegna þess að þetta var algjört einokunarfyrirtæki, fyrirtæki sem átti að sinna næstum öllum þörfum okkar fyrir sement og hefur gert það síðan það hóf rekstur og gert það með miklum sóma. (**HBl:** Styður þingmaðurinn ekki frv.?) Þingmaðurinn kemur bráðlega að þessu. Það eru svo allar líkur fyrir því líka að fyrir það að þetta fyrirtæki var ríkisfyrirtæki þá hafi á stundum verið hægt að beita því við ýmsar uppákomur, ef þannig má orða það, í þjóðfélaginu. Þegar leitað hefur verið eftir því að halda verðlagi í skefjum, andæfa gegn því að verðlag hækkaði í landinu, hefur því verið beitt ansi oft við Sementsverksmiðju ríkisins að láta hana halda niðri verði á sementi og það kom fyrir á stundum, ákveðin tímabil, að þessi tilhneiging ríkisvaldsins varð til þess að stundum var verksmiðjan rekin með nokkrum halla og var í nokkrum erfiðleikum með rekstur sinn. Þrátt fyrir að þetta hafi gerst oftar en skyldi stendur Sementsverksmiðja ríkisins mjög vel nú og hefur á undanförnum árum, að undanteknu nýliðnu ári, verið rekin með góðum tekjuafgangi, styrkt eiginfjárstöðu sína eða höfuðstól ár frá ári. Á sama tíma hefur þessi verksmiðja verið að endurbyggja sig og í dag má segja að Sementsverksmiðja ríkisins sé að meginhluta til nýtt fyrirtæki að flestum tækjum og búnaði. Það eru því engar sérstakar ástæður sem knýja á um það að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Það er engin þörf á að leita að nýju fjármagni til þessa fyrirtækis frá einhverjum einkaaðilum. Allir hlutir í kringum þetta fyrirtæki núna eru á þann veg að þar er flest, ég vil segja næstum því allt, í góðu gengi. Hugmyndir um að fara að breyta þar stjórnarfyrirkomulagi eða einhverju rekstrarfyrirkomulagi eru því algjörlega ástæðulausar.

Ég held því svo sem ekki fram að þó að þessi breyting eigi sér stað, að verksmiðjunni verði breytt í hlutafélag, þegar sleppt er þessum orðum „við stofnun félagsins" eins og lagt er til, breyti það í sjálfu sér miklu öðru en því sem ég nefndi í upphafi með stjórnarkjör verksmiðjunnar. En ég vil sem sagt undirstrika það að ég tel þó þessa aðgerð algjörlega óþarfa.

Í tengslum við þessa umræðu og þessa breytingu á eignarformi þessarar verksmiðju ríkisins hafa verið uppi umræður um það og út frá því er gengið að verksmiðjan hætti að greiða landsútsvar. Í staðinn fyrir að verksmiðjan greiði landsútsvar og gjöld út frá lögum um tekjustofna sveitarfélaga er nú talið að með þessari breytingu fari verksmiðjan að greiða aðstöðugjald til Akraneskaupstaðar. Ég tel að hér sé um mjög vafasama aðgerð að ræða. Á undanförnum árum hefur sú umræða verið alláleitin og ég held ég geti svo gott sem fullyrt það að flestir landsbyggðarmenn hafi talið nauðsynlegt að sem flest stórfyrirtæki í landinu, að sem flest fyrirtæki sem þjóna öllu landinu greiddu landsútsvar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Við höfum reyndar heyrt þá umræðu að ýmis ríkisfyrirtæki sem eru undanþegin aðstöðugjaldsskyldu, t.d. til Reykjavíkur, þar vil ég nefna Ríkisútvarpið, sjónvarpið, að borgarsjóður Reykjavíkur hafi mikinn áhuga fyrir að fá aðstöðugjöld af þessum fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki hafa reyndar ekki greitt landsútsvar enn þá en það eru önnur fyrirtæki, eins og hér var nefnt áðan, Áburðarverksmiðja ríkisins, olíufélög og fleiri stórfyrirtæki sem ég fer ekki að telja upp, sem greiða landsútsvar. Ef við förum að hverfa frá þessari braut varðandi einokunarfyrirtæki og fyrirtæki sem sinna að meginhluta til, eða að öllu leyti, þjónustu við landið allt, þá skerðast tekjumöguleikar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og þá er verið að hverfa frá einu grundvallaratriði tekjustofnalaganna sem við samþykktum hér á síðasta ári.

Þennan þátt tel ég mjög alvarlegan og hygg að menn geri sér ekki alveg grein fyrir því hvað þeir eru að gera þegar hér er lagt til og fullyrt að með samþykkt þessara laga verði þessi breyting á.

Bæjarstjórn Akraness hefur fallist á þessa breyt-

ingu og í umræðunni á Akranesi hefur mjög verið haldið á lofti þeirri tekjuaukningu sem Akranesbær fær með því að fá aðstöðugjöld af verksmiðjunni. Eftir því sem ég kemst næst er þetta upphæð sem fer varla mikið yfir 4 millj. kr., þ.e. mismunur þess sem bærinn fær nú þegar beint af landsútsvarinu og í gegnum Jöfnunarsjóð og þess aðstöðugjalds sem verksmiðjan kemur til með að greiða ef þessi breyting yrði á.

Nú er það staðreynd að flestöll bæjarfélög óska eftir og þykir mjög varið í að fá fyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins til þess að starfa innan sinna marka. Vitaskuld var það það sem Pétur Ottesen barðist fyrir þegar hann kom því til leiðar, ásamt fleiri góðum mönnum, að Sementsverksmiðja ríkisins var byggð á Akranesi, að hún yrði styrk stoð undir byggð á Akranesi og hún hefur verið það og er það. (Gripið fram í.) Önnur verksmiðja var reist í Skilmannahreppi, en þá var Pétur Ottesen fallinn frá og hefði kannski verið öðruvísi gengið frá hlutunum þar ef hans hefði notið við þegar ákvörðun var tekin um þá verksmiðju. En við stofnun Sementsverksmiðjunnar voru strax gerðir sérstakir samningar við Akranesbæ. Þeir voru bæði í sambandi við vatnsveitu bæjarins, þar sem verksmiðjan tók að sér ákveðinn hlut af rekstri vatnsveitunnar vegna þess að þegar verksmiðjan var byggð þá þurfti að styrkja vatnsveituna til að afla þess vatnsmagns sem verksmiðjan þurfti að fá. Í öðru lagi er verksmiðjan nokkurs konar toppstöð fyrir Rafveitu Akraness á þann veg að í hvert skipti sem rafmagnstoppurinn hjá Rafveitu Akraness nálgast það hámark sem samið hefur verið um við Landsvirkjun og að því stefnir að farið verði yfir þann topp þá slær Sementsverksmiðja ríkisins út vissum þáttum eða tækjum, þannig að komist verði hjá því að kaupa á sérstökum álagstímum einhvern háan topp fyrir Rafveitu Akraness. Þarna er um ómældar fjárhæðir að ræða sem Rafveita Akraness hefur sparað vegna þessara viðskipta við Sementsverksmiðju ríkisins. Og einnig haldast enn hin góðu kjör Akranesbæjar út af rekstri vatnsveitunnar. (Gripið fram í.) Það segir enginn, hv. þm., að þessir hlutir verði áfram. Við verðum vitaskuld að vona það og ég veit það að á meðan fyrirtækið verður allt í höndum ríkisins óttast ég ekki að það verði á nokkrar breytingar. En því miður, bak við þessa breytingu liggur sú tilætlun að aðrir aðilar en ríkið eitt komi til með að verða eigendur að þessu fyrirtæki, jafnvel þótt fulltrúi Alþfl. hér í hv. deild, hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason, hafi lýst því yfir að það sé stefna Alþfl., eða stefna hans, að hlutabréf í Sementsverksmiðju ríkisins verði aldrei seld til einkaaðila. Ég vil undirstrika það að það er góð yfirlýsing og styrkir vitaskuld þá stefnu að halda verksmiðjunni sem lengst í eigu ríkisins. En með því að vera búinn að breyta í þetta form þá er verið að gefa undir fótinn með þessa hluti. Það er ekki nokkur vafi á því að ef það mundi gerast að fyrirtæki, segjum hér fyrir sunnan á höfuðborgarsvæðinu — **(Gripið fram í:** Víglundur Þorsteinsson.) Já, það má nefna Víglund Þorsteinsson, Steypustöðina hf., BM Vallá, já og Hagvirki jafnvel, þetta eru ágætis fyrirtæki — eignuðust hlut í Sementsverksmiðju ríkisins, kannski Sementsverksmiðjunni hf., jafnvel meiri hluta. Er þá við öðru að búast en að það gerðist að fljótlega mundi yfirstjórn verksmiðjunnar, ég vona það verði ekki í tíð þeirra ágætu forstjóra sem nú eru hjá verksmiðjunni, Gylfa Þórðarsonar og Guðmundar Guðmundssonar, verða flutt yfir Hvalfjörðinn til Reykjavíkur? Það er mjög auðvelt að gera það og gefur auga leið að um leið og einhverjir hagsmunaaðilar, eins og þessir sem við vorum að nefna hér áðan, gerast eigendur að verksmiðjunni þá munu þeir seilast til meiri áhrifa. Það er einfaldasti og augljósasti þátturinn sem mundi gerast og í beinu framhaldi af því gætu vissir hlutir blasað við. Það hefur t.d. komið upp ár eftir ár að það hefur ekki verið hagkvæmt að brenna gjall í verksmiðjunni á Akranesi. Það hefur verið ódýrara að flytja það inn, t.d. á tímum olíukreppunnar og þegar verksmiðjan stóð höllum fæti í rekstri. **(HBl:** Af hverju var það?) Vegna þess að það var of dýrt, stóru verksmiðjurnar skiluðu þessu ódýrara frá sér. **(HBl:** Og röng verðákvörðun að semja ekki ...) Nei, það byggðist ekki á því. Það hefur komið fyrir röng verðákvörðun á sementi, þá kom hallarekstur á verksmiðjuna. Ég var að tala um það áðan, hv. þm., að þeir tímar komu að verksmiðjan var rekin með halla vegna rangrar verðlagsstefnu þegar var verið að verjast ákveðnum þrýstingi frá íhaldinu þegar verkalýðssamtökin óskuðu eftir því að verðlag hækkaði ekki í landinu. **(Salþ:** Er svona langt síðan þegar íhaldsflokkurinn var ...) Já, já, ég held hann sé búinn að vera dálítið lengi, sumt gott og sumt vont sem þeir hafa gert. En við skulum nú ekki beinlínis vera að hafa þessa hluti í flimtingum. Þetta er meira alvörumál en svo. En það gefur auga leið að um leið og eignarhlutföllin breytast á þann veg, sem ég nefndi áðan, er hætt við því að rekstri Sementsverksmiðju ríkisins verði breytt og hann muni verða að minna leyti á Akranesi en hann er nú. Og ansi er ég hræddur um það þegar að því kemur, og jafnvel nú þegar þetta verður samþykkt hér, að höfðingja eins og Pétri Ottesen hefði ekki fundist þetta góð lausn í sambandi við Sementsverksmiðju ríkisins.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Það vekur furðu mína að hv. 4. þm. Vesturl. skuli leggjast gegn þessu frv. og tína til hin undarlegustu rök. Það er flestum ljóst að menn hafa í auknum mæli horfið frá ríkisrekstri. Ég tala nú ekki um skoðanabræður hans í Austur-Evrópu sem nú keppast við að koma á öðru formi í rekstri fyrirtækja en ríkisrekstri og mætti hann læra af því. Þær aðstæður sem voru fyrir hendi þegar Sementsverksmiðjan var stofnuð eru náttúrlega allt aðrar en eru í dag. Það liggur alveg ljóst fyrir og þess vegna hefur maður eins og Pétur Ottesen mælt með því að þetta yrði ríkisfyrirtæki. Hann hefur mælt með því vegna þess að stofnkostnaður svona fyrirtækis var það mikill að ekki voru önnur ráð til þess að koma því á fót.

Það er skoðun mín að sú breyting sem felst í brtt. nefndarinnar breyti ekki því að hægt er að selja hlutabréf verksmiðjunnar ef mönnum þykir ástæða

til, en það þarf að bera það undir Alþingi. Það verður ekki gert öðruvísi þannig að sá hemill er fyrir hendi enn þá.

Ég vil líka geta þess að Akraneskaupstaður kemur til með að hagnast verulega á þessari breytingu. Ég minni á að Akranesbær hefur lægri tekjur en aðrir bæir í landinu og svo mikið lægri að það er með ólíkindum. Þeir búa líka við það að þeir eru með verksmiðju í næsta nágrenni sem greiðir landsútsvar. Mannskapurinn sem vinnur í verksmiðjunni er mestallur frá Akranesi. Akranesbær þarf að leggja götur og byggja skóla og hafa aðra þjónustu fyrir þessa starfsmenn en fær ekki nokkrar tekjur af þessari starfsemi sem mjög væri eðlilegt. Sú mynd sem þar blasir við segir að mínu mati að það beri að endurskoða þau lög sem varða landsútsvar. Ég tel að hreppamörk sem skapa þvílíkt óréttlæti og þarna er þurfi að upphefja eða koma málum þannig fyrir að þær verksmiðjur sem eru í næsta nágrenni leggi eitthvað til í bæjarsjóð sem þarf að útvega alla þá þjónustu sem starfsmenn þurfa á að halda.

Ég vænti þess að, eins og reyndar í nefndinni, að hv. deildarmenn samþykki þetta frv. Sú skoðun kom hvergi fram hjá umsagnaraðilum að eina breytingin yrði sú að einn ráðherra skipaði alla stjórnina. Það datt engum í hug að ætla að breytingin væri til þess gerð. Mönnum er það ljóst almennt að breyting frá því formi sem nú er skapar sveigjanlegri rekstur og möguleika á að reka fyrirtækið hagkvæmara. Ég vænti þess að það sé skilningur hv. deildarmanna líka.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í upphafi þessa fundar kvaddi hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson sér hljóðs utan dagskrár til að koma við athugasemdum og fyrirspurnum til hæstv. sjútvrh. Nú er venjulegum fundartíma deildarinnar lokið en ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að hæstv. sjútvrh. komi hér í deildina til að svara þeim athugasemdum sem hv. þm. vildi bera fram. Það er auðvitað eðlilegt í lok þinghalds, og sérstaklega þegar stendur á eins og nú, að ráðstafanir séu gerðar til þess að ráðherrar svari fyrirspurnum þingmanna ef þingmenn telja að athugasemdir þeirra og fyrirspurnir séu mjög tímabundnar. Ég vil gera athugasemd við þetta. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað mjög ánægjulegt fyrir okkur sjálfstæðismenn að okkar stefna sé smátt og smátt að ryðja sér til rúms og verða allsráðandi hér á hinu háa Alþingi, að verksmiðjum í eigu ríkisins skuli breytt í hlutafélög. Ég minni á að þetta mál var fyrst flutt af Sverri Hermannssyni meðan hann var iðnrh. Þá voru enn hin þröngu vinstri sjónarmið svo ráðandi hér í þingdeildinni að málið náði ekki fram að ganga og var fellt. Nú er á hinn bóginn svo komið að jafnvel Alþfl., þó skrýtið sé, er orðinn sammála okkur sjálfstæðismönnum um nauðsyn þess að einkavæða fyrirtækin. Það er auðvitað svo að batnandi manni er best að lifa.

Ekki geri ég mér að vísu ljóst hvort þessi frumvarpsflutningur sé einn liður í þeirri óljósu viðleitni Alþfl. að reyna að sannfæra menn um það, nú þegar kosningar eru að nálgast, sem aðstoðarmaður viðskrh., Birgir Árnason, sagði í viðtali í Morgunblaðinu fyrir skömmu, að óhjákvæmilegt væri fyrir Alþfl., ef hann ætti að halda andlegri heilsu, að komast í betri félagsskap og nýja stjórn sem eingöngu væri skipuð sjálfstæðismönnum og alþýðuflokksmönnum.

Ég sem sagt læt í ljós ánægju mína yfir því að þetta frv. skuli vera flutt, að svo virðist sem frv. nái fram að ganga hér í þinginu. Um leið lýsi ég yfir ánægju minni yfir því að nú er í sjónmáli að ákvæði skattalaga um eðlilega skattmeðferð hlutabréfa virðist ætla að ná fram að ganga einnig á þessu þingi. Þetta er kjarni málsins í því sem ég vil sagt hafa.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að Sementsverksmiðjan er að mörgu leyti dæmi um það hvernig fer fyrir einokunarfyrirtæki sem er í ríkiseigu þegar um óprúttna stjórnmálamenn er að ræða í ríkisstjórn sem ekki horfa til þess eðlis viðskipta sem sjálfsagt er, að þeir eigi að greiða fyrir vöruna sem kaupa hana. Við munum eftir því í tíð margra vinstri stjórna að verði á sementi hefur verið haldið niðri til þess að reyna að lækka vísitöluna sem hefur ævinlega endað með því auðvitað að þeir byggjendur íbúðarhúsnæðis eða atvinnuhúsnæðis sem koma í kjölfar misbeitingar hins pólitíska valds verða að greiða hluta af byggingarkostnaði þeirra húsa sem reist voru meðan um óeðlilegar verðákvarðanir var að ræða hjá Sementsverksmiðjunni. Ég hygg að ég muni það rétt að verðákvarðanir af þessu tagi hafi verið einkennandi fyrir allar vinstri stjórnir sem hér hafa setið.

Sams konar viðleitni er nú uppi hjá stjórnarmeirihlutanum í sambandi við Áburðarverksmiðju ríkisins. Af einhverjum undarlegum ástæðum eru stjórnarflokkarnir þeirrar skoðunar að þeir sem kaupa áburð nú á þessu ári eigi ekki að greiða áburðarverðið að fullu heldur eigi það að hluta til að falla á þá sem kaupa áburð á næstu árum. Það er auðvitað mjög undarleg verðlagsstefna og hefur valdið því að fyrirtæki eins og Sementsverksmiðja ríkisins hefur stundum staðið frammi fyrir mjög verulegum töpum og rekstur þess fyrirtækis af þeim sökum ekki gengið eins vel og skyldi og valdið því til lengri tíma litið að sement er nú hærra í verði hér á landi en ella mundi. Sementsverð er auðvitað hærra en það þyrfti að vera vegna þess einmitt að pólitík af því tagi sem lýsir sér í afstöðu ríkisstjórnarinnar til Áburðarverksmiðjunnar hefur verið allsráðandi.

Þetta vil ég segja og bæta því við í lokin að frv. sem nú er til umræðu sýnir að ríkisstjórninni er ekki alls varnað. Eins og hv. 4. þm. Vestf. vakti sérstaka athygli á áðan er ætlast til þess í fyrstu að hlutabréfin séu öll í eigu ríkissjóðs. Síðan þarf atbeina Alþingis ekki til að koma til þess að fjmrh. sé heimilt að selja hlutabréfin þannig að það er auðvitað gefinn hlutur að um leið og sjálfstæðismenn komast til valda verða

hlutabréf í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu á almennum markaði.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. flutti að ýmsu leyti athyglisverða ræðu hér áður í þessum umræðum. Ef ég hef skilið hann rétt þá er hann á móti því að gera Sementsverksmiðjuna að hlutafélagi. Ef ég hef skilið hann rétt þá er þessi stjórnarþingmaður andvígur stjfrv. sem við erum nú að ræða hér. Ég skal ekki gera það að ádeiluefni á hv. þm., en það sýnir greinilega að hann er ekki kominn eins langt á þróunarbrautinni frá ríkisrekstri til einkareksturs eins og ýmsir af hans flokksbræðrum virðast vera, a.m.k. að nafninu til.

Hv. 4. þm. Vesturl. lagði mikla áherslu á mikilvægi landsútsvara. Hann fór nokkrum orðum um þetta atriði og ég vil segja það strax að ég er honum algerlega sammála í því efni. En ef ég hef skilið hv. þm. rétt þá er í þessu efni um nokkurn og alvarlegan misskilning hjá hv. þm. að ræða. Ég skildi ekki betur en hann liti svo á að frv., sem við nú ræðum, breyti því sem nú er, að Sementverksmiðjan greiði landsútsvar og að það eigi að taka upp þá skipan að Sementsverksmiðjan greiði aðstöðugjald. Þetta er misskilningur. Það er í þessu frv. engin breyting gerð á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og þá 9. gr. þeirra laga sem fjallar um landsútsvör og kveður á um það að Sementsverksmiðjan skuli greiða landsútsvar.

Tilgangurinn með því að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag eða öðrum ríkisfyrirtækjum í hlutafélag er ekki sá að breyta skattlagningu á þessi fyrirtæki. Tilgangurinn er sá að breyta rekstrarformi þessara fyrirtækja. Það er verið að breyta ríkisfyrirtækjum í rekstrarform sem hæfir einkaframtakinu. Þess vegna eiga að vera sem minnstar hömlur á sölu hlutabréfa Sementsverksmiðjunnar. Annað er órökrétt og ekki í samræmi við tilgang þessa frv., eins og ég skil hann og tel að hann hljóti að vera.

Ég ræddi hér fyrr um þetta mál en vék þá ekki sérstaklega að brtt. á þskj. 1009 frá iðnn. við 1. gr. frv. um að orðin „við stofnun félagsins“ í niðurlagi 1. gr. falli niður. Ég vék að þessu orðalagi í 1. gr. frv. um að öll hlutabréf í hlutafélaginu séu í eign ríkissjóðs við stofnun félagsins. Ég benti á að þetta orðalag væri vegna þess að það væri möguleiki fyrir því að selja hlutabréf. Nú er lagt til með brtt. að fella niður orðin „við stofnun félagsins“. Merkingin í þessari grein er því sú að hlutabréfin eigi ekki að vera til sölu.

Þetta er í ósamræmi við 8. gr. frv. Óbreytt er 1. gr. frv. í samræmi við 8. gr. frv., eins og frv. er lagt fram. Ef henni verður breytt, eins og brtt. gerir ráð fyrir, þá er komið ósamræmi þarna á milli því að í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að það geti verið að hlutabréfin séu seld þó að það sé tekið fram að það þurfi samþykki Alþingis til þess.

Ég er andvígur því að samþykkja þessa brtt. og mun greiða atkvæði gegn henni vegna þess að hún gengur gegn þeirri hugsun að það eigi að vera sem minnstar hömlur á sölu hlutabréfa. En þó að brtt. verði samþykkt þá er hún í raun og veru meiningarleysa vegna 8. gr. En það er ástæða til þess að greiða atkvæði gegn tillögu sem er meiningarleysa.

Ég ítreka svo það sem ég hef áður sagt, og stend að nál. og legg til að frv. verði samþykkt, en ég hef gert grein fyrir því hvað liggur á bak við fyrirvara sem ég hafði á um nál.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér þykir nú eiginlega miður að hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli ekki vera hér inni í deildinni því að ég ætlaði að tala til hans sérstaklega vegna þeirra ummæla sem hann viðhafði hér í sinni furðulegu ræðu um Sementsverksmiðjufrv. hér áðan.

Varðandi þær athugasemdir sem hv. 4. þm. Vestf. gerði áðan við þá brtt. sem iðnn. hefur flutt, þ.e. að niður falli í 1. gr. orðin „við stofnun félagsins“. Hv. 4. þm. Vestf. hélt því fram að þessi brtt., ef samþykkt yrði, mundi hafa í för með sér að misræmi skapaðist milli 1. gr. og 8. gr. Umrædd 8. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis með breytingu á b-lið 1. gr.“

Það er auðvitað grundvallarmisskilningur hjá hv. 4. þm. Vestf. að hér sé eitthvert misræmi á milli. Þetta fer fullkomlega saman og er ekkert athugavert við það. Ég held að hann hafi lesið eitthvað skakkt eða ekki séð þetta rétt vegna þess að þarna er hreint ekkert misræmi á milli. Menn skyldu hafa það í huga að þegar talað er um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins og þegar síðan er talað um að selja þessi hlutabréf, þá eru menn að tala um tvo aðskilda hluti. Hér er lagt til að stofnað verði hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins til þess að breyta rekstrarforminu. Það eru engin áform uppi eða áætlanir um að selja þessi hlutabréf. Eins og nú háttar eru engin slík áform uppi.

Það er gert mjög víða erlendis og hefur víðast hvar verið gert að breyta ríkisfyrirtækjum í þessu gamla formi í hlutafélög. Í Svíþjóð sérstaklega og Noregi að einhverju leyti líka eru engin ríkisfyrirtæki til með sama rekstrarformi og Sementsverksmiðja ríkisins eða Síldarverksmiðjur ríkisins svo eitthvað sé nefnt, þ.e. hrein ríkisfyrirtæki, heldur eru ríkisfyrirtækin hlutafélög. Sænska ríkisútvarpið samanstendur af nokkrum hlutafélögum. Hlutabréfin eru öll í eigu ríkisins og mér vitanlega hefur aldrei komið til tals að selja þau. Menn telja hins vegar eðlilegt að svona fyrirtæki í eigu ríkisins lúti sömu rekstrarformum og önnur fyrirtæki. Það eru engin tengsl þar á milli af sjálfu sér þó að Sementsverksmiðjunni sé breytt í hlutafélag um að það eigi að bjóða hlutabréfin til sölu. Það er önnur sjálfstæð ákvörðun og ákvörðun sem Alþingi verður að taka, samkvæmt þessum lögum. Það eru tvö ólík mál og stendur ekki til að taka slíka ákvörðun að ég best veit. Og þess vegna ítreka ég það að það er grundvallarmisskilningur hjá hv. 4. þm. Vestf. að þarna sé eitthvert misræmi á milli, það er ekki. Þetta fer ágætlega vel saman, enda

hygg ég að lögfróðir menn hafi skoðað frv. með tilliti til þeirrar brtt. sem hér hefur verið flutt.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal talaði í þá veru að batnandi mönnum væri best að lifa og vissulega er það satt. Og nú væru menn tilbúnir til að samþykkja það sem þeir hefðu ekki viljað samþykkja þegar þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson flutti hér í þessari deild, með stóryrðum nokkrum, eins og ýmsir muna sjálfsagt, frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Það er alveg rétt, það frv. var fellt í þessari hv. deild. Ég greiddi atkvæði gegn því. Og það gerðu, hygg ég, allir þingmenn Vestlendinga sem hér áttu sæti burt séð frá því hvort þeir áttu aðild að ríkisstjórn eða ekki. Sannleikurinn er nefnilega sá að það frv. var í mörgum atriðum á annan veg en þetta. Heimaaðilar voru ekki sáttir við það frv. á sínum tíma. Bæjarstjórn Akraness var það ekki og ég hygg að starfsmenn Sementsverksmiðjunnar hafi ekki verið það heldur. Báðir þeir aðilar hafa lýst stuðningi við þetta frv. af því að þetta frv. er í mörgum atriðum ólíkt því frv. sem hæstv. þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson flutti hér á þingi.

Hv. þm. Halldór Blöndal, og vildi ég mælast til að einhver þingmaður athugaði fyrir mig hvort hann situr hér inni í hliðarherbergi því að ég vil gjarnan að hann heyri þau orð sem ég vildi beina til hans, en hann gerði hér að umtalsefni afkomu Sementsverksmiðjunnar. Það er alveg rétt að í áranna rás hefur hún verið misjöfn. Oft hefur verið um að kenna því að stjórnvöld hafa ekki viljað viðurkenna nauðsyn á hækkuðu sementsverði og haldið því niðri og synjað um verðhækkanir. Þess vegna safnaði þetta fyrirtæki skuldum. Hv. þm. talaði um að þetta væri dæmi um einokunarfyrirtæki sem óprúttnir stjórnmálamenn kæmu fram við með þeim hætti sem hann lýsti, þ.e. að láta það safna skuldum og synja því um verðhækkanir.

Ég hef það fyrir satt frá þeim sem betur þekkja til þess tíma en ég að aldrei í sögu Sementsverksmiðjunnar hafi afkoma hennar verið jafnbágborin og árin 1974–1978. Og hverjir fóru þá með stjórn landsins, hv. 4. þm. Vestf.? Þá var hér við völd ráðuneyti Geirs Hallgrímssonar, 1974–1978. Og hver skyldi hafa verið iðnrh. allan þann tíma? Ætli það hafi ekki verið varaformaður Sjálfstfl., dr. Gunnar Thoroddsen? Afkoma Sementsverksmiðjunnar hefur aldrei verið lakari en þau ár, sjaldan eða aldrei verið lakari.

Það er svo rétt að hin seinni árin hefur afkoma fyrirtækisins batnað mjög. Á sl. ári varð að vísu nokkurt tap sem m.a. helgaðist af því að sementssala varð næstum því 14% minni en árið áður vegna minni framkvæmda. Gengisþróun var mjög óhagstæð. Fjármagnskostnaður varð mikill, vextir hækkuðu mjög erlendis, afskrifaðar voru ýmsar eignir sem í raun voru ónýtar og verðhækkanir komu of seint. Aðalhækkunin á verði sements kom ekki fyrr en 1. sept. en þá var aðalframkvæmdatíminn liðinn hjá. Hins vegar bendir nú allt til þess að á þessu ári, miðað við að sementsverð hækki um 12%, verði afkoma fyrirtækisins í járnum miðað við eðlilega sölu. Ef sala eykst þannig að fasti kostnaðurinn dreifist á fleiri sementstonn, eins og vonandi gerist þegar hér verður farið að virkja í stórum stíl og sement — kemur nú hv. 2. þm. Norðurl. e. vonum seinna í salinn og sé ég mig knúinn til að endurtaka stuttlega nokkuð af því sem ég mælti til hans hér áðan, en hann má ekki vera að því að hlusta greinilega og hverfur úr salnum að nýju. (**SkA:** Hann kærir sig ekki um að hlusta.) Eða kærir sig ekki um að hlusta kannski, svo að við höfum það nú þannig.

Ef sementssalan fer aftur yfir 120 þús. tonn mun þetta fyrirtæki skila góðri afkomu, eins og áreiðanlega mun gerast verði ráðist í þær virkjunarframkvæmdir sem nú eru á döfinni. Við eigum líka að hugsa til þess að nota sement í auknum mæli til vegagerðar sem er ódýrasta lausnin þegar til langs tíma er litið. Það mundi einnig hafa hagstæð áhrif á rekstur þessa fyrirtækis. Hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði um að sementsverð væri hærra hér en þyrfti að vera. Það er að sumu leyti alveg rétt vegna þess að hér eru opinberar álögur á sement meiri en í flestum öðrum löndum, virðisaukaskattur og vörugjald, og svo er hér jöfnunarverð á sementi. Að opinberri ákvörðun er hér jöfnunargjald á sementi þannig að það er selt á sama verði um land allt, með flutningsjöfnunargjaldi. Auðvitað hækkar það verðið, t.d. hér á þessum markaði sem býr við nálægð við verksmiðjuna. Það vita allir. En þetta er ákvörðun sem hefur verið tekin og ég veit ekki hvort hv. 2. þm. Norðurl. e. var að leggja til með þessum orðum sínum að flutningsjöfnunargjaldið yrði aflagt. Ég geri ekki ráð fyrir að það mundi lækka sementsverð í hans kjördæmi.

Ég ítreka stuðning minn við þetta frv. en taldi nauðsynlegt, herra forseti, að leiðrétta þessi atriði sem fram komu, einkanlega í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hafði orð á því að það væri misskilningur hjá mér eða ég hefði kannski ekki lesið rétt og hefði dregið ranga ályktun þegar ég sagði að það væri misræmi milli brtt. á þskj. 1009 og 8. gr. frv. Ég ætla ekki að eyða orðum að því að svara þessu. Þetta er svo augljóst, ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um þetta efni.

Hv. 3. þm. Vesturl. er gersamlega í vandræðum með að færa rök fyrir sínum málstað í þessum umræðum. Af hverju segi ég þetta? Af því að hann segir hér í ræðu sinni að slæm staða Sementsverksmiðjunnar fyrir 15 eða 16 árum hafi verið Gunnari Thoroddsen að kenna. Er þetta nú ekki nokkuð langsótt? Ætli það væri ekki rökréttara að segja að það gæti verið að það skipulag sem þá var á verksmiðjunni eigi frekar sök á því heldur en vera Gunnars Thoroddsens í embætti iðnrh.? Og það er næsta furðulegt að svona athugasemd skuli koma fram frá þingmanni í Vesturlandskjördæmi, úr kjördæmi sem á að þakka fyrst og fremst forustu Gunnars Thoroddsens fyrir mikilvægasta og stærsta fyrirtæki kjördæmisins, þar sem er Járnblendiverksmiðjan.

Hv. þm. var eitthvað að tala um að kratar í Svíþjóð hefðu þann hátt á að þeir seldu ekki hlutabréf í hlutafélögum sem væru tilkomin úr ríkisfyrirtækjum. Það kann vel að vera að þeir geri það ekki. En við skulum ekki gleyma hvert er aðalatriði og tilgangurinn sem hlýtur í raun og veru að liggja á bak við það frv. sem hér er og alltaf þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélög. Það er að taka upp rekstrarform sem hæfir einkaframtakinu best. Það þýðir að eðlilegt er að einkaframtakið fái að njóta sín, m.a. með sem hömlulausustum viðskiptum með hlutabréf.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. sagðist hafa metið það út frá ræðu minni áðan að ég mundi vera mótfallinn því frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég man ekki eftir því að hafa gefið neinar sérstakar yfirlýsingar þar um. Ég lýsti því aftur á móti yfir að ég teldi að þetta frv. væri óþarft og það breytti litlu sem engu fyrir verksmiðjuna. Þó væri í því tilætlun sem ég felldi mig ekki við, þ.e. möguleikar á því að selja, þó síðar verði, einhvern hluta af eign ríkisins í verksmiðjunni.

Það er kannski rétt að ég segi það hér í ræðustól að ég mun ekki greiða atkvæði gegn þessu frv. Ég tel heldur ekki ástæðu til þess að veita því brautargengi með atkvæði mínu. Þess vegna mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um málið.

Mér fannst eftirtektarvert það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um þann þátt sem kemur fram í 2. tölul. í athugasemdum við frv. þar sem segir: „Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig myndi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt."

Hv. 4. þm. Vestf. benti á að til þess að svo mætti verða þyrfti að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Ég tek undir skoðun hv. þm. að með því frv. sem við erum að fjalla um kemur ekkert fram um neina breytingu á skattgjöldum verksmiðjunnar. Í 9. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, III. kafla, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, segir, með leyfi forseta:

„Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar: a) Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði, b) Áburðarverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sementsverksmiðja ríkisins" o.s.frv.

Hér er sem sagt svart á hvítu bundið í lögum um tekjustofna sveitarfélaga að Sementsverksmiðja ríkisins greiði landsútsvar. Þar af leiðandi er ekkert að breytast í þeim þætti þó að þetta frv. hér verði að lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1009 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Frv. um stjórn fiskveiða.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég kom hér í ræðustól í dag og óskaði eftir því að fá að ræða þingsköp. Þar skýrði ég frá því að eins og hæstv. forseta væri kunnugt værum við að fjalla hér í þessari hv. deild og í sjútvn. þessarar hv. deildar um mikilsvert mál, stjórn fiskveiða. Það mál væri búið að vera hér til umfjöllunar nokkuð lengi og ég teldi ástæðu til að fá ræða við hæstv. sjútvrh. um þá sérstöku framkomu hans að á meðan við værum að ræða þetta mikilsverða mál kæmi hann í fréttatíma Ríkisútvarps og sjónvarps til að fjalla um þær brtt. sem til umfjöllunar væru í sjútvn. Þar væri hann að túlka skoðanir sínar. Þar af leiðandi væri verið að fara með umfjöllun um þetta mál inn á þann vettvang sem að dómi okkar þingmanna, eða a.m.k. að mínum dómi, væri mjög óeðlilegur. Og síst af öllu ætti hæstv. ráðherra að gera það við jafnviðkvæmar aðstæður og nú eru.

Mér fannst þó keyra um þverbak þegar starfsmaður ráðuneytis hæstv. sjútvrh. kom til að ræða þessi sömu mál í Ríkisútvarpinu í morgun. Kom þangað, kynntur sem undirbúningsaðili að því frv. sem við erum hér að fjalla um og er greinilega vel kunnugur öllum málum. Virtist vera á þann veg að hann væri kominn í útvarpið til að túlka sérstök sjónarmið hæstv. sjútvrh. Það var ekki aðeins að tíundað væri ágæti þess frv. sem hér er verið að fjalla um heldur var mikill tími umfjöllunarinnar notaður til þess að gera lítið úr þeim brtt. eða þeim þáttum sem bent hefði verið á að betur mætti fara í frv. (**Forseti:** Ég vil benda hv. alþm. á það að undir þingsköp geta varla fallið orð einhvers manns utan Alþingis.) Ég vil nefna það, virðulegur forseti, og ég vil ekki vera að halda hér uppi umræðu sem forseti telur ekki rétta, en það getur varla annað verið en að það liggi í augum uppi hvers manns og þar af leiðandi vitaskuld hæstv. forseta, að þegar mál eru lögð fram eins og hér hefur átt sér stað, fyrst af hæstv. sjútvrh. í fréttatímum útvarps og sjónvarps, þar sem farið er að fjalla um brtt. sem verið er að vinna að í nefnd deildarinnar, að það tengist umræðu hér í deildinni. Og í beinu framhaldi af því kemur starfsmaður ráðuneytisins og ræðir beint um þá hluti sem verið er að fjalla um í nefndinni. Það er ótrúlegt að upplýsingar hafi getað borist til þessa starfsmanns á annan hátt en þann að hæstv. ráðherra hafi látið það á þann veg ganga að æskilegt væri að um þær yrði fjallað.

Ég verð kannski að velja annan tíma til að benda á þá þætti sem þessi starfsmaður ráðherrans fjallaði um í þessu morgunviðtali, en það var fyrst og fremst að gera lítið úr þeim tillögum sem við höfum flutt um byggðakvóta. Og á hinn veginn að gera mikið úr árangri þeirrar fiskveiðistefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum og allir vita, eða þjóðin veit, að að meginhluta hefur mistekist.

Ég mun ekki þreyta virðulegan forseta á því að

halda lengri ræðu en ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið höfð í frammi af ráðherra og hans starfsmanni.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég veit satt best að segja ekki hvort ég get túlkað það svo að ég sé að tala hér um þingsköp, ég hef efasemdir um það. En hér hefur hafist þingskapaumræða. Að því er varðar þá ásökun hv. þm. að ég hafi svarað fréttamönnum um ákveðin atriði þá er það nokkuð óvenjulegt að álasa mönnum fyrir það. Þegar fréttamenn eru með í höndum upplýsingar er varða einhver mál og eru að fjalla um þau þá er það nú svo að oft er betra að ræða þau mál við þá. Ég tel að ég hafi gert það með þeim hætti að það gæti vart verið ámælisvert.

Að því er varðar hitt atriði málsins, að tiltekinn starfsmaður sjútvrn., sem er ráðinn í tímabundið starf, hafi rætt við Ríkisútvarpið þá er það ekki svo í sjútvrn., og ég vænti ekki heldur í öðrum ráðuneytum, að aðilum sem þar starfa sé bannað að tjá sig um þau mál sem þeir hafa áhuga fyrir.

Ég vissi ekki um þetta viðtal. Það er að sjálfsögðu á ábyrgð þess manns, ég veit ekki gjörla hvað þar fór fram. En ég vænti þess að ekki sé til þess ætlast af ráðherrum að þeir leggi bann við því að starfsmenn sem ráðnir eru til starfa komi fram með skoðanir sínar. Það væri brot á tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi í þessu landi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég er fullkomlega ósammála hæstv. sjútvrh. þegar hann segir að ekki eigi að setja takmörk við tjáningarfrelsi starfsmanna ráðuneyta þegar um er að ræða viðkvæm þingmál og meðan málin eru á því stigi að þau eru til umfjöllunar í þingnefndum ef viðkomandi starfsmenn hafa sérstakan kunnugleika á málunum vegna þess að þeir hafa aðgang að trúnaðarskjölum sem ganga á milli stjórnmálamanna. Þeir stjórnarráðsmenn sem hafa aðgang að slíkum skjölum verða auðvitað að gæta þagmælsku og hafa skilning á eðli síns starfs.

Ég er á hinn bóginn sammála hæstv. ráðherra um það að almennt talað eiga starfsmenn ráðuneyta að hafa málfrelsi, þó svo mér finnist mjög óviðkunnanlegt þegar einstakir ráðherrar eru að senda undirmenn sína út á ritvöllinn eins og bæði hæstv. utanrrh. hefur gert og hæstv. fjmrh. a.m.k., og kannski fleiri ráðherrar, til þess að verja þrönga sérhagsmuni síns stjórnmálaflokks og slíkir leigupennar ráðherranna eru launaðir af ríkisfé. Það er auðvitað mjög óeðlilegt.

En ég hlýt að taka undir með hv. 3. þm. Vesturl. Ef umræddur starfsmaður sjútvrn. hefur fylgst með framvindu frv. um stjórn fiskveiða hér í þinginu og hefur verið inni í þeim viðkvæmu viðræðum sem hafa átt sér stað um einstök efnisatriði þess á hann sannarlega ekki að koma í opinbera fjölmiðla til þess að láta sína skoðun í ljós rétt á meðan. Hann gæti a.m.k. beðið þangað til frv. hefur verið afgreitt hér í þinginu.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta eigi nú miklu frekar að vera utandagskrárumræða en umræða um þingsköp því málið er allt þannig búið. Ég tek undir gagnrýni hv. þm. Skúla Alexanderssonar því vinnubrögðin, ekki bara hjá hæstv. sjútvrh., heldur og hjá þeim ráðherrum sem hafa fjallað um þetta mál, eru þannig að það er engu líkara en þetta sé bara ráðherramál, aðrir þurfi ekki nálægt því að koma. Það hefur verið greint frá því í fjölmiðlum að ráðherrarnir þrír séu búnir að ná samkomulagi um málið. (**Gripið fram í:** Hvaða þrír?) Ja, hvaða þrír? Það væri kannski ástæða til að spyrja hv. þm. Stefán Guðmundsson, formann sjútvn., um það: Hvaða þrír? Það væri gott að fá það upplýst.

Mér finnst að um svona mál eigi ekki að haga vinnubrögðum með þessum hætti. Þetta er stórmál, þetta er viðkvæmt á margan hátt og það er ekki bara þriggja ráðherra, hversu góðir sem þeir kunna að vera, að ráðsmennskast með svona mál, og að þjóðinni sé talin trú um að það séu þeir sem ráði ferðinni í þessum efnum. Það eru 63 hv. þm. hér á Alþingi sem eiga og verða að taka afstöðu til málsins. Það eru ekki bara ráðherrar, það á líka að koma til okkar, hvaða afstöðu við kunnum að hafa til málsins.

Ég tek því mjög undir þessa gagnrýni en vil ekki beina henni sérstaklega til hæstv. sjútvrh., það eru fleiri ráðherrar sem eiga þessa gagnrýni skilið. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð og það er ekki hægt að una því að ráðsmennskast sé með svona mál á höndum tiltölulega fárra einstaklinga, þó að ráðherrar séu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins út af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals upplýsa að þessi tiltekni starfsmaður hefur fyrst og fremst unnið að ákveðnu, afmörkuðu máli sem varðar smábáta, sem er erfitt mál og umfangsmikið. Hefur hann þurft að hafa mikil samskipti við Félag smábátaeigenda en hefur að öðru leyti ekki unnið að þessu máli og ekki tekið þátt í því starfi sem varðar samskiptin við þingnefndirnar að undanförnu og ekki haft aðgang að þeim skjölum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. svaraði því þannig til um gagnrýni mína á því að hann skyldi hafa haft viðtal við sjónvarp og Ríkisútvarp að það væri oft gott og nauðsynlegt að fjalla um þessi mál þegar fréttamenn spyrðu. Ég veit ekki hve oft ég gæti verið búinn að vera í útvarpi og sjónvarpi hefði ég valið þann kostinn að koma mínum skoðunum á þessu frv. þá leiðina núna síðustu daga. Og ég heyri það að fleiri þingmenn hér taka undir það að þeir mundu hafa átt mjög auðvelda leið í fjölmiðla til þess að túlka skoðun sína á þessum málum. Þess vegna fannst mér óeðlilegt, og mér finnst enn óeðlilegt, að það skuli hafa gerst í gær að hæstv. sjútvrh. skyldi hafa farið í fjölmiðla með málið, ekki frv. sem heild, heldur sérstakar brtt. sem verið var að fjalla um í nefndinni.

Mér finnst það mjög óviðurkvæmilegt og koma mjög illa niður á því starfi sem við vorum að reyna að ná árangri í.

Um hinn þáttinn sem ég nefndi, að starfsmaður ráðuneytisins hefði komið til þess að fjalla um þetta mál, á óviðurkvæmilegan hátt líka, þá var sá starfsmaður kynntur á þennan veg, með leyfi forseta: „Hingað er kominn til okkar Stefán Þórarinsson sem er einn þeirra sem hafa lagt hönd á undirbúning þessa frumvarps.“ Stjórnarráðsmaðurinn mótmælti ekki þessari fullyrðingu útvarpsmannsins og þar af leiðandi hefur almenningur í landinu, við hinir sem hlustuðum, hlotið að líta svo á að þarna væri um mann að ræða sem hefði tekið þátt í öllu þessu starfi og það væri verið, eins og var verið að gera, að kynna skoðanir ráðuneytisins á þessu máli. Og eins og hæstv. ráðherra upplýsti er þetta maður sem er í starfi við það að undirbúa framkvæmd þess frv., ef að lögum verður, hjá ráðuneytinu.

Er nú kannski svolítið sérstakt að vita til þess að búið er að ráða starfsmann í ráðuneytið til þess að vinna að málum sem byggjast á því frv. sem við erum að fjalla hér um. Það er búið að ráða starfsmann til þeirra hluta. Áður en hv. Alþingi er búið að samþykkja lögin er búið að ráða starfsmann til þess að sinna framkvæmd þeirra. Ofan á þetta sem ég var að ræða hér tel ég þetta mjög óeðlileg vinnubrögð. Mætti jafnvel segja að þau vinnubrögð séu fyrir neðan allar hellur.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 460, n. 1013.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um efni þess þá Örlyg Geirsson, formann endurbótasjóðs menningarstofnana, og dr. Finnboga Guðmundsson, formann byggingarnefndar þjóðarbókhlöðu.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.“

Undir nál. rita allir nefndarmenn fjh.- og viðskn.

Frv. þetta er, eins og segir í grg. með frv. þegar það var lagt fram, og ég vitna þá beint til athugasemda við frv., með leyfi forseta:

„Samkvæmt núgildandi lögum skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattvísitala er ákveðin í fjárlögum fyrir ár hvert. Þar sem ákveðið hefur verið að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt liggur fyrir að það verður ekki ákveðin skattvísitala í fjárlögum fyrir árið 1990. Af þessum sökum er nauðsynlegt að hækka skattskylt mark til sérstaks eignarskatts með sérstakri löggjöf. Hér er lagt til að það verði hækkað í samræmi við áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári.“ Orðalagið „að undanförnu“ skýrist af því að þetta frv. var lagt fram á þinginu 1987.

Nefndin hefur sem sagt fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, 1. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 932.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Mikilvægi þessa máls ætti öllum að vera ljóst. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og margt bendir til þess að þær verði hraðari og byltingarkenndari en áður. Þessar breytingar hafa það í för með sér að öll störf og vinnuaðferðir munu breytast og miklar tilfærslur verða á vinnuafli milli atvinnuvega, starfsgreina, verkefna og vinnustaða. Sjálfvirkni og vélvæðing mun hafa það í för með sér að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum, þ.e. úreldast, eða ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun. Ef ekki er brugðist við með réttum hætti í tíma er mikil hætta á því að það muni hafa í för með sér versnandi lífskjör og atvinnuleysi hér á landi.

Þær gífurlegu breytingar sem tæknivæðingin hefur á allt atvinnulíf á komandi árum gera kröfu til þess að tilfærslur eigi sér stað á mannaflanum milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti. Forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkara mæli en nú er.

Frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu er afrakstur vinnu sem hefur átt sér stað í félmrn. allt frá árinu 1983. Í kjölfar fjölmennrar ráðstefnu um starfsmenntun í atvinnulífinu sem félmrn. stóð fyrir í nóvember 1987 skipaði ég vinnuhóp sem fékk það verkefni að setja fram tillögur og valkosti um starfsmenntun í atvinnulífinu. Ein meginniðurstaða vinnuhópsins varð sú að það bæri að setja löggjöf um þetta málefni. Í álitsgerð voru síðan talin upp þau atriði sem fjalla þyrfti um í löggjöfinni.

Í ágúst 1989 skipaði ég síðan nefnd til þess að semja

rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu og *jafnframt var skipaður ráðgjafarhópur* til að vinna með nefndinni. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar tilnefndir af ASÍ, menntmrn., VSÍ, BSRB og fulltrúi félmrn. var skipaður formaður nefndarinnar. Helstu atriði frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu eru eftirfarandi:

Í frv. er ítarlega kveðið á um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu sem er m.a. að stuðla að aukinni framleiðni og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi. Einnig að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum o.fl.

Markmiðum laganna skal m.a. náð með stuðningi við skipulega starfsfræðslu og með frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

Kveðið er á um skipan í stjórnkerfinu og lagt til að *starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félmrn.* sem ráðuneyti vinnumála.

Tillaga er gerð um stofnun starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til starfsmenntunar og verði stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eiga sæti sjö fulltrúar, þrír fulltrúar samtaka launafólks og þrír fulltrúar samtaka atvinnurekenda. Félmrh. skipi einn fulltrúa án tilnefningar.

Tillaga er um að félmrn. safni upplýsingum um starfsmenntun og miðli þeim til hlutaðeigandi aðila. Með því verði stuðlað að betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til starfsmenntunar á vinnumarkaði og komið í veg fyrir tvíverknað.

Aðilum sem fá stuðning samkvæmt lögunum verði skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á.

Framlög hins opinbera til starfsmenntunar í atvinnulífinu verði ákveðin árlega á fjárlögum samkvæmt tillögum félmrh. og renni í ákveðinn sjóð. Það verður því fjárveitingavaldsins að ákveða framlög hins opinbera til starfsmenntunar.

Af frv. má ljóst vera að ekki er stefnt að uppbyggingu sjálfstæðs starfsmenntunarkerfis að erlendri hugmynd. Þvert á móti er stefnt að fyrirkomulagi sem tekur mið af íslenskum aðstæðum. Í þessu felst að ekki er gert ráð fyrir frumkvæði félmrn. að starfsmenntunarframkvæmdum af þess hálfu. Hins vegar er hugmyndin sú að byggt verði sem mest á því frumkvæði sem ýmsir aðilar hafa tekið á þessu sviði á undanförnum árum. Benda má á starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og ýmsar aðrar sameiginlegar starfsmenntunarnefndir atvinnurekenda og launafólks. Afskipti ráðuneytisins felast í skipun starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til framangreindra aðila sem verða í raun ábyrgir fyrir framkvæmdinni. Þeir geta valið um það hvort þeir kjósa að standa sjálfir fyrir starfsmenntuninni eða leita til annarra aðila, t.d. skóla eða annarra stofnana sem sérhæfa sig í fræðslustarfsemi.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að starfsmenntaráð verði stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun á þessu sviði. Í þessu felst að starfsmenntaráð verði að fylgjast náið með þróuninni á vinnumarkaðinum og í atvinnulífinu. Á grundvelli þess sem þar er að gerast gerir starfsmenntaráðið tillögur um forgangsverkefni og nauðsynlegt fjármagn til framkvæmda. Það verður síðan á valdi Alþingis að taka afstöðu til fjárveitinga til þessa málaflokks.

Kosturinn við þetta fyrirkomulag er sá að með því fæst yfirlit yfir það sem er að gerast í starfsmenntunarmálum. Eins og áður hefur komið fram eru margir aðilar að fást við þessa hluti og samstarf og samráð er í lágmarki. Oft hendir það að fleiri aðilar eru að vinna að sama verki, t.d. að semja svipað námsefni með stuðningi opinberra aðila. Með skipun starfsmenntaráðs er stefnt að því að heildaryfirsýn fáist yfir þetta svið þannig að það stuðli að betri nýtingu vinnu og fjármuna.

Í þriðja lagi vil ég leggja áherslu á að fram kemur í *lokaákvæði frv. að lögin skuli endurskoðuð eigi síðar* en að fjórum árum liðnum.

Það er ljóst að hér er um að ræða svið sem verður sífellt mikilvægara fyrir þjóðfélagið allt, atvinnuvegina jafnt sem einstaklinga. Ég er því ekki í nokkrum vafa um að fjármagn það sem til þessa verður varið mun skila sér til baka til þjóðfélagsins með aukinni framleiðslu og í betra og meira atvinnuöryggi til launafólks.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin leggja áherslu á að það var samstaða um þetta mál í nefndinni sem um það fjallaði. ASÍ og VSÍ hafa lagt mikla áherslu á framgang þessa máls á yfirstandandi þingi. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. sem ég tel mjög þýðingarmikið fyrir þá starfsemi sem hér er um að ræða. Starfsmenntun í atvinnulífinu er nokkuð sem hefur þróast mjög hratt í Evrópu og nú er þróunin að byrja hér. Það er vonum seinna að sett eru lög um þessa starfsemi og vænti ég þess að þau verði upphaf að enn meira starfi en átt hefur sér stað nú þegar.

Mig hefði langað til að spyrja ráðherrann nokkurra atriða sem ég tel að þurfi að vera skýrari. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að kalla ráðherra í salinn.)

Það er nú þegar starfandi nefnd með samvinnu sjútvrn. sem heitir starfsfræðsla fiskvinnslunnar. Sú nefnd hefur unnið mjög þýðingarmikið starf og haft sína tekjustofna frá sjútvrn. Er það rétt skilið hjá mér að þessi lög muni á engan hátt hefta þá starfsemi heldur haldi það sem nú þegar er í gangi í starfsmenntun gildi sínu þrátt fyrir þessi lög? (**Félmrh.:** Það er rétt skilið.) Ég bið ráðherrann að svara þessu hér.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi til mín ákveðinni fyrirspurn varðandi þau fiskvinnslu-

námskeið sem í gangi eru og hafa verið, hvort um sé að ræða að einhver breyting verði á því sem þar hefur verið í gangi. Ég get staðfest það hér að það er ekki hugmyndin að á því verði breyting. Þvert á móti er með frv. hugmyndin að auka frekar og styðja við bakið á slíkum fiskvinnslunámskeiðum sem verið hafa. Það er fyrst og fremst frumkvæði aðila vinnumarkaðarins í allri starfsmenntun sem verið er að undirstrika með því frv. sem hér er lagt fram, ef að lögum verður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 1. umr.

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 891.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Þetta er 508. mál á þskj. 891. Eins og sjá má er frv. í sex greinum. Málið á sér nokkra forsögu sem hv. þm. er væntanlega flestum kunnug. Það nýjasta af því má telja að 8. ágúst sl. skipaði ég starfshóp til að fjalla um hugmyndir og tillögur sem uppi höfðu verið um samgöngur undir eða yfir utanverðan Hvalfjörð. Það varð niðurstaða starfshópsins að nefnd vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, á svæðinu frá Hnausaskeri inn undir Hvalfjarðareyri, væri fýsileg framkvæmd. Kostnaður við þetta mannvirki er talinn nálægt 3000–3500 millj. kr. og rekstrarkostnaður 70–90 millj. kr. á ári. Þessar tölur miðast við verðlag í desember sl.

Þessari tengingu mun fylgja mikil stytting aksturs leiða fyrir Hvalfjörð, 45–60 km eftir því hvar tengingin yrði nákvæmlega staðsett. Það er mat starfshópsins, og kemur það heim og saman við fyrri athuganir, að framkvæmdin eigi að vera þjóðhagslega hagkvæm og sömuleiðis líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á þróun byggðar á Vesturlandi, auk þess sem hún kæmi umferð til annarra landshluta norðan- og vestanverðs landsins og höfuðborgarsvæðisins til góða.

Vegtengingin um utanverðan Hvalfjörð hefur, eins og kunnugt er, ekki verið tekin inn í áætlanir þær sem gerðar hafa verið um almenna vegagerð í landinu, þ.e. langtímaáætlun og vegáætlun. Hún er heldur ekki inni í röð framkvæmda um jarðgangagerð.

Eins og fram hefur komið er hér um allmikla og dýra framkvæmd að ræða og því mundi óhjákvæmilega raskast verulega framkvæmdaáætlun samkvæmt vegáætlun ef framkvæmdin yrði fjármögnuð með hefðbundnum hætti, út úr vegáætlun eða af vegafé. Starfshópurinn komst þess vegna að þeirri niðurstöðu, reyndar var það sú hugmynd sem lögð var til grundvallar vinnuhópsins, að vænlegast væri að stofna sjálfstætt félag sem annaðist mannvirkjagerðina og útvegaði fjármagn til framkvæmdarinnar gegn rétti til þess að taka veggjald af umferðinni sem um göngin eða veginn færi og reka fyrirtækið á þeim grunni.

Frv. það sem hér liggur fyrir er í samræmi við þetta álit starfshópsins, en skýrsla hans fylgir frv. sem fskj. Hygg ég að þar muni menn finna allar helstu upplýsingar um málið. Það er rétt og skylt að taka það fram að í frv. þessu felst engin fjárhagsleg skuldbinding af hálfu ríkissjóðs, hvorki um öflun lánsfjár til framkvæmdanna, veitingu ábyrgða eða annarra slíkra hluta. Slíkt yrði þá, ef til kæmi, síðari tíma mál og sjálfstætt ákvörðunaratriði.

Ég vísa sérstaklega til bls. 5 og 6 í fskj. þar sem raktar eru helstu niðurstöður starfshópsins, samanteknar í skýru máli og hygg ég að menn verði strax nokkurs vísari með því að fara í gegnum þær upplýsingar.

Frv. gerir, eins og áður sagði, í 1. gr. ráð fyrir því að ríkisstjórninni sé heimilt að fela sjálfstæðu hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur þess mannvirkis um tiltekinn tíma.

Í 2. gr. segir að til að bera kostnað af framkvæmdinni sé nefndu félagi heimilt að taka umferðargjald af umferð sem um veginn fer og sé það gert á grundvelli ákveðinna samninga sem gerðir yrðu við samgrh. um verkefnið og réttindi til gjaldtökunnar.

Í 3. gr. er ákvæði um að Vegagerðinni skuli falið eftirlit með gerð og rekstri mannvirkjanna og Vegagerðin skuli sjá til þess að fylgt sé vegalögum og að öllu öðru leyti þannig frá hlutunum gengið að með viðunandi hætti sé.

Í 4. gr. er kveðið á um að þegar nefndri vegtengingu er lokið skuli vegurinn teljast til þjóðvegakerfisins og falla undir ákvæði vegalaga þar um með þeim undantekningum sem þessi lög fela í sér. Ef ekki náist samkomulag um kaup á landi og efni skuli heimilt að beita eignarnámsákvæðum X. kafla vegalaga sem Vegagerð ríkisins hefur.

Í 5. gr. segir að nánari ákvæði um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði sem þurfa þykir skuli öll vera í samningi sem samgrh. gerir við framkvæmdaaðilana, en slíkur samningur ekki öðlast gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis. Ég vek athygli á þessu ákvæði. Það var ákveðið eftir nokkra athugun að eðlilegt væri, þar sem um svo stóra og sérstaka framkvæmd væri að ræða, að þannig yrði staðið að málum að fyrst afgreiddi Alþingi, ef það svo vildi, lög sem heimiluðu stofnun fyrirtækisins og allan undirbúning verksins. Síðan skyldi, þegar samningar hefðu verið gerðir og samkomulag náðst um hin einstöku atriði framkvæmdanna og þær væru tilbúnar, slíkt aftur lagt fyrir Alþingi til endanlegrar staðfestingar. Það þarf ekki að taka það fram að hér væri um algert nýmæli að ræða í tilhögun að þessu leyti og er því ekki nema von

að menn vilji búa þannig um hnúta að hv. Alþingi geti ásamt ríkisstjórn fylgst mjög vel með málinu og komið að endanlegri ákvörðun þess á lokastigi.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál frekar, virðulegur forseti. Ég hygg að hér sé á ferðinni afar stórt og mikilvægt mál sem varðar miklu fyrir okkar samgöngukerfi og væri mjög æskilegt og ég er þess mjög fýsandi að látið verði á það reyna hvort unnt sé að ráðast í framkvæmdina á þessum grundvelli. Ég tel fyllilega réttmætt og tímabært að gera slíka tilraun. Við horfum upp á það að í ýmsum nágrannalöndum eru mörg stærstu grettistökin í samgöngumálum einmitt leyst með þessum hætti, þar sem aðstæður eru þannig að þær bjóða upp á arðbæra fjárfestingu í samgöngumannvirkjum sem geta með þessum hætti rentað sig sjálf og séð um sig sjálf.

Það kann ýmsum að koma það nokkuð á óvart að ég sem sósíalisti skuli mæla fyrir þessu máli. Ég hef lítillega orðið var við það að mönnum finnst það eitthvert stílbrot af minni hálfu en ég tel nú síður en svo vera. (Gripið fram í.) Málið snýst nú ekki um það, hv. frammíkallandi, heldur tel ég að hér sé ósköp einfaldlega á ferðinni mál sem skynsamleg rök mæla með og sem betur fer er það nú ekki svo að sósíalisminn sé í andstöðu við skynsemina heldur þvert á móti fer þetta mjög gjarnan saman og þess vegna, að vandlega athuguðu máli, tel ég að það sé ekki bara réttlætanlegt og réttmætt heldur tímabært að við látum á það reyna hvort við gætum nýtt okkur þessa aðferð þar sem það á við, þar sem aðstæður eru fyrir hendi til að láta á slíkt reyna til hliðar við þær framkvæmdir í okkar almenna samgöngukerfi sem við ráðumst í á grundvelli vegáætlunar með hefðbundnum hætti.

Að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram að opinberir aðilar þurfa að búa þannig um hnútana að tryggt sé að bæði gæði framkvæmdarinnar og hvernig að henni verði staðið og rekstrinum háttað á allan hátt samræmist þeim kröfum sem við gerum til samgöngumannvirkja og umferðarinnar.

Hér vill svo vel til að aðhaldið kemur í raun og veru af sjálfu sér í gegnum þá staðreynd að umferðin mun að sjálfsögðu velja sér þann kost í þessu tilviki sem hagkvæmari telst, þ.e. menn eiga val um að nýta sér þessa leið undir, yfir eða um utanverðan Hvalfjörð ef til kemur, ellegar keyra hringinn. Sé ég því ekki annað en það sé nokkuð vel fyrir því séð og nokkuð tryggt að ekki verði unnt að standa öðruvísi að rekstrinum en þannig að hagkvæmara sé fyrir menn að nýta sér vegtenginguna, ellegar fara menn krókinn og mundu þá þeir sem að rekstri fyrirtækisins stæðu missa af þeim viðskiptum. Sýnist mér þess vegna í raun og veru að eftirlitsaðilinn sé vegur fyrir Hvalfjörð með bundnu slitlagi og þurfi ekki mikið meira um það að fjalla.

Virðulegur forseti. Tímans vegna ætla ég ekki að hafa þessi framsöguorð mín fleiri. Ég hefði út af fyrir sig gjarnan viljað fara ítarlegar yfir ýmsa þætti þessa máls, en mér er mikið í mun að það komist áleiðis til nefndar þannig að það fáist þar tekið fyrir og skoðað. Ég ætla þess vegna ekki að eyða öllu fleiri orðum að málinu á þessu stigi, en vil að lokum segja það eitt vegna þess að þess hefur auðvitað nokkuð gætt að kappsamir menn, sem gott er nú að hafa á meðal vor, hafi viljað keyra málið hraðar fram en raun hefur orðið á: Hér er þrátt fyrir allt það stórt og vandasamt mannvirki á ferðinni, sérstaklega ef um yrði að ræða jarðgöng í bergi undir fjörðinn, sem væri auðvitað alger nýbreytni í framkvæmdum hér í landinu, að það er óhjákvæmilegt og það er mat allra fagaðila sem að þessu hafa komið, sérstaklega auðvitað Vegagerðar ríkisins, að það sé tvímælalaust nauðsynlegt að vanda mjög til alls undirbúnings verksins. Þess er enn fremur að gæta að þeim mun vandaðri sem undirbúningurinn er og traustari, þeim mun líklegra er að tilvonandi félagi reynist það auðveldur leikur að finna fjármögnunaraðila sem öðlast þá tiltrú á verkefninu að þeir séu tilbúnir til að leggja því lið. Þess vegna held ég að þar fari saman hagsmunir allra, að vandað sé til undirbúnings verksins og þeim mun líklegra sem það er betur gert.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. samgn. deildarinnar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins fagna því að þetta frv. skuli nú fram komið. Það er vissulega rétt sem hæstv. samgrh. sagði að ýmsir voru þeir sem hefðu kosið að þetta mál mætti ganga nokkru hraðar fram. Ég gagnrýni það engan veginn og það er raunar lofsvert að málið var fengið sérstakri undirbúningsnefnd og athugunarnefnd sem hefur unnið, að mér sýnist, ákaflega vandað starf, enda voru þar hæfir einstaklingar að verki undir forustu aðstoðarvegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar. Þeir hafa unnið gott verk og eiga þakkir skildar. Það er auðvitað líka hverju orði sannara að þetta mál allt þarf vandaðan og mikinn og ítarlegan undirbúning.

Það er nokkuð síðan þingmenn Vesturlands fluttu þáltill., þar sem undirritaður var 1. flm., sem náði hér fram að ganga um vegtengingu af þessu tagi. Í greinargerð með henni var saga þessa máls rakin og einmitt sérstaklega bent á þessa leið sem farin hefur verið mjög víða, sérstaklega í Noregi. Ég held að hér sé í rauninni einstakt tækifæri til þess að koma í framkvæmd einhverri mestu samgöngubót sem orðið getur á landi hér. Ég held að til þess hnígi nú öll rök að þetta geti orðið að veruleika. Það er hægt að gera þetta utan við vegáætlun, það er hægt að gera þetta án þess að atbeini ríkisvaldsins í beinum fjárframlögum þurfi til að koma. Ég fagna sérstaklega þeirri jákvæðu afstöðu sem hæstv. samgrh. hefur til málsins og þeim skýlausu yfirlýsingum sem hann gaf um að vilja reyna þessa nýju aðferð í vegaframkvæmdum sem ég hef lengi verið sannfærður um að hentar einstaklega vel við þessa sérstöku framkvæmd.

Þetta getur áreiðanlega orðið arðbært fyrirtæki, í þeim skilningi og þannig að veggjald þarf ekki að vera svo hátt að menn munu sjá sér mikinn hag í því að fara

þessa leið. Það er hægt að láta þetta mannvirki standa undir sér. Eftir einhvern ákveðinn tíma verður það eign ríkisins og getur þá skilað ríkinu umtalsverðum tekjum sem væri þá hægt að nota í þágu annarra vegaframkvæmda. Hér er því um hið merkasta mál að ræða.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega efnisatriði málsins. Hæstv. ráðherra gerði því ágæt skil. Það hefur sýnt sig að vegabætur og samgöngubætur af þessu tagi, og nú höfum við auðvitað ekki ráðist í neitt sem jafna má til þessa verks áður, valda meiri umferðaraukningu en menn órar fyrir þegar verið er að undirbúa og skipuleggja málin. Það hefur komið í ljós t.d. eftir að bundið slitlag var sett á vegi austur fyrir fjall og á Reykjanesbrautina á sínum tíma. Menn nota vegina miklu meira vegna þess að í rauninni styttast leiðirnar við þetta.

Þetta er ekki aðeins hagsmunamál fyrir Vestlendinga, þó það sé auðvitað mikið hagsmunamál fyrir þá og einkanlega Akurnesinga og sveitirnar sunnan Skarðsheiðar. Þetta mun hafa byltingu í för með sér fyrir það svæði. Það mun gera það að verkum að það verður sama atvinnusvæði og höfuðborgarsvæðið. Mönnum hættir gjarnan til að horfa á þetta frá einni átt, að það verði sem sagt auðveldara fyrir þá sem þar búa að sækja vinnu hér og það muni draga mátt úr staðnum, halda sumir fram. En ég held að menn eigi líka að horfa á þetta frá hinu sjónarmiðinu. Ég er handviss um það að það eru margir hér á höfuðborgarsvæðinu sem mundu gjarnan kjósa að búa á Akranesi eða þar í grennd og sækja vinnu til Reykjavíkur, sem er ekkert tiltökumál eftir að svona mannvirki er komið í gagnið, sem mundu gjarnan vilja njóta þeirra kosta sem það býður upp á að vera búsettur á slíkum stað en geta stundað sína vinnu eftir sem áður hér í höfuðborginni. Mjög margt bendir til þess að það sé allstór hópur sem kýs beinlínis slíkt fyrirkomulag. Við höfum séð það t.d. núna seinustu ár að það er orðið mjög algengt að íbúar fyrir austan fjall, í Hveragerði, á Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka beinlínis stundi vinnu í Reykjavík alla daga.

Þetta mun hafa miklar breytingar í för með sér, ekki aðeins fyrir Vesturland heldur fyrir næstum alla landsmenn. Þetta er einhver mesta og besta samgöngubót sem við getum ráðist í. Við eigum að gefa þessu máli góðan byr og ég vona að það fái mjög greiðan gang í gegnum þingið og að samgn. þessarar hv. deildar muni hafa snaggaraleg vinnubrögð við afgreiðslu málsins þannig að við getum sem fyrst samþykkt það hér í Ed.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru ýmis stórvirki í frumvarpsformi á borðum okkar þessa dagana, ný raforkuver, jarðgöng á Vestfjörðum og síðan það frv. sem hér liggur fyrir um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Það er auðvitað enginn vafi á að slík vegtenging yrði mikil samgöngubót fyrir landsmenn alla og kannski dags daglega fyrst og fremst fyrir þá sem búa á Vesturlandi.

Sú skýrsla sem fylgir með sem fskj. er ítarleg. Í henni er varpað fram ýmsum hugmyndum um það hvernig leggja mætti þessa leið um Hvalfjörðinn. Þar blasa við kostir sem hefðu kannski ekki verið tæknilega mögulegir fyrir nokkrum árum síðan en það breytist margt og hratt. Hér er verið að ræða um mikla og stórkostlega nýjung í því hvernig á að byggja slík stórvirki, þ.e. fyrirkomulagið varðandi framkvæmdina.

Ég vil aðeins í nokkrum orðum segja það við 1. umr. að ég tel mjög mikilvægt og fyrir öllu, að allar áætlanir séu yfirvegaðar og nákvæmar áður en haldið er af stað. Ég tel að það hafi verið þess virði að bíða eftir þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir en auðvitað þarf að vinna málið áfram. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. þá felast engar fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu ríkissjóðs í frv. Í framhaldi af því er áætlað að gera samning, og það hlýtur að skipta öllu máli um endanlega afstöðu Alþingis til málsins hvernig sá samningur lítur út. Það var aðeins rætt hér um það af hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vesturl., að fólk gæti búið á Akranesi og unnið í Reykjavík. Ég held að það verði ekki síður mikilvægt, ef af þessu verður, að ýmis fyrirtæki kjósi að flytja sig og/eða að ný fyrirtæki verði stofnuð á svæðinu.

Ég vildi aðeins láta það koma fram hér við 1. umr. að auðvitað er mikilvægt að allar áætlanir séu mjög vel úr garði gerðar því að þetta er örugglega eitt af stærstu samgönguverkefnunum sem lagt verður í á næstu árum.

Nú var það svo að í fyrra þegar málið var mjög til umræðu var einkum rætt um þessa framkvæmd vegna áhuga tveggja stórra fyrirtækja á Vesturlandi á að gerast aðalhluthafar í þessari framkvæmd. Mig langaði í þessari lotu að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh. hvort rætt hafi verið við þau fyrirtæki nú nýlega vegna þess að mér virðist nú um stundir að áhugi, a.m.k. annars þeirra, hafi eitthvað dofnað og ætlaði nú að hafa það svona mína einu spurningu í bili. En ég legg áherslu á að það skiptir öllu máli hvernig unnið verður að málinu áfram. Það þarf að vanda vel allan undirbúning og síðan mun það skipta máli hvernig sá samningur lítur út sem um þessa framkvæmd kann að verða gerður.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að svara þessari spurningu sem hér er borin fram af hv. 6. þm. Vesturl. Því er til að svara varðandi fyrirtækin að ég hef ekki rætt við forsvarsmann þeirra nú nýlega, bendi þó á að þau áttu í raun aðild að starfshópnum í gegnum forstjóra Íslenska járnblendifélagsins sem í raun var sameiginlegur fulltrúi fyrirtækjanna sem höfðu sýnt þessu máli mikinn áhuga og unnið talsvert undirbúningsstarf á þessum grundvelli. Það var alveg ljóst að þau voru og eru, trúi ég, mjög áhugasöm um þetta mál. Ég sá reyndar út undan mér einhvers staðar í fjölmiðlum að það kynni að hafa dregið nokkuð úr áhuga annars hvors fyrirtækisins eða beggja að eitthvað lakari afkoma hafi orðið á síðasta

ári, eða sé væntanlega á þessu, en menn höfðu kannski vonast til. Hvernig sem því víkur nú við öllu saman þá er mér ekki kunnugt um annað en enn sé fyrir hendi mjög ríkur áhugi allra helstu hagsmunaaðila í þessu máli. Ég vil auðvitað ekki undanskilja þar sveitarfélögin á svæðinu, Akraneskaupstað og önnur sveitarfélög og auðvitað hérna megin líka. Hins vegar má til sanns vegar færa að í raun og veru séu það svo miklu fleiri sveitarfélög um allt vestanvert og norðanvert landið sem þarna eiga hagsmuna að gæta að auðvitað gæti sá hópur orðið mjög stór ef öllum yrði smalað saman.

Um þá aðila sem kæmu kannski helst til greina í slíka fyrirtækisstofnun mætti náttúrlega hafa nokkur orð. Það hefur verið horft nokkuð til þess að nokkur eða jafnvel mörg stærri fyrirtæki gætu gerst aðilar að þessu. Í öðru lagi nefni ég aftur sveitarfélögin eða samtök sveitarfélaganna. Ef maður horfir til nágrannalandanna, Noregs sem hér var nefndur, þá er það mjög gjarnan svo að það eru sveitarfélög í viðkomandi byggðarlagi eða fylki sem eru mjög stórir aðilar og jafnvel brautryðjendur og meirihlutaaðilar að þessum fyrirtækjum. Einnig er auðvitað hugsanlegt að hið opinbera komi þar eitthvað að. Á þetta hlýtur því að reyna þegar þetta frv. verður orðið að lögum og heimildin orðin fyrir hendi til þess að gera slíka félagsstofnun mögulega.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Héraðsskógar, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál. — Þskj. 944.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um héraðsskóga sem er 547. mál á þskj. 944. Frv. þetta er fram komið í framhaldi af þáltill. sem samþykkt var hér á Alþingi í maímánuði 1988. Þar var landbrh. falið af Alþingi að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði og skyldi áætlunin m.a. taka til ræktunar nytjaskóga og viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er. Í sömu tillögu var reyndar að því vikið að undirbúa skyldi flutning aðalstöðva Skógræktar ríkisins austur á Fljótsdalshérað. Ég skýt því hér að í leiðinni til þess að gleðja hv. alþm., sem kunna að hlýða á mál mitt, að í þessu tilviki hefur vilji Alþingis náð greiðlega fram að ganga því að nýjar höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins tóku til starfa 1. jan. á Fljótsdalshéraði. Hér er þá má segja seinni hlutinn af þessari tillögu Alþingis kominn fram í frumvarpsformi. Í millitíðinni hefur það svo gerst að ríkisstjórnin samþykkti á fundi 27. maí 1989, ágætum fundi sem ríkisstjórnin hélt á Þingvöllum, að hrinda í framkvæmd stórátaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði sem miði að því, eins og segir í nefndri samþykkt, með leyfi forseta: „að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum". Ríkisstjórnin samþykkti enn fremur að verja 12 millj. kr. til undirbúningsvinnu og byrjunarframkvæmda svo sem kortlagningar, áætlanagerðar, undirbúnings, plöntuframleiðslu og hirðingar skóglendis og fleira á því sama ári, þ.e. á árinu 1989 og var veitt aukafjárveiting í þessu skyni.

Strax í framhaldi af áðurnefndri samþykkt var haldið áfram vinnu sem reyndar hafði þegar verið í gangi til undirbúnings á framkvæmd þessarar ályktunar Alþingis frá 1988. Það var hafin vinna og sérstök verkefnisstjórn var þá komin til starfa. Ráðinn var starfsmaður í ágústmánuði til að gera tillögur um fyrirkomulag þessa skógræktarátaks sem fékk svo í framhaldinu vinnuheitið héraðsskógar eða héraðsskógaáætlun og hefur það heiti haldist hér á lagafrv.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þá vinnu því að menn sjá hennar stað, bæði með því að kynna sér betur fskj. sem hér eru allítarleg og sömuleiðis lesa athugasemdir við lagafrv.

Það má segja að höfuðmarkmið þessarar áætlunar sé að gera í raun og veru fyrstu alvörutilraunina, ef ég má leyfa mér að kalla það svo, til nytjaskógræktar á Íslandi í stórum stíl. Ég held, með fullri virðingu og reyndar mikilli virðingu fyrir brautryðjendastarfi skógræktarmanna sem unnið hefur verið það sem af er þessari öld, sem er nú reyndar langt komin, að tæplega sé hægt að tala um að alvörutilraunir til nytjaskógræktar í stórum stíl flokkist þar undir. Hér er auðvitað um að ræða verk af allt annarri stærðargráðu og er þar sótt fyrirmynd í raun til þeirra skógræktarverkefna og átaksverkefna sem menn hafa nú í 100–200 ár framkvæmt í nálægum löndum.

Þannig háttar til á Fljótsdalshéraði um þessar mundir að það er mikill samdráttur í hefðbundnum búskap þar á svæðinu, sérstaklega í sauðfjárrækt, m.a. vegna niðurskurðar, og það ásamt með ýmsu fleiru varð til þess að auka áhuga manna á því að reyna að hrinda í framkvæmd slíku skógræktarátaki sem gæti þá að hluta til verið búháttabreyting. Reyndar gerir frv. ráð fyrir því að þeir sem láta af sauðfjárrækt og snúa sér að skógrækt njóti nokkurs forgangs í verkefnin.

Menn kunna að spyrja hvers vegna Fljótsdalshérað sérstaklega verður fyrir valinu. Því er til að svara að þar er lengri og meiri reynsla af skógrækt með nytjatrjátegundum en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Menn hafa fyrir sér, einkum og sér í lagi í lerkiskógum á Hallormsstað, sannanlega reynslu fyrir því að trjávöxtur og viðgangur allur er með þeim hætti á Héraði, þar sem skógræktarskilyrðin eru best, að mjög vel viðunandi er og telst í góðu meðallagi miðað við vöxt á sambærilegum breiddargráðum í nágrannalöndunum, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þar sem skógrækt er stunduð með ágætum árangri. Það er þess vegna næsta sjálfgefið í ljósi þessarar reynslu og þeirrar vitneskju sem þar er saman komin að Fljótsdalshérað verði fyrir valinu sem fyrsta hér-

aðið, ég undirstrika það, sem fyrsta héraðið þar sem menn fara út í nytjaskógræktarátak í stórum stíl.

Þess er rétt að geta að í mörgum öðrum landshlutum þar sem skógræktarskilyrði eru góð eru þegar í gangi minni átök. Má þar nefna nytjaskógrækt bænda í Eyjafirði þar sem 40–60 bændur taka þátt í nokkurri gróðursetningu og einnig í uppsveitum Suðurlands og í Borgarfirði.

Það er von mín, og ég vil láta það koma fram við þessa umræðu, að þetta geti orðið ekki eina heldur fyrsta af mörgum sambærilegum átaksverkefnum sem ráðist verði í á næstu árum og áratugum á bestu fjórum eða fimm landsvæðunum.

Ég hvet svo hv. þm. til þess að kynna sér þau fskj. sem fylgja frv. vegna þess að það yrði of langt mál að fara að rekja allt sem í þeim felst. Þar er nokkuð rækilega gerð grein fyrir þeirri hugsun sem að baki frv. og verkefninu hvílir. Þar eru ítarlegar og verulega mikið unnar kostnaðaráætlanir fyrir skógræktarátakið, bæði tíu ára tímabil þess, en það er hugsunin að skipta því upp í fjögur slík tímabil, og einnig heildartímann, 40 ára fjárhags- og framkvæmdaáætlun, á fskj. III.

Þá er og aftast í fskj. sýnishorn af samningi eins og frv. gerir ráð fyrir að gerður yrði milli einstakra þátttakenda í skógræktarátakinu og landbrn. eða Héraðsskóganna sem síðan yrðu verkefni sem slík og yrðu síðan staðfestir af landbrn.

Um arðsemisútreikninga og líklegan afrakstur skógræktarverkefnisins kunna menn að spyrja. Því er til að svara að í raun og veru hafa ekki verið gerðar mjög ítarlegar rannsóknir á slíku hér á landi. Þó hygg ég að í tvígang a.m.k. hafi verið gerð allheiðarleg tilraun til þess að meta mögulegan afrakstur og afkomu í nytjaskógrækt hér á landi. Í fyrra skiptið var það um 1970, áður en farið var í skógrækt í samráði við og af bændum á Fljótsdalshéraði. Mun það hafa verið nefnd Fljótsdalsáætlun eða eitthvað því um líkt. Síðan var það aftur upp úr 1980 að gerð var allítarleg rannsókn af hálfu Skógræktarinnar og Háskóla Íslands um mögulega arðsemi og afrakstur í nytjaskógrækt og var það hliðarverkefni í því starfi sem svonefnd framtíðarkönnunarnefnd forsrn. stýrði um þær mundir. Þessar tvær skýrslur liggja fyrir og er auðvelt að útvega mönnum þeim sem áhuga hafa á og vilja reyna að kynna sér mögulega afkomu í þessari grein hér á landi.

Síðan er það að sjálfsögðu þannig og liggur í hlutarins eðli, þar sem hér er um langtímafjárfestingu að ræða, að markaðsaðstæður þá og þegar hljóta auðvitað að endingu að ráða mestu um það hver afraksturinn verður. Það hygg ég að flestum muni reynast nokkuð erfitt að spá nákvæmlega fyrir um hvernig markaðsverð á timbri eða pappír verði að þeim 40–60 árum liðnum þegar þessir skógar sem nú yrði gróðursett til færu að skila umtalsverðum afrakstri.

Við höfum í raun kannski ekki mikið annað á að byggja en það að vaxtarhraðinn og framgangur skóganna hér á að geta verið í góðu lagi borið saman við það sem gerist í ýmsum nálægum löndum þar sem menn eru í óða önn að gróðursetja og ætla þá væntanlega að út úr því geti komið sæmilega ábatasamur atvinnuvegur.

Eitt verða menn þó að hafa í huga og því verða menn í raun og veru að sýna skilning, að það sem verið er að gera hér og er auðvitað verið að gera nánast alls staðar þar sem gróðursett er á Íslandi, að við erum að koma upp bústofninum, ef svo má að orði komast. Það er auðvitað sitt hvað, annars vegar skógrækt sem er í fullum gangi og jafnvægi og þarf ekki á öðrum tilkostnaði að halda en þeim að endurnýja sífellt það sem tekið er út og hins vegar það verkefni að búa til fyrstu kynslóð skóganna. Þar er auðvitað um hina upphaflegu fjárfestingu að ræða en við vonumst síðan til þess að þegar það er komið í gang og í jafnvægi þá geti menn rekið skógræktina sem ábatasama atvinnugrein þegar ekki er um meiri tilkostnað að ræða en þann sem nemur endurnýjun þeirra skóga sem höggnir eru á hverjum tíma.

Ef ég leyfi mér svo í lokin, virðulegur forseti, að renna kannski aðeins yfir frumvarpstextann sjálfan, þá er í raun og veru ekki margt um það að segja umfram það sem ég hygg að ég hafi skýrt í mínu framsögumáli þó að auðvitað geti vaknað fjölmargar spurningar og okkur mundi sjálfsagt ekki endast nóttin ef við vildum ræða þær allar til þrautar.

Í 1. gr. er vikið að því, sem eðlilegt má telja, að tilgangur laganna sé að stuðla að þessari ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og að verkefnið skuli vera sjálfstætt skógræktarverkefni. Um það er mikil samstaða að heppilegast sé að haga því svo að hér sé á ferðinni sjálfstætt verkefni sem tengist bændum og heimamönnum á héraði sérstaklega, en sé í samvinnu við Skógrækt ríkisins og landbrn.

Í 2. gr. er vikið að stjórn verkefnisins og er hún að sama skapi hugsuð þannig að Félag skógarbænda á Fljótsdalshéraði, Skógrækt ríkisins og landbrn. tilnefni þar menn.

Í 3. gr. að gera skuli sérstaka áætlun sem reyndar liggja þegar fyrir drög að hér í fskj. og skuli áætlunin ná yfir 40 ár og skiptast í fjögur tíu ára tímabil. Einnig er í 3. gr. vikið að þeim samningum sem verkefnið gerir við einstaka þátttakendur og landbrh. skal staðfesta. Það þótti eðlilegt að láta sýnishorn af hvernig þeir gætu litið út fylgja frv. þessu.

Í 4. gr. er kveðið á um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og er hún þannig að ríkissjóður greiði undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna og enn fremur að fullu samþykktan kostnað við skógrækt á jörðum í ábúð og 80% á eyðijörðum. Þessi skógræktarkostnaður skal sérstaklega metinn af ráðuneytinu að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og að sjálfsögðu ekki greiddur neinn sá kostnaður sem fer út yfir þann er samþykktur er.

Í 5. gr. er kveðið á um það að af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar sem úr skógum kemur, þ.e. af bruttóframleiðsluverðmætinu skuli allt að 5% lögð á svonefndan endurnýjunarreikning og þeim fjármun-

um skuli innan fimm ára frá skógarhögginu varið til endurnýjunar skóglendisins á viðkomandi jörð. Þetta gjald skuli síðan nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af raunverulegum kostnaði við endurnýjun skóglendisins eins og hann verður á hverjum tíma. Hér er í raun og veru fylgt fordæmi frá hinum Norðurlöndunum. Þar er einmitt farið svo að að ákveðin prósenta af heildarframleiðsluverðmætinu er tekin frá til þess að endurnýja sífellt skóginn.

Í öðru lagi er í 5. gr. gert ráð fyrir því að ríkissjóður fái í sinn hlut 15% af hreinum hagnaði sem af nýtingu skógarins leiðir á hverjum tíma og skuli því fé varið til ræktunar nýrra skóga. Þannig kæmi í hlut ríkisins nokkuð af þeim hagnaði sem vonandi leiðir af nýtingu skóganna. Er það í raun ekki nema eðlilegt vegna þess framlags sem ríkið leggur til í upphafi og mætti það þá verða, þegar þar að kemur, til þess að styrkja skógrækt enn frekar í landinu.

6. til og með 10. gr. fjalla svo um atriði sem eru næsta sjálfsögð að ég tel, um ábúendur, um stjórn, samráð við Skógrækt ríkisins, um ársskýrslu og ársreikninga og þvíumlíka hluti sem ég tel ekki mikla ástæðu til að fjölyrða um.

Að lokum er svo ákvæði til bráðabirgða og felur það í sér heimild til að veita allt að 15 millj. kr. til plöntuuppeldis og fleiri verkefna til viðbótar því fé sem á fjárlögum er á þessu ári. Því er til að svara að þeirra sjónarmiða gætti nokkuð í meðförum fjvn. á málinu að meiri upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en fjárveitingavaldið treysti sér til að verja meira fé en gert er ráð fyrir á fjárlögum í það. Sömuleiðis þyrfti m.a. að sjá fyrir lagalegum atriðum, sem augljóslega þurfa að koma til, vegna þess að hér er um verkefni að ræða sem kallar á nokkuð öðruvísi lagaákvæði en gildandi skógræktarlög gera mögulegt, enda eru þau nokkuð komin til ára sinna og vantar reyndar sárlega á þeim þá heildarendurskoðun sem í tvígang eða þrígang hefur verið gerð tilraun til að framkvæma.

Virðulegur forseti. Ég læt þá lokið framsöguræðu minni. Ég tek það fram að við þetta verkefni eru bundnar miklar vonir og miklar væntingar á Fljótsdalshéraði meðal skógræktarmanna og reyndar fjölmargra fleiri sem binda vonir við að það geti orðið ákveðin lyftistöng, ákveðinn fáni við hún og gefið mönnum tiltrú á það að áratuga gamlir draumar og miklar umræður um að gera alvöru úr áformum um eiginlega nytjaskógrækt í landinu komist nú loksins myndarlega af stað. Það má fjölmargt fleira til tína sem rök fyrir því að standa þannig að málum og reyna að ráðast í þetta verkefni en ég hygg að ég geymi mér að flytja þau þangað til og ef eftir þeim verður sérstaklega óskað, en treysti því að hv. alþm. séu bæði vel upplýstir og velviljaðir því þjóðþrifamáli sem það er að koma skógræktinni betur á legg í landinu.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég hlýt að fagna því að þetta frv. skuli hafa verið lagt hér fram og færa landbrh. þakkir fyrir að hafa forgöngu þar um. Ég kem til með að fjalla um málið í nefnd þar sem ég á sæti í landbn. Ed. Þar gefst mér að sjálfsögðu kostur á að kynna mér nánar efni frv. og hafa áhrif á afgreiðslu þess. Ég ætla því ekki að orðlengja hér mikið um málið við þessa umræðu.

Ég tek sérstaklega undir það sem hæstv. landbrh. sagði í lok ræðu sinnar, að það væri þýðingarmikið að koma hér fram með sannfærandi hætti gagnvart bændum á Fljótsdalshéraði. Það er ekki meining mín að fara að efna hér til eldhúsdags, fjarri því, en hitt er fullkomlega ljóst að bændur á Fljótsdalshéraði urðu fyrir vonbrigðum við afgreiðslu fjárlaga því að þar treystu menn því sem sagði í Þingvallasamþykkt ríkisstjórnarinnar um stórátak í skógrækt á Austurlandi. En þótt ekki beri að vanmeta þá fjárveitingu út af fyrir sig miðað við það sem gengið hefur til þessara verkefna á síðustu árum, þá var hún ekkert í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir og bændur á Austurlandi voru í góðri trú um að yrði að raunveruleika. Ég hef orðið var við að það mundi auka enn á vonbrigði manna og rýra trú bænda á Fljótsdalshéraði á þessum áformum ef frv. næði ekki fram að ganga.

Ég hef litið hér til einstakra ákvæða í frv. og það sem vekur sérstaka eftirtekt í þessu efni er að ekki er kveðið á um fjárveitingar en áætlanir án fjárveitinga eru að sjálfsögðu ekki mjög haldmiklar. Fyrir því höfum við sára reynslu bæði fyrr og síðar.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu frekar en vil einungis að það komi hér fram að að því marki sem ég get greitt fyrir framgangi þessa máls á Alþingi mun ég að sjálfsögðu gera það þótt mér sé hins vegar fullkomlega ljóst að vissir annmarkar hljóta að vera á því að afgreiða þetta mál svona afar síðla þings.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér lofsvert og af hinu góða ef menn vilja stuðla að aukinni ræktun skóga og því að græða landið og raunar stendur nú yfir sérstakt átak í ræktun landgræðsluskóga, lofsvert átak sem hefur verið ágætlega kynnt og virðist vel staðið að. Hér er um í eðli sínu gott mál að ræða, en hins vegar er það auðvitað álitamál hvernig að er staðið og hvaða aðferðir og skipulag menn setja sér. Ég verð að játa það að við lestur og athugun þessa máls vöknuðu í mínum huga mjög margar spurningar. T.d.: Er þörf á sérstakri löggjöf um þetta atriði? Hefði ekki mátt ná þessu markmiði með reglugerð?

Fyrir einhverjum dögum hafði samband við mig maður sem kynnti sig sem framkvæmdastjóra Héraðsskóga. Af því dreg ég þá ályktun að það sé búið að koma hér á laggirnar þessari stofnun, nýrri ríkisstofnun undir landbrn., og satt að segja var mér ekki ljóst að slíkt hefði verið samþykkt. Sú spurning vaknaði hjá mér hvers vegna þetta væri takmarkað við Fljótsdalshérað. Það eru mjög góð skilyrði til skógræktar á

mörgum stöðum öðrum, t.d. í Haukadal á Suðurlandi, í Borgarfirði, mjög víða, sem ég hefði nú kannski átt að nefna á undan.

Ég tek það fram að ég er ekki að ætlast til eða biðja um að ráðherra svari þessum spurningum mínum núna. Það er orðið áliðið og ég geri enga kröfu til þess að hann svari þessum spurningum. Ég er aðeins að nefna þær vegna þess að ég held að það skipti máli í umfjölluninni um þetta mikilvæga mál.

Ég spurði hvers vegna þetta væri takmarkað við Fljótsdalshérað og það má spyrja þá aftur: Hvers eiga Suðurland, Borgarfjörður og Norðurland að gjalda? Ráðherra svaraði þessu raunar að nokkru leyti í framsöguræðu sinni. Og það vaknar líka sú spurning að ef gert verður ráð fyrir svipaðri starfsemi í öðrum landshlutum, verða þá líka settar upp sérstakar stofnanir til að annast hana? Þetta vekur upp spurningar um framtíðarhlutverk Skógræktar ríkisins sem er mikilvæg stofnun sem lengi hefur starfað. Í 1. gr. frv. stendur að tilgangur laganna sé að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir. Ég hélt að það væri í umsjá Skógræktar ríkisins og raunar er þetta mjög einkennileg setning vegna þess að það er ekkert annað að finna í frv. um þetta efni, eða ég hef ekki getað fundið það, umhirðu þess skóglendis sem fyrir er. Það er *mikilvægt verkefni og ég var satt að segja þeirrar* skoðunar að því væri ágætlega sinnt af hálfu Skógræktar ríkisins, t.d. á Hallormsstað og þar í kring.

Í 3. gr. er talað um að gera sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem vel sé fallið til skógræktar á Héraði. Ég sé ekki að fram komi hver á að gera þessa áætlun. Er það þetta nýja ríkisfyrirtæki, Héraðsskógar, þetta nýja ríkisfyrirtæki sem búið er að setja á laggirnar og ég hef efasemdir um að hafi verið nauðsynlegt? Hv. fulltrúi Sjálfstfl. sem talað hér áðan var þessu mjög hliðhollur, heyrðist mér, en ég hef miklar efasemdir um að það þurfi að setja á stofn sérstakt nýtt ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnun til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd. Ég held að það megi gera að öðrum leiðum.

Í 5. gr. frv. er talað um 5% af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar. Nú ætla ég ekki að gera þá tölu að umtalsefni en ég ætla bara að vekja athygli á því að í athugasemdum við 5. gr. er talað um 5% af heildartekjum og ég held að við þurfum ekki að hafa um það mörg orð, hæstv. landbrh., að heildarframleiðsluverðmæti og heildartekjur eru ekki sama hugtakið. Það er tvennt ólíkt. Ég held að það væri alveg nóg í þessu efni og nægilegt ef hver bóndi sem rækar nytjaskóg er einfaldlega skuldbundinn til að endurnýja þann skóg sem er höggvinn. Þá þurfi ekkert svona ákvæði.

Þá vaknar líka spurning þegar sagt er að 5% skuli lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Venjan er sú að slíkir reikningar eru í vörslu banka eða peningastofnana. Ég bendi bara á þetta. Ég held að líka sé vafasamt að setja reglur um skatt af skógarhöggi. Hæstv. ráðherra nefndi hér lerkirækt sem sérstaklega ábatavænlega og ef við erum að tala um skatt af nytjaskógum úr lerki, þá erum við að tala um skatt sem verður lagður á kannski eftir hálfa öld í fyrsta lagi, miklu frekar þó eftir 70–80 ár. Ég held einfaldlega að það sé hvorki rétt eða raunhæft að vera að gera áætlanir um skattlagningu svo langt fram í tímann. Þó að við höfum vissulega skattaglaða ráðherra og ríkisstjórn held ég að þetta sé fulllangt gengið.

Mér hefur verið bent á að ákvæði um forgang bænda að vinnu á vegum Héraðsskóga kunni að rekast á við ákvæði í vinnulöggjöfinni. Um það skal ég ekkert fullyrða. Það er atriði sem ég mun mælast til að verði athugað sérstaklega í nefnd eins og aðrar þær spurningar sem komu mér í hug við lestur málsins og ég ítreka að ég er ekkert að heimta nein svör eða biðja um nein svör við þeim nú við þessa umræðu. Mér finnst eðlilegt að um það verði fjallað í nefnd.

Í skýringum við ákvæði til bráðabirgða kemur fram að reisa eigi gróðurhús og er talað um 15 millj. kr. fjárveitingu þar. Ég hafði einhvern veginn á tilfinningunni að það mál hefði ekki verið afgreitt endanlega í fjvn., en vera má að þar sé ég ekki nægilega kunnugur hnútum, en ég spyr: Hver á að reisa og reka þessi gróðurhús og hvar eiga þau að vera? Það er ekkert um það hér í þessum plöggum eða a.m.k. tókst mér ekki að finna það.

Og svo spyr ég líka: *Nú á að láta mjög mikið fé* renna til þeirra bænda sem hefja þessa starfsemi, en ég get hins vegar ekki séð að þeim séu lagðar neinar kvaðir á herðar með þessum lögum og ég sé ekki að það sé neitt sem kemur í veg fyrir það t.d. að bóndi sem hefur tekið þátt í þessu í 10 ár og er búinn að koma upp vísi að skógi geti einfaldlega skipt um skoðun og ákveðið að selja þetta land undir sumarbústaði sem væri áreiðanlega mjög fýsilegur kostur í þessu fallega héraði. Mér sýnist að í frv. sé ráðherra líka gefin mjög rúm heimild til að skuldbinda ríkið með samningum og ég dreg í efa að við höfum góða reynslu af því fyrirkomulagi. Það er ljóst, eins og fram kom í ræðu ráðherra hér áðan, að samdráttur hefur orðið í hefðbundnum búskap á Héraði, en er það víst og er það tryggt að bændur sem fara út í ræktun nytjaskóga muni hætta hefðbundnum búskap?

Önnur ábending sem ég held að ástæða sé til að íhuga er hvað verður um gróðrarstöðvar sem nú kunna að vera t.d. á Austurlandi og eru í einkaeign með tilkomu þessa. Ég veit að þeir menn eru til sem halda því fram að þær muni fara lóðbeint á hausinn einfaldlega vegna þess að þær hafi enga stöðu til að keppa um plöntusölu við þetta.

Annað kom mér í hug við lestur málsins, sem hefur verið í fréttum núna að undanförnu. Komið hefur fram að það er mjög erfitt ef ekki ógerlegt að verja skóg í uppvexti fyrir hreindýrum sem sækja mjög í byggð og sækja í skógarplönturnar og valda miklum spjöllum. Hreindýrum halda engar girðingar, ég tala nú ekki um þegar snjór er yfir landinu og girðingar kannski meira og minna á kafi. Þetta er staðbundið vandamál í þessum landshluta. Þetta er vissulega

vandamál og mér leikur nokkur forvitni á að vita hvernig menn ætla að bregðast við þessu. Ég held að eitt af því sem þurfi að gera sé að fækka hreindýrunum til að vernda þann skóg sem er í uppvexti á þessum slóðum. Ég held að það sé raunar orðið mjög brýnt.

Annað atriði kemur mér í hug sem ég minntist á hér áðan: Hvernig tengist þetta þessu sérstaka átaki sem nú er verið að gera um landgræðsluskóg og verið er að hleypa af stokkunum? Eða er engin tenging þarna á milli? Og hvert er hlutverk Skógræktar ríkisins í þessu? Hvers vegna er þetta bara ekki á vegum Skógræktar ríkisins?

Það er fjarri mér, virðulegur forseti, að tefja þetta mál með nokkrum hætti. Ég held að það sé margt gott um þá hugsjón og þann tilgang sem er að baki frv. og það markmið. Ég geri ekki minnsta ágreining um það og styð það heils hugar. Ég hef hins vegar, verð ég að játa, verulegar efasemdir um þá framkvæmd sem hér er ráð fyrir gert og held að menn þurfi að verja nokkrum tíma til þess að leita annarra leiða til að gera þetta, liggur mér við að segja, með einfaldari hætti en hér er ráð fyrir gert.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Tímans vegna mun ég reyna að stytta mjög svör mín, enda get ég upplýst hv. síðasta ræðumann um að það eru væntanleg til hans í bréfi svör við ýmsum spurningum sem þingflokkur Alþfl. bar fram og eru flestallar efnislegar og ágætar. Síður en svo höfum við haft á móti því að undirbúa og taka saman ýmislegt efni sem eru þar svör við. Ef ég má leyfa mér að nefna bara örfá atriði til skýringar er í fyrsta lagi því til að svara að sérstök lög voru að okkar mati nauðsynleg, m.a. vegna þess að núgildandi skógræktarlög eru mjög gömul. Það vantar inn í þau í raun og veru ákvæði sem gera nytjaskógrækt í þessum hlutföllum mögulega. Verkefnið er auk þess nokkuð sérstætt og stórt.

Varðandi það hvort í raun og veru sé komin á fót svona bara fram hjá og utan og ofan við kerfið einhvers konar ríkisstofnun, þá er svo ekki og fjarri því. Hér er fyrst og fremst um verkefni að ræða sem hefur fengið fjárveitingu á fjárlögum og aukafjárveitingu á síðasta ári og ákveðinn starfsmaður hefur verið að vinna að því verkefni. Hann er að sjálfsögðu ekki stofnun og lýtur bara beint stjórn sérstakrar nefndar eða stjórnar sem ráðherra kom á fót til að vinna að verkefninu og síðan heyrir undir ráðherra beint. Hann hefur starfsaðstöðu hjá Skógrækt ríkisins á Fljótsdalshéraði og öllum tilkostnaði við þetta hefur verið haldið í lágmarki.

Ástæðan fyrir því að Fljótsdalshérað sérstaklega varð fyrir valinu — þær eru reyndar margar. Ég nefndi nokkrar þeirra, svo sem eins og það að þar er langmest og best reynsla af skógrækt í landinu. Þar vita menn það sem menn kannski vita ekki með sömu vissu annars staðar, að ákveðnar trjátegundir vaxa til nytja með mjög viðunandi hætti, sérstaklega auðvitað lerkið, en reyndar eru kynslóðir af furu og greni sem dafnað hafa dável á Hallormsstað einnig.

Á Fljótsdalshéraði eru skilyrði fyrir samfellda skógrækt þar sem tugir bænda, jafnvel í heilum hreppum, eru tilbúnir til þátttöku. Það þýðir að girðingarkostnaður og ýmislegt annað verður miklum mun minni en ef einstakir bændur eru að girða af hver hjá sér.

Ég tek undir það að það verkar nokkuð sérkennilega ákvæðið sem er í 1. gr. frv. um að verkefninu skuli einnig falið að sjá um umhirðu þess skóglendis sem er á Héraði, en þar er sá vandi á höndum í raun og veru að hv. Alþingi sjálft hefur í sinni samþykkt mælt svo fyrir að einmitt þetta skuli gert og í þingsályktuninni frá 1988 segir einmitt að áætlunin skuli taka til ræktunar nytjaskóga og viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er. Ég hygg að þetta atriði væri rétt að skýra nánar og þannig að að sjálfsögðu skuli verkefnið ekki vasast í þeim skógum sem eru á lendum Skógræktar ríkisins en taka til þess skóglendis sem er á landi bænda. Það fyndist mér eðlilegasta skiptingin.

Um áætlunina: Hún verður væntanlega unnin af verkefninu sjálfu sem slíku, starfsmanni þess í samráði við skógarbændur á Héraði, Skógrækt ríkisins og landbrn. og þannig hafa þau drög sem hér eru verið unnin. Um 5% af heildarframleiðsluverðmæti, þar sem reyndar mun standa, eins og réttilega var nefnt af síðasta ræðumanni, heildartekjur í grg. Það er nú ónákvæmni og ég tel að hið rétta sé að halda sig við heildarframleiðsluverðmæti og það ætti í raun og veru að standa á báðum stöðum. Það er fullkomlega réttmæt ábending að þarna er um ósamræmi að ræða. Það má út af fyrir sig segja að þar væru margar leiðir færar en hér er í raun og veru valið að fylgja fordæmi nágrannaþjóðanna sem hafa endað með þessari tilhögun. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það mætti hugsa sér að það væri einfaldlega sú kvöð á hverjum og einum bónda, eða þeim sem væru að nytja skóga framtíðarinnar á hverjum tíma, að hann ætti að sjá um endurnýjun þeirra og í raun og veru er það það sem þetta ákvæði felur í sér eins og kemur fram í því að þetta er heimildarákvæði allt að 5%, sem sagt að þeim mörkum sem þarf til að kosta endurnýjunina á hverjum tíma.

Um 15 prósenta ákvæðin er því til að svara að það er nú í okkar skilningi ekki skattur heldur í raun og veru hlutdeild ríkisins í þeim hagnaði sem á hverjum tíma kann að koma af verkefnunum. Um vinnulöggjöfina eru ýmsir fróðari en ég en ég hygg þó að þess séu mörg fordæmi að ákveðin svæði njóti til að mynda forgangs til vinnu og telst ekki misbeiting og hér yrðu einmitt á ferðinni þeir sem væru íbúar á viðkomandi svæði, í viðkomandi hreppum sem fengju þarna forgang. Spurningin gæti þá orðið um það hvort rétt væri að þeir hefðu forgang umfram aðra íbúa viðkomandi hrepps. Þá mætti enn fremur beita þeim rökum að á ferðinni væru þeir menn sem hefðu faglega bestar aðstæður til að sinna þessum störfum, hefðu þekkingu á staðháttum og væru ræktunarmenn, væru í þeim störfum og þar af leiðandi væru komnar forsendur til að velja þá úr eða taka þá fram fyrir aðra.

Um gróðurhúsamálin hefur talsvert verið rætt og

það er reyndar eitt það atriði sem hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um á köflum, fyrst og fremst um það hvort rétt væri að stefna á rekstur stórra gróðurhúsa á vegum Skógræktar ríkisins eða annarra aðila eða hvort sú leið væri fær að bændur sjálfir önnuðust plöntuuppeldið og þá jafnvel í smáum stíl hver fyrir sig á sínum jörðum. Í þessu efni er í rauninni ekki komin niðurstaða að öllu leyti en það liggur þó fyrir að langfljótlegasta og auðveldasta aðferðin til að auka afköstin við plöntuframleiðslu í byrjuninni, en það er jú flöskuháls eins og stendur, er að stækka núverandi aðstöðu Skógræktar ríkisins á Hallormsstað og það verður gert í fyrsta áfanga. Það verður síðan skoðað í framhaldinu hvort einstakir bændur eða þá bændur í sameiningu í gegnum stærri einingar geti tekið að sér að verulegu leyti og jafnvel öllu þennan þátt og mundi þá einfaldlega Skógrækt ríkisins nýta fyrir sjálfa sig þá aðstöðu sem hún kemur upp nú til bráðabirgða fyrir verkefnið.

Um kvaðir á bændur vísa ég m.a. í uppköst að samningi sem er síðasta fylgiskjal með frv. Þar eru lagðar vissar kvaðir á bændur og þær eru að taka frá þetta land og hafa það undir skógræktinni og um það yrði gerður bindandi samningur sem bændurnir væru skuldbundnir af til móts við ríkið að sínu leyti. Og í því fælust kannski kvaðirnar meira en að þær komi hér inn í lagatextann.

Gróðrarstöðvar eru reyndar því miður ekki margar á Fljótsdalshéraði og til þessa hefur Skógrækt ríkisins verið næsta ein um það að framleiða þar skógarplöntur til sölu. Það er fremur að það litla sem er af gróðurhúsum á því svæði sé þá í ávöxtum eða grænmeti. Ég hygg að Skógrækt ríkisins á Hallormsstað hafi verið nánast eini aðilinn sem eitthvað kveður að í plöntuframleiðslu á þessu svæði og samkeppni því í raun og veru ekki fyrir hendi þar.

Hvað snertir hreindýrin þá er það vissulega nokkurt vandamál eða menn hafa haft af þeim áhyggjur. Það hefur reyndar lengi verið svo að nokkrir skaðar hafa orðið af hreindýrum í skóglendi eystra, en áraskipti að því hversu alvarlegt það tjón er. Það mál er nú til sérstakrar skoðunar. Tillögur hafa komið frá heimamönnum til menntmrn. sem enn fer með málefni hreindýra þó að því ljúki nú vonandi mjög fljótlega. Þegar ég sé hér umhvrh. fyrir framan mig leyfi ég mér að skjóta þessu inn í. Tillögur um þetta eru sem sagt til skoðunar bæði í landbrn. og menntmrn., þ.e. ráðuneyti hreindýra, eins og ég kalla það stundum þegar ég er að skensa vin minn, menntmrh. Reyndar er það vel þekkt víða að, til að mynda frá hinum Norðurlöndunum, að elgar og fleiri dýr valda nokkru tjóni eða usla í skóglendi og er svo sem ýmsum brögðum beitt til að reyna að draga úr því.

Er ég nú senn að koma að lokum þessarar tölu, hæstv. forseti. Um landgræðsluskóga er því til að svara að það verkefni er í raun alls óskylt þessu. Þar er um að ræða skógrækt sem er hugsuð á öðrum grunni. Plönturnar eru fyrst og fremst birki og víðir, þ.e. ekki beinlínis nytjaplöntur heldur plöntur sem klæða landið og eru brautryðjendur fyrir aðrar sem síðar gætu komið til og orðið að nytjaskógum. Það verkefni er sérstaklega helgað afmæli Skógræktarfélags Íslands og er í raun og veru undir forustu þess en í samvinnu við Skógrækt ríkisins og landbrn. og fleiri góða aðila. Og ástæðan, hvers vegna ekki Skógrækt ríkisins sem einfaldlega sæi um þetta atriði? Það var ósk heimamanna, og það er reyndar skoðun fleiri að það sé að mörgu leyti heppilegt að þetta sé sjálfstætt verkefni. Þetta er í raun hugsað sem búskapur. Því er ætlað að byggja á þátttöku bænda. Það var talið eðlilegt að þeir væru afgerandi í meðferð málsins. Þátttaka Skógræktar ríkisins er hins vegar fléttuð inn í málið á ýmsum stigum, til að mynda er það hér í lögunum að Skógrækt ríkisins skuli annast faglega fyrirgreiðslu og ráðgjöf og Skógrækt ríkisins mun eiga mann í þeirri verkefnisstjórn sem stýrir verkefninu. Ég tek það fram og undirstrika að hér er ekki verið að búa til stofnun eða síðan stofnanir í hverjum landshlutanum á fætur öðrum, heldur er hér verið að setja upp verkefni. Og auðvitað þurfa einhverjir að halda utan um verkefnið og svona viðamikið verkefni kallar a.m.k. á undirbúningsskeiðinu á einhvern starfskraft en síðan ættu væntanlega, þegar það er komið í fullan gang og farið að rúlla svona af sjálfu sér, bændurnir sjálfir að geta séð alveg um þá þjónustu sem í kringum það yrði. Og það er einmitt mín ósk og ég hef gert mér sérstaklega far um að reyna að byggja málið þannig upp að sú vinna sem af þessu skapast, þjónusta við þetta, rekstur tækja eða því um líkt, verði á hendi bændanna sjálfra og þátttakendanna í skógræktarverkefninu.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að það er til mikils mælst að ætla að afgreiða þetta mál hér á fáum dögum sem eftir lifa þingsins. Nú vitum við kannski ekki um það alveg fyrir víst, það gæti eitthvað bæst við, en í öllu falli væri mér það kærkomið að hv. landbn. tæki málið til skoðunar og færi m.a. í gegnum ágætar athugasemdir sem hér komu fram og spurningar og sendi það út til umsagnar þannig að menn væru þá eitthvað betur á vegi staddir til að taka upp þráðinn að hausti ef svo fer.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum og ull, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 943.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég get haft mína framsöguræðu fyrir þessu litla máli mjög stutta þó það verðskuldi svo sem vel myndarlega framsöguræðu. Hér er hið þarfasta mál á ferðinni og reyndar nokkuð brýnt því það hefur lengi verið ætlunin að reyna að bæta meðferð á ull og gærum, mat og alla meðferð.

Frv. er afrakstur starfshóps sem unnið hefur tillögur

að því og byggir í raun og veru á tillögum tveggja starfshópa frekar en eins sem hafa gert tillögur um breytingar á þeim tvennum lögum sem hér koma til, þ.e. lögum um flokkun og mat á gærum, nr. 22 frá 10. maí 1976, og lögum um flokkun og mat ullar, nr. 21 21. apríl 1976.

Frv. gerir ráð fyrir að þessi lög verði sameinuð, felld saman í ein lög og verður að telja það til stórkostlegs hagræðis í löggjöfinni að ákvæði um mat annars vegar á ull og hins vegar á gærum falli inn í eina og sömu löggjöfina.

Þessi breyting er talin þýðingarmikil af starfshópi sem starfað hefur að því að bæta meðferð og nýtingu á ull, en í honum hafa verið fulltrúar bænda, ullariðnaðarins og fulltrúi frá stjórnvöldum. Helstu nýmæli frv. eru þau að mat á gærum er fært frá sláturleyfishöfum til sútunarverksmiðja og yfirstjórn gærumats er falin þriggja manna nefnd sem landbrh. skipar og felld eru niður ákvæði gildandi laga um gærumatsformann og yfirgærumatsmenn er starfa í hverjum landsfjórðungi. Og hvað ullina snertir eru það helstu breytingar að felld eru niður ákvæði laga nr. 21 frá 1976, um flokkun framleiðenda á ull, en það ákvæði mun aldrei hafa komist til framkvæmda í raun og veru eins og gert var ráð fyrir vegna þess að því fylgdi of mikill kostnaður. Þá er gert ráð fyrir einum eftirlitsmanni með ullarmati er hafi það hlutverk að sjá um eftirlit, leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi mat og meðferð ullar um land allt undir yfirstjórn ullarmatsnefndar í stað fjögurra ullarmatsmanna.

Það er sem sagt eindregin skoðun bænda og ullariðnaðarins að þetta fyrirkomulag, þessi breyting, væri til mikilla bóta og ætti að tryggja betri meðferð á ull og gærum og auðvelda mat á þeirri vöru. Væri það því mjög kærkomið ef hv. Alþingi treysti sér til að afgreiða þetta litla en snotra mál sem lög á þessu þingi.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 918.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 918 og er 521. mál þingsins.

Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Skúli Alexandersson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Karl Steinar Guðnason, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhann Einvarðsson, Egill Jónsson og Halldór Blöndal.

Það eru því þrettán þingmenn þessarar hv. deildar sem flytja frv.

Fyrsta grein frv. fjallar um breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 71. gr. laganna. Önnur breytingin er um það að hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búin er öryggisbelti skuli nota það. Hin breytingin varðar börn yngri en sex ára, að þau skuli nota bílbelti, barnabílstól, bílpúða, sem festur er með bílbelti, eða annan viðurkenndan öryggisbúnað og einnig er gert ráð fyrir að bannað sé að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti í akstri.

Á síðasta þingi voru flutt tvö frv. um breytingar á umferðarlögunum. Annað frv. var flutt af 1. flm. þessa frv. ásamt fleiri þingmönnum og þar var að hluta til að ræða um sömu breytingar og þetta frv. fjallar um. Hitt frv. var flutt af 2. flm. þessa frv., þ.e. hv. 3. þm. Vesturl., og varðaði sömu atriði auk nokkurra annarra atriða varðandi breytingu á umferðarlögum.

Nú þykir flutningsmönnum þessa frv. rétt að láta reyna á það hvort ekki er mögulegt að fá þær breytingar á umferðarlögunum, sem lagðar eru til með þessu frv., lögfestar fyrir þinglok. Þetta er eitt af mikilvægum öryggisatriðum sem varða það að fækka umferðarslysum, þ.e. koma í veg fyrir alvarleg slys á fólki þegar um er að ræða afleiðingar þess að menn noti ekki bílbelti.

Þegar nýju umferðarlögin tóku gildi fólust í þeim margháttaðar breytingar eins og varðandi lögbundna ljósanotkun allan sólarhringinn og skyldunotkun bílbelta í framsætum og ég held að allir sem fjalla eitthvað um þessi mál séu sammála um að þessi atriði hafi ótvírætt sannað gildi sitt svo að ekki verður um villst. Þannig er t.d. með notkun bílbelta og þess vegna þykir flutningsmönnum ástæða til að stíga nú skrefið til fulls og lögleiða einnig notkun bílbelta fyrir þá sem sitja í aftursætum bifreiða, enda hefur sú ráðstöfun, þar sem hún hefur verið lögleidd, einnig ótvírætt sannað gildi sitt, ekki síst þar sem börn eiga í hlut.

Það er rétt að benda á að gerð hefur verið skoðanakönnun sem birtist í tímaritinu Heilbrigðismálum í september 1988. Könnunin var gerð á vegum Hagvangs. Í þessari skoðanakönnun kom fram að í 1087 manna úrtaki voru 88% hlynnt skyldunotkun bílbelta í aftursæti en aðeins 12% andvígir.

Sú tafla sem birt var í Heilbrigðismálum er birt hér sem fylgiskjal með frv. Athyglisvert er að ungt fólk er ekkert síður hlynnt notkun bílbelta í aftursætum en þeir sem eldri eru.

Ég held, hæstv. forseti, að ekki sé ástæða til að vera að tala langt mál um frv. Við höfum svo oft rætt þetta hér í þessari hv. deild, fjallað um þessi mál, og það að 13 þingmenn í deildinni flytja frv. held ég að sé besta staðfestingin á því að það eigi öruggt fylgi í deildinni og ég vænti þess að hægt verði að koma þessu máli í

gegnum a.m.k. þessa hv. deild. Ég ætla þess vegna ekki að hafa fleiri orð um frv. en leyfi mér að vísa til fylgiskjala sem fylgja frv. Þar er gerð grein fyrir afleiðingum þeirra áverka sem menn hljóta þegar þeir lenda í umferðarslysum ef bílbelti hafa ekki verið notuð, og svo oft er búið að fjalla um þetta í fjölmiðlum þar sem birtar hafa verið upplýsingar og jafnvel sýndar myndir af afleiðingum slysa þar sem einmitt farþegar í aftursætum hafa ekki notað bílbelti.

En ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn. Þó að ég telji í raun og veru að ekki sé nauðsynlegt að fjalla um þetta í nefnd ber að gera það samkvæmt þingsköpum.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það hefur stundum kostað harðar deilur hér á Alþingi þegar rætt hefur verið um notkun bílbelta. Í þessari deild, þegar horft er til baka, hafa þingmenn haft frumkvæði í þessum efnum og a.m.k. einu sinni voru hér samþykkt ákvæði um notkun bílbelta en síðan felld í hv. Nd. Ég tel að þetta sýni að hér hafi menn ríkan skilning á mikilvægi þessa máls. Bílbeltin hafa löngu sannað gildi sitt, notkun þeirra er óumdeild, hún er mikil slysavörn og það er tvímælalaust tímabært að stíga það skref nú að lögleiða skyldunotkun bílbelta í aftursætum, og þess vegna er þetta tímabært frv. sem við eigum að keppa að að samþykkja nú á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. EG o.fl., 536. mál (viðvörunarmerki á umbúðum). — Þskj. 933.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum hv. þm. í þessari deild að flytja frv. til laga um breytingu á áfengislögum. Það er endurflutt. Málið var einnig flutt í fyrra, er nú flutt með nokkurri breytingu. Efni þess er það að Áfengisverslun ríkisins skuli að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi sem selt er hér á landi með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

Um það leyti sem frv. var flutt hér á þinginu í fyrra komu fram nýjar upplýsingar um skaðsemi áfengisneyslu fyrir barnshafandi konur. Flm. gat þess þá í framsögu að eðlilegt væri að viðvörun um þessa hættu yrði einnig á áfengisumbúðum, ekki bara um akstur og áfengisneyslu.

Í Bandaríkjunum var á döfinni og er á döfinni að taka upp slíkar merkingar á öllu áfengi sem selt er þar í landi, þ.e. vara við hættu á fósturskemmdum hjá barnshafandi konum. Ég hef gert ráðstafanir til að afla mér upplýsinga um stöðu þess máls í Bandaríkjunum en til stóð að þetta yrði gert frá og með 1. nóv. á síðasta ári. Ég hef grun um að það hafi ekki verið gert þá og málinu hafi verið frestað en því miður hafa ekki enn borist þær upplýsingar sem ég hef lagt drög að að afla um þetta efni en væntanlega berast þær til hv. nefndar. Ég tel að hér sé um brýnt mál að ræða. Við höfum tekið ákvörðun um að merkja tóbaksumbúðir með hættuaðvörun. Það er að vísu deilt um gagnsemi slíkra hluta en ég held að þetta sé rétt og ég held að þetta hafi áhrif og ég held að það sama eigi að gilda um áfengi, einkanlega með tilliti til þess að vísindarannsóknir hafa leitt í ljós með óyggjandi hætti að áfengi sem konur neyta á meðgöngutíma veldur fósturskemmdum og skaða.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

75. fundur, miðvikudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Stjfrv. um áburðarverð.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill láta þess getið varðandi þinghaldið í dag að þegar afgreidd hafa verið fyrstu tvö dagskrármálin er ætlun hans að setja nýjan fund og reyna að koma þeim áleiðis. Síðan er ætlun forseta að efna til kvöldfundar kl. 8.30 og halda áfram til kl. 23, eða til miðnættis eftir atvikum, eftir því hvernig málin mjakast áfram hér í hv. deild. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir þingflokksfundum á hefðbundnum tíma, kl. 16.

Þannig háttar til að 5. dagskrármálið, Ráðstafanir vegna kjarasamninga, stjfrv., 566. mál á þskj. 1022, er of seint fram komið til að það megi á dagskrá koma án þess að til komi sérstakt leyfi hv. deildar. Forseti hefur orðið við beiðni hæstv. forsrh. um að setja málið á dagská og mun leita eftir heimild hv. deildar fyrir því að það megi koma hér til umræðu með þeim hætti sem dagskrá gerir ráð fyrir.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Farið er fram á að leyfa umræðu um mál sem útbýtt var í deildinni í gær. Það er svo sem engin nýlunda að afbrigða sé leitað og að afbrigði séu leyfð fyrir því að mál megi koma fyrir sem of seint eru

fram komin. Það gerist oft í sambandi við þingmál þegar sérstaklega stendur á.

Nú er staðan sú að skammt er til þinglausna og eru 15 dagar liðnir frá því að leggja mátti fram þingmál ef þau ættu að koma til umræðu eða afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Ástæða fyrir þeirri beiðni ríkisstjórnarinnar um að þetta mál á dagskránni megi koma til umræðu er sú að ríkisstjórnin varð of sein til að leggja frv. fram. Hæstv. ríkisstjórn hefur það svo væntanlega sér til afsökunar að hún sá ekki fyrir þá ákvörðun sem stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins tók varðandi áburðarverðið. Það er auðvitað rétt að hún sá ekki þá ákvörðun stjórnarinnar fyrir.

Ég ætla að taka fram að ég læt það afskiptalaust hvort þessi afbrigði verða veitt. Efnisleg rök fyrir þessu eru engin önnur en þá þau að hæstv. ríkisstjórn unir ekki þeirri niðurstöðu sem þingkjörin stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins komst að. Það er út af fyrir sig alvarlegt mál þegar hæstv. ríkisstjórn unir ekki ákvörðun þingkjörinnar stjórnar en ég ætla ekki að ræða það núna. Það gefst auðvitað tækifæri til þess við efnislega umræðu um málið sem væntanlega fer fram hér á eftir. Ég bendi hins vegar á að þegar hæstv. ríkisstjórn er að koma með mál hér á síðustu dögum þingsins og það deilumál, þá hlýtur það að hafa áhrif á afgreiðslu annarra mála sem ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að fái afgreiðslu á þessu þingi. Það sneyðist sem sagt um tímann fyrir þessi önnur áhugamál hæstv. ríkisstjórnar.

Ég ítreka sem sagt að ég læt það afskiptalaust þótt þessi afbrigði verði veitt en bendi á þetta, að þeim mun minni tími gefst hæstv. ríkisstjórn til að koma öðrum áhugamálum sínum í gegnum þingið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði, en því til viðbótar finnst mér ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort ekki hefði verið hugsanlegt að fara aðra leið í þessu máli. Ég fæ ekki betur séð en að ástæðulaust sé að flytja það frv. sem hér hefur verið flutt. Hæstv. ríkisstjórn gat haft það í hendi sér að stýra áburðarverðinu, eða a.m.k. að láta ekki afleiðingarnar, sem eru mismunur á 12% og 18%, koma fram með því að flytja brtt. við fjáraukalög eða sjá til þess með öðrum hætti að niðurgreiðslur eða fjármögnun úr ríkissjóði kæmist til skila með öðrum hætti en að flytja þetta frv. Og mig langar í þessari þingskapaumræðu til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hæstv. ríkisstjórn hafi kannað þann möguleika og hverju það sæti að þeirri aðferð skuli ekki vera beitt fremur en að breyta niðurstöðu stjórnar Áburðarverksmiðjunnar sem hefur samkvæmt lögum það vald að ákveða áburðarverð. Ríkisstjórnin hefur, eins og allir vita, ýmsar aðrar leiðir til að koma til móts við þær óskir sem hún telur vera eftirsóknarverðar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu athugaði ríkisstjórnin þá leið sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi hér áðan. En eins og mun koma fram í málefnalegri umræðu telur ríkisstjórnin að Áburðarverksmiðjan þoli að áburðarverðshækkun verði ekki meiri. Það er reyndar boðið að skoða þá betur hvort eitthvað þyrfti til viðbótar við afgreiðslu fjáraukalaga í haust. Sú ástæða sem ræður því að sú leið er ekki farin, auk þeirrar sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, er að sjálfsögðu sú að fjárhagur ríkissjóðs er mjög þröngur og draga ber úr útgjöldum hans eins og frekast er kostur.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er um nokkuð óvenjulegt mál að tefla sem hæstv. ríkisstjórn fer fram á að veitt verði afbrigði frá þingsköpum til að það megi ræðast hér í þinginu. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að gera athugasemdir við þá ósk, en fyrir margra hluta sakir kallar þessi ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar á skýringar af hennar hálfu.

Í fyrsta lagi þarfnast það frekari skýringar, eins og komið hefur fram, hvers vegna hæstv. ríkisstjórn fer ekki þá einföldu og sjálfsögðu leið að taka um þetta ákvörðun í þeim fjáraukalögum sem fyrir liggja og ekki þarf að veita afbrigði fyrir. Benda má á að það er raunverulega eina leiðin sem hæstv. ríkisstjórn hefur til að leysa þetta mál. Það frv. sem hér liggur fyrir og óskað er eftir afbrigðum um felur ekki í sér lausn á vanda Áburðarverksmiðjunnar, eða þeim vanda sem menn standa frammi fyrir vegna áburðarverðs. Hann er á hinn bóginn hægt að leysa með því að breyta fjáraukalögum. En hæstv. ríkisstjórn kýs að fara ekki þá leið sem ein er fær til þess að leysa málið. Það vekur athygli og þarfnast miklu nánari skýringa af hálfu hæstv. forsrh. hvers vegna það er ekki gert.

Á hinn bóginn er af þessu tilefni ástæða til að hæstv. ríkisstjórn geri þinginu nánari grein fyrir áformum sínum um lok þinghalds og afgreiðslu þingmála. Það hefur komið fram í óljósum yfirlýsingum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að ljúka eigi þinghaldi í næstu viku. Það þýðir að aðeins eru nokkrir dagar eftir af þinghaldi. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki óskað eftir samkomulagi milli þingflokka um afgreiðslu þingmála eins og oft er venja undir lok þinghalds. Auðvitað er það alfarið á valdi hæstv. ríkisstjórnar og enginn sem biður hana um að leita eftir slíku samkomulagi. Oft er það þó gert til þess að greiða fyrir framgangi tiltekinna mála og oft leiðir það til þess að vinnubrögð í þinginu verða skilvirkari og málefnalegri. En hæstv. ríkisstjórn hefur, a.m.k. fram til þessa, ekki óskað eftir neinum slíkum samningum. Fyrir liggja listar þar sem á eru nokkrir tugir áhugamála hæstv. ráðherra.

Ég vildi gjarnan, af þessu tilefni, fá nánari upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstjórn hvort þessi áhugamálalisti hæstv. ráðherra upp á nokkra tugi mála sé alvörumál, hvort hæstv. ríkisstjórn hafi í raun og veru í hyggju að fá öll þau mál afgreidd á þessum tíma, hvort hún hafi í hyggju að framlengja þinghaldið fram eftir vori, sem er mjög eðlilegur og sjálfsagður hlutur ef því er að skipta. En þingheimur á auðvitað sjálfsagða kröfu til þess að fá að vita hvað hæstv.

ríkisstjórn er að hugsa í þessum efnum, ef hún er þá að hugsa eitthvað á annað borð, ef hún hefur sett sér einhver markmið eða náð samkomulagi sín á milli um einhverja hluti. Ef svo er ekki er auðvitað ekkert við því að gera og þá blasir sá glundroði bæði við þingi og þjóð.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir því hvers vegna ríkisstjórnin valdi þá leið að leita eftir samþykki Alþingis fyrir áburðarverði. Það er að sjálfsögðu óvenjulegt, en þetta er liður í kjarasamningum sem voru gerðir og mjög mikilvægur þáttur í þeim. Vitanlega geta menn sagt að þetta hefði átt að fylgja því frv. um kjarasamninga sem var flutt og samþykkt. Ég get alveg tekið undir það, það hefði átt að gera það.

Hins vegar, þegar þetta mál var vandlega athugað, þá sýndist ríkisstjórninni að þess mundi varla vera þörf því að Áburðarverksmiðjan gæti þolað umræddda hækkun. Að sjálfsögðu þýddi það meiri lántöku vegna þeirra framkvæmda sem Áburðarverksmiðjan stendur í, þ.e. byggingu nýs ammoníaksgeymis. En ég vil ekki fara út í nánari málefnalega umræðu í þingskapaumræðu um þetta mál, tel það ekki viðeigandi.

Hitt er svo rétt að sjálfsögðu að þingheimur á rétt á því að vita hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur um þinglok. Ég hélt satt að segja að eftir allmarga fjölmenna fundi með fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu lægi þetta nokkuð ljóst fyrir. M.a. hef ég rætt við hv. 1. þm. Suðurl. um það mál. Ég hef litið svo á að það væri fullt samkomulag um að leitast við að ljúka þingi 4. eða 5. maí. Hins vegar hefur alltaf legið fyrir að það eru sérstaklega eitt eða tvö mál sem ráða úrslitum um það. Það er fyrst og fremst stjórn fiskveiða og Úreldingarsjóður, sem hafa nokkuð fylgst að. Að lausn þeirra mála hefur nú verið unnið og ég er að gera mér vonir um að a.m.k. annað þeirra mála losni úr nefnd í dag. Þá geta menn að sjálfsögðu séð betur hvort okkur tekst að standa við þessa áætlun.

Ég veit að hv. þm. er kunnugt að mjög mikið af þessum 40 mála lista hefur svona a.m.k. með þögninni verið samþykkt milli manna að fari ekki í gegn og verði ekki til að tefja þinghaldið. Ég held að meginniðurstaðan sé sú að það sé fyrst og fremst stjórn fiskveiða sem ráði úrslitum.

En ég vil svo taka undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að það er vitanlega ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram lengur. Við höfum reynsluna af því þegar við héldum þinginu fram til 21. júní, en mér heyrðist ekki mikill áhugi á því. Ég vil fyrir mitt leyti standa, eftir því sem frekast er unnt, við það bráðabirgðasamkomulag, ég verð að kalla það það, sem hefur verið gert. Og við skulum vona að takist að halda þeirri tímasetningu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Fyrst vegna þess frv. sem óskað hefur verið eftir að veita afbrigði fyrir, þá tek ég undir það með hæstv. forsrh. að það er ekki tilefni til að ræða það efnislega. Vegna ummæla hans er rétt að minna á að fulltrúar stjórnarflokkanna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar hafa með afstöðu sinni tekið alveg skýrt fram að það þarf að leysa rekstrarvanda verksmiðjunnar og hann er ekki leystur með einhliða ákvörðun um 12% hækkun á áburðarverði heldur er hann skilinn eftir. Það kemur glöggt fram í þeim gögnum sem fyrir liggja þannig að eftir stendur sú fullyrðing sem hér kom fram að hæstv. ríkisstjórn getur ekki leyst þetta mál af sinni hendi og staðið við sín fyrirheit með þessum hætti, en hún getur það með því að breyta fjáraukalögunum og til þess þarf ekki afbrigði. Það hefði þar að auki greitt enn frekar fyrir lokum þinghalds og eðlilegum störfum hér í þinginu. Þetta er staðreynd sem fyrir liggur nema að um sé að ræða mikinn ágreining milli ríkisstjórnarinnar og fulltrúa hennar um afkomu verksmiðjunnar.

Að því er varðar þá umræðu sem hér hefur farið fram um lok þinghaldsins vil ég taka fram að þó samtöl hafi eðlilega átt sér stað milli manna og menn hafi velt upp bæði löngum málalistum og hugmyndum um það hvenær ljúka megi þinghaldi, þá hafa engir, hvorki formlegir né óformlegir, samningar verið gerðir þar um. Það er auðvitað alfarið á valdi hæstv. ríkisstjórnar hvort hún óskar eftir slíkum samningum. Fram til þessa hefur hún ekki óskað eftir því að slíkir samningar verði gerðir um lok þinghaldsins þó að samtöl hafi farið fram á milli manna. Það er ekkert sem mælir á móti því að ljúka þinghaldi 4. eða 5. maí, en ég ítreka að það er líka alveg sjálfsagt að halda þingstörfum áfram ef málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er með þeim hætti að nauðsyn krefur.

Ég veit ekki hvernig skilja á ummæli hæstv. forsrh. Hann segir að það séu aðeins eitt eða tvö mál sem máli skipta og þau þurfi að fá afgreiðslu fyrir þinglok. Það er frv. um stjórn fiskveiða og Úreldingarsjóð. Ég veit ekki hvort skilja beri þessi ummæli á þann veg að þar með sé það upp talið eða svo hafi fækkað á forgangslistanum upp á nokkra tugi mála að hæstv. ríkisstjórn sætti sig við það að ná ekki fleiri málum fram. Þannig hefði mátt skilja hæstv. ráðherra. En nú er það oft á þann veg að þegar hann gefur yfirlýsingar þá má skilja þær á marga vegu og alveg óþarfi að vera fyrir fram með einhverjar fullyrðingar í þeim efnum vegna þess að hitt er algengast að hann hagi orðum sínum á þann veg að skilja megi á fleiri en einn veg. Þess vegna vildi ég í fullri vinsemd óska eftir því að fá nánari skýringu á þessum ummælum, hvort það sé í raun svo að það séu aðeins þessi tvö frv. eða hvort um sé að ræða fleiri frv. og þá að hæstv. ráðherra geri nokkuð gleggri grein fyrir því hvaða mál það eru, ef það er svo að hæstv. ríkisstjórn stefni að þinglokum í næstu viku því enn eru svörin af hálfu ríkisstjórnar býsna óljós.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að taka upp þann sið hv. 1. þm. Suðurl. að vera hér með útúrsnúninga úr ræðustól sem hann tíðkar jafnt og þétt. Ég sagði mjög greinilega áðan að það mun ráða úrslitum hvort tekst að standa við tímasetninguna 4. eða 5. maí að þessi tvö mál afgreiðist, þ.e. stjórn fiskveiða og Úreldingarsjóður. Ég sagði ekkert um það að þetta væru einu málin sem hér ættu að fara í gegn. Sem betur fer gengur mjög vel að afgreiða mál í þessari deild og virðist ekki vera nein hindrun. Það er að vísu ekki svo í hv. Ed.

Ég er ekki með þennan lista hér og teldi reyndar á þessu stigi ekki rétt að fara að rökræða þann lista. Við höfum farið yfir hann vandlega á þeim fundum sem við höfum setið og ég veit að sú vitneskja hefur verið borin undir þingflokk sjálfstæðismanna. En ég vona, ef reynist svo sem horfir að þessi mál komist út úr deild, að þá getum við aftur sest að. Ég fagna því svo sannarlega ef samningur tekst, allsherjarsamningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu þingmála og um þinglok og ekki skal standa á mér að stuðla að slíkri samningagerð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: MálmS, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SV, StH, ÞÞ, AðB, AS, AÓB, EH, FÞ, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JK, JSS, KE.

MÁM, ÖE, SP, ÞP, BÍG, FrS, HJ, IBA, KrP, EKG, GHH greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (ÓÞG, RA, SighB, SJS, ÁrnG, ÁHE, JBH, JónS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé óþarfi að leita þessara afbrigða. Ég tel að auðveldara og eðlilegra hefði verið að flytja brtt. við fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga og ná þannig sama markmiði. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að veita afbrigði á tillögu sem er vantraust á stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins. Slíkri tillögu get ég ekki veitt atkvæði mitt og greiði því ekki atkvæði.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mikilvægt fyrir bændur þessa lands og ríkisstjórn að staðið sé við gerða kjarasamninga. Því segi ég já.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 949, n. 1020, brtt. 1021.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur fjallað um frv. Haft hefur verið sama vinnulag og verið hefur, að formenn allsherjarnefnda Ed. og Nd. hafa farið yfir allar umsóknir um ríkisborgararétt sem borist hafa og kannað að þær séu í samræmi við þær reglur sem settar eru áður en þær eru bornar undir nefndirnar.

Frá því að frv. var afgreitt úr allshn. Ed. hafa fimm nýjar umsóknir um ríkisborgararétt borist. Þær uppfylla allar þau skilyrði sem allsherjarnefndir hafa sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Lagt er til að nöfn þeirra umsækjenda verði tekin upp í frv. en þau eru á brtt. 1021.

Ég vil sérstaklega benda á að í nál. frá allshn. Ed. eru prentaðar þær reglur sem farið er eftir. Í nefndunum hefur verið rædd og samþykkt ein ný vinnuregla eða skýrari vinnuregla en verið hefur. Sú regla er nr. 4 á þskj. 910 og hún er svohljóðandi:

„Karl eða kona, sem býr í óvígðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, fái ríkisborgararétt ef sambúðin hefur varað í fimm ár og þau átt sameiginlegt lögheimili þann tíma enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár."

Rétt þótti að skýra þessa reglu nánar og festa hana í nál. því ekki hefur verið alveg ljóst til þessa hvernig með þetta ætti að fara en hefur að sjálfsögðu verið matsatriði nefndarinnar. En rétt þykir að hafa skýrar starfsreglur í þessum efnum.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og því var breytt í Ed., ásamt brtt. á þskj. 1021. Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Ingi Björn Albertsson, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson, Sighvatur Björgvinsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1021 samþ. með 31 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Dómsvald í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 337. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 588, n. 1019.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um viðauka við lög um skipan dómsvalds í

héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 frá 27. apríl 1972.

Nefndin hefur fjallað um frv. Það er, eins og fram kemur, flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út þann 13. jan. 1990 og fylgja bráðabirgðalögin sem fskj. með frv.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt. Friðjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Ingi Björn Albertsson, Guðni Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Sighvatur Björgvinsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

76. fundur, miðvikudaginn 25. apríl, að loknum 75. fundi.

Dómsvald í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 337. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 588.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1036).

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105, n. 819 og 820.

Geir H. Haarde (frh.):

Herra forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni í gær í annað sinn vegna þess að ég hef óskað eftir því að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur þessa umræðu og svari nokkrum fyrirspurnum sem til hans hefur ítrekað verið beint vegna þessa máls. Ég vil þess vegna byrja á því að beina því enn á ný til forseta að hann geri ráðstafanir til að fá hæstv. utanrrh. hingað í þingsalinn til að gegna sínum þingskyldum. Ráðherrann hefur ekki fjarvistarleyfi í dag, svo mér sé kunnugt um. Ég vildi þess vegna beina því til forseta að þessi ósk verði enn á ný ítrekuð svo hægt verði að taka þetta mál á dagskrá hér í deildinni þar sem það hefur verið óeðlilega lengi að mínum dómi.

Það er engin ástæða til annars en að þetta mál fái afgreiðslu og þurfi ekki að vera á dagskrá í deildinni dögum og vikum saman vegna þess að sá ráðherra sem um er spurt, formaður Alþfl., sér ekki ástæðu til að vera viðstaddur og tjá sig um málið þótt hann sé ítrekað spurður spurninga um málið og afstöðu hans til þess fyrr og nú. (**Forseti:** Forseti hefur spurst fyrir um hæstv. utanrrh. Hann er ekki í þinghúsi. Forseta er tjáð að hæstv. ráðherra hafi farið upp á Skaga og muni vera á leiðinni í bæinn þaðan og sé væntanlegur innan ekki mjög langs tíma til þingfundar.) Já, Akraborgin kemur nú víst kl. 3, er það ekki? (**Forseti:** Forseti hefur ekki yfirlit yfir skipakomur.) Ég vænti þess, herra forseti, um leið og ég þakka fyrir þessar upplýsingar — sem þó voru náttúrlega ekki algerlega tæmandi að því er varðaði skipakomur — þá vænti ég þess að ráðherra komi hér til fundarins í dag og hægt verði að halda þessum umræðum áfram. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að margendurtaka á sama fundi það sem ég vil sagt hafa við ráðherrann þannig að ég óska enn á ný eftir því að gera hlé á ræðu minni þangað til hann er viðstaddur svo að við getum komið þessu máli hér af dagskrá í góðu samkomulagi og greitt um það atkvæði eins og tillögur eru um af hálfu tveggja minni hluta í nefndinni. Minni hlutarnir báðir rökstyðja mál sitt með sama hætti, eins og ég benti á hér í gær. Annar minni hlutinn dregur rökrétta ályktun af rökstuðningnum, hinn ekki að mínum dómi og ætti ég að vita það gjörla því að ég er höfundur textans í báðum tilvikum.

Ég, sem 1. varaforseti í deildinni, hef áhuga á því að koma málum áfram. Ég hef engan áhuga á því að mál liggi á dagskrá dögum og vikum saman. En sem þingmaður í deildinni hlýt ég auðvitað að gera þá kröfu að þeir ráðherrar sem um er beðið sýni sig og greiði fyrir því að mál geti gengið eðlilega fyrir sig.

Ég vil ítreka þá ósk mína, herra forseti, að ég fái enn á ný að gera hlé á mínu máli í þessu dagskrármáli þar til þessi atriði skýrast.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti hefur áhuga á því að mál megi ganga hér fram með sem bestu samkomulagi. Með tilliti til þess er fallist á að hv. ræðumaður geri hlé á máli sínu og málið verði tekið fyrir aftur þegar hæstv. utanrrh. er kominn til þingfundar.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.
Fjarvera ráðherra.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Í byrjun þessa fundar fóru fram nokkrar umræður af því tilefni að hæstv. ríkisstjórn þurfti að leita afbrigða fyrir máli sem hún hefði reyndar getað komið fram með öðrum hætti og án þess að leita afbrigða. Nú kemur það enn einu sinni fyrir að ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn eru til þess að tefja framgang þingmála, hindra að þingstörf geti gengið með eðlilegum hætti. Að undanförnu hefur mjög borið á því að umræður hafa ekki getað farið fram með eðlilegum hætti vegna þess að ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafa ýmist skotið sér undan því eða reynt að komast hjá því að taka þátt í þingstörfum, svo sem lög kveða þó á um að þeir séu skyldir til. Og nú gerist það enn einu sinni í þessum mánuði að hæstv. utanrrh. kemur í veg fyrir að þetta mál megi ræða hér í þinginu.

Ég held því fram að af hálfu þingmanna hafi mjög svo verið reynt að liðka fyrir því að þingstörf gætu gengið fram með eðlilegum hætti. Alveg er ljóst að af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur ekki verið um það að ræða að reynt hafi verið að tefja framgang þingmála. Einu skiptin þar sem alvarlegar snurður hafa hlaupið á þráðinn og erfiðleikar hafa verið í þingstörfum hafa verið þegar hæstv. ráðherrar hafa reynt að tefja þingstörfin með fjarvistum af ýmsu tagi og með því að neita að gegna þingskyldum. Þess minnast menn þegar umræður fóru fram hér um orkufrv. í hv. Ed. að verulega mikið þurfti að ganga á áður en hæstv. ráðherrar féllust á að greiða fyrir framgangi þess máls í deildinni með eðlilegri nærveru af sinni hálfu.

Í þessu máli stendur svo á að þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki í annað skipti og sennilega ekki í þriðja skipti sem fresta verður umræðu vegna fjarveru hæstv. utanrrh., sem lengst hefur allra ráðherra gengið fram í því að tefja þingstörf með fjarveru. Þess vegna er það minnsta sem þingmenn geta gert í tilvikum sem þessum að gera enn á ný kröfur til hæstv. ríkisstjórnar að hún, sem á að hafa forustu um þingstörfin og heldur að greiða fyrir því að þau geti gengið eðlilega fram, láti af því ætlunarverki sínu að tefja hér þingmál, hvert málið á fætur öðru með því að neita að gegna þingskyldum. Hæstv. ríkisstjórn kemur fram með afar einkennilegum hætti því það er ekki einasta svo að hún hafi hér forustuhlutverki að gegna heldur á hún mest undir því að þingstörfin gangi eðlilega. En þá víkur málum svo við að það eru ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar sem lengst ganga fram í því að hindra eðlilegan framgang þingmála og eðlilegar umræður.

Þess vegna er mjög eðlilegt að hér séu gerðar um það skýrar kröfur að hæstv. ríkisstjórn láti af þessum truflunum á þingstörfum og gegni þingskyldum sínum. Það er lágmarkskrafa, ekki síst þegar komið er undir lok þinghaldsins. Auðvitað eru ekki allir undir sömu sök seldir í þessu efni, en fyrst og fremst eru það þó ráðherrar Alþfl., að ég hygg, og einkanlega þó formaður hans, hæstv. utanrrh., sem víkja sér undan þingskyldum og tefja þingstörf.

Auðvitað væri við annað tækifæri, sem ekki er viðeigandi í þingskapaumræðu, hægt að fjalla um og skilgreina pólitískar ástæður þess að hæstv. ríkisstjórn kemur fram við þingið með þessum hætti. En það er eðlilegt að gera við aðrar aðstæður og í efnislegum umræðum hér í deildinni. En ég vil ítreka mótmæli mín enn á ný við því að ríkisstjórnin skuli koma fram með þessum hætti og hindra þingstörf hvað eftir annað á þennan veg.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill upplýsa að honum hefur verið tjáð af formanni þingflokks Alþfl. að hæstv. utanrrh. sé á leiðinni til bæjarins og muni koma með Akraborginni um þrjúleytið, Akraborgin muni leggja að hér í Hólminum um þrjúleytið og þá kemur hæstv. ráðherra væntanlega fljótlega til þingfundar þannig að taka megi það mál fyrir sem frestað var umræðu um.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 1. þm. Suðurl. Þegar er komið undir þinglok og það þarf að láta hlutina ganga, fá mál afgreidd. Ríkisstjórnin óskar eftir því og ég efast ekkert um að hæstv. forsrh. vill koma hlutunum þannig fyrir að hægt verði að ljúka þingi á þeim dögum sem fyrirhugað er í næstu viku. Til þess að hægt sé að gera slíkt er núv. hæstv. forsrh. mikill vandi á höndum í því að halda utan um þingliðið. Það er ekki svo auðvelt, að manni sýnist, þessa dagana. Við getum talið stjórnarliðana hér í deildinni í dag. Það þarf ekki nema fingur annarrar handar til þess að telja þá.

Mér er fullkomlega ljóst hversu erfitt það er fyrir forseta þingsins að stýra hlutunum, að stýra þinginu, stýra fundum, koma málum fram en það er auðvitað reynt að gera í samstarfi við ríkisstjórn og við ráðherra. Til þess að hægt sé að gera þá hluti, til þess að hægt sé að koma málum fram, verður ríkisstjórnin, sem hefur forustu í þeim málum sem hér eru til umræðu, að sjálfsögðu að vera viðstödd. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki verið að tefja fyrir málum hér en þingmenn stjórnarinnar sjást varla í þingsölum, eins og ég sagði hér áðan. Ég beini því til forseta að gerð verði gangskör að því að hóa þingmönnum saman, boða þá til fundarins, þannig að þeir geri sér grein fyrir því hvað líður þinghaldi þessa dagana.

Mér er kunnugt um að hæstv. forsrh. hafi á ríkisstjórnarfundi gert athugasemdir við ráðherrana. Á myndinni sem við sáum var enginn viðstaddur á ríkisstjórnarfundi, en ég geri ráð fyrir að það hafi verið svona fremur grín heldur en hitt. En það er virkilega ástæða til þess að hæstv. forsrh. veiti ráðherrunum tiltal og hafi þá viðstadda til að tefja ekki gang mála.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill upplýsa að þingdeildin á að vera vel starfhæf. Hér eru samkvæmt yfirliti 35 hv. þm. hv. deildar í þinghúsi, þar af 19 stjórnarliðar og 16 úr stjórnarandstöðu. Forseti væntir þess að brátt megi halda hér áfram með umræður eftir dagskrá, af nógu er að taka.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég skil lítt í upphlaupi þeirra 1. þm. Suðurl. og 1. þm. Reykn. sem kvarta sáran undan því að þingmenn stjórnarliðs séu valdir að því að þingstörf séu tafin hér í deildinni. Ég veit ekki betur en að í þeirra málflutningi hafi komið fram og verið sérstaklega tekið fram að það sé skortur á því að þingmenn stjórnarliðsins sitji í þingsölum. Það fer varla saman við það að þeir séu jafnframt að tefja þingstörf. Ég hef heldur ekki orðið var við það — og vil mótmæla því eindregið — að ráðherrar Alþfl. hafi sérstaklega orðið til þess að tefja þingstörf að undanförnu. Það hefur ekki sérstaklega borið á því. Nú er kunnara en frá þurfi að segja að ráðherrar hafa auðvitað mörgum öðrum skyldustörfum að gegna en að sitja í þingi. Þó að það sé að sjálfsögðu þeirra skylda þá kemur það auðvitað oft fyrir að þeir þurfa að vera fjarverandi og sérstaklega á það við um utanrrh. öðrum fremur.

Hvað varðar þetta mál sérstaklega sem hér er til umræðu þá eru það fulltrúar Alþfl. sem standa að 2. minnihlutaálitinu. Þar kemur álit Alþfl. mjög greinilega fram og ég á ekki von á að utanrrh., sem formaður Alþfl., hafi aðrar meiningar í því máli. Það er því ekki sérstök ástæða til þess að tefja málið þess vegna. (**Forseti:** Forseti vill benda hv. ræðumanni á að hér er umræða um þingsköp en ekki efnisleg umræða um þingmál.)

Virðulegur forseti. Ég er einmitt að ræða um þingsköp, um meðferð þessa máls, þannig að ég tel mig vera að ræða um þingsköp í þessu máli. Það getur vel verið að forseti sé annarrar skoðunar, en ég tel mig vera að ræða um meðferð málsins og það hvernig það má ná fram að ganga. Af því tilefni vil ég taka fram að álit Alþfl. hefur komið fram. Því tel ég enga ástæðu til þess að málið sé tafið vegna þess að beðið sé eftir utanrrh., formanni Alþfl., að hann lýsi sínu áliti á þessu máli. Hann er sammála því áliti sem fram hefur komið. Þar er meira að segja notaður texti sem fulltrúi Sjálfstfl. í viðkomandi nefnd hefur notað og samið þannig að rík ástæða er til að ætla að þessir báðir flokkar séu sammála um framgang þessa máls og ástæður þess.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það kemur nú senn að því að hæstv. utanrrh. kemur ef Akraborgin er á réttum tíma, kl. er nú tvær mínútur gengin í fjögur. Ég vil aðeins minna á það, sem hæstv. forseti sagði rétt áðan, að það væru 19 stjórnarliðar í húsinu. Ég tel að þeir séu 26 eða 27 í deildinni og 19 stjórnarliðar þurfa þess vegna á hjálp stjórnarandstöðunnar að halda þegar leitað er afbrigða eða koma þarf málum áfram, en allir vita að stjfrv. njóta forgangs á dagskrá. Þetta hefur margoft komið fram í þingstörfum í vetur og margoft verið bent á þetta atriði og væri í sjálfu sér ekkert við það að athuga ef stjórnarliðar væru viðstaddir þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar þurfa að flytja frv. og koma sínum málum fram, venjulega á kvöldin eða á nóttunni, málum sem mörg hver eru þess eðlis að eðlilegt væri að hæstv. ráðherrar létu í ljós skoðanir hæstv. ríkisstjórnar á þeim. Ég minnist þess fyrir skömmu þegar nokkur slík mál voru til umræðu, þar á meðal nokkur mál sem ég hef flutt hér í hv. deild, þá voru tveir stjórnarliðar mættir, annars vegar hæstv. forseti sem var hér að sinna embættisskyldum og hæstv. skrifari deildarinnar. Engir aðrir úr deildinni af hálfu stjórnarliðsins voru mættir, að sjálfsögðu ekki nokkur ráðherra, enda raða þeir tíma sínum í annarri forgangsröð en flestir aðrir þingmenn. Þetta var á kvöldfundi rétt fyrir páska.

Þetta mál sem hér er til umræðu er til 2. umr. Það er verið að fást við þetta mál á milli tveggja minni hl. nefndar. Annar minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt, hinn minni hl. að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við vitum — og ég er talsmaður 2. minni hl. — að verði það ofan á að senda málið til ríkisstjórnarinnar viljum við fá að vita hvað það þýði og þurfum að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. um það því hann hefur áður fjallað um þetta mál og breytir engu þótt hann styðji þann texta sem kemur fram í áliti 1. minni hl.

Það er ekki einungis þetta sem er að. Það er eðlilegt að hér sé aðeins fjallað um þingsköp. Þannig er að hv. þm., jafnt óbreyttir sem og hæstv. ráðherrar, skulu leita leyfis ef þeir eru fjarverandi. Þá getur auðvitað hæstv. forseti hagað dagskrá fundarins samkvæmt því. Þess vegna er ástæða til að spyrjast fyrir um hvort hæstv. utanrrh. hafi slíkt leyfi og hafi boðað það. Það hefði auðveldað mjög starf fundarins í dag ef vitað hefði verið að hæstv. utanrrh. væri við skyldustörf sín uppi á Akranesi.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vekur athygli á að umræðu um 3. dagskrármálið hafði verið frestað um sinn. Hugmyndin var að taka fyrir 4. dagskrármálið, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hélt því fram að engu máli skipti hvort formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., sæti á Alþingi eða ekki eða væri hér viðstaddur umræðu mála. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara að deila við hv. þm. um tilgang eða tilgangsleysi þess að formaður Alþfl. sitji á þingi. Ég tel að umræður af því tagi eigi varla heima undir þingsköpum. Hitt er staðreynd að hann hefur verið kjörinn til setu á Alþingi og honum ber þess vegna að gegna þingskyldum sínum.

Það liggur líka fyrir að hæstv. ráðherra hefur lýst

því yfir að það mál sem hér er verið að fresta vegna fjarveru hans hafi verið slys af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, með öðrum orðum hér er um það að ræða að hæstv. ráðherra hefur viðurkennt eitt af hinum fjölmörgu slysum sem hæstv. ríkisstjórn hefur valdið með ákvörðunum sínum. Með því að formaður Alþfl. situr á Alþingi og er ráðherra í ríkisstjórn, sem valdið hefur því slysi sem hann hefur hér lýst, þá er eðlilegt að hann sé kallaður til umræðunnar. En deilurnar um það hvort þörf sé á því að formaður Alþfl. sitji á þingi eða taki þátt í umræðum ætla ég að leiða hjá mér, það er meira innanbúðarmál í Alþfl.

En vegna áminningar forseta um að hæstv. ráðherra sé á leiðinni til þess að gegna þingskyldum sínum ætla ég ekki að gera neinar athugasemdir við forseta en aðeins minna á að í lögum, sem kveða á um skyldur þingmanna, er kveðið á um að þeir skuli gegna þeim en hvergi talað um að þeir fullnægi því með því að vera á leiðinni til þess að gegna þeim. Það er þess vegna ekki fullnægjandi að hæstv. ráðherra sé á leiðinni til þess að gegna þingskyldum sínum. Hann verður að gegna þeim með nærveru sinni hér í þingsalnum og þátttöku í umræðum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það gildir mig einu hvort hv. þm. Jón Baldvin er hér í þingsal eða ekki. Ég ætla ekki að ræða það. Þó að einhverjir aðilar vilji hafa hann viðstaddan þá er það ekki mín ósk. Mér þykir hins vegar rétt að það komi inn í þessa umræðu um tafir á þinghaldi vegna fjarveru ráðherra vegna þess að ég hef orðið áþreifanlega var við það í málflutningi um umhverfismál sem hér hafa nokkuð verið til umræðu í vetur og hafa dregist allverulega á langinn. Þau hafa dregist á langinn fyrst og fremst og fyrst og síðast vegna fjarveru tiltekins ráðherra sem nú er orðinn umhvrh. Hann hefur ekki sjaldnar en fimm sinnum verið fjarverandi þegar þetta mál hefur verið á dagskrá og því orðið að fresta því vegna fjarveru hans. Þar að auki hefur sjálfur flm. þess frv. einnig gert sig sekan um að vera fjarstaddur þegar sú umræða hefur átt að fara fram og þar með tafið framgang þess máls þannig að nú er það komið í öngstræti og allsendis óvíst hver niðurstaðan verður í því máli. Hv. flm. þess máls, sjálfur hæstv. forsrh., hefur, að ég hygg, a.m.k. tvisvar sinnum verið fjarstaddur þá umræðu.

Þetta taldi ég rétt að kæmi fram í umræðum um töf á framgangi mála á þinginu og hvers vegna tafir verða, þar sem þær verða fyrst og síðast vegna fjarvista ráðherra.

Ég vil hins vegar segja, vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. v. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, að ég tel fyrstu skyldu ráðherra að sinna þinginu og mæta hér til þingstarfa. Hins vegar amast enginn út í ráðherra ef þeir hafa fjarvistarleyfi og ég held að enginn hafi gert það. Þannig að ég tel að hann hafi ekki farið alveg með rétt mál í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að ítreka þá töf sem hefur orðið á málefnum umhvrn. og hvers vegna hún hefur orðið þar sem hér hefur verið rætt almennt um tafir á framgangi þingmála.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Án þess að ræða almennt um það sem hér hefur komið fram þá vil ég í fyrsta lagi taka undir það að að sjálfsögðu ber ráðherrum að sækja þingfundi, en eins og einnig kom fram hér hjá einum ræðumanni þá hafa ráðherrar einnig mörgum öðrum skyldum að gegna og þurfa þar oft að sigla á milli skers og báru og vera á hlaupum á milli sinna verkefna.

Fyrst og fremst stóð ég upp til þess að andmæla því sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni. Þegar ég hef verið fjarverandi hef ég haft fjarvistarleyfi. Í þau skipti sem ég var fjarverandi þegar á dagskrá var frv. um umhverfismál þá var ég erlendis og hafði leyfi frá þingstörfum. Ég tel því að það hafi verið fullkomlega eðlilega á málum haldið. Vitanlega kemur oft fyrir að ráðherrar þurfa að gegna störfum erlendis og fá þá fjarvistarleyfi frá þinginu.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er eðlilegt að taka hér fyrir næsta mál á dagskrá þegar svo stendur á sem raun ber vitni varðandi 3. dagskrármálið. Ég vil, áður en ég byrja á efnislegri umfjöllun um þetta dagskrármál, óska eftir því að ég fái að gera hlé á ræðu minni um þetta dagskrármál til þess að geta lokið næsta máli á undan ef svo skyldi nú fara að hæstv. utanrrh. birtist hér í salnum, þannig að við gætum öll sameinast um að koma því máli út af dagskránni með eðlilegum hætti. (**Forseti:** Forseti mun taka það til athugunar þegar og ef hæstv. utanrrh. kemur til þingfundar.)

Já, herra forseti, ég þakka fyrir það. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. þeim þætti þeirra laga sem snýr að verkefnum, viðfangsefnum og skipulagi Byggingarsjóðs verkamanna og því fyrirkomulagi sem að honum lýtur í tengslum við verkamannabústaði.

Það mun hafa verið svo að frv. hafi verið undirbúið í sérstakri nefnd sem félmrh. skipaði til þess að gera úttekt á hinu svokallaða félagslega húsnæðiskerfi. Það orð skýtur upp kollinum hvað eftir annað, bæði í skýrslu nefndarinnar og í frv. ráðherra, allt skal þetta vera mjög „félagslegt" en það mun vera þýðing á danska orðinu „social" og er hér ofnotað í stórum stíl að mínum dómi.

Nefndin, sem vann þá vinnu sem liggur að baki frv., var skipuð ýmsum valinkunnum einstaklingum, þar á meðal fulltrúum stjórnarflokkanna og fulltrúum ýmissa samtaka svo sem Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri slíkra samtaka. Hins vegar var stjórnar-

andstöðu ekki gefinn kostur á að tilnefna í þessa nefnd þó svo að ritari nefndarinnar sé kunnur stuðningsmaður og aðili að Samtökum um kvennalista. Samtök um kvennalista fengu sem sagt beint eða óbeint að tilnefna ritarann í þetta starf, en stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn fékk ekki einu sinni tækifæri til þess að hafna því, ef hann hefði ekki haft áhuga á því að vera með. Hann fékk ekki kost á því að taka þátt í þessu starfi þó svo að ekki verði að teljast óeðlilegt að þar sem til eru nefndir fulltrúar frá hinum og þessum almannasamtökum séu jafnframt í slíkri nefnd fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum, ekki aðeins stjórnarflokkunum. (**Gripið fram í:** Akraborgin er komin.) — Akraborgin er komin, já. Ég þakka samgrh. fyrir þá ábendingu. Honum er vafalaust hugstætt og hugstæðara heldur en hæstv. sitjandi forseta deildarinnar hvenær skipin koma og fara frá Skaga og hingað í Hólminn.

Ég óska nú eftir því, herra forseti, að fá að gera hlé á minni ræðu fyrst hæstv. utanrrh. er kominn eins og kallaður til þess að hjálpa oss þingdeildarmönnum óbreyttum að afgreiða 3. dagskrármálið. Mætti ég þá beina þeim tilmælum til forseta. (**Forseti:** Forseta er ljúft að verða við því þó að vissulega sé ekki æskilegt að hafa mikinn ruglanda á dagskrá. En það er af ástæðum sem fram hafa komið og ég ætla að heimila hv. ræðumanni að gera hlé á ræðu sinni. Umræðu um 4. dagskrármálið er frestað um sinn.)

Umræðu frestað.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105, n. 819 og 820.

Geir H. Haarde (frh.):

Herra forseti. Ég vil á ný flytja forseta þakkir fyrir þessi liðlegheit í sambandi við dagskrá. Ég tel að þau greiði fyrir því að mál gangi hér fram með eðlilegum hætti. Þó að það sé rétt að leiðinlegt sé að hafa ruglandi í dagskrá er enn þá leiðinlegra að hafa ruglandi í málflutningi eða afstöðu til mála. Það tengist reyndar óneitanlega því sem ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. um, því það verður ekki annað séð en hans annars ágæti flokkur hafi gert sig sekan um margvíslega ruglandi í þessu máli sem nú kemur til 2. umr. og sem vonandi þarf nú ekki að taka fyrir oftar við 2. umr. hér í þessari hv. þingdeild. Ég vænti þess að oss auðnist nú að ljúka umræðu um þetta mál og að hæstv. utanrrh. geti þá þessa máls vegna og mín vegna sinnt sínum skyldum ótruflaður af þessu máli, hvort sem það er uppi á Akranesi eða annars staðar. Ég vona að það takist að ljúka afgreiðslu þessa máls við 2. umr. nú í dag.

Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan hæstv. utanrrh. hlýddi á fyrri hluta þessarar ræðu, það eru nokkrar vikur síðan. Umræðu um þetta mál var frestað með góðu samkomulagi milli mín og aðalforseta deildarinnar. Síðan frestaði ég, sem starfandi forseti, umræðu um málið í nokkur skipti til þess að greiða fyrir framgangi annarra mála. Málið var síðan tekið fyrir í gær lítillega og síðan aðeins fyrr á þessum fundi.

Það er rétt að rifja eilítið upp hvaða mál er hér á ferðinni því að hv. 5. þm. Norðurl. v. lýsti því hér réttilega áðan að þetta mál er svo óvenjulega í pottinn búið að hv. 17. þm. Reykv., sem hér stendur, hefur samið bæði nál. 1. og 2. minni hl. nefndarinnar. Það er vissulega rétt. Í bæði þessi nál. hefur verið sóttur rökstuðningur úr grg. frv. sjálfs og sá rökstuðningur er m.a. fenginn úr nál. sem sá sem hér stendur lagði fram á síðasta vori. Þetta mál er þess vegna svo óvenjulegt að báðir minni hl. eru sammála um rökin í málinu. Það er enginn meiri hl. í þessari nefnd vegna þess að fulltrúi Alþb. skrifar ekki upp á neitt nál. Í 1. minni hl. eru tveir fulltrúar frá Framsfl. og einn frá Alþfl. en í 2. minni hl. eru tveir fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúi Kvennalistans. En það er fleira óvenjulegt við þetta mál. Ég vil nota tækifærið og endurtaka þakkir mínar til hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir að hafa sem starfandi formaður í fjh.- og viðskn. afgreitt málið úr nefndinni. Það tel ég vera nokkuð óvenjulega afgreiðslu um svona mál og er ekki sannfærður um að hv. formaður nefndarinnar hefði beitt sér fyrir sams konar afgreiðslu. En hann var sem kunnugt er ekki á Alþingi og hafði hér varamann þegar þetta mál var afgreitt hinn 26. mars sl. Varamaður hans skrifar einmitt undir nál. ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 10. þm. Reykv.

Rétt til upprifjunar á efnisatriðum þessa máls vil ég í stuttu máli láta koma fram að þegar staðgreiðsla skatta var hér upp tekin með lögum árið 1987 var samtímis ákveðið með góðu samkomulagi hér á hinu háa Alþingi að fella niður ýmis smágjöld og skatta sem innheimtir höfðu verið sérstaklega. Þess í stað var gert ráð fyrir þeirri tekjuöflun í innheimtuhlutfalli staðgreiðslu og það hækkað sem því nam. Ekki er vitað til þess að þeir aðilar sem þarna hafa notið tekna, t.d. sóknir landsins, kirkjugarðar landsins eða Framkvæmdasjóður aldraðra, hafi borið skarðan hlut frá borði vegna þessa, alls ekki. Það hafa engar slíkar kvartanir komið fram. Fyrsta almenna athugasemdin í þessu máli er því sú að endurupptaka sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra sé ósamrýmanleg þeim markmiðum sem menn settu sér þegar upp var tekið staðgreiðslukerfi skatta. Vegna hvers? Vegna þess að nýr nefskattur sem allir verða að greiða gerir það að verkum að enginn skattgreiðandi, ekki einn einasti, verður nokkurn tíma kvitt, verður nokkurn tíma skuldlaus við gjaldheimtuna, eins og markmiðið er með staðgreiðslukerfinu að sem flestir verði. Að auki kallar þetta gjald á flóknara innheimtufyrirkomulag og þar af leiðandi meiri kostnað.

Því er svo við að bæta að þegar þetta gjald var að nýju flutt inn í sali þingsins með frv. í fyrra þá var ekki

gert ráð fyrir því að innheimtuhlutfall staðgreiðslunnar lækkaði á móti. Hér var sem sagt um að ræða hreina hækkun skatta, hreina viðbót í skattheimtu sem samkvæmt fjárlögum þessa árs er talin nema 230 millj. kr. En að sjálfsögðu eru aðrar 230 millj. kr. inni í staðgreiðslukerfi skatta, inni í innheimtunni, sem ætlaðar eru til þessa verkefnis. Það liggur því fyrir að ríkið aflar 460 millj. kr. á þessu ári, ef þetta gjald kemur til framkvæmda, eins og ráð er fyrir gert, nú í sumar, en ætlar ekki að skila í Framkvæmdasjóð aldraðra nema innan við 200 millj., að mig minnir 197 samkvæmt því fjáraukalagafrv. sem nú liggur fyrir.

Þannig að hér er tvöfalt svínarí á ferðinni ef forseti fyrirgefur mér slíkt orðbragð. Bæði er verið að grafa undan staðgreiðslukerfi skatta og stunda opinbera fjárplógsstarfsemi í nafni málefnis sem allir vilja styðja, en peningunum síðan stungið í vasann hjá hæstv. fjmrh., í ríkissjóð, að verulegu leyti. Af 460 millj. kr., sem innheimtar eru, renna innan við 200 í málefnið sjálft. Hvers konar framkoma er þetta við þá sem þarna eiga hlut að máli, við gamla fólkið, að segja skattborgurum landsins: Hafið ekki áhyggjur af því þó þið borgið 460 millj. í skatta. Þetta rennur allt í gott málefni. Þetta rennur allt til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem er að byggja íbúðir fyrir gamalt fólk. Ég hygg að fáir telji eftir sér að greiða skatta til slíks málefnis. En rangindin eru svo þau að þessir peningar renna ekki nema að litlum hluta í það málefni. Fjármunirnir renna að stærstum hluta til beint í ríkissjóð.

Þetta mál ræddum við nokkuð ítarlega hér á síðasta vori, á síðustu dögum þingsins, þegar hinum svokallaða nefskatti var á nýjan leik smyglað inn í lögin um málefni aldraðra þar sem slíkt málefni á að sjálfsögðu ekki heima. Vegna þess að skattheimta sem þessi á ekki heima í einhverjum sérhæfðum lögum, hvort sem þau eru um málefni aldraðra eða annað því um líkt. Slík skattheimta á heima í skattalögum og hvergi annars staðar. Þess vegna lagði ég til að þetta mál færi til fjh.- og viðskn. þegar það kom fyrir hér í haust en ekki til heilbr.- og trn., eins og heildarlöggjöfin gerði á sínum tíma. Enda segir hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson, sem er gjörkunnugur stjórnskipan og stjórnarháttum í landinu, svo í ræðu sinni um þetta málefni í fyrra, með leyfi forseta:

„Ég var fjarverandi afgreiðslu þingflokks Framsfl. á þessu máli og satt best að segja undrar mig að maður geti átt von á því að í lögum til heilbrigðismála séu bæði tekin fyrir fjáraukalög og skattalög og virðist þá fátt sem mönnum dettur ekki í hug að setja saman í lagatexta." Síðan bætti hann því við, virðulegi forseti, að hann treysti sér ekki til að standa að þeirri ákvörðun að gerbreyta grunni staðgreiðslukerfisins og gera það með því að taka upp þennan nefskatt. Hann stóð með þeim sem hér stendur og sjálfstæðismönnum og kvennalistakonum í þeirri atkvæðagreiðslu sem fram fór um þetta mál í fyrra og gerir það væntanlega nú einnig.

Í fyrra var þessu máli smyglað með lymskulegum hætti inn í frv. um málefni aldraðra, löggjöfina sem þá var til heildarendurskoðuanr. Þá stóð svo á að láta átti þennan skatt koma til framkvæmda á síðasta ári. Lögin voru til umfjöllunar í maí og skatturinn átti að koma til framkvæmda og álagningar í byrjun ágúst, án þess að nokkur maður tæki eftir því. Og reyndar var það svo að ýmsir tóku ekkert eftir þessu og málið var komið hér í gegnum Ed., eins og menn muna væntanlega.

Í fyrra leyfði ég mér að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. utanrrh. um þetta mál og hann svaraði þeim skýrt og skorinort eins og hans er vandi. Hann lýsti því yfir að við meðferð þessa máls hefði orðið slys. Það kemur fyrir fimm sinnum í hans stuttu ræðu hinn 20. maí í fyrra að hér hafi orðið slys, í þessu máli. Hann segir sem svo að það sé best að viðurkenna hverja sögu eins og hún er, það hafi orðið slys við undirbúning málsins. Orðrétt segir hann svo:

„Það kemur með öðrum orðum fyrir á bestu bæjum að það verða slys af þessu tagi. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir þetta slys, en á seinustu stundu þegar hér var komið sögu var ekki unnt að gera betur en að ná samkomulagi um að fresta gildistökunni. Við það vinnst tími til að halda öðruvísi og með traustari tökum á málinu í framhaldinu."

Hér er sem sagt verið að tala um þá frestun, sem tókst að knýja fram um eitt ár, á því að gjaldtakan í Framkvæmdasjóð aldraðra, þessi nefskattur, hæfist á nýjan leik. Það er rétt að það tókst að fá því frestað. En það segir líka hér, eins og ég hef upp lesið, að það sé ætlunin að halda öðruvísi á málinu og væntanlega þá að gera breytingar á í samræmi við þá stefnu að hafa staðgreiðslukerfi skatta sem hreinast. Því að hæstv. utanrrh. var áður búinn að segja eftirfarandi:

„Nú er best að segja hverja sögu eins og hún gengur. Það var andstaða í þingflokki Alþfl. gegn þessum nefskatti og það er andstaða gegn honum af þeim rökum sem hv. þm. skilur mætavel. Engu að síður, vegna þess að við erum ekki að ræða staðgreiðslukerfi skatta, við erum að ræða hér um allt annað mál, málefni aldraðra, gaf þingflokkurinn grænt ljós á að málið færi fram með fyrirvara um þetta mál. Það mundi takast upp aftur innan ríkisstjórnar sem var gert. Niðurstaðan varð sú þá að vísa málinu til samstarfsnefndar þingflokka, en undanskilið að málið kæmi aftur á borð ríkisstjórnar. Það gerðist ekki."

Það er sem sagt sagt fullum fetum, og auðvitað veit ég að það er alveg hárrétt, að skattheimta af þessu tagi er ekki að skapi utanrrh., eða að skapi hreinræktarmanna í staðgreiðslumálum vegna þess, sem ég hef áður sagt, að slík aukagjöld grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar. Þá er og þess að vænta að öll gömlu gjöldin skjóti aftur upp kollinum, ef menn vilja tryggja tekjur í einhver önnur góð málefni og hugsanlega einhver ný og ný, ef á annað borð er opnað fyrir þennan möguleika sem á auðvitað alls ekki að gera.

Og utanrrh. bætir við í beinu framhaldi: „Þegar t.d. alþýðuflokksmenn unnu að málinu í Ed. höfðu þeir gefið grænt ljós á málið sem slíkt, en treystu því að sá fyrirvari stæði að málið kæmi aftur, áður en það

kæmi á lokaafgreiðslustig, á borð ríkisstjórnar. Þetta gerðist ekki. Með öðrum orðum: það henti slys við undirbúning málsins. Þessi vegna er þessi tillaga fram komin um að koma í veg fyrir að nefskatturinn verði á lagður á þessu ári einfaldlega til þess að vinna tíma til að vinna að lausn málsins vegna þess að hv. fyrirspyrjandi má vel vita að sá sem hér stendur er andvígur þessum skatti af þeim rökum sem fram hafa komið í hans máli."

Skýrara getur þetta reyndar ekki verið, herra forseti. En þess vegna er spurningin auðvitað sú, herra forseti: Hvað hefur verið gert við þennan tíma sem vannst til þess að fá málinu breytt? Hvað hefur verið gert á þessu heila ári sem liðið er til þess að breyta málinu til samræmis við þær skoðanir sem utanrrh. lýsir hér skýrt og greinilega í ræðu sinni hinn 20. maí sl. og eru nákvæmlega sama efnis og ég hafði þá lýst og lýsi hér enn? Hvað hefur verið gert til að nota tímann? Með hvaða hætti hefur verið unnið að þessu máli?

Í frv. til fjárlaga kom fram að af hálfu heilbrrh. stæði til að flytja frv. um einhvers konar endurskoðun á einhverjum atriðum í lögum um málefni aldraðra. Það frv. hefur aldrei komið fram. Og það liggur ekki fyrir hvort það var einmitt þetta atriði sem þá stóð til að breyta. Það hlýtur þó að vera vegna þess að annars hefði ekki verið á það minnst í frv. til fjárlaga. Það má því vera að eitthvað hafi verið um þetta fjallað strax eftir að þessar umræður fóru fram í maí í fyrra með þeim afleiðingum að á þetta er drepið í fjárlagafrv. en síðan hefur málið gersamlega koðnað niður. Það verður ekki annað séð. Það var af þeim sökum sem við þrír þingmenn, sem að þessu máli komum í fyrra í heilbr.- og trn. þá, fluttum frv. um að taka af öll tvímæli í þessu efni vitandi það að við mættum eiga vísan stuðning utanrrh. í ljósi þess sem hann hefur látið frá sér fara um málið. Ég vænti þess á sama hátt og ég vænti þess að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson greiði atkvæði með sama hætti nú og hann gerði á síðasta þingi.

Það var þetta sem ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. utanrrh. um og leyfi mér hér með að gera um leið og ég þakka honum fyrir að drífa sig nú hingað úr Akraborginni. Málið hlaut afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. eins og fram hefur komið. Nefndin klofnaði en ég lét þess getið í gær, eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. hér áðan um þingsköp, að svo einkennilega vill til að báðir minni hl. rökstyðja mál sitt með tilvitnun í þá grg. sem fylgdi frv. Þess er reyndar ekki getið að það sé bein tilvitnun í grg., en frsm. 1. minni hl., hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, bar það undir þann sem hér stendur hvort honum væri það að meinalausu að þessi texti yrði notaður og mér var það að sjálfsögðu meira en að meinalausu. Mér þótti það harla gott og lýsa nokkuð góðum efnislegum skilningi á þessu máli.

Til þess að ekkert fari nú á milli mála ætla ég að lesa þennan texta upp. Ég hef hér nokkur skjöl sem ég get valið úr. Það er nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Það er nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Það er grg. frv. og það er nál. minni hl. heilbr.- og trn. um þetta mál frá síðasta þingi. Ætli ég velji ekki nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem undir skrifa hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Sverrir Sveinsson. Þar segir:

„Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar sem urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Með því að taka einn þessara skatta upp í tengslum við samþykkt nýrra laga um Framkvæmdasjóð aldraðra er verið að fitja að nýju upp á álagningu þessara smáskatta og gefa um leið fordæmi fyrir frekari beitingu þeirra án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu gjaldendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari og mun auka fjölda þeirra gjaldenda sem ekki eru gerðir upp að fullu í staðgreiðslunni."

Hér lýkur tilvitnun í þennan margnýtta texta sem höfundi er að sjálfsögðu sérstaklega ljúft að lesa upp, einkanlega þegar hann er lesinn upp af þskj. þeirra aðila sem ekki hyggjast styðja málið þó að rökstuðningurinn liggi svona fyrir. Þetta hljóta nú að teljast heldur klén vinnubrögð, herra forseti. Ég er að sjálfsögðu sannfærður um það að þessi vinnubrögð eru ekki hæstv. utanrrh. að skapi, a.m.k. ekki í ljósi þess sem hann lét frá sér fara um málið á síðasta þingi og ég hef lesið upp. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherra taki því fagnandi þegar málflutningur hans frá í fyrra er rökstuddur jafndyggilega í nál. flokksbróður hans en síðan snúið við blaðinu þegar draga á ályktanir af þessum rökstuðningi og í stað þess að leggja til að málið verði samþykkt er lagt til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, í það kot, eins og ástandið er nú orðið á því heimili.

Minni hl. leggur til að þessu frv. verði í kot vísað til ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir það að 1. minni hl. skrifi upp á rökstuðninginn fyrir því að frv. skuli samþykkt. Eins og ég segi, það getur ekki verið að þetta sé í samræmi við vitund og vilja hæstv. ráðherra sem talaði svo skýrt um þetta mál á síðasta þingi, svo skýrt að ekki var um að villast hver ásetningur hans var.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. gerir hér leiðréttingu, kallar hér fram og segir að það sé ekki í kot vísað að vísa til ríkisstjórnarinnar heldur í Hákot og má vel vera að svo sé. (Gripið fram í.) Nei, það tekur ræðumaður ekki undir hins vegar.

Ég vil enn fremur minna á það, herra forseti, að þegar þetta mál var hér til umfjöllunar í fyrra var leitað eftir því að ríkisskattstjóri gæfi umsögn um málið. Hann skrifaði ítarlega umsögn um þetta atriði

sem liggur fyrir í þingskjölum, bæði í grg. með frv. og í nál. frá því í fyrra. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þá umsögn en hún liggur sem sagt fyrir í málinu. Það er alveg ljóst að það er ekki í þökk ríkisskattstjóra eða annarra þeirra sem vinna við framkvæmd skattkerfisins að vera að bæta við nýju sérstöku gjaldi fyrir utan staðgreiðsluna sem allir menn verða látnir borga óháð því hvað líður þeirra gjaldstöðu gagnvart staðgreiðslu skatta og kemur alveg þar fyrir utan. Þetta er auðvitað óeðlilegur hlutur. Þó að það sé að sjálfsögðu ekki verkefni ríkisskattstjóra að segja Alþingi fyrir verkum þá hljóta það að vera þungvæg orð sem koma fram í máli sem þessu gagnvart framkvæmd málsins þegar sjálfur ríkisskattstjóri tjáir sig með þeim hætti sem fyrir liggur í málinu.

Ég sé satt að segja ekki ástæðu, herra forseti, til að vera að eyða meiri tíma í þetta mál. Ég vil gjarnan, eins og ég sagði áðan, meðan ég er hér starfandi forseti í deildinni greiða fyrir því að þingmál gangi hratt og greiðlega fyrir sig, enda hefur ekki staðið á mér að afgreiða þetta, það eru aðrar ástæður fyrir því. Ég hyggst því stytta mál mitt og óska þess mjög að ráðherrann taki nú til máls og segi sína skoðun á þessu og útskýri það með hvaða hætti sá tími sem vannst hefur verið notaður og hvort þetta nál. er ritað í hans þökk og sú niðurstaða sem þar er fengin um að vísa þessu máli í kotið til ríkisstjórnarinnar, sem er ekki rökrétt niðurstaða miðað við ummæli ráðherrans sjálfs á síðasta þingi. Eða var það svo að ummælin sem hann lét falla á síðasta þingi hafi verið marklaus og ekki hafi staðið til að taka á þeim neitt mark? Það er vissulega einn möguleiki þó að ég telji ekki að það sé líklegur möguleiki.

Ég vil ljúka minni ræðu með því að ítreka áskorun mína til utanrrh. um það að hann geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli svo að unnt verði að fá niðurstöðu í málinu því að þetta mál var í og með flutt í trausti þess að það væri meiri hl. fyrir afgreiðslu þess hér í hv. deild. Það liggur fyrir skjalfest, til að mynda, afstaða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Stjórnarandstaðan stendur óskipt að þessu máli og það liggur fyrir að einstakir stjórnarþingmenn styðja þetta mál. Það má vera að utanrrh. treysti sér ekki til þess að taka hér til máls, ég veit nú ekki um það. Það er stundum betra að sitja þegjandi og láta alla halda að viðkomandi hafi ekkert meint með því sem hann sagði á sínum tíma í stað þess að standa upp og taka af allan vafa.

Ég sem sagt beini þeim óskum til ráðherrans að hann geri hreint fyrir sínum dyrum svo við megum ljúka umræðunni um málið, ganga til atkvæða um það og halda áfram með þá dagskrá sem fyrir liggur og þann langa óskalista stjfrv. sem ætlunin er að afgreiða á þessu þingi áður en yfir lýkur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. sem hér talaði rakti ágætlega slysalegan feril þessa máls og vakti síðan athygli á því, sem óvenjulegt er, að tveir minni hlutar hv. fjh.- og viðskn. eru efnislega sammála um málið en komast að vísu að ólíkri niðurstöðu um málsmeðferð. En það er ekki hnífurinn í milli þeirra um álit þeirra á efnisrökum málsins þannig að ég er sammála báðum þessum minni hlutum fjh.- og viðskn. að því er varðar efnisrök málsins. Ég er hins vegar úr því sem komið er sammála hv. 1. minni hl. um málsmeðferð. Á því eru þær skýringar sem koma fram á því nál. Í fyrsta lagi þar sem segir:

„Nú er það ekkert launungarmál að nokkur ágreiningur hefur verið um það meðal stjórnarflokkanna og innan þingins hvort innheimta skuli gjald þetta með þessum hætti eða eingöngu samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu skatta."

Og í annan stað þar sem segir:

„Nú hefur meiri hluti Alþingis samþykkt forsendur fjárlaga og þar með áðurgreint fyrirkomulag á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra."

Það segir sig sjálft að stjórnarmeirihlutinn er bundinn af þeirri samþykkt og fær því ekki því fram komið en verður að standa við þær skuldbindingar sínar, nema með því að vísa því til ríkisstjórnar og freista þess enn að koma málinu til réttrar áttar. Þess vegna segja þeir enn fremur í beinu framhaldi af þessu:

„Það breytir því ekki að þessi tilhögun er órökrétt og óhagkvæm í innheimtu. 1. minnni hl. telur því rétt að nákvæm athugun fari fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991. 1. minni hl. nefndarinnar leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Það er vandséð hvernig unnt er að fá fram breytingu á þessum málum með öðrum hætti úr því sem komið er. Það liggur fyrir af undirskrift hv. þm. Framsfl., þeirra Guðmundar G. Þórarinssonar og Sverris Sveinssonar á þetta nál., sem og af málflutningi fulltrúa stjórnarandstöðunnar að það er væntanlega mikill stuðningur við það að koma fram þeim sjónarmiðum sem rökstudd eru sameiginlega á báðum nál. En úr því sem komið er verður ekki betur að gert en vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur oft flutt skörulegri ræðu en þessa. (Gripið fram í.) Já, það hefur komið fyrir og með meiri sannfæringarkrafti. Reyndar var þessi ræða öll hin eymingjalegasta, ef ég má aftur biðja forseta velvirðingar á orðbragði ræðumanns, enda var ekki svarað þeirri spurningu hvernig tímanum var varið sem vannst fyrir ári síðan með því að fresta gildistöku þessa skatts um heilt ár. Í hvað fór þessi tími eiginlega? Hvað voru mennirnir að gera sem ætluðu að fá þessu breytt? (Gripið fram í.) Vinna í EFTA og EB, kallar utanrrh. hér fram í. Ég geri ekki ráð fyrir því að hann hafi sjálfur ætlað að leggjast yfir samningu frv. um þetta efni persónulega heldur hefði hann getað fengið einhvern af sínum starfsmönnum eða Alþfl. eða þeirra ráðuneyta til þess að vinna í málinu. Til að mynda hefur verið kallað fram í úr salnum og nefnd ýmis nöfn líklegra kandidata til

að taka þetta verk að sér. Þannig að það er engin afsökun þó að ráðherrann hafi verið upptekinn við að sinna málefnum EFTA. Það gerir þetta bara enn þá eymingjalegra ef þarf að nota það sem afsökun að svona smámál hafi þurft að flækja eitthvað stórmál eins og EFTA-viðræðurnar.

Nei, það liggur alveg fyrir að það er rétt sem ég sagði áðan að stundum er betra, jafnvel fyrir hæstv. ráðherra, að sitja bara þegjandi og láta alla halda að þeir hafi ekkert meint með því sem þeir voru að segja. Í staðinn fyrir að standa upp og taka af allan vafa í því efni. Því það hefur komið fram í ræðu hæstv. ráðherra að það var engin meining á bak við það sem sagt var hér í fyrra um að endurskoða ætti þetta mál í fyrrasumar og leggja fram breytingu á þessu máli á nýjan leik í haust. Það var bara ekkert að marka það, ekki eitt einasta orð. Það er því það sem eftir stendur.

Hins vegar vil ég reyndar fagna því litla haldreipi sem fram kom í máli ráðherrans, hvað sem verður nú mikið hald í því þegar á reynir, að það eigi enn að freista þess að fá þessu máli breytt og nú kallar hann sér til stuðnings tvo þingmenn Framsfl. sem undir þetta nál. rita. Ég fagna því að sjálfsögðu að þeir séu sérstaklega tilnefndir, enda hafa þeir réttilega skrifað undir rökstuðninginn í málinu. Þannig að nú á enn á ný að telja mönnum trú um að þessu máli verði breytt. Það verði tekið fyrir í hinni virðulegu ríkisstjórn, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. kallar Hákot, og þar breytt á nýjan leik fyrir 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991. Það er hinn nýi frestur.

Ég veit ekki hvort ráðherrann gerir sér grein fyrir því að þá verður búið að leggja þetta gjald á einu sinni. Þá verður væntanlega búið að koma á því innheimtukerfi sem þarf til að halda utan um það þegar 170 þús. eða 180 þús. einstaklingar þurfa hver um sig að inna af hendi 2500 kr. sem þetta gjald er. Þeir 120 þús. einstaklingar sem ella hefðu verið skuldlausir við sína gjaldheimtu þurfa nú að greiða aukalega fyrir utan staðgreiðsluna þetta litla gjald, sem fáir telja kannski í sjálfu sér eftir sér að borga, sem þar um ræðir í þetta þarfa og góða málefni. Það verða sem sagt allir gjaldendur 16 ára og eldri með örfáum undantekningum sem þurfa í sumar að inna þetta gjald af hendi. Þeir sem skila framtölum eru líkast til eitthvað um 180 þús. ef ekki enn fleiri. Þar af eru 120 þús. manns sem ella hefðu verið kvitt við sína gjaldheimtu, allir unglingarnir, allir þeir sem ekki borga eignarskatta og fleiri og fleiri sem núna þurfa að hafa auga með því að standa í skilum með þetta gjald. Það þarf auðvitað að koma sérstaklega upp innheimtukerfi vegna þess að þarna kemur ný innheimta til hliðar við staðgreiðslukerfi skatta.

Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi haft lítinn sóma af afskiptum sínum af þessu máli, sérstaklega í ljósi þess að hann hefur talið sér til pólitískra tekna afskipti sín af því að upp var tekið staðgreiðslukerfi skatta, en hefur nú með afstöðu sinni bæði í fyrra og núna hlaðið steina í verk sem mun grafa undan því kerfi. Það er honum ekki til neins sérstaks sóma, hvorki að mínum dómi né annarra þingmanna sem að þessu hafa staðið.

Það er hægt að tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra fyllilega þær tekjur sem hann á að fá, samkvæmt ákvörðun Alþingis, með þeirri brtt. sem hér er flutt við lögin um málefni aldraðra í þessu frv. sem nú er til 2. umr. Þetta frv. gengur út á það að tryggja Framkvæmdasjóðnum nákvæmlega þá upphæð sem þetta sérstaka gjald annars mundi gera. Meira að segja svo nákvæmlega að undan því yrði ekkert vikist með neinum hætti. Þetta er sama fyrirkomulag og nú er haft á um skil til kirkjugarðanna og sóknanna í landinu af innheimtu staðgreiðslufé og ég veit að hæstv. dóms- og kirkjumrh. þekkir. Þar er gengið tryggilega frá þessum greiðslum sem á sínum tíma voru sérstök gjöld alveg eins og gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er gengið tryggilega frá því í lögum hvernig þessu gjaldi á að skila út úr innheimtu staðgreiðslufé. Hér er verið að leggja til að nákvæmlega sama fyrirkomulagið verði upp tekið og það þurfi ekki neinn sérstakan smáskatt. En það er auðvitað líka verið að leggja til að ekki sé stolið af almenningi 460 millj. í nafni aldraðra og ekki nema broti af þeim skilað á nýjan leik í þann sjóð sem fólki er talin trú um að peningarnir renni í.

Þetta er málið í hnotskurn, herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, læt mínu máli lokið. Ég hef talað tvívegis við þessa umræðu. En ég vona svo sannarlega að þetta mál fái hér framgang og megi koma til 3. umr. og hljóta samþykki í deildinni og í þinginu vegna þess að ég veit, eins og fram hefur komið m.a. í máli ráðherra, að það er meiri hluti fyrir þessu máli hvernig svo sem menn handleika samvisku sína í málinu þegar kemur til atkvæðagreiðslu. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem er gamall kunningi okkar í hv. Nd. og fjallar um það að aftur verði snúið til þess sem ákveðið var þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp að allir svokallaðir smáskattar, nefskattar, yrðu sameinaðir í staðgreiðslunni. Á sínum tíma var ráð fyrir því gert að framlag einstaklinga í Framkvæmdasjóð aldraðra, nefskatturinn, yrði fellt niður og kæmi inn í staðgreiðsluna og var skattprósentan miðuð við það á sínum tíma. Það hefur verið rakið mjög nákvæmlega hér í ræðum þeirra sem talað hafa í þessu máli hvernig kúvent var á sínum tíma og með hvaða hætti það gerðist.

Hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., og reyndar aðrir alþýðuflokksmenn lýstu því yfir á sínum tíma að það hefði verið slys að hleypa stjfrv. fram. Í því stjfrv. var gert ráð fyrir því að tekinn yrði upp á ný nefskattur án þess að skatthlutfallið yrði lækkað. — Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, ef möguleiki væri á því að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að hafa upp á hæstv. fjmrh. en á meðan vænti

ég þess að ræðumaður treysti sér til þess að halda áfram máli sínu.) Það skal ég gera, virðulegur forseti.

Það kom fram í máli hv. 17. þm. Reykv. að það væru fleiri skattar sem á sínum tíma hefðu verið lagðir niður: sóknargjald, kirkjugarðsgjald, sjúkratryggingagjald, auk þessa sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Að vísu hefur það gerst frá því að þessi gjöld voru sameinuð í staðgreiðslukerfinu að hæstv. ríkisstjórn hefur lækkað, með heimild í lánsfjárlögum, þá upphæð sem rennur til þeirra mála sem um er að ræða. Urðu nokkrar umræður um það fyrir síðustu jól við afgreiðslu lánsfjárlaga, einkum er varðaði sóknargjaldið og kirkjugarðsgjaldið. Þá kom í ljós að dóms- og kirkjumrn. beitti sér fyrir lækkun framlagsins til þess að þóknast ríkissjóði og hæstv. fjmrh. og var það gert að nokkru leyti í samráði við kirkjunnar menn. (**Forseti:** Forseta er tjáð að fjmrh. sé á næstu grösum og vænti ég þess að hann komi hingað til að hlýða á mál ræðumanns innan mjög skammrar stundar.) Ég þakka fyrir, hæstv. forseti.

Eins og öllum er kunnugt þá hefur enginn einn stjórnmálamaður lagt jafnmikla áherslu á það og hæstv. utanrrh., fyrrum fjmrh., enn verandi formaður Alþfl., að hann hafi unnið kraftaverk þegar honum tókst, á honum hefur oft mátt skilja að hann hafi nánast verið þar einn að verki, að koma staðgreiðslukerfinu á. Ekki skal ég fara út í þá sálma hér en þó er ljóst að hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á að sameina í staðgreiðslukerfinu ýmsa þá nefskatta sem áður voru á lagðir og innheimtir með öðrum hætti.

Hæstv. ráðherra hefur, eins og öllum er kunnugt, lýst því yfir að það hafi verið slys á sínum tíma að Alþfl. féllst á að flutt yrði frv. og samþykkt um sérstakan nefskatt í Framkvæmdasjóð aldraðra. Hann notaði þau orð á sínum tíma að ekki hefði verið unnt að ná öðru samkomulagi en því að fresta gildistökunni og sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Við það vinnst tími til að halda öðruvísi og með traustari tökum á málinu í framhaldinu."

Síðan hefur lítið annað gerst í þessu máli en að hæstv. fjmrh. hefur haldið sinni stefnu ótrauður áfram og virðist ekki taka mark á orðum hæstv. utanrrh. Þegar þetta mál var til umræðu í hv. fjh.- og viðskn. Nd. gerðist það að sex nefndarmenn tóku afstöðu til þessa máls. Stjórnarandstaðan, þ.e. fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúi Kvennalistans, lagði til að frv. sem hér er til umræðu yrði samþykkt og gert að lögum en fulltrúar stjórnarflokkanna, þrír að tölu, þ.e. fulltrúar Framsfl. og fulltrúi Alþfl., lögðu til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í lokaorðum nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. segir:

„Nú hefur meiri hluti Alþingis samþykkt forsendur fjárlaga og þar með áðurgreint fyrirkomulag á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það breytir því ekki að þessi tilhögun er órökrétt og óhagkvæm í innheimtu. 1. minni hl. telur því rétt að nákvæm athugun fari fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991. 1. minni hl. nefndarinnar leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar." Undir þetta rita fulltrúar Framsfl. og fulltrúi Alþfl.

Það sem hlýtur að vekja sérstaka athygli er að fulltrúi Alþb. kaus að standa utan við nál. og skilaði ekki sérstöku nál. Ekki hefur komið fram í umræðunum hér hvers vegna það er en gera verður ráð fyrir að hann hafi átt samráð við hæstv. fjmrh. um þá afstöðu sína að taka ekki afstöðu til þessa máls. Þegar síðan hæstv. utanrrh. kemur hér í ræðustól og lýsir því yfir að hann sé sammála þeirri niðurstöðu sem kemur fram í nál. 1. minni hl. um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar, með þeim orðum sem ég hef þegar lesið, hlýtur maður að þurfa að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hann muni líta á þetta mál, sem hér er til umræðu, verði því vísað til ríkisstjórnarinnar. Er það sjálfgefið að það fari fram könnun á málinu sem leiði til þeirra breytinga, sem hæstv. utanrrh. vill sjá á þessu máli, að horfið verði frá beinum skatti, svokölluðum nefskatti, í Framkvæmdasjóð aldraðra? Eða hyggst hæstv. ráðherra ekki taka mark á skoðunum forvera síns, núv. hæstv. utanrrh. í þessu máli?

Að þessu er spurt vegna þess að ekki verður séð hver afstaða Alþb. er þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds tók ekki þátt í afgreiðslu nefndarinnar og kaus að skrifa ekki nafn sitt á nál., hvorki 1. né 2. minni hl. nefndarinnar, né heldur að skila sérstöku nál.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. fjmrh. hefur sagt hér í skýru máli hvernig hann ætli að bregðast við verði tillaga 1. minni hl. fjh.- og viðskn. samþykkt. Hún gerir ráð fyrir því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökstuðningi sem er í nál. Sá rökstuðningur byggist á því að hér sé um óeðlilega framkvæmd að ræða og „verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð." — Svo vitnað sé beint í nál.

Ég kýs, virðulegur forseti, að beina þessari spurningu beint til hæstv. fjmrh. í þeirri von að hann geri grein fyrir viðhorfum sínum og Alþb. sem ekki hafa fengist fram í þessari umræðu enda hefur það mikla þýðingu fyrir frekari umræðu þessa máls.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram nokkuð oft hér á hv. Alþingi að það eru nokkuð mismunandi viðhorf til ýmissa meginatriða varðandi stefnu í skattamálum. Sumir hafa verið þeirrar skoðunar að eingöngu ætti að leggja á almenna skatta og draga úr og jafnvel afnema algjörlega sérstaka skatta sem bundnir væru við ákveðin verkefni eða ákveðnar tegundir gjalds.

Það er kannski rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því að í þeirri umræðu sem orðið hefur um umhverfismál á allra síðustu missirum hefur komið í ljós að þau gjöld sem eru bundin við sérstakar tegundir gjaldenda eða sérstakt atferli eiga aftur vaxandi fylgi að fagna og ráðstöfun þess fjármagns síðan í afmörkuð verkefni vegna þess að svo virðist

sem almennir skattborgarar séu reiðubúnari til að samþykkja umhverfisskatta ef slík gjöld ganga sérstaklega til umhverfisverndar. Þannig hefur umræðan um verndun umhverfisins haft þau áhrif að svokölluð eyrnamerking skatta á sér á ný ýmsa formælendur sem kannski fyrir fáeinum árum voru fylgjandi þeirri almennu stefnu að úr slíkri eyrnamerkingu ætti að draga.

Ég nefni þetta hér sem inngang að svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Friðriks Sophussonar. Það hefur löngum verið skoðun Alþb. að ýmsir kostir fylgdu því að merkja skatta sérstaklega, bæði í tilteknum útgjöldum og tiltekinni innheimtu, vegna þess að þar með væri búið til skýrt samhengi fyrir greiðendur milli gjaldanna og þess í hvað peningunum yrði varið. Það hefur verið trú okkar að þar með gæti skapast skýrari skilningur og um leið stuðningur skattborgaranna við einstök og afmörkuð verkefni sem fjárfrek eru. Þess vegna höfum við verið fylgjandi því að gjald vegna málefna aldraðra yrði innheimt sérstaklega og því varið í þágu málefna aldraðra og m.a. stóðum við þess vegna að lagasetningu um það efni fyrir skömmu síðan.

Ég ætla ekki að rekja viðhorf annarra flokka í ríkisstjórninni en það er auðvitað ljóst að innan stjórnarinnar eru mismunandi viðhorf í þessum efnum eins og ég held hér á þinginu. Ég get þess vegna ekki gefið neitt bindandi svar um það hver kynni að vera afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, kjósi þingið að vísa málinu til hennar til nánari skoðunar og umfjöllunar. Slíkt yrði þó til þess að málið yrði tekið fyrir og rætt að nýju og menn hefðu tækifæri til að skoða hug sinn í ljósi nýrra upplýsinga og, hugsanlega einnig, breyttra viðhorfa bæði hér á landi og erlendis. Ég vona að þetta veiti fullnægjandi svör við þeirri spurningu sem hv. þm. Friðrik Sophusson bar fram.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ræða hæstv. fjmrh. kom ekki á óvart. Hún var eigi að síður um margt athygli verð, lýsti mætavel á einkar skýran og einfaldan hátt grundvallarviðhorfum hans, og ég hygg Alþb., þó deilur standi um það hvort hæstv. ráðherra styður eigin flokk eða ekki. Í sjálfu sér hefði kannski verið ástæða, í þeim tilgangi að fá skýra og glögga mynd af afstöðu Alþb., til að kalla til hæstv. samgrh., varaformann Alþb. Fyrir liggur að hann styður með ótvíræðum hætti þann flokk sem hann er í forustu fyrir, en sjálfur hefur formaður Alþb., hæstv. fjmrh., marglýst því yfir að hann geti ekki með ótvíræðum hætti stutt sinn eigin flokk í þeim sveitarstjórnarkosningum sem háðar verða í höfuðborginni í næsta mánuði. Þess vegna væri ástæða til að heyra sjónarmið varaformanns flokksins til að fá þessa mynd fyllri. En hitt fer ekki á milli mála að hæstv. fjmrh. hefur lýst sínum skoðunum.

Það er athygli vert að hann fullyrti að nú væri minni stuðningur en áður við það meginsjónarmið að draga úr nefsköttum og sérsköttum af ýmsu tagi og lýsti því að ýmis þau mál væru þess eðlis að þau nytu þeirrar hylli meðal kjósenda og skattborgara að þeir væru reiðubúnir að greiða sérstaka skatta til að standa straum af útgjöldum þeirra vegna. Ég fullyrði að þessi viðhorf lýsa ekki þeim meginhugmyndum sem uppi eru í skattamálum. Þvert á móti er það mín skoðun að þær hugmyndir sem hafa verið að ryðja sér til rúms til einföldunar á skattkerfi, til fækkunar á sérsköttum, frádráttarliðum og undantekningum af ýmsu tagi, *njóti enn mikils fylgis. Menn hafa augljóslega komið auga á að skattheimta sem byggir á þeim meginviðhorfum er sanngjarnari og eðlilegri, skilvirkari í framkvæmd og leiðir til meira öryggis í skattheimtu.*

Hæstv. fjmrh. hefur stundum bent einmitt á þá staðreynd. En nú virðist hann vera að hverfa frá þessu. Ég hygg að það sé aðeins ein ástæða fyrir því og hún er sameiginleg öllum þeim sem trúa því að þá sé þjóðunum best stjórnað þegar ríkisvaldið tekur sem mest til sín af sjálfsaflafé einstaklinganna og afrakstri atvinnufyrirtækjanna. Það eru þeir sem trúa því að ríkisvaldinu, þeim sjálfum, sé best trúandi til þess að skipta verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu en einstaklingunum sjálfum og atvinnufyrirtækjunum síður. Það eru með öðrum orðum þeir stjórnmálamenn sem trúa á miðstýringu og ríkisumsvif sem eru talsmenn þessara hugmynda. Og það er í sjálfu sér ágætt að heyra hæstv. fjmrh. viðurkenna að það eru þessi sjónarmið sem ráða ákvörðunum hans og gerðum og stefnumótun í núv. hæstv. ríkisstjórn.

Eðlilega hefur hæstv. fjmrh. frumkvæðisvald á sviði skattheimtu og stefnumótandi áhrif í þeim efnum innan hæstv. ríkisstjórnar, þó hitt hafi kannski vakið meiri furðu að hann hefur fram til þessa haft mótandi áhrif og úrslitaáhrif á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar almennt sem, samvæmt venju, er þó í höndum forsrh.

Hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., lýsti því, þegar honum hafði á Alþingi verið gerð grein fyrir þeim ákvörðunum sem hann og flokkur hans hafði tekið að fyrirlagi hæstv. fjmrh., að hér hafi orðið stórt slys. Nú er þetta ekki fyrsta alvarlega slysið í skatta- og *efnahagsmálum sem þessi hæstv. ríkisstjórn veldur.* Þau eru mörg og mætti flytja um þau langt mál hér á Alþingi. En það var iðrunartónn í hæstv. utanrrh. þegar hann lýsti því yfir að hér hafi orðið slys. Þeir voru ýmsir sem trúðu því að sú iðrun mundi leiða til þess að Alþfl. reyndi að beita afli sínu innan hæstv. ríkisstjórnar til að bæta úr og koma málum í eðlilegt horf á nýjan leik.

Sá umþóttunartími sem í fyrstu fékkst nýttist Alþfl. þó ekki í þessu efni. Annaðhvort hefur hugur ekki fylgt máli ellegar að áhrif Alþfl. innan hæstv. ríkisstjórnar eru svo lítil að jafnvel þó að formaður flokksins taki jafnstórt upp í sig og hann gerði í þessu efni hafa samstarfsflokkarnir þau ummæli að engu og einkanlega hæstv. fjmrh. Öllu líklegra er að þetta sé skýringin á því að engar breytingar hafa orðið á þeim umþóttunartíma sem skapaðist eftir að slysið varð. Það segir auðvitað heilmikla sögu um stöðu Alþfl. að

áhrif hans skuli vera með þeim hætti að jafnvel sá forustumaður ríkisstjórnarinnar sem hvað mest hefur hvatt, ásamt formanni Alþfl., til samvinnu og sameiningar A-flokkanna svokölluðu í landinu skuli virða neyðarkall formanns Alþfl. um þetta efni að engu og snúa hann gersamlega niður í þessu samstarfi.

Það er auðvitað athygli vert að fá það fram hér í þingsölum með hvaða hætti þessi hæstv. ríkisstjórn vinnur og hver staða einstakra flokka er í þessu stjórnarsamstarfi. Það er ljóst að með þeirri skipan og því slysi sem hæstv. fjmrh. hafði forgöngu um að yrði í skattlagningu er verið að ganga gegn þeim meginviðhorfum sem lágu til grundvallar þeirri einföldun sem gerð var á tekjuskattskerfinu vorið 1987 þegar staðgreiðslan var tekin upp. Það er ástæða til þess að minna á að þær breytingar á skattkerfinu voru gerðar í mjög nánu samráði og samvinnu við verkalýðsfélögin í landinu. Þau lögðu höfuðáherslu á að útrýma hvers konar sérsköttun, þar á meðal þessum skatti, og fella inn í hið almenna skatthlutfall. Þá þegar var ráð fyrir því gert að hluti af almenna skatthlutfallinu rynni til Framkvæmdasjóðs aldraðra og svo er enn.

Það hefur verið upplýst, og komið fram í þessari umræðu, að ríkið innheimtir nú, undir því yfirskini að verið sé að vinna að framfaramálum í þágu aldraðra, 460 millj. kr. Aldraðir eru settir fyrir skattheimtuvagn ríkisstjórnarinnar. Þeir eru spenntir fyrir skattheimtuvagn ríkisstjórnarinnar til þess að draga inn í ríkissjóð 460 millj. kr. En hæstv. fjmrh. og þinglið ríkisstjórnarinnar gervallt sér ekki ástæðu til að setja í Framkvæmdasjóðinn nema 197 millj. kr., ef ég man rétt. 263 millj. kr. er því nánast rænt úr þessum skattheimtuvagni, sem hæstv. ríkisstjórn hefur spennt aldraða í þjóðfélaginu fyrir, til almennrar eyðslu ríkissjóðs. Heldur er nú lágt risið á þeim skattheimtumönnum sem þannig standa að verki. Heldur er nú lágt risið á þeim sem þurfa að auka skattheimtu inn í almenna eyðslu ríkissjóðs þegar þeir þurfa að spenna aldraða fyrir skattheimtuvagninn með þessum hætti. Og athygli vert sérstaklega að þingmenn eins og hv. 11. þm. Reykv. skuli styðja skattheimtuaðferðir af þessu tagi. En Alþfl. lætur sér ýmislegt lynda og hefur kyngt þessum aðförum öllum.

Nú hefur komið á daginn að tilboði því sem hæstv. utanrrh. hefur gert Alþingi um annan umþóttunartíma, til þess að hæstv. ríkisstjórn geti fjallað um þetta mál, hefur í raun og veru verið svarað neitandi af hæstv. fjmrh. Hann hefur í raun og veru lýst því yfir í ræðu sinni hver afstaða hans er, hver skoðun hans er. Og hann hefur lýst því yfir að það séu æ sterkari tilhneigingar af hans hálfu og annarra þeirra sem hugsa með sama hætti um skattheimtu og ríkisumsvif og hann gerir að auka frekar skattheimtu með sérsköttum sem þessum. Með öðrum orðum, hann hefur gefið það fyllilega til kynna að hæstv. utanrrh. verði í annað sinn snúinn niður í þessu máli og tilboð hans að engu gert.

Það væri ástæða til þess, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. kæmi til þessarar umræðu og skýrði sín viðhorf í þessu efni. Ég vil mælast til þess, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. verði kallaður til umræðunnar, enda mun Framkvæmdasjóður aldraðra heyra undir hans ráðuneyti. (**Forseti:** Forseti mun freista þess að biðja hæstv. heilbrrh. að koma í salinn, hann var hér fyrir augnabliki síðan. Ég vænti þess að hann komi að vörmu spori.) Það var forseta líkt að bregðast við þessari beiðni af lipurð og kurteisi og ég trúi því að hæstv. heilbrrh. bregðist við beiðninni af sinni einlægni og kurteisi svo sem hann er þekktur að.

Þar sem hér er komið í umfjöllun um þetta mál liggur þetta fyrir í málinu: Hæstv. utanrrh. hefur lýst því sem stórkostlegu slysi að ríkisstjórnin skyldi hafa beitt sér fyrir þessari breytingu á skattheimtunni. Hann hefur einu sinni fengið umþóttunartíma til að taka málið upp innan ríkisstjórnar og bæta úr slysinu en hæstv. fjmrh. umsvifalaust snúið hann niður og gert yfirlýsingar hans að engu. Nú hefur hæstv. utanrrh. og talsmenn flokks hans óskað eftir því í umræðunni í dag að Alþfl. fái annað tækifæri til að taka málið upp innan hæstv. ríkisstjórnar en hæstv. fjmrh. hefur svarað á þann veg að hann sé ekki einungis þeirrar skoðunar að taka beri upp sérskatta af þessu tagi, hafi ekki einungis verið þeirrar skoðunar, heldur sé tilhneiging hans og annarra þeirra sem hugsa með sama hætti í skattamálum sú að herða enn frekar og auka sérskattheimtu sem þessa. Flest bendir því til þess að hæstv. fjmrh. ætli að snúa hæstv. utanrrh. enn einu sinni niður þótt sá umþóttunartími gefist sem iðrandi hæstv. utanrrh. hefur farið fram á í annað sinn.

Nú væri ástæða til að biðja hæstv. heilbrrh. að gera enn grein fyrir afstöðu sinni í málinu þegar þessar upplýsingar liggja fyrir. Mun hann leggjast á sveif með hæstv. utanrrh. eða mun hann styðja sjónarmið hæstv. fjmrh. í þessu efni og leggja þeim lið sem auka vilja skattheimtuna með því að beita öldruðum fyrir skattheimtuþörf ríkissjóðs til almennrar neyslu? Telur hæstv. heilbrrh. það vera siðlegt af sinni hálfu sem heilbrrh. að standa að því að láta aldraða draga í ríkissjóð, með greiðslu á almennu skatthlutfalli, 230 millj. kr. og aðrar 230 millj. kr. með álagningu sérstaks skatts og skila svo aðeins 197 millj. kr. í Framkvæmdasjóðinn? Er hæstv. heilbrrh. sáttur við vinnubrögð af þessu tagi?

Og í öðru lagi: Hver er afstaða hans til þeirra mismunandi sjónarmiða sem fram hafa komið innan hæstv. ríkisstjórnar um þetta efni? Mun hann leggjast á sveif með hæstv. fjmrh. til þess að snúa hæstv. utanrrh. niður enn einu sinni?

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta viðfangsefni að sinni. Það liggur svo skýrt og glöggt fyrir með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn hefur gengið til verka, hvernig Alþfl. hefur gengið á bak orða sinna í þessu efni, sem mörgum öðrum. Hér liggur fyrir viðurkenning á því að í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, hefur ríkisstjórnin valdið stórslysi í skatta- og efnahagsmálum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna ræðu hv. 1. þm. Suðurl. Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á því að hv. þm. varð nokkuð tíðrætt um formenn og varaformenn, sérstaklega í mínum flokki. Það vakti athygli mína á því að þótt hv. þm. Friðrik Sophusson hafi borið fram þessar spurningar til mín, þá var honum greinilega ekki treyst fyrir því að fjalla um svör mín, heldur ákvað formaður Sjálfstfl. að taka málin í sínar hendur og ýta þessum fyrrv. varaformanni Sjálfstfl. til hliðar í málinu. Vonandi fær hann nú að tala hérna á eftir. (Gripið fram í.) Hins vegar ber ég mikið traust til hv. þm. Friðriks Sophussonar, enda áttum við ágætis samstarf um að semja ákveðið frv. fyrir skömmu síðan. Þetta er í annað skiptið sem við eigum samstarf hérna *í deildinni á síðustu vikum*, svo maður fari nú að rifja þetta upp. (**FrS:** Við getum haldið áfram.) Já, við getum haldið því áfram, það er rétt, — þá hefði ég nú kosið að hann hefði fjallað um þetta líka.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson vildi draga miklar almennar ályktanir af því að ég vakti athygli á þeirri staðreynd, sem ég hef tekið eftir í þeim efniviði sem ég hef fengið um ný viðhorf í skattamálum, að það er nokkuð ljóst að vaxandi áhersla er lögð á umhverfisskatta, eins og ég hef nú stundum vakið athygli á hér í þinginu. Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur stundum vikið að því réttilega þegar ég nefndi þetta eco-skatta, eins og þeir eru kallaðir á enskri tungu, að þá er það áberandi að forsvarsmenn í skattamálum og stjórnmálum telja að það sé mun meira í samræmi við vilja almennings að tengja slík gjöld í umhverfismálum við tilteknar aðgerðir til verndar umhverfinu. Ef sá lýðræðislegi vilji er fyrir hendi hlýtur það að vera afstaða okkar sem lýðræðissinna að hann fái að njóta sín í löggjöf í skattamálum frekar en að menn fari að ýta þessum lýðræðislega vilja til hliðar út frá einhverjum „kenningaprinsippum" um það hvernig skattar eigi að líta út. Þessu má ekki rugla saman við hina eldri umræðu um annars konar eyrnamerkta skatta sem hér, eins og annars staðar á Vesturlöndum, hefur verið á dagskrá um ára bil. Og ég notaði þetta tækifæri til þess að vekja athygli þingsins á því að þessir nýju straumar um eyrnamerkta skatta eru greinilega orðnir fyrirferðarmiklir í umræðunni um framtíðarþróun í skattamálum.

Alþingi ætti kannski ekki að koma þetta á óvart vegna þess að það er ein eyrnamerking í skattamálum sem virðist vera nánast heilög hér á Alþingi. Þegar gerð var viss tilraun til þess að rjúfa þá eyrnamerkingu á síðasta þingi gagnrýndu þingmenn Sjálfstfl. í miklum fjölda ræðna, gott ef ekki var líka hv. þm. Þorsteinn Pálsson, harkalega að sú eyrnamerking í skattamálum skyldi verða rofin. Þá var ekki verið að taka mið af því að bara ættu að vera almennir skattar sem rynnu í ríkissjóð og síðan yrði peningunum deilt þar út. Þar á ég við bensíngjaldið og þá meginstefnu að bensíngjaldið renni allt til vegamála og þar sé miðað við 100% eyrnamerkingu í skattamálum.

Mér finnst ekki vera mikil samkvæmni í því að halda því fram að alls ekki megi gera þetta í málefnum aldraðra þegar um miklu smærri upphæð er að ræða en verði afdráttarlaust og eindregið að halda slíkri eyrnamerkingu og sérsköttun til haga í vegamálum þar sem um margfalt stærri upphæðir er að ræða. Þess vegna finnst mér ekki vera mikil samkvæmni í því að gagnrýna harðlega á síðasta þingi að eyrnamerking skatta í þágu vegamála sé rofin til bráðabirgða að litlu leyti en gagnrýna svo líka hér á þessu þingi að eyrnamerking til málefna aldraðra megi alls ekki eiga sér stað. Mér finnst satt að segja málefni aldraðra ekki vera síður mikilvægur málaflokkur en vegagerð.

Þessu vildi ég koma á framfæri í tilefni af ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Og af því að hann vék aðeins að sveitarstjórnarkosningunum þá vil ég beina athygli formanns Sjálfstfl. að fæðingarbæ mínum, Ísafirði.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að benda mér á að ég megi tala einu sinni enn, og jafnvel gera stutta athugasemd eftir það samkvæmt þingsköpum þar sem ég er frsm. 2. minni hl. hv. nefndar sem um þetta mál fjallaði.

Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir að taka þátt í þessari umræðu og koma hér með gagnlegar ábendingar og styrkja þar með þann málstað sem ég hef verið að flytja með fyrirspurn minni og efnislegri umræðu málsins. Ég vil enn fremur, að gefnu tilefni, þakka hæstv. ráðherra fyrir að minna á það að við höfum átt ágætt samstarf að undanförnu í vissum málum. Það er ekki í fyrsta skipti, það er a.m.k. tvisvar í vetur og verður kannski oftar sem okkur tekst að ná samkomulagi um góð mál. Ég skal fúslega hér og nú þakka honum fyrir það að hafa léð máls á því að hreyfa jafnveigamiklum og góðum málum sem þar voru til umfjöllunar. Þau snertu fyrst og fremst tekju- og eignarskattslög, þann þátt sem snýr að hlutabréfum og hlutabréfaviðskiptum. Ég ætla þó ekki að fjalla um það hér heldur fyrst og fremst um þau efnisatriði þess máls sem við erum nú að fjalla um.

Það kom mjög sterkt fram í ræðu hæstv. ráðherra, og hann undirstrikaði það, að mismunandi viðhorf væru í stjórnarflokkunum um skattlagninguna. Síðan enn á ný, og það hefur hann reyndar gert áður, benti hann á að víða væri vaxandi fylgi fyrir sérstökum sköttum sem rynnu þá til viðkomandi mála. Benti hann t.d á mengunarskatta, skatta af umferðinni til þess að breyta hátterni manna, fá þá til þess að menga minna, og eðlilegt væri að leggja slíka markaða tekjustofna á til viðkomandi verkefna. Þetta eru kallaðir eco-skattar, og ég rifja það upp að það var full ástæða til þess, þegar við ræddum þetta á sínum tíma, að segja þingriturum sem þurfa að rita eftir framburði frá því að eco er með c-i í þessu tilviki en ekki með g-i sem ýmsir gátu álitið þegar hæstv. ráðherra var að lýsa þessum nýju sköttum. Þetta voru

ekki ego-skattar hæstv. ráðherra heldur eco-skattar. En það er nú önnur saga.

Það sem skiptir þó máli er að átta sig á því að jafnvel þótt ráðherra hafi rétt fyrir sér í þessum efnum, að það sé vaxandi fylgi við slíka skatta til þess að breyta hátterni manna, m.a. með tilliti til mengunar — þetta hefur stundum af frjálshyggjumönnum verið kallað á erlendu tungumáli „pay and pollute" eða „pollute and pay" eða að menn eigi að greiða fyrir það að menga með sköttum og þannig væri tekið inn í markaðskerfið sjálft atriði sem leiddi til nýrrar breytni. Þetta hefur tekist nokkuð vel í Vestur-Evrópu til að mynda og er kannski meginástæðan fyrir því að hægt hefur verið að hreinsa ár og andrúmsloft í Vestur-Evrópu en ekki í Austur-Evrópu. Þar hefur ekki verið hægt að koma þessu við af því að ríkið átti öll framleiðslutækin. Þegar ég var í Sovétríkjunum fyrir rúmu ári síðan á ráðstefnu um mengunarmál lýstu forráðamenn sovétskipulagsins einmitt því að tilgangslaust hefði verið að leggja skatta eða skyldur á fyrirtækin vegna þessa að það var sami vasinn sem borgaði. Og mönnum þótti ekki taka því að vera að leggja sektir eða skatta á fyrirtæki sem menguðu því það bitnaði hvort sem er á ríkinu. Þetta hefði leitt til þess að í Sovétríkjunum væri ein mesta mengun í heimi.

Staðreynd málsins er hins vegar sú að það mál sem við erum að fjalla hér um er ekki tekjustofn með sama hætti og hæstv. ráðherra var að minnast á. Bensíngjaldið er skattur á bifreiðar sem eðlilegt er að renni til vegagerðar. Það er engan veginn sambærilegur skattur við það að leggja nefskatt á alla skattþegna landsins, burt séð frá því hvort þeir koma til með að njóta hans í einhverri mynd. Það er ljóst að þessi nefskattur rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra og hann greiða menn hvort sem þeir verða gamlir eða ekki. Þetta er ósköp venjuleg skattheimta á alla en ekki einungis á suma sem eru sérstaklega tengdir viðfangsefninu. Hæstv. ráðherra færði sjálfur að því ágæt rök hvers vegna menn ættu að vera á móti því að leggja sérstakan nefskatt á allan almenning til þess að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Þessu til viðbótar vil ég minna á að væri hæstv. ráðherra samkvæmur sjálfum sér, samkvæmur þeim viðhorfum sem hann er að predika og segir að Alþb. fylgi, hefði hann að sjálfsögðu átt að lækka staðgreiðsluprósentuna, staðgreiðsluhlutfallið að sama marki. Það er auðvitað afskaplega auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að segja: Ég vil hafa sérstakan nefskatt fyrir aldraða — og næst segir hann: Ég vil hafa sérstakan nefskatt vegna sjúkratrygginga. Ég vil hafa sérstakan nefskatt vegna sóknargjalda. Ég vil hafa sérstakan nefskatt vegna kirkjugarðsgjalda. En síðan, þegar hann er spurður að því hvort ekki sé þá ástæða til að lækka staðgreiðsluhlutfallið sem var ákveðið með tilliti til þess að sameina þessa skatta, þá kemur bara allt annað hljóð í strokkinn. Nei, ríkið á aldrei að skila neinu til baka. Það á bara svona annað veifið að sameina þessa skatta í einn skatt og hækka skattprósentuna. Síðan á að koma með yfirlýsingu þess efnis að þetta sé óeðlilegt, það eigi að hafa beina nefskatta. En það á aldrei að lækka skattprósentuna á móti. Auðvitað nær svona málflutningur ekki nokkurri átt.

Það væri vissulega ástæða í þessu sambandi til að rifja upp að á sínum tíma mótuðum við, nokkrir frjálshyggjumenn, þá stefnu að það væri kominn tími til að þeir sjúklingar sem liggja á sjúkrahúsum og væru fullvinnandi, á fullum launum eða nytu fullrar tryggingar, greiddu hluta af kostnaðinum við að liggja á sjúkrahúsinu, t.d. hluta af þeim kostnaði að borða á sjúkrahúsinu. Menn verða að gera það hvort sem þeir eru á sjúrahúsi, heima hjá sér eða einhvers staðar annars staðar. Söngurinn í Þjóðviljanum ómar mér enn fyrir eyrum. Sjúklingaskattar! sjúklingaskattar! Og það voru teiknaðar myndir af okkur vopnuðum sveðjum þar sem við vorum að ráðast á sjúklingana með sköttum. En hvernig horfa nú þessi mál við núv. hæstv. ríkisstjórn?

Hér fyrir framan mig sitja tveir hæstv. ráðherrar. Annars vegar er ráðherra heilbrigðismála sem hefur með þetta mál að gera og hins vegar er hæstv. fjmrh. Þessir menn hafa lagt á sjúklingaskatta, nákvæmlega sams konar skatta, með því að láta aldraða fólk sem liggur á stofnunum greiða verulegan hluta af kostnaðinum sjálft. Og það eru ekki almennir sjúklingaskattar sem eru lagðir á mig þegar ég er lagður inn á spítala til að taka úr mér botnlangann eða verið er að rannsaka mig þó að ég sé á launum á Alþingi. Nei. Slíkir skattar eru bara lagðir á gamla fólkið, enda veit hæstv. ríkisstjórn hvar helst er að leita fanga.

Þetta vildi ég rifja upp þegar menn eru að tala um nefskatta og staðgreiðslu og skattkerfið og mismunandi viðhorf í þeim efnum. Það virðist ekki vera sama hvort Alþb. er í ríkisstjórn eða utan ríkisstjórnar.

Svo kemur hæstv. ráðherra og segir: Ég man ekki betur en hv. 1. þm. Suðurl. og aðrir sjálfstæðismenn risu upp til handa og fóta út af bensíngjaldinu. Ég vil rifja upp að einmitt í ræðunni þegar hæstv. ráðherra var að mæla bifreiðagjaldinu bót í fyrsta skipti, þá kallaði hann bifreiðagjaldið ekki bifreiðagjald, hann kallaði bifreiðagjaldið mengunarskatt. Síðan var horfið frá því og auðvitað breyttist mengunarskatturinn í kílóskatt á bifreiðar, stórhækkun á bifreiðagjaldinu. Þá hlaut að koma upp sú eðlilega gagnrýni af hálfu þeirra sem hugsa ábyrgt um þessi efni að auðvitað væri ríkisstjórnin að hækka bifreiðagjöldin upp úr öllu valdi til þess að ríkisstjórnin gæti fengið meira fjármagn af umferðinni í ríkissjóð án þess að þeir fjármunir gengju til vegamála. Öllum er ljóst að með þessu ætlaði ríkisstjórnin hvorki að nýta þær heimildir sem hún hafði né heldur að leggja skatt á bensín til þess að þeir skattar gætu runnið til vegamála. Þannig er ekki orð að marka það sem hæstv. ráðherra segir um þessi efni þótt hann reyni að klæða það í þann búning að þetta tilheyri einhverri stefnu sem Alþb. fylgi í þessum efnum. Í raun og veru svarar hann sjálfum sér í sínum eigin ræðum og sýnir fram á það að Alþb. hefur einungis eina stefnu í skattamálum, þ.e. að hækka skatta, hækka sem flesta skatta af

því að Alþb. telur að fjármunir Íslendinga séu betur komnir í höndunum á hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn en í höndum almennings. Þetta er í rauninni það eina sem hægt er að lesa út úr því sem hæstv. ráðherra hefur haldið fram í skattamálum, enda hefur hann stórkostlega hækkað skatta á umliðnum árum.

Það sem er þó öllu alvarlegast í þessu máli sem við erum að ræða hér í dag er það að hæstv. utanrrh. kemur hér í ræðustól, lýsir því yfir að hann geti fellt sig við nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem segir berum orðum að það eigi að hverfa frá þessari skattheimtu, það séu engin rök til þess að hverfa aftur til nefskattsins frá staðgreiðslunni. Og hann styður það að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að á málinu verði tekið og breyting verði gerð á fyrir næsta Alþingi. Nú kemur hæstv. fjmrh. upp og segir: Það eru mismunandi viðhorf í hæstv. ríkisstjórn til þessa efnis. Alþb. hefur allt aðra skoðun en Alþfl., og gefur þar með sterklega í skyn að það verði ekkert gert með þessi viðhorf sem koma fram hjá 1. minni hl. hv. nefndar sem auðvitað er skýringin á því hvers vegna hv. þm. Ragnar Arnalds neitaði að skrifa upp á nál. með öðrum hv. stjórnarliðum í fjh.- og viðskn. Þetta er staðreynd málsins. Það má út af fyrir sig óska hæstv. fjmrh. til hamingju með það. Hann er æðsti valdhafinn í þessum málum. Hann er sá hæstv. ráðherra í þessari hæstv. ríkisstjórn sem kemur til með að ráða úrslitum um það hver niðurstaða málsins verður og það verður að segjast eins og er að það leggst lítið fyrir kappann, hæstv. utanrrh., þegar hann kemur hér upp, eftir að hafa orðið vitni að þessu stórkostlega slysi sem hann kallaði svo í fyrra, og ætlar síðan að fela þetta mál í hendur hæstv. fjmrh. sem hefur allt aðra skoðun á málinu.

Ég ætla nú ekki að rekja slysasögu hæstv. utanrrh., en vissulega væri ástæða til að rifja það upp að hæstv. utanrrh. hefur áður átt aðild, sem alþýðuflokksmaður, að ríkisstjórn með Alþb. Það var fyrir nokkrum árum. Það var 1978–1979. Í frægu blaðaviðtali við hæstv. utanrrh., þegar rifjuð voru upp þessi ár þegar þeir áttu samstarf en þá var hæstv. fjmrh. formaður þingflokks Alþb. ... (**Fjmrh.:** Nei.) Jæja, hann var kannski ekki orðinn það en hann sat hér á þingi annað veifið a.m.k. ... (**Fjmrh.:** Það var félagi Lúðvík.) Já, ásamt félaga Lúðvík sem þá var formaður Alþb. og formaður þingflokks Alþb. Hann var formaður — var ekki hæstv. ráðherra þá formaður þingflokksins? (**Fjmrh.:** Nei.) Var það félagi Lúðvík enn þá? (**Fjmrh.:** Það var félagi Lúðvík, já, já.) Maður ruglast nú í öllum þessum stalínum hjá þeim alþýðubandalagsmönnum, en það mun hafa verið félagi Lúðvík, og skiptir ekki máli, það breytir ekki því. (**Fjmrh.:** Félagi ræðumanns í bankaráði Landsbankans.) Félagi bankaráðsmaður Lúðvík, svo að ég hafi þetta nú alveg orðrétt eftir hæstv. ráðherra. Það var sem sagt félagi bankaráðsmaður Lúðvík sem var formaður þingflokks Alþb. en dyggur þjónn hans var félagi Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., og hann studdi þá stjórn mjög eindregið og fékk þær köldu kveðjur frá hæstv. utanrrh. — sem þá var að vísu í lausamennsku hjá Alþfl., var þá ekki kominn til mannaforráða sem síðar varð, en þá lýsti hæstv. fjmrh. þessari hæstv. ríkisstjórn sem pólitísku umferðarslysi og má nú segja að það sé full ástæða til þess að hringja í Slysavarnafélagið fyrir hæstv. utanrrh. til þess að koma í veg fyrir það að hann lendi í fleiri slysum því að svo virðist vera að þetta sé ein samfelld slysasaga, pólitísk umferðarslysasaga sem hæstv. utanrrh. hefur lent í í samstarfi við Alþb. Hún er sífellt að endurtaka sig, núna síðast með því að hæstv. fjmrh. lýsir yfir allt annarri skoðun en hæstv. utanrrh. hefur á þessu máli og veit hæstv. fjmrh. þó að hæstv. utanrrh. hefur lagt allt undir í þessu máli því að hann hefur sagt og sagði það, þegar hann stóð yfir gröf ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, að hann hefði nánast einn saman komið á staðgreiðslukerfi skatta, einfaldað skattkerfið og — ég ætla ekki að rekja þá sögu öllu lengur. (Gripið fram í.) Og bæta skattalögin. Það má reyndar ekki prenta þetta því að hv. þm. sem kallaði fram í er í Ed.

Ég tel ástæðu til þess, virðulegur forseti, að rifja þessi atriði upp vegna þess að enn á ný stendur hæstv. fjmrh. fyrir því að hæstv. utanrrh. sé að lenda í pólitísku slysi og lengi má manninn reyna. Ég tel þess vegna, virðulegur forseti, að það sé einsýnt að þeir aðilar sem vilja á annað borð breyta þessu gjaldi til fyrra horfs, eins og gert er ráð fyrir í frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, verði að sameinast í því að samþykkja þetta frv. og koma í veg fyrir að hæstv. fjmrh. taki málið í sínar hendur og afgreiði það með nákvæmlega sama hætti og hann hefur gert hingað til. Skora ég því á alla þá hv. alþýðuflokksmenn sem hér eru í salnum, en þeir eru ekki margir, að átta sig á því hvorum megin hryggjar þeir ættu að liggja í þeirri atkvæðagreiðslu sem fram mun fara um þetta mál að umræðunni lokinni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem hér hafa orðið ítarlegar umræður um markaða skattstofna eða eyrnamerkta skatta og auðvitað, eins og fyrr, sýnist sitt hverjum um það mál. Það geta sjálfsagt verið ýmsar góðar og gildar ástæður fyrir því að marka skattstofna til ákveðinna verkefna. Hér hafa verið nefndar ástæður eins og t.d. varðandi umhverfismál, varðandi samgöngumál sem þingmenn allir þekkja mjög vel og hér í þessu tilfelli er verið að ræða um nefskatt sem markaður er ákveðnu viðfangsefni sem allir voru á sínum tíma sammála um þegar nefskatturinn var fyrst tekinn upp — ég má kannski ekki segja að allir hafi verið sammála því að ég man reyndar ekki í augnablikinu hvernig meiri eða minni hluti kann að hafa verið í því máli á þeim tíma, en þá var tekinn upp nefskattur til þess að glíma við mörg brýn viðfangsefni við uppbyggingu á húsnæði og aðstöðu fyrir aldraða. Og enn er það auðvitað svo að það er mjög brýnt að hrinda þar áfram stórum verkefnum sem bæði eru í gangi og eru fram undan og

þess vegna varð samkomulag og samstaða um það í ríkisstjórninni að þessi nefskattur skyldi upp tekinn á ný til þess að glíma við þessi mál.

Ég hef sjálfsagt sagt það einhvern tíma áður hér úr þessum ræðustól að ég hafi ekki mikla trú á þessum mörkuðu skattstofnum almennt vegna þess að Alþingi eða löggjafinn hefur aftur og aftur freistast til þess að skera niður þessa skattstofna og skila þeim ekki að fullu til þeirra verkefna eða viðfangsefna sem þeir hafa átt að renna til og svo á auðvitað enn við í dag um þennan tiltekna skattstofn sem við erum að ræða hér. Ég get svarað hv. 1. þm. Suðurl. því að ég er auðvitað ekki ánægður með að ekki skuli vera full skil á þessum skatti, af því að hann spurði hvort ég væri ánægður með það. Það er auðvitað ódýrt og einfalt að segja svona en þetta er ekki í fyrsta skipti sem menn verða að sætta sig við slíka meðferð á mörkuðum sköttum og sjálfsagt ekki heldur í síðasta skipti sem slíkt kemur upp þegar það á við eins og í þessu tilfelli.

Hvað varðar framhald málsins get ég út af fyrir sig mjög vel tekið undir þann tón sem er í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., að þetta mál verði tekið til ítarlegrar endurskoðunar og athugunar fyrir næsta fjárlagaár og menn fari yfir það þá hvort þessum skatti beri að viðhalda eins og hann er á lagður í ár og ef svo yrði fyndist mér nauðsynlegt og brýnt að honum yrði þá líka skilað, að menn stæðu við það að skila honum til verkefnisins. Ef það er ekki gert dregur það mjög úr áherslu og áhuga manna á að viðhalda slíkum sérskatti og virðingu manna fyrir slíkri skattlagningu. Ég ítreka það hins vegar sem ég nefndi í upphafi að það eru mörg afar stór verkefni í gangi og mörg brýn verkefni fram undan, kostnaðarsöm, á þessu sviði og þess vegna hafa menn fallist á þau rök að leggja á sérstakan skatt í því augnamiði að flýta fyrir framkvæmdum og styrkja þau verkefni sem þar eru í gangi og vissulega veitir ekki af tekjuöflun til þessa málaflokks.

Aðeins út af því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. um það sem hann kallaði sjúklingaskatta. Ég mótmæli alfarið þeim málflutningi hans í því sambandi að aldraðir greiði fyrir dvöl á stofnunum þegar þeir hafa lagst þar inn til langdvalar, stofnunum sem þar með eru orðin heimili þeirra, hvort heldur það eru dvalarheimili eða hjúkrunarheimili, að það séu kallaðir sjúklingaskattar. Ef eitthvað heitir sjúklingaskattar sem einstaklingar þurfa að borga í dag sérstaklega, þá eru það auðvitað þær greiðslur sem menn inna af hendi fyrir læknishjálp og fyrir þátttöku í lyfjum, en þegar menn hafa sest að á dvalarheimili og það er orðið heimili þessa einstaklings er ekki óeðlilegt að menn greiði fyrir þá dvöl og það er gert og hefur verið gert lengi, það er ekkert nýtt. Flytjist menn nú til innan slíkrar stofnunar í mörgum tilfellum, þegar hjúkrunarþyngd vex, er ekki óeðlilegt að menn haldi áfram að taka þátt í þeim kostnaði. Ef aldraðir hins vegar leggjast inn á sjúkrahús til skammtíma dvalar þar og lækningar, þá greiða þeir auðvitað ekki fyrir þá dvöl frekar en ég eða hv. 1. þm. Reykv. Þannig er nú það mál vaxið og þær greiðslur eiga þess vegna ekkert skylt við það sem hann var hér að rifja upp og kallaði sjúklingaskatt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Svör hæstv. heilbrrh. valda nokkrum vonbrigðum. Ég efaðist ekki um góðan hug hans og skilning og vilja í þessu efni, en það er ekki nóg að lýsa jákvæðu viðhorfi. Það eru gjörðirnar sem máli skipta og það skorti allar afgerandi yfirlýsingar af hálfu hæstv. ráðherra um það hvað hann í raun og veru vildi gera. Hér er flutt mikið af ræðum sem lýsa góðum hug og góðum vilja, en það sem upp úr stendur er það sem menn gera og það sem menn lýsa með afdráttarlausum hætti yfir að þeir ætli sér að gera. Og því miður gefur ræða hæstv. heilbrrh. ekki tilefni til að ætla að hér á verði gerð breyting þó að þessu máli verði komið fyrir kattarnef með þeim hætti að vísa því til ríkisstjórnarinnar og augljóst að önnur tilraun hæstv. utanrrh. til þess að bæta úr því mikla slysi sem hann hefur lýst að hæstv. ríkisstjórn hafi valdið er farin út um þúfur. Kannski á hann það fyrst og fremst við sjálfan sig og samstarfsmenn sína og að lokum við kjósendur hvernig að því máli er staðið.

Það vakti hins vegar athygli við ræðu hæstv. fjmrh. hvernig hann fjallaði um þetta efni. Nú er hann að vísu þekktur fyrir að fara mjög frjálslega með staðreyndir mála, gæta lítið að því sem er satt og rétt eða hafa að litlu og skeyta í engu um það hvort hann er samkvæmur sjálfum sér frá einum degi til annars. En þó að á þann veg sé háttað málflutningi hæstv. fjmrh. hefur hann aldrei verið ásakaður um það að vera ekki glöggskyggn og skarpur og kunna ekki skil á grundvallaratriðum þeirra viðfangsefna sem hann hefur verið að fjalla um þó að á hafi skort að hann kunni að gera skil á réttu og röngu og hann noti blekkingar í ríkari mæli en nokkur annar stjórnmálamaður síðan Jónas frá Hriflu leið.

Hæstv. fjmrh. virtist ekki kunna að greina á milli markaðra tekjustofna og óbeinna neysluskatta. Hann kunni ekki að greina á milli nefskatts og markaðra tekjustofna og ekki á milli nefskatta og óbeinna neysluskatta og er nema von að ýmislegt gangi úrskeiðis í fjármálasýslu ríkisins þegar þennan grundvallarskilning skortir.

Það hagar á þann veg til að við höfum tvöfaldan markaðan tekjustofn fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra. Við höfum markaðan tekjustofn í staðgreiðslu skatta sem á að skila um 230 millj. kr. og við höfum markaðan tekjustofn með sérstökum nefskatti, því slysi sem hæstv. utanrrh. hefur lýst að þessi ríkisstjórn hafi lagt á, um tvöfaldan markaðan tekjustofn. En hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að nota annan stofninn til almennrar ríkissjóðseyðslu, hefur kosið að nýta sér það að það er almennur skilningur á þessu viðfangsefni til þess að beita öldruðum fyrir skattheimtuvagninn, fyrir ríkissjóð. Gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á aðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnvart tekjuöflun fyrir Vegasjóð er alveg af sama toga og

gagnrýni okkar á þetta slys sem hér er verið að fjalla um, en það sem hæstv. fjmrh. gerir sér hins vegar ekki grein fyrir er að hér er um gerólíka skatta að ræða. Hér er annars vegar um markaðan tekjustofn af staðgreiðslu skatta og markaðan tekjustofn af nefskatti að ræða og hins vegar óbeinan neysluskatt sem lagður er á þá sem aka um vegi landsins og nota eldsneytið. Hér er því um gjörólíka skatta að ræða sem hæstv. ráðherra gerir sér ekki grein fyrir. Gagnrýni okkar er hins vegar sú í báðum tilvikum og af sama toga runnin að þegar skattur hefur verið lagður á með þessum hætti á hann auðvitað að renna til þess viðfangsefnis sem hann er lagður á til að þjóna. Og gagnrýni okkar sjálfstæðismanna var á þá forgangsröðun verkefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. Þegar við gagnrýndum það hvernig hæstv. ríkisstjórn tók fé úr Vegasjóði inn í ríkissjóð fólst í þeirri gagnrýni tvennt: Annars vegar hvernig staðið var að því skattalega á óeðlilegan hátt og hins vegar að með þeim ákvörðunum var ríkisstjórnin að raða verkefnum í forgangsröð og í samræmi við yfirlýsingu hæstv. forsrh., formanns Framsfl., á frægum fundi á Hótel Sögu í ársbyrjun 1988 var stórlega dregið úr framkvæmdum til vegamála, en það gerði formaður Framsfl. þá að einu helsta hugsjónamáli framsóknarmanna sem þeir hafa með dyggilegri aðstoð hæstv. fjmrh. komið mjög tryggilega í framkvæmd. Við sjálfstæðismenn erum hins vegar þeirrar skoðunar að brýnt sé og mikilvægt að bæta samgöngur í landinu og skipa málum á þann veg í forgangsröð að þau verkefni sitji fyrir ýmsum öðrum sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett framar á verkefnalista samkvæmt hugsjónaboðskap formanns Framsfl. Auðvitað skil ég framsóknarmenn, að þeir skuli fylgja dyggilega fram sinni stefnu og skera niður framkvæmdir í samgöngumálum. Þegar þeir hafa tekið slíka ákvörðun undir merkjum síns foringja fylgja þeir því eðlilega eftir. Við sjálfstæðismenn erum einfaldlega andvígir þessu, teljum að þetta stuðli að því að raska byggð í landinu og veikja landsbyggðina til mikilla muna. Þetta var annar þátturinn í gagnrýni okkar á þær ráðstafanir sem hæstv. fjmrh. taldi ástæðu til að taka tíma í að fjalla um í þessari umræðu. Þetta vildi ég, herra forseti, fyrst og fremst skýra hér út að gefnu tilefni eftir ræðu hæstv. fjmrh.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta sögulega slys sem hæstv. ríkisstjórn hefur valdið, er því miður ekki eina slysið, heldur eitt í röð margra, og því miður fyrir íslenska þjóð bendir flest til þess að ríkisstjórnin sé staðráðin í að halda þessari slysagöngu áfram.

Alexander Stefánsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið dálítið fróðlegt að sitja hér lungann úr þessum degi og núna í kvöld til að hlusta á þessar umræður um málefni aldraðra sem í mínum huga er að vísu eitt af þýðingarmestu málum sem við fjöllum um í velferðarkerfi okkar. Raunverulega hefur ekki verið fjallað um málið á þann hátt að sérstaklega væri verið að bera fyrir brjósti aðbúnað aldraðra heldur eingöngu um hvernig staðið er að skattlagningu til þess sjóðs sem var stofnaður til að ná meiri árangri í byggingu húsnæðis og aðstöðu fyrir aldraða en áður hafði tekist og tilraun til þess að ná því fram. Ég held að það sé alveg vonlaust fyrir forustumenn Sjálfstfl. að vera að gera síendurteknar tilraunir til að hefja foringja kratanna til skýjanna. Það skiptir í raun og veru engu máli í þessu. Það er ekkert að marka það sem þeir segja. (**ÞP:** Ég var ekkert að hefja þá til skýjanna.) Og ég held að það sé þess vegna alveg unnið fyrir gýg, enda geta þeir ekki einu sinni setið undir því lofi hér í þingsal, að þeir séu minntir á að þeir hafi haft forustu um nokkurn skapaðan hlut. Það er ekki þess virði og skiptir í raun og veru engu máli í sambandi við framgang þessa máls.

Það sem ég vildi segja varðandi þetta frv. og þá afgreiðslu sem það fær eða tillögu til afgreiðslu sem það fær frá hv. fjh.- og viðskn. er að ég skil það þannig, og hef hugsað mér að greiða atkvæði með áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn., að það sé verið að undirstrika að þetta form í staðgreiðslukerfinu, að hafa nefskatt í sambandi við framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra, gengur ekki upp. Það er búið að sýna sig að því fjármagni sem þannig næst er ekki skilað og þar af leiðandi er þetta ekki form sem við getum búið við til framtíðar. Þess vegna skil ég tillögu 1. minni hl. þannig að þeir ætlist til þess að ríkisstjórnin noti tímann til næstu fjárlaga til að finna aðra leið til að tryggja aukið fjármagn til framkvæmda við byggingu heimila og þjónustu við aldraða. Ég vil a.m.k. meina það að sá sé tilgangurinn. Og ég efast ekkert um að fulltrúar Framsfl. í þessum 1. minni hl. ætlast til þess. Það er einmitt í samræmi við það sem hefur verið rætt á okkar þingum og í raun og veru í þingflokknum, að það verði unnið að því að breyta þessu formi. Og ég á bágt með að trúa því að einn stjórnarflokkanna geti staðið gegn þeirri þróun. Mér finnst þetta eðlilegt. Það er búið að reyna þetta, þetta form var notað til þess að flýta framkvæmdum á sínum tíma, en það hefur komið í ljós á síðasta og þessu fjárlagaári að þetta fjármagn skilar sér ekki miðað við skattheimtuna til verkefnisins og þess vegna þarf að brjóta þetta upp og finna aðrar leiðir, í fyrsta lagi sem samrýmast staðgreiðslukerfinu og í öðru lagi styrkja þetta verkefni bæði til uppbyggingar og rekstrar. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðherrar, þó þeir séu farnir úr salnum, skilji hvað við er átt með áliti 1. minni hl., og þess vegna mun ég styðja það álit.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að þakka hv. 1. þm. Vesturl. Hann hefur talað hér skýrar en aðrir talsmenn stjórnarflokkanna, gefið hér ákveðnar yfirlýsingar um vilja sinn í þessu efni, og ég sé ástæðu til þess að þakka það og fagna því að hann skuli hafa talað svo skýrt með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989.

Geir H. Haarde (frh.):

Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu í dag að ég var að gera athugasemd við það með hvaða hætti þessi nefnd sem undirbjó frv. var skipuð vegna þess að þar var blandað saman faglegum aðilum, opinberum aðilum og fulltrúum almannasamtaka, annars vegar og fulltrúum stjórnarflokkanna hins vegar. Og ég tel að það sé ekkert sérstaklega eðlilegt fyrirkomulag að stjórnarflokkarnir, hverjir sem þeir eru á hverjum tíma, blandi þessum utanaðkomandi aðilum inn í þau verkefni sem þeir eru að vinna fyrir sína ríkisstjórn eða á hennar vegum. Ég tel ekkert athugavert við það að fulltrúar slíkra aðila starfi að nefndarvinnu á vegum allra þingflokka, en ég tel að þetta sé ekki til eftirbreytni, að standa svona að málum. Það er ekkert við því að segja ef stjórnarflokkarnir óska ekki eftir tilnefningum frá stjórnarandstöðu og þeir vilja vinna sín mál þannig, en það er óeðlilegt að það sé jafnframt leitað til almannasamtaka og opinberra stofnana því með því er verið að gefa í skyn miklu víðtækari samstöðu og miklu víðtækari meðferð en raunin er. Þannig sátu í nefndinni sem frv. samdi fulltrúar frá Húsnæðisstofnun, frá ASÍ og BSRB, frá Verkamannasambandi Íslands, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, auk stjórnarflokkanna og auk samtakanna Þak yfir höfuðið sem af einhverjum ástæðum hafa flotið hér með og auk þess ritari sem Kvennalistinn fékk náðarsamlegast að tilnefna þó að ritarinn hafi ekki verið, að því er fram kemur, sérstakur nefndarmaður heldur starfsmaður nefndarinnar. Samt ber nú svo undarlega við að ritarinn skrifar undir nefndarálitið eins og ekkert sé, eins og hver annar nefndarmaður. Allt er þetta hið undarlegasta án þess að ég ætli að gera frekara mál úr því.

Hins vegar er annað atriði í sambandi við svona vinnubrögð í tengslum við þetta sem ég vil nefna í upphafi og það er það að við höfum nú á hverju þinginu á fætur öðru verið að fjalla um einstaka þætti í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er verið að taka út úr á hverju einasta þingi eitthvert eitt atriði eða einhvern einn þátt í þessari mikilvægu löggjöf og endurskoða þann þátt sérstaklega í staðinn fyrir að taka á þessum málum í heild sinni. Þannig var fyrir tveimur árum síðan, á þinginu þá, fjallað um svokallaðar kaupleiguíbúðir og bætt inn í lögin sem þá giltu löngu máli um þær. Í fyrra var fjallað um húsbréf og bætt inn í lögin ákvæðum um þau, að vísu ekki mjög löngu máli, þ.e. í lögunum. Og nú í ár er fjallað um Byggingarsjóð verkamanna og endurskoðun á verkamannabústaðakerfinu með því frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Ég held að þetta séu ekki skynsamleg vinnubrögð vegna þess að menn missa heildarsýn yfir þennan málaflokk ef sí og æ er verið að rýna í eitthvert eitt horn eða einhvern einn kafla í þessum málum. Það væri hyggilegra og skynsamlegra að taka þessi mál fyrir í heild sinni í stað þess að standa svona að málunum.

En hvað sem því líður, herra forseti, hefur verið lagt hér fram frv. sem varðar Byggingarsjóð verkamanna og hæstv. félmrh. mælti fyrir hér í gær en ekki varð samstaða um í hv. efri deild þar eð ákveðnir þingmenn úr stjórnarandstöðunni sátu hjá við afgreiðslu málsins á þeim forsendum að ekki hefði gefist nægilegur tími til að fara yfir málið allt og reyna að átta sig á hvaða afleiðingar frv. hefði í heild sinni. Þannig segir í nál. minni hl. félmn. Ed., með leyfi forseta:

„Þó að ýmis atriði frv. séu til bóta miðað við núgildandi lög þá eru margir óvissuþættir sem orka tvímælis, og ekki liggur ljóst fyrir hver áhrif þess verða á lánakerfið í heild, m.a. á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ein veigamesta breytingin varðar skipan í húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Samkvæmt frv. bera sveitarstjórnir í landinu alfarið fjárhagslega og framkvæmdalega ábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Þess vegna ber að tryggja það með lögum að meiri hluti sveitarstjórna eigi ávallt meiri hluta í húsnæðisnefndum. Ekki náðist samstaða um það atriði í nefndinni."

Síðan segir áfram: „Minni hl. nefndarinnar ítrekar að nauðsynlegt hefði verið að nefndin fengi lengri tíma og ítarlegri upplýsingar til að vinna að málinu. Slíkt reyndist ekki unnt. Því treystir minni hl. sér ekki til að taka afstöðu til frv. á þessu stigi og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Ég tek undir það sem þarna kemur fram að ekki gafst kostur á því í þeirri deild að fara jafnrækilega í saumana á frv. og nauðsynlegt hefði verið. Það ber vissulega að harma. Hér er um að ræða málaflokk sem vissulega skiptir miklu máli þar sem um er að ræða mikla hagsmuni fyrir þá sem þarna eiga hlut að máli í nútíð og framtíð. En þarna er líka um að ræða málefni sem skiptir miklu fjárhagslegu máli fyrir ríkissjóð og fyrir efnahagskerfið í landinu vegna þess að hér er milljarða sjóður á ferð og það skiptir vissulega miklu máli hvernig fjármagni úr honum er ráðstafað. Menn verða að gera sér grein fyrir afleiðingum allra breytinga þannig að menn sjái nokkuð fyrir sér afleiðingar gerða sinna þegar verið er að gera breytingar á þessum lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara sérstaklega hratt yfir sögu á meðan ráðherra er fjarverandi, en það hlýtur að koma að því að hún þurfi að vera hér viðstödd þó ég hafi gefið henni til kynna að hún gæti brugðið sér frá. Það er reyndar þannig að málefni þetta varðar sömuleiðis hæstv. fjmrh. þannig að það hlýtur líka að vera ástæða til að óska eftir nærveru hans, en ég ætla að bíða aðeins með það. Mér er kunnugt um að hann situr á þýðingarmiklum fundi. En nú held ég að ég komist ekki mikið lengra án þess að hafa hæstv. ráðherra málaflokkins viðstaddan. (**Forseti:** Já, forseti upplýsir að hæstv. félmrh. mun hafa brugðið sér í efri

deild samkvæmt ósk forseta þar. Ráðherrann hlýtur að koma að vörmu spori.) Já.

Ég get út af fyrir sig haldið áfram, herra forseti, og vikið að því máli sem kemur fram í nál. félmn. Ed. vegna þess að það er ekki nýtt mál hér til umræðu fyrir ráðherra og var töluvert rætt í efri deild við umfjöllun málsins þar. Það er spurningin um þá nýskipan þessara mála sem lýtur að húsnæðisnefndum sveitarfélaga. Það er ætlunin að flytja stóraukna ábyrgð, fjárhagslega ábyrgð á hendur sveitarfélaganna án þess að auka að sama skapi hina stjórnunarlegu ábyrgð sveitarfélaganna. Þannig er ljóst, þrátt fyrir þá breytingu sem gerð var í efri deild, að sú staða getur auðveldlega komið upp að í húsnæðisnefnd sem starfar á vegum sveitarfélags sé annar meiri hluti en í stjórn sveitarfélagsins. Þetta er ekki eðlilegur hlutur, að annar pólitískur meiri hluti sé í húsnæðisnefndinni en í sveitarfélaginu sjálfu, vegna þess að frv. flytur aukin verkefni og aukna fjárhagslega ábyrgð til sveitarfélaganna. Þess vegna hlýtur að verða að gera þá kröfu að stjórnendur sveitarfélaganna beri líka fulla stjórnunarlega ábyrgð á málinu.

Ég er hér að rifja upp, virðulegi ráðherra, aðeins eitt atriði sem ég taldi að kæmi ekki að sök, þó að ráðherrann hlustaði ekki á, vegna þess að það er ekki nýtt. Það er spurningin um skipan í húsnæðisnefndirnar sem var mikið rædd í Ed. og er kannski ekki ástæða til að ræða í mjög ítarlegu máli, en ég sem sagt notaði tímann og drap á það atriði og mun koma aftur að því síðar í minni ræðu.

En ég ætla þá að víkja að því sem ég tel vera meginatriði þessa frv. og þeim atriðum sem ég tel að sé ábótavant í frv. En ég vil þó áður segja að vissulega horfir eitt og annað til bóta í frv. enda væri það nú einkennilegt, þegar fram fer heildarendurskoðun á þessu málefni eftir allmargra ára hlé, ef ekki kæmu fram tillögur sem allir væru sammála um að væru til bóta. Engu að síður er ýmislegt í þessu frv. sem ég tel að sé ábótavant, sé ekki til bóta og sé ýmist ófullnægjandi eða beinlínis rangt að leggja til.

Manni verður kannski ljóst við lestur þeirrar skýrslu sem liggur að baki frv. hvaða hugsunarháttur hefur legið þarna að baki og það er áberandi að það orð sem ég nefndi hér í ræðu minni í dag, orðið „félagslegur" í ýmsum beygingum og föllum, tröllríður allri hugsun í sambandi við þetta mál og það meira að segja svo að í markmiðskafla frv. er talað um að gefa fólki kost á því að eignast húsnæði á félagslegum kjörum án þess að það sé nokkuð nánar tilgreint hvað þarna er átt við. Ég hygg þó að meiningin sé að gefa fólki kost á því að eignast húsnæði á niðurgreiddum vöxtum, þ.e. meira niðurgreiddum en í Byggingarsjóði ríkisins. En auðvitað er engin skynsemi í því að setja í markmiðskafla í lögum eitthvert hugtak sem enginn veit hvað þýðir og er óskilgreint að öðru leyti í lögunum, og það kemur reyndar fyrir tvívegis í þessum markmiðskafla laganna. Höfundum þessa frv. er svo hugleikið hið félagslega kerfi að þeir freistast til þess að draga inn í það þætti úr hinu almenna kerfi sem ekkert eru félagslegir, ef ég má leyfa mér að nota það orð, sem hingað til hafa ekki verið taldir sérstaklega til aðstoðar við þá sem minna mega sín, en það er skilningur minn á því hvert sé hlutverk og eigi að vera hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna og þess fyrirkomulags sem upp hefur verið byggt í tengslum við þann sjóð. En með frv. er m.a. gerð tillaga um að flytja hinar svokölluðu almennu kaupleiguíbúðir yfir í félagslega þáttinn, yfir í verkamannabústaðakerfið þó svo að í almenna kaupleiguíbúðakerfinu séu ekki þær kvaðir varðandi tekjuhámark og annað þess háttar eins og í til að mynda hinum félagslegu kaupleiguíbúðum. Þetta er ekki skynsamlegt að mínum dómi og reyndar hreinn óþarfi. Það er engin haldbær skýring á þessu í frv. eða grg. þess.

Það segir í niðurstöðum þess nefndarstarfs sem fyrir liggur að helstu niðurstöður nefndarinnar séu að einfalda beri lánakerfið og fækka lánaflokkum. Niðurstaðan er samt sú, þegar frv. er skoðað, að einungis er fækkað um einn lánaflokk og ég er ansi hræddur um að ekki hafi tekist að einfalda lánakerfið með þeim tillögum sem hér liggja fyrir, og ekki verður séð að það sé sérstök einföldun í því fólgin að flytja almennu kaupleiguíbúðirnar úr almenna kerfinu yfir í félagslega hlutann sem svo er kallaður.

Ýmsar rósir eru líka hér í nefndaráliti þessu sem ástæða er til að vekja athygli á og hljóta að vekja furðu þeirra sem lesa þetta álit því að hér segir m.a. á einum stað í nál., með leyfi forseta:

„Aðall félagslegs húsnæðis er notagildi þess en ekki skiptagildi á markaði." Aðall með tveimur ellum sem að vísu er nú rangt en látum það liggja á milli hluta. „Aðal félagslegs húsnæðis er notagildi þess en ekki skiptagildi á markaði." Hvers konar orðfæri er nú þetta? Ég held að það ætti að spyrja hæstv. viðskrh. og efnahagssérfræðing Alþfl. um það hvað svona setning þýðir því að ég fæ ekki séð að hún þýði nokkurn skapaðan hlut. Hún er hins vegar til marks um ákveðnar hugmyndir sem virðast hafa svifið yfir vötnum í þessu nefndarstarfi og gefa til kynna sósíalhugmyndir, ef ég mætti orða það þannig, sem eru meira orðagjálfur en raunverulegar hagnýtar hugsanir. „Aðal félagslegs húsnæðis er notagildi þess en ekki skiptagildi á markaði."

Með þetta sem bakgrunn skýrist þess vegna kannski ýmislegt annað sem fram kemur í nefndarálitinu, m.a. það að þeir sem frv. sömdu vildu gera það að skyldu að byggt yrði svokallað félagslegt húsnæði sem svaraði a.m.k. ⅓ af árlegri íbúðaþörf landsmanna og fjáröflun til sjóðsins skyldi haga samkvæmt því. Í upphaflegum hugmyndum þessarar nefndar var sem sagt gert að skyldu að byggja sem svaraði a.m.k. einum þriðja af árlegri íbúðaþörf í hinu svokallaða félagslega kerfi og það var gert að skyldu að haga fjáröflun til sjóðsins í samræmi við það. Þetta er náttúrlega algjörlega fráleitt, að ætla sér að binda það í lögum að íbúðabyggingum í landinu skuli stýrt með þessum hætti af hinu opinbera. Auðvitað má svo sem túlka þetta þannig að ætlunin sé að koma þriðja hverjum manni sem er að byggja undir þau tekju-

mörk sem sett eru í þessu kerfi. Það held ég að sé ekki þjóðfélag sem við kærum okkur um að ímynda okkur sem okkar framtíðarþjóðfélag hér. En sem betur fer breytti félmrh. þessu ákvæði og það er öðruvísi í frv. sem er til meðferðar núna. Það er líkara því sem er í gildandi lögum, en ég tel að vísu að svona ákvæði eigi ekki að vera í lögum, hvorki eins og það er í núgildandi lögum né eins og það er fyrirhugað í frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt.

Hér segir sem sagt í brtt. við 64. gr. núgildandi laga sem er enn liður í 3. gr. frv. að því er best verður séð: „Stefna skal að því að byggja félagslegt húsnæði sem nemur a.m.k. einum þriðja af árlegri íbúðaþörf landsmanna og skal fjáröflun til sjóðsins hagað samkvæmt því." Það sem áður var afdráttarlaus skylda hefur þó verið breytt í stefnuákvæði en auðvitað er ekki skynsamlegt að setja slík ákvæði í lög almennt séð fyrir utan það að stefnan í þessu tilliti er að mínum dómi ekki rétt.

Það má færa rök fyrir því, virðulegi forseti, að með frv. sé verið að stíga skref í átt frá þeirri sjálfseignarstefnu sem hér hefur verið fylgt á Íslandi, ekki síst fyrir frumkvæði Sjálfstfl., á undanförnum áratugum vegna þess að það er leynt og ljóst stefnt að því með frv. að takmarka hóp þeirra sem geta orðið íbúendur í sínum eigin íbúðum og það tel ég að sé mjög miður. Það er t.d. fallið frá því að lána fólki allt að 100% þess fjár sem íbúð úr Byggingarsjóði verkamanna kostar en eins og kunnugt er eru núna til sérstök viðbótarlán til skamms tíma til þess að gera fólki kleift að brúa bilið á milli 85% láns og þess sem upp á vantar í útborgun í íbúð úr Byggingarsjóði verkamanna. Og það er rökstutt með því að oft hafi komið fyrir að einstaklingar eða fólk sem hefur notið þessa viðbótarláns hafi ekki getað staðið undir því. Sjálfsagt eru til ýmis dæmi þess að fólk standi ekki undir því að taka 100% lán þó að 15% séu til skamms tíma, til þriggja ára. Það getur vissulega vel verið að þess séu einhver dæmi að fólk geti ekki staðið undir slíkri fjármögnun. En þess eru líka vissulega mörg dæmi að einmitt þetta hafi hjálpað fólki til að komast í eigið húsnæði og það vantar um þetta upplýsingar í frv. Það segir bara: Það hefur oft komið fyrir að menn geti ekki staðið undir skuldbindingum sem þessu fylgja. En hve oft? Hvert er hlutfallið milli þeirra sem hafa getað eignast íbúð með þessum hætti og hinna sem hafa reist sér hurðarás um öxl með þessu viðbótarláni? Það kemur ekki fram. Og það er sagt að þeir sem missa þennan rétt, þeir aðilar sem hefðu fengið viðbótarlánið, en fá það ekki ef frv. nær fram að ganga, eigi að leita út á leigumarkaðinn. Það er reyndar sett í 1. gr. þessara laga, allra laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér er verið að breyta, að markmiðið sé ekki lengur eingöngu að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika manna til þess að eignast húsnæði, heldur er bætt við: eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur til þessa verið hugsuð sem sá aðili á vegum íslenska ríkisins sem veitir mönnum aðstoð við að eignast húsnæði. En hér er verið að gera tillögu um grundvallarbreytingu í þessu efni, þ.e. breytingu í þá átt að verkefni stofnunarinnar sé ekki eingöngu þetta heldur líka það að hjálpa fólki að komast í leiguhúsnæði. Þetta tel ég ekki vera hyggilega stefnubreytingu í þessu efni, enda má færa margvísleg rök fyrir því að það sé ódýrara, það má sýna fram á það með dæmum að það geti verið ódýrara fyrir fólk að borga það sem þarf að borga af íbúð, vexti og afborganir í þessu félagslega íbúðakerfi, en að leigja íbúð. Þannig að hér er ekki stefnubreyting á ferð sem hefur ekki neinar afleiðingar, heldur er hér stefnubreyting á ferð sem beinlínis getur skaðað hagsmuni þeirra sem ætti heldur að rétta hjálparhönd vegna þess að með þessu er ákveðinn hópur manna útilokaður frá því að fá viðbótarlán, þar með í raun útilokaður frá því að geta haslað sér völl með eigin íbúðarhúsnæði innan þessa kerfis og þess í stað vísað út á leigumarkaðinn. Algerlega er óvíst hvort sú greiðslubyrði sem þar er er nokkuð lægri, en alla vega er alveg víst að eignamyndun hjá þessum aðilum verður engin í stað þess að geta orðið einhver í því kerfi sem ætlunin er hér að yfirgefa varðandi þetta atriði. Ég hygg að þetta sé ekki skynsamlegt, en ég geri mér grein fyrir að um þetta eru skiptar pólitískar skoðanir og það er kannski ástæðan fyrir því að ekki var leitað eftir því að Sjálfstfl. tilnefndi í þessa nefnd, að auðvitað eru skiptar pólitískar skoðanir um mjög margt í þessum efnum og ekki ástæða til að fara neitt í felur með það. Ég tel að miklu skynsamlegra sé að veita styrk til fólks sem er að mynda sér eign í íbúð en að veita sama styrkinn til fólks sem er að leigja vegna þess að þá fer fólkið á mis við þessa eignamyndun sem ég hef nefnt. Það er vitað að hér á höfuðborgarsvæðinu er það gjarnan svo að það getur kostað meira að leigja íbúðarhúsnæði en að standa undir mánaðarlegum afborgunum af húsnæðislánum innan þessa kerfis.

Hins vegar er það auðvitað ekki þannig að ástæða sé til þess að amast í sjálfu sér við leigumarkaðnum eða því að fólk skuli vilja leigja, þvert á móti. Ég hygg að flestir einstaklingar þurfi á því að halda einhvern tímann á lífsleiðinni að leigja sér íbúðarhúsnæði. Það geta verið alls kyns aðstæður sem því valda. Flestir byrja sinn búskap í leiguhúsnæði í einhverju formi og það geta alls kyns aðstæður á lífsleiðinni orðið þannig að fólk kjósi frekar eða þurfi óhjákvæmilega að leigja sér húsnæði og þess vegna er auðvitað mjög brýnt að til sé virkur leigumarkaður, markaður fyrir leiguhúsnæði þar sem fólk getur fengið leigt húsnæði og þar sem eigendur slíks húsnæðis eru viljugir til þess að leigja það öðrum til afnota. En ég tel að breytingin í frv. sé ekki heppileg.

Síðan má af annarri ástæðu færa rök fyrir því að þetta frv. sé ekki til þess fallið að greiða fyrir sjálfseignarstefnunni, heldur þvert á móti. Það er það ákvæði sem sett er um hámark þeirrar greiðslubyrðar af tekjum sem menn mega eða verða að lúta til þess að geta fengið lán samkvæmt þessu nýja skipulagi

eftir að búið er að gera þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir því að menn verji ekki meiru en þriðjungi tekna sinna til að standa undir greiðslubyrði af lánum í þessu kerfi, jafnvel þó að menn séu fúsir til þess að borga meira og hafi hugsanlega aðstöðu til þess. Ég er ekki á því að það eigi að skipa fyrir um það með lögum að menn megi ekki verja meiru en þriðjungi tekna sinna til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið á einhverju tímabili ævi sinnar ef þeir vilja það sjálfir. Ég tel að það stangist á við vilja mjög margra, sem vilja hart að sér leggja til þess að eignast eigið húsnæði, að setja slíkt skilyrði fyrir því að menn fái lán. Ég tel að það sé ekki eðlilegt og hamli gegn, eins og ég segi, þeirri eðlilegu sjálfsbjargarviðleitni manna að vilja eignast eigið húsnæði.

Síðan má líka færa þriðju rökin fyrir þeirri skoðun að frv. dragi úr möguleikum manna til þess að eignast íbúðir eða hamli gegn sjálfseignarstefnunni í húsnæðismálum. Það er að það á að hækka vextina í kerfinu. Ég er að vísu þeirrar skoðunar af öðrum ástæðum að sú hækkun sé ekki óskynsamleg. Ég tel rétt að opna fyrir þennan möguleika að því þó tilskildu að þeir sem lægstar hafa tekjurnar fái það bætt í gegnum vaxtabótakerfið og það skilst mér að sé hugmyndin í þessu frv. Þannig að ég geri ekki athugasemd við þetta né heldur þá endurskoðun á vaxtakjörum, sem fyrirhuguð er í frv., gagnvart því að ef hagir manna breytast síðar á lífsleiðinni þá geti menn ekki um aldur og ævi notið góðs af því að hafa einhvern tímann haft lágar tekjur og komist inn í verkamannabústaðakerfið. Ég held að það sé æskileg breyting á þessu fyrirkomulagi og þess vegna tel ég að sú breyting sé í sjálfu sér til bóta. Það er gert ráð fyrir því að sú endurskoðun fari fram átta árum eftir lántökuna þannig að þá verði komið fram hvort menn séu hugsanlega komnir í betri efni en þeir voru þegar þeir fengu lán upphaflega. Það má hugsa sér að sú endurskoðun fari jafnvel fram fyrr. En í grundvallaratriðum tel ég að sú breyting sé til bóta vegna þess að það er ekki eðlilegt að menn geti setið að því um aldur og ævi að fá stórkostlega niðurgreidda vexti af almannafé vegna þess að þeir voru einhvern tímann á ævinni með litlar tekjur. Það er ekki eðlilegt að menn geti setið ævilangt að slíkum forréttindum þegar þeir eru jafnvel komnir í miklu betri efni en þeir voru þegar þeir fengu upphaflega lánið. Ég tek undir það atriði í frv.

Ég tek líka undir það, svo ég klári það sem ég er sammála, að tekjumörk hjóna verði hækkuð um 25% miðað við einstaklinga. Ég tel það eðlilegt ákvæði. Ég tel líka eðlilegt að taka á því með einhverjum hætti ef íbúðir í þessu kerfi eru leigðar út með óleyfilegum hætti eins og mun hafa tíðkast. Ég tel ekki óeðlilegt að setja inn ákvæði sem hamla gegn slíku eða annars konar misnotkun á þessum réttindum sem menn fá vissulega og hægt er að meta til verulegra fjármuna í gegnum þennan sjóð. Ég ætla ekki á þessu stigi að gera athugasemdir við það ákvæði sem samþykkt hefur verið um það atriði þó svo að vafalaust megi hugsa sér fleiri möguleika til þess að ná utan um þann vanda.

Engu að síður er ýmislegt annað í frv., fyrir utan það sem ég hef þegar nefnt, sem veldur mér umhugsun og nokkrum áhyggjum í þessu efni. Ég ætla að koma að því atriði núna sem ég vék lítils háttar að þegar ráðherra var fjarverandi. Það er spurningin um ábyrgð sveitarfélaga á svokölluðum húsnæðisnefndum sem koma eiga í staðinn fyrir stjórnir verkamannabústaða og húsaleigunefndir sveitarfélaga og eiga vissulega að gegna miklu hlutverki og hafa mikil völd. Það segir í þessu frv. að sveitarfélag beri ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess. Það segir jafnframt að sveitarstjórn beri fjárhagslega ábyrgð á félagslegum íbúðum þess og enn fremur ábyrgð á framkvæmdum.

Hér er ítarlega upp talið hverjar séu skyldur sveitarstjórna í þessu sambandi. Sveitarstjórn er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Það er engin smá skylda. Sveitarfélaginu ber að kanna heildarþörf á félagslegu húsnæði í umdæminu og gera áætlanir í því sambandi sem á að endurskoða árlega. Sveitarfélagið skal jafnframt lána 10% kostnaðarverðs hverrar íbúðar með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér stendur jafnframt að sveitarstjórn sé ábyrg fyrir framkvæmdum, á framlagi hennar sem framkvæmdaraðila, á nýtingu fjármagns, uppgjöri og ráðstöfun þeirra íbúða sem eru á vegum sveitarfélagsins. Jafnframt segir að sveitarfélagið beri fjárhagslega ábyrgð á þeim umsýslukostnaði sem endursala íbúðar hefur í för með sér. Einnig að sveitarfélagið beri þann kostnað sem kann að eiga sér stað ef íbúð stendur auð við innlausn eða endursölu.

Það er því alveg ljóst að með þessu frv. er ætlunin að eigi sér stað verulegur tilflutningur ábyrgðar til sveitarfélaga varðandi þessi málefni. Það er vissulega ástæða til að taka undir það, það er ástæða til þess út af fyrir sig að fagna því, en slíkri skyldu og ábyrgð hlýtur líka að eiga að fylgja möguleiki og ábyrgð á stjórnun viðkomandi verkefnis.

Húsnæðisnefndirnar, sem starfa munu í umboði sveitarstjórnanna, fá mikil og margþætt verkefni sem upp eru talin í löngu máli og ég skal ekki telja hér upp. En sveitarfélaginu, í hvers umboði húsnæðisnefndin starfar, er ekki tryggt að húsnæðisnefndin starfi í sama pólitíska umboði og sveitarfélagið sjálft eða stjórn þess. Þetta tel ég rangt. Ég tel óhjákvæmilegt að sveitarfélag sem fær á sig jafnríkar fjárhagslegar ábyrgðir og kvaðir og hér er verið að tala um eigi líka að bera hina endanlegu ábyrgð á stjórnun og framkvæmd þessara mála. Þetta er ósköp einfalt mál í raun og veru þó það virðist eitthvað umdeilt. Ég hygg til að mynda að bæjarstjórnarmeirihlutanum í Keflavík þætti það nú eitthvað undarlegt ef í húsnæðisnefnd þess bæjarfélags hefði myndast meiri hluti í andstöðu við stjórn bæjarfélagsins. Vegna þess að það er þannig samkvæmt þessu frv. að minni hluti bæjarstjórnar getur ásamt utanaðkomandi aðilum myndað meiri hluta í húsnæðisnefndinni.

Nú er það í tilviki þess bæjarfélags sem ég var að nefna ekki sérstaklega líklegt að svo verði vegna þess að einn af höfundum frv. og einn af okkar félögum hér á hinu háa Alþingi er jafnframt formaður í sennilega

stærsta verkalýðsfélaginu í bænum og flokksfélagar hans mynda meiri hlutann í stjórn þessa bæjarfélags. Það er engu að síður möguleiki á því að þetta geti orðið, til að mynda eftir næstu kosningar í því sama bæjarfélagi eða hvaða annarri sveitarstjórn sem er í landinu.

Þetta býður heim möguleikanum á árekstrum, býður heim möguleikanum á því að húsnæðisnefndir séu í andstöðu við meiri hluta sveitarstjórnar og opnar möguleikann á því að efnt sé til ófriðar innan sveitarfélaganna milli annars vegar sveitarstjórnarinnar sjálfrar og hins vegar meiri hluta í húsnæðisnefnd. Þetta var rætt vel og lengi í hv. Ed. að því er mér er best kunnugt. Á þessu var gerð ákveðin breyting til að koma til móts við þetta sjónarmið, þ.e. í bæjarfélögum sem eru með fleiri en tíu þúsund íbúa. En þau eru ekki nema þrjú talsins — er það? Ég held ekki, þannig að vandinn er auðvitað fyrir hendi áfram í öðrum sveitarfélögum. Þar að auki gengur brtt. ekki nógu langt til þess að leysa vanda hinna. — Þau eru reyndar fjögur talsins. Ég ætla ekki að láta uppi hvaða sveitarfélagi ég gleymdi, enda skiptir það engu máli. Brtt. gengur sem sagt of skammt að mínum dómi þó að hún sé viss viðurkenning á þessu vandamáli sem hér er verið að benda á og tala um.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta atriði en tel skylt að um þetta verði fjallað nánar hér í deildinni og þeirri nefnd sem um þetta mun fjalla, hv. félmn., enda hygg ég ekki að það muni koma neinum manni á óvart.

Í frv. eru jafnframt gerðar nokkrar breytingar á lánstíma að því er varðar lánaflokka hjá Byggingarsjóði verkamanna. M.a. er gert ráð fyrir því að lengja tiltekin lán, lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða upp í 50 ár — hálfa öld. Ég vil leyfa mér að spyrja ráðherrann að því hvað vaki eiginlega fyrir fólki með því að ætla að veita svo löng lán. Ég held að það sé mjög vandséð hvaða skynsemi geti verið þar að baki. Vissulega eru 43 ár langur lánstími og 40 ár, eins og er í Byggingarsjóði ríkisins, en hvaða ástæða er til þess að lengja þetta upp í 50 ár? Ég geri mér ekki grein fyrir því hvaða nauður rekur til þess, enda er það ekkert rökstutt, að því að ég fæ best séð, hvorki í nál. né grg. frv. Auðvitað vantar alla útreikninga á því hvaða áhrif slík lántaka hefur á fjárhag sjóðsins. Eins og reyndar vantar í þetta mál allt. Það er engin heildarúttekt sem fylgir. Það er engin úttekt á því í frv. hvað það þýðir fjárhagslega. T.d. þetta atriði að lengja lánstíma upp í 50 ár á einum tilteknum lánaflokki. Það þýðir auðvitað það að endurheimtur í sjóðinn verða lakari á lánstímanum og hefur ekki jákvæð áhrif á fjármagnsstöðu sjóðsins. Þannig að ég fæ ekki séð að neina sérstaka ástæðu hafi borið til að leggja þessa breytingu til.

Nú er það þannig að þrátt fyrir allt tal um einföldun í þessum málum, sem vissulega væri full ástæða til að standa að, þá er, eins og ég sagði áðan, eingöngu gert ráð fyrir því að það fækki um einn lánaflokk. Hins vegar er alls kyns svona hlutum bætt inn í. Það er verið að breyta hér lánstíma og breyta ýmsum öðrum framkvæmdalegum atriðum sem síst horfa til einföldunar.

Ég vil næst víkja að 69. gr. gildandi laga sem eru í t-lið 3. gr. frv. Það er erfitt að henda reiður á svona frv. sem er raunverulega bara ein grein upp á margar blaðsíður. Það er 3. gr. frv., t-liður, sem fjallar um 69. gr. gildandi laga. Ég bið nú ráðherra og aðra viðstadda að taka vel eftir. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hafi framkvæmdaraðili áður hafnað forkaupsrétti að félagslegri íbúð skal ekki veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú ár frá því forkaupsrétti var hafnað."

Hafi framkvæmdaraðili áður hafnað forkaupsrétti að félagslegri íbúð skal ekki veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú ár frá því að forkaupsrétti var hafnað. Það á sem sagt að loka sjóðnum, það skulu ekki veitt frekari lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Það er það sem stendur hérna í textanum. Það á að loka sjóðnum ef einhver framkvæmdaraðili hefur hafnað forkaupsrétti að félagslegri íbúð. Textinn segir það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé ekki þetta sem vakir fyrir flm. frv., að loka sjóðnum ef einhver einn framkvæmdaraðili hafnar forkaupsrétti. En það er það sem stendur í frv.

Þetta er til marks um þá hroðvirkni sem einkennir þessi vinnubrögð og þetta er til marks um það að þessu frv. hefur verið kastað hér inn í skyndingu án þess að hafa fengið nægilegan yfirlestur og umfjöllun. Eins og þetta frv. er núna, ef það verður að lögum, þá á að hætta að veita lán úr Byggingarsjóði verkamanna í þrjú ár eftir að einhver framkvæmdaraðili hefur hafnað forkaupsrétti. Síðan segir til viðbótar: „Þetta á þó ekki við ef íbúðin hentar ekki að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsókna." En villan er þarna fyrir hendi. Ég held að þetta hljóti að vera villa vegna þess að ég held að það geti ekki verið ætlun nokkurs manns að skrúfa fyrir kerfið þó einhver einn aðili hafni forkaupsrétti. Það vantar auðvitað inn í þessa setningu: skal ekki veitt lán „til viðkomandi framkvæmdaraðila" úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú árin, eða eitthvað í þeim dúr. Mér sýnist að það hljóti að liggja í augum uppi. Þetta atriði er náttúrlega nokkuð sem ég geri ráð fyrir að nefndin leiðrétti og þess vegna ástæðulaust að hafa um það fleiri orð.

Ég skal reyna að draga saman mitt mál, herra forseti. Ég tel að vissulega séu ýmis atriði til bóta í frv., m.a. þau sem ég hef nefnt og sem varða endurskoðun vaxtakjara og hugsanlega almenna hækkun á vöxtum, þó með því skilyrði að vaxtabætur nýtist þeim verr settu, ákvæðið um hækkun tekjumarks hjá hjónum miðað við einstaklinga, ákvæðið um viðurlög við óleyfilegri útleigu og til að mynda ákvæðið um að lána megi til bílskýla. Þessi ákvæði eru öll til bóta. Ég tel engu að síður að í frv. sé mörkuð stefna sem ekki sé í rétta átt og með þessu sé leynt og ljóst verið að koma sem flestum inn í eitthvert, það sem ég hef leyft mér að kalla hér í þessum ræðustól, eitthvert skandinavískt kratakerfi þar sem allir eru annaðhvort í leiguhúsnæði, eða sem flestir, eða þá í einhvers konar

félagslegri náð þar sem umboðsmenn valdsins deila, drottna og úthluta. Þetta er ekki það sem Íslendingar vilja, þetta er ekki það. Og það er óskynsamlegt að banna mönnum að verja meiru en einum þriðja af sínum tekjum til húsnæðisöflunar ef menn vilja gera það og ef menn treysta sér til þess og hafa til þess aðstæður.

Ég hef rakið, herra forseti, ýmis önnur atriði þeirri skoðun minni til stuðnings að stefnan með frv. sé ekki sú rétta. Og ég hef rakið nokkrar meinlokur sem ég tel mig hafa fundið í þessu frv. og nokkur atriði sem ég sé ekki ástæður fyrir, eins og þetta með 50 ára lánstíma á tilteknum lánaflokki. Ég vil ljúka máli mínu með því að láta það enn á ný koma fram að engar upplýsingar hafa fylgt þessu frv. þar sem úttekt er gerð á fjárhagsstöðu sjóðsins, annars vegar án þess að frv. verði samþykkt, að óbreyttum lögum, og hins vegar eftir þá breytingu sem hér er lögð til. Og þó það séu einhverjar óljósar upplýsingar um að þetta hafi engin áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins eða þetta komi allt saman út á sléttu, þá held ég að það sé lágmarkskrafa að lögð séu fram haldbær gögn um þetta atriði, hvaða áhrif frv. hefur á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna og þar af leiðandi á útgjaldaþörf ríkissjóðs til þessa málaflokks í framtíðinni. Vegna þess, eins og ég sagði í upphafi, að þetta eru ekki bara húsnæðismál, þetta eru ekki bara hagsmunamál fyrir þá sem njóta góðs af þessu kerfi í nútíð og framtíð, þetta er líka spurning um fjárhagsskuldbindingar ríkissjóðs í framtíðinni. Og allir vita hvernig komið er fjárhag ríkissjóðs undir núverandi stjórn þeirra mála. Ef verið er að binda ríkissjóði nýjar skuldbindingar fram í tímann er full ástæða til þess að það liggi skýrt fyrir. Það þarf þá ekki að koma neinum á óvart og menn geta ekki sagt eftir á að þeir hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera. Það vantar sem sagt þessar upplýsingar.

Ég hef rakið það að ekki eru fullnægjandi skýringar á því í frv. hversu margir hafi notið góðs af því að geta keypt sér íbúð í Byggingarsjóði verkamanna með viðbótarláninu. Það liggur ekkert fyrir um það hvað hlutfall þeirra er hátt miðað við hina sem hafa reist sér hurðarás um öxl með því láni. Þar af leiðandi er enginn samanburður gerður heldur í þessum málum um greiðslubyrði þess að leigja, eins og þessu fólki er sagt að gera með þessu frv., og hins vegar því að eignast íbúð í þessu kerfi, hugsanlega með viðbótarláni upp í 100% eins og nú er möguleiki á. Það eru engin rök fyrir því að sá hópur hafi efni á því að leigja en hafi ekki efni á því að standa undir þeim lánum sem nú eru í boði.

Það eru heldur engar upplýsingar í þessu frv. um hvaða áhrif þetta mundi hafa á fjárhag sveitarfélaganna eða á íbúðamarkaðinn almennt eða á það sem mönnum verður nú tíðrætt um, skiptingu íbúðarbygginga og íbúðarhúsnæðis milli landsbyggðarinnar annars vegar og Reykjavíkursvæðisins hins vegar. Það eru heldur engar upplýsingar um það hve miklar vaxtaniðurgreiðslur þarf úr ríkissjóði vegna þessa frv. í framtíðinni, en það er auðvitað hluti af dæminu um áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Það er engin haldbær skýring á því hvers vegna á að stefna að því að þriðjungur allra íbúða hér í landinu skuli framvegis byggður í hinu svokallaða félagslega kerfi. Af hverju?

Er það ekki markmið okkar að reyna að auka tekjur fólksins í landinu þannig að sem flestir geti byggt sér húsnæði án þeirrar niðurgreiðslu sem hér er verið að tefla um? Er það ekki markmið allra stjórnmálaflokka í landinu að bæta kjörin þannig og þess vegna raunverulega fækka þeim sem þurfa á aðstoð sem þessari að halda, þó hún sé vissulega nauðsynleg? Ég hélt að það væri sameiginlegt markmið allra stjórnmálaflokka. En markmiðið með þessu frv. er að hafa sem flesta landsmenn í þeirri stöðu að þeir ráði ekki við að kaupa sér íbúð með almennum kjörum. Auðvitað er þetta kolrangt markmið og enginn rökstuðningur fyrir því í frv. eða í því nál. sem ég gat um, sem liggur að baki frv.

Herra forseti. Ég hef dregið saman mál mitt og hyggst ekki lengja þessa umræðu að sinni. Ég tel að þetta mál þurfi miklu betri skoðun en raun ber vitni. Ég tel að mun betur þurfi að fara yfir fjárhagslega hlið málsins, eins og ég hef sagt. Ég tel að líka þurfi að móta nýja stefnu í þessum málum almennt sem hefur það að markmiði að gera sem flestum Íslendingum kleift að eignast þak yfir höfuðið, með sem minnstri aðstoð ríkisins en ekki að gera sem flesta Íslendinga að skjólstæðingum þess félagslega kerfis sem hér er ætlunin að þenja út á margvíslega lund, m.a. með því að taka inn í markmiðsgrein laganna um Húsnæðisstofnun sérstakt ákvæði varðandi þá sem leigja. Það hefur einmitt verið markmiðið með Húsnæðisstofnun ríkisins að fækka þeim sem það gera gegn vilja sínum. Ég tel því að hér þurfi margt að skoða og það þurfi að huga að annars konar stefnumótun sem er meira í ætt við það sem ég hef ástæðu til að halda að sé vilji landsmanna sjálfra, að menn séu sjálf sín húsbændur í eigin húsnæði og geti borið höfuðið hátt en þurfi ekki að lúta vilja valdsmanna, hvorki á vegum ríkis né sveitarfélaga, nema í eins litlum mæli og frekast er mögulegt.

Ég læt þetta verða mín lokaorð, herra forseti, en áskil mér rétt til þess að fara vandlega í þetta mál í nefndarstarfinu í góðri samvinnu við aðra nefndarmenn, eins og raun hefur orðið á um önnur mál sem fjallað hefur verið um í hv. félmn. á þessum vetri.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt langar mig til að vita hvort hæstv. félmrh. mun ekki verða viðstödd þessa umræðu áfram. — Hér sé ég að hún er komin og mun því hefja mál mitt.

Þróun húsnæðismála á Íslandi hefur ekki verið eins og best verður á kosið á undanförnum áratugum. Að hluta til má leita orsakanna í þeirri byggðaþróun sem orðið hefur. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur á fáeinum áratugum flust frá byggðum víðs vegar um landið hingað á höfuðborgarsvæðið og þessi fjöldi þarf að sjálfsögðu þak yfir höfuðið. Hér er vitanlega

um hóp að ræða sem hefur mismunandi þarfir en möguleikar á öflun húsnæðis hafa verið næsta fábreytilegir.

Árið 1940 bjuggu um 40 þús. manns á höfuðborgarsvæðinu en um 80 þús. annars staðar á landinu. Hlutföllin voru 33% á móti 67%, um það bil. En árið 1987 voru samsvarandi tölur 140 þús. fyrir höfuðborgarsvæðið en innan við 110 þús. manns annars staðar á landinu sem samsvarar liðlega 60% á móti 40% og þá var mestur fjöldinn að sjálfsögðu á höfuðborgarsvæðinu.

Í landi mikillar búseturöskunar og húsbygginga skiptir miklu máli að skynsamlega sé staðið að því að byggja íbúðarhúsnæði og á þann veg að allir eigi kost á góðu húsnæði við sitt hæfi, án þess að þurfa að eyða ævistarfinu í það eitt að tryggja sér slíkt sjálfsagt öryggi. Til eru ýmsar leiðir. Séreignastefnan, sem nánast hefur verið alls ráðandi lengst af á þessari öld með öllum sínum fylgikvillum. Í öðru lagi má nefna byggingarsamvinnufélög af ýmsum gerðum, svo sem búseturéttar- og húsnæðissamvinnufélög, með almennu kaupleigukerfi eða byggingu búseturéttar- og leiguíbúða á vegum ýmissa samtaka, og svo félagslegt íbúðakerfi með leigu- og eignaríbúðum.

Kvennalistinn hefur alltaf lagt ríka áherslu á það að mestu máli skipti að hver og einn eigi val um á hvern hátt hann tryggi sér þak yfir höfuðið og að félagslega íbúðakerfið sé sá hluti húsnæðiskerfisins sem nauðsynlegt sé að leggja mikla rækt við. Því miður fer því fjarri að fólk hafi átt kost á slíku vali. Eftirspurn eftir íbúðum innan félagslega íbúðakerfisins í verkamannabústöðunum hefur ávallt verið margföld á við framboðið. T.d. má taka að á árinu 1987 bárust 730 umsóknir um íbúðir í verkamannabústöðum en aðeins 230 fengu úrlausn, það er innan við þriðjungur. Og tel ég þá ekki með alla þá sem e.t.v. hefðu viljað komast að innan félagslega íbúðakerfisins en ekki talið sig eiga neina möguleika og þar af leiðandi ekki sótt um. Um slíkt þekki ég raunar allmörg dæmi og geri ráð fyrir að aðrir þekki þau einnig.

Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Húsnæðisstofnun árið 1988 kom fram að 6,6% bjuggu í félagslegri íbúð, eða verkamannabústöðum, þar af um 15% verkamanna og 10% þeirra sem taldir voru til afgreiðslu- og gæslufólks. Við vitum auðvitað ekki hver þessi tala væri ef verkamannabústaðakerfið í þeirri mynd sem það var hefði annað þeirri eftirspurn sem hefur verið eftir félagslegum íbúðum. Nú munu um 8% allra íbúða í landinu vera félagslegar íbúðir.

Fyrir tekjulágar stéttir skiptir verulegu máli að eiga völ á húsnæði á viðráðanlegu verði eða að leigja ekki dýrt og ég er ekki í nokkrum vafa um að konur í þeim stéttum sem hér voru nefndar eru yfirleitt mjög tekjulágar. Efling félagslega íbúðakerfisins er því bæði tímabær og þær breytingar sem nú eru gerðar á því sýnist mér yfirleitt mjög til bóta. Því er ekki að undra að um málið hefur náðst allvíðtæk samstaða. Samsetning nefndarinnar sem vann frv. og þau margvíslegu sjónarmið sem innan hennar komu fram hefur án efa haft sitt að segja um að svo varð, þar sem fulltrúar úr mörgum áttum tóku höndum saman um að leysa það brýna verkefni sem þeim var falið auk fulltrúa ýmissa stéttarfélaga og stjórnmálaflokka, hvaða skoðanir sem hafa má um fulltrúa þeirra að vísu. Auk þessara aðila var mikilsvert að þarna ættu sér talsmenn fulltrúar samtaka sveitarfélaga og hópsins Þak yfir höfuðið, sem ég mun hér upplýsa að gefnu tilefni að er samsettur úr mörgum áhuga- og hagsmunafélögum, svo sem Öryrkjabandalaginu, Þroskahjálp, Sjálfsbjörg, Samtökum aldraðra, Stúdentaráði, Bandalagi ísl. sérskólanema, Leigjendasamtökunum og Búseta. Ég tel af hinu góða að þessir aðilar komu nálægt gerð frv. og útkomuna eftir því lofa nokkuð góðu.

Af einstökum þáttum frv. vil ég sérstaklega nefna þá áherslu á leiguhúsnæði sem er að finna og tengingu þess í félagslega íbúðakerfið. Einnig húsnæðisnefndir sveitarfélaganna sem leysa af hólmi stjórnir verkamannabústaða og húsaleigunefndir þar sem þær hafa starfað.

Fram til þessa hefur um fáa kosti verið að ræða fyrir þá sem sækja um í félagslega íbúðakerfinu og ekki fá úrlausn aðra en þá að fara út á hinn svokallaða frjálsa leigumarkað því leiguíbúðir á félagslegum grunni hafa til skamms tíma verið allt of fáar. Eða þá að reyna að festa kaup á húsnæði en það hefur reynst býsna mörgum fjölskyldum með meðaltekjur ofviða þótt fyrirvinnur hafi haft möguleika á því að leggja nótt við dag í vinnuánauð til þess að reyna að láta enda ná saman.

Þess má geta að þar sem mest er byggt, hér á suðvesturhorni landsins, er kostnaður við að festa sér húsnæði að jafnaði mun hærri en annars staðar svo ekki bætir það úr skák. Samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar frá því í desember sl. um kostnað þéttbýlismyndunar er sú upphæð sem fjölskyldur á þessu svæði binda í húsnæði yfirleitt 50–60% hærri en gerist annars staðar á landinu. Og samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar frá 1988, sem ég vitnaði til fyrr í máli mínu, hafa um 40% ungs fólks milli tvítugs og þrítugs lent í alvarlegum fjárhagserfiðleikum við að festa sér húsnæði eða byggja og um fjórðungur fólks á aldrinum 30–40 ára hefur sömu sögu að segja. Ekki þarf að fjölyrða um hvaða áhrif slíkt hefur á fjölskyldulífið. Ofan á það bætist að það er á þessum árum sem fólk er að jafnaði að reyna að tryggja sér þak yfir höfuðið að oftar en ekki eru lítil börn á heimilunum. Börn sem eiga í fá hús að venda því ekki eru til dagvistarrými fyrir þau öll, og raunar fyrir skammarlega fá þeirra.

Um fjölskyldur einstæðra foreldra þarf ekki að fara mörgum orðum í kapphlaupinu um eignarhúsnæði. Líkurnar til að dæmið gangi upp í þeim tilvikum eru sjaldan miklar. Kaup einnar fyrirvinnu og lág meðlög og aðrar bætur hreinlega hrökkva ekki til. Og hverra úrræða annarra er völ? Leiguhúsnæðis að vísu. Flestir byrja á því að leita fyrir sér á svokölluðum frjálsum leigumarkaði, því fram til þessa hafa félagslegar leiguíbúðir þótt neyðarbrauð en ekki raunhæft val.

Svo ég skýri þetta dæmi þá bjuggu tæplega 10% íbúa landsins í almennu leiguhúsnæði árið 1988 og liðlega 8% í viðbót í öðru leiguhúsnæði, óskilgreindu. Af þeim hópi töldu um 20% sig búa í lélegu húsnæði eða mjög lélegu, en aðeins örlítið brot, eða 2–3% annarra sem spurðir voru. Ofan á þetta bætist að leiguhúsnæði er oft mjög dýrt og afskaplega ótryggt. Eða hver kannast ekki við sífellda leit leigjenda að nýju húsnæði þar sem smá öryggi fæst eða stundargrið? Þetta veldur mikilli röskun á högum fólks. Börn þurfa að skipta um skólahverfi sí og æ og skjóta ekki rótum neins staðar þegar illa tekst til. Við verðum að horfast í augu við þennan veruleika og þær aðstæður sem við búum börnum. Skipuleg uppbygging sómasamlegs leiguhúsnæðis er því hagsmunamál þeirra sem nú leigja og réttindamál þeirra sem kjósa að taka ekki þátt í séreignarkapphlaupinu.

Ég tel það frv. sem hér er lagt fram á margan hátt mæta þeim breyttu áherslum sem þurfa að verða í byggingu húsnæðis þar sem svigrúm fyrir byggingu leiguhúsnæðis er aukið verulega. Bygging félagslegs húsnæðis er sá þáttur húsnæðismála sem kvennalistakonur hafa einatt lagt mesta áherslu á enda brýnast að gæta hagsmuna þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Því fagna ég þessu frv. og vona að það eigi sinn þátt í að breyta aðstæðum fólks til að eignast þak yfir höfuðið til hins betra.

Ég geri ráð fyrir að fá tækifæri til þess að athuga þær góðu ábendingar sem fram hafa komið fram og munu koma í þessari umræðu í hæstv. félmn. þar sem ég á sæti. Reynslan ein mun að sjálfsögðu skera úr um hver þróun húsnæðismála verður á næstu árum. *Vonandi verður meira val um húsnæði til eignar*, leigu eða kaupleigu og raunhæfari möguleikar á að tryggja sér öruggt húsnæði en nú er fyrir alla þegna landsins.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu málaflokkur sem er ákaflega fjárfrekur, stór og þýðingarmikill, skiptir miklu fyrir mjög marga í landinu, hefur mjög mikil áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar og er að öllu leyti stór í sniðum og þannig að hann skiptir miklu máli. Maður hefði þess vegna getað ímyndað sér þegar hæstv. félmrh. ákvað að láta fara fram algjöra endurskoðun á þessu fyrirkomulagi að um það yrði reynt að ná mikilli pólitískri samstöðu í landinu. Samstöðu með hagsmunasamtökum, samstöðu með öllum stjórnmálaflokkum í landinu. Með öðrum orðum að reynt yrði að standa svipað að málum og gert var þegar hið almenna húsnæðiskerfi tók stakkaskiptum með breytingu sem urðu á lögum þar að lútandi fyrir ekki löngu síðan. Þannig yrðu kallaðir til verksins fulltrúar allra stjórnmálaflokka í landinu, ekki síður stjórnarandstöðu en stjórnaraðstöðu. Þegar þessa er gætt kemur fram í aths. við frv. að hlutverk nefndarinnar sem skipuð var var ekki mjög lítið. Það var hvorki meira né minna en að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins.

Nefndinni var jafnframt falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Enn fremur að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur, eins og efnislega stendur í skipunarbréfi nefndarinnar. Þegar þess er líka gætt að það er jú á stefnuskrá hæstv. félmrh. að auka vægi þessa kerfis í húsnæðismálum landsmanna, bæði hlutfallslega og eins að raungildi, hefði mátt vænta þess að kostað yrði kapps um það að leita sem mestrar samstöðu um svona þýðingarmikið mál. Þessu er þó ekki að heilsa. Það eru að vísu kallaðir til fulltrúar einhverra hagsmunasamtaka í landinu en þess hins vegar vandlega gætt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar, m.a. fulltrúar Sjálfstfl., *stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar*, kæmu hvergi nærri því verki.

Með þessu var auðvitað girt fyrir það að hægt væri að tryggja eða a.m.k. stefna að pólitískri samstöðu um þetta mál sem þó er í eðli sínu bæði umfangsmikið og viðkvæmt. Þetta vekur auðvitað mjög mikla undrun en hlýtur jafnframt að kalla á ýmis viðbrögð, ekki síst þegar getur að líta afrakstur nefndarstarfsins, sem að ýmsu leyti hefur að vísu orðið málinu til framdráttar, en er líka því marki brenndur að mjög skortir á að hægt hafi verið að taka á þeim vandamálum sem uppi hafa verið í þessu félagslega íbúðakerfi og hafa m.a. gert það að verkum að þetta kerfi hefur engan veginn þjónað þeim markmiðum sem því voru sett í upphafi og hefur verið að stefnt allt frá árinu 1929 þegar lög um þessi mál voru fyrst sett.

Það er ljóst að þáttur hins félagslega íbúðakerfis hefur á undanförnum árum vaxið mjög mikið. Fyrstu 40 árin voru einungis teknar í notkun á vettvangi þessa kerfis um 1750 íbúðir. Á næstu 20 árum voru hins vegar teknar í notkun 5200 íbúðir. Þannig hefur þetta kerfi verið stigvaxandi og þó sérstaklega á síðustu árum, enda er svo komið að það er markmið húsnæðiskerfisins í landinu nú að stefna að því að a.m.k. þriðjungur húsnæðis í landinu verði innan vébanda hins félagslega húsnæðiskerfis. Að þriðjungur af árlegri íbúðaþörf landsmanna skuli vera innan vébanda hins félagslega húsnæðiskerfis.

Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þá staðreynd að ár frá ári hafa fjárveitingar til félagslega íbúðakerfisins vaxið og þrátt fyrir að útlán hins félagslega íbúðakerfis verða eitthvað nálægt 5 milljörðum á þessu ári, þá er undan því kvartað í aths. frv. að biðlistar séu langir og við séum enn þá ekki búin að ná því að uppfylla þarfirnar, eins og komist er að orði í frv. og aths. víða. Það er engan veginn búið að ná því að uppfylla þarfirnar sem sagðar eru vera á hinu félagslega íbúðakerfi í landinu.

Það er nefnilega þannig að hugtakið þörf í þessu sambandi er býsna afstætt. Þarfirnar eru býsna afstæðar og það er athyglisvert að þrátt fyrir þessa miklu aukningu þá erum við enn þá að elta skottið á

okkur, við erum enn þá að glíma við biðlistana og við erum enn þá að glíma við það „vandamál" sem vissulega er vandamál á ýmsan hátt en þó ekki að öllu leyti, því að sumu leyti er hér um að ræða tilbúið vandamál, þá erum við að glíma við þetta vandamál að þrátt fyrir sívaxandi fjárstreymi innan þessa kerfis erum við ekki enn þá búin að ná því markmiði að ná utan um þarfirnar.

Þetta er reyndar ákaflega vel rakið í bókun sem fulltrúi Vinnuveitendasambandsins gerði á fundi í húsnæðismálastjórn sem haldinn var 4. apríl sl. þegar verið var að fjalla um tillögur um lánveitingar til byggingar á félagslegum íbúðum á þessu ári. Þar er einmitt dregið fram hversu skilgreiningin á hugtakinu „þarfir" sé lausbeisluð í þessu kerfi og fjarri því að vera fullnægjandi. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að vitna í greinargerð fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, Pálma Kristinssonar, þar sem hann víkur að þessu. Hann segir svo:

„Þá tel ég orðið löngu tímabært að endurskoða opinbera stefnu og skilgreiningu á þörfunum fyrir félagslegar íbúðir. Svo virðist sem þessi íbúðaþörf, nú talin vera rúmlega 6000 íbúðir samkvæmt skilgreiningu umsækjenda, sé nánast ótakmörkuð á hverjum tíma og að mestu óháð ytri aðstæðum í þjóðfélaginu. Spurningin er sú hvort ekki sé ástæða til að opna félagslega kerfið, sem nú telur um 7000–8000 íbúðir, í hinn endann þannig að þeir sem búa í félagslegum íbúðum og ekki þurfa lengur á félagslegri aðstöðu að halda víki fyrir þeim sem sannanlega þurfa á aðstoðinni að halda, svo sem fólki með lágar tekjur, einstæðum foreldrum og fólki sem býr við skerta starfsorku vegna heilsufars."

Í þessu frv. er sannast sagna lítt tekið á þessu vandamáli. Og enn þá, ef fram heldur sem horfir, verður um það að ræða að bilið milli þarfanna og framboðsins mun aukast þrátt fyrir stórvaxandi fjárveitingar inn í þetta kerfi. Við verðum stöðugt að halda áfram að elta skottið á okkur í þessum efnum og frv. leysir engan veginn þetta stóra vandamál sem þó er við að glíma.

Sumt er það í þessu frv. þó sem er til bóta. Ég nefni sem dæmi, og tel það kannski hvað þýðingarmest, að með þessu frv. er viðurkennt að það skipulag sem gilt hefur um yfirstjórn þessa bákns hefur gjörsamlega gengið sér til húðar. Þetta úrelta, stirða og stundum jafnvel hálfspillta kerfi stjórna verkamannabústaða hefur gengið sér til húðar og verður ekki lengur á vetur setjandi. Húsnæðisnefndirnar, sem ætlað er að leysa þetta kerfi af hólmi, eru vissulega til bóta þó að taka beri undir þá ábendingu sem fram kom í áliti minni hl. hv. félmn. sem hafði þetta mál til umsagnar í hv. efri deild, þar sem bent var á þessa undarlegu mótsögn að þrátt fyrir að allri ábyrgð sé lýst á hendur húsnæðisnefndunum getur svo farið að húsnæðisnefndirnar verði í andstöðu við sveitarstjórn og þar getur auðvitað komið upp ákaflega ankannaleg aðstaða. Vitanlega ætti það að vera þannig að meiri hluti sveitarstjórnar á hverjum stað hefði vald til þess að skipa meiri hluta húsnæðisnefndanna ef samræmi á að vera á milli þess markmiðs frv. að gera ábyrgð framkvæmdaraðila skýrari, eins og talað er um í aths. frumvarpstextans. Þetta er auðvitað sjálfsagt leiðréttingarmál sem undarlegt er að meiri hl. hv. efri deildar skyldi ekki taka undir.

Ég vek athygli á því að það kerfi sem við erum hér að tala um veltir um það bil 5 milljörðum kr. á þessu ári hvað lánveitingar áhrærir. Til samanburðar vil ég geta þess að áætlað er að lánaúthlutanir Byggingarsjóðs ríkisins verði á þessu ári ekki nema 7,7 milljarðar kr., sem er ekki há upphæð í samanburði við kerfi hins félagslega þáttar, þegar þess er nú gætt að í lagatextanum, og raunar því frv. sem hér liggur fyrir, er það markmið sett að stefnt skuli að því að um þriðjungi af árlegri íbúðaþörf landsmanna skuli fullnægt í gegnum hið félagslega kerfi. Eins og málunum er stillt upp í ár er greinilega ætlunin að ganga miklu, miklu lengra. Það verður ekkert um að ræða að einungis þriðjungnum af íbúðaþörfinni verði fullnægt í gegnum hið félagslega kerfi, hér er verið að tala um nálægt 55% af árlegri nýbyggingaþörf, samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá stjórn Húsnæðisstofnunar, að 55% af árlegri nýbyggingaþörf á þessu ári fari inn í þetta kerfi. Hér er þess vegna um það að ræða að vitandi vits er verið að gerbreyta húsnæðiskerfinu í landinu á þann veg að það er verið að rýra gildi séreignarstefnunnar, koma í veg fyrir að séreignarfyrirkomulagið hafi þá stöðu sem það hefur haft í landinu um áratuga skeið og hefur verið aðalsmerki okkar og hefur verið lengst af þegjandi samkomulag um að halda sem mest og best á lofti. Hér er greinilega verið að reyna með þessu frv. að festa í sessi algjöra stefnubreytingu að þessu leytinu og það er vissulega miður.

Ég held nefnilega að þrátt fyrir hin fögru orð og þrátt fyrir orðaleppa eins og félagslegar íbúðir, félagslegt kaupleigukerfi og félagslegt kerfi að öllu leyti, þá fari því víðs fjarri að það kerfi sem hér er verið að tildra upp af veikum mætti sé á einn eða annan hátt líklegt til að tryggja þá kjaralegu jöfnun sem að er stefnt í orði kveðnu og vissulega var stefnt að af þeim frumherjum sem fyrstir manna lögðu í það að reyna að byggja upp félagslegt íbúðakerfi í landinu. Ég held nefnilega að á margan hátt, og sérstaklega séð frá sjónarhóli landsbyggðarinnar, sé þetta kerfi í andstöðu við allar hugmyndir um félagslegt réttlæti í landinu. Þetta kerfi er í eðli sínu biðraðakerfi, þetta er kerfi biðraða að pólskri fyrirmynd, kerfi sem býður upp á hættuna á pólitískri misnotkun, kerfi sem aldrei getur svarað þörfunum sem því er ætlað að svara og getur jafnvel orðið til þess að auka vanda þess fólks sem vísað er inn í þetta kerfi til þess að leita lausnar á sínum húsnæðisvanda. Þetta kerfi getur orðið til þess að binda fé sveitarfélaganna meira en góðu hófi gegnir og það eru raunar mörg dæmi um það að kaupskylduákvæði laganna hafi orðið til þess að stefna fátækum, smáum sveitarfélögum í stór vandræði. Ég þekki m.a. dæmi um lítið sveitarfélag þar sem þannig háttaði til að þar var mikil vinna, fólk vann mikið og vegna þessa náði það því að hafa

miklar tekjur. Þetta gerði það að verkum að það fannst ekki í þessu litla sveitarfélagi einn einasti umsækjandi sem fullnægði þeim reglum sem uppi voru um lágmarkstekjur til þess að komast inn í þetta kerfi. Vegna kaupskylduákvæða þá sat sveitarfélagið hins vegar uppi með það að vera búið að binda stórfé í þessu kerfi og gat sig hvergi hrært. Og þetta var allt saman gert í nafni einhvers byggðarlegs réttlætis, í nafni þess að styrkja ætti dreifðar byggðir í landinu með þessu kerfi.

Svo er það hitt sem er auðvitað hið allra versta í þessu máli og það er að eins og málum er nú háttað á landsbyggðinni víðast hvar þá hefur þetta kerfi, eins og það er upp byggt, orðið til þess að búa til raunverulega tvo þjóðfélagshópa á landsbyggðinni. Þjóðfélagshópinn sem er hinn útvaldi hópur sem kemst inn í þetta kerfi, fær aðgang að niðurgreiddu vöxtunum og tryggingu fyrir því að hver króna sem er lögð í húsnæðið í hinu félagslega kerfi fæst endurgreidd við sölu á húsnæði vegna þess að það er ríkisábyrgð, það er opinber ábyrgð á kaupum á þessu húsnæði. Víða úti á landi háttar hins vegar þannig til að erfitt er að selja húsnæði. Það er ekki eftirspurnarmarkaður. Það vantar hinn raunverulega almenna íbúðamarkað. Þá standa menn frammi fyrir því, þeir sem leggja fé í íbúðir á almennum markaði, að geta átt það á hættu að vera búnir að binda fjármagn sitt, binda sparifé sitt í jafnvel óseljanlegum eignum og geta sig hvergi hrært. Svo getur maðurinn við hliðina hins vegar auðveldlega bara vísað á hið opinbera og sagt: Nú vil ég fara, nú vil ég losna og nú skuluð þið gera svo vel að leysa mig út, borga mér með fullri verðtryggingu það sem ég hef lagt í húsnæðið. Og viðkomandi maður stendur uppi með allt sitt á þurru.

Og ekki nóg með þetta. Þetta verður síðan til þess að hinn litli íbúðamarkaður, sem þó er fyrir hendi á landsbyggðinni, verður sífellt þrengri. Vegna hinnar markvissu stefnu stjórnvalda sem miðar að því að auka vægi hins félagslega íbúðakerfis í landinu og þar með á landsbyggðinni verður hinn almenni íbúðamarkaður sífellt þrengri. Og það verður sífellt örðugra að eiga viðskipti á hinum almenna íbúðamarkaði þar sem svona háttar til. Nú er svo komið að úti á landi finnast ekki almennt dýrari hús en þau hús sem fást til kaups í gegnum hið félagslega íbúðakerfi sem þó er hugsað til þess að útvega því fólki húsnæði sem hefur lágar tekjur. Með öðrum orðum, fólki á landsbyggðinni með lágar tekjur er vísað inn í húsnæðiskerfið sem býður þeim dýrasta húsnæði sem völ er á í heimabyggðinni. Þetta gera menn í nafni einhvers félagslegs réttlætis, einhverrar jafnaðarhugsjónar sem menn skreyta sig með á tyllidögum. Þetta á eitthvað skylt við eitthvert jafnrétti, einhverjar félagslegar aðstæður, einhverja félagshyggju — svo ég veifi nú þessum orðaleppum sem úir og grúir af í þessu frv.

Þetta á ekkert skylt við félagshyggju. Hér er bara um það að ræða að fólk er raunverulega neytt inn í þetta kerfi vegna þess að smám saman hefur þessi meðvitaða og markvissa stefnumótun stjórnvalda orðið til þess að drepa niður húsnæðiskerfið, hið almenna húsnæðiskerfi í landinu, húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni, og gerir það að verkum að fólk á raunverulega engra kosta völ. Fólki er vísað inn í þetta kerfi nauðugu viljugu og þetta hefur orðið til þess að letja ungt fólk, sem vill setjast að á landsbyggðinni, í því að eignast húsnæði í gegnum hið almenna húsnæðiskerfi vegna þeirrar áhættu sem ég hef verið að rekja.

Ég er alveg sannfærður um að einmitt þetta ákvæði hefur orðið til þess að skapa þær óraunverulegu þarfir sem löggjafinn er síðan að rembast við að uppfylla með því að dæla inn í þetta kerfi stöðugt meira fé, án þess að virðast raunverulega gera sér grein fyrir því að sífellt er verið að búa til nýjar þarfir með þessu háttalagi. Menn eru að elta skottið á sér, hring eftir hring eftir hring og svo sér ekki fyrir nokkurn enda á þessu. Svo horfir maður upp á það nokkrum sinnum á ári að stjórnir þessara verkamannabústaða eru að auglýsa eftir kaupendum og fólk þyrpist inn í þetta kerfi, ekki vegna þess að þar fáist húsnæði á svo vægu og góðu verði, ekki vegna þess að fólk sé að horfa á þessa lágu vexti eða eitthvað rýmri vaxtakjör, heldur vegna þess að á landsbyggðinni er fólk með þessu að reyna að standa þannig að málum að það geti tryggt það fjármagn sem það hefur lagt í sitt eigið húsnæði. Þetta er auðvitað alveg út í hött og hefur vakið mikla reiði víðast hvar á landsbyggðinni því við blasir á þessum minni stöðum að búið er að skipta íbúum þessara staða í tvo hópa, þá sem hafa allt sitt á þurru í gegnum hina opinberu forsjá og hina sem verða að standa og falla með þeim aðstæðum sem uppi eru á hverjum stað fyrir sig.

Ég spyr: Er það í nafni einhvers sérstaks félagslegs réttlætis að valinn er úr hópur sem hið opinbera tryggir að fái allt sitt endurgreitt þegar viðkomandi telur sig þurfa að skipta um húsnæði eða skipta um íverustað? Hvað er það sem segir það, er það eitthvað í kennisetningu félagshyggjunnar sem segir að svo og svo stór hópur fólks á landsbyggðinni eigi að hafa allt sitt á þurru í þessum efnum? Er það skilgreint í þessum frumvarpstextum hverjir eigi að hafa sitt á þurru? Hver er eiginlega meiningin á bak við þetta? Og gerir hæstv. félmrh. sér grein fyrir því hvað hefur verið að gerast á undanförnum árum á íbúðamarkaðinum á landsbyggðinni, hvernig hann hefur verið að þrengjast sí og æ vegna vaxandi vægis hins félagslega íbúðakerfis í landinu? Það er í raun og veru ekki einkennilegt að fólk sé að sækjast eftir þessum íbúðum og það er raunverulega ekki einkennilegt að sveitarstjórnir sækist eftir þessu fjármagni inn í sín sveitarfélög þó ég búist við því og viti það að sveitarstjórnarmenn geri sér almennt grein fyrir þeirri svikamyllu sem hér er komin af stað og erfitt er að sjá hvernig verður stöðvuð í einni svipan. Hún mun a.m.k. ekki verða stöðvuð með því frv., ef að lögum verður, sem hér er til umræðu í kvöld.

Ég held, virðulegi forseti, að það væri ákaflega misráðið að þetta frv. yrði að lögum hér á hinu háa Alþingi vegna þess einfaldlega að þrátt fyrir að barið

sé í einhverjar beyglurnar á þessu erfiða kerfi sem við höfum verið að byggja upp í kringum okkur, kannski í góðri trú, kannski í trú á að það væri til hagsbóta fyrir þá sem minnst mega sín í landinu, þá held ég að það væri ákaflega misráðið að þetta frv. verði að lögum, einfaldlega vegna þess að það yrði til þess að festa í sessi þessa kolómögulegu skipan sem að mínu mati er að verða slæmur fleinn í holdi landsbyggðarinnar. Það á ekkert skylt við hagsmuni landsbyggðarinnar að standa þannig að málum. Þess vegna væri það að mínu mati langeðlilegasta málsmeðferðin að þetta mál yrði geymt til betri tíma, það yrði skoðað betur, ekki síst í ljósi þess sem ég hef verið hér að benda á, og með þátttöku allra þeirra sem eiga að koma að slíku verki, þar á meðal þeirra stjórnmálaflokka sem sitja á hinu háa Alþingi. Þeir eiga auðvitað allir að fá að hafa hönd í bagga með undirbúningi svona viðurhlutamikils máls sem eðli málsins samkvæmt er bæði viðkvæmt mál, flókið mál og ákaflega kostnaðarsamt mál. Mál sem varðar auðvitað löggjafarvaldið í heild sinni og er eðlilegt að sé staðið þannig að því að það sé undirbúið sem best svo að um það megi takast sem bestar sættir.

Virðulegi forseti. Um þetta mál hafa farið fram mjög ítarlegar umræður. Undir mjög margt af því sem hv. 17. þm. Reykv. sagði hér áðan væri ástæða til að taka með ítarlegum hætti. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til að orðlengja þessa umræðu frekar en ítreka að langbest færi á því að þetta frv. fengi að hvílast um stund. Tíminn sem í hönd fer yrði notaður til þess að undirbúa málið miklu betur, skoða öll þau álitamál sem uppi eru og síðast en ekki síst að reyna að átta sig á fjárhagslegu umfangi þessa verks, því það skortir algjörlega á það að gerð sé grein fyrir því hver kostnaðaráhrifin af þessu frv. verða. Það er bókstaflega viðurkennt hér í aths. að erfitt sé að meta kostnaðaráhrifin af frv. Það er að vísu sagt með almennum orðum að þetta muni ekki hafa áhrif á stöðu Byggingarsjóðs verkamanna eða ríkissjóðs en hins vegar viðurkennt í hinu orðinu að ekkert liggi fyrir um það hver hin kostnaðarlegu áhrif frv. í heild sinni séu.

Þegar það er haft í huga að hér er um að ræða frv. um málaflokk sem kostar á þessu ári 5 milljarða kr. hvað varðar lánaútgjöld, þá er náttúrlega alveg út í hött að hægt sé að afgreiða svona frumvarpstexta þegar það er viðurkennt í aths. frv. að kostnaðaráhrifin liggi ekki fyrir, liggi einfaldlega ekki fyrir. Því til viðbótar liggur það líka fyrir að ætlunin er að taka sérstaklega á vaxtamuninum sem er nú annars vegar á lánunum sem Byggingarsjóður verkamanna hefur verið að taka og hins vegar útlánavöxtum sjóðsins. Þegar það liggur fyrir að ætlunin mun vera að sérstök sérfræðinganefnd fari ofan í þessi mál þá er það að rasa um ráð fram að fara að samþykkja þennan frumvarpstexta blindandi án þess að nokkuð liggi fyrir um það hvaða stefna verður í framtíðinni varðandi vaxtamuninn á þeim lánum sem Byggingarsjóðurinn hefur verið að taka og þeim sem sjóðurinn hefur síðan verið að veita.

Ég vek athygli á því, bara til þess að undirstrika hvað þessi vaxtamunur er orðinn mikill í dag, að vextir af teknum lánum Byggingarsjóðs verkamanna eru 7% á þessu ári en útlánsvextirnir 1%. Byggt á þessum forsendum þýðir þetta að vaxtaniðurgreiðsla á 4,2 millj. kr. láni úr Byggingarsjóði verkamanna er u.þ.b. 7,4 millj. kr. í heild sinni á núgildandi verðlagi á þeim 43 árum sem lánið nær til. Með öðrum orðum, á 4,2 millj. kr. láni er vaxtamunurinn einn 7,4 millj. kr. Þrátt fyrir allt þetta, þrátt fyrir þessar háu tölur þá treystir hæstv. félmrh. sér til þess að leggja hér fram frv. sem er viðurkennt að ekki sé búið að reikna til enda kostnaðaráhrifin af.

Í ljósi alls þessa er alveg óhjákvæmilegt að þetta mál bíði betri tíma, fái ítarlegri umfjöllun og menn vaði ekki út í það ævintýri að afgreiða mál af þessu tagi án þess að hafa hugmynd um hver kostnaðaráhrifin af því eru.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það var ekki meining mín að taka til máls um þetta mál í kvöld en eftir að hafa hlustað á svona uppbyggilegar ræður sem hér hafa verið haldnar um málið til viðbótar því sem áður hefur komið fram þótti mér rétt að segja hér örfá orð. Ég verð náttúrlega að lýsa því hér yfir í upphafi að ég harma það mjög, ég gerði það raunar strax í haust þegar þetta mál var til umræðu í mínum þingflokki, að ekki skuli vera hægt að losna við þá áráttu sem hér hefur gengið yfir á síðustu árum, að aldrei skuli vera hægt að búa við það húsnæðiskerfi sem er í gildi án þess að sífellt, á hverju einasta þingi og oft á hverju þingi, sé verið að rusla til þessu húsnæðiskerfi og engin raunveruleg heildarsýn sé höfð fyrir stafni.

Ég verð að rifja það upp hér við umræðu um þetta mál, og það ætti náttúrlega ekki að vera undrunarefni, því það var yfirlýst þegar hæstv. núv. félmrh. tók við, bæði af hæstv. ráðherra og Alþfl. í heild, að takmarkið væri eitt og það væri að eyðileggja það kerfi sem var lögfest 1986 með samningum við aðila vinnumarkaðarins og samþykkt svo til einróma hér á hv. Alþingi. Það hefur ekki verið hægt að fá tíma til að láta þá heildarlöggjöf, sem sett var 1986, njóta sín heldur hefur hún verið brotin upp í smáu og stóru samkvæmt þeim tilgangi sem tilkynntur var af núv. hæstv. ráðherra.

Þegar við tölum um það frv. sem hér liggur fyrir sem á að vera breyting á hinu félagslega kerfi í heild, þá er náttúrlega eitt sem blasir við og það er að með þessu frv. er verið að rústa, eins og sumir hv. þm. segja gjarnan, það er verið að eyðileggja það félagslega kerfi sem hefur reynst þjóðinni vel. Komið hefur fram í umræðum að frumkvöðlar þess sáu lengra fram á veginn en þeir sem fjalla um þessi mál í dag virðast geta áttað sig á. Verkamannabústaðakerfið hefur reynst þjóðinni vel og það er óhætt að segja að það hafi lyft grettistökum í byggingu húsnæðis fyrir láglaunafólk á Íslandi. Og það sem meira er, að þetta sama láglaunafólk í stéttarfélögunum, verkafólkið í landinu, hefur eignast húsnæði í gegnum þetta kerfi á

undanförnum árum. Það sýna staðreyndirnar og það er hægt að rekja það á fullkominn hátt. Það sem hefur reynst þessu fólki einnig vel, þegar því hefur vaxið fiskur um hrygg og það hefur haft betri efnahag, er að það hefur átt eignir sem stuðla að því að það gæti eignast eigið húsnæði á öðrum vettvangi. Þetta eru kostir þessa kerfis sem við höfum búið við. En hér á vissulega að breyta og útþynna félagslega kerfið þannig að eiginlega er ekki hægt að átta sig á því hvert við erum að stefna.

Ég vil þess vegna endurtaka það að ég tel að það sé mjög óheppilegt fyrir húsnæðiskerfið í heild að sífellt er verið að taka fyrir einstaka þætti í því í stað þess að gefa sér lengri tíma til að skoða húsnæðismálin í heild. Það væri eðlilegt að meta vandlega stöðu húsnæðismálanna og húsnæðisþörfina, bæði eftir búsetuháttum í landinu og þeirri þróun sem við blasir. Sú raunhæfa könnun liggur ekki fyrir. Gerðar hafa verið ýmsar athuganir á vegum Félagsvísindastofnunar Háskólans um þörfina í húsnæðismálum o.s.frv. en engin niðurstaða hefur verið dregin á faglegan hátt. Og það sem Húsnæðisstofnun gerði fyrir mörgum árum, að meta til lengri tíma húsnæðisþörf landsmanna í samvinnu við Þjóðhagsstofnun, það liggur ekki fyrir nú. *Hvað þá heldur að menn átti sig á því að* það er kominn tími til að kanna það til framtíðar hvort ekki væri eðlilegt að færa húsnæðismálin að hluta til inn í bankakerfi landsins. Ég held að það sé margt sem grípur inn í þetta sem væri frekari þörf á að ræða efnislega en það sem hér liggur fyrir í þessu frv., t.d. hvort ekki er fyrir löngu kominn tími til að átta sig á því hvernig við getum með samstilltu átaki byggt ódýrt húsnæði á Íslandi. Um það eru engin gögn á þessu sviði.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta hér og nú en ég kemst ekki hjá því að segja það alveg eins og er að þetta frv. er hroðvirknislega unnið. Ég átti von á því, miðað við þá nefndarvinnu sem var sett í gang um þessi mál, unnin af fjölskipaðri nefnd, að við fengjum meira að skyggnast inn í framtíðina í þessum málum. Það hefði verið miklu eðlilegra að sú nefnd hefði skilað frv. um framtíðarskipan húsnæðismála miðað við þá reynslu sem við búum við í dag og miðað við þá æskilegu þróun sem okkar þjóð þarf á að halda í þessum málum, byggða á rannsókn. Ég hef að vísu séð hugmyndir sem komu fram í þessu áliti en út úr því var aðeins tekið það sem getur að mínu mati eyðilagt það kerfi sem við búum við án þess að það sé sett í samband við þá framtíðarsýn sem skynsamlegt væri að hafa í þessum málum.

Ég er ekki að segja með þessu að ekki séu ýmsir gallar á verkamannabústaðakerfinu. Auðvitað er það ljóst, ekki síst eftir þær áherslubreytingar sem hafa verið gerðar á síðustu tveimur árum, að við sjáum fólk, kannski fjögurra til fimm manna fjölskyldur, sem eru að glíma við það í dag að taka við íbúðum sem kosta upp í 12–14 millj. með 90% láni. Hvernig á þetta fólk að standa undir því ef það á að heita að farið sé eftir settum reglum um úthlutun? Ég er hræddur um að það sé ekki hægt. Og því miður verður að viðurkenna það að í sumum tilfellum eru nýjar íbúðir á ýmsum stöðum misnotaðar t.d. sem verbúðir fyrir fólk, eftirlitið vantar.

En það sem ég vil láta koma fram er að ég álít það mjög varhugavert í þessu frv., og ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram, að nú er gerð sú breyting að leggja stjórnir verkamannabústaða niður. Í staðinn koma húsnæðisnefndir sveitarfélaga. *Sveitarfélögin eiga um leið að bera miklu meiri* ábyrgð á þessum málum en áður hefur verið, þar sem hér er um aukin verkefni að ræða, án þess að þau fái raunverulega að tryggja meiri hluta í þá stjórn sem á að sjá um þessi mál. Ég tek undir þá gagnrýni og vil ganga lengra. Fyrst verið er að gera þessa breytingu á annað borð og auka það hlutverk sem húsnæðisnefndir sveitarfélaganna eiga að hafa og ábyrgð sveitarfélaganna á þessu máli, bæði fjárhagslega og framkvæmdarlega, þá teldi ég eðlilegast að húsnæðisnefndir sveitarfélaganna væru algerlega kosnar af sveitarstjórnunum sjálfum. Það væru engir utanaðkomandi aðilar sem kæmu þar að. Það væri miklu meira samræmi í því heldur en það sem lagt er til í frv.

Það er handahófskennt eins og annað sem er í þessu frv. að t.d. ef maður rekur aftur á bak þær umræður sem hér urðu um kaupleiguíbúðirnar og allt sem þeim fylgdi, þá voru aðalrökin þau að nauðsynlegt væri að hafa kaupleiguíbúðir í báðum húsnæðissjóðunum, kaupleiguíbúðir undir verkamannabústaðakerfinu sem hefðu svipað form og verkamannabústaðir og svo kaupleiguíbúðir undir almenna kerfinu sem áttu að vera fyrir efnafólk. Ég sé í þessu frv. að gert er ráð fyrir því að breyta þessu, færa kaupleigukerfið frá almenna kerfinu, sem átti að vera án tekjuviðmiðunar, undir verkamannabústaðakerfið. Auðvitað er þetta spor aftur á bak og sýnir enn eina *tilraunina til að eyðileggja það félagslega kerfi* sem hefur reynst þjóðinni best á undanförnum áratugum, þ.e. verkamannabústaðakerfið. Ég tel að þetta sé spor aftur á bak og hefði verið ástæða til að skoða það miklu betur.

Ég þarf ekki að endurtaka það hér að auðvitað á svo viðamikið frv. sem hefur með að gera opinbert fjármagn á bilinu 10–15 milljarðar á hverju ári næstu árin að byggjast á ítarlegri úttekt, bæði að því er varðar þörfina og hvernig á að standa að þeirri fjármögnun. Það er ekki gert enn, þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir sem hafa komið fram á síðustu árum um að þetta yrði gert. Og það verður að segja það eins og er að það er ákaflega óeðlilega að þessu máli staðið.

Ég geri ráð fyrir því að tími veitist til að skoða þetta mál í rólegheitum í nefnd og ekki verði tekin upp þau vinnubrögð sem voru hér fyrir hálfu öðru ári síðan, að koma með hótanir um afgreiðslu þessa máls þannig að ekki mátti skoða það á eðlilegan máta. Ég geri ráð fyrir vinnufriði í félmn. til þess að skoða ýmsa þætti frv., þrátt fyrir að það er búið að ganga í gegnum Ed. Sumt af því sem Ed. lagfærði er að mínu mati til bóta en það breytir ekki eðli og kjarna málsins í sambandi við þetta frv., að það er liður í því að gera

breytingar breytinganna vegna, bara til þess að geta sagt að það kerfi sem fyrir er og vinnumarkaðsaðilar og Alþingi samþykktu sameiginlega væri ómögulegt kerfi.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að ég álít að það hefði verið skynsamlegast að láta þetta mál bíða og taka upp alhliða skoðun á nútíðar- og framtíðarstöðu þessara mála því það er löngu, löngu kominn tími til, miðað við breyttar aðstæður í fjármálum og meðferð peningamála í okkar landi að skoða það í alvöru hvort ekki væri eðlilegt að taka hluta af húsnæðiskerfinu og færa undir bankakerfið. Það tel ég vera eðlilega þróun. Þess vegna mundi ég styðja það að þetta frv. yrði látið bíða og færi í allsherjarendurskoðun með þetta fyrir augum, ásamt því að gera sér grein fyrir hvert við stefnum í húsnæðismálum. Hver er þörfin, hver er hin raunverulega þörf? Hvergi nokkurs staðar hefur fengist svar við því. Ég tel að þær losaralegu athuganir sem gerðar hafa verið með skoðanakönnunum sanni ekkert um þetta mál, ekki neitt. Það þarf miklu meiri könnun á þessu atriði en þær kannanir sýndu.

Og ég vil bæta því við að ég sem stjórnarþingmaður gerði grein fyrir því í mínum þingflokki, sem ég geri ráð fyrir að ríkisstjórnin hafi fengið á sitt borð, að ég hef algerlega frjálsar hendur í meðferð þessa máls. Og ég endurtek, ég harma mjög hvernig að þessum málum er staðið.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill láta þess getið að þar sem nú er komið miðnætti er nú lokið þeim fundartíma sem tilkynnt var í upphafi starfa í deildinni í dag að ætlunin væri að ráðstafa til kvöldfundar. En þar sem aðeins einn ræðumaður er á mælendaskrá vill forseti freista þess að ljúka umræðunni á þessum fundi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þær umræður sem hafa orðið um það frv. sem hér liggur fyrir, frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, eru mjög fróðlegar og íhugunarverðar. Það hefur komið réttilega fram hjá þeim ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls að þetta frv. eykur enn á glundroðann í húsnæðismálum, mismunar fólki enn þá meira en nokkru sinni fyrr og vegur að rótum sjálfseignarstefnunnar í húsnæðismálum.

Hæstv. félmrh. hefur upplýst hér á þinginu að það eru langar biðraðir fyrir þá sem hafa sótt um húsnæðislán í hinu almenna kerfi. Sú biðröð verður æ lengri vegna þess að hæstv. ráðherra mismunar fólki æ meira með flókinni, erfiðri og vitlausri lagasetningu sem stuðlar að því að verið er að flokka fólk og draga í dilka eftir alla vega dyntum sem hæstv. félmrh. hefur ákveðið. Ég vil sérstaklega taka hér fram og taka undir það sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur sagt um þetta mál, og fagna því að hv. 1. þm. Vesturl., sem þekkir nú Húsnæðisstofnun allmjög, hefur boðað að þetta frv. þurfi ítarlega könnun í nefnd. Ég treysti því að það komi ekki úr nefnd án þess að kannað verði ítarlega hvað er í raun að gerast með þessari lagasetningu.

Í frv. eru ákvæði sem benda til þess að hér sé aðeins verið að auka báknið, það er verið að auka embættismannakerfið, það er verið að búa til óþarfa kerfi því hjá þjóð sem er aðeins 250 þús. manns er verið að búa til kerfi sem á vart sinn líka nema hjá einhverjum milljónaþjóðum. Hér er verið að reyna að lögfesta kerfi sem þjóð eins og Íslendingar á ekki nokkurn möguleika á að reka. Hér er verið að lögfesta að það verði enn þá óbyggilegra á landinu en þyrfti að vera. Það er verið að mismuna fólki með lánum. Það er verið að mismuna fólki mjög, mjög harðlega. Og ég vil benda á að miðað við þá lánaflokka sem hér eru áætlaðir og miðað við þær skattareglur sem núna gilda, t.d. um eignarskatta, þá er verið að mismuna fólki alveg gífurlega. Það er verið að vega að rótum þeirrar sjálfseignarstefnu sem nú er í landinu og ég er hræddur um að ekki verði langt í það að fólk muni flýja land unnvörpum því þessi stefna byggir á því að reyna að halda niðri launum og síðan að mismuna fólki eins mikið og möguleiki er á á allra handa hátt. Reglurnar eru teygðar til þannig að fólki, sem áður fyrr hafði það að grundvallarmarkmiði að reyna að eignast sitt eigin húsnæði með því að vinna í því og eignast það skuldlaust, er nú refsað og stórkostlegir fjármunir eru færðir til ríkisins frá þessu fólki. Það er svo komið að fjöldi fólks á í stórfelldum erfiðleikum við að greiða skatta og skyldur af eigin húsnæði. Jafnframt er svo komið að hæstv. félmrh. hefur mismunað fólki enn þá meira með vaxtabótum og fellt niður húsnæðisbætur sem fólk, sem hafði keypt eða hafið byggingar, hafði gert ráð fyrir að fá. Það fólk er nú í stórfelldum vandræðum og mun verða það enn frekar í haust þegar álagningarseðlarnir birtast. Þetta fólk hefur gert sér grein fyrir því að nú á að mismuna því enn frekar.

Það frv. sem hér liggur fyrir er náttúrlega með þeim hætti að það verður að telja vafasamt að þingið afgreiði þennan pakka án þess að gerð verði mjög ítarleg úttekt á hvað er að gerast í húsnæðismálum. Hvað er raunverulega að gerast og hver er þörfin?

Ég held að þetta frv. sé alls ekki til bóta vegna þess að það mismunar enn frekar fólki í landinu og ýtir undir það að enginn geti átt sínar eigin eignir. Öllu er stefnt í það að valdaaðilar, ríkisstjórn, sveitarstjórnir deili og drottni með fólkið. Það er alveg ótvírætt að sú mismunun sem felst í þessu frv. er með þeim hætti að ekki verður við unað. Það verður uppreisn í landinu með sama áframhaldi, það verður uppreisn í landinu. Sú stórfellda eignaupptaka sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir síðan hún komst til valda er með þeim hætti að fjármunir hafa verið teknir af heiðarlegu fólki í stórfelldum mæli með eignarsköttum og alls kyns mismunun í því húsnæðiskerfi sem nú er verið að handjárna þjóðina með.

Auðvitað þurfa að vera til félagslegar íbúðir. Það hefur enginn á móti þeim sem slíkum. En þegar

gengið er á hlut þeirra sem eru að reyna að eignast þak yfir höfuðið, hafa unnið fyir því hörðum höndum og allt kapp lagt á það að þeir verði undir í baráttunni og lendi í verulegum erfiðleikum og verði hreinlega að ganga inn í félagslega kerfið, þá er stefnan röng. Þetta er náttúrlega eins og vindmylla sem þeytir fólki hingað og þangað frá einu ári til annars. Síðan hæstv. félmrh. komst til valda hefur verið flutt hver silkihúfubreytingin á fætur annarri og þær hafa ekki verið til bóta, margar hverjar. Það er verið að gera flókið kerfi og það er verið að auka gífurlega það kerfi og það bákn sem í kringum þetta er og verið að gera flókið það þjóðfélag sem áður var einfalt, tiltölulega einfalt og gott að lifa í eins og Ísland, þar sem fáir búa. Þar þarf einfalt og gott kerfi. Það þarf ekki þessar flóknu reglur. Mér þætti gaman að sjá hinn almenna borgara fara yfir húsnæðislögin og þann frumskóg sem þau eru orðin núna. Þetta er ekki fyrir venjulegt fólk, enda skilur venjulegt fólk ekki í þessum — það stendur hér: mjög flóknu og viðamiklu reglum. Við þurfum ekki þetta kerfi. Þjóð sem er með 250 þús. íbúa þarf einfalt kerfi, mjög einfalt. Það þarf fá orð í lögin og það þarf aðeins mjög litla stofnun til að framkvæma slíkt.

Það sem hér er verið að leggja til er algjör óþarfi og á margan hátt ekkert annað en að skapa frekari útfærslu á ríki og sveitarfélögum og verið að stuðla að því að kaupgjaldið í landinu verði lægra á næstu árum. Það er verið að búa til störf sem eru óþörf og til þess þarf skatta. Það þarf náttúrlega að höggva þetta kerfi niður og ég ber kvíðboga fyrir því að slík óráðsía skuli vera hér, eins og er að verða hjá þessari þjóð, á hverju sviðinu á fætur öðru, með þeim hætti að allt verður miklu flóknara og ómanneskjulegra, erfiðara í framkvæmd, dýrara og verra fyrir fólkið í landinu. Þetta eru staðreyndirnar. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við hinum almenna borgara úti í þjóðfélaginu.

Menn halda e.t.v. að best sé að samþykkja sem mest af lögum en ég held það sé alveg öfugt, ég held að best sé að samþykkja sem fæst lagaákvæði og hafa lögin bæði stutt og skorinorð. Sannleikurinn er nefnilega sá að það kerfi sem núna liggur hérna fyrir er eitthvað það flóknasta sem sögur fara af hjá íslenska lýðveldinu og það er áhyggjuefni að þetta kerfi skuli þenjast út með þeim hætti sem hér er. Ég held að venjulegt fólk skilji hvorki upp né niður í þessu. Það verður æ erfiðara fyrir lítilmagnann að koma sér áfram. Og aðeins með því að stóri bróðir eigi nú að deila og drottna, hæstv. félmrh. geti með framréttri hendi sagt: Hér er ég, ég ætla að gera þetta fyrir ykkur. En það er auðvitað gert með því að leggja gífurlega aukna skatta á fólkið með þeim hætti að með staðgreiðslukerfinu hafa skattarnir vaxið svo mikið að það er þörf á félagslegum íbúðum. Og með aðgerðum ríkisstjórnar í atvinnumálum hefur kaupið lækkað. Þetta eru staðreyndirnar. Og svo á að segja: Hérna eru fleiri félagsmálapakkar, hér erum við, góða fólkið, og við ætlum að hjálpa ykkur. Hér er þetta dásamlega frv. okkar um félagslegar íbúðir sem á að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleikana til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

En hvernig er þetta dásamlega kerfi búið til? Það er með því að pína þetta sama fólk, taka af því fjármunina þannig að það á enga fjármuni og neyða það inn í slíkt kerfi sem hér er. Ég segi að nær hefði verið að taka upp það kerfi sem Borgfl. lagði til á sinni tíð, um húsbankann. Náttúrlega var tekinn hluti af því og er reyndar félagslegi pakkinn að hluta til tekinn hér inn. En þetta sem hér er verið að leggja fram nær náttúrlega miklu skemmra. Krakkarnir hefðu kallað þá menn sem hefðu unnið með sama hætti og hæstv. ríkisstjórn er að gera með húsnæðiskerfið steluþjófa. Það er sorglegt til þess að vita að þegar lagt er fram kerfi eins og húsbankarnir, með félagslegum íbúðum einnig, sem er byggt á reynslu annarra, þá er verið að taka hér upp í bútum úr því að hluta til en þó miklu verra. Þannig að í staðinn fyrir að hafa það einfalt og gott kerfi, sem er komin reynsla á annars staðar og hefði á stuttum tíma getað leyst þau vandamál sem hér eru í húsnæðismálum, þá er verið að koma hér á flóknu og vitlausu kerfi.

Þetta frv. er byggt á því að hæstv. ríkisstjórn hefur rýrt lífskjörin gífurlega, hefur farið í vasa skattborgaranna, hefur tekið kaupið af fólkinu, hefur aukið skattana á fólkinu og hefur myndað fleiri hópa sem búa við verri kjör. Og hér kemur svo árangurinn. Nú ætlar ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. að rétta fram hönd sína eins og kóngurinn forðum og segja: Hér er ég, nú ætla ég að hjálpa ykkur. Nú er ég búinn að taka af ykkur alla peningana, lækka við ykkur kaupið, nú ætla ég að láta ykkur hafa íbúðarhúsnæði. Að vísu er það þannig að þið verðið bundin mér ævilangt og verðið að þakka mér ævilangt fyrir það.

Þetta eru staðreyndirnar í málinu og þetta frv. byggist ekki á neinum staðreyndum um stöðuna í byggingu íbúðarhúsnæðis, hér liggja engar raunverulegar rannsóknir að baki um hvað muni gerast á næstu árum, það liggja engar tölfræðilegar niðurstöður fyrir um það. Það liggur ekkert fyrir um hvað þarf að byggja margar íbúðir og hver verður þörfin. Það liggur ekkert fyrir um það hvort þetta sé hagstætt fyrir þjóðina eða ekki. Og ég verð að segja það eins og er að það þjóðfélag sem áður var talið gott og réttlátt og frekar einfalt er núna að verða flókið og ómanneskjulegt. Ég held að þessi stefna sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. boða með þessu frv. leiði til þess að það verður fjöldi manns sem einfaldlega tekur saman pjönkur sínar og fer úr landi. Einfaldlega tekur saman pjönkur sínar og fer úr landi.

Ég heyri það á fólki að það er alveg búið að fá nóg af þeim ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Og núverandi stjórnarflokkar munu fá svolítið bank í næstu sveitarstjórnarkosningum og það verða e.t.v. ekki margir fulltrúar sem þeir fá í sveitarstjórnir t.d. hér í Reykjavík. Það verður kannski áminning til þeirra um það að fólk vill ekki þessa stefnu, það vill

ekki þennan óskapnað. Það vill ekki þetta kolkrabbakerfi sem teygir anga sína út um allt. Fólkið vill bara einfalt og gott kerfi og að það verði auðvelt að komast í gegnum það. Það vill ekki hafa það eins og t.d. er með fasteignagjöldin að ekki nokkur lifandi maður skilji hvað stendur á seðlunum. Að það skuli vera hægt, undir forustu hæstv. félmrh., að bjóða upp á það að í sveitarfélögum sem liggja hlið við hlið muni kannski 50% á álögðum fasteignagjöldum. Ég sá t.d. í blaði að þar var hv. bæjarstjóri að skrifa. Hann sagði: Fasteignaskattarnir eru ekkert hærri hjá okkur en 20–30 öðrum sveitarfélögum. En var maðurinn að segja satt eða var hann að ljúga? Sannleikurinn er nefnilega sá að hann var að ljúga. Hann talaði um fasteignaskatta vegna þess að fasteignaskatturinn er bara hluti af fasteignagjöldunum. En þegar fasteignagjöldin voru skoðuð hjá þessum sama bæjarstjóra — hvað kom þá í ljós? Þá kom í ljós að hv. bæjarstjóri er sennilega með hæstu fasteignagjöld á öllu landinu því ekki hefur enn þá fundist það bæjarfélag á landinu sem er með hærri fasteignagjöld. Þetta er vegna þess að kerfið er svo flókið að venjulegt fólk á þess ekki nokkurn kost að bera sig saman við aðra.

Þetta er hið dásamlega félagsmálakerfi sem núverandi ríkisstjórn stendur að. Svo eru sett hér fram dásamleg markmið sem eru svo falleg að maður getur nálega grátið. En er eitthvað að marka þetta? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, hv. þm., það er rétt, ekki vitund. Það er nefnilega ekki nóg að skrifa lög með hástemmdum markmiðum, yndislegum orðum og háleitum hugsjónum, það er ekki það sem fólkið vill. Það vill að raunverulega sé eitthvað á bak við.

Það þarf ekki nema einfalt kerfi, mjög einfalt, til að nota hér á Íslandi þar sem aðeins 250 þús. menn búa. Ísland er eins og ein stjórnsýslueining, lágmarks stjórnsýslueining eins og t.d. í Svíþjóð, sem er nú talin frekar félagslega sinnuð þjóð. Það er minnsta stjórnsýslueiningin. Og það að fara að búa til hér alla vega húsnæðisnefndir og yfirstjórnir og allt þetta sem er í þessu frv. er náttúrlega alveg fyrir neðan allar hellur. Það er auðvitað miklu skynsamlegra að það sé einfalt kerfi, menn geti nánast gengið inn í bankann sinn á staðnum og sagt: Hér er ég og ætla að byggja, ég hef þetta í tekjur, svona eru mín fjármál. Og bankastjórinn svarar: Allt í lagi, þú getur fengið svo og svo mikið lán, þú borgar það á þessum árafjölda og málið er útrætt. Það þarf ekki nema svona 10–15 mínútur til að leysa það.

Með því kerfi sem hér er lagt til er vissara að fá eina 10–20 sérfræðinga til að hjálpa sér og ekki vanþörf á. Hvaða almenni borgari á að skilja það sem stendur hérna með alla þessa fyrirvara um allt mögulegt og ómögulegt sem í þessu frv. er? Það gerir ekki nokkur maður. Ég held að sannleikurinn sé sá að við séum komnir út á varhugaverðar brautir og heimskulegar. Hér er bara verið að festa í sessi enn þá vitlausara kerfi en nokkru sinni áður hefur verið við lýði á Íslandi.

Ég ætla svo ekki að segja mikið meira um þetta að sinni en geri ráð fyrir því að hv. félmn. muni taka þetta frv. til ítarlegrar umfjöllunar. Ég ætla að vona að það komi ekki úr þeirri nefnd á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

79. fundur, fimmtudaginn 26. apríl, kl. 10 árdegis.

Greiðsla vaxta af ógreiddum sköttum, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 390. mál. — Þskj. 684.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Við skattlagningu er það jafnræðisreglan sem er grundvallaratriði. Að skattleggja þá líkt sem komið er sem líkast á með. Jafnframt á sú regla að vera ríkjandi að þegnar eigi að hafa sama rétt gagnvart ríkisvaldinu og ríkið hefur gagnvart þeim.

Skv. 1. mgr. 112. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, er ríkisvaldinu rétt að reikna dráttarvexti greiði skattþegn ekki álögð gjöld á réttum tíma. Skv. 2. mgr. sömu greinar ber ríkisvaldinu að endurgreiða oftekna skatta með vísutöluálagi og vöxtum. Greiði skattþegnar ekki á réttum tíma er ekkert lát á dráttarvaxtaútreikningi innheimtumanns ríkissjóðs. Hins vegar hefur komið í ljós að öðruvísi horfir þegar ná skal vöxtum af innheimtumönnum. Einhverra hluta vegna þarf að ganga eftir því að vextir verði greiddir ofan á höfuðstól og verðbætur. A.m.k. er það mín reynsla af máli sem upp kom nýlega. Með vísan til þessa hef ég á þskj. 684 lagt fram fsp. til fjmrh. um greiðslu vaxta af ofgreiddum sköttum.

Spurt er:

„1. Hvernig er háttað framkvæmd á greiðslu vaxta af ofgreiddum sköttum, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981?

2. Er hugsanlegt að gjaldendur, sem ofgreitt hafa skatta, m.a. vegna rangrar álagningar skattstjóra, þurfi að óska sérstaklega eftir því að fá vexti fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs?

3. Er hugsanlegt að þeir gjaldendur, sem ekki átta sig á rétti sínum til vaxta, fái aldrei leiðréttingu þrátt fyrir ótvíræð ákvæði laganna um að endurgreiða skuli?

4. Er framkvæmd þessa lagaákvæðis eins hjá öllum innheimtumönnum ríkissjóðs?

5. Hafi orðið misbrestur á framkvæmd laganna að þessu leyti, hefur fjármálaráðherra þá í hyggju að beita sér fyrir leiðréttingu þeim til handa sem ekki hafa fengið greidda vexti svo sem vera ber?“

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrstu spurningu vil ég taka fram að þær reglur sem í gildi eru um

tilkynningar og skil innheimtumanna ríkissjóðs á ofgreiddum sköttum eru settar af fjmrn. Tilkynningarnar eru sendar tvisvar á ári til gjaldenda um greiðslustöðu þeirra við innheimtumenn. Þetta gerist í janúar- og júlímánuði. Í janúar er jafnframt tilkynnt um ákvarðaða fyrirframgreiðslu og í júlí um endanlega álagningu. Í sérstökum reit á báðum tilkynningunum kemur fram ef um inneign gjaldanda er að ræða og eigi gjaldandinn inneign eftir álagningu er hún send honum ásamt vöxtum með ávísun í pósti í lok júlí.

Sem svar við annarri spurningu vil ég taka fram að innheimtumenn ríkissjóðs eiga ótilkvaddir að reikna inneignarvexti á inneignir vegna ofgreiðslu á sköttum. Í tekjubókhaldskerfi ríkisins er reikniforrit til að reikna framangreinda vexti og ber að gera það þegar inneign er borguð út. Þó er vel hugsanlegt að hægt sé að finna dæmi um mistök þegar inneign er borguð út þannig að ekki séu greiddir vextir af inneignum.

Sem svar við þriðju spurningunni vil ég taka fram að það er vissulega hugsanlegt að til þess geti komið ef innheimtumaður greiðir ekki ótilkvaddur inneignarvexti og ef gjaldandi gerir ekki við það athugasemd að ekki séu greiddir inneignarvextir. Hins vegar geta þeir sem þannig stendur á um óskað eftir leiðréttingu þó það gerist eftir að inneign er borguð út.

Sem svar við fjórðu spurningu vil ég árétta að framkvæmd þessa lagaákvæðis á vissulega að vera eins hjá öllum innheimtumönnum ríkissjóðs. Hins vegar er ekki unnt að fullyrða að svo sé í dag þar sem reikna þarf út inneignarvexti í hverju tilviki fyrir sig þannig að ljóst má vera að mistök geta orðið í *einstökum tilvikum*.

Að lokum, og sem svar við síðustu spurningu, vil ég taka fram varðandi málið í heild að ég er þeirrar skoðunar að framkvæmd á því hvernig staðið er að greiðslu á vöxtum af ofgreiddum sköttum sé ekki viðunandi. Það er vissulega þakkarvert af hálfu fyrirspyrjanda að taka málið fyrir á Alþingi þannig að hægt sé að koma þeim *sjónarmiðum hér á framfæri*.

Ég hef af þessu tilefni falið ríkisbókhaldinu að gera þær breytingar á framkvæmd útreikninga á inneignarvöxtum á ofgreiddum sköttum að þeir verði reiknaðir vélrænt og uppfærðir jafnóðum. Þannig að þegar inneign er greidd út þá verði inneignarvextir ávallt greiddir á umrædda eign og vextir komi fram á viðskiptayfirliti gjaldanda. Með þessari breytingu, sem ég hef falið ríkisbókhaldinu að gera, á að vera tryggt að allir þeir sem ofgreiða skatt og eiga rétt á vöxtum, skv. 112. gr. laga nr. 75/1981, fái greidda vexti.

Þar sem útreikningur vaxta verður vélrænn í tekjubókhaldskerfi ríkisins mun þannig verða tryggt að sama framkvæmd verði á landinu öllu. Þannig verður eytt þeim möguleikum, sem því miður hafa verið í kerfinu um langan tíma, að framkvæmd geti verið mismunandi eftir umdæmum innheimtumanna.

Varðandi þá einstaklinga sem hafa átt rétt á vöxtum en ekki fengið þá vegna mistaka hjá innheimtumönnum ríkissjóðs er mér það kærkomið tækifæri hér á Alþingi að árétta að að sjálfsögðu verða slík mistök leiðrétt ef þau koma í ljós.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Það vakti athygli mína að hann skuli viðurkenna að framkvæmd þessara laga sé ekki betri en raun ber vitni. Hann lýsti því vel að hugsanlega hafi mistök hafi átt sér stað sem ég veit að er satt. Spurningin í mínum huga er, þegar ég kemst að þessu í einu máli, hvað mörg svona mál hafi farið í gegn. Og hitt, hvað margir vita ekki um rétt sinn til þessara vaxta?

Ég fagna því svo sannarlega að nú eigi að taka upp vélræna vinnslu á ógreiddum sköttum þannig að svona mistök geti ekki átt sér stað. Raunar er fáránlegt að þegar búið er til forrit til þess að reikna út skuli það ekki ná til allra og að svona mistök, eins og hér er rætt um, skuli vera í ríki sem vill hafa jafnræði á milli allra þegna sinna.

Það sem ég tel að verði að gera, og það strax, er að fyrirbyggja að svona hlutir geti gerst. Ég þakka fjmrh. kærlega fyrir að ætla að taka á þessum málum og koma þeim í lag.

Tilraunastöðin á Reykhólum, ein umr.

Fsp. JAJ, 500. mál. — Þskj. 876.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir fyrirspurn sem var borin fram af varamanni mínum Jóhanni A. Jónssyni. Hún er svohljóðandi:

„Hvaða lagaheimildir eru fyrir því að leggja niður starfsemi tilraunastöðvarinnar á Reykhólum, flytja fullvirðisrétt hennar og stöðu tilraunastjóra suður að *Hesti í Borgarfirði og farga því fé sem þar hefur verið* ræktað í áratugi?“

Þessi aðgerð er nokkuð sérstæð. Hún er sérstæð vegna þess að á tveimur stöðum á landinu hefur verið reynt að rækta upp sérstaka hvíta ull. Annars vegar á Reykhólum og hins vegar á Skriðuklaustri. Á Skriðuklaustri er talað um að þurfi að farga fé á því svæði vegna riðuveiki. Á *Hesti í Borgarfirði* er garnaveiki. Það má því segja að öfugt sé farið að hlutunum í þessu efni.

Ég hafði samband við Álafoss til þess að spyrjast fyrir um hvers virði þessi ull væri. Þeirra greinargerð er allt of löng til þess að lesa hana í þessum fyrirspurnatíma. En þeir segja m.a., með leyfi forseta:

„Á Reykhólum náðist mjög góður árangur fyrir um það bil átta eða níu árum í ræktun á hreinhvítu fé sem laust er við eðlisgalla eins og gular og hvítar illhærur. Ullin af Reykhólafénu var óvenju hvít og gljáandi svo ætla má að þar verði komið úrvals hráefni til framleiðslu á hvítum vörum. Einn galli reyndist þó í þessari ull. Hann var sá að hún var töluvert grófari en

íslenska ullin almennt. Þessir góðu eiginleikar virðast því hafa náðst á kostnað grófleikans."

En síðar kemur í ljós að þeir hafa náð tökum á þessu atriði og þetta er fyrsta flokks vara. Það kemur líka í ljós í þessu áliti Álafoss að ull er þannig hjá mörgum í landinu að það borgar sig ekki að taka við henni. Þeir telja að með ræktun þessarar ullar, og ef sá árangur kæmist til bænda, mundi það hækka verulega verð á ullinni. Af þessum ástæðum er þessi fyrirspurn hér tilkomin. (Forseti hringir.) Því miður er minn tími búinn en það þyrfti að ræða þetta mál, eins sérkennilegt og það er, á öðrum vettvangi en hægt er nú.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Um tilraunastöðina á Reykhólum er fjallað í lögum nr. 57 31. okt. 1944. Samkvæmt þeim lögum á reyndar að reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Þar var enda upphaflega rekin öflug tilraunastöð í jarðrækt. Sú starfsemi er nú og hefur reyndar um nokkurt skeið verið þar hverfandi lítil þrátt fyrir þetta ákvæði laganna. Það er því langur vegur frá því að í raun og veru hafi starfseminni verið í einu og öllu háttað eins og þau þó kveða á um. Þar hefur hins vegar verið rekið sauðfjárbú og sinnt þar merkilegu rannsóknarstarfi, eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda. Svo hefur hins vegar tekist til hin síðari ár að vaxandi efasemdir hafa verið uppi um það að fjárveitingar hreinlega leyfðu Rannsóknastofnun landbúnaðarins að reka alla þá tilraunastarfsemi sem hún hefur haldið uppi að undanförnu og lög gera ráð fyrir að heimilt sé að reka.

Vísa má í þessu sambandi til umræðna sem urðu hér á Alþingi á árinu 1983 þegar hv. þáv. þm. Kjartan Ólafsson spurði þáv. landbrh. um tilraunastöðina á Reykhólum. Í svari landbrh., Jóns Helgasonar, kom einmitt fram að fjárhagsvandi tilraunastöðvanna hefði farið mjög vaxandi undanfarin ár. Sótt hefði verið um aukafjárveitingar en þær ekki fengist. Stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefði þess vegna ekki séð sér annað fært en að gera tillögur til ráðherra um sparnað í þessum rekstri vegna ónógra fjárveitinga og var þar m.a. með hugmyndir uppi um að leggja af sauðfjártilraunabúið á Reykhólum.

Sérstaklega rammt hefur þó kveðið að þessu frá og með árinu 1988. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 voru fjárveitingar til tilraunastarfsemi á verksviði Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skornar mjög niður. Samþykkti Alþingi þá fjárveitingu til tilraunastarfseminnar, óskipta, þannig að ekki var um að ræða fjárveitingu til einstakra tilraunastöðva, eins og verið hafði, heldur fékk Rannsóknastofnun landbúnaðarins mjög svo nauma fjárveitingu sem var óskipt til tilraunastarfsemi.

Ég hygg að hv. alþm. þekki þessa sögu. Hún er í raun og veru meginskýringin á því að stjórnvöld, stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og landbrn. hafa séð sig knúin til þess, vegna ákvarðana fjárveitingavaldsins, ákvarðana Alþingis, að gera ráðstafanir til þess að ekki legðist af með öllu allt tilraunastarf í landbúnaðinum að þessu leyti.

Þegar spurt er um hvaða lagaheimildir séu til þess að ekki sé haldið úti einhverri starfsemi, sem lög heimili eða geri ráð fyrir, þá er svarið af minni hálfu þetta: Lagaheimildin er sú ákvörðun Alþingis sjálfs að veita ekki peninga til þess að halda úti umræddri starfsemi. Í því felst að sjálfsögðu ákvörðun löggjafarvaldsins um það. Ég bendi hv. þm. á að í grg. með fjárlögum undanfarin ár hefur skýrður vandi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins af þessum sökum. Það hefur verið skýrt af hálfu Rannsóknastofnunar og landbrn. að öllum tilraunastöðvunum yrði ekki haldið úti við þær fjárveitingar sem skammtaðar hafa verið undanfarin ár. Þar bera allir stjórnmálaflokkar ábyrgð, að einum eða tveimur undanskildum, og bæði fyrri og núverandi ríkisstjórnir.

Varðandi sauðfjárstofninn á Reykhólum og það hvort ákvörðun hafi verið tekin um að skera hann niður þá er svarið nei. Þvert á móti er þegar búið að flytja hluta af stofninum á sauðfjárbúið á Hesti og þar verður hann ræktaður og varðveittur. Í öðru lagi geri ég ráð fyrir því að unnt verði að halda sauðfjárstofninum við í Reykhólasveit eða á Barðaströnd. Í þriðja lagi kunna að vera möguleikar á hinu sama í gegnum sæðingarstöðvar. Og ég hef ekki hugsað mér að flytja fullvirðisrétt burtu úr Reykhólasveit eða af Barðaströnd með tilliti til byggðaaðstæðna þar.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Fyrirspurnin sem við ræðum hér hljóðar um það hvaða lagaheimild sé fyrir því að leggja niður tilraunastöðina á Reykhólum.

Í svari hæstv. landbrh. kom ekki svar við þessu, hvaða lagaheimild, því það er engin lagaheimild til þess. Til þess að það sé lagaheimild fyrir hendi til að leggja þessa tilraunastöð niður þarf að afnema lög nr. 57/1944, um tilraunastöðina á Reykhólum. Það breytir engu um það þó að erfiðleikar séu með fjárveitingar til tilraunastöðva í landinu. Það er staðreynd að það eru sérstök lög um tilraunastöðina á Reykhólum. Það eru ekki sérstök lög um aðrar sérstakar tilraunastöðvar en það eru sérstök lög um tilraunastöðina á Reykhólum. Það er hart að þurfa að búa við það að það skuli vera rofin sú merkilega starfsemi sem hefur verið unnin á tilraunastöðinni á Reykhólum og sérstaklega í sambandi við ræktun á ull, eins og hér hefur komið fram.

Það sem liggur fyrir er þvert á móti að efla starfsemi tilraunastöðvarinnar á Reykhólum. Það vill svo til að hér liggur fyrir þinginu tillaga til þál. um eflingu tilraunastöðvanna á Reykhólum og á Skriðuklaustri sem 4. þm. Austurl. og 1. þm. Vestf. eru flm. að. Þá gefst tækifæri frekar til þess að ræða þessi mál þegar sú tillaga kemur á dagskrá.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég met það með sama hætti og hæstv. landbrh. að hann verður ekki einn sakaður um þá ákvörðun, sem hann virðist hafa tekið en sem

hann hefur reyndar ekki lög fyrir og hér hefur greinilega verið frá sagt, um að fella niður rekstur á tilraunastöðinni á Reykhólum. Ég minni á að það eru til fleiri lagagreinar um þessi efni. Því að í lögum um Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þar sem kveðið er á um tilraunastöðvarnar, er mælt svo fyrir að Rannsóknastofnun landbúnaðarins beri að viðhalda rekstri og tilraunum á tilraunastöðvunum, eins og þær voru þá. Þetta er allt saman tvímælalaust.

Hæstv. landbrh. sagði að gengið hefði saman um fjárveitingar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Það fæ ég reyndar ekki séð. Spurningin er hins vegar hvernig þessu fjármagni er ráðstafað. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur haft, og hefur enn, að umtalsverðu leyti svigrúm til þess að veita fé til hinna einstöku sameiginlegu þátta Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Staðreyndin er hins vegar sú að minnstu stöðvarnar, á Skriðuklaustri og Reykhólum, hafa verið látnar sitja við þrengstan kostinn. Þar sem mest var þörfin, þar sem bændurnir þurftu helst á því að halda, þar var dregið saman í fjármagni, þar var dregið saman í starfsemi. En hér uppi á Keldnaholti var starfsemin aftur á móti að sama skapi efld og hefur þannig dregið til sín fjármagn í síauknum mæli. Þetta eru staðreyndir málsins.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu. Ég minni á það, sem reyndar hefur komið hér fram, að málefni tilraunastöðvanna eru á dagskrá, verða vonandi rædd síðar á þessum degi og þá gefst betra ráðrúm til að fjalla um þessi mál. Ég vona að sú umræða og sú barátta sem þar hefst verði til þess að gera mönnum það fullkomlega ljóst að ekki verður þoluð sú aðför sem höfð er í frammi gagnvart tilraunastöðinni á Reykhólum og tilraunastöðinni á Skriðuklaustri.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið ef svar skyldi kalla. Honum hefur oft tekist betur í sambandi við svör hér á hv. Alþingi heldur en í þetta sinn. Ég vil minna ráðherra á það að þegar við vorum að mynda þessa ríkisstjórn þá var talað um það að færa frá Keldnaholti út á land til tilraunastöðvanna en það er farið öfugt að. Þessi stöð á Keldnaholti bólgnar út á sama tíma sem minna og minna fé er lagt til stöðvanna úti á landi. Það hefur komið hér greinilega fram að það er ekki lagaheimild til þess að leggja þessa stöð niður. Það hefur komið hér fram að það er verið að flytja fé á sýkt svæði af ósýktu svæði. Það hefur líka komið fram hér að Álafoss telur það mikilvægt að rækta þessa ull fyrir bændur, fyrir iðnaðinn í landinu. Og það gengur svo langt að mér er sagt eftir formanni RALA að hann hafi sagt að hann væri enginn „andskotans" landsbyggðarmaður og það er kannski það sem ræður þarna ferðinni en ekki ráðherrann. En ég skora á ráðherrann að standa við það að draga úr starfsemi RALA sem mér virðist starfa að vissu leyti bak við luktar dyr og lokaða glugga og koma því út til bændanna til þess að þessi starfsemi verði þar að gagni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fjárveitingavaldið er þingsins en ekki framkvæmdarvaldsins. Sökudólgurinn í því að hafa ekki veitt fjármuni til að standa við lög landsins er Alþingi Íslendinga og þeir þingmenn þá sem hér hafa setið og borið ábyrgð á þeirri afgreiðslu. Ég hygg að það fari ekki á milli mála, sem hér hefur komið fram, að lögin um Reykhóla eru ótvíræð. Ef ég man það rétt þá er þar talað um rannsóknastöð fyrst og fremst í jarðrækt og verkefnin eru ærin á Íslandi á því sviði. Ég vil aftur á móti undirstrika það að hið mikla starf sem þar var unnið í ræktun á fé með hvíta ull er ekki lagt niður, því verður haldið áfram. Við skulum vona að þeim fjárstofni verði dreift um allt land í gegnum sæðingarnar, en aðeins með því móti má gera ráð fyrir að þær rannsóknir skili sér út til bændanna og komi þar með til með að hafa áhrif á ullarfar hins íslenska fjárstofns.

Það er aftur á móti saga út af fyrir sig hvernig á því stendur að Íslendingum datt það í hug að rækta annars vegar fé til kjötframleiðslu og hins vegar til ullarframleiðslu í stað þess að festa þetta saman, eins og gert hefur verið annars staðar.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið hér skýrt fram að ótvíræð lagafyrirmæli kveða á um það að tilraunum skuli haldið úti af hálfu ríkisins á tilraunastöðvunum á Reykhólum og Skriðuklaustri sem og öðrum tilraunastöðvum ríkisins. Ekkert leysir framkvæmdarvald undan þeirri skyldu að hlíta þessum lögum annað en að breyta lögunum sjálfum. Þetta hefur ekki verið gert.

Ég vakti athygli á því í 3. umr. fjárlaga þann 21. des. sl., að þó að fjárveitingar væru skornar niður, m.a. á ábyrgð hv. 2. þm. Vestf. sem hér talaði, þá leysir það ekki ríkisvaldið undan því að fara að lögum. Hér er eitt dæmið enn um það að þeir sem nú sitja í ráðherrastólum á Íslandi telja að þeir geti hagað framkvæmdum sínum á m.a. fjárreiðum ríkisins án þess að lögum sé fylgt og að lög beri að framkvæma bara eftir þeirra eigin geðþótta en ekki eftir lagabókstafnum. Þetta er það sem fyrir liggur.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta er satt að segja undarleg umræða hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. Skyldu þessi lagaákvæði hafa verið framkvæmd í hans tíð sem landbrh.? Því að í lögunum stendur að þarna eigi að stunda tiltekna tilraunastarfsemi í jarðrækt. Hann braut þar með lögin. Hvernig stendur á því að hann gerði það? Hvernig háttar því til að þann tíma sem liðinn er frá því að hann yfirgaf ráðherrastólinn hefur hann verið í fjvn. og hefur aldrei gert tilraun til þess að tryggja að lögin yrðu ekki brotin? Hv. 2. þm. Norðurl. v. er svo þingvanur að það er óþarfi fyrir hann að setja málin upp með þessum hætti. Ég skora á hann að plægja lagasafnið í heild og fara yfir lögbrotin sem samkvæmt hans skilningi á lagasafninu liggja fyrir. Þau væru býsna mörg, sennilega ekki

tugir heldur hundruð, því það sem ræður úrslitum um framkvæmd laga er fjárveiting til þess að framkvæma þau. Það ætti hv. þm. að vita sem hefur um skeið verið í fjvn. og auk þess starfandi í landbrn. um nokkurra ára bil sem lögbrjótur, að eigin sögn. En ég vil sýkna hann af þeirri ásökun á hann sjálfan.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það væri auðvitað æskilegra að hafa rýmri ræðutíma til að ræða þetta mál hvað hina lagalegu hlið snertir. Ég verð að taka undir það með menntmrh. að mér finnst málflutningur manna hér harla sérkennilegur. Það er verið að gefa í skyn að það sé beinlínis lögbrot ef hver einustu lög og hver einustu lagaákvæði sem finnast í lagasafninu séu ekki framkvæmd til hins ýtrasta á hverjum tíma. Ég kannast ekki við það til að mynda að lögum um legorð presta hafi verið framfylgt hér upp á síðkastið. Kannast menn við það að beitunefnd hafi verið skipuð? Samkvæmt lögum frá 1947 skal skipa þriggja manna nefnd og er verkefni hennar að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði.

Ég spyr: Ætli það sé nú ekki talsvert af lagaákvæðum af þessu tagi sem fallið hafa smátt og smátt úr framkvæmd? Og þegar það bætist svo við sérstaklega, hæstv. forseti, að fjárveitingavaldið sjálft, Alþingi, samþykkir í raun og veru aðra tilhögun vegna þess að í grg. með fjárlagafrv. er alveg skýrt kveðið á um það hvaða ráðstafanir verði að gera til þess að unnt sé að halda úti tiltekinni starfsemi með þeim fjárveitingum sem Alþingi ákveður. Ég spyr þeirrar sömu spurningar og hv. þm. Ragnar Arnalds spurði fyrir nokkrum árum síðan úr þessum ræðustóli: Getur Alþingi brotið lög með því að setja önnur lög? — Svarið er nei. Alþingi hefur löggjafarvaldið á hverjum tíma, m.a. í gegnum fjárveitingalagavaldið, og breytir skipan mála eftir því sem því býður við horfa með fjárveitingafrv. og fjárlagafrv. hverju sinni.

Ég bendi mönnum á, að lokum, að lesa grg. með fjárlagafrv. fyrir árið 1990. Þar var það alveg skýrt hvaða ráðstafanir Rannsóknastofnun landbúnaðarins sæi sig knúna til að gera til þess að lifa við þær fjárveitingar sem var ákveðið að veita til stofnunarinnar. Alþingismönnum, stjórnarþingmönnumn og öðrum sem stóðu að afgreiðslu fjárlagafrv. mátti vel vera ljóst hvað í því fælist.

Svo ég svari að lokum hv. 6. þm. Norðurl. e. þá er það ekki svo að Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti sé að bólgna út. Þvert á móti verða flutt stöðugildi þaðan út á þær tilraunastöðvar sem reynt verður að halda úti á næstu árum og þær verða efldar. Enda er það tímanna tákn, og í raun og veru þróun sem ekki verður snúið við, að það er miklum mun vænlegra fyrir rannsóknastarfsemina í landinu að efla frekar færri en burðugri rannsóknastöðvar á nokkrum stöðum í landinu en að dreifa svo mjög kröftunum sem núverandi og fyrrverandi skipulag hefur falið í sér. Það er einfaldlega ekki vænlegt til árangurs að reka einsmannstilraunastöðvar á mörgum stöðum á landinu. Það nýtir illa fjármagn og kostar margháttaða erfiðleika fyrir viðkomandi starfsmenn. Þegar fram í sækir mun auðvitað verða um það stórkostleg óvissa hvort slíkar stöðvar fáist mannaðar með eðlilegum hætti.

Ég hygg því að menn verði að horfast í augu við það að breyttir tímar kalla á breytt vinnubrögð. Þessum málum verður ekki snúið við þó svo að mönnum kunni að þykja vænt um tilraunastöðina á Reykhólum. Ég gæti vel blandað mér í þann hóp út af fyrir sig ef það ætti eitt að ráða niðurstöðunni. En ég hygg að menn verði að horfa hér raunsætt á málin og menn gera hvorki byggðamálum né landbúnaðinum, né öðrum slíkum hlutum greiða með því að neita að horfast í augu við breyttar aðstæður.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú vill forseti biðja hv. þm. að minnast ákvæða 31. gr. þingskapalaga þar sem segir: „Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd."

Nú hafa þrír hv. þm. þegar fengið að gera athugasemd og biðja nú allir aftur um orðið. Forseti getur ekki orðið við því. En hv. 7. þm. Norðurl. e. gerir örstutta athugasemd.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér mikið í þetta mál en ég gladdist yfir því að heyra í svari landbrh. að ekki stóð til að flytja fullvirðisrétt búsins á Reykhólum þaðan. Að öðru leyti mundi ég vilja ræða það hvernig hefur verið búið að tilraunastöðvum landbúnaðarins undanfarin ár. Þær hafa verið fjársveltar og það hefur hamlað störfum þeirra. Þess vegna finnst mér að það verði að liggja fyrir hvaða stefnu landbrn. hugsar sér að hafa í málum tilraunastöðvanna yfirleitt. Hæstv. landbrh. gat þess að vísu í máli sínu að það hlyti óhjákvæmilega að verða að fækka þeim. Það sýnist nú e.t.v. ekki vera þörf á því að halda uppi tilraunastöðvum mjög víða um landið, en ég minni þó á að vegna veðurskilyrða, landslags og annars slíks er viss þörf á fleiri tilraunastöðvum. Mér finnst hins vegar vera meginmálið að það liggi fyrir stefna frá landbrn. um það hvernig ráðuneytið hugsar sér að þessum tilraunum verði hagað í framtíðinni, hvaða stöðvar eigi að leggja af og hvaða stöðvar beri að efla. Þetta hygg ég að landsmenn vilji fá að vita og eigi að fá að vita.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill nú leita samstarfs við hv. þingmenn og benda á að á dagskrá á síðari fundi í dag eru málefni tilraunastöðva svo að menn grípi nú ekki til þess óyndisúrræðis að biðja um orðið um þingsköp en ræða málið efnislega í þingskapaumræðum. Nú er ég ekki að gera hv. 2. þm. Norðurl. v. það en taldi þó rétt að ítreka það áður en lengra er haldið.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp, þar sem mér var synjað um orðið í hinni almennu umræðu, m.a. til að bera af mér sakir.

Hæstv. menntmrh. hefur hér borið á mig í þessum ræðustól að ég hafi brotið lög sem ráðherra (**Menntmrh.:** Þín eigin orð, þín eigin orð.) á minni tíð. Hæstv. menntmrh. hefði átt að kynna sér hvaða lög hann er að tala um. (**Menntmrh.:** Ég var að lesa þau.) Hæstv. ráðherra hefur ekki lesið lögin að því er virðist, og ræða hæstv. menntmrh. var rugl frá upphafi til enda. Lögin sem um þetta gilda eru nr. 64 21. maí 1965. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru sem stjórn stofnunarinnar ákveður." (Gripið fram í.) Þetta eru ákvæði laganna sem gilda um tilraunastöðvarnar og hæstv. ráðherra getur tekið það til greina. Ég þarf ekki að lesa allt lagasafnið fyrir hæstv. ráðherra, en þessum lögum var fylgt og þessi lög gilda og þeim verður ekki breytt með fjárlögum. Það er misskilningur hjá hæstv. landbrh. — Hæstv. forseti, ég er að bera af mér sakir. (**Forseti:** Hv. þm. bað um orðið um þingsköp en ekki til að bera af sér sakir. Sé hv. þm. að bera af sér sakir vil ég biðja hann að gera það en stytta mjög mál sitt.)

Hæstv. forseti. Ég tel mér nauðsynlegt að bera af mér sakir og ræða hæstv. landbrh. var byggð á misskilningi því að fjárlög taka ekki af önnur lög. Ég lét þess getið í umræðum um fjárlög að vel kynni að vera nauðsynlegt eða þarft að breyta tilhögun tilraunastöðva í landinu, en þá á að gera það með lögum en ekki með því að leggja þær niður með fjárlögum og ekki með því að selja húseignir þessara tilraunastöðva án þess að lögum um þær hafi áður verið breytt. Og þetta verða þeir sem fara með framkvæmdarvaldið í landinu að skilja.

Egill Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Forseta liggur mikið á. Það hafa margsinnis verið gerðar undantekningar hér á þessum vetri um að menn mættu koma fram athugasemdum og ég vil vekja sérstaka athygli á tveimur atriðum í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi er ekki öllu fjármagni til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skipt á fjárlögum. Hún hefur frjálst val.

Í öðru lagi er í lögunum frá 1965 um Rannsóknastofnun landbúnaðarins kveðið á um að tilraunastöðvarnar, þó að um þær gildi sérstök lög, eigi að fara undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi hér fram til þess að málið fengi hér rétta niðurstöðu.

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefur verið mjög sótt að forseta um að dagskrá verði ekki haldið heldur einstök mál tekin fram fyrir. Bera menn því við að þeir þurfi að fara á fundi. Verði því ekki mótmælt hefur forseti fallist á að taka fyrir 12. mál á dagskrá. Það er fsp. til menntmrh. um samkomulag við námsmenn. (Gripið fram í.) Nú bið ég hv. þingmenn að sætta sig við úrskurð forseta í þessu máli. Það er ljóst að miklar annir eru hér í þinginu. Forseti verður að treysta því að þjóðfélagið fari ekki á hvolf þó að sýnd sé örlítil lipurð eftir því sem menn hafa farið fram á það við forseta. Forseti mun því halda sig við að taka fyrir 12. mál á dagskrá. (Gripið fram í.) Forseti er nú satt að segja furðu lostinn. Hér er verið að halda einn af síðustu þingfundum í sameinuðu Alþingi. Menn verða að sýna hver öðrum ofurlitla tilhliðrunarsemi og eyða ekki hér fundartíma í umræður um þingsköp. Geta menn nú ekki fallist á að hv. 2. þm. Norðurl. e. fái svar við fsp. sinni og þingfundi verði síðan haldið áfram með eðlilegum hætti? Vitaskuld skal forseti ekki neita neinum að ræða um þingsköp en hingað til hafa menn ekki rætt um þingsköp þegar forseti hefur það leyft. Í trausti þess að hv. þm. ætli að ræða þingsköp tekur til máls hv. 18. þm. Reykv.

Þórhildur Þorleifsdóttir *(um þingsköp)*:

Ég hef fullan skilning á því að þannig geti staðið á að dagskrá sé breytt í þá veru að ráðherrar geti horfið af fundi til annarra starfa. Nú háttar hins vegar svo til að hæstv. forseti ætlar að taka fyrir 12. mál á dagskrá. Þar mun sá sem stendur fyrir svörum vera hæstv. menntmrh. en það eru þrjú önnur mál sem eru fyrr á dagskrá sem mun líka vera í hans verkahring að svara. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hverju þetta sæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þessi beiðni er ekki komin fram að beiðni hæstv. menntmrh., heldur hv. fyrirspyrjanda sem er bundinn á þýðingarmiklum fundi kl. 11, eins og eflaust fleiri. Forseti hefur orðið við þessari beiðni og ég vænti þess að það verði virt.

Málefni LÍN, ein umr.

Fsp. HBl, 552. mál. — Þskj. 952.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Á meðan Alþb. var í stjórnarandstöðu, í febrúar 1987, skömmu fyrir alþingiskosningar, lýsti Svavar Gestsson því yfir að Alþb. tæki ekki sæti í ríkisstjórn nema áður yrði frá því gengið að lögum um námslán yrði framfylgt til hins ýtrasta. Var svo að skilja að frá slíku yrði gengið í málefnasamningi. Í september 1988 varð hv. þm. hæstv. menntmrh. en það vakti athygli námsmanna að við

myndun þeirrar ríkisstjórnar var ekki vikið einu einasta orði að málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Af þessum sökum varð hæstv. menntmrh. fyrir vaxandi þrýstingi frá námsmönnum að nú skyldi hann standa við hin stóru orð, kosningaloforðin frá 1987, og varð það til þess að hann lét að lokum undan þrýstingnum og skipaði í nóvember þá um haustið vinnuhóp um lánasjóðinn sem síðan skilaði áliti hinn 26. febr. 1989. Þessu nefndaráliti hampaði menntmrh. mjög í fjölmiðlum og hef ég heyrt því fleygt að ekki hafi verið tilviljun að stúdentaráðskosningar voru þá á næsta leiti og að hæstv. menntmrh. þótti þetta álit gott innlegg í þá málefnabaráttu sem þar fór fram. Af þessum sökum og eins og atburðarásin hefur verið er fyllsta ástæða til að spyrja hæstv. menntmrh.:

„1. Hvert var efni þess samkomulags sem menntmrh. gerði við námsmenn í febrúar 1989 um málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna?

2. Hverjar hafa efndirnar orðið?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda var það eitt af meginákersluatriðum Alþb. á síðasta kjörtímabili að tryggja að þær skerðingar á námslánum sem flokkssystkini fyrirspyrjanda beittu sér fyrir í menntmrn. yrðu afnumdar. Með hliðsjón af því var flutt hér þáltill. af mér og hv. þáv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, núv. hæstv. landbrh., og fleiri þingmönnum Alþb. þar sem gert var ráð fyrir að þessar sérstöku skerðingar yrðu afnumdar.

Það sem liggur fyrir í dag er það að þær hafa verið afnumdar að fullu. Þau fyrirheit sem gefin voru eru að fullu komin í framkvæmd. Það birtist m.a. í því að orðið hafa verulegar breytingar á tímanum að því er varðar lán til einstakra hópa námsmanna og mun ég nú nefna um það dæmi.

Einstaklingur með eitt barn fær 66.966 kr. á mánuði. Það er hækkun um 13.436 kr. á mánuði og 120.925 kr. á námsári. Einstaklingur með tvö börn fær 80.360 kr. á mánuði. Það er hækkun um 20.143 kr. á mánuði og um 181.243 kr. á námsári. Hjón sem bæði eru í námi eiga rétt á að fá 107.146 kr. á mánuði. Það er hækkun um 17.929 kr. á mánuði og um 161.362 kr. á námsári. Hjón sem bæði eru í námi með eitt barn eiga rétt á að fá 133.933 kr. á mánuði. Það er hækkun um 26.872 kr. á mánuði og um 241.850 kr. á námsári. Hjón sem bæði eru í námi með tvö börn eiga rétt á að fá allt að 160.719 kr. á mánuði. Það er hækkun um 40.276 kr. á mánuði og um 362.486 kr. á ári. Ef ég tek hér einstætt foreldri með eitt barn á það rétt á að fá 80.360 kr. á mánuði. Það er hækkun um 17.908 kr. á mánuði og 161.169 kr. á námsári. Með öðrum orðum, þau fyrirheit sem gefin voru hafa að fullu verið efnd.

Í því áliti sem hv. þm. vitnaði til frá 5. febr. 1989, að mig minnir, er komið inn á fimm þætti:

Í fyrsta lagi að skerðingin verði unnin upp. Það hefur verið gert.

Í öðru lagi að tekjuviðmiðun verði á námsárinu 1989–1990 50% í stað 35% eins og hún var. Þannig var það á því námsári.

Í þriðja lagi að það verði undirbúin ný framfærslukönnun fyrir námsmenn á Íslandi og erlendis. Sú könnun er í undirbúningi í góðri samvinnu við námsmenn innan stjórnar LÍN.

Í fjórða lagi var gert ráð fyrir sérstakri athugun á stöðu og rétti fyrsta árs nema. Sú athugun hefur farið fram og er reyndar í gangi enn í sérstakri nefnd sem vinnur að þessum málum undir forustu Björns Rúnars Guðmundssonar hagfræðings.

Í fimmta lagi var gert ráð fyrir því í samkomulaginu að skipa sérstakar nefndir til að gera tillögur um lausn á fjármögnunarvanda Lánasjóðsins til frambúðar, um nýjan sjóð eða deild í Lánasjóðnum til að annast styrki, einkum til náms á síðari stigum háskólanáms, og að hve miklu leyti sé rétt að styðja óvenju kostnaðarsamt háskólanám erlendis á fyrsta námsstigi þegar slíkt nám er unnt að stunda á Íslandi.

Í öllum þessum tillögum hefur verið unnið. Við öll þessi fyrirheit hefur verið staðið.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það hefur verið úrskurðað áður hér á þinginu að Alþingi hafi ekki neinar leiðir til að bregðast við eða forsetar þingsins þegar ráðherrar gera annað hvort að svara ekki því sem um er spurt eða svara út í hött því sem um er spurt og verður við svo búið að standa að því leyti. En það er í grundvallaratriðum rangt hjá hæstv. menntmrh. að hann hafi staðið við þau fyrirheit sem hann gaf námsmönnum, eins og glöggt kemur fram í því að úthlutunarreglum Lánasjóðsins hefur verið breytt í andstöðu við námsmenn, og það hefur valdið því að á þessu ári eiga að sparast 186 millj. kr. og 245 millj. kr. á því næsta sem auðvitað þýðir það að um skerðingu hefur orðið að ræða.

Ég vil benda á að tekjutillit hefur verið hækkað í 75% sem þýðir það að þeir námsmenn sem leggja mikla vinnu á sig yfir sumartímann verða fyrir verulegri skerðingu gagnstætt því sem námsmenn ætluðust til og um var samið. Þeir höfðu áður tekið á sig að tekjutillitið yrði 50% í stað 35% áður þannig að enn var aukið á og nú í andstöðu við námsmenn.

Í öðru lagi hafa meðallán vegna bóka- og efniskaupa verið lækkuð um 36%. Aukið tillit er tekið til tekna maka til lækkunar á námslánum og lán til einstaklinga sem ekki búa í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði er lækkað um tæp 10 þús. á mánuði. Það er því auðvitað augljóst að hæstv. menntmrh. hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf og hann gaf námsmönnum eins og líka hefur komið fram í mjög öflugum mótmælum námsmanna, sanngjörnum og efnislegum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Málflutningur hv. 2. þm. Norðurl. e. í þessu efni er, með leyfi forseta, hræsni. Sjálfstfl. hefur engar tillögur flutt á Alþingi um að styrkja Lánasjóð ísl. námsmanna, engar, engar.

Hverjir fluttu tillögu um að auka við fjármuni Lánasjóðs ísl. námsmanna á yfirstandandi þingi um 400–500 millj.? Hverjir voru það? Var það Sjálfstfl.? Var það hv. 2. þm. Norðurl. e.? Hv. 2. þm. Reykv.? Hverjir gerðu það? Hverjir gerðu það? Hver skyldi hafa flutt tillögu um að styrkja Lánasjóð ísl. námsmanna á sl. hausti um 400 millj., þannig að nú á þessu ári er Lánasjóður ísl. námsmanna með hærra hlutfall af ríkisútgjöldum en hann hefur nokkurn tímann verið? Hver ætli hafi flutt tillöguna? Ríkisstjórnin, fjmrh. Ríkisstjórnin flutti þá tillögu. Á bak við skvaldrið hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. er því ekki neitt, bókstaflega ekki neitt. Innantóm froða og ekkert annað. Fullkomið alvöruleysi. Honum auðvitað gremst, sem vonlegt er, að núv. menntmrh. hefur staðið við þau pólitísku fyrirheit sem gefin hafa verið um að afnema skerðingarákvæði Sverris Hermannssonar og Ragnhildar Helgadóttur að því er lánin varðar á sínum tíma. Það fer í taugarnar á þeim, svo að ég noti nú venjulegt götuorðalag, það er bersýnilegt, og þess vegna stekkur hann upp hér með þessum hætti. En ég endurtek enn, með leyfi hæstv. forseta: Málflutningur hv. 2. þm. Norðurl. e. í þessu efni er hræsni.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. verður auðvitað að sætta sig við að hann er hér á Alþingi krafinn sagna um það hvernig hann stóð við loforð sem hann gaf námsmönnum fyrir síðustu kosningar. Það er alveg ljóst að hann hefur ekki staðið við þau loforð og þær tölur sem hann las hér upp áðan voru falsaðar vegna þess að hæstv. ráðherra tók í þeim tölum ekki tillit til þeirra skerðinga sem hann hefur gert á ýmsum öðrum þáttum sem snerta lán til námsmanna. Hvernig reiknar hann t.d. skerðingu á bókakaupum? Hvernig reiknar hann skerðingu á tekjutilliti maka inn í þessar tölur sínar? Hæstv. ráðherra getur ekki lagt fram falsaðar tölur að þessu leyti. Það kemur glöggt í ljós að þessar aðgerðir hæstv. ráðherra nú gefa í tekjur, frá námsmönnum, 240 millj. á þessu ári og á næsta ári 245 millj. þannig að með því að hækka framfærslugrunninn, eins og hann segist hafa gert og þar með staðið við loforð til námsmanna, tekur hann frá námsmönnum stórkostlegar upphæðir í öðrum liðum þannig að það er hreint fals þegar hæstv. ráðherra kemur hér og segist hafa staðið við loforð námsmanna. Ég skora á hann að fara upp í Háskóla og segja námsmönnunum þar frá því. Þeir eru ekki á sama máli og hæstv. ráðherra.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það liggur alveg fyrir hver þau fyrirheit voru sem núv. menntmrh. gaf sem stjórnarandstæðingur í þessu efni. Það liggur fyrir í till. til þál. um að fela menntmrh. að afnema reglugerð um skerðingar námslána sem ákveðnar voru á sínum tíma. Sú reglugerð hefur núna verið afnumin. Síðasta skrefið í þá átt var ákveðið með reglugerð sem ég gaf út 9. apríl sl. Þessi tími er sem betur fer úr sögunni. Hv. þm. Sjálfstfl. sem hér tala eru auðvitað að reyna að klóra yfir gerðir forvera minna í þessu efni en það mistekst gjörsamlega og ég undrast það að þeir skuli gagnrýna þá skynsamlegu ráðstöfun að reyna að halda þannig á fjármálum Lánasjóðs ísl. námsmanna að þar séu hlutirnir traustir og öruggir á þessu ári, en hér er um að ræða sjóð sem er upp á um það bil 4000 millj. kr. og ég spyr: Eru þessir þingmenn að gera tillögu um aukið fé í Lánasjóðinn? Þeir eru ekki að því. Þeir eru að reyna að klóra yfir þá hluti sem forverar mínir báru ábyrgð á í menntmrn. en það er dæmt til að mistakast. Það sjá námsmenn á sínum réttindum í dag.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. talaði með þeim hætti að við höfum farið hér með ósannindi. Sannleikurinn er sá að hann var spurður að því hvert hefði verið efni samkomulags frá því í febrúar 1989 sem hann gerði við námsmenn og hverjar efndirnar hefðu orðið. Í athugasemdum sínum hér síðast minntist hann ekki einu einasta orði á þetta samkomulag og staðfesti með því það sem við vissum fyrir að hann hefur ekki staðið við samkomulagið við námsmenn.

Störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar hf., ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 499. mál. — Þskj. 875.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á árinu 1987 voru samþykkt lög um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Sú lagasetning markaði viss tímamót og gerði almenningi kleift að leita til hlutlauss aðila vegna mála sem til meðferðar eru eða hafa verið hjá stjórnsýslunni. Nú bregður svo við að umboðsmaður hefur tekið fyrir mál aðila sem hafa orðið illa úti vegna gjaldþrots fyrirtækisins Ávöxtunar og lætur fara fram sjálfstæða og óháða rannsókn á meðferð þess máls hjá bankaeftirliti Seðlabankans. Kemst hann að þeirri niðurstöðu í langri og rökstuddri skýrslu að bankaeftirlitið hafi í verulegum atriðum vanrækt eftirlitshlutverk sitt. Stjórn Seðlabankans boðar til fundar af þessu tilefni og ályktar á þann veg að niðurstaða umboðsmanns sé að engu hafandi og á misskilningi byggð.

Á okkur þingmönnum hlýtur sú skylda að hvíla að taka þetta mál hér upp og krefja viðskrh. svara. Til hvers er að setja á stofn embætti umboðsmanns ef skýrslur hans og álit eru afgreidd með þessum hætti? Í mínum huga er afstaða stjórnar Seðlabankans ekki aðeins lítilsvirðing við umboðsmann heldur Alþingi sem hann heyrir undir.

Í þeirri fsp. sem ég legg fyrir viðskrh. á þskj. 875 er hæstv. viðskrh. einnig spurður um efnisatriði þessa leiðindamáls og hvort Seðlabankinn ætli að leita eftir

samningum við þann stóra hóp sem tapaði háum fjárhæðum í gjaldþroti Ávöxtunar. Spurningarnar sem ég legg fyrir viðskrh. eru þannig, með leyfi forseta:

„1. Er viðskrh. samþykkur áliti bankaráðs Seðlabankans að vísa eigi á bug niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar sf.?

2. Má búast við því að ráðherra láti fara fram sjálfstæða athugun á störfum bankaeftirlitsins í áðurgreindu máli? Mun viðskrh. á einhvern hátt beita sér fyrir því að Seðlabankinn reyni að semja við það fólk sem sannanlega hefur orðið fyrir stórfelldu tjóni sem a.m.k. að einhverju leyti má rekja til vanrækslu bankaeftirlitsins að dómi umboðsmanns?

3. Telur ráðherra að núverandi lög um verðbréfaviðskipti leggi fébótaábyrgð á Seðlabankann ef vítaverð vanræksla á sér stað af hálfu bankans við eftirlit með verðbréfasjóði sem verður gjaldþrota?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Reykv., spyr í fyrsta lagi hvort ég sé samþykkur áliti bankaráðs Seðlabankans um að vísa eigi á bug niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar sf.

Ég er nú ekki viss um að ég vilji taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að Seðlabankinn hafi vísað á bug niðurstöðu umboðsmanns. Eins og fram kemur í fyrirspurninni eru bankaráðið og bankastjórn Seðlabankans í veigamiklum atriðum ósammála þeim niðurstöðum sem fram koma í áliti umboðsmanns, bæði að því er varðar mat hans á hlutverki bankaeftirlitsins við þær aðstæður sem fyrir hendi voru og einnig mat hans á einstökum atriðum í þeirri atburðarás sem um er fjallað.

Fyrir þessari afstöðu hafa forsvarsmenn Seðlabankans fært þau rök að lengst af þess tíma sem Ávöxtun sf. starfaði giltu ekki nein lög um fjármálastarfsemi af þessu tagi og bankaeftirlitið hafði því ekki heimildir eða skyldur til þess að hafa afskipti af rekstrinum.

Bankaeftirlitið taldi þó í febrúar 1986 að Ávöxtun sf. hefði brotið lög um innlánsstofnanir og kærði þá forsvarsmenn fyrirtækisins til ríkissaksóknara. Að lokinni rannsókn þess máls var það látið niður falla af hálfu ákæruvaldsins.

Hinn 1. júní 1986 tóku hins vegar gildi lög um verðbréfamiðlun. Þá fyrst fékk bankaeftirlitið heimildir til þess að fylgjast með rekstri verðbréfamiðlara og vegna þess að annar eigenda Ávöxtunar fékk slíkt leyfi gafst bankaeftirlitinu tækifæri til þess að hafa nokkur afskipti af rekstri fyrirtækisins. Þessi lög giltu síðan þann tíma sem Ávöxtun sf. starfaði. Lögin voru hins vegar mjög ófullkomin hvað snerti eftirlit með starfsemi verðbréfasjóða eins og reyndar kemur fram í áliti umboðsmanns Alþingis.

Þessi staðreynd varð mér ljós og þegar ég tók við starfi viðskrh. lét ég þá þegar hefja starf við að semja frv. til nýrra laga um þetta efni. Ég tek undir þá skoðun bankaráðsins og bankastjórnar Seðlabankans að bankaeftirlitið hafi starfað eins og hægt var að ætlast til við gildandi lagaramma á starfstíma Ávöxtunar sf.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hvort við því megi búast að ráðherra láti fara fram sjálfstæða athugun á störfum bankaeftirlitsins í þessu máli. Svarið er nei. Eins og fram kom í samþykkt bankaráðs og bankastjórnar Seðlabankans hefur þetta mál verið athugað og ég tel þá athugun fullnægjandi að svo stöddu.

Þá er einnig spurt hvort viðskrh. muni á einhvern hátt beita sér fyrir því að Seðlabankinn reyni að semja við það fólk sem sannanlega hafi orðið fyrir stórfelldu tjóni sem a.m.k. að einhverju leyti megi rekja til vanrækslu bankaeftirlitsins að dómi umboðsmanns. Svarið við þessari spurningu er líka neikvætt. Þeir sem urðu fyrir tjóni við gjaldþrot Ávöxtunar undirbúa nú málshöfðun á hendur Seðlabanka og ríkissjóði fyrir dómstólum. Það er rétt að slíkt dómsmál hafi sinn gang. Ég tel engar þær ástæður vera fyrir hendi sem orðið geti til þess að Seðlabankanum beri að leita eftir samningum við tjónþola í máli Ávöxtunar sf.

Eins og þegar er komið fram í mínu máli tel ég að eftirlitið hafi verið í því horfi sem lög gerðu ráð fyrir. Hitt er annað mál hvort í ljós kemur við uppgjör á þrotabúi Ávöxtunar að kröfuhafar geti fengið hluta af kröfum sínum greiddan.

Í þriðja lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hvort ég telji að núgildandi lög um verðbréfaviðskipti leggi fébótaábyrgð á Seðlabankann ef vítaverð vanræksla hefur átt sér stað af hálfu bankans við eftirlit með verðbréfasjóði sem verður gjaldþrota. Í núgildandi lögum er ekki að finna nein ákvæði sem leggja slíka fébótaábyrgð á Seðlabanka Íslands og hv. fyrirspyrjanda er líka án alls efa af sinni lögfræðikunnáttu kunnugt um niðurstöður þeirra dóma sem fallið hafa í málum þar sem opinberum aðilum hefur verið stefnt vegna vanræktrar eftirlitsskyldu.

Í þessari fyrirspurn er einnig vikið að gjaldþroti verðbréfasjóða sem telja verður annað og aðskilið mál. Í því sambandi má nefna að með ítarlegri löggjöf um starfsemi slíkra sjóða eins og nú gildir í landinu er unnt að minnka verulega líkur á að slíkir sjóðir verði gjaldþrota. Það er mikilvægt að taka það fram að starfsemi verðbréfasjóða lýtur alls ekki sömu lögmálum og gilda um hefðbundna starfsemi innlánsstofnana. Hjá innlánsstofnunum er öryggi innstæðueigenda í fyrirrúmi en hjá verðbréfasjóðunum er yfirleitt reynt að ná betri ávöxtun fjár um leið og nokkur áhætta er óhjákvæmilega tekin. Því miður verða seint eða aldrei í lög leidd ákvæði sem koma í veg fyrir gjaldþrot eða veita fullkomnar bætur til lánardrottna í slíkum tilfellum en gildandi löggjöf, hin nýja löggjöf, gegnir því hlutverki fyrst og fremst að koma í veg fyrir óheiðarlega meðferð fjár með eftirliti og ákveðnum verklagsreglum.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans við fyrirspurninni sem ég lagði hér fram. Ég átti von á að heyra annað en fram kom í máli hans. Ég átti von á að hann tæki undir að einhverju leyti þá vel unnu skýrslu sem fram kom frá umboðsmanni Alþingis þar sem hann fer mjög hörðum orðum um bankaeftirlitið og störf þess í þessu máli.

Hitt er svo allt annað mál hvort vanrækslu sú sem bankaeftirlitið sýndi af sér hafi skapað einhverja fébótaábyrgð. Ég ætla ekki að fara út í þá hluti að þessu sinni en þar sem viðskrh. vísaði til minnar lögfræðikunnáttu vil ég nú segja að það gegnir allt öðru máli þegar um það er að ræða að viðkomandi starfsemi, eins og verðbréfasjóðir, hefur fengið leyfi og fullgildingu til reksturs svona starfsemi og ströng fyrirmæli eru um eftirlit af hálfu aðila sem á að vera óháður, bankaeftirlitsins, en um eðlilega eftirlitsstarfsemi af hálfu ríkisins, eins og bifreiðaskoðun.

Ég vil einnig skora á viðskrh. að taka nú þetta mál til athugunar, þrátt fyrir það sem hann lýsti yfir hér, og láta fara fram einhverja athugun á málinu sem slíku og hegðun bankaeftirlitsins í því þar sem greinilegt er að mikið ber á milli frá skýrslu bankaeftirlitsins og svo umboðsmanns.

Eins og ég rakti hér í upphafi þegar ég bar fram fyrirspurnina er tilefni hennar það að umboðsmaður Alþingis tekur þetta mál upp og fer ofan í starfsemi stjórnsýslunnar. Aðalatriði málsins er að síðan getur ráð eða stjórn Seðlabankans komið og sagt: Störf umboðsmannsins eru að engu hafandi. Það er aðalatriði málsins, að við þingmenn tökum undir það starf sem fer fram hjá umboðsmanninum og reynum að standa að baki honum og framfylgja þeirri vinnu sem þar er unnin.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. um afstöðu framkvæmdarvalds og stjórnvalda til umboðsmanns Alþingis vil ég láta það koma alveg skýrt fram að hin ítarlega skýrsla umboðsmanns um þetta mál gefur tilefni til þess að huga að starfshættum bankaeftirlitsins gagnvart verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum á grundvelli gildandi laga. Þannig er skýrsla umboðsmanns gagnlegt innlegg í athugun á og umræður um framkvæmd þessara vandasömu verkefna. Þannig gegnir umboðsmaður sínu hlutverki. En umboðsmaðurinn er ekki dómari þótt ábendingar hans um framkvæmd stjórnsýslunnar geti verið mjög mikilvægar.

Þessi sjónarmið hef ég látið koma fram áður. Þeim hef ég líka haldið fram við bankaeftirlitið og Seðlabanka Íslands og mun gera. En að öðru leyti hef ég þegar tjáð mig um hina lögfræðilegu hlið málsins og þar sem nú er í vændum, að því er virðist, málshöfðun af hálfu kröfuhafa í þrotabú Ávöxtunar sf. er ekki ástæða til þess fyrir mig að segja fleira um málið að sinni.

Samskiptamiðstöð, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 514. mál. — Þskj. 900.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég verð að hefja mál mitt á því að lýsa því yfir að ég á bágt með að sætta mig við þær skýringar sem hér voru gefnar áðan á breytingu á dagskrá. Það eru fleiri sem eiga annríkt þessa dagana en hv. 2. þm. Norðurl. e. en það er fyrsta skylda þingmanna að mæta á þingfundi. Á það hefur hæstv. forseti iðulega minnt þingmenn og því hart að þeim vegni best sem hæst láta.

Að svo mæltu sný ég mér að málefnum heyrnarlausra. Þar gagnar nú ekki hávaðinn.

Undirbúningur að svokallaðri samskiptamiðstöð sem ætlað var að sinna margvíslegum verkefnum sem lúta að málefnum heyrnarlausra hófst formlega fyrir um það bil 2½ ári. Heilbr.-, félm.- og menntmrn. höfðu samvinnu um þetta mál og drög að frv. til laga um samskiptamiðstöð voru að því er mér var tjáð til í nóvember sl. (**Gripið fram í:** Reglugerð.) Reglugerð? Síðan hefur lítið til þessa máls spurst. Brýna nauðsyn ber til að vinna að rannsóknum á íslensku táknmáli og vinna að þróun þess máls. Það er forsenda þess að hægt sé að mennta hér íslenska táknmálskennara og túlka. Hingað til hafa þeir sem lagt hafa stund á táknmál þurft að sækja þá menntun utan landsteinanna, og má að nokkru leyti líkja því við það ef tilvonandi íslenskukennarar þyrftu að læra til þess starfs t.d. á dönsku.

Ýmsum öðrum rannsóknum og verkefnum um málefni heyrnarlausra þarf einnig að sinna. Sem dæmi má nefna þróunarverkefni um tvítyngda námsskrá, námsgögn, ráðgjöf til heyrnarlausra, fjölskyldna þeirra, kennara og annarra sem málefni þeirra tengjast og margt fleira. Eðlilegt væri að þessi starfsemi, sem mundi líklega m.a. vera sinnt á áðurnefndri samskiptamiðstöð, væri í nánum tengslum við Heyrnleysingjaskólann en í tillögum sem hæstv. menntmrh. lagði fram 2. apríl sl. á fundi vinnuhóps sem fjallar um málefni Heyrnleysingjaskólans kom fram að ráðgert er að hætta rekstri skólans. Í frv. til laga um grunnskóla er í 81. gr. lagt til að lög um Heyrnleysingjaskólann falli úr gildi. Auk alls annars sem lokun Heyrnleysingjaskólans hefði í för með sér vaknar sú spurning hvaða áform séu uppi um framtíðarskipan þessara mála og því spyr ég hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað líður undirbúningi að samskiptamiðstöð sem sinna á málefnum heyrnarlausra?

2. Hver verða helstu verkefni væntanlegrar samskiptamiðstöðvar?

3. Hvar stendur til að hún verði til húsa?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á sl. ári setti ég niður þriggja manna nefnd til að gera tillögur um reglugerð um samskiptamiðstöð heyrnarlausra. Í nefndinni voru fulltrúar frá heilbrrn. og félmrn. auk menntmrn.

Þessi hópur skilaði mér drögum að reglugerð um starfsemina seint í október, og ég ákvað að þau yrðu send til umsagnar ýmissa aðila 18. okt. 1989 og setti frest til 20. nóv. 1989 til að fá umsagnir.

Drögin gerðu ráð fyrir að reglugerðin byggðist á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, og þar með heyrðu málin og samskiptamiðstöðin undir félmrn. og ég tek það fram af minni hálfu að ég hafði ekkert við það að athuga að samskiptamiðstöðin heyrði undir félmrn. Það skipti mig í raun og veru engu máli. Aðalatriðið í mínum huga var það að henni yrði komið á.

Nefndin skilaði svo endanlega, eftir að hafa farið yfir umsagnirnar, áliti 7. des. 1989 og hún skilaði einnig áætlun um kostnað. Það var talað um að kostnaður við þessa samskiptamiðstöð yrði verulegur. Mig minnir að það hafi verið á bilinu 20–25 millj. kr. sem hún kostaði á ári. Síðan gerist það að um eða rétt eftir áramótin bárust mótmæli frá samtökum heyrnarlausra um það að stofnuninni væri ætlað að heyra undir félmrn. þar sem hér væri ekki um að ræða fötlun eða ekki væri um að ræða hæfnisskerðingu sem rétt væri að flokka undir lögin um málefni fatlaðra. Í framhaldi af þessum mótmælum lét ég halda fundi með embættismönnum bæði félmrn., heilbrrn. og menntmrn. og niðurstaða úr viðræðum þessara aðila fékkst núna nýlega, sem sé sú að lagalega væri því ekkert til fyrirstöðu að stofnunin heyrði undir menntmrn. þó að reglugerðin byggðist á lögum um málefni fatlaðra sem heyra sem sagt undir félmrn.

Í fjárlögum ársins 1990 er ekki gert ráð fyrir samskiptamiðstöð heyrnarlausra eins og allir þekkja og þess vegna hefur verið gengið út frá því að það yrði beðið með formlega stofnun samskiptamiðstöðvarinnar þar til fjárlög fyrir árið 1991 hefðu verið afgreidd. Ég hef hins vegar fyrir mitt leyti ákveðið að á þessu ári verði tekin ákveðin skref í áttina og stofnaður vísir að þessari samskiptamiðstöð til undirbúnings formlegri stofnun hennar. Frá þessu skýrði ég á fjölmennum fundi sem haldinn var í gærkvöldi í Borgartúni 6 með fulltrúum frá Félagi heyrnarlausra, frá Foreldrafélagi heyrnarlausra og frá fulltrúum Heyrnleysingjaskólans. Þau verkefni sem verður þegar á þessu ári komið af stað, síðar á árinu, eru aðallega þrjú:

1. Áframhaldandi rannsókn á táknmálinu sem er gífurlega mikilvægt atriði að fram fari.

2. Undirbúningur túlkanáms á háskólastigi sem yrði þá hugsanlega við Kennaraháskóla Íslands. Það er að sjálfsögðu ekki frágengið mál.

3. Þarna yrði fjallað um kennslu táknmáls og sérstaklega fjallað um það hvernig hægt er að búa foreldra undir það að annast verulega heyrnarskert eða heyrnarlaus börn. Enn fremur er gert ráð fyrir því að þjálfa kennara til þess að annast kennslu verulega heyrnarskertra eða heyrnarlausra barna með táknmálsnámi en í vetur hefur verið nám í Kennaraháskóla Íslands í þessu skyni þar sem þrír kennarar hafa starfað við að kenna táknmál. Þetta er svarið við 1. lið fyrirspurnarinnar.

Í öðru lagi er spurt: „Hver verða helstu verkefni væntanlegrar samskiptamiðstöðvar?“ Og svarið er það að samkvæmt reglugerðardrögunum eru það fjögur aðalverkefni. Í fyrsta lagi fræðsla og rannsóknir, í öðru lagi kennsla táknmáls, í þriðja lagi táknmálstúlkun og í fjórða lagi önnur þjónusta, svo sem að beita sér fyrir því að gerð verði áætlun um það hvernig heyrnarlausum verði best séð fyrir samfélagslegri þjónustu, eins og það er orðað í reglugerðardrögunum.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvar stendur til að hún verði til húsa?“ Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvar samskiptamiðstöðin verður til húsa til frambúðar af því að fjármunir hafa ekki verið veittir til hennar, en það er ætlun okkar að sá vísir að samskiptamiðstöð sem ég var að tala um hér áðan verði til húsa í húsnæði Heyrnleysingjaskólans.

Við þetta er svo því að bæta að við munum núna á næstu dögum, næstu vikum skrifa niður í samvinnu við viðkomandi aðila verkefnaáætlun í þessu efni þar sem tekin verði ákvörðun um það hvaða skref verða stigin núna á næstu mánuðum og árum í þessu efni. Brýnasta verkefnið er að kanna með hvaða hætti stjórnvöld eiga að koma til móts við þá kröfu heyrnarlausra að táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál þeirra en um það mál verður væntanlega fjallað síðar í þessum fyrirspurnatíma.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör. Þau bera vissulega með sér að einhver hreyfing sé nú komin á málefni heyrnarlausra en mikið hefur skort á að verulega væri tekið á þeim málum og eitthvað hefur líklega valdið, að ekki hefur verið nægileg sátt um hvernig að málum skuli staðið. Mér virðist svör ráðherra bera það með sér að sættir séu fram undan ef ekki þegar í málinu.

Ég mun ekki fjölyrða um þetta varðandi þetta svar, virðulegi forseti, en býst við að koma hér í stólinn innan skamms með aðra spurningu sem leiðir okkur þá áfram í umræðunni.

Táknmál heyrnarlausra, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 515. mál. — Þskj. 901.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Staðreynd er að fáir eða engir hópar fólks búa við eins mikla félagslega einangrun og heyrnarlausir. Þessi staðreynd þarfnast vart útskýringa þegar þess er gætt að vandfundinn er sá heyrandi maður sem hefur ekki lent í því með einum eða öðrum hætti að skilja ekki það sem fram fer í kringum hann sökum tungumálaerfiðleika og þá fundið til einangrunar og vanmáttar. Sú er sífellt staða heyrnarlausra í okkar málsamfélagi. Við Íslendingar tölum tungumál sem heyrnarlausir skilja

ekki og læra ekki nema með mikilli fyrirhöfn, erfiði og hjálp og því eru þeir í vissum skilningi útlendingar í eigin landi. En þeir eiga sér eigið mál, íslenskt táknmál sem þeir nota til tjáningar og samskipta við aðra heyrnarlausa og þá heyrandi sem hafa lært táknmál.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra hér á landi, íslenska mál númer tvö. Þeir þurfa því að vera tvítyngdir til að þrífast vel. Rétt eins og góð íslenskukunnátta er líkleg til að auðvelda heyrandi að nema önnur tungumál er góð táknmálskunnátta heyrnarlausra algjör forsenda þess að þeir geti tileinkað sér íslensku, náð góðum árangri og orðið tvítyngdir og þar með átt möguleika á því að rjúfa félagslega einangrun sína og notfæra sér ýmislegt það sem þjóðfélagið býður að öllu jöfnu öðrum þegnum sínum upp á, m.a. almenna menntun á grunnskólastigi jafnt sem öðrum skólastigum. Foreldrar og fjölskyldur heyrnarlausra þurfa að eiga kost á táknmálskennslu til að geta umgengist, skilið og tjáð sig eðlilega við börn sín.

Táknmálsumhverfi er heyrnarlausum nauðsynlegt. Líkt og heyrandi maður verður feginn eftir langa útivist að tala sitt eigið tungumál er heyrnarlausum léttir í því að dvelja í táknmálsumhverfi, þ.e. umhverfi þar sem þeir nota sitt eigið mál, fyrsta mál, táknmál, sem er þeirra eðlilegasta og óheftasta tjáning einstaklingnum til styrktar og hvíldar. Forsenda þessa alls er að íslenskt táknmál hljóti opinbera viðurkenningu og að heyrnarlausir verði viðurkenndir sem málminnihlutahópur. Þá fyrst skapast aðstæður til raunverulegra og nauðsynlegra úrbóta fyrir heyrnarlausa og aðstandendur þeirra, kennara, túlka og aðra sem þessum málefnum sinna eða tengjast. Slíkt væri mjög í anda þess sem nú er almennt viðurkennt, sbr. niðurstöður þriðju Evrópuráðstefnu um táknmálsrannsóknir sem haldin var dagana 26.–29. júlí 1989 í Hamborg. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

„1. Eru uppi áform um að viðurkenna íslenskt táknmál sem sérstakt og sjálfstætt mál og þá jafnframt að viðurkenna heyrnarlausa sem málminnihlutahóp (sbr. ályktun Evrópuþingsins 17. júní 1988) og táknmál sem móðurmál (fyrsta mál) hans?

2. Ef svo er, hvaða ráðstafanir verða gerðar í framhaldi af því til að styrkja stöðu táknmáls í uppeldi og menntun heyrnarlausra?

3. Ef svo er ekki, með hvaða hætti telur ráðuneytið unnt að skapa heyrnarlausum börnum þroskavænlegt umhverfi og kennslu við hæfi?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfði mér að koma aðeins að þessu máli sem hér er hreyft í svari við síðustu fyrirspurninni og hef að nokkru leyti þegar komið inn á sumt af því sem þarna er spurt um.

Það er fyrst spurt hvort uppi séu áform um að viðurkenna íslenskt táknmál sem sérstakt sjálfstætt mál og þá jafnframt að viðurkenna heyrnarlausa sem málminnihlutahóp og táknmál sem móðurmál eða fyrsta mál hans. Þessu erindi hefur, eins og ég sagði áðan, verið beint til ráðuneytisins af þeim samtökum og stofnunum sem í hlut eiga og við höfum haft það til sérstakrar athugunar og erum núna að fara yfir það, og ætlum að gera það í samvinnu við þau samtök og stofnun sem ég nefndi áðan, hvaða þýðingu það hefði að viðurkenna táknmálið með þessum hætti og hvaða ákvarðanir þarf að taka til þess að um raunverulega viðurkenningu sé að ræða, ekki aðeins í orði heldur líka í verki. Mér sýnist að það sé í sjálfu sér ekki á færi menntmrn. eins að taka ákvörðun í þessu máli, þarna skiptir mjög miklu hver sé skoðun Alþingis og það sé í raun og veru óhjákvæmilegt að leggja það fyrir Alþingi, með einhverjum hætti, hvernig íslenskt táknmál yrði viðurkennt sem sérstakt sjálfstætt mál. Ég tel að þetta ætti að vera ákvörðun Alþingis og hef séð það þannig fyrir mér í framhaldi líka af því sem ég sagði hér áðan að þingmál um það efni verði undirbúið núna fyrir haustið í tengslum við undirbúning að stofnun samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra sem við ræddum hér undir síðasta lið.

Ég tel með öðrum orðum að þessu máli eigi að sýna fulla alvöru. Staðreyndin er auðvitað sú, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um áðan, að vandi ráðuneytisins hefur ekki síst stafað af því, satt best að segja, að talsverður ágreiningur hefur verið um þessi mál í þeim hópum sem við höfum reynt að hafa samráð við og það er dálítið erfitt að höggva á hnúta í málaflokki af þessu tagi ef fólk er ekki sæmilega sátt við forgangsröðina, þ.e. nákvæmlega á hvaða verkefni á að byrja. Ég get nefnt það sem dæmi að í sumar hafði ég fallist á að það yrði hafinn undirbúningur í þjálfun fyrir heyrnarlausa sem hygðust fara í framhaldsnám og við höfðum hugsað okkur að taka til þess tiltekna fjármuni í sumar og höfðum í raun og veru sett af stað vissan undirbúning í því efni. Þá kom það í ljós að þau samtök sem hlut eiga að máli voru óánægð með það að byrja á þessu verkefni og þess vegna varð niðurstaðan sú að fara frekar í málið eins og ég rakti hér áðan í svari við síðustu fyrirspurn.

Þá er spurt í öðru lagi: Ef svo er, ef ætlunin er sem sagt að viðurkenna íslenskt táknmál sem sérstakt og sjálfstætt mál, hvaða ráðstafanir verða gerðar í framhaldi af því til að styrkja stöðu táknmáls í uppeldi og menntun heyrnarlausra? Og svarið hef ég að nokkru leyti þegar gefið en vil bæta því við að við höfum gert sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með þróun þessara mála í grannlöndum okkar þar sem þau eru í mjög örri framþróun. Við erum svo heppin að hafa núna fulltrúa í verkefnisstjórn á vegum norrænu ráðherranefndarinnar þar sem m.a. er verið að samræma menntun táknmálstúlka á Norðurlöndum og síðan má auðvitað geta þess í þessu sambandi að við Kennaraháskóla Íslands er á þessu skólaári nám í táknmáli fyrir kennara í Heyrnleysingjaskólanum eins og ég gat um áðan. Það má líta á þetta sem lið í umfjöllun og athugun ráðuneytisins á notkun táknmálsins í framtíðinni en auk þeirrar viðurkenningar sem spurt er um og þeirrar verkefnaáætlunar sem þarf að gera þurfa að eiga sér stað rannsóknir á

íslenska táknmálinu sem ekki hafa til þessa farið fram.

Ég vænti þess að þetta sé nægilegt svar við fsp. hv. þm. að svo miklu leyti sem unnt er að gefa það á þessu stigi málsins. Kannski er rétt að bæta því svo við að allra síðustu að auðvitað eru aðrar áherslur í þessum málum núna en voru fyrir 4, 5 eða 6 árum eða svo og ráðuneytið verður auðvitað að laga sig að þeim veruleika og m.a. hlýtur ráðuneytið að leggja á það áherslu að ná samvinnu við þessa aðila sem mest. Í því sambandi má minna t.d. á hugmyndir um að koma grunnnámi heyrnarlausra fyrir í grunnskólum eða í sérdeildum við grunnskóla meðal heyrandi barna. Um það voru uppi hugmyndir samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra þar sem gert er ráð fyrir algerri blöndun. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, eftir að hafa farið mjög ítarlega yfir þessi mál, að það sé ekki rétt við þessar aðstæður að gera ráð fyrir að hefja grunnmenntun heyrnarlausra inni í hinu almenna skólakerfi meðal heyrandi barna, heldur sé óhjákvæmilegt að upphafið sé í heyrnleysingjaskóla en síðan sé hugsanlega þannig á hlutum haldið að reynt verði að hjálpa hinum heyrnarlausu eins og kostur er inn í hið almenna skólakerfi.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft athyglisverðu og afar mikilvægu máli og ég vil sérstaklega þakka fyrirspyrjanda fyrir að færa þetta mál hér inn í sali Alþingis til umræðu og jafnframt menntmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur veitt okkur. Ég hygg að það sé afar mikilvægt í þessu máli að huga að og reyna að nýta sér þá reynslu sem Svíar hafa þegar fengið á þessu sviði, en ef þær upplýsingar eru réttar sem ég hef fengið í hendur munu Svíar líklega hafa samþykkt heyrnarlausa sem málminnihlutahóp árið 1981. Þeir hafa þess vegna nokkra reynslu af framkvæmdinni og hvað til þarf að koma, og það hygg ég að sé nokkuð víðtækt, og ég tek reyndar mjög undir með menntmrh. að hér er ekki það sem skiptir máli að gera eitthvað í orði heldur þurfa auðvitað að fylgja á eftir aðgerðir á borði.

Það er sjálfsagt rétt að það er ekki bara málefni menntmrn. sem hér er um að ræða þó óneitanlega snerti málið það ráðuneyti mjög. Ég mundi vilja eggja þann ráðherra sem hér er að upplýsa okkur um stöðu málsins til að hafa frumkvæði að því innan ríkisstjórnarinnar að taka sérstaklega á þessu máli, kanna reynslu Svía og sjá með hverjum hætti best mætti nýta hana hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það hafa greinilega orðið mikil sinnaskipti í málefnum þessa hóps og er það gleðilegt þó nokkuð sé á reiki í svörum hæstv. ráðherra hvort komi á undan. Hann nefnir að rannsóknir á táknmáli verði að fara fram til þess að hægt sé að viðurkenna það. Ég spyr þá hæstv. ráðherra: Er líklegt að gerðar séu alvarlegar rannsóknir á máli sem ekki er viðurkennt? Þarna hlýtur að vera um það að ræða hvort sé fyrsta skrefið.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig að hann teldi ekki að grunnmenntun heyrnarlausra ætti að fara fram í almennum grunnskóla. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra: Stendur til að breyta ákvæðinu í því frv. til laga sem við ræddum á Alþingi um daginn, um að fella úr gildi lög um Heyrnleysingjaskólann?

Hér eru punktar sem menntmrn. lagði fram á fundi vinnuhóps sem fjallaði um málefni Heyrnleysingjaskólans 2. apríl sl. Þar er því lýst sem verkefnum á næstunni að skólinn flytji á næstu 3–5 árum úr húsnæðinu við Vesturhlíð og verði sérdeild í almennum grunnskóla og að lög um Heyrnleysingjaskólann verði numin úr gildi. Fleira ætla ég ekki að tiltaka í þessu en í áfangaskýrslu þessa sama vinnuhóps voru birtar þær niðurstöður að það sem þyrfti að gera væri m.a. að fara af stað með þróunarverkefni um tvítyngda námsskrá. Ég fer mjög hratt yfir sögu vegna tímaleysis. Þar segir í nánari útlistun: „Heyrnarlausir eru málminnihlutahópur með táknmál sem móðurmál. Vinnuhópurinn telur nauðsynlegt að auka virðingu fyrir táknmáli heyrnarlausra og þar með sögu þeirra og menningu með því að skólinn líti á táknmál sem fyrsta mál, íslensku sem annað mál og kenni samkvæmt því."

Í plaggi sem síðan var lagt fram sem umræðugrundvöllur milli heyrnarlausra og samtaka þeirra og menntmrn. voru tilgreind verkefni. Þar er enn hnykkt á um nauðsyn þess að viðurkenna táknmál sem sérstakt mál því það sé forsenda alls annars og allra annarra framfara. Því verð ég aðeins að leita eftir örlítið ákveðnari svörum. Telur ráðherra að fram muni fara nauðsynlegar rannsóknir á þróun þessa máls ef það er ekki viðurkennt? Hyggst hann breyta þeim tillögum sem fram voru lagðar í hans nafni fyrir nokkrum vikum síðan? Og hyggst hann breyta þessu atriði sem ég gat um áðan í grunnskólalögum?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er einhver misskilningur varðandi fyrsta atriðið sem hv. þm. nefndi. Auðvitað er það ekki þannig að fyrst eigi að rannsaka og svo eigi að viðurkenna. Málið verður rannsakað en þeirri rannsókn lýkur ekki, henni verður auðvitað haldið áfram. Það sem ég vildi segja var þetta: Rannsóknir eiga að fara fram, það er brýnt að þær fari fram. En það þarf jafnframt að fara rækilega yfir það hvernig unnt er að standa að viðurkenningu á táknmáli heyrnarlausra, bæði í orði og verki. Það var ekki sama rannsóknin sem ég var að tala þar um. Ég er ekki að nefna þetta til þess að drepa neinu á dreif heldur til þess að undirstrika hér tvö úrslitaatriði. Ég tel að viðurkenningarmálið varðandi íslenskt táknmál heyrnarlausra sé í raun og veru mál sem snýr ekki síst að stjórnvöldum meðan rannsóknir á táknmálinu sem slíku eru auðvitað verkefni sérfræðinga sem kunna sérstaklega með það að fara.

Varðandi annað atriðið sem hv. þm. bætti svo við varðandi Heyrnleysingjaskólann sem slíkan, þá bendi ég á að hugmyndir þær sem ráðuneytið lagði fram til umræðu voru ekki úrslitaákvörðun af hálfu ráðuneytisins, eins og menn sjá. Við hlustum á þær ábendingar

sem við fáum í þessu efni, m.a. varðandi stöðu þessa skóla. Stefnan var sú að helst ætti að vera alger blöndun í íslenska skólakerfinu, einnig að því er varðar heyrnarlausa. Þetta var stefna sem var viðurkennd af Alþingi, hefur verið framkvæmd m.a. af félmrn. og menntmrn. og var samþykkt með lögunum um málefni fatlaðra á sínum tíma.

Reynslan sýnir hins vegar, m.a. eftir nokkrar athuganir sem gerðar hafa verið í þeim efnum, einnig hér á landi, að það gengur ekki að hefja grunnmenntun heyrnarlausra barna meðal heyrandi barna. Það liggur fyrir. Þess vegna verður hér auðvitað starfandi heyrnleysingjaskóli með einhverjum hætti á komandi árum. Hvort hann verður hluti af samskiptamiðstöðinni og þá hvernig eða hvort hann verður nákvæmlega á sama stað og hann er núna er raunar aukaatriði í mínum huga. Aðalatriðið er að menn átti sig á því að grunnurinn, upphafið verður að vera með sérstökum hætti en getur ekki verið inni í skólum við hefðbundnar aðstæður.

Varðandi svo spurninguna um það hvort Heyrnleysingjaskólinn eða lögin um hann yrðu afnumin þá finnst mér það út af fyrir sig koma vel til greina að afnema þau lög en þá verða að koma önnur lagaákvæði í staðinn. Og miðað við þær umræður sem fram hafa farið um þetta mál og þessar umræður hér á hv. Alþingi, sem eru mér auðvitað mikil stoð í þessu efni, þá tel ég eðlilegt að lögin um Heyrnleysingjaskólann yrðu endurskoðuð eða sett yrðu inn í grunnskólalögin ákvæði um heyrnleysingjaskóla eða grunnmenntun heyrnarlausra. Það er mál sem við þurfum að hjálpast að við að taka afstöðu til. Ég teldi ekki rétt miðað við núverandi aðstæður að lögin um Heyrnleysingjaskólann yrðu strikuð út úr lagasafninu án annarra aðgerða jafnframt.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma í ljós í þessari umræðu, sem hefur nú nokkuð dreifst og farið inn á brautir Heyrnleysingjaskólans að ég hef miklar efasemdir um (Gripið fram í.) ja, þessi fyrirspurn fjallar um táknmálið. (**Menntmrh.:** Já.) En almenn málefni Heyrnleysingjaskólans hafa komið nokkuð inn í þessa umræðu.

Ég vil láta í ljós þá skoðun að ég hef miklar efasemdir um þær fyrirætlanir sem hafa verið uppi um að leggja niður Heyrnleysingjaskólann. Mér er auðvitað kunnugt um þá stefnu sem verið hefur uppi og speglast í lögum um málefni fatlaðra, að blöndunin eigi að vera sem allra mest og aðgreining fatlaðra og ófatlaðra sem allra minnst. Við verðum hins vegar að horfast í augu við vissar staðreyndir í lífinu og m.a. þær sem hæstv. ráðherra gat um, að það gengur væntanlega ekki upp að menntun grunnskólabarna, þ.e. heyrnarlausra grunnskólabarna, fari fram í almennum grunnskólum. Þess vegna fagna ég mjög yfirlýsingu hæstv. ráðherra um þær fyrirætlanir sem verið hafa uppi hingað til um að leggja niður Heyrnleysingjaskólann, að menn hafi a.m.k. staðnæmst og viljað skoða það mál allt upp á nýtt. Ég held að það sé mikil þörf á því að rasa ekki um ráð fram í þeim efnum.

Framhaldsmenntun heyrnarlausra, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 516. mál. — Þskj. 902.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Með lögum nr. 70/1978 var eftirfarandi staðfest:

„Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum."

Um nokkurra ára skeið var þessi framhaldsdeild rekin við Heyrnleysingjaskólann. En árið 1986 var rekstri hennar hætt og sá háttur tekinn upp í staðinn að nýta stöðugildi til að senda í staðinn túlka með nemendum í aðra skóla. Þótti þessi aðferð árangursríkari og betri. Nú hefur heimild til rekstrar þessarar framhaldsdeildar verið numin úr gildi og vandséð hvað tekur við.

Einangrun heyrnarlausra og aðstöðuleysi til að stunda nám hefur ekki hvað síst birst í því að afar fáir þeirra hafa lagt stund á framhaldsnám af nokkru tagi. Rekstur framhaldsdeildar bætti þó nokkuð úr, en ástand í menntunarmálum heyrnarlausra er þó enn nokkuð bágborið, eins og glögglega kemur í ljós í skýrslu nefndar félmrh. um málefni heyrnarlausra og niðurstöðum könnunar á félagslegri stöðu heyrnarlausra. Vil ég aðeins, með leyfi forseta, vitna í þá skýrslu þar sem spurt er um menntun. Nemendur eru spurðir hvort þeir vilji meiri menntun og yfirgnæfandi meiri hluti svarar því játandi. Þeir voru einnig spurðir hvort þeir hafi stundað nám eftir 18 ára aldur. 51% þeirra hafa ekki lokið námi og af þeim sem hafa lokið námi eru 16 sem hafa hlotið iðnmenntun og síðan koma margir sérskólar. Einn hefur lokið stúdentsprófi, einn prófi í listaháskóla, en yfirgnæfandi meiri hluti fer sem sagt í iðnskóla. Ekki að það sé nokkuð rangt við það, en þessi einhæfni sýnir að aðstaða þeirra er ekki nægilega góð.

Það ástand sem hér er lýst er auðvitað ekki eðlilegt, en í fljótfærni mætti draga þá ályktun að heyrnarlausir ættu erfiðara með að læra en heyrandi. Sú er auðvitað ekki raunin heldur er þetta ein birtingarmynd þess að þeir eru vanbúnir til að nýta sér fjölbreytt námsframboð í landinu. Forsenda þess að úr rætist er að styrkja þeirra eigið mál, táknmálið, með öllum tiltækum aðferðum, gera heyrnarlausum kleift í framhaldi af því að afla sér traustari þekkingar á íslensku máli og síðast en ekki síst að gefa þeim kost á vel menntuðum táknmálstúlkum til að fylgja þeim í skóla og opna þeim þannig leið að námi. Í ljósi þess hvernig nú háttar til vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

„Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að gera heyrn-

arlausum kleift að stunda framhaldsnám eftir að framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans hefur verið lögð niður?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Framhaldsdeildin verður væntanlega starfsrækt í Heyrnleysingjaskólanum næsta vetur vegna þess að ekki hafa verið aðstæður til að undirbúa það að við værum með nægilega marga táknmálstúlka til þess að geta dreift fólki á fleiri skóla. Þess vegna gerum við ráð fyrir því að það verði þannig næsta vetur. Ég vænti þess að út af fyrir sig svari þetta fyrirspurninni, sem sagt að gert hefur verið ráð fyrir því að Heyrnleysingjaskólinn taki að sér þetta verkefni, a.m.k. næsta vetur.

Ég vil aðeins segja síðan út af þessu máli almennt. Ég tel að nálgast beri þessi mál með þeim hætti að heyrnarlausir fái grunnþjálfun með sérstökum hætti á vegum heyrnleysingjaskóla á hvaða aldri sem hinir heyrnarlausu eru, hvort sem það eru börn á forskólaaldri eða grunnskólaaldri eða framhaldsskólaaldri. En í þeirri þjálfun beri að undirbúa það að þau geti orðið hæf til þess að taka þátt í almennu skóla- og atvinnulífi eftir því sem ýtrast er kostur. Þess vegna má ekki standa að ákvörðunum eða framkvæmdum í þessum málaflokki með reglustikuaðferðum. Það verður í raun og veru að búa til námsskrá fyrir hvern einstakling. Þetta gerum við reyndar þegar í mörgum skólum. Við búum til námsskrár fyrir skóla og við búum til námsskrár fyrir einstaka nemendur. En það á sérstaklega við í þessu efni að þar verður að búa til námsskrá fyrir viðkomandi einstakling að því er varðar grunnmenntun hans og síðar þjálfun eftir að hann kemur út í skóla og/eða atvinnulíf að einhverju leyti.

Í þessum efnum er fjarska margt vanbúið hjá okkur, og sérstaklega er skortur á táknmálstúlkum og kennurum sem kunna táknmál. Það er skortur á rannsóknum á táknmálinu og fleira og fleira mætti nefna í þeim efnum. En ég held að grundvallaratriðið sé það að menn reyni ekki í þessum málaflokki frekar en öðrum að framkvæma kenningar — mér liggur við að segja kenninganna vegna, heldur skoði menn vandlega hug sinn í hverju tilviki.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að það beri að ganga eins langt og mögulegt er varðandi blöndun í íslenska skólakerfið. En þeir sem eru þeirrar skoðunar eiga auðvitað um leið að segja, og það segi ég hér, það á ekki að framkvæma þetta af stífni, heldur á að skoða þetta varðandi hvern hóp fyrir sig af því að þessi aðferð, sem er út af fyrir sig bara vinnuaðferð, er ekki tæmandi eða rétt í öllum tilvikum. Ráðuneytið má ekki standa þannig að málum að í raun og veru séu mál framkvæmd af stífni. Það á að gera það af sveigjanleika af því að okkar hlutverk í menntmrn. í þessu efni er ekkert annað en það að reyna að tryggja að heyrnarlausir fái eins góða menntun og kostur er. Auðvitað þurfum við stuðning annarra ráðuneyta varðandi þessi mál almennt, en okkar hlutverk er ekkert annað en þetta, að reyna að stuðla að því að menntun heyrnarlausra sé eins góð og kostur er, hvort sem um er að ræða forskóla, grunnskóla, framhaldsskóla eða háskólastig.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Þær þrjár fyrirspurnir sem hv. 18. þm. Reykv. hefur lagt hér fram í keðju hafa leitt til nokkuð almennrar umræðu um málefni heyrnarlausra hér á þinginu og það er vel. Ég vil að hér komi fram sú skoðun mín að ég tel eðlilegt að heyrnarlausir njóti framhaldsmenntunar í hinu almenna framhaldsskólakerfi. En þá þarf að sjálfsögðu að búa þeim til þess aðstöðu, m.a. með því að nægilegur fjöldi túlka sem hlotið hafi viðhlítandi menntun sé til staðar. Ég hygg að það sé alveg ljóst að heyrnarlausir sem hyggja á framhaldsnám finna hjá sér nokkurt öryggisleysi vegna þess hversu túlkar eru fáir og þeir óttast þessa framkvæmd ef ekki er vel á haldið. Ég heyri það á máli menntmrh. að hann gerir sér grein fyrir þessari hættu og lýsir því hér yfir að framhaldsdeildin verði starfrækt í Heyrnleysingjaskólanum í a.m.k. eitt ár. Það kann vel að vera að það verði að vera lengur ef vel á að vera að þessu máli staðið.

Tími minn er á þrotum. Ég vil hins vegar ljúka þessum fáu orðum með því að ég held einnig að grunnnám heyrnleysingja verði að fara fram með sérstökum hætti. Það þarf að vera öflugt og gott og geta búið heyrnarlausa undir nám í hinum almennu framhaldsskólum. Ég er þess vegna mjög sáttur við það að mér heyrist menntmrh. hafa fallið frá þeirri skoðun, sem hann reyndar hefur sett fram í því frv. sem nú liggur fyrir þinginu um grunnskóla, þar sem upphaflega var gert ráð fyrir að lög nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla, væru felld úr gildi.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. sem tekið hafa til máls um þessi málefni. Það er ánægjulegt að þau skuli vera hér til umræðu og virðist vera nokkuð víðtæk samstaða um hvernig standa skuli að lausn þessara mála. Sérstaklega gleðilegt er að hæstv. ráðherra skuli hafa tekið sinnaskiptum vegna þess að þó að umræddir punktar sem ég las hér upp áðan hafi ekki verið endanlegar tillögur, þá voru þeir þó umræðupunktar sem lagðir voru fram. Það sérkennilega var hvað þeir gengu á svig við niðurstöður áfangaskýrslu sem vinnuhópur skilaði. En ekki ætla ég að deila um það.

Ótvírætt er þó ákvæði í frv. til laga um grunnskóla, en hæstv. ráðherra hefur líka lýst því yfir að frá því verði fallið. Það er engum til minnkunar að skipta um skoðun eftir að hafa kynnt sér mál rækilega og því held ég að við getum fagnað þeirri niðurstöðu sem hér hefur fengist í dag. Ég er alveg hjartanlega sammála því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að það er ekki til nein ein heildarlausn í málefnum heyrnarlausra og menntun þeirra fremur en í málefnum annarra nemenda. Þar þarf alltaf að vera sveigjanleiki og mismunandi möguleikar fyrir hendi, en viðurkenna verður þó myndarlega þá sérstöðu sem heyrnarlausir búa við.

Mig langar, þar sem ég sé að hæstv. ráðherra kveður sér hljóðs, að spyrja hann enn einu sinni og nú alveg beint: Ætlar hæstv. ráðherra sjálfur að standa að frv. eða tillögu um að íslenskt táknmál verði viðurkennt sem sérstakt, sjálfstætt mál og viðurkenna heyrnarlausa sem málminnihlutahóp?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég treysti mér því miður ekki til að svara þessari spurningu með jái. Ég vil athuga þessi mál. Ég vil athuga hvaða afleiðingar ákvarðanir af þessu tagi hefðu og hvaða skyldur. Ég vil ekki vera að gefa hér yfirlýsingar sem menntmrh. án þess að ég hafi gert mér grein fyrir því í einstökum atriðum hvaða afleiðingar svona ákvarðanir hefðu. Ég tel reyndar líka að þetta sé ekki aðeins mál menntmrh. heldur hygg ég að þetta sé mál sem Alþingi verður að fjalla um. Ég sagði fyrr í dag að ég teldi eðlilegt að tillögur um þetta efni kæmu fyrir Alþingi í haust og svara þá spurningunni svona: Það verða undirbúnar tillögur um málið sem verða lagðar fyrir Alþingi í haust.

Það hefur ekki verið ætlun menntmrn., eins og skilja mátti af orðum hv. 18. þm. Reykv., að leggja Heyrnleysingjaskólann niður án þess að neitt annað kæmi í staðinn. Það hefur aldrei verið ætlun menntmrn. Það hefur aldrei verið ætlun mín að henda því fólki út sem er í Heyrnleysingjaskólanum, eins og skilja mátti af býsna ósanngjörnum og óheiðarlegum málflutningi í fréttabréfi sem birtist hér fyrir nokkru á vegum forstöðumanna Heyrnleysingjaskólans. Það hefur ekki verið ætlun ráðuneytisins, eins og menn hljóta að skilja. Ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur þingmaður ætli ráðuneytinu eða ráðherranum þá afstöðu að ætla sér að loka þessum skóla með slagbröndum án þess að gera eitthvað annað í staðinn.

Umræðan hefur hins vegar snúist um það, og um það hefur ekki verið nein samstaða í raun og veru, með hvaða hætti sé almennt best að standa að grunn- og framhaldsmenntun heyrnarlausra hér á landi. Það kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. að hann teldi eðlilegt að framhaldsmenntun heyrnarlausra væri í öllum tilvikum í framhaldsskólum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að hún verði í öllum tilvikum í framhaldsskólum. Ég tel að bæði grunnmenntun og framhaldsmenntun heyrnarlausra geti bæði verið í heyrnleysingjaskóla og í almennum skólum, allt eftir því hvernig viðkomandi einstaklingur er á sig kominn.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þessi mál. Ég vil sérstaklega þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hafa vakið máls á þessu hér í þremur fyrirspurnum og sömuleiðis fyrir það að hafa einnig tekið þessi mál upp á síðasta þingi og kannski þar áður. Það er mjög mikilvægt að fá aðstöðu til að ræða mál af þessu tagi hér á hv. Alþingi. Og fyrir það á hv. þm. þakkir skildar. Ég vil svo bæta því við að ég vona að þegar fjárlagatillögur fyrir árið 1991 verða lagðar fyrir Alþingi þá verði jafngóður og víðtækur stuðningur og skilningur á þessu máli eins og komið hefur fram í þessum sal í dag.

Skil á staðgreiddu útsvarsfé til sveitarfélaga, ein umr.

Fsp. MF, 529. mál. — Þskj. 926.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 926 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um skil á staðgreiddu útsvarsfé til sveitarfélaganna. Fyrir örfáum vikum síðan fengu forsvarsmenn flestra sveitarfélaga í landinu skeyti þar sem þeim var tilkynnt að vegna mistaka hefðu þeir fengið of háar upphæðir greiddar þegar þeim voru gerð skil á staðgeiddu útsvari á síðasta ári. Mistök þessi virðast hins vegar ekki hafa komið í ljós fyrr en nú á síðustu vikum. Í það minnsta var þeirri vitneskju ekki komið til sveitarfélaganna fyrr en í marsmánuði sl. Þó er hér ekki um nein smámistök að ræða, ekki neinar óverulegar upphæðir því hjá sumum sveitarfélögum nemur þessi ofgreiðsla staðgeiddra útsvara tugum milljóna króna, sem þeim er nú gert að greiða til baka. Hefur það í för með sér verulega röskun á fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga.

Reyndar er ekki bara um að ræða að þetta raski áætlunum sveitarfélaga sem nemur þeirri upphæð sem greiða á til baka heldur líka það að í mörgum sveitarfélögum hafði þegar verið gengið frá fjárhagsáætlun fyrir þetta ár, áætlun sem byggð er m.a. á uppgjöri sl. árs og þá á þeim útsvarsgreiðslum sem borist höfðu.

Það er auðvitað eðlilegt að sveitarfélögin þurfi að greiða til baka, í það minnsta hluta þessara greiðslna sem þau höfðu fengið án þess að eiga rétt á. En eiga sveitarfélögin ein að gjalda fyrir mistök em þau eiga engan þátt í að áttu sér stað? Reyndar væri forvitnilegt að vita hver ber í raun ábyrgð á þessum mistökum og hvernig verður tekið á því máli af hálfu hæstv. ráðherra. Að þessu sögðu spyr ég hæstv. fjmrh.:

„1. Hversu háum fjárhæðum nemur ofgreiðsla ríkissjóðs á staðgreiddu útsvari til sveitarfélaga sem kom í ljós nú nýverið?

2. Hvernig áttu þessi mistök sér stað og hver ber ábyrgð á þeim?

3. Verður sveitarfélögunum gefinn kostur á að endurgreiða hið ofgreidda staðgreiðslufé með jöfnum greiðslum út árið?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Sveitarfélögum var ofgreitt vegna skila á staðgreiðslu ársins 1989 og nemur sú upphæð rúmlega 342 millj. kr. Með sama hætti var vangreitt til annarra sveitarfélaga 142 millj. kr. þannig að ofgreiðslan nettó út úr ríkissjóðnum nam tæpum 200 millj. eða 198 millj. kr.

Þegar er búið að endurgreiða að fullu þeim sveitarfélögum sem fengu vangreitt. Ríkissjóður hefur þannig gert upp þessar vangreiðslur gagnvart þeim sveitarfélögum.

Varðandi þau sveitarfélög sem fengu ofgreitt hefur verið ákveðið að semja við Samband ísl. sveitarfélaga um það hvernig staðið verður að endurgreiðslu vegna þessara mistaka sem urðu hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þessi mistök, sem alltaf geta gerst í stórum skýrslugerðarfyrirtækjum, áttu sér stað þannig að upplýsingar sem lesast áttu inn í bókhaldsskilakerfið komust ekki inn í kerfið hjá Skýrsluvélum þannig að forsendur við skiptinguna í hinum vélræna útreikningi á innheimtu staðgreiðslufjár voru rangar. Í yfirlýsingu sem forstjóri Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar gaf um þetta mál segir orðrétt:

„Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar sjá um tölvurekstur staðgreiðslukerfisins. Einn verkefnaþáttur tölvuvinnslunnar er að reikna út hversu stórum hluta innheimtrar staðgreiðslu skuli skilað til einstakra sveitarfélaga í landinu. Á árinu 1989 urðu mistök í vinnslu hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar sem leiddu til þess að forsendur á skiptingu staðgreiðslu til sveitarfélaga urðu rangar í hinum vélræna útreikningi. Í októbermánuði 1989 vakti embætti ríkisskattstjóra athygli Skýrsluvéla ríkisins á þessum mistökum eftir að gjaldendur höfðu fengið sent yfirlit um þá staðgreiðslu sem færð var í vinnslukerfi staðgreiðslu. Í framhaldi af því var unnið að leiðréttingu er varðar úrvinnslu álagningarkerfisins en þær leiðréttingar komust ekki til skila í uppgjörskerfi við sveitarfélög fyrr en í marsmánuði á þessu ári."

Eins og ég gat um áðan hefur fjmrn. nú þegar greitt sveitarfélögunum það sem þeim bar vegna þessara mistaka. Hins vegar hefur verið ákveðið að gefa lengri tíma til þess að þau sveitarfélög sem fengu ofgreitt geti greitt það til baka. 24. apríl var haldinn fundur með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga til að ræða með hvaða hætti hægt verður að auðvelda þessum sveitarfélögum að greiða þessar tæpar 200 millj. kr. til baka. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að koma þessu fyrir á þann hátt að um jafnar greiðslur verði að ræða svo að þetta þurfi sem minnst að koma við fjárhag sveitarfélaganna á þessu ári. Það er þess vegna fullur vilji hjá fjmrn. að auðvelda sveitarfélögunum að laga sig að þessu vandamáli. Jafnframt hafa verið gerðar ráðstafanir hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar til að mistök af þessu tagi komi ekki aftur upp í tölvukerfinu.

Það er hins vegar fróðlegt fyrir okkur sem lifum á tímum þar sem við erum vön að taka allt gott og gilt sem út úr tölvunum kemur að átta okkur á því að enn geta mannleg mistök orðið við færslu upplýsinga frá einu kerfi yfir á annað svo að niðurstaðan í heild verður röng. Það er þó rétt að vekja athygli á því að þessi mistök nema aðeins örlitlu broti af þeim heildarupphæðum sem hér um ræðir.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin og vil aðeins ítreka það að þetta hefur nú þegar haft í för með sér verulega röskun á allri áætlunargerð hjá sveitarfélögunum. Ég veit til þess að á sama tíma og skeytið barst, þar sem mistökin voru tilkynnt, var þegar um að ræða að teknar væru upphæðir upp í þessa skuld sveitarfélaganna við ríkið af þeim greiðslum sem áttu að berast sveitarfélögunum í mars og apríl.

Það er vissulega þörf á því að gera þessa samninga við samtök sveitarfélaganna nú þegar til þess að þau viti það nákvæmlega þegar þau taka í maí/júní, eftir sveitarstjórnarkosningar, fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna til umræðu aftur, nákvæmlega hvernig að þessu verði staðið. Og eins líka að eftirlit með þessum tölvufyrirtækjum verði hert, því þetta eru vissulega mannleg mistök þar sem tölvurnar eru mataðar en framkvæma ekki mistökin alfarið sjálfar.

Kjarnorkuvopnatilraunir á vegum Sovétríkjanna, ein umr.

Fsp. EG, 523. mál. — Þskj. 920.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 920 leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. varðandi tilraunir Sovétríkjanna með kjarnorkuvopn. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hefur ríkisstjórn Íslands mótmælt þeim ráðagerðum Sovétríkjanna að flytja tilraunir með kjarnorkuvopn frá Mið-Asíu til Novaja Zemlja í Norður-Íshafinu?"

Nú er það svo, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, að um þetta hafa stjórnvöld í Sovétríkjunum enn ekki tekið ákvörðun. Hins vegar er þetta mjög til umræðu og ég veit að víða á Norðurlöndunum stendur mönnum nokkur stuggur af þessum fyrirætlunum og er uggur í brjósti vegna þess umtals sem orðið hefur um að færa þessar tilraunir til eyjanna í Norður-Íshafinu. Að vísu er það svo að Sovétmenn gerðu engar kjarnorkuvopnatilraunir þar í fyrra en þeir gerðu það hins vegar á árinu 1988 svo að óyggjandi er talið. Það er brýnt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með þessum málum og láta heyra í okkur og því er þessi fyrirspurn fram borin.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt heimildum sem birtar hafa verið, annars vegar í Sovétríkjunum og hins vegar í umræðu í finnska þinginu, þá liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun af hálfu Sovétmanna um að flytja tilraunir með kjarnavopn frá Mið-Asíu til Novaja Zemlja. Málið er umdeilt innan Sovétríkjanna og er enn til umfjöllunar á vettvangi Æðstaráðsins.

Aðdragandi þessa máls er sá að sovéska fréttastofan Tass skýrði frá því 8. mars sl. að varnarmálanefnd og umhverfismálanefnd Æðstaráðsins hefðu daginn áður komið saman til sameiginlegs fundar til þess að ræða stöðvun allra tilrauna með kjarnavopn í Semipalatinsk í Mið-Asíu. Á fundinum mun fulltrúi sovéska varnarmálaráðuneytisins hafa skýrt frá hugmyndum ráðuneytisins um að stöðva allar tilraunir með kjarnorkusprengingar við Semipalatinsk árið 1993 og láta síðan allar slíkar sprengingar fara fram á eynni Novaja Zemlja eftir þann tíma. Bæta má því við að samkvæmt upplýsingum jarðskjálftastofnunar háskólans í Helsinki gerðu Sovétmenn, eins og fram kom, tólf tilraunasprengingar við Semipalatinsk árið 1988 og sjö árið 1989. Tvær tilraunasprengingar voru hins vegar gerðar við Novaja Zemlja árið 1988 en engin árið 1989.

Hugsanleg áform Sovétmanna hafa valdið þungum áhyggjum annars staðar á Norðurlöndum, einkum í norðurhluta Noregs og Finnlands. Norðmenn hafa komið áhyggjum sínum formlega á framfæri við sovésk stjórnvöld og í umræðum á finnska þinginu um málið 29. mars sl. kom fram hjá finnska utanríkisráðherranum að Finnar mundu beita öllum tiltækum ráðum til að afla sér upplýsinga um og hafa áhrif á umfjöllun Æðstaráðsins um málið. Mér er ekki kunnugt um hvort Svíar eða Danir hafa haft bein afskipti af þessu máli.

Ríkisstjórn Íslands hefur enn sem komið er ekki komið á framfæri formlegum mótmælum við fyrirætlanir Sovétmanna um tilraunasprengingar á Novaja Zemlja eftir 1993. Utanrrn. mun fylgjast náið með þeirri meðferð sem málið fær í viðeigandi nefndum Æðstaráðsins og meta hugsanleg viðbrögð íslenskra stjórnvalda í ljósi frekari upplýsinga sem kunna að koma fram. Auk þess tel ég æskilegt að málið veri rætt á norrænum vettvangi. Samráð um sameiginleg viðbrögð Norðurlandanna hafa enn ekki átt sér stað. Væntanlega verður þetta mál tekið upp á næsta utanríkisráðherrafundi Norðurlanda í Noregi.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi ekki tekið mál þetta upp við Sovétmenn enn sem komið er með formlegum hætti vil ég fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að ríkisstjórnin leggur á það ríka áherslu að Sovétmenn bindi endi á allar kjarnavopnasprengingar neðan jarðar á Norðuríshafssvæðinu. Vistkerfi norðurheimskautssvæðisins gæti stafað mjög alvarleg ógn af stórauknum tilraunasprengingum Sovétmanna á svæðinu og skýtur sú staðreynd óneitanlega skökku við yfirlýsingar Gorbatsjovs um nauðsyn aukins umhverfisverndarsamstarfs á norðurslóðum. Ég fagna því hins vegar að talsmenn yfirvalda í Sovétríkjunum hafa nýlega lýst því yfir að áhyggjur íbúa á norðurslóðum um fyrirmæli Sovétmanna verði teknar til greina, eins og þar stóð.

Ég vil vekja athygli á að Ísland hefur stutt raunhæfar aðgerðir á alþjóðavettvangi sem miða að því að koma á allsherjarbanni við kjarnavopnatilraunum. Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna greiddi Ísland þannig atkvæði með sérstakri tillögu allsherjarþingsins um það efni líkt og undanfarin ár. Vonir eru nú við það bundnar að takast megi að staðfesta á þessu ári þá tvo samninga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um tilraunasprengingar með kjarnorku sem samið var um á 8. áratugnum.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. skýr svör. Hér er á ferðinni mál sem við þurfum vissulega að hafa áhyggjur af og sem við eigum að láta til okkar taka. Mér finnst ástæða til að beina því til hæstv. utanrrh. að ég held að rétt sé á þessu stigi máls að ríkisstjórnin lýsi formlega við sendifulltrúa Sovétríkjanna á Íslandi þeim áhyggjum og þeim ugg sem okkur er í brjósti vegna þessara áforma og hvetji til þess að frá þeim verði horfið, eins og raunar virðist alls ekki útilokað. Ég held að brýnt sé að þessum sjónarmiðum verði með formlegum hætti komið á framfæri hið allra fyrsta.

Svo þakka ég skýr svör.

Reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna, ein umr.

Fsp. DS, 539. mál. — Þskj. 936.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Í þeirri umræðu sem fram hefur farið um ferðamál að undanförnu hefur aftur og aftur verið minnst á það hversu nauðsynlegt sé að við skipuleggjum þessa atvinnugrein á okkar eigin forsendum miðað við aðstæður hér í landi. Í umræðum á ferðamálaráðstefnu komu fram áhyggjur aðila í ferðaþjónustunni af ýmsum atriðum varðandi ferðamálin, svo sem umhverfismál. Það sem bar ef til vill einna mest á voru vaxandi áhyggjur manna af auknum umsvifum erlendra aðila í ferðaþjónustunni hér á landi á síðustu árum. Á síðasta fundi Sþ. var til umfjöllunar till. til þál. um mótun opinberrar ferðamálastefnu. Tel ég það mjög til bóta að tekið skuli á þeim málum, eins og gert er, með því að leggja fram slíka tillögu. Með því að gera slíkt er þessi atvinnugrein viðurkennd sem sjálfstæð og arðbær atvinnugrein sem getur skipt miklu máli fyrir okkur öll.

Ég hef hér fyrr í Sþ. í vetur beint fyrirspurn til hæstv. samgrh., einmitt líka í framhaldi af ferðamálaráðstefnunni, um jeppaferðir erlendra aðila um landið. Hingað bárust tíðindi um að jeppaferðir um hálendi Íslands væru skipulagðar á vegum erlendra aðila. Það er vitað mál að slíkir hópar hafa gjarnan allar sínar daglegu nauðsynjar með, auk eldsneytis á bifreiðar. Það kom fram í svari hæstv. samgrh. að hann hafi fullan hug á að taka á þeim málum og var þegar búið að gera ráðstafanir til þess að benda þessum aðilum á íslenskar reglur um innflutning bíla til landsins.

Þá var hér nýlega samþykkt tillaga, sem ég var 1.

flm. að ásamt þm. flestra flokka, um endurskoðun reglugerðar um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Voru í tllögunni tilmæli um að athuga málefni íslenskra leiðsögumanna í hópferðum erlendra aðila um landið. Samþykkt tillögunnar sýnir, ásamt því að leggja fram sérstaka tillögu um mótun ferðamálastefnu, að stjórnvöld hafa jákvæð viðhorf til þessara mála.

Eitt af því sem oft hefur borið á góma í umræðunni er innflutningur á matvælum. Samkvæmt þeirri reglugerð sem nú er í gildi er leyft að flytja inn allt að 10 kg. Það getur auðvitað verið töluvert magn ef hugsað er um t.d. þurrmat af ýmsu tagi sem fólk, sem stundar fjallaferðir, tekur gjarnan með sér.

Í framhaldi af þessum umræðum og þeim áhyggjum sem menn hafa af þessum málum hef ég beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh. á þskj. 936. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eru uppi áform um að breyta reglugerð nr. 390 1989 í því skyni að takmarka frekar magn matvæla sem ferðamönnum, sem búsettir eru erlendis, er heimilt að flytja til landsins? Ef svo er, hvenær má vænta þess að ný reglugerð öðlist gildi?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Með reglugerðinni nr. 390, sem sett var á árinu 1989, var gerð breyting á þeim *heimildum sem gilda um innflutning matvæla*. Innflutningur matvæla þegar um er að ræða ferðir erlendra ferðamanna til Íslands, sem taka með sér matvæli inn í landið, var mjög takmarkaður í þessari reglugerð frá því sem verið hafði. Við hér á Íslandi búum nú við reglur í þessum efnum sem eru mun strangari en í nágrannalöndum okkar. Það eru þess vegna nokkur takmörk fyrir því hvað við getum sett strangar reglur um innflutning matvæla erlendra ferðamanna, einkum og sér í lagi í ljósi þess að við búum nú þegar við strangari reglur í þeim efnum en aðrar þjóðir.

Ég veit ég þarf ekki að árétta í þessu samhengi að í samskiptum þjóða í millum, sérstaklega á sviði ferðamála, gildir almennt sú regla, og hún nýtur vaxandi stuðnings, að gagnkvæmi ríki milli landa í þeim efnum, að ekki séu settar strangari reglur gagnvart ferðum útlendinga til Íslands en settar eru gagnvart ferðum Íslendinga til annarra landa. Það er erfitt fyrir okkur að setja útlendingum strangari reglur um innflutning á matvælum til okkar lands en þeir setja okkur Íslendingum um hvaða matvæli, og í hve miklu magni, við getum haft með okkur þegar við ferðumst til þeirra landa.

Í þeirri reglugerð sem áður gilti var við það miðað að matvæli mátti flytja inn, enda færi þyngd þeirra ekki upp fyrir 10 kg eða verðmætið upp fyrir ákveðna fjárhæð. Nú mega menn flytja inn matvæli allt að 10 kg, en verðmætið má þó ekki fara yfir 4000 kr. Vona ég að ég þurfi ekki að útskýra það fyrir hv. alþm. að það er í raun og veru mjög lág upphæð.

Á síðasta ári gaf fjmrn. enn fremur út fyrirmæli til tollstjóra þar sem ítrekað var að tollfrjáls innflutningur á matvælum ferðamanna væri einungis heimill, enda væru matvælin í farangri viðkomandi ferðamanns. Þar með var ákveðið að sporna gegn þeirri venju sem hafði tíðkast að ferðamannahópar flyttu til landsins matvæli sín saman í stórum kössum eða öðrum geymslueiningum án þess að greina þau í sundur. Með því að knýja á um það að matvæli hvers og eins ferðamanns væru aðskilin frá matvælum hinna var enn frekar verið að þrengja möguleika erlendra ferðamanna og ferðamannahópa til þess að flytja með sér matvæli inn í landið.

Ég tel í þriðja lagi einnig rétt að vekja athygli á því að fjárhæðin, 4000 kr., var ekki hækkuð þótt aðrar upphæðir á þessu sviði og í reglugerðinni hefðu verið hækkaðar. Þar með er auðvitað ljóst að sú takmörkun sem felst í upphæðinni hefur farið vaxandi með breytingum á verðlagi og breytingum á gengi íslenskrar krónu gagnvart gjaldmiðlum þeirra landa sem ferðamennirnir koma frá.

Rétt er að ítreka það að erlendum ferðamönnum er ekki heimilt að flytja inn önnur matvæli til landsins en þau sem heimilt er að flytja til Íslands. Þar má segja að komi enn frekari takmörkun á flutningi matvæla erlendra ferðamanna til landsins.

Það er ljóst af þessu sem ég hef þegar rakið að það ríkja allmiklar takmarkanir, og hafa á síðustu mánuðum verið vaxandi, á því hvernig og í hve miklum mæli erlendir ferðamenn geti flutt með sér matvæli til landsins. Ég er þeirrar skoðunar að þær reglur sem nú hafa verið settar séu í reynd það strangar, og, eins og ég sagði í upphafi, mun strangari en í öðrum ríkjum, að það kunni að vera hæpið að breyta í bráð þeirri reglugerð sem sett var 1989.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Mér var að sjálfsögðu kunnugt um þá breytingu sem gerð hafði verið, enda segir í fsp. minni hvort fyrirhugað sé að takmarka frekar en síðast var gert. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við þessari fsp. minni. Það er auðvitað hægt að taka undir þau sjónarmið að það er erfitt að setja mun strangari reglur en þau lönd sem við eigum náin samskipti við. En það er nú reyndar svo að fæstir Íslendingar taka með sér matvæli þegar þeir fara til útlanda af augljósum ástæðum.

Ég vil segja það hér í framhaldi af svari hæstv. fjrmh. að það væri auðvitað ein lausn í þessu máli. Hún er sú að lækka matvælaverð í landinu. Það hefur verið mjög áberandi í veitingarekstri eftir að matarskatturinn var lagður á að erlendir hópar hafa farið að taka með sér matvæli hingað til landsins í ríkari mæli ef til vill en áður var gert, alla vega fundu veitingamenn fyrir því. Það er örugglega eitt af þeim atriðum sem nauðsynlegt er að taka tillit til, ekki einungis vegna okkar erlendu gesta heldur auðvitað líka fyrst og fremst vegna okkar sem hér búum. Þessi upphæð, 4000 kr., er auðvitað dálítið teygjanleg, eftir því hvar matvælin eru keypt. Það fæst kannski ekki mikið fyrir íslenskar 4000 kr. á Norðurlöndunum en eftir því sem sunnar dregur í Evrópu er allt ódýrara.

Það er auðvitað líka mjög brýnt að eftirlit í tolli sé gott þannig að ferðafólk viti að það þýðir ekki að reyna að taka með sér hingað til lands miklu meira en leyft er.

Eitt mikilvægasta atriðið í þessu vil ég ítreka aftur. Það er auðvitað að lækka verð á matvælum.

Launakjör fangavarða og lögregluþjóna, ein umr.

Fsp. MF, 554. mál. — Þskj. 954.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 954 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til fjmrh. um launakjör fangavarða og lögregluþjóna.

Mig minnir að það hafi verið um áramótin 1987–1988 sem lagabreytingar voru gerðar er höfðu í för með sér þær reglur fyrir fangaverði og lögregluþjóna að þeir misstu verkfallsrétt sinn. Í staðinn var þeim heitið endurskoðun á launakjörum þessara stétta, m.a. með það í huga að samræma launakjör þeirra. Í dag er verulegur munur á launakjörum fangavarða og lögreglumanna og munar þar einum til tveimur launaflokkum hvað fangaverðir eru lægri. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir forsvarsmanna og forustumanna í félagasamtökum fangavarða hefur afar lítið verið gert til að standa við það loforð sem þeir telja sig hafa síðan um áramótin 1987–1988.

Ég vil taka fram að þó þessi fsp. fjalli fyrst og fremst um leiðréttingu á kjörum fangavarða þá er ég alls ekki að segja annars vegar að launakjör lögregluþjóna séu góð og hins vegar fangavarða slæm. Það er samt munur á sem ég tel að eigi að leiðrétta, það þurfi endurskoðun á kjörum beggja stétta, hún er nauðsynleg, og ábyrgð ríkisvaldsins enn meiri þar sem sá réttur sem helst er notaður og hefur verið hvað áhrifaríkastur í kjarabaráttunni, verkfallsrétturinn, er frá þeim tekinn.

Ég teldi það spor í rétta átt til þess að lagfæra kjör þessara stétta beggja að lögð væri vinna í að samræma launakjör þeirra, eins og fangaverðir reyndar telja sig hafa loforð um.

Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.:

„1. Hverjar eru ástæður fyrir þeim mismun sem er á launakjörum fangavarða og lögregluþjóna?

2. Eru uppi áform um að samræma launakjör þessara stétta?“

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi vil ég taka fram að stéttarfélag fangavarða er Starfsmannafélag ríkisstofnana og fer það með samningamál um launakjör fangavarða. Stéttarfélag lögreglumanna er hins vegar Landssamband lögeglumanna og fer það með samninga fyrir lögreglumenn.

Ef litið er til röðunar starfa fangavarða og lögreglumanna í launaflokka þá er lögregluþjónum og fangavörðum grunnraðað í sambærilega launaflokka og hefur svo verið frá því í nóvembermánuði 1988. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að árið 1987 sömdu flest stéttarfélög innan vébanda BSRB um nýja svokallaða númeringu launaflokka þannig að tölunni 169 var bætt við eldri launaflokk. Landssamband lögreglumanna fór hins vegar ekki þessa leið heldur hélt sig við eldri númeringu. Því er nauðsynlegt þegar menn bera saman þessa launaflokka í dag að þeir hafi í huga að bæta verður tölunni 169 við launaflokk lögreglumanna til þess að fá réttan samanburð síðan árið 1987.

Í ársbyrjun 1987 tóku gildi ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í þeim lögum var hverju stéttarfélagi fyrir sig falið fullt og óskorað samningsumboð en áður hafði samningsumboðið verið tvískipt. Það eru fjölmörg dæmi um það að síðan 1987 hafa stéttarfélög lagt mismunandi mat á það hvaða atriði skuli leggja áherslu á í kjarabaráttu og samningaviðræðum. Í þessu sambandi er þess vegna nauðsynlegt að átta sig á því að fangaverðir og lögreglumenn eru ekki í sama stéttarfélagi og ólíkir aðilar fara með samningsumboðið fyrir hönd þessara starfsstétta.

Það er þess vegna ekki í verkahring fjmrn. að tryggja slíka samræmingu milli félagsmanna í ólíkum stéttarfélögum heldur fyrst og fremst að ræða við viðkomandi stéttarfélög um þau atriði sem þau leggja áherslu á í sínum viðræðum vegna þess að samningsumboðið er sjálfstætt hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig.

Hvað varðar samanburð á lögreglumönnum og fangavörðum er rétt að vekja einnig athygli á því að í kjarasamningum lögreglumanna er ákvæði um að þeim séu sjálfkrafa tryggðar hækkanir ákveðinna viðmiðunarhópa. En slík ákvæði er ekki að finna í kjarasamningum Starfsmannafélags ríkisstofnana. Það hefur verið kannað sérstaklega hjá launaskrifstofu fjmrn. hvort hægt sé að finna einhverjar skriflegar yfirlýsingar eða bókanir af hálfu ráðuneytisins eða launaskrifstofunnar þar sem fram komi fyrirheit um að tryggja samræmingu launakjara þessara tveggja starfsstétta. Slíkar yfirlýsingar eða bókanir er ekki að finna. Í þessu sambandi er einnig rétt að leggja áherslu á það að slíkar bókanir eru heldur ekki í samningum Starfsmannafélags ríkisstofnana sem fer með samningsumboðið fyrir fangaverði.

Ég vona að þessi svör varpi nokkru ljósi á það hvernig samningum um launakjör þessara tveggja starfsstétta er háttað. Fjmrn. fyrir sitt leyti mun að sjálfsögðu eiga viðræður við stéttarfélögin um þessi mál, eftir því hvaða áherslur viðkomandi stéttarfélög setja fram í þeim kjarasamningum sem væntanlega munu fara fram þegar yfirstandandi samningatímabili er lokið.

Ég vil svo að lokum árétta það sem ég sagði í upphafi að líklegast er meginskýringarinnar á þeim mismun, sem vikið er að í fyrri fsp. hv. fyrirspyrjanda, að leita í því að þessar tvær ágætu starfsstéttir hafa kosið að skipa sér í ólík stéttarfélög.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans þó að ég sé í sjálfu sér ekkert óskaplega ánægð með þau. Því ég hefði viljað fá það hér fram að til væru í það minnsta pappírar fyrir þeim loforðum sem Félag íslenskra fangavarða telur sig hafa síðan verkfallsréttur var af þeim tekinn og lögum breytt. Ég hef séð bréf sem þeir sendu Starfsmannafélagi ríkisstofnana þar sem þeir ítreka þá spurningu sína hvort standa eigi við gefin loforð. Reyndar barst svar frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, sem hlýtur að vera til einhvers staðar í þeirra skjalavörslu, þar um að það yrði ekki gert vegna þess að dómsmrn. hefði ekki fallist á slíka samræmingu nú. Hins vegar hefur hvergi komið fram að þetta loforð sé dregið í efa.

Lögregluþjónar hafa lagalega tryggingu, þeir hafa ákvæði um viðmiðunarhópa sem fangaverðir hafa ekki. Það er einmitt það sem þeir töluðu um að þeir þyrftu að fá leiðréttingu á. Það er töluverður munur á launum þessara hópa, ekki bara á númerum launaflokka eða hvaða tölur standa þar fyrir framan. Það er heldur ekki það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er hvað þeir fá í laun. Lögregluþjónar eru ekkert ofsælir af sínum launum en fangaverðir eru enn verr staddir og þess vegna finnst mér nauðsynlegt að það séu teknar upp viðræður við þá þar sem fjallað yrði um þetta loforð sem þeir telja sig hafa.

Ég spyr því enn og aftur: Mun fjmrn. beita sér fyrir því að samræma launakjör þessara stétta?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér hefur verið tjáð, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að Starfsmannafélag ríkisstofnana hafi skrifað fangavörðum bréf þess efnis sem hv. fyrirspyrjandi vék að. Þar er hins vegar einungis um að ræða yfirlýsingu forsvarsmanna Starfsmannafélags ríkisstofnana gagnvart fangavörðum sem félagið fer með samningsumboð fyrir. Engin slík bréf eru hins vegar af hálfu launaskrifstofunnar eða fjmrn. eða í samskiptum launaskrifstofunnar og fjmrn. við Starfsmannafélag ríkisstofnana. Auðvitað geta verið fjölmörg tilvik þar sem forusta stéttarfélags lætur í ljósi ýmsar skoðanir við þá félagsmenn sem félagið fer með samningsumboð fyrir, án þess að það komi fram í samskiptum fjmrn. eða samninganefndar ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Það sem ég sagði hér áðan fól í sér að af hálfu samninganefndar ríkisins, fjmrn. eða launaskrifstofu ríkisins er hvergi að finna neinar yfirlýsingar, hvorki einhliða af hálfu ráðuneytisins eða samninganefndarinnar né í samskiptum þeirra við Starfsmannafélag ríkisstofnana, þar sem vikið er að þessu efnisatriði um samræmingu launakjara þessara starfsstétta sem hv. fyrirspyrjandi vék að. Það er á þeim grundvelli sem fjmrn. í sjálfu sér getur ekki tekið málið upp vegna þess að það hefur ekki verið tekið upp með þeim hætti í samskiptum þess stéttarfélags sem fer með samningsumboðið gagnvart fjmrn.

Auðvitað er það þannig að einstakir hópar innan stéttarfélaga geta haft í frammi óskir um samræmingu við aðra hópa. Meginreglan í samningum samninganefndar ríkisins og í starfi launaskrifstofunnar gagnvart opinberum starfsmönnum er hins vegar að reyna að greiða fyrst og fremst úr þeim áherslum sem lagðar eru fram í kjarasamningaviðræðum þess stéttarfélags sem fer með samningaumboðið gagnvart samninganefnd ríkisins og launaskrifstofunni. Eins og fram hefur komið þá virðist málið líta öðruvísi út í samskiptum félagsins, sem fer með samningsumboðið, við hinn samningsaðilann, ríkið, en það virðist vera í innbyrðis samskiptum Starfsmannafélags ríkisstofnana við Félag fangavarða.

Hins vegar er sjálfsagt að skoða þetta mál áfram og hafa auga á því. En fjmrn. og samninganefndin verða hins vegar að fylgja vissum samskiptareglum sem mótast hafa við samningsaðilana í gegnum tíðina.

Hins vegar hefur verið vakin athygli á þessu máli hér af hv. fyrirspyrjanda og launaskrifstofan hefur af því tilefni sérstaklega kannað það mál og er þess vegna kunnugt um það nú þó svo hafi ekki verið áður.

Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, ein umr.

Fsp. BÍG, 553. mál. — Þskj. 953.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessum fundi var rædd fsp. frá hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal um samkomulag það sem hæstv. menntmrh. gerði við námsmenn um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna í febrúar 1989 og hverjar hefðu verið efndir á því samkomulagi.

Það vakti athygli að í svari hæstv. ráðherra flutti hann töluleg dæmi um úthlutun námslána þar sem ekki var tekið tillit til stórfelldra skerðinga á námslánum sem hæstv. ráðherra hefur nýlega ákveðið með reglugerð frá 29. mars. Í því er auðvitað fólgin mikil blekking af hálfu hæstv. ráðherra. Það er því full ástæða til að spyrja ráðherrann um efni þeirra reglugerðarbreytinga. Þess vegna hef ég borið fram fsp. til hæstv. ráðherra um það hvað sé raunverulega efni þeirra breytinga sem hæstv. ráðherra gerði með þeirri reglugerð sem hann gaf úr 29. mars og hvort sú reglugerð sé gerð í samkomulagi við samtök námsmanna.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um hér fyrr á þessum fyrirspurnafundi þá var reglum um námslán breytt nokkuð nýlega í þeim tilgangi að standa við gefin fyrirheit varðandi breytingar á framfærslugrunni námslána í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar höfðu verið m.a. í tengslum við álit vinnuhóps um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem skilaði áliti 25. febr. 1989. Eins og fram kom í svari mínu þá var að fullu staðið við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið.

Framfærslugrunnurinn er nú óskertur. Framfærslugrunnurinn er nú skv. lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, þ.e. svokölluð brúun 100% umframfjárþarfar. Það er auðvitað úrslitaatriði sem námsmenn hafa alltaf lagt megináherslu á í baráttu sinni á undanförnum árum og áratugum. Ég tel reyndar að það skipti námsmenn langmestu máli að framfærslugrunnurinn fái að vera í friði. Hann er hins vegar í stöðugri hættu vegna þess að lögin um Lánasjóðinn eru gölluð af því að ráðherrar geta þá og þá ákveðið að verðbæta námslánin ekki. Þess vegna má segja að kjör námsmanna séu í stöðugri hættu í hvert skipti sem verðlagsbreytingar verða vegna þess að það er ekki sjálfgert að þau hækki skv. þeim, eins og lögin eru nú.

Frá því að ég kom til starfa í menntmrn. hafa verið ákveðnar þrjár hækkanir á framfærslugrunni.

1. 7,5% hækkun 1. mars 1989.
2. 5% hækkun 1. sept. 1989.
3. 6,4% hækkun 1. sept. 1990.

Auk þessara breytinga sem eru umfram verðlagsbreytingar hafa eftirtaldar breytingar á námslánum átt sér stað: 1. mars 1989 3,3%, 1. júní 1989 7,1%, 1. sept. 1989 5%, 1. des. 1989 5,6% og núna 1. mars sl. var um að ræða sérstaka hækkun á framfærslugrunni upp á 4,3%.

Á árinu 1990 hækka veitt lán frá síðasta ári um 23% og milli áranna 1988 og 1989 hækkuðu veitt lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna um 52%.

Í umræðunum fyrr í dag gerði ég grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á kjörum námsmanna skv. þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. að hér hafi verið um að ræða töluleg dæmi út í loftið. Hér var um að ræða tölulega útreikninga frá Lánasjóði ísl. námsmanna, opinberar tölur frá þeim starfsmönnum sem þar starfa.

Það er einnig nauðsynlegt að nefna í þessu sambandi að á þessu ári er hlutfall Lánasjóðs ísl. námsmanna af ríkisútgjöldum hærra en það hefur nokkurn tímann áður verið. Það er einnig rétt að nefna það í tengslum við þessi mál að á sama tíma og við höfum orðið að horfast í augu við skerðingu kaupmáttar verkalauna hér í þessu landi þá hefur tekist að bæta kaupmátt námslána frá því sem ella hefði verið.

Hv. þm. spyr um þær breytingar sem ákveðnar voru á úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna 29. mars. Þær breytingar snerta í raun og veru aðallega svokölluð aukalán, lán sem eru utan framfærslugrunnsins og lán sem eru óverulegur hluti af heildarútgjöldum Lánasjóðs ísl. námsmanna. En heildarútgjöld sjóðsins eru á þessu ári um 4 milljarðar kr. Þannig að hér er verið að tala um lánsþætti og stuðningsþætti í starfsemi sjóðsins sem eru afar lítill hluti af starfsemi hans. Það sem hér er um að ræða er í fyrsta lagi breyting á bókakostnaði, að hlutfall bókakostnaðar fari úr 65% í 30% af grunnframfærslu, að framfærslustuðull námsmanna í heimahúsum lækkar, að sumarlánum verði breytt, og kem ég aðeins að því síðar, að helmingur af tekjum maka umfram framfærslu og allar tekjur umfram tvöfalda framfærslu námsmanns komi til frádráttar á láni til námsmanns, að 75% af tekjum námsmanns umfram framfærslu í leyfi komi til frádráttar í reiknuðu hámarksláni og að framfærslugrunnurinn hækki um 6,4%.

Við afgreiðslu þessa máls í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna varð niðurstaðan sú að námsmennirnir féllust í raun og veru á síðasta liðinn, þ.e. hækkun framfærslugrunnsins, en neituðu auðvitað öllum hinum tillögunum. Auðvitað neituðu þeir öllum tillögunum vegna þess að þar var um að ræða breytingu frá reglum sem verið höfðu í gildi, lítils háttar breytingar þegar heildardæmi Lánasjóðsins er skoðað. Varðandi sumarlánin sérstaklega vil ég taka það fram að stjórn Lánasjóðsins og svokölluð vafamálanefnd mun fjalla þar um hvert tilvik fyrir sig, þar sem málin verða afgreidd sveigjanlega m.a. með hliðsjón af því hvort um er að ræða nám sem stendur allt árið, eins og algengt er, sérstaklega t.d. nám í flugvirkjun. Það verður höfð hliðsjón af því hver er staða námsmanna varðandi fjölskyldustærð, varðandi börn. Einnig verður höfð hliðsjón af því hvaða skuldbindingar námsmenn höfðu ákveðið hver fyrir sig, áður en þessar breytingar á sumarlánunum voru ákveðnar.

Auk þessa voru gerðar tillögur um vissar aðrar breytingar á námslánunum í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna núna fyrir nokkrum vikum. Við féllum frá þeim breytingum til að koma til móts við sjónarmið námsmanna, sem voru fullgild, vegna þess að við höfðum lagt á það áherslu að ná eins góðu samkomulagi við þá og kostur er í þessari stöðu. Vandinn hefur hins vegar orðið sá, virðulegur forseti, og hef ég senn lokið máli mínu, að námsmennirnir hafa treyst sér til að fallast á hækkanirnar á framfærslugrunninum, en þeir hafa ekki treyst sér til að fallast á málin að öðru leyti. Þess vegna urðum við að taka ákvarðanir um breytingar á námslánunum sem þýddu um leið heildarbreytingu og styrkingu á stöðu Lánasjóðsins í ár.

Ég vil nota þetta tækifæri og spyrja hv. 2. þm. Reykv.: Er hann með gagnrýni sinni hér að gera tillögu um aukið fé til Lánasjóðs ísl. námsmanna? Hann flutti engar slíkar tillögur í haust. Það var ríkisstjórnin og fjmrh. sem fluttu þær tillögur, hv. þm. engar. Hefur honum snúist hugur frá því hann var menntmrh., frá því hann var í stjórnarandstöðu hér í desember sl.?

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. menntmrh. hefur með aðgerðum sínum skert stórlega námslánin. Skerðingin er mun meiri en nemur því sem námsmenn fá í gegnum hækkun á grunninum 1. sept. vegna þess að þessar aðgerðir taka af námsmönnum 240 millj. kr. á þessu ári og 245 millj. kr. á því næsta.

Við skulum aðeins átta okkur á hvernig þessar einstöku aðgerðir koma út. Með því að lækka verulega lán til bóka, tækja og efniskaupa, en meðallán til háskólastúdents var 23 þús. kr. á síðasta ári, þá verður það ekki hærra á þessu ári en 14.650 kr. Þetta þýðir 36% lækkun. Varðandi lán til einstaklinga í

foreldrahúsi þá er lækkun á lánum til einstaklinga nú 29% og á að spara sjóðnum 120 millj. Meðferð á tekjum maka var breytt sem er mjög alvarlegt mál vegna þess að með því er verið að skerða möguleika láglaunafólks til að stunda háskólanám, eða nám sem er lánshæft frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta á að spara 60 millj. kr. Tekjutillitið er líka hækkað og það er enn eitt atriði sem er komið með í bakið á námsmönnum. Það var með samkomulagi hækkað úr 35% í 50% og út á það ætlaði hæstv. ráðherra að hækka framfærslugrunninn. Síðan hækkaði hann framfærslugrunninn og tekur til viðbótar af námsmönnum tekjutillitið þannig að það fer nú í 75%. Með því er auðvitað verið að refsa námsmönnum fyrir að vinna og það er komið niður í láglaunahópana í þessum efnum. Þannig að það er verið að skerða möguleika láglaunahópa til náms í þessu tilliti.

Hæstv. ráðherra getur auðvitað ekkert skýlt sér á bak við það þó ég eða sjálfstæðismenn höfum ekki flutt brtt. við frv. til fjárlaga hér á sl. hausti. Það er ekki það sem málið snýst um. Málið snýst auðvitað um það að hæstv. ráðherra hefur ekki getað staðið við þau stóru loforð sem hann gaf í kosningabaráttunni 1987 öðruvísi en að taka miklu meira frá námsmönnum í öðrum efnum en hann hefur treyst sér til að veita þeim með því að hækka framfærslugrunninn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Mér finnst sá kostulegu umsnúningur sem orðinn er í málflutningi fulltrúa Sjálfstfl. bæði hér á Alþingi og í námsmannahreyfingunni með slíkum endemum að ekki sé annað hægt en vekja á því athygli. Þetta eru sömu aðilarnir og allan sinn ríkisstjórnarferil á undanförnum fimm árum stórskertu námslánin og voru með í mótun tillögur um að rústa þetta kerfi niður, um að stórskerða þetta félagslega kerfi, leggja fulla vexti á námslán og þar fram eftir götunum. Núna hefja þessir aðilar sig upp með mikinn áróður um það að ekki hafi tekist að fullu og öllu að bæta fyrir þeirra eigin misgjörðir. Það er það sem hér er verið að gagnrýna ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. fyrir.

Talsmenn Sjálfstfl. koma hér upp, þar á meðal fyrrv. menntmrh., og skamma núv. ríkisstjórn og núv. menntmrh. fyrir að þeim hafi ekki tekist að fullu og öllu að bæta fyrir misgjörðir Sjálfstfl. í lánasjóðsmálunum. Það er nú sá málflutningur sem okkur er boðið upp á hér.

Vissulega hefur það verið harðsótt við núverandi aðstæður í efnahagsmálum að sækja aukið fé til Lánasjóðsins og afnema þá skerðingu sem þar var komin. En það hefur tekist og það ættu talsmenn Sjálfstfl. að hafa í huga.

Hæstv. forseti. Ég lýk svo þessari athugasemd minni með því að óska þess að þessi umsnúningur og kostulegu sinnaskipti Sjálfstfl. viti á gott og þeim flokki muni aldrei aftur detta í hug að umgangast Lánasjóð ísl. námsmanna með þeim hætti sem hann gerði þegar hann var í ríkisstjórn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að heyra í þessum talsmönnum Sjálfstfl. í dag. Í fyrsta lagi er það gagnrýnt mjög harðlega að tekjutillitinu sé breytt. Það þýði það að verið sé að refsa mönnum fyrir að vinna. Ég spyr þá á móti: Hvernig hefði hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson leyst úr fjárhagsvanda Lánasjóðsins ef hann hefði verið í starfi menntmrh.? Hefði hann verið áfram með 35% tekjutillit og þar með í rauninni skert framfærslugrunninn enn meira en forverar hans gerðu? Því þegar hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson fór úr menntmrn. þá lágu fyrir tillögur um bankavexti á námslánum. Ekki einasta hefur okkur tekist að tryggja það að framfærslugrunnurinn er að fullu tryggður í samræmi við lögin, heldur hefur líka tekist að koma í veg fyrir þær kröfur sem hafa heyrst, bæði í stjórnarandstöðu og í stjórnarliðinu sjálfu, að leggja bankavexti á námslánin. Ég hygg að það sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu.

Svo hitt að lokum, virðulegur forseti, að það skuli vera gagnrýnt að það séu gerðar ráðstafanir til að tryggja Lánasjóðinn á þessu ári þannig að hann geti staðið við skuldbindingar sínar skv. fjárlögum, frá sömu mönnum og aftur og aftur eru að ráðast á ríkisstjórnina fyrir það að ekki sé með nægilega traustum hætti haldið á fjárlögum og búskap íslenska ríkisins yfir höfuð. Sömu menn koma núna hingað og heimta það af menntmrh. að hann brjóti fjárlögin að þessu leytinu til. Nema menn séu með uppi í erminni aðrar tillögur. Hverjar eru þær, hv. þingmaður?

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað skiljanlegt að þeir hæstv. ráðherrar Alþb. sem hér sitja og taka þátt í þessari umræðu kveinki sér undan því að það sé verið að rifja upp þau stóru orð sem þeir sögðu, bæði hér á Alþingi og í Háskólanum fyrir síðustu kosningar. Það er ljóst að þeim hefur ekki tekist að standa við sín stóru orð. Þeir hafa tekið með annari hendinni miklu meira en þeir gefa með hinni.

Það er auðvitað þetta sem er grundvöllur þess að við erum að rifja upp málefni Lánsjóðs ísl. námsmanna hér, að þessir hæstv. ráðherrar sem voru stóryrtir fyrir síðustu kosningar hafa ekki getað staðið við sín stóru orð. (**Menntmrh.:** Þingmaðurinn meinar ekkert með þessu.) Annað er ósannindi sem báðir hæstv. ráðherrar segja hér. Að tillögur hafi legið í menntmrn., eins og hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon segir, til þess að rústa lánakerfi Lánasjóðs ísl. námsmanna — og með fullum bankavöxtum, segir hæstv. menntmrh., þetta veit hæstv. ráðherra að er ósatt. Það er mjög alvarlegt að tveir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands skuli koma hér upp í ræðustól á hæstv. Alþingi og fara með vísvitandi ósannindi.

Þessar tillögur liggja glöggt fyrir og ég veit það sjálfur að hæstv. ráðherra kynnti sér þær mjög rækilega. Hvergi í þeim tillögum var gert ráð fyrir fullum bankavöxtum á námslánum og því síður að það væri verið að rústa íslenska námslánakerfið. Það voru

tillögur um að styrkja það stórkostlega, þannig að þessar smáskammtalækningar sem hæstv. menntmrh. er með duga skammt. Maður verður auðvitað að lýsa eftir tillögum hæstv. ráðherra á því hvernig hann ætlar að styrkja þennan lánasjóð til frambúðar. Við vitum að þessi sjóður er gjaldþrota en það bólar ekki á neinum tillögum frá hæstv. menntmrh. í þeim efnum.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það verður auðvitað að virða hæstv. ráðherrum menntamála og landbúnaðar til betri vegar að greinilegt er að þeir hafa nokkurt samviskubit yfir meðferðinni á Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta eru menn sem fyrir síðustu kosningar og meðan þeir voru ekki í stjórnaraðstöðu töluðu fortakslaust um það að efla kjör Lánasjóðsins, bæta lánamöguleika námsmanna. Þá voru ekki neinar efasemdir um að til þess þyrfti efnahagsástandið að batna. Þá voru ekki neinar efasemdir um að þetta væri hægt á þeim grundvelli sem þá væri verið að byggja á. Nú er hins vegar allt í einu farið að tala um þetta eins og það sé hægt ef sjávaraflinn aukist, ef hagur landssjóðsins lagast, þá muni vera hægt að gera þetta.

Nú er allt í einu verið að tala um þetta í einhverjum afsökunartóni, að ekki hafi verið hægt að standa við stóru orðin vegna þess að hagur ríkissjóðs hafi verið með þeim hætti að þetta hafi ekki verið hægt. Það gengur ekki, þrátt fyrir að hæstv. ráðherrar séu ákaflega fimir menn í pólitískum loftfimleikum, fyrir þá að koma hér og reyna að bera það á borð að skerðing á námslánum þýði einfaldlega það að námsmenn standi jafnkeikir eftir sem áður. Það liggur hér fyrir og er mat námsmannanna sjálfra, og á þeim brennur eldurinn, að um sé að ræða verulegar skerðingar, skerðingar sem eiga að skila 240 millj. á þessu ári, eða tæpum hálfum milljarði á tveimur árum. Mat námsfólks á þessum skerðingum liggur fyrir. Og hvað sem líður öllum pólitískum loftfimleikum hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh., sem reynir að ganga hér til liðs við hann, og er það vel að hjálpa lítilmagnanum, þá komast þeir ekkert upp með það. Skerðing upp á hálfan milljarð snertir auðvitað námsmenn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Stöðugt verða umræðurnar málefnalegri, einkum og sér í lagi hjá hv. 1. þm. Vestf. sem náði sér verulega á flug og ber að þakka það. Það er alltaf gaman að sjá fima menn hér í ræðustól. En eftir stendur sá bitri veruleiki fyrir Sjálfstfl. að hann hefur ekki hugmynd um hvernig eigi að leysa lánamálin. Og hv. 2. þm. Reykv. svaraði ekki þó hann væri spurður þrem sinnum að því hvernig hann mundi hafa leyst þessi mál. Það er af því að hv. þm. stendur á gati og íhaldið í heild veit upp á sig skömmina.

Viðhald á íslenskum flugvélum, ein umr.

Fsp. AÓB, 538. mál. — Þskj. 935.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til þess að huga að atvinnumálum einstakra starfsstétta ef fyrirsjáanlegt er að atvinnuleysi geti stungið sér niður innan stéttarinnar, ekki síst ef ætla má að mögulegt sé að finna úrræði til að koma í veg fyrir slíkt atvinnuleysi.

Íslenskir flugvirkjar hafa bent á að nokkrum hluta þess viðhalds sem nú fer fram erlendis á íslenskum flugvélum og varahlutum í þær mætti auðveldlega sinna hér á landi og jafnvel á ódýrari hátt en með því að halda því erlendis. Ekki hefur fagleg hæfni þeirra til þessara verka verið dregin í efa. Hér mun einkum vera um að ræða að flytja meiri hluta viðhalds og viðgerða á varahlutum til Íslands en mikill hluti þeirra viðgerða fer nú fram erlendis.

Í umfjöllun um ríkisábyrgð vegna flugvélakaupa, fyrr á árum, hafa þau sjónarmið oft komið fram að beina þurfi öllu því viðhaldi og viðgerðum flugvéla hingað til lands sem unnt er. Nú háttar svo til að með endurnýjun flugflota annars millilandaflugfélagsins á Íslandi flytjast flugvélstjórar úr störfum í vélum og niður á jörð. Flugvélstjórarnir eru með flugvirkjum í stéttarfélagi og boðaðar hafa nú verið uppsagnir í haust innan stéttarinnar. Hún bitnar á þeim flugvélstjórum og flugvirkjum sem skemmstan starfsaldur hafa. Hér mun vera um allstóran hóp að ræða. Því leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi fsp. sem er að finna á þskj. 935:

„1. Hversu mikill hluti viðhalds og viðgerða á íslenskum flugvélum og varahlutum í þær fer fram hér á landi?

2. Hafa flugmálayfirvöld einhver áform um að auka þann hlut til þess að tryggja íslenskum flugvirkjum atvinnu hér á landi?

3. Eru einhver vandkvæði á því að slíkt viðhald fari að mestu eða öllu leyti fram hér á landi?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda. Hér er hreyft mjög þörfu og athyglisverðu máli og mér ljúft og skylt að reyna að svara sem kostur er. Í fyrsta lagi er spurt um það hversu miklum hluta viðhalds og viðgerða á íslenska flugvélaflotanum og varahlutum í hann sé sinnt hér innan lands eða fari fram hér á landi.

Því er til að svara að í dag eru flugvélar yfir 5.700 kg, þ.e. flugvélar í stærsta stærðarflokki í flugrekstri hjá Flugleiðum hf., Arnarflugi hf. og flugfélaginu Atlanta hf., og allar meiri háttar skoðanir flugflota Flugleiða og Atlanta fara fram á Íslandi. Meiri háttar viðgerðir á varahlutum og á stærri hreyflum flugvéla frá Flugleiðum, Arnarflugi og Atlanta fara yfirleitt fram erlendis enn sem komið er. Venjulegar skoðanir hjá flugrekstraraðilum með flugvélar undir 5.700 kg fara að langmestu leyti fram á Íslandi, með nánast sárafáum undantekningum. Sú helsta er væntanlega

sú að skrúfuþotur Helga Jónssonar af nýrri gerð munu verða skoðaðar í Danmörku þar sem sambærilegar flugvélar eru í rekstri.

Í öðru lagi er spurt hvort flugmálayfirvöld hafi einhver áform um að auka þann hlut, þ.e. viðhalds og viðgerða, sem fram fer hér á Íslandi til að tryggja íslenskum flugvirkjum atvinnu.

Nú er það svo að hlutverk Flugmálastjórnar eða Loftferðaeftirlits í þessu sambandi er m.a. að hafa eftirlit með því að lögum og reglugerðum sé framfylgt varðandi tæknirekstur flugfélaganna. Og flugmálayfirvöld hafa bent á það að bæta þurfi úr húsnæðismálum til þess að skapa góða viðhaldsaðstöðu fyrir flugvélar á landinu. Í skipulagi fyrir m.a. Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll hafa flugmálayfirvöld gert ráð fyrir lóðum undir viðhaldsskýli.

Það er því miður þannig að flugrekstraraðilar hafa ekki enn hafið byggingu flugskýlis á Keflavíkurflugvelli en þar er viðhaldsaðstaða þeirra pláss í flugskýli varnarliðsins, eins og frægt er orðið að endemum.

Á Reykjavíkurflugvelli hafa hins vegar átt sér stað endurbætur á viðhaldsaðstöðu en bygging viðhaldsskýlis hefur ekki hafist á nýju byggingarsvæði fyrir slíka starfsemi sem ætlað er í suðausturhorni Reykjavíkurflugvallar.

Ég vil bæta því hér inn í að mér er kunnugt um það, m.a. eftir viðræður við forstjóra Flugleiða og með upplýsingum sem fram komu á aðalfundi þess fyrirtækis, að Flugleiðir hafa á því mikinn áhuga að ráðast í byggingu nýs viðhaldsskýlis á Keflavíkurflugvelli sem yrði reist á svæðinu við nýju flugstöðina. Það hefur verið til athugunar innan stjórnar fyrirtækisins um nokkurt skeið hvernig unnt væri að fjármagna slíka framkvæmd. Það er ljóst að einmitt af þeim sökum sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, að flugvélstjórar eru núna að hverfa úr stjórnklefum með því að nýjar flugvélategundir koma til sögunnar og einnig vegna þess að fjölmargir aðilar hafa aflað sér náms og réttinda á þessu sviði á undanförnum árum, að það stefnir í að veruleg hætta verði á verkefnaskorti hér innan lands og beinlínis atvinnuleysi fyrir menntaða flugvirkja ef ekki reynist unnt á allra næstu árum að ná enn meiru af viðhaldi íslenska flugflotans og helst erlendum verkefnum inn í landið. En til þess ættu að vera allgóðar forsendur ef slík ný og fullnægjandi viðhaldsaðstaða kæmi til sögunnar. Og ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti að ég væri reiðubúinn að skoða hvað stjórnvöld gætu á sig lagt til þess að auðvelda flugrekstraraðilunum, einkum Flugleiðum, að koma upp slíkri viðhaldsaðstöðu.

Í þriðja lagi er svo spurt: „Eru einhver vandkvæði á því að slíkt viðhald fari að mestu eða öllu leyti fram hér á landi?“

Því svara ég þannig að það er enginn vafi á því að fyrir hendi er góð tækniþekking í flugvirkjastéttinni og þegar bætt hefur verið úr viðhaldsaðstöðunni, samanber svar mitt við 2. lið fsp., skapast allar forsendur fyrir því að meiri háttar skoðanir og stór hluti viðgerða á varahlutum geti farið fram hér á landi. Ákvörðun um að hefja rekstur slíkrar viðhaldsþjónustu, þar sem athugað verði m.a. rekstrargrundvöllurinn og fjárhagsleg hagkvæmni slíks, verður hins vegar að vera hjá flugrekstraraðilunum þar sem þeir yrðu rekstraraðilarnir í þessu tilviki. En sjálfsagt mál er að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur og styðji þá viðleitni að færa þessi verkefni sem allra mest inn í landið.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. greinargóð svör. Ég trúi því ekki að nokkur velkist í vafa um að sé möguleiki á að flytja kostnaðarsöm verkefni inn í landið og fá þau jafnvel betur unnin en erlendis án þess að kostnaður sé meiri, og stundum minni heldur en með því að slík verk séu unnin erlendis, þá beri að stuðla að því að slíkt sé gert.

Í máli hæstv. samgrh. kom fram hvað þarf til þess að þarna verði breyting á. Hér er bæði í húfi atvinna manna og þjóðhagsleg hagkvæmni, að ég ætla.

Mér er raunar kunnugt um það að oftar en einu sinni hefur það gerst að íslenskir flugvirkjar hafa orðið að yfirfara og gera við eftir skoðun og viðgerðir erlendis þannig að sá þáttur mætti einnig vera til athugunar, þótt auðvitað sé alltaf erfitt að meta slíkt.

En ég tel að það sé rétt sem fram kom í máli hæstv. samgrh. að ekki skortir á tækniþekkingu hér innan lands.

Eins og ég gat um í máli mínu áðan munar hér áreiðanlega mestu ef hægt væri að flytja stærri hluta viðgerða á varahlutum til landsins. Ég vonast til þess að þessi fsp. hafi orðið til að vekja menn til umhugsunar um þessi mál og enn frekar að einhverjar úrbætur muni fylgja eftir, þó ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að hér er við einkaaðila að ræða og tilmæli fremur en tilskipanir gagni.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil einungis bæta því við að ég er reyndar þeirrar skoðunar að Flugleiðir hf. væru þegar komnar af stað með slíka byggingu ef ekki búnar að ljúka henni nema fyrir þá staðreynd að fyrirtækið stendur, eins og menn vita, í gríðarmiklum fjárfestingum þar sem er endurnýjun alls millilandaflugflotans og væntanleg endurnýjun á innanlandsflugflotanum í framhaldinu. Þess vegna hefur það nokkuð staðið í stjórnendum þar að ráðast til viðbótar í þessa fjárfestingu sem trúlega er um eða yfir milljarður króna, byggingin með tilheyrandi aðstöðu.

En ég ítreka það sem ég áður sagði, að mér þykir sjálfgefið að stjórnvöld, og e.t.v. fleiri aðilar sem þar gætu komið til greina, ættu að huga vandlega að því að styðja við bakið á íslensku flugfélögunum ef þau vilja reyna að færa starfsemi af þessu tagi inn í landið.

Ég vil bæta því við að enginn vafi er á því að það er æskilegt frá sjónarhóli flugmálayfirvalda að þessi viðhaldsverkefni séu unnin hér innan lands. Það einfaldar mjög allt eftirlit. Ég held að það sé óumdeilt að hér sé í boði þjónusta sem óvíða fæst betri og öllum öryggismálum sé þannig mjög vel fyrir komið ef

verkefnin eru unnin innan lands. Og að sjálfsögðu er svo mikilvægt að við það skapast störf og sparast gjaldeyrir sem ella færi úr landi.

Enn er eitt atriði í þessu sambandi sem gerir það freistandi að slík viðhaldsaðstaða komist upp við nýju flugstöðina á Keflavíkurflugvelli og það er að með því að slík þjónusta yrði þar í boði ættu að aukast enn möguleikar flugvallarins og aðstöðunnar í kringum flugstöðina til að verða mikilvæg skiptistöð, mikilvægur lendingarflugvöllur fyrir millilendingar og tæknilendingar og ýmiss konar þjónustu við erlend flugfélög. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við gætum gert það að býsna myndarlegum atvinnuvegi ef rétt verður á málum haldið í framtíðinni.

Fræðsluvarp, ein umr.

Fsp. GA, 555. mál. — Þskj. 955.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Stofnun Fræðsluvarps í mars 1988 var aðgerð sem hafði verið undirbúin af sérstakri framkvæmdanefnd um fjarkennslu sem skipuð var til tveggja ára, frá 1. júlí 1987. Fjarkennsla með fræðsluvarpi nýtir nútímatækni til að mæta þörfum einstaklinga og atvinnulífs fyrir aukna menntun í breyttu þjóðfélagi.

Fræðsluvarpið vann að gerðum þátta fyrir grunnskóla, framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu, endurmenntun og alþýðufræðslu. Þættirnir voru af margvíslegum toga og sumir hverjir kostaðir af stofnunum eða fyrirtækjum. Þetta var ekki síst vegna þess hve naumum fjárveitingum var varið til þessa mikilvæga verkefnis. Framkvæmdanefnd um fjarkennslu var úthlutað til þessa verkefnis liðlega 6 millj. kr. á fjárlögum 1988. Fjárbeiðni nefndarinnar fyrir árið 1989 nam samtals 31,66 millj. kr. en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 7,1 millj. eða um fjórðungi af þörf nefndarinnar. Fjárlagabeiðni fyrir árið 1990 var 38,9 millj. kr. en fjárveiting var 8,4 millj. kr.

Ég hygg að fræðsluvarpið hafi þurft að greiða ríkissjónvarpinu meira en helming af þessum fjárveitingum sínum í útsendingarkostnað. Reyndin varð svo sú að dagskrá fræðsluvarps var oftast send út síðdegis á virkum dögum, á þeim tíma sem flestir eru í vinnu eða á leið úr henni. Ef tæki væru almennt til í skólum væri þó að sjálfsögðu hægt að nýta slíkan útsendingartíma víða í skólunum. Niðurstaðan virðist þó hafa orðið sú að allt of naumar fjárveitingar og skortur á stuðningi og tengslum við menntakerfið og ríkissjónvarpið og útvarpið og einnig skortur á eftirfylgju af hálfu stjórnvalda reyndust of erfiðir tálmar þegar þessi mikilvæga starfsemi var að komast á laggirnar. Þess vegna hef ég spurt hæstv. menntmrh.:

„1. Hvers vegna var fræðsluvarpið lagt niður?

2. Til hvers verður sú fjárveiting notuð sem fræðsluvarpi var ætluð á síðustu fjárlögum, að upphæð 8,4 millj. kr.?

3. Hvers vegna var skipuð ný framkvæmdanefnd um fjarkennslu? Hvert er hlutverk hennar?

4. Hyggst menntmrh. beita sér fyrir því að fræðsluvarp eða eitthvert annað form á fjarkennslu verði tekið upp aftur? Ef svo er, þá hvenær?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt að því hvers vegna fræðsluvarpið var lagt niður. Svarið er einfalt. Það var vegna peningaleysis. Það var ónóg fjárveiting.

Á síðasta ári lagði framkvæmdanefnd um fjarkennslu fram tillögur vegna fjárlaga fyrir menntmrh. og ríkisstjórnina fyrir árið 1990 upp á u.þ.b. 40 millj. kr. Fjárveitingavaldið, Alþingi og ríkisstjórn, taldi sig ekki geta komið til móts við óskir nefndarinnar og niðurstaðan varð 8,4 millj. kr. til fjarkennslunnar í ár. Þáv. framkvæmdastjóri nefndarinnar og forsvarsmaður fræðsluvarps vildi ekki una svo lítilli fjárveitingu og gaf ekki kost á sér til starfsins á árinu 1990, eins og kunnugt er.

Í byrjun þessa árs ræddi ráðuneytið stöðu fræðsluvarpsins við Ríkisútvarpið sérstaklega. Forráðamenn þess töldu sig ekki geta tekið við fræðsluvarpinu nema til kæmi sérstök fjárveiting. Þeir létu líka í ljós vissar efasemdir um að fræðsluvarp á vegum útvarpsins í tengslum við skólastarf væri í takt við tímann þegar þess er gætt hver þróunin hefur orðið í notendabúnaði, þ.e. myndböndum og hljóðböndum. Þess skal einnig getið í þessu sambandi að Ríkisútvarpið hefur farið fram á að fá greidda verulega fjármuni í útsendingarkostnað eða 40 þús. kr. fyrir hverja útsenda stund.

Nýlega hefur Ríkisútvarpið sent reikning fyrir útsendingu fræðsluvarps fyrir tímabilið 21. nóv. 1988 til 20. maí 1989 upp á 4,5 millj. kr., þar með taldar verðbætur upp á 40% af upphæðinni. Þessi útsendingarkostnaður hefur ekki verið greiddur og ég tel ekki ástæðu til að greiða hann miðað við núverandi aðstæður.

Hinn 15. jan. sl. boðaði menntmrn., Guðný Helgadóttir sem fer með fullorðinsfræðslu í ráðuneytinu núorðið, ýmsa skólamenn, útgefendur og fulltrúa ljósvakamiðla til umræðufundar um fjarkennslumálin. Það var álit fundarmanna að leggja ætti aukna áherslu á að efla opið og sveigjanlegt skóla- og fræðslustarf til að auka möguleika fólks á að afla sér menntunar, óháð búsetu. Margar efasemdir komu fram á þessum fundi um gildi fræðsluvarpsins sem þáttar í fjarkennslu, ekki síst þegar þess væri gætt hvaða útsendingartímar væru notaðir og hversu dýrt væri að vinna gott fræðsluefni. Þess skal getið að framkvæmdanefndin um fjarkennslu fór um 2,5 millj. kr. fram úr fjárveitingum síðasta árs vegna fræðsluvarpsins og samt sem áður var enginn útsendingarkostnaður greiddur. Þannig að af fjárveitingunni í ár verðum við m.a. að borga það sem fór umfram á síðasta ári.

Eftir þennan fund sem ég gat um áðan og haldinn var 15. jan. sl. og fund með fulltrúum frá Ríkisútvarpinu og í ljósi þeirrar fjárveitingar sem er til ráðstöfunar í ár var ákveðið að bíða átekta með fræðsluvarpið og leggja áherslu á að auka fjarkennslu skólanna sjálfra.

Í öðru lagi er spurt um til hvers sú fjárveiting verði notuð sem fræðsluvarpi var ætluð á síðustu fjárlögum, þ.e. fjárlögum ársins 1990.

Fjárveitingin verður notuð til að styrkja gerð fjarkennsluverkefna. Með fjarkennsluverkefnum er átt við verkefni sem gera nemendum kleift að stunda nám að mestu fjarri skóla með hjálp mismunandi kennslugagna, svo sem kennslubóka, kennslubréfa, hljóð- og myndbandaefnis og með leiðsögn kennara. Þar sem núverandi framkvæmdanefnd um fjarkennslu leggur höfuðáherslu á opið og sveigjanlegt skóla- og fræðslustarf er þess óskað að verkefni verði fyrst um sinn byggð á því námsefni sem fyrir hendi er t.d. í kjarnaáföngum framhaldsskólanna. Nýlega hefur ýmsum skólum og fræðsluaðilum svo og útgefendum verið boðið að sækja um styrk til þess að gera verkefni til notkunar í fjarkennslu.

Ég vil minna á að fjárveitingin samkvæmt fjárlögum er til fjarkennslu. Og fræðsluvarpið er aðeins hluti af henni, þ.e. að útvarp og sjónvarp eru notuð til að miðla fræðslu. Aðeins hluti þess efnis sem var fluttur í fræðsluvarpinu var eiginleg fjarkennsla. Vil ég þar nefna t.d. íslenskuþættina, stærðfræðiþættina og þætti um erlend tungumál. Í þessum greinum var viðbótarefni og nemendur gátu fengið aðstoð í gegnum bréfanám, t.d. í Bréfaskólanum og í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Ýmsir aðrir þættir fræðsluvarpsins verða frekar að flokkast undir almenningsfræðslu. Ríkisútvarpið hefur auðvitað sinnt slíkri fræðslu og sinnir enn með ýmsum hætti.

Í þriðja lagi er spurt hvers vegna skipuð var ný framkvæmdanefnd um fjarkennslu og hvert sé hlutverk hennar.

Ný nefnd var skipuð vegna þess að skipunartími fyrri nefndarinnar var útrunninn. Hann rann út samkvæmt skipunarbréfi forvera minna einhverra 30. júní á árinu 1989. Það var einnig talið nauðsynlegt að nefnd starfaði með ráðuneytinu til að leggja á ráðin um það hvernig fjárveitingunni í ár yrði best fyrir komið til að efla fjarkennslu í landinu. Hlutverk nefndarinnar sem skipuð var er í meginatriðum, samkvæmt erindisbréfi:

1. Að efla fjarkennslu á grundvelli tillagna fjarkennslunefndar frá 1987, tillagna framkvæmdanefndar um fjarkennslu frá 1989 og ábendinga umræðufundar frá 15. jan. sl.
2. Að gera tillögur um framtíðarskipulag fjarkennslu.
3. Að gera tillögur um hvernig mætti halda starfsemi fræðsluvarps áfram.
4. Að stuðla að samstarfi stofnana.
5. Að veita ráðgjöf og standa fyrir námskeiðahaldi um framkvæmd fjarkennslu.

Loks spyr hv. 6. þm. Reykv. hvort menntmrh. hyggist beita sér fyrir því að fræðsluvarp eða eitthvert annað form á fjarkennslu verði tekið upp aftur og ef svo er þá hvenær.

Eins og ég hef minnst á hér að framan mun framkvæmdanefndin um fjarkennslu leggja höfuðáherslu á að hægt verði að stunda núverandi nám, t.d. framhaldsskólanám, í fjarkennslu og því verður fjármagninu varið í gerð ýmiss konar fjarkennsluverkefna.

Ég vil einnig geta þess að Kennaraháskóli Íslands býður upp á kennsluréttindanám fyrir leiðbeinendur að hluta í fjarkennslu og í undirbúningi er dreifð og sveigjanleg kennaramenntun sem einnig byggir á fjarkennslu og er því í rauninni eiginlegur hluti þeirrar hugmyndafræði sem býr að baki fjárlagaliðnum Fjarkennsla. Þá verður hluti af kennsluréttindanámi Háskóla Íslands í formi fjarkennslu og hefst hún í ár. Einnig er Fósturskóli Íslands að undirbúa dreift og sveigjanlegt fósturnám.

Í erindisbréfi framkvæmdanefndarinnar um fjarkennslu er minnst á að leggja beri áherslu á að hægt verði að ljúka kjarnaáföngum í framhaldsskóla í fjarkennslu, að hægt verði að stunda nám í fámennum áföngum framhaldsskóla fyrir tilstuðlan fjarkennslu, að hægt verði í fjarkennslu að stunda nám til kennsluréttinda, bæði fyrir grunnskóla og framhaldsskóla, að fjarkennsla aukist í háskólanámi og að stuðlað verði að fjarkennslu sem lýtur að endurmenntun og viðbótarmenntun í tengslum við atvinnulífið. Þetta eru áhersluþættirnir eða þetta eiga að vera áhersluþættirnir að okkar mati.

Hvort hafin verður útsending fræðsluvarps að nýju er eins og fyrr segir eingöngu háð fjármagni. En miðað við núverandi fjárveitingu teljum við æskilegra að nýta fjármunina til að auka fjarkennslu skólanna. Hins vegar vil ég benda á að í 9. gr. frv. til útvarpslaga, sem liggur fyrir hv. menntmn. Ed., stendur: „Ríkisútvarpið skal starfrækja kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum." Það hygg ég að sé í raun úrslitaforsenda þess að fræðsluvarpið geti starfað áfram.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hann hefur upplýst nokkuð vel um þróun þessa máls. Mér fannst okkur hvergi greina á um mikilvægi fjarkennslunnar í sjáfu sér þó að ræða megi um það hvort hún fari fram um fræðsluvarp eða á einhvern annan hátt. En í raun og veru var lykilatriði í máli hans það sem hann gat um síðast, en það er auðvitað að fé fáist á fjárlögum til starfsemi eins og þessarar. Það kom ljóst fram í upphafi svara hans að fræðsluvarpið hafði verið lagt niður vegna skorts á fé.

Ég er einmitt með frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram í efri deild um almenna fullorðinsfræðslu þar sem getið er um það í aths. við 12. gr., en hún fjallar um menntunarsjóð svonefndan, að tengja eigi fjarkennslu fullorðinsfræðslunni, e.t.v. með fræðsluvarpi eins og getið er um í frv. til útvarpslaga. Ég minni hæstv. ráðherra einnig á það að það er annar

ráðherra, félmrh., sem leggur fram frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar er líka hlutverk fyrir fjarkennslu og reyndar alls staðar þar sem endurmenntun og símenntun er tekin fyrir, en um hana eru vaxandi kröfur og fyrir hana er vaxandi þörf í þjóðfélagi nútímans.

Ég ætla ekki að fara út í frekari efnislega umræðu um málið núna en legg ríka áherslu á það að nægar fjárveitingar fáist til þessa mikilvæga verkefnis því þetta er auðvitað hluti af því að halda uppi virkri byggðastefnu. Þannig að sú fræðsla og þekking sem þjappast saman hér á suðvesturhorninu standi öðrum til boða annars staðar á landinu í jafnríkum mæli.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. 6. þm. Reykv. lét hér falla í lokin. Þetta er auðvitað gríðarlega mikilvægur þáttur í byggðastefnu og það er mjög nauðsynlegt að Alþingi, sem virðist áhugasamt um framkvæmd byggðastefnu oft og tíðum, geri sér grein fyrir því að þetta getur kannski verið úrslitaþáttur í því að halda uppi eðlilegri byggð í landinu, að unnt sé að dreifa þekkingarforða héðan úr þéttbýlinu til dreifbýlisins með eðlilegum, skilvirkum og ljósum hætti.

Það sem gerst hefur í þessum málum má segja að sé aðallega eftirfarandi:

1. Við höfum stofnað deild í ráðuneytinu sem hefur með fullorðinsfræðslu að gera.

2. Verið er að vinna að sérstakri tillögugerð um fjarkennslu, eins og ég rakti hér áðan, þar sem m.a. hefur verið rætt um það í tengslum við fjárlögin fyrir árið 1990 að þetta verði sjálfstæður fjárlagaliður en ekki undir Háskóla Íslands eins og þetta mun vera í fjárlögunum í dag.

3. Við höfum tekið ákvarðanir um að undirbúa dreifða og sveigjanlega kennaramenntun. Sá undirbúningur hófst í fyrra og sú starfsemi kemst væntanlega í gang haustið 1991.

4. Fyrirhugað er svokallað dreift og sveigjanlegt nám fyrir fóstrur sem er aðeins hafinn undirbúningur að.

5. Ég vil nefna frv. sem hv. þm. gat um hér áðan. Ég bendi einnig á frv. hæstv. félmrh. í þeim efnum og segi: Það er óhjákvæmilegt að mínu mati að frv. af þessu tagi verði samferða í gegnum þingið vegna þess að það er háskalegt frá sjónarmiði þjóðarinnar, skólakerfisins og atvinnulífsins að þar verði skilið á milli.

Að öðru leyti þakka ég hv. 6. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli hér.

SAMEINAÐ ÞING

80. fundur, fimmtudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna, síðari umr.

Stjtill., 454. mál. — Þskj. 789, n. 999.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. utanrmn. á þskj. 999 þar sem fjallað er um till. til þál. um staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna. Nál. er stutt og hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta skrifa allir meðlimir utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1057).

Fullgilding Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum, síðari umr.

Stjtill., 455. mál. — Þskj. 790, n. 1000.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu sem er 455. mál þingsins. Á þskj. 1000 er svohljóðandi nál. frá utanrmn.:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta skrifa allir meðlimir utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1058).

Samningur um viðurkenningu á niðurstöðum prófana, síðari umr.

Stjtill., 466. mál. — Þskj. 812, n. 1001.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi sem er 466. mál þingsins. Nál. er eins og fyrri nál. sem ég hef farið með hér í dag stutt og laggott:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta rita allir meðlimir utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1059).

Starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, síðari umr.

Þáltill. GHH o.fl., 110. mál. — Þskj. 114, n. 1002.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 114 er till. til þál. um starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, tillaga sem flutt er af Íslandsdeild þeirra samtaka. Sú tillaga hefur legið um tíma hjá okkur í utanrmn. og höfum við beðið eftir að settar yrðu almennar reglur um alþjóðasamskipti þingsins sem forsetar þingsins hafa nú nýverið samþykkt í samráði við formenn þingflokkanna.

Í framhaldi af því hefur utanrmn. gengið frá svofelldu nál. á þskj. 1002:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldið var í Nikósíu 2.–7. apríl sl. voru gerðar nokkrar breytingar á lögum sambandsins. Vegna þeirra breytinga er nauðsynlegt að fella brott ákvæði 3. mgr. 3. gr. starfsreglnanna. Þá telur nefndin einnig að best fari á því að breyta lítillega 1. gr. reglnanna þar sem vísað er til tilgangs og laga sambandsins. Í ljósi þessa leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „tilgang sambandsins, sbr. lög þess sem fylgja með starfsreglum þessum" komi: lög sambandsins.

2. Við 3. gr. 3. mgr. falli brott."

Með þessum breytingum leggur nefndin til að starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins verði samþykktar. Undir þetta nál. skrifa allir meðlimir utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1002,1 samþ. með 44 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1002,2 samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

4.–7., gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða, samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1060).

Um þingsköp.

Utandagskrárumræða um kvótafrv.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Eins og þingheimi mun kunnugt gengu út boð í hádegisútvarpi um það að samkomulag væri orðið, nánast milli allra, um afgreiðslu svokallaðs kvótafrv. Ég hef óskað eftir að fá hér umræður utan dagskrár um yfirlýsingar af þessu tagi vegna þess að þær standast ekki. Enn hefur ekki verið orðið við þeirri beiðni. Ég viðurkenni að þetta er mjög seint fram komið, en ástæðan er auðvitað sú að fréttirnar komu ekki fyrr en í hádeginu í dag og fyrr var ekki hægt að biðja um umræðu af þessu tagi. Ég hlýt því að óska eftir því við hæstv. forseta að hann leyfi nú þegar utandagskrárumræðu um þetta mál því að ég tel að það skipti æðimiklu hvort hér er rétt greint frá, að um það sé samkomulag að málið verði tekið út úr sjútvn. Ed. og síðan afgreitt hér á laugardegi. Ég vil ekki fara inn í þingskapaumræður að öðru leyti, en ég ítreka að þessi beiðni liggur frammi og verði ekki við henni orðið verður að sjálfsögðu að grípa til annarra ráða hér í Sþ. til þess að fá fram umræður um það hvernig þessum málum er háttað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 3. þm. Vestf. er þingvanur maður og hlýtur að gera sér ljóst að til þess eru sett lög um þingsköp að þinghald geti farið fram með reglulegum hætti. Í 32. gr. laga um þingsköp segir svo:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst."

Klukkan var um það bil 10 mínútur yfir eitt þegar hv. þm. hafði samband við forseta. Það er því úrskurður forseta að það sé óleyfilegt samkvæmt þingskapalögum að leyfa þessa umræðu. Ég hafði hins vegar orð á því við hv. þm. að ef honum tækist að ræða við viðkomandi ráðherra, eins og honum ber, skyldi ég koma til móts við þessa ósk með því að setja nýjan fund síðar í dag og leyfa þá þessa umræðu, en forseti getur ekki samkvæmt lögum um þingsköp leyft þessa umræðu nú á þessum fundi. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að skilja. Og vitaskuld er þetta ákvæði sett í lögin til þess að þingmenn geti ekki

sprottið upp hvenær og hvar sem er og hafið umræðu um eitthvað allt annað en á dagskrá er.

Forseti vill taka það fram að hún hefur aldrei neitað umræðu utan dagskrár, aldrei, síðan hún tók við forsetaembætti hafi sú ósk verið fram borin tveim tímum áður en fundur hófst. Að þessu sinni var ekki um það að ræða þannig að forseti telur sig enga heimild hafa til að leyfa þessa umræðu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hér stendur upp einn af stjórnarþingmaður, hv. þm. Karvel Pálmason, og lýsir því yfir — hv. þm. hefur verið skráður í þingflokki Alþfl. eins og hv. þm. vita — að forustumenn stjórnarflokkanna, þ.e. ráðherrar og formenn þingflokka, fari í fjölmiðla og gefi yfirlýsingar um það hvernig einstök mál verði afgreidd hér úr nefndum og í deildum. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að þegar maður heyrir ummæli sem þessi eftir stjórnarþingmanni hlýtur maður að taka undir kröfu hv. þm. um að forseti leyfi þessa utandagskrárumræðu. Þessi yfirlýsing stjórnarþingmannsins hlýtur auðvitað að hafa áhrif á það hvernig málið er afgreitt út úr nefndum. Ef það kynni að koma í ljós í nefndarstörfum í sjútvn. Ed. í dag og á morgun að stjórnarþingmenn hyggjast ekki afgreiða frv. út úr nefnd verður það náttúrlega að koma skýrt fram hér í þingsal strax í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur þegar boðist til að boða fund, slíta fundi að lokinni afgreiðslu mála sem hér þarf að fara fram og setja nýjan fund kl. 3.15. Þá eru liðnir tveir tímar frá því að óskin var fram borin. Geti hv. 3. þm. Vestf. sætt sig við það skal forseti svo gera og leyfir hér með umræðu utan dagskrár í allt að hálftíma á nýjum fundi sem settur verður kl. 3.15.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig rétt að hér stendur að nokkru leyti þingreyndur maður og svo ætti að vera um fleiri. (**ÞP:** Stjórnarþingmaður?) Nei, það er ekki stjórnarþingmaður. Ég hélt að það gæti legið fyrir hv. þm. Sjálfstfl. eftir hvað, tæpt ár er það ekki síðan hæstv. ríkisstjórn tók við völdum, að ég hef ekki lýst yfir stuðningi við hæstv. ríkisstjórn. Ég hef kosið, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, að fara eftir sannfæringu um afstöðu til mála, ekki eftir flokksþrælkun eða flokksfjötrum og því mun ég halda áfram.

Varðandi það sem hæstv. forsegi segir: Það er alveg rétt, eins og ég tók fram, að þessi beiðni barst ekki á tilskildum tíma. Ástæðan er ljós. Fréttin barst ekki fyrr og eiga þeir sem að henni standa í fjölmiðlum að hafa rétt til þess að útblása slíka hluti á þeim tímum þegar hv. þingmönnum gefst ekki tækifæri til þess að leiðrétta þá? Er það meining hæstv. forseta að þingmenn almennt geti ekki leiðrétt slíka hluti eða hæstv. ráðherrar ef þingflokksformenn hafa valið þann kost að koma þessu á framfæri á þeim tímamörkum sem útilokað var að biðja um umræður utan dagskrár vegna slíkra yfirlýsinga? Nú er það ekki mitt að sjá til þess að hæstv. ráðherrar sinni sínum skyldum og sitji þingfundi. (**Gripið fram í:** Jú.) Það er miklu frekar verkefni hæstv. forseta en mitt að sjá til þess að ráðherrar sinni sínum þingskyldum og sitji þingfundi. Ég get ekki krafið þá um það, ekki í embættis valdi. En það geta sumir aðrir og ættu að gera.

Nú stendur svo á, virðulegur forseti, að málum er þannig háttað að sjútvn. Ed. er boðuð á fund kl. hálfþrjú. Og ég hlýt að spyrja: Ætlast hæstv. forseti til þess að nefndarstörfin gangi fyrir eða þingstörfin? Ég óska úrskurðar um það. Það er ekki hægt að ætlast til þess að óbreyttum þingmönnum sé ætlað að vera á tveimur eða þremur stöðum á sama tíma til þess að sinna störfum hér á hv. Alþingi.

Þetta er út af fyrir sig ekkert nýtt. Þetta hefur endurtekið sig ár eftir ár og nánast áratug eftir áratug að stjórnendur þingsins haga vinnubrögðum með þessum hætti. Og það er ekki við mig að sakast í þeim efnum. Ég beini því til hæstv. forseta hvort það er ekki í hans höndum að haga stjórnun þingsins þannig að hægt sé að sinna verkefnum með eðlilegum hætti. Það verður ekki gert með því sem hér er nú boðað. Ef hæstv. forseti vill láta nefndarstörfin ganga fyrir, þá þýðir ekkert að vera að tala um að hafa utandagskrárumræðu kl. 3 því að þá er sjútvn. Ed. á fundi til þess að ræða kvótamál. Menn geta ekki hliðrað sér hjá því að taka tillit til þess hvernig störf eiga að vinnast hér á Alþingi og ég ítreka því enn: Til þess er tími nú. Ef menn ætla þingnefnd að sinna þeim verkefnum sem henni er ætlað, þá er hér tími til þess að ræða utan dagskrár þessar yfirlýsingar sem gefnar hafa verið út og ég vil fá tíma til þess að spyrjast fyrir um því að þær eru ekki gerðar með mínu samþykki og í engum tengslum við mínar ákvarðanir að því er varðar afgreiðslu mála úr sjútvn. og umræðu hér á Alþingi, þ.e. í hv. Ed., um það mál sem kallað er kvótafrv. Þetta hygg ég að forseta hljóti að vera ljóst, að hann getur ekki kallað sömu einstaklingana til starfa á tvennum vígstöðvum á sama tíma. Þetta þarf að koma fram og ég hygg að forseta sé þetta ljóst og hann átti sig á því að undan þessu verður ekki vikist, að þessi umræða fari fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að það verða engir nefndafundir kl. 3 vegna þess að forseti hefur látið hringja út hvern einasta þingmann til atkvæðagreiðslu hér í þinginu kl. 3. Hv. þm. spurði hver væri skylda þingmanns og hún er þessi skv. 34. gr. þingskapalaga:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Þingmanninum er jafnframt ljóst að forseti þingsins hefur ekki boðað til nefndafunda í þinginu og hefur ekkert með það að gera. Það eru formenn nefnda sem það annast í samráði við hv. þm.

Það er alveg ljóst að hér verður ekki leyfð utandagskrárumræða rúmum klukkutíma eftir að um hana er

beðið. Það verður að líða lengri tími. Jafnframt er hv. þm. vel ljóst að sá sem um slíka umræðu biður verður að vera búinn að tryggja að viðkomandi ráðherra eða sá sem hann vill beina máli sínu til verði jafnframt viðstaddur. Mér er ókunnugt um hvort þingmaðurinn hefur gert það, ég hygg þó ekki, en boð forseta stendur, að hér hefjist fundur kl. 3.15 og þá verði leyfð umræða utan dagskrár, en hún verður ekki leyfð núna.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Svona fljótt á litið yfir salinn sýnist mér að það séu aðeins tveir þingflokksformenn hérna og ég er annar þeirra, og ég held að ég megi til með að bera af mér sakir ef ég má orða það svo. Það hefur verið spurt hér af hv. þm. Karvel Pálmasyni hvort fréttir Ríkisútvarpsins, sem ég heyrði nú að vísu ekki, í hádeginu væru réttar, að það hafi verið gerður samningur á milli þingflokksformanna, að mér skilst, og væntanlega forsrh. um að taka svokallað kvótamál út úr hv. Ed. á laugardegi.

Ég vil aðeins segja það að ég kannast ekki við slíkan samning. Af hálfu okkar sjálfstæðismanna var í viðtölum við hæstv. forsrh. í gærkvöldi gerð einmitt krafa um það að málið hefði sinn tíma í Ed. og það væri ljóst að það yrði ekki tekið til umræðu í Ed. fyrr en á laugardegi. Það er jafnljóst að slíku máli verður ekki lokið á einum degi í gegnum tvær umræður í deildinni. Á þetta var bent í svona þægilegu rabbi, skulum við segja, við hæstv. forsrh. Ég vil aðeins segja þetta að því er mér viðkemur, að ég hef ekki staðið að neinum slíkum samningi.

Af því að hv. þm. Karvel Pálmason stóð hér upp í ræðustóli og lagði áherslu á það að hann væri ekki stjórnarþingmaður og samviskan byði honum að fylgja þeim málum sem hann teldi rétt að fylgja minni ég hann aðeins á það að samviskan bauð honum hins vegar núna í desembermánuði að styðja þessa ríkisstjórn sem hann vill núna helst sverja af sér. Það skil ég svo sem vel.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill, áður en frekari þingskapaumræður halda áfram, benda á að hér stóð til að afgreiða út úr þinginu tillögur nokkurra hv. þm., svo og að taka til umræðu fjáraukalög sem ég held að tæplega sé nú ágreiningur um að beri að afgreiða. Ég vil biðja hv. þingmenn að leyfa að hér fari fram eðlileg þingstörf. Niðurstaða í máli hv. 3. þm. Vestf. liggur fyrir. Honum stendur til boða umræða utan dagskrár kl. 3.15 í dag. Betur getur forseti ekki gert, enda vil ég benda á að hæstv. forsrh. er alls ekki staddur hér í húsinu. Til hans verður auðvitað kallað til að umræða utan dagskrár megi fara fram. Ég vænti þess að hér sé frá öllu gengið svo að með sóma sé og bið nú hv. þingmenn að leyfa að haldið sé áfram þingstörfum og að leyft verði að afgreiða hér úr þinginu þau mál sem hlotið hafa fullnaðarafgreiðslu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Yfirlýsingar sem gefnar eru af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eða forustumanna ríkisstjórnarflokkanna utan þings geta eðlilega leitt til þess að taka verður mál upp hér á hinu háa Alþingi og inna eftir svörum. Frá mínum bæjardyrum séð er það mjög eðlilegt að hv. 3. þm. Vestf. óski hér eftir umræðu utan dagskrár að slíku tilefni gefnu. Það er sjálfsögð og eðlileg ósk og fyllilega vel rökstudd. Jafnljóst er að það er rétt sem forseti Sþ. hefur hér greint frá, að slíka ósk um utandagskrárumræðu skv. fyrri mgr. 32. gr. þarf að bera fram tveimur tímum fyrir upphaf þingfundar og það er fyllilega eðlilegt að forseti fari skýrt og skilmerkilega eftir þessu ákvæði þingskapa. Hins vegar er líka eðlilegt að bregðast þá þannig við, eins og forseti hefur gert, að bjóðast til að setja hér nýjan fund þegar tvær stundir eru liðnar frá því að óskin kom fram.

En vegna þess að forseti hélt því fram að sá þingmaður sem óskar samkvæmt þessu ákvæði þingskapa eftir umræðu utan dagskrár yrði að tryggja að viðkomandi ráðherra yrði við vil ég mótmæla þeim skilningi mjög ákveðið. Ráðherrar hafa skyldu til setu á fundum Alþingis og það er ekki einstakra þingmanna að tryggja viðveru þeirra eða að þeir gegni þingskyldu. Þeir hafa, þegar þannig stendur á, rétt til að óska eftir utandagskrárumræðu samkvæmt þessu ákvæði þingskapa. Ef hún er borin fram með réttum fyrirvara, eins og segir í greininni, er skylt að verða við þeirri ósk og það er skylda ráðherra, án atbeina viðkomandi þingmanns, að vera viðstaddur þá umræðu. Ég hygg að þessi skilningur sé ótvíræður og vil láta hann koma hér fram af minni hálfu til þess að ekki skapist hér fordæmi vegna annarrar túlkunar á þessu þingskapaákvæði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara síðustu orða hv. 1. þm. Suðurl. tek ég það fram að allt frá því að ég kom hér inn á hið háa Alþingi hefur þingmanni sem ætlar að eiga utandagskrárumræðu við ráðherra verið gert að hafa samband við þann umrædda ráðherra og tryggja það að hann vilji eiga orðastað við þingmanninn. Það stendur hvergi skrifað í lögum um þingsköp, það er alveg rétt, en þetta hefur verið hefð í þinginu eins langt aftur og ég man og þetta held ég að allflestir hv. þm. kannist við.

Svo stóð á í dag að hæstv. forsrh. kom að máli við mig fyrir hádegi og baðst leyfis vegna anna á tímabilinu kl. 1–3 þannig að það var alveg ljóst að hann yrði ekki við á þessum tíma. Þess vegna var útilokað allra hluta vegna að hefja þessa umræðu kl. 2. Ég tel að það sé lausn í þessu máli fram undan og mælist því til að menn sætti sig við að þessi fundur hefjist kl. 3.15 og nú geti fundur sá sem við erum hér stödd á haldið áfram án þess að hann sé tafinn frekar.

Sighvatur Björgvinsson:

Mig langar aðeins að taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. um hans rökstuðning í málinu

og enn fremur það sem komið hefur fram hjá hæstv. forseta, að það er rétt að vaninn hefur verið sá að þingmenn hafa verið spurðir að því, þegar þeir hafa óskað eftir utandagskrárumræðu sem ætti að vera við tiltekinn ráðherra, hvort þeir hafi haft samband við ráðherrann og látið hann vita af því. Hins vegar er mér einnig kunnugt um það frá minni þingreynslu að það hefur komið til að forseti hafi leyft umræðu utan dagskrár þó svo að sá ráðherra sem átt hafi að ræða við hafi tilkynnt að hann gæti ekki verið viðstaddur. Það hefur gerst. Ég sé hins vegar eins og hæstv. forseti að lausnin er fram undan. En ég vildi benda á að það er náttúrlega mjög óeðlilegt að á sama tíma og fulltrúi í sjútvn. óskar eftir að ræða mál sem svo mjög varðar starfsemi nefndarinnar, og á þingtíma, sé nefndin á fundi. Ég teldi því eðlilegt að forseti sæi til þess að meðan þessi umræða fer fram, sem hér hefur verið óskað eftir um málefni er varða sjútvn., boði formaður sjútvn. ekki nefndarmenn á fund því að það væri mjög óeðlilegt að einn nefndarmanna, sá sem hefur beðið um umræðu utan dagskrár, yrði að vera fjarstaddur svo þýðingarmikinn fund í sjútvn. eins og sá fundur er sem fyrir dyrum stendur. Því væri eðlilegt að hæstv. forseti sæti til þess að fundur væri ekki haldinn í sjútvn. Ed. á sama tíma og sú umræða sem boðuð hefur verið fer fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að svo verði ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að sá skilningur hv. 1. þm. Suðurl., að það sé forseta að hafa eftirlit með því að menn gegni hér þingskyldum sínum, sé rökréttur. Það að þingmenn hafa haft samband við ráðherra þegar þeir hafa óskað eftir að hefja hér utandagskrárumræðu hefur fyrst og fremst byggst á því að þeir hafa þurft að koma á framfæri við ráðherrann þeim spurningum sem þeir hafa óskað eftir að fá svarað og að sjálfsögðu er rökrétt að þeir einir sem hefja málið hafi á reiðum höndum þær spurningar sem þeir óska eftir að fá svör við. Þetta eru þess vegna tveir aðskildir þættir að mínu viti, sú hefð að þingmaður hafi samband við ráðherra til að greina honum frá því hvers sé vænst af honum í umræðunni og hitt atriðið, að það er forsetans að fylgja því eftir að ráðherrar jafnt sem þingmenn gegni hér sinni þingskyldu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti gerir ekki mikið annað á meðan hann á að hafa hemil á því hvar hæstv. ráðherrar þjóðarinnar ferðast og þykir mér nú nýtt hlutverk hafa fallið forseta í skaut.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að hæstv. forseti Sþ. hafi ekki enn gert sér grein fyrir því hvernig þingstörfum er háttað. Það er auðvitað um tómt mál að tala. Verði ekki nefndarfundir í sjútvn. Ed. í dag um kvótamálið ... (Gripið fram í.). Það er búið að fresta, segir hæstv. forseti. Það er búið að afskrifa þann fund. (Gripið fram í.) Ekkert korter fyrir neitt. Ég held að menn verði að fara að gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt, það er bókstaflega útilokað að ætla sér að halda þingstörfum áfram, hvort sem er í sameinuðu þingi eða í deildum, á sama tíma og nefndarfundir eiga að fara fram, ég tala nú ekki um í slíkum málum eins og hér er um að ræða. Þetta ættu þingvanir menn að hafa gert sér ljóst, en mér heyrist á hæstv. forseta að hún hafi ekki gert sér þetta ljóst.

Það er búið að boða nokkra aðila utan úr bæ til fundar í dag til umsagnar um breytt viðhorf þeirra sem menn kalla stjórnarliða í kvótamálinu — (Gripið fram í.) það er rangt, hv. þm. Egill Jónsson, það er ekkert samkomulag — þannig að menn geta ekki talað svona frjálslega um hlutina. Menn verða auðvitað að vinna með eðlilegum hætti og það dugar ekkert að vera að boða nefndarfundi í sjútvn. á sama tíma og annaðhvort Sþ. er starfandi eða deildir. Það er ekkert um það að ræða. Ég óska því eftir úrskurði forseta um það, eigum við hv. nefndarmenn í sjútvn. Ed. að neita að á mæta á fundi og sitja hér? Ég óska úrskurðar forseta um þetta mál. Ég vil ekki sitja undir því að ég sinni ekki þingskyldum, en ég get ekki verið á tveimur stöðum í einu. Það er um tómt mál að tala.

Varðandi ráðherrana: Auðvitað er það skylda hæstv. forseta, alveg eins gagnvart ráðherrum og óbreyttum þingmönnum, að sjá til þess að þeir sinni þingskyldum. Það hlýtur að vera gerð krafa til þess. Varðandi það að ég tryggi viðveru tiltekinna ráðherra hér, þá er ég ekki að tala um neinn einstakan ráðherra í þessum efnum. Það er allt liðið sem fellur undir þetta, þannig að það er enginn einn einstakur, og ég ætla ekki að ganga í það að hringja upp 11 manns og skikka þá til þess að koma hér niður í Sþ. til að vera við umræður eins og þeim ber skylda til samkvæmt þingsköpum. (**ÞP:** Þarftu ekki að hringja til 10 ef einn er mættur?) Já, ég var ekki kominn að því, hv. þm. Og kannski er það sá sem málið heyrir frekast til sem er mættur.

Mér finnst hæstv. forseti gera ósköp lítið úr umræðum af þessu tagi. Kannski er það orðin skylda í seinni tíð að ráðherramál og tiltekin þingmál einhverra útvaldra alþingismanna gangi hér fyrir í umræðum. En hvar er þá lýðræðið? Þetta er engin þegnskylduvinna að mínu viti fyrir ráðherra að rétta upp hönd þegar þeim líkar og þeir biðja. Hér hafa menn hver um sig ákvörðunarrétt til þess að taka afstöðu samkvæmt sinni eigin sannfæringu. Ekkert er tilskipan tiltekinna ráðherra, sama í hvaða flokki eru, þannig að ég held að þeir sem ráða ferðinni í þinginu verði að gera sér það ljóst að það er ekki ákvörðunarvald einstakra ráðherra, hvort sem um er að ræða einn, tvo, þrjá eða fleiri, að þeir ráði hér ferðinni í þinginu. Það er ákvörðunarvald hvers og eins þingmanns hvaða afstöðu hann tekur til mála.

Að þessu sögðu ítreka ég enn spurningu mína til forseta: Á ég að sitja hér kyrr og neita að mæta á

nefndarfundi í sjútvn. þar sem verið er að ræða einmitt það mál sem hér er verið að tala um eða hvað skal gera? Ekki verð ég á báðum stöðum. Ég mun hlíta úrskurði forseta í því efni, sem hún ákvarðar. En þá þýðir það auðvitað að málið verður ekkert afgreitt út úr nefnd á morgun eða út úr deild á laugardag og um þetta snýst málið. Ég mun að sjálfsögðu, ef hæstv. forseti úrskurðar svo að ég sitji hér kyrr, fallast á utandagskrárumræður korter yfir þrjú um þetta mál og vænti þess að þær geti orðið með eðlilegum hætti, málefnalegar umræður um það sem er að gerast hér á hv. Alþingi, ekki einhvern skrípaleik sem settur er á svið í fjölmiðlum til þess að villa fólki sýn og láta það halda allt annað en reyndin er.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti taldi þvert um hug sinn ef hún segði ekki að hún vildi mjög svo gjarnan hafa hv. 3. þm. Vestf. í þingsölum sem oftast og alltaf. Nú er það svo að forseti hefur ekki hingað til þurft að hafa neinar áhyggjur af því að hv. þingmenn ræki ekki störf sín. Ég held að hv. 3. þm. Vestf. sé jafnljóst og öllum þeim sem hér inni sitja að þingmenn verða því miður oft að sinna tveim störfum í einu og nægir nú að nefna þá hv. þm. sem í fjvn. sitja. Hrædd er ég um að oftlega verði þeir að sitja nefndarfundi á þingtíma. Við þetta höfum við orðið að búa vegna þess hve hið íslenska þjóðþing er fámennt og störfin hlaðast á færri hendur en almennt gerist í öðrum þjóðþingum. Þessa speki hélt ég nú ekki að ég þyrfti að lesa yfir hv. þingheimi.

Það er auðvitað alveg rétt að það er ákaflega óheppilegt að nauðsynlegt sé að boða nefndafundi á sama tíma og þingfundir eru, en það er hvorki nýlunda né í þessu tilviki neitt sérstakt og allra síst þegar þinglok nálgast eins og nú er. Og eins og ég hef áður sagt: Þetta er það sem þingmenn hafa orðið að leggja á sig til þess að við getum haldið hér uppi þinghaldi með svo fáu fólki sem hér situr.

Ég fagna því að hv. þm. hefur fallist á að umræða utan dagskrár hefjist hér kl. 3.15 og forseti hefur beðið skrifstofuna að sjá svo til að fundi verði þá frestað í hv. sjútvn. Vænti ég þá að þessari umræðu um þingsköp sé lokið.

Könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar, síðari umr.

Þáltill. JK o.fl., 345. mál. — Þskj. 596, n. 994, brtt. 995.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um till. til þál. um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk um það umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Flugmálastjórn, Landhelgisgæslunni, Landssambandi flugbjörgunarsveita, samgrn., Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem er á sérstöku þingskjali", þskj. 995.

Breytingin er sú að við tillgr. bætist: „Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir Sþ. á næsta löggjafarþingi."

Undir nál. rita Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir, Eggert Haukdal, Kristinn Pétursson, Ingi Björn Albertsson og Karl Steinar Guðnason.

Til hægðarauka, af því að ég er 1. flm. þessarar tillögu, vil ég þakka nefndinni fyrir skjóta og góða afgreiðslu tillögunnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 995 samþ. með 43 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1061).

Siglingaleið um Hornafjörð, síðari umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25, n. 992, brtt. 993.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um till. til þál. um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá bæjarstjórn Hafnar, Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálaskrifstofunni. Þá komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson vita- og hafnamálastjóri og Gísli Viggóson, forstöðumaður rannsóknardeildar Vita- og hafnamálaskrifstofunnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Það kom fram í starfi nefndarinnar að Vita- og hafnamálaskrifstofan hefur þegar unnið drög að rannsóknaráætlun og nefndin gerir tillögu um að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hraðað verði rannsókn á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð."

Undir nál. rita Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir, Eggert Haukdal, Ingi Björn Albertsson, Kristinn Pétursson og Karl Steinar Guðnason.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að hefja mál mitt á því að þakka frsm. og meðflm. manni, öðrum af tveim, fyrir að skýra frá samþykkt allshn. Sþ. um afgreiðslu á till. til þál. um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð. Mér er fullkunnugt um það að hv. allshn. hefur lagt mikið starf í afgreiðslu þessarar tillögu, leitað umsagna og upplýsinga, m.a. hjá Hafnamálastofnun ríkisins, og þannig fengið sannfærandi grundvöll fyrir afgreiðslu málsins.

Tillaga svipaðs efnis hefur áður verið flutt hér á hv. Alþingi. Sömu alþingismenn og þeir sem fluttu þessa tillögu fluttu tillögu með sama texta á 111. löggjafarþingi en áður höfðu, að tilhlutan Sverris Hermannssonar, verið fluttar tillögur að ég hygg fjórum sinnum á næstu árum á undan. Það er því mikilvægt að þau rannsóknarverkefni sem hér er lagt til að verði unnin skuli nú hafa hlotið staðfestingu hér á Alþingi.

Við undirbúning að gerð þessarar tillögu var leitað upplýsinga og aðstoðar hjá Hafnamálastofnun ríkisins, einkum er varðar upplýsingar í greinargerð og m.a. af þeirri umræðu hefur hlotist mikil umræða um þessi mál. Eins og tillögugreinin ber með sér, þegar henni hefur verið breytt, sbr. tillögur allshn., hefur í raun verið byrjað á að framkvæma rannsóknaráætlun eða a.m.k. að gera rannsóknaráætlun fyrir Hornafjarðarós og nánasta umhverfi hans. Eigi að síður er það mikilvægt að afstaða Alþingis skuli nú liggja hér fyrir.

Hornafjörður er einstæður sem siglingaleið. Fróðir menn segja mér að hliðstæðar aðstæður séu ekki finnanlegar í veröldinni. Hér eru það sérstæð og margslungin náttúruöfl sem skapa það umhverfi sem þar er um að ræða. Þar á m.a. hlut að máli stærsti jökull í heimi utan heimskautajökla, Vatnajökull, og fróðir menn telja jafnvel að vöxtur hans og viðgangur á ýmsum tímum ráði miklu um aðstæður við Hornafjörð. M.a. af þessari ástæðu hefur nú verið undirbúin ráðstefna í júnímánuði þar sem væntanlega verða kallaðir saman margir hinna hæfustu manna á sviði náttúruvísinda sem tengjast aðstæðum eins og við Hornafjörð. Allt er þetta mjög af hinu góða.

Í gær bárust fréttir um að þrjú skip hefðu strandað í Hornafirði og menn hefðu þar verið hætt komnir. Sams konar fréttir hafa raunar borist oftar þaðan að austan á þessum vetri og er þetta að sjálfsögðu mikil aðvörun um að nauðsyn beri að taka hér hraustlega til hendinni, til að kanna aðstæður og til að reyna að finna leiðir sem geta bætt innsiglinguna til Hafnar í Hornafirði, því að eins og menn vita er það byggðarlag ein af þróttmestu byggðum hér á landi og hefur jafnan verið þar traust og gott atvinnulíf og margháttaðar framfarir. Það er að sjálfsögðu sammerkt bæði gagnvart sjávarbyggðinni og eins gagnvart sveitabyggðinni að þar er ekki hægt að hugsa sér mannlíf með öðrum hætti en að siglingaleið verði greið til Hafnar í Hornafirði.

Í greinargerð fyrir tillögunni eins og hún var lögð fram af okkur flm. er á það minnst að á sviði bæði flugmála og eins vegamála séu sérstök og stór verkefni mörkuð sérstaklega, tekin upp sem sérstök verkefni, og vonandi kemur að því fyrr en síðar að slíkar ákvarðanir verði hægt að taka gagnvart hafnargerð við Hornafjörð.

Ég vil hins vegar sérstaklega taka fram að hér er um rannsóknaráætlun að ræða og þörf mun verða á margháttuðum lagfæringum og endurbótum á siglingaleiðinni um Hornafjörð eftir þann erfiða vetur sem nú er að enda. Auðvitað munum við þingmenn Austurl. huga að því þegar að því kemur að fjárlög verða afgreidd fyrir næsta ár. Með sama hætti hlýtur það að verða okkar ásetningur að sérstök fjárveiting verði mörkuð til þessarar rannsóknaráætlunar. Að vísu er nokkurt fjármagn í vörslu Hafnamálastofnunar sem sérstaklega er ætlað til rannsókna, en ólíklegt er að það muni nægja til þess verkefnis sem hér er lagt til að unnið verði og störf eru hafin að.

Ég endurtek svo aftur, virðulegi forseti, þakklæti til meðflm. manna minna sem hafa að sjálfsögðu lagt þessari tillögu lið við afgreiðslu hér á Alþingi og allshn. allri fyrir afgreiðslu hennar sem áreiðanlega verður staðfest hér af þinginu á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 993 (ný tillgr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1062).

Alþjóðasamþykkt um stefnu í atvinnumálum, síðari umr.

Stjtill., 493. mál. — Þskj. 858, n. 1043.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Álit félmn. um dagskrármálið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á fund nefndarinnar komu Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Gylfi Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti og Sigurður Jóhannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Einnig var lögð fram á fundi nefndarinnar umsögn VSÍ um tillöguna.

Leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1063).

Mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur, síðari umr.

Þáltill. DS o.fl., 169. mál. — Þskj. 191, n. 1039, brtt. 1040.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Félmn. hefur fjallað um tillöguna. Álit hennar er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem gerir ráð fyrir sérstöku átaki til að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri heimabyggð. Gerð verði áætlun um uppbyggingu á þessu sviði og tryggð fjárveiting til þess þegar á árinu 1990.

Umsagnir bárust frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Bandalagi kennarafélaga, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, fræðslustjóra Reykjavíkur, fræðslustjóra Vesturlands, fræðslustjóra Suðurlands, nemendafélagi Menntaskólans á Ísafirði, nemendafélagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Skólafélagi Menntaskólans á Akureyri (Hugin) og Skólameistarafélagi Íslands. Allir þessir aðilar taka jákvætt undir efni tillögunnar.

Nefndin telur að með tillögunni sé tekið á brýnu hagsmunamáli framhaldsskólanemenda og aðstandenda þeirra og rétt sé að gerð verði áætlun sem miði að lausn þess. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Að þessu áliti standa allir fulltrúar í félmn. Brtt. er þannig:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun sem miði að því að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð og marka stefnu um framkvæmdir í þessu skyni."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1040 (ný tillgr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1064).

Könnun á ofbeldi í myndmiðlum, síðari umr.

Þáltill. GA o.fl., 143. mál. — Þskj. 147, n. 1041, brtt. 1044.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem er tvíþætt. Annars vegar gerir hún ráð fyrir umfangsmiklum könnunum varðandi tíðni og tegund ofbeldis, einkum líkamlegs og kynferðislegs, sem sýnt er í myndmiðlum og hversu mikið og á hvað börn horfa í myndmiðlum, hins vegar að skora á menntmrh. að láta draga verulega úr sýningum á slíku efni.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar. Svör bárust frá Barnageðlæknafélagi Íslands, Barnaverndarráði, Kvikmyndaeftirliti ríkisins, Kvenfélagasambandi Íslands, Ríkisútvarpinu, Samtökum foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík, Samfok, og Sálfræðideild skóla í Reykjavík. Einnig kom Auður Eydal, forstöðumaður Kvikmyndaeftirlits ríkisins, til viðræðna við nefndarmenn um efni tillögunnar.

Umsagnaraðilar taka undir efni tillögunnar. Í ítarlegri umsögn Kvikmyndaeftirlitsins segir m.a.:

„Skoðunarmenn Kvikmyndaeftirlits ríkisins hljóta að fagna slíkri tillögu og telja löngu tímabært að marktækar upplýsingar liggi fyrir um þessi mál í heild. Hjá eftirlitinu liggja fyrir heimildir um hluta þess, þ.e. um dreifingu efnis og vægi ofbeldis í kvikmyndum sem sýndar hafa verið í kvikmyndahúsum eða hefur verið dreift með löglegum hætti á myndbandamarkaði sl. tvö ár. Allar kannanir í þessa veru eru þannig samstiga starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins. Því miður hefur hún alls ekki mætt nægum skilningi stjórnvalda á undanförnum árum þrátt fyrir augljóst mikilvægi þess að skilvirkt eftirlit sé með öllu því flóði myndefnis sem að berst og aldrei hefur verið nauðsynlegra en nú að ákvæðum þeirra laga, sem að starfseminni lúta, sé framfylgt. Frá því haustið 1987 hefur verið unnið skipulega að því að færa starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins til nútímahorfs, m.a. með ítarlegri skráningu allra kvikmynda sem sýndar eru í kvikmyndahúsum eða gefnar eru út á myndböndum."

Þá kemur fram í umsögninni að eftir gildistöku laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldismyndum, „hófst skipuleg skoðun allra kvikmynda sem gefa átti út á myndbandamarkaði og eftir að verstu ofbeldismyndirnar höfðu verið hreinsaðar af markaðnum í febrúar 1985 (hátt í 80 kvikmyndir) hafa aðeins örfáar slíkar borist eftirlitinu árlega. Alls hafa rúmlega 100 kvikmyndir verið bannaðar alfarið á Íslandi skv. skilgreiningu laganna síðan þau tóku gildi. Hins vegar er ljóst að ýmsum kvikmyndum, sem hlotið hafa afgreiðslu eftirlitsins og ekki teljast brjóta í bág við ákvæði laganna, geta verið einstök mjög ljót ofbeldisatriði. Þessar myndir eru bannaðar börnum yngri en 16 ára. Okkur virðist sem þeim myndum sem innihalda slík atriði fari fremur fjölgandi."

Í lok umsagnar Kvikmyndaeftirlitsins segir: „Það er ljóst að könnun af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir mun gefa mikilsverðar upplýsingar um ástand mála og verða til leiðbeiningar alþingismönnum við endurskoðun laganna, svo og öðrum sem um málefni barna og ungmenna fjalla. Í starfi okkar leggjum við skoðunarmenn kvikmynda alla áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð. Við vonum að þessi könnun, ef af verður, veki upp jákvæða umræðu um málefni barna og í kjölfar þess verði brugðist við niðurstöðum á raunhæfan hátt, m.a. með því að styrkja starf þeirra sem vinna á vettvangi barnaverndarmála og gerst þekkja ástandið."

Í umsögn útvarpsstjóra segir m.a.: „Í vinnureglum fréttamanna Sjónvarpsins er að finna svohljóðandi ákvæði sem snerta þetta mál: „Fréttamenn skulu hafa í huga að aðalfréttatími Sjónvarps er þegar ætla má að verulegur hluti barna horfi á sjónvarp og skal val myndefnis taka mið af því. Forðast skal að nota fréttamyndir sem ætla má að veki ógn og skelfingu nema fréttagildi sé mikið. Fréttastjóra skal gerð grein fyrir slíkum myndum fyrir fram og metur hann hvort ástæða sé til að vara við þeim.“ Það heyrir til algerra undantekninga að myndefni sem hægt væri að túlka sem ofbeldi eða klám birtist í innlendri dragskrárgerð Sjónvarpsins. Því ber afar sjaldan við að vara þurfi áhorfendur við því efni sem sýnt er, að það sé ekki við hæfi barna. Þvert á móti hefur mikið af því innlenda efni sem Sjónvarpið flytur mikið fræðslu- og uppeldisgildi, fyrir utan skemmtanagildi, bæði fyrir unga og aldna.“

Umsögninni fylgir greinargerð tekin saman af Hinriki Bjarnasyni, deildarstjóra innkaupa- og markaðsdeildar Sjónvarps, þar sem m.a. er fjallað um gildi þeirra kannana sem tillagan gerir ráð fyrir og hvernig hugsanlegt væri að draga verulega úr ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum. Um hið síðartalda segir Hinrik m.a.:

„Fari allt sem ætlað er munu þrjár sjónvarpsstöðvar, sem starfa skv. *íslenskum útvarpslögum*, senda út dagskrá frá hausti 1990 og leyfi er veitt fyrir hinni fjórðu. Þeim fjölgar sem ná útsendingum um gervihnetti og dagskrárrásum slíkra hnatta fjölgar. Framleiðendur leggja æ meiri áherslu á „fulla nýtingu“ kvikmynda- og sjónvarpsefnis og er þá átt við að tekjumöguleikar af efninu séu nýttir út í hörgul, í kvikmyndahúsum, í myndbandaleigum, í lokuðum sjónvarpskerfum og loks í opnum almennum kerfum. Jafnhliða þessu er fylgt fram kerfisbundinni markaðssetningu afleiddrar söluvöru, einkum þegar um er að ræða barna- og unglingaefni, svo sem leikföng, flíkur, sælgæti o.fl. o.fl. Margt af þess konar varningi eru alls konar eftirmyndir bardagatóla og flokkast undir leikföng. Augljóst er að erfitt mun vera að sporna við útbreiðslunni þegar alþjóðlegt útbreiðslu- og auglýsingakerfi ýtir undir dreifingu vörunnar og sami innflytjandi á Íslandi kann að eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta við hvert stig ofangreindra dreifingarleiða. Til þess að hægt sé að afmarka einn ákveðinn flokk umfjöllunarefnis á hinu afar fjölbreytta sviði myndefnis, svo sem ofbeldi af öllu tagi, þarf ákaflega umfangsmikla og ítarlega löggjöf. Svo sem til er vísað í upphafi þessarar álitsgerðar er líklegt að þýðingarmikil atriði hennar séu þegar til í gildandi lögum. Er þá aðeins ónefnd eftirfylgjan, að lögunum sé fylgt eftir hvarvetna á landinu. Skiptir sá þáttur mestu og mun að lokum verða ráðandi um það hvort löggjöfin verður til einhverrar verndar þeim sem ætlað er.“

Umsögn Samfoks er svohljóðandi og fer nú að styttast nál., virðulegur forseti:

„Stjórn Samfoks, Samtaka foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík, hefur í dag fjallað um tillögu til þingsályktunar um könnun á áhrifum ofbeldis í myndmiðlum. Slík könnun á að okkar mati rétt á sér og mundi sennilega leiða í ljós ýmislegt sem okkur væri þörf að íhuga. Það er hins vegar samdóma álit okkar að friða þurfi skólana fyrir sífelldum truflunum sem fylgja slíkum könnunum, að minnsta kosti meðan skóladagurinn og starfstími skólanna er svo stuttur sem raun ber vitni. Ef hægt er að framkvæma könnunina án þátttöku skólanna sjáum við ekkert málinu til fyrirstöðu.“

Í niðurlagi umsagnar Sálfræðideildar skóla í Reykjavík segir:

„Í raun er aðalatriðið að fjarlægja sem fyrst skaðlegt ofbeldisefni úr því myndefni sem börnum er boðið upp á.“

Nefndin tekur undir þau sjónarmið, sem fram koma í fyrri málsgrein þáltill., um mikilvægi kannana og rannsókna varðandi ofbeldi í myndmiðlum, ekki síst vegna barna. Tilhögun slíkra kannana og ákvörðun um forgangsröð þarf að vera vel undirbúin og taka mið af því notagildi sem þær geta haft til að draga úr ofbeldi í efni myndmiðla. Því telur nefndin ekki rétt að Alþingi gefi forskrift um slíkar kannanir í einstökum atriðum en leggur áherslu á að þær verði undirbúnar og framkvæmdar eftir því sem nauðsynlegt er talið af dómbærum aðilum. Nefndin leggur sérstaka áherslu á aðgerðir til að dregið verði nú þegar með tiltækum ráðum úr því ofbeldi sem sýnt er í myndmiðlum og m.a. verði beitt heimildum gildandi laga og reglugerða í þessu skyni. Með vísan til þessa flytur nefndin brtt. við málið á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.“

Aðrir nefndarmenn í félmn. undirrita þetta álit. Brtt. nefndarinnar er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

1. Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum og að gerðar verði nauðsynlegar kannanir í þessu skyni.

2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum.“

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi einungis koma hér upp til þess að fagna því að nefndin hefur nú afgreitt þessa tillögu frá sér. Ég þakka fyrir þá afgreiðslu.

Hins vegar kom ljóslega fram, bæði í áliti nefndarinnar og einnig í umsögnum annarra aðila um málið, að þar var lögð mikil áhersla á að fram færu kannanir til þess að hægt væri að draga úr ofbeldi í myndmiðlum með einhverri skynsemi og komast að niðurstöðu um skilgreiningar. Þess vegna legg ég megináherslu á að kannanirnar fari fram og tel að þær muni í raun ekki kosta það mikið fé að það ætti að verða *menntmrn. til vandræða*. Ég vil bara í stuttu máli segja að ég fagna því að tillagan skuli samþykkt og sé

að skilningur nefndarinnar á málinu hefur í raun verið mjög í þeim anda sem tillagan var flutt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1044,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1044,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 39 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1056) með fyrirsögninni:

Þál. um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum.

Kosning eins aðalmanns í landskjörstjórn í stað Jóns Oddssonar hrl. til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Magnús Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.

SAMEINAÐ ÞING

81. fundur, fimmtudaginn 26. apríl, að loknum 80. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Samkomulag um afgreiðslu kvótafrv.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 3. þm. Vestf. hefur komið að máli við forseta og óskað eftir að hefja umræðu utan dagskrár samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. laga um þingsköp. Tekur hann nú til máls, en forseti vill vegna langrar dagskrár þessa fundar ítreka þá ósk sína við hv. þm. að við þann umsamda hálftíma verði staðið og umræðan ekki teygð langt út fyrir þau mörk sem leyfilegt er. En nú tekur til máls hv. 3. þm. Vestf. og ætlar að ræða ummæli hæstv. forsrh. um samkomulag hv. þm. um stjórnun fiskveiða.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að fara örfáum orðum um þær tilkynningar sem borist hafa í fjölmiðlum undangengið. Ég tel að hæstv. forseti sé að leggja mér orð í munn að ég hafi ætlað að spyrja hæstv. forsrh. Ég hygg að það sem hér hefur verið gert sé allt á ábyrgð allra ráðherra og þingflokksformanna einnig og ég undanskil engan.

Ég heyrði í hádeginu í dag að búið væri að ná samkomulagi, allsherjarsamkomulagi, um afgreiðslu kvótamálsins svokallaða úr sjútvn. Ed., það mál yrði tekið út úr nefnd á morgun og umræða færi síðan fram í deildinni á laugardag og málinu yrði lokið þá. Ég hef spurst fyrir um þetta, hvort hér sé um alhliða samkomulag að ræða. Mér skilst að svo sé ekki. Ég vil taka fram að það er ekkert samkomulag við mig um þessa málsmeðferð. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra, og þeir hver um sig ráða hverjir svara, og einnig formenn þingflokka, og ekki þá síst þeirra sem telja sig til stjórnarandstöðu hér innan Alþingis, hvort það sé samkomulag við þá um að málið verði afgreitt með þessum hætti á þessum tíma. Þá á ég auðvitað fyrst og fremst við formann þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Ólaf G. Einarsson, og formann þingflokks Kvennalistans sem málin heyra kannski fyrst og fremst til í þeirri stöðu sem nú er. Vel kann að vera að formenn þeirra þingflokka sem menn kalla stjórnarliða í þessari ríkisstjórn hafi fallist á eitthvað, en ég beini þeirri eindregnu spurningu til ráðherra, og kannski þá forsrh. fyrst hæstv. forseti beindi þeim tilmælum til mín að hann mundi svara slíku, hvort slíkt samkomulag liggi fyrir og hvort það er við stjórnarandstöðuna líka. Og sömu spurningu beini ég til formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi.

Mér er ljóst að um málið eru meiningar mjög deildar vægast sagt í sjútvn. Ed. og litlar líkur á að nokkur meiri hluti náist þar um málið, þó að ég sé ekkert að útiloka að til greina komi að málið verði afgreitt út úr nefndinni. En staðan í málinu er þessi í dag og mér finnst mjög ólíklegt að svona stórmál, sem búið er að vera til umræðu í sjútvn. æðilengi, að vísu kunnugt frá fyrri tíð þó að í hvert skipti sem frv. hefur verið lagt fram hafi orðið breytingar til hins verra í málinu og það á einnig við núna og ekki síður, þá er málið mjög viðfangsmikið og er umdeilt. Mér þykir ólíklegt að deildin láti sér nægja part úr degi við 2. umr. til þess að afgreiða málið áfram. Mér þykir það mjög ólíklegt. En vel kann svo að vera að stjórnarandstæðingar hafi fallist á slíkt og ég óska eftir að fá vitneskju um hvort slíkt samkomulag er í höfn og frágengið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Undirbúningur þess að afgreiða fiskveiðistjórnunarmálið héðan frá hv. Alþingi er mjög á svipaðan veg og verið hefur á undanförnum árum. Nú er sem fyrr komið að lokum þinghalds og nú skal hespa málið á örskammri stund í gegnum þingið. Þetta eru hlutir sem hafa gerst ár eftir ár þegar þessi mikilsverðu mál hafa verið til umfjöllunar á hv. Alþingi. Og þetta er frágengið á þann hátt, ekki aðeins núna heldur jafnan fyrr, að því er lýst yfir að forustumenn flokka, forsetar og formenn þingflokka hafi samþykkt þetta eða hitt í sambandi við meðferð mála. Vera má að oftast nær hafi hlutirnir verið á þennan veg, samþykkt af þessu forustuliði, en oftast nær er það samt á þann hátt, samkvæmt mjög ákveðnum tilmælum ráðherra, og þá oftast nær viðkomandi fagráðherra, að málin eru rekin í gegnum þingið eins og raun ber vitni um og á nú að gera enn einu sinni.

Nú eru komnar yfirlýsingar um það frá hæstv. forsrh., eftir því sem mér skilst og hv. 3. þm. Vestf. lýsti yfir, að það væri allsherjarsamkomulag á þingi

um það að afgreiða fiskveiðistjórnarfrv. frá Ed. nk. laugardag.

Ég veit ekki til þess að slíkt samkomulag hafi verið gert við þingmenn og ég veit ekki til þess að slíkt samkomulag hafi verið orðað í þingflokki Alþb. Aftur á móti var um það talað í þingflokki Alþb. að rétt væri að standa að því að þetta mál fengi afgreiðslu út úr nefndinni og jafnvel að menn mundu standa að því þó þeir væru ekki sammála því, þ.e. þingmenn í liði Alþb. Sá sem hér stendur, sem er ekki sammála þeirri afgreiðslu sem verið er að leggja til, að málið verði afgreitt frá nefndinni, en alls ekki á þann veg að til umræðu um málið verði allur laugardagurinn og að 2. og 3. umr. skuli klárast á þeim degi. Það er að mínu mati móðgun við þingið að ætlast til þess að þetta mikla mál, þetta stóra mál verði rætt og afgreitt úr fyrri deild þingsins á einum degi og innan þess ramma að menn hafi ekki nema einn dag til þess að undirbúa sig fyrir umræðuna og ganga frá brtt. Ég tel að hér sé verið að stíga enn eitt spor í þá átt að lítilsvirða störf þingmanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti minna á að þessi umræða fer þannig fram að málshefjandi má tala tvisvar, þrjár mínútur í hvort sinn, og aðrir þingmenn tvær mínútur tvisvar sinnum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram hér að ekkert samkomulag hefur verið gert við mig um þetta mál, enda geri ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherrum finnist að það sé ekki þörf á því, sú sé ástæðan. Ég fékk t.d. þessar tillögur í hendur kl. rúmlega 10 í gærkvöldi, en ég vissi það að þær voru settar á borð þingmanna Sjálfstfl. kl. 4 svo að ég sagði við hæstv. sjútvrh. þegar hann kom með þetta að ég hefði ekkert með það að gera en tók nú við því samt., þ.e. þegar hann kom aðra ferð með það.

Það er þrennt sem ég vil taka fram í þessu máli. Ég get ekki stutt þetta frv. öðruvísi en upp verði tekið fiskvinnsluleyfi eða byggðakvóti í fyrsta lagi. Í öðru lagi að bannað verði að selja óveiddan fisk í sjó frá þeim byggðarlögum sem hafa hann. Og í þriðja lagi ef á annað borð á að leyfa útflutning á ósunnum fiski, sem ég er í sjálfu sér andvígur, þá sé það viss prósenta sem hver og einn megi flytja út og menn hafi þá leyfi til þess, ef þeir ekki sjá sér fært að gera það sjálfir, að selja þann rétt til annarra til þess að menn standi jafnar að vígi í sambandi við slíkan útflutning.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er orðið nokkuð undarlegt og vægast sagt rafmagnað andrúmsloftið hér þessa síðustu daga. Það er greinilegt á þeirri umræðu sem hér fer fram að ekki hefur einu sinni verið borið við að rækta sambandið við svokallaða stjórnarliða eða stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar. Ég vil fyrir okkur kvennalistakonur segja það að í gærkvöldi var verið að ræða þessi mál á kvöldfundi í Ed. Þá ræddu bæði hv. formaður sjútvn. og hæstv. sjútvrh. við mig og þar voru kynnt drög að hugsanlegu samkomulagi. Þau voru ekki kynnt sem hið endanlega samkomulag. Við settum okkur ekki sérstaklega upp á móti þeim hugmyndum um gang mál sem settar voru fram. Við höfum reyndar beðið nokkuð lengi með okkar brtt. við kvótafrv. vegna þess að við gerðum okkur vonir um breytingar í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið undanfarið, m.a. aukið fylgi við byggðakvóta allt frá því að hugmyndir um hann komu fyrst fram við síðustu umfjöllun um lög um fiskveiðistjórn. Okkur þótti málið orðið heldur vonlaust í gærkvöldi þegar við sáum að enginn hugur var í mönnum um að gera breytingar í þá átt sem við hefðum kosið. Því lögðum við fram okkar brtt. í morgun sem, eins og ég sagði, voru reyndar tilbúnar fyrir allnokkru. Okkur er því ekkert að vanbúnaði að þessi umræða fari fram á laugardaginn.

Hins vegar var ekki rætt um neitt formlegt allsherjarsamkomulag. Mér er kunnugt um að okkar þingflokksformaður ræddi við forsrh. í gær en þá var eingöngu verið að ræða um að flytja eldhúsdagsumræður frá mánudegi til miðvikudags. Það er auðvitað alveg ljóst að þeir sem bera fram þetta frv. bera ábyrgð á því og að ná samkomulagi um framgang þess.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason lét svo ummælt að frásögn í hádegisfréttum væri á ábyrgð ráðherra og þingflokksformanna. Ég vil taka það fram að þessi ummæli, sem ég heyrði að vísu ekki, eru ekki á nokkurn hátt á mína ábyrgð. Ég vil aðeins staðfesta það sem ég hef sagt áður að enginn samningur hefur verið gerður við stjórnarandstöðuna svo að mér sé kunnugt, né um það sem sagt var í hádegisfréttum, um að kvótafrv. svokallaða skyldi tekið út úr hv. Ed. á laugardag og lokið umfjöllun þar. Þvert á móti kom það fram í viðræðum okkar hæstv. forsrh. í gærkvöldi að slíkt væri óraunhæft og það hlyti að verða í fyrsta lagi á mánudag sem slíkt gæti gerst. Þetta vil ég að komi fram af minni hálfu.

Eiginlegar samningaumleitanir um afgreiðslu einstakra mála hafa ekki átt sér stað milli stjórnar og stjórnarandstöðu að því mér sé kunnugt. Við höfum talað saman eins og gengur og gerist og reynt að átta okkur á því með hvaða hætti væri reynt að afgreiða hér tiltekin mál fyrir þinglausnir 4. eða 5. maí eins og stefnt hefur verið að. En ég hlýt að velta því fyrir mér, ef kallað yrði til einhvers konar formlegra samningafunda við stjórnarandstöðuna, við hverja við erum að semja. Hvort hæstv. forsrh. eða aðrir ráðherrar hafa yfirleitt nokkurt umboð sinna stuðningsmanna, eins og ég freistast nú til að kalla þá, þegar þeir eru að semja við okkur.

Ég leyfi mér að kalla þá stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar sem með atkvæði sínu styðja stjórnina eða greiða atkvæði á móti vantrausti. Þrír slíkir hafa komið hér upp í ræðustól, hv. þm. Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson og Stefán Valgeirsson. Mér

heyrist að þeir keppist allir núna hver um annan þveran við að afneita þessari ríkisstjórn. En þegar þeir hafa tækifæri til þess að fella hana þá gera þeir það ekki.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þegar svo þingreyndir menn eins og þeir þingmenn Vestfjarða og Vesturlands, báðir eru hjarta mínu nálægt, tala hér og gagnrýna það sem hér hefur verið gert, þá kemur mér það á óvart því að vitanlega vita allir menn að þegar dregur að þinglokum þá er leitað eftir samkomulagi. Margir fundir hafa verið haldnir á skrifstofu forseta Sþ. þar sem mættir hafa verið fulltrúar, ég hélt allra þingflokka, m.a. bæði Alþfl. og Alþb. Mér þykir slæmt ef það sem þar hefur farið fram hefur ekki borist til eyrna þessara hv. þm.

Á þeim fundum féllst ég m.a. á að þingslit yrðu 4. eða 5. maí en ekki 27. apríl eins og talað var um í áætlun þingsins. Hins vegar kom mjög fljótlega í ljós að til að það mætti takast yrði að nást samkomulag um þau mál sem varða stjórn fiskveiða, þ.e. frv. stjórn fiskveiða og frv. um Úreldingarsjóð, sem eru í sjútvn. Ed. Því hafa fulltrúar stjórnarflokkanna og ráðherrar, ekki síst sá ráðherra sem ber fram þau frumvörp, eins og mjög algengt er þegar um deilumál er að ræða, beitt sér fyrir því að samkomulag gæti náðst, fyrst og fremst milli stjórnarflokkanna um þau mál. Og mér kemur það líka á óvart ef sú viðleitni hefur ekki borist til eyrna þessara hv. þm., það eru mér vonbrigði.

Þetta mál var rætt í gær við stjórnarandstöðuna. Ég hafði nú ekki fengið endanlegt rit þessara mála eins snemma og sjálfstæðismenn þá, ef þeir fengu það kl. 4. Ætli það hafi ekki verið svona um kvöldmatarleytið eða eftir það sem ég sá það sem endanlegt var. Það var skömmu síðan afhent hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Það hefur ekkert verið gengið frá endanlegu samkomulagi, en okkur sýndist í gær að ef tækist að ljúka þessum málum eins og drög voru lögð að, og kom ágætlega fram hér í ræðu áðan hjá hv. fulltrúa Kvennalistans, þá væri unnt að gera samkomulag um önnur mál. Hefur verið stefnt að því að sest yrði yfir það í dag og morgun og þá hægt að ljúka þingstörfum 4. eða 5. júlí — maí á ég við. Ég er hins vegar tilbúinn að halda þinginu áfram til 4. og 5. júlí ef menn óska. Og ef þessir hv. þm. vilja fá nokkra daga í viðbót er ekkert því til fyrirstöðu af minni hálfu, ekki nokkur skapaður hlutur. Við skulum bara ræða þessi mál í bróðerni á þeim fundum sem verða hér í dag og morgun.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hér er verið að ræða um stjórnarfrv., frv. sem er búið að vera í farvatninu mánuðum saman, hefur verið til kynningar í stjórnarflokkunum langtímum saman. Og enn þá er staðan sú, núna nokkru dögum fyrir þinglok, að ekki liggur einu sinni fyrir samkomulag um það hvernig eigi að afgreiða þetta mál. Hér er ekkert byrjað að tala um það hvernig eigi að taka á þessu máli efnislega.

Hér hafa hv. stjórnarliðar, eða svokallaðir stjórnarliðar eins og þeir kalla sig nú, ekkert rætt efnislega um það hvort þeir séu sammála efni þessa frv. Nei, þeir eru ekki einu sinni sammála um það hvort eða hvernig eigi að afgreiða þetta mál úr nefnd. Þannig er nú staðan. Trúnaðarbresturinn er alger.

Hv. 4. þm. Vesturl. sagði hér áðan að þetta væri lítilsvirðing við störf Alþingis. Það sem hér hefur gerst er ekki bara lítilsvirðing við störf Alþingis, það er lítilsvirðing við þjóðina vegna þess að þetta mál hefur verið til umræðu á allt öðrum forsendum út um þjóðfélagið, meðal hagsmunasamtaka og hvarvetna. Síðan gerist það á einni nóttu eða því sem næst að frv. er breytt í öllum aðalatriðum, búinn til einhver Úreldingarsjóður, sem enginn þekkir, í trássi við vilja allra hagsmunaaðila í landinu og þetta á að verða lendingin sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að finna í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er nú allskondin umræða í gangi og vinnst ekki tími til að skýra málin eins og ástæða væri til þannig að sannleikurinn í þessu máli gæti komið sem best fram. Þó vildi ég aðeins fá að skýra málið frá minni hlið.

Staðreyndin er þessi: Menn töluðu saman í gær og gerðu með sér, að ég taldi, nokkurn veginn samkomulag um það, ég segi nokkurn veginn samkomulag, að hægt verði að afgreiða þetta mál út úr nefnd á morgun, föstudag, ljúka umræðu um málið á laugardag, síðan yrði málið endanlega afgreitt á mánudag í atkvæðagreiðslu. Þetta var það sem menn ræddu um sín á milli, hvort menn gætu fundið þessa leið og leyst málið út frá þessari vinnutilhögun.

Það kom einnig fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að þau plögg sem við höfum verið að ræða núna síðustu stundirnar hefðu verið sett á borð þingmanna Sjálfstfl. kl. 4 í gær. Ég verð að segja það við Stefán Valgeirsson að ég harma þetta því hér er farið með rangt mál og ég veit að það vill hann ekki. Ég var með þessi gögn ... (**SV:** Viltu endurtaka þetta?) Já, ég sagði: ég veit að hér fer Stefán Valgeirsson með rangt mál. Ég var með þessa pappíra undir höndum, þá nýjustu sem var verið að fjalla um og afhenti þá sjálfur persónulega þingmönnum Sjálfstfl. sem sitja í sjútvn. Ed. ásamt öðrum þingmönnum nefndarinnar. Ég afhenti þessa pappíra sjálfur persónulega hverjum og einum einasta manni sem situr í nefndinni með okkur í Ed., og áheyrnarfulltrúa þar einnig. Fyrr var þetta ekki afhent. Það var upp úr kl. 11 í gærkvöldi sem ég gerði þetta að afloknum fundi þingflokks Alþb. Fyrr vildi ég ekki afgreiða þessa pappíra en allir þingflokkarnir hefðu fengið eðlilega umfjöllun um málið. Þetta er það sanna í málinu.

Stefán harmar það auðvitað að hafa ekki fengið að fylgjast með málunum. Það er rétt að það komi fram að fulltrúi Stefáns Valgeirssonar sat með okkur alla sameiginlega fundi beggja deildanna þegar við vorum

að ræða um málið þannig að þar er nú aðeins málum hallað.

Þegar þetta lá fyrir í gær þá hafði ég líka samband við alla þá aðila sem sitja í sjútvn., um hugsanlegan framgang málsins. Kl. 9 í morgun sátum við á sjávarútvegsnefndarfundi, fullskipuð nefndin. Þá settum við á blað alla þá aðila sem við óskuðum eftir að fá til viðræðu um málið í dag. Við settum það niður og tímasettum það, komum okkur saman um það hvenær við ætluðum að halda fundi. Það hreyfði enginn andmælum. Það var aðeins beðið um eitt, að ég beitti mér fyrir því að þingmenn sem störfuðu í sjútvn. yrðu ekki boðaðir á aðra nefndarfundi á föstudagsmorgni. Þessu kom ég á framfæri og ég veit ekki til þess að nokkur þeirra sem starfa í sjútvn. hafi verið boðaður á nefndarfund í fyrramálið. Þetta er hið rétta í málinu.

Hv. 1. þm. Vestf. Einar Guðfinnsson talaði hér áðan um að verið væri að henda inn einhverju máli eins og Úreldingarsjóðnum. Úreldingarsjóðurinn er búinn að vera hér í þinginu í marga mánuði. Það er það sanna í málinu. Menn þurfa að vita um hvað þeir eru að tala.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Stefán Valgeirsson segir að við nefndarmenn í sjútvn. fengum á fundi kl. hálftvö í gær afhentar tillögur eins og þær stóðu þá, samkomulagstillögur sem ráðherrar höfðu komið sér saman um. Þær tillögur fengu sjávarútvegsnefndarmenn afhentar kl. 1.30 og þeim tillögum var síðan dreift á þingflokksfundi Sjálfstfl. kl. 4. En það er líka rétt hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að þessi drög voru ekki endanleg. Mér skilst að það hafi verið í morgunútvarpi sem það var tíundað eftir hæstv. fjmrh. hvaða sérstöku setningar Alþb. eigi í þeim tillögum sem sjútvrh. hefur lagt fram. Þetta hef ég eftir einum þingbróður hæstv. fjmrh. Ég veit ekki hvort fjmrh. telur sig enn þá í Alþb., en það var alþýðubandalagsþingmaður sem sagði mér þetta.

Ég vil í öðru lagi skýra frá því að það er rétt að við áttum viðtal við hæstv. forsrh. og sjútvrh. í gær, við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, þar sem við töluðum um vinnubrögð. Auðvitað er það svo að stjórnarandstaða hlýtur á lokadögum þingsins hverju sinni að vera til viðtals um vinnubrögð og við hreyfðum ekki athugasemdum við því að frv. um stjórn fiskveiða og Úreldingarsjóð yrðu afgreidd úr sjútvn. á morgun samhliða og samtímis. En á þeirri stundu sem við ræddum við hæstv. forsrh. og sjútvrh. vissum við ekki betur en að þeir væru að tala við okkur í umboði þeirra þingmanna sem eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar í sjútvn.

Ég vil þess vegna, hæstv. forseti, aðeins lýsa því yfir að okkur fulltrúum Sjálfstfl. í sjútvn. er vandi á höndum ef sú staða kemur upp að fulltrúar ríkisstjórnarinnar eru klofnir í málinu. Annar armurinn telur að frv. hafi ekki fengið nægilega meðhöndlun og hinn armurinn telur að frv. hafi fengið nægilega meðhöndlun.

Ég vil svo að síðustu aðeins leiðrétta það sem formaður sjútvn. sagði um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Eftir þær breytingar sem fyrir liggja hefur Úreldingarsjóðurinn skipt um eðli. Það er ekki lengur verið að tala um sama frv. og ef farið væri að þingsköpum ætti í raun og veru að krefjast þess að nýtt frv. yrði flutt um Úreldingarsjóð, eins og við munum gera ráð fyrir síðar. Það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um það mál er því öldungis rétt efnislega.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að gert var ráð fyrir að þetta yrði hálftíma umræða. Sá hálftími er nú svo til liðinn, en enn eru fjórir á mælendaskrá. Við munum reyna að ljúka þessari umræðu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég skal vera stuttorður. Hv. síðasti ræðumaður sagði kannski það sem segja þurfti. Hann vissi ekki annað en þeir ráðherrarnir og þessir miklu ráðamenn hér í þinginu væru að tala með umboði. Það er komið í ljós að þessir menn hafa ekkert umboð til þess að tala fyrir sína flokka, það liggur fyrir. Tveir þm. stjórnarflokka í Ed. Alþingis, sem á nú að fara að skipa fyrir verkum að afgreiða á einni nóttu eða svo eitt það versta mál sem hefur komið til þessarar stofnunar okkar, Alþingis, fyrr og síðar, eru alls ekki reiðubúnir að afgreiða málið. Það verður að semja við þá að klára það bara á nokkrum klukkutímum. Ef minn formaður hefði verið að semja við menn sem höfðu umboð, t.d. forsrh. (**Forsrh.:** Ég hef umboð fyrir minn flokk.) Já, hann hefur umboð fyrir sinn flokk, segir hann núna, en hann hefur ekki umboð fyrir stjórnarflokkana í heild, sýnilega. (Gripið fram í.) Nei, og forsrh. er búinn að lýsa því hér yfir að það sé allt í lagi að taka hvaða tíma sem er í þetta, hann getur ósköp vel gert það. (Gripið fram í.) Já, hann er búinn að fá umboð líka til þess að halda áfram.

Þetta er orðin sem sagt ein allsherjar endaleysa og það þýðir auðvitað ekkert að bjóða okkur það í Ed. að við séum þar bara eins og einhverjar dúkkur sem hægt er að láta spila eitthvert sjónarspil. Auðvitað skoðum við þetta mál þegar ljóst er að það hefur alls ekki meiri hluta í þinginu, a.m.k. ekki í Ed. Það verður fellt þar, vona ég.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þrír hv. þm. ríkisstjórnarflokkanna hófu þessa umræðu til þess að gera árás á ríkisstjórnina, hæstv. forsrh. og aðra ráðherra í hæstv. ríkisstjórn. Ég hygg að öllum sé ljóst hverju þessir hv. þm. eru að lýsa yfir og hvers konar ástand er hér á hinu háa Alþingi þegar stjórnarþm. taka til máls með þessum hætti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þeirra innbyrðis deilur.

Það er í raun og veru kannski allt annar flötur á þessu máli sem er miklu alvarlegri. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það hefur jafnan verið svo á undanförnum árum þegar fiskveiðistjórn hefur verið ákveðin til bráðabirgða að það hefur verið gert hér á mjög knöppum tíma í lok þinghalds eða fyrir leyfi þingmanna. Nú er það svo að það hefur ekki alltaf

verið hægt að haga málum á annan veg en þennan. En við skulum hafa það í huga að af hálfu stjórnvalda og af hálfu hæstv. sjútvrh. hefur jafnan verið staðið þannig að undirbúningi þessa máls að það hefur verið unnið í ráðgjafarnefndum þar sem þeir aðilar sem starfa í sjávarútveginum hafa komið saman ásamt með fulltrúum stjórnmálaflokka. Málið hefur aldrei verið afgreitt af hálfu stjórnvalda öðruvísi en í fullu samkomulagi við þá aðila sem í sjávarútveginum starfa. Þannig hefur verið haldið af hyggingum á þessu máli þar til nú að hæstv. sjútvrh. beitir sér fyrir lausn á þessu viðamesta máli, sem íslenska þjóðin þarf nú að taka ákvarðanir um, með algerlega nýjum hætti, með því að virða að vettugi þá grundvallarreglu, sem hann hefur viðhaft sjálfur fram að þessu, að leggja fram tillögur hér að höfðu samráði og með samkomulagi við þá aðila sem starfa í sjávarútveginum. Með þessu er hæstv. ráðherra að rjúfa þá sátt sem hefur verið um vinnubrögð varðandi undirbúning þessara mála fram til þessa. Hann getur með þessu stefnt þessu máli í stórstyrjöld úti í þjóðfélaginu. Ég trúi ekki öðru en hann geri sér grein fyrir því að með því að taka upp algerlega ný vinnubrögð í þessu efni er hann auðvitað að stefna umræðum og framgangi málsins í hættu hér á Alþingi.

Það er þessi flötur málsins sem er það alvarlegasta og væri ástæða til að ræða hér áður en frv. sjálft verður tekið til umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 14. þm. Reykv. tekur til máls. (**SV:** Ég var búinn að biðja um orðið á undan.) Forseti hefur aðeins breytt út af röðinni til þess að leyfa þeim sem ekki hafa áður talað að komast að og mun svo reyna eftir því sem hægt er að gefa öðrum orðið sem hafa talað nú þegar.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Hér hafa vissulega gerst mjög váleg tíðindi svo að ekki sé meira sagt. Það er komin upp mjög alvarleg staða í afgreiðslu þess máls sem skiptir mestu máli fyrir íslenska þjóð, þ.e. að hv. þm. komi sér saman um frv. til laga um fiskveiðistjórnun. Því miður hefur ríkisstjórninni tekist að klúðra afgreiðslu frv. til laga um fiskveiðistjórnun með þeim hætti að litlar líkur eru fyrir því að það takist að samþykkja nú heilsteypt lög um fiskveiðistjórnun sem taki gildi 1. jan. 1991.

Það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast. Það hefur verið unnið mikið og málefnalega að þróun þessa máls, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. hér áðan, á grundvelli heilbrigðra, jákvæðra viðhorfa til íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar og þar með með tilliti til meginhagsmuna íslensku þjóðarinnar. Ríkisstjórnarsamstarfið, þessi óskapnaður, er nú farinn að skaða æskilegan framgang þessa mesta lífshagsmunamáls íslensku þjóðarinnar. Annarleg sjónarmið óheilbrigðrar ríkisstjórnar eru farin að skaða framtíðarstöðu íslenskrar útgerðar, íslensks fiskiðnaðar og afkomu íslensku þjóðarinnar.

Stjórnarþm. hafa lýst því vel hversu illa er komið fyrir þessum málum í höndum núv. ríkisstjórnar. Þeir mótmæla ekki aðeins brtt. ráðherranna, heldur vinnubrögðum þeirra og málsmeðferð. Ríkisstjórnin hefur greinilega ekki vald yfir atburðarásinni með þeim hætti sem tryggir best hagsmuni íslensku þjóðarinnar, sérstaklega útgerðar og fiskiðnaðar og hagsmuni þeirra sem þar starfa. Þess vegna á að vísa þessu máli aftur til ráðgjafarnefndar til frekari meðferðar.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið mikið rætt um það frv. sem hefur verið til meðferðar í sjútvn. Ed. Það hefur komið fram að menn eru ekki á eitt sáttir um afgreiðslu málsins sem er sannleikanum samkvæmt. Ég kom hérna upp til þess að leiðrétta formann nefndarinnar. Ég kannast ekki við að það hafi verið um það samið í nefndinni, en þar á ég áheyrnarrétt, að afgreiða málið úr Ed. á laugardaginn kemur. (Gripið fram í.) A.m.k. klára 2. umr. málsins. Ég held að þetta mál þurfi miklu meiri og ítarlegri afgreiðslu og umræðu. Margir hagsmunaaðilar bíða núna eftir að koma á fund nefndarinnar til þess að segja álit sitt á málinu. Ég býst ekki við að þeir verði búnir að koma og tjá sig fyrr en á morgun eða laugardag.

Það sem ég vildi einnig segja hér er að ég held að það sé mjög áríðandi að menn, og þá forsrh. og ráðherrar ásamt formönnum þingflokka, komi sér saman um afgreiðslu þessa máls og hvenær og hvernig á að ljúka þinghaldinu. Sá dagur hefur verið markaður 4. maí. Ég held að við ættum ekki að ana að neinu í þessum efnum þar sem hér er um mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða.

Um afstöðu mína og afstöðu einstakra þm. í nefndinni og í Ed. ætla ég ekki að fjölyrða hér. Það hlýtur að koma fram í þeirri atkvæðagreiðslu sem nú fer fram. En ég get fullyrt að það verður eflaust tekist mjög á í þeim efnum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég kann því mjög illa þegar ég er vændur um að fara rangt með. Ég hef ekki orðið var við það oft á minni lífsleið og allra síst hér í þingsölum að ég fari rangt með. Ég ætlast til þess að formaður sjútvn. Ed. hafi manndóm í sér til þess að biðjast afsökunar. Því ég hef fleiri vitni að þessu máli, eins og kom fram hjá Halldóri Blöndal. Ég þarf ekki að leiða vitni fram. Það vita margir hvernig þetta kom fyrir.

Ég vil líka segja það að það voru ég og mín samtök sem gerðu kröfu um, þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð, að tekin yrði upp fiskvinnslustefna. Það er í þeim stjórnarsáttmála þannig að engum þarf að koma á óvart afstaða mín í þessu máli.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að koma hér upp til að staðfesta það sem ég sagði hér áðan í sambandi við vinnubrögð á því máli eða frv. sem hér er verið að tala

um að skuli afgreiða næsta laugardag og hvernig staðið hefur verið að svipuðum málum á undanförnum árum.

Frv. um Úreldingarsjóð var lagt fram í hv. Alþingi 29. nóv. Svo er staðið þannig að málum að það á að ræða það frv. hér á einum eða tveim dögum í nefndum og síðan á einum degi í hv. deild. Ég tel þetta forkastanleg vinnubrögð. Af hverju var þetta mál ekki rætt allan þennan tíma, en er nú tekið til afgreiðslu á síðustu dögum þingsins til þess að pína það í gegnum þingið. Á sama máta hefur verið staðið að frv. um stjórn fiskveiða þó það hafi ekki legið jafnlangan tíma hér inni á hv. Alþingi. Hinn 15. febr. var það frv. lagt fram til umfjöllunar í Ed. Raunverulega byrjaði ekki alvöruumræða um breytingar á því frv. fyrr en sl. laugardag. Þá var fyrst í alvöru farið að fjalla um hvað þyrfti að gera til þess að líkur væru fyrir því að hægt væri að ná samkomulagi um þetta mál.

Umfjöllunin í sjávarútvegsnefndum var á þann hátt að til viðræðu voru kallaðir samstarfsaðilar sem voru í undirbúningsnefndinni, samráðsnefndinni, og þá var raunverulega verið að fjalla um hlutina á nýjan leik þar. Það var ekki farið að ganga að því að afgreiða málið. Þetta hafa verið vinnubrögðin hér ár eftir ár.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Út af orðum hv. 1. þm. Suðurl. vildi ég aðeins minna á það að frv. til laga um Úreldingarsjóð var lagt fram á síðasta Alþingi og aftur á sl. hausti. Það er nefnt í einni af þeim greinum sem fjallar um stjórn fiskveiða í því formi sem því var skilað frá þeirri ráðgjafarnefnd, sem hér var rætt um, þannig að ráðgjafarnefndinni var fullkunnugt um þær hugmyndir.

Það er hins vegar ekki hægt að reikna með því að það sé fullt samræmi milli þess sem kemur frá ráðgjafarnefnd og Alþingi. Það hafa ávallt verið ýmsar breytingar á þessum frumvörpum í gegnum tíðina.

Ég skal ekkert fullyrða um það hvað hagsmunaaðilum finnst um þessi vinnubrögð og þessi samráð. Þeir verða sjálfir að tjá sig um það og skýra það út. En ég fullyrði það að þessi mál hafa margoft verið rædd við þá í gegnum tíðina.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður hafa leitt það í ljós að í röðum hv. stjórnarliða, svokallaðra stjórnarþm., eins og þeir kjósa nú að kalla sig, er nákvæmlega engin samstaða um þetta mál, hvorki um efnisatriði þess né á hvern veg á að afgreiða það, hvort heldur er út úr nefndinni eða í hv. deild. Það sem hér liggur fyrir er einfaldlega það að menn eru að ræða gerbreytt viðhorf með því að búið er að umturna stórum þáttum í þessu máli sem ekki hafa verið kynnt með þessum hætti fyrir hagsmunaaðilum og hafa þess vegna ekki hlotið þá umræðu í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er. Þetta liggur hér fyrir og það hefur nú verið staðfest af hv. þm. Skúla Alexanderssyni að frv. um Úreldingarsjóð, sem hér hefur verið til umræðu, hefur legið í þinginu án þess að hafa fengið þá umfjöllun sem eðlileg hefði verið. Það er þess vegna ástæða til þess að taka undir með þingflokksformanni Borgaraflokksins, einum af máttarstólpum þessa stjórnarsamstarfs, eins gæfulegt og það nú er og þessar umræður hafa leitt í ljós, það er fullkomin ástæða til að taka undir með honum um það að þetta mál kallar á mun ítarlegri og alvarlegri umræður en þegar hafa átt sér stað. Afgreiðsla þess getur ekki átt sér stað með þeim hætti sem að er stefnt, að því er virðist, með einhverju gervisamkomulagi sem á sér svo enga stoð í raunveruleikanum þegar nánar er skoðað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og fram hefur komið eru nú liðnar 47 mínútur síðan þessi umræða hófst og forseti mun nú reyna að leyfa þeim sem þegar hafa beðið um orðið að gera hér athugasemd. En ég bið menn að stytta mjög mál sitt.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða sem hér hafa fallið vil ég taka það fram, og þá sérstaklega hvað líður orðum hv. þm. Skúla Alexanderssonar um Úreldingarsjóðinn og reyndar kom hér fram hjá síðasta ræðumanni einnig, að hér er bara ekki farið rétt með. Þetta mál hefur legið í nefndinni. Það er búið að ræða um málið í nefndinni. Við erum búnir að fá umsagnir um málið. Við höfum fjallað um þetta mál. Síðan var ákveðið að tengja þessi tvö mál saman. Það er hið rétta í málinu.

Og við hv. þm. Stefán Valgeirsson vil ég segja þetta vegna þess að hann vildi fá mig hingað upp til þess að biðjast afsökunar: Stefán Valgeirsson, ég get ekki beðist afsökunar vegna þess að ég fer með rétt mál. (**SV:** Ég hef mörg vitni.)

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að leiðrétta hæstv. sjútvrh. Þær brtt. sem nú liggja fyrir um Úreldingarsjóð fiskiskipa eru allt annars eðlis en það frv. sem lagt var fram. Eins og auðséð er af því að í þessum nýju drögum er gert ráð fyrir því að sjóðurinn taki til sín 12 þúsund þorskígildi, þ.e. afla fjögurra togara á hverju ári, sem síðan verða seld á opinberu markaðsverði til einstakra útgerða. Auðvitað er þetta fyrsta skrefið að auðlindaskatti, enda liggur það fyrir að Alþfl. lagði þetta fram sem málamiðlun til þess að tryggja það að stigið yrði fyrsta skrefið í auðlindaskattinum.

Hvaðan eru þessi 12 þúsund tonn tekin? Þau eru tekin af öllum útgerðum í landinu um leið og aflakvótanum er úthlutað í byrjun ársins. Þessi kvóti er tekinn af öðrum skipum til þess að selja hann opinberri sölu á opinberu verði. Ríkisstjórnin ætlar að selja fiskinn í sjónum með opinberu verði og auðvitað er það fyrsta skrefið að auðlindaskattinum og auðvitað er það um það sem þetta mál snýst fyrst og fremst.

Ég vil svo aðeins segja það, vegna þeirra orðaskipta sem orðið hafa milli Stefáns Valgeirssonar og Stefáns Guðmundssonar, að síðasta gerð tillagnanna

kom í hendur okkar sjálfstæðismanna á 12. tímanum í gær. Þá var okkur sagt að við mættum ekki fara með þessa pappíra til fjölmiðla þar sem þeir yrðu síðan formlega afhentir nefndinni. Hins vegar kom efni tillagnanna í morgunútvarpinu þannig að það er auðvitað alveg ljóst að ef stjórnarmeirihlutanum sýnist svo eru trúnaðarpappírarnir sendir beint til fjölmiðla, en ef þeim sýnist ekki þá á að halda þeim leyndum. Auðvitað er stjórnarandstaðan sett í þá kreppu að hún megi ekki hafa sína dómgreind til þess að ákveða hvenær þessum opinberu pappírum er útdeilt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 14. þm. Reykv. fær að taka til máls en svo treysti ég því, hv. þm., að þessum umræðum geti nú bráðum farið að ljúka.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þetta er örstutt. Raunverulega var hv. 2. þm. Norðurl. e. búinn að taka af mér ómakið að minnast á það grundvallaratriði sem greinilega hefur orðið til þess að stjórnarþm. tóku hér upp umræður utan dagskrár um þetta mikilsverða mál. Það er nefnilega kjarni málsins, eins og einnig hæstv. sjútvrh. kom að vísu ekki inn á með sama hætti en þó með óbeinum hætti. Það sem verið er að fjalla um, eftir að ráðherrarnir komu sér saman um framlagðar brtt., er að það er verið að stíga fyrsta skrefið í álagningu auðlindaskatts í sambandi við útgerð á Íslandi. Þetta er kjarni málsins.

Það sem gerist við það að þessi brtt. kemur fram er að frv. til laga um fiskveiðistjórnun, sem ekki gerir ráð fyrir auðlindaskattsaðferðinni, en með því að tengja frv. til laga um Úreldingarsjóð inn í málið með þeim hætti sem gerst hefur, þá er búið að gerbreyta þeim hugmyndum, þeirri vinnu og þeim tillögum sem bæði hagsmunaaðilar og fulltrúar þingflokka stóðu að með beinum og óbeinum hætti þótt þeir áskildu sér rétt til að koma með brtt. Þetta er meginefni málsins. Það er eins gott að íslenska þjóðin viti það, sérstaklega útgerðarmenn og sjómenn, að það á að fara að skattleggja þessa atvinnugrein sérstaklega til þess að tryggja og framlengja líf þessarar ríkisstjórnar um eitt ár, brjóta öll grundvallarprinsipp í sambandi við útgerð og fiskvinnslu á Íslandi.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það hefur komið í ljós í þessari umræðu að hennar var full þörf, eins og að málum hefur verið staðið. Það hefur ekki farið milli mála. Það var ekki mín meining að vísu að hefja hér upp umræður um efnislega þætti þessara mála heldur vekja athygli á hvaða vinnubrögðum er beitt, hvaða vinnubrögð eru notuð gagnvart okkur, hinum óbreyttu þingmönnum, af hæstv. ráðherrum.

Ég heyrði að hæstv. forsrh. sagði áðan að það væri ekkert samkomulag við Karvel og mér heyrðist vera í hljómnum að það skipti engu máli. Það er rétt. Það er ekkert samkomulag við mig um svona málsmeðferð eða afgreiðslu. Þannig að það sé á hreinu.

Ekki vil ég fara í orðaskak við minn gamla nemanda, hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson. Hefur ekki hv. þm. Sjálfstfl. verið ljós mín afstaða í þessum efnum? Ég spyr hv. 1. þm. Suðurl.: Var honum ekki ljós mín afstaða í ráðuneyti hans 1987 til kvótamálsins? Hvað eru menn að tala um breytingu? Ég er sá sem hef haldið sömu skoðun, hvort sem ég var talinn styðja ríkisstjórn eða utan. Það verður ekki sagt um aðra. Þar hafa menn skipt um ... (Gripið fram í.) Já, ég get vel tekið undir það að þessi þaulreyndi þingmaður, forseti með öðru meiru, hefur kannski lengst af haldið bestum taumi innan íhaldsins í þessum efnum. En stundum hefur hann horfið frá. (**ÓÞÞ:** Hvað áttu við með taumi?) Taumi. (Forseti hringir.) Virðulegur forseti, ég hlýt að mega svara hv. þm. sem grípa fram í. Ef hv. hrossatamningamaður, þm. Ólafur Þ. Þórðarson, ekki veit hvað taumur er þá ætla ég ekki að útskýra það. Það er hans mál viti hann það ekki.

Það hefur greinilega komið í ljós í þessum umræðum að það er ekkert allsherjarsamkomulag um að ljúka málinu með þeim hætti sem greint var frá í Ríkisútvarpinu í hádeginu í dag. Það hefur ekki verið samþykkt í þingflokki Alþb. (Forseti hringir.) Já, virðulegi forseti, ég hef nú talað kannski styst af öllum í þessari umræðu. (**Forseti:** Hv. þm. hefur þrjár mínútur.) Það hefur ekki verið lamið jafnt stíft í bjöllu hjá öðrum hv. þm. og mér. En ég skal ekki vera lengi. Ég skal ljúka mér fljótlega af.

Það er greinilegt að ekkert samkomulag hefur verið um þetta. Það liggur fyrir frá þingflokksformanni Sjálfstfl. og frá fulltrúa Kvennalista í sjútvn. Ég hefði gjarnan viljað heyra viðhorf hæstv. ráðherra Alþfl. til þessara mála. Þess virðist ekki vera kostur eins og málum er háttað. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera að hæstv. ráðherrar séu á Seðlabankafundi og ekki set ég út á það, en þingstörf eiga nú að mati sumra að ganga fyrir. Og það hlýtur svo að vera.

Ég ætla ekki að gagnrýna hér frekar neitt í þessum efnum. (**ÓÞÞ:** Það er gott.) Já, ég heyri að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem varð þess valdandi að kvótinn var samþykktur 1987 með því að svíkjast undan merkjum, virðist ætla að bera ábyrgð á þessu áfram. (**Forseti:** Forseti hlýtur að benda hv. þm. á að tími hans er löngu liðinn. Umræðan hefur dregist hálftíma lengur en ætlað var. Hv. þm. hefur nú talað í fimm mínútur en hann hafði þrjár mínútur. Ég bið hann nú lengstra orða að fara að ljúka máli sínu.) Virðulegur forseti. Það verður að virða mönnum það til vorkunnar þegar alltaf er gripið fram í. Menn verða að svara, undan því verður ekki komist. (**Forseti:** Samræður eru ekki leyfðar.) Þá er að skamma þá hv. þm. sem eru að hefja upp raust úti í sal en ekki þá sem eru að tala í ræðustól. Það hlýtur að vera verkefni hæstv. forseta að gera slíkt.

Ég skal, virðulegur forseti, að lokum ekki fara um þetta fleiri orðum. Mér sýnist ljóst að málið, eins og

það er núna, verði ekki afgreitt út úr Ed. á laugardegi. Ég spyr áfram: Ætla hv. þm. í Nd. að láta sér nægja einn eða tvo daga í lok þings til umræðu um svo stórt mál? Er málið ekki meira virði en svo, mál sem skiptir sköpum um fjöregg þjóðarinnar í framhaldinu?

Ég bið, virðulegi forseti, afsökunar hafi ég farið of mikið fram úr tímanum en ég skal ekki hafa þessi orð fleiri.

Fjáraukalög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 791, n. 1026 og 1042.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjvn. sem er á þskj. 1026.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og kallað til viðræðna við sig fulltrúa fjmrn. Þar fengum við skýringar og svör við einstökum atriðum sem við vildum forvitnast nánar um. Einnig höfum við fengið upplýsingar um lokaútgjaldaniðurstöðu einstakra viðfangsefna, stofnana og verkefna á fjárlögum og borið þær saman við fjárlagaheimildir. Í nokkrum tilvikum er um veruleg frávik að ræða þar sem útgjöld hafa farið ótæpilega fram úr fjárlagaheimildum. Hefur nefndin rætt þau mál sérstaklega við fulltrúa fjmrn. og fengið skýringar þess.

Í öðrum tilvikum er einnig um að ræða óeðlilega mikil útgjöld umfram greiðsluheimildir hjá einstökum stofnunum. Vegna þess hve skammt er nú til þinglausna hefur fjvn. ekki haft tíma til þess að skoða þau mál nánar fyrir afgreiðslu frv. en nefndin og starfsmenn fjmrn. eru sammála um að taka þessi útgjaldaviðfangsefni til sérstakrar skoðunar í sumar. Mun þá nefndin m.a. kalla fyrir sig stjórnendur stofnana og verkefna sem farið hafa, að mati nefndarinnar, talsvert fram úr greiðsluheimildum fjárlaga og fjáraukalaga. Í framhaldi af þeim viðræðum við forstöðumenn stofnana og viðfangsefna verður svo tekin afstaða til þess hvort ástæður liggi til þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna þeirra mála, eða hvort um fullgildar ástæður sé að ræða sem skýra niðurstöðuna.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989 var afgreitt frá Alþingi þann 22. des. sl. Hafði frv. þá verið til meðferðar í fjvn. frá því það var lagt fram 1. nóv. sama ár. Nefndin lagði mikla vinnu í yfirferð sína á frv. þessu, enda um nýmæli að ræða að Alþingi fengi til meðferðar frv. til fjáraukalaga á því fjárlagaári sem frv. átti við. Voru nefndarmenn í fjvn. sammála um að nauðsyn bæri til þess að vanda sem best afgreiðslu málsins og að fjáraukalögin, þegar þau yrðu afgreidd, gæfu sem réttasta mynd af niðurstöðunni. Eftir nákvæma athugun á stöðu einstakra verkefna sem fjvn. gerði lagði hún til margvíslegar breytingar bæði á uppsetningu frv. frá upphaflegri gerð þess og eins á einstökum efnisliðum. Í því sambandi kölluðum við nefndarmenn sérstaklega eftir upplýsingum frá framkvæmdarvaldinu og stofnunum þess um stöðu einstakra útgjaldaverkefna og þá ekki hvað síst þeirra fjárfrekustu. Báðum við um rétt fyrir afgreiðslu frv. þann 22. des. sl. að fá að vita hvaða ákvarðanir kynnu að vera á döfinni hjá framkvæmdarvaldinu um útgjöld sem ekki væri fyrir séð. Nefndarmenn allir urðu því fyrir nokkrum vonbrigðum með að útgjöld umfram ákvarðanir þær sem teknar voru við afgreiðsluna þann 22. des. skyldu hafa numið 1 milljarði 73 millj. kr., eins og í ljós kom þegar frv. það til fjáraukalaga sem nú er til afgreiðslu var lagt fram á Alþingi. Fjvn. telur að hér sé um óeðlilega mikla skekkju á útgjaldaáætlunum að ræða þegar tillit er tekið til þess að einungis örfáir dagar voru eftir af fjárlagaárinu þegar afgreiðsla fjáraukalaganna fór fram á Alþingi þann 22. des. sl.

Í viðræðum við embættismenn fjmrn. hefur m.a. komið fram sú skoðun þeirra og nefndarinnar að unnt eigi að vera að bæta upplýsingagerð og upplýsingaöflun og ákveðinn vilji sé til að gera það til þess að komast hjá því að slík mistök eigi sér stað. Að vísu er skiljanlegt að í fyrsta sinn sem fjáraukalög eru afgreidd á yfirstandandi fjárlagaári komi ýmislegt í ljós sem betur geti farið. Er það vilji bæði nefndarinnar og ráðuneytisins að reyna að bæta þar úr.

Það eru þó fleiri ástæður sem valda því að útgjöld fóru svo mjög fram úr þeirri útgjaldaáætlun sem afgreidd var með fjáraukalögunum frá Alþingi 22. des. sl. Þegar sú afgreiðsla fór fram voru að koma fram upplýsingar sem bentu til þess að áætlun útgjalda til einstakra viðfangsefna væru ekki réttar en nefndin lét hjá líða að taka nægilegt tillit til þess. Þá gerðist það einnig að ríkisstjórnin tók á dögunum milli jóla og nýárs ákvarðanir um greiðslu fjár úr ríkissjóði talsvert umfram það sem fjvn. hafði verið tjáð að til stæði.

Ýmsar orsakir eru þannig til þess að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1989 fóru þetta mikið fram úr áætlun fjáraukalaga sem afgreidd voru nokkrum dögum fyrir áramótin. Sumar ástæðurnar eiga sér eðlilegar skýringar og verða ekki gagnrýndar. Aðrar ástæður eru hins vegar gagnrýni verðar og er full ástæða til að hafa hliðsjón af því við næstu afgreiðslu Alþingis á fjáraukalögum og næstu afgreiðslu Alþingis á fjárlögum.

Ef ég nefni aðeins nokkur einstök atriði þar sem farið var mjög verulega fram úr áætlun fjárlaga og fjáraukalaga þá er rétt fyrst að staðnæmast við menntmrn. en þar voru umframgreiðslur um 132 millj. kr. Þessar umframgreiðslur féllu fyrst og fremst til vegna framhalds- og sérskóla. Í ljós kom að sparnaður, sem gert hafði verið ráð fyrir að mundi skila sér, m.a. vegna verkfalls kennara á því ári, kom ekki fram vegna mikilla aukinna kennsluútgjalda á síðasta missiri. Má segja að það sé eðlileg skýring á því að þarna hafi verið farið allverulega fram úr áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Eðlileg skýring í því tilliti að ekki var hægt að sjá það fyrir þegar fjáraukalög voru afgreidd þann 22. des. að þau útgjöld ættu eftir að falla til.

Í öðru lagi námu umframútgjöld vegna sjútvrn. 83,7 millj. kr. og voru vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi. Þegar fjvn. fékk í hendur frá fjmrn. áætlun ráðuneytisins um endurgreiðslu söluskatts til

landbúnaðar, fiskeldis og sjávarútvegs var sérstaklega eftir því spurt hvort þær áætlanir, sem nefndin fékk í hendur, væru endanleg greiðsluáform þess ráðuneytis. Um það var spurt daginn áður en afgreiðslan fór fram hér á Alþingi. Fjvn. var tjáð að sú upphæð sem barst frá fjmrn. væri endanleg ákvörðun um þær greiðslur sem mundu eiga sér stað. Það gerðist hins vegar á dögunum milli jóla og nýárs að ákvörðun var tekin um að greiða 83,7 millj. kr. meira vegna þessa viðfangsefnis úr ríkissjóði en Alþingi afgreiddi 22. des. Þetta telur fjvn. að sé ekki æskileg málsmeðferð og ástæða til að gagnrýna.

Í þriðja lagi má geta þess að greiðslur umfram fjárheimildir hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu námu röskum 126 millj. kr. og eru þær að stærstum hluta vegna embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Um það viðfangsefni má segja að fjvn. hafi fengið upplýsingar um að ástæða væri til þess að ætla að sú áætlun sem nefndin gerði um kostnað vegna embætta sýslumanna og bæjarfógeta mundi ekki standast. Það hefði því verið ástæða hjá fjvn. að endurskoða þær áætlanir sínar frekar. Það var hins vegar ekki gert.

Það er ástæða til þess, frú forseti, að vekja athygli á að nú sækir mjög í sama farið varðandi útgjöld sýslumanna og bæjarfógeta og var hér fyrir nokkrum árum, áður en sérstakt átak var gert í því skyni að koma þar nokkrum skikk á. Er nú farið að muna ansi miklu á annars vegar áætlunum fjárlaga vegna útgjalda til embætta sýslumanna og bæjarfógeta og síðan greiðsluuppgjöri. Er vissulega ástæða til þess að fara hér að spyrna við fótum og skoða þau mál sérstaklega.

Þá má enn fremur nefna að greiðslur umfram heimildir vegna heilbr.- og trmrn. námu 314 millj. kr. og eru að stærstum hluta vegna Tryggingastofnunar ríkisins. Er hér um það að ræða að ríkissjóður þarf að endurgreiða vörslusjóðum Tryggingastofnunar ríkisins framlög sem þessir vörslusjóðir hafa reitt af höndum til þess að standa undir kostnaði við aðra starfsemi á vegum Tryggingastofnunarinnar, svo sem atvinnuleysistryggingar og sjúkratryggngar. Fjvn. kallaði sérstaklega eftir því nokkrum dögum áður en hún afgreiddi frá sér frv. til fjáraukalaga síðla í desember 1989, að upplýsingar fengjust bæði frá fjmrn. og Tryggingastofnun ríkisins um líklega greiðslustöðu Tryggingastofnunarinnar. Nefndin fékk þær upplýsingar að ekki væri nein ástæða til þess að gera breytingu á þeim áætlunum sem um þessi útgjöld höfðu verið gerðar í frv. því til fjáraukalaga sem lagt var fram 1. nóv. Nefndinni var tjáð af báðum þessum aðilum að þvert á móti mætti gera ráð fyrir því að þær áætlanir stæðust. Þær stóðust hins vegar ekki og munaði þarna um 300 millj. kr., sem er mjög há fjárhæð, jafnvel þó tekið sé tillit til þess að þessi stofnun, Tryggingastofnun ríkisins, hefur meiri fjárumsvif en flestar ef ekki allar aðrar stofnanir á vegum ríkisins. Sú vitneskja sem fjmrn. og Tryggingastofnun eiga að hafa um útgreiðslu úr þeim stóru sjóðum sem Tryggingastofnun varðveitir á að vera svo traust að þetta ætti ekki að þurfa að koma fyrir í nútímaupplýsingaþjóðfélagi. Eru fjárveitinganefndarmenn og fulltrúar fjmrn. sammála um að hér þurfi að herða eftirlit með kostnaði og kostnaðaráætlunum til þess að svona niðurstaða, svona mikill munur á endanlegum greiðslum og greiðsluáætlunum sem gerðar eru í lok desember þurfi ekki að endurtaka sig.

Umframgreiðslur vegna fjmrn. námu 302 millj. kr. Stafa þær af þrennu. Í fyrsta lagi fráviki vegna Ríkisábyrgðasjóðs, þ.e. meiri útgreiðslum úr Ríkisábyrgðasjóði en gert var ráð fyrir upp á 80 millj. kr. Í öðru lagi vegna ýmissa fasteigna ríkissjóðs upp á 105,4 millj. kr. og svo í þriðja lagi, sem ekki var inni í samtölunni sem ég nefndi hér áðan, er um að ræða sölukostnað spariskírteina, auglýsinga- og prentkostnað, 155 millj. kr.

Það kemur nokkuð á óvart hversu hár sölukostnaður og auglýsinga- og prentkostnaður spariskírteina hefur verið á árinu 1989 og hefur fjvn. óskað eftir nánari upplýsingum og sundurliðun um það sem hún hefur ekki enn fengið en mun fá á næstu dögum.

Þá er einnig þeirrar skýringar að geta hvað varðar útgjöld umfram áætlun er varða fasteignir ríkissjóðs að á árinu 1989 var tekin upp sú venja að gjaldfæra heildarkaupverð fasteigna þó hluti kaupverðsins hafi verið fjármagnaður með lántökum. Þetta er eðlileg breyting á færslu kaupverðs vegna fasteigna en fram til þess tíma hafði aðeins verið gjaldfærður á kaupárinu sá hluti kaupverðsins sem greiddur hafði verið út á því ári. Annar kostnaður, þ.e. lán sem ógreidd voru vegna kaupanna, voru gjaldfærð þegar þau féllu í gjalddaga. Þessu var breytt vegna uppgjörsins 1989 og er því að því leytinu til eðlileg skýring á þessum umframútgjöldum vegna ýmissa fasteigna ríkissjóðs.

Ég held að ekki sé ástæða til þess, frú forseti, að fara fleiri orðum um þær niðurstöður sem fjvn. komst að við meðferð á máli þessu. Meiri hl. nefndarinnar telur að fullnægjandi skýringar hafi fengist á öllum efnisatriðum fjárlagafrv. sem frábrugðin eru þeirri afgreiðslu sem fór fram á Alþingi 22. des. sl. Sumt af því sem nú stendur til að afgreiða hefði betur átt heima í þeirri afgreiðslu sem þá fór fram. En niðurstaðan er óhjákvæmileg og ómótmælanleg. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði afgreitt og samþykkt óbreytt eins og það var flutt.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Þegar frv. til fjáraukalaga var afgreitt þann 22. des. sl. var það tekið til mjög ítarlegrar athugunar, eins og fram hefur komið í máli formanns fjvn. Sú athugun leiddi m.a. til þess að meiri hl. fjvn. flutti við frv. hvorki meira né minna en 211 brtt. Og til viðbótar margs konar brtt. sem fólust í undirliðum hinna einstöku aðalbrtt. Þetta sýndi tvennt; að frv. var ekki úr garði gert eins og það hefði þurft að vera af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, og svo hitt að hv. fjvn. lagði í þetta mikla vinnu.

Þegar sú vinna fór fram var eftir því gengið hvort þar mundi vera nokkurn veginn um endanlegar niðurstöður að ræða varðandi útkomu síðasta árs, ársins 1989, og voru svör mjög á þá lund að veruleg frávik

yrðu ekki frá því sem þá var afgreitt. Þá voru afgreiddar heimildir til greiðslna úr ríkissjóði sem námu um 8,5 milljarði umfram fjárlög.

Nú liggur reynslan fyrir með því frv. sem hér er til 2. umr. og tekið hefur verið til athugunar af fjvn. Þá kemur í ljós að þetta reyndist ekki rétt. Nú kemur í ljós að á níu dögum, frá því að fjáraukalög voru afgreidd hér á hinu háa Alþingi 22. des. sl. og til ársloka, hafði ríkisstjórn greitt út úr ríkissjóði umfram heimildir 1073 millj. kr. Þetta var niðurstaðan úr því dæmi og að þessu var vikið af hálfu formanns nefndarinnar sem hér talaði fyrir hönd meiri hl. fjvn. rétt áðan.

Með þessum hætti var halli á ríkissjóði aukinn um 1200 millj. kr. svo að í stað þess að halli yrði innan við 5 milljarða eins og gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga 22. des. reyndist hann verða 6 milljarðar og 55 millj. kr.

Nú er liðið fyrsta fjárlagaár þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Á þessu fjárlagaári hefur hæstv. ríkisstjórn gengið í gegnum prófraun. Við höfum fengið að kynnast því hvernig þessi hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér markmið, hvaða leiðir hún ætlaði að fara til þess að ná þeim markmiðum og hvernig útkoman hefur svo orðið, hver árangurinn hefur orðið. Það kemur í ljós með því frv. sem hér er til meðferðar hvernig hún hefur staðist prófið.

Ég minni á það að þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1989 var flutt voru þar sett mjög afdráttarlaus og eindregin markmið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Mjög á sama hátt talaði hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir því frv., eins og ég vitnaði nokkuð til við 1. umr. þessa máls. Í athugasemdum með fjárlagafrv. fyrir árið 1989 segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin hefur sett það sem meginmarkmið fjárlaga fyrir árið 1989 að ríkissjóður skili umtalsverðum tekjuafgangi. Fyrir þessu eru margar ástæður. Þar vegur þyngst nauðsyn þess að beita ríkisfjármálum til þess að hamla gegn auknum viðskiptahalla."

Enn segir í hinum pólitíska inngangi með athugasemdum fjárlagafrv. að þetta sé nauðsynlegt „til að slaka á þeirri spennu á innlendum fjármagnsmarkaði sem ríkt hefur að undanförnu. Aðeins með því að skila rekstrarafgangi geti ríkissjóður dregið úr lántökum sínum."

Í athugasemdum með þessu frv. er víðar vikið að þessum meginmarkmiðum hæstv. ríkisstjórnar. Þar segir enn, undir fyrirsögninni „Stefnan í ríkisfjármálum", að „tekjuafgangur á ríkissjóði er nauðsynlegur þrátt fyrir fyrirsjáanlegan samdrátt."

Þau markmið sem hæstv. ríkisstjórn setti með fjárlagafrv. og hæstv. fjmrh. mælti skörulega fyrir í þessum ræðustól voru því ótvíræð. Þau voru þess efnis að nú væri efnahagsleg nauðsyn að reka ríkissjóð með því sem kallað var „umtalsverðum tekjuafgangi". Það væri grundvallarforsenda fyrir því að takast mætti að koma nýju lagi á efnahagsmál landsmanna. Og ég segi það eins og það liggur fyrir að það var mikið satt í því sem þarna var sagt. Í þessu var mikill sannleikur.

Það kom svo í ljós í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 hvaða leiðir hæstv. ríkisstjórn ætlaði að fara til að ná þessum árangri. Þær leiðir voru m.a. þær að leggja nýja skatta á þjóðina sem áttu að nema um 7 milljörðum kr. Fjárlagafrv. sýndi að tillögur ríkisstjórnarinnar voru að skera niður framlög ríkisins til verklegra framkvæmda. Fjárlagafrv. sýndi að ríkisstjórnin leit svo á að nauðsynlegt væri að láta framlög til ýmissa sjóða og verkefna, þar á meðal tilfærslur til ýmissa atriða, svo sem millifærslna í þjóðfélaginu, standa óbreyttar að krónutölu, sem þýddi vitaskuld niðurskurð. Og ríkisstjórnin kynnti það með fjárlagafrv. að það var stefna hennar að skylda þjónustustofnanir í eigu ríkisins til þess að afla mjög aukinna sértekna með því að stórhækka verð á þjónustu þeirra. Enn fremur var meðal þeirra leiða sem fara átti til að ná heildarmarkmiði ríkisstjórnarinnar í fjármálum að auka sparnað í rekstri og mannahaldi á vegum ríkisins.

Öll þessi markmið náðust fram utan eitt, það síðasta. Sparnaður í rekstri og mannahaldi á vegum ríkissjóðs, sem fjárlög byggðu þó á í verulegum mæli, fór meira og minna út í veður og vind. Þó segir að tekist hafi að ná nokkrum sparnaði í yfirvinnu miðað við það mikla yfirvinnumagn sem verið hafði á vegum ríkisins árið áður eða sem nemur um 70 millj. kr.

Þrátt fyrir að þessar leiðir að heildarmarkmiðinu væru settar fram með fjárlögunum með skattheimtu, með niðurskurði og með tekjuöflun á vegum þjónustustofnana ríkisins, með stórhækkuðum þjónustugjöldum, þó allt þetta kæmist fram þá er niðurstaðan úr fjármálum ríkisins á þessu ári sú að í stað þess sem ríkisstjórnin setti sem grundvallarmarkmið, að reka ríkissjóð með umtalsverðum rekstrarafgangi, varð halli á ríkisrekstrinum sem nam 6.055 millj. kr. Þótt fjárlögin væru afgreidd með tekjuafgangi upp á 635 millj. kr. þá breyttist þessi staða í höndum hæstv. fjmrh., sem á hér auðan stól í þingsalnum, og í höndum hæstv. ríkisstjórnar yfir í nærri 6,1 milljarðs króna rekstrarhalla.

Það er því ekkert vafamál að sú prófraun í fjármálum ríkisins sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. hafa gegnið í gegnum á sínu fyrsta fjárlagaári hefur áþreifanlega sannað að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. hafa fallið á prófinu. Hvernig sem séð væri í gegnum fingur, hvernig sem reynt væri að afsaka þá niðurstöðu sem fengin er, væri ómögulegt að gefa nema falleinkunn.

Miðað við það markmið hæstv. ríkisstjórnar við afgreiðslu fjárlaga að leggja á þjóðina um 7 milljarða nýja skatta til ríkisins þá kemur það auðvitað í ljós að árið 1989 varð metár í tekjum ríkissjóðs, þ.e. í skattaálögum á þjóðina. Alls urðu innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1989 80 milljarðar eða um 2,9 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Jafnframt er þetta hæsta hlutfall tekna ríkissjóðs af landsframleiðslu sem nokkru sinni hefur orðið. Til þess að sýna dæmi um skattheimtur ríkissjóðs, hvernig þær hafa reynst sem hlutfall af landsframleiðslu á árunum 1985–1989, skal það hér rakið: Árið 1985 var það 22,7%. Árið 1986 24%. Árið 1987 23,6%. Árið 1988 26,6% og árið 1989 27%. Það er því ljóst að hallarekstur ríkissjóðs á árinu 1989 stafar ekki af því að hæstv.

ríkisstjórn hafi látið undir höfuð leggjast að afla ríkissjóði tekna með skattlagningu á þjóðina eða með því að innheimta þær.

Það liggur sem sé algjörlega fyrir að á þessu ári var um metár að ræða í skattlagningu á þjóðina og innheimtar tekjur ríkissjóðs jukust á því ári að raungildi um 2,6% frá árinu á undan, sem þó var ærið mikið skattheimtuár.

Ég hef áður leyft mér að kalla þetta ár „skattaárið mikla". Og ég spáði því, þegar við umræður um fjárlög fyrir árið 1989, að það ár yrði skattaárið mikla. Nú hefur það sannast.

En árið 1989 varð einnig metár í útgjöldum ríkissjóðs. Útgjöldin fóru nefnilega enn þá meira fram úr fjárlögum en tekjurnar. Í útgjaldaþætti ríkissjóðs sannaðist að ríkisfjármálin fóru gjörsamlega úr böndunum á þessu ári. Og það sannaðist að það dugar ekki að hækka í sífellu skatta á þjóðina og innheimta þar með meira í hlut ríkissjóðs ef ríkisstjórnin sem við völd er og hennar stuðningslið og hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar notar þá skattheimtu til þess að auka í sífellu útgjöld ríkissjóðs og miklu meira en heimildir liggja fyrir í fjárlögum og síðan fjáraukalögum. Það er auðvelt að eyða því sem aflast ef ekki er aðgæsla viðhöfð.

Samkvæmt því frv. sem hér er til 2. umr. urðu útgjöld ríkissjóðs á síðasta ári tæplega 86,1 milljarður króna meðan tekjurnar urðu 80 milljarðar eins og fyrr segir. Útgjöldin fóru því 9,6 milljarða fram úr heimildum fjárlaga. Þetta gerðist þrátt fyrir niðurskurð á fé til verklegra framkvæmda, þrátt fyrir að fjárveitingar til ýmissa sjóða og margs konar verkefna væru óbreyttar í krónutölu frá því á árinu á undan og þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um sparnað og hagræðingu. Í heild urðu útgjöld ríkissjóðs meiri en nokkru sinni og hækkuðu að raungildi frá árinu á undan um 2%.

Hér er einnig um metár að ræða í útgjöldum A-hluta ríkissjóðs miðað við landsframleiðslu. Árið 1984 var þetta hlutfall 22,8%, 1985 24,6%, 1986 25,4%, 1987 24,9%, 1988 28,6% og 1989 29,1%. Þessi upptalning sýnir alvarlega þróun í útgjöldum ríkissjóðs og þá miklu stökkbreytingu sem orðið hefur á því sviði á síðustu tveimur árum og þó einkum og alvarlegast nú á síðasta ári. Ég held því, miðað við það sem hér hefur verið sagt og allt liggur fyrir í þessum skjölum, að það sé hverjum manni ljóst að fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar á árinu 1989 hafi farið úr böndunum. Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. féllu á prófinu. Markmiðin sem sett voru í upphafi voru góð, leiðirnar sem átti að fara að markmiðunum voru misjafnar og sumar slæmar. En þó að þær næðust sumar hverjar er árangurinn sá sem hér hefur verið lýst.

Hægt er að greina það sundur í nokkrum atriðum á hvern hátt hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur hrökklast frá markmiðum sínum sem hún setti í ríkisfjármálum og fyrr er að vikið. Í fyrsta lagi voru fjárlögin sjálf ótraust. Við sem skrifum undir þetta nál. vöktum ítrekað athygli á því við umræður um fjárlagafrv. fyrir árið 1989 að um verulegar vanáætlanir væri að ræða við fjárlagaafgreiðsluna. Og við vöktum ítrekað athygli á því og gagnrýndum harðlega að forsendur fjárlaganna væru í lausu lofti vegna þess að ríkisstjórnin var algerlega stefnulaus í efnahags- og atvinnumálum. Hvort tveggja hefur þetta sannast. Launa-, verðlags- og gengisforsendur fjárlaganna voru markleysa, eins og lýst var og nú liggur rækilega fyrir.

Í fjárlögunum var byggt á forsendum sem voru, eins og áður sagði, út í bláinn. Þessar forsendur voru sem hér segir: Í launum var byggt á því að hækkun milli áranna 1988 og 1989 skyldi vera 7,5%. Raunveruleikinn varð 13%. Verðlagshækkun samkvæmt framfærsluvísitölu átti að verða 13,5% hækkun á milli ára, varð 20%. 21% segir að vísu fjmrn. sjálft. Verðlag samkvæmt byggingarvísitölu átti að verða 11,5% en varð í raunveruleikanum 23%. Og gengi átti að breytast á milli ára að meðaltali um 11%, varð í raun 25,5%.

Þá þætti sem hér hafa verið raktir ásamt vanáætlun við fjárlagaafgreiðsluna mátti að verulegu leyti sjá fyrir. Það máttu allir sjá fyrir að hæstv. ríkisstjórn gæti ekki starfað út árið 1989 án þess að grípa til einhverra aðgerða í efnahagsmálum og atvinnumálum þjóðarinnar vegna þess að undirstöðuatvinnugreinar landsmanna voru að fara fram af brúninni. Þetta máttu allir sjá. En hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarliðar, sem rækilega var bent á þetta við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989, höfðu þær viðvaranir að engu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1989 er dregið saman álit þeirrar stofnunar á því hvaða orsakir hafi helst legið til verri afkomu A-hluta ríkissjóðs á því ári en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þar segir að það sé einkum vegna þessara þátta, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvarðana stjórnvalda um útgjöld umfram tekjur innan fjárlagaársins. Vanáætlana fjárlaga. Skorts á að framkvæmdarvaldið virði heimildir fjárlaga. Áform stjórnvalda um sparnað náðu ekki fram að ganga. Rangra verðlagsforsendna fjárlaga."

Þó að hér sé varlega að orði kveðið, sem sjálfsagt er af slíkri stofnun, þá liggur niðurstaðan ljós fyrir. Þær staðreyndir liggja fyrir að ríkisstjórnin tók á síðasta ári, 1989, ákvarðanir um gífurleg útgjöld sem ekki var aflað heimilda fyrir í fjárlögum; það voru vanáætlanir, eins og áður er vikið að; það var skortur á því að framkvæmdarvaldið virti heimildir fjárlaga og sinnti því í ýmsum greinum að fara að lögum; það voru rangar verðlagsforsendur og í fimmta lagi að áform stjórnvalda um sparnað náðu ekki fram að ganga.

Hæstv. ríkisstjórn tók á stundum hinar ólíklegustu ákvarðanir um útgjöld úr ríkissjóði án heimilda í fjárlögum eða fjáraukalögum og sumar þeirra í trássi við önnur lög í landinu. Þetta gekk svo langt að í fyrsta skipti sem ég man eftir sá ég, sem fulltrúi stjórnarandstöðunnar í fjvn., mig knúinn til þess á fyrsta starfsdegi Alþingis að kveðja mér hljóðs utan

dagskrár og vekja rækilega athygli á því að hæstv. ríkisstjórn hefði í mörgum greinum að því er snerti útgjöld ríkissjóðs ekki farið að lögum. Og ég man aldrei eftir því fyrr við upphaf Alþingis að fulltrúi stjórnarandstöðu hafi talið sig knúinn til þess að hefja umræður á Alþingi um það mál, aldrei fyrr. En svo gekk fram af mér, sem hef hér alllanga reynslu af því, hvernig hæstv. ríkisstjórn hafði hagað sínum málum að því er snerti útgjöld úr ríkissjóði, að ég sá mig knúinn til á fyrsta starfsdegi þingsins að rífa þessi mál upp. Og það verður að segjast eins og er að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. svöruðu með þeim hætti að það var eins og verið væri að skvetta vatni á gæs. Báðir þessir hæstv. ráðherrar lýstu þeim skoðunum sínum að þeir teldu sér heimilt að haga útgjöldum ríkissjóðs án þess að tekið væri tillit til laga. Og ef lögin væru eitthvað að þvælast fyrir þeim þá hefðu þeir rétt á því að fara fram með þeim hætti sem þeim væri þóknanlegt. Ég hef aldrei orðið fyrir eins miklum vonbrigðum með svör ráðamanna þjóðarinnar. Svo var nú þetta. Er þá að furða þótt mál hafi farið úr böndunum að því er varðar rekstur ríkissjóðs á fjárlagaárinu?

Það má sem sé segja að í stað sparnaðar og aðhalds hafi komið eyðsla og sóun. Mest í þeim ráðuneytisskrifstofum sem hæstv. ráðherrar stjórnuðu sjálfir. Afleiðingin blasir við öllum. Markmiðið, hið hátíðlega markmið um að reka ríkissjóð með umtalsverðum rekstrarafgangi, snerist upp í andhverfu sína. Í stað 636 millj. kr. tekjuafgangs fjárlaga, eins og þau voru afgreidd, varð niðurstaðan 6.055 milljóna halli í höndum hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar. Í stað aðhalds og sparnaðar og festu í fjármálum ríkisins var valin sú hæga leið að velta undan brekkunni. Þetta er sú niðurstaða sem fyrir liggur, þetta er einkunnin sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur fengið á sínu fyrsta heila fjárlagaári.

Það segir sig auðvitað sjálft að þau áform hæstv. fjmrh. sem kynnt voru við meðferð fjárlagafrv. fyrir árið 1989, og þar voru prentuð í áætlun um greiðsluyfirlit ríkissjóðs um tiltölulega litla lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu, hurfu gersamlega út í buskann við slíka framkvæmd fjárlaganna. Í stað þess að gert var ráð fyrir í fjárlögum að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs væri 1.320 millj. kr., sem er tiltölulega lítið miðað við það sem oft hefur verið, reyndist fjárþörfin verða 7.280 millj. kr. Þessi lán voru þó ekki öll tekin heldur varð niðurstaðan sú að það var greiðsluhalli á rekstri ríkissjóðs um 2.100 millj. kr. Því var ekki einu sinni sinnt að ná nokkurn veginn greiðslujöfnuði í rekstri ríkissjóðs á þessu ári, hvað þá að staðið væri við markmiðið um rekstrarafgang sem snerist upp í 6,1 milljarðs halla.

Ég tel að þessi mál liggi svo skýrt fyrir að ekki sé ástæða til þess að velta þeim upp hér í ræðustól á Alþingi í öllu lengra máli. Mér þykir vitaskuld verra að hæstv. fjmrh. skyldi ekki sjá sér fært að verða hér viðstaddur og enginn af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar, sem munu vera eitthvað að gleðja sig úti í Seðlabanka. En kannski hefur þeim ekki þótt það eftirsóknarvert að vera við umræður um fjáraukalög fyrir árið 1989 þegar sú skýra niðurstaða liggur fyrir sem hér hefur verið lýst.

Ég vil svo í lokin fara örfáum orðum um þær ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar sem sýndu sig í því á dögunum milli jóla og nýárs, eða frá 23. des. til ársloka, að greiða úr ríkissjóði 1073 millj. kr. án heimilda. Og ekki einungis heimilda fjárlaga heldur einnig án heimilda fjáraukalaga sem afgreidd voru 22. des. Með þessum greiðslum úr ríkissjóði var farið fram úr heimildum fjárlaga og lánsfjárlaga um meira en 100 millj. kr. á dag, líka á jóladaginn og annan í jólum og á öðrum helgum dögum.

Hv. formaður fjvn. sem hér mælti fyrir áliti meiri hl. gerði þetta nokkuð að umtalsefni og ég sé ekki ástæðu til þess að vitna í nál. meiri hl. þar sem að þessu er vikið vegna þess að það kom allt fram í máli hv. 5. þm. Vestf. hér áðan. Það er þó ljóst að ekki einungis okkur sem erum í stjórnarandstöðu og erum fulltrúar í fjvn. finnst hér hafa verið farið fram úr öllu því sem kalla má viðunandi vinnubrögð heldur er ljóst að það er einnig álit meiri hl. í fjvn. Það kom berlega fram í máli formanns nefndarinnar hér áðan og það kemur einnig fram í nál. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 1026.

Ég get stytt mál mitt með því að fara yfir það hvaða liðir það eru sem vega þyngst í útgjöldum ríkissjóðs umfram heimildir á þessum dögum um hátíðirnar. En ég tel mig ekki komast hjá því að vekja þó athygli á einstökum þáttum.

Hér kemur fram, eins og einnig var skýrt í máli hv. 5. þm. Vestf., að af einstökum ráðuneytum eyddi heilbr.- og trmrn. mest án heimilda á þessum dögum eða 314 millj. kr., að stærstum hluta vegna Tryggingastofnunar ríkisins. Annað í röðinni er á hinn bóginn fjmrn. sjálft. Það eyddi á þessum dögum 302,6 millj. kr. umfram heimildir. Eru þó færðar yfir á Fjárlaga- og hagsýslustofnun 155 millj. kr. heimildarlausar greiðslur vegna sölukostnaðar spariskírteina, auglýsinga- og prentunarkostnaður sem að sjálfsögðu ætti að færast á fjmrn. sjálft. En jafnvel þó að þetta sé ekki talið með í heimildarlausum útgjöldum fjmrn. sjálfs fóru útgjöld fjmrn. á þessum dögum, þar á meðal á jóladögunum, um 9% fram úr heimildum fjárlaga og fjáraukalaga. Á hverjum einasta degi á þessum dögum, þar á meðal á jóladaginn, fór fjmrn. sjálft 1% fram úr því sem fjárlög og fjáraukalög heimiluðu í greiðslum úr ríkissjóði, fjmrn. sjálft með undirstofnunum sínum. Það fer vitaskuld vel á því að sá sem er í fylkingarbrjósti af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að því er varðar fjármál ríkisins, sjálfur hæstv. fjmrh., fari einnig í fylkingarbrjósti þegar eytt er úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög og fjáraukalög heimila. Og þegar fjmrh. sjálfur fer fram úr slíkum heimildum aðeins fyrir sitt eigið ráðuneyti og sínar undirstofnanir um 1% á dag, líka á jóladaginn, 9% í heild umfram heimildir á 9 dögum, frá 23. des. til ársloka, er sannarlega ekki von á því að slíkur fjmrh. hafi vald á að taka á fjármálum ríkisins af festu. Áður höfðu þó verið afgreiddar drjúgar heimildir til hæstv.

fjmrh. og fjmrn. því að í heild fór hæstv. fjmrh. fram úr heimildum fjárlaga um 940 millj. kr. á árinu 1989. Samkvæmt fjárlögum hafði hann heimild til útgjalda fyrir fjmrn. um 2 milljarða 979,9 millj. kr. en greiðslurnar urðu 3 milljarðar 919,9 millj. kr. eða sem svarar um 31,5% sem fjmrn. sjálft fór fram úr því sem fjárlög ákváðu fyrir þetta ár.

Ég held að ekki fari á milli mála að hér sé rösklega að verki staðið og það þarf svo sem engan að undra vegna þess að á árinu 1989 lét hæstv. fjmrh. sig hafa það að raða á jötuna í sínu ráðuneyti aðstoðarmönnum umfram það sem lög heimila, ekki einungis fjárlög, heldur einnig umfram það sem lög um Stjórnarráð Íslands og reglugerð við þau lög heimila, eins og ég hef margoft vakið athygli á. En þó að á því sé vakin athygli og þess sé krafist að slíkum ólöglegum starfsmönnum ríkisins sé sagt upp er það að engu haft. Hæstv. ráðherrar, a.m.k. sumir hverjir, telja að þeir megi haga sínum málum að því er varðar útgjöld ríkisins alveg án tillits til þess hvað lög segja.

Þannig er nú staðan í þessum málum. Og þegar þannig er að verki staðið, þá er ekki á því von að árangur verði af góðum fyrirheitum, þá er ekki von á því að góð markmið náist og ekki von á því að málaflokkur eins og fjármál ríkisins verði meðhöndlaður á þann hátt að vel fari, enda sýna nú merkin verkin.

Ég held að engum blandist hugur um, hvort sem sá hv. þm. er í tölu „svokallaðra" stjórnarliða, eins og hér var tekið til orða í umræðu áðan af einum sem talinn hefur verið í þeirra hópi, ellegar hvort það er þingmaður í liði stjórnarandstöðunnar, að fjármál ríkisins verður að taka öðrum tökum en gert hefur verið á því ári sem við erum hér með afrakstur af fyrir framan okkur. Þau verður að taka öðrum og fastari tökum og breyta um vinnulag. Það verður ekki gert af þeirri hæstv. ríkisstjórn sem nú situr. Það er alveg víst að enginn hefur trú á því að þar færist neitt til hins betra. Alþingi og þjóðin eru reynslunni ríkari eftir fyrsta fjárlagaár þessarar hæstv. ríkisstjórnar og þessa hæstv. fjmrh.

Það hefur stoðað lítt þó hæstv. fjmrh. hafi komið hér í ræðustól með hátíðlegar yfirlýsingar og steigurlæti í málflutningi. Þegar til kastanna kom er niðurstaðan sú að fjármálastjórnin á árinu 1989 brást. Markmiðin sem sett voru voru að vísu góð, leiðirnar sem fara átti til þess að ná þeim markmiðum voru sumar eðlilegar, aðrar fráleitar, en eyðslan og sóunin sem sat í fyrirrúmi á þessu ári hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur leitt til þess að málin í heild fóru úr öllum böndum. Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. hafa fallið á því prófi sem þeir gengu undir í fjármálum ríkisins á árinu 1989.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég mun nú ekki gera mál mitt langt hér svo ítarlega sem búið er að gera grein fyrir niðurstöðum fjáraukalaga fyrir árið 1989, bæði af stjórnarliðum og stjórnarandstöðu. Ég vil lýsa því að ég stend að nál. minni hl. sem hv. 2. þm. Norðurl. v. mælti hér fyrir áðan og er því samþykk.

Uppgjör sl. árs liggur nú fyrir samkvæmt þessum fjáraukalögum og sýnir halla á ríkisrekstrinum á sl. ári um rúma 6 milljarða. Og þetta gerist þrátt fyrir verulegan niðurskurð á fé til opinberra framkvæmda og þrátt fyrir það að tekjur ríkissjóðs af skattheimtu jukust um tæpa 3 milljarða frá því sem fjáraukalög gerðu ráð fyrir. Þetta gerðist á árinu þegar ríkisstjórnin setti fjárlögunum það meginmarkmið að skila umtalsverðum tekjuafgangi í ríkissjóð samkvæmt hátíðlegri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. sem ekki þykir við hæfi að vera við þessa umræðu. E.t.v. fyrirverður hann sig fyrir þessa niðurstöðu og er það nú eiginlega meira en maður hefði trúað á hann að óreyndu.

Þessi niðurstaða, sem ég lýsti áðan, hlýtur að vekja furðu almennings þegar litið er til þess að skattheimta fer síharðnandi og tekjur ríkisins hafa hækkað um milljarða á síðustu árum. Hvað veldur því að síauknar tekjur af skattheimtu geta ekki leitt til betri afkomu ríkissjóðs? Þær stórfelldu kerfisbreytingar sem orðið hafa á síðustu tveimur árum koma ekki fram í hagsbótum til almennings en aftur á móti eykst í sífellu umfang yfirstjórnar ráðuneyta bæði í mannafla og kostnaði og ber þar hæst heimastöðvar hæstv. fjmrh. sem þó boðar í sífellu sparnað og samdrátt hjá öðrum.

Ég ítreka það enn að þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 var lagt fram, þá gagnrýndi ég það. Ég benti á að forsendur þess um laun, gengi og verðlag væru ekki trúverðugar. Ég benti einnig á vanáætlanir í frv. sem skellt var skollaeyrum við og ég var ósátt við ýmsar þær ráðstafanir sem fjárlagafrv. bar í sér. Nú hefur sannast að gagnrýnin hafði við rök að styðjast. Forsendur fjárlaganna reyndust marklitlar, vanáætlanirnar komu upp á yfirborðið eins og óhjákvæmilegt var og er spurning hvaða rök liggja til þess að hæstv. fjmrh. vill heldur greiða vanáætlanirnar eftir á og hljóta ámæli fyrir rangar áætlanir og fyrir að fara fram yfir greiðsluheimildir en láta fjárlögin gefa sem sannasta mynd af raunverulegri stöðu ríkissjóðs. Ég held að heiðarlegra væri og happasælla að taka þá stefnu við gerð fjárlaga að þar kæmu fram þau útgjöld sem eru fyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Það gerir fjárlagadæmið réttara. Hins vegar er auðvitað verulega gagnrýni vert að á dögunum eftir að fjáraukalög fyrir 1989 voru afgreidd í desember skyldu koma til greiðslur á annan milljarð, eftir að fjáraukalög höfðu verið afgreidd.

Þær niðurstöður sem hér liggja fyrir sýna auðvitað svo að ekki verður um villst að öll stjórn á fjármálum ríkisins fór gersamlega úr böndunum á síðasta ári. Það vekur óneitanlega þá spurningu í hug okkar hvort hæstv. ríkisstjórn muni yfir höfuð takast að koma einhverju lagi á stjórn efnahagsmála í okkar landi. Því miður sjást ekki mörg merki þess og það kann að verða okkur öllum dýrkeypt.

manni ljóst vera að það væri óhagkvæm ráðstöfun frá sjónarmiði í byggðamálum ef sú niðurstaða yrði að velja stað fyrir væntanlegt álver á þenslusvæðum sem fólksstraumurinn liggur þegar til.

Menn hafa nú af því vaxandi áhyggjur í þessu þjóðfélagi hvernig komið er í byggðamálum og hvers má vænta í þessum efnum. Byggðastofnun hefur fyrir sitt leyti skýrt hver þróun þeirra mála gæti orðið á næstu áratugum og það er fróðlegt að hyggja að því að ef þróun í búsetu frá næsta ári, árinu 1991, til ársins 2010 yrði sú sama og verið hefur síðasta áratuginn mundi fækka á landsbyggðinni um 9738 einstaklinga en höfuðborgarsvæðið mundi taka aftur til sín fólksfjölgunina alla og raunar meira eða 54.071 mann. Það sér nú hver maður hvað mundi af slíku leiða og þess vegna hlýtur það að vera grundvallaratriði í þessum efnum að aðgerðir í atvinnumálum gangi gegn þeirri þróun sem verið hefur á síðustu árum.

Hér er að sjálfsögðu um flókið og mikið vandamál að ræða og það er fjarri því að því sé haldið hér fram að ein ákvörðun út af fyrir sig, eins og t.d. staðsetning á næsta álveri, ráði þar höfuðúrslitum en hún væri áreiðanlega þáttur í því að leita jafnvægis og þannig þurfa menn að hugsa og framkvæma í öðrum þáttum atvinnumála ef þessi straumur á að geta snúið við. Menn sjá það líka fyrir sér að vandinn er ekki einungis bundinn við fólkið í hinum dreifðu byggðum eða byggðarlögin þar því að auðvitað mega menn sjá til hvers það leiðir hér í þéttbýlinu ef slíkur straumur heldur áfram, bæði að því er varðar mannvirkjagerð í samgöngum og þjónustugreinum.

Frá því að þessi tillaga var lögð fram hefur umræðan um staðsetningu næsta álvers miklu meira lotið að því að því verði valinn staður á landsbyggðinni. Ég minni á það að daginn eftir að þessi tillaga var lögð fram á Alþingi lýsti hæstv. forsrh. því yfir að það væri svo að segja einróma stuðningur við þessi sjónarmið í þingflokki Framsfl. og í umræðum í Ed. Alþingis um frv. til laga um raforkuver fagnaði hann því að tillagan hefði komi fram sem hefði skýrt afstöðu með þeim hætti sem hér er gert.

Það liggja líka fyrir mikilvægar yfirlýsingar af hendi Alþb., eins og kunnugt er, um það að ef til þess kæmi að byggt yrði stóriðjuver væri það nánast skilyrt af hendi Alþb. að það yrði sett upp úti á landi.

Hér er því orðin býsna víðtæk umræða sem fellur í sömu átt og tillagan á þskj. 813 kveður á um og ber sérstaklega að fagna því. Það er líka afar mikilvægt að þessi sjónarmið hafi komið fram með jafnskýrum hætti og raun ber vitni því að auðvitað leiðir það af því að ríkisstjórnin hlýtur að taka tillit til þeirra þegar samningar fara fram við erlenda aðila um þessi efni. Því að auðvitað er það alveg út í hött að slík fyrirtæki geti valið sér stað hér á landi. Þar hljótum við sjálfir að ráða. Eins og ég sagði áðan er það grundvallaratriði í þeim efnum hvaða stefna er mörkuð, hvaða möguleikar eru fyrir þessa staðsetningu. Ég fæ ekki betur séð en málin hafi að því leyti skýrst með afar mikilvægum hætti einmitt núna á síðustu vikum.

Við eigum það að sjálfsögðu allir sammerkt, flm. þessarar tillögu og þannig mun það vafalaust vera með marga fleiri alþm., að kjósa helst að henni yrði valinn staður í þeim kjördæmum sem við erum fulltrúar fyrir. Það leiðir af sjálfu sér að slíkri starfsemi mun fylgja mikilvæg atvinnuuppbygging og margháttuð umsvif og að sjálfsögðu gera þeim byggðum sem þess nytu kleift að snúa vörn eða jafnvel undanhaldi, eins og verið hefur í byggðamálum, í sókn. Við mundum þess vegna áreiðanlega hver og einn vilja sjá slíkt stórfyrirtæki rísa í okkar kjördæmum.

Við höfum hins vegar valið þann kostinn að marka meginstefnuna, þ.e. að væntanlegt stóriðjuver verði staðsett úti á landsbyggðinni. Auðvitað munum við hver og einn og að sjálfsögðu þá við hliðina á forustumönnum í okkar kjördæmum vinna að því að svo geti orðið. En í þessari tillögu er ekki kveðið neitt á um slíkar ákvarðanir. Hér höfum við valið þann kostinn að flytja till. til þál. um það sem við erum sammála um, þ.e. að næsta stóriðjuveri skuli valinn staður úti á landsbyggðinni og með því leitast við að snúa við straumnum í byggðamálum frá því sem verið hefur.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til 2. umr. og atvmn.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál um þessa tillögu. Ég get samt sem áður ekki á mér setið vegna þessa tillöguflutnings er og vegna málflutnings hv. 1. flm. að segja nokkur orð.

Menn tala í sömu andrá um byggðamál og stóriðju. Ég held að menn verði að ná áttum og athuga hvað er verið að ræða um hér. Okkur veitir sannarlega ekki af því að ræða um atvinnumálastefnu framtíðarinnar en stóriðja getur aldrei, að mínu mati, bundist byggðamálum, alveg nákvæmlega sama hvar hún yrði staðsett, vegna þess að slík verksmiðja mundi draga að sér fólk frá nágrannabyggðum. Og svo er annað sem ég hélt að hv. þm. sem flytja þessa tillögu væru búnir að átta sig á, að það hefur aldrei staðið til að byggja upp stóriðju, a.m.k. ekki fram að þessu og ekki í þetta sinn, annars staðar en hér á suðvesturhorninu. Það er allt saman blekking.

Hv. þm. talaði um það að hver þingmaður mundi vilja fá slíkt fyrirtæki til sín. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki vilja að nafn mitt væri við það riðið í framtíðinni að fá álver við Eyjafjörð. Ég gæti ekki hugsað mér það. Það er kannski vegna þess að ég hef reynt að afla mér upplýsinga um hvað er hér á ferðinni. Ég mun ræða um það þegar virkjunarmálin koma hér á dagskrá því að ég er búinn að afla mér nokkuð mikils fróðleiks um þessi efni í Noregi, Svíþjóð, Austur-Evrópu, Kanada. Ég mundi ekki geta hugsað mér að börnin mín ynnu í slíkri verksmiðju. Ég gæti ekki hugsað mér að slík verksmiðja yrði sett í blómlegasta landbúnaðarhérað landsins, Eyjafjörð. Ég man vel eftir því hvernig reykurinn frá síldarverksmiðjunum dreifðist um byggðir Eyjafjarðar þegar þrjár verk-

smiðjur voru í Eyjafirði. Það mun vera ósköp líkt, eftir því sem efnafræðingar og eðlisfræðingar hafa sagt mér, dreifingin yrði mjög lík því sem hann var.

Hvað eru menn að tala um? Menn eru að tala um 400 þús. tonna verksmiðju. Hafa menn gert sér grein fyrir því hvað t.d. mikið af flúor færi upp í andrúmsloftið? Hafa menn gert sér grein fyrir því? Það var talið í eina tíð að það væri ekki nema 700 grömm á hvert framleitt tonn af áli. Í nýjustu skýrslum er, vegna breytinga á mötun í kerum, talað um að það verði ekki undir 1 kg. Hafa menn ekki áttað sig á því að bæði í Austur-Evrópu og Kanada eru menn farnir að gera sér grein fyrir því eða eru hræddir um það að vansköpuð börn og búpeningur stafi frá álbræðslum og málmbræðslum en ekki frá kjarnorkuverum eins og áður var talið?

Það að Eyfirðingar og Austfirðingar hafa tekið undir það að fá svona fyrirtæki stafar eingöngu af neyð sem þeir horfa fram á. Það er náttúrlega alveg forkastanlegt að ríkisstjórn skuli fyrst og fremst senda sína fulltrúa út um öll lönd til þess að reyna að finna auðhringa til þess að byggja álverksmiðju en ekki annan atvinnurekstur sem hentar okkur betur. Hafa menn gert sér grein fyrir því hvað það þýddi við Reyðarfjörð eða Eyjafjörð ef svona verksmiðja yrði byggð upp? Hvað það er margt fólk sem þarf til þess að byggja þetta upp? Hvað mundi raskast á meðan og hvernig yrði svo umhorfs þegar þetta væri búið?

Okkar atvinnuuppbygging þarf að felast í því að það sé þróun en ekki svona stökk og byltingar, burt séð frá menguninni, sem er þó aðalatriðið í mínum huga.

Ég er búinn að skrifa nokkuð mikið mál um þetta sem ég fer að birta nú, upplýsingar um þetta allt. Ég geri mér vonir um að menn reyni að afla sér þeirra upplýsinga sem þeir geta en hlusti ekki eingöngu á ræður hér sem eru fluttar að algerlega óathuguðu máli.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu nema ég ætla að segja ykkur eitt. Árið 1969 tók álbræðslan í Straumsvík til starfa. Það var enginn hreinsibúnaður þegar hún tók til starfa. Heilbrigðisyfirvöld gerðu kröfu til þess 1973 að það yrði settur upp hreinsibúnaður. Það var ekki fyrr en níu árum seinna eða 1982 sem var búið að setja upp þennan hreinsibúnað. Síðan voru engar mælingar gerðar á því hvernig til hefði tekist fyrr en 1986 og aldrei síðan af íslenskum aðilum. Og hvað kom upp? Það kom upp að það var ekki 1 kg eins og mörkin voru í Ameríku og annars staðar með svona endurbyggð álver. Þeir treystu sér ekki til að koma í veg fyrir að það færu 2 kg á hvert unnið ál tonn út í andrúmsloftið og þeir gátu ekki einu sinni staðið við það. Hvað eru menn að tala um? Þetta er eftirlitið sem er með þessari einu verksmiðju sem hér er.

Ég held að það sé betra fyrir hv. þm. að skoða málið svolítið betur og reyna að hugsa um það að byggja upp atvinnulíf á Íslandi sem hentar þessari þjóð og að við séum ekki að menga andrúmsloftið með svona fyrirtækjum.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs um það dagskrárefni sem hér var rætt á undan og hélt kannski að það væri hægt að ljúka þeirri umræðu mjög fljótt. Mín ræða verður ekki löng. Mundi ég óska eftir því að fá að ljúka minni ræðu í samhengi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafði verið gert samkomulag um það að þegar þeir hv. þm. sem eiga eftir að ræða annað dagskrármálið væru komnir þá yrði umræðu um þetta mál, sem nú er til umræðu, frestað á meðan þeir lykju sinni umræðu. Þess vegna verður staðið við það samkomulag og þessari umræðu frestað á meðan.

Umræðu frestað.

Frelsi í gjaldeyrismálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞP o.fl., 395. mál. — Þskj. 689.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um till. til þál. sem fyrir liggur á þskj. 689. Í haus tillögunnar segir að hún fjalli um frelsi í gjaldeyrismálum og aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanna. Ég hygg að hér sé á ferðinni að mörgu leyti hið athyglisverðasta mál. Ég verð þó að geta þess að mér er ekki fyllilega ljóst hvert tillögumenn stefna með þessum tillöguflutningi. Mér væri því nokkur þökk í því ef hv. 1. flm. tillögunnar, 1. þm. Suðurl., væri viðstaddur þessa umræðu og gæti örlítið skýrt betur en af tillgr. og greinargerð má marka hvað átt er við.

Í fyrsta lagi fjallar tillagan um frelsi í gjaldeyrismálum. Hvorki sjálf tillagan né greinargerðin gerir grein fyrir því hversu hratt flm. vilja fara í þeim málum, en flestir hygg ég að muni vera sammála því að algeru frelsi í gjaldeyrismálum þurfi að ná fram í einhverjum áföngum. Það væri því fróðlegt að heyra frá 1. flm. hvernig hann vill haga málum til þess að koma því frelsi í framkvæmd.

Í öðru lagi segir í haus tillögunnar að hún sé um aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkja. Sjálf tillgr. fjallar hins vegar um frelsi í gjaldeyrisviðskiptum og síðan að fyrirvarar verði felldir niður sem gerðir hafa verið af hálfu Íslands við efnahagsáætlun Norðurlanda. Mér er ekki alveg ljóst hvert flm. eru að fara með þessum samanburði. Sameiginlegur fjármagnsmarkaður Evrópuríkjanna hefur inni að halda fjölmarga þætti. Sá þáttur sem Evrópuríkin eða Evrópubandalagið hyggst fyrst hrinda í framkvæmd er sameiginlegt peningakerfi. Það hafa þegar verið settar tímatakmarkanir á það hvenær sameiginlegt peningakerfi á að koma í framkvæmd í Evrópubandalaginu.

Ég vildi gjarnan fá að heyra það frá flm. hvort

aðlögun að fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanna þýði það að þeir vilji taka upp sameiginlegt peningakerfi með Evrópubandalaginu. Ég vek sérstaklega athygli á því að ef það er það sem menn vilja þá stefna menn hér nokkurn veginn í fastgengisstefnu. Ef menn hins vegar meina það ekki, en vilja hið fyrsta koma á frelsi í gjaldeyrisviðskiptum þá hygg ég að menn stefni alveg í öfuga átt, þ.e. frjáls gjaldeyrisviðskipti munu óhjákvæmilega leiða til mjög mikils frelsis eða allt að því frjálsrar gengisskráningar ef gengið er ekki fest með öðrum hætti.

Svör við þessum spurningum væri mjög æskilegt að fá.

Frelsi í gjaldeyrismálum og aðlögun að fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanan er engan veginn það sama. Frelsi í gjaldeyrismálum er nauðsynleg forsenda þess að menn geti aðlagað sig fjármagnsmarkaði Evrópubandalagsríkjanna. En sú aðlögun inniheldur miklu fleiri þætti, ekki bara sameiginlegt peningakerfi heldur líka frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa samkeppni í fjármálaþjónustu, frjálsan rekstur til að mynda erlendra banka, tryggingafélaga og kaupleiga og frelsi erlendra aðila til þess að eiga hér eignir og stunda atvinnurekstur samkvæmt þeim lögum sem innan Evrópubandalagsins gilda.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi vekja athygli á því að nefnd þingflokks Framsfl. um efnahags-, atvinnu- og byggðamál, sem áliti skilaði í október á síðasta ári, fjallaði mjög um frjáls gjaldeyrisviðskipti. Nefndin taldi nauðsynlegt að viðskipti með gjaldeyri yrðu gefin frjáls í ákveðnum áföngum. Með leyfi forseta vil ég rekja hér nokkur atriði sem nefndin lagði áherslu á.

Í fyrsta lagi: Frjáls kaup almennings og fyrirtækja á gjaldeyri verði heimiluð þannig að öllum verði heimilt að kaupa gjaldeyri og leggja inn á gjaldeyrisreikninga í íslenskum bönkum án takmarkana. Reglur verði settar um heimildir til að fara með gjaldeyri úr landinu.

Inn á þennan þátt er ekki komið í grg. með þessari tillögu sem ég hygg þó að yrði að vera eitt af fyrstu skrefunum ef gjaldeyrisviðskipti yrðu gefin frjáls á Íslandi. Jafnframt lagði þingmannanefnd framsóknarmanna til að fyrirtækjum og einstaklingum verði heimilað, án afskipta ríkisvalds, að taka lán erlendis, enda séu þau án ríkisábyrgðar. Að innan þeirra reglna sem settar yrðu um heimildir til að fara með gjaldeyri úr landi verði Íslendingum heimilt að kaupa verðbréf og fasteignir erlendis og eiga bankainnistæður erlendis. Erlendum aðilum verði heimilt að fara með úr landinu fjármuni og yfirfæra íslenskar krónur í erlenda gjaldmiðla með milligöngu innlendra banka, enda geti þeir sýnt fram á að viðskiptin hafi átt sér stað með lögmætum hætti.

Jafnframt lagði nefndin í þessu sambandi sérstaka áherslu á að sett verði skýr lög um eignir og atvinnurekstur útlendinga hérlendis og kveðið á um að erlendir aðilar geti ekki eignast auðlindir Íslands. Sett verði lög um starfsemi erlendrar fjármagnsþjónustu fyrirtækja hérlendis, svo sem banka, tryggingafélaga o.s.frv. Að langlánanefnd verði lögð niður og afskiptum viðskrn. af erlendum lántökum einkaaðila hætt. — Ég er senn að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. Hér er um að ræða mjög umfangsmikið mál.

Ég vil enn að nýju ítreka spurningar mínar. Það væri mjög mikils virði að heyra frá flm. þessarar tillögu hversu hratt þeir vildu ganga fram í þessu frelsi í gjaldeyrismálum og gjaldeyrisviðskiptum. Vilja þeir gefa öll viðskipti með gjaldeyri frjáls, hverju nafni sem nefnast í einu vetfangi? Eiga þeir við með aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanna að Íslendingar aðlagi sig peningakerfi Evrópubandalagsins?

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þessi þáltill. sem hér er til umræðu er mikilvægt innlegg í umræðu um frelsi í gjaldeyrismálum og aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanna. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að hafa gjaldeyrisviðskipti frjáls, sér í lagi í þeim tilgangi að halda uppi jafnvægi í utanríkisviðskiptum svo og til þess að þeir aðilar sem versla með gjaldeyri geti fylgst með hagstjórn hverju sinni og verðlagt gjaldeyrinn í samræmi við það. Það kemur einmitt fram um þessar mundir. Í Morgunblaðinu í dag er frétt um það að peningamagn í umferð hafi aukist um 42% sl. 12 mánuði, útgjöld fjárfestingarlánasjóða um 38% og erlendar lántökur um 51%. Það er einmitt nauðsynlegt að fá gjaldeyrisverslunina frjálsari þannig að þeir sem versla með gjaldeyri geti verðlagt hann í samræmi við hagstjórn hverju sinni, eins og ég sagði áðan, og þannig komið í veg fyrir að fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisiðnaði verði rúin eigum sínum.

Það er hins vegar miður að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera staddur hérna við umræðuna því það er haft eftir honum í Morgunblaðinu í dag, með leyfi hæstv. forseta, að hann hafi ekki miklar áhyggur af þessari aukningu peningamagns um þessar mundir. Hann segist ekki telja að mikið sé að marka þessar mælingar. Hann telur að sveiflur í þröngum peningastærðum, eins og þessum, sé ákaflega lítil vísbending um verðbólgutilhneigingar.

En það er nú einmitt það sem málið snýst um, að hæstv. ríkisstjórn á sennilega Íslandsmet í seðlaprentun og aukningu peningamagns. Þeir sem skipta sínum gjaldeyri yfir í íslenska mynt geta enga hönd fyrir höfuð sér borið. Þannig er staðið að framleiðslunni í landinu að hún fær ekki tækifæri til þess að verja sig fyrir þessum athöfnum kerfisins.

Ég bar upp fsp. til hæstv. viðskrh. um þetta mál í hæstv. Alþingi í vetur og spurði einmitt að því hvað peningamagn í umferð mætti aukast frá upphafi til loka ársins 1990 svo það samrýmdist verðlagsforsendum nýgerðra kjarasamninga og enn fremur hvaða stjórntækjum viðskrh. hygðist beita til að ná þessum markmiðum og hvaða fyrirmæli hann hefði gefið Seðlabankanum varðandi þessi málefni. Svörin voru harla loðin og maður var satt að segja engu nær hver þau markmið væru.

Nú liggur einmitt fyrir í sjútvn. Nd. frv. til laga um nýjan Verðjöfnunarsjóð þar sem gert er ráð fyrir því að verðjafna sveiflum á sjávarafurðum í gegnum nýjan sjóð. Einmitt í því sambandi er ástæða til að spyrja: Hver skyldu þá önnur markmið vera í stjórnun peningamála ef það á að fara að taka þær hækkanir sem núna koma, eftir gífurlegar lækkanir á sjávarafurðum, inn í Verðjöfunarsjóð? Hvaða önnur markmið í stjórnun peningamála skyldi þessi hæstv. ríkisstjórn hafa til samræmis við þennan Verðjöfnunarsjóð? Við því hafa ekki fengist nein svör. Það verður nú að telja ákaflega hæpið að ætla sér núna, þegar verð á afurðum er nýbyrjað að hækka, að taka þá fjármuni sem koma inn í sjávarútveginn, svo skuldugur sem hann er og svo mikið sem búið er að skuldbreyta þar síðustu mánuði. Mér er því spurn: Með hverju á svo að borga ef aðrir hlutir eiga að dingla lausir og þenslan að fara af stað? Með hverju á þá sjávarútvegurinn að verja sig? Það verður kannski gamla sagan að hann verður alltaf sífellt fórnarlamb og dregið verði að fella gengið, þ.e. að gengi íslensku krónunnar verði sett fast eins og það er núna, kerfið heldur áfram að prenta stjórnlaust fyrir fjárlagahallanum og svo seint og um síðir verða menn að viðurkenna staðreyndirnar og fella gengið.

Ég sé að hæstv. viðskrh. er kominn. Ég fagna því að hann skuli vera kominn hingað til að taka þátt í þessari umræðu. Ég vil því leyfa mér að spyrja hann aftur að því hvaða markmiðum hæstv. ríkisstjórn hafi hugsað sér að stefna að í stjórnun þessara peningastærða sem koma hér fram í Morgunblaðinu í dag, þ.e. að peningamagn í umferð hafi aukist um 42% á 12 mánuðum. Ég vil leyfa mér að ítreka þá fsp. sem ég bar fram hér í vetur: Hvaða fyrirmæli hafa verið gefin Seðlabankanum?

Ég var að segja það hér áðan að þar sem fyrir lægi nýtt frv. um Verðjöfnunarsjóð, sem er í sjálfu sér rökrétt, er erfitt að treysta því ef ekki er meiningin að stefna að sömu markmiðum á öðrum sviðum peningamála. Ég hef heyrt hæstv. viðskrh. flytja ágætis ræður stundum þar sem hann talar um samræmda stjórnun peningamála, launamála, ríkisfjármála og gengismála. Því ítreka ég þessar spurningar: Hver eru fyrirmælin og hver er stefnan varðandi peningamálin? Er hún þessi 42% aukning, er þetta alveg stjórnlaust, eða eru einhver fyrirmæli á ferðinni? Þetta er náskylt þessari umræðu og auðvitað er eðlilegast og best að þeir sem skipta með gjaldeyri geti verið einhvers konar kviðdómur á efnahagsstjórn stjórnvalda og varið sig fyrir óstjórn með því að verðleggja gjaldeyrinn í samræmi við þær upplýsingar sem fyrir liggja hverju sinni varðandi hagstjórn. Það er hinn eðlilegasti gangur málsins.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrr í þessari umræðu beindi hv. 1. þm. Reykv. til mín spurningum varðandi starfshóp sem ég skipaði í janúarlok til þess að gera athugun á mögulegum aðgerðum á vegum bankakerfisins og ríkisstjórnarinnar í því skyni að tryggja að vaxtalækkun til samræmis við ört hjaðnandi verðbólgu fengi staðist til frambúðar. Starfshópurinn var skipaður að tilmælum samtaka innlánsstofnananna í tengslum við gerð síðstu kjarasamninga. Starfshópurinn hefur skilað áfangaskýrslu þar sem fjallað er um umfang þess vanda sem við er að glíma sem er í stuttu máli sagt sá að þegar verðbólga hjaðnar jafnört og raun ber vitni — og enn hafa allar verðþróunaráætlanir staðist sem gerðar voru í janúarlok — þá þrengist vaxtamunurinn mjög og afkoma bankanna versnar. Bankar og innlánsstofnanir hafa farið fram á að starfsskilyrði þeirra yrðu bætt á ýmsa lund og hv. 1. þm. Reykv. vék að nokkrum þeim atriðum í sinni ræðu. Nefndin hefur bent á ýmsa möguleika þar sem hið opinbera kæmi til móts við innlánsstofnanir með breytingum á skattlagningu og með öðrum aðgerðum sem mundu lækka kostnað þeirra. Þar á meðal eru atriði, eins og hv. 1. þm. Reykv. nefndi, rýmri frádráttarréttur vegna afskriftarreiknings útlána við mat á tekjum til tekjuskatts, rýmri frádráttarréttur vegna þess sem lagt er til hliðar vegna lífeyrissjóða, auk þess ýmsar ábendingar um peningamálastjórn sem frá sjónarmiði bankanna gætu breyst þeim til hagsbóta.

Hugmyndir hópsins eru nú til athugunar í Seðlabanka, viðskrn. og fjmrn. Ég vil láta það koma fram að fjmrn. hefur lýst því yfir fyrir sitt leyti að það muni stuðla að því að starfsskilyrði íslenskra innlánsstofnana verði ekki lakari en starfsskilyrði sams konar stofnana í ríkjum Evrópubandalagsins og EFTA.

Fyrsta beina aðgerðin í samræmi við hugmyndir starfshópsins er lækkun á bindiskyldu innlánsstofnana úr 11% í 7%. Hún var einmitt ákveðin í gær og kemur fljótt til framkvæmda ásamt hliðarráðstöfunum sem miðast við það að bæta hag innlánsstofnana, án þess að raska jafnvægi á peningamarkaði. Ég vil þó leggja á það ríka áherslu að það eru fyrst og fremst innlánsstofnanirnar sjálfar sem þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum með margvíslegum hagræðingaraðgerðum. Þær aðgerðir eru sannarlega í gangi. Ég vildi leyfa mér að benda hv. þm. á það að frá árinu 1988 hefur starfsmönnum í bankakerfinu fækkað um 12%. Nú er svo komið að viðskiptabankarnir eru aðeins þrír, voru sjö fyrir einu ári. Í framhaldi af þessari miklu breytingu í bönkunum mun fylgja uppstokkun, hagræðing, einföldun og lækkun kostnaðar. Þetta er sú þróun sem stefnan í bankamálum þarf að miða að en um leið veita þessum færri sterkari stofnunum aðhald með erlendri samkeppni og þar með er ég að sjálfsögðu kominn að því máli sem við ræðum hér í dag.

Hv. 5. þm. Austurl. beindi til mín spurningum um markmið stefnunnar í peningamálum og hvort þau væru í samræmi við þá þróun í verðlagsmálum sem ég hef hér lýst. Já, mitt svar er að ég tel að peningamálaaðgerðirnar séu nú rétt stilltar miðað við það að ná verðbólgunni á þessu ári niður í lægstu tölur sem sést hafa um 20 ára skeið. Það er ákaflega merkilegur árangur og stafar af ýmsu, ekki síst af hyggilegum kjarasamningum sem hér náðust vegna skynsamlegr-

ar afstöðu bæði launþegasamtaka og samtaka vinnuveitenda, og reyndar með víðtækum pólitískum stuðningi úr fleiri flokkum en þeim sem mynda núverandi ríkisstjórn. Það er þakkarvert.

Það er rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að það er hægt að benda á einstaka peningamálastærðir sem hafa hækkað nokkuð að undanförnu vegna þess bata sem orðið hefur bæði í innlánum bankanna og í tekjum sjávarútvegsins. Það þarf að bregast við þeim batamerkjum af skynsamlegri varfærni. Það verður líka gert. Ef svara ætti spurningu hv. þm. um það hver fyrirmæli ríkisstjórnarinnar til Seðlabankans séu í peningamálum þá eru þau einföld: Að Seðlabankinn hagi sinni peningamálastjórn þannig að hún samrýmist og stuðli að því að við náum verðbólgunni niður í þá 6–7% breytingu frá upphafi til loka árs sem er markmið kjarasamninganna og tengdra aðgerða. — [Fundarhlé.].

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Þótt ég sé næstur á mælendaskrá, þá stóð þannig á þegar þessu máli var frestað fyrir nokkrum dögum að ég hafði lagt ákveðnar spurningar fyrir nokkra hæstv. ráðherra í tilefni af ummælum hæstv. viðskrh. Hæstv. viðskrh. svaraði flestöllum þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar í ræðu hér fyrr í dag. En ég vil, áður en ég tek til máls, láta á það reyna hvort hæstv. forsrh. ætlar að svara þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hans sl. mánudag þegar þetta mál var til umræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú verður forseti að játa að hann skilur ekki alveg um hvað þessi umræða snýst. Hér er á dagskrá frelsi í gjaldeyrismálum, þáltill. Ef ég heyrði rétt var hv. 1. þm. Reykv. að ræða það mál undir liðnum um þingsköp. Hv. þm. er á mælendaskrá.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Ég skal rifja upp, hæstv. forseti, að á mánudaginn var var umræða um þetta mál. Henni var frestað nákvæmlega kl. 5 þegar ég lauk máli mínu á fyrirspurnum til nokkurra ráðherra, þar á meðal hæstv. forsrh. Til þess að ég þurfi ekki að taka til máls í umræðunni fyrst og fremst til að leggja fram fsp. aftur, þá vildi ég mælast til þess, virðulegur forseti, að það verði látið á það reyna hvort hæstv. forsrh. sé ekki fús til að taka þátt í umræðunum um sjálft dagskrármálið nú þannig að ég geti síðan fengið að tala aftur. Um það snýst þessi umræða.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hann lét gera hæstv. forsrh. viðvart um að þessi umræða færi fram hér kl. 9. Tekur nú hæstv. forsrh. til máls og umræðu um þingsköp er þar með lokið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Mér skilst að hér sé til umræðu frelsi í gjaldeyrismálum og vísar hv. 1. þm. Reykv. til spurningar sem ég komst ekki að með að svara hér fyrir nokkrum dögum. Hann spurði, ef ég man rétt, að því hvort fyrirvari sem fjmrh. hefði sett við áætlun Norðurlandanna um aukið frelsi í gjaldeyrismálum stæði enn eða hefði verið aflýst, ef ég má orða það svo.

Ég vil minna á það að á þingi 7. febr. 1989 lýsti ég niðurstöðu af ítarlegri vinnu stjórnarflokkanna að mótun stefnu á ýmsum sviðum efnahagsmála. Þar var allítarlega fjallað um frelsi í gjaldeyrismálum. Með þeirri samstöðu sem þar náðist hef ég litið svo á að þeir fyrirvarar sem fjmrh. setti áður hafi ekki lengur verið nauðsynlegir. Ég vek athygli á því, þetta er því miður eftir minni, en ég held að ég fari rétt með, að í þeirri samþykkt segir m.a. á einum stað að farið skuli að áætlun Norðurlandanna í meginatriðum. Sömuleiðis segir einhvers staðar í þeirri sömu samþykkt að þess skuli gætt að ekki valdi óstöðugleika í íslenskum peninga- og gjaldeyrismálum. Og í ítarlegri umræðu sem fram fór um þetta leit ég svo á að þar með væru meginfyrirvarar fjmrh. í raun teknir inn í þessa samþykkt.

Ég vil líka taka það fram að ég tel þetta afar mikilvægt, ekki síst aukið frelsi sem að sjálfsögðu verður hér. Við erum í þessari hringiðu og hér mun smám saman verða aukið frelsi í gjaldeyrismálum. En það má ekki leiða til þess að okkar litli og að mörgu leyti vanhæfi peningamarkaður til að taka þátt í fullkomnu frelsi verði óstöðugur, valdi óstöðugleika. Og að því hefur verið unnið síðan, skref fyrir skref, að styrkja þennan litla peningamarkað. M.a. hafa bankar verið sameinaðir, eins og hæstv. viðskrh. lýsti í dag, hann gerði það á tveimur mánuðum. Það hefur vitanlega styrkt hið íslenska bankakerfi mikið og gerir það færara að mæta stöðugt opnari alþjóðlegum peningamarkaði.

Nú er unnið á vegum nefndar sem hæstv. viðskrh. hefur skipað að því að gera bönkunum kleift að standast, ef ég má orða það svo, minni verðbólgu, draga úr vaxtamun. Hæstv. viðskrh. nefndi í dag í ræðu sinni á aðalfundi Seðlabankans nokkur atriði, m.a. er dregið úr bindingu bankana o.s.frv., en það eru mörg önnur atriði sem þarf að leysa. Og ég þarf vafalaust ekki að minna á það að í samþykkt stjórnarflokkanna, bæði í málefnasamningi og það hefur komið fram síðan ítrekað, þá mun vísitölubinding fjármagns verða afnumin þegar verðbólga er komin niður fyrir 10% á 6 mánaða grundvelli. Það líður sem betur fer óðum að því. Það tel ég nú persónulega eitt allra mikilvægasta atriðið til að gera íslenskan peningamarkað færan um að starfa á sambærilegum og opnum grundvelli með peningamarkaði Evrópu og þar með heimsins. Að þessu er markvisst unnið. En ég vil bara leggja áherslu á það að það verður að gerast jafnt og þétt um leið og íslenskur peningamarkaður er styrktur, og einmitt þannig að ekki valdi óstöðugleika, hvorki á íslenskum peningamarkaði né t.d. í viðleitni ríkissjóðs til að afla sér fjármagns á innlendum markaði sem m.a. seðlabankastjóri lagði höfuðáherslu á í ræðu sinni í dag.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég hlýt að lýsa því yfir að umræða um þessa tillögu hlýtur að teljast til merkari umræðna sem hér hafa farið fram að undanförnu. Hér er verið að ræða mál sem hefur grundvallarþýðingu fyrir undirbúning okkar Íslendinga fyrir þá atburði sem eru að gerast og munu gerast í auknum mæli í Vestur-Evrópu.

Það var einkar athygli vert að hlusta á hæstv. forsrh. ræða um fyrirvarann sem minnst er á í 2. mgr. þáltill. Þótt hæstv. forsrh. talaði kannski ekki alveg fullkomlega skýrt um stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum má þó draga þá ályktun af máli hans, eða ég leyfi mér a.m.k. að gera það, að hann sé sammála hæstv. viðskrh. um það að sá fyrirvari sem hæstv. fjmrh. lýsti og embættismenn hans þegar þessi mál voru til umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs sé brott fallinn. Þetta eru fréttir fyrir þá sem eru samstarfsmenn þessa hæstv. ráðherra og vil ég þá einkum minnast á einn hv. þm. sem sífellt og allt fram á þennan dag hefur haldið því fram að þessi fyrirvari sé í fullu gildi. Þá á ég við hv. þm. Hjörleif Guttormsson sem er einn á meðal þeirra.

Hæstv. viðskrh. svaraði fyrirspurnum hér fyrr í dag. Ein spurning varð eftir, þ.e. svar við einni spurningu kom ekki fram og það er full ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra þess vegna að því: Hvernig stendur á því að í ráðuneyti hæstv. ráðherra liggur reglugerð tilbúin, aðeins vantar að undirrita hana, reglugerð sem fjallar um heimild Íslendinga til þess að eignast verðbréf erlendis? Ég ætla ekki að lýsa því nákvæmlega hvernig þetta mál er vaxið. Þetta er gamalt baráttumál hæstv. ráðherra og reyndar fyrri ríkisstjórna og var samþykkt fyrir um það bil tveimur árum síðan. En eins og í svo mörgu öðru hafa aðeins sífelldar yfirlýsingar komið af hálfu hæstv. ráðherra en minna orðið úr framkvæmdum þegar á hólminn er komið. Þetta vil ég spyrja hæstv. ráðherra um.

Þá vil ég enn fremur lýsa því yfir að ég fagna því að breytingar skuli hafa verið ákveðnar á bindiskyldu bankanna, úr 11% í 7%, og tel að þær breytingar séu til bóta. Ég harma það hins vegar að hæstv. fjmrh. skuli ekki vilja taka þátt í þessu samstarfi með því að breyta sköttum vegna gjaldeyrisviðskipta annars vegar og eins færslu afskrifta útlána og lífeyrisskuldbindinga til þess að lækka tekjuskattsstofn bankanna. Hvort tveggja er auðvitað afar mikilvægt fyrir bankana þegar vaxtamunur hefur minnkað eins og nú hefur gerst á undanförnum mánuðum.

En það var annað mjög athygli vert sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Enn á ný lýsti hæstv. forsrh. því yfir galvaskur að nú, þegar verðbólgan væri komin í 10% og mundi verða það á næstunni, þá mundi, eða þannig mátti skilja hæstv. ráðherra, þá mundi ríkisstjórnin fylgja eftir þeirri stefnu sinni að afnema vísitölubindingu á fjárskuldbindingum. Það er athygli vert að heyra þessa yfirlýsingu í framhaldi af viðtali við fyrrv. aðstoðarmann hæstv. viðskrh. sem sagði skýrt og skorinort í blaðaviðtali um daginn að hæstv. forsrh. væri sýknt og heilagt að berjast fyrir þessu máli. Og fyrrv. aðstoðarmaður hæstv. viðskrh. sagði orðrétt þetta, með leyfi forseta: „Það vakir auðvitað leynt og ljóst fyrir þeim sem vilja afnema lánskjaravísitöluna að hefja á ný eignaupptöku hjá sparifjáreigendum.“ Nú finnst mér vera fullkomin ástæða til þess að spyrja hæstv. viðskrh.: Er viðskrh. sammála hæstv. forsrh. um að það sé á dagskrá á þessu ári að afnema lánskjaravísitöluna eða er hæstv. ráðherra sammála fyrrum aðstoðarmanni sínum um það að slíkt skuli ekki gert?

Virðulegur forseti. (**Forseti:** Nú vil ég upplýsa hv. þm. um að hæstv. viðskrh. hefur þegar talað tvisvar í þessari umræðu og honum er óhægt um vik að svara fyrirspurnum. Ég vil því biðja hv. þm. að beina fyrirspurnum sínum til annars hæstv. ráðherra.) Ég veit, hæstv. forseti, að það segir skýrum stöfum í þingsköpum hve oft menn mega tala. En ég veit jafn vel og hæstv. forseti að þegar þannig háttar þá hefur hæstv. forseti leyft hæstv. ráðherrum að gera örstuttar athugasemdir og svara slíkum beinskeyttum fyrirspurnum. Í trausti þess tel ég fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra fái tækifæri til að svara í örstuttu máli þeim fyrirspurnum sem ég hef til hans beint. Það er erfitt að spyrja forsrh. hvað honum finnist um ræðu forsrh. Ég býst við að hann komi hér upp og telji þá ræðu allgóða, eðlilega. En það hlýtur að vera tilefni fyrir hæstv. viðskrh. að segja nokkur orð þegar hæstv. forsrh. er gersamlega á öndverðum meiði við þann mann sem hefur hingað til starfað sem helsti aðstoðarmaður virðulegs og hæstv. viðskrh.

Það er ekki ástæða fyrir mig að fara mörgum orðum til viðbótar um það mál sem hér er til umræðu. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson beindi ýmsum spurningum til 1. flm., hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Það eru auðvitað spurningar sem full ástæða er til að gefa gaum. Ég held að það sé ljóst að ekki vakir fyrir flm. þessarar tillögu að leggja til að við gerumst aðilar að evrópska myntkerfinu. Við erum fyrst og fremst að mælast til þess að hv. Alþingi feli ríkisstjórninni að gefa gjaldeyrisviðskipti frjáls í samræmi við alþjóðlega þróun í þeim efnum til þess að tryggja að Íslendingar taki við sér og breyti sínum reglum til samræmis við það sem annars staðar er að gerast. Og það vakir að sjálfsögðu ekki fyrir t.d. Norðurlandaþjóðunum eða öðrum EFTA-þjóðum að taka upp evrópsku myntina að svo stöddu þótt þær þjóðir séu nú í óðaönn að gera þær breytingar á sínu fjármálakerfi sem lagðar eru til í þessari þáltill.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti gerir sér grein fyrir að hv. þm. eru orðnir þreyttir og vinnuálag er hér mikið. En forseti hlýtur að minna sérstaklega hv. 1. þm. Reykv. á að hér erum við ekki stödd í fyrirspurnatíma. Hv. þm. er að taka til máls í umræðu um þáltill. sem eftir er að senda til nefndar og mun hljóta þinglega meðferð þar. Það er því engin ástæða til þess að beina spurningum til hæstv. ráðherra nú. Viðkomandi nefnd á eftir að fjalla um málið. Forseti hlýtur að fara

að þingsköpum og leyfa umræður eftir því sem þau kveða á um. Sé það mikið mál fyrir hv. 1. þm. Reykv. að hæstv. viðskrh. fái að taka til máls í þriðja sinn, þá er forseti nú umburðarlyndur og leyfir það í trausti þess að hæstv. ráðherra misnoti ekki það góðfúslega leyfi með langri ræðu. En ég ítreka áminningu mína um að hér er verið að mæla fyrir þáltill. en við erum ekki stödd í fyrirspurnatíma.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég hygg að það sé algengt og regla fremur en undantekning að í umræðum um mál, hvort heldur eru frv. til laga eða þáltill., beini menn fyrirspurnum til ráðherra. Óvirðingarorð af hálfu forseta til þingmanna, eins og hér féllu frá forsetastóli, eru með öllu óviðunandi. Að forseti Alþingis skuli halda því fram að það stafi af þreytu þingmanna að þeir skuli bera fram fyrirspurnir til ráðherra hygg ég að sé ef ekki einsdæmi þá mjög fátítt að forseti óvirði þingmenn með þessum hætti. Ég fullyrði að þingmenn eru hér með fullri starfsorku og ekkert hefur komið fram, hvorki í máli þingmanna né ráðherra í þessari umræðu, sem gefur tilefni til þess að forseti sé með óvirðingarorð af þessu tagi í garð þingmanna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 1. þm. Suðurl. vill forseti taka fram að langt er í frá að forseti hafi ætlað sér að óvirða hv. þm. Hins vegar liggur það ljóst fyrir að hv. 1. þm. Reykv. beindi fyrirspurn til hæstv. viðskrh. sem hefur þegar talað tvisvar í þessari umræðu. Það er því háð leyfi forseta að hann fái að svara frekari fyrirspurnum hér.

Forseti hefur fengið gagnrýni í vetur fyrir að vera of rýmilegur um hvers kyns undanþágur frá þingskapalögum. Forseti hefur því reynt að taka sig á og fara öllu nákvæmar að þingskapalögum. En það er erfitt mörgum herrum að þjóna og nú sætir forseti gagnrýni hv. þm. fyrir að fara að þingskapalögum.

Ásgeir Hannes Eiríksson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta orðið nokkuð sérstakur vetur, að sitja hér og hlusta á Sjálfstfl. tala um þingsköp. Nákvæmlega ekkert annað en þingsköp, nota þingskapaumræðu og misnota hana og vera steinhættur að snúa sér að málum sem eru á dagskrá hverju sinni, þeim þjóðmálum sem við erum komin hingað til þess að ræða um, heldur festa sig í þingsköpum, ekki talandi til þjóðarinnar, ekki talandi til þingheims, varla talandi hver við annan heldur stöðugt að rífast við bjöllu forseta. Mér finnst nær að sjálfstæðismenn mundu halda sig við efnið og segja þjóðinni frá því hvernig þeir ætla að leysa þann vanda sem við erum hér að glíma við eða segja þjóðinni hvernig hún á að losna undan matarskattinum sem Sjálfstfl. setti á á sínum tíma. (**FrS**: Stendur það ekki öðrum nær?) Þó það væru ekki nema eins og tvö, þrjú mál sem Sjálfstfl. mundi einbeita sér að undir forustu fyrrv. framkvæmdastjóra Stjórnunarfélagsins, sem ætti nú að geta leiðbeint félögum sínum í þingsköpum. Og ef það dugir ekki til má benda þeim á að Gunnar Thoroddsen skrifaði mjög merka bók um fundarsköp og þingsköp og væri nú eiginlega hollara fyrir þingflokkinn að lesa hana, ég tala nú ekki um að læra hana utan að, svo þeir væru ekki að flækjast hér hver fyrir öðrum í þingskapaþvælu, daginn út og daginn inn og reyna heldur að halda sig við þau efni sem eru á dagskrá.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðvild forseta. Hv. 1. þm. Reykv. spurði hvað liði nýjum reglugerðum og auglýsingum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Mér er ljúft að gefa honum svör við því. Hitt verð ég að segja að broslegt þótti mér að heyra hann segja að hjá hæstv. viðskrh., þeim sem hér stendur, væri mest um tómar yfirlýsingar og færra um framkvæmdir. Ég ætla nú í allri hógværð að leyfa mér að benda hv. 1. þm. Reykv. á að sennilega hafa fá ár verið viðburðaríkari á sviði fjármagnsmarkaðar — og einmitt orðið þar breytingar sem til framfara horfa — en á mínum starfstíma í viðskrn. Þetta segi ég án þess að vera að raupa úr ráðuneyti. Hv. 1. þm. Reykv. er þetta vel ljóst. Það sem er náttúrlega skýringin á þessari afstöðu hv. þm. Sjálfstfl. er að þeir eru að reyna að breiða yfir aðgerðarleysi sitt í þessum efnum þann tíma sem þeir fóru með þessi mál.

Staða málsins sem um er spurt er nú þannig að samin hafa verið drög að nýrri reglugerð og auglýsingu um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðum breytingum í frjálsræðisátt í gjaldeyrisviðskiptum strax við gildistöku reglugerðarinnar og enn frekari skrefum í áföngum fram til ársins 1993. Þessi drög eru enn ekki fullmótuð. Þau hafa reyndar verið nokkuð lengi í samningu, síðasta gerð þeirra er frá því í mars, og hefur verið leitað umsagna um þau. Tíminn til þess að láta slíkar reglur ganga í gildi tengist fjölmörgum sjónarmiðum, m.a. þeim hvar við erum á vegi stödd í samningum okkar við önnur ríki, hvernig ferli aðrir fylgja sem við miðum okkur gjarnan við og líka að við lítum á hvenær séu réttar aðstæður til þess að auka frelsi í gjaldeyrismálum. Það er mjög mikilvægt að menn stígi ekki þau skref í þeim efnum sem þeir þurfa að stíga til baka. Jafnvægi þarf að vera ríkjandi í þjóðarbúskapnum og efla þarf innlendan fjármagnsmarkað áður en unnt er að opna hann fyrir erlendri samkeppni. Þessi skilyrði eru nú senn að skapast. Þannig mun nú líða að því að þessar heimildir, rýmri heimildir verði veittar, bæði til þess að taka inn fé og ekki síður að fjárfesta erlendis.

Þetta eru þau sjónarmið sem ég taldi æskilegt að hér kæmu fram.

Hv. 1. þm. Reykv. innti mig líka eftir því hvað ég hefði að segja um það sem fram kom í ágætri ræðu forsrh. hér áðan sem ég vona að hafi sannfært hann endanlega um að þessarar þáltill. sjálfstæðismanna, sem út af fyrir sig hreyfir þörfu máli, er alls ekki þörf því málið er í góðum höndum. Eðlilegast er að vísa

slíkri till. til ríkisstjórnarinnar í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram, bæði frá mér og frá hæstv. forsrh.

Hvað varðar vísitöluspurninguna þá langar mig til að benda hv. þm. á það að í raun og veru var hæstv. forsrh. eingöngu að vitna til sameiginlegrar stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem síðast var staðfest 10. sept. 1988. Þar segir eitthvað á þá leið að stefnt verði að því að afnema vísitöluviðmiðun í lánssamningum eins fljótt og unnt er. Miðað verði við að árshraði verðbólgunnar verði kominn niður fyrir 10% á sex mánaða tímabili. Vísitölutenging langtímafjárskuldbindinga verði könnuð sérstaklega. Áfram verði heimilt að gengistryggja lánssamninga — ef minni mitt þjónar mér. Ég hef þetta ekki við höndina þannig að ég er ekki að vitna orðrétt í málefnasamninginn. En það gefur náttúrlega auga leið að þetta verður mál sem við þurfum að kanna. Eitt mjög mikilvægt skilyrði fyrir þessu er að sjálfsögðu samkeppni frá öðrum löndum, því þannig og aðeins þannig er hægt að tryggja að innlendir sparifjáreigendur geti þá varið sig á þann hátt gegn hugsanlegri verðrýrnun sparifjár á Íslandi. En ef við náum því langþráða markmiði íslenskra efnahagsmála að koma okkar verðlagsmálum á svipað stig og tíðkast í löndunum í kring, þá mun þetta gerast af sjálfu sér og þá verður unnt að hverfa frá vísitöluviðmiðun.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þær gagnlegu umræður sem hafa orðið um þetta mál. Ég mun fyrsta vikja að tveimur fyrirspurnum sem hv. 10. þm. Reykv. beindi til mín í þessari umræðu. Hann spurði fyrst að því hversu hratt tillögumenn vildu ganga í þessu efni. Ef hv. þm., sem ekki gat verið viðstaddur hér í kvöld af skiljanlegum ástæðum, hefði lesið grg. till. þá kemur þar glöggt fram að við það er miðað að við tökum þátt í efnahagssamstarfi Norðurlandanna og þeirri efnahagsáætlun sem Norðurlöndin hafa gert. Við miðum að því að fylgja þeim eftir en dragast ekki aftur úr eins og hæstv. viðskrh. gerði að stefnumiði ríkisstjórnarinnar í þeirri ræðu sem hann flutti í byrjun umræðunnar.

Önnur spurning hv. þm. var um það hvort hér væri stefnt að aðild að evrópska myntkerfinu. Því er til að svara að með þessari till. er ekki stefnt að því að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að evrópska myntkerfinu. Það er alveg sjálfstæð ákvörðun sem ég tel að ekki sé tímabær eins og sakir standa. En þessi till. er hluti af heildarstefnumörkun sem þingflokkur Sjálfstfl. markaði sl. haust og landsfundur flokksins gerði síðan að samþykktum sínum í byrjun vetrar. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að hluti af nýrri stefnu í efnahags- og atvinnumálum fælist í því að koma á markaðsverðmyndun á gjaldeyri.

Í tilefni af ræðu hv. 10. þm. Reykv. vildi ég taka þetta fram.

Ræður hæstv. viðskrh. í þessari umræðu eru sama marki brenndar og þegar hann kemur hér upp eða ritar í blöð. Hann lýsir mjög ákveðið vilja sínum og viðhorfum í þessum efnum en getur ekki varist því að hann situr í ríkisstjórn sem var mynduð í þeim tilgangi að færa Ísland áratugi aftur í tímann og taka upp áratuga gömul vinnubrögð við stjórn efnahagsmála. Fráfarandi aðstoðarmaður hæstv. ráðherra hefur í nýlegu blaðaviðtali í Morgunblaðinu lýst þessari aðstöðu einkar vel. Hann hefur tekið fram að ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra nær ekki fram sínum málum sé sú að meðal samstarfsflokkanna ríkir ekki einasta viljaleysi, heldur líka fáfræði og einangrunarhyggja. Einkanlega er það formaður þingflokks framsóknarmanna sem hefur fengið þessi ummæli af hálfu fráfarandi aðstoðarmanns hæstv. viðskrh.

Það vita allir að aðstoðarmaðurinn fráfarandi hefur hér lög að mæla. Það er ekki stjórnarandstaðan sem þarf að upplýsa um þessa aðstöðu, það eru nánustu samstarfsmenn ráðherranna sjálfra sem lýsa stjórnarsamstarfinu og tilgangi stjórnarmyndunarinnar með þessum hætti. Viðurkenna að hún var mynduð til að hverfa aftur í tímann. Í þessu umræddu viðtali sagði einmitt um þessi efni að væntanlega væri hægt að fá samstarfsflokkana til að taka einhver varkár skref í þá átt en ganga þyrfti miklu lengra. „Ég held að það sé mjög óæskilegt að þurfa að nauðga þessu upp á samstarfsaðilana óviljuga", sagði aðstoðarmaðurinn fráfarandi.

Nú ætla ég ekki að blanda mér í þau innanbúðarmál og vafalaust er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að það sé ástæðulaust fyrir hann að hafa fyrir því að nauðga sínum skoðunum upp á samstarfsaðilana. Hann kýs frekar að sitja án þess að ná markmiðum sínum fram. En aðstoðarmaðurinn fráfarandi taldi hins vegar heppilegra fyrir þann flokk að leita samstarfs við þá sem raunverulega vilja breytingar. Og ég er sannfærður um að það er meirihlutavilji fyrir því á Alþingi því þó að alþýðuflokksmenn lýsi framsóknarmönnum með þeim hætti sem fram kemur í þessu umræddu viðtali þá er annar armur í Framsfl. sem hefur sýnt miklu meira frjálslyndi, krafist nýrrar efnahagsstefnu og hafnað efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er alveg vafalaust að fyrir hendi er meiri hluti til að takast á við þessi viðfangsefni.

Það vakti líka athygli að hæstv. viðskrh. sagði að ekki væri hægt að taka ákvarðanir í þessum efnum fyrr en séð væri fyrir endann á viðræðum EFTA við Evrópubandalagið. Þó að þessi mál tengist þeirri þróun sem þar á sér stað og séu því mikilvægari að meiri hluti þjóðar og þings vill stefna að nánu samstarfi við Evrópubandalagið, þá getum við eins og aðrar Norðurlandaþjóðir tekið ákvarðanir um þetta óháð niðurstöðu þeirra samninga. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa ákveðið framkvæmd frelsis í gjaldeyrismálum og tímasett þær ákvarðanir án tillits til niðurstöðu þessara viðræðna. Hér er því hæstv. ráðherra að búa sér til skálkaskjól vegna þess að hann veit að það er rétt sem aðstoðarmaður hans fráfarandi sagði, hann kemur ekki málum sínum fram.

Það er þess vegna rangt sem hæstv. ráðherra sagði, að málið væri í góðum höndum í núverandi

ríkisstjórn. Því miður sýnir reynslan þetta. Hæstv. ráðherra hefur nefnt ýmis mál sem nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir um vegna aðlögunar að hinu evrópska efnahagssamstarfi. Þetta er eitt þeirra, breyting á bönkum í hlutafélög er annað þeirra, breytingar á skattalöggjöf til þess að auðvelda almenningi hlutafjárkaup og auðvelda fyrirtækjum að auka eigið fé sitt eru þriðja dæmið.

Hv. 10. þm. Reykv. lýsti hér nýlega því ástandi að við sætum uppi með ríkisstjórn sem ekki gæti haft frumkvæði að því máli og því hefðu óbreyttir þingmenn orðið að mynda hér meiri hluta gegn sofandahætti ríkisstjórnarinnar á því sviði. Fyrir liggur, að því er varðar bankamálin, að hæstv. forsrh. hefur sagt: Meðan þessi ríkisstjórn situr verður bönkunum ekki breytt í hlutafélög. Og fyrir liggur svo mat fráfarandi aðstoðarmanns viðskrh. á möguleikunum til þess að ná fram breytingum í gjaldeyrismálum. Það eru þessar staðreyndir sem liggja fyrir og sýna fram á það að hæstv. ríkisstjórn er ófær um að takast á við þetta verkefni. Þessi till. er flutt til þess að auðvelda hæstv. ráðherra, því ég þykist fullviss um að innra með sér hefur hann góðan vilja til að taka á þessum málum, til þess að auðvelda honum, sýna honum fram á að það er þingmeirihluti sem hann getur stuðst við, hjálpa honum til þess að knýja afturhaldsöflin, sem aðstoðarmaður hans segir að búi við fáfræði og einangrunarhyggju, til undanhalds, gefa honum færi á því að vinna sigur í málinu. En hann hefur hafnað allri samvinnu til að ná þessu markmiði með því að leggja hér til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Og ég harma þessa neikvæðu afstöðu hæstv. ráðherra.

Frú forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra umræðna sem hér hafa fallið um fyrirvarann sem hæstv. fjmrh. gerði við efnahagsáætlun Norðurlanda. Hér lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að embættismenn hefðu gert þennan fyrirvara, fjmrh. hæstv. hefði ekki gert hann og hann væri í raun niður fallinn og stæði ekki lengur. Og allar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Austurl. um að fyrirvarinn stæði væru fleipur eitt og stæðu ekki lengur.

Hæstv. forsrh. flutti svo eina af sínum merkilegu yfirlýsingum, framsóknarlegu yfirlýsingum, ef ég hef skilið hann rétt, því hann sagði að í raun og veru væri fyrirvarinn niður fallinn á vettvangi Norðurlandaráðs vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefði tekið alla fyrirvara fjmrh. upp í eigin samþykktir. Hún þyrfti ekki lengur á því að halda að hafa fyrirvara í Norðurlandaráðsplöggunum af því að hún væri búin að taka fyrirvarana upp í eigin plögg. Með þessu reyndi hæstv. ráðherra að þjóna öllum stríðandi fylkingum í ríkisstjórninni. Það var búið að fella niður fyrirvarana til þess að þóknast hæstv. viðskrh., en þeir stóðu bara í nýjum plöggum til þess að þóknast hv. 2. þm. Austurl. og hæstv. fjmrh. Þetta er framsóknarmennska í lagi og lýsir því mætavel hvernig staðið er að stjórn efnahagsmála nú um stundir.

Frú forseti. Ég vil enn á ný þakka fyrir þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram. Ég fagna því að af hálfu hins frjálslynda arms í Framsfl. hafa komið hér mjög jákvæðar yfirlýsingar um stuðning við þessi viðhorf. Ég harma hin neikvæðu viðbrögð hæstv. viðskrh. en trúi því að þrátt fyrir það muni meiri hluti meðal þjóðarinnar knýja á um að við tökum á þessum verkefnum eins og öðrum sem tengjast því mikla verkefni sem við eigum fram undan, að aðlaga okkur hinni nýju efnahagsþróun í Evrópu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek það fram að ekki mun ég fremur en fyrr eltast við útúrsnúninga hv. 1. þm. Suðurl., þetta er orðin svona hálfgerð „þorsteinska“ hér.

Ég hef nú haft tíma til að ná í þau gögn sem ég hafði ekki með höndum áðan og ég vildi hafa hér rétt, m.a. dagsetningar. Ég vísa til tilkynningar eða umræðu um efnahagsmál sem ég hóf hér 7. febr. 1989 en það er rétt 6. febr. Ég vil lesa það sem þar er um að ræða svo að það fari ekkert á milli mála. Ég fór með það eftir minni áðan. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli“ — ég undirstrika það, á grundvelli — „tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.“

Hér er vísað til þess grundvallar sem þar með er lagður en ekki sagt, eins og skilja mátti á hv. 1. þm. Suðurl., að þessu yrði fylgt skref fyrir skref og þess gætt að dragast hvergi og aldrei aftur úr, eins og það var orðað. Hér er verið að tala um breytingar. En það kemur síðan greinilega fram í næstu málsgrein hvað *það er sem ríkisstjórnin telur afar mikilvægt* til þess að fylgja þessum grundvelli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar og fleira. Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi.“

Ég lýsti því áðan að að þessu hefði verið unnið, bankar hafi verið sameinaðir. Kannski er það það sem hv. þm. telur 20 ár aftur í tímann. Honum tókst það ekki, hefur ekki tekist að sameina banka. Það er verið að gera það núna. Sömuleiðis vísaði ég til þess áðan að verið er að kanna leiðir til að draga úr vaxtamun og sumu hef ég lýst í dag. Kannski er það skref 20 ár aftur í tímann. Nei, þessi ríkisstjórn mun ekki flana að þessu heldur gera það á grundvelli áætlunarinnar, en þó ekki hraðar en hentar íslensku efnahagslífi, íslensku peningakerfi eins og skýrt er lýst hér. Það getur ekki verið markmið út af fyrir sig að fylgja eins og hundur einhverri þróun sem er á Norðurlöndum. Er það ekki markmið að fylgja þessu eins og okkur hentar, hugsandi, skipulega? Þannig ætlar þessi ríkisstjórn að starfa. Ef það er skref 20 ár aftur í tímann, þá verður það bara að vera það.

En það var annað sem ég vildi líka leiðrétta. Ég

vísaði til þeirrar sömu umræðu þegar ég nefndi óstöðugleikann. Það var rangt. Það kemur fram 10. sept. 1989 í málefnasamningnum og ég vil einnig, til að hafa það rétt, lesa það hér, með leyfi virðulegs forseta:

„Íslenski fjármagnsmarkaðurinn verður aðlagaður breyttum aðstæðum í Evrópu, m.a. með því að rýmka heimildir innlendra aðila til að eiga viðskipti við erlenda banka án ríkisábyrgða og njóta fjármagnsþjónustu þannig að innlendar lánastofnanir fái aðhald. Markmið þessarar aðlögunar er að lækka fjármagnskostnað fjölskyldna og fyrirtækja, enda verði þess vandlega gætt að ekki skapist óstöðugleiki á innlendum fjármagns- og gjaldeyrismörkuðum."

Þeir fyrirvarar sem fluttir voru af hálfu fjmrh. á fundi fjármálaráðherra Norðurlanda um þessi mál vörðuðu einmitt þann óstöðugleika sem hér gæti skapast á þessum mikla fjármagnsmarkaði og þetta er tekið hér inn. Ríkisstjórnin leggur áherslu á, og er fullkomlega sammála um það, að hér skuli slíkt frelsi ekki leiða til óstöðugleika. Getur verið að svo varkárir menn sem ég veit þessa hv. þm. Sjálfstfl. vera og vel að sér í fjármálum leggi ekki einnig áherslu á það að hér skapist ekki óstöðugleiki? Ég þekki þessi hv. þm. og ég veit að þeir leggja örugglega áherslu á stöðugleika hér á fjármagnsmarkaði. Ég skil ekki hvers vegna hv. þm. geta ekki skrifað undir þetta. Ég veit að þeir geta það þó að þeir geri það ekki. Ég er viss um að hv. 1. þm. Reykv. mundi mjög gjarnan skrifa undir það að hér skyldi vera stöðugleiki á fjármagnsmarkaðinum og það er það sem þessi ríkisstjórn leggur áherslu á.

Hæstv. viðskrh. hefur gott minni og fór nokkurn veginn orðrétt með þetta með vísitöluna. Þar er miðað við sex mánaða vísitölu neðan við 10% og við gerum okkur allir vonir um að skjótt stefni að því. Ég vildi sem sagt, virðulegi forseti, hafa þetta nákvæmt í þessari umræðu.

Flm. (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ummæla hæstv. forsrh. vildi ég aðeins taka það fram að það er eitt meginmarkmiðið með því að gera þær breytingar sem hér er verið að leggja til að stuðla að auknum stöðugleika því það er einmitt með því að gera þessar breytingar sem við stuðlum að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi. En við stefnum að óstöðugleika, við stefnum í það horf að auka hættuna á óstöðugleika ef við gerum það ekki. Það er staðreynd þessa máls og það er þess vegna sem það er flutt fram af þessum krafti af hálfu sjálfstæðismanna.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala hérna langt mál í tilefni þessarar þáltill. sem hv. þm. Sjálfstfl. flytja um frelsi í gjaldeyrismálum og aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanna. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það er mjög sérkennilegt að talsmenn flokks sem telur sig á stundum vera að gæta hagsmuna íslensks atvinnulífs skuli koma fram með tillögur af þeim toga sem hér liggja fyrir og enn frekar að byggja þær á rökstuðningi eins og felst í þeirri grg. sem hér liggur fyrir.

Það þarf kannski ekki að undra sérstaklega þegar haft er í huga hvernig hv. 1. flm. þessarar tillögu skildi við efnahagsmálin eftir að hafa veitt ríkisstjórn forustu í rúmt ár haustið 1988. Þá hafði hv. flm., formaður Sjálfstfl., haldið þannig á málum og hans flokkur haft um það forustu, einnig í ríkisstjórninni sem áður sat og þá í samstarfi við Framsfl., að njörva hér niður gengið í landinu, halda uppi svokallaðri fastgengisstefnu sem var vel á veg komin með að kollvarpa algerlega undirstöðuatvinnuvegum í landinu, útflutningsatvinnuvegunum í landinu með þeim hætti sem allir viðurkenndu þegar komið var í strandið stóra haustið 1988 og eigið fé fyrirtækja í landinu, fyrirtækja í sjávarútvegi var langleiðina brunnið upp og vel það hjá sumum.

Nú eru þessir hv. þm. að koma fram á Alþingi Íslendinga með tillögur í efnahagsmálum sem eiga að leysa vandann. Og hvernig á að gera það? Jú, það er með því að hengja sig aftan í þróun úti í Evrópu, með því að vísa út í Evrópu þar sem lausnina sé að finna, þar sem verið sé að afnema hömlur fyrir fjármagnið. Það er nú bjarghringurinn sem hv. formaður Sjálfstfl. kastar fram í sambandi við innlent atvinnulíf. Ég ætla honum ekki af ásettu ráði að vilja kippa grundvellinum undan því en ráðin og vitið er einfaldlega ekki meira en fram kemur í þessum tillöguflutningi.

Ég vil líka vekja athygli á því — virðulegur forseti, ég hefði kosið að hv. 1. flm. málsins væri hér viðstaddur umræðu um málið. (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að hann komi í salinn.) (**FrS:** Hv. þm. gæti kannski sagt okkur hvort hann styðji fyrirvarann.) (**Forseti:** Hv. 1. þm. Suðurl. er kominn í salinn.) Ég tel rétt að rifja það upp af tilefni þessa tillöguflutnings hér hvernig hv. formaður Sjálfstfl. hefur staðið að tillöguflutningi á vettvangi Norðurlandaráðs sem fulltrúi í því ráði einmitt í sambandi við efnahagsmál. Hann á þar sæti og varamaður hans er hv. 1. þm. Reykv. sem einnig hefur verið á þeim vettvangi. Þar hafa þessir hv. þm. fundið að því að Ísland skuli hafa sett fyrirvara í sambandi við efnahagsáætlun Norðurlanda, fyrirvara sem stendur enn þá óhaggaður. (**ÞP:** Ekki segja ráðherrarnir.) Það skiptir engu máli hvað sagt er hér uppi á landinu af einhverjum þegar ljóst er að fyrirvararnir sem settir voru þegar gengið var frá efnahagsáætlun Norðurlanda standa. (**ÞP:** Er forsrh. bara einn?) En það er hins vegar jafnframt rétt að rifja það upp að hv. 1. þm. Suðurl., um leið og hann fann alveg sérstaklega að því að Ísland skyldi setja fyrirvara í sambandi við fjármagnshreyfingar og ýmsa fleiri þætti sem lúta að alþjóðlegu streymi fjármagnsins, þá undirstrikaði hann sérstaklega stuðning sinn við það að afnumdar skyldu algerlega allar hömlur á fjármagnshreyfingum, miklu hraðar en gert var ráð fyrir í hinni upphaflegu efnahagsáætlun Norðurlanda. Það hefur verið farið geyst í þær sakir í sumum skandinavísku landanna. Og hv. þm. Þorsteinn Pálsson vildi bæta um

betur að því er ferðina hvað Ísland varðar snertir. Hann vildi ná því að fylgja hinum Norðurlöndunum og afnema allar hömlur á fjármgnshreyfingum fyrir mitt ár 1990.

Ég held að það væri ágætt fyrir hv. formann Sjálfstfl. og hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. varaformann flokksins, að fara í skóla hjá sérfræðingum í fjármálum þessa lands. Það hlýtur að vera hægt að fá áheyrn hjá einhverjum þeirra og spyrja þá hvað þeir segi um þá hagspeki að hér á Íslandi væru afnumdar hér og nú, fyrir 1. júlí 1990, allar hömlur í fjármagnshreyfingum. En það er sú stefna sem forusta Sjálfstfl. hefur undirskrifað á vettvangi Norðurlandaráðs og lagt sérstaka áherslu á. Ég hefði talið það umhugsunarefni fyrir þá sem standa að rekstri í sjávarútvegi á Íslandi að horfa framan í þá stefnu sem Sjálfstfl. þarna boðar.

Það er svo athyglisvert hvernig máli er hagað hér af hálfu formanns Sjálfstfl., það er athyglisvert. Þegar verið er að reyna að samsama Sjálfstfl. við einhverja ónafngreinda aðila í Framsfl., að ég tali nú ekki um við hæstv. viðskrh. Það er viðleitni af hálfu forustu Sjálfstfl. sem er úti í kuldanum síðan haustið 1988 þegar hún gekk frá atvinnulífi landsins í því horfi sem þá ríkti, það er viðleitni til þess að reyna að komast í volgt ból á nýjan leik. Og við hljótum að taka eftir hér á hv. Alþingi Íslendinga þeim ítrekuðu tilraunum sem gerðar eru til þess að verma upp á milli afla í Framsfl. og Alþfl. og reyna að fá menn til að gleyma vinslitunum frá haustinu 1988.

Ég ætla hér og nú ekki að leggja neitt sérstakt mat á það. Þetta eru auðvitað tilraunir hjá flokki sem hrökklaðist frá landsstjórninni með þeim hætti sem æskilegt væri að menn myndu hálfu öðru ári síðar og rifjuðu um leið upp ráðin sem þessir hv. þm. hafa fram að leggja í sambandi við atvinnurekstur á Íslandi og í sambandi við þróun peningamála í landinu í tengslum við alþjóðlegt peningakerfi. Ég hygg að það sé ekki sérstakt fagnaðarefni, virðulegur forseti, fyrir þá sem standa í atvinnurekstri á Íslandi og hafa fengið nokkra leiðréttingu sinna mála vegna þeirrar stefnu sem upp var tekin haustið 1988, þegar byrjað var að rétta af það sem Sjálfstfl. hafði skilið eftir í rúst eftir eins árs stjórnarsetu rösklega, eins árs forustu í ríkisstjórn rösklega.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér kom mjög á óvart hvernig hv. 2. þm. Austurl. talaði hér áðan með tilliti til þess fyrirvara sem hv. þm. hafði þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu, þegar hann veitti ríkisstjórninni traust á sl. hausti. Þá gerði hann það sérstaklega að umræðuefni hvernig þessi ríkisstjórn hefði brugðist í öllum grundvallaratriðum í sambandi við atvinnuuppbyggingu og atvinnustarfsemi úti á landsbyggðinni. Ég man það áreiðanlega rétt að í ummælum hv. þm. þá fólust harðari og beittari árásir á hæstv. ríkisstjórn en við höfum heyrt af munni flestra þingmanna í þessu virðulega húsi. Það þarf því ekki að fara mörgum orðum um það að hv. þm. talaði með öðrum hætti og á öðrum nótum hér áðan en hann gerði þegar hann veitti ríkisstjórninni traust.

Árásarefni hv. þm. þá á þessa ríkisstjórn var einmitt að hann taldi að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við þau fyrirheit sem hún hafði gefið þegar hún settist að völdum í septembermánuði 1988. Það þarf auðvitað engum manni að koma á óvart því að hæstv. viðskrh. hefur staðfest það í grein í Morgunblaðinu að gengið hafi verið mjög rangt á því hausti, haustinu 1988. Þó liggur það fyrir að formaður og varaformaður Framsfl., hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh., snerust gegn því í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar með beinum tillöguflutningi að gengið yrði fellt þá um haustið.

Í grein hæstv. viðskrh. í Morgunblaðinu tekur hann skýrt fram að raungengi íslensku krónunnar hafi lækkað um 15–20% síðan haustið 1988. Og það var athyglisvert í viðtali við forráðamenn Seðlabankans í dag að þegar seðlabankastjóri var spurður að því hvort hann teldi raungengi krónunnar nú svo lágt að ástæða væri til að hækka það, þá svaraði seðlabankastjóri því til að það hefðu ekki skapast skilyrði fyrir því að raungengi krónunnar yrði hækkað. Það lýsir hins vegar betur en flest annað því ömurlega umhverfi sem sjávarútvegurinn býr nú við að bæði hæstv. forsrh., ég held ég muni það rétt, og fleiri menn í þessari ríkisstjórn hafa gert það að alvarlegu álitamáli í fjölmiðlum hvort nú sé svo vel búið að sjávarútveginum að þar sé hætta á stórkostlegri þenslu sem nauðsynlegt sé að bregðast við, ekki með fastgengi heldur með því að hækka gengi krónunnar. Og þetta eru hlutir sem beinlínis hafa verið boðaðir sem liður í þeim efnahagsráðstöfunum sem þessi ríkisstjórn hyggst nú beita sér fyrir.

Það er líka mjög athyglisvert með hliðsjón af ummælum hv. 2. þm. Austurl. að Alþb. skuli hafa beitt sér fyrir því í sambandi við kvótaumræðurnar að það ákvæði skuli sett inn í hinn nýja fátækrasjóð sjávarútvegsins, sem á að bera nafnið Hagræðingarsjóður, að það eigi að vera opinn möguleiki nú og talin brýn þörf á því að sum byggðarlög fái kvóta á mjög niðursettu verði og jafnvel ókeypis. Það hefur komið fram í þeim viðræðum sem við í sjútvn. höfum átt við hagsmunaaðila að víða á landsbyggðinni stendur sjávarútvegur höllum fæti. Ég veit ekki betur en að ýmis byggðarlög, ég get nefnt bæjarstjórn Húsavíkur sem mjög glöggt dæmi, hafi sent ríkisstjórninni bréf og erindi þar sem vakin er athygli á því að hver báturinn á fætur öðrum sé nú að komast í greiðsluþrot og útgerðir standi frammi fyrir gjaldþroti, einmitt á þessu landshorni. Sömu sögu er að segja t.d. á Snæfellsnesi og sumum útgerðarstöðum í kjördæmi hv. 2. þm. Austurl.

Ég vil, af þessu gefna tilefni, þakka hæstv. viðskrh. enn einu sinni fyrir þá síðbúnu játningu hans sem fram kom mjög glöggt í Morgunblaðinu, að hann settist ekki í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar haustið 1988 til þess að rétta hlut útflutningsframleiðslunnar. Það er enn fremur ljóst, ef maður horfir á þau ummæli sem hæstv. viðskrh. viðhafði þegar hann talaði um erfiðleika lagmetisiðnaðarins í Ed.,

þá tók hann þar skýrt fram að rangt skráð gengi — þetta voru ekki hans orð, ég held að hann hafi notað orð eins og gengissveiflur eða eitthvað, það er svona lært orð, saklausara og fræðilegra þegar menn eru að reyna að breiða yfir — eigi ríkan þátt í erfiðleikum lagmetisiðnaðarins sem hefur nú valdið því að grípa á til sérstakra ráðstafana til þess að bæta það tjón, þau gjaldþrot sem lagmetisverksmiðjurnar standa frammi fyrir.

Það var líka mjög athyglisvert í þeirri grein sem ég vitnaði til og hæstv. viðskrh. sem jafnframt er iðnrh. skrifaði um iðnaðinn, samkeppnisiðnaðinn sem hann sjálfur ber ábyrgð á. Hann fór að hrósa sér af því að hann hefði sagt á ársþingi iðnrekenda að hagur iðnfyrirtækja væri nú góður vegna lækkandi gengis íslensku krónunnar. Í þeim orðum fólst einnig viðurkenning á því að þeir miklu erfðleikar, sem íslensk iðnfyrirtæki standa nú frammi fyrir, sú minnkandi markaðshlutdeild íslenskra iðnfyrirtækja sem við stöndum frammi fyrir þó svo að innflutningur hafi minnkað eins og raun ber vitni, sýnir að þessi ríkisstjórn hefur viljandi stefnt atvinnulífi landsins í voða.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst eiginlega dæmigert fyrir afstöðu þessara tveggja ráðherra sem hér eru til atvinnurekstrarins að þeir skuli báðir geispa þegar talað er um atvinnumálin. Þeim hefði þó verið nær, þessum ágætu mönnum, að horfa á sjónvarpið í dag og hlusta á viðtal sem haft var við formann Verslunarmannafélags Reykjavíkur þar sem hann var að lýsa áhyggjum sínum yfir þeim mikla fjölda verslunarmanna sem nú stæðu frammi fyrir atvinnuleysi. Ég held að þessir tveir hæstv. ráðherrar sem hrósa sér svo mjög af því hversu atvinnulífið stendur vel ættu kannski líka að velta fyrir sér þeim miklu uppsögnum sem eru á starfsfólki gróinna fyrirtækja úti á landsbyggðinni og ættu líka að rifja það upp að aðeins hálfur mánuður eða svo er síðan þeir lofuðu tugum milljóna úr ríkissjóði sem aukafjárveitingu til þess að forða byggðarlögum frá bráðum voða til þess að reyna að rétta hlut fyrirtækja sem þeir eru sjálfir búnir að koma á vonarvöl með sinni atvinnustefnu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hygg að hv. 2. þm. Austurl. hafi verið utan við sig áðan þegar hann fór að hrósa ríkisstjórninni fyrir stefnuna í atvinnumálunum. A.m.k. er ljóst að það kveður við annan tón hjá honum nú en gerði þegar þjóðin hlustaði á hann gera grein fyrir af hvaða sökum hann treysti ríkisstjórninni nú fyrir jólin.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill minna á að hæstv. forsrh. hefur talað tvisvar en forseti hyggst hafa sama háttinn á og varðandi hæstv. viðskrh. að hæstv. ráðherra fær að gera hér athugasemd og tekur nú til máls.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég hélt að mér væri óhætt að biðja um orðið af því að virðulegur forseti gaf mér orðið áðan án þess að ég bæði um það, en ég skal vera mjög stuttorður, vil raunar helst bera af mér sakir eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. segir svo oft.

Það er óhjákvæmilegt að leiðrétta misskilning, vil ég kalla það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég hef aldrei boðað gengishækkun. Ég hef aðspurður sagt: Vissulega er það eitt tæki til að sporna á móti þenslu, en ég hef þvert á móti sagt að batinn í íslensku efnahagslífi er ekki almennur. Hann er fyrst og fremst bati sjávarútvegs og fiskvinnslu og þá er gengishækkun hættuleg leið því að hún mismunar svo mikið.

Ég hef sömuleiðis sagt: Það er betri leið að þeir sem njóta þessa bata noti hann til þess að greiða niður sínar skuldir og ég hef jafnframt sagt að frekar en að ráðast í gengishækkun er æskilegra, þegar svona stendur á, að nota Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Ég vona því að þetta komist skýrt til skila og að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um það.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tók mig á í ræðu minni og sagði að hæstv. forsrh. hefði sagt að það væri álitamál hvort ætti að hækka gengið og sjálfur vék hann nú að því í sinni ræðu að það væri álitamál, og það er athyglisvert líka að hann telur sérstaka ástæðu núna til þess að leggja til hliðar fé sjávarútvegsins í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Það má kannski rifja það upp, hæstv. forsrh. . . . (Gripið fram í.) Ein leið, já. Hæstv. ráðherra sagði að það væri ein leið. Hann hefur áhyggjur af því að sjávarútvegurinn standi of vel. Hæstv. forsrh. hefur áhyggjur af því. Ég get minnt hæstv. forsrh. á að í Verðjöfnunarsjóð eru nú teknir peningar t.d. af Ítalíuskreið og þó liggur það fyrir að mörg fyrirtæki sitja uppi með um þriðjung og helming af sinni framleiðslu og ef litið er til afkomu skreiðarverkenda á sl. ári er það síður en svo að það gefi neitt tilefni til slíks. Ég vil að þetta komi skýrt fram og verð bara að brosa yfir því þegar hæstv. forsrh. segir að vangaveltur hans um það að hækkka gengið, vangaveltur hans um að ein leiðin sé sú að hækka vexti, vangaveltur hans um það að taka í Verðjöfnunarsjóð, þær eigi að taka bara sem óráðshjal sem ekkert mark sé takandi á. Það er auðvitað algjörlega útilokað. Staðreyndin er sú að þeir tveir heiðursmenn sem hér sitja mér á hægri hönd tóku ákvörðun um það haustið 1988 að reyna að keyra niður verðbólguna á kostnað útflutningsframleiðslunnar.

Ég heyrði að hæstv. iðnrh. sagði áðan: Þetta eru alltaf sömu orðin. — Það eru alltaf sömu orðin. Það er taprekstur inn, það eru erfiðleikarnir, það eru mennirnir sem standa frammi fyrir gjaldþrotunum. Hæstv. viðskrh. hefur talað um það og líka formaður Alþb. að nú séu einhverjir sérstakir uppgangstímar á Íslandi og atvinnuleysið sé bara þegar farið að minnka. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar var þetta hrakið undir eins, strax eftir að viðskrh. hafði skrifað sína grein. Ég veit ekki hvort þessum mönnum er líka kunnugt um það að fjöldi ungs, efnilegs fólks hefur verið að fara hingað til Reykjavíkur í atvinnuleit og sá

maður sem veitir atvinnumálum forstöðu í félmrn. hefur sagt mér að þetta unga fólk komi sumt hér um bil undir eins þangað niður eftir til að leita að atvinnu erlendis. Og sá maður sem gleggst fylgist með því hefur einmitt áhyggjur af því að margt af duglegasta fólkinu, utan af landi, sé nú á förum utan vegna þess að það sér ekki fram á að það hafi viðunandi lífsafkomu hér á landi.

Ég sé hér fyrir framan mig formann þingflokks Alþfl. Það væri kannski fróðlegt að hann fengi þessa tvo ráðherra í fylgd með sér upp á Akranes og ræddi við þá um atvinnuástandið þar. Það væri kannski líka fróðlegt ef, eigum við að segja ef hv. 2. þm. Austurl. færi með þessa tvo ráðherra í sitt kjördæmi og þeir spyrðu konurnar þar hvort atvinnuástandið þar sé ekki sérstaklega gott. Það hefur hvergi verið verra en einmitt þar. Þannig er nú ástandið í þessum málum og auðvitað mjög broslegt að þessir ráðherrar sem hafa búið til þá kreppu sem við stöndum frammi fyrir, hafa valdið því að fólk býr nú við meiri sultarkjör en það rekur minni til, skuli vera með yfirlæti, þessir menn skuli vera að kasta steinum að öðrum í staðinn fyrir að reyna að standa sig sjálfir í stað þess að leysa öll mál á síðustu stundu og ævinlega með klækjum. Síðasta dæmið um þetta er frv. um stjórn fiskveiða. Það var ekki fyrr en á síðustu stundu sem ráðherrarnir komu saman til þess að ræða málin. Þeir létu starfsnefndir þingsins sitja hér yfir þessu frv. svo vikum skipti án þess að gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar og án þess að gera sjálfir grein fyrir því hvað þeir vildu. Það sýnir auðvitað lítilsvirðingu þessara manna fyrir því fólki sem vinnur úti í atvinnugreinunum, fyrir útgerðarmönnum, fyrir sjómönnum, fyrir fiskverkafólki að þeir skuli aldrei geta gert Alþingi grein fyrir málunum þegar þau eru lögð fyrir þingið, heldur hlaupa inn í myrkvastofur á síðustu stundu og reyna þá að komast að einhverri niðurstöðu sem auðvitað er til bölvunar. Jafnvel menn sem vinna hjá fyrirtækjum sem eiga þó að vera hliðholl þessari ríkisstjórn koma á fund þingnefnda, segja að vísu við mann frammi á gangi: „Það er ekki nema skrípaleikur að koma hingað. Ég veit að það er ekki tekið mark á því sem ég segi", láta samt sjá sig í nefndunum en vita að það er gjörsamlega þýðingarlaust að koma með ábendingar eða leiðbeiningar.

Hæstv. viðskrh. talaði allra manna mest um það að hann vilji frjálsa viðskiptahætti. Af hverju reynir þá ekki maðurinn að beita sér fyrir því á þinginu? Ef maðurinn hefur einhvern áhuga á því að sýna vilja sinn í verki, af hverju gerir hann það þá ekki? Og ég spyr líka: Af hverju var hann þá að hlaupa frá þeim mönnum sem einmitt hafa sjálfir á stefnuskrá sinni að auka frelsið, gera þjóðfélagið nútímalegra, að vinna hér að markaðsbúskap? Við sjáum hér í dag, hæstv. forseti, viðtal við Gorbatsjov. Hann var þar að tala um það hvernig ætti að reyna að bregðast við vanda ýmissa verksmiðja í Sovétríkjunum, ég vil segja atvinnurekstrar Sovétríkjanna. Þá talaði hann einmitt um það að fyrirtækin yrðu að standa sig á frjálsum markaði. Á sama tíma og Gorbatsjov er að boða þetta í sínu stóra og mikla ríki er ríkisstjórnin að knýja á stuðningsmenn sína hér á þinginu til að búa til enn eitt sultarkerfið í sjávarútveginum, enn eitt uppbótakerfið, enn eitt gjafakerfið, til þess að brjóta niður frjálst framtak og eðlilega uppbyggingu í þessari þýðingarmiklu atvinnugrein, og ég hygg að enginn beri jafnmikla ábyrgð á því eins og sá ráðherra sem hér er í salnum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Mér heyrðist hæstv. forsrh. tala um bata í sambandi við íslenskt atvinnulíf. Hann leiðréttir mig ef ég hef misheyrt. Hæstv. ráðherra, sagðir þú það ekki? (**Forsrh.:** Það er gífurlegur bati.) *Gífurlegur bati, já, einmitt.* Ég vildi einmitt fá staðfestingu á því að hann héldi þessu fram vegna þess að ég vil leyfa mér, forseti, að fá að rekja nokkuð í hverju þessi bati er fólginn, hverjir það eru sem framkalla þennan bata í tíð ríkisstjórnar félagshyggju. Ég vildi gjarnan að forseti hlustaði á þetta vegna þess að hann er úr röðum alþýðubandalagsmanna. Ég ætla að rekja nokkuð hvernig ríkisstjórn félagshyggju hefur tryggt þennan svokallaða bata sem hæstv. forsrh. vitnaði til.

Þessi svokallaði bati ef við lítum á stöðu fiskvinnslunnar felst m.a. í því að genginu hefur verið breytt allverulega á þeim tveim árum sem þessi ríkisstjórn hefur setið að völdum þannig að í gegnum þær gengisbreytingar hefur verið framkölluð kjaraskerðing sem er þess eðlis, eins og hv. þm. Halldór Blöndal vísaði til hér áðan, að núna er meira atvinnuleysi á Íslandi en verið hefur í fjölda ára á þessum tíma. Það segja þeir menn sem eru kunnugir þessum málum að því miður aukist atvinnuleysið nú en minnki ekki þannig að það er ekki batamerki þegar menn horfa upp á það að atvinnuleysi eykst hröðum skrefum og það sem verra er, að atvinnuleysistími þeirra sem lenda í atvinnuleysi hefur lengst mun meira en menn þekkja til áður. Þess eru mörg dæmi að hundruð manna hafa verið atvinnulausir í hálft ár og lengur. Á sama tíma og þetta atvinnuleysi verður á sér stað ... (**Forseti:** Má ég aðeins minna hv. ræðumann á að hér er á dagskrá frelsi í gjaldeyrismálum.) Já, það tengist þessu. (**Forseti:** Ég bið hv. þingmenn að fara ekki út í almennan eldhúsdag. Almennar stjórnmálaumræður fara hér fram nk. miðvikudag og ég bið menn að halda sig við efnið til að stytta umræður hér.) (**ÞP:** Hver opnaði þá umræðu?) Já, virðulegi forseti. Ég ætlaði að vekja athygli á því að það var hæstv. forsrh. sem opnaði umræðuna um þetta með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. Hann gaf tilefni til þess. (**Forsrh.:** Ég var að svara hv. 2. þm. Norðurl. e.) Og í framhaldi af svari ráðherra var nauðsynlegt að koma fram með þau atriði sem ég er að koma inn á og ég skal ekki vera mjög langorður, en ég skil vel að virðulegum forseta finnist það óþægilegt, því ég tala um aukið atvinnuleysi, en það sem er kannski enn þá óþægilegra, bæði fyrir virðulegan forseta og hæstv. ríkisstjórn er það að þessi svokallaði bati hefur orðið

til við verulega kjaraskerðingu, kaupmáttarskerðingu sem á sér ekki dæmi svo að ekki sé meira sagt í seinni tíma sögu. Ef við lítum á skýrslu í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, þá kemur í ljós að kaupmáttur afgreiðslukvenna rýrnaði frá haustinu 1988 til sama tíma 1989 um hvorki meira né minna en 14,4%. Kaupmáttur þessara láglaunakvenna lækkaði sem sagt um tæplega 15% á einu ári. Verkakonur hafa á sama tíma lækkað í kaupmætti um 12,2%, skrifstofukonur um 11,0%. Meðalbreyting kaupmáttar frá fjórða ársfjórðungi 1988 til fjórða ársfjórðungs 1989 er 8,8% miðað við viðmiðunarstéttir. Þetta er sá bati sem hæstv. forsrh. var að tala um.

En ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að benda á annað. Hinn svokallaði bati í grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar, sem eru sjávarútvegur og fiskiðnaður, hefur ekki orðið með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gat um þrátt fyrir gengisbreytingar. Í gegnum Atvinnutryggingarsjóð hafa verið millifærðir 5,5 milljarðar sem munu koma til greiðslu hjá þeim sem hafa fengið þessa millifærslupeninga innan tveggja ára þannig að í þeim efnum var ekki verið að laga heldur fresta vandamálum. Það eru hins vegar aðrir sem eru gæfusamari en þeir sem hafa þurft að leita á náðir Atvinnutryggingarsjóðs.

Það er líka annar sjóður sem núv. ríkisstjórn hefur notað til að framkalla svokallaðan bata í íslensku atvinnulífi sem lítið hefur verið fjallað um hér á hinu háa Alþingi og það er svokallaður Hlutafjársjóður Byggðastofnunar. Á lista sem ég hef yfir aðgerðir 1989–1990 sést að þessi sjóður hefur framkallað betri stöðu hjá 13 fyrirtækjum upp á 2,5 milljarða. Það eru hinir útvöldu. Það er ekki heildin. Það eru hin útvöldu fyrirtæki sem eru þóknanleg núverandi valdhöfum. Og ég verð, virðulegi forseti, vegna þess að þrátt fyrir gengisbreytingar, en það er verið að tala m.a. um það hvort hægt sé að laga og styrkja stöðu íslensks atvinnulífs með því að tengjast öðrum löndum með öðrum hætti í sambandi við gengisskráningu og gengisviðmiðanir, þá verð ég að vekja athygli á þessu þar sem þetta tengist því máli. Þessi 13 fyrirtæki sem hafa fengið sérstaka fyrirgreiðslu og stuðning úr Hlutafjársjóði — ég vildi nú gjarnan að hv. þm. hlustuðu á þetta ef þeir mega vera að því, ég held að hv. þm. Halldór Blöndal hefði gott af því (**Gripið fram í:** Já. Heyr.) ef nokkuð á þá að vera að marka það sem sagt hefur verið. En það er allt í lagi, ég skal gefa hv. þm. þetta blað á eftir ef hann vill. Í gegnum þennan sjóð hafa 13 fyrirtæki fengið sérstaka fyrirgreiðslu sem m.a. felst í því — virðulegi forseti, ég held að nauðsynlegt sé að koma með þetta því ég er ekki viss um að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir hvað þetta getur haft mikil áhrif, að svona millifærslur munu náttúrlega ekki líðast eða verða við lýði þegar Íslendingar hafa tengst öðrum þjóðum með þeim hætti sem sú tillaga gerir ráð fyrir sem hér er til umfjöllunar. (**Forseti:** Það breytir því ekki, hv. þm., að tími ræðumanns er búinn.) Ég gerði mér ekki grein fyrir því. En ég held að það væri vont fyrir virðulegan forseta ef ég fengi ekki að gera grein fyrir þessum tölum því það yrði litið þannig á það, held ég ... (**JSS:** Það skiptir engu máli.) Nei, það skiptir ekki máli, sagði hv. stjórnarþingmaður Jón Sæmundur Sigurjónsson, með tilliti til þess, af því að ég ber mikla virðingu fyrir forseta og þetta eru nú tveir stjórnarsinnar, þá held ég að sé ágætt að hv. þm. fái að heyra þessar tölur, hvernig 2,5 milljarðar renna til 13 valinna fyrirtækja á Íslandi í formi óafturkræfrar eftirgjafar eða niðurfellingar krafna og með hlutafjársjóðsaukningu. Ég nefni sem dæmi aðeins eitt fyrirtæki á Vestfjörðum. Það fékk við þessa tilfærslu lagfæringu upp á 296 millj. (Gripið fram í.) Hæstv. forsrh. býður upp á það að ég lesi hér upp þessi 13 fyrirtæki. Ég mótmæli því, forseti, að hæstv. forsrh. sé með strákskap hér og tali um fyrirtæki eins og Granda sem er ekki á þessum lista. Raunverulega neyðir hæstv. forsrh. mig til að lesa upp hvaða fyrirtæki það eru sem hafa fengið þessa fyrirgreiðslu. — Ætlar virðulegur forseti að láta það sannast ... (**Forseti:** Forseti hlýtur að fara fram á að ræðumaður skilji að forseti getur ekki mismunað hv. þm. svo gróflega. Hv. þm. hefur átta mínútur fyrir ræðu sína. Hann hefur þegar talað í tíu mínútur og forseti hlýtur að benda honum á að ræðutími hans er búinn fyrir tveimur mínútum.) Virðulegur forseti ætlar sem sagt að þóknast hæstv. forsrh. sem var hér með óbeina aðdróttun að fyrirtæki sem er ekki á þessum fyrirgreiðslulista og nefndi Granda. (Gripið fram í.) Ég var að tala um Hlutafjársjóð, hæstv. forsrh. Og ef virðulegur forseti þolir ekki að heyra það hvernig hann hefur staðið að málum með stuðningi sínum við hæstv. ríkisstjórn um að færa 2,5 milljarða til 13 tiltekinna fyrirtækja þá held ég, virðulegi forseti, að ég muni óska eftir því hér á eftir að fá að fjalla um þessi mál á grundvelli þingskapa (**FrS:** Hann má tala aftur.) og ég má tala aftur eins og hv. 1. þm. Reykv. bendir á. Ég bendi virðulegum forseta á það að það tekur mig eina mínútu að lesa upp nöfn þessara fyrirtækja. (**Forseti:** Geti forseti treyst því að það taki eina mínútu er það hér með leyft, fyrir vinättu sakir og frændsemi.) Ekki vissi ég að virðulegur forseti væri frændi minn. Þá tala ég nú bara eins og mér sýnist. Það er gott að vita það að maður skuli eiga forseta að í landi frændsemi og vináttu.

Samkvæmt þessum lista hafa eftirtalin fyrirtæki fengið þessa fyrirgreiðslu og stuðning hjá Hlutafjársjóði upp á 2,5 milljarða: Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf., Fiskvinnslan á Bíldudal hf., Fáfnir hf., Þingeyri, Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri, 296 millj., Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf., Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Tangi hf., Vopnafirði, Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., Hraðfrystihús Breiðdælinga hf., Búlandstindur hf., Djúpavogi, Hraðfrystihús Stokkseyrar hf., Alpan hf., Eyrarbakka og Meitillinn hf., Eyrarbakka, með 269 millj. Fyrirtækið Grandi er þess vegna ekki á þessum lista en þetta gefur tilefni til þess, virðulegi forseti, að þetta mál verði tekið upp síðar.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Mér sýnist eins og hæstv. forseta þyki umræðan vera að fara hér eitthvað úr böndum og menn séu farnir að tala um eitthvað annað en dagskrárefnið segir til um en ég vil benda á að það eru stjórnarliðar sem gefa tilefni til þess að fara svona nokkuð vítt og breitt yfir sviðið.

Það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem urðu þess valdandi að ég bað um orðið. Hann, eins og margir aðrir stjórnarsinnar, talar gjarnan um viðskilnað ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og ræðir það hvað hafi orðið henni að falli og þá er einmitt talað um fastgengisstefnuna sem þá var rekin. Mér sýnist eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, eins og margir fleiri stjórnarliðar, sé farinn að trúa því í raun og veru að eitthvað allt annað en raunverulega gerðist hafi orðið þess valdandi að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sagði af sér. Hv. þm. virðist ekki lengur vita að það voru Framsfl. og Alþfl. sem neituðu að fallast á tillögur Þorsteins Pálssonar og Sjálfstfl. um breytingar á genginu haustið 1988. Það voru einmitt þeir flokkar, samstarfsflokkar Sjálfstfl. þá, sem vildu fara millifærsluleiðina og þeir fundu einmitt félagann til þess að taka þátt í þeim leik þar sem var Alþb. Ég er viss um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veit þetta þó að honum þyki hæfa að segja allt annað í dag.

Annað atriði nefndi hv. þm. sem mér skilst að hafi reyndar komið áður fram í þessum umræðum þótt ég hafi ekki heyrt það og það var sú fullyrðing hans, þegar hann var að ræða um efnahagsáætlun Norðurlanda, að fyrirvari ríkisstjórnar Íslands stæði enn. Fyrirvari ríkisstjórnar Íslands stæði enn, sagði hv. þm.

Nú skilst mér að hæstv. ráðherrar, bæði forsrh. og viðskrh., hafi talað tvisvar og jafnvel þrisvar — (**Gripið fram í:** Þrisvar.) Þrisvar? — og megi þess vegna alls ekki tala aftur þrátt fyrir lipurð hæstv. forseta sem er nú alkunn hérna. (Gripið fram í.) Nei, en lipurð forsetans er vel kunn hér í þingsölum og ég get ekki ætlast til þess að hæstv. forseti leyfi þeim að tala í fjórða skiptið, en stundum er sagt svona eitt og eitt orð úr sætinu og mér dettur í hug að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann geti ekki sagt með bara einu jái eða einu neii úr sæti sínu hvort þessi fyrirvari standi enn. Stendur fyrirvari ríkisstjórnar Íslands enn? (**Viðskrh.:** Eins og fram hefur komið, virðulegur þm., þá skiptir hann ekki lengur máli.) Hann skiptir ekki lengur máli. Á svona venjulegu mannamáli mundi þetta þýða það að hann stæði ekki enn. (**ÞP:** En stæði þó samt.) Já kannski. (**Gripið fram í:** Hver er niðurstaðan?) Ja, niðurstaðan eftir mínum skilningi er þessi: Ég tek meira mark á hæstv. ráðherra en á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og fyrirvarinn stendur ekki enn.

Eitt atriði enn kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það kemur í sjálfu sér þessu dagskrárefni ekkert við en gefur tilefni til þess að sögð séu örfá orð um það og það var þessi fullyrðing hans eða frásögn, hvað eigum við að kalla það, að nú væru mjög áberandi ítrekaðar tilraunir afla í Framsfl. og Alþfl., að því að mér skildist, til að reyna að ná aftur stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. — Var það ekki rétt skilið? (**Gripið fram í:** Er þetta ekki öfugt?) Að það sé öfugt? Að það sé Sjálfstfl. sem sé að reyna að koma þeim til, Alþfl. og Framsfl.? Ég get fullyrt við hv. þm. Hjörleif Guttormsson að svo er ekki og þekkjum við þó vel lauslæti þessara flokka. Við höfum hins vegar tekið mark á yfirlýsingum þeirra, ýmissa aðila í stjórnarflokkunum núverandi, að þeir hyggist endurnýja þetta samstarf eftir kosningar. Það má hins vegar vel vera að einhvers vafa sé farið að gæta hjá sumum þeirra um að þeir hafi nú nauðsynlegan meiri hluta eftir kosningar til þess að endurnýja þetta elskulega samstarf sem á milli þeirra er og ég er ekki frá því að þeir í Framsfl. og Alþfl. séu farnir að hafa nokkrar áhyggjur af örlögum Alþb. og hvort eftir nokkru sé að slægjast eftir næstu kosningar, en þar mættu þeir kannski líka líta í eigin barm.

Hæstv. forseti, ég þarf ekki að hafa þetta lengra, ég hef fengið, að því að mér finnst, nokkuð skýr svör við því hvort fyrirvarinn stendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stóriðjuver á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 467. mál. — Þskj. 813.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er óþarfi að vera langorður um þessa tillögu. Hún er staðfesting á samþykkt síðasta landsfundar, orðalagið er það sama, og snýst einfaldlega um það að næsta stóriðjuver rísi á landsbyggðinni. Ég verð auðvitað að láta í ljós, eins og ég hef oft gert áður, undrun mína á því að hv. 6. þm. Norðurl. e. skuli ekki slást í hóp okkar ýmissa annarra sem höfum barist fyrir því að álver rísi við Eyjafjörð vegna þeirrar miklu nauðsynjar sem þar er á því að treysta betur undirstöður atvinnulífsins. Það er mjög mikill fjöldi fólks atvinnulaus nú nyrðra. Við sjáum líka fram á það að útgerðin stendur þar höllum fæti vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt í sambandi við sjávarútvegsmálin og tvö þau fyrirtæki sem hafa verið burðarásar atvinnulífs á Akureyri. Fyrst skal ég nefna ullariðnaðinn. Hann er nú fluttur suður má segja og það fólk sem þar var margt atvinnulaust. Erfiðleikar ullariðnaðarins eru líka runnir undan þeim rifjum að halda genginu röngu. Ef við horfum til Slippstöðvarinnar á Akureyri og þess að samkeppnisstaða þess myndarlega fyrirtækis er erfiðari en áður þá er það vegna þess að genginu hefur verið haldið röngu og auðvitað alveg makalaust og dæmalaust í sambandi við það raðsmíðaskip sem þar er í smíðum að ríkisstjórnin skyldi ekki hafa staðið við fyrirheit um það að eðlileg lánafyrirgreiðsla yrði föl til þess að einkaaðilar keyptu það skip eins og einstakir ráðherr-

ar a.m.k. gáfu í skyn hér í þingsölum og sögðu í einkasamtölum að væri tryggt. Að vísu er Niðursuðuverksmiðja Kristjáns Jónssonar það sterk en auðvitað, eins og hæstv. iðnrh. hefur sagt, hefur sá iðnaður líka staðið höllum fæti vegna einmitt gengisstefnunnar sem fylgt hefur verið. Í þessum byggðarlögum norður þar hefur það verið svo, eins og þeir sem þar eru kunnugir vita, sérstaklega á Akureyri, að útflutningsiðnaðurinn hefur verið öflugri þar hlutfallslega en í nokkru öðru byggðarlagi á landinu og þess vegna hefur hin ranga gengisstefna ríkisstjórnarinnar bitnað mjög þungt á þessum byggðarlögum, mjög þungt svo ekki sé meira sagt.

Nú hefur það komið fram í ræðum hæstv. menntmrh. og í ræðu hæstv. forsrh. að innan ríkisstjórnarinnar — hjá Framsfl. var vilji til þess og Alþb. vildi gera það að skilyrði að næsta álver risi utan höfuðborgarsvæðisins. Mér er að vísu ekki kunnugt hvort hæstv. menntmrh. muni standa við það ef til kemur að gera það að algjöru úrslitaatriði en ég vil þó gera mér vonir um það og þá liggur auðvitað beint við að það álver sem nú er verið að semja um við Alumax muni rísa við Eyjafjörð. Hins vegar er auðsætt af grein sem birtist í DV í dag að Suðurnesin eða nágrenni Reykjavíkur, Vatnsleysuströndin, virðist vera að koma sterkar inn í myndina en áður eftir því sem hæstv. iðnrh. segir. Hann sagði í samtali við DV að Keilisnes væri „sterklega inni í myndinni". Þessi ummæli sýna að iðnrh. tekur ekki mark á þeim fyrirvörum sem hæstv. menntmrh. hefur gert varðandi staðsetningu álversins. Hitt veldur auðvitað erfiðleikum að ræða þessi mál alvarlega við hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnina þegar haft er í huga að stöðugt og ávallt er verið að gefa nýjar og nýjar dagsetningar á því hvenær staðarvalið liggi fyrir. Síðasta yfirlýsing iðnrh. sem ég sá laut að því að staðarvalið yrði ákveðið í lok maímánaðar. Nú stendur hér í DV að talið sé að ákvörðun um staðsetningu álvers muni dragast nokkuð en fyrirhugað var að hún lægi fyrir í maí. Nú er talið ljóst að hún liggur ekki fyrir fyrr en í lok júní í fyrsta lagi, segir í Dagblaðinu í dag. Nú veit ég ekki hvort fréttamaður hefur rök fyrir þessari fullyrðingu sinni og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég gerði tilraun til þess í Ed. að kalla fram skýr svör hjá hæstv. forsrh. um það hvernig málið stæði í ríkisstjórninni. Auðvitað svaraði hann svona út og suður, upp og niður eins og hans vandi er. Hæstv. iðnrh. svaraði engu ræðu menntmrh. þegar hann lýsti því yfir að það væri úrslitaatriði í sínum huga og í huga þeirra alþýðubandalagsmanna að næsta álver risi utan höfuðborgarsvæðisins. Í þeim skilningi hlýtur Vatnsleysuströndin að vera höfuðborgarsvæðið, því að ekki búast menn við því að álver rísi í Skerjafirðinum. Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., talaði auðvitað út frá þeim sjónarmiðum að hann er nú á leið inn í Alþfl., er að ganga úr Alþb. og hefur raunar gefið í skyn opinberlega að það sé eiginlega sjálfsagt mál að Alþfl. og Alþb. muni bjóða fram saman í næstu þingkosningum undir nafninu Nýr vettvangur eða einhverju öðru, AA eða eitthvað, ég skal ekki segja. Þess vegna er auðvitað ósanngjarnt að vera að krefja fjmrh. svara þegar spurt er hver sé stefna Alþb. og hvernig beri að skilja samþykktir þingflokks Alþb. Við efrideildarmenn urðum vitni að því að hann tók ummæli Svavars Gestssonar hæstv. menntmrh. ekki alvarlega en talaði miklu frekar á þeim nótum sem hæstv. iðnrh. hefur gert sem eðlilegt er út frá því bræðralagi sem milli þeirra er því ekki kann ég við að segja að þeir séu komnir í eina pólitíska sæng saman.

Þetta vildi ég sagt hafa en athyglisvert er að ummæli hæstv. iðnrh. í Dagblaðinu í dag verða naumast skilin öðruvísi en svo að Keilisnes sé að verða sá staður sem fyrir valinu verður. A.m.k. er alveg ljóst af þessari frétt að blaðamaðurinn telur, eftir að hafa rætt við iðnrh. og aðra þá sem málið varðar, útilokað að nýtt álver rísi t.d. við Hvalfjörð, í nágrenni Akraness. Það er einnig ljóst að Austurland er úr sögunni. Spurningin stendur þá núna um Keilisnesið eða Eyjafjörð en í þessari frétt er ekki haft eitt einasta orð eftir iðnrh. um það hvort Eyjafjörður sé líka sterklega inni í myndinni, sem mér þætti eðlilegt að iðnrh. tæki fram ef svo væri. Ég verð að láta í ljósi mikil vonbrigði yfir þessu, hæstv. forseti, líka þar sem það virðist ljóst að iðnrh. hafi ekki viljað taka því boði samstarfsmanna hans í ríkisstjórn að láta á það reyna hvort álverið gæti risið við Eyjafjörð heldur kaus að fara aðrar leiðir og sýndi með því verki að það svæði er honum ekki ofarlega í huga í sambandi við staðsetningu álvers.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu vil ég gjarnan skýra frá því hvernig ætlað er að standa að staðarvali fyrir nýtt álver í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir milli Íslands og þriggja erlendra álfélaga, þ.e. félaganna Alumax frá Bandaríkjunum, Grängers frá Svíþjóð og Hoogovens frá Hollandi.

Þegar samkomulag var gert þann 13. mars sl. við þessi félög um verkáætlun fyrir samningagerð þeirra var ákveðið að stefna að því að ljúka staðarvalsákvörðun um mánaðamótin maí/júní. Það hefur ekki verið tekin nein ný ákvörðun í þessu máli, en auðvitað verður efnið að ráða því. Hér er um tímasetningu að ræða sem ekki verður neitt rígnegld. Það verður ekki neinn fyrir fram ákveðinn dómsdagur í því máli. Það verður einfaldlega að ráðast. En við miðum alla vinnuna við að geta tekið slíka ákvörðun sameiginlega þegar þessi tími rennur upp.

Starfið er í því fólgið að gera nákvæman samanburð á stofn- og rekstrarkostnaði álvers á eftirtöldum fjórum svæðum á landinu: Við Eyjafjörð, við Hvalfjörð, við Reyðarfjörð og á Reykjanesi og þá er átt við Reykjanesið allt frá Straumsvík að Þorlákshöfn. Samanburðarathuganir munu líka ná til annarra þátta en ég hef nefnt, til efnisflutninga, launa, flutninga á verkafólki, reksturs vinnubúða, kostnaðar við birgðarými, uppskipunartækja, áhrifa veðurs á fram-

kvæmdir. Auk þess verður gerð athugun á kostnaði við hafnargerð og orkuöflun, línutengingar, umhverfisáhrif og umhverfisaðstæður, dreifingarspá fyrir vinda sem leika um væntanlegt verksmiðjustæði. Þetta eru umfangsmiklar athuganir og að því er stefnt á næstu vikum að Atlantsálshópurinn muni í samstarfi við íslenska fulltrúa leggja sjálfstætt mat á alla þessa þætti. Staðsetningin verður svo ákveðin þegar niðurstöður úr þessari samanburðar- og kostnaðarathugun liggja fyrir. Eins og ég sagði áðan er að því stefnt að það verði um mánaðamótin maí/júní.

Eins og ég hef þegar sagt þá er staðarvalið hluti af heildarsamningum um álverið. Af Íslands hálfu verður lögð áhersla á að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun um leið og tillit verði tekið til arðsemis- og umhverfissjónarmiða. Eins og þm. er kunnugt þá hefur ríkisstjórnin gert um þetta mál sérstaka samþykkt. Hún er á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Í framhaldi af viðræðum við Atlantal-aðilana og undirritun yfirlýsingar um byggingu nýs álvers, dags. 13. mars sl., og vegna umræðu sem fram hefur farið í landinu um staðarval fyrir nýtt álver lýsir ríkisstjórnin því yfir að af hennar hálfu verður lögð rík áhersla á að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða."

Ég tel ekki hyggilegt, sem almenna reglu, að *ganga til þessara mikilvægu samninga þannig* að niðurstaðan um einn þátt sé fyrir fram ákveðin af öðrum aðilanum. Ég hef ekki í hyggju að tjá mig nánar um staðsetningu hins nýja álvers á þessu stigi máls og tel þegar af þeirri ástæðu ekki tímabært að ályktа í þá veru sem hér er gerð tillaga um. Í því felst ekki fyrir fram nein afstaða til þess hvar hið væntanlega álver skuli rísa, eingöngu það sjónarmið að þegar menn standa í samningum af þessu tagi skuli þeir ekki að óþörfu binda sig fyrir fram.

Vegna þeirrar spurningar sem hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín vegna frétta í Dagblaðinu þá bið ég hann að taka Dagblaðsfréttirnar með eðlilegum fyrirvara og saltkorni um að þar kunni kannski ekki allt að vera rétt fram sett eða e.t.v. ekki í því samhengi sem æskilegt væri til að fá heildarmynd af málinu. Með þessu er ég alls ekki að gagnrýna blaðamanninn sem fréttina samdi heldur eingöngu að benda á eðli dagblaðafrétta.

Um málið er reyndar ekki meira að segja. Það er svo sannarlega óhætt að segja að Eyjafjörður sé sterklega inni í myndinni.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir felur í sér ákveðna stefnumörkun í þessu efni. Hitt er jafnljóst að hér er um að ræða samninga milli tveggja aðila og endanleg niðurstaða í þessu efni fæst auðvitað ekki fyrr en þeir samningar liggja fyrir. Það er kórrétt hjá hæstv. iðnrh. Á hinn bóginn geta samningsaðilar sett sér eðlileg markmið í þessu efni. Sú tillaga sem hér er til umræðu miðar að því að Alþingi taki ákvarðanir um markmið í slíkum samningum.

Ég hlýddi á hv. 6. þm. Norðurl. e. í fyrri hluta þessarar umræðu en hann er formaður eins stjórnarflokkanna. Hann mælti mjög eindregið gegn öllum áformum um að reisa áliðjuver í landinu og hefja hér að nýju átak í virkjun fallvatna og samningum um orkufrekan iðnað. Það urðu um þetta mál allmiklar deilur þegar hæstv. ríkisstjórn var mynduð. Í upphafi setti Alþb. fram þá kröfu að fá inn í stjórnarsáttmála ákvæði um neitunarvald þess í þessum efnum. Mig rekur minni til að Alþfl. hafi hafnað því. Hæstv. forsrh. vildi eigi að síður tryggja aðild Alþb. að ríkisstjórninni og lýsti því yfir að hver stjórnarflokkur hefði neitunarvald um þau þingmál sem tillögur væru gerðar um að flutt yrðu á vegum hæstv. ríkisstjórnar. Með því móti fengi hver aðili að ríkisstjórninni neitunarvald þegar flytja þyrfti þingmál í þessu efni því til staðfestingar sem áform voru og eru uppi um.

Það hefur ekki farið milli mála að Alþb. hefur litið svo á, á grundvelli þessarar yfirlýsingar, að það hefði neitunarvald í þessu efni. Nýleg ræða hæstv. menntmrh. í umræðum í Ed. bendir til þess að Alþb. haldi öllum dyrum opnum í því efni. Ég ætlaði ekki að eyða mörgum orðum um það efni. En vegna þess að formaður eins stjórnarflokkanna, minnsta stjórnarflokksins að vísu, lýsti svo eindreginni andstöðu við þessi áform þá langar mig til að beina þeirri fyrirspurn til hans hvort það neitunarvald sem hæstv. forsrh. tryggði einstökum stjórnarflokkum taki ekki til hans flokks.

Nú er það svo að þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð að hluta til og kannski fyrst og fremst vegna atbeina hv. 6. þm. Norðurl. e., formanns Samtaka um jafnrétti og félagshyggju. Hann tryggði hæstv. ríkisstjórn þau atkvæði sem í fyrstu voru kallaðir huldumennirnir og kostuðu hæstv. ríkisstjórn ekki krónu í upphafi en hafa á síðari stigum kostað í hrossakaupum nokkra tugi milljóna og skattborgarana nokkra milljarða. En nú er svo komið að þessi formaður eins ríkisstjórnarflokkanna lýsir hér harðri andstöðu í þessu efni. Þess vegna vildi ég gjarnan fá að heyra það af hans hálfu í þessari umræðu, af því tilefni sem ræða hans gaf, hvort þetta neitunarvald eigi ekki við um hann en einungis aðra flokka sem standa að þessari hæstv. ríkisstjórn.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það eitt að það mun reyna á það. Það er komin af stað veruleg hreyfing norður í Eyjafirði, eins og ég var búinn að skýra hæstv. iðnrh. frá fyrir löngu en hann trúði því ekki, á móti álveri. Ég hygg að bændur á stóru svæði þar, um eða yfir 90%, standi algerlega á móti því. Það hefði verið réttara að beina þessari spurningu að forsrh. en ég vil ekki hafa þessi orð fleiri nú. Það reynir á það.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. beindi þeirri áskorun til mín að taka þessa spurningu upp við hæstv. forsrh. Þess vegna óska ég eftir því, frú forseti, að hann verði kallaður til þessarar umræðu.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé í hæsta máta óeðlilegt þegar um svo mikilvægt mál er að ræða að einn stjórnmálaflokkur, sem hefur átta eða níu þingmenn eins og Alþb., fái neitunarvald um framgang mála þegar ætla má að mjög víðtæk meirihlutasamstaða sé í þinginu. Þess vegna hef ég ávallt talið mjög óeðlilegt af hæstv. forsrh. að hafa gefið þessa yfirlýsingu til handa Alþb. Þvert á móti hefði verið eðlilegt af hálfu hæstv. forsrh. að lýsa því yfir að í þinginu mætti mynda sérhvern meiri hluta um þetta mikla framfaramál. En því óeðlilegra þætti mér ef allra minnsti stjórnarflokkurinn fengi neitunarvald um þetta efni. Nú hefur formaður þess flokks lýst því hér yfir að á það muni reyna innan tíðar hvort þetta neitunarvald sé fyrir hendi.

Því óska ég enn eftir því, frú forseti, að gefnu þessu tilefni frá einum helsta forustumanni ríkisstjórnarflokkanna, að hæstv. forsrh. svari fyrirspurnum sem hafa verið lagðar fram í þessari umræðu áður en henni lýkur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að forsrh. komi hér í salinn. Hann mun vera rétt ókominn. Ég bið þingmenn um að hafa biðlund.

Hv. 1. þm. Suðurl. hefur nú þegar talað tvisvar í þessu máli svo að forseti stendur frammi fyrir því að víkja aðeins frá þingsköpum til þess að gefa honum tækifæri í formi athugasemdar að endurtaka þessar stuttu fyrirspurnir til hæstv. forsrh.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég skal freista þess að koma þessum spurningum á framfæri í eins stuttu máli og nokkur kostur er. Tilefnið var það að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem er formaður minnsta stjórnarflokksins, Samtaka um jafnrétti og félagshyggju, lýsti mjög eindreginni andstöðu við öll áform um að reisa hér álver í samvinnu við útlendinga, reyndar af hvaða tagi sem eru, fyrst og fremst vegna mengunarhættu. Þá minntist ég þess þegar hæstv. ríkisstjórn var mynduð að sett var fram krafa fyrst af hálfu Alþb. um að fá inn í stjórnarsáttmála ákvæði um neitunarvald varðandi nýja álverksmiðju. Því var hafnað, að því er mig minnir, af Alþfl. en hæstv. forsrh. lýsti því þá yfir að sérhver þingflokkur sem stæði að ríkisstjórninni hefði eðli máls samkvæmt neitunarvald um sérhvert það þingmál sem tillaga væri gerð um að borið væri fram af ríkisstjórninni og því hefði Alþb. slíkt neitunarvald. Á þeirri forendu kom Alþb. til stjórnarþátttöku.

Nú lýsti ég því líka yfir að ég teldi mjög óeðlilegt þegar svo mikilvæg mál væru í húfi að jafnlítill flokkur og Alþb. fengi neitunarvald í þessu efni og jafnvel hindraði meiri hluta á Alþingi þó að hann gengi þvert á þau bönd sem skilja milli ríkisstjórnarflokka og stjórnarflokka. Ég tel það ólýðræðislegt. En þetta lá fyrir og ráðherrar Alþb. hafa enn ítrekað að þeir hafi þennan rétt og halda öllum dyrum opnum í því efni.

Af þessu gefna tilefni vegna ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. þá innti ég hann eftir því hvort flokkur hans, sem er minnsti flokkur stjórnarsamstarfsins, hefði slíkt neitunarvald. Í svari hv. þm. kom fram að á það mundi reyna innan tíðar hvort það væri fyrir hendi. Jafnframt beindi hv. þm. því til mín að eðlilegt væri að ég bæri þessa spurningu upp við hæstv. forsrh. Það var þess vegna sem ég, að þessari áskorun fenginni, óskaði eftir því að hæstv. forsrh. kæmi í þingsal og svaraði þessari spurningu:

Gildir það sama um minnsta stjórnarflokkinn í þessu samstarfi, Samtök jafnréttis og félagshyggju, og aðra flokka, að sérhver flokkur hafi neitunarvald um mál eins og þetta og þá hugsanlega önnur sem tillögur eru gerðar um innan stjórnarsamstarfsins? En fyrst og fremst lýtur spurningin þó að þessu máli, álverksmiðjunni. Gildir það sama um minnsta stjórnarflokkinn og aðra, þar á meðal Alþb?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. 1. þm. Suðurl. veit þá hefur það ætíð tíðkast í stjórnarsamstarfi að mál eru ekki borin fram sem stjfrv. nema aðilar að ríkisstjórninni standi allir að því. Vitanlega getur komið að því að einhver flokkur verði að gera það upp við sig ef hann neitar hvort hann vilji þá styðja ríkisstjórn. Ef hann neitar er sú ríkisstjórn þar með fallin. Þetta er eðli málsins að sjálfsögðu. Ef mál sem þetta á að flytja sem stjfrv. verður það að sjálfsögðu einnig lagt fyrir stuðningsmann ríkisstjórnarinnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson. Ef hann vill ekki styðja það, en aðrir í ríkisstjórninni vilja styðja slíkt frv. og ríkisstjórnin nýtur þar með áfram meiri hluta á Alþingi, kann að vera að hann verði að gera það upp við sig hvort hann vill hætta stuðningi við ríkisstjórnina af þessum sökum. En það sviptir að sjálfsögðu ekki grundvelli undan meiri hluta ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Svo það gildir nú, vil ég segja í fullri hreinskilni, dálítið annað ef ríkisstjórnin hefur áfram nægan meiri hluta á Alþingi.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. hefur talað mjög skýrt. Hann hefur sagt það við hv. 6. þm. Norðurl. e. að skoðanir hans skipti ekki máli. Hann megi sín vegna vera á móti þeim frv. sem aðrir stjórnarflokkar hafa komið sér saman um þar sem meiri hlutinn sé hvort sem er í þeirra hendi. Það má auðvitað segja að þetta sé þingræðislegt. Það er ekkert sem mælir á móti því að flokkar sem hafa meiri hluta á Alþingi haldi ekki áfram stjórnarsamstarfi. Þó svo að einn stjórnarflokkanna kjósi að hætta því samstarfi, þá er það hans mál og skiptir ekki máli í því sambandi, og þá er það auðvitað þingræðislegt að ríkisstjórnin haldi áfram. En þetta lýsir því að hæstv. forsrh. telur

að hann hafi ekki sömu skuldbindingar að þessu leyti gagnvart hv. 6. þm. Norðurl. e. og hann hafði þegar fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var við völd. Þetta er deginum ljósara. Við skiljum auðvitað að í þessu felst að forsrh. er búinn að opna dyrnar og bjóða þessum hv. þm. að ganga út, sem þó varð til þess að hjálpa hæstv. forsrh. í þann stól sem hann situr nú í og komst í með eins þokkalegum hætti og við vitum um og ástæðulaust að rifja upp kannski nema einu sinni. En kannski má minna á að þær þrjár ríkisstjórnir sem hafa setið þetta kjörtímabil hafa verið hver með sínum hætti, en þó allar því markinu brenndar að heilindin hafa ekki verið mikil. Auðvitað er mikið áhugaefni, en að vísu einkamál, að fá um það upplýsingar hvort hæstv. forsrh. hafi verið búinn að viðra þessi sjónarmið við hv. 6. þm. Norðurl. e. í einkasamtali áður en hann lýsti því yfir opinberlega að honum væri frjálst að ganga út og ríkisstjórnin mundi ekki kippa sér upp við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráningarkerfi bifreiða, fyrri umr.

Þáltill. JSS, 480. mál. — Þskj. 837.

Flm. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um skráningarkerfi bifreiða sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónusta við skráningu bifreiða verði aukin þannig að hinir gömlu einkennisbókstafir skráningarsvæða verði innleiddir að nýju án þess að afnema kosti hins nýja fastnúmerakerfis."

Þetta er ekki fyrsta tillagan sem er þessa eðlis á þessu þingi. Það hafa verið fluttar tvær aðrar tillögur svipaðs eðlis af hv. 1. þm. Suðurl. Árna Johnsen og 1. þm. Norðurl. v. Páli Pétursyni.

Víða um land má heyra raddir fólks sem saknar gömlu staðarmerkinganna í skráningarkerfi bifreiða. Menn vilja gjarnan bera þau kennsl á vegfarandann að vita hvaðan hann kemur. Það má vera að hér sé fyrst og fremst um tilfinningalegar ástæður að ræða en hiklaust má finna margar þarfar ástæður fyrir því að bifreiðar verði aftur skráðar eftir svæðum.

Nú eru vissulega margir góðir kostir því samfara að hafa föst skráningarnúmer bifreiða og er óþarfi að telja þá upp. Það er heldur ekki lagt til að það kerfi verði lagt niður, þvert á móti. Í fyrrgreindum tillögum sem fluttar hafa verið hefur það hins vegar verið lagt til. Í greinargerð með tillögu hv. 1. þm. Suðurl. Árna Johnsens segir að hið gamla skráningarkerfi bifreiða, sem var af lagt með núgildandi kerfi, hafi verið fyrirkomulag sem hafi áunnið sér sess í íslensku þjóðlífi á persónulegum grunni. Bæði miðaði gamla kerfið við staðarmerkingu að ákveðnu marki og bíleigendur áttu sitt númer svo lengi sem þeir vildu. Þetta fyrirkomulag gerði bílaflota landsmanna persónulegri því að menn sáu á bílnúmerum líkur fyrir því hver væri á ferð í bílnum. Þetta eru mjög svipaðar röksemdir og ég hef fært fyrir þeirri þáltill. sem ég flyt hér.

Það segir enn fremur að tillagan um einkarétt og íslensk sérkenni á skráningarkerfi bifreiða miði að því að þó bókhaldsleg skráning núverandi kerfis verði við lýði áfram geti bíleigendur, ef þeir vilja greiða fyrir þá þjónustu, keypt sér fast númer með staðarmerkingu og númer í stíl við gamla kerfið, t.d. við nafnskráningu. Það segir að gamla númerakerfið sé persónulegt og auka þurfi þjónustu til þess að hjálpa mönnum að halda slíku við. Í Bandaríkjunum og Svíþjóð geti menn notið slíkrar þjónustu ef þeir vilja kaupa hana. Flm. sagði líka að hlaupið hafi verið allharkalega í breytingar til núverandi kerfis og full ástæða sé til þess að bjóða þar upp á meiri möguleika í stíl við hefðir íslensks samfélags.

Svipuð rök notar hv. 1. þm. Norðurl. v. í greinargerð með sinni tillögu þar sem segir að mörgum bifreiðaeigendum sé eftirsjá að gamla númerakerfinu, enda sé það gleggra og þjóðlegra en hin erlenda eftiröpun.

Ég get nú ekki tekið undir það að það sé endilega þjóðlegra því að ég þekki mörg skráningarkerfi í öðrum löndum sem eru mjög svipuð og hið gamla númerakerfi sem við Íslendingar höfðum. Þannig að séu þau þjóðleg og okkar þjóðleg þá má a.m.k. segja að þau séu öllsömul alþjóðleg því að a.m.k. eru þau mjög svipuð.

Báðar þessar tillögur sem ég minntist á, frá hv. þm. Árna Johnsen og Páli Péturssyni, miða að því að taka aftur upp gamla kerfið. Ég sagði áðan að sú tillaga sem ég flyt miði ekki að því heldur þvert á móti. Ég hef bent á að á hinum nýju fastnúmerum bifreiða er fyrsta sætið autt. Það er ætlað fyrir skjaldarmerki. Þá koma tveir bókstafir og síðan þrír tölustafir, t.d. BC-123. En tilfellið er að þetta auða fyrsta sæti er langsjaldnast notað af nokkrum bifreiðaeiganda þannig að flestir vegfarendur sjá aðeins eyðuna. Á örfáum bifreiðum sést eitthvert lítið merki sem varla má greina hvað er. Þar er þá um að ræða viðkomandi skjaldarmerki.

Samkvæmt þeirri hugmynd sem ég hef hér lagt til væri auða sætið notað fyrir einkennisbókstaf svæðis sem við þekkjum frá gömlu skráningarnúmerunum. T.d. fyrir bifreið frá Akureyri, með númerið sem ég minntist á hér áðan, BC-123, væri fyrsta sætið notað fyrir einkennisstafinn A sem væri fyrir Akureyrarsvæðið. Númerið yrði þá ABC-123, þ.e. þrír bókstafir og þrír tölustafir, þar sem fyrsti bókstafurinn sýndi ávallt af hvaða svæði bifreiðin kæmi. Einkennisbókstafinn mætti líma á númersplötuna líkt og gert er með skoðunarmerkið í dag. Ef bifreið er seld á milli skráningarsvæða heldur hún fasta númerinu en límmerkið gamla er rifið af og annað sett í staðinn með hinum nýja einkennisbókstaf. Ef bifreiðin frá Akureyri, ABC-123, er t.d. seld til Reykjavíkur yrði nýja númerið RBC-123.

Þetta fyrirkomulag er til þess fallið, að mínu áliti, að sameina kosti hins gamla og hins nýja skráningarkerfis bifreiða og miðar því ekki að því, eins og tillögur þær sem ég minntist hér á áðan frá hv. þm. Árna Johnsen annars vegar og Páli Pétursson hins vegar, að leggja niður hið nýja kerfi og taka aftur upp hið gamla, heldur, eins og ég sagði, að sameina kosti beggja kerfa.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sakaskrá, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 540. mál. — Þskj. 937.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um breytingar á sakaskrá. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að undirbúa breytingar á reglum um sakaskrá þannig að framvegis verði brot felld brott úr sakaskrá þegar þau hafa ekki lengur ítrekunaráhrif. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Það er ekki ástæða til að hafa um þetta mörg orð, virðulegi forseti. Í greinargerð segir: „Brot manna og dómar eru færðir á svokallaða sakaskrá og sakavottorð gefin út með hliðsjón af henni þegar þörf krefur. Þannig eru oft gamlir dómar árum og áratugum saman á sakaskrá fólks þó að svokölluð ítrekunaráhrif gildi ekki lengur, þ.e. að dómarnir hafi ekki lengur áhrif á þyngd næstu dóma. Ítrekunaráhrifin fyrnast á fimm árum.

Þess vegna er lagt til að dómar falli út af sakaskrá fólks eftir fimm ár eða þegar ítrekunaráhrif dóma fyrnast."

Þetta er nú einkum gert til þess að menn sem hafa kannski hlotið marga dóma, sem stundum kemur fyrir á vissu æviskeiði manna, og vilja snúa við blaðinu og hefja nýtt líf séu ekki með á bakinu 1–3 blaðsíður af dómum árum og jafnvel áratugum eftir að þeir hafa fengið þá. Sú er hugsunin á bak við þessa tillögu.

Að þessu mæltu, forseti, mæli ég með að þetta fari til seinni umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala eigna á nauðungaruppboði, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 550. mál. — Þskj. 947.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um sölu eigna á nauðungaruppboði. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að undirbúa og leggja fram frv. um að fasteignir manna séu ekki seldar langt undir markaðsverði á nauðungaruppboðum heldur verði þess freistað að selja þær á frjálsum fasteignamarkaði. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990."

Ég skal fara hratt á hæli í gegnum greinargerðina en í henni segir:

„Í því slæma efnahagsástandi sem ríkt hefur að undanförnu hefur nauðungarsala aukist og meiri harka færst í viðskipti. Þess eru dæmi að fólk hefur misst fasteignir sínar á nauðungaruppboðum fyrir mun lægra verð en fengist hefði með frjálsri sölu á almennum markaði.

Fyrir bragðið fá kröfuhafar oft minna í sinn hlut og þolendur sitja eftir með skuldir sínar ógreiddar en eignalausir. Þriðji aðili utan úr bæ fleytir rjómann af þessum viðskiptum og hagnast á kostnað hinna tveggja.

Því er hér lagt til að fógetar og aðrir uppboðshaldarar geti leitað eftir frjálsri sölu á fasteignum ef þau boð sem koma á nauðungaruppboðum eru langt undir sannanlegu og eðlilegu markaðsverði eignar á hverjum tíma."

Virðulegi forseti. Ég mæli með því að tillagan fari til síðari umr. og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útgáfa hæstaréttardóma, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 551. mál. — Þskj. 948.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Virðulegi forseti. Þetta er væntanlega síðasta tillagan til þál. sem ég flyt hér í Sþ. á 112. löggjafarþingi. Vil ég nota tækifærið til að þakka fyrir mjög góða samvinnu og mjög ánægjulegar samverustundir, sérstaklega þegar við forseti vorum tvö ein í salnum og aðrir áheyrendur voru ekki að máli mínu svo tímum skipti hér í þingsalnum.

Ég mæli hér að lokum fyrir till. til þál. um að fella niður nöfn fólks með útgáfu hæstaréttardóma. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að breyta útgáfu hæstaréttardóma þannig að felld verði niður nöfn á fólki sem þar kemur við sögu. Breytingarnar taki gildi við útgáfu næstu hæstaréttardóma eftir samþykkt þessarar ályktunar og taki til endurútgáfu eldri rita í framtíðinni."

Greinargerðin hljóðar svo:

„Allir dómar Hæstaréttar eru gefnir út á Íslandi og er sú útgáfa einkum hugsuð sem handbók fyrir lögmenn og dómara og aðra sem vilja kynna sér

faglegu hliðina á dómsmálum og lögfræðina á bak við dómana. Útgáfan er því fagleg.

Í hæstaréttardómum eru allir málavextir nákvæmlega raktir, meðferð mála hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Fólk er þar kallað til sögunnar undir fullu nafni og heimilisfangi og ítarlega greint oft frá högum hvers og eins. Sakaskrár fólks birtar þar sem við á og aðrar persónulegar upplýsingar. Þannig birtast oft mjög viðkvæmar upplýsingar um fjölda fólks í hæstaréttardómum.

Það færist hins vegar í vöxt að fólk les hæstaréttardóma til að forvitnast um aðra og hagi þeirra en ekki til að lesa lögfræðina á bak við dómana. Hér er lagt til að fólk verði verndað fyrir þeirri hnýsni.

Lögfræðin í hæstaréttardómum er jafnskýr þó að nöfn fólks falli niður en það auðkennt á annan hátt. Fordæmi eru reyndar fyrir því í hæstaréttardómum þar sem fólk kemur við sögu í viðkvæmustu málum á borð við barnsfaðernismál og nauðgunarmál. Sú breyting er líka í anda nýrra laga um söfnun persónuupplýsinga með tölvum.

Flm. þekkir þess dæmi að fólk veigrar sér við að áfrýja málum til Hæstaréttar vegna nafnbirtingar í hæstaréttardómum. Þannig hafa þessar nafnbirtingar þegar haft áhrif á gang réttvísinnar í landinu og er það miður."

Virðulegi forseti. Að lokum mæli ég með því að tillagan fari til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak gegn einelti, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 522. mál. — Þskj. 919.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um átak gegn einelti. Till. er að finna á þskj. 919. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. og menntmrh. að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga. Skipaður verði samstarfshópur fólks sem hefur reynslu af starfi með börnum og unglingum og honum falið að skila áætlun um úrbætur gegn einelti fyrir 1. mars 1991."

Flytjendur tillögunnar auk mín eru allar þingkonur Kvennalistans.

Vernd barna og unglinga er málaflokkur sem krefst sífelldrar athugunar og viðbragða þegar ástæða þykir til. Mikið starf hefur verið unnið og er verið að vinna í sambandi við illa meðferð á börnum. Er þess skemmst að minnast að vinnuhópur á vegum menntmrn. skilaði í vetur greinargóðri skýrslu um illa meðferð á börnum, en út frá öðrum forsendum og með öðrum megináherslum en þeim sem hér er lagt til að hugað verði rækilega að. Í þeirri skýrslu var sjónum beint að kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum sem nær alltaf er ofbeldi fullorðinna gagnvart börnum og unglingum en ekki í hópi barna og unglinga innbyrðis eins og tíðast er um einelti. Mun ég víkja nánar að þessum atriðum á eftir en fara yfir nokkur atriði úr greinargerð og flétta þar inn í önnur atriði sem ég tel nauðsynlegt að fram komi við þessa umræðu.

Ofbeldi meðal barna og unglinga hefur verið mjög til umræðu á þessum vetri ekki síst vegna tíðra blaðafregna um götuofbeldi í Reykjavík. Ofbeldi á götum úti er sýnilegt og því er mikil umfjöllun um það og oft á tíðum afskaplega ómálefnaleg. Hljóðara hefur verið um aðra tegund ofbeldis, einelti, sem er þó að flestra mati mun algengara en ofbeldi á götum úti. Einelti er mjög alvarlegt ofbeldi. Má geta þess að allt að 80% þeirra barna og unglinga sem koma í unglingaathvörfin í Reykjavík búa við félagslega einangrun, en það er einmitt sá hópur sem verður helst fyrir einelti.

Í þessu sambandi langar mig til að vitna í blað sem gefið er út á vegum unglingaathvarfanna og heitir „Dúndur". Við spurningunni „Hvað er unglingaathvarf?" gefa m.a. tveir unglingar þetta svar: „Þetta er staður þar sem unglingar hittast þrisvar í viku. Þar ræða þeir vandamál sín og skemmta sér. Sumum okkar er strítt í skóla. Sum okkar eiga erfitt heima fyrir eða eiga í vandræðum með lærdóminn. Mörg okkar eru einmana og eiga erfitt með að eignast félaga."

Ég held að þessi orð segi sína sögu um hvernig þessir unglingar skynja sig sjálfa. Það er ánægjulegt til þess að vita að starfsfólk unglingaathvarfanna er ekki í vafa um að mikið er hægt að gera fyrir börn og unglinga sem hafa orðið fyrir einelti, styrkja sjálfsmynd þeirra og efla þau á annan hátt. Unglingarnir sjálfir orða þetta svo í viðtali sem ber yfirskriftina „Fínt að vera hópur". — „Maður fær hjálp við að leysa ýmis vandamál, t.d. ef maður á einhver vandamál í skóla eða heima. Maður fær líka hjálp við að læra að hegða sér almennilega, t.d. gagnvart öðrum krökkum. Svo er líka gaman að koma hingað og þá sleppur maður við að vera eins mikið einn."

Þegar þau eru spurð hvað sé skemmtilegast við að vera í athvarfi er svarið: „Að hittast þrisvar í viku, það er tilbreyting að komast hérna niður eftir. Svo er bara gott að vera í þessum hóp og notalegt að vera saman."

Mig langar að doka aðeins við þessi orð. Í ársskýrslu unglingaathvarfanna í Reykjavík fyrir árið 1988 kemur fram að unglingaathvörfin henti mjög vel félagslega einangruðum unglingum. Þar kynnist þeir oft í fyrsta sinn að þeir eru ekki einir í heiminum með sín vandamál, eins og komist er að orði í skýrslunni. Það er afskaplega sláandi að lesa þar jafnframt að sumir unglingarnir eru að upplifa það í fyrsta sinn að tilheyra félagahóp. Þetta er nöturleg staðreynd í samfélagi okkar en hún er veruleiki og við henni þarf að bregðast, m.a. með því að ráðast til atlögu gegn einelti.

Nokkrum tilviljunum er háð hvort börn og ungling-

ar sem verða fyrir einelti fái aðstoð nógu snemma til að auðvelt sé að liðsinna þeim. Ef gripið er í taumana nógu fljótt er hægt að rjúfa vítahring sem annars kann að skapast. Skipuleg fræðsla fyrir starfsfólk skóla um einkenni eineltis er ekki fyrir hendi nú. Kennarar eru þó í góðri aðstöðu til að finna fórnarlömb eineltis þekki þeir einkennin. Sömu sögu má raunar segja um foreldra og fóstrur. Auk þess geta þeir haft veruleg áhrif á samskiptamunstur innan bekkjardeilda eða annarra hópa og minnkað líkur á að einelti endurtaki sig ef vel tekst til.

Fagfólk, sem starfað hefur með unglingum, telur tiltölulega auðvelt að greina einkenni eineltis í hópi barna og unglinga og því sé fræðsla eitt af lykilatriðum þess að hægt sé að gera átak gegn einelti. Sérfræðiráðgjöf fyrir kennara og kennaranema, fóstrur og fóstrunema og jafnvel fyrir foreldrafélög mundi því vera ein þeirra leiða sem samstarfshópur athugaði gaumgæfilega.

Ýmsar ytri aðstæður, svo sem hönnun skólalóða og gæsla í frímínútum, geta skipt sköpum um hvort börnum og unglingum sé búið öryggi í frímínútum eða þar séu aðstæður sem ýta undir einelti. Reynsla annarra þjóða, sem glíma við sama vanda, hefur orðið til þess að farið er að huga gaumgæfilega að tómstundaaðstöðu í skólum með það í huga að veita orku barna og unglinga útrás í uppbyggjandi leikjum og starfi. Ætla má að hægt sé að gera einfaldar úrbætur og bæta gæslu á leikvöllum án mikils tilkostnaðar og ekki ólíklegt að í heild gæti slík fjárfesting leitt til sparnaðar ef hægt væri að koma í veg fyrir ofbeldi og einelti á skólavöllum. Á sama hátt verður einnig að líta á fleiri staði þar sem börn safnast saman í stórum hópum, t.d. skólabíla.

Rétt er að vekja athygli á því að hér er verið að benda á tiltölulega ódýrar leiðir til að ná miklum árangri til hagsbóta fyrir börn og unglinga, ekki síst þá sem eiga undir högg að sækja. Ef vel tekst til yrði hér um að ræða öflugt forvarnarstarf sem byggðist fremur á skynsamlegri stefnumörkun en dýrum björgunaraðgerðum þegar skaðinn er skeður.

Afleiðingar eineltis eru oft mjög alvarlegar fyrir þau börn og unglinga sem fyrir því verða. Margir þeirra unglinga sem síðar leiðast út í ofneyslu áfengis og annarra vímuefna hafa orðið fyrir einelti þegar þeir voru yngri. Verulegu máli skiptir því að ná fljótt til flestra fórnarlambanna.

Þeir sem leggja aðra í einelti eiga einnig við vandamál að stríða. Breytt samskiptamynstur í félagahópi, t.d. í skóla, getur einnig hjálpað þeim.

Vernd barna og unglinga, velferð þeirra og góð líðan verður samt sem áður aldrei metin til fjár. Það er skylda löggjafarvaldsins að tryggja öryggi og vellíðan allra þegna sinna og gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín.

Ég tel ekki rétt að leggja fram fastmótaðar tillögur um skipan þess hóps sem ég æski að settur verði á laggirnar. Hins vegar veit ég að auðvelt væri að skipa hann fjölda fólks með staðgóða þekkingu á málinu og tillögur um úrræði.

Við undirbúning þessa máls hafði ég samráð við fólk sem býr yfir mikilli kunnáttu í þessum málum, bæði skólafólk og fóstrur, foreldra og friðarömmur, starfsfólk unglingadeildar í Reykjavík og unglingaathvarfa, auk sálfræðinga við Sálfræðideild skóla og úr Barnaverndarráði. Allt þetta fólk býr yfir mikilli þekkingu, hver með sínum hætti, byggðri á faglegum grunni eða reynslu af samskiptum við börn og unglinga og oftar en ekki á hvort tveggja við. Það sem er kannski enn mikilsverðara er að þetta fólk, sem ég naut samstarfs við, er uppfullt af hugmyndum um hvernig best yrði staðið að átaki gegn einelti og því skipt í áfanga sem auðvelt væri að hrinda í framkvæmd einum eftir annan. Þekking á innlendum aðstæðum og reynsla þeirra sem glímt hafa við sama vanda erlendis er gott veganesti þessa fólks. Það er sannfært um að hægt yrði að gera mikið gagn fyrir tiltölulega lítið fé.

Þess utan er eðlilegt að draga nokkurn lærdóm af því starfi sem þegar hefur verið unnið með öðrum áherslum, en varðar einnig velferð barna og unglinga. Eitt af því er vinnuhópur sá á vegum menntmrn. sem ég vék að í upphafi máls míns. Þessi vinnuhópur skilaði í vetur greinargóðri skýrslu um illa meðferð á börnum á grunnskólaaldri með sérstöku tilliti til kynferðislegs ofbeldis. Þar með var hreyft máli sem allt of lengi hefur legið í þagnargildi. Er vel að nú skuli menn vera farnir að horfast í augu við svo alvarleg málefni er varða barnavernd. Á grunni þessa hóps var síðan skipaður annar starfshópur og honum falið að móta tillögur til úrbóta varðandi menntun kennara í því skyni að betur verði hægt að mæta illri meðferð á börnum á grunnskólaaldri, eins og segir í fréttatilkynningu sem ráðuneytið sendi frá sér af þessu tilefni þann 20. mars sl.

Mér þætti eðlilegt að sá hópur sem fylgir eftir starfi hins fyrri og hefur einkum það hlutverk að fjalla um fræðslu fyrir kennara og kennaranema hefði samstarf við þann hóp sem ég legg til að stofnaður verði um átak gegn einelti. Það kynni að koma í veg fyrir tvíverknað að því leyti sem lýtur að fræðslu þessarar starfsstéttar. En hún er einungis einn hluti þess sem sérfróðir aðilar telja vert að huga að ef gert verður átak gegn einelti. Vel mætti hugsa sér að einhver fulltrúi tengdi þessa hópa, án þess að það kæmi niður á starfi hvors hóps fyrir sig.

Ég tel mjög mikilsvert að draga ekki of lengi að gera átak gegn einelti og vonast til þess að þetta mál hreyfi við því að nú fari menn að hyggja að úrræðum. Ég vonast eindregið til að nefnd sú sem fær málið í hendur treysti sér til að senda það til umsagnar nú þegar þannig að fyrir liggi álit og ábendingar umsagnaraðila þegar þing kemur saman í haust. Þá verður eftirleikurinn auðveldari verði málið endurflutt í haust, eins og ég geri mér vonir um.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að fara fram á að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

85. fundur, föstudaginn 27. apríl, kl. 4 síðdegis.

Sementsverksmiðja ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 436. mál (stofnun hlutafélags, stjfrv.). — Þskj. 1051.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (niðurfelling gagnvart Namibíu). — Þskj. 788.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1078).

Samningur um aðstoð í skattamálum, 3. umr.

Stjfrv., 496. mál. — Þskj. 868.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1079).

Lánasýsla ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 460.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Listskreytingasjóður ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623, n. 1034.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um Listskreytingasjóð. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

Í nál. kemur fram að nefndarmenn leggja á það áherslu að mikilvægt sé að lögbundin framlög til sjóðsins verði ekki skert í fjárlögum.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í menntmn. hv. deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Félagsráðgjöf, 2. umr.

Stjfrv., 484. mál (starfsleyfi og sérfræðileyfi). — Þskj. 842, n. 1054.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf. Nefndarálitið hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. en það er unnið í samvinnu heilbr.- og trmrn. og Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Karl Steinar Guðnason með fyrirvara.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir þetta frv. með fyrirvara eins og öll frumvörp sem fjalla um sama efni, þ.e. um löggildingu starfsheita. Einstaka stéttir eru að skapa sér sérréttindi sem verða að mínu mati á

kostnað annarra. Ég hef áður gert grein fyrir skoðunum mínum í þessu efni og ætla því ekki að gera það nú en ég tel að gera þurfi gangskör að því að afnema þessi forréttindi víðast hvar í þjóðfélaginu. Það hefur verið gert í Evrópu og er verið að gera annars staðar. Í Ameríku hefur þessa lítið gætt.

Mér finnst ástæðulaust að taka eitt mál út úr og greiða atkvæði gegn því. Þetta verður að renna sitt skeið. Ég geri samt fyrirvara vegna þessara skoðana minna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 703, n. 1049, brtt. 1050.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Landbn. hefur lagt fram nál. um frv. til laga um breyting á lögum um varnir gegn plöntusjúkdómum. Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins.

Nefndarálitið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. Fjallar það um innheimtu sérstaks gjalds af öllum innfluttum plöntum til að standa straum af kostnaði við eftirlit með slíkum innflutningi. Komu eftirtaldir á fund nefndarinnar: Sigurgeir Ólafsson og Þorsteinn Tómasson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bjarni Helgason og Kjartan Ólafsson frá Félagi garðyrkjubænda, Sigurður Moritzson frá Blómamiðstöðinni hf., Bjarni Finnsson frá Brum hf., Valdimar Jónasson frá Sölufélagi garðyrkjumanna, Kolbeinn Ágústsson frá Hagkaupum hf. og Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að gildistökuákvæði þessa lagafrv. verði frestað til 1. jan. 1991. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að við álagningu eftirlitsgjalds þess, er frv. fjallar um, þann 1. jan. 1991, verði kappkostað að halda gjaldinu í lágmarki til þess að það hafi ekki áhrif á þróun vöruverðs í landinu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Einn nefndarmanna, Þorv. Garðar Kristjánsson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1050 kölluð aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Skipan prestakalla, 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 678, n. 981, brtt. 982, 1006.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Nefndin hefur rætt um þetta frv. á mörgum fundum. Auk þess var það sent til athugunar allra prófasta, Prestafélags Íslands og leikmannaráðs þjóðkirkjunnar. Einnig bárust nefndinni ýmsar athugasemdir og ábendingar frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Fjórðungssambandi Norðlendinga og sóknarnefndum nokkrum og einstaklingum.

Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. dómsmrh. er þetta frv. búið að vera lengi í undirbúningi á vegum kirkjunnar, ræðast á kirkjuþingum og fara til athugunar og umræðu á héraðsfundum vítt um land.

Frv. hefur þó verið að taka breytingum í þessari meðferð og jafnvel allt fram undir það að það var lagt fram á þessu þingi. Þær breytingar sem síðast voru gerðar voru misjafnlega vel kynntar þeim aðilum sem hlut áttu að máli.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv.

Í kjölfar þróunar, sem orðið hefur í þjóðfélaginu, hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma á þessari öld. Þær breytingar hafa verið misjafnlega róttækar og alllangur tími liðið á milli þeirra. Með þessu frv. er verið að gera slíkt einu sinni enn. Jafnframt er tekin upp í ríkari mæli en áður sú stefna að gera skipulag þjóðkirkjunnar í málefnum prestakalla og prófastsdæma sveigjanlegra en áður. Er þá auðveldara fyrir safnaðarfólk, presta, biskup og ráðherra að gera æskilegar breytingar án þess að slíkt útheimti lagabreytingar á Alþingi. Brtt. nefndarinnar ganga í þá átt að undirstrika þetta sjónarmið og gera það enn auðveldara að slíkar skipulagsbreytingar verði gerðar með undangengnu samkomulagi.

Í brtt. felst það að nokkuð er dregið úr breytingum sem frv. gerir ráð fyrir frá núgildandi lögum. Hins vegar er þá hægt síðar, ef vilji er fyrir hendi, að ganga þar lengra eins og ég sagði áðan.

Í 1. gr. frv. eru talin upp prestaköll og prófastsdæmi landsins. Þar hafa verið gerðar nokkrar breytingar á nöfnum prestakalla sem nefndinni finnst ástæðulaust að gera, þ.e. að fella niður gömul og söguleg nöfn prestakalla þótt aðsetur prests hafi verið fært til. Slíka tilfærslu á prestssetrum hefur

verið og er enn, samkvæmt frv., hægt að gera með ákvörðun ráðherra að undangengnum umsögnum viðkomandi aðila. Því eru prestssetrin ekki svo fast staðbundin, þó þau séu nefnd í frv. eins og í núgildandi lögum um mikinn hluta landsins.

Nefndin gerir þá brtt. í sambandi við þessi heiti að í stað orðsins „Egilsstaðaprestakall" í Múlaprófastsdæmi komi: Vallanessprestakall, eins og það heitir nú. Enn fremur að Bjarnanessprestakall í Skaftafellsprófastsdæmi haldi heiti sínu en verði ekki breytt í Hafnarprestakall. Sama er að segja um Garðaprestakall á Akranesi, að það haldist og enn fremur Búðardalsprestakall og Hvolsprestakall í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi. Og að lokum að Suðureyrarprestakall í Ísafjarðarprófastsdæmi verði áfram Staðarprestakall í Súgandafirði og Breiðabólsstaðarprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi haldi enn fremur sínu heiti en verði ekki breytt í Hvammstangaprestakall.

Þá gerir nefndin enn fremur tillögu um nokkrar efnisbreytingar við þessa 1. gr.

Í fyrsta lagi að Ásaprestakall í Skaftafellsprófastsdæmi haldist áfram óbreytt eins og það hefur verið. Þá verði einnig Klausturprestakall fært til fyrra horfs og nafni þess reyndar breytt í Kirkjubæjarklausturprestakall. Þá er í Árnesprófastsdæmi gerð tillaga um að Stóra-Núpsprestakall haldist áfram en við það bætist Hraungerðis- og Villingaholtssóknir og þær færast frá Selfossprestakalli, eins og frv. gerir reyndar ráð fyrir. Hins vegar leggur nefndin til að Hrunaprestakall verði óbreytt.

Þá leggur nefndin til að skipan prestakalla í Skagafjarðarprófastsdæmi verði óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum.

Í 1. gr. er enn fremur breytt nöfnum á prófastsdæmum hér í Reykjavík þannig að í stað XV. liðar í 1. gr., þar sem er nafnið „Reykjavíkurprófastsdæmi" komi Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og í stað XVI. liðarins „Holta- og Vogaprófastsdæmi" komi Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Að öðru leyti verði skipan þeirra óbreytt.

Nefndin fékk ábendingu um að neikvætt gæti verið að skipta Reykjavíkurprófastsdæmi þannig í tvennt þar sem það gæti gert samstarf að einhverju leyti erfiðara innan þessa svæðis alls þegar það væri orðið tvö prófastsdæmi heldur en á meðan það er eitt. Stærð þess er hins vegar orðin svo mikil að það hefur þótt eðlilegt að gera þessa skiptingu.

Þá er gerð breyting á 2. gr. vegna þessara nafnabreytinga.

Í 4. gr. er lagt til að síðustu orðin, „sbr. 2. gr." falli niður. Heimild ráðherra til að stofna nýtt prestakall eða breyta mörkum prestakalla eftir tillögu biskups og að fengnum umsögnum héraðsfunda, safnaðarráðs og aðalsafnaðarfundar viðkomandi sókna gildi þannig um landið allt en ekki aðeins þau svæði sem 2. gr. fjallar um. Þar með vill nefndin við undirstrika að vilji heimamanna og kirkjunnar geti ráðið með samþykki ráðherra ef þeim sýnist að skipan geti farið betur en ákvæðið er samkvæmt lögum þessum. Á þetta vill nefndin við leggja mikla áherslu.

Eins og ég sagði áðan bætir nefndin inn einu prestakalli aftur í 1. gr. frv. Til þess að standa þó ekki í vegi fyrir eðlilegum breytingum er gerð tillaga um að aftan við 6. gr. bætist orðin: enda hafi það verið prestlaust í a.m.k. tvö ár. Ef ekki fást prestar til að gegna fámennum prestaköllum um nokkurt skeið þá hafi kirkjan og ráðherra heimild til þess að sameina þau öðrum prestaköllum. Þannig verði það þróunin sem hafi slíkar breytingar í för með sér en ekki valdboð frá Alþingi.

Í 8. gr. er felld niður næstsíðasta mgr. sem hljóðar svo: „Nú er prestssetur selt, þar sem prestakall er lagt niður samkvæmt lögum þessum, og skal þá andvirði þess renna í Kristnisjóð." Ríkissjóður hefur kostað byggingu prestsseturshúsa á undanförnum áratugum, þeirra húsa sem nú eru í notkun. Því er eðlilegt að andvirðið renni í ríkissjóð þar sem reiknað er með að þá þurfi að byggja prestssetur á öðrum stað í staðinn, því ákvæði er í frv. um að prestum skuli ekki fækka í heild.

Þá er komið að IV. kafla frv. Þar gerir nefndin brtt. um upphafsorð 21. gr. Í stað orðanna „Samstarf presta innan hvers prófastsdæmis skal einkum lúta að" komi: Prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir stjórn prófasts. Samstarf presta skal m.a. lúta að.

Með þessu vill nefndin leggja áherslu á að æskilegt sé að samstarf presta innan hvers prófastsdæmis sé sem fjölbreyttast. Það er sums staðar komin allgóð skipan á þessi mál. Prófastar halda reglulega fundi með prestum og ræða um samstarf og skipta með sér verkum. Fyrir nokkrum árum kom upp sú hugmynd innan kirkjunnar að búa til nokkurs konar prestamiðstöðvar en hún fékk ekki hljómgrunn. Skoðun okkar er sú að með nánu samstarfi sé hægt að ná fram þeim ávinningi sem hefði hlotist af því að þeir væru á miðstöðvum. Hins vegar héldu þeir betur samstarfi og sambandi við söfnuði sína með því að sitja í hverju prestakalli.

Til þess að undirstrika þetta og auðvelda er 22. gr. breytt þannig: Biskupi er heimilt að fela sóknarpresti, er þjónar í prestakalli þar sem íbúafjöldi er innan við 700 íbúa og aðstæður að öðru leyti leyfa, að annast bæði tiltekin verkefni og þjónustu í einstökum sóknum utan prestakalls síns að tillögu prófasts, án viðbótarlauna en gegn greiðslu kostnaðar. Þar með er nefndin við að undirstrika að þetta samstarf og þjónusta í öðrum prestaköllum, þar sem um fámennari hluta prestakallanna er að ræða, sé, má segja, sjálfsagður liður í starfi prestanna og ekki greitt fyrir annað en þann aukakostnað sem prestur verður fyrir. Þess vegna er vísað í þetta ákvæði 22. gr. með því að bæta aftan við 23. gr.: sbr. þó 22. gr.

Í 29. gr. þar sem fjallað er um verkefni prófasta komi einnig: Prófastur skipuleggur samstarf presta innan prófastsdæmis, sbr. 21. gr., og afleysingarþjónustu presta í sumarleyfum og öðrum samningsbundnum leyfum þeirra.

Þá er það 42. gr. sem fjallar um vígslu biskupa og aðsetur þeirra. Nefndin leggur til að síðasta mgr., þar sem ráðherra er veitt heimild til þess að ákveða annan stað, falli niður. Kirkjan hefur lengi óskað eftir því að vegur hinna fornu biskupssetra yrði gerður meiri og lagt það til að vígslubiskupar sitji þar. Því telur nefndin sjálfsagt að slíkt sé afdráttarlaust ákveðið.

Einnig er fellt niður „í Skagafjarðarprófastsdæmi" í næstsíðustu mgr. þar sem fjallað er um aðstoð við vígslubiskupinn á Hólum. Þar er kveðið á um að hann njóti aðstoðar nágrannaprestа sinna, og þá þeirra sem aðstöðu hafa til en ekki eins ákveðins, eins og var gert ráð fyrir í breytingu á 1. gr. frv. þar sem lagt var til að Mælifellsprestur yrði sérstakur aðstoðarmaður vígslubiskups.

Þá er að lokum breytt gildistökuákvæði laganna þannig að þau öðlast gildi 1. júlí 1990 í stað þess að öðlast þegar gildi. Það er m.a. vegna þess að nú stendur yfir kosning til kirkjuþings. Það mundi rugla kosningu ef hin breytta skipan prófastsdæma hér í Reykjavík væri búin að taka gildi þó að þetta hafi ekki áhrif á fjölda kirkjuþingsmanna þar sem nú eru tveir prestar og tveir fulltrúar leikmanna frá Reykjavíkurprófastsdæmi en koma svo sitt úr hvoru prófastsdæminu eftir skiptingu þá sem kveðið er á um í frv.

Þá vil ég að lokum geta þess að við frv. hefur einnig komið brtt. frá tveimur hv. þm. Ed. um að færa Strandasýslu ásamt einum hreppi í Húnavatnssýslu úr Húnavatnsprófastsdæmi til Barðastrandarprófastsdæmis. Þarna er um allróttæka breytingu að ræða fyrir þetta svæði sem ég tel að þurfi frekari athugunar við en nú er tóm til. Flm. munu gera grein fyrir viðhorfum sínum til þessarar brtt.

Einnig var til umræðu í nefndinni nú síðast ákvörðun um prestssetur í Bjarnanessprestakalli. Prestur þar situr nú á Höfn og í samræmi við það kveður frv. á um að prestssetrið verði á Höfn. Um þetta eru eitthvað skiptar skoðanir heima fyrir, en nefndin treystir sér ekki í heild að taka afstöðu til þess máls sem er viðkvæmt á þeim stað.

Með þeim breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum nú hér hið merkasta frv. um skipan prestakalla og prófastsdæma og starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Eins og kom fram hjá hv. frsm. allshn. þá hefur legið mikið starf að baki þessu frv. sem við nú ræðum. Það hefur lengi verið á undirbúningsstigi og á vegum kirkjunnar. Það er þannig að kirkjan hefur haft fyrir sið að undirbúa mjög vel og rækilega þau mál sem til hennar kasta hafa komið og varða hana. Ég vil meina að það sé til fyrirmyndar og það gerir störf Alþingis líka auðveldari þegar það fjallar um slík mál sem þetta frv. hér er.

Frv. er víðtækt eins og fyrirsögnin gefur til kynna. Það er um skipan prestakalla og prófastsdæma í landinu, ákvæði um sérþjónustu presta, ákvæði um skipun og setningu í prestsembætti og embættisgengi presta, ákvæði um réttarstöðu presta og starfsskyldu þeirra, ákvæði um skipun og starfsskyldu prófasta, svo eitthvað sé nefnt. Eru þetta meginatriði fyrir utan þau ákvæði sem varða biskupsembættið sjálft. Ég ætla ekki að fara að ræða þessi atriði. Það hefur verið gerð rækilega grein fyrir þeim af hæstv. kirkjumrh. þegar hann mælti fyrir þessu frv. En ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni á því atriði sem varðar vígslubiskupa og embætti þeirra.

Það er lagt til að vígslubiskupar verði tveir, eins og nú er. Hins vegar er lagt til að embætti þeirra verði efld verulega og þannig gert ráð fyrir að vígslubiskupsembættið verði fullt starf. Þá er lagt til að vígslubiskupar hafi aðsetur á hinum fornu biskupssetrum, Skálholti og Hólum.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með þetta. Þó er ekki að mínu viti fullgert í þessu efni. Ég hef oftar en einu sinni lýst þeirri skoðun minni, varðandi þessi mál, að hin rétta skipan væri sú að við tækjum upp hina fornu skipan og hefðum tvo biskupa í landinu. Annars vegar Skálholtsbiskup og hins vegar Hólabiskup. Þó að þetta frv. leggi það ekki til þá sýnist mér að þetta sé í áttina að því að viðurkenna það sjónarmið sem ég hef ítrekað haldið fram hér á Alþingi. Mér kæmi ekki á óvart að það mundi verða svo í framtíðinni að tekin verði upp algjörlega hin forna skipan í þessu efni. Ég ætla ekki að fara að ræða það sérstaklega núna og ekki ætla ég að bera fram neinar brtt. í þessu efni. Ég lýsi ánægju minni með þessa þróun.

Ég hef ekki að athuga við þær brtt. sem allshn. hefur gert við frv. og skal þess vegna ekki fjalla um það. En mig langar til þess að víkja nokkrum orðum að nokkrum atriðum sem varða sérstaklega mitt kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi. Það eru nokkur atriði sem ég vildi aðeins víkja að og það eru nokkrar breytingar sem varða fólkið sem býr þar.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er lagt til að Múlasókn í Barðastrandarprófastsdæmi sameinist Gufudalssókn í sama prófastsdæmi. Enn fremur er lagt til að Staðarsókn í Grunnavík í Ísafjarðarprófastsdæmi sameinist Hólssókn í Ísafjarðarprófastsdæmi. Ég vík aðeins að þessu til þess að lýsa yfir að ég tel að þetta sé sjálfsögð ráðstöfun og ekkert frekar um það að segja.

Samkvæmt frv. er eitt prestakall í Vestfjarðakjördæmi lagt niður og eitt prestakall stofnað. Sauðlauksdalsprestakall er lagt niður og stofnað Tálknafjarðarprestakall. Í Sauðlauksdalsprestakalli hafa verið Sauðlauksdalssókn, Saurbæjarsókn, Brjánslækjarsókn, Hagasókn og Breiðavíkursókn. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að af þessum sóknum falli Sauðlauksdalssókn, Breiðavíkursókn og Saurbæjarsókn undir Patreksfjarðarprestakall. Ég minnist á þetta, ekki til þess að gagnrýna þetta, ég held að þetta sé rétt ráðstöfun. Þó að okkur sé sárt um að lagt sé niður prestakall þá kemur á móti að það er stofnað nýtt prestakall þar sem er Tálknafjarðarprestakall. Það er í alla staði eðlilegt að stofna prestakall, þar sem ekki

er prestakall fyrir á þessum þéttbýlisstað sem er mjög vaxandi. Til þessa nýja prestakalls er gert ráð fyrir að falli, auk Stóra-Laugardalsprestakalls í Tálknafirði, Haga- og Brjánslækjarsóknir í Sauðlauksdalsprestakalli.

Ég hef aðeins heyrt ávæning af því að það eru til menn í þessum sóknum á Barðaströndinni sem telja eðlilegra að þessar sóknir hefðu verið sameinaðar Patreksfjarðarsókn. Það eru ástæður fyrir því samgöngulega og fleiri atriði sem hafa verið nefnd við mig. En ég vil að það komi hér fram, ég hef ekki orðið var við mikinn baráttuvilja eða sókn í þessa átt af hálfu fólksins á þessum stað. Það eru auðvitað sterk rök fyrir því að hafa þá skipan sem frv. leggur til.

Þá vil ég aðeins víkja að Prestsbakkaprestakalli vegna þess að það hafa verið uppi hugmyndir um það að leggja þetta prestakall niður. Það er tekið fram í grg. með frv. að nefndin sem upphaflega samdi frv. hafi lagt til að Prestsbakkaprestakall yrði lagt niður. En frv. gerir ekki ráð fyrir því. Frv. gerir ráð fyrir því að Prestsbakkaprestakall standi áfram og það eru gild rök fyrir því. Við þm. Vestf. höfum verið áminntir um það. Í bréfi frá oddvita Bæjarhrepps, Þorsteini Elíssyni, um þetta efni segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil vekja athygli ykkar, þingmenn góðir, á því að dreifbýlið á mjög í vök að verjast og hefur raunar átt undanfarið. Fólki fer jafnt og þétt fækkandi, að sjálfsögðu fækkar um eina fjölskyldu þar sem prestssetur verða aflögð. Það hefur löngum verið vandi landsbyggðarinnar hve langskólagengið og vel menntað fólk hefur lítið sest þar að sem hefur ekki einvörðungu stafað af því að atvinnu vanti."

Okkur eru öllum kunn þessi sjónarmið. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að leggja fram frv. þar sem tekið er tillit til þessara sjónarmiða og ekki gerð tillaga um að leggja þetta prestakall niður.

Ég sagði hér áðan að ég ætlaði ekki að ræða sérstaklega um brtt. allshn. sem hv. frsm. nefndarinnar hefur gert grein fyrir. Ég hef ekki athugasemdir fram að færa. Ein brtt. varðar prestakall í mínu kjördæmi þar sem er Suðureyrarprestakall. Lagt er til að því prestakalli verði gefið annað nafn og kallað Staðarprestakall. Ég hygg að það séu gild rök fyrir því og mæli ekki gegn því.

Ég vil þá hér víkja að brtt. sem ég, ásamt 3. þm. Vestf., hef lagt fram á þskj. 1006. Það er brtt. sem felur í sér að nafngift Barðastrandarprófastsdæmis verði breytt og tekið verði upp nafnið Barðastrandar- og Strandaprófastsdæmi með því að lagt er til að þrjú prestaköll með sjö sóknum í Strandasýslu verði lögð undir Barðastrandarprófastsdæmi.

Það er ekki út í hött eða að tilefnislausu sem þessi tillaga er fram borin. Það er vegna þess að sú skipan sem nú er verður að teljast í hæsta máta óeðlileg og raunar lítt skiljanleg hvernig hún hefur komið til, að það skuli vera ákveðið í lögum að þessi prestaköll og þessar sóknir sem eru í Skálholtsstifti skuli tilheyra prófastsdæmi sem er í Hólastifti. Þó hafa prestar í Strandasýslu ekki atkvæðisrétt um vígslubiskup að Hólum, eins og þeir aðrir prestar sem eru í Húnavatnsprófastsdæmi. Prestunum í Strandasýslu er fyrirmunað að starfa með félögum sínum í prófastsdæmi Húnavatnssýslu þó að þeir séu þar aðilar að því prófastsdæmi. Þeir verða að vera í öðrum félagsskap. Þeir verða að vera í Prestafélagi Vestfjarða og starfa þar. Ég sagði að þeir yrðu að vera í öðrum félgsskap. Ég orða þetta ekki þannig að það sé eitthvað lakari félagsskapur en hinn félagsskapurinn. Sannleikurinn er sá að prestarnir í Strandasýslu vilja vera í félagsskap annarra presta á Vestfjörðum og þeir vilja vera í því prófastsdæmi sem er í því biskupsstifti sem þeir eru í.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta svo augljóst og einfalt sem þetta mál er. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bréf sem við þm. Vestfjarða höfum fengið frá prestunum í Strandasýslu um þetta efni. Bréfið er svohljóðandi:

„Við undirritaðir sóknarprestar í Strandasýslu beinum þeim tilmælum til yðar að þér hlutist til um þegar frv. til breytinga á prestakallaskipuninni kemur til umræðu og atkvæðis Alþingis að brauðum verði ekki fækkað á Ströndum og að Strandaprófastsdæmi sem var lagt niður með lögum 1970 verði endurreist eða hvort heldur lagt til Ísafjarðar eða Barðastrandarprófastsdæmis. Leyfum við okkur að benda á þá skipun að á Vestfjörðum yrðu þá tvö prófastsdæmi og allt Vestfjarðakjördæmið innan þeirra, en Strandasýsla eigi sett þar hjá og vísað til prófastsdæmis í öðrum landsfjórðungi, öðru biskupsdæmi samkvæmt fornri venju, öðru kjördæmi og ólíku félags- og þjónustusvæði. Leggjum við áherslu á að okkur þykir við vera afskiptir í Húnavatnsprófastsdæmi á flesta grein og eigum t.d. ekki félagsskap í Prestafélagi Hólastiftis, sem þeir Húnvetningar, heldur í Prestafélagi Vestfjarða. Þá kusu Strandaprestar vígslubiskup Skálholtsstiftis á sl. vori en eiga ekki atkvæðisrétt í Hólastifti þó að prófastsdæmi þeirra tilheyri því umdæmi. Mætti þannig lengi telja en skal ekki gert að sinni nema bent á að með þeim greiða og góða vegi um Steingrímsfjarðarheiði eru öll samskipti við Ísafjarðardjúp tiltölulega auðveld. Einnig er vegurinn yfir Tröllatunguheiði vel fær sjö mánuði á ári og auðveldar það samskipti í þá áttina."

Undir þetta bréf rita Ágúst Sigurðsson, prestur á Prestsbakka, og Baldur Örn Sigurðsson, prestur á Hólmavík.

Ég sagði að við þingmenn Vestfirðinga hefðum fengið þetta bréf. Við hv. 3. þm. Vestf. höfum borið þetta undir samþingmenn okkar á Vestfjörðum. Við erum allir samþykkir þessu. Við erum allir samþykkir því að verða við óskum prestanna í Strandasýslu.

Þessi brtt. er líka flutt í samráði við prófastinn í Barðastrandarprófastsdæmi sem er samþykkur þessu einnig. Í raun og veru er hér um leiðréttingu að ræða. Þetta er ekki flóknara en það. En svo segir hv. frsm. nefndarinnar að þetta sé svo róttæk breyting að það sé ekki hægt að átta sig á málinu á þeim tíma sem við höfum. Mig rekur í rogastans yfir slíkum fullyrðingum sem þessum. Ég held að hvert mannsbarn átti sig

á þessu á augabragði og það sé eðlilegt að afgreiða þetta umsvifalaust nú við 2. umr. En ef hv. frsm. nefndarinnar þyrfti eitthvað lengri tíma til að átta sig á þessu þá hef ég ekki á móti því að það yrði ekki gengið til afgreiðslu tillögunnar fyrr en við 3. umr. En ég vona að til slíks þurfi ekki að koma. Ég heiti nú á hæstv. kirkjumrh., sem hefur sýnt lofsverðan skilning á málum sem ég hef hér áður drepið á, að styðja eindregið að gerð verði þessi leiðrétting sem hér er farið fram á.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það sem einn af nefndarmönnum í hv. allshn. sem hafði afgreitt þetta frv. úr nefndinni ásamt brtt., eins og fram kom í framsögu hv. 2. þm. Suðurl., formanns nefndarinnar, að það kom okkur mjög á óvart þegar við komum af nefndarfundi í allshn., þar sem við vorum að fjalla um eitt atriði í þessu frv., að málið skyldi vera komið á dagskrá og frsm. farinn að mæla fyrir málinu. Við höfðum komið okkur saman um það í nefndinni að málið kæmi ekki á dagskrá núna vegna þess að við ætluðum okkur að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það mál sem við vorum að fjalla um. Ég ætla ekki nú að fara nánar út í efnisatriði þess sem við vorum að ræða. En það kom enn þá meira á óvart þegar formaður í lok ræðu sinnar sagði að nefndin í heild væri ekki tilbúin að standa að brtt. sem þetta atriði fjallar um.

Við höfum tekið málið upp í nefndinni vegna þess að umsögn hafði borist eftir að nefndin hafði afgreitt málið. Ég held að allir séu sammála um að þetta frv. er fyrir marga vítt og breitt um landið mjög viðkvæmt. Þess vegna er það mjög æskilegt að hægt sé að ná sem bestri og breiðastri samstöðu um flest og helst allt í þessu frv. Þetta vildi nefndin reyna til þrautar, áður en frv. yrði tekið á dagskrá til 2. umr. Þess vegna fer ég fram á það nú að þessari umræðu verði frestað þangað til nefndin hefur fengið að fjalla endanlega um þetta mál og ljóst er að hvaða niðurstöðu hún kemst sem slík.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði aðeins að segja örfá orð, þó ekki varðandi efnisatriði þessa máls. Við höfum fjallað um þetta frv. nokkuð lengi í hv. allshn. Það kom fram í umsögnum að innan prestastéttarinnar og meðal prófasta hafði náðst eitthvað sem e.t.v. mætti kalla bærilega sátt. En auðvitað vitum við að fólk út um allt land er misánægt eða jafnvel óánægt með þetta og samþykkir þessar breytingar á skipan prestakalla með semingi. Ég vil taka undir orð síðasta hv. ræðumanns. Það kom mér á óvart að hv. formaður skyldi lýsa svo afdráttarlaust yfir að nefndin hefði ekki treyst sér til að flytja brtt. varðandi Bjarnanessprestakall vegna þess að þegar hann vék af fundi höfðu ekki allir tjáð sig.

Ég segi fyrir sjálfa mig að ég tel mér skylt að kanna málið nánar í framhaldi af fundi okkar nú í dag. Sjálf þekki ég ekki mjög vel til aðstæðna þarna fyrir austan, en eins og við vitum spila bæði tilfinningaleg og söguleg rök inn í þegar um þessi mál er fjallað. Þau eru auðvitað ekki verri en hver önnur rök.

Ég veit að ég má vænta þess af hæstv. forseta, sem er formaður hv. allshn., að hann verði við beiðni okkar um frestun þessa máls í bili þar til við höfum gert upp hug okkar.

Ég veit að ég þarf ekki að búast við sams konar yfirgangi af hans hálfu og mér sýnist við fá yfir okkur í blöðum. Hér er ég með Tímann frá því í dag þar sem haft er eftir hæstv. forsrh. að menn megi tala sig rauða og bláa um kvótann. Það kann auðvitað ekki góðri lukku að stýra þegar slíkur yfirgangur og hroki, liggur mér við að segja, er sýndur þeim þm. sem eru að rækja sín skyldustörf hér af þeirri alúð sem þeim er unnt. Það virðist vera nokkur agablær á öllu því sem hér á að gerast næstu dagana. Það vakti dálitla athygli að einmitt á forsíðu Tímans í dag stærir hæstv. fjmrh. sig af því að hafa betri aga á efnahagsmálum en járnfrúin. Mér þykir það vægast sagt hættulegt hugarfar sem birtist í báðum þessum fyrirsögnum, sem eru fyrirsagnir í þessu blaði sem telur sig hafa boðað frjálslyndi og framfarir í sjö tugi ára. Ég held að þetta sé ekki rétt aðferð í átt til frelsis og framfara. Við þingmenn erum að reyna að taka störf okkar hér alvarlega en mér sýnist reyndar að e.t.v. geri það ekki allir jafnt. Þó að svo hátti til að hæstv. fjmrh. hafi ekki atkvæðisrétt á þingi þá rakst ég á auglýsingu í DV í dag þar sem hann boðar fundi um landið til þess að kynna hversu góðan aga hann hefur í efnahagslífinu. Hann hefur boðað fundi á morgun og mér skilst að þá sé fundur hér í báðum deildum og sömuleiðis á mánudagskvöldið. Mér þykir líklegt að einhverjir hv. þm. kunni e.t.v. að óska eftir nærveru hæstv. fjmrh., hefðu e.t.v. til hans einhverjar fyrirspurnir. Því við erum svo sannarlega að fjalla um mjög viðamikil mál í báðum deildum sem snerta ráðuneyti hans eins og ráðuneyti annarra hæstv. ráðherra.

Eins og ég sagði ætlaði ég ekki að fara út í efnisatriði frv. en ég fer fram á að þessari umræðu verði frestað, eins og fram kom reyndar í máli síðasta ræðumanns, hv. 6. þm. Reykn. (**EKJ:** Ég vil heyra hvað ráðherrann sagði orðrétt, áður en ræðumaður lýkur máli sínu.) (**StG:** Er ekki hægt að lesa þriðju síðuna líka?) Hæstv. forsrh. sagði í Tímanum í gær svo að ég vitni beint, með leyfi forseta:

„. . .að þinghald yrði að standa yfir þar til frumvarp um úreldingu fiskiskipa og um stjórn fiskveiða yrðu afgreidd. Hann telur sjálfsagt að þinghald standi þá eitthvað lengur en gert hafði verið ráð fyrir ef menn vilja taka sér lengri tíma í að ræða málið.“ Þar læt ég lokið minni tilvitnun, þetta er efni þess sem hæstv. forsrh. sagði.

Ég er auðvitað alveg sammála honum. Það þarf að taka tíma til þess að ræða þessi mál, en það skín í gegnum þetta að þau eigi að ræða þau í þeirri mynd sem þau eru núna og þar megi engu breyta. Þar kemur enn og aftur þessi agi sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að hafa hér og sýna þannig ákveðinn yfirgang í garð þingmanna.

Forseti (Jón Helgason):

Ég mun að sjálfsögðu verða við þeirri ósk sem hér hefur fram komið frá tveimur hv. nefndarmönnum allshn. um að ljúka ekki þessari umræðu nú. Ég tók þannig til orða áðan að nefndin í heild gæti ekki staðið að breytingu vegna þess að ég vildi ekki útiloka að einstakir nefndarmenn gerðu það en taldi mig geta talað þá fyrir mig sjálfan þannig að ég mundi ekki geta staðið að slíkri brtt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla að tala um málið þó mér væri ljúft að stuðla að frekari útbreiðslu Tímans og sé ánægður með að fyrrv. ritstjóri Morgunblaðsins skuli sýna því ágæta blaði slíkan áhuga, þá var það nú ekki það sem ég ætlaði að ræða hér um, heldur það mikilvæga mál sem hér er til umfjöllunar í deildinni.

Það er svo með þetta mál að að því hefur verið unnið í mjög langan tíma og ég leyfi mér að fullyrða að um það ríkir góð samstaða innan kirkjunnar og á þeim tíma sem ég gegndi starfi kirkjumálaráðherra var ánægjulegt að koma að því starfi. Ég þakka hæstv. núv. kirkjumálaráðherra fyrir hans góðu störf að þessu mikilvæga máli og ég veit að allir starfsmenn Þjóðkirkjunnar og sóknarnefndir leggja mikla áherslu á að þessu máli verði lokið.

Hins vegar verður auðvitað aldrei hægt að vinna þannig að slíkum málum að allir séu sammála. Það eru mismunandi skoðanir innan sóknanna í landinu. Það eru t.d. mismunandi skoðanir á því hvað prestaköllin eigi að vera stór og það hefur verið mikil andstaða oft og tíðum gegn því að sameina prestaköll. *Hins vegar er ljóst að það eru önnur sjónarmið* sem segja okkur að eðlilegt sé að gera það í ljósi breyttra samgangna.

Ég bað um orðið vegna þess að hér var vikið að einu tilteknu máli sem er Bjarnanessprestakall. Ég hlýt því að gera nokkra grein fyrir því máli og lýsa afstöðu minni í því. Um langan tíma hefur prestur í Bjarnanessprestakalli setið á Höfn og það má segja að um langan tíma hafi þeir prestar sem þar hafa gegnt viljað sitja á þeim stað af margvíslegum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja. Þar hefur verið húsnæðisvandi og menn hafa staðið frammi fyrir því hvort byggt skyldi upp á nýjan leik í Bjarnanesi. Sá prestur sem hefur setið á Höfn á þeim tíma taldi nauðsynlegt að fjarlægja þær byggingar sem þar eru fyrir, sem er líka viðkvæmt mál því þar hafa bændur búið um langan tíma, fengu þar ábúð þegar prestur sat þar fyrir mjög löngu síðan.

Það er nauðsynlegt í tilfellum sem þessum, að mínu mati, að sóknarnefndirnar ráði mestu um það hvað gera skuli í svo viðkvæmum málum. Ég tel það á allan *hátt óeðlilegt að Alþingi ákveði það með löggjöf hvar* prestar skuli sitja, heldur eigi fólkið sjálft að hafa mest um það að segja, koma því áliti til biskups, biskups að úrskurða um það og kirkjumrh. síðan að staðfesta það. Í þessu máli liggur það fyrir að sóknarnefnd í Nesjum er andvíg því að prestur sitji á Höfn. Sóknarnefnd á Höfn vill hins vegar að prestur sitji þar og sóknarnefnd í Bæjarhreppi í Lóni vill jafnframt að presturinn sitji á Höfn. Og þeir prestar sem starfað hafa þar að undanförnu, í alllangan tíma, hafa fremur kosið að vera þar. Þessi vilji liggur fyrir og biskup hefur skrifað bréf um þennan vilja og ég úrskurðaði það sem þáv. kirkjumrh. að að þessum vilja skyldi farið.

Nú kann sumum að finnast að í tilfelli sem þessu eigi minni hluti að ráða af ýmsum öðrum ástæðum, eins og sögulegum o.s.frv. En hver er færari um að gæta þessarar sögu en fólkið sjálft sem þarna býr? Ég er *hlynntur því að kirkjan hafi sem mest* sjálfstæði og sjálfstæði hennar hlýtur m.a. að felast í því að þeir sem í söknunum búa hafi mest um það að segja hvernig þessum málum er fyrir komið. Það er að mínu mati algjörlega óeðlilegt að Alþingi Íslendinga gangi á móti slíkum meirihlutavilja og þá þurfi það að vera mögulegt í ljósi breyttra aðstæðna að breyta þessari skipan ef meiri hlutinn vill það. Ég get nefnt mörg önnur dæmi sem eru hliðstæð. Ég get t.d. nefnt að það situr prestur á Valþjófsstað í Fljótsdal, í mínu kjördæmi, alveg í endanum á sókninni. Það er alveg ljóst að þegar fram líða stundir mun verða þar breyting á ef meiri hluti sóknarinnar kýs svo og ég tel að sóknirnar eigi að hafa þennan rétt.

Á þetta vildi ég leggja áherslu og vænti þess að hér sé hægt að afgreiða þetta mál. Ef menn telja eðlilegt að þetta sé ákveðið með lögum og vilji meiri hlutans í söknunum ekki virtur, þá er það auðvitað skoðun út af fyrir sig. En henni er ég mjög andvígur.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Afgreiðsla þingmála.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að vera langorður en svo vel ber í veiði að hæstv. forsrh. birtist hér. Hér áðan var verið að lesa upp úr dagblaðinu Tímanum sem boðað hefur frjálslyndi og framfarir í sjö tugi ára, hvorki meira né minna, en menn þekkja nú allt frjálslyndið og framfarirnar sem þeir hafa barist fyrir. Þetta er hins vegar hin merkasta forsíða sem hér birtist og mjög fögur mynd af hæstv. forsrh. og yfirskriftin er þessi: „Forsrh. segir þingið sitja þar til kvótamálið er afgreitt. Mega tala sig rauða og bláa um kvótann". Það segir hann nú. Það eru hv. alþm. sem forsrh. er að ávarpa með þessum hætti.

Úr því að ég var nú að biðja um orðið hér núna um þingsköp leyfi ég mér að geta þess að hér var upplýst áðan að varðandi frv. sem um prestaköllin fjallar hefði hv. allshn. verið á fundi þegar hæstv. forseti hóf hér framsögu án þess að við vissum af, hin sem vorum á fundi í nefndinni til að fjalla um það mál. Við höfðum ekki ætlað að blanda einstökum ágreiningsefnum, eða álitaefnum skulum við frekar segja vegna

þess að ég vil ekki tala um ágreining í nefndinni, við höfum reynt að leysa málin í bróðerni, þá bregður svo við að hæstv. sjútvrh., áður hæstv. dómsmrh. og kirkjumrh., fer að taka einstakt dæmi hér í ræðustól og útmála það af hæversku sinni að það sé nú fólkið í landinu sem öllu eigi að ráða í þessum efnum og nefnir þar sérstaklega til ákveðna sóknarnefnd, einmitt það mál sem við erum að fjalla um og reyna að leysa í bróðerni. Hann gat þess svo sem ekki að það mun hafa verið tveim dögum áður en hann lét af embætti dómsmrh. sem hann hafði síðast afskipti af þessu máli. Hvort þau afskipti hafi verið af hinu góða eða ekki skal ég náttúrlega ekki ræða nú, en ég held að hann hefði átt að hlífast við að fara að nefna þau afskipti sín af þeim málum, að það hafi verið til þess að vilji fólksins kæmi fram og lýðræðisástin hafi verið svo mikils ráðandi í gjörðum hans þar. Ég held að þau orð hefðu betur verið ósögð, en við höfðum ekki ætlað okkur að ræða það mál efnislega fyrr en síðar og það mun þá væntanlega gert eftir helgi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að lýsa því hér yfir að það hefur valdið mér vonbrigðum að hæstv. núv. sjútvrh., fyrrv. kirkjumrh., skuli einmitt fara með í ræðustól þær umræður sem við ætluðum að reyna að koma í veg fyrir og ég er honum sammála um að eiga helst ekki að fara fram hér í þinginu. Svo viðkvæm mál ber að leysa í nefndarstörfum en ekki hér í umræðum. Það var það sem ég var að reyna að gera grein fyrir, að við vildum fá tíma til að leysa málin, til þess að þurfa ekki að fara með slíkar umræður hér inn í þingsalinn. Beiðni mín um frestun á þessu máli beindist einmitt að því að gera það ekki. Nú hefur hæstv. sjútvrh. og fyrrv. hæstv. kirkjumrh. hins vegar gefið tilefni til þess að slík umræða fari hér fram sem ég ætla samt sem áður ekki að stunda.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Aðeins af því að hv. þm. Eyjólfur Konráð gerði að umræðuefni það ágæta blað Tímann sem hann lýsti réttilega sem frjálslyndu og framfarasinnuðu þá kemur mér á óvart að svo lífsreyndur maður og fyrrv. ritstjóri skuli láta rauða og bláa fyrirsögn fara eitthvað fyrir brjóstið á sér. Fyrirsögnin er eflaust ritstjórans eins og gengur og gerist og engir þekkja betur en hv. þm. Hins vegar sýnist mér það sem segir í greininni vera efnislega nákvæmlega það sama og ég sagði hér niðri í Nd. Það væri ekki rétt af mér að meina þingmönnum einhverja daga til viðbótar ef þeir vilja ræða betur svo mikilvægt mál. Það er það sem ég sagði. Ég álít að þarna eigi að gæta lýðræðislegra vinnubragða. Á fyrirsögninni tek ég því enga ábyrgð. Hún má vera svört og hvít eða hvað sem er. Því verða aðrir að ráða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Gulur, rauður, grænn og blár, þeir litir geta gengið í fyrirsagnir, en það er nú meginskylda góðs blaðs og góðra blaðamanna að falsa ekki fréttir með fyrirsögnum. Það er einn mesti glæpurinn af öllum glæpum, að leiða fólk í villu með því að hafa fyrirsögnina alls ekki í samræmi við það sem viðkomandi maður segir. Það sýnir að þetta blað — ég held nefnilega að það sé rétt sem hæstv. forsrh. sagði, ég held hann hafi aldrei sagt þetta með þessum orðum hér í umræðunni. Það sýnir að þetta blað, Tíminn, er sorpblað. Það falsar fréttir vísvitandi í fimm dálka fyrirsögn. Það er sorpblað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 178, n. 1052, brtt. 1053.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, frá heilbr.- og trn., en nál. hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað rækilega um þetta frv. Eftirtaldir menn hafa komið á fund nefndarinnar til viðræðna um efni þess: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri og Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., Logi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landakotsspítala, Ólafur Örn Arnarson, yfirlæknir Landakotsspítala, Magnús Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Borgarspítalans, Páll Gíslason, formaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, varaformaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ólafur Magnússon, formaður Félags sjálfstætt starfandi heimilislækna, Skúli Johnsen borgarlæknir, Sigþrúður Ingimundardóttir, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, og Ásta Möller, formaður Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Nefndinni bárust erindi og umsagnir um frv. frá: borgarlækni, Félagi forstöðumanna sjúkrahúsa, Félagi íslenskra heimilislækna, Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, Félagi yfirlækna, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Friðriki J. Friðrikssyni héraðslækni, Geðlæknafélagi Íslands, Geðverndarfélagi Íslands, heilbr.- og trmrn., heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar, Stefáni Þórarinssyni héraðslækni, Halldóri Jónssyni héraðslækni, Ísleifi Halldórssyni héraðslækni, Hjúkrunarfélagi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Húsavíkurkaupstað, Jóhanni Ág. Sigurðssyni héraðslækni, landlækni, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Læknafélagi Austurlands, Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, læknum á höfuðborgarsvæðinu, nefnd landshlutasamtaka sveitarfélaga um stjórn heilbrigðismála, Ólafi F. Magnússyni lækni, Ólafi H. Oddssyni héraðslækni, ríkisspítölum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, St. Jósefsspítalan-

um í Hafnarfirði, St. Jósefsspítalanum í Landakoti, starfsmannaráði Borgarspítalans, starfsmannaráði Sjúkrahúss Suðurlands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Frv. var lagt fram á haustþingi og var upphaflega stefnt að afgreiðslu þess fyrir jól. Um það tókst ekki samstaða en eftir veigamiklar breytingar á frv. náðist að afgreiða málið úr nefndinni. Helstu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á frv., varða skipan heilbrigðismálaráðs, stofnun nýrra heilsugæsluumdæma og breytingu á skipan heilsugæslustöðva í Reykjavík. Einnig er gert ráð fyrir því að sjúkraþjálfarar starfi við allar H2-heilsugæslustöðvar og í hverju heilsugæsluumdæmi í Reykjavík og að aldraðir verði einnig vistaðir á hjúkrunarheimilum eins og langlegusjúklingar. Bætt er við heimild fyrir heilbrrh. til að skipa héraðslækni í fullt starf við önnur læknishéruð en þau sem getið er í 3. gr. frv. Ný ákvæði eru sett um kostnað við viðhald og tækjakaup heilsugæslustöðva, einnig um stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík og sjúkrastofana Reykjavíkur og gert er ráð fyrir að heilbrrh. geti samið við aðra aðila um rekstur heilbrigðisstofnana.

Nefndin telur rétt að ágreiningur um valdsvið sérmenntaðs starfsliðs á heilbrigðisstofnunum verði leystur með sama hætti og verið hefur. Nefndin bendir sérstaklega á breytingu á 10. gr., um að þrátt fyrir skiptingu í heilsugæsluumdæmi geti íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslu- eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva. Nefndin tekur skýrt fram að nauðsynlegt sé að þróa heilsugæslukerfið í Reykjavík en leggur jafnframt áherslu á að réttur sjálfstætt starfandi lækna sé tryggður.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, formaður nefndarinnar, Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara, Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Guðrún Agnarsdóttir sem ritar einnig undir nál. með fyrirvara.

Við þetta frv., eins og ég vék að áðan, eru fluttar brtt. á þskj. 1053 frá heilbr.- og trn. Lagt er til að 3. gr. orðist svo:

„2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

6.2. Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðslækna til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs héraðslæknisstarfsins. Skulu héraðslæknar samkvæmt áðurgreindu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðslæknar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.

6.3. Ráðherra skipar héraðshjúkrunarfræðing í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðshjúkrunarfræðinga til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðshjúkrunarfræðingar er ráðherra heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn."

Við 4. gr.: „1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Heilbrigðismálaráð skal skipað héraðslækni, héraðshjúkrunarfræðingi og einum fulltrúa tilnefndum af stjórn hverrar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss í héraðinu."

Lagt er til að 10. gr. orðist svo:

„2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

14.2. Í Reykjavík skulu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem hér segir:

1. Vesturbæjarumdæmi, þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:

1.1. Garðastræti H2, starfssvæði: Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að austan og Hringbraut til sjávar að sunnan.

1.2. Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg H2, starfssvæði: Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að vestan, flugvöllur að sunnan og Snorrabraut að austan.

1.3. Drápuhlíð H2, starfssvæði: Hlíða-, Norðurmýrar- og Túnahverfi sem markast af Snorrabraut og flugvallarsvæði að vestan og Kringlumýrarbraut að austan.

2. Miðbæjarumdæmi, þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:

2.1. Laugarnes H2, starfssvæði: Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrarbrautar að sunnan, Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að austan.

2.2. Borgarspítalinn H2, starfssvæði: Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrarbrautar að norðan, Breiðholtsbraut að austan og Kópavogur að sunnan.

2.3. Voga- og Heimahverfi H2, starfssvæði: Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að vestan, Elliðaár að austan og Miklabraut að sunnan.

3. Austurbæjarumdæmi syðra, þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:

3.1. Breiðholt I og II H2, starfssvæði: Elliðaár að norðan, Reykjanesbraut að vestan, landamerki við Kópavog að sunnan og Arnarbakki að austan.

3.2. Breiðholt III H2, starfssvæði: Elliðaár að norðan og austan, Arnarbakki og Höfðabakki að vestan og Breiðholtsbraut að sunnan.

4. Austurbæjarumdæmi nyrðra, þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:

4.1. Árbær og Seláshverfi H2, starfssvæði: Grafarvogur að norðan, Elliðaár að vestan og sunnan og Lækjarbotnar að austan.

4.2. Grafarvogshverfi H2, starfssvæði: Grafarvogur að sunnan, landamerki Reykjavíkur og Mosfellsbæjar að austan.

Starfssvæði heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi nær frá Hringbraut að norðan að flugvelli að austan.

Þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni."

Lagt er til að 15. gr. orðist svo:

„1. mgr. 17. gr. orðist svo:

17.1. Ráða skal sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar H2. Í Reykjavík skal vera a.m.k. einn sjúkraþjálfari í hverju heilsugæsluumdæmi."

Á eftir 15. gr. er lagt til að komi ný grein er orðist svo:

„Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætast fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Hvorugur aðili á kröfur á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skulu teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður. Heilbrrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds."

Lagt er til að 16. gr., er verði 17. gr., orðist svo:

„Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.

b. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:

20.2. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Lagt er til að 17. gr., er verði 18. gr., orðist svo:

„Í stað 2. mgr. 21. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús fer stjórn þess, sbr. 30. gr., með málefni allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi skulu þær vera undir einni sameiginlegri stjórn.

21.3. Stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík skulu skipaðar fimm mönnum. Einn stjórnarmanna skal skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður; hann skal vera búsettur í umdæminu. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu borgarstjórnar og einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna heilsugæslustöðvanna í umdæminu. Ráðherra setur reglur um kjör fulltrúa starfsmanna. Í Reykjavík ráða stjórnir heilsugæslustöðva framkvæmdastjóra þeirra og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. Fer um mat á hæfni hans skv. 30. gr. Ráðherra setur reglugerð í samráði við héraðslækni um fyrirkomulag á samvinnu heilsugæslustöðva innan Reykjavíkurhéraðs. Þar skal m.a. kveðið á um ráðningu framkvæmdastjóra."

Lagt er til að 18. gr., er verði 19. gr., orðist svo:

„22. gr. laganna orðist svo:

22.1. Stjórnir heilsugæslustöðva ráða starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélög."

Lagt er til að 4. tölul. 20. gr., er verði 21. gr., orðist svo:

„4. Hjúkrunarheimili. Vistheimili fyrir aldraða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa."

Lagt er til að 22. gr., er verði 23. gr., orðist svo:

„Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:

30.2. Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar skal skipuð fimm mönnum. Borgarstjórn Reykjavíkurborgar kýs þrjá fulltrúa í stjórnina og starfsmannaráð tvo.

b. Á eftir 2. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

30.3. Sjúkrahúsum (öðrum en þeim sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar) skal stjórnað af fimm manna stjórnum sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð sjúkrahúsa tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá og ráðherra einn og skal hann vera búsettur á starfssvæði sjúkrahússins; er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

30.4. Einkasjúkrahúsum og sjálfseignarstofnunum skal stjórnað af fimm manna stjórnum þar sem í eiga sæti þrír kosnir af eigendum, einn fulltrúi kosinn af starfsmannaráði og einn tilnefndur af heilbr.- og trmrh. Stjórnir einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana skipta sjálfar með sér verkum.

c. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 8. mgr. og orðist svo:

30.8. Stjórnir sjúkrahúsa ráða starfslið sjúkrahúsanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélög."

Lagt er til að 23. gr. falli brott.

Lagt er til að 24. gr. orðist svo:

„Eftirtaldar breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:

34.4. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvörðun Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma. Ráðherra getur gert samkomulag við aðra aðila en þá sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum, um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.

b. Við 3. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu fyrir eign eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skal teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður. Heilbrrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds.

c. Síðari málsliður 4. mgr. falli brott."

Lagt er til að 25. gr. falli brott, svo og 27. gr.

Lagt er til að 29. gr., er verði 27. gr., orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lögin hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt."

Í stað 1. og 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða komi nýr töluliður sem orðist svo:

„1. Heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því sem er við gildistöku laga þessara þar

til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það en þó ekki lengur en til ársloka 1991. Ráðherra skal skipa þriggja manna stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Formaður skal skipaður án tilnefningar, einn skal skipaður samkvæmt tillögu Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tillögu tryggingaráðs. Stjórnin skal í umboði heilbr.- og trmrh. annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurhéraði undirbúa að starfsemi stöðvarinnar leggist niður eigi síðar en 1. jan. 1992. Frá þeim tíma falla lög um heilsuverndarstarf, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, úr gildi."

Lagt er til að 3. tölul., er verði 2. tölul., orðist svo:

„2. Stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík, sbr. 21. gr., og stjórnir sjúkrahúsa, sbr. 30. gr., skulu kosnar eftir næstu reglulegar sveitarstjórnarkosningar en fram að þeim tíma skulu þær vera óbreyttar. Tilflutningur starfsmanna, annarra en starfsmanna Borgarspítala, einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana, fer fram þegar nýjar stjórnir hafa tekið við og skal lokið fyrir árslok 1990. Um réttindi þeirra starfsmanna fer skv. lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

4. tölul. falli síðan brott.

Hér er um umfangsmiklar breytingar að ræða og ég vona að hv. þm. hafi nú áttað sig á þessum lestri öllum. *Hann er allumfangsmikill og flókinn.* Tekist hefur, að ég held, mjög gott samstarf í nefndinni og ég vil nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir að hér hefur verið leitað leiða til þess að sættast í annars kannski nokkuð viðkvæmu máli og þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við samþykkt þessa frv.

Meginefni frv. tel ég vera það að nú er loksins verið að koma á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu eins og hefði átt að gera fyrir löngu. Það hefur jafnan frestast um hver áramót og hef ég yfirleitt verið andvíg þeirri frestun þar til alveg síðast þegar lofað var að þessi breyting stæði fyrir dyrum. Það er sam sagt meginefni þessa frv. sem mér finnst vera mikilvægt.

Síðan eru ýmsar aðrar breytingar sem eru til bóta, en frv. er flutt ekki síst vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það eru ýmsar stjórnunarbreytingar eða breytingar á stjórnsýslu heilbrigðisþjónustunnar sem koma hér til og hafa verið gerðar talsverðar breytingar á frv. frá því það var lagt fram fyrst, eins og kom fram í máli hv. framsögumanns nefndarinnar.

Ég mun nú gera grein fyrir helstu fyrirvörum sem ég hef.

Það er þá í fyrsta lagi að ég tel að 1. gr. sé í raun óþörf og hún hefði mátt vera eins og hún var. Ég sé ekki ástæðu til þess að breyta greininni eins og hún er í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um að landlæknir skuli annast útgáfu heilbrigðisskýrslna í samvinnu við deildir ráðuneytisins.

Í öðru lagi er það þá 3. greinin. Ég er ekki sannfærð um að í raun og veru sé þörf eða grundvöllur fyrir starf héraðslækna sem eru embættislæknar, bæði í Norðurlandshéraði eystra og þó sérstaklega í Reykjaneshéraði, og enn síður er ég sannfærð um að heimild þurfi til að ráða slíka héraðslækna víðar. Ég tel að það hefði hreinlega átt að vera heimildarákvæði um aðra héraðslækna en þann sem er í Reykjavík, þ.e. að um sérmenntaðan embættislækni væri að ræða.

Síðan held ég að mjög mikilvægt sé að sá læknir sem gegnir embætti héraðslæknis, eins og getið er um í 3. gr. nú, sé starfandi læknir á svæðinu, ekki endilega heilsugæslulæknir, heldur almennt starfandi læknir, og haldi þessum starfrænu tengslum sínum. Ég held að það sé nauðsynlegt.

Síðan hef ég athugasemd við 5. gr. Ég held að þar hefði mátt koma inn að ráðherra setti héraðslæknum *erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis og umsögn* Læknafélags Íslands til að fá aðra faglega umsögn. Það er þó ekki meginatriði.

Hins vegar er það 9. gr. Þar hefur vissulega á metnaðarfullan hátt verið aukið við menntuðu starfsliði þegar heilsugæslustöð er skilgreind. Nú eru allar heilsugæslustöðvar, H2, H1 og H-stöðvar skilgreindar sem heilsugæslustöðvar einungis ef þar er læknir *og hjúkrunarfræðingur eða, í tilvikinu um H-stöðina,* að læknir hafi aðsetur varanlega eða um tiltekinn tíma eða vitji stöðvarinnar. Ég er ekki á móti því að landsbúum sé boðið upp á heilbrigðisþjónustu sem best menntaðs starfsfólks. Hins vegar tel ég að það gæti komið til erfiðleika víða úti á landsbyggðinni, sérstaklega varðandi H1 stöðvarnar og kannski líka H-stöðvarnar, að manna þær eins og hér stendur. Það er hins vegar mál hæstv. heilbrrh.

Eins og ég sagði áðan hafa bæst ýmsar breytingar við frv. frá því að það var fyrst flutt. M.a. við 10. gr. frv. sem varðar 14. gr. laganna. Þar kemur í lok þeirrar greinar ákvæði um að þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geti íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Þarna er komið til móts við óskir borgaranna um að geta leitað til þeirra lækna sem þeir ævinlega hafa haft og að sú ráðstöfun að koma á fót heilsugæslustöðvum í Reykjavík verði ekki í einu vetfangi og ryðji burtu því kerfi sem hér hefur verið heldur verði þessu leyft að þróast eftir því sem eftirspurn og óskir fólksins kveða á um.

Til þess að þetta ákvæði geti í raun orðið val fyrir almenning var stungið upp á því að við 8. gr. frv., sem varðar 12. gr. laganna, komi áhersluákvæði sem kveði svo á að læknum sé þó heimilt að stunda heimilislækningar og sérfræðistörf á eigin stofum til að veita þessu vali starfsgrundvöll, ef svo mætti að orði komast. Það hefur þó verið tekið fram sérstaklega í nál. að sá skilningur ríki að þetta sé raunveru-

legur valkostur fyrir borgarana og vona ég að hæstv. heilbrmrh. staðfesti það hér á eftir.

Síðan vildi ég aðeins nefna í tengslum við 15. gr. frv. sem varðar 17. gr. laganna. Þegar 13. gr. laganna var breytt, eins og stendur í 9. gr. frv., var jafnframt fellt niður að sjúkraþjálfarar skyldu starfa við heilsugæslustöðvar, H2. Ég tel að starf sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar sé mjög mikilvægt í fyrirbyggjandi tilgangi og þeirri tegund sjúkraþjálfunar verði varla sinnt svo að vel sé á öðrum stöðum í Reykjavík þar sem mikið annríki er við önnur verkefni. Ég tel því brýnt að taka það sérstaklega fram í lögum að þeim sé ætlað að starfa við heilsugæslustöðvar og þá einkum við fyrirbyggjandi störf.

Síðan er það 27. gr. frv. sem varðar 47. gr. laganna. Þar hafði verið breyting í frv. Ég tel til bóta að sú breyting hafi verið felld niður. Ég tel eðlilegt að fólk leitist við að leysa þann ágreining sem upp kemur í starfi, einnig um valdsvið sérmenntaðs starfsliðs, á sínum eigin starfsvettvangi. Það eru ákvæði í lögum sem leyfa að þessi ágreiningur sé tekinn til stjórnar heilsugæslustöðvarinnar eða jafnvel til landlæknis, ef fólkið treystir sér ekki til að leysa hann sjálft á vettvangi sem ég tel þó vera æskilegast. Þess vegna fannst mér eðlilegt að þessi grein félli út úr frv. og er sátt við að hún geri það.

Síðan er það eitt í viðbót sem er í ákvæði til bráðabirgða og varðar starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar. Ég er ekki sátt við það að starfsemi hennar eigi að leggjast niður frá og með 1. jan. 1992. Ég tel að hún hafi hlutverki að gegna og það verði að sjá hvernig þróun heilsugæslustöðvanna leysir af hendi þá heilsugæslu sem þörf er á í Reykjavík. Ég held að það verði áfram þörf fyrir ýmsa starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar og er því ekki sátt við að hún verði lögð niður eins og þarna stendur. En mér skilst og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það er rétt skilið hjá mér, að það eigi að fara fram heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu, jafnvel í sumar og þá verði e.t.v. endurskoðuð fleiri ákvæði ásamt þeim sem hér eru. Að sjálfsögðu þarf að endurskoða þau síðar til að sjá hvernig framkvæmd þeirra reynist.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, tel ég að þarna sé meginefni að verið er að koma á heilsugæslustöðvakerfi í Reykjavík sem hefði átt að vera komið á fyrir löngu og hef því ákveðið að styðja þetta frv. með þeim fyrirvara sem ég hef lýst.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem ég hef skrifað undir nál. sem frsm. nefndarinnar, hv. 3. þm. Norðurl. v., hefur nú gert grein fyrir þótti mér rétt að gera aðeins grein fyrir því. Það má segja, og þar get ég einnig talað fyrir munn hv. 14. þm. Reykv., að fyrirvari okkar sé í raun sá sami og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv. þegar hún gerði grein fyrir sínum fyrirvara við frv. Ég ætla þess vegna efnislega ekki að fara út í einstakar greinar eða brtt.

Eins og fram hefur komið hér þá hefur þetta frv. legið í nefndinni. Það fékk mikla umfjöllun fram að jólum en hefur svo legið lengi óhreyft. Vegna þess að það bárust það miklar athugasemdir við frv. frá ýmsum aðilum var útilokað að afgreiða það eins og það var lagt hér fram upphaflega. Það var ljóst að þetta frv. hefði aukið miðstýringu að mörgu leyti og ég ætla ekki að fara út í þær einstöku greinar. Eins og það liggur nú fyrir með þeim brtt. sem nefndin stendur að teljum við að það sé ásættanlegt, enda hafði verið unnið ítarlega að því að ná fram samstöðu þeirra hagsmunaaðila um frv. sem kannski eiga hvað mestra hagsmuna að gæta. Þá er ekki síst um að ræða það sem snýr að Reykjavíkurborg, heilsugæslunni þar og sjúkrastofnunum.

Það sem mér fannst upphaflega vera ástæða til að gera athugasemdir við var það að réttur sjúklinga hér í borginni var óljós hvað varðaði það að sjúklingar ættu valkosti um hvert þeir leituðu læknisþjónustu, hvort það væri á væntanlegar heilsugæslustöðvar eða til sjálfstætt starfandi heimilislækna eða heilsugæslustöðva og hver framtíð þeirra yrði. Það hefur nú komið fram, bæði varðandi þær brtt. sem gerðar hafa verið við frv. og eins í framsögu hv. 3. þm. Norðurl. v. þegar hann gerði grein fyrir þeim brtt., að réttur sjúklinga að þessu leyti hefur verið tryggður. Þeir geta áfram þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Við töldum skipta miklu máli að ná þessu fram í nefndinni. Þess vegna fagna ég því að það hefur tekist og vænti þess að hæstv. heilbrrh. staðfesti það hér á eftir að sá skilningur sé réttur hjá okkur að áfram geti sjálfstætt starfandi heimilislæknar starfað á heilsugæslustöðvum og veitt þessa þjónustu eins og verið hefur.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að fara í einstök atriði, hvorki brtt. eða frv. umfram það sem ég hef nú gert, en mér þótti nauðsynlegt að láta koma fram hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. sem sæti eiga í heilbr.- og trn. deildarinnar fyrir þeirra miklu vinnu í sambandi við þetta frv. Mér er kunnugt um að það hafa verið haldnir margir langir og strangir fundir, bæði fyrir áramótin og svo aftur nú í þessum önnum sem þingstörfin eru í svo að það er fyllilega ástæða til þess að þakka þeim fyrir þeirra ágætu störf.

Ég veit ekki hvort það eru mörg frv. sem hafa fengið eins marga undirskriftalista með eins mörgum nöfnum og athugasemdum og þetta frv. fékk fyrir áramótin. Fannst mér reyndar sumt af því kannski meira unnið af kappi en forsjá, en hvað um það. Um málið hefur núna náðst samkomulag sem ég vil þakka nefndarmönnum enn fyrir og hvernig þeir hafa staðið að afgreiðslu málsins.

Nefndinni bárust fjölmargar athugasemdir og um-

sagnir sem reynt hefur verið að taka tillit til að verulegu leyti. Það hafa verið gerðar breytingar á frv. sem taka mið af þeim umsögnum og sem ég fyrir mitt leyti a.m.k. get mjög vel sætt mig við. Auðvitað kann að vera að einhver áherslumunur sé og er alltaf þegar leitað er samkomulags. Einhverjir vildu kannski hafa hlutina örlítið öðruvísi, en ég tel að hér sé um mjög ásættanlegt frv. að ræða, eins og það væntanlega verður ef þær brtt. verða samþykktar sem nefndin hefur sameinast um að flytja.

Það er e.t.v. ástæða til að ræða örlítið um það mál sem mér heyrist að hafi a.m.k. nú í seinni lotunni verið umræðuefni nefndarmanna, þ.e. starfsemi heimilislækna utan heilsugæslustöðva, svo og starfsemi annarra sérfræðinga í læknastétt sem reka eigin læknastofur. Ég vil fyrir mitt leyti láta það koma fram að ég er mjög ásáttur við brtt. í 3. lið á þskj. 1053. Í seinasta málsl. segir: „Þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni."

Ég er mjög ásáttur við þessa breytingu eins og hún hljóðar hér. Það var aldrei, hafi það ekki verið nægilega skýrt í upphaflegu frv., meiningin þó höfuðborginni væri skipt niður í heilsugæslumdæmi og niður á einstök starfssvæði heilsugæslustöðva að *menn ættu ekki aðgang að hvaða heilsugæslustöð* sem þeir kysu sér og gætu ekki áfram leitað til þeirra heimilislækna sem starfa utan heilsugæslustöðva. Í dag munu vera um 30 læknar sem þannig starfa hér í Reykjavík. Sumir þeirra eru með skráða samskiptaaðila kannski tvö þúsund. Ef þeir væru allir með tvö þúsund væri hér um að ræða tugi þúsunda borgarbúa. Það hlýtur því að vera langt í að sú starfsemi verði af lögð og ekki hafa verið uppi neinar hugmyndir um það að ganga í það með byltingarkenndum hætti.

Ég vil hins vegar láta það koma fram sem mína skoðun að við eigum að halda áfram að byggja markvisst upp heilsugæslustöðvarnar hér í Reykjavík. Um það held ég að sé enginn ágreiningur í sjálfu sér. Þar eru mörg og dýr verkefni fram undan því að ný hverfi rísa svo skjótt að það hefur ekki verið hægt að fylgja því eftir að byggja heilsugæslustöðvar í þessum hverfum. Nýjasta dæmið er auðvitað Grafarvogurinn en sama má segja um Breiðholtshverfin. Þó að þau geti nú varla lengur talist ný er enn eftir að reisa þar heilsugæslustöðvar þó svo að við höfum nýlega náð þeim ánægjulega og mikilvæga áfanga að opna þar nýja heilsugæslustöð.

Ég hef hugsað mér að setja í gang vinnu við áætlunargerð þar sem fram komi hvernig staðið verður að því á næstu árum að reyna að fullnægja þessari þörf. Ég hef rætt það við suma heimilislækna sem starfa utan heilsugæslustöðvanna að það væri mín stefna og skoðun. Um það er í sjálfu sér enginn ágreiningur. Þá verður þessum læknum boðið að koma til starfa á þeim heilsugæslustöðvum ef þeir kjósa það. Það er ekki meiningin að stöðva á einn eða annan hátt þeirra starfsemi að öðru leyti. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki fyrir mér að slíkt væri framkvæmanlegt af hálfu neins aðila með skjótum hætti hvernig svo sem hugur hans og vilji kann að vera í því efni. Er ég þá að hugleiða um það að þó að í ráðherrastól heilbrrn. settist maður með einhver önnur sjónarmið hvað þetta varðar eru ekki tök á því að gera neinar slíkar byltingarkenndar breytingar.

Varðandi sérfræðingana sem hafa starfað utan stofnana er auðvitað líka ljóst að það eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar hvað varðar starfsemi eða starfssvið eða starfsvettvang þeirra.

Hv. 6. þm. Reykv. nefndi hlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og vitnaði til ákvæðis til bráðabirgða þar sem segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin" þ.e. væntanleg stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar „skal í umboði heilbr.- og trmrh. annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurhéraði undirbúa að starfsemi stöðvarinnar leggist niður eigi síðar en 1. jan. 1992."

Hér er átt við það að við gerum breytingar á starfi Heilsuverndarstöðvarinnar eins og það er nú rekið. Auðvitað gerist það ekki öðruvísi en aðrar stofnanir í einhverri mynd taki við þeirri starfsemi sem þar er nú rekin, að heilsugæslustöð, annaðhvort í húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar eða hugsanlega í væntanlegri heilsugæslustöð á horni Vesturgötu og Garðastrætis, taki við hlutverki heilsugæslustöðvarinnar sem þar er nú rekin. Annarri starfsemi sem þar er nú í gangi verður auðvitað að finna farveg. Þar rekur t.d. Reykjavíkurborg að hluta til langlegudeild. Þar er veitt ýmiss konar sérþjónusta sem ástæðulaust er að telja hér upp tímans vegna. En ég vil leyfa mér að fullyrða það og það er svar mitt til hv. þm. að það er ekki meiningin að leggja allt þetta starf sem þar er í gangi af og ekkert taki við heldur er hér fyrst og fremst verið að hugsa um það að lög um heilsuverndarstarf, sem hér eru tilgreind, nr. 44 frá 1955, sbr. lög nr. 28/1957, falla úr gildi og við taka þessi lög um heilbrigðisþjónustu með þeim ákvæðum sem þau hafa að geyma.

Ég man ekki hvort aðrar beinar spurningar voru til mín í ræðum hv. þm. (**GA:** Endurskoðun á lögum.) Já, það var spurt um heildarendurskoðun á lögunum. Við höfum nú reyndar ekki verið með það í umræðu eins og er, þannig að þó það hafi flogið fyrir í nefndarstarfinu eða annars staðar þá hefur ekki verið rætt um það að taka slíkt starf upp, a.m.k. ekki nú í sumar. Hér hafa verið gerðar, ef þetta frv. verður að lögum, veigamiklar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu sem ég tel rétt og reyndar nauðsynlegt að fái nokkuð að sýna sig og sanna, sérstaklega hvað varðar ýmsa skipulagshætti. Eru þær afleiðingar af verkaskiptalögunum sem samþykkt voru á seinasta þingi og margsinnis hefur komið fram í umræðum um þetta frv. Ég hef því ekki verið með það í huga að setja nú þegar eða fljótlega í gang heildarendurskoðunarstarf, en vafalaust er ástæða til þess að skoða það og fylgjast vel með því hvenær það væri tímabært.

Mér finnst þó rétt að láta eitthvað af þeim veigamiklu breytingum sem nú er verið að takast á við koma til framkvæmda og láta það koma í ljós hvernig þær reynast.

Varðandi þann ágreining sem einkum fyrir áramótin var uppi varðandi stjórnunarform einstakra heilbrigðisstofnana þá var sá ágreiningur kannski fyrst og fremst við borgaryfirvöld vegna Borgarspítalans. Með frv. eins og það liggur hér fyrir og viðræðum sem ég hef átt við borgarstjóra og fulltrúa úr borgarstjórn Reykjavíkur tel ég að náðst hafi samkomulag um að leggja þau deilumál til hliðar um sinn og leita eftir samkomulagi um það hvernig þeim málum skuli skipað í framtíðinni. Deilurnar risu einkum vegna þess að Reykjavíkurborg hefur sjálf kostað að öllu leyti sumt af því húsnæði sem Borgarspítalinn rekur nú starfsemi sína í. Fallist var á það sjónarmið að ekki væri eðlilegt að gera breytingar á stjórnun Borgarspítalans meðan svo háttaði. Ef hins vegar næst samkomulag og ríki og borg ná saman um kostnaðarskiptingu hvað varðar þetta húsnæði er líka samkomulag um það, álít ég, milli mín og borgarstjóra að þessi mál komi þá aftur til skoðunar.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að frv. fái hér skjótan framgang og veit reyndar að héðan af muni það gera það í þessari hv. deild en vænti þess að það muni gera það í þinginu. Því ég álít afar mikilvægt og brýnt að fá frv. endanlega samþykkt og lögfest, þannig að við getum unnið að verkefninu í samræmi við ákvæði verkaskiptalaganna milli ríkis og sveitarfélaga. Meginhlutinn af þeim brtt. sem hér voru lagðar fram í upphafi voru til komnar vegna þeirra laga, en síðan hefur ýmsum öðrum þáttum verið bætt hér inn sem tvímælalaust mega verða til bóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1053,1 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1053,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.–9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,3 (ný 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
11.–14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1053,4 (ný 15. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,5 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,6 (ný 16. gr., verður 17. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,7 (ný 17. gr., verður 18. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,8 (ný 18. gr., verður 19. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,9 samþ. með 15 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1053,10 (ný 22. gr., verður 23. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1053,11 (23. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,12 (ný 24. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,13 (25. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
26. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,14 (27. gr. falli brott) samþ. með 15 shlj. atkv.
28. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,15 (ný 29. gr., verður 27. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1053,16.a samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1053,16.b samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1053,16.c samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

86. fundur, föstudaginn 27. apríl, að loknum 85. fundi.

Listskreytingasjóður ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (heildarlög). — Þskj. 623.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1081).

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 703, brtt. 1050.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1050 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1084.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Félagsráðgjöf, 3. umr.

Stjfrv., 484. mál (starfsleyfi og sérfræðileyfi). — Þskj. 842.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

77. fundur, föstudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Geir H. Haarde):

Þannig háttar til að óskað hefur verið eftir tíma til þingflokksfunda milli kl. 14 og 15. Forsetar beggja deilda hafa orðið ásáttir um að veita hlé til kl. 15 til þess að auðnast megi að halda þingflokksfundi. Þessum fundi verður því frestað nú og honum fram haldið kl. 15. Forseti vill geta þess að strax þegar fundur hefst að nýju kl. 15 má vænta hér atkvæðagreiðslna þannig að þingmenn eru beðnir að vera í salnum kl. 15. — [Fundarhlé.]

Fundi er fram haldið í neðri deild Alþingis. Áður en gengið er til dagskrár vill forseti segja nokkur orð varðandi þinghaldið í dag og á morgun að því er varðar fundi hér í hv. þingdeild. Það er ætlun forseta að halda áfram í dag fram undir kvöldmat og hefja síðan fund að nýju kl. 10 í fyrramálið. Það verður sem sé ekki kvöldfundur í dag, þriðja kvöldið í röð í þessum sal. Hins vegar er gert ráð fyrir því að fundurinn á morgun geti dregist fram eftir degi eftir því hverju fram vindur með afgreiðslu mála þeirra sem á dagskrá eru.

Það er ætlunin að afgreiða eins mikið af málum og kostur er á þessum degi. Ef ástæða verður til er hugsanlegt að boðað verði til annars fundar hér síðar í dag til að koma málum áleiðis til nefnda eða milli umræðna.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 103. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 105, n. 819 og 820.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 819 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, RA, RG, SighB, StH, SJS, AðB, ÁHE, GeirG, HG.

nei: GHH, IBA, KrP, KE, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SP, SV, ÞP, ÞÞ, AÓB, EH, FÞ, FrS.

5 þm. (HJ, MálmS, ÁrnG, AS, BÍG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er til meðferðar tillaga um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar sem hefur þegar sýnt að hún er ekki fær um að taka á málinu með þeim hætti sem rétt er. Hér er um að ræða mál sem snýst um það að afnema nefskatt sem á var komið illu heilli af núv. hæstv. ríkisstjórn. Frv. gengur út á það að afnema skattinn en tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra fé með öðrum hætti í gegnum staðgreiðsluféð. Þess vegna er rangt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og rétt að samþykkja frv. Ég segi þess vegna nei við frávísunartillögunni.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er andvígur því frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu og vildi helst nýta atkvæði mitt til þess að greiða atkvæði gegn því. Hér liggur hins vegar fyrir tillaga um að vísa frv. til hæstv. ríkisstjórnar og ég get fyrir mitt leyti fallist á þá afgreiðslu mála, þó ekki á sömu forsendum og koma fram í nál. þess nefndarhluta sem tillöguna flytur.

Ég er samþykkur álagningu þess nefskatts sem í frv. er gert ráð fyrir að felldur verði niður og vil að sá skattur verði lagður á áfram með þeim hætti og í þeim tilgangi sem lögin gera ráð fyrir. Ég er sannfærður um

að málefnum aldraðra er best borgið með þeim hætti. Forsendan fyrir því að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar ætti að mínu mati að vera athugun á því hvort rétt sé að lækka tekjuskatt einstaklinga um jafngildi nefskattsins. Á þeim forsendum samþykki ég fyrirliggjandi tillögu um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og segi já.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að biðja um orðið hér um þingsköp til þess að spyrjast fyrir um 249. mál Alþingis, frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem flutt er af fjárveitinganefndarmönnum í þessari hv. deild og allir nefndarmenn standa að. Frv. þetta var lagt fram hinn 21. des. sl. og vísað til hv. fjh.- og viðskn. þann 21. mars. Mig langar að spyrjast fyrir um það hverju það sæti að þetta mál, sem undirbúið er af fulltrúum allra flokka í fjvn. og er þar algert samkomulagsmál, skuli ekki vera tekið fyrir hér í hv. deild. Hversu oft þetta mál hefur verið tekið fyrir í hv. fjh.- og viðskn. er mér ókunnugt um og ég leyfi mér að spyrjast fyrir um það hvenær það var þar síðast fyrir tekið. Enn fremur leyfi ég mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. formanni fjvn., 1. flm. málsins, hv. 5. þm. Vestf., hvort hann ætli að sætta sig við það að mál sem lögð hefur verið í jafnmikil vinna og þetta af hálfu fulltrúa allra flokka í fjvn. verði látið sofna hér á þessu þingi.

Ég þarf ekki að ítreka það að mál þetta er flutt af ærinni þörf og ærnu tilefni. Ég skal ekki rekja það tilefni í þessari ræðu að öðru leyti en því að með frv. er ætlast til að komið verði á breyttri skipan á meðferð ríkisfjármála þannig að þau lög sem hér er stefnt að því að setja verði tæki til þess að taka framkvæmd ríkisfjármála styrkari tökum en verið hefur nú um skeið. Ég held að engum blandist hugur um að á því sé full þörf. Fyrir því eru ærin dæmi nú á síðustu árum og ný dæmi eru ætíð að bætast við sem sanna það að á því er full þörf. Þau ætla ég ekki að rekja í þessari ræðu minni fyrr en ég hef heyrt svör þeirra hv. þm. sem hér eiga hlut að máli.

En ég hlýt að leggja á það afar sterka áherslu að mál af þessu tagi, sem hefur þá sérstöðu að vera undirbúið af fulltrúum allra flokka sem sæti eiga í fjvn. og flutt á vegum þeirra í heild, verði afgreitt hér á þessu hv. Alþingi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að þetta mál er ekki útrætt í fjh.- og viðskn. Það var tekið fyrir 26. mars og þá ákveðin nánari meðferð á málinu. Þá var ákveðið að útvega gögn varðandi það og starfsmanni okkar falið að gera það og hefur hann leyst af hendi. Síðan var ákveðið að kveðja til viðræðna ýmsa aðila. Því miður hefur okkur ekki enn þá unnist tími til að taka málið fyrir til frekari meðferðar. Það verður væntanlega gert á fundum í næstu viku því að ég vonast til að geta haldið fundi fljótlega eftir helgi þegar annir sjútvn. minnka og hin mikilvægu mál sem þar eru til meðferðar hafa hlotið afgreiðslu.

Því miður hefur nefndinni ekki tekist að afgreiða alveg öll þau mál sem til hennar hefur verið vísað á þessu þingi. Þetta er ekki eina frv., því miður, sem við eigum eftir að vinna nokkuð við. Mér hefur borist bréf frá hv. þm. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni sem hefur flutt mál sem vísað er til nefndarinnar og er þar óafgreitt, og það ekki bara eitt mál heldur tvö. Hann óskar eftir því að þau hljóti afgreiðslu og við munum að sjálfsögðu vinna í þeim. Ég get ekki lofað því að það takist að afgreiða öll þessi mál en við komum til með að vinna í þeim þegar okkur gefst tækifæri til að ná saman nefndarmönnum til að starfa áfram að þessum málum.

Það hefur verið afar gott samstarf í nefndinni og hún er skipuð ágætu fólki. Við höfum unnið mjög vel saman í vetur og afgreitt mikinn fjölda mála, bæði stjfrv. og þingmannafrv. Síðan hefur nefndin flutt a.m.k. tvö mál sjálf. Fyrir þetta góða samstarf vil ég þakka. Því miður er það þannig að sumir nefndarmenn, og reyndar flestir, eiga sæti í einhverjum öðrum nefndum og m.a. á varaformaður nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v., sæti í sjútvn. og er að sjálfsögðu kallaður til þeirrar kirkju í og með og því hefur þetta nú dregist.

En ég vonast eftir að okkur lánist að taka málið til meðferðar. Ég mun ekki sjálfur gera tillögu um það að þetta mál verði samþykkt hér á þinginu og ég hef lýst andstöðu minni við þetta tiltekna mál sem hv. 2. þm. Norðurl. v. var að minnast á. Ég ætla ekki að lofa fylgi við þetta mál en ég get lofað því að taka það fyrir til frekari meðferðar í nefndinni.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem rétt er, að þetta mál var lagt fram hér á Alþingi í desember. Ég vil taka það fram að framsögu um málið var þráfaldlega frestað, m.a. að beiðni hæstv. fjmrh. Urðu þar af leiðandi miklar tafir á því að hægt væri að taka frv. til umræðu á eðlilegum tíma. Það var vegna þess að bæði hæstv. forseti og við flm. gerðum allt sem við vorum beðnir um í sambandi við frestun á málinu en þær óskir komu frá fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn. Það var því ekki fyrr en með seinni

skipunum sem málið kom til umræðu hér á Alþingi og e.t.v. ætlar þetta að verða til þess að Alþingi gefst ekki kostur á að láta atkvæði ganga um þetta mál. Ég vil þó ekki sleppa þeirri von alveg að það takist.

Ég verð að sjálfsögðu, eins og allir aðrir þingmenn og við flm. þessa máls, að una þeirri meðferð sem málið hlýtur á Alþingi. Við eigum ekki annars kost en að óska eftir því við formann hv. nefndar að hann sjái til þess, hvað sem líður afstöðu hans til málsins, að þetta mál komist úr nefnd og til atkvæða hér í deildinni. Síðan ráða forsetar áframhaldi málsins. Ég vil aðeins taka það fram að við flm. erum allir af vilja gerðir til þess að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls.

Í 1. umr. um frv. komu fram nokkrar ábendingar varðandi efnisatriði í 2. gr. sem væru ekki nægilega ljós miðað við tilganginn eins og honum var lýst í greinargerð. Þess vegna vil ég koma hér á framfæri við formann hugmyndum um, og raunar tillögu, hvernig orða mætti þá grein þannig að hún væri í meira samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í greinargerð frv. Vona ég að það geti hjálpað hv. nefnd í þeim störfum sem hún er að vinna við skoðun á þessu frv.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég mælist mjög eindregið til þess að sá frestur sem við svo rýmilega veittum að beiðni handhafa framkvæmdarvalds á málinu verði ekki til þess að það verði ekki lagt fyrir þessa hv. deild til afgreiðslu.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er ekkert skrýtið að hv. 2. þm. Norðurl. v. skuli kveðja sér hljóðs og ræða um það hvort hugmyndin sé að afgreiða þetta tiltekna mál, sem hér hefur verið spurst fyrir um, úr hv. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur haft þetta mál hjá sér um langan tíma. Því miður verður að segja það eins og er að málið hefur ekki verið rætt ítarlega efnislega í nefndinni. Það hefur verið tekið fyrir og því lýst að fram hafi komið athugasemdir frá hæstv. fjmrh. Síðan hefur því verið slegið föstu að síðar skuli málið rætt. Ég vil að það komi fram að í nefndinni hef ég lýst því yfir að ég sé fylgjandi því að málið fái afgreiðslu á þessu þingi, enda virðist vera mjög víðtæk samstaða um að það fái afgreiðslu, jafnvel þótt gerðar verði smávægilegar breytingar á frv. sem yrðu þá gerðar í samráði við flm.

Það kann að koma á óvart þegar sagt er að þessi hv. nefnd, sem á undanförnum árum hefur þurft að hittast mjög ótt og títt á síðustu vikum þinga, hefur ekki komið saman eftir páska ef ég man rétt, ekki einn einasti fundur hefur verið haldinn frá páskum í nefndinni. Liggja þó hjá nefndinni ýmis mál. Ég ætla ekki að svo stöddu að gagnrýna það eða ráðast að formanni nefndarinnar fyrir að hafa ekki haldið fund. Ég trúi ekki öðru en að formaður fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., verði við þessari beiðni og taki jafnframt fyrir önnur mál sem víðtæk samstaða gæti náðst um, nema það sé niðurstaðan hjá hv. þm. að halda ekki fleiri fundi í nefndinni og þar með að skjóta loku fyrir að hægt sé að afgreiða jafnvel þau stjfrv. sem til nefndarinnar er vísað.

Eitt þeirra mála sem væntanlega koma til nefndarinnar er frv. sem kom nokkuð seint fram á þinginu. Það er frv. um Áburðarverksmiðjuna, þ.e. áburðarverðið, og væri vissulega fengur í því að fá upplýsingar um það frá hv. formanni hvort hann ætlar sér að halda fund í nefndinni eða ekki. Ég skildi orð hans á þá leið, þegar hann talaði hér fyrr í þessari þingskapaumræðu, að hann ætlaði sér að halda fund, taka fyrir þetta mál, ræða þá fram komnar athugasemdir, ræða þá niðurstöðu sem kæmi frá starfsmönnum nefndarinnar, fjalla efnislega um þau atriði sem komin eru frá hæstv. fjmrh. og eiga samráð við hv. flm., sem eru allir fjárveitinganefndarmenn sem sæti eiga í þessari hv. deild.

Ég vil að það komi hér skýrt fram að fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni hafa lýst yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. og ég hygg að svo sé um fleiri hv. nefndarmenn. Auðvitað er það ekkert sjálfgefið að menn vilji taka á málinu nákvæmlega eins og lagt er til. Það hafa komið fram athugasemdir, en það má þó ekki verða til þess að þetta mál tefjist. Að leggja þetta mál síðan að jöfnu við ýmis frv. sem liggja í nefndinni frá einstökum þingmönnum er nánast út í hött. Vissulega eru þar frv. sem flutt eru af ýmsum þingmönnum, sum hver jafnvel af stjórnarþingmönnum einum saman, sem ættu nú að hafa greiða leið að hæstv. ríkisstjórn til þess að biðja hana um að flytja slík mál í formi stjfrv. Það er kannski skiljanlegra að hv. stjórnarþingmenn hafi ekki áhuga á því að afgreiða slík mál og ýmis önnur mál, einfaldlega vegna þess að eðli málsins samkvæmt hlýtur það að vera sú leið sem fara á. Ef stjórnarþingmenn hafa verulegan áhuga á því að flytja mál sem komast í gegn, þá geta þeir snúið sér til hæstv. ríkisstjórnar.

Það frv. sem hér er til umræðu var hins vegar mjög sérstaks eðlis. Það hafði farið fram mikil athugun á málinu í hv. fjvn. Ég held að flestum beri saman um það að gera þurfi breytingar á þessum málum og styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að skilja ræðu hv. formanns nefndarinnar á þann veg að hann ætli sér að boða fund í nefndinni við allra fyrsta tækifæri og þá verði þetta mál eitt það fyrsta sem tekið verði fyrir. Og ég leyfi mér að skilja það svo, ef ekki koma fram mótmæli af hálfu formanns nefndarinnar, að hann muni beita sér fyrir því að málið fái þinglega meðferð og afgreiðslu í nefndinni, jafnvel þótt hann sjálfur kjósi að greiða ekki götu frv. með stuðningi við það og þá með því að skrifa á nál. þeirra sem vildu standa að afgreiðslu málsins. Þetta finnst mér að þurfi að koma skýrt fram. Ég hef leyft mér að skilja ummæli hv. þm. á þennan veg en hann hefur að sjálfsögðu tækifæri til þess að staðfesta það hér enn frekar.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill láta þess getið að honum er umhugað um að þoka áfram þeim málum sem hér eru á dagskrá. Þau eru ærið mörg, eins og mönnum er kunnugt. Enn eru þrír á mælendaskrá og næstur talar hv. 2. þm. Vestf. um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir að hefja þessa umræðu. Jafnframt þakka ég hv. 1. þm. Norðurl. v. þá hina mildu ræðu sem hann flutti hér áðan þar sem hann ræddi um hin miklu störf þingsins sem tefðu það að þeir hefðu getað sinnt þessu sem skyldi. Þar var eitt mál upp talið sem mest hefði tafið fyrir, þ.e. sjávarútvegsstefnan, sem er nú í Ed. og stendur til að fari niður í þá neðri í næstu viku. En þá hyggst einmitt hv. formaður nefndarinnar taka þetta mál fyrir og versnar nú mjög ástandið.

Hitt kom aftur á móti fram hjá formanni að hann hefur, eins og menn gerðu ráð fyrir, gefið sér tíma til að hugsa þetta mál í botn og hefur það alveg á hreinu að hann hyggst greiða atkvæði gegn því. Sá sleifarháttur að afgreiða þetta ekki úr nefndinni byggist þá fyrst og fremst á því hvað hinir eru seinir að hugsa. Og hefur þó komið fram að frændi hans, hv. 1. þm. Reykv., hefur gert upp sinn hug í málinu — það er Orrastaðakynið en ekki Guðlaugsstaðaættin sem tengir þá saman, svo að ekkert fari á milli mála — og þess vegna þrengist nú mjög að öðrum sem eru í nefndinni og ekki hafa látið í sér heyra.

Ég vil nú í allri mildi beina því til forseta að þegar svo stendur á er það ekki nema eðlilegt að forseti leiti eftir því að mál sé kallað úr nefnd. Það er raunverulega hans verksvið, því þó menn séu ekki með neina illgirni, þá hvarflar ögn að manni að það sé ekki tímaleysið til að vinna við málið heldur meira áhuginn á því að sitja á því sem ráði afstöðunni. En þetta eru auðvitað aðeins hugrenningar en ekki fullyrðingar af minni hálfu.

Því mælist ég til þess að forseti leiti mjög eindregið eftir því við þá nefndarmenn sem ekki hafa tjáð sig um afstöðu hvort þeir gætu ekki gefið sér tíma til að kynna sér málið utan fundar þannig að þeir gætu á næsta fundi þegar þeir koma nú saman afgreitt þetta mál úr nefndinni.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti mun í allri mildi og án illgirni taka þessa beiðni til athugunar frá hv. 2. þm. Vestf.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þessu máli var vísað til fjh.- og viðskn. 21. mars. Hinn 26. mars var málið tekið fyrir. Það var ekki tekið fyrir í fyrstu viku apríl. Í annarri viku apríl voru páskar og reyndar sumardagurinn fyrsti í vikunni eftir páska og þing starfaði ekki nema tvo daga í þeirri viku, eins og hv. þm. vita. Okkur hefur ekki unnist tími til að halda fund í þessari viku og það er út af fyrir sig afleitt, en fyrir því eru þau rök, og það hefði hv. 2. þm. Vestf. gjarnan mátt vita, að sjútvn. beggja deilda hafa unnið saman að frv. til laga um fiskveiðistjórnun og frv. sem einu sinni hét um Úreldingarsjóð, en nú er Úreldingarsjóður orðinn að Hagræðingarsjóði. Af því leiðir að varaformaður nefndarinnar hefur átt mjög annríkt, fyrir utan það að hann hefur haft til meðferðar eitt af veigamestu málum þingsins á undanförnum dögum, Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, og er nú að afgreiða það úr nefnd.

Til þess að rifja það upp fyrir hv. þm. að nefndin hefur ekki verið atvinnulaus í vetur þá hefur samkvæmt því yfirliti sem ég er hér með í höndum þessi nefnd afgreitt 15 stjfrv., 6 þingmannafrv. og flutt eitt frv. sem slík. Þ.e. nefndin hefur reyndar fellt þingmannafrv. inn í stjfrv., en við erum hér komin með vel á þriðja tug mála sem við höfum afgreitt úr nefndinni í vetur og ég er ekki viss um að aðrar nefndir hafi gert mikið betur á þessu þingi.

Ég læt það að sjálfsögðu ekki hafa áhrif á störf mín sem nefndarformanns hvort ég er mótfallinn einhverju máli eða ekki. Ég reyni að taka þetta fyrir með sæmilegu réttlæti og reyni að gæta þess að misfara ekki með það vald sem mér er falið sem nefndarformanni. Ég vil nú minna hv. 2. þm. Vestf. á það að hann lá undir töluverðu ámæli hér fyrir nokkrum þingum síðan um að hann vildi ekki afgreiða eitthvert bjórfrv. sem hann var ósáttur við. Og ég man eftir langri utandagskrárumræðu þar sem menn voru að tala um að hv. 2. þm. Vestf. hefði misbeitt miklum áhrifum sínum hér í þinginu að afgreiða ekki þetta mál úr nefnd. Ég trúi þessu auðvitað ekki því að ég veit að hann er náttúrlega allra manna réttlátastur og ég kemst ekki í hálfkvisti við hann hvað réttlæti snertir og snilli í nefndarstörfum. En ég mun ekki láta það hafa áhrif á það hvort ég er með málinu eða á móti því að taka það fyrir. Ég mun hins vegar sjálfsagt reyna að mæla gegn því í nefndinni og sannfæra aðra nefndarmenn, þar á meðal frænda minn af Orrastaðaætt, hv. 1. þm. Reykv., um það að þetta frv. sé ótímabært og ekki rétt að samþykkja það.

Ég tek það heldur ekki að mér að fara að ákveða það hvort eitthvert þingmannafrv. sé öðru æðra. Ég tel að frv. hv. þm. Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar eigi alveg nákvæmlega jafnan rétt á við þetta frv. Ég mun taka þau fyrir líka þegar ég held fund í nefndinni næst. Ég er ekki að lofa því að leggja til að þau verði samþykkt, það er síður en svo.

Það eru nokkur mál óafgreidd í nefndinni og ég mun reyna að taka þau fyrir. Umsögnum um þau hefur verið safnað. Við munum fara yfir þær vandlega þegar annríki sjávarútvegsnefndarmanna minnkar og þau mál afgreiðast. Ég mun halda fundi og það meira að segja marga og langa til þess að létta á þessu og reyna að afgreiða sem mest af því sem til okkar hefur verið vísað.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil ögn víkja að bjórmáli, þó gamalt sé, að gefnu tilefni. Svo stóð á í þessu þingi að fyrir þinginu lá þáltill. um bjórmál og lagafrv. Ég taldi eðlilegra að afgreiða lagafrv. því það væri mun fljótvirkari afgreiðsla til ákvarðanatöku. Og það mun liggja bókað í þeirri fundagerðabók sem þá var notuð að ég var ofurliði borinn og menn neituðu að láta frv. fara út úr nefndinni en vildu fá þáltill. (**Forseti:** Mætti . . .) Þetta er til að bera af sér sakir. (**Forseti:** Mætti forseti beina því til hv. þingdeildarmanna að þeir

ræði þingsköp á líðandi þingi en ekki þeirra þinga sem liðin eru.) Þessi athugasemd hefði mjög gjarnan mátt koma fram hér ögn fyrr á fundinum og spara mér umræðu, en hún skal tekin til greina.

Nú stendur svo á að í fjh.- og viðskn. er mál, mikilvægt að dómi fjvn. Og meira að segja er látið að því liggja í blöðum þessa lands að seðlabankastjóri, sá er mestu ræður, brjóti nú um það heilann hvort taka beri yfirdráttarheimild af ríkissjóði. Bendir það til að fleiri hugsi sitt þó þeir sitji ekki í fjvn. Ég tel þess vegna að það sé gjörsamlega vonlaust að neðri deild hafi efni á því að lána starfskrafta til að greiða fyrir málum í efri deild með sameiginlegu nefndarstarfi þegar menn komast ekki yfir að sinna því sem hér er á dagskrá. Og það er gjörsamlega vonlaust að búa við það, þegar þing er hér í tvískiptum deildum, að menn beri því við að það sé ekki hægt að afgreiða mál í efri deild nema varaformaður nefndarinnar sé að störfum þar uppi. Ég tel þetta nánast vantraust á formann sjútvn. í efri deild, að halda svona málflutningi uppi. Auðvitað er ekki hægt að líða það.

Hitt er svo hæpið að það sé sanngjarnt að ætlast til þess að koma því alfarið yfir á varaformann nefndarinnar að hann standi þar eins og klettur í hafinu fyrir að þetta sé afgreitt. Og þarf ég nú ekki annað en horfa fram fyrir mig og sjá hverjir muni þá eigast við innan Alþfl. ef þau illindi halda áfram. Ég veit ekki hvort það er vel meint hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að etja til þeirra illinda.

En það verður forseti deildarinnar að gera sér ljóst að þetta mál var ekki flutt sem neitt „djók". Það er af fullri þörf sem þetta mál er flutt og þess vegna er það ekki líðanlegt að nefndin telji það rökrétt vinnubrögð að afgreiða þetta mál ekki inn til þingsins. Auðvitað eru skiptar skoðanir en málið á að koma inn til þingsins.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill enn beina þeim tilmælum til þingdeildarmanna að þeir virði áhuga forseta á að koma dagskrármálum áfram.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er einmitt kjarni málsins, þessi þingskapaumræða er til þess að þoka málum áleiðis. Ég vorkenni ekki þeim forsetum sem hafa setið hér í allan vetur og eru núna komnir í spreng með dagskrána. Ég hefði fyrir mína parta verið reiðubúinn að sitja hér lengur og oftar og halda stærri og lengri fundi til þess að þoka málum áfram svo við þyrftum ekki að lenda í spreng á síðustu dögum. Nú súpum við seyðið af því að hafa ekki tekið hvern dag fyrir og lokið hverjum vinnudegi áður en sá næsti hófst.

Ég vil sérstaklega þakka hv. alþm. Páli Péturssyni. Ég hef oft á stundum þolað ýmsan samanburð, en að vera tekinn til jafns við alla ríkisstjórnina er eiginlega meira en ég hef hingað til fengið þó svo að eftir nánari íhugun þá hvarfli kannski að manni að þetta sé meint öðruvísi en ég skil það. Þrátt fyrir það er ég þingflokksformanninum þakklátur fyrir samanburðinn og mér þykir vænt um að heyra að hans sjónarmið er hið sama og mitt, þ.e. að ríkisstjórnarmál hafi ekki forgang fram yfir mál einstakra þingmanna.

Við vorum að enda við það, með handaupprétttingu, að samþykkja með afbrigðum 13. málið á dagskrá, nýtt mál sem kemur á sama tíma og fjöldinn allur af málum liggur fyrir. Málum sem hafa ekki verið rædd og munu ekki verða afgreidd á þessu þingi. Þau munu annaðhvort hvíla í nefndum eða hreinlega ekki komast til nefnda eða verða rædd í nefnd. Það er þetta sem er kjarni málsins. Því eigum við ekki að bæta nýjum málum á dagskrá á meðan við klárum ekki þau sem fyrir liggja. Það á engum að leyfast að koma með mál eftir að frestur er útrunninn til að skila inn þingmálum og treysta á það að sjálfkrafa verði rétt upp höndin til þess að hleypa málum inn á dagskrá. Það gengur ekki lengur.

Í febrúarmánuði, ef ég man rétt, fengu þingflokkar boð um að skipa þingmenn í nefnd til að endurskoða þingsköp. Ég spurðist fyrir um afdrif þessarar nefndar áðan og var sagt að flokkar hefðu tilnefnt allir nema Sjálfstfl. Þess vegna eru það nú eindregin tilmæli mín héðan úr þessari pontu að Sjálfstfl. annaðhvort tilnefni mann hið bráðasta til að vinna að breyttum og bættum þingsköpum eða þá að forseti láti ekki þennan minnihlutahóp stjórna ferðinni öllu lengur heldur láti meiri hluta Alþingis koma saman til þess að endurskoða þingsköp og laga þau og bæta, þá væntanlega með það fyrir augum að þing gangi hraðar og forsetar þurfi ekki að hasta á þingmenn núna í þingskapaumræðu sem þó lýtur að því að þoka málum áfram.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa yfir vonbrigðum með að heyra það frá hv. 1. þm. Norðurl. v., formanni fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, að nefndin hefur ekki haldið fund í þrjár vikur. Hv. þm. Páll Pétursson sagði: Það var ekki haldinn fundur í dymbilviku og það var ekki haldinn fundur í páskaviku, þá var nú líka sumardagurinn fyrsti, og það hefur enginn fundur verið haldinn í nefndinni í þessari viku. Svo segir hann í hinni andránni að hv. fjh.- og viðskn. hafi ekki unnist tími til að taka þetta mál fyrir og kalla þá menn fyrir til viðræðna við nefndina sem fram höfðu komið hugmyndir um innan nefndarinnar að ræða við um málið á undanförnum vikum.

Ég tek ekki gilt að nefndastörf í hv. efri deild, eða störf sem lúta að meðferð mála sem eru til meðferðar hv. efri deildar, komi í veg fyrir að nefndir í neðri deild geti sinnt því að vinna sín verk.

Hv. þm. Páll Pétursson hefur lýst því að hann muni kalla nefndina saman og taka málið fyrir. Ég met það svo að hann muni beita sér fyrir því að málið verði afgreitt úr nefndinni hvað sem hans afstöðu líður. Við vissum að hann gerði sínar athugasemdir við þetta mál við 1. umr. En ég met það svo að hann muni nú bregða skjótt við til þess að afgreiða málið úr nefnd. Þetta er ekkert smámál. Ýmsir tóku svo til

orða þegar það kom fram að þetta væri með stærri málum sem fram hefðu komið hér á hinu háa Alþingi nú á þessu þingi og e.t.v. fleiri þingum. Og að baki þessu máli liggur, eins og fram hefur komið, mikið starf.

Ég tek undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði, að ein þingnefnd, þótt virðuleg sé og ágætur og virðulegur formaður þeirrar nefndar, hefur naumast efni á því að setjast á þetta mál með þeim hætti sem gert hefur verið. Hefur naumast efni á því að koma í veg fyrir það að þetta mál geti hlotið þinglega meðferð og afgreiðslu hér á þessu Alþingi. (**PP:** Það er ekki meiningin heldur.) Það er gott ef það er ekki meiningin. En hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti önnum sínum um leið með þeim orðum að þær væru svo miklar að honum hefði ekki unnist tími til að halda fund í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar í þrjár vikur. Veit ég til þess að fjh.- og viðskn. er sú af nefndum deilda þingsins sem venjulega þarf að sinna hvað mestu starfi. Þrátt fyrir það að sumir dagar í þessum þremur vikum væru helgidagar, svo sem páskar og sumardagurinn fyrsti, var augljóst, og kom hér fram í ræðu minni í gær, að hæstv. fjmrh. notar sinn tíma betur en þetta.

Ég greindi frá því í ræðu minni hér við fjáraukalög fyrir árið 1989 í gær að á níu dögum, frá 23. des. til ársloka sl., greiddi hæstv. fjmrh. úr ríkissjóði á annað hundrað milljónir króna á dag, líka á helgum dögum, á þessum dögum til áramóta, eða samtals 1073 millj. kr. umfram það sem hann hafði heimildir til samkvæmt fjárlögum og samkvæmt fjáraukalögum. Hann notaði þessa daga, sem sumir hverjir voru helgidagar, til slíkra afkasta. Og þetta frv. er vitaskuld flutt vegna þess að við sem höfum starfað að þessum málum lengi teljum að ekki sé viðunandi fyrir Alþingi að það ráðslag gangi áfram sem viðgengist hefur síðustu árin, að greitt sé úr ríkissjóði umfram heimildir 8–10 milljarðar kr. á ári, á síðasta ári 9,6 millj. kr. umfram heimildir fjárlaga. Þetta teljum við ekki viðunandi.

Þetta frv. er flutt vegna þess að slík ringulreið hefur ríkt í fjármálum ríkisins nú síðustu tvö árin að Alþingi getur ekki sætt sig við annað en að þar verði breytingar á. Ég lýsti hér í ræðu minni í gær hvernig til hefði tekist með markmið hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum, þeim leiðum sem hæstv. ríkisstjórn hefði kosið að fara til að ná þeim markmiðum og hvernig það hefði brugðist að ná þessum markmiðum og þau hefðu snúist upp í andhverfu sína, úr því að reka ríkissjóð með, eins og þar sagði: „umtalsverðum rekstrarafgangi" yfir í um 6,1 milljarðs halla. Ég minni á það að sífellt eru að gerast dæmin í þessum málum sem knýja það fram að Alþingi bregðist við og láti ekki framkvæmdarvaldinu eftir að haga sínum málum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Í gær, undir umræðum um fjáraukalög fyrir árið 1989, hafði hæstv. fjmrh. ekki tíma til þess að vera við þá umræðu vegna ársfundar Seðlabankans. En hér sagði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson að á þeim ársfundi hefði komið fram að seðlabankastjóri hefði kynnt hugmyndir um að taka yfirdráttarheimildina af fjmrh. Og hvers vegna skyldi þetta vera? Nema fyrir það að óstjórn hefur verið í fjármálum ríkisins og hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur farið offari í útgjöldum ríkissjóðs.(**Forseti:** Mætti ég beina því til ræðumanns að tala ekki efnislega hér um þingmál.) Ég er rétt að ljúka máli mínu. Ég er að skýra það hvers vegna nauðsynlegt er að afgreiða þetta mál. Það er líka haft eftir seðlabankastjóra að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hafi farið offari í því að fara fram úr heimildum sem Alþingi hefur veitt um útgjöld ríkissjóðs í svo stórkostlegum mæli sem ég hef hér sagt. Enda kom fram, sem mér kom ekki á óvart, á þessum fundi, samkvæmt bláðafregnum, að nettóskuldir ríkissjóðs hafi þrefaldast á fimm árum og að vaxtagreiðslur eru nú um 10% ríkisútgjalda eða nálægt 9–10 milljörðum kr. á ári.

Í dagblöðunum síðast í dag er enn eitt tilefni til þess að nauðsynlegt er að afgreiða þetta frv., hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að skýra það vel fyrir hv. Alþingi, ekki síst fyrir hv. formanni fjh.- og viðskn. Nd., hvílík nauðsyn það er að afgreiða þetta mál. Því að hér eru auglýsingar um það að nú sé fjmrn. að efna til áróðursfunda, pólitískra funda um landið með fjmrh. í broddi fylkingar á kostnað ríkissjóðs, þar sem á að ræða hagstjórn, atvinnulíf, lífskjör, ríkisfjármál, efnahagsbatann og ný viðhorf í íslenskum þjóðmálum. Nú á að nota fé ríkissjóðs af hálfu fjmrn. og hæstv. fjmrh. til að efna til slíkra áróðursfunda um landið allt. Það er tekið fram að fyrirspurnum verði svarað um nútíð og framtíð. Er furða þó hæstv. fjmrh. kjósi að svara ekki fyrirspurnum um fortíð? Sá hæstv. fjmrh. sem er með allt niður um sig í fjármálum ríkisins, eins og glöggt kom fram hér í umræðum í gær og marglýst hefur verið af minni hálfu, ráðherra með falleinkunn í meðferð fjármála ríkisins kýs vitaskuld ekki að svara fyrirspurnum um það sem gerst hefur. Hann vill spá eitthvað í framtíðina.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill enn beina því til þingdeildarmanna að nauðsyn rekur til þess að ganga til dagskrár sjálfs fundarins og þeirra mála sem þar liggja fyrir. Auk þess vill hann vinsamlega beina því til þeirra sem hér tala um þingsköp að þeir tali um þingsköpin eingöngu, en ekki efnislega um einstök mál. Það eru enn tveir hv. þingdeildarmenn á mælendaskrá. Forseti væntir þess að þegar þeir hafa lokið máli sínu verði unnt að ganga til dagskrár á nýjan leik.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði hér mjög skýra athugasemd vegna frv. sem verið hefur til meðferðar og flutt er af fjárveitinganefndarmönnum. Hann hefur gert mjög skýra grein fyrir mikilvægi þessa máls.

Ég skal taka tillit til þess, herra forseti, að fara ekki í efnislegar umræður þar að lútandi. En það verður ekki dregið úr mikilvægi þess að þetta frv. nái fram að

ganga. Það vekur á hinn bóginn athygli að þm. stjórnarflokkanna hafa tekið þátt í þessari umræðu, að nokkru leyti með því að teygja lopann og víkja *málum að störfum annarra þinga.*

Annar talsmanna Framsfl. í þessari umræðu hefur hafnað stuðningi við þetta frv. Hinn hefur lýst yfir stuðningi og tekið undir eðlilega gagnrýni sem hér hefur verið borin fram af hálfu 2. þm. Norðurl. v. Það var að vonum að hv. 2. þm. Vestf. styddi mál hv. 2. þm. Norðurl. v. í þessu efni.

Eftir því sem lausatök þessarar hæstv. ríkisstjórnar á ríkisfjármálum hafa orðið meiri hafa menn tekið eftir því að einstakir stuðningsmenn hennar, svo sem hv. formaður fjvn. og hæstv. fjmrh., hafa staðið upp hér á Alþingi, á opinberum fundum og kvatt sér hljóðs í fjölmiðlum með sverum yfirlýsingum um það að nú ætti að taka í taumana og nú ætti að koma fram lagabreytingum og skipulagsbreytingum til þess að gera hér á bót og betrun. Í annan tíma hafa sjálfsagt ekki verið gefnar sverari yfirlýsingar í þeim tilgangi að þvo hendur sínar.

Þegar samstaða náðist milli fjárveitinganefndarmanna um flutning þessa frv. trúðu menn því að eitthvað væri að marka þá hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem kvatt hafa sér hljóðs um þessi efni og lýst því að þeir kysu að gera hér á breytingar. Nú kemur í ljós þegar gengið er eftir því að gefnu tilefni hvort ríkisstjórnarliðið ætlar að afgreiða þetta mál eða ekki, að formaður þingflokks forustuflokks ríkisstjórnarinnar lýsir yfir fullkominni andstöðu. Hv. formaður fjvn. kemur hér upp og talar í kringum það að ekki sé óeðlilegt að málið sé afgreitt úr nefnd, en *gefur enga skýra yfirlýsingu um það af sinni hálfu* að hér sé um forgangsverkefni að ræða sem eðlilegt sé að gera kröfu um að þetta þing samþykki. Ég hygg að flestum sé svo farið sem starfað hafa í fjvn. og setið í fjmrn. að þeir geri sér fulla grein fyrir því, burt séð frá því hvaða ríkisstjórnir hafa setið við völd eða í hvaða ríkisstjórnum menn hafa setið eða hverjar menn hafa stutt, að full þörf sé á því að styrkja meðferð þessara mála og m.a. styrkja fjmrh. í því að taka á þessum málum af festu vegna þess að núverandi skipan gerir það að verkum að staða hans er of veik til þess að taka á málum. Þess vegna hafi menn komist að þeirri niðurstöðu að flytja verði frv. til laga til þess að koma betri skipan á þessi mál.

Þegar á herðir kemur í ljós að áhuginn er ekki fyrir hendi og hv. formaður fjvn., sem hafði hér stór orð um áhuga sinn og ég vil enn trúa að sé í raun og veru einlægur, getur ekki gefið hér skýrar yfirlýsingar og kveðið upp úr um það að það sé vilji stjórnarliðsins að knýja þetta mál fram og sýna þá þverpólitísku samstöðu sem myndaðist í fjvn. um málið. Nei, hann gefur undir fótinn með að það kunni að vera í lagi að *láta málið niður falla. Þetta er ekki tilviljun.* Þetta stafar einfaldlega af því að það er komið í ljós að hæstv. ríkisstjórn getur ekki setið miðað við hinar nýju starfsreglur. Allar úrlausnir hennar og vinnubrögð eru með þeim hætti að samrýmast ekki hinum nýju reglum sem setja á. Hæstv. ríkisstjórn og þeir sem að henni standa geta ekki komið sér saman um úrlausn mála, svo sem eitt þeirra mála sem eru á dagskrá hér í dag ber vitni um þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp við að leysa vanda Áburðarverksmiðju ríkisins. Það er einfaldlega þetta sem er ástæðan fyrir því að nú á að stinga þessu máli undir stól og gera stóru áformin að engu. Ríkisstjórnarflokkarnir eru ófærir um að sitja miðað við þá skipan mála sem verður ef þessi lög verða samþykkt. Vegna þess að þeir geta ekki unnið við þær aðstæður. Þeir geta ekki stjórnað fjármálum með þeim hætti. Ástandið er orðið á þann veg. Það er þetta sem þessar þingskapaumræður varpa ljósi á.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vildi koma hér upp í umræðum um þingsköp til þess að ítreka það að þetta mál sem hér er til umræðu, frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, verði afgreitt á þessu þingi. Ég tel þetta eitt af þeim almikilvægustu málum sem hafa komið til kasta Alþingis í mörg ár. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur þegar níu manna þingnefnd eins og fjvn., sem stendur öll að þessu frv. þó flytjendur séu einungis þeir sem sitja hér í hv. Nd., ef á að fara að troða slíku frv. undir stól.

Mér kom það mjög á óvart að heyra í hv. formanni fjvn. hér áðan. Hann sagði eitthvað á þá leið að ekki væri víst að þm. gæfist kostur á að afgreiða þetta á yfirstandandi þingi. Þetta mál var lagt hér fram 21. des. sl., en ekki tekið fyrir fyrr en í mars, eftir þrjá mánuði, þó að væri jólahlé. Síðan er það búið að liggja niðri í skúffu í fjh.- og viðskn. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða með málefni sem níu manna þingnefnd flytur?

Þetta mál er að mínu mati mjög nauðsynlegt til aðhalds í ríkisfjármálum. Ég mundi telja að ef eitthvað ætti að vera forgangsmál hér í þinginu þá væri það þetta mál ef mönnum er einhver alvara með það að stöðva verðbólguna hér í landinu og ef mönnum er einhver alvara með það að stíga þurfi á bremsurnar. Einhvers staðar hlýtur skýringin að vera á allri óráðsíunni undanfarin ár og sér í lagi hjá þessari hæstv. ríkisstjórn.

Vegna þess að það tengist þessu máli mjög mikið vil ég vitna í frétt í Morgunblaðinu í gær um mál sem er einmitt náskylt efni þessa frv. Þó ekki sé verið að ræða það efnislega hér þá verð ég að fá að rökstyðja það að peningamagn hafi aukist um 42% í landinu sl. 12 mánuði á sama tíma og þjóðarframleiðslan hefur verið að dragast stórlega saman og við erum að draga saman fiskveiðar. Hvernig getur svona lagað gerst? Það gerist með því að það er bara prentað og prentað stjórnlaust fyrir allri eyðslunni. (**Forseti:** Ég vil áminna hv. þm. um að fjalla um þingsköp eingöngu.) *Ég tel mig vera að gera það, hæstv. forseti, að fjalla* hér um þingsköp. Að því leyti sem maður verður að rökstyðja mál sitt verður maður að fá að vísa í efni til þess að geta rökstutt það sem maður er að segja. Og þessi 42%, eins og ég sagði hér áðan, eru yfir 4 milljarðar sem hefur verið dælt inn í bankakerfið af

peningum sem engin verðmæti standa á bak við. Svo er bara að bíða og sjá hvort kviknar ekki í öllu saman og verðbólgan fari hér á fljúgandi ferð.

Þetta frv. sem við erum að ræða, um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, er einmitt tækifæri til þess að stíga á bremsuna og bjarga því sem bjargað verður hjá þessari ríkisstjórn.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er eins og þess misskilnings sé farið að gæta að þetta frv. sem hér er til umræðu sé flutt fyrst og fremst til höfuðs einhverjum tilteknum fjmrh. eða einhverri tiltekinni ríkisstjórn. Ég vara mjög eindregið við því að menn hefji umræður um það á þeim nótunum. Ég hef sjálfur ávallt varast að gera slíkt, að ræða þetta frv. í einhverju samhengi við hvað núv. ríkisstjórn eða fyrrv. ríkisstjórnir sem hér hafa verið hafi gert í þessu sambandi. Ég held að ekki sé æskilegt, hvorki fyrir þetta mál né umræðuna um það í heild, að ræða það á þessum nótum.

Meginatriðið er það að þingið, Alþingi Íslendinga, sem fer með fjárveitingavaldið er hér að fjalla um það vandamál að framkvæmdarvaldið og handhafar þess hafa í síauknum mæli tekið sér það hlutverk sem samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins er í höndum Alþingis og hafa gengið miklu lengra í því en viðgengst nokkurs staðar í nálægum löndum þangað sem við sækjum fyrirmyndir að lagasetningu Íslendinga. Og alveg án tillits til þess hvort einn fjmrh. hefur þar verið öðrum verri eða betri er niðurstaða fjárveitinganefndarmanna og vonandi allra alþm., án tillits til afstöðu þeirra til efnisatriða þessa frv., sú að það sé orðið tímabært að taka í taumana og færa löggjafarsamkundunni á ný það vald, fjárveitingavaldið, sem hún hefur samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins. Það er á þessum nótum sem reynt var að semja umrætt frv. og það er á þessum nótum sem óskað var eftir því að Alþingi sem stofnun tæki afstöðu til þess, ekki eftir því hvort alþm. eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar heldur einvörðungu á þeim nótum að þeir eru 1/63 hluti af því valdi sem stjórnarskrá Íslands felur löggjafarstofnun þjóðarinnar. Það er óskað eftir því af okkur flm., og þannig ræddum við málið á sínum tíma, að leggja það með þessum hætti fyrir þingið, ekki sem hópur stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga heldur sem alþm. á Alþingi Íslendinga, án tillits til þess hvaða afstöðu við höfðum til núv. ríkisstjórnar eða fyrrv. ríkisstjórna. Ég tel ekki æskilegt og mun ekki taka þátt í því að blanda umræðum um þetta frv. saman við ágreining stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga til núv. ríkisstjórnar og vinnubragða hennar né heldur til fyrri ríkisstjórna og vinnubragða þeirra.

Ég átti viðræður í morgun við fyrrv. þm. sem setið hefur í mörg ár á Alþingi Íslendinga, verið ráðherra, verið forseti. (Gripið fram í.) Nei, það var ekki Gylfi Þ. Gíslason. Hann sagði við mig út af öðru máli: „Þú þarft ekki að láta þér það til hugar koma," sagði hann, „ég þekki Alþingi það vel. Þetta er eitt af þeim málum sem Alþingi getur aldrei afgreitt vegna þess að það hefur ekki burði til þess."

Það lá ýmislegt rétt og satt í orðum þessa ágæta fyrrv. þm. Því miður er það svo að Alþingi er ansi burðarlítið til afgreiðslu á málum sem eru ekki lögð fyrir það af framkvæmdarvaldinu og jafnvel orðið ansi burðarlítið til þess að gæta sinnar eigin virðingar og sinnar eigin stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ef til vill er það orðið svo að Alþingi sem stofnun, án tillits til þess hvort einstakir alþm. fylgja eða fylgja ekki þeirri stjórn sem nú situr, er orðin svo lágreist stofnun að það getur ekki einu sinni afgreitt svona mál. Það kemur því ekki frá sér. Þá verður víst svo að vera. Menn verða að sæta þeim dómi sem reynslan fellir í þeim efnum.

Frumvarpsflutningur okkar fjárveitinganefndarmanna var ekki byggður á því hvaða afstöðu við hefðum til ríkisstjórnar heldur á því hvaða afstöðu við vildum hafa til löggjafarsamkomunnar í landinu annars vegar og framkvæmdarvaldsins hins vegar og til samspils þessara aðila. A.m.k. er ég enn þá þeirrar skoðunar að það beri að reyna að fá Alþingi til þess að rísa undir því að afgreiða mál sem varðar þess eigin völd og virðingu, en e.t.v. tekst það ekki.

Virðulegi forseti. Ég get ekki sett alþm. neina skilmála í þeim efnum. Hv. 1. þm. Suðurl. sagði að ég hefði ekki verið nógu einarður í kröfum mínum um afgreiðslu. Ég get ekki, herra forseti, gert neina kröfu í þeim efnum. Ég get ekki hótað formanni fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar eða nefndarmönnum öðrum einu eða neinu ef þeir ekki afgreiða svona mál. Ég get ekki tekið upp einhverja þá starfshætti og vil ekki taka þá upp, að ógna með því t.d. að ég muni þá ekki gegna þingskyldum mínum sem formaður fjvn. ef fjh.- og viðskn. afgreiðir ekki þau mál sem ég vil. Ég tel ekki rétt af þm. að vera með slíkar hótanir og mun ekki hafa þær uppi.

Það eina sem ég get gert og hef gert er að mælast mjög eindregið til þess af tillitssemi okkar við framkvæmdarvaldið og handhafa þess, ráðherrana í hæstv. ríkisstjórn, sem birtist m.a. í því að við féllumst á aftur og aftur að fresta 1. umr. um málið að beiðni þeirra. Ég hef óskað eftir því að sú tillitssemi verði ekki til þess að málið komi ekki til afgreiðslu. Og ég hef óskað eftir því við hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er formaður fjh.- og viðskn., að hann beiti sér fyrir því að málið fái farsæla úrlausn í nefndinni og komist hingað til atkvæða. Ég hef beðið um það af hálfu hæstv. forseta að þeir sem síðan taka við málinu reyni að koma því áfram. Annað get ég ekki gert, annað er ekki á mínu valdi.

Ég ítreka það, hæstv. forseti, að það er áhugavert fyrir þá sem líta á Alþingi Íslendinga öðrum augum en bara samkomu stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga sem hafi það helsta hlutverk með höndum að afgreiða mál framkvæmdarvaldsins af hálfu meiri hlutans og gagnrýna mál framkvæmdarvaldsins af hálfu minni hlutans. Það er áhugaefni fyrir þá sem telja Alþingi Íslendinga hafa einhverju merkilegra hlutverki að gegna en bara þessu, að sjá hvort það er rétt sem hinn gamli forseti þessarar deildar sagði við mig í morgun að þetta væri eitt af þeim málum sem Alþingi Íslendinga hefði aldrei neina burði til að afgreiða.

Forseti (Geir H. Haarde):

Nú hafa tólf ræður verið fluttar um þingsköp hér á þessum fundi. Hv. 1. þm. Suðurl. hefur kvatt sér hljóðs á nýjan leik og tekur nú til máls um þingsköp.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka fram að það var einmitt fagnaðarefni í tengslum við þetta mál að um það tókst þverpólitísk samstaða. Um það tókst samstaða milli þm. í fjvn., í stjórn og stjórnarandstöðu. Það var það sem gaf okkur vonir um að hægt væri að lyfta Alþingi upp þannig að það gæti að eigin frumkvæði tekið ákvarðanir og sett löggjöf af þessu tagi. Það er trúa mín af þeirri reynslu sem ég hafði af setu í fjmrn. að slík löggjöf yrði fjmrh. mjög til styrktar. Og ég tek undir, það var ætlun allra sem að þessu stóðu að halda þannig á málum að hér þyrfti ekki að koma til hefðbundins ágreinings eða uppgjörs um einstakar ríkisstjórnir. En það voru einmitt þessar stóru vonir sem gera það að verkum nú að vonbrigðin verða meiri þegar flest virðist benda til þess að málið nái ekki fram að ganga. Menn gera sér auðvitað fulla grein fyrir því hvers vegna það nær ekki fram að ganga. Vegna þess að stjórnarmeirihlutinn er ekki tilbúinn til þess að veita því stuðning þrátt fyrir öll stóru orðin. Þrátt fyrir allar fallegu og háleitu hugsjónirnar, sem hv. 5. þm. Vestf. lýsti hér áðan, þá er stjórnarmeirihlutinn, eða virðist ekki vera reiðubúinn til þess að halda áfram þeirri breiðu samstöðu sem um þetta tókst. Það er þetta sem veldur vonbrigðum. Óneitanlega, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, sýnist það varpa ljósi á þá staðreynd að núv. hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til þess að starfa undir nýjum reglum af þessu tagi. Það er erfitt fyrir stjórnarliða að skjóta sér undan því áliti á þeirri stöðu sem upp er komin.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 37 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um stjfrv. um grunnskóla, 428. mál. Í frv. felast býsna mörg efnisatriði, þar á meðal um lengingu grunnskólans í tíu ár þannig að 1. bekkur verði fyrir sex ára börn.

Í öðru grunnskólafrv. sem lagt var fram hér í hv. deild, 27. máli, kemur einnig fram svipuð stefna og fólst í þessu stjfrv. Fleiri hafa vakið máls á nauðsyn þessa og tel ég skylt að geta þess að þingmenn Kvennalista lögðu fram frv. í Ed. á síðasta þingi sem gengur í sömu átt.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri möguleiki á að afgreiða stjfrv. um grunnskóla á þessu þingi. Hins vegar töldu nefndarmenn eðlilegt að taka þann þátt út úr frv. er varðar lögbindingu skólaskyldu sex ára barna og afgreiða hana fyrir þinglitin. Í því skyni flytur nefndin frv. um þetta efni og það er frv. sem ég er hér að mæla fyrir.

Það er skoðun nefndarinnar að með því að færa núverandi forskóla sex ára barna inn í grunnskólann sé verið að svara kröfum tímans um aukinn þátt skólanna í uppeldi og fræðslu á þessu aldursstigi. Forskólanefnd á vegum menntmrn. lagði til árið 1981 að lögfesta fræðsluskyldu sex ára barna og stefna að skólaskyldu þess aldurshóps. Sérstakur starfshópur ráðuneytisins lagði til bæði árin 1984 og 1986 að komið yrði á skólaskyldu sex ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Undir þetta tóku allir þáverandi fræðslustjórar landsins.

Ég vil sérstaklega láta þess getið að í þessu frv., sem nefndin stendur öll að og alger einhugur er um, er ekkert efnisatriði sem ekki varðar þetta að skólaskylda hefjist við sex ára aldur og skólinn sé tíu ára skóli. Nefndarmenn fóru mjög rækilega yfir frv. með fulltrúum menntmrn. og gengu úr skugga um að ekkert annað atriði fylgdi þarna með.

Ég vil sérstaklega láta þess getið að 13. gr. frv., um forskóla fyrir fimm ára börn, er í fullu samræmi við gildandi grunnskólalög þar sem talað er um forskóla fyrir fimm og sex ára börn. Það þótti eðlileg samræming miðað við þessa breytingu sem hér er verið að gera að breyta þessum orðum í forskóla fyrir fimm ára börn. Með þessari afgreiðslu er hins vegar ekki verið að taka neina endanlega afstöðu til þessa máls sem er umdeilt. Við í hv. menntmn. urðum varir við það að talsmenn fóstra höfðu nokkuð við þessa niðurstöðu að athuga. Auðvitað er það kjarni málsins að við erum hér eingöngu að fjalla um sex ára börnin og hér var því einungis verið að gera breytingu á 74. gr. grunnskólalaganna þessu til samræmis. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram við 1. umr. þessa máls.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt að nefndin stendur einhuga að frv. Það liggur því í hlutarins eðli að nefndin gerir ekki tillögu um að málið sé sent til nefndar.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til 1. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla sem felur í sér skóla- og fræðsluskyldu sex ára barna. Eins og fram kom hjá frsm. menntmn. deildarinnar, hv. 4. þm. Norðurl. v., var alger einhugur um þetta mál í nefndinni. Ég rifja upp að hæstv. menntmrh. flutti frv. til laga um grunnskóla fyrr á þessu þingi sem fékk ítarlega umræðu þegar það var til 1. umr. hér í deildinni. Nefndinni hefur ekki gefist tími til að fjalla um það frv. af þeirri alúð sem þarf að gera um svo veigamikið mál. Þess vegna varð niðurstaðan sú að taka út úr einn þátt þessa máls, þátt sem allir eru sammála um, þ.e. að lengja skóla- og fræðsluskylduna þannig að hún nær nú til sex ára barna en áður til sjö ára barna.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp að mjög snemma á þessu þingi fluttu þrír þm. Sjálfstfl. frv. til laga um

breytingu á lögum um grunnskóla. Þetta er 27. mál þingsins og þskj. ber sama númer. Flm. voru hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Pálsson auk mín. Þar eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar á grunnskólalögunum. Þær breytingar eiga rætur að rekja til þess að í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var ítarlega fjallað um fjölskyldu- og jafnréttismál. Þar var m.a. áréttað að unnið yrði að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum.

Í ágúst 1987 skipaði þáv. hæstv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, sérstaka samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. Fulltrúar fjmrn., menntmrn., félmrn. og heilbr.- og trmrn. áttu sæti í þessari nefnd og svo sérstaklega skipuð af forsrh. Inga Jóna Þórðardóttir sem var formaður nefndarinnar. Í ágúst 1988 skilaði þessi nefnd áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál og þar voru settar fram ítarlegar tillögur um þessa málaflokka.

Það frv. sem ég gat um, þ.e. 27. mál þessa þings, er byggt á tillögum nefndarinnar um skólamál. Eitt af því sem þessi nefnd lagði til var að breyta skólaskyldunni. Þess vegna er 1. gr. þessa frv. þm. Sjálfstfl. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að sjá um að haldinn sé skóli fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.“

Menntmn. hefur haft þetta mál til meðferðar ásamt því frv. sem hæstv. menntmrh. flutti hér í vetur og niðurstaða hennar, eftir athugun á báðum þessum frv., er sú að flytja núna sérstakt frv. um skólaskyldu sex ára barna.

Það er nú reyndar svo að mjög mörg sveitarfélög hafa þegar tekið upp kennslu fyrir sex ára börn. Ég hygg að langflest þéttbýlissveitarfélögin hafi þegar gert það og mörg dreifbýlissveitarfélögin einnig. Hins vegar hefur verið mikið misrétti í því hversu langan tíma sex ára börnin hafa fengið og á þetta frv. mjög að bæta úr því og jafna stöðu sex ára barna.

Nefndin fékk sérstaklega á sinn fund fulltrúa frá sveitarfélögunum til þess að ræða þennan þátt málsins og þá sérstaklega með tilliti til þess hvort verið væri að leggja einhverjar auknar byrðar á sveitarfélögin með frv. Það kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna, þ.e. formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, Sigurgeiri Sigurðssyni, sem þarna var mættur, og frá Birni Halldórssyni sem er forstöðumaður skólamálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, að þessi þáttur málsins hefði ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin. Hins vegar væru mörg önnur atriði í grunnskólafrv. hæstv. menntmrh. sem hefðu í för með sér mikla aukningu á útgjöldum.

Ástæðan er sú að sveitarfélögin, eins og ég sagði, hafa þegar sjálf tekið upp þessa kennslu fyrir sex ára börnin og kostað hana að miklu leyti. Nú breytist það því að með skólaskyldunni fá sveitarfélögin hluta af þessum kostnaði uppi borinn, þ.e. ríkið greiðir núna, eftir að þessi lög taka gildi, kennaralaun og laun skyldra starfsmanna. Það var að vísu einhver vafi í huga sumra þeirra manna sem komu til viðtals við okkur um þetta atriði, hvort þarna væri um að ræða aukakostnað fyrir dreifbýlissveitarfélögin vegna skólaakstursins. Niðurstaða þeirra varð þó sú, eftir að hafa rætt þetta, að þar sem skólaakstur væri þegar stundaður í dreifbýlissveitarfélögunum fyrir yngri börnin, þ.e. sjö ára og upp úr, og væri oftast sérstaklega miðaður við yngri börn og þá tvær ferðir oft á dag um héraðið væri auðvelt að sameina þann akstur þeim sem þyrfti að taka upp vegna sex ára barna þannig að þarna yrði væntanlega ekki um verulega aukinn kostnað að ræða.

Frv. þetta lítur kannski út fyrir að vera nokkuð flókið þegar haft er í huga að hér er einungis verið að breyta einu atriði í sambandi við grunnskólalögin, þ.e. skólaskyldu sex ára barna. Ástæðan fyrir því að það eru brtt. við svo margar greinar er sú að kennsla þessa aldursflokks, þ.e. yngsta aldursflokksins í grunnskólunum, og málefni hans koma fyrir í allmörgum greinum og þess vegna varð að breyta svo mörgum greinum sem raun ber vitni.

Nefndin fór hins vegar mjög rækilega yfir það, eins og fram kom hjá hv. frsm., að það er ekki um neinar aðrar breytingar að ræða á grunnskólalögum, því er óhætt að treysta. Það er enginn vafi á því að það að lögfesta sex ára skólaskyldu er mjög þýðingarmikið mál fyrir fjölskyldurnar í landinu og fyrir börnin sem á þessum aldri eru. Þess vegna hefur nú náðst jafnvíðtæk pólitísk samstaða um þetta efni og raun ber vitni. Hitt er svo annað mál og þess lét ég getið við fyrstu umræðu þessa máls að ég hefði talið að þegar nú er verið að lengja grunnskólann í tíu ár, úr því að vera níu ára skóli í tíu ára skóla, hefði þurft að fylgja meira með af hálfu menntmrn. Það hefði þurft að fylgja með nákvæm úttekt á grunnskólanáminu og skipulagsbreyting þannig að hér væri ekki aðeins um lengingu skólaskyldunnar að ræða heldur þyrfti einnig að endurskipuleggja námið og þá með tilliti til þess að við erum með okkar börn og unglinga lengur í skóla en flestar aðrar þjóðir.

Ég minntist á það við 1. umr. þessa máls að þegar ég var í menntmrn. skipaði ég sérstaka nefnd og í henni voru fulltrúar frá öllum skólastigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, til þess að fara einmitt rækilega ofan í þennan þátt, jafnvel að stokka eitthvað upp á milli grunnskólans og framhaldsskólans, en þá með það að markmiði hvort ekki væri möguleiki að við gætum fylgt fordæmi annarra þjóða og íslenskir unglingar gætu lokið framhaldsnámi, a.m.k. einu, hugsanlega tveimur árum yngri en nú er. Og þá vitna ég til þess sem aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum. Mér skildist þá á hæstv. menntmrh. að þessi nefnd væri enn að störfum og mundi ljúka störfum innan skamms þannig að endurskipulagning af þessu tagi gæti því væntanlega fylgt fljótlega í kjölfarið. Ég ítreka hins vegar að ég hefði

talið æskilegt að þessi endurskipulagning kæmi við þessa breytingu, þ.e. þegar verið er að lengja grunnskólann í tíu ára skóla.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. er óþarfi að málið fari til nefndar þar sem um þetta er full samstaða í nefndinni og nefndin sjálf flytur málið. Hins vegar vildi ég láta þessar athugasemdir koma fram nú við 1. umr. þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kvikmyndastofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 525. mál (heildarlög). — Þskj. 922, n. 1067, 1071 og 1072, brtt. 1068, 1073, 1077.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. menntmn. um lög um Kvikmyndastofnun Íslands. Ég sé það á nál. 1. minni hl. nefndarinnar, undirrituðu af Birgi Ísl. Gunnarssyni, að honum þykir hafa verið óhæfilegur hraði á málsmeðferð. Það skal viðurkennt að málið hefur farið hraðferð í gegnum nefndina, fyrst og fremst vegna þess að það er seint fram komið. Það kom ekki til nefndarinnar fyrr en í byrjun þessarar viku og það er nokkuð ljóst að verði það ekki afgreitt frá Nd. núna öðru hvoru megin við helgi er óvíst að málið nái fram að ganga. Og þar sem málið er talið mikilvægt var ekki hægt annað en að hraða málsmeðferð.

Hv. menntmn. hefur haldið fundi á hverjum degi eftir páska. Hún hefur haldið sjö fundi á sjö dögum og hún hefur á þessum tíma afgreitt frá sér sjö stjfrv. Ég held að þau hafi öll fengið hæfilega meðferð, en vissulega skal viðurkennt að betra væri ef meira tóm gæfist til meðferðar á þingmálum.

Hv. menntmn. fékk nokkra aðila til sín á fund. Í fyrsta lagi Þráin Bertelsson, formann þeirrar nefndar er samdi upphaflegu frumvarpsdrögin, Þorstein Jónsson, formann Félags kvikmyndagerðarmanna, Ara Kristinsson, varaformann Félags kvikmyndagerðarmanna, Knút Hallsson, formann stjórnar Kvikmyndasjóðs, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur úr úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs, Guðbrand Gíslason, framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs, og frá Kvikmyndasafninu þá Árna Björnsson þjóðháttafræðing og Helga Jónasson fræðslustjóra.

Að lokinni skoðun á frv. mælir nefndin með samþykkt þess með nokkrum breytingum sem koma fram á þskj. 1068.

Ég hygg að þessar breytingar séu almennt þess eðlis að þær þarfnist ekki skýringa. Ég tek það þó sérstaklega fram að 6. brtt. er nær orðrétt komin frá þeim sem síðast voru taldir af þeim sem heimsóttu nefndina, Guðbrandi Gíslasyni, Árna Björnssyni og Helga Jónassyni, sem töldu ástæðu til þess að fjalla örlítið ítarlegar um viðfangsefni og hlutverk Kvikmyndasafnsins og vildu að Kvikmyndasafnið lyti sérstakri stjórn. Nefndin taldi ekki unnt að verða við þessu þar sem erfitt væri að hafa tvær stjórnir í sömu stofnuninni, þessi stofnun hefur sérstaka þriggja manna stjórn, en komst að þeirri niðurstöðu að hæfilegt gæti verið að hafa þarna þriggja manna umsjónarnefnd sem að sjálfsögðu starfar þá undir forustu stjórnarinnar og hefur það sérstaka hlutverk að fjalla um rekstur Kvikmyndasafnsins en umsjónarnefndin mundi vera skipuð samkvæmt tilnefningum frá Þjóðminjasafni Íslands, Félagi ísl. safnamanna og Námsgagnastofnun. Stjórn Kvikmyndastofnunar yrði hins vegar yfirstjórn allrar stofnunarinnar að sjálfsögðu og framkvæmdastjóri yrði framkvæmdastjóri fyrir alla stofnunina, þar á meðal Kvikmyndasafnið.

Ég hygg að allir nefndarmenn hafi verið á einu máli um það að grundvallaratriði í sambandi við uppbyggingu kvikmyndaframleiðslu á Íslandi sé að meira fé fáist til úthlutunar. Nefndin ræddi ítarlega þann möguleika að útleiga myndbanda yrði einn af tekjustofnum Kvikmyndastofnunar eins og mun hafa verið í frv. sem hæstv. menntmrh. lagði fyrir ríkisstjórn og þingflokka fyrir nokkrum vikum síðan. Þetta ákvæði var hins vegar tekið út úr frv. áður en það var lagt fyrir Alþingi og auðvitað er ljóst að það felst ekki mikil tekjuaukning í þessu frv. í þágu Kvikmyndastofnunar frá því sem er varðandi Kvikmyndasjóð.

Ég er þeirrar skoðunar að brýna nauðsyn beri til að efla kvikmyndagerð á Íslandi verulega umfram það sem nú er. Ég tek heils hugar undir þau rök sem fram hafa verið borin að íslensk kvikmyndagerð kynnir land og þjóð betur en nokkuð annað getur gert og enginn vafi er á því að sú kynning skilar sér margfaldlega fjárhagslega bæði í þjóðarbúið og ríkiskassann. Með fjölgun íslenskra kvikmynda er þannig beinlínis verið að auka þjóðartekjur og ríkistekjur. Það eru því full rök fyrir því að stórauka framlög til Kvikmyndastofnunar og ég harma það, eins og margir aðrir, að sú aukning felst því miður ekki í þessu frv. og ekki tókst samstaða um það að þessu sinni að bæta tekjum af útleigu myndbanda við þannig að stofnunin fengi aukna tekjustofna. Hins vegar er það ofmælt sem heyrst hefur að enginn ávinningur sé af samþykkt frv. Ég vil nefna fjögur atriði sem ég tel vera mikilvæg í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi verður meira til úthlutunar til kvikmyndagerðar, einfaldlega vegna þess að reksturinn verður greiddur af sérstakri fjárveitingu og skerðir ekki það fé sem kemur til úthlutunar til kvikmyndagerðar. Þarna er ekki um að ræða stórfé. Við fengum það nú ekki alveg á hreint í nefndinni hvað þarna gæti verið um mikla fjármuni að ræða. Sumir nefndu í okkar eyru 3 milljónir og aðrir nefndu 10 milljónir. Það er sjálfsagt einhvers staðar á því bili. En þarna er vissulega um nokkra aukningu að ræða á fé til úthlutunar til kvikmyndagerðar.

Í öðru lagi eru í frv. ákvæði sem heimila Kvikmyndastofnun að veita lán og veita ábyrgðir fyrir lánum. Þetta eru hvort tveggja mjög mikilvæg ákvæði, sérstaklega ákvæðið um ábyrgðir. Og ég álít að hin nýja Kvikmyndastofnun geti veitt aukinn stuðning til íslenskrar kvikmyndagerðar frá því sem nú er á grundvelli þessa ákvæðis og kannski talsvert aukinn.

Í þriðja lagi er heimild til þess að stofnunin leggi fram eignarframlög til kvikmyndagerðar þannig að stofnunin sé beinlínis eignaraðili að kvikmyndum sem gerðar eru. Þetta er nýmæli, þekkt í öðrum löndum en vissulega óreynt hér, og skal ég ekkert um það fullyrða hversu mikið þetta verður nýtt, en þarna er samt verið að fjölga möguleikum og reyna nýjar leiðir þannig að um verður að ræða hugsanlegan stuðning af fernu tagi. Það getur verið um eignarframlag Kvikmyndastofnunar að ræða til kvikmyndaframleiðslu, það getur verið um að ræða beinan styrk, það getur verið um að ræða lán og það getur verið um að ræða ábyrgð á láni.

Þetta eru framfaraspor sem ekki er ástæða til að vanmeta og síðan bætist í fjórða lagi við að kvikmyndagerð nýtur þess að gjafir og styrkir til hennar frá fyrirtækjum eru frádráttarbær í bókhaldi, eins og aðrar gjafir til menningarmála, og verður þessu fyrir komið með breytingu á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt. Og ég hygg að þetta geti tvímælalaust orðið kvikmyndalistinni og kvikmyndagerð á Íslandi til framdráttar.

Ég ætla að vona að þingmenn og ríkisstjórnir beri gæfu til þess að skilja að það er brýn nauðsyn að efla kvikmyndagerð á Íslandi. Það er brýn nauðsyn að veita framlög til Kvikmyndastofnunar í næsta sinn óskert miðað við lög, en það hefur ekki verið gert á undanförnum árum. Jafnvel þótt í lögum hafi verið ákvæði um að svo og svo mikið fé skyldi renna til Kvikmyndasjóðs þá hefur það ekki verið framkvæmt. Það hefur ævinlega verið mjög verulega skorið niður og ég held að kannski sé það brýnna en nokkuð annað að þessi ósiður verði af tekinn og farið verði eftir lögunum í næsta sinn.

Ég hefði vissulega kosið að lögin kvæðu á um aukinn stuðning við Kvikmyndasjóð í ríkara mæli en er í frv. en ég hygg nú samt að hitt sé ekki síður mikilvægt að menn einsetji sér að leggja fé í Kvikmyndasjóð í samræmi við lög án þess að um skerðingu sé að ræða í næsta skipti sem fjárlög verða afgreidd.

Herra forseti. Með þessum brtt. leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um Kvikmyndastofnun Íslands. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og skiptist í þrjá hluta, þ.e. meiri hl. sem hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds hefur mælt hér fyrir. Að þeim meiri hl. standa fulltrúar ríkistjórnarflokkanna í menntmn. Við þm. Sjálfstfl. í nefndinni, ég og hv. 3. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir skipum 1. minni hl. og skilum séráliti og flytjum auk þess brtt. og að lokum er 2. minni hl. sem hv. 18. þm. Reykv. Þórhildur Þorleifsdóttir, þingmaður Kvennalista, myndaði og skilar séráliti. Mér þykir rétt, áður en lengra er haldið, herra forseti, að lesa upp það nál. sem við höfum skilað en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við athugun nefndarinnar á þessu frv. kom í ljós að það er ótrúleg hrákasmíð. Frv. er morandi í villum og ljóst er að gera þyrfti á því miklar breytingar til að koma viti í málið. Nefndin kallaði á sinn fund fulltrúa Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, þá Þorstein Jónsson, Þráin Bertelsson og Ara Kristinsson. Fram kom hjá þeim að frv. ráðherra væri ekki í samræmi við niðurstöður þeirrar nefndar sem um getur í grg. með frv. Gerðu þeir miklar athugasemdir við frv. og lögðu fram margar hugmyndir að breytingum. Þá kom á fund nefndarinnar úr úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Gerði hún einnig miklar athugasemdir við frv. og taldi verr af stað farið en heima setið með þetta mál. Taldi hún m.a. fráleita ráðstöfun að skipta úthlutunarnefnd í tvo aðskilda hópa enda væri það fjármagn, sem úthlutunarnefnd hefur til ráðstöfunar, ekki til skiptanna milli tveggja úthlutunarhópa og frv. gerði ekki ráð fyrir auknu fjármagni til kvikmyndagerðar.

Knútur Hallsson, formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs, kom einnig á fund nefndarinnar, gerði athugasemdir við frv. og lagði fram skriflega greinargerð um málið. Allir þessir aðilar voru andvígir meginatriðum í frv. ráðherra. Þá gerðist það, eftir að formaður nefndarinnar hafði tekið málið út úr nefndinni, að á fund hennar kom hópur manna sem hafði sjálfur frumkvæði að því að ræða við nefndina. Það voru þeir Helgi Jónasson og Árni Björnsson, fulltrúar í stjórn Kvikmyndasjóðs þegar sérstaklega er fjallað um málefni Kvikmyndasafns. Með þeim var Guðbrandur Gíslason, framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs. Lögðu þeir fram brtt. um þann þátt frv. sem snertir stjórn Kvikmyndasafns.

Öll meðferð þessa máls í nefndinni var hroðvirknisleg og lítill tími gafst til að ræða einstök atriði. Var stöðugt rekið á eftir meðferð málsins og gestir nefndarinnar fengu óspart að heyra að þeir fengju lítinn tíma.

Átelja verður harðlega öll vinnubrögð í þessu máli. Gagnrýna verður ráðherra fyrir að leggja fram illa og hroðvirknislega unnið frv. Enn fremur verður að gagnrýna meiri hl. nefndarinnar fyrir að kasta höndum til afgreiðslu þessa máls. Kvikmyndalistin í landinu á betra skilið.

Meiri hl. hefur vafalaust af góðum hug reynt að bæta frv. með því að flytja brtt. Þær eru þó hvergi nærri fullnægjandi og enn eru villur í frv. Alvarlegast af öllu er þó að frv. bætir í engu hag kvikmyndalistarinnar í landinu.

Við undirrituð viljum sýna þessari ungu listgrein fullan sóma og teljum að Alþingi eigi að samþykkja

vandað og vel gert frv. um kvikmyndagerð. Við teljum það óráð að samþykkja þetta óvandaða frv. nú og leggjum til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar.

Ef sú tillaga okkar verður ekki samþykkt áskiljum við okkur rétt til að flytja og fylgja brtt."

Undir þetta rita Sólveig Pétursdóttir og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Það eru vissulega stór orð sem fram koma í nál. og þess vegna tel ég rétt að eyða nokkrum tíma þessarar hv. deildar til að færa þeim orðum stað.

Í nál. er vitnað í heimsóknir nokkurra aðila sem komu á fund nefndarinnar. Ég tel rétt að rekja stuttlega það sem fram kom hjá því fólki sem kom til fundar við nefndina. Það voru þó hvergi nærri fullnægjandi heimsóknir eins og við getum um í okkar nál. Það var óspart rekið á eftir þessu fólki sem við kölluðum til fundar og það fékk stuttan tíma til að tjá sig þannig að ég reikna með að ef farið hefði verið betur yfir þetta mál með þessu fólki hefði komið sitthvað fleira í ljós. Fulltrúar Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Þorsteinn Jónsson, Ari Kristinsson og Þráinn Bertelsson, komu á fundinn. Þeir áttu þátt í því að semja frv. sem þeir afhentu menntmrh. á sínum tíma en könnuðust lítið við það frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram. Það kom fram í þeirra máli að frv. sem þeir höfðu lagt fram og höfðu samið hafði gjörsamlega verið snúið við í menntmrn. Þeir lýstu yfir mikilli óánægju með frv. hæstv. menntmrh. Þeir höfðu sérstaklega horn í síðu 5. og 6. gr. frv. Ég minni á að þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. deild lét ég þess getið að það væri ótrúlega flókið og illskiljanlegt kerfi sem sett er upp í 5. gr. frv. og undir það tóku þessir aðilar.

Í frv. sem þeir lögðu fram voru enn fremur ýmis önnur atriði sem þeir lögðu áherslu á og ekki síst bentu þeir á að í frv. eins og það nú lítur út hjá hæstv. ráðherra væri alls ekki á neinn hátt stuðlað að því að kvikmyndagerð eða kvikmyndalist í landinu fengi aukið fjármagn. Þeir höfðu lagt það til í sínu frv. að framlag ríkissjóðs í Kvikmyndasjóð yrði miðað við virðisaukaskatt af kvikmyndasýningum eins og reyndar er gert ráð fyrir í frv. hæstv. ráðherra, en að auki höfðu þeir gert ráð fyrir að áætlaður virðisaukaskattur af útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum yrði þarna inni.

Það kom fram hjá þessum fulltrúum að það vær ósk íslenskra kvikmyndagerðarmanna að reynt yrði að stefna að því að gerðar yrðu á Íslandi það sem þeir kölluðu fjórar meðaldýrar myndir. Kostnaður við hverja kvikmynd mun vera um 40 millj. kr. þannig að hér er um að ræða um 160 millj. kr. sem það mundi kosta að gera fjórar kvikmyndir. Þeir bentu á að á síðustu tíu árum hefðu verið framleiddar 27 myndir sem hefðu kostað um 1,1 milljarð. Af þessum peningum hefðu kvikmyndagerðarmenn sjálfir lagt fram eða útvegað 600 millj. kr. en ríkið um 500 millj.

Það voru fleiri atriði sem þeir minntust á sem ég skal ekki rekja hér sérstaklega en við fengum einnig á okkar fund fulltrúa úr úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs, en þannig hefur þessu verið háttað að undanförnu að stjórn Kvikmyndasjóðs hefur tilnefnt sérstaka nefnd, úthlutunarnefnd, til að úthluta úr Kvikmyndasjóði. Sá fulltrúi úr úthlutunarnefnd sem til okkar kom var Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fyrrv. alþm., og gerði hún okkur grein fyrir sínum sjónarmiðum og þá væntanlega úthlutunarnefndarinnar. Hún taldi það fráleita ráðstöfun að skipta úthlutunarnefndinni í tvær nefndir, A og B. Hún benti á að í ár væru til úthlutunar aðeins 66 millj. kr. en meðalkostnaður á hverja mynd væri 40 millj., eins og fyrr getur, þannig að þessi fjárhæð væri ekki til skiptanna milli tveggja nefnda. Þetta samsvaraði sem sagt um það bil 1½ mynd. Hún taldi að það væri betra að hafa stærri stjórn í Kvikmyndastofnuninni, eins og hún á að heita nú. Þannig kæmust að fleiri sjónarmið og minni hætta væri á hagsmunaárekstrum og við getum sagt klíkumyndun. Þetta er tiltölulega lítill heimur hér á Íslandi, kvikmyndalistaheimurinn, og þar ríkir auðvitað samkeppni á milli manna og þess vegna eðlilegt að hafa stjórnina stærri þannig að fleiri sjónarmið komist að. Hún taldi hins vegar ekki rétt að nokkur stjórnarmaður sæti í úthlutunarnefnd eins og lagt er til í frv. ráðherra. Það væri hins vegar eðlilegt að stjórn stofnunarinnar tilnefndi aðila til úthlutunar og hún gæti þá haft það í sinni hendi hversu fjölmennur sá hópur væri, og reyndar hafði það komið fram hjá kvikmyndagerðarmönnunum sem mættu á fundi nefndarinnar að jafnvel gæti komið til greina að aðeins einn aðili, eins konar einvaldur, úthlutaði úr sjóðnum. Þeir lögðu auðvitað áherslu á að það væri fyrst og fremst möguleiki en ætti ekki að vera nein regla.

Sigríður Dúna benti líka á að ákvæðin í 8. og 9. gr. væru ruglingsleg. Niðurstaða hennar við athugun á frv. var sú að það væri verr af stað farið en heima setið með þetta mál. Það bætti ekki núverandi stöðu kvikmyndagerðar.

Á fund nefndarinnar kom einnig Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri en hann er formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs. Hann lagði ýmis gögn fyrir nefndina sem ekki voru rædd sérstaklega í nefndinni vegna þess mikla hraða sem á þessu máli var. Hann lagði hins vegar fram skriflega greinargerð sem hann kallar bráðabirgðaumsögn fyrir hönd stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands um þetta frv. ráðherra. Ég tel nauðsynlegt að kynna hv. deild þetta álit stjórnar Kvikmyndasjóðs og ætla þess vegna að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginatriðið í öllum frumvörpum og lögum um kvikmyndamál hefur jafnan verið hvernig ákvæðum um tekjur sjóðsins hefur verið háttað. Annað mikilvægt atriði varðar ákvæði um stjórn og úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Mælikvarðinn á sérhvert frv. um þessi efni er sá hvort frv. er til bóta á gildandi lögum varðandi þessi tvö atriði og þó einkum hið fyrrnefnda. Í þessari umsögn er athyglinni fyrst og fremst beint að þessum tveim aðalatriðum.

Tekjur og önnur fjármál Kvikmyndasjóðs. Aðal-

ákvæðin um tekjur sjóðsins eru í 7. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins sem máli skipta séu fólgnar í árlegu framlagi úr ríkissjóði er nemi árlegum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum. Þessi breyting leiðir af sjálfu sér þar sem virðisaukaskattur er nú búinn að leysa söluskatt af hólmi en við þann síðarnefnda er miðað í núgildandi lögum. Sérfræðingar telja líklegt að virðisaukaskattur muni ekki gefa jafnmikið í sjóðinn eins og söluskattur gerir í dag. Þá er á það að líta að íslenskar kvikmyndir eru í dag undanþegnar söluskatti en athugun sérfræðings á vegum Kvikmyndasjóðs leiðir í ljós að íslenskar kvikmyndir muni aðeins að hluta njóta undanþágu eða ívilnunar af virðisaukaskatti, þ.e. einungis endurgreiðslu af skattinum vegna vinnuframlaga.

Ákvæðið í 2. mgr. 4. gr. frv. um að rekstur Kvikmyndastofnunar skuli greiddur sérstaklega í fjárlögum, óháð hinu eiginlega framlagi til sjóðsins, er vissulega til bóta en hafa verður í huga að raunverulegur kostnaður við rekstur sjóðsins nemur aðeins um 3 millj. kr. Annar „rekstrarkostnaður" hefur verið falinn í stærri styrkjum og annarri fyrirgreiðslu við kvikmyndagerðarmenn.

Þá er í þessu frv. ekkert ákvæði um skattfrelsi eða skattívilnun vegna framlaga til kvikmyndagerðar eins og var í tillögum beggja þeirra nefnda sem samið hafa frv. um þetta efni og getið er í bréfi með þessari umsögn. Í staðinn kemur loforð um breytingu á reglugerð um tekjuskatt nr. 615/1987, að því er varðar gjafir til menningarmála. Fullyrðingu í athugasemd með frv. um að þessi reglugerðarbreyting muni hafa í för með sér „veruleg framlög" til kvikmyndagerðar hlýtur að verða að taka með fyrirvara. Lítil sem engin reynsla mun komin á hvernig ákvæði reglugerðarinnar um skattfrádrátt vegna gjafa til menningarmála munu reynast í framkvæmd og víst er að þau ákvæði um hliðstæð efni sem verið hafa í lögum og reglugerðum hafa gefið næsta lítið í aðra hönd í þágu menningarmála.

Loks er á það að líta að næsta ótryggt er að hafa slíkt ákvæði í reglugerð. Fjmrn. getur breytt eða fellt niður reglugerðarákvæði með einu pennastriki og hefur annað eins skeð.

Ákvæðið í 8. gr. um að kvikmyndaframleiðandi þurfi að leggja fram að jafnaði 10% eigið fé til að teljast styrkhæfur virðist til nokkurra bóta en virðist gefa undir fótinn með að opinber stuðningur nemi þá 90% sem kallar á stóraukin framlög til sjóðsins. Til bóta er að takmarka ábyrgðir á bankalánum við 15% „af kostnaði" þótt nákvæmara væri væntanlega að miða við áætlaðan kostnað. Annars virðist ekki til hagsbóta fyrir kvikmyndagerðina að breyta styrkjum að nokkru í lán og ábyrgðir ef heildarframlag til þessara mála er ekki aukið heldur jafnvel minnkað.

Þá er ákvæði í 8. gr. um að verði hagnaður af sýningu myndar endurgreiði fyrirtækið lán, ella falli það á Kvikmyndasjóð. Mjög erfitt hefur reynst að fullreyna hvort hagnaður eða halli hafi orðið af kvikmyndum í ýmsum tilvikum. Hagnaði virðist unnt að breyta í halla með ýmsum meira eða minna löglegum bókhaldsvinnubrögðum. Þá er hætt við að ákvæði af þessu tagi geti verið til þess fallið að refsa þeim sem halda fjárhagslega vel á málum en verðlauna skussana.

Í frv. þriggja manna nefndarinnar er gert ráð fyrir að framlag til sjóðsins miðist ekki einungis við söluskatt (virðisaukaskatt) af kvikmyndasýningum heldur einnig við skatt af myndbandaleigum. Þessi viðmiðun er ekki í því frv. sem hér er lagt fram og hlýtur það að teljast mjög neikvætt frá sjónarmiði kvikmyndagerðarmanna, sérstaklega þar sem vitað er að myndbandaleigur draga mjög úr aðsókn að kvikmyndahúsum.

Hér hefur verið stiklað á stóru um þetta atriði en niðurstaðan er sú að þetta frv. virðist frekar munu stuðla að því að framlag til kvikmyndagerðar minnki frá því sem nú er."

Næst er fjallað í þessari greinargerð stjórnar Kvikmyndasjóðs um stjórnunar- og úthlutunarmál.

„Samkvæmt frv. er stjórnarmönnum fækkað úr fimm í þrjá. Þetta er til bóta að meginstefnu til. Því fámennari stjórn, því betra, er hin almenna reynsla í þessu efni.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir tilnefningum í stjórnina frá tveim aðilum, Félagi kvikmyndagerðarmanna og Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda. Rétt er að benda á að nýlega hefur verið stofnað þriðja fagfélagið, Samtök kvikmyndaleikstjóra, sem gerir valið á tilnefningaraðilum flóknara. Tilnefningaraðilar samkvæmt núgildandi lögum eru auk Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands ísl. kvikmyndaframleiðenda Bandalag ísl. listamanna og Félag kvikmyndahúsaeigenda. Aðild Bandalags ísl. listamanna mun byggjast á því að margir aðilar að kvikmyndagerð standa utan við fagfélög kvikmyndagerðarmanna, t.d. leikarar, leikmyndagerðarmenn, ýmsir handritshöfundar o.s.frv., en eru innan vébanda Bandalags ísl. listamanna. Þá sjá félagar í Samtökum kvikmyndahúsaeigenda um öll innkaup og dreifingu á (erlendum) kvikmyndum hér á landi og ráða yfir allri sýningaraðstöðu.

Deila má um hvort hagsmunaaðilar eigi að sitja í sjóðsstjórnum, sem eiga m.a. að úthluta styrkjum til þeirra sjálfra, samstarfsmanna þeirra eða keppinauta, eða hvort þessir aðilar eigi að hafa úrslitavald um hverjir annist slíka úthlutun með því að hafa meirihlutavald um hverjir sitji í úthlutunarnefndum. Þetta fyrirlag getur" — hér stendur nú „per se", við skulum segja getur „í sjálfu sér boðið upp á misnotkun og jafnvel spillingu. Hér er um vandasamt og viðkvæmt mál að ræða en íhuga þyrfti vandlega hvort unnt kunni að vera að finna betri lausnir á þessu vandamáli. Stjórn sjóðs þyrfti að vera hæf og bær til að sinna því meginverkefni hverrar sjóðsstjórnar að ráðstafa ráðstöfunarfé sjóðsins en þurfa ekki vegna vanhæfi að afsala sér þessu meginhlutverki og fela það mönnum utan stjórnar að meira eða minna leyti. Samkvæmt fyrstu lögum um sjóðinn var stjórnin skipuð þremur hlutlausum mönnum sem jafnframt önnuðust úthlutun."

Þá er fjallað um úthlutunarnefndir í þessu áliti.

„Skv. 5. gr. frv., sbr. bráðabirgðaákvæði, skipar stjórn Kvikmyndasjóðs tvær þriggja manna úthlutunarnefndir í stað einnar samkvæmt núgildandi lögum. Vandséð er að þetta sé til bóta. Þá er gert ráð fyrir allflóknum og nánast óskiljanlegum reglum um hvernig nefndirnar eiga að starfa. Hingað til hefur reynst mjög erfitt að fá þrjá hlutlausa menn með einhver tengsl við kvikmyndamál til að taka sæti í einni nefnd.

Þá er það sjálfsagða ákvæði í frv. eins og í núgildandi lögum að nefndarmenn í úthlutunarnefndum megi eigi hafa hagsmuna að gæta við úthlutunina. Hins vegar skulu aðalstjórnarmenn skiptast á um að vera formenn nefndanna, en ekkert ákvæði er í 2. gr. um að aðalstjórnarmenn megi ekki hafa hagsmuna að gæta. Annaðhvort verður að taka ákvæði um slíkan áskilnað í 2. gr. eða sleppa áskilnaði um hlutleysi í 5. gr.

Í athugasemdum við 5. gr. frv. er drepið á þann kost við tvær úthlutunarnefndir að þannig fáist „áfrýjunarmöguleiki". Ekki er ljóst hvort með þessu orðalagi er átt við að unnt verði að áfrýja ákvörðun einnar nefndar til annarrar, sem yrði mjög óheppilegt, eða hvort átt er við eitthvað annað sem þyrfti þá að koma skýrt fram. Frá almennu skynsemissjónarmiði verður ekki séð að þessi flókna nýskipan sé til bóta frá núgildandi lögum.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum er sú að þessu frv. sé svo mjög áfátt í veigamiklum atriðum að það þurfi miklu nánari athugunar við ef það eigi að vera spor fram á við fyrir íslenska kvikmyndagerð. Stjórn Kvikmyndasjóðs er reiðubúin til samstarfs um að þoka frv. í þá átt."

Þetta var svohljóðandi bráðabirgðaumsögn stjórnar Kvikmyndasjóðs og eins og fram kemur í þessari umsögn gerir stjórn Kvikmyndasjóðs mjög miklar og alvarlegar athugasemdir við frv. eins og það var lagt fram af hæstv. ráðherra.

Þá er rétt að geta þess að eftir að málið hafði verið tekið út úr nefndinni bönkuðu upp á hjá hv. menntmn. gestir, en það voru fulltrúar í stjórn Kvikmyndasjóðs þegar sérstaklega er fjallað um Kvikmyndasafnið. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að þegar fjallað er um Kvikmyndasafn Íslands eigi tveir aðilar að bætast í Kvikmyndasjóðsstjórnina, þ.e. fulltrúi frá Námsgagnastofnun og fulltrúi frá Þjóðminjasafni. Þessir aðilar voru þeir Helgi Jónasson og Árni Björnsson. Þeir komu sem sagt að eigin frumkvæði. Það fékkst ekki að ræða við þá frekar en aðra nema á hlaupum og þeir lögðu fram að mínu mati mjög veigamikla brtt. við frv. Þetta er nú dæmi um vinnubrögðin sem sýnir að ef vinnubrögð meiri hl. nefndarinnar hefu ein ráðið hefði þetta mál ekki komist að. Það var fyrst og fremst frumkvæði þessara manna sem réði því að þeir fengu að koma að þessari brtt. sem er þess efnis að safnaþættinum verði meiri gaumur gefinn í frv. og þá sérstaklega að sett verði sérstök stjórn, eins og þeir lögðu nú til, yfir Kvikmyndasafnið, en niðurstaða meiri hl. nefndarinnar varð sú að leggja fram brtt. þar sem gert er ráð fyrir að það verði umsjónarnefnd, eins og það heitir í brtt. frá meiri hl. nefndarinnar. Þeir héldu því fram að það hefði komið mjög glögglega í ljós að stjórn Kvikmyndasjóðs hefði meiri áhuga á sjálfum sjóðnum, hefði meiri áhuga á kvikmyndagerðinni í landinu, kvikmyndalistinni og framgangi hennar, en því að geyma og varðveita myndir og þess vegna væri nauðsynlegt að styrkja þennan þátt því að það væri mjög líklegt miðað við reynsluna að stjórn Kvikmyndasjóðs mundi ekki breytast að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Ég hef hér rakið í allítarlegu máli þær miklu athugasemdir sem þeir aðilar sem fengu að tjá sig við nefndina gerðu við frv. Þetta geri ég að sjálfsögðu til að rökstyðja þau stóru orð sem fram koma í áliti 1. minni hl. menntmn. um að þetta frv. sé ótrúleg hrákasmíð, það sé morandi í villum og á því þurfi að gera miklar breytingar, og til þess að sýna fram á að sú gagnrýni sem við setjum fram á meðferð málsins í nefndinni, að hún hafi verið hroðvirknisleg og lítill tími hafi gefist til viðræðna um einstök atriði, eigi við rök að styðjast. Og ég hef líka viljað fara svona ítarlega yfir, rakið umsagnir þeirra sem til okkar komu, til þess að rökstyðja þá hörðu gagnrýni sem sett er fram í nál. á öll vinnubrögð í málinu, gagnrýni á hæstv. ráðherra fyrir að leggja fram illa og hroðvirknislega unnið frv. og gagnrýnina á meiri hl. menntmn. fyrir að kasta höndum til afgreiðslu þessa máls.

Ég ætla þá aðeins, virðulegi forseti, að ræða efnislega einstakar greinar út frá þeim brtt. sem hér liggja fyrir en allir hlutar nefndarinnar, þ.e. meiri hl. nefndarinnar ásamt með báðum minni hlutunum, flytja sjálfstæðar brtt. við frv.

Við 2. gr. flytjum við, ég og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, brtt. þess efnis að fjölgað verði í stjórn stofnunarinnar frá því sem gert er ráð fyrir í frv. og tala stjórnarmanna verði sú sama og er í stjórninni í dag en hins vegar breytt nokkuð um tilnefningaraðila. Við leggjum til að stofnuninni verði skipuð fimm manna stjórn til þriggja ára í senn og tilnefningaraðilar skuli vera Félag ísl. kvikmyndagerðarmanna, Samband ísl. kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndaleikstjóra, Bandalag ísl. listamanna og einn sem ráðherra skipar án sérstakrar tilnefningar en jafnframt að stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Rökin fyrir þessari fjölgun eru þau að veruleg hætta er á að hagsmunaárekstrar séu í þessari listgrein eins og ég gat um áðan. Þetta er mjög þröngur heimur, þessi heimur kvikmyndalistarinnar, og stjórnin á, þó hún eigi ekki að fara sjálf beint með úthlutun, að tilnefna úthlutunaraðila þannig að hún hefur gríðarlega mikið vald í þessum efnum og hefur auðvitað í gegnum það fullan möguleika á að láta sín áhrif koma fram í úthlutunarnefndinni. Þess vegna finnst mér eðlilegra að fleiri aðilar komi að því að tilnefna. Þó að ég geti út af fyrir sig fallist á það almenna sjónarmið að skynsamlegra sé að hafa tiltölulega fámennar stjórnir í stofnunum af þessu tagi finnst mér hér um að ræða svo sérstakt mál og

sérstakar aðstæður að eðlilegt sé að gera þessa breytingu.

Varðandi 5. gr. frv. hefur meiri hl. nefndarinnar lagt fram brtt. Þar er gert ráð fyrir að þessu flókna og einkennilega og óskiljanlega kerfi um úthlutunarnefnd A og úthlutunarnefnd B sem eiga að vera þriggja manna og meðstjórnendur í stjórn stofnunarinnar eiga að vera formenn hvor í sinni nefnd sé kastað í burtu. Ég er auðvitað alveg sammála því og tel þetta hið mesta óráð eins og það er lagt fram í frv. og ég satt að segja skil ekki hvernig þetta komst inn í frv. Ég tel því að sú breyting sé auðvitað til bóta. Við viljum hins vegar ganga lengra því að við flytjum einnig brtt. við 5. gr. þar sem segir að úthluta skuli tvisvar á ári og skulu sömu aðilar ekki annast úthlutun í bæði skiptin. Við föllumst á það sjónarmið sem fram hefur komið frá úthlutunarnefndinni sem nú er, að ekki sé rétt að lögbinda það a.m.k. að úthluta tvisvar á ári og að sömu aðilar eigi ekki að annast úthlutun í bæði skiptin. Okkar rök eru þau að fjármagn sem þarna er um að ræða sé svo lítið að það sé alls ekki til skiptanna, ein og hálf mynd á ári eins og nú er, og þess vegna sé eðlilegra að það sé hreinlega í valdi stjórnar stofnunarinnar og þá úthlutunaraðila hvernig hún hagar þessari úthlutun. Ég er ekki að segja að ekki sé hægt að úthluta tvisvar á ári, það er ekkert sem bannar það, en það er heldur ekkert sem fyrirskipar það í þessari brtt. okkar. Í því liggur meginmunurinn.

Við viljum líka lengja, og það er álit úthlutunarnefndarinnar einnig, starfstíma hvers úthlutunaraðila úr tveimur árum í þrjú ár. Það byggist m.a. á hugmyndum sem úthlutunarnefndin er með, að venjulegur líftími gerðar hverrar kvikmyndar, ef má orða það þannig, sé um þrjú ár frá því að menn byrja og þar til myndin er tilbúin og æskilegt sé að þeir sem standa fyrir úthlutun til myndar geti fylgt henni eftir og haft samband og afskipti af myndinni. Það sé til stuðnings auðvitað fyrst og fremst þeim sem eru að framleiða myndina.

Það er önnur brtt. varðandi 6. gr. frá meiri hl. nefndarinnar. Þar segir að með fjárframlagi sé átt við beina þátttöku Kvikmyndastofnunar í gerð kvikmynda, enda gerist þá stofnunin eignaraðili að myndunum. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði. Mér hafa borist boð frá úthlutunarnefndinni þess efnis að hún telji þetta mjög vafasamt ákvæði. Ég tel að þetta þurfi að kanna betur áður en þetta er ákveðið á þennan hátt. Mér er ljóst að þetta ákvæði var inni í því frv. sem kvikmyndagerðarmenn lögðu upphaflega fram fyrir ráðherra. Úthlutunarnefndin telur sig hafa sérstök rök til þess að mæla gegn þessu. Ég hef ekki haft aðstöðu til að meta það. Ég tek það sérstaklega fram og auðvitað er þetta eitt af þeim efnum sem menn hefðu þurft að gefa sér betri tíma til að skoða, en ég vildi hins vegar að þetta kæmi hér fram vegna þess að einn aðili í úthlutunarnefndinni ræddi við mig sérstaklega rétt fyrir þessa umræðu. Þá höfðu þeir setið á fundi í dag einmitt til þess að fjalla um þetta atriði. Og af þessari breytingu leiðir svo aftur breytingin í 7. gr. að tekjur til Kvikmyndasjóðs séu þá m.a. tekjur af eignarhluta í íslenskum kvikmyndum.

Við 7. gr. eru enn fremur tvær brtt., þ.e. brtt. frá okkur, fulltrúum Sjálfstfl. í nefndinni, og fulltrúum Kvennalista. Mér sýnist að þær séu samhljóða. Við gerum sem samt ráð fyrir að auk tekna af áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum komi áætlaðar tekjur af útleigu myndbanda og af sjónvarpsauglýsingum.

Nú segja menn vafalaust: Það hefur ekki gengið burðuglega hingað til að Kvikmyndasjóður fengi tekjur þær sem hann átti að fá, þ.e. áætlaðan söluskatt af kvikmyndasýningum, og það er vissulega rétt þó að það hafi verið mjög mismunandi frá ári til árs. Hins vegar er því mjög haldið fram varðandi virðisaukaskatt af kvikmyndasýningum að það leiði af eðli virðisaukaskattsins að hann verði lægri eftir þessa breytingu auk þess sem aðsókn að kvikmyndum hafi farið minnkandi. Á þetta get ég ekki lagt neinn dóm en þetta er auðvitað eitt af þeim málum sem þurfti að athuga í nefndinni og ég bað sérstaklega um að fá einhverjar tölulegar upplýsingar um hvað væri líklegt að þessi skattur gæfi en það fékkst ekki. Það var ekki gefinn neinn tími til þess. Málið þurfti að knýja í gegn þannig að þeirri beiðni var hafnað. En auðvitað horfði þar til betri vinnubragða að nefndin hefði getað áttað sig á því hvað þetta gæfi líklega í tekjur. Það er þess vegna alveg ljóst að þetta frv. eins og það er gefur ekkert í auknar tekjur til kvikmyndagerðar. Við viljum marka þarna stefnu til framtíðar, að auka tekjur til kvikmyndasýninga og þess vegna bætist við áætlaður virðisaukaskattur af útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum.

Ég vil geta þess í sambandi við rökin fyrir því, þar sem verður víst að samþykkja frv., að það rýmki fjárhag Kvikmyndsjóðs þar sem nú er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður hans verði greiddur sérstaklega af ríkissjóði en ekki af þessum almennu framlögum sem Kvikmyndasjóður fær. Þetta er nú ekki nema 3 millj. kr. Það var upplýst í nefndinni að þetta væru 10 millj. kr. Við nánari athugun er það rangt. Það komst á kreik tala um 10 millj. kr. en við nánari athugun kom í ljós að inn í þeirri tölu voru ýmsir smærri styrkir og framlög til kvikmyndagerðarmanna, ferðastyrkir og annað þess háttar. Hinn raunverulegi rekstrarkostnaður sjóðsins er því ekki nema 3 millj. kr. Það er allt og sumt sem verið er að tala um að auka fjárráð sjóðsins um.

8. gr. er ásamt fleiri greinum gersamlega óskiljanleg, svo vitlaus og greinilega tómt rugl. Það var ekki nokkur leið að fá neinn botn í þá grein og mér sýnist að ekki sé enn þá búið að fá botn í hana þrátt fyrir brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur. Við komumst að þeirri niðurstöðu eftir bollaleggingar þó að við fengjum enga leiðbeiningu um það frá ráðuneytinu að 8. gr. fjallaði fyrst og fremst um lán en ekki styrki. Brtt. meiri hl. miðar að því að þar sem talað er um styrki í þessari grein komi orðið „lán“. En þar stendur enn þá samt: „Nú ákveður stjórn Kvik-

myndasjóðs að lána til verkefnis." Samkvæmt frv. er það ekki verkefni stjórnarinnar að lána eða úthluta neinu fé. Það er úthlutunarnefndin sem á að fá það vald. Til þess að reyna þó að bæta úr þessari vitleysunni, sem meiri hl. nefndarinnar virðist ekki hafa viljað gera eða ekki gert, höfum við lagt hér fram fjórðu brtt. okkar sem er þess efnis að alls staðar þar sem talað er um stjórn Kvikmyndasjóðs í 8. gr. verði talað um úthlutunaraðila. Ástæðan er auðvitað sú, eins og ég sagði, að það er hvergi gert ráð fyrir því í frv. að stjórn Kvikmyndasjóðsins hafi með neinar fjárhagslegar úthlutanir að gera, hvorki styrki né lán. Þetta er því dæmi um eina villuna enn sem stendur í frv. og hefði auðvitað þurft að kanna miklu betur eins og allt annað.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið allrækilega yfir þetta mál og verð að segja að það er Alþingi til skammar, það er hv. menntmn. til skammar og hv. Alþingi til skammar að ætla sér að afgreiða þetta mál á jafnflausturslegan hátt. Í frv. eru enn fjölmörg atriði sem eru óljós, þarfnast nánari athugunar, þarfnast nánari skýringa. Við fengum ekkert tækifæri til þess, eins og ég hef getið um, í menntmn. Nd. að kanna það. Ég vildi svo sannarlega óska að menntmn. Ed. fengi betri tækifæri til þess að skoða þetta mál, en fyrir því er auðvitað engin trygging.

Þess vegna leggjum við eindregið til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar. Kvikmyndalistin missir ekki af neinu þó að þetta frv. verði ekki samþykkt. Þetta frv. bætir hennar hag á engan hátt, færir henni ekkert meira fjármagn. Við erum þar að auki bundnir í fjárlögum fyrir árið 1990 um framlag á þessu ári og þess vegna enginn skaði þótt þetta frv. bíði til hausts og hægt verði þá að skoða það betur á milli þinga og samþykkja vel unnið almennilegt frv. sem sé þessari ungu listgrein til sóma.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið, bæði í máli frsm. meiri hl. menntmn., hv. þm. Ragnars Arnalds, og hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, þá þríklofnaði nefndin í þessu máli. Þó liggja leiðir saman hér og þar. Sú sem hér stendur og skipar 2. minni hl. stendur að brtt. meiri hl. nefndarinnar en flytur auk þess eigin brtt. Hún er svo til samhljóða brtt. sem einnig er að finna hjá 1. minni hl. menntmn.

Ég vil leyfa mér að byrja á því að lesa nál. 2. minni hl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Íslensk kvikmyndagerð á sér orðið töluverða sögu, þó mest sé nú haldið á lofti því tímabili sem kennt hefur verið við „vor" og hófst fyrir tíu árum.

Í upphafi þessa tímabils ríkti bjartsýni og ekki að ástæðulausu. Hver kvikmyndin rak aðra, ungir leikstjórar komu fram á sjónarsviðið og allir lögðu fúslega hönd á plóginn, báðum megin kvikmyndatökuvélarinnar. En brátt dró úr bjartsýninni og hægðist á ferðinni. Æ færri kvikmyndir voru framleiddar ár hvert. Það dró úr aðsókn, m.a. vegna þess að nýjabrumið var farið af, fjárhagsbyrðar urðu framleiðendum íslenskra kvikmynda of þungar í skauti og opinber framlög af svo skornum skammti að fáir gátu lagt út í framleiðslu nýrra kvikmynda. Nú er málum svo komið að árið 1989 voru tvær íslenskar kvikmyndir frumsýndar, í ár verður það ein og von er á einni árið 1991.

Það var því orðið tímabært að skapa íslenskri kvikmyndagerð nýjan og betri grundvöll með nýrri lagasetningu. Frv. til laga um Kvikmyndastofnun Íslands hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi og miklar vonir við það bundnar. Því urðu vonbrigðin mikil þegar frv. leit dagsins ljós. Ekki einasta var það svo illa unnið að illmögulegt var að skilja sumar greinar þess, heldur voru líka í því prentvillur sem breyttu efni frv. verulega.

En alvarlegast var þó að í frv. fólst engin sú nýbreytni sem skipti sköpum fyrir íslenska kvikmyndagerð. Fjárhagslega mun hún standa á jafnmiklum brauðfótum og nú.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur ýmislegt verið fært til betri vegar, þ.e. ef brtt., sem meiri hl. nefndarinnar og fulltrúi Kvennalistans standa að og prentaðar eru á þskj. 1061, verða samþykktar en þar eru lagðar til breytingar á sex af þrettán greinum frv. og talar það sínu máli. Þar skipta mestu máli breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar úr Kvikmyndasjóði.

Annar minni hl. flytur auk þess brtt. á þskj. 1073. Þar er lagt til að virðisaukaskattur af útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum renni í Kvikmyndasjóð. Það væri rökrétt tilhögun. Í frv. er lagt til að framlag ríkissjóðs nemi áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum. Sú tillaga er í athugasemdum við einstakar greinar frv. skýrð með eftirfarandi hætti: „Ákvæðið byggist á því að sýning erlendra kvikmynda hér á landi sé til styrktar íslenskri kvikmyndagerð."

Einungis hluti áhorfenda erlendra kvikmynda sækir sýningar þeirra í kvikmyndahúsum. Myndbandanotkun eykst með ári hverju og því er það einungis hluti tekna ríkissjóðs af erlendum kvikmyndum sem innheimtist af kvikmyndasýningum. Annað eins fæst af útleigu myndbanda, og fer sá hluti eflaust vaxandi. Þess vegna er fjarri lagi að halda því fram að „sýning erlendra kvikmynda hér á landi sé til styrktar íslenskri kvikmyndagerð".

Niðurstaðan er því að í frv. felist, auk breyttrar úthlutunaraðferðar, fyrst og fremst nafnbreyting. Það dugir ekki minna en „stofnun" til að standa straum af einni til tveimur leiknum íslenskum kvikmyndum á ári. Þá er e.t.v. verr af stað farið en heima setið því að ekki mun það eitt nægja. Íslensk kvikmyndagerð mun ekki ná að slíta barnsskónum við óbreyttar aðstæður.

Að brtt. 2. minni hl. á þskj. 1073 samþykktri munu kvennalistakonur styðja frv., en sitja hjá ella."

Í upphafi máls míns vil ég geta þess að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson fór nokkuð hörðum orðum um störf nefndarinnar. Nú get ég tekið undir þau sjónarmið að það hafi ekki verið vel að verki staðið

en verð þó að láta í ljósi þá skoðun að verr hafi ekki verið staðið að verki en mjög venjulegt er. Ég verð að segja eins og er að umfjöllun mála í þessari umræddu nefnd er oft með þeim hætti að vont er við að una. Hún hittist sjaldan og lítil umræða verður þar oft um mál.

Í þessu tilfelli náðist þó til þeirra sem að mínu viti mestu máli skipta í þessu sambandi, en það eru auðvitað fulltrúar þeirra tveggja heildarsamtaka kvikmyndagerðarfólks, þ.e. fulltrúar frá Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda og Félagi kvikmyndagerðarmanna. Bæði þessi félög höfðu farið ítarlega yfir frv., áttu reyndar bæði fulltrúa í þeirri nefnd sem upphaflega var falið að semja frumvarpsdrög og skiluðu bæði þessi félög ítarlegum umsögnum og brtt. við frv. Þær brtt. hafa flestar ratað inn aftur með brtt. meiri hl. Sú brtt. sem ekki ratаði þangað inn er sú sem mestu máli skiptir, þ.e. tillaga sem mundi stuðla að því að renna traustari stoðum undir íslenska kvikmyndagerð.

Eins og ég nefndi í nál. og reyndar í ræðu minni við 1. umr. þá er tómt mál um að tala að halda uppi marktækri kvikmyndagerð á Íslandi með þeim opinberu fjárframlögum sem völ hefur verið á. Íslenskir kvikmyndaleikstjórar og kvikmyndaframleiðendur eru því dæmdir til sífelldrar bernsku í þessu fagi. Það gildir hér eins og annars staðar að reynslan er mikilvægur skóli og fáir eru líklegir til mikilla afreka á þessum sviðum með einungis örfár kvikmyndir að baki. Því er það í rauninni hörmulegt að þegar þetta frv. kemur fram skuli ekki annað blasa við íslenskum kvikmyndaframleiðendum og kvikmyndaleikstjórum en sama ástand. Það má spyrja að því hvort þessum peningum sem undanfarið og samkvæmt þessum lögum er varið til þessarar listgreinar sé ekki einfaldlega betur varið með einhverjum öðrum hætti. Ekki ætla ég að gera það að tillögu minni en e.t.v. væri heiðarlegast að segja bara: Búið í bili. Gerum eitthvað annað við peningana þangað til einhver ríkisstjórn ber gæfu til þess að standa þannig að málum að viðunandi sé.

Ef bornar eru saman brtt. þær sem nú liggja frammi við frv. er brtt. frá 1. minni hl. við 2. gr. frv., þ.e. um skipan stjórnar Kvikmyndastofnunar Íslands. Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir þriggja manna stjórn og er það fækkun um tvo frá því sem áður var. Eins og ég lýsti hér í ræðu minni við 1. umr. er mér ekkert kappsmál að fækka í þessari stjórn og tek ekki endilega undir þau sjónarmið að litlar stjórnir séu betri en stærri. Hinu lýsti ég líka að það vefðist fyrir mér að finna hverjir ættu þá að sitja í þeirri stjórn nema ef vera skyldi fleiri fulltrúar frá Félagi kvikmyndagerðarmanna eða Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda. Nú á Bandalag ísl. listamanna aðild að stjórn Kvikmyndasjóðs og það tel ég í rauninni alveg eðlilegt fyrirkomulag, en sú tillaga sem lögð er fram í brtt. 1. minni hl. um að Félag kvikmyndaleikstjóra tilnefni einn stjórnarmann finnst mér aldeilis fráleit. Þess ber að geta í því sambandi og því til rökstuðnings að Félag kvikmyndaleikstjóra er nýtt félag. Allir meðlimir þess félags, held ég að ég geti fullyrt, eru meðlimir annaðhvort í Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda eða í Félagi kvikmyndagerðarmanna og nokkrir þeirra munu reyndar vera félagar í báðum félögunum. Auk þess verður að nefna að í þessu nýstofnaða Félagi kvikmyndaleikstjóra eru ekki mikilvirkustu kvikmyndaleikstjórar landsins utan einn. Til að nöfn séu nefnd vil ég geta þess að í því félagi er ekki Ágúst Guðmundsson, en við hans fyrstu mynd er kvikmyndavorið oft kennt. Þar er ekki Þráinn Bertelsson, þar er ekki Lárus Ýmir Óskarsson, ekki Guðný Halldórsdóttir, ekki Kristín Pálsdóttir, svo að aðeins fáeinir séu nefndir. Það verður því að draga þá ályktun að þetta Félag kvikmyndaleikstjóra sé ekki enn marktækt félag.

Það væri fullkomlega óeðlilegt ef sami aðilinn gæti haft áhrif á tilnefningu fulltrúa í stjórn Kvikmyndastofnunar eftir þremur mismunandi leiðum. Nóg er nú að sumir eigi það eftir tveimur þó þeim opnaðist ekki þriðja leiðin og vil ég nú spyrja hvaða valddreifing finnist í slíku fyrirkomulagi. Því undirstrika ég að það er algerlega fráleitt á þessu stigi málsins að Félag kvikmyndaleikstjóra tilnefni mann í stjórn. Það getur vel verið að því félagi vaxi fiskur um hrygg með árunum, en staða þess er ekki slík nú að það komi til greina. (**FrS:** Félagið er opið eins og ...) Já, en einhver ástæða er til þess að obbinn af íslenskum kvikmyndaleikstjórum hefur ekki séð ástæðu til að ganga í það félag og því verður það að bíða betri tíma að það skipi fulltrúa í svo áríðandi stjórnir sem stjórn Kvikmyndastofnunar. Ég ég vil aftur undirstrika að það væri fullkomlega óeðlilegt að eiga þrjár leiðir til áhrifa um tilnefningu fulltrúa. Vill hv. þm. gera aðra athugasemd? (**FrS:** Hv. þm. tekur til máls á eftir í umræðunni.) Gott.

Við 6. gr. frv. sem fjallar um úthlutun gerir meiri hl. ásamt 1. minni hl. og 2. minni hl. brtt. Sú tilhögun sem meiri hl. nefndarinnar leggur til er fullkomlega í samræmi við þær tillögur sem þau tvö félög sem hér um ræðir, Samband ísl. kvikmyndaframleiðenda og Félag kvikmyndagerðarmanna, lögðu til, þ.e. að stjórn Kvikmyndastofnunar tilnefni aðila til að annast úthlutun úr sjóðnum og að úthlutað skuli tvisvar á ári og sömu aðilar annist ekki úthlutun í bæði skiptin. Í báðum brtt. er síðan ákvæði um hve lengi eða hve oft sami aðili megi annast úthlutun og kveðið á um að úthlutunaraðilar megi ekki eiga hagsmuna að gæta sem er auðvitað fullkomlega haldlaus málsliður, en látum það vera.

Í brtt. 1. minni hl. er reyndar ekki útilokað að úthlutun gæti farið fram tvisvar á ári en það er ekki lagt til. Þeir vilja veita hverjum úthlutunaraðila lengri tíma, þ.e. hann hafi möguleika á setu í úthlutunarnefnd eða til úthlutunar þrjú ár í röð. Meiri hl. nefndarinnar vill takmarka þann tíma við tvö ár í röð. Tel ég það tvímælalaust betri tilhögun vegna þess sem ég sagði hér áðan að þessi málsl. um að úthlutunaraðilar mættu ekki eiga hagsmuna að gæta væri fullkomlega marklaus.

Það verður ekki hjá því komist í litlu þjóðfélagi, hvað þá í svo litlum geira þess sem kvikmyndaframleiðsla er, að einhverjir hagsmunir séu í húfi, einhverra hagsmuna sé gætt. Hjá því verður ekki komist en þeim mun meira áríðandi er að það sé ekki gætt sömu hagsmuna ár eftir ár. Sjálf hefði ég því sætt mig við að hver úthlutunaraðili ynni aðeins að einni úthlutun.

Mér finnst það skinhelgi í raun og veru að tala um að þarna séu ekki hagsmunaárekstrar. Miklu heiðarlegra er að viðurkenna þá og reyna að hafa þá breytilega frá ári til árs. Auk þess tel ég mjög mikilvægt að úthlutun fari fram tvisvar á ári. Jafnvel þó ekki verði úr miklum peningum að spila samkvæmt þessu frv. eins og það liggur hér fyrir, þá er það þó svo að það er ekki alltaf verið að veita fjárframlög til leikinna kvikmynda, það kemur margt fleira til, t.d. að veita til handritsgerðar eða annars undirbúnings. Ég held að það hljóti að vera ákaflega mikilvægt, þó ekki sé mikið til skiptanna, að þeir sem um sækja hafi áfrýjunarrétt, þ.e. geti beint sinni hugmynd til annars aðila og fengið aðra skoðun á hugmyndinni og hugsanlega fyrirgreiðslu þar. Smekkur manna er vissulega misjafn og um smekk verður ekki deilt, en þarna er vís leið til þess að mismunandi smekkur ráði líka, ekki bara á tveggja ára fresti heldur tvisvar sinnum á ári. Ég vona líka að þess verði ekki langt að bíða að tekjur Kvikmyndastofnunar verði meiri. Því það hlýtur að blasa við annaðhvort að íslensk kvikmyndagerð lognist út af innan skamms eða að gerð verði á bragarbót.

Í báðum brtt. er síðan sagt: „Einnig er heimilt að veita lán og ábyrgðir fyrir láni, sbr. 8. gr."

Í brtt. meiri hl. er brtt. við 7. gr. frv., þar sem kemur nýr tölul. sem orðast svo: „Tekjur af eignarhluta í íslenskum kvikmyndum." Þetta er líka samkvæmt eindreginni ósk tveggja margnefndra félaga og virðast þeir álíta að þetta geti komið bæði kvikmyndaframleiðendum og Kvikmyndasjóði til góðs, þ.e. ef svo ólíklega vildi til að kvikmynd skilaði ágóða. Því miður er ekki líklegt að svo verði í bráð og því ekki líklegt að þetta ákvæði komi í raun til framkvæmda. En ekki sakar að hafa það þarna ef svo skyldi vilja til. Hver eignarhlutinn yrði eða hvernig því yrði hagað yrði nánar skilgreint í samningum milli þess sem úthlutun hlýtur og Kvikmyndastofnunar hverju sinni. Kvikmyndagerðarmenn hafa nefnt möguleika eins og þann að eftir að framleiðandi hefur tvöfaldað áhættufé sitt skiptist innkoma hlutfallslega eftir eignarhluta.

Þá komum við að margfrægri 8. gr. Hún var e.t.v. versta dæmið um hroðvirknisleg vinnubrögð við þetta frv. Vil ég rifja það upp að við 1. umr. lýsti ég því yfir að ég skildi ekki þessa grein, þarna væri talað í belg og biðu um lán, styrki og ábyrgðir og bað um nánari skýringar. Hæstv. menntmrh. varð við þeirri ósk og skýrði þessa grein sjálfsagt eftir bestu getu. Annaðhvort tókst honum ekki betur eða mín skilningarvit voru ekki betur á sig komin en svo að ég fór í stól aftur og lýsti því enn að þrátt fyrir útskýringar skildi ég ekki greinina, en ég skyldi gera mitt besta til að reyna að skilja hana í nefnd. Þar hóf ég svo máls á þessu aftur og var af einhverjum aðilum hálfsnupruð fyrir að skilja ekki, en viti menn, í ljós kom að það var prentvilla sem gjörbreytti inntaki greinarinnar. Líklega hefur hún verið óskiljanleg öllum frá upphafi en samt var nú verið að reyna að verja hana og kenna mínu granna viti um skilningsleysi. En sem betur fer hafa nú allir séð að sér.

Ég er sammála því að þessi grein sé betur orðuð í brtt. 1. minni hl. og það hefði átt að standa betur að verki hjá meiri hl. en einungis þannig að breyta orðinu „lán" í styrki. Einmitt í því sambandi vil ég geta þess að ég gerði það líka að umræðuefni við 1. umr. málsins að hugnanlegra væri að tala ekki sífellt um styrki heldur fjárframlög. En það er nú kannski ekki stórmál miðað við ýmislegt annað sem upp á vantar. Aftur á móti, svo ég víki aftur að brtt. 1. minni hl., er ég ekki viss um að orðið „úthlutunaraðili" komi í stað Kvikmyndasjóðs og reyndar hvort ekki ætti að standa: stjórn Kvikmyndastofnunar í 8. gr. Þarna er um það að ræða að veita lán eða ábyrgð fyrir bankalánum með vissum skilyrðum. Mér finnst harla ólíklegt að einn aðili geti veitt lán og veitt ábyrgð fyrir bankalánum sem, ef illa tekst til, eiga svo að falla á annan. Ég held því að það sé fyllsta ástæða til að líta á greinarnar, bæði eins og þær eru í framlögðu frv. og í brtt. 1. minni hl., og athuga hvort þetta stenst. En ég ítreka að öðru leyti finnst mér greinin miklu betur orðuð hjá 1. minni hl.

Síðan er hér tæknileg breyting en eflaust var hún af fljótfærni gerð eða misgá, eins og ýmislegt annað í þessu frv., þ.e. að í stað orðsins „Ríkisbókhald" komi: Ríkisendurskoðun.

Þess utan vil ég minna á brtt. 2. minni hl. þar sem kveðið er á um að tekjur sjóðsins verði, auk virðisaukaskatts af kvikmyndasýningum, af útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum og tel mig þegar hafa fært rök fyrir því að það sé fullkomlega rökrétt tilhögun og í raun sú eina breyting í þessu frv. sem skiptir raunverulegu máli.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði mjög að umræðuefni hér hugmyndir úthlutunarnefndar um frv. en þeim mun minna gerði hann úr hugmyndum þessara tveggja stóru félaga þessa sama fólks. Með fullri virðingu fyrir úthlutunarnefnd þá hefur hún eins árs reynslu af úthlutun og vinnu við Kvikmyndastofnun en félagar í þessum tveimur félögum, Sambandi ísl. kvikmyndaframleiðenda og Félagi kvikmyndagerðarmanna, hafa tíu ára reynslu af því kerfi sem hefur verið við lýði og hafa búið við þá tilhögun í tíu ár. Þess vegna finnst mér sérkennilegt að þeirra skoðanir skuli ekki vega þungt í þessu máli. Þetta er einróma niðurstaða beggja þessara félaga, sem ég ítreka að Félag kvikmyndaleikstjóra á líka aðild að, sem birtist í þeim tillögum sem nefndinni voru afhentar.

Hv. þm. Ragnar Arnalds lauk máli sínu hér áðan með því að láta í ljósi þá ósk að Alþingi og ríkisstjórn mættu bera gæfu til þess að standa við lög um

fjárframlög til Kvikmyndastofnunar, en sú hefur ekki verið raunin undanfarin ár. Ég vil nú að hálfu gera þessi orð að mínum en taka þó sterkar til orða og lýsa því yfir að ég vona að íslenskir stjórnmálamenn beri gæfu til að gera bragarbót á þessum lögum fyrr en seinna, þ.e. að koma inn í þau ákvæðum um meiri fjárframlög, svo miklu máli sem þau nú skipta.

Varðandi það hvort verr sé af stað farið en heima setið, og þau orð hef ég sjálf tekið mér í munn varðandi þetta frv., þá er ég þrátt fyrir allt ekki sammála þeirri niðurstöðu að vísa frv. aftur til ríkisstjórnarinnar. Ég held að það gæti einungis gert að verkum að málið tefðist enn frekar. Menn gætu þá skýlt sér bak við það þegar kvikmyndagerðarmenn sæktu á um aukin fjárframlög að lögin væru í endurskoðun, allt mundi lagast með nýju frv. Ég held að staða þeirra versni ekki við það að fá ný lög með aðeins ákveðnari lagaramma og með þau að bakhjarli að berjast fyrir meiri fjárframlögum og þurfi ekki að eyða meiri tíma í umfjöllun um úthlutunaraðferðir, stjórn stofnunarinnar, o.s.frv., heldur geti einbeitt sér að þessu eina atriði. Ég óska þeim sigurs í því efni sem fyrst.

Umræðu frestað.

Skákskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 797, n. 1045, brtt. 1046.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. Nd. um frv. til laga um Skákskóla Íslands.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk um það umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Á þskj. 1046 liggja brtt. fyrir. Þær eru tvenns konar.

Í fyrsta lagi er gerð breyting á orðalagi í 6. gr. þannig að þar standi: „Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.“ Hér kemur orðið „skákmeistarar“ í stað stórmeistarar en það er tengt þeim breytingum sem gerðar eru á frv., sem væntanlega verður hér til umræðu næst á eftir þessu í deildinni, um launasjóð stórmeistara þar sem gert er ráð fyrir að kona hljóti að jafnaði laun. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að kona sem laun hljóti frá launasjóði stórmeistara geti jafnframt kennt og skuli hafa kennsluskyldu við Skákskólann.

Seinni breytingin er við gildistökugreinina og orðast þá svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1991.“ Þessi breyting er tengd því að ráðgert er að fjárveiting til skólans komi á næstu fjárlögum.

Virðulegi forseti. Menntmn. er sammála um afgreiðslu á þessu frv. og ritar öll undir nál. til afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 860, n. 1032, brtt. 1033.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. frá heilbr.- og trn. um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Frv. um breytingu á 19. gr. þeirra laga er upphaflega flutt af Salome Þorkelsdóttur í Ed. Þar er lagt til að orðinu „slysaforvarnir“ sé bætt inn í textann. Ed. gerði breytingu á frv. sem var á þá leið að í stað orðsins „slysaforvarnir“ kæmi orðið „slysavarnir“.

Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. Hún er samþykk frv. eins og því var breytt í meðförum Ed. en þótti nauðsynlegt að gildistökuákvæði þess yrði breytt. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir að frv. tæki gildi 1. jan. 1990 en nefndin öll var þeirrar skoðunar að það skyldi taka gildi strax.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu. Tillaga um hana er gerð á sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. skrifar nefndin öll; Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir H. Haarde, Sólveig Pétursdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Geir Gunnarsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launasjóður stórmeistara í skák, 2. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 622, n. 1047, brtt. 1048.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. Nd. um frv. til laga um launasjóð stórmeistara í skák. Menntmn. hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Jafnréttisráði og Tryggingastofnun ríkisins. Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1048. Meginbreytingarnar sem nefndin gerir á frv. eru þrjár.

Í fyrsta lagi er sett inn ákvæði sem tryggja á að ef kona er ekki í hópi stórmeistara skuli veita laun hverju sinni a.m.k. einni konu er náð hefur afburðaárangri í skák ef slík umsókn liggur fyrir.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að grípa lítillega niður í umsögn Jafnréttisráðs varðandi þetta atriði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikil vakning hefur verið meðal kvenna í skák-

listinni þó enn hafi þær ekki náð stórmeistaratitli. Jafnréttisráð telur því mikilvægt að komið verði meira til móts við stöðu kvenna en gert er ráð fyrir í frv. Jafnframt þykir rétt að benda á að skv. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, eru sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna."

Það er rétt að fram komi hér að menntmn. hefur ekki gert ráð fyrir að þetta ákvæði sé tímabundið heldur sé skylt að veita einni konu slíkan styrk, ef umsókn liggur fyrir, eða slík laun.

Meðal nefndarmanna var almennt álit að það væri gríðarlega mikilvægt, til að efla áhuga kvenna á skák og veita þeim aðstöðu til að iðka skák, að þetta ákvæði kæmi þarna inn. Jafnframt, eins og fram kom í nál. varðandi Skákskólann, eru gerðar þar breytingar en gert er ráð fyrir að sú kona sem laun þiggi samkvæmt þessum lögum hafi kennslu- og fræðsluskyldu við Skákskólann.

Í öðru lagi eru gerðar breytingar sem miða að því að tryggja aðild þeirra er hljóta laun úr sjóðnum að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Það er rétt að vekja athygli á því að í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins segir: „Til þess að opinberir starfsmenn hafi heimild til að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þurfa þeir að vera skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau lán er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma, sbr. 3. gr. laga nr. 29 frá 1963."

Það er samdóma álit og einróma vilji nefndarmanna að þeir skákmeistarar sem laun þiggja úr launasjóði stórmeistara njóti slíkra réttinda og hafi aðildarrétt að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Því er það áréttað hér og hefur nefndin gert þær breytingar á frv. að hún telur að tryggt eigi að vera í alla staði að skákmeistararnir njóti þessara réttinda.

Þriðja meginbreytingin sem gerð er af hálfu nefndarinnar er sú að sett eru inn ákvæði um stjórn fyrir sjóðinn. Þar segir að á eftir 5. gr. komi ný gr. sem orðist svo: „Stjórn launasjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar tvo, og er annar þeirra formaður, en Skáksamband Íslands einn."

Þetta þótti nauðsynlegt í fyrsta lagi vegna þess að afgreiða þarf umsóknir og velja til að mynda konu úr hópi umsækjenda sem launin á að hljóta. Með þeim breytingum sem hér eru gerðar þarf að sækja sérstaklega um fjárveitingu til sjóðsins árlega þar sem heildarfjárveiting til sjóðsins fer eftir tölu þeirra stórmeistara sem launa njóta hverju sinni auk einnar konu a.m.k.

Það er rétt að árétta það að menntmn. var sammála um afgreiðslu þessa frv. og ritar öll undir nál. og stendur öll að þeim brtt. sem hér liggja fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, 2. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 102. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 104, n. 1066.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Menntmn., sem öll og óskipt stendur að þessu nál., leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með sérstakri grg. sem menntmn. sendir frá sér og með ákveðnum tilmælum til ríkisstjórnarinnar. Ég vil, með leyfi forseta, gera grein fyrir nál.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar. Allar umsagnir sem bárust voru mjög jákvæðar og tekið undir efni frv. sem er að efla tengsl grunnskólans við menningarstofnanir landsins með gagnkvæmum heimsóknum og að skólastjórum og kennurum sé skylt að gangast fyrir því að lista- og fræðimenn heimsæki skóla til að kynna nemendum íslenska menningu, sögu og arfleifð.

Áhugi manna og skilningur á því að efla vitund barna og unglinga um íslenska menningu og sérstöðu hennar fer vaxandi. Sífellt meiri tengsl og samgöngur við erlendar þjóðir, síaukið magn fjölmiðlaefnis af ýmsu tagi á erlendum tungumálum og breyttir þjóðfélagshættir kunna að veikja stöðu íslenskrar menningar og þar með sjálfstæðis þjóðarinnar.

Í grg. með frv. segir m.a.:

„Ísland skal vera sjálfstætt ríki. Um það er ekki ágreiningur. Við eigum sameiginlega tungu, arfleifð og sögu, þ.e. sameiginlega menningu. Meðan svo er eigum við okkur tilverurétt sem sjálfstæð eining í samfélagi þjóða. En komi of djúpir brestir í þessar stoðir sjálfstæðis okkar glötum við þeim rétti því að þá mun okkur skorta rök fyrir nauðsyn þess að halda uppi, með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn, svo litlu og á margan hátt óhagkvæmu þjóðfélagi hér á hjara veraldar. Því ber okkur að styrkja þessar stoðir sjálfstæðis okkar eftir mætti, jafnframt því sem við opnum gáttir til allra átta, kynnumst og tileinkum okkur það besta úr reynslu og menningu annarra þjóða.

Þessu markmiði má ná eftir tveim leiðum og þær höfum við báðar farið. Það er annars vegar skóla- og menntakerfi, hins vegar stofnanir og starfsemi af ýmsu tagi tengd listum og varðveislu íslenskrar menningar þar sem jafnframt eru ástunduð vísindi, rannsóknir og nýsköpun. Ýmislegt má betur fara í skólum og menningarstarfsemi í landinu, en það er ekki viðfangsefni þessa frv., heldur hvernig tengja megi betur þessar tvær leiðir, þ.e. reyna að tryggja að leiðir liggi saman að einu marki."

Í grg. með frv. er að finna nokkrar hugmyndir um

hvernig mætti standa að framkvæmd frv., engan veginn tæmandi listi, einungis til ábendingar.

Ljóst er að markmiðum frv. verður ekki náð í einu vetfangi og fjölmörg atriði í framkvæmd þess þarfnast talsverðs undirbúnings, en brýnt er að framkvæmdin tengist áformum um lengingu skóladags grunnskólabarna í áföngum og verði fellt inn í frv. til laga um grunnskóla.

Nefndin skorar á ríkisstjórnina að skipa sem fyrst nefnd sem annist áðurgreindan undirbúning og leggi drög að áætlun um framkvæmd. Nefndin leiti m.a. samstarfs við helstu menningarstofnanir landsins og vinni drög að starfssamningum er miði að því að þessar stofnanir taki á verkefnaskrá sína kennslu, fræðslu og sýningar í skólum og heimsóknir skóla til þeirra. Jafnframt leiti nefndin samstarfs og samráðs við stéttar- og fagfélög listamanna og þeirra fræðimanna sem frv. tekur til í því skyni að tryggja árangursríkar en um leið hagkvæmustu leiðir í framkvæmd þess. Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1990 og skili skýrslu til Alþingis svo að unnt verði að hefjast handa um framkvæmd haustið 1991.

Í trausti þess að ríkisstjórnin verði við þessari áskorun leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. og þessa tillögu um nefndarskipan og vísun frv. til ríkisstjórnar ritar menntmn. Nd. öll.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 1037.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Frv. til laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur þegar sætt meðferð í hv. Ed. og þar var full samstaða um málið. Á því voru gerðar lítils háttar breytingar frá því sem það var upphaflega er það kom frá ríkisstjórninni og snertir það ákvæði frv. um ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar. Í frv. er gert ráð fyrir því að forstöðumaður verði ráðinn til sex ára í senn og megi háskólaráð endurráða hann að fengnu áliti stjórnar Tilraunastöðvarinnar. Hann er jafnframt prófessor við læknadeild Háskóla Íslands með takmarkaðri kennsluskyldu samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Við meðferð málsins í hv. Ed. varð sú breyting á frv. að bætt var inn nýju ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir því að sá forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar á Keldum sem starfar þegar lög þessi taka gildi geti haldið forstöðumannsstöðunni áfram í allt að sex ár frá gildistöku laganna. Um ráðningu forstöðumanns í embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands fari að öðru leyti eftir háskólalögum. Síðan fari um starfsemi forstöðumanns og ráðningu, og endurráðningu hugsanlega, samkvæmt því sem segir í 5. gr. frv.

Frv. er samið af nefnd sem skipuð var í mars 1989 og í áttu sæti Guðrún Agnarsdóttir, Haraldur Ólafsson og Jón Höskuldsson. Frv. byggði á nál. svokallaðrar Keldnanefndar sem var skipuð í maí 1987 af þáv. menntmrh. og starfaði undir forystu Guðmundar Eggertssonar prófessors sem var tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Hér er um að ræða algjörlega nýjan lagaramma fyrir Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Það má glöggt sjá það af gildandi lögum sem fylgja með frumvarpsskjalinu, sem fskj. I, að það var orðin brýn þörf á því að endurskoða lögin því þau lög sem í gildi eru frá 28. febr. 1947 eru um flest úrelt orðin.

Með hliðsjón af því hversu gott samstarf tókst um afgreiðslu málsins í hv. Ed. tel ég ástæðulaust að orðlengja frekar um málið hér á þessu stigi, herra forseti, og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðamál, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 1017.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JAJ, 489. mál (breytingar á stjórnarskrá). — Þskj. 850.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Flm. nú var Jóhann A. Jónsson sem var hér fyrir mig en þetta frv. var lagt fram af mér á síðasta þingi.

1. gr. er þannig:

„79. gr. stjórnarskrárinnar orðast þannig:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni, má bera upp á Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja deilda með sama hætti og almenn lög skal leggja hana undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Hún skal fara fram eigi síðar en samhliða næstu alþingiskosn-

ingum eftir samþykkt hennar á Alþingi. Verði tillagan samþykkt af meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal hún lögð fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar."

Allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur það verið verkefni Alþingis að láta vinna að endurskoðun eða endurgerð stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir víðtæka samstöðu á Alþingi og utan þess um nauðsyn endurskoðunarinnar, og stundum mjög ákveðnar aðgerðir í þá átt, hefur það ekki tekist. Ákvæði um kosningar til Alþingis eru þó undanskilin. Þeim hefur verið breytt.

Til upplýsinga um nauðsyn breytinga á stjórnarskránni má vísa til fyrri tillagna um breytingar á stjórnarskránni og jafnframt til bréfs umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis, dags. 29. des. 1988. Í því eru rakin fjölmörg atriði sem brýnt er að kveða betur á um í stjórnarskránni en nú er gert.

Nú, á tímum víðtækrar kreppu sem tekur til margra þátta þjóðlífsins, er sérstök ástæða til að huga að framkvæmd laga og réttar í landinu. Löggjöf um þær stofnanir, sem móta framkvæmd laga og réttar og hafa síðustu orðin þar um, dómstólana, þarf að vera góð. Sérstaklega á þetta við um lagaákvæði um Hæstarétt Íslands, en til hans má jafnan skjóta úrlausnum annarra dómstóla. Er brýnt að ákvæði um skipan og starfshætti Hæstaréttar séu ítarleg og skýr og þau tryggi borgurunum aðgang að dómstólum, óski þeir þess, og vandaðri málsmeðferð. Ákvæði um þetta þurfa að vera í stjórnarskrá því um er að ræða kjarnaatriði í löggjöf réttarríkis.

Þessir mikilvægu kostir fylgja því að breyta ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hér er lagt til:

1. Samkvæmt ákvæðum 79. gr. þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli til að ná fram breytingum á stjórnarskránni. Það hefur þann ókost í för með sér að þingmenn á Alþingi sem leggja til stjórnarskrárbreytingar verða að eiga það undir öðru Alþingi, væntanlega með öðrum þingmönnum, að ljúka því verki.

2. Ekki verður lengur skylt að rjúfa Alþingi strax að lokinni fyrri samþykkt Alþingis á stjórnarskrárbreytingu. Þetta atriði er mjög viðamikið þegar fyrir liggur gerð flestra þátta stjórnarskrárinnar. Verður miklu auðveldara að ná fram stjórnarskrárbreytingum í áföngum samkvæmt ákvæðum tillögunnar en samkvæmt ákvæðum gildandi stjórnarskrár.

3. Tillagan gerir ráð fyrir að ný stjórnarskrárákvæði hljóti samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu með sama hætti og nú er kveðið á um breytingar á kirkjuskipuninni í landinu. Verði hún samþykkt verða ný stjórnarskrárákvæði þjóðarlög í þeim skilningi að þjóðin sjálf hefur staðfest þau. Það er mikilsvert til að auka gildi stjórnarskrárákvæða gagnvart öðrum reglum og tengir jafnframt þjóðina sjálfa við mikilvægustu samfélagslegu gildin og mikilvægustu lögin.

Mér þykir hlýða að lesa hluta af bréfi umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis til að rökstyðja frekar þá þörf um breytingu á 79. gr. stjórnarskrárinnar sem hér er lagt til að gerð verði, með leyfi forseta:

„Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum.

Ég bendi á að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg mannréttindi eru og fábrotin.

Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum. Ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi, 66. gr. um friðhelgi heimilis, 72. gr. um prentfrelsi og 73. gr. um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningarfrelsis almennt. 65. gr. fjallar fyrst og fremst um handtöku sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt, heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Ég vísa einnig til þess að Ísland er aðili þýðingarmikilla alþjóðasamninga um mannréttindi. Ég nefni hér Evrópuráðssamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna) frá 16. desember 1966, Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og alþjóðasamning (Sameinuðu þjóðanna) um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966. Aðstaðan er hér sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnunum sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Úrbætur í ofangreindu efni virðast mér einkum geta orðið með tvennum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Legg ég áherslu á að endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýn einnig af öðrum ástæðum sem ég rek ekki frekar að þessu sinni. Skoðun mín er sú að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi, að frátöldum breytingum er varða kosningar til Alþingis.

Ég tel einnig að mjög kæmi til greina að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög. Þar rísa að vísu ýmis álitamál er að sumu leyti tengjast annarri víðtækari spurningu um það, hvernig háttað sé tengslum íslensks réttar og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, og hvaða stefnu beri að móta á því sviði. Vísa ég um það nánar til meðfylgjandi greinargerðar Stefáns Más Stefánsson-

ar prófessors sem hann hefur samið á vegum embættis míns."

Ég hef hér lesið meginefni þess bréfs sem Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis, skrifaði forsetum Alþingis. Þetta bréf er dags. 29. des. 1988 og ég hef ekki orðið var við það að hæstv. forsetar Alþingis hafi gert neitt í þessu máli eða að það sé í gangi nokkur endurskoðun á stjórnarskránni. Þess vegna er þetta borið hér fram. Ég vonast til þess að forsetar lesi þetta bréf aftur og hugsi um það hvernig staða þessara mála er hér hjá okkar þjóð.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. GGÞ, 541. mál (greiðslufrestur í tolli). — Þskj. 938.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 938, 541. mál þingsins.

Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. 3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Við innheimtu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. skal veittur greiðslufrestur og gilda um hann sambærileg ákvæði og í 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum. Eigi skal þó krefjast bankaábyrgðar fyrir greiðslum en tollyfirvöldum er heimilt að stofna sérstakan ábyrgðasjóð til tryggingar greiðslum með ábyrgðargjaldi allt að 0,10% af heildarupphæð. Gjalddagi virðisaukaskatts af innflutningi skal eigi vera fyrr en í lok næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð sem með frv. fylgir hef ég leyft mér að segja svo, virðulegur forseti:

„Í 34. gr. laganna er kveðið á um heimild fjmrh. til þess að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Hvergi í helstu viðskiptalöndum okkar tíðkast að krefja innflytjendur um staðgreiðslu á virðisaukaskatti í tolli. Greiðslufrestur er almennt veittur og í frv. þessu er lagt til að ákvæði um greiðslufrest verði hliðstæð því sem tíðkast í Danmörku.

Í 3. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt í neðri deild nú fyrir áramótin sagði fjmrh.:

„Í öðru lagi vil ég ítreka það sem ég lét koma fram hér áður að ég hef undanfarið átt í viðræðum við hagsmunaaðila um upptöku virðisaukaskatts. Og eins og fram kom í máli mínu hér áðan hafa m.a. aðilar vinnumarkaðarins í þeim viðræðum lagt mikla áherslu á að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til að stemma stigu við verðhækkunum við upptöku virðisaukaskatts. Í kjölfar þessara viðræðna tel ég nauðsynlegt að undirbúa ákvörðun eins og ég gat um áðan að greiðslufrestur verði veittur við innflutning á vörum þannig að hindrað verði að upptaka virðisaukaskatts verði tilefni til almennra verðhækkana nú um áramótin."

Í kjölfar þessarar yfirlýsingar fjmrh. var síðan 29. des. 1989 gefin út reglugerð um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli.

Í lok reglugerðarinnar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. gr. skal veita greiðslufrest á virðisaukaskatti af öllum innfluttum vörum til 31. ágúst 1990. Uppgjörstímabil og gjalddagar til 30. apríl 1990 skulu vera hinir sömu og um ræðir í 4. gr. Uppgjörstímabil frá 1. maí til 31. ágúst 1990 vegna virðisaukaskatts af öðrum vörum en þeim, sem um ræðir í viðauka við reglugerð þessa og um skulu gilda ákvæði 4. gr., skal vera einn mánuður og gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Að öðru leyti gilda um framkvæmd greiðslufrests á virðisaukaskatti samkvæmt þessari málsgrein ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem við geta átt."

Ljóst er því að yfirlýsing fjmrh. gildir aðeins til 31. ágúst 1990 og 30. apríl 1990.

Ljóst er að staðgreiðsla virðisaukaskatts í tolli veldur hækkun vöruverðs enda kallar hún á mikla fjárbindingu í atvinnulífinu. Staðgreiðsla virðisaukaskatts í innflutningi mun valda hækkun allra lagerbirgða í landinu. Hér er um að ræða nokkurs konar fyrirframgreiðslu á neysluskatti því að innflytjandinn fær yfirleitt ekki endurgreiddan útlagðan kostnað fyrr en að einhverjum mánuðum liðnum.

Útreikningar Verslunarráðs Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna benda til að kostnaðarauking innflytjenda yrði á bilinu 1–2%, en því til viðbótar yrði óbein kostnaðarauking vegna óhagkvæmra og fyrirhafnarmeiri viðskipta. Sendingar verða minni, þar af leiðandi flutningsgjöld hærri og vinna við að snúast við vörurnar hlutfallslega meiri.

Þau rök hafa komið fram að í lagi sé að krefjast staðgreiðslu á virðisaukaskatti í tolli vegna þess að greiðslustaða innflytjenda batni með lengra uppgjörstímabili miðað við söluskattskerfið. Athugun á þessu leiðir í ljós að lengra uppgjörstímabil, tveir mánuðir í virðisaukaskatti samanborið við einn mánuð í söluskatti, losar fjármagn sem nemur um 1,4% af veltu. Staðgreiðsla á virðisaukaskatti í tolli bindur hins vegar fjármagn sem nemur frá 2,2% af veltu miðað við 45 daga meðalgjaldfrest upp í 5,5% af veltu miðað við 90 daga gjaldfrest sem er talsvert algengur í viðskiptum heildsala og smásala.

Óhagræðið er því augljóst. Fjármagnskostnaðurinn af þessari auknu fjárbindingu veldur kostnaðarauknингu sem nemur allt að 0,8% af veltu eða rúmlega 1% ofan á álagningarstofn innflytjenda. Kostnaðarauki af óhagkvæmari viðskiptum getur numið um 1% að auki þannig að verðhækkanir vegna staðgreiðslu virðisaukaskatts í tolli geta nálgast 2%.

Sérstök könnun hefur verið gerð á því hversu mikið álagningarprósenta tveggja stórra innflytjenda þyrfti að hækka við staðgreiðslu virðisaukaskatts í tolli. Í öðru tilvikinu þyrfti álagning að hækka um eitt prósentustig, í hinu eitt og hálft. Afar mikilvægt er að stofna ekki til slíkra verðhækkana nú þegar allt kapp er lagt á að ná verðbólgu niður í eins stafs tölu.

Í frv. er gert ráð fyrir að tollyfirvöld geti haldið eigin ábyrgðasjóð til þess að grípa til við vanskil á skatti. Enn fremur er miðað við að almennt verði greiðslufrestur til loka næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð.

Upptaka virðisaukaskatts er að hluta aðlögun að aðstæðum innan Evrópubandalagsins. Mikilvægt er með tilliti til þróunar verðbólgu, áhrifa á lánsfjármarkað og samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja í harðnandi samkeppni að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Þannig yrði svipað fyrirkomulag hér og í öllum helstu viðskiptalöndum okkar."

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

87. fundur, laugardaginn 28. apríl, kl. 10 árdegis.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755, n. 1075.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Félmn. hefur rætt frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem fjallar um það að varamenn geti tekið sæti í bæjarráði eða hreppsráði ef mönnum sýnist svo. Það hefur ekki verið hægt til þessa *öðruvísi en óformlega. Þeir sem valist hafa sem* varamenn í stað aðalmanna hafa ekki haft atkvæðisrétt, en nú mun það breytast samkvæmt frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, var samstiga í þeirri umsögn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, 2. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 717, n. 1076.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Félmn. hefur og fjallað um þetta frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Frv. er flutt af Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur og fjallar um mál sem má heita sjálfsagt að skilgreina betur, hvað eru ungmenni, hvað eru unglingar, hvað er barn, og verður til þess, verði frv. að lögum, að öll ákvæði verða skýrari en áður var.

Nefndinni bárust umsagnir frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins og allir þessir aðilar mæltu með samþykkt frv. Það gerir nefndin einnig en Jóhann Einvarðsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með flutningsmönnum og nefndinni að sjálfsagt er að skilgreina betur hvað eru börn og unglingar og vera nokkuð með það á hreinu. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara fyrst og fremst vegna þess að ég skal viðurkenna að ég hef ekki alveg sannfæringu fyrir því sem kemur fram í frv., þ.e. breytingunni á hvað er barn, að það skuli vera yngra en 16 ára, sem við höfum fram að þessu túlkað allt að 14 ára, og ungmenni sem hafa verið tilgreind áður hjá okkur 14 og 15 ára eru núna raunverulega orðin 16–18 ára. Þessi breyting þýðir það í raun að ungmenni, 16–18 ára samkvæmt lögum sem við erum hér að breyta, sem eru lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, mega ekki vinna lengur en 10 klukkustundir á dag. Við sem vorum alin upp í sveit í gamla daga að hluta til og tókum þátt í vinnu á vinnumarkaðinum um sumartímann kvörtuðum mest yfir því að fá minna kaup 15 ára en 16 ára og fá ekki fulla vinnu eins og aðrir. *Ef fara á að takmarka unglinga núna við 16–18* ára aldur, að þeir teljist ekki vera orðnir fullfrískir menn að taka þátt í vinnumarkaðinum, þá held ég að það sé nokkuð langt gengið.

Ég bendi líka á að í grg. með frv. segir að verið sé að samræma þetta barnaverndarlögunum og vitnað þar m.a. í 43. gr. og reyndar 41. gr. líka. 43. gr. fjallar fyrst og fremst um eftirlit barnaverndarnefnda á skemmtunum og kvikmyndasýningum og öðru þess háttar svo að ég sé ekki alveg samhengið þar á milli. Í 41. gr., sem er nú reyndar orðin þörf á að endurskoða og ættu a.m.k. þeir sem berjast mest fyrir jafnrétti að reyna að fá leiðréttingu á þeirri grein, eru því gerð mjög góð skil hvað karlar og konur mega gera, eða drengir og stúlkur.

Ég treysti mér ekki til að standa að samþykkt þessa frv., tel að þó að meiningin sé góð, þá sé gengið þarna fulllangt með því að telja ungmenni allt að 18 ára aldri og mæli ekki með samþykkt frv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði nú ekki veitt þessu athygli, en hér hefur komið fram að lagt sé til að banna unglingum 16–18 ára að vinna lengur en 10 tíma. Er

það ekki rétt skilið? (Gripið fram í.) Hér stendur að 59. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum breytist. „Unglingar", þ.e. 16–18 ára, er að ekki? (**Gripið fram í:** Eftir breytinguna.) Eftir breytinguna. — Ég óska, herra forseti, eftir að það verði gert hlé á umræðunni vegna þess að þegar ég sagði hér í ræðu minni að mér skildist að banna ætti unglingum 16–18 ára að vinna lengur en 10 tíma, þá greip formaður nefndarinnar fram í og sagði: Nei. Það er ekki meiningin. Ég óska eftir að fá að athuga lagatextann til að ganga úr skugga um að það sé rétt sem hv. 8. þm. Reykn. segir, að það sé rétt að unglingar skv. 2. mgr. 61. gr. séu efitir þessa breytingu 16–18 ára. Mér virðist að það kunni að orka tvímælis en óska eftir að aðeins verði gert hlé á umræðunni.

Umræðu frestað.

Skipan prestakalla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 678, n. 981, brtt. 982, 1006.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi á vinnustöðum, frh. 2. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 717, n. 1076.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Hér komu fram áðan athugasemdir við frv. sem ég held að byggist á því að viðkomandi hafi ekki skoðað frv. eða kynnt sér efni þess, því miður. Það sem kom mér kannski frekar á óvart er það að hv. 8. þm. Reykn. skrifar undir frv. með fyrirvara en segist síðan í ræðu ekki geta staðið að frv.

Skilgreining á því hvað er barn, hvað er ungmenni, hvað er unglingur hefur verið nokkuð á reiki. Hér er tilgreint á hvaða aldursskeiði viðkomandi er sem telst unglingur, ungmenni, og er með þessu frv. reynt að koma þeim málum á hreint. Í 2. gr. er um það fjallað að ekki megi ráða börn yngri en 14 ára nema til léttra og hættulítilla starfa og ekki láta börn á aldrinum 14–15 ára né heldur þau sem yngri eru vinna við hættulegar vélar og hættulegar aðstæður.

Ég vil benda á það að þessi ákvæði eru þegar fyrir hendi í kjarasamningum. Það hefur átt sér stað mjög jákvæð þróun í þessum efnum og er í raun lítið um það að unglingum eða börnum sé gert að vinna við hættuleg störf. Það er vegna þess að atvinnurekendur eru ekki tryggðir fyrir því að viðkomandi verði fyrir slysum og leitast því við að koma í veg fyrir að börn og unglingar starfi á hættulegum vélum eða við hættuleg störf. Það eru líka, eins og ég sagði áðan, ákvæði í kjarasamningum um að það megi ekki koma til.

Hins vegar sækja börn og unglingar oft í það að sinna þessum störfum, þrátt fyrir allt, og með þessu frv. er leitast við að koma málum þannig fyrir að það sé alveg ótvírætt að það er ekki bara kjarasamningamál, heldur líka ólöglegt að láta börn og unglinga vinna á hættulegum vélum. Og hver getur verið á móti því? Hver getur verið á móti því að börn og unglingar séu vernduð fyrir hættum? Ég bendi á það að hér er ekkert ákvæði um það hvort börn megi vinna 10 tíma eða svo. Það eru önnur ákvæði vinnuverndarlaga sem segja til um vinnutíma og það lýtur líka að samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins. Ég bendi líka á að fulltrúi Vinnuveitendasambandsins í stjórn Vinnueftirlitsins hefur lýst sig samþykkan þessari breytingu. Vinnumálasambandið hefur líka tjáð sig í umsögn til nefndarinnar samþykkt þessari breytingu sem sýnir okkur það eftir nákvæma skoðun að þeir telja rétt að kveða á um þessa hluti í lögum. Það er langt síðan fram komu óskir um að koma þessu í lög en því var frestað á sínum tíma vegna þess að ákveðið var að bíða eftir heildarendurskoðun laganna. Nú liggur þetta hins vegar hér fyrir sem þingmál og þykir mér sjálfsagt að deildin samþykki frv. til þess að kveða á um að börnum og unglingum verði bannað að sinna hættulegum störfum.

Það hlýtur að vera sjálfsagt mál. Ég trúi því ekki að nokkur maður vilji standa að því að fella slíkt frv. og vísa ég þá aftur til þess að hagsmunaaðilar hafa komið því á framfæri að þeir telji eðlilegt að þetta verði lögfest.

Ég vænti þess að svo verði gert.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kom aðeins of seint á þingfund þar sem ég var í öðrum önnum og fylgdist þess vegna ekki með upphafi þessarar umræðu. Mér er því ekki alveg ljóst út á hvað hún gengur en hef þó fengið fréttir af því að hv. 2. þm. Norðurl. e. er ekki fyllilega sáttur við þær breytingar sem hann telur að sé verið að gera á lögunum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Nú vil ég upplýsa hv. þingmann um það að ástæðan fyrir því að þessar breytingar voru lagðar til í frv. er fyrst og fremst samþykkt Vinnueftirlitsins sjálfs í þessum efnum og þá aðila vinnuveitenda og launþega sem sitja sem fulltrúar þessara stóru samtaka í stjórn Vinnueftirlitsins. Þeir vildu færa aldursskilgreiningar til samræmingar við önnur lög í landinu, þ.e. skilgreiningar á börnum og ungmennum, til samræmingar við lög um vernd barna og ungmenna sem nýlega hafa verið endurskoðuð en þar er þessari skilgreiningu haldið og einnig í barnalögum, þannig að það væri innbyrðis samræmi á milli skilgreininga í lögum.

Í annan stað er hér breyting sem tekur sérstaklega

til hættulegra véla og hættulegra aðstæðna. Ástæðan fyrir því að sú breyting er gerð eru ítrekuð slys á unglingum á undanförnum árum þar sem þau hafa jafnvel misst líkamshluta eða e.t.v. látist vegna þess að þau unnu við aðstæður sem gátu ekki talist að neinu leyti forsvaranlegar fyrir fólk á þeirra aldri með þá fræðslu sem þau höfðu um þær vélar sem þau unnu við. Það er enginn að leggja það til að unglingar megi ekki taka þátt í atvinnulífinu og öðlast þá dýrmætu reynslu sem þau hafa ævinlega fengið þaðan og er ekki síður verðmæt en sú reynsla og sá lærdómur sem fæst úr skóla. Það er fyrst og fremst verið að leggja til samræmingu á skilgreiningu laga og að ákvæði verði sett sem komi í veg fyrir það eða dragi úr því að börn og unglingar séu sett til hættulegra starfa. Slysin eru orðin allt of mörg og allir sem sitja í stjórn Vinnueftirlitsins eru innilega sammála um að þarna þurfi að taka á málum og það er í fyllsta samræmi við álit þessara aðila sem þessar breytingar eru gerðar.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þessi breyting á lögunum hafði algjörlega farið fram hjá mér og það hafði aldrei flögrað að mér að til greina gæti komið að banna 18 ára hraustum strákum og stúlkum sem stunda íþróttastarf og annað því um líkt að vinna meira en 10 tíma á sólarhring. Þetta er náttúrlega svo yfirnáttúrlega vitlaust að manni líður hálfilla, manni verður bumbult. Og að halda því fram að 16–17 ára strákar í sjávarplássum megi ekki stunda neina vaktavinnu gengur náttúrlega ekki heldur. Ég held þess vegna að það sé alveg óhjákvæmilegt að fresta þessu máli þannig að þingmönnum gefist kostur á að lesa lögin og bera saman við breytingartillögurnar. Og það er auðvitað í mínum huga algjört aukaatriði hvað stjórn Vinnueftirlitsins segir. Ég veit ekkert hvaða menn eru í þeirri stjórn og ber ugglaust fulla virðingu fyrir þeim mönnum. (Gripið fram í.) En þeir marka náttúrlega ekki mínar skoðanir og þess vegna fer ég fram á þetta í fullri vinsemd. Ég viðurkenni að hafa vanrækt þingstörf með því að hafa ekki lesið frv. og veit að þessi afsökun er kannski ekki mjög vaskleg, en eigi að síður fer ég fram á, til þess að mér gefist kostur á að lesa lagatextann betur og íhuga málið í heild betur, að umræðunni verði frestað.

Guðrún Agnarsdóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég sætti mig fyllilega við að þessu máli verði frestað um stund til að gefa hv. 2. þm. Norðurl. e. tækifæri til að kynna sér málið betur. Ég þekki það vel að í miklu annríki er erfitt að setja sig inn í öll mál sem drífur hér að og þetta er frekar lítið mál sem hefur kannski bara hreinlega farið fram hjá og trúlega ekki í nefnd sem hv. þm. situr í. En aðeins bara sem veganesti til íhugunar vil ég benda hv. þm. á að þetta sem hann fettir fingur út í er þegar í lögum. Lögin segja þetta nú þegar og það er ekki verið að breyta því. (**HBl:** Ekki bætir það úr skák.) Þá verður hv. þm. bara að flytja brtt. við lögin því ég og meðflutningskona mín, Danfríður Skarphéðinsdóttir, við erum ekki að leggja til neitt sem breytir því sem hv. er að fjalla um. Þetta er í lögum nú þegar.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Málið gerist nú allflókið. Ég hrökk við, satt að segja, þegar ég sá þetta á borðum núna í morgun, eins og hv. þm. Halldór Blöndal, og svo dynur það yfir að þetta sé nú bara allt saman í lögum og þurfi ekkert að afgreiða neitt af þessum nýju tillögum. (**GA:** Nei, þetta sem hann er að tala um. Ekki hitt.) Ég ætla ekki að ræða málið mikið efnislega en leyfist þó, held ég, að segja það að unglingar hafi nú gott af því að vinna jafnvel lengur en 10 tíma einhvern tíma að sumarlagi og flest höfum við nú býst ég við gert það og snapað vinnu þegar við höfum getað fengið hana og unnið lengur en 10 tíma og haft mjög gott af. Ég held það þurfi að skoða þetta lengur en bara í eina eða tvær mínútur. Ég held það þurfi að skoða þetta a.m.k. til mánudagsins, hvort á að herða þá á þessum lögum sem þegar eru í gildi að einhverju leyti. (Gripið fram í.) Já, ég held það gæti vel komið til greina, að það ætti að gera það. Ég veit ekki hvað mikið gagn það gerir nú yfirleitt.

Forseti (Jón Helgason):

Ég mun verða við beiðni hv. þingmanna um að fresta þessu máli þar til síðar á fundinum og vita hvort málin skýrast betur. Þess vegna tel ég rétt að láta frekari umræður um þingsköp bíða.

Umræðu frestað.

Skipan prestakalla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 678, n. 981, brtt. 982, 1006.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Salome Þorkelsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það stóð þannig á að þegar þetta mál var tekið á dagskrá var ég ekki stödd hér í þingsalnum og vissi því ekki að umræðu væri lokið en ég hafði ætlað mér að segja nokkur orð. Ég mun sleppa því, en ég vildi aðeins fá tækifæri til að láta þess getið að við höfðum ekki komist að endanlegri niðurstöðu um ákveðið atriði í þessu frv. og munum því láta það ganga fram nú við 2. umr. en taka okkur frest til þess að skoða málið á milli 2. og 3. umr.

Brtt. 982,1.a–g samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1006 felld með 9:5 atkv.
Brtt. 982,1.h–l samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 982,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 982,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 982,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 982,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9.–20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 982,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 982,7 (ný 22. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 982,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
24.–28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 982,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
30.–41. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 982,10 samþ. með 15 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 982,11 samþ. með 15 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
45.–49. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 982,12 samþ. með 14 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Raforkuver, 2. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 921, n. 1082 og 1093, brtt. 1083, 1087.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

Frv. þetta er ekki stórt í sniðum sem slíkt, aðeins fimm greinar ásamt ákvæði til bráðabirgða og fjallar um virkjanir. Hins vegar tengjast þessar virkjanir áformum um byggingu álvers, stóriðju. Því voru umræður í nefndinni mjög tengdar þeim ásetningi.

Nefndin fékk til viðræðu um efni frv. Jóhannes Nordal, formann ráðgjafarnefndar um áliðju, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Jóhann Má Maríusson, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, Friðrik M. Baldursson og Ingva Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, sem ræddu við nefndina um þjóðhagsleg áhrif álvers, Sigurð Guðmundsson og Björn Ólafsson frá Byggðastofnun, um svipaða hluti, Elínu Pálmadóttur, varaformann Náttúruverndarráðs, Þórodd Þóroddsson, framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs, Kristin Einarsson, Auði Antonsdóttur og Sigurbjörgu Gísladóttur frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóra í iðnrn., Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Jakob Björnsson orkumálastjóra og Gunnar Kristinsson, hitaveitustjóra í Reykjavík.

Í viðræðum við þessa aðila bar vissulega margt á góma. Enginn þeirra sem rætt var við var andvígur frv. og enginn þeirra lagðist heldur gegn því að hér yrði byggð stóriðja en það voru samt ýmis atriði sem rætt var um er lutu að náttúruvernd, skattlagningu hugsanlegs fyrirtækis o.fl.

Það kom fram í máli Gunnars Kristinssonar, hitaveitustjóra hjá Hitaveitu Reykjavíkur, að hitaveitan teldi ástæðu til að óska eftir meiri virkjanaheimild en tilgreind er í frv. Þar er óskað eftir 38 mw. afli frá Nesjavöllum, þ.e. fyrsta áfanga. Hann taldi að gera þyrfti ráð fyrir frekari virkjunarheimild og taldi að það hefðu verið mistök hjá Hitaveitu Reykjavíkur að fara ekki fram á meira með tilliti til þess hversu langur gildistími ákvæðum frv. er ætlaður.

Því varð nefndin sammála um að leggja til að svohljóðandi breyting yrði gerð á efnismálsgrein 2. gr. frv.:

„Iðnrh. er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 mw. afli, í tveimur áföngum (38 mw. hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.“

Þá ákvað nefndin að leggja til eins konar málhreinsun hvað varðar 4. gr. frv. þar sem orðið „stækkaða“ er hvarvetna fellt niður. Í greininni er talað um „stækkaða Búrfellsvirkjun“, „stækkaða Hrauneyjafossvirkjun“, „stækkaða Sigölduvirkjun“ og „stækkaða Kröfluvirkjun“. Það er skoðun nefndarinnar að það sé nóg að nefna aðeins virkjunina og það afl sem hún gefi þegar breytingin hefur átt sér stað, það færi betur í lagatexta.

Ástæða er til að geta þess að nokkuð var rætt um 3. gr. frv. Meiri hl. nefndarinnar var sammála um að leggja til að sú grein yrði óbreytt.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson skrifar undir frv. með fyrirvara og flytur brtt. við 3. gr. og mun gera grein fyrir henni hér á eftir.

Niðurstaða meiri hl. nefndarinnar er sú að leggja til að frv. verði samþykkt ásamt þeim brtt. sem nefndin gerir.

Frsm. minni hl. iðnn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. iðnn. á þskj. 1093.

Eins og við höfum rætt um hér áður hafa lengi staðið deilur hér á landi um það hvernig væri skynsamlegast og hagkvæmast að nýta þá orku sem beislanleg er og hvernig bæri að koma henni í verð. Menn hafa heldur ekki verið á eitt sáttir um það hvort eða í hvaða mæli veita ætti erlendum aðilum aðgang að náttúruauðlindum og efnahagslífi Íslendinga eða hvort Íslendingar hefðu sjálfir bolmagn til að reka orkufrekan iðnað eða stóriðju til þess að nýta sér raforku í stórum stíl.

Eins og kom fram hér í 1. umr. og áður hefur stefna Kvennalistans í virkjunarmálum boðað hóflega nýtingu íslenskra fallvatna sem miði að eigin þörfum Íslendinga en við höfum hafnað erlendri stóriðju. Þetta frv. boðar stórvirkjunarframkvæmdir í þágu stóriðju. Þess vegna getum við ekki stutt það. Stóriðja boðar aukin fjárhagsleg ítök erlendra aðila hér á landi en við teljum að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Mengunarhætta fylgir stóriðju eins og reynsla okkar af álverinu í Straumsvík sannar. Þar hafa mengunarvarnir lengst af verið ófullnægjandi. Dýrt er að setja upp mengunarvarnabúnað og hafa iðnrekendur tregðast við að taka hann í notkun, bæði hér á landi og ekki síður víða erlendis. En þar stafar mengun frá reykháfum iðjuvera og fellur með súru regni sem þegar hefur valdið miklum skemmdum á gróðri og lífríki víða í Evrópu. Stóriðjusjónarmiðin hafa ráðið því að virkjunarframkvæmdir hafa verið bæði miklar og hraðar. Þetta hefur leitt til skuldasöfnunar erlendis og nema nú skuldir okkar vegna virkjanaframkvæmda nær helmingi af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að 200.000 tonna álver muni kosta a.m.k. 50 milljarða, það er ýmist talað um 40 eða 50 milljarða kr., hæstv. forseti, en virkjanir því tengdar a.m.k. um 40 milljarða.

Íslendingar þurfa að fjármagna virkjanirnar og einhvern hluta af uppbyggingu álvers. Þetta kallar auðvitað á mikið fjármagn sem að langmestu leyti verður fengið með því að taka erlend lán. Auknar stórvirkjanaframkvæmdir munu þannig auka við skuldasöfnun okkar erlendis. Er talið að erlendar skuldir verði um 12% hærri þeirra vegna á næstu árum, en arðsemisútreikningarnir miðast þó allir við hagkvæmustu virkjanakostina. Þeir sem óhagkvæmari eru verða nýttir síðar og þá væntanlega til eigin afnota okkar Íslendinga.

Stóriðja veitir fáum atvinnu og fjárfesting að baki hverju starfi er meiri en í flestum öðrum atvinnugreinum og hefur verið talað um í þessu sambandi að hvert starf í álverinu muni kosta því sem næst 200 millj. kr. Það kunna hins vegar að verða ýmsar niðurstöðutölur í því eftir því sem málin þróast. Stóriðja er því ekki vænlegur kostur og dugar skammt þrátt fyrir margfeldisáhrif þegar hugað er að því að mæta þörfum þeirra sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum og áratugum og kom það glöggt fram í viðræðum við fulltrúa frá Byggðastofnun sem komu á fund nefndarinnar. Mun fleiri störf yrðu að vísu bundin við uppbyggingu virkjana og álvera í nokkur ár, þ.e. á meðan þau eru í byggingu. Þessi störf eru þó fremur einhæf og framkvæmdirnar allar ásamt því fjármagni erlendis frá sem þeim fylgir líklegar til þess að valda verulegri þenslu og verðbólgu. Til að minnka slíka röskun í efnahagslífinu er líklegt að stjórnvöld dragi úr fjárfestingum innan lands og önnur atvinnuuppbygging verði látin sitja á hakanum. Það teljum við raunar mjög alvarlegt. Stóriðja svarar því einungis í mjög takmörkuðum mæli þörfinni fyrir fleiri störf og meiri fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Hún leysir ekki vanda þeirra kvenna sem nú eru atvinnulausar víða út um land og eru jafnan fyrstar látnar víkja þegar atvinnuleysi segir til sín.

Virkjanaframkvæmdir og stóriðja eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við vaxandi atvinnuleysi og fyrirsjáanlegum samdrætti í hagvexti. Ráðherrar hennar vilja ná sambærilegum hagvexti við nágrannaþjóðirnar og staðhæfa þeir að álver muni tosa honum upp um eitt prósent á árunum 1991–1997. Þeir spá því enn fremur að landsframleiðsla verði rúmlega 5% meiri árið 1997 ef 200.000 tonna álver verður að veruleika og kaupmáttur verði 4–5% hærri en ella í lok tímabilsins en atvinnuleysi 0,2% minna. Það er þó vert að huga betur að þessum útreikningum þeirra. Samanburðurinn eins og hann kemur fram í greinargerð frv. er fyrst og fremst miðaður við þróun með álveri eða án álvers en er ekki miðaður við álver annars vegar og einhverja aðra atvinnuuppbyggingu hins vegar. Vegna þessarar löngunar ríkisstjórnarinnar til að auka hagvöxtinn vil ég minna hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. á það að víða í Evrópu gera menn sér grein fyrir því að kröfur og lögmál hagvaxtarins, þ.e. peninganna sem ávaxta sig með veldisvexti í það óendanlega upp í afstæðar verðmætastærðir og virðast þannig fjölga sér án þess að vera lifandi, eru ekki lengur samrýmanleg lögmálum náttúrunnar sem er í eðli sínu takmörkuð. Jörðin hefur takmarkaða stærð, efni hennar eru takmörkuð, vöxtur lífsins í sinni fjölbreyttu mynd er einnig takmarkaður. En hagvöxturinn gerir stöðugt kröfur um aukinn vöxt. Og mengunin og ágangurinn á auðlindirnar er farið að segja til sín. Jafnvel stjórnmálamenn viðurkenna þetta og ef ég man rétt var það einmitt Oskar Lafontaine sem hafði hugrekki til að predika minnkandi hagvöxt vegna þess að umhverfið þyldi ekki aukinn hagvöxt. Einmitt vegna þess að Oskar Lafontaine var í fréttum vegna hörmulegs atburðar hér á dögunum vil ég minna hæstv. iðnrh. á þessi orð hans og ég vil vekja athygli hans á þessari framsýnu fullyrðingu og því hugrekki sem þarf til að viðurkenna hana.

Fábreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni er stöðugt áhyggjuefni og togstreita er þegar hafin milli landshlutanna um álver sem bjargræði til að leysa vandann. Kvennalistakonur telja að aukin stóriðja og virkjunarframkvæmdir í hennar þágu séu skammtímalausnir á þeim vanda sem við blasir í íslensku atvinnulífi. Ókostir slíkra lausna eru yfirgnæfandi og ég hef nefnt þá nú þegar í þessu nál. Fulltrúar Kvennalistans munu því greiða atkvæði gegn þessu frv. Undir þetta nál. skrifar Guðrún Agnarsdóttir, sú sem hér stendur, fyrir hönd Kvennalistans.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er samþykkur þessu frv., lýsti því þegar við 1. umr. málsins. Ég stend að meirihlutaáliti hv. iðnn. þar sem mælt er með samþykkt frv. Ég stend einnig að tillögu meiri hluta hv. iðnn. til breytinga á frv. á þskj. 1083. En eins og fram kemur í

nál. þá skrifaði ég undir það með fyrirvara. Þessi fyrirvari varðar eina grein frv. sem er 3. gr. Efni 3. gr. frv. er það að þar er kveðið á eða gert ráð fyrir er kannski réttara að segja, að iðnrh. ákveði röð framkvæmda við virkjanagerð, en ekki Alþingi eins og er samkvæmt gildandi lögum. Ég hef fyrirvara um þetta og gerði nokkra grein fyrir sjónarmiði mínu við 1. umr. málsins. Það er að ekki eigi að hverfa í þessu efni frá þeirri skipan sem nú er, þ.e. að Alþingi sjálft ákveði virkjanaröðina.

Þetta frv. er flutt til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Það er tilgangurinn. Hvernig er þessum tilgangi náð? Honum er náð með ákvæðum 1. gr. frv. þar sem heimiluð er stækkun Búrfellsvirkjunar og Kröfluvirkjunar. Þessum tilgangi er náð með 4. gr. frv. þar sem staðfest er heimild Landsvirkjunar til þessara framkvæmda. Þessum tilgangi er fylgt eftir með ákvæði til bráðabirgða I þar sem ákveðin er röð framkvæmda. Þetta er meginefni frv. og þetta þýðir að greiða fyrir og gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Annað sem um er að ræða í þessu frv. varðar ekki tilgang frv. að þessu leyti. Þar er um að ræða 2. gr. frv. sem fjallar um að heimila Hitaveitu Reykjavíkur að reisa og reka jarðvarmavirkjun til orkuframleiðslu á Nesjavöllum. Þetta er sérstakt ákvæði út af fyrir sig, sjálfsagt, og meiri hluti nefndarinnar gerir brtt. við þetta, og ég stend að þeirri brtt., um að hækka þessa heimild úr 38 mw. afli í 76 mw. afl.

Þriðja tillaga frv. varðar í raun og veru ekki tilgang frv. í sjálfu sér sem ég hef áður greint frá. Efni 3. gr. frv. er um annað eins og ég sagði. Það er um að breyta þeirri skipan sem nú er í lögum að Alþingi ákveði virkjanaröð og færa þetta vald í hendur iðnrh. Þetta er ekki mál sem er nauðsynlegt eða óhjákvæmilegur hlekkur í aðgerðum til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Ég ræddi nokkuð um það við 1. umr. hvaða sjónarmið lægju að baki þeirri skoðun minni að eðlilegt væri að Alþingi fjallaði sjálft um svo veigamikið atriði sem röð virkjanaframkvæmda er. Það væri pólitísk ákvörðun sem væri eðlilegt að Alþingi sjálft tæki og ákvarðaði um. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Efni brtt. minnar á þskj. 1087 er í raun og veru ekkert annað en að kveða á um að það sé óbreytt sú skipan sem nú er í lögum um það hver fari með ákvörðunarvald um röðun virkjanaframkvæmda. Formið á brtt. er það að 1. mgr. og 2. mgr. brtt. er óbreytt frá gildandi lögum. 3. mgr. er þess eðlis að hún er óbreytt frá frv., nema það er ekki gert ráð fyrir því að iðnrh. ákveði röð virkjanaframkvæmda.

Ég ætla að þetta mál þurfi ekki af minni hálfu frekari skýringar. Það liggur augljóst fyrir hvers eðlis það er. Það er einfalt og brtt. boðar ekkert nýtt, hvorki frá gildandi lögum eða frv. sjálfu, nema það að ekki er gert ráð fyrir að iðnrh. fari með ákvörðunarvald um röðun virkjunarframkvæmda.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst lýsa því yfir að ég er samþykkur brtt. meiri hluta hv. iðnn. Ég vildi þá víkja að því sem fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv. Ég vil gjarnan byrja á því að fullvissa þingmanninn um það að varnaðarorð hennar falla svo sannarlega ekki á dauf eyru. Þau eru heyrð og ég vil leyfa mér að halda því fram að það hafi aldrei verið undirbúningur að stórframkvæmdum, eins og þeim sem nú standa yfir, þar sem menn hafa lagt jafnmikið á sig til þess að tryggja fullkomnustu mengunarvarnir.

Það er nú einu sinni svo að öllum mannlegum athöfnum fylgja umhverfisáhrif. Við erum svo lánsöm að búa í landi sem hefur meðal sinna auðlinda mikið rými, mikla möguleika til að leysa á skynsamlegan hátt umhverfisvanda. Við getum nýtt hér nýjustu tækni til þess að girða fyrir þá umhverfisvá sem víða steðjar að í iðnaðarlöndum veraldar. Með því að gera það erum við að taka þátt í verkaskiptingu þjóða heims til þess að verja plánetuna jörð fyrir varanlegum umhverfisspjöllum sem ég veit að hv. þm. af mikilli einlægni ber fyrir brjósti. Þetta er mikilvægt mál. Þess vegna er alls engin mótsögn í þeirri afstöðu sem ég lýsi með því að flytja þetta frv. og fyrri afstöðu sem hv. þm. kenndi við hinn mikilhæfa forustumann þýskra jafnaðarmanna, Oskar Lafontaine, sem hefur lýst mjög skilmerkilega þeirri skoðun að það þurfi að gæta þess að umhverfisspjöll séu ekki fylgifiskur efnahagslegra framfara. Þetta er mér jafnmikið alvörumál og hv. 6. þm. Reykv. og Oskari Lafontaine. En við megum ekki víkjast undan því að við þurfum líka að skapa traustan efnahagslegan grundvöll fyrir þau góðu lífskjör sem m.a. fela í sér gott og heilnæmt umhverfi.

Ég ætlaði líka að endurtaka, virðulegur forseti, þá skoðun mína að álframleiðsla í orkuríku landi eins og Íslandi sé einmitt skynsamleg leið til þess að nýta auðlindir jarðar án umhverfisspjalla því að við getum lagt til orkuna frá orkulindum sem ekki hafa í för með sér umhverfismengun. Þetta er líka þáttur í því að nýta orkuforða jarðar betur því að hinn létti, ljósi málmur, hinn bjarti málmur framtíðar nýtist til þess að gera samgöngur sparneytnari, hversdagslífið ódýrara og þægilegra. Það er ekki rétt, sem hv. þm. hélt fram í 1. umr. um málið, að ál væri eitthvað sérstaklega notað til hernaðarþarfa. Því fer víðs fjarri. Notkun áls er dreifð yfir fjölmörg notkunarsvið. Ég leyfi mér að fullyrða að notkun þess hjá herjum heims sé sams konar og hjá heimilum heims, þ.e. hún dreifist yfir samgöngur, umbúðir, það sem menn borða af, það sem menn borða með, það sem þeir baða sig við og síðast en ekki síst, það sem þeir ferðast á. Þetta eru hinar hversdagslegu staðreyndir lífsins. Þetta eru hagsýnisrökin, rök hinnar hagsýnu húsmóður sem vill nýta auðlindir og framleiðslumöguleika jarðarkringlunnar á skynsamlegan hátt.

Ég vildi líka benda á að það er ekki rétt sem haldið er fram í nál. minni hlutans, og kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., að skuldir Íslendinga vegna virkjanaframkvæmda nemi nær helmingi af landsframleiðslu.

Það er ekki rétt. Heildarskuldir okkar gagnvart öðrum ríkjum eru að vísu nálægt því að nema helmingi landsframleiðslu. En ég hygg að hlutfall skulda vegna orkuvera geti varla verið meira en fimmtungur til fjórðungur af þeim skuldum. Ég ætla ekki að fullyrða um það nákvæmlega hverjar tölurnar eru, en leyfi mér að staðhæfa að sú fullyrðing, sem fram kemur í nál. og máli hv. þm., sé ekki rétt og af því að ég þekki hana að því að vilja hafa það sem sannara reynist leyfi ég mér að benda á þetta.

Ég vík þá að því sem fram kom í máli hv. þm. um það að stóriðjan fæli í sér einhæf störf, yki ekki fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni og leysti ekki atvinnuvanda kvenna sem víða væru atvinnulausar. Ég er á öndverðri skoðun. Að reisa slíkt iðjuver, hvar sem það rís, felur í sér áhrif í kringum það, margfeldisáhrif sem kallað er á máli hagfræðinnar sem ég tel þó ekki sérlega lýsandi orð. Í raun og veru er því miklu betur lýst þegar maður segir að áhrifin seytli um engið eins og veituvatn. Þannig gerist það að það hrislast um allt og skapar störf fyrir marga aðra. Ég vil líka leyfa mér að benda á að í hinum nýtískulegu álverum, eins og því sem hér verður vonandi reist, fer hlutur kvenna í verksmiðjustörfunum vaxandi með nýrri og fullkomnari tækni. Hann er nú orðinn nálægt þriðjungi í þessum nýju álverum og fer hækkandi. Það er vel, þetta eru hátekjustörf. Ástæðan fyrir því að við erum að reisa slík iðjuver hér er mjög einföld. Við viljum reisa hér nýjan iðnað sem hefur lágan framleiðslukostnað á heimsmælikvarða en hátt kaup á heimsmælikvarða. Það eru slíkir vinnustaðir sem við viljum skapa. Okkur hefur tekist það á a.m.k. einum vinnustað. Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem er með einhvern lægsta framleiðslukostnað í heimi í sinni grein, en jafnframt góð kjör fyrir fólkið sem vinnur þar. Þetta eru röksemdirnar í hnotskurn fyrir því hvers vegna við eigum að ráðast í þessar stóru framkvæmdir.

Ég vil því leyfa mér að gera ágreining við þá skoðun hv. þm. þar sem segir að aukin stóriðja og virkjanaframkvæmdir séu skammtímalausnir. Það eru þvert á móti langtímalausnir sem hér eru á ferðinni. Lausnir sem stuðla að því að nýta orkuforða jarðarinnar og hlífa umhverfi þegar litið er á málið í víðu samhengi og skapa lífvænleg afkomuskilyrði fyrir fólk um allt land.

Ég kem þá, virðulegur forseti, að því sem kom fram hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni sem lýsti sig samþykkan meginstefnu frv. um virkjanaframkvæmdir en gerði fyrirvara vegna ákvæða 3. gr. Það er afstaða sem er skiljanleg á margan hátt, en ég vildi leyfa mér að benda á nokkrar röksemdir fyrir því að hafa þetta með því lagi sem lagt er til í 3. gr. frv.

Það er í fyrsta lagi nauðsynlegur sveigjanleiki til að bregðast við breyttum aðstæðum. Ef samningar verða með öðrum hætti en menn ætla nú, og ef hagkvæmnismat á einstökum virkjunarkostum reynist breytingum undirorpið, þá er eðlilegt að mínu áliti að framkvæmdarvaldinu sé falið, innan meginramma sem þingið hefur samþykkt með ákvæði til bráðabirgða eða með fjárheimildum, að velja það sem hagkvæmast er hverju sinni. Ég leyfi mér að minna hv. 4. þm. Vestf. á það að þegar við ræddum þetta mál í 1. umr. þá talaði hann mjög um það að eðlilegt væri að hafa nokkuð frjálsara form á ákvörðunum um smærri virkjanir, þær sem eru í 2. gr. frv. tilgreindar m.a. fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Þar lýsir hv. þm. að nokkru leyti annarri skoðun en hann lýsir þegar hann gerir brtt. sínar við 3. gr. Ég er honum sammála í fyrra fallinu, tel nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið fái innan ramma heildarstefnunnar tækifæri til þess að haga málum þannig að hagkvæmustu kostir séu valdir á hverjum tíma og ekki þurfi að ónáða löggjafann með slíkum framkvæmdaratriðum vegna þess að ég ber það mikla virðingu fyrir honum. Og ég veit að þeirri skoðun minni deilir hv. 4. þm. Vestf. með mér.

Þetta eru sjónarmiðin og ekki síst það að geta þá veitt virkjunarheimildir, ef hagkvæmar eru taldar, fyrir tiltölulega smáar virkjanir innan þessarar heildaráætlunar sem þingið hefur gefið samþykki sitt ef það samþykkir þetta frv. og þær fjárheimildir sem farið er fram á og mun síðar þurfa að staðfesta og veita ef þessir mikilvægu samningar nást.

Ég vildi líka að lokum leyfa mér að benda á að í þeim lögum, sem giltu áður en raforkuveralögin voru sett árið 1981, og höfðu þá gilt um alllangan aldur, voru ákvæði lík þeim sem ég geri nú tillögu um að verði lögfest. Eg veit að raforkuverafrv., sem var samþykkt 1981, er að sjálfsögðu nú komið til endurskoðunar eftir áratug og líka sú þál. sem þá var afgreidd um virkjanaröð. Kannski er þarna fólginn nokkur reynslulærdómur af því hvernig hentugt sé að hafa þetta. Nú man ég ekki afstöðu hv. 4. þm. Vestf. til raforkuverafrv. árið 1981, en vildi aðeins minna á þetta í sögulegu samhengi.

Frsm. minni hl. iðnn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð vegna orða hæstv. iðnrh. Það er rétt athugasemd sem hann gerði varðandi erlendu skuldirnar. Þarna hefur í raun og veru misprentast, erlendar skuldir eru um helmingur, held ég, af landsframleiðslu. Ég hef ekki töluna um skuldir vegna virkjanaframkvæmda, en ég hygg að hún sé a.m.k. ríflega helmingur af erlendum skuldum. En ég hef ekki töluna og okkur greinir greinilega á um þetta, mig og iðnrh., og við þurfum að afla okkur þessara upplýsinga. Ég þakka fyrir þessa athugasemd því hún er réttmæt.

Hins vegar ætla ég ekki að verja meiri tíma nú í þessari umræðu til að lýsa mínum sjónarmiðum og okkar kvennalistakvenna, ég hef þegar gert það. Skoðanir okkar kvennalistakvenna og hæstv. iðnrh. stangast greinilega á í þessum málum. Þó við getum verið sammála um ýmis önnur atriði e.t.v. þá greinir okkur verulega á um þetta mál. Ég verð eiginlega að segja að hæstv. iðnrh. er afar slyngur áróðursmeistari fyrir sínu máli. Hann vefur það inn í mjög falleg orð sem höfða sífellt til náttúrunnar. Ég er ekki að draga í

efa að umhverfisvernd sé hjarta hans nær. Hins vegar er ég sannfærð um að þetta er ekki aðferðin til þess að vernda náttúruna og umhverfið. Þess vegna finnst mér í raun orð hans um margfeldisáhrif, að þeim væri betur lýst sem væta seytlaði um engi og orð hans um hinn bjarta, ljósa og létta málm, allt finnst mér þetta vera hálfgerð öfugmæli í raun og veru. En ég skil vel að hann vilji koma sínu máli áleiðis því þetta virðist vera honum hjartans mál, en ég vil endurtaka: Okkur greinir á um mikilvægi þessa máls.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Okkur hæstv. iðnrh. greinir á um það sem ég hef hér einkum rætt um, að það verði ekki horfið frá því að Alþingi ákveði virkjanaraðir og vald til þess ekki fært í hendur iðnrh.

Hæstv. ráðherra sagði að það væri kostur við það að þetta vald væri í höndum ráðherra, að með því fengist meiri sveigjanleiki fyrir rás atburða í sambandi við virkjunarmálin ef forsendur breytast og annað slíkt. Ég hygg að þetta séu ekki rök í þessu máli vegna þess að það sé eðlilegt og alltaf hljóti að gefast svigrúm og tími til þess að leggja slík stórmál fyrir Alþingi sem stórvirkjanir eru. Hæstv. ráðherra taldi þessa afstöðu mína í ósamræmi við þá afstöðu, sem fram kom við 1. umr. hjá mér, að það væri eðlilegt að breyta ákvæðum laga sem kveða svo á að ekki sé heimilt að virkja, reisa orkuver sem er meira en 2 mw. nema með samþykki Alþingis.

Ég færði rök fyrir því hvers vegna ég teldi að þessi mörk væru allt of þröng og það ætti að leyfa meira frjálsræði í þesssu efni. Ég sé ekki að það sé neitt ósamræmi í þessari afstöðu minni til smávirkjana og afstöðunni til stórvirkjana. Við verðum að hafa í huga að það er mikill munur þar á. Það er mikill munur hvort um er að ræða 2 mw. virkjun eða 200 mw. virkjun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Brtt. 1083,1 samþ. með 13:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1087 felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, ÞK.

nei: EG, EKJ, GuðmÁ, HÁ, JE, KSG, KP, SkA, SvG, JHelg.

GA, SalÞ, DS, EgJ greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (GHG, JúlS, MF, StG, VS) fjarstaddir.
3. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 1083,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
5. gr. samþ. með 12:2 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fullorðinsfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 570. mál. — Þskj. 1029.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 14 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu á þskj. 1029. Í 1. og 2. gr. frv. er fjallað um markmið og gildissvið þess. Í 3. gr. er fjallað um yfirstjórn fullorðinsfræðslu. Þar er gert ráð fyrir því að auk fulltrúa menntmrn. fari með yfirstjórn fullorðinsfræðslu fulltrúar tilnefndir af félmrh., Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi kennarafélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Öryrkjabandalaginu og loks svo þeir aðilar sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu.

Í III. kafla frv., 5.–10. gr., er fjallað um skipulag almennrar fullorðinsfræðslu og gert ráð fyrir því að menntmrh. skipi fimm manna nefnd um almenna fullorðinsfræðslu og þar af skuli fjórir kosnir í fullorðinsfræðsluráði sem er skipað skv. 3. gr. eins og ég gat um áðan.

Í 11.–13. gr. er fjallað um fjármál fullorðinsfræðslunnar og gert ráð fyrir því að stofnaður verði menntunarsjóður fullorðinna. Tekjur hans verði aðallega framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert. Stjórn menntunarsjóðsins á að úthluta styrkjum úr sjóðnum og fræðsluaðili sem vill sækja um styrk úr sjóðnum fær þar sérstaka meðferð skv. tilteknum skilyrðum sem greint er frá í 12. gr. frv.

Hinn 14. apríl 1988 skipaði Sverrir Hermannsson, þáv. menntmrh., nefnd til að fjalla um fullorðinsfræðslu. Í nefndinni voru Karl Kristjánsson, deildarsérfræðingur í menntmrn., sem var formaður nefndarinnar, Birna Bjarnadóttir, skólastjóri Bréfaskólans, Guðrún Halldórsdóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, Margrét S. Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri við Háskóla Íslands, Þuríður Magnúsdóttir, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, og Helgi Guðmundsson, þáv. formaður MFA. Í júnímánuði 1988 tók Guðrún Friðgeirsdóttir, skólastjóri Bréfaskólans, við af Birnu Bjarnadóttur er látið hafði af starfi við þann skóla.

Nefndinni var ætlað að vera menntmrn. til ráðgjafar um málefni fullorðinsfræðslu og undirbúa tillögur um skipan þeirra mála. Í maí 1989 fól ég þessari sömu nefnd að semja frv. til laga um fullorðinsfræðslu, en áður höfðum við, ég og hæstv. félmrh., komið okkur saman um að starfsmenntun í atvinnulífinu skyldi heyra undir félmrn. en önnur fullorðinsfræðsla undir menntmrn. Um líkt leyti fól Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félmrh., nefnd að semja frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það frv. liggur nú hér fyrir hv. Ed.

Í greinargerð með frv. er gerð grein fyrir meginforsendum þess. Bent er á tengslin milli almennrar

fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar í atvinnulífinu. Bent er á það að mörg frv. hafi áður verið flutt um þetta mál á Alþingi. Viðamesta frv. var flutt 1974 og 1980 var lagt fram frv. um fullorðinsfræðslu af þáv. hæstv. menntmrh. Vilmundi Gylfasyni, en það var samið af nefnd sem skipuð var af Vilhjálmi Hjálmarssyni menntmrh. árið 1978.

Í greinargerð frv. er gerður greinarmunur annars vegar á almennri fullorðinsfræðslu og hins vegar starfsmenntun í atvinnulífinu. Hyggst ég ekki fara um það mál mörgum orðum hér, virðulegi forseti, en undirstrika af minni hálfu þetta:

Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að fullorðinsfræðsla, hvar sem hún fer fram, sé skipulögð sem ein heild ef nokkur kostur er, hvort sem hún er á vegum skóla eða atvinnulífs. Í upphafi starfs míns sem menntmrh. kynnti ég þetta sjónarmið, m.a. í hæstv. ríkisstjórn. Þar kom þá fram að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru nefndir, lögðu mjög mikla áherslu á það að starfsmenntun í atvinnulífinu væri skipað með sérlögum. Þess vegna ákváðum við, hæstv. félmrh. og ég, að reyna að tengja þessi mál saman með öðrum hætti. Og í þessu frv. er gert ráð fyrir aðild félmrn., verkalýðssamtaka og atvinnurekenda að yfirstjórn hinnar almennu fullorðinsfræðslu líka.

Fyrir þinginu, í félmn. hv. Ed., liggur nú frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það má segja að þessi tvö mál séu náskyld, svo náskyld að þau hljóti að verða samferða og menn verði að líta á þau í samhengi til þess að tryggja að þar séu hlutirnir með eðlilegum hætti. Gallinn við skipan þessara mála hefur aðallega verið sá að það hefur verið veggur á milli skóla og atvinnulífs hér á landi og menn hafa oft og tíðum ekki fengist til að mynda eðlileg tengsl þarna á milli. Ég tel að það eigi bæði við um verkalýðssamtökin og atvinnurekendasamtökin og það hefur einnig átt við um skólakerfið. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að miðað við þá þróun sem hér þarf að vera, þar sem opnað er þarna á milli með eðlilegum og faglegum hætti auðvitað, þyrfti að halda þannig á málum að þessi mál, bæði um starfsmenntun í atvinnulífinu og almenna fullorðinsfræðslu, verði afgreidd samhliða þannig að möguleikar skapist á að opna gagnvegi á milli þessara tveggja kerfa. Ég tel að það væri beinlínis hættulegt að byggja upp annað kerfið án þess að hitt væri til.

Um þetta gæti ég margt sagt fleira, virðulegi forseti, en tel ekki rétt að gera það á þessu stigi málsins. Ég vænti þess að frv. fái góðar undirtektir í hv. menntmn. og nái þar afgreiðslu því að um málið er mjög víðtæk fagleg og pólitísk samstaða. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Aðalkostur þessa frv. er að hér er um mjög þarft mál að ræða sem hefði í raun átt að vera komið til framkvæmda fyrir löngu. Frv. er í raun einfalt og nokkuð skýrt, en ég lít svo á að aðalókostur þess sé að þau tvö frv., sem hér hefur verið minnst á, þ.e. frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu og frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, skuli ekki hafa verið samræmd. Þau eru það nátengd að mörgu leyti, t.d. eru framkvæmdaraðilar þessara laga um margt þeir sömu. Þeir munu þá koma til með að þurfa að vinna samkvæmt þrennum lögum, ef þessi frv. verða að lögum. Þeir verða að vinna samkvæmt lögum um almenna fullorðinsfræðslu, samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu og síðan samkvæmt þeim lögum sem gilda um þá sjálfa. Þannig að þeir hafa þrennum lögum að sinna. Nægir að nefna ýmsa fjölbrautaskóla út um landið, t.d. Fjölbrautaskólann á Selfossi og Námsflokka Reykjavíkur. Þetta virðist óhentugt, en ég álít þó að bæði frv. taki á hinum merkustu málum og hinum brýnustu málum sem sjálfsagt er að huga vel að, jafnvel þó að svo áliðið sé á þingið sem nú er.

Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í efnisumræðu um málið því að ég er meira og minna sammála flestu sem þar kemur fram. Ég vildi kannski aðeins víkja að 7. gr. Þar er vikið að því að starfsreynsla sé metin til námseininga í skólakerfinu samkvæmt reglum sem menntmrn. setur. Ef hæstv. menntmrh. vildi aðeins leggja eyrað við þá held ég að það sé mikilvægt í sambandi við 7. gr. að tekið sé gagnkvæmt tillit til starfsreynslu á starfsvettvangi sem lögð sé að jöfnu við námseiningar í skólakerfinu og hæfni þeirra sem koma úr skólunum og ætla inn á starfsvettvang. Þeir fái metnar sínar námseiningar t.d. í uppeldisfræði eða félagsfræðideild í fjölbrautaskóla ef þeir ætla síðan að vinna á barnaheimili, að þeir námsáfangar verði metnir á svipaðan hátt og starfsreynsla á vettvangi, þannig að það sé jafnræði á milli verklegrar og bóklegrar þekkingar. Annar aðilinn sé ekki stöðugt að sækja viðurkenningu upp á við en það sé nokkuð meira jafnræði. Ég held að það gæti bætt framkvæmd málanna.

Síðan veit ég að það var rætt í nefndinni, sem samdi frv., í sambandi við 13. gr. og menntunarsjóðinn, hvort ríkið ætti í raun að eiga höfundarréttinn einskorðaðan eða hvort þeir aðilar sem sendu inn námsefni gætu ekki átt höfundarréttarkröfu til þess námsefnis sem þeir sendu.

Síðan vil ég aðeins minna hæstv. menntmrh. á athugasemdirnar varðandi 12. gr., sem varða menntunarsjóðinn, en þar er einmitt fjallað um fræðsluvarp, þ.e. minnt á ákvæði í frv. til laga um útvarpslög þar sem segir að tryggðar skuli vera fjárveitingar til kennsluútvarps eða fræðsluvarps sem geti einmitt nýst fullorðinsfræðslu og vafalaust starfsmenntun í atvinnulífinu líka.

Það er úrslitaatriði í sambandi við þetta frv., eins og mörg önnur, að til þess fáist fjárveitingar sem duga. Ef um fjárskort verður að ræða, ef ekki fæst fé til framkvæmdanna er til lítils að samþykkja þetta frv. Minni ég einmitt á fræðsluvarpið. Það var lagt niður vegna þess að til þess fékkst ekki fé.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Virðulegi forseti. Ég tel sjálfsagt að taka mið af athugasemdum hv. 6. þm. Reykv. varðandi 7. gr. frv. Það er auðvitað hárrétt sem hún sagði, að því aðeins ber löggjöf af því tagi sem hér er gerð tillaga um árangur að einhverjir fjármunir fáist til þess að framkvæma hana. Ég vildi aðeins nefna það við hæstv. forseta hvort ekki væri rétt, með hliðsjón af því að þetta mál er náskylt frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og með hliðsjón af því að m.a. koma félmrn. og aðilar vinnumarkaðarins við sögu í yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar samkvæmt 3. gr., hvort ekki væri skynsamlegt að vísa þessu frv. líka til hv. félmn. þannig að málin séu bæði hjá sömu nefndinni og fái samhliða afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason):
Hæstv. menntmrh. kom með tillögu um að vísa frv. til félmn. til þess að hægt væri að ræða það með frv. sem því væri nátengt. Vafalaust eru rök fyrir því þó kannski hefði verið réttara og eðlilegra að vísa hinu málinu til menntmn., þar sem hún hefði frekar átt að fá það til meðferðar. Ég mun samt bera þessa tillögu menntmrh. undir deildina, hvort hún vill að þessu máli verði að þessu sinni, vegna þessara aðstæðna, vísað til félmn.

Frv. vísað til félmn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

88. fundur, laugardaginn 28. apríl,
að loknum 87. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, ein umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1092.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):
Hæstv. forseti. Í hv. Nd. voru gerðar þær breytingar á frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar að lagt var til að fjórir nýir einstaklingar fái ríkisborgararétt. Eftir viðræður við nefndarmenn í allshn. Ed. er nefndin sammála um að fallast á þessa breytingu og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1099).

Heilbrigðisþjónusta, ein umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 1089.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir:
Hæstv. forseti. Það mál sem hér er komið á dagskrá og kemur frá hv. Nd. varðar breytingu á gildistöku laganna. Gert hafði verið ráð fyrir því að lögin tækju gildi 1. jan. 1990 en þar sem afgreiðsla frv. er komin langt fram yfir þann tíma hefur eðlilega þurft að breyta þessu. Nú er lagt til að lögin taki gildi við afgreiðslu frv. Ég legg til að þessi breyting verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1100).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 434. mál (byggðarráð). — Þskj. 755.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1101).

Raforkuver, 3. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 1098.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, 2. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 918, n. 1095.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Skúli Alexandersson):
Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. og mæla allir nefndarmenn með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Skákskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 1092.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Skákskóla Íslands en frv. hefur þegar sætt meðferð í hv. Nd. og náðist þar full samstaða um málið.

Hlutverk Skákskóla Íslands er í fyrsta lagi að þjóna sem almenn kennslustofnun fyrir frjálst skáknám allra aldurshópa, en mikil eftirspurn hefur verið eftir slíku námi á undanförnum árum.

Í öðru lagi að þjóna sem eins konar háskóli á sviði skáklistarinnar. Í framhaldsdeild skólans fari fram markviss þjálfun og nám ungmenna sem skarað hafa fram úr. Sú þjálfun og fræðsla yrði í höndum stórmeistaranna, sbr. frv. til laga um launasjóð stórmeistara sem ég mun mæla fyrir síðar á fundinum.

Í þriðja lagi er skólanum ætlað það hlutverk að *þjóna landsbyggðinni með erindrekstri, námskeiðahaldi* og farkennslu af ýmsu tagi.

Það á jafnframt að vera hlutverk Skákskóla Íslands að auka veg kvenna í skák og stuðla þannig að jafnrétti kynjanna á þessu sviði.

Það er gert ráð fyrir því að Skáksamband Íslands reki skóla þennan í samvinnu við menntmrn. og að fjármunum til skólans verði varið svo sem segir í 2. gr.

Í 3. gr. er gerð grein fyrir hlutverki Skákskólans. Í 4. gr. segir að í skólastjórn Skákskólans eigi að vera þrír menn sem tilnefndir eru af menntmrh., Skáksambandi Íslands og Félagi ísl. stórmeistara.

Tilgangurinn með stofnun þessa skóla er ekki síst sá að tryggja að það skapist *eðlileg starfsaðstaða fyrir* þá menn sem eru stórmeistarar og eru á launum hjá ríkinu. En í 8. gr. er þó gert ráð fyrir því að menntmrh. verði heimilt að semja við önnur félagasamtök eða einkaaðila um að reka skákskóla.

Við meðferð málsins í hv. Nd. urðu tvær breytingar á frv. Í 6. gr. var bætt við nýjum málsl. sem orðast svo: „Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.“ Þannig eru lögin tengd saman. Síðan var gildistökuákvæðinu breytt þannig að gert er ráð fyrir því núna að lögin öðlist gildi 1. jan. 1991.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari *umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Launasjóður stórmeistara í skák, 1. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 1091.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Íslenskir stórmeistarar í skák hafa á undanförnum áratugum, eða allt síðan Friðrik Ólafsson, fyrstur Íslendinga vann *til* stórmeistaratignar árið 1957, notið launa hjá íslenska ríkinu. Nú eru fjórir stórmeistarar á launaskrá menntmrn. og stunda ekki aðra vinnu en skákiðkunina.

Sá háttur hefur verið hafður á að stórmeistarar þessir hafa með ráðherraúrskurði verið settir á launaskrá hjá ráðuneytinu og í fjárlögum hefur verið veittur sérstakur styrkur árlega til að standa straum af kostnaði vegna þessa. Engar reglur hafa þó til þessa verið settar um réttindi og skyldur stórmeistara, vinnuframlag eða launagreiðslur til þeirra. Það er á hinn bóginn ljóst að fleiri muni bætast í hóp stórmeistara á næstu árum og er því löngu tímabært að *settar verði fastmótaðar reglur um framtíðarskipan* þessara mála.

Hér er lagt til að stofnaður verði með lögum launasjóður stórmeistara í skák og stofnfé sjóðsins samsvari árslaunum fjögurra háskólakennara, eins og frv. var í upphafi þegar ég lagði það fram. En hv. Nd. gerir ráð fyrir því, eins og frv. lítur nú út, að í sjóðnum verði upphæð sem samsvarar árslaunum fimm háskólakennara.

Nokkrar breytingar urðu á frv. í Nd. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir því að stofnfé sjóðsins verði, eins og ég sagði, samsvarandi fimm árslaunum háskólakennara, lektora.

Þá eru einnig gerðar nokkrar breytingar á öðrum greinum frv. Ber þar hæst breytingu sem var gerð á 3. gr., en þar segir:

„Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íslenskir skákmeistarar sem öðlast hafa alþjóðlegan titil stórmeistara og sýna skákstyrk sinn með því að ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á þriggja ára tímabili.

Ef ekki er kona í hópi stórmeistara skal veita laun hverju sinni a.m.k. einni konu er náð hefur afburðaárangri í skák, ef slík umsókn um laun liggur fyrir.

Þeir sem greiðslu hljóta úr sjóðnum skulu settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs í senn eða ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.“

Í 4. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að miða eingöngu við stórmeistara hefur því orði verið breytt og í staðinn kemur orðið skákmeistari.

Síðan er 5. gr. í raun og veru breytt í samræmi við það sem áður var komið að öðru leyti en því að hnykkt er á varðandi réttindi og skyldur skákmeistaranna. Gert er ráð fyrir að þeir verði opinberir starfsmenn og að þeir njóti lífeyrisréttinda úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda uppfylli þeir að öðru leyti ákvæði laga nr. 29/1963.

Aðrar breytingar urðu ekki á málinu við meðferð-

ina í hv. Nd. þar sem fullt samkomulag náðist. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

78. fundur, laugardaginn 28. apríl, kl. 10 árdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 860, n. 1032, brtt. 1033.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1033 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Skákskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 797, n. 1045, brtt. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1046,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1046,2 (ný 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Launasjóður stórmeistara í skák, frh. 2. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 622, n. 1047, brtt. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1048,1 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1048,2 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1048,3 (ný 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1048,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1048,5 (ný 5. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1048,6 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1048,7 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 102. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 104, n. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1066 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 28 shlj. atkv.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 1037.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Ferðamál, frh. 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 42. mál (ferðamálanefndir). — Þskj. 1017.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til samgn. með 31 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JAJ, 489. mál (breytingar á stjórnarskrá). — Þskj. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. GGÞ, 541. mál (greiðslufrestur í tolli). — Þskj. 938.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1038, brtt. 1074.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1074 samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lánasýsla ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar á peningamarkaði, bæði hérlendis og erlendis, og ljóst er að á þeim tímum sem í hönd fara eiga þær breytingar eftir að verða enn meiri. Þessar breytingar hafa það m.a. í för með sér að ríkissjóður verður að heyja samkeppni við innlenda og erlenda aðila um lánsfjárútvegun til þess að fjármagna rekstur ríkisins á hverjum tíma og mjög mikilvægt er að stuðla að hagkvæmniútvegun erlendra lána, bæði fyrir ríkissjóð og aðra opinbera aðila.

Það frv. sem hér er flutt er flutt í þeim tilgangi að færa þessi mál hér hjá okkur á Íslandi í svipaðan búning og gerist í nágrannalöndum okkur. Það kerfi sem við höfum búið við lengst af, að Seðlabanki annars vegar og embættismenn fjmrn. hins vegar annist þetta verkefni, hentar augljóslega ekki lengur í þeim breytta heimi sem við búum nú við. Hlutverk Seðlabanka hefur tekið breytingum og mun taka enn frekari breytingum þannig að hlutverk hans sem beins fulltrúa ríkisvaldsins í erlendum lántökum hefur nú þegar tekið stakkaskiptum. Sama gildir um það að sala spariskírteina ríkisins og ríkisvíxla getur ekki *með góðu móti átt heima í höndum embættismanna* ráðuneytis og eðlilegra að fella það í farveg þar sem sérstakur aðili annast þetta verkefni.

Þetta mál var flutt í hv. Ed. og var afgreitt þar með þeim hætti að fulltrúar allra flokka í fjh.- og viðskn. Ed. mæltu með því að það yrði samþykkt og vona ég að frv. fái jafngóðar viðtökur í þessari hv. deild.

Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð við 1. umr. um þetta mál sem hér er á dagskrá og verið er að ræða. Um þetta varð samkomulag í Ed. eins og hæstv. ráðherra gat um í sinni stuttu og skýru framsöguræðu. Við munum skoða þetta mál með fullum velvilja í nefndinni, sjálfstæðismenn, og teljum að hér sé verið að taka skref í rétta átt. Það væri vissulega ástæða til að hefja hér umræður um ríkisfjármálin og lánastarfsemina á undanförnum árum, ekki síst í tilefni af orðum seðlabankastjóra á aðalfundi Seðlabankans nýlega þar sem hann sagði sína skoðun á því sem gerst hefði í ríkisfjármálunum að undanförnu og hvað væri gagnrýnisvert að því er varðaði lán ríkisins og er þá ekki verið að tala nákvæmlega um þá lánaumsýslu sem þetta frv. snýst um. Ég hygg að sú ræða hafi verið þörf áminning til okkar allra og kannski sérstaklega til þeirra sem hafa tekið að sér að stjórna ríkisfjármálunum, kannski til hæstv. ríkisstjórnar allrar sem í raun og veru hefur gefist upp á því að stjórna þessu landi. Og fyrst ég hef hérna hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. nærstadda held ég að fullkomlega sé ástæða til að það komi mjög skýrt til skila að í raun og veru er hægt að sitja í ríkisstjórn endalaust ef menn hafa engan metnað til að bera, hafa engan skilning á því að þeim er falið það verkefni fyrst og fremst að reka ríkissjóð og ríkisstarfsemina með sama hætti og allir ætlast til þess að aðrir reki fyrirtæki og heimili. (**ÓÞÞ:** Hvað segir Eykon um þetta?) Eyjólfur Konráð er þessu að sjálfsögðu sammála. Hann vill að ríkið sé rekið með sama hætti og góðir og gegnir einstaklingar reka sín heimili og sín fyrirtæki. Ríkisstjórn sem gefst upp á því að láta enda ná saman í ríkisfjármálum er í raun búin að gefast algjörlega upp á öllu sínu ætlunarverki.

Það væri lítill vandi fyrir mig ef einhver kæmi til mín og bæði mig um það að reka fyrir sig fyrirtæki ef það skipti ekki nokkru máli hvort það væri rekið með halla eða ágóða. Það er nú þannig með eigendur flestra fyrirtækja, sem betur fer, að þeir kjósa að ráða til stjórnunarstarfa þá menn sem reka fyrirtækin a.m.k. þannig að þau fari ekki þráðbeint á hausinn. En hvað gera þeir sem hafa tekið að sér ríkisbúið nú um stundir? Jú, þeir lýstu því yfir, þegar þeir komust að, að nú skyldi verða tekið á, nú átti að sýna öllum öðrum hvernig rekstur ætti að vera í landinu, hvernig ætti að reka þjóðarbúið, stórfelldar yfirlýsingar um

það að nú yrði ekki halli lengur, skattar stórlega hækkaðir, um marga milljarða kr. Hvað gerðist? Útgjöldin hækkuðu miklu meira en skattarnir og svo fór að næst þegar þessi hæstv. ríkisstjórn þurfti að setja saman fjárlög var allt í einu komið nýtt markmið, þ.e. loka ekki fjárlögum öðruvísi en með stórfelldum halla.

Nú væri það allt í lagi ef menn um stundarsakir segðu sem svo: Við verðum að reka ríkissjóð með halla. Við ætlum okkur að ná fyrir þetta á einum eða tveimur árum. Við skulum hugsa okkur að það væri markmiðið, þá væri þetta í lagi, og síðan fylgdu menn einhverjum áætlunum, en þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hér hefur ekki gert þetta svona. Hún er gjörsamlega metnaðarlaus því að hún stórhækkar skattana og síðan hækka útgjöldin langt umfram skattana. Og eins og hv. þm. Pálmi Jónsson hefur glögglega sýnt fram á í sínum síðustu ræðum, þá er staðan orðin sú að útgjöld ríkisins eru orðin yfir 29% af vergri landsframleiðslu. Þegar þessu var spáð á sl. ári stóðu menn upp og sögðu: „Þetta er bara ekki rétt." Við héldum þessu fram þá. Þá var sagt: „Nei, þetta er ekki rétt. Þetta verða ekki nema um 27%." En sannleikurinn er sá að þrátt fyrir allar sínar fögru yfirlýsingar hefur hæstv. ríkisstjórn engan metnað til að bera í þessum efnum.

Ég ætla nú ekki, virðulegur forseti, að setja á langa tölu um þetta atriði. Það væri þó vissulega tilefni til. Ég vil aðeins segja að ég tel að þeir hættir sem hér er stungið upp á að verði teknir upp í fjmrn. séu til bóta og ég hygg að hv. nefnd muni komast að jákvæðri niðurstöðu eftir að hún hefur skoðað þetta mál og ég mun a.m.k. gera mitt til að þetta mál fái afgreiðslu í nefndinni ef einhver fundur verður haldinn í henni það sem eftir lifir þingsins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að heyra það hér úr ræðustól að hv. 1. þm. Reykv. telur að starfsemin í fjmrn. standi til bóta og er það vel ef augu hans opnast fyrir því að sumir hlutir eru að þróast á betri veg. En eitthvað hefur hann lesið illa fræði þau sem hv. 8. þm. Reykv. hefur verið einn harðasti talsmaður fyrir og ég hygg að honum væri hollt að kynna sér dálítið betur kenningar hans um það að reka eigi ríkissjóð með halla. Þjóðin eigi að eiga meira í eignum ríkisins, það sé hið eina rétta. Og þar sem þar er á ferðinni mjög reyndur maður sem hefur lengi helgað sig efnahagsmálum í íslenskri umræðu tel ég að það sé lágmark hófsemdar hjá þeim sem yngri eru og ætla nú að feta í fótspor fyrirrennaranna að kynna sér fræðin áður en þeir fara að predika hér úr ræðustóli um viðhorf hv. 8. þm. Reykv.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ræða hv. 2. þm. Vestf. gefur mér tilefni til þess að rifja það upp fyrir honum að sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr, og hæstv. fjmrh., setti sér það meginmarkmið við framlagningu fjárlagafrv. og afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 að ríkissjóður skyldi rekinn með umtalsverðum tekjuafgangi. Þetta var meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins fyrir árið 1989. Hvað sem sagt hefur verið af hálfu hv. 8. þm. Reykv. haggar það ekki því að þetta var meginmarkmið þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er dyggur stuðningsmaður að. Og ég lýsti því hér í fyrradag hvernig þetta markmið hefði tekist. Ég þarf ekkert að ítreka það með fleiri orðum, það er alkunnugt, en mér þótti þó leitt að hæstv. fjmrh. skyldi ekki geta verið við þá ræðu. Hann hafði sínar afsakanir. Niðurstaðan varð sú sem ekki þarf að segja hv. 2. þm. Vestf., að í stað þess að ná markmiðinu um umtalsverðan tekjuafgang ríkissjóðs á árinu 1989 varð niðurstaðan halli upp á tæplega 6,1 milljarð. Það var ekki fyrir það að ekki væri aflað tekna í ríkissjóð með nýjum skattaálögum sem nálguðust 7 milljarða króna og það var ekki fyrir það að ekki væri skorið niður fé til hinna nauðsynlegustu framkvæmda. Fé til verklegra framkvæmda var skorið niður og fé til hinna nauðsynlegustu sjóða var einnig skert með þeim hætti að það stóð óbreytt í krónutölu. Og það var ekki fyrir það að ríkisstjórnin setti sér ekki markmið um sparnað og aðhald í ríkiskerfinu. Allt þetta ætlaði ríkisstjórnin að gera og hún skar vissulega niður útgjöldin til verklegra framkvæmda og til nauðsynlegustu tilfærsluverkefna, svo sem eins og til ýmissa sjóða. En þrátt fyrir öll þessi markmið var niðurstaðan sú að útgjöldin fóru 9,6 milljarða fram úr heimildum fjárlaga og þó að tekjurnar væru stórhækkaðar og hækkuðu um 2,9 milljarða umfram fjárlög, þá hækkuðu útgjöldin enn þá meira vegna þess að markmiðin ruku út í veður og vind vegna þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn sinntu ekki því verkefni sínu að ná því markmiði sem til var ætlast um sparnað og aðhald. Þess í stað var sóun og eyðsla ríkjandi hjá hæstv. ríkisstjórn og fyrst og fremst og meira en alls staðar annars staðar í fjmrn. sjálfu.

Þetta er nú þessi saga og hana ætti hv. 2. þm. Vestf. að kunna og ekki ætti að þurfa að rifja hana upp fyrir honum hér á hverjum degi í hv. deild. En það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu er að minni hyggju þess efnis að það kynni að vera til bóta og í sjálfu sér er ekki vanþörf á því, miðað við reynslu síðustu missira, að taka upp nýja skipan að því er varðar lánaumsýslu ríkissjóðs. Ég bind nokkrar vonir við það að með frv. sé stigið skref í átt til bóta hvað þetta snertir og það er ekki vanþörf á. Hefði kannski verið full ástæða til að það hefði verið gert fyrr og Alþingi hefði kannski átt að átta sig á því að það væri þörf á að gera það fyrr, miðað við það hvernig þessi mál hafa verið framkvæmd af hæstv. fjmrh.

Hér segir í fjölmiðlum í gær frá ársfundi Seðlabankans, sem mér kemur vissulega ekkert á óvart því að mér var það kunnugt áður, að nettóskuldir ríkissjóðs hafi þrefaldast á síðustu fimm árum, og það segir, sem við fjárveitinganefndarmenn vitum, að vaxtagreiðslur ríkissjóðs séu orðnar um 10% af ríkisútgjöldunum eða að nálgast 10 milljarða kr. Og það er haft eftir seðlabankastjóra, hv. 2. þm. Vestf. vakti

athygli á því í gær, að svo væri komið að það væri a.m.k. umhugsunarvert hvort ekki bæri að taka yfirdráttarheimildina í Seðlabankanum af hæstv. fjmrh. miðað við það ráðslag sem hefur verið í þessum málum á síðustu missirum.

Þetta er sú staða sem hv. 2. þm. Vestf. hefði sjálfur átt að rifja hér upp sem forsendur fyrir því að nauðsynlegt væri að koma þarna á nýrri skipan og samþykkja þetta frv. sem ég vonast til að geti komið meira lagi á þessi mál. Það er augljóst að með eldri skipan hefur þetta farið gjörsamlega úr böndunum í höndum hæstv. fjmrh. svo að hann þarf að kveðja þar til einhverja nýja menn og fá þeim þessi verkefni í hendur.

Það má kannski gleðja hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Nei.) Hann getur þá rætt um þetta mál á fundum sínum sem hann ætlar að halda um landið á kostnað okkar skattborgaranna, áróðursfundum um stöðuna í efnahagsmálum og fjármálum ríkissjóðs. Þarna getur hann þá fundið eitt tilefni til þess að tala um framtíðina því hann vill lítið tala um fortíðina á þessum fundum. Hann getur sagt mönnum það að nú ætli hann að koma hér á nýrri skipan varðandi lánamál því að samkvæmt eldri skipan hafi þetta allt farið í handaskolum hjá honum þannig að Seðlabankinn sé að hugsa um að taka af honum yfirdráttarheimildina. Það er rétt að hann segi mönnum frá þessu á þeim fundum sem hann ætlar að halda. Hæstv. fjmrh. segir hér svo skilmerkilega í þessari auglýsingu, með fallegri mynd og góðu letri, að fyrirspurnum verði svarað um nútíð og framtíð. Og þetta er vitaskuld mjög heppilegt fyrir þennan hæstv. ráðherra og stjórnmálaforingja, að forðast að svara fyrirspurnum um það sem gerst hefur. Hann ætlar að svara fyrirspurnum um framtíðina. Ég man aldrei eftir því að hafa séð auglýsingu frá stjórnmálaforingja fyrr í þá veru að hann efni til fundar til að svara fyrirspurnum um framtíðina. Ja, það er mikil viska hæstv. ráðherra. (**PP:** Þetta gerðu spámennirnir í Biblíunni.) Já, hann fetar kannski í þeirra slóð. Hins vegar er auðvitað vel skiljanlegt að hæstv. ráðherra kýs ekki að svara fyrirspurnum um það sem gerst hefur því þar kæmist hann nú heldur í mikinn vanda miðað við árangurinn í fjármálum ríkisins í hans tíð, sem ég hef nú lýst hér úr þessum ræðustól, sem táknar það að öll markmið hæstv. ráðherra hafa farið út í veður og vind og árangurinn hefur orðið slíkur að markmiðin hafa snúist í andhverfu sína. Í stað þess að ná umtalsverðum rekstrar- og tekjuafgangi náði hann yfir 6 milljarða halla.

Sú prófraun sem hæstv. ráðherra gekk undir á sínu fyrsta heila fjárlagaári þessarar hæstv. ríkisstjórnar og þessa hæstv. fjmrh. fór með þeim hætti að hann skilur við það ár með falleinkunn. Og þessu ætti hann að skýra þeim frá á fundum sínum um landið og víkja örfáum orðum að því sem gerst hefur þó að hann kjósi svo að svara engum fyrirspurnum því að þær geta verið óþægilegar og betra fyrir hann að vera með spásagnir um það hvað kann að gerast í framtíðinni, sérstaklega eftir að hann væri nú hættur sem ráðherra í ríkisstjórninni og þessi hæstv. ríkisstjórn komin frá sem hlýtur að draga að fyrr eða síðar.

Umræðu frestað.

Félagsráðgjöf, 1. umr.

Stjfrv., 484. mál (starfsleyfi og sérfræðileyfi). — Þskj. 842.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að koma þessu máli hér á dagskrá í von um að það megi koma því til nefndar. Það er örstutt framsöguræða fyrir þessu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf.

Í kjarasamningum við félagsráðgjafa sem undirritaðir voru 14. apríl 1987 var gerð sérstök bókun þar sem því var lofað að kannaðir yrðu möguleikar á sérfræðiviðurkenningum innan félagsráðgjafar. Sálfræðingar fengu sambærilega bókun í sinn kjarasamning og voru lög þess efnis samþykkt vorið 1988, lög nr. 68/1988, þannig að fyrir nokkru síðan er búið að standa við það fyrirheit sem þar var gefið.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er annars vegar gert ráð fyrir að efnt verði loforð við félagsráðgjafa um sérfræðiviðurkenningar og hins vegar gerðar nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna þess að nú er hægt að ljúka félagsráðgjafanámi frá Háskóla Íslands en var ekki þegar lögin voru samþykkt í upphafi 1975. Þá er og gerð tillaga um ákvæði í lögin sem leggur þá skyldu á herðar félagsráðgjafa að þekkja vel skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er starfið varða en sambærilegt ákvæði er í lögum margra annarra heilbrigðisstétta. Loks er bætt inn í ákvæði um að félagsráðgjafar starfi á eigin ábyrgð og er það einnig í samræmi við þá hefð sem skapast hefur um störf félagsráðgjafa.

Rétt er að taka fram að félagsráðgjafar hafa verið lögvernduð heilbrigðisstétt frá árinu 1975, þannig að hér er engin breyting á hvað það varðar.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1084.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjón-

ustu, með síðari breytingum, eins og það kemur nú frá efri deild svo sem kemur fram á þskj. 1084.

Á síðasta Alþingi voru samþykktar veigamiklar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með lögum sem tóku gildi 1. jan. sl. Breytingarnar snerta ekki síst rekstur heilbrigðisþjónustunnar í landinu en samkvæmt III. kafla laganna tók ríkissjóður að sér allan rekstur heilsugæslunnar í landinu en með heilsugæslu er átt við heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan sjúkrahúsa.

Önnur meginbreyting sem varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá síðustu áramótum og snertir rekstur heilbrigðiskerfisins er sú að öll sjúkrahús, jafnt á vegum sveitarfélaga sem og einkasjúkrahús, skulu rekin að fullu á kostnað ríkisins. Þetta byggist á því að sjúkrasamlögin voru lögð niður og eru sjúkratryggingar nú eingöngu reknar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og algjörlega á kostnað þess.

Frv. sem ég mæli nú fyrir hér í neðri deild var upphaflega lagt fyrir efri deild í nóvembermánuði sl. og hefur verið til umfjöllunar hjá heilbr.- og trn. efri deildar síðan. Miklar umræður hafa orðið um frv. eins og kunnugt er og voru skoðanir manna skiptar. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda þessar umræður og skoðanaskipti en aðalatriðið er að náðst hefur samkomulag um meginatriði þess og nauðsyn þess að það hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi, en málið var afgreitt samhljóða frá heilbr.- og trn. efri deildar þó að þrír hv. þm. væru með fyrirvara sem þeir gerðu grein fyrir í umræðum þar í gær.

Ég vil hér á eftir gera grein fyrir helstu breytingunum sem gerðar voru á frv. í meðförum heilbr.- og trn. efri deildar en vísa um aðra þætti þess til framsöguræðu minnar í nóvembermánuði sl. er málið var upphaflega lagt fram efri deild.

Heilbr.- og trn. efri deildar leitaði umsagnar fjölmargra aðila, bæði þeirra sem starfa á þessum vettvangi, sem og annarra hagsmunaaðila, eins og fram kemur í nál. á þskj. 1052.

Í fyrsta lagi er hér gerð sú breyting á 3. gr. laganna, hvað snertir héraðslækna og héraðshjúkrunarfræðinga, að ráðherra skuli heimilt að skipa héraðslækna og héraðshjúkrunarfræðinga til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum en Reykjavíkurhéraði, Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði, þar sem þeir skulu skipaðir samkvæmt ákvæðum frv. sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs héraðslæknisstarfsins.

Í öðru lagi er gerð sú breyting á 4. gr. að í stað þess að heilbrigðismálaráð skuli auk héraðslæknis og héraðshjúkrunarfræðings skipað formönnum stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í héraðinu skuli þau skipuð einum fulltrúa tilnefndum af stjórn hverrar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss í héraðinu. Þannig verður seta í heilbrigðismálaráði ekki bundin við formennsku í þessum stjórnum, heldur verður það ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar hver skuli sitja í ráðinu fyrir hennar hönd.

Í þriðja lagi er gerð sú breyting á 10. gr. frv., þar sem fjallað er um heilsugæslu í Reykjavík, að í stað 13 heilsugæslustöðva skuli starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem eru í fyrsta lagi það sem kallað hefur verið Vesturbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár stöðvar, í öðru lagi Miðbæjarumdæmi þar sem starfa tvær stöðvar, Austurbæjarumdæmi syðra með tveimur stöðvum og Austurbæjarumdæi nyrðra þar sem fyrirhugað er að starfi tvær stöðvar, og verða þær þá samtals tíu hér í höfuðborginni.

Enn fremur er skotið inn nýrri málsgrein sem kveður á um að þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geti íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað þeirrar læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Á þennan hátt eru tekin af öll tvímæli um það að ekki er ætlunin að þvinga einn eða neinn undir eitt ákveðið kerfi eða skikka hann eða skylda til að sækja þjónustu til einhverrar ákveðinnar heilsugæslustöðvar eða heimilislæknis. Það er val einstaklingsins, að sjálfsögðu.

Í fjórða lagi er lögð til sú breyting á 15. gr. frv. að 17. gr. gildandi laga verði ekki felld niður eins og frv. kvað á um en þar er fjallað um heimild til að ráða hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöðvum og að þeim skuli sett erindisbréf. Hins vegar er gerð sú breyting á 1. tölul. 17. gr. gildandi laga að ráða skuli sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar H2 og að í Reykjavík skuli vera a.m.k. einn sjúkraþjálfari í hverju heilsugæsluumdæmi eða samkvæmt því sem áður sagði a.m.k. fjórir sjúkraþjálfarar. Þessi breyting er sett fram til þess að tryggja að sjúkraþjálfarar starfi við H2-stöðvar, enda er hún í samræmi við áætlanir ráðuneytis um uppbyggingu sjúkraþjálfunar innan heilsugæslunnar og í samræmi við heilbrigðisáætlun.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að bætt verði inn í frv. nýrri gr. á eftir 15. gr., þar sem bætt er við 1. tölul. 18. gr. gildandi laga ákvæði er taki af öll tvímæli um það að hvorugur aðili, ríkissjóður og sveitarfélögin, eigi kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta í heilsugæslustöðvum, enn fremur að meiri háttar viðhald og tækjakaup skuli teljast til stofnkostnaðar og að almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður. Þá er einnig gert ráð fyrir að heilbrrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um það hvað telst til meiri háttar viðhalds.

Í sjötta lagi er gerð sú breyting á 16. gr. frv., sem verður reyndar 17. gr. þar sem þegar hefur verið skotið inn nýrri grein þar sem fjallað er um viðhaldskostnað fasteigna og tækja þar sem þegar hefur verið fjallað um hann í 15. gr. frv., sbr. þær breytingar sem ég gerði hér grein fyrir.

Í sjöunda lagi er lagt til að 17. gr. frv., er verður þá 18. gr., skiptist í tvo töluliði þar sem annars vegar

er fjallað um heilsugæslustöðvar í starfstengslum við sjúkrahús og hins vegar stjórn heilsugæslu í Reykjavík. Breytingarnar helgast m.a. af öðrum breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir en samkvæmt þeim skulu starfræktar í Reykjavík fjögur heilsugæsluumdæmi og gert ráð fyrir sérstakri stjórn í hverju umdæmi. Enn fremur er gert ráð fyrir því að stjórnirnar ráði framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva. Um þetta skipulag varðandi heilsugæslu í Reykjavík er fullt samráð og samkomulag við borgarstjóra og fulltrúa úr borgarstjórn Reykjavíkur. Að öðru leyti er ekki um efnislegar breytingar að ræða.

Í áttunda lagi er gerð sú breyting á 18. gr., sem verður þá 19. gr., að í stað þess að stjórnir heilsugæslustöðva ráði starfslið stöðvanna og að um laun þeirra fari samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn fari um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við hlutaðeigandi séttarfélög. Í þessu tilviki kunna að koma til samningar við aðra en opinbera starfsmenn og stéttarfélög þeirra í samræmi við gildandi lög um kjarasamninga.

Í níunda lagi er gerð sú breyting á 20. gr. frv., sem verður 21. gr., þar sem fjallað er um flokkun sjúkrahúsa eftir tegund og þjónustu, að hjúkrunarheimili verði skilgreind sem vistheimili fyrir aldraða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en ekki aðeins fyrir sjúklinga eins og gerð var tillaga um í upphaflegu frv.

Í tíunda lagi er sú breyting gerð á 22. gr. frv., sem verður 23. gr., að hún skiptist í þrjá töluliði þannig að 30. gr. laganna verði í fjórum töluliðum. Í fyrsta lagi er fjallað um stjórnir sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, í öðru lagi önnur sjúkrahús en ríkisspítala og í þriðja lagi um einkasjúkrahús og sjálfseignarstofnanir. Vegna deilna um skipulag stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hefur orðið að samkomulagi að breyta ekki gildandi stjórnarfyrirkomulagi, alla vega ekki að sinni, hvað varðar stjórnarskipulag. Er þá einkum átt við Borgarspítalann. Þannig verður stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar skipuð fimm mönnum þar sem borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá og starfsmannaráð tvo. Samkvæmt þessu fær ríkið engan fulltrúa í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar.

Varðandi stjórnir annarra sjúkrahúsa, að frátöldum ríkisspítölunum, en um þá gilda sérstök ákvæði skv. 1. tölul. 30. gr. gildandi laga, er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða frá frv. Enn fremur er gerð tillaga um það að við 30. gr. gildandi laga, sbr. 2. gr. frv., er verði 23. gr., bætist nýr tölul., sem verði 8. tölul., þar sem fjallað er um að stjórnir sjúkrahúsa ráði starfslið sjúkrahúsanna og um laun þeirra fari samkvæmt kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélög. Er það í samræmi við ákvæði um starfsfólk heilsugæslustöðva.

Í ellefta lagi er lögð til viðbót við 24. gr. frv., sbr. 34. gr. 2. tölul. gildandi laga, þess efnis að ráðherra geti gert samkomulag við aðra aðila en þá sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt lögum, um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr. Með þessum hætti er ótvírætt opnað fyrir möguleika ráðherra til þess að semja um þjónustu, jafnt heilsugæslu sem sjúkrahúsaþjónustu, við aðra aðila en þá sem beinlínis eru tilteknir í lögunum. Er þá sérstaklega um að ræða þjónuustu sem hagkvæmara gæti reynst að reka með öðrum hætti. Enn fremur er lagt til að við 3. tölul. 34. gr. gildandi laga bætist fjórir nýir málsl., sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem tekin eru af öll tvímæli um það að hvorugur aðilinn, ríki eða sveitarfélögin, eigi kröfu á hinn um leigu vegna eignarhluta. Enn fremur að meiri háttar viðhald og tækjakaup skuli teljast til kostnaðar og almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja skuli greiðast sem rekstrarkostnaður. Er hér um sams konar ákvæði að ræða og þau er varðar heilsugæsluna og ég hef áður gert grein fyrir.

Í tólfta lagi er lagt til að 25. gr. frv. falli niður sem þýðir að 35. gr. gildandi laga gildir áfram. Þar er fjallað um að þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaganna eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku, skuli í hvívetna fylgja þeim starfsreglum sem þeim verða settar og að öðru leyti verði rekstur þeirra óbreyttur verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins. Miðað við aðrar breytingar sem gerðar eru á frv. er ástæðulaust að fella niður 35. gr. gildandi laga hvað þetta varðar.

Í þrettánda lagi er lagt til að 27. gr. frv., þar sem fjallað er um úrlausn ágreiningsmála vegna valdssviðs sérmenntaðs heilbrigðisstarfsfólks, verði felld niður. Greinin hefur hlotið mikla gagnrýni, eins og hún er, og allar tilraunir til þess að leysa málið hafa farið forgörðum. Þótt vissulega sé ástæða til þess að mati ráðuneytis að taka á þessu máli er útilokað að láta framgang frv. stranda á því. Ráðuneytið mun í staðinn, í samráði við hlutaðeigandi aðila, reyna að finna lausn á málinu og hugsanlega koma fram með lagabreytingar síðar.

Í fjórtánda lagi er gerð breyting á 29. gr. (er verði 27. gr. þar sem tvær fyrri greinar hafa verið felldar niður) þar sem fjallað er um gildistöku, þannig að lögin öðlist gildi þegar í stað en ekki 1. jan. 1990 sem að sjálfsögðu er ekki lengur raunhæft, eins og frv. var í upphafi.

Herra forseti. Ég hef hér á undan farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í meðförum heilbr.- og trn. Ed. og vænti þess að góð samstaða náist um frv., eins og það birtist nú á þskj. 1084, og afgeiðslu þess fyrir þinglok. Eins og fram kom í upphafi máls míns er mjög brýnt að það nái fram að ganga nú til þess að margnefnd verkaskiptalög, sem þegar hafa tekið gildi, þjóni þeim tilgangi sem að var stefnt með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Vissulega hefði ég viljað sjá breytingar ná yfir sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar eins og aðrar sjúkrastofnanir, en til þess að liðka fyrir afgreiðslu frv. er fallist á, og um það samkomulag, að stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkur verði óbreytt, alla vega fyrst um sinn, og stefnt að því að ná samkomulagi við Reykjavíkurborg um endanlega skipan þeirra mála sem fyrst.

Að lokum vil ég geta eins atriðis sem nokkuð hefur

verið rætt um og snertir starfrækslu heilsugæslustöðva annars vegar og starfsemi heimilislækna og sérfræðinga á eigin stofum hins vegar. Til þess að taka af öll tvímæli vil ég að það komi fram að aldrei hefur verið ætlunin að gera róttækar eða skyndilegar breytingar á gildandi framkvæmd, t.d. varðandi störf heimilislækna í Reykjavík og sérfræðinga á landinu öllu á eigin stofum. Utan Reykjavíkur er aðeins samið við heilsugæslulækna við heimilislæknisstörf en í Reykjavíkurhéraði er um að ræða samninga jafnt við heilsugæslulækna sem og starfandi heimilislækna á eigin stofum. Þessu er ekki ætlunin að breyta nú, eins og komið hefur fram áður í máli mínu. Hvað snertir störf sérfræðinga á eigin stofum, hvar sem er á landinu, þá er ekki ætlunin að breyta gildandi framkvæmd þannig að störf þeirra geta verið með óbreyttu sniði.

Vegna bréfs sem þingmönnum hefur líklega borist síðdegis í gær eða í morgun, og er frá heilbrigðismálaráði Reykjavíkurborgar, undirritað af Skúla G. Johnsen, þar sem fjallað er um breytingar á starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða í brtt. heilbr.- og trn. Ed. þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Stjórnin skal í umboði heilbr.- og trmrh. annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurhéraði undirbúa að starfsemi stöðvarinnar leggist niður eigi síður en 1. jan. 1992." vil ég segja það að auðvitað er ekki meiningin að það starf sem rekið er á heilsugæslustöðinni verði lagt af heldur er hér verið að tala um skipulagsbreytingar og það að fella úr gildi lög um heilsuverndarstarf nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28 1957, en við taki hin nýju væntanlega breyttu lög um heilbrigðisþjónustu almennt og gildir þá auðvitað um þá starfsemi sem þar verður rekin. Þar er margvísleg starfsemi sem ekki verður lögð af og eru ekki uppi hugmyndir um, eins og kannski mætti álykta af þessu bréfi frá heilbrigðismálaráði Reykjavíkurborgar, og hugsanlega er hægt að misskilja, sbr. þetta ákvæði í brtt. frá Ed. En ástæðan er þessi að þarna er verið að tala um skipulagsbreytingar og að koma þessu starfi sem þarna fer fram fyrir á annan hátt en nú er, en alls ekki að það sé þar með felld niður sú starfsemi.

Herra forseti. Að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til heilbr.- og trn. með beiðni um að nefndin hraði störfum sem allra mest þannig að frv. nái fram að ganga á þessu þingi í samræmi við þau markmið sem mér hefur hér orðið tíðrætt um.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og trn. Ed. fyrir gott starf við breytingar á þessu frv. sem mikill ágreiningur var um. Flest sýnist mér vera þar mjög til bóta. Ég tel að það sé heppilegt og gott að búið er að skipta Reykjavík í fjögur heildarheilsugæsluumdæmi eða svæði fremur en, eins og áður var gert ráð fyrir, að lögsetja það að í Reykjavík skuli vera 13 heilsugæslustöðvar.

Ég vil hins vegar koma því á framfæri í því sambandi að mér sýnast þær nú vera 10 alls. En af þeim er liður 2.3 í miðbæjarumdæmi e.t.v. óþarfur þar sem um hefur verið samið við heilsugæslulækna að annast það hverfi. Sama má kannski segja um lið 3.1 í austurbæjarumdæmi, svo að talan kemur ekki að sök. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ekki sé ráðist í að byggja meira en þörf er á og bendi þar með á að farið verði þar varlega í sakir.

Þá fagna ég sérstaklega því sem segir á bls. 2 í þskj. 1053 að þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geti íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva.

En ég skal ekki taka tíma manna með því að fara yfir þessar breytingar. Það er hins vegar áhyggjuefni okkar Reykvíkinga, eins og hæstv. ráðherra kom hér að, ef til stendur að fara að hrófla við starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Þar vil ég benda á að það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er afar erfitt að skilja 16. lið, þar sem talað er um breytingar á ákvæðum til bráðabirgða. Þar er beinlínis talað um að leggja Heilsuverndarstöð Reykjavíkur niður. Eins og hæstv. ráðherra minntist á hefur þingmönnum Reykvíkinga, og ég hygg þingmönnum öllum jafnvel, borist bréf frá heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar þar sem því er harðlega mótmælt að sú starfsemi sem fram hefur farið um áratuga skeið í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur leggist niður eða við henni sé hróflað á nokkurn hátt. Og ég vil leyfa mér að benda á bókun sem gerð var í heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar. Hana lögðu fram Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Borghildur Maack og Margeir Daníelsson og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum nauðsynlegt að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur gegni samræmingarhlutverki í ákveðnum þáttum heilsuverndar, svo sem heilsugæslu í skólum og barnavernd. Jafnframt verði þar áfram sinnt atvinnusjúkdómum, kynfræðslu, lungna- og berklavörnum. Frá Heilsuverndarstöðinni verði einnig unnið að þróunarverkefnum í heilsuvernd."

Meiri hluti tók undir þessa bókun og er hún felld inn í ályktun heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar sem Skúli G. Johnsen undirritar og enginn ágreiningur er um.

Eins og allir Reykvíkingar vita hefur farið fram í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur merkileg starfsemi um árabil, bæði hvað varðar barnavernd, mæðravernd og ekki síst lungna- og berklarannsóknir sem sjálfsagt eiga sér tæpast jafnoka annars staðar. Það segir sig sjálft að ef farið er að færa þá starfsemi út í heilsugæsluumdæmin væri það kostnaðaraukinn einn og engum til góðs. Ég vil því biðja hv. heilbr.- og trn. Nd. að skýra a.m.k. mun betur ákvæðin varðandi Heilsuverndarstöðina ef það er rétt, sem hæstv. ráðherra segir, að ekki standi til að breyta starfsemi hennar á nokkurn hátt. En til þess held ég að verði að gera þetta ákvæði æðimiklu skýrara því að þar er einfaldlega talað um að leggja starfsemina niður við árslok 1991. Því hljóta Reykvíkingar að mótmæla harðlega og ég vil biðja hv. nefnd að taka þetta atriði til rækilegrar athugunar.

Að öðru leyti get ég lýst mig fylgjandi öllum þeim breytingum sem hér hafa verið gerðar. Ég tel þær til mikilla bóta og hafa í stuttu máli bjargað mjög frv. sem annars var meira en umdeilanlegt.

Þessu vildi ég koma á framfæri, hæstv. forseti, og hef lokið máli mínu.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Því er ekki að leyna að mjög mikill ágreiningur hefur verið víða um þá stefnu í heilbrigðismálum sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. heilbr.- og trmrh. hafa staðið fyrir að undanförnu. M.a. hafa sjálfstæðismenn gert margvíslegar athugasemdir og er rétt að minnast þess að á síðasta landsfundi Sjálfstfl. urðu miklar umræður um þessi mál og komu fram miklar athugasemdir. Ekki síst var rætt um lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem menn töldu að væri brýn þörf á að endurskoða nú þegar. Ég hef hér undir höndum athugasemdir við frv. til laga um breytingu á heilbrigðisþjónustu, m.a. frá Ingólfi Sveinssyni lækni sem er fulltrúi í heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í upphafi má minnast þess að vorið 1989 voru samþykkt lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Var það mjög margslunginn pakki sem rann í gegnum Alþingi án þess að tími ynnist til þess að kanna málin. Menn einblíndu á vissar fjárhagshliðar, en gættu ekki að því að alls konar réttindi sveitarfélaga, og mannréttindi yfirleitt, tóku þarna miklum breytingum og sumir mundu segja að þau hafi farið forgörðum, vald ríkisins stórefldist og sveitarfélögin fengu ekki sinn hlut sem þau vonuðust eftir sem var peningar. Svipað má nú segja um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Hér er um að ræða gífurlega mikinn fjölda mála og róttæka breytingu á stofnunum og alls konar þjónustu sem verið hefur í gangi mjög lengi með einu formi og yrði nú breytt yfir í annað. Þetta á sérstaklega við um Reykjavík."

Það kom mjög skýrt fram í þeim umræðum sem áttu sér stað í þeirri málefnanefnd, sem fjallaði um heilbrigðis- og tryggingamál á landsfundinum, að menn töldu ekki ástæðu til þess að láta sömu reglur gilda um Reykjavík og alla landsbyggðina hvað þetta snertir vegna þess að það væri um svo sérstakar aðstæður að ræða að það væri ekki sambærilegt.

Það er einnig rétt að vekja athygli á fleiru sem kemur fram í þeim athugasemdum sem ég rakti kafla úr áðan. Þar segir m.a.: „Mikilvægt er að skerða ekki sjálfstæði einkastofnana í heilbrigðisþjónustu. Meðan uppbygging heilsugæslustöðva hefur farið fram úti á landi síðustu tvo áratugina hafa Reykvíkingar mestmegnis beðið og sinnt sínum málum á eigin spýtur. Hér er ríkt hefð að ýmsu leyti og hér eru aðstæður gersamlega aðrar en á landsbyggðinni. Það er fullkominn óþarfi að troða upp á Reykvíkinga heilsugæslukerfi sem hentar úti á landsbyggðinni sérstaklega, þar sem heimilislæknaskortur er ekki lengur í Reykjavík." Og fleira er sagt um þetta mál.

Væntanlega eru nokkuð skiptar skoðanir á þessu en svo virðist sem hv. heilbr.- og trn. Ed. hafi unnið mjög vel að gerð þessa frv. og þeim breytingum sem þar koma fram. Hins vegar eru kannski nokkur atriði, og þá einkanlega hvað snertir Heilsuverndarstöðina í Reykjavík, sem vekja athygli og er ekki alveg ljóst hvernig með skal fara. Þó munu þessar breytingar í heild sinni hafa verið gerðar með nokkru samkomulagi við borgarstjórn Reykjavíkur, enda ítrekaði hæstv. ráðherra hér áðan að það væri stefnt að enn frekara samkomulagi við Reykjavíkurborg.

Það er rétt að taka undir þá ábendingu sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan um atriðið á bls. 2 í brtt. þar sem segir: „Þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni." Ég held að það hafi verið eftir ábendingu sjálfstæðismanna í þessari nefnd sem þetta orð „heimilislæknir" kom inn í þessa grein til þess að gera það alveg skýrt að það væri ekki þvingað upp á menn að fara undir eitthvert ákveðið kerfi eða ákveðna aðila, heldur hefðu þeir val í þessu efnum rétt eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir hér áðan.

Hins vegar verður að taka undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um Heilsuverndarstöð Reykjavíkur þar sem ekki er alveg ljóst að hér sé eingöngu um skipulagsbreytingar að ræða, enda segir í frv. að starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar skuli haldast óbreytt þar til heilsugæslustöðvar hafi verið skipulagðar til að annast hana, en þó ekki lengur en til ársloka 1991.

Nokkru neðar segir að stjórnin skuli í umboði heilbr.- og trmrh. annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurhéraði undirbúa að starfsemi stöðvarinnar leggist niður eigi síðar en 1. jan. 1992. Það er alls ekki ljóst hvað hér er átt við. Þess vegna er rétt að gera hér grein fyrir ályktun heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar, sem dags. er 27. apríl og mun hafa verið dreift til allra þingmanna. Þar segir um þessa brtt., sem ég minnist á hér áðan:

„Heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar mótmælir harðlega fyrirætlun um að leggja niður með lögum starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, eins og fram kemur í tillögum heilbr.- og trn. Ed. Alþingis. Á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hefur þróast margvísleg, sérhæfð heilsuverndarþjónusta sem borgarbúar nýta í stórum stíl. Mikið af þessari starfsemi er þess eðlis að henni yrði ekki nægilega sinnt annars staðar. Heilbrigðisráð bendir á að Heilsuverndarstöðin annast stóran hluta af heilsuverndarstarfsemi fyrir Reykvíkinga og heilsugæslustöðvar hafa aðeins tekið við hluta af því starfi. Ekki er fyrirsjáanlegt miðað við fjárveitingar ríkisins á umliðnum árum að heilsugæslustöðvar taki við allri heilsuverndarstarfsemi fyrr en eftir aldamót."

Auk þess bendir heilbrigðisráð á að jafnvel þótt fleiri heilsugæslustöðvar verði byggðar verði áfram

þörf fyrir sérhæfða starfsemi í heilsuvernd. Heilbrigðisráð hefur áður gefið umsögn um ofangreint frv. en þá hljóðaði ákvæðið um Heilsuverndarstöðina á annan veg. Heilbrigðisráð samþykkti þá m.a.:

„Við teljum nauðsynlegt að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur gegni samræmingarhlutverki í ákveðnum þáttum heilsuverndar, svo sem heilsugæslu í skólum og barnavernd. Jafnframt verði þar áfram sinnt atvinnusjúkdómum, kynfræðslu, lungna- og berklavörnum. Frá Heilsuverndarstöðinni verði einnig unnið að þróunarverkefnum í heilsuvernd. Heilbrigðisráð lýsir áhyggjum sínum vegna þessa máls og mótmælir þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð."

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að gera grein fyrir þessum athugasemdum frá heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar og vænti þess að þær verði teknar til athugunar í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði óskað eftir því að hæstv. ráðherra væri hér og hlýddi á mál mitt. Eins væri æskilegt að hv. formaður heilbr.- og trn., sem á að fá þetta mál, væri viðstaddur umræðu um málið ef hann er í húsi. Mér finnst það eiginlega tilhlýðilegt almennt að nefndarformenn fylgist með málum sem á að fara að vísa til þeirra. (**Forseti:** Forseti vill láta þess getið að hann hefur gert ráðstafanir til þess að kalla á umræddan nefndarformann.) Ég þakka virðulegum forseta.

Ég ætla ekki að flytja hér langt mál um þetta annars merka þingmál en vil leyfa mér að koma fáeinum athugasemdum á framfæri og ábendingum til þingnefndar. Örfá orð almennt um meðferð heilbrigðismála og löggjöf þar að lútandi. Mér hefur fundist þau ár sem ég hef setið á þingi að þessi málaflokkur væri dálítið út undan í sambandi við meðferð. Það er dálítið erfitt fyrir þá sem utan við standa og ekki eru beinir þátttakendur í því kerfi sem hér er eða þekkja það af eigin raun að átta sig á uppbyggingu þess og meðferð mála hjá framkvæmdarvaldinu í einstökum atriðum. Á þessu þarf nauðsynlega að ráða bót. Ég tel að eftir að meðferð mála hefur verið einfölduð með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá síðustu áramótum, sem er með vissum hætti tilefni þess að þessi lög um heilbrigðisþjónustu eru nú endurskoðuð, þá gefist tækifæri til að gera starfsemi heilbrigðisþjónustu í landinu skilvirkari og skiljanlegri fyrir þá sem hennar eiga að njóta. Það er vafalaust það sem að er stefnt með því frv. sem hér er til umræðu.

Þau atriði sem ég hef sérstaklega litið á varðandi þetta mál snerta ekki höfuðborg landsins, sem hefur nú verið allmikið umrædd í sambandi við málefni heilbrigðisþjónustunnar á undanförnum árum, heldur miklu frekar það sem kallað er landsbyggð, þ.e. landið utan höfuðborgarsvæðisins. Þar er landinu skipt í heilbrigðisumdæmi, svokölluð héruð, sem héraðslæknum er ætlað að sinna fyrir hönd heilbrrn. og raunar einnig svæðisins. Þessi skipan er góðra gjalda verð svo langt sem hún nær. En mjög mikið skortir á það að mínu mati að þessi vísir að svæðisbundinni skipan sé þannig upp byggður eða að honum búið að hann ráði við eitthvað í reynd. Ég horfi mjög til þess að þessi svæðisbundna stjórn heilbrigðisþjónustunnar verði styrkt. Ég tel að hana þurfi að styrkja með því að tryggja að þeir aðilar, sem ríkisvaldið ætlar verulegt hlutverk í viðkomandi umdæmum, geti sinnt því hlutverki svo vel sé og haldið utan um þau mál sem þeim er ætlað að sinna.

Frá árinu 1978 hafa verið stofnuð svonefnd heilbrigðismálaráð í læknishéruðum landsins. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að þau hafa ekki getað rækt hlutverk sitt eins og löggjafinn ætlaði þeim þegar ákvæði um þau voru sett. Ástæðan fyrir því er sú, að mínu mati, að ekki hefur verið búið að þessum heilbrigðisráðum sem skyldi. Heimaaðilar sem í þeim eiga að starfa hafa ekki megnað að lyfta starfi þeirra eins og þörf væri á og e.t.v. hefur einnig skort á að ráðuneyti viðkomandi mála hafi á þessu tímabili, ég er að tala um tímabilið allt, veitt þann stuðning sem nauðsynlegur væri.

Ég hef af þessu tilefni leyft mér að leggja inn í sameinuðu þingi sérstaka þáltill. á þskj. 1025 um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins. Ég vil leyfa mér að nefna það mál, sem er nýlega fram lagt í sameinuðu þingi, í þessu samhengi hér þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála, sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu."

Ég er sannfærður um að mjög mikil og brýn þörf er fyrir slíka styrkingu í umdæmum landsins. Auðvitað væri hægt að taka þá skipan mála sem hér er verið að leggja til inn í þetta frv. ef vilji væri fyrir hendi og tengja hana meðferð þessa máls hér á Alþingi nú. Ég hef ekki ætlað mér sérstaklega að fara að knýja á um það, miðað við að samstaða sé um að afgreiða þetta frv. og lögleiða hér. E.t.v. telja menn að það þurfi meiri undirbúning og meiri skoðun en ráðrúm er til nú. En ég er mjög sannfærður um að þetta þurfi að koma og ég tel að í rauninni sé viðurkennt í grg. með frv. að þarna séu brotalamir. Og mér sýnist að hv. heilbr.- og trn. efri deildar hafi ekki tekið undir þá viðleitni, sem þó má lesa út úr frv., að styrkja aðstöðu heilbrigðismálaráðanna, með því að fallast ekki á það sem lagt er til í 4. gr. frv., að í heilbrigðismálaráð skuli settir formenn stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í héraði. Við fljótan samanburð sýnist mér að þessu ákvæði hafi verið breytt. Í rökstuðningi með 4. gr. frv. segir að það sé einmitt þetta, að fela formönnum þessara aðila að vera í heilbrigðismálaráðunum — og ef ég hef skilið það rétt, að leggja þar fram aukið starf. Af því að þeir eru formenn stjórna geti þeir veitt heilbrigðismálaráðunum meiri stuðning en ella. Við þessu er ekki orðið. Ég vek athygli á orðalaginu í athugasemd við 4. gr. frv., þar sem út úr

skín þessi óskaplegi vandræðagangur í sambandi við hlutverk og aðbúnað heilbrigðismálaráðanna. Það er látið að því liggja af ráðuneytisins hálfu, af hæstv. ráðherra sem ber málið fram, að þetta sé svona lokatilraun til að koma einhverri styrkingu við áður en taka yrði ákvörðun um að leggja þessi ráð niður. En það á ekki að gera. Og ég segi: Það er ekki kostnaðarauki að því í raun að setja upp skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins, í læknishéruðum landsins, vegna þess að ég er alveg sannfærður um að það mundi skila sér margfalt í bættri stjórnun, eftirliti og betri meðferð fjármuna í sambandi við heilbrigðisþjónustuna úti í héruðum landsins en nú er.

Ég hef raunar verið þeirrar skoðunar, og er það enn, að í þessum málaflokki, heilbrigðismálunum, sé um talsvert mikla sólund að ræða. Þar hafi ákvarðanir varðandi fjárfestingar verið mjög handahófskenndar um langt skeið vegna þess að skort hefur áætlanir, skipulag á fjárfestingunni og skilmerkilega verkaskiptingu. T.d. eru engin ákvæði um það hvaða verkefni í heilbrigðisþjónustunni eigi raunverulega að leysa í héruðum landsins, hvaða verkefnum sjúkrahúsunum, sem hafa verið byggð upp sums staðar af myndarskap í héruðum landsins, sé ætlað að sinna. Það er læknanna að segja til um það hvert sjúklingarnir eigi að fara í hverju tilviki. Og eins og á fleiri sviðum, þegar ekki eru neinar leiðbeiningar um það, þá liggja leiðirnar suður. Það er ekki bara þjónustan — það er oft talið að þjónustan sé betri hérna en hún er í mörgum tilfellum miklu lakari gagnvart sjúklingum en þeir geta fengið í eigin héruðum — heldur koma inn aðrir þættir. Það eru kannski skyldmenni í Reykjavík sem geta litið til með viðkomandi sjúklingi eða aðrar aðstæður sem vekja áhuga sjúklinga öðru fremur á að leita þjónustu í höfuðstaðnum. Þarna vantar leiðsögn og skilmerkilega verkaskiptingu þannig að fjárfestingin og þjónustan, sem byggð hefur verið upp með ærnum tilkostnaði vítt um landið, nýtist raunverulega og þeir sérmenntuðu menn sem ráðnir hafa verið í þessar stofnanir horfi ekki upp á það að öll verkefni fari til Reykjavíkur „af því bara", af því að það er enginn farvegur, enginn mótaður farvegur hverju á að sinna hvar í þessari dýru þjónustu.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að nefna það líka að félmn. sameinaðs þings hefur verið að athuga svonefnda heilbrigðisáætlun, ég held ég fari rétt með það, heilbrigðisáætlun sem er ætlað að gilda til ársins 2000 og marka þar stefnu. Nefndin hefur ekki afgreitt þetta mál frá sér og er með það enn í athugun. Í rauninni hefði verið þörf á því að mínu mati að byrja þar með stefnumarkandi áætlun fyrir næstu tíu ár eða svo, og þingið tæki afstöðu til þess. Svo kæmu lagabreytingarnar sem varða málaflokkinn. En í rauninni er þetta ekkert tengt saman. Og ég tel það mjög miður og alls ekki þau vinnubrögð sem ætti að viðhafa í svo stórum málaflokki.

Þörf er á því að taka þessi mál, heilbrigðismálin og heilsugæsluna í landinu, miklu fastari og ákveðnari tökum en gert hefur verið um langt skeið. Ég er ekki að gagnrýna núverandi málsmeðferð sérstaklega, þetta er í rauninni þróun í gegnum alllangt tímabil. Það væri þörf á því að vinna þetta upp frá nýjum grunni og átta sig mun betur á því hvernig eigi að skipa þessum málum. En alltaf má lögum breyta og ég ætla ekki að leggjast gegn því að þetta frv. verði lögfest, miðað við að góð samstaða sé um það. En ég vek áthygli á þessum þáttum. Það er ástæða til að líta mjög gagnrýnið á þessa uppbyggingu alla og nauðsynlegt að þingið taki sér tíma til þess, hvort sem það verður nú eða á næsta þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

79. fundur, laugardaginn 28. apríl, að loknum 78. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. SalÞ, 177. mál (slysavarnir). — Þskj. 1089.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Skákskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 1090.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Launasjóður stórmeistara í skák, 3. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 1091.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskóli, 2. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (áburðarverð). — Þskj. 1022.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Við gerð kjarasamninga 1. febr. sl. tókust samningar á milli aðila vinnumarkaðarins og bænda um landbúnaðarverð á samningstímanum. Bændur lögðu þar áherslu á að áburður mætti ekki hækka um meira en 12% á þessu ári. Því máli var vísað til ríkisstjórnarinnar í þeim viðræðum sem ríkisstjórnin átti við aðila vinnumarkaðarins og bændur. Við athugun á áburðarverðshækkunarþörf taldi ríkisstjórnin að 12% væri að vísu í þrengra lagi en gæti þó gengið.

Við gerð fjárlaga var talið, og það kemur fram í forsendum fjárlaga, að áburðarverð á árinu 1990 þyrfti að hækka um 16,9%. Sú ákvörðun var hins vegar byggð á allt öðrum forsendum en orðnar voru 1. febr. Við gerð fjárlaga var gert ráð fyrir því að verðbólga á árinu 1990 yrði um 11%, en eftir kjarasamningana um 7%. Við gerð fjárlaga var jafnframt gert ráð fyrir því að gengið þyrfti nokkuð að breytast á árinu 1990, sem er eðlilegt með meiri verðbólgu. En eftir gerð kjarasamninganna og við spár um minni verðbólgu var hins vegar ljóst að gengið gæti orðið stöðugt, ef ekki fast, á árinu 1990. Og með tilliti til þess að Áburðarverksmiðjan er með sínar skuldir fyrst og fremst í erlendum gjaldeyri, m.a. er rekstrarfé erlend lán, er ljóst að þetta léttir töluverði greiðslubyrði af Áburðarverksmiðjunni.

Í lögum segir að áburðarverð skuli ákveðið af stjórn verksmiðjunnar í samráði við landbrh. Að vísu má geta þess að nokkurt misræmi er á milli þessa lagaákvæðis og skipunarbréfs stjórnarmanna. Í skipunarbréfi segir að stjórnarmenn skuli gera tillögu um áburðarverð til landbrh. sem tekur endanlega ákvörðun. Ríkisstjórnin telur hins vegar ljóst að þarna hljóti lögin að ráða.

Þegar tillaga kom frá stjórn Áburðarverksmiðjunnar um áburðarverð var þar lagt til að hækkun áburðarverðs yrði 22,3%. Það kom satt að segja mjög á óvart, bæði með tilvísun til þess sem forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og með tilvísun til þeirra breytinga sem höfðu orðið á forsendum í þjóðarbúskapnum frá því að sú áætlun var gerð. Þetta hefur síðan verið ítarlega athugað, bæði á rekstraráætlun verksmiðjunnar sem verksmiðjan sjálf hefur gert og einnig hefur verið gerð áætlun sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur farið yfir. Nokkuð bar á milli að vísu og eru ýmsar ástæður til þess, m.a. hvað ætla má að áburðarsala verði mikil, 50 eða 52 þús. tonn. En í grófum drættum virðist að með 12% hækkun áburðar verði fjárvöntun upp á 108–120 millj. kr.

Í útreikningum verksmiðjunnar var gert ráð fyrir töluverðri fjárfestingu, eða upp á 105 millj. kr. Sú fjárfesting er nokkurn veginn sú sama og hallinn er áætlaður. Í áætlun verksmiðjunnar yfir fjárfestingar er gert ráð fyrir að ljúka smíði ammoníaksgeymis sem kostar 19,9 millj., ljúka við tölvuvæðingu upp á 2,3 millj. kr., byggja stjórnstöð fyrir 3 millj. kr., setja upp rafgreina fyrir 66,4 millj. kr. og svo er ýmis vélbúnaður fyrir 13,4 millj. kr.

Með fjárveitingu til ammoníaksgeymisins nýja er byggingu hans lokið og hefur þá sá geymir verið greiddur út af rekstri. Ég er ekki að mæla gegn því að svo sé á málum haldið. Það er vitanlega mjög æskilegt að geta haft reksturinn það góðan að unnt sé að ráðast í fjárfestingu upp á 105 millj. kr. sem að sumu leyti er viðhald, við getum sagt að nýr ammoníaksgeymir sé viðhald, en að sumu leyti er þar um framkvæmdir að ræða sem munu bæta rekstur verksmiðjunnar og rekstrarafkomu hennar, framleiðniaukandi framkvæmdir. Miðað við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu má hins vegar eins færa rök fyrir því að ekki sé óeðlilegt að tekið sé lán til svona framkvæmda.

Í þessu sambandi verður vitanlega að skoða efnahag verksmiðjunnar. Í ljós kemur að hann er allgóður. Eigið fé verksmiðjunnar er rúmar 1200 millj. kr., skuldir hennar um 700 millj. kr. en verksmiðjan er metin á yfir 2 milljarða kr. Eiginfjárstaða verksmiðjunnar er því góð og hún þolir þess vegna nokkra lántöku. Engu að síður þótti sjálfsagt í viðræðum hæstv. landbrh. við verksmiðjustjórnina, og kemur fram jafnframt í samþykkt ríkisstjórnarinnar, að hafa þar varnagla. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar þar sem samþykkt er að leggja til 12% hækkun, segir jafnframt svo, með leyfi forseta:

„Gerð verði ítarleg úttekt á rekstrarafkomu og stöðu Áburðarverksmiðjunnar fyrir næsta haust og metnar forsendur fyrir nauðsynlegum verðbreytingum á framleiðslu ársins 1991 til að vinna upp rekstrar-

tap á þessu ári. Fyrirsjáanlegt rekstrartap ársins sem ekki sýnist svigrúm til að bæta upp á næsta ári verður tekið til meðferðar við afgreiðslu fjáraukalaga á síðari hluta ársins."

Ríkisstjórnin tjáði sig þannig fúsa til að skoða afkomu verksmiðjunnar eftir þeim leiðum sem var bent á, m.a. í stuttri umræðu hér á þingi, að fara mætti nú, þ.e. að veita fjármagn á fjáraukalögum og greiða áburðinn þannig niður. Ríkisstjórnin telur hins vegar að ekki liggi ljóst fyrir að afkoma verksmiðjunnar verði svo slök á árinu að það þurfi að gera nema þá að mjög litlu leyti.

Í því sambandi vil ég m.a. benda á að þarna fer mjög eftir sölu áburðar. Í þeirri áætlun sem Áburðarverksmiðjan sjálf hefur gert kemur fram að ef tækist að selja 5 þús. tonn til viðbótar, t.d. til landgræðsluátaks eða skógræktar sem við erum nú sumir að stuðla að hér, mundi rekstrarafkoma verksmiðjunnar batna um 50 millj. kr. Það má því vel vera að fleiri leiðir geti orðið til þess að stuðla að bættri rekstrarafkomu. Auk þess er Áburðarverksmiðjan með mjög viðamikið átak til að bæta sinn rekstur, auka hagræðingu, tölvuvæða, koma upp betri stjórnklefa o.s.frv., sem allt mun svo sannarlega bæta reksturinn á næstu árum. Þá mun Áburðarverksmiðjan bera betur að þessu leyti en hún hefur gert einhverjar lántökur.

Ríkisstjórnin telur að sjálfsögðu ekki annað koma til greina en að standa við það sem samið var um í kjarasamningum, og ég vil undirstrika það hér ef einhver efast um það. En eins og ég hef nú rakið, og ætla að stytta mál mitt, þá telur ríkisstjórnin við ítarlega yfirferð á afkomu og stöðu Áburðarverksmiðjunnar og m.a. með tilvísun til þess sem gert er ráð fyrir í fjárlögum og breyttra þjóðhagsforsendna að Áburðarverksmiðjan þoli að áburðarverð hækki ekki nema um 12%. Ríkisstjórnin er þó reiðubúin að skoða afkomu verksmiðjunnar síðar á árinu og bæta það sem óhjákvæmilegt getur þá talist eða koma til Alþingis með ósk um að það verði lagfært.

Ég vil ekki hafa þetta lengra mál þó að margt fleira mætti vitanlega segja um rekstur Áburðarverksmiðjunnar. Ég sleppi því en vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins spyrjast fyrir um það hvernig ætlunin er að halda áfram umræðu um þetta mál. Svo hafði að vísu talast um í gær milli mín og hæstv. forsrh. að a.m.k. af hálfu okkar sjálfstæðismanna væri ekkert því til fyrirstöðu að þessi umræða byrjaði hér kl. 10 í morgun en af ýmsum ástæðum sem ég þekki ekki hafa önnur mál verið hér til umræðu og geri ég engar athugasemdir þar við.

Það er ljóst að við þessa umræðu er nauðsynlegt að hv. formaður fjvn. sé viðstaddur og ég geri ráð fyrir því að ýmsir fjárveitinganefndarmenn vilji taka þátt í henni. Ég hef fengið þær upplýsingar að nú í hádeginu eigi að hefjast fundur í fjvn. Ég tel alveg útilokað að þessari umræðu verði fram haldið meðan fundur stendur í hv. fjvn. Að mínu mati er aðeins ein leið til að leysa það mál sem hér er til umræðu. Það mál sem er til meðferðar hér í þinginu og hægt er að nota til að leysa málið á raunhæfan hátt er til meðferðar í fjvn. Fyrir þá sök tel ég nauðsynlegt að a.m.k. formaður fjvn. sé viðstaddur umræðuna og beini því til forseta að gert verði hlé á umræðunni meðan fundur stendur í hv. fjvn.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill upplýsa eftirfarandi vegna þessara ummæla að svo hafði að vísu talast til að þetta mál kæmi fyrst á dagskrá í morgun að loknum atkvæðagreiðslum. En forsrh. féllst á það að beiðni samráðherra sinna tveggja að þeirra mál kæmu á undan og var það að sjálfsögðu í góðu samkomulagi við forseta. Þær umræður urðu að vísu heldur lengri en ráð hafði verið fyrir gert en við því er ekkert að segja á þessu stigi.

Forseta er kunnugt um það að fyrirhugaður er fundur í fjvn. kl. 12.15. Í ljósi þess og í ljósi þeirrar óskar sem fram er komin frá hv. 1. þm. Suðurl. finnst forseta eðlilegt að gera hádegishlé þegar fundur í fjvn. hefst til kl. 13.30. En hann ætlast síðan til þess að fjvn. taki tillit til starfa hér í deildinni og geri hlé á fundum sínum kl. 13.30 svo nefndarmenn geti mætt hér til starfa. Hádegishléið er að auki ekki óeðlilegt í ljósi þess að ætlunin er að sitja hér fram eftir degi. Ég vænti þess að þessar upplýsingar svari spurningu hv. 1. þm. Suðurl. varðandi þinghaldið hér í dag.

Forseti vill beina því til hv. 1. þm. Suðurl., sem er næstur á mælendaskrá í dagskrármálinu, hvort hann vilji taka til máls nú fram til kl. 12.15 eða hvort hann óskar eftir því að fresta ræðu sinni þar til eftir hádegishlé. (**ÞP:** Ég kýs að fresta henni þar sem formaður fjvn. er ekki mættur hér.) (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fá fjvn. til að fresta fundi?)

Forseti telur að í ljósi þessara aðstæðna allra sé skynsamlegast að taka hádegishlé nú þegar og í ljósi þess að það sparast hér 15 mínútur er eðlilegt að hléið verði gert til kl. 13.15.

Umræðu frestað.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 1085.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Frv. er á þá leið að við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með innflutningi plantna samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt eftirlits-

gjald af öllum innfluttum plöntum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af tollverði vörunnar. Þó má eftirlitsgjaldið aldrei vera hærra en nemur 2% af tollverði vörunnar. Eftirlitsgjald þetta má taka lögtaki. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins. Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um eftirlitsgjald á útfluttar plöntur."

Það er tilefni þessa máls að það hefur orðið æ betur ljóst á undanförnum árum að eftirlit með innflutningi plantna er ófullnægjandi og þarf að stórefla, en til þess hefur skort mannafla og fjármuni. Það þykir eðlilegast að afla þannig fjár að innflutningurinn sjálfur greiði með gjaldi það eftirlit sem óhjákvæmilegt er að halda uppi. Það er sú tilhögun sem flestöll nágrannaríki viðhafa í þessum efnum, að láta innflutninginn sjálfan, vöruna sjálfa, standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af því að halda uppi fullnægjandi eftirliti með gæðum og heilbrigði innflutningsins. Þess vegna er það svo, og hefur reyndar verið sérstaklega kannað, að gjald þetta er í fullu samræmi og góðu samræmi við þær alþjóðasamþykktir og samtök sem við Íslendingar erum aðilar að og lúta að viðskiptamálum og, eins og ég segi, er sambærileg tilhögun víðast hvar við höfð.

Hv. landbn. Ed. fjallaði allítarlega um þetta mál og fékk til viðtals við sig fjölmarga aðila eins og sjá má í nál. á þskj. 1049. Nefndin náði fullkominni samstöðu um málið og lagði til þá afgreiðslu á því sem ég hef hér kynnt. Það er fyrst og fremst ein breyting sem felst í till. landbn. Ed. frá því sem áður var. Var sú breyting gerð í fullu samráði við mig og með hliðsjón af því að ekki þótti eðlilegt að afgreiða lögin með gildistöku þannig að til greina kæmi að hefja þessa gjaldtöku á gildistíma núverandi verðlagseftirlitstímabils, þ.e. innan þeirra tímamarka sem sérstakar verðlagsviðmiðanir eru og tengjast gildandi kjarasamningum. Það varð því að ráði að færa gildistöku laganna til 1. jan. 1991 og má reyndar segja að það sé að mörgu leyti heppileg tilhögun í sjálfu sér vegna þess að þá gefst nokkur tími til undirbúnings og setningar reglugerða o.s.frv.

Á hitt vil ég leggja áherslu að lokum, herra forseti, að það er mjög brýnt að við Íslendingar sinnum þessum málum betur en gert hefur verið. Það er okkur ekki á nokkurn hátt sæmandi að vera nánast ruslakista fyrir vörur sem jafnvel er vísað frá nágrannalöndunum. En því miður hefur það viljað brenna við að okkar innflutningseftirlit, þar á meðal eftirlit með heilnæmi og varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á lífrænum innflutningi, er svo veikt að við höfum ekki náð að standa almennilega í stykkinu í þessum efnum. Þessu frv. m.a., *ásamt með ítarlegri* reglugerð um innflutningsmálefni sem landbrn. hefur nýverið gefið út, er ætlað að bæta úr því.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er nú mál til komið að taka á þessum málum því að Íslendingar eru orðnir frægir um Norðurlönd a.m.k. fyrir kæruleysi og skeytingarleysi í þessum efnum. Það er vitað t.d. að sérstaklega Svíar, jafnvel Norðmenn, flytja ekki inn frá sumum þessum löndum öðruvísi en undir ströngu eftirliti og reyna að komast fram hjá því. Það er því ánægjulegt ef nú verður gerð gangskör að því að taka á þessum málum yfirleitt. Það er engin launung á því að í sambandi við innflutning á blómum hafa komið inn hin og önnur kvikindi, sem er erfitt að eiga við, fyrir eftirlitsleysi. Það er alveg sama með matvælin. Ég vona því að hæstv. landbrh. gangi hart fram í því að herða þetta eftirlit eftir því sem hann hefur frekast tök á.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta frv. sem hér er til umræðu. Um það hefur orðið samkomulag í Ed., eins og það liggur fyrir, að öðru leyti en því að gildistökuákvæðinu hefur verið breytt í samræmi við þá stefnu hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga að halda verði sem mest stöðugu, en þetta gjald mun að sjálfsögðu hafa áhrif á innflutningsverðlag þeirra vörutegunda sem koma til með að hækka í kjölfar þessara laga.

Mér er það ljóst að auðvitað þarf að vera gott eftirlit með innflutningi á plöntum. Ég þykist vita að það sé rétt að hingað til lands hafa verið fluttar, ekki eingöngu plöntur heldur ávextir og ýmis matvæli sem jafnvel eru afgangsmatvæli af mörkuðum erlendis og er það síst til fyrirmyndar. Ég óska samt eftir því að hv. nefnd sem fær málið til meðferðar, sem mun vera landbn., ég bið þá sem hér eru staddir og starfa í þeirri nefnd að kalla til fulltrúa verslunarinnar til að tryggja að þeir séu sáttir við þetta frv., einkum og sér í lagi vegna þess að ekki má samþykkja frv. sé um að ræða dulbúna vernd á plöntum sem framleiddar eru hér á landi. Þá eiga menn að vera hreinskilnari og hreinlega að lýsa því yfir að þeir vilji leggja verndartolla á innflutninginn. Það er ekki ætlunin. Eins og skýrt kom fram í máli hæstv. ráðherra er þetta gjald í fullu samræmi við alþjóðasamþykktir sem Íslendingar eru aðilar að. Ég óska eftir því að hv. nefnd kanni það mál rækilega og fái að sjá reglugerðardrög sem munu sjálfsagt vera til í ráðuneytinu og þurfa að byggjast á þessum lögum ef þetta frv. verður samþykkt.

Maður veltir fyrir sér hvernig þetta gjald verði innheimt því að það er hægt að leggja tiltekna krónutölu á hverja þyngdareiningu. Þyngdareining í innflutningi á plöntum er sjálfsagt ekki alltaf í samræmi við verðið sjálft, en þó er þarna gerður sá fyrirvari að ekki má fara fram úr 2% af tollverði vörunnar.

Mér finnst ástæða til þess að skoða mjög vel allar slíkar tillögur sem fram koma með tilliti til þess að ekki sé verið að reyna að mismuna og setja á vernd en ég skil það auðvitað fullkomlega að það er eðlilegt að eftirlitið sé kostað af innflutningnum. En á sama hátt langar mig til að spyrjast fyrir um það — það getur nefndin auðvitað gert og þarf ekki að lengja umræð-

una hér — hvort innlend framleiðsla þurfi að greiða slík gjöld þegar um eftirlit er að ræða á innlendri framleiðslu. Við vitum að ýmsir sjúkdómar eru í landinu sem eðlilegt er að passað sé upp á að færist ekki á milli framleiðenda og á milli landshluta. Við höfum reyndar bitra reynslu varðandi sauðfé, við höfum hólfað landið niður til að koma í veg fyrir smit. En smit er auðvitað ekki síður í garðávöxtum og plöntum sem eru ræktaðar hér á landi. Ef um er að ræða eftirlit á slíku er auðvitað eðlilegt að framleiðendur, eða öllu fremur neytendur því að það eru þeir sem koma til með að greiða þetta gjald endanlega, standi straum af slíkum kostnaði á sama hátt og eðlilegt er að innflytjendur eða neytendur greiði gjald til þess að fylgst sé með því að ekki berist til landsins sjúkdómar og skorkvikindi sem geta síðan haft áhrif á íslenska ræktun.

Í raun og veru væri full ástæða til að hefja umræður um eftirlitskerfið sem við höfum í landbúnaðinum og landbrn. Það hefur komið fyrir, að mínu áliti, að slys hafi gerst, eins og t.d. varðandi innflutning á rotmassa, en sú deila var nýlega til lykta leidd. Þarna vega auðvitað salt mismunandi sjónarmið og auðvitað verður að taka fullt tillit til þess að reyna að halda landinu sem hreinustu og koma í veg fyrir að við flytjum inn í landið hluti sem geta haft neikvæð áhrif á ræktunina. En á sama hátt mega menn ekki ganga svo langt að það verði til þess að drepa niður þá sem eru að reyna að setja á laggirnar íslenskan atvinnurekstur á nýjum sviðum sem vissulega gæti átt framtíð fyrir sér.

En um það fjallar þetta frv. ekki. Það fjallar einungis um kostnað vegna eftirlits með innflutningi plantna. Ég hef beðið nefndina um að kanna þetta mál, ekki síður frá sjónarhóli neytandans og innflytjandans en þeirra sem stunda ræktun á plöntum hér á landi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Í þeirri von að ég geti örlítið upplýst hv. síðasta ræðumann á þeirri einu mínútu sem kannski lifir eftir af áætluðum fundartíma vil ég fyrst byrja á því að upplýsa að áður en frv. var lagt fram var, af minni hálfu að sjálfsögðu, haft samband bæði við viðskrn. og utanrrn. og óskað sérstaklega eftir því að þeir aðilar færu yfir það hvort gjaldtaka af þessu tagi væri ekki fyllilega í samræmi við þátttöku okkar í fríverslunarsamtökum og alþjóðlega tollabandalaginu. Svo var úrskurðað, bæði af utanrrn. og viðskrn. Þar þekktu menn í raun ekki nema eitt dæmi um að slík gjaldtaka hefði valdið deilum. Það eru Svisslendingar sem hafa farið dálítið langt út á þá braut að láta gjaldtöku af innflutningi standa straum af sjúkdómsvarnaaðgerðum innan lands, ekki í sjálfum innflutningnum. Það hefur þótt brjóta í bága við almennar heimildir til slíkrar gjaldtöku.

Ég bendi á að hér er ekki heimilt að fara hærra en í 2% þannig að um eitthvað sem umtalsverð vernd fælist í getur naumast orðið að ræða, enda alls ekki hugsunin heldur fyrst og fremst að greiða raunkostnað við eftirlitið og efla það. Reglugerð er því miður ekki fullbúin í ráðuneytinu, en landbrn. hefur haft forgöngu um það, og ég hygg ég megi segja öðrum ráðuneytum fremur, að hafa samráð við fagnefndir Alþingis um svona vandasamari reglugerðarútgáfu, eins og ég veit að einhverjir hv. þm. þekkja. Það er sjálfsagt mál að senda landbn. drög að þessari reglugerð, sem væntanlega yrði undirbúin í sumar og gefin út með haustinu, áður en gildistakan fer fram 1. jan. nk.

Að lokum eingöngu þetta. Hér er fyrst og fremst verið að efla þetta sjúkdómaeftirlit. Það er rétt sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Það þarf að taka betur á ýmsum málum á þessu sviði og það er reyndar verið að gera það og, eins ég nefndi áðan, kom til að mynda út eftir mikla vinnu núna á dögunum viðamikil reglugerð um innflutningsmálefni á ávöxtum, grænmeti, plöntum og öllu því. Og það verður áfram unnið að endurskoðun löggjafar til að mynda um varnir gegn smitsjúkdómum í búfé og fleira því um líkt er allt til endurskoðunar í ráðuneytinu nú. Ég vonast til þess að innan svo sem eins til tveggja ára verði lokið heildaryfirferð yfir lagaákvæði og reglugerðir sem lúta að sjúkdómavörnum, innflutningi og forvörnum öllum á þessu sviði.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað gott að setja lög en það er framkvæmdin á þessum málum sem hefur verið fyrir neðan allar hellur og hún þarf að breytast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (áburðarverð). — Þskj. 1022.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er fyrir margra hluta sakir gott skólabókardæmi um það hvernig vinstri stjórnir halda á efnahags- og fjármálum. Þetta er einnig skýrt dæmi um það hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn hefur haldið á efnahags- og fjármálum, skýrt dæmi um það hvernig ákvarðanir hún hefur tekið í þeim efnum, í stórum hlutum sem smáum. Ég ætla ekki að leggja mælikvarða á stærð þessa máls, sem hér er til umræðu í dag í hlutfalli við önnur, en eftir stendur að það er lýsandi dæmi um vinnubrögðin.

Við höfum oft áður haft vinstri ríkisstjórnir í landinu. Á árunum 1956–1958 sat ein slík stjórn. Að henni stóðu að mestu sömu flokkar og að núv. hæstv. ríkisstjórn. Í henni sátu sömu fjölskyldurnar og í núv. hæstv. ríkisstjórn. Hún beitti sömu efnahagslegu úrræðum og núv. hæstv. ríkisstjórn og flest bendir til að hún muni fá sömu eftirmæli og sú hæstv. ríkisstjórn er þá sat.

Pétur Benediktsson bankastjóri skrifaði og gaf út

þekkt rit á þeim tímamótum í stjórnmála- og efnahagssögu Íslands þegar vinstri stjórnin fór frá 1958 og upphaf viðreisnar hófst. Sú bók fékk nafnið Milliliður allra milliliða og var öðrum þræði uppgjör við vinstristjórnarstefnuna, sem fylgt hafði verið og menn töldu að Íslendingar hefðu kvatt fyrir fullt og allt, en á hinn bóginn var þessi bók stefnuyfirlýsing nýs tíma, nýrra viðhorfa og nýrra vinnubragða í efnahagsmálum, frjálslyndra viðhorfa og tengsla við aðrar þjóðir um mótun efnahagsstefnu og efnahagssamvinnu. Í inngangi bókarinnar segir Pétur Benediktsson þetta, með leyfi forseta, um þá vinstri ríkisstjórn sem nýlega hafði látið af völdum:

„Ríkisstjórn sú sem sjálf skreytti sig með nafninu stjórn hinna vinnandi stétta, án þess þó að gera grein fyrir hvaða stéttir á Íslandi það eru sem ekki vinna, gekk fyrir ætternisstapa í desember 1958. Hún er talin hafa verið lánminnsta stjórn þessa lands síðan á tímum Friðriks VI. og má gefa henni hið sama eftirmæli sem Þorsteinn Erlingsson gaf honum: „Þú sefur nú vært og sofðu í eilífri ró.“ En þótt ríkisstjórnin skildi við skildi hún vandamálin óleyst eftir.“

Þetta er lýsing Péturs Benediktssonar á þeim tíma á viðskilnaði þáv. vinstri stjórnar. Í þessari bók er mjög glögg skilgreining á eðli vinstristjórnarstefnunnar sem Íslendingar héldu að þeir hefðu kvatt endanlega á þessum tímamótum fyrir um 30 árum, en hefur nú gengið aftur í núv. hæstv. ríkisstjórn undir forustu sömu ættar og fyrrum. Ég ætla að lesa hér stuttan kafla sem sýnir skilgreiningu Péturs Benediktssonar á vinstristjórnarstefnunni eins og hún var þá. Ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að það sama á við enn í dag um núv. hæstv. ríkisstjórn. Í bók Péturs Benediktssonar segir svo:

„Einstaklingur sem gefur út ávísun sem engin innistæða er fyrir fer strax að hlusta eftir því hvort ekki sé farið að marra í tugthúsdyrunum. Verði hinu opinbera peningavaldi hin sama yfirsjón á þarf það ekki að óttast neina hegningu. Hún lendir á þeim sem taka við ávísununum. Til þess að þurfa ekki að horfast í augu við staðreyndirnar um raunverulegt gengi krónunnar og til þess að komast hjá því að stugga við vísitölunni hefur styrkjaleiðin verið valin. En styrkirnir þýða nýja skatta, skattarnir þýða aukna dýrtíð í landinu, aukin dýrtíð þýðir hærri vísitölu framfærslukostnaðar, hærra kaupgjald, hærri styrki, hærri skatta, aukna dýrtíð o.s.frv. í hið óendanlega.

Skattarnir þýða aukna dýrtíð. Aukin dýrtíð þýðir hærri vísitölu framfærslukostnaðar. Þar kom ég fallega upp um mig að fylgjast ekki með almæltum tíðindum. Hafði ég þá aldrei frétt af því að á þessu ári hafa meiri nýir skattar verið lagðir á þjóðina en nokkru sinni fyrr og hafði ég ekki nýverið heyrt einn af valdamestu mönnum þjóðarinnar skýra frá því að dýrtíðin í landinu hefði aðeins aukist um fjögur vísitölustig eða sem næst 2%? Hafði ég ekki heyrt sama valdsmann segja að þessi óverulega hækkun stafaði að langmestu leyti af verðhækkunum erlendis?

Jú, raunar hafði ég heyrt allt þetta. En ég hafði einnig á sínum tíma heyrt það sem Púlli sagði: Engin dýrtíð á Vopnafirði, allt skrifað. Og hagspekina í hvoru tveggja hafði ég lagt nokkuð að jöfnu.“

Hér hefur eðli vinstristjórnarstefnu verið lýst með mjög skilmerkilegum hætti. Engin verðbólga á Vopnafirði, allt skrifað. Engin verðbólga á Íslandi, allt skrifað. Engar verðhækkanir í Áburðarverksmiðjunni, allt skrifað. Þetta er kjarninn í efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Engin verðbólga af völdum erfiðleika í sjávarútvegi, allt skrifað. Þetta er kjarninn í efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar sem ætlar að skilja við, að ég hygg, um það bil 5 milljarða gjaldþrot í aðeins þremur millifærslusjóðum sem hún hefur komið á fót á starfstíma sínum. Í þeim samanburði, því 5 milljarða gjaldþroti, sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að skilja eftir í þessum þremur millifærslusjóðum, er þetta mál kannski ekki stórt. En það er mjög lýsandi um eðli stefnunnar og afleiðingar hennar fyrir íslenskt þjóðarbú. Og það er athygli vert að Alþfl., sem gekk af trúnni fyrir 30 árum síðan og tók þátt í viðreisn efnahagslífsins með auknu frjálsræði, skuli nú, þegar ævintýrið frá því fyrir 30 árum er endurtekið, taka þátt í þessum vinnubrögðum af öllu því afli sem hann á til og skuli hvergi iðrast, skuli í engu iðrast. Það er kannski fyrst og fremst athygli vert í þessari stöðu nú þegar verið er að endurtaka það sem Íslendingar héldu að þeir hefðu yfirgefið fyrir 30 árum, af sömu flokkum og sömu ættum í enn einni vinstri stjórninni.

Af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er því haldið fram að óhjákvæmilegt hafi verið að taka völdin af stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins með flutningi lagafrv. af þessu tagi í þeim tilgangi að standa við gefin fyrirheit í kjarasamningum í byrjun ársins. Svo er mál með vexti að hæstv. ríkisstjórn bauð fram í þessum kjarasamningum að áburðarverð hækkaði ekki meir en um 12% og það er að sönnu rétt að það tilboð var ein af forsendum þess merka samkomulags þar sem aðilar vinnumarkaðarins, forustumenn launþega og atvinnurekenda í landinu, gátu ekki sætt sig við efnahagsforsendurnar sem fyrir lágu í stefnu ríkisstjórnarinnar, tóku höndum saman um að brjóta efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á bak aftur og knýja fram nýjar forsendur með lægri verðbólgu og minni kaupmáttarskerðingu en orðið hefði ef efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefði náð fram að ganga.

Óumdeilt er að hér var gert mjög markvert samkomulag og eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn vilji fyrir sitt leyti freista þess að standa við þann hluta sem á hennar reikning skrifaðist þegar aðilar vinnumarkaðarins höfðu sett henni nýjar forsendur. En þegar á hólminn er komið hleypur hæstv. ríkisstjórn frá málinu og segir við Alþingi Íslendinga: Við getum ekki leyst þetta mál. Við ætlum að gera enn eina Egilsstaðasamþykktina um það hvað áburðarverðið á að hækka mikið. Við ætlum hins vegar ekki, þó að við tökum völdin af stjórn verksmiðjunnar, að hafa neinar áhyggjur af því þó að sú Egilsstaðasamþykkt þýði að það verði verulegt bil á milli tekna og gjalda í rekstri verksmiðjunnar. Og flokkurinn, sem einu

sinni tók þátt í viðreisn efnahagslífsins, sagði að sjálfsagt væri að standa á þann veg að rekstri þjóðarbúskaparins og rekstri ríkisverksmiðju eins og Áburðarverksmiðjunnar. Sjálfsagt væri að hún safnaði skuldum, sjálfsagt væri að þær skuldir tækju á sig verulegan fjármagnskostnað. Sjálfsagt væri að vísa lausn þess vanda inn í framtíðina.

Hæstv. fjmrh. hefur nú á kostnað ríkissjóðs efnt til áróðursfunda um landsbyggðina þar sem hann segir að bannað sé að spyrja hann um liðinn tíma. Það er meira að segja óheimilt að spyrja hann um núliðna tíð á þeim fundum, en það má spyrja um framtíðina. Ef til vill vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekki gert sér grein fyrir því að sú framtíð sem við blasir vegna þeirra ákvarðana sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið er milljarða gjaldþrot í millifærslusjóðum sem mun lenda á ríkissjóði og skattborgurum landsins vegna ákvarðana núverandi vinstri stjórnar. Sú framtíð sem landsmenn mega spyrja hæstv. fjmrh. um felur m.a. í sér að annaðhvort eiga bændur og neytendur eftir að greiða þá skuld sem Áburðarverksmiðjunni er gert að stofna til, ásamt með fjármagnskostnaði, í hærra áburðarverði en ella hefði þurft að verða og meiri verðbólgu í landinu, eða gamli hugsjónaflokkurinn, Alþfl., sem einu sinni talaði um lækkun skatta, ætlar að koma á jólaföstu þriðja árið í röð og segja við kjósendur sína: Enn einu sinni hefur okkur brugðist stjórnlistin. Enn einu sinni höfum við orðið valdir að stórslysi. Enn einu sinni ætlum við að hækka tekjuskattinn. Þetta á að vera boðskapur Alþfl. á næstu jólaföstu. Það er með þessum hætti sem hæstv. ríkisstjórn stendur að ákvörðunum í þessu efni.

Það er ekki ágreiningur við okkur sjálfstæðismenn um það að nauðsyn beri til að hæstv. ríkisstjórn standi við gefin fyrirheit um að áburðarverð hækki ekki nema um 12% í útsölu til bænda. Það er enginn ágreiningur við okkur þar um. Þvert á móti er krafa okkar sú að hæstv. ríkisstjórn standi við þetta fyrirheit. En öll vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar, allar ákvarðanir hennar í því efni, og síðast ræða hæstv. forsrh. við upphaf þessarar umræðu, staðfesta að það er hæstv. ríkisstjórn sem ætlar að hlaupa frá þeim vanda, ætlar að skjóta þeim vanda inn í framtíðina, leggja þann vanda á nýja ríkisstjórn, vísa þeim vanda á skattgreiðendur eða neytendur eftir atvikum, þeir geta ekki einu sinni svarað því á þessari stund, inni í framtíðinni.

Það er okkar krafa, þrátt fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn, að Alþingi taki á þessu máli og leysi það, og það er hægt á þessu þingi með þeirri einu leið sem kostur er á en hæstv. ríkisstjórn vill ekki fara. Hér eru til meðferðar fjáraukalög þar sem verið er að fjalla um fjármálaaðgerðir hæstv. ríkisstjórnar vegna kjarasamninga, en hæstv. ríkisstjórn neitar að taka þennan hluta af aðgerðum vegna kjarasamninganna inn í það dæmi vegna þess að hún getur ekki leyst málið. Og það er sú staðreynd sem hér liggur fyrir. Ágreiningur okkar er því á þann veg að við viljum að hæstv. ríkisstjórn og Alþingi leysi þetta mál. Við höfnum því að það sé afgreitt með Egilsstaðasamþykkt sem síðar mun annaðhvort leiða til meiri hækkunar á áburðarverði og verðlagi í landinu eða þá að því verði velt yfir á skattgreiðendur með enn einni hækkuninni á tekjuskattinum. Það er þetta sem við erum að hafna. Og það er svolítið fróðlegt að hæstv. forsrh. hefur á stundum sett á miklar ræður um það að ótækt sé hvað fjármagnskostnaður sé mikill, ótækt sé að velta fjármagnskostnaði yfir á atvinnuvegi landsmanna.

En hvað felst í þeirri ákvörðun sem hæstv. ríkisstjórn er að taka og hæstv. forsrh. er að beita sér fyrir? Í þeirri ákvörðun felst ný lántaka með miklum fjármagnskostnaði sem hæstv. forsrh. ætlar að velta yfir á bændurna í landinu og síðan yfir á neytendurna. Það eru vinnubrögð af þessu tagi sem koma atvinnuvegunum og neytendum illa. Það eru vinnubrögð af þessu tagi sem hækka verðlag, auka verðbólgu og rýra kaupmátt.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Áburðarverksmiðja ríkisins lendir í erfiðleikum vegna pólitískra ákvarðana um áburðarverð. Í þeirri ríkisstjórn sem sat undir forustu núv. hæstv. forsrh. á árunum 1983–1987 var unnið að því að bæta rekstrarstöðu verksmiðjunnar með margvíslegum hætti. Það var óhjákvæmilegt að leysa hluta af þeim vandamálum með framlögum úr ríkissjóði sem skattgreiðendur í landinu urðu að standa undir. Þegar þær ákvarðanir voru teknar voru gefin um það skýr fyrirheit af þáverandi yfirstjórn landbúnaðarmála, þáv. landbrh. og stjórn verksmiðjunnar að ekki yrði á nýjan leik gengið inn á þá braut að stofna til hallareksturs með lántökum sem aftur leiddu til þess að annaðhvort þyrfti að hækka áburðarverð svo óhóflega að engin leið væri fyrir bændur og neytendur að standa undir því eða velta því yfir á skattborgarana. Páv. landbrh. tók þátt í fyrirheitum af þessu tagi, þáverandi stjórnendur verksmiðjunnar og forstjóri hennar. Þær ákvarðanir sem þá voru teknar voru grundvöllur að því mikla hagræðingarátaki sem núverandi forstjóri verksmiðjunnar hefur gert og skilað hefur verulegum árangri, enda er áburðarverð nú lægra að raungildi en það var 1985 vegna þessara aðgerða. En þær aðgerðir sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að efna til munu leiða til þess að raungildi áburðarverðsins mun fara hækkandi á nýjan leik. Að gera Egilsstaðasamþykkt án þess að leysa mál er að pissa í skóinn sinn.

Þegar umræður fóru fram í ársbyrjun 1988 um þá hættu sem stafað gæti af ammoníaksgeymi við verksmiðjuna var gerð sérstök úttekt á rekstrarlegri stöðu verksmiðjunnar og skipuð var sérstök nefnd í því skyni. Niðurstaða hennar varð sú að nauðsynlegt væri að tryggja öruggan rekstur, greiða mjög verulega niður skuldir ef telja ætti þjóðhagslega hagkvæmt að reka verksmiðjuna áfram. Nú hefur það ekki blandast inn í þessa umræðu hér að á ný hafa komið upp spurningar um áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar og af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík hafa verið settar fram kröfur um að henni verði lokað. Þeirri kröfu hefur verið fylgt eftir með flutningi þingsályktunartillagna hér á Alþingi, m.a. af

forseta sameinaðs Alþingis sem er eins konar höfuð ríkisstjórnarflokkanna hér inni á Alþingi. Og hæstv. forsrh. hefur gefið til kynna að eðlilegt geti verið að hætta starfrækslu verksmiðjunnar þar sem hún er nú.

Ég ætla ekki að draga þennan þátt málsins inn í umræðurnar þó að það væri um margt eðlilegt vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur vísað á hækkandi áburðarverð í framtíðinni til lausnar á því máli sem hún getur ekki leyst nú. Hins vegar er fullljóst að í þeirri skýrslu sem gerð var á þessum tíma um rekstur verksmiðjunnar var það lagt til að skuldastaða verksmiðjunnar yrði lækkuð og m.a. á þeim grundvelli var ákveðið að byggja hinn nýja geymi, ammoníaksgeymi, á rekstrartekjum verksmiðjunnar en hægja á endurgreiðslu annarra lána. Það er þess vegna ekki rétt að bygging nýja geymisins sé alfarið greidd af rekstrartekjum. Á móti var hægt á endurgreiðslu eldri lána. Og fullyrðingar hæstv. forsrh. um þetta efni, að bygging hins nýja geymis hafi engin áhrif haft á lánastöðu fyrirtækisins, eru þess vegna ekki réttar í þessu ljósi. Um þetta voru allir sammála á sínum tíma, þar á meðal hæstv. forsrh. og þáv. landbrh. Framsfl., að á þennan veg yrði að standa að rekstri verksmiðjunnar. En nú sitja þessir sömu hæstv. ráðherrar og þingmenn Framsfl. í vinstri stjórn og þá er horfið frá öllum skynsamlegum aðferðum við stjórn fjármála og efnahagsmála, allt látið reka á reiðanum, skuldasöfnunin í algleymingi sem mun síðan kynda undir nýju verðbólgubáli og stórhækkuðum sköttum ofan á allt annað. Núna er hlaupið frá því sem þeir þá voru sammála að því er varðar aðgerðir til þess að treysta rekstrarstöðu þessa fyrirtækis.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, í umræðu um frv. að fara aðeins yfir aðdraganda þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið.

Á fundi í verksmiðjustjórninni í október 1989 gerir framkvæmdastjórinn grein fyrir afkomunni á fyrstu átta mánuðum þess árs. Þar kemur fram að rekstrarhalli á árinu 1989 er áætlaður um 80 millj. kr. Á sama fundi leggur framkvæmdastjóri fram drög að verðútreikningi áburðar fyrir árið 1990 en þar er gert ráð fyrir 10% samdrætti í sölumagni miðað við yfirstandandi ár eða 50 þúsund tonna árssölu. Miðað við 20% almenna verðlagshækkun milli ára þarf áburðarverð að hækka um 22% frá meðalverði ársins 1989. Þá ber að hafa í huga, segir í bókun verksmiðjustjórnar, að ekki er gert ráð fyrir framlagi til rekstursins úr ríkissjóði en á árinu 1989 nam rekstrarframlag úr ríkissjóði 20 millj. kr.

Fram kom í þeim umræðum sem þarna fóru fram í verksmiðjustjórninni að gera þyrfti ráð fyrir 87 millj. kr. vegna ýmissa endurbóta og lagfæringa, þar af 72 millj. kr. vegna endurnýjunar rafgreina og 72 millj. kr. vegna afborgana af langtímalánum.

Hér kemur með öðrum orðum þá þegar fram hvaða afleiðingar það hafði að hæstv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun í fyrra að neita verksmiðjustjórninni um þá verðlagshækkun sem nauðsynleg var til þess að tekjur og gjöld stæðust á, en þá þegar hóf hæstv. ríkisstjórn þau afskipti af verðákvörðunum sem fólu í sér skuldasöfnun, lántökur, aukinn fjármagnskostnað og valda því að verðhækkunarþörfin nú er meiri en ella hefði þurft að vera. Á stjórnarfundi 22. jan. er þetta bókað:

„Framkvæmdastjóri lagði fram verðútreikning áburðar fyrir 1990. Kom þar m.a. fram að gert er ráð fyrir 52 þúsund tonna áburðarsölu á meðalverðinu 22.600 kr. sem er 22,3% hækkun frá fyrra ári. Alls er því gert ráð fyrir sölutekjum að upphæð 1 milljarður 175 millj. kr. en útgjöldum að upphæð 1 milljarður 173 þús. kr. Helstu útgjaldaliðir eru vinnulaun, hráefni, orkukostnaður og annar reksturskostnaður en afskriftir 202 millj. kr. Framkvæmdastjóri upplýsti að um 17 prósentustig af 22,3% hækkunarþörf væru vegna hækkandi framleiðslukostnaðar milli ára. Hinn hluti hækkunarþarfar skýrðist af of lágu söluverði á sl. ári en þá var aðeins heimiluð 29,5% hækkun þegar Áburðarverksmiðjan mat þörfina á 36,17%."

Með öðrum orðum, hér liggja fyrir alveg skýr dæmi um það hvaða afleiðingar það hefur að taka ákvarðanir af því tagi sem hér er verið að gera, skýr dæmi um það að ákvarðanir af þessu tagi leiða síðar til hærra áburðarverðs en ella hefði þurft að vera. Enn fremur segir í bókun verksmiðjustjórnar frá 22. jan.:

„Í áætluðu fjármagnsstreymi kom fram að til afskrifta eru áætlaðar 202,2 millj. kr. og 1,8 millj. í rekstrarafgang eins og fyrr er getið. Til fjárfestinga eru áætlaðar 105 millj. kr., í afborganir 77,6 millj. og aukning veltufjár því 21,5 millj. Stærstu fjárfestingarliðir eru vegna endurnýjunar rafgreina, 66,4 millj., og kostnaður við að ljúka ammoníaksgeyminum um 20 millj. kr.

Í framhaldi af þessu lagði framkvæmdastjóri fram kafla þann úr fjárlögum 1990 er snertir Áburðarverksmiðjuna. Er þar m.a. gert ráð fyrir 50 þús. tonna árssölu að meðalverði 21.600 kr. hvert tonn og rekstrarhalla um 65,4 millj. kr. og lántöku að upphæð 50 millj. kr."

5. febr. er svohljóðandi bókun gerð í verksmiðjustjórninni:

„Umræður héldu áfram þar sem frá var horfið á síðasta fundi. Framkvæmdastjóri ítrekaði að hækkandi framleiðslukostnaður frá síðasta ári krefðist 17% verðhækkunar meðan almennt verðlag hefði hækkað um sem næst 23%. Hækkunarþörf verksmiðjunnar væri samt sem áður 22,3% er skýrðist af of lágu söluverði á sl. ári, en þá var Áburðarverksmiðjunni synjað um umbeðna nauðsynlega hækkun áburðarverðs. Þá skýrði framkvæmdastjóri frá því að við gerð nýjustu kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins hefði ríkisstjórnin lofað að áburðarverð 1990 mundi ekki hækka meir en um 12% miðað við verð sl. árs. Í umræðu um þetta atriði kom fram að slík ónóg verðhækkun hefði í för með sér 112–115 millj. kr. fjárvöntun fyrir Áburðarverksmiðjuna.

Að þessum umræðum loknum var framkvæmdastjóra falið að kynna landbrh. verðútreikning Áburðarverksmiðjunnar og leita staðfestingar á fyrirhuguðu áburðarverði sem miðaðist við 22,3% hækkun frá sl. ári að meðaltali."

Hér kemur m.a. skýrt fram að í verksmiðjustjórninni á þessum tíma er full samstaða um nauðsyn

hækkunar vegna aukins framleiðslukostnaðar og vegna taps í kjölfar ákvarðana hæstv. ríkisstjórnar á síðasta ári. Og fulltrúar núverandi stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka í verksmiðjustjórninni eru á einu máli um þessa stöðu. Enginn ágreiningur er þeirra á milli um það hversu mikið bil þarf að brúa á milli tekna og gjalda. Og fyrir liggur að um 23% af hækkunarþörfinni nú er vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar frá því í fyrra um að verða ekki við hækkunarbeiðni, um 23% af hækkunarþörfinni. Það sýnir best hvaða afleiðingar það hefur þegar ríkisstjórnir pissa í skóinn sinn með þeim hætti sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera. Slíkar ákvarðanir koma niður á bændum og neytendum með fullum þunga. Og það verður ekki dregið nema í eitt ár að það komi í dagsljósið. En hæstv. ráðherrar vita auðvitað að þá hafa kjósendur vísað þeim á dyr.

8. mars tekur verksmiðjustjórnin þetta mál enn fyrir. Þá er komið bréf frá hæstv. landbrh. og í því bréfi segir m.a. þetta:

„Þann 27. febrúar sl. samþykkti ríkisstjórnin að beina því til stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins að hækkun áburðarverðs verði ekki meiri en 12%. Þessi samþykkt er gerð með því fororði að landbrh. áskilur sér rétt til að taka málefni Áburðarverksmiðjunnar upp í ríkisstjórninni leiði þessi verðákvörðun af sér að tap verði á rekstri verksmiðjunmar. Landbrh. mun þá sækja um stuðning ríkissjóðs við reksturinn til að mæta því tapi."

Með öðrum orðum, hæstv. landbrh. viðurkennir í þessu bréfi að það er aðeins ein leið til að leysa þennan vanda. Og þetta bréf er skrifað 1. mars. Hæstv. landbrh., sem hér situr, skrifaði 1. mars bréf þar sem hann viðurkennir að það er aðeins ein leið til að leysa vandann, þar sem hann viðurkennir að það er ekki hægt að leysa vandann með einfaldri Egilsstaðasamþykkt um að verðið skuli bara vera ákveðið 12% hærra og svo gerist ekkert meir. Þetta liggur hér fyrir skjalfest, viðurkenning hæstv. ráðherra. En 8. mars fjallar stjórn verksmiðjunnar um þetta bréf m.a. og þar segir:

„Miklar umræður urðu um málið og ljóst að Áburðarverksmiðjan er sett í mikinn vanda með aðgerðum ríkisstjórnarinnar og svör landbrh. við bréfi Áburðarverksmiðjunnar 7. febr. sl. með öllu ófullnægjandi." Verksmiðjustjórnin er öll sammála því: Svör landbrh. með öllu ófullnægjandi. Og það er í þeirri stöðu sem málið stendur hér í dag. Ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar eru enn með öllu ófullnægjandi. Það hefur ekkert breyst af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og það er það svar sem hún er að senda launafólkinu í landinu. Ófullnægjandi viðbrögð við þeim merku kjarasamningum.

Enn tekur stjórn Áburðarverksmiðjunnar þetta mál fyrir á fundi sínum 3. apríl. Þar er m.a. gerð grein fyrir ársreikningi sl. árs og fram kemur að skuldir verksmiðjunnar námu þá 745 millj. kr. Þar af voru langtímaskuldir 216 millj. og skammtímaskuldir 529 millj. en erlendu rekstrarlánin nema 321 millj. kr. Erlend rekstrarlán standa í 321 millj. kr. Og samt á enn að bæta við. Samt á enn að auka fjármagnskostnað bænda með því að búa til ný lán, enn að auka fjármagnskostnað bænda sem sumir hæstv. ráðherrar hafa nú kvartað yfir að væri ívið of mikill. En þeir ætla enn að auka á þann vanda.

Þá liggur fyrir enn eitt bréfið frá hæstv. landbrh., dags. 30. mars. Þar segir svo:

„Gerð verði ítarleg úttekt á rekstrarafkomu og stöðu Áburðarverksmiðjunnar fyrir næsta haust og metnar forsendur fyrir nauðsynlegum verðbreytingum og framleiðslu ársins 1991 til að vinna upp rekstrartap á þessu ári. Fyrirsjáanlegt rekstrartap ársins sem ekki sýnist svigrúm til að bæta upp á næsta ári verður tekið til meðferðar við afgreiðslu fjáraukalaga á síðari hluta ársins."

Hér hörfar hæstv. ráðherra. Í hinu fyrra bréfi viðurkenndi hann að aðeins ein leið væri til að leysa málið en hann hefur ekki fengið stuðning innan ríkisstjórnarinnar til að leysa málið á þann eina veg sem hægt er. Þar hefur hæstv. landbrh. verið borinn ofurliði og nú kemur loðin yfirlýsing um að skoða eigi hvort hugsanlega megi leysa þann hluta vandans, sem ekki verði velt á næsta ári yfir á bændur með fjármagnskostnaði til viðbótar, með fjáraukalögum á hausti komanda. Þó liggja fyrir, þegar þetta bréf er skrifað, allar tölulegar upplýsingar um stöðu verksmiðjunnar, öll gögn um það hvert tapið verður á þessu ári miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Engin þörf á að skjóta þeim ákvörðunum fram á haustið af því að staðreyndirnar liggja allar á borðinu. Það kemur ítarlega fram í áliti verksmiðjustjórnarinnar að svo er. En hæstv. ráðherra landbúnaðarmála hörfar á einum mánuði vegna þess að hann er ofurliði borinn innan hæstv. ríkisstjórnar. Sennilega er það hin nýja efnahagsstefna Alþfl. undir forustu hæstv. viðskrh. sem leitt hefur til þess að hæstv. landbrh. hefur verið borinn ofurliði í þessu efni. Ég óska af því tilefni, herra forseti, eftir því að hæstv. viðskrh. verði viðstaddur þessa umræðu vegna þess að flest bendir til þess að hann beri verulega ábyrgð á því hver endanleg niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar er í þessu máli. Ég óska eftir því að hann verði kallaður hér til fundarins. (**Forseti:** Forseti veit ekki betur en að hæstv. viðskrh. sé hér staddur í næsta herbergi og mun freista þess að fá hann til að sitja hér í salnum.) Ég sé ekki hæstv. viðskrh. en má vera að hann telji heppilegra að vera ósýnilegur eins og stöðu Alþfl. er komið. Við það geri ég ekki athugasemdir, en óska eftir því að hann verði viðstaddur þennan þingfund.

Síðan fer þetta mál að taka á sig meiri pólitískan svip eftir að verksmiðjustjórnin hefur fjallað um þetta mál vikum saman á faglegan hátt svo sem henni ber lagaleg skylda til og fulltrúar stjórnarflokkanna í verksmiðjustjórninni hafa allir tekið þátt í þeirri umræðu með mjög ábyrgri afstöðu, raunsærri afstöðu, afstöðu sem er í samræmi við þær lagaskyldur sem hvíla á verksmiðjustjórninni. En þegar hér er komið sögu fer pólitískur þrýstingur ríkisstjórnarflokkanna að hafa áhrif á suma fulltrúa þeirra í verksmiðjustjórninni.

Á fundi hennar 18. apríl leggur formaður verksmiðjustjórnarinnar fram tillögu þar sem þetta segir m.a.:

„Stjórn Áburðarverksmiðjunnar telur mjög miður að ríkisstjórnin skyldi við gerð síðustu kjarasamninga gefa fyrirheit um að verð á áburði hækkaði ekki meir en 12% án þess að hafa um það nokkurt samráð við Áburðarverksmiðjuna. Samkvæmt lögum ber stjórn Áburðarverksmiðjunnar að ákveða verð á áburði í samráði við landbrn. en ekki ríkisstjórnina. Fulltrúum ríkisstjórnarinnar í viðræðum um kjarasamninga var fyllilega ljóst að fyrirheit um 12% verðhækkun á áburði mundi leiða til stórfellds taps á rekstri verksmiðjunnar. Því er erfitt að trúa að ríkisstjórnin hafi ætlað Áburðarverksmiðjunni að greiða 130 millj. kr. af eigin fé sínu fyrir loforð ríkisstjórnarinnar við gerð almennra kjarasamninga."

Hér kemur m.a. fram í tillögu formanns stjórnar verksmiðjunnar sem allt fram að þessu hefur unnið að þessu máli á fullkomlega eðlilegan hátt að ríkisstjórninni var kunnugt um það, þegar hún lofaði 12% verðhækkuninni, að það kostaði að brúa þyrfti bil upp á 130 millj. kr. Þá þegar lágu þær upplýsingar fyrir alveg skýrar og viðurkennt af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna sjálfra. En nú vefja þeir tungu um höfuð sér og segja að málið sé svo flókið að það þurfi enn frekari skoðunar við. Það er eins og þessir menn geti ekki gert sér grein fyrir augljósustu staðreyndum um rekstur í ekki stærra fyrirtæki en þessu. Og þó liggur það fyrir að fulltrúar hennar sjálfrar í verksmiðjustjórninni hafa gert sér grein fyrir þessari staðreynd og þurfa ekki neitt frekari athugunar og skoðunar verkefna við til þess að komast að þessari niðurstöðu.

Þegar málið er komið á þetta sig kjósa tveir af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna að verða við tilmælum ríkisstjórnarinnar um Egilsstaðasamþykkt án þess að fyrir liggi lausn á málinu þó að þeir beri fram mjög harða gagnrýni á hæstv. ríkisstjórn fyrir að leysa ekki málið. Aðrir fulltrúar í verksmiðjustjórninni, þar á meðal einn af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna, einn af trúnaðarmönnum ríkisstjórnarflokkanna, telja sér skylt að taka ákvörðun í samræmi við lögin þannig að verksmiðjunni sé ekki stefnt á ný í hallarekstur. Og það varð niðurstaða meiri hluta verksmiðjustjórnarinnar. Síðan er haldinn fundur í verksmiðjustjórninni 23. apríl. Til þess fundar kemur hæstv. landbrh. Hann segir á þeim fundi að e.t.v. væri unnt að bæta Áburðarverksmiðjunni upp rekstrartap sem af 12% verðhækkun leiddi í verðlagningu næsta árs. Ef til vill. Ef þetta stóra ef yrði nú ekki að veruleika, hvað á þá að gera? Hvað segja hæstv. ráðherrar um það? Hvað á þá að gera? Síðan sagði hæstv. landbrh. að „ekki væri unnt að taka þetta inn við gerð fjáraukalaga nú þar sem nú væri eingöngu verið að gera nauðsynlegar breytingar á ýmsum rekstrarliðum fjárlaga til leiðréttinga og samræmis við gerð kjarasamninga." En um hvað er verið að fjalla hér? Er ekki verið að fjalla hér um ráðstafanir vegna kjarasamninga? En þá er ástæðan talin sú fyrir því að ekki er hægt að fjalla um málið, að verið sé að taka á ákvörðunum vegna kjarasamninganna. Ég hef aldrei séð nokkra menn fara jafnmikið í kringum sjálfa sig eða taka stærri kollhnísa. Sennilega hefur hæstv. ráðherra farið í kleinu áður en hann lét þessi ummæli falla.

Að lokum segir í þessari bókun: „Óskaði ráðherra þess að ákvörðun um 18% hækkun áburðarverðs yrði endurskoðuð til að komast hjá vandræðum en tók fram að ekki mætti reka verksmiðjuna til langframa með halla." Hvers vegna má ekki reka hana til langframa með halla? Af hverju má gera það núna? En það má kannski ekki reka hana með halla þegar kjósendur eru búnir að vísa honum á dyr og aðrir eru teknir við? Á þá að skipta um skoðun? Er það þá sem ekki má reka verksmiðjuna með halla?

Á þessum fundi kom fram hjá Agli Jónssyni sem er einn fulltrúa Sjálfstfl. að hann væri þeirrar skoðunar að verksmiðjustjórnin hefði þegar tekið áhættusama ákvörðun með 18% verðhækkun í stað 22,3% vegna fyrirsjáanlegs halla á rekstrinum. 12% hækkun á áburðarverði nú þýddi í reynd allt að 20% verðhækkun umfram verðbólgu á næsta ári ef jafna ætti upp tap af þessari verðhækkun einni. Og hvernig ætla menn þá að horfa framan í bændur, spurði þessi stjórnarmaður í Áburðarverksmiðjunni. Þessi ákvörðun felur í sér 20% hækkun á næsta ári sem e.t.v. er hægt að leyfa verksmiðjunni að taka á næsta ári, eins og hæstv. landbrh. segir. En ef það er ekki hægt, hvað á þá að gera?

Það kemur einnig fram í þessari fundargerð frá einum fulltrúa Sjálfstfl., Bjarna Helgasyni, að létt væri fyrir ríkisstjórnina að standa við fyrirheit sitt við bændasamtökin um 12% hækkun áburðarverðs einmitt við gerð fjáraukalaga nú, t.d. með því að leggja fram fé sem næmi mismuninum á 12% og 18% verðhækkun. En hvert er svar hæstv. landbrh. bókað á fundi í stjórn Áburðarverksmiðjunnar við þessari ábendingu? Hvert er svar hæstv. landbrh.? „Lýsti ráðherra því þá yfir að engar forsendur eða möguleikar væru til að koma slíku í gegn. Hann væri bara einn af 11 ráðherrum og áburðarverðið yrði ekki hækkað um meira en 12%." Áburðarverðið yrði ekki hækkað um meira en 12% af því að hann væri bara einn af 11 ráðherrum. Í þessu felst sama viðurkenning og í hinu fyrsta bréfi til stjórnar Áburðarverksmiðjunnar að í hjarta sínu gerir hæstv. landbrh. sér grein fyrir því að málið verður að leysa og ég trúi því sem hér kemur fram að hann hafi haft vilja til þess að leysa málið innan hæstv. ríkisstjórnar. Hér kemur hins vegar fram að það var ekki hægt af því að hann var bara einn af 11 ráðherrum í hæstv. ríkisstjórn. Og nú er ástæða til þess að spyrja: Hverjir voru það úr hópi hinna 10 sem eftir sitja, þegar hæstv. landbrh. er frátalinn, sem komu í veg fyrir það að hann gæti leyst málið svo sem hann óskaði eftir og hafði í upphafi gefið fyrirheit um og talið nauðsynlegt? Hverjir voru það? Voru það e.t.v. ráðherrar Alþfl.? Er þetta hin nýja efnahagsstefna Alþfl. að stefna ríkisfyrirtækjum í hallarekstur með þessum hætti og auka þannig

verðbólgu þegar til lengri tíma er litið? Það væri ástæða til þess að hæstv. viðskrh. lýsti því hvernig þetta kæmi heim og saman við efnahagsstefnu hans flokks og hvort það sé rétt mat að það hafi einmitt verið krafa Alþfl. í ríkisstjórninni að brjóta hæstv. landbrh. á bak aftur með þessum hætti. Er flokkurinn sem þjóðin hélt að hefði sagt skilið við óráðsíu vinstri hugmynda í efnahagsmálum fyrir 30 árum og tók þátt í viðreisn efnahagslífsins á þeim tíma aftur sokkinn endanlega í sama farið? Það væri fróðlegt að heyra hæstv. viðskrh. gera nokkra grein fyrir því.

Það liggur sem sagt fyrir í þessu máli og er kjarni þess að stjórn Áburðarverksmiðjunnar, bæði fulltrúar stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna, eru sammála um að brúa verði bilið milli tekna og gjalda og það sé ekki unnt að skilja við málið án þess að leysa það. En tveir þessara fulltrúa fallast á að gera Egilsstaðasamþykkt í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn leysi málið einhvern tíma. Aðrir telja sér skylt að knýja fram lausn á málinu strax til þess að unnt sé að standa við fyrirheitin sem launafólkinu í landinu voru gefin, til þess að koma í veg fyrir að það standi í óvissu um hvort efna eigi þessi fyrirheit, því að í stöðunni eins og hún er í dag þegar vísað er á verðhækkanir síðar eða skattahækkanir síðar, þá er verið að segja við launafólkið: Við ætlum ekki að leysa málið sem við lofuðum að leysa.

Í annan stað liggur það fyrir að hæstv. landbrh. hafði í byrjun mars viðurkennt að ríkisstjórnin yrði að leysa málið og gæti ekki gert það öðruvísi en með því að veita fjármunum úr ríkissjóði til verksins og menn hlutu að skilja það bréf svo, eins og það var orðað, að það ætti að gera samhliða ákvörðun svo sem venja er þegar menn taka skynsamlegar ákvarðanir.

Í þriðja lagi liggur svo fyrir að mánuði síðar eða í lok mars hefur hæstv. landbrh. hlaupið frá málinu, ekki vegna þess að hann hafi skipt um skoðun heldur vegna þess að einhverjir aðrir samráðherrar hans hafa knúið hann til undanhalds og neytt hann til að standa frammi fyrir því að koma með málið hér inn á Alþingi án lausnar.

Í fjórða lagi liggur fyrir að Alþingi getur leyst þetta mál með ákvörðunum í fjvn. þar sem fjáraukalög eru til meðferðar sem einmitt fjalla um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Þetta eru hinar einföldu staðreyndir sem fyrir liggja. En hæstv. ráðherrar og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar ætla sér að hlaupa frá málinu.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé hægur vandi að taka nú ákvörðun um niðurskurð á útgjöldum upp á rúmar 100 millj. kr. og leysa þetta mál þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi, að efna loforð og fyrirheit við launafólkið í landinu. En hæstv. ríkisstjórn kærir sig kollótta um það. Hún gefur fyrirheit og ætlar að leysa það með Egilsstaðasamþykktum að hefðbundnum hætti vinstri stjórna í landinu.

Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna geta verið að dunda sér við það í fjvn. að ræða um það hvort ekki sé nauðsynlegt að veita heimild til að kaupa hér hús fyrir Alþingi út og suður. Mér skilst að ríkisstjórnarliðið hafi haft mestan áhuga á því að kaupa Hótel Borg fyrir ekki minni upphæð en kostar að leysa vanda Áburðarverksmiðjunnar og standa við loforð sín. Og þá gengur hæstv. forsrh. út og skil ég það mætavel. En þetta geta stjórnarflokkarnir setið á rökstólum um. Það er sjálfsagt að koma hér með tillögur í kjölfar kjarasamninga og segja: Við ætlum að skera niður útgjöld Alþingis til þess að standa við fyrirheitin, koma svo nokkrum vikum seinna og segja: Við ætlum að samþykkja þingsályktunartillögur sem gefa Alþingi heimild til húsakaupa, a.m.k. fyrir þá upphæð sem verið er að tala um til lausnar á þessu máli. Enginn vandi. Engin fyrirstaða. Haldnir fundir í fjvn. og deildafundir tafðir af þessum sökum. Engin fyrirstaða. Það stendur ekki á fulltrúum Alþfl. að taka þátt í umræðum af því tagi. Þá er hægt að taka ákvarðanir um útgjöld úr ríkissjóði. Þá þarf ekki frekari skoðunar við eða athugunar. En ef á að standa við loforð sín til launafólksins í landinu, þá þarf að skoða málið, þá þarf að setja málið í nefnd, þá þarf að segja ef og kannski, einhvern tíma í framtíðinni.

Staðreyndir þessa máls liggja því mætavel fyrir. Auðvitað á Alþingi að taka á þessu máli á þann veg að leysa það. Auðvitað á Alþingi af þessu tilefni að sýna ríkisstjórninni að þó að hún sé ófær um að leysa mál, þá geti Alþingi gert það. Hv. 10. þm. Reykv., einn helsti talsmaður í Framsfl. fyrir kröfunni um nýja efnahagsstefnu, lýsti því hér fyrir nokkrum dögum í umræðum hvernig þingmenn gátu tekið höndum saman þrátt fyrir hæstv. ríkisstjórn og komið fram mikilvægum breytingum í skattamálum til þess að örva einstaklinga til kaupa á hlutabréfum og auðvelda fyrirtækjum að auka eiginfjárstöðu sína með hlutabréfasölu í kjölfar skattalegra breytinga. Þessi forustumaður Framsfl. sem gert hefur kröfu um nýja efnahagsstefnu vakti á því athygli sérstaklega hér á hinu háa Alþingi að hæstv. ríkisstjórn hefði hvergi komið nálægt því máli, ekkert frumkvæði haft, en þurft hafi þingmenn úr hinum frjálslyndari armi Framsfl. og úr Sjálfstfl. til að knýja málið fram með þverpólitískri samstöðu. Og það er einmitt þetta sem þarf að gerast núna. Þrátt fyrir hæstv. ríkisstjórn vitum við það að innan Framsfl. a.m.k. er frjálslyndur armur sem getur tekið hér ábyrga afstöðu á þingi og við eigum af þessu tilefni, þingmenn, að taka á þessu máli í fjvn., við afgreiðslu fjáraukalaga, og leysa vanda verksmiðjunnar þannig að Alþingi geti þá staðið við þau fyrirheit til launafólksins sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp við.

Herra forseti. Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli og afstöðu minni í því efni, en ég hygg að flestir geti verið á einu máli um að fá mál eru skýrari og ljósari dæmi um efnahagsstefnu vinstri stjórnar, um fortíðargöngu núv. hæstv. ríkisstjórnar, um það hvernig ákvarðanir hennar á öllum sviðum í efnahags- og fjármálum skilja eftir gjaldþrot og skuldasöfnun sem munu þegar á næsta ári lenda á atvinnurekendum, bændum sem öðrum, neytendum og skattgreiðendum. Þetta mál er dæmi-

gert fyrir gjaldþrotastefnu þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem ætlar að skilja við með sama hætti og vinstri stjórnin 1958, ríkisstjórn sem stóð saman af sömu flokkum, sömu fjölskyldum, beitti sömu vinnubrögðum og fær sömu eftirmælin.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Eftir afar ítarlega ræðu hv. 1. þm. Suðurl. get ég að sjálfsögðu stytt mál mitt nokkuð frá því sem ella hefði orðið, en í hans máli var þetta mál rakið afar skilmerkilega og meginsjónarmið okkar sjálfstæðismanna komu þar fram.

Það liggur fyrir að frv. sem hér er á dagskrá er sérstætt mál, býsna sérstætt mál og óvenjulegt. Ég hygg að það hafi ekki gerst í annan tíma að ríkisstjórn hafi lagt fram frv. til laga um ákvörðun áburðarverðs. Og ég minnist þess ekki að nokkru sinni áður hafi það gerst að ekki hafi tekist niðurstaða á milli stjórnar Áburðarverksmiðjunnar annars vegar og landbrh. hins vegar þannig að til þess hafi komið að þessi mál yrði að leysa á Alþingi.

Nú er þetta svo, og gerir þetta mál afar sérstætt, og ég hlýt að lýsa því að það er afar óheppilegt að geta ekki starfað að þessum málum með þeim hætti sem lög kveða á um, sem sé að áburðarverð sé ákveðið af stjórn verksmiðjunnar í samráði við hæstv. landbrh. Það liggur fyrir að hæstv. ríkisstjórn gaf um það fyrirheit í tengslum við kjarasamninga að áburðarverð hækkaði ekki umfram 12%. Í sjálfu sér hafði hæstv. ríkisstjórn þetta á valdi sínu ef hún hefði þá um leið ætlað sér að brúa það bil sem var á milli ákvörðunar verksmiðjustjórnarinnar annars vegar og þessarar ákvörðunar hins vegar með því að leggja fram fé, en að öðru leyti hafði hæstv. ríkisstjórn enga heimild til að ákveða eða lofa því hvert áburðarverðið yrði. Það var ekki hennar hlutverk, heldur þeirra aðila, verksmiðjustjórnar og landbrh., sem það ákvarða eftir lögum. Þetta liggur samt fyrir og þetta loforð mun hafa verið gefið fulltrúum bænda í tengslum við þá kjarasamninga og e.t.v. aðilum vinnumarkaðarins.

Eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. var það samdóma álit verksmiðjustjórnarinnar að til þess að rekstur verksmiðjunnar gæti verið í jafnvægi þyrfti áburðarverðið að hækka um 22,3%. Fjárlög gerðu hins vegar ráð fyrir því að áburðarverðið hækkaði um 18% og eftir það þóf sem átt hefur sér stað um þetta mál verður það niðurstaðan að meiri hluti verksmiðjustjórnarinnar gerir tillögu um 18% hækkun á áburðarverðinu en á það treystir ríkisstjórnin sér ekki til að fallast.

Nú er rétt að gera sér alveg grein fyrir því að ef áburðarverðið hækkar um 12% og ekki verður um neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstjórnarinnar að ræða til þess að bæta stöðu verksmiðjunnar er reiknað með að halli á rekstrinum verði á þessu ári um 129 millj. kr. Mismunurinn í tekjum verksmiðjunnar eftir því hvort verðið hækkar um 12% eða 22,3% er 129 millj. kr. Ef áburðarverðið hækkaði um 18%, eins og meiri hluti stjórnar verksmiðjunnar gerði tillögu um og gerði samþykktir um, er mismunurinn á milli tekna verksmiðjunnar frá 12% hækkun áburðarverðs upp í 18% um 63 millj. kr.

Ég tel að það sé óviðunandi að stefna að hallarekstri verksmiðjunnar á þessu ári upp á allt að 130 millj. kr. eins og fyrir liggur að yrði ef áburðarverðið hækkar um 12% og ekki koma aðrar ráðstafanir til til að bæta rekstrarstöðu fyrirtækisins. Þetta er gjörsamlega óviðunandi vegna þess að með þessum hætti væri verið að velta þessum vanda yfir á næsta ár og það þýddi að á sama tíma og verðlag hækkaði kannski um 7–10%, um 7% segir hæstv. ríkisstjórn, mundi þurfa að hækka áburðarverðið um 20–30% og það sjá allir að slík niðurstaða er gjörsamlega óviðunandi. Það er enda margföld reynsla fyrir því hjá fyrirtækjum sem safna upp halla að það kostar miklu meira að vinna hallareksturinn upp heldur en ef haldið hefði verið á verðlagningu á afurðum þeirra með þeim hætti að verðlagningin væri nokkurn veginn í samræmi við annað verðlag í landinu.

Nú hefur hv. 1. þm. Suðurl. rakið það hvernig um þessi mál hefur verið fjallað á fundum verksmiðjunnar og það hefur komið glöggt í ljós að lengst af hefur verið algjör samstaða um málið í verksmiðjustjórninni og um það hvernig á því skyldi haldið. Í einu af bréfum þeim sem vitnað var til hér áðan, þ.e. bréfi frá hæstv. landbrh. sem ritað er 30. mars sl., segir svo, með leyfi forseta, og ítreka ég þar það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl.:

„Gerð verði ítarleg úttekt á rekstrarafkomu og stöðu Áburðarverksmiðjunnar fyrir næsta haust og metnar forsendur fyrir nauðsynlegum verðbreytingum á framleiðslu ársins 1991 til að vinna upp rekstrartap á þessu ári." Enn segir: „Fyrirsjáanlegt rekstrartap ársins sem ekki sýnist svigrúm til að bæta upp á næsta ári verður tekið til meðferðar við afgreiðslu fjáraukalaga á síðari hluta ársins."

Það kemur fram í þessu bréfi að meginsjónarmið hæstv. landbrh., sem ritar þetta bréf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, er það að við verðlagningu fyrir árið 1991 eigi að meta nauðsynlegar breytingar á verði til þess að vinna upp rekstrartapið á þessu ári. Það er meginatriðið. Og það er þetta sem er fordæmanlegt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, að halda nú niðri verðinu og gera ekki ráðstafanir til þess að unnt sé, eins og hér hefur komið fram, að standa við loforð hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga og halda þó rekstri fyrirtækisins í sæmilegu horfi og ætla sér að velta þessu yfir á næsta ár með þeim afleiðingum að það mundi þýða milli 20 og 30% verðhækkun á áburðinum á næsta ári þó að verðlag hækkaði ekki nema um 7%. Þetta er fordæmanlegt og þetta er ekki viðunandi niðurstaða.

Hæstv. ríkisstjórn virðist skáka í því skjólinu að þá verði hún farin frá völdum og það komi í hlut annarra að taka á sig þessar byrðar. Það komi í hlut annarra og annarrar ríkisstjórnar að taka við þeim vanda sem það hefur í för með sér að mæta því meðal bænda og meðal neytenda að meðan verðlag hækkaði um 7% hækkaði áburðarverðið um 20–30%. Þessi niður-

staða getur ekki gengið að mínum dómi og ég ítreka mjög alvarlega þær áskoranir sem fram komu í máli hv. 1. þm. Suðurl. til hæstv. forsrh. og til hæstv. ríkisstjórnar að taka nú fyrir þinglok ákvarðanir um að bæta upp það rekstrartap sem verksmiðjan verður fyrir vegna loforðs hæstv. ríkisstjórnar um 12% hækkun áburðarverðsins. Þetta er þeim mun augljósara að er eðlilegt að gera nú í tengslum við fjáraukalög fyrir árið 1990 sem eru til meðferðar í hv. fjvn. að þetta fjáraukalagafrv. hefur að undirfyrirsögn að það sé flutt vegna kjarasamninga í febrúar 1990. Inn í þetta fjáraukalagafrv. á því beint að taka allar þær ráðstafanir í fjármálum ríkisins sem eru í beinum tengslum við afleiðingar kjarasamninganna. Þetta var rækilega skýrt af hálfu hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir þessu frv. hér í febrúarmánuði. Ég ítreka því þessi tilmæli og eindregnu áskorun og ég vil gjarnan láta þess getið að verði hæstv. ríkisstjórn ekki við þessum áskorunum, þá mun ég beita mér fyrir flutningi tillögu hér á hv. Alþingi til að koma þessu fram. Það verður þá að ráðast hvernig um það mál fer.

Nú liggur það fyrir að þrátt fyrir að það sé einróma mat verksmiðjustjórnarinnar að áburðarverðið hefði þurft að hækka um 22,3% til þess að halda jafnvægi í rekstri fyrirtækisins þá tók meiri hluti stjórnar ákvörðun um að leggja til að verðið hækkaði um 18% með tilliti til þess sem kveðið var á um við afgreiðslu fjárlaga. Ég gæti fyrir mína parta gengið inn á það, og væri það samkomulagstillaga af minni hálfu, að hæstv. ríkisstjórn legði fram fé á fjáraukalögum fyrir þetta ár til að brúa bilið á milli 12% og 18%. Og að sá halli sem þá myndast vegna þess mismunar sem er upp í 22,3% stæði þá út af að þessu sinni. Þessi fjárhæð er, eins og ég sagði áður, 63 millj. kr. Ég tel með tilliti til tillagna meiri hluta stjórnar, sem auðvitað eiga rætur í afgreiðslu hæstv. ríkisstjórnar og hv. meiri hluta stjórnarflokkanna hér á hinu háa Alþingi við afgreiðslu fjárlaga sem tekið var tillit til, að hægt sé að ganga til samkomulags um að á þann veg verði á málinu haldið. En það verður ekkert samkomulag um að láta þessi mál liggja í salti, taka til athugunar við verðlagsforsendur á framleiðslu verksmiðjunnar á næsta ári hvað hægt sé þá að bera uppi af hallarekstrinum í verði sem þarf væntanlega að vera 20–30%. Og í öðru lagi að huga að því með haustinu hvort rétt sé að taka þá eitthvað inn í fjáraukalög. Um þá niðurstöðu verður ekkert samkomulag.

Ég hlýt að beina þessu í fullri alvöru og einu sinni enn til hæstv. forsrh. sem stendur auðvitað fyrir flutningi þessa frv., og sem oddvita sinnar ríkisstjórnar, að þetta verði grandskoðað og ákvörðun tekin um þetta nú þegar vegna þess að það er nú mjög rekið eftir því í fjvn. að afgreiða út úr nefndinni frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Ljóst er að það verður ekki dregið marga daga, enda þinglok fyrir dyrum.

Hæstv. forsrh. sagði hér í sinni framsöguræðu að hann teldi að verksmiðjan þyldi 12% hækkun. Ég veit það að hæstv. forsrh. hefur að ýmsu leyti kynnt sér málefni verksmiðjunnar. Hann er þeim ekki ókunnugur frá fyrri tíð. Ég verð þó að segja að þetta er meira en hæpin fullyrðing. Ég verð að segja að þrátt fyrir það að hæstv. forsrh. sé án efa nokkuð kunnugur stöðu verksmiðjunnar, þá trúi ég þó betur stjórnendum fyrirtækisins og framkvæmdastjóra og öðrum þeim tæknimönnum sem vinna við að leggja upp fjárhagsáætlanir fyrirtækisins.

Hæstv. ráðherra sagði í sinni framsöguræðu að hagur fyrirtækisins mundi verða betri en ætlað var við fjárlagaafgreiðslu vegna þess að eftir kjarasamninganna yrðu verðlagsbreytingar minni en áður hafði verið áætlað. Verðlagsbreytingar sem áætlaðar voru við afgreiðslu fjárlaga 11% ættu að verða miðað við áætlanir eftir kjarasamninga um 7%.

Nú er þessu ekki nema að litlu leyti svo varið. Þannig vill til að Áburðarverksmiðjan selur framleiðslu sína til bænda og lánar hluta af verðinu. Áburðarverksmiðjan fær þess vegna verulegar vaxtatekjur. Og ef þetta gengur eftir með verðlagsþróun, að verðhækkanir verða 4% minni en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, og það gengur eftir sem hæstv. ríkisstjórn hefur áætlað, að vextir lækki í samræmi við það, þá lækka þessar vaxtatekjur Áburðarverksmiðjunnar. Það var áætlað samkvæmt útreikningum, sem gerðir voru m.a. af Fjárlaga- og hagsýslustofnun, að þessi lækkun í tekjum fyrirtækisins yrði um 33 millj. kr. vegna minni vaxtatekna. Á hinn bóginn tekur Áburðarverksmiðjan rekstrarlán og á henni hvíla rekstrarlán, eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl., og það eru erlend lán. Og vextir á erlendum lánum verða væntanlega óbreyttir. Verðlag innan lands hefur ekki áhrif á vexti á erlendum lánum þannig að þarna hallar á í rekstri verksmiðjunnar miðað við þær verðlagsforsendur, sem hæstv. forsrh. greindi frá í ræðu sinni, um 33 millj. kr. sem staða fyrirtækisins verður verri vegna þessara vaxtabreytinga.

Nú held ég að það sé tvímælalaust að á þessum tíma sé hægt að sjá nokkuð fyrir um þessa rekstrarniðurstöðu þannig að ekki skakki háum fjárhæðum. Hæstv. ráðherra sagði í framsöguræðu sinni að ef til vill mætti fara aðrar leiðir. Það kynni að vera hægt að auka tekjur verksmiðjunnar með því að stuðla að meiri sölu á áburði og ef til að mynda, eins og hann gat um, selt væri 5000 tonnum meira af áburði en áætlanir standa til um til landgræðslustarfa þá mundu tekjur verksmiðjunnar aukast um 50 millj. Hið rétta er að þær mundu væntanlega aukast um 40–50 millj. Látum svo vera. En til þess að þetta sé mögulegt þarf að leggja fram fé. Til þess að þetta sé mögulegt þarf hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að Landgræðsla ríkisins og aðrir þeir aðilar sem geta notað áburð til landgræðslustarfa, fái fé til að kaupa þennan áburð fyrir. Mér sýnist, miðað það verðlag á áburði á þessu ári sem hér liggur fyrir í gögnum, að til þess að selja fimm þúsund tonnum meira og stofnanir, er sinna landgræðslustörfum, geti keypt það magn, þá þurfi að veita úr ríkissjóði fe sem er ekki minna en 110–120 millj. kr. Þessi leið er því erfiðari fyrir ríkissjóð þó að hún gæti vonandi komið gróðurfari og gróðurríki

landsins til góða. En ef þetta væri nú meiningin þá þarf að taka þetta fé inn á fjáraukalögin.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. geti í dag og á morgun tekið um það ákvörðun hvora leiðina þeir vilji fara og láti ekki þessi mál synda til haustsins í algerri óvissu með óviðunandi afleiðingum fyrir þetta fyrirtæki, fyrir bændur og fyrir neytendur í landinu. Ég held að þegar um er að ræða fyrirtæki sem reynsla er fyrir rekstri á, eins og það sem hér á hlut að máli, sé hægt að byggja upp trúverðugar áætlanir. Þetta er ekki fyrirtæki af því tagi sem þarf að gera áætlanirnar eftir á. Það er hægt að byggja upp trúverðugar áætlanir fyrir fram og það þarf ekki að fara í það að byggja upp áætlanirnar eftir á þegar reynslan liggur fyrir og þegar skuldasúpan hefur safnast fyrir.

Ég hlýt að benda á hvað það í rauninni þýðir sem hæstv. forsrh. var að segja hér í ræðu sinni, að það er ekki rétt að staða verksmiðjunnar batni þó að það hafi hægt á verðlagsþróun, vegna halla á vaxtareikningi sem beinlínis hlýst af því. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að hlutast til um það með framlögum úr ríkissjóði til stofnana, Landgræðslu ríkisins og annarra aðila sem gætu unnið að landgræðslustörfum, að sala á áburði verði 5000 tonnum meiri en ella væri, þá kostar það fé úr ríkissjóði sem er ekki minna en 110–120 millj. kr. og er dýrara fyrir ríkissjóð en sú sáttaleið sem ég boða hér um það að vega upp mismuninn á milli 12% og 18% hækkunar áburðarverðs.

Það er eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn vilji standa við þau orð sem sögð voru og þau loforð sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga þó svo að hæstv. ríkisstjórn hefði ekki á þeim tíma neina heimild til að ákveða að áburðarverðshækkunin yrði ekki nema 12%. Það liggur hins vegar fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur fulla heimild til þess og getur komið fram ráðstöfunum til þess að útvega fjármagn úr ríkissjóði til þess að bera uppi þennan mismun.

Ég vil enn ítreka það að það er sú sáttaleið sem er fær í þessu máli og sú eina niðurstaða sem er viðunandi miðað við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hér verði 12% hækkun.

Ég þarf ekki vegna ítarlegrar ræðu hv. 1. þm. Suðurl. að blaða frekar í þeim gögnum sem við höfum í höndum og eru opinber gögn, þ.e. fundargerðir stjórnar þessa ríkisfyrirtækis. Það hefur borið aðeins á því í umræðum um þessi mál að það væri óvissa um þjóðhagslega hagkvæmni þessa fyrirtækis. Það er ekki langt síðan athugun var gerð á hagkvæmni fyrirtækisins því að þann 9. júní 1988 skilaði áliti nefnd sem landbrh. hafði skipað til að kanna hagkvæmni í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Meðal meginniðurstaða úr því nál. er að við samanburð á innflutningi og innlendri framleiðslu sé ekki hægt að staðfesta að innfluttur áburður sé ódýrari en innlend framleiðsla. Í gögnum sem fyrir liggja sést einnig að áburðarverð frá Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi er mjög svipað eða sambærilegt við áburðarverð úti í Noregi og þarf þá væntanlega að bæta við flutningskostnaði. Mér þykir því rétt að láta þessa getið vegna efasemda og jafnvel fullyrðinga, sem fram hafa komið í blöðum, um að þetta fyrirtæki sé ekki þjóðhagslega hagkvæmt. Þess er og að geta að framleiðslukostnaður er að meiri hluta innlendur við framleiðslu á áburði verksmiðjunnar en að minni hluta erlendur og hefur það ekki lítið að segja í sambandi við þjóðhagslega hagkvæmni þessa fyrirtækis.

Undir nál. þeirrar nefndar, sem skilaði áliti 9. júní 1988, skrifa Gunnlaugur M. Sigmundsson, Vilhjálmur Egilsson og Kristinn Ó. Magnússon.

Ég hef óskað eftir því í hv. fjvn. að fjáraukalög fyrir árið 1990 verði ekki afgreidd úr nefndinni fyrr en fyrir liggi hvort hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. tekur ekki þetta ráð, sem ég hef hér lagt mjög þunga áherslu á, að leggja til breytingar á þeim lögum á þann hátt að inn í lögin verði tekið fé sem þarf til að brúa það bil í rekstri verksmiðjunnar sem hlýst af hækkun áburðarverðsins um 12% í staðinn fyrir 18%. Þetta er, eins og áður sagði, um 63 millj. kr.

Ég veit ekki hvort meiri hl. fjvn. fellst á að bíða öllu lengur með afgreiðslu þessa frv. því að vitaskuld eru fáir dagar til stefnu og allmörg mál eftir að afgreiða úr nefndinni og það allstór mál. En ég vænti þess þó ef hæstv. ríkisstjórn fellst á að taka þessa ákvörðun nú í dag eða á morgun þá verði ekki gefið út nál. eða brtt. fyrr en hægt verði að koma þessari breytingu inn. Víst er að þó svo að hv. meiri hl. fjvn. hefði skilað áliti áður en málið er afgreitt getur ríkisstjórn hvenær sem er lagt fram sína brtt.

Gerist það ekki mun ég beita mér fyrir flutningi slíkrar tillögu og endurtek: Það er sú eina leið sem er fær í þessu máli. Að skilja verksmiðjuna eftir með þann hallarekstur sem fyrirsjáanlegur er án annarra aðgerða er ófær og gersamlega óviðunandi leið og til þess gerð að komast létt út úr hækkun áburðarverðsins á þessu vori og telja sig þar með vera að gera bændur og neytendur í landinu ánægða, vitandi það að hækkunarþörfin verður a.m.k. tvöföld eða meiri á næsta ári sem bændur og síðan neytendur þurfa þá að bera uppi vegna áhrifa á verðlagsþróun.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það hefur þegar verið rakið nokkuð ítarlega út á hvað þetta frv. gengur, sem hér er til umræðu, um breytingu á nýsettum lögum frá 28. febr., um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Ég fæ þetta mál til meðferðar í nefnd ásamt öðrum þingmönnum sem sitja í hv. fjh.- og viðskn. og fæ þess vegna tækifæri til að kynna mér málið betur þar. Ég tel þó ástæðu til þess þegar við 1. umr. málsins að segja nokkur orð vegna framsöguræðunnar sem flutt var hér í upphafi og annarra skyldra mála sem hljóta að vakna í huga manns þegar maður heyrir þær röksemdir sem koma fram í máli hæstv. forsrh. Fyrst vil ég þó segja það að ég tel óþarfa að flytja þetta frv. Hefði verið þörf á því var augljóst að slíkt frv. hefði átt að koma í kjölfar kjarasamninganna eða sem hluti af því frv. sem þá var lagt fram, rann á mjög hraðri

ferð í gegnum þingið og endaði með gildistöku hinn 28. febr. sl.

Ekkert nýtt hefur gerst í þessu máli því að í plöggum frá ríkisstjórninni, reyndar frá hæstv. fjmrh. og dags. eru 27. og 28. jan., sést mjög greinilega að hæstv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir því að hækkun áburðarverðs yrði 1. maí 12%. Við það yrði áætlað tekjutap 140 millj. en verðlagsáhrifin yrðu 0,1%.

Í samkomulagi Stéttarsambands bænda, Alþýðusambandsins, BSRB, VSÍ og VMS um málefni landbúnaðar segir skýrt og skorinort, eins og vitnað hefur verið til, að samkomulagið byggist á því fyrirheiti ríkisstjórnarinnar að verðhækkun áburðar verði ekki umfram 12% við verðlagningu vorið 1990. Á það hefur verið bent að hæstv. ríkisstjórn hafi ætlað sér að standa við þetta fyrirheit sitt. Spurningin, sem auðvitað er meginspurningin, er sú hvort ástæða sé til að gera það með því að flytja frv. á borð við það sem hér liggur fyrir til umræðu eða hvort eðlilegra hefði verið, þar sem menn sjá vel fyrir hvert tekjutapið verður, að gera ráð fyrir þessu fjármagni sem verksmiðjan tapar í fjáraukalögum sem eru til meðferðar nú á hv. Alþingi. Mín skoðun er skýr. Ég tel að það hefði verið eðlilegra og reyndar sjálfsagt mál að ríkisstjórnin tæki nú þegar ábyrgð á þessari ákvörðun sinni, en ýtti henni ekki, eins og öðrum vandamálum, inn í framtíðina og helst fram yfir næstu kosningar. Þessi hæstv. ríkisstjórn sem hefur setið hér um hríð hefur í allt of miklum mæli ýtt vandamálum á undan sér. Það má minna í því sambandi á hallann á ríkissjóði.

Það hefði kannski verið æskilegt, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Mig langar að vita hvort hann er staddur í húsinu. (**Forseti:** Forseti upplýsir að hæstv. ráðherra er ekki staddur í þinghúsinu.) Ég vil geta þess að ég hef grun um að hæstv. ráðherra hafi ekki einungis farið úr húsinu heldur hafi hann bókstaflega farið úr bænum því að hann hugðist halda fund á Sauðárkróki í dag, áróðursfund fyrir sig á kostnað fjmrn., og setur þann fund á þeim tíma sem ætlast er til að hv. þm. séu við störf á hinu háa Alþingi. Ég vil, virðulegi forseti, að það verði staðfest hér að mér finnst aldeilis óviðeigandi að hæstv. fjmrh. ætlist til þess að á meðan verið er að ræða mál sem hefur þýðingu fyrir ríkissjóð, að okkar áliti, þá noti hann þann tíma á sjálfum þingfundartímanum til þess að halda áróðursfundi úti á landi. Ég tel að hæstv. ráðherrar verði að gæta þess við þinglok að láta slíkan fund ekki rekast á við störf Alþingis. Það hefði verið hægt að halda slíkan fund á morgun eða 1. maí, en að gera það núna á laugardegi þegar allir vissu fyrir nokkru síðan að þing mundi standa er afskaplega óviðfelldið.

Ég ætlaði, og fyrst hæstv. fjmrh. er ekki við verð ég að líta svo á að hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh. komi í hans stað, að láta það koma fram að hér er verið að beita sömu vinnubrögðunum og hefur verið beitt hjá hæstv. ríkisstjórn í hallarekstri ríkissjóðs. Það er verið að safna skuldum. Ríkissjóður hefur safnað slíkum skuldum að undanförnu að þær hafa þrefaldast á nokkrum árum. Fyrir örskömmu síðan hlustuðum við á umræður um jarðgöng á Vestfjörðum sem út af fyrir sig er kannski ekki frásagnarvert nema vegna þess að hæstv. ráðherrar, og þó einkum hæstv. fjmrh., lýstu því yfir að það ætti að greiða lántökukostnað og vexti vegna flýtingar á jarðgangagerð á Vestfjörðum með því að byggðaframlög rynnu til Vestfirðinga en ekki til annarra á næstunni. Þannig hefur hæstv. ríkisstjórn í hinum ýmsu málum verið að ráðstafa fjármunum framtíðarinnar og koma í veg fyrir það að næsta ríkisstjórn hafi ráðstöfunarrétt á slíkum fjármunum. Ég minni enn fremur á að það er talið að hæstv. ríkisstjórn hafi að undanförnu í gegnum þrjá sjóði, Verðjöfnunarsjóð, Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð, notað tíu milljarða til þess að halda fyrirtækjum á floti, án þess að tryggt sé að fyrirtækin lifi af. Það liggur fyrir í frv. sem er nú til meðferðar í hv. sjútvn. að ríkissjóður ætlar sér að taka yfir skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs upp á á þriðja milljarð. Þær skuldbindingar urðu til þegar hæstv. ríkisstjórn ákvað að taka erlend lán til að greiða niður útflutningsverð á fiski, greiða með fiskinum vegna þess að hæstv. ríkisstjórn neitaði að lagfæra gengið eins og þurfti haustið 1988. Talsverðar fjárhæðir, nokkrir milljarðar, hafa farið í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og til að kóróna síðan vitleysuna hefur hæstv. ríkisstjórn beitt sér fyrir því gagnvart a.m.k. tveimur fyrirtækjum að Atvinnutryggingarsjóður breyti lánum sínum í hlutdeildarskírteini Hlutafjársjóðs. Þannig er búið að kóróna þetta sköpunarverk hæstv. ríkisstjórnar því að það er augljóst mál að slík B-skírteini eru einskis virði. Ég vil nefna í því sambandi að þeir bankar sem hafa tekið B-skírteini hafa afskrifað þessi skírteini að fullu. A-skírteinin hafa þeir afskrifað að hluta vegna þess að þau eru vaxtalaus en þó með ríkisábyrgð, en B-skírteinin eru talin einskis virði.

Þannig hefur hæstv. ríkisstjórn farið að, ýtt á undan sér vandanum, komið honum yfir á næstu ríkisstjórnir, en á sama tíma standa hæstv. ráðherrar fyrir fundahaldi úti á landi, af því að þeir hirða ekki um starfsskyldu sína hér, til þess að hæla sér af því hvað þeir hafi staðið sig vel gagnvart atvinnulífinu. Í raun og veru er slík framkoma fyrir neðan allar hellur. Það hlýtur að vera gagnrýnisvert, virðulegur forseti, þegar svona stendur á, þegar milljörðum á milljörðum ofan er ýtt inn í framtíðina, þá skuli hæstv. ráðherrar, eins og hæstv. fjmrh., vera úti á landi til þess að hæla sér af því að atvinnulífið úti á landi gangi vel vegna afskipta ríkisstjórnarinnar. Þetta er alvarlegt, en svona eru þessi mál samt.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni framsöguræðu í dag að eiginfjárstaða Áburðarverksmiðjunnar væri svo góð að hún þyldi lántöku. Ja, ef hæstv. ráðherra hugsaði nú þetta út í hörgul, er þá þannig komið í þessu landi að menn sem halda að það sé hægt að stýra öllu með handafli, menn sem standa í þeirri meiningu að þeir einir viti hvernig eigi að reka atvinnufyrirtækin, þeir eigi að taka ákvarðanir um það hvenær viðkomandi atvinnufyrirtæki eigi að taka lán og hvenær ekki? Megum við búast við því til að mynda að hæstv.

ríkisstjórn segi á næstunni að nú megi ekki hækka sement vegna þess að eiginfjárstaða Sementsverksmiðjunnar sé góð og þess vegna eigi að taka lán sem á að borga á næsta kjörtímabili vegna þess að það megi ekki hækka sementið í landinu.

Ég segi þetta ekki að tilefnislausu. Ég segi þetta vegna þess að eftir nokkurra ára góðan rekstur Sementsverksmiðjunnar kom eitt ár, árið í fyrra, þar sem um hallarekstur var að ræða. Og ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að fara að ráðum hæstv. forsrh. þá mun áreiðanlega næsta skrefið verða það að segja: Það þarf ekkert að taka tillit til þess hvort hlutir eru reknir með tapi. Við sem erum í hæstv. ríkisstjórn, við sem höfum sýnt það góða fordæmi að reka ríkissjóð með bullandi halla og erlendum lántökum ætlumst auðvitað til þess að öll atvinnufyrirtækin í eigu ríkisins geri slíkt hið sama. Og svo ætla þeir að segja: Við höfum bjargað öllu. Það hefur aldrei gengið betur en nú með því að taka bara erlend lán. Ef við fylgdum nú þessari stefnu eftir þá ættu þeir sem eiga fyrirtæki og reka hér í borg og út um allt land að fara að dæmi hæstv. ríkisstjórnar og segja: Við tökum bara einhverja peninga að láni þó að við töpum. Og heimilin sem hafa nú minna á milli handanna en oftast áður eiga þau ekki líka að safna skuldum fram í framtíðina, skrifa þennan halla hjá ríkisstjórninni eða næstu ríkisstjórn? Eða síðustu ríkisstjórn sem hæstv. iðnrh. átti líka sæti í. Ef hann vill að það sé gert á hans kostnað þá er það allt í lagi mín vegna.

Þetta voru meginröksemdirnar, en síðan bætti hæstv. ráðherra við fleiri röksemdum. Annars vegar: eiginfjárstaðan er svo góð, jafnvel þótt einhver hallarekstur verði, þótt vanti 140 millj., þá á að taka erlend lán. Hins vegar sagði hæstv. ráðherra: Ríkisstjórnin ætlar að standa við yfirlýsingarnar sem hún gaf í kjarasamningunum. Má ég spyrja hér: Hefur hæstv. forsrh. staðið við yfirlýsingar sem hann hefur gefið í kjarasamningum? Það er ekki von að hann segi eitt einasta orð því að svo er ekki.

Fyrir ári síðan voru gerðir kjarasamningar og hæstv. ríkisstjórn gaf út yfirlýsingu. Hún lofaði því að jöfnunargjald af innfluttum vörum yrði hækkað tímabundið en fellt niður þegar virðisaukaskattur kæmi til framkvæmda, svo að ég lesi úr bréfi sem hæstv. forsrh. sendi í tilefni kjarasamninga. Hefur verið staðið við þessa yfirlýsingu? Kannast einhver við það hér inni að það hafi verið staðið við þessa yfirlýsingu? Nei. Það hefur ekki verið staðið við hana. Hæstv. ríkisstjórn lagði fram fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir því að hálft árið verði heimt jöfnunargjald og nú er svo langt gengið að innan ríkisstjórnarinnar er verið að baksa við það að ná í 500 millj. í viðbót gegn öllum þinglegum vilja því að fjárlög voru afgreidd allt öðruvísi og þvert á þær yfirlýsingar sem gefnar voru í kjarasamningum fyrir einu ári. Ég segi bara: Kunna þessir menn ekki að skammast sín? Er virkilega hægt að bjóða þjóðinni og þinginu upp á það að menn komi hér fram og noti það sem rök að þeir ætli að standa við yfirlýsingar sínar sem þeir gefa í kjarasamningum á sama tíma og þeir sjálfir ganga á bak orða sinna sem þeir gáfu út við sams konar kjarasamninga fyrir ári síðan? Nei, hæstv. forsrh. Því miður er það svo að menn treysta ekki slíkri röksemd. Og menn treysta þess vegna ekki heldur því sem hefur komið fram hjá hæstv. ráðherrum að í haust verði þetta dæmi gert upp í fjáraukalögum einfaldlega vegna þess að við höfum þá reynslu af hæstv. ríkisstjórn að hún hefur ekki staðið við orð sín sem hún gaf í kjarasamningum.

Þess vegna er það krafa okkar sjálfstæðismanna að málið sem hér er til umræðu verði afgreitt öðruvísi á þinginu en hér er lagt til. Við teljum ekkert athugavert við það að áburðarverðið hækki ekki meira en 12%. En við teljum að þeir sem gáfu það loforð, stjórnvöldin í landinu, hæstv. ríkisstjórn, verði þá að greiða þann mun strax, en ekki skrifa það á framtíðina, eins og ætlunin er að gera. Það er um þetta meginatriði sem þetta mál snýst.

Ég þarf ekki, virðulegur forseti, að fara nákvæmar ofan í þetta mál. Það hafa aðrir gert hér á undan. En ég tel mig hafa fært nokkuð ítarleg rök fyrir því að ástæðulaust sé að treysta orðum hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef sýnt fram á það að orð hæstv. ríkisstjórnar, jafnvel þau sem gefin voru í kjarasamningum, hafa reynst marklaus. Hvers vegna í ósköpunum skyldum við þá treysta því að þessi mál verði tekin upp í fjáraukalögum í haust? Hvernig stendur á því að hæstv. ríkisstjórn getur ekki tekið á þessu máli í því fjáraukalagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu? Það er um þetta traust á hæstv. ríkisstjórn sem menn eru að fjalla þegar við erum að ræða þetta frv. sem hér er til umræðu.

Virðulegur forseti. Ég hef tækifæri til þess í nefndinni að fjalla ítarlegar um málið. Ég sé ekki hina minnstu ástæðu til þess að þetta mál sé tafið í langan tíma, enda er það ekki ætlunin. En það er alveg bráðnauðsynlegt fyrir okkur sem höfum lýst yfir andstöðu við málið að koma á framfæri okkar rökum og sýna fram á haldleysi þeirra raka sem notuð eru í málflutningi þeirra sem þetta mál flytja.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu er einmitt dæmigert sýnishorn af vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar þar sem verið er að taka ákvörðun um ríkisútgjöld sem á síðan að velta fram í tímann og láta komandi stjórnvöld um að leysa þann vanda sem skapast. En jafnframt hafa þeir hugsað sér að fremja hér óhæfuverk, þó lítið sé, með því að þynna út gjaldmiðil landsins um þá fjárhæð sem hér er um að ræða með því að afla ekki tekna fyrir þessum útgjöldum. Slík ráðstöfun felur í sér útþynningu á gjaldmiðli þjóðarinnar upp á væntanlega þær 130 millj. sem vantar upp á að endar nái saman í rekstri verksmiðjunnar. Með því er einmitt verið að þynna út þá kjarasamninga sem voru gerðir. Menn þykjast vera að standa við yfirlýsingar í sambandi við kjarasamninga, en eru um leið að fremja óhæfuverk með hinni hendinni og þynna út þessa sömu kjarasamninga. Ég tel rétt að minna hæstv. forsrh. á 41. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að ekkert gjald megi greiða af

hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum og þessi umræða snýst um það hvort hæstv. ríkisstjórn hafi heimild til þess að láta þessa fjárhæð af hendi. Í hv. fjvn. eru til meðferðar fjáraukalög fyrir árið 1990 og mjög auðvelt að setja þar inn þá fjárhæð sem upp á vantar þannig að endar nái saman. En það vilja þessir hæstv. ráðherrar ekki gera. Þeir ætla bara að láta prenta þessar 130 millj. sérstaklega fyrir sig, þynna út gjaldmiðilinn, enda eru þeir búnir að vera duglegir við þessa prentun frá 1988 þegar þeir tóku við völdum. Fróðlegt væri að komast að því hversu mikið þeir hafa prentað síðan þá. Flestar þeirra ráðstafanir í gegnum opinbera sjóði hafa einmitt byggst á — hæstv. forseti, er þetta ríkisstjórnarfundur hjá ráðherrum eða umræðufundur? Hæstv. ráðherrar fara létt með að nota mörg skilningarvit í einu og þá vita menn það.

Ég var að minna hér áðan á 41. gr. stjórnarskrárinnar um að það þyrfti heimild til þess að gera þessa aðgerð og þessarar heimildar vilja þeir ekki afla hjá hv. Alþingi. Hæstv. fjmrh. er margoft búinn að koma og talaði alltaf um tímamótaaðgerðir í nútímahagfræði, það eru alltaf einhverjar tímamótaaðgerðir. Þetta eru þessar tímamótaaðgerðir. Það er að gera einmitt ekki það sem hann segist alltaf ætla að gera. Hann lagði hér fram fjáraukalög og hefur oft gert og er það hið besta mál, en því í ósköpunum á allt í einu að fara að hopa af hólmi í þeirri stefnu að fara að leggja hér fram fjáraukalög?

Ég tel að stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins hafi einmitt sýnt það að hún sé skyldum sínum vaxin. Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins er þingkjörin stjórn. Hún er kosin af hv. Alþingi til að gæta þess að verksmiðjan sé rekin með sómasamlegum hætti. Alþingi hefur trúað þessari stjórn fyrir þessum fjármunum. Alþingi hefur trúað stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins fyrir því að reka verksmiðjuna af ábyrgð og stjórnarmenn verksmiðjunnar hafa ótvírætt sinnt skyldum sínum. Það vantar 130 millj. til þess að hægt sé að ná þeim markmiðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér, en hæstv. ríkisstjórn neitar að afhenda þessar 130 millj. Og hér á að fara að nota stjórnarmeirihlutann eina ferðina enn til að fremja óhæfuverk og þynna út gjaldmiðil þjóðarinnar upp á 130 millj.

Þetta mál snýst einmitt um það grundvallaratriði hvenær stjórnvöld hafa heimild til að láta fé af hendi og hvenær ekki. Það virðist fara ákaflega illa í hrossakaupadeild Framsfl. að þurfa að sinna þessum skyldum. Þeir vilja hafa öll þessi grundvallaratriði eins og þeim sýnist, prenta seðla þegar þeim sýnist, úthluta fjármunum í gegnum sjóði án heimilda, gjafapeningum sem ekki er nein heimild fyrir. Nú væri athugandi að meta höfuðstóla þeirra sjóða sem hæstv. ríkisstjórn hefur komið sér upp svo þjóðin fái að vita hvað þeir eru búnir að gefa mikla peninga án nokkurra heimilda. Þetta er einmitt rétti tíminn til að láta meta slíkar athafnir, á þeim tímum sem ríkisstjórn er uppi, en fara ekki að gera það löngu eftir á. Þjóðin þarf að fá að vita strax hvað þessir menn eru að gera. Það er löngu tímabært að það verði stöðvað að menn sukki hér með peninga, eins og þeim sýnist, á kostnað skattborgaranna. Því það leiðir einungis af sér skerðingu á lífskjörum þjóðarinnar fram í tímann.

Ég vil því leyfa mér að lokum, hæstv. forseti, að mótmæla harðlega svona vinnubrögðum því þau verða einungis til þess að skerða lífskjör íbúa þessa lands í framtíðinni.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil minna hv. síðasta ræðumann á að það hefði nú orðið þröngt fyrir dyrum víða ef ekki hefði verið reynt að rétta af eitthvað af því ranglæti sem gerðist á tímum fyrstu ríkisstjórnar sem tók við eftir síðustu kosningar. Hann einfaldar nú málið nokkuð mikið fyrir sér. (Gripið fram í.) Það er ekki sannleikur, það er ekki hinn rétti sannleikur. Það er kannski hans rétti skilningur, en það er ekkert við því að gera ef það er þannig.

Ég vil segja við hv. 1. þm. Reykv., hann er nú víst ekki hér, að það er alveg eins hægt að lækka vexti með handafli eins og að hækka þá, eins og gert var, en ekki meira um það.

Ég er ekki sammála hv. 1. þm. Suðurl. að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hafi farið rétt að. Þeir höfðu fyrir framan sig bréf frá hæstv. landbrh. um það að hann mundi sjá um það að, ef farið yrði eftir þessari ósk að hækka áburðarverðið ekki nema um 12% — það liggur í orðum bréfsins að hann lofar því — að bæta það upp. Ef ég hefði verið í stjórn verksmiðjunnar þá hefði ég frestað að taka ákvörðun um verðið og krafist þess að fá það frá ríkisstjórninni, tryggja það að þessir fjármunir kæmu. Það hefðu verið rétt vinnubrögð að mínu áliti. Þá hefði reynt á það hvort það bréf er marktækt sem er skrifað 1. mars af landbrh. þar sem segir að ríkisstjórnin samþykki að beina því til stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins að hækkun áburðarverðs verði ekki meiri en 12%. Þessi samþykkt er gerð með því fororði að landbrh. áskilur sér rétt til þess að taka málefni Áburðarverksmiðjunnar upp í ríkisstjórninni leiði þessi verðákvörðun af sér að tap verði á rekstri verksmiðjunnar. Það er alveg rétt að þetta er ekki skýlaust. En það voru rétt vinnubrögð að krefja um ákveðin svör. Það var búið að gera kjarasamninga, ríkisstjórnin var búin að heita því að áburðarverðið færi ekki yfir 12% og auðvitað átti hún að standa við það. Menn eiga að standa við orð sín, menn eiga að gera það. Og mér þykir dálítið einkennilegur málflutningur hér á hinu háa Alþingi ef menn koma hér upp hver jafnvel á fætur öðrum og ætlja það að menn standi við orð sín. (**Gripið fram í:** Gera það rétt.) Það er nú afstætt þetta að gera rétt, ekki síður en með sjóðina sem þú varst að tala um áðan. Það er nú afstætt. Það hefði kannski líka þurft að líta til þeirra sem eru gjaldþrota í stórum stíl. Það er ekki rétt hvernig með þá hefur verið farið. Réttlætið er stundum dálítið einkennilegt.

Hins vegar er ég ekki sammála hæstv. forsrh. um að þó að verðbólgan fari niður í 7%, ég er ekki farinn

að sjá það, leiði það af sér að þessi 12% hækkun nægi. Ég hygg að það sé nær lagi að það hefði þurft 18%. Ég hygg það þó að það sé bara tilfinning en ekki útreikningur. En ríkisstjórnin á að standa við þetta fyrirheit sem hún gaf í kjarasamningum, og í samningum við bændur, að verðið færi ekki yfir 12%.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Svo sem kunnugt er tóku aðilar vinnumarkaðarins höndum saman við að afgreiða kjarasamninga á lágum nótum sl. vetur og eiga þökk fyrir. Við afgreiðslu fjárlaga nokkrum vikum áður en kjarasamningar tókust hafði ríkisstjórnin sett sér markmið um miklu hærri verðbólgu árið 1990 en lá fyrir að verða mundi að afgreiddum kjarasamningum. Ríkisstjórnin tók því eðlilega vel í hjálparhönd Einars Odds, Ásmundar og Guðmundar jaka. Það gerði og þjóðin öll. Hún fagnaði þessum kjarasamningum. En rétt er að undirstrika að vissulega eru lægstu laun ekki til að hrópa húrra fyrir. En þeir sem verst eru settir í þjóðfélaginu þurfa ekki síst á því að halda að verðbólgunni sé haldið niðri, eins og að var stefnt með þessum kjarasamningum.

Við afgreiðslu samninganna var lagt til grundvallar að áburðarverð hækkaði ekki um meira en 12%. Þá lá fyrir að áburðarverð þurfti að hækka mun meira eða um 22% til þess að verksmiðjan yrði rekin án halla samkvæmt upplýsingum verksmiðjustjórnar. Ég fagnaði hækkun áburðarins um 12% í tengslum við kjarasamninga í stað þess að 22% hækkun færi í gegn og þar með stórhækkun búvöruverðs sem hvorki leiddi til góðs fyrir bændur eða neytendur. En ríkisstjórnin mátti ekki skilja við málið á þessum punkti. Það þurfti að brúa bilið 12–22%, fara m.a. ofan í saumana á því hvort verksmiðjan þyrfti svona mikla hækkun. Tímann átti að nota frá því að kjarasamningar voru gerðir í vetur þar til nú að áburðarverð þyrfti nauðsynlega að liggja fyrir, m.a. með samningum við Stéttarsamband bænda og stjórn Áburðarverksmiðjunnar svo sem áður er sagt. En tíminn virðist hafa verið illa notaður og m.a. þess vegna er þetta mál í klúðri. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar átti hins vegar þrátt fyrir það að samþykkja 12% hækkun með harðri kröfu til ríkisstjórnarinnar um að hún útvegaði fé til að greiða fyrir vanda verksmiðjunnar, án þess að velta honum á bændur eða neytendur eða á næstu ríkisstjórn.

Með þessu frv. sem hér liggur fyrir sést því miður ekki hvernig ríkisstjórnin ætlar að brúa þetta bil. Það duga ekki einungis fögur orð. Það verður að reyna á að úr þessu verði bætt með afgreiðslu úr nefnd við 2. umr.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir til umræðu áform ríkisstjórnarinnar um það að knýja stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til þess að haga rekstri þess fyrirtækis með öðrum hætti en þeim sem stjórnendur fyrirtækisins telja skynsamlegan. Út á þetta ganga einfaldlega áform hæstv. ríkisstjórnar. Það eru áform um það að koma í veg fyrir að rétt bærir stjórnendur fyrirtækisins geti fengið að taka þá ákvörðun sem þeir telja eðlilegasta og skynsamlegasta frá sjónarhóli þess fyrirtækis sem þeir bera ábyrgð á rekstrinum á. Þetta er í hnotskurn það mál sem við erum hér að glíma við.

Það er mjög haft á orði að deilan um áburðarverðið standi um það hvort staðið verði við gefin fyrirheit varðandi kjarasamninga. Ég hygg að hér sé málum að verulegu leyti snúið við. Sannleikurinn er sá að ef farið yrði að ráðum ríkisstjórnarinnar nú þá væru það svik við þau fyrirheit sem kjarasamningarnir gáfu. Kjarasamningarnir í vetur voru tímamótasamningar að því leytinu að þar var gerð tilraun til þess að snúa af braut þeirrar efnahagsstefnu sem hæstv. ríkisstjórn hafði mótað og hefði haft í för með sér áframhaldandi óðaverðbólgu, óvissu um atvinnurekstur, óvissu um atvinnuástand og þannig mætti áfram telja. Þessir kjarasamningar sem voru gerðir voru hins vegar liður í því og fyrsta skrefið í því að hægt væri að feta sig áfram inn á braut lægri verðbólgu nokkurn veginn í samræmi við það sem við þekkjum í nágrannalöndum okkar. Forsendan fyrir því var sú að ekki yrði í framtíðinni haldið áfram á braut skuldasöfnunar, erlendrar og innlendrar skuldasöfnunar. Umframeyðslan yrði stöðvuð og í rekstri fyrirtækja yrði lögð áhersla á festu og ábyrgð.

Ef við skoðum nú áform hæstv. ríkisstjórnar þá er ljóst að í öllum þessum þremur meginþáttum kjarasamninganna er um að ræða andstöðu ríkisstjórnar. Ef ríkisstjórnin nær fram vilja sínum þá er ljóst að Áburðarverksmiðjan verður rekin með eitthvað á annað hundrað millj. kr. halla á þessu ári sem getur ekki þýtt annað í bráð og lengd en að Áburðarverksmiðjan verður að mæta þessum halla með auknum lántökum þvert ofan í það sem kjarasamningarnir byggðust á. Þeir byggðust á því að við fetuðum okkur af braut skuldasöfnunar. Áform hæstv. ríkisstjórnar miðast að því að við höldum áfram á þessari skuldasöfnunarbraut, aukum skuldirnar í rekstri fyrirtækis sem er grundvallarfyrirtæki fyrir landbúnaðinn í landinu. Telja menn að áform af þessu tagi séu líkleg til þess að stöðva þá umframeyðslu sem átt hefur sér stað í okkar þjóðfélagi? Vitaskuld ekki. Það er alveg deginum ljósara að svo er ekki. Hafi það verið ætlun hæstv. ríkisstjórnar að standa þannig að málum að áburðarverð hækkaði ekki nema um 12% þá bar auðvitað ríkisstjórninni að skapa þær forsendur að hægt væri að koma þannig til móts við fyrirtækið Áburðarverksmiðju ríkisins að það gæti verðlagt vöru sína með þessum hætti. Þessi lögþvingunarleið sem hér á að fara er auðvitað liður í því að brjóta niður þetta grundvallarfyrirtæki bænda í landinu. Þetta er tilræði við bændastéttina í landinu. Hér er ekki verið að gera bændum greiða vegna þess að, eins og málið er í pottinn búið, það stendur einfaldlega þannig að allt bendir til þess að vandi þessa árs og vandi síðasta árs muni fyrr en síðar lenda á bændunum í landinu og þar með neytendunum.

Það liggur ekkert fyrir um það núna á hvern hátt

hæstv. ríkisstjórn ætlar að taka á þessu vandamáli. Aðeins óljósar yfirlýsingar, óljós fyrirheit og bókanir sem engin handfesta er í, enda hafa stjórnendur fyrirtækisins sjálfir bent á þá staðreynd.

Hér er nefnilega tekist á um grundvallaratriði, um það grundvallaratriði hvort það eigi að standa við fyrirheit kjarasamninganna. Það var ekki ætlun þeirra sem stóðu að ábyrgum kjarasamningi nú að þeir ættu að byggjast á einhverjum gervilausnum, eins og hér er verið að leggja til. Menn vissu og vita það nákvæmlega, bæði á vettvangi ASÍ og Vinnuveitendasambandsins, að lausn af því tagi að ýta vandanum sem við er að glíma í þjóðfélaginu yfir á einstök fyrirtæki með jafnóábyrgðum hætti og hæstv. ríkisstjórn er hér að leggja til verður aldrei grundvöllur kjarasáttar í landinu. Það verður ekki grundvöllur neinnar þjóðarsáttar að eyðileggja fyrirtæki bænda með þessum hætti. Eða halda menn að bændur hefðu komið að þessu verki með svo afdráttarlausum hætti í vetur ef þá hefði grunað að það ætti að eyðileggja fyrirtæki þeirra með því að pína það til mörg hundruð millj. kr. hallareksturs á árinu? Vitaskuld ekki.

Það gefur auga leið að þessi áform hæstv. ríkisstjórnar eru ógnun við þá þjóðarsátt sem hefur tekist í landinu. Það á ekkert skylt við framlag til þjóðarsáttar að haga sér með þessum hætti. Samningarnir gengu út á það að stöðva skuldasöfnunina í landinu, víkja af braut umframeyðslunnar. Hér er hins vegar haldið áfram á braut skuldasöfnunar og umframeyðslu og þess vegna er með þessu háttalagi vegið að rótum og forsendum kjarasamninganna og um leið veikt það fyrirtæki bænda sem þeir þurfa mjög á að halda í rekstri sínum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur leitt mjög greinilega í ljós að það er hæstv. ríkisstjórn sem er að svíkja gefin fyrirheit við aðila vinnumarkaðarins, launafólk og atvinnurekendur með því að neita að leysa það viðfangsefni, sem hún lofaði, að brúa bilið á milli tekna og gjalda í rekstri Áburðarverksmiðjunnar þannig að áburðarverð til bænda þyrfti ekki að hækka nema um 12%. Það er athygli vert að hér hafa þau fátæklegu rök sem hæstv. forsrh. færði fram verið hrakin með öllu og enginn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar hefur treyst sér til þess að standa upp og liðsinna hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn í þessari umræðu.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. vék að því að hann væri mér ósammála um að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefði fari rétt að. Hún hefði fremur átt, ef ég skildi hann rétt, að fresta ákvörðun og bíða þess að hæstv. ríkisstjórn leysti vandann. Um sumt gæti ég verið sammála þessu og við venjulegar aðstæður hefði þetta sennilega verið rétt ákvörðun af stjórn Áburðarverksmiðjunnar. En ég hygg að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hafi gert sér grein fyrir því að þau eru orðin þó nokkuð mörg loforðin sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur svikið í tengslum við kjarasamninga, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti hér á. Blygðunarlaust hefur hún gefið slík loforð og svikið. Stjórnin hefði, ef hún hefði farið að þessu ráði, staðið frammi fyrir því að stöðva áburðarsölu og bíða þess að ríkisstjórnin ræddi það á fundum hvað eftir annað, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, hvort og hvenær ætti að gera athugun og hvenær ætti að skoða og hvenær ætti að fá skýrslur, án þess að komast nokkurn tíma að niðurstöðu. Það er í ljósi þessara afbrigðilegu aðstæðna, að við höfum í landinu ríkisstjórn sem starfar með þessum hætti, sem ekki verður á það fallist að við þessar aðstæður hefði verið rétt af stjórn Áburðarverksmiðjunnar að fara að á þann veg.

Hér er um að ræða fjárhagsmálefni, málefni sem snertir fjármálastjórn ríkisins. Það liggur fyrir að hæstv. landbrh. hefur viðurkennt að einhverjir af tíu samráðherrum hans, eða allir, hafi komið í veg fyrir að hann gæti leyst þetta verkefni og efnt loforð ríkisstjórnarinnar. Það var gengið eftir því hér fyrr í umræðunni að fá svör við því hverjir það væru innan hæstv. ríkisstjórnar sem komið hefðu í veg fyrir að landbrh. næði sínu máli fram. Því að ljóst er að landbrh. var sammála þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram í gagnrýni á ríkisstjórnina, en var ofurliði borinn innan hennar. Það var óskað eftir svörum um þetta, en þau hafa ekki fengist enn sem komið er í umræðunni. Hverjir voru það innan hæstv. ríkisstjórnar sem sneru hæstv. landbrh. niður? Það var spurt hvort það hefðu verið ráðherrar Alþfl. Ekkert svar. Það er ástæða til að inna eftir því hvort það hafi verið hæstv. fjmrh. og hver sé afstaða hans í málinu. Þegar hefur komið fram tillaga um það frá hæstv. forsrh. að þessu máli sé vísað til fjh.- og viðskn. Þegar af þeirri formlegu ástæðu má ljóst vera að þetta er fjárhagsmálefni sem hæstv. fjmrh. kemst ekki hjá að tjá sig um og efnislega má öllum vera ljóst að hér er um að ræða fjárhagsmálefni þar sem Alþingi á rétt á að fá fram afstöðu hæstv. fjmrh.

Það hefur verið leitt í ljós í þessari umræðu að það er ekki hægt að leysa málið og efna loforð ríkisstjórnarinnar á annan veg en að taka um það ákvörðun í fjáraukalögum nú í vor að svo verði gert. Ef Alþingi gerir það ekki, þá er það að staðfesta svik hæstv. ríkisstjórnar. Þess vegna er óhjákvæmilegt, herra forseti, að kalla inn úr hliðarherbergjum bæði hv. formann fjvn., sem fjallar um fjáraukalagafrv., og hæstv. fjmrh., sem greinilega hefur haldið sig í hliðarherbergjum undir þessari umræðu og kosið að víkja sér undan því að sitja í þingsalnum sjálfum. Ég óska eftir því að þeir verði kallaðir úr hliðarherbergjum inn í fundarsalinn til þess að svara þeim fyrirspurnum sem hér liggja fyrir og fá fram afstöðu þeirra, því að þetta mál heyrir undir þessa tvo forustumenn ríkisstjórnarinnar og verður ekki leyst nema fyrir þeirra atbeina.

Ég óskaði eftir að fá bæði hæstv. fjmrh. úr hliðarbergi og hv. formann fjvn. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að kalla á hv. formann fjvn., en það hliðarherbergi sem hæstv. fjmrh. er í er ekki í þessu húsi. Mér er tjáð að hann sé kominn norður í land.)

Herra forseti. Ég trúi ekki því sem nú er sagt af forsetastóli. Hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á það verulega áherslu að þetta mál nái fram að ganga. Reyndar var það svo að að hefja átti umræður um þetta mál kl. 10 í morgun, en bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. komu í veg fyrir það með því að þeir óskuðu eftir að önnur mál hefðu forgang. Það var engin athugasemd gerð við það af minni hálfu og ég veit ekki til þess að athugasemdir hafi verið gerðar við það. Drjúgum tíma deildarinnar var varið í umræðu um eitt af málum hæstv. fjmrh. hér í morgun, sem endaði með því að þeirri umræðu var þó frestað og er ekki lokið. Ég get ekki trúað því að það sé rétt sem forseti segir, að hæstv. fjmrh. hafi svo hlaupist úr höfuðborginni til fundahalda. Ég minnist þess þó að hafa séð að hann var búinn að auglýsa áróðursfundi Alþb., eða einhvers klofningsarms Alþb., á kostnað fjmrn. í dag. En það kemur mér satt að segja á óvart að slíkir fundir séu látnir hafa forgang fram yfir málefni ríkisstjórnarinnar og að mál sem er fjárhagsmál skuli rætt hér og hæstv. fjmrh. ætli að koma í veg fyrir að umræðu um þetta mál ljúki með því að gera áróðursfundi á vegum flokks, sem borgaðir eru af ríkissjóði og skattborgurum, að forgangsverkefni. Ég minnist þess ekki að á þennan veg hafi verið staðið að verkstjórn undir lok þinghalds, að ráðherra sem fer með það málefni sem hér er til umfjöllunar, því að þetta er fjárhagsmálefni og er vísað til fjh.- og viðskn., skuli taka áróðursfundi flokks eða flokksbrota fram yfir þingstörf.

Herra forseti. Það er býsna erfitt um vik þegar þessi staða er komin upp. Við sjálfstæðismenn höfðum fyrir okkar leyti á það fallist að ljúka þessari umræðu, töldum reyndar að það væri hægt að gera það einhvern tíma upp úr hádegi miðað við það að umræðan hefði hafist kl. 10. En ég átti ekki von á því að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að koma í veg fyrir og hindra þinglega meðferð málsins. Við erum efnislega á móti málinu, en töldum eðlilegt og rétt að í dag lyki þessari umræðu og vísa mætti málinu til nefndar. En að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að hindra framgang málsins, á það var ekki minnst einu orði af hálfu ríkisstjórnarflokkanna hér í gær að hæstv. fjmrh. ætlaði að koma í veg fyrir að málið yrði afgreitt. Á það var ekki minnst einu orði af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í gær að hún tæki áróðursfundi Alþb. fram yfir afgreiðslu þessa máls nú við lok þinghalds. Þess vegna mælist ég til þess að fá að gera hlé á ræðu minni þar til hæstv. fjmrh. sér ástæðu til að greiða fyrir framgangi þingmála og gegna skyldum sínum hér.

Forseti (Geir H. Haarde):

Í tilefni af þessari athugasemd hv. ræðumanns vill forseti taka það fram að hann getur að vísu ekki borið ábyrgð á því hverju ræðumaður trúir og hverju ekki af því sem fram kemur af forsetastól. Forseti hefur það engu að síður fyrir satt að hæstv. fjmrh. sé kominn til fundar norður í landi. Hins vegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að hv. formaður fjvn., sem hefur setið á skrifstofu sinni, komi til fundarins og veit ég ekki annað en svo verði.

Forseti vildi í allri vinsemd beina því til hv. ræðumanns að hann ljúki nú máli sínu þannig að unnt verði að ljúka þessari umræðu. Hér sitja fyrir svörum þrír ráðherrar sem þessu máli eru tengdir, þ.e. hæstv. forsrh. sem flytur þetta mál, hæstv. landbrh. sem er yfirmaður verksmiðjunnar, sem þetta mál snýst um, og svo hæstv. viðskrh. sem hefur verið beðið um að væri hér viðstaddur umræðuna vegna áhrifa þessa máls á verðlagsmál. Forseti telur að allvel sé séð fyrir viðveru ríkisstjórnarinnar að því er varðar afgreiðslu þessa máls og vill beina því til ræðumanns að hann ljúki sinni ræðu þannig að þetta mál megi í dag fara til fjh.- og viðskn. Gera má ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur 2. umr. málsins og síðari meðferð og að við það tækifæri megi koma til hans athugasemdum um málið.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég rengi auðvitað ekki þær upplýsingar sem komu af forsetastóli, að hæstv. fjmrh. væri nú á áróðursfundum úti á landi og hefði skipað þeim í forgangsröð verkefna þó að ég hafi ekki trúað því í upphafi. Ég geri ekki athugasemdir við nærveru hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hér á þessum þingfundi en ég ítreka það að þetta er fjárhagsmálefni, þetta er mál sem ekki verður leyst nema með fjárgreiðslum úr ríkissjóði. Þetta er mál sem ekki verður leyst nema með ákvörðunum sem fyrst þarf að ræða í fjvn. og Alþingi þarf síðan að taka afstöðu til við afgreiðslu fjáraukalaga.

Það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt að þetta er fjárhagsmálefni með því að vísa því til fjh.- og viðskn. Og það liggur fyrir, af þeim upplýsingum sem hér hafa verið gefnar og ekki var greint frá í gær, að hæstv. fjmrh. og þar með hæstv. ríkisstjórn hafa skipað öðrum málum í forgangsröð en þessu, hafa kosið að setja áróðursfundi Alþb. í forgangsröð. Að bjóða Alþingi upp á það, þegar verið er að fjalla um mál sem þetta, að þingmenn sitji hér og ræði um fjárhagsmálefni ríkisins og ríkisstofnana og fjmrh. sé á áróðursfundum úti á landi, þó að þeir séu borgaðir fyrir Alþb. af skattgreiðendum, er með öllu óviðunandi. Og ég ítreka það að ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. komi til fundar við 1. umr. þessa máls og svari hér fyrir afstöðu sína í þessu efni. Það er algerlega óásættanlegt að önnur vinnubrögð séu viðhöfð, algerlega óafsakanlegt.

Við erum hér á síðustu dögum þinghalds og hæstv. ráðherrar eru á þönum út um landið til að halda áróðursfundi á kostnað ríkissjóðs. Ég geri ekki athugasemdir við það að ráðherrar fari til að gegna opinberum skyldum sínum, eins og ég veit að hæstv. landbrh. hefur þurft að gera fyrr í dag þar sem um er að ræða opinberar móttökur. En að hæstv. ríkisstjórn skuli setja áróðursfundi af þessu tagi í forgangsröð, það hygg ég að sé algert einsdæmi og ég man ekki eftir að slík verkstjórn hafi verið á höfð á lokaspretti þinghalds. En það er mál sem hæstv. ríkisstjórn verður að gera upp við sig, það er mál sem hún og ríkisstjórnarflokkarnir verða að ræða innbyrðis.

Eina krafan sem ég get gert hér, herra forseti, er sú að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræðu um fjárhagsmálefni ríkisfyrirtækis og svari fyrirspurnum um afstöðu sína til þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið og þess viðfangsefnis sem augljóslega blasir við fjvn. og Alþingi vegna afgreiðslu fjáraukalaga ef meiri hlutinn á Alþingi ætlar ekki að koma í veg fyrir að loforð við verkalýðshreyfinguna verði efnt. Það er ekkert smámál sem hér er á ferðinni. Hér er á ferðinni frv. sem felur í sér að hæstv. ríkisstjórn ætlar að fá uppáskrift meiri hluta Alþingis um að henni sé heimilt að svíkja með lögum samkomulag við aðila vinnumarkaðarins. Það er ekki nóg að svíkja loforðin nú orðið, það þarf að svíkja þau með lögum. Og ef það er ekki skylda hæstv. fjmrh. að vera viðstaddur umræður á Alþingi þegar mál eru komin í þennan farveg, þá veit ég ekki hvenær hæstv. fjmrh. á að vera viðstaddur. Ég ítreka þess vegna ósk mína, herra forseti, að fá að gera hlé á ræðu minni þangað til hæstv. fjmrh. kemur til fundarins. (**Forseti:** Ég hygg að ræðumanni sé jafn vel ljóst og forseta hver staða þessa máls er, ráðherrann er ekki innan seilingar. Hins vegar er hv. formaður fjvn. mættur til fundar og sömuleiðis hv. formaður fjh.- og viðskn. sem mun fá þetta mál til meðferðar. Forseti telur ekki unnt að verða við ósk ræðumanns eins og nú standa sakir og telur að hæstv. forsrh. og aðrir ráðherrar sem hér eru eigi að vera í stakk búnir til að svara fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að því er þetta mál varðar.)

Herra forseti. Ég hygg að þessi úrskurður sé einsdæmi og ég mótmæli honum harðlega. Ég hygg að það verði ekki til að greiða fyrir framgangi málefna hæstv. ríkisstjórnar að hún skuli vinna og stýra þinginu með þessum hætti. Hér er um mjög einstakan atburð að ræða og alveg einstakt verklag og einstaka verkstjórn. Ég tel að þingmenn eigi rétt á því að hæstv. fjmrh. gegni skyldum sínum við þessa umræðu og svari hér þeim fyrirspurnum sem til hans verður beint og þingið á rétt á að fá svör við. Ég vil því ítreka það hvort forseti er ekki reiðubúinn til að endurskoða afstöðu sína í þessu efni. (**Forseti:** Forseti hefur engu að bæta við það sem fram er komið. Það er að vísu hægt að halda áfram að skiptast á skoðunum úr ræðustóli og forsetastóli, en úrskurður forseta liggur fyrir.)

Herra forseti. Þá er nauðsynlegt að halda þessari umræðu áfram og ekki skal ég víkja mér hjá því að gegna þeim skyldum. Ég hef ekki upplýsingar um það hvenær hæstv. fjmrh. er væntanlegur frá fundahöldum sínum á kostnað skattborgaranna í þágu Alþb. En ef mál eru með þessum hætti er auðvitað óhjákvæmilegt að halda umræðunni áfram þar til hæstv. fjmrh. kemur til fundarins. Og við skulum þá aðeins rifja upp aðdraganda málsins og fara yfir það með hvaða hætti þetta mál bar að, hvernig stjórn Áburðarverksmiðjunnar tók á því máli, hver voru afskipti hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstjórnar af málinu meðan það var til meðferðar hjá stjórn Áburðarverksmiðjunnar, hver voru síðan viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar þar við og hvernig málið kemur hér inn á Alþingi. Við skulum svo einnig fara nánar yfir það með hvaða hætti þetta tengist almennri efnahagsstjórn hæstv. ríkisstjórnar, á hvern veg sú ákvörðun sem hér liggur fyrir lýsir efnahagsstjórninni. Við skulum svo fara yfir það hvaða áhrif þessi efnahagsstefna hefur á almenna efnahagsstjórn, verðbólgu og skuldasöfnun, hver verður gjaldþrotastaða millifærslusjóða ríkisstjórnarinnar og einstakra fyrirtækja eins og Áburðarverksmiðju ríkisins og hvert íslenskt þjóðarbú stefnir ef fram heldur sem horfir. Og við skulum svo, herra forseti, gera nokkurn samanburð á því hvernig þessi stjórn hefur starfað í samanburði við aðrar vinstri stjórnir í landinu og hvaða afleiðingar þær hafa haft fyrir þróun efnahags- og atvinnumála í landinu.

Það væri e.t.v. rétt að byrja þá á ferli vinstri stjórnarinnar 1956 og fara nokkrum orðum um efnahagsstefnu hennar og afleiðingar. Ég vék að því hér í upphafsorðum mínum hvert ... (**Forseti:** Áður en lengra er haldið þeirri upprifjun þá vill forseti óska eftir því við ræðumann að hann geri hlé á ræðu sinni meðan fundinum verður frestað í nokkrar mínútur meðan forseti og aðrir þingdeildarmenn gera ráð sitt í þessu efni. Fundinum er frestað í 10 mínútur.) Loks kom að því að ég gerði ekki ágreining við forseta. — [Fundarhlé.]

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Því miður er hæstv. fjmrh. ekki viðlátinn. Hann er norður á Sauðárkróki. Þar eru helst til margir alþýðubandalagsmenn og ég hygg að hann eigi fullt erindi þangað. Hann tilkynnti í auglýsingu að hann væri að fara til að svara spurningum þeirra um framtíðina og hann ætlar að gera það, samkvæmt sömu auglýsingu, í safnaðarheimilinu á Sauðárkróki. Ég er prýðilega ánægður með að hafa hann þar. Hæstv. fjmrh. kemur væntanlega til starfa á mánudag og þá getur hv. 1. þm. Suðurl. lokið ræðu sinni. Samkomulag hefur orðið um að fjh.- og viðskn. vinni í þessu máli á mánudagsmorgni og ég vil leggja það til við forseta að hann verði við ósk hv. 1. þm. Suðurl. og fresti þessari umræðu. Það er hægt að ljúka henni á mánudag án þess að tefja hér þingstörf að neinu leyti.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef engu við þetta að bæta, en ég vil aðeins upplýsa að fleiri flokkar hafa auglýst fundi á þessum degi en Alþb. Ég vil nefna að Sjálfstfl. hafði auglýst fund og ráðstefnu um utanríkismál. Þeirri ráðstefnu var frestað vegna þess að þing var hér að störfum. Það er því ekki til of mikils ætlast þótt stjórnarflokkarnir eða einstakir ráðherrar þeirra geri annaðhvort, að fresta fundum sínum eða, ef þeir ekki vilja gera það, þá verði frestun á þeim málum hér í þinginu sem undir þá ráðherra heyra.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill láta þess getið, eins og heyra má á máli þessara tveggja þingflokksformanna, að náðst hefur samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu hér í

deildinni um að fresta málinu og forseti getur fyrir sitt leyti á það samkomulag fallist.

Umræðu um 7. dagskrármálið er því frestað, en hv. 1. þm. Suðurl. er í miðri ræðu og næstur á mælendaskrá eftir honum er hv. 6. þm. Norðurl. e.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Frv. um yfirstjórn umhverfismála.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Mér skilst að hér eigi nú að hefjast umræða um frv. um yfirstjórn umhverfismála. Ég reikna með að þessi umræða eigi að byrja á því að hæstv. forsrh. tali fyrir tillögum sem hann hefur lagt fram í því máli. Ég verð að viðurkenna það að á undanförnum mánuðum hef ég ekki saknað hæstv. umhverfisráðherra þegar við höfum verið að ræða þennan málaflokk. En ég geri það núna og mér finnst satt að segja alveg ótækt að hæstv. umhverfisráðherra sé ekki í salnum þegar hæstv. forsrh. fer að tala fyrir sínum tillögum. Það má kannski ætla að hæstv. umhverfisráðherra sé kunnugur þessum tillögum en alla vega vildi ég, áður en ég tala efnislega um þær, heyra viðbrögð hæstv. umhverfisráðherra við tillögum hæstv. forsrh. Þess vegna spyr ég hæstv. forseta hvort hæstv. umhverfisráðherra sé í húsinu, og ef ekki hvort tími sé til að sækja hann. Ef ekki þá sé ég ekki hvernig ætti að taka til við þessa umræðu einmitt nú.

Forseti (Geir H. Haarde):

Forseti vill upplýsa að hæstv. umhverfisráðherra er ekki í húsinu. Þar sem áliðið er dags og fundur búinn að standa hér frá því kl. 10 í morgun sér forseti ekki ástæðu til að gera ráðstafanir til þess að láta kalla hann sérstaklega út. Forseti telur hins vegar að tilmæli hv. 2. þm. Reykn. séu réttmæt, óeðlilegt sé að halda umræðum áfram um þetta mál meðan ráðherra málaflokksins er fjarverandi.

Páll Pétursson:

Það er, herra forseti, skarð fyrir skildi hér í deildinni að hæstv. umhverfisráðherra skuli vera fjarstaddur. Ég reikna með að hann sé kominn upp í fjöll og hafi þar lögmæt forföll eins og hæstv. fjmrh. Ég get hins vegar upplýst að ræða sú sem hæstv. forsrh. ætlar sér að flytja, og fær vonandi leyfi hjá forseta til að gera, verður vélrituð. Ég skal beita mér fyrir því að umhverfisráðherra lesi hana vandlega áður en umræðunni verður haldið fram, væntanlega á mánudag.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég get staðfest það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að ræða mín sem ég ætla að flytja, hvenær sem hún verður flutt, er stutt. Ég mun gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef flutt, en ég tel þó eðlilegra, þar sem þess er krafist að hæstv. umhverfisráðherra verði við, að ég bíði með þá ræðu þar til umræða verður um málið. Ég vona að það verði ekki síðar en nk. mánudag, en fyrr verður það ekki að sjálfsögðu.

Efnisskrá.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (355. mál, breytingar frá 1987) 6226, 6274.
Alþjóðasamþykkt um stefnu í atvinnumálum (493. mál) 6552.
Aukin verkefni sveitarfélaga (49. mál) 6188.
Áfengislög (536. mál, viðvörunarmerki á umbúðum) 6415.
Átak gegn einelti (522. mál) 6627.
Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu (453. mál, niðurfelling gagnvart Namibíu) 6227, 6367, 6631.
Dómsvald í héraði (337. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 6422, 6423.
Ferðamál (42. mál, ferðamálanefndir) 6274, 6283, 6371, 6702, 6730.
Ferðamálastefna (537. mál) 6199.
Félagsráðgjöf (484. mál, starfsleyfi og sérfræðileyfi) 6632, 6659, 6736.
Fjáraukalög 1989 (456. mál) 6571, 6584.
Flokkun og mat á gærum og ull (546. mál, heildarlög) 6412.
Framhaldsmenntun heyrnarlausra (516. mál) 6512.
Frelsi í gjaldeyrismálum (395. mál) 6215, 6590.
Fræðsluvarp (555. mál) 6535.
Fullgilding Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum (455. mál) 6540.
Fullorðinsfræðsla (570. mál) 6722.
Greiðsla vaxta af ógreiddum sköttum (390. mál) 6486.
Grunnskóli (572. mál, skólaskylda sex ára barna) 6675, 6730, 6749.
Grunnskóli (102. mál, kynning á menningarstarfsemi) 6700, 6730.
Háskóli Íslands (420. mál, stjórnsýsla) 6226.
Heilbrigðisþjónusta (163. mál, heildarendurskoðun) 6646, 6659, 6736.
Heilbrigðisþjónusta (177. mál, slysavarnir) 6698, 6726, 6729, 6748.
Héraðsskógar (547. mál) 6401.
Húsnæðisstofnun ríkisins (415. mál, félagslegar íbúðir) 6228, 6248, 6357, 6430, 6457, 6661.
Kjarnorkuvopnatilraunir á vegum Sovétríkjanna (523. mál) 6518.
Kosning eins aðalmanns í landskjörstjórn í stað Jóns Oddssonar hrl. til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar 6557.
Kvikmyndastofnun Íslands (525. mál, heildarlög) 6679.
Könnun á ofbeldi í myndmiðlum (143. mál) 6553.
Könnun á stofnun aðþjóðlegrar björgunarsveitar (345. mál) 6549.
Launakjör fangavarða og lögregluþjóna (554. mál) 6523.
Launasjóður stórmeistara í skák (362. mál) 6698, 6728, 6729, 6748.
Lánasýsla ríkisins (498. mál) 6368, 6631, 6731.
Leiðsögumenn í hópferðum erlendra aðila á Íslandi (159. mál) 6189.
Listskreytingasjóður ríkisins (363. mál, heildarlög) 6310, 6632, 6658.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (543. mál, sjóðfélagar) 6312.
Málefni aldraðra (103. mál, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra) 6353, 6423, 6431, 6660.
Málefni LÍN (552. mál) 6496.
Mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur (169. mál) 6553.
Námsgagnastofnun (167. mál, heildarlög) 6321, 6353, 6367.
Ný samvinnulög (478. mál) 6187.
Opinber réttaraðstoð (544. mál) 6337.
Raforkuver (524. mál, stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.) 6231, 6257, 6284, 6312, 6713, 6726.
Rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna (454. mál) 6540.
Ráðstafanir vegna kjarasamninga (566. mál, áburðarverð) 6749, 6756.
Reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna (539. mál) 6520.
Sakaskrá (540. mál) 6625.
Sala eigna á nauðungaruppboði (550. mál) 6625.
Samningur um aðstoð í skattamálum (496. mál) 6227, 6368, 6631.
Samningur um viðurkenningu á niðurstöðum prófana (466. mál) 6540.
Samskiptamiðstöð (514. mál) 6504.
Sementsverksmiðja ríkisins (436. mál, stofnun hlutafélags, stjfrv.) 6374, 6631.
Siglingaleið um Hornafjörð (25. mál) 6550.
Skákskóli Íslands (460. mál) 6697, 6727, 6729, 6748.
Skil á staðgreiddu útsvarsfé til sveitarfélaga (529. mál) 6516.
Skipan prestakalla (386. mál, heildarlög) 6634, 6709, 6712.
Skráningarkerfi bifreiða (480. mál) 6623.
Starfsmenntun í atvinnulífinu (535. mál) 6392.
Starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins (110. mál) 6541.
Stjórnarskipunarlög (489. mál, breytingar á stjórnarskrá) 6702, 6730.
Stóriðjuver á landsbyggðinni (467. mál) 6586, 6616.

Störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar hf. (499. mál) 6500.
Sveitarstjórnarlög (434. mál, byggðarráð) 6309, 6707, 6726.
Táknmál heyrnarlausra (515. mál) 6506.
Tekjuskattur og eignarskattur (528. mál, söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.) 6325, 6353, 6368.
Tilhögun þingfundar 6659.
Tilraunastöð Háskólans í meinafræði (430. mál, heildarlög) 6275, 6370, 6701, 6730.
Tilraunastöðin á Reykhólum (500. mál) 6488.
Um dagskrá 6496.
Um þingsköp 6191 (óafgreidd þingmál); 6271 (afgreiðsla þingmála); 6320 (beiðni um fundarhlé); 6366, 6388 (frv. um stjórn fiskveiða); 6416 (stjfrv. um áburðarverð); 6425 (fjarvera ráðherra); 6542 (utandagskrárumræða um kvótafrv.); 6584 (þinglausnir); 6644 (afgreiðsla þingmála); 6661 (frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði); 6789 (frv. um yfirstjórn umhverfismála).
Umferðarlög (521. mál, öryggisbelti) 6413, 6726.
Umræður utan dagskrár 6557 (samkomulag um afgreiðslu kvótafrv.).
Útgáfa hæstaréttardóma (551. mál) 6626.
Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna (553. mál) 6526.
Varðveisla ljósvakaefnis (71. mál) 6185.
Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum (403. mál, eftirlitsgjald) 6633, 6658, 6752.
Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð (508. mál) 6395.
Veiðar á hrefnu (464. mál) 6585.
Veiting ríkisborgararéttar (366. mál, síðara stjfrv.) 6422, 6725, 6731.
Viðhald á íslenskum flugvélum (538. mál) 6532.
Virðisaukaskattur (541. mál, greiðslufrestur í tolli) 6705, 6731.
Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga (260. mál, skattskyld mörk eigna) 6391, 6632.
Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins (485. mál) 6347.
Æskulýðsmál (526. mál, heildarlög) 6310.
Öryggi á vinnustöðum (411. mál, vinna barna og ungmenna) 6707, 6709.

Leiðrétting í 20. hefti:

Í 5647. dálki, 2., 9., 12. og 17. línu að ofan: fyrir „Evrópubandalagsins" komi: Evrópubandalaganna.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 6195, 6494, 6496, 6542, 6543, 6544, 6545, 6546, 6547, 6549, 6557, 6568, 6569, 6584, 6595, 6598, 6599, 6609.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 6197, 6225, 6559, 6564, 6565, 6590, 6621.
Forseti Ed. Jón Helgason 6231, 6249, 6273, 6274, 6287, 6643, 6712, 6725.
Forseti Nd. Geir H. Haarde 6321, 6416, 6481, 6659, 6664, 6665, 6667, 6670, 6675, 6752, 6785, 6788, 6790.
Forseti Nd. Hjörleifur Guttormsson 6357, 6424, 6426, 6427, 6428.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 6287, 6291, 6312, 6417, 6419, 6421, 6430, 6561, 6595, 6604, 6609, 6622, 6645, 6749, 6790.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 6337, 6345.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 6230, 6309, 6357, 6392, 6394.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 6249, 6302, 6312, 6442, 6447, 6486, 6516, 6521, 6523, 6525, 6731.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 6452, 6654, 6736.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 6199, 6213, 6395, 6400, 6401, 6409, 6412, 6489, 6493, 6529, 6532, 6534, 6752, 6755.
Menntmrh. Svavar Gestsson 6263, 6276, 6283, 6310, 6492, 6497, 6498, 6499, 6504, 6507, 6510, 6513, 6515, 6526, 6530, 6531, 6536, 6539, 6701, 6722, 6725, 6727, 6728.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 6389, 6390, 6567, 6643.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 6196, 6227, 6437, 6518.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 6193, 6197, 6219, 6231, 6257, 6307, 6347, 6352, 6501, 6503, 6593, 6600, 6618, 6718.
Alexander Stefánsson 6209, 6455, 6478.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 6342, 6468, 6532, 6534, 6627.
Ásgeir Hannes Eiríksson 6193, 6599, 6625, 6626, 6667.
Birgir Ísl. Gunnarsson 6321, 6499, 6511, 6526, 6528, 6530, 6676, 6681.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 6190, 6204, 6399, 6520, 6522, 6559, 6641.
Eggert Haukdal 6781.
Egill Jónsson 6208, 6373, 6406, 6490, 6495, 6551, 6586, 6633.
Eiður Guðnason 6226, 6275, 6367, 6370, 6384, 6398, 6406, 6415, 6518, 6520, 6632.
Einar Kr. Guðfinnsson 6206, 6471, 6531, 6561, 6567, 6781.
Eyjólfur Konráð Jónsson 6564, 6644, 6645, 6712.
Friðjón Þórðarson 6203, 6344.
Friðrik Sophusson 6192, 6223, 6325, 6349, 6417, 6421, 6427, 6440, 6448, 6595, 6597, 6663, 6732, 6754, 6774.
Geir Gunnarsson 6660.
Geir H. Haarde 6191, 6197, 6353, 6423, 6430, 6431, 6438, 6457, 6660.
Guðmundur Ágústsson 6278, 6367, 6368, 6370, 6391, 6486, 6488, 6500, 6503, 6566.
Guðmundur H. Garðarsson 6253, 6287, 6295, 6308, 6316, 6543, 6565, 6569, 6612.
Guðmundur G. Þórarinsson 6321, 6332, 6509, 6514, 6590, 6697, 6698, 6700, 6705.
Guðrún Agnarsdóttir 6240, 6268, 6371, 6535, 6538, 6556, 6651, 6710, 6711, 6714, 6720, 6723.
Guðrún Helgadóttir 6583, 6741.
Halldór Blöndal 6226, 6228, 6248, 6250, 6271, 6272, 6273, 6274, 6279, 6284, 6286, 6288, 6308, 6314, 6369, 6381, 6389, 6496, 6498, 6500, 6563, 6568, 6590, 6607, 6610, 6616, 6622, 6708, 6711.
Hjörleifur Guttormsson 6185, 6188, 6210, 6552, 6553, 6605, 6745.
Hreggviður Jónsson 6197, 6481.
Ingi Björn Albertsson 6421, 6429.
Jóhann Einvarðsson 6192, 6198, 6540, 6541, 6708.
Jón Helgason 6226, 6634, 6725.
Jón Kristjánsson 6187, 6189, 6422, 6549, 6550.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 6421, 6427, 6623, 6698.
Karl Steinar Guðnason 6372, 6374, 6380, 6394, 6632, 6707, 6708, 6709, 6713.
Karvel Pálmason 6275, 6390, 6542, 6543, 6547, 6557, 6569.
Kristinn Pétursson 6592, 6672, 6778.
Margrét Frímannsdóttir 6371, 6516, 6518, 6523, 6525.
Matthías Á. Mathiesen 6194, 6426.
Málmfríður Sigurðardóttir 6494, 6581.
Ólafur G. Einarsson 6320, 6416, 6545, 6560, 6615, 6788, 6789.
Ólafur Þ. Þórðarson 6492, 6547, 6584, 6665, 6666, 6733.
Páll Pétursson 6662, 6665, 6788, 6790.
Pálmi Jónsson 6492, 6495, 6574, 6661, 6668, 6733, 6769.
Ragnar Arnalds 6675, 6679.
Salome Þorkelsdóttir 6309, 6413, 6641, 6645, 6653, 6712, 6726.
Sighvatur Björgvinsson 6546, 6571, 6585, 6662, 6673.
Skúli Alexandersson 6366, 6372, 6376, 6387, 6388, 6390, 6558, 6566, 6726.
Sólveig Pétursdóttir 6339, 6743.
Stefán Guðmundsson 6562, 6568, 6632, 6646.
Stefán Valgeirsson 6346, 6488, 6491, 6559, 6566, 6586, 6588, 6620, 6702, 6753, 6756, 6780.
Valgerður Sverrisdóttir 6212.
Þorsteinn Pálsson 6195, 6215, 6334, 6418, 6420, 6425, 6428, 6443, 6454, 6456, 6546, 6564, 6599, 6601, 6605, 6619, 6621, 6670, 6675, 6751, 6756, 6783, 6786.
Þorv. Garðar Kristjánsson 6237, 6317, 6374, 6375, 6383, 6386, 6490, 6637, 6716, 6721.
Þórhildur Þorleifsdóttir 6496, 6504, 6506, 6509, 6512, 6514, 6691.

SAMEINAÐ ÞING

83. fundur, mánudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Frelsi í gjaldeyrismálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞP o.fl., 395. mál. — Þskj. 689.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Veiðar á hrefnu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SighB og SkA, 464. mál. — Þskj. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Stóriðjuver á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 467. mál. — Þskj. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Skráningarkerfi bifreiða, frh. fyrri umr.

Þáltill. JSS, 480. mál. — Þskj. 837.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Átak gegn einelti, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 522. mál. — Þskj. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til félmn. með 41 shlj. atkv.

Sakaskrá, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 540. mál. — Þskj. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Sala eigna á nauðungaruppboði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 550. mál. — Þskj. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Útgáfa hæstaréttardóma, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 551. mál. — Þskj. 948.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 42 shlj. atkv.

Breytingar á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, síðari umr.

Stjtill., 491. mál. — Þskj. 856, n. 1086.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá utanrmn. sem er á þskj. 1086 og varðar till. til þál. um að staðfesta breytingar á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu vegna fríverslunar með fiskafurðir. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir nál. skrifa meðlimir utanrmn., þar af tveir með fyrirvara, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Kristín Einarsdóttir. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um nál. að sinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í máli formanns utanrmn., hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Hér er um að ræða breytingar á stofnsáttmála Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, þannig að sú krafa sem Íslendingar hafa haft uppi, að fiskur verði meðhöndlaður á sama hátt og iðnaðarvörur, verði tekin inn í sáttmálann.

Með kröfunni um fríverslun með fisk hafa Íslendingar lagt áherslu á að þegar verið er að semja um verslun með vörur séu fiskafurðir okkar ekki undanskildar.

Það er okkur mikið hagsmunamál að tollar á fiskafurðum lækki, ekki síst tollar á unninni vöru. En er krafan um algjöra fríverslun eðlileg krafa af okkar hálfu? Það þarf að kanna mikið betur að mínu mati.

Þann 29. nóv. sl. leitaði Evrópustefnunefnd Alþingis til nokkurra aðila með spurninguna varðandi fríverslun með fisk. Í bréfi sem nefndin sendi þeim stendur, með leyfi forseta, þegar búið er að rekja nokkrar spurningar:

„Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að fá mat á því hvaða áhrif það hefði á möguleika Íslendinga til að reisa skorður við útflutningi á óunnum og hálfunnum fiski ef stefnan um algera fríverslun næði fram að ganga."

Í greinargerð frá Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni sem hann sendi sem svar við þessu bréfi stendur m.a., með leyfi forseta:

„Mér virðist vera eins konar mótsögn í spurningunni. Ef um algera fríverslun er að ræða er alls óheimilt að reisa skorður við útflutningi á óunnum eða hálfunnum fiski. Væri það gert væri um fríverslun með undanþágu að ræða eða takmarkaða fríverslun." Síðar segir hann: „Íslendingar hafa beitt sér fyrir fríverslun með fisk innan EFTA og komi slík fríverslun með fisk til framkvæmda leiðir það óhjákvæmilega til þess að afnema verður allar takmarkanir á útflutningi, svo sem eftir magni og vinnsluaðferð. Svar við spurningunni um skorður á útflutningi er þess vegna óhjákvæmilega það að í samninga við EB um fríverslun verður að fást sérstök heimild til undanþága ef Íslendingar vilja eiga þess kost að reisa slíkar skorður. Á móti verður að láta einhverja hagsmuni og því verður um fríverslunarsamning með takmörkunum að ræða.

Ég tel það hins vegar utan míns verksviðs að íhuga líkurnar á að slík undanþága fengist og þá gegn hvaða endurgjaldi. Sú samningsstaða er líklega mjög erfið, að krefjast fríverslunar með fisk en gera jafnframt fyrirvara um fríverslun."

Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands, sem sendi nefndinni einnig svar við þeim spurningum sem hún bar fram og m.a. þessari, telur mjög ólíklegt að Íslendingar geti reist skorður við útflutningi á hálfunnum og óunnum fiski ef samið verður um algjöra fríverslun. Í bréfi sínu til nefndarinnar segir hann frá því að Kanadamenn hafi nýlega verið neyddir til að fella niður að miklu leyti takmarkanir sem voru í gildi í Kanada um útflutning á óunnum fiski. Þetta var gert á grundvelli fríverslunarsamnings milli Kanada og Bandaríkjanna. Ég tel nauðsynlegt að þessi mál verði könnuð ofan í kjölinn þannig að við séum ekki að gera kröfur varðandi verslun með sjávarafurðir sem koma sér illa fyrir okkur þegar málið er skoðað í heild.

Framtíð okkar sem matvælaframleiðenda felst ekki í því að flytja út hálfunninn og óunninn fisk til verksmiðja á meginlandi Evrópu. Við verðum því að fara mjög varlega í þessum málum og rasa ekki um ráð fram.

Sú breyting sem nú er verið að gera á stofnsamningi EFTA og hér er gerð tillaga um að staðfesta mun væntanlega ekki hafa áhrif til hins verra fyrir Ísland og þess vegna felst ekki hætta í því að staðfesta þessa breytingu að mínu mati. Það hefði verið nauðsynlegt að fara betur ofan í saumana á þessu máli í hv. utanrmn. til að kanna hvaða áhrif fríverslun hefði fyrir okkur í heild og hvaða takmarkanir slíkir samningar setja okkur. Til þess vannst því miður ekki tími.

Mikilvægt er að við höfum möguleika á að stjórna sjálf útflutningi á fiski jafnframt því að tryggja fiskafurðum okkar hagstæða markaði. Ég endurtek, virðulegur forseti: Ég styð þá tillögu sem hér liggur fyrir með þeim fyrirvörum sem ég hef gert grein fyrir og treysti því að í samningum við aðrar þjóðir verði haft hugfast að við verðum að efla fjölbreytni atvinnulífs með því að fullvinna sjávarafurðir okkar í ríkara mæli en nú er gert.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég rita undir nál. sem hér er til umræðu varðandi staðfestingu á breytingu á samningi um EFTA. Ég gerði í raun grein fyrir fyrirvörum mínum við þetta mál við umræðu þegar hæstv. utanrrh. mælti fyrir málinu, en efnislega eru mínir fyrirvarar hliðstæðir við það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. 12. þm. Reykv. Ég tel að við Íslendingar þurfum að gæta að okkur þegar sett er fram krafan um algera fríverslun með fisk, að við missum ekki tök á ráðstöfun fiskafla og þar með þróun fiskvinnslu í landinu.

Það liggur alveg ljóst fyrir að alger fríverslun með fisk, útfærsla á þeirri kröfu, hlýtur að þýða það að Íslendingar hafa ekki tök á því að hlutast til um ráðstöfun fiskafla upp úr sjó á Íslandsmiðum. Um þetta verður tæpast deilt og um þetta fékk Evrópustefnunefnd lögfræðilegt álit. Það er jafngott að íslensk stjórnvöld horfist í augu við þetta þegar farið er með þetta mál á alþjóðavettvangi, samningaumleitanir þar að lútandi. Auðvitað er ég algerlega samþykkur því að við njótum sömu kjara með okkar fiskafurðir og gilda um iðnaðarvörur í fríverslun. Það hlýtur að vera krafa Íslendinga í samningum við viðskiptabandalög, hver sem þau eru, sanngirniskrafa. En ég held að við séum heldur illa í stakk búin, a.m.k. eins og nú er, til þess að takast á við algera fríverslun sem ekki gæfi okkur svigrúm til að setja fram fyrirvara varðandi ráðstöfun á fiskafla á Íslandsmiðum, sem veiddur er af íslenskum aðilum á okkar fiskimiðum, sem gerðu það hugsanlega kleift fyrir erlenda aðila að kaupa aflann upp úr sjó og flytja hann til útlanda án viðkomu í landinu.

Ég hef bent á það og gerði það í hv. utanrmn. að það hafa verið að falla dómar í Norður-Ameríku í deilum milli Bandaríkjanna og Kanada þar sem Bandaríkjamenn kröfðust þess að tekið væri tillit til ákvæða í GATT-samningum í sambandi við frjálsa

löndun á fiskafla, veiddum í Kanada, löndun á afla í Bandaríkjunum án þess að hann kæmi á land í Kanada. Um þetta féll dómur fyrir einum tveimur árum síðan, að vísu ekki einhliða Bandaríkjamönnum í vil en þó í áttina að þeirra kröfum. Síðan hefur sama mál verið tekið upp á grundvelli svokallaðs fríverslunarsamnings milli Bandaríkjanna og Kanada og það er alveg ljóst að staðan fyrir fiskveiðiþjóð til þess að reisa þarna rönd við, ef um algera fríverslun er að ræða með fisk og fiskafurðir, er veik og menn þurfa því að gæta vel að sér í þessum efnum.

Ég vísa varðandi þessa afstöðu til samþykktar sem landsfundur Alþb. gerði 19. nóv. sl. þar sem sagði orðrétt í samþykkt landsfundarins um málefni Evrópu:

„Íslendingar gera kröfu um fríverslun með fisk án tolla og styrkja. EFTA-ríkin hafa fallist á þá stefnu en langt virðist í land að hún hljóti undirtektir innan Evrópubandalagsins þar sem með sjávarútvegsmál er farið svipað og landbúnað. Gæta verður þess í samningum um þessi mál að fríverslun gangi ekki svo langt að við missum möguleika til þess að stýra ráðstöfun fiskaflans og tryggja að vinnsla haldist í landinu."

Virðulegur forseti. Þetta er efnisleg afstaða mín til þessa máls, sá fyrirvari sem ég geri. Ég er ekki með þessum orðum að gera því skóna að það séu að opnast dyr fyrir fríverslun með fisk og fiskafurðir hjá Evrópubandalaginu á grundvelli þeirrar kröfu sem EFTA-ríkin hafa sett fram. Það þarf áreiðanlega mikið að gerast til þess að svo verði og verður mikið vatn til sjávar runnið áður en það mál verður komið í viðunandi höfn út frá okkar hagsmunum.

Við þurfum við meðferð þessa máls og þegar reist er krafa á alþjóðavettvangi að gæta þess sem best hvert við erum að fara og það sem auðvitað þarf að gera hér heima fyrir í allt öðrum mæli en gert hefur verið er að stilla saman okkar sjávarútvegshagsmuni, móta hér samstæða sjávarútvegsstefnu þar sem tekið er á öllum þáttum með tilliti til þjóðhagslegra hagsmuna Íslendinga allt frá veiðum til markaðar. Það væri verðugt verkefni fyrir Alþingi að beita sér að mótun slíkrar stefnu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1122).

Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg, síðari umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 192. mál. — Þskj. 217, n. 1103, brtt. 1104 og 1118.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu var lögð fyrir Alþingi fyrir allnokkru síðan og var hún um heimild til handa forsetum Alþingis til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eða öðru húsnæði í næsta nágrenni við Alþingishúsið ef hagkvæmara þætti. Fjvn. hefur því haft tillöguna til meðferðar um allnokkurt skeið. Hún fékk til viðræðna við sig um efni tillögunnar fulltrúa eigenda Hótel Borgar, fulltrúa borgarstjóra og skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar, svo og núverandi rekstraraðila og hótelstjóra Hótel Borgar. Einnig fóru fjárveitinganefndarmenn og skoðuðu þetta húsnæði.

Í umræðum í nefndinni komu fram mjög skiptar skoðanir um hvort rétt væri að Alþingi festi kaup á Hótel Borg og var ekki meiri hl. í nefndinni fyrir afgreiðslu tillögunnar eins og hún lá fyrir. Hins vegar var gert um það samkomulag í nefndinni að afgreiða málið nokkuð samhliða afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990, þannig að nefndarmenn voru sammála um að stuðla að því að Alþingi fengi málið til afgreiðslu á þessu þingi þó svo að meiri hl. nefndarmanna hafi ekki verið ásáttur um málið eins og það var upphaflega lagt fram.

Nú hefur sem sé afgreiðsla málsins farið fram í fjvn. og leggur meiri hl. hennar til að tillagan verði afgreidd með nokkrum breytingum, m.a. í ljósi þeirrar stöðu sem upp hefur komið.

Meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. sínar á sérstöku þingskjali og varða þær bæði efnisgrein tillögunnar og fyrirsögn hennar. Þessar brtt. eru á þskj. 1104 og í meiri hl. fjvn. eru auk mín hv. alþm. Margrét Frímannsdóttir, Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ásgeir Hannes Eiríksson og Ólafur Þ. Þórðarson. Þessir þingmenn leggja til að tillögugreinin verði umorðuð, svo og fyrirsögn tillögunnar. Við leggjum til að tillögugreinin orðist svo:

„Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Alþingi í næsta nágrenni við Alþingishúsið, eftir því sem hagkvæmara þykir.

Hafa skal samráð við fjvn. um ákvarðanir."

Og í samræmi við þessa hljóðan tillögugreinarinnar verði fyrirsögn tillögunnar:

„Till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis til þess að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Alþingi."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um efni tillögunnar, frú forseti. Það liggur fyrir og hefur verið bent á að möguleikar fyrir Alþingi til að kaupa eða leigja húsnæði hér í næsta nágrenni eru allnokkrir. Að sjálfsögðu þarf að gera einhverjar breytingar á því húsnæði og verður að kanna hvað henti best í þessum efnum og hvort best henti að leigja eða kaupa. Og með þeirri heimild sem lagt er til að forsetum Alþingis verði gefin, verði þessi

tillaga meiri hl. fjvn. samþykkt, ættu þeir að fá fullgildar heimildir í hendurnar til þess að geta gengið til afgreiðslu þess máls í samráði við fjvn. og svo að sjálfsögðu með því að ráð sé fyrir því gert að við næstu afgreiðslu fjárlaga verði þau útgjöld til færð sem kynnu að verða af þeim niðurstöðum sem af þeirri athugun kynnu að leiða.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í máli frsm. meiri hl. fjvn. var tillaga flutt snemma á þessu þingi *um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til* samninga um kaup á Hótel Borg. Sú tillaga var mjög í sama horfi og sú sem flutt var hér á hinu síðasta þingi en náði þá eigi fram að ganga. Það er einnig hárrétt sem fram kom í máli hv. 5. þm. Vestf., að fyrir þessari tillögu, eins og hún var flutt nú, var ekki meiri hl. innan fjvn. Nú hefur það gerst að Hótel Borg hefur verið seld og Reykjavíkurborg hefur keypt það húsnæði, þannig að ekki er um það að tefla að taka hér einhverjar ákvarðanir um hugsanleg kaup á því húsi. Eigi að síður er það skoðun minni hl. nefndarinnar að ástæða sé til að taka þetta mál upp í breyttu formi og það í sama formi eða svipuðu formi og fólst í brtt. minni hl. fjvn. við afgreiðslu málsins úr nefnd á síðasta þingi.

Meiri hl. nefndarinnar gengur nokkuð lengra en þetta og á það hefur minni hl. ekki fallist. Meiri hl. nefndarinnar, eins og hv. frsm. meiri hl. greindi hér frá, leggur til að Alþingi heimili forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Alþingi. Svo vill til að minni hl. fjvn. er þeirrar skoðunar að svo mikill áhugi hafi reynst vera hjá hv. stjórnarliðum og hæstv. ríkisstjórn fyrir húsakaupum hér í Reykjavík á undanförnum mánuðum og missirum að það sé ástæðulaust að veita slíka heimild þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að ákvörðun sé tekin í samráði við hv. fjvn. Í sumum tilvikum hefur það ekki reynst nægur þröskuldur eða nægilegt hald í þegar um húsakaup hefur verið að ræða sem orka mjög tvímælis. Minni hl. hefur því ekki fallist á þessa útfærslu málsins. Það er ekki sú tíð núna, um leið og hæstv. ríkistjórn er að leggja til verulegan niðurskurð *á útgjöldum ríkisins til hinna þarflegustu mála í* fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990, þar sem um er að ræða niðurskurð útgjalda til verkefna sem allir bíða eftir og eru hin nauðsynlegustu að dómi minni hl. fjvn., að ástæða sé til að hrapa um of að húsakaupum fyrir Alþingi eða aðrar stofnanir.

Ég vek því athygli hv. þingmanna á því að við leggjum þetta mál upp fyrir hv. Alþingi í öðru formi, bæði á annan veg og um leið á ítarlegri máta. Það kemur fram í brtt. minni hl. nefndarinnar á þskj. 1118, en þær brtt. eru svo orðaðar, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að kanna hvaða möguleikar eru til aukinnar hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis og skila um það skýrslu til formanna allra þingflokka á næsta haustþingi.

Í skýrslunni skal koma fram:

1. Möguleikar á leigu eða kaupum á húsnæði í grennd við Alþingishúsið.

2. Áætlun um kostnað í hverju tilviki fyrir sig.

3. Áætlun um nýtingu húsnæðis sem tekið kynni að vera á leigu eða keypt.

4. Hvað af núverandi húsnæði Alþingis megi láta af hendi."

Í samræmi við þetta yrði fyrirsögn tillögunnar: „Till. til þál. um könnun á húsnæðismálum Alþingis."

Ég lít svo til að full ástæða sé fyrir því að forsetar Alþingis fái slíka heimild til könnunar á því hvaða leiðir séu færar og mögulegar til úrbóta á húsnæðismálum Alþingis eins og nú standa sakir. Það liggur fyrir að Alþingi er nú með starfsemi sína í fleiri húsum en haganlegt og hentugt er. Ástæða væri til, ef skynsamlegir möguleikar finnast, að koma því fyrir með öðrum hætti. Slíka tillögu fluttum við, minni hl. í fjvn., á síðasta þingi og mér er ekki kunnugt um að hæstv. forsetar Alþingis hafi neitt starfað að því máli síðan sem væri þó hlutverk þeirra jafnvel þótt tillaga hefði ekki verið flutt um það. En það er undirskilið af okkar hálfu að niðurstöður slíkrar könnunar séu lagðar fyrir alla þingflokka þingsins og að það sé Alþingi í heild, allir þingflokkar, þar á meðal þingflokkar stjórnarandstöðunnar, sem komi að því að taka slíka ákvörðun en ákvörðun meiri hlutans sé ekki látin ráða. Og ef um kostnaðarsamar lausnir yrði að ræða væri það lagt fyrir á næsta haustþingi með þeim hætti að þá yrði séð fyrir fjármagni til þeirra breytinga sem um er að tefla á næstu fjárlögum eða fjárlögum ársins 1991. Þetta er hin eðlilega framrás málsins og eðlilegt að með þessum hætti sé að málinu unnið og ég vænti þess að þó að hv. meiri hl. fjvn. hafi séð ástæðu til að flytja aðra og verri tillögu, tillögu sem við viljum ekki samþykkja, sjái hv. meiri hluti Alþingis að þetta er hin rétta leið. Því vil ég beina því mjög til hv. alþm., hvort sem þeir skipa fylkingu stjórnarliða eða ekki, að þegar þeir líta á málin frá skynsamlegu sjónarmiði, og það alveg án pólitískra yfirtóna því að þetta mál á ekki að vera pólitískt, sjái þeir það að tillaga minni hl. er hyggilegri og sú eðlilega leið sem á að fara í þessum málum.

Hér verður ekkert af minni hálfu vikið að framtíðarhúsaskipun Alþingis sem væntanlega yrði skipað með byggingu á húsi sem gæti þá komið í stað ýmissa þeirra húsa sem Alþingi rekur nú starfsemi sína í. Sú bygging þarf að mínum dómi að vera við hæfi og hófsamleg en hér verður ekki farið að flækja þetta mál með umræðum um þann þátt af minni hálfu.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að þær brtt. sem eru fluttar á þskj. 1118 verði samþykktar.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Hér eru til meðferðar tvær tillögur um hvernig meðhöndla skuli tillögu frá forsetum Alþingis sem upphaflega var um að kaupa Hótel Borg, og ætla ég ekki að fara út í neinar efnisumræður um það, en ég ásamt fleiri nefndarformönnum hér í

hv. Alþingi liggjum oft undir mikilli pressu og jafnvel ámæli í þingskapaumræðum eða utandagskrárumræðum, að mál gangi hægt fyrir sig.

Það hefur legið ljóst fyrir frá upphafi vega, held ég, að hér í Alþingi voru mjög skiptar skoðanir um tillögu forsetanna, bæði á síðasta þingi og á þessu þingi. Ég vil að það komi fram að ég lýsi óánægju minni með það að þessi afgreiðsla eða einhver afgreiðsla frá fjvn. skyldi ekki koma fram miklu, miklu fyrr, þannig að Alþingi hefði getað tekið hreina afstöðu til þess sjálft hvort það ætti að kaupa þetta eða eitthvert annað hús. Ég get vel fellt mig við þann tillöguflutning sem hér kemur fram, en ég held að það hafi í raun ekki þurft að bíða í tæpa fimm mánuði að afgreiða úr nefnd þingsins tillögu frá þremur forsetum þingsins sem reyndar var flutt í fyrra líka og núna verður að afgreiðast í öðru ljósi vegna utanaðkomandi áhrifa. Ég vil bara vekja athygli á þessu, að gefnu tilefni, sem við ýmsir aðrir formenn þingnefnda liggjum undir ámæli fyrir.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar ræðu hv. 8. þm. Reykn. vil ég gjarnan taka fram og ítreka, sem áður er raunar fram komið, að fyrir þeirri tillögu sem hæstv. forsetar Alþingis fluttu um kaup á Hótel Borg var ekki meiri hluti í fjvn. Ég vil líka taka fram að ég lagði fram þá eindregnu ósk til formanns nefndarinnar að afgreiðslu á þeirri tillögu yrði hagað með þeim hætti að hún yrði nokkurn veginn samferða afgreiðslu á frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Þetta var eðlileg ósk og eðlileg krafa vegna þess að fjáraukalagafrv. fyrir 1990 felur í sér tillögur hæstv. ríkisstjórnar um niðurskurð ríkisútgjalda og það er eðlilegt að tengja saman tillögur hæstv. ríkisstjórnar um niðurskurð ríkisútgjalda og þá umdeildu tillögu hæstv. forseta Alþingis sem flutt var um kaup á húsnæði Hótel Borgar.

Ég lít svo til að hv. formaður fjvn. hafi með eðlilegum hætti orðið við þessari ósk minni og ef hv. formaður fjvn. hefði gengið gegn þessari ósk um leið og það lá fyrir að minni hluti var fyrir tillögunni innan fjvn. hefði hann stefnt þessu máli í harða umræðu og mikil átök hér í þinginu. Þetta var ekki mál sem var efni til þess að fara að hefja slíkan leik um hér á hinu háa Alþingi. Ég tel að sú niðurstaða sem nú er fengin í tillögu minni hl. sé raunar það sem við þær aðstæður sem nú eru sé eðlilegt að fram gangi og hefði raunar verið hægt að vinna að málinu í þeim farvegi af hálfu hæstv. forseta Alþingis þrátt fyrir að ekki væri gerð um það sérstök ályktun á hinu háa Alþingi. En ég vil að þessi atriði liggi hér alveg fyrir þannig að formaður fjvn. liggi ekki undir einhverju ámæli fyrir það að hafa ekki rutt málinu út úr nefnd einhvern tíma fyrr á þessu þingi í andstöðu við meiri hl. fjvn. og í andstöðu við það vinnulag sem ég lagði fram kröfur um við meðferð þessa máls.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér og eru sannleikanum samkvæmar. Mér virtist að það væru aðeins tveir þingmenn í fjvn. sem auk mín væru reiðubúnir til þess að afgreiða tillögu þá sem kom frá forsetum óbreytta. Aðrir ýmist lýstu því yfir að þeir væru á móti því ellegar þá að þeir teldu ekki tímabært að bera málið upp. Því var ljóst að þær tilraunir sem ég gerði til að fá málið afgreitt náðust ekki því að meiri hl. nefndarinnar var ekki reiðubúinn til að afgreiða málið. Þá kom, eins og oft gerist, upp sú krafa, eða sú beiðni, sú ósk, að reynt yrði að ná samkomulagi um þetta mál þannig að hægt væri að afgreiða það með sæmilegum friði til Alþingis sem auðvitað tekur ákvörðun þannig að því yrði ekki stefnt í voða að Alþingi gæti ekki afgreitt tillögu frá forsetum, fengi ekki færi á því vegna þess að hún fengist ekki afgreidd út úr fjvn. Það varð samkomulag um að afgreiða þessa tillögu nokkuð samhliða afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990. Það náðist friður um það í fjvn. að standa þannig að afgreiðslu málsins.

Ég man það vel að þegar sú ósk kom frá hv. 2. þm. Norðurl. v. að þannig yrði staðið að málinu tóku undir þá ósk ýmsir aðrir þingmenn, þar á meðal þingmenn úr stjórnarliðinu. Ég taldi því að það lægi fyrir hver væri niðurstaða meiri hl. fjvn. í því efni. Það gerðist hins vegar sá ánægjulegi viðburður að það tókst á síðustu stigum málsins að ná samstöðu, að ná meiri hl. um þá afgreiðslu sem hér er lögð til af meiri hl. fjvn.

Virðulegi forseti. Hefði verið vilji til þess að knýja málið mun hraðar fram, forsetum var það ljóst að ekki var meiri hluti fyrir málinu í hv. fjvn., þeim var tjáð það, ef þeir hefðu þá viljað grípa til þess ráðs að knýja málið engu að síður fram til atkvæða, þá hefði náttúrlega verið hægur vandinn að flytja brtt. um það við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990 að inn í heimildargrein þeirra fjárlaga yrði sett heimild, inn í 6. gr. þeirra fjárlaga yrði sett heimild um kaup á þessu húsnæði. Það var hins vegar ekki gert, og ástæðan hefur án efa verið sú að forsetar vildu láta reyna á það að fá afgreiðslu á málinu í fjvn., afgreiðslu sem fjvn. gæti öll staðið að, hvort heldur sú afgreiðsla yrði á þá lund að allir fjárveitinganefndarmenn yrðu sammála um niðurstöðuna ellegar þá hitt að nefndin mundi klofna um afstöðuna eins og hún gerði.

Ég ítreka það hins vegar enn að yfirleitt ríkir gott samstarf í fjvn. milli manna. Nefndin getur ekki starfað öðruvísi en að þar ríki traust og tillitssemi milli manna og menn reyni að ná samkomulagi um afgreiðslur mála því það er hægur vandi fyrir minni hl. í fjvn. að tefja svo fyrir afgreiðslum stórra mála þar að nefndin hafi ekki tíma til þess að ljúka afgreiðslu þeirra á tilsettum tíma. Þetta hefur hins vegar alltaf tekist, að ná slíku friðsamlegu samkomulagi í nefndinni, og það tókst nú, og ég ítreka það. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir að hafa skýrt málið og vil alfarið hafna því að þetta sé með einhverjum hætti ámælisverð afgreiðsla af hans hálfu sem formanns fjvn., sú afgreiðsla sem í nefndinni varð.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að koma aðeins inn á þetta mál því að ég geri ráð fyrir að flestum hv. alþm. sé það kunnugt að þegar fyrst var rætt hér um kaup Alþingis á Hótel Borg lýsti ég þeirri afstöðu minni að ég væri algjörlega andvígur slíkum kaupum. Og sú afstaða hefur ekkert breyst eftir þá athugun sem gerð var á því máli, bæði af hálfu fjvn. og eins með þeirri skoðun sem var gerð á húsnæðinu. Þar af leiðandi þurfti ég ekki að breyta neitt um skoðun eða tefja fyrir framgangi tillagna hæstv. forseta hér á þinginu. Ég var reiðubúinn að greiða atkvæði gegn því að þessi kaup yrðu gerð á Hótel Borg.

Það sem hefur hins vegar komið hér fram lýsir gangi mála í fjvn. Það var ljóst þegar þessi síðari beiðni kom að það var enginn meiri hluti til í fjvn. fyrir þessari ákvörðun forsetanna. Eins og hv. formaður fjvn. sagði hér áðan voru það í mesta lagi tveir til þrír af níu sem vildu fallast á þá meðferð þannig að eðlilegt var að skoða málið nánar og reyna að ná samkomulagi um einhverja afgreiðslu.

Þegar ljóst var að þetta mál var raunar úr sögunni, eins og forsetar þingsins hafa lagt það fram, Hótel Borg var seld öðrum, var eðlilegt að taka málið upp aftur og niðurstaðan varð sú að reynt var að ná samstöðu í nefndinni um að afgreiða heimild til forsetanna því að auðvitað mælir enginn gegn því að tryggja þarf Alþingi húsnæði umfram það sem nú er eða a.m.k. ganga til þess verks af heilum huga.

Samkomulag náðist um þetta mál og það kemur fram í því samkomulagi, eins og þar stendur, að ályktað er um það að heimila forsetum að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði í nágrenni við Alþingishúsið eftir því sem hagkvæmara þykir og í samráði við fjvn. um ákvarðanir. Hv. 2. þm. Norðurl. v. sleppti því úr að Alþingi á eftir að fjalla um það mál, þ.e. fjvn. og síðan Alþingi sjálft sem hefur síðasta orðið. Og það fara engin kaup eða leiga fram nema Alþingi samþykki þrátt fyrir heimild.

Ég tel að það sé alveg ljóst að Alþingi þarf að fara að taka allt öðruvísi á þessu máli en gert hefur verið til þessa. Það er búið að eyða tugum milljóna í teikningar að nýju húsi sem er ekki lengur inni í myndinni og ég tel að það sé nauðsynlegt að forusta Alþingis láti nú vinna nákvæma úttekt á því hvernig eða hvort hægt er að tryggja aðstöðu Alþingis hér í miðborg Reykjavíkur til frambúðar. Það kæmi væntanlega í ljós hvort sú aðstaða er fyrir hendi hér í miðborg Reykjavíkur til framtíðar eða hvort leita þarf nýrra leiða um framtíðarskipan þessara mála, þ.e. aðsetur fyrir Alþingi Íslendinga. Þetta mál er miklu víðtækara en svo að hægt sé að gera þetta með kaupum á einu húsi eins og mál eru hér í miðborg Reykjavíkur. Ég tel að ýmsir möguleikar séu hér til að leigja eða kaupa hentugt húsnæði sem getur gengið til bráðabirgða en framtíðarlausnin ætti að vera sú að láta gera á þessu ítarlega könnun, í fyrsta lagi á þörf fyrir húsnæði og hvernig húsnæði, og ef ekki er hægt að fá það með leigu eða kaupum verði menn að taka ákvörðun um það að leysa húsnæðismál Alþingis til frambúðar svo viðunandi sé. En að fara að gera kaup til bráðabirgða á húsnæði sem ekki hentar Alþingi er rangt að mínu mati. Þess vegna tel ég að þessi samkomulagstillaga sem hér er uppi leysi þetta mál að hluta til svo fremi Alþingi samþykkir þá ákvörðun þegar þar að kemur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að sú afgreiðslutöf sem varð á þessu máli hefur orðið til þess að Alþingi Íslendinga mun ekki taka afstöðu til þess hvort Hótel Borg sé keypt eða ekki. Hér hafa menn nokkuð rætt um skýringar á því og þær komið fram að meiri hluti hafi ekki verið til staðar í fjvn. og eins að nokkur ófriður gæti af hlotist ef þetta væri afgreitt inn í þingið. Ég tel það síðara ekki efnislega þess virði að taka tillit til þess því að mjög væri erfitt að afgreiða mál almennt út úr nefndum yrði aldrei á það hætt að það kostaði ófrið á Alþingi, en það fyrra er staðreynd, að mál eru ekki afgreidd út úr nefndum nema meiri hluti sé fyrir því.

Mig langar að lesa hér upp úr greinargerð með þessari till. til þál. Í ljósi þess að greinargerðin er stutt má ætla að nokkuð hafi verið vandað til þeirra fáu orða sem þar eru og þess vegna vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp hluta af greinargerðinni:

„Eftir viðræður forseta Alþingis við borgarstjóra nýlega er ljóst að borgaryfirvöld hafa hvorki í hyggju að kaupa Hótel Borg né stuðla fjárhagslega að rekstri þess sem hótels.

Flutningsmenn telja eðlilegt að tillaga þessi hljóti afgreiðslu nú á haustþingi, áður en fjárlög næsta árs verða samþykkt."

Hér er ekki sagt að forseti hafi átt einkaviðræður við borgarstjóra heldur forsetar og þeir eru þrír. Ég tel óhjákvæmilegt að þingheimur inni forseta eftir því hvenær þessar viðræður fóru fram og hverjir voru viðstaddir því það er alvarlegt mál að setja hluti í greinargerð sem alls ekki fá staðist. Örlögin minna aftur á móti á gamla vísu sem hljóðar svo:

Kakan hló í huganum
og hoppaði upp á trýnið.
Aldrei komst hún yfir um.
Illt var að treysta á svínið.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki seinna vænna að þetta mál komi hér á dagskrá. Ég harma þann seinagang sem orðið hefur á þessum málum í höndum hv. fjvn. sem leiddi til þess að Alþingi missti af kaupum á Hótel Borg. Ég tel tvímælalaust að það hafi verið skynsamlegur kostur miðað við þá stöðu sem komin var upp í húsnæðismálum Alþingis. Er það orðið verulegt áhyggjuefni fyrir okkur alþingismenn hver staða þessa máls er í dag.

Mér sýnist ljóst að fjvn. hafi með störfum sínum komið í veg fyrir að kaupin á Hótel Borg næðu fram að ganga, meira að segja svo hastarlega að Alþingi sjálft náði ekki að fjalla um þetta mál og greiða um það atkvæði. Það eru mikil völd og vafasöm sem þessi

nefnd, trúlega á að segja hæstv. fjvn., hefur tekið sér. Erindi mitt hingað upp er að láta í ljós það álit mitt að ég dreg í efa að fjvn. hafi það vald sem hún hefur tekið sér. Hún hefur þvælst fyrir þessum málum, trúlega vísvitandi, til þess að koma í veg fyrir að Alþingi geti tekið ákvörðun í þessu máli, hver og einn alþingismaður fyrir sig. Menn eru nú farnir að tala um að kaupa eða gera við einhver hús í allra næsta nágrenni sem enginn veit hver eru. Þetta eru fáránleg vinnubrögð.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. er eiginlega búinn að segja það sem mér bjó í brjósti og ég get tekið undir allt sem hann sagði. Fjvn. hefur tekið sér vald til þess að koma í veg fyrir að þetta mál næði fram að ganga og þurfti ekkert að spyrja Alþingi þar um hver vilji þess væri. Ég sé hins vegar ekki tilganginn í því að eyða tíma í að ræða þessa tillögu hér og nú. Það er upplýst að jafnvel þó þessi heimild yrði samþykkt, ef forsetar Alþingis fyndu upp á því að vilja þráast við að vera hér í Kvosinni áfram og færu að reyna að kaupa einhver hús, þá þarf það auðvitað að ganga til fjvn. Ég sé því ekki ástæðuna fyrir því að eyða tíma í að ræða þessa þáltill. Þetta er mál sem er búið og er lítil ástæða til að vera að eyða tímanum í það hér á síðustu dögum þingsins. Nema þá að það vaki fyrir hæstv. fjvn. að forsetarnir fari að bjóða í ráðhús sem er í byggingu hérna í Kvosinni. Er það eina húsið sem ég sé að gæti hugsanlega hentað til þarfa þingsins ef falt væri. Kann að vera að það sé ómaksins vert fyrir þá herra í fjvn. að fara að kanna það og taka upp viðræður þar um.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan að það komi fram að ég veit ekki um nokkurn mann í fjvn. sem mælti gegn því að þetta mál, kaupin á Hótel Borg, yrði leyst út úr nefndinni. Ég hef lýst því yfir bæði hér og annars staðar að ég er á móti því að Alþingi eyðileggi Hótel Borg. Ég tel að Hótel Borg eigi að vera áfram hótel til gagns fyrir miðborgina, ég hef aldrei farið leynt með það. En aldrei nokkurn tíma hef ég haft á móti því að málið væri rætt í þingsal því ég tel að öll mál eigi að ræða hér í þingsal.

Fjvn. þvældist ekkert sérstaklega fyrir þessu máli, en mér sýnist það því miður vera verkefni nefndanna almennt að þvælast fyrir málum. Má ég kannski í því sambandi taka hæstv. utanrmn., sem er nefnd sem hv. alþm. stýrir sem hóf þessa umræðu. Samkvæmt málaskránni eru þar a.m.k. fjögur mál sem koma fyrr á dagskrá, með lægri númer en kaupin á Hótel Borg, sem ekki eru enn þá afgreidd. Ekki dettur mér í hug að segja að hv. þm. Jóhann Einvarðsson sé að þvælast fyrir neitt sérstaklega með þessari afgreiðslu. Nefndarstörf eru ekki hraðvirkari en þetta, því miður.

Ég held að endurskoða ætti hlutverk nefndanna frá grunni til þess að mál fáist rædd, því það hlýtur að vera hlutverk nefndar að skila frá sér málum. Þetta er sá vettvangur þar sem mál eiga að koma til atkvæða, það er þingsalurinn sjálfur, en það getur ekki átt að vera hlutverk Alþingis að geyma og svæfa mál í nefndum. Hingað í salinn eiga þau að koma og hér skulu þau útkljáð. Það hlýtur að vera hinn raunverulegi farvegur og hin eðlilegu vinnubrögð hér á þinginu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að vekja sérstaka athygli á því að sú vinnutilhögun sem hefur verið viðhöfð í fjvn. vegna þáltill. um kaup á Hótel Borg er fullkomlega eðlileg. Það eru mörg fordæmi fyrir því, bæði frá fyrri tíð og eins núna við afgreiðslu mála á þessu þingi, að þingmál hafa verið í nefndum jafnlengi og þessi þáltill. hefur verið. Sum hver hafa reyndar verið afgreidd en hins vegar eru þau því marki brennd, a.m.k. sum hver, að þau kosta ríkissjóð ekki eina einustu krónu. Það hlýtur að vera eðlilegt með fjárfestingu sem kostar jafnmikið og hér um ræðir að hún sé tengd öðrum afgreiðslum sem varða fjárlög eða fjárlagagerð hér á Alþingi. Og það hefði þá verið nær fyrir forseta þingsins að athuga þetta mál með þeim hætti að koma því á framfæri sem heimild við fjárlagagerð ef áhuginn er svona óskaplega mikill fyrir þessu máli.

Ég ætla hins vegar að taka það skýrt fram að í þetta mál, kaupin á Hótel Borg, hefur fengist sú niðurstaða sem ég tel langsamlega ákjósanlegasta. Borgin verður rekin sem hótel við Austurvöll og hún verður uppfærð með tilliti til þess að gegna sínu hlutverki þar af miklum sóma. Ég hef fundið það vel síðustu daga hvað þessi niðurstaða nýtur mikilla vinsælda hér í Reykjavík. Og auðvitað er það grundvallaratriði í þessum efnum að skoðanir þess sveitarfélags sem hér á hlut að máli fái að koma fram og verði niðurstaðan í slíku máli sem þessu. Það er grundvallaratriði.

Það vekur nokkra eftirtekt við þessa umræðu hver þáttur þingmanna Framsfl. er í henni. Ég held að ég hafi rétta tölu á því að þeir séu búnir að nesta sig hingað upp í ræðupúlt einir þrír. (**Gripið fram í:** Það eru a.m.k. fimm.) Nú, það er ekkert annað, og allir eru mikið að barma sér, reyndar með grátstafinn í kverkunum, yfir því að hafa tapað af þessum kaupum. (**ÓÞÞ:** Það er rangt líka.) Þetta kemur út af fyrir sig ekki (Gripið fram í.) Ekki hv. varaformaður fjvn., hann hefur verið sjálfum sér samkvæmur í þessu máli. Bið ég hann afsökunar, enda er hann þekktur fyrir það að kunna betur að stjórna fjármálum en t.d. hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. En samt sem áður er þetta áberandi við þessa umræðu og gildir þá einu hvort framsóknarmennirnir eru fjórir eða fimm. Þetta kemur mér ekkert á óvart því kaupglaðari menn þekki ég tæpast í sambandi við heimildir í kringum fjárlög. Það er t.d. búið að taka ákvarðanir á þessum vetri fyrir atbeina og harðfylgi framsóknarmanna um kaup á fasteignum sem sannarlega orka tvímælis og í rauninni var aldrei meiri hluti fyrir í fjvn. Alþingis.

Það er m.a. af þessari reynslu sem menn ættu að hafa fullan vara á með að gefa heimildir fyrir kaupum á fasteignum. Og ég tek undir það sem hv. 2. þm.

Norðurl. v. sagði hér áðan, að af því er sannarlega mikil reynsla og slæm. Það á bara ekki saman með neinum hætti að viðhafa stöðugan niðurskurð á lífsnauðsynlegum framkvæmdum, eins og vegamálum og öðrum þarflegum framkvæmdum víða út um land, en berjast aftur á móti fyrir stöðugum eignakaupum hér á þessu svæði. Tillaga minni hl. fjvn. í þessum efnum er langsamlega skynsamlegasti kosturinn. Það eru næg verkefni að vinna að fyrir forseta þingsins að leita eftir húsnæði og gera samanburð á ýmsum kostum í þeim efnum. Og það er eðlilegt að að þeirri niðurstöðu fenginni taki Alþingi málið til meðferðar og segi sitt síðasta orð í því.

Tillaga minni hlutans er þess vegna bæði ábyrg og skýr. Ég vil vekja athygli á því að það hefur skýrlega komið fram í þeirri umfjöllun sem hefur farið fram í fjvn. um þessi væntanlegu húsakaup að hér í miðborginni er mikið af húsnæði sem Alþingi gæti hugsanlega fest kaup á.

Ég undirstrika svo sérstaklega í þessum efnum að vinnubrögð fjvn. hafa verið með fullkomlega eðlilegum hætti. Það hlýtur að vera hafður góður vari á slíkri heimildaveitingu sem þessari. Ég minni á að daglega berast þær fréttir að það eigi að fara að kaupa hús, Útvegsbanka eða einhver slík hús sem á að fara að kaupa og alltaf er ríkið eða einhverjar stofnanir sem ríkinu eru tengdar þar kaupandinn. Það er fullkomlega eðlilegt að menn spyrni við fótum í þessum efnum og það er að minni hyggju ekkert vit í því að ganga lengra en minni hlutinn hefur hér lagt til.

Ég ítreka það svo í lokin að ég tel að það hafi verið góður kostur að Reykjavíkurborg eignaðist Hótel Borg. Ég er viss um að það verður til framdráttar fyrir umhverfið hér í miðborginni.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í umræðu um þetta mál, um það hafa fæst orð minnsta ábyrgð. Hv. 2. þm. Vestf. bar hins vegar fram fyrirspurn vegna orða í greinargerð með till. Ég vil þess vegna, til upplýsingar honum, lesa hér úr minnisblaði frá skrifstofustjóra Alþingis sem hann fékk frá Jóni G. Tómassyni borgarlögmanni 31. des. 1989. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarstjóri telur ekki standa upp á sig að gefa ákveðin svör eftir fundinn með forsetum Alþingis 20. sept. sl. en afstaða hans kom þar fram."

Hér með fær hv. 2. þm. Vestf. svar við því að fundurinn fór fram 20. sept. sl. En afstaða hans kom þar fram og síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„1. Borgarstjórn telur æskilegt að Hótel Borg verði rekin áfram sem hótel.

2. Breytt nýting á húseigninni kallar á leyfi frá byggingarnefnd Reykjavíkurborgar.

3. Borgaryfirvöld" — og ég bið hv. þingheim að hlýða vel á — „Borgaryfirvöld ætla ekki að skipta sér af því né hafa áhrif á það að áfram verði rekið hótel á þessum stað."

Ég hef lokið máli mínu, frú forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég held óhjákvæmilegt sé að segja hér örfá orð og víkja fyrst að þeim fullyrðingum sem fram hafa komið hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Norðurl. v. að fjvn. hafi illa unnið að þessu máli og komið í veg fyrir þinglega meðferð (**Gripið fram í:** Og tekið sér vald.) og tekið sér vald.

Ég las hér upp úr grg. þessarar þáltill. þar sem fram kom að fjvn. gat alls ekki átt von á því að Reykjavíkurborg tæki sig til og keypti Hótel Borg. Forsetarnir höfðu upplýst að áhugi væri ekki til staðar hjá borginni að kaupa. Það var því alls ekki til þess að skapa einhvern frest fyrir borgina sem á þetta var fallist heldur einfaldlega til að skapa eðlilegan umþóttunartíma til þess að menn gætu þá hugsað sitt mál. Þá hygg ég að staðan hafi verið sú í fjvn. að e.t.v. hafa þrír eða fjórir verið hlynntir því að þetta yrði heimilað en hinir á móti.

Nú vill það svo til að báðir þeir þingmenn Norðurl. v. sem hér töluðu hafa setið sem formenn í nefndum í vetur. Annar þeirra situr á máli frá fjvn., hefur setið á því alllangan tíma, gefur þá skýringu að annir í annarri deild stöðvi afgreiðslu málsins og telur þó að skaplega sé unnið ef nefndin kemur saman á þriggja vikna fresti. Ég verð að segja eins og er að hætt er við að lítið yrði afgreitt út úr fjvn. ef hún tæki þau vinnubrögð til fyrirmyndar og kæmi saman á þriggja vikna fresti, en þeir sem þar sitja og starfa tækju sig til og mættu fyrst og fremst á nefndarfundum hjá öðrum nefndum þegar menn eru boðaðir til fundar á tveimur stöðum í einu, sem því miður hefur mjög oft orðið.

Annað er það að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur verið að ganga frá máli inn til Alþingis sem ætlast er til að sé afgreitt á þessu þingi. Það hefur verið í efri deild alllengi. Nú vill svo til að þar situr um þriðjungur þingmanna. Það er sanngjarnt reikningsdæmi að reikna út hvenær væri þá eðlilegt að Alþingi Íslendinga muni ljúka ef sú deild, hin stærri, fengi jafnan umhugsunartíma um það mál og fyrri deild hefur haft. Og skyldi þá engan undra að þar sem mikill meiri hluti þingmanna situr, eða um ⅔, hefðu menn eitthvað um málið að segja. Að því viðbættu vil ég minna á það að í þeirri nefnd veit ég ekki betur en sé enn þingmál sem samþykkt var í neðri deild í fyrra og fór upp í efri deild og stoppaði þar og er nú enn í nefnd hjá hv. 3. þm. Norðurl. v.

Þetta er nú staða mála. Það er út af fyrir sig ákaflega eðlilegt að menn séu strekktir í lok þingsins þegar menn hafa þurft að inna af hendi mikla vinnuskyldu en það er ekki rétt eða skynsamlegt að láta reita sig svo til reiði að menn gleymi því að það eru fleiri nefndir í þinginu. Ég sé ekki betur en að margt sé óafgreitt í þeim. Ég ætla þó ekki að bera á formenn þeirra nefnda að þeir vinni illa sín störf.

Hér er óhjákvæmilegt að víkja örfáum orðum að hv. 4. þm. Austurl. Hann vaknaði af værum blundi í deildinni áðan, hafði lítt fylgst með, situr þó nálægt þessu púlti, og hafði reynt eftir bestu getu að henda reiður á því hve margir framsóknarmenn hefðu staðið upp og talað. Ekki var talan stór en engu að síður

hafði talning mistekist, þrátt fyrir ásetning. Einnig kom í ljós að hann var ekki betur að sér um þann málflutning sem þeir höfðu uppi haft og mátti leiðrétta það allt einnig. Þegar ég hafði ætlað að leiðrétta rangindi hans í þessum efnum tvívegis taldi hann rétt að hefja persónulegt skítkast í minn garð. Það læt ég mér í léttu rúmi liggja en aumt er það þegar menn telja að slíkur vopnaburður bjargi þeim frá því að vera hálfsofandi við störf hér í deildinni.

Ég held aftur á móti að það hið stóra sem hlýtur að vera umhugsunarefni hér, og fullyrt hefur verið þannig að ég held að því sé ekki á móti mælt, sé að hæstv. borgarstjóri hefur logið að forsetum þingsins. Og e.t.v. bendir margt til þess að hann hafi gert það vísvitandi. Það vil ég þó ekki fullyrða. En hann hefur logið að þeim um sinn ásetning. Hugsanlega munu slæmar tungur halda því fram að það hafi verið til þess að ná samningum um bílastæði við Alþingi Íslendinga. Ef það væri tilfellið er það mjög alvarlegt mál. Samskipti Alþingis og Reykjavíkurborgar hljóta að þurfa að vera með þeim hætti að þeir aðilar sem þar stýra málum, þó þeir séu ekki sammála í stjórnmálum, geti átt heiðarlegar viðræður og heiðarlega upplýsingaöflun. Ég vitna hér aðeins til þess efnislega svars sem hæstv. forseti gaf mér við þeirri fyrirspurn sem ég beindi til hans varðandi efni í greinargerð. Og vænti ég að hv. 8. þm. Reykv. hafi hlýtt á það svar og geri sér grein fyrir hvað það er sem þar kom fram, sem ekki verður skoðað á annan veg en að forseti hafi búið við það að borgarstjórinn hafi logið í ákveðnu máli. (**EKJ:** Hverju á borgarstjórinn að hafa logið?) Hverju á borgarstjórinn að hafa logið? Það kemur fram í minnisblaði frá Jóni Tómassyni borgarlögmanni að ekki hafi verið áhugi af hálfu borgarstjórans á því að kaupa Hótel Borg. Þetta veit ég að hv. 8. þm. Reykv. veit þó hann telji nú að það sé hugsanlegt að hann neyðist til að verja rangan málstað.

Ég tel það hárrétt sem hér hefur komið fram að auðvitað eiga Reykvíkingar að hafa um það meira að segja en aðrir hvernig staðið er að skipulagsmálum þessarar borgar. Þó er það nú svo að meðan hún er höfuðborg Íslands er ekki óeðlilegt að þjóðin öll hafi þar eitthvað um að segja. Ég tel þess vegna mjög brýnt að fá úr því skorið hvort Alþingi á þess kost með skynsamlegum hætti að halda áfram veru sinni hér í miðbæ Reykjavíkur án þess að farið verði í stórbyggingar, sem mér sýnist að margt bendi til að sé ákaflega hæpið að ráðast í vegna þess skipulags sem hér er og þeirra byggingarframkvæmda sem orðið hafa í Tjörninni. Ég hallast því mjög að því að það sé skynsamlegt að kanna það núna á næstu árum hvort einhver lausn sé á því máli hvar menn gætu orðið sæmilega ásáttir um að hafa Alþingishús með sína starfsemi í framtíðinni.

Ég vil undirstrika það að ég tel að í ljósi þess að við lifum í samfélagi þar sem stöðugt verður meira og meira tillit að taka til öryggismála, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, hljóti það að ýta á eftir ákvörðun um að þannig verði staðið að málefnum þingsins að ekki sé um hvert húsnæðið vítt og breitt að ræða þar sem komið sé fyrir dyravörðum sem eigi að gæta örfárra þingmanna og þess að þar ryðjist menn ekki inn óboðnir. Ég tel að það hljóti að vera mikill sparnaður í rekstri þingsins ef hægt væri að standa þannig að húsakynnum að útgönguleiðir væru ekki mjög margar úr því húsnæði sem þar er.

Þetta segi ég hér og nú vegna þess að mér finnst að það sé grundvallaratriði að þingmenn geti æsingarlaust um þetta talað og um þá stöðu sem þessi mál eru í. Ég verð að segja eins og er að ég hef ekkert við það að athuga að áfram verði rekið hótel þar sem hótel var í miðbænum ef það er einlægur ásetningur manna að gera það og ekkert nema gott um það að segja. En það kallar jafnframt á það að menn verða að endurskoða það í þeirri stöðu sem við erum hvernig skynsamlegt sé að standa að því að byggja upp aðstöðu fyrir þingið án þess að hér þurfi að vera miklu meira starfslið en eðlilegt getur talist ef húsakynni væru vel skipulögð.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist vegna þeirrar undarlegu stöðu sem komin er upp í svokölluðu Hótel Borgar máli. Það kom mér ákaflega mikið á óvart þegar mér bárust fregnir af því að borgarstjórinn í Reykjavík hefði ákveðið, fyrir sína hönd væntanlega vegna þess að ákvörðunin hefur ekki verið staðfest af borgarráði Reykjavíkurborgar, að kaupa húsið Hótel Borg. Ég hafði aldrei, sem forseti í neðri deild, heyrt á það minnst í öllum þeim viðræðum sem fram fóru við Reykjavíkurborg um lóðamál Alþingis, heyrt á það minnst að Reykjavíkurborg hefði minnsta áhuga á kaupum á Hótel Borg. Af þeim sökum kemur mér það mjög á óvart að borgarstjórinn í Reykjavík skuli nú hafa ákveðið að kaupa hótel fyrir fé borgaranna.

Mér er ekki alveg ljóst hvað virðulegur borgarstjóri ætlar að gera við þetta hús, hvort hann ætlar að endurleigja það til hótelreksturs og veitingahalds. En menn skyldu hafa það hugfast að rekstur Hótels Borgar á undanförnum árum hefur gengið með þvílíkum ósköpum að þar hafa veitingasalir verið leigðir hvað eftir annað nýjum og nýjum rekstraraðilum vegna þess að grundvöllurinn fyrir rekstri hótelsins hefur ekki verið fyrir hendi. Og ég spyr auðvitað sjálfan mig að því: Hvaða hvatir liggja þarna að baki? Í fyrsta lagi gæti það verið, án þess að ég vilji fullyrða, að áhugi sé á því að hækka söluverð Hótel Borgar, að upp komi sú staða að þingið bjóði á móti Reykjavíkurborg í Hótel Borg. Þetta er auðvitað hugsanlegur möguleiki. Hinn möguleikinn er sá að Reykjavíkurborg hafi ekki áhuga á því að hýsa Alþingi Íslendinga í miðborginni. Og það finnst mér vera miklu alvarlegri þáttur í þessu máli ef það er svo að forusta Reykjavíkurborgar hefur ekki áhuga á því að hafa löggjafarsamkunduna, Alþingi þjóðarinnar, í miðborg höfuðborgarinnar.

Ég get ekki sagt annað en það að mér hitnaði í hamsi eftir að hafa verið búinn, sem forseti neðri

deildar, að ganga frá samningi við Reykjavíkurborg um lóðamál við Alþingishúsið vegna bílastæða þar sem aldrei kom inn í umræðuna nokkur minnsti áhugi af hálfu Reykjavíkurborgar á kaupum á þessu húsi, að þremur dögum eftir undirritun samningsins gerir borgarstjóri kaupsamning við söluaðila. Þetta er, með fullri virðingu fyrir borgarstjóranum í Reykjavík, aðferð sem ég kann ekki að meta og er tilkomin af einhverjum hvötum sem ég skil ekki.

Stundum finnst mér að ýmsir hv. þm. hafi ekki verulega mikinn metnað fyrir hönd sinnar löggjafarsamkundu. Ég er persónulega sannfærður um það að kaupin á Hótel Borg, fyrir þá tilboðsupphæð sem forsetar þingsins höfðu fengið í hendur, voru reyfarakaup. Þingið hefði ekki getað gert betri kaup og ekki getað komið sínum húsnæðismálum betur fyrir en með kaupunum á Hótel Borg. Þar er öll sú aðstaða sem þingið skortir stórlega núna. Þingið er með skrifstofur fyrir sína þingmenn úti um allar trissur hér á lóðum í kringum Alþingishúsið. Það eitt og sér er mjög slæmt og skapar ýmsa erfiðleika í sambandi við vinnuaðstöðu og stóraukinn kostnað fyrir Alþingi, vegna þess að allir þessir vinnustaðir þurfa að hafa nauðsynlega þjónustu sem þingmenn óska eftir.

Ég segi það nú að þingmenn hefðu mátt taka á þessu máli af meiri rausnarskap og meiri festu vegna þess einfaldlega að það hefði verið langsamlega besta lausnin fyrir Alþingi Íslendinga að kaupa Hótel Borg. Þar hefðu þingmenn fengið góða skrifstofuaðstöðu, þar var hús við hæfi þingsins, en ekki sá kotungsbúskapur sem við höfum horft upp á í allt of mörg ár í rekstri þingsins, þar sem hv. þm. hafa hvað eftir annað, því miður, gefið eftir vegna umræðu úti í samfélaginu, gefið eftir vegna þess að það hefur verið sagt við þá að þeir væru að eyða, sóa og spenna fjármunum þjóðarinnar. Og þingmenn hafa guggnað allt of oft. Þingmenn eiga að hafa þann metnað fyrir hönd löggjafarsamkundunnar að gera það sem gera þarf til þess að vinnuaðstaða og önnur aðstaða þingsins sé sómasamleg.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en ég get ekki neitað því að mér finnst í þessu máli hafa komið fram lágkúra, hrein og klár lágkúra. Menn hafa farið með þetta mál í háfgerðar felur, dregið ákvarðanatökuna eins og unnt hefur verið með þeim árangri sem nú blasir við. Og ég spyr þá hv. þm. sem eru á móti kaupunum á Hótel Borg: Hverjar eru þeirra tillögur um lausn á húsnæðisvanda Alþingis? Ég vil fá þá hér upp í stólinn með tillögurnar. Vilja þeir fara að byggja milljarða hallir? Vilja þeir byggja milljarða hallir? Ég spyr. Er það það sem þeir vilja? Eða vildu þeir kaupa það hús sem fyrir hendi var og var hentugast, ódýrast og langbesta lausnin á húsnæðismálum Alþingis? Ég heyri að hv. þm. Alexander Stefánsson hefur einhverjar athugasemdir við mál mitt og ég skal hlusta á þær á eftir og þá væntanlega svara honum ef ástæða þykir til.

Ég hygg að þingið sé í raun búið að glutra niður tækifærinu til þess að eignast þetta góða hús sem hefði hentað þinginu afskaplega vel og ég tel það mjög miður.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. er farinn að minna mig á hverinn Strokk. Hann gýs hér í þinginu með jöfnu millibili en menn verða ekkert varir við hann þess á milli. Síðast þegar hv. þm. gaus hér í þinginu út af máli er varðaði fjvn. — það var frv. sem fjvn. flutti um fjárgreiðslur úr ríkissjóði — þá hreytti hann úr sér þeim ónotum sem hann er þekktur fyrir og hljóp svo úr salnum og gætti þess mjög vandlega að vera ekki viðstaddur þegar menn þurftu að svara honum. Nákvæmlega sama hátt hefur hv. þm. á nú. Hann hreytir hér úr sér ónotum, gýs upp úr sér ónotum og hleypur svo í burtu og sést ekki meir, lætur sér ekki til hugar koma að hlusta á málflutning annarra, t.d. þeirra sem vildu svara honum einhverju. Hann er því eins og hverinn Strokkur. Hann gýs hér með jöfnu millibili, en menn verða ekkert varir við hann þess á milli.

Það má segja það sama um málflutning hv. 1. þm. Norðurl. v. nú eins og þá hann gaus hér fyrri, en það er það að honum virðist sýnna um margt annað frekar en að lesa þingmál. Og nú eins og þá er hann uppvís að því að hann les ekki þau þingmál sem hann er að ræða um hér í pontu. Efnislega gerði hann tvær athugasemdir við þá afgreiðslu sem hér er lögð til af meiri hl. fjvn. Fyrsta efnislega athugasemdin var sú að hér væri horfið frá kaupum á Hótel Borg og tekin upp kaupaheimild, ótiltekin, vegna annarra bygginga. Frú forseti, þetta var svona í fyrri tillögunni. Fyrri tillagan, sem lá fyrir þinginu, var á þá leið að forsetum Alþingis væri heimilað að kaupa Hótel Borg, eða annað húsnæði í næsta nágrenni Alþingishússins ef hagkvæmara þætti. Sú kaupaheimild miðaðist því ekki eingöngu við Hótel Borg heldur einnig annað húsnæði í næsta nágrenni Alþingishússins ef hagkvæmara þætti. Efnislegur ágreiningur hv. 1. þm. Norðurl. v. út af þessu atriði byggist þess vegna á því að hann hefur ekki lesið upphaflegu tillöguna ellegar man ekki lengur texta hennar og hefur ekki fyrir því að afla sér tillögutextans hér í skrifstofum Alþingis. Þarna hefur engu verið breytt að öðru leyti en því að fellt er út þar sem sérstaklega var minnst á Hótel Borg í fyrri tillögunni sem hæstv. forsetar lögðu fyrir. En það er ekki þar með sagt að það sé ekki unnt fyrir hæstv. forseta að festa kaup á Hótel Borg ef þessi tillaga verður afgreidd, ef Hótel Borg skyldi verða til sölu. Og það kynni kannski svo að fara þegar hæstv. borgarstjóri hugar betur að málinu og lítur betur á rekstrarforsendur þeirra aðila sem reynt hafa að reka þetta hótel, þá komist hann að þeirri niðurstöðu að það sé ekki ýkja hagkvæmt fyrir Reykjavíkurborg og skattborgara hér í Reykjavík að kaupa þetta hús, endurgera það, byggja við það dýra viðbyggingu og ætla síðan að leigja einhverjum aðila húsið til rekstrar. Vegna þess að það hefur komið fram hjá rekstrarað-

ilum hússins og eignaraðilum í viðræðum við fjvn. að rekstraraðstæður Hótel Borgar eru ekki betri en svo að leigutakarnir geta ekki greitt hærri leigu fyrir þessa fasteign en þeir gera í dag, sem samsvarar því að eigendur Hótel Borgar hafa ekki einu sinni í leigutekjur nægilegt fjármagn til þess að hægt sé að standa undir fasteignagjöldum og lágmarksviðhaldi. Það kynni því ef til vill svo að fara þegar hæstv. borgarstjóri athugar málið betur að hann sæi að það væri ekki skynsamlegt frá sjónarhóli skattgreiðenda í Reykjavík að fara að setja stórfé í það að endurbyggja Hótel Borg, byggja dýrar viðbyggingar þar við og ætla síðan að leigja húsnæðið út til einhvers rekstraraðila á verði sem nægir ekki einu sinni til þess að standa undir fasteignagjöldum af þessari byggingu.

Frú forseti. Skattborgarar í Reykjavík eiga nú fjögur veitingahús. Þeir eiga veitingahús, sem var danshús mikið hér á árunum áður, upp við Ármúlann og Reykjavíkurborg keypti fyrir nokkrum árum og átti að nota m.a. sem félagsmiðstöð fyrir aldraða. Þeir eiga stærsta diskótek í Evrópu. Hæstv. borgarstjóri er nýbúinn að kaupa stærsta diskótek í Evrópu fyrir skattfé Reykvíkinga og rekur það diskótek. Og skattborgarar í Reykjavík eru nú að byggja eitt dýrasta veitingahús landsins uppi á Öskjuhlíð. Það hefur komið fram hjá hæstv. borgarstjóra að tilgangur hans sé sá að leigja einhverjum einkaaðila þetta hús á leigukjörum sem eru langt undir því sem þyrfti að vera til þess að leigan stæði undir fjármagnskostnaðinum við byggingu hússins. Það hefur komið fram opinberlega í viðræðum við hitaveitustjóra í Ríkisútvarpinu. Þarna eru þrjú hús, þrjú veitingahús sem búið er að láta skattborgara í Reykjavík kaupa af einkaaðilum, þar af er eitt nýbygging sem skattborgarar hafa keypt fyrir ærið fé og afhent svo þriðja aðila til reksturs gegn leigugjaldi sem hvergi nærri nægir til þess að standa undir byggingarkostnaði eða kaupverði.

Er það til fyrirmyndar að mati Sjálfstfl. að standa svona að málum? Og nú stendur til að láta skattborgara í Reykjavík kaupa Hótel Borg, endurbyggja hana, reisa við hana heilmikla viðbyggingu og selja síðan fjórða veitingahúsið af þessu tagi á leigu til einkaaðila þegar fyrir liggur að væntanlegir rekstraraðilar geta ekki greitt nema brot af því sem þyrfti að greiða ef leigan ætti að standa undir kaupverði, endurbyggingarverði og fasteignagjöldum af slíku húsi.

Er þetta til fyrirmyndar? Er það undir þessu flaggi sem borgarstjórnin í Reykjavík ætlar sér að sigla til sigurs í næstu borgarstjórnarkosningum? Hvað ætlar hún að kaupa mörg veitingahús fyrir skattfé höfuðborgarbúa á næsta kjörtímabili? Ætlar það kannski að enda þannig að skattborgararnir í Reykjavík hafi keypt upp öll veitingahús í borginni og framselt þau síðan einkaaðilum til rekstrar á miklu, miklu lægra leiguverði en borgin þyrfti að fá til að standa undir fjármögnunarkostnaði sínum við þessi kaup? Er þetta frjálshyggjan sem á að halda völdum í Reykjavík og standa sig á næsta kjörtímabili í uppkaupum á veitingahúsum með álíka miklum glæsibrag og gert hefur verið á þessu?

Ég vil líka taka fram í þessu sambandi og staðfesta að það kom fram á fundum í fjvn., þar sem hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson spurði sérstaklega eftir því, þegar fulltrúar borgarstjórans í Reykjavík og borgaryfirvalda gengu á fund nefndarinnar, að það væru engin áform hjá þessum aðilum að kaupa Hótel Borg né afhenda hana nokkrum öðrum aðila né leggja fram úr borgarsjóði nokkra fjármuni til þess að tryggja það að áframhaldandi hótelrekstur yrði í þessu húsi. Það var spurt sérstaklega um það á fundum fjvn. með fulltrúum borgarstjórans í Reykjavík hvort einhverjar slíkar áætlanir væru uppi og því var staðfastlega neitað og sagt að það kæmi ekki til greina. Það er því víðar en við forseta sem frá borgarstjóranum í Reykjavík hafa komið fréttir um annað en reyndist vera hans niðurstaða þegar upp var staðið.

Það er alveg rétt hjá hæstv. forseta Nd. að það er ástæða fyrir Alþingi Íslendinga til að skoða það hvort það geti verið að borgaryfirvöldin í Reykjavík vilji ekki hafa Alþingi í miðbæ Reykjavíkurborgar. Það er miklu fleira heldur en þetta sem þar kemur til. Allir þingmenn þekkja þær útistöður sem Alþingi hefur átt við Reykjavíkurborg út af bílastæðismálum. Þær deilur voru farsællega til lykta leiddar, eins og forseti sagði, aðeins þremur dögum áður en sá atburður gerðist sem hefur orðið mönnum að umræðuefni hér.

Það er líka rétt að það komi fram að borgarstjórinn í Reykjavík hefur óskað eftir því við Alþingi til að rýma betur til í umhverfi hins nýja ráðhúss, að ýmis þau hús sem Alþingi á í næsta nágrenni ráðhússins verði flutt í burtu til þess að rýmra svæði fengist í kringum þessa nýbyggingu borgarstjórans. Og það voru allar horfur á því og rætt um það lauslega að það gæti vel komið til greina þegar og ef Alþingi festi kaup á Hótel Borg að gera þetta fyrir borgarstjórann, að flytja Alþingi burtu úr næsta nágrenni hins nýja ráðhúss svo að það gæti skinið enn fegurra en það ella mundi gera og fengið að vera í friði fyrir byggingum Alþingis. Það er ósköp eðlilegt að menn spyrji sig þegar vitað er hver afstaða borgaryfirvalda í Reykjavík til Alþingis er, hvort það geti verið að borgarstjórinn í Reykjavík, og þeir sem að honum standa, vilji það gjarnan að Alþingi flytjist úr miðborg höfuðborgarinnar og þá væri ástæða til að spyrja þá hvert.

En það var líka annað sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. sem sýndi að hann hafði ekki einu sinni lesið hina upphaflegu tillögu ellegar hafði gleymt henni. Hann ræddi um það að síðasta setningin í tillögu meiri hl. fjvn. væri til marks um það vald sem fjvn. ætlaði að taka sér. Sú setning hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafa skal samráð við fjvn. um ákvarðanir.“ Þetta er óbreytt setning sem var í tillögunni í hinni upphaflegu gerð hennar. Þar stóð einnig að hafa skyldi samráð við fjvn. Alþingis um þær ákvarðanir sem teknar kynnu að verða ef Hótel Borg eða eitthvert annað húsnæði í nágrenni Alþingishússins yrði keypt. Þarna hefur fjvn. engu við bætt.

Hún hefur ekki aukið sinn hlut eða sín afskipti af þessari ákvörðunartöku frá tillögunni í upphaflegri gerð hennar nema síður væri. Fjvn. tók þetta ákvæði óbreytt upp úr tillögum hæstv. forseta.

Það er mjög æskilegt, virðulegi forseti, þegar menn kveðja sér hljóðs og flytja mál sitt, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði hér áðan, að þeir sýni samstarfsmönnum sínum hér á Alþingi þá lágmarkskurteisi að lesa þau málsskjöl sem lögð eru fram til afgreiðslu, ef þeir eru þá læsir.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég hélt satt að segja að við værum hér að ræða um húsnæðismál Alþingis en ekki umfangsmikinn veitingarekstur Reykjavíkurborgar.

En ég vil aðeins segja út af Hótel Borg og afstöðu minni til hugsanlegra kaupa á Hótel Borg á sínum tíma að mér þótti koma til greina að Alþingi keypti Hótel Borg þegar og ef það lægi fyrir að ekki yrði rekið þar hótel áfram. Ég taldi það þá geta verið skynsamlega bráðabirgðaráðstöfun fyrir Alþingi að kaupa Hótel Borg, en ekki í einhverju stríði við borgaryfirvöld í Reykjavík. Ég skil vel þá afstöðu ýmissa, sem fara með borgarmálefni Reykjavíkur, hvað þeir leggja mikið upp úr því að hér sé hótel á miðbæjarsvæðinu. En ég hélt satt að segja, eins og áreiðanlega fleiri, að það lægi fyrir að það væri enginn kaupandi að Hótel Borg sem mundi leggja það mikla fé sem þyrfti í þetta húsnæði til þess að gera það að sæmilega útbúnu hóteli.

Nú hefur þetta hins vegar breyst. Reykjavíkurborg hefur keypt þetta hús og tekið þannig þennan kaleik frá okkur. Ég held þess vegna að við þurfum ekki að vera að eyða tíma í það núna að ræða um Hótel Borg sem einhvern möguleika til þess að leysa húsnæðismál Alþingis.

Nokkuð hvassri gagnrýni hefur verið beint hér að fjvn. og það vekur athygli að það eru einkum þingmenn Framsfl. sem beina spjótum sínum að fjvn. Ég veit ekki hvort þeir eru sérstaklega að ráðast að formanninum, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og þá væntanlega hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Ég veit það ekki. Þeir hafa verið alveg menn til þess að grípa til varna. Ég tek ekkert sérstaklega undir þessa gagnrýni og held ekki að fjvn. hafi tekið sér neitt það vald sem hún ekki hefur. Þessari tillögu var einfaldlega og eðlilega vísað til hv. fjvn. Ef við ætlum að fara að gagnrýna fjvn. sérstaklega fyrir að afgreiða þetta mál seint, og það má svo sem gera, þá verðum við að gagnrýna líka fleiri nefndir. Það hefur verið nefnd hér alveg sérstaklega ein. Það er hv. sjútvn. Ed. sem er núna með stærsta mál þingsins og hefur ekki, að ég best veit, enn þá komið því frá sér nema þá það hafi gerst í dag.

Já, við erum hér að ræða húsnæðismál Alþingis og það er sannarlega eitt af stærri málum þingsins. Það eru húsnæðismál þess sjálfs sem eru auðvitað þinginu til skammar og hafa verið það lengi. Þar tek ég undir með hæstv. forseta Nd. sem talaði hér áðan. Ég veit hins vegar ekki hvort þessi málatilbúnaður sem við erum hér að ræða um, þessa upphaflegu tillögu og brtt. sem hér liggja fyrir, gefi okkur tilefni til þess að ræða húsnæðismál Alþingis eins og við þyrftum að gera. Við erum í raun og veru aðeins að ræða hér um bráðabirgðaráðstafanir. Ef allt væri með felldu hér á hv. Alþingi þá hefði svo sem vel mátt styðja þessa tillögu meiri hl. fjvn. að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Alþingi. En hér er bara ekki allt með felldu. Ég get ekki fallist á það að fela hæstv. forsetum Alþingis að ganga til kaupa á einhverju húsnæði hér í kring á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn er að leggja fyrir Alþingi alls konar tillögur um niðurskurð hér og þar á hinum mikilvægustu málum, en síðan á þingið að gefa forsetunum einhverja óútfyllta ávísun, án þess að nokkuð hafi verið séð fyrir fjárveitingu í þessu skyni. Menn verða þarna að vera samkvæmir sjálfum sér og þess vegna lýsi ég yfir stuðningi við tillögu minni hl. fjvn.

Raunar má kannski segja, eins og ég held að hafi komið fram í máli einhvers ræðumanna hér fyrr í dag, að það sé tímaeyðsla að vera að ræða þetta. Í raun og veru hafa forsetar Alþingis stöðuumboð til þess að kanna möguleika á úrbótum í húsnæðismálum Alþingis, en þeir hafa engar heimildir til þess að kaupa. En ég veit að þetta voru þeir að gera. Þetta voru hæstv. forsetar að gera þegar þeir voru í viðræðum við eigendur Hótel Borgar og komu með tillöguna í samræmi við þá niðurstöðu sem þeir höfðu fengið í þeim viðræðum. En nú er það sem sagt ekki lengur á dagskrá.

Ég held að það væri gagnlegt fyrir okkur að fá svolítið gleggri upplýsingar um það hvað hefur verið samið um við borgaryfirvöld í Reykjavík um nýtingu þeirra lóða sem Alþingi á. Ég held að það væri gagnlegt að fá það upp á borðið nú strax. Ég segi það vegna þess að mér finnst kominn tími til, ég veit að sá tími er ekki í dag og hann er ekki á þessu þingi, fyrir Alþingi að taka endanlega afstöðu til húsbygginga og hætta þessu tali um sífelldar bráðabirgðaráðstafanir. Við vorum komnir nokkuð áleiðis hér um árið. Samkeppni hafði farið fram. Það höfðu farið fram rannsóknir hér á svæðinu og fé hafði verið veitt til hönnunar þeirrar byggingar sem fyrirhuguð var, en aldrei beint leyfi Alþingis til þess að byggja, það skorti. Ég held að Alþingi ætti nú á haustdögum, eða næst þegar það kemur saman, að ganga endanlega frá ákvörðun um að byggja yfir þingið.

Ég spurði um samninga sem kunna að hafa verið gerðir um nýtingu þeirra lóða sem Alþingi á hérna. Ég spyr líka: Hefur það komið fram í viðræðum við borgaryfirvöld hvort eitthvað er því til fyrirstöðu að rífa þessa ömurlegu húsaröð sem er hér við Kirkjustrætið og Alþingi á og er því líka til skammar? Ég veit að það hefur komið fram tillaga í borgarstjórn um að þessi hús fái að standa, verði endurbyggð í þeirri mynd sem þau eru nú og friðuð. Hvað hefur komið fram í viðræðum við borgaryfirvöld um þetta atriði? Ef eitthvað svoleiðis er á ferðinni og t.d. lægi fyrir á haustdögum að Alþingi fengi ekki að byggja

þarna, þá verður að taka mið af því. Þá er kannski komin upp sú staða, sem einhverjir hafa nefnt hér, að borgaryfirvöld kæri sig kannski ekkert um að hafa þingið hérna. Þetta þurfum við allt saman að fá að vita.

Hv. þm. Árni Gunnarsson spurði hér hverjar væru tillögur þeirra sem væru á móti kaupunum á Hótel Borg. Ég þarf kannski ekki að svara þessu vegna þess að ég var aldrei beint á móti þeim kaupum, en ég vil samt fá að svara. Mín tillaga er þessi, að þingið taki ákvörðun um byggingu ef slíkt byggingarleyfi verður gefið út. Þá er ég ekki endilega að tala um að byggja eftir þeirri teikningu sem við vorum hér með fyrir framan okkur fyrir nokkrum missirum. Það getur allt saman staðið til endurskoðunar.

Svo finnst mér að við eigum ekki að vera að eyða löngum tíma í að tala hér út frá því að borgarstjóri hafi leikið eitthvað á Alþingi. Ég held að við verðum að taka undir það sem hæstv. forseti Sþ. sagði þegar borgarstjóri hafði gert kauptilboðið í Hótel Borg: Hann er einfaldlega klókari stjórnmálamaður en þeir sem hafa verið að véla um húsnæðismál Alþingis.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft og skylt að upplýsa hv. 2. þm. Reykn. um þann samning sem gerður var í góðri samvinnu við borgaryfirvöld um nýtingu svæðisins hér í kringum Alþingishúsið. Eins og hv. þm. hafa fundið á sjálfum sér á undanförnum árum hefur varla verið manngengt hér á milli húsa og auðvitað hinu háa Alþingi til stórsmánar hvernig þetta svæði hefur litið út. Við töldum okkur skulda Reykvíkingum og umhverfi okkar það að reyna að taka til hér á svæðinu miðað við þær aðstæður sem við búum nú við. Okkur var það ljóst að með tilkomu hins nýja ráðhúss breytist auðvitað allt umhverfi hér og hvað sem okkur ýmsum kunni að þykja um staðsetningu ráðhússins, þá er það nú staðreynd og ber auðvitað að umgangast það síðan sem slíkt. Okkur var alveg ljóst að stórbyggingar á vegum Alþingis færu varla saman við þá miklu byggingu sem þarna er að rísa og okkur var fullkomlega ljóst að hún þyrfti rými svo að hún gæti þá notið sín. Eflaust er þetta hið fegursta hús þegar það verður fullbyggt. Um þetta ræddum við við borgarstjórann í Reykjavík. Síðan höfum við í vetur látið vinna ágæta skipulagsteikningu að þessu svæði sem stóð til að sýna hv. þm. fyrir þinglok. Þar hafa að komið bæði landslagsarkitektar borgarinnar, Gunnar Ingibergsson, húsameistari okkar hér á Alþingi, skrifstofustjóri og fjármálastjóri og ýmsir þeir aðrir sem vit hafa á slíkum málum, einnig Stefán Hermannsson fyrir hönd borgarstjóra. Þessi samningur sem loksins var undirritaður nú sl. mánudag hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og nú vænti ég að hv. 2. þm. Reykn. vilji hlýða á:

„Forsetar Alþingis annars vegar og borgarstjórinn í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs hins vegar gera með sér svofelldan samning um bráðabirgðafrágang og afnot af lóðum Alþingis vestan Alþingishússins:

1. gr. Húsið Tjarnargata 3C verður fjarlægt, en Reykjavíkurborg gefur kost á lóð undir það á horni Túngötu og Garðastrætis. Gatnagerðargjöld og önnur gjöld verða eins og venjulegar reglur segja til um.

2. gr. Reykjavíkurborg lætur ganga frá grunnum eftir fjarlægð hús, Tjarnargötu 5A og 3C, lætur malbika stæði, gera gangstéttir, gróðursetja og setja upp nýja lýsingu, allt samkvæmt teikningu sem báðir aðilar samþykkja. Miða skal við að heildarfjöldi bílastæða verði 120 og að góð göngutengsl verði milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis yfir lóðina.

3. gr. Aðilar láta sameiginlega gera yfirlitsuppdrátt og tilnefna hvor sinn fulltrúa til að hafa umsjón með því. Reykjavíkurborg lætur gera séruppdrætti.

4. gr. Við inn- og útkeyrslu verður settur upp hliðbúnaður og gjaldtökutæki fyrir fastanotendur á vegum Alþingis og skammtímanotendur og fastanotendur sem greiða gjald. Sérstök innkeyrsla frá Kirkjustræti með búnaði verður sett fyrir 16 sérmerkt stæði næst Alþingishúsi. Reykjavíkurborg lætur setja upp þennan búnað og annast rekstur hans og viðhald. Reykjavíkurborg felur bílastæðasjóði fyrir sína hönd daglegan rekstur. Alþingi fær á hverjum tíma afnot af tilteknum fjölda aðgangskorta, án greiðslu á leigu, en fyrir endurnýjun korta er greitt skilagjald, 1000 kr.

5. gr. Reykjavíkurborg sér um og kostar hirðu svæðisins og viðhald allt og rekstur, svo sem merkingu akreina og bílastæða og orku vegna lýsingar. Alþingi greiðir fasteignagjöld af lóðinni eins og verið hefur.

6. gr. Áætlaður stofnkostnaður vegna þessara bráðabirgðabreytinga er 30 millj. kr. Greiðir Alþingi 5,5 millj. kr. en borgarsjóður það sem á vantar.

7. gr. Reykjavíkurborg lætur setja hitalagnir í gangstíga og bílastæði, eins og sýnt verður á teikningum, og telst lagning þeirra hluti stofnkostnaðar. Við upphitun bílastæða og gangstíga verður notað vatn frá húsum Alþingis eftir því sem við verður komið. Viðbótarhiti fæst með hitaveituvatni og skiptist árlegur rekstrarkostnaður vegna þess milli aðila í hlutfalli við þann fjölda bílastæða sem hvor aðili hefur afnot af.

8. gr. Vegna tilkostnaðar síns hefur borgarsjóður afnot af lóðinni og tekjur af þeim hluta bílastæða sem leigður er út í a.m.k. 10 ár frá því að stæðið er tekið í notkun. Gert er ráð fyrir að bílastæðasjóður njóti tekna af 67 stæðum, Alþingi nýti allt að 50 stæði og að eigendur Vonarstrætis 10 hafi afnot af 5 stæðum.

9. gr. Samningur þessi framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með sex mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 23. apríl 1990.

Forsetar Alþingis fyrir hönd Alþingis, Guðrún Helgadóttir, Jón Helgason, Geir H. Haarde.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson."

Til upplýsingar skal þess einnig getið að á síðari stigum þessara samningsviðræðna féllst Reykjavíkurborg á að hita einnig upp bílastæðin sem við höfum nú. Við lögðum á það mikla áherslu að allt svæðið yrði tekið rækilega í gegn, og þar með lítil svæði kringum þau hús sem nú standa við Vonarstræti,

þannig að þarna yrði falleg heildarmynd, þ.e. fallegar hellulagnir, sem sjá má á teikningum, svo og runnagróður til prýði og ljós og bekkir ef Reykvíkingar vilja hvíla sig og horfa á hið fallega, nýja ráðhús sitt. Ég hygg því að mönnum bregði í brún á hausti komanda þegar þessum aðgerðum er lokið því að þær munu hefjast nú þegar. Munum við auglýsa á allra næstu dögum húsið að Tjarnargötu 3C og erum mjög ánægð yfir því að þetta gamla og sögufræga hús, sem m.a. Indriði Einarsson bjó í á sínum tíma, verður áfram í miðbænum. Það fær mjög góða lóð á horni Garðastrætis og Túngötu og verður því varla sýndur meiri sómi. Við höfum því í stuttu máli átt hið ágætasta samstarf og skilning beggja aðila við Reykjavíkurborg og teljum að Alþingi hafi verulega komið þarna til móts við þarfir Reykjavíkurborgar vegna tilkomu hins nýja ráðhúss.

Ég ætla ekki að ræða gang mála sem á eftir komu. Ég skil þau ekki, vil ekki skilja þau og þau komu mér að sjálfsögðu á óvart. Einasta niðurstaðan sem ég hef komist að, eftir allar þær samræður og viðræður sem um þessi mál hafa farið fram, er að forseti Sþ. er ótrúlega bláeygður í samskiptum við annað fólk.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Sá hæstv. forseti sem vék hér úr stólnum kvað sig vera óþarflega bláeygan í samskiptum við annað fólk. En ég held að það sé verið að vinna hér gott verk, m.a. með því samstarfi sem hefur verið og þeim samningi sem var verið að lýsa milli Reykjavíkurborgar og Alþingis. Ég held að þjösnaskapur í þessum málum hefði ekki verið til neinna þæginda fyrir Alþingi eða fyrir nokkra menn yfirleitt. Ég held að hún þurfi ekki að biðjast afsökunar á því að hún sé eitthvað bláeygð og hafi ekki notað einhver bolabrögð eða einhvern kvikindisháttí sambandi við þessi skipti.

Því miður ber hér á góma að nýju að hugsanlega hafi borgaryfirvöld — ja, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér áðan: Borgarstjórinn lýgur. Ég vona að hann leiðrétti það. Þetta kom nú allt saman til umræðu hér þann 7. des. sl. einmitt á milli mín og hæstv. forseta Sþ. Þó að ég fari ekki langt út í að lesa það upp því að það er ekkert skemmtilegt út af fyrir sig, engin sérstök skemmtilesning, þá liggur það ljóst fyrir að þetta plagg, sem nú er enn þá verið að draga fram úr skúffunni, er minnismiði skrifstofustjóra Alþingis um fund með Jóni Tómassyni fulltrúa hjá borgarstjóra. Og síðan er sagt að borgarstjóri fari með lygar o.s.frv. Í umræðunum 7. des. segir hæstv. forseti orðrétt þetta um þetta merkilega plagg:

„Skrifstofustjóri Alþingis kom til forseta Sþ. með skilaboð frá Jóni Tómassyni borgarlögmanni, því að við höfðum beðið borgarstjóra að láta okkur vita hvort eitthvað nýtt kæmi fram sem hindraði frekari framgang málsins. Og skrifstofustjóri Alþingis bar þau skilaboð frá Jóni Tómassyni, allnokkuð löngu síðar, að það mundi ekkert nýtt koma fram. Þannig stæðu þessi mál. Borgin hygðist hvorki kaupa né styrkja neinn rekstur í húsinu og ekki fremur en um var talað leggja stein í götu Alþingis."

Þetta er nú allt og sumt sem að baki þessu liggur. Meðan þessar sömu umræður stóðu yfir hringdi ég til borgarstjóra og hann leyfði mér að hafa þar eftir sér, líka orðrétt, — það var verið að tala um að borgarráð hefði einróma samþykkt mótmæli gegn því að breyta Hótel Borg í skrifstofuhús eða til annars reksturs en þar hefði verið, algerlega einróma mótmæli sem allir vissu um, þá segir orðrétt í Alþingistíðindum 7. des. um þennan ágreining: „Borgarráð samþykkti einum rómi að andmæla þessum fyrirætlunum á sínum tíma. Af þessu tilefni hafði ég samband við borgarstjórann í Reykjavík og hann staðfesti það að sú ályktun [borgarráðsins alls um að mótmæla þessum breytingum] stæði óhreyfð en hins vegar hefði verið spurt á fundi, væntanlega þeim sama sem hæstv. forseti Sþ. sagði hér frá áðan, hvort Reykjavíkurborg hygðist kaupa Hótel Borg." Því svaraði borgarstjóri einfaldlega þannig að um það hefði engin ákvörðun verið tekin. Það vissu líka allir. Borgarráð hafði ekki tekið neina ákvörðun um kaup á Hótel Borg. Það hefur ekkert verið svikið, hvorki með kaupum né án kaupa á Hótel Borg, enginn svikið nokkurn mann. Borgin ákveður núna um daginn að kaupa Hótel Borg. Reykjavíkurborg ákveður að kaupa Hótel Borg nú fyrir nokkrum dögum. Reykjavíkurborg hafði aldrei áður ákveðið að kaupa Hótel Borg. Það er allt fyrir opnum tjöldum, ekkert gert sem hægt er að tala um sem brigðir á einhverjum hlutum, að einhver sé að fara aftan að öðrum eða neitt í þá áttina. Þetta er allt saman tómur barnaskapur og tilbúningur hjá hv. þm. sem hafa æst sig hér upp með ekki litlum látum og þá sérstaklega Ólafur Þ. Þórðarson að sjálfsögðu sem auðvitað ber að biðja afsökunar á þessu og kannski því fremur þar sem ég leyfi mér að lesa hér enn upp úr þessu plaggi tvær línur. Þegar ég er að árétta þetta sem ég var að segja áðan, hver væru tildrög þessarar yfirlýsingar sem er yfirlýsing Friðriks Ólafssonar, skrifstofustjóra Alþingis, eftir viðtal við Jón Tómasson, fulltrúa Davíðs. Það er nú búið að fara í gegnum þessa liði og engar fullyrðingar af neinu tagi heldur bollaleggingar hjá þessum mönnum. Þegar ég er að lýsa þessu, þá kallar hæstv. forseti, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, fram í og segir við mig af sínum drengskap orðrétt: „Ég var ekki að vitna orðrétt í borgarstjóra." Staðfestir það sem ég er að segja. „Ég var ekki að vitna orðrétt í borgarstjóra." Hún var að skýra frá þessum munnlegu ummælum og óformlegu fundum sem farið höfðu fram. Svo þenja menn sig hér og segja: Borgarstjórinn lýgur, borgarstjórinn lýgur. Ég skil eiginlega ekki hvers lags vinnubrögð þetta eru orðin á Alþingi. Og svo eru þessir sömu menn stundum að tala um virðingu Alþingis. Það er dálítið vandmeðfarið, þetta orð „virðing", hvort menn eru að bera virðingu fyrir sjálfum sér eða ætlast til að aðrir beri virðingu fyrir sér, eða hverju þeir yfirleitt bera virðingu fyrir. En það getur varla verið virðing við Alþingi að hafa þessi ummæli hér um hönd og helst ber ekki að hafa á Alþingi menn sem ekki þá biðja afsökunar á því að vera með slíkt orðbragð, eins og gerðist í þessu tilfelli.

Að því er varðar ummæli Árna Gunnarssonar

þingmanns hins vegar, þá er ég honum náttúrlega mjög þakklátur fyrir hans mikla áhuga á störfum Alþingis og virðingu Alþingis og efast ekki um að það er allt af góðum huga gert. Og það veit ég raunar líka að þetta er af góðum huga gert hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni þó að þetta dytti nú upp úr honum og ég veit að hann á eftir að biðja afsökunar á þessum mistökum sínum. En það er ekki rétt að engir þingmenn hafi komið fram með neinar tillögur um lausnir á málefnum Alþingis. Ég er hér með t.d. í hendinni kort sem reyndar birtist í Morgunblaðinu 12. apríl 1989, fyrir ári. Og þar sem nú er lýst svona harkalega eftir því að hver og einn þingmaður skýri nú frá því hvað hann vill hér úr ræðustóli, þá býst ég við að hæstv. forseti muni ekki hafa mikið við það að athuga að ég biðji starfsfólk þingsins um að fjölrita þetta plagg og sýna hvað um er að ræða. Þetta er mjög einfalt mál í mínum huga. Tilefni þess að ég skrifaði þessa grein og lét gera þetta kort — hér er ráðhúsið neðst og hér er nú þinghúsið okkar blessað og hér er nokkuð sem ég kalla ráðhústorg. Það er þar sem Oddfellow er nú, að Oddfellow megi gjarnan fjarlægja. Það er nefnilega ódýrara að brjóta niður steinhús en að rífa gömul timburhús og meira efni í þeim til fyllingar í höfnina o.s.frv. og ekkert mál að gera það. Alþingi hefði getað notað það um einhvern tíma en það hús er mjög óhentugt. Mér er leyfilegt að segja það hér að Oddfellowar sem hafa þegar fengið fyrir alllöngu síðan lóð hjá borginni eru þegar búnir að láta teikna og eru í útboðum um að byggja sér nýtt heimili og þurfa þar af leiðandi að selja þetta hús. Það verður falt og þá er komið þarna mjög mikið svigrúm, mjög fallegt torg gæti þarna myndast og hér við Kirkjustræti á horni þessa torgs má byggja hús sem er mun stærra en Hótel Borg. Það mætti byrja að byggja það nærri því á morgun. Það gæti fallið nærri því saman við tillögu tvö sem fékk 2. verðlaunin. Stíllinn á þessu húsi gæti verið í líkingu við það. Það er ekkert vandamál að byrja að byggja slíkt hús, byggja það kannski í tveimur eða þremur áföngum sem nægir Alþingi algerlega. Og svo höfum við auðvitað lóðirnar hér við Kirkjuhvol, sem má auðvitað rífa, og lóðir þar sem Alþingi á að bæta við skrifstofuhúsnæði.

Það er engin þröng hér hvorki um þinghúsið né ráðhúsið ef menn fara skynsamlega að ráði sínu og skoða í rósemi og stillingu hvað best sé í þessu að gera, en ætla sér ekki að fara að grafa sig tvær mannhæðir, kannski fjórar mannhæðir niður í jörðina endilega hér undir öllu þessu svæði sem er gífurlega dýrt mannvirki að byggja bílastæði á tveimur hæðum. Hins vegar er sárabillegt að hafa bílastæði undir húsum á einni hæð. Það gefur auðvitað auga leið að það er þrýstingurinn frá sjónum sem gerir það að verkum að neðri hæðin og allur sá styrkleiki er þar þarf að vera og þungi er auðvitað allt annar ef menn ætla að fara að grafa sig langt niður, en það bílastæðavandamál má auðvitað leysa með því að hafa þau meira og minna undir öllum þeim opnu svæðum sem hérna væru. Þetta ætti að vera auðveldast af öllu sem hugsast getur, að borgaryfirvöld og ríkisyfirvöld, Alþingi sjálft, settust niður og athugaðu og semdu um sín á milli.

Og svo eru menn jafnvel að halda því fram að það séu til einhver borgaryfirvöld sem kannski vilji ekki hafa Alþingi hérna í Kvosinni. Ég þekki ekki einn einasta Reykvíking sem ekki vill hafa Alþingi í Kvosinni. Það voru uppi raddir um það hér áður fyrr að um þrengsli yrði hér að ræða en þær hafa mikið til hjaðnað. Þær raddir sem koma um að flytja Alþingi úr Kvosinni eru ekki raddir Reykvíkinga, miklu frekar raddir annarra manna sem telja óþarft að hafa Alþingi hér. Ég held að hægt sé að ná fullkominni sátt í þessu máli með rólegheitum ef menn setjast niður.

Mér er alveg sama hvort atkvæði ganga um þær vitlausu tillögur sem hérna eru í bak og fyrir. Það verður auðvitað aldrei eftir þeim farið. Húsið sem upphaflega var talað um að byggja var auðvitað allt of stórt, sú mynd gat aldrei gengið upp, það var drungalegt. Við skulum ekki fara að ræða það frekar, það er liðin tíð og verður auðvitað aldrei neitt úr því.

Ég ætla þá að þiggja þau boð og ég vona að a.m.k. forseti Nd. styðji það að ég eyði pappír frá Alþingi og láti ljósrita þetta kort og bið hann um og býð öðrum að skoða og ræða hvaða hugmyndir þarna eru á ferðinni. Og það má merkilegt heita að menn sem voru mjög æstir um aðrar lausnir hafa tekið því vel, þegar ég hef sýnt þeim þetta kort, að athuga þetta nánar og snúa sér að því að byggja dálítið hugguleg hús fyrir þingið hérna úti þar sem Skjaldbreið er núna. Síðan má fjarlægja Oddfellow þegar þar að kemur, það liggur ekkert á. Þá verður hér komið dýrðlegt svæði, Austurvöllur tengdur saman við Ráðhústorg við Tjörnina, allt í hóflegri tengingu sem engan mann getur meitt, allt fagurt og yfirlætislaust.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið og ætla ekki að eyða tíma í að ræða hér störf fjvn., sem mikið hafa verið til umræðu og eru sennilega kveikjan að því hversu löng þessi umræða er orðin. Ekki hyggst ég heldur fjalla efnislega um málið, kaupin á Hótel Borg. Ég tel mig hafa skýrt frá mínum sjónarmiðum hér fyrr í umræðunni og lýsti þar mjög ákveðinni andstöðu við kaupin á Hótel Borg, m.a. í ljósi þess að ég taldi það verða nánast banabita á menningarlífið í miðborginni og miðbæjarrómansinn, ef svo má að orði komast, fyrir utan það að ég tel húsið að mörgu leyti mjög óhentugt fyrir þessa starfsemi.

Hér hafa menn komið upp og verið ansi stóryrtir og hvassyrtir og þá alveg sérstaklega þeir alþýðuflokksmenn sem hér hafa talað. Einnig hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem bar nú hreinar lygar upp á borgarstjórann í Reykjavík, sem ég vil leyfa mér að mótmæla og get ekki setið undir slíku. Hv. þm. vísaði í því sambandi til greinargerðar er fylgir þáltill. þar sem vitnað er í viðræður forseta Alþingis við borgarstjóra og að í þeim viðræðum hafi verið ljóst að borgaryfirvöld mundu ekki hafa í hyggju að kaupa Hótel Borg né stuðla að fjárhagslegum rekstri þess

sem hótels. Í næstu setningu á eftir kemur síðan að flm. telji eðlilegt að till. þessi hljóti afgreiðslu nú á haustþingi. Ég vil leyfa mér að segja að borgarstjórinn í Reykjavík hefði þá alveg eins mátt gagnálykta, að úr því að ekki var tekin ákvörðun á haustþingi þá gæti hann talið sig mega endurskoða sína afstöðu. Það tel ég mjög einsýnt. Hins vegar fagna ég ákvörðun borgarstjóra. Ég tel að hann hafi bjargað andliti Alþingis með því að stíga fram fyrir skjöldu og kaupa Hótel Borg. Og ég tel að hann hafi einnig bjargað með því miðbæjarlífinu. Fyrir það vil ég þakka hv. borgarstjóra, að bjarga andliti okkar á þá lund.

Ég lýsi stuðningi mínum við þá till. sem minni hl. fjvn. leggur fram. Ég tel hana mjög eðlilega og mjög ásættanlega fyrir alla, jafnvel hv. þm. Árna Gunnarsson, forseta neðri deildar, sem var vægast sagt mjög argur í ræðustól og notaði mjög stór orð. Hann lét að því liggja — eða lét ekkert að því liggja, hann sagði það berum orðum — að hér væru annarlegar hvatir að baki og ásakaði þingmenn hér um metnaðarleysi og lágkúru. Á skrattanum átti ég von en ekki slíkum málflutningi frá hv. þm. Árna Gunnarssyni. Ég skal alveg taka undir það með honum að kaupin eru í sjálfu sér reyfarakaup. Verðið á Hótel Borg er ekki ýkja hátt, en það breytir því ekki að í mínum huga er það húsnæði óhentugt fyrir þessa starfsemi, fyrir utan þá skemmd sem það veldur á menningarlífi miðborgarinnar.

Hv. þm. kallaði mjög ákveðið eftir því að menn kæmu hér með sínar tillögur. Ég viðraði þær nú reyndar í fyrri umræðu um þetta mál en séu menn fastir við það að leita að bráðabirgðalausnum, og það hér í kringum okkur, er náttúrlega einfaldast að horfa hér til Pósts- og símahússins sem ég hygg að mundi taka nánast alla starfsemina, mundi losa okkur undan þeim 7–8 húsum sem við erum nú að nota, en ekki aðeins tvö hús, eins og Hótel Borg mundi gera. Það væri þá skömminni skárra að líta í þá áttina og kaupa það hús, ef hægt væri og ef hægt væri að flytja þá starfsemi sem þar fer fram annað.

Hvað rekstrargrundvöll Hótel Borgar varðar þá kemur það þessari stofnun nánast ekkert við og það á ekkert að vera hér í umræðunni. Það kemur okkur ekkert við hvort rekstrargrundvöllur er fyrir hóteli þarna úti eða ekki, það er ekkert innlegg í þetta mál.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gagnrýndi borgarstjórann í Reykjavík fyrir kaup á veitingahúsum og skemmtistöðum. Ég vil aftur fá að þakka borgarstjóranum fyrir, hann keypti það sem hv. þm. vildi kalla stærsta diskótek í Evrópu, sem sýnir að hann hefur ekki heimsótt þau mörg undanfarin ár, því það er víðs fjarri að svo sé. Þetta keypti hv. borgarstjóri og borgarstjórn til þess að hýsa unglingana í Reykjavík sem hafa verið á götunni og í húsnæðisvandræðum. Hafa þurft að leita hér niður á Hallærisplan og inn á Hlemm og lent þar í alls konar útistöðum og vitleysu. Þetta vilja þeir alþýðuflokksmenn, sem einu sinni buðu fram í borgarstjórn en geta það ekki lengur, gagnrýna. Þeir vilja halda krökkunum áfram á Hallærisplani, þeir vilja halda þeim áfram á Hlemmi. Það er félagsskapur sem þeir kjósa börnum Reykjavíkur. En það er bara ekki félagsskapur sem hægrimenn kjósa fyrir börn og framtíð Reykjavíkurborgar.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kom hér með sínar hugmyndir um framtíðarskipan húsnæðismála Alþingis. Ég tel að allar hugmyndir séu athyglisverðar og það beri að skoða þær. Ég lýsti því hins vegar yfir í fyrri umræðunni, og tel mig þá kannski örlítið gamaldags, að hinn ákjósanlegasti staður fyrir Alþingi að mínu mati væri á Þingvöllum. Og ég tel að ekki þurfi að færa nein rök fyrir því, þau sjá allir. Helstu rökin eru að sjálfsögðu sögulegs eðlis. Þar vildi ég allra helst sjá þessa starfsemi. En ég geri mér alveg grein fyrir því að menn líta það misjöfnum augum.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins ítreka andstöðu mína við þá till. sem hér var lögð fram um kaup á Hótel Borg. Og ég vil lýsa andstöðu minni við till. meiri hl. fjvn. þar sem veita á opna heimild til handa forsetum Alþingis til að kanna og jafnvel ganga til kaupa á einhverju húsnæði fyrir þessa stofnun.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl., sagði það sína skoðun að best færi á því að Alþingi hefði aðsetur á Þingvöllum, sínum forna þingstað og að því mundi koma. Ég er honum sammála og hef oftar en einu sinni lýst þessari skoðun. En það er ekki á dagskrá núna og það er ekki tímabært enn þá að ræða um þann möguleika.

Það er ýmislegt í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag sem er nauðsynlegt að koma inn á. Í raun og veru er þessi umræða í ýmsum efnum harla einkennileg, enda líka þannig til hennar stofnað. Á síðustu dögum þingsins í fyrra kemur fram tillaga um að veita forsetum heimild til þess að festa kaup á Hótel Borg. Af hverju skyldi þetta hafa komið á síðustu dögum þingsins og, mér liggur við að segja, hlaupið í óðagoti til að koma með þessa tillögu? Af hverju? Fyrir þá tilviljun að um þær mundir er Hótel Borg auglýst til sölu. Tillagan hefði ekki komið annars. Það er hlaupið til, nánast af tilviljun, til að gera ráðstafanir sem væru hrein bábylja nema höfð væri í huga framtíðarlausn á húsnæðismálum Alþingis, og ekki gengi í bága við fyrirætlanir, vilja og samþykktir Alþingis um húsnæðismál sín.

Þessi tillaga hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Hún er svo borin fram fyrir jól í vetur. Og hvað sem líður vinnubrögðum í hv. fjvn. ber svo við að þegar hún kemur hér til umræðu er enn þá Hótel Borg á dagskrá og nú er búið að selja Hótel Borg. Ekki er nú hægt að missa af glæpnum og umræðan skal vera eftir sem áður. Ég er ekki sammála meiri hl. fjvn. Ég vil ekkert umboð til handa forsetum til þess að kaupa nýtt hús, hvorki Hótel Borg né annað. Ég er sammála till. minni hl. fjvn. Hún er meinlaus, gerir ekkert til, enda sagði hv. frsm. minni hl. að í till. fælist ekkert sem forsetar hefðu ekki umboð til þess að gera án þess að till. væri samþykkt.

Ég ætla ekki að ræða meira um þessa till. En það er

fullkomin ástæða til að ræða um húsnæðismál Alþingis almennt. Og það hefur líka verið kallað eftir því af ýmsum ræðumönnum að það væri gert, menn segðu hreint og afdráttarlaust hver væri skoðun þingmanna í því efni. Ég vil að sjálfsögðu ekki skorast undan þessu. Það væri hægt í fáum orðum að rekja sögu húsnæðismála Alþingis frá upphafi. Það væri hægt með fáum orðum af því að það hefur svo lítið skeð, þó gefið hafi verið timbur um 1020 í kirkju á Þingvöllum, svokallaða þingmannakirkju, og þó að byggt hafi verið Lögréttuhús á átjándu öld, sem var orðið ónýtt um aldamótin 1800 þegar Alþingi flutti til Reykjavíkur.

Það mætti líka rekja í fáum orðum söguna um byggingu þessa húss þar sem við nú stöndum. Það er lærdómsríkt fyrir okkur í dag að lesa þá sögu, hvernig voru gerðar ítrekaðar tilraunir til að eyðileggja þessa framkvæmd. Og það er sláandi hvað rökin voru þá svipuð því sem við nú heyrum þegar menn, undir hvers konar yfirskini, eru að draga úr viðleitni þingsins til þess að búa sómasamlega að sínum eigin húsnæðismálum. En ég ætla ekki að gera þetta. Og ég ætla ekki heldur að fara að lýsa ástandi þingsins með tilliti til húsakosts hér. Við vitum það allir þingmenn álíka vel.

Það var ekki að ófyrirsynju, og það legg ég áherslu á, að Alþingi samþykkti árið 1981 ályktun sem varðar húsakost þingsins. Það var gert í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins. Hún var bæði viðeigandi og tímabær þingsályktunin frá 1981. Þá lá málið þannig fyrir að til þess að mæta vanda Alþingis var um tvo kosti að velja. Annars vegar var um að ræða að reisa nýtt Alþingishús, hins vegar að efna til framkvæmda sem gerðu mögulegt að nota núverandi Alþingishús til frambúðar, eins og það var orðað. Hvaða kostur var valinn, að nota núverandi Alþingishús til frambúðar eða byggja nýtt Alþingishús? Það vitum við allir hv. þingmenn. Það var valinn sá kostur að nota Alþingishúsið sem nú er til frambúðar en gera það mögulegt með því að efna til byggingarframkvæmda.

Í þáltill. frá 1981 var mælt svo fyrir að efnt skyldi til samkeppni um gerð og skipulag nýbyggingar fyrir starfsemi þingsins. Skyldi samkeppni við það miðuð að heimkynni Alþingis verði áfram í núverandi þinghúsi svo og byggingum í næsta nágrenni þess. Þannig var þetta orðað. Snemma árs 1985 var hafinn undirbúningur að því að koma fram vilja Alþingis í málinu. Fengin var aðstoð Arkitektafélags Íslands við framkvæmd á samkeppni nýbyggingarinnar og dómnefnd var skipuð sjö mönnum. Dómnefndin vann að undirbúningi og gerð keppnislýsingar í samráði — já, í samráði við hverja haldið þið? Í beinu samráði við þingflokkana. Þannig voru drög að keppnislýsingu, útboðsskýringum og verkefnalýsingu send þingflokkunum til umsagnar þar sem skýrt var frá öllu fyrirkomulagi og kröfum sem dómnefndin hugðist gera í samræmi við lausn verkefnisins. Auk þess höfðu þáv. forsetar þingsins fundi með formönnum þingflokkanna til kynningar og skýringa eftir því sem gerð keppnislýsingar miðaði áfram. Fékk dómnefndin ýmsar ábendingar frá þingflokkunum vegna þess að þetta samráð var haft.

Annar hluti þessarar nýbyggingar var ætlaður til aðstöðu fyrir þingnefndir, þingflokka, skrifstofu Alþingis, bókasafn, skjalasafn og mötuneyti. Einnig var gert ráð fyrir sérhönnuðu húsrými fyrir ræðuritun, tölvuvinnslu og sjónvarpsupptöku. Enn fremur var ætluð aðstaða fyrir útgáfu Alþingistíðinda og dreifingu þeirra og afgreiðslu til almennings. Þá var einnig um að ræða húsrými fyrir húsvörslu, heilsurækt, póstafgreiðslu o.s.frv. Hinn hluti byggingarinnar var ætlaður fyrir skrifstofur þingmanna ásamt tilheyrandi forrýmum og fundaherbergjum.

Með tilliti til fyrirhugaðra nota var nýbyggingunni ætlað að vera sem næst Alþingishúsinu. Það var forsenda fyrir öllum þessum hugmyndum að nýbyggingin yrði sem næst Alþingishúsinu. Þó var lögð áhersla á að nálægð húsanna yrði ekki til lýta fyrir útlit Alþingishússins svo að stíll þess nyti sín eftir sem áður. Þess vegna var gert ráð fyrir því að nýbyggingin væri tengd Alþingishúsinu með neðanjarðargöngum. Þá þurfti að gæta þess við staðsetningu nýbyggingarinnar að möguleikar yrðu fyrir hendi ef rétt þætti í framtíðinni að reisa nýtt Alþingishús á lóðaspildum þeim sem Alþingi hefur yfir af ráða á svæði því sem markast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti. Af þessum ástæðum var gert ráð fyrir því að nýbyggingin yrði látin standa annars vegar við Kirkjustræti vestanvert við Alþingishúsið og hins vegar við Tjarnargötu.

Þegar nýbyggingin yrði tengd við Alþingishúsið var að því stefnt að gerðar yrðu nokkrar breytingar á innra fyrirkomulagi þinghússins. Hugmyndin var að herbergjaskipan og frágangur innan húss yrði færður sem næst upprunalegri gerð. Sömuleiðis var unnið að breytingum á innanstokksmunum þingsalanna beggja svo að rými þar mætti verða til frambúðar. Það er óþarft að taka það fram að þeirri fyrirætlan var fljótt komið í framkvæmd svo sem búið hefur verið við nú í þrjú ár.

Samkeppnin um nýbyggingu Alþingis var auglýst í febrúar 1986 og skilafrestur var í júní. En þegar í desember 1985 hafði Alþingi gefið út fréttatilkynningu þar sem vakin var athygli arkitekta á hinni væntanlegu samkeppni. Þessi samkeppni fór fram eftir samkeppnireglum Arkitektafélags Íslands. Rétt til þátttöku höfðu allir félagsmenn Arkitektafélags Íslands og þeir aðrir sem hafa leyfi til að leggja aðalteikningar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur. Í þessari samkeppni bárust 25 tillögur. Það var álit dómnefndar að tillögurnar sem komið höfðu í þessa samkeppni væru almennt í mjög háum gæðaflokki. Höfundarnir lögðu sig fram um verk sitt og framsetning þeirra almennt var sérstaklega góð og skýr. Með tilliti til þess að um var að ræða byggingu í kjarna miðborgarinnar og í nágrenni friðaðra bygginga lagði dómnefndin megináherslu á aðlögun að umhverfinu og tengsl við Alþingishúsið með tilliti til sveigjanleika og hagkvæmnissjónarmiða. Þá hafði dómnefndin í huga að nýbyggingunni hæfði látlaus virðuleiki hið

ytra og innra þar sem þar færi fram starfsemi sem ætti heima í þinghúsinu sjálfu, ef rými hefði leyft.

Ég hef viljað gefa lýsingu á því sem ég hef hér tilgreint svo ekki færi milli mála hvað þarna var um að ræða. En ég vil svo aðeins taka fram til viðbótar að eftir ítarlega meðferð og athugun á tillögunum samþykkti dómnefndin einróma að veita þrenn verðlaun, 1., 2. og 3. verðlaun. Auk þess samþykkti dómnefndin einróma kaup á fimm tillögum. Fyrstu verðlaun hlaut ungur arkitekt, Sigurður Einarsson. Í umsögn dómnefndar um tillögu hans sagði m.a.:

„Byggingin fellur vel að Alþingishúsinu og húsalínu Kirkjustrætis. Glerturninn sem varðar inngang-inn styður virðuleik Alþingishússins á áþekkan hátt og turn Dómkirkjunnar. Aðkoma að húsinu er í samræmi við þau markmið sem höfundur gefur sér og inngangur er einkar vel gerður. Yfirsýn innan húss er mjög góð, svo og staðsetning hinna ýmsu deilda."

Lok samkeppninnar og afhending verðlauna var síðsumars 1986. Eftir að Alþingi kom saman haustið 1986 var hafist handa að kynna þingmönnum nánar teikninguna er hlaut fyrstu verðlaun. Málið var rætt á sameiginlegum fundum forseta þingsins og formanna þingflokkanna. Þá var tillagan útskýrð og farið yfir teikninguna á sérfundum með þingmönnum hvers þingflokks. Það var gert af arkitektum þeim sem sæti höfðu átt í dómnefndinni.

Í framhaldi af þessari meðferð málsins komu forsetar þingsins þá og formenn þingflokkanna sér saman um að leggja fram brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1987. Samkvæmt tillögunni var gert ráð fyrir 12 millj. kr. vegna hönnunarkostnaðar á næsta ári. Sú grein var gerð fyrir þeirri tillögu að þessi upphæð væri um helmingur þess sem áætlaður heildarkostnaður vegna hönnunar nýbyggingar mundi nema, sú útfærsla teikningarinnar sem var talin nauðsynleg til skýringar svo að hægt væri að leggja málið fyrir Alþingi til ákvörðunar. Það var mat manna að nánari útlistun og aðlögun þyrfti að teikningunni eins og hún kom af borði verðlaunahafa áður en málið yrði lagt fyrir Alþingi til ákvörðunar, ekki um hvort hafin skyldi bygging þegar í stað heldur um það hvort fullkomin hönnun á þessari teikningu ætti að fara fram. Þessi brtt. á fjárlögum var samþykkt og hliðstæð tillaga var samþykkt fyrir árið 1988. Og þá var litið svo á, haustið 1988, að þetta verk væri komið það langt og komið í það horf sem gert var ráð fyrir til þess að hægt væri að leggja málið til ákvörðunar fyrir Alþingi, hvort ætti að fullhanna þetta hús.

Á þessum tímamótum eða um það leyti sem Alþingi kom saman 1988 var dreift áfangaskýrslu nýbyggingar Alþingishússins, sem ég held hér á, til allra þingmanna. Þar er útfærð teikning verðlaunahafans, ýmsu breytt og skýringar gefnar. Á sama tíma var líka tilbúið líkan af þessari byggingu og það var gert til sýningar fyrir hv. alþm. til að þeir gætu gert sér sem gleggsta grein fyrir því hvað hér væri um að ræða og það átti að gerast í byrjun þings 1988. Og í byrjun þings eða nokkrum dögum áður var líkanið komið í þetta hús og beið þess að vera sett til sýningar. Hafa menn séð þetta líkan?

Það var breyting á forsetadæminu í þinginu í byrjun þessa þings og hæstv. forseti Sþ., sem á að hafa forustu í þessu efni, hefur ekki séð ástæðu til að sýna þetta líkan. Það hefur verið kallað eftir því, m.a. úr þessum ræðustól, en hæstv. forseti Sþ. segir ekkert. Ég ætla ekki með orðum að fordæma þetta framferði. Menn geta hver og einn dæmt um það sjálfir hvort þetta séu eðlileg vinnubrögð. En hver er ástæðan fyrir því að þessum vinnubrögðum er beitt? Hver er ástæðan fyrir því að forsetar leggja ekki fram til ákvörðunar Alþingis samkeppnistillögu sem fékk verðlaun með útfærslum öllum sem búið var að gera samkvæmt áfangaskýrslunni frá haustinu 1988? Hvers vegna hefur það ekki verið gert? Forsetar verða að svara fyrir þetta. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Framferði forseta, og sérstaklega forseta Sþ., eftir að hér er komið málum er þess eðlis að ekki verður hjá því komist að víkja að því máli. Vegna hvers verður ekki hjá því komist? Það er vegna þess að málið hefur ekki verið lagt fyrir, nýbyggingarmálið, í því formi sem gert var ráð fyrir og búið var að undirbúa og það er vegna hegðunar hæstv. forseta frá því að þetta skeði. Og í hverju skyldi nú sú hegðun vera fólgin? Hæstv. forseti hefur við hvert tækifæri lýst því yfir að byggingarmál sem um var rætt og samkeppni fór fram um og undirbúin var til ákvarðanatöku á Alþingi, væri búið mál eða a.m.k. í biðstöðu til mjög langs tíma. Hvað kemur hæstv. forseta til þess að segja þetta? Það er von að spurt sé. Hæstv. forseti hefur svarað þessu og hefur ítrekað við hvert mögulegt tækifæri sem hann hefur fundið til þess að drepa á dreif byggingarmálum Alþingis, láta ekki taka afstöðu til þeirra. Forsendan er sú að ekki sé möguleiki og brostin forsenda fyrir öllum þessum hugmyndum, fyrir þáltill. frá 1981, fyrir útboðinu 1986, fyrir vinnunni sem unnin var 1986, 1987 og 1988 vegna þess að ráðhúsið væri að koma við Reykjavíkurtjörn.

Þegar samþykktin var gerð 1981, þegar samkeppnisútboðið var gert 1986 og öll vinna við þetta, áður en allt þetta kom til, lá fyrir að ráðhúsið kæmi þar sem það er. Samkvæmt skipulagi Reykjavíkur og deiliskipulagi frá 1967 var gert ráð fyrir ráðhúsi við Tjörnina. Það var þá að vísu fyrir miðju Vonarstræti, á lakari stað frá sjónarmiði Alþingis en það er staðsett nú. Það var búið að staðsetja ráðhúsið þar sem það er þegar farið var að vinna að nýbyggingarmálinu, það var búið. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. 4. þm. Vestf. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni vegna þess að nú munu þingflokksformenn gerast óþolinmóðir að fá sitt fólk til funda. Hugmyndin er að fresta fundi til kl. 6.30, en þá er raunar gert ráð fyrir að fundir hefjist í deildum, þ.e. í Ed. en fundi í Nd. yrði frestað þangað til eftir kvöldmat, þannig að menn viti hvernig hugmyndin er að halda áfram hér í kvöld. Ég vildi þess vegna spyrja hv. þm. hvort hann

geti lokið ræðu sinni nú á mjög skömmum tíma eða hvort hann vill fresta henni.) Ég vildi, hæstv. forseti, gera tilraun til þess að ljúka ræðunni á mjög skömmum tíma. (**Forseti:** Þá er það leyft.)

Ég var að tala um þá kenningu, að ráðhúsið hefði komið í veg fyrir þetta. Ég var að segja að hæstv. forseti hefði sagt þetta í tíma og ótíma. Það hefur gengið á síbylja þessara ósanninda allan tímann meðan hefur verið leitast við að eyðileggja raunhæfar aðgerðir, eða a.m.k. ákvörðun Alþingis um það, í byggingarmálunum.

Ég tek hérna af handahófi. Það er 15. okt. 1988 — er það ekki tveim eða þrem dögum eftir að hæstv. forseti er kjörinn forseti? — þá hleypur hæstv. forseti fram á völlinn og segir að ráðhúsið breyti öllu, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðhúsið breytir auðvitað öllu í sambandi við byggingu alþingishúss. Það er t.d. engin leið að gera sér grein fyrir hvernig umferðin verður í kringum húsið eða næsta nágrenni, því veit enginn hvort pláss verður fyrir stækkun alþingishússins. Þegar hún var áformuð var ekki farið að ræða um ráðhúsið." Hvar er þetta? Í Dagblaðinu 15. okt. 1988. Þá segir hæstv. forseti í öðru blaði: „Ég held að það mál sé í mikilli biðstöðu." Þ.e. byggingarmálið. „Þegar farið var að tala um þinghús hér á reitnum vissu menn ekki að við hliðina á því yrði ráðhús Reykjavíkurborgar." Hvar er þetta sagt? Þetta er sagt í Nýju helgarblaði 9. des. 1988. Það er af nógu að taka. Ég skal taka aðeins eina tilvitnun í viðbót. Hún er svohljóðandi: „Þegar þingið fór smám saman að nálgast að verða nútímaþjóðþing þá kviknar hugmynd um að byggja þarna á svæðinu og undirbúningur hefst. Síðan er byrjað að byggja ráðhús Reykjavíkur á nánast sama stað. Það gjörbreytir allri stöðu málsins." Hvar er þetta sagt? Þetta er sagt 27. jan. 1989 í Nýju helgarblaði. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta.

Það er ábyrgðarlaust af forsetum Alþingis, og þá tilnefni ég sérstaklega forseta sameinaðs Alþingis, að halda svo á málum að öllu starfi sem hafði verið unnið frá 1981 þegar þingsályktun Alþingis var samþykkt um húsakost Alþingis sé kastað á dreif og reynt að stinga því undir stól með þeim hætti sem ég hef hér greint frá. En það er hálfu verra að segja ósannindi um þessi mál eins og hæstv. forseti sameinaðs þings er staðinn að. Því það er ekkert annað en ósannindi það sem hæstv. forseti segir um áhrif ráðhússins. Ráðhúsið var komið til áður, eins og ég áður sagði, en nokkuð var farið að útfæra og bjóða út samkeppnisgögnin 1986. Og allt sem gert var í þessu efni var gert í fullkomnu samráði við borgarstjóra. Það var gengið þannig frá þeim málum að forstöðumaður borgarskipulagsins í Reykjavík var einn af þeim sem voru í dómnefndinni. Það var engin tilviljun. Það var gert af hálfu okkar forseta til þess að það gæti enginn ágreiningur eða árekstrar komið á milli Alþingis og Reykjavíkurborgar. Og auðvitað átti það ekki að koma og þarf ekki að koma ef haldið er með réttum hætti á málum Alþingis.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég sé að hvorki forseti neðri deildar eða formaður þingflokks framsóknarmanna eru hér til þess að hlýða á mál manna, en hv. forseti neðri deildar kom með ákveðnar spurningar til þingmanna sem hann krafðist að fá svör við. Það eru nú venjulegir mannasiðir að menn, þegar þeir krefja aðra um svör, séu þá til taks til að taka við svörum. Það hefur alltaf legið fyrir hver mín afstaða hefur verið í þessu máli eftir að ákveðið var að byggja ráðhúsið hér í Tjörninni. Það liggur fyrir að ég taldi, og tel enn, að það hafi verið illa haldið á málum Alþingis í sambandi við það mál og að það er ósannað mál hvort, og allar líkur fyrir því, að Alþingi hafi átt hluta af þeirri lóð sem ráðhúsið stendur á. Eftir að ákveðið var að byggja þetta ráðhús þá varð mér það ljóst að til frambúðar gat Alþingi ekki verið á þessum stað. Og ef Alþingi hefur sett niður á annað borð út af þessu máli þá var það þá en ekki nú.

Hins vegar skil ég ekkert í þeim samningi sem virðulegur forseti sameinaðs þings las upp áðan. Þar sem það er sýnilegt að enn þá er borgarstjórinn í Reykjavík að þrengja að Alþingi. Svo ekki rýmkast nú um plássið við þann samning.

Ég lofaði virðulegum forseta að vera stuttorður og ætla að láta það duga. En ég kann því mjög illa að menn séu að leggja fyrirspurnir fyrir þingmenn, en hlaupa síðan út.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég má til með að koma með nokkrar athugasemdir í tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram. Það er að vísu alveg sjálfsagt að hv. þm. ræði um langvarandi húsnæðisvandræði Alþingis og hafa ýmsar upplýsingar um gang þeirra mála komið hér fram. Það er fróðlegt að heyra um það þótt skiptar séu skoðanir. Það er þó málefnaleg umræða. En það er ekki hægt að segja að sumir hv. þm. stjórnarliðsins hafi slíkt að leiðarljósi þegar litið er til orða þeirra sem hér hafa fallið og snerta borgarstjórn Reykjavíkur og einkum Davíð Oddsson borgarstjóra. Það er ekki bara furðulegt heldur líka sorglegt að hlusta á þær ávirðingar sem sumum hv. þm. þykir sæma að bera lýðræðislega kjörinn borgarstjóra Reykjavíkur. Það er ótrúlegt að mönnum þyki sæma að halda hér uppi slíkum áróðri og óhróðri gegn oddvita Sjálfstfl. í Reykjavík. Allt þetta mál ber raunar furðulega að. Hótel Borg hefur verið seld og því verður ekki breytt. Samt sem áður er þessi tillaga hér til umræðu. En það er rétt að benda á það að núna þegar alþingismenn eru mjög hlaðnir störfum og mörg mikilvæg mál bíða afgreiðslu þá skuli þessi umræða taka slíkan tíma. Ég tel að það sé hinu háa Alþingi til lítils sóma að ástunda slíkan málflutning sem hér hefur orðið og vona að á því verði ekki framhald.

Í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga, hæstv. forseti, að skoðanakannanir hafa sýnt það að Reykvíkingar kunna vel að meta störf Davíðs Oddssonar, en ekki verður það sama sagt um hæstv. ríkisstjórn og störf hennar.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þetta skal engan tíma taka. Í ræðu minni hér áðan þá talaði hæstv. forseti til mín og spurði mig hvort ég gæti fljótlega lokið ræðu minni vegna þess að þingflokksfundir byrjuðu kl. 5. Ég vildi verða við ósk hæstv. forseta um það. En mér var kunnugt um að fleiri voru á mælendaskrá og það hvarflaði ekki að mér annað en umræðunni yrði frestað. Ég óska því eftir því að umræðunni verði frestað því ég á eftir ýmsa útlistun sem m.a. hv. 6. þm. Norðurl. e. gaf mér tilefni til eftir að ég lauk máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. þm. á að enginn hafði beðið um orðið þannig að það var ekki eðlilegt að forseti legði til að fundinum yrði frestað. Það er enginn á mælendaskrá. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og því er þessari umræðu lokið. (**ÞK:** Ef umræðunni verður haldið áfram þá óska ég eftir orðinu. Það var það sem ég var að biðja um.) Nú vil ég biðja forvera minn, hv. 4. þm. Vestf., að skilja að forseti hefur þegar lýst umræðunni lokið vegna þess að enginn var á mælendaskrá. Nú viðurkennir forseti að hann kann ekki lengur ýtrustu þingsköp. Vill þá hv. þm. að ... Ja, ég held að ég verði að gefa hv. þm. orðið. Ég lít svo á að þessari umræðu sé lokið.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Ég verð nú að segja það að mig undrar það stórlega að hæstv. forseti skuli segja að umræðu sé lokið þegar búið er að biðja um orðið. Og ég var búinn að biðja um orðið áður en ég talaði um þingsköp. Ég tala núna um þingsköp. Þetta er einfalt mál. Ég stytti mál mitt áðan að beiðni forseta á þeirri forsendu að þingflokksfundir ættu að hefjast kl. 5. En það héldu áfram umræður og þá óskaði ég áfram eftir orðinu. Þetta er einfalt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa þá hv. þm. sem hafa komið í salinn eftir að þessi umræða hófst að þegar ég lýsti umræðu lokinni þá var enginn á mælendaskrá og hv. 4. þm. Vestf. hafði lokið ræðu sinni. Nú vill forseti koma til móts við óskir þingmannsins og taka þau orð sín aftur að umræðu sé lokið þó það sé allóvenjulegt. Ég hef skilið það svo að hv. þm. vilji neyta réttar síns til að tala tvisvar í málinu og hafi þar með beðið um orðið ef umræða verður opnuð að nýju. En ég verð að játa það að þetta hefur ekki fyrr komið fyrir mig sem forseta þessa þings og kannski skortir nokkuð á að ég kunni að bregðast við slíku tilviki. Vill hv. 4. þm. Vestf. tala um þingsköp? (**ÞK:** Já.) Þá tekur hv. 4. þm. Vestf. til máls.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Mér er nú þvert um geð að vera að tala svona mikið um þingsköp en mér er nauðugur einn kostur. Málið er einfaldlega það, og ég endurtek það ef hæstv. forseti vildi skilja það, að í minni ræðu áðan þá var óskað eftir því, ég skildi það, að ég stytti ræðu mína eða umræðunni yrði frestað. Ég varð við ósk forseta um að stytta ræðu mína. Ég reiknaði þá með að umræðunni yrði frestað eftir mína ræðu, en umræðan hélt áfram. Áður en hæstv. forseti sleit umræðu bað ég um orðið. Og ég mælist nú til þess að hæstv. forseti fari ekki að brjóta þingsköp með því að neita um orðið þeim sem biður um orðið og ekki heldur að brjóta þingsköpin á þann hátt að halda því fram að það hafi verið búið að ljúka umræðu og síðan sé hægt að taka hana upp aftur. Ég leiðrétti það líka sem kom fram hjá hæstv. forseta, eins og að ég hefði talað tvisvar í því dagskrármáli sem um ræðir og ég væri að biðja um orðið í þriðja sinn. Ég var að biðja um orðið í annað sinn. Ég hef haldið eina ræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun til samkomulags fresta þessum fundi og vill upplýsa að honum verður fram haldið kl. hálfsjö. Að honum loknum hefst fundur í efri deild, og raunar neðri deild einnig, en ætlunin er að fresta fundinum í neðri deild til kl. hálfníu í kvöld.

Nú, það berast þær upplýsingar að fundurinn í neðri deild hefjist einnig kl. hálfsjö eins og fundur í efri deild. Þá er umræðu frestað og fundinum einnig frestað til kl. hálfsjö. — [Fundarhlé.]

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég skal stytta mál mitt, en mér þykir rétt að víkja aðeins að því sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði. Hann lét að því liggja að hagsmuna Alþingis hafi ekki verið nógu vel gætt á undanförnum árum með tilliti til tilkomu ráðhússins hér í grenndinni. Þetta er mál sem hv. þm. hefur áður hreyft á þessu þingi og líka á síðasta þingi og ég var til andsvara í bæði skiptin eða í öll skiptin sem hann hefur nefnt þetta. Ég vil taka það fram hér að þessar hugmyndir hv. þm. eru algjörlega úr lausu lofti gripnar. Ég hygg að rétt sé að það eina sem fram hefur komið til borgaryfirvalda til að vara við áhrifum af byggingu stórhýsa hér í grennd við Alþingi hafi einmitt verið í tíð fyrrv. forseta á þessum tíma en ekki áður. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vísa í bréf sem forsetar Alþingis skrifuðu 24. mars 1988 til borgaryfirvalda varðandi þetta mál. Þar segir m.a.:

„Alþingishúsið er nú of lítið fyrir Alþingi. Úr þessu er nú bætt með því að koma starfsemi þingsins fyrir í sex húsum auk Alþingishússins. Eru hús þessi bæði ófullnægjandi og óhentug. Jafnframt er búið við þrengsli í sjálfu Alþingishúsinu. Gert er ráð fyrir að núverandi Alþingishús verði notað til frambúðar, en til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að byggja hús í nálægð Alþingishússins fyrir þá starfsemi sem rúmast ekki þar. Þeim húsum er ætlaður staður á landspildunni sem Alþingi hefur til umráða, annars vegar milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis og hins vegar milli Templarasunds og Tjarnargötu.

Alþingi leggur áherslu á að tekið verði fullt tillit til þarfa þess við ráðstöfun byggingarlóða í næsta nágrenni Alþingishússins.“

Ég held að ekki þurfi að fjölyrða frekar um þetta.

Ég átti von á að hæstv. forseti svaraði eða tjáði sig um þau atriði sem ég gerði einkum að umtalsefni og voru sérstök ádeila á störf hennar sem forseta varðandi byggingarmál Alþingis. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það sem ég hef áður sagt um þetta efni. En með því að hæstv. forseti tjáir sig ekki um þetta lít ég svo á að þögn sé sama og samþykki um meginatriði þess sem ég hélt fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fyrir liggja tvær brtt., á þskj. 1104 frá meiri hl. fjvn. og á þskj. 1118 frá minni hl. fjvn. Báðar þessar tillögur eiga það sameiginlegt að vera tillögur um að þingsályktunartillagan orðist svo sem þar segir. Forseti hefur kannað hvor tillagan skyldi borin upp fyrst og hvort tveggja er að tillaga meiri hl. fjvn. hefur lægra númer en þess utan gengur hún lengra. Það er því skoðun bæði forseta og þeirra embættismanna sem ráðgast hefur verið við að eðlilegra sé að bera upp tillögu meiri hl. fjvn. fyrst. Verði því ekki mótmælt mun forseti gera svo. (**EKJ:** Ég vil fá skýringu á því í hvaða tilviki hún gangi lengra.) Hún gengur lengra því hún er þess efnis að Alþingi álykti að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Alþingi en tillaga minni hl. fjallar um að fela forsetum Alþingis að kanna hvaða möguleikar eru til hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis og skila um það skýrslu. Ég held að það fari ekki á milli mála að tillaga meiri hl. fjvn. gangi lengra og samkvæmt öllum þingsköpum held ég að hér sé eðlilega að farið.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Ég skal ekki hafa mörg orð. Skýring forseta ætti að sjálfsögðu við ef ekki væri hér um brtt. að ræða. Hér er hins vegar um brtt. að ræða sem gengur skemmra til skerðingar á því sem er í aðaltillögunni. Þess vegna er alveg ljóst að þó að tillaga minni hl. beri hærra númer þá á hún að ganga til atkvæða fyrst. Það er alveg ljóst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti bar þetta undir embættismenn þingsins sem bentu á að venja væri að þar sem um tvær tillögur væri að ræða sem báðar orðuðu tillögutextann að nýju væri sú tillagan sem fyrr væri fram komin borin upp fyrst en þess utan þótti efni brtt. meiri hl. fjvn. ganga lengra þannig að menn töldu tvær ástæður til þess að bera þá tillögu upp fyrst. Forseti vill hins vegar taka fram að það er honum ekki mikið mál hvor tillagan yrði borin upp fyrst, nema það að ég held að það sé í samræmi við ýtrustu þingsköp að fara að svo sem ég sagði.

Pálmi Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Að mínum dómi liggur það fyrir að tillaga minni hl. felur í sér meira frávik frá upphaflegri tillögu og gengur því lengra í þá átt að breyta þeirri tillögu sem fyrir liggur í þinginu. Því ætti hún að berast upp fyrst og á undan þeirri tillögu sem gengur skemur í því að breyta þeirri tillögu sem fyrir liggur. Mín niðurstaða er því sú að tillaga minni hl. eigi að berast upp fyrst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti óskar eftir að fá að gera þriggja mínútna hlé og ræða þetta mál þar sem forseti er enn sannfærður um að hann hafi úrskurðað rétt fyrir stundu síðan. Nú vil ég biðja hv. þm. að hafa þolinmæði til að sitja fundinn til enda. — [Fundarhlé.]

Fundinum er fram haldið. Nýr fundur hefur verið haldinn með embættismönnum þingsins. Upp kom ágreiningur og meiri hl. féllst á tillögu minni hl. fjvn. Forseti úrskurðar því að tillaga minni hl. fjvn. skuli borin upp fyrst.

Forseti vill kynna þá nýju útskýringu sem hann hefur fengið. Menn vilja halda því fram að brtt. minni hl. fjvn. breyti hinni upphaflegu tillögu meira og því beri að bera hana upp fyrst og forseti getur út af fyrir sig fallist á þau rök.

Brtt. 1118 felld með 35:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞK, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHG, HBl, KrP, EKG, ÓE, PJ, SalÞ.

nei: AS, AÓB, ÁrnG, ÁHE, DS, EG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KE, MF, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, RG, SighB, SkA, StG, StH, SJS, SvG, GHelg.

15 þm. (ÞÞ, AðB, BÍG, EH, FÞ, GA, HJ, IBA, JúlS, KP, MÁM, PP, SP, SV, VS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fram hefur komið að nokkrir reimleikar hafa upphafist hér í Kvosinni í framhaldi af skoðunarferð á Hótel Borg hér á dögunum. Hér liggja fyrir tvær tillögur sem vandi er nokkur að skera úr um þegar maður er samþykkur hluta en ósamþykkur öðru. Ég verð því að gera grein fyrir atkvæði mínu varðandi þessa tillögu.

Í tillgr. er sagt í upphafi að kanna eigi hvaða möguleikar eru til aukinnar hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis. Það væri skynsamlegt, en þegar kemur í framhaldinu að það skuli leitað úrlausna í grennd við Alþingishúsið fer í verra því auðvitað er alveg ljóst að með þeirri afstöðu sem tekin hefur verið af forustu Reykjavíkurborgar í þessu máli, og er það raunar ekki í fyrsta sinn sem þrengt er að þessari stofnun af hálfu forustu Reykjavíkurborgar, þá verða mál fyrir Alþingi ekki leyst hér á þessum stað og ég

efast mjög um að eðlileg úrlausn fáist fyrir þingið í þessu sveitarfélagi. Því verði að leita víðar. Ég hef bent á úrlausn í því efni. Það er nóg landrými á Austurlandi undir þessa virðulegu stofnun og ég held að menn verði að horfa til þess í ljósi þess sem fram hefur komið hér að undanförnu, fyrst með byggingu ráðhúss hér ofan í lóð Alþingis og síðan með því að hremma Hótel Borg frammi fyrir nefinu á forustu þingsins. Ég segi nei.

Brtt. 1104,1 (ný tillgr.) samþ. með 27:9 atkv.

Brtt. 1104,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 31:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KE, MF, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, RG, SighB, StH, SJS, SvG, VS, AS, AÓB, ÁrnG, ÁHE, EG, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg.

nei: HBl, EgJ, GHG.

HG, KrP, EKG, PJ, SkA, SV, ÞP, ÞK, EKJ, GHH greiddu ekki atkvæði.

19 þm. (HJ, IBA, JúlS, KP, MÁM, ÓE, PP, RA, SP, SalÞ, StG, ÞÞ, AðB, BÍG, DS, EH, FÞ, FrS, GA) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 29:3 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1128) með fyrirsögninni:

Þál. um heimild til handa forsetum Alþingis til þess að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Alþingi.

EFRI DEILD

89. fundur, mánudaginn 30. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Umferðarlög, 3. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 918.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gjald af erlendum lánum vegna skipasmíða, 2. umr.

Frv. HBl, 97. mál. — Þskj. 98, n. 897 og 1028.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 897 um frv. til laga um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi. Álit þetta er frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

Það frv. sem hér um ræðir flutti hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal á sínum tíma. Meiri hl. nefndarinnar komst að samkomulagi sem kemur fram í eftirfarandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Umsagnir bárust frá Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri, auk þess sem upplýsingar um málið bárust frá Sambandi málm- og skipasmiðja.

Ríkisstjórnin hefur þessi mál nú til sérstakrar skoðunar. Af þeirri ástæðu leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta meirihlutaálit rita Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson og Eiður Guðnason.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það liggur fyrir að að óbreyttum lögum er ekki heimilt að endurgreiða gjald af erlendum lántökum vegna skipasmíða hér á landi sem innheimt var og tilgreint er í frv. Yfirlýsing um að það sé óheimilt var gefin af hæstv. fjmrh. hinn 21. des. sl. Ég hef síðan innt hann eftir því persónulega hvort hann hafi breytt um skoðun og það er ljóst að hann telur ekki heimilt að endurgreiða gjald af erlendum lántökum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að þetta frv. sé flutt ef á annað borð stendur til að endurgreiða þetta gjald. Ég vil minna á að þetta gjald var lagt á á sínum tíma til að reyna að hamla á móti þenslu sem talin var of mikil í þjóðfélaginu. Slíkar röksemdir eiga auðvitað ekki við í sambandi við innlendar skipasmíðar og allra síst nú þegar svo er komið að Slippstöðin á Akureyri t.d. getur ekki selt það skip sem þar hefur verið í smíðum af ástæðum sem ég hef áður rakið og sé ekki ástæðu til að rekja enn á ný. Hér er ekki um háa fjárhæð að ræða ef hugsað er út frá hagsmunum ríkissjóðs en á hinn bóginn getur þessi upphæð munað *miklu fyrir einstök fyrirtæki. Ég vil minna á að* innlendar skipasmíðastöðvar eru í harðri samkeppni við sambærilegar stöðvar í löndum Evrópubandalagsins sem njóta verulegra ríkisstyrkja. Ég trúi því ekki, herra forseti, að meiri hl. deildarinnar sé þeirrar skoðunar að enn eigi að vega í þann knérunn sem íslenskar skipasmíðar eru og legg auðvitað til að frv. verði samþykkt.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar með örfáum orðum að tjá hug minn til þessa frv. Ég efast ekki um að hv. flm. gangi gott eitt til með flutningi frv. en hér er kannski ekki um einfalt mál að ræða t.d. vegna þess að með samþykkt þess værum við hugsanlega að mismuna starfsgreinum þar sem um er að ræða aðrar starfsgreinar sem teldu sig eflaust hafa sama rétt og þessi til endurgreiðslu á lántökugjaldi.

Ég tel aðalatriðið í þessu máli að ríkisstjórnin grípi til aðgerða til eflingar skipasmíðaiðnaði þó að þær verði ekki nákvæmlega það sem um getur í frv. Ég vil nefna það í þessu sambandi, eins og hv. flm. nefndi

reyndar áðan, að í Slippstöðinni á Akureyri er skip sem ekki hefur selst. Það kostar Slippstöðina hvorki meira né minna en um 5 millj. á mánuði að sitja uppi með þetta skip óselt og þar af eru um 3 millj. eingöngu vaxtakostnaður. Og þó að ég geti kannski ekki ætlast til þess að ríkisstjórnin selji skipið þá hlýtur hún að geta komið Slippstöðinni til hjálpar í þessu erfiða máli á annan hátt.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því t.d. hvað líði að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt en þar á Slippstöðin á Akureyri inni hærri upphæð en nemur þessu lántökugjaldi, kannski tvisvar sinnum hærri. Það munu vera um 8–10 millj.

Þá vil ég nefna að nú nýlega hefur verið gerður samningur um smíði á 37 m skipi við útgerðaraðila í Vestmannaeyjum, sem heitir Óskar Matthíasson og er virtur útgerðarmaður, þannig að verkefnastaðan er kannski ekki svo afleit nú á næstu mánuðum og á næsta vetri ef það mál gengur upp sem ég trúi ekki annað en að muni gera. Fiskveiðasjóður hefur reynst nokkuð erfiður varðandi nýsmíðina en ég skal ekki trúa því fyrr en ég tek á því að hann samþykki ekki lánafyrirgreiðslu vegna þessa samnings.

Í sambandi við það vil ég nefna, og það snýr kannski meira að iðnrh., að nefnd hefur verið að störfum vegna erfiðleika í skipasmíðaiðnaði sem tengist Appledore-skýrslu svokallaðri. Hún hefur ýmsar tillögur fram að færa til bóta í þessari starfsgrein og manni dettur í hug hvort ekki væri hugsanlegt að ríkissjóður styrkti smíðar á þessu skipi þar sem um það yrði að ræða að ákveðnar hugmyndir yrðu innfærðar á það verk.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál að sinni. Ég mun hlýða með athygli á svör hæstv. fjmrh. og hvort hann er með á takteinum einhverjar aðgerðir til hjálpar skipasmíðaiðnaðinum sem kannski yrðu honum ekki síður að gagni en samþykkt frv. sem hér um ræðir. Fer það eftir hans máli hvort ég styð álít meiri hl. eða minni hl.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var tekið út úr nefndinni var ég ekki viðstödd nefndarfund og var þess reyndar getið á nál. meiri hl. En eftir að hafa hlustað á rökstuðning hv. flm. finnst mér að koma þurfi til móts við þann vanda sem hann lýsir þar og ef ekki kemur annað fram í þessu máli til lausnar á þeim vanda tel ég eðlilegt að styðja þetta mál.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að fjalla ítarlega um það hér í þessari hv. deild að vandi skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi er mikill og hann á sér mjög langan aðdraganda. Ég hafði tækifæri til þess nú um helgina að ræða við ýmsa forsvarsmenn skipasmíðaiðnaðar á Akureyri og það kom greinilega fram í viðtölum við þá að sá vandi er mjög djúpstæður og á sér langan aðdraganda og ekki eru á honum einfaldar eða auðveldar lausnir. Ég nefni þetta nú hér í upphafi vegna þess að vikið var að því af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að nauðsynlegt væri að stjórnvöld tækju til ítarlegrar meðhöndlunar margvíslegar aðgerðir til þess að reyna að styrkja skipasmíðaiðnaðinn í landinu. Ég vil í þessu sambandi nefna að ríkisstjórnin ákvað fyrir nokkrum dögum að verja ákveðnu fjármagni til þess að styrkja markaðsskipulagningu fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar. (**HBl:** Hversu miklu fjármagni?) Það var, ef ég man rétt, um 8 millj. kr., ég er nú ekki með það alveg nákvæmlega fyrir framan mig en fer með það eftir minni. Það var til þess að gera skipasmíðastöðvunum kleift á næstu vikum og mánuðum að vinna skipulagða áætlun í þeim efnum.

Ég vil í öðru lagi nefna að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að viðgerð á hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni fór fram í íslenskri skipasmíðastöð en ekki var tekið tilboðum frá erlendum skipasmíðastöðvum þó að þau væru ódýrari og er þar auðvitað um að ræða allverulega upphæð sem munar. Þó að hún sé að forminu til tengd fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar og birtist þannig í opinberum gögnum er í reynd um að ræða fyrirgreiðslu til þess að styrkja verkefni íslenskra skipasmíðastöðva.

Ég vil í þriðja lagi nefna að ríkisvaldið hefur tvisvar á undanförnum mánuðum ákveðið að veita viðbótarframlag til þess að greiða kostnað af smíði sérstakrar Breiðafjarðarferju sem nýlega hefur verið tekin í notkun þar sem sá kostnaður reyndist mun meiri en ætlað var í upphafi.

Ég hugsa að ef þessar þrjár ákvarðanir eru lagðar saman, þá nemi þær allnokkrum tugum milljóna króna sem með einum eða öðrum hætti tengjast beinlínis aðstoð eða styrk við íslenskan skipasmíðaiðnað.

Ég vil í fjórða lagi nefna það að iðnrh. og fjmrh. hafa lagt drög að því að tekið verði sérstaklega á vanda Slippstöðvarinnar á Akureyri. Sá vandi er ekki aðeins vegna þess að það skip sem þar er í smíðum hefur ekki verið selt. Það var tekin ákvörðun um það að hefja smíði á þessu skipi án þess að hafa að því kaupanda. Vandinn felst ekki bara í því. Hann felst líka í því að ýmis fyrirtæki í sjávarútvegi sem hafa látið smíða fyrir sig skip í Slippstöðinni munu að öllum líkindum ekki geta staðið í skilum þannig að sá vandi nemur hugsanlega rúmlega 100 millj. kr. ef allt er talið.

Það er þess vegna alveg ljóst að þær upphæðir sem hér er verið að ræða varðandi endurgreiðslur á erlendum lánum eru í reynd aðeins lítið brot af því sem nauðsynlegt er að fjalla um og taka afstöðu til ef menn hafa raunverulegan vilja til þess að leysa vanda þessarar atvinnugreinar til frambúðar. Og í raun og veru held ég að það sé ekki aðalatriðið fyrir þessa atvinnugrein hvort peningarnir koma eftir þeirri leið sem fjallað er um í frv. sem hér er til umræðu heldur hvort þeir koma eftir einhverri annarri leið. Það er höfuðatriðið. Þetta er ekki spurningin um aðferðina í sjálfu sér, heldur fyrst og fremst að menn taki með heilsteyptum hætti á vanda þessarar atvinnugreinar.

Ég vil til viðbótar nefna það enn að það mun fara

fram útboð á smíði ferju milli Vestmannaeyja og lands, tengt fyrirtækinu Herjólfi, og þar er eitt af því sem stjórnvöld þurfa að meta þegar tilboð liggja fyrir hvort á að greiða fyrir því að sú smíði fari fram hér innan lands eða hvort hún fari fram erlendis eftir því hver munur á tilboðum er.

Ég vona að þessi lýsing sýni að ríkisstjórnin hefur nú þegar á undanförnum mánuðum tekið ákvarðanir sem fela í sér allverulegt fjármagn til skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi og í gangi er víðtæk vinna sem felur það í sér að geta fljótlega haft betri sýn á það hvað þarf í raun og veru mikið fjármagn til þess að geta styrkt þann skipasmíðaiðnað og eflt sem við viljum hafa hér í landinu.

Ég vænti þess að þessi svör feli það í sér að menn hafi hér nokkurt yfirlit yfir það af hvaða alvöru, og hún er mikil, unnið er að þessum málum og hefur verið unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar þar sem ekki hefur bara verið um orð að ræða heldur beinlínis útvegun fjármagns sem nemur tugum milljóna króna nú þegar til skipasmíðaiðnaðarins og verið er að ræða bæði vanda Slippstöðvarinnar á Akureyri, smíði sérstakrar ferju fyrir Herjólf og síðan 8 millj. kr. ef ég man rétt í sérstaka markaðsáætlun fyrir verkefni íslenskra skipasmíðastöðva á næstu missirum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég held að það séu mörg ár síðan ég heyrði jafnlítilfjörlegan málflutning og þann sem hæstv. fjmrh. viðhafði núna. Ég man ekki til þess að ég hafi heyrt jafnómerkilegan málflutning í þinginu. Hæstv. fjmrh. er að tíunda það hér að ríkissjóður hafi orðið að greiða byggingarverð Breiðafjarðarferju og ríkissjóður hafi orðið að standa skil á kaupverðinu og kallar það útvegun fjármagns sem nemur tugum milljóna króna. Það hefur ekki verið varið úr ríkissjóði einni einustu krónu til skipasmíðastöðvanna. Ég skora á hæstv. fjmrh. að koma og tíunda það. Þetta eru hrein ósannindi. Ég held að ég fari rétt með það, herra forseti, að fjáraukalög séu nú til athugunar í fjvn. Hér er staddur maður úr fjvn. Ég spyr hann og bið hann að svara úr sæti sínu: Er það rétt hjá hæstv. ráðherra að borist hafi beiðni frá ríkisstjórninni um sérstakar aukafjárveitingar svo skipti tugum milljóna vegna skipasmíðastöðva á þessu ári? Er það rétt? (**Fjmrh.:** Má ég skýra þetta með framíkalli?) Ég var að spyrja þingmanninn; er það rétt? (**EgJ:** Það hefur ekki, held ég, verið fjallað um það á sameiginlegum fundi.) Já, það hefur ekki verið gert þannig að þetta eru allt hrein ósannindi. (**Fjmrh.:** Nei.) Þetta eru hrein ósannindi og náttúrlega alveg makalaust að hæstv. fjmrh. skuli bjóða upp á annað eins og þetta. Alveg makalaust. Ég man satt að segja ekki eftir öðru eins. En það getur vel verið að það fullnægi óskum stjórnarmanns Slippstöðvarinnar á Akureyri að hlusta á bullið í ráðherranum. Og það má vel vera að stjórnarmaður í Slippstöðinni á Akureyri, sem á sæti í þessari hv. deild, sjái heldur ekki ástæðu til að útskýra þau sérstöku vandamál sem Slippstöðin stendur nú frammi fyrir og af hvaða sökum þau vandamál eru runnin. Ég veit ekki hvort stjórnarmaðurinn ætlar að taka upp hanskann fyrir sitt fyrirtæki þegar veist er að því með þeim hætti sem hér hefur verið gert af hæstv. ráðherra, t.d. með því að halda því fram að það skipti ekki máli með hvaða hætti fjármagn komi til þessarar starfsemi og er að tala um að eðlilegt sé að setja skipasmíðaiðnaðinn á sérstakan spena hjá ríkisvaldinu, undir opinbera forsjá, í staðinn fyrir að gefa skipasmíðaiðnaðinum svigrúm til að starfa með eðlilegum hætti.

Ég ætla að rekja þá fjóra punkta sem hæstv. fjmrh. fór hér með og tíndi upp. En ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að kalla til hæstv. iðnrh. því það fæst ekki eitt einasta orð af viti úr hans munni þegar rætt er um málefni skipasmíðaiðnaðar. Hann gerir ýmist að halda því fram að málefni skipasmíðaiðnaðarins séu í stakasta lagi — það sagði hann á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda og gaf í skyn að nú horfði til þess að næg verkefni væru hjá þeirri starfsgrein — en að hinu leytinu viðurkennir hann þá sérstöku erfiðleika sem skipasmíðaiðnaðurinn stendur frammi fyrir.

Fyrir nokkrum dögum sagði hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um 8 millj. kr. ríkisframlag til markaðssetningar fyrir íslenskar skipasmíðar. Ríkisstjórnin tók þessa ákvörðun um svipað leyti og ég lagði á það ríka áherslu að fjh.- og viðskn. samþykkti það frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er auðvitað gömul aðferð hjá ríkisstjórnum til þess að drepa málum á dreif, að stinga einhverri dúsu upp í atvinnugreinina til þess að réttlæta sjálfa sig þegar hún er að standa á móti nauðsynjamálum og réttlætismálum, eins og ég er hér að ræða um. Ef þessar 8 millj., sem hæstv. ráðherra er að guma af að skipasmíðastöðvarnar eigi að fá til markaðssetningar, eiga að vera á kostnað skipasmíðaiðnaðarins sjálfs þá sé ég satt að segja ekki að þær skipti miklu máli. Þá skipta þær auðvitað engu máli og eru fullkomlega hlægilegar. A.m.k. er alveg ljóst að að því leyti sem þessir peningar koma til þarfa Slippstöðvarinnar á Akureyri þá er þar um lægri upphæð að ræða en endurgreiðslu af lántökugjaldinu. Það er a.m.k. öldungis ljóst. Og hæstv. fjmrh. hefur auðvitað ekki nein tök á því að leggja annað á borðið.

Hæstv. fjmrh. var að telja það eftir að viðgerðin á Árna Friðrikssyni skyldi fara fram hér á landi og tíundaði það sem einhvern sérstakan greiða ríkisstjórnarinnar við skipasmíðaiðnaðinn. Ég hélt að þetta verk hefði verið boðið út. Ég hélt að þau verð sem í tilboðunum fólust hefðu ekki verið það há að þar væri um einhverjar sérstakar gjafir til þessa iðnaðar að ræða. Síður en svo. Sá málflutningur dæmir sig því sjálfur. En fjmrh. getur auðvitað sagt: Gjafir eru yður gefnar — og þóst sýna mikið örlæti. Hann talar um að tvisvar sé búið að ákveða að veita viðbótarframlag vegna Breiðafjarðarferju. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hafi ekki greitt meira en hann hefur heimild til sem fjmrh. Þess vegna hygg ég að greiðslur hans séu í samræmi við þann smíðasamning sem um var samið.

Í fjórða lagi sagði hæstv. fjmrh. að vandi Slippstöðvarinnar á Akureyri ætti sér langan aðdraganda. Það er auðvitað hárrétt hjá hæstv. ráðherra að vandi skipasmíðaiðnaðarins á sér langan aðdraganda ef við segjum að nokkur missiri séu langur aðdragandi. Við munum eftir því, eins og ég hef margsinnis tíundað, að hæstv. iðnrh. lagði svo á ráðin við myndun þessarar ríkisstjórnar að raungengi var allt of hátt hér á landi sem bitnaði mjög illilega á samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar. Síðan var það til viðbótar á árinu 1989 að mjög verulegt lántökugjald var lagt á lán sem tekin voru vegna smíði raðsmíðaskips á Akureyri. Það var þess vegna ekki nóg með að raungengi væri á þessum tíma um 15% hærra en efni stóðu til vegna eðlilegrar samkeppnisstöðu við sambærilegan iðnað í öðrum löndum, heldur bætti ríkisstjórnin gráu ofan á svart með því að leggja sérstakt lántökugjald á þau lán sem tekin voru vegna skipsins.

Ég vil líka, herra forseti, minna stjórnarmann Slippstöðvarinnar á Akureyri á það að þegar við vorum að ræða um það hér í deildinni að eðlilegt væri að endurgreiða lántökugjald, sem tekið var af lánum vegna meiri háttar viðhalds og endurbóta á fiskiskipum, þegar framkvæmdin væri unnin hér á landi, var því lýst yfir a.m.k. af hæstv. iðnrh. — ég skal ekki draga hæstv. fjmrh. inn í það mál — að þessi endurgreiðsla tæki einnig til innlendrar skipasmíði. Einnig til innlendrar skipasmíði. Það væri fróðlegt að fá álit hæstv. fjmrh. á því hvaða efnahagslegu rök, hvaða skattalegu rök eru fyrir því að taka hátt lántökugjald af þeim lánum sem tekin eru vegna innlendrar skipasmíði, en taka hins vegar ekki lántökugjaldið vegna meiri háttar endurbóta og viðhalds sem unnin eru hér á landi. Hvers vegna er það sem við sækjumst eftir því að verulegar endurbætur séu unnar hér á landi? Og hvers vegna er það sem við teljum nauðsynlegt að skip séu smíðuð hér á landi? Er það af því að við séum í einhverjum lúxus? Er það af tilviljun sem ákveðið var að hefja smíði skipsins, eða má vera að það hafi verið vegna þess að ekki er hægt að brúa það bil verkefnaleysis sem er t.d. hjá Slippstöðinni á Akureyri yfir háveturinn, yfir vertíðartímann, nema eitthvert slíkt alhliða verkefni liggi fyrir? Það voru þau sérstöku rök sem lágu fyrir því að í raðsmíðaskipið var ráðist.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að Slippstöðin stendur höllum fæti vegna þess að ekki var hægt að ganga frá samningum um sölu skipsins til Hvammstanga nú í vetur. Hvers vegna var það ekki hægt? Hvers vegna sóttist það mál svo illa? Hvers vegna dróst það mál svo mjög á langinn? Vegna þess að ríkisstjórnin lofaði að greiða fyrir málinu en gerði það ekki. Vegna þess að einstakir ráðherrar, og ekki síst iðnrh., lýstu því yfir hér í ræðustól í sameinuðu þingi að búið væri að ganga frá fullnægjandi lánum upp á 80%. Ég get rifjað það upp að fyrir stjórn Byggðasjóðs lá erindi frá forsrh. þess efnis að Byggðasjóður lánaði allt að 80% af smíðaverði. Þau skilaboð bárust inn á fundinn frá ríkisstjórninni að búið væri að leysa málið með öðrum hætti. Ríkisstjórnin ber þess vegna alla ábyrgð á því að það skip skyldi ekki hafa selst í vetur. Og það er ein höfuðástæðan fyrir þeim erfiðleikum sem Slippstöðin á Akureyri stendur frammi fyrir núna. Eða hvað heldur hæstv. fjmrh. að Slippstöðin hafi tapað miklum fjárhæðum á því að ekki var hægt að ganga frá sölusamningnum strax í desembermánuði eins og efni stóðu til? (**Fjmrh.:** Þetta er bara rugl.) Þetta er allt rétt, hvert einasta orð er rétt. Það er hægt að leiða ráðherrann í gegnum umræður hér á Alþingi. Það er hægt að hefja vitnaleiðslu um málið. Það er algjörlega vandalaust.

Ég heyri, herra forseti, að hæstv. fjmrh. óskar eftir því að ég tíundi í ræðu hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu sérstaka máli hér í deildinni og tíundi hvaða loforð ríkisstjórnin hefur gefið í þessum efnum, m.a. blaðafulltrúi hæstv. fjmrh. í viðtali við Dag í febrúarmánuði sl., af því gefna tilefni. Vegna þess að ég sé að sá stjórnarmaður í Slippstöðinni sem á sæti í þessari deild hefur snúist gegn frv. og ég sé að af þeim sökum er borin von að frv. nái fram að ganga, þá óska ég eftir því að ég fái að gera hlé á ræðu minni til þess að ég geti náð í þau gögn sem hæstv. fjmrh. er að skora á mig að leggja fram í mínum málflutningi. Ég mun þá ljúka ræðu minni þegar svigrúm gefst til á fundi deildarinnar og geri ráð fyrir því að eftir að búið er að afgreiða frv. um stjórn fiskveiða og frv. um Úreldingarsjóð fiskiskipa, hvort sem þau frv. verða samþykkt eða ekki, þá fái málið að koma aftur á dagskrá þannig að mér gefist svigrúm til þess að ná í þau gögn sem hæstv. fjmrh. sagði að ekki væru fyrir hendi. Þá óska ég jafnframt eftir því að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur umræðurnar þannig að hægt sé að rifja upp það sem þeir hafa sagt um viðskipti Slippstöðvarinnar á Akureyri við væntanlega kaupendur á Hvammstanga. Ég vil taka það fram að í deildinni er stjórnarmaður í Slippstöðinni á Akureyri sem getur þá leiðrétt ef ég halla þar réttu máli.

Ég ítreka, áður en ég geri hlé á ræðu minni, að við erum ekki að tala um neitt smámál, neitt hégómamál. Við erum að taka afstöðu til þess prinsipps hvort íslenskar skipasmíðar eigi að vera skattlagðar sérstaklega umfram það sem gert er varðandi viðhald og endurbætur á fiskiskipum hér á landi. Það er skoðun fjmrh. að það eigi að gera. Hann vill að aukaskatturinn á skipasmíðunum haldist þó svo að þessi iðngrein standi frammi fyrir þessum miklu erfiðleikum. Það liggur fyrir að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, sem hafa lítinn sjálfstæðan vilja satt að segja, eru sömu skoðunar og vilja kannski flestir taka undir þann skæting sem einstakir ráðherrar hafa af og til látið fjúka þegar skipasmíðaiðnaður er hér til umræðu.

Ég óska eftir því að fá að gera hlé á máli mínu til þess að ég geti safnað saman þeim gögnum sem hæstv. fjmrh. óskaði eftir að ég gerði. (**Fjmrh.:** Ég óskaði ekki eftir neinum gögnum.) Með því að rengja það sem ég sagði. (**Forseti:** Ég mun verða við beiðni hv. þm. Hann mun fresta ræðu sinni og er málið þá tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Skipan prestakalla, 3. umr.

Stjfrv. 386. mál (heildarlög). — Þskj. 1094.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því að allshn. hefði fengið umsögn frá sóknarnefnd utan af landi eftir að hún hafði afgreitt málið út úr nefndinni. Við vildum gjarnan skoða þetta umrædda mál betur og athuga hvort grundvöllur væri fyrir því að nefndin flytti viðbótarbrtt. til að koma til móts við athugasemdir þær sem bárust frá umræddri sóknarnefnd.

Ég hafði ekki, hæstv. forseti, gert ráð fyrir því að ræða efnislega um það mál sem hér um ræðir og gerði reyndar grein fyrir því hér eftir ræðu hæstv. sjútvrh. um þetta mál. En af gefnu tilefni tel ég rétt að lesa þessa umsögn sem nefndinni barst og ég vænti þess að þannig sé komin skýring á því hvers vegna við vildum athuga þetta einstaka mál og báðum þess vegna um frestun við 2. umr. þess. Ég ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta bréf sem nefndinni barst frá sóknarnefnd Bjarnanesssóknar í Skaftafellsprófastsdæmi. Ég hafði ekki nefnt þessa sókn fyrr því ég ætlaði mér að komast hjá því að ræða þetta. En nú ætla ég að leyfa mér að lesa þessa umsögn sem er stíluð til formanns allshn. Ed. Jóns Helgasonar. Umsögnin er dagsett 22. apríl 1990:

„Tilefni þessa bréfs er frétt sú sem borist hefur hér í sókn um umfjöllun hæstv. Alþingis á frv. að lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma. Sóknarnefnd Bjarnanesssóknar fagnar áhuga stjórnvalda á málefnum kirkjunnar og væntir góðs árangurs í kjölfar þess. Hins vegar kemur áðurnefndri sóknarnefnd mjög á óvart sú breyting sem þar er á orðin varðandi staðsetningu prestsseturs í Bjarnanessprestakalli. Er gert ráð fyrir í téðu frv. að prestssetur verði á Höfn en ekki í Bjarnanesi, eins og verið hefur, samkvæmt þeim lögum sem enn eru í gildi. Sýnist sú ráðstöfun mjög vafasöm og vart í anda ríkjandi stefnu stjórnvalda um byggðajafnvægi eða sjálfsákvörðunarrétt hinna dreifðu byggða. Því þótti nefndinni ástæða að kanna nánar hverju þetta sætti.

Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að ástæðan fyrir þeirri breytingu sem hér um ræðir er sú að hv. 1. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson hafði gefið út tilskipan þess eðlis á síðustu dögum sínum í embætti kirkjumrh. Kemur þessi gjörningur hæstv. fyrrv. kirkjumrh. mjög á óvart. Leyfir sóknarnefnd Bjarnanesssóknar sér að efast um réttmæti hans. Að vísu segir í gildandi lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma frá 9. maí 1970, 14. gr.: „Heimilt er ráðherra að ákveða, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu."

Ekki þarf að draga í efa að fullt tillit hafi verið tekið til umsagnar biskups og héraðsprófasts við afgreiðslu málsins. Sama er ekki að segja varðandi umsögn sóknarnefndar Bjarnanesssóknar frá 24. sept. 1989 sem, samkvæmt laganna hljóðan, er sá umsagnaraðili sem taka ber tillit til. Enda sá hæstv. fyrrv. kirkjumrh. ekki ástæðu til að leita samráðs við hana við afgreiðslu málsins. Jafnframt virðist þessi ákvörðun ekki í samræmi við óskir sóknarprestsins, séra Baldurs Kristjánssonar, ef miðað er við ummæli hans í bréfi frá 10. nóv. 1987 til þáv. kirkjumrh. Jóns Sigurðssonar varðandi byggingu nýs embættisbústaðar í Bjarnanesi. Einnig má vitna í ummæli hans í 30. tölublaði Eystra-Horns frá 31. ágúst 1989 þar sem hann gerir málefni prestsseturs í prestakallinu að umræðuefni.

Því er það álit okkar að afgreiðsla þessa máls standist vart lagalegar og þaðan af síður þær siðrænu kröfur sem ætlast er til að séu viðhafðar við afgreiðslu slíkra mála. Jafnframt hörmum við þá leynd sem virðist yfir allri meðferð málsins en teljum hana nokkuð eðlilega afleiðingu þess hvernig að afgreiðslu málsins hefur verið staðið. Því leyfir sóknarnefnd Bjarnanesssóknar sér hér með að senda hv. allshn. Ed. Alþingis afrit af umsögn sinni varðandi staðsetningu prestsseturs í Bjarnanessprestakalli frá 24. sept. 1989 ef það kynni að varpa ljósi á ýmsar staðreyndir þess máls sem hér er fjallað um.

Jafnframt væntum við þess að háttvirt allsherjarnefnd hlutist til um að málið fái réttláta meðferð þannig að horfið verði frá þeim breytingum sem þar eru boðaðar og Bjarnanes endurheimti sinn stað í kirkjusögunni.

Í sóknarnefnd Bjarnanesssóknar, Margot Gamm formaður, Hreinn Eiríksson og Ragnar Jónsson."

Þessari umsögn fylgir ljósrit af bréfi til biskups Íslands og jafnframt greinargerð sem vitnað er til, þar sem sóknarnefndin færir rök fyrir beiðni sinni. Einnig ljósrit af bréfi Baldurs Kristjánssonar sóknarprests sem hann hefur sent fjárveitinganefndarmönnum Alþingis og þingmönnum Austurlands í nóvember 1987.

Ég ætla ekki að lesa þessi fylgiskjöl, hæstv. forseti, og ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Við sem höfum verið að fjalla um þessa umsögn og vildum athuga hvort hægt væri að leita leiða til að verða við óskum sóknarnefndar höfum tekið þá afstöðu að láta kyrrt liggja að þessu sinni og munum því ekki flytja brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir eftir 2. umr. hér í hv. deild. En mér þótti nauðsynlegt að gefnu tilefni að láta þetta bréf, sem varð til þess að málið tafðist, koma hér fram í ræðustóli í hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Öryggi á vinnustöðum, frh. 2. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 717, n. 1076.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta mál var til umræðu á laugardaginn var. Þá kom upp umræða um atriði í þessum brtt. sem tilgreindar eru í frv. við lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og þá sérstaklega hvað varðar skilgreininguna í 1. gr., þ.e. að ungmenni í lögum þessum skuli merkja unglinga á aldursskeiðinu 16–18 ára. Vegna þeirrar umræðu sem þar kom upp og vegna þess að það er í raun skilningur flm. að fyrst og fremst sé um unglinga á aldrinum 16 og 17 ára að ræða, eins og kemur reyndar fram í lögunum í öðrum greinum, þá hafa flm. fallist á að gera eftirfarandi breytingar á 1. gr. Síðari efnismgr. orðist svo:

„Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga 16 og 17 ára.“

Í öðru lagi er brtt. við 3. gr. frv. Í stað orðsins „ungmenni“ í síðari mgr. greinarinnar komi: unglingar 16 og 17 ára.

Með þessum hætti er engu breytt um það sem tekur til unglinga í þessu frv. Lögin munu því áfram vera eins og nú er hvað varðar þann aldurshóp. Hins vegar er breytingin áfram í skilgreiningunni á börnum, þ.e. að barn merki í lögum þessum einstakling innan 16 ára aldurs. Nær þá frv. tilgangi sínum, ef það nær fram að ganga á þennan hátt, að vernda fyrst og fremst þau börn sem yngri eru gegn óhóflegri vinnu og sérstaklega hættulegum aðstæðum og hættulegum vélum. Ég vona að þetta komi til móts við þær athugasemdir sem hér komu fram þegar frv. var síðast rætt.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Af því að ég var upphafsmaður að því að ræða þetta atriði sem hv. flm. hefur nú gert brtt. við á þeim fundi þegar við ræddum þetta síðast, þá vil ég taka það fram að ég tel þetta ásættanlega niðurstöðu eins og hv. þm. leggur þetta fram núna. Við í hv. félmn. höfum rætt þetta og erum sammála um að mæla með samþykktinni á þessa leið. Þá er þetta óbreytt frá gildandi lögum hvað varðar unglinga en aldursmark barna er hækkað upp að 16 ára aldri. 2. gr. frv. er náttúrlega mjög góð grein og ég hef engar athugasemdir við hana.

Þó svo að ég samþykki þetta þá tel ég nauðsynlegt að menn skoði það í haust eða síðar hvort ástæða er til að breyta þessu með vinnutíma unglinga. Eins og ég sagði hér í ræðu minni síðast þá tel ég það svona á mörkum að binda vinnutíma unglinga 16 og 17 ára við þessa tíu tíma. En það er síðari tíma mál og ég samþykki fyrir mitt leyti og þakka flm. fyrir að hafa flutt þessa brtt. sem gerir málið ásættanlegra núna, að ekki sé verið að taka 18 ára aldurinn inn til viðbótar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1133 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1133,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1133,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

80. fundur, mánudaginn 30. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, 3. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til Ed. með 23 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 460.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til samræmingar á ákvæðunum um sérstakan eignarskattsauka við aðrar skattaforsendur ársins 1990. Ef þeim verður ekki breytt þýðir það að menn borga þeim mun meira í sérstakan eignarskattsauka. Af þeim ástæðum varð fullt samkomulag um málið í hv. Ed.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

81. fundur, mánudaginn 30. apríl, kl. 20.30 síðdegis.

Yfirstjórn umhverfismála, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 869, brtt. 720, 726,2, 1065.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Óþarft er að rekja þá miklu umræðu sem orðið hefur hér í þessari hv. deild um umhverfismálin. Ég minni þó á að þau voru lögð fram sem tvö mál, þ.e. annað fjallaði um stofnun umhverfisráðuneytis og hitt málið fjallaði um verkefni þess ráðuneytis.

Einna harðastar þóttu mér deilurnar um það hvort stofna ætti umhverfisráðuneyti. Það mál hefur nú verið afgreitt og er umhverfisráðuneyti staðreynd. Ég vænti þess að menn sætti sig við þá ákvörðun hvort sem þeir hafa áður verið henni andsnúnir eða ekki.

Verkefni umhverfisráðuneytisins verða að sjálfsögðu mörg og mikil. Ég vek athygli á því að mjög glöggt hefur komið fram í allri umræðu um umhverfismál hér á landi upp á síðkastið að sannarlega er þörf á að taka markvisst á þeim málum. Ég vek athygli á t.d. mengun sem er í fjörum þessa lands og hefur nýlega verið umræðuefni í fjölmiðlum og ég vek athygli á því átaki sem gert er til að græða upp landið þar sem greinilega hefur komið fram hve mjög það hefur spillst á undanförnum árum. Fleira gæti ég þannig að sjálfsögðu rakið sem ég veit að hv. þm. eru allir sammála um að afar brýnt sé að lagfæra. Þar sem umhverfisráðuneyti er staðreynd vona ég að allir hv. þm. séu sammála um að búa þurfi það ráðuneyti vel úr garði til þess að það geti sinnt þessum mikilvægu verkefnum. Ég hef þegar falið því nokkur mikilvæg verkefni með reglugerð, m.a. samræmingu á þeim málum sem falla undir mörg ráðuneyti. Engu að síður eru enn mörg verkefni sem ekki eru færð til þess sem tvímælalaust verður að gerast.

Í því frv. sem hér er til umræðu er einmitt um það fjallað, þ.e. þau verkefni sem eiga að færast til umhverfisráðuneytis. Mér er það mikið kappsmál að um þróun og uppbyggingu umhverfisráðuneytis geti orðið sem mestur friður, nú þegar stofnun þess er orðin að veruleika. Ég gekk í það nokkru fyrir páskahlé að athuga hvort samkomulag gæti orðið um að fresta gildistöku nokkurra greina í þessu frv. á meðan skipulag viðkomandi mála væri betur athugað og taldi líkur á að um það gæti orðið samkomulag. Svo varð þó ekki að lokum, því miður. Ég hef ákveðið að láta á það reyna þegar menn skoða þessi mál betur hvort sá grundvöllur sem þá var um rætt gæti orðið að samkomulagi um afgreiðslu frv. Ég hef því lagt fram brtt. á þskj. 1065 þar sem raktar eru þær tillögur sem fyrst og fremst var rætt um í því sambandi. Ætla ég að hlaupa hratt yfir þessi ákvæði.

Í þessum brtt. geri ég ráð fyrir því að 8.–14. gr. frv. taki ekki gildi fyrr en lokið er endurskoðun á starfsemi þeirra stofnana og þeim lögum sem um þær stofnanir fjalla sem um er getið í þessum greinum. Þarna er fyrst og fremst um að ræða heilbr.- og trmrn., þ.e. Hollustuverndina. Þar er um að ræða Siglingamálastofnun, þ.e. mengun sjávar, og þar er um að ræða Geislavarnir og eiturefnanefnd. Í 2. lið, sem er ákvæði til bráðabirgða, er síðan gert ráð fyrir að umhverfisráðherra leggi fram á haustþingi frv. til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Í því frv. verði ákveðið skipulag mengunar- og geislavarna á landi, í lofti og sjó. Síðan segir í 2. brtt.: „Umhverfisráðherra skal þó við gildistöku þessara laga hafa með höndum yfirstjórn og samræmingu hvers konar mengunarvarna og getur ákveðið aðgerðir í því sambandi.“ Umhverfisráðherra hefur þegar skipað þessa nefnd til að fjalla um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun og gerir ráð fyrir því að frv. um þá stofnun verði tilbúið á haustmánuðum.

Með tilliti til þess að þessi mál eru á æðimörgum höndum er að mínu mati óhjákvæmilegt að umhverfisráðherra fái strax það verkefni að sjá um yfirstjórn og samræmingu þessara mála. Ég þarf vitanlega ekki að nefna mörg dæmi um það. Menn vita að þegar um þessi mál er að ræða, þá koma margir að þeim, ekki bara Hollustuvernd heldur Öryggiseftirlit og fjölmargir fleiri aðilar.

Í 2. lið ákvæðis til bráðabirgða er tekið fram, til að taka af allan vafa, að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frv., eins og það var samþykkt við 2. umr., starfa óbreytt þar til lög um þær stofnanir hafa verið endurskoðuð. Segja má að þetta sé óþarfi, en ég vildi bara taka af öll tvímæli því um þetta hefur verið nokkur misskilningur. Ég taldi að ekki mundi saka að taka þetta fram, þó að samkvæmt 1. gr. starfi umhverfisráðuneytið einnig að eftirliti og aðgerðum til verndar gróðri. Hygg ég að enginn hafi út af fyrir sig neitt við það að athuga.

Í 3. lið ákvæðis til bráðabirgða geri ég ráð fyrir því, og er reyndar skylda lögð á forsrh., að leggja fyrir Alþingi frv. til laga sem feli í sér endurskoðun á þeim lögum sem upp eru talin þarna á eftir. Þar verða jafnframt ákveðin nánar einstök verkefni og stofnanir umhverfisráðuneytis sem eftirtalin lög fjalla um. Þau lög eru um þær stofnanir sem í nýrri 21. gr., sem ég las í upphafi lýsingar minnar á þessum brtt., er gert ráð fyrir að taki ekki gildi fyrr en slík endurskoðun hefur farið fram. Það eru í fyrsta lagi lög um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um Geislavarnir ríkisins. Þá eru

það einnig lög um Siglingamálastofnun ríkisins, lög um varnir gegn mengun sjávar, lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning gegn mengun sjávar af völdum olíu og lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, sem einnig varða Siglingamálastofnun.

Ég skal hafa stutt mál um þetta. Ég þarf ekki að bæta við þau mörgu orð sem hafa fallið um þetta mál en vil þó leggja á það áherslu að hér er leitað eftir samkomulagi. Hér er að mínu mati gengið mjög til móts við marga sem hafa talið ákvæði þessa frv., sem fjalla um þau atriði sem í brtt. er gert ráð fyrir að fresta, vera mörg ekki nægilega ljós eða nægilega unnin. Ég vek t.d. athygli á deilum um Hollustuverndina. Um hana eru reyndar skiptar skoðanir. Á hún að falla í heilu lagi undir umhverfisráðuneytið eða aðeins mengunardeild hennar? Skoðanir eru skiptar um þetta innan flokka og milli flokka og ég hef með þessu fallist á fyrir mitt leyti að Hollustuverndin verði áfram óskipt innan heilbrrn. þar til lög um hana hafa verið endurskoðuð og þar til fyrir liggja tillögur umhverfisráðherra um hvernig mengunarmálum verður hagað í svokallaðri umhverfisverndarstofnun, sem hefur hlotið það heiti í þessum brtt. Einnig mundu innan þeirrar stofnunar verða verkefni sem varða mengun sjávar, eiturefni o.fl. Að því verki öllu loknu, þ.e. þegar liggur fyrir tillaga um umhverfisverndarstofnun og endurskoðun á þessum lögum, ætti ekki lengur að vera nokkrum vafa undirorpið að þau mál eru fullkomlega unnin.

Ég hef í dag fengið bréf frá forstöðumönnum ýmissa stofnana þar sem lagt er til að því frv. sem hér er til umræðu verði frestað. Ég vek athygli á því að með því sem ég legg hér fram er reyndar gengið verulega til móts við margar þessar stofnanir eins og Hollustuvernd ríkisins, eiturefnanefnd, Siglingamálastofnun, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins, Geislavarnir ríkisins, svo að segja má að gert sé ráð fyrir því að fresta að meiri hluti þeirra stofnana falli undir umhverfisráðuneytið. Hins vegar vek ég athygli á því að forstöðumenn stofnana eins og t.d. Náttúruverndarráðs skrifa ekki hér undir. Vitanlega er afar mikilvægt að Náttúruverndarráð, sem er lykilstofnun í umhverfismálum, komi sem allra fyrst til starfa hjá umhverfisráðuneytinu.

Ég vil lýsa þeirri eindregnu von minni að um þetta geti orðið samkomulag og málið verði afgreitt farsællega frá þessu þingi. Ég vona að þróun og vöxtur þessa mikilvæga umhverfisráðuneytis fái að vera með friði og spekt, hefjast þegar en þó tekin skref af skrefi og friður náist bæði hér á þingi og við þær fjölmörgu stofnanir sem þarna þurfa að koma að málum.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að það vekur dálitla undrun mína að hæstv. umhvrh. skuli ekki vilja tjá sig strax um tillögur hæstv. forsrh. Við því er ekkert að gera. Ég get flutt mitt mál þótt ég viti ekki alveg með vissu hver afstaða hæstv. umhvrh. er til þessara tillagna og get þá ekki miðað við annað en það sem ég hef síðast heyrt frá honum um þetta mál allt saman.

Hæstv. forsrh. hefur nú við 3. umr. þessa máls lagt fram brtt. við frv., brtt. sem hann hefur gert grein fyrir. Hæstv. forsrh. hefur rætt þetta mál ítrekað við okkur fulltrúa í stjórnarandstöðunni og ég vil segja það strax að ég met viðleitni hæstv. forsrh. til þess að ná samkomulagi um einhverja lausn á þeim deilum sem hafa verið hér í þinginu um þetta mikilvæga mál. Þessi viðleitni hæstv. forsrh. er vissulega virðingarverð og ekki síst í ljósi þess að hæstv. umhvrh. hefur ekki lagt sig mjög fram um að ná um þetta samkomulagi, svo ég taki nú vægt til orða. Og ég held ég megi reyndar hnykkja svolítið á þessu og segja að hann hafi þvert á móti gert hæstv. forsrh. nánast ómögulegt að ná um þetta nokkru samkomulagi við þá sem hafa lýst andstöðu við frv. eins og það er úr garði gert.

Í einni utanför hæstv. umhvrh. gerðum við hæstv. forsrh. alvarlega tilraun til þess að ná samkomulagi um þetta mál. Ég held ég megi segja að við höfum verið komnir býsna nálægt því. Það var að vísu ekki samkomulag sem náði til stjórnarandstöðunnar allrar, enda hafði ég ekkert umboð til að ræða það. En ég veit að þingflokkur sjálfstæðismanna og ég held ég megi segja þingflokkur frjálslyndra hægrimanna hefði, með lítils háttar breytingum við þann grunn sem þar var lagður, getað fallist á brtt. sem hæstv. forsrh. var þá með. Eftir því sem ég best veit voru þær till. ræddar á fundi í ríkisstjórninni. Einhverjum ráðherranna varð það á að hringja í hæstv. umhvrh. til útlanda og bera málið undir hann en hann harðneitaði og sagðist ekki mundu samþykkja þann grunn sem þarna hafði verið lagður. Það var sem sagt ekki aldeilis því að heilsa að um samkomulag yrði að ræða í það sinnið.

Þess vegna fór það svo að þennan sama dag sem þetta mál var hér á dagskrá var það ekki tekið fyrir, eðlilega ekki, vegna beiðni hæstv. forsrh. þar sem hann vildi ekki mæla fyrir þessum brtt. að umhvrh. fjarstöddum og í beinni andstöðu við hann. Þetta er nú ástæðan fyrir því að þetta mál hefur ekki hreyfst nú um nokkurt skeið. Ég man ekki alveg hvenær þetta var. Ég geri ráð fyrir því að liðnar séu einar tvær vikur síðan.

Ég tók þessa synjun hæstv. umhvrh. alvarlega og taldi alveg ljóst að ekki yrði um neitt samkomulag að ræða um lausn þessa máls. Ég gerði satt að segja ekki ráð fyrir því að hæstv. forsrh. mundi fara að leggja hér fram till. sem hæstv. umhvrh. hefði alfarið hafnað. En nú veit ég ekki með vissu hvað hefur gerst. Ég veit ekki hvort hæstv. umhvrh. hefur fallist á þessar till. forsrh., hann hafnaði þeim þegar þær voru bornar undir hann eftir ríkisstjórnarfundinn, þá hafnaði hann þeim. Meira veit ég ekki en á meðan hann hefur ekki tjáð sig hlýt ég að ganga út frá því sem gefnu að hann hafi ekki samþykkt þessar till.

Við höfðum ekki samþykkt þær heldur, en eins og ég sagði áðan þá vantaði ekki mikið á að við næðum samkomulagi við hæstv. forsrh. um þetta atriði. Í raun og veru stóð ekki mikið meira en eitt atriði eftir og það var þetta hvort 8.–14. gr., sem hæstv. forsrh. leggur nú til að öðlist ekki gildi fyrr en að lokinni endurskoðun og eftir samþykkt breytinga á lögum sem rakin eru í 3.

tölul. ákvæða til bráðabirgða eins og segir á þskj. 1065. Við höfðum ekki fallist á þessa lausn og töldum miklu eðlilegra að þessar greinar yrðu hreinlega felldar brott, eins og við fulltrúar Sjálfstfl. og frjálslyndra hægrimanna höfðum lagt til við 2. umr. málsins. Ég kem kannski betur að því síðar.

Um önnur atriði var sem sagt ekki svo fjarri því að við gætum á þau fallist og þá í samhengi við frekara samkomulag um lausn á öðrum málum. En þetta strandaði allt saman á afstöðu hæstv. umhvrh.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um þessar brtt. hæstv. forsrh. Þær eru um að 8.–14. gr. öðlist ekki gildi fyrr en að lokinni endurskoðun og eftir samþykkt breytinga á lögum sem rakin eru í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Þau lög eru, eins og hæstv. ráðherra gerði hér grein fyrir, lög um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, með síðari breytingum, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, lög um Geislavarnir ríkisins, nr. 117/1985, lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979, og að lokum lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972. Sem sagt, 8.–14. gr. skulu ekki öðlast gildi fyrr en öll þessi lög hafa verið endurskoðuð og samþykktar breytingar á þeim hér á hv. Alþingi.

Þetta er út af fyrir sig spor í rétta átt. En þetta er hins vegar lagasetning sem þingið ætti ekki að láta fara frá sér. Það er ekki eðlileg lagasetning að ákveða í lagafrv. eins og þessu að þessar og hinar greinarnar skuli samþykktar en ekki öðlast gildi fyrr en einhver runa af lögum hefur verið endurskoðuð og þessi endurskoðun leitt til samþykkis nýrra laga eða breytinga á eldri lögum hér á þinginu einhvern tímann í framtíðinni. Að vísu er gert ráð fyrir að þessari endurskoðun skuli hraðað en það er engin trygging fyrir því að svo verði og því síður trygging fyrir því að næsta þing samþykki slíkar breytingar. Þetta er því lagasetning sem Alþingi á ekki að temja sér. Ég veit að þetta hefur gerst áður en það er ekki þinginu til sóma. Á þessa till. getum við því ekki fallist.

Þá er hér í till. hæstv. forsrh. gert ráð fyrir bráðabirgðaákvæðum. Þar er í fyrsta lagi að umhvrh. skuli á haustþingi leggja fram frv. til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Í því skal m.a. ákveðið skipulag mengunar- og geislavarna á landi, í lofti og sjó. Síðan kemur þessi setning: „Umhverfisráðherra skal þó við gildistöku þessara laga hafa með höndum yfirstjórn og samræmingu hvers konar mengunarvarna og getur ákveðið aðgerðir í því sambandi.“ Þetta ákvæði sýnist mér alveg ótækt að samþykkja. Og ég sé ekki í raun og veru hvernig að þessu megi standa ef svona ákvæði er samþykkt. Annaðhvort höfnum við því eða frestum gildistöku þeirra ákvæða sem kveða á um yfirfærslu þessara verkefna til umhvrn. Í till. forsrh. er beinlínis gert ráð fyrir að þeim ákvæðum öllum verði frestað. En svo kemur í bráðabirgðaákvæði að þrátt fyrir þetta allt saman þá eigi hæstv. umhvrh., þegar við gildistöku þessara laga, að hafa með höndum yfirstjórn og samræmingu hvers konar mengunarvarna og geti ákveðið aðgerðir í því sambandi.

Það er engin mynd á svona lagasetningu frá Alþingi. Þetta getur ekki gengið. Það er alveg gjörsamlega óhugsandi að þingið samþykki svona nokkuð. Að minni hyggju stenst þetta alls ekki, það stenst ekki að gera svona.

Síðan kemur svolítið skondið ákvæði, það er nr. 2 í ákvæði til bráðabirgða og það er þetta: „Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., starfa óbreytt þar til lög um þær stofnanir hafa verið endurskoðuð.“ Já, þetta er svo sem mögulegt, svona í stærra samhengi, að fallast á bráðabirgðaákvæði af þessu tagi. En þegar við skoðum þetta allt í samhengi þá er í raun og veru verið að segja með þessari till. í bráðabirgðaákvæðinu að ekkert sé að marka 1. gr., að 8.–14. gr. skuli frestast. Það stendur í raun og veru lítið eftir af frv. annað en það að hæstv. umhvrh. fær Náttúruverndarráðið undir sinn hatt og hann fær refinn og minkinn og vargfuglinn. Og ekki má gleyma Veðurstofunni, hann fær hana, væntanlega vegna þess að ekki voru nokkur rök fyrir því að samþykkja að flytja Veðurstofuna frá hæstv. ráðherra Steingrími J. Sigfússyni, sem ég sé hérna fyrir framan mig og brosir eðlilega að. Það voru engin rök fyrir því, engin. En samt skyldi þessu komið í gegn og það var samþykkt við 2. umr. málsins.

Svona er þetta í allra stærstu dráttum, það sem felst í brtt. hæstv. forsrh. Og ég segi ósköp einfaldlega að við getum ekki fallist á að þetta mál fari út úr þinginu með þessum hætti, það getum við ekki gert. Þessi lagasetning, ef af verður, er Alþingi til vansæmdar.

Herra forseti. Við 2. umr. málsins fluttum við nokkrar brtt. Ásamt mér voru flm. hv. þm. Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson. Þessar till. voru við 1. gr. og atkvæði gengu við 2. umr. um þá brtt. og brtt. okkar var felld. En við kölluðum aftur til 3. umr. aðra brtt. sem fól í sér að 6.–14. gr., að báðum meðtöldum, féllu brott. Og þriðja brtt. var að 18. gr. félli brott, en hún fjallar um Veðurstofuna. Atkvæði gengu um þá brtt. og brtt. okkar var felld í atkvæðagreiðslunni, eins og ég sagði áðan.

Ein brtt. okkar var kölluð aftur til 3. umr. og kemur því nú til meðferðar hv. þingdeildar. Það stendur sem sagt, fyrra þskj. 726 þar sem till. okkar standa. Ég veit ekki hvað ég þarf að eyða löngum tíma í að tala aftur fyrir þessum till. Ég sakna þess að vísu hversu fáir eru hérna í salnum. (**Gripið fram í:** Það er einn til viðbótar úr Ed.) Já, það er mjög gott ef efrideildarmenn mundu nú koma hérna. Það kann að fara þannig, án þess að ég vilji spá um það, að þeir fái málið til meðferðar. Ég er ekki mjög bjartsýnn á það en það væri út af fyrir sig skemmtilegt viðfangsefni svona á lokadögum þingsins fyrir efri deild að glíma við þetta mál. Hún hefur kannski ekki svo mikið annað að gera þessa síðustu daga.

Mér sýnist á öllu að nauðsynlegt sé að ég fari um

þessar brtt. örfáum orðum. Ég tek þó skýrt fram að ég ætla ekki að fara að endurtaka ræðu mína frá því við 2. umr. þótt ég telji að ýmsir þingmenn og ráðherrar hefðu gott af því að heyra hana aftur ef það mætti verða til þess að auka skilning þeirra á því sem hér er til umræðu. Það virðist skorta mjög enn þá á að þeir átti sig á því hvað við erum að tala um. Í því sambandi hlýt ég að lýsa furðu minni á þeim ummælum hæstv. umhvrh., sem hann hefur ítrekað látið frá sér fara í fjölmiðlum, að hann skilji bara ekkert í um hvað sé verið að deila, bara hreint ekki neitt. Hann hefur jafnvel látið í það skína að þessi deila standi bara um hans persónu. Að það sé af einhverri meinbægni út í hann persónulega sem menn standi hér gegn því að samþykkja þetta frv. Ég er satt að segja mjög undrandi á að heyra ítrekað svona ummæli. Og það er mikill misskilningur ef hæstv. ráðherra heldur að við sem hér höfum verið að tala gegn þessu frv. í ræðustól á Alþingi höfum svo gífurleg áhrif úti í þjóðfélaginu að við getum stýrt ummælum fjölda aðila sem hafa sent til hv. þingnefndar umsagnir sem hér hafa rækilega verið raktar við 2. umr. málsins. Nei, svo mikið er vald okkar nú ekki.

Ég sagði áðan að hæstv. umhvrh. hafi ekki lagt mikið af mörkum til þess að reyna að ná einhverri sátt um þetta mál hér í þinginu. Hann hefur gengið á vegginn við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Það er í raun og veru það sem hann hefur verið að gera, hann hefur neitað öllum samkomulagsumleitunum hæstv. forsrh., hvort heldur hann hefur verið staddur hér á landi eða erlendis. Ég verð því miður að segja að mér sýnist þessi afstaða hæstv. umhvrh. hafa rennt stoðum undir þann orðróm að áhugi hans á umhverfismálum sé í raun og veru í lágmarki. En á ráðherradómi hins vegar alveg í hámarki. Framganga hans í málinu öllu hefur ekki orðið þessu máli til framdráttar heldur þvert á móti til óþurftar. Og svo skilur hann ekkert í um hvað sé verið að deila, bara hreint ekki neitt. Ég bendi enn í þessu samhengi á allar umsagnirnar sem mér liggur við að fullyrða að hafi ekki verið lesnar af þeim hv. þm. og hæstv. ráðherrum sem vilja fá þetta mál óbreytt í gegnum þingið.

Til viðbótar hefur í dag borist bréf sem hæstv. forsrh. gerði hér lauslega grein fyrir. Ég ætla að leyfa mér að lesa það. Það er til forsrh. Steingríms Hermannssonar en er sent formönnum þingflokkanna. Bréfið er dags. 30. apríl og hljóðar svona:

„Afgreiðsla Alþingis á frv. til laga um breytingu á lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis, 128. mál.

Undirritaðir forsvarsmenn stofnana, sem tillaga liggur fyrir um að flytjist undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis að hluta til eða að öllu leyti, óska eftir að þær greinar 128. máls sem ágreiningur er um verði ekki afgreiddar á þessu þingi heldur fái frekari faglega umræðu.

Afrit af þessu bréfi er sent formönnum þingflokka."

Undir þetta bréf rita forstöðumenn og fulltrúar eftirtalinna stofnana. Ég verð að telja þær upp. Það er Hollustuvernd ríkisins, eiturefnanefnd, Siglingamálastofnun ríkisins, Landmælingar Íslands, veiðistjóri, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins og Geislavarnir ríkisins. Enn sakna ég nú, herra forseti, umhverfisráðherrans sem mér þykir þó svona og svona að þurfa að viðurkenna í annað sinn. Ég býst við að hann sé eitthvað upptekinn í Ed. og er tilbúinn að gera hlé á ræðu minni vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að hann hlusti aðeins á þetta vegna þess að ég hef hann grunaðan um að lesa ekki heimaverkefnin sín. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. umhverfisráðherra komi í rétt umhverfi.) Já, það er einmitt það.

Ég var að lesa upp bréf sem forsrh. barst. Ég þarf ekki að lesa það aftur, ég geri ráð fyrir að umhverfisráðherra sé það kunnugt. Og ég taldi upp, án þess að lesa nöfnin, hvaða stofnanir óskuðu eftir að þessu máli yrði frestað, eða þeim greinum sem varða þessar stofnanir. Ég vek alveg sérstaka athygli á því að undir skrifa fulltrúar þriggja stofnana sem höfðu ekkert við það að athuga á fyrri stigum málsins að þeirra stofnanir flyttust til umhverfisráðuneytisins, en núna óska þeir eftir, ásamt hinum, að þessu máli verði frestað.

Þetta eru í fyrsta lagi Landmælingar Íslands. Forstöðumaður Landmælinga Íslands hafði með sinni umsögn gefið það í skyn að hann hefði svo sem ekkert við það að athuga að hans stofnun flyttist undir umhverfisráðuneytið.

Í öðru lagi er hér veiðistjóri. Hann hafði heldur ekkert við það að athuga að hans embætti flyttist undir umhverfisráðuneytið. Nú óskar hann eftir að þessu atriði verði frestað og það fái frekari faglega umfjöllun.

Í þriðja lagi skrifar skipulagsstjóri ríkisins undir frestunarbeiðni. Hann hafði með sinni umsögn, ég hef hana því miður ekki við hendina, mælt með því að embætti hans færi undir umhverfisráðuneytið. Nú er hann eitthvað í vafa og óskar þess að málinu verði frestað.

Ég vil í því sambandi taka fram að við 2. umr. málsins fluttum við ekki tillögu um að 16. og 17. gr. frv. féllu brott en nú við 3. umr. boða ég brtt. um þau atriði. Mér vannst ekki tími til að koma þeim brtt. á blað en það verður tími til þess á síðari stigum málsins við 3. umr. að flytja þær brtt. og tala fyrir þeim. Þessar greinar fjalla um það að skipulagslögin og allt sem þeim tilheyrir, og sem nú fellur undir félmrn., fari undir umhverfisráðuneytið.

17. gr. fjallar um byggingarlögin, sem núna heyra undir félmrn., og að þau komi undir umhverfisráðuneyti. Satt að segja treystum við okkur ekki til þess við 2. umr. málsins að leggja til að þessar greinar féllu brott vegna þess að einu umsagnirnar sem við höfðum voru frá skipulagsstjóra ríkisins sem mælti með því að þessi háttur yrði hafður á. Hins vegar hefur það nú gerst að skipulagsstjóri ríkisins óskar eftir að þessum þætti verði frestað. Og í öðru lagi hefur Samband ísl. sveitarfélaga ályktað um þetta atriði. Það hafði það ekki gert þegar við vorum með þetta

mál til 2. umr. Í raun og veru hafði ekkert heyrst frá sveitarfélögunum um þetta atriði. Kom það satt að segja mjög á óvart að sveitarfélögin skyldu ekkert hafa um það að segja hvort skipulagsmál og byggingarmál skyldu flutt frá félmrn. og til umhverfisráðuneytis. En nú hefur fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga ályktað um þetta atriði. Fulltrúaráðsfundurinn, 41. fundur, var haldinn dagana 22. og 23. mars. Þar er ályktað með þessum hætti, ég les ályktunina, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. til laga um breytingu á nokkrum lögum varðandi málaflokka sem fella á undir yfirstjórn umhverfismála, 128. þingmál, er m.a. gert ráð fyrir því að yfirstjórn byggingarmála og skipulagsmála flytjist úr félmrn. í umhverfisráðuneytið. Fulltrúaráðið telur þessi mál svo nátengd allri yfirstjórn sveitarfélaga að eðlilegt sé að þau verði áfram hjá ráðuneyti sem fer með málefni þeirra. Fulltrúaráðið lýsir einnig efasemdum um að rétt sé að flytja yfirstjórn Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits frá því fagráðuneyti sem fer með heilbrigðismál."

Svo mörg voru þau orð. Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga hefur ályktað einum rómi að ekki skuli gert það sem frv. gerir ráð fyrir. Með öðrum orðum, það er ósk þeirra að 16. og 17. gr. falli brott. Eins og ég sagði áðan mun ég síðar við þessa umræðu flytja brtt. um það efni.

Herra forseti. Ég er í dálitlum vafa um hvað ég á að fara ítarlega út í það við þessa umræðu núna að tala fyrir brtt. okkar sem voru kallaðar aftur til 3. umr. og ég gerði nokkuð glögga grein fyrir við 2. umr. málsins, en sem mér sýnist að menn ætli ekki svo sem að taka mikið tillit til. Nema það er ákveðin viðleitni þó sem kemur í ljós hjá hæstv. forsrh. með tillöguflutningi hans að vilja fresta gildistöku þessara greina nema 6. og 7. gr. sem hann sýnilega telur afar mikilvægt að komist strax í hendur umhverfisráðherrans, þ.e. eyðing svartbaks og eyðing refa og minka. Ég get út af fyrir sig kannski skilið að það séu verðug viðfangsefni fyrir umhverfisráðuneytið að hafa þau mál á sinni könnu þó að ég efist mjög um að þau fari betur þar en þar sem þau eru í dag, undir stjórn Búnaðarfélags Íslands og heyra þannig undir landbrn. En það má vel vera að í augum hæstv. ríkisstjórnar sé það afar mikilvægt mál, og mikilvægara en ýmsar aðrar greinar frv., að þessi atriði komist strax í hendur hæstv. umhverfisráðherra. En látum það vera. Við látum reyna á þetta við 3. umr. (Gripið fram í.) Já, það er allt í lagi. Ég þarf ekki að gera hlé á ræðu minni þó ég efist um að hann hafi heyrt fyrri ræðu mína um þessi atriði. Það gefst kannski færi á því síðar við umræðuna að fara aftur yfir þau atriði sem farið er yfir meðan hann er fjarstaddur.

Ég legg afar mikla áherslu á að menn kynni sér betur þann ágreining sem uppi er um þessi atriði öll og varðar heilbrrn. og þær alvarlegu athugasemdir sem komið hafa frá hinum ýmsu stofnunum sem þetta varðar. Athugasemdirnar eru mjög alvarlegar og ítrekaðar nú með þessu stutta bréfi sem ég var að lesa áðan.

Ég held ég stilli mig núna um að fara lið fyrir lið í þessar greinar allar sem við leggjum til að falli brott. Nú sakna ég svolítið hæstv. heilbrrh. Ætli hann sé í húsinu? (**Forseti:** Nei. Samkvæmt viðverutöflu er heilbrrh. ekki í húsinu.) Þar fór í verra. Hann var hérna nefnilega áðan. Ég hefði kannski átt að sjá við þessu og reikna með að hann mundi stinga af. Ég hélt satt að segja að hann mundi nú sitja vegna þess að ég beindi til hans ákveðnum fyrirspurnum við 2. umr. málsins og hann hefur ekki svarað þeim enn þá. Ég má til með að ítreka þessar fyrirspurnir vegna þess að ég verð að fá svör við þeim. (**Forseti:** Forseti mun kanna hvort unnt er að hafa upp á hæstv. ráðherra og fá hann hingað.) Þarf ég að standa hérna þegjandi meðan beðið er eftir því? Ég get vel gert það. (**Forseti:** Það er auðvitað ástæðulaust fyrir ræðumann. Ég veit að honum liggur mikið annað á hjarta.) Ég get kannski farið aðeins yfir í aðra hluti á meðan beðið er eftir hæstv. heilbrrh.

Ég get á meðan nefnt aðeins um hvað þessar greinar fjalla sem við leggjum áherslu á að falli brott úr frv. Ég er búinn að tala lauslega um 6. og 7. gr. 6. gr. sem fjallar um svartbakinn og 7. gr. sem fjallar um refi og minka. Við viljum sem sagt áfram láta á það reyna hvort hv. þingdeild fellst á það að þessir málaflokkar flytjist til umhverfisráðuneytisins.

Ég vil aðeins í framhjáhlaupi, af því að minnst var á það þegar bréfið sem fulltrúar þessara stofnana sendu forsrh. í dag var lesið upp, að Náttúruverndarráð hafi ekki skrifað undir það bréf, geta þess að ég kannast vel við það og bendi á, sem ég hef reyndar gert áður, að það er enginn ágreiningur um þetta atriði. Það er enginn ágreiningur um það að Náttúruverndarráð falli til umhverfisráðuneytisins. Það er nánast það eina sem menn eru sammála um hér í þinginu að falla skuli til umhverfisráðuneytisins. Auðvitað er mér ljóst að fleiri þættir koma til með að falla til umhverfisráðuneytisins en Náttúruverndarráð eitt og refir og minkar og svartbakur og Veðurstofan. (**Forseti:** Forseti vill koma á framfæri þeim upplýsingum að það hefur verið haft samband við hæstv. heilbrrh. og hann býr sig undir að koma hingað til fundarins.) Ég þakka fyrir. Ég hlakka til að hitta hann.

Þau atriði sem við deilum um þarfnast einfaldlega miklu frekari faglegrar umfjöllunar. Það sem við höfum verið að leggja áherslu á er hversu rangt það er að fara út í þessa miklu skipulagsbreytingu í beinni styrjöld við alla þá sem hlut eiga að máli. En það er einmitt það sem verið er að gera með því að þvinga þetta mál svona í gegnum þingið.

Ég geri mér alveg grein fyrir að stofnun umhverfisráðuneytis er staðreynd og ég geri mér alveg grein fyrir að þetta ráðuneyti mun fá fleiri viðfangsefni í framtíðinni en við gerðum ráð fyrir á þessu þingi að falli til þess. En til þess þarf miklu meiri og faglegri umfjöllun en hefur átt sér stað.

Við gerum það sem sagt að tillögu okkar að þessar greinar allar, 6.–14. gr. að báðum meðtöldum, falli brott úr frv. en ekki verði aðeins frestað gildistöku

þeirra eins og hæstv. forsrh. leggur til. Þetta eru allt greinar sem varða heilbr.- og trmrn., þ.e. Hollustuverndin sem þar er fyrirferðarmest og svo Geislavarnir ríkisins sem 14. gr. fjallar um. Síðan eru það atriði sem varða mengun sjávar og heyra undir samgrn. Það er 9. og 10. gr. reyndar líka sem fjallar um mengun sjávar af völdum olíu og heyrir einnig undir samgrn. í dag og svo 11. gr., um bann við losun hættulegra efna í sjó, og 12. gr. sem snertir einnig Siglingamálastofnunina og þar með samgrn. 13. gr. fjallar einnig um heilbr.- og trmrn., þ.e. lög um eiturefni og hættuleg efni og svo 14. gr. sem ég hef þegar nefnt og varðar Geislavarnir ríkisins.

Ég legg sem sagt afar mikla áherslu á þær umsagnir sem bárust hv. allshn. Nd. um þessi atriði. Þar var nánast hver einasti aðili sem tjáði sig andvígur því að þessar greinar yrðu samþykktar. Það var aðeins einn forstöðumaður hjá Hollustuvernd ríkisins, forstöðumaður mengunarvarnasviðsins, sem lýsti sig fylgjandi því að Hollustuverndin, alla vega sá þáttur sem undir hann heyrði, yrði fluttur til umhverfisráðuneytisins. En þá stöndum við aftur frammi fyrir því að menn eru ekki á einu máli um hvort kljúfa eigi Hollustuverndina í tvo eða fleiri hluta. Þar eru menn ekki á einu máli. Sumir telja að slíkt sé mögulegt. Þar held ég að sveitarfélögin eigi eftir að tjá sig betur en þau hafa þegar gert, þótt þau hafi gert það, eins og ég las upp hér áðan úr samþykkt fulltrúaráðsfundarins þar sem þeir tjáðu sig ekki aðeins um yfirstjórn byggingar- og skipulagsmála, heldur einnig um þetta atriði þar sem segir: „Fulltrúaráðið lýsir einnig efasemdum um að rétt sé að flytja yfirstjórn Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits frá því fagráðuneyti sem fer með heilbrigðismál."

Ég held að menn þurfi að skoða þetta miklu betur vegna þess að það hlýtur að kalla á tvöfalt kerfi ef kljúfa á Hollustuverndina með þessum hætti milli tveggja ráðuneyta. Það held ég að sé mjög varhugavert svo ekki sé fastar kveðið að orði. Ég held að ég sé ekki að endurtaka þetta frekar varðandi málefni Hollustuverndarinnar. Þetta hefur komið allt saman mjög skýrt fram hér í umræðunum, ekki bara af minni hálfu heldur hafa fleiri ræðumenn lagt ríka áherslu á að tekið verði tillit til þess sem þessir aðilar hafa sagt um þennan mikilvæga málaflokk. Satt að segja þykir mér með ólíkindum að hæstv. ráðherrar skuli skella skollaeyrum við því sem þessir aðilar segja. Þetta eru þeir aðilar sem hafa unnið með þennan málaflokk í áraraðir, eru öllum öðrum kunnugri hvernig með þetta skuli farið, en það er sem sagt skellt alfarið skollaeyrum við því sem þeir segja og ekkert gert úr þeirri miklu reynslu sem þeir hafa.

Fyrst ég er farinn að tala um það hvernig hæstv. ríkisstjórn skellir skollaeyrum við því sem umsagnaraðilar hafa um þessi mál að segja þá verð ég aðeins að nefna Landgræðsluna og Skógrækt ríkisins og fleiri aðila í þeim málaflokki sem hafa tjáð sig mjög ákveðið. Síðast heyrði ég viðtal, ég held í fjölmiðlum í gær, við fyrrv. skógræktarstjóra Sigurð Blöndal. Málefni Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar hafa verið mjög til umræðu nú að undanförnu vegna átaks í skógrækt og alls þess sem um það mál hefur verið talað. Það hefur einmitt komið mjög skýrt fram í þessari umræðu hversu góð sátt hefur tekist milli bændastéttarinnar í landinu og Skógræktar og Landgræðslunnar. Nú á að setja allt það mál í uppnám vegna þess að Skógrækt ríkisins og Landgræðslan eiga að fara a.m.k. að hluta til undir umhverfisráðuneyti.

Fyrrv. skógræktarstjóri tók einmitt fram í þessu viðtali að Skógræktin hefði heyrt undir landbrn. og þar ætti hún að vera. Þar vildu þeir vera einmitt vegna þess hver sátt hefði tekist með þessum aðilum. En á þetta er ekki hlustað. Það er ekki hlustað á þetta. Það er reynt að teygja sig núna svolítið til móts við þessa aðila með því að segja í 2. lið 5. gr. brtt. hæstv. forsrh.: „Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., starfa óbreytt þar til lög um þær stofnanir hafa verið endurskoðuð."

Þessir aðilar eiga sem sagt að fá einhvern frið og það er vissulega af hinu góða. Engu að síður stendur það í lagagreininni að ráðið skal, eins og þar stendur, ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðið falið gróðurverndarnefndum slíkt eftirlit.

Í öðru lagi skal ráðið ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Þarna á sem sagt umhverfisráðuneytið að koma að verki við hliðina á landbrn. þótt þeir aðilar sem um þessar stofnanir fjalla og stjórna þeim vilji ekkert með þetta hafa. Þeir hafa gert alvarlegar athugasemdir við þessa grein en á það er ekki hlustað.

Herra forseti. Ég hef núna farið yfir þessi atriði, eins og mér sýnist nauðsynlegt við þessa umræðu. Ég ætla ekki að endurtaka neitt frekar það sem ég sagði við 1. umr. þegar ég var að tala fyrir brtt. okkar. En ég á enn eftir að ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. heilbrrh. Og ég veit ekki hvað dvelur hann. Býr hann svona langt í burtu? Veit forseti það? Ég get gert hlé á ræðu minni frekar en að vera að tala hér um eitthvað sem ég vil ekki endurtaka. (**Forseti:** Forseta er kunnugt um að hæstv. heilbrrh. býr í Breiðholti. Hins vegar óskaði hann eftir fjarvistarleyfi fram eftir kvöldi og reiknaði ugglaust ekki með því að vera ávarpaður sérstaklega undir þessari umræðu en ég mun láta hann vita að óskað sé eftir hans nærveru. Ég gef ræðumanni kost á því að fresta þessari ræðu ef hann óskar.) Já, ég ætla að þiggja það. Ég ætla bara að láta þess getið til þess að fyrirbyggja allan misskilning að ég var búinn, en sennilega hefur hæstv. forseti ekki verið þá í stólnum heldur varaforseti, að gera grein fyrir því að ég hefði beint ákveðnum fyrirspurnum til hæstv. heilbrrh. við 2. umr. málsins. Hann svaraði mér ekki og ég þarf þess vegna að ítreka þessar fyrirspurnir og ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra svari mér. En ég þigg þá að gera hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Lánasýsla ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það var umræða um Lánasýslu ríkisins sem leiddi til umræðu um stöðu núv. fjmrh. og það mat, sem hér kom fram á hans störfum, að hann hefði fengið falleinkunn. Sú var helst skýring á því gefin að það hefði orðið halli á fjárlögum íslenska ríkisins upp á sex milljarða. Ég held að það sé óhjákvæmilegt þegar svona yfirlýsing er gefin að rifja upp í örfáum orðum hvernig til hefur tekist með fjóra fjmrh. sem hafa verið í röð og vekja þá athygli á því að á undan núv. fjmrh. var hv. 15. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, fjmrh. Ærinn var nú hallinn á ríkissjóði undir forustu hans og ekki veit ég nema það sé hægt að segja að veruleg batamerki séu með tilkomu þess sem nú er. Þar á undan var hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, fjmrh. Ekki verður nú annað sagt en að þá hafi hallinn á ríkissjóði verið af þeirri stærðargráðu að það minnir nú fremur á kenningar hv. 8. þm. Reykv. um að ekki beri að reka ríkissjóð hallalaust. Það sem styður að það sé hin rétta stefna Sjálfstfl. og sú sem þeir vilji fara eftir er það að sá sem var á undan þessum var Albert Guðmundsson, fyrrv. fjmrh. Hann náði þeim árangri að skila ríkissjóði hallalausum eitt árið en var umsvifalaust settur af. Það er þess vegna ekkert skrýtið þó að eitthvert hik sé á þeim sem koma á eftir að fara í það að skila ríkissjóði hallalausum. Mér sýnist þess vegna að það sé ákaflega fróðlegt að fá það upp hver sé stefna Sjálfstfl. í þessum efnum. Er það sú stefna, sem hv. 8. þm. Reykv. hefur lagt áherslu á, að eignamyndun hjá ríkissjóði verði óeðlilega hröð ef ríkissjóður sé rekinn hallalaust og ríkissjóður með því fyrirkomulagi eignist allt of mikið í þessu landi, nánast svo óþolandi sé? Er það að reka ríkissjóð með átta milljörðum í halla á ári, sex milljörðum eða tíu milljörðum? Hvar eru þessi mörk sem menn telja að séu eðlileg þegar niðurstaðan er sú að hv. fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundsson var rekinn eftir að hafa verið með hallalaus fjárlög og núv. fjmrh. er skráður með falleinkunn út á sex.

Ég verð að segja eins og er að mér sýnist nokkuð torráðið hvernig eigi að meta þetta og ég held að það sé óhjákvæmilegt að það liggi skýrara fyrir hjá fulltrúum Sjálfstfl. hvernig eigi að standa að rekstri ríkissjóðs. Auðvitað væri mjög æskilegt að hv. 8. þm. Reykv. væri staddur hér í deildinni til að ræða þessi mál. Því láni eigum við nú ekki að fagna og verðum að notast við aðra minni spámenn til að eiga orðastað við um þetta. En miðað við það að Sjálfstfl. hefur um langt tímabil haft 8. þm. Reykv. sem einn aðalleiðtoga sinn í fjh.- og viðskn. þingsins þá hlýt ég að líta svo á að hann sé hinn sterki í þessum efnum og sá sem hafi verið ekki síst stefnumarkandi í því mati að þegar ráðherra skilaði hallalausum ríkissjóði þá bæri skilyrðislaust að setja hann af.

Mér finnst þess vegna að þegar núv. hv. 2. þm. Norðurl. v. er jafndómharður um þann fjmrh., sem hefur þó betrumbætt mjög stöðuna varðandi halla á ríkissjóði miðað við fyrrv. fjmrh., og þann sem var þar á undan, þá er mér hreint ekki ljóst hvort hann telur honum þetta til lofs eða lasts í reyndinni. Ég teldi mjög æskilegt að fá allt þetta fram hér. En hinu vil ég bæta við að ég brýt um það heilann, eftir að núv. fjmrh. hefur reynt að þyngja tökin á skattheimtunni og minnka hallann, hvort hans bíði nú ef til vill sömu örlög á landsfundi Sjálfstfl. í haust, að hann verði bara settur af. (**Fjmrh.:** Ekki landsfundi Sjálfstfl.) Eða landsfundi Alþb. Nú ber forseti í bjölluna. Það skal undirstrikað að ræðumaður átti við á landsfundi Alþb. En kannski er sú umhugsun ekki tímabær nú og rétt að láta tímann skera úr um hvað gerist í haust.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Gamli Reykholtsskólakennarinn sem hvað spaklegast mælir fyrir hönd þeirra framsóknarmanna alla jafnan hér í umræðum, hv. 2. þm. Vestf., fór hér með nokkrar tölur, mínustölur og plústölur í þeim tilgangi að reyna að fá niðurstöðu í stefnu í ríkisfjármálum, án þess þó að fá niðurstöðu. Ég ætla ekki að blanda mér í þau heilabrot Reykholtsskólakennarans. Fyrir hönd stjórnarliðsins óskaði hann sérstaklega eftir því að hér yrði efnt til ítarlegrar umræðu í tilefni af þessu frv. um ríkisfjármálastefnuna, stefnuna í efnahagsmálum og önnur tengd mál og væri freistandi að verða við þessari áskorun hv. þm. einmitt nú þegar kemur að lokum þingstarfa. Ekki síst á þeim tíma þegar hæstv. ríkisstjórn leggur á það höfuðáherslu að fá sem flest af frv. sínum fram er auðvitað ástæða, ekki síst fyrir stjórnarandstöðuna, að verða við slíkum áskorunum og taka góðan tíma í almenna umfjöllun um stefnumörkun í ríkisfjármálum og efnahagsmálum.

Að þessu sinni ætla ég ekki að fara út í þá sálma heldur víkja hér að því dagskrárefni sem er til umræðu, frv. til laga um Lánasýslu ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar að það sé margt sem mælir með því að skipa þessum málum með nýjum hætti í stjórnsýslunni eins og hér er gert ráð fyrir. Umsvif ríkisins á þessu sviði hafa farið vaxandi og verða mjög umfangsmikil á næstu árum og ekki er óeðlilegt að þess sé freistað að koma umfjöllun þeirra í fastari og öruggari skorður.

Ég sakna þess á hinn bóginn að samhliða þessari ákvörðun skuli ekki vera teknar ákvarðanir sem óhjákvæmilega tengjast þessari breyttu skipan, svo sem hvert hlutverk Seðlabankans á þá að vera í þessu efni, en hann hefur annast ákveðna þjónustu á þessu sviði fyrir ríkisstjórnina og mjög æskilegt er að nýskipan, þó nauðsynleg sé, leiði ekki til þess að áfram sé haldið störfum á öðrum vettvangi sem slík stofnun getur tekið yfir.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að breytingu eins og þessa eigi að nota til þess að draga úr ríkisumsvifum á öðrum sviðum. Fyrir löngu er tímabært að leggja niður Framkvæmdasjóð ríkisins og ég er þeirrar skoðunar að heppilegt gæti verið ef slík ákvörðun

yrði látin koma til framkvæmda að leggja skuldbindingar hans inn í þessa nýju stofnun. Um þetta hefur verið rætt á mörgum undanförnum árum. Á það hefur réttilega verið bent að fjárfestingalánasjóðakerfið er með þeim hætti að ekki er lengur þörf á Framkvæmdasjóði ríkisins. Sú breyting hefur verið gerð að sjóðirnir geta nú tekið lán beint án milligöngu Framkvæmdasjóðs og þess vegna er hans að mínu mati ekki lengur þörf og eðlilegt hefði verið að stíga slíkt aðhaldsskref á sama tíma og þessi ákvörðun er tekin. Það girðir hins vegar ekki fyrir að það skref megi taka síðar og ég sé í þessari nýju stofnun góðan farveg til að koma þessum áformum til framkvæmda. Breytingar á sjóðakerfinu eru orðnar mjög aðkallandi og væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á þessum sjónarmiðum þó ég geri mér grein fyrir að á þessum lokadögum þinghaldsins verða ekki teknar umfangsmiklar ákvarðanir af því tagi, en ég kemst ekki hjá því að láta þá skoðun mína í ljós að ég hefði talið eðlilegt að undirbúa málið með þeim hætti að hægt væri að taka slíkar ákvarðanir í heild sinni.

Í umfjöllun um þetta mál væri einnig æskilegt að fá nánari upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um stöðu þessara mála nú. Ég ætla ekki að fara að ræða hér í einstökum atriðum afleiðingar af efnahagsstefnunni og hvernig hún hefur leitt til þess að við erum að setja hér nýtt Íslandsmet í erlendum lántökum en hefði gjarnan viljað fá frá hæstv. fjmrh. nokkuð glögga grein gerða fyrir því hvernig lánsfjáröflun ríkissjóðs á innlendum markaði hefur tekist á þessu ári, hvernig sala spariskírteina miðað við innlausn eldri skírteina stendur og sala ríkisvíxla og vaxtakjör á ríkisvíxlum um þessar mundir. Ég vildi gjarnan að hann gerði þinginu nokkra grein fyrir því hvað hann telur að muni gerast á fjármagnsmarkaðinum þegar húsbréfin komast í almenna umferð og losna úr þeim takmörkunum sem sett voru varðandi viðskipti með þau fyrstu mánuðina og hvaða áhrif það muni hafa á stöðu ríkissjóðs og hugsanlega þá á vaxtaþróun á næstu mánuðum.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að lengja þessa umræðu, aðeins ítreka þá skoðun sem áður hefur komið fram af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. að við teljum eðlilegt að festa betur í sessi skipan þessara mála í stjórnsýslunni. Það hefði verið æskilegt að draga úr umsvifum í opinbera kerfinu samhliða, eins og Framkvæmdasjóði ríkisins. Ég hef borið hér fram ákveðnar spurningar til hæstv. fjmrh. en vil líka minna á af því tilefni að skipulagsbreytingar af þessu tagi munu auðvitað ekki ráða því hverjar eru afleiðingar af efnahags- og fjármálastefnu ríkisstjórna á hverjum tíma og þær einar út af fyrir sig koma þess vegna ekki því skikki á ríkisfjármálin og lánamarkaðinn sem menn stefna að. Þar þarf auðvitað pólitískar ákvarðanir og markvissa efnahagsstefnu en eigi að síður er það mitt álit að hér sé um að ræða spor í framfaraátt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það hefur að vísu verið gerð tilraun til þess að drepa þessu máli nokkuð á dreif við þessa umræðu, einkanlega af hálfu þingmanns hér sem ábyrgð ber á frv. sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, en ég ætla ekki að blanda mér í það. Ég ætla að hafa aðeins örfá orð um þetta mál og láta það koma fram að ég styð frv. Ég starfaði að þessum málum í þó nokkur ár hér á árum áður og geri mér vel grein fyrir því hversu gríðarlega nauðsynlegt það er að haldið sé vel og skynsamlega utan um skuldir ríkisins og leitað sé allra tiltækra ráða á öllum tímum til þess að lágmarka vaxtakostnað af innlendum og erlendum skuldum ríkissjóðs. Og ég held að það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í þessu frv. sé skynsamlegt, spor í rétta átt eins og sagt hefur verið, og að um skipan sem þessa eða skipulagsbreytingu eigi menn að geta sameinast óháð því hverjir fara með stjórnvöldin á hverjum tíma því að það viðfangsefni sem við er að glíma á þessu sviði er að sjálfsögðu í eðli sínu óháð því hverjir fara með fjármál ríkisins. Þetta er viðfangsefni sem taka verður traustum tökum óháð því hverjir stjórna fjármálum ríkisins. Þess vegna tel ég að frv. sé til bóta og horfi til betri stýringar á þessum málum og lýsi þess vegna stuðningi við frv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka þær jákvæðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér í þessari hv. deild eins og það fékk í hv. Ed. Umræðurnar um frv. hafa hins vegar snúist kannski meira um almenn atriði og ég ætla ekki að blanda mér inn í þær umræður á þessu stigi en svara örfáum orðum þeim spurningum sem voru bornar fram til mín hér rétt áðan.

Ég tel það vera alveg rétt sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði að verði frv. að lögum, sem mér sýnist nú að það verði, geti það skapað grundvöll til þess að auðvelda ýmiss konar skipulagsbreytingar og hagræðingu í sjóðakerfinu og fækkun þeirra opinberu sjóða sem þar eru og sú hugmynd sem hann nefndi er eitt af þeim atriðum sem mjög koma til álita í þeim efnum. Ég hafði ekki viljað blanda því hér og nú inn í frv. sem hér er flutt. En ég tel að það sé eitt af því sem vandlega þurfi að huga að.

Innlend fjármögnun ríkissjóðs hefur það sem af er þessu ári gengið allvel. Það seldust að verulegu leyti spariskírteini á móti þeirri innlausn sem var í upphafi ársins og sala ríkisvíxla hefur verið með mjög hagstæðu móti. Ég tel hins vegar þörf á því að skoða möguleika á að setja á markað nýja tegund af pappírum sem eru aðeins lengri en ríkisvíxlarnir eru í dag en kannski skemmri en spariskírteini, og sú lánasýsla sem hér er verið að ræða um gæti einmitt verið eðlilegur vettvangur til þess að þróa á markaðnum pappíra af því tagi sem ég veit að bæði sjóðir og viðskiptabankar hafa áhuga á að skoða.

Ég er því miður ekki með nákvæmar tölur við hendina vegna þess að ég bjóst ekki við þessum spurningum hér inni í þessari umræðu en er reiðubúinn til að láta þær í té við síðari umfjöllun um málið hér í þessari hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

82. fundur, mánudaginn 30. apríl, að loknum 81. fundi.

Skipan prestakalla, 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 1094.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt er á þskj. 1094, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, en frv. þetta hefur nú verið samþykkt af hv. Ed. með nokkrum breytingum frá því það var upphaflega lagt fram á þskj. 678.

Áður en ég rek efni frv. vil ég víkja nokkrum orðum að undirbúningi þess. Upphaflega var hér um að ræða tvö frv., annars vegar frv. til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Það frv. var lagt fram á 108. löggjafarþingi 1985–1986 en hlaut ekki afgreiðslu. Haustið 1988 skilaði nefnd er skipuð var til þess að endurskoða lög um skipan prestakalla og prófastsdæma frv. til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma. Bæði frv. fjölluðu um náskyld efni, þ.e. um stjórnskipun kirkjunnar og þá starfsmenn er gegna eiga störfum í þágu hennar.

Að athuguðu máli þótti rétt að steypa þessum frv. saman sem hér eru til umfjöllunar. Frv. hefur komið til umfjöllunar á kirkjuþingi, í kirkjuráði og á prestastefnu. Það hefur verið sent til umsagnar til prófasta landsins er lagt hafa það fyrir á fundum heima í héruðum og einnig nú aftur sent til prófasta í meðförum Ed. og allshn. Ed. Alþingis. Frv. hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var lagt fyrir kirkjuþing á haustdögum 1988. Hér er um nokkuð viðamikið mál að ræða fyrir þjóðkirkjuna er snertir stjórnsýslulega uppbyggingu hennar og starf hennar í heild. Ég mun í örstuttu máli gera grein fyrir meginbreytingunum sem frv. mun hafa í för með sér ef að lögum verður.

Í I. kafla frv. er gerð grein fyrir skipan prestakalla og prófastsdæma. Prófastsdæmi landsins eru nú 15 en samkvæmt frv. verða þau 16 talsins. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurprófastsdæmi sem er langstærsta prófastsdæmi landsins verði skipt í tvö prófastsdæmi. Samkvæmt gildandi lögum er prestaköllum skipað með lögum nema í Reykjavíkurprófastsdæmi. Í frv. er gert ráð fyrir að sama skipan gildi í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum og gilt hefur í Reykjavíkurprófastsdæmi, að ráðherra ákveði skipan prestakalla með reglugerð. Með þessu móti er hægara að breyta prestakallaskipaninni og laga hana að byggðaþróuninni. Utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis þótti þó ekki ástæða til að breyta frá gildandi lögum að ákveða prestakallaskipanina með lögum. Frv. gerir ráð fyrir að utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins verði fjögur prestaköll lögð niður en jafnframt er gert ráð fyrir að þrjú ný verði tekin upp. Mörkum milli prestakalla er í nokkrum tilfellum breytt. Breytingar á skipan prestakalla eru í grófum dráttum þessar:

Í Rangárvallaprófastsdæmi fækkar prestaköllum um eitt þar sem Kirkjuhvolsprestakall er lagt niður og sóknir þess færðar undir Fellsmúla- og Oddaprestakall. Einnig er sú breyting gerð að Stórólfshvolssókn er færð undir Breiðabólsstaðarprestakall.

Í Árnesprófastsdæmi er stofnað Þorlákshafnarprestakall. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi er eitt prestakall lagt niður, Söðulsholtsprestakall, en eitt stofnað, Ingjaldshólsprestakall með prestssetur á Hellissandi.

Í Barðastrandarprófastsdæmi er Sauðlauksdalsprestakall lagt niður en stofnað nýtt prestakall, Tálknafjarðarprestakall.

Siglufjarðarprestakall er flutt frá Eyjafjarðarprófastsdæmi í Skagafjarðarprófastsdæmi. Miðgarðssókn í Grímsey færist frá Glerárprestakalli undir Akureyrarprestakall.

Í Þingeyjarprófastsdæmi fækkar prestaköllum um eitt þar sem lagt er til að Háls- og Staðarfellsprestaköll sameinist og nefnist Ljósavatnsprestakall. Alls fækkar því prestaköllum yfir landið í heild um eitt.

Samkvæmt 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að í hverju prestakalli verði aðeins einn sóknarprestur. Jafnframt er heimilt að ráða aðstoðarprest eða presta í mjög fjölmennum prestaköllum. Með þessari breytingu ætti að vera leyst úr vissum stjórnunarlegum árekstrum sem hafa einstaka sinnum komið upp í tvímenningsprestaköllum.

Í 4. gr. og 6. gr. eru rýmkaðar heimildir ráðherra til að leggja niður prestaköll fari íbúafjöldi niður fyrir 250 manns eða taka upp ný prestaköll ef nauðsyn krefur eða breyta mörkum prestakalla án þess að til þurfi að koma lagabreyting.

Í 8. gr. eru ítarlegri ákvæði um prestssetur en eru í gildandi lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma. Helstu nýmæli í II. kafla frv. er fjallar um sérþjónustuembætti eru þau að ráðherra er heimilað að ráða sérstaka farpresta til starfa í einu eða fleiri prófastsdæmum er annist forfalla- og aðstoðarþjónustu og tiltekin sérverkefni. Heimild þessi takmarkast að sjálfsögðu við þær fjárveitingar er fást hverju sinni. Líkur eru til þess að fjölmenn prófastsdæmi mundu fyrst og fremst nýta sér þennan möguleika. Sem nýmæli mætti nefna að frv. gerir ráð fyrir aukinni prestsþjónustu á sjúkrastofnunum.

III. kafli frv. fjallar um embættisgengi presta. Helstu nýmæli í þeim kafla eru að ítarlegri skilyrði en nú gilda eru sett um skipun eða setningu í prestsembætti. Þar er m.a. kveðið á um skyldubundna þjálfun í a.m.k. fjóra mánuði áður en kandídatar hljóta vígslu.

Skv. 17. gr. skal biskup gæta þess að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir sem til þess eru hæfir.

IV. kafli frv. fjallar um ýmis ákvæði um presta og starfsskyldur þeirra. Hér er um nokkur nýmæli að ræða sem að nokkru hafa mótast af framkvæmd. Lögð er nokkur áhersla á samstarf presta innan hvers prófastsdæmis. Er það í samræmi við þróun síðari ára.

V. kaflinn fjallar um prófasta. Þessi kafli er allítarleg upptalning á verkefnum prófasta og réttarstöðu. Að verulegu leyti er hér verið að fjalla um verkefni sem þeir annast nú þegar.

Í VI. og VII. kafla frv. er fjallað um embætti biskups Íslands og embætti vígslubiskupa. Í áðurgreindu frv. til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands var gert ráð fyrir að landinu yrði skipt í þrjú nokkurn veginn jafnsett biskupsdæmi. Hér er lagt til að landið verði áfram eitt biskupsdæmi. Hins vegar verði embætti vígslubiskupa landsins, sem eru tveir samkvæmt frv., efld. Með þessari tilhögun verða vígslubiskuparnir með vissum hætti aðstoðarmenn biskups er geti sinnt ýmsum samskiptum við söfnuði og presta landsins. Skv. 42. gr. er gert ráð fyrir að þeir sitji hina fornu biskupsstóla í Skálholti og á Hólum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir verði sóknarprestar er þjóni Skálholtsprestakalli og Hólaprestakalli.

Þótt hér sé gengið skemmra en frv. um starfsmenn þjóðkirkjunnar gerði ráð fyrir er komið að nokkru til móts við sjónarmið þeirra sem vildu efla biskupsþjónustu í landinu. Í gildandi lögum eru sárafá ákvæði um embætti biskupa. Ákvæði um biskup og biskupsembættið er að verulegu leyti í samræmi við þá lagaframkvæmd sem í gildi hefur verið undanfarin ár. Þess má geta að nýlega hefur farið fram endurskipulagning á starfsskipulagi biskupsstofu. Stofnuð hefur verið fræðslu- og þjónustudeild og ráðinn hefur verið skrifstofustjóri er annast m.a. fjármálastjórn. Frv. ýtir undir þá þróun að efla biskupsembættið en jafnframt eru efld tengsl biskupsembættisins við presta og söfnuði með aukinni þátttöku vígslubiskupanna. Rétt er að gera sér grein fyrir hvað sú breyting kostar er frv. felur í sér. Embætti vígslubiskupanna hafa tiltölulega lítinn aukakostnað í för með sér, en eins og áður er á minnst er gert ráð fyrir að guðfræðikandídatar starfi í fjóra mánuði undir handleiðslu prests. Gengið er út frá að ráðherra setji reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Hér verður um einhvern aukakostnað að ræða sem er launakostnaður guðfræðikandídata umræddan reynslutíma. Með góðri skipulagningu mundu starfskraftar guðfræðikandídata geta nýst í fjölmennum prestaköllum. Eins og fyrr greinir mun prestaköllum utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins fækka um tvö.

Frv. gerir ráð fyrir að heimilt verði að ráða farpresta til aðstoðar- og forfallaþjónustu í prófastsdæmum. Hér er um heimild að ræða sem háð er vilja fjárveitingavaldsins. Einnig má benda á að gert er ráð fyrir að núverandi farprestsembætti, sem eru tvö, verði lögð niður.

Gera má ráð fyrir einhverjum stofnkostnaði vegna breytinga á prestakallaskipaninni. Má þar einkum nefna byggingu prestsseturs í Þorlákshafnarprestakalli, Ingjaldshólsprestakalli, Tálknafjarðarprestakalli og Hvammstangaprestakalli en á móti kemur væntanleg sala á fimm prestssetrum.

Hæstv. forseti. Ég vil að þessu mæltu draga saman í örfá orð þau fimm meginatriði sem ég tel einkenna þetta frv. Það er í fyrsta lagi að frv. miðar að því að færa löggjöf um kirkjuleg málefni til þarfa nútímans en jafnframt að hún búi yfir þeim sveigjanleika er dugi til nokkurrar frambúðar. Það er í annan stað að frv. er byggt á samruna tveggja frv. er hafa verið til umfjöllunar víða um land á undanförnum árum. Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að Ísland verði áfram eitt biskupsdæmi. Í fjórða lagi gerir frv. ráð fyrir að embætti vígslubiskupa verði efld og þeir sitji hin fornu biskupssetur að Skálholti og Hólum. En seinast en ekki síst, kostnaðarauki er samþykkt frv. hefði í för með sér er mjög óverulegur utan sá er ákveðinn yrði við samþykkt fjárlaga hverju sinni.

Að svo mæltu legg ég til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 702, n. 1125, brtt. 1126.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um innflutning dýra frá landbn. sem skilar samhljóða áliti.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra. Einnig bárust nefndinni athugasemdir frá Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni og Árna M. Mathiesen, dýralækni fisksjúkdóma, varðandi frv. og hefur verið tekið tillit til flestra þeirra athugasemda sem þar komu fram.

Nefndin hafði einnig til meðferðar umsögn frá búnaðarþingi þar sem búnaðarþing leggur til að frv. verði lögfest eins og það liggur fyrir, óbreytt. Og í áliti yfirdýralæknis, Brynjólfs Sandholts, stendur m.a.: „Efnislega hef ég ekkert við frv. að athuga og álít að þær breytingar sem felist í þessu frv. miðað við núgildandi reglur um innflutning dýra geti komið íslenskum landbúnaði og neytendum til góða ef vel tekst til. Stöðugt verður að hafa í huga að með innflutningi dýra fylgir ákveðin áhætta sem viðkom-

andi aðilar verða að leggja mat á hverju sinni hafandi í huga að íslenskur búpeningur virist viðkvæmari fyrir sjúkdómum en erlendir stofnar sem hafa lifað í stöðugu áreiti þeirra."

Nefndin er sammála um að leggja til nokkrar breytingar á frv. Sumar lúta að orðalagi og áherslum en aðrar eru efnislegar. Efnislegar breytingar varða í fyrsta lagi einangrunarstöð, sbr. 13. gr. frv. Lagt er til að innflutningur í einangrunarstöð verði undir eftirliti umsjónardýralæknis. Er þetta gert til að leggja áherslu á að ströngustu reglum sé líka fylgt við innflutning í einangrunarstöð sem og sóttvarnastöð. Gæti slíkur innflutningur valdið stórskaða ef ekki er að gáð og því eðlilegt að ströngustu reglur gildi um hann.

Í öðru lagi er lagt til að 1. gr. frv. verði breytt þannig að yfirmaður sóttvarna- eða einangrunarstöðvar nefnist sóttvarnadýralæknir, en ekki umsjónarmaður, og breytast nokkrar greinar til samræmis við það.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 3. gr. þar sem nefndin telur óþarft ef yfirdýralæknir mælir ekki með innflutningi dýrs að honum sé gert að skila rökstuddu áliti um heilbrigðisástand í því landi sem flytja á dýrið frá.

Þá er lagt til að ákvæði 1. málsl. síðari málsgreinar 4. gr. um mat búfjárræktarnefndar á innflutningi falli brott þar sem í fyrri málsgrein sömu greinar er ráðherra skyldaður til að leita álits nefndarinnar áður en innflutningur er leyfður. Ákvæðið er því óþarft.

Í fimmta lagi leggur nefndin til að embættisdýralæknir framkvæmi heilbrigðisskoðun á dýrum sem flytja á inn og dýrum sem gefa erfðaefni sem flutt er inn, en ekki sé látið nægja að viðurkenndur dýralæknir framkvæmi slíka skoðun. Jafnframt er lagt til að upplýsingar um slíkan innflutning liggi fyrir áður en hann fer fram.

Að lokum er lagt til að það sé búfjárræktarnefnd í viðkomandi grein en ekki landsráðunautur sem viðurkenni bú sem fái að flytja dýr úr einangrunarstöð á búið.

Kristín Einarsdóttir sat á fundi nefndarinnar þar sem þetta mál var tekið fyrir og er samþykk málinu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj., 1126, en þar eru 11 brtt. sem ég tel ekki þörf á að fara yfir, herra forseti, heldur skýra þær sig sjálfar miðað við það sem ég hef áður getið í nál.

Að svo mæltu leggur nefndin til, samhljóða, að frv. verði samþykkt til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1126,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1126,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1126,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,7 samþ. með 27 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1126,8 samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
11.–12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,9 samþ. með 28 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
14.–15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,10 samþ. með 28 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
17.–18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1126,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
20.–21. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (áburðarverð). — Þskj. 1022.

Þorsteinn Pálsson (frh.):

Herra forseti. Sl. laugardag fóru fram allítarlegar umræður um þetta mál og allar helstu staðreyndir þess höfðu þá verið dregnar fram. Ég óskaði sérstaklega eftir því í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir lágu að hæstv. fjmrh. kæmi til umræðunnar. Enn er málið þannig vaxið að nauðsynlegt er að hann verði viðstaddur þessa umræðu og ég sé nú að hæstv. ráðherra er genginn í salinn.

Það sem hér hefur komið fram er í stuttu máli það að hæstv. ríkisstjórn gaf fyrirheit um að áburðarverð hækkaði ekki meira en um 12% til bænda í tengslum við þá kjarasamninga sem gerðir voru í byrjun þessa árs. Þá þegar var ljóst og um það full samstaða meðal þeirra manna sem skipa stjórn Áburðarverksmiðjunnar að brúa þyrfti bilið á milli tekna og gjalda verksmiðjunnar og verksmiðjan þyrfti að fá mun hærra verð fyrir áburðinn en ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um að hann yrði seldur á til bænda. Um þetta var ekki ágreiningur á milli fulltrúa í stjórn Áburðarverksmiðjunnar og í allri meðferð málsins, fund eftir fund, kemur fram að þessi ágreiningur er ekki fyrir hendi innan stjórnarinnar og síðan kemur að því að meiri hluti stjórnar tekur ákvörðun um áburðarverð.

Ég lít svo á og hef lýst þeirri skoðun minni að til þess að unnt sé að standa við fyrirheitið við verkalýðshreyfinguna, að áburðarverð hækki ekki meira en um 12% og hafi þar af leiðandi ekki áhrif umfram

það á búvöruverð, verði að brúa bilið með framlögum úr ríkissjóði og taka um það ákvörðun á fjáraukalögum. Ég lýsti því yfir sem afstöðu okkar sjálfstæðismanna að þetta bil yrði að brúa. Í umræðunni kom einnig fram af hálfu hv. 2. þm. Norðurl. v. nánari útlistun á því á hvaða grundvelli við teldum að unnt væri að ljúka málinu þannig að allir hefðu sóma af og enginn efaðist um að bæði ríkisstjórn og Alþingi ætluðu að standa við þau fyrirheit sem gefin voru og í þessu efni var lýst nákvæmri tillögu til sátta af okkar hálfu í þessari umræðu.

Mín spurning til hæstv. fjmrh. er einfaldlega þessi: Er hann tilbúinn til að ræða um hugsanlega lausn á þessu máli í ljósi þeirra viðhorfa sem hér hafa komið fram?

Herra forseti. Ég þarf ekki í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið að fara frekari orðum um stöðu málsins, vísa að því leyti til upphafsræðu minnar í þessari umræðu, en tel eðlilegt að varpa þessari fyrirspurn fram til hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er þurfti ég að víkja hér af fundi sl. laugardag og gat því miður ekki hlýtt á alla ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar né heldur þær ræður sem Pálmi Jónsson og fleiri fluttu hér í þeirri umræðu. Ég er alveg reiðubúinn að eiga viðræður við þá sem í umræðunni tóku þátt um þau viðhorf sem komu fram hjá þeim og við getum í sameiningu þar til þing hefur aftur störf, annan dag maímánaðar, farið yfir þessi mál og skoðað það hvort hægt er að ná niðurstöðu í þessu máli sem fer saman við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar í þessum umræðum og tekur einnig mið af því sem fram kom hér í umræðunni á laugardaginn. Ég vil hins vegar ekki á þessu stigi fara nánar út í það mál en teldi heppilegt að við gætum notað tímann fram að því að nefndir hefja störf aftur annan dag maímánaðar og fundum hér í deildum til þess að skoða það mál nánar og er reiðubúinn að taka þátt í því.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Á laugardaginn urðu skoðanaskipti á milli mín og hv. 1. þm. Suðurl. Það kom fram hjá honum að hann taldi að meginhluti stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins hefði unnið með eðlilegum hætti að því að afgreiða þetta mál. Ég svaraði honum því þannig að ef ég hefði verið þarna í stjórninni hefði ég frestað málinu. Ég hefði viljað fá svör, hvernig ætti að leysa þetta mál, vegna þess að þetta er ekki eingöngu samningur við verkalýðsfélögin eða aðila vinnumarkaðarins, heldur líka við bændur, við Stéttarsamband bænda. Og eðlilegast hefði verið að þeir hefðu beðið með ákvörðun þangað til kæmi fram trygging frá ríkisstjórn um það hvernig þetta mál yrði leyst, ef það er rétt, sem ég get ekki dregið í efa, að með 12% hækkun yrði um 113 millj. kr. halli á rekstrinum þetta ár ef salan væri 52 þús. lestir. Og jafnvel þó það væru 18% væri hallinn samt 25 milljónir.

Í bréfi sem landbrn. skrifar Áburðarverksmiðju ríkisins og dagsett er 1. mars er tekið fram að ef í ljós komi að halli verði á rekstrinum muni verða gerðar ráðstafanir til þess að bæta þann halla því að ef það verður ekki gert er verið að ýta þessu á undan sér og verðið yrði að hækka um næstu áramót meira en annars hefði verið. Það er auðvitað ekki hægt að reka þessa verksmiðju með halla ár eftir ár.

Ég vil því fara fram á það að hæstv. forsrh. og fjmrh. svari því hvernig þeir ætli að leysa þetta mál. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. landbrh. vill standa við sitt bréf, en einhverra hluta vegna hefur það þvælst fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma sér niður á hvernig þetta mál verður leyst. En ég tel nauðsynlegt, hér og nú, að fá svör við þessu. Að vísu skiptir það kannski ekki meginmáli hvort það er endilega í kvöld eða þegar málið kemur til 2. umr., en það liggur mjög mikið á því að ákveða verðið vegna þess að það verður enginn áburður seldur fyrr en lausn er komin í þessu máli.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Út af spurningu hv. síðasta ræðumanns vil ég endurtaka það sem ríkisstjórnin hefur samþykkt í þessu máli. Þar segir:

„Gerð verði ítarleg úttekt á rekstrarafkomu og stöðu Áburðarverksmiðjunnar fyrir næsta haust og metnar forsendur fyrir nauðsynlegum verðbreytingum á framleiðslu ársins 1991 til að vinna upp rekstrartap á þessu ári. Fyrirsjáanlegt rekstrartap ársins sem ekki sýnist svigrúm til að bæta upp á næsta ári verði tekið til meðferðar við afgreiðslu fjáraukalaga á síðari hluta ársins."

Ríkisstjórnin er því alveg sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Að sjálfsögðu getum við ekki velt á undan okkur mikilli hækkun yfir á næsta ár.

Ég get upplýst það að ég átti um helgina viðræður við verksmiðjustjóra Áburðarverksmiðjunnar einmitt um þetta atriði og hann segir mér að með þeim framkvæmdum sem þeir hafa verið í undanfarið og eru í núna geri þeir ráð fyrir því að það verði veruleg hagræðing í rekstri verksmiðjunnar. Vissulega hefðu þeir viljað hafa þessa hækkun eitthvað meiri, en þeir telja nú vandann ekki eins mikinn og kom fram í ýmsum ræðum hér sl. laugardag. (Gripið fram í.) Já. Það var því heldur bjartara hljóð í þeim fannst mér en ég hafði heyrt hér á laugardaginn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég ætla fyrst og fremst að þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög skýr og góð svör við þeirri spurningu sem ég bar hér fram. Ég lít svo á eftir þetta svar að hann sé tilbúinn til viðræðna um hugsanlega lausn á málinu á grundvelli þeirra viðhorfa sem hér komu fram, bæði af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar, í umræðum um þetta mál. Ég vona að slíkar viðræður geti leitt til farsællar og skynsamlegrar lausnar og geri fastlega ráð fyrir að hæstv. forsrh., sem er flutningsmaður þessa máls, sé þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að slíkar viðræð-

ur fari fram þar sem menn freisti þess að leita lausnar í málinu, en vil ítreka þakklæti mitt til hæstv. fjmrh. fyrir svarið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér er til umræðu er allsérstætt að því leyti að ríkisstjórnin hefur bundið hendur sínar með samningum við verkalýðshreyfinguna án þess að hafa tryggt fjármagn til að standa við það sem hún hefur lofað. Og frv. gerir ráð fyrir að reka eigi Áburðarverksmiðjuna með verulegu tapi til að koma til móts við þetta. Við getum farið aftur til þeirra tíma sem slíkt var gert, í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, sem varð til þess að Áburðarverksmiðjan stóð höllum fæti í nokkur ár á eftir og áburðarverð varð að hækka allverulega. Það er því óhæfa að ætla að neyða fyrirtæki til að selja vörur á miklu lægra verði en það ræður við. Þess vegna er það eina leiðin í þessu að hæstv. ríkisstjórn tryggi fjármagn til þess að niðurgreiða áburðinn ef þeir ætla að standa við þetta. Það er auðvitað ekki hægt að velta þessu yfir á fyrirtækið með þeim hætti að næsta ár, rétt um kosningar, fellur víxillinn ef þessi blessuð ríkisstjórn verður þá ekki farin frá völdum miklu fyrr, og þá stendur Áburðarverksmiðjan uppi með það að hún þarf að hækka áburðinn miklu meira en hún hefði þurft. Það er ekki sú stefna sem ríkisstjórn hverju sinni á að hafa, að velta vandanum á undan sér með þessum hætti. Ég tel að það hljóti að vera krafa okkar hér í þinginu að ríkisstjórnin falli frá þessu frv. og í staðinn finni hún lausn á því að greiða þetta niður, sem er jafnvont, þannig að Áburðarverksmiðjan og rekstur hennar og stjórnendur verði ekki settir upp við vegg með þessum hætti eins og hér er gert. Þetta er náttúrlega hið versta mál, eins og ákveðinn maður segir. Það að ætla sér að láta næstu ríkisstjórn taka við þeim vanda sem hér er verið að skapa er óhæfa. Vitandi það að það verður eiginlega enginn af þeim ráðherrum sem eru í þessari ríkisstjórn í næstu ríkisstjórn. Því ætla ég að vona að frv. verði ekki samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Sementsverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (stofnun hlutafélags, stjfrv.). — Þskj. 1051.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 1051 sem er eins og það kemur frá hv. Ed. Hefur orðið nokkur breyting á því frv. sem flutt var á þskj. 757 um að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins. Breytingin er eingöngu smávægileg orðalagsbreyting á 1. gr. frv.

Tilgangurinn með frv. er, eins og kemur fram í heiti þess, að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar í hlutafélag. Meginefni frv. má lýsa í stuttu máli í sex liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að sérstök matsnefnd meti eignir Sementsverksmiðjunnar og verði þetta mat haft til hliðsjónar við ákvörðun hlutafjár í hinu væntanlega félagi.

Í öðru lagi er lagt til að stofnað verði hlutafélag um Sementsverksmiðjuna og hlutverk félagsins verði gert víðtækara en Sementsverksmiðjunnar. Þá verði félaginu heimilað að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

Í þriðja lagi er lagt til að ekki verði heimilt að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni hf. nema samþykki Alþingis komi til með lagabreytingum.

Í fjórða lagi er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar og lögbundið samráð verði haft við Akraneskaupstað um málefni félagsins.

Í fimmta lagi er lagt til að skipuð verði sérstök undirbúningsnefnd til þess að undirbúa stofnun félagsins er yfirtaki rekstur verksmiðjunnar.

Í sjötta lagi er svo lagt til að stofnfundur félagsins verði haldinn ekki síðar en 31. des. 1990 og hlutafélagið nýja yfirtaki reksturinn miðað við næstu áramót.

Fyrir hv. þingnefnd liggur reyndar frv. með sama heiti og það frv. sem hér er til umræðu. Flm. þess frv. er hv. 1. þm. Reykv. Á þessum tveimur frv., þótt þau hafi sömu meginstefnu, er hins vegar verulegur munur. Eins og ég tók fram í umræðum um frv. hv. 1. þm. Reykv., sem kom til umræðu hér í deildinni fyrr á þessu þingi, lýsti ég þeirri skoðun að fjalla þyrfti nánar um málefni Sementsverksmiðjunnar áður en Alþingi gæti tekið afstöðu til málsins. Þar ætti m.a. að nýta þá reynslu sem fengist hefði við lagasetningu um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg sem breytt var í hlutafélag á liðnu ári, Prentsmiðjuna Gutenberg hf., á grundvelli frv. sem ég flutti hér á þingi. Auk þess benti ég á að nauðsynlegt væri að tryggja betur tengsl milli starfsmanna og stjórnenda þessa fyrirtækis.

Í öðru lagi nefndi ég að vegna þess hversu mikilvæg Sementsverksmiðjan er fyrir Akranes væri æskilegt að samráð við bæjarfélagið væri bundið í lög.

Í þriðja lagi taldi ég skynsamlegt að kveða skýrar á um það hvernig framkvæma ætti mat á eignum verksmiðjunnar til þess að leggja til grundvallar við ákvörðun hlutafjár.

Í fjórða lagi taldi ég heppilegt að skipa undirbúningsnefnd til þess að undirbúa félagsstofnunina og annast nauðsynlega samningagerð fyrir hönd hins væntanlega félags og semja drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið. Þetta var gert með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga.

Í fimmta lagi benti ég svo á að í 8. gr. er kveðið skýrt á um það að ríkissjóður geti ekki boðið hluta-

bréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema fyrir liggi samþykki Alþingis með lagabreytingum.

Öll þessi atriði hafa þannig verið tekin til greina í því frv. sem hér er til umræðu.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að svo stöddu ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv. Mér virðist það mikið framfaramál, bæði fyrir verksmiðjuna sjálfa en ekki síst fyrir það byggðarlag þar sem hún er staðsett. Ég bendi á að forsendurnar fyrir því að reka fyrirtækið sem ríkisfyrirtæki með sérstökum reglum sem óneitanlega voru fyrir hendi í upphafi rekstrarins séu nú ekki lengur til staðar. Sértilhögun sú sem þá var ákveðin helgaðist að mínu áliti fyrst og fremst af því að þá var um að ræða stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða, að ég nú ekki tali um Akranesbæ, og stofnun fyrirtækisins og rekstur höfðu í upphafi í för með sér afar mikla breytingu á atvinnuháttum í Akranesbæ. Nú er þetta fyrirtæki svo sannarlega orðið að grónum borgara í byggðarlaginu og því eðlilegt að það taki þátt, með öllum réttindum og skyldum, í starfsemi bæjarins eins og önnur fyrirtæki gera þar um slóðir.

Ég vil mælast til þess, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það liggur við að maður segi loksins, loksins, þegar þetta frv. kemur hér til 1. umr. í Nd. A.m.k. þrisvar ef ekki fjórum sinnum hafa verið lögð fram frv. um þetta efni. Þau hafa nokkuð verið að breytast í gegnum tíðina en þau frv. sem ég hef lagt fram, bæði á yfirstandandi þingi og eins á síðasta þingi, voru þó frv. sem segja má að markað hafi lokagerð þess frv. sem hér er til umræðu.

Síðasta haust þegar það frv., sem hæstv. ráðherra minntist á og ég lagði fram, var til umræðu kom hæstv. ráðherra í ræðustól og sagði frá því efnislega hvernig hann vildi breyta frv. og gerði skýra grein fyrir því í sinni ræðu. Þau atriði sem komu fram hjá hæstv. ráðherra strax í nóvember sl. eru flest ef ekki öll þau sömu og koma fram í þessu frv. sem breyting á fyrirliggjandi frv. Ég vil rifja það upp, bæði fyrir hæstv. ráðherra og eins fyrir aðra, að í umræðunni þá lýsti ég því yfir að mér þætti eðlilegt að hv. iðnn. neðri deildar, sem fékk málið til meðferðar, tæki allar þessar hugmyndir hæstv. ráðherra til greina. Ég lýsti því yfir að ég væri tilbúinn til að beita mér fyrir því. Málið kom að sjálfsögðu til umræðu í hv. nefnd. Ég lét dreifa þar ræðu hæstv. ráðherra en ekki reyndist áhugi á því að afgreiða frv. með þeim sömu breytingum öllum sem hér er verið að leggja til í þessu nýja frv. Ástæðan var auðvitað sú að þá hafði ekki tekist samkomulag á milli stjórnarflokkanna um að afgreiða þetta mál inn í þingið sem stjfrv. Það er út af fyrir sig ekkert stórmál hvernig þessa hluti ber að. Aðalatriðið er að sjálfsögðu það að koma í gegnum þingið frv. þessa efnis.

Hæstv. ráðherra gerði grein fyrir þeim breytingum sem hann hefur gert á frv. frá því að það var unnið af tveimur mönnum í iðnrn. á sínum tíma, síðast sumarið 1988. Í fyrsta lagi að bæjarfógetinn á Akranesi skuli skipa þriggja manna matsnefnd til þess að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins. Í öðru lagi, sem ég átta mig nú ekki á til hvers er, hefur 2. gr. breyst þannig að út hefur fallið námarekstur úr upptalningu á því hvað félagið eigi að annast. Er það í sjálfu sér ekkert stórmál því félagið hefur nokkuð frjálsar hendur samkvæmt upptalningunni sem nú er í 2. gr. Kannski má segja að námarekstur tilheyri þeirri efnavinnslu sem þar er minnst á. Í þriðja lagi er tekið fram að fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skuli skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn svo og varamenn þeirra, sem er auðvitað sjálfsagt og ávallt var gengið út frá að yrði gert eins og er um önnur hlutafélög. Þá, og það er kannski ein meginbreytingin, er gert ráð fyrir því nú að við Sementsverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd sem skipuð sé þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar annars vegar og starfsliði hins vegar. Síðan er tilgreint hvert hlutverkið sé. Þetta atriði er auðvitað óþarfi að hafa í lögum. Það var hægt að framkvæma þennan hlut með einfaldri samþykkt eða yfirlýsingu. Jafnvel er spurning hvort eðlilegt sé að lögbinda slíka samstarfsnefnd öðruvísi en að skoða þá nánar hvort slíkar samstarfsnefndir eigi ekki yfirleitt að starfa í fyrirtækjum eins og þessu, á meðan þau eru í eigu ríkisins. Þá er lagt til að lögbundið sé að halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar. Hef ég síst á móti því að það sé gert, en bendi á að það er mjög óvenjulegt að ákveðnu fyrirtæki sé fengið það hlutverk með lögum að eiga samráð við fulltrúa viðkomandi kaupstaðar, en síst hefði ég á móti því að slíkt verði gert.

Um það sem hæstv. ráðherra minntist á og er í 8. gr. frv., að ríkissjóður geti ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis, vil ég taka fram að slíkt ákvæði var í hinu frv. Og loks er í 9. gr. fjallað um undirbúningsnefnd, eins og reyndar eðlilegt er að sé starfandi til þess að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags. Slíkt er auðvitað alltaf gert eða langoftast og þarf ekki lög um það atriði fremur en flest annað það sem hæstv. ráðherra hefur þurft að setja inn í frv. til að kaupa aðra stjórnarflokka til fylgis við það.

Mér finnst frv. ekki hafa batnað en skil það mjög vel að hæstv. ráðherra hefur þurft að breyta frv. til að koma til móts við sína samstarfsflokka. Ég tel fulla ástæðu til þess að þetta frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi og mun síst koma í veg fyrir það. Ein er þó sú spurning sem vaknar þegar um þetta mál er fjallað og hún er sú hvort hyggilegt sé að hæstv. ráðherra skipi fulltrúa í stjórn hlutafélagsins til eins árs í senn eða hvort sá háttur skuli viðhafður að hv. Alþingi kjósi stjórnina hlutfallskosningu. Með þessu er ég ekki að leggja þessa hugmynd til og mun ekki flytja um það brtt. en bendi á að í vissum tilvikum þar sem verið er að breyta opinberu atvinnufyrirtæki í hlutafélag og þar sem gert er ráð fyrir því að allir hlutir séu í eigu ríkisins, a.m.k. fyrst um sinn, kann að

vera eðlilegt að Alþingi kjósi áfram stjórn slíks félags eða kjósi þá menn sem hæstv. ráðherra tilnefnir síðan í stjórnina. Ég tel það vera augljóslega rétt að hæstv. iðnrh. á hverjum tíma fari með hlut ríkisins í hlutafélaginu.

Á undanförnum árum hefur Sementsverksmiðjan grætt talsvert fé. Framleiðslan hefur verið allmikil. Árið 1975 var hún 160 þús. tonn. Síðan hefur hún dregist nokkuð saman vegna minni framkvæmda, einkum vegna minni virkjanaframkvæmda. Árin 1985 og 1986 var hún í lágmarki og fór niður í 111 þús. tonn árið 1986 en síðan jókst framleiðslan á nýjan leik 1987 og 1988 var hún komin í 132 þús. tonn. Á sl. ári dróst framleiðslan hins vegar saman og aðeins voru seld 117.500 tonn sem er nokkru minna en árin tvö á undan, en þó meira en 1985 og 1986. En þá brá svo við að halli varð á rekstri verksmiðjunnar. Er það vissulega nokkurt umhugsunarefni að skoða ársreikninga Sementsverksmiðjunnar fyrir sl. ár og sjá að tap af rekstri verksmiðjunnar er á því ári yfir 76 millj. kr., þar af 56 millj. kr. af reglulegri starfsemi. Þetta er tíundað í ársskýrslu verksmiðjunnar sem dreift var á Alþingi í dag og gefur til kynna að gera þurfi nokkrar breytingar á rekstri til þess að verksmiðjan geti haldið áfram að sýna ágóða í reikningum sínum. Verksmiðja eins og Sementsverksmiðjan á að geta gert það í öllu venjulegu árferði og ég tel að árferðið í fyrra hafi ekkert verið óvenjulegt séu kaup á sementi á undanförnum árum skoðuð til samanburðar.

Hæstv. ráðherra hefur oft í ræðu og riti haldið fram ýmsum frjálslyndum skoðunum. Hann hefur verið mikill stuðningsmaður þess að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði hér á landi og fagna ég því auðvitað að hæstv. ráðherra hefur með því skipað sér í hóp þeirra sem hafa skilning á því að gera þarf veigamiklar breytingar hér á landi í þeim efnum til þess að hægt sé að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja. Hæstv. ráðherra hefur einnig lýst áhuga sínum á því að breyta ýmsum starfandi opinberum atvinnufyrirtækjum í hlutafélög. Hann hefur nefnt til sögunnar, auk Sementsverksmiðju ríkisins og Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg sem hann lagði fram frv. um í fyrra og varð að lögum þá, ríkisviðskiptabankana og sýnt fram á að það væri til ábata í undirbúningi okkar undir það að samræma leikreglur okkar þeim leikreglum sem gilda í Vestur-Evrópu ef ríkisviðskiptabankarnir breyttust í hlutafélög.

Hæstv. ráðherra hefur bent á að ef slíkt væri gert væri auðveldara fyrir fyrirtæki eins og ríkisviðskiptabankana að afla nýs eigin fjár öðruvísi en að gera það með því að reksturinn skili fjármunum til að bæta eiginfjárstöðuna. Kannski er nýjasta dæmið í bankaheiminum, þ.e. sameining Landsbankans og Samvinnubankans, gott dæmi um það hvernig hægt hefði verið að standa öðruvísi að málum ef Landsbankinn hefði verið hlutafélag, jafnvel þótt allir hlutirnir hefðu verið í eigu ríkisins. Þá hefði staðan verið sú að eigendur Samvinnubankans, þeir sem vildu áfram eiga hlut í banka, hefðu getað skipt á bréfum og eignast hluta í þessum sameiginlega nýja banka sem kemur til með að bera nafn Landsbankans. Þannig hefði eiginfjárstaðan styrkst en ekki veikst eins og nú hefur gerst með sameiningunni. En eins og öllum er ljóst er eiginfjárstaða Landsbankans með þeim hætti að teflt er á tæpasta vað með sameiningu sem á sér stað með þeim hætti að Landsbankinn þarf að kaupa hlutabréf eigenda Samvinnubankans og borga í mörgum tilvikum verulegar fjárhæðir út úr bankanum.

Nú kann vel að vera, herra forseti, að ýmsum þyki ég vera kominn í skógartúr, farinn að ræða um bankana og að hvaða gagni það gæti komið ef ríkisviðskiptabankarnir yrðu gerðir að hlutafélögum, jafnvel þótt hlutaféð væri allt í eigu ríkisins. En svo er nú aldeilis ekki. Þetta eru náskyld mál. Hæstv. ráðherra hefur í nýlegri grein einmitt viðrað þá hugmynd að gera eigi gangskör að því að breyta fleiri opinberum fyrirtækjum í hlutafélög með það að markmiði í tímans rás að selja hlutaféð á almennum markaði. Af þessu tilefni finnst mér ástæða til þess að rifja það upp að fyrir efri deild liggur nú frv. til breytinga á tekju- og eignarskattslögum. Samkvæmt því frv. eru lagðar til þær breytingar að búast má við því að fyrirtæki muni loksins skrá hlutabréf sín á verðbréfaþingi Íslands. Það er mjög mikilvægt, ekki síst þegar við erum að ræða um hlutafélög í eigu ríkisins sem síðar meir gætu orðið eign almennings í landinu, ef hægt er að fá slíka skráningu og selja síðan í tímans rás þessi bréf í litlum skömmtum.

Ég vil lýsa ánægju minni með það að hæstv. ráðherra skuli hafa viðrað slíkar skoðanir því þær skoðanir fara nákvæmlega saman við skoðanir sjálfstæðismanna sem telja í fyrsta lagi eðlilegt að breyta opinberum atvinnufyrirtækjum í hlutafélög, jafnvel þótt hlutirnir séu allir í eigu ríkisins. Síðar meir sé eðlilegt að hlutirnir séu seldir á hlutabréfamarkaði og þá ekki í svo stórum skömmtum að það kunni að hafa slæm áhrif á markaðinn.

Herra forseti. Ég hef nú nokkuð lýst þessu frv., sagt frá því að fyrir hafi legið í hv. deild frv. sama efnis sem var svo líkt að í raun hefði verið miklu eðlilegra að flytja brtt. við það frv. enda bauðst flm. frv. til að taka þær allar til greina eins og þeim var lýst í ræðu hæstv. ráðherra þegar hann talaði í því máli fyrr á þessu þingi. Hæstv. ráðherra kaus að leggja fram stjfrv. og það er í sjálfu sér afar eðlilegt. Mér finnst ýmis þau atriði sem komið hafa inn í frv. síst vera til bóta en skil vel að nauðsynlegt er fyrir hæstv. ráðherra að setja slík ákvæði í frv. til þess að fá fylgi við frv. í öðrum stjórnarflokkum en Alþfl. Þar sem málið er mikilvægt og gefur gott fordæmi finnst mér ástæða til þess að gera ekki neinar frekari athugasemdir við frv. né heldur að leggja fram brtt. Mér finnst þvert á móti ástæða til þess að flýta því að þetta mál geti orðið að lögum og mun gera mitt til þess í hv. nefnd að flýta fyrir afgreiðslu þess.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Eins og hér hefur komið fram og hv. þm. vita þá hafa nú á undanförnum árum verið nokkuð skiptar skoðanir um þá breytingu sem hér er lögð til, að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Nokkur frv. hafa verið lögð fram um það efni. Ég tel að með því stjfrv. sem hér liggur fyrir hafi verið tekið tillit til flestra þeirra atriða sem ágreiningur var um og ýmissa þeirra ábendinga sem komu fram við þau frv. sem hér hafa verið til meðferðar á Alþingi á undanförnum árum og fullt tillit tekið til sjónarmiða þeirra sem hafa viljað koma sínum skoðunum fram. Ekki síst frá aðilum á Akranesi og þá á ég að sjálfsögðu við bæjarstjórn Akraness og fleiri aðila sem hafa lagt til ákveðnar breytingar sem eru komnar inn í þetta frv. Ég tel að í öllum aðalatriðum sé samkomulag um að þetta mál nái fram að ganga, eins og hér hefur komið fram áður.

Ég tel að ákvæðin um samstarfsnefnd og samráðsfundi séu mjög til bóta og raunar nýjung í svona lögum og eiga áreiðanlega eftir að skila árangri fyrir starfsemi verksmiðjunnar. Það er náttúrlega mikilvægt að það sé samhent fólk sem þarna starfar og ekki verði ágreiningur um meginatriði í stefnu verksmiðjunnar.

Fyrirtæki eins og þessi verksmiðja, sem eins og allir vita hefur verið mikilvæg kjölfesta í atvinnulífinu á Akranesi og haft mikil áhrif á uppbyggingu á Akranesi á undanförnum árum, mun áreiðanlega, ef vel er á haldið, geta haft víðtæk áhrif á önnur atvinnutækifæri. Það kemur í ljós með þeim breytingum sem gerðar hafa verið t.d. á lögunum um Járnblendiverksmiðjuna að möguleikar eru á því að svona verksmiðjur geti haft bein áhrif til atvinnuauka eða nýjunga í atvinnurekstri ef þær ná árangri í sínum eigin rekstri, sem er mikilvægt.

Ég vil með þessum fáu orðum lýsa því yfir að ég tel að það frv. sem hér liggur fyrir fullnægi öllum þeim meginatriðum sem komið hafa fram um þessa breytingu á verksmiðjunni. Þeim athugasemdum sem höfðu komið fram áður hefur verið fullnægt með þessu frv. Ég lýsi því yfir að ég vænti þess að Alþingi ljúki afgreiðslu frv. á þessu þingi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil biðjast velvirðingar á því að láta hv. deild bíða eftir mér og láta ræðustólinn standa tóman. Ég kem eingöngu hér upp til að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Ég fagna tilvist þess og að loks skuli sjást fyrir endann á þessu máli.

Þegar frv. hv. þm. Friðriks Sophussonar um sama efni var hér til umræðu tók ég þátt í þeim umræðum og lýsti einnig stuðningi við það. Ég hlustaði þá glöggt á hæstv. iðnrh. og ábendingar hans sem nú eru flestar ef ekki allar komnar inn í þessa samsuðu, sem ég vil svo kalla, úr frv. hv. þm. Friðriks Sophussonar og ábendingum hæstv. ráðherra.

Ég styð þetta frv. fyrst og fremst vegna þess að ég tel að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að færa Sementsverksmiðjuna yfir í hendur einkaframtaksins og að verið sé að opna möguleika á því að selja hlutabréf fyrirtækisins á frjálsum markaði, þó seinna verði. Ég tel einsýnt að 8. gr. frv. opni fyrir þann möguleika. Þó hún geri ráð fyrir því að til þess þurfi samþykki Alþingis þá hygg ég að með tíð og tíma muni slíkur meiri hluti eiga eftir að líta dagsins ljós hér á Alþingi sem veiti samþykki sitt fyrir því að hlutabréf fyrirtækisins verði seld á almennum markaði.

Ég ætla ekki að fjalla neitt efnislega um þetta frv. Ég vildi eingöngu koma hér upp til þess að lýsa stuðningi við það. Þó get ég ekki annað en tekið undir vangaveltur hv. þm. Friðriks Sophussonar um kosningu stjórnar fyrirtækisins og tel það ekkert óeðlilegt að á meðan hlutabréf eru öll í eigu ríkissjóðs og ríkisins sé það Alþingi sem kjósi stjórn yfir þetta fyrirtæki en seinna meir ráði vægi hlutabréfseignaraðila því hvernig kosið er í stjórn fyrirtækisins.

Hæstv. forseti. Fleira held ég að ég þurfi ekki að segja um þetta frv. og læt því máli mínu lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Raforkuver, 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 1098.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi vegna þess að það er verið að taka hér stórt mál á dagskrá, 8. málið, sennilega langdýrasta frv. sem hefur verið sýnt þessu þingi, það er verið að taka það á dagskrá hér rétt fyrir miðnætti og mér skilst að það séu áform forseta að ljúka fundi hér um miðnætti vegna þess að þá rennur upp 1. maí og ekki er það óeðlilegt. Af þessu tilefni vildi ég inna hæstv. forseta eftir því hvernig hugmyndin væri að haga framhaldi umræðunnar. Ég ætla ekki að setja mig á móti því í önnum þingsins að þessi umræða hefjist ef það liggur ljóst fyrir að henni verður haldið áfram rakleitt í upphafi næsta fundar í deildinni. En ég teldi það með öllu óviðunandi ef ætti að fara að slíta þessa umræðu enn frekar sundur en leiðir af slitum fundar og setningu nýs.

Ég vek athygli á því að það er greinilega ekki mikill áhugi á þessu máli hjá ríkisstjórninni, eins og málum hefur verið raðað hér á dagskrá í dag en það er út af fyrir sig ekki mitt áhyggjuefni. Hins vegar hefði ég kosið að þetta mál fengi meðferð í þingnefnd og hef ætlað mér að reyna að láta vinna í því í þeirri nefnd sem ég er formaður í. En mér finnst algert skilyrði fyrir því, ef þingnefnd á að fara að taka á máli og umræða að hefjast nú, að það verði ljóst að hún haldi áfram í byrjun fundar á miðvikudag. Ég vil inna

hæstv. forseta eftir því hvort því megi treysta. (**Forseti:** Vegna þessarar spurningar vill forseti taka það fram að það er rétt að hér verður fundi lokið fyrir kl. 12. Ég get lofað hv. ræðumanni því að þetta mál verður mjög framarlega á dagskrá þess fundar sem verður haldinn í deildinni n.k. miðvikudag.)

Virðulegi forseti. Ég tek það svo að það verði á fyrsta hálftíma þess fundar. Ef atkvæði eru greidd um einhver mál fyrst, þá ætla ég ekki að gera athugasemdir við það, en ég skil orð forseta þannig að þetta verði fyrsta efnislega málið sem verður rætt hér á fundi n.k. miðvikudag. (**Forseti:** Forseti vill ekki gefa bindandi loforð um það hvort þetta verður fyrsta efnislega málið sem á dagskrá verður, en hann skal standa við að það mun koma fyrir snemma á fundi á miðvikudag.)

Virðulegur forseti. Í trausti þess að þetta verði tekið fyrir mjög fljótlega eftir að fundur hefst á miðvikudag þá ætla ég ekki að setja mig á móti því að hæstv. iðnrh. hefji mál sitt og mæli fyrir málinu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka hv. þm. hans góðu orð og gef hæstv. iðnrh. orðið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 1098 um breytingu á lögum nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver o.fl., eins og það kom frá hv. Ed. Frv. þetta er flutt til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi í framhaldi af undirritun yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Atlantsálsaðilanna hinn 13. mars sl., en yfirlýsingin hefur að geyma ásetning um að ljúka samningum um nýtt álver.

Meginefni þessa frv. má lýsa í þremur greinum. Í fyrsta lagi er hér lagt til að í lög um raforkuver, með samsvarandi breytingum á lögum um Landsvirkjun, verði bætt heimildum fyrir tvær virkjanir, þ.e. Búrfellsvirkjun með allt að 310 mw. afli og Krófluvirkjun með allt að 60 mw. afli.

Í öðru lagi er hér lagt til að sérstök heimild verði veitt til að reisa og reka jarðgufuvirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 mw. afli, í tveimur áföngum. Í upphaflegri gerð frv. var lagt til að heimild yrði veitt fyrir fyrri áfanga raforkuframleiðslu að Nesjavöllum, þ.e. 38 mw., en meiri hl. iðnn. Ed. og deildin öll varð sammála um að leggja til allt að 76 mw. heimild og er ég samþykkur þeirri breytingu.

Í þriðja lagi er lagt til að 2. gr. laga um raforkuver verði umorðuð nokkuð og framkvæmdarvaldinu verði settar almennar reglur um röðun framkvæmda sem ráðast skuli af væntanlegri orkunýtingu. Í ákvæðum til bráðabirgða í frv. þessu er hins vegar lagt til að lögfest verði tiltekin röð virkjanaframkvæmda takist samningar um nýtt álver, eins og að er stefnt, og Landsvirkjun verði veitt heimild til að verja allt að 300 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda á árinu 1990 til þess að unnt verði að sjá hinu nýja væntanlega álveri fyrir nægri raforku á árinu 1994.

Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu er þetta frv. flutt í samræmi við viljayfirlýsingu frá 13. mars sl., en þar er miðað við að reist verði álbræðsla með 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári er hefja skuli rekstur á árinu 1994. Áætluð raforkuþörf hins nýja álvers, að meðtöldu orkutapi við flutning orkunnar til iðjuversins frá orkuverunum, er um 2970 gwst. á ári og aflþörfin, sem þessu svarar, 355 mw. Nærri lætur að orkuþörf álversins sé um ¾ hlutar af heildarsölu orkunnar hér á landi um þessar mundir.

Það hafa verið gerðir á því ítarlegir útreikningar hvernig hagkvæmast yrði að afla orku til hins nýja álvers. Í ákvæðum til bráðabirgða í frv. er gerð tillaga um tiltekna röð orkuframkvæmda til viðbótar við Blönduvirkjun til að mæta orkuþörf hins nýja iðjuvers. Hér er um að ræða, eins og ég sagði áðan, í viðbót við Blönduvirkjun, en henni þarf að ljúka, í fyrsta lagi Fljótsdalsvirkjun, í öðru lagi stækkun Búrfellsvirkjunar um 100 mw. ásamt lokaáfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni, og í þriðja lagi fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar til raforku og stækkun Krófluvirkjunar.

Hér er í öllum meginatriðum um sömu virkjanaframkvæmdir að ræða og Alþingi samþykkti með þál. um virkjanaframkvæmdir og orkunýtingu hinn 6. maí 1982. Eina beina viðbótin er að með frv. er leitað heimildar Alþingis fyrir jarðvarmavirkjun á Nesjavöllum sem var ekki með í þeirri röð virkjana.

Það má með sanni segja að forsenda þessa virkjanafrv., sem ég mæli nú fyrir, séu þær rannsóknir sem fram hafa farið á grundvelli þeirrar stefnu sem Alþingi markaði á árunum 1981 og 1982. Þær hafa verið umfangsmiklar og án þeirra væri ekki unnt að ráðast í þessar framkvæmdir með þeim hætti sem hér er leitað heimildar til að fullnægðum þeim skilyrðum, sem getið er hér áður í mínu máli og í greinargerð frv., þ.e. að samningar takist um að byggja hér nýtt álver. Samtals er áætlað að fjárfesting í raforkukerfinu verði rúmlega 31 milljarður kr. á tímabilinu 1990–1995 og að þessum framkvæmdum fylgi samanlagt um 2900 ársverk. Ef ekki yrði um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar að ræða á þessum árum er áætlað að fjárfestingar í raforkukerfinu mundu nema einungis tæplega 5 milljörðum kr. og mannaflaþörf þeirra vegna yrði innan við 500 ársverk þessi sex ár.

Með öðrum orðum, ef ekki koma til ný stórkaup á orku í þeim mæli sem hér er gert ráð fyrir er ekki þörf á frekari virkjunarframkvæmdum, sem um munar, fyrr en á næstu öld. Um nánari lýsingu á þeim virkjanaframkvæmdum sem heimilda er leitað fyrir í frv. leyfi ég mér, virðulegi forseti, að vísa til fskj. með því.

Til þess að unnt verði að sjá Atlantsálverinu fyrir nægri orku veturinn 1994–1995 þarf Landsvirkjun nú að hefja hönnun og undirbúning framkvæmda þeirra vegna þegar á þessu ári. Með hliðsjón af þessu er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að Landsvirkjun verði veitt heimild til 300 millj. kr. lántöku á þessu ári. Ákvarðanir um þessar framkvæmdir, og það hvort

nýta skuli þessar heimildir, verða teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álverið vindur fram og ekki í framkvæmdirnar ráðist nema samningar séu í sjónmáli.

Ég mun nú víkja nokkuð að undirbúningi og viðræðum um nýtt álver sem að sjálfsögðu er undirstaðan, forsenda þeirra virkjunaráforma sem þetta frv. fjallar um. Með undirritun viljayfirlýsingarinnar frá 13. mars, sem ég hef þegar vitnað til, náðist mikilvægur áfangi í því þýðingarmikla stefnumáli þessarar ríkisstjórnar að nýta innlendar orkulindir, vatnsorku og jarðvarma, til atvinnuuppbyggingar.

Í yfirlýsingunni kemur fram að í álverinu verði notuð nýjasta tækni við framleiðslu og steypu á áli og nýjustu og fullkomnustu mengunarvarnir. Það er gert ráð fyrir því í því sem nú er rætt að bandaríska félagið Alumax muni eiga allt að 40% hlut í álverinu, en sænska félagið Gränges og hollenska félagið Hoogovens Aluminium allt að 30% hvort félag. Það er gert ráð fyrir að ameríska félagið Alumax muni annast stjórn hins nýja álvers í daglegum rekstri og reyndar forstöðu um framkvæmdir. Í yfirlýsingunni er staðfest að gera þurfi eftirtalda samninga á grundvelli heimildarlaga um nýtt álver.

1. Takast þurfa heildarsamningar milli íslenska ríkisins og Atlantsálsaðilanna um byggingu og rekstur álversins þar sem kveðið yrði á um réttindi og skyldur aðilanna hér á landi.

2. Takast þarf orkusölusamningur milli álversins og Landsvirkjunar sem tryggi að heildartekjur af orkusölu til álversins geri gott betur en að standa undir kostnaði vegna virkjana sem í þarf að ráðast eingöngu vegna þessarar sölu.

3. Gert hefur verið ráð fyrir að Atlantsálverið geri samning við hlutaðeigandi sveitarfélög um hafnar- og lóðaraðstöðu fyrir hið nýja iðjuver.

4. Atlantsálsaðilarnir hafa lagt áherslu á það fyrir sitt leyti að samningur um meginskilmála varðandi mengunarvarnir verði undirritaður samhliða aðalsamningi um nýtt álver og tel ég það hyggilegt fyrirkomulag. Takist þessir samningar í september, eins og að er stefnt, mun ég leggja fyrir Alþingi frv. til heimildarlaga um álverið í október á næsta hausti með það að markmiði að afla samþykkis Alþingis fyrir lok þessa árs.

Ég vík þá nokkrum orðum að staðsetningu hins nýja álvers sem enn hefur ekki verið ákveðið. En á grundvelli viðræðnanna við Atlantsálsaðilana hefur hins vegar verið ákveðið að gera nákvæman samanburð á stofn- og rekstrarkostnaði við nýtt álver á fjórum svæðum á landinu:

1. Við Eyjafjörð.
2. Við Hvalfjörð.
3. Við Reyðarfjörð.
4. Á Reykjanesi, og á ég þá við skagann allan frá Straumsvík að Þorlákshöfn. Þá vega þungt ýmis sjónarmið önnur en kostnaður, sem erfitt er að verðleggja, samskipti við aðila vinnumarkaðarins og sveitarstjórnir, svo að ekki sé minnst á umhverfismál. Staðsetningin verður ákveðin að loknum öllum þessum athugunum. Staðarvalið er að mínu áliti órjúfanlegur hluti af heildarsamningum um álverið og verður af Íslands hálfu lögð rík áhersla á að staðarvalið sjálft stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða. Hefur ríkisstjórnin reyndar ályktað um það sérstaklega, eins og lesa má í grg. frv.

Í undirbúningi þessa máls í iðnrn. hefur verið lögð á það rík áhersla að tryggja að ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og umhverfisvernd verði gerðar í hinu nýja álveri. Í mengunarreglugerð þeirri sem nú gildir eru m.a. kröfur um loftgæði sem eru afar strangar varðandi brennisteinstvíildi. Hins vegar eru þar ekki kröfur varðandi flúor. Það er hugsanlegt að á grundvelli reglugerðarinnar kynni að verða krafist mismunandi mengunarvarna eftir því hvar álverið verður staðsett. Slíkt mun m.a. ráðast af dreifingarspá um loftmengun sem nú er unnið að, m.a. af norskum ráðgjöfum iðnrn., Norsk Institutt för luftforskning, NILU. Það sem er kjarni málsins að sjálfsögðu er að alls staðar verði eftir aðstæðum gerðar sömu kröfur frá sjónarmiði manneskjunnar, frá sjónarmiði gróðurfars og dýralífs, eftir því hvernig aðstæður bjóða.

Það er gert ráð fyrir að í hinu nýja álveri verði notuð framleiðslutækni frá hinu franska fyrirtæki Pechiney sem stendur einna fremst í veröldinni í smíði slíkra tækja. Tæknin verður hin fullkomnasta sem völ er á eða önnur hliðstæð tækni þeirri sem Pechiney hefur boðið. Reynslutölur frá álverum sem eru byggð með þessari tækni sýna að með svokallaðri þurrhreinsun á útblæstri frá álverinu má ná um 98% hreinsun af því flúormagni sem frá bræðsluferlinu kemur. Í þessu sambandi má nefna að flúor í útblæstri álvera í Noregi minnkaði úr 5,4 kg á hvert framleitt tonn árið 1960 í 1,05 kg á tonn að meðaltali árið 1988, þ.e. niður í minna en fimmtung af því sem var fyrir 30 árum. Þessar tölur gefa einnig til kynna þá byltingu sem orðið hefur í mengunarvörnum í álverum og líka í álverunum sem vinnustað. Það er því með engu móti hægt að bera nýtt álver, sem nú skal reist, saman við ver sem voru reist á sjöunda áratugnum, t.d. álver Ísals í Straumsvík.

Í því sambandi vil ég þó geta þess að nú er verið að setja vélknúinn lokunarbúnað á bræðslukerin í Ísal, auk ýmissa annarra aðgerða til að draga þar úr mengun. Vinnuumhverfi í nútímaálveri er því annað og betra en í gömlum álverum sem oft er miðað við í málflutningi um þetta efni. Þannig er ekki þörf á því lengur að opna jafnan bræðslukerin til þess að sinna þeim og í raun felast mörg störf í kerskála í því núorðið að fylgjast með stjórntækjum. Slík störf henta, a.m.k. flest hver, jafnt konum sem körlum.

Í könnun þeirri sem bandaríska verkfræði- og byggingarfyrirtækið Bechtel og kanadíska ráðgjafarfyrirtækið Lavalin gerði á hagkvæmni þess að reisa og reka nýtt álver á Íslandi er gert ráð fyrir rúmlega 600 ársverkum í nýju álveri. Umrædd ráðgjafarfyrirtæki könnuðu sérstaklega hvað ætla mætti að mörg starfa í nýju álveri hentuðu konum jafn vel og körlum og

komust að þeirri niðurstöðu að allt að þriðjungur þeirra, eða rúmlega 200, mundu verða eftirsóknarverð störf fyrir konur. Alls er gert ráð fyrir að til byggingar álversins þurfi um 2400 ársverk. Þar má ætla að um fimmtungur verði erlent vinnuafl. Stofnkostnaður við byggingu þessa mikla iðjuvers er áætlaður 42 milljarðar kr. á verðlagi ársins 1989 og er áætlaður framkvæmdatími 36–40 mánuðir. Við rekstur álversins er gert ráð fyrir rúmlega 600 ársverkum þegar það er komið í fulla framleiðslu, eins og ég hef þegar nefnt.

Þeir sérfræðingar sem fylgjast með þróun á málmmarkaði spá stöðugri aukningu í notkun áls á næstu árum. Það er gert ráð fyrir stöðugri aukningu í öllum helstu greinum eftirspurnar, þ.e. til byggingariðnaðar, sem er sú grein sem nú nýtir mest af áli, umbúðaiðnaðar, sem er álíka stór notandi en vex þó hraðar, en aðrir sem nýta ál í verulegum mæli eru framleiðendur heimilistækja, flutningatækja og ýmiss konar rafbúnaðar. Heildarnotkun á hrááli í heiminum er nú um 17 millj. tonna og þar af er notkunin í Vestur-Evrópu rúmlega 4,2 millj. Því er spáð að til aldamótanna næstu muni notkun áls í Vestur-Evrópu aukast í um það bil 4,6 millj. tonna. Heildarframleiðslugeta álveranna í Vestur-Evrópu er nú um 4 millj. tonna, en því er spáð að um aldamót hafi framleiðslugetan í Vestur-Evrópu dregist saman í um það bil 3,6 millj. tonna. Það er því þörf á innflutningi á áli til Vestur-Evrópu um næstu aldamót um eina milljón tonna.

Atlantsálsaðilarnir áætla að mestur hluti þeirra 200 þús. tonna af áli sem þeir ráðgera að framleiða hér á landi á hverju ári eftir 1994 verði flutt til Vestur-Evrópu. En reyndar starfa þau fyrirtæki sem að þessu verki standa á báðum mörkuðunum. Beggja vegna Atlantsála eru Atlantsálsfyrirtækin með sölu, einkum Alumax sem hefur mikla framleiðslu, bæði víða um Bandaríkin og um Vestur-Evrópu.

Byggðastofnun hefur gert nokkra athugun á áhrifum nýs álvers á búsetu og vinnumarkað og í þeim dæmum sem lýst er í grg. með frv. er miðað við staðsetningu ýmist í Eyjafirði, Reyðarfirði eða á höfuðborgarsvæðinu. Að mati stofnunarinnar kemur ávallt hluti af margfeldisáhrifum nýrra starfa í álverinu fram á höfuðborgarsvæðinu óháð því hvar á landinu það yrði reist. Að teknu tilliti til þessara áhrifa, margfeldisáhrifanna, mundi nýtt álver sem reist yrði á höfuðborgarsvæðinu leiða af sér um 1900 störf á því svæði. Nýtt álver við Eyjafjörð mundi skapa þar um 1500 ársverk eða sem jafngildir um 17% fjölgun starfa, en álver við Reyðarfjörð mundi hafa í för með sér um 1300 ársverk heima í héraði eða sem jafngildir um 56% fjölgun starfa á því vinnusvæði. Grg. þessi er birt sem fskj. nr. 4 með frv. Stofnunin vinnur nú að endurbótum á þessum athugunum og á sambærilegri athugun miðað við staðsetningu við Þorlákshöfn og þar með atvinnuáhrifum á Árborgarsvæði, á Suðurnesjum, þ.e. sunnan við Straumsvík, og við Hvalfjörð.

Þjóðhagsstofnun hefur kannað þjóðhagsleg áhrif 200 þúsund árstonna álvers, sem reist yrði á árunum 1991–1994, og virkjana sem slíkum framkvæmdum mundu tengjast, eins og lýst er í fskj. 5 með frv. Þetta starf er enn í gangi, en niðurstaðan sem nú hefur fengist er sú að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslunnar er talinn verða um 3% á ári á tímabilinu 1991–1997 verði hér reist nýtt álver af þessari stærð, sem bera má saman við þá spá sem Þjóðhagsstofnun hefur gert, án slíkra framkvæmda, sem felur í sér um 2% hagvöxt á ári. Álverið mundi því leiða til þess að landsframleiðslan yrði rúmlega 5% hærri árið 1997 en hún ella yrði. Hér er um verulega aukningu hagvaxtarmöguleika að ræða, aukningu sem mundi gera það að verkum að metin milli Íslands og nálægra landa þeirra sem við gerum oftast samanburð við í hagvexti yrðu jöfnuð, en því miður hafa Íslendingar dregist nokkuð aftur úr grannþjóðum sínum hvað þetta varðar síðustu tíu árin.

Þá er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna líkt og landsframleiðslan yrði um 5% hærri í lok þessa fimm ára tímabils með álveri en án þess og atvinnuleysið fimmtungi úr hundraðshluta minna. Erlendar skuldir mundu óhjákvæmilega aukast nokkuð á framkvæmdaskeiðinu og ná hámarki árið 1994 og verða þá um 53% af landsframleiðslunni. Síðan færu þær lækkandi í hlutfalli við framleiðslu. Til samanburðar má nefna að erlendar skuldir án álversins og nauðsynlegra orkuframkvæmda þess vegna yrðu um 40% af landsframleiðslunni 1994.

Ég vil þó halda því fram við þessa virðulegu þingdeild að slík skuldaaukning sé ekki áhyggjuefni. Þvert á móti væri hún vísbending um það að greiðslugeta þjóðarbúsins muni fara vaxandi sem stuðlar að því að við gætum aukið okkar lánstraust en ekki rýrt það. Þjóðhagsstofnun áætlar að útflutningsverðmæti afurða frá álverinu verði um 21 milljarður kr. miðað við meðalgengi bandaríkjadollars 1989. (**Forseti:** Svo mikla virðingu ber forseti fyrir hátíðisdegi verkalýðsins 1. maí að hann vill að þessum fundi ljúki fyrir kl. 12.) Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Það er minna en hálf mínúta eftir af því og ég vona að ég fái að ljúka ræðunni. — Í þessu felst að samanlagður útflutningur áls gæti orðið rúmur fimmtungur af heildarútflutningi árið 1997, ef þessar áætlanir standast.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um frv. að sinni, en ítreka nauðsyn þess að heimildir þær til virkjana og undirbúnings þeirra á þessu ári, sem frv. fjallar um, verði veittar. Brýnt er að nauðsynlegur undirbúningur orkusölu til væntanlegs álvers geti hafist á þessu ári. Þess vegna er frv. flutt.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

90. fundur, miðvikudaginn 2. maí, kl. 11 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason):
Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþýðuflokksins í Vesturlandskjördæmi, Sveinn G. Hálfdánarson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl."

Sveinn hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs þá farið fram og það samþykkt. Býð ég Svein velkominn til starfa.

Öryggi á vinnustöðum, 3. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 1134.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skákskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 1090, n. 1120.

Valgerður Sverrisdóttir:
Hæstv. forseti. Í fjarveru frsm. flyt ég hér álit menntmn. Ed. á frv. til laga um Skákskóla Íslands. Nál. er á þskj. 1120 og hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd."

Undir nál. rita Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Halldór Blöndal, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Launasjóður stórmeistara í skák, 2. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 1091, n. 1121.

Valgerður Sverrisdóttir:
Hæstv. forseti. Í fjarveru frsm. menntmn. Ed. mæli ég fyrir nál. um Launasjóð stórmeistara í skák á þskj. 1121.

Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd."

Undir nál. rita Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Halldór Blöndal, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég gætti þess ekki að hafa fyrirvara fyrir samþykki mínu við frv. Ég sé engin efnisleg rök fyrir því að það sé áskilið að kona sem ekki nái tilteknum árangri njóti styrks úr sjóðnum og finnst kynskipting af þessu tagi út í hött. Ég get ekki skilið að ef t.d. fjórar konur hefðu náð stórmeistaraárangri þá skuli lögin vera þannig úr garði gerð að enginn karlmaður komi til greina. Þetta er nú í fyrsta lagi hálfbroslegt og auðvitað mjög hæpið að það sé forsvaranlegt að Alþingi gangi frá löggjöf með þessum hætti. Í öðru lagi get ég ekki skilið að nokkur kona muni geta hugsað sér að þiggja laun úr sjóðnum á öðrum forsendum en jafningjar hennar sem eru karlkyns. Þess eru dæmi að konur séu stórmeistarar. Það er á hinn bóginn vitað að minna er um það að konur leggi skák fyrir sig en karlmenn og af þeim ástæðum eðlilegt að færri konur séu í hópi stórmeistara en karlar.

Ég skil ekki efnislegu rökin fyrir því að taka upp kynskiptingu af þessu tagi, finnst þessi framkoma í garð kvenna móðgandi og get ekki fellt mig við lögin eins og þau eru. Setning af þessu tagi á ekkert skylt við jafnrétti, á ekkert skylt við kvenréttindi almennt talað. Það er einungis verið að gera lítið úr konum með því að setja inn ákvæði af þessu tagi. Hef ég ekki meira um þetta mál að segja.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. áðan um þetta frv. þá mótmæli ég þeim orðum hans að það sé lítilsvirðing við konur. Það er verið að grípa hér til hvetjandi aðgerða og það er almennt, að ég tel, vilji fyrir því í mörgum tilvikum að grípa til tímabundinna aðgerða til þess að gera það átak í jafnréttismálum sem þörf er á.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég get ekki séð að hin almennu ákvæði laganna um stórmeistaratitil séu neitt minna hvetjandi fyrir konur en karla. Og ég held að konur hljóti að setja sér sömu markmið og karlar, að ná, ég vil segja, yfirburðaárangri í skák, ef þær á annað borð

kjósa að leggja þá íþrótt fyrir sig. Ég hef að öðru leyti ekki meira um þetta mál að segja. Vil þó minna á að ýmsar konur hafa sett sér það að keppa ekki á hinum *sérstöku kvennamótum heldur kjósa að taka þátt í* skákmótum með körlum. Ég vil líka minna á, svo maður taki aðra íþrótt þó hún krefjist ekki jafnmikillar atorku og skákin, ef við tölum um bridds, sem er sambærileg íþrótt, þá hefur það nú verið svo að konur hafa komist í úrslit í heimsmeistarakeppni í bridds. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að konur geti einnig náð þeim árangri að keppa til úrslita eða verða heimsmeistarar í skák. Ég hélt að andlegir burðir kvenna væru ekki minni en karla og ef þær kysu að leggja skáklistina fyrir sig þá bentu engar líkur til þess að það ætti að setja þær á annan bekk.

Ég vil líka í þessu samhengi aðeins benda á að ákvæðið um konu er mjög lauslegt og ég skil satt að segja ekki hvernig framkvæmd þess verður háttað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
1. mgr. 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. mgr. 3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GuðmÁ, HÁ, JE, KSG, MF, SalÞ, SkA, SvG, VS, DS, SGH, JHelg.

EKJ, GHG, HBl, ÞK greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (GA, JúlS, KP, StG, EgJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil ekki setja þetta mál í neina hættu, en ég ítreka það sem ég sagði áður að ákvæði af þessu tagi er móðgandi fyrir konur og á ekki rétt á sér. Konur eru fullfærar um að skila sama árangri í skák og karlar. Ég dreg það ekki í efa eitt andartak. En með hliðsjón af því að ég tel þetta í heild til bóta þá greiði ég ekki atkvæði.

3. mgr. 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrr í vetur lagði ég fyrir Alþingi frv. til laga um grunnskóla þar sem gert var ráð fyrir heildarendurskoðun á grunnskólalögum, núgildandi ákvæðum þeirra. Frv. hefur sætt meðferð í hv. Nd. og verið ítarlega um það fjallað. Niðurstaða hv. menntmn. Nd. var sú að þar sem hér er um að ræða stjórnarskrá grunnskólans svo að segja í landinu þá væri nauðsynlegt að fjalla ítarlegar um málið. Engu að síður væri ástæða til þess að taka út úr málinu einn þátt þess og reyna að ná afgreiðslu á því á þessu þingi þar sem um er að ræða það jafnréttisákvæði að sex ára börn, hvar sem þau búa á landinu, geti sótt skóla á jafnréttisgrundvelli. Þessir þættir voru teknir út úr grunnskólafrv. í sameiginlegu nál. menntmn. Nd. þar sem fulltrúar allra flokka sem þar eiga sæti skrifuðu upp á málið. Það var samstaða um málið einnig í atkvgr. í hv. Nd. og eina breytingin sem þetta frv. gerir ráð fyrir snertir, eins og ég sagði áður, sex ára börnin.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða það mál frekar að sinni sérstaklega þar sem það hefur þegar reyndar verið rætt í tengslum við önnur mál hér í hv. Ed. og legg því til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Gjald af erlendum lánum vegna skipasmíða, frh. 2. umr.

Frv. HBl, 97. mál. — Þskj. 98, n. 897 og 1028.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 897 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, StG, SvG, VS, SGH, GuðmÁ, HÁ, JE, KSG, JHelg.

nei: SalÞ, ÞK, DS, EKJ, GHG, HBl, KP.

4 þm. (SkA, EgJ, GA, JúlS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með tilliti til orða hæstv. fjmrh. í umræðunni hér fyrir nokkrum dögum þess efnis að tekið verði á vanda Slippstöðvarinnar á Akureyri sérstaklega og þar sem hér er um tiltölulega lága upphæð að ræða þegar litið er til þess vanda sem það fyrirtæki á við að stríða, þá greiði ég atkvæði með meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. og segi já.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé að verkin tala hjá ríkisstjórninni. Hún er ekki fáanleg til þess að endurgreiða þetta sérstaka gjald vegna innlendra skipasmíða. Það eru nú efndirnar við fögru orðin. Í ræðu hæstv. fjmrh. í gær kom fram að uppsafnaður söluskattur yrði ekki endurgreiddur vegna sl. árs. (**VS:** Því var ekki svar-

að.) Þögn er sama og yfirlýsing í þessu efni þannig að það eru engar horfur á því að við það verði staðið heldur. En ég veit, herra forseti, að miklum fjármunum verður varið til þess að gefa út fagrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um umhyggju hennar fyrir skipasmíðaiðnaði samt sem áður. Þetta bitnar auðvitað illa á stöðum eins og Akranesi, stöðum eins og Akureyri. Ég segi nei.

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur látið í veðri vaka að hann hafi tekið þetta mál upp við fjmrh. og vonir hafi staðið til þess að fjmrh. mundi endurgreiða það lántökugjald sem hér um ræðir vegna innlendra skipasmíða. Fjmrh. hefur lýst því yfir í Sþ. að ekki séu lagaheimildir fyrir því að til slíkrar endurgreiðslu geti komið. Og nú hefur Ed. tekið af skarið um að það sé ekki vilji meiri hluta deildarinnar að til endurgreiðslu geti komið þannig að nú er búið að slá svörtu striki undir að um nokkrar þvílíkar heimildir geti verið að ræða. Meiri hluti deildarinnar getur því velt því fyrir sér hvaða erindi frv. á til ríkisstjórnarinnar, hvað orðin „að vísa til ríkisstjórnarinnar" þýða í þessu samhengi. Hreinskilnari og hreinlyndari menn hefðu einfaldlega fellt frv. og ekki verið með þetta yfirklór sem felst í vísan frv. til ríkisstjórnarinnar. Þetta var fellt. Til endurgreiðslu getur ekki komið héðan af nema málið verði að nýju tekið upp á Alþingi.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 609, n. 1109, 1113, 1116, 1119 og 1130, brtt. 1110, 1114, 1123.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nál. 1. minni hl. sjútvn. um frv. til laga um stjórnun fiskveiða á þskj. 1109. Þann minni hl. myndar auk mín hv. þm. Jóhann Einvarðsson.

Því miður fór svo í sjútvn. að þar náðist ekki samstaða um endanlegar tillögur til breytingar á frv. Strax í upphafi nefndarstarfsins var nokkuð ljóst hver afgreiðsla málsins mundi verða úr nefnd. Þegar í upphafi höfðu nefndarmenn mjög ákveðnar skoðanir og héldu þeim allt til loka. Því eru lögð hér fram fimm nál.

Herra forseti. Í nál. 1. minni hl. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. á tuttugu fundum. Sjö þeirra voru haldnir sameiginlega með sjútvn. Nd. Á fundi nefndarinnar komu eftirtaldir: Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Sigurbjörn Svavarsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson frá Aflamiðlun, Örn Pálsson, Arthur Bogason og Haraldur Jóhannsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Jón Kjartansson og Snær Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson, Kristján Ingibergsson, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal og Ragnar I. D. Hermannsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Dagbjartur Einarsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Kristján Ragnarsson, Brynjólfur Bjarnason, Eiríkur Tómasson, Sigurður Einarsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jón Ingvarsson og Ólafur B. Ólafsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Ágúst Einarsson, Sturlaugur Sturlaugsson, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Jón Kristjánsson fiskifræðingur, Ólafur Karvel Pálsson frá Hafrannsóknastofnun og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Komu nokkrir gestanna oftar en einu sinni til fundar við nefndina.

Umsagnir um frv. og ýmis erindi er vörðuðu það bárust frá eftirtöldum: Bæjarstjórn Stykkishólms, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Félagi viðskipta- og hagfræðinga, Fiskifélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, rækjubátaeigendum við Ísafjarðardjúp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjómannasambandi Íslands, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Verkalýðsfélaginu Baldri, verkalýðsfélögunum á Snæfellsnesi, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendafélagi Breiðafjarðar, Vinnuveitendafélagi Vestfjarða og Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja."

Ég sé að inn í þetta vantar trúlega að frá Hafrannsóknastofnun mætti einnig ásamt og með Ólafi Karveli Pálssyni Jakob Jakobsson.

„Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sat flesta fundi nefndarinnar. Veitti hann nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi frv. og aflaði þeirra gagna er nefndin óskaði eftir."

Ég sé alveg sérstaka ástæðu hér til þess að þakka Kristjáni Skarphéðinssyni mjög gott starf fyrir nefndina. Hann létti okkur vissulega róðurinn.

„Einnig var aflað gagna um ýmis atriði samkvæmt óskum sem fram komu, m.a. frá Fiskifélagi Íslands. Enn fremur voru lagðar fram tillögur þær sem þrír stjórnmálaflokkar í Færeyjum hafa gert um hugsanlega fiskveiðistjórn þar í landi. Þá óskuðu níu alþingismenn eftir áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands á réttarfars-, skattaréttar- og eignarréttarlegum álitaefnum í frv. Hafa prófessor Sigurður Líndal og

Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður unnið að henni, en ekki tókst að ljúka álitsgerðinni fyrir afgreiðslu málsins úr nefndinni. Stefnt er að því að álitið liggi fyrir við 2. umr. málsins í Ed.

Fullvíst má telja að fá mál sem komið hafa hér til afgreiðslu á Alþingi hafi verið jafnrækilega undirbúin og það frv. sem hér er til umræðu. Er það eðlilegt þar sem hér er um eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða þar sem það fjallar um skipulag á nýtingu mikilvægustu auðlindar landsmanna. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og allra helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi hafa samkvæmt ákvörðun Alþingis unnið með sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúningi frv. allt frá haustinu 1988, í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu.

Í frv. er byggt á þeim grunni sem Alþingi markaði með lagasetningu um stjórn fiskveiða árið 1984. Með þeirri lagasetningu var stigið mikilvægt skref af þeirri braut skipulagslausrar fjárfestingar og sóunar á verðmætum sem átti sér stað í sjávarútvegi á áttunda áratugnum. Var mörkuð sú stefna að skipta veiðiheimildum upp á milli skipa 10 brl. og stærri. Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur að sú stefna hafi verið rétt og að með því fyrirkomulagi að skipta veiðiheimildum milli skipa verði sem minnst röskun á högum þeirra sem daglega starfa að fiskveiðum.

Reynslan af því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur við fiskveiðistjórn á undanförnum árum, hefur sýnt að engar verulegar tilfærslur hafa átt sér stað á botnfiskveiðiheimildum milli kjördæma. Þó virðist sem hlutur landsbyggðarinnar hafi frekar styrkst og vísast í því sambandi til fskj. I sem unnið er af Fiskifélagi Íslands og sýnir annars vegar afla skipa miðað við skráningu eftir kjördæmum og hins vegar landaðan afla eftir kjördæmum. Á fskj. II eru hins vegar sambærilegar upplýsingar um úthlutað botnfiskaflamark til skipa 10 brl. og stærri eftir kjördæmum. Þá hafa ekki heldur orðið neinar verulegar tilfærslur milli veiðiheimilda báta og togara frá því að þessi fiskveiðistjórn var tekin upp, sbr. fskj. III.

Með því að úthluta veiðiheimildum á skip voru bundnar miklar vonir við að fiskiskipum fækkaði og afkoma sjávarútvegsins batnaði af þeim sökum. Í þeim lögum, sem Alþingi samþykkti í upphafi árs 1988, var í fyrsta sinn veitt heimild til að sameina aflaheimildir skipa. Á grundvelli þeirra heimilda hefur fiskiskipum verið að fækka að undanförnu og vísast um það til svars sjútvrh. á þskj. 698 við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar. Hins vegar hefur bátum undir 10 brl. fjölgað verulega frá árinu 1984 enda hafa litlar takmarkanir verið á fjölgun þeirra. Það hefur verið gagnrýnt að heildaraflinn hafi farið fram úr þeim mörkum sem stjórnvöld hafa sett. Þessi frávik skýrast að fullu með þeim sveigjanleika sem veiðar smábáta og sóknarmarkið hafa valdið, sbr. fskj. IV þar sem fram koma upplýsingar um mismun í úthlutuðu aflamarki og raunverulegum afla fyrir þau skip sem stunduðu veiðar annars vegar með aflamarki og hins vegar með sóknarmarki árið 1989. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að byggja eingöngu á aflamarki og virðist nokkuð breið samstaða um það. Er það sama fyrirkomulag og ríkt hefur um veiðar á síld allt frá árinu 1976 og um veiðar á loðnu frá árinu 1980. Þá er gert ráð fyrir að veiðar smábáta verði skipulagðar að mestu með sama hætti og veiðar stærri skipa. 1. minni hl. nefndarinnar telur að með þeim breytingum, sem lagðar eru til í frv., skapist annars vegar færi á að halda settum markmiðum um heildarafla og hins vegar muni þessar breytingar leiða til þess að eðlileg fækkun fiskiskipa geti átt sér stað. Þar með skapast forsendur til að stuðla að frekari lækkun á útgerðarkostnaði og betri afkomu fyrir sjávarútvegsinn í heild.

1. minni hl. nefndarinnar telur afar brýnt að löggjöf um fiskveiðistjórn verði samþykkt á þessu þingi og er það í samræmi við álit flestra þeirra hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem komu á fund nefndarinnar.

Leggur 1. minni hl. til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Lagt er til að bætt verði inn í 1. gr. til áhersluaukningar ákvæði þar sem ótvírætt er tekið fram að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum stofni ekki eignarrétt né skerði forræði löggjafans til að ákveða síðar, án bótaskyldu til einstakra útgerða, breytingu á fyrirkomulagi við stjórn fiskveiða. Það hlýtur ávallt að vera ákvörðunarefni Alþingis á hverjum tíma hvað skipulag teljist best henta til að nýting fiskveiðiauðlindarinnar þjóni sem best hagsmunum heildarinnar.

2. Með tillögu um breytingu á 4. gr. er lagt til að úr frv. falli ákvæði um að sérstakt leyfi þurfi til að stunda tómstundaveiðar. Skilyrðum frv. til að fá leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni verður hins vegar haldið óbreyttum sem og skilgreiningu á veiðum í atvinnuskyni.

3. Þær breytingar, sem gerðar eru á 5. gr., eru tæknilegar og varða annars vegar skráningu á bátum undir 10 brl. og hins vegar breytingu á nafni Úreldingarsjóðs fiskiskipa í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

4. Breytingin á 6. gr. leiðir af breytingu á 4. gr. frv. um að ekki þurfi sérstakt leyfi til að stunda veiðar í tómstundum.

5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að sveitarstjórnum verði veittur forkaupsréttur við sölu fiskiskips úr byggðarlagi. Þetta komi í stað ákvæða um tilkynningarskyldu í 11. gr. frv. Með þessu ákvæði er betur tryggt að heimaaðilum gefist svigrúm til að ganga inn í kaup og er þetta í samræmi við tillögur síðasta fiskiþings. Jafnframt er lagt til að framsal aflaheimilda verði takmarkað nokkuð frá því sem er í frv. Miða breytingartillögurnar að því að það skip, sem aflahlutdeild er framseld til, þurfi að hafa aflahlutdeild fyrir í viðkomandi tegund. Ráðherra geti þó vikið frá þessu ákvæði að fenginni umsögn samráðsnefndar.

6. Tillaga er um breytingu á 12. gr. sem fjallar um framsal á árlegu aflamarki og er hún í samræmi við brtt. skv. 5. tölulið.

7. Gerð er tillaga um að ákvæði til bráðabirgða II

verði breytt þannig að smábátar, er bætast í flotann á árinu 1990 án þess að sambærilegir bátar séu úreltir, fái aflahlutdeild er svari til meðalaflahlutdeildar báta í sama stærðarflokki. Um aflahlutdeild þessara báta gildi sömu reglur og um aflahlutdeild annarra skipa að öðru leyti en því að framsal hennar er óheimilt í fimm ár frá gildistöku laganna með sama hætti og varðar framsal aflahlutdeildar stærri skipa sem rekja má til uppbóta sbr. 4. mgr. 11. gr. frv. Aflahlutdeild þessara báta teljist ekki með við ákvörðun aflahlutdeildar annarra smábáta skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.

8. Gerðar eru tillögur um tæknilegar leiðréttingar á ákvæðum til bráðabirgða IV og V til að bæta úr ágöllum sem í ljós hafa komið í textanum.

9. Loks er lagt til að við frv. verði bætt tveimur nýjum ákvæðum til bráðabirgða. Fyrra ákvæðið kveður á um að sjútvrh. verði falið að láta fara fram úttekt á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða og hagkvæmni þeirra. Þá verði ráðherra falið að endurskoða lögin í samráði við sjútvn. Alþingis og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir árslok 1992. Með síðara ákvæðinu er gerð tillaga um að lög nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, verði endurskoðuð og frv. að nýjum lögum lagt fram í haust.

1. minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta rita Stefán Guðmundsson og Jóhann Einvarðsson.

Þær brtt. sem 1. minni hl. leggur til eru á þskj. 1110 og eru þannig:

„1. Við 1. gr. Við greinina bætist nýr málsl. er orðist svo: Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

3. Við 5. gr.

a. Í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsl. svohljóðandi: Enn fremur bátar undir 6 brl. enda hafi beiðni um skráningu þeirra á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum borist ásamt fullnægjandi gögnum innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Auk þess skal gefinn kostur á veiðileyfi fyrir nýja báta undir 6 brl. enda hafi smíði þeirra hafist fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini verið gefið út innan þriggja mánaða frá þeim tíma.

b. Í stað orðanna „Úreldingarsjóðs fiskiskipa" í 2. mgr. komi orðin: Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

5. Við 11. gr.

a. Í stað 3. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

b. 2. málsl. 4. mgr. (er verði 6. mgr.) orðist svo: Þó skal framsalið háð samþykki ráðherra hafi það skip, sem flutt er til, ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er.

6. Við 12. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um enda hafi það skip, sem fært er til, aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er.

7. Við ákvæði til bráðabirgða II.

a. Aftan við 4. mgr. ákvæðisins bætist ný mgr. er verði 5. mgr. og orðist svo:

Aflahlutdeild báta, sem veiðileyfi fá í fyrsta sinn eftir 31. des. 1989, án þess að sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri í þeirra stað, skal þó miðast við meðalaflahlutdeild báta í sama stærðarflokki. Aflahlutdeild þessara báta hefur ekki áhrif á útreikning aflahlutdeildar annarra báta skv. 2. mgr. Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara enda hafi þeim verið haldið til veiða allt tímabilið.

b. 1. málsl. 7. mgr. (er verður 8. mgr.) orðist svo: Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa, þar á meðal um stærðarflokkun báta.

c. Í stað orðanna „5. mgr." í lokamálsgrein ákvæðisins komi: 7. mgr.

8. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað orðanna „fyrir gildistöku laga þessara" í lok 1. og 2. mgr. ákvæðisins komi orðin: áður en lög þessi koma til framkvæmda.

9. Við ákvæði til bráðabirgða V. Í stað orðanna „við gildistöku laga þessara“ komi orðin: er lög þessi koma til framkvæmda.

10. Við bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

a. (VII.) Sjútvrh. skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

b. (VIII.) Sjútvrh. skal láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja frv. að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skal sú endurskoðun m.a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald.“

Ég hef þá, virðulegi forseti, lokið við að fara yfir þær brtt. sem 1. minni hl. gerir við frv. Eins og hér var vikið að í máli mínu áðan var leitað álits Lagastofnunar Háskólans, eða eins og segir hér, að með bréfi dagsettu 4. apríl sl. fóru níu þingmenn þess á leit að nokkur álitaefni er tengdust frv. því er hér er til umræðu yrðu borin undir Lagastofnun Háskóla Íslands. Framsendi ég, sem formaður sjútvn. deildarinnar, bréf níumenninganna degi síðar til Lagastofnunar. Síðdegis í gær barst mér í hendur álitsgerð þeirra Sigurðar Líndals prófessors og Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, en Lagastofnun hafði falið þeim verkefnið. Álitsgerðin, sem bæði er vönduð og ítarleg, var þegar send nefndarmönnum í sjútvn. Þar sem hér er um viðamikið álit að ræða tel ég ekki fært að fara yfir það í heild sinni. Höfundar draga niðurstöðurnar saman í stuttu máli í lok álitsgerðar og mun ég gera grein fyrir þeim.

Í bréfi níumenninganna er í fyrsta lagi spurt:

„Er eðlilegt með tillití til þeirra sjónarmiða sem almennt gilda gagnvart réttaröryggi einstaklinga og eða fyrirtækja í þróuðum réttarríkjum að ráðherra sé svo sem síðar greinir í frv. einnig veitt vald til þess að hafa sjálfur með höndum allt eftirlit með framkvæmd laganna, sbr. 17. gr. frv.?“

Samandregin niðurstaða varðandi þessa spurningu er svohljóðandi í niðurlagi álitsgerðarinnar:

„Hlutverk ráðuneyta er að hafa almennt eftirlit með framkvæmd laga en óvenjulegt er að ráðuneyti hafi sérstaka eftirlitsmenn í þjónustu sinni með sama hætti og veiðieftirlitsmenn þá sem hér um ræðir. En niðurstöður þeirra kunna að verða tilefni til ákvarðana ráðuneytisins um upptöku afla. Ekki verður bent á nein ákvæði í stjórnarskrá eða aðrar reglur sem takmarka heimild löggjafans til að hafa þessa skipan, sbr. III. kafla.“

Önnur spurning níumenninganna hljóðar svo:

„Er eðlilegt að ráðherra fái nánast skattlagningarheimild, sbr. 18. gr. frv., til að kosta það eftirlit sem hann ákveður samkvæmt 17. gr. frv.?“

Niðurstaða álitsgerðarinnar varðandi þetta atriði er svohljóðandi:

„Veiðieftirlitsgjald er skattur. Ákvæði 3. mgr. 18. gr. frv. um fast gjald fyrir veiðileyfi fullnægir ekki að öllu leyti ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar um heimild til skattlagningar, sbr. IV. kafla.“

Næstu spurningar níumenninganna lúta að ákvæðum laga um upptöku ólöglegs sjávarafla frá 1976 og er svohljóðandi:

„Er eðlilegt að í 20. gr. frv. sé ráðherra heimilað að beita lögum nr. 32 19. maí 1976 vegna brota á lögum þessum þannig að ráðherra fær með því ákvæði frv. auk rannsóknarvaldsins, sem felst í eftirlitsheimildinni, heimild til þess að leggja á meinta brotaaðila refsitengd viðurlög?

Er ekki eðlilegt að það hljóti að koma til skoðunar þau nýju sjónarmið réttarverndar sem felast í nýlega gengnum dómi Hæstaréttar þar sem reynt hefur á gildi 1. mgr. 6. gr. Evrópusamningsins um verndun mannréttinda, sbr. auglýsingu nr. 11 1954?“

Samandregnar niðurstöður álitsgerðarinnar varðandi þennan þátt hljóða svo:

„Ákvarðanir sjútvrn. um upptöku sjávarafla sem veiddur er umfram heimildir eru stjórnsýsluúrskurðir og kostur er á að bera slíkan úrskurð undir dómstóla. Upptaka sjávarafla er hér ekki refsing. Eru ýmis dæmi um að stjórnvöldum sé fengið áþekkt vald. Þessi skipan mála fer ekki í bága við ákvæði stjórnarskrár um skiptingu verkefna milli framkvæmdarvalds og dómsvalds.

Ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu fjalla fyrst og fremst um meðferð mála hjá dómstólum. Ákvörðunarvald ráðherra um upptöku ólöglegs sjávarafla verður ekki talið fara í bága við ákvæðið, sbr. V. kafla.“

Í lok bréfs níumenninganna er svofelld ósk sett fram: „Þá óskast umsögn Lagastofnunar á því atriði frv., sbr. 1. gr. þess um sameign íslensku þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum, hvort tímabundinn og takmarkaður afnotaréttur fiskstofna myndi aldrei einstaklingsbundna og stjórnarskrárvarða eign og hvort það að væntanleg lög verði ótímabundin myndi ekki frekar neinn framtíðar eignarrétt.“

Niðurstaða álitsgerðarinnar varðandi þetta álitaefni er svohljóðandi:

„Hafsvæðin umhverfis landið utan netalagna hafa frá fornu fari verið almenningur sem enginn getur helgað sér sem eign, sbr. VI. kafla atvinnuréttinda, teljast eign og njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Sú vernd er þó takmarkaðri en vernd hefðbundinna eignarrétta. Atvinnuréttindi þau sem menn hafa helgað sér á sviði fiskveiða eru eignarréttindi. Ákvæði frv. stofna ekki til einstaklingsbundins stjórnarskrárvarins eignarréttar yfir veiðiheimildum. Á hinn bóginn afmarka þau og skilgreina nánar þau eignarréttindi í formi atvinnuréttinda sem við teljum að kunni að vera fyrir hendi. Mörg álitaefni rísa um það hvernig á vernd þessara eignarréttinda kann að

reyna. Löggjafanum er heimilt að setja þeim almenn takmörk, enda sé jafnræðis gætt. Atvinnuréttindi þessi fela ekki í sér neinn einkarétt ef takmarkanir á fiskveiðum yrðu felldar niður að einhverju eða öllu leyti."

Niðurstöður þessarar vönduðu álitsgerðar koma mér um fátt á óvart. Enda þótt höfundar álitsgerðarinnar telji núverandi fyrirkomulag varðandi eftirlit með framkvæmd laga um stjórnun fiskveiða og varðandi upptöku ólögmæts sjávarafla standast að öllu leyti benda þeir á að ýmis sjónarmið mæli með því að þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Er það í fullu samræmi við skoðanir 1. minni hl. sjútvn. sem hefur í brtt. sínum lagt til að lög um upptöku ólöglegs sjávarafla verði endurskoðuð í sumar og m.a. að því stefnt að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald. Er lagt til að frv. um það efni verði lagt fyrir Alþingi nú í haust. Þau sjónarmið sem fram koma í álitsgerðinni hljóta ótvírætt að verða til leiðbeiningar við það endurskoðunarstarf.

Varðandi gjaldtöku 18. gr. er niðurstaða álitsgerðarinnar sú að hið eiginlega veiðieftirlitsgjald í 2. mgr. standist. Hins vegar kemur á óvart sú niðurstaða að hæpið sé að ákvörðun ráðherra um fast gjald vegna útgáfu veiðileyfa skv. 3. mgr. 18. gr. fái staðist. Sambærileg gjaldtaka á grundvelli hliðstæðra heimilda tíðkast á öllum sviðum stjórnsýslu fyrir útgáfu hvers konar leyfa, skírteina og vottorða. Varðandi þetta atriði liggur beint við að allur vafi sé af tekinn og inn í 3. mgr. 18. gr. verði bætt ákvæði um fjárhæð þess leyfisgjalds og mun ég beita mér fyrir því að það verði gert við 3. umr. málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þann þátt álitsgerðarinnar er varðar eignarréttarvernd, atvinnuréttindi á sviði fiskveiða. Mikil en ómarkviss umræða hefur átt sér stað um þetta atriði um nokkurt árabil. Tel ég álitsgerðina mikilvægt innlegg í þá umræðu, enda er álitsgerðin sett fram á mjög skýran og skipulegan hátt og réttarstaðan skýrð. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka þeim ágætu mönnum fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt hér fram og var vissulega unnin á mjög knöppum tíma. En ég held að við getum verið um það sammála að hún skýri nokkuð þau mál sem hér er um fjallað.

Herra forseti. Við samþykkt gildandi laga um stjórnun fiskveiða ákvað Alþingi að þegar skyldi hafinn undirbúningur að löggjöf er tæki við í ársbyrjun árið 1991. Var á grundvelli þeirrar ákvörðunar lögbundið að sjútvrh. skipaði nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að koma með tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Á vegum nefndarinnar var það frv. sem hér liggur fyrir unnið. Fullvíst má telja að fá mál, sem komið hafa til afgreiðslu þingsins, hafi verið jafnrækilega undirbúin og þetta mál. Um það er ekki lengur deilt að fiskiskipastóllinn er stærri en sem nemur afrakstursgetu fiskstofnanna. Af þeim sökum er nauðsynlegt að takmarka sókn einstakra skipa og stefna að því að þeim fækki nokkuð frá því sem nú er. Með því móti einu er hægt að auka veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir verða í flotanum og stuðla þannig að lækkun á útgerðarkostnaði og bættum lífskjörum hér á landi.

Í frv. sem hér er til umfjöllunar er gert ráð fyrir að framseljanlegum veiðiheimildum verði úthlutað til einstakra fiskiskipa, eins og verið hefur allt frá árinu 1984. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt af ýmsum og hefur sú gagnrýni í sumum tilvikum verið réttmæt, en oftar hefur hún verið óréttmæt.

Gagnrýni hefur m.a. beinst að því að stjórn veiðanna hafi ekki leitt til fækkunar fiskiskipa, gæði afla hafi ekki aukist og ekki hafi tekist að byggja upp fiskstofnana. Staðreyndin er sú að okkur hefur tekist mun betur en ýmsum nágrannaþjóðum okkar sem byggja mikið á sjávarútvegi að viðhalda fiskauðlindunum. Nægir í því sambandi að nefna Norðmenn, Færeyinga, Grænlendinga og Kanadamenn.

Þorskafli Kanadamanna hefur nú farið úr 700–800 þús. tonnum í 200–300 þús. tonn. Á Grænlandi fiskuðu menn rétt upp úr 1960 um 450 þús. tonn. Nú eru veidd við Grænland rétt um 15 þús. tonn. Í Barentshafi hefur afli fallið úr hvorki meira né minna en milljón tonnum í um 300–400 þús. tonn og sama er það sem frændur okkar Norðmenn eru að berjast við.

Hvar halda menn að við Íslendingar stæðum ef okkur hefði ekki borið gæfa til að skynja hvað var að gerast hér í hafinu í kringum okkur? Þessum þjóðum hefur ekki tekist að taka upp það fyrirkomulag við stjórnun fiskveiða sem í senn leiðir til meiri hagkvæmni í sjávarútvegi og stuðlar að skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna. Ástæðurnar fyrir því eru m.a. þær að í öllum þessum löndum er rekin umsvifamikil styrkjastefna í sjávarútvegi sem getur aldrei leitt til annars en sóunar á verðmætum. Vissulega hefur verðmætum verið sóað með offjárfestingu í sjávarútvegi hér á landi. Sú offjárfesting átti sér fyrst og fremst stað á þeim tíma þegar litið var nánast á fiskstofnana sem óþrjótandi auðlind. Mikil uppbygging átti sér stað bæði í veiðum og vinnslu og svo fór að lokum að afkastagetan var langt umfram það sem auðlindin gaf af sér.

Nú er ekki lengur deilt um það að fiskiskipastóllinn er miklu stærri en sem nemur afkastagetu fiskstofnanna. Togarar okkar Íslendinga liggja m.a. þess vegna bundnir við bryggju í um 120 daga á ári hverju. Flestum ætti því að vera það eitt brýnasta hagsmunamál að skipum fækki til þess að hægt sé að auka arðsemi veiðanna. Með því móti geta skapast raunveruleg verðmæti sem ávallt hljóta að vera grundvöllur bættra lífskjara.

Að undanförnu hefur fiskiskipum, 10 brl. og stærri, verið að fækka. Árið 1984 fengu 680 skip í þessum stærðarflokki veiðileyfi. Nú er svo komið að fjöldi þessara skipa er kominn niður í 627 skip. Ástæða er til að benda sérstaklega á þetta því í nál. hv. þm. Skúla Alexanderssonar kemur fram hið gagnstæða. Það fylgiskjal er ekki nýtt og nær aðeins til ársins 1987 og segir því ekki alla söguna. Þess má einnig geta hér að nú liggja engar beiðnir fyrir um nýsmíði á fiskiskipum. (**Gripið fram í:** Hvað eru

mörg skip í smíðum, hv. þm.?) Við getum komið að því í almennu umræðunni á eftir og það mun ég gera. En í dag liggja engar nýjar umsóknir fyrir um smíði á fiskiskipum.

Það hefur verið gagnrýnt að þessi fækkun sé öll á kostnað báta og að hlutdeild þeirra í heildaraflanum hafi farið minnkandi. Þessar fullyrðingar virðast ekki eiga við rök að styðjast og má í því sambandi benda á frétt í 15. tölublaði Fiskifrétta þar sem fram kemur hið gagnstæða. Samkvæmt fréttinni lækkaði heildarþorskafli togara á milli 1984 og 1989 úr 53% í 43%.

Í þessu sambandi bendi ég á fskj. III í nál. okkar Jóhanns Einvarðssonar. Þar kemur fram að sá mikli tilflutningur sem talinn hefur verið frá bátum til togara er ekki réttur. Mér virðist nokkurt jafnvægi ríkja og því ekki ástæða að taka upp takmarkanir á framsali milli skipaflokka sem hagkvæmt kann að teljast. Hins vegar er rétt að fiskiskipum í heild hefur fjölgað frá árinu 1984, en það skýrist af því að Alþingi hefur ekki enn sett sambærileg lög til að stöðva fjölgun smábáta sem m.a. hefur leitt til þess að hlutur þessara báta í heildaraflanum hefur aukist verulega á kostnað annarra skipa í flotanum.

Mörgum hefur fundist lítið tillit tekið til smábáta í þeirri löggjöf sem búið hefur verið við og þeirra hlutur hafi verið fyrir borð borinn. Því er rétt að það komi skýrt fram hér að á örfáum árum hefur hlutur smábáta aukist hvorki meira né minna en úr 10 þús. tonnum í um 40 þús. tonn. Þessi aukni afli smábáta og sá sveigjanleiki sem sóknarmarkið hefur gefið, hefur leitt til þess að við höfum farið fram úr þeim aflamörkum sem sett hafa verið. Þetta er staðreynd sem menn verða að horfast í augu við.

Tvö af meginatriðum frv. sem hér er til umfjöllunar eru einmitt að koma í veg fyrir alla frekari fjölgun fiskiskipa og afnema sóknarmark. Þetta mun leiða til þess að hægt verður með meiri vissu en áður að halda heildaraflanum innan þeirra marka sem skynsamlegt þykir á hverjum tíma, en sóknarmarkið og veiðar smábáta hafa verið einn helsti skekkjuvaldurinn í því fyrirkomulagi sem ríkt hefur.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil breyting á ráðstöfun aflans. Kemur þar tvennt til fyrir utan fiskmarkaðina. Annars vegar hefur frystitogurum fjölgað og hins vegar hefur útflutningur á óunnum fiski aukist. Því hefur mjög verið haldið fram af þeim sem tala gegn núverandi fiskveiðistjórnun, og talinn einn aðalgalli núverandi kerfis, að hinir ýmsu landshlutar hafi misst afla í mjög stórum stíl. Ef við skoðum fskj. I og II sjáum við að þetta er ekki rétt. Hér virðist hafa ríkt ótrúlega mikið jafnvægi milli landshluta hvað afla varðar. Útflutningur á óunnum fiski ýmissa aðila, m.a. á landsbyggðinni, vex hins vegar og það er okkur öllum áhyggjuefni. Ætla má að það hráefni sem fer fram hjá landvinnslu af þessum sökum sé um 200 þús. tonn á ári. Hér er um mikið magn að ræða sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Þessi þróun veikir mjög rekstrarstöðu innlendrar fiskvinnslu. Því er nauðsynlegt að í þessu efni ríki hvorki óstjórn né ofstjórn heldur að heildarhagsmunir verði látnir sitja hér í fyrirrúmi. Ég trúi því að mikill vilji sé til þess að frekari úrvinnsla afla fari fram í íslenskum fiskvinnslustöðvum fremur en erlendum.

Slæm rekstrarskilyrði þessarar undirstöðuatvinnugreinar undanfarinna ára hafa vissulega átt drjúgan þátt í þeirri þróun sem hér er lýst. En nú þegar tekist hefur að bæta hag greinarinnar trúi ég því að lögð verði mjög rík áhersla á að móta hér ekki aðeins skynsamlega fiskveiðistefnu heldur einnig skynsamlega fiskvinnslustefnu sem gefa muni meiri arðsemi til greinarinnar sjálfrar og þeirra er þar starfa. Því ber að fagna þeirri vinnu og þeim skilningi sem nú fer vaxandi á því að svo verði.

Virðulegi forseti. Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Það mál sem hér er um fjallað hefur fengið óvenjumikla umfjöllun, bæði hjá þingmönnum og þeim sem í þessari atvinnugrein starfa. Þannig var séð til þess að allar upplýsingar og umræðan bærist til þingflokkanna með setu fulltrúa þingflokka í ráðgjafarnefnd og þeim þannig gefið tækifæri til að tjá sig um málið á öllu undirbúningsstigi þess og allt til endanlegrar afgreiðslu málsins frá ráðgjafarnefndinni. Því er það óskiljanlegt þegar þingmenn eru nú að tala um að þetta mál hafi ekki fengið nægjanlega kynningu eða upplýsingar hafi skort. Ef eitthvað hefur farið hér úrskeiðis er það heimavinna þessara aðila. Hún hefur ekki verið unnin sem skyldi.

Engum blandast hugur um að við erum hér að fjalla um eitt allra mikilsverðasta mál íslensku þjóðarinnar, hvernig um þá auðlind, sem við eigum mesta, verði gengið. Við eigum ekki að láta villuljós verða til þess að þetta mál steyti á skerjum eða jafnvel sigli í strand. Stundarhagsmunir og sérhyggja verða hér að víkja fyrir hagsmunum þjóðarinnar allrar.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sú umræða sem hér á eftir að fara fram verði málefnaleg, Alþingi og atvinnugreininni sjálfri til ávinnings.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Trúlega er ekki algengt að stjfrv., eins og það sem hér er til umræðu, fái sams konar afgreiðslu og raunin varð á um þetta frv. um stjórn fiskveiða þar sem segja má að nefndin hafi klofnað í frumeindir sínar. (**Gripið fram í:** Hér um bil.) Svona hér um bil. Það eru tvímenningsfrumeindir í tveimur tilvikum. Má vera að það sé vegna þess að hv. stjórnarliðar í sjútvn. Ed. séu ekki allir dæmigerðir fulltrúar fyrir sína þingflokka. (**Gripið fram í:** Ætli það sé ekki vegna þess að þeir hafa kynnt sér málið betur en þingflokkarnir sjálfir.) Ég kann ekki fullkomna skýringu á því. Þeir geta væntanlega skýrt það hér á eftir. Hins vegar er mér ekki ljóst á þessari stundu hvernig þeirra þingflokkar standa á bak við þau nál. sem þeir hafa staðið að. Þar á ég við hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Vestf. sem reyndar gefur tilefni til að til hans sé beint ákveðnum spurningum um stöðu hans nú, hvort hann hefur stofnað einmenningsþingflokk hér á þinginu, eins og reyndar er búið að setja reglur um að löglegt sé og leyfilegt.

(**KP:** Það gætu verið fleiri.) Gætu verið fleiri, segir hv. þm. Karvel Pálmason. Það kom fram í fréttum nú á mánudag að hann hefði með bréfi tekið leiðaraskrif Alþýðublaðsins, sem er málgagn hans flokks, á þann veg að um brottrekstur úr þingflokknum væri að ræða. Hins vegar hefur komið fram í sjónvarpsfréttum að hv. 3. þm. Vesturl., formaður þingflokks Alþfl., telur sig ekki hafa staðið að brottrekstri hv. 3. þm. Vestf. Það væri því ef til vill upplýsandi hér í umræðunni á eftir að fá upplýsingar frá hv. þm. um það hver staðan er í þessum málum.

Áður en ég mæli fyrir því nál. sem ég hef lagt fram á þskj. 1113 vil ég þakka hv. fulltrúum í sjútvn. Ed. samstarfið sem við höfum átt undanfarnar vikur að þessu máli. Við höfum reyndar eytt töluverðum tíma inn á milli til þess að ræða vinnubrögð í nefndarstarfinu þar sem allan tímann var ljóst að það var mikill skoðanamunur og kom það reyndar fram í þeim sérálitum og bókunum sem fylgdu frv. frá nokkrum þingflokkanna.

Þá vil ég einnig þakka þær upplýsingar sem okkur bárust, bæði frá sjútvn. og ýmsum þeim aðilum sem komu til fundar við okkur. Það stóð ekki á því að við fengjum þær upplýsingar sem beðið var um. Þær bárust jafnóðum og höfum við nú mikið og gott safn upplýsinga um ýmsa þætti sjávarútvegsins í fórum okkar sem við eigum ef til vill eftir að nota í umræðunni og vitna til.

Virðulegur forseti. ég mæli þá fyrir nál. því sem ég hef lagt fram fyrir hönd Kvennalistans og er að finna á þskj. 1113. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verkefni þeirrar nefndar, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 13. júlí 1988 til að leggja drög að þessu frv., var margþætt. Skyldi hún samkvæmt skipunarbréfi m.a. „... athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip". Í umræðunni, sem fram fór í nefndinni, var greinilegt að hugmyndinni um byggðakvóta hefur stöðugt vaxið fylgi frá setningu núgildandi laga. Nefndin skilaði drögum að nýju frv. til sjútvrh. 26. jan. 1990.

Eins og fram kemur í þeim 13 sérálitum og bókunum, sem fram koma frá einstökum nefndarmönnum og birt eru sem fskj. með frv., fer því fjarri að samkomulag hafi náðst í nefndinni um þau drög að frv. sem hún skilaði af sér og sjútvrh. lagði fram óbreytt á Alþingi 15. febr. 1990. Ljóst er af þeim athugasemdum sem fram koma að ágreiningur er um veigamikla þætti. 2. minni hl. bendir á þá staðreynd að í sérálitum og bókunum tíu aðila af 13 kemur fram stuðningur við hugmyndir um byggða- eða fiskvinnslukvóta.

Í mörgum þeirra umsagna, sem sjútvn. Ed. bárust um frv., koma einnig fram áskoranir til Alþingis um að hyggja að byggðasjónarmiðum og koma í veg fyrir að örfáir aðilar geti höndlað með sameiginlega auðlind landsmanna í eigin þágu algjörlega án tillits til byggðar í landinu og hagsmuna þjóðarinnar í heild.

2. minni hl. telur að með tilliti til reynslu undanfarinna ára og þeirra réttmætu athugasemda sem fram hafa komið sé óhjákvæmilegt að Alþingi geri byggðasjónarmiðum hærra undir höfði en stefnt er að við afgreiðslu málsins. Minnir 2. minni hl. í því sambandi einnig á þá stefnumarkandi yfirlýsingu sem fram kemur í 1. gr. frv. þar sem segir:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

2. minni hl. er sammála því að þetta séu þau markmið sem að skal stefnt að viðbættum atriðum eins og betri kjörum, aðbúnaði og öryggi þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Kvennalistakonur telja frv. þó í mótsögn við þessi markmið þar sem enn er stefnt að því að úthluta veiðiheimildum beint til einstaklinga og útgerðarfélaga sem geta ráðskast með þær að eigin geðþótta án tillits til sameiginlegra hagsmuna þjóðarinnar.

Þegar líða tók að afgreiðslu málsins eftir marga fundi um það í sjútvn. Ed. fór loks að koma upp á yfirborðið sá mikli ágreiningur sem er um málið í ríkisstjórninni og innan einstakra flokka sem aðild eiga að henni. Þrátt fyrir fjölda funda í sjútvn. Ed. er vart hægt að segja að umræða hafi farið fram um grundvallaratriði, svo sem úthlutun veiðiheimilda, fyrr en allt var komið í eindaga. Þá fyrst hófst hin raunverulega umræða um málið, þó ekki í nefndinni, heldur fyrst og fremst meðal formanna stjórnarflokkanna sem gerðu með sér samkomulag um afgreiðslu málsins. Í kjölfar þess samkomulags voru nefndarmönnum kynntar brtt. ríkisstjórnarinnar við frv. þetta og frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Þessar tillögur virðast aðallega miða að því að leita úrræða til að sætta sjónarmið innan ríkisstjórnarinnar í bili.

Þótt í brtt. ríkisstjórnarinnar við þessi tvö frv. örli á viðurkenningu á réttmæti byggðasjónarmiða eru þær þó langt frá því að geta talist raunveruleg lausn og enn er mikill ágreiningur um málið innan ríkisstjórnarflokkanna.

Samkvæmt brtt. ríkisstjórnarinnar er enn ætlunin að úthluta meginhluta kvótans beint til einstaklinga og útgerðarfélaga í algjörri mótsögn við þá yfirlýsingu 1. gr. frv. að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og enn er lögð ofuráhersla á yfirráð sjútvrn. og sjútvrh. á öllum stigum við stjórnun fiskveiða.

Brtt. kvennalistakvenna við afgreiðslu núgildandi laga um stjórn fiskveiða fyrir rúmlega tveimur árum eru enn í fullu gildi og eru grundvöllur þeirra brtt. sem þær flytja nú. Þá eins og nú töldu kvennalistakonur fyrst og fremst nauðsynlegt að rjúfa óeðlilegt samband milli skips og veiðiheimilda og vildu úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga. Með því móti væru hagsmunir þeirra og þess fólks, sem starfar í sjávarútvegi, best tryggðir, auk þess sem slík tilhögun drægi úr óhóflegri miðstýringu. Reynslan hefur sannað réttmæti þessara sjónarmiða og flestir annmarkar núgildandi tilhögunar, sem þá var bent á, eru nú komnir fram. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir vaxandi skilning og stuðning við áðurnefndar hugmyndir sem

fram hefur komið meðal fulltrúa í nefndinni, sem vann að undirbúningi frv., í umsögnum um frv. og í umræðunni í þjóðfélaginu er lítið sem ekkert komið til móts við þær í frv.

Þingkonur Kvennalistans flytja því brtt. við frv. í anda þeirrar stefnu að fiskimiðin séu í raun sameign þjóðarinnar og fela enn sem fyrr í sér eftirtalin meginatriði:

1. Sjútvrh. verði ekki heimilt að víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla á ári hverju.

2. 80% heildaraflans verði úthlutað til sveitarfélaga með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili.

3. 20% heildaraflans renni í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og verði til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga. Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda verði varið til fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, rannsókna tengdum sjávarútvegi og verðlauna til handhafa veiðiheimilda fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks eða sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans.

4. Eftirlit með nýtingu fiskstofna verði fært frá hagnýtingarráðuneyti atvinnugreinarinnar til umhverfisráðuneytis.

2. minni hl. lítur svo á að brtt. ríkisstjórnarinnar séu örlítil viðurkenning á nauðsyn þess að taka á þeim grundvallarágreiningi sem ríkir um málið. Í ljósi þess telur 2. minni hl. óviðunandi að ekki gafst nauðsynlegt svigrúm til að útfæra þær nánar og gefa gaum öðrum þeim hugmyndum sem fram hafa komið og kynna þær betur bæði fyrir hagsmunaaðilum og úti í þjóðfélaginu.

2. minni hl. telur að vegna þeirrar viðurkenningar á veigamiklum grundvallaratriðum málsins, sem fram kemur í brtt. ríkisstjórnarinnar, sé ærin ástæða til að vísa málinu aftur til þeirrar nefndar sem vann að frv., þó aðeins með því skilyrði að litið verði á allar þær hugmyndir og tillögur sem fram hafa komið og þær útfærðar nánar og mat lagt á þær." — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Það var vegna óska þingmanna um að fá að hlusta á umræðuna, skildist mér, sem var gert hlé þannig að ég óska eftir því að a.m.k. fulltrúar í sjútvn. yrðu hér viðstaddir og hæstv. sjútvrh. að sjálfsögðu.

Virðulegur forseti. Ég held þá áfram lestri nál. míns og hef lesturinn þar sem frá var horfið. Þar segir, með leyfi forseta:

„2. minni hl. vill taka fram að þrátt fyrir það að kvennalistakonur hafni frv. í heild sinni telja þær ýmis atriði þess til bóta miðað við núverandi fyrirkomulag. Má sem dæmi nefna brtt. ríkisstjórnarinnar við 1. gr. frv. um að úthlutun veiðiheimilda myndi hvorki eignarrétt né óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum, breytt mörk fiskveiðiárs og afnám sóknarmarks sem var ein af þeim brtt. sem Kvennalistinn lagði fram við núgildandi lög. Þá telja kvennalistakonur ákvæði frv. um vigtun sjávarafla spor í rétta átt, en hefðu viljað ganga lengra og gera skylt að vigta allan afla innan lands.

Markmiðið með brtt. Kvennalistans er fyrst og fremst að rjúfa það óeðlilega samband sem nú er milli skips og veiðiheimilda, að taka tillit til byggðasjónarmiða, að draga úr ofstjórn og miðstýringu, að efla rannsóknir, að hvetja til betri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og búa betur að fólki í sjávarútvegi. Í fskj. með nál. þessu er frv. birt í heild sinni að teknu tilliti til brtt. Kvennalistans.

Verði brtt. Kvennalistans samþykktar mun 2. minni hl. styðja frv. en greiða atkvæði gegn því ella.

Alþingi, 30. apríl 1990. Danfríður Skarphéðinsdóttir."

Það er ljóst af því sem þegar hefur komið fram hér í umræðunni að við erum með viðamikið frv. sem tekur til þátta sem snerta daglegt líf og afkomu allra Íslendinga og því ef til vill ekki að undra að uppi séu mörg sjónarmið og ágreiningur um ýmis atriði. En það sem auðvitað er verst og málinu alls ekki til framdráttar er sá grundvallarágreiningur, sem ríkir greinilega, um hvaða háttur skuli hafður á úthlutun veiðiheimilda. Ég lít svo á að auðlindirnar í hafinu umhverfis landið séu sameign íslensku þjóðarinnar. Því er ljóst að taka verður tillit til hinna fjölmörgu sjónarmiða sem upp koma þegar ákvörðun er tekin um svo veigamikið mál sem skipulag og stjórn á nýtingu þessara dýrmætu auðlinda er. Framar öllu verður að líta til framtíðar, að hugsa til komandi kynslóðar með því að taka aðeins vextina af auðlindinni en láta höfuðstólinn ósnertan. Lífríki hafsins er tvímælalaust dýrmætasta auðlindin sem við Íslendingar höfum aðgang að. Hún er eign allrar þjóðarinnar og við verðum að umgangast hana þannig að ekki sé hætta á ofnýtingu.

Sú fiskveiðistjórn sem verið hefur við lýði undanfarin ár hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Heildarþorskafli hefur á ári hverju farið langt fram úr því hámarki sem fiskifræðingar hafa lagt til. Fiskiskipum hefur fjölgað og ný skip eru í flestum tilvikum stærri en þau sem úrelt eru. Er afkastageta fiskiskipastofnsins þannig orðin mun meiri en fiskstofnarnir þola. Sjávarafli er langt frá því að vera fullnýttur innan lands og miklu af nýtilegu hráefni er kastað á glæ í orðsins fyllstu merkingu.

Kjör starfsfólks í sjávarútvegi eru óviðunandi og lítið sem ekkert tillit er tekið til hagsmuna fiskvinnslufólks og byggðarlaga um mótun fiskveiðistefnunnar. Þeir sem fiskinn vinna í landi virðast ævinlega gleymast, en þó hlýtur öllum að vera ljóst að ráðstöfun aflans getur aldrei talist mál útgerðarmanna og sjómanna eingöngu. Þar verður að taka tillit til fiskvinnslufólksins.

Úthlutun veiðiheimilda hefur mjög borið á góma í þeirri umræðu sem fram hefur farið að undanförnu og það er greinilega alls ekki vilji þjóðarinnar að aflanum sé úthlutað til örfárra aðila. Með því fyrirkomulagi sem nú er í gildi og fyrirhugað að festa í

sessi er einstaklingum og útgerðarfélögum úthlutað veiðiheimildum sem þeir geta ráðskast með að vild. Með því að selja skip og þar með kvóta líta þessir aðilar svo á að þeir eigi fiskinn í sjónum. Hið svimandi háa verð fiskiskipa stafar ekki einungis af því að ekki er leyfilegt að fjölga í flotanum eins og oft hefur verið haldið fram. Þar hefur kvótinn einnig mikið að segja, enda algengt að sjá eða heyra auglýsingar um að tiltekið magn af kvóta sé til leigu eða sölu á ákveðnu verði. Þetta þýðir auðvitað ekki annað en það að kvóti gengur kaupum og sölum á ákveðnu markaðsverði og þess finnast jafnvel dæmi að hann sé bókfærður í bókhaldi fyrirtækja sem eign.

Það er alkunna að þeir sem þannig hafa fengið kvóta úthlutað, eins og gert hefur verið undanfarin ár, hafa getað hagnast um tugi milljóna eða jafnvel hundruð með því að selja skip sín og í mörgum tilvikum horfa íbúar byggðarlaga á eftir einu atvinnu sinni án þess að fá rönd við reist.

Í ljósi þeirra galla sem hér hefur verið bent á er óhjákvæmilegt að leita nýrra leiða sem samrýmast betur þeim markmiðum sem stefna ber að með stjórn fiskveiða. Sala á skipum og þar með veiðiheimildum hefur þegar valdið mikilli byggðaröskun og dregið mátt úr mörgum byggðarlögum og með öllu ófært að það skuli geta verið ákvörðun einstakra manna hvort heilu byggðarlögin missa e.t.v. sitt eina atvinnutækifæri. Nauðsynlegt er að móta fiskveiðistefnu sem tekur mið af hagsmunum allra landsmanna en ekki eingöngu hagsmunum fárra útvaldra. Við verðum að finna leið til þess að stefna að sanngjarnri dreifingu atvinnu og arðs, sanngjarnari leið til dreifingar atvinnu og arðs en hingað til hefur verið reyndin.

Við umfjöllun um núgildandi lög á Alþingi fyrir rúmlega tveimur árum lögðu þingkonur Kvennalistans fram viðamiklar brtt. Í hnotskurn var efni þeirra tillagna eins og nú verður frá greint:

Að gera byggðarsjónarmiðum hærra undir höfði með því að úthluta veiðiheimildum til sveitarfélaga í því skyni að tryggja atvinnu og koma í veg fyrir að einstaklingar geti verslað með sameiginlega auðlind okkar án tillits til heildarhagsmuna.

Að draga úr miðstýringu og ofstjórn.

Að bæta stöðu starfsfólks í sjávarútvegi.

Að stuðla að bættri meðferð og betri nýtingu sjávarafla.

Að auka rannsóknir í sjávarútvegi.

Þær staðreyndir sem við blasa í atvinnulífi margra byggðarlaga og rekja má til fiskveiðistefnunnar, svo og sú umræða sem fram hefur farið í þjóðfélaginu að undanförnu um sjávarútvegsmál, hafa sýnt fram á gildi þeirra hugmynda sem kvennalistakonur kynntu við umfjöllun núgildandi laga og hér hefur verið lýst.

Kjarnann í mörgum þeirra umsagna sem sjútvn. Ed. bárust um málið er að finna í bókun sem samþykkt var á hreppsnefndarfundi í Presthólahreppi 23. apríl 1990 en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við skorum á þingmenn að taka fullt tillit til byggðasjónarmiða við gerð nýrra laga um stjórn fiskveiða."

Við kvennalistakonur viðurkennum nauðsyn mannlegrar stjórnunar á nýtingu fiskimiðanna með hliðsjón af þeim rannsóknum sem vísindamenn gera og þeim ráðleggingum sem þeir gefa stjórnmálamönnum þegar meta skal hversu mikið má nýta hverju sinni. Það er líka ljóst að með öruggari tækni verða niðurstöður vísindamanna æ traustari og nákvæmari og því erfitt að sniðganga þær tillögur sem sérfræðingar gera hverju sinni.

Hins vegar er ljóst að með úthlutun veiðiheimilda eins og verið hefur á undanförnum árum fer fram einhver mesta tekjustýring og verðmætaúthlutun í þjóðfélaginu sem stjórnvöld hafa í hendi sér í því kerfi sem gilt hefur og verið er að festa enn frekar í sessi og að þessu sinni ótímabundið. Þann mikla ágreining sem ríkir um málið má rekja einmitt til þessarar staðreyndar, þ.e. þessara gífurlega valda sem stjórnvöld hafa til þess að dreifa bæði tekjum og verðmætum um landið. En eins og ég hef komið að áður í máli mínu virðist mér grundvallarágreiningurinn fyrst og fremst ríkja um úthlutun veiðiheimildanna og þau órjúfanlegu tengsl þeirra miklu verðmæta sem í þeim felast við fiskiskipin eins og málið er sett fram núna, þ.e. þar sem gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi, að veiðiheimild fylgi skipi, og það vekur athygli að það virðist í raun ekki hafa verið fjallað mikið um þetta atriði í ráðgjafarnefndinni sem vann að undirbúningi frv. þó að vissulega bæri þar á góma þessar hugmyndir um byggðakvóta en þær fengu einhvern veginn litlar undirtektir af hálfu kerfisins ef svo má segja. Hins vegar hljóta allir að sjá í hversu mikilli hrópandi mótsögn núverandi úthlutun er við þau lög sem nú eru í gildi og kveða á um að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar.

Við kvennalistakonur höfum allt frá því að við kynntum tillögur okkar um byggðakvótann fundið fyrir miklum áhuga fyrir þeim og stuðningi vítt og breitt um þjóðfélagið. Hins vegar er því ekki að neita að okkur finnst ríkja um þær nokkur þögn þegar kemur að kerfinu sjálfu. Það er svo sem kannski ekki undarlegt eftir að maður hefur orðið vitni að því, hvað eftir annað reyndar, hvernig kerfið, ef ég má nota þetta orð, sem mér þykir nú reyndar ekki mjög jákvætt eða gott orð til þess að nota, það kerfi sem við höfum byggt yfir okkur, engist í viðleitni sinni til þess að viðhalda sjálfu sér og ég held að það sé mikið umhugsunarefni fyrir okkur á öllum sviðum í okkar stjórnsýslu og í þeim stofnunum sem við höfum byggt yfir okkur hér í þessu landi.

Varðandi frv. sem við hér ræðum má segja að ekki hafi verið léð máls á að ræða að gagni neinar hugmyndir eða hugsanlegar breytingar fyrr en allt var komið í óefni, bæði vegna fyrirsjáanlegs tímaskorts, vegna þeirra áætlana sem gerðar voru í upphafi þings um þinghald hér fram á vorið og svo auðvitað fyrir þrýsting frá ýmsum þingmönnum stjórnarliðsins. Það var nokkuð fróðlegt en ég verð að segja síður en svo uppörvandi að horfa upp á það hvernig tekið var á málum á formannafundum þar sem formenn ríkisstjórnarflokkanna gerðu með sér samkomulag um

nokkrar brtt. og þar með afgreiðslu málsins. Svo virtist sem jafnvel ekki allir svokallaðir stjórnarliðar væru þar í miklum eða beinum tengslum við þær ákvarðanir sem teknar voru. Og ég verð að segja að því fór nú eiginlega fjarri að umræða um nýjar hugmyndir, sem svo sannarlega hefði verið tilefni til, færi fram inni í sjávarútvegsnefndinni og ekki virðist heldur hafa farið mikið fyrir hugmyndafræðilegri umræðu innan stóru nefndarinnar sem vann að frv. en hugmyndir koma þar helst fram í þeim fjölda bókana og séráliti sem fylgja frv. En í stóru nefndinni virðist meginhersla hafa verið lögð á tillögur ráðuneytisins og að ná samkomulagi við svokallaða hagsmunaaðila um þær.

Sjútvn. Ed. og reyndar sjávarútvegsnefndir beggja deilda eyddu síðan drjúgum hluta starfstíma síns í að leita upplýsinga og álits hjá þessum sömu aðilum. Sem sagt, það var í raun og veru stöðugt verið að hræra sama grautinn í sömu skálinni þó í sitt hvoru eldhúsinu væri þangað til formenn ríkisstjórnarinnar komu með örlítið salt og stráðu út í pottinn. (Gripið fram í.) Ég vonaði reyndar sjálf í lengstu lög að einhver glufa myndaðist til þess að ræða þær hugmyndir sem hafa verið í umræðunni en ákvað síðan að kynna tillögur okkar á fundi í sjútvn. nokkru áður en ljóst var að við færum að afgreiða málið frá nefndinni. Það voru svo sem ekki nein stórkostleg viðbrögð við þeim eða umræður og ekki lögð nein áhersla á að athuga efni þeirra eða útfærslu á einn eða annan hátt, ekki af hálfu nefndarinnar, og ég verð eiginlega að segja það að þetta er dálítið undarleg tilfinning fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að standa frammi fyrir slíkum staðreyndum.

Við teljum okkur skylt að ræða á málefnalegan hátt allar tillögur og öll frv. og hugmyndir sem komu frá ríkisstjórninni og verjum reyndar miklum tíma og kröftum í þá vinnu, og kannski allt of miklum í mörgum tilvikum, en á móti skynjum við lítið annað en tómlæti og áhugaleysi gagnvart þeim hugmyndum og tillögum sem við höfum fram að færa. Allt er fyrir fram ákveðið og í skjóli meirihlutavalds halda menn sínu striki og láta sig hugmyndir og tillögur annarra engu varða.

Þegar svo er komið að menn eru ekki einu sinni reiðubúnir til að hlusta á tillögur og hugmyndir þeirra sem þeir eiga að heita að vera að vinna með að sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar, þá hlýtur auðvitað sú spurning að vakna hvort þeir hlusti þá yfirleitt á það fólk sem þeir eru kjörnir fulltrúar fyrir. Og lokaspurningin verður þá auðvitað líka sú hvort þeir séu þá í raun fulltrúar fyrir þetta ríkjandi kerfi sem stöðugt er verið að reyna að viðhalda eða fólkið sem byggir þetta land.

Eins og ég gat um áðan hafa brtt. Kvennalistans þegar verið kynntar efnislega og þær hafa verið hér á þingskjali síðan á mánudaginn en ég ætla að fara um þær nokkrum orðum eins og þær liggja nú fyrir á þskj. 1114.

Við 1. gr. höfðum við reyndar áður en þessi tillaga kom fram frá ríkisstjórninni í okkar hópi sett inn það ákvæði sem nú er komið fram af ríkisstjórnarinnar hálfu um að úthlutun veiðiheimilda skuli ekki mynda eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum þannig að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þann málslið. En eins og fram kemur í nál. teljum við þessa breytingu til bóta því að hún undirstrikar á vissan hátt þann skilning að fiskimiðin séu sameign, en spurningin sem eftir stendur hlýtur auðvitað að vera sú á hvaða forsendum sé samt mögulegt að úthluta veiðiheimildum til einstaklinga og útgerðarfélaga án þess að eigandinn, lögum samkvæmt, þ.e. þjóðin, hafi nokkuð um málið að segja. Og það er nú reyndar oft svo í mörgum málum sem við erum að vinna að að við erum alltaf að fjalla um atriði við fulltrúa stofnana. Það er mjög erfitt, virðist vera, að fá einmitt skoðanir fólksins og í því sambandi má auðvitað minna á tillögu sem Kvennalistinn hefur flutt um að rýmka ákvæði um kosningar í sveitarfélögum um ákveðin málefni og einnig um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Önnur tillagan sem er hér á þskj. 1114 snertir 3. gr. frv. og felst einungis í því að undirstrika nauðsyn þess að samráð sé haft við Hafrannsóknastofnun ef ráðherra ákveður að auka eða minnka aflann og einnig það að við úthlutun á heildarafla fyrir hvert ár sé honum ekki heimilt að víkja meira en 2% frá þeim tillögum sem Hafrannsóknastofnun gerir en rökin fyrir þessari tillögu eru að sjálfsögðu fyrst og fremst verndunarsjónarmið.

Í anda þeirrar stefnu okkar að rjúfa skuli samband milli veiðiheimilda og skips eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 4. gr. en brtt. gerir ráð fyrir að 4. gr. verði svohljóðandi:

„Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun getur ráðherra ákveðið með reglugerð:

a. að veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstöku leyfi ráðherra,

b. að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki."

Kvennalistakonur viðurkenna og hafa lýst því að þær telja að ákveðin miðstýring sé nauðsynleg í ljósi þeirra heildarhagsmuna sem um er að tefla og því nauðsynlegt að fela ráðherra að setja reglugerð um þau atriði sem hér hafa verið nefnd.

Þá má segja að ég sé komin að kjarnanum í okkar tillögum sem gera ráð fyrir að á eftir 4. gr. komi fimm nýjar greinar og ég ætla að lesa þær hér, með leyfi forseta.

5. gr. verði sem hér segir:

„Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 3. gr., skal skipt milli sveitarfélaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili.

b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu

eða til sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga, sbr. 8. gr."

Og 6. gr. verði sem hér segir:

„Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 5. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 5. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð."

Og þá er það 7. gr. þar sem segir:

„Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,

b. að setja skilyrði um að afli, sem flytja á óunninn úr landi, verði veginn í íslenskri höfn,

c. að ákveða að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi, allt að 20% á þorsk og ýsu, en allt að 15% á aðrar tegundir, þegar metið er hversu miklu af aflamarki er náð hverju sinni,

d. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,

e. að setja reglur um veiði smábáta,

f. að setja reglur um tómstundaveiðar,

g. að telja fisk, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember aðeins að hálfu með í aflamarki fiskiskips,

h. að framleigja veiðiheimildir til annarra sveitarfélaga, enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því sveitarfélagi, sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins."

Eins og hv. þm. sjá og heyra gera tillögur okkar ráð fyrir nær algjöru framsali úthlutunarvalds til byggðarlaga þó segja megi að leiðarvísir fylgi pakkanum, þ.e. að sveitarstjórnir geti sett reglur um ýmis atriði eins og fram kemur í liðum a til h.

Með þessari tillögu okkar, með því að flytja ákvörðunarréttinn um úthlutun veiðiheimilda til fólksins, erum við trúar hugmyndum Kvennalistans um valddreifingu sem við viljum reyndar færa út á öll svið þjóðfélagsins. Það er hin raunverulega valddreifing að gefa íbúum í hinum ýmsu byggðarlögum tækifæri til að taka sínar eigin ákvarðanir og taka ábyrgð á þeim. Með því að taka slíkar ákvarðanir í heimabyggð er hægt að taka tillit til aðstæðna og útgerðarhátta á hverjum stað. Hér er líka óhikað talað um að selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum en það er rétt að fram komi að ekki er ætlun okkar að byggðarlögin verði fyrir fjárútlátum vegna þessa heldur komi þau í besta falli út á sléttu eða geti hagnast á sölu eða leigu veiðiheimilda. Ef um tekjur yrði að ræða í einhverjum mæli leggjum við til að þeim verði varið í þágu sjávarútvegsins, bættrar aðstöðu í höfnum og betri þjónustu við útvegsgreinarnar svo dæmi séu nefnd.

Það er einnig rétt að vekja athygli á möguleikum til þess að skilyrða úthlutun veiðiheimilda með löndun í viðkomandi byggðarlagi en svo geta aðstæður líka verið á þann veg að þess þurfi ekki eða sé ekki óskað og þá er auðvitað jafnfrjálst að hafa það óbundið.

Með þessu fyrirkomulagi er þetta allt frjálslegra og sveigjanlegra og það er auðveldara að aðlaga kerfið aðstæðum á hverjum stað án þess að hagsmunir heildarinnar séu fyrir borð bornir.

Þá er komið að 8. gr., en efni þeirrar greinar er mjög mikilvægur þáttur í tillögum okkar. Það er að okkar mati undarlegt og í raun alveg ótækt að íslenska þjóðin sem lifir á fiski skuli að svo takmörkuðu leyti hafa sinnt rannsóknum og fræðslu í sjávarútvegi sem raun ber vitni og miðað við þau verðmæti sem um er að ræða. Það má fullyrða að þetta hirðuleysi hafi áreiðanlega orðið okkur til tjóns og haft sín áhrif á það að störf í sjávarútvegi njóta ekki þeirrar virðingar sem þeim ber. Þetta verður að lagfæra með því m.a. að efla menntun og fræðslustarfsemi í þessum greinum, en 8. gr. kveður á um hvernig ráðstafa skuli gjaldi fyrir veiðiheimildir, þ.e. tekjum af þessu gjaldi. Ég ætla að lesa hana hér, með leyfi forseta, en þar segir:

„Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 5. gr. skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirtalinna verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks og fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,

b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, veruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,

c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks."

Ég vil vekja sérstaka athygli á því hversu mikilvægt það er að búa vel að því fólki sem vinnur í fiskvinnslunni. Vil ég undirstrika sérstaklega nauðsyn þess að hefja átak í fyrirbyggjandi aðgerðum vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks og minni á svartar skýrslur sem sýna fram á ýmsa atvinnusjúkdóma og óhóflegt vinnuslit þeirra sem vinna í fiskvinnslunni eins og aðstæður eru núna.

Það þarf auðvitað ekki að hafa mörg orð um það hversu miklu máli skiptir að umhverfi á vinnustað sé gott og hvaða áhrif það hefur á andrúmsloftið og einnig vinnubrögðin að vinnustaðir séu vel búnir og vinnuskilyrði góð. Það skilar sér að sjálfsögðu í betri vinnubrögðum.

Í 9. gr. er aðeins verið að samræma það sem stendur í frv. ríkisstjórnarinnar og sömuleiðis tekið upp ákvæði vegna skipa sem farast en þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélagi er skylt að tilkynna sjútvrn. um framleigu veiðiheimilda til annarra sveitarfélaga. Sé um slíka framleigu að ræða í þrjú ár samfleytt skerðist

aflamark sveitarfélagsins sem því nemur við næstu úthlutun.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma."

Með tilliti til þeirra breytinga sem við leggjum til er eðlilegt að 5. og 6. gr. falli niður og sömuleiðis tvær síðari mgr. 7. gr. þannig að breytt hljóðar 7. gr. svo, en hún verður reyndar 10. gr. samkvæmt okkar tillögum, með leyfi forseta:

„Veiðar á þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla samkvæmt 3. gr. eru frjálsar öllum sem leyfi fá til veiða samkvæmt 6. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum samkvæmt 4. gr."

Næsta brtt. er við 8. gr. sem verður 11. gr. Með hliðsjón af úthlutun veiðiheimilda til sveitarfélaga en ekki skipa er þessi breyting gerð og enn er hnykkt á að samráð skuli haft við Hafrannsóknastofnun við ákvörðun um aflahlutdeild einstakra sveitarfélaga.

Og það sama má segja um 9. gr., sem verður 12. gr., að þar er lagt til að í stað „fiskiskipa" komi sveitarfélaga bæði í a- og b-lið og það eru tæknileg atriði sem fylgja í kjölfarið og lagt er til til þess að samræma þetta okkar tillögum að þá falli niður 10., 11., 12. og 13. gr. frv.

Við 14. gr. þar sem fjallað er um sérstaka samráðsnefnd til þess að fara með eftirlit með framkvæmd laganna leggjum við til að á eftir orðunum „einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna" komi auk þess fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands.

En í samræmi við þessa valddreifingu til byggðarlaga er auðvitað rétt að ætla Sambandi ísl. sveitarfélaga aðild að þessari samráðsnefnd þar sem verkefni hennar er m.a. að fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi og það er auðvitað jafnsjálfsagt að Verkamannasamband Íslands eigi þar fulltrúa.

Ég bendi á að þó tillögur okkar sem á undan þessari komu yrðu ekki samþykktar sé ég ekkert því til fyrirstöðu að þessi grein geti staðið eftir sem áður því að það er reyndar örlítið aukin áhersla á sveitarfélög alla vega inni í þeim brtt. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og það er auðvitað sjálfsagt að reyna að tryggja rétt fiskvinnslufólksins með því að það eigi líka sinn fulltrúa til þess að fjalla um þessi mál.

Á 15. og 16. gr. er aðeins um tæknilegar breytingar að ræða til samræmis við tillögur okkar.

Við 17. gr. frv. gerum við þá brtt. að eftirlitið með nýtingu auðlindarinnar verði fært frá hagnýtingarráðuneyti atvinnugreinarinnar til umhvrn. Er það í samræmi við stefnu okkar um verkefni umhvrn. sem sett var fram í þáltill. á síðasta þingi þar sem við lögðum fram okkar tillögu um það hvaða skipulag við vildum sjá á umhvrn. og hver verkefni þess skyldu verða. En það hlýtur að vera eitt af meginverkefnum umhvrn. verði það einhvern tímann burðugt að fylgjast með nýtingu sameiginlegra auðlinda landsmanna. Alveg á sama hátt og eðlilegt er að flytja Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins til umhvrn. hlýtur það að vera framtíðarstefna að Hafrannsóknastofnun fari þangað líka og var það reyndar samdóma álit margra þeirra umsagnaraðila sem komu til allshn. við umfjöllun um umhvrn. fyrr í vetur.

Í samræmi við þessa breytingu er gerð tillaga um að umhvrh. og sjútvrh. ákveði í sameiningu með reglugerð gjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laganna. Og með hliðsjón af okkar tillögum er eðlilegt að þriðja málsgrein greinarinnar falli brott.

20. gr. er tæknilegs eðlis. Miðað við okkar tillögur er sjálfgefið að ákvæði til bráðabirgða eitt og tvö falli niður en þriðja bráðabirgðaákvæðið verði númer eitt og kveði á um úthlutun heildarafla til sveitarfélaga en ekki skipa. Það sama gildir um breytingu á fjórða ákvæði til bráðabirgða sem samkvæmt okkar tillögum verður þá bráðabirgðaákvæði tvö, en síðustu tvö bráðabirgðaákvæðin falla niður af augljósum ástæðum.

Virðulegur forseti. Ég hef lýst í meginatriðum brtt. sem við leggjum fram hér við 2. umr. málsins og ég undirstrika það og ítreka að ég tel að þær eigi enn fullan rétt á sér. Þær komu fram fyrir tveimur og hálfu ári fyrst. Þær eru enn í fullu gildi og þess vegna leggjum við þær að sjálfsögðu óhikað hér fram og væntum þess að þingmenn kynni sér þær gaumgæfilega og skoði áður en til atkvæðagreiðslu kemur.

Ég vil síðan aðeins víkja nokkrum orðum að einu atriði sem fram kom í nál. mínu þar sem segir að miðað við stöðu málsins nú teldi ég eðlilegt að málinu yrði frestað. Það er ljóst að nú á síðustu dögum hefur myndast einhver örlítil opnun fyrir því að meðtaka nýjar hugmyndir og gefa svigrúm og tækifæri til þess að ræða þær betur en hingað til hefur verið gert. Það er auðvitað háð því skilyrði og það hlýtur, ef tillaga um það sem hér liggur frammi verður samþykkt og ég hef lýst yfir að ég gæti stutt, auðvitað að verða verkefni nefndarinnar fram að þeim tíma sem henni er gefinn til þess að skila áliti að taka fyrir á ný, vegna þeirrar stöðu sem nú er upp komin, allar þær hugmyndir og tillögur sem fram hafa komið og að í alvöru verði gerð tilraun til þess að leggja mat á þær og útfæra.

Ég ætla líka að gera ráð fyrir að þessi opnun sem hefur orðið hafi auðvitað komið fyrir þrýsting úr ýmsum áttum og væntanlega ekki síst fyrir þær ákveðnu tillögur sem við höfum borið hér fram. Við gerðum okkur grein fyrir því síðast þegar fjallað var um málið að e.t.v. væru ekki miklar líkur á að fá þær samþykktar en ég tel að nú hafi skapast grundvöllur til þess að ræða þær og reyna að leggja mat á og útfæra eins og ég hef vikið að hér áður. En með atburðum síðustu daga hefur greinilega komið fram örlítil viðurkenning á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið og þá sérstaklega tengt byggðasjónarmiðum og að ekki sé sú ráðstöfun algjörlega ófrávíkjanleg að tengja saman skip og veiðiheimildir og úthluta þeim síðan endurgjaldslaust til eigenda veiðiskipanna.

Ég ætla aðeins að benda á að auðvitað er mikill ágreiningur enn þá. Það er hér bráðabirgðaákvæði með lögunum um að fram fari hagkvæmnismat og samanburður við önnur lönd. Ég tel það mjög jákvætt. Það hefði auðvitað átt að vera búið að gera þetta miklu fyrr. Þetta var ekki inni í frv. upphaflega. Mér sýnist að greinin eins og hún var lögð fram, eða bráðabirgðaákvæðið, hefði verið ágætis efni í þáltill. fyrir þann sem átti hugmyndina, en þetta er nú komið hér inn með frv. Það hefði mátt vera búið að því fyrr, ég held að allir geti verið mér sammála um það.

Síðan er hér endurskoðunarákvæði enn einu sinni. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að endurmeta og skoða lög sem við erum að setja með tilliti til reynslunnar, en þetta sýnir auðvitað að það eru mjög margir óvissuþættir. Það á að fara að setja ótímabundin lög en samt með svona skömmum fresti til þess að endurskoða. Það sýnir auðvitað að það er margt óöruggt og óljóst og það viðurkennir ríkisstjórnin með því að setja þetta ákvæði inn.

Ég vil aðeins víkja að því áliti Lagastofnunar sem okkur fulltrúum í sjútvn. Ed. barst í hendur í gærkvöldi. Eins og fram kom í máli hv. formanns sjútvn. var eftir því leitað að beiðni níu þingmanna í bréfi sem skrifað var til formanna nefndanna 4. apríl sl. en það var reyndar ítrekun á annarri beiðni sem lögð var fram nokkrum dögum fyrr af einum hv. þm. í Nd. Ég verð nú að segja það að það sem er grundvallaratriði í okkar brtt. tengist mjög náið síðustu spurningunni sem varpað var til Lagastofnunar og mér sýnist á öllu að það álit sem við fengum veki í raun upp fleiri spurningar en það svarar því það er ekki tekið algjörlega af skarið, í hvoruga áttina, hvort um eign sé að ræða eða ekki. Ég ætla að fá að vitna aðeins í þetta plagg, með leyfi forseta. Á bls. 16 segir:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind þjóðarinnar og forsenda þess að hún geti lifað eðlilegu lífi í landinu, enda kostar mikla baráttu að ná yfirráðum yfir henni. Með því að skipuleggja nýtingu þeirra eftir því sem aðstæður krefja á hverjum tíma er löggjafinn að fullnægja þessari nauðsyn, ekki í þágu þeirra einna sem hafa atvinnu af fiskveiðum heldur þjóðarinnar allrar. Af þessu leiðir að hæpið telst að atvinnuréttindi við fiskveiðar njóti verndar sem stjórnarskrárvarin einstaklingseign. Sameiginlegir þjóðarhagsmunir hljóta að vega þyngra en atvinnuhagsmunir einstaklinga."

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og sérstaklega þar sem dregið er saman álit þessara ágætu lögfræðinga sem um málið fjölluðu. Þar segir á einum stað að fræðimenn hafi ekki verið á einu máli um það hvort atvinnuréttindi teljist eign í merkingu 67. gr. stjórnarskrárinnar, segja reyndar að þeirri skoðun hafi vaxið fylgi og hún sé almennt viðurkennd, en hvað þýðir almennt viðurkennt í þessu efni? Síðan segir hér í lokaorðum þessarar álitsgerðar, ef ég má vitna beint, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn afmarka þau [þ.e. atvinnuréttindin] og skilgreina nánar þau eignarréttindi í formi atvinnuréttinda sem við teljum að kunni að vera fyrir hendi."

Í þessu áliti fáum við ekki afdráttarlausa túlkun á þessu atriði sem ég tel vera grundvallaratriði og þurfa að athuga betur. Og þetta er auðvitað líka spurning um það að við höfum setið hér með nefnd sem er að endurskoða stjórnarskrá Íslands í mörg ár, að mér skilst. Það væri fróðlegt að vita hvar hún er nú stödd í starfi sínu og spurning hvort ekki þyrfti að fá upplýsingar um hvernig hennar starfi miðar, en það segir hér líka skömmu síðar þar sem fjallað er um að fræðimenn séu ekki sammála um hvort atvinnuréttindi teljist eign: „Löggjafinn og dómstólar hafa að vísu ekki markað hér skýra stefnu." Það virðist vera mjög margt óljóst í þessu atriði og 1. gr. frv. segir það skýrt og skorinort að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign allra Íslendinga. Það er með tilliti til þessa og þess sem ég hef áður sagt hér nauðsyn þess, fyrst á annað borð var loksins léð máls á því, og ég fagna því reyndar, að fjalla aðeins um aðrar áherslur og opna farvegi fyrir nýjar hugmyndir að ég tel að það yrði þjóðinni allri til meiri gæfu að bíða og fá þetta mál allt skoðað betur með tilliti til þessara hugmynda og kalla síðan saman þing snemma í haust, eins og tillaga sú sem hér liggur frammi gerir ráð fyrir, með það fyrir augum að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem fleiri og vonandi flestir og jafnvel allir, ef ég leyfi mér að vera bjartsýn, geta sætt sig við. Og það er þess vegna sem ég freistast til þess að styðja þessa tillögu um að málinu verði vísað til nefndarinnar. Auðvitað verða borin hér fram rök eitthvað í þá áttina að þeir sem í útgerð standa þurfi að gera sínar áætlanir og skipuleggja reksturinn og þetta verði þeim mjög til tjóns. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er ekki auðvelt að vita aldrei hvað tekur við næst. Hins vegar, ætli maður að vera ábyrgur með hagsmuni allrar þjóðarinnar í huga, er það að mínu mati skynsamlegri og ábyrgari afstaða að vísa þessu máli til stuttrar skoðunar í nefndinni og koma hér saman á ný og afgreiða málið þá.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Nú mun svo ástatt að boðaður er fundur í Sþ. innan tiltölulega stutts tíma og er alveg augljóst að ég mun að litlu leyti ljúka minni ræðu á þeim tíma og það er auðvitað spurning um hagræðingu hvort tími vinnst á því að ég hefji mál mitt nú, en ef forseti óskar þess, mun ég gera það. (**Forseti:** Já, ég held að það væri ágætt að hv. frsm. gæti hafið sitt mál núna. Það er upp undir korter til fundar í Sþ.) Já, virðulegur forseti. Ég skal verða við því.

Í fyrsta lagi byrja ég á að þakka formanni sjútvn. Ed., og ég vænti að hann hlusti, fyrir nefndarstarfið. Mér er það ljóst að það var erfitt starf að sinna þeim þætti. Það hef ég sjálfur komist í fyrir nokkuð löngu að vísu. Einnig vil ég þakka mínu meðnefndarfólki fyrir samstarfið og ég vil einnig þakka sérstaklega

fulltrúa sjútvrn. sem sat velflesta fundi nefndarinnar og sinnti sínum skyldum að mínu viti með prýði. Auðvitað er það misjafnt hvaða mat t.d. hv. þm. hafa á embættisfólki, en í þessu tilviki vil ég lýsa yfir fyrir mig að þessi starfsmaður ráðuneytisins, Kristján Skarphéðinsson, sinnti sínu hlutverki með prýði.

Áður en ég fer að rekja hér aðdraganda þess sem hér er að gerast og nál., hvað hefur gerst í þessum málum undangengin ár, hverjir hafa staðið að þessu og hverjir ætli nú að standa að því, þá finnst mér rétt að byrja á því að víkja að spurningu sem til mín var beint áðan af hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur og varðaði mig og þingflokk Alþfl. sem mikið hefur verið til umræðu. (**DS:** Brennandi spurning). Brennandi spurning, ekki efast ég um að það sé brennandi spurning hvort menn dansi alveg á línunni eða ekki.

Eins og menn vita, og ég hélt nú að hv. þm. vissi það, hef ég verið í allt að þrjú ár í talsvert mikilli andstöðu við þingflokk Alþfl. í stórum málum, þar á meðal þessu ekki hvað síst. Hér má nefna fleiri mál, matarskattinn, tekjuskatt o.fl., samningamál. Þetta eiga þingmenn auðvitað að vita og þurfa ekki að spyrja. Þetta er ekki nógu gott að hv. þm., búnir að sitja hér í þrjú ár, hafi ekki haft vitneskju um slíka hluti. En svona hefur málið verið. Það hefur síðan þróast í þá veru, þegar hv. þm. Skúli Alexandersson dreifði leiðara úr Alþýðublaðinu á sjávarútvegsnefndarfundi fyrir stuttu síðan ... (**Gripið fram í:** Það var gæfulegt ...) Já, gæfulegt, það verða menn að meta hversu gæfulegt það var. En þar fannst mér vegið æðihart að mínum sjónarmiðum og ekki bara mínum, heldur og fleiri innan þingflokks Alþfl. (**SkA:** Með því að ég væri að dreifa þessu?) Nei, í leiðaranum. Og enn bið ég menn um að hugsa og skilja.

Í þessum leiðara er raunar sagt að þingflokkur Alþfl., það er engin undantekning gerð, hafi samþykkt það samkomulag sem hér virðist nú liggja fyrir varðandi fiskveiðistefnuna á næstu árum og það með veiðileyfasölu og auðlindaskatti að fyrirheiti í náinni framtíð. Þetta fannst mér nánast setja punktinn yfir iið að því er þetta varðaði og ég ritaði síðan formanni þingflokks Alþfl. bréf, um það vita allir, ég ætla ekki að ræða um það. Þetta hefur þingflokkurinn rætt og formaðurinn hefur síðan ritað mér sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni vegna þess að hann er ekki í landinu, en allir hafa trúlega heyrt viðtalið við hann í sjónvarpinu á mánudagskvöldið. (Gripið fram í.) Ja, flestir. (**SalÞ:** Brosandi ljúfan.) Brosandi dúfan? (**Gripið fram í:** Ljúfan.) Ljúfan. Já, ég er ekki að greina neitt frá útliti manna. Það er hvers og eins. En þar mun hann hafa gert grein fyrir þessu.

Ég vil hins vegar segja um þetta mál: Að um misskilning hjá mér sé að ræða, það er rangt. Það er rangt. Það er hægt með tvennum hætti að gera fólk viðskila við þingflokk. Formlega hliðin er auðvitað sú að ef menn vilja reka beint, þá samþykkir þingflokkurinn slíka samþykkt. En hin leiðin, sem mér hefur fundist vera valin, er sú að gera mönnum lífið það leitt að það væri nánast ógerningur í mikilvægum málum að vera þar innan dyra. Þetta á kannski ekki fyrst og fremst við þingflokkinn sem slíkan. Þetta á miklu frekar við forustu Alþfl. Með þessu hygg ég að ég hafi leiðrétt að hér hafi verið um nokkurn misskilning af minni hálfu að ræða. Þetta mál hefur tvær hliðar eins og flest önnur og þær eru svona: Annars vegar eru formlegheitin, að reka beint, hins vegar að beita þannig vinnubrögðum að að því komi, seint eða um síðir, að leiðir skilji. Svona er málið einfalt í mínum huga og ég hygg að þetta svari fullkomlega fyrirspurn hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur um mína veru og návist við Alþfl. og þingflokk hans, þannig að það sé ljóst.

Ég verð að segja að mér hafa fundist þessar umræður, sem hér voru fyrir nokkru hafnar, vera heldur dauflegar miðað við þær sem stóðu hér yfir í desember 1987. (**Gripið fram í:** Við erum bara að byrja.) Það er rétt. Við erum bara að byrja og nú gengur einmitt í salinn hæstv. umhvrh. sem hafði sig hvað mest í frammi á þeim tíma að berja á kvótanum og afneita honum fyrir fullt og allt. Hæstv. ráðherra skynjar því sinn vitjunartíma nú, að ganga í salinn. (**HBl:** Já. Hann hefur mengast af sjútvrh.) Ja, við skulum koma að því á eftir. Við tölum nú meira um það. (**GHG:** Hann hefur allt sitt á þurru, þessi hæstv. ráðherra.) Það kemur strax fjörkippur í þetta þegar umræða um þetta hefst.

Nei, það er auðvitað ljóst að það hefur verið bullandi ágreiningur um fiskveiðistefnuna allt frá því 1984, bullandi ágreiningur, mismunandi mikill en líklega aldrei meiri ágreiningur en núna eftir það sem hefur gerst á síðustu dögum í málinu. Ég tók eftir því að hv. þm., frsm. 1. minni hl. nefndarinnar, sagði að menn hefðu haft fastmótaðar skoðanir frá upphafi og til loka. Hvort hv. þm. átti við nefndarmenn eða ... (**StG:** Nefndarmenn.) Nefndarmenn, já. Þá kann þetta að eiga við. Annað á við um suma aðra og að því verður þá komið síðar. Það var auðvitað ljóst strax þegar nefndin fékk málið, og var raunar vitað fyrir, að ágreiningur var um það, ég tala nú ekki um þegar grundvallaratriðum málsins er gjörbreytt á síðustu dögum þvert ofan í það sem sérfræðinganefndin hafði unnið á mörgum vikum ef ekki mánuðum og árum, frv. kollsteypt frá því sem sérfræðinganefndin gekk frá því, þvert ofan í allar hugmyndir sem áður höfðu komið að því er þetta varðaði.

Það er auðvitað augljóst núna að menn standa frammi fyrir því við þessa 2. umr. að verulegur hluti hagsmunaaðila er andvígur málinu eins og það er núna fram sett af 1. minni hl. í sjútvn. Ed. Velflestir hagsmunaaðilar sem komu á fund nefndarinnar í síðustu hrotunni eru því gjörsamlega andsnúnir, t.d. hagræðingarsjóðurinn sem menn kalla núna, var úreldingarsjóður í allan vetur.

Og ég vil nú spyrja, herra forseti, ég hefði átt að gera það strax, af því að þessi tvö mál eru á dagskrá hlið við hlið og raunar samtengd, hvort gerð sé athugasemd af hálfu forseta við það að þau séu rædd sameiginlega. Það mun stytta tímann frekar en hitt. (**Forseti:** Það sem efnislega fellur að frv. verður hv.

frsm. að sjálfsögðu að ræða.) Ég skil forseta svo að hann sé sammála mér í þessu að þetta muni bæta vinnuandrúmsloftið. Og ég ítreka það því að í þessum meginmálum eru hagsmunaaðilar ósammála því frv. sem hér er nú til umræðu og þá er það kannski fyrst og fremst úreldingarsjóðurinn sem menn kannski vilja kalla enn en er nú orðinn hagræðingarsjóður. Og hvað eru menn í raun og veru að gera þar? Var ekki sagt fyrst þegar kvótinn var settur á 1984: Þetta er gert til þess að minnka skipaflotann, hlúa að stofnunum í hafinu, draga úr sókninni. Meðalið til þessa átti að vera kvótinn og hann er búinn að vera í gildi síðan. Og enn er fiskiskipastofninn að vaxa. Og hann auðvitað dafnar undir kvótastefnunni. Það er það sem hefur gerst. Og nú eru menn að koma með einhverja plástra sem þeir telja að eigi að geta gilt í þá veru að plástra þennan óskapnað sem búinn er að vera í gildi allan þennan tíma til óhagræðis og skemmdar velflestum Íslendingum. Finnst mönnum það t.d. líklegt? Við skulum taka dæmi. (**Forseti:** Vegna fundar í Sþ. vildi ég biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni um stund þangað til að loknum fundi í Sþ.)

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

84. fundur, miðvikudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Minning Sverris Júlíussonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sverrir Júlíusson, fyrrverandi alþingismaður, andaðist í fyrradag, mánudaginn 30. apríl, á sjötugasta og áttunda aldursári.

Sverrir Júlíusson var fæddur í Keflavík 12. okt. 1912. Foreldrar hans voru hjónin Júlíus, sjómaður þar, Björnsson, verkamanns í Hafnarfirði, Björnssonar og Sigríður Sveinsdóttir, sjómanns í Keflavík, Einarssonar. Hann stundaði barna- og unglingaskólanám í Keflavík, sótti námskeið í bókhaldsfræðum við Háskóla Íslands 1941 og nam tungumál í Bandaríkjunum 1946. Hann var símstöðvarstjóri í Keflavík frá 1928 til 1940. Útgerðarmaður og hluthafi í ýmsum útgerðarfélögum var hann frá 1934 og formaður margra þeirra. Hann var framkvæmdastjóri fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækisins Garðs í Sandgerði 1941–1942, stofnandi og annar eigandi heildsölunnar Jónsson og Júlíusson í Keflavík 1941–1946 og stofnandi og framkvæmdastjóri Hraðfrystistöðvar Keflavíkur 1942–1947, rak síðan fyrirtækið með öðrum til 1952. Hann var í viðskiptanefnd á árunum 1947–1950, forstjóri sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins 1951–1956 og varaforseti Innflutningsskrifstofunnar 1956–1960. Forstjóri Verðlagsráðs sjávarútvegsins var hann 1961–1963.

Í alþingiskosningunum 1963 og aftur 1967 var hann í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjaneskjördæmi og hlaut í bæði skiptin sæti landskjörins alþingismanns, sat á Alþingi til 1971, á átta þingum alls. Síðla árs 1970 varð hann forstjóri Fiskveiðasjóðs Íslands og gegndi því starfi til ársloka 1982.

Sverrir Júlíusson var formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna 1944–1970 og í stjórn Fiskimálasjóðs 1947–1983, lengi formaður stjórnarinnar. Árið 1950 var hann skipaður í verðgæslunefnd og í stjórn Skuldaskilasjóðs útgerðarmanna. Hann átti sæti í stjórn Útflutningssjóðs 1957–1960, í vörusýninganefnd og í bílaúthlutunarnefnd 1960–1961. Árið 1964 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík og 1967 í nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi. Hann var í bankaráði Landsbanka Íslands 1965–1968 og í bankaráði Seðlabanka Íslands 1969–1984.

Sverrir Júlíusson var af sjómönnum kominn og á æskustöðvum hans var atvinna fólks fyrst og fremst tengd sjávarútvegi. Ungur að árum fór hann að starfa við fiskvinnslu og veiðar og um 16 ára aldur var honum falið starf símstöðvarstjóra. Rúmlega tvítugur hóf hann útgerð og sinnti henni síðan nær ævilangt ásamt öðrum störfum. Auk athafna suður með sjó rak hann ásamt öðrum útgerð og fiskvinnslu austur á Fáskrúðsfirði og vestur á Súgandafirði. Hann var gjörkunnugur flestu því sem laut að íslenskum sjávarútvegi og var ungur að árum kvaddur til trúnaðarstarfa á þeim vettvangi. Hann var rúman fjórðung aldar forustumaður í landssamtökum útvegsmanna sem efldust mjög á þeim áratugum. Á Alþingi sinnti hann einkum atvinnumálum og fjármálum. Starf hans fyrir íslenskan sjávarútveg var árangursríkt. Hann fór ekki fram með hörku, gat þó verið fastur fyrir, en með ljúfmennsku, sanngirni og traustri þekkingu vann hann farsællega að málum sjávarútvegsins á langri starfsævi.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Sverris Júlíussonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

EFRI DEILD

frh. 90. fundar, miðvikudaginn 2. maí, að loknum fundi í Sþ.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 609, n. 1109, 1113, 1116, 1119 og 1130, brtt. 1110, 1114, 1123.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason) (frh.):

Virðulegur forseti. Það kom fram bæði hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, sem er frsm. 1. minni hl., og

hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, sem er frsm. 2. minni hl., að nefndin klofnaði í fimm hluta, og mér er til efs að í jafnafdrifaríku og stóru máli hafi átt sér stað jafnmikill skoðanaágreiningur eins og í þessu máli. Þegar það gerist að Alþingi er að fjalla um fjöregg þjóðarinnar þá er ágreiningurinn svo mikill við meðferð málsins að það myndast hvergi meiri hluti í nefndinni fyrir því máli sem hér er nú til umræðu. Kannski sýnir þetta hvað best hvernig að málinu hefur verið staðið. Þó að menn hafi alltaf verið að vitna til hagsmunaaðila í þessum efnum, þá sýnir það sig núna að þeir eru að hluta til gersamlega andvígir meginparti málsins eins og það er lagt fyrir.

Ég ætlaði hér áðan að hafa endaskipti á hlutunum. Hér hafa menn byrjað á að flytja nefndarálit. *Kannski geri ég það síðast ef ég kem þá ekki inn á* það meðan ég tala sem kannski verður ekki mjög lengi, enda ekki ætlan mín að draga þetta mál á langinn. Þó er nauðsynlegt að koma vel til skila ýmsum hlutum hér.

Ég var að minna á það áðan að árið 1987 þegar Borgfl. var nýorðinn til, fulltrúar hans sestir hér á Alþingi, þá voru þeir hinir hörðustu andstæðingar þess að kvótafrv. yrði látið fara hér í gegn. Þeir héldu uppi málþófi í þessari deild fund eftir fund undir forustu núv. hæstv. umhverfismálaráðherra og neituðu gersamlega að þetta mál næði fram að ganga. Hver hafa umskiptin orðið? Hvað hefur breyst? Hefur sannfæringin breyst eða hvað hefur gerst?

Lengi vel lá það í loftinu að einn af fulltrúum Borgfl., hv. þm. hér í deildinni, mundi snúast gegn þessu máli eins og það var. Það var á síðustu dögunum sem ljóst var að þessi hv. þm. hafði ánetjast. (**Gripið fram í:** Hann hefur kannski sloppið aftur.) Svo kann að vera. Ekki tók ég nú viðtalið við hv. þm. í sjónvarpinu á mánudagskvöld á þann veg. Hér á ég við hv. þm. Guðmund Ágústsson, 5. þm. Reykv. Og ég verð að segja það fyrir mig, eftir að hafa setið hér meira og minna á Alþingi í nær 19 ár, að ég hef aldrei upplifað önnur eins sinnaskipti þeirra einstaklinga sem hafa verið kjörnir af þjóðinni til þess að fara með málefni hennar hér inni á Alþingi. Maður fer að halda að einhvers konar kaupskapur hafi átt sér stað, bæði að því er varðaði aðild Borgfl. að ríkisstjórn og síðan þetta síðasta þegar þessi hv. þm. svissar svona gersamnlega yfir. Rökin hjá hv. þm. voru þessi: Ég fékk mínu framgengt. Það var lögð fram tillaga um að endurskoða lögin um upptöku ólöglegs sjávarafla sem lá fyrir löngu áður en þessi yfirlýsing kom. Hæstv. sjútvrh. hafði sjálfur í mín eyru sagt að það væri vilji þeirra að þetta yrði gert og kallar hann nú ekki allt ömmu sína í þessum efnum sem leiðir af fiskveiðistefnunni og kvótastjórnun þannig að þetta er auðvitað hreinn útúrdúr. Hér hefur kaupskapur átt sér stað. Með hvaða hætti og hversu mikill skal ósagt látið en kannski upplýsist það hér í umræðunum.

Auðvitað er margbúið að vitna til þess hér á Alþingi úr þessu ræðustól og víðar hversu miklir agnúar eru á því kerfi sem við höfum búið við frá því 1984. En menn segja alltaf eins og hæstv. sjútvrh.: Hvar eru tillögurnar ykkar? Lofið okkur að sjá tillögurnar ykkar. Þær eru engar. En það hefur verið nákvæmlega sama hvaða tillögur hafa verið settar fram. Það eina sem hefur verið tekið gilt eru þær hugmyndir og sú framkvæmd sem hæstv. sjútvrh. hefur haft og virðist eiga að fá að hafa í þessu máli áfram. Og það er auðvitað rétt, sem kemur fram í nál. hjá mér, að hæstv. ráðherra er nánast dávaldur í þessum efnum. Ég sé ekki betur en fulltrúar þessara svokölluðu A-flokka innan ríkisstjórnarinnar standi nánast með allt niður um sig í þessum efnum gagnvart hæstv. ráðherra, þessum dávaldi eða einvaldi eða hvað menn vilja kalla hann. Slík eru heljartökin sem hann hefur náð á þessum vettvangi. Út af fyrir sig á kannski ekki að vera að álasa honum og það hef ég sagt hér áður. Það er auðvitað vesældómur hinna að láta með þessum hætti leiða sig út á þessar villigötur í fiskveiðistjórnun.

Ég ætla að minna á það í leiðinni að því er þetta varðar að 1987 þegar málið var hér síðast til meðferðar, þá sameinuðust við, ég og hv. þm. Matthías Bjarnason sem þá gegndum formennsku í báðum sjútvn. þingsins, um brtt. við frv. eins og það lá fyrir þá, ekki grundvallarbrtt. í þeim efnum. Þær lutu fyrst og fremst að því að gera kerfið mannúðlegra, minnka völd þessa einstaklings, hæstv. ráðherra, frá því sem þau voru áður. Á þetta var ekki hlustað. Þetta var steindrepið hér í hv. deild. Nú ætla, að því er mér sýnist, þeir sem stóðu þá að þessum tillögum með okkur hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, þ.e. fulltrúar Borgfl., nú ætla þeir gersamlega að svissa yfir, taka allt aðra afstöðu. *Ég er ekki hissa þó að almenningur í* landinu sé hættur að botna í þeirri hringavitleysu sem hér getur átt sér stað oft og tíðum.

Það hefur komið hér fram í þessari umræðu að málið hafi fengið töluvert mikla umfjöllun í nefnd. Það er út af fyrir sig rétt. Málið, eins og það var lagt fyrir þingið, hafði fengið nokkra umfjöllun. En eftir að ráðherranefndin hafði komist að samkomulagi um grundvallarbreytingu á málinu þá fékk það ekki mikla umfjöllun í nefndinni, eða a.m.k. ekki eins mikla og það hefði þurft að fá miðað við þessar gerbreyttu forsendur á málinu. Það er auðvitað allkynlegt á það að hlusta í fjölmiðlum, útvarpi, sjónvarpi, blöðum, að nú séu þrír ráðherrar búnir að komast að samkomulagi um allt málið, málið sé í höfn eftir að hv. þm. Guðmundur Ágústsson hafði fallist á að styðja það. Það er náttúrlega ömurlegt til þess að vita að menn séu að ræða um svona mál í lýðræðisríki. Það er engu líkara en það séu bara sjónarmið viðkomandi ráðherra sem eiga að gilda í svo til öllum málum. Um leið og hv. þm. eru sestir í ráðherrastóla þá er allt hægt. Þá kyngja menn og kyngja miskunnarlaust öllu því sem þeir hafa áður sagt. Og það er greinilega óróleiki í sumum hæstv. ráðherrum sem eiga að vera hér inni og hefðu gott af að hlýða á umræður sem þessar.

Það er líka rétt að minna á og hefur reyndar verið minnt á og á auðvitað við í þessari umræðu, að núv.

hæstv. umhverfismálaráðherra stóð að flutningi frv. hér í vor undir forustu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, skrifaði hér upp á frv. um stjórnun fiskveiða sem er með allt öðrum hætti en menn eru hér að tala um sem hann er núna búinn að samþykkja fyrir sig. (Gripið fram í.) Akkúrat. Núna, nokkrum mánuðum seinna, er þessi hv. þm., núv. hæstv. ráðherra, búinn að skrifa undir allt annað frv. sem er í þveröfuga átt við það sem hann skrifaði undir í vor, en var þá að vísu ekki ráðherra. Þarna virðast skilin vera. **(Gripið fram í:** Hver var þessi ráðherra?) Það var hæstv. umhverfismálaráðherra sem flutti hér frv. ásamt hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni um að afnema kvótann, kemur svo hér, nýsestur í ríkisstjórn, skrifar upp á frv. um að gera kvótann enn verri en hann var áður. Það sem Tíminn segir að hæstv. forsrh. hafi sagt í utandagskrárumræðu hér um daginn hefði auðvitað getað átt við núv. hæstv. umhverfisráðherra, að nú hefði hann talað sig bláan og rauðan í þessu máli öllu saman frá því í vor að hann flutti frv. um afnám kvótans þangað til núna að það kemur frv. um að styðja hann og gera hann enn verri en hann hefur verið áður. Ja, þvílíkt að upplifa aðferðir á hv. Alþingi sem eru með þessum hætti.

Ég ætla, herra forseti, að víkja í örfáum orðum að þætti Alþýðuflokksforustunnar í þessum efnum og minna á það að í höfuðvígi jafnaðarstefnunnar, sem eru Vestfirðir, ég tala nú ekki um Ísafjörð, hefur kvótanum gersamlega verið afneitað. **(Gripið fram í:** En auðlindaskatturinn?) Líka. Og það þarf ekki bara að tala að þessu leytinu til við jafnaðarmenn. Fjöldafundir hafa verið haldnir á Ísafirði, á svæðinu, undir forustu t.d. Fjórðungssambands Vestfirðinga og skipstjórafélagsins Bylgjunnar með aðild Alþýðusambandsins, Útvegsmannafélagsins, Vinnuveitendafélags Vestfjarða, svona mætti lengi telja, þar sem allt er á þessu sömu nótum að kvótinn er að verða þess valdandi að allar þessar byggðir riða til falls. En á þetta er ekki hlustað. Ég átti nú ekki von á því að hv. þm. Framsfl. mundu á þetta hlusta undir dáleiðslunni úr þeim herbúðum frá hæstv. ráðherra. En maður hefði kannski getað gert sér von um að það gerðu ráðherrar Alþfl., ég tala nú ekki um tveir af þeim þremur, Félagsbakaríismenn og alþýðuflokksmenn frá Ísafirði. (Gripið fram í.) Nei, veit ég vel, hv. þm. En kannski verður það nú svo að þeim berist þetta til eyrna ef þeir ekki vita það fyrir. (Gripið fram í.) Já, það er rétt. En mig undrar það að eftir að hafa alla þessa vitneskju frá íbúunum á svæðinu, frá fólkinu sem við þetta þarf að búa, að þessir menn skuli gersamlega reka hnefann í andlitið á þessu fólki.

Ég ætlaði að fara að segja áðan: Hvað halda menn um staðina þegar veiðileyfasala hefst þar sem þeir geta borgað mest sem mesta hafa peningana, þegar auðlindaskatturinn er kominn á sem Hagræðingarsjóðurinn var byrjunarskrefið á? Því menn eru ekki að enda hérna. Þetta er byrjunin á veiðileyfasölu og auðlindaskatti og þá verður það svo að þeir sem mesta hafa peningana geta keypt þetta allt upp. Hvaða skoðun hafa þingmenn eða ráðherrar Alþfl. eins og Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh., og Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félmrh., á þeim þrengingum sem að þessu fólki öllu steðjar? Hvar halda þessir hæstv. ráðherrar að það fólk, sem hefur stutt jafnaðarmannaflokkinn, Alþfl., um langan aldur, lendi? Ég ítreka það að engu líkara er en bæði þessir hæstv. ráðherrar og ráðherrar Alþb., lítt eru þeir nú skárri, séu með allt niður um sig frammi fyrir hæstv. sjútvrh. í fiskveiðimálum, bókstaflega allt saman, standi þar berstrípaðir og hafi nánast enga skoðun aðra en þá að halda því fram að það eigi að murka þannig lífið úr því fólki sem fyrst og fremst byggir á þessari atvinnugrein og sem þjóðin gerir auðvitað öll.

Ég hef hér í höndunum fjölda ályktana frá Vestfjörðum, frá stýrimannafélaginu Bylgjunni, frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, atvinnumálastefnu, sem Fjórðungssambandið hélt á Ísafirði á sl. hausti, sem leiddi í ljós að kvótinn hefur haft þær afleiðingar fyrir Vestfirði að þeir hafa dregist verulega aftur úr að því er varðar aflahlutinn, frá Alþýðusambandi Vestfjarða, hver er forseti þar? Hver er forseti Alþýðusambands Vestfjarða? Hann heitir Pétur Sigurðsson, einn af mestu framámönnum Alþfl. vestra um alllangan tíma. Þetta er líka frá verkalýðsfélaginu Baldri. Hver er formaður þar? Pétur Sigurðsson. Þetta er líka frá kjördæmisráði Alþfl. á Vestfjörðum. Hver er mestur framámaður þar? Pétur Sigurðsson. Og sá hinn sami Pétur Sigurðsson hefur sagt, og ég tek undir það með honum, að þeir sem styðja kvótann eru svikarar. **(GHG:** Sagði hann þetta við vígsluna í gær?) Ég var ekki við vígsluna í gær, Guðmundur H. Garðarsson, enda átti þetta enga leið þar. Hann hefur margítrekað þetta áður.

Svona mætti auðvitað lengi telja ályktanir þess fólks sem sér hvert stefnir og hvað verður ef ekki verður reynt að snúa við blaðinu í þessum efnum. Mér er vissulega ljóst að ekki er hægt með einni handahreyfingu að snúa ofan af þessu öllu saman. En það er hægt að gera þetta manneskjulegra. Það er hægt að draga þetta ógnarvald úr höndum eins manns sem er hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála. Það er hægt að draga úr því ægivaldi sem honum hefur verið veitt hér á Alþingi í þessum efnum. En fyrir því virðist enginn vilji. Menn sáu móta fyrir ljósi. Menn eygðu glætu fyrir 3–4 dögum einmitt í ljósi þess að hv. þm. Borgfl. voru á svipuðu máli og við á þeim árum sem hér var barist hvað harkalegast gegn þessari stefnu. Þá eygðu menn glætu, en nú er allt svartamyrkur nema því aðeins að kraftaverkin geti enn gerst og menn sjái hversu höllum fæti þessi stefna er farin að standa.

Það hefur aldrei verið jafnmikill ágreiningur um kvótamálin og er núna og hann á eftir að verða meiri ef menn ætla að stíga áfram skrefin til veiðileyfasölu og auðlindaskatts. Þá eru menn viljandi, vitandi vits, að leggja í auðn heilu landsvæðin sem byggja fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu. Það er einkennilegt að heyra þetta frá hæstv. ríkisstjórn á sama tíma og talað er um að byggja álver hingað og þangað með

atvinnutækifæri fyrir hundruð eða þúsundir manna á þeim svæðum sem hafa miklu betri og öruggari skilyrði til atvinnu en þeir sem búa svo til einvörðungu við fiskveiðar og fiskvinnslu. Væri ekki meiri jafnaðarmennska í því, ef hún er til á annað borð, ef menn vilja heilsteypta atvinnustefnu, ekki bara í einni grein heldur að fá hana heilsteypta, að segja: Meðan talið er að meira megi ekki veiða úr sjónum, meðan svo er verður auðvitað að minnka kvótann hjá þeim sem fá önnur atvinnutækifæri og færa til hinna sem byggja á fiskveiðunum einum. (Gripið fram í.) Ég er nú sem betur fer, hv. þm., ekki að tala fyrir hönd sjálfstæðismanna. Ég held að ég sé nú að tala fyrst og fremst vegna þess að ég tel mig hafa reynslu af því sem hefur verið að gerast á mínu svæði. Ég ætla ekki að dæma önnur. Og ég sé ekki betur en menn fljóti hér sofandi að feigðarósi ef engin breyting verður á.

Ég hef lesið margar greinar úr Vesturlandskjördæmi frá mönnum sem hafa unnið við þessi störf svo áratugum skiptir. Hvað segja þeir? Þeir eru búnir með kvótann á 2–3 mánuðum. Þá er ekkert að gera. Þá er allt í rúst. Þetta er á Vesturlandi og þetta er auðvitað víðar, því er nú ver.

Ég verð að viðurkenna að ég hefði búist við því að þegar verið er að ræða hér á sama tíma mál eins og fiskveiðistefnuna og talað um að fjölga atvinnutækifærum með byggingu stóriðjuvera, þá tækju menn þetta í samhengi og reyndu að líta til þeirra svæða sem fyrst og fremst byggja afkomu sína á því að fara á sjó, draga fisk og vinna hann til að afla gjaldeyris. En það er ekki að sjá að þetta ljós sé komið inn í hugi manna sem nú ráða ferðinni.

Ég held að það sé rétt að ég taki það fram strax þó að ég sjái nú ekki ástæðu til þess að lesa nál., það kemst til skila án þess, en sem fskj. með því er títtnefnd bókun eða stefna í kvótamálunum sem var samþykkt af þingflokki, að því er sagt er, Alþfl. án mín og sérstök bókun sem Sighvatur Björgvinsson gerði þar sem hann er ekki samþykkur. Og ég held að það sé rétt að ég lesi niðurlagið, með leyfi forseta, að mínu nál.:

„Rétt þykir í lokin að fram komi vegna bókunar þeirrar sem þingflokkur Alþfl. gerði varðandi frv. um stjórn fiskveiða að undirritaður, sem er andvígur bókuninni, sat ekki þann þingflokksfund frekar en aðra fundi þingflokksins undangengna mánuði, en til þess liggja ýmsar ástæður. En þar sem ljóst er að þingflokkur Alþfl. hefur lýst stuðningi við brtt. 1. minni hl. nefndarinnar við frv. og lítur svo á að með þeim sé komið til móts við sjónarmið þingflokksins telur undirritaður rétt að birta þessa bókun frá 23. apríl sl. með nál. sem fskj. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., lagði til að afgreiðslu málsins yrði frestað."

Þetta hefur gerst í þingflokki Alþfl. Í raun og veru hefur engin breyting orðið frá því 1987 önnur en sú, og hún er kannski slæm, að menn eru farnir að taka undir veiðileyfasölu og auðlindaskattinn. Og það er kannski slæmt í mínum huga og verra þá en verið hefur áður. (Gripið fram í.) Að það sé slæmt, já, hv. þm., ef menn eru að taka undir það að halda eigi uppi veiðileyfasölu og auðlindaskatti.

Það hefur líka komið fram hér, það liggur á borðum hv. þm., að ég er aðili að tillögu þar sem lagt er til að málinu verði vísað aftur til sérfræðinganefndarinnar, eins og menn kalla hana, á þeim forsendum, sem margoft hafa verið tilteknar hér, að sérfræðinganefndin hefur ekki skoðað málið í því ljósi sem það er núna. Illa hugsandi menn gætu sagt, ég er ekki að segja að ég segi það, þeir gætu sagt sem svo: Var það gert að yfirlögðu ráði að sérfræðinganefndin léti málið frá sér eins og hún gerði, en síðan yrðu það þrír ráðherrar sem gerbreyttu grundvallarforsendum málsins á síðustu dögum inni í nefndinni áður en það kom til 2. umr.

Ég vil ekki ætla mönnum þetta. En auðvitað leita á mann ýmsar hugsanir þegar maður horfir upp á þá örðeyðu sem hér ríkir hjá sumum hv. þm. í afstöðu til mála og brjóta sannfæringuna niður við skurn á einum, tveimur dögum.

Ég vona að þessi tillaga verði samþykkt. Mér fer líkt og hæstv. forsrh., hann aumkvaðist yfir þá sem væru á móti þessu máli. Ég aumkvast yfir þann tiltölulega litla meiri hluta sem ætlar að knýja þetta mál í gegn á þeim forsendum sem hér eru lagðar fyrir. Yrði það svo að aðeins ylti á einu atkvæði, á atkvæði frá þingflokki sem barðist harðast gegn þessu máli fyrir þremur árum síðan og hæstv. umhverfismálaráðherra sem flutti frv. á sl. vori um að afnema kvótakerfið, og síðan ætti það að vera Borgfl., með eins atkvæðis meiri hluta, sem viðhéldi þessu kerfi — og þá enn verra en það hefur verið.

Er nokkuð furðulegt að almenningur hafi lítið traust á þingmönnum sem þannig haga sér? Hér eru menn auðvitað — og það er best að tala íslensku, hún skilst yfirleitt best — að reyna að framlengja líf þessarar ríkisstjórnar um eitt ár. Það er það sem verið er að gera. Og menn sitja svo fast í ráðherrastólunum uppi í ráðuneyti að þeim verður ekki þokað til þess að hlýða á umræður hér.

Ég heyri að hæstv. sjútvrh. verður leiður á þessu rausi þó að mest af því sé kannski hól um hann. (**Gripið fram í:** Ha?) Já, var það að verulegu leyti. Vegna þess hversu hinir eru slæmir þá getur hann orðið tiltölulega góður og það kallast hól ef menn bara taka það eins og það er sagt. (Gripið fram í.) Já, það hlaut að koma að því.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þessi orð öllu fleiri. En ég vil þó koma því á framfæri að fari það svo gegn mínum vonum að frávísunartillagan verði ekki samþykkt, þá mun ég við 3. umr. þessa máls bera fram brtt. Þær munu þá verða fluttar formlega við 3. umr. en þær eru á þann veg að ef þessi óskapnaður verður samþykktur, eins og hann nú liggur fyrir, þá verði gildistíminn aðeins eitt ár, árið 1991. Menn vita að það eru lög í gildi til ársloka 1990. Þessi brtt. yrði í þá veru að væntanleg löggjöf gilti þá aðeins í eitt ár.

Hin brtt. mundi verða þannig að það mundi bætast við nýtt ákvæði til bráðabirgða sem væri á þann veg

að árið 1991 skal útgerð Hafrúnar ÍS-400, sem fórst á árinu 1983, eiga kost á veiðileyfi fyrir skip sem kemur í hennar stað. Skal því skipi úthlutað aflamarki af loðnu og úthafsrækju eftir sömu reglum og gilda um önnur loðnuskip.

Ég veit ekki hvort menn muna það frá umræðum 1987 hér í deildinni að þá var álíka tillaga flutt, að vísu þá um tvö skip, annað úr Vestmannaeyjum. Hún var líka felld. Og ég bið menn nú að hugsa um það án þess að það eigi kannski að vera að ræða það núna því að vonandi kemur ekki til þess að þetta frv. verði samþykkt hér, en ég bið menn samt að hugsa um það hvert áfall það yrði, ekki bara þessari útgerð heldur og byggðarlaginu, ef þetta yrði enn einn þátturinn í því að draga lífsbjörgina frá þessu fólki, frá stað sem hefur loðnuverksmiðju, getur nýtt sér hana. Hún er tiltölulega fullkomin í vinnslu en fáist ekki breyting á þessu þá er ekki víst hvað kann þarna að gerast á enn verri veg en gerst hefur til þessa undir þeirri stjórn fiskveiða sem við höfum upplifað frá árinu 1984.

Frsm. 4. minni hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir orð síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar, um það að afstaða Borgfl. í þessu máli er forkastanleg. En það er meira en að hún sé forkastanleg, hún er líklegast einhver hin mesta smán sem upp hefur komið í sögu Alþingis.

Eins og hv. þm. kom inn á þá var Borgfl. hér með brtt., grundvallarbrtt. í sambandi við fiskveiðistjórnun á sínum tíma. Nú hefur þessi flokkur gersamlega snúið við blaðinu og meira en það. Hann tekur ekki einu sinni þátt í því þegar grundvallarbreyting verður á framsetningu tvennra laga sem snúa að stjórn fiskveiða. Þá vill þessi flokkur ekki einu sinni gefa hagsmunaaðilum eða íslensku þjóðinni tækifæri til að fjalla enn nánar um þessi mál á næstu þrem mánuðum eins og frávísunartillaga sú er hér liggur fyrir gerir ráð fyrir. Það er þeim mun sorglegra þegar haft er í huga að einn hv. þm. sem sæti á hér í þessari deild hafði gefið það mjög sterklega til kynna, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að hann væri því hlynntur. Ég segi það að langt má ganga í stjórnmálum og langt má ganga í því að tryggja mönnum völd. En það eru takmörk fyrir því hvað íslenskir stjórnmálaflokkar, íslenskir valdamenn geta lagst á einstaka hv. þm. eða einstaklinga með þeim hætti og raun ber vitni. Ég held að það sé best fyrir alla að ræða sem minnst um þetta mál. Lokaniðurstaða borgaraflokksmannsins í þessu máli mun verða öllum hlutaðeigandi til háborinnar skammar.

Virðulegi forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. 4. minni hl. sjútvn. Ed. Þann minni hl. mynda Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal. Nál hljóðar sem hér segir:

„Frv. til laga um stjórn fiskveiða er samið af nefnd sem skipuð er fulltrúum þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi samkvæmt lögum nr. 38. jan. 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Það er í samræmi við þá grundvallarskoðun sjálfstæðismanna að stjórn fiskveiða sé ekki dægurmál. Framtíðarskipan þess hvernig við nýtum auðlindir hafsins verður að byggjast á víðtækri samstöðu og tryggja að framþróun í sjávarútvegi geti orðið með eðlilegum hætti."

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. í öðrum deildum séu ekki að pískra hér fyrir aftan mig meðan ég flyt mitt mál. Ég veit að hv. þm. á ekki að taka til máls í þessari hv. deild en ég held að ég hljóti að óska eftir því með tilliti til þess að ræðumaður fái frið til að flytja sitt mál að umræddur efrideildarþingmaður víki úr sal meðan umræða fer fram milli viðkomandi þingmanna.

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram að gera grein fyrir mínu nál.

„Framtíðarskipan þess hvernig við nýtum auðlindir hafsins verður að byggjast á víðtækri samstöðu og tryggja að framþróun í sjávarútvegi geti orðið með eðlilegum hætti. Að öðrum kosti er borin von að unnt sé að ná nauðsynlegri hagræðingu í atvinnugreininni með því að afkastageta skipastólsins verði í samræmi við þann sóknarþunga sem nytjastofnarnir þola. Reynslan sýnir að opinber forsjá dugir ekki í þeim efnum. Fyrst þegar handhafar veiðiheimilda geta byggt á stöðugleika og traustri löggjöf er þess að vænta að langtímasjónarmið verði ofan á varðandi hagkvæma nýtingu fiskstofna. Á það jafnt við um dreifingu sóknarinnar og fullvinnslu aflans að því marki sem samrýmist útflutningshagsmunum okkar í bráð og lengd.

Illu heilli hefur sjútvrh. horfið frá þessum grundvallarsjónarmiðum við meðferð málsins á Alþingi. Héðan af verður því ekki haldið fram að hann vilji halda fiskveiðimálunum utan við dægurmál stjórnmálanna með því að hann hefur tekið fullan þátt í því skæklatogi sem um málið hefur orðið í ríkisstjórninni og kosið að afgreiða það án samráðs og samvinnu við fulltrúa hagsmunaaðila. Nú er mál að linni og málefni sjávarútvegsins verði tekin úr höndum Framsfl.

Frv. um stjórn fiskveiða var lagt fram á Alþingi 15. febr. sl. Full eining var um það innan þingsins að það fengi vandaða málsmeðferð. Sjútvn. beggja deilda unnu að athugun málsins og kölluðu fyrir sig fulltrúa hagsmunaaðila. Það var fyrst eftir að málið hafði verið til lokaafgreiðslu í sjútvn. Ed. að ríkisstjórnin tók það til efnislegrar umræðu. Þá kom í ljós að þar [þ.e. í ríkisstjórninni] var mikill ágreiningur um grundvallaratriði. Það var ýmist að fundir í sjútvn. voru boðaðir eða afboðaðir uns fimmtudagurinn 25. apríl rann upp. Þá voru endanlegar brtt. ríkisstjórnarinnar lagðar fram í nefndinni og áttu bæði við frv. um stjórn fiskveiða og frv. um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Tillögurnar fela í sér grundvallarbreytingu á stjórn fiskveiða og verða ekki ræddar né afgreiddar nema í samhengi þar sem frv. tvö mynda eina heild." Þetta er meginatriði í sambandi við afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu.

„Fyrsti minni hl. sjútvn., framsóknarmennirnir í sjútvn., hefur tekið upp brtt. ríkisstjórnarinnar óbreyttar og er ekki til viðræðu um efnisbreytingar á

þeim. Ekki var haft samráð við fulltrúa hagsmunaaðila. Á fundum sjútvn. kom fram að meðal fulltrúa hagsmunaaðila er mikil andstaða við málið eins og það liggur fyrir í heild.

Kjarni brtt. felst í þeim ákvæðum að hlutverki Úreldingarsjóðs fiskiskipa skuli breytt í grundvallaratriðum og nafni hans í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það eru að sjálfsögðu öfugmæli eins og jafnan þegar opinber forsjón á að koma einstökum atvinnugreinum til bjargar. Sannmæli væri að kalla sjóðinn Óhagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Í brtt. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að skerða fiskveiðiheimildir um 12 þús. þorskígildistonn frá einu ári til annars. Síðan á að gefa útgerðarmönnum kost á að kaupa helminginn til baka við opinberu verði sem næst markaðsverði. Með því er stigið fyrsta skrefið til auðlindaskatts. Þótt þessum heimildum séu þröngar skorður settar í brtt. er eftirleikurinn auðveldur. Það er að rétta skrattanum litla fingurinn og ekki er það laust sem skrattinn heldur. Allt þetta eiga múrarar að vita upp á sína tíu fingur, segir gamalt orðtak. Allt þetta eiga sjómenn og útgerðarmenn að vita upp á sína tíu fingur. 6 þús. þorskígildistonnum á að verja til þess sem kallað er „að koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum", þó þannig að sum sveitarfélög eiga að fá aflaheimildir við markaðsverði, sum fyrir eitthvað minna og sum fyrir ekki neitt. Þannig er um hnútana búið að helstu útgerðarstaðirnir verða utan garðs í þessari sérstöku úthlutun.

Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður geti haldið hjá sér 5% af heildaraflaheimildum, eða um 30 þús. þorskígildistonnum, sem síðan verði seld innan fiskveiðiársins við markaðsverði. Þar er verið að tala um 600–750 millj. kr. Auk þess er árlegt gjald útgerðarmanna til hins nýja sjóðs hækkað um 50% frá Aldurslagasjóði og mun nema tæpum 100 millj. kr. á ári. Stofnfé sjóðsins er um 400 millj. kr. og lánsheimild með ríkisábyrgð að 80% af kaupverði skipa sem sjóðurinn kann að eignast. Ef útgerðarmenn neyta ekki forkaupsréttar á aflaheimildum eða sjóðurinn eignast skip með aflaheimildum á fiskveiðiári skulu þær seljast hæstbjóðanda. Kvóti sem framseldur er til frambúðar skiptist hlutfallslega milli fiskiskipa án endurgjalds.

Með hliðsjón af árlegum tekjum sjóðsins og starfsreglum hans er ljóst að markaðsverð á veiðiheimildum og fiskiskipum verður hærra en ella. Það er einnig ljóst að ákvæðið um að framselja aflaheimildir til einstakra byggðarlaga er varhugavert. Reynslan hefur sýnt að útgerðarstaðir sem geta boðið fram aflakvóta fyrir landaðan afla draga til sín fiskiskip frá öðrum stöðum. Slíkar ráðstafanir leysa ekki hráefnisskort fiskvinnslustöðva ef dæmið er reiknað í heild en færa hins vegar vandann til. Eina lausnin er sú að setja strangar reglur sem komi í veg fyrir að sjávarafli sé fluttur til vinnslu erlendis. Um það höfuðmál er ekki samstaða í ríkisstjórninni þótt óvissuástandið og ófremdarástandið í þessum efnum nú skaði útflutningshagsmuni Íslendinga stórlega og heildarafkomu fólksins í landinu þegar til lengri tíma er litið.

Af framansögðu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða frv. til laga um stjórn fiskveiða og frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa frá grunni með hliðsjón af breyttum viðhorfum. Þess vegna er brýnt að samráðsnefnd sú, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 3 8. jan., um stjórn fiskveiða 1988–1990, verði kölluð saman á ný og skili áliti eigi síðar en 1. ágúst. Þá er svigrúm til að kalla saman aukaþing til þess að afgreiða nýja heildarlöggjöf um stjórn fiskveiða áður en reglulegt Alþingi kemur saman 10. okt. nk."

Þetta, virðulegur forseti, er nál. 4. minni hl. sjútvn. Ég vil í framhaldi af því fjalla nokkuð bæði um það frv. sem hér er til meðferðar og einstök atriði þess sem og ummæli einstakra þingmanna sem fram hafa komið í umræðunni til þessa.

Vil ég þá, virðulegur forseti, víkja nokkuð að því er hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., kom inn á í sinni ræðu áðan. Ég vek athygli virðulegs forseta á því að hv. þm. sagði m.a. að skynsamlegasta afstaðan til afgreiðslu þessa máls nú væri sú að vísa því aftur til samráðsnefndar. Þetta þýðir, virðulegur forseti, að fimm þingmenn sem eiga sæti í sjö manna sjútvn. efri deildar hafa tekið afstöðu til tillögu til rökstuddrar dagskrár er liggur hér fyrir hv. deild um að slíkt skuli gert. Það þýðir einnig, virðulegur forseti, að það eru aðeins fulltrúar Framsfl. í efri deild sem leggja áherslu á að þetta frv. fái afgreiðslu hér nú. Og það þýðir það einnig, virðulegur forseti, þar sem Borgfl. á ekki fulltrúa í sjútvn. efri deildar, að fimm af sjö þingmönnum sem þar eiga sæti leggja áherslu á þetta atriði. Ég hugsa að það sé mjög óvenjulegt í þingsögunni að atvik sem slíkt hafi átt sér stað, að mikill meiri hluti nefndar leggur áherslu á afgreiðslu máls með ákveðnum hætti en minni hlutinn virðist hins vegar koma til með að ráða ferðinni þegar málið kemur til afgreiðslu í deild.

Vegna þessa, virðulegur forseti, tel ég rétt að greina þingheimi frá því í ræðu minni í hverju till. til rökstuddrar dagskrár, er ég vísaði til fyrr, felst, þ.e. sú till. sem fimm af sjö nefndarmönnum í sjútvn. efri deildar leggja áherslu á að deildin samþykki. Og með leyfi forseta vil ég gera grein fyrir henni þar sem hún er hér að sjálfsögðu og verður til umræðu, en það er rétt að hún komi inn í þessari röð. Í till. til rökstuddrar dagskrár segir m.a., með leyfi forseta:

„Frv. til laga um stjórn fiskveiða er samið af nefnd sem skipuð er fulltrúum þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi samkvæmt lögum nr. 3 8. jan. 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Frv. var lagt fram á Alþingi hinn 15. febr. sl. Sjútvn. beggja deilda unnu að athugun málsins og kölluðu fyrir sig fulltrúa hagsmunaaðila. Síðan fór málið til lokaafgreiðslu í sjútvn. Ed. Á fundi sjútvn. fimmtudaginn 25. apríl lagði formaður fram endanlegar brtt. ríkisstjórnarinnar við frv. og frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Till. fela í sér grundvallarbreytingu á stjórn fiskveiða og verða ekki ræddar né afgreiddar nema í samhengi. Fyrsti minni hl. sjútvn. hefur tekið upp brtt. ríkisstjórnarinnar. Ekki var haft samráð við

fulltrúa hagsmunaaðila. Á fundum sjútvn. kom fram að meðal fulltrúa hagsmunaaðila er mikil andstaða við málið eins og það liggur nú fyrir í heild.

Af framansögðu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða frv. til laga um stjórn fiskveiða og frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa frá grunni með hliðsjón af nýjum viðhorfum og þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið. Deildin telur nauðsynlegt að samráðsnefnd sú, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 3 8. jan. 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, verði kölluð saman að nýju og skili áliti eigi síðar en 1. ágúst n.k. Í framhaldi af því verði aukaþing kallað saman svo fljótt sem verða má til þess að afgreiða heildarlög um stjórn fiskveiða áður en reglulegt Alþingi kemur saman 10. okt. nk."

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, láta koma hér fram, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu samstöðu sem var um þetta í sjútvn. Ed. Vænti ég þess að sjálfsögðu að hv. deild samþykki frávísunartillöguna þegar hún kemur til atkvæða.

Ég vil, virðulegur forseti, víkja nokkuð að ræðu hv. 3. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar. M.a. vil ég vekja athygli hv. þm. á því og hæstv. ráðherra — eini ráðherrann sem hér er mættur þegar verið er að ræða þetta mikilsverða mál er hæstv. sjútvrh. Ég veit að hann getur alveg axlað það fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar, hann hefur burði til þess, en heldur finnst mér það lágkúrulegt af hæstv. ráðherrum úr öðrum stjórnarflokkum að ekki skuli einn einasti þeirra, t.d. úr Alþfl. eða Alþb., svo minnst sé tveggja flokka sem eru í ríkisstjórn, vera viðstaddur. Sérstaklega finnst mér, virðulegur forseti, það vera ámælisvert að ekki skuli neinn af hv. þm. Alþfl. vera hér, þar sem ekki einn einasti hv. þm. Alþfl. hefur tekið til máls um þetta frv. Þá undanskil ég að sjálfsögðu hv. þm. Karvel Pálmason. Þótt hann teljist vera félagsmaður í Alþfl. held ég að varla sé hægt að líta svo á eftir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan um það að hann ætti ekki lengur sæti í þingflokki Alþfl. Að vísu efast ég ekki um að hv. þm. sé góður jafnaðarmaður og sérstaklega góður jafnaðarmaður í þeim skilningi að hann er mikill og góður málsvari íslenskrar verkalýðshreyfingar. Það sem greinilega hefur valdið honum erfiðleikum, virðulegur forseti, í sambandi við þátttöku hans í Alþfl. og sérstaklega þingflokknum, er það að hann hefur látið samviskuna ráða. Það virðist ekki lengur tíðkast á þeim bæ sem sést best á því að hv. þm. Alþfl. hafa ekkert lagt til málanna í sambandi við fiskveiðistjórnun opinberlega. Ég ítreka það, virðulegur forseti, opinberlega. Því ég mun hér í ræðu minni greina mjög ítarlega frá því hvernig sumir hæstv. ráðherrar Alþfl. hafa haldið á þessum málum á bak við tjöldin þar sem menn hafa verið að ráða ráðum sínum um það hvernig ætti að breyta upprunalegu frv. til laga um fiskveiðistjórnun með þeirri niðurstöðu sem hér er til umræðu.

Það sem hæstv. ráðherrar Alþfl., og ég verð, virðulegur forseti, að harma að ekki skuli einn einasti ráðherra úr röðum Alþfl. vera hér inni og heldur ekki þingmenn úr röðum Alþb. Ég tel að hv. varaþingmaður sem tók sæti í dag sé undanskilinn þar sem hann hefur ekki haft tækifæri til þess að fjalla um þetta og þess vegna skiljanlegt að . . . (**Gripið fram í:** Hann er í forsetastólnum.) Jú, það er rétt, það er virðulegur forseti. Virðulegur varaforseti, Karl Steinar 4. þm. Reykn., situr nú og stýrir fundi hér. Ég bið hv. þm. afsökunar. Þetta stafar líklegast af því, hv. þm., hvað alþýðuflokksmenn hafa verið afskiptalitlir um þetta mál að ég veitti því ekki athygli að nú situr í forsetastóli hv. alþýðuflokksmaður Karl Steinar Guðnason. Hann hefði nú getað slegið í bjölluna til þess að minna á tilvist sína hér í salnum þegar verið var að fjalla um þetta mál.

Hv. þm. Sveinn Hálfdánarson vakti athygli á því að hér væri í sal hv. þm. Karvel Pálmason. Ég tók það skýrt fram áðan að hv. þm. Karvel Pálmason væri góður jafnaðarmaður en hann er ekki alþýðuflokksmaður í þeim skilningi sem ég fjallaði um þá hér. Hann er búinn að segja sig úr þingflokknum, hv. þm. (Gripið fram í.) Ertu búinn að segja þig úr flokknum líka? Virðulegur forseti, ég biðst afsökunar á því að ég hafði litið þannig á að hv. þm. Karvel Pálmason hafi bara sagt sig úr þingflokknum, en er hann búinn að segja sig úr Alþfl.? Það held ég að hann hafi ekki gert. En það hefði kannski verið full ástæða til þess fyrir hv. þm. að gera það.

Ég vildi, virðulegur forseti, óska eftir því að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., hefði getað verið viðstaddur þessa umræðu. Virðulegur forseti, ég var að óska eftir því, án þess að ég ætli að gera neitt veður út af því, að formaður Alþfl., núv. hæstv. utanrrh., væri viðstaddur. Ég er hér með plögg og fyrirspurnir varðandi það sem ég mun víkja að á eftir sem gefur mjög ríka ástæðu til þess að Alþfl. standi fyrir svörum hér í hv. deild í því máli sem hér er til umfjöllunar. Það er ekki nóg að Alþfl. eigi aðild að ríkisstjórn og þingmenn hans komi svo ekki inn í deildir þingsins og skýri frá því hver afstaða þeirra sé til einstakra mála. Það er ekki nóg að hæstv. ráðherrar séu að kokka það að næturlagi hvernig eigi að breyta grundvallarútfærslu í íslenskri útgerð og fiskvinnslu með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Þessir menn verða að svara fyrir sig fyrir framan þjóðina og okkur hv. þm.

Varðandi samband okkar, hv. þm. Karvels Pálmasonar og Guðmundar H. Garðarssonar, vil ég svara hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það samband hefur verið ágætt frá upphafi tíðar. Við áttum mikið og gott samstarf í verkalýðshreyfingunni og við höfum átt mjög gott samstarf hér á hinu háa Alþingi, þó við höfum ekki alltaf verið sammála. Það eru kostir þess að umgangast góða menn að geta sagt þetta og við það get ég staðið.

Virðulegur forseti. Nú hafa gerst hér allmikil tíðindi. Nú er hv. alþýðuflokksþingmaður Karl Steinar horfinn úr sal og forseti aftur sestur í forsetastól. Nú er því orðið fátt um fína drætti hvað alþýðuflokksmenn áhrærir fyrir utan hv. þm. Svein Hálfdánarson. En ég vil halda áfram þar sem ég lét niður falla varðandi till. þingflokks Alþfl. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það má eiginlega segja að bókun

þingflokks Alþfl. þann 23. apríl sl. um frv. til laga um stjórn fiskveiða sem heitir „Stefnan í kvótamálum" og kemur fram í nál. 3. minni hl. á þskj. 1116. hafi raunverulega valdið straumhvörfum í framvindu þessa máls. Þar kemur m.a. fram, eins og fram hefur komið hér í ræðum, sú krafa af hálfu þingflokks Alþfl. að að auki verði tekinn upp auðlindaskattur. Þetta er svo skýrt, virðulegi forseti, að ástæðulaust er að rekja þessa bókun í einstökum atriðum. En það fer ekki á milli mála að þar er sett fram sú krafa að fyrsta skref í auðlindaskatti skuli upp tekið. Það munu hafa verið hugmyndir Alþfl. þá að hér yrði um að ræða 10% til að byrja með en lendingin hjá ráðherrunum varð 5%, 5% skattlagning á íslenska útgerð og íslenska sjómannastétt. Ég mun rekja það nokkuð nánar hér á eftir vegna þess að gert er ráð fyrir því að það geti verið allt að 5%. Það mun ég koma inn á hér á eftir, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það er því raunverulega búið að staðfesta þessa kröfu þingflokksins. Ég er hér með undir höndum skjal þar sem ég get rakið nánar útfærslu ráðherra Alþfl. um það *hvernig þeir hugsa sér þetta.*

Það sem er alvarlegast er það að með þessu er verið að hefja skattlagningu á fyrirtækjum í útgerð og þrengja afkomu þeirra þegar til lengri tíma er litið. Þetta mun þrengja enn meir, skattlagning hefur alltaf þrengjandi áhrif á stöðu fyrirtækja. Hv. þm. Stefán Guðmundsson neitar þessu. Það er samt staðreynd sem allir vita að skattlagning og sérsköttun í atvinnugreinum kemur alltaf harðast niður á viðkomandi atvinnugreinum og þeim fyrirtækjum og starfsmönnum sem starfa innan viðkomandi greina. Ég bendi á það hvernig sérstakur skattur hefur verið lagður á verslunarstéttina ár eftir ár. Ég minni á það hvernig hið háa Alþingi hefur margsinnis lagt á sérskatta sem ekki hafa verið afnumdir heldur sífellt verið bætt við þá og þeir auknir. Þetta er því vísirinn að auðlindaskatti, enda hefur það komið fram, m.a. hjá helstu talsmönnum Alþfl. Ég minni á sjónvarpsviðtal við prófessor Gylfa Þ. Gíslason, sem er einn aðalhugmyndafræðingur Alþfl., ekki aðeins í sambandi við álagningu auðlindaskatts heldur einnig í sambandi við efnahagsstefnu Alþfl. Þessi hv. prófessor lýsti því yfir í sjónvarpi fyrir nokkrum kvöldum að það sem væri verið að gera með þessum tveimur frv. fæli í sér alveg ótvírætt fyrsta skrefið í auðlindaskattinum.

Ég vek athygli á því einnig að þessi frv. virðast eiga að tryggja tvennt: Annars vegar að menn nálgist útfærslu þessara mála út frá sjónarmiði arðseminnar. Það er boðskapur krata og réttlætingin fyrir auðlindaskattinum. Þar er það þá fyrst og fremst peningasjónarmiðið, peningagildið, kaup og sala sem skal gilda. Hins vegar er svokölluð byggðastefna, þ.e. stefna framsóknarmanna, sem felst í svonefndum Hagræðingarsjóði. Hagræðingarsjóður er raunverulega hreinn og klár millifærslusjóður og miðstýringarsjóður. Ef þetta hvort tveggja er skoðað í samhengi og ef maður lítur til lengri tíma útfærslu liggur í augum uppi að það gengur ekki upp. Það er ekki hægt að vera jöfnum höndum með auðlindaskatt annars vegar og byggðastefnu og miðstýringu hins vegar. Þetta er svo augljóst mál að það ætti ekki að þurfa að ræða það. En m.a. þetta stefnir allri framkvæmd og allri útfærslu í sambandi við útgerð í mikla óvissu á næstu árum þannig að menn vita raunverulega ekki hvar þeir standa, í hvora áttina skuli stefnt. Þess vegna er það nauðsynlegt og meira en nauðsynlegt, það er grundvallaratriði að vísa þessu máli í heild aftur til samráðsnefndar. Heilbrigður útgerðarrekstur getur ekki starfað til frambúðar á grundvelli pólitísks tvískinnungsháttar. Málsaðilar, þ.e. útgerðarmenn, sjómenn, fiskvinnslufólk og Íslendingar yfirleitt, verða að búa við skýra og örugga stefnu í sambandi við fiskveiðar. Þeir verða að búa við meira öryggi um framtíðarþróun þessara mála en þau tvö frumvörp sem nú liggja fyrir gefa tilefni til.

Ég minni á það, virðulegi forseti, að á Íslandi eru nú 5–6 þús. fiskimenn á togurum og stærri fiskiskipum. Þessir menn eru í vissum skilningi útverðir Íslendinga í baráttu okkar fyrir efnahagslegu sjálfstæði. Framlag þeirra og útgerðaraðila er íslensku þjóðinni ómetanlegt. Um þetta er ekki deilt því segja má að í störfum þeirra felist upphaf megingrundvallar í tekju- og eignarmyndun íslensku þjóðarinnar á hverjum tíma. Takmörkun fiskveiða með þeim hætti sem við höfum búið við síðan 1984 er nægilega mikil athafnaskerðing gagnvart þeim aðilum sem eiga að standa og bera ábyrgð á þessari starfsemi þótt ekki eigi einnig að skattleggja þá sérstaklega fyrir það að inna þessi erfiðu og vandasömu störf af hendi.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða hér mikið um miðstýringarsjónarmiðin sem koma fram í þessum frv. Mér finnst þau fyrir neðan allar hellur og ekki vera í takt við tímann, frekar í ætt við úreltar austur-evrópskar hugmyndir sem allar þjóðir hafna.

En þá vil ég, virðulegi forseti, víkja nokkuð nánar að till. og hugmyndum Alþfl. í sambandi við stjórnun fiskveiða og endurtek það, virðulegi forseti, að æskilegt hefði verið að einhverjir af hæstv. ráðherrum Alþfl. hefðu verið viðstaddir, sérstaklega formaður flokksins, hæstv. utanrrh., eða hugmyndafræðingur þingflokks Alþfl. um útfærslu þeirrar efnahagsstefnu sem ég mun nú víkja að, hæstv. iðnrh. og viðskrh.

Í brtt. 1112, 7. lið c, við 6. gr. segir m.a., með leyfi forseta: „1. málsl. 3. mgr. greinarinnar orðist svo: Aldrei skal Hagræðingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 5% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 5% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða."

Þetta þýðir, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að Hagræðingarsjóður á að fá þetta til ráðstöfunar. (Gripið fram í.) Já, til þess að gera jöfnum höndum fært að útfæra auðlindaskattshugmyndina til að fullnægja að vissu marki ... (**StG:** Nei.) Nei, segir hv. þm. og heldur sig við 12 þús. tonnin. Þar á að útfæra hugmyndina. En er hv. þm. Stefán Guðmundsson svo barnalegur að halda það að þegar þingmenn hafa nú undir höndum grunnhugmyndir Alþfl. um það hvernig á að útfæra þetta ... (**StG:** Það verður aldrei með framsókn.) Aldrei með framsókn, sagði hv. þm.

Þetta er að mörgu leyti mjög mikilsverð yfirlýsing. Í þessari yfirlýsingu felast ákveðin brigð á loforðum sem alþýðuflokksmenn telja sig hafa fengið því þeir hafa fullyrt, bæði í ræðum og riti, að þeirra stefna hafi sigrað, nú sé búið að stíga fyrsta skrefið í framkvæmd auðlindaskatts á Íslandi. Og þá hljóta menn að spyrja: Hverjir eru marktækir og hverjir ekki? Ég vil halda því fram, hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem ég trúi nú í flestum atriðum, að þrátt fyrir allt hafi krötunum tekist að komast inn fyrir, eins og Trójuhestinum forðum, að útfæra sína hugmynd að hluta, þótt ekki sé mikið varðandi auðlindaskattshugmyndina. Efnislega er hún fyrir hendi í þessum frv. Þar er sala á veiðileyfum í samræmi við hugmyndir alþýðuflokksmanna sem gera ráð fyrir því að það geti verið allt að 5%. En ég tel, virðulegi forseti, þýðingarmikið að upplýsa það sem ekki hefur verið birt. Það eru hugmyndir Alþfl. varðandi útfærslu á sölu veiðileyfa. Þeir munu hafa lagt fram í viðræðunum plagg sem mjög hljótt hefur farið. Það hefur yfirskriftina „Ákvæði um sölu veiðileyfa í frumvarpi um stjórn fiskveiða." Mér segir svo hugur að þetta plagg hafi verið lagt fram á ráðherrafundi laugardaginn 21. apríl. (Gripið fram í.) Ég segi ekki, hv. þm., að þetta sé skráð í bókina en mér segir svo hugur og ég vil hafa það sem er sannast og réttast eftir því sem næst verður komist.

Það var mjög fróðlegt að finna viðbrögð hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefáns Guðmundssonar. Þegar ég dró fram plaggið og sýndi hv. þm. það, þá afneitaði hann því að bragði og sagði að framsókn mundi aldrei samþykkja þessa útfærslu. Þessi útfærsla, sem er fagnaðarboðskapur Alþfl. og sérstaklega var getið um í leiðara Alþýðublaðsins fyrir nokkrum dögum, felur það í sér að verið er að taka upp auðlindaskatt. Í þessum leiðara Alþýðublaðsins fimmtudaginn 25. apríl segir svo, með leyfi forseta:

„Skynsamlegasta leiðin er að leigugjald komi fyrir aðgang að hinni sameiginlegu auðlind. Það er því æskilegt að taka upp í áföngum fram að aldamótum" — ég endurtek: Það er því æskilegt að taka upp í áföngum fram að aldamótum leigugjald fyrir afnot veiðiheimilda. Það er enn fremur nauðsynlegt að rjúfa tengslin milli skipa og veiðiheimilda og taka þannig tillit til byggðasjónarmiða og ná fram aukinni hagkvæmni í útgerð. Tillögur þingflokks Alþfl. um að Úreldingarsjóður fengi nýtt hlutverk og nefnist Aflasjóður hafa fengið hljómgrunn hjá formönnum stjórnarflokkanna. Þótt nafnið sé annað," — ég endurtek: „Tillögur þingflokks Alþfl. [sem eru þessar hérna] hafa fengið hljómgrunn hjá formönnum stjórnarflokkanna. Þótt nafnið sé annað," — hv. þm. Páll Pétursson hlýtur að hafa tekið undir þessa tillögu, hann er formaður þingflokks Framsfl. — „Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, þá eru grunnhugmyndirnar þær sömu. Hinn nýi sjóður á að fá til ráðstöfunar ákveðið hlutfall af þeim veiðiheimildum sem sjóðurinn eignast til kaupa á skipum til úreldingar og helmingurinn framseldur árlega og andvirðinu varið til kaupa á skipum til úreldingar. Hinum helmingnum verður varið til aðstoðar byggðarlögum. Þessi þáttur samkomulags formannanna kemur til móts við þau sjónarmið þingflokks Alþfl. að leigugjald verði tekið fyrir afnot veiðiheimilda og auðveldar þannig að bregðast við staðbundnum byggðavandamálum sem upp kunna að koma vegna sölu fiskiskipa úr sjávarútvegsbyggðum."

Þetta þýðir, virðulegi forseti, að það á að millifæra frá þeim sem skila jákvæðum árangri til aðila sem ekki hafa eðlilegar rekstrarforsendur. Þetta er leið framsóknarmanna. En þessar hugmyndir stangast auðvitað á við það að arðsemissjónarmið skuli gilda. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, skýra nánar fyrir þingheimi í hverju veiðileyfishugmyndir alþýðuflokksmanna sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að taka fyrsta skrefið í að útfæra eru fólgnar. Í þessum tillögum alþýðuflokksmanna sem ræddar voru á ráðherrafundinum laugardaginn 21. apríl var m.a. lögð fram svohljóðandi hugmynd af hálfu ráðherra Alþfl., með leyfi forseta: „Ákvæði um sölu veiðileyfa í frv. um stjórn fiskveiða." Síðan segir í tillögum alþýðuflokksmanna: „Meðfylgjandi eru drög að breytingum að frv. til laga um stjórn fiskveiða sem komi einhvers konar kvótasölu eða veiðigjaldi á í áföngum. Sameiginlegt öllum tillögunum er að aðlögunin taki tíu ár. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort fyrsta fiskveiðiárið, sem er afbrigðilega stutt samkvæmt frv." (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. Stefán Guðmundsson að taka eftir þessu orðalagi: „Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort fyrsta fiskveiðiárið [þ.e. árið 1991], sem er afbrigðilega stutt samkvæmt frv., telst með í þessari tímaáætlun eða ekki. Ekki er tekin afstaða til þess hvert tekjur af kvótasölu skuli renna en benda má á að eðlilegt og skynsamlegt er að nota a.m.k. hluta þeirra til byggðajafnvægis, t.d. til að bæta byggðarlögum kvótamissi, til úreldingar fiskiskipa og til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi.

Breytingarnar taka einungis til 7. gr. frv. en auk þess bætist við ný 8. gr. Tillögurnar skulu nú reifaðar lítillega." Það er mjög þýðingarmikið fyrir hv. þm. að heyra þessar tillögur því þetta eru tillögur Alþfl. sem framsóknarmenn eru nú að byrja að framkvæma, kannski með því að segja: Þetta eru ekki nema 2–3%. Raunverulega eru það 5% þegar nánar er að gáð og jafnvel meira. En það sem mestu máli skiptir er það að alþýðuflokksmenn telja sig hafa fengið prinsippið samþykkt. Það er meginmálið og með því að afgreiða þessi mál, frv. til laga um fiskveiðistjórnun og úreldingarsjóðsfrv. með þeim breytingum sem hafa verið gerðar, er verið að koma aftan að íslenskum útgerðarmönnum og íslenskum sjómönnum og fiskverkafólki, öllum aðilum sem hafa komið við sögu um það að reyna að sameinast um frv. til laga um fiskveiðistjórnun. (**StG:** Úreldingarsjóðurinn var þar í.) Úreldingarsjóðurinn, hv. þm. Stefán Guðmundsson, var aldrei til umræðu í samráðsnefndinni með þeim hætti sem ég er að lýsa nú. Þetta plagg, þessi tillaga ráðherra Alþfl. á umræddum laugardagsfundi 21. apríl var aldrei lögð fyrir samráðsnefndina, en þessi tillaga er meginforsendan fyrir breytingunni á úreld-

ingarsjóðsfrv. Þetta veit hv. þm. Stefán Guðmundsson. (**StG:** Í 5. gr. frv.) Þess vegna ætla ég, virðulegi forseti, að lesa nákvæmlega fyrir þingheimi, og ég vænti þess að íslensk þjóð og sérstaklega íslensk sjómannastétt fái að heyra þessar tillögur sem fela í sér beina kjaraskerðingu og afkomuskerðingu fyrir íslenska útgerð og íslenska sjómenn. (**HBl:** Og sérstök skattlagning á landslýð.) Já, það er rétt, hv. þm. Halldór Blöndal, að í þessu felst líka sérstök skattlagning.

Allt tal um að eitthvert miðstýrt kerfi eigi að koma *í staðinn fyrir þá grundvallarútfærslu og breytingu* sem þarna er á ferðinni hljómar náttúrlega eins og öfugmæli þar sem það er vitað að í öllum vestrænum ríkjum, og þar á meðal á Íslandi, er grundvallaraf-staða fólks sú að hverfa skuli frá miðstýringu yfir í það sem heitir að nálgast svokallað markaðsþjóðfélag eftir því sem kostur er á. Að ætla að segja það á árinu 1990, á sama tíma sem verið er að byrja hér með auðlindaskatt, að hægt sé í skjóli einhverrar nýrrar byggðastefnu að tryggja að þessi byggðarlög standi jafn vel að vígi, er rangt vegna þess að ég efast um að hv. þm. Framsfl. fái svigrúm til þess að útfæra það þótt þeir vildu. En þeir eru búnir að opna dyrnar og þeirra ábyrgð er mikil. Ég er sannfærður um það að þegar Íslendingum verður það ljóst hvílíkt högg er verið að greiða þeim aðilum sem stunda sjómennsku og útgerð á Íslandi, þá munu þeir snúast gegn þeim mönnum sem eru að predika og leggja fram tillögur um auðlindaskatt. Íslensk sjómannastétt er þjóðinni þýðingarmeiri og mikilvægari en svo að Íslendingar vilji skattleggja þessa duglegu og hæfu menn sem stunda veiðar við Íslandsstrendur.

En ég ætla, virðulegi forseti, að lesa upp tillögur alþýðuflokksmanna eins og þær lágu fyrir ráðherrum. Þessar tillögur eru grundvöllurinn að framkvæmd auðlindaskattsins. Þetta eru raunverulega tillögurnar sem eyðileggja það að hægt sé að samþykkja hér á Alþingi nú, ég vil segja sæmilega heilbrigt og eðlilegt frv. til laga um fiskveiðistjórnun. Og eins og hv. þm. Karvel Pálmason sagði, allt er þetta gert til að framlengja líf einnar ríkisstjórnar sem er rangstæð í íslenskum stjórnmálum í dag því að hún nýtur ekki stuðnings eða tiltrúar íslenskrar þjóðar. Þessi stjórn hefði átt að vera farin frá fyrir löngu. Stjórnmálamenn sem kaupa aðra menn til fylgis við sig með ómerkilegum lífsgæðum ættu ekki að sýna sig í umræðum um svona mál. Ég minni hv. þm. á að þetta eru tillögur hæstv. ráðherra Alþfl. á umræddum ráðherrafundi þegar þeir voru að búa til þennan óskapnað sem við stöndum frammi fyrir og þurfum að taka afstöðu til. Við munum auðvitað greiða atkvæði á móti. En í tillögunum segir svo, virðulegi forseti:

„Tillögurnar skulu nú reifaðar lítillega.

Gerð L. Kvótaleiga tekin upp í áföngum. Hér er 90% aflaheimilda úthlutað ókeypis til útgerðar samkvæmt óbreyttum ákvæðum frv. en útgerðarmönnum er síðan boðinn hlutfallslegur forkaupsréttur að afganginum, 10%. Ekki er endanlega frá því gengið við hvaða verði forkaupsrétturinn er boðinn. Sé forkaupsrétturinn ekki fullnýttur skal bjóða aflaheimildir upp á almennu uppboði. Með þessu móti er því almenn kvótasala tekin upp á 10 árum," segir í tillögum alþýðuflokksmannanna. „Handhafar kvóta þurfa árlega að staðfesta óskir sínar um kvóta með því að nýta sér forkaupsrétt sinn. Þeir gjalda í raun árlega gjald eða leigu fyrir kvótann. Forkaupsrétturinn veitir þeim tryggingu um að þeir þurfi ekki að fara út á óvissan kvótauppboðsmarkað til að tryggja sér veiðiheimildir."

Þetta er gerð L. Síðan kemur samkvæmt tillögum alþýðuflokksmannanna gerð K, kvótagjald í áföngum. Hér er gert ráð fyrir — ég sé að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Alþb., hefur ekki einu sinni séð þessar tillögur. (**MF:** Jú, jú.) Nú, hefur hv. þm. séð þær? (**MF:** Ég var bara hissa, ég hélt að þú værir að kynna þær sem þínar.) Nei, ég var að undirstrika að þetta eru tillögur Alþfl. Er það ekki rétt, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir? (**MF:** Jú.) Jú, sagði hv. þm., staðfest. Það er mjög þýðingarmikið að fá það staðfest hér, bæði af hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Margréti Frímannsdóttur, að ég fer hér með rétt mál, þetta eru tillögur Alþfl. í sambandi við fiskveiðistjórnun á Íslandi í framtíðinni.

Þá kem ég að — og ég er margbúinn að taka það fram, virðulegi forseti, að ég er að lesa hér tillögur Alþfl. í sambandi við fiskveiðistjórnun — gerð K, kvótagjald í áföngum: „Hér er gert ráð fyrir því að kvóta sé í raun úthlutað ótímabundið til núverandi handhafa en þeir þurfi síðan að greiða einhvers konar afnotagjald sem væri í fyrstu ⅓₀ af einhvers konar markaðsverði kvóta en færi jafnt og þétt hækkandi í fullt markaðsverð (eða hvað annað verð sem menn vilja miða við) á tíu árum. Áhrifin eru ekki alfarið þau sömu og samkvæmt gerð L [það kemur hér á eftir] á aðlögunartímabilinu. Nær allir mundu notfæra sér forkaupsréttinn samkvæmt K-gerðinni þannig að uppboðsmarkaður hins opinbera yrði í raun óvirkur. L-gerðin örvar því viðskipti með kvóta strax í upphafi. Að lokinni aðlögun er væntanlega enginn munur á þessum tveim kerfum. K-gerðin hefur þó yfirbragð afnotagjalds en L-gerðin ber uppboðskeim."

Ég vil nú, virðulegi forseti, hætta hér upplestri og varpa fram þeirri hugmynd: Hvaða maður í þingflokki Alþfl. skyldi nú hugsa svona skipulega og setja þetta fram með svona skipulegum hætti? Mér láðist að geta þess í upphafi að um fjórar gerðir er að ræða. Það er gerð L og gerð K, sem ég hef þegar lesið, og svo kemur gerð FH og gerð FF. Þetta er í sambandi við brtt. kratanna sem framsóknarmenn munu hafa afneitað nema í svona stórum dráttum en þó undirgengist þá prinsippbreytingu að kvótasala skuli eiga sér stað eða veiðileyfisgjald. En hver skyldi nú í þingflokki Alþfl. hafa það hugmyndaflug, þekkingu og tök á útfærslu svona módela í sambandi við — hvað má segja, útfærslu þjóðhagsmódela eða myndramma eða tillagna? Það er ekki neinn viðvan-

ingur. (**KP:** Hver heldur hv. þm. að það sé?) Ég vona að hv. þm. Karvel Pálmason geti upplýst mig um það. (**KP:** Eru það joðin?) Ég var nú ekki kominn í joðin enn þá, hv. þm. Þetta hefði alveg eins getað verið JS. (**Gripið fram í:** Þá er það orðið Jóhanna.) En þetta er náttúrlega ekkert gamanmál því við skulum ekki gera lítið úr því þegar hámenntaðir menn, sem eru vanir því að gera tillögur um þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlanir og hafa langa reynslu í að vera ráðgjafar margra ríkisstjórna, með því miður sorglegum afleiðingum stundum og því miður allt of oft, eins og dæmin samma. Ég er núna m.a. að lesa upp eitt dæmi þessa sem sýnir okkur hvað óraunsæið og barnaskapurinn og ég vil segja menntunin getur leitt menn í gönur. Þó að menntun sé góð getur menntun verið þess eðlis, ef hún er ekki rétt og skynsamlega notuð, að hún getur skaðað það sem raunverulega býr undir sem er í þessu tilviki útfærsla fiskveiðistjórnunar á Íslandi.

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að hagfræðikenningar geta ekki alltaf gilt og passað í sambandi við útgerð og fiskvinnslu á Íslandi. Þó að menntun og hagfræði sé góð út af fyrir sig, þá getur hún ekki ráðið því hvernig veðurfari er háttað á hverjum tíma eða hvernig fiskurinn hagar sér í sjónum. (**KP:** Það er nú ráðherrann sem ræður því.) Það er vandamálið sem margir íslenskir hagfræðingar hafa ekki getað glímt við þegar þeir hafa verið að búa sér til sín fínu módel um íslenskar fiskveiðar og fiskveiðistjórnun. Það eru þessi atriði, þessir þættir sem aldrei ganga upp í öllum þeirra útreikningum vegna þess að þetta er eitt af þeim höfuðvandamálum sem Íslendingar hafa þurft að glíma við, óvissan um það hvað gerist í sjónum, í hafinu í kringum okkur. Við ráðum ekki við náttúruöflin. Þau ráða sér sjálf. Hvernig okkur tekst að hagnýta þau og hagnýta okkar aðstæður miðað við hvernig þær eru er annað mál. Þar skiptir meira máli reynsla og þekking sem íslenskir sjómenn búa að. Þeir eru miklu betur í stakk búnir til að útfæra það hvernig á að haga fiskveiðum við Ísland en einhverjir hagfræðingar eða spekingar sem búa til sín módel um það.

En þá ætla ég að lesa upp gerð FH. Þetta eru sem sagt tillögur Alþfl. eða þingflokksins. En ég þrengi þetta niður í tillögur hæstv. ráðherra Alþfl., ég held að ég þrengi þetta nú niður í tillögur hæstv. ráðherra til þess að firra ýmsa hv. þm. Alþfl. þeirri ábyrgð að þeir hafi lagt blessun sína yfir það að ráðherrar Alþfl. legðu fram slíkar hugmyndir. Ég geri það af tillitssemi af því að nú eru viðstaddir hér inni í deildinni tveir alþýðuflokksþingmenn, annar að vísu úr annarri deild, en hv. þm. Karl Steinar situr í forsæti. (Gripið fram í.) Nei, þrír, ég bið hv. þm. Svein Hálfdánarson afsökunar. (**Gripið fram í:** Fjórir.) Hv. þm. Karvel Pálmason er jafnaðarmaður. Hann er nýlega vikinn úr þingflokki Alþfl. vegna þess að hann telur að Alþfl. fullnægi ekki þeim kröfum sem hann sem jafnaðarmaður gerir til flokksins. (**Gripið fram í:** Fjórir jafnaðarmenn.) Alþýðublaðið og þingflokkur Alþfl. er yfirleitt eitt og það sama, það vita allir hv. þm.

En þá er það gerð FH. (**Gripið fram í:** FH, hvað er verið að tala um?) Ég verð að biðja hv. þm. Stefán Guðmundsson um að tala við hæstv. ráðherra Alþfl. um það hvað felist í þessum skammstöfunum. (**Gripið fram í:** Eru það ekki frjálslyndir hægri?) Ég bið nú hv. þm. um það að óvirða ekki Fimleikafélag Hafnarfjarðar með því að tengja þá tillögum ráðherra Alþfl. í þessu máli í eitt skipti fyrir öll. Það gæti orðð dýrkeypt fyrir Alþfl. í sambandi við sveitarstjórnarkosningarnar ef þessar tillögur yrðu tengdar Fimleikafélagi Hafnarfjarðar eða hafnfirskum jafnaðarmönnum. Ég er hræddur um að bæjarstjóri Hafnarfjarðar yrði ekki ánægður með það.

Í gerð FH, sem heitir „Kvótafyrning í áföngum, hlutfallskvóti", segir svo, með leyfi forseta:

„Hér er farin nokkuð önnur leið sem byggist á fyrningu kvótaeignar. Í upphafi fá menn óbreytta þá aflahlutdeild sem þeir höfðu 1990 en hún er síðan skert strax á fyrsta ári um 10%. Sérhver hlutdeild er síðan skert árlega um 10%. Sá sem á í upphafi rétt á 1% leyfðs heildarafla fær að öllu óbreyttu úthlutað 0,9% aflans á næsta ári, nema hann kaupi sér viðbót af öðrum kvótahandhöfum eða hinu opinbera. Geri hann það ekki verður aflahlutdeild hans á öðru ári 0,9x0,9% eða 0,81%, o.s.frv. Keyptur viðbótarkvóti samsvarar í raun tíu ára kvótarétti og verð á slíkum kvóta ætti því að vera tífalt gjald fyrir innskiptiskvóta. Vegna ávöxtunaráhrifa yrði verðið þó mun lægra í reynd. Þetta fyrirkomulag hefur það fram yfir fyrri gerðir að skapa mönnum öllu meiri stöðugleika. Jafnvel þótt fjárhagur útgerðar leyfi engin kvótakaup eitt árið getur hún fengið 90% af afla fyrra árs svo fremi sem leyfður heildarafli er óbreyttur."

Þetta er gerð FH í tillögum ráðherra Alþfl. á umræddum laugardagsfundi þegar þeir voru að kokka það hvernig þeir gætu framlengt líf þessarar ríkisstjórnar eitt ár í viðbót. Ég er að lesa, hæstv. menntmrh., tillögur hæstv. ráðherra Alþfl. um fiskveiðistjórnun, (**Menntmrh.:** Ég skal fara þá strax.) um fyrstu skrefin í auðlindaskattsframkvæmd. (**Menntmrh.:** Má ég bara ekki bregða mér til hliðar á meðan?) Jú, það er sjálfsagt, ég veit að Alþb. er ekki hrifið af þessum hugmyndum.

Þá er það gerð FF. Hún heitir „Kvótafyrning í áföngum (fastur kvóti)." Þetta er tilbrigði við gerð FH. Munurinn er sá ..." (**Gripið fram í:** Fastur kvóti?) Ég verð að viðurkenna, hv. þm., að raunverulega er þetta broslegt, en þetta sýnir bara hvað ráðherrar Alþfl. eru langt leiddir og hvað mönnum getur dottið í hug. Við sem erum hér nokkur inni sem höfum komið við sögu í sambandi við sjávarútveg og fiskveiðar á Íslandi brosum að þessu. En þetta er auðvitað ekkert gamanmál þegar maður hefur það í huga að að þessu standa hæstv. ráðherrar Alþfl. og þar á meðal sá ráðherra sem telur sig fremstan allra í sambandi við tillögur og hugmyndir um útfærslu, ég vil segja íslenskrar efnahagsstefnu, svo að ekki sé nú meira sagt. Sá hæstv. ráðherra sem talar hér með mestum þunga um íslenskt þjóðarbú, íslenskt efnahagslíf, íslenskt viðskiptalíf, íslenskt peningakerfi. Hér eru tillögur og hugmyndir hans í sambandi við útfærslu fiskveiðistjórnunar. Þetta er náttúrlega ekk-

ert gamanmál, þetta er raunverulega sorglegt, hvað vísindi geta leitt mann í gönur.

En þetta er tilbrigði, virðulegi forseti, við gerðina FH samkvæmt tillögum ráðherra Alþfl. „Munurinn er sá að kvótaréttur er ekki skilgreindur sem hlutfall af leyfðum heildarafla heldur sem fast aflamagn. Þetta er hugsanlega skiljanlegra og einfaldara fyrir útgerðina og tryggir henni jafnframt enn meiri festu." (**Gripið fram í:** Þetta heitir fastur kvóti?) Já, þetta er fastur kvóti. „Á þessari gerð eru þá um leið þeir hnökrar" — menn kannast við orðalagið — „að ekki er sjálfvirkt unnið að að minnka leyfðan heildarafla milli ára um meira en 10%. Þetta kann að vera of lítið svigrúm. Þurfi að grípa til meiri skerðingar veiða af fiskifræðilegum orsökum yrði einhver sjóður (sem gæti fengið hlutdeild í kvótasölutekjunum) að kaupa upp kvóta á almennum markaði. En þá virkar þessi sjóður um leið sem einhvers konar aflatryggingasjóður."

Og síðan kemur, virðulegi forseti, í framhaldi af þess með skýringum, tillögur um breytingar á frv. sem hér er til umræðu, þ.e. 7. gr. og að við bætist ný grein, 8. gr. Og útfærslan á greinunum er í samræmi við þessar fjórar gerðir. Ég vil segja það, virðulegi forseti, að þegar maður hefur skoðað þetta plagg og lesið það, þá er manni raunverulega ekki hlátur í huga. Og þegar maður hefur það einnig í huga að sá sem gerir þetta plagg er líklega áhrifamesti maðurinn í ríkisstjórn Íslands í dag um efnahagslega ráðgjöf, þá hlýtur manni að hrjósa hugur við því óraunsæi, og ég vil segja og snúa máli mínu til hæstv. sjútvrh., því óraunsæi sem birtist í þessum hugmyndum. Það minnir mig á það að þegar ég var hér þingmaður á árunum 1974–1978 þá var lagt hér fram frv. til laga sem síðar hlaut nafnið „febrúarlögin". Þá fékkst það ekki upplýst, virðulegur forseti, hver var höfundurinn á bak við það frv., illu heilli. En mig er farið að gruna að það sé sami maður sem stóð að baki febrúarlaganna 1978 og sá sem hefur sett fram þessar hugmyndir fyrir hæstv. ríkisstjórn. Og ég vil segja við hv. stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar: Guð hjálpi ykkur að taka fyrsta skrefið á grundvelli þessara hugmynda. Það eruð þið raunverulega að gera með ykkar tillögum um breytingar á Úreldingarsjóði í Hagræðingarsjóð. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hristir höfuðið. Ég minnist þess að þegar febrúarlögin voru hér til umræðu og meðferðar árið 1978 þá var ég í svipuðum sporum og hv. þm. Stefán Guðmundsson. Ég vildi ekki viðurkenna ákveðnar staðreyndir sem raunverulega fólust í febrúarlögunum 1978, illu heilli. Ég hefði betur gert mér betur grein fyrir því hvað fólst í þeim lögum. Þess vegna segi ég við hv. þm. Stefán Guðmundsson: Gerðu þér grein fyrir því, virðulegi þingmaður, að það er ekki nóg að segja: Þetta mun aldrei gerast með stuðningi framsóknarmanna. Þið eruð þegar að stíga fyrstu skrefin. — Nei, segir hv. þm. (**KP:** Þetta er grunnurinn.) Þetta er grunnurinn, alveg rétt, hv. þm. Karvel Pálmason.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu. En ég árétta það sem hefur komið fram að það er skilningur alþýðuflokksmanna, sem hefur komið fram í ræðum þeirra, ritum og tillögum, að það er verið að ganga fyrsta skrefið í átt til auðlindaskatts. Einn menntaðasti hagfræðingur landsins, Gylfi Þ. Gíslason prófessor, hefur staðfest það opinberlega fyrir framan þjóðina. Ég vara við þeirri leið sem þarna er farin því hún mun hafa mjög alvarlega afleiðingar í framtíðinni. Við sjálfstæðismenn berum ekki ábyrgð á því sem hér er að gerast.

Nú er það svo að það eru fleiri en sjálfstæðismenn sem eru á móti þeim frv. sem hér eru til meðferðar. Það hefur komið fram í frávísunartillögu, sem hv. þm. Skúli Alexandersson og Karvel Pálmason ásamt mér og Halldóri Blöndal undirrita, þar sem við leggjum til að þessu frv. verði vísað til samráðsnefndarinnar. Einnig hefur hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir lýst yfir hér í ræðu fyrr þegar hún gerði grein fyrir sínu nál. að hún væri sömu skoðunar, að þessi mál þyrftu mikið rækilegri skoðunar við og því væri rétt að vísa þeim til samráðsnefndar að því tilskildu að sjálfsögðu að nefndin tæki þessi mál enn fastari tökum, ræddi þessi nýju og breyttu viðhorf sem fram hafa komið og legði síðan sína tillögu fram fyrir 1. ágúst með það í huga að þing kæmi saman í byrjun september og afgreiddi þá lög um fiskveiðistjórnun á heilbrigðum grundvelli.

En það eru fleiri en við hv. þm., sem ég gat um áðan, sem leggja þetta til. Það vill svo til að í Alþb. eru margar vistarverur. Ein er sú vistarvera sem núv. formaður Alþb. Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., á skjól í og hún heitir Birting. Jú, Birting heitir félagið. Það er Birting, félag jafnaðar- og lýðræðissinna innan Alþb. Þetta félag er enginn — Er hæstv. menntmrh. hér? (**Gripið fram í:** Hann er farinn.) Ég ætla að beina orðum mínum til alþýðubandalagsmanna. Mundi hv. þm. athuga hvort hæstv. menntmrh. er hér í hliðarsal? Já, hann er þarna. Ég var, hæstv. ráðherra, búinn að skýra frá þeim tillögum sem ráðherrar Alþb. lögðu fyrir hæstv. ráðherra laugardaginn 21. apríl á miklum leynifundi. (**Menntmrh.:** Ráðherrar Alþb.?) Nei, Alþfl. (**Menntmrh.:** Það er alveg tvennt ólíkt.) Já, ég veit það. En í framhaldi af því ætlaði ég að fá að fjalla um það við hæstv. menntmrh., þar sem hér er ekki staddur hæstv. fjmrh. sem er formaður Alþb., að innan Alþb. ríkir mikil óánægja með það að afgreiða út úr deild frv. til laga um fiskveiðistjórnun og frv. til laga um Úreldingarsjóð. Ég var að segja það, hæstv. ráðherra, að í Alþb. væru margar vistarverur og að núv. hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson ætti sér skjól í einni þeirra, þ.e. í Birtingu sem er félag jafnræðis- og lýðræðissinna innan Alþb. Það virtist þá vera þörf á því að stofna þarna félag og undirstrika það sérstaklega að þar væru líka lýðræðissinnar. Það er út af fyrir sig mjög gott.

En ég ætlaði, hæstv. menntmrh., að vekja athygli á því og undirstrika það að þetta félag formanns Alþb., Ólafs Ragnars Grímssonar ... (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Það er Birting. (**SkA:** Ætlar þú að segja félag Ólafs Ragnars Grímssonar?) (**HBl:** Ég hélt að Jón

Baldvin ætti það.) (**DS:** Ég hélt að það væri Reykjavíkurfélag.) Ég sé það, hæstv. forseti, að þingmenn eru frekar ruglaðir í því hvað Alþb. er. En þetta félag, sem er nú móðurfélag og vígi formannsins, styrkleiki þess og máttur er svo mikill að það skeður nú, sem er einsdæmi í íslenskri stjórnmálasögu, að formaður gat ekki tekið afstöðu með sínum eigin framboðslista í Reykjavík vegna þess að þetta félag, Birting, var til staðar. Þannig að formaður Alþb., hæstv. fjmrh., gat ekki tekið afstöðu þegar hann var að spurður hvort hann styddi ekki lista Alþb. til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík. Það er náttúrlega mjög flókið mál sem gefur manni sterka vísbendingu um að Birting sé raunverulega móðurfélag formanns Alþb. Þetta félag hefur gert alveg sérstakar samþykktir í sambandi við afgreiðslu frv. til laga um fiskveiðistjórnun. M.a. hefur talsmaður ráðherra, Mörður nokkur Árnason, sem mun vera einhvers konar upplýsingafulltrúi hæstv. fjmrh., látið taka við sig viðtal í Þjóðviljanum þar sem hann skýrir ... (**Gripið fram í:** Er það sá sami og flytur íslenskt mál í Ríkisútvarpinu?) Já, hann mun vera sami maðurinn. Þar sem hann greinir frá ... (**Gripið fram í:** Er það hann sem var ritstjóri Þjóðviljans? Er það sami maðurinn?) Já, það mun vera sami maður. Mörður Árnason er, fyrir utan það að vera upplýsingafulltrúi hæstv. fjmrh., fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans. (**Gripið fram í:** Má vera að móðir hans hafi verið ritstjóri Þjóðviljans líka?) Virðulegi forseti. Ég held að þessir hv. þm. ættu nú að leyfa ræðumanni að ljúka máli sínu.

Í þessu sambandi vil ég lesa upp, með leyfi forseta, ályktun sem einn stjórnarmanna í Birting, Mörður Árnason, gerði grein fyrir í Þjóðviljanum fyrir nokkrum dögum. Þar segir m.a.:

„Í ályktun stjórnar Birtingar um sjávarútvegsmál kemur fram að ljóst sé að mikill ágreiningur er um framtíðarskipan í þessum efnum og óeðlilegt við þær aðstæður sem nú eru uppi að samþykkja ótímabundið framhald núverandi kerfis. Þess í stað telur stjórn Birtingar að nýta eigi næstu mánuði og missiri til stefnumótunar í sjávarútvegsmálum sem verði að miðast að gagngerðri endurskipulagningu í greininni."

Þarna er mjög sterkt tekið undir sjónarmið meiri hl. sjútvn. Ed., þ.e. okkar Skúla Alexanderssonar, Karvels Pálmasonar, Halldórs Blöndals, Danfríðar Skarphéðinsdóttur og Guðmundar H. Garðarssonar. Ég vek athygli hæstv. menntmrh. á þessu. Þannig að þeir samstarfsmenn sem hæstv. ráðherra á væntanlega innan Alþb., sem eru marktækir og Þjóðviljinn leggur áherslu á að komi sínum skoðunum á framfæri, leggja áherslu á það að þetta mál verði ekki afgreitt hér á þingi núna heldur vísað til samráðsnefndar. (**Forseti:** Það er senn að líða að þingflokksfundartíma. Ég þarf að spyrja hv. ræðumann hvort hann sé rétt að ljúka ræðu sinni eða óski að fresta henni.) Ég á nú eftir, virðulegur forseti, að koma með þau áhersluatriði sem við sjálfstæðismenn erum með fyrir utan það sem ég hef þegar sagt. Það var ekki meiningin að tefja þessar umræður, en ég verð því miður, virðulegur forseti, að segja það að sumir af hv. stjórnarþingmönnum hafa gripið það oft fram í fyrir mér að ég hef ekki fengið svigrúm til þess að ljúka máli mínu með þeim hraða sem ég hefði óskað eftir þannig að ekki er við ræðumann að sakast. En að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til þess að ljúka minni ræðu þegar þingflokksfundir eru búnir og við hefjum hér umræður á ný. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður, en það hefði verið full ástæða til þess. Þar sem það er nú samkomulag að menn séu ekki með málþóf hér, og það var ekki meining mín, þá skal ég reyna að vera stuttorður. Það hefði verið full ástæða til, virðulegur forseti, að ræða hér um einstök atriði í þeim frv. sem hér eru til meðferðar og ég hef vísað til og rætt um.

Við meðferð þessa máls í nefndum kom fram ósk um það frá ákveðnum nefndarmönnum í sjútvn. efri og neðri deildar að svonefnd Lagastofnun Háskóla Íslands svaraði nokkrum spurningum í sambandi við efni þessa frv., þ.e. frv. til laga um stjórnun fiskveiða. Meðal þeirra atriða sem hv. þm., sem báðu um svör við ákveðnum spurningum, lögðu áherslu á var að því yrði svarað hver væri eignarréttur manna í þessu mikilsverða máli og hefði vissulega verið nauðsynlegt að ræða það. En það kemur fram m.a. í álitsgerð þeirra sem rita undir hana fyrir hönd lagastofnunarinnar, prófessoranna Sigurðar Líndals og Tryggva Gunnarssonar, að telja megi atvinnuréttindi á þessu sviði þess eðlis að þau njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að atvinnuréttindi teljist sem eign. Að vísu segir í álitsgerðinni að sú vernd sé þó takmarkaðri en vernd hefðbundinna eignarréttinda. „Atvinnuréttindi þau sem menn hafa helgað sér á sviði fiskveiða eru eignarréttindi," segir enn fremur í þessari álitsgerð. Einnig segir í álitsgerðinni, virðulegi forseti: „Ákvæði frv. stofna ekki til einstaklingsbundins stjórnarskrárvarins eignarréttar fyrir veiðiheimildum. Á hinn bóginn afmarka þau og skilgreina nánar þau eignarréttindi í formi atvinnuréttinda sem við teljum að kunni að vera fyrir hendi."

Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða sem ég fyrir mitt leyti get fallist á og tel að þessi niðurstaða styrki mjög stöðu þeirra sem þurfa að starfa undir, ég vil segja, þeim lögum sem gilda á hverjum tíma um stjórnun fiskveiða á Íslandi. Það hefði verið æskilegt að ræða um þessi atriði nánar í umræðunni m.a. út frá sjónarmiði nytjaraka, þ.e. út frá hugrænum sjónarmiðum varðandi eignarrétt og stöðu eignarréttar. Og svo einnig út frá hinum hagrænu efnisatriðum. En í stuttu máli sagt þá tel ég þýðingarmikið að þetta skuli hafa komið fram í þessari álitsgerð og mun þessi skoðun fara saman við skoðun margra sem í þessari atvinnugrein starfa sem og annarra.

Ég vildi, virðulegur forseti, í framhaldi af því sem ég sagði hér áðan um afstöðu manna og stjórnmálaflokka til meðferðar þessa máls hér í Ed. þar sem við, sem myndum meiri hl. sjútvn. Ed., leggjum áherslu á það að vegna þeirrar grundvallarbreytingar sem varð á meðferð frv. til laga um fiskveiðistjórnun við það að

úreldingarsjóðsfrv. var tekið inn í myndina með þeim hætti sem tillögur ráðherra gera ráð fyrir og stjórnarsinnar hafa tekið upp allflestir, og með tilliti til þess að það er fullkomlega ástæða til að vísa þessu máli til samráðsnefndar, eins og við leggjum til, þá vil ég vísa til þess að það er ekki aðeins sjónarmið okkar, þessa meiri hl. í sjútvn. Ed., sem mæla með því heldur vil ég leyfa mér að túlka þannig ummæli formanns Landssambands ísl. útvegsmanna í Morgunblaðinu 26. apríl sl. Það er því fullkomlega ástæða til þess að staldra við og vísa báðum frv. til samráðsnefndarinnar. Að vísu er í umræddu viðtali haft eftir Kristjáni Ragnarssyni, formanni LÍÚ, að útgerðarmenn ættu í flestum tilfellum að geta sætt sig við þær brtt. sem fram væru komnar á frv. sjálfu — ég undirstrika: á frv. sjálfu. „Hins vegar", og vitna ég þar í ummæli formanns LÍÚ, „andmæltu þeir hugmyndum um breytingar á Úreldingarsjóði eða Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Kristján sagði að útvegsmenn teldu að kvótakerfið sem slíkt dygði til að stuðla að fækkun fiskiskipa og aukinni hagkvæmni í útgerð. Því væri þessum sjóði í raun ofaukið."

Þetta er náttúrlega mjög þýðingarmikil yfirlýsing af hálfu þessa forustumanns útgerðar á Íslandi og gefur mjög skýra ábendingu um það að auðvitað á að vísa báðum frv. og málinu í heild til samráðsnefndarinnar til frekari umfjöllunar, eins og við höfum lagt til.

Ég vil, virðulegi forseti, að lokum segja varðandi það atriði sem hv. 5. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson telur að fullnægi sjónarmiði hans til þess að hann geti stutt þessi frv., þ.e. um vald ráðherra og ráðuneytis varðandi framkvæmd laganna og viðurlög, að ég er ekki sammála sjónarmiði hv. þm. Þó að hann hafi fengið það samþykkt að setja eigi á laggirnar einhverja nefnd sem eigi að fjalla um þessi atriði þá eru önnur atriði sem eru það þýðingarmikil að þó að þetta skipti miklu máli þá dugar það eitt út af fyrir sig ekki til þess að réttlæta svona veigamikla breytingu sem felur það raunverulega í sér að hagsmunaaðilum er meinað að fjalla um þessi frv. með þeim hætti sem æskilegt er ef þessu er ekki öllu vísað til samráðsnefndar.

Í sambandi við svokallað ofurvald ráðuneytisins, þ.e. sjútvrn., þá hefur hæstv. sjútvrh. viðurkennt það m.a. með því að samþykkja að þessi nefnd verði sett á laggirnar, sem fullnægir kröfum hv. þm. Guðmundar Ágústssonar varðandi þetta mál, að það hefur ekki komið skýrt fram hjá þessum aðilum með hvaða hætti þeir ætla að nálgast það að breyta þessum áhersluatriðum frv. Eins og við vitum þá er um að ræða, ég vil ekki kalla það vald ráðuneytisins, öllu heldur afskipti ráðuneytisins, sem geta að vísu leitt til þess að við ákveðnar aðstæður er gripið til þess valds sem við teljum margir hverjir óæskilegt að sé í einu og sama ráðuneytinu. Í því felst ekki neitt vantraust á hæstv. ráðherra í sambandi við afskipti af þeim málum heldur teljum við það stjórnskipulega óæskilegt hver svo sem er ráðherra. Það eru þessi atriði sem við viljum að séu tekin til alvarlegrar endurskoðunar og þau verði þá færð til í stjórnsýslukerfinu eftir því sem við á þegar maður hefur það í huga að í sambandi við upptöku ólöglegs sjávarafla eru verkefni sjútvrn. m.a. fólgin í eftirfarandi og ef maður tekur frv. eins og þau liggja fyrir og skoðar síðan þau tengsl sem hugsanlega geta komið upp og menn gætu freistast til þess að tengja saman:

1. Ráðuneytið ákveður heildarafla, gefur út veiðileyfi og úthlutar veiðiheimildum til einstakra skipa. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna að nánari reglur þurfi um þessi verkefni en koma fram í frv.

2. Ráðuneytið annast eftirlit með framkvæmd laganna og ræður til þess sérstaka eftirlitsmenn sem hafa mjög víðtækt vald, nokkurs konar lögregluvald. Þetta þyrfti einnig að skoðast enn betur.

3. Ráðuneytið leggur á sérstakt veiðieftirlitsgjald sem skal standa undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

4. Ráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða og ákveður upptöku hans. Ráðuneytið úrskurðar og um andvirði hins ólöglega sjávarafla. Þessar aðgerðir eru í eðli sínu refsingar og því ígildi dómsathafna að mati okkar sjálfstæðismanna.

Samkvæmt því sem að framan greinir hefur sjútvrn. mjög mikið vald til að setja efnisreglur um stjórn fiskveiða innan ramma laganna. Ráðuneytið hefur einnig lögregluvald, það hefur vald til ákveðinnar skattlagningar, það hefur rannsóknarvald, saksóknarvald og dómsvald. Þetta er í hnotskurn eins og lesa má út úr frv. og þeirri framkvæmd þessara mála sem hefur verið allar götur síðan 1984. Það er mjög þýðingarmikið að þetta sé tekið til meðferðar og þessu verði breytt þannig að þarna eigi sér stað ákveðinn aðskilnaður sem tryggi að þetta sé ekki allt á einni og sömu hendinni. En ég vil taka það fram að þetta er ekki sagt vegna þess manns sem núna skipar stöðu sjútvrh. heldur sem ákveðnar grundvallarforsendur fyrir því að þess sé gætt sem skyldi að staða málsaðila sé tryggð sem best.

Það er mat okkar sjálfstæðismanna að með tilliti til þess að núgildandi löggjöf rennur ekki úr gildi fyrr en um næstu áramót þá sé nægur tími til stefnu til þess að vanda málsmeðferð og gefa öllum aðilum kost á ítarlegri umfjöllun, sérstaklega í ljósi þeirra brtt. sem svokölluð ráðherranefnd tók sig saman um og sem hafa raunverulega gerbreytt öllum forsendum frv. til laga um fiskveiðistjórnun. Það er mjög skýrt afmörkuð stefna Sjálfstfl. í sambandi við fiskveiðistjórnun. Flokkurinn vill styðja skipan fiskveiðistjórnunar með framsölu á aflaheimildum þar til ákveðið jafnvægi hefur fengist milli sóknar fiskiskipa og afrakstursgetu fiskstofna. En þegar því marki verður náð þá er það okkar skoðun að ákveða þurfi að nýju skipan þessara mála. Það er einnig skoðun okkar að engin önnur leið sé fær í þessum efnum sem fullnægt getur þeim höfuðskilyrðum að tryggja sem best athafnafrelsi þeirra sem í sjávarútvegi standa jafnframt því sem fiskstofnarnir eru verndaðir fyrir ofveiði og stuðlað að sem mestri hagkvæmni í veiðum. Þessi grundvallarstefna okkar sjálfstæðismanna hefur legið fyrir þó að einstök framkvæmdaatriði kunni að hafa verið

álitaefni af okkar hálfu eins og annarra, eins og fram hefur komið hér í ræðum okkar sjálfstæðismanna í sambandi við afgreiðslu þessa frv.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég að það komi skýrt fram að af hálfu sjálfstæðismanna var ákveðinn vilji fyrir því að reyna að leysa hið vandasama mál sem felst í því að ákveða lög um stjórnun fiskveiða fyrir næstu ár. Það var ákveðinn jákvæður vilji til að leysa það í stórum dráttum á grundvelli frv. til laga um fiskveiðistefnu eins og það birtist deildinni hér í sinni upprunalegu mynd.

Hæstv. sjútvrh. kaus að leita annarra leiða í sambandi við það að tryggja framgang þeirra meginsjónarmiða sem fólust í frv. Því miður verð ég að segja það að í þeim efnum féll hann fyrir þeirri freistingu, sem sjaldan kemur nú fyrir þann mann, þ.e. hæstv. sjútvrh., að hann fór í hrossakaup við oddamenn annarra flokka sem styðja þessa ríkisstjórn. Þau hrossakaup hafa því miður leitt til þess að þeim grundvallarsjónarmiðum, sem við hefðum talið æskilegt að væru í heiðri höfð, var varpað fyrir róða með þeim alvarlegu afleiðingum sem bæði frv. fela í sér. Þessi frv., ef afgreidd verða, fela í sér aukin ríkisafskipti á sama tíma og það grundvallarprinsipp er viðurkennt að til greina komi, og meira en að til greina komi, að upp hefjist svokölluð auðlindaskattheimta á sjávarútveginn. Formælendur auðlindaskatts hafa þegar lýst yfir ánægju sinni yfir þessum áfangasigri að þeirra mati. En í fáum orðum má segja að auðlindaskattsleiðin feli í sér þegar upp er staðið meiri ríkisafskipti en kerfi framseljanlegra aflaheimilda. Þetta vil ég undirstrika alveg sérstaklega. Þess vegna er það mjög eðlilegt að hér á hinu háa Alþingi og nú í þessari deild sé tekist hart á um þær grundvallarbreytingar sem nú eiga sér stað þótt í smáum stíl séu.

Í tengslum við þetta á síðan að stofna nýjan sjóð þar sem sköpuð eru skilyrði fyrir stjórnmálamenn og embættismenn að vera með geðþóttaúthlutanir í sambandi við fiskveiðikvótann. Slíkt fyrirkomulag vinnur gegn hagræðingarsjónarmiði eðlilegrar fiskveiðistjórnunar. Sú leið opnar gáttir fyrir mismunun og pólitíska spillingu. Gegn því berjumst við sjálfstæðismenn.

Ég vil svo, virðulegi forseti, ljúka mínu máli og ítreka þá skoðun okkar sjálfstæðismanna að frv. eigi að vísa til samráðsnefndar til frekari skoðunar með hliðsjón af þeim grundvallarbreytingum sem hafa orðið á frv. frá því að það var afgreitt út úr nefndinni.

Frsm. 5. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég hef lofað — þá er hæstv. menntmrh. mættur. Ég ætlaði að fara að segja það að ég hefði lofað hæstv. menntmrh. því að ég skyldi ekki halda hér ræðu mína um þetta mál öðruvísi en hann væri viðstaddur. Ég sé að hann er kominn hér. (Gripið fram í.) Ég hef alveg beint samband við hæstv. menntmrh. hér úr ræðustólnum.

Í umræðunum hér um áramótin 1987/1988 sagði ég að ég teldi að dómurinn um þá fiskveiðistefnu sem við höfðum búið við þá í þrjú ár og var verið þá að samþykkja til þriggja ára mundi verða sá að þar hefðu átt sér stað mikil mistök þegar sú leið var valin að afhenda útgerð umráðarétt yfir fiskveiðiréttindunum og ég er enn sömu skoðunar þó að nú eigi enn að fara að framlengja þetta kerfi, sem betur fer ekki til neins ákveðins árafjölda heldur ótímabundið. Ég undirstrika það að ég lít svo á að þegar verið er að samþykkja þetta ótímabundið þá séum við að samþykkja það til þess að við getum breytt fiskveiðistjórnarlögunum hvenær sem við viljum. Um leið og búið er að gera þau að venjulegum lögum er hægt að breyta þeim með einfaldri samþykkt Alþingis. Við þurfum ekki að bíða eftir neinum ákveðnum gildistíma laganna, og við þurfum reyndar aldrei að gera það, en menn voru með hugann við fyrri lög á þann veg að menn töldu að þau hefðu verið samþykkt til þess að gilda í þrjú ár. M.a. vegna þess tel ég að ekki hafi komið til þess á tímabilinu að þeim yrði breytt þó að þeir, sem með stjórn þessara mála hafa farið á liðnum árum, kannski fyrst og fremst liðnum missirum, fyndu fyrir því að kerfið hafði bilað og skilaði ekki því sem þeir höfðu ætlast til og á því voru ýmsir vankantar sem nauðsynlegt var að breyta til þess að það væri nú ekki enn þá verra en það var raunverulega, þ.e. svokallaður sóknarmarkshluti kerfisins var farinn að virka alveg öfugt við það sem tilætlunin með kerfinu var.

Undirbúningur að framlagningu þessa frv., sem hér er verið að fjalla um, er búinn að vera ærið langur. Sett var á stofn samráðsnefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna og ýmissa aðila sem kallaðir voru hagsmunaaðilar, voru það og eru, og margir fundir haldnir í þeirri nefnd til undirbúnings frv. sem við erum að fjalla hér um. Svo virtist á tímabili, eða ráðuneytið gaf það út, að mikil samstaða væri í þessari nefnd um það að skila sameiginlegu áliti. Þegar hinir svokölluðu starfshópar úr þessum nefndum skiluðu áliti á sl. hausti var mikið af því látið að um málið væri ein allsherjarsamstaða. Það gerðist m.a. vegna þess að meiri hlutarnir í hópunum, sem voru stundum fulltrúar úr ráðuneytinu og framámenn ýmissa hagsmunahópa, skiluðu yfirleitt áliti á þann veg að menn vildu halda þessu kerfi áfram eða byggja á því í aðalatriðum. Sjónarmið okkar sem vorum þar í minni hluta voru talin, ég vil nú ekki segja að þau hafi verið talin það lítilsigld, heldur létu svo fáir aðilar að sér kveða þar að hitt var talið yfirgnæfandi.

Ég benti á það einmitt í umræðum um þetta að hlutirnir væru nú ekki svona einfaldir heldur væri greinilegt að bæði í ráðgjafarnefndinni og úti í þjóðfélaginu væri mikil umræða á annan veg en þann að framlengja þá fiskveiðistefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum. Sú varð raunin að þegar til þess kom að ráðgjafarnefndin skilaði af sér í janúar sl. skilaði meiri hluti aðila, mætti segja, sérálitum, sérálitum sem voru afgerandi á þann hátt að þau voru með beinar tillögur um það að breyta þessu kerfi. Frv. var síðan lagt hér fyrir hv. Alþingi 15. febr. sl. og

fyrsti fundur í sjútvn. deildarinnar þar sem fjallað var um frv. var 23. febr. Þann sama dag mun hafa verið mælt fyrir frv. hér í hv. deild og 1. umr. átti sér stað þá á sérstökum tímapunkti hér í hv. deild rétt ... (Gripið fram í.) Menntmrh. hefur sagt að hann muni láta slag standa með það að fara héðan svona í 10 mínútur, missa þann hluta úr ræðunni og hann biður bara hv. deildarþingmenn að fylgjast vel með þannig að ég sé ekki að segja eitthvað sem ekki falli saman við fyrrverandi og núverandi stefnu Alþb. í þessum málum. (**HBl:** Ólafur kemur nú í staðinn Ragnar. Þú sérð að hann passaði upp á.) Það er kannski ekki alveg sama hvort það er Ólafur Ragnar, hæstv. fjmrh., eða hvort það er hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson. Við höfum nú heyrt það að þeir hafa svolítið breytilegar skoðanir á ýmsum hlutum. Annar þeirra styður ákveðið G-listann en hinn svona kannski og kannski ekki hér í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Bæði og.) Já. Þó að Ólafur telji allt gott og gilt sem ég segi getur verið að menntmrh. finnist nauðsynlegt að fylgjast með því og gagnrýna það. (**Gripið fram í:** Er ástandið svona í flokknum?) Svona er ástandið í flokknum. (**HBl:** Það er gott að Ólafur Ragnar er kominn, hæstv. fjmrh.) Það er mjög gott. Ég er ánægður yfir því að hafa mína ráðherra, sem ég kalla svo, hér í þingsalnum meðan ég held ræðuna. (Gripið fram í.) Já. Þó að ég beri nú mikla respekt fyrir hæstv. umhvrh. Júlíusi Sólnes, þá er ég nú ekki farinn að kalla hann „minn ráðherra". (**Umhvrh.:** Það kemur seinna.) Það gæti komið einhvern tíma seinna, já.

Ég var að skýra frá því að þegar 1. umr. um þetta frv. fór fram hér í hv. deild var það eins og oft hefur komið fyrir áður að tíminn var nokkuð takmarkaður. Þetta mun hafa verið síðasti fundur deildarinnar fyrir Norðurlandaráðsfund og þinghlé. Og það varð þess valdandi að ekki nema sumir af hv. þm. í deildinni sem ætluðu sér að fjalla um frv. gerðu það og það var, að mínu mati, og ég held að ég hafi nokkra vissu fyrir því að ég sé að fara þar með rétt mál, vegna ákveðinna óska stjórnenda þingsins og jafnvel ríkisstjórnarinnar um að umræðan yrði sem styst þannig að hægt væri að ganga frá málinu á þessum knappa fundartíma sem var til ráðstöfunar. Ég undirstrika það hins vegar að í ráðgjafarnefndinni var það samhljóða álit að nauðsynlegt væri að vinna þetta mál á þann hátt að það yrði afgreitt hér af hv. Alþingi fyrir þinglok og sumir hverjir í nefndinni voru óánægðir yfir því að ekki skyldi hafa unnist tími til þess að afgreiða málið í desember. Það fuku jafnvel nokkuð stór orð út í þá tillögu hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar þegar hann stakk upp á því á fundi rétt fyrir jól að þessu máli yrði frestað yfir áramótin sem var þó raunin á að gert var. Og eins og ég sagði áðan hafðist það að ljúka málinu í janúar og ég held að það hafi verið, ég held að ég fari þar með rétt mál, 23. jan. sem það var afgreitt út úr nefndinni, þ.e. mánuði áður en 1. umr. fór hér fram í hv. deild. Þá voru allir mjög hvetjandi þess að nú yrði tekið til við að ræða málið hér á hv. Alþingi til þess að báðar deildir hv. Alþingis fengju nægan tíma til að fjalla um málið. Ég er alveg viss um það að allir nefndarmenn gengu út frá því sem vísum og öruggum hlut að það kæmi aldrei til að önnur deild þingsins, við vissum nú ekki þá fyrir hvora deildina þetta yrði lagt, í þessu tilfelli Nd., stæði jafnvel frammi fyrir því að hafa þetta mál til umfjöllunar kannski aðeins í tvo daga, þetta mikilsverða mál sem talið var nauðsynlegt að fjalla um á vettvangi stjórnmálaflokkanna og á vettvangi svokallaðra hagsmunaaðila í marga mánuði að önnur deild Alþingis fengi ekki nema tveggja daga tíma til þess að fjalla um þetta mikilsverða mál. Ég er alveg viss um að ef ég hefði sagt það að ég þekkti nú vinnubrögðin á þann veg að þessu máli hefði alltaf verið ýtt undan og það hefði verið talin óskastaða að leysa þetta mál á einhverri ögurstund hefðu menn ekki talið mig fara þar með rétt mál. Það gæti ekki verið að stjórn þingsins og ráðuneytisins væri á þann veg að málinu yrði haldið hér inni í sjútvn. Ed. allar götur frá 23. febr. til 2. maí. (Gripið fram í.) Ja, þetta mun hafa verið 30. apríl sem það var tekið út úr nefndinni, til 30. apríl. En þetta er raunin.

Mér þykir mjög miður að slíkt skuli hafa skeð vegna þess að, eins og ég hef sagt áður, ég veit að almenningur í landinu ætlaðist til þess að hv. Alþingi hefði tíma og aðstöðu til að skoða þetta frv. mjög rækilega og að hv. þm. veltu ýmsum möguleikum fyrir sér og reyndu að komast að breiðu samkomulagi um lausn þessa máls. Sú hefur því miður ekki orðið raunin á.

14. mars var byrjað að ræða frv. á sameiginlegum fundum beggja deilda og voru haldnir sjö sameiginlegir fundir. Á þeim fundum var fyrst og fremst rætt við svokallaða hagsmunaaðila sem flestir höfðu verið þátttakendur í ráðgjafarnefndinni sem fjallaði um frv. á undirbúningsstigi. 9. apríl var svo farið að skoða frv. í sjútvn. Ed. Tólf fundir hafa verið haldnir í þeirri virðulegu nefnd. Frv. var yfirfarið rækilega og nefndarmenn gerðu grein fyrir skoðunum sínum á frv. og einnig stefnu flokka sinna í málinu. Ég undirstrika það sérstaklega að farið var sérstaklega vel yfir frv. sjálft eftir að hætt var að fjalla um málið á sameiginlegum fundum. Formaður nefndarinnar stjórnaði því verki mjög vel og í annan tíma hef ég ekki verið viðstaddur umfjöllun um frv. sem hefur verið rækilegar og betur yfirfarið en þetta frv. var yfirfarið í nefndinni. Og eins og ég sagði tíunduðu menn skoðanir sínar og það kom greinilega í ljós að mikill ágreiningur var um málið og það vissu það svo sem allir við upphaf umræðnanna. Það var bæði ágreiningur innan nefndarinnar og það var vitað líka að viss ágreiningur var í sumum flokkum a.m.k. En það virtist, og það segi ég, vera á þann hátt að ríkisstjórnin sem þetta frv. kom frá — þetta var stjfrv. þó að það hefði verið á þann veg að sumir flokkar a.m.k. eins og t.d. Alþb. lýstu ekki yfir beinum stuðningi við frv. heldur lýstu því yfir að heimilt væri að leggja það fram en allir þingmenn flokksins hefðu og mundu ef þannig lægi fyrir flytja brtt. og styðja brtt. og í grundvallaratriðum væri flokkurinn ekki

sammála ýmsum höfuðatriðum í frv. Á þessum fundum var ekki, þótt stjórn hv. þm. Stefáns Guðmundssonar hafi verið góð á nefndafundunum, gerð nein tilraun til að samræma sjónarmið innan nefndarinnar. Það gerðist ekkert í því máli. Við flettum frv. og skoðuðum það allar götur til 21. apríl. Þá voru liðnir nærri tveir mánuðir frá því að frv. var lagt fram í deildinni og við stóðum að mörgu leyti í sömu sporum og þegar við fjölluðum um málið hér í hv. deild 23. febr.

Þá gerðist það allt í einu að haldinn er fundur — ja, það er kannski ekki rétt að segja allt í einu, það höfðu gerst smáhlutir á undan. Við fréttum af því, nefndarmenn í sjútvn., að kallaður hefði verið saman fundur ráðherra og þar hefðu mætt líka tveir stjórnarþingmenn, hv. þm. Stefán Guðmundsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson, þ.e. formenn úr sjávarútvegsnefndunum. Þetta var á þeim tíma sem málið var í höndum sjútvn. Ed. þannig að okkur fannst þetta svolítið skrýtin vinnubrögð, að allt í einu væru hafnir samráðsfundir til hliðar við nefndina á þennan hátt, en formaður okkar bætti fljótt úr því með þessum fundi sem ég var að nefna hér áðan, 21. apríl. Hann gekkst fyrir því að slíkur fundur yrði haldinn í góðu samkomulagi við okkur hina stjórnarsinnana í nefndinni. Og þá gerist það, eins og reyndar er komið fram hér í umræðunni áður og hv. 3. þm. Vestf. benti á, að fram koma tillögur frá aðilum ríkisstjórnarinnar sem voru á þann hátt að þar var ekki verið að breyta orðalagi eða fullkomna aflamarkskerfið eða setja upp einhverjar girðingar við það að sala á óveiddum fiski yrði eitthvað pínulítið heft, heldur voru það hreinar grundvallarbreytingar á fiskveiðistefnunni. Það var sem sagt lagt til að tekinn yrði ákveðinn hluti af því aflamarki sem leyft yrði að veiða og settur á uppboð og tekinn af honum auðlindaskattur. Við fengum síðan í framhaldi af þessu að sjá plögg sem staðfestu það að einn af stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar bar þessa stefnubreytingu sérstaklega fyrir brjósti, þ.e. Alþfl. Ég þarf svo sem ekki að fjalla mikið meira um það vegna þess að hv. 3. þm. Vestf. útskýrði það allrækilega hér í ræðu sinni áðan og eins hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson.

En þarna voru allt í einu komnar tillögur og nú var allt í einu kominn tími til þess að fara að ræða þetta mikilsverða mál, ekki á þeim grunni sem gert var ráð fyrir í ýmsum samþykktum sem komið höfðu fram bæði í bókunum í ráðgjafarnefndinni og ýmsum umsögnum sem nefndin hafði fengið um að það þyrfti að breyta frv. á þann veg að byggðirnar nytu meira öryggis í sambandi við úthlutun aflamarks og það höfðu líka komið beinar tillögur um það að fiskvinnslufólkið, fiskvinnslustöðvarnar, nyti þar einhvers réttar. Nei, það var ekki tekið undir þessar hugmyndir, heldur var nú allt í einu tekið undir þær hugmyndir sem ég var að nefna áðan, að taka einhvern hluta af aflamarkinu, aflaheimildunum og úthluta þeim á grunni uppboðs eða með því þar með að taka beint gjald fyrir það, fyrsta skrefið til auðlindaskatts.

Það voru að koma ýmsar bókanir. Við fórum að sjá tillögur, eins og ég nefndi. Ég held að rétt sé að ég lofi hv. þm. að heyra fyrstu tillögurnar sem komu fram í sambandi við breytingarnar á frv. af því að þessi dagur og dagsetning hefur verið mönnum nokkuð töm til umræðu. Það sé rétt að heyra hverjar þær tillögur voru sem voru lagðar fyrir þennan sameiginlega fund ráðherranna og fulltrúa stjórnarflokkanna í sjútvn. Ed. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þessar hugmyndir, sem kallaðar voru, um stjórn fiskveiða, Hugmyndir til að samræma sjónarmið, Drög 21.4.1990, með leyfi forseta. Textinn heitir „Byggðamál og leiga veiðiheimilda":

„Fram hafa komið sjónarmið um að enda þótt nauðsynlegt sé að tryggja möguleika á þróun í útgerð og fiskvinnslu beri að taka í meira mæli en gert hefur verið tillit til hagsmuna einstakra útgerðarstaða sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti. Í frv. er komið til móts við þessi sjónarmið með því að kveða á um tilkynningarskyldu við sölu á skipi eða veiðiheimildum. Hugmyndir um forkaupsrétt við sölu skips úr byggðarlagi virðast ekki geta náð tilgangi sínum vegna þess hversu auðvelt er að sniðganga þær. Sama á við um hugmyndir um að ákveðinn hluti veiðiheimilda verði eftir við sölu skips úr byggðarlagi. Lagt er til að Úreldingarsjóður verði efldur og honum ætlað stærra hlutverk en gert er í því frv. sem nú er til umfjöllunar í Ed., m.a. varðandi byggðamál. Sjóðnum verði árlega fengnar til ráðstöfunar aflaheimildir er nema helmingi þeirra aflaheimilda sem nýttust árið á undan vegna skerðingar á aflamarki við ísfisksútflutning. Verði verulegt atvinnuleysi í byggðarlagi vegna sölu fiskiskipa milli útgerðarstaða er stjórn sjóðsins að fenginni umsögn stjórnar Byggðastofnunar heimilt að bjóða til leigu hluta þessara veiðiheimilda gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu á viðkomandi stað. Er í þessum tilvikum heimilt að víkja frá ákvæðum 7. gr. frv. um Úreldingarsjóð varðandi verðlagningu veiðiheimilda sé þess þörf. Þær aflaheimildir sem ekki verður ráðstafað til að mæta staðbundnum vandamálum með ofangreindum hætti skal stjórn sjóðsins leigja hæstbjóðanda samkvæmt reglum 2. mgr. 7. gr. úreldingarsjóðsfrv. Þessar ráðstafanir verða gerðar með breytingum á frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa."

Hér með hef ég lesið 1. liðinn í þessum hugmyndum og þarna er fyrsta kveikjan að þessum áfanga á sölu veiðileyfa sýnd. Hún er tengd því að nota Úreldingarsjóðinn sem einhvern björgunarsjóð þegar að því kæmi að farið yrði að finna fyrir kerfinu, það væri farið að virka á þann hátt að byggðirnar stæðu uppi án nokkurs aflaréttar, þ.e. kvótalausar.

Það er svolítið skemmtileg setning í þessu í sambandi við það sem síðar kom fram. Það er sagt að „hugmyndir um forkaupsrétt við sölu skips úr byggðarlagi virðist ekki geta náð tilgangi sínum vegna þess hversu auðvelt er að sniðganga þær". Núna er aftur á móti sagt að forkaupsréttur sveitarfélaga á skipum sé hið mesta byggðamál og meira að segja er það

rökstutt á þann veg að með því sé verið að verða við óskum Alþb. um byggðakvóta. Í þessu plaggi hér er því lýst yfir að forkaupsrétturinn sé tiltölulega gagnslaus, en nú er sagt, þegar verið er að mæla fyrir ágæti breytingartillagnanna, að forkaupsrétturinn sé hluti af byggðakvótaóskum Alþb. Ég vil nú frekar taka trúanlega þá setningu sem stendur hér og kom í upphafi inn í þessar umræður en þær fullyrðingar sem ýmsir hafa verið að halda fram um það að ákvæðið um forkaupsrétt sveitarfélaga komi að nokkru gagni til þess að halda fiskveiðikvóta í byggðarlögunum. En ég kem nú að því máli síðar í ræðu minni.

Önnur setning er sérstök hér og hún mun lifa að einhverju leyti enn þá. Hún er um þann fisk sem til sjóðsins skuli ráðstafað og hljóðar þannig í þessari grein: „Sjóðnum verði árlega fengnar til ráðstöfunar aflaheimildir er nema helmingi þeirra aflaheimilda sem ekki nýttust árið á undan vegna skerðingar á aflamarki við ísfisksútflutning.“ Við sem höfum rætt þessi mál við öll kvótafrv. höfum gengið út frá því sem vísu að skerðingin á ísfisksútflutningnum sé ekki í eðli sínu skerðing á kvóta, hún sé fyrst og fremst viðurkenning á rýrnun í sambandi við útflutning á ísfiski, fyrst og fremst slík viðurkenning. Og ef á nú að fara að taka rýrnunina, þetta er góð hagfræði og gengur kannski vel upp þegar á að fara að gylla hlutina fyrir mönnum, og gera hana að stofni til úthlutunar, ja, það getur vel verið að það sé hægt að segja fólki að þetta sé mögulegt. Og það er vitaskuld alltaf hægt að búa til einhverjar tölur. En þetta er ekkert annað en blekking. Sá kvóti sem tekinn verður til þessara hluta orsakast ekki af þessu heldur verður hann tekinn frá einhverjum öðrum. Það getur ekki gerst öðruvísi vegna þess að hér er ekki um neinn eðlilegan kvóta að ræða heldur eins og ég sagði áðan, hér er fyrst og fremst verið að taka mið af því hvað fiskurinn rýrnar í flutningum og það er eðlilegt að skerða viðkomandi skip um þetta kvótahlutfall vegna útflutnings á ísfiski.

Í þessari grein er líka farið að ýja að því að nota Úreldingarsjóðinn og þennan rýrnunarfisk til að úthluta til byggðarlaga sem af einhverjum ástæðum hafa ekki nægilegan fisk til vinnslu, kvóti þeirra hefur minnkað.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, með leyfi að lesa áfram. Þá er það annar liður:

„Tómstundaveiðileyfi. Lagt er til að skilyrðum frv. til að fá leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni verði haldið óbreyttum sem og skilgreiningu á veiðum í atvinnuskyni og tómstundaveiðum en niður verði fellt ákvæðið um að sérstakt leyfi þurfi til að stunda tómstundaveiðar.“

Í þessum punkti kom fram tillaga sem meginhluti nefndarnanna var sammála um. Þarna er lagt til að felld verði niður sú merkilega klásúla í frv. að hver sá sem léti sér detta í hug að skjótast fram á skemmtibát eða öðru til, ja, jafnvel sjóstangaveiða, eða hvað annað, þyrfti til þess sérstakt leyfi ráðuneytisins og að þessi hluti hafi ekki verið gagnrýndur og yfirleitt hafi menn tekið undir það að nóg sé nú miðstýringin og stjórnunin þó að menn þurfi ekki að sækja um leyfi til þess að iðka tómstundir sínar.

Þá er það þriðji liðurinn, virðulegi forseti.

„Framkvæmd. Þær miklu breytingar sem orðið hafa á útgerðarháttum og stjórn fiskveiða á undanförnum árum hafa stóraukið þau verkefni sem stjórnsýslunni er falið að leysa á sviði upplýsingaöflunar og úrvinnslu, eftirlits og stjórnunar. Þessi verkefni hafa verið leyst af þeim stofnunum sem fyrir voru án verulegra breytinga á mannafla eða tilkostnaði. Enda þótt þessi lausn hafi verið skynsamleg og sé tvímælalaust ódýrust er ljóst að æskilegt er að gera ýmsar endurbætur á skipulagi stjórnsýslu á sjávarútvegssviðinu. Hins vegar hafa allar slíkar breytingar óhjákvæmilega nokkurn kostnaðarauka í för með sér. Í tengslum við umfjöllun um frv. um stjórn fiskveiða hafa einkum þrjár hugmyndir í þessu efni verið ræddar.“

Hér er líka verið að nefna í fyrsta skipti frá hendi ríkisstjórnar tillögur um breytingar á stjórnsýslunni og nefndir hér á eftir þættir sem til greina kæmi frá hendi stjórnsýslunnar að breyta í tengslum við eða í framhaldi af samþykkt frv. Þá er það þeir punktar, virðulegi forseti:

„1. Að sett verði á fót sérstök stofnun er annist m.a. útgáfu veiðileyfa, öflun og skráningu upplýsinga, almennt veiðieftirlit og úrskurði um upptöku ólöglegs sjávarafla. Stofnun þessi (Fiskveiðistofnun) taki við hlutverki veiðieftirlits sjútvrn., hluta af öðrum verkefnum ráðuneytisins, skýrslusöfnun og úrvinnslu Fiskifélags Íslands, rekstri tölvumiðstöðvar Hafrannsóknastofnunar og skráningu og vinnslu ýmissa gagna er nú á sér stað á Hafrannsóknastofnun. Störf við stofnunina yrðu nálægt 35–40. Frá ráðuneyti flyttust 2–4 starfsmenn og 21 veiðieftirlitsmaður, frá Fiskifélagi flyttust 3–5 starfsmenn og frá Hafrannsóknastofnun 2–4 starfsmenn. Bæta þyrfti við 5–10 nýjum stöðugildum. Sé talið rétt að fara þessa leið má kveða á um það í III. kafla frv. um stjórn fiskveiða.“

Hér koma fram allmerkilegar tillögur sem ég held að sé rétt að vekja svolitla athygli á. Það er í fyrsta lagi að þarna er lagt til að koma á fót stofnun sem í einu og öllu á að annast það verkefni sem sjútvrn. hefur gert á undanförnum árum og margir hafa talið vera of viðamikið í höndum eins ráðuneytis og of margþætt. Það er lagt til að stofnunin annist útgáfu veiðileyfa, öflun og skráningu upplýsinga og almennt veiðieftirlit og úrskurði um upptöku ólöglegs sjávarafla. Það er komið allt saman á eina hendi. En þessu fylgir nokkuð. Það er ekki nóg að þetta verði tekið út úr sjútvrn., heldur þarf að gera nokkuð meira. Það er sagt að það eigi að taka við hlutverki sjútvrn., hluta af hlutverki veiðieftirlits sjútvrn., hluta af öðrum verkefnum ráðuneytisins, skýrslusöfnun og úrvinnslu Fiskifélags Íslands. Þetta hef ég nú ekki séð á prenti eða nefnt fyrr.

Hér er sem sagt farið að hugleiða það að leggja niður Fiskifélag Íslands, grunninn undir starfsemi þess og færa það í einhverja allsherjar fiskveiðistofnun sem yrði búin til, eins og hér er lagt til, við hliðina

á sjútvrn. Og ekki nóg með það heldur er lagt til að það skuli dregið svolítið úr starfsemi Hafrannsóknastofnunar og ákveðinn hluti þeirrar stofnunar færður til þessarar nýju stofnunar sem ráðuneytið var að hugsa sér að búa til. Og til þess að mönnum lítist nú ekki vel á þetta, því að margir eru á móti því að leggja niður Fiskifélag Íslands og margir vilja ekki veikja starfsemi Hafrannsóknastofnunar og flestir eru á því að báknið sé nógu stórt og flestir eru á því að ekki eigi að fjölga mjög starfsfólki á þessu sviði nema til þess sé þá brýn þörf, þá er dæmið sett upp á þann máta að jafnvel þó að teknir séu menn frá Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi og allir starfsmenn sem starfa að þessu í sjútvrn., þá þyrfti samt að bæta 5–10 starfsmönnum við. Vitaskuld er verið að setja þarna upp mynd af dýru kerfi þannig að hv. þingmenn verði hræddir við það að breyta einhverju og hugsi að það sé best að hafa þetta allt óbreytt eins og það er. Sama miðstýrða kerfið inni í ráðuneytinu.

Þetta voru samt merkilegar tillögur og segja nokkuð frá hugrenningum þeirra sem stjórna í sjútvrn. ef svo skyldi fara að þingmenn og almenningsvilji í landinu mundi þrýsta á sjútvrn. á þann veg að það yrði að sleppa einhverju af þessu miðstýringarvaldi sínu.

Þá kemur að b-lið í þessari upptalningu, virðulegi forseti:

„Að endurskoða í heild lögin um upptöku ólögmæts sjávarafla. Slík endurskoðun er nokkuð tímafrek og því óraunhæft að ætla að afgreiða ný lagaákvæði um þetta efni í heild sinni á þessu þingi. Í tengslum við afgreiðslu frv. um stjórn fiskveiða gæti sjútvrh. hins vegar lýst því yfir að frv. um þetta efni verði lagt fyrir Alþingi þegar á næsta hausti."

Um þennan þátt þarf að vísu ekki að fjölyrða. Þetta er góð yfirlýsing og þessi yfirlýsing hefur haldið áfram í því samningamakki sem ráðherrarnir hafa verið í og skiluðu af sér inn í sjútvn. sem brtt. nú fyrir helgina. (**HBl:** Og þoldi ekki dagsins ljós.) Ekki nema sumt af því. Ég held að almennt séu menn á því að lögin frá 1976, um upptöku sjávarafla, séu á þann hátt að nauðsynlegt sé að endurskoða þau. Og eftir því sem ég hef heyrt mun hv. þm. Guðmundur Ágústsson, formaður þingflokks Borgfl., hafa fengið þá yfirlýsingu frá ríkisstjórnaraðilum að skipuð verði nefnd virtra lögfræðinga til þessara starfa. Tel ég það hið besta mál og þetta mál þá væntanlega komið í þá höfn að við fáum frv. og síðan væntanlega lög á næsta hausti, ný lög um upptöku ólöglegs sjávarafla sem við margir hverjir teljum mjög nauðsynlegt og hér er sem sagt viðurkennt af ráðuneytinu. Þá kemur c-liður, virðulegi forseti:

„Að kveða á um að úrskurðir um upptöku á ólögmætum sjávarafla skuli uppkveðnir af þriggja manna nefnd er sjútvrh. skipi og að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslukerfisins. Sjútvrn. annist áfram eftirlit og geri kröfur um upptöku til nefndarinnar. Ákvæði um slíka nefnd mætti hugsanlega stinga inn í III. eða IV. kafla frv. um stjórn fiskveiða enda þótt slík lagasmíð sé óneitanlega mjög klúðursleg."

Ég held nú að það sem verið er að leggja til hér sé að meginhluta til allt klúðurslegt, þannig að þessi tillaga er að mínu mati, ef ég lít á þetta á jákvæðan hátt, fyrst og fremst fyrsta uppástunga um það hvernig að skuli standa. Ég tel að hér séu ekki mótaðar tillögur um þennan þátt og það þurfi að standa einhvern veginn öðruvísi að en hér er lagt til. En samt, hér er verið að viðurkenna að þeirri aðferð sem notuð hefur verið hingað til, þ.e. að þessir hlutir séu allir í höndum ráðuneytisins, þurfi að breyta, og hér eru sem sagt fyrstu tillögur, fyrsta uppástunga um það hvernig væri hægt að leysa þetta mál. En tillögu um þennan þátt er ekki að finna í brtt. sem fram hafa verið lagðar.

Þá er það fjórði liðurinn, virðulegi forseti:

„Framsal aflaheimilda. Lagt er til að framsal aflaheimilda verði háð því skilyrði að það fiskiskip sem framselt er til hafi fyrir aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Ráðherra verði heimilt að víkja frá þessu skilyrði að fenginni umsögn samráðsnefndar."

Það mun vera brtt. sem hnígur að þessu málefni í brtt. 1. minni hl. og tel ég að þarna sé frekar en hitt verið að laga frv.

Fimmti liðurinn:

„Hagkvæmnisathugun. Lagt er til að við frv. verði bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands verði falið að gera úttekt á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða og hagkvæmni þeirra. Skýrsla stofnunarinnar skal lögð fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis fyrir árslok 1991."

Um svona hugmyndir er allt gott að segja og einhver tillaga þessu lík mun vera í bráðabirgðaákvæðum í tillögum 1. minni hl. sjútvn.

Og sjötti liðurinn og síðasti í þessum hugmyndum til að samræma sjónarmið er þannig, með leyfi forseta:

„Smábátar. Lagt er til að smábátar er bætist í flotann á árinu 1990 án þess að sambærilegir bátar séu úreltir fái aflahlutdeild er svari til meðalaflahlutdeildar báta í sama stærðarflokki. Um aflahlutdeild þessara báta gilda sömu reglur og um aflahlutdeild annarra skipa að öðru leyti en því að framsal hennar er óheimil í fimm ár frá gildistöku laganna með sama hætti og varðar framsal aflahlutdeildar stærri skipa sem rekja má til uppbótar, sbr. 4. mgr. 11. gr. Aflahlutdeild þeirra báta teljist ekki með við ákvörðun aflahlutdeildar annarra smábáta skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II."

Þessi breyting mun líka vera í tillögum 1. minni hl. og það má segja að þetta sé fyrst og fremst útfærsla á samkomulagi sem gert var við Landssamband smábátaeigenda.

Ég taldi rétt að einmitt þetta skjal sem lagt var fram á fundinum 21. apríl kæmi hér inn í umræðuna og vildi undirstrika það að hér var ákveðið breytt um tón. Hér kom það allt í einu inn að fara að tengja samþykkt Úreldingarsjóðsins við samþykkt á stjórn fiskveiða og nota Úreldingarsjóðinn til þess að lappa upp á kerfið, beinlínis vitandi vits að kerfið gæti aldrei gengið upp á annan máta en þann að það hlytu að koma upp vandamál í sjávarþorpunum vítt um landið og það þyrfti að vera til einhver stofnun sem þá gæti bjargað,

þá gæti komið til aðstoðar á einhvern hátt. Og ég verð að segja að ekki er nú mikil reisn yfir hugmyndunum, hvorki þeirri sem hér kom fram fyrst né þeirri sem lagt er til í tillögum 1. minni hl. að notuð verði.

Það er verið að leggja til að þegar byggðarlög sem lenda í því að frá þeim er seldur kvótinn, einhver fjársterkur aðili hefur til þess möguleika að kaupa skip, kaupa kvótann úr byggðarlaginu, og skilja byggðarlagið eftir bjargarlaust, verði til einhver stóra mamma hér suður í Reykjavík sem verði tilbúin til að bjarga en bjarga á nokkuð sérstökum forsendum. Það á að meta það hvort viðkomandi byggðarlag eða viðkomandi fiskvinnslustöðvar á þessum stöðum, atvinnurekstrinn á þessum stöðum, hefur burði til þess að borga þann kvóta eða þær veiðiheimildir, það bjargræði sem má verða til þess að byggð geti haldist áfram á viðkomandi stað, einhver stofnun hér suður í Reykjavík, Byggðastofnun held ég að sé nefnd í þessu tilliti. Og ef útkoman verður nú sú að þessir vísu menn telja að þessi staður sé nú svo illa kominn, það sé farið svo illa bæði fyrir sveitarfélagi og byggðinni og atvinnutækjunum þar að það sé nú ekki annað að gera en gefa þessum fyrirtækjum aflakvóta og rétt til þess að lifa, þá verður til í pokahorninu hjá stóru mömmu suður í Reykjavík eitthvað til þess að redda þessu fólki og þeir geta fengið ákveðinn kvóta, það var talað um 6000 tonn, til ráðstöfunar á hverju ári, til þess að bjarga því að byggðin á þessum stað líði ekki undir lok. Og ef svo skyldi nú fara að það dygði ekki að gera þetta einu sinni, vegna þess að þessum aflaheimildum verður úthlutað árlega, heldur kannski tvisvar, þrisvar, fjórum sinnum, þá eru viðkomandi byggðarlög komin fullkomlega á framfæri þessarar opinberu stofnunar sem verið er að leggja til að stofna.

Afleiðingar kvótakerfisins, aflamarkskerfisins, sem enn einu sinni er verið að leggja til að framlengja, eru þannig í hugum þeirra sem eru að samþykkja það og búa til þessar reglur að þeir búast við að byggðarlögin standi uppi ekki aðeins kvótalaus, ekki aðeins aflaheimildalaus, heldur líka í þeirri stöðu að þau geti ekki keypt sér þennan rétt. Og þá kemur til kasta stóru mömmu að bjarga byggðinni. Mikið er þetta nú félagslega fallega hugsað. Og þetta er verið að segja *við fylgismenn Alþb., að þetta sé hinn mikli byggðakvóti* og ef ég leita hér að setningu hjá okkar ágæta formanni þá er sagt í sambandi við þetta, með leyfi forseta, að þessar tillögur feli sumar í sér „endanlegt og afgerandi samþykki við þau meginsjónarmið", þ.e. sjónarmið Alþb. um byggðakvóta.

Endanleg stefna Alþb. er sú í byggðakvótanum að halda gangandi byggðarlagi með gjafakvóta frá *ríkisstofnun eða einhverri stofnun hér í Reykjavík.* Slíkri útfærslu á byggðakvóta mótmæli ég persónulega og ég veit að ég er að mótmæla þar fyrir meginhluta stuðningsmanna Alþb. vítt og breitt um landið.

En það er ekki nóg með það að þannig sé að staðið og þessi kvóti, eins og ég sagði áðan, sé jafnvel hugsaður sem rýrnunarkvóti, hafi orðið til út á rýrnun, það er gott að verða ríkur af rýrnun, heldur er líka talað um það, eins og ég nefndi hér í upphafi, að það sé mjög mikill byggðakvóti að sveitarfélögin fái forkaupsrétt á þeim skipum sem selja eigi í byggðarlaginu. Það getur vel verið að formaður Alþb. hafi nefnt þar að það væri hin endanlega lausn. Það væri það að sveitarfélögin hefðu forkaupsrétt að þeim skipum sem seld væru úr byggðarlaginu. Ég hef sagt inni í þingflokki Alþb. að þetta væri brosleg setning. Ég hverf ekki frá því og ég vil segja hér í ræðustól á hv. Alþingi að þetta er gagnslaus bókstafur vegna þess að forkaupsréttur er vitaskuld gagnslaus þegar hlutirnir standa þannig að viðkomandi byggðarlag hefur ekki möguleika til að kaupa skipið. Sá tími verður liðinn vegna þess að það byrjar alltaf á því að viðkomandi heimaaðilar reyna að kaupa þau skip sem eru þar til sölu, en vegna þess að boðið er hærra, peningamennirnir bjóða hærra en bolmagn er fyrir á viðkomandi stað, hærra en möguleiki er til á viðkomandi stað til að kaupa skipið, þá ráða þeir ekki við það. Forkaupsréttur við þær aðstæður er gagnslaus. Hann er ósköp svipaður og það sem var í frv., að það skyldi auglýsa þessa hluti, það skyldi auglýsa þá, og vitaskuld má segja að með því að auglýsa fór ekkert fram hjá viðkomandi byggðarlagi. Það mátti segja að það væri jákvætt. Þá leituðu menn eftir því hvort hægt væri að kaupa skipið miðað við það fjármagn sem var til í viðkomandi byggðarlagi. Forkaupsréttur þar ofan á er, eins og ég sagði, brosleg viðbót.

Því er og nú verr og miður að við þær aðstæður sem ég er að lýsa hér ... (**HBl:** Svo er forkaupsrétturinn tekinn upp úr jarðalögunum ...) Fyrirmyndin úr jarðalögum. Já, það er einmitt það. Forkaupsréttarfyrirmyndin er úr jarðalögum. En því miður er staðan ekki sú að hér sé verið að keppa við fjársterk fyrirtæki með góðan rekstur. Hér á ég við það þegar verið er að keppa um kaup á skipum í sambandi við sölu úr byggðarlögum. Maður gæti oft og tíðum fellt sig við það ef fyrirtæki sem hefði sýnt góðan rekstur, hefði sæmilega góða eiginfjárstöðu og væri enn að styrkja sína stöðu með því að kaupa skip á eðlilegan viðskiptamáta. Það væri ekki svo óeðlilegt að fallast á það að þar væru hlutir að eiga sér stað sem alltaf hlytu að koma upp, menn væru að byggja sig upp og efla sig *af eigin fjármagni og eigin dugnaði.* En í því þjóðfélagi sem við búum við eru hlutirnir ekki á þann veg, því miður. Þeir eru meira og meira á þann veg að opinbert fjármagn er notað til þess að kaupa skip án þess að þau fyrirtæki sem eru að kaupa þau hafi raunverulega nokkurn rekstrargrundvöll. Það er verið að nota opinbert fjármagn, og þar á ég við bara fjármagn banka og jafnvel sjóða eins og Hlutafjársjóðs og Atvinnutryggingarsjóðs, til þess að kaupa veiðiskip og þar með fiskveiðikvóta oft og tíðum frá aðilum sem eru sæmilega stæðir og gætu haldið áfram rekstri viðkomandi skipa en freistast til að selja skip sín þegar vel er boðið. Þá er verið að gera þetta fyrir fjármagn sem viðkomandi viðskiptabanki hins aðilans hefur boðið. Kauptu kvóta, þú átt að fá meiri kvóta til þess að þetta geta staðið sig hjá þér. Það er

sem sagt verið að byggja upp fyrirtæki, meira og minna hringinn í kringum landið, sem hafa ekki eðlilegan rekstursgrundvöll með því að kaupa skip frá öðrum stöðum og viðkomandi byggðir hafa ekki möguleika á að keppa við þau, hvort sem um forkaupsrétt er að ræða eða annað. (**HBl:** Svo lánar Atvinnutryggingarsjóður ...) Svo segir hv. þm. Halldór Blöndal: Svo lánar Atvinnutryggingarsjóður öðru fyrirtækinu en Byggðasjóður hinu. Vel má það vera að hlutirnir séu á þann veg, en mörg eru þau fyrirtæki sem eru vel rekin hringinn í kringum landið og hafa ekki þurft á því að halda að fá lán hjá Byggðasjóði og jafnvel ekki Atvinnutryggingarsjóði heldur og ekki Hlutafjársjóði, en það er verið að stefna að þessum fyrirtækjum meira og minna með því kerfi sem við búum við og með því fiskveiðistjórnarkerfi sem nú er verið að leggja til að verði samþykkt hér einn ganginn enn. (**GHG:** Refsa þeim sem standa sig.) Refsa þeim sem standa sig, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson segir. (Gripið fram í.) (**GHG:** Það heyrðist ekki hvað fyrrv. formaður Alþb. sagði.)

Hæstv. menntmrh. benti á það að hv. 14. þm. Reykv. stóð að því að samþykkja fiskveiðistefnuna sem við höfum búið við og búum við enn þá. (**GHG:** Ekki þessa sjóði.) En sjóðirnir eru nú að meginhluta til afleiðingin af þessari stefnu sem við búum við, hv. þm. (**Gripið fram í:** Nei.) (**GHG:** Það er rétt. Þess vegna þarf að skoða það allt aftur í nýju ljósi.) (**Gripið fram í:** Nei.) (**HBl:** Frá nýjum vettvangi.) Farið þið nú ekki að koma með vettlinginn hér inn í hv. deild. (**Menntmrh.:** Það eru engin vettlingatök hér í þessari deild.) Hér verða engin vettlingatök, nei.

Það sem við blasir, þær brtt. sem fram hafa komið eru að mínu mati í hróplegu ósamræmi við samþykktir Alþb., í hróplegu ósamræmi við þá vinnu sem ég vann í ráðgjafarnefndinni. Þar tel ég mig allan tímann hafa gefið þær upplýsingar til félaga minna í flokknum á þann veg sem ég hafði bestar og lýsti fyrir þeim hvað ég væri að leggja til í nefndinni og ég fékk stuðning við þessa stefnu, hvað eftir annað. Ég tilkynnti þetta félögum mínum í flokknum og við vorum svona í sameiningu við það að samþykkja minn fyrirvara við nál. Ég lýsti því að það væri stefna mín, vinnutilhögun mín í nefndinni, að reyna að lagfæra þá fiskveiðistefnu sem við hefðum búið við á þann veg að hún væri viðunanlegri fyrir landsbyggðina og það var sameiginlegt álit okkar í þingflokki Alþb. að það skyldi ég gera. Þegar síðan kemur að því að taka málið út úr nefndinni legg ég fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

„Í október sl. lagði vinnuhópur sem starfaði sl. sumar á vegum ráðgjafarnefndarinnar fram tillögur í formi frv.

Tillögur þessar hafa síðan verið til umfjöllunar í nefndinni.

Ekki hefur náðst allsherjarsamkomulag í nefndinni um ýmis atriði í frumvarpsdrögunum. Um önnur atriði virðist vera fullt samkomulag, t.d. um afnám sóknarmarksins, veiðitímabil verði ekki miðað við almanaksárið og að væntanleg lög verði ekki tímabundin.

Mínir fyrirvarar um frumvarpsdrögin nú við lokaafgreiðslu í nefndinni eru aðallega við eftirtaldar greinar:

9. gr. um skerðingu botnfisksaflamarks vegna sérveiða,

10. gr. um álag og vigtun á fiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað,

11. gr. úr síðari frumvarpsdrögunum um aflahlutdeild sem fylgi skipi við eigendaskipti og flutning milli byggða, sbr. tillögur Alþb. um sjávarútvegsstefnu og byggðakvóta,

17. og 18. gr. um eftirlit sjútvrn. með framkvæmd væntanlegra laga.

Ég mun fylgja brtt. sem fram kunna að koma við frumvarpsdrögin við meðferð málsins á Alþingi og í ríkisstjórn telji ég þær til bóta."

Hér eru taldar upp þær greinar sem ég gat ekki fellt mig við í frv. og ég taldi að nauðsynlegt að ræða frekar þegar það kæmi hér til umfjöllunar á hv. Alþingi. Svo gerist nokkuð sérstakt. Ályktun mín var ekki nógu hvöss og ekki nógu ákveðin þegar frv. kom til umfjöllunar í þingflokki Alþb. Þá er enn samþykkt ný ályktun þar sem þessir hlutir eru enn ítrekaðir og nefndir fleiri þættir. Ég var vitaskuld mjög ánægður með þá samþykkt flokksins. Þegar ráðherrar Alþb. fóru með hana í ríkisstjórnina taldi ég náttúrlega alveg víst að um þessa samþykkt yrði fjallað allrækilega í ríkisstjórninni. Og þegar að því kæmi að fjalla um þetta í sjútvn. þyrfti ég ekki lengi að bíða eftir því að ráðherrarnir mínir kæmu hver sem betur gæti til þess að styðja og ná fram þessum markmiðum Alþb. (**Forseti:** Það er að koma að matarhléi. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann sé að ljúka ræðu sinni eða vilji gera hlé á henni.) Ég á allmikið eftir. (**Forseti:** Þá þarf ég að biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar staddur í ræðu minni sem ég var að ræða um stöðu fiskveiðistjórnarmálsins í þingflokki Alþb. Ég sé að félagar mínir hér í deildinni, hæstv. menntmrh. og 4. þm. Suðurl., eru hvorugir komnir til fundar þannig að ég held að það sé rétt hjá mér að fresta því að ræða frekar um þau viðskipti. Ég hef ekki áhuga fyrir því að fara að tala um þau mál öðruvísi en þeir séu hér viðstaddir og mun fresta því að fjalla frekar um það, taka það upp aftur þegar hæstv. menntmrh. og formaður þingflokks Alþb. koma til fundarins en þeim hefur dvalist eitthvað.

Ég nefndi jafnan í umfjöllun um væntanlegar tillögur Alþb., bæði hér á hv. Alþingi sem og annars staðar, að byggt var á samþykkt sem Alþb. hafði gert á miðstjórnarfundi árið 1987 og samþykkt hafði verið í stofnunum flokksins og síðan aftur staðfest með nokkrum breytingum á landsfundi flokksins sl. haust. Bókun mín í ráðgjafarnefndinni og samþykkt þingflokksins byggðust á þessari samþykkt. Frv. er í veigamiklum atriðum í miklu ósamræmi við þessa samþykkt. Fiskveiðistefna Alþb. byggist á því að

auðlindir innan fiskveiðilandhelgi Íslands séu þjóðareign, sameign allra Íslendinga, og veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga. Veiðrétturinn verði þó eftir sem áður tengdur skipum. Alþb. leggur til að ⅓ hlutum veiðiheimildanna verði úthlutað til byggðarlaga samkvæmt sérstakri reiknireglu. Í fyrsta lagi felur sú reikniregla í sér að fjórðungur þessa nýja byggðakvóta yrði reiknaður út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986. ¾ hlutar verði hins vegar reiknaðir út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum í árslok 1987.

Í öðru lagi verði þriðjungi veiðiheimilda úthlutað til útgerðar á skip og skal sá hluti reiknaður með sama hætti og ákveðið var í reglugerð fyrir árið 1987. Eftir að byggðakvóti hefur verið reiknaður skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá kvóta úthlutað í viðkomandi byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra. Við sölu skipa úr byggðarlagi fylgir þeim einungis sá þriðjungur aflakvótans sem fór til útgerðarinnar. ⅔ hlutar verða áfram í byggðarlaginu og þeim endurúthlutað þar í samræmi við ákveðnar reglur. Hagur byggðarlaganna er þannig gerður að forgangsatriði. Með því að binda veiðiheimildir við byggðarlög er verið að tryggja hag sjómanna og starfsfólksins í fiskiðnaði og allra íbúa þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína á öruggri og skipulagðri nýtingu sjávarafla. Þær reiknireglur sem Alþb. leggur til að notaðar verði hafa einnig í för með sér að komið verði nokkuð til móts við þau byggðarlög sem tapað hafa mestum aflakvóta á undanförnum árum vegna ranglætis þess kerfis sem ríkt hefur og enn er lagt til að gildi áfram. Byggðakvótinn kemur auk þess í veg fyrir brask í tengslum við skipa- og kvótasölu sem þróast hefur í skjóli ríkjandi fiskveiðistefnu. Óeðlilegt verð á fiskiskipum mundi hverfa að mestu. Keppni milli byggðarlaga um kaup á skipum til að komast yfir afla mundi hætta og þannig yrði stuðlað að aukinni hagkvæmni í útgerð. Raunhæfara arðsemismat mundi gilda í viðhorfum til skipakaupa. Fiskveiðistefna Alþb. opnar nýjar leiðir til þróunar og nýsköpunar og hvetur til bættrar meðferðar á afla og afurðum og til aukinnar framleiðni innan sjávarútvegsins, svo og þess að fiskstofnarnir verði nýttir með það fyrir augum að hámarksafrakstur fáist miðað við ákveðin tímabil.

Það frv. sem við fjöllum hér um beinist til annarra átta. Þar er verið að festa í sessi miðstýrt kerfi sem á undanförnum árum hefur ekki skilað þeim markmiðum sem því var ætlað að ná. Fiskveiðistjórn síðustu sex ára hefur brugðist hrapallega. Hún hefur brugðist mikið meir heldur en fiskveiðistefna Norðmanna, Grænlendinga og Kanadamanna, þó að hv. formaður sjútvn. Stefán Guðmundsson væri að hæla sér af því að fiskveiðistefna okkar hefði ekki farið eins illa og hjá Kanadamönnum og Norðmönnum. Staðreyndin er nefnilega sú að hjá þessum þjóðum stendur fiskurinn undir einungis broti af þjóðarframleiðslunni. En það þarf ekki að hafa mörg orð um það hve stór hluti þjóðarframleiðslu okkar byggist á sjávarafurðum. Þess vegna eru mistök í fiskveiðistefnu hér á Íslandi margfalt, margfalt verri en einhver mistök sem eiga sér stað þar sem þetta eru nokkur prósent þjóðartekna og skiptir sáralitlu máli, eins og t.d. hjá Kanadamönnum miðað við það sem þetta skiptir máli hjá okkur.

Fiskveiðistefna sú sem við höfum búið við á undanförnum árum hefur mistekist í meginþáttum. Þorskstofninn hefur ekki styrkst, sem átti að vera aðalatriðið þegar kvótalögin voru sett á. Hann hefur ekki styrkst, þorskstofninn hefur jafnvel veikst. Fiskiskipastofninn hefur ekki minnkað. Það er ekki rétt sem hv. þm. Stefán Guðmundsson var að halda fram í framsöguræðu sinni að þar væru einhverjir góðir hlutir að gerast á þann veg að flotinn væri að minnka. Það er allt á hinn veginn. Jafnvel þó að hann sjái einhverja framtíðarsýn í því að ekki séu neinar kröfur um smíði nýrra skipa á þessu eða næsta ári þá er staðreyndin sú að flotinn hefur stækkað og hann hefur eflst og er margfalt öflugri en þegar farið var af stað með þetta kerfi. Sóknarmöguleikar þess flota sem við eigum núna er miklu meiri en þess flota sem var til í upphafi þessarar fiskveiðistjórnunar, þ.e. í lok árs 1983. Það er náttúrlega það alvarlegasta að við höfum byggt upp stóran verksmiðjutogaraflota. Hv. þm. nefndi það nú ekki að þar hefur það gerst að frá því að þessi stefna varð ofan á hefur sá floti stækkað úr þremur skipum í 25. Það er náttúrlega hrikaleg uppákoma, bara sú þróun, og gengur þvert á þau markmið sem lágu til grundvallar þeirri fiskveiðistefnu sem samþykkt var.

Enn stefnir í svipaða átt með því kerfi sem á að fara að lögfesta hér. Mestar líkur eru fyrir því að þeir sem hafa mest umleikis hafi á næstu árum mesta möguleika til að sölsa undir sig veiðiréttinn, annaðhvort á þann veg sem ég var að segja hér áðan að lánastofnanir, jafnvel sjóðir eins og Hlutafjársjóður og Atvinnutryggingarsjóður komi til með að lána fyrirtækjum til þess að komast yfir kvóta frá öðrum eða þá, sem við verðum nú að vona að frekar eigi sér stað, að þessi fyrirtæki eflist svo af eigin peningaeign að þau geti beitt peningavaldinu til þess að kaupa upp heilu byggðirnar.

Fiskiskipaflotinn hefur ekki minnkað og gæði hráefnis, sem átti að vera eitt af stóru markmiðunum, hafa ekki aukist. Oftar sjáum við greinar og umfjöllun í fjölmiðlum um að það sé ein af meinsemdunum í okkar sjávarútvegsstefnu að við séum ekki með nógu gott hráefni. Þar þurfi að fara að breyta til, þar þurfi að fara að haga sér öðruvísi á þeim vettvangi. Við þurfum að stefna að því að flytja út reglulega ferskan fisk, góðan fisk, hvort sem hann er þá undirbúinn til þess útflutnings sem ferskur fiskur í ís eða frystur fiskur, sem er gæðavara ef fiskurinn er ekki margra daga gamall, og mismunandi búinn til þess að smakkast mönnum vel þegar á neytendaborð er komið. (**HBl:** Ekki má gleyma að samþykkja hana.)

Það eru ýmsar blikur uppi í saltfiskverkuninni, hv. þm. Halldór Blöndal, en þó er það nú svo að menn komast frekar fram hjá því í saltfiskverkuninni að

vera að selja mönnum einhverja vöru sem ekki er vitað hvernig er. Saltfiskverkunin er þannig að þar er flokkað eftir gæðum þegar fiskurinn fer á markað neytenda og neytandinn veit nokkurn veginn hvað hann er að kaupa, hvort hann er að kaupa fyrsta flokks vöru eða annars flokks. Við erum vitaskuld með allt of mikið af annars flokks saltfiski á boðstólum, en þó ekki á þann veg sem frysta varan er, með leynda galla. Viðskiptavinur okkar kaupir frysta vöru og býst við því að það sé ferskur, góður fiskur. En þegar hann fer að neyta hennar finnur hann á bragðinu að það er alls ekki ferskur fiskur í þess eiginlegu merkingu heldur kannski átta eða tíu daga gamall fiskur sem telst ekki boðleg markaðsvara.

Þessu fylgir að kostnaður við útgerðina hefur aukist. Það sem hefur mistekist mest af öllu í sambandi við þessa fiskveiðistjórn er að sjávarbyggðirnar okkar vítt og breitt um landið hafa ekki eflst nema í undantekningartilvikum þar sem einhver sérstök staða hefur komið upp. Við stöndum frammi fyrir því vítt um landið að sjávarbyggðirnar okkar eru að láta undan, ekki kannski endilega komnar á það stig í dag að menn finni fyrir því að þar sé komið upp atvinnuleysi eða erfiðleikar í sambandi við rekstur fyrirtækja, en það er ótti meðal allra, öryggisleysi. Það tengist einmitt þessu kerfi sem við búum við, óttinn við það að sá sterki komi á morgun, sá sterki sem er annaðhvort með lánsfé eða sitt eigið aflafé og kaupi upp rétt byggðarinnar til þess að halda uppi atvinnu. Það er það sem er innifalið í þessu kerfi. Við stöndum frammi fyrir því að ef þetta verður samþykkt núna munu margir hugsa sig mikið um hvort þeir eigi að halda áfram að búa áfram í þessum eða hinum sjávarbyggðum.

Það er meira en vafasamt að ætla að framlengja slíkt kerfi, en kapp þeirra sem viðhalda vilja þessu mislukkaða stjórnkerfi er hins vegar mikið og málsvarar þess eru svo vel settir í stjórnsýslu- og hagsmunakerfinu að lítil von er til þess að því verði breytt í höfuðatriðum, þó að skoðanakönnun Háskóla Íslands nú nýverið hafi upplýst okkur um það að blessuð þjóðin okkar er á allt annarri skoðun en þeir sem eru að leggja til að þetta kerfi verði framlengt. Aðeins 1% eða rúmlega 1% af þeim sem spurðir voru, sem voru á annað þúsund, mæltu með því að haldið yrði á eignarréttinum í sambandi við aflamarkið eða aflaheimidirnar á þann veg sem gert hefur verið, aðeins 1%. En upp í 89% af sérstökum hópum, þ.e. sjómanna, töldu æskilegt að tengja veiðikvótann við byggðir. En það sem við erum að samþykkja núna er alveg þveröfugt, þveröfugt við það sem er ætlast til af almenningi í landinu. Þannig er haldið á málum.

Ég hef hugsað mér að flytja brtt. við 3. umr. en eins og kunnugt er þá er ég ásamt þrem öðrum þingmönnum flm. að tillögu um að máli þessu verði vísað frá deildinni eða vísað til samráðsnefndarinnar aftur og þar verði fjallað um þetta mál frekar. Síðan verði Alþingi kallað saman aftur til þess að fjalla um fiskveiðistefnuna. Ég geri mér von um það enn að þessi tillaga verði samþykkt og læt því bíða til 3. umr. að túlka frekar brtt. mínar. Vil ég þó aðeins nefna það að ég legg til að farið verði að tillögu Alþb. um það að kvótanum eða aflamarkinu verði skipt á þann máta sem ég var að lýsa hér áðan. Ég legg og til að 9. gr. frv., eða sá þáttur 9. gr. þar sem lagt er til að búinn verði til nokkurs konar aflatryggingasjóður fyrir loðnuskipin á kostnað bolfisksins, verði felldur niður. Ég mun og leggja til að settar verði svokallaðar girðingar á milli kvótasölu, ekki verði hægt að selja varanlegan kvóta á milli skipa, þ.e. það yrði flokkað eftir stærðum. Frá minnstu skipum og upp í 30 tonn megi ekki selja kvóta til skipa sem eru stærri en 30 tonn. Síðan yrðu bátar frá 30 tonnum að togurum, innan þess marks mætti selja kvóta en ekki upp til togara, síðan héldust togarar innan ákveðins marks og svo frystitogarar sér. Um þessar tillögur mínar mun ég fjalla við 3. umr.

Það virðist nú vera svo að mínir ágætu flokksfélagar hafi ekki meiri áhuga á frv. um stjórn fiskveiða en svo að þau láta vera að mæta hér til fundar. Ég hafði hugsað mér að útlista í þeirra áheyrn tillögur þingflokksins, minna þau aðeins á hvað þau höfðu samþykkt og lagt til í ríkisstjórn. Ég mun því halda ræðu minni áfram enn um stund og vita hvort ... (**Gripið fram í:** Betra bara að láta kalla á þau.) Ég held það sé ástæðulaust að trufla þau ef þau eru kannski í afslöppun og hvíld. Ég mun því aðeins halda áfram með ræðu mína og fjalla í nokkrum orðum um þá álitsgerð sem okkur hefur borist frá Lagastofnun Háskólans, þ.e. þeim Sigurði Líndal prófessor og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni. Samkvæmt ósk okkar nokkurra þingmanna sömdu þeir álitsgerð um þetta frv. Svar þeirra barst okkur í gærdag. Þingmenn hafa fjallað lítillega um það en mönnum hefur gefist takmarkaður tími til að skoða jafnviðamikla skýrslu eða álitsgerð sem þessi er og því ekki hægt að fjalla um hana nema á takmarkaðan hátt. Ég vil þó þakka fyrir það að þessi álitsgerð hafi borist okkur í hendur áður en þessi umræða átti sér stað. Ég vil benda á það að þeir álitsgerðarmenn undirstrika það að álitsgerð þessi sé á þann veg að þeir beri þar einir ábyrgð á. Vitaskuld gerum við okkur fyllilega grein fyrir því að hér er ekki um annað að ræða en álitsgerð tveggja valinkunnra manna og sjálfsagt er að líta á þeirra niðurstöður sem slíkar en ekki sem sérstakan dóm í þessu máli. Það er mjög gott að hafa fengið þessa álitsgerð og ég er alveg viss um að hún kemur af stað umræðum um þetta mál á nýjum grunni. Og það á þeim grunni sem var mjög nauðsynlegt að kæmi fram í þjóðfélaginu, þ.e. fjallað verði um stjórnsýsluna og eignarhaldið. Það verður sjálfsagt fjallað um það að einhverju leyti út frá þeim rökum sem hér koma fram í skýrslunni, í álitsgerðinni. En ég er nokkurn veginn viss um það og veit það reyndar að ýmsir aðilar hafa nokkuð aðrar skoðanir á þessum málum sem hér er um fjallað heldur en hér kemur fram. Þess vegna segi ég að ég er nokkurn veginn viss um það að þessi skýrsla mun vekja miklar umræður á komandi tímum.

Ég vil benda á nokkra þætti í þessari skýrslu. Á bls. 4 er sagt, með leyfi forseta: „Eftirlit ráðuneytis takmarkast þó að jafnaði við það sem kalla má almennt eftirlit með því að fylgt sé ákvæðum laga og reglna fremur en að ráðuneyti sinni eftirliti með því hvort tilteknir einstaklingar eða lögaðilar hafi fylgt lögum og reglum. Vakni efasemdir um það hefur ráðuneyti að jafnaði frumkvæði að því að tilkynna slíkt til hlutaðeigandi eftirlitsaðila eða löggæsluyfirvalda."

Þessi niðurstaða þeirra Sigurðar Líndals og Tryggva Gunnarssonar um eftirlit ráðuneytisins finnst mér vera mjög athyglisverð og einmitt sá aðalþáttur sem ég hef gagnrýnt í meðferð sjútvrn. á þessum málum. Ég hef haldið því fram að það væri ósköp eðlilegt og sjálfsagt að ráðuneytið annaðist úthlutun veiðileyfa á því skipulagsformi sem við búum við, út frá þeim reglum sem samþykktar hafa verið. En að ráðuneytið haldi áfram og sé eftirlitsaðili og rannsóknaraðili, það hefur mér alltaf fundist mjög vafasöm aðgerð og hef gagnrýnt það. Ég er því mjög feginn þegar þessi niðurstaða kemur frá hendi þeirra Lagastofnunarmanna. Það finnst mér mjög mikilsvert. Hinir þættirnir hafa ekki verið eins gagnrýnisverðir út frá mínu sjónarmiði. Ég hef ekki talið mjög gagnrýnisvert, eftir að annar aðili en ráðuneytið sjálft hefði rannsakað hluti og bent á misferli og rökstutt misferli, að ráðuneytið úrskurðaði þá um málið. Ég hef ekki talið það neitt sérstaklega varhugavert þó vitaskuld sé það ekki rétt að ráðuneytið hafi mjög mikið vald á þessum vettvangi. Fyrst og fremst á það að vera úthlutunaraðili. En þetta er sú þungamiðja sem ég hef gagnrýnt og tel því að hér hafi komið fram hjá Sigurði Líndal prófessor og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni niðurstaða sem kemur mjög vel heim og saman við þær skoðanir sem ég hef haft á þessu máli.

Síðar á bls. 4 segja þeir, einmitt í sambandi við þessa hluti: „Eftirlit af því tagi sem veiðieftirlitsmönnum er ætlað að sinna er almennt ekki á verksviði ráðuneyta." Og svo síðar c-liður: „Ekki er kostur á að bera athafnir eða niðurstöður veiðieftirlitsmanna undir æðra stjórnvald."

Þessir þættir báðir eru mjög athyglisverðir og raunverulega undirstöðuatriði í sambandi við stjórnsýsluna og hvernig hún hefur verið framkvæmd á undanförnum árum. Ég fagna því sérstaklega þessum niðurstöðum.

Og svo í lokin á þessum þætti á bls. 5 segja þeir: „Við teljum að hér komi því til álita hvort það samrýmist ekki betur grundvallarreglum stjórnsýsluréttar að veiðieftirlitinu verði búinn staður hjá sjálfstæðri stofnun í stjórnkerfinu en ekki í sjútvrn. sjálfu." Enn staðfesta þeir, Sigurður Líndal prófessor og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, þær skoðanir sem ég hef haldið hér fram á hv. Alþingi í hvert skipti sem fjallað hefur verið um þessi mál og þennan þátt ráðuneytisins.

Af einhverjum ástæðum, kannski af því að fréttamönnum hefur ekki gefist tími til þess að lesa þetta gagnmerka plagg, þá hefur í fréttum sem ég hef heyrt nú undanfarið þetta grundvallaratriði einhvern veginn farið fram hjá þeim. Þeir hafa svo aftur á móti lagt mikla áherslu á það að ráðuneytinu væri heimilt að úrskurða, það stangaðist ekkert á við stjórnarskrá og væri löglegt að öllu leyti, en þennan aðalþátt hafa þeir af einhverjum ástæðum ekki áttað sig á að láta almenning í landinu vita um, að þessir umsagnaraðilar okkar telja og er undirstrikað frá þeirra hálfu í þessari álitsgerð að eftirlitskerfi það sem haldið hefur verið við stenst varla eðlilegt réttarfar.

Ég mun nú stytta mál mitt en það eru ýmsir fleiri þættir í þessari álitsgerð sem eru mjög áhugaverðir og er ánægjulegt að komi fram í slíku plaggi sem þessu. (**HBl:** Þá verður samningin samt að vera skýr.) Myndin er mjög skýr að þessu leyti til en ég vil undirstrika það líka, hv. þm., að einmitt þættir sem sumir hafa verið að tala um að ættu ekki að vera í sjútvrn. og ég hef aldrei lagt mikið upp úr, eins og t.d. úthlutun veiðileyfa, ég tel það sjálfsagðan hlut að sjútvrn. annist það ef við erum með slíkt kerfi sem við búum við núna, það er bara sjálfsagður hlutur. Og ég hef líka sagt það að ég tel ekkert athugavert við það þó að ráðuneytið úrskurði þegar það hefur í höndunum unnin gögn frá öðrum aðilum en því sjálfu. Og það er einmitt það sem kemur fram í þessu gagni hér, þessari álitsgerð, sem ég er að fjalla um og var unnin samkvæmt okkar ósk af Lagastofnun Háskólans.

Mér finnst svo aftur á móti umfjöllun þeirra um eignarréttinn koma nokkuð á óvart. Sérstaklega umfjöllun þeirra um þann rétt sem skapist af hefð og atvinnuréttindum og þá sérstöku umfjöllun sem þar er á þann veg fyrst og fremst, þó það sé ekki sagt berum orðum, að hugsanlega skapist einhver eignarréttur út á áunnin atvinnuréttindi. Mér finnst umfjöllunin vera á þann veg að hugsanlegur eignarréttur sem þannig myndast væri þá fyrst og fremst á vettvangi útgerðar og kannski sjómanna. En sá eignarréttur ætti þá vitaskuld um leið, ef þetta er fyrir hendi, að tengjast þeim sem nýtt hafa þessa auðlind á þann veg að gera úr henni verðmæti, þ.e. fiskvinnslu og fiskvinnslufólki. Það er eins og þeir aðilar séu einhvern veginn til hliðar í þessari umfjöllun og ekki leitað að því hvort hugsanlegt sé, ef einhver eignarréttur skapast út frá þessum þætti, að hann sé mikið breiðari og víðfeðmari en svo að tilheyra eingöngu útgerð eða útgerð og sjómönnum. Athuga þyrfti hvort sá eignarréttur er þá ekki líka í höndum þeirra sem í áraraðir hafa verið samstarfsmenn þessara hópa við að nýta aflann og gera úr honum aukin verðmæti.

Mér finnst einmitt þessi þáttur vera á þann veg að þessir ágætu menn hliðri sér nokkuð við það að segja ákveðna hluti. M.a. á bls. 19, þar sem þeir hafa fjallað um eignarréttinn og óafturkallanlegt stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum, þá er sagt þar neðarlega: „Ef allt þetta stenst er ekki líklegt að við samþykkt frumvarpsins stofnist einstaklingsbundinn stjórnarskrárvarinn eignarréttur yfir veiðiheimildum, jafnvel þótt væntanleg lög verði ótímabundin."

Ég skrifaði undir þetta plagg með beiðni um að þeir sem legðu í það að svara okkur — það var sjálfsagt að búast við því að þessari beiðni yrði hafnað — en að fá svar á þennan máta um þennan stóra þátt finnst mér mjög miður. Að prófessorinn og hæstaréttarlögmaðurinn segi í þessu tilfelli: „Ef allt þetta stenst er ekki líklegt . . .“ o.s.frv.

Þetta er náttúrlega ekki niðurstaða þarna en greinilega hafa þessir ágætu menn, af einhverjum ástæðum, ekki viljað kveða fastar að en þetta. En þetta nálgast það að vera tiltölulega lítið svar við þeirri spurningu sem við vorum að bera fram í svo veigamiklu máli.

Ég vil endurtaka það að mér finnst þessi álitsgerð góð og ég fagna henni. Ég vil láta koma fram þakklæti mitt til þessara manna að hafa skilað okkur þessu plaggi þó mér finnist að æskilegra hefði verið að þeir hefðu kveðið svolítið fastar að orði. Þó er, eins og ég sagði í upphafi, það sem þeir segja hér vitaskuld aðeins álit þeirra en ekki neinn dómur. Þetta er álitsgerð sem við fáum til umfjöllunar og þjóðin fær líka til umfjöllunar á næstu tímum.

Þá er komið að því sem ég hafði lofað að ég skyldi ekki gera nema mínir flokksfélagar væru hér viðstaddir. (**KP:** Þeir eru farnir aftur.) Ég held ég verði að biðja hæstv. menntmrh. að gefa sér pínulítinn tíma og hlusta á það sem mig langar til að segja um þessi mál, og eins væri nú æskilegt ef formaður þingflokksins væri kominn líka. (**Gripið fram í:** Fjmrh.?) Hann er ekki í þingflokknum, hv. 3. þm. Vestf. Herra forseti. Væri hægt að biðja hæstv. menntmrh. að gefa sér tíma til þess að vera hér, og eins er það með virðulegan formann þingflokks Alþb.

Ég ætla að halda áfram máli mínu og fresta umræðu um þetta sérstaka efni enn um sinn. Ég vil benda á það, eins og ég sagði áðan, að ég ásamt þremur þingmönnum öðrum legg til að þessu máli verði frestað. Fleiri hafa tekið undir það að málinu verði frestað. Ég vil láta það koma fram hér í þinginu að Birting, félag jafnaðar- og lýðræðissinna, gerði sérstaka ályktun um kvótafrv. og sú ályktun var send okkur þingmönnum. Þessari merku ályktun vildi ég gjarnan koma í þingtíðindi og vil leyfa mér að lesa hana hér upp. (**Gripið fram í:** Frá Birtingu?) Frá Birtingu, félagi jafnaðar- og lýðræðissinna. (Gripið fram í.) Yfirlýsingar eru farnar að koma frá þessum og hinum mönnum hér í salnum meðan ég er að halda ræðu mína. Ég vil benda á það að ég er hér flm. þess að málinu verði frestað og vísað til ráðgjafarnefndarinnar aftur og sú nefnd verði búin að skila áliti í lok ágúst. Í framhaldi af því verði Alþingi kvatt saman til fundar til þess að samþykkja lög um stjórn fiskveiða. Ég ætlaði að koma því hér að að Birting, félag jafnaðar- og lýðræðissinna, hefur gert ályktun í málinu. (**KP:** Á það ekki við hæstv. fjmrh. líka?) Ég hef bent á það að hæstv. fjmrh. er ekki í þingflokki Alþb. og þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að vera sérstaklega að spjalla við hann um þau málefni sem eru að gerast og um er visst ósamkomulag á milli þingflokksins og mín. (**KP:** Þetta er formaður flokksins.) Hann er formaður flokksins, rétt er það, en þau mál ræði ég við formanninn á vettvangi flokksins sjálfs, framkvæmdastjórn og á félagsfundum og flokksfundum. (Gripið fram í.) Og vitaskuld ræði ég við formanninn um það þar, en hann hefur ekki atkvæðisrétt á þingflokksfundum.

Ég vil bara láta það koma fram aftur og enn, virðulegi forseti, fá að lesa hér upp samþykkt frá félaginu Birting, félagi jafnaðar- og lýðræðissinna. „Ályktun stjórnar Birtingar um sjávarútvegsmál“, með leyfi forseta:

Stórum stöfum stendur: „Frestið kvótafrumvarpinu. Stjórn Birtingar, félags jafnaðar- og lýðræðissinna, tekur undir þá kröfu Geirs Gunnarssonar alþingismanns og ýmissa samtaka sjómanna að frestað verði afgreiðslu frv. um stjórnun fiskveiða til næsta hausts.“ Hér kemur fram, herra forseti, að þessi stofnun er nokkuð róttækari en við fjórmenningarnir sem leggjum hér fram tillögu um það að fresta þessu til — virðulegi menntmrh. Það er nú vont að þurfa að trufla ráðherrann mikið, en ég var bara kominn inn í annað efni heldur en ég ætlaði að fjalla um þegar ég var að biðja . . . (**Menntmrh.:** Kláraðu Birtingu. Þú getur það án mín.) Til þess að það sé alveg öruggt að þetta komist nú í þingtíðindi þá ætla ég að endurtaka það sem hæstv. menntmrh. sagði þegar ég var að fara þess á leit við hann að hann hinkraði aðeins við. Hæstv. menntmrh. sagði: „Kláraðu Birtingu. Þú getur það án mín.“ Þá er þetta nú vonandi komið í þingtíðindi. (**KP:** Þú getur það án mín, þetta eru skilaboð.)

Og áfram, virðulegi forseti, er sagt í þessari samþykkt: „Ljóst er að mikill ágreiningur er um framtíðarskipan í þessum efnum og óeðlilegt við þær aðstæður sem nú eru uppi að samþykkja ótímabundið framhald núverandi kerfis. Stjórn Birtingar telur að nýta eigi næstu mánuði og missiri til stefnumótunar í sjávarútvegsmálum. Sú stefnumótun verður að miðast við gagngera endurskipulagningu á þessum undirstöðuatvinnuvegi. Í því sambandi vísar stjórnin einkum til hugmynda um kvótagjald, um söluskyldu á innlendum fiskmörkuðum og afnám opinberra afskipta af fiskverði, um að rjúfa einokun stóru sölusamtakanna og opinbera byggðastefnu sem taki bæði mið af arðsemiskröfum í sjávarútvegi og ólíkum aðstæðum í byggðarlögum. Málefnahópur Birtingarmanna hefur að undanförnu unnið að stefnumótun á vegum félagsins í þessum málum og er árangurs af þeim verkum að vænta innan skamms. Stjórn Birtingar telur að samþykkt kvótafrv. í lítt breyttri mynd nú geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu og þar með fyrir atvinnulíf og efnahagsástand hérlendis á næstunni.

Samþykkt á fundi á sumardaginn fyrsta.“

Vegna þess að ég er ekki félagi i Birtingu og hef leitt það félag mikið hjá mér ætla ég ekki að fjalla um efni þessarar samþykktar. En ég taldi rétt að þessi samþykkt félagins kæmi hér fram og menn gætu áttað sig á þessu síðar, eins og segir hér í lokin, að hlutirnir muni verða mjög alvarlegir á þessum vettvangi fyrir

atvinnulíf og efnahagsástand á næstunni. Þessi aðvörun þessa merka félags kemst því hér til þingmanna.

Ég frestaði því að ræða um tilkynningu frá þingflokki Alþb. (**KP:** Formanni.) Og ég taldi rétt að ég væri ekki að lesa upp slíka samþykkt öðruvísi en félagar mínir hér í deildinni væru áheyrendur. Ég mun lesa þessa samþykkt núna þó að formaður þingflokksins sé því miður ekki kominn hér. Ég held mér verði að nægja að hæstv. menntmrh. sé hér viðstaddur. Með leyfi forseta les ég þá þessa tilkynningu frá þingflokki Alþb. sem var samþykkt 12. febr. 1990:

„Þingflokkur Alþb. tekur undir bókun Skúla Alexanderssonar í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu varðandi tillögur að frv. um fiskveiðistjórn.

Jafnframt vill þingflokkurinn benda sérstaklega á eftirfarandi atriði:

1. Að athugað verði hvort nauðsynlegt er að útfæra betur í lögunum það grundvallaratriði þeirra, sbr. 1. gr., að tímabundinn og takmarkaður afnotaréttur myndi aldrei einstaklingsbundna og stjórnarskrárvarða eign.

2. Að í lögunum verði ákvæði sem draga úr útflutningi á óunnum fiski.

3. Að gætt verði byggðasjónarmiða og vísast í því sambandi til stefnuyfirlýsingar sem samþykkt var á síðasta landsfundi flokksins.

4. Sett verði ákvæði í lögin sem girða fyrir röskun stærðarhlutfalla milli smábáta- og báta-, og báta- og togaraflota.

5. Þá telur þingflokkurinn að sjávarútvegsráðuneytið eigi hvorki að annast eftirlit með framkvæmd laganna né að úrskurða vegna brota á þeim.

Þingflokkurinn samþykkir að frumvarpsdrögin eins og þeim var skilað frá ráðgjafarnefndinni með fullum fyrirvörum og bókunum verði lagt fram á Alþingi.

Þingmenn Alþb. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum og munu síðan meta afstöðu sína til samþykktar frv. á Alþingi þegar fyrir liggur við afgreiðslu málsins hverjar af athugasemdum þingflokksins ná fram að ganga."

Þetta er sú samþykkt sem þingflokkur Alþb. gerði og taldi ástæðu til að samþykkja og hnykkja á, ef svo má orða það, samþykkt þeirri eða bókun sem ég gerði í ráðgjafarnefndinni og er, eins og þingmenn hafa heyrt, öllu ákveðnari en bókun mín. Ég taldi því sjálfgefið þegar að því kom að farið var að líta á þetta frv. að reynt yrði að nálgast skoðanir flokka ríkisstjórnarinnar. Það vissu allir að í frv. sjútvrh., því frv. sem lagt var fram, voru lagðar fram skoðanir sjútvrh., Framsfl. sjálfsagt, en Alþfl., Alþb. og Borgfl. voru allir með fyrirvara um samþykkt frv. Ég taldi og gekk út frá því sem vísum hlut að það hlyti að verða verkefni ríkisstjórnarinnar sem fékk þessa samþykkt og fékk samþykkt til að leggja fram frv. með þessum fyrirvara að innan þeirrar stofnunar yrði farið að vinna að því að samræma þessi sjónarmið. Samræming þessara sjónarmiða varð á þann veg að fram komu nýjar hugmyndir frá Alþfl. 21. apríl. Eftir nokkurt þóf milli ráðherra, ekki inni í sjútvrn., var sú tillaga orðin að tillögu fulltrúa sjútvrh. í nefndinni. En af tillögum okkar um byggðakvóta eða einhvern þátt sem breytti aðstöðu byggðanna var ekki nefndur stafur.

Þessu vil ég mótmæla og ég taldi ástæðu til þess að tala ekki sérstaklega um þessa hluti öðruvísi en að félagar mínir í flokknum væru hér. Ég mun halda áfram að mótmæla þessum vinnubrögðum. Ég tel að þarna hafi verið unnið á óheiðarlegan máta, gengið fram hjá sjálfsögðum kröfum okkar sem við lýstum strax í ráðgjafarnefndinni, þingflokkurinn lýsti síðan aftur í ríkisstjórn en tillit til þeirra er ekki tekið en tillit til tillagna sem komu fram á síðustu stundu. (**HBl:** Og er farið með sem leyndarmál.)

Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð við þessa umræðu um stjórn fiskveiða þar sem að mér hefur verið vegið í þessari umræðu um það að ég hafi verið keyptur til liðs við þetta frv. Áður en ég svara þeirri fullyrðingu vil ég rekja formálann að þessu.

Ég sat ekki í þeirri ráðgjafarnefnd sem var sett á stofn. Ég átti ekki aðild að nefndinni, hins vegar átti ég þar áheyrnaraðild á síðari stigum. Ég taldi því rétt að kynna mér málin mjög vel áður en ég tæki ákvörðun í þessu afdrifaríka máli sem varðar alla þjóðina mjög miklu.

Ég hef á því tímabili sem ég sat í ráðgjafarnefndinni ekki lýst skoðun minni á einu né neinu í þessu sambandi heldur áskilið mér allan rétt til að taka ákvörðun, hver sem hún mundi verða. Um síðustu helgi var komið að þeim tímapunkti að ég þurfti að vera með eða móti. Niðurstaðan varð sú að ég tók ákvörðun um að styðja þetta frv. og skal ég rökstyðja það nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi var það vegna þess að ég taldi mig hafa náð því mikilvæga atriði inn í frv. að eftirlit og úrskurðarvald væri ekki í höndum sama aðila. Um það efni hafði ég lagt fram bréf eða minnisblað í sjútvn. Ed. Það er hið eina sem frá mér hefur komið í þessu máli. Undir það sjónarmið sem þar kemur fram hefur verið tekið. Þess vegna m.a. taldi ég að ég gæti stutt þetta frv.

En það eru fleiri ástæður sem liggja þarna að baki. Ég hafði um helgina samband við fjölmarga aðila, bæði hér í Reykjavík og úti á landi, og allir voru sammála um eitt. Það var að mikil nauðsyn væri á því að afgreitt yrði frv. hér á Alþingi um þetta mál á þessu þingi. Að vísu voru margir efins um það hvort þetta væri hið rétta eða hvort það ætti að hafa stjórn fiskveiða með öðrum hætti. Undir þau sjónarmið get ég tekið að það er engin eilífðarlausn á vanda okkar að geta ekki veitt eins mikið af fiski og við hefðum viljað. En þar sem þetta er það frv. sem samstaða er um, alla vega á meðal meiri hlutans, þá held ég að ég mundi ekki getað axlað þá ábyrgð að vera aðili að því að fella frv.

Að vísa málinu til ráðgjafarnefndarinnar er ein

helsta krafa þeirra sem hér hafa talað og talið það vera hina mikilvægu lausn í málinu. Mér finnst furðu sæta að þeir sem hér hafa talað, fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúar hinna ólíku sjónarmiða, Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson o.fl. (**GHG:** Allt menn sem hafa starfað í sjávarútvegi.) telja að hagsmunaðilar eigi að ráða því hvernig við nýtum fiskstofnana. Til hvers erum við að hafa hér Alþingi (**GHG:** Ekki til þess að láta blýantanagara gera það.) ef við ætlum að láta hagsmunaaðilana ráða því hvernig við ætlum að fara með hina sameiginlegu auðlind? Til hvers er verið að kjósa á þing? Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvernig við högum þessum málum en ekki ákvörðun þröngs hóps undir forustu Kristjáns Ragnarssonar. Ég skil ekki þá menn sem halda því fram, eins og hér hefur komið fram, að niðurstaðan verði önnur verði þetta mál borið undir ráðgjafarnefndina. Eftir sem áður stöndum við sem erum fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþingi frammi fyrir því að taka þá pólitísku ákvörðun hvort við ætlum að samþykkja frv. eða ekki. Við erum komin að endapunktinum í þessu máli og verðum sem fulltrúar að taka ákvörðun. Það er það sem ég hef lagt áherslu á.

Og annað hitt sem ég vil að komi hér skýrt fram út af því að þeir sem hér hafa talað á undan mér hafa ýjað að því a.m.k. að ég hafi verið keyptur til liðs við þetta frv. (Gripið fram í.) Ég bið Skúla Alexandersson afsökunar, það var ekki hann. (**GHG:** Ég óska eftir að hann endurtaki þetta . . .) Ég get bent ykkur á það, hvað hefði verið sagt hefði ég tekið ákvörðun um að greiða atkvæði á móti frv.? (**GHG:** Þú hefðir verið maður að meiru.) Þá hefði verið sagt: Hann er genginn til liðs við íhaldið. Hvað borgaði íhaldið fyrir? (**KP:** Vill hv. þm. endurtaka það sem hann sagði áðan?) (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. deildarþingmenn að vera rólegir.) (**HBl:** Ég hélt að umhvrh. mundi nú telja sig til hægri við íhaldið.) Í pólitík er sem sagt, miðað við þessar forsendur, ekki gert ráð fyrir því að hinn almenni þingmaður geti tekið sjálfstæðar og málefnalegar ákvarðanir. Ber þetta vott um þann spillta hugsunarhátt sem því miður virðist ríkja hér í pólitíkinni. Þetta vildi ég sagt hafa þegar ég geri grein fyrir þeirri afstöðu minni, sem ég hef lýst, að ætla að greiða atkvæði með þessu frv.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Umræður um þetta mál hafa farið á víð og dreif, menn hafa rætt þetta frv. jafnhliða frv. um Hagræðingarsjóð og menn hafa verið afar fullyrðingasamir.

Fram kom hjá hv. 14. þm. Reykv. að hann saknaði þess að alþýðuflokksmenn hefðu ekki tekið þátt í þessari umræðu. Ég vil hiklaust segja það að umræður um þetta mál fara vissulega fram víðar en hér í þessari hv. deild. Við alþýðuflokksmenn, eða meiri hluti þingflokks Alþfl. hefur samþykkt að styðja þetta frv. með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því. Svo háttar málum að fulltrúi Alþfl. í sjútvn. er andvígur þessu frv. og hefur skýrt mjög greinilega frá því. Við höfum hins vegar haft mjög gott samstarf við hv. formann sjútvn. og komið okkar athugasemdum á framfæri. Við teljum að við höfum náð þýðingarmiklum árangri og við teljum nauðsynlegt að samþykkja frv. á þessu þingi, einkum vegna útgerðarinnar og sjómanna. Það sé ekki neitt vit í öðru. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. að tala hér úr pontu, það er alveg nóg fyrir hann.

Ég vil líka vekja athygli á því að hv. 14. þm. Reykv. talaði hér lengi en ég komst ekki að því að það væri nein brtt. í farvatninu. Ég hef ekki séð neina brtt. frá sjálfstæðismönnum í þessu máli. (**Gripið fram í:** Frávísunartillögu.) Já, ég er ekki kominn að því. En sannleikurinn er sá að það skín í gegnum allan þeirra málflutning að þeir hafa enga skoðun á þessu frv. Það endurspeglar alveg landsfund þeirra þegar þeir ræddu sjávarútvegsmál, þar varð engin niðurstaða. Enda er það skjalfest að á sínum tíma þegar þeir voru í ríkisstjórn þá greiddu þeir atkvæði með kvótafrv. Ég held því fram að það kvótafrv. sem þá var til afgreiðslu hafi verið margfalt verra en það sem er í þeim búningi sem hér liggur fyrir. Þeir leggja til að málinu verði vísað frá. Það er vegna þess að þeir hafa engar tillögur. Þeir hafa enga skoðun á því hvað skuli gera. Hér eru upphrópanir og skætingur um málið og búið. Því miður er þetta hlutverk sjálfstæðismanna í hv. Ed. (Gripið fram í.) Þjóðin hlýtur að taka eftir því og taka mjög vandlega eftir því að Sjálfstfl. hefur enga skoðun á þessu máli. Hann vill fresta þessu máli — til hvers? Það eru engar haldbærar skýringar á því. (Gripið fram í.) Þær tillögur sem Alþfl. hefur sett fram eru komnar í form brtt. við frv. og við erum mjög sáttir við frv. eins og það lítur út núna. (Gripið fram í.)

Ég fullyrði að þetta frv. muni verða til mikilla bóta og treysti því að það verði samþykkt í þessari hv. deild. En það er áreiðanlegt að eftir situr sú skoðun hjá þjóðinni að stærsti stjórnmálaflokkur landsins hafði enga skoðun á þessu máli aðra en að fresta málinu.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess að mér heyrðist hv. 6. þm. Reykn. segja þegar ég fékk orðið: Hann ætlar sjálfsagt að lengja umræðuna — vil ég taka fram að það er ekki rétt. Hins vegar er ekki óeðlilegt að ég komi hér upp sem formaður nefndarinnar og svari aðeins því sem fram hefur komið. Ég tók ekki óeðlilega langan tíma. Hér hafa aðrir talað fyrir sínum nál. og gert það á jafnvel meira en helmingi lengri tíma en ég tók mér til að kynna þær brtt. sem hér eru lagðar fram. Ég hef því ekki níðst á kvöldinu hjá ágætum þingmönnum

Ég vildi aðeins víkja að því fyrst sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir gat um, að ekki hefði verið tekið mikið tillit til Kvennalistans og tillögur hans lítið skoðaðar. Því miður er þingmaðurinn ekki hér, en ég verð þó að segja það til þess að það komist þá í þingtíðindi að hér er ekki rétt farið með. Ég margfór yfir þær veigamiklu tillögur sem Kvennalisti lagði fram og ég sá það strax að þar er hyldýpi á milli

skoðana í tillögum Kvennalistans sem þar voru kynntar. Ég er ófáanlegur til þess að standa að því að flytja 80% af aflanum plús 20%, sem á að fara í sérstakan sjóð, frá sjómönnum og útvegsmönnum. Ég er ófáanlegur til þess. Og þeir sem setja svona tillögur fram þyrftu eiginlega að gefa sér tíma til að skýra það mál. Hvernig má það gerast? Mér finnst það ótrúlega kaldar kveðjur frá Kvennalistanum. Og ég kannast ekki við annað en að Skúli Alexandersson, þingmaður Alþb., hafi verið með hugmyndir um að taka 40% af kvótanum frá sjómannastéttinni og útvegsmönnum og færa það til vinnslunnar í landinu. Mér finnst þetta býsna kaldar kveðjur til íslenskrar sjómannastéttar frá Skúla Alexanderssyni og Kvennalista. Ég mun aldrei styðja slíkt. Ég greip hér fram í í umræðunni í dag og ég mun aldrei styðja að slíkt geti gerst. (Gripið fram í.) Já, það er best að segja ekki of mikið, það er rétt, og þá talar maður líklega af reynslu í þeim efnum. En hér er ekki of mikið sagt, hv. þm. Halldór Blöndal, við þetta mun ég standa. Ég er ófáanlegur til þess að hrifsa 40 og upp í 80% frá sjómannastéttinni. (**HBl:** Ætlarðu að binda þig við 5%?) Við skulum tala um það seinna þegar kemur að því frv. sem hér verður á dagskrá á eftir. Það verður nægur tími til þess að ræða þau mál þá.

Ég hef líka velt því fyrir mér hvernig þetta ágæta fólk hugsar sér að farið verði með veðrétt sem hvílir t.d. á skipastólnum og aðrar skuldbindingar eftir að menn eru búnir að taka frá útgerðarmönnum og sjómönnum 80% og allt upp í 100% af aflanum. Ég held að fólk þurfi að hugsa þetta til enda. Hvar stendur íslensk sjómannastétt í kjarabaráttu eftir að þetta hefur verið gert? Nei, hér er vægast sagt gáleysislega talað.

Ég þarf ekki í mörgu að svara hv. þm. Karveli Pálmasyni. Hann flutti hér hógværa ræðu og ég þarf ekki miklu við hana að bæta. Hann gat þess að hér væru margir minni hlutar og ég var á undan honum að segja það að þeir væru ótrúlega margir. En hann bætti því við, og það er það sem ég vil aðeins víkja að og mótmæla, að málið hefði fengið lélegan undirbúning. Því mótmæli ég mjög. Aðrir hafa tekið undir það með hv. þm. að málið hafi fengið lélegan undirbúning. Menn störfuðu í eitt og hálft ár í ráðgjafarnefndinni. Menn störfuðu þar með fullt umboð frá þingflokkum sínum, áttu að vera þar inni til þess að miðla öllum upplýsingum frá ráðgjafarnefndinni inn í sína þingflokka og það er að verða liðið hálft ár til viðbótar. Það er sem sé að nálgast tvö ár sem þetta mál hefur verið í vinnu og undirbúningi. Svo kvarta menn yfir því að það skorti undirbúning. Ég skil ekki svona. Það eru þá mörg málin sem hafa farið í gegnum Alþingi sem mætti segja það sama um.

Hv. þm., sem talaði hér áðan, flutti býsna langt mál og ætti nú að gjörþekkja málefni sjávarútvegsins. Hann gat þess sérstaklega og lagði þunga áherslu á, og það er í nál. þeirra félaganna, Halldórs Blöndals og Guðmundar H. Garðarssonar, að mjög ríka áherslu yrði að leggja á það að málefni sjávarútvegsins yrðu tekin úr höndum framsóknar. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt, það stendur í nál. En það hefur nefnilega lent á Framsfl. að þurfa að leysa vanda sjávarútvegsins. Og ekki bara sjávarútvegsins. Það hefur líka lent á ráðherrum Framsfl. að þurfa að taka á og leysa önnur vandamál, vandamál landbúnaðarins sem menn voru búnir að velta hér á undan sér árum saman og þorðu ekki að taka á. Og sama skeði í sjávarútvegsmálunum. Fyrst þegar þau komu til Framsfl. þorðu menn að taka á þeim og fara að stjórna þeim. Við skulum minna ykkur á það. Það er rétt að minna á hvað hefur gerst. Því á að víkja Framsfl. til hliðar? Eru menn búnir að gleyma því að aldrei hefur landhelgi Íslendinga verið færð út nema Framsfl. hafi átt aðild að þeirri ríkisstjórn og nær alltaf hefur hann leitt þær ríkisstjórnir þegar íslenska lögsagan hefur verið færð út. (Gripið fram í.) Víst í 200 mílur. (Gripið fram í.) Hann var aðili að þeirri ríkisstjórn. Öll hin skiptin leiddi hann ríkisstjórnir, en í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hafði Framsfl. fulla aðild að þegar fiskveiðilögsagan var færð út hvorki meira né minna en 758 þús. ferkílómetra. Svo halda menn að Framsfl. eigi að víkja til hliðar. Grundvallarforsendan fyrir þeirri fiskveiðistefnu sem hér hefur verið byggð upp var að færa út landhelgina. Það er von að þessir höfðingjar sem hér tala telji nauðsynlegt að víkja Framsfl. til hliðar.

Einnig minntist hv. þm. á það, sem nokkrir aðrir hafa hér einnig minnst á, að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila. Hér hlýtur þingmaðurinn að hafa mistalað sig hastarlega eða farið vísvitandi með rangt mál. (Gripið fram í.) Víst með Úreldingarsjóðinn. Hagsmunaaðilar voru kallaðir fyrir nefndina til þess að svara fyrir í sambandi við Úreldingarsjóðinn. Ég gæti þess vegna lesið upp nöfn. (Gripið fram í.) Mótmæltu? Ég get líka bætt því við, ágæti þm. Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal sem blaðra hér mest með munninn fullan af yfirlýsingum, að þessir höfðingjar sátu báðir sem fulltrúar Sjálfstfl. í ráðgjafarnefndinni og skrifuðu undir nál. og minntust hvergi á eða gerðu athugasemdir við það sem stendur í 5. gr. frv. þar sem fjallað er um Úreldingarsjóð. (Gripið fram í.) Nei, mótmæltu því aldrei, hreyfðu aldrei andmælum við því sem stendur í 5. gr. frv.

Einnig sagði hv. þm. að hér væri stigið fyrsta skrefið til auðlindaskatts. Því mótmæli ég mjög og þarf ekki nú að eyða löngum tíma í það vegna þess að hér á eftir munum við tala um Úreldingarsjóðinn. Hér er ekki verið að tala um auðlindaskatt. Hér er verið að tala um skattlagningu sem aðeins er innan greinarinnar sjálfrar og tryggir það að arðsemin muni vaxa í greininni eftir því sem okkur tekst fyrr að úrelda skipin. Það er staðreyndin í málinu. Hv. þm. var að lesa hér upp þessar tillögur Alþfl. og hvað þeir vildu í þessum efnum og sagði: Á þessu eigum við von. En hann taldi ekki upp menn í öðrum flokkum sem hann ætti að þekkja betur og tala aldrei í sjávarútvegsmálum öðruvísi en að biðja um auðlindaskatt. Hann gleymdi því sá góði maður Guðmundur

H. Garðarsson að geta um þá menn í Sjálfstfl. sem aldrei opna munninn þegar rætt er um þessi mál öðruvísi en að biðja um auðlindaskatt. Síðan bætti hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson við að það væri ekki hægt að vera með bæði auðlindaskatti og byggðastefnu. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt og þetta frv. er því ekki byggt á auðlindaskatti, þingmaður góður. Það er nefnilega ekki byggt á auðlindaskatti heldur á auknum skilningi á byggðastefnu. Það er málið.

Hv. þm. Skúli Alexandersson talaði hér mikið og lengi og ég er nú búinn að víkja aðeins að aðalinntakinu í hans tillögum sem fer mjög í mínar taugar, að flytja allt að 40% af aflaheimildum frá sjómannastéttinni. Ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að því. Hann minntist einnig á það að þetta mál væri rætt í tímahraki og hefði oft svo verið. Það tek ég undir. Það er mjög miður að við skulum ekki hér á Alþingi einhvern tímann taka umræðu um sjávarútvegsmál. Við þurfum ekki endilega að vera að ræða beint um kvótafrv. Við ættum að taka okkur tíma í Alþingi til að ræða um þessa undirstöðuatvinnugrein og ekki þá í einhverju tímahraki.

Hv. þm. Skúli Alexandersson sagði einnig að ekki hefði verið gerð tilraun í nefndinni til þess að sætta sjónarmiðin. Ég trúi því varla að hv. þm. meini þetta. Í upphafi málsins var mér það ljóst sem formanni nefndarinnar að hyldýpi var á milli okkar nefndarmanna þegar við mættumst á fyrsta fundi. Það held ég að menn geti tekið undir. Það var hyldýpi á milli skoðana okkar. Mér var það þegar ljóst að við næðum ekki allir samkomulagi.

Hann vék einnig að því, og það hafa fleiri gert hér, að gera lítið úr því að ráðherrar hefðu hist ásamt mér, formanni sjútvn. Ed., og formanni sjútvn. Nd. Það er ekkert launungarmál og það vita menn og var ekki farið í neinar felur með það. Eftir að ég hafði heyrt í mönnum í nefndinni, heyrt ofan í menn, verið í viðtölum með fjölda manna, eins og hér var lesið upp í dag, þá var mér það ljóst að ég þurfti að ræða við menn. Þess vegna settist ég niður með ráðherrum og bíðst ekki afsökunar á því. Eftir að ég hafði gert það, sest niður með ráðherrum allra flokkanna sem að ríkisstjórninni standa, átt viðræður við þá, bað ég um fund með ráðherrum aftur og þeim aðilum sem í sjútvn. deildarinnar starfa og eru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar. Ég var að reyna að fóta mig á því að reyna að finna leið og þreifa á mönnum hvort við ættum einhverja möguleika til þess að ná samstöðu. Þar voru málin rædd opinskátt. Þar var reynt að sætta sjónarmiðin en það var því miður ekki hægt.

Ég þarf ekki að tala hér lengra mál. Hv. þm. vék að gæðamálunum, að enginn árangur hefði náðst þar. Það er rangt. Hið háa verð á erlendum mörkuðum fyrir íslenskar afurðir byggist að mörgu leyti og sjálfsagt að miklu leyti á því að verðmætin og gæðin hafa aukist. Hann sagði einnig að ég hefði farið með rangt mál um það að skipastóllinn hefði ekki vaxið. Ég sagði að skipastóllinn hefði minnkað og það er rétt. Árið 1984 voru 680 skip yfir 10 brúttólestir en nú eru þau 627. Þetta sagði ég í dag og ég endurtek þetta nú. (Gripið fram í.) Rúmlestirnar, Skúli, þú þekkir nú útgerðina þar og veist að ekki er um það sama að tala. Mörgu hefur verið hagrætt og bætt um borð í skipum og var ekki vanþörf á. En þetta eru staðreyndirnar, góðir þingmenn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst það satt að segja hálfgerð lítilsvirðing við deildina af hæstv. sjútvrh., eftir að maður hefur setið hálft annað ár í nefnd sem starfað hefur undir stjórn ráðuneytisstjóra sjútvrn. og unnið heils hugar og í fullri, ég vil segja, einlægni með ráðuneytisstjóra hans að málefnum sjávarútvegsins og unnið að því að ná einhverjum sáttum við hagsmunaaðila um stjórn fiskveiða, og eftir að sjútvrh. hefur falið flokksbræðrum sínum í sjútvn. að sprengja upp þá samstöðu sem var í þessari ráðgjafarnefnd með tillögum sínum sem varða bæði frv. sem hér er til umræðu og þennan svokallaða Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, þá finnst mér það satt að segja hálfgerð ósvífni að hæstv. ráðherra skuli ekki standa upp hér í deildinni og gera grein fyrir því hvað hafi ráðið hans afstöðu. Hæstv. ráðherra er kunnugt að við sjálfstæðismenn vorum reiðubúnir til þess að vinna með Framsfl. að því að ná málinu í gegnum þingið á þeim grundvelli sem náðist í samráðsnefndinni undir forustu ráðuneytisstjóra sjútvrn. Ég vissi ekki betur en hæstv. sjútvrh. væri í aðalatriðum sammála þeirri niðurstöðu, a.m.k. í svo ríkum mæli að hann sá ekki ástæðu til á þeim tíma að gera mér eða Sjálfstfl. grein fyrir því að hugur hans stæði til að breyta þeim forsendum sem lágu til grundvallar þeirri niðurstöðu. Ég hlýt þess vegna, herra forseti, að vænta þess að að orðum mínum loknum geri hæstv. sjútvrh. grein fyrir sínu máli. Hvað hafi valdið því að hann hafi snúið svo gersamlega snældunni.

Maður hefur farið að rifja upp hver staða hans hefur verið fram að þessu í sæti sjútvrh. Þegar svarta skýrslan kom og sjávarútvegurinn stóð frammi fyrir því haustið 1983 að nauðsynlegt væri að grípa til mjög róttækra ráðstafana til þess að tryggja að þorskstofninn gengi ekki til þurrðar gekk ráðherra mjög röskleg fram og hafði auðvitað Sjálfstfl. á þeim tíma sem bakhjarl. Staðreyndin er sú að þegar ráðherrann hefur staðið sig best í embætti sínu sem sjútvrh. þá hefur hann vitað það að við sjálfstæðismenn stóðum á bak við hann. Ég vissi ekki betur en sjútvrh. hefði í sambandi við þessar erfiðu ákvarðanir sem hafa verið teknar til þess að reyna að tryggja skynsamlega nýtingu fiskstofna kunnað að meta þá samvinnu.

Nú hefur hæstv. sjútvrh. kosið að ganga gegn samtökum sjávarútvegsins. Það eru auðvitað mikil þáttaskil í embættisferli hans og hefur raunar alls ekki verið skýrt til fulls hvernig á því stóð að sjútvrh. skyldi komast að þeirri niðurstöðu að sér tækist betur að gegna embættisskyldum sínum í andstöðu ekki aðeins við útgerðarmenn heldur einnig sjómenn, verkafólk og fiskverkendur, eins og fram kom á fundum sjútvn. Þetta er auðvitað gerbreytt staða hjá

hæstv. sjútvrh. og maður freistast til að draga þá ályktun af þessari kúvendingu að nú sé kominn tími til þess að annar maður frískari taki sæti hans sem þorir að horfast í augu við þá erfiðleika sem sjávarútvegurinn á við að glíma og gerir sér jafnframt grein fyrir því að ekki verður hægt að ná fram skynsamlegri nýtingu á fiskstofnum né skynsamlegri nýtingu á sjávarafla öðruvísi en í nánu samstarfi við útgerðarmenn, sjómenn og fiskverkafólk. Þetta hélt ég að hæstv. sjútvrh. væri ljóst og þess vegna er það ekkert leyndarmál að ég hef á liðnum árum oft látið orð falla á þá lund að mér félli vel hvernig hann ræki sitt embætti.

En nú er svo komið að ekki er lengur hægt að gefa hæstv. sjútvrh. þessa einkunn. Í staðinn fyrir að reyna að líta til einhverrar framtíðar í sambandi við stjórn fiskveiða hefur hann tekið þá ákvörðun að umgangast þetta mikilvæga mál sem einhvers konar dægurflugu. Og það sýnir lauslætið í vinnubrögðunum að við vorum að fá smábreytingar á tillögunum frá einum degi til annars. Það var gefið eftir hér og það var gefið eftir þar og það var svo sem ekki neitt í föstum skorðum.

Þetta er í stuttu máli lýsingin á því sem formaður sjútvn. kallaði vönduð vinnubrögð. Það er alveg rétt hjá honum að við sátum í hálft annað ár í ráðgjafarnefndinni. Það er líka rétt að ég og formaður sjútvn. komumst í grófum dráttum að sömu niðurstöðu. En formaður sjútvn. getur ekki veigrað sér við því að viðurkenna að hann var víðs fjarri vettvangi þegar niðurstaðan fékkst um það hvernig ætti að sólunda þeirri vinnu sem hagsmunasamtökin höfðu lagt í þetta mál. Og hann kemst ekki hjá því að verða að viðurkenna að þegar ég spurði hann að því í nefndinni hvort eitthvað þýddi að hreyfa brtt. til þess að lagfæra eitt eða annað var svarið að það væri alveg tilgangslaust. (Gripið fram í.) Þingmaður Suðurnesja, Jóhann Einvarðsson, spurði hvort ég hefði einhver ákveðin mál sem ég vildi nefna. Ég nefndi í fyrsta lagi þá gerbreyttu rekstrarstöðu sem söknarmarksskipin hafa á næsta ári og ég spurði hvort einhver möguleiki væri á því að orðfæra það við formann nefndarinnar að það yrði milliskref og söknarmarksskipin færu yfir á aflamark í áföngum. Því var svarað neitandi. Ég spurði jafnframt um það vegna þeirra radda sem heyrst hafa um að það sé hart aðgöngu að smæstu trillurnar megi ekki nýta þann litla afla sem þær fá, kannski 5 eða 10 tonn, fénýta þann afla á neinn hátt og sama svarið kom frá formanni sjútvn., að það mál þyrfti ekki að ræða með einum eða neinum hætti. Það var því öldungis ljóst að meiri hlutinn hafði tekið ákvörðun um að efnistriði þessa frv. yrðu ekki rædd í sjútvn. Við nefndarmenn skyldum ekki með einum eða neinum hætti reyna að nálgast sjónarmið hvers annars. Formaður sjútvn. sagði að heimavinnan hefði ekki verið unnin. En sannleikurinn er sá að hann lét aðra menn vinna heimavinnuna sína og það vita þeir sem eru gamlir kennarar að slíkt hefnir sín þegar að prófinu kemur. Það er eins með formann sjútvn. og hæstv. sjútvrh., báðir féllu á prófinu. Báðir fóru vel af stað, báðir stóðu sig vel lengi vel, báðir stóðu á þeim grundvallarsjónarmiðum sem þeir vildu standa á lengi vel, en báðir brugðust á lokasprettinum.

Við getum kannski aðeins vikið að því hvernig á því stendur og byrjað þá fyrst á því að víkja að því hvaða álitamál olli því að Alþfl. gekk inn á það að styðja þetta frv. Hvert var álitamálið? Álitamálið var auðlindaskatturinn. Framsfl. gekk inn á auðlindaskattinn.

Í inngangi að því plaggi sem mér er sagt að sé frá hæstv. viðskrh. og hann hafi afhent á leynifundinum þar sem þeir voru staddir formaður sjútvn. Ed., formaður sjútvn. Nd. og ráðherrarnir, ég veit ekki hvaða ráðherrar. Í inngangi að því plaggi stendur að ganga eigi skammt fyrsta árið. Það sé stutt fiskveiðiár. Ekki sé aðalatriðið að taka strax 10% í kvótann á fyrsta árinu. (**Gripið fram í:** Kemur skýrt fram.) Kemur skýrt fram þar svo að þeir láta duga að taka 5%. Það er í frv. um þennan svokallaða Hagræðingarsjóð, réttu nafni óhagræðingarsjóð. Þar á að taka 5% sem sjóðurinn má hafa á hverju ári og sem hann á að selja og má að vísu gefa pínulítið. Er það ekki 0,8% sem hann má gefa af þessum 5%? Með þessum tillögum ráðherranna er búið að tryggja sjóðnum um 400 millj. kr. í stofnfé. Það þarf að hækka um helming, ekki munar um það. Þær greiðslur sem fóru í Úreldingarsjóð eiga að hækka un 50%. Það á að hrifsa og hrifsa og fyrir utan það á að selja allt að 5% á ári hverju við markaðsverði til eins árs í senn. Þar erum við að tala um 600 upp í 750 millj. kr. núna til að byrja með. Og þegar menn hafa 600–750 millj. kr. og fá þar að auki heimild til þess í lögunum að þeir megi taka lán allt að 80% af kaupverði fiskiskips með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs til að taka til sín enn meiri kvóta sem á að seljast á markaðsverði og hæstbjóðanda, ef ég hef skilið tillögurnar rétt, innan fiskveiðiársins þá sjáum við undir eins að þarna erum við farnir að tala um verulegar tekjur. Og trúi því hver sem vill að þessir forsjárhyggjumenn, sem við búum nú við, þessir forsjárhyggjumenn, sem eru sjóðvitlausir í sjóði, muni láta við það sitja að allt þetta fjármagn verði bara þarna, útdeilist svo til einhverra byggðarlaga úti á landi eða til þess að kaupa fiskiskip og gefa síðan aflann. Auðvitað munu þeir hækka 5% í 10% á næsta ári eins og segir í tillögum Alþfl. Og svo munu þeir bæta 10 við og þá eru þeir komnir upp í 25 og þannig munu þeir halda áfram.

Flokkur sem þykist vera á móti auðlindaskatti en samþykkir 5% af aflanum, slíkum flokki er ekki treystandi. Hann hefur brotið sín grundvallarsjónarmið með þeim hætti að alllangur tími mun líða áður en hægt er að taka alvarlega þau grundvallarsjónarmið sem þingmenn og ráðherrar Framsfl. þykjast hafa í sambandi við stjórn fiskveiða.

Það var skemmtilegt að heyra lýsingu fulltrúa Sambands ísl. samvinnufélaga, sjávarafurðadeildar SÍS, þegar hann kom á fund nefndarinnar og var að lýsa viðhorfi sínu til þessarar nýju stjórnunar. Hann

minnti á það að á sínum tíma þegar menn komu að nýju landi varð auðvitað fljótt landlítið og síðar landlaust og þá var það eignarrétturinn sem kom í veg fyrir að stöðugar deilur og róstur yrðu um skiptingu landsins. Menn komu sér saman um ákveðnar leikreglur. Hann vildi halda því fram að með þessum hætti hefði tekist að tryggja nauðsynlegan afrakstur af jörðunum. Hann hafnaði fullkomlega þeirri forsjárhyggju sem lýsir sér í þessu máli eins og það lítur nú út ef við horfum bæði á frv. um stjórn fiskveiða og frv. um Úreldingarsjóðinn sem eina heild.

Það var næsta spaugilegt að heyra formann sjútvn. tala um það að við hefðum verið að fjalla um Úreldingarsjóð í ráðgjafarnefndinni. Hann leggur nú sjálfur til að leggja þann sjóð niður. Í tillögu hans er talað um að þetta eigi að heita Hagræðingarsjóður vegna þess að formaður sjútvn. gerir sér grein fyrir því að ekkert þýði að sigla undir fölsku flaggi. Það er ekki lengur tilgangur þessa sjóðs að úrelda. Til þess eru tekjurnar allt of miklar. Tilgangurinn er auðvitað sá til lengri tíma litið að draga fé í ríkissjóð í gegnum þennan sjóð, skattleggja sveitarfélögin úti á landi, byggðirnar úti á landi, skattleggja sjómennina og útgerðina. Svo geta þeir haldið áfram að sannfæra sjálfa sig um það í bili ef þeim sýnist svo, framsóknarmönnunum, að það muni draga fiskveiðiheimildir norður á Hofsós eða draga fiskveiðiheimildir austur á Breiðdalsvík frá Granda eða Útgerðarfélagi Akureyringa að setja fiskveiðiheimildirnar á opinbert uppboð eins og stefnt er að. Ég tala nú ekki um hvernig fer ef þessi fyrirtæki, sem illa eru stödd mörg hver, eiga ekki aðeins að standa undir þeim skuldbindingum sem þau hafa á sig tekið heldur eiga til viðbótar að greiða verulegt gjald í ríkissjóð fyrir aflaheimildir. Það á að taka nákvæmlega eftir orðanna hljóðan þannig að þar er hvergi hægt undan að víkjast og væri fróðlegt að spyrja hv. þm. Stefán Guðmundsson hvað hann kallar það að taka 6000 þorskígildistonn af flotanum til að selja sömu mönnum aftur. Ef þetta heitir ekki auðlindaskattur þá veit ég ekki hvað er auðlindaskattur. Það er verið að selja útgerðarmönnum og sjómönnum fiskinn í sjónum við opinberu verði. Þetta er svona einfalt, algerlega ljóst, en á hinn bóginn hálfbroslegt að heyra það frá formanni sjútvn., og ég hlakka til að heyra það af munni hæstv. sjútvrh., að það sé eðlilegt að reikna með því að Úreldingarsjóður kaupi fiskiskip fyrir 600–750 millj. á ári, eitthvað svoleiðis, eigum við að segja 700 millj. til að segja nærri lagi, árlega fyrir 700 millj. til að úrelda. Auðvitað sjá allir að það er algerlega óhugsandi og auðvitað fara þessar 700 millj. upp í milljarð þegar við tölum frekar um sölu á aflaheimildunum. Hér er auðvitað verið að efna til þess að draga fé í ríkissjóð frá sjómönnum og útgerðarmönnum og byggðarlögum úti á landi.

Það má líka spyrja: Segjum nú svo að maður trúi andartak því sem formaður sjútvn. segir og sem sjútvrh. ætlar væntanlega að segja — ja, hvað hefur sjóðurinn til ráðstöfunar á næsta ári ef við tökum almanaksárið? Ætli það sé ekki undir öllum kringumstæðum einn milljarður í fé sem má þá verja til að kaupa fiskiskip? Og svo má fá 80% af kaupverðinu að láni með ríkisábyrgð til viðbótar. Hvað hugsa þeir sér að keypt séu fiskiskip fyrir mikið á ári til að úrelda? Einn togari, tveir togarar, þrír togarar, fjórir togarar, fimm togarar? Hvað ætlar sjútvrh. að láta úrelda mikið á næsta ári? Það er verst að hafa ekki formann sjútvn. hér inni. Eiginlega væri nauðsynlegt að ná í hann. Ég var að biðja um formann sjútvn. Kannski mætti gera hlé á fundinum í svona hálftíma. (**Forseti:** Ég vænti þess að hv. formaður komi fljótlega.) Ég þakka fyrir það.

Ég ætlaði að spyrja formann sjútvn. hvernig hann reiknaði ef sjóðurinn fær 400 millj. í stofnfé og við skulum segja að sjóðurinn hafi á næsta ári 800 millj. til ráðstöfunar og hvað hefur hann í lánsheimildum? Hvað hugsar formaður sjútvn. að hann kaupi mörg skip fyrir það? (Gripið fram í.) Hvað á að gera við þetta uppsafnaða fé sem ella kemur þarna? Til hvers er þessi leikur? Af hverju er verið að skattleggja útgerðina um þetta? Þetta er innan greinarinnar sjálfrar, segir formaður sjútvn. voðalega glaður. Það er verið að skattleggja til sjóðsins innan greinarinnar sjálfrar. Með því er hann að reyna að gefa í skyn að þetta eigi þá að fara aftur til greinarinnar. Hvað ætla þeir að kaupa skip fyrir mikið á næsta ári fram til 1. ágúst? (**StG:** Hefur hv. þm. ekki lesið frv.?) Ég hef lesið frv., jú, en hvað ætlið þið að kaupa mikið af skipum og hvernig stendur á því að formaður sjútvn. og sjútvrh. eru, um leið og þeir eru að efna til svona öflugs sjóðs til þess að kaupa fiskiskip til þess að úrelda, að setja það inn í frv. að sveitarfélögin eigi að hafa forkaupsrétt til þess að ekkert skip fari úr byggðarlaginu? Með því að láta sveitarfélögin hafa forkaupsrétt eru þeir væntanlega að reyna að stuðla að því að skipin séu til eða hvað. Það hlýtur að vera sú hugsun á bak við það að þeir vilji hafa skipin í þeim sveitarfélögum þar sem þau eru. Og af hverju eru þeir þá að skattleggja sjávarútveginn svona til þess að kaupa skipin frá sveitarfélögunum sem eiga að hafa forkaupsréttinn? Það hefur ekkert svar komið við því. Það má líka spyrja báða tvo. Hvert er svar þeirra við erindi Sambands ísl. sveitarfélaga að sjóðurinn láni sveitarfélögunum upp að 80% með ríkisábyrgð til þess að staðirnir geti haldið sínum skipum? (Gripið fram í.) Þetta kom fram. Hann hefur kannski ekki verið viðstaddur þegar formaður sveitarfélaganna var á fundi hjá okkur og spurði um það hvort til stæði að sjóðurinn lánaði sveitarfélögunum til þess að þau gætu stuðlað að því að skipin yrðu kyrr. Hann skildi ekki alveg við hvað var átt með forkaupsréttinum. Þegar ég útskýrði fyrir honum að það væru jarðalög kviknaði pínulítið á perunni, jarðalög um fiskiskip. Það má kannski vísa frv. öllu til landbn., heldur en til sjútvn., og hefði kannski verið skynsamlegra eins og allt er í pottinn búið.

Auðvitað er þetta þannig að fyrst komast menn að þessari niðurstöðu að nauðsynlegt sé nú að öll fiskiskip séu til og þess vegna er búið til eitthvert apparat sem heitir forkaupsréttur sveitarfélaga til að tryggja

að ekkert skip fari frá neinum stað og ekkert skip úreldist. Síðan þegar búið var að gera það hugsa þeir sér með sér: En það er nú ómögulegt að vera að samþykkja einhver lög án þess að til séu sjóðir, sjóðvitlausir í sjóði alltaf hreint. Og svo er búinn til sjóður. Og þá er að finna fínt nafn: Hagræðingarsjóður, gott nafn, Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Ekki er það dónalegt. Mér fannst þingmaður Snæfellinga segja að þetta hljómaði vel í eyrum félagshyggjumanna. Ekki efast ég um það. Óhagræðingarsjóður, segi ég, en þarna er til sjóður og þá verður einhvern veginn að fá peninga í sjóðinn. Já.

Við skulum segja að tekin séu 12 þús. tonn, þorskígildistonn, af flotanum. Það er nú svolítið mikið. Nú, seljum þeim helminginn til baka á opinberu markaðsverði. Við verðum að hafa eitthvað til skiptanna og svo byrjar þetta fallega. Fyrsta útgáfan sem við fengum var sú að það ætti að selja hin 6 þúsundin til sveitarfélaganna. Svo var það nú ekki nógu gott svona til lengdar, ekki yfir nóttina. Næsta útgáfa var sú að sumt mætti selja með pínulitlum afslætti. Svo þegar þeir voru búnir að horfa á það smástund, eina nótt í viðbót, þá kom þriðja boðið: Við skulum gefa sumum aflann. Þá eiga sumir að fá aflann gefins, sumir eiga að fá hann við hálfvirði, sumir eiga að fá hann fullu verði og sumir eiga ekki að fá neitt. Eins og gengið er frá lögunum er aldeilis útilokað að Vestmannaeyjar geti fengið sporð. (**Gripið fram í:** Aldrei neitt.) Aldrei neitt. Útilokað að Höfn í Hornafirði geti fengið sporð. (**Gripið fram í:** Aldrei neitt.) Egill er ekki ánægður með það, vinur minn á Seljavöllum. (**GHG:** Eða Ísfirðingar.) Ísfirðingar ekki sporð, ekki Akureyringar eða Eyjafjörður. (Gripið fram í.) Einhverjir fá kannski aðrir. Það var einhver sem spurði mig og var að reyna að gleðja mig með því að segja að kannski gæti Kópasker fengið sporð og vissulega er það rétt að þar er mjög alvarlegt atvinnuástand. (**Gripið fram í:** Suðureyri.) En nú skulum við hugsa okkur að einhver staður fái sporð. Nú skulum við vera ósköp elskulegir og bregða okkur til Austfjarða og hugsum okkur að það hittist svo undarlega á að fyrsta gjafasendingin fari til Austfjarða. (**Gripið fram í:** Til Vopnafjarðar.) Ég veit ekki hvort ég á að þora að nefna án þess að ég þekki nokkuð til, t.d. Stöðvarfjörð, af því að það eru þarna staðir báðum megin. Ja, Breiðdalsvík er kannski betra, Breiðdalsvík fái kannski úr sjóðnum 1 þús. þorskígildistonn og segi svo við þá frá Fáskrúðsfirði og Eskifirði og Djúpavogi: Ef þið komið nú og leggið upp hjá mér skal ég láta ykkur fá tonn á móti hverju tonni sem þið fáið. Þá er ég búinn að tvöfalda hjá ykkur kvótann á bátunum. Þá verða þeir mjög glaðir, og þá segja þeir: Þá leggjum við ekkert upp heima hjá okkur. Þá leggjum við upp á þeim stað sem er búinn að fá gefins fisk úr fína Hagræðingarsjóðnum hans Halldórs Ásgrímssonar (**GHG:** Allt fyrir atkvæðin.) og Halldór Ásgrímsson er búinn að bjarga þeim, þó ekki um þúsund tonn heldur tvö þúsund. Og þá eru góð ráð dýr og þá fara þeir nú að klóra sér í höfðinu í nefndinni og í stjórninni. Æ, vantar nú fisk á Fáskrúðsfjörð og vantar nú fisk á Djúpavog. Og svo fær Djúpivogur fisk. Og þá fara þeir að missa fiskinn á Höfn í Hornafirði því að það er nefnilega þannig þegar búið er að skammta fiskinn og þegar það er takmarkað sem menn mega veiða, þegar fer vaxandi sá afli sem fluttur er óunninn úr landi og þegar við sitjum uppi með ríkisstjórn sem hefur enga stefnu í fiskvinnslumálum, þegar við sitjum uppi með viðskrh. og utanríkisviðskiptaráðherra sem báðir eru kratar, þá dugir lítið þó einn framsóknarmaður sé sjútvrh., satt að segja, og það hallar á ógæfuhliðina og það er ekki hægt að standa við samninga um útflutning á saltfiski. Og einhvern veginn fækkar þessum sporðum sem eru verkaðir hér á landi. En það má færa þá svona til á milli staða, færa atvinnuleysið til með opinberum sjóði. Og sumir eiga að borga fullt verð og sumir eiga að borga hálft verð og sumir eiga ekki að borga neitt og sumir fá alls engan sporð, ekki einu sinni við tvöföldu verði. Og þetta er nýi Hagræðingarsjóðurinn hjá Framsfl. og þetta er það sem þeir eru að bjóða upp á, félagshyggjupostularnir. Ég er hér um bil viss um að minn gamli og góði vinur Stefán Valgeirsson hristir hausinn, jafnvel hann, yfir þeirri vitleysu sem við sjáum og horfum hér á. (**StG:** Ræðumaður á að úthluta úr sjóðnum.) Ég á ekki að úthluta úr sjóðnum. (**StG:** Ójú, jú.) Ónei, nei. (**StG:** Þú sást nú fyrir því.) Nei, nei. (**StG:** Ójú.) Ónei.

Það er svo enn eitt sem sýnir fumið og fátið í kringum þetta, gleymskuna, um leið og búið er að leggja niður Úreldingarsjóðinn og gera þetta svona að einum útdeilingarsjóði í viðbót. Magnús Jónsson, sá gamli ráðherra, sagði stundum að framsóknarmenn gætu ekki stjórnað án þess að geta gert mönnum greiða. Menn yrðu að fá að fara suður til að fá greiða. Og þarna er nú sjóðurinn kominn til að menn geti látið menn fá pínulítið af óveiddum fiski, fiskveiðiheimildum. En hvernig skyldi standa á því úr því að verið er að bjarga fiskvinnslunni, af hverju má þá ekki fiskvinnslan eiga stjórnarmann? Af hverju má ekki fiskverkafólkið eiga stjórnarmann? Af hverju er gengið fram hjá þeim? Hvað hefur Fiskveiðasjóður með að gera hvernig á að deila fiski milli Djúpavogs og Breiðdalsvíkur? Þetta er auðvitað eitt með öðru. Kannski sjútvrh. hafi betri tök á formanni Fiskveiðasjóðs en Alþýðusambandinu eða Verkamannasambandinu. Ég veit ekki hvernig á þessu stendur en þetta er svolítið skrýtið, mjög undarlegt, og í rauninni mjög kaldar kveðjur til sjómannastéttarinnar sem lýsir sér í því að nú eigi að taka 5% á þessu fiskveiðiári sem ekki er allt eftir uppskrift kratanna eins og hún birtist og síðan er áætlunin um að taka 10% á ári. Um aldamótin er þetta komið upp í 95%. Það munar ekki svo miklu. Kannski má hugsa sér svona fyrst til að byrja með að taka bara 5% á ári, eitthvað svoleiðis, eitthvað lítið fyrst, því að þannig er nú frá þessu gengið að til þess að koma málinu í gegn næst þarf ekki nema bara breyta einni tölu, bara breyta 5% í 10% eða 15%. Það er ekki svo mikið. Kannski 1% á mánuði, eitthvað svoleiðis. Það munar ekki svo mikið frá einum mánuði til annars, 10%, 11%, 12%,

13%, 14%, en fikra sig svona áfram þangað til menn treysta sér ekki lengur til þess að gera út á gamla mátann. Og hvaða menn skyldu það svo vera sem standa sig best þegar við spyrjum um uppboð á aflaheimildum? Það er verið að tala um byggðirnar, smáu byggðirnar, dreifðu byggðirnar út um allt landið. Ég þori að veðja. Eigum við að bjóða upp 100 tonn? Annars vegar er Bakkafjörður og hins vegar Útgerðarfélag Akureyringa. Hvor skyldi vinna? (**StG:** Hvað segir stjórnarmaður Byggðastofnunar?) Hvor skyldi vinna? Eigum við að taka einhverja aðra staði? Hver skyldi vinna? Ætli Bakkfirðingar mundu bjóða betur heldur en Útgerðarfélag Akureyringa? Sennilega. Sennilega eru þeir svo stæltir á Bakkafirði að þeir hafi ekki roð við þeim hjá Útgerðarfélaginu.

Út frá þessu var þess vegna náttúrlega mjög undarlegt að formaður sjútvn. skyldi hafa verið að skamma fulltrúa Alþb. fyrir að vilja hrifsa frá sjómönnum og útgerðum um 40%. Hvaða munur er það í raun og veru hvort það eru hrifsuð 5% eða 40% í fyrsta skipti? Er ekki bara Skúli hreinskilnari, hv. þm. þeirra frá Rifi? Þeir þarna undir heiðríkjunni fyrir vestan og undir hinum kalda jökli eru vanir að vera hreinskilnir. 40%, hvað er það? Þrjú og hálft ár, fjögur og hálft ár, að komast í það eftir framsóknarleiðinni. (Gripið fram í.) Þeir segja alltaf að það eigi að fara hægt, svona varlega, taka þetta í þrepum og læðast svolítið. Þetta tekur ekki mjög langan tíma. Og ég veit að formaður sjútvn. mun standa sig vel núna í haust þegar þeir segja við hann: Þetta var ekki nóg með 5%. Nú átti að bæta pínulitlu við. Það er svolítið gat í fjárlögunum. Ef við hækkum 5% í 10%, getum við þá ekki náð í einn milljarð í fjárlögin? Ég þykist vita að ... (**Gripið fram í:** Hvenær taka lögin gildi?) Lögin taka gildi um áramót. (Gripið fram í.) Nú, hefur hann ekki lesið heima? Á þetta ekki að byrja á næsta ári?

Ég held að málið sé svona einfalt. Málefnin voru tekin úr höndum sjútvn. Þeir þingmenn sem lengst höfðu unnið að málinu voru settir til hliðar. Í staðinn var kallað á hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. og þeir voru enga stund að kokka nýja fiskveiðistefnu. Og auðvitað datt þeim ekki í hug að bera þessa nýju fiskveiðistefnu undir hagsmunaaðila því að hæstv. sjútvrh. vissi að það þýddi ekki neitt svo að hann bara fór hina leiðina. En ég veit ekki hvort hann gerði sér grein fyrir því þá að um leið hefur staða hans sem sjútvrh. breyst í grundvallaratriðum. Hann er ekki á sama stað og áður í sínum stól. Hann hefur kosið að fara aðra leið en hagsmunasamtökin kusu og hann er kominn í hreina andstöðu við útgerðarmenn, fiskverkendur, sjómenn og fiskverkafólk. Það er nú kjarni málsins.

Formaður sjútvn. sagði að það væri hyldýpi á milli okkar nefndarmanna þegar við hittumst. Það er líka rangt. Formaður sjútvn. hefði vel getað myndað meiri hluta með fulltrúum Sjálfstfl. á þeim grundvelli sem við unnum á í samstarfsnefndinni, ráðgjafarnefndinni. Það er því algjörlega rangt að það hafi verið hyldýpi milli manna. Staðreyndin er sú að formaður sjútvn. vildi ekki mynda meiri hluta á þeim grundvelli sem við unnum á í ráðgjafarnefndinni. Þetta er kjarni málsins. Og þess vegna er komið sem komið er. Þess vegna er þetta mikla hagsmunamál í mínum huga hætt að vera langtímamál, orðið að dægurmáli, flugu, og maður hefur ekki hugmynd um það milli 2. og 3. umr. nema formennirnir hafi komið sér saman um eitthvað allt, allt annað. Það gengur hér á göngunum að meira að segja sé þetta mál hér notað sem verslunarvara í umfjöllun um önnur mál í stjórnarmeirihlutanum. Ég geri t.d. ráð fyrir því, herra forseti, að hæstv. umhvrh. detti ekki í hug, það hvarfli ekki að honum, að gera neina grein fyrir því á hvaða forsendum hann geti fylgt því frv. sem hér liggur fyrir á eftir og greitt atkvæði með því á eftir. Hvaða efnislegar ástæður skyldu liggja til þess? Og hvernig stendur á því að viðskrh. sem bjó til kaflann um auðlindaskattinn situr ekki fyrir svörum hérna inni hjá okkur? Svarið er auðvitað þetta: Þingið varðar ekkert um þetta. Við skiptum engu máli hér inni. Þegar við töluðum um orkuskattinn kom það tvisvar fyrir að orkuráðherrann hljóp í sjónvarpið hér niðri í Kringlunni og gaf þar yfirlýsingar í staðinn fyrir að gefa þær hér uppi af því að hann vissi að það mundi enginn svara í sjónvarpinu. Hann mundi ekki heyra til þeirra sem voru heima hjá sér að horfa á þetta og blöskraði. Og aumingja iðnrh. hélt að allir væru sammála sér af því að hann heyrði ekki í einum einasta manni. Og eins fer fyrir þeim núna. Þeir tala í sjónvarpið. Þeir heyra ekki að sjómennirnir eru að reiðast, að útgerðarmenn skilja ekki hvað er að gerast, að fiskverkendur sjá fram á mikla erfiðleika, tala í sjónvarpið og halda að allir séu sammála þeim. En það er ekki þannig.

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Málið liggur svona fyrir. Við áttum gott samstarf, ég og ráðuneytisstjóri sjútvrn. og starfsmenn sjútvrn. í ráðgjafarnefndinni, og ég vissi ekki betur en í grundvallaratriðum væru sjónarmið mín hin sömu og formanns sjútvn. Ed. Þegar að því kom að velta því fyrir sér hvort skipti meira máli, heilbrigð stefna í sjávarútvegsmálum eða óheilbrigð ríkisstjórn, kom það í ljós að í huga formanns sjútvn. skipti ríkisstjórnin meira máli en sjávarútvegurinn. Og formaður sjútvn. gerði enga tilraun til þess að ná efnislegri niðurstöðu með þingmönnum Sjálfstfl. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þeirra ósönnu ummæla formanns sjútvn. að hyldýpi hafi verið milli allra nefndarmanna. Hafi hyldýpið verið hefur það verið í því fólgið að fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni hafa ekki sjónarmið sín til sölu þegar þeir eru að tala um stefnu í sjávarútvegsmálum.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta hver meining væri með áframhaldið hér í kvöld að því er bæði þetta mál varðar og það mál sem líka mun hafa verið ætlað að ræða hér á eftir. Ég hélt að orðið væri nokkurs konar samkomulag um það að ljúka þessu tiltölulega fljót-

lega, eða í kringum kvöldmat. Ég sé að slíkt hefur ekki verið og ég hlýt því að spyrja hæstv. forseta: Er samkomulag um það núna að ljúka þessum málum hér frá deildinni í kvöld til hv. Nd.? Ég geri ráð fyrir að málið eigi þó alla vega að fara þangað áður en þingi lýkur. (**ÞK:** Ekki ef tillaga þín verður samþykkt.) Það þykist ég vita, hv. þm. Þorvaldur Garðar, þarf ekki forsetareynslu til þess.

Ég vildi gjarna spyrja hæstv. forseta um þetta. Er eitthvert samkomulag um þetta eða er það bara meiningin að tala hér í alla nótt? Ef svo er þá er ég til í það. En ég vil á engan hátt vera að tefja umræður ef samkomulag hefur orðið. Enginn hefur talað við mig um þetta mál.

Meðan verið er að grennslast fyrir um þessa hluti er kannski rétt að fara hér örfáum orðum um það sem hér hefur komið fram og ég verð að segja það — nú, hv. þm. Stefán Guðmundsson er genginn úr salnum. Ég skil nú bara ekkert í því hvað hv. þm. eru að ræða vandamál íslensku þjóðarinnar eftir þá yfirlýsingu sem þessi hv. þm. gaf hér í kvöld, að Framsfl. hefði leyst bókstaflega öll mál sem borið hafa að með vandræði meðan hann hefur verið í ríkisstjórn. Og hvað ætli það sé lengi? Það er a.m.k. yfir 20 eða 25 ár. Og svo eru menn hér að ræða vandamál á Íslandi þegar fulltrúar Framsfl., framámenn í Framsfl., tala með þessum hætti hér á Alþingi. Það hlýtur einhver ruglingur að vera í þessu. (**EgJ:** Sagði hann fyrir fullt og allt?) Nei, ég er alveg undrandi á mönnum að tala með þessum hætti. Ég held það væri miklu frekar að orða það á þann veg að Framsfl. hafi búið til vandamál en ekki leyst þau. Að vísu hefur hann gert það í samtíningi með öðrum flokkum. Hins vegar hefur hann oft verið í fararbroddi en ekki fyrst og fremst í því að leysa vandamálin.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður sjútvn., gagnrýndi þau ummæli mín hér í dag að ég teldi að málið, eins og það væri núna til umræðu hér á Alþingi, væri illa undirbúið því það hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á þessu máli á tæpri viku, með samkomulagi ráðherranna á sínum tíma. Ég gagnrýndi ekki hvernig málið kom fyrr í vetur þegar það var lagt hér fram eftir að hafa farið í gegnum hendur svokallaðrar ráðgjafarnefndar og hún búin að ræða málin. Menn höfðu eitthvað mismunandi skoðanir. En að leggja málið upp með þessum hætti og gera grundvallarbreytingar á því á viku án þess í raun og veru að tala við þá sem hefði nú kannski verið eðlilegast að tala við, þó þeir væru ekki endilega samþykkir þessum málum, sem voru menn í sjútvn. Ed.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni nema frekari ástæða komi til. (**StG:** Nóttin er eftir.) Já, og dagurinn líka á morgun, hann er eftir líka. En ef þeir sem hér ætla sér að leiða málin með þessum hætti vilja endilega drepa því á dreif þá er það til staðar.

Út af orðum hv. 4. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar, sem nú situr í forsetastól, vil ég segja aðeins örfá orð. Mér kom það heldur spánskt fyrir sjónir, vægt til orða tekið, þegar hv. þm. sagði í fyrsta lagi, sem hann sagði rétt frá að ég væri andvígur þessu frv. og hefði gert grein fyrir því en „við", sagði hv. þm., „höfum haft náið samstarf við formann sjútvn." sem er nú trúlega þá annarra flokka maður en hv. 4. þm. Reykn. — Við höfðum náið samstarf við formann sjútvn. Ed. Við vissum auðvitað um hann Karvel, hann á sína skoðun, en það tók því ekki að vera að tala við hann. — Ég hefði ekki átt von á því að fyrra bragði að minn ágæti vinur, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, hagaði orðum sínum með þessum hætti. Þetta er auðvitað einn anginn af því sem hefur verið að gerast innan Alþfl. Auðvitað má hann Karvel vera í flokknum en hann má ekkert segja. Það er þetta sem verið er að tala um í raun og veru og menn eiga auðvitað alltaf að tala íslensku.

Hv. þm. vék líka að því eins og margir áður — að vísu talaði hann nú fyrst og fremst við hv. þingmenn Sjálfstfl., ekki ætla ég að svara fyrir þá, það geta þeir gert sjálfir, en mér fannst það snúa líka að okkur hinum sem höfum haft aðrar skoðanir á þessu máli og hv. þm. sagði: Þessir menn hafa engar tillögur. Hvar eru tillögurnar þeirra? Það hefur ekkert komið frá þeim. (**KSG:** Sagði hver?) Hv. þm. Karl Steinar Guðnason. (Gripið fram í.) — Þetta hefur dunið á þeim sem hafa verið annarrar skoðunar en hæstv. sjútvrh. og þeir sem hafa stutt hann í gegnum árin í þessu máli. Það hefur aldrei verið litið við tillögum frá öðrum. Það hefur aldrei mátt sjást. Það er bara sagt: Hvar eru tillögurnar ykkar? Komið þið með þær. Ef þær eru sýndar þá verður að fjarlægja þær. Þetta er málsmeðferðin. (Gripið fram í.) Agi í hernum? Já, það var víst líka agi í hernum, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, þegar Sjálfstfl. lét glepjast til þess að samþykkja kvótafrumvarpið 1987, það kvótafrumvarp sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason nefndi áðan og er í gildi og er verra en það sem núna er verið að koma með, og þó samþykkti hv. þm. Karl Steinar Guðnason þetta frv. líka ásamt íhaldinu. Þar lögðust menn í eina sæng til þess að knýja þetta fram. (Gripið fram í.) Með Framsfl. þá líka auðvitað. Ekki mátti nú þriðji aðilinn vera út undan. Svona tala menn hér þvers og kruss í þessu mikilvæga máli.

Og síðast út af ummælum hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar: Mig langar til að spyrja hv. þm. sem er nú varaformaður Verkamannasambands Íslands: Hefur það lagt blessun sína yfir veiðileyfasölu og auðlindaskatt sem nú er verið að stíga fyrsta skrefið af? Fulltrúi Verkamannasambandsins sem mætti á fund nefndarinnar fyrir örfáum dögum hafði sína persónulega skoðun á þessu, hann var andvígur því, og ég spurði þennan fulltrúa hvort framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins hefði rætt þetta mál. Hann sagði nei, það hefur ekki verið gert formlega en það hefur verið rætt og menn eru andvígir því, grundvallaratriðinu í þessu máli sem varaformaður Verkamannasambandsins er hér að tala fyrir. Hvað á maður að halda? Ég er alveg

sannfærður um að Verkamannasambandið sem heild er algjörlega andvígt því að stíga það skref sem nú er verið að stíga inn í auðlindaskatt og veiðileyfasölu. Nóg um þetta.

Þá er rétt líklega að víkja örfáum orðum að hv. þm. Guðmundi Ágústssyni, þm. Borgfl. (Gripið fram í.) Ja, best væri nú ef hv. þm. væri inni. (**Forseti:** Á ekki að ná í hann?) Já, virðulegi forseti, það væri mjög æskilegt vegna þess talsmáta sem hann leyfði sér að viðhafa áðan.

Það er kannski rétt á meðan, vegna þess að hæstv. umhvrh. gengur í salinn, sem á nú sæti í deildinni en hefur lítt látið í sér heyra um þetta mál nú. (**GHG:** Ekkert.) Það er rétt, ekkert, ekkert enn. (**GHG:** Hann þorir það ekki.) Ja, ekki ætla ég að dæma hæstv. ráðherra svo hart. Það er ástæða til að rifja það upp hvernig þessi hæstv. ráðherra var í kvótamálunum, stóð hér í málþófi (**Umhvrh.:** Málþófi?) í desember 1987, hörkuumræðum í málþófi til þess að drepa það kvótafrumvarp sem þá var til umræðu. (**HBl:** Stóð alla nóttina.) Alla nóttina, já. Rétt, hv. þm. Halldór Blöndal. Á móti því frv. Jæja, og auðvitað allur þingflokkurinn og var hann stærri þá en nú. Næsta skrefið hjá þessum hæstv. ráðherra er það að skrifa undir það í vor fyrir þinghlé að afnema kvótakerfið og auðvitað allur þingflokkurinn með. En „nota bene", þá var þessi hv. þm. ekki orðinn hæstv. ráðherra. (**HBl:** Þá var ekki búið að grisja í . . .) Þá var ekki búið að grisja neitt, það er rétt, hv. þm. (**Gripið fram í:** Jú, það var búið.) Það var ekki búið að grisja eins og nú er þegar búið að gera. (**GHG:** Hver segir að hann sé hæstv.?) Ja, ég bara leyfði mér að gera það. Er það ekki rétt, virðulegi forseti? Á ekki að ávarpa ráðherra með því ávarpsorði? (**Forseti:** Það er alveg rétt hjá ræðumanni.) Já. Ég þóttist vita það, en æðimörgum verður á í messunni í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ég tilgreindi engan. — Þetta var önnur útgáfan. Síðan skrifar hæstv. umhvrh. núna, þá í þriðja skiptið, undir það frv. sem var lagt hér fram í janúar og síðan hefur hann auðvitað kokkað þá grundvallarbreytingu sem hér er verið að ræða um á þessum frv. núna. Þetta eru fjórar útgáfur á gildistíma gildandi laga um kvóta sem þessi hæstv. ráðherra, og þingflokkur hans, hefur ruglað með allan tímann, sitt á hvað. Og svo situr þessi hæstv. ráðherra undir umræðum hér í allan dag — ja, þann tíma sem hann hefur setið hér, kannski er rétt að bæta því við (**Gripið fram í:** Já, ég held að rétt sé að gera það.) — án þess að segja orð. (**Umhvrh.:** Ég kemst ekki að.) Það er rangt. Við skulum, hæstv. ráðherra, vera hér áfram ef hæstv. ráðherra vill lofa okkur að heyra í sér, hvort enn ein skoðunin er komin fram hjá Borgfl. í þessum málum.

Mér finnst það alveg með ólíkindum að hafa upplifað þetta á þremur árum, slíka kúvendingu einstaklinga sem kosnir eru af almenningi til þess að fara með mál hans. Það hlýtur eitthvað að vera bogið við þetta allt saman, nema menn séu svona fljótir bara að skipta um skoðun í hvert skipti sem einhver talar við þá. Kannski er það skýringin. En hitt skal tekið fram að núv. hæstv. sjútvrh. hefur allt of oft tekist að vefja mönnum nánast um fingur sér varðandi fiskveiðistefnuna. Og auðvitað hafa þeir í Borgfl. velkst um í þessu allan þennan tíma, ég tala nú ekki um eftir að þeir nálguðust ráðherrastólana, að vera þar innan dyra, eins og raunar það frv. sem við erum að ræða hér nú glögglega sýnir.

Ég hefði átt von á að heyra í hæstv. umhvrh. hér í dag og í kvöld þó að væri á svipaðri skoðun, þó það væri ekki nema svipuð skoðun, og hann var síðast. Bara svipuð, þó hún væri ekki alveg eins en væri í nánd við þá skoðun sem hann var síðast á. Ekkert slíkt heyrist. Ekki kvak. Og kannski er ekkert við því að búast. Mér finnst það raunar vera einkenni á þessum umræðum hvað þeir sem vilja ryðja þessu fram með þessum hætti hafa hægt um sig hér í umræðunum. Það er, að mér finnst, eins og þessir einstaklingar hafi ekki ýkja mikla sannfæringu fyrir þeim málflutningi og þeim gjörðum sem hér er verið að leika með. Það vantar a.m.k. í mínum huga sannfæringarkraftinn hjá þessum hæstv. ráðherrum og þeim hv. þm. sem þetta styðja. Það vantar þann sannfæringarkraft sem sannfærir mig um það að menn telji sig hér vera að gera rétt.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að ég skyldi ekki lengja þessa umræðu en mig er farið að lengja eftir hv. þm. Guðmundi Ágústssyni. Hefur ekki hafst upp á honum? (**Forseti:** Hann er á fundi með forsetum þessa stundina.) Hvað vill þá hæstv. forseti gera, að ég bíði? (**HBl:** Fari með það í 3. umr. kannski.) Það verða nóg umræðuefni þá, hv. þm. Halldór Blöndal. En ef forseti vill skal ég stoppa hér. (**Salþ:** Þingmaðurinn má tala þrisvar, hann er frsm.) Það er ljóst en það þarf að nota allan tímann vel sem til þess gefst að tala í svona máli. En ef það er einhver hagræðing fyrir hæstv. forseta, að því er varðar vinnubrögðin . . . (**Forseti:** Ég tel að það væri nú rétt því að það er mjög óþénugt að hann fari af fundinum.) En er þá meiningin að fresta þessum fundi? (**Forseti:** Það er meiningin að halda fundi áfram og ljúka þessu máli.) Ja, ég skil þá forseta svo að hann vilji að ég fresti minni ræðu hér. (**Forseti:** Það er ekki ósk mín en þú gerir það.) En er þá ósk forseta að ég haldi áfram? (**Forseti:** Það verður þingmaðurinn að ákveða sjálfur.) Mér finnst það nú slæmt þegar maður vill eiga vinsamleg samskipti við stjórnendur þingsins að svara með þessum hætti, að menn bara ráði því sjálfir hvað þeir geri, þegar maður er að bjóða upp á samkomulag um hlutina.

Mér finnst heldur óviðeigandi að ég sé hér að tala um þingmann sem ekki er viðstaddur. En ef þess er krafist af stjórnendum þingsins að slíkt sé gert, þá verður kannski að verða við því. Mér finnst það þó heldur óviðkunnanlegt. (**HBl:** Það er óhætt að bregða sér frá fyrst þingmaðurinn ætlar að bíða.) — Ætli það verði ekki svo að ég taki ráðin af hæstv. forseta og láti sjá hvað gerist.

Frsm. 4. minni hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegur forseti. Ég held að þessi umræða sé að mörgu leyti dæmigerð fyrir stöðu Alþingis í stjórnkerfi þjóðarinnar. Hér er á síðustu dögum þings verið að keyra í gegn það mál sem varðar mest lífsafkomu og stöðu íslenskrar þjóðar á næstu árum og áratugum og þá er málum stillt — ég vildi að hæstv. umhvrh. sæti undir svona ræðum, hann hefði þörf fyrir það. Ég held að hann hafi gott af því að heyra það. Það vill svo til, hæstv. ráðherra, að það sem gerist í þessu húsi snýst um annað og meira en það hvort menn séu ráðherrar eða ekki. Það er ómerkilegt fyrirbrigði ef út í það er farið og ráðherrar koma og fara eins og strá fyrir vindi.

Ég var að segja það, virðulegi forseti, að þessi umræða hér og það sem hér er að gerast væri táknrænt fyrir þá niðurlægingu sem framkvæmdarvaldið á Íslandi er búið að koma löggjafarvaldinu og Alþingi Íslendinga í. Hér erum við, hv. alþm., kosnir af þjóðinni til þess að fjalla um mikilsverð mál og þetta mál sem hér er til umræðu er það mikilsverðasta. Hér er raunverulega verið að taka afstöðu til þess hvernig lífsafkoma Íslendinga verður á næstu árum og áratugum. Við erum að reyna að komast að niðurstöðu um það hvernig á að skipta þeim auðæfum, þeim tekjum sem sjávaraflinn gefur íslenskri þjóð. Þá er málum þannig stillt upp af hálfu þeirra sem hafa mjög nauman meiri hluta á hinu háa Alþingi að þetta mál skuli keyrt í gegn á nokkrum dögum, örfáum klukkutímum, og hugsanlega með eins atkvæðis mun í þessari hv. deild.

Nú eru kannski hv. þm. sem hafa setið lengi orðnir svo vanir því að svona vinnubrögð skuli viðhöfð, enda munu þau hafa verið tíðkuð af öllum flokkum í gegnum tíðina, illu heilli. Ég segi fyrir mitt leyti að það er orðið fullkomlega tímabært að hv. þingmenn taki það alvarlega sem þjóðin er að gefa stjórnmálamönnum til kynna núna síðustu mánuðina í gegnum svonefndar skoðanakannanir. Það segir sína sögu, en er náttúrlega traustvekjandi fyrir Sjálfstfl. þar sem Sjálfstfl. hefur komið mjög sterkt út úr skoðanakönnunum, það segir sína sögu að mikill meiri hluti íslenskrar þjóðar er á móti núverandi ríkisstjórn og er búinn að vera það í rúmt ár. Hún hefur ekki traust á þeim mönnum sem fara með völdin og hún hefur hina mestu skömm á því hvernig þeir menn tryggja sér völd með því að, ég segi ekki að kaupa sér stuðning stjórnmálamanna eða stjórnmálaflokka en haga alla vega málum þannig að það hentar þeim sem völdin vilja hafa, og á það sérstaklega við um tvo flokka sem eru í núv. ríkisstjórn, þ.e. Framsfl. og Alþfl. Þar er höndlað þannig með hin mikilsverðustu mál, þar á meðal það mál sem hér er til umræðu, að það er ekki aðeins þingheimi til háborinnar skammar og íslenskum stjórnmálamönnum heldur mun það hugsanlega verða þjóðinni til mikils skaða. Og það sem verra er, að þetta á eftir að hafa mjög neikvæð áhrif úti í strjálbýlinu, úti í byggðum landsins þar sem sjávarútvegur er einkum stundaður.

Það sem hér er að gerast er miklu meira og stærra í sniðum en það að menn geti hugsað um það hvernig hægt er að framlengja líf einnar ríkisstjórnar, hvort sem þar er um eitt eða fleiri ár að ræða. En það eitt er víst að þegar Íslendingum verður það ljóst, eftir þá umræðu sem fram hefur farið hér nú þegar í Ed. Alþingis og á eftir að fara fram í Nd., munu þeir ekki veita þeim flokkum brautargengi sem hafa staðið þannig að þessu lífshagsmunamáli sem við erum að fjalla um. Þeir munu ekki veita þeim mönnum brautargengi í næstu kosningum sem geta ekki gefið sér þriggja mánaða umhugsunarfrest til að fjalla um þá grundvallarbreytingu í stefnumörkun sem hefur orðið við það að samtengja frv. til laga um fiskveiðistjórn annars vegar og frv. til laga um Úreldingarsjóð hins vegar. Þar á ég við það sérstaklega að með þessu frv. er verið að fara inn á braut auðlindaskatts sem mun gjörbreyta ekki aðeins útfærslu íslenskrar útgerðar og fiskvinnslu heldur einnig eignastöðu og eignarhaldi Íslendinga sjálfra og hugsanlega andspænis auknum áhrifum erlendra aðila í sambandi við íslenska útgerð. Að þessu hefur ekki verið hugað, en ég vara hv. þm. við því og sérstaklega þá sem hugsa sér að greiða frv. atkvæði hér á eftir að afleiðingar þess og þess hvernig þingræðið er fótum troðið í mikilsverðustu málum þjóðarinnar geta orðið mjög alvarlegar, ég vil segja hrikalegar, fyrir landið og þjóðina, það fólk sem býr hér og vill búa. En mottóið er, því miður, allt skal gert fyrir völdin. Það kom skýrt fram, ekki aðeins í svörum þeirra sem eru talsmenn frv. sem er til umfjöllunar hér eða ýmissa hv. þm. sem hafa talið sig vera stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar.

Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar að það er ekki aðeins að stjórnarandstæðingar séu óvirtir, það er ekki aðeins að lífshagsmunir þjóðarinnar séu óvirtir, heldur eru sjónarmið þeirra þingmanna sem fylla þessa flokka, sérstaklega á ég þar við hv. þm. Skúla Alexandersson, sjónarmið og aðvaranir þessara manna, fótum troðin af hálfu þeirra manna sem vilja sitja við völd í skjóli þess að þeir hafa verið kosnir á Alþingi Íslendinga. Þeir hirða hvorki um heiður né skömm.

Það er mjög athyglisvert að hlusta á það þegar jafnheiðvirður maður og hv. þm. Skúli Alexandersson er lýsir því hér yfir í þingræðu að hann hafi fengið stuðning þingflokks Alþb., þ.e. þess flokks sem hann hefur starfað fyrir og veitt brautargengi til valda, þegar hann lýsir því yfir að þessi þingflokkur hafi tekið afstöðu með hans tillögum. Þessi þingflokkur samþykkir og herðir á afstöðu þessa hv. þm. og ráðherrarnir fara með þessa samþykkt inn á fund ríkisstjórnar. Og hvað gerist? Það sem gerist þar í einföldu máli er þetta, eins og hv. þm. lýsti: Allt það sem hann hefur lagt til, allt það sem þingflokkurinn hefur samþykkt og þar á meðal þeir ráðherrar sem báru skilaboðin inn í ríkisstjórnina, er hundsað, það skiptir engu máli. Svona vinnubrögð tíðkast ekki í lýðræðisríkjum. Þau tíðkast í ríkjum þar sem örfáir valdamenn hafa tryggt sér valdastöðu og völd og gera

það með öllum ráðum. Þetta eru aðferðir manna sem í skjóli valda lítilsvirða fólk og fótumtroða skoðanir annarra.

Það vill svo til að í tvo áratugi hefur einn flokkur, Framsfl., verið við völd á Íslandi og hann hefur raunverulega haft ráð allra þingflokka í hendi sinni eftir því hvernig mál hafa skipast. Nú þykir það gott á þeim bæ, í Framsfl., að sitja ætíð að völdum. Það kom fram í ræðu hv. formanns sjútvn. áðan að vér einir eigum að vera við völd af því að vér einir getum leyst vandamál annarra. En það ætla ég að segja hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að svo er guði fyrir að þakka að meginþorri Íslendinga hefur ekki þurft á því að halda að leita á náðir Framsfl. né yfirleitt á náðir annarra stjórnmálaflokka því að Íslendingar hafa sem betur fer getað starfað og lifað í þessu landi án þess að þurfa að eiga allt sitt undir stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum, og ég segi guði sé lof. Ég mun víkja nokkuð nánar að því hér á eftir. Það sem skiptir hins vegar máli og þau skilaboð þurfa að komast til þjóðarinnar er þetta: Framsfl. hagar sér í einu og öllu eins og flokkur sem ætíð ætlar sér að vera við völd og það skiptir hann engu máli hvernig hann tryggir þessi völd. Þetta er kjarni málsins. Svo geta hv. þm. Framsfl. brosað og glott hér. Það er þeirra háttur. En það segi ég við ykkur, góðu herrar (**VS:** Og konur.): Þið skuluð vara ykkur. Ég undanskil hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. (**Gripið fram í:** Já. Á að hlífa henni?) Það þarf ekki að hlífa hv. 5. þm. Norðurl. e. því ég veit að hún er ekki framsóknarmaður þeirrar gerðar sem ég var að lýsa hér áðan. (**Gripið fram í:** Nú lá þingmaðurinn í því.) Það vill svo til að þessi ágæti þingmaður er flokksbundinn í Framsfl. en það þýðir ekki að hún sé búin að framselja sig eða samvisku sína þeim flokki sem ég var að lýsa hér áðan. Hv. þm. hefur aðeins setið hér í þrjú ár á þingi og á eftir að sýna það og sanna í sínum verkum hér að hún mun ekki styðja slíkan flokk til frambúðar. Hún mun annaðhvort reyna að hafa áhrif til breytinga í þessum flokki þannig að Framsfl. átti sig á því að það að hann skuli ætíð vilja sitja að völdum hvað sem það kostar hæfir ekki samvisku manns eða þjóðar. Það mun hv. þm. skynja mjög fljótt og hefur gert nú þegar að mínu mati. Málflutningur hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur er allt annarrar gerðar heldur en hv. þm. Stefáns Guðmundssonar án þess að farið sé nánar út í það.

En ég var að vekja athygli á því með hvaða hætti framsóknarmenn hafa tryggt sér völd á Íslandi, hvaða afleiðingar þetta hefur haft fyrir einstaka flokka, fyrir afgreiðslu mála og fyrir lífsstöðu og viðhorf og afkomu Íslendinga yfirleitt. Það er ekki neitt skemmtiefni fyrir okkur, þótt stjórnarandstæðingar séum, að hlusta á það að völd þessara manna, því þeir ráða ferðinni í sambandi við sjávarútvegsmál, eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson kom inn á hér áðan, að þeir skuli ganga svo langt í að tryggja sér völdin að jafnvel heiðvirðustu menn þurfa að horfa upp á það að skoðanir þeirra og jafnvel lífsstarf, því að hér er um að tefla lífsstarf margra í sambandi við útgerð, skuli fótum troðin af flokksbræðrum þeirra til þess að tryggja það að útvaldir menn sitji að völdum á Íslandi. Þetta er kannski gamanmál fyrir þá sem eru í stjórnmálum fyrst og fremst til þess að tryggja sér og sínum völd á kostnað annarra, því að um það snýst þetta frv. m.a. eins og það er orðið eftir þær breytingar sem ráðherrarnir komu sér saman um að gera á frv. til laga um fiskveiðistjórnun og Úreldingarsjóð ... (Gripið fram í.) Þetta, virðulegi forseti, er dæmigert um framkomu framsóknarmanna að þegar þeir eru rökþrota, þegar umbúðalaust er talað við þá, ráðast þeir að mönnum fyrir það að hafa lifað og starfað óháð, sjálfstætt úti í þjóðlífinu, þá er farið að tengja það því starfi sem viðkomandi hefur haft. Það lýsir því vel hvernig framsóknarmenn hugsa. Þeir samtengja alltaf hagsmuni, flokkshagsmuni og aðra hagsmuni. Það gerum við hinir ekki.

Hv. þm. Skúli Alexandersson kom hér inn á það hvernig þingflokkur Alþb. hefði tekið undir tillögur hans og hert á þeim. En síðan gerist það að unnið er með óhæfilegum hætti að framgangi þessara mála af hálfu ráðherra Alþb. Það er gert til þess að tryggja völd, þóknast sérstaklega Alþfl. og Framsfl., sem sagt framlengja völdin.

Hv. þm. Guðmundur Ágústsson, sem því miður er ekki hér í salnum, hagaði sínum málflutningi hér áðan, virðulegi forseti, með þeim hætti að hann þyrfti að vera hér til að hlusta á það hvernig honum er svarað. Hv. þm. réðist m.a. að meiri hl. sjútvn. Ed. fyrir það að vilja gefa fulltrúum útgerðar, sjómannastéttarinnar og fiskverkafólks tækifæri til að fjalla um stefnuna í fiskveiðistjórnun í ljósi gjörbreyttrar afstöðu núv. ríkisstjórnar til útfærslu þessara mála. Hv. þm. Guðmundur Ágústsson taldi það ekki ómaksins virði að vísa því til þessa fólks, þ.e. til samráðsnefndarinnar, ráðgjafarnefndarinnar, til frekari umfjöllunar. Hann taldi það ekki ómaksins virði að fjalla í samráðsnefndinni, með hagsmunaaðilum eða fulltrúa þeirra, um hugmyndir og framkvæmd núv. ríkisstjórnar í sambandi við auðlindaskatt í áföngum. Hann taldi það ekki ómaksins virði að ræða um þau miðstýringaráform sem yrðu auðvitað til bráðabirgða því að það liggur í augum uppi að eftir því sem skattlagning ykist á grundvelli auðlindaskatts, þá mundi auðvitað miðstýringin fjara út. Það vildi hv. þm. ekki fjalla um eða láta fjalla um í ráðgjafarnefndinni.

Ég ætla ekki að ræða um þau skeyti sem hann beindi að Sjálfstfl. Þau eru ekki svaraverð. En eitt ætlaði ég að segja við þennan hv. þm.: Hann hefur hugsanlega ekki athugað það að af þeim fjórum, þ.e. meiri hl. í sjútvn. Ed., af sjö sem leggja til að vísa þessu máli aftur til ráðgjafarnefndarinnar eru þrír sem hafa haft lífsframfæri sitt af störfum í sambandi við útgerð og fiskvinnslu. Þetta eru aðilar sem hafa öðlast reynslu og þekkingu á þessum málum og ég vil segja umfram aðra hv. þm. þó að ég ætli ekki að gera lítið úr þeirra skoðunum né þeirra viðhorfum því að ég geri ráð fyrir að þeir styðjist við góða ráðgjöf í sambandi við málefnalega afstöðu þeirra til þessa

máls. En ég held að hv. þm. Guðmundur Ágústsson hefði getað sparað sér stóryrðin í sambandi við afstöðu einstakra þingmanna til málsins og þess að vísa frv. báðum til ráðgjafarnefndarinnar.

Ég vil síðan, virðulegur forseti, beina orðum mínum til formanns sjútvn. Ed., hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Hann sagði að búið væri að fjalla nægilega mikið um fiskveiðistjórnunarmálin í ráðgjafarnefnd. Það er eins og hv. þm. vilji ekki skilja það eða vilji ekki ræða það að ráðherranefndin og till. ríkisstjórnar og þær brtt. sem ráðherrarnir eru með gjörbreytir forsendum frv. til laga um fiskveiðistjórnun. Það er eins og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni sé fyrirmunað að skilja að þarna hefur orðið á grundvallarbreyting. Hann vill ekki skilja það vegna þess að það skiptir hann engu máli. Hans markmið eða framsóknarmanna er ekki að ganga frá lögum um fiskveiðistjórnun sem þjóna hagsmunum útgerðar og fiskvinnslu eða þeirra sem þar starfa. Það er verið að ganga frá frv. til laga sem þjóna betur valdahagsmunum þeirra sem eru í forustu fyrir Framsfl., Alþfl. og Alþb. Þeim er algerlega sama um það hvort það skerðir eitthvað hagsmuni eða afkomu fólksins í útgerð. Það er framlenging valdanna sem er númer eitt og tvö og tilfærslan í sambandi við útgerð og fiskvinnslu til frambúðar sem skiptir þessa menn höfuðmáli. Það sem þeir eru raunverulega að reyna að gera hér með atkvæðum Borgfl. er að tryggja völd þriggja manna ef þeir ná kosningu inn á þing á ný. Það er hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, það er hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson og það er hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson. Þetta er liður í því að reyna að tryggja og framlengja völd þessara manna eftir næstu alþingiskosningar. Það er ekki verið að gæta eða hugsa um hagsmuni útgerðar, fiskvinnslu eða þess fólks sem starfar í þessari atvinnugrein. Það er fyrst og fremst verið að tryggja það að þessir menn geti hagað málum þannig eftir næstu kosningar að þeir framlengi sín völd. En það er líka gert á kostnað íslensku þjóðarinnar og sérstaklega þeirra sem starfa í sjávarútvegi og fiskiðnaði.

Hér sagði hv. þm. Stefán Guðmundsson áðan: Framsókn hefur þurft að leysa vanda sjávarútvegs eins og framsókn hefur þurft að leysa vanda landbúnaðar. — Já, hv. þm. hneigir sig til samþykkis. Hver er staða íslensks landbúnaðar? Íslenskur landbúnaður hefur verið í tröllahöndum í áratugi, í hnappeldu Framsfl. í því kerfi sem Framsfl. hefur ofið og búið til í kringum íslenska bændur. Það veit alþjóð. Það vita allir að Framsfl. hefur gætt þess sérstaklega að hagsmunagæslumenn þeirra hafa verið í öllum helstu embættum hins opinbera sem snúa að landbúnaði. Framsóknarmenn hafa með sinni landbúnaðarstefnu tryggt sér völd, ég vil segja á kostnað samvinnuhreyfingarinnar, á kostnað samvinnuhugsjónarinnar hafa þeir í gegnum kaupfélögin tryggt það að kaupfélögin og samvinnuhreyfingin hefur gjörsamlega innrammað íslenska bændastétt í kerfi sem hefur gert hana fátækari. Þetta er sú stefna sem framsóknarmenn ætla að framkalla og innleiða í íslenskum sjávarútvegi.

Nei, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Framsfl. leysir ekki vanda annarra en Framsfl. byggir upp múra og lokar inni stéttir og hagsmuni sjálfum sér og sínu valdi til þess að tryggja það að þeir geti alltaf annaðhvort samið til vinstri eða hægri en ætíð setið að völdum. Þessi þröngi, sterki valdakjarni Framsfl.

Nú er röðin komin að sjávarútvegi. Nú ætlar Framsfl. að bjarga sjávarútveginum. Ég mundi orða það þannig: Nú ætlar Framsfl. endanlega að hlekkja sjávarútveginn í viðjar framsóknarvaldsins, skömmtunarvaldsins, þess valdakerfis sem mun leiða til hinnar mestu ógæfu fyrir alla þá sem aðild eiga að þessu máli. Þetta er sú framsóknarstefna sem Íslendingar vilja ekki.

Þessi tvö frv., frv. til laga um fiskveiðistjórnun og frv. til laga um Hagræðingarsjóð, eru dæmigerð framsóknarstefna um það hvernig Framsfl. ætlar að tryggja sér og sínum yfirráð yfir sjávarútvegi Íslendinga í framtíðinni. Það þarf ekki annað en að skoða frv. til að sjá það hvernig sjútvrh. á að hafa algert vald yfir því hvernig sú stefna á að vera útfærð í sambandi við þann kvóta sem byggðarlög eiga að fá til ráðstöfunar. Það verður nefnilega á valdi ráðherrans, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að ákveða hverjir skuli fá hluta af þessum kvóta sem keyptur verður, eða seldur réttara sagt, eða ekki seldur, þá er það á valdi ráðherra hverjir skuli fá hann frítt. Ef ekki hefur verið afhent mikið vald til eins manns til ákvörðunar þá skil ég ekki íslenskt mál. Staðreyndin er sú að í skjóli auðlindaskatts eru þessir tveir flokkar sérstaklega, Framsfl. og Alþfl., ef Alþfl. lifir af næstu kosningar, að tryggja að þeir geti samið við aðra flokka um það hvernig þeir geti hagað sínum valdaferli áfram langt fram í framtíðina. Þessi frv. eru veigamikill þáttur í þeirri valdaútfærslu. Það fer ekki á milli mála. Þess vegna verður að gefa fulltrúum hagsmunaaðila og íslensku þjóðinni kost á að fjalla frekar um þessi tvö frv. Vegna þess að það er vitað, en hæstv. sjútvrh. vill ekki láta koma fram, að fari þessi mál aftur inn í samráðsnefndina mun þeirri stefnu verða hiklaust og ákveðið hafnað af þeim aðilum sem þar eru til staðar.

Ég vil svo, virðulegur forseti, ítreka enn á ný þátt Alþfl. í þessu örlagaríka máli. Hv. þm. Stefán Guðmundsson sem talaði hér á vegum Framsfl. vildi gera lítið úr því hvernig ráðherrum Alþfl. tókst að koma inn ákvæði í sambandi við auðlindaskatt. Það er rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, það skiptir ekki máli hvort hér er um 2%, 5% eða 10% að ræða, það er búið að viðurkenna þetta prinsipp og það verður ekki aftur tekið verði þessi tvö frv. að lögum. Því til staðfestingar að þessi skilningur er réttur hjá okkur, þ.e. skilningur okkar á því hverju alþýðuflokksmenn hafa áorkað, vil ég lesa upp úr bókun þingflokks Alþfl. um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Hún er dagsett 23. apríl 1990. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Það er skoðun þingflokksins að á næstu árum eigi að stefna að því í áföngum að rjúfa tengslin milli skipa og veiðiheimilda þannig að Aflasjóður" — sem heitir nú Hagræðingarsjóður — „fái aukna veiðiheimild til ráðstöfunar. Þingflokkurinn telur eðlilegt að ákvæði

frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa verði felld inn í frv. um stjórn fiskveiða enda eiga þau þar heima eftir eðli máls." Eftir eðli máls. Hér er það staðfest ótvírætt. En það er nú svo, hv. þm., eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, það er til lítils hugsanlega, og þó, að ræða hér málefnalega um þessi frv. vegna þess að þeir sem eru ákveðnir í því að vera við völd hlusta ekki á aðra. Þeir ætla að láta tímann eyða áhrifum þess að hér á hinu háa Alþingi hafi verið þingmenn sem hafi leyft sér að benda á hvert væri verið að stefna, þ.e. þeir sem hafa stefnu og skoðun sem hentar ekki valdhöfunum. Þeir treysta á tímann og valdið. En ég segi fyrir mitt leyti að sem betur fer á ég von á því að það takist ekki vegna þess að fleiri en við hv. þm. sem höfum fjallað um þetta með gagnrýni, eins og meiri hl. sjútvn. Ed. hefur gert, eigum miklu fleiri fylgismenn við þessa skoðun en núv. hæstv. ríkisstjórn vill viðurkenna. Íslendingar munu sjálfir koma í veg fyrir það að þessi áform takist í næstu alþingiskosningum.

Ég vil síðan, virðulegur forseti, undirstrika þá skoðun okkar sjálfstæðismanna að í því frv. til laga um fiskveiðistjórnun sem kom út úr samráðsnefndinni var um það að ræða í meginatriðum að þar hefði verið hægt að ná sátt um ákveðin meginatriði frv. þó við sjálfstæðismenn hefðum áskilið okkur að leggja til ákveðnar breytingar á einstökum atriðum. Því var hafnað af hæstv. núv. sjútvrh. að vilja nálgast þau sjónarmið sem bæði honum og öðrum hv. þm. sem tóku þátt í störfum samráðsnefndar var kunnugt um. Því var hafnað að við gætum afgreitt eitt og sér frv. til laga um fiskveiðistjórnun með þeim hætti að öllum þeim hagsmunum sem ég hef lýst bæði í minni ræðu nú og í fyrri ræðu væri ekki teflt í hættu. Þessu var hafnað. Því var hafnað fyrir samstarf við flokka sem hafa það yfirlýst á stefnuskrá sinni að þeir vilji skattleggja íslenskan sjávarútveg. Þetta eru flokkar sem vilja í skjóli stjórnmála og valds ráða yfir Íslendingum, þrátt fyrir það að meginþorri þjóðarinnar hafi margsinnis lýst yfir andstöðu sinni við útfærslu þeirra valda sem þessir flokkar hafa tekið sér.

Frsm. 5. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég hef áhuga fyrir því að hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson, form. sjútvn., væri hér. Er hann hér? Já. Hann nefndi það í seinni ræðu sinni að við sem höfum fjallað um þetta frv. hefðum látið í það skína og jafnvel haldið því fram mjög ákveðið að málið hefði verið illa undirbúið. Ég vil vísa þessu til föðurhúsanna eins og öðru því sem málsvarar þessa frv. hér, og þá fyrst og fremst hann, maður hefur nú lítið heyrt í öðrum, hafa haldið fram við umræðuna. Þessu var alveg öfugt farið. Ég hef undirstrikað það að sú vinna sem átti sér stað í ráðgjafarnefndinni, og síðan hvernig þessu máli var skilað til sjútvrn., var öll af því góða og það var mjög vel unnið. Og einmitt út af því er það alveg hörmulegt hvernig komið er nú við afgreiðslu málsins.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni lá það alveg ljóst fyrir þegar málið kom hér til umfjöllunar í hv. deild 23. febr. hver afstaða stjórnarflokkanna var til málsins. Þar var ekki verið að leyna einu eða neinu. En þeir sem réðu ferðinni við vinnuna hér á hv. Alþingi virtust ekki gera sér grein fyrir þeirri stöðu. Og það var ekki gerð nein tilraun, eins og ég sagði hér áður, til að samræma sjónarmið ríkisstjórnarflokkanna. Kannski í öryggi þess að hvernig sem færi þá væri þó alltaf meiri hluti með Sjálfstfl., eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var að benda á hér áðan, að þeir sjálfstæðismenn hefðu boðið upp á að standa að meiri hluta með ... (**GHG:** Við buðum aldrei upp á það.) Þú nefndir hér, hv. þm., að það hefði legið ljóst fyrir. (**GHG:** Við buðum ekki upp á það.) Þið buðuð ekki upp á það. Þá hef ég misskilið hv. þm. En einhvern veginn voru nú hlutirnir á þann veg að ekkert var gert í málinu fyrr en 21. apríl.

Það er tímabilið frá því að málið kemur hér inn í þing og þar til að ráðherrarnir fara að þreifa á möguleikum til þess að ná samstöðu sem er látið fara forgörðum. Það eru vinnubrögð sem ég hef verið að deila á. Ekki á formann sjútvn., hann stóð sig þar með mikilli prýði. Ég hef gleymt að nefna það líka að starfsmaður ráðuneytisins, Kristján Skarphéðinsson, sem sat alla eða flesta fundi sjútvn., stóð sig með mikilli prýði og veitti okkur allar þær upplýsingar sem við báðum hann um af sérstakri ljúfmennsku og sýndi okkur mikla þolinmæði. Ég sagði það á nefndarfundi að Kristján var alveg sérstakur miðað við það sem sumir fulltrúar ráðuneyta hafa verið. Þeir hafa sumir hverjir komið fram eins og það væru þeir sem ættu að ráða því hvernig málin yrðu í lokin. En það er af og frá að ráðuneytisfulltrúinn Kristján Skarphéðinsson hafi sýnt eitt eða neitt í þeim dúr. Hann var fyrst og fremst til aðstoðar og vann sitt verk mjög vel fyrir okkur í nefndinni.

Hitt vil ég svo undirstrika að málið var vel undirbúið. Og það var alveg óþarfi að láta hlutina fara á þann veg sem núna blasir við, ef þingtími verður ekki framlengdur, að hv. Nd. fái ekki nema einn eða tvo sólarhringa til að fjalla um þetta mikilsverða mál. Það er ekki því að kenna að málið hafi ekki verið rætt og ekki hafi legið ljóst fyrir þegar það kom hér inn í þingið hvernig það stóð.

Annað málefni nefndi hv. þm. Stefán Guðmundsson, en það var það að ég hélt því fram að á tímabili þeirrar fiskveiðistjórnunar sem við búum við núna hefði gæðum hráefnisins frekar hrakað en hitt. Ég held þessu enn fram. Hitt er svo annað mál að verðmæti sjávarafla hefur hækkað og er enn að hækka en það er ekki vegna þess að afurðir okkar séu að batna. Því miður er það ekki á þann veg. Það er vegna þess að skortur er á fiski, síminnkandi afli annarra þjóða veldur því að verð á þessari vöru fer mjög hækkandi.

Skýrsla OECD sem okkur var sagt frá í fréttum í dag upplýsir okkur raunverulega um þessa stöðu. Hún upplýsir okkur um þá stöðu hvað fiskverðmætin okkar hafa því miður ekki skilað okkur því sem þau ættu að gera. Þar er sagt að framleiðsla þjóðarinnar hafi ekki aukist sem skyldi og það er fyrst og fremst

vegna þess að við höfum ekki getað notfært okkur þessar miklu hækkanir á afurðunum vegna þess að við höfum ekki skilað nógu góðri vöru. Undir þessari fiskveiðistjórn hefur gæðum hráefnis verið að hraka. Ekki eingöngu á þann veg að fiskurinn sem við höfum flutt að landi hafi ekki batnað, við skulum segja að það hafi verið óbreytt ástand, heldur á hinn veginn að sá fiskur sem við höfum verið að flytja að landi, það er þorskurinn sem ég á við þar og jafnvel ýsa, hafi verið smækkandi fiskur. *Við vitum öll sem hér erum* og þarf ekki að upplýsa neinn um það að því smærri sem fiskurinn er, því minna verðmæti fáum við fyrir hann á erlendum mörkuðum og því dýrara er að vinna hann, því meiri kostnaður. Þetta er ein afleiðing þeirrar fiskveiðistefnu sem við höfum búið við. Okkur hefur ekki tekist að byggja upp þorskstofninn sem skyldi, eins og við ætluðum okkur. Okkur hefur mistekist sá þáttur og okkur hefur mistekist það að færa að landi verðmætara hráefni en við gerðum áður. Það hefur farið á hinn veginn.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Nokkuð hefur verið talað um það hér í þessari umræðu hvernig að undirbúningi málsins hafi verið staðið. Ég hygg að allir séu sammála um að þetta frv. átti sér langan aðdraganda. Nefndin sem undirbjó það var skipuð sumarið 1988. Ég hef ekki skilið hv. þm. svo hér í dag að málið hafi verið illa undirbúið, nema þá e.t.v. að því leyti að það fórst alveg fyrir að ræða nýjar hugmyndir. Það skortir mjög á forvitni manna til þess að kynna sér nýjar hugmyndir, ræða þær og reyna að útfæra.

En ég ætlaði að gera örfáar athugasemdir. Ég heyrði reyndar ekki upphaf orða hv. formanns sjútvn. Stefáns Guðmundssonar. En þar sem ég kom hér inn í þingsalinn datt mér helst í hug andlegt eldgos þar sem mér sýndist hv. formaður vera í mikilli geðshræringu. Hann hélt þó ró sinni alveg ágætlega meðan við vorum á hinum fjölmörgu fundum í hv. sjútvn. Eftir því sem ég best gat heyrt sakaði hann okkur kvennalistakonur um ábyrgðarleysi. Ég hlýt að vísa því á bug, því að eins og ég gat um í máli mínu og eins og hann hlýtur að þekkja höfum við reynt að taka hér málefnalega á öllum þeim málum sem fyrir hafa verið lögð, auk fjölda mála sem við sjálfar höfum lagt fram og undirbúið. Við undirbjuggum þær brtt. við þetta frv. sem ég mælti fyrir í dag samkvæmt okkar sannfæringu.

Ég tel að hann hafi sýnt vanmat og vantrú á sveitarstjórnum og þeirra tengslum við og tilfinningu fyrir þeirri útgerð sem er á hverjum stað. Það verður auðvitað alltaf svo að það verða skip sem sækja aflann. Tillögur okkar gera alls ekki ráð fyrir því að það verði bæjarstjórinn sem er skipstjórinn og hann fari með bæjarstjórnina að sækja fiskinn. Það verða að sjálfsögðu skip sem fara og sækja fiskinn. Það sem við erum að leggja til með okkar brtt. er að sveitarfélögin hafi þar meira um að segja, geti í raun ákvarðað miðað við aðstæður á hverjum stað hvernig þær vilji úthluta þeim veiðiheimildum sem þær fá frá ráðuneytinu. Ég hef þá trú á sveitarstjórnum að þær skilji nú jafnvel enn betur en ráðuneyti í Reykjavík hvaða þarfir eru á hverjum stað, hvernig er háttað t.d. veðsetningu skipa og ég get ekki séð að samningsstaða sjómanna breytist vegna þess að áfram mun fiskurinn sem þeir draga úr sjó kosta peninga og þeir munu gera sína kjarasamninga með tilliti til þess. (**HBl:** Þú kannski bætir því við að það þurfi að takmarka netalagnir í sjónum.) Já, þetta vildi ég láta koma fram hér núna, að mér sýnist í lok þessarar umræðu, mér virðist nú farið að styttast í henni.

Ég get tekið undir það sem hv. formaður staðfesti, að enn einu sinni stöndum við hér og erum að ræða þetta mál í tímahraki. Við höfum sett okkur ákveðið lokatakmark og ef við ætlum að halda því til streitu, þá er greinilegt að þetta mál muni brátt verða að fara úr okkar höndum. Og það að við skulum ræða þetta í tímahraki nú, eftir allan þennan langa undirbúningstíma, er auðvitað alveg óviðunandi. Þetta gerðist líka um áramótin 1987–1988. Og það er e.t.v. þess vegna að ekki komast nógu vel á framfæri ýmis sjónarmið og hugmyndir. Ég vil að lokum vara við því að menn sýni ekki hugmyndum og tillögum annarra, hvort sem það eru hv. samþingmenn eða fólkið í landinu, ákveðinn áhuga og forvitni því nýjar hugmyndir kvikna auðvitað alls ekki nema hugurinn sé sístarfandi og opinn fyrir nýjungum.

En ég vil svo að lokum, vegna orða hv. formanns sjútvn. um tillögur okkar í Kvennalistanum, líka bæta því við að við gerum okkur fulla grein fyrir því að við erum ekki með neitt ráðuneyti á bak við okkur sem útfærir í smáatriðum hverja einustu tillögu. Og við höfum lýst því alveg frá upphafi að auðvitað værum við tilbúnar að skoða nánari útfærslu þeirra, væri fyrir því áhugi að kynna sér þær nánar. Þess vegna styð ég þá tillögu að málinu verði vísað til stóru ráðgjafarnefndarinnar og svo tekið til nánari athugunar og við síðan ræðum þessi mál í ró og næði í haust. Allir hljóta að gera sér það ljóst á þessari stundu að það þarf að skoða hugmyndir betur og gera tilraun til þess að útfæra þær og leggja á þær mat.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úreldingarsjóður fiskiskipa, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 222, n. 1111, 1115 og 1142, brtt. 1112, 1124.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. 1. minni hl. sjútvn. um frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa, á þskj. 1111. Þennan 1. minni hl. skipar ásamt mér hv. 8. þm. Reykn. Jóhann Einvarðsson. Í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og voru eftirtaldir kallaðir á fund hennar: Páll Sigurðsson og Sveinn

Hjörtur Hjartarson frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en Sveinn Hjörtur kom einnig á fund nefndarinnar sem fulltrúi Landssambands íslenskra útvegsmanna ásamt Kristjáni Ragnarssyni og Sigurði Einarssyni, Örn Pálsson og Haraldur Jóhannsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Snær Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal og Ragnar I. D. Hermannsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Dagbjartur Einarsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Ólafur B. Ólafsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sturlaugur Sturlaugsson, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Komu þeir Kristján Skarphéðinsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson oftar en einu sinni til fundar við nefndina.

Umsagnir um frv. bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Samtökum fiskvinnslustöðva og Sjómannasambandi Íslands. Enn fremur bárust nefndinni ýmsar upplýsingar frá sjútvrn.“

Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan vil ég biðja menn að leggja hlustir við þennan lestur því það hafa vissulega ýmsir verið kallaðir til að fjalla um þetta mál, eins og ég gat um hér áðan en margir sem þá töluðu vildu ekki kannast við. En áfram segir í nál.:

„Það ósamræmi, sem verið hefur á milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskistofnanna, hefur verið eitt af meginvandamálum íslensks sjávarútvegs á undanförnum árum. Stafar þetta fyrst og fremst af þeirri miklu uppbyggingu sem átti sér stað í fiskiskipaflotanum á áttunda áratugnum. Afleiðingarnar eru þær að nauðsynlegt hefur reynst að setja víðtækar reglur um stjórn fiskveiða og takmarkanir á veiðiheimildir einstakra fiskiskipa. Í þessu frv., sem hér er til umfjöllunar, er lagt til að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Með því móti einu er hægt að auka veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. Starfsemi sjóðsins mun þannig geta leitt til aukinnar hagkvæmni í útgerð og jafnframt haft jákvæð áhrif á samsetningu fiskiskipaflotans og komið í veg fyrir skipulagslausa fækkun fiskiskipa.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til nokkrar brtt. við frv. Með þeim vill 1. minni hl. ná fram tveimur markmiðum. Annars vegar að sjóðurinn verði efldur og hins vegar að hlutverk hans verði aukið með tilliti til atvinnuöryggis í byggðarlögum sem byggja allt sitt á sjávarútvegi.

Fyrsti minni hl. leggur til að við bætist ný grein á eftir 4. gr. frv. Í greininni er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði efldur með því að honum verði árlega úthlutað þeim veiðiheimildum sem ekki nýtast vegna álags á útflutning á óunnum fiski. Þessi úthlutun verði þó aldrei meiri en sem nemur 12 þús. þorskígildistonnum. Þá er gerð tillaga um lækkun á því gjaldi sem eigendur skipa 10 brúttólestir og stærri skulu greiða árlega. Er gjaldið fært til samræmis við það gjald sem eigendur þessara skipa greiða nú til Aldurslagasjóðs. Er hér um 30 millj. kr. lækkun á tekjum Hagræðingarsjóðs að ræða.

Varðandi aukið hlutverk sjóðsins leggur 1. minni hl. til að gerðar verði breytingar á 1. gr. og að bætt verði inn nýrri grein á eftir 7. gr. Gert er ráð fyrir að nafni sjóðsins verði breytt úr „Úreldingarsjóður fiskiskipa“ í „Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins“ og honum fengið það tvíþætta hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa og koma til aðstoðar í byggðarlögum sem höllum fæti standa vegna sölu fiskiskips eða fiskiskipa þaðan. Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins verði þó bundið við að sala skipa úr byggðarlaginu leiði til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og að byggðaröskun sé yfirvofandi af þeim sökum.“ — Ég vildi gjarnan biðja hv. þm. Halldór Blöndal að leggja við hlustir þar sem hér segir: „Allt að helming þeirra veiðiheimilda sem gerð er tillaga um að sjóðurinn fái úthlutað geti sveitarstjórnir fengið til ráðstöfunar þar sem þær aðstæður hafa skapast sem réttlæta aðstoð af hálfu sjóðsins enda hafi bæði Byggðastofnun og stjórn Hagræðingarsjóðs samþykkt aðstoðina.“ Það er ástæða til þess að beina þessu sérstaklega til Halldórs Blöndals sem hér talaði og fór mikinn áðan vegna þess að eins og allir vita er hann stjórnarmaður í Byggðastofnun. (**HBl:** Heldurðu að ég þurfi að blessa þetta?) „Með þessu ákvæði er tryggt að slík aðstoð fái ítarlega umfjöllun. Úthlutun veiðiheimilda í þessu skyni verði bundin við að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Stjórn Hagræðingarsjóðs skal ákveða verð fyrir slíkar veiðiheimildir er taki mið af gangverði sambærilegra heimilda á hverjum tíma með sama hætti og við á um þann hluta veiðiheimilda sjóðsins sem fiskiskip fá árlega forkaupsrétt á. Nýti sveitarstjórnir ekki slíkan ráðstöfunarrétt verða heimildirnar boðnar út til skipa gegn sömu skilyrðum um ráðstöfun aflans, þ.e. að honum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Fáist hins vegar ekkert skip til veiðanna er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða lægra endurgjald eða fella það niður. Ólíklegt er hins vegar að ætla að slík staða komi upp þar sem fiskiskipaflotinn er það afkastamikill að fremur auðvelt ætti að vera að fá skip til veiðanna.

Fyrsti minni hl. leggur til að 6. gr. frv. verði breytt þannig að hlutfall þeirra veiðiheimilda, sem sjóðurinn getur haft ráðstöfunarrétt á, verði hækkað úr 3% í 5% af heildarveiðiheimildum. Er það til samræmis við þá tillögu að sjóðnum verði úthlutað sérstökum veiðiheimildum. Ef sjóðurinn á einhverjum tíma nær að eignast meira en sem nemur 5% heildarveiðiheimilda mun þeim heimildum verða skipt milli fiskiskipa 10 brúttólesta og stærri í hlutfalli við aflaheimildir

þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. 1. minni hl. leggur áherslu á að með þessu fyrirkomulagi er ekki verið að stíga skref í átt að auðlindaskatti. Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að stuðla að fækkun fiskiskipa og bæta þannig rekstrargrundvöll þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. Öllum tekjum sjóðsins verði varið til að stuðla að fækkun fiskiskipa og engu af þeim er ætlað að renna til samneyslunnar í þjóðfélaginu. Því er hér um lokaðan sjóð að ræða sem fyrst og fremst mun vinna fyrir sjávarútveginn í heild. 1. minni hl. hafnar með þessu alfarið þeirri skoðun að með stofnun sjóðsins sé verið að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn. Þá munu þau ákvæði, er lúta að aðstoð við byggðarlög er standa höllum fæti, tryggja að hægt sé að leysa slík vandamál án þess að til komi fjölgun fiskiskipa. Slík staðbundin vandamál yrðu fyrst og fremst leyst með því að nýta þá umframafkastagetu sem er fyrir í fiskiskipaflotanum.

Auk þeirra brtt. sem raktar hafa verið hér að framan leggur 1. minni hl. til að gerð verði breyting á ákvæði um gildistíma þannig að hann verði miðaður við 1. jan. 1991.

Þá eru gerðar nokkrar tillögur um breytingar á texta frv. til samræmis við frv. til laga um stjórn fiskveiða.

Að lokum leggur 1. minni hl. til að bætt verði við frv. ákvæði I og II til bráðabirgða. Fyrra ákvæðið fjallar um úthlutun veiðiheimilda til sjóðsins á árinu 1991 en í síðara ákvæðinu er lagt til að verði frv. að lögum skuli þau koma til endurskoðunar fyrir árslok 1992.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj."

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson og Jóhann Einvarðsson.

Þær brtt. sem 1. minni hl. leggur til eru á þskj. 1112 og eru þannig, með leyfi forseta:

„1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og hafi það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim og ráðstafa veiðiheimildum sem honum eru framseldar eða úthlutað er til hans. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

2. Við 2. gr. Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs" í 1. málsl. 1. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs.

3. Við 3. gr. Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs" í 1. málsl. komi: Hagræðingarsjóðs.

4. Við 4. gr.

a. Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs" í 1. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs, og í stað orðsins „Úreldingarsjóð" í 1. málsl. 3. mgr. komi: Hagræðingarsjóð.

b. Í stað orðsins „úreldingarsjóðsgjalds" í 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. komi orðið: hagræðingarsjóðsgjalds, og í stað „úreldingarsjóðsgjald" í 3. málsl. 4. mgr. komi: hagræðingarsjóðsgjald.

c. Í stað „1.200" og „370.000" í 2. málsl. 1. mgr. komi: 800 og 240.000.

d. Í stað orðanna „október 1989, þ.e. 153,7 stig" í niðurlagi lokamgr. komi: janúar 1990, þ.e. 159,6 stig.

5. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:

Hagræðingarsjóði skal árlega úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12 þús. þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar skv. ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar.

6. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs" í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs.

7. Við 6. gr. (er verði 7. gr.).

a. Orðin „sbr. nú lög nr. 3/1988" í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.

b. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.

c. 1. málsl. 3. mgr. greinarinnar orðist svo: Aldrei skal Hagræðingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 5% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 5% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða.

8. Við 7. gr. (er verði 8. gr.).

a. Í stað orðsins „Úreldingarsjóður" í 1. málsl. 1. mgr. komi: Hagræðingarsjóður.

b. Í stað orðsins „almanaksárs" í 1. málsl. 1. mgr. komi: fiskveiðiárs, og í stað orðsins „almanaksári" í 2. málsl. 2. mgr. komi: fiskveiðiári.

9. Á eftir 7. gr. (er verði 8. gr.) komi ný grein er verði 9. gr. og orðist svo:

Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiði-

heimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á. Forkaupsréttarákvæði 1. mgr. 8. gr. gildir ekki um framsal veiðiheimilda samkvæmt þessari mgr.

Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka ákvörðun um aðstoð að fengnu samþykki Byggðastofnunar.

Þær aflaheimildir skv. 1. mgr., sem ekki verða nýttar á viðkomandi fiskveiðiári til aðstoðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu framseldar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

10. Við 8. gr. (er verði 10. gr.). Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs" í 1., 2. og 3. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs.

11. Við 9. gr. (er verði 11. gr.). Í stað orðanna „Úreldingarsjóður fiskiskipa" í 1. málsl. komi: Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins.

12. Við 10. gr. (er verði 12. gr.). Í stað orðanna „Úreldingarsjóð fiskiskipa" komi orðin: Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

13. Við 11. gr. (er verði 13. gr.). Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4. gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1991.

14. Við bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

a. (I.) Fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 skal Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámark á útflutningi á ósunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Aflaheimildir þessar skulu þó ekki vera meiri en sem nemur 8 þús. þorskígildistonnum. Um ráðstöfun þessara heimilda fer eftir 5. og 9. gr. laganna.

b. (II.) Sjútvrh. skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

15. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins."

Ég hef þá, virðulegi forseti, farið yfir þær brtt. sem 1. minni hl. leggur til. Nefnd sú sem samdi tillögur um frv. að löggjöf um afnám sjóðakerfisins sem samþykkt var sem lög frá Alþingi vorið 1986 ráðgerði að á síðara stigi yrði Úreldingarsjóður endurvakinn samhliða endurskoðun á Aldurslagasjóði. Tillögur nefndarinnar um að varðveita eftirstöðvar Úreldingarsjóðs voru því lögfestar til þess að síðar gæfist kostur á að endurvekja hann. Hugmyndir um að koma slíkum sjóði á laggirnar eru því ekki nein stefnubreyting á því sem Alþingi hefur áður ákveðið. Ástæðan fyrir því að lagt er til að setja þennan sjóð á laggirnar er fyrst og fremst að stuðla að því að minnka það misræmi sem er á milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskistofnanna. Er talið að hægt sé að ná sama aflamagni með um 70–80% af þeim fiskiskipaflota sem til er í landinu. Flestir eru sammála um að þetta meginmarkmið sjóðsins sé af hinu góða og sé liður í því að stuðla að aukinni hagkvæmni við veiðarnar. Í því frv. sem ráðgjafarnefnd um fiskveiðistjórnun skilaði af sér í byrjun þessa árs var gert ráð fyrir starfsemi Úreldingarsjóðs. Þrátt fyrir mörg sérálit og bókanir einstakra nefndarmanna gerði enginn athugasemd við það ákvæði frv.

Á undanförnum árum höfum við getað beint umframafrakstursgetu flotans að áður vannýttum tegundum og vegur þar þyngst aukin veiði á úthafsrækju og grálúðu. Nú er hins vegar svo komið að fiskifræðingar hafa lagt til að verulega sé dregið úr sókn í báða þessa stofna og því hefur þurft að setja reglur til að draga úr sókninni. Vegna mikilla takmarkana í sókn í hefðbundna fiskistofna er nauðsynlegt að leita nýrra verkefna fyrir fiskiskipaflotann og þá trúlega hagkvæmast að leita fyrir sér í ónýttum eða vannýttum stofnum. Íslendingum ætti að vera það metnaðarmál að búa sem best að fiski- og hafrannsóknum þannig að sem haldbestar upplýsingar liggi ætíð fyrir um ástand hafsins og fiskstofna.

Innan fiskveiðilögsögu okkar eru miklir ónýttir möguleikar, trúlega alveg ótrúleg verðmæti. Við megum ekki halda svo á málum að hlutskipti okkar verði að verða aðeins veiðiþjóð við fengsæl fiskimið. Það væri mikil ógæfa fyrir þessa þjóð. Því er ekki síður nauðsyn að efla stórlega sölu- og markaðsmál jafnframt því að auka vöruþróun með það í huga að á næsta leiti eru stórkostlegar breytingar að verða í sölu- og markaðsmálum sem við getum ekki látið sem við sjáum ekki.

Þau sjónarmið hafa komið fram að eðlilegast sé að útgerðarmenn sjái alfarið um að fækka fiskiskipum sjálfir með því að sameina veiðiheimildir skipa. Ýmsir óttast hins vegar að slík fækkun skipa yrði alfarið á kostnað bátaflotans. Ég tel að með stofnun sjóðsins verði til tæki sem getur haft jákvæð áhrif í þá veru að tilflutningur veiðiheimilda verði ekki allur á einn veg og sjóðurinn gæti t.d. beint kröftum sínum að því að kaupa togara frekar en báta, telji menn það stuðla að betri nýtingu fiskstofnanna. Hvað sem öðru líður hlýtur það að vera forgangsmál að fiskiskipum fækki og eignum gamla Úreldingarsjóðsins og Aldurslagasjóðsins verði ráðstafað í því skyni.

Til að standa undir þessu verkefni er jafnframt nauðsynlegt að sjóðurinn fái tekjur. Ég efast um að samstaða sé um að hið opinbera reiði fram fé í þessu skyni, enda væri um miklar fjárhæðir að ræða. Því er ekki óeðlilegt að í frv. sé gert ráð fyrir að sjóðurinn standi undir starfseminni með því að taka gjald fyrir þær veiðiheimildir sem hann kann að fá ráðstöfunarrétt á.

Eigendur fiskiskipa 10 brúttólesta og stærri fengju árlega forkaupsrétt að þessum veiðiheimildum til samræmis við aflahluti skipa sinna. Eignist sjóðurinn á einhverjum tíma meira en sem nemur 5% af heildarveiðiheimildum, sem lætur nærri að séu um 30 þús. þorskígildistonn, mun því verða skipt á milli skipa miðað við aflahlutdeild án endurgjalds. Ég endurtek: Mun því verða skipt á milli skipa miðað við aflahlutdeild án endurgjalds. Hér er um lokaðan sjóð að ræða sem vinnur fyrir sjávarútveginn í heild. Það er því víðs fjarri í mínum huga að með stofnun þessa sjóðs sé verið að stíga skref í átt til auðlindaskatts. Í mínum huga er auðlindaskattur það að rentan af fiskveiðunum sé tekin og færð til almenningssjóðs til samneyslu í þjóðfélaginu. Hlutverk sjóðsins er hins vegar fyrst og fremst að stuðla að því að auka rentuna af fiskveiðunum, en hún er einmitt allt of lítil vegna þess hversu flotinn er stór. Það eru því alveg fáránlegar kenningar hjá þeim er halda því fram að með slíkri sjóðsstofnun, hagræðingarsjóði innan greinarinnar sjálfrar, sé verið að stíga skref að auðlindaskatti. Í mínum huga er með þessu stefnt í þveröfuga átt og þeir sem halda öðru fram ættu hið allra fyrsta að sjá til þess að láta stilla hjá sér kompásinn.

Miðað við þær brtt. sem ég gerði grein fyrir hér áðan er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái úthlutað allt að 12 þús. þorskígildistonnum árlega. Umfang þeirra heimilda sem sjóðurinn getur keypt með fiskiskipum án þess að þeim verði úthlutað endurgjaldslaust til skipa er því um 18 þús. þorskígildi, en það samsvarar því, svo að dæmi sé tekið, að hann geti á starfstíma sínum keypt 8–10 togara. Ljóst er því að sjóðurinn getur aldrei staðið fyrir nema hluta af þeirri fækkun fiskiskipa sem nauðsynlegt er að stefna að. Því er mikilvægt að sem minnstar skorður verði settar við því að einstakir útgerðarmenn geti tekið ákvarðanir um að sameina veiðiheimildir, eins og raunar er gert ráð fyrir í frv. um stjórnun fiskveiða. Með því móti gefst aflamönnum kostur á að njóta sín því að sjálfsögðu leita aflaheimildirnar til þeirra sem aflanum ná með sem minnstum tilkostnaði.

Það er hins vegar nauðsynlegt að menn geri sér ljóst að framsalsheimildum fylgja einnig vandamál. Eins og ég gat um áðan óttast margir að flutningur veiðiheimilda geti valdið röskun í fiskiskipaflotanum innbyrðis, t.d. milli báta og togara. Þá getur flutningur veiðiheimilda eða sala fiskiskipa skapað staðbundin vandamál í byggðarlögum sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Í ráðgjafarnefndinni var mikið rætt um það hvernig hægt væri að takast á við þann vanda sem getur skapast í ákveðnum byggðarlögum af þessum sökum. Fram komu skoðanir um að rígbinda eigi aflaheimildir við fiskiskip og/eða byggðarlög. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt leiði einungis til stöðnunar og komi í veg fyrir eðlilega þróun.

Það er einu sinni svo að auðlindin er takmörkuð og aukinn afli í einum stað hlýtur ávallt að þýða minni afla fyrir einhvern annan stað. Milli sjónarmiða þeirra sem leggja áherslu á aukna hagkvæmni og þeirra sem vilja rígbinda allt verður því að fara einhvern milliveg. Tillagan um að sjóðnum verði gert kleift að úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga í sérstökum tilvikum er málamiðlun milli þessara sjónarmiða. Hún byggir á því að nýta umframafkastagetu fiskiskipaflotans til að leysa tímabundið úr erfiðleikum byggðarlaga þar sem sala fiskiskips eða fiskiskipa hefur fyrirsjáanlega fækkun starfa í för með sér og byggðaröskun er yfirvofandi af þeim sökum. Hér er því um hreinan öryggisventil að ræða sem nauðsynlegt er að fara varlega með. Því er gert ráð fyrir að bæði stjórn Hagræðingarsjóðs og Byggðastofnunar þurfi að samþykkja slíka aðstoð. Með því móti er tryggt að slík aðstoð fái ítarlega umfjöllun sem hlýtur að vera nauðsynleg þar sem ákvarðanir af þessu tagi hljóta ávallt að verða umdeildar. Þessi afli verður eftir sem áður sóttur af fiskiskipum og skerðir því ekki kjör útvegsmanna og sjómanna frekar en sá umframafli sem verið hefur á undanförnum árum vegna ákvæða um sóknarmark og veiði smábáta. Úthlutun sjóðsins ræðst þó af því hversu mikill útflutningur verður á næstu árum af óunnum fiski. Minnki hann hins vegar umfram það sem nú er lækka þær veiðiheimildir sem sjóðurinn fær í þessu skyni.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég trúi því að öllum sé ljóst sem um þessi mál hugsa að brýna nauðsyn ber til að minnka núverandi fiskiskipaflota til að ná fram aukinni hagkvæmni og arðsemi í greininni. Það er grundvallaratriðið. Deila má um leiðir að því marki. Það er, held ég, öllum ljóst. Hér er sett fram stefna sem að vísu er byggð á ákveðinni málamiðlun frá upphaflegu frv. en það sem máli skiptir í þessu máli stendur óbreytt.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1115 um frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þó að efni þessa frv. og brtt., sem ríkisstjórnin hefur lagt fram við það, sé í anda þess sem Kvennalistinn hefur látið frá sér fara um fiskveiðimál hefur 2. minni hl. ýmsar athugasemdir við efni frv. eftir að brtt. ríkisstjórnarinnar voru birtar og málsmeðferðina alla.

Markmið frv. eins og það var lagt fram, var einkum þríþætt:

1. að draga úr afkastagetu fiskiskipastólsins,
2. að koma í veg fyrir að úrelt og gömul fiskiskip séu endurnýjuð með mun afkastameiri fiskiskipum,
3. að sjóðurinn eignist kvóta fiskiskipa eftir ákveðnum reglum.

Allt eru þetta markmið sem kvennalistakonur fella sig við og telja nauðsynlegt að vinna að.

Með þeim brtt., sem lagðar hafa verið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar við þetta frv., örlar á viðurkenningu á þeim sjónarmiðum sem kvennalistakonur hafa haldið fram og flutt tillögur um, að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu og að ekki sé sjálfgefið að úthluta veiðiheimildum ókeypis til einstaklinga og útgerðarfélaga

sem geta hagnast um tugi eða hundruð milljóna á óveiddum fiski sem lögum samkvæmt er sameign íslensku þjóðarinnar. Brtt. fela þó ekki í sér framtíðarlausn á vanda byggðarlaga, aðeins er verið að lagfæra einstök atriði en heildarvandanum ýtt til hliðar og ýmis atriði óljós. Með brtt. er búið að tengja frv. þetta frv. til laga um fiskveiðistefnu órjúfanlegum böndum, fyrst og fremst í því skyni að reyna að jafna ágreining innan ríkisstjórnarinnar um fiskveiðistefnuna.

Annar minni hl. telur þetta ekki vera það úrræði sem þarf til að tryggja stöðu byggðarlaga og minnir á brtt. Kvennalistans við frv. til laga um stjórn fiskveiða um byggðakvóta. Hins vegar kann að vera að þetta sé eina úrræði ríkisstjórnarinnar til að þoka frv. til laga um fiskveiðistefnu í gegnum þingið. Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að frv. þetta er mikilvægur þáttur þeirrar fiskveiðistefnu, sem Kvennalistinn hefur hafnað, leggur 2. minni hl. til að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1990. Danfríður Skarphéðinsdóttir."

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara *mörgum orðum um þetta frv.* Ég fjallaði hér ítarlega um fiskveiðistefnuna fyrr í dag og flutti brtt. Kvennalistans við frv. til laga um stjórn fiskveiða. Þetta mál er nátengt því og þar sem við getum ekki stutt frv. ríkisstjórnarinnar um fiskveiðistefnu þá kemur auðvitað heldur ekki til greina að styðja það sem hér liggur fyrir þar sem búið er að tengja þessi tvö mál algerlega órjúfanlegum böndum.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég get verið stuttorður. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. um leið og ég talaði um það mál sem hér var á undan enda er hér um heild að ræða. Það er ekki hægt að tala um annað frv. án hins. Það er búið að breyta eðli Úreldingarsjóðsins og ekki aðeins eðlinu heldur líka nafninu, heitir Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu þá eru þeir framsóknarmenn sjóðvitlausir í sjóði. Það var eftirtektarvert að heyra formann sjútvn. lýsa því yfir hér áðan að einungis með því móti að skattleggja sjávarútveginn með þessum hætti og leggja á auðlindaskatt væri hægt að fækka fiskiskipum. Þetta er alveg gagnstætt því sem hann sagði í sinni fyrri ræðu þegar hann var að reyna að halda því fram að með kvótakerfinu hefði tekist að fækka fiskiskipum. Þá hélt hann því fram að flotinn hefði minnkað vegna þess að það væri innbyggt í kvótakerfið að útgerðarmenn reyndu að úrelda skip og fækka skipum til að draga til sín meiri afla. Nú heldur hann hinu gagnstæða fram og kórónaði svo fyrirhyggjuhugsunarháttinn með því að tala um að með þessum hætti væri hægt koma í veg fyrir skipulagslausa fækkun fiskiskipa. Sjálfur ætlar hann að sitja á einhverjum tróni hér í Reykjavík og segja: hér á að fækka og hér á að *fækka en ekki þarna.*

Þetta er nú satt að segja hálfgerð fimmáraáætlun eins og hjá Jósef Stalín sáluga á sínum tíma, sem fór nú eins og hún fór, og næsta ömurlegt að þessi hugsunarháttur skuli gægjast fram hér á Alþingi á því herrans ári 1990, en lýsir auðvitað því sem hér er verið að gera. Það er verið að leggja á auðlindaskatt öðrum þræði til þess að reyna að hafa stjórn á byggð í landinu, sem ekki gengur, og svo öðrum þræði til þess að reyna að afla fjár í eyðsluhít ríkissjóðs sem er auðvitað næsta skrefið. (**Gripið fram í:** Hafa skipulag á skipulagsleysinu.) Hafa skipulag á skipulagsleysinu. Ef það væri nú. En það er ekki aldeilis. Það á að koma í veg fyrir skipulagslausa fækkun fiskiskipa. Það er verkefnið sem stjórnarherrarnir hafa sett sér og raunar þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Orð formanns sjútvn. skýra það sem hér er um að ræða. Það er verið að búa til nýja úthlutunarnefnd.

Ég vil eiginlega hafa það mín lokaorð að ég ætla að vona að þessi nýja skömmtunarstjórn verði a.m.k. aldrei jafnmannfrek og sú vitlausa skömmtunarstjórn á húsnæði sem félmrh. er að efna til. En framsóknarmennirnir eru greinilega byrjaðir í kapphlaupinu og ekki mun líða á löngu þar til sömu tilhneigingar gætir hér og hjá félmrh.

Við flytjum frávísunartillögu við þetta frv. en var kannski misskilningur. Það hefði kannski verið hreinlegra að fella frv. og munum við auðvitað greiða atkvæði á móti því ef frávísunartillagan nær ekki fram að ganga.

Ég vil taka það fram að ég var andvígur þeim breytingum sem voru gerðar á Aldurslagasjóðnum með hinu fyrra óbreytta frv. um Úreldingarsjóð fiskiskipa til að það fari ekki milli mála. Það var búið að spilla þeirri hugmynd líka. En nú tekur steininn úr og yfirlætið auðvitað í takt við frv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég hef nú verið fjarverandi nokkra stund úr deildinni og veit ekki hvað hefur verið ákveðið um framgang mála. Ég spyr forseta hvort ekki standi allt til þess að klára þessi tvö mál hér í deildinni. (**Forseti:** Það er meiningin.) Það er meiningin.

Mér er sagt að hér hafi verið haldin mjög ítarleg framsöguræða af formanni sjútvn. Því miður gat ég ekki fylgst með henni og hef heldur ekki útbúið neitt nál. um þetta sérstaka mál sem hér er til umfjöllunar, Úreldingarsjóðinn. (**Gripið fram í:** Það er frávísunartillaga um málið.) Já, það er frávísunartillaga.

Ég lýsi yfir andstöðu minni við þetta mál. Ég tel að nafnbreytingin hefði nú ekki átt að verða á þann veg sem lagt er til. Það hefði mátt láta þetta halda áfram að heita Úreldingarsjóð en ekki Úreldingarsjóð fiskiskipa heldur Úreldingarsjóð byggða á Íslandi. Vegna þess að vitaskuld er það það sem verið er að leggja til og ekki síst eftir breytingarnar. Það er verið að gera ákveðna hluti til þess að veikja undirstöðu byggðanna. Og það tengist náttúrlega þeirri sjávarútvegsstefnu og þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað í kvöld. Þessu máli á að vísa frá. Það

færir okkur ekki annað en erfiðleika eða eykur þá erfiðleika sem við búum þegar við í sambandi við stærð fiskiskipaflotans og stöðu landsbyggðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 609, n. 1109, 1113, 1116, 1119 og 1130, brtt. 1110, 1114, 1123.

Skúli Alexandersson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér er tjáð að það sé samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um það að þing haldi áfram út næstu viku jafnvel, eða svo lengi sem þörf er á til þess að afgreiða umhverfisfrv. Ég tel því alveg ástæðulaust að flýta afgreiðslu mála hér í hv. deild fyrst búið er að ákveða þetta. Okkar afstaða til þess að klára mál þau sem hér eru til umræðu var byggð á því að við ætluðum að afgreiða þessi mál fyrir helgi. En fyrst svo er frá gengið að þingstörf haldi áfram þá er ástæðulaust að við séum hér langt fram eftir nóttu við atkvæðagreiðslu.

Forseti (Jón Helgason):

Ég hef ekki heyrt þessa frétt fyrr og tel nauðsynlegt þá að athuga það.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh., sem hér er staddur, varaformaður Framsfl., svari því hvort það sé rétt sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði hér áðan að ríkisstjórnin kunni að hafa ákveðið að þinghald verði í næstu viku. Vegna þess að ef svo er þá er búið að hafa okkur hv. þm. hér að hálfgerðum fíflum í kvöld. (**Gripið fram í:** Algerum.) Og algerum með því að láta okkur fjalla hér um þetta mál með þeim hætti sem við höfum neyðst til að gera. Það er vítavert ef þetta er rétt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. tók þannig til orða að það væri samkomulag um það í ríkisstjórninni að láta þingið standa hér alla næstu viku. Ég þakka honum fyrir að upplýsa mig um þetta, en ég er hluti af ríkisstjórninni og hafði aldrei heyrt þetta fyrr.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef auðvitað ekki á móti því að atkvæðagreiðsla verði hér við 2. umr. en ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti hafi hlé á fundum þegar atkvæðagreiðslu er lokið og þá fáum við fréttir af því ef það er rétt að við höfum nógan tíma til þess að meta stöðuna eftir atkvæðagreiðslu. Þá er það auðvitað mjög fróðlegt og þá er í fyrsta lagi alveg út í hött að draga okkur hér inn í hliðarherbergi áðan, eins og lægi á, út af tillögu sem átti að koma fram við 3. umr. Það eru ýmis álitamál uppi sem nauðsynlegt er þá að athuga nánar og þá liggur líka alveg ljóst fyrir að það verður ekki þingfundur á morgun því það eru eldhúsumræður annað kvöld. Það er því mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta ef svo er. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fá forsrh. til þess að gefa skýringar?) Við erum að vísu vanir því að fá ólíkar fréttir svona eftir því við hvern við tölum úr stjórnarherbúðunum og stendur kannski ekki allt ýkja lengi sem sagt er.

Við tókum umræðuna um Úreldingarsjóðinn létt, nema formaður sjútvn., vegna þess að við vildum greiða fyrir því að það samkomulag gæti tekist um þingstörfin sem okkur hafði verið sagt að væri fyrir hendi. Það hefur ekkert gerst í dag eða í kvöld sem breytir gangi þingmála. Umræður um raforkumálin voru ekki lengri en menn vissu að þær yrðu, nema menn séu eitthvað utan við sig og viti ekki í þennan heim né annan. Allt hefur því farið eftir áætlun og þess vegna væri fróðlegt að fá svar. Ég veit t.d., af því að ég sé að hæstv. iðnrh. er hér, að hann mun hafa stytt mál sitt mjög í Nd. til þess að greiða fyrir málum um það frv. eins og við allir erum að reyna að gera.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil aðeins geta þess að ég tel eðlilegt að það sé gert örstutt hlé og staðan könnuð.

Skúli Alexandersson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil bljúgur og mjúkur koma hér í ræðustól og biðja hæstv. menntmrh. afsökunar á því að ég skuli hafa ávarpað þingdeildina á þann veg að ég vissi hlutina eins og ráðherra. Ég skal alveg viðurkenna það fúslega að ég er ekki í þessari ríkisstjórn. En hæstv. umhvrh. gaf mér upplýsingar um stöðu þessara mála og ég taldi mig þar af leiðandi geta sagt um málið á þann veg að þetta hefði gerst í ríkisstjórninni. Hann sagði mér þessa hluti og ég veit að hæstv. umhvrh. mun upplýsa þetta. Ég vil endurtaka það enn á ný að ég bið virðulegan menntmrh. afsökunar á því að ég hef komið hér í ræðustól og fullyrt eins og ráðherra. — [Fundarhlé.]

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni eftir að mér hefur verið skýrt frá þeirri umræðu sem hér fór fram áðan vil ég taka fram að það er enn þá stefnt að því að ljúka þingi á laugardaginn. Hins vegar er rétt að það er ekki samkomulag í umhverfismálum og kann að vera að það stefni því í einhverja hættu, en enn þá er stefnt að því að ljúka þingi á laugardaginn. Það er úr lausu lofti gripið að ákvörðun hafi verið tekin um það að halda áfram í næstu viku.

Karvel Pálmason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég spurðist fyrir um það hér í kvöld fyrir líklega þremur og hálfum tíma hjá hæstv. forseta hvað væri fyrirhugað með vinnubrögð hér í

þinginu, bæði að því er varðaði þessa deild og hina. Ég vissi ekki annað í dag lengi vel en það hefði verið samkomulag um að ljúka hér umræðum um eða upp úr kvöldmatarleyti þannig að kvótamálið gæti farið yfir til Nd. Það er greinilegt eftir þeim ummælum sem hv. þm. Skúli Alexandersson flutti hér í kvöld að eitthvað hefur komið upp á og þar skiptir í reynd ekki neinu hvað hæstv. forsrh. segir hér og nú. Vel má túlka það svo að bæði sé stefnt að því að ljúka þingi hér á laugardaginn og það sé ekki gert því það liggi svo margt fyrir að það verði ekki gert á þessum tíma.

Enn er ekkert samkomulag orðið um þessi mál hér, það er ljóst. Það væri ástæða til þess að spyrja hæstv. umhvrh. hvert hans álit er á þeim ummælum sem hv. þm. Skúli Alexandersson flutti hér í kvöld. Er samkomulag við hæstv. umhvrh. um breytingu frá því að þingi verði lokið á laugardag? Eru samningar í burðarliðnum að því er varðar umhverfisráðuneytið eða þarf það eina viku í viðbót?

Ýmislegt af þessu hefur verið að gerast hér í dag þó að okkur, sem höfum verið að ræða hér kvótafrv., hafi í raun og veru verið talin trú um að samkomulag væri um málið. Það er greinilega ekki og það er því í mínum huga full spurning hvort nokkur ástæða sé til þess að halda hér áfram umræðum í ljósi þessa sem nú hefur gerst innan herbúða ráðherranna sjálfra. Ég held því að það þurfi frekari skýringar á þessu.

Forseti (Jón Helgason):

Það var rætt á fundi forseta og þingflokksformanna núna fyrir skömmu að ljúka þessum málum núna hér í Ed. eins og um hafði verið talað. Engin önnur ákvörðun hefur verið tekin um það og því mun atkvæðagreiðsla fara fram hér á eftir.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég held að það verði að fá einhvern botn í þessi mál sem hér eru að gerast. Þeir komast nú ekki upp með það ráðherrar að segja hver sitt um það hvað fyrirhugað sé með þinghaldið. Hv. þm. Skúli Alexandersson upplýsti fyrir tiltölulega fáum mínútum að hæstv. ráðherra umhverfismála hefði tjáð honum að þing verði áfram í næstu viku. Og hæstv. ráðherra nikkar til mín og annarra um að þetta er rétt eftir honum haft. Þ.e. einn ráðherra segir: Þing verður í næstu viku. Og síðan kemur forsrh. og segir að vísu: Enn þá er stefnt að því að ljúka þingi á laugardag. Hann er að halda einhverjum gáttum opnum, kannski til að svíkja, það eigi að svíkja — kannski okkur sem erum hér með góðum vilja að vinna verk og koma málum áfram. Kannski skýrist það nú. Ég veit ekki hvað fyrir mönnum vakir. Hæstv. forsrh. segir: Það er úr lausu lofti gripið að fyrirhuguð sé breyting á þessu, þ.e. að þingi ljúki á laugardag.

Ég held að þingið geti ekki látið bjóða sér það að þessari umræðu utan dagskrár, eða hvað menn vilja kalla það, verði haldið áfram þangað til botn fæst í þetta. Hvor segir rétt og satt frá? Verður þing í næstu viku eða verður það ekki? Við eigum heimtingu á því þingmenn og þjóðin öll að fá að vita hvaða laumuspil hér er á ferðinni. Okkur býður kannski í grun hvað það sé, en ekki er hægt að gera alla menn að fíflum í þessu húsi með þessum hætti. Hæstv. ráðherra umhverfismála segir það og jánkar að hafa sagt það við hv. þm. Skúla Alexandersson að þing verði hér í næstu viku. Hæstv. forsrh. segir ekki. Menn verða nú að koma hreint til dyranna og svara jafneinföldum spurningum og þessari. Það er ekki hægt að hafa neinn starfsfrið í þessu húsi á meðan menn haga sér þannig að ekki er hægt að treysta einu einasta orði sem sagt er.

Forseti (Jón Helgason):

Forseti Sþ. hefur lagt það til að formenn þingflokka hittist ásamt forsetum núna. Ég mun þá gera hlé á þessum fundi í korter. — [Fundarhlé.]

Á fundi þeim sem hefur verið haldinn á ný með forsetum og formönnum þingflokka kom ekkert annað þar fram en haldið yrði við það samkomulag um afgreiðslu mála hér sem gert hafði verið fyrr í kvöld og reyndar þegar á mánudaginn.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir röggsamleg viðbrögð og þakka forseta fyrir að hann skuli staðfesta það sem hæstv. forsrh. sagði með sínum hætti hér áðan að þinglausnir verði á laugardag. Það er þá ljóst að við það verður staðið og ég þakka hæstv. forseta fyrir að hann skyldi hafa brugðist svo röggsamlega við. Þá er öllum efa eytt og þinghaldið getur haldið áfram með þeim hætti að við þessa hina síðustu starfsáætlun Alþingis verði staðið. Það er stundum kostur við starfsáætlanir Alþingis að þær eru ekki prentaðar. Þá er frekar von til þess að við þær sé staðið.

Guðmundur Ágústsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að ég standi hér upp. Ég vil taka undir það sem hæstv. forsrh. sagði að enn þá er stefnt að þinglausnum á laugardaginn næsta. Hins vegar hefur ekki enn náðst samkomulag um eitt ákveðið mál. En við, eins og allir aðrir hér í þinginu, vonumst að sjálfsögðu eftir því að samkomulag náist fyrir laugardag þannig að við þurfum ekki að örvænta um það. (**GHG:** En náist ekki samkomulag? Hverjir gera samkomulag um hvað?) Það eru formenn þingflokka. (**GHG:** Já, um hvað?) Um framgang mála hér á þinginu. (**HBl:** Það er forsrh. sem ræður því hvenær þingið hættir.)

Þetta vildi ég segja, að staða mála er þannig að það hefur verið reynt að ná samkomulagi með forsetum og þingflokksformönnum og staðan er sú að enn þá er stefnt að því að klára þingið hér á laugardag. Það vildi ég að fram kæmi hér og staðfesti það.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér hefði þótt eðlilegra að forsrh. sjálfur hefði flutt þessa tilkynningu í kjölfar þeirrar sem hann flutti hér áðan um að það væri enn þá ætlast til þess að þingi lyki á laugardaginn. Það væri sem

sagt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Ég geri ráð fyrir að hann muni staðfesta það hér að það sé hans ákvörðun að svo verði. Ekki síst þegar formaður þingflokks Borgfl. hefur sagt þau orð sem þýða á venjulegri íslensku að formaður hans flokks, hæstv. umhvrh., hafi farið með ósatt mál hér áðan þegar hann sagði að þingfundir yrðu í næstu viku. Ég fagna þessum lyktum en skora á forsrh. að lýsa því sjálfur yfir hér og hafa enga milligöngumenn um það að svona muni þetta verða. Þá höldum við áfram störfum hér eins og um var samið, annars ekki.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er dálítið óvenjulegt að biðja mann að staðfesta það að hann hafi sagt rétt frá áðan. Ég get ekki annað en endurtekið það sem ég sagði áðan. Það er stefnt að þinglausnum á laugardaginn og einlæg von mín að það takist. Að vísu er ekki samkomulag um umhverfismálin. Þetta sagði ég áðan. En það á að taka umhverfismálin fyrir í Nd. núna á eftir og kannski leysast þau þá. Þetta er nákvæmlega það sem ég sagði og ég endurtek það.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Óeðlilegt eða óvenjulegt að biðja menn að staðfesta það sem þeir hafi áður sagt. Ég veit ekki betur en forsrh. sjálfur hafi viljað fá hér hlé til að ráðgast um málið og fá einhverjar niðurstöður. (**Forsrh.**: Forseti ákvað þetta.) Nú, en þið fóruð allir á fund. Ef það er misskilningur þá er það út af fyrir sig í lagi. Forsrh. hefur nú staðfest að svona muni þetta verða og störfum við að sjálfsögðu eftir því framvegis.

En hitt stendur eftir að annaðhvort hefur hæstv. ráðherra umhverfismála vísvitandi farið með ósannindi eða hann ... (**KP:** Væri ekki hægt að fá hann í salinn?) Ja, ég er ekkert að biðja um það sérstaklega. Hann ku hafa verið á fjöllum. Hann er kominn af fjöllum og er hér og ef hann vill tala þá er honum það auðvitað frjálst. En það er ljóst að forsrh. hefur ákveðið það og sagt frá því að þingi ljúki á laugardag. Enginn efast um að Skúli Alexandersson segi satt og rétt frá að umhverfisráðherra hafi sagt honum að hér yrði þing haldið í næstu viku. Það efast enginn um það, það vita það allir hér í deildinni að þannig var það því að ráðherra jánkaði því sjálfur. Það liggur þá fyrir að forsrh. er með í ráðuneyti sínu einn ráðherra a.m.k. sem segir vísvitandi ósatt um þinghaldið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Rökstudd dagskrá á þskj. 1123 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EKJ, GHG, HBl, KP, SalÞ, SkA, ÞK, DS.

nei: SGH, GuðmÁ, HÁ, JúlS, KSG, MF, StG, SvG, VS, JHelg.

2 þm. (GA, JE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Með því að frv. felur í sér framlengingu á núverandi kvótakerfi með aflatakmarki á hvert sérstakt skip, með því að sú fiskveiðistefna hefur ekki þjónað þeim tilgangi að vernda fiskistofnana og ná hámarksafrakstri fiskveiða, er ég samþykkur því að vísa frv. til föðurhúsanna og segi já.

Brtt. 1110,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1114,1 kölluð aftur.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11:8 atkv.
Brtt. 1114,2 felld með 10:2 atkv.
3. gr. samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1114,3–23 kallaðar aftur til 3. umr.
Brtt. 1110,2 samþ. með 10:9 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,3 samþ. með 10:9 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,4 (ný 6. gr.) samþ. með 10:9 atkv.
7.–10. gr. samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,5 samþ. með 10:9 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,6 samþ. með 10:9 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 10:6 atkv.
13.–23. gr. samþ. með 10:9 atkv.
Ákv. til brb. I samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,7 samþ. með 10:9 atkv.
Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Ákv. til brb. III samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,8 samþ. með 10:9 atkv.
Ákv. til brb. IV, svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,9 samþ. með 10:9 atkv.
Ákv. til brb. V, svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Ákv. til brb. VI samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1110,10 (ákv. til brb. VII og VIII) samþ. með 10:9 atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:7 atkv.

Úreldingarsjóður fiskiskipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 222, n. 1111, 1115 og 1142, brtt. 1112, 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1124 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,2 samþ. með 10:9 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.

Brtt. 1112,3 samþ. með 10:8 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,4 samþ. með 10:9 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,5 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,6 samþ. með 10:9 atkv.
5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,7 samþ. með 10:9 atkv.
6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 10:8 atkv.
Brtt. 1112,8 samþ. með 10:9 atkv.
7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,9 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,10 samþ. með 10:9 atkv.
8. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,11 samþ. með 10:9 atkv.
9. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,12 samþ. með 10:9 atkv.
10. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,13 samþ. með 10:9 atkv.
11. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,14 (ákv. til brb.) samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 1112,15 (ný fyrirsögn) samþ. með 10:9 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:7 atkv.

EFRI DEILD

91. fundur, fimmtudaginn 3. maí, kl. 1.37 árdegis.

Um þingsköp.

Afbrigði um frv. um stjórn fiskveiða.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. 1. dagskrármálið er um stjórn fiskveiða og þarf að leita afbrigða. Samkvæmt þingsköpum þarf að líða ein nótt frá 2. umr. máls þar til það kemur til 3. umr. Nú er ætlunin að afgreiða þetta mál á einni og sömu nóttu bæði 2. og 3. umr. Það er nokkuð óvenjulegt. En oft er leitað afbrigða. En það er líka oft ekki góður siður að veita afbrigði. En þó getur það verið meinlaust ef um smámál er að ræða og mál sem er ágreiningslaust.

Það er líka til í því að nauðsynlegt sé að veita afbrigði um mál sem er mikilvægt, eins og t.d. getur komið fyrir með frv. um skattamál eða tollamál þar sem eru miklir hagsmunir í veði ef mál er ekki afgreitt á ákveðnum degi eða innan ákveðinnar klukkustundar. En ég held að óhætt sé að fullyrða að það sé ekki góð þingvenja og ekki eðlilegt að veita afbrigði ef um stórmál er að ræða, ef um ágreiningsmál er að ræða, ef um mál er að ræða sem ekki eru í tímaþröng.

Það mál sem hér er um að ræða og er ætlunin að leita afbrigða við, frv. til laga um stjórnun fiskveiða, er allt þetta í senn. Það er stórmál og það er svo stórt að það er naumast hægt að hugsa sér stærra mál. Það er ágreiningsmál og það er svo mikið ágreiningsmál að það er varla hægt að hugsa sér meiri ágreining í nokkru máli. Og það er mál sem ekki er í tímaþröng því að ef frv. þetta verður að lögum tekur það ei gildi fyrr en 1. janúar 1991. En það er heldur ekki í tímaþröng að mínu viti vegna þess að það liggi á að afgreiða í nótt þetta mál til Nd. Ég læt mér ekki detta í hug fyrr en ég horfi upp á það og þreifa á því að mögulegt sé að afgreiða þetta mál frá Nd. á einum eða tveimur dögum. Það er reginhneyksli að ætla að afgreiða þetta mál hér í nótt úr Ed. En það er að sjálfsögðu hálfu verra ef Nd. á ekki að hafa þetta mál, stærsta mál þessa þings og stærsta mál margra þinga, nema einn eða tvo daga.

Það er talað um að búið sé að gera samkomulag um þetta. Við heyrðum í þingskapaumræðunum áðan í hvers konar ráðleysi þetta mál er. En ég spyr hæstv. forseta: Ætlar hann að samþykkja það og leggja til að þetta svokallaða samkomulag verði framkvæmt hér í nótt? Ætlar hann að gera það? Að sjálfsögðu er hann ekki bundinn við þetta samkomulag. Hann er bundinn aðeins við eitt, hann er bundinn við þingsköp og að framfylgja þingsköpum og anda þingskapa. Það reynir á forseta undir slíkum kringumstæðum sem nú að vera á varðbergi og gæta sóma þingsins. Þess vegna skora ég á hæstv. forseta að leggja ekki til að þessi afbrigði verði veitt og bera þau ekki undir atkvæði og taka málið ekki á dagskrá.

Forseti (Jón Helgason):

Eins og hv. ræðumaður sagði er búið að gera samkomulag nokkrum sinnum um þessa málsmeðferð. Því mun ég bera þau undir deildina og hlíti að sjálfsögðu hennar úrskurði um afbrigði fyrir málinu.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við vitum að búið er að gera samkomulag. En má ég spyrja hæstv. forseta: Telur hann eðlilegt fyrir sitt leyti að framkvæma þetta samkomulag?

Forseti (Jón Helgason):

Ég sé ekki að þetta sé annars eðlis en þegar venja er að ganga til samkomulags um afgreiðslu mála og mun því leita afbrigða.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1184, brtt. 1114,3–23, 1185, 1186, 1187.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15:1 atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er flm. að till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 1185, ásamt þeim Skúla Alexanderssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Karvel Pálmasyni. Mér þykir því rétt að taka til máls við þessa umræðu, bæði vegna þessarar tillögu, svo hef ég og ekki tekið til máls í dag í þessu máli, þó að við höfum rætt það frá því kl. 11 í morgun, og á raunar ýmislegt vantalað.

Efst í huga manns nú er málsmeðferð þessa frv. sem við nú ræðum. Ýmsir hafa rætt það í dag og ég skal stytta mál mitt þess vegna en þessi málsmeðferð er búin að vera löng. Hún byrjaði í samráðsnefndinni árið 1988. Málið er búið að vera í meðferð þingsins frá því í febrúar þótt það hafi ekki verið hér til umræðu eftir að það kom úr nefnd nema í einn dag.

Það er mikið ráðleysi og ringulreið sem einkennir alla meðferð þessa máls þrátt fyrir að það hafi verið svona lengi til meðferðar. Allt er þetta með ólíkindum en mér kemur það ekki á óvart. Það er vegna þess að eftir að núverandi fiskveiðistefna var tekin upp með lögunum frá 1983 hefur fiskveiðilöggjöfinni alltaf hrakað og meira ráðleysi verið við hverja endurskoðun. Og þó er það svo að við skulum hafa í huga þegar við minnumst þessarar sögu að þegar lögin voru fyrst sett í desember 1983 var talað um að þau væru til bráðabirgða. Og það var þá að frv. að þessum lögum var hespað í gegnum þingið í fljótheitum fyrir jólaleyfi, allt á handahlaupum. Og það hefur verið einkenni við endurskoðun og framlengingu þessara laga að þau hafa alltaf verið afgreidd í flýti og tímaþröng, þetta mikilvægasta mál þjóðarinnar á hverjum tíma. Þetta er umhugsunarefni og alltaf hefur þessu farið hrakandi, málsmeðferðinni hér í þinginu.

Endurskoðunin núna stefnir beint út í foræði í þessum málum. Þær tillögur sem eru ættaðar frá ráðherrunum og meiri hl. sjútvn. hefur gert að sínum hér og búið er að samþykkja við 2. umr. bæta gráu ofan á svart.

Hvað er til ráðs í þessu máli? Ekki að endurskoða kvótakerfið heldur að endurskoða fiskveiðistefnuna með það fyrir augum að hverfa frá kvótakerfinu. Það var á þeirri forsendu sem ég greiddi atkvæði með frávísunartillögunni við 2. umr., eins og ég gerði grein fyrir við atkvæðagreiðslu. Þess vegna legg ég til ásamt meðflm. mínum að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá samkvæmt tillögunni á þskj. 1185.

Hvers vegna er ég á móti kvótakerfinu? Um það má flytja langt mál. En ég skal leitast við að halda mig við það sem ég álít að séu aðalatriðin. Ég tel að ekki sé undan því snúist, það verði að gerast því mér þykir nokkuð hafa brostið á að aðalatriði þessa máls kæmu vel fram í umræðunum í dag þó margt hafi verið vel sagt í þeim efnum af einstökum þingmönnum, kvótaandstæðingum. (**StG:** Ekki hinum?) Ég skal koma að því, hv. 3. þm. Norðurl. v., hvað formælendur kvótakerfisins og þessa frv., eins og það er nú orðið, hafa sagt og ég skal meira að segja víkja aðeins að hv. 3. þm. Norðurl. v.

Við skulum hafa það í huga, og um það erum við öll sammála, að við stöndum frammi fyrir miklum vanda um fiskveiðistjórnina. Sóknargeta fiskveiðiflotans er meiri en samsvarar veiðiþoli fiskstofnanna. Þetta er aðalatriði og grundvallaratriði. Það verður að minnka sóknargetuna, annaðhvort með því að takmarka fiskveiðiflotann eða takmarka not skipaflotans. Menn geta þá sagt sér sjálfir hvort sé skynsamlegra eða þjóðhagslega hagkvæmara, að takmarka fjárfestinguna sem lagt er í eða að takmarka nýtingu þeirrar fjárfestingar sem kostað er til. Þegar alls er gætt er nauðsynlegt að hafa hugfast hver tilgangurinn er með fiskveiðistjórnun. Hver er tilgangurinn? Grundvallaratriði er verndun fiskstofnanna, jafnframt hámarksafrakstri af fiskveiðum. Og hver er þá okkar hlutur í þessum efnum?

Á undanförnum árum hefur fiskveiðiflotinn stækkað, nýting skipastólsins versnað og afrakstur fiskveiða farið eftir því, verndun fiskstofnanna hefur hrakað og veiðiþolið minnkað. Þetta eru staðreyndir. Menn þegja þunnu hljóði við þessum staðreyndum en það má láta tölurnar tala, það er af nógu að taka. Ég skal nefna örfá dæmi: Á árunum 1984–1988 fjölgaði fiskiskipum um 121 skip og smálestatala þeirra jókst um 9879. Auk þess fjölgaði opnum vélbátum um 162 skip og smálestatala þeirra jókst um 1725. Á árunum 1979–1983 fækkaði hins vegar skipum um 71 en smálestatala jókst um 5357, auk þess sem opnum vélbátum fjölgaði um 517 og smálestatala þeirra jókst um 1663 brúttólestir. Ég held áfram: Á árunum 1980–1983 fór þorskafli 64 þús. tonn fram úr tillögum fiskifræðinga um veiði. Á árunum 1984–1988 fór þorskafli hins vegar 489 þús. tonn fram úr tillögum fiskifræðinga um veiði. Þetta eru athyglisverðar tölur.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út áhrif vannýtingar fiskiskipa á afkomu botnfiskveiða. Samkvæmt athugun gæti, svo dæmi sé nefnt, hagur útgerðar árið 1987 hafa batnað um nálægt því einn milljarð króna eða nálægt 5% í hlutfalli við tekjur, ef fiskiskipum yrði fækkað um 10%. Vilja menn draga ályktanir af þessu? Auðvitað segir þetta sína sögu. Það má koma með fleiri tölur ef vill. Þessum ósköpum veldur röng fiskveiðistefna. Það fer ekki á milli mála að þessi óheillaþróun magnast um allan helming eftir að ný fiskveiðistefna var tekin upp með lögunum frá 1983, um fiskveiðistjórn. Það er að berja höfðinu við steininn að neita að draga ályktanir af þessari staðreynd. Samt er það sá skollaleikur sem stjórnvöld hafa leikið.

Ég hef þráfaldlega bent á þetta, bent á þessar staðreyndir og bent á að stjórnvöld skella skollaeyrunum við þeim. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég ítarlega um þetta, ég ræddi um þessar staðreyndir og ég benti á að stjórnvöld lokuðu augunum fyrir þeim.

Við 1. umr. var ég með nokkrar spurningar til hæstv. sjútvrh. af þessu tilefni. Ég spurði hæstv.

ráðherra beint nokkurra spurninga. Ég hef ekki enn fengið svar við þeim. Ég hef reiknað með því að áður en málið fer úr deildinni svari hæstv. ráðherra þeim og þess vegna minni ég hæstv. ráðherra á þetta. Ég vil rifja upp þessar spurningar til glöggvunar fyrir ráðherra. Ég spurði: Hvað gengur hæstv. ráðherra til að flytja annað eins frv. og hér er til umræðu? Mín spurning til hæstv. sjútvrh. var: Hvers vegna vill hæstv. ráðherra halda áfram kvótakerfinu með tilliti til reynslunnar af því í sex ár? Ég spurði hæstv. ráðherra að þessu og ég spurði enn fremur: Kemur ekki til greina með tilliti til reynslunnar að taka upp á ný fiskveiðistjórnun sem byggðist á sóknarstýringu eftir almennum reglum líkt sem var 1976–1983? Ég spurði ráðherra enn fremur: Er kvótakerfið góð aðferð til fiskveiðistjórnunar með tilliti til fiskverndar þegar því fylgir að farið er margfalt meira en áður fram úr tillögum fiskifræðinga um leyfilega heildarveiði? Og enn spurði ég: Hvernig stendur á því að haldið er við kvótakerfi sem aðferð til fiskveiðistjórnunar þegar það er staðreynd að því fylgir tvisvar sinnum meiri aukning fiskiskipastólsins en áður var?

Ég hélt því fram að hæstv. sjútvrh. yrði að skýra betur ástæður en fram hefðu komið í framsöguræðu hans fyrir þessu frv. og ég vil leggja áherslu á þetta enn fremur nú.

Ég fékk ekkert svar, ráðherra hefur ekki svarað. Mér finnst að það verði að svara þessu og ég lýsi eftir svörum. Ég lýsi eftir svörum frá ráðherra. Ég lýsi líka eftir svörum frá öðrum kvótaunnendum ef þeir geta svarað þessum spurningum. Mér er sama hvaðan upplýsingarnar koma en ég hef ekki fengið þær. Ég verð að segja að það er allt of lítið fjallað um þetta grundvallaratriði, hvernig kvótakerfið hefur haft gagnstæð áhrif á stærð fiskiskipaflotans frá því sem þarf að vera og hvers vegna fiskverndinni hefur hrakað undir kvótakerfinu.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., formaður og frsm. sjútvn., kom nokkuð inn á þetta og það er lofsvert að hann skyldi gera það. Hann gerði það í sinni ræðu og ég hnaut nú eitthvað um þetta líka í nál. frá 1. minni hl. sjútvn. Þar er ein setning sem ég tók sérstaklega eftir, með leyfi hæstv. forseta, svohljóðandi: „Með þeirri lagasetningu“, — þ.e. frá 1983 þegar kvótinn var innleiddur — „var stigið mikilvægt skref af þeirri braut skipulagslausrar fjárfestingar og sóunar á verðmætum sem átti sér stað í sjávarútvegi á áttunda áratugnum.“

Þetta er ekki góð einkunn sem áttunda áratugnum er gefin. Var það ekki sá áratugur sem Framsfl. gumaði mest af og kallaði „framsóknaráratuginn“? Ég kalla eftir skýringum frá hv. 3. þm. Norðurl. v. á þessum fullyrðingum um þróun þessara mikilvægu mála á áttunda áratugnum — framsóknaráratugnum.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að við værum allir sammála um að fiskiskipastóllinn væri of stór og það er alveg rétt. Hv. þm. drepur þarna á kjarna málsins. En þá spyr ég: Erum við þá ekki allir sammála um að skipan fiskveiðimála eigi að vera slík að stuðli að samdrætti í skipastólnum? Ég spyr, ég ætla að við ættum öll að vera líka sammála um þetta. Við eigum að vera sammála um að fiskiskipastólinn er allt of stór og við eigum að vera sammála um að löggjöfin eigi að stuðla að samdrætti í fiskiskipastólnum. En þá spyr ég: Ef við getum verið sammála um þetta, getum við þá ekki verið sammála um staðreyndir svo við þurfum ekki að deila um þær? Getum við ekki verið sammála um staðreyndir? Getum við ekki verið sammála um staðreyndir sem komu fram í þeim tölulegum upplýsingum sem ég gat um áðan um stærð fiskiskipastólsins, stækkun fiskiskipastólsins, bæði fyrir og eftir að kvótakerfið kemur til sögunnar og um umframveiði fram yfir tillögur fiskifræðinga, bæði fyrir og eftir að kvótakerfið kom til. Það er nú kannski ekki til mikils mælst þó að farið sé fram á að við séum sammála um þessar staðreyndir. En það er ákaflega þýðingarmikið að við séum ekki að deila um þetta.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., frsm. sjútvn., veður reyk í þessum málum. Hann fullyrðir að eftir að kvótakerfið kom til hafi verið samdráttur í fiskiskipastólnum, hann fullyrðir þetta. Hann fullyrðir þetta, þó að það sé staðreynd og er skjalfest í skýrslum Siglingamálastofnunar að flotinn óx helmingi meira eftir að kvótinn kom til en á árunum á undan. Ef við getum ekki verið sammála um þessar staðreyndir, ef menn ætla að neita tölum Siglingamálastofnunarinnar, þá er náttúrlega erfitt að ræða um þessi mál. En það var dálítið fróðlegt hvernig hv. 3. þm. Norðurl. v. ætlaði að snúa sér út úr þessu til þess að geta þverskallast við staðreyndum. Hvað gerði hann? Hann vísaði í svar til Skúla Alexanderssonar á þskj. 698 og sagði að þar væri sönnunin fyrir hans máli. Þar væri sönnunin fyrir því að eftir að til kom kvótakerfið, sem vitað er að hefur innbyggðan hvata til þess að halda hverri fleytu á floti, hefði flotinn minnkað. Tölurnar sem ég tek upp úr skýrslum Siglingamálastofnunar segja að á árunum 1984–1988 hafi flotinn aukist um 9879 brúttólestir. Þetta er svart á hvítu.

En hvað segir í svarinu til Skúla Alexanderssonar og hvað dugar það hv. 3. þm. Norðurl. v. til þess að skella skollaeyrum við staðreyndum? Þar segir að á árunum 1984–1988 hafi flotinn aukist um 8328 brúttólestir — 8328. Hin skýrslan, sem ég legg nú meira upp úr án þess ég fari nú nánar út í það, segir 9879. Munurinn er um 1500 brúttólestir, en við erum að tala um aukningu sem nemur 10 þús. brúttólestum. Þó að við tökum tillit bæði til skýrslunnar og svarsins til Skúla, sem ég vil nú kannski taka með nokkrum fyrirvara, ég ætla ekki að fara að skýra það, en það skiptir ekki máli, er ekki svo mikill munur þarna á. Og að segja það, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði í sinni annarri eða þriðju ræðu, að flotinn hefði minnkað eftir að kvótinn kom til, er fals og ósannindi. Ég gæti sagt ýmislegt fleira um þetta efni, en ég ætla nú frekar að stytta mitt mál og skal ekki fjölyrða frekar um þetta atriði.

Hver er mikilvægasta ályktunin sem við getum dregið af þessum staðreyndum sem ég hef verið að leggja áherslu á? Hver er hún? Hún er auðvitað sú að

við eigum að hverfa frá kvótaskipulaginu. Það er engin rökrétt ályktun önnur af þessum staðreyndum. En þá segja kvótamennirnir: Það er ekki á neinu öðru völ. Ég er nú svo oft búinn að svara þessu að ég ætla að leyfa mér að sleppa því núna. Ég er búinn að halda svo margar ræður hér og annars staðar um það hvað á að taka við. Og ég vísa til frv. um stjórn fiskveiða sem ég flutti ásamt 8. þm. Reykv. og hæstv. umhvrh. á síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir að horfið yrði frá kvótakerfinu og tekin upp önnur stefna, önnur stefna þar sem komið yrði á þeirri skipan sem tryggir verndun fiskstofnanna og miðast við að atgervi þeirra sem sjóinn stunda fái að njóta sín og sjávarútvegurinn geti lagað sig sem frjáls atvinnuvegur að landsháttum og fiskimiðum svo að gefi sem bestan rekstrargrundvöll til að ná hámarksafrakstri af auðlindum hafsins.

Frv. okkar félaga á síðasta þingi benti á leiðina til þess að ná þessum markmiðum þar sem lagt var til að horfið yrði frá stjórn fiskveiða með veiðileyfum og komið yrði á stjórn á fiskiskipastólnum, sóknarstýringu á veiðitíma, veiðisvæðum, gerð skipa, búnaði veiðarfæra og meðferð afla, eftir því sem heimilaður hámarksafli á hverja fisktegund leyfði.

Um þetta má náttúrlega tala mjög langt mál, en ég ætla ekki að gera það. Ég ætla að leyfa mér að vísa til þess sem ég er svo oft búinn að segja hér í þessum ræðustóli og annars staðar í þinginu, vísa til þess og líka til þess frv., meginatriða þess frv., meginhugsunar þess frv., sem ég lagði fram ásamt félögum mínum á síðasta þingi.

Það er eitt í þessum umræðum og í meðferð málsins núna sem hefur komið sérstaklega til umræðu, að nú hafði hæstv. sjútvrh., og ríkisstjórnin, horfið frá þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru áður, að hafa samstöðu með hagsmunasamtökum útgerðarinnar, með LÍÚ. En nú er svo komið, eins og hér hefur verið bent á af öðrum, að þessi samstaða og þessi samvinna virðist hafa verið rofin með þeim vinnubrögðum sem nú hafa viðgengist. Ég held að þetta ætti að verða útgerðarmönnum, þeim útgerðarmönnum sem hafa trúað á fiskveiðikvótann og þá stefnu, nokkur aðvörun. Satt að segja er mesta undrunarefni í mínum augum afstaða forustumanna í útgerðarstétt, meiri hluta, ekki eiga allir þar óskipt mál, til kvótans. Þeir segja að kvótinn og kvótaskipulagið þjóni hag útgerðarinnar. Ég hef alltaf haldið því fram að það væri hreinn misskilningur og skammsýni að slíkt væri og ætti sér stað. Ég held að framhald kvótakerfisins geti ekki þýtt annað, þessi ríkisafskipti og miðstýring í þessum grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar, en að þeir sem frá fyrstu tíð hafa haft forustuna og borið veg og vanda af þessari atvinnugrein geri það alltaf minna og minna vegna þess að skipulagið ber dauðann í brjósti sér fyrir viðgang frjálsrar útgerðar.

Þetta er mín skoðun, og ég hef oft bent á þetta, og mér sýnist að hinir síðustu atburðir bendi mjög í þessa átt. Bæði er það sem ég sagði áðan um þann brest sem hefði orðið milli stjórnvalda og hagsmunaaðila í útvegi í sambandi við mótun stefnunnar og svo að maður hefur ástæðu til að ætla að hjá ýmsum ríkisafskiptamönnum, miðstýringarmönnum, liggi sá fiskur undir steini í sambandi við afstöðuna til fiskveiðistefnunnar að það sé af hinu góða að minnka sjálfstæði, minnka valdsvið, minnka mikilvægi hinnar frjálsu útgerðar. Ég gæti nefnt ýmislegt þessari skoðun til stuðnings. En ég skal enn leitast við að stytta mál mitt og ég skal því aðeins vitna í eitt. Ég vitna í grein eða samtal er það nú að forminu, sem birtist í Þjóðviljanum í gær, við formann Alþb., Ólaf Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh. Á hátíðardegi verkalýðsins finnur hæstv. fjmrh. og formaður Alþb. köllun hjá sér til þess að ræða um fiskveiðistefnuna. Og það er augljóst þegar þessi grein er lesin að hæstv. fjmrh. hugsar útgerðarmönnum þegjandi þörfina. Ég bið menn að taka eftir þessu, hugsar þeim þegjandi þörfina.

Ég vitna hér í þetta samtal, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m.a.:

„Það gleymist stundum í orrahríð hins daglega skaks að það koma af og til umfjöllunaratriði sem eru svo stór í eðli sínu að allt annað ætti í reynd að víkja til hliðar. Ég veit að félagar og stuðningsmenn þessa málstaðar sem Alþb. hefur barist fyrir sjá í hendi sér að þetta atriði er í sjálfu sér miklu stærra heldur en skipulag fiskveiðistjórnunar frá ári til árs", miklu stærra, það sem á bak við liggur. Enn fremur önnur tilvitnun. Samtalinu lýkur með þeim orðum. Hæstv. ráðherra hefur áður verið að túlka og lofsyngja samkomulag stjórnarflokkanna í kvótamálinu. Svo segir ráðherrann, með leyfi hæstv. forseta:

„Kosturinn við þessa niðurstöðu núna er að hún lokar ekki málinu. Við sem viljum halda áfram að þróa þetta kerfi í ákveðnar áttir getum haldið okkar umræðu áfram því að í lögunum er bráðabirgðaákvæði um að það skuli endurskoða þau eftir tvö ár. Þá mun nefnd stjórnarflokkanna starfa áfram í sumar og haust og skila áliti fyrir lok október. Ballið á því að halda áfram.

Það er eðli lýðræðisins að þegar uppi eru jafnmörg og jafnólík sjónarmið og í stjórn fiskveiðanna þá haldi dansleikurinn áfram." Þetta sagði Ólafur Ragnar að lokum.

Ja, nú geta menn lagt út af þessum orðum. Ég ráðlegg mönnum líka að lesa greinina í heild og finna þann anda sem þar kemur fram. En ég tel þetta staðfestingu á því sem ég sagði áðan að þessir miðstýringarmenn og ríkisafskiptamenn, eins og hæstv. fjmrh., hugsa íslenskri útgerð þegjandi þörfina. Það á að halda áfram að þrengja að þessum aðilum, taka völdin og áhrif af þeim, ábyrgðina frá þeim. Og það eru unnendur og formælendur kvótans sem bjóða upp á þennan dans, þennan hrunadans íslenskrar útgerðar. Það er þess vegna, þegar á allt er litið, hvað afstaða kvótamannanna er þjóðhættuleg. Þeir forherðast bara við hverja raun, ef þeim er bent á staðreyndir. Þeir endurskoða og hver endurskoðun er til hins verra. Og ríkisafskiptin og miðstýringin sem er auðkenni þessa kerfis eru með eindæmum. Það breytir engu þó að engin dæmi séu þess í hinum svokallaða vestræna heimi að nokkur önnur þjóð búi

undirstöðuatvinnuvegi sínum svo þröngan kost miðstýringar og ríkisforsjár sem við Íslendingar gerum. Og jafnvíst er það að kvótamennirnir hafa getað átt sína aðdáendur austan járntjalds áður en þar var lagt inn á braut markaðsbúskapar.

Hætt er við að lítið færi fyrir markaðslögmálum ef beitt væri ráðum kvótamanna víðar en við fiskveiðistjórnun. Gæðin eru mörg takmörkuð önnur en fiskurinnn í sjónum, en samt byggir markaðsbúskapurinn á frjálsri samkeppni en ekki skömmtun. Það kemur því spánskt fyrir sjónir þegar frjálshyggjumenn ganga fram fyrir skjöldu í lofinu um ríkisforsjá kvótakerfisins og bregðast þá krosstré sem önnur tré.

En forvitnilegast af öllu er framlag hinna lærðu manna í umræðunni um kvótann, háskólamanna og vísindamanna. Þar er að finna miklar og gagnlegar upplýsingar og fróðleik um sjálfstæðar athuganir og jafnvel vísindarannsóknir. En einn er galli á gjöf Njarðar. Þessi lærða umræða kemur yfirleitt of lítið eða alls ekkert inn á það sem í upphafi skyldi skoða. Það er gengið fram hjá spurningunni um hvort halda skuli við kvótakerfið eða falla frá því og hvað væri þá að velja um. Menn þessir gefa sér sem forsendu að einstaklingsbundin stjórnun með aflatakmörkunum á hvert skip skuli það vera. Umræðan snýst því ekki um grundvöllinn að kvótakerfinu heldur um útfærslu og framkvæmd þess. Þar er að sjálfsögðu um veigamikil atriði að ræða, svo sem hvort úthluta eigi kvóta ókeypis eða selja veiðileyfi, hvort kvóti eigi að vera til sölu á uppboði eða fyrir fast gjald, hvort kvóti eigi að vera framseljanlegur eða ekki og svo hverjum beri eignarrétturinn af fiskimiðunum.

Ívaf rökræðunnar um þetta allt saman er sjálfur auðlindaskatturinn og er þá gefin sú forsenda að ekki sé hægt að skattleggja sjávarútveginn sem skyldi nema kvótakerfi sé til staðar. Svo vafasamar sem forsendurnar eru má hitt vera ljóst að öll atriði þessarar lærðu umræðu hafa þá náttúru að efna til slíks ágreinings að með eindæmum er. Þessi ágreiningsmál kljúfa þjóðina niður í andstæðar fylkingar eftir mismunandi sjónarmiðum hagsmunaárekstra, siðferðisskoðana, byggðamála og stéttaágreinings. Hér er um að ræða djúpstæð mál sem höfða til réttlætiskenndar og tilfinninga sem valda sundurþykkju, úlfúð og illvígum deilum og til þess eins fallin að sundra þjóðinni þegar mest ríður á samstilltu átaki til úrlausnar þeim vanda sem nú er á höndum til mótunar fiskveiðistefnu. Og vissulega er það kaldhæðnislegt að svo miklu skuli fórnað í vonlausum lífgunartilraunum á þeirri aðferð við fiskveiðistjórnun sem er undirrót erfiðleikanna sem við er að fást. Hins vegar verður því ekki neitað að býsna fróðlegt er og eftirtektarvert að fylgjast með fræðilegum vangaveltum hvers og eins, svo að ekki sé minnst á leikni, rökfimi og skylmingar hinnar nýju skólaspeki þegar menn leiða saman hesta sína.

En á meðan þessu fer fram magnast eldurinn sem fer eyðandi hendi um þjóðarbúið. Dansinn dunar. Annmarkar kvótakerfisins færast meir og meir í aukana. Stöðugt verður augljósara að með kvótakerfinu næst ekki tilgangurinn með fiskveiðistefnu, hámarksafrakstur fiskveiða og verndun fiskstofnanna. Alltaf verður þungbærara að kvótakerfinu fylgir kostnaður langt umfram það sem þarf til að bera að landi það aflamagn sem kostur er á. Af þessum ástæðum er ekki einungis sjómannshluturinn æ rýrari og útgerðin lakar sett en vera þarf. Þess vegna er framleiðslukostnaðurinn, hráefnis til vinnslunnar, meiri og meiri en nauðsyn krefur. En af því leiðir að útflutningsframleiðslan kallar á sífellt lægra gengi krónunnar en vera þarf. Það leiðir hins vegar til hærra og hærra verðs á lífsviðurværi almennings. Þannig dregur kvótakerfið dilk á eftir sér. Það er þjóðin í heild sem verður að axla byrðarnar af kvótakerfinu í stöðugt lakari lífskjörum en vera þyrfti.

Herra forseti. Og enn er verið að endurskoða kvótakerfið til þess að viðhalda því og styrkja í sessi. Það er verið að skara í eldinn. Þar kennir ýmissa kynlegra grasa sem væri freistandi að fara fleiri orðum um en ég ætla að láta það ógert að þessu sinni. Ég hef hins vegar talið rétt að víkja hér að nokkrum grundvallaratriðum varðandi fiskveiðistefnuna, grundvallaratriðum sem ráða sköpum fyrir heill lands og lýðs, vekja athygli á þessu til stuðnings tillögu til rökstuddrar dagskrár sem ég og félagar mínir höfum flutt á þskj. 1185. Þessi tillaga er skýr og skýrir sig sjálf. Ég skal því ekki hafa fleiri orð að þessu sinni.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að einhver óvissa er um þinghaldið. Ég mundi telja rétt að gera hlé á fundi til að hægt sé að átta sig á hvernig mál standa.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla að svara hér nokkrum fsp. sem hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín og nota tímann meðan menn eru að átta sig á hlutunum. Hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum sem ég skal reyna að svara þó að þau svör geti e.t.v. ekki verið alveg fullnægjandi.

Í fyrsta lagi spurði hann mig að því hvað fengi mig til að flytja annað eins frv. og hér er til umræðu. Því er fljótsvarað. Það var ákveðið með þeim lögum sem sett voru í ársbyrjun 1988 að löggjöfin skyldi tekin til endurskoðunar með tilteknum hætti og það er árangur þess starfs.

Hv. þm. spurði hvort ekki væri hægt að koma á sóknarstýringu eftir almennum reglum. Ég svara þeirri spurningu neitandi. Það er ekki hægt að mínu mati en ég heyri það á máli hv. þm. að hann telur einmitt að slíkt sé mögulegt. Ég á ekki von á að við getum orðið sammála um það í þessari umræðu og gæti ég fært fyrir því ýmis rök en ætla ekki að endurtaka allt það sem fram hefur komið í þessu máli.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. að því hvort kvótakerfið væri góð aðferð þar sem farið hefði verið margfalt fram úr tillögum fiskifræðinga. Í fyrsta lagi er rétt að taka það fram að eitt er tillögur fiskifræðinga og

annað ákvarðanir stjórnvalda á hverjum tíma. Síðan er það svo að ákvæði um bæði sóknarmark og smábáta hafa verið þess eðlis að ekki hefur verið hjá því komist að nokkuð hefur verið farið fram úr þeim ákvörðunum sem stjórnvöld hafa tekið á hverjum tíma. Einnig má benda á margvíslegan sveigjanleika sem hefur verið í kvótakerfinu fram að þessu en tilgangurinn m.a. með þessu frv. sem hér hefur verið til umræðu er sá að koma á meiri festu í þessum málum með því að afnema sóknarmarkið og með því að taka upp svipaða skipan að því er varðar smábáta og önnur skip.

Að því er varðar spurningu hv. þm. um stærð flotans vísa ég til þess þingskjals sem hér hefur verið vísað til, þskj. 698, þar sem fram kemur hver hefur verið þróunin í flotanum, ekki aðeins er varðar stærð skipanna heldur jafnframt fjölda þeirra, en það er einmitt einna mikilvægasti tilgangurinn með frv. að koma því til leiðar að ekki sé áhugi fyrir því að stækka flotann.

Ég vil síðan í lok þessarar umræðu þakka hæstv. sjútvn. fyrir mikil og góð störf að þessu máli. Ég tel að þær breytingar sem hafa orðið á þessu frv. hér í meðferð Alþingis séu bæði eðlilegar og skynsamlegar og eiga á engan hátt að koma á óvart gagnvart þeim aðilum sem að þessu máli hafa unnið án þess að ég ætli að rökstyðja það frekar. Ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hafa komið að þessu máli, hver með sínum hætti.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. flyt ég hér við 3. umr. málsins brtt. á þskj. 1186. Í fyrsta lagi er lagt til að 9. gr. sem nú er í frv. falli brott, um það að sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla en botnfiski og úthafsrækju sé ráðherra heimilt að skerða og auka tímabundið botnfiskmark sérveiðiskipa. Ég legg til að þessi grein verði felld burt og í staðinn komi tillaga úr fiskveiðitillögum Alþb., um byggðakvótann. 9. gr. orðist þá svo:

„Sé skip selt úr byggðarlagi fylgir því þriðjungur aflahlutdeildar þess en tveir þriðju hlutar aflahlutdeildar verða eftir í því sveitarfélagi sem skipið var selt frá. Skal sveitarstjórn úthluta útgerðum annarra skipa í byggðarlaginu árlega því aflamarki sem eftir varð í tvö fiskveiðiár eða veiðitímabil eftir söluna. Eftir þann tíma skal sveitarstjórn úthluta aflahlutdeild hins selda skips varanlega öðru skipi eða öðrum skipum í byggðarlaginu. Ráðherra skal með reglugerð ákveða hvaða reglur skuli gilda um úthlutun sveitarstjórnar á aflahlutdeild eða aflamarki samkvæmt þessari grein."

Þetta er næstum samhljóða þeim samþykktum sem Alþb. gerði um þessa hluti.

Í 11. gr. komi þrír nýir málsliðir er orðist svo:

„Óheimilt er þó að framselja aflahlutdeild milli skipa sem ekki tilheyra sama flokki. Þó er heimilt að framselja aflahlutdeild frá stærra skipi til minna skips. Í þessu sambandi skal skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, skipt upp í eftirtalda fjóra flokka: bátar undir 30 brl., bátar 30 brl. og stærri, togarar aðrir en þeir sem frysta afla um borð og frystitogarar."

Þessi grein kveður á um það að ekki sé hægt að flytja varanlegt aflamark frá minni skipum til stærri. Þetta mundi hafa í för með sér að það væri minni hætta á því að verulegar tilfærslur væru á varanlegum kvótatilflutningi og þetta mundi líka hafa í för með sér að orðið gætu tilfærslur innan hvers stærðarflokks og þær mundu sjálfsagt verða og þó nokkur tilhneiging til þess og flotinn mundi minnka en ekki væri hætta á að nein veruleg skekkja yrði á því útgerðarmunstri, ef má orða það svo, sem við búum við eða höfum búið við. Það mundi ekki gerast að togaraflotinn kaupi upp meginhluta smábátanna, frystitogaraflotinn stækki og bátum fækki.

Þá er brtt. við 16. gr. í sambandi við vigtun, um að í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

„Allur afli, þar á meðal sá afli sem fluttur er óunninn úr landi, skal veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Sigli skip með eigin afla til sölu erlendis er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. um vigtun innan lands enda sé fullnægt kröfum ráðuneytisins um vigtun við löndun eða sölu afla erlendis."

Allar þessar tillögur, sem ég flyt hér, eru teknar beint úr samþykktum Alþb. sem ég skýrði frá í ræðu minni við 2. umr. og þær eru einnig á þann hátt að þær tengjast beint þeim tillögum sem þingflokkur Alþb. sendi til ríkisstjórnar og einnig þeirri sérbókun sem ég afhenti við afgreiðslu mála í ráðgjafarnefndinni.

Ég vænti þess að hv. þingmenn veiti mér stuðning til að fá þessar tillögur samþykktar og með þeim samþykktum tel ég að frv. sem við höfum verið að fjalla um og búið er að samþykkja við 2. umr. mundi breytast mjög til hins betri vegar og að þeim samþykktum mundi ég treysta mér til að samþykkja það.

Þá vil ég aðeins nefna brtt. við 17. og 18. gr. frv. sem er fram borin af þeim Stefáni Guðmundssyni og Jóhanni Einvarðssyni. Þær breytingar báðar tengjast því áliti sem við fengum frá Lagastofnun Háskóla Íslands. Vel má vera að rök séu fyrir því að flytja þessar brtt. en ég tel að fyrst á annað borð var farið að flytja brtt. út frá þessari álitsgerð, þá séu þar margir fleiri þættir sem eðlilegt hefði verið að taka og kannski enn þá eðlilegra en þessar breytingar. Ég tel líka að það orki nokkuð tvímælis að hvað snertir þessar brtt., reyndar er sú fyrri fyrst og fremst orðalagsbreyting sem breytir ekki eðli laganna í einu eða neinu en brtt. við 18. gr. — ég les a.m.k. það út úr áliti Lagastofnunar að það orki tvímælis hvort hér sé verið að breyta á þann hátt sem þar er lagt til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Rökst. dagskrá á þskj. 1185 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 1114,3 felld með 9:2 atkv.
Brtt. 1114,4.A felld með 8:4 atkv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur tillögu okkar í Kvennalistanum um byggðakvóta verið hafnað. Ég sé því ekki ástæðu til að bera fram aðrar tillögur sem allar ganga út frá því að veiðiheimildum sé úthlutað til sveitarfélaga og þess vegna dreg ég brtt. til baka.

Brtt. 1114,4.B–23 kallaðar aftur.
Brtt. 1186,1 felld með 10:2 atkv.
Brtt. 1186,2 felld með 9:2 atkv.
Brtt. 1186,3 felld með 9:3 atkv.
Brtt. 1186,4 felld með 9:3 atkv.
Brtt. 1187,1 samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 1187,2 samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 1186,5 felld með 9:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SGH, GuðmÁ, HÁ, JúlS, KSG, StG, SvG, VS, JHelg.

nei: EKJ, GHG, HBl, KP, SkA, ÞK, DS.

5 þm. (EgJ, GA, JE, MF, SalÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. og þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. um Úreldingarsjóð fiskiskipa, sem verða að skoðast í samhengi, eru allar til hins verra. Þær eru óeðlilegar og óskynsamlegar og þær koma mjög að óvart þeim sem unnu að undirbúningi þessa frv. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Nd.

Úreldingarsjóður fiskiskipa, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 1189.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. til Nd.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 1139.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga). — Þskj. 1166.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 15:1 atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

83. fundur, miðvikudaginn 2. maí, að loknum fundi í Sþ.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Þórður Skúlason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Undir þetta ritar hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds.

Þórður Skúlason hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað trúnaðareið og er hann boðinn velkominn til starfa.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 869, brtt. 720, 726,2, 1065.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir tækifærið að segja örfá orð um umhverfismálin enn einu sinni. Ég gerði hér grein fyrir tilraun af minni hálfu til að ná samkomulagi um meðferð þeirra mála og lagði fram brtt. í því skyni. Ég neita því ekki að það olli mér miklum vonbrigðum að hv. 2. þm. Reykn. telur alls ekki fært að ganga nú til þess samkomulags og þó að ég geti tekið undir það með honum að ýmislegu í þeirri tillögu mætti vissulega haga á annan veg þá lagði ég hana fram eins og ég taldi að helst væri grundvöllur til samkomulags.

Ég veit að hv. þm. og aðrir stjórnarandstæðingar og þeir aðrir sem hafa út af fyrir sig verið andsnúnir sérstöku umhverfisráðuneyti sætta sig að sjálfsögðu við það og er áreiðanlega, eins og mér, áhugamál að það ráðuneyti geti þá tekið til starfa af verulegum krafti þótt ekki komi allt þar undir strax sem við höfum ætlað okkur.

Þess vegna vil ég nú enn leita leiða til samkomulags. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn að beita mér fyrir því, og vil láta það koma fram hér úr forsetastól, að felldar verði niður 6.–14. gr. sem er í tillögu hv. sjálfstæðismanna. Ég mun þá skipa strax milliþinganefnd til að undirbúa þau mál. Má þá segja að það sé í svipuðum farveg og brtt. mín nema þá fullnægt því, sem mér skilst að sé mikið kröfumál, að gildistöku sé ekki frestað heldur felld niður. Ég mun þá gera ráð fyrir því að það sem snýr að umhverfismálum í þessum málaflokkum komi fyrir Alþingi á haustmánuðum ásamt frv. um umhverfismálastofnun sem hæstv. umhvrh. er að undirbúa. Ef um þetta gæti orðið samkomulag þá dreg ég að sjálfsögðu brtt. mína til baka.

Ég vil því mælast til þess héðan úr ræðustól að menn skoði þetta mál nú í dag og viti hvort samkomulag geti orðið um það. Ég tel mig þá vera búinn að teygja mig æðilangt sem flm. frv. til móts við vilja stjórnarandstæðinga, þ.e. þá þeirra sem ekki hafa getað sætt sig við, eins og orðað hefur verið, þann undirbúning sem liggur að baki flutningi ýmissa þessara stofnana til umhverfisráðuneytis og vil leggja mig fram í samráði við þá, með fulltrúum frá þeim í sumar að búa betur að þeim málum.

Ólafur G. Einarsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta tilboð sem hann gerir okkur um að fallast á brtt. okkar sem við lögðum fram við 2. umr. Ég met það svo að hæstv. forsrh. vilji enn reyna að ná samkomulagi um þetta mál og það er satt að segja meira en hægt er að segja um suma aðra sem telja sig þetta mál varða. Ég met þennan samkomulagsvilja hæstv. forsrh.

Í umræðu um málið hér í fyrrakvöld boðaði ég tvær brtt. til viðbótar, þ.e. að 16. og 17. gr. frv. féllu brott. Ég veit ekki hvort tilboð hæstv. forsrh. nær til þessa, en vænti þess að við höfum tækifæri þá til þess að ræða það mál. Ég er ekki að biðja um svar við því núna á þessari stundu. Hins vegar þætti mér nú satt að segja æskilegt að heyra einu sinni viðbrögð hæstv. umhvrh. héðan úr ræðustól Alþingis en ekki bara að við heyrum í honum viðbrögðin í fjölmiðlum. Ef hann er hér viðstaddur þá þætti mér því gott að vita hver hans viðbrögð við þessu tilboði hæstv. forsrh. eru. Það er að vísu ekkert aðalatriði heldur hitt að við erum reiðubúnir, sem stöndum að þessum brtt., að ræða þessi mál við hæstv. forsrh. og ég ítreka það að ég met samkomulagsvilja hans.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Vegna þess að hér er hafin umræða um þingsköp vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um hvað líði afgreiðslu á frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem gert var að umtalsefni hér fyrir fáum dögum. Ég rifja það upp að hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar lýsti því yfir að frv. yrði tekið fyrir og yrði síðan afgreitt úr nefnd. Nú eru senn þinglausnir og ég leyfi mér því að spyrjast fyrir, úr því að það er ekki komið hér á dagskrá, hvort hv. fjh.- og viðskn. hafi ekki getað fundið sér tóm til þess að halda fund og taka þetta mál fyrir til afgreiðslu. Ef það er raunin að enn sé ekki farið að fjalla um þetta mál innan nefndarinnar þá sýnist mér að stefni í það óefni að málið geti ekki verið tekið til afgreiðslu hér á Alþingi sem ég tel ekki koma til mála annað en stefnt sé að eins og áður hefur fram komið.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar hélt fund á mánudag og fjallaði þar um þetta mál m.a. Við munum halda fund á morgun og taka þá þetta mál fyrir. Ég skal ekki segja hvað við komumst langt með það, en það er verið að vinna í málinu og ég stefni að því að halda fund og vona að ekkert komi upp á sem hindrar það og reikna með því að einhver mál afgreiðist úr nefndinni á morgun.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mig langaði í tengslum við þá umræðu sem var hér í upphafi þessarar þingskapaumræðu varðandi umhverfisráðuneyti að taka fram að kvennalistakonur hafa lagt fram brtt. við frv. Við höfum ekki enn þá fengið þær til afgreiðslu í þinginu, þær hafa ekki verið bornar upp. En við erum að sjálfsögðu tilbúnar til þess að líta á einhvern grunn til samkomulags varðandi þessi mál og teljum að okkar tillögur eigi að sjálfsögðu að koma þar með en ekki eingöngu þær tillögur sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram í þessu máli.

Sighvatur Björgvinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi undrun minni á ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. hér áðan. Það hefur komið fram frá hv. þm. Alexander Stefánssyni, verið lýst

tvisvar yfir hér úr ræðustól, að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem jafnframt er formaður þingflokks Framsfl., hafi ítrekað komið í veg fyrir að það frv. sem hér er um að ræða fengist rætt á þingflokksfundi í Framsfl. vegna þess að hann persónulega er andvígur því.

Það hefur líka komið fram að við flm. þessa máls, sem eru allir nefndarmenn í fjvn., féllumst á að fresta umræðu um það aftur og aftur í Nd. Alþingis að beiðni ráðherra. Málið komst því ekki til umræðu fyrr en mörgum mánuðum eftir að það var lagt fram. Þá kom í ljós að hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti sig andvígan málinu, en í ljós kom í umræðunni að hann hafði ekki einu sinni lesið frv. Það er búið að mælast til þess við hann hvað eftir annað að hann afgreiði málið úr nefnd. Ég get upplýst að það var tekið fyrir á fundi fjh.- og viðskn., eins og hv. þm. sagði, sl. mánudag og var þar 7–10 sekúndur til umræðu, var tekið jafnharðan út af dagskránni aftur.

Ef menn ætla að ljúka Alþingi með skikkanlegum hætti, eins og allir alþingismenn vilja nú og stefnt mun vera að, þá getur þessi hv. þm. ekki komist upp með það að sitja svona á málum sem allir fulltrúar Alþingis í tiltekinni þingnefnd hafa flutt. Verður það þá að hafa sín eftirköst ef maðurinn gegnir ekki skyldu sinni, sem formaður nefndarinnar, hvað svo sem varðar hans persónulegu afstöðu til málsins. Það kann að vera orðið nokkuð seint að hv. þm. lesi þetta frv. en hann verður þá að afgreiða málið frá nefndinni ólesið af sjálfum sér. Ég er viss um að aðrir hv. nefndarmenn hafa gefið sér tíma til þess að lesa málið.

Virðulegi forseti. Ég fer þess mjög eindregið á leit að hæstv. forseti þessarar deildar sjái til þess að hv. 1. þm. Norðurl. v. geri skyldu sína.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill benda hv. þm. á það að þessi þingskapaumræða hófst vegna 1. dagskrármálsins, yfirstjórn umhverfismála, og væntir forseti þess að síðari hluti þessarar umræðu, sem fjallar um allt annað mál, verði ekki allt of langur. Annars verður forseti að óska eftir því að 1. dagskrármálið verði afgreitt með eðlilegum hætti áður en sú umræða lengist of mikið.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég kann nú ekki við þann tón sem hv. 5. þm. Vestf. hefur tamið sér. Það getur vel verið að þetta hræri hjörtu manna í fjvn., það hrærir ekki mitt hjarta. Hótanir, svigurmæli og dólgsháttur gera það ekki.

Hvað varðar tilvitnanir hans í hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson, að þetta mál hafi ekki fengist rætt á þingflokksfundum, þá er það ekki rétt. Þetta mál var rætt á þingflokksfundum í Framsfl. og meira að segja tekinn um það alveg sérstakur fundur. Mér kemur mjög á óvart ef Sighvatur Björgvinsson veit betur hvað gerist þar en ég.

Svo er það eftir öðrum ósannindum þessa þingmanns að þetta mál hafi ekki verið rætt nema 7 sekúndur á fundi fjh.- og viðskn. En þetta er út af fyrir sig ekkert óvenjulegt þegar um hv. 5. þm. Vestf. Sighvat Björgvinsson er að fjalla. Hann er dálítið — ja, ég segi nú ekki skröksamur, en hann freistast til að lita frásögn sína. M.a. greindi ég frá því á þessum fundi að hæstv. varaforseti deildarinnar, Geir H. Haarde, hefði skrifað mér bréf út af málinu og óskað eftir að það yrði afgreitt úr nefndinni sem ég stefni að að gert verði.

Ég vísa sem sagt bæði þessum og öðrum ósannindum Sighvats Björgvinssonar á bug og því sem hann á eftir að segja hér því að ég geri ráð fyrir að hann verði alltaf við sama heygarðshornið.

Friðrik Sophusson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki taka þátt í þessu einvígi þeirra tveggja hv. þm., Sighvats Björgvinssonar og Páls Péturssonar. Ég vil bara staðfesta það að hv. varaforseti deildarinnar sendi formanni nefndarinnar bréf, og þar með öllum nefndarmönnum, í framhaldi af þingskapaumræðum sem urðu um þetta fyrir skömmu síðan. Ég vil einnig staðfesta að það er rangt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að málið hafi verið tekið fyrir í 7 sekúndur. Ef ég man rétt þá var málið á dagskrá nefndarinnar í hér um bil eina mínúta eða þar um bil, ekki miklu meira, kann að vera eitthvað rétt innan við það. En það er skrök sem kom hér fram að þetta hafi verið 7 sekúndur því ég er viss um að það var um það bil ein mínúta. Á þessari einu mínútu gafst okkur sjálfstæðismönnum tækifæri til þess að segja frá því að við værum tilbúnir til þess að afgreiða málið með þeim breytingum sem þarf að gera á frv. og hv. fjvn. veit hverjar eru. Sá vandi er okkur á höndum að í morgun voru þrír hv. nefndarmenn á fundi í iðnn., þar á meðal hv. formaður nefndarinnar, í fjóra klukkutíma, allan morguninn kl. 8–12. Og í fyrramálið hefur aftur verið boðaður fundur í iðnn. sem mun standa kl. 8–10, en þá er ráðgert að fundir hefjist í neðri deild Alþingis. Ef menn vilja afgreiða þetta mál, sem ég tel mjög eðlilegt, út úr nefndinni svo og önnur mál sem eru til afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. þá beini ég þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta að hann sjái til þess að hægt sé að halda nefndarfundi. Það getur ekki gerst nema breyta fundartíma deildarinnar þannig að tími gefist til þess í nokkrar mínútur a.m.k. að taka fyrir mál sem eru til umræðu og meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Ég beini eindregnum tilmælum til hæstv. forseta að hann fundi með formönnum þessara tveggja nefnda og finni lausn á þessu máli.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta er ljóst að skammt er nú til þingloka og ekki óeðlilegt að nokkrar snerrur verði um afgreiðslu mála. Vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns vill forseti taka það fram að hér hafði verið fyrirhugað að hefja fundi í deild kl. 10 í fyrramálið. En forseta er ljóst að það mun takmarka mjög svigrúm nefnda til fundarhalda í fyrramálið. Síðar á fundinum í dag mun forseti ræða við formenn þingflokka um það með hvaða hætti megi koma þessu sem best fyrir og mun gæta þess að nefndir fái nægan tíma til starfa.

Sighvatur Björgvinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ekki dettur mér í hug að gera tilraun til þess að hræra hjarta hv. 1. þm. Norðurl. v. Það er ekki auðhlaupið að því að gera slíkt og ég treysti mér ekki til þess.

En ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan að það kom fram frá hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni ekki einu sinni heldur tvisvar að hv. formaður þingflokks Framsfl. hefði komið í veg fyrir að þetta mál fengist tekið á dagskrá þingflokksfundar í Framsfl. frá því að það var lagt fram á Alþingi í desember og þangað til nokkrum dögum áður en það var tekið til umræðu hér á Alþingi mörgum vikum síðar. Hv. þm. Alexander Stefánsson sagði einnig að það hefði verið fyrir kröfu forsrh. að málið hefði fengist tekið fyrir. Þetta held ég því að hv. þm. Páll Pétursson geti fundið í þingtíðindum ef hann hefur fyrir því að lesa þau. En hv. þm. ætlar auðsjáanlega að beita sömu vinnubrögðum í fjh.- og viðskn. þessarar deildar gagnvart þessu máli og hann hefur beitt í Framsfl. samkvæmt því sem hér hefur komið fram.

Um orðalag hv. þm. að öðru leyti ætla ég að hafa sem fæst orð. Mér kemur í því sambandi í hug gamall og genginn framsóknarmaður, Kristján frá Garðsstöðum, sem aldrei talaði svo um mann eða málefni að hann legði ekki gott til. Ég hef aldrei heyrt hv. 1. þm. Norðurl. v. ræða þannig um menn eða málefni að hann hafi haft gott til þess manns eða þess málefnis að leggja.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill nú biðja hv. þingdeildarmenn að hafa nokkurt hóf á þessari umræðu og orðum sínum.

Alexander Stefánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Því miður heyrði ég nú ekki þetta upphlaup sem hafði orðið hér í þingskapaumræðu um þetta mál. En ég held að það sé mjög aðgengilegt sem ég sagði í umræðu um þetta mál fyrr á þinginu. Það er ekkert nýtt fyrir mér að hv. 1. þm. Norðurl. v. sé andvígur þessu máli. En hitt er staðreynd að þetta er ekki stjfrv. Ég lét útbýta þessu frv. hjá þingflokknum strax þegar það var tilbúið frá fjvn. Oft var talað um að taka málið til umræðu en ekki varð af því. Og ég get staðfest það sem hér kom fram að hæstv. forsrh. hafði forgöngu um að málið yrði sérstaklega tekið til umræðu á fundi þingflokksins, sem og varð eftir að frv. var búið að liggja hér útbýtt í hv. deild.

Um skiptar skoðanir manna um þetta mál ætla ég ekki að ræða hér. En ég verð að taka undir það að það er ákaflega miður að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar skuli ekki hafa áttað sig á mikilvægi þessa máls. Ekki það að endilega þyrfti að samþykkja frv. óbreytt frá fjvn. heldur efni þess og aðalkjarna.

Ég held að allir hv. þm. séu sammála um það að hér þarf um að breyta. Og þetta frv. sem öll fjvn. hefur sameinast um, aðilar úr öllum þingflokkum hér, það er mikilvægt skref í þá átt. Ég harma það mjög að hv. Alþingi skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að taka þetta til efnislegrar umræðu og afgreiðslu jafnvel þótt menn hefðu viljað gera á því talsverðar breytingar frá því sem það liggur fyrir í dag. Það er kjarni málsins.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér kemur það í sjálfu sér ekki á óvart þó ekki sé mikill tími til þess að fást við öll mál sem fyrir liggja nú á þessum síðustu dögum úr því að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar hafði eigi tóm til þess að halda fundi í nefndinni í þrjár vikur svo sem hér kom fram fyrir fáum dögum. Hins vegar brýni ég það mjög fyrir hv. nefnd að hér er um mikilvægt mál að tefla, mál sem mikil vinna hefur verið lögð í af hálfu fjárveitinganefndarmanna, mál sem allir fjárveitinganefndarmenn flytja, sem eru líklega kunnugri framkvæmd ríkisfjármála en flestir aðrir þingmenn. Ég hlýt að líta svo á að sú skoðun okkar að nauðsyn sé að ná þarna betra vinnulagi, sem ætti að gerast að verulegu leyti með því frv. sem hér er á ferðinni, ef samþykkt verður, ætti að vera nokkurs virði í augum allra hv. alþm.

Ég skora á hv. 1. þm. Norðurl. v., enda þótt hann hafi ekki áttað sig á þessum einföldu staðreyndum um mikilvægi málsins, að láta það ekki hindra að málið verði afgreitt út úr nefndinni þannig að það megi koma til afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þessari þingskapaumræðu er lokið. Vegna fyrri hluta þingskapaumræðunnar sem fjallaði um 1. dagskrármálið, yfirstjórn umhverfismála, lítur forseti svo til að forsrh. hafi með orðum sínum gert stjórnarandstöðunni tilboð um sáttaumleitanir í þessu máli. Tveir af fulltrúum stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað, hafa lýst yfir vilja sínum til að taka þátt í þeim sáttaumleitunum. Forseti sér þess vegna ekki ástæðu til þess að halda umræðunni um 1. dagskrármálið áfram og er henni hér með frestað.

Umræðu frestað.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 1098.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Á síðasta fundi hv. deildar flutti hæstv. iðnrh. framsöguræðu sína fyrir lagafrv. um raforkuver o.fl. Þetta frv. og samþykkt þess er nauðsynleg forsenda þess að stjórn Landsvirkjunar geti ákvarðað um frekari undirbúning, rannsóknir og framkvæmdir sem þurfa að eiga sér stað ef samningar verða gerðir við nokkur erlend álfyrirtæki í sumar um byggingu nýs álvers hér á landi.

Frv. er ekki flókið að gerð. Það hefur tekið lítils háttar breytingum í hv. Ed. Frv. fjallar annars vegar um þær virkjanir sem hæstv. iðnrh. er heimilt að veita

nokkrum aðilum leyfi til að reisa og reka og hins vegar er um að ræða breytingu á 2. gr. laga nr. 60 1981. Sú grein var þannig orðuð að það þurfti þál. hv. Alþingis á hverjum tíma um virkjanaröð. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 3. gr. frv. er ákveðið að röð framkvæmda við virkjanir, og reyndar aðrar framkvæmdir í raforkumálum, skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og að áður en iðnrh. ákveður röð framkvæmda skuli liggja fyrir greinargerðir Landsvirkjunar, Orkustofnunar og annarra aðila sem hann kveður til.

Hér er sem sagt verið að leggja til að í stað þess að Alþingi ákveði virkjunarröð með þáltill. þá verði sú ákvörðun á vegum framkvæmdarvaldsins. En þess ber að geta að að sjálfsögðu þarf Alþingi að fjalla um málið vegna þess að slíkar framkvæmdir ná ekki fram að ganga nema samþykki Alþingis komi til á lánsfjárlögum eða fjárlögum.

Það vekur nokkra athygli að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II þarf samþykki ríkisstjórnarinnar að koma til ef verja skal 300 millj. kr. á yfirstandandi ári til undirbúnings nokkrum rannsóknum og virkjunum. Þetta ákvæði virðist hafa komið inn á seinni stigum málsins og þýðir að áliti hv. alþýðubandalagsmanna að þeir geti, ef þeim sýnist svo, stöðvað frekari framgang málsins þar sem þeir telja að með þessu orðalagi sé sýnt að öll ríkisstjórnin verði að vera sammála um áframhald málsins. Nú skal ég ekki elta ólar við þetta orðalag. Ef um venjuleg lög hefði verið að ræða hefði hugtakið „ríkisstjórn" einungis þýtt viðkomandi fagráðherra, en hér er hugtakið „ríkisstjórn" notað jafnvel þótt annars staðar í lögunum sé talað um hæstv. iðnrh. Þetta ákvæði veldur þeim sem eru hlynntir framgangi þessa máls nokkrum áhyggjum vegna þess að í þessu orðalagi speglast það ósamkomulag sem virðist ríkja innan hæstv. ríkisstjórnar um þetta mál og hvernig framvindan eigi að vera í framkvæmdum við orkuver í tengslum við stóriðjuuppbyggingu á næstu missirum og árum.

Ég vil láta þess getið að enda þótt frv. sé ekki komið til hv. iðnn. hefur formaður iðnn., hv. 2. þm. Austurl., þegar haldið einn langan fund um málið, fjögurra tíma fund í morgun þar sem fjöldi gesta kom og sagði sitt álit á fyrirhuguðum framkvæmdum frá ýmsum sjónarhólum. Þá er ljóst að vegna fjölda fyrirspurna frá hv. formanni iðnn. má búast við að enn sé eftir að vinna talsvert starf í nefndinni. Vonandi lýkur því í fyrramálið fyrir kl. 10 því annars er hætta á að málið nái ekki fram á yfirstandandi þingi. Það þýðir í raun að ekki verður hægt að gera samninga við þá erlendu áhugaaðila sem vilja í samvinnu við okkur reisa og reka álver hér á landi.

Það sem athygli vekur þegar þetta mál er rætt er að frv. virðist ekki vera betur unnið hjá hæstv. ríkisstjórn en svo að hv. stjórnarliðar, einstakir þingmenn stjórnarflokkanna virðast nú fyrst, þegar málið er komið til nefndar, þurfa að fá gífurlegt upplýsingamagn sem manni sýnist að hefði verið auðvelt að afla ef frv. hefði komið fram sem stjfrv. með eðlilegum hætti. Enda er það alsiða að stjórnarflokkar fjalli mjög ítarlega um frv. á borð við þetta áður en það er lagt fram á hinu háa Alþingi.

Vinnubrögðin bera þess vegna vott um það að enn hafi ekki nægilegt samkomulag náðst í þessu máli á milli einstakra hv. þm. stjórnarflokkanna. Ég minni á það, hæstv. forseti, að á sínum tíma lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að hann ætlaði sér að leggja fram á þessu þingi frv. til heimildarlaga til þess að geta gert samning við Atlantsálshópinn um byggingu og rekstur nýs álvers. Nú hefur verið horfið frá því ráði og samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum er ekki búist við að endanlegir samningar hafi náðst fyrr en síðar á þessu ári og ákvarðanir liggi jafnvel ekki fyrir fyrr en á næsta ári eftir fundi erlendu aðilanna. Allt kemur þetta fram í hinum ýmsu ítarlegu greinargerðum sem annars vegar fylgja með frv. og hins vegar er að finna í skýrslu sem dreift hefur verið að beiðni nokkurra þingmanna Sjálfstfl.

Ég ræddi um það áðan að full ástæða væri til þess að hafa nokkrar áhyggjur af þessu máli vegna þess að þó að frv. nái fram að ganga og verði þannig til þess að Landsvirkjun geti hafist handa um undirbúning málsins og frekari rannsóknir þá virðast sumir hv. þm., aðallega úr Alþb., alls ekki sáttir við málið eins og það liggur fyrir. Að vísu hefur því verið haldið fram að ekki megi taka yfirlýsingar hv. þm. alvarlega. Þessi sjónarmið séu meira í nösunum á þeim, svo vísað sé til fréttaskýringar Morgunblaðsins, sem kom út í gær, um þetta mál. Þar er því haldið fram að í raun og veru sé ekkert að marka yfirlýsingar hæstv. ráðherra Alþb. í Ed. vegna þess að þegar hafi verið samið um það á milli annars vegar formanns Alþb., sem sumir halda reyndar fram að sé landlaus um þessar mundir, og hins vegar stjórnarflokkanna annarra en Alþb. Ekki verður þó hjá því komist að minna á að í Ed. flutti hæstv. menntmrh. ræðu og rifjaði þar upp samþykkt þingflokks Alþb. þann 9. apríl sl. Í þeirri samþykkt kemur fram að Alþb. hefur alls ekki tekið endanlega afstöðu til þessa máls og gerir þar ýmsa fyrirvara. Mér finnst nauðsynlegt að þegar við 1. umr. þessa máls liggi það ljóslega fyrir að það frv. sem hér er til umræðu og þau gögn sem fyrir liggja í málinu, þær áætlanir sem fylgja á, þær samþykktir sem gerðar hafa verið, það samkomulag sem gert hefur verið á milli stjórnvalda hér á landi og erlendu fyrirtækjanna, allt þetta sé gert á vegum hæstv. ríkisstjórnar allrar en ekki einungis á vegum sumra stjórnaraðilanna. Því ef svo er má búast við því að Alþb. hafi þann fyrirvara sem getur kostað það að málinu sé teflt í tvísýnu í sumar þegar taka þarf mikilvægustu ákvarðanir í málinu.

Í þessu sambandi má t.d. benda á að það er forsenda af hálfu Alþb. að álverið verði ekki byggt á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort þetta sé einnig álit annarra, þar á meðal hæstv. ráðherra. Og þegar minnst er á höfuðborgarsvæðið, við hvaða svæði nákvæmlega er þá miðað? Nær það frá Straumsvík og norður á Kjalarnes eða er það umfangsmeira? Við vitum að oft

þegar talað er um höfuðborgarsvæðið er átt við Reykjavík og Reykjaneskjördæmi saman. Það er því nauðsynlegt að fá úr því skorið við hvað sé miðað, en þó einkum og sér í lagi hvort hæstv. ráðherra sé sammála því sem kemur fram hjá Alþb. og virðist vera forsenda þess að Alþb. geti sætt sig við áframhaldandi aðgerðir í málinu, að næsta álver verði byggt utan höfuðborgarsvæðisins.

Þá hefur það komið fram, m.a. í þeirri samþykkt sem ég vísað til frá 9. apríl, að Alþb. telur að kanna þurfi betur en gert hefur verið hvernig Íslendingar gætu sjálfir átt aðild að rekstrinum og tryggt forræði sitt og hagsmuni þannig að viðunandi sé. Mér finnst eðlilegt að þegar við 1. umr. um þetta mál liggi það mjög skýrt og ákveðið fyrir við hvað er átt. Er átt við eignaraðild eða er eingöngu átt við forræði, eins og t.d. forræði í skattamálum, forræði í dómstólum, forræði í úrskurðarmálum o.s.frv.? Eins og við vitum hafa útlendingar átt við okkur samstarf með ýmsum hætti í gegnum árin og hefur stundum verið um það að ræða að til hafa komið alþjóðlegir úrskurðaraðilar en í öðrum tilvikum er um að ræða forræði íslenskra dómstóla. Mér þykir ekki nægilega ljóst við hvað sé átt hér af hálfu Alþb., sem telur sig hafa stöðvunarrétt í þessu máli, og ég spyr: Er það forsenda af hálfu Alþb. — ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mun tala hér á eftir — er það forsenda af hálfu Alþb. að um eignaraðild Íslendinga sé að ræða? Eins og allir vita er samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum gert ráð fyrir því að eignaraðilar séu eingöngu þrír sem myndi með sér samlag um bræðslu hér á landi. Það er annars vegar fyrirtækið Alumax sem er stærsti aðilinn og hins vegar fyrirtæki sem hafa verið með í Alantsálshópnum frá upphafi, Hoogovens og Grängers.

Þá vil ég rifja það upp að hæstv. menntmrh. gerði mikið veður út af raforkuverðinu í hv. Ed. og orðaði hugsun sína þannig, ef ég skildi orð hans rétt, að orkuframkvæmdirnar og sá kostnaður sem af þeim hlýst yrði að vera í samræmi við framleiðslukostnað nýrra virkjana. Eins og allir vita hafa áætlanir gert ráð fyrir því að miðað sé við flýtingarkostnað, sem er auðvitað miklu lægri kostnaður og skal ég ekki fara lengra út í þá sálma. Þessi atriði og önnur slík sem komu fram í hv. Ed. hlýtur talsmaður Alþb. að ræða hér í þessari umræðu því að ef það kemur í ljós að Alþb. ætlar sér að hafa stöðvunarrétt í þessu máli á forsendum sem nánast er útilokað að fylgja, þá kann að vera nauðsynlegt að mynda nýjan meiri hluta um þetta mál hér á hinu háa Alþingi, meiri hluta sem tryggir það að hæstv. iðnrh. geti fylgt fram þeim áætlunum sem nú liggja fyrir og ég tel að þingmeirihluti sé fyrir. Að öðrum kosti er verið að tefla þessu máli í tvísýnu.

Það er ljóst að talsverð skuldaaukning verður hér á landi vegna þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru, vegna framkvæmda við ný orkuver og vegna framkvæmda við álverið. Það ber þó að taka fram að það skiptir ákaflega miklu máli hvort þessi kostnaður er innlendur eða erlendur. Sé t.d. um að ræða kaup á vélum sem eigendur verksmiðjunnar koma til með að eiga og borga sjálfir, erlendir eigendur, þá hefur slíkt ekki áhrif á íslenskt efnahagslíf, ekkert frekar en það hefði áhrif á íslenskt efnahagslíf þótt mjög dýr flugvél lenti á Keflavíkurflugvelli eða afar dýrt skip legðist við höfn í Reykjavík, einfaldlega vegna þess að ekki verður innlendur kostnaður af þessu og Íslendingar þurfa ekki að standa skil á skuldum, lántökukostnaði og vöxtum heldur erlendu aðilarnir. Þess vegna ber að líta fyrst og fremst á innlenda kostnaðinn í þessu sambandi. Hann er ekki eins mikill og heildarkostnaðurinn og í raun langtum minni. Það ber einnig að líta á það að þær skuldir sem myndast vegna framkvæmda eru skuldir vegna fjárfestinga, eignarmyndunar sem á að geta skilað verulegum arði eins og kemur fram í fyrirliggjandi útreikningum. Slíkar skuldir eru af allt öðrum toga en t.d. þær skuldir sem hæstv. ríkisstjórn hefur efnt til, til að mynda fyrir rúmu ári síðan þegar tekin voru erlend lán til þess að greiða með útflutningsframleiðslunni. Slík lán voru auðvitað ekki lán til fjárfestingar heldur lán sem fóru beinlínis í íslenska eyðslu og það ber auðvitað að varast að taka slík lán. Ég geri mikinn mun á þeim lánum og hinum sem tekin eru vegna arðbærra framkvæmda hér á landi. Þess ber þó að geta það er ekki nóg að stofna til þessara framkvæmda. Hæstv. ríkisstjórn verður að gæta þess á næstu árum að draga saman seglin þannig að þessar framkvæmdir leiði ekki til of mikillar þenslu og verðbólgu því þá kunna slíkar framkvæmdir að hafa slæm áhrif á íslenskt efnahagslíf.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá að rifja upp mjög nýlegar umræður hér á hinu háa Alþingi um jarðgangagerð á Vestfjörðum. Þar til að mynda var verið að flýta framkvæmdum verulega með því að taka stórt erlent lán á þeim tíma sem framkvæma átti og vinna að jarðgöngunum. Einmitt slíkar framkvæmdir kunna að þurfa að bíða ef menn ætla að fara út í stórframkvæmdir á borð við uppbyggingu álvers og þær virkjanaframkvæmdir sem því fylgja. Nú er ég ekki að tala um að ég leggist gegn jarðgöngum á Vestfjörðum, það mál virðist nú sigla hraðbyri í gegnum þingið og er ekkert við því að segja, en með því að samþykkja slíkt mál verða menn að átta sig á því að það kann að verða bið á öðrum framkvæmdum, ekki síst öðrum opinberum framkvæmdum, á næstu 4–5 árum til þess að koma í veg fyrir að bygging álvers og þá einkum bygging raforkumannvirkja leiði ekki til þenslu og verðbólgu og hafi þar af leiðandi slæm áhrif á íslenskt efnahagslíf.

Í þessu sambandi vil ég einnig geta þess að það hlýtur að vera stærsta verkefni hæstv. ríkisstjórnar að koma í veg fyrir áframhaldandi halla í ríkisrekstrinum því að það er nánast brjálæði að fara út í framkvæmdir á borð við þessar nema menn haldi í við opinberar framkvæmdir og opinbera eyðslu á meðan framkvæmdatíminn stendur yfir. Í framhaldi af honum mun ríkið að sjálfsögðu fá í sinn hlut heilmikið fjármagn með sköttum, ekki einungis sköttum af fyrirtækinu heldur einnig sköttum af þeim tekjum sem myndast hjá þeim sem koma til með að vinna

annars vegar við uppbyggingu mannvirkjanna og hins vegar við reksturinn þegar fram líða stundir. Í því sambandi hefur komið fram að gera má ráð fyrir að á núvirði fái hver fjögurra manna fjölskylda 160 þús. kr. meira í ráðstöfunartekjur á ári eftir að framkvæmdatímanum lýkur, þ.e. þegar reksturinn í hinu nýja álveri er farinn af stað. Er þá gert ráð fyrir því að meðalráðstöfunartekjur fjögurra manna fjölskyldu hér á landi séu núna rúmlega 3 millj., líklega 3,2 millj. kr., en aukningin sem verður vegna reksturs álversins er um það bil 5%.

Ég vil minna á það enn einu sinni að álver og álversrekstur er ekki mannaflsfrekur iðnaður. Ástæðan fyrir því að Íslendingar hafa valið þann kost að eiga samvinnu við erlenda aðila um álver er fyrst og fremst sú að álver er orkufrekur iðnaður en ekki mannaflsfrekur. Hins vegar gerist það við uppbyggingu mannvirkjanna, bæði álversins og orkuveranna, að talsverðan mannskap þarf til þeirra framkvæmda og það myndast ákveðnir toppar á vissum árum. Þeir eru þó ekki meiri en svo að viðbótarmannaflinn á markaðnum mun fullnægja þeirri þörf og rúmlega það. Hins vegar hlýtur það að vera viðfangsefni hæstv. ríkisstjórnar, og reyndar allra landsmanna, að koma málum þannig fyrir að í landinu verði atvinnutækifæri þegar þessum framkvæmdum lýkur því mannaflsþörfin við uppbyggingu orkuveranna og álversins er mun meiri en mannaflsþörfin við rekstur álversins, jafnvel þótt tekið sé tillit til svokallaðra margföldunaráhrifa.

Það er eitt atriði, virðulegur forseti, sem ég tel að þurfi að ræða sérstaklega við þessa umræðu og fá frekari upplýsingar um frá hæstv. iðnrh. Það varðar staðarvalið. Ég hef lýst því yfir oftar en einu sinni að mér þykir það ekki vera mikil stjórnviska af hálfu Íslendinga að búa til einhvers konar uppboðsmarkað um staðarvalið. Ég tel að það sé fyrst og fremst reikningskúnst hvar sé hagstæðast að setja niður álver. Ef þeir erlendu aðilar sem við viljum eiga samstarf við eru ekki tilbúnir að setja álver niður þar sem það er hagstæðast eigi þeir að greiða muninn. Nú hefur það hins vegar gerst — og það væri vissulega þörf á því, hæstv. forseti, að fá hingað í salinn hæstv. forsrh. sem hefur látið sig þetta mál miklu skipta til þess að hann fái að hlýða á mál mitt. Það hefur nefnilega gerst að ekki einungis einn og ekki einungis tveir heldur a.m.k. þrír ef ekki fleiri hæstv. ráðherrar hafa lýst skoðun sinni á staðarvalinu. Hæstv. iðnrh. hefur í raun gengið svo langt að hann hefur í samvinnu við þessa erlendu aðila skrifað nokkrum sveitarfélögum bréf með ýmsum spurningum, spurst fyrir um það hvað viðkomandi sveitarfélög séu tilbúin til þess að leggja fram, t.d. í lægri aðstöðugjöldum eða með öðrum hætti. Með þessu hefur hæstv. ráðherra gefið fjölda sveitarfélaga í skyn að til greina komi að byggja álver víðs vegar um landið. Auðvitað kunna slíkar upplýsingar að hafa gildi fram í tímann, ekki síst ef áfram verður haldið á þeirri braut að byggja upp stóriðju hér á landi, en maður spyr sig að því hvers vegna þessi uppboðsstefna sé farin þegar ljóst er að það hlýtur að vera á valdi erlendu fyrirtækjanna fyrst og fremst hvert staðarvalið verður.

Enginn hefur þó gengið lengra í þessum efnum en hæstv. forsrh. sem beinlínis hefur lýst því yfir að hann telji Eyjafjörð vera það svæði sem eðlilegast sé að setja niður álver á. Ég ætla ekkert að mótmæla því að svo kunni að vera, en allar líkur benda til þess að reikningslega sé það ekki ódýrasti kosturinn. Hins vegar kann að vera að af ýmsum öðrum ástæðum, t.d. vegna byggðaáhrifa, sé æskilegt að þessir erlendu aðilar setji niður verksmiðju á Dysnesi við Eyjafjörð. Það er auðvitað fagnaðarefni ef þeir vilja gera það. En þá tel ég að þeir eigi að gera það þannig að þeir borgi þann mun sjálfir sem er á því að setja niður verksmiðju þar miðað við að setja hana niður einhvers staðar annars staðar.

Hæstv. forsrh. hefur gengið svo langt að í viðtali við Morgunblaðið sem kom fram í grein sem birtist í gær segir hann orðrétt, með leyfi forseta: „Ef ríkisvaldið meinar eitthvað með þessu byggðatali, þá kemur t.d. smálækkun á raforkuverðinu til greina, svona í ákveðinn aðlögunartíma." Ég tel, hæstv. forseti, að æðsti maður þjóðarinnar, hæstv. forsrh., sem sýknt og heilagt tekur fram fyrir hendur á sínum samráðherrum beri skylda til þess hér við þessa umræðu að gerast nokkuð skýrmæltari en hann er í þessu ákveðna viðtali.

Hvað er hann að tala um? Hvað er smálækkun á raforkuverði og hvað er ákveðinn aðlögunartími? Er það eitt ár, tvö ár, þrjú ár, fjögur ár, fimm ár eða hve langur er slíkur aðlögunartími? Hæstv. forsrh. verður að venjast því að a.m.k. meðal erlendra þjóða er það þannig að það er tekið mark á orðum hæstvirtra forsætisráðherra og þegar hæstv. forsrh. spilar út trompi eins og þessu hljóta viðsemjendur okkar að álíta sem svo að innan hæstv. ríkisstjórnar hafi verið fjallað um þetta mál, menn hafi rætt það nákvæmlega hverju þeir vilja spila út í byggðahagsmunaskyni. Það hlýtur að vera krafa okkar hv. alþm. að vita við hvað hæstv. forsrh. á. Með tali eins og þessu gefur hann viðsemjendum okkar í skyn að hann sé tilbúinn að slá af okkar ýtrustu kröfum.

Og í því bili gengur hæstv. forsrh. í salinn og þá langar mig til að spyrja hann hvort hann treysti sér til þess, hér við 1. umr. þessa máls, að gerast nokkuð skýrmæltari en hann hefur verið í viðtölum við blöð að undanförnu og í ræðum sínum, þar á meðal norður á Akureyri sl. haust og tekið var upp í dagblaðinu Degi, um það hvað hann eigi við þegar hann vill gefa okkar viðsemjendum um uppbyggingu stóriðju ívilnun ef þeir eru tilbúnir að setja niður álver annars staðar en á höfuðborgarsvæðið. Hvað á hæstv. ráðherra við þegar hann talar um að hugsanlega mætti gera það í skattamálum? Er hann að tala um skatta til ríkisins eða er hann að vísa þessu til sveitarfélaganna með því að tala um að það megi gera í aðstöðugjöldum, sem er auðvitað mjög ódýrt ef hæstv. ráðherra ætlar sér að taka þetta út úr sjóði sveitarfélaganna. Eins tel ég fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra segi okkur hvað hann meinar með því þegar hann

segir að t.d. komi til greina smálækkun á raforkuverðinu, svona í ákveðinn aðlögunartíma. Hvað er aðlögunartíminn langur? Hefur hæstv. ráðherra hugsað þetta? Hefur hæstv. ríkisstjórn rætt þetta? Er hægt að gefa hv. Alþingi frekari upplýsingar en koma fram í þessu viðtali eða má eingöngu skilja þetta sem svo að hæstv. ríkisstjórn sé að segja við viðsemjendur okkar: Ef við setjum álverið annars staðar niður en þar sem hagstæðast er þá skulum við borga mismuninn? Þessu verður hæstv. forsrh. að svara vegna þess *að hann hefur tekið sér það vald að tala svona í nafni* hæstv. ríkisstjórnar og tekið þannig fram fyrir hendur hæstv. iðnrh.

Virðulegur forseti. Það var ekki ætlun mín að flytja hér langa ræðu um þetta mál. Það hefði vissulega verið ástæða fyrir mig til að rifja upp aðdraganda málsins þó ekki væri nema vegna þess að ég hafði tækifæri til þess þegar ég var í iðnrn. að vinna nokkuð að þessu máli. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með það að hæstv. iðnrh. skuli hafa fetað í fótspor fyrirrennara sinna í þessu máli og tel að hann hafi staðið sig *mjög vel í erfiðu hlutverki eftir að stjórnarskipti urðu* — já, já, ég gef hæstv. forsrh. leyfi til þess að skreppa í símann, það er alveg sjálfsagt. Ég veit að fingramál kemst ekki til skila í ræðuritun, virðulegi forseti.

Ég hef hins vegar ekki talið ástæðu til að fara frekar út í aðdraganda málsins. Ég hef áhyggjur af því að ekki hafi verið nægilega gengið frá málinu áður en það var lagt fram og mér sýnist af nefndarstörfum sem þegar eru hafin í hv. iðnn. að málið hafi ekki fengist fullrætt í stjórnarherbúðunum. Það kann þó að breytast ef hv. 2. þm. Austurl. kemur hér í *ræðustól og lýsir yfir fyllsta stuðningi við þetta frv.* Ég á auðvitað von á því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geri það og sanni þá kenningu sem birtist í Morgunblaðinu í gær, að í raun og veru sé andóf Alþb. einungis í nösunum á þeim, enda sé formaður flokksins, hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson, fyrir löngu búinn að semja um þetta mál. Allt andóf hæstv. samráðherra hæstv. fjmrh. sé einungis til málamynda, sé andóf „pro forma" til þess að gera hv. þm. Hjörleif Guttormsson ánægðan með afgreiðslu málsins í Ed. Það sé auðveldara fyrir hv. þm. að kyngja þessu *máli þegar það kemur til afgreiðslu í* Nd., ekki síst vegna þess að hv. þm. er formaður þeirrar nefndar sem hefur málið til meðferðar.

Að svo mæltu, hæstv. forseti, vil ég lýsa því yfir fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna að við teljum ekki einungis ástæðu til þess að lýsa yfir stuðningi við þetta frv., við teljum það nauðsynlega forsendu fyrir framhaldinu að frv. verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég nefndi það þegar við ræddum *þingsköp í tengslum við þetta frv. sl. mánudag* að hér væri að koma fyrir í hv. þingdeild á allra síðustu starfsdögum þingsins, eins og áformað er, eitt langdýrasta frv. sem fyrir þingið hefur komið. Ekki aðeins á þessu þingi heldur mjög lengi og kannski í allri þingsögunni miðað við upphæðir þeirra fjárfestinga sem verið er að ráðgera með flutningi þessa máls. Hv. Nd. þingsins er hér ætlað af hæstv. ríkisstjórn að taka afstöðu til þessa máls á örfáum dögum, fyrsta skrefsins af tveimur eða þremur sem ráðgerð eru af þeim sem bera mál þetta fram. Með þessu frv. er í raun verið að taka afstöðu til þeirra áforma sem hæstv. iðnrh. hefur haft á döfinni í sambandi við erlenda stóriðju. Er hann þar í samfloti við hv. 1. þm. Reykv. sem gegndi starfi iðnrh. þegar athugun þessara mála hófst (**FrS:** Er það ekki góður félagsskapur?) *í þeim farvegi sem þau hafa verið í í* meginatriðum síðan í júlímánuði 1988.

Saga þessa máls liggur hins vegar mun lengra til baka. Upphaf hennar má rekja til haustsins 1983 þegar gert var bráðabirgðasamkomulag af hálfu ríkisstjórnarinnar við Alusuisse sem fól í sér hugmyndir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík sem einnig kom fram í sambandi við frv. sem lögfest voru í tengslum við endurskoðun samninga við Alusuisse 1984 og 1985. Allar götur síðan hefur verið unnið að þessu máli, í meginatriðum út frá sömu forsendum og *giltu þegar samningarnir við Ísal voru í gangi á* 7. áratugnum, þ.e. að útlendingar reisi hér einir iðjuver, álbræðslu en Íslendingar sjái fyrirtækinu fyrir raforku. Þannig liggur þetta mál fyrir nú þegar við ræðum þetta frv. og það sem því tengist.

Við hljótum að spyrja okkur við meðferð málsins hvort raunveruleg þörf sé á því, jafnvel út frá sjónarmiðum þeirra sem vilja koma máli þessu fram, að afgreiða frv. sem þetta á þessu þingi, á þeim fáu dögum sem lifa þessa þings. Við hljótum að spyrja að því og ég mun koma að því síðar í mínu máli hvert er *mitt mat í þeim efnum. Ég hefði kosið, virðulegur* forseti, að við umræðuna hér, a.m.k. varðandi mitt mál, verði hæstv. forsrh. viðstaddur. Þetta mál er af þeim toga og það sem ég hef hér að segja er nauðsynlegt að mínu mati að hæstv. forsrh. hlýði á, a.m.k. fyrri hluta míns máls.

Hvað er það sem efnislega felst í þessu tiltölulega stuttorða frv.? Verið er að leita eftir viðbótarvirkjanaheimildum vegna áforma um risastóra álbræðslu og breyta lögum um raforkuver með tilliti til þess. Í öðru lagi er verið að breyta lögum á þann veg að *framvegis taki Alþingi ekki ákvarðanir um virkjana*röð, í hvaða virkjanir sem heimildir hafi verið veittar til verði ráðist hverju sinni, heldur verði það vald sett í hendur iðnrh. hverju sinni.

Þetta er auðvitað afar mikil breyting á málsmeðferð varðandi virkjanaframkvæmdir frá því sem verið hefur og ég tel að Alþingi þurfi að hugsa sig vel um áður en það fer að veita framkvæmdarvaldinu svo rúmar heimildir varðandi stórframkvæmdir eins og hér er um að ræða. Það mátti heyra að hv. 1. þm. Reykv. hafði ekki áhyggjur af þessu máli, af þessari *breytingu, og hann nefndi að Alþingi kæmi að fjár*veitingaheimildum varðandi virkjanir. Rétt er það, en upphafsskrefið er ákvörðun um í hvaða framkvæmd skuli ráðist. Hér er verið að leggja það til að almennum lögum um raforkuver og raforkumál verði breytt á þá lund að það verði á valdi iðnrh. hverju

sinni að taka ákvörðun um slíkar framkvæmdir og að Alþingi þar með afsali sér valdinu.

Ég varð var við það að við málsmeðferð í Ed. um þetta frv. var flutt brtt. af einum þingmanni Sjálfstfl. varðandi þetta atriði og það gagnrýnt alveg sérstaklega að fyrirhugað væri að gera þessa breytingu. Það eru því fleiri en ég sem hafa áhyggjur af því að slíkt stórfellt afsal á valdi verði gert af hálfu Alþingis með hugsanlegri afgreiðslu þessa máls.

Í ákvæði til bráðabirgða í frv. er rætt um ákveðna röð virkjana, verði ráðist í álbræðslu með 200 þús. tonna ársframleiðslu. Verði ekkert úr þeim samningum eða breytist aðild að slíku máli þannig að þessi Atlantal-hópur verði ekki sá sem að því stendur, þá er einnig þessi röð virkjana fallin og valdið um virkjanaröð að öðru leyti komið í hendur iðnrh. Það er jafngott að Alþingi átti sig á því hvað hér er á ferðinni.

Síðan í þriðja lagi felst það í efni þessa frv. að verið er að veita fjárveitingaheimildir umfram fjárlög og lánsfjárlög til Landsvirkjunar til að ráðstafa 300 millj. kr. á þessu ári til viðbótar því fjármagni sem fyrirtækinu er tryggt með samþykktum lögum. Það á að ráðstafa þessu fjármagni, að manni skilst, með hliðsjón af því hvernig samningaviðræðum miði á komandi mánuðum. Alþingi á að leggja það í hönd ríkisstjórnar og hæstv. iðnrh. að mylgra út því fjármagni til fyrirtækisins á komandi mánuðum. Ég hefði nú gaman af því að sjá að Landsvirkjun verði stöðvuð í að nota þetta fjármagn á næstu vikum og mánuðum til virkjanaframkvæmda og virkjanaundirbúnings, eins og frv. er að heimila, vegna þess að samningaviðræðurnar standi svona og svona. Ég á eftir að sjá það. Það er auðvitað eitt af því sem líta þarf á í sambandi við meðferð þessa máls.

Menn hljóta að spyrja: Hver er samningsstaða þeirra aðila varðandi raforkuverð sem ganga fram með þeim hætti í sambandi við fjármögnun, eftir að hafa bætt enn frekar við undirbúning og framkvæmdir umfram það sem þegar er í raforkukerfinu, þar sem ærin orka er þó umfram markað sem stendur og á eftir að vaxa með gangsetningu Blönduvirkjunar innan ekki langs tíma? En ríkisstjórnin skuldbatt sig til að leggja fram frv. af þessum toga með undirskrift yfirlýsingar ásamt Atlantal-aðilunum 13. mars sl. þar sem m.a. segir: „Ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir frv. til heimildarlaga um ákveðnar virkjanir.“ Það er það frv. sem við ræðum hér. Ríkisstjórnin undirgekkst skuldbindingu um að leggja slíkt frv. fram og tryggja því framgang með undirritun þeirrar yfirlýsingar.

Í greinargerð með þessu frv. má lesa staðhæfingu um það að burðugasti aðilinn, eða sá sem ætlar að axla mest af ábyrgð í sambandi við Atlantal-fyrirtækið, þ.e. Alumax, hafi aldrei gert samning um orkukaup fyrir álbræðslu án þess að orkuverið hafi þegar verið byggt. Þetta er staðhæfing sem forstjóri Landsvirkjunar hefur viðhaft og efnislega er hún tekin upp í greinargerð með þessu frv. Þetta eru merkileg vísindi og merkilegur rökstuðningur sem hér er hafður uppi til þess að knýja á um fjárfestingar af því tagi sem hér er um að ræða.

Svo er auðvitað sagt að það liggi á að tryggja raforkusölu til álvers þegar á árinu 1994 til þess að koma raforku frá Blönduvirkjun í verð, raforku sem er aðeins lítið brot af þeirri orku sem þetta stóra álver þarfnast, en það er yfir 70% meira en það sem Landsvirkjun framleiðir nú af raforku sem þarna er á ferðinni fyrir 200 þús. tonna álver. En það er fleira hér í buðarliðnum því að nú þegar er til umræðu að Atlantal-aðilarnir áskilji sér rétt til þess að stækka slíkt álver, tvöfalda það að framleiðslugetu til upp í 400 þús. tonna ársframleiðslu.

Það er alveg ljóst í sambandi við þetta mál að hér ríkir mikið óðagot af hálfu ríkisstjórnar. Hæstv. iðnrh. er í mikilli pólitískri kastþröng. Hann hefur frá því að hann tók við störfum haustið 1988 verið með fullyrðingar um það mánuð eftir mánuð að áformin um stóriðju, stórfellt átak á sviði stóriðju, séu í burðarliðnum, séu á næsta leiti. En það hefur gerst jafnoft að þeim áformum hefur seinkað og yfir þau hefur fennt og málið hefur verið í strandi og verið að koma upp með nýjum hætti í ögn breyttum búningi eins og það liggur hér fyrir. Allur er þessi málabúnaður lítt trúverðugur og ég hlýt að spyrja: Eru líkur á því að þetta upplegg sem nú liggur fyrir og hér er verið að bera fram í tenglsum við þetta frv. gangi upp? Að þessi áform gangi raunverulega upp? Að þeir aðilar sem skrifað hafa með ríkisstjórninni undir yfirlýsingu þar sem þeir lýsa áhuga sínum muni fylgja hæstv. iðnrh. á leiðarenda í þessum áformum? Ég er ansi hræddur um að hæstv. ráðherra hafi litlar tryggingar fyrir því og ekki harma ég það út af fyrir sig.

Ég tel það algert óráð að leggja fram fé í virkjanaundirbúning og framkvæmdir við ríkjandi aðstæður meira en orðið er í þágu álbræðslu sem raunverulega ekkert naglfast liggur fyrir um hvað snertir undirbúning, hvað þá samninga um undirstöðuþætti. Ég hlýt að vekja athygli á því hver áhrif slík áform hljóta að hafa á samningsstöðu Íslands í þessu máli. Landsvirkjun hefur þegar teygt sig langt út á ystu mörk hins löglega, ef ekki fram yfir það, með þeim fjárfestingum sem lagt hefur verið í við nýja virkjun við Búrfell sem sumum hentar að kalla „stækkun Búrfellsvirkjunar“. Hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um það hver sé skilgreining á virkjun samkvæmt lögum og reglum. Hversu langt geta menn teygt sig í þeim efnum hvað snertir virkjunarmannvirki og sameinað það undir einu og sama heiti? Ég hef vakið athygli á því að hæstv. iðnrh. hefur verið á tæpu vaði í því máli sem og Landsvirkjun. Ríkisendurskoðun hefur fjallað um það mál og skilað um það sérstakri skýrslu til þingsins.

Þá kem ég, virðulegur forseti, að þeim þætti sem ég tel þörf á að ræða hér sérstaklega. Það er með hvaða hætti hæstv. iðnrh. hefur leitast við að vinna þessu máli brautargengi, undir hvaða flaggi er þar gengið, með hvaða rökstuðningi. Ég held að þörf sé

á því fyrir Alþingi að átta sig á því, og ekki aðeins fyrir Alþingi heldur fyrir þjóðina sem hefur mátt hlýða á ítrekaðar staðhæfingar hæstv. ráðherra á undanförnum missirum þess efnis að bygging 200 þús. tonna álbræðslu væri slíkur hvalreki fyrir íslenskan þjóðarbúskap að það jafngilti því að Íslendingar öfluðu 200 þús. tonnum meira af þorski, að eitt kg af þorski jafngilti sama magni af bræddu áli fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Á þessu hefur hæstv. iðnrh. klifað í fjölmiðlum, hér á Alþingi og borið fram fullyrðingar sem eru svo alvarlegs eðlis að það hlýtur að verða að taka til alveg sérstakrar skoðunar. Og ég bið hæstv. forsrh. alveg sérstaklega að fylgjast með því sem ég hef að segja um það mál. Til þess að vekja athygli á því hvernig hæstv. ráðherra hefur reynt að sannfæra þjóðina um ágæti þessara áforma er rétt að vitna aðeins í hans eigin orð. Ég leyfi mér að grípa hér niður á örfáum stöðum af mörgum sem finna má. Ég nota þar flokksmálgagn ráðherrans, Alþýðublaðið, og skrif hans og ummæli í því. Þar segir hæstv. ráðherra með svofelldum orðum 24. okt. sl., ein lítil tilvitnun í langa grein:

„Eitt tonn af áli frá álbræðslu hér á landi skilar álíka miklu í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Þegar málið er skoðað á þennan hátt sjá menn glöggt hversu mikilvæg viðbót við atvinnulífið stækkun álversins í Straumsvík getur orðið. Við þurfum þessa viðbót nú þegar draga þarf úr þorskafla til þess að vernda þorskstofninn."

Og hvar er hæstv. iðnrh. staddur um áramótin í áramótagrein sinni í Alþýðublaðinu?

„Eitt tonn af áli frá álbræðslu hér á landi skilar álíka miklu í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Það þarf í raun ekki fleiri orð til þess að lýsa því hversu mikilvæg viðbót við atvinnulífið í landinu öllu aukin álframleiðsla gæti orðið."

Og enn kveður hæstv. iðnrh. og nú 17. mars 1990. Það er tilvitnun í Alþýðublaðið, grein hæstv. ráðherra í Alþýðublaðinu:

„Til að gefa hugmynd um hversu mikilvægt er að í þetta verði ráðist, þá stappar nærri þegar verðið á álinu er í góðu meðallagi að eitt tonn af áli sé jafnmikils virði sem innlegg í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski."

Þetta læt ég nægja af fjölmörgum ummælum hæstv. iðnrh. til að vinna þessu máli brautargengi meðal þjóðarinnar, ekki aðeins hér á Alþingi. Þetta er markaðssetningin á hugmyndinni. Með hliðsjón af þessu hljóta menn að hafa kippst við, þeir sem hafa lagt trúnað á þennan málflutning hæstv. iðnrh., þegar það er upplýst af hæstv. ráðherra að Alantal-aðilarnir hyggist nú gera gott betur en fjárfesta í 200 þús. tonna bræðslu. Þeir ætli að stefna á 400 þús. tonna bræðslu. Þá eru menn komnir hér með hvalreka sem gerir gott betur en veiðar á öllum þorski á Íslandsmiðum. Ætli það fari ekki hátt í að vera til jafns við allan botnfiskaflann sem þarna er á ferðinni og reyndar gott betur? Hvernig í ósköpunum stendur á því að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnin hafa ekki uppgötvað þennan stórasannleik fyrir lifandi löngu og það skuli þurfa fyrrverandi þjóðhagsstjóra til þess að setjast í stól iðnrh. til þess að finna upp púðrið til að koma auga á gullið? Svona er það. En það vildi nú til að maðurinn fannst sem reiðir fram þennan sannleika hér og ber fram þetta mál hvernig leysa eigi framtíð íslenskrar þjóðar, leysa hér atvinnumálin og koma hreyfingu á hlutina, láta renna upp gullöld og gleðitíð í landinu með byggingu þessarar álbræðslu.

Ég hef leyft mér að vara við þessum staðhæfingum hæstv. iðnrh. og reyndar talið þær vera hina mestu fjarstæðu. Það þarf nú kannski ekki mjög mikið hyggjuvit til þess að sjá að eitthvað vantar upp á röksemdafærslu. Svo gerðist það hér í vikunni leið að blaðamaður í fjöllesnu dagblaði tók sig til að slá reiknistokki á þetta og miða við forsendur sem lesa má m.a. út úr greinargerð með þessu frv. frá Þjóðhagsstofnun, þar sem hæstv. iðnrh. eitt sinn var húsbóndi. Og hver var niðurstaðan hjá blaðamanni Dagblaðsins í grein sem birtist þar sl. fimmtudag? Var hún staðfesting á orðum hæstv. iðnrh. um jafngildi eins tonns af áli fyrir íslenskt þjóðarbú og eins tonns af þorski? Nei. Niðurstaðan hjá blaðamanninum varð sú að hæstv. iðnrh. væri nífaldur ósannindamaður í þessu efni. Ekki það að hann hefði skreytt svolítið, ekki það að hann hefði tvöfaldað, heldur að hann væri nífaldur ósannindamaður í þessu máli. Markaðssetningin á þessu álveri af hálfu ráðherrans, hin pólitíska markaðssetning væri undirbyggð með þeim hætti. Og ég vil, virðulegur forseti, óska eftir því að hæstv. forsrh. sé viðstaddur hér þegar ég ræði þessi mál því þetta er ekkert smámál.

Blaðamaður DV segir í sinni grein um þetta að staðhæfingar iðnrh. gefi ekki alveg rétta mynd af málinu. Og í niðurstöðunni: „200 þús. tonna álver verður þannig ekki jafnmikilvægt og 200 þús. tonna viðbót við þorskaflann, heldur álíka og rúmlega 22 þús. tonna viðbót. Á sama hátt ..." (**Gripið fram í:** 22?) Já. Ekki jafnmikilvægt og 200 þús. tonna viðbót, heldur álíka og rúmlega 22 þús. tonna viðbót. „Á sama hátt yrði 400 þús. tonna álver jafnvirði um 45 þús. tonna viðbótar við þorskaflann." — Virðulegur forseti. Er hæstv. forsrh. ekki viðlátinn? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. situr nú fund með formönnum þingflokka stjórnarandstöðu, mjög mikilvægan fund. Hæstv. iðnrh. er hér í salnum og hlýðir á ræðu hv. ræðumanns. Ég vænti þess að hv. ræðumaður geti sætt sig við það að hæstv. iðnrh. komi spurningum hans og athugasemdum á framfæri við hæstv. forsrh. sem mun koma í salinn jafnskjótt og hann er búinn á þessum fundi.) Virðulegur forseti. Ég á bara ekkert vantalað við hæstv. iðnrh. um þetta mál. Ég á vantalað við hæstv. forsrh. Þess vegna óska ég eftir hans nærveru. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. getur ekki verið á tveimur stöðum í einu, það er ljóst. Ef hv. ræðumaður telur sig ekki geta haldið áfram ræðu sinni án viðveru hæstv. forsrh., þá neyðist forseti til að fresta þessum fundi.)

Virðulegur forseti. Mér finnst það vera mjög sérkennilegt að hér er verið að ræða mál sem borið er fram af ríkisstjórninni, sem lögð er áhersla á af hálfu

ríkisstjórnarinnar að fái afgreiðslu, sem hæstv. iðnrh. segir vera forgangsmál númer eitt á sínum málalista, sem ágreiningur er um, einnig innan ríkisstjórnarflokkanna að fram hefur komið, og hæstv. forsrh. telur sig ekki geta verið viðstaddan umræðu um málið. Ég hlýt að óska eftir því að þeim boðum verði komið til forsrh. að hans nærveru sé hér óskað. Síðan verður hæstv. forsrh. að gera það upp við sig hvort hann kemur í salinn til þess að vera hér viðstaddur.

En hér segir áfram í niðurstöðum greinar DV á fimmtudaginn var: „Á meðan álverið nýja er að greiða niður fjárfestingarkostnað sinn og virkjana Landsvirkjunar verður því að framleiða um níu kg af áli til að skapa jafnmikinn gjaldeyri og fæst úr einu kg af þorski upp úr sjó. Síðar meir mun samanburðurinn breytast álinu í hag. Það verður hins vegar ekki fyrr en virkjanirnar verða að fullu greiddar upp og ef eigendur álversins ráðstafa hagnaði sínum hérlendis, að álið skapar gjaldeyri í líkingu við þorskinn." Þ.e. að álverið væri í íslenskri eigu, við fengjum hagnaðinn eða honum yrði ráðstafað hér innan lands, eftir að búið er greiða virkjanirnar upp að fullu, eftir mannsaldur eða svo. Hér eru náttúrlega svo alvarlegir hlutir á ferðinni að ráðherra sem staðinn verður að slíkum málflutningi hlýtur að verða að spyrja sjálfan sig: Hvar er hans sómi? Ætlar hann, eftir það sem fram kemur og ekki hefur verið hrakið enn sem komið er, að sitja eins og ekkert sé í ríkisstjórn Íslands? Ætlar forsrh. landsins að láta eins og ekkert sé eftir að búið er að vinna að máli sem ekki kostar nú minna fyrir íslenskt þjóðarbú, eins og það frv. sem hér er og það sem því fylgir, að halda áfram undir sama flaggi og sömu merkjum með þetta mál eftir að það er fram komið og hefur ekki verið hrakið að hæstv. ráðherra hefur gerst hér margfaldur ósannindamaður varðandi afraksturinn af þessu fyrirtæki? Það kann að vera að það séu veilur í þessum útreikningum og það er sjálfsagt að skoða það. (**Iðnrh:** Skoðaðu það.) Já, það er sjálfsagt að skoða það. Það kann að vera (**Iðnrh.:** ... margfalda yfirlýsingu um ósannindi mín.) Hæstv. iðnrh. gerist eitthvað ókyrr. (**Iðnrh.:** Já, ég uni ekki svona orðalagi.) Það kann að vera að erlend aðföng í sjávarútvegi séu einhverjum prósentum hærri en þarna er reiknað með. Það kann að vera. En ég er ansi hræddur um að það breyti ekki grundvallarstöðunni í sambandi við þetta mál og þann málflutning sem þarna er viðhafður.

Við skulum aðeins líta á þessar tölur að því er snertir afrakstur af þessari álbræðslu, samkvæmt þeim forsendum sem gefnar eru með frv. Þar er talið að brúttógjaldeyristekjur af álbræðslunni verði 20–21 milljarður kr., 20,5 milljarðar kr., skulum við segja. Aðföngin, hin erlendu aðföng sem greiða þarf, eru áætluð upp á 10,7 milljarða kr. Afgangurinn sem eftir stendur er þá 9,8 milljarðar. Afborganir og vextir af fjárfestingunum eru metnir á 5,9 milljarða kr. Hvað stendur þá eftir af brúttógjaldeyristekjunum? Það standa eftir 3,9 milljarðar kr. Og síðan á að borga einhver vinnulaun handa þessum 645 mönnum sem eiga að starfa við þetta fyrirtæki þegar allt er komið í gang og 36 að auki eiga að starfa við virkjanirnar. Það er reiknað á 1,3 milljarða kr. Þá standa eftir 2,6 milljarðar og það er eftir að borga raforkuna til Landsvirkjunar sem fer nú ansi langt með það að éta upp þetta sem þarna vantar á. Það eru í rauninni vinnulaunin, 1,3 milljarðar kr., sem er nettóhagnaðurinn upp úr þessu dæmi, ekki langt frá því, og það á að segja þjóðinni og það er sagt af hæstv. iðnrh. mánuð eftir mánuð, í grein eftir grein og viðtali eftir viðtal að þessi afrakstur fyrir íslenskt þjóðarbú upp á 1–2 milljarða kr. jafngildi 200 þús. tonna ársafla af þorski á Íslandsmiðum.

Ég hlýt að spyrja hæstv. iðnrh. að því hversu hátt hann verðleggi sinn sóma, að flytja mál með þessum hætti, að reyna að koma fram þessari hugmynd og fá stuðning við þessar fjárfestingar og þessa álbræðslu með málflutningi af þessum toga. Ég er auðvitað reiðubúinn til þess að líta á þessar tölur og ég hef óskað eftir því í þingnefnd, sem þegar er farin að skoða þetta mál, að það verði lýst á þetta samhengi, það verði farið ofan í þetta samhengi. En ég er ansi hræddur um að það verði ekki mikið eftir af staðhæfingum hæstv. ráðherra þegar það hefur verið gert.

Ég hygg að það sem hér er um að ræða, svona með allri sanngirni, það sem hangir á spýtunni og má tengja við hagnað fyrir íslenskt þjóðarbú hvað snertir nettógjaldeyristekjur væri eitthvað svipað og 10% aukning, 10–20% ef rúmt er reiknað, á þorskafla á ári eða eins og ein góð Grænlandsganga í besta falli. Nú er ég ekki að segja að slík aukning í þorskafla liggi á borðinu eða við getum stefnt að því óhikað á næsta ári, en það er þó markmið okkar Íslendinga að reyna að halda þannig á málum sjávarútvegs að hægt sé að fá meiri afrakstur af sjávarafla og þar á meðal af þorskinum á Íslandsmiðum. Það ber að vekja athygli á því að ekki þarf mikla fjárfestingu til viðbótar til þess að sá afli verði arðgæfur fyrir íslenskan þjóðarbúskap því að sáralítið þarf, ef nokkuð, að bæta við í fjárfestingu í þjóðarbúinu til þess að nýta slíkan afla, slíkan hvalreka. Hins vegar er haldið þannig á málum af hæstv. iðnrh. og fleirum í ríkisstjórn Íslands að það er smátt skammtað þegar um er að ræða rannsóknir á íslenskum miðum, á íslensku fiskstofnunum og umhverfi þeirra. Þar er ekki hægt að sjá af nokkrum tugum milljóna til þess að koma málum í sæmilegt horf. Þar er skorið við nögl og skammtað smátt þar sem raunverulega er arð að sækja ef rétt er á málum haldið og Íslendingar byggja upp þekkingu sína á því sem þeir hafa yfirráð yfir í sjónum.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. komi áður en umræðunni lýkur, þ.e. mínu máli. Ég ætla að reyna að haga mínu máli þannig að ég ljúki ræðu minni fyrir kl. 4. Ég hef að vísu mjög margt að segja um þetta mál en ég ætla ekki að koma í veg fyrir að aðrir fái hér sæmilegan tíma til þess að tjá sig í þessu máli. Ég er að vinna að þessu máli í þingnefnd sem ég á sæti í og þangað sem málinu verður væntanlega vísað að lokinni umræðu. Ég mun reyna að vanda þá vinnu eftir bestu föngum miðað við þann mjög nauma tíma sem hér er skammtaður, en hjá því

verður ekki komist vegna stærðar málsins og alvöru að það sé rætt hér á Alþingi Íslendinga áður en menn misstíga sig með því að samþykkja þetta frv. og ég tala nú ekki um önnur sem eiga eftir að fylgja ef hugmyndir hæstv. ráðherra ganga upp.

Ég hlýt, virðulegur forseti, að greina hér frá afstöðu minni, sem ég gerði grein fyrir í þingflokki mínum þann 7. apríl, til þessa máls og hef greint frá opinberlega, en geri einnig hér úr þessum virðulega ræðustóli. Mín bókun varðandi þetta mál og tillaga, sem ekki var samþykkt af meiri hluta í mínum flokki, var svohljóðandi, virðulegur forseti:

„Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988 var það eindregin stefna Alþb. að hafna kröfum um erlenda álbræðslu sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði samið um könnun á við svonefndan Atlantal-hóp. Þingflokkur Alþb. hafði eindregna afstöðu til málsins og forsrh. gaf út yfirlýsingu um að frv. sem tengdust nýrri álbræðslu yrðu ekki lögð fram gegn vilja einhvers aðila að ríkisstjórninni. Alþb. hefur ætíð talið að orkufrekur iðnaður komi fyllilega til greina sem þáttur í atvinnulífi í landinu, enda eigi íslenskir aðilar öll orkuver að fullu og meiri hluta í orkufrekum iðnfyrirtækjum. Flokkurinn hefur hins vegar ítrekað lýst eindreginni andstöðu við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í höndum útlendinga og talið algera forsendu að íslenska ríkið eigi meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum. Með eignarhaldi útlendinga á 200 þús. tonna álveri, til viðbótar við þau ítök erlendra aðila sem fyrir eru, yrði stökkbreyting á áhrifum erlendra auðhringa í atvinnurekstri hérlendis.

Ég er andvígur fyrirætlunum um álbræðsluna þegar af ofangreindum forsendum en margt fleira veldur því að ég get ekki fallist á fyrirliggjandi frv. iðnrh. um raforkuver vegna álbræðslunnar. Bygging álvers og tilheyrandi virkjana mun hafa stórfelld áhrif á efnahags- og atvinnustarfsemi í landinu á meðan á framkvæmdum stendur. Um er að ræða hátt í 100 milljarða kr. fjárfestingu sem mundi koma til á 3–4 árum og valda gífurlegri þenslu nema aðrar framkvæmdir í þágu opinberra aðila og atvinnuvega yrðu stórlega skornar niður á sama tíma. Þessi áform stangast því á við núverandi stefnu stjórnvalda og viðleitni til að ná stöðugleika í efnahagsmálum.

Stjórnarformaður Landsvirkjunar boðaði á ársfundi fyrirtækisins 6. apríl sl. að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir í skipulagningu opinberra framkvæmda, t.d. með því að Vegagerð ríkisins og sveitarfélög fresti framkvæmdum á byggingartíma álbræðslunnar. Ég vara við slíkum hugmyndum og bendi auk þess á að bygging álbræðslu mundi bitna á nauðsynlegri endurskipulagningu í sjávarútvegi og draga þróttinn úr nýsköpun í öðrum greinum, svo sem ferðaþjónustu. Staðsetning álbræðslunnar hefur ekki verið ákveðin og er gefið í skyn af stjórnvöldum að erlendir eignaraðilar bræðslunnar eigi að hafa síðasta orðið í þeim efnum. Sýnir fátt betur afleiðingar þess að fela forræði í slíku fyrirtæki í hendur útlendinga. Sveitarfélögum og einstökum landshlutum hefur verið att út í keppni um fjárfestinguna sem leitt hefur til þess að einstök byggðarlög eru farin að bjóða niður framkvæmdakostnað í þágu útlendinganna. Fráleitt er með öllu að reisa stórfyrirtæki af þessu tagi á höfuðborgarsvæðinu, en jafnframt er ljóst að það leysir ekki atvinnuvanda landsbyggðarinnar nema staðbundið og í takmörkuðum mæli. Þegar stefnir í óefni með raforkuver til álbræðslunnar og svo er að sjá sem forusta Landsvirkjunar sé reiðubúin til að teygja sig afar langt í afslætti á raforkuverði. Fjármagn til virkjanaframkvæmda verður að langmestu leyti tekið að láni og m.a. vegna óvissu um þróun raunvaxta ætti að vera ástæða til að tryggja raforkuverð vel yfir framleiðslukostnaði nýrra virkjana.

Annað er eftir þessu. Ekki hefur einu sinni verið gengið frá því sem forsendu fyrir álbræðslunni að hún lúti að fullu íslenskum skattalögum eða að lögsaga í deilumálum sé í höndum íslenskra dómstóla. Það virðist jafnframt eiga að verða samningsatriði hvort álbræðslan eigi að vera búin fullkomnustu mengunarvörnum. Ég hlýt að gagnrýna harðlega hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessa máls á vegum iðnrh. og geri kröfu til þess að allar forsendur málsins verði teknar til rækilegrar endurskoðunar nú þegar. Ég tel að ekki eigi að koma til greina að Alþingi veiti við þessar aðstæður heimildir til nýrra virkjana eða fjárskuldbindinga til undirbúnings og framkvæmda við virkjanir í þágu álbræðslu á þessu ári."

Þetta er mín tillaga um málið í þingflokki Alþb. og mín bókun við málið og hef ég margt að segja um hvern einstakan þátt en það verður ekki gert að sinni. Ég óskaði eftir því, hæstv. forsrh., að þú værir viðstaddur þessa umræðu vegna þess hversu málið er stórt sem við ræðum hér og vegna þess að hér er ágreiningur af minni hálfu, mikill ágreiningur, við ríkisstjórn sem ég hef stutt að mynduð var þó að ég hafi gagnrýnt hana í mörgum greinum og greiddi atkvæði gegn því að Borgfl. væri tekinn inn í það stjórnarsamstarf á sl. hausti. Ég hef vakið athygli á því að reynt hefur verið af hálfu hæstv. iðnrh. að vinna pólitískt fylgi við þetta mál með þeim hætti að það er vægt til orða tekið ámælisvert. Og ég hef sagt sem svo: Hver er sómi hæstv. iðnrh. eftir að hafa staðið þannig að máli, eins og hann hefur gert, í sambandi við fullyrðingar um hvað þessi álbræðsla gæfi í íslenskt þjóðarbú? Og ég hlýt að spyrja: Telur hæstv. forsrh. að það sé frambærilegt í nafni ríkisstjórnar Íslands að bera slíkt á borð fyrir þjóðina og bera fram mál af þessum toga með þeim fölsunum og margföldum ósannindum sem fram hafa komið af hálfu ábyrgðaraðila þessa máls í ríkisstjórn og sem eru til þess fallin að rugla íslenska þjóð í ríminu í stórmáli með hætti sem er þannig að við allar venjulegar aðstæður, miðað við allar eðlilegar kringumstæður, þá hlytu þeir aðilar sem hafa slíkan málflutning í frammi að afsala sér ábyrgð ef þetta reynist rétt sem ég hef hér verið að rekja og sem fleiri hafa rennt stoðum undir. Hæstv. forsrh. hlýtur að íhuga hvort fært er að halda málinu áfram undir slíkri forustu og hvort ekki er ráðlegt að draga þetta frv. þegar í stað

til baka og láta það liggja, eins og eðlilegt og sæmst væri. Enda ber enga nauðsyn til að samþykkja þetta mál hér, jafnvel ekki af hálfu þeirra sem hafa áhuga á því að reisa hér risaálbræðslu af því tagi sem um er rætt. — [Fundarhlé.]

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég sakna iðnrh. í salnum. Ég vildi helst ekki hefja mál mitt fyrr en hann kæmi. (**Forseti:** Forseti telur að iðnrh. hljóti að vera hér á næstu grösum, en mun gera ráðstafanir til að kalla hann til fundarins.)

Virðulegur forseti. Við erum hér að ræða frv. til laga um breytingar á lögum um raforkuver o.fl. Þótt frv. sé til 1. umr. hefur þingnefnd þegar byrjað að vinna í málinu og haldið tvo fundi um það þrátt fyrir að við höfum ekki getað vísað málinu til nefndar. Þetta hefur verið í góðu samkomulagi, en ég tel að sjálfsögðu nauðsynlegt að málið komi til nefndar.

Eins og fram kemur bæði í athugasemdum við frv. og hér í umræðunni er þetta frv. flutt til að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Þótt frv. sé í sjálfu sér eingöngu um raforkuverin þá er ekki hægt að komast hjá því að ræða málið í víðara samhengi og í samhengi við álversuppbyggingu hér á landi.

Það er einkennileg þráhyggja að það eina sem forráðamenn virðast trúa að geti bjargað íslensku efnahagslífi sé bygging nýs álvers. Þetta hefur tekið hugi þeirra svo að varla hefur örlað á viðleitni til að líta til annarra kosta fyrir atvinnulífið. Fullvinnsla sjávarafla, önnur matvælaframleiðsla og iðnaður sem hentar íslensku atvinnulífi virðist ekki ofarlega á vinsældalistanum hjá þessum herrum. Nú hefur áróðurinn haft þau áhrif að æ fleiri eru farnir að trúa vitleysunni. Það sem einna helst hefur komið í hug núna á síðasta ári er að setja á stofn svokallaðar atvinnumálanefndir sem í eru fyrst og fremst karlar. Mér reiknast svo til að 16 karlar og ein kona hafi komið þar nálægt. Í ummælum hæstv. umhvrh., sem þá var ráðherra Hagstofu Íslands, kom fram að nefndin sem hann skipaði væri hugarflugsnefnd og meira hefur maður varla heyrt frá henni. Þetta virðist vera það eina sem komið hefur frá ríkisstjórninni annað en þessi eilífa þráhyggja um álver. Það er verið að tala um fjölbreytni í atvinnulífinu en það verður varla til að auka fjölbreytni að bæta enn einu álverinu við.

Þetta getur varla verið atvinnustefna sem er farsæl fyrir Íslendinga. Eins og alþingismönnum er kunnugt hefur Rannsóknasjóður úthlutað styrkjum til ýmissa verkefna gegn því að atvinnurekendur komi til móts við styrkumsækjendur og styrki rannsóknir og því hefur verið mjög vel tekið í atvinnulífinu. Það hafa borist umsóknir að heildarupphæð núna 325 millj. kr. og umsækjendur gátu lagt fram 407 millj. kr. En það var ekki hægt að verða við nema litlum hluta umsókna vegna niðurskurðar. Rannsóknaráð vakti athygli á þessu með fréttatilkynningu sem það sendi frá sér þann 13. mars sl. Í lok ályktunarinnar segir, með leyfi forseta: „Með fréttatilkynningu þessari vill Rannsóknaráð ríkisins vekja athygli á þeirri stefnu sem í þessari þróun felst. Vilji stjórnmálaforustan í landinu bera ábyrgð á henni er ekki um það að fást. Hins vegar verða stjórnmálamenn þá um leið að vera sjálfum sér samkvæmir og hætta að tala opinberlega eins og þeir hafi áhuga á nýsköpun í atvinnulífinu." Það er eins og þessi álversþráhyggja hafi raunverulega blindað ráðamenn þannig að þeir sjá ekki að aðrir möguleikar eru fyrir hendi hér á landi.

Ég vildi vekja athygli á þessu við þessa umræðu þar sem það hefur greinilega komið fram að kvennalistakonur telja að stóriðjuuppbygging eins og hér er verið að tala um henti okkur ákaflega illa. Eðlilegra er að stuðla að nýsköpun og fullvinnslu þeirra hráefna sem við sjálf höfum hér innan lands. Auk þess sem er að gerast varðandi rannsóknir þá hefur allt of lítið verið hugað að fullnýtingu sjávarafla og að reyna að koma þeim vörum á markað og eins að líta til annarra þátta sem eru mjög hentugir fyrir okkur Íslendinga.

Mikið hefur verið rætt um þá fullyrðingu hæstv. iðnrh. að eitt tonn af áli gæfi jafnmiklar gjaldeyristekjur og eitt tonn af þorski úr sjó. Ég ætla ekki að rekja þau ummæli. Það hefur verið gert hér fyrr í umræðunni, en greinilega er þarna um einhvern misskilning að ræða. Alla vega eru þessir útreikningar ákaflega einkennilegir. Ég get ekki skilið útreikningana þar sem eitt tonn af þorski samsvarar einu tonni af áli og hefði gjarnan viljað fá skýringu á þeim. Þarna hljóta einhverjir þættir að hafa verið skildir eftir. Í grein í DV fimmtudaginn 26. apríl er talað um að eitt tonn af þorski samsvari nær níu tonnum af áli. Þó ég geti ekki farið ofan í þá útreikninga frekar en þá sem fá út eitt tonn af áli þá virðist sú röksemdafærsla miklu nær sanni. Það er því einkennilegt að nota slíkan áróður til að reyna að afla fylgis hugmyndinni um frekari álframleiðslu hér á landi. Það hlýtur að koma inn í þessa útreikninga að líkur eru á að meiri hlutinn af þeim arði sem hugsanlega kemur af þessu álveri verði fluttur úr landi en ekki notaður hér innan lands. Það hlýtur að koma mjög sterkt hér á móti því þó einhverjar gjaldeyristekjur fáist fyrir ál þá koma bæði innflutt aðföng og arðurinn sem er fluttur úr landi þarna á móti. Hefði mér nú þótt fróðlegt að fá frekari útlistanir á þessari fullyrðingu. Í hv. iðnn. höfum við óskað eftir frekari útreikningum á þessu en tími okkar er mjög þröngur ef takast á að ljúka því að afgreiða þetta mál fyrir þinghlé sem ég raunar skil ekki að sé nokkur þörf á ef þetta frv. er skoðað aðeins betur.

Gert er ráð fyrir að álver muni kosta um 50 milljarða kr. og virkjanir því tengdar í kringum 40 milljarða. Eftir að byggingarframkvæmdum lýkur er áætlað að í kringum 600 manns vinni við álverið. Það er því gert ráð fyrir óhemju fjárfestingu fyrir hvert starf. Álver er því ekki lausn fyrir þá fjölmörgu sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum. Innflutningur landbúnaðarvara og útflutningur á óunnum fiski tilheyra einnig boðskap þeirra sem hæst hrópa um hve nauðsynlegt er að fá álver í hvern fjörð. Þá er

ekki verið að reikna út hve margir missi atvinnu sína við það. Má þá búast við því að það yrðu nokkuð fleiri en 600 manns sem misstu atvinnuna og væri rétt að reikna út margfeldisáhrif af því eins og gert er við þessa útreikninga hér. Þarna er því verið að tala um verulega dýr störf og væri nær að nýta þessa fjármuni til einhvers annars betra.

En það sem er kannski einkennilegast í þessu öllu saman miðað við þær fullyrðingar sem bæði koma fram sums staðar í athugasemdum við frv. svo og í þeim fullyrðingum og yfirlýsingum sem hafa verið bornar á borð bæði af hálfu hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. um að að sjálfsögðu verði gerðar ýtrustu kröfur til mengunarvarna. Ég hef nú orðið verulegar áhyggjur af því að svo verði ekki gert.

Mig langar, virðulegur forseti, að vitna í fréttabréf Landsvirkjunar frá 6. sept. 1988 þar sem verið er að ræða um álmarkaðinn. Þar segir Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, í lok greinar sem hann skrifar um þessi mál, með leyfi forseta: „Öðru máli gegnir um þá sem þurfa til lengri tíma litið á áli að halda til úrvinnslu á eigin vegum en standa frammi fyrir því að þurfa að loka óhagkvæmum álbræðslum á næstu árum og eiga í erfiðleikum með að byggja nýjar álbræðslur í staðinn í heimalöndum sínum, svo sem vegna hækkandi rafmagnsverðs og annars rekstrarkostnaðar auk umhverfisvandamála eins og á sér stað um þá álframleiðendur sem nú ræða við íslensk stjórnvöld um að færa út kvíarnar hér á landi."

Forstjóri Landsvirkjunar gerir þannig ráð fyrir því að eigendur álvera sem hafa orðið að hrökklast frá löndum þar sem umhverfiskröfur eru miklar komi til Íslands vegna þess að þeir telji e.t.v. að hér verði ekki gerðar eins miklar kröfur til umhverfismála.

Á bls. 15 í athugasemdum við frv. er talað um umhverfismálin. Þar er talað um að Atlantal-aðilarnir hafi lagt mikla áherslu á að samningur um umhverfisvernd og þá fyrst og fremst væntanlega mengunarvarnir, að skilmálarnir liggi fyrir áður en undirritun verði. Og síðan að verið sé að vinna að rannsóknum á umhverfisáhrifum af álveri og á grundvelli þeirra sé hægt að ákveða mengunarvarnir.

Á bls. 16 í athugasemdum við frv. er einnig talað um að hugsanlegt sé að krefjast mismunandi mengunarvarna eftir því hvar staðsetningin verður. Samt sem áður er alltaf talað um að það verði að krefjast ýtrustu og fullkomnustu mengunarvarna. Ég átta mig alls ekki á hvað þarna er á ferðinni. Hvers vegna í ósköpunum er ekki miðað við fullkomnustu mengunarvarnir sama hvar álverið er staðsett? Það sem e.t.v. hefur verið talað einna mest um varðandi nýtt álver er brennisteinsdíoxíðmengun. Slík mengun hefur t.d. verið mjög mikil frá álverinu í Straumsvík og ekki verið um neina hreinsun á því að ræða. Í athugasemdunum við frv. er talað um að eitt helsta álitaefni varðandi mengun frá nýju álveri sé hvort krefjast skuli vothreinsunar á SO2. Orðrétt segir að forsendur þess að gera kröfur um vothreinsun geti verið nokkuð aðrar en t.d. í Noregi og Svíþjóð sem einkum hefur verið horft til. Hvað er eiginlega hér á ferðinni? Af hverju er verið að ræða um að það þurfi að gera einhverjar aðrar kröfur varðandi brennisteinsdíoxíð hér á landi en t.d. í Noregi? Ég hef heyrt þá röksemd að jarðvegur hér á landi sé basískari en annars staðar og þess vegna sé í lagi að þangað berist svo og svo mikil sýra og að „buffer"-eiginleikar jarðvegsins séu það miklir að það sé í lagi að svo og svo mikið af brennisteinsdíoxíði komi út í andrúmsloftið. Þetta finnst mér einkennilegar fullyrðingar. Það hljóta allir að vita að þegar plöntur skemmast og drepast af loftmengun er það vegna þess að brennisteinsdíoxíðið, sýran, fer á blöðin en ekki að það sogist upp úr jarðveginum. Sú mikla skógareyðing sem á sér stað í Evrópu er því fyrst og fremst út af loftmenguninni, þar sem sýran fellur á sjálf blöðin og barrið, en ekki vegna þess að jarðvegurinn súrni svo mjög. Hins vegar skiptir „buffer"-eiginleikinn að sjálfsögðu máli varðandi súrnun í ám og vötnum. Mér finnst ekki koma til greina að veita nokkurn afslátt af kröfum um hreinsun á brennisteinsdíoxíði hvar sem þetta álver er staðsett ef af byggingu verður.

Það hefur jafnvel verið rætt um að gera megi minni kröfur um mengunarvarnir vegna þess að það sé svo mikið rok, t.d. hér á Reykjanesi. Þar af leiðandi megi kröfurnar vera heldur minni þar en annars staðar af því að dreifingin er meiri. Mér finnst hreint ótrúlegt að við sem þykjumst ætla að hafa forustu í umhverfismálum og viljum líta á Ísland sem fyrirmynd annarra varðandi umhverfi og umhverfisvernd skulum láta okkur detta í hug að við getum bara sent súrt regn eitthvað burt, sent það út á haf og sagt að aðrir geti tekið við, það skipti okkur ekki neinu máli. Við verðum að athuga það að við berum líka ábyrgð í víðara samhengi og getum ekki bara horft á einhvern lítinn blett á Suðurnesjum og sagt: Úr því hann mengast minna en einhver annar staður þá þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur. Mér þykir þess vegna rétt að fá upplýst hvað hér er á ferðinni.

Mér finnst líka dálítið skrýtið þegar ég les hérna í athugasemdum að setja þurfi á laggirnar nýja nefnd sem heitir nefnd sérfróðra aðila um umhverfisáhrif stóriðju. Ég veit ekki betur en við höfum ágæta aðila sem hafa fjallað um þessi mál lengi, þ.e. mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins. Þó ég sé síst að lasta þá sem þarna hafa tekið að sér verkefni þá er ég hrædd um að málinu verði drepið allt of mikið á dreif ef fleiri og fleiri aðilar eiga að koma að málinu. Við höfum mengunarvarnareglugerð sem er nokkuð ströng að því er varðar loftmengun, alla vega að því er varðar brennisteinsdíoxíð. Við höfum líka fólk sem hefur kynnt sér mjög mikið um þessi mál og á erfitt með að sjá að þetta verði skilvirkara eða meiri líkur á að niðurstaða náist sem sé ásættanleg ef allt of margir er hafðir í þessum málum.

Ekki hef ég séð neitt í athugasemdum með frv. um aðra mengun en loftmengun, svo sem kerbrot og annað og hvaða hugsanlegar kröfur þyrfti að gera að því er það varðar, en það er eitt af því sem við höfum verið í vandræðum með hér að því er varðar álverið í Straumsvík. Ég verð þess vegna að viðurkenna að

eftir að hafa lesið það sem fram kemur í þessum athugasemdum varð ég enn órólegri og hafði enn meiri áhyggjur en áður, sem voru þó ærnar fyrir, af því að mjög illa væri séð fyrir umhverfismálunum í þessu máli, því miður. Ég hafði ekki átt von á því þrátt fyrir allt og hafði vonað að hægt yrði að setja fram kröfur um það atriði. Þó mér þyki aðrir þættir varðandi þetta álver nógu slæmir þá líst mér mjög illa á það sem virðist vera hér á ferðinni. Ég bendi á að í þætti í Ríkisútvarpinu ekki alls fyrir löngu og í fréttum reyndar líka kom fram að á markað væri að koma mjög fullkominn mengunarvarnaútbúnaður bæði fyrir brennisteinsdíoxíð, flúoríð og ryk og fleiri þætti. Þætti mér fróðlegt að vita hvort eitthvað hefði verið athugað um þennan útbúnað. Það sem mestu máli skiptir er að enginn afsláttur verði veittur af mengunarvörnum.

Mikið er talað um öll þau jákvæðu þjóðhagslegu áhrif sem álverið muni hafa. Talað er um hvað landsframleiðslan muni aukast mikið, hvað hagvöxtur muni aukast mikið o.s.frv., o.s.frv. Þetta eru mælikvarðar sem eru ákaflega illa til þess fallnir að nota til að vita hvernig fólki líður og hvernig fólk hefur það í raun og veru. Félagsleg áhrif og margir fleiri þættir eru ekki teknir inn í hagvaxtardæmið auk áhrifa á umhverfið sem óhjákvæmilega verða. Hvað sem við höfum miklar mengunarvarnir þá er alveg ljóst að ekki er hægt að komast hjá því að mengun verði veruleg. Þegar metin eru áhrif byggingar álvers á hagvöxt, þessi jákvæðu áhrif svokölluð, sem alltaf er verið að flagga, þá er mengunarþátturinn ekki tekinn með í reikninginn. Í útreikningum er einnig miðað við verulega hækkun álverðs, eftir því sem upplýst er. M.a. er gert ráð fyrir því í forsendum Þjóðhagsstofnunar að 25% hækkun verði á álverði fram til 1994. Ég efast um að þær forsendur standist. Það er spá margra að verulega dragi úr framleiðslu á ýmsum samgöngutækjum, sem svo eru kölluð en eru í raun notuð til hernaðar, eins og flugvélum, bílum og fleiru. Ég held að eftirspurn eftir áli muni minnka mjög, sem betur fer vil ég segja, vegna þess að afvopnun er vonandi í sjónmáli, eitthvað frekar en verið hefur. Talað hefur verið um að eftirspurn eftir áli til að nota í umbúðir muni aukast, t.d. í drykkjarvöruumbúðir. Þá vil ég geta þess að heyrst hefur um rannsóknir sem benda til að ál geti verið orsakavaldur varðandi Alzheimer-sjúkdóminn. Þetta eru rannsóknir sem mér finnst fyllsta ástæða til að huga að vegna þess að ef þetta er rétt hlýtur það að leiða til þess að drykkjarvörur verði ekki lengur settar í áldósir. Ég er því hrædd um að þær forsendur sem þarna eru gefnar séu rangar og alls ekki hægt að reikna með að þær standist. Þarna eru því margir lausir endar.

Þegar verið er að meta áhrif á hagvöxt og þau margfeldisáhrif sem bygging álvers hefur er aldrei reiknað með því að nein önnur atvinnuuppbygging geti verið fyrir hendi og eitthvað af þessu fé sé sett í aðra þætti í atvinnumálunum. Miklu farsælla er fyrir okkur að fara aðrar leiðir, að fara í aðra þætti og láta ekki alla okkar aukningu fara eingöngu í virkjanir, sem byggðar eru að verulegu leyti fyrir erlend lán. Einnig er talað um að það þurfi að taka verulega mikið af innlendum lánum og er ég ekki búin að sjá fyrir endann á því hvernig í ósköpunum það er hægt og hvaða áhrif það hefur. Þá er líka trúlegt að vextir hækki ef eftirspurn eftir innlendu lánsfé eykst.

Það eru alls ekki allir sammála þeim útreikningum varðandi þenslu og hagvöxt og ýmislegt fleira sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram. Höfum við m.a. fengið í okkar hólf rit frá Jóhanni Rúnari Björgvinssyni sem efast stórlega um að þær forsendur sem gefnar eru standist. Kemur hann með ýmsar röksemdafærslur sem ég hirði ekki um að tíunda hér nú. En ég býst við að hæstv. iðnrh. hafi kynnt sér þær sem og annað í þessu máli.

Það sem mér þykir einna sérkennilegast í þessu máli, og þá er ég eingöngu að tala um þetta frv. sem við erum nú að fjalla um, er að talað er um að verja eigi 300 millj. kr. í undirbúning að Fljótsdalsvirkjun og stækkun Búrfellsvirkjunar. Það er að vísu ekki alveg ljóst hvort þarna er eingöngu um undirbúning að ræða, þ.e. þá væntanlega hönnun og undirbúning útboðsgagna, eða hvort þarna er um að ræða framkvæmdir, því það er ekki samræmi milli frv. sjálfs og athugasemda við greinarnar, en þar er talað um framkvæmdir. Ég vildi gjarnan vita í hvað þessar 300 millj. eiga að fara.

Ekki eru margar vikur síðan við vorum að ræða um ráðstafanir vegna kjarasamninga sem gerðir voru fyrr í vetur. Það þurfti að gera ýmsar ráðstafanir, draga úr fjárfestingum og draga úr útgjöldum ríkisins um 1 milljarð vegna þess að það mundi skapast svo mikil þensla og verðbólga og allt mundi fara á fulla ferð ef ekki væri hægt að draga úr fjárfestingum. Nú er allt í einu í lagi að skella inn 300 millj. kr. Ég á mjög erfitt með að skilja hvers vegna þessar 300 millj. skipta engu máli í þessu dæmi en milljarðurinn var algert skilyrði þegar verið var að reyna að kveða niður verðbólguna með því að laun hækkuðu nánast ekki neitt, þá var þetta einn liðurinn í því til þess að standa við kjarasamningana.

Talað er um að samdráttur verði í framkvæmdum hins opinbera á meðan á byggingu álvers og virkjana stendur. Mér þætti fróðlegt að vita hvaða hugmyndir þar eru á ferðinni. Fyrst kemur í hugann að þarna sé verið að ræða um byggingarframkvæmdir og vegaframkvæmdir. Ég er ekki alveg viss um að allir verði jafnánægðir að heyra að ætlunin sé að draga þar verulega úr. En það hlýtur að vera til einhver áætlun um hvað þarna er á ferðinni og þætti mér vænt um að fá einhverjar hugmyndir um það. Án þess að farið sé út í smáatriði væri ágætt að fá þær upplýsingar og um leið hvaða landshlutar eigi að verða út undan.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni ef atvinnuuppbygging og aðrar framkvæmdir eiga að bíða þangað til stóriðjuuppbyggingu er lokið. Ég á erfitt með að sjá hvernig það er hægt ef það á að vega alveg á móti öllum þeim fjárfestingum sem þarna eru á ferðinni. Auk þess virðist eiga að leggja það í hendurnar á

erlendum álfurstum hvar á landinu þetta álver eigi að vera og hefur verið talað um afslátt á raforku í því sambandi eða skattaafslátt ef þeir vilji vera svo penir að setja þetta einhvers staðar annars staðar en hér á suðvesturhorninu. Það hefur komið fram að Landsvirkjun sé jafnvel tilbúin að veita verulegan afslátt á raforku fyrstu árin. Það hefur vafist fyrir Landsvirkjun að veita afslátt á raforku til húshitunar á landsbyggðinni en það virðist ekki vefjast fyrir þeim að veita afslátt á raforku ef hún er til álvers. Ekki veit ég hvort það er eitthvað tengt því hvar álverið er staðsett, ég býst ekki við að þeir skipti sér af því. En það virðast vera álfurstarnir sjálfir sem eiga að ráða hvar álverið er staðsett. Auðvitað eigum við að geta haft það í valdi okkar hvar við viljum hafa atvinnuuppbyggingu á landinu. Þannig að ef þetta verður ákveðið ættum við eins að geta sett skilyrði varðandi staðsetningu. Þetta tengist áhyggjum mínum af því að erlendir aðilar verði orðnir mjög ráðandi í íslensku atvinnulífi og tengi ég það þá enn frekar þeirri áætlun að leyfa erlendum aðilum að fjárfesta ótakmarkað í *íslensku atvinnulífi*.

Það er kominn tími til að snúa við blaðinu og snúa okkur að innlendum kostum eins og fullvinnslu sjávarafla og iðnaði sem hentar okkur betur í fámennu og viðkvæmu landi. Er það miklu vænlegri kostur en þessi stóriðja sem nú er einblínt á. Ég er viss um að ef rétt er á málum haldið eru miklir möguleikar í þeirri atvinnugrein sem ferðaþjónustan er. Það verður hins vegar erfitt að skapa jákvætt viðhorf til Íslands sem matvælaframleiðslu- og ferðamannalands ef ekki verður breytt um stefnu nú þegar. Það þýðir ekkert fyrir okkur að segja við erlenda ferðamenn: Komið til Íslands og sjáið okkar ósnortna og ómengaða land, ef við verðum síðan með stóriðjuver í hverjum firði. Margir óttast að mengun héðan sé að verða jafnmikil og í mörgum iðnríkjum og mér finnst það slæmt ef við eigum að auka hana enn frekar. Við eigum frekar að draga úr mengun en auka hana, eins og við erum að gera núna. Þó að mengun sé sem betur fer enn minni hér en í mörgum iðnríkjum þá eykst hún stöðugt.

Fólk er almennt að vakna til vitundar um að jörðinni hefur verið ofboðið með mengun og eyðingu auðlinda og hér þarf að snúa við blaði. Álframleiðslu tengir enginn við friðsamlega og óspillta náttúru heldur fremur mengun og ófrið því stór hluti álframleiðslu fer til framleiðslu hergagna. Álver á hverju landshorni er ekki líklegt til að laða hingað ferðamenn né heldur til að skapa jákvæða ímynd um matvælaframleiðslu á Íslandi. Það er sama hve margir verða til þess kallaðir að þeysast um heiminn til að sannfæra fólk um að hér sé að finna frið og ró, óspillta og ómengaða náttúru. Staðreyndin sem við blasir er önnur ef ekki verður hér á stefnubreyting.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að hafa mál mitt lengra hér að þessu sinni. Ég reikna með því að í nefndinni fáist upplýst ýmislegt af því sem er óljóst í þessu máli. Ég reikna með því að þegar málið kemur til 2. umr. muni frekari upplýsingar liggja fyrir um þau atriði. En ég vænti þess að áður en þessari umræðu lýkur muni hæstv. iðnrh. gefa svör við þeim spurningum sem ég hef hér varpað fram.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. er að tala við fréttamann og ég tjáði honum að ég mundi doka við þangað til því samtali væri lokið. En ég vil líka láta hæstv. forseta vita það að ég óska eftir því að Friðrik Sophusson sé hér meðan ég flyt ræðu mína því ég mun gera athugasemdir bæði við ræðu hans og eins *útreikninga sem hann hefur gert. Hann er þarna* að tefla svo að hann hlustar þá kannski með öðru eyranu. Ég hef þá alla vega afsökun fyrir því að tala hreint út úr pokanum af því að hann er þó viðstaddur.

En ég mun taka mér málhvíld þar til hæstv. iðnrh. kemur. Ég hefði líka viljað sjá hæstv. forsrh. því að hér er mál á ferðinni sem er sjálfsagt mikilsverðasta málið sem hefur verið fjallað um þann tíma sem ég hef verið á Alþingi. (**Forseti:** Forseti hefur ekkert við það að athuga að hv. ræðumaður doki við eftir hæstv. iðnrh. Hann tjáði forseta að hann þyrfti að svara *símkalli og mundi koma* að vörmu spori aftur. Eins mun forseti koma þeirri ósk á framfæri við hæstv. forsrh. að hans nærveru sé óskað hér við umræðuna.) Ég má ganga úr ræðustól, er það ekki? (**Forseti:** Forseti hefur ekki við það að athuga. — Þar sem það dregst að hæstv. iðnrh. komi í þingsal, þá sér forseti ekki ástæðu til að halda hv. ræðumanni í ræðustól og frestar fundinum smástund.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða um eitt stærsta mál sem ég hef fengið tækifæri í minni þingsögu til að taka þátt í umræðu um. Það er líka annað mál hér fyrir þinginu sem mum e.t.v. líka skipta sköpum um hvernig þróun mála verður á næstu árum. Það sem einkennir þetta frv. er að ég man ekki til þess, það eru kannski einhverjir minnugri en ég, að aðrar eins blekkingar hafi verið hafðar í frammi við nokkurt mál og er þá langt jafnað. Mun ég koma að því síðar. Ég mun einnig taka til athugunar ræðu hv. 1. þm. Reykv., og vona að hann verði hér í sal, enn fremur fullyrðingar hans um hagnað Landsvirkjunar og þjóðarinnar á raforkusölu til Ísals.

Þrátt fyrir allan fyrirganginn, fjölmiðlaáróðurinn, sendinefndir til ríkisstjórnar og þingmanna að ógleymdum hinum sjálfskipuðu agentum fyrr og síðar fyrir byggingu álsmiðju við Eyjafjörð hef ég ekki tilfinningu fyrir því að slík óhamingja geti átt eftir að henda það gjöfula og fagra hérað að þar verði byggð verksmiðja sem dreifi eimyrju yfir byggðirnar. Ég stend í þeirri trú, þrátt fyrir fullyrðingar um að komin sé þjóðarsátt um að stefna að því að álver verði byggt þar sem erlendir álfurstar óska og þrátt fyrir neyðaróp einstaklinga úr eyfirskum byggðum, að ef þar verði ekki byggt hið umtalaða álver sjái þeir fram á eyðingu byggðarinnar. Já, ég stend enn þá í þeirri trú, þó nú nýverið væri haft eftir varaformanni Einingar á Akureyri að hann sjái fram á dauða og djöful ef Eyfirðingar fái ekki álver. Ég hef það eftir eins og ég heyrði það. Mér finnst slíkar upphrópanir flokkast undir hrein öfugmæli sé málið athugað niður í kjöl-

inn. Merkisberar álversins eru ekki vandir að meðulum í þessari baráttu sinni. Þeir hafa t.d. fullyrt í mín eyru að það sé alger einhugur um málið norðan fjalla. Mér heyrist þó að annað sé að koma fram og vissi ég það fyrir. Var ég búinn að segja hæstv. iðnrh. það í haust hvernig menn litu á þetta mál norður þar.

Ástæðan fyrir því að lítið hefur heyrst í þeim sem ekki telja álver bjargráð fyrir Eyfirðinga er að allar áætlanir fram að þessu hafa verið við það miðaðar að slík bygging yrði reist í námunda við Straumsvík. Þeir hafa litið svo á að yfirlýsingar sumra stjórnmálamanna um hið gagnstæða væru helber sýndarmennska, enda málflutningurinn þannig fram settur að auðvelt væri að kenna hinum erlendu álfurstum um staðsetninguna þar sem þeir hafa alltaf haldið því hátt á lofti að þeir réðu staðarvalinu. Það sýnist ekki hátt risið á ráðamönnum þjóðarinnar þessa stundina, sem betur fer, sé litið til umræðunnar um byggingu álvers.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að væna neinn um það að fólk sé vitandi vits að berjast fyrir uppbyggingu atvinnurekstrar í Eyjafirði sem yfirgnæfandi líkur eru á að muni valda umtalsverðri mengun og alvarlegu tjóni, nái það fram að ganga. Æðimargir hafa haft samband við mig og ýmsa samherja mína í þeim tilgangi að reyna að hafa áhrif á okkur í þá átt að við förum ekki að leggja stein í götu álmanna í eyfirskum byggðum. Þegar farið er að ræða um þessi mál við þetta fólk og benda á ýmsar staðreyndir um þennan atvinnurekstur hefur það vakið athygli mína að fyrstu viðbrögð flestra eru að þeir fara að telja upp fólk sem hefur lýst yfir fylgi sínu við að byggt verði álver við Eyjafjörð, þar á meðal ráðherra, þingmenn, verkalýðsforingja, meira að segja eyfirska bændahöfðingja, að ógleymdum bankastjórum. Að upptalningunni lokinni er sagt: Heldur þú að fólk viti ekki hvað okkur er fyrir bestu? Þegar spurt er: Hvað veist þú um mengun frá álverum? er yfirleitt ekkert svar. Í stað þess er bent á málatilbúning fjölmiðlanna, endurtekin upptalning á þessu átrúnaðarfólki og bætt við: Hér er atvinnuleysi. Okkur stendur ekki annað til boða, annars flytja allir suður. Eftir því sem málið er meira rætt minnkar trúin á átrúnaðarfólkið og þar með álið. Þessi reynsla mín hefur orðið til þess að ég fór að athuga flestar hliðar þessa máls.

Reynsla okkar Íslendinga af verðbólgu og háum vöxtum ætti ekki að leiða til þess að við gerðum neitt vitandi vits til þess að verðbólguskriða færi af stað á nýjan leik. Bygging 200 þús. tonna álbræðslu ásamt nauðsynlegum virkjunarframkvæmdum næstu árin, sem kallar á 3–4 þús. starfsmenn yfir sumarmánuðina sum árin, hlýtur að hafa veruleg verðbólguáhrif. Ráðamönnum mun vera þetta ljóst. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hefur þegar bent ríkisstjórninni á hvernig best sé að koma í veg fyrir þensluáhrif frá slíkum framkvæmdum. Hans ráð eru að hið opinbera stöðvi að sem mestu leyti framkvæmdir og reyni að hafa áhrif á sveitarfélögin í landinu að gera slíkt hið sama meðan á álbræðslu- og virkjunarframkvæmdum stendur.

Hv. þm. heyrðu boðskap hv. 1. þm. Reykv. hér áðan. Hann var að átelja að verið væri að ræða um jarðgöng á sama tíma sem stefnan mundi vera að draga úr framkvæmdum til að vinna gegn þensluáhrifum frá hinu fyrirhugaða álveri. Og Þjóðhagsstofnun hefur einnig gert sig seka um þetta — ég segi seka. Ef eftir þessari stefnu yrði farið, væri þá ekki réttnefni á þessari nýju stefnu að kalla hana byggðaeyðingarstefnu? Í því sambandi verða allir að hafa það í huga að Atlantal-hópurinn svokallaði hefur sett fram þá ósk að ef farið verður í byggingu álbræðslu hér á landi vilji þeir tryggja sér rétt til þess að tvöfalda framleiðsluna þegar henta þykir. Og nú hefur það komið fram að það sé innan tíu ára, þannig að ekki er að sjá annað en það verði samfelld uppbygging. Hvernig yrðu þá byggðirnar staddar sem fá ekki þetta keppikefli, þetta álver, hvernig verða þær staddar eftir þessa uppbyggingu ef á að stöðva framkvæmdir að öðru leyti? Ef slík bygging risi t.d. við Reyðarfjörð, sem ég hef nú aldrei haft trú á, eða við Eyjafjörð, hvað þá heldur á suðvesturhorninu yrði þenslan gífurleg í kringum byggingarsvæðið en kyrrstaða annars staðar. Er þetta byggðastefnan, hæstv. forsrh., sem líklega enginn stjórnmálaflokkur vill eða þorir að gangast við þótt allt bendi til þess að ríkisstjórnin sé að leggja grunn að henni með gerð samninga um byggingu álbræðslu á Íslandi?

Þessi stefna mundi einnig leiða af sér að hlutur kvenna yrði gersamlega fyrir borð borinn ef ekki kæmi önnur umtalsverð atvinnuuppbygging til. Hjá Ísal t.d. er atvinnuþátttaka kvenna 9,6%, eða ein kona á móti hverjum tíu körlum. Hæstv. iðnrh. hélt því fram hér í gærkvöldi að þetta yrði aðlaðandi vinnustaður, álbræðsla, fyrir konur jafnvel. Ég hef komið inn í nokkrar álbræðslur, þessa einu sem hér er og þrjár erlendis og ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. óskaði eftir því að hans kona fengi sér vinnu í slíku umhverfi eða börn. Ég vil það ekki og ég veit að það eru fleiri.

Ástæðan fyrir því að tekist hefur að setja allt af stað er sú að Morgunblaðið segir frá því á sunnudaginn eða í gær að hæstv. iðnrh. hafi skrifað 13 bæjarfélögum og 29 hreppum og spurt: Hvað vilt þú gefa fyrir álver? eða eitthvað í þá áttina. Hvað vilt þú slaka á? Sem sagt, álver er komið á uppboð. Það er sorglegt að ríkisstjórnir og þó sérstaklega iðnaðarráðherrar hver fram af öðrum hafa lagt þunga áherslu á byggingu álvera á liðnum árum og lagt fram mikla fjármuni til þess að leita eftir auðhringum til að reisa hér slíka verksmiðju. Ekki hefur heyrst að leitað hafi verið eftir öðrum möguleikum sem betur henta við okkar aðstæður. Hafi það verið gert þá hefur það a.m.k. farið leynt.

Það er einnig sagt að hinn ameríski auðhringur hafi látið þau orð falla að þeir væru ekki vanir að semja um byggingu álvers nema orkan væri til. Ég skil það mætavel. Ég skil það og veit að Blönduslysið hrellir náttúrlega ýmsa. Engin not eru fyrir þá raforku fyrr en einhver kaupandi finnst. Ég er ekki farinn að sjá annað en það lendi á þjóðinni að standa undir þeim vöxtum því aldrei verði hægt að gera það með öðrum hætti.

Það var alveg rétt að það var slys við Kröflu, en þetta er annað slys. Það er dálítið merkilegt að þegar er verið að setja upp þetta frv. þá er Blanda ekki inni í

greinargerð. Henni er bara sleppt út. Er búið að afskrifa Blöndu? Á ríkið að taka hana á sínar herðar? Ef við tökum mark á þeim tölum sem eru í greinargerð er ekki hægt að sjá annað.

Áður en lengra er haldið þykir mér rétt að skýra afstöðu mína og minna félaga sem skýrir alveg hvers vegna ég hef lagt nokkra vinnu í það að athuga þetta mál. Og ég átel iðnn. Ed. fyrir að hafa ekki farið ofan í saumana á þessu máli eins og allt er í pottinn búið. Ég ætla, virðulegi forseti, að lesa nokkra kafla upp úr okkar stefnu í sambandi við orkufrekan iðnað:

„1. Samtökin eru ekki andvíg orkufrekum iðnaði en setja þau skilyrði að hann standi undir raunverulegum orkukostnaði og spilli ekki náttúru landsins.

2. Samtök jafnréttis og félagshyggju telja að Íslendingar eigi sjálfir að virkja fallvötn sín, en einungis að byggja nýjar stórvirkjanir ef tryggt er að hagnaður verði af orkusölunni. Í því sambandi verður að taka með í útreikningana eðlilega fyrningu, viðhald og fjármagnskostnað af orkumannvirkjum. Það er enn fremur óeðlilegt að miða alla útreikninga orkufreks iðnaðar við hagkvæmustu virkjunarkosti. Nær væri að taka meðaltalskostnað þeirra virkjunarkosta sem við vitum um og eru á döfinni.

3. Samtökin eru andvíg byggingu álvers við Eyjafjörð vegna mengunarhættu og telja að Eyjafjörður eigi að vera matarframleiðsluhérað sem framleiði góða, heilnæma og ómengaða matvöru. Það er raunar alveg óviðunandi að Eyfirðingum sé aldrei boðinn annar valkostur í orkufrekum iðnaði en álver. Svo virðist sem iðnrn. hafi ekkert gert í þessum málum á síðustu árum annað en að tvöfalda eða þrefalda þá stærð álvers sem Eyfirðingum var boðið fyrir fimm árum.

4. Álver af þeirri stærð sem iðnrh. hefur kynnt virðist hvergi henta nema þar sem mannfjöldi er mikill. Vegna þess að Samtök jafnréttis og félagshyggju vilja viðhalda dreifðri búsetu um landið teljum við að önnur minni orkufrek fyrirtæki en álver henti betur til atvinnuuppbyggingar út um land og því beri að kanna slíka möguleika.

5. Samtökin telja að ef ráðist verður í stækkun álversins við Straumsvík sé ekki ráðlegt að stækka það umfram það sem Blönduvirkjun gefur tilefni til. Fjárfesting í orkumannvirkjum skal miðast við þekktar stærðir í orkuþörf á næstu árum. Stærð og staðsetning nýrra framleiðslufyrirtækja verður að ákvarðast af hagkvæmni- og byggðasjónarmiðum. Fullt tillit verði tekið til þeirrar búsetu sem er nú í landinu þegar tekin er ákvörðun um uppbyggingu atvinnufyrirtækja og staðsetningu þeirra. Atvinnufyrirtækin til fólksins en ekki fólkið til fyrirtækjanna þar sem því verður fyrir komið."

Ég kemst ekki hjá því að lesa hér tvær greinar upp úr lögum um Landsvirkjun.

„7. gr. Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna."

Og svo segir hér í síðari hluta 13. gr.: „Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið."

Það er ekki leyfilegt eftir þessari lagagrein að gera samning sem mundi verða til þess að verð til almenningsnota síðar meir yrði af þeim ástæðum hærra. Og þá vil ég spyrja hæstv. iðnrh.: Telur hann ekki eðlilegt að tekið verði meðaltalið af þeim 15 virkjunarmöguleikum sem ég hef nú komist yfir að athuga og orkuverðið miðað við þá tölu? Ég sé ekki og skil ekki að leyfilegt sé að gera öðruvísi samning. En það sem er kannski athyglisverðast af öllu í þessu máli er hvernig þetta er sett upp. Í greinargerðinni með frv. er bara sett fram 27 milljarða fjárfesting, þ.e. Blönduvirkjun er ekki þar með þó að hún þurfi að vera með ef miðað er við 3000 gwst. til þess að geta skaffað þá orku sem þetta umtalaða álver þarf. En ef maður athugar hvernig þetta er, að Búrfell ásamt Kvíslaveitum og stærðum Þórisvatns kostar 6 milljarða 266 millj., Fljótsdalsvirkjun 18 milljarða 673 millj., stækkun Kröflu 1 milljarð 411 millj., Nesjavellir I 906 millj., Blanda 12 milljarða 654 millj., miðað við það sem búið er og þá áætlun sem hefur verið gerð, sé ég ekki að það þurfi að leggja neinar línur í þessu. Ég hef ekki séð það. Það getur vel verið að mér hafi skotist yfir, enda fæ ég ef ég tek háspennulínurnar, eins og áætlað er að þær kosti eftir þessum plöggum sem ég hef, 6 milljarða 775 millj., eða þessi pakki samtals 46 milljarðar 685 millj. Og þarna eru ekki spennistöðvarnar með. Þarf engar spennistöðvar? Hafa þær gleymst eða er þeim gleymt viljandi hér?

Ég hef verið að gaufa við það á kvöldin og 1. maí að reikna út hvað hver virkjunarkostur sem ég hef komist yfir að eru áætlanir til um kosti, hver kwst. Það er ákaflega misjafnt. Ég ætla ekki að eyða tímanum í að lesa það. En það er allt frá 5 millj. 33 þús., þ.e. Nesjavellir I, og upp í 25 millj. 545 þús., sem er Fjarðará. Meðaltalið af þessum virkjunarkostum, sem ég tel að skýlaust eigi að fara eftir, eru 15 millj. 832 þús. Ef þessum útreikningi, sem ég mun láta iðnn. fá, verður ekki mótmælt þá kemur út úr þessu dæmi 47 milljarðar 496 millj. plús háspennulínur 6 milljarðar 775 millj. Ég get látið hæstv. ráðherra fá ljósrit af þessum útreikningum. Ég ætla ekki að krefjast þess að hann svari því nú. Ég vil gefa honum tíma til þess að svara þeim útreikningum sem ég hef gert og fullvissað mig um

að ég hugsi rétt í þessu máli og borið undir menn sem bera fullt skyn á þessa hluti jafnvel þó að kannski einhverjir ráðherrar og þingmenn telji að ég muni ekki hafa það.

Þá er komið að því að skýra frá því að með því að reikna bara 1% rekstrarkostnað, sem er helmingi minna en er nú hjá Landsvirkjun, þá eru afskriftir — ég tek sama afskriftartíma og Landsvirkjun er með og hv. 1. þm. Reykv. telur hann vera 40 ár, þá er útkoman sú að afskriftir í 40 ár eru 1 milljarður 375 millj. Rekstrarkostnaður metinn rétt rúmlega 1%, sem er allt of lágt, 560 millj. Ef reiknað væri með 6% vöxtum yrðu það 3 milljarðar 300 millj. eða um 28,6 mill sem mundi vera um 1,75 kr. En ef reiknað væri með 9% vöxtum þá yrðu þessar tölur 37,6 mill eða í kringum 2,30 í íslenskum krónum.

Ég er hér með ljósrit af plaggi sem ég fékk um háspennulínurnar. Ég ætla ekki að fara að lesa þær tölur upp, en samtals eru það eins og ég sagði áðan 6 milljarðar 775 millj. En þarna vantar alveg spennivirkin. Ég fór að athuga reikninga Landsvirkjunar í þessu efni. Þar eru háspennulínurnar og spennivirkin metin á rúma 18 milljarða. Ég botna ekkert í því að það skuli vera lagt hér fram frv. þar sem er ekki minnst á spennivirki. Nú er auðvitað hægt að deila um það eins og annað hvað á að reikna háa vexti. Hér á landi eru raunvextir þeir lægstu hjá ríkisbönkunum 7,5%, en hjá sumum bönkunum 8,25%. Á Íslandi eru því vextir í kringum 8% í bankakerfinu. Vextir erlendis eru enn þá hærri. Ég var að fá þetta upp í dag, t.d. í Englandi eru vextirnir rúmlega 15% á 12 mánaða lánum, DEM rúm 9%. Það lægsta eru 9,2 og upp í 15%. Það er talið að verðbólga erlendis sé 2–3% ef tekið er meðaltal af öllu. Og svo er annað, það er auðséð að vextir eru að hækka. Ég var að frétta það núna rétt fyrir stundu að í Sviss hafa vextir enn hækkað.

Það er nokkuð athygli vert að í þeim skýrslum sem ég hef séð er reiknað með að þessir aðilar sem eru að hugsa um að byggja hér álver leggi fram 12 milljarða eigið fé, en þeir gera ekki litla arðsemiskröfu af því fjármagni því að strax á árinu 1995 reikna þeir með að fá 2,3 milljarða eða rúmlega 19%. Á sama tíma er verið að ræða það, skrifa 42 bæjarfélögum og hreppum, hvað viljið þið leggja til í þessu efni?

Ég fékk skýrslu um hvernig hefur verið staðið að því að fylgjast með álbræðslunni í Straumsvík, Ísal. Því var lofað þar, það er í samningnum að þeir munu sjá til þess að koma í veg fyrir mengun eins og tök eru á. Það voru ekki settar neinar mengunarvarnir. Hollustuvernd ríkisins gerði kröfu um það 1973 og hvað liðu mörg ár þangað til þessar mengunarvarnir voru settar upp? Þær komu ekki fyrr en eftir níu ár eða 1982. Fjórum árum þar á eftir eða 1986 var gerð sú eina könnun sem gerð hefur verið af opinberum íslenskum aðilum. Í þeirri skýrslu stendur að allt sé óviðunandi og það fjórum árum eftir að þessi tæki komu upp. Þeir ætluðu að setja þær reglur að ekki færi nema 1 kg flúor út á hvert tonn en þeir treystu sér ekki til að semja um að það yrði minna en 2 kg og gátu svo ekki einu sinni staðið við það þegar þessi mæling fór fram. Eru það svona vinnubrögð sem við eigum að reikna með að verði höfð í frammi hér eftir? Því er borið við af þeim aðilum sem eiga að gera þetta að þeir hafi ekki fengið fjármagn til þess.

Ég var á fundi norður í Eyjafirði á sunnudaginn sem nokkrir menn boðuðu til þess að upplýsa hvað það mundi þýða að fá álver við Eyjafjörð. (**Forseti:** Forseti vill nú inna hv. 6. þm. Norðurl. e. eftir því hvort hann gæti lokið ræðu sinni fljótlega eða hvort hann kýs frekar að fresta henni núna og hefja hana á nýjan leik þegar fundur hefst kl. 8.30). Já, ég mundi gjarnan vilja það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn þangað í ræðu minni að ég var að minnast á fund sem ég fór á norður í Eyjafirði á sunnudaginn var. Þar var fullt hús og 22 ræður fluttar. Enginn sem tók til máls vildi álver, en tveir sögðu: Það er engin atvinna. Við vitum að þetta er ekki góður kostur og þá ætti ekki að fara til Eyjafjarðar eins og landslag er þar, veðrátta og gróður. Einn af þeim sem þar töluðu minnti mig svolítið á Ragnar Reykás. Þarna tóku til máls m.a. náttúrufræðingur, dýralæknir og iðnráðgjafinn í Eyjafirði. Í ræðum þeirra kom fram að ef byggt yrði 400 þús. tonna álver í Eyjafirði væru miklar líkur á því að 80 jarðir yrðu að hætta hefðbundnum landbúnaði. Það kom líka fram á fundinum að norska fyrirtækið sem tók að sér hér um árið fyrir staðarvalsnefnd að kanna dreifingu mengunarefna sagði: Það er engin leið fyrir okkur, við höfum ekki getað mælt hvernig dreifingin yrði innan við Akureyri og fram Hörgárdal og Öxnadal.

Ég gerði mér ferð niður í Hollustuvernd ríkisins og talaði við fólk sem þar vinnur. M.a. spurði ég hvort hægt væri að reikna með því að dreifingin yrði lík og reykurinn frá síldarverksmiðjunni á Hjalteyri hefði verið í gamla daga á meðan hún var og hét. Ég spurði hvort þetta efni mundi hafa þá eiginleika t.d. að falla fyrr til jarðar en reykurinn og ekki dreifast eins um. Svarið sem ég fékk var að það væri alls ekki líklegt. Hæstv. ráðherra sagði hér í gær að reiknað væri með því að það væri eitt kíló af flúor á hvert framleitt tonn. Ég spurði Ólaf Pétursson hvort þeir miðuðu við það og hann taldi það vera. En ráðgjafi Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar hefur verið upplýstur um allt annað. Hann var kominn ofan í 300 grömm þegar best lét á fundinum. Það má líka minna á að gerðar hafa verið mælingar hér á útbreiðslu flúors frá Straumsvík. Ég var að fá núna inn á borð hjá mér þær upplýsingar og hef ekki haft tíma til þess að kanna þær, en vonast til þess að ég verði búinn að kanna það fyrir 2. umr. En það er að mér var sagt „svört skýrsla".

Forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins, Ólafur Pétursson, segir m.a. um umhverfisáhrif frá álverksmiðjum: „Blöð, blóm og ávextir geta orðið fyrir skemmdum en líklega eru blöðin næmust. Annar mjög mikilvægur eiginleiki flúors er að hann safnast saman í plöntum þannig að flúorstyrkur í plöntum getur orðið tiltölulega mikill þótt styrkur í andrúmsloftinu sé lítill. Vegna þess að plöntur safna í sig flúor

er líklegt að grasætur sérstaklega verði fyrir áhrifum umfram önnur dýr af völdum flúormengunar. Nautgripir eru taldir viðkvæmastir og eru 25–40 PBM flúor í þurrefni fóðurs talin vera þolmörk. Flúor sest fyrir í beinum dýra og veldur m.a. tannlosi og tannsliti. Beinin verða hrjúf og stökk og liðamót stirð. Brennisteinstvíoxíð er mjög varanlegur mengunarvaldur í heiminum í dag þar sem talið er að hann sé aðalástæðan fyrir súru regnvatni. Áhrif á dýr og menn er fyrst og fremst í öndunarfærum og háð styrk efnisins í andrúmsloftinu og hve oft og hve lengi hvert sinn mengunin á sér stað. Áhrif kerbrota frá álverinu í umhverfi fer alfarið eftir þeirri förgunaraðferð sem valin er." Kerbrot innihalda mikið af flúorsamböndum og ég læt þetta duga hér nema til viðbótar: „Umhverfisröskun af völdum álvers er mjög háð gróðurfari, landnýtingu og dreifingu mengunarefna í lofti þar sem ljóst er að ekki er hægt að segja fyrir um styrk flúors í gróðri og grasætum." Þótt aukningu flúors í andrúmsloftinu megi áætla út frá forrannsókn þá telur Ólafur Pétursson mjög vafasamt að blanda saman áliðnaði og landbúnaði.

Ég kom áðan að því hver hlutur kvenna væri í störfum t.d. hjá Ísal. Þar kom fram að þær eru 9,6% eða ein kona á móti hverjum níu körlum. En konur í byggingarstarfsemi eftir skýrslu Byggðastofnunar eru aðeins 6%.

Í Norður-Noregi er verið að gera stórt átak til að auka atvinnumöguleika fyrir konur. Norsk stjórnvöld telja það einustu leiðina til að stöðva fólksflutningana frá Norður-Noregi suður á bóginn. En hvað eru hæstv. ráðherrar, ríkisstjórn og stjórnarþingmenn að hugsa? Ef ekki verður gert átak, ef svo færi sem ég trúi ekki að nokkrum lifandi manni detti í hug að setja álver niður í Eyjafjörð vegna þess að ég vil spyrja hæstv. ráðherra báða, hæstv. forsrh. og iðnrh., *á hvaða stað ætti síst að setja niður álver ef* ekki í Eyjafirði. Eða þekkja þeir kannski það lítið til veðurfars og gróðurs í Eyjafirði að þeir halda að þar sé rétti staðurinn. Ef menn ætla að leggja niður allan landbúnað á Íslandi þá skil ég þetta vel. Hvergi á landinu er eins mikil framleiðsla á jafnlitlu svæði og í Eyjafirði. T.d. er yfir 20% af mjólk framleidd þar. Svo gæti farið, ef það er rétt sem kom fram hjá *þessum sérfræðingum sem töluðu á fundinum*, að á 80 jörðum yrði að hætta hefðbundnum búskap ef sett yrði 400 þús. tonna álver við Eyjafjörð. Ef það er rétt þá þarf þetta fólk sem þar er að hafa atvinnu, það missir sína atvinnu. Það verður að fara með þessa framleiðslu eitthvað annað og hver vill bera ábyrgð á slíku?

Það er auðvitað dálítið merkilegt ár, merkilegt vor 1990. *Í dag er miðvikudagur.* Það á að vera eldhús annað kvöld. Þingslit eiga að vera á laugardag og við erum hér að fjalla um stærstu málin, fiskveiðikvótann og fiskvinnslumálin og þetta mál. Það á að hespa það af á þessum dögum.

Engin rök eru fyrir þeim útreikningum sem eru í greinargerð með frv. Haft var eftir hæstv. forsrh. hér á dögunum að sumir í Atlantal-hópnum vildu ekki byggja álver hjá Straumsvík því ef mengunarslys yrði þyrfti að liggja ljóst fyrir hvorum aðilanum væri um að kenna. Þetta sýnir að bæði þeir sem ætla að fara að byggja þessar verksmiðjur og forsrh. gera ráð fyrir því, sem eðlilegt er, því þessi mengunarslys eru alltaf að eiga sér stað. (**Forsrh.:** Hvar var þetta?) Þetta var í útvarpi, haft eftir hæstv. forsrh. Ég vonast til þess að ég eigi þetta, þannig að ef ég hef ekki tapað því þá mundi ég lofa ráðherranum að sjá það.

Sautján læknar frá Norðurlöndum fóru til Póllands í byrjun apríl sl. til að kynna sér ástandið þar og þá fyrst og fremst ástand vegna mengunar. Þeir komu m.a. á sjúkrahús og fæðingardeild þess. Þar var þeim sagt að 15% af börnum sem fæddust þar væru vansköpuð. Þeim skildist að læknar þar álitu að vansköpunin stafaði af kjarnorkuslysinu í Tsjernóbíl í Rússlandi. Norrænu læknarnir fengu upplýsingar um hver geislamengun hefði orðið þar og komust að þeirri niðurstöðu að hún væri síst meiri en á sumum stöðum í Svíþjóð. En þar hafa engin vansköpuð börn fæðst. Álit þeirra var að vansköpunin stafaði af koparnámum og álbræðslu.

Í síðasta hluta marsmánaðar kom eftirfarandi frétt í Ríkisútvarpinu: Kanadísk stjórnvöld hafa fyrirskipað opinbera rannsókn á því hvers vegna óvenjumörg vansköpuð börn hafa fæðst nærri kjarnorkuveri í iðnaðarbæ í Québec á síðustu tveimur árum. Bændur í sveitum nærri kjarnorkuverinu greina einnig frá því *að mikið hafi fæðst af vansköpuðum skepnum* á sama tíma. Kjarnorkuver í þessum bæ hóf starfsemi 1982. Hópur sérfræðinga mun rannsaka hugsanlega geislun frá verinu, mengun frá álverum og öðrum verksmiðjum í nágrenninu. Sérfræðinga þar grunar jafnvel að það geti verið út frá álverum.

Víða koma fram grunsemdir um mjög skaðlega mengun frá álverum og rannsóknir vegna þeirra *grunsemda fara fram. Iðnþjóðirnar leggja kapp á* að byggja álbræðslur utan sína heimalands og þróunarríkin eru í stórhættu vegna þessarar stefnu og ásóknar álbræðsluauðhringa. Fólk er varað við að setja ílát úr áli í þvottavélar vegna útfellingar álsins. Grunsemdir eru uppi um hvort ekki sé vafasamt að nota álílát undir matvæli. Rannsóknir fara fram á því og einnig fleiri málmum. Í Svíþjóð og fleiri Evrópulöndum eru *menn orðnir hræddari við aðra mengun en frá kjarn*orkuverum. Þrátt fyrir þetta allt erum við Íslendingar að sækjast eftir að hér verði byggt risastórt álver og sumir vilja að það verði staðsett í blómlegasta landbúnaðarhéraði landsins, við tiltölulega þröngan fjörð umkringdan háum fjöllum þar sem landslag og veðurfar er með þeim hætti að síst ætti að setja niður álver þar eða aðra mengunarríka framleiðslu. Er okkur Íslendingum ekki sjálfrátt? Er kæruleysið orðið svo yfirþyrmandi að menn ana út í hvað sem er án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum? Getur verið að minnimáttarkenndin eða þjónkunin við erlenda auðhringa ráði ferðinni? Ég get a.m.k. ekki séð eða skilið að heilbrigð skynsemi ráði í þessu máli.

Þið ráðamenn, sem sýnt hafið skilning á þörfinni fyrir atvinnuuppbyggingu í Eyjafirði og annars stað-

ar, ég vil spyrja ykkur; er ekki fýsilegri kostur að styðja hugvit og krafta kvenna og karla t.d. við Eyjafjörð en að halda áfram þessum blindingsleik sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir byggðarlögin, fyrir þjóðina alla? Það er ekki einu sinni sannað mál, langt frá því að það sé sannað mál, að álver sé þjóðhagslega hagkvæmt, eins og það heitir, að álver skapi okkur efnahagslega betri lífskjör en önnur uppbygging.

Úr því að hægt er að fá fjármagn til þess að byggja álver, getum við þá ekki sameinast um að nýta þá fjármagnsmöguleika til skynsamlegri atvinnuuppbyggingar, bæði við Eyjafjörð og á landinu öllu? Eða er álver orðið átrúnaðargoð íslenskra ráðamanna?

Niðurstaða mín er þessi:

1. Álver er ekki hagkvæmur kostur fyrir okkur Íslendinga.

2. Við höfum mjög takmarkaða hagkvæma virkjunarkosti og verðum að hafa það í huga við verðlagningu orkunnar.

3. Við Íslendingar eigum fyrst og fremst að framleiða matvæli. Mengunarfyrirtæki eins og álver og matvælaframleiðsla fara ekki saman.

4. Við eigum ekki að fara eftir atvinnustefnu sem verður til þess að þjappa þjóðinni saman á 2–3 staði á landinu. Eða er það kannski stefna núv. ríkisstjórnar?

5. Við verðum að byggja atvinnulífið upp á þann veg að það henti jafnt fyrir konur og karla. Það gerum við ekki með byggingu álbræðslu.

6. Eyjafjörður kemur ekki til greina að mínu *mati undir álverksmiðju, vegna landslags, gróðurs* og veðurfars.

7. Norsku sérfræðingarnir sem staðarvalsnefnd fékk til þess að mæla hvernig mengun frá álveri við Dysnes mundi dreifast um byggðir Eyjafjarðar komust að þeirri niðurstöðu að það færi eftir magni þeirra efna sem færu út í andrúmsloftið. Þeir gátu ekkert um það sagt hver dreifingin yrði um Hörgárdal og innan við Akureyri.

8. 200 þús. tonna álver, hvað þá tvöfalt stærra, mundi verka sem krabbamein í eyfirskum byggðum. Viljið þið, hæstv. ráðherra og hv. alþingismenn, taka slíka ábyrgð á ykkur?

9. Ég hygg að Akureyri og eyfirskar byggðir muni ekki lengur hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn ef álver rís þar og blámóða byrgir sýn.

10. Ég hygg að landbúnaðarframleiðslu verði stefnt í verulega hættu ef álbræðsla rís við fjörðinn.

11. Risastórt álver er ekki byggðamál, hvar sem það verður sett niður, heldur andhverfa þeirrar byggðastefnu sem flestir flokkar, ef ekki allir, hafa þóst berjast fyrir.

12. Nú eru 90% líkur fyrir því að álverið verði sett niður á Vatnsleysuströnd og dregið verði úr öllum framkvæmdum annars staðar eða að miklu leyti á byggingartíma þess. Telja landsmenn slíka uppbyggingu æskilega og munu þeir styðja hana?

13. Það er kátbroslegt að vera að setja á stofn umhverfisráðuneyti á sama tíma og rætt er um að byggja 400 þús. tonna álver á Íslandi.

Hæstv. forseti. Ég las í blaði sem heitir Fjármál nokkuð athyglisverða grein eftir hv. 1. þm. Reykv. Hann vill halda því fram að Ísal sé hér um bil búið að borga það hlutfall í virkjunum sem nemur því sem þeir fá af orkunni. Það kemur í ljós við könnun að Landsvirkjun metur sínar framkvæmdir í orkunni á 80 milljarða. En Ísal borgar ⅛ eða tæpa 10 milljarða. Ef maður athugar hvernig þetta kemur út eins og það er nú, þó það væri ekki meira, þá kemur í ljós að það þolir ekki meira en 4,5% vexti og með því móti borgar það ekki niður þessa upphæð. En auðvitað verðum við að átta okkur á því umhverfi sem við erum í nú. Það passar nokkurn veginn að Straumsvík þurfi svipaða orku og Fljótsdalsvirkjun kemur til með að framleiða. Fljótsdalsvirkjun með línu og öllu kostar töluvert yfir 20 milljarða. Virkjunin sjálf 18–19 milljarða fyrir utan línu og annað sem tilheyrir. Ef þeir fengju orku frá þessu fyrirtæki þyrftu þeir að borga 2,30 kr. og mundu þó ekki borga neitt niður.

Ég vil leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. iðnrh.:

1. Er ekki eðlilegt og skylt miðað við lög að orkuverð til stóriðju verði miðað við meðaltal byggingarkostnaðar þeirra 15 virkjunarkosta sem áætlanir liggja fyrir um ásamt kostnaði við byggingu háspennulínu og spennivirkja?

2. Við hvaða vaxtagreiðslu af byggingarkostnaðinum öllum þarf að miða svo að borð verði fyrir báru, eins og hæstv. ráðherra nefndi hér í ræðu sinni í gær?

Ég fer nú að ljúka máli mínu í þetta sinn. Ég mun verða á móti því að þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel óskynsamlegt að fara í meiri kostnað en þegar er búið og þar á ég við Blönduvirkjun. Ég skil vel þessa erlendu álfursta að þeir vilji fyrst láta virkja og koma svo og semja og pressa niður verðið af því að þá standa stjórnvöld og þjóðin frammi fyrir gerðum hlut og ekki um margt að velja. Talað er um að búið sé að greiða mikið niður af þeim virkjunum sem við eigum. Eftir því sem bókfært er er það rúmur helmingur. Skuldin er, *ef ég man rétt*, um 36 *milljarðar*. Er það meiningin að nota þetta fjármagn að einhverju leyti til að kaupa þessa auðhringa til að byggja álver á Íslandi? Þeir krefjast rúmlega 19% ávöxtunar, gera 19% ávöxtunarkröfu sjálfir og það á fyrsta starfsári verksmiðjunnar. Ég held að menn verði að hugsa dálítið út í það.

Að síðustu vil ég segja þetta af því að ég hef skoðað þetta mál að ég tel niður í kjölinn. Ég viðurkenni að mér getur eitthvað skjátlast, en ég hef borið þetta undir ýmsa og vildi fá svör við þeim spurningum og þeim útreikningum sem ég hef lagt fyrir, alveg undanbragðalaust. En ég tel einnig afar athugavert hvað völd og þekking þeirra sem stjórna málum sem tengjast þessu máli eru á fárra höndum. Formaður ráðgjafarnefndarinnar sem stjórnar viðræðum við Atlantal-aðilana er Jóhannes Nordal.

Hann er einnig formaður stjórnar Landsvirkjunar, sem verður aðalframkvæmdaraðilinn af hálfu Íslendinga. Og hann er jafnvel formaður bankastjórnar Seðlabankans sem hefur eftirlit með erlendum lántökum þjóðarinnar og spyr ekki alltaf að, eftir því sem mér sýnist. Ég tel það óforsvaranlegt að fela einum manni svo mikil völd og að láta vinna svona stórt mál með þeim hraða að lítill og raunar enginn tími gefist til þess að kynna stefnumið og meginþætti málsins fyrir þjóð og þingi.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu hér með lokið en tek sjálfsagt til máls við 2. umr. þegar ég verð búinn að átta mig á þeirri skýrslu sem mér var að berast í hendur og ræði kannski svör ráðherranna ef þau verða einhver. En ég mun líka reyna að koma því í fjölmiðla sem ég hef athugað í þessu máli og þá fæ ég vonandi viðbrögð þeirra sem stjórna þessum málum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál um það frv. sem hér liggur fyrir, aðeins örfá atriði sem ég vil koma inn á sem mér finnst skipta máli í sambandi við þetta stóra mál sem hér er til umræðu. Þess vegna ætla ég ekki að ræða efnislega sjálft frv.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að leggja verður fram frv. til laga um orkuver og taka ákvörðun í sambandi við stórvirkjanir í landinu miðað við þau áform að reisa hér stóriðju þar sem ný raforkuver eru alger forsenda þess að um slíkt sé hægt að tala. Þar af leiðandi eru þetta samtengd mál, stórvirkjanir og stóriðja eða stóriðjuáform og ég hef ekki athugasemdir við það fram að færa. Mér finnst það eðlilegur hlutur og mér virðist einnig ljóst að ákvörðun um orkuver, hversu stór og hvar þau eigi að vera, verður að vera nátengd ákvörðunum sem þarf að taka um slíka stóriðju. Við höfum dæmi fyrir framan okkur þar sem þetta var ekki gert. Þar á ég að sjálfsögðu við Blönduvirkjun sem kostar þjóðina nú einhvers staðar um 12 milljarða kr. Við ákvörðun um þá virkjun var ekki gert ráð fyrir staðsetningu eða dagsetningu á orkukaupanda. Þar af leiðandi þarf ég ekki að ræða frekar um það mál. Það kemur að sjálfsögðu til meðferðar á Alþingi þegar ákvörðun verður tekin um það hvort möguleikar eru á því að reisa hér þá stóriðju sem á að standa undir og nýta þá orku sem hér er verið að tala um að láta virkja.

Það sem mig langar fyrst og fremst til að taka hér til umræðu í sambandi við þetta mál er þetta stóra vandamál að því er varðar jöfnun á orkuverði í landinu. Ég þarf ekki að lýsa hér úr þessum ræðustóli hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Það hefur verið rætt um þetta í áraraðir á hv. Alþingi. Allir aðilar sem um það hafa rætt hafa í raun verið sammála um að þetta væri takmark og þetta væri nokkuð sem yrði að framkvæma. Ég minni á stefnu ríkisstjórnarinnar um þetta atriði. Hún er ótvíræð. Ég minni á stefnu stjórnmálaflokkanna sem raunar hafa allir í áraraðir og sumir jafnvel í áratugi lýst yfir áformum um að ná fram því markmiði að allir íbúar landsins sætu við sama borð að því er varðar orkukaup og verðið yrði það sama við hliðstæða notkun. Ég minni á þáltill. og frv. um þetta og meira að segja á þessu þingi. Ég get vitnað hér í þáltill. um jöfnun orkukostnaðar frá þingmönnum Vesturlandskjördæmis sem var til umræðu ekki alls fyrir löngu. Í þeirri þáltill. er rifjuð upp saga þessa máls að nokkru leyti. Þar er vitnað í málefnasamning ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá september 1988 og þar eru dregin upp örfá atriði sem ég vil, með leyfi forseta, rifja upp. Þar segir:

„Höfuðverkefni ríkisstjórnarinnar er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi.

Að framfylgja árangursríkri byggðastefnu, sem komi betra jafnvægi á byggðaþróun í landinu.

Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu."

Í endurnýjuðum málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 10. sept. 1989 segir í inngangi að samkomulag hafi orðið um að geta einungis helstu áhersluatriða í sérstöku samkomulagi um stjórnarsamstarf, en vísa að öðru leyti til málefnasamnings fráfarandi ríkisstjórnar. Eitt af áhersluatriðunum er þetta:

„Endurskoða verðmyndun á orku með það að markmiði að jafna orkuverð og efla innlendan orkubúskap."

Ég þarf ekki að vitna í ýmsar samþykktir sem stjórnmálaflokkarnir hafa gert. Þó vil ég aðeins nefna í þessu sambandi Framsfl. Þar stendur:

„Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins verði sameinaðar í eitt orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki og raforkuverð verði það sama til allra dreifiveitna. Stefnt verði að því að raforkuverð í smásölu verði jafnað til sambærilegrar notkunar.

Raforkutaxtar verði endurskoðaðir með tilliti til nýtingartíma og orkunotkunar."

Í samþykkt kjördæmisþings Alþfl. í Vesturlandskjördæmi frá því í september sl. segir svo, með leyfi forseta:

„Kjördæmisráðið beinir því til iðnrh. að hann vinni ötullega að jöfnun orkuverðs í landinu, enda er það ein meginforsenda áframhaldandi búsetu fólks á landsbyggðinni. Sama orkuverð á að gilda um land allt án tillits til búsetu."

Þannig mætti lesa heila bálka samþykkta stjórnmálaflokka hér á landi, samþykktar þáltill. hér á Alþingi og ýmsar yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í þessu mikilvæga máli. En því miður er ástandið þannig í dag, þótt eitthvað hafi miðað, það ber að viðurkenna, að kostnaður þeirra sem búa á hinum svokölluðu köldu svæðum og treysta á rafmagnsupphitun er 2½–3 sinnum meiri en á þeim svæðum sem búa við bestu aðstöðu í sambandi við hitaveitu.

Fyrir Alþingi liggur einnig frv. til laga á þskj. 470, um breytingu á lögum um Landsvirkjun, sem hefur verið til meðferðar í Ed. Alþingis nokkuð lengi. Þar er gert ráð fyrir vissum lagabreytingum sem eiga að leysa þetta mál að vissu marki. En því miður ber ekki

enn á því að samkomulag sé um að heimila afgreiðslu á því máli og sagt er að stjórnvöld beiti áhrifum sínum gegn þessu. Þegar við erum hér að ræða um að taka ákvörðun um raforkuver sem eru af stærðargráðu margir tugir milljarða kr. og reisa stóriðju sem er e.t.v. af stærðargráðunni 50 milljarðar kr., þá tel ég að það sé fyllilega tímabært, a.m.k. fyrir okkur þingmenn sem eigum að gæta hagsmuna þeirra íbúa landsins sem búa við þetta óréttlæti og hafa búið við það í áraraðir, að gerð verði tilraun til að tengja þessi mál saman. Og það er mín skoðun, herra forseti, að áður en gengið er frá samþykktum um ný orkuver og ný stóriðjuver sé ekki úr vegi að ætlast til þess að fyrir liggi ákvörðun stjórnvalda eða Alþingis um það hvernig verður staðið að þessari jöfnun umfram það sem þegar hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi, sem er alls ekki fullnægjandi. Þess vegna tel ég að við þurfum að fá skýr svör við því hvaða leiðir er hægt að fara og áætlað er að fara af stjórnvöldum í sambandi við meðferð þessara stóru mála sem við erum að ræða hér sem eiga eftir að hafa áhrif á íslenskt efnahagslíf, væntanlega í næstu framtíð, það liggi fyrir hvernig eigi að ná fram þeirri kröfu að jöfnun orku til allra notenda í landinu verði að veruleika.

Það þarf í raun og veru ekki að hafa öllu lengra mál um þetta. Það þarf ekki að rökstyðja það frekar, það vita allir hversu þýðingarmikið þetta mál er, hversu mikið réttlætismál það er að allir þegnar landsins fái notið á sambærilegu verði þeirrar miklu orku sem er til staðar í okkar landi og verður til staðar með nýjum stórvirkjunum. Ég held að því þurfi ekki að hafa öllu lengra mál um þetta. En ég óska eindregið eftir því við hæstv. iðnrh. að hann komi inn á þetta mál, og jafnvel hæstv. forsrh. einnig, því þetta er ekki lengur neitt smámál. Ég sagði hér á dögunum í umræðum um þáltill. um jöfnun orkukostnaðar að það væri kominn tími til að þingmenn dreifbýlisins hættu þessu poti hver í sínu horni. Við hefðum reynt það í gegnum þá aðstöðu sem við höfum einn og einn, bæði í gegnum aðild að ríkisstjórn eða í stjórnarandstöðu en okkur hefði ekki tekist betur en staðreyndir sýna. Það væri kominn tími til að við tækjum höndum saman. *Ég hygg að við getum myndað meiri hluta hér* á hv. Alþingi og knúið fram aðgerðir í þessu máli svo að viðunandi sé. Ég tel að í sambandi við þau stórmál sem nú eru fram undan sé ekki úr vegi að við tökumst á um þetta mál eða alla vega við fáum skýr svör um hvað ríkisstjórnin vilji gera í sambandi við þetta mál.

Við höfum oft rætt um að það væri sjálfsagt skjótvirkast að ná árangri með því að breyta lögum um Landsvirkjun. Eins og lögin um Landsvirkjun eru í dag er þetta óframkvæmanlegt. Það má vel vera að fyrsta skrefið sem væri hægt að stíga með skjótum hætti væri slík lagabreyting. Oft hefur verið rætt um það að sameina ætti Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins í eitt orkuöflunar- og orkudreifingarfyrirtæki. Út af fyrir sig hef ég ekki neitt á móti því að það væri skoðað. En ég hygg að langt sé í land með að ná samstöðu hér á hv. Alþingi um að leggja á orkuskatt eða orkujöfnun á nýjan leik sem leysi þetta mál svo viðunandi sé. Þó má það vel vera, en ég hygg að í sambandi við þessi mál nú sé eðlilegt að spurt sé og við áttum okkur á því hvort það er ekki hægt að finna hér lausn eða ákveða lausn sem landsmenn geti sætt sig við. En ég endurtek það hér að mér finnst það vera ákaflega erfitt, a.m.k. fyrir okkur sem höfum af þessu miklar áhyggjur vegna þeirra upplýsinga sem við höfum frá okkar umbjóðendum, að ganga hér eins og ekkert hafi í skorist að því að samþykkja nýjar stórvirkjanir upp á marga tugi milljarða kr. og samþykkja stóriðju upp á marga tugi milljarða kr. án þess að við sjáum lausn á þessu mikla vandamáli.

Herra forseti. Ég gæti að sjálfsögðu talað langt mál að öðru leyti um það frv. sem hér liggur fyrir en ég ætla ekki að gera það frekar við þessa umræðu. Ég sagði í upphafi að auðvitað er það ljóst að ef við ætlum að nýta þá miklu orku sem við eigum í fallvötnum Íslands og jarðhita þá er það náttúrlega ekki hægt nema því aðeins að hafa jafnframt orkukaupendur sem í þessu tilfelli er stóriðja. Ég er ekki svo harðsvíraður að mér detti í hug að halda því fram að það sé ekki eðlileg þróun og það sé ekki eðilegt að vinna að þessu saman. Og mér dytti aldrei í hug að segja að ég vilji ekki stuðla að því að hér séu reist álver, eða einhver álíka stóriðjuver, það finnst mér alveg sjálfsagður hlutur.

Ég ætla ekki að ræða um staðsetninguna. Það eru margir staðir á Íslandi sem vissulega koma til greina og það er eðlilegt að mínu mati að þeir sem stjórna stórum byggðarlögum og ekki síst úti á landi, heilum landsvæðum, skoði það í alvöru sem eðlilegan kost að staðsetning slíkrar stóriðju væri athuguð á þeirra svæðum. Það er alveg ljóst að með því móti kemur nýtt líf í atvinnumálin á þessum svæðum. Ég er búinn að kynnast því af eigin raun hvernig er t.d. hér uppi í Hvalfirði. Ég man þegar níðstangir voru reistar á Grundartanga gegn því að reist væri sú verksmiðja sem þar er og menn spáðu auðn og dauða í byggðum í kringum það svæði. En reynslan er sem betur fer allt önnur. Þetta er ein af mikilvægum lyftistöngum á þessu svæði í atvinnulífi og um leið fyrir þjóðarbúið í heild. Og sama er að segja um Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Þess vegna lýsi ég því yfir að ég er alveg laus við fordóma á þessu sviði um leið og ég fullyrði að auðvitað verður að gera þær ströngustu kröfur sem nútíminn býr yfir í sambandi við uppbyggingu á slíkum stóriðjuverum.

Herra forseti. Ganga mín hér upp í ræðustól nú var einvörðungu til að vekja athygli á þessu máli sem við höfum verið að reyna að berjast fyrir á undanförnum árum, þ.e. jöfnun orkuverðs í landinu fyrir íbúana hvar sem þeir eru. Það er mál númer eitt, tvö og þrjú í mínum huga og ég vil tengja það afgreiðslu þessa stórmáls.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Enn eru fjórir hv. þingdeildarmenn á mælendaskrá og að öllum líkindum mun hæstv. iðnrh. bætast á mælendaskrá áður en yfir lýkur. Forseti vill við þetta

tækifæri og miðað við gang mála í báðum deildum í dag vekja athygli hv. þingdeildarmanna á því að samkvæmt framgangi mála nú á síðustu klukkustundum eru allar líkur á því að endurskoða verði áætlanir sem gerðar hafa verið um þinglok á laugardag. Ef mál fá ekki skjótari framgang sér forseti ekki að bara af tæknilegum ástæðum verði unnt að ná fram þeim málum sem ætlunin er að afgreiða fyrir þinglok fyrir laugardag. Forseti vill að gefnu tilefni vekja athygli á þessu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það frv. um raforkuver sem hér er til umræðu er stórt og mikið mál. Því er það þýðingarmikið að vel farnist og hefði verið ágætt að ekki hefði þurft að vinna það hér í tímahraki. En ég vil segja í sambandi við þetta mál, í sambandi við orkuver og stóriðju, að þetta er eitt af þeim málum sem ég vil flokka undir byggðamál og sé tækifæri til þess að koma jákvæðri byggðastefnu í framkvæmd hér á Íslandi. Með jákvæðri byggðastefnu á ég við að stjórnvöld reyni eftir því sem frekast er unnt að koma í veg fyrir frekari byggðaröskun en orðin er í landinu. Menn geta haft á því ýmsar skoðanir hvers vegna sú byggðaröskun hefur orðið. En mér finnst einsýnt að óstjórn í efnahagsmálum Íslendinga undanfarna áratugi hafi því miður átt þátt í þeirri byggðaröskun og sérstaklega núna síðustu tvö árin.

Í sambandi við stórframkvæmdir eins og hér eru til umræðu er ljóst að þeim munu fylgja ýmsar aukaverkanir sem er náttúrlega ekki aðalkjarni málsins því að kjarni málsins er að þetta er jákvætt mál og af því getur þjóðin haft mikið gagn. En því er ekki að neita að ýmsum atriðum varðandi stjórn efnahagsmála og peningamála þarf að gæta að svo að ekki verði gert tjón með annarri hendinni og gagn með hinni þannig að árangurinn verði enginn. Landsmenn vantar ekki fleiri klúður í efnahagsmálum. Ég vil því leyfa mér að koma hér örlítið inn á þann þátt þessara mála sem varðar mikla þenslu í hagkerfinu svona til aðvörunar. Þessu fylgir mikið innstreymi af erlendu fé inn í landið og þá verða stjórnvöld auðvitað að gæta þess vandlega að það valdi ekki þenslu og röskun og skapi þar af leiðandi tjón hjá þeim atvinnugreinum sem fyrir eru í landinu. Ef ráðamenn þjóðarinnar beina augum sínum að þessu þá tel ég að vel geti farnast, en hins vegar ef menn gá ekki að sér þá geti illa farið. Efnahagsstjórnun hefur verið á þá leið undanfarin missiri að menn hafa talað um að setja verðjöfnunarsjóð aftur á sjávarútveginn þó að verð á erlendum mörkuðum hafi hækkað lítillega. En minnst af þeim hækkunum er nú komið heim til Íslands. Þó að verð hafi hækkað á erlendum mörkuðum þá er það sýnd veiði en ekki gefin fyrr en greiðslur fara að berast til landsins. Samt eru menn strax búnir að tengja þetta saman og farnir að tala um einhverja þenslu og eru þá væntanlega að nota tækifærið og telja þensluna af völdum verðhækkana á sjávarafurðum erlendis, en þetta er auðvitað þensla vegna þess hve miklu núverandi stjórnvöld hafa dælt af fjármunum, af verðlausum peningaseðlum, inn í bankakerfið. Og það er einmitt það sem er varasamt í sambandi við stórframkvæmdir sem þessar ef þess verður ekki gætt að hafa hemil á peningakerfinu. Það er ekki nóg að taka nokkur hundruð milljónir og setja í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegs og halda síðan áfram að prenta verðlausa peningaseðla fyrir milljarða. En það er hlutverk seðlabanka þjóðarinnar að sjá til þess að jafnvægi sé á peningamarkaðnum í landinu og það hefur nú ekki gengið allt of vel undanfarin missiri.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á það að hér var lagt fram merkt frv. sem ekki hefur gengið að fá afgreitt. Það er frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Það situr nú fast í hv. fjh.- og viðskn. Virðist þar allt frosið fast og ekki hægt að fá málið afgreitt út úr nefndinni. En einmitt þetta frv. væri mikilvægt fyrir íslenska þjóð að fá afgreitt hér á þessu hv. Alþingi til þess að stíga á bremsurnar varðandi þenslu einmitt af slíkum framkvæmdum sem þessum. Ég vil einnig minna hæstv. viðsk.- og iðnrh. á það að fram þarf að fara frekari athugun á smærri virkjunarkostum. Augum hefur ekki verið beint nægilega mikið að þeim, en fyrir raforkukerfið getur verið mikið gagn að smærri virkjunum til að koma í veg fyrir orkutap í flutningi. Slíkar smærri virkjanir þjóna mjög jákvæðum tilgangi til að koma í veg fyrir töp í flutningslínum.

Ég minni einnig á það í sambandi við framkvæmd sem þessa að hlutverk stjórnvalda er alltaf að koma á jafnvægi þegar ójafnvægi ríkir í þjóðfélaginu, að leitast við að beita jákvæðum aðgerðum til þess að koma jafnvægi á, hvort sem um er að ræða byggðamál, fiskveiðistjórnun, atvinnumál, vinnumarkaðsmál eða peningamál. Það er alltaf hlutverk stjórnvalda að reyna að koma jafnvægi á þessa markaði þegar illa gengur, ekki með því að þvinga hlutina niður á við heldur með því að leita jafnvægisástands með jákvæðum aðferðum.

Ég vil í þessu sambandi að lokum leggja áherslu á að það er skylda stjórnvalda hér á Íslandi að beita jákvæðum aðgerðum til þess að byggðaþróun verði hagstæð fyrir þjóðina alla því að það er hvorki hagstætt fyrir höfuðborgarsvæðið né landsbyggðina að meiri fólksflutningar verði hér í landinu en þegar eru orðnir. Það er einfaldlega til tjóns fyrir alla þjóðina. Þess vegna er það mjög mikilvæg lausn á því máli sem fram undan er að leysa hjá stjórnvöldum varðandi staðsetningu stóriðju að sú stóriðja verði staðsett á landsbyggðinni. Ég tel það skyldu stjórnvalda að staðsetja þá stóriðju, sem hér er verið að ræða um, úti á landsbyggðinni til þess að leitast við að gegna þeirri skyldu sinni að halda jafnvægi í byggð landsins. Einnig er það skylda stjórnvalda að haga stjórn peningamála og vinnumarkaðsmála þannig að lífskjör allra landsmanna geti dafnað sem best um allt land.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er sagt að draumurinn um eilífðarvélina sé eitt af því sem hugvitsmenn fyrri alda glímdu við og náðu aldrei að smíða. En í vissum

skilningi má segja að vatnsaflsvirkjanir nálgist það að gera þann draum að veruleika og vafalaust vilja allir Íslendingar að fallvötn landsins séu hagnýtt til þess að skapa hér auð eins og aldamótaskáldin ortu um. Það fer aftur á móti ekki á milli mála að það er með nokkuð sérstæðum hætti hvernig Íslendingar hafa staðið að því að byggja upp sitt raforkukerfi og sína eignaraðild á því fyrirtæki sem veittur hefur verið aðalvirkjunarréttur á öllu vatnsafli á Íslandi. Þar eru að vísu Vestfirðir undanskildir vegna tilkomu Orkubús Vestfjarða.

Þannig standa þau mál að þær virkjanir sem hafa verið hannaðar og eru hvað stærstar eru nú þegar á virkjanaskrá hjá Landsvirkjun sem þeirra eign hvað vatnsréttindi snertir, en einnig eru eignarnámsheimildir til staðar, eignarnámsheimildir sem miða að því að hægt sé að taka önnur vatnsföll og afhenda þau Landsvirkjun. Þetta fyrirtæki er aftur á móti til helminga í eigu ríkisins og tveggja sveitarfélaga, höfuðborgarinnar Reykjavíkur og höfuðborgar Norðurlands, Akureyrar.

Það er stundum talað um að atkvæðisrétturinn sé misjafn í þessu landi. Þó er nú svo komið að með því að allir flokkar þurfa að hafa jafnmörg atkvæði á bak við hvern þingmann, en hafa mjög misjafnt fylgi eftir því hvernig stefnuskrá þeirra er á hinum ýmsum svæðum landsins, liggur það ljóst fyrir að búið er að jafna þennan atkvæðisrétt að fullu. En snúist aftur á móti umræðan um atkvæðisréttinn gagnvart vatnsvirkjununum blasir það við að þar hafa þeir sem í Reykjavík búa og þeir sem búa á Akureyri umtalsverðan atkvæðisrétt umfram aðra menn í þessu landi.

En það er fleira sem er athyglisvert við þetta kerfi sem við höfum búið til. Landsvirkjun er eitt af fáum fyrirtækjum á Íslandi þar sem þannig er um hnútana búið að það á ekki að geta tapað, það hefur einokunaraðstöðu. Í 13. gr. laganna sem nú eru í gildi er gengið út frá því hvernig gjaldskráin skuli upp byggð og vil ég, með leyfi forseta, lesa 13. gr.:

„Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverð við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundinn í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins."

Hverjir eru það þá sem bera áhættuna ef við byggjum nýtt álver? Ráðherrann þarf að heimila. Hann ber aftur á móti ekki ábyrgðina vegna þess að það yrði einfaldlega litið á það sem mannleg mistök ef í ljós kæmi að þeir samningar sem hann hefði gert hefðu ekki reynst jafnhagkvæmir og gert var ráð fyrir. Þá spyr maður: Eru það eigendurnir sem bera áhættuna? Svo er ekki. Eigendurnir bera ekki áhættuna heldur raforkunotendur í landinu. Og þá kemur upp sú sérstæða staða að raforkunotendurnir í þeim bæjarfélögum á Íslandi sem eru eigendur að Landsvirkjun eru hlutfallslega miklu minni kaupendur að rafmagni, hinn almenni maður, en þeir sem eru fyrir utan þau svæði. Hvers vegna? Jú, einfaldlega vegna þess að þar er heitt vatn notað til upphitunar og orkukaupin miðast því við almenn not til annarra hluta hjá viðkomandi aðilum. Þetta leiðir hugann að því að í dag höfum við í gildi þannig kerfi í gjaldskrármálum að við erum nánast búnir að koma því svo fyrir að það verkar eins og að vega salt, þ.e. við erum með samninga hjá stóriðjunni sem eru háðir verðlagningu á áli á hverjum tíma og eru kannski ekki óeðlilegir, en á hinum endanum erum við með þann aðila sem ber áhættuna, þ.e. raforkukaupendurnir. Ef álverðið lækkar þá hefur það þær afleiðingar að verðið hjá hinum almenna kaupanda sveiflast upp vegna þess að Landsvirkjun hefur markað sér þá stefnuskrá að á 20 árum skuli allar skuldir hennar miðað við núverandi framkvæmdir vera greiddar.

Nú er það svo að nokkur óróleiki er orðinn á þessum stað, þ.e. á vegasaltinu, vegna þeirrar sveiflu sem er í álverði í dag. En hvernig haldið þið að sé að vera á þessu vegasalti ef við bætum nýju álveri við? Þá yrði sveiflan svo rosaleg að það er spurning hvort menn mundu tolla á því. Þetta leiðir hugann að því að það er vonlaust að 13. gr. geti verið óbreytt verði farið í nýja stóriðju. Það hlýtur að vera eðlilegt að eigendurnir sjálfir, þ.e. Landsvirkjun sjálf, taki sveiflunum og geti ekki velt þeim út í raforkuverðið í jafnbeinu sambandi við sveiflurnar og þær eiga sér stað.

Ég hygg að hæstv. iðnrh., ef hann sest niður og skoðar þessa sveifluþætti, átti sig á því að það er illásættanlegur kostur, en hefur þó verið þannig að merkilega mikill friður hefur verið um, að búa við þá sveiflu sem í dag stafar af því hvað álverðið sveiflast upp og niður. En komi nýtt álver til viðbótar með þau gífurlegu orkukaup þá hlýtur það að vera ljóst að sveiflujöfnunin getur ekki átt sér stað hjá hinum almenna notanda. Og þeim mun fáránlegra er það að aðalkaupendurnir að raforkunni, nú á ég við ef þetta er skoðað út frá einstaklingum, eru þeir sem búa á hinum köldu svæðum landsins, eru þess vegna með undirvægi í atkvæðum í ákvarðanatöku Landsvirkjunar, litlir arðþegar af tiltækinu en tvímælalaust aðaláhættuhópurinn eins og gjaldskrárkerfið er byggt upp. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. iðnrh. virði mér það til vorkunnar þó að ég óski eftir því að fá

uppgefið hvert verður raforkuverð Landsvirkjunar til kaupenda til ársins 2010 miðað við að allar skuldir verði greiddar upp á 20 árum, þar á meðal skuldir Blönduvirkjunar. Ég tel óhjákvæmilegt að þetta liggi fyrir, menn átti sig á því að ef þetta er sett svona upp þá mun það gerast að raforkuverð í landinu mun stöðugt fara lækkandi næstu 20 árin.

Það hlýtur að vera eðlilegt að spurt verði: Hver verður kúrfan miðað við þá samninga sem ætlunin er að gera þegar menn svo setjast niður og láta á það reyna í fullri alvöru hvaða verð muni fást fyrir raforkuna.

Ég verð að segja eins og er að mér hefði þótt það mun betra hefði verið staðið þannig að þessum málum að um leið og ásættanlegir samningar um raforkuverð við stóriðjufyrirtæki hefðu legið fyrir þá hefði verið óskað eftir virkjunarheimildum því að tvímælalaust hefðu Íslendingar þá haft mun traustari samningsstöðu. Nú blasir það við að menn vilja fara af stað með fjármuni, 300 milljónir, í sumar og treysta því að það tiltæki verði til þess að samningar náist í haust um ásættanlegt álver. Auðvitað hefur hæstv. iðnrh. betri möguleika til að meta það en óbreyttur þingmaður hvort þeir valkostir séu inni í myndinni að ná hinu ásættanlega raforkuverði til álvers. Það má líka segja að við séum nú þegar búnir að setja verulega fjármuni í virkjanaframkvæmdir, sem ekki hafa skilað arði, með hinum miklu rannsóknum sem settar voru af stað á Austurlandi á sínum tíma til að meta hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar.

Ég held aftur á móti að ekki sé hægt að víkjast undan því að þegar við ræðum þessa hluti erum við að ræða um hin stóru mál í þessu þjóðfélagi. Og ég verð að segja það eins og er að ég vorkenni ekki Alþingi Íslendinga að taka sér tíma til að ræða hin stóru mál. Auðvitað eru þinglausnir og slíkir hlutir alger aukaatriði í samanburði við það að menn gefi sér þann tíma sem nauðsynlegur er til að ræða svona mál og komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Ég ætla að víkja að hinum þættinum sem ekki síður er umhugsunarefni og það er hvar stóriðjuver yrði staðsett í landinu. Nú má segja sem svo að það sé tvennt sem fyrst og fremst ber að hafa í huga við staðarval fyrir stóriðju. Annars vegar hvaða aðstæður eru á viðkomandi stað sem skapa þá hagkvæmni í byggingu álversins, vegalengdir frá virkjunum og þeir hlutir allir, ásamt umhverfismálum. Og hitt atriðið er hvaða áhrif það hefur á þróun efnahagsmála innan lands og þá á ég m.a. við búferlaflutninga í landinu. Nú vill svo til að gagnvart búferlaflutningum mælir allt með því að álverið verði ekki byggt hér suðvestanlands. Segja má að þeir staðir sem fyrst og fremst koma til greina gagnvart legu virkjananna séu Austurland, Norðurland og Vesturland. Út frá sjónarmiði þess að æskileg stærð byggðar þarf að vera yfir vissum lágmarksmörkum til að vit sé í að setja þar niður álver, fer það ekki á milli mála að úti á landi er Eyjafjarðarsvæðið æskilegasti valkosturinn. Hitt er svo annað mál að út frá náttúruverndarsjónarmiðum er Eyjafjörður ef til vill óæskilegasti kosturinn. Það er lítið úrkomusvæði. Ekki má gera ráð fyrir því að mjög mikið af því sem berst með lofti frá verksmiðjunni berist á haf út heldur má gera ráð fyrir að verulega mikið af því magni lendi á þurrlendi og þetta er nú einu sinni eitt aðallandbúnaðarhérað landsins. Það má því segja að við séum í verulegum vanda staddir.

Ég held þess vegna að samningar um mengun hljóti að vera mjög stórt mál ef við byggjum álver á stöðum sem tvímælalaust mega ekki við því að taka á móti miklu af skaðlegum efnum í gegnum úrkomu. Og ég hvet menn til að hugleiða það í fullri alvöru að mjög ólík sjónarmið þarf að sameina í þessum efnum. Besta staðsetning á álveri gagnvart mengunarsjónarmiði er tvímælalaust að hafa það þannig staðsett að sú loftmengun sem frá því kemur fari að miklu leyti á haf út og straumar sjái um að gera hana óskaðlega. Ég er aftur á móti ekki viss um að við eigum þá valkosti sem ég er hér að tala um og það gerir þess vegna þetta mál vissulega flókið. Hins vegar þýðir ekki að horfa fram hjá því að ef við tækjum okkur nú til og byggðum þetta álver hér á Reykjanesi þá væri það trúlega fljótvirkasta aðferðin til þess að hraða mjög byggðaþróun frá dreifbýlinu til þéttbýlisins. En jafnframt óvíst — og það bið ég menn að hugleiða í fullri alvöru — hvort Reykjavík hefur búsetulega til að bera þann styrkleika að hún geti keppt við borgir á meginlandi Evrópu um þann fólksflótta sem gæti brostið á. Það blasir við í dag að hún á í vök að verjast í þessum efnum.

Ég held þess vegna að það væri miklu æskilegra ef menn gætu fundið þann flöt á að álverið væri byggt úti á landi án þess að þar yrði mengunarhætta slík sem ég minntist hér á áðan og hagsveiflan innan lands kæmi jafnara inn í þjóðfélagið, styrkti að sjálfsögðu með því móti búsetu bæði í þéttbýli og dreifbýli í landinu. Því það fer ekki á milli mála að hvar sem álver yrði byggt í landinu þá mundi það skapa mörg störf hér á höfuðborgarsvæðinu í gegnum þjónustu. Mér finnst aftur á móti að við séum því miður með allt of marga lausa enda í þessu máli og óneitanlega erum við að færa gífurlegt vald til hæstv. iðnrh. og leggja á hann mikið traust með því að hleypa máli sem þessu áfram miðað við þá hina mörgu óljósu þætti sem eru til staðar. En ég vænti þess að hann geri sér fulla grein fyrir því að eitt af þeim atriðum sem óumflýjanlegt er að taka til endurskoðunar er uppbygging gjaldskrárkerfisins í 13. gr. sem geri það þá að verkum að það verði eigendur Landsvirkjunar sem taki áhættuna, en ekki þeir aðilar sem minnstan eignarhlut eiga í virkjuninni en yrðu samkvæmt núgildandi gjaldskrárkerfi að vera þeir aðilar sem mesta áhættu tækju, þ.e. raforkunotendurnir á hinum köldu svæðum þessa lands.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl., sem hér er verið að ræða er, eins og fram hefur komið í ræðum margra þingmanna, eitt af stærri málunum sem hér hafa verið lögð fram. Með því er verið að ákveða að

stækka raforkuver á Íslandi með það í sjónmáli að byggja nýtt álver. Það hefur verið fróðlegt að hlusta á ræður margra þeirra þingmanna sem um þetta hafa rætt. Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði um álver í Eyjafirði og er honum sammála um það að auðvitað á ekki að reisa neitt álver í Eyjafirði því að þrátt fyrir allt og alla nútímatækni þá mun vera einhver mengun af álveri. Veðurlag er með þeim hætti í Eyjafirði að hætt er við að þar geti orðið töluverð mengun með því og að sú slikja sem kemur úr álveri mundi leggjast yfir fjörð. Hins vegar er það svo að hér á suðvesturhorninu er sjaldan eða nær aldrei logn og þessi hætta því vart fyrir hendi.

Í því sambandi er rétt að minna á það að þær virkjanir sem hér á að fara af stað með munu vera töluvert aflmiklar og auðvitað nauðsyn að virkja sem allra fyrst þessar orkulindir því það er lítið gagn í því að láta orkulindir landsins streyma til sjávar án þess að nota orkuna sem í þeim býr. Okkar auðæfi liggja í þeim orkulindum sem eru ónotaðar og við hljótum að reyna að virkja þær og nota þá orku til þess að byggja upp gott efnahagslíf í framtíðinni.

Það kom fram í dag í skýrslu OECD um framvindu efnahagslífsins á Íslandi að ekki er gert ráð fyrir neinum hagvexti hér á Íslandi. Það er gert ráð fyrir að verðbólga verði töluvert meiri en ríkisstjórnin hefur áætlað og það þýðir auðvitað að lífskjör munu versna allmjög á næsta ári. Það sem getur snúið þessu við er bygging nýrra orkuvera, stækkun þeirra eldri og jafnframt að farið verði út í byggingu álvers á Reykjanesi. Það er nokkuð ljóst að það er vafalaust hagstæðast fyrir þjóðina alla að byggja þar, en auðvitað á að byggja álver á þeim stað sem er hagstæðastur fyrir þjóðarbúið í heild.

Í þessum umræðum hefur komið fram að það er bullandi ágreiningur í ríkisstjórnarliðinu. Það má segja að þeir tali hver í sína veru og hafi hver sína skoðun í þessu máli. Það sem er þess vegna mjög slæmt er að hér skuli vera lagt fram ríkisstjórnarfrv. í svona stóru máli sem ekki er eining um hjá ríkisstjórnarflokkunum. Það hlýtur að vera krafa að hæstv. iðnrh. svari því hér á eftir hvaða stjórnarflokkar standa að frv. og hvaða þingflokkar stjórnarliða samþykktu að það yrði lagt fram hér því að sá ágreiningur sem hefur komið fram í ræðum manna hér er það mikill að það kallar á svör. Það kallar á svör við því hvers vegna ríkisstjórnin er að leggja fram frv. sem hún er ekki sammála um og það kallar á þau svör hvort núverandi ríkisstjórn sé ekki komin að leiðarlokum. Mér sýnist ýmislegt benda til þess, bæði í þessu máli og í ýmsum öðrum málum núna á þinginu, að ríkisstjórnin sé að klofna. Það kæmi mér ekki á óvart þó að ríkisstjórnarliðið gæfist upp við stjórnun landsins núna á næstu dögum, ef til vill í kvöld, ef til vill á morgun. Því sá ágreiningur sem er með stjórnarsinnum er svo áberandi í öllum málum og sá málflutningur sem þeir hafa hér í frammi í hinum ýmsu málum þar sem þeir brigsla hver öðrum á víxl með stóryrðum eins og kom fram í umræðum í dag. Það er alveg ljóst að þessi ríkisstjórn er komin að leiðarlokum. Hún gæti þess vegna gefið upp öndina í nótt, hún gæti líka gefið upp öndina í fyrramálið. Hún er bara í öndunarvél þessa stundina og hún er í öndunarvél umhverfismálaráðuneytisins.

Ég tel því að það hljóti að vera krafa að hæstv. ríkisstjórn sé samstiga þegar hún leggur fram slíkt stórmál, að hún sé sammála, en það er hún ekki. Og það verður að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann sé að leggja þetta frv. fram sem áróðursbragð, rétt áður en ríkisstjórnin springur, til þess að geta sagt að Alþfl. hafi lagt fram frv. til laga um byggingu orkuvera til að hægt sé að semja um álver. Manni býður óljóst í grun að þetta sé nú aðallega lagt fram vegna þess að ríkisstjórnin muni springa núna mjög fljótlega, ef ekki í kvöld þá á morgun. Ég tel því að þetta frv. sé fyrst og fremst lagt fram sem áróðursbragð hjá hæstv. ráðherra. Það liggur ekki ljóst fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir standi á bak við það.

Að vísu veit hæstv. iðnrh. að frjálslyndir hægrimenn munu styðja það að farið verði út í virkjanir, þeir munu styðja það að byggt verði álver. Þeir munu ekki styðja það að láta auðlindir landsins renna ónotaðar til sjávar eða bulla í iðrum jarðar án þess að nota þær. Það hlýtur að vera mikilvægt að við notum þær auðlindir sem fyrir eru til þess að ná auknum hagvexti, til að ná betri kjörum fyrir fólk almennt í landinu. Og það er mikilvægt að nýtt álver verði byggt hér á Reykjanesskaganum sem allra fyrst því það er alveg ljóst að það er mikið atvinnuleysi á þessu svæði. Það er mikið atvinnuleysi á Suðurnesjunum, svo ég taki sem dæmi, það er mikið atvinnuleysi hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna hlýtur álver að verða byggt þar sem vinnuaflið er fyrir hendi, þar sem fólk vantar vinnu.

Það er einnig alveg ljóst að hvað mengun varðar getur það svæði sem hér er um að ræða tekið á móti slíku álveri án þess að það hafi veruleg áhrif. Hér er í fyrsta lagi nánast enginn landbúnaður þannig að ekki er hætta gagnvart honum eins og er í Eyjafirðinum. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að Eyjafjörður er eitthvert blómlegasta landbúnaðarhérað landsins. Því er auðvitað stefnt í hættu. Allir vita veðurlagið á þessu svæði og menn ættu að gera sér það ljóst strax að þrátt fyrir nútímatækni og þrátt fyrir miklar framfarir í mengunarvörnum er ekki hægt að reka álver án þess að það sé mengun frá því. Þess vegna er það auðsær kostur að slíkt iðjuver sé reist á stað þar sem vindar blása og það er hér á suðvesturhorninu. Það má segja að afskaplega sjaldan sé logn og því sé þeirri mengun, þó hún sé ekki mikil, blásið í burtu þegar í stað. En við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að það verður einhver mengun af slíku álveri.

Það álver sem hér er verið að ræða um er vafalaust afskaplega mikilvægt fyrir framvindu efnahagslífsins eins og ég kom hér að áðan og það hlýtur að vera þjóðhagslega mikilvægt að landsframleiðslan verði aukin til þess að hún geti staðið undir frekari efnahagslegum framförum. Við sjáum að ef svo fer sem horfir nú þá vantar fjármuni, þá vantar framleiðslu til

að standa undir meiri mannfjölda hér á Íslandi svo að hægt sé að ráða það fólk sem kemur út á vinnumarkaðinn á næstu árum til starfa á hinum ýmsu sviðum. Ef við aukum ekki framleiðsluna þá verður engin aukning landsframleiðslu og þá rýrna lífskjörin. Þess vegna hlýtur það að vera mikilvægt að fara sem fyrst út í slíkar framkvæmdir að því tilskildu að þeir sem ætla að reisa slíkt álver séu tilbúnir að borga það verð sem er hagstætt fyrir okkur. Þá kem ég að því sem hefur verið hreyft við í fjölmiðlum og víðar, en fregnir hafa borist um það að ríkisstjórn Íslands, samkvæmt því sem hæstv. forsrh. hefur látið liggja að, ætli sér að greiða niður byggingu álvers verði það reist t.d. við Eyjafjörð. Og ég hlýt að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann muni standa að því að greiða niður kostnað við byggingu nýs álvers aðeins til þess að flytja það í Eyjafjörð. Ég hlýt að spyrja að því.

Við þingmenn Reykn. höfum litið svo á að það ætti að reisa álver á þeim stað sem hagstæðast væri og þau fyrirtæki sem stæðu að því ættu að fá að ráða því sjálf án áhrifa frá ríkisstjórn Íslands. Þá erum við nokkuð vissir um að það yrði reist á Reykjanesi, t.d. á Suðurnesjunum eða í Hafnarfirði. En það hlýtur líka að vera krafa að einstök bæjarfélög fari ekki að undirbjóða og bjóða slíku fyrirtæki að greiða niður skatta og skyldur, eins og heyrst hefur að Akureyrarbær muni vilja gera. Ætla að borga fyrirtækinu af skattfé til þess að fá það norður. Það hlýtur að vera krafa að slíkt fyrirtæki fái raunverulega sömu stöðu hvar sem það er byggt. Það er mikilvægt að staðan verði sú að það fái enga sérstaka fyrirgreiðslu, hvort sem það er byggt á Norðurlandi, Austurlandi eða Suðurlandi, þá sé engin sérstök fyrirgreiðsla sem því verði veitt. Menn verði því að meta hvar sé hagstæðast að reisa slíkt og það verður þá þjóðhagslega hagkvæmast þegar lengra er litið fram í tímann.

Það er alveg ljóst að þeir draumórar sem hafa verið mjög ríkjandi hjá ýmsum byggðarlögum um byggingu álvers eru náttúrlega ekki raunhæfir. Til þess að álver rísi verða að vera til staðar atvinnugreinar sem valda því að veita þjónustu sem slíkt álver þarf. Ég efast um að Eyjafjörður hafi slíkan iðnað við höndina. Ég tel líka að það hljóti að verða að líta til þess, eins og ég kom hér áðan inn á, að það er töluvert atvinnuleysi núna á Suðurnesjum og á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það er því alveg ljóst að það á að reisa þetta álver á þessu svæði. Og það verður að vera vinnumarkaður sem getur þjónað slíku fyrirtæki.

Ég vil einnig minnast á það að álver er og hefur starfað nálægt Hafnarfirði. Komið hefur í ljós að sú þjónusta sem slíkt álver þarf er þar fyrir hendi. Þar eru undirverktakar sem kunna til verka og vita hvernig á að vinna í samvinnu við slíkt stórfyrirtæki. Ég vil einnig minnast á það að framkvæmd eins og hér er rætt um, og kemur reyndar vel fram í þeirri greinargerð sem frv. fylgir, hefur auðvitað mikil áhrif á meðan verið er að byggja orkuverin og álverið. Skammtímaáhrifin eru því meiri en langtímaáhrifin að þessu leyti. Í töflu sem fylgir þessu sést vel að mannaflaþörfin við byggingu og rekstur álvers er töluverð og gert er ráð fyrir að mest verði þörfin 1993.

Mér sýnist miðað við þær tölur að svæði eins og Eyjafjörður muni ekki valda þessu verkefni. Svo einfalt er það. Gert er ráð fyrir því hér að 1993 verði mannaflaþörfin við slíkt 1793 menn. Ég er ekki búinn að sjá það að byggðarlag eins og Akureyri og Eyjafjörður valdi þessu verkefni nema með verulegri þenslu, verulegri hækkun á íbúðarhúsnæði, verulegri hækkun á allri þjónustu og erfiðleikum í rekstri á mörgum öðrum sviðum. Mér býður svo í grun að sá fjöldi sem þarf til þess að byggja og reka álver á þessum tíma muni verða til þess að ýmis iðnaðarfyrirtæki á Akureyri hrynji endanlega, og var nú ekki á það bætandi.

Hér hefði auðvitað verið nauðsynlegt í þessu sambandi að ræða stöðu iðnaðarins á Akureyri almennt. Og það minnir mig á það að ég var að fletta í dagblaði þeirra Akureyringa, Degi, í kvöld og við mér blasti mynd af hæstv. forsrh. Það er út af fyrir sig ekki merkilegt þó mynd af honum sé birt í málgagni hans á Akureyri. Það sem var merkilegt við þetta, og hæstv. iðnrh. ætti nú aðeins að íhuga út af hverju þessi myndbirting var, jú, hún var út af því að Samband ísl. samvinnufélaga, sem allir vita að er afskaplega gott fyrirtæki, hefur á undanförnum árum unnið iðnaðarvörur á Akureyri, svokallaða mokkajakka, og selt víða um heim. En á myndinni er sýnd þróunin í þessum iðnaði. Hæstv. forsrh. þáði að gjöf mokkajakka frá ítölsku fyrirtæki sem hafði unnið hann úr hráefni frá Akureyri, þeir höfðu selt þeim gærurnar óunnar. Þannig er nú komið fyrir þessu stolti Akureyringa um árabil, stolti KEA að framleiða fullunna vöru. Núna senda þeir bara hráefnið úr landi, það fer lítið fyrir því, og forsrh. klæðir sig síðan í ítalskan mokkajakka, að vísu úr íslensku skinni. Þannig er nú komið fyrir iðnaðinum á Akureyri.

Þegar maður sér þróunina í þessu þá mun auðvitað með sömu þróun sá litli iðnaður sem er eftir á Akureyri deyja út. Það verða vandræði á vinnumarkaðinum þar því svo mikið vinnuafl eins og hér er talað um er ekki fyrir hendi á Akureyri og nágrenni. Þess vegna vil ég enn þá einu sinni taka undir það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði hér áðan um þessi mál. Ég held að hann hafi haft hárrétt fyrir sér enda vel kunnur staðháttum á Norðurlandi eystra þannig að ég held að það sé rétt hjá honum að það eigi ekki að reisa álver í Eyjafirði.

Það hlýtur að vera krafa um það að svæði eins og hér á Suðurnesjum þar sem 28 þús. tonna kvóti hefur verið seldur burtu, til Norðurlands eystra að mestu, á undanförnum árum fái í staðinn iðnað. Það hlýtur að vera krafa um það. Hér er verið að samþykkja kvótalög sem stuðla að því að þessi kvóti festist í Norðurlandi eystra. Við þingmenn Reykn. hljótum að gera kröfu um það að í staðinn fáum við álver. Það hefur líka verið talað um það, og má vel vera að svo verði, að umsvif varnarliðsins verði minni á næstu árum. Það verður auðvitað að koma til móts við það fólk sem býr á Suðurnesjunum og býr hér á Reykja-

nesi. Það er ekki hægt að draga alla atvinnustarfsemi og vinnu í burtu frá þessum svæðum.

Menn tala hér um byggðastefnu. Það hlýtur að vera krafa um að þessi byggðarlög hafi forgang um slík stórverkefni vegna þess að hér er bæði iðnaður sem veldur þessu, hliðariðnaður, vinnuafl til staðar og landsvæði sem hentar fyrir slíkt. Það hlýtur að vera krafa um það. Og ef við lítum á töflur sem fylgja frv. um vinnuafl á höfuðborgarsvæðinu þá sjáum við auðvitað að hér er til staðar sá hliðaratvinnurekstur sem þarf til þess að hægt sé að reka álver. Og hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá er ekki möguleiki á því að reisa slíkt fyrirtæki á stað eins og Akureyri.

Ég vil líka undirstrika það að samgöngulega er Reykjanessvæðið sjálfgefið svæði fyrir nýtt álver. Þegar maður lítur á Eyjafjarðarsvæðið, hvort sem er með tilliti til mengunar, vinnuafls eða samgangna, þá liggur það ljóst fyrir að Reykjanessvæðið hefur yfirburði yfir það. Og ef það er svo rétt sem við höfum heyrt fleygt að það eigi að greiða niður byggingu álvers verði það reist í Eyjafirði, þá hljótum við að líta það mjög alvarlegum augum, í þjóðfélagi þar sem ríkisstjórninni hefur tekist að setja nýtt skattamet og hefur komist í þær mestu hæðir sem um getur í álagningu skatta þannig að núna eru skattarnir komnir í 27% af vergum þjóðartekjum, hafa vaxið um 19% síðan 1985 sem er mesta aukning í skattlagningu á hinum almenna borgara frá upphafi sögualdar. Jafnvel þegar tíundin var sett á á sinni tíð var það léttvægt miðað við það sem er núna verið að leggja á fólk. Fólk unir því ekki lengur að það eigi að skattleggja það til þess að fjármagna heimskulegar framkvæmdir hingað og þangað undir stjórn núv. ríkisstjórnar. Það hlýtur að vera krafa að ekki verði lögð króna fram til þessa verks til þess að mismuna stöðum. Það er algjör krafa. Ég held því að það hljóti að verða krafa til hæstv. iðnrh. að hann svari því hér hvort það muni vera ætlun ríkisstjórnarinnar að greiða niður álver, sé það byggt utan Reykjanessvæðisins. Það hlýtur að vera krafa.

Við höfum séð að byggð hafa verið iðjuver á þessu svæði hér, alveg upp í Hvalfjörð. Sú verksmiðja sem er á Grundartanga hefur nokkurn veginn staðist það álag sem hún hefur valdið á vinnumarkaðinum en þó sér maður vankantana á þeirri verksmiðju með því að þeir aðilar hafa óskað eftir því að gerð yrðu jarðgöng undir Hvalfjörð svo hægt væri að nálgast vinnumarkaðinn hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Auðvitað væri hægt að byggja álver þar með því að jarðgöng væru komin og þar með meiri nálægð við vinnumarkaðinn hér. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Síðan sést af þessu frv., eins og ég hef komið inn á, að ekkert liggur fyrir um álit ríkisstjórnarflokkanna. Það hefði einnig verið nauðsynlegt, hæstv. forseti, að hæstv. umhvrh. léti uppi álit sitt á umhverfisþáttum þessa frv. Ég tel að það hefði auðvitað verið, bráð nauðsyn.

Þegar við lítum á heildardæmin væri gaman að vita hvað Akureyringar segja þegar þeir fara að borga sömu eignarskatta og við hér á suðvesturhorninu, hvort það heyrist ekki hljóð úr horni þegar íbúðarverðið hækkar þar. Það er e.t.v. það sem þeir vilja. — Ég sé að hæstv. umhvrh. er kominn í salinn. Ég vona að hann láti í sér heyra í þessu máli og segi okkur frá umhverfisþáttum þessa frv. og hvort það sé óhætt að byggja álver t.d. í Eyjafirði út af mengunarhættu.

Það er eitt í þessu frv. sem er skondið ef maður lítur á samhengið í þeim frv. sem eru til umræðu á Alþingi. Í þessu frv. er gert ráð fyrir mörgum milljörðum eða tugum milljarða sem eigi að fara í uppbyggingu á þessum framkvæmdum. En í röksemdum með frv. til verðjöfnunar sem hér liggur fyrir frá hæstv. sjútvrh. er gert ráð fyrir að draga svona eins og einn milljarð á ári út úr þjóðarveltunni og ávaxta það í erlendum banka. E.t.v. er það bankinn sem forseti ASÍ var að boða að hann ætlaði að stofna í Lúxemborg á næstunni vegna þess að ekki væri nógu góð ávöxtun á fé hér. Það eigi að draga einn milljarð með þeim hætti út úr landinu til þess að stjórna efnahagslífinu. Svo er aftur þessi fjárfesting upp á nokkra tugi milljarða, svo maður segir við sjálfan sig hvort þessar röksemdir í frv. til verðjöfnunar — og það hefði verið gaman að heyra álit hæstv. iðnrh., sem er maður fróður um efnahagsmál, á því hvort það hefði nokkur áhrif þó við drægjum einn milljarð út úr sjávarútvegi en fjárfestum í staðinn fyrir svona 30 milljarða á öðrum sviðum, hvort það hafi í rauninni einhver efnahagsleg áhrif. Það verður alveg jafnmikil verðbólga fyrir því.

Ég hef ástæðu til að ætla að það sé nauðsyn að fara út í þessar framkvæmdir, einfaldlega vegna þess að það hlýtur að vera hagstætt að virkja mengunarlausa orku sem núna streymir óbeisluð til sjávar eða niðar í jörðu niðri og auka þannig á landsframleiðsluna sem hlýtur að vera grundvöllurinn fyrir því að við getum veitt fleiri íbúum vinnu. En það er hins vegar verra ef ríkisstjórnin veit ekki hvort hún er með eða á móti þessu frv., hvort hún styður það eða ekki eða hvort það er svo að hún hafi gert ráð fyrir því að við í stjórnarandstöðunni mundum lyfta þessu frv. í gegn.

Í þessu frv. eru ýmsir þættir sem hefði verið áhugavert að ræða frekar en það mun ég ekki gera við þessa umræðu þó að full ástæða hefði verið til þess. Þetta stórmál hefði átt að koma hér í þingið í byrjun þings, og fleiri stórmál, því það er auðvitað ekki nokkurt vit í því að mál eins og bygging 200 þús. tonna álvers og orkuvera til þess að fullnægja orkuþörf slíks álvers sé tekið til umræðu með svo skömmum fyrirvara og eigi að afgreiðast í einum flýti.

Ég vil, hæstv. forseti, að sinni ekki segja meira um þetta en gæti átt til að taka eina umferð síðar í kvöld um þetta mál.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Áður en hæstv. varaforseti settist í stólinn flutti aðalforseti þessarar deildar okkur þingmönnum nokkuð aðvörunarorð og minnti á að hér væru æðimörg mál á dagskrá og var frekar að ýta á eftir því að þessari umræðu gæti lokið sem fyrst. Það er vissulega svo að við þingmenn Sjálfstfl., eins og

fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., erum reiðubúnir að greiða fyrir þessu máli og erum sammála því, þ.e. erum efnislega fylgjandi því frv. sem hér liggur fyrir. Við höfum þegar stigið, vil ég segja nokkuð óvanaleg skref til þess að greiða fyrir málinu með því að taka það fyrir í iðnn. þessarar hv. deildar í morgun. Þar sátum við á þriggja og hálfs klukkutíma löngum fundi til þess að ræða málið og fá ýmsa gesti til þess að fræða okkur. (**FrS:** Fjögurra klukkutíma.) Já, það er rétt, við sátum frá átta til hálfeitt — fjórir og hálfur klukkutími. Ég tel þess vegna að við höfum nú þegar reynt að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að greiða fyrir því að þetta mál geti fengið skjótan framgang hér í þinginu. Það breytir hins vegar ekki því að auðvitað er nauðsynlegt að ræða þetta mál ítarlega og þó að hæstv. ríkisstjórn hafi lýst áhuga sínum á því að ljúka þingi nk. laugardag og við séum reiðubúnir til samstarfs um það, þá felst þó engan veginn í því að við séum að afsala okkur neinum rétti til þess að ræða, ég vil segja þau mikilvægustu mál sem hér eru á þessu þingi sem er tvímælalaust þetta frv. um raforkuver og það frv. sem verið er að ræða í hv. Ed., þ.e. frv. um stjórn fiskveiða.

Ég held satt að segja að hæstv. ríkisstjórn verði að átta sig á því að ef það á fram að ganga sem hún hefur eindregið óskað eftir, að þingi verði lokið nk. laugardag, þá verður hún auðvitað að fara að velja og hafna úr þeim langa lista mála sem enn liggur fyrir og verið er að reyna að þrýsta hér fram. Það eru mörg mál á dagskrá sem ágreiningur er um eins og fyrir liggur í nál. Og það er auðvitað alveg ljóst að þau mál munu ekki öll ná fram að ganga á þessu þingi ef samkomulag á að nást um það að ljúka þingstörfum á laugardag.

Þetta vildi ég aðeins segja í tilefni af áminningarorðum hæstv. forseta þessarar deildar áður en ég vík að því að ræða þetta mál nokkuð efnislega. Eitt atriði vil ég þó aðeins nefna áður en ég vík að frv. og þeim málum sem eru á dagskrá en það er mál sem kemur æðioft upp í umræðum á hv. Alþingi og m.a. í kvöld hjá nokkrum ræðumönnum. Ég minnist t.d. sérstaklega ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Það er um réttarstöðu Landsvirkjunar. Menn hafa það mjög á orði að nauðsynlegt sé að breyta lögum um Landsvirkjun til þess að knýja fram vilja ýmissa þingmanna t.d. um breytingu á raforkuverði í landinu. Ég held það sé alveg ljóst að slíkt verður ekki gert nema með samkomulagi eignaraðila Landsvirkjunar. Menn tala nefnilega gjarnan oft um Landsvirkjun eins og hún sé ríkisfyrirtæki sem hæstv. Alþingi geti bara ráðskast með að eigin vild. Því fer fjarri. Ríkissjóður á ekki nema 50% í Landsvirkjun. Það eru tvö sveitarfélög, Reykjavík og Akureyri, sem eiga hinn helminginn. Og að baki Landsvirkjunar eins og hún er í dag, bæði skipulagi hennar og þeim lögum sem í stórum dráttum gilda um fyrirtækið, liggja samningar, ítarlegir samningar sem þessir aðilar komu sér saman um á sínum tíma. Þeim hefur reyndar verið breytt einu sinni, að ég hygg. Alþingi getur því ekki tekið sig til og breytt Landsvirkjun eða mikilvægum atriðum sem snerta þetta fyrirtæki óðruvísi en um það sé fullt samkomulag milli eignaraðila. Ég vil nú segja sem betur fer vegna þess að ég hygg að alveg frá upphafi hafi einmitt þessi vitund um að Landsvirkjun væri ekki hreint ríkisfyrirtæki sem lyti vilja Alþingis eða einstakra ráðherra gert það að verkum að menn hafa rekið Landsvirkjun með viðskiptaleg sjónarmið mjög mikið í huga og miklu meir en flest önnur opinber fyrirtæki. Rekstur ýmissa opinberra fyrirtækja eins og RARIK hefur verið á þann veg að þau spor hræða þar sem teknar hafa verið alls konar stjórnmálalegar ákvarðanir í stundarhagsmunaskyni án þess að sjá fyrir endann á afleiðingum þeirra. Það hefur svo auðvitað gert það að verkum að fjárhagur þess fyrirtækis hefur oft og tíðum verið mjög slæmur og ef ekki hefðu komið til stórfelldar björgunaraðgerðir ríkissjóðs, ég vil segja af og til, þá væru Rafmagnsveitur ríkisins fyrir löngu orðnar gjaldþrota. Þessu hefur verið hægt að forða með rekstri Landsvirkjunar einmitt vegna þess að þrátt fyrir gífurlegan vilja, ja kannski allra þeirra manna sem hafa setið í stóli iðnrh. eða flestra a.m.k., til þess að geta ráðskast svolítið með málefni þessa fyrirtækis, þá hefur það ekki tekist eða ekki verið gert vegna þess hvernig eignaraðild fyrirtækisins og skipulagi þess er háttað. Þetta vildi ég aðeins minnast á svona að gefnu tilefni oft á hv. Alþingi, m.a. í þessum umræðum í kvöld.

Það er alveg ljóst að um þá stefnu hvort nýta eigi okkar ónýttu orkulindir til uppbyggingar stóðriðju hefur verið mikill pólitískur ágreiningur í landinu. Skemmst er að minnast þegar teknar voru ákvarðanir um álverið í Straumsvík á tímum viðreisnarstjórnarinnar. Fá mál í íslenskum stjórnmálum hafa verið eins hatrömm deilumál og sú ákvörðun að byggja álverið í Straumsvík, taka upp samstarf við Alusuisse og virkja Búrfellsvirkjun og síðan þær virkjanir sem í kjölfarið fylgdu. Fá mál hafa orðið jafnhatrömm deilumál eins og þetta mál á sínum tíma. Það vantaði auðvitað ekkert hrakspárnar þegar verið var að ræða þessi mál. Það er mjög fróðlegt að kynna sér deilurnar um álverið í Straumsvík vegna þess að þær eru eiginlega að ganga aftur, næstum í óbreyttri mynd í sambandi við ágreining um hugsanlegt álver Atlantal-hópsins. Spáð var mikilli mengun og að allt mundi fara í auðn á Reykjanesi. Ekki hefur reynslan orðið sú. Því var spáð að þetta yrði láglaunafyrirtæki og menn birtu miklar lýsingar af því hvernig stórverksmiðjur af svipuðu tagi væru reknar úti í Evrópu og ýmsum öðrum löndum þar sem ynni láglaunafólk, nánast eins og þrælar. Þetta hefur auðvitað ekki reynst rétt því að álverið í Straumsvík er hálaunafyrirtæki á íslenskan mælikvarða, vinna þar mjög eftirsótt og hreyfing á starfsmönnum mjög lítil. Því var spáð að rafmagnsverðið væri allt of lágt og mundi hafa í för með sér stórfellda bagga fyrir þjóðina í hækkuðu rafmagnsverði fyrir Íslendinga. Ekkert af því hefur komið fram. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á það að tekjur af rafmagnssölu til Ísal hafa þegar greitt þann hluta Búrfellsmannvirkja sem talið er að iðjuverið noti. Eftir fimm ár verða öll Búrfells-

mannvirkin uppgreidd með tekjum frá álverinu í Straumsvík. Þá er átt við Búrfellsvirkjun, Þórisvatnsmiðlun, báðar Búrfellslínurnar, Straumsvíkurlínu, spennistöðina við Geitháls og gasaflsstöðina við Straumsvík. Þar með eru öll þessi mannvirki í gegnum þessar tekjur á þessum tiltölulega stutta tíma, sem er auðvitað miklu styttri en þeirra líftími og endingartími, orðin skuldlaus eign íslensku þjóðarinnar og malar okkur gull. Enda er það svo að rafmagnsverð hér á landi hefur farið ört lækkandi í raunverði á síðustu árum og stefnir allt niður á við eftir þeim spám sem unnið er eftir, hvort sem byggð verður stóriðja eftir þeim hugmyndum sem nú eru uppi eða ekki. Og það er svo komið að rafmagnsverð á Íslandi er að verða með því lægsta í Evrópu. Um þetta var birt mjög athyglisverð skýrsla af hálfu Sambands ísl. rafveitna ekki alls fyrir löngu sem sýndi að rafmagnsverð á Íslandi, hvort sem er til heimilisnotkunar eða iðnaðar, er mjög samkeppnisfært og það eru ekki mörg lönd sem hafa lægra raforkuverð en við Íslendingar.

Þessi söngur sem ég hef reifað er byrjaður aftur og gengur aftur í öllum sínum sömu myndum eins og hann gerði á sínum tíma. Rökin eru öll þau sömu og nú vil ég hvetja menn til að kynna sér dálítið umræðurnar sem þá fóru fram einmitt til þess að átta sig á því að hrakspárnar sem fluttar voru hafa ekki staðist og hrakspárnar sem enn eru fluttar nú vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda munu auðvitað heldur ekki standast.

Það hefur verið stefna íslenskra iðnaðarráðherra frá árinu 1983 að auka stóriðju hér á landi. Það varð að taka upp þráðinn að nýju vegna þess að á árunum 1978–1983 fór ráðherra Alþb. með málefni iðnaðarmála og þar var sú stefna rekin að helst ætti að hrekja í burtu þá aðila sem hér voru fyrir og alls ekki að taka upp samstarf við útlendinga til reksturs nýrra stóriðjufyrirtækja. Það þurfti því verulegt kynningarstarf af hálfu Íslendinga á þeim möguleikum sem hér væru til staðar og ýmsir möguleikar voru kannaðir og jafnvel gengið svo langt að samningaviðræður voru hafnar, eins og t.d. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. En eftir ítarlegar athuganir og m.a. vegna þess hversu verð á þeirri afurð lækkaði meðan á samningaviðræðunum stóð reyndist hún ekki fjárhagslega hagkvæm og var lögð á hilluna, a.m.k. í bili. Það var páv. hæstv. iðnrh. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., sem náði því að gerður var samningur við hinn svokallaða Atlantalhóp, samningur sem upphaflega var gerður milli sænska fyrirtækisins Grängers, hins hollenska Hoogovens og Alusuisse um að rannsaka möguleika á því að byggja nýtt álver hér á landi. Við þekkjum þá sögu alla síðan. Alusuisse hvarf út úr þeirri mynd en Alumax, sem er mjög traust og gott fyrirtæki, kom í staðinn. Nú er málið komið á þann rekspöl sem raun ber vitni og endurspeglast m.a. í því frv. sem hér liggur fyrir.

Okkar samningamenn í þessu máli, þ.e. þeir sem af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar hæstv. hafa verið fengnir til þess að standa að samningsgerð fyrir okkar hönd, hafa ekki unnið í góðu pólitísku andrúmslofti að þessum samningum. Ég er ekki í neinum vafa um að það hefur tafið fyrir þessu máli og spillt því þessi yfirlýsti og opinberi klofningur í hæstv. ríkisstjórn um þetta mál. Við munum eftir því að fljótlega eftir að þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð gáfu ýmsir hæstv. ráðherrar yfirlýsingar sem lýstu beinum óvilja til þess að gengið væri áfram á þessari braut. Ég minnist þess líka að á sl. hausti þegar hæstv. núv. iðnrh. reifaði sínar hugmyndir um nýja stóriðju, sem voru nokkuð stærri í sniðum en það sem við höfum á borðinu núna, þ.e. bæði hugmyndir um stækkun álversins í Straumsvík og byggingu nýs álvers, hugsanlega í Eyjafirði, þá voru satt að segja viðbrögð annarra hæstv. ráðherra afar blendin, svo að ekki sé meira sagt. Hæstv. forsrh. virtist ekkert vera yfir sig hrifinn og sagði í Morgunblaðinu að hann minnti á að menn hefðu fyrr verið bjartsýnir á að koma upp orkufrekum iðnaði hér en ekki gengið. Ég held að þetta verði að koma eftir því hvernig þetta fellur inn í okkar eigin efnahagsmála- og atvinnuástand og fleira, ekki viljum við ofþenslu af þessum sökum, sagði hæstv. forsrh. og kvaðst ekki vera reiðubúinn til að tjá sig frekar um þetta mál. Ekki voru þetta verulega jákvæð viðbrögð frá hæstv. forsrh.

Hæstv. landbrh. sagði: Þetta eru auðvitað einkaáhugamál Jóns Sigurðssonar sem stendur og hafa ekki aðra stöðu því þau hafa ekki verið rædd í ríkisstjórninni, þessi áform, og eru þess vegna í raun og veru algerlega upp á hans. Hæstv. menntmrh. sagði að þessar hugmyndir væru ekki tímabærar og þær væru loftkastalar iðnrh. Hæstv. sjútvrh. tók hins vegar sterklega undir þessar hugmyndir og sýndi þeim fullan stuðning og hæstv. umhverfisráðherra gerði það að vissu leyti líka, en með ákveðnum fyrirvörum þó. Ég nefni þetta sem dæmi um það hvernig það andrúmsloft hefur verið sem okkar samningamenn hafa unnið í. Auðvitað skynja okkar viðsemjendur nákvæmlega hver staða hæstv. iðnrh. er í þessu efni. Þess vegna er ég sannfærður um það að þessi viðbrögð, þessar óheppilegu yfirlýsingar, jafnvel hæstv. forsrh., hafa spillt fyrir í þessu máli.

Enn koma hæstv. ráðherrar og reyna að draga lappirnar. Hæstv. menntmrh. flutti ræðu í Ed. Alþingis þegar þetta mál var til umræðu þar og gerði grein fyrir fyrirvara sem samþykktur var í þingflokki Alþb. hinn 9. apríl sl. þar sem segir m.a. að þingflokkur Alþb. minni á að enn séu engar forsendur fyrir hendi til þess að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þús. tonna álvers hér á landi. Meðan meginatriði væntanlegra samninga liggja ekki fyrir er tvímælalaust óhyggilegt að hefja virkjunarframkvæmdir, enda hlyti það að veikja samningsstöðu Íslendinga að binda nokkur hundruð millj. kr. í nýjum virkjunarframkvæmdum án þess að orkuver hafi verið ákveðin.

Ég ætla ekki að lesa meira úr þessari ályktun en öll var ræða hæstv. ráðherra á þann veg að hún sýnir óskaplega mikla tvöfeldni Alþb. í þessum málaflokki.

Hv. 2. þm. Austurl. hélt ræðu í þessari umræðu hér fyrr í dag og lýsti sinni skoðun mjög ákveðið í þessu efni. Ég vil segja þeim hv. þm. það til hróss að hann

hefur aldrei sýnt neina tvöfeldni í þessum málum, hans stefna og hans skoðun hefur verið alveg skýr og klár og hefur hann þess vegna verið fullkomlega samkvæmur sjálfum sér í öllum málflutningi í þessu máli alveg frá upphafi. Hið sama verður hins vegar ekki sagt um hæstv. ráðherra Alþb. Þeir hafa á öllu þessu máli fulla fyrirvara sem auðvitað spilla fyrir framgangi málsins, það er alveg ljóst. Hins vegar held ég að okkur sé það öllum ljóst að þeir muni vinna það til áframhaldandi setu í hæstv. ríkisstjórn að samþykkja það sem þarf og nauðsynlegt sé í þessu efni. Það er hins vegar alveg jafnljóst að á því augnabliki sem þessir hæstv. ráðherrar sitja ekki lengur í ríkisstjórn, eru ekki lengur í stjórnaraðstöðu, á því augnabliki sem þeir verða komnir í stjórnarandstöðu, munu þeir snúast af mikilli heift gegn öllum hugmyndum um byggingu nýs álvers samkvæmt þeim hugmyndum sem hér eru uppi.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að einhver af ráðherrum Alþb. tjái sig í þessari umræðu hér í Nd. þannig að þeir lýsi því yfir með skýrum og ákveðnum hætti hver sé raunveruleg stefna Alþb. í þessu máli og hvernig þeir hyggist halda á því innan hæstv. ríkisstjórnar. Þó að ég saki ekki, hæstv. forseti, hv. 2. þm. Austurl. um tvöfeldni í þessu máli, þvert á móti, hann er sjálfum sér samkvæmur, þá gefur ræða hans auðvitað tilefni til þess að inna hæstv. ráðherra Alþb. eftir stöðu þeirra í þessu máli og hver sé raunveruleg stefna flokksins. Hv. 2. þm. Austurl. er aðaltalsmaður Alþb. í orku- og iðnaðarmálum. Hann er formaður iðnn. Nd. og leiðir það starf sem lýtur að vinnu við þetta frv. (***Gripið fram í:*** Þeirra langfróðastur.) Það skal ég taka undir með heilum hug, hv. þm., að það verður ekki af hv. 2. þm. Austurl. skafið að hann er mjög vel að sér í þessum málaflokki þó að ég sé ekki sammála hans málflutningi. En einmitt þetta leiðir til þess að við verðum að krefjast þess að ráðherrar Alþb. tjái sig hér í þessari umræðu og geri nánari grein fyrir hver sé stefna og staða flokksins í þessu máli öllu.

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að halda langa ræðu um þetta mál. Mér fannst nauðsynlegt að vekja athygli á þessu hér við umræðuna. Ég er samþykkur efni þessa frv. í meginatriðum. Efni frv. sjálfs er að vísu ekki mjög flókið, lítur sakleysislega út, en að baki því eru auðvitað þær hugmyndir sem nú eru uppi um samninga um byggingu nýs álvers. Ég held hins vegar að það sé brýn nauðsyn á því að fá þetta frv. samþykkt hér á þessu þingi. Ég held að það sé alveg ljóst eins og fram kom hér í umræðum fyrr í vetur að Landsvirkjun t.d. getur ekki gengið lengra í undirbúningi virkjana þeirra sem um ræðir nema fá til þess skýrar heimildir frá Alþingi. Þess vegna er ég sammála efnisatriðum þessa frv.

Eitt atriði vil ég þó gera athugasemdir við í sambandi við þessa málsmeðferð áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, og það er hvernig unnið er að staðsetningarmálum hins nýja væntanlega álvers. Mér finnst satt að segja aðferðir hæstv. iðnrh. í þeim efnum ekki góðar. Mér hugnast satt að segja ekki þessi aðferð að etja sveitarfélögunum saman eins og gert hefur verið með bréfaskriftum til þeirra. Það minnir mann óneitanlega á aðferð þá sem Egill Skallagrímsson vildi hafa á sínum tíma þegar hann vildi dreifa silfrinu og láta þingheim berjast. Ég hefði talið miklu æskilegra að vinna á annan hátt að staðsetningarmálinu og í því sambandi vil ég láta það koma fram hér í þessari umræðu að ég tel að það yrði óskaniðurstaða í þessu máli að næsta álver risi við Eyjafjörð. Þó ég sé þingmaður af þessu svæði, þ.e. úr Reykjavík, þá held ég að vegna byggðaþróunar í landinu væri það mjög æskilegt að sú gæti orðið niðurstaðan að álverið yrði risi norðan lands. Ég held að sú öra fólksfjölgun sem orðið hefur hér í Reykjavík sé ekkert allt of góð fyrir þetta svæði ef hún heldur áfram. Þess vegna væri það mjög æskileg niðurstaða að álverið gæti risið fyrir norðan. En um það er auðvitað allt of fljótt að tala af fullu viti fyrr en við sjáum nákvæmlega í hverju sá hugsanlegi munur kann að liggja, þ.e. hver kostnaðarmunur kann að vera á því að reisa álverið við Eyjafjörð annars vegar og svo t.d. hér á Reykjanesi hins vegar.

Ég vildi láta þetta koma fram til þess að ekki yrði misskilin sú gagnrýni sem ég flutti á hæstv. iðnrh. fyrir það á hvern hátt yrði staðið að staðsetningarmálinu því að ég held að þar hafi þurft ákveðnari og meiri leiðsögn og meiri stjórnun af hálfu hæstv. ráðherra en raun ber vitni. Og alls ekki að nota aðferð Egils Skallagrímssonar með silfurpeningana til þess að ná niðurstöðu í þeim efnum. Ég reikna með að við vinnum áfram í þessari nefnd, þ.e. iðnn. Nd., að þessu frv., byrjum eldsnemma í fyrramálið. Við þingmenn Sjálfstfl. munum gera okkar til þess að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þetta er orðin alllöng umræða. Hér hafa níu þingmenn tekið til máls auk frummælandans og borið fram margvíslegar spurningar og athugasemdir. Þess er naumast kostur að svara því öllu í einni ræðu hér í hv. þingdeild. Ég hlýt þó að tæpa aðeins á því sem mér virðist mikilsverðast í því sem hér hefur komið fram. Ég vil einnig leyfa mér að benda á að um mörg þau atriði sem hér hafa verið tekin til umræðu hafa þegar komið fram margvíslegar upplýsingar í hv. iðnn. þessarar deildar og koma væntanlega enn í starfi nefndarinnar, en ég met það mikils að það hófst áður en þessari 1. umr. lauk.

Ég ætla þá fyrst að víkja að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. Ég vildi byrja á því að leyfa mér að vekja athygli hans á því að ég hef ekki lýst því yfir á þessu þingi að ég mundi leggja fram á því frv. til heimildarlaga um nýtt álver. Slíka yfirlýsingu hef ég ekki gefið. Hins vegar hef ég lýst því yfir fyrr á þessu þingi — og gerði reyndar snemma á þinginu — að ég mundi leggja þingmál fyrir þingið varðandi þetta mál, þ.e. byggingu nýs álvers, þáltill. og/eða frv. um nauðsynlegar virkjunarheimildir vegna álvers. Þetta segi ég ekki af því að það skipti ákaflega miklu máli en ég hef orðið var við að hv. þm. hefur haft þessa

skoðun eða misskilið orð mín og framlögð gögn fyrr á þinginu. Það skiptir reyndar ekki öllu máli því það sem mikilvægast er nú er að þetta frv. er forsenda þess að Landsvirkjun og aðrir virkjunaraðilar — því ég vek athygli á því að hér er ekki eingöngu um Landsvirkjun að ræða heldur líka önnur orkuöflunarfyrirtæki eins og Hitaveitu Reykjavíkur — frv. er forsenda þess að þau geti hafist handa af skynsamlegu viti þegar samningar um hið nýja álver verða í sjónmáli á sumrinu, sem í raun og veru þýðir líka að við vinnum ár í framkvæmdatíma. Sérstaklega á þetta við um Fljótsdalsvirkjun þar sem brýna nauðsyn ber til að byrja í sumar ef unnt á að verða að framleiða þar rafmagn veturinn 1994–1995. Það þarf að hefja undirbúning framkvæmda og undirbúningsframkvæmdir á þessu sumri. En ég fullvissa hv. þingdeild um að til slíkra verka verður ekki gengið fyrr en næsta víst er að úr samningum verður. En það breytir ekki því að til þess að málið sé rétt stofnað þarf að liggja fyrir rétt heimild þingsins til fjárútláta og til þeirra verka sem vinna skal með því afli sem framkvæmdaraðilunum yrði þannig veitt.

Hv. 1. þm. Reykv. vék, eins og margir aðrir af þeim níu sem hér hafa talað, að staðarvalinu. Um það mál vil ég, með leyfi forseta, vitna til samþykktar sem ríkisstjórnin hefur gert um það mál. Hún er reyndar prentuð á bls. 16 í athugasemdunum með stjfrv. og er á þessa leið:

„Í framhaldi af viðræðum við Atlantal-aðilana og undirritun yfirlýsingar um byggingu nýs álvers, dags. 13. mars sl., og vegna umræðu sem fram hefur farið í landinu um staðarval fyrir nýtt álver, lýsir ríkisstjórnin því yfir að af hennar hálfu verður lögð rík áhersla á að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða."

Um þetta er fullt samkomulag í ríkisstjórninni og ég er fyrir mitt leyti ekki tilbúinn til þess, hvað sem líður mínum persónulegu skoðunum eins og gjarnt er að menn segi, að ganga lengra í yfirlýsingum um málið að svo stöddu, enda tel ég að staðarvalið eigi og hljóti að ráðast í samningum eins og önnur mikilvæg atriði í málinu. Það er ekki skynsamlegt og horfir ekki til þess að tryggja Íslendingum þá bestu samningsaðstöðu sem þeir geta haft, að binda þennan þátt málsins fyrr en menn hafa í sjónmáli heildarsamninga. Þetta er í raun og veru allt sem segja þarf um málið.

Ég tek á vissan hátt undir það sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv., en minni hann þó á að margir þingmenn úr hans flokki hafa flutt tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu og rekstur stóriðjuvers á landsbyggðinni. Þar eru a.m.k. sex samflokksmenn hans og eingöngu af þeim yfirlýsingum sem menn hafa gefið hér í þessari umræðu er óhætt að bæta við tveimur, ef til vill fleirum, með því að vitna til þess sem sagt hefur verið utan þings eða innan um málið. Með þessu er ég ekki að efna til neinna orðahnippinga við hv. þm., ég bendi honum bara á þetta sem eitt af sjónarmiðunum í málinu sem mikilvægt hlýtur að teljast og sem dæmi um þann pólitíska vanda sem okkur er á höndum, mér og öðrum sem að þessu verki starfa með mér, að ráða skynsamlega fram úr. En vegna þess sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. um aðferðirnar við staðarvalið og reyndar 2. þm. Reykv. líka sem gekk svo langt í sinni gamansemi að jafna þessu við silfur Egils sem þó var aldrei dreift og ég leyfi mér að minna hv. þm. á að ekki neitt í líkingu við það hefur hér verið haft í frammi. Það sem hefur einfaldlega gerst er að við höfum gert um það samkomulag með okkar viðsemjendum og samstarfsaðilum að kanna staðhætti, kostnað og umhverfisáhrif og margt annað sem menn geta látið sér detta í hug að skipti máli fyrir staðarvalið á fjórum allstórum svæðum: við Eyjafjörð, við Hvalfjörð, við Reyðarfjörð og á Reykjanesi — á öllum skaganum. Það verk verður unnið skipulega og skynsamlega og þykir mér satt að segja furðulegt ef mönnum finnst það undarleg vinnuaðferð að leita samstarfs við sveitarfélögin sem ráða náttúrlega mörgum þáttum málsins. Það sem einfaldlega gerðist var að Atlantsálsfyrirtækin óskuðu eindregið eftir því að fá sjálf að skrifa sveitarfélögunum og inna þau eftir viðhorfum þeirra til byggingar álversins. Og það var að sjálfsögðu orðið við þeim óskum. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt einmitt vegna þess sem kom fram í máli hv. 2. þm. Reykv., að það væri hyggilegt að raða saman ýmsum mikilvægum þáttum í þessum svörum, og láta fylgja allítarlega greinargerð til þessara sömu sveitarfélaga frá iðnrn. og samverkamönnum þess til að auðvelda mönnum samstarf um málið, til að auðvelda mönnum að móta skoðanir heima fyrir í málinu.

Ég leyfi mér líka að benda á að það er ekki fyrr en um síðustu áramót þegar samkomulagið, sem hv. 1. þm. Reykv. sem hæstv. iðnrh. gerði 4. júlí 1988, var útgengið, því það rann út án þess að árangur næðist samkvæmt því, án þess að niðurstaða fengist samkvæmt því og menn gerðu um það formlegan samning að slíta því. Þar með var komin ný staða í málinu og sjálfsagt þá að leita óháðrar niðurstöðu um staðarvalið. Þar verða öll sjónarmiðin sem ég hef hér nefnt tekin til greina og verkið mun vafalaust taka alllangan tíma, en eins og mönnum er ef til vill í fersku minni er að því stefnt að ljúka því um mánaðamótin næstu eða í byrjun júnímánaðar. Þetta um staðarvalið.

Ég kem þá að því sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi líka og reyndar margir aðrir þingmenn með honum, að menn þyrftu að varast mjög þensluáhrif af völdum þessara framkvæmda og haga öðrum framkvæmdum í landinu í samræmi við það. Það er vissulega þörf ábending og ég mun fyrir mitt leyti leita eftir því að menn finni þar skynsamlegar leiðir, en tel þó mestu varða á þessu stigi máls að fá heimildir til þess að ráðast í þessar framkvæmdir þegar ljóst þykir að hagnýting orkunnar verði að veruleika. En það er mjög mikilvægt í þessu máli að ráðast ekki í framkvæmdirnar fyrr þótt menn vilji jafnan láta þetta haldast í hendur verður seint hægt að setja þetta upp þannig að menn geti verið með fullbúinn orkusölusamning í höndunum án þess að hafa hreyft skóflu til

þess að búa í haginn fyrir virkjanirnar. Það er ekki hugsanlegt í okkar stöðu. Ég minni reyndar á að Blönduvirkjun bíður þess að sala fáist á hennar orku. Því ráða ýmis atvik og m.a. þróun eftirspurnar eftir raforku á Íslandi sem hefur farið aðra leið og lægri en margir bjuggust við fyrir þeim tíu árum sem liðin eru frá því að ákvarðanir voru teknar um það verk.

Hv. 2. þm. Austurl. kom hér mjög að því að þetta væri eitt dýrasta frv. sem fyrir þingið hefði komið og ekki ætla ég að draga úr því að það fylgir því mikil ábyrgð að flytja tillögur um heimildir til svo mikilla útgjalda. Vonandi sannast að það verði dýrast sem lengi hefur geymt verið og að það beri ríkulegan ávöxt í hentugan tíma fram borið, eins og áður hefur verið sagt. Ég er fyrir mitt leyti bjartsýnn á, vongóður um, að svo verði í þetta sinn.

Hv. 2. þm. Austurl. vék mjög að því að hann væri hvorki samþykkur þeirri tillögu sem hér væri gerð um viðbótarvirkjunarheimildir né heldur því að Alþingi fjallaði ekki um virkjanaröð. En í 3. gr. þessa frv. er gerð tillaga um að fela framkvæmdarvaldinu, að virtum ákveðnum meginreglum, röð virkjanaframkvæmda til þess að sinna ákveðinni orkuþörf.

Um fyrsta atriðið, þ.e. viðbótarheimildirnar, leyfi ég mér að benda á að með þeim raforkuveralögum sem sett voru 1981 og þál. um virkjunarframkvæmdir sem samþykkt var 1982 var búið að stofna virkjanaheimildir sem um miðjan áratuginn tíunda, 1995, væru komnar nokkuð fram úr því sem hér eru gerðar tillögur um að náð verði á því ári. Í raun og veru erum við því fyrst og fremst að endurraða virkjunarkostum, meta þá að nýju í ljósi bestu og síðustu upplýsinga um hvað hagkvæmast er í ljósi breyttrar tækni.

Um síðara atriðið, að Alþingi þurfi ekki með lögum eða þál. að ákveða virkjanaröð í smáatriðum, leyfi ég mér að rifja upp að áður en raforkuveralögin voru sett 1981 þá var þetta nokkurn veginn í þessu horfi. *Ég man ekki fyrir víst hver afstaða hv. 2. þm. Austurl., þáv. hæstv. iðnrh., var til málsins, en ef mig misminnir ekki mikið þá var hann á þeim árum frekar á því að iðnrh. ætti að hafa meiri tök á röðinni en niðurstaða þingsins varð að því sinni. Ég tel að reynslan síðan hafi sýnt að sú afstaða var rétt og er rétt, en reyndar er mjög greinilegt af því frv. sem hér er til umræðu að það er ekki verið að hrifsa völd af þinginu því þingið mun líka taka ákvörðun um virkjanirnar sem nauðsynlegar eru ef á að ráðast í þessar miklu framkvæmdir vegna álvers sem marka þá farveg fyrir allar helstu virkjanir fram til miðs áratugsins tíunda og ef til vill nokkru lengur. Reyndar mætti þá segja að heimildin sem leitað er eftir í 3. gr. frv. fjalli mest um að veita nauðsynlegan sveigjanleika til að bregðast við breyttum aðstæðum ef upp kynnu að koma.*

Ég vildi líka taka það fram að álits hinna lögfróðustu manna á þessu sviði hefur verið leitað um gerð frv. og hafa þeir ekki að þessu atriði fundið frekar en öðrum í því hvað varðar valdmörkin milli þings og framkvæmdarvalds. Ég er heldur ekki tilbúinn að fallast á að óðagot eða pólitísk kastþröng, en það voru orðin sem hv. 2. þm. Austurl. notaði hér, einkenni þetta mál. Þvert á móti liggur að baki þessu frv. og greinargerðinni með því mikil vinna og vönduð margra góðra starfsmanna iðnrn., Landsvirkjunar, Orkustofnunar, Hitaveitu Reykjavíkur og annarra stofnana hins opinbera á þessu sviði og sem ég tel að geti verið hreyknir af sínu verki og sé alls ekki rétt að kenna þau störf við flumbrugang eða óðagot.

Ég kem þá að því atriði sem tók einna mestan tíma í máli hv. 2. þm. Austurl. Hann gerði sér tíðrætt um þá aðferð mína til að vekja athygli á mikilvægi málsins að benda á að það færi nærri að eitt tonn af áli frá álbræðslu á Íslandi og eitt tonn af þorski upp úr sjó legðu inn í þjóðarbúið ámóta verðmæti á mælikvarða vergrar landsframleiðslu sem er algengasti hitamælirinn á hagsæld þjóðarinnar þótt ekki sé hann óskeikull. Nú getur hver maður skilið að ekki verður svo stóru máli lýst með einni tölu. Þessi fullyrðing mín er fengin úr athugun sem unnin hefur verið af Hagfræðistofnun Háskólans og lesa má í óbirtri greinargerð prófessors Guðmundar Magnússonar sem gert hefur nokkra líkanreikninga í málinu fyrir ráðgjafarnefnd um þjóðhagsáhrif stóriðju. Þar segir eitthvað á þá leið að samkvæmt áætlunum um nýtt álver vegi það upp m.a. þann tekjumissi sem þjóðarbúið verður fyrir vegna 90 þús. tonna samdráttar í þorskveiði t.d. á móti hverjum 90 þús. tonnum af áli. Þessi líkanreikningur er auðvitað ekki einhlítur og af honum verða ekki dregnar alveg nákvæmar ályktanir — ja, þetta er ekki vegið á póstmannsvog, eins og sagt er — en prófessor Guðmundur heldur því fram að ekki virðist fjarri lagi að þorsktonnið leggi sig á við áltonn í verðmætasköpun þjóðarbúsins. Þessi fullyrðing var svo prófuð á einfaldan hátt með því að líta á verðmætistölurnar í hverju þorsktonni, eins og það er venjulega unnið, og áltonninu, dregnar frá grófar áætlanir um erlend aðföng og þá kom í ljós svipuð *niðurstaða þótt alls ekki sé um sama talnagrundvöll* að ræða. Ég tel þess vegna að á bak við þessa aðferð til að kynna málið sé traust undirstaða þótt hún segi alls ekki allt um það og vafalaust mætti rekja margt sem gæti gert þennan samanburð eitthvað öðruvísi á aðra mælikvarða. En ég leyfi mér að láta í ljós undrun mína á því að hv. 2. þm. Austurl., sem er vísindalega sinnaður maður, skuli leggja traust sitt á blaðamann á DV sem hafði slegið því upp að þetta væri nú allt öðruvísi og níu sinnum minna miðað við þorsk. Ég tel að þarna þurfi miklu meiri athugun áður en menn geta notað svo stór orð eins og hv. 2. þm. Austurl. gerði hér áðan því miður.

Ég harma það að hann skyldi fara hér með brigslyrði í minn garð þar sem hann sakaði mig um falsanir og hélt því fram að ég væri margfaldur ósannindamaður, mig minnir nífaldur eða eitthvað svoleiðis. Mér fannst hann sveigja mjög að mínum sóma með þessum orðum og allt var þetta orðafar á ystu mörkum þess sem þinglegt getur talist og þeim mun alvarlegra sem hv. þm. situr hér oft á forsetastóli og gegnir því embætti með ágætum. Ég held þess vegna að þetta hljóti að hafa verið einhver misskilningur og

þingmaður hafi ekki ætlað sér að segja þetta allt saman. Og hversu hátt og snjallt sem hann les fréttir blaðamannsins í DV þá verða þær ekki sannleikur við það.

Ég kem þá að máli hv. 12. þm. Reykv. Hún vék að því nokkuð í sínu máli að það horfði ekki til fjölbreytni í íslenskum þjóðarbúskap að auka við álframleiðslu. Má ég benda hv. þm. á að við leitum ekki eftir fjölbreytni fjölbreytninnar vegna heldur teknanna vegna, vegna lífskjaranna sem við viljum ná og við veljum eingöngu þær greinar sem standast samkeppni við okkar hefðbundnu útflutningsgreinar hvað varðar tekjumyndun, hvað varðar lífskjör sem þær geta boðið. Eins og nú háttar er álið einfaldlega sá útvegur, sú framleiðslugrein, sem helst stenst þennan samjöfnuð og þess vegna eru hér uppi áætlanir um álver. Það stafar náttúrlega af því að álið er hinn ljósi málmur framtíðarinnar, það er mikil eftirspurn eftir því og hún fer vaxandi. Það er fullkominn misskilningur hjá hv. þm. að þessi eftirspurn sé háð hernaðarbrölti og að hernaður sé aðaluppspretta eftirspurnar eftir áli. Eftirspurn hernaðar eftir áli er einfaldlega sams konar og eftirspurn heimilanna eftir áli, það skiptist nokkurn veginn eins. Ál er notað til alls konar húsbúnaðar, flutninga- og samgöngutækja, umbúða og bygginga og samgöngutækja. Álið er orkusparandi málmur þótt það noti sjálft mikla orku af því að það léttir svo samgöngutækin. Það er í raun og veru betri ráðstöfun á auðlindum jarðar og umhverfi að færa framleiðsluna til þeirra landa sem geta boðið upp á ódýra orkuöflun án umhverfisspjalla. En umhverfismálin voru einmitt að makleikum mjög fyrirferðarmikil í máli hv. 12. þm. Reykv. og reyndar einnig hv. 6. þm. Norðurl. e. Það er eins og vera ber. En ég leyfi mér að benda hv. þingdeildarmönnum á að við erum hér að ræða orkuverin en ekki iðjuver. Við munum eiga þess kost, vona ég, í þessari hv. þingdeild næsta haust að ræða allar hliðar umhverfisáhrifa áliðjunnar.

Hins vegar taldi ég mér skylt að gera grein fyrir því í grófum atriðum sem mikilvægast þætti í því máli og varðar framkvæmdarkostnað og staðsetningu. Þessu var alls ekki ætlað að tæma þetta mál. Þess vegna vil ég ekki taka mjög langa umræðu um þessi mál, en vil að sjálfsögðu stuðla að því að þingið verði sem allra best upplýst um málið og held því fram að fullkomnustu mengunarvarnir sem áliðnaðurinn þekkir verði hér nýttar. Ég leyfi mér líka að halda því fram að undirbúningur mats á umhverfisáhrifum þessa iðjuvers sé nú víðtækari, fullkomnari en því miður líka flóknari en fyrr hefur gert verið. Við erum nú í þeirri óvenjulegu aðstöðu að geta nýtt vitneskju sérfróðra manna og reynslu okkar sjálfra og reynslu þeirra þjóða sem hafa heyjað sér hana á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að framkvæmdir hófust við álverið í Straumsvík. Mikið vatn hefur til sjávar runnið á þeim árum og hægt er að leysa fyrir fram margvíslegan umhverfisvanda sem reis í álverum af þeirri kynslóð. Þetta er nákvæmlega það sem við getum nú leyst betur en aðrir og kostnaðurinn verður ekki eins mikill og hann hefur því miður reynst verða þegar menn eru að reyna að breyta álverum sem ekki hafa umhverfisvarnir innbyggðar frá fyrstu gerð.

Ég ætla ekki að fara hér í nákvæmar umræður um einstaka þætti mengunar, en það er líka mála sannast að það er mikil nauðsyn á því að Íslendingar eignist nú hóp sérfróðra manna sem þekkja þessa hluti út og inn og þekkja þær alþjóðlegu kröfur og reglur sem gilda um umhverfisvarnir í álverum um allar jarðir. Því miður hefur þetta starf ekki verið nægilega kerfisbundið til þessa, en í starfi ráðgjafarnefndarinnar um samningana við Atlantsálsfyrirtækin og nýskipaðrar ráðgjafarnefndar um umhverfisáhrif stóriðju höfum við einmitt raðað upp öllu þessu efni í samvinnu við færustu erlend ráðgjafarfyrirtæki en um leið byggjum við upp sérþekkingu hér. Og þar koma að sjálfsögðu til íslenskar séraðstæður. Ég furða mig á því að hinn vísindalega þenkjandi 12. þm. Reykv. skuli furða sig á því að menn vilji líta á hvort vatn og jörð eru hér súrari eða miður súrari en gerist í löndunum í kring. Við hljótum að velja umhverfisvarnir í samræmi við okkar staðhætti en ekki einhverra annarra. Í þessu er enginn ásetningur um að hér verði lakar að verki staðið en annars staðar. Ég minni líka á að brennisteinstvíildi kemur upp úr jörðinni á Íslandi, ekki bara frá strompum í verksmiðjum. Ég minni líka á að það er nálægð við aðra mengunarvalda sem veldur nokkru um hvaða kröfur eru gerðar til nýrra fyrirtækja, ekki eingöngu hvernig umhverfisaðstæðurnar eru í sjálfu sér. Allt þetta verður metið vandlega. Hin nýja ráðgjafarnefnd hefur fyrst og fremst það verkefni að draga saman á skipulegan hátt yfirlit yfir umhverfisáhrif áliðju og álvers, ef til þess kæmi að það yrði reist hér, til þess að mengunarvarnir Hollustuverndarinnar geti tekið á málinu faglega á grundvelli sem er fyrir fram undirbúinn, þannig að Hollustuverndin sé ekki í senn að semja áætlanir um áhrif á umhverfið og framkvæma rannsóknirnar heldur taki við áætlun um það frá framkvæmdaraðilanum. Í þessu tilfelli er það iðnrn. sem ábyrgð bera á framkvæmdinni, en það er ekki á nokkurn hátt verið að varpa rýrð á eða fara inn á verksvið Hollustuverndarinnar eða mengunarvarnanna eða heilbrrn. eða umhverfisráðuneytisins þegar það hefur tekið við þessum verkefnum. Þvert á móti er verið að létta þeim störfin og gera það sem ég tel mjög mikilvægt, að efla sérþekkingu á Íslandi á þessum mikilvæga þætti í iðnaði og iðnaðarframtíð okkar — og annarra þjóða því að væntanlega getum við einhvern tíma haft gagn af þessari sérfræði annars staðar.

Það er alveg rétt hjá hv. 12. þm. Reykv. að landsframleiðslan og ýmsir aðrir efnahagslegir mælikvarðar á velferð almennings taka ekki nægilegt tillit til áhrifa á umhverfið. Það er að sjálfsögðu rétt en ég leyfi mér að benda á að í þessu verki sem við ræðum hér verður lögð mjög mikil áhersla á að meta þetta til hlítar. Þess vegna kemur það satt að segja á óvart að það verk skuli ekki vera metið til fulls. Og ég segi það af mikilli einlægni að það verður ekkert verk sparað

og enginn steinn látinn óhreyfður til þess að þessi hlið málsins verði sem allra best tryggð.

Ég veit ekki hvort ég sé ástæðu til að segja fleira um það sem kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv. nema hvað ég vil ítreka það sem ég sagði áðan um staðarvalið, að það er einn af samningsþáttunum en ekki mál sem verður ákveðið einhliða af hinum erlendu álfurstum, eins og hv. 12. þm. Reykv. orðaði það.

Ég kem þá nokkuð að máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann ræddi hér í löngu máli margar hliðar þessa stóra máls, ekki síst umhverfisáhrif ef álver risi við Eyjafjörð. Ég get fullvissað hv. þm. um það að þeim sem að þessu verki vinna fyrir hönd ríkisstjórnarinnar er ákaflega vel ljóst að Eyjafjörður er mikilvæg matarkista, mikilvæg náttúruminjaborg, gæti ég næstum sagt, sem ekki má spilla. En það breytir því ekki að geysimargir þar um slóðir vilja koma þarna upp þessu stóra álveri, þessari stóru álsmiðju. Og ég er sannfærður um að það er hægt að standa þannig að því verki að hún spúi ekki eimyrju yfir Eyfirðinga. Ef rannsóknir leiða í ljós að á því sé hætta þá verður niðurstaðan líka í samræmi við það.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. vék líka nokkuð að mati á virkjunarkostum og rakti það í löngu máli og einnig kostnað á hverja einingu í uppsettu afli og reyndar orkuverði. Ég tel best, eins og hv. þm. reyndar sagði sjálfur, að hv. iðnn. þessarar deildar fái að fjalla um þetta efni og býð upp á það að starfsmenn iðnrn. og orkufyrirtækja veiti hv. þm. svör við þessu utan þingfundar þar sem ég tel það efni lítt fallið til orðræðna eins og hér geta farið fram.

Ég kem þá að máli hv. 1. þm. Vesturl. sem vék mörgum orðum að jöfnun orkuverðs í landinu og vildi tengja það þessu máli. Ég skil vel áhuga hv. 1. þm. Vesturl. á orkujöfnunarmálinu. Ég vildi leyfa mér að benda á að stór skref voru stigin í því máli á síðasta ári, yfirtaka skulda RARIK og Orkubús Vestfjarða um mitt ár 1989, en í kjölfar þeirrar yfirtöku lækkuðu beinlínis taxtarnir fyrir almenna rafmagnsnotkun hjá þessum fyrirtækjum um 5%. Það er reyndar líka talið að þessi yfirtaka hafi komið í veg fyrir kannski 12–15% hækkun sem annars hefði orðið. Ég minni líka á að í kjölfar þessara aðgerða og annarra sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir varð ekki hækkun á gjaldskrá þessara fyrirtækja í ársbyrjun 1990 þegar margar þéttbýlisveiturnar hækkuðu sem samanburðurinn er gjarnan gerður við. Þannig tel ég óhætt að fullyrða að hlutfall milli gjaldskrár fyrir raforku hjá þessum fyrirtækjum, þ.e. landsbyggðarfyrirtækjunum RARIK og Orkubúi Vestfjarða, og þéttbýlisrafveitunum sé nú hagstæðara landsbyggðinni en verið hefur á þessum áratug. Munurinn milli taxtanna hefur minnkað verulega á síðustu árum, en auðvitað er þarna enn bil. En þetta má líka skoða í öðru ljósi. Ef við lítum á hvað þessi orkufyrirtæki, annars vegar RARIK og Orkubúið og hins vegar þéttbýlisveiturnar, fá fyrir hverja selda kwst. kemur í ljós að Orkubúið og RARIK fá minna á hverja kwst. en þéttbýlisfyrirtækin. Það stafar af því að stærri hluti af sölu þeirra fer til upphitunar á húsnæði á miklu lægri gjaldskrá. Þetta minnir menn á að það má ekki hrapa að ályktun um þessa hluti.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að mikilvægt sé að halda áfram í jöfnunarátt, fyrst og fremst með framtaki heimamanna sjálfra en líka með opinberum aðgerðum. Ég minni á að það er ekki hægt að gera þetta með einföldum lagabreytingum á gjaldskrá Landsvirkjunar, m.a. vegna þess sem kom fram í máli hv. 2. þm. Reykv., að um Landsvirkjun gilda ekki eingöngu lög. Um hana gildir líka sameignarsamningur eignaraðilanna og í því felst að áður en nokkur slík breyting yrði gerð yrði að nást eða reyna á samkomulag milli eignaraðilanna áður en lagabreytingum væri beitt vegna þess að í landsvirkjunarlögunum er sú einfalda regla sett að sama gjaldskrá skuli gilda fyrir alla sem við fyrirtækið skipta. Ég er með þessu alls ekki að skorast undan því að halda áfram orkujöfnun og fagna því sem fram kom í máli hv. þm. að leita þarf nýrra leiða í því efni.

Ég kem þá að máli hv. 5. þm. Austurl. sem lagði mesta áherslu á að staðarval álvers mótaðist af byggðasjónarmiðum. Ég minni aftur á samþykkt ríkisstjórnarinnar í málinu og tek undir það með hv. þm. að það er ákaflega mikilvægt að menn freisti þess að draga úr þensluáhrifum þessara framkvæmda með öllum ráðum þannig að ekki valdi ofhitnun í hagkerfinu, en ég held reyndar að við eigum nú að vera betur undir það búin en við höfum lengi verið vegna þess að betra jafnvægi er komið á í þjóðarbúskapnum þegar þessar framkvæmdir yrðu hafnar en lengi eru dæmi um.

Ég kem þá að máli hv. 2. þm. Vestf. Hann fór hér með mjög athyglisverðar hugleiðingar um gjaldskrármál Landsvirkjunar og minnti réttilega á að í fortíðinni hafi stórvirkjanir oft haft miður heppileg áhrif á gjaldskrár til almenningsveitna. Ég tel að sú endurskoðun og endurskipulagning gjaldskrár Landsvirkjunar sem staðið hefur yfir alllengi og ný stefna í því máli eigi að tryggja betur en áður hefur tekist það grundvallarákvæði landsvirkjunarlaganna að stórorkusölusamningar skuli ekki valda hækkun á verði til almenningsveitna. Ég tek undir það með hv. þm. að leita þarf leiða til að halda aðskildum stórorkusölusamningunum og hinni almennu notkun. Þetta er nú í einu reikningskerfi. Ég veit að viðleitni Landsvirkjunar hefur verið sú að tryggja þetta sem allra best. Það má vel vera að við höfum enn ekki fundið réttu lausnina, en ég get fullvissað hv. þm. um það að menn eru sér mjög vel meðvitaðir um þörfina fyrir þennan aðskilnað. Ég lít á það sem ábyrgðarmál mitt, eins og kom raunar fram í máli þingmannsins, að reyna að gera þetta sem tryggilegast og eftir því sem vægið á stórorkusölusamningunum verður meira þeim mun mikilvægara er að sveiflur á þann vænginn lendi ekki eingöngu á þeim sem eru helstu kaupendur á rafmagni til almenningsveitna frá fyrirtækinu. Þetta eru vissulega sjónarmið sem er ástæða til að hafa í huga og ég veit fyrir víst að þeir sem fara með raforkusölumálin af hálfu Landsvirkjunar hugsa þetta mál með sama hætti og hv. þm.

Hv. þm. ræddi hér nokkuð um staðarvalið og mikilvægi þess að landið héldi sínu fólki. Ég er honum algerlega sammála um þetta, en held að leiðin til þess að landið geri það sé nú einmitt að ráðast í svona framkvæmdir sem geti orðið uppspretta hagvaxtar í landinu að nýju. Það er mikilvægast til allra hluta og tengist því sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykn. sem benti á þá skoðun Efnahagssamvinnustofnunarinnar (OECD) að líkur á hagvexti á Íslandi væru heldur dauflegar og horfurnar fyrir næstu ár, enda var þar ekki reiknað með nýrri innspýtingu, neinum nýjum hagvaxtarskammti eins og þeim sem við erum hér að ræða. Hann getur einmitt breytt þessu þannig að við jöfnum metin við þær þjóðir sem við höfum helst samanburð og samkeppni við, ekki um einhvern varning heldur um okkar fólk. Það er að sjálfsögðu það sem býr á bak við þetta mikla mál. Þetta eru ekki bara megawött og milljarðar eða milljarðatugir. Þetta eru líka manneskjur. Það sem við þurfum nú að gera er að gefa von um að það sé hægt að breyta þessum hagvaxtarhorfum Íslendingum í hag. Með því að samþykkja þetta frv. værum við að leggja okkar lóð á þá metaskál.

Það er misskilningur hjá hv. 11. þm. Reykn. að þetta mál sé á einhvern hátt áróðursbragð. Ég vonast satt að segja til þess að hv. 11. þm. Reykn. vilji líta á þetta algerlega málefnalega. Ég fullvissa hann líka um að það verður farið mjög varlega í að niðurgreiða aðstöðumun milli svæða. Það er einmitt þess vegna sem ég vil fyrir mitt leyti, og það er skoðun ríkisstjórnarinnar líka, beita mér fyrir því að það verði samið um staðarvalið, það verði ekki einhliða ákvörðun, hvorki íslensku ríkisstjórnarinnar né okkar viðsemjenda.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, ítreka það sem ég sagði hér áðan vegna orða hv. 2. þm. Reykv. sem var sá síðasti sem talaði áður en ég kom aftur í stólinn, að það er alls ekki verið að etja sveitarfélögunum saman til samkeppni. Og mér kom nú satt að segja á óvart hjá fyrsta ræðumanninum, hv. 1. þm. Reykv., þegar hann talaði með miklum fyrirvara og mér fannst næstum fyrirlitningu, að það væri þokkalegt ef það ætti að fara að treysta á einhvern uppboðsmarkað þar sem þetta ætti bara að vera útreikningsmál. Mér fannst hann sýna þar nokkra skipulagshyggju í málinu sem ég átti reyndar ekki von á frá honum. En sannleikurinn í málinu — þegar maður sleppir gamanyrðum — er að þetta mál þarf að þroskast í samvinnu við sveitarfélögin. Þess vegna er verið að skrifa þeim. Ég get látið þess getið að ég átti á þessum morgni ásamt forsrh. ítarlegar viðræður við fulltrúa sveitarfélaga á Austurlandi sem einmitt vildu kanna og fara yfir öll atriði þessara bréfaskipta milli Atlantsálsfélaganna og iðnrn. um viðhorf þeirra til hugsanlegrar stóriðju í sínu héraði. Það er vafalaust fyrirhafnarsamt verk, það verður vafalaust tafsamt að fara yfir það með öllum þessum sveitarfélögum. Vonandi finna þau sjálf leiðir til samstarfs og þá er sannarlega vel.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég skal stilla ræðutíma mínum hér í hóf. Það er orðið heldur áliðið þessa dags og ekki ástæða til þess við 1. umr. að lengja hana mikið. Þó neyðist ég til þess að taka til máls vegna þess að ýmsum skeytum hefur verið beint til mín, bæði nú af hæstv. ráðherra svo og af a.m.k. einum ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þær viðbótarskýringar sem hann hefur gefið. Ég sakna þess reyndar að hæstv. forsrh. hefur ekki tekið til máls í þessum umræðum þrátt fyrir það að hann hafi verið beðinn um að sitja undir sumum ræðum og til hans hafi verið beint spurningum.

Það sem situr fyrst og fremst eftir eftir 1. umr. er að eini talsmaður Alþb. í umræðunni, helsti sérfræðingur flokksins í orku- og iðnaðarmálum, hv. 2. þm. Austurl., formaður iðnn. Nd., hefur talað afdráttarlaust gegn þessu frv. Hann hefur meira að segja gengið svo langt að tala um fölsun og falskar forsendur.

Í Ed. ræddi hæstv. menntmrh. um að ekki mætti gera neina nýja „Ísal-samninga“ og í öðru lagi væri það lykilatriði um frekari framvindu málsins að álver yrði reist utan höfuðborgarsvæðisins. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir, oftar en einu sinni, að hann telji að stefna eigi álverinu út á land, m.a. með því að bjóða viðsemjendum íslenskra stjórnvalda upp á lægra orkuverð um tímabundið skeið. Hann hefur líka nefnt það á fundi norður á Akureyri að hugsanlegt sé að hafa skattana lægri um tímabundið skeið.

Ef við hugleiðum aðeins þetta atriði þá hefur hæstv. forsrh. sagt að það eigi að lækka orkuverðið í ákveðnum tilgangi en hæstv. ráðherra Alþb. hefur sagt að ekki megi semja um lágt orkuverð. Við fáum ekki úr því skorið í þessari umræðu hvað menn eiga við þegar þeir tala svona. Ég hef bent á og skal benda á það enn einu sinni og benda hæstv. ráðherra á, að þegar ég var að tala um uppboðsstefnu um staðarvalið þá var ég ekki síst að tala um þá stefnu að byrja á því að spila út hugmyndum eins og þeim að segja okkar viðsemjendum að við séum tilbúnir að slá af í stað þess að láta þá borga sem því munar að setja álverið niður á öðrum stað en þeim sem er reikningslega hagstæðasti staðurinn. Þetta er engin skipulagshyggja. Í raun og veru er þetta eðlileg kænska gæti ég sagt, eðlilega staðið að samningsgerðinni, að bíða eftir því hverju viðsemjendurnir spila út áður en maður gefur þeim fyrir fram vitneskju um hvað maður er tilbúinn að ganga langt, en því miður hefur hæstv. forsrh. gert það.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. iðnrh. hefur sagt að að síðustu þá sé þetta auðvitað samningsatriði. Ég skil hann svo að hann sé ekki tilbúinn til að skrifa undir hugmyndir hæstv. forsrh. um að það beri að spila út lægra orkuverði til þess að fá álverið staðsett á einhverjum ákveðnum stað á landinu. Það hlýtur að vera eðlilegt fyrir okkur í stöðunni að krefjast þess að viðsemjendurnir borgi fyrir það að setja álverið niður á þann stað sem þeir óska ef það er ekki hagstæðasti

staðurinn. Um þetta snýst málið og að blanda einhverri skipulagshyggju inn í það er auðvitað byggt á einhverjum misskilningi.

Það sem skiptir auðvitað mestu máli hér er að átta sig á því: Hefur Alþb. neitunarvald? Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að það skipti engu máli hvað hv. 6. þm. Norðurl. geri. Ef hann kjósi ekki að styðja ríkisstjórnina í þessum efnum þá skipti það engu máli. Hann sagði nánast: Farið hefur fé betra, í umræðum sem hér urðu um daginn. En nú blasir það við eftir ræðu helsta talsmanns Alþb. að það verður að fá það hér skýrt, ef ekki í þessari umræðu þá í þeirri næstu, hvort Alþb. fellir sig við þær áætlanir sem fyrir liggja. Ef Alþb. gerir það ekki þá er lagafrv. óvarlega orðað þegar þar stendur að ríkisstjórnin þurfi að veita viðkomandi heimild, eins og segir í öðru bráðabirgðaákvæðinu. En eins og allir vita var því breytt úr því að vera iðnaðarráðherra í það að vera ríkisstjórn, sem er mjög sérkennilegt í lögum þar sem í öðrum greinum segir að það skuli vera iðnaðarráðherra sem veiti tilteknar heimildir.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma hér, það gefst kannski tækifæri til þess síðar. En ég ætla að víkja í örstuttu máli að ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég fagna því að hann skuli lesa það sem ég hef skrifað um þessi mál. Ég get staðið við allt sem stendur í þeirri grein sem hann vitnaði til, sérstaklega varðandi það hvernig okkur hefur tekist að borga upp mannvirkin við Búrfell og reyndar öll mannvirkin sem tengjast Ísal með sölu á raforku til álversins í Straumsvík. Það eru staðreyndir sem er auðvelt að reikna út og liggja fyrir. En hv. þm. sagði að ég hefði talað gegn jarðgangagerð á Vestfjörðum. Ég vil enn á ný ítreka að það voru ekki mín orð. Ég tók skýrt fram að ég væri ekki gegn slíkum göngum. Það sem ég var hins vegar að benda á var að allar aðgerðir og allar framkvæmdir sem miðast að því að auka útgjöld ríkissjóðs á næstu árum eru fallnar til *þess að auka á þensluna á meðan hér situr ríkisstjórn* sem treystir sér ekki til þess að takast á við ríkisfjárlögin og ríkisfjármálin með þeim hætti að jafnvægi sé í niðurstöðum í ríkisfjármálunum. Það eru einmitt þau atriði sem skipta langmestu máli. Hafi hv. þm. lesið þá grein sem hann vitnaði til þá er einmitt vikið að því í lok greinarinnar, þar sem segir að það skipti langmestu máli að framkvæmdirnar valdi ekki verðbólgu og efnahagslegum óstöðugleika. Þær þurfa ekki að gera það ef hæstv. ríkisstjórn sinnir því hlutverki sínu að sjá til þess að dregið verði úr öðrum framkvæmdum þau örfáu ár sem þessar framkvæmdir standa yfir. — Þetta er aðalatriði málsins.

Í lok þeirrar greinar bendi ég á atriði sem kannski er ástæða til þess að rifja enn á ný upp. Á næstu tímum munum við eiga þess kost að fjárfesta erlendis, ekkert síður en hérlendis. Sú þróun getur orðið okkur til gagns, ef okkur tekst á sama tíma að fá erlenda aðila til að fjárfesta hér á landi. Það gerist hins vegar ekki nema með öflugri markaðssókn og það er ekkert sem bendir til annars en að við getum boðið orku á samkeppnishæfu verði í fyrirsjáanlegri framtíð. Næstu skrefin í þá átt að auðvelda samstarf við erlenda aðila hljóta að verða þau að setja almenn lög um fjárfestingar, eignarhald og réttarstöðu þeirra hér á landi og gera skattlagningu fyrirtækja sambærilega því sem gerist í öðrum Vestur-Evrópulöndum. Það verður Alþingi að takast á við fyrr en síðar. — Þetta voru lokaorðin í þeirri grein sem hv. þm. heiðraði mig með því að lesa upp úr áðan og vitna til.

Hæstv. forseti. Ég lofaði því að vera stuttorður og ég vonast satt að segja til þess að þessi orð mín kveiki ekki frekari umræður. Það var nauðsynlegt fyrir mig að svara þeim athugasemdum sem komu fram í ræðum fyrr á þessum fundi þar sem í vissum tilvikum voru mér gerðar upp skoðanir.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil segja það við hv. 1. þm. Reykv. að ég held ég hafi sagt það í mínu máli áðan að sá útreikningur sem hann er með og forsendur ganga ekki upp. Við verðum að vera þess minnugir hvernig áratugurinn 1970–1980 var í sambandi við vexti. Það kann að vera að hann geti sýnt fram á það að miðað við þann áratug hafi einhver getað borgað niður töluvert af þeim skuldum sem Ísal ætti að greiða miðað við orkunotkun þeirra, en við erum í því umhverfi núna að það eru ekki 10 millj. sem kostar að fjárfesta jafnmikið og Ísal notar, það er ósköp ámóta og Fljótsdalsvirkjun sem kostar yfir 20 milljarða. Gígawattstundirnar sem Ísal notar og Fljótsdalsvirkjun framleiðir eru mjög líkar. Ef ég fæ ekki svör frá hæstv. iðnrh. í sambandi við útreikninga mína mun ég setja mig niður eftir þingið og skrifa honum opið bréf og senda honum þessa útreikninga og knýja fram svör við þeim.

Hæstv. ráðherra sagði í sinni ræðu áðan að mjög margt yrði gert til að koma í veg fyrir mengun. Að gefnu því tilefni ætla ég að vitna í samninginn sem var gerður við Ísal. Þar segir, með leyfi forseta: „Ísal mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði." Þeir hafa ekki náð því, ekki einu sinni að hálfu. Það er ekki hægt að orða þetta skýrara en er í þessum samningi. Ég vil að það komi hér til skila hvað er í þessum samningi, ég er búinn að skoða þetta mál.

Hæstv. ráðherra taldi að ekki hefði verið óeðlilegt að hann skrifaði þessum 42 sveitarfélögum og spyrðist fyrir um það hvað þau vildu vinna til að fá álver. En þá vil ég spyrja: Voru bændurnir í Eyjafirði spurðir? Þeim kemur það kannski ekkert við. Ég veit að það eru einir tveir oddvitar sem töluðu en þeir eru nú bara ... (**Viðskrh.:** Eru þeir ekki kosnir?) Þeir eru ekki fulltrúar fyrir bændurna að ráðstafa þeirra eignum eða jörðum í þessu samhengi. En það kann að vera að það þurfi að láta þá vita um að betra sé fyrir þá að vakna vegna þess að hæstv. ráðherra skilur það svo að þessir talsmenn sveitanna hafi eitthvert umboð í þessu efni. Þeir hafa ekkert umboð í þessu efni, og það kom fram á fundinum í Hlíðarbæ á sunnudaginn var.

Nei, ég held að ráðherrann ætti nú að fara til Eyjafjarðar og ég skal mæta honum þar á fundi og ræða

þessi mál. Já, við skulum gera það og þá kemur kannski í ljós hver svör þeirra verða.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hygg að aðeins einni spurningu hafi verið til mín beint. Hv. 1. þm. Reykv. vildi fá nánari útlistun á því sem ég hef sagt um mikilvægi byggðamála í sambandi við byggingu álbræðslunnar. Ég skal reyna að gera það í mjög stuttu máli. Ég vil í fyrsta lagi benda á samþykkt ríkisstjórnarinnar þar sem segir að ríkisstjórnin vilji með byggingu álbræðslunnar stuðla að eðlilegri byggðaþróun og atvinnuöryggi. Og ég vil líka vekja athygli á því að allar þær ríkisstjórnir sem láta sig byggðamál varða verja til þeirra töluverðu fjármagni og sumar mjög miklu fjármagni. Ég bendi á Norðurlöndin, Norðmenn, Svía t.d. og reyndar fleiri, eins og Breta sem verja mjög miklu fjármagni til byggðamála. Í mínum huga er það í raun og veru bara reikningsdæmi hvort til greina getur komið að á einn eða annan máta, sem kannski kostar eitthvert fé, að stuðla að því að álbræðslan verði þar byggð sem stuðlar að betra byggðajafnvægi og atvinnuöryggi. Ég hef margsinnis sagt að ég tel ekki skynsamlegt af þessum ástæðum að byggja á höfuðborgarsvæðinu. Ég er ekki að áfellast fyrri áætlanir um Straumsvík, það var af allt annarri ástæðu sem Straumsvík varð þá fyrir valinu og það er allt annað mál. En ég tel fyrir þjóðarbúið í heild ekki skynsamlegt að byggja svona álbræðslu á þessu svæði. Það er talað um að hún stækki. Ég efa ekki að Straumsvík stækkar, hún hlýtur að verða stækkuð og jafnvel fljótlega. Ég held að við eigum að dreifa þessu víðar.

Ég er ekki tilbúinn að ræða hér hvað kemur til greina af hálfu stjórnvalda eða opinberra aðila til að stuðla að þessu. Ég er á þeirri skoðun að það eigi að vera liður í þessum samningum öllum þegar það liggur fyrir, þegar hagkvæmnin hefur verið athuguð á mismunandi stöðum. Ég vek t.d. athygli á því að ef það á að stækka þessa verksmiðju í 400 þús. tonn þá er líklega hagkvæmast að byggja hana á Austfjörðum því þar verður viðbótarorkan næst. Þar er mesti möguleiki til að virkja fyrir önnur 200 þús. tonn. Og ég spyr, ég veit ekki hvort það hefur verið tekið inn í dæmið enda er þetta nýlega komið fram að þeir vilja hafa þennan möguleika. Ég held að dæmið sé miklu flóknara en svo að menn geti sagt að þetta eigi að gera en ekki hitt í þessu skyni. En ég tel að það eigi að skoða þann möguleika mjög vandlega hvort það getur talist hagkvæmt í okkar byggðamunstri og okkar viðleitni til að stuðla að byggðaþróun, að ríkisvaldið noti eitt eða annað sem það hefur á sínu valdi til að verksmiðjan verði byggð þar sem best verður slíkum markmiðum náð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til iðnn. með 32 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 1139.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Félagsráðgjöf, 2. umr.

Stjfrv., 484. mál (starfsleyfi og sérfræðileyfi). — Þskj. 842, n. 1135.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 534. mál (bótaréttur o.fl.). — Þskj. 931, n. 1129, 1131 og 1140, brtt. 1132.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. Á fund nefndarinnar kom Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn.

Í nefndinni hefur komið fram það sjónarmið að fella beri burt það skilyrði í lögunum að réttur til atvinnuleysisbóta sé háður félagsaðild að stéttarfélagi, sbr. 1. gr. frv. Um þetta atriði er djúpstæður ágreiningur. Verkalýðshreyfingin leggur mikla áherslu á að þetta ákvæði haldist óbreytt. Því telur meiri hl. nefndarinnar ekki rétt að gera eða standa að tillögu sem byggir á slíku sjónarmiði.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um skýrslu Íslands um framkvæmd á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1986 og 1987 kemur fram gagnrýni á það fyrirkomulag að réttur til bóta úr atvinnuleysistryggingasjóði sé tengdur aðild að stéttarfélagi. Ágreiningur er þó innan embættismannanefndarinnar um túlkun sérfræðinganefndarinnar á 5. gr. sáttmálans. Hluti nefndarmanna (fulltrúar Bretlands, Danmerkur, Noregs, Íslands, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Svíþjóðar) telja að túlka beri ákvæðið þröngt þannig að það taki ekki til réttarins til að standa utan félaga. Hinn hlutinn (Austurríki, Frakkland, Ítalía, Kípur, Malta og Spánn) eru sammála sérfræðinganefndinni. Fulltrúar

Grikklands og Írlands hafa verið í vafa og setið hjá. Afleiðing þessa er að ekki er tilskilinn meiri hluti að baki annarri hvorri skoðuninni á málinu í embættismannanefndinni.

Svör og skýringar íslenskra stjórnvalda og Alþýðusambands Íslands á þessu fyrirkomulagi koma fram í skýrslu Íslands um framkvæmd sáttmálans á árunum 1988 og 1989 sem nú er unnið að. Í ljósi þess að álit sérfræðinganefndarinnar á skýringum íslenskra stjórnvalda liggur ekki fyrir fyrr en sumarið 1991 mælir meiri hl. nefndarinnar með því að réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði áfram háður sömu skilyrðum og nú er krafist. Taki sérfræðinganefndin ekki tillit til skýringa íslenskra stjórnvalda og telji að óbreytt fyrirkomulag sé í andstöðu við félagsmálasáttmálann mælist meiri hl. nefndarinnar til þess að félmrh. og heilbr.- og trmrh. beiti sér fyrir viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins um þetta efni með hliðsjón af afstöðu Evrópuráðsins til skýringa íslenskra stjórnvalda.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að við 1. gr. komi einungis tæknileg breyting, orðalagsbreyting, að í stað orðanna „þeirra félaga" komi: í þeim stéttarfélögum. Greinin mundi þá hljóða svo: „Ákvæði laga þessara taka til félagsmanna í þeim stéttarfélögum, sem við gildistöku þeirra eru aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði, svo og í þeim félögum, sem stjórn sjóðsins veitir síðan aðild að sjóðnum . . ."

Það láðist síðan í efnismeðferð að taka tillit til laga sem ætti að taka með í þeirri meðferð sem fjallað er um í 11. gr. frv. að sameina skuli og gefa út sameiginlega. Gerð er tillaga um það í minnihlutaáliti og það er tillaga okkar að sú brtt. minni hl. verði samþykkt.

Undir þetta meirihlutaálit heilbr.- og trn. rita Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson með fyrirvara og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. heilbr.- og trn. 1. minni hl. skipa hv. 3. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir auk þess sem hér talar.

Um það frv. sem hér liggur fyrir er ekki efniságreiningur að öðru leyti en því að um 1. gr. frv., þ.e. 3. gr. gildandi laga um Atvinnuleysistryggingasjóð, er verulegur ágreiningur um grundvallaratriði. Þeim ágreiningi var nokkuð lýst í framsögu talsmanns meiri hl. nefndarmanna og honum er sömuleiðis lýst í greinargerð með frv. Þessi ágreiningur er ekki nýr af nálinni, heldur er hér um að ræða áragamlan ef ekki áratuga gamlan ágreining um það hvort almenn réttindi til þess að njóta bóta í atvinnuleysi, til þess að njóta bóta úr opinberum sjóði sem heitir Atvinnuleysistryggingasjóður, eigi að vera bundinn því skilyrði að viðkomandi bótaþegi sé félagsmaður í verkalýðsfélagi.

Við nokkrir þingmenn sem teljum að slík almenn réttindi eigi ekki að vera bundin slíkum skilyrðum erum þeirrar skoðunar að það sé mannréttindabrot að hafa ákvæði laganna eins og þau eru og viljum þess vegna breyta þeim. Við erum ekkert einir um þetta. Það eru ekki einhverjir örfáir sérvitringar á Alþingi sem hafa þessa skoðun. Þetta er skoðun sem fram hefur komið hjá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópuráðsins sem Ísland á aðild að og er skuldbundið að fara eftir.

Þetta mál er þess eðlis að þess er ekki að vænta að úrslit í því geti fengist í einhverjum viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að fulltrúar alþýðusamtakanna og verkalýðsfélaganna afsali sér réttindum, sem ég vil reyndar kalla forréttindum, sem þessi samtök hafa. Auðvitað gera þau það ekki í frjálsum samningum. Þetta er vitanlega atriði sem löggjafarvaldið verður að taka á og leysist ekki með öðrum hætti.

Hér er tækifæri til að leysa úr þessu máli og við í 1. minni hl. nefndarinnar teljum að það eigi að grípa það tækifæri. Við höfðum reyndar ástæðu til að ætla að meiri hluti væri í nefndinni fyrir því að gera hér breytingar á, en komið hefur í ljós að svo er ekki. Skal ég ekki fara með skýringar á því, en það vekur óneitanlega nokkra furðu ef þingnmenn sem starfa á vettvangi Evrópuráðsins styðja ekki brtt. sem lúta að því að framfylgja ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópuráðsins. Það verður auðvitað sérstaklega tekið eftir því hvernig til að mynda hæstv. félmrh. ráðstafar atkvæði sínu í atkvæðagreiðslu um þessar brtt. vegna þess að félmrh. hefur í skýrslu til Alþingis um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989, sem hér var útbýtt í síðasta mánuði, greint í ítarlegu máli frá því hvernig þetta mál er á vegi statt að því er varðar félagsmálasáttmála Evrópuráðsins og þær athugasemdir sem íslenskum stjórnvöldum hafa borist vegna ákvæða í lögum hér á landi sem talin eru brjóta í bága við ákvæði þessa sáttmála. Félmrh. er það stjórnvald sem kemur fram fyrir Íslands hönd gagnvart Evrópuráðinu þegar um er að ræða framkvæmd þessa sáttmála. Og það verður að sjálfsögðu eftir því tekið hvernig félmrh. og hans flokksmenn taka afstöðu í þessu máli. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í þessa skýrslu félmrh. þar sem segir eftirfarandi á bls. 37 um þetta mál:

„Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins er óvenju dómhörð þegar hún fjallar um ákvæði um bótarétt í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Um þetta ákvæði segir að nefndin hafi enn fremur veitt því athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eigi eingöngu félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus sé óverjandi ráðstöfun sem hafi þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þess hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að þessi ákvæði sem verið er að tala um brjóti í bága við bæði anda og bókstaf 5. gr. þessa sáttmála. Það er þess

vegna ekkert að undra þó að hér sé flutt brtt. við þetta frv. sem gengur í sömu átt og þessi óvenju sterka athugasemd, óvenju harðorða athugasemd.

Þannig er að vísu, herra forseti, að þessi sérfræðinganefnd hefur gert fleiri athugasemdir við íslensk lög. Hún hefur til að mynda gert athugasemd við sjómannalög, 81. gr. sjómannalaga, og frá því segir á þessari sömu blaðsíðu skýrslu félmrh. til Alþingis. En hver voru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeirri athugasemd? Þau voru að flytja frv. til laga á hinu háa Alþingi á þessum vetri um að breyta sjómannalögunum til samræmis við þá athugasemd, að fella niður það ákvæði í 81. gr. sjómannalaga sem talið var brjóta í bága við félagsmálasáttmála Evrópu með þeim rökstuðningi að komið hefði athugasemd erlendis frá, frá þessari sérfræðinganefnd, um að 81. gr. bryti í bága við félagsmálasáttmálann. Þá stóð ekki á viðbrögðunum. Þá stóð ekki á því að framfylgja ákvæðum sáttmálans. Og ég veit ekki betur en það frv. hafi farið í gegnum Ed. og sé í meðferð núna í Nd. þingsins, væntanlega í hv. samgn.

Ég nefni annað dæmi þar sem ríkisstjórnin hleypur strax til þegar berst athugasemd um framkvæmd Íslands á alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland á aðild að. Við sem störfum í heilbr.- og trn. vitum um það frv. til breytinga á læknalögum sem legið hefur fyrir þinginu. Tilkoma þess hingað inn í þingið er vegna þess að eftirlitsnefnd með framkvæmd norræns sáttmála um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda innan heilbrigðisstéttanna hefur gert athugasemd við framkvæmd Íslands á þessu ákvæði. Ég skal ekki fara nákvæmlega út í þau efnisatriði, enda liggja þau fyrir í frv., en það sem skiptir máli hér er það að um leið og slík athugasemd berst frá þessari eftirlitsnefnd með framkvæmd þessa norræna sáttmála, þá sér ríkisstjórnin sitt óvænna og leggur fyrir Alþingi frv. um að breyta lögum til þess að unnt sé að uppfylla þau ákvæði þessa sáttmála sem hin erlenda eftirlitsnefnd telur að við séum, sem ríki, brotleg við. Í þessu tilfelli skortir heldur ekki á viðbrögð. Það vantar ekki að það sé hlaupið upp til handa og fóta að fá læknalögunum breytt í sambandi við þá athugasemd sem barst frá norrænu eftirlitsnefndinni.

Hvernig stendur þá á því að ríkisstjórnin er ekki sjálfri sér samkvæm og leggur til breytingar á lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð í samræmi við þær athugasemdir sem borist hafa varðandi þá löggjöf? Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því að hér er lögð fram skýrsla í nafni ríkisstjórnarinnar sem félmrh. er ábyrgur fyrir þar sem málið er lagt þannig upp að við blasir hér mjög alvarleg athugasemd en síðan er flutt stjfrv. þar sem ekki er tekið á þessu máli? Hvernig stendur á þessu ósamræmi?

Það er auðvitað fullkomlega hlálegt og verður ekki sérstaklega gæfulegt til afspurnar ef ráðherra þessa málaflokks og aðrir ráðherrar, til að mynda sá ráðherra sem flutt hefur brtt. vegna læknalaga út af þeirri athugasemd sem ég gat um áðan, styðja ekki þær brtt. sem 1. minni hl. flytur. Þær ganga einfaldlega út á það að afnema þessa mismunun þannig að allir þeir sem atvinnulausir verða, óháð aðild að verkalýðsfélagi, eigi rétt á atvinnuleysisbótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda njóti þeir ekki slíkra réttinda annars staðar. Og ég spyr allt þetta félagshyggjufólk, sem svo kallar sig og stendur að þessari ríkisstjórn: Þurfa þeir einstaklingar sem verða atvinnulausir og ekki eru í stéttarfélögum eitthvað minna á bótum að halda þegar þannig ástand kemur upp en þeir sem eru í verkalýðsfélögum? Er það þannig að ef fólk er atvinnulaust fari þörf þess fyrir bætur eftir því hvort það er í einhverju tilteknu félagi? Er það þannig?

Nei, það er auðvitað ekki þannig. Og auðvitað eru þetta almenn réttindi í sjóði sem lagt er fé í bæði úr ríkissjóði og af sveitarfélögum, af skattfé alls almennings og ekki bara þeirra sem eru í verkalýðsfélögum. Auðvitað er það þannig. Og auðvitað er það fráleitt að binda slík réttindi við þá félagsaðild sem hér er til umræðu. Ég held satt að segja að þeir verkalýðsforingjar sem um þessi mál hugsa nú til dags hljóti að gera sér grein fyrir því að það eru breyttar aðstæður í þjóðfélaginu frá því sem var þegar þessum bótum var á komið og auðvitað allt gjörbreytt hér í samskiptum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda annars vegar og þessara aðila við ríkisvaldið frá því sem var fyrir áratugum síðan. En ég gat þess áðan að kannski er ekki við því að búast, það er ekki hægt að gera þær kröfur til verkalýðsfélaganna eða Alþýðusambandsins að það sjálft flytji brtt. eða leggi til breytingar á þessu fyrirkomulagi. Það verður að koma héðan frá löggjafarsamkomunni, enda eru sum mál þess eðlis að Alþingi verður sjálft að taka af skarið. Ekki er endalaust og alltaf hægt að bíða eftir því að samtök utan þingsins gefi línu eða veiti samþykki sitt fyrir lagabreytingum sem þingið vill beita sér fyrir.

Ég þarf ekki, herra forseti, í þeirri tímaþröng sem hér er orðin í þingstörfum að hafa langt mál um þetta umfram það sem orðið er. Ég vek athygli á því að í fylgiskjali með nál. 1. minni hl. er birt yfirlit sem er fengið úr greinargerð Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna til heilbr.- og trmrh. frá því í nóvember sl. þegar þessir aðilar voru að gera tillögur um breytingar á þeim lögum sem nú eru til meðferðar hér. Þar er rakið mjög ítarlega hvernig réttarstaða ófélagsbundinna launþega er í ýmsum öðrum málum. Og það er rakið hvernig ófélagsbundnir launþegar hafa með lögum frá Alþingi fengið rétt á við félagsbundna launþega eins og sjálfsagt er þegar um er að ræða almenn réttindi, veitt í skjóli ríkisvalds, opinber réttindi sem fjármögnuð eru með almannafé. Hér er til að mynda vikið að lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests, nr. 19/1979, þau ná til allra, lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lögum um ríkisábyrgð á launum, lögum um orlof og fæðingarorlof o.s.frv. Auðvitað ná þessi lög ekki bara til þess hluta launþega sem félagsbundinn er í verkalýðsfélögum heldur líka til allra annarra sem eru í sömu stöðu og lögin gera ráð fyrir.

Þess vegna er það auðvitað gersamlega úrelt, ef það hefur nokkurn tíma átt rétt á sér, að undanskilja þá einstaklinga rétti til atvinnuleysisbóta sem ekki eru félagsbundnir í stéttarfélögum.

Reyndar er það nú þannig, virðulegi forseti, að mikill meiri hluti íslenskra launþega er félagsbundinn í verkalýðsfélögum og vill vera það og mundi vera það alveg óháð þessari breytingu. Þess vegna er það náttúrlega enn skrýtnara ef menn leggjast gegn þessari brtt. á þeirri forsendu að hún geti orðið til þess að fæla menn frá því að vera í verkalýðsfélögum. Þeir einstaklingar sem þessi breyting mundi í raun og veru hafa einhver praktísk áhrif fyrir eru ekkert mjög margir. Ófélagsbundnir launþegar á Íslandi eru ekkert mjög margir. En það skiptir engu máli hvað þeir eru margir. Það skiptir máli að afnema hérna grundvallarranglæti sem bundið er í lögum og sem brýtur í bága við sáttmála sem Ísland á aðild að að mati sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Það er það sem skiptir máli.

Ég ætla ekki að elta ólar við einhverjar skýringar sem gefnar eru í nál. meiri hl. þess efnis að það sé ekki nægilega stór meiri hluti í sérfræðinganefndinni sem er þessarar skoðunar, eða eitthvað því um líkt, eða það séu 7 á móti 6 eða eitthvað því um líkt. Það er náttúrlega aukaatriði í þessu. Aðalatriðið er það og það þarf enga útlendinga til þess að segja okkur að þessi ákvæði laganna, eins og þau eru núna, eru einfaldlega óréttlát. Og að mínum dómi eru þau brot á mannréttindum þess fólks sem þarna á hlut að máli. Ég hef rakið það hvers vegna ég tel að svo sé og það breytir engu þó að einhver hluti nefndarmanna í embættismannanefnd á vegum Evrópuráðsins, sem er önnur nefnd en þessi sérfræðinganefnd, sé á öðru máli. Sérfræðinganefndin hefur kveðið upp sinn úrskurð að könnuðu máli og jafnvel þó að hún hefði komist að annarri niðurstöðu væri samt rétt að breyta þessu þó ekki væri nema vegna sjálfra okkar hér á Íslandi og þess réttar sem við viljum tryggja öllu launafólki í landinu eða a.m.k. hef ég staðið í þeirri meiningu að alþingismenn allir vilji tryggja launafólkinu í landinu öllu saman ákveðinn rétt og ákveðin lífskjör.

Ég skal ekki hafa þetta mál lengra, herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess eins og nú er orðið áliðið nætur. Hér er fundur í fyrramálið og hér er fundur annað kvöld. Brtt. 1. minni hl. ganga einfaldlega út á það að í stað orðanna „félagi í stéttarfélagi" komi orðið: launamaður. Það er meginbreytingin að í stað félagsmanna í stéttarfélögum komi launamenn. Sú breyting kemur fram í 1. brtt. okkar og aðrar brtt. leiðir af þessari breytingu þannig að þær eru sjálffallnar ef fyrsta breytingin er ekki samþykkt að öðru leyti en því að síðasta brtt. varðar tilvísun til lagatexta og er þess vegna óhjákvæmilegt að samþykkja hana eins og fram kom í máli talsmanns meiri hl. nefndarmanna.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég ítreka það að vissulega verður eftir því tekið hvernig ráðherrar, einkanlega hæstv. félmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh., verja atkvæði sínu í þessari atkvæðagreiðslu og þeirra samflokksmenn.

Frsm. 2. minni hl. heilbr.- og trn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. hv. heilbr.- og trn. Frv. var lagt fram til að gera nokkrar úrbætur á lögum um atvinnuleysistryggingar, úrbætur sem þörf var á. Þeir sem sömdu frv. urðu sammála um allar greinar þess nema eina, þ.e. 1. gr. sem tekur til 3. gr. núgildandi laga. Í greininni er sá hópur launamanna sem á rétt á atvinnuleysisbótum skilgreindur. Samkvæmt núgildandi lögum eiga þeir launamenn einir rétt á atvinnuleysisbótum sem eru félagar í stéttarfélögum, þó ekki opinberir starfsmenn eins og stendur í texta hlutaðeigandi lagagreinar en fleiri munu þó falla utan þessa hóps.

Tvö sjónarmið komu upp í nefndinni sem samdi frv. Annars vegar að réttur til atvinnuleysisbóta næði til allra félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem ættu aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði eða yrðu síðar aðilar að sjóðnum, hins vegar að allir launamenn ættu rétt til greiðslna úr sjóðnum hvort sem þeir væru innan stéttarfélaga eða utan og um þetta snýst ágreiningurinn. Um þetta er fjallað í athugasemdum við frv. en þar segir:

„Nefndin er sammála um að leggja til breytingar á þessari grein, en greinin útilokar nú nokkrar tilgreindar stéttir frá atvinnuleysisbótum. Helmingur nefndarmanna vill að fellt verði niður það skilyrði bótaréttar að hlutaðeigandi umsækjandi sé í stéttarfélagi enda telja þeir að skilyrði um aðild að stéttarfélagi brjóti í bága við félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að." Þetta er að finna á bls. 2–3 í frv. Um þetta hefur verið fjallað allnokkuð og mun ég bæta örlitlu við.

Í skýrslu félmrh., svo sem fram hefur komið, um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989 kemur fram að Íslendingar hafa fengið alvarlegar ákúrur vegna brota á rétti fólks utan stéttarfélaga til atvinnuleysisbóta. Í fskj. IV við skýrslu félmrh. eru birtar athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Í athugasemdum við 5. gr. segir m.a., eins og fram kom í máli hv. frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. — ég leyfi mér að taka hluta af því upp hér aftur í ljósi þess sem hér kemur á eftir:

„Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun, sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Þetta er tekið fram á fleiri en einum stað í skýrslu hæstv. félmrh. og hef ég mína tilvitnun frá bls. 44.

Það er skoðun 2. minni hl. heilbr.- og trn. að ekki sé verjandi að sniðganga það álit sem hér kemur fram

hvað svo sem vangaveltum um álit embættismannanefndarinnar líður.

Í umfjöllun um frv. í heilbr.- og trn. Nd. kom fram að meiri hluti nefndarmanna vildi framfylgja þessum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu og þannig var málið raunar afgreitt úr nefndinni. Ljóst var að brtt. yrðu lagðar fram við frv. sem tryggðu öllum launamönnum rétt til atvinnuleysisbóta ef að lögum yrði. Brtt. eru fluttar af 1. minni hl. og studdar af 2. minni hl., undirritaðri, sem kaus að skila séráliti til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni.

Ég vil nota tækifærið hér og vekja athygli á því að skiptar skoðanir eru um þetta mál, ekki einungis hér á þingi, heldur einnig meðal forsvarsmanna stórra stéttarfélaga. Fulltrúar ASÍ í nefnd þeirri er samdi frv. mælti ekki með að farið yrði að tilmælum sérfræðinganefndarinnar, en í umsögn BHMR um frv. er Alþingi hvatt til að breyta 3. gr. gildandi laga til samræmis við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu. Er hægt að taka mikið skýrar til orða?

Það er skoðun 2. minni hl. heilbr.- og trn. Nd. að virða beri félagsmálasáttmála Evrópu í hvívetna og þetta skiptir máli, ekki aðeins í þessum umræðum hér heldur einnig fyrir stéttarfélög að öðru leyti. Benda má á að umrædd gagnrýni sérfræðinganefndarinnar varðar 5. gr. hans, en í henni eru ákvæði um að ekki megi skerða rétt einstaklings til að vera í stéttarfélagi, né heldur megi lög um stéttarfélög skerða réttindi nokkurs einstaklings.

2. minni hl. heilbr.- og trn. telur réttinn til þátttöku í stéttarfélagi grundvallarrétt hvers manns og um hann þurfi ekki að deila en það sé æðiþversagnarkennt *að vilja aðeins framfylgja þeim hluta* 5. gr. er varðar rétt til að vera í stéttarfélagi en hundsa önnur réttindi sem einnig eru tryggð í greininni. Mér er það raunar öldungis óskiljanlegt ef málsvarar stéttarfélaga komast ekki að sömu niðurstöðu að vandlega íhuguðu máli, að ég tali ekki um hæstv. félmrh. og heilbr.- og trmrh.

Það eru ótvíræðir hagsmunir fólgnir í því að eiga rétt á að mynda með sér stéttarfélög. Meginstyrkur stéttarfélaga felst í samtakamættinum. Með sameiginlegu átaki er hægt að ná verulegum árangri eins og saga stéttarfélaga á Íslandi frá upphafi ber glöggt vitni. Ræki stéttarfélög þetta hlutverk sitt og séu ótvíræðir málsvarar félagsmanna sinna gefur auga leið að þeir munu telja hag sínum best borgið með því að beita samtakamætti sínum innan félaganna. Það var fyrir samtakamátt fólks innan stéttarfélaga að réttur manna til atvinnuleysisbóta var fyrst tryggður. Nú efast enginn lengur um þennan rétt og er hann m.a. tryggður í félagsmálasáttmála Evrópu sem við eigum aðild að eins og marghefur fram komið hér. Hér um sjálfsögð mannréttindi að ræða og aðild að stéttarfélögum á ekki að vera aðgöngumiði að þeim.

En önnur brýn verkefni bíða stéttarfélaganna og þeim er nauðsynlegt að beita samstöðu ef unnt á að vera að bæta úr því smánarlega ástandi sem nú ríkir í samfélagi þar sem full dagvinnulaun nægja engan veginn til framfærslu í stað þess að vera að elta ólar við ákvæði af þessu tagi. Þau munu án efa tryggja hag félagsmanna sinna meira með því að líta fram á veginn til framtíðarinnar og þeirra verkefna sem þar bíða en að reyna að gera fyrri áfanga að því eina sem laðar fólk að stéttarfélögunum. Fjárhagslega er ekkert því til fyrirstöðu að stíga þetta mikilvæga skref nú þegar og án einhverra sérstakra ráðstafana. Á Íslandi eru langflestir launamenn innan stéttarfélaga. Fjöldi þeirra sem á rétt til atvinnuleysisbóta, ef allir launamenn öðlast þann rétt, verður því litlu meiri en nú er. Atvinnuleysistryggingasjóður er að stórum hluta fjármagnaður af *almannafé*. Vinnuveitendur launþega utan stéttarfélaga greiða til sjóðsins eins og aðrir vinnuveitendur. Því er ekki hægt að líta svo á að launþegar innan stéttarfélaga eigi meiri rétt til greiðslna úr sjóðnum en aðrir launþegar af þessum sökum. 2. minni hl. mun því styðja brtt. 1. minni hl. heilbr.- og trn. og frv. í heild, svo breytt, sem og önnur ákvæði sem þar hafa verið lögð fram.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Í framsögu minni fyrir frv. sem nú er til 2. umr. gerði ég grein fyrir því að um mál þetta varð ekki fullkomin samstaða í þeirri nefnd sem falið var að undirbúa þetta lagafrv. Það kemur reyndar fram í grg. með frv. og í framsögunni las ég upp úr nefndarálitum beggja aðilanna sem að samningu frv. stóðu þannig að það kæmi skýrt fram þá þegar að um ágreining væri að ræða og í hverju sá ágreiningur væri fólginn.

Það var spurt hér áðan af hv. 17. þm. Reykv. hver væri ástæðan fyrir því að ég valdi þann kostinn að leggja frv. fram með þeim breytingum sem fulltrúar Alþýðusambandsins og Atvinnuleysistryggingasjóðsins gerðu að tillögu sinni í sambandi við breytingar á lögunum. Þar var annars vegar um það að ræða að verkalýðshreyfingin lagði mikla áherslu á það að ákvæðin um stéttarfélög héldust óbreytt og það væri undirstrikað að aðild að stéttarfélagi væri áfram forsenda fyrir atvinnuleysisbótunum en einnig að í þeirra tillögum var gerð stór breyting á þessum ákvæðum þrátt fyrir allt þar sem það var opnað að ýmsar starfsgreinar sem áður höfðu verið utan atvinnuleysistrygginga gætu nú átt aðild að þessum tryggingum þó svo að áfram væru ákvæðin um stéttarfélög.

Fulltrúar ýmissa hagsmunafélaga sem höfðu gengið á minn fund og óskað eftir aðild að atvinnuleysistryggingunum höfðu líka lýst því yfir að þau teldu að þetta væri ásættanlegt, að það væri opnað fyrir aðild að tryggingunum þó að ákvæði um stéttarfélög væru enn þá skilyrði, og fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins gerðu líka grein fyrir því í sínu nefndaráliti að þeir teldu verulega réttarbót fólgna í þessu þó svo að þeir vildu ganga lengra.

Þetta voru ástæðurnar fyrir því að ég valdi að leggja frv. fram í þessu formi og tel enn rétt að samþykkja það þannig, óbreytt.

Þar til viðbótar kemur svo það sem er ítarlega rakið í nál. frá meiri hl. heilbr.- og trn. og formaður og frsm. nefndarinnar gerði grein fyrir hér áðan og ástæðulaust er að rekja aftur ítarlega eða tíunda, en þar kemur m.a. fram að ekki er tilskilinn meiri hluti í embættismannanefnd á vegum Evrópuráðsins sem um þessi mál fjallar þannig að talið var eðlilegt og er talið eðlilegt að bíða eftir áliti sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar á þeirri skýrslu sem nú er unnið að hér heima um framkvæmd sáttmálans á árunum 1988 og 1989. Það álit mun liggja fyrir á næsta ári eða næsta sumri og ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til þess að verða við þeim tilmælum sem meiri hl. nefndarinnar leggur til hér í nál. sínu, að félmrh. og heilbr.- og trmrh. beiti sér fyrir viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins um þetta efni með hliðsjón af afstöðu Evrópuráðsins til skýringa íslenskra stjórnvalda þegar að því kemur. Nú er auðvitað ekki ljóst að sá sem hér stendur verði heilbr.- og trmrh. á þeim tíma, en verði svo, þá ítreka ég það að ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til að verða við þessum tilmælum og álít að það muni þeir ráðherrar verða sem skipa viðkomandi stóla sem tilmælum er beint til frá nefndinni og veit að þeir muni taka á málinu í ljósi þess sem þá kemur þar fram.

Þetta vil ég aðeins láta koma skýrt fram, herra forseti, af minni hálfu hvað varðar málið og tel ekki ástæðu til að orðlengja um það frekar. Ég tel að afstaða mín til málsins hafi komið skýrt fram, bæði í framsögu minni fyrir frv. og svo þeim skýringum sem rækilega eru tíundaðar í nál. frá meiri hl. heilbr.- og trn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég tel rétt vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram að fara nokkrum orðum um forsögu þessa máls. Það var árið 1975 sem Ísland gerðist aðili að félagsmálasáttmálanum og það er 5. gr. hans sérstaklega sem hér hefur verið til umræðu, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til þess að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða að hve miklu leyti trygging sú sem þessi grein veitir skuli taka til lögreglunnar. Það skal einnig ákvarðast í landslögum eða reglugerðum að hve miklu leyti tryggingin sem grein þessi gerir ráð fyrir skuli ná til manna í herþjónustu."

Það er sennilega 7–8 árum síðar, eftir að Ísland gerist aðili að þessum sáttmála, að sérfræðinganefndin setur fram túlkun á ákvæðum þessarar 5. gr. sáttmálans sem ekki hafði komið fram áður, en hún var í þá veru að greinin taki til þess sem kallað hefur verið neikvætt félagafrelsi. Í því felst að nefndin telur að eðli máls samkvæmt felist í greininni vernd fyrir fólk til að standa utan félaga, stéttarfélög þar meðtalin. Þetta er túlkun sem liggur fyrir nokkrum árum eftir að Ísland gerist aðili að þessum sáttmála og um þetta atriði, eins og fram hefur komið hér í umræðum, um þessa túlkun, hefur verið mikill ágreiningur innan embættismannanefndar Evrópuráðsins og afleiðing þess er að tilskilinn meiri hluti er að baki hvorugri skoðuninni í þessu máli. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram þar sem hér er margítrekað að við séum að brjóta ákvæði félagsmálasáttmálans.

Ég styð þess vegna það sem kemur fram í nál. meiri hl. heilbr.- og trn. Ísland mun gefa skýringu á þessu máli og sömuleiðis munu sérfræðinganefndinni verða send álit ASÍ að því er þetta varðar og eins og fram kemur hér, ef það er álit sérfræðinganefndarinnar að það fyrirkomulag, eftir að þær skýringar liggja fyrir, sé í andstöðu við félagsmálasáttmálann, þá yrði þetta mál sérstaklega tekið upp við aðila vinnumarkaðarins með hliðsjón af þeirri afstöðu Evrópuráðsins til skýringa íslenskra stjórnvalda þegar hún liggur fyrir.

Ég tel líka rétt, virðulegi forseti, þar sem fram hefur komið gagnrýni á afstöðu ASÍ til þessa máls, að lesa hér upp greinargerð um viðhorf ASÍ til þessa máls þó að ég undirstriki að ég geri skýringar ASÍ ekki að mínum. Engu að síður tel ég rétt að þær komi fram í þessari umræðu. Í athugasemdum ASÍ um framkvæmd 5. gr. félagsmálasáttmálans segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur einnig gert athugasemdir um það hvernig atvinnuleysistryggingum er háttað hér á landi. Í lögum allt frá upphafi atvinnuleysistrygginga hefur það ákvæði verið fyrir hendi að einungis félagar í stéttarfélögum eigi rétt á atvinnuleysisbótum. Til að fá atvinnuleysisbætur þarf maður að vera fullgildur félagsmaður í stéttarfélagi hér á landi.

Í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar um þetta atriði segir svo:

„Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun, sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

Rétt þykir að skoða þessar fullyrðingar í sögulegu ljósi en einnig út frá framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar. Lög um atvinnuleysistryggingar voru fyrst sett árið 1956, en þau voru byggð á loforði ríkisstjórnar um lagasetningu í kjölfar eins lengsta verkfalls hér á landi árið 1955. Ljóst er af gögnum frá þessum tíma, m.a. umræðum á Alþingi er lögin voru til umfjöllunar, að launafólk afsalaði sér hluta kauphækkana eftir langt verkfall vegna loforða ríkisstjórnarinnar um atvinnuleysistryggingar sem var gamalt baráttumál verkalýðshreyfingarnnar. M.a. af þessum sökum litu talsmenn Alþýðusambandsins á sjóðinn sem eign verkafólks. Stefnt skyldi að því að

sjóðurinn færi alfarið undir stjórn launafólks og sjálfgefið væri miðað við uppruna hans eftir langa kjaradeilu þar sem réttindin höfðu orðið til vegna þess að slakað hefði verið á kaupkröfum að einungis félagar stéttarfélaganna ættu rétt á atvinnuleysisbótum. Það var m.a. einnig á þessum grunni sem sú krafa var gerð að úthlutun bótanna væri ætíð í höndum verkalýðsfélaganna.

Í lögum frá 1956 var sem sagt gert ráð fyrir því að þeir sem nytu atvinnuleysistrygginga væru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, eins og segir í lögunum. Um þetta atriði og fleiri var þá greinilegur ágreiningur í þeirri nefnd sem undirbjó lögin. Í 4. lið samkomulagsins sem varð til eftir kjaradeiluna árið 1955 var gert ráð fyrir iðgjöldum vegna félagsbundinna manna sem benti til þess að báðir aðilar hafi gert ráð fyrir því að félagsaðild að stéttarfélagi yrði eitt af atriðum lagasetningarinnar.

Ýmislegt fleira í samkomulaginu, svo sem viðmiðun við dagvinnukaup Dagsbrúnar, ákvæði um innheimtur á félagssvæði og í starfsgrein hvers einstaks félags, bendir til að lögsaga stéttarfélaga í þessu máli hafi verið viðurkennd af atvinnurekendum. Þessi atriði skýra nokkuð hvernig ákvæði um aðild að verkalýðsfélagi til að njóta atvinnuleysisbóta urðu til. Þó að löggjöf um atvinnuleysisbætur hafi verið breytt frá því að upphaflegu lögin voru sett hefur ríkt friður um það ákvæði laganna að mestu leyti í meira en þrjá áratugi að aðild að stéttarfélagi skuli vera eitt af skilyrðum fyrir rétti til atvinnuleysisbóta. Um þetta var samið í frjálsum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins og þetta tiltekna atriði var að mati verkalýðshreyfingarinnar eitt samningsatriðanna. Verkalýðshreyfingin leit á sjóðinn sem sína eign þó að atvinnurekendur greiddu ¼ framlagsins, enda var litið svo á að sjóðurinn væri hluti af launum verkafólks sem hér eftir yrði afhentur því í formi réttinda.

Vegna þess að hér á landi er félagsaðild að stéttarfélögum almenn og ekki venja að líta á það sem kvöð heldur sem réttindi hlýtur athugasemd sérfræðinganefndarinnar um þetta atriði að teljast ankannaleg. Í löndum Evrópu þar sem félagsaðild að stéttarfélögum er ekki jafnalmenn og hér á landi er skiljanlegt að lögð sé meiri áhersla á rétt manna til atvinnuleysisbóta án tillits til þess hvort þeir eru aðilar að stéttarfélögum. Sú fullyrðing sérfræðinganefndarinnar að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus sé óverjandi ráðstöfun er ósönnuð þar eð dæmi eru ekki um að launamenn hafi verið sviptir þessum grundvallarréttindum vegna þess að þeir hafi ekki verið félagar í stéttarfélagi. Því er ekki hægt annað en að vera ósammála þeirri túlkun sérfræðinganefndarinnar að ákvæðin um félagsaðild hafi þann tilgang að neyða hann, þ.e. launamann, til að ganga í að vera áfram félagi í stéttarfélagi. Það er ekki nauð að vera í stéttarfélagi þar sem flestir eða flestallir launamenn eru félagsmenn í slíkum félögum.

Þess má geta að víðtæk pólitísk samstaða tókst á sínum tíma á Alþingi um þessa löggjöf. Frv. var samþykkt milli deilda með samhljóða atkvæðum og samþykkt sem lög frá Alþingi með samhljóða atkvæðum. Og þó að ýmsar athugasemdir kæmu fram í þingræðum voru engar breytingartillögur lagðar fram, t.d. um það atriði sem hér hefur verið til umfjöllunar að framan. Því er ljóst að með þessu mörkuðu stjórnvöld hér á landi þá afstöðu að aðild að stéttarfélagi ætti að vera eitt af skilyrðum þess að launamenn nytu atvinnuleysisbóta. Þó að lög um atvinnuleysistryggingar hafi verið endurskoðuð síðan hefur þessu atriði ekki verið hnikað.

Nefna má einnig að dómar félagsdóms er fallið hafa vegna ágreinings einstakra manna við stéttarfélög um rétt til inngöngu eru þess efnis að stéttarfélag geti ekki neitað neinum í hlutaðeigandi starfsgrein að ganga í félagið. Þannig má öruggt telja að launtaki sem vill tryggja sér rétt til atvinnuleysisbóta geti sótt um aðild að stéttarfélagi sé hann ekki félagi í slíku félagi fyrir. Og þar sem aðild að stéttarfélögum er almenn ber alls ekki að líta á það að standa utan félaga sem hindrun fyrir því að fá greiddar bætur úr sjóðnum."

Af framansögðu er ljóst að orðalag sérfræðinganefndarinnar um fyrirkomulag atvinnuleysisbóta hér á landi, um að það sé óverjandi ráðstöfun að svipta mann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus, hljóta að teljast óviðeigandi í þessu sambandi þegar forsendur og rök í málinu eru skoðuð af sanngirni og í sögulegu samhengi."

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að sjónarmið ASÍ kæmust inn í þessa umræðu þó að ég ítreki að ég geri þau ekki endilega að mínum. Ég tel það ekki skynsamlegt á þessu stigi málsins að fara að breyta þessu ákvæði atvinnuleysistryggingalaganna í mikilli andstöðu við ASÍ. Ég tel að við eigum að skoða þetta mál í betra tómi og fá fram hver afstaða sérfræðinganefndarinnar verður til þeirra skýringa sem íslensk stjórnvöld gefa. Og ég vil geta þess hér, af því að hér var minnst á sjómannalögin, að við höfum haft snör handtök hér á Alþingi um að breyta þeim ákvæðum sem talið var að brytu í bága við alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í því sambandi vil ég geta þess að Ísland fullgilti þetta ákvæði árið 1960, og ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða, þó að það sé kannski ekki til fyrirmyndar, en af því að talað var um að við hefðum haft snör handtök við að breyta því, að þá liðu örugglega 10–15 ár áður en Alþingi, og frv. er núna hér fyrir þingi, áður en frv. var lagt fram um það hér á Alþingi þó að við ítrekað hefðum fengið gagnrýni um það að við brytum ákvæði þessarar samþykktar. Ég er ekki að segja að þetta sé til fyrirmyndar, en það eru einungis 4–5 ár síðan fyrsta athugasemd kom fram um þetta atriði.

Frsm. 1. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Út af síðustu orðum hæstv. félmrh., þá sagði ég nú ekki að þingið hefði haft hraðar hendur við að afgreiða málið. Ég sagði að ríkisstjórnin hefði haft hraðar hendur við að leggja hér mál fyrir

Alþingi. Það er ekki búið að afgreiða það. Ég tók það sérstaklega fram að eftir því sem ég best veit er þetta mál enn þá til meðferðar í samgn. Nd. En það er nú önnur saga.

Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra er því miður með ákveðna tegund af orðhengilshætti varðandi þennan félagsmálasáttmála Evrópu sem ráðherrann ber ábyrgð á fyrir Íslands hönd að framkvæmdur sé hérlendis. Það er alveg ljóst að borist hefur alvarleg athugasemd frá margumræddri sérfræðinganefnd ef eitthvað er að marka þá skýrslu sem ráðherra hefur lagt fram hér á Alþingi. Hver er tilgangurinn með því að leggja hér fram svona ítarlega skýrslu um þessi mál en gera svo í þingræðu, eins og nú var gert, lítið úr því sem þarna segir og draga fram einhverjar upplýsingar til þess að gera lítið úr þessari athugasemd? Átti ekkert að taka mark á þessari athugasemd? Því er hún þá hér í skýrslunni? Því er þetta svona ítarlega rakið hér án nokkurs fyrirvara? Það hlýtur að hafa verið ætlunin að vekja þingmenn til umhugsunar um þetta mál með því að fjalla svo ítarlega um það hér og draga svo sterkt fram hver þessi athugasemd var.

Það er líka misskilningur eða líka tilraun til þess að drepa málinu á dreif, réttara sagt, að segja sem svo: Ja, það fæst úr þessu skorið þegar Ísland og Alþýðusamband Íslands hafa lagt fram sínar skýringar í embættismannanefnd Evrópuráðsins. Þá verður fjallað um þetta á nýjan leik og þá fæst úr þessu skorið og þá getum við séð til hvort ástæða er til þess að efna til einhverra viðræðna hér á Íslandi milli ASÍ og samtaka vinnuveitenda um að fá þessu breytt, þ.e. ef athugasemdin stendur óhögguð. Ég gat þess reyndar sérstaklega áðan að mér finnst að við þyrftum ekki að leita leiðbeiningar utan lands frá í þessu máli. Þetta er óréttlætismál hvernig sem á það er litið. Það eru hins vegar viðbótarrök í þessu máli að við skulum staðin að því, að því er þessi sérfræðinganefnd kemst næst, að brjóta alþjóðlegan samning sem við höfum skuldbundið okkur að fara eftir. Það eru viðbótarrök í málinu. En við eigum auðvitað þegar af þeirri ástæðu að þetta er óréttlátt, eins og þetta er, og þetta er brot á mannréttindum að hafa þetta svona að gera hér breytingar á. Við eigum ekki að þurfa að bíða eftir að þessar nefndir á vegum Evrópuráðsins fjalli um málið. Við eigum ekki að gera svo lítið úr okkur að halda þar áfram uppi einhverjum vörnum fyrir þetta og búa til einhver rök og einhverjar varnir í máli sem allir vita innst inni að er ekki hægt að verja á grundvelli réttlætis og mannréttinda.

Þær röksemdir Alþýðusambands Íslands að ef einhver maður sé atvinnulaus og vilji fá atvinnuleysisbætur sé ekkert sem banni honum að ganga í stéttarfélag, þá geti hann bara gert svo vel og gengið í stéttarfélag, eru auðvitað ekki boðlegar og ég vænti þess að ríkisstjórn Íslands taki ekki svona röksemdir upp og geri að sínum á alþjóðavettvangi, svona furðuleg rök, að aldrei hafi staðið á því að menn gætu gengið í stéttarfélög og þess vegna hafi ekki staðið á því að menn gætu fengið atvinnuleysisbætur. Málið snýst ekkert um það. Málið snýst um það að ef menn, annaðhvort af fúsum og frjálsum vilja eða starfs síns vegna, hvorki vilja né geta verið í stéttarfélögum eigi þeir sama rétt og þeir sem eru í slíkum félögum. Það getur verið að ýmsir launamenn, framkvæmdastjórar og starfsmannastjórar í fyrirtækjum, eða starfsmenn vinnuveitendasamtaka til að mynda, sem ekki eiga aðild að verkalýðsfélögum geti hvorki né vilji starfsins vegna verið þar aðilar. Það eru auðvitað ekki boðlegar röksemdir að segja: Ef þið viljið fá atvinnuleysisbætur er enginn sem bannar ykkur að ganga í stéttarfélag. Það er auðvitað ekki boðlegt og ég held að eins og verkalýðshreyfingin hér á Íslandi er orðin nútímaleg og er orðin framsýn og framsækin og samvinnuþýð í ýmsum málum, eins og kom fram í ræðu forseta Alþýðusambandsins á Lækjartorgi í gær, þá sé ekkert sérstaklega erfitt mál eða flókið að ná a.m.k. þegjandi samkomulagi við þá verkalýðshreyfingu eða forustu um að breyta þessu. En ég ítreka að auðvitað getur enginn ætlast til þess að forusta um slíkt komi frá verkalýðshreyfingunni eða að verkalýðshreyfingin sjálf biðji um neitt slíkt.

Í ljós hefur komið að það eru breyttir tímar innan verkalýðshreyfingarinnar. Hún er nú í forustu fyrir stærsta einkabanka á Íslandi og hefur þar með haslað sér völl á sviði sem áður hefur ekki verið talið sérstaklega vettvangur verkalýðshreyfingarinnar. Og vitanlega má hugsa sér það að verkalýðshreyfingin verði í framtíðinni stærri aðili að atvinnurekstri beinlínis með því að eiga hluti í hinum ýmsu fyrirtækjum í landinu og auðvitað væri það þróun sem væri æskileg ef hún næði fram að ganga með fúsum og frjálsum samningum aðila og án íhlutunar eða valdbeitingar af hálfu löggjafans, ef verkalýðshreyfingin haslaði sér völl í atvinnulífinu með því að kaupa á markaði hlutabréf í hinum ýmsu atvinnufyrirtækjum þessa lands eða ef til að mynda lífeyrissjóðir verkalýðshreyfingarinnar gerðu það. Þetta undirstrikar auðvitað bara það, herra forseti, að það eru breyttir tímar í þessum efnum og auðvitað er það ekkert innlegg í málið að þegar atvinnuleysistryggingar voru fyrst teknar upp hér á Íslandi fyrir forustu verkalýðshreyfingarinnar skuli lagaákvæðið hafa verið með þessum hætti.

Verkefni löggjafarsamkomunnar hér á Alþingi er að setja lög og breyta eldri lögum, og auðvitað er ekki hægt að flytja það hér sem rök eða boðskap að lögum megi ekki breyta vegna þess að þau séu orðin svo gömul eða tiltekin ákvæði hafi alltaf verið svona í lögum. Hæstv. forsrh. hefur lagt hér fram mikinn lagabálk um brottfall laga og lagaákvæða nokkur hundruð ár aftur í tímann og það er auðvitað engin frágangssök að breyta ákvæði sem þessu þó svo að menn hafi einhvern tíma verið sammála um að það ætti að vera eins og það er núna. Ég hygg að innst inni og sennilega allan tímann hafi menn vitað og verið þeirrar skoðunar að atvinnuleysisbætur og þörfin fyrir þær er ekki bundin því hvort menn eru aðilar í þessu félaginu eða hinu. Maður sem verður atvinnulaus þarf jafnmikið á bótum að halda hvort sem hann

er innan eða utan verkalýðsfélags og þetta er ranglátt eins og ég sagði áðan, ekki síst vegna þess að meginhluti þess fjár sem hér er um að ræða hefur í gegnum tíðina komið frá ríki og sveitarfélögum. Mér skilst reyndar að sveitarfélög leggi ekki lengur fram fé í sjóðinn en fjármagnið sem nú rennur í sjóðinn kemur frá ríkisvaldinu og frá vinnuveitendum og það er ranglátt að undanskilja einhvern tiltekinn hóp launamanna, einhvern tiltekinn lítinn hóp launþega sem af einhverjum ástæðum er ekki í stéttarfélagi, undanskilja þennan hóp því að mega njóta þessara almennu mannréttinda sem hér er um að tefla.

Frsm. 2. minni hl. heilbr.- og trn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði raunar ekki hugsað mér að blanda mér aftur í þessa umræðu, en mér þykir það furðulegt vanmat stéttarfélaga eða verkalýðshreyfingar á sjálfri sér ef það er helst talið að beita þurfi sögulegum rökum til að færa rök fyrir þeirri skoðun sem kemur fram í áliti ASÍ. Ég get ekki sætt mig við að söguleg rök séu notuð til þess að sýna fram á að svona skuli málin vera eins og þeim var háttað 1956 og verkalýðshreyfingin ætli það að henni hafi ekkert miðað síðan þá því öðruvísi get ég ekki skilið umsögn ASÍ. Eins og ég benti hér á í ræðu minni fyrr, þá er hlutverk stéttarfélaga mikilvægt og það ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu, í 5. gr., sem á að tryggja mönnum rétt til að vera í stéttarfélagi er mikilvægt. Þar af leiðandi þykir mér ekki sæmandi slíkri hreyfingu að vilja taka önnur ákvæði sömu greinar út og ætla að þar sé allt í einu farið með óréttlæti af einhverjum sögulegum ástæðum. Ég vona að vegur verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi sé annar en að halda í 35 ára gamlar ákvarðanir. Ég vona að framsæknin sé meiri og verkalýðshreyfingin átti sig á hlutverki sínu, þ.e. að taka á þeim málum sem nú eru brýnust fyrir launafólk hér í landinu. Þá efast ég ekki um að launafólk fylki sér innan stéttarfélaga þrátt fyrir það að það eigi kost á atvinnuleysisbótum utan þeirra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1132,1 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SV, ÞP, AÓB, BÍG.

nei: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, SJS, AS, ÁHE, ÁrnG.

8 þm. (JBH, MB, ÓÞÞ, SP, ÞÞ, AðB, EH, FÞ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er um að ræða brtt. sem lýtur að því að Ísland uppfylli ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu sem athugasemd hefur verið gerð við af hálfu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. En hér er líka um að ræða brtt. sem gengur í þá átt að veita tilteknum hópi einstaklinga utan stéttarfélaga rétt til atvinnuleysisbóta, rétt til almennra grundvallarmannréttinda, og þess vegna hljóta þingmenn að segja já, og sérstaklega verður eftir því tekið hvernig ráðherrar þessara mála verja hér sínu atkvæði, sérstaklega sá ráðherra sem hefur tekið við athugasemd frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins í þessu máli. Ég segi já.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í nál. meiri hl. heilbr.- og trn. segi ég nei.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Það liggur hvergi fyrir sú túlkun að við höfum brotið félagsmálasáttmála Evrópu og það er hvergi í veröldinni svo að ekki þurfi að uppfylla viss skilyrði til að njóta mannréttinda þó svo að þau séu oft ekki há. Því segi ég nei.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Umboðsmaður Alþingis hefur skrifað forsetum þingsins bréf í sambandi við þetta og fleiri mál í sambandi við ýmsar samþykktir sem Evrópuráðið hefur gert. Því segi ég já.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Með því að það liggur fyrir í skýrslu félmrh. að um er að ræða brot á félagsmálasáttmála Evrópu, þá segi ég já.

Brtt. 1132,2–5 kallaðar aftur.
Till. í nál. 1129 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1132,6 (ný 11. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

84. fundur, fimmtudaginn 3. maí, kl. 1.30 árdegis.

Félagsráðgjöf, 3. umr.

Stjfrv., 484. mál (starfsleyfi og sérfræðileyfi). — Þskj. 842.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1190).

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 534. mál (bótaréttur o.fl.). — Þskj. 1188.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Frv. um yfirstjórn umhverfismála.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Klukkuna vantar nú 21 mínútu í tvö. Það var ætlunin í góðu samkomulagi við hæstv. forseta að reyna að ljúka hér störfum í deildinni svona um miðnættið, ekki yrði gert veður út af því þótt eitthvað færi fram yfir miðnættið, ljúka afgreiðslu þeirra mála sem við einmitt nú höfum gert. Hins vegar var vissulega gert ráð fyrir því fyrr í dag að þeirri afgreiðslu yrði lokið miklu fyrr en varð og mætti þá taka fyrir það mál sem forseti hyggst nú taka á dagskrá, yfirstjórn umhverfismála.

Ég vil aðeins í allri vinsemd benda á að boðaðir eru nefndarfundir kl. 8 í fyrramálið, boðaðir eru þingfundir kl. 10 sem væntanlega standa til kl. 1 eða rúmlega það og annað kvöld er fundur í Sþ. sem væntanlega stendur fram yfir miðnætti. Og ég held að alveg sé ljóst að á föstudag verða langir þingfundir. Þeir hljóta að hefjast fyrir hádegi án þess að ég viti það með vissu og standa vafalaust fram á nótt og einhverjir fundir verða á laugardag, ekki bara þinglausnafundur ef ég spái nú rétt í spilin. Þetta sem ég er að segja miðast auðvitað allt við að þinglausnir verði á laugardag og ekkert annað liggur fyrir en það að þinglausnir verði á laugardag.

Ég spyr hæstv. forseta hvort honum þyki ekki nóg kveðið hér á þessum fundi og hvort við vinnum nokkuð við það að halda hér áfram lengur en við nú höfum gert. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann gæti ekki fallist á það að við lykjum þessum fundi núna og héldum þá áfram heldur hressari í fyrramálið en við verðum ef við tökum til við að ræða þetta mál sem er fyrst á dagskrá.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna orða hv. 2. þm. Reykn. vill forseti taka það fram að það er rétt sem hann segir að hér hafði verið gert ráð fyrir að fundi gæti lokið öðru hvoru megin við miðnætti. Sú áætlun miðaðist hins vegar við það að samkomulag tækist um framgang frv. um umhverfismál á grundvelli þeirrar tillögu sem hæstv. forsrh. lagði hér fram við umræðuna í gær. Forseti lítur svo á að nokkur umræða verði að fara fram um þetta frv. nú og mun halda henni eitthvað áfram en hann getur sagt það í mestu vinsemd við alla hv. þingdeildarmenn að hann mun ekki ofgera þeim í nótt með þeirri vinnu sem hér mun fara fram. Forseti gerir sér hins vegar fulla grein fyrir því að það eru margir og erfiðir vinnudagar fram undan og það má greina mjög skýrt á þeirri dagskrá sem liggur fyrir þessum fundi.

Forseti getur ekki meira um þetta sagt.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Það er stutt til þinglausna, vonum við öll, og hér er á dagskrá mál sem hefur oft verið rætt en aldrei þó í botn. Ég veit ekki hvað aðrir hugsa en ég held þó að það sé enginn hér inni sem ekki er kominn hingað á þingið til þess að vinna, og nú blasir við okkur að geta hugsanlega tæmt dagskrána í eitt skipti, lokið við þau mál sem eru komin á það stig að gera megi að lögum áður en við ljúkum væntanlega þingi á laugardaginn. Ég sé enga ástæðu til þess að slíta þessum fundi fyrr en við höfum rætt þetta mál og afgreitt það héðan úr deildinni.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil minna á svo sem fram hefur komið og forseti hefur réttilega staðfest að um það hafi verið talað að þessum fundi lyki öðru hvoru megin við miðnætti. Það er ætlun að ljúka þingi á laugardag. Stjórnarandstaðan hefur fyrir sitt leyti fallist á að greiða með ýmsu móti fyrir framgangi mála svo að það muni takast. Það er gert ráð fyrir að eldhúsdagsumræða fari fram annað kvöld. Þrátt fyrir það hefur verið á það fallist sem er allsendis óvenjulegt að hvort tveggja gerist að nefndafundir hefjist kl. 8 í fyrramálið og fundir verði í deildum þingsins og nefndafundir fram eftir degi. Hér er um alveg óvenjulega aðstöðu að ræða sem sýnir að allir hafa lagt sig mjög fram um það að greiða fyrir framgangi þingmála. Það er viðbúið að á föstudagskvöld og jafnvel fram eftir nóttu þurfi að halda fundi í þinginu. Það er með öðrum orðum algjörlega útilokað að halda þessum fundi áfram lengur ef standa á við þau markmið sem sett hafa verið um þinghald á morgun og föstudag og laugardag. Það hlýtur að liggja í augum uppi að eigi sú verkáætlun að standast sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa fallist á í þeim tilgangi að greiða fyrir framgangi mála, þá er ekki unnt að halda þessum fundi lengur áfram. Þess vegna vil ég taka undir þá beiðni sem hér hefur komið fram til hæstv. forseta að hann fallist á að ljúka þessum fundi nú því að með því einu móti er unnt að greiða fyrir

framgangi þingmála og þingstörfum eins og gengið hefur verið út frá. Því er stefnt í verulega hættu ef hér verður haldið áfram fram eftir nóttu.

Ég vil þess vegna ítreka þessa beiðni og skora á hæstv. forseta að fallast á hana.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það undrar mig dálítið að hlusta á þessa umræðu þó að klukkan sé langt gengin tvö. Ég vil minna hv. þm. á að þetta er fyrsti næturfundurinn á þessu þingi. Aðeins einu sinni áður hefur þingfundur staðið til kl. 2 eftir miðnætti og það var fyrir jól þannig að einhvern tíma hefur nú þingið lagt á sig vinnu á borð við þetta, einkum þegar litið er til þess að nú líður að þinglokum. Þykir mér nú mjög farið að sneyðast um krafta hv. þm. ef ekki er unnt að koma þessu máli, sem fjallað hefur verið um í 30 klukkutíma umræðu, ég veit ekki á hve mörgum dögum, til Ed. nú í nótt. Ætla mætti að það þyrfti ekki að taka marga klukkutíma því að hv. Ed. á eftir að fjalla um málið og ég geri ráð fyrir að allflestir hv. þm. þekki nú þetta mál orðið út og inn og menn geti treyst flokkssystkinum sínum fyrir málinu í hv. Ed.

Á þetta hlýt ég að benda vegna þess að aldrei síðan ég kom á þing árið 1979 hefur verið eins lítið um næturfundi eins og á þessu þingi. Ég skora nú á hv. þm. að fara að orðum hæstv. forseta og reyna að ljúka þessu máli hér í kvöld og koma því til hv. Ed. Annað er satt að segja vart sæmandi fyrir hið háa Alþingi.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Aðeins vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að ég hef ekki flutt neina ræðu í þessu máli, við 2. umr. málsins, hafði reyndar hugsað mér það ef áfram yrði haldið. Mér sýnist, ef farið verður að ráðum hæstv. forseta Sþ. og haldið hér áfram, að þá verði auðvitað að gefa mönnum kost á því að ræða þetta mál eðlilega. Það hefur sá ekki gert sem hér stendur, en nú stendur svo á að ég þarf að vera á fundi kl. 8 í fyrramálið í hv. iðnn. Síðan skilst mér að ætlunin sé að halda fundi hér kl. 10 eða um það bil í deildum. Þá er boðaður fundur, langþráður fundur, í hv. fjh.- og viðskn. kl. 1. Um kvöldið á að vera útvarpsumræða ef ég hef heyrt rétt og tekið rétt eftir og ég býst við því að hæstv. forseti Sþ. þurfi jafnvel á þingmönnum að halda föstudagskvöldið og fram eftir nóttu þannig að ef hún vill eiga með okkur eina nótt og þráir það mjög mikið, þá býst ég við að hún fái að njóta þess t.d. milli föstudags og laugardags. Í trausti þess að við sem þurfum svona a.m.k. nokkurra tíma svefn fáum að sofa til kl. 7 í fyrramálið, fjóra tíma eða svo, vonast ég til þess að hæstv. forseti skilji það að þessi þingskapaumræða er ekki tilkomin vegna þess að menn vilji ekki afgreiða einhver mál, heldur vegna þess að orðið hefur samkomulag um að stefna að þingslitum á laugardaginn og það væri ekki góður siður að leyfa mönnum ekki að sofa andartak og ætti kannski að minna hæstv. forseta á það að hann hefur úr forsetastóli áminnt menn vegna þess að hann telji þá vera of syfjaða til þess að sinna þingstörfum. Þetta kom frá hæstv. forseta Sþ. um daginn í umræðu þar sem hæstv. forseti var að kvarta undan því að menn töluðu með þeim hætti að ætla mætti að þeir hefðu ekki fengið svefn á undanförnum nóttum. (Gripið fram í.) Það á ekki við ræðumann, það er alveg rétt, en það gæti átt við hæstv. forseta sem mér sýnist vera orðin ansi syfjuð núna hér í kvöld og held ég nú að það væri rétt að bíða til föstudagskvölds. Við munum verða hér undir hennar stjórn á morgun fram yfir miðnætti og ég veit að hún mun áreiðanlega njóta þess vel og ég er viss um að hún lítur miklu betur út í sjónvarpi ef hún fær sæmilegan svefn í nótt þó að það séu ekki nema 3–4 tímar, en föstudagskvöldið verður hennar og þá skulum við vaka með henni eins lengi og henni sýnist.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessarar umræðu vill sá forseti er hér stendur taka fram eftirfarandi: Hann hefur legið undir ámæli fyrir það að drífa það dagskrármál sem hér er til umræðu, yfirstjórn umhverfismála, ekki nægilega vel áfram. Hann hefur legið undir ámæli fyrir það að halda ekki næturfundi til þess að keyra þetta mál áfram. Þessi forseti hefur hins vegar metið samkomulag meira en það að þvinga málið í gegn.

Forseti verður að segja það sem sína skoðun að hann er búinn að fá hálsfylli af þessu máli vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið. Engu að síður telur forseti nauðsynlegt vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja í þinginu að halda þessari umræðu áfram. Forseti á ekki annan kost í stöðunni og mun gera það.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að standa í hálfgerðu þrefi við hæstv. forseta sem mjög ranglega hefur legið undir ámæli fyrir að drífa ekki þetta mál áfram. Ég segi það alveg fullum fetum að hæstv. forseti hefur gert það sem í hans valdi hefur staðið til þess að koma þessu máli áfram. Það fullyrði ég.

Málið snýst einfaldlega um það hvort menn vilji halda áfram hér að tala í máli sem er ekkert samkomulag um hvernig muni leysast. Þetta vita allir. Það hefur ekki náðst samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það hvernig þessu máli skuli lokið á þessu þingi. Ef menn halda í alvöru að það sé líklegt til þess að greiða fyrir lausn þessa máls að halda áfram að tala hér um það í nótt þá vaða menn í villu, í mjög alvarlegri villu. Þetta á ekkert skylt við það hvort menn séu eitthvað að tapa þreki til að vaka hér í nótt eins og mér virtist hv. þm. Guðrún Helgadóttir telja, það er alls ekki það. Þetta er bara spurning um það hvort menn ætla að halda við þá ákvörðun að ljúka þingstörfum á laugardaginn kemur og hvort við höldum áfram að þrefa um þetta mál í nótt breytir engu um þá staðreynd, ef það má þá kalla það staðreynd.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði líka um að menn hlytu orðið að þekkja þetta mál. Ég dreg það bara mjög í efa eftir því sem menn tala hér í hv.

þingdeild að þeir þekki málið enn þá. Ég get ekki dregið þá ályktun af málflutningi ýmissa manna hér, þar á meðal málflutningi hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, að menn þekki þetta mál nægilega vel. Og staðreynd er að ýmsir þingmenn eiga eftir að tjá sig um málið en mundu kannski stilla sig um það ef einhverjar líkur væru á að samkomulag næðist um hvernig það leystist. Það samkomulag er sem sagt ekki enn í augsýn. Ég held að það væri skynsamlegra að nota tímann til þess að reyna að ná samkomulagi á bak við tjöldin en standa hér í ræðustól og tala áfram um málið. Það er mitt mat og ég fer nú enn fram á það við hæstv. forseta, þó ég viti að hann liggi undir þessu ámæli eins og hann hefur hér sagt, að hann sé að tefja fyrir þessu máli. Það er alrangt.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir orð hv. 2. þm. Reykn. þegar hann leggur til að þessari umræðu verði frestað. Á það hefur verið bent og var bent á af hv. 1. þm. Reykv. að fjölmargir í þessari hv. deild hafa ekki haft tækifæri til að tjá sig í þessu máli en hafa í hyggju að gera það. Ég hef ekki haft aðstöðu til að taka þátt í umræðu en hafði hugsað mér að gera það því að þannig vill nú til að frv. sem flutt var snemma á þessu þingi og einmitt fjallar um umhverfismál hefur ekki fengist til umræðu í þeirri nefnd sem það var í og það af síður að það hafi verið gengið til afgreiðslu á því máli og það látið koma á dagskrá þessarar deildar.

Nú eru sex klukkutímar þar til þingmenn eiga að mæta hér á nefndarfundum. Jafnvel þó ekki hafi verið margir næturfundir á þessu þingi sýnist mér það sem hér hefur verið farið fram á vera lágmarkskrafa, þegar klukkan er tvö og menn eiga að mæta hér aftur kl. 8 og eftir því sem ég best fæ skilið að fundur eigi að byrja í deildinni þar á eftir kl. 10, alveg lágmarkskrafa.

Ég vil líka taka undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði að ekki verður við hæstv. forseta sakast um gang þessa máls, að það hafi verið fyrir einhvern seinagang af hans hálfu, síður en svo. Hæstv. forseti hefur reynt með sinni lagni að ná málum fram hér í þessari hv. deild og hann, eins og hann sagði sjálfur, metið samkomulag. Og ég er sannfærður um að hann hefur náð málum fremur fram með því háttalagi, eins og góðum forsetum sæmir og þeim oft tekst. Ég legg því eindregið til að hann verði við þeirri beiðni sem hér hefur komið fram og nái með einhverjum hætti samstöðu þegar kemur fram á morgundaginn í sambandi við þessi mál þannig að hér verði hægt að ljúka þingi nk. laugardag.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Við skulum svo sannarlega ljúka þessu þinghaldi á laugardaginn en fyrst skulum við ljúka þessu máli hér í kvöld. Ég sé ekki betur en að þingið sé um það bil að falla enn einu sinni í hendur pólitískra hryðjuverkamanna hér í stjórnarandstöðunni þar sem minni hlutinn ætlar sér áfram að kúga meiri hlutann. (**Forseti:** Forseti verður nú að áminna hv. þm. um að nota ekki orðbragð af þessu tagi.) Ég hef notað það áður hér án áminninga, en ég bið forseta afsökunar og þingheim. Samt sem áður er þetta mín tilfinning.

Hér hefur verið haldið uppi málþófi. Hér hafa sömu ræðurnar verið fluttar klukkustund eftir klukkustund og lesið upp úr sömu fylgiskjölunum. Stjórnarandstaðan getur sjálfri sér um kennt ef hún er þreytt í dag. Hún er búin að þreyta sjálfa sig. Stjórnarliðar hafa sem minnst sagt um þetta mál enn þá. Það getur vel verið að við höfum ýmislegt til málsins að leggja. Stjórnarandstaðan hlýtur að kannast við það að hún er hér í minni hluta. Meiri hlutinn óskar eftir að þessu máli verði lokið fyrir þinglok og að þessu máli verði lokið hér í nótt í þessari hv. deild.

Stjórnarandstaðan getur t.d. litið hér yfir Austurvöllinn að borgarstjórnarskrifstofunum þar sem fyrirmynd stjórnarandstöðunnar situr og bíður þess að koma hingað yfir og taka við völdum í hv. stjórnarandstöðu. Þar leikur ekki vafi á að meiri hlutinn er meiri hluti og ræður í því húsi. En hér telur stjórnarandstaðan að minni hlutinn eigi stöðugt að ráða ferðinni. Því treysti ég því, hæstv. forseti, að minni hlutinn fái ekki að ráða ferðinni í þessu máli áfram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hún var kostuleg ræðan sem hv. síðasti ræðumaður flutti og hvatti til þess að málfrelsi minni hlutans yrði skert til hagsbóta fyrir meiri hlutann. Hann lýsti því yfir að stjórnarliðar ættu ýmislegt ósagt í þessu máli. Við í stjórnarandstöðunni höfum nú einmitt verið að hvetja stjórnarliða, m.a. þann þingmann sem hér talaði síðastur, til að tjá sig í þessu máli en gengið mjög erfiðlega. Ég held að ég muni mælendaskrána í þessu máli nokkurn veginn. Á henni eru þrír eða fjórir stjórnarandstæðingar, ég meðal annars. Ég hygg að við séum allir tilbúnir að færa okkur neðar á skrána til að hleypa stjórnarliðum að, svo lengi höfum við beðið eftir að fá að heyra í þeim. M.a. höfum við beðið alllengi eftir að fá að heyra í sjálfum hæstv. umhverfisráðherra. Það er búið að ákalla hann í umræðu eftir umræðu og ræðu eftir ræðu, en hann fæst ómögulega til þess að tjá sig. Svipað skeði uppi í Ed. rétt áðan þegar verið var að vitna í yfirlýsingar hans þar um þingslit. Ég lýsi því yfir að ég er fyrir mitt leyti tilbúinn að færa mig aftar á mælendaskrá til þess að fá þá að heyra skoðanir stjórnarliða. Ég hygg hins vegar að þeir séu ekki tilbúnir að koma hér upp en ég hvet þá til þess að standa undir þeim orðum sem hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson hafði hér rétt áðan. Það mun koma í ljós þegar bankað verður í borðið hér á eftir ef forseti verður ekki við því að slíta þessum fundi nú.

Undir þá beiðni vil ég taka og benda á að af þremur stjórnarandstöðuflokkum hafa tveir lagt fram þessa beiðni. Ég hygg að forseta beri að endurskoða hug sinn í því efni.

Varðandi það sem hæstv. forseti Sþ. sagði um næturfund og að þingmenn hafi ekki þurft að eyða

hér neinni nótt fram að þessu, þá finnst mér það bara engin rök í þessu máli. Meginrökin eru þeir dagar sem eru fram undan. Ef hæstv. forseti Sþ. vill knýja umræðuna hér í gegn í nótt, þá stendur hún fram á morgun og fram að nefndarfundum. Þá fer ég þess á leit við hæstv. forseta Sþ. að eldhúsdagsumræðu verði frestað. Ég verð að segja það fyrir hönd míns þingflokks, sem telur nú ekki nema tvo þingmenn, að þó við fáum ekki svefn þá verðum við að fá tíma til að undirbúa okkur undir þá umræðu og sá tími hefur ekki gefist enn. Ég legg formlega fram þá beiðni að eldhúsdagsumræðu verði frestað.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins benda á það í lokin að til eru lög sem eru kölluð vökulög. Þau hefur löggjafarsamkunda Íslendinga nú brotið.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Til máls tekur hv. 1. þm. Suðurl. og talar um þingsköp en forseti hvetur hv. þingdeildarmenn til þess að stytta þingskapaumræðu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við því að stytta þingskapaumræðuna en allt getur það nú farið eftir því hver viðbrögð verða við þeirri málaleitan sem hér hefur verið höfð í frammi. Vegna þeirrar ræðu sem hv. 13. þm. Reykv., sem er forseti Sþ., flutti og þeirrar tillögu sem hv. þm. flutti hér um framgang mála í nótt, þá verður hún ekki skilin á annan veg en þann að það sé tillaga forseta Sþ. að riðla því samkomulagi um þingstörf á morgun, þar á meðal eldhúsdagsumræðum sem menn höfðu fallist á. Því verður vart trúað að í raun og veru séu fluttar slíkar tillögur um málsmeðferð af hálfu forustumanna hæstv. ríkisstjórnar. En það má öllum vera ljóst að ef ræða á þetta mál hér í nótt með þessum hætti, þá riðlast það samkomulag sem áður hafði verið gert um þingstörf á morgun. Við viljum fyrir okkar leyti í Sjálfstfl. stuðla að því að unnt sé að halda þingstörfum áfram á morgun og föstudag og ljúka þeim á laugardag eins og um hafði verið talað.

Það kom hér fram af forsetastóli að hæstv. forsrh. gerði tillögu um sátt í málinu. Því hefur verið lýst yfir af hálfu sjálfstæðismanna á hvaða grundvelli væri hægt í ljósi þess tilboðs að komast að niðurstöðu í málinu. Við lítum svo á að þar hafi af hálfu hæstv. forsrh. verið gerð tilraun í fullri alvöru til að ná sáttum í þessu mikla deilumáli. En ég sé ekki betur, og ekkert annað hefur komið fram í yfirlýsingum hér á Alþingi, að enn sé ekki samkomulag innan hæstv. ríkisstjórnar um það tilboð. Ég veit að það tilboð var gert í fullri alvöru og í þeim tilgangi að ná sáttum en eigi að síður er sú staða enn uppi að ekki hefur komið fram í þinginu að um það sé samkomulag innan hæstv. ríkisstjórnar. Þegar af þeirri ástæðu, herra forseti, sýnist mér að tímanum sé betur varið til þess að gefa þeim aðilum sem að hæstv. ríkisstjórn standa tækifæri til að fjalla frekar um málið. Það væri líklegra til að niðurstaða fengist fyrir laugardag ef tímanum yrði varið með þeim hætti fremur en að stefna því í hættu að það sem um var talað um þingstörf á morgun og föstudag næði fram að ganga. Ekki síst í þessu ljósi vil ég ítreka þær óskir sem hér hafa komið fram hjá fjölda þingmanna, herra forseti, að þessum fundi verði nú lokið.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara tilmæla vill forseti taka fram að hann telur að nokkrir brestir séu komnir í þann sáttagrunn sem gerður var í dag. Það hefur hins vegar ekki önnur áhrif á forseta en þau á þessu stigi málsins að hann hlýtur að telja að það flýti fyrir því að mál þetta nái fram að ganga að það fái einhverja umræðu hér í nótt. Forseti mun standa við fyrri ákvörðun sína um að halda fundi hér eitthvað áfram, bendir á m.a. að enn stendur fundur í hv. Ed.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hafa sagt að það kunni að vera eðlilegt að heimila þeim hv. stjórnarliðum sem vilja taka þátt í þeim umræðum sem hér eiga að fara fram að flytja sínar ræður núna þegar klukkan er farin að ganga þrjú að nóttu. Meira að segja hefur verið sagt hér að vilji hæstv. ráðherra segja nokkur orð um sín sjónarmið, sérstaklega í ljósi nýrra tillagna sem komið hafa fram í þessu máli, þá sé það auðvitað sjálfsagt.

Það vill svo til að það er fundur í Ed. eins og sakir standa. Mér er ekki kunnugt um það að þar sé nefndarfundur kl. 8 í fyrramálið en ég veit að þar eru fundir haldnir til þess að hv. Nd. geti fengið mál til umræðu á morgun, sem mun vera stjórn fiskveiða. Mér hefur skilist á hæstv. forsrh., og reyndar öðrum ráðherrum, að þeir vilji gjarnan fá það mál afgreitt á þessu þingi, jafnvel þótt slík lög eigi ekki að taka gildi fyrr en á næsta ári. Við höfum orðið við þeirri beiðni. Í trausti þess að hæstv. forsrh. meini eitthvað með þeim orðum sem hann hefur látið falla um þau efni hefur þess verið freistað að halda fundi þar áfram og koma því máli út úr þinginu í síðasta lagi nk. laugardag til þess að þá geti þinglausnir átt sér stað.

Ef það er hins vegar alvara hjá hæstv. forseta að fylgja hér mælendaskrá og hefja efnisumræðu um það mál sem hann hyggst taka fyrir í meira en örfáar mínútur, tíu mínútur eða svo, þá mun ég að sjálfsögðu krefjast þess að afboðaður verði fundur í fyrramálið sem á að verða kl. 8. Ég sé ekki betur en að þá verði hæstv. forseti að breyta fyrirhugaðri dagskrá morgundagsins, hverfa frá fundi sem átti að verða kl. 10. Og að sjálfsögðu verða þá engar útvarpsumræður annað kvöld, það er ekki hægt því, eins og hæstv. forseti sagði sjálfur, þá er sáttagrundvöllur brostinn í þessum málum öllum.

Ég bið þess vegna hæstv. forseta um að kanna hvort ekki sé eðlilegt að hann ásamt tveimur mönnum sem bera ábyrgð á störfum þingsins taki sér smáhlé — við skulum bíða í nokkrar mínútur — og ræði hvaða lendingu þeir vilji hafa í þessu máli. Þeim hafa verið boðnir nokkrir kostir sem ég tel ástæðu til að þeir ræði og ég vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir að ég

er tilbúinn til þess að bíða hér í nokkrar mínútur meðan þeir ræðast við ef fundi verður frestað á meðan.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Nú hafa þingfundir staðið drjúga stund og það mál sem hér er til umræðu var komið í þann farveg fyrr í kvöld að ætla mátti að það væri lending í því. Það hefur brugðist og er því æskilegt að hæstv. forsetar beiti sér fyrir því að fundi verði núna frestað og rætt hvort megi finna lendingu í þessu máli. Ég vil hins vegar ítreka að það er náttúrlega óforsvaranlegt að halda næturfund, ekki skal ég skjóta mér undan því að halda hann út af fyrir sig og gæti ég jafnvel talað með þögnum á áhrifamikinn hátt í alla nótt ef út í það færi.

Vildi ég fara þess á leit að hæstv. forsetar frestuðu fundi. Þeir ætla að halda eldhúsdag á morgun og hæstv. forseti Sþ. er horfinn úr salnum sýnist mér, sennilega orðin dálítið syfjuð. Ég held að engum sé greiði gerður með því að halda áfram svo lengi sem raun ber vitni og tel skynsamlegt að fresta fundi nú og ræða málin frekar. Annars má búast við að ýmis fleiri mál riðlist í umræðu fram á laugardag. Það er ekki hægt að lofa neinu ef á að fara að halda næturfundi á undan eldhúsdegi, það verður að gefast tóm til efnislegrar umfjöllunar mála. (**Sjútvrh.:** Eru þetta hótanir?) Hæstv. ráðherra spyr hvort þetta séu hótanir. Hann má skilja það eins og hann vill.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Einn af kostum forseta, ef hann má orða það svo, er að hann tekur rökum. Hann mun nú gera tilraun til þess að kanna jarðveg samkomulags og óskar eftir fundi með hv. þingflokkaformönnum og hæstv. forsrh. í herbergi forseta Sþ. Gert verður tíu mínútna hlé á þessum fundi, enda er forseta fullljóst að frv. um umhverfismál mun ekki komast á dagskrá meðan hv. stjórnarandstæðingar halda uppi umræðum um þingsköp. — [Fundarhlé.]

Forseti vill gera grein fyrir niðurstöðu þess fundar sem nú hefur verið haldinn. Þær tíu mínútur sem fundi var frestað hafa orðið nokkuð langar, en tekist hefur samkomulag um að reyna enn á ný að ná samkomulagi um það mál sem deilur hafa staðið um í kvöld. Samkomulagið felst í grófum dráttum í því að fundi verður slitið núna. Hann hefst á nýjan leik kl. 10 í fyrramálið og þá verða umhverfismálin tekin til umræðu. En áður en sá fundur hefst verða gerðar tilraunir til að ná samkomulagi um framgang þess máls. Forseti hefur ekki meira um þetta að segja á þessu stigi.

NEÐRI DEILD

85. fundur, fimmtudaginn 3. maí, kl. 10 árdegis.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 869, brtt. 720, 726,2, 1065, 1171.

Ólafur G. Einarsson (frh.):

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var að rifja upp fyrirspurnir sem ég hafði beint til hæstv. heilbrrh. Áður en ég kem að þeim fyrirspurnum aftur þá ætla ég að ræða hér aðeins um brtt. Ég sé líka að hæstv. heilbrrh. er ekki kominn til fundar. Ég tek jafnframt fram að ég mun mjög reyna að stytta mál mitt, reiknandi með að enn þá standi ákvörðunin um að þinglausnir verði n.k. laugardag og mér er alveg ljóst að til þess að svo megi verða þurfa menn að stytta hér mál sitt sem mest þeir mega.

Ég hafði að nýju gert í örstuttu máli grein fyrir brtt. þeim sem ég ásamt hv. þm. Inga Birni Albertssyni og Friðjóni Þórðarsyni flutti við 2. umr. málsins þess efnis að 6.–14. gr. frv. féllu brott. Jafnframt boðaði ég að við mundum flytja tvær brtt. til viðbótar og það höfum við nú gert á þskj. 1171. Þær eru um það að 16. og 17. gr. frv. falli brott. 16. gr. fjallar um að yfirstjórn skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, verði flutt frá félmrn. og til umhvrn. 17. gr. er aftur um það að yfirstjórn byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, er flutt frá félmrn. og til umhvrn. Við leggjum sem sagt til á þskj. 1171 að þessar greinar báðar falli brott.

Ég hef þegar gert grein fyrir og þarf ekki að endurtaka það að fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var 22. og 23. mars sl. ályktaði í þessa veru og beindi þeirri áskorun til Alþingis að þessar greinar féllu brott. Rökstuðningurinn fyrir þessu er ósköp einfaldur. Hann er sá, sem á reyndar við ýmsar aðrar greinar frv., að ekki sé rétt að málaflokkur sem þessi, þ.e. sveitarstjórnarmálin, heyri undir tvö ráðuneyti, en þannig yrði ef 16. og 17. gr. yrðu samþykktar.

Ég gerði að umtalsefni í þingskapaumræðu um daginn bréf sem hæstv. forsrh. hafði borist og dagsett er 30. apríl sl. þar sem forsvarsmenn ákveðinna stofnana leggja til að frestað verði samþykkt ákveðinna greina í frv. sem ágreiningur er um. Ég skal aðeins fara yfir þetta bréf aftur, mér sýnist það nauðsynlegt, en bréfið hljóðaði svo:

„Undirritaðir forsvarsmenn stofnana, sem tillaga liggur fyrir um að flytjist undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis að hluta til eða að öllu leyti, óska eftir að þær greinar 128. máls sem ágreiningur er um verði ekki afgreiddar á yfirstandandi þingi heldur fái frekari faglega umræðu.

Afrit af þessu bréfi er sent formönnum þingflokka.“

Ég las upp hverjir og fyrir hvaða stofnunum þessir forstöðumenn væru. Það eru Hollustuvernd ríkisins, eiturefnanefnd, Siglingamálastofnun ríkisins, Landmælingar Íslands, veiðistjóri, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Skipulagsstjóri ríkisins og Geislavarnir ríkisins.

Ég vakti athygli á því að þarna hefðu skrifað undir

forstöðumenn þriggja stofnana sem áður höfðu mælt með að þær greinar sem þeirra stofnanir vörðuðu yrðu fluttar yfir til umhvrn. Ég skildi þetta bréf einfaldlega þannig að þessum aðilum hefði snúist hugur. Það var forstöðumaður Landmælinga Íslands, veiðistjóri og skipulagsstjóri ríkisins. Nú hafa þessir aðilar haft samband við mig og sjálfsagt fleiri og greint frá því að það hefði ekki verið ætlun þeirra að undirskriftin yrði skilin með þessum hætti. Ég tek það til greina þó að mér hafi verið alveg ómögulegt að skilja bréfið öðruvísi en svo að þeir væru að tala um sínar stofnanir. Nú er það svo að ég get alveg skilið afstöðu forstöðumanns Landmælinga Íslands vegna þess að það hefur ekki verið neinn sérstakur ágreiningur um að Landmælingar Íslands flyttust til umhvrn. Það er 19. gr. frv., þ.e. að yfirstjórn Landmælinganna flytjist frá samgrn. og til umhvrn. Að vísu mælti samgrn. ekki með því. En við getum litið svo á að um það sé ekki ágreiningur.

Veiðistjóri hafði lýst því yfir að hann hefði ekkert við það að athuga að hans viðfangsefni flyttust undir umhvrn., en um það var hins vegar ágreiningur. Búnaðarþing hafði ályktað að það skyldi ekki gert og 7. gr. frv. varðar það mál. Þess vegna tók ég þessa undirskrift veiðistjóra alveg eftir orðanna hljóðan, að þessi grein skyldi tekin út úr eða gildistöku hennar frestað vegna þess að um það atriði var ágreiningur. Alveg nákvæmlega sama átti við um skipulagsstjóra ríkisins. Hann hafði að vísu sjálfur mælt mjög eindregið með því í umsögn til hv. allshn. að yfirstjórn skipulagsmála flyttist undir umhvrn. en um það mál reis hins vegar ágreiningur þar sem, eins og ég gat um áðan, fundur fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga ályktaði mjög eindregið í þá átt að yfirstjórn byggingarmála og yfirstjórn skipulagsmála skyldu ekki flytjast til umhvrn. heldur vera áfram undir fjmrn. Þess vegna skildi ég undirskrift skipulagsstjóra eftir orðanna hljóðan, að hann legði til að fallið yrði frá þessum áformum. Nú hefur hann á alveg sama hátt og forstöðumaður Landmælinganna greint mér frá því að svona hefði ekki átt að skilja hans undirskrift. Aðspurðir hvernig ætti þá að skilja þessar undirskriftir segjast þeir hafa verið að styðja hina sem skrifuðu undir bréfið. Það er náttúrlega afskaplega drengilega gert og ekkert frekar um það að segja. Ég vildi greina frá þessu hér þannig að misskilningurinn yrði leiðréttur.

Herra forseti. Ég þarf svo sem ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég rifja aðeins upp að hæstv. forsrh. hafði í ræðu sinni hér fyrir fáum dögum komið fram með þá sáttatillögu til þess að greiða fyrir því að umræðum um þetta mál gæti lokið, að hann fyrir sitt leyti mundi beita sér fyrir því að fallist yrði á okkar brtt., þ.e. að 6.–14. gr. frv. yrðu felldar brott. Við það tækifæri þakkaði ég hæstv. forsrh. fyrir viðleitni hans til þess að reyna að ná sáttum í málinu, en tók sérstaklega fram að ég hefði boðað flutning tveggja brtt. til viðbótar, sem ég hef nú gert grein fyrir, og okkur væri mikið kappsmál að þær greinar yrðu teknar inn í mögulegt samkomulag. Nú hefur þetta samkomulag ekki tekist enn þá en engu að síður læt ég í ljós þá von að samkomulag megi takast. Með það í huga og til þess að eyða ekki frekari tíma hér núna ætla ég ekki að lengja mál mitt frekar og vona að við getum sest niður einmitt nú og reynt að finna lausn á þessu máli til þess að þinglausnir geti farið fram á laugardaginn eins og ákveðið hefur verið.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það fer að sjálfsögðu ekki á milli mála að sá málatilbúnaður sem hér er á ferðinni er orðinn ærið vandræðalegur. Ég minni á að þegar þetta frv. var flutt ásamt fylgifrv. þess um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, þá var það sótt af miklu kappi að frv. bæði yrðu afgreidd að heita mátti óbreytt héðan frá Alþingi. Fyrra frv., frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, var síðan afgreitt en fylgifrv. þess sem hér er á dagskrá, um yfirstjórn umhverfismála, er hér enn til 3. umr. í fyrri deild.

Nú hefur það gerst að hæstv. forsrh., sem flytur frv. og ber alla ábyrgð á því fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar, hefur flutt brtt. á þskj. 1065. Þær brtt. eru með þeim hætti að þær hljóta að vekja undrun því í þeim er lagt til að lögfestar verða breytingar á tilteknum lögum, breytingar sem síðan eigi ekki að taka gildi fyrr en eftir endurskoðun þeirra laga á næsta Alþingi. Ég minnist þess ekki að hafa séð tillögur um slíka lagasetningu fyrr, að gera tillögur um að breyta tilteknum lögum nú í þinglok, lögum sem taka síðan ekki gildi fyrr en eftir endurskoðun tiltekinna lagabálka á einhverju öðru Alþingi. Þessi málatilbúnaður er sérstæður og svo vandræðalegur að hann er auðvitað ekki hæstv. forsrh. samboðinn og ekki hv. Alþingi samboðið að afgreiða mál með þeim hætti. Nú hefur hæstv. forsrh., sem því miður er ekki hér viðstaddur en er væntanlega á fundi um skipan þinghaldsins þessa daga sem eftir lifa Alþingis, boðið það til viðbótar, vegna þess væntanlega að hann sér í hvílíkar ógöngur þessi málatilbúnaður allur er kominn, að fallast á flestar brtt. okkar sjálfstæðismanna sem hæstv. ráðherra hafði áður mælt mjög staðfastlega gegn.

Það er þess vegna mikið hik á hæstv. forsrh. varðandi framgang þessa máls og maður heyrir það að hæstv. umhvrh., sem hefur verið ákaflega hljóður í þessari umræðu, er nú farinn að taka til máls við fjölmiðla og lýsa því yfir nú þegar þingi er að ljúka, að verði þetta frv. ekki afgreitt þá sé hæstv. ríkisstjórn dauð — eins og hann orðaði það. Ég tel að hæstv. umhvrh., sem hér gengur í salinn, hefði átt að gera samráðherrum sínum og hæstv. forsrh. grein fyrir þessum skoðunum fyrr en á næstsíðasta degi þingsins eða svo.

Þetta mál er komið í hið mesta óefni, enda málatilbúnaðurinn frá upphafi í því fari. Ég minni á að af nálega 80 aðilum sem leitað var umsagnar hjá, ellegar komu til viðræðna við hv. allshn. Nd., mælti yfirgnæfandi meiri hluti þeirra gegn öllum málatilbúnaðinum eða hafði verulegar athugasemdir við einstök atriði

þessara mála. Og ekki að undra þótt hæstv. forsrh., sem er nú manna staðfastastur í sínum fyrirætlunum og hélt því ákaflega eindregið fram, a.m.k. lengst af, hvílík nauðsyn væri að afgreiða þessi mál og hversu mikil framför það væri fyrir íslenska stjórnkerfið að fá þessar breytingar lögfestar, sé farinn allmjög að hika. Ég lái honum það ekki heldur er ég í rauninni að segja að það hik hefði auðvitað átt að koma á menn miklu fyrr miðað við hvernig viðtökur allur þessi málatilbúnaður hefur fengið í þjóðfélaginu og hjá þeim aðilum sem gerst þekkja þau mál sem eiga að falla undir hið nýja umhvrn.

Með tilliti til þess að hæstv. forsrh. og fleiri hæstv. ráðherrar eru hér viðstaddir leyfi ég mér, þó ég hafi áður gert það við 2. umr. þessa máls, að vitna til þess sem segir í dagblaðinu Tímanum þann 3. apríl sl. Þar er prentuð stjórnmálaályktun 6. stjórnarfundar Sambands ungra framsóknarmanna sem haldinn var laugardaginn 17. mars 1990. Í þessari stjórnmálaályktun er farið fremur viðurkenningarorðum um það að stefna að því að stofna umhvrn., en síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá pólitíski hrossakaupaþefur sem af stofnun umhverfisráðuneytisins leggur gerir það mál þó ekki jafnánægjulegt og ella hefði orðið. Samband ungra framsóknarmanna hvetur hér eftir sem hingað til alla stjórnmálamenn að láta ekki eftirsókn eftir völdum og valdastólum hlaupa með sig í gönur."

Ég tók vel eftir þessari stjórnmálayfirlýsingu ungra framsóknarmanna. Það er sannarlega bragð að þá barnið finnur. Og ég undrast það að reyndir forustumenn Framsfl. og vinsælir stjórnmálaforingjar þess flokks skuli haga málatilbúnaði sínum með þeim hætti að þeir verðskuldi slíkar kveðjur og leiðbeiningar frá ungliðum síns flokks. Þó er einkum tvennt sem þarna kemur fram. Í fyrsta lagi er sagt berum orðum að mál þetta sé liður í hrossakaupum, það sé hrossakaupaþefur af þessu máli. Í öðru lagi er áskorun til stjórnmálamanna um að láta ekki eftirsókn eftir völdum og valdastólum hlaupa með sig í gönur.

Nú er það mála sannast að þessi orð eru ekki mælt að ófyrirsynju vegna þess að með þessum málatilbúnaði öllum eru forustumenn Framsfl., af því að hér er nú talað fyrst og fremst til þeirra af hálfu ungra framsóknarmanna, að fara í stríð gegn flestum þeim sem á undanförnum árum hafa unnið á vettvangi þeirra mála sem á að færa undir hið nýja umhvrn. Þarna eru ýmsir reyndir menn, menn sem hafa lagt sál sína í það starf sem þeir hafa unnið á sviði landgræðslu, skógræktar og varðveislu náttúruauðlinda, sumir hverjir í sambandi við mengunarmál og hollustuhætti o.s.frv. o.s.frv. Ýmsir þessara manna hafa í raun, að mér sýnist megi segja, lagt sál sína í það starf sem þeir hafa unnið að þessum verkefnum og hafa í ýmsum tilvikum skilað miklum árangri. Það er því býsna erfið staða sem hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn og hv. forustumenn Framsfl. eru komnir í þegar ungir framsóknarmenn senda þeim slíkar kveðjur, sem ekki er að ófyrirsynju, að fara gegn þeim mikla og þétta vegg andstöðu sem er við þetta mál allt saman. Og ég segi, það er ekki að undra þótt komið sé hik á hæstv. forsrh.

Nú rakti ég þetta mál allítarlega hér við 2. umr. og ætla ekki að endurtaka það. Ég vil hins vegar rifja það upp að ég fór um þetta þá þeim orðum að með þessum hætti hefði Framsfl. gengið undir jarðarmen. Ég kalla það að ganga undir jarðarmen þegar sá stjórnmálaflokkur vill knýja þetta mál gegnum þingið með þeim hrossakaupaþef sem ungir framsóknarmenn lýsa í sinni stjórnmálaályktun þó það kosti það að ganga gegn sjónarmiðum fulltrúa hinna ýmsu stofnana í stjórnkerfinu og utan þess sem margir hverjir hafa til þessa talið Framsfl. meðal sinna málsvara. Meðal þessara manna eru til að mynda nálega allir forustumenn stofnana landbúnaðarins, allt frá landbrn. sjálfu og niður í aðrar stofnanir landbúnaðarins og yfir í félagasamtök sem starfa á vegum landbúnaðarins eða starfa að t.d. skógræktarmálum, eins og Skógræktarfélag Íslands. Þetta er ekkert einskorðað við landbúnaðinn heldur er sömu sögu að segja um aðra málaflokka sem hér eiga hlut að máli, eiga að færast undir svokallað umhverfisráðuneyti samkvæmt þessu frv. Ég hlýt því að hvetja hæstv. forsrh., sem er ekki viðstaddur þessa stundina en hæstv. sjútvrh., varaformaður Framsfl., er hér staddur, ég hlýt að hvetja forustumenn Framsfl. til að taka nú tillit til þess sem ungir framsóknarmenn segja í sinni ályktun, að láta ekki eftirsókn eftir völdum og valdastólum hlaupa með sig í gönur. Það er að láta hlaupa með sig í gönur að ganga gegn þeirri miklu andstöðu sem hefur komið í ljós í þjóðfélaginu gegn þessu máli öllu í pólitískum tilgangi sem ungir framsóknarmenn sjálfir kalla að hrossakaupaþefur sé af.

Hæstv. umhvrh. sem hér situr og hefur verið býsna þaulsætinn við umræður um þetta mál og er það honum að sjálfsögðu til viðurkenningar, hefur sagt fátt í þessari umræðu. Það skal þó sagt vegna ásökunarorða í garð stjórnarandstöðunnar sem fram komu í umræðum um þingsköp sl. nótt að mál þetta hefur vitaskuld tafist í umræðum að verulegu leyti vegna þess að hæstv. umhvrh. sem menn óskuðu eftir að væri við umræðuna var tíðum erlendis og hlaut það auðvitað að tefja framgang málsins. En eigi að síður hefur hann, þegar hann hefur verið hér heima á landinu, sinnt þeim skyldum sínum vel að vera við þessa umræðu.

Á hinn bóginn hefur lítið frá honum heyrst utan það sem nú heyrist í fjölmiðlum. Það hafði lítillega heyrst frá honum í fjölmiðlum áður um þetta mál eða mál er tengjast þessu nýja starfi sem hann hefur tekið að sér, svo sem þegar birtist við hann viðtal í forustublaði ríkisstjórnarinnar, Tímanum, þar sem hann lýsti því að hann hefði farið bæði sem ráðherra og einstaklingur upp á skíðasvæðin fyrir ofan Reykjavík til að skoða það sem hann kallaði „umhverfi landsins". Miðað við orðanna hljóðan virðist hæstv. umhvrh. ekki vanþörf á að skoða sig um á landinu því að þessi orð tákna að hæstv. ráðherra telji að landið nái ekki nema hérna upp á Ártúnshöfðann eða svo og kannski

suður í Hafnarfjörð og þegar hann sé kominn 6–8 km þar upp fyrir þá sé hann að skoða umhverfi landsins. Ég tel það vel til fundið hjá hæstv. umhvrh. að fara sem ráðherra og einstaklingur til að skoða þetta umhverfi sem er nú í rauninni ekki umhverfi heldur hluti af landinu sjálfu þó svo færi nú að sjálfur yrði hæstv. ráðherra umhverfisvandamál í þeirri skoðunarferð sinni. Látum það nú kyrrt liggja.

Í þessari ferð komst hæstv. ráðherra að raun um það sem hann undraðist og þótti með nokkrum ólíkindum, hversu margt fólk var þarna upp frá. Það hafði honum ekki dottið í hug áður og það var alveg stórkostlegt vandamál sem þyrfti að bregðast við með *einhverjum hætti og umhvrh. þyrfti að sjálfsögðu* að taka til athugunar hversu margt fólk væri þarna uppi á skíðasvæðunum á góðviðrisdögum. Það er nú svo að það er víðar fólk á landinu en hér innan Elliðaáa og suður í Hafnarfjörð. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að fara fleiri ferðir af þessu tagi og kynna sér það sem er að gerast á landinu, kynna sér lífshætti fólksins og kynna sér hvaða hættur kunna að leynast í umhverfinu fyrir fólkið og þá auðvitað ekkert síður hvaða hættur kunna nú að steðja að náttúrunni og lífríkinu sem hlýtur að vera hans hlutverk, enda hefur hann aflað sér nokkurra tækja til að geta komið því við.

Ég vil svo segja það að afstaða okkar sjálfstæðismanna í þessum málum er auðvitað hrein og skýr. Hún er sú að við teljum óþarft og rangt að stofna ráðuneyti um þennan málaflokk. Og eftir að illu heilli hefur þó verið gerð sú breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands með þeim hrossakaupaþef sem því hefur fylgt að stofna slíkt ráðuneyti, þá eigi auðvitað að fara sem allra skemmst í að ákveða með lögum verkefni slíks ráðuneytis því ætla má að slík breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands verði varla langlíf. Það er kunnugt að það er skoðun ýmissa að þörf sé á að taka lögin um Stjórnarráð Íslands til endurskoðunar og nauðsynlegt að vanda það verk vel. Ég beini því enn til hæstv. ráðherra sem hér sitja að það verk á vitaskuld ekki að vinnast af einhverri tiltekinni ríkisstjórn eða af einhverjum tilteknum stjórnarmeirihluta. Einhver ríkisstjórn skipar að vísu forustu í því starfi en verk af því tagi sem það er að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands og koma fram breytingum um skipan stjórnkerfisins á ekki að vinna með pólitísku meirihlutavaldi hér á hinu háa Alþingi vegna þess að þar er verið að semja leikreglur sem fara á eftir í stjórnskipaninni og eiga að þjóna mörgum ríkisstjórnum. Ef það verk er vandað á það að geta staðið um alllanga hríð. Það er ekki heppilegt og er raunar ekkert vit í því að knýja fram breytingar á stjórnskipaninni, þ.e. lögum um Stjórnarráð Íslands, með einhverju naumu meirihlutavaldi á Alþingi af einni ríkisstjórn. Því að það mundi æra óstöðugan ef hver einasta ríkisstjórn ætlaði að fara að knýja fram breytingar sem henni helst þóknuðust þegar hún settist á valdastóla og þá gjarnan með þeim hætti að slíkum breytingum fylgir hrossakaupaþefur. Þetta veit ég að hæstv. ráðherrar sem hér eru staddir viðurkenna þegar þeir hugsa sitt ráð. Það haggar vitaskuld ekki því að þarna er verk að vinna sem ástæða er til að leggja mikla alúð í og velja til hina hæfustu og reyndustu menn að huga að því verki. Því það er nú svo að stundum hafa verið valdir til þessa verks á undanförnum árum reynslulitlir menn, menn sem hafa kannski starfað skamma hríð í Stjórnarráðinu, stundum sem aðstoðarmenn ráðherra, menn sem þá eru kannski litaðir af ýmsum sérsjónarmiðum sem ekki fara saman við reynslu þeirra sem hafa lengra starf að baki.

Ég minni svo á að um leið og við sjálfstæðismenn erum gersamlega andvígir þeim breytingum sem hér hafa verið gerðar á *stjórnarráðslögunum* þá höfum við tiltekin og eindregin sjónarmið varðandi það hvernig eigi að skipa umhverfismálum, sem þarf ekki að endurtaka. Við höfum lagt til að yfirstjórn þeirra mála verði skipuð einni tiltekinni stjórnarráðsdeild. En við byggjum auðvitað okkar afstöðu á tilteknum grundvallaratriðum og grundvallarsjónarmiðum, m.a. þeim að saman eigi að fara yfirstjórn á nýtingu, verndun og aðgerðum til að bæta tiltekna þætti lífríkisins og auðlinda landsins.

Þó svo að þetta frv. yrði samþykkt þá yrði þessi skipan á höfð um auðlindir sjávarins. Þar er ekki haggað því að saman fari yfirstjórn á nýtingu auðlindanna og verndun og eftirlit. Það er hin rétta skipan. En hvers vegna skyldi verið að slíta þetta allt í sundur að því er varðar aðrar auðlindir þjóðarinnar, þ.e. auðlindir landsins, auðlindir á vegum landbúnaðarins? Það er auðvitað mál sem við erum gersamlega andvígir. Og þetta er ekkert sérsjónarmið okkar sjálfstæðismanna því þetta er sjónarmið sem er að öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Ég skal ekkert vera að rifja það upp sem fram hefur komið um þessi mál í skýrslum sem gefnar hafa verið út á vegum alþjóðlegra nefnda og ýmsir pólitískir foringjar úti í heimi hafa staðfest að sé sú skipan sem þeir hafi komist að raun um að sé hin rétta. Afstaða okkar sjálfstæðismanna er byggð á slíkum grundvallarsjónarmiðum og það fer heim og saman við það sem til að mynda segir í einni af umsögnum um þetta mál, að mig minnir frá þeim mæta manni Sigurði Blöndal, fyrrum skógræktarstjóra, að með þessum tillögum sem hér eru á ferðinni sé gert ráð fyrir að slíta í sundur það sem ekki megi sundur slíta. Það er á sviði skógræktarmála og það er á sviði fleiri mála sem nú heyra undir landbrn. Sé það slitið í sundur sem eigi má í sundur slíta þá er verið að stofna til ófriðar, stofna til átaka, árekstra og margs konar erfiðleika í því starfi sem svo nauðsynlegt er að vinna í ýmsum málaflokkum, t.d. á sviði gróðurverndar og skógræktar, svo nokkuð sé nefnt.

Þessi grundvallaratriði eru það sem við sjálfstæðismenn byggjum okkar stefnu á. Það felur þó í sér að nauðsynlegt er að hafa eina samræmda yfirstjórn yfir öllum þessum málum þar sem er samstarfsvettvangur og samræmingarvettvangur og síðan að þar sé á einum stað málsvari íslenska stjórnkerfisins og íslensku þjóðarinnar á þessum vettvangi, til að mynda á fundum erlendis. Þetta er nauðsynlegt og því höfum

við valið þá leið að slík yfirstjórn og samræming skuli vera á vegum einnar stjórnarráðsdeildar sem við höfum lagt til að sé í samgrn.

Ég held að ástæðulaust sé fyrir mig að flytja um þetta langt mál. Ég er búinn að láta mín sjónarmið koma fram áður. Ég vil ekki tefja tímann á því að velta hæstv. ráðherrum og hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarmeirihluta hér á hinu háa Alþingi upp úr þessu máli eins og auðvelt er að gera og ég tel ekki þjóna neinum tilgangi á lokadögum þingsins að gerast stórorður um þetta mál. Það er þó augljóst að málafylgja okkar sjálfstæðismanna hefur haft mikil áhrif og það hefur verið létt verk að standa fyrir þeirri málafylgju vegna þess að andstaðan við þetta mál og við þennan málatilbúnað er svo samfelld, svo öflug og svo heil frá þorra þeirra aðila sem mesta reynslu hafa og mest starf hafa lagt í þá málaflokka sem hér er um fjallað á undangengnum árum, sumir þeirra um áratugi. Þetta hefur auðvitað létt þann málatilbúnað sem við höfum hér haft í frammi og það sýnir sig að okkar málatilbúnaður hefur haft nokkur áhrif á hæstv. ríkisstjórn. Ég er ekkert viss um hæstv. umhvrh., en þó hefur hann verið svo hljóður í allri þessari umræðu að það er eins og hann hafi ekki lagt í það að taka til máls hér á hinu háa Alþingi. Það út af fyrir sig bendir til þess að málafylgja okkar hafi einnig áhrif á hann þó með óbeinum hætti sé.

Í ljós kemur að hæstv. forsrh. hefur hopað í málinu. Hann hefur í fyrsta lagi flutt brtt. sem eru, eins og ég lýsti hér í upphafi þessarar ræðu minnar, með næsta óþinglegum hætti og hvorki honum sjálfum sem forsrh. landsins eða Alþingi samboðnar, að lögfesta breytingar á lögum sem síðan eigi ekki að taka gildi fyrr en þeir lagabálkar hafa verið endurskoðaðir einhvern tíma á öðru Alþingi. Þetta er ekki samboðið hæstv. forsrh. né hv. Alþingi að láta ganga fram, enda hefur hann áttað sig á þessu og gengur nú lengra og býðst til að samþykkja þorra þeirra brtt. sem sjálfstæðismenn og fulltrúi Frjálslynda hægriflokksins hafa lagt fram við frv. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sé þessa stundina að leitast við að átta sig enn betur á þessu máli og komi með enn betra boð um lausn á því þegar hann kynni að ganga í salinn.

Í þeirri vissu að að þessu sé nú unnið hef ég ekki gert kröfur um það sem í raun hefði verið eðlilegt undir öðrum kringumstæðum, að hæstv. forsrh. sem flm. þessa máls sé hér viðstaddur. En ég vænti þess að eftir þá málafylgju sem hér hefur verið á hinu háa Alþingi af hálfu okkar, fulltrúa Sjálfstfl. og fulltrúa Frjálslynda hægri flokksins, þá hafi opnast augu fleiri en hæstv. forsrh. fyrir því að þessi málatilbúnaður er gersamlega í óefni. Og ég hygg að fleiri, a.m.k. forustumenn Framsfl., sjái að það er ekki álitlegt að fá yfir sig kveðjur með líkum hætti og hér var vitnað til frá ungum framsóknarmönnum.

Í trausti þess að niðurstaða fáist, annað tveggja að gengið verði inn á þær brtt. sem fulltrúar Sjálfstfl. og Frjálslynda hægriflokksins í hv. allshn. hafa flutt ellegar að þetta mál verði látið liggja, þá sé ég ekki ástæðu til þess að halda áfram mínum málflutningi. Þó að hæstv. umhvrh. hafi látið eitthvað frá sér heyra í fjölmiðlum um lífdaga hæstv. ríkisstjórnar þá tel ég nú ekki ástæðu til að taka orð hans um það mjög hátíðlega. Það gæti farið fyrir honum með líkum hætti og þegar hann fór ökuferð upp á skíðasvæðið hér fyrr í vetur.

Umræðu frestað.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 1037, n. 1147.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti menntmn. varðandi frv. til laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Stefán Stefánsson í menntmrn.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 1037 eftir afgreiðslu efri deildar.

Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita aðrir menntamálanefndarmenn, Birgir Ísl. Gunnarsson, Árni Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Sólveig Pétursdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Rétt er að geta þess að við meðferð málsins í nefndinni urðu nokkrar umræður um framtíðarskipan og lagasetningu fyrir Rannsóknadeild fisksjúkdóma. Nefndin fjallaði nokkuð um þann kafla sem fram kemur í athugasemdum við frv. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin", þ.e. sú nefnd sem frv. samdi, „ákvað eftir vandlega íhugun að leggja ekki til breytingar á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma að sinni, en telur afdráttarlaust að málefni er varða rannsóknir fisksjúkdóma eigi að falla undir lög og reglugerð um Tilraunastöðina. Rannsóknir á fisksjúkdómum eins og öðrum dýrasjúkdómum samræmast fyllilega hlutverki stofnunarinnar eins og það er skilgreint í 2. gr. frv. Að öðru leyti ættu málefni fisksjúkdóma eins og um þau er fjallað í núgildandi lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma að heyra undir sérstök lög um fiskeldi, fisksjúkdóma og varnir gegn þeim, sem brýna nauðsyn ber til að setja hið fyrsta. Nefndin lítur svo á að núgildandi lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma samræmist ekki þessu frv. og skuli einungis gilda til bráðabirgða eða þar til sérstök lög um fiskeldi, fisksjúkdóma og varnir gegn þeim hafa verið sett."

Mér þykir rétt í ljósi umræðna í nefndinni að árétta það að menntmn. Nd. var þeirrar skoðunar að einmitt þetta atriði, þ.e. að núgildandi lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma samræmist ekki þessu frv. og skuli einungis gilda til bráðabirgða, þurfi að koma hér skýrt fram. Í því sambandi hygg ég að sé ástæða til

að hvetja hæstv. menntmrh. til að vinna að því helst í sumar að áframhald verði á þessu lagastarfi, nefnd verði sett til að ljúka þessu starfi og vinna þann þátt sem þarna er óunninn. Nokkrar umræður urðu jafnframt um málefni Tilraunastöðvarinnar að Keldum og það hlutskipti að málefni hennar falla að talsverðu leyti undir tvö ráðuneyti, en ekki tel ég efni til að ræða það frekar hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 1085, n. 1156.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir svohljóðandi nál. á þskj. 1156 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum efri deildar.

Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Að öðru leyti skrifa allir nefndarmenn í landbn. undir þetta nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Frv. SalÞ, 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216, n. 1146.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir svofelldu nál. á þskj. 1146 frá félmn.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1200.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða. Það mál sem hér er til umræðu hefur hlotið víðtækari og rækilegri umfjöllun en algengt er um þingmál áður en þau koma til umræðu á hv. Alþingi. Þá hefur það hlotið ítarlega yfirferð á sameiginlegum fundum sjútvn. beggja deilda Alþingis. Er þetta í góðu samræmi við mikilvægi málsins og vil ég leyfa mér að fullyrða að fá mál sem til umfjöllunar koma á þessu þingi skipti jafnmiklu máli og þetta fyrir þróun íslensks efnahagslífs og samfélags og þar með fyrir velferð þjóðarinnar.

Þegar Alþingi samþykkti núgildandi lög til þriggja ára um stjórn fiskveiða um áramótin 1987/1988 ákvað það jafnframt að hafinn skyldi undirbúningur að löggjöf er tæki við í ársbyrjun 1991. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I skipaði sjútvrh. nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar að loknum gildistíma laganna. Jafnframt var nefndinni falið að móta tillögur um breytingar á lögunum og gildistíma þeirra eftir því sem efni væri til. Átti nefndin m.a. að kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofnanna. Einnig skyldi hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki eru bundnar við skip.

Nefndin var skipuð 13. júlí 1988 eftir að tilnefningar höfðu borist frá þeim aðilum sem tilnefna áttu fulltrúa í nefndina. Nefndin hóf störf haustið 1988. Þar sem nefndin var mjög fjölmenn eða í allt 24 menn, var í upphafi starfsins ákveðið að nefndinni skyldi skipt í vinnuhópa og hver um sig hefði afmarkað verksvið. Var settur verkefnastjóri fyrir hvern vinnuhóp og fékk hann starfsmenn til aðstoðar. Þessir hópar störfuðu sl. vetur og skiluðu áliti til nefndarinnar í maímánuði sl. Kom í ljós að breið samstaða var í öllum hópunum um mörg mikilvæg grundvallaratriði fiskveiðistjórnar. Ákvað nefndin því að fela formanni ásamt verkefnastjórum hópanna að móta tillögur er byggðu á niðurstöðum þeirra. Sömdu formaður og verkefnastjórar drög að frv. til laga um stjórn fiskveiða á sl. sumri og fylgdu þeim minnisatriði um ýmis álitamál sem þeir voru sammála um að leggja fyrir nefndina sem umræðugrundvöll. Þessi frumvarpsdrög voru síðan rædd á nokkrum fundum í ráðgjafarnefndinni.

Í október og nóvember var gert hlé á störfum nefndarinnar, en á þeim tíma eru haldnir ársfundir flestra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Var stjórn fiskveiða og fyrirliggjandi frumvarpsdrög til ítarlegrar umfjöllunar hjá öllum þessum aðilum. Nefndin tók svo aftur til starfa um mánaðamótin nóvember og desember og hafði þá við að styðjast samþykktir fiskiþings og þinga sjómanna og útvegsmanna.

Samkvæmt gildandi lögum átti nefndin að skila fyrsta áliti haustið 1989 og var að því stefnt í nefndinni að hún lyki þessum þætti starfsins og skilaði frumvarpsdrögum fyrir síðustu áramót. Þetta reyndist ekki mögulegt þar sem nokkrir nefndarmanna óskuðu eftir frekari tíma til umfjöllunar um málið. Skilaði nefndin því stuttri skýrslu í desember en hélt áfram störfum eftir áramót. Hélt nefndin nokkra fundi í janúar og er skilabréf hennar dags. 26. jan. sl. Á síðustu stigum nefndarstarfsins voru taldar líkur á að samstaða væri um þann texta sem er að finna í frv. eins og það var upphaflega lagt fram. Þegar á átti að herða reyndust sjónarmið þó nokkuð ólík og skiluðu margir nefndarmenn bókunum eða séráliti. Þessar bókanir ganga þó mislangt. Hins vegar er óhætt að segja að um ýmis veigamikil atriði frv. hafi verið almenn samstaða í nefndinni. Frv. er flutt óbreytt í því formi sem nefndin skilaði því af sér og fylgdu því bókanir og sérálit einstakra nefndarmanna.

Við meðferð málsins í Ed. hafa orðið nokkrar breytingar á einstökum þáttum frv. en í meginatriðum er frv. enn í fullu samræmi við tillögur nefndarinnar. Frv. er byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með fiskveiðistjórn undanfarinna ára. Það byggir því á þeirri meginhugsun að fiskveiðum skuli stjórnað með úthlutun aflaheimilda á sérhvert skip sem liggi fyrir í upphafi hvers veiðitímabils. Í frv. eru hins vegar lagðar til viðamiklar breytingar á einstökum þáttum fiskveiðistjórnunarinnar og mun ég víkja að meginatriðum þeirra.

Á undanförnum árum hafa reglur um stjórn fiskveiða ávallt gilt til skamms tíma í senn. Á árunum 1984 og 1985 giltu lög til eins árs hvort árið fyrir sig. Síðan tóku við lög er höfðu tveggja ára gildistíma og nú gilda lög frá ársbyrjun 1988 með þriggja ára gildistíma. Alþingi er því að fjalla í fimmta skipti á rúmlega sex ára tímabili um reglur um stjórn fiskveiða. Það liggur í augum uppi hvílíkt óhagræði það er þeim er við sjávarútveg starfa að búa við reglur sem hafa svo skamman gildistíma. Þeir þurfa að taka ákvarðanir um fjárfestingu og rekstur er horfir til margra ára. Það er alveg ljóst að forsendur sem slíkar ákvarðanir eru reistar á geta ekki verið traustar þegar jafnmikil óvissa ríkir um lögskipun fiskveiðistjórnar og verið hefur að undanförnu.

Í frv. því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að lög um stjórn fiskveiða verði ótímabundin. Er hafið yfir allan vafa að langur gildistími er forsenda þess að það hagræði náist sem stefnt er að með frv., t.d. varðandi stærð flotans. Ótímabundin lög er hið almenna form löggjafar á Íslandi og þarfnast í sjálfu sér ekki neins sérstaks rökstuðnings. Með því er sköpuð meiri festa og aðilum skapaðar forsendur til að vinna eftir. Alþingi ætti þó ekki með þessu á nokkurn hátt að binda hendur sínar til frambúðar. Alþingi er með þessu á engan hátt að veita einstökum útgerðum óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði yfir fiskstofnunum eins og skýrt kemur fram í 1. gr. frv. Það hlýtur að vera ákvörðun Alþingis á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta fiskstofnana með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Enda þótt festa sé nauðsynleg í þessum efnum er það jafnmikilvægt að menn haldi vöku sinni og leiti stöðugt hagkvæmustu leiða við stjórn fiskveiða. Á grundvelli þeirrar hugsunar var bætt við frv. við meðferð þess í Ed. ákvæði um hagkvæmnisathugun og endurskoðun laganna á næstu tveimur árum.

Lög um stjórn fiskveiða hafa á undanförnum árum þróast til aukinnar lögbindingar. Fyrstu lögin sem giltu fyrir árið 1984 voru rammalög sem fólu ráðherra mjög víðtækt vald til að taka ákvarðanir um einstaka þætti fiskveiðistjórnarinnar með reglugerðum. Undanfarin ár hafa ávallt fleiri og fleiri atriði verið ákveðin með lögum og heimildir ráðherra takmarkaðar að sama skapi. Engu að síður er ráðherra enn ætlað allvíðtækt valdsvið í gildandi lögum. Með frv. þessu er lagt til að áfram verði haldið á braut aukinna lögbindinga og þeim atriðum sem löggjafinn ákveður fjölgað og reynt að takmarka þau atriði sem ráðherra eru falin til ákvörðunar eins og kostur er. Hins vegar verður ekki hjá því komist varðandi ýmis mikilvæg atriði, svo sem ákvörðun heildarafla hverju sinni sem og smærri framkvæmdaratriði.

Á undanförnum árum hafa gilt mjög strangar reglur varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans. Aðgangur að fiskiskipaflotanum hefur í raun verið lokaður því einungis hefur verið heimilt að taka nýtt fiskiskip í notkun að sambærilegt skip hafi jafnframt horfið úr rekstri. Fyrir þessu eru augljós rök. Fiskiskipaflotinn er of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna og því nauðsynlegt að sporna gegn frekari stækkun hans. Með frv. þessu er lagt til að þessar meginreglur verði lögfestar áfram og framvegis verði þær einnig látnar gilda um báta undir 6 brl. að stærð að því er veiðar í atvinnuskyni varðar. Í núgildandi lögum eru hömlur á fjölgun báta á bilinu 6–10 brl. Hins vegar eru fjölgun minni báta engin takmörk sett í dag. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að menn sáu í hendi sér að erfitt yrði í framkvæmd að leyfisbinda allar veiðar án tillits til stærðar báta, en slík leyfisbinding er forsenda þess að unnt sé að takmarka fjölgun báta af þessum stærðarflokki. Smábátum hefur hins vegar haldið áfram að fjölga og komið hefur í ljós að mælingareglur eru svo rúmar að unnt er að hanna afkastamikil fiskiskip sem mælast innan við 6 brl. Nú er svo komið að ekki verður lengur vikist undan því að taka á þessu máli þrátt fyrir alla framkvæmdarörðugleika.

Í frv. er lagt til að allar veiðar smábáta í atvinnuskyni verði framvegis bundnar sérstökum veiðileyfum á sama hátt og veiðar báta 6–10 brl. hafa verið leyfisbundnar undanfarin tvö ár. Einungis er gert ráð

fyrir að hægt verði að fá leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir báta sem beðið hefur verið um skráningu á hjá Siglingamálastofnun innan mánaðar frá gildistöku laga þessara, en þó er gefið þriggja mánaða svigrúm til að ljúka smíði á þeim bátum sem hafin er. Ekki er með frv. ætlunin að takmarka á nokkurn hátt fjölgun skemmtibáta eða frelsi manna til að renna fyrir fisk sér til gamans. Til að unnt sé að koma við banni við fjölgun atvinnumanna í greininni er því nauðsynlegt að um þessar tómstundaveiðar séu settar ákveðnar reglur og eru tillögur þar að lútandi í frv.

Ég hef gerst nokkuð langorður um þær tillögur frv. að óheimilt verði að fjölga fiskiskipum og einungis verði heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðileyfi ef annað og sambærilegt hverfi úr flotanum. Ég tel hins vegar að ef þær meginreglur sem lagt er til að lögbundnar verði í frv. ná að festast sessi ætti þegar fram líða stundir að vera óhætt að afnema allar reglur um endurnýjun fiskiskipaflotans. Reglur frv. munu eflaust hafa þau áhrif þegar fram í sækir að menn sjái sér ekki hag í því að auka afkastagetu skipa sinna því það leiðir ekki til aukins afla. Stærð fiskiskipaflotans mun því þegar fram líða stundir aðlagast afrakstursgetu fiskstofna ef fiskveiðistjórn á borð við þá sem frv. þetta gerir ráð fyrir verður lögleidd. Það ætti því að vera óhætt þegar frá líður að afnema 5. gr. frv.

Með frv. er lagt til að veruleg einföldun verði gerð varðandi útgáfu veiðileyfa. Samkvæmt gildandi lögum eru botnfiskveiðar allra skipa stærri en 6 brl. háðar útgáfu sérstakra veiðileyfa, svo og þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl. Veiðar á fjölmörgum öðrum fisktegundum eru háðar sérstökum leyfum og er lögbundið að slík leyfi þurfi til veiða á rækju, humri, skelfisk, síld og loðnu.

Í frv. er gert ráð fyrir að öll fiskiskip sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni fái eitt almennt veiðileyfi fyrir viðkomandi fiskveiðiár. Þetta leyfi veitir heimild til veiða á öllum þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Til veiða á þeim tegundum sem sæta aflahámarki þarf viðkomandi skip auk veiðileyfis skilríki um aflamark í viðkomandi tegund. Þrátt fyrir þessa almennu stefnumörkun varðandi útgáfu veiðileyfa þykir nauðsynlegt að hafa nokkuð víðtæka heimild til útgáfu sérveiðileyfa ef sérstaklega stendur á. Hér er átt við leyfi til dragnótaveiða og leyfi til veiða í tilraunaskyni svo dæmi séu nefnd. Þar sem gert er ráð fyrir að tekin verði upp samræmd endurnýjunarákvæði fyrir öll fiskiskip þykir nauðsynlegt að gera skil á milli þeirra sem stunda veiðar í atvinnuskyni og þeirra sem stunda veiðar í frístundum, eins og áður er vikið að.

Með frv. er lagt til að öllum fiskiskipum sem fá leyfi til veiða í atvinnuskyni verði úthlutað fastri aflahlutdeild í leyfilegum heildarafla. Lagt er til að sóknarmarkið verði afnumið og sérreglum um veiðar smábáta fækkað verulega frá því sem nú er. Sóknarmarkið var tekið upp á sínum tíma til að koma til móts við sjónarmið þeirra sem höfðu laka aflareynslu á svokölluðum viðmiðunarárum. Reglur um það hafa tekið nokkrum breytingum frá því að þær voru fyrst settar. Á árunum 1986 og 1987 voru þessar reglur það rúmar að útgerðir flestra togara völdu þann kost jafnvel fyrir þau skip sem höfðu bestu aflareynsluna. Sá möguleiki, sem hefur falist í sóknarmarkinu, til að auka afla skips á kostnað annarra skipa í flotanum hefur án efa verið ein meginástæða þess að ýmsir útvegsmenn hafa á undanförnum árum séð sér hag í því að fjárfesta í sem stærstum og afkastamestum skipum. Sóknarmarksskipin gátu fram til ársins 1988 aukið aflamark sitt á kostnað þeirra skipa sem aflamark völdu. Enn þann dag í dag veldur val á sóknarmarki því að aflaheimildir færast til frambúðar milli skipa. Þessi tilflutningur hefur valdið nokkurri óánægju vegna þess að sumir telja að misvægis hafi gætt milli landshluta varðandi ávinning sóknarmarksskipa. Fullvíst má telja að reglur um sóknarmark hafi átt mestan þátt í því að sú hagkvæmni sem hægt er að ná með kvótakerfinu hefur ekki náðst að fullu. Auk þess að hvetja til óþarfa fjárfestinga í fiskiskipum hefur sóknarmarkið valdið mikilli óvissu um heildarafla og verið helsti skekkjuvaldurinn í spá um heildaraflamagn.

Í ákvæði I, II og IV til bráðabirgða er að finna ákvæði um úthlutun aflaheimilda. Fyrir skip 10 brl. og stærri er lagt til að aflamark í botnfiski og úthafsrækju verði byggt á úthlutuðu aflamarki eins og það var í upphafi þessa árs. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um að ávinningur vegna sóknarmarks á árinu 1990 hafi ekki áhrif á úthlutað aflamark verði frv. þetta að lögum. Lagt er til að reikna verði meðalaflamark í þorskígildum í hverjum sóknarmarksflokki fyrir sig. Við þá útreikninga verði lagt til grundvallar aflamark í botnfiski og úthafsrækju. Þau skip sem hafa lægra aflamark en sem nemur meðaltali síns flokks fái ákveðnar bætur er nemi 40% af mismun milli aflamarks viðkomandi skips og meðalaflamarks skipa í sama flokki. Ljóst er að þessar bætur munu ekki að fullu eyða þeim sveigjanleika sem sóknarmarkið hefur valdið, sérstaklega hvað þorsk varðar. Aflamark allra skipa verður því hækkað með sama hætti og mundi gerast ef heildarafli væri aukinn. Með þessari tillögu um úthlutun aflaheimilda í upphafi er reynt að koma til móts við sjónarmið þeirra sem hafa staðið í nýfjárfestingum án þess þó að líta fram hjá hagsmunum þeirra sem hafa þokkalega aflareynslu fyrir. Aflahlutdeild skipa í síld, loðnu, skelfiski, humri, innfjarðarrækju og hörpuskel yrði samkvæmt ákvæði IV til bráðabirgða leidd af hlutdeild viðkomandi fiskiskips í úthlutuðum aflaheimildum á því veiðitímabili er síðast lauk áður en lögin koma til framkvæmda.

Með gildandi lögum voru í fyrsta sinn settar skorður við fjölgun báta 6–10 brl. og aflahámark sett á netaveiðar allra báta undir 10 brl. Þrátt fyrir skorður á veiðar þessara báta hefur hlutdeild þeirra í heildarafla haldið áfram að aukast. Þá hefur bátum undir 6 brl. fjölgað og byggðir hafa verið bátar sem mælast undir 6 brl. en eru afkastameiri en mörg skip yfir 10 brl., sem sæta stífum aflatakmörkunum. Í frv. er lagt til að bátum minni en 10 brl. sem stunda veiðar í

atvinnuskyni skuli úthlutað aflamarki er byggi á aflareynslu áranna 1987–1989, en byggt verði á meðalafla tveggja bestu áranna. Sérreglur eru þó um úthlutun og framsal aflamarks til báta sem bætast í flotann eftir síðustu áramót og hafa því ekki aflareynslu. Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um aflamark smábátanna og gilda um skip stærri en 10 brl. Þá er lagt til að bátum minni en 6 brl. gefist kostur á að stunda veiðar með línu og handfæri án aflahámarks en með dagatakmörkunum með hliðstæðum hætti og í gildandi lögum. Sett eru inn ákvæði sem eiga að tryggja að hlutur þeirra báta sem þann kost velja aukist ekki verulega umfram það sem nú er. Þá er lagt til að skipuð verði sérstök samstarfsnefnd til að gera tillögur um veiðiheimildir þeirra báta sem ekki hafa fulla aflareynslu á því tímabili sem lagt er til grundvallar.

Þess misskilnings hefur gætt að þeim aðilum sem hafa stundað veiðar hluta úr ári í frístundum sínum gefist ekki kostur á öðru en tómstundaveiðum samkvæmt frv. þessu. Þessum aðilum gefst kostur á atvinnuveiðileyfi með aflamarki er byggir á eigin veiðireynslu. Tómstundaveiðarnar eru eingöngu ætlaðar fyrir þá sem ekki hafa aflareynslu.

Gerð er tillaga um að fiskveiðiárið fyrir botnfisk hefjist 1. sept. ár hvert og ljúki 31. ágúst ári seinna. Hér er á ferðinni róttæk breyting frá gildandi lögum, en veiðiheimildum í botnfiski er nú úthlutað fyrir hvert almanaksár. Til að gera þessa framkvæmd mögulega þurfa tillögur Hafrannsóknastofnunar að vera tilbúnar fyrir 1. ágúst ár hvert. Kostir þessa fyrirkomulags eru allmargir. Flest veiðitímabil og vertíðir falla innan þessa tímabils. Slíkt fyrirkomulag getur haft jákvæð áhrif á afkomu fiskvinnslunnar ef það leiðir til þess að dregið verður úr aflatoppum yfir sumarmánuðina, en sá afli hefur jafnan nýst illa til vinnslu. Þá er mikilvægt út frá allri áætlanagerð um þróun og framvindu efnahagsmála að upplýsingar um leyfilegan heildarafla liggi fyrir snemma á hausti. Ekki er ólíklegt að þetta fyrirkomulag leiði til minni atvinnu yfir sumarmánuðina og getur þess vegna haft slæmar afleiðingar fyrir sumarvinnufólk, sérstaklega námsmenn. Þá skapar þetta fyrirkomulag einnig vandamál hvað varðar úthlutun veiðiheimilda í upphafi, eins og gerð er grein fyrir í ákvæði til bráðabirgða III.

Í frv. þessu er tekið upp ákvæði gildandi laga um framsal aflamarks innan hvers árs. Þá er gerð sú breyting að séu minna en 25% af aflamarki skips ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður. Með þessu er komið til móts við þau sjónarmið að óeðlilegt sé að skip liggi óhreyfð árum saman við bryggju til þess eins að framselja veiðiheimildir. Veiðiheimildirnar falla endanlega niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og koma þær til hækkunar á veiðiheimildum annarra skipa. Þá er lagt til að ekki sé heimilt án samþykkis ráðherra að flytja aflamark til skips sem ekki hefur fyrir aflahlutdeild í þeirri tegund sem flutt er.

Augljóst er að aukin hagkvæmni í fiskiskipaflotanum næst ekki nema með því að veita víðtækar heimildir til að færa aflaheimildir varanlega milli skipa. Með því móti einu geta menn hagrætt og dregið úr sóknarkostnaði við veiðar. Á þann hátt gefst aflamönnum kostur á að njóta sín því að sjálfsögðu munu aflaheimildir leita til þeirra í framtíðinni sem aflanum ná með minnstum tilkostnaði. Það er jafnframt eina leiðin til að sameina aflaheimildir skipa, fækka fiskiskipum og minnka þar með afkastagetu flotans. Framseljanlegar veiðiheimildir eru því grundvallaratriði í þessum tillögum um fiskveiðistjórn. Þær eru sá aflvaki sem stuðlar að aðlögun fiskiskipastólsins að afrakstursgetu fiskstofnanna.

Nauðsynlegt er þó að menn geri sér ljóst frá upphafi að í fyrstu munu þessum framsalsheimildum fylgja vandamál. Athygli skal vakin á því að þrátt fyrir rúmar framsalsheimildir er óheimilt að safna á skip aflaheimildum sem bersýnilega eru umfram veiðigetu þess. Þá er framsal bundið því skilyrði að það skip sem framselt er til hafi fyrir aflahlutdeild í þeirri tegund sem framseld er. Þetta skilyrði er þó undanþægt. Með þessu er opnaður möguleiki fyrir stjórnvöld til að hafa áhrif á þróun ýmissa sérveiða. Óheftur flutningur veiðiheimilda getur valdið röskun í fiskiskipaflotanum innbyrðis, t.d. milli báta og togara, og getur jafnframt skapað staðbundin vandamál í byggðarlögum sem byggja alfarið á sjávarútvegi.

Síðara atriðið er þó í raun alls ekki bundið við framseljanleika veiðiheimilda. Sala skipa úr byggðarlagi eða stöðvun undirstöðufyrirtækja í sjávarútvegi vegna rekstrarerfiðleika er raunar mun líklegri til að valda staðbundnum atvinnuvandamálum en framseljanleiki aflaheimilda.

Ég tel miklu skipta að menn takist á við þennan vanda af raunsæi. Sumir vilja bregðast við með því að hefta framsal aflaheimilda verulega og binda þær við tiltekin byggðarlög með ýmsum hætti. Hætt er við að með því væri þróun og framvinda stöðvuð og hagkvæmni aflamarkskerfisins að litlu gerð. Aðrir vilja láta skeika að sköpuðu. Þeir telja að hagkvæmnin ein eigi að ráða ferðinni og engin ástæða sé til aðgerða til að vernda hagsmuni fólks í tilteknum byggðarlögum. Slík sjónarmið eru að mínu mati alls ekki ásættanleg. Óhjákvæmilegt er að taka tillit til þeirra byggðarlaga sem eiga allt sitt undir sjávarútvegi.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir bindingu aflaheimilda við byggðarlög eða landsvæði. Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir tilkynningarskyldu þeirra aðila sem hyggjast selja fiskiskip eða hluta af sínum veiðiheimildum varanlega. Var það gert til að skapa umþóttunartíma í skipasölu og gefa heimaaðilum færi á að bjóða í þau skip sem til sölu kynnu að vera.

Við meðferð málsins í Ed. varð það ofan á að koma til móts við þessi sjónarmið með því að veita sveitarfélagi forkaupsrétt á skipi við sölu þess úr byggðarlagi í stað tilkynningarskyldunnar. Gefst sveitarstjórn kostur á að ganga inn í kauptilboð í fjórar vikur frá því að henni berst boð um forkaupsréttinn. Sveitarstjórn sem neytir forkaupsréttar ber síðan að gefa

útgerðaraðilum í byggðarlaginu kost á að kaupa skipið og skal leita opinberlega tilboða í það. Varðandi áhrif skipasölu á atvinnulíf einstakra byggðarlaga vil ég einnig vekja athygli á að gert er ráð fyrir að annað meginhlutverk Hagræðingarsjóðs verði að koma til aðstoðar ef byggðarlög standa höllum fæti af þessum ástæðum.

Þess skal hér sérstaklega getið að fram til þessa hefur ekki verið heimilt að framselja varanlega hluta aflahlutdeildar nema skip væri afmáð af skipaskrá. Þeir sem veðrétt áttu í skipinu þurftu ekki að óttast að skipið lækkaði í verði vegna flutnings aflahlutdeildar því afskráning skips var háð því skilyrði að skipið væri með öllu veðbandalaust.

Verði frv. þetta að lögum verður framvegis nauðsynlegt fyrir veðhafa sem veðrétt öðlast í skipi eftir að lögin koma til framkvæmda að tryggja með sérstökum hætti að veð þeirra rýrni ekki vegna framsals aflahlutdeildar skipsins. Hins vegar er í ákvæði til bráðabirgða IV gert ráð fyrir að óheimilt sé að flytja hluta aflahlutdeildar af skipi nema fyrir liggi samþykki veðhafa sem veð eiga í skipinu þegar lögin koma til framkvæmda.

Í ráðgjafarnefndinni náðist samkomulag um að álag vegna útflutnings á þorski og ýsu verði hækkað úr 15% í 20%, en álag vegna útflutnings á öðrum tegundum verði óbreytt frá því sem nú er eða 15%. Þá er lagt til að skipuð verði nefnd er kanni hvort, og þá með hvaða hætti, mögulegt sé að vinna að vigtun hérlendis á afla sem fluttur er ósunninn úr landi. Einnig er lagt til að framkvæmd vigtunar afla verði samræmd og eftirlit með henni eflt. Gerð er tillaga um að afli verði ávallt veginn á löndunarstað og hafnaryfirvöldum fengin yfirumsjón með vigtunarmálum og söfnun upplýsinga um landað aflamagn á hverjum tíma.

Með hliðsjón af minnkandi afla er hinn mikli útflutningur á ósunnum fiski vaxandi áhyggjuefni. Allir eru sammála um að okkur beri að nýta ferskfiskmarkaðina í Evrópu eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma. Með því að stilla framboði í hóf og gæta þess að senda aðeins úrvalsfisk fáum við á þessum mörkuðum hærra verð en með nokkru öðru móti. Menn greinir hins vegar á um hvaða aðferð skuli viðhöfð við að stjórna framboðinu á markaðina. Þrjár leiðir hafa einkum verið ræddar í þessu sambandi og eru raunar tvær þeirra samtímis í notkun nú. Þessar leiðir eru í fyrsta lagi skömmtun, í öðru lagi kvótaálag og í þriðja lagi skylda til sölu á öllum afla innan lands. Kvótaálagið er upphaflega tilkomið þannig að þau skip sem stundað höfðu siglingar á viðmiðunarárunum 1981–1983 þóttu ekki fá sanngjarnan hlut í kvótakerfinu nema tillit væri til þess tekið að þau hefðu verið frá veiðum vegna siglinganna. Var það leiðrétt með því að bæta 25% álagi ofan á þann afla þessara skipa sem landað var erlendis og láta hann þannig reiknaðan vera viðmiðun við ákvörðun aflamarks. Á hinn bóginn var svo ákveðið að sá afli sem seldur yrði erlendis skyldi á sama hátt reiknaður með 25% álagi og hið nýja skipulag yrði þannig í raun hlutlaust gagnvart ísfisksölum erlendis.

Í ljósi þessarar forsögu hef ég talið eðlilegt að hækka ísfiskálagið í kvótanum úr 15% og færa það aftur í upprunalegt horf eða 25%. Það er fullljóst að þetta álag er hluti af okkar fiskveiðistjórnunarkerfi og brýtur ekki á nokkurn hátt í bága við alþjóðlegar skuldbindingar. Þetta verður enn ótvíræðara þegar forsaga málsins er höfð í huga. Með hækkun álagsins minnkar áhugi á að selja fisk ósunninn úr landi og þar með þörfin á að grípa samhliða til annarra aðgerða til að takmarka útflutninginn.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli gert hér grein fyrir helstu aðalatriðum þessa stóra máls. Hér er hins vegar um tiltölulega einfalt frv. að ræða sem er aðeins í 23 greinum. Verður það að teljast einsdæmi um jafnmikilvægt mál þótt mörg veigamikil atriði þess komi fram í ákvæðum I–VI til bráðabirgða. Frv. hefur þegar hlotið ítarlega umfjöllun á sameiginlegum fundum sjútvn. beggja deilda.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að mjög mikilvægt er að Alþingi takist að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir þinglok. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það hefur komið hér fram að stefnt sé að því að ljúka þingstörfum á laugardag. Í dag er fimmtudagur og þetta frv. hér kemur núna til 1. umr. á tólfta tímanum á þessum Drottins degi. Eldhúsdagsumræður fara fram í kvöld og þó hæstv. sjútvrh. segi að þetta frv. sé einfalt, það getur verið að það sé einfalt í hans huga en í mínum huga er þetta ekki einfalt frv. Það fer ekki eftir fjölda greina, jafnvel mættu greinar frv. vera fleiri til þess að gera ýmsa hluti skýrari en þeir eru í frv. Því er ég honum ekki sammála í þessu sem og fjöldamörgum öðrum atriðum í sambandi við þetta mál. Þó að það hafi verið haldnir, að mér er sagt, sjö fundir sameiginlega í sjútvn. deildanna þá voru þau fundahöld fyrst og fremst um það að hlusta á fulltrúa frá hagsmunasamtökum, spyrja þá nokkurra spurninga en ekkert hefur verið farið sameiginlega í efni þessa frv. Það allt er eftir. Ég spyr hæstv. sjútvrh. og í raun og veru alla þingdeildarmenn hvort þeir telji virkilega að þetta stóra og mikla mál, sem er núna fyrst hér til umræðu, geti verið afgreitt á nokkrum klukkutímum, að það eigi að vera búið á morgun að afgreiða þetta mál þegar ekki er einu sinni hægt að halda nefndarfundi vegna annarra funda á Alþingi.

Þetta mál hefur verið rætt í þingflokki Sjálfstfl. mjög ítarlega. Ég spurðist þar fyrir um það í gær hvort menn vildu ganga inn á að lofa því að afgreiða þetta mikilvæga mál á sérstöku þingi sem yrði þá boðað fyrr en venja er til og taka fyrir bara þetta eina mál. Það var einróma álit þingmanna Sjálfstfl. að nauðsynlegt væri að vinna betur að þessu máli og afgreiða það t.d. í septembermánuði. Ætti það að fá staðist varðandi gildistöku laganna. Ég spyr hæstv. sjútvrh.:

Telur hann ekki eðlilegra að slík vinnubrögð væru viðhöfð og reynt að skapa meiri og betri frið um þetta mikilvæga mál en verið hefur?

Þetta mál fékk nauman meiri hluta í Ed. eins og allir vita og það er eftirtektarvert og vekur ekki traust þjóðarinnar á þingmönnum að þeir sem harðast hafa barist gegn þessari stefnu eru nú allt í einu orðnir stuðningsmenn. Ég hef verið bæði í stjórn og stjórnarandstöðu en ég hef haft alveg sömu skoðun á þessum málum hvort sem ég hef verið í stjórn eða stjórnarandstöðu. En hvað er það sem er að gerast hjá þingmönnum almennt? Er þetta ekki einn þátturinn í því að sveiflast til og frá í þessum málum eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu? Ég held það sé ekki til harkalegri og skýrari málsmeðferð en flokkssamþykkt Borgfl. í andstöðu við þessa stefnu. Ég spyr Borgfl.: Hvað hefur breyst? Hann tók ekki lítið upp í sig, formaður Borgfl. og núv. umhvrh., gegn því frv. sem flutt var hér síðast og hefur verið gildandi nú á þriðja ár. Hver er breytingin? Af hverju verða þessar breytingar? Fulltrúar Alþb., sérstaklega hér í þessari hv. þingdeild, tóku mjög ákveðið á þessu máli síðast og höfðu mjög ákveðnar skoðanir á þessum málum. Það reynir því á þá hvort þeir hafa sveiflast til eins og lauf í vindi í þessum efnum, hvort ekki hafi verið nein meining á bak við það sem þeir sögðu þá. Eða er formaður Alþb. búinn að kúga þá til hlýðni þannig að hann geti setið nokkrar vikur til viðbótar í ráðherrastóli?

Á sama tíma og frelsisalda fer um heiminn og öfl kúgunar sem hafa ráðið í fjölmörgum ríkjum eru að víkja úr vegi fyrir frelsi þá erum við að taka upp enn þá harðari skömmtun. Ég á ekki við það að hér sé verið að taka upp aðferðir við að kúga menn eða taka af þeim öll réttindi, eins og hefur verið hjá mörgum þessara þjóða, en hitt fer ekki á milli mála að það sem við höfum verið að fordæma á undanförnum árum, það sem við höfum verið að ganga út úr og stefna í frjálsræðisátt, frá því er nú verið að ganga með þessari miðstýringu allri í atvinnumálum þjóðarinnar, sérstaklega í sjávarútvegi og landbúnaði.

Við höfðum hér gjaldeyris- og innflutningshöft. Það varð að bíða tímunum saman eftir því að fá smá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi og krjúpa fyrir háum herrum hér í borginni. Verslun færðist til Reykjavíkur utan af landi, landsbyggðin hefur aldrei borið sitt barr eftir þá tíma. Hér mátti ekki selja útvarpstæki einu sinni nema í einkasölu. Hér mátti ekki selja bíla nema í einkasölu. Meira að segja ráðherrar voru uppteknir því þá komu bílar í kössum, aðaltími fjármálaráðherra á þeim árum fór í það að selja almenningi kassa utan af bílum. Hver talar núna um að innleiða þetta? Ekki nokkur einasti maður. Ekki einu sinni allra íhaldssömustu öfl í þjóðfélaginu. Ég minnist þess að það gekk svo langt hér, var rifist ofsalega eftir að ég kom inn í þessa virðulegu stofnun um þá ákvörðun að leggja niður mjólkur- og brauðbúðir í landinu. Það var heldur betur sprett úr spori hér innan þessara sala þá. Átti að gera afgreiðslustúlkur í brauðbúðum atvinnulausar og fara með mjólkina inn í matvöruverslun? Hér voru menn sem hneyksluðust á þessu tímunum saman. Hver talar núna um það að stofna sérstakar mjólkurbúðir? Nú þykir sjálfsagt að hver og einn taki mjólkina í matvöruverslunum hvort sem það eru kjörbúðir eða minni búðir. Þannig hefur breytingin orðið á fjölmörgum sviðum í frjálsræðisátt, eins og vera ber hjá framsækinni þjóð.

Í 1100 ár hafa Íslendingar sótt sjóinn og gert það án þess að hafa nokkra fræðinga. Þá voru ekki til fiskihagfræðingar sem reiknuðu út hvort það borgaði sig að fara þessa sjóferðina eða hina. Og þetta var gert öll þessi ár. Þar sem við vorum ósjálfstæð þjóð komu útlendingar inn í fiskveiðilandhelgina. Þeir fiskuðu mikið, þeir fiskuðu miklu meira en Íslendingar sjálfir. Við unnum stórsigur og lokatakmarkið í landhelgismálinu, útfærslan í 200 mílur og að koma öllum útlendingum út fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu, var stórfellt átak. Aðeins 3–4 árum áður en þetta gerðist fiskuðu útlendingar hér 55% af aflanum. Ef ég man rétt var það árið 1972, svo breytingin varð ör og mikil. Mér er það alveg ljóst að við vorum á síðasta snúning með að taka þessar ákvarðanir vegna fiskstofnanna í hafinu umhverfis landið. Við losnuðum við útlendingana, við tókum upp stjórnun veiða, við ákváðum að nýta sjálfir þessa auðlind og við deilum ekki um það að það verður að vera stjórnun á fiskveiðum í landinu. En við deilum um það að taka stjórnunina upp með þeim hætti að æðsta stjórnvald í landinu ákveði hverju sinni hve mikið og meira að segja af hverri tegund hver bátkoppur má veiða. Þetta er það sem mér finnst ógeðfellt í alla staði.

Mér finnst rétt að bera nokkuð saman það sem er að gerast hér og kröfurnar sem eru gerðar til íslensks sjávarútvegs, sem eru að mínum dómi að verulegu leyti afleiðing þess að veita mönnum þau forréttindi að selja fiskinn úr sjónum. Þær hafa orðið til þess að ákveðnir aðilar í þessu þjóðfélagi hafa farið fram á það að setja auðlindaskatt á sjávarútveginn. Áður en ég kem að því finnst mér rétt að minna á að á sama tíma og hér er talað um stórfelldan skatt á sjávarútveg eru aðrar þjóðir, bæði hér nálægt okkur og þjóðir í Evrópu, að efla sjávarútveg sinn með háum styrkjum. Norges Fiskarlag, sem er hagsmunasamtök útgerðar og sjómanna í Noregi, fór fram á á 2468 millj. nkr. í opinberan stuðning við sjávarútveg sinn á þessu ári. Samkvæmt tillögunum áttu 2022 millj. að fara til þorskveiða og 445,3 millj. til síldveiða. Krafa Norges Fiskarlag var 850 millj. kr. hærri upphæð en þeir fengu á sl. ári en þá var opinber stuðningur við þá 920 millj. nkr. Tilboð stjórnvalda hljóðaði í fyrstu upp á 550 millj. nkr. en þau hækkuðu það síðan upp í 1125 millj.

Spánverjar eru nýlega til þess að gera komnir inn í Efnahagsbandalagið. Framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins hefur ákveðið að verja 11,8 milljörðum íslenskra króna til fiskvinnslufyrirtækja á Kanaríeyjum og í spænsku borgunum Ceuta og Melilla sem eru á norðurströnd Afríku á tímabilinu 1990–1993. Hlut-

deild bandalagsins í fjárfestingum í fiskiðnaðinum verður yfirleitt um 30% en í sumum tilfellum allt að 50%. Mikill áhugi er á Kanaríeyjum á fullri aðlögun að bandalaginu því að það mundi gera eyjaskeggjum kleift að sækja enn hærri upphæðir í sjóði bandalagsins.

Svo langar mig að nefna enn þá eitt til viðbótar en það eru byggðaaðgerðir í Stóra-Bretlandi. Þar hefur verið við stjórn járnfrúin svokallaða, sem oft hefur borið á góma, bæði hér í þingsölum og í blöðum. Vinstri menn og þar með taldir framsóknarmenn hafa talið þessa járnfrú vera afskaplega ómanneskjulega og ekki taka nóg tillit til mannlegra sjónarmiða. Nú skulum við aðeins bera saman hvað hefur gerst í því þjóðfélagi undir stjórn járnfrúarinnar og í þessu þjóðfélagi sem hefur notið þeirrar miklu gæfu að hafa framsóknarmenn við völd og í forustu.

Aðalþættir breskra byggðaaðgerða eru byggðaþróunarstyrkurinn og sérstök aðstoð í byggðamálum. Fyrir utan þessar aðgerðir er boðið upp á ódýrt verksmiðjuhúsnæði í eigu ríkisins auk fjölmargra minni háttar aðgerða sem m.a. eiga að stuðla að aðlögun vinnuafls og styðja við heimaaðila vegna opinberra útboða. Byggðaþróunarstyrkurinn er verkefnabundinn styrkur sem einungis er hægt að fá á þróunarsvæðunum svonefndu þar í landi. Styrkurinn getur verið í formi fjárfestingarstyrks eða styrks vegna nýrra starfa. Fer það eftir því hvort er hagstæðara fyrir umsækjandann. Fjárfestingarstyrkurinn nemur 15% af viðurkenndum fjárfestingarkostnaði en með efri mörk sem eru um 900 þús. ísl. kr. styrkur á hvert starf. Þegar um er að ræða verkefni sem eru vinnuaflsfrek er heimilt að greiða starfsstyrk sem nemur um 270 þús. ísl. kr. á hvert nýtt starf í stað fjárfestingarstyrksins. Lítil fyrirtæki þar sem færri en 200 manns starfa eru ekki háð 10 þús. sterlingspunda þakinu nema kostnaður vegna verkefnisins nemi um eða yfir 45 millj. kr.

Hinn meginþáttur breskra byggðaaðgerða, sérstök aðstoð í byggðamálum, er venjulega fjárfestingarstyrkir, þjálfunarstyrkir, áhættutaka vegna gengismunar vegna lána á Evrópumarkaði. Slík aðstoð er sértæk og byggir á verkefnum. Hún hækkar hámarkið sem hægt er að fá í venjulegum breskum byggðaaðgerðum upp að hámarksþökum sem Evrópunefndin ákveður. Á hinn bóginn er sú sérstaka aðstoð sem í boði er, það lágmark sem nauðsynlegt er, til að verkefnum sé hrint í framkvæmd. Sérstök aðstoð er veitt á þróunarsvæðum og millisvæðum. Styrkir eru veittir vegna allra iðnaðargreina og flestra þjónustugreina. Fjárhagsárið 1985–1986 námu þessir byggðaþróunarstyrkir um 32,2 milljörðum en sérstök aðstoð nam um 19,1 milljarði ísl. kr. í báðum tilfellum. Ef upphæðin er færð hlutfallslega miðað við íbúafjölda á Íslandi þá nemur upphæð styrkja 224 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur aukist mjög útflutningur á óunnum fiski, svokölluðum gámafiski og ísfiski í heilum förmum. Hann er ýmist fluttur á markað í gámum, með vöruflutningaskipum eða þá fiskiskipum sem sigla beint með aflann. Mest af þessum fiski hefur verið flutt til Humber-svæðisins annars vegar og til Elbu-svæðisins í Þýskalandi hins vegar. Þar er fiskurinn seldur á uppboðsmörkuðum sem hafa gefið sjómönnum og útgerð mjög hátt verð ef framboðið fer ekki úr böndunum. Aðstæður á þessum tveimur mörkuðum eru nokkuð mismunandi. Þýskalandi hefur lengið verið þjónað með siglingum stórra togara sem einkum hafa selt þar ísaðan karfa en einnig aðrar fisktegundir. Á Humber-svæðinu hrundi allur sjávarútvegur þegar við Íslendingar náðum að stöðva veiðar Englendinga hér við land en samdráttur í veiðum á öðrum fjarlægum miðum kom einnig til. Þá hefur afli á heimamiðum dregist mjög saman vegna ofveiði og mengunar. Þetta landsvæði er því búið að fara í gegnum mjög alvarlega kreppu í atvinnumálum á síðustu árum. Þó hefur þarna orðið mjög mikil breyting á.

Fyrir um það bil fjórum árum hófst mikil herferð fyrir nýsköpun í atvinnulífi á Humber-svæðinu. Það eru sveitarstjórnir á svæðinu sem standa fyrir þessari herferð, dyggilega studdar af stjórnvöldum í London og Brussel eins og ég áður gat um. Þessi herferð er með brennipunkti í matvælaiðnaði á svæðinu sem stendur á gömlum merg. Markmiðið er að skapa ný störf í fiskvinnslufyrirtækjum og öðrum matvælaiðnaði. Einnig er lögð áhersla á ferðamannaiðnað. Þá er lögð áhersla á að gömul fyrirtæki búi sig undir auknar gæðakröfur sem settar verða af Evrópubandalaginu á árinu 1992. Mjög er horft til meginlandsins með markaðssetningu en einnig lengra burt.

Sú ímynd sem við Íslendingar höfum haft af fiskvinnslu í Englandi er úrelt. Fiskvinnslan er óðum að verða nýtískulegri og mörg fyrirtæki gefa okkur ekkert eftir í tækni, umbúðum og markaðssetningu. Þessum árangri er þetta landsvæði að ná með skipulegri þróunarvinnu þar sem allir leggjast á eitt, sveitarfélög, ríkisstjórn og stjórnvöld Evrópubandalagsins. Þetta kann að vekja nokkra athygli, einkum og sér í lagi sé tekið mið af þeirri ímynd sem hér á landi er af stjórnarháttum járnfrúarinnar og afskiptum hennar af þróun atvinnulífsins og þeirri byggðastefnu sem af henni hefur leitt. Fyrirtæki sem fjárfesta vilja í fiskvinnslu á Humber-svæðinu njóta ýmissar fyrirgreiðslu. Ekki er um að ræða beina rekstursstyrki til þeirra sem njóta fiskveiðanna. Aftur á móti má fá fjárfestingarstyrki, og þá frá Brussel, sem eru 15% af fjárfestingu. Þá njóta fyrirtækin styrkja vegna ráðgjafarstarfsemi í markaðsmálum, hönnunar, skipulags gæðaeftirlits, framleiðsluskipulagningar, fjármálastjórnunar og skipulagningar upplýsingakerfa. Er þar um að ræða greiðslu á ⅔ hlutum kostnaðar. Ný fyrirtæki geta fengið ódýrt húsnæði, hluta af launagreiðslum í upphafi rekstrar og ýmsa aðra aðstoð. Evrópubandalagið styrkir að mestu leyti ýmiss konar skipulögð verkefni. Til fróðleiks má geta þess að byggðastyrkir til fyrirtækja frá stjórnvöldum í London námu á árinu 1986 tæpum 700 millj. punda eða 70 milljörðum íslenskra króna. Sé upphæðinni deilt niður á þann hluta þjóðarinnar sem getur notið styrkveitinganna er niðurstaðan rúm 36 pund á íbúa

eða 3600 kr. Ef við færðum það yfir á landsbyggðina á Íslandi með um 110 þús. íbúa jafngildir þetta um 400 millj. kr. Þetta mega stjórnarherrarnir hér á landi taka til alvarlegrar íhugunar.

Það frv. sem hæstv. sjútvrh. var að fylgja úr hlaði hér í Nd. er um stjórnun fiskveiða. Það tekur í raun og veru á engan hátt á því mikla vandamáli sem er í fiskvinnslu. Í raun og veru tekur það ekkert á því vandamáli þrátt fyrir að ríkisstjórnin, sem er nú framhaldsstjórn þeirrar ríkisstjórnar sem mynduð var 28. sept. 1988, segi í sinni stefnumörkun: „Stefnan í landbúnaðar- og fiskveiðimálum verður endurskoðuð með byggðasjónarmið og aukna hagkvæmni fyrir augum." Hún segir jafnframt: „Mörkuð verður sérstök fiskvinnslustefna." Hvar er hún? Hafa engir þingmenn stjórnarliðsins spurt ríkisstjórnina um sérstaka fiskvinnslustefnu? Hún er ekki til, hún fyrirfinnst ekki.

Í þessari sömu stefnuskrá segir að unnið verði að því að endurskoða lög og reglur til þess að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem séu sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra erlendis njóti. Viljið þið bera saman ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og ríkisstjórn Margrétar Thatcher í byggðamálum? Alls ekki. Margrét Thatcher er svo margfalt frjálslyndari en ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, Halldórs Ásgrímssonar og þeirra félaga. Ef það hefði verið framsóknarstefna að vinna að byggðamálum þá held ég að Margrét Thatcher sé orðin ólíkt meiri og betri framsóknarmanneskja en þeir hérna.

„Við fjárhagslega endurskipulagningu", segir í þessum málefnasamningi, „útflutningsfyrirtækja, sem er eitt fyrsta verkefni þessarar stjórnar, verði stefnt að aukinni hagkvæmni í rekstri þeirra." Hvar er hagkvæmnin? Hvað er að gerast í fiskvinnslunni hér á landi? Það sem er að gerast er það að sífellt er verið að flytja meira af óunnum fiski úr landinu. Það er verið að bjóða erlent fjármagn til þess að stuðla að því. Á sama tíma er verið að byggja upp atvinnulífið á Humber-svæðinu, við Elbu í Þýskalandi og víðar á kostnað verkafólksins, fiskvinnslufólksins og atvinnufyrirtækjanna á landsbyggðinni hér.

Hvað er svo að gerast hér á sama tíma og styrkir eru veittir sjávarútvegum þessara þjóða? Þá eru kröfur fínna manna úr Háskóla Íslands, þeirri virðulegu stofnun, hagfræðinga úr Seðlabankanum, að leggja auðlindaskatt á landsmenn. Á hvern kemur þessi auðlindaskattur? Hann kemur fyrst og fremst á fólkið sem vinnur að því að fiska, draga fiskinn að landi, fólkið sem kemur til með að vinna þennan fisk. Það á að borga þennan skatt. Höfuðborgarsvæðið er með um 10%. Það kemur jafnþungt á þau 10% sem hér eru. En hér eru fyrst og fremst þjónustugreinarnar í þessu þjóðfélagi, ekki í Reykjavík einni heldur á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þess vegna kemur það minna við en úti á landi þar sem svo að segja hver maður vinnur við fiskveiðar og fiskvinnslu, enda er þetta farið að segja til sín. Vinnan minnkar úti á landi. Það er verið að ganga á rétt landsbyggðarinnar á hverju einasta ári. Á sama tíma og aðrar þjóðir eru að treysta efnahagslegan grundvöll sjávarútvegs og byggða í sínum löndum er verið að veikja grundvöllinn undir byggðinni hér á landi. Á þetta horfum við.

Mér finnst leitt til þess að vita að þetta frv. skuli vera lagt hér fram með þessu ógnargati. Við getum deilt um það hvort eigi að vera kvóti á allar veiðar eða ekki kvóti eða annað fyrirkomulag. En ég hélt að við ættum ekki að deila um það að þetta allt vantar inn í frv. þrátt fyrir allar ráðgjafarnefndir og alla sérfræðinga og fiskihagfræði og alla þessa ofsalega lærðu menn sem hafa komið nálægt þessum málum.

Mig langar til þess að rifja hér upp. Snemma í marsmánuði fékk ég bréf sem var undirritað af tveimur mönnum sem eru forustumenn í fiskvinnslu og útgerð í sínu kauptúni. Ég skal taka það fram að þeir eru ekki mínir flokksmenn en ágætir vinir mínir. Í þessu bréfi birta þeir yfirlit yfir aflaskerðingu togarans í sínu byggðarlagi frá 1987, eins og verða mun ef frv. sjútvrh. um stjórnun fiskveiða verður samþykkt. Á árinu 1991 verða aflaheimildir skipsins 1204 þorskígildum minni en afli var 1987. Miðað við það fiskverð sem nú er verður búið að skerða tekjur skipsins um 60 millj. kr. sem þýðir um 950 þús. kr. lækkun á hásetahlut. Laun við að vinna þennan afla í landi væru um 30 millj. þannig að tekjutap hvers verkamanns og konu er um 500 þús. kr. Árið 1987 voru unnin hjá þessu fyrirtæki 4600 tonn af slægðum fiski sem kom frá togaranum og minni bátum í kauptúninu. Vegna minnkandi hráefnis togarans keypti fyrirtækið þriðjungs hlutdeild í útgerðarfélagi í nágrenninu og fær það an um 300–400 tonn af fiski til vinnslu. Hins vegar liggur ljóst fyrir að aflakvóti togarans fer niður í 2486 tonn. Stendur rekstur skipsins þá engan veginn undir sér. Til að geta rekið skipið neyðist útgerðin til að senda þriðjung aflans á markað erlendis. Við aflaskerðingu togarans bætist svo það að þegar sóknarmarkið leggst niður verða aðrir bátar sem landað hafa 600–700 tonnum af þorski hjá fyrirtækinu nær kvótalausir vegna þess að aflamark þeirra er skert sem nemur veiðum þeirra. Til viðbótar þessu er svo fyrirhugað að allir smábátar sem hafa stundað handfæraveiðar verði settir á aflakvóta þannig að sú tegund vex niður smátt og smátt. Það sem fólkið í þessu kauptúni hefur því af fiski til vinnslu eru þessi 2486 tonn mínus þriðjungur sem selt er erlendis og svo einn þriðji af þessum bát sem keyptur hefur verið hlutdeild í. Samtals verða því til vinnslu 2086 tonn og samdráttur frá árinu 1987 verður um 2514 tonn. Þetta fiskmagn nægir til fimm mánaða vinnslu hjá þessu fyrirtæki. Það dugar fyrir sex mánaða úthald togarans. Ef þetta fyrirtæki ætti að halda í horfinu frá 1987 verður það að fjárfesta í skipum og aflakvótum fyrir um 300 millj. kr. Það er enginn smáskattur. Svo koma þeir fínu herrarnir í Háskólanum og Seðlabankanum og segja að það þurfi að leggja skatt á þessi miklu fríðindi. Það á víst ekki að leggja skatt á þá sem eru hér á miðju markaðssvæðinu. Það er víst litið á það öðrum augum.

Kvótakerfinu var ætlaður margþættur tilgangur. Það átti öðru fremur að tryggja að heildaraflinn færi ekki fram úr viðmiðunarmarki stjórnvalda, koma í veg fyrir stækkun fiskiskipastólsins, treysta stöðu landsbyggðarinnar. Allt þetta hefur í stórum dráttum mistekist. Botnfiskaflinn hefur á hverju ári verið fjarri viðmiðunarmarki, fiskiskipastólinn hefur stækkað með ári hverju og staða landsbyggðarinnar er nú veikari en nokkru sinni fyrr.

Á árinu 1984 voru gerðir út 836 bátar, 111.772 tonn, og 1461 opinn bátur, 4.835 tonn. Árið 1989 eru það 957 fiskiskip, 121.651 tonn, og 1631 opið skip, 6.560 tonn. Stækkun hefur orðið um tæpar 10 þús. lestir á þessu tímabili. Þannig hefur það brugðist algjörlega sem ætlað var þegar kvótinn var settur á. Sama er að segja um fiskveiðarnar. Tillaga fiskifræðinga 1980 voru 300 þús. lestir, aflinn fór það ár í 428 þús. lestir. Árið 1981 var tillagan 400 þús. lestir, veiðarnar fóru í 461 þús. lestir. Árið 1982 450 þús. lestir, þá fóru veiðarnar í 382 þús. lestir. Árið 1983 350 þús. lestir, þá fóru veiðarnar í 293 þús. lestir. Og árið 1984 leggur stofnunin til að veiðarnar verði 200 þús. lestir — þá á að lækka um 150 þús. lestir frá tillögum árið á undan — en þá verða veiðarnar 283 þús. lestir. Árið 1985 er tillaga Hafrannsóknastofnunar sú sama en þá fara veiðarnar í 323 þús. lestir. Árið 1986 er tillagan 300 þús. lestir — allt í einu hækkuðu þeir um 50% — og þá fara veiðarnar í 366 þús. lestir. Árið 1987 er sama tillaga, þá fara veiðarnar í 390 þús. lestir. Og árið 1988 300 þús. lestir, þá fara veiðarnar í 369 þús. lestir. Á þessu sést að farið hefur langt fram yfir það, ég tala ekki um það sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til, heldur líka það sem ráðuneytið hefur lagt til í sambandi við veiðar. Svo það hefur hvort tveggja brugðist, að minnka fiskiskipastólinn og það sem snertir veiðarnar.

Það er eitt mesta hagsmunamál sjávarútvegsins og allrar landsbyggðarinnar og allra þeirra sem við sjávarútveg fást að meiri stöðugleiki sé í atvinnugreininni en verið hefur á síðasta áratug þegar þorskaflinn hefur sveiflast frá 469 þús. lestum árið 1981 í 283 þús. lestir árið 1984. Nú leggur Hafrannsóknastofnun til 250 þús. lesta afla næstu tvö árin, eða nærri þriðjungs minnkun frá meðaltali síðustu tíu ára. Það er minni þorskafli en verið hefur á Íslandsmiðum allt frá árinu 1947. Þessi óstöðugleiki er meiri en svo að nokkur atvinnuvegur geti búið við og kallar á gjörbreytta aðferð við ákvörðun heildarafla. Fiskveiðistefnan þarf að tryggja betur atvinnuöryggi allra þeirra sem við þennan atvinnuveg starfa. Seinasta áratuginn hefur meðalafli botnlægra fisktegunda verið um 670 þús. lestir á ári, 370 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum tegundum. Því er nauðsynlegt að á næstu árum, t.d. næstu fimm árum, verði leyfilegur ársafli miðaður við þessa reynslu og árlega leyft að veiða 320–380 þús. lestir af þorski og öðrum fiskstofnum á hverjum tíma. Með því að taka upp slíkt fyrirkomulag væri tillit tekið til líffræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða við nýtingu fiskstofnanna um leið og leitast er við að tryggja eðlileg starfsskilyrði í atvinnugreininni sjálfri.

Ég minntist hér í upphafi á afstöðu Borgfl. Hér liggja fyrir ályktanir fyrsta landsfundar Borgfl. sem fylgt var mjög vel eftir af fulltrúum hans síðast þegar þessi mál voru til umræðu. Þar segir að flokkurinn leggi áherslu á að núverandi kvótakerfi hafi verið sett á sem neyðarlausn þegar ekki var samstaða um aðra tilhögun. Nú hafi þegar komið í ljós miklir vankantar á kerfinu sem skekki heilbrigðan rekstur í útgerð og beinlínis hamli gegn eðlilegri endurnýjun í atvinnugreininni. Því vill Borgfl. leggja niður kvótakerfið í núverandi mynd. Borgfl. vill taka upp heildarkvóta sem endurskoðaður verði árlega með tilliti til stærðar fiskstofnanna hverju sinni. (Gripið fram í.) Ja, ég ræð nú ekki við að teyma þennan lýð hingað inn í þingsalinn. Hér er verið að ræða mikilvægasta mál þjóðarinnar. Af öllum öðrum mikilvægum málum ber þetta af. Hér eru fjórir þingmenn inni fyrir utan ræðumann og hæstv. forseta. — Og enginn ráðherra. Sjútvrh. hefur verið hérna inni mestallan tímann, en nú er enginn. Enda eru mennirnir alveg uppteknir í hrossakaupum. Hvað skiptir máli þó að verið sé að veikja atvinnugrundvöll fólksins í landinu á meðan hrossakaupin eru stunduð jafnstíft og nú er gert?

Heildarkvótanum, segir Borgfl., verði skipt í ákveðin tímabil. Friðun á uppeldis- og hrygningarsvæðum verði aukin frá því sem nú er. Unnið verði að nánu samstarfi Hafrannsóknastofnunar, sjómanna og útvegsmanna til að ná þessum markmiðum. Gætt verði ákveðins sveigjanleika í framkvæmdinni og möguleiki verði á að færa heildarkvóta milli tímabila. — Ég segi fyrir mitt leyti, ég get skrifað undir hvert orð, en ég vildi gjarnan spyrja þá, ef þeir gætu aðeins séð af smátíma frá hrossakaupum fyrir umræður í deildinni, hvað hafi breytt þessari skoðun þeirra. Formaður flokksins, hinn athafnasami hæstv. umhvrh., greiddi atkvæði með öllum þessum skerðingum í gærkvöldi. Og hann segist vera hugsjónamaður, búinn að margtaka það fram.

Það er enginn hér frá Alþb., það hefur gufað upp. Það er ekki einu sinni að sá sem er hlutlaus gagnvart Birtingu sjáist. Stjórn Birtingar, félags jafnaðar- og lýðræðissinna, hefur tekið undir kröfu Geirs Gunnarssonar alþm. og ýmissa samtaka sjómanna um að frestað verði afgreiðslu frv. um stjórnun fiskveiða til næsta hausts. Nú væri gaman að vita hvað þeir ætla að gera alþýðubandalagsmennirnir, hvort þeir ætli að taka tillit til Geirs Gunnarssonar, sem ég tel alveg sjálfsagt að verða við, að fresta þessu til hausts. Og gaman væri að vita hver afstaðan er til þessarar ályktunar Birtingar hjá hinum. Hæstv. samgrh. Steingrímur Sigfússon hafði sig mjög í frammi hér síðast þegar þetta mál var til umræðu og flutti margar brtt. og fann þessu kvótafrv. flest til foráttu. Hann benti á hættuna sem landsbyggðinni stafaði af þessari stefnu. Sú hætta hefur ekki minnkað með

þessu frv., hún hefur vaxið. — En hvar er nú Steingrímur Sigfússon, baráttumaðurinn frá Þistilfirði? Hefur hann gleymt sér? Nú langar mig að spyrja um ýmsar tillögur þessara manna, hvað hafi komið fyrir þá. Hvort þeir hafi snúið blaðinu algjörlega við við sínum tillögum og þá af hverju eða hvort þeir hafa orðið fyrir einhverju áfalli. Kannski hafa þeir dottið. Fengið högg á höfuðið. (**ÁHE:** Dottið í ríkisstjórn.) Já, og sumir hafa verið um það bil að detta út úr henni síðustu daga en hafa þó alltaf náð til sama lands. — Mér þykir ánægjulegt að sjá að fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hæstv. sjútvrh., gengur nú í salinn, þó ég sakni mjög að sjá ekki hérna fleiri úr þessari virðulegu ríkisstjórn sem þyrfti að gera einhverja grein fyrir hugarfarsbreytingum sínum. Ég er með þessar tillögur þeirra allra en ég ætlast ekki til þess að hæstv. sjútvrh. svari fyrir þá hreingerningu alla sem hefur orðið í höfði þessara manna.

Mig langar að benda hæstv. sjútvrh. á eitt. Samkvæmt V. lið í ákvæðum til bráðabirgða er óheimilt að framselja aflahlutdeild án þess að skipið hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu við gildistöku laganna. Í athugasemdum í frv. við V. lið segir að veðhafar sem öðlast veð rétt eftir gildistöku laganna verði að tryggja með öðrum hætti að veð þeirra rýrni ekki því í frv. sé ekki lagt til að samþykki þeirra þurfi til varanlegs flutnings aflahlutdeildar eftir að lögin öðlast gildi í framhaldi af þessu. Geta veðhafar tryggt hagsmuni sína þannig að haldi gagnvart þriðja aðila að semja við handhafa kvóta um að kvóti verði ekki fluttur af skipi nema með samþykki veðhafa og er hægt að þinglýsa slíkum samningi sem kvöð? Ef svo er ekki, hvernig geta veðhafar í skipum tryggt sína hagsmuni framvegis, ekki eingöngu lánastofnanir heldur einnig t.d. seljendur skipa? Þetta þætti mér fróðlegt að fá umsögn hæstv. sjútvrh. um áður en þetta mál fer til nefndar.

Ég sagði í upphafi að Alþingi nyti ekki þess trausts sem það á að njóta meðal þjóðarinnar. Og maður heyrir varla menn koma saman á smáfund svo þingmenn séu ekki snupraðir fyrir það að lítið sé að marka þá. Oft hefur mér fundist þessar raddir vera ósanngjarnar en á síðustu tímum finnst mér að fólk hafi töluvert til síns máls. Þessi virðulega stofnun sem þjóðin á að líta upp til starfar með þeim hætti að gjörbreyting hefur orðið á hugarfari manna. Hvernig á hinn almenni kjósandi að skilja það að þingmenn segjast hafa þessa og þessa skoðun, vilja berjast fyrir henni, flytja tillögur um hana, en svo allt í einu skipta þeir um skoðun svo snarlega að menn vita ekki hvað gerst hefur? Hvernig stendur á því t.d. að flokkur sem ég nefndi hér áðan, Borgfl., berst ötullega gegn þessari stefnu og vill taka upp allt aðra stefnu en svo, alveg án allra útskýringa, gjörbreytir formaður flokksins og annar til, sem var búinn að lýsa yfir andstöðu við frv., um skoðun? Sagan segir að við þá hafi verið samið um eitthvað allt annað óskylt mál.

Alþb. barðist hatrammlega gegn lögfestingu frv. sem var um sama efni og þingmenn flokksins fluttu margvísleg rök fyrir sínu máli. Einn þeirra, Skúli Alexandersson, hefur staðið við sínar skoðanir, fylgt þeim eftir burt séð frá því hvort hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég hef leyft mér líka að fylgja minni sannfæringu í þessu efni alveg burt séð frá því hvort ég er í stjórn eða stjórnarandstöðu. En hvað er að gerast í þessu landi? Hver ætlar svo að bera blak af þessari stofnun? Svo þegar stærsta mál þjóðarinnar er hér til umræðu þó að klukkan sé farin að halla í eitt, þá eru örfáir þingmenn hér inni og sést ekki einn einasti ráðherra nema hæstv. sjútvrh. Hinir eru allir að semja og selja. Ég held að einn stærsti hrossamarkaður þessa lands sé í höndum núv. hæstv. ríkisstjórnar og stjórnað af henni.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Um það frv. til laga um stjórnun fiskveiða sem hér liggur fyrir má auðvitað hafa mörg orð. Það er alla vega ljóst að hér er um að ræða einhverja umsvifamestu löggjöf sem hefur verið sett á Íslandi, þ.e. hér er verið að ræða um löggjöf sem takmarkar atvinnufrelsi stórs hluta þjóðarinnar. Í því ljósi lít ég á þessa lagasetningu sem mjög alvarlegs eðlis, sér í lagi vegna þess að takmörkun á atvinnufrelsi er mjög alvarleg löggjöf. Og ég verð að segja það í upphafi að ég sakna þess að hér í hv. Alþingi skuli ekki vera meira til af einhverjum gögnum eða við getum talað um vinnureglur, hver sé skylda stjórnvalda þegar um er að ræða takmörkun á atvinnufrelsi landsmanna. Atvinnufrelsi er einn af grundvallarhornsteinum lýðræðisríkja. Því er það ákaflega alvarlegur hlutur í mínum huga þegar þarf að beita jafnharkalegum takmörkunum og gert er í því frv. sem hér liggur fyrir og gert er með stjórnun fiskveiða í dag. Mér finnst eins og ekki hafi verið farið nægilega mikið ofan í þennan hluta málsins og ég vil því leggja ríka áherslu á þetta, sér í lagi hvað snertir 69. gr. stjórnarskrárinnar en samkvæmt henni er ekki heimilt að setja neina takmörkun á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji.

Það hefur verið litið þannig á að almenningsheill krefjist þess að fiskveiðar væru takmarkaðar til þess að fiskstofnunum yrði ekki útrýmt. Í því ljósi á löggjöfin fullan rétt á sér. En þá kemur næsta spurningin: Hverjar eru skyldur stjórnvalda á Íslandi eða ráðherra og hv. Alþingis þegar verið er að takmarka atvinnufrelsi? Ég ætlaði mér að vera búinn að fá svar hjá lögmanni við þessari spurningu en það hefur því miður ekki verið hægt vegna þess að hann hefur verið upptekinn í öðru. En því miður, ég sakna þess að sú beiðni sem var send til Lagastofnunar Háskólans fjallaði ekki um þennan þátt málsins. Ég átti þátt í að skrifa undir þá beiðni en var nú þarna síðastur á lista og tók þátt í þessu með mikilli ánægju því að það var virkilegt gagn í þeim spurningum sem svarað var. En í áliti Lagastofnunar kemur einmitt fram varðandi 69. gr. stjórnarskrárinnar að í bréfi þingmannanna sé einungis óskað umsagnar um það „hvort tímabundinn og takmarkaður afnotaréttur fiskstofna myndi aldrei einstaklingsbundna stjórnarskrárvarða eign og

hvort það að væntanleg lög verði ótímabundin myndi ekki frekar neinn framtíðareignarrétt. Er því ekki tilefni til þess að fjalla um 69. gr. stjórnarskrárinnar sem annars hljóðar svo: „Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“„

Sem sagt, um þessa grein stjórnarskrárinnar var ekki fjallað og það litla sem til er um túlkun á þessu atriði stjórnarskrárinnar er í bók Ólafs Jóhannessonar. Það vantar nýja útgáfu, nýja túlkun á þessari grein stjórnarskrárinnar því að auðvitað hefur lögfræði þróast og breyst eins og aðrir hlutir.

Ég kem þá að því að ræða mína persónulegu skoðun á þessu. Hún er sú að þegar sett verður takmörkun á atvinnufrelsi þá sé jafnréttisreglan sú regla sem hv. alþm. eiga að hafa í heiðri. Við skulum líta á það lauslega hvernig þessari jafnréttisreglu hefur verið framfylgt, t.d. í skattalögum. Í skattalögum er það svo að allir þeir sem hafa 70, 80, 90 eða 100 þús. kr. á mánuði borga sama tekjuskatt. Þar er um að ræða jafnréttisreglu. Það er ekki um að ræða að menn borgi mismunandi skatta sem hafa sömu tekjur. En í kvótalöggjöfinni er þetta því miður upp og niður allt saman. Það má vera að ekki sé hægt að búa til fullkomna löggjöf en það er a.m.k. lágmarkskrafa að það sé fjallað um þennan þátt málsins, jafnréttisregluna, þegar verið er að leggja bönd á atvinnufrelsi manna. Og ég vildi leggja sérstaka áherslu á að þetta fái nánari skoðun. Hvort sem tími vinnst til þess áður en þetta verður samþykkt nú eða síðar þá er mjög þýðingarmikið að hv. alþm. fái góða greinargerð um það hverjar eru skyldur þeirra hvað varðar jafnréttisregluna, bæði þegar verið er að takmarka atvinnufrelsi í sjávarútvegi, landbúnaði og fleiri atvinnugreinum og á fleiri sviðum.

Við getum líka komið að atriði eins og því hverjir megi flytja út ferskan fisk. Það er reyndar þar í umræðunni sem ég hef viljað byrja að vinna slíkt mál sem þetta, þ.e. að búa til leikreglur um hverjir megi flytja út ferskan fisk. Stjórnarskráin segir að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema samkvæmt lagaheimild. Hvaða lagaheimild er til í dag til að takmarka atvinnufrelsi varðandi útflutning á ferskum fiski? Það vantar slíka löggjöf. Það er byggt á lögum um útflutningsleyfi, en sú löggjöf heimilar ekki takmörkun á atvinnufrelsi í víðtækri merkingu og ekki í þeim skilningi sem ég legg í það mál. Þau lög voru samþykkt um útflutning á unnum afurðum en ekki útflutning á hráefnum.

Ef við fjöllum lauslega um byggðaþáttinn í þessu máli þá tel ég einsýnt að nái þetta frv. fram að ganga þá muni hefjast hér veruleg byggðaröskun í landinu, svo ekki sé meira sagt, því að þessi ríkisstjórn sem í upphafi kenndi sig við jafnrétti og félagshyggju og hataðist út í frjálshyggju, eins og hún kallaði það, ætlar núna að láta einhverja örgfúlustu frjálshyggju allra tíma grisja landsbyggðina eftir einhverju autómatísku hagræðingarkerfi. Þá er hægt að nota slíkt orð þó menn hafi misnotað það í sambandi við fjármagnskostnað og annað þar sem menn vildu ekki viðurkenna staðreyndir í sambandi við eigin óstjórn í peningamálum og töluðu um að allt væri það frjálshyggjunni að kenna og hef ég sagt það hér áður að það þyki mér jafnsnjallt og að kenna loftvoginni um veðrið. (**Gripið fram í:** Það lagast þegar Veðurstofan fer til umhverfisráðherra.) Það kann að vera að það lagist já, að hægt verði að ná stjórn á þessu þegar hæstv. umhverfisráðherra fer að stjórna Veðurstofunni. Þá verði bara hægt að setja nálina á „smukt“ og hafa hana þar. Þá þurfum við ekki að kvíða veðráttunni.

En byggðaröskun sem ég sé að muni verða hér fram undan er mjög alvarlegt mál og þá dugar ekki að hafa einhvern hrossalækningasjóð sem eigi að úthluta kvóta hingað og þangað. Menn tala um að þeir hafi 12 þús. tonn í einhverjum sjóði sem megi ráðstafa svona eftir því sem þurfa þykir, eftir því sem hentar pólitískum duttlungum ónefndra aðila. En það gleymist alltaf að það er önnur hlið á málinu. Þessi kvóti er tekinn af öðrum. Það er verið að skapa ný og ný vandamál alls staðar um leið og kvótinn er tekinn af mönnum sem á að fara að úthluta einhverjum öðrum, en 2-2 er náttúrlega 0 eða 5-5. En þá á bara handstýringin að ráða því hverjir eiga að fá kvótann o.s.frv. Það er dæmalaus sjálfsblekking að halda að það sé verið að leysa einhvern vanda með slíku. Það á sem sagt að láta frjálshyggjuna grisja og svo eiga þeir að ákveða hvar hún á að virka minna en annars staðar.

Því miður verð ég að segja það að mér finnst margt í þessu frv. áhyggjuefni fyrir landsbyggðina og þá komum við aftur að jafnréttisreglunni. Hverjir standa sterkastir að vígi í þessu kerfi eins og frv. liggur hér fyrir? Hverjir standa sterkastir að vígi? (**SV:** Þeir sem hafa fjármagn.) Við skulum bara skoða jafnréttisregluna. Þeir sem hafa fjármagn, segir hv. þm. Stefán Valgeirsson. Hann þekkir það hvaða áhrif fjármagn hefur. En skoðum jafnréttisregluna. Hverjir hafa sterkari stöðu í þessu kvótakerfi? Hverjir eru með sterkari stöðu en hinir? Er það t.d. jafnréttisregla þegar það er vitað mál að þeir fá sama kvóta sem sigla með fiskinn og hinir sem landa honum hér heima? Það er ekki verið að úthluta sömu verðmætum. Er jafnréttisreglan í gildi þar? Ég spyr. Sú jafnréttisregla sem alþingismönnum er skylt að virða samkvæmt stjórnarskránni. Er það jafnréttisregla að frystitogarar hafa miklu sterkari stöðu en aðrir í þessu dæmi af mörgum ástæðum? Er það jafnrétti?

Síðan er þriðji flokkurinn, þeir sem geta landað hér á mörkuðum. Og hverjir standa veikastir fyrir? Það eru þeir sem landa fiskinum úti á landi og þetta vita allir. Það eru þeir sem standa veikast. Og hvernig fer svo hagræðingin fram? Hvernig verður svo hagræðingin, þessi sjálfvirka frjálshyggja jafnréttis og félagshyggju í byggðagrisjun? Það verður skelfilegt upplifelsi. Ég kvíði því að horfa á þetta. Það fer auðvitað þannig fram að sá veikasti verður keyptur. Það er það sem þessir hæstv. ráðherrar eru að ákveða. Þeir eru að ákveða það að hér skuli fara fram byggðagrisjun þar sem leikreglurnar eru ójafnar, jafnréttisreglan er

brotin og þeir sem eru veikastir verða keyptir. Þetta er ákvörðun um stærstu búferlaflutninga á Íslandi fyrr og síðar þrátt fyrir alla hrossakaupasjóði og hrossalækningasjóði sem eiga að borga mönnum inn um bakdyrnar. (Gripið fram í.) Já, í sambandi við hrossaræktina væri það nú ekki úr vegi að þessi hæstv. ríkisstjórn hefði hrosshaus fyrir skjaldarmerki, slík eru hrossakaupin.

Ef við víkjum örlítið að hinum fiskifræðilega þætti málsins sem er nú kannski grunnurinn að þessari löggjöf, þ.e. takmörkun á atvinnufrelsi er einungis heimil ef almenningsheill er í veði og það er verið að takmarka fiskveiðar vegna þess að álitið hefur verið að almenningsheill væri í veði. Það væri verið að ofnýta fiskstofnana. En er það svo? Ég held að það verði að fara fram hreinskilin umræða núna næstu missiri, þó seint sé, af því að allt of litlum fjármunum hefur verið varið í hafrannsóknir og rannsóknir á vistfræðinni hér í kringum Ísland. Þó vel hafi verið gert á mörgum sviðum, það skal tekið fram, þá höfum við ekki verið nærri nógu opin fyrir því að fjalla um þessi mál því að það er svo langt, langt frá því að við höfum aflað okkur nægilegrar þekkingar á lífkeðjunni hér í kringum Ísland.

Við erum að tala um að það þurfi að takmarka fiskveiði vegna ofveiði. Og ef það er svona lítill fiskur í sjónum, af hverju kemur þá fram í þessu nýjasta togararallíi að meðalþyngd þorsks á Íslandsmiðum er 5–10% minni en á fyrra ári? Ef það hefði verið meiri fiskur í sjónum eins og Hafrannsóknastofnun hefur lagt til, væri þá fiskurinn enn þá léttari? Fimm ára fiskur er núna 5–10% léttari en hann var fyrir ári síðan samkvæmt niðurstöðum úr togararallíinu.

Í frétt í Morgunblaðinu frá því á sunnudaginn segir að meðalþyngd þorsks hafi lækkað um 5–10% fyrir Suðurlandi og um 10% fyrir norðan. Sé þetta umreiknað yfir í heildarstofninn þá munar þarna 60–120 þús. tonnum sem heildarstofninn er minni en reiknað var með að hann væri. Hvað þýðir þessi niðurstaða? Hún þýðir áframhaldandi skerðingar á þorskveiðum. Ég lít þannig á. Stofninn er minni en hann var og einhverra hluta vegna er kerfið í sjónum þannig að hann stækkar ekki jafnhratt og hann gerði. Og hvers vegna? Þurfum við ekki að leita að því? Það verður auðvitað ekki gert á einum sunnudegi, en ég segi það að það þurfa að fara fram miklu meiri rannsóknir á lífkeðjunni hér í kringum Ísland því að þorskstofninn og aðrir fiskstofnar á Íslandsmiðum eiga að geta gefið jafnmikið af sér og þeir gerðu hér á árum áður og oft hefur verið rætt. Við erum upptekin hér á hæstv. Alþingi við að búa til skömmtunarkerfi, við beinum öllum kröftum okkar að því þing eftir þing. Af hverju beinum við ekki meiri kröftum að því að reyna að finna hvað er að í hafinu? Hvers vegna gefa fiskstofnarnir minna af sér en þeir gerðu áður?

Ég rakst hér á mjög fróðlega ritstjórnargrein í nýjasta sjómannablaðinu Víkingi og ég ætla að lesa hana vegna þess að hún kemur inn á þetta mál: „Blaðið er bara að verða trúarbragðarit hjá þér, sagði þingflokksformaður á Alþingi við mig, ritstjórann, um daginn þegar hann var að skoða síðasta Víking. Hann vísaði þar til talsverðrar gagnrýni á fiskveiðistefnu okkar Íslendinga."

Og ritstjórinn segir hér: „Á vissan hátt get ég verið þingmanninum sammála. Blaðið fjallar um trúmál, en það berst gegn trúboði um óskeikulleika kenninga þeirra sem farið er eftir við stjórn fiskveiða á Íslandsmiðum."

Enn fremur segir hérna: „Lítum á tölur úr opinberum veiðiskýrslum. Á átta ára tímabili, 1981–1988, bæði árin meðtalin, var meðalveiði þorsks við Ísland 363.159 tonn. En næstu átta árin þar á undan var veiðin 368.195 tonn. En á átta ára tímabili árin 1928–1935 var meðalþorskveiðin 484.618 tonn. Á öðru átta ára tímabili árin 1953–1960 var meðalveiðin á þorski 495.000 tonn. Og þar af mest árið 1957 546.000 tonn. Er nema von að spurt sé." — Segir hér í þessari ágætu grein. — „Hvenær var þessi ofveiði á þorski sem við erum nú að súpa seyðið af? Var hún fyrir 35 árum eða var hún ef til vill fyrir 60 árum? Tæplega hefur hún verið á síðustu tveim áratugum þegar veiðin hefur verið miklu minni en á tveim fyrrnefndum tímabilum."

Þetta eru athyglisverð skrif og ég legg engan dóm á þau. En ég geri ráð fyrir því að þau séu skrifuð í þeim tilgangi að fjalla hreinskilið og opinskátt um þetta mál sem er almikilvægasta mál okkar Íslendinga, þ.e. fiskstofnarnir og hvernig viðkoma þeirra er hér í höfunum. Og ýmsar spurningar vakna í framhaldi af þeirri litlu ófullkomnu umfjöllun sem hefur farið fram hér í þingnefndunum í vetur því sjútvn. Nd. átti þess kost að sitja nokkra fundi með hv. nefndarmönnum í Ed. Mér persónulega finnst að fleiri spurningar hafi vaknað en hefur verið svarað. Þar á meðal spurði ég einnar spurningar, þ.e. um sóknarþunga á Íslandsmiðum, og einu gögnin sem eru til um sóknarþunga á Íslandsmiðum eru gögn sem eru reiknuð út frá stærð þorskstofnsins á hverju ári. Það eru ekki einu sinni til gögn um sóknarþunga reiknuð út frá fjölda skipa, stærð skipa, vélarstærð skipa og hvernig tæknin hefur breyst við fiskveiðar. Gögn um sóknarþunga að þessu leyti eru ekki til og hafa aldrei verið til. Samt skortir ekki að alls konar fræðingar eru að reikna og reikna og vilja reikna sér til hagsbótar auðlindaskatt og margt fleira sem þeir segja að sé einmitt patentlausn á öllu. En hvernig í ósköpunum geta allir þessir menn reiknað svona þegar frumgögnin eru ekki til? Sókn í þorskstofninn er reiknuð út frá ástandi þorskstofnsins. Það finnst mér vægast sagt ófullkomin aðferð. Ef þorskstofninn hefur minnkað þá hefur sóknin aukist. En hvað með fæðukerfið? Menn vita ekkert það um fæðukerfið að menn geti reiknað sig svona áfram. Þetta eru algerar ágiskanir. Ég viðurkenni þetta ekki sem vísindi. Ef rjúpnastofninn væri talinn á sambærilegan hátt á þá að segja: Samkvæmt þessari niðurstöðu hafa svona margir veiðimenn verið á ferðinni sl. haust með svona mörg skot. — Þetta er nákvæmlega sams konar aðferð. Það þætti ekki gáfulegt að reikna þannig. En þetta er nú ekki sagt neinum til minnkunar heldur verða menn

að ræða þetta í hreinskilni, þetta verður að ræðast eins og það er en ekki í neinu pukri.

Ég verð að segja það líka, ítreka það að ég hef af því miklar áhyggjur að sá sterkari kaupi þann veikari í þessu kerfi. Leikreglurnar sem lagt er af stað með eru ójafnar og óréttlátar og það hefur ekki verið unnið í því að lagfæra þær til eftir faglegum leiðum. Og hvað með stjórnarskrá landsins? Hvaða grundvallarleikreglur gilda um löggjöf sem þessa? Um þann punkt hefur aldrei verið rætt. Það kemur fram í áliti Lagastofnunar. Svo er nú það að raunverulega er ekki verið að greiða atkvæði um þetta kerfi hér. Þá erum við nú komin að samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er ekki verið að greiða atkvæði um þetta kvótakerfi hér á hæstv. Alþingi. Það er verið að greiða atkvæði um framhaldslíf þessarar hrossakauparíkisstjórnar. Stjórnarliðinu er hreinlega stillt upp og sagt við það: Ætlar þú að fella stjórnina? Og allir eru settir í þessa varnarstöðu, þessi aumingja þú. Ætlar hann að fella stjórnina. Hann er ekki að greiða atkvæði með þessu kerfi, hann er að greiða atkvæði með því hvort þessi hrossakaupastjórn á að lifa áfram eða ekki. (Gripið fram í.) Nei, sem er náttúrlega ekkert líf, það er rétt hjá hv. þm.

Það verður að mótmæla harðlega svona hrossakaupaaðferðum í mikilvægri löggjöf eins og þessari. Ég ítreka það að þetta er einhver sú alvarlegasta löggjöf sem hæstv. Alþingi hefur sett. Það er mitt mat. Og að afgreiða slíka löggjöf á nokkrum klukkutímum með hrossakaupum og þvingunum finnst mér vera fyrir neðan allt velsæmi.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Útbýting þingskjala, fundartími í nefndum.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég leitaði mikið á borðinu hjá mér þó þar sé nú mikið af pappírum, en ég finn ekki að þetta þingskjal, þetta frv. sé komið á borð þingmanna eins og það var afgreitt frá Ed. og er föst venja og skylda að útbýta. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvernig standi á því að þingskjal komi ekki en umræða sé nú búin að standa hér í þessu máli í næstum því tvo klukkutíma.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessarar fyrirspurnar vill forseti geta þess að vegna anna hefur ekki unnist tími til að prenta og dreifa því þingskjali sem hefði réttilega átt að vera hér á borðum hv. þm. þegar þessi umræða hófst í morgun. Forseti vill hins vegar benda á að það eru fjölmörg fordæmi þess að mál hafi verið rædd án þess að þingskjöl hafi legið fyrir. Þetta verður ekki löng umræða. Eg hef fengið upplýsingar um að þetta þingskjal komi innan skamms og vænti þess að hv. þingdeildarmenn sýni nokkra þolinmæði í þessu máli. Þessi umræða verður ekki mjög löng, enda um það samið vegna eldhúsdagsumræðna sem hefjast hér í kvöld klukkan hálfníu að þessi fundur dragist ekki mikið fram yfir klukkan hálftvö.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætlaði að vekja athygli á því að við þingmenn Framsfl. munum víst liggja undir nokkru ámæli fyrir að ákveðið mál í samgn. sé ekki tekið til umræðu. Ég hef verið boðaður á fund í samgn. klukkan eitt og sá sem ítrekaði það boð sagði að hér yrði slitið fundi klukkan eitt. Ég tel ekki við það búandi að vera kallaður til nefndarstarfa á sama tíma og þessi umræða fer hér fram því að ég hygg að ekki sé hægt um það að deila að hér er verið að tala um slíkt stórmál að ekki er við það búandi að menn þurfi að sitja á nefndarfundum á sama tíma og þessu máli er ætlað að vera hér á dagskrá í Nd.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig upplýsa að mér er kunnugt um að fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur verið boðuð til fundar klukkan eitt, eftir sex mínútur eða svo, tjáði mér hv. nefndarformaður, Páll Pétursson, að hann mundi gera fyrir örskömmu síðan og veit ég ekki betur en sú ákvörðun standi nema henni hafi verið breytt. Það kann að vera.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg skiljanlegt að þingmönnum þyki það óviðunandi að vera boðaðir til nefndafunda á sama tíma og mikilvæg mál eru hér á dagskrá í deildinni. Hitt er líka með öllu óviðunandi ef forsetar þingsins, nefndaformenn og aðrir þeir sem málum ráða hér á Alþingi geta ekki samræmt störf sín og komið sér saman þannig að upplýsingar komi ekki sín úr hvorri áttinni og séu sífellt misvísandi. Ég á sæti í hv. fjh.- og viðskn. Nefndarfundur var boðaður þar klukkan eitt. Fyrir líklega einum og hálfum klukkutíma er tilkynnt að þeim fundi verði frestað þar til fundi sé lokið í þessari hv. deild. Nú koma aðrir þingmenn og tala um að annar háttur sé hafður á í sínum nefndum og hafa ekki betri upplýsingar um fyrrnefnda fjh.- og viðskn. en raun ber vitni. Ég vil fara fram á það við forseta að staðið verði við þá ákvörðun að láta þennan fund halda áfram og jafnframt kem ég því á framfæri að menn verði að reyna að samræma störf sín hér svo að maður geti treyst einhverjum hlut frá mínútu til mínútu.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða vill forseti taka það fram að störf voru samræmd. Það var ráð fyrir því gert að þessi fundur stæði til klukkan eitt eða hálftvö. Forseti hefur farið þess á leit við formann hv. samgn. deildarinnar að hann fresti fundi sínum til hálftvö svo þessi fundur geti staðið til klukkan hálftvö svo hv. 18. þm. Reykv. geti tekið til máls í þessari umræðu og forseti þurfi ekki að slíta fundi klukkan eitt eins og ráð var fyrir gert.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1200.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vona að það sé nú ekki mín persóna sem ræður því að fundum er fram haldið hér í Nd. Alþingis. Ég ætla að vona að það sé mikilvægi málsins sem um er fjallað sem ræður því, en ekki persónulegar óskir þess þingmanns sem hér stendur.

Það er vonum seinna að þetta frv. kemur til umræðu í þessari deild og það jafnvel þó frv. liggi ekki á borðum þingmanna. Nú kann vel að vera að það sé ekkert nýnæmi að svo sé en augljóst er þó að það er talandi dæmi um það óðagot sem ríkir í afgreiðslu þessa mikilvæga máls sem hefur svo afdrifaríkar afleiðingar fyrir alla afkomu íslensku þjóðarinnar.

Hverju sá háttur sem við neyðumst nú til að beygja okkur undir er að kenna er ekki gott að segja. Það er skylt að taka það fram að hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála skipaði nefnd strax í júlí 1988 og var það samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða sem samþykkt voru í janúar sama ár. Sú nefnd tók til starfa og var ætlað mjög umfangsmikið og viðamikið verkefni en var síðan ætlað að skila áliti ekki seinna en á haustdögum 1989. Nú háttaði svo til að það tókst ekki og það var ekki fyrr en í janúar sem nefndin skilaði niðurstöðum. Hvort það var vísbending um að málið sé svo umfangsmikið og svo flókið og um það ríki svo ólík sjónarmið að nefndin hafi þurft allan þennan tíma eða hvort ekki hefur verið ýtt nógu mikið á, skal ósagt látið, en staðreyndin er sú að frv. kom ekki hér inn í þingið fyrr en, ég held ég muni það rétt, í mars.

Svo ég staldri aðeins í byrjun við störf umræddrar nefndar þá var henni ætlað, eins og ég sagði, mjög umfangsmikið verkefni og var því ákveðið að skipta henni niður í vinnuhópa. Með tilliti til þess sem við kvennalistakonur höfum haft til málanna að leggja í umræðu um þetta frv. og reyndar í umræðu um stjórn fiskveiða fyrir tveimur árum, þá fékk einn hópurinn það verkefni að gera athugun á því hverjir gætu verið handhafar veiðiheimilda og til hve langs tíma og með hvaða takmörkunum slíkt forræði skyldi vera.

Það er skemmst frá að segja að fjölmargir aðilar skila sérálitum, bókunum, með áliti nefndarinnar, þar á meðal fulltrúar Kvennalistans í nefndinni. Það munu hafa verið tíu aðilar af þrettán sem gerðu sérbókanir sem lýstu með einum eða öðrum hætti stuðningi við einhvers konar byggðakvóta. Síðan kemur málið til umfjöllunar í þingi og fer til sjútvn. Ed. Sá háttur var hafður á til hagræðingar og væntanlega flýtis og til þess að tvívinnsla yrði ekki of mikil að sjávarútvegsnefndir beggja deilda héldu þó nokkra sameiginlega fundi og voru þá líklega störf þeirrar nefndar sem sjútvrh. skipaði að mestu leyti endurtekin. Þangað mættu flestir þeir sömu aðilar sem mættu til viðtals við nefndina og það kann vel að vera að það séu eðlileg vinnubrögð. Þó segir mér svo hugur um að fæstir sem þarna voru hafi í rauninni þurft á þessum upplýsingum að halda eða viðræðum við þessa menn sem kallaðir voru til, heldur hafi þetta verið birtingarmynd þess flótta sem menn eru á frá þessu verkefni, að takast á við þetta stóra hagsmunamál og skiptast raunverulega á skoðunum um það hvernig því skuli hagað. Þessum sífelldu viðræðum við utanaðkomandi aðila, með fullri virðingu fyrir því sem þeir höfðu fram að færa, ég er ekki að dæma það ómarktækt, var haldið áfram þangað til allt var komið í eindaga og svo seinir voru menn til að breytingartillögur komu ekki fram fyrr en á síðustu stundu og sáralítil, nánast engin, skoðanaskipti fóru fram innan nefndanna um raunverulegar hugmyndir manna um stjórn fiskveiða. Þetta er þeim mun alvarlegra sem það liggur fyrir að mjög skiptar skoðanir eru um þessi mál. Ekki bara hér innan þingsins heldur út um allt land eru afskaplega skiptar skoðanir um hver sé best og réttlátust tilhögun þessara mála. Það er alvarlegt ef sú umræða nær ekki eyrum ráðamanna. Þeir virðast svo gjörsamlega lokaðir að það er ekki einu sinni á dagskrá að ræða tillögur eða taka þær til athugunar, þó að menn gangi ekki svo langt að fara fram á að þær séu samþykktar en að þær séu a.m.k. athugaðar eða ræddar af fullri sanngirni og skynsemi. Það hlýtur að vera affarasælast að stjórn þessara mála sé í sæmilegri sátt við þegna þessa lands því að þeir eiga þessa auðlind sem um er fjallað sameiginlega skv. 1. gr. frv. og skiptir því verulegu máli hvað fólkinu í landinu finnst um tilhögun málanna.

Í minnispunktum sem lagðir voru fram á fundi beggja nefnda voru teknar saman í stuttu máli niðurstöður nokkurra sem sendu umsagnir um frv. Þar kemur mjög víða fram, með mismunandi orðalagi, stuðningur við aðra tilhögun úthlutunarkvóta en nú er og er þar byggðakvóti með einu eða öðru móti nefndur aftur og aftur. Það mun hafa verið svo þegar leiðir nefndanna skildu og nefnd Ed. sat ein á fundum að sama háttalag var á, harla lítil umfjöllun varð víst um raunverulegt inntak frv. og gætti þess verulega í umræðum í Ed. að menn eru fyrst og fremst að marka sér sína sérstöðu, sína afstöðu til stjórnar eða stjórnarandstöðu, en ekki að fjalla raunverulega um þau mál sem hér er tekið á.

Ég hef ekki fyrr átt sæti í sjútvn Nd., á þar raunar ekki sæti en fæ að sitja sem áheyrnarfulltrúi, og ég verð að segja það að mér hefur fundist það nokkuð ævintýraleg upplifun oft og tíðum að vera viðstödd þessa stundum mjög hávaðasömu og vægast sagt líflegu fundi. Hefur mér oft fundist að hljóðar mætti fara en af meiri skynsemi.

Ég ætla þá að víkja í nokkrum orðum að þeirri bókun sem fulltrúar Kvennalistans í margnefndri nefnd sjútvrh. lögðu fram með niðurstöðum nefndarinnar. Þar er auðvitað lýst stuðningi við 1. gr. frv. um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu „sameign íslensku þjóðarinnar". „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu." En þar sleppir nú samstöðunni að mestu leyti því að

við eigum ákaflega erfitt með að sjá hvernig aðrar greinar frv. samræmast þessari fyrstu og höfum því í framhaldi af því gert, eins og vonandi öllum er kunnugt, mjög ítarlegar brtt. við frv. í Ed. og munum að sjálfsögðu flytja þær aftur í Nd. í þeirri von að menn íhugi þær a.m.k. og beri saman og reyni að hugsa til enda það mismunandi fyrirkomulag sem lagt er til. Við gerum okkur auðvitað ekki vonir um það nú að þær verði samþykktar en við þykjumst þess fullvissar að að því muni koma. Við teljum að sú þróun sem átt hefur sér stað sl. tvö ár sýni það með óyggjandi hætti að þróunin stefnir í þá átt sem við kvennalistakonur höfum lagt til. Konur eru vanar því að bíða lengi og þreyja þorrann og góuna. Það munum við líka gera í þessu máli, halda áfram að reyna að koma okkar sjónarmiðum á framfæri í vissu þess að um síðir verði þau nú ofan á.

Við höfum viljað gera nokkur atriði að megininntaki fiskveiðistjórnunar. Fæst þeirra koma fram í frv. eins og það liggur nú fyrir Alþingi. Þó ber að geta þess sem til bóta er og má þar t.d. nefna breytt mörk fiskveiðiárs sem stuðla að hagkvæmni í vinnslu og draga úr aflatoppum að sumrinu og geta hamlað gegn ársbundnu atvinnuleysi. Okkur þykir nú sem fyrr nóg um ofríki hæstv. sjútvrh. og leggjum því margt til til að draga úr hans valdi og dreifa ábyrgð og valdi víðar og er það auðvitað í réttu samræmi við aðrar valddreifingarhugmyndir okkar kvennalistakvenna.

Svo að ég víki aðeins að þeim meginmarkmiðum sem við viljum leggja áherslu á, þá eru þau nokkur og ekki svo gott að gera upp á milli þeirra því að öll eru þau mikilvæg.

Í fyrsta lagi viljum við auðvitað hindra ofveiði og vernda og byggja upp fiskstofna landsins. Þetta hefur ekki náðst með því stjórnarfyrirkomulagi sem nú er á fiskveiðum. Farið er fram úr því aflamagni sem Hafrannsóknastofnun leggur til ár hvert, og ekki sér fyrir endann á því hvernig fer ef niðurstöður þeirra sem best vita í þessari grein eru sífellt hafðar að litlu eða engu. Við viljum leggja til að sjútvrh. verði ekki heimilt að víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla á ári hverju. Við teljum fullkomlega réttmætt að binda þetta við svona lítið frávik vegna þess að með aukinni reynslu og getu þeirra vísindamanna sem um fjalla verður nauðsynin brýnni á að fara að þeirra tillögum og virða þeirra niðurstöður en halda ekki að embættismenn eða framkvæmdarvaldið eða hagsmunaaðilar viti betur. Þar verða önnur sjónarmið því miður oft ofan á og því verður að fara að niðurstöðum þeirrar stofnunar sem um þessi mál á að fjalla.

Í öðru lagi hljótum við að stefna að aukinni hagkvæmni og minni tilkostnaði, bæði við veiðar og vinnslu. Það markmið hefur heldur ekki náðst með núverandi fyrirkomulagi. Skipum fjölgar, þau verða sífellt stærri, búin betri tækjum og þar af leiðandi afkastameiri og sókn þeirra í fiskstofnana er of hörð og með of miklum tilkostnaði.

Í þriðja lagi er auðvitað nauðsyn á að bæta meðferð sjávarafla. Þar ættum við að vera fyrirmynd annarra ef við viljum rísa undir nafni að vera matvöruframleiðsluþjóð. Vissulega hefur meðferð batnað með aukinni þekkingu og fyrst og fremst auknum skilningi þeirra sem nýta aflann, en hins vegar er því ekki að neita að enn eigum við langt í land með að viðunandi árangri sé náð. Meðferð afla er auðvitað samofin nýtingu hans. Þar er kannski alvarlegt mál á ferðinni hvernig nýtingu afla er varið. Um það eru ótal dæmi. Stundum er um að ræða slæma nýtingu þess afla sem um borð kemur eða í land kemur. Má þar t.d. nefna þá nýtingu sem sagt er að sé á frystitogurum, að þar nýtist rétt u.þ.b. 30% aflans og er það auðvitað alls óviðunandi. Mörg fleiri dæmi mætti tína til sönnunar. Við hirðum ekki um að nýta verðmæt hráefni sem nýta mætti til vinnslu, í ýmsa þarfaframleiðslu eins og lýsis svo að eitthvað sé nefnt. Það mætti nefna mörg dæmi um það hversu langt við erum frá því að nýta sjávaraflann vel. Við heyrum oft sögur og þar eru ekki síst sjómenn að verki, því miður, sem viðurkenna það blygðunarlaust að þeir hendi þúsundum, jafnvel tugþúsundum, tonna í sjóinn á ári hverju og veiði auk þess fisk í stórum stíl sem er langt undir leyfilegum mörkum.

Í fimmta lagi ber að stefna að bættum kjörum þeirra sem vinna við sjávarútveg. Það fólk býr við slæmar vinnuaðstæður sem stofna oft heilsu þess og öryggi í hættu og bágborin laun. Ég kalla það ekki laun þó menn, eða konur oftast, geti fengið fleiri krónur í launaumslagið vegna þess að þær eru lamdar áfram af bónussvipunni. Ég vil halda mig við þau laun sem þær fá samkvæmt töxtum. Slys og atvinnusjúkdómar eru tíðari í þessari atvinnugrein en víðast annars staðar. Þarna ber að reyna að bæta úr auk þess að bæta kjör og við höfum einmitt lagt til að hluta þess fjár sem verður til umráða í þeim veiðileyfasjóði sem við viljum að verði stofnaður verði einmitt varið til þess að bæta aðstöðu fiskvinnslufólks og e.t.v. að verðlauna sérstaklega þau fyrirtæki sem standa sig sérstaklega vel í því.

Í sjötta lagi má svo auðvitað tala um sanngjarna dreifingu arðs og atvinnu í þessum atvinnuvegi. Misjafnlega hefur til tekist en allt of mörg dæmi eru því miður um það að skip hafi verið seld milli byggðarlaga á margföldu verði vegna þess að það er ekki bara verið að selja tæki til veiðanna heldur er líka verið að selja óveiddan fiskinn í sjónum og það er auðvitað með öllu óviðunandi að einstaklingar eða útgerðarfyrirtæki geti auðgast með þeim hætti að selja það sem samkvæmt 1. gr. þessara frumvarpsdraga er sameign íslensku þjóðarinnar. Því er höfuðnauðsyn að rjúfa þessi óeðlilegu og sterku tengsl milli kvóta og skipa.

Það má líka nefna varðandi atvinnu og dreifingu arðs að í skjóli þessa kerfis sem nú ríkir eða nú er við lýði hefur það mjög færst í vöxt að siglt væri með fisk ýmist til ferskfisksölu eða til vinnslu erlendis. Auk þess að draga úr atvinnu hér innan lands og veikja stöðu fiskvinnslunnar og fiskvinnslufólks er verið að renna stoðum undir atvinnu erlendis. Það ástand sem nú hefur skapast þegar fjölmargir, bæði í Bretlandi og

Þýskalandi, hafa vinnu af vinnslu íslenskra sjávarafurða hefur vísast þegar veikt hugsanlega samningsstöðu okkar við EB. Þeir hafa komist upp á bragðið með það hversu arðvænlegt og gott það er að fá frá okkur hráefni til vinnslu í eigin landi og þann ávinning munu þeir eflaust ekki láta af höndum átakalaust.

Nokkrar raddir hafa verið uppi um það að undanförnu að útgerðarmenn hafi hugsanlega í skjóli hefða áunnið sér einhvers konar eignarrétt á kvótanum og leiti nú m.a. lagastuðnings við þá söguskýringu. Það verður auðvitað strax að taka af öll tvímæli um að þetta má ekki og getur ekki gerst. Í því sambandi verður að minna á að það eru ekki útgerðarmenn einir sem hafa sótt sjóinn. Þeir hafa í flestum tilfellum auðvitað sent aðra til að draga fiskinn úr sjónum. Fólk hefur unnið þennan fisk í landi og gert hann verðmætari og öll þjóðin hefur lagt til útgerðar og fiskvinnslu eða til sjávarútvegsins í heild með því að greiða skatta því að hluti þess fjár sem næst með skattheimtu er og hefur oft með einu eða öðru móti verið notaður til stuðnings sjávarútvegi og auk þess hefur sama skattfé verið notað til að efla rannsóknir ýmiss konar í þágu greinarinnar og flestar þær gengisfellingar sem yfir okkur hafa gengið, öll jafnt, hafa verið í þágu sjávarútvegs svo að það er hrein firra að útgerðarmenn einir hafi lagt hér eitthvað af mörkum og hafi þar af leiðandi skapað sér einhvern rétt umfram aðra.

Ég hef þegar lýst því að við kvennalistakonur í hv. Nd. munum að sjálfsögðu flytja þær tillögur okkar sem fluttar voru í Ed. aftur og ætla ég nú ekki að lýsa þeim í smáatriðum. Frv. eins og það mundi líta út að öllum okkar brtt. samþykktum hefur verið lagt fram sem fskj. við nál. 2. minni hl. sjútvn. í hv. Ed. En ég ætla ekki að ljúka máli mínu án þess að minnast á megininntak þessara brtt.

Það er í fyrsta lagi að sjútvrh. verði ekki heimilt að víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla á ári hverju. Ég þarf ekki að útskýra þetta nánar þar sem ég hef þegar fjallað um nauðsyn og réttmæti tillögunnar.

Í öðru lagi munum við leggja til að 80% heildaraflans verði úthlutað til sveitarfélaga með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili. Síðan fylgja nánari útfærslur um hvernig sveitarstjórnum er heimilt að fara með þennan kvóta. Þess misskilnings hefur nokkuð gætt að sveitarstjórnir sjálfar mundu einar sitja að kvótanum, jafnvel í svo ríkum mæli að maður sér nánast fyrir sér sveitarstjórann ýta úr vör og sveitarstjórnina setjast undir árar. Svo er auðvitað ekki. Sveitarstjórninni er heimilt að leigja eða framselja kvóta til þeirra aðila sem hún telur hæfasta og færasta til með fjölmörgum skilmálum eða heimildum sem sveitarstjórnum er gert að framfylgja samkvæmt okkar brtt.

Í þriðja lagi vil ég nefna að 20% heildaraflans renni í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og verði til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga. Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda verði varið til fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, rannsókna tengdra sjávarútvegi og verðlauna til handhafa veiðiheimilda fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks eða sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans. Þessar tillögur eru síðan nánar útfærðar í brtt.

Í fjórða lagi að eftirlit með nýtingu fiskstofna verði fært frá hagnýtingarráðuneyti atvinnugreinarinnar til umhvrn.

Við teljum að með þessu fyrirkomulagi sem hér er lagt til yrði rofið hið óeðlilega samband sem nú er milli skips og veiðiheimilda, að þetta fyrirkomulag taki fullt tillit til byggðasjónarmiða og það dragi úr ofstjórn og miðstýringu og það muni hvetja til betri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og búa betur að fólki í sjávarútvegi og þar með verði þeim markmiðum náð sem ég lýsti hér áðan að við hefðum haft að leiðarljósi við samningu þessara brtt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla nánar um þetta við 1. umr. málsins, en taldi þó rétt að nefna okkar tillögur vegna þess tómlætis sem þær hafa mætt sem stafar e.t.v. bæði af tímaleysi og áhugaleysi. Grunar mig að seinni skýringin sé e.t.v. þyngri á metunum. Og ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er alvarlegt ef kjörnir fulltrúar þjóðarinnar gefa sér ekki tíma eða hafa ekki vilja eða nennu til að kynna sér af kostgæfni allar þær tillögur sem koma fram um fyrirkomulag stjórnunar fiskveiða. Það er siðferðileg skylda þeirra að gera það, auðvitað í öllum málum em ekki síst í þessu stærsta og brýnasta hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

85. fundur, fimmtudaginn 3. maí, kl. 8.30 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða sem skiptast í tvær umferðir, 15–20 mínútur í fyrri og 10–15 mínútur í þeirri seinni. Röð flokkanna verður í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Kvennalisti, Alþfl., Frjálslyndi hægri flokkurinn, Alþb., Borgfl. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð og hefur 15 mínútur til umráða.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., í fyrri umferð og Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., og Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson forsrh. og Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., í fyrri umferð, en Halldór

Ásgrímsson sjútvrh. í þeirri seinni. Fyrir Kvennalistann talar Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., og Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., í fyrri umferð en Málmfríður Sigurðardóttir í síðari. Ræðumenn Alþfl. verða í fyrri umferð Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. og Jón Sigurðsson viðskrh. í þeirri seinni.

Af hálfu Frjálslynda hægriflokksins talar Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., í fyrri umferð en Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., í þeirri síðari. Fyrir Alþb. tala í fyrri umferð Steingrímur J. Sigfússon landbrh. og Svavar Gestsson menntmrh. en í þeirri seinni Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. Ræðumenn Borgfl. verða Júlíus Sólnes umhvrh., Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., og Ásgeir Hannes Eiríksson, 16. þm. Reykv., í fyrri umferð en Óli Þ. Guðbjartsson dómsmrh. í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson og talar af hálfu Sjálfstfl.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Fyrir skömmu heyrði ég eina af fremstu myndlistarkonum Íslendinga lýsa því hversu dásamlegt það væri að lifa á þessum tímum. Hún var þá með hugann við allar þær breytingar sem nú eru að eiga sér stað í veröldinni. Hún lýsti nútímanum sem endurreisnartíma almennrar skynsemi. Sósíalisminn er fallinn. Berlínarmúrinn er hruninn. Frjálslyndir borgarar hafa fengið völdin í lýðræðislegum kosningum þar sem ógnarstjórn sósíalista sat fyrir fáum mánuðum á fleti fyrir. Evrópuþjóðirnar eru að ryðja úr vegi hindrunum í viðskiptum, fjármálum og þjónustustarfsemi. Fram undan er tími frjálsræðisþróunar, vaxandi gildis einstaklinganna, aukinna áhrifa kvenna í atvinnulífi, mikilla markaðsmöguleika í fjarlægum heimsálfum, nýrra verkefna á sviði umhverfismála, vaxandi skilnings á trúrækni, menningu og þjóðerni í heimi aukinna alþjóðlegra samskipta. Áður treystu stærri þjóðir viðskipta- og framleiðsluhagsmuni sína með vopnavaldi. Í þeim heimi var hlutur smáþjóðanna fyrir borð borinn. Í dag tryggja þjóðirnar sömu hagsmuni með gagnkvæmum samningum um frelsi á öllum sviðum. Í þeim heimi styrkist staða smáþjóðanna.

Í raun og veru er því full ástæða til bjartsýni í dag, ekki síst fyrir okkur Íslendinga. Við hljótum að eygja marga nýja möguleika, sjá mörg ný tækifæri og fjöldann allan af nýjum verkefnum og viðfangsefnum til þess að takast á við á nýjum tímum. Við vitum að það er ekki einungis vaxandi samstaða á meðal þjóða. Við finnum á sjálfum okkur að það er minni ágreiningur en áður á milli fólksins í landinu um markmið og leiðir í þjóðfélagsmálum. Með falli sósíalismans hafa frjálslynd viðhorf orðið ofan á og við þurfum ekki af þeim sökum að eyða jafnmiklum tíma og jafnmiklum kröftum í innbyrðis deilur og áður. Við getum, ef við viljum, staðið betur saman og náð meiri árangri en við höfum gert á síðustu árum. Þannig blasir við okkur úti í þjóðlífinu mynd betri samstöðu og meiri einingar en verið hefur um langan tíma.

En á hinn bóginn blasir við önnur og gjörólík mynd af Alþingi Íslendinga. Hér er vaxandi sundrung, meira sundurlyndi, fleiri smáir, ósamstæðir og stríðandi hópar en nokkru sinni fyrr. Þessi mynd er vissulega ekki í samræmi við þjóðarviljann eins og við skynjum hann í önn dagsins. Slíkar aðstæður á Alþingi draga úr möguleikum okkar til markvissrar sóknar, til stöðugleika og betri lífskjara. Ástæðulaust er að reyna að koma sök á einhvern einstakan. Hér eiga allir hlut að máli sem sitja á Alþingi og það er reynsla mín af setu í tveimur ríkisstjórnum og í andstöðu við þá þriðju að sundurlyndi og ólíkar skoðanir í fjölflokkaríkisstjórnum hafi í allt of ríkum mæli leitt til ómarkvissrar stefnu í efnahagsmálum og valdið því að of seint hefur verið brugðist við í ýmsum efnum. Eftir á að hyggja geta sérfræðingar ugglaust dregið í efa að ráðlegt hafi verið af minni hálfu sem fjmrh. árið 1986 að verða við tilmælum þáv. forsrh. og forustumanna launþega og atvinnurekenda að lækka skatta og minnka þar með tekjur ríkissjóðs til þess að greiða fyrir þeirri frægu þjóðarsátt sem þá var gerð á vinnumarkaði og allir voru sammála um. Hún veikti sannarlega stöðu ríkissjóðs en enginn sá fyrir þá hversu mikil uppsveiflan yrði og þá snöggu kreppu sem kom í kjölfarið. Það sem allir töldu vera árangursríkt meðal gegn verðbólgu reyndist til lengri tíma heldur auka á þenslu.

Samstarfsflokkur okkar sjálfstæðismanna á þeim tíma, Framsfl., var andvígur því að beita vöxtum til að örva sparnað og stuðla að betra jafnvægi. Fyrir þá sök var brugðist of seint við á því sviði efnahagsstjórnar. Einmitt þetta atriði er eitt af höfuðgagnrýniefnum í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland sem birt var í gær.

Það er líka vert upprifjunar nú að árið 1988 var gengi krónunnar ekki breytt eins og þörf krafði vegna andstöðu Framsfl. og Alþfl. eftir verulegt verðhrun á erlendum mörkuðum og fall bandaríkjadals. Sá ágreiningur leiddi ekki einasta til stjórnarslita heldur jók mjög á vanda útflutningsframleiðslunnar. Kaupmáttarrýrnunin varð meiri og atvinnuleysið alvarlegra vegna þess að þessir flokkar voru of seinir að skilja þörf gengisbreytingarinnar. Þannig má finna fjölmörg dæmi um hvernig sambræðslustjórnir margra ólíkra flokka leiða til þess að réttar ákvarðanir eru ekki teknar á réttum tíma og viðbrögð verða of lin og seinvirk. Þetta er því sárgrætilegra sem ætla má að miklu meiri samstaða sé um meginstefnu og aðgerðir í efnahagsmálum úti á meðal fólksins í landinu en hér í þingsölunum. En er þá ekki ástæða til að spyrja hvernig bæta megi úr þannig að Alþingi endurspegli betur þjóðarviljann? Ég tel að það þurfi m.a. að koma til grundvallarbreytinga á því fyrirkomulagi sem nú gildir um kjör alþingismanna og breytingar á skipan og starfsháttum Alþingis. Um leið og alþingismönnum yrði fækkað niður í 60 á nýjan leik tel ég vel koma til greina að taka upp kjördæmaskipan þar sem helmingur þingmanna yrði hugsanlega kjörinn í ein-

menningskjördæmum en hinn helmingurinn af landslistum. Höfuðverkefnið innan Alþingis er að sameina það í eina málstofu. Það mundi draga úr kostnaði við þinghaldið en umfram allt koma hér á skilvirkari vinnubrögðum er fullnægðu betur nútímakröfum kjósenda um skipulega og málefnalega starfshætti. Þjóðin þarfnast nú umfram allt festu í stjórnarháttum og frjálslyndrar stefnu sem varðað getur veg Íslendinga að því aukna alþjóðlega samstarfi sem hlýtur að vera farvegur nýrra átaka og framfara. Nú megum við ekki láta deilur og afturhaldssöm sjónarmið verða til þess að við drögumst aftur úr öðrum þjóðum og tökum ekki ákvarðanir á réttum tíma og bregðumst ekki við nýjum aðstæðum vegna innra sundurlyndis. Komið hefur á daginn að allar athugasemdir okkar sjálfstæðismanna fyrr í vetur um viðræðurnar við Evrópubandalagið höfðu við rök að styðjast. Formaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hefur beinlínis hvatt til þess nú alveg nýlega að undirbúningur hefjist án tafar að tvíhliða viðræðum eins og við höfum lagt til.

Landsfundur Sjálfstfl. og þingflokkur mörkuðu nýja, frjálslynda stefnu í efnahags- og atvinnumálum sl. haust. Henni hefur verið fylgt eftir í málflutningi og tillöguflutningi hér á Alþingi. Athyglisvert er að margt af því sem Efnahags- og framfarastofnunin segir í skýrslu sinni frá því í gær að brýnast sé að gera hér á Íslandi er í fullu samræmi við þessa stefnumörkun. Þannig telur stofnunin til að mynda óhjákvæmilegt að Ísland tengist frjálsum fjármagnsviðskiptum Evrópubandalagsins til þess að auka hagkvæmni í dreifingu fjármagns og bæta jafnvægi í hagþróuninni. Sjálfstæðismenn hafa flutt þáltill. um þetta efni hér á Alþingi í vetur, en þeirri tillögu hefur algjörlega verið hafnað í stjórnarflokkunum.

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar er lögð mikil áhersla á að ný löggjöf verði sett er miði að því að auka fjárfestingu erlendra aðila í öðrum greinum en sjávarútvegi í þeim tilgangi að nýta erlent áhættufé til að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Sjálfstfl. hefur flutt viðamikið frv. til nýrrar löggjafar á þessu sviði en stjórnarflokkarnir fást ekki einu sinni til þess að taka það til umræðu á þessu þingi.

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar kemur enn fremur fram að nauðsynlegt sé að hverfa frá ríkisrekstri í bankakerfinu og að dregið verði úr sjálfvirkum ríkisábyrgðum í opinberum sjóðum. Sjálfstfl. hefur einnig flutt frv. um þetta efni á þessu þingi. Alþfl. hefur viðurkennt að nauðsynlegt sé að breyta bönkunum til þess að aðlaga fjármálakerfið nýjum aðstæðum, en vegna andstöðu í tveimur stjórnarflokkanna situr þetta mál fast og alþýðuflokksmenn þora ekki að ljá frv. sjálfstæðismanna atfylgi sitt. Þetta er lýsandi dæmi um stöðnun vinstri stjórnar.

Ég ætla ekki að væna andstæðinga mína hér á Alþingi um að vilja ekki vel. En hafi sundurleit sjónarmið verið hindrun í samstarfi í tveimur síðustu ríkisstjórnum er ljóst að þau eru þessari ríkisstjórn fótakefli. Í raun og veru er þessi ríkisstjórn aðeins venjuleg gamaldags vinstri stjórn sem eðli máls samkvæmt getur ekki tekið á verkefnum nýs tíma.

Sú mikla ólga og upplausn sem nú er á vinstri væng stjórnmálanna endurspeglast glöggt í starfi ríkisstjórnarflokkanna hér á Alþingi um þessar mundir og hún hefur lamað stjórnina til allra markvissra og skapandi starfa. Nú sýnist ekki vera unnt að ljúka þingstörfum eins og áformað hafði verið á laugardag vegna innbyrðis hótana í ríkisstjórninni um samstarfsslit sem enginn tekur þó mark á. Að hætti gamaldags vinstri stjórna var vandamálunum strax í byrjun skotið á frest með því að stofna millifærslu- og styrkjasjóði af ýmsu tagi. Slíkir sjóðir leysa engan vanda nú fremur en fyrir 30 árum þegar Íslendingar héldu að þeir hefðu sagt skilið við slík vinnubrögð. Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir 20 milljarða kr. tilfærslum í formi styrkja, lána, skuldbreytinga og gjafapeninga. Áætla má að gjaldþrot millifærslusjóðanna verði nær 5 milljörðum kr. við lok kjörtímabilsins að ári liðnu. Það er sá hluti tilfærslunnar sem væntanlega mun falla á skattgreiðendur, 5 þús. millj. kr. Það er hinn óleysti vandi hefðbundinna vinstristjórnarúrræða.

Til viðbótar hafa nú verið sett Íslandsmet tvö ár í röð í söfnun erlendra skulda. Þær eru nú hærra hlutfall af landsframleiðslu en nokkru sinni fyrr. Á flestum sviðum gætir svo tilhneigingar til aukinnar miðstjórnar. Í skipulagsmálum á að færa vald frá sveitarfélögum til ríkisins. Í húsnæðismálum er markvisst stefnt frá séreignastefnu að leiguíbúðastefnu að skandinavískum hætti og ætlunin er nú að svipta Reykjavíkurborg yfirráðum yfir þeim íbúðum sem hún á sjálf og nýtir í félagslegum tilgangi.

Frú forseti. Við höfum um alllangan tíma búið við tvöfalt hagkerfi í landinu þar sem atvinnuvegir landsbyggðarinnar hafa verið háðir miðstýringu og sjóðavaldi en atvinnulíf þéttbýlisins notið meira frelsis. Núverandi ríkisstjórn hefur dýpkað þessa gjá í stað þess að brúa hana. Frv. að nýrri löggjöf um stjórn fiskveiða hefur legið mánuðum saman án umræðu hér á Alþingi vegna þess að ríkisstjórnin kom sér ekki saman. Á síðustu stundu var það dregið inn í hefðbundin hrossakaup stjórnarflokkanna. Frv. sem var í flestum grundvallaratriðum ásættanlegt að mínu mati hefur nú verið eyðilagt með nýjum sjóði. Þar er verið að ögra sjávarútveginum með því að stíga fyrsta skref að auðlindaskatti. Með geðþóttaúthlutunum nýja sjóðsins á veiðileyfum má fullyrða að stefnt er að aukinni óhagkvæmni í veiðum. Framtíðarhagsmunum sjávarútvegsins í landinu er því stefnt í hættu eins og nú horfir.

Sjálfstfl. hefur þess vegna lagt til að málið verði skoðað betur í sumar, ráðgjafarnefnd sjávarútvegs og stjórnmálaflokkanna fái að fjalla um hina nýju stöðu, Alþingi komi síðan saman til sérstaks aukafundar í september til þess að fjalla einvörðungu um þetta mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar. Þessu sáttatilboði hafa stjórnarflokkarnir og sjútvrh. hins vegar hafnað.

Umhverfismálin, sem eru eitt af viðamestu verk-

efnum næstu ára, hafa verið gerð að hreinu fíflskaparmáli í þessari ríkisstjórn svo sem atburðir síðustu daga bera gleggst vott um.

Að undanförnu hafa ýmsar ytri aðstæður gengið í haginn. Aðilar vinnumarkaðarins lögðu ríkisstjórninni til nýjan efnahagsgrundvöll með djörfum kjarasamningum. Bandaríkjadalur hefur aukist að verðgildi og verðlag á erlendum mörkuðum hefur hækkað langt umfram björtustu vonir manna. Af þessum ástæðum hefur rekstur útflutningsatvinnugreinanna skánað og viðskiptahalli er ekki jafnmikill vegna þess að kaupmáttarrýrnunin hefur eðlilega haft þær afleiðingar að almenningur hefur ekki haft efni á innkaupum í sama mæli og áður. Það má því segja að þrátt fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hafi rofað nokkuð til. En alvarlegustu staðreyndirnar sem við stöndum nú frammi fyrir eru þær vísbendingar sem fram koma í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar frá því í gær að á næstu árum og jafnvel næsta áratug verði hér að óbreyttum aðstæðum stöðnun og of lítill hagvöxtur til þess að við getum fylgt öðrum þjóðum eftir í sókn til betri lífskjara. Það eru þessar forsendur sem þarf að breyta með frjálslyndri stefnu Sjálfstfl.

Fjölflokkastjórnir leiða jafnan til glundroða og stöðnunar. Vinstri stjórnir eru úreltar. Nútíminn kallar því á samhenta, frjálslynda ríkisstjórn. Og endurreisnartími almennrar skynsemi á líka að verða að íslenskum veruleika. — Góðar stundir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ég sé ástæðu til að þakka Þorsteini Pálssyni fyrir það hól sem fólst í ræðu hans hér áðan um núverandi stjórnarsamstarf. Hann endurtók gamla plötu um sundurlyndi í stjórnarsamstarfinu en þessi sundurlynda ríkisstjórn hefur lyft hverju grettistakinu á fætur öðru. Þessi sundurlynda ríkisstjórn hefur fengið hvert stórmálið eftir annað afgreitt og mörg eru á leiðinni í gegnum Alþingi. Ég bendi á að þessi sundurlynda ríkisstjórn er að fá markaða hér stefnu til lengri tíma í stjórn fiskveiða og hún er að fá samþykkt hér á Alþingi eitthvert mesta framfaramál á þessu sviði, hagræðingarsjóð á sviði fiskveiða, sem ég leyfi mér að fullyrða að eigi eftir að breyta gersamlega rekstrarstöðunni í þessum mikilvæga atvinnuvegi. Og þessari sundurlyndu ríkisstjórn hefur, þrátt fyrir að aðrir hafi reynt í mörg, mörg ár, tekist að koma á fót umhverfisráðuneyti. Að vísu hefur Sjálfstfl., þessum stærsta flokki, tekist að koma í veg fyrir að sjálfsögð verkefni verði flutt til þessa umhverfisráðuneytis. Vekur það satt að segja nokkra undrun á sama tíma og við sjáum myndir í sjónvarpi af óhreinindum í fjörum og að gróður landsins blæs á sjó út. Þó hef ég ekki nefnt langsamlega stærsta afrek þessarar sundurlyndu ríkisstjórnar, að reisa íslenskt efnahagslíf úr þeirri rúst sem þar var þegar Þorsteinn Pálsson skildi við í september 1988.

Það er hárrétt að það eru gífurlega miklar breytingar í heiminum og aldrei hafa þær verið svo miklar áður. Múrinn hrynur, girðingar eru fjarlægðar og fólk tekst í hendur yfir landamæri og kemst að því að það er í raun og veru hvert öðru líkt. Tortryggnin hverfur, traust skapast og kalda stríðið er horfið. Ekki minntist hv. þm. á það. Og sannarlega hafa gífurlega miklar breytingar gerst, jafnvel í okkar næsta umhverfi í Evrópu. Bandalög sem voru mynduð fyrir nokkrum árum um frjálsa verslun springa nú út eins og blóm að vori. Efnahagsbandalag Evrópu stefnir óðfluga í það að verða öflugasta efnahagsheild sem til er í heiminum og flestir spá því að þar myndist stjórnmálasamtök sem munu nálgast Bandaríki Norður-Ameríku. Svo sannarlega höfum við Íslendingar tengst þessari þróun og við erum raunar í miðri hringiðunni. Við getum ekki dregið okkur út úr þessari þróun, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Okkar viðskipti við Efnahagsbandalagið hafa aukist hröðum skrefum. Þangað flytjum við nú um það bil 60% af okkar útflutningi og lífskjör okkar eru í stöðugt ríkara mæli háð útflutningi og innflutningi. Segja má að um 40% af okkar lífskjörum séu þangað sótt. Þetta nefni ég til að undirstrika að vitanlega þurfum við að taka ábyrgan þátt í þeirri þróun sem þarna er að gerast og gæta okkar hagsmuna. Ég fagna því að íslenska þjóðin virðist sammála um það að full aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina, enda yrðum við þá ekkert annað en útkjálki, eins konar annexía, af þessum bandaríkjum Evrópu. Hins vegar vil ég legja áherslu á það að til þess að við getum tekið þátt í þeim viðræðum og samningum sem þarna eru fram undan verður íslenskt atvinnulíf að vera öflugt. Það var það ekki haustið 1988. Þá lýstu atvinnurekendur því yfir, m.a. fjölmargir fylgismenn Sjálfstfl., að íslensk fiskvinnsla mundi ekki opna á ný eftir þau áramót. Nú um þessi áramót lýstu þessir sömu menn því yfir að nú væri loksins borð fyrir báru til þess að geta gengið til heilbrigðra og skynsamlegra samninga við verkalýðshreyfinguna. Þetta er mikil breyting, enda eru öll merki sem staðfesta hana.

Sú ríkisstjórn sem var mynduð í september 1988 hafnaði gengisfellingarkollsteypum Sjálfstfl. Hún ákvað að taka höndum saman við þjóðina og freista þess að vinna okkur Íslendinga út úr þeim erfiðleikum sem þá voru orðnir. Það hefur tekist. Gengið hefur verið leiðrétt svo það má teljast nokkurn veginn rétt nú. Og á sama tíma, sem er tiltölulega óvenjulegt, hefur tekist að koma í veg fyrir að verðbólgualda skapaðist. Og það sem er nú enn þá mikilvægara er að á þessum tíma tókst að snúa við þeim vöruskiptajöfnuði sem hafði verið okkur afar óhagstæður og vöruskiptaafgangur varð hvorki meira né minna en um 8 milljarðar kr. Staða peningakerfisins batnaði. Innlán urðu meiri en útlán og samkvæmt mati Seðlabankans sjálfs lækkuðu vextir, raunvextir, að meðaltali úr um það bil 10% niður fyrir 8%. Þeir hefðu mátt lækka meira. Ég er algerlega ósammála því sem kom fram hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni áðan að of lágir vextir 1986 og 1987 hafi ráðið úrslitum í þeirri verðbólguöldu sem þá hófst. Þvert á móti hafa vextirnir legið með ofurþunga, allt of miklum þunga, á skuldugum íslenskum atvinnuvegum.

Þannig er ástandið nú að nálgast það að vera það

heilbrigðasta sem við höfum búið við og svo sannarlega erum við nú í þeirri stöðu að geta gengið með höfuðið upp til þeirra viðræðna sem eru fram undan við Efnahagsbandalag Evrópu. Þetta er kannski það mikilvægasta sem þessi sundurlynda ríkisstjórn hefur áorkað á sínum tiltölulega stutta ferli.

Að sjálfsögðu er björninn ekki unninn þegar til lengri tíma er litið. Vitanlega verður að gæta þess nú mjög vandlega að ekki hefjist ný verðbólgualda. Á vegum þessarar ríkisstjórnar er fylgst með því frá degi til dags, ef ég má orða það svo. Ég hef fengið þær fréttir í dag að allt bendi til þess að verðbólguhækkunin nú í maí verði innan þeirra marka sem verkalýðshreyfingin hefur sett sem rautt strik. Þar er út af fyrir sig miklum áfanga náð og allt bendir til þess að á þessu ári verði verðbólga frá upphafi til loka ársins um 7% og fari lækkandi þegar líður á árið. Það boðar svo sannarlega nýja tíma í þessu þjóðfélagi.

Einnig er fylgst vandlega með því að ekki hefjist sú þensla sem varð okkur svo hættuleg á árunum 1986–1988. Þar eru vissulega nokkur merki sem ber að varast, en þau ánægjulegu tíðindi eru að gerast að atvinnuleysi er hverfandi og bendir margt til þess að nú sé að skapast hér nokkur umframeftirspurn eftir vinnuafli. Ég sagði: Þau ánægjulegu tíðindi að atvinnuleysið er að hverfa. En vitanlega þurfum við þá að gæta okkur á því að fjárfesting og innflutningur vaxi ekki. Ég vil taka undir það með forustumönnum í sjávarútvegi að gengishækkun í þessari stöðu er ekki rétt. Gengishækkun kemur mjög ójafnt við atvinnuvegi landsins. Ég get hins vegar alls ekki tekið undir það að vaxtahækkun sé rétta leiðin til að sporna gegn hugsanlegri þenslu. Vaxtahækkun mundi hvíla sem ofurþungi enn á ný á skuldugum íslenskum atvinnuvegum. Því hef ég og við í ríkisstjórninni lagt áherslu á að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verði afgreiddur frá Alþingi. Vera má að stjórnarandstöðunni takist að koma í veg fyrir það. Þó er það nú von mín að svo verði ekki. En umfram allt vil ég leggja áherslu á það að atvinnurekendur sjálfir sem búa við betri hag verða að gæta þess að ráðstafa þeim peningum ekki til óskynsamlegra fjárfestinga eða eyðslu, ef ég má kalla það svo. Þetta fjármagn á að nota til þess að lækka skuldir atvinnufyrirtækjanna og íslenska þjóðarbúsins í heild. Þá erum við svo sannarlega á réttum vegi. Og ég ber það traust til íslensks atvinnulífs að svo muni sannarlega verða.

Það sem er hvað alvarlegast í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem hv. þm. minntist á hér áðan er spá þeirrar stofnunar um lítinn hagvöxt hér á landi á næstu árum. Það er mjög umhugsunarvert. Þessi spá er í fullu samræmi við það sem Þjóðhagsstofnun hefur sjálf spáð. Þess vegna er aldrei nauðsynlegra en nú að rennt verði fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf. Jú, þetta hefur oft verið sagt, en það er sannara nú en nokkru sinni fyrr. Það er þess vegna sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að auka nokkuð við orkufrekan iðnað í landinu og nýta ónotaðar orkulindir í því skyni. Það er enn eitt sem þessi sundurlynda ríkisstjórn er að knýja í gegn. En ég hef þó ekki síður trú á því að aðrir vaxtarmöguleikar séu miklir og jafnvel enn þá mikilvægari. Ég hef óbilandi trú á því að við getum stórlega aukið hér þjónustu, t.d. við ferðamenn. Og ég hef mesta trú á því að í þeirri þekkingu sem unga fólkið í þessu landi er að afla sér á fjölmörgum nýjum sviðum, hátækni og vísinda svo að eitthvað sé nefnt, muni þegar til lengri tíma er litið reynast þessari þjóð happadrýgst. En allt mun það verða til einskis ef við glötum því sem hefur áunnist.

Þessi sundurleita ríkisstjórn mun sitja út kjörtímabilið og þessi ríkisstjórn mun ekki glata neinu af því sem áunnist hefur með hörðum höndum, ekki síst fólksins sjálfs, þann tíma sem hún hefur setið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Góðir dagar fara í hönd. Vorið er gengið í garð, hlýrri og mildari vindar blása, allt fær á sig nýtt yfirbragð. Hlátrar óma um strætin, ferðalögin og sumarfríin nálgast. Skemmtilegasti tíminn er fram undan í sveitinni. Það eru forréttindi að vera Íslendingur, eiga þetta land og búa við þau lífskjör og möguleika sem hér eru til staðar.

Þegar við alþingismenn nú opnum eldhúsglugga Alþingis til að hleypa sólskininu inn til okkar og segja ykkur frá störfum þingsins og hvernig ríkisstjórninni er að takast að slá verðbólguna niður, þjóðarsátt í kjaramálum orðin staðreynd, þá komist þið þó ekki hjá því að heyra svartagallsrausið og sjóðandi afbrýðisemi sjálfstæðismanna. Sjálfstfl. er skrýtin skepna. Sé stefnuskráin skoðuð er þar eitthvað fyrir alla. Sjálfstfl. er eiginlega líkur glæsilegri kvöldmáltíð þar sem kalt borð er framreitt, allir finna eitthvað við sinn smekk og sitt hæfi. Veislan gengur upp sé flokkurinn í stjórnarandstöðu en eigi hann aðild að ríkisstjórn veikjast gestirnir. Það stendur alls ekki til að standa við öll þau fögru fyrirheit. Allt þetta fólk á alls ekki heima í þessum stóra flokki.

Ríkisstjórnin býr hér á Alþingi við mikinn innanhúskulda. Sjálfstfl. hefur sem áður rótast og barist gegn öllum góðum áformum. Þannig er Sjálfstfl. líkur þeim veðrasama vetri sem nú er að ljúka. Bölsýni og niðurrifsstarf er blettur á hverjum manni. En slíkt einkennir stærsta flokk landsins, þeir sjá ekki sólina, þeir sjá ekki vorið. Ég hugsa að Þorsteinn Pálsson og Geir Haarde setji ekki niður kartöflurnar sínar í vor, svo svartsýnir hafa þeir verið hér í vetur. Þó liggur það á borðinu að mikill árangur er að nást vegna starfa og staðfestu ríkisstjórnarinnar. Fyrirtækin eru hvert af öðru að skila af sér með hagnaði.

Vorið er gengið í garð í efnahagsmálum okkar. Framtíðin er þess vegna björt. Hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni er að takast í annað sinn að marka þáttaskil í efnahagsmálum okkar Íslendinga. Það tókst honum í sinni fyrstu ríkisstjórn 1983–1987 en þá tóku við ár hinna miklu mistaka og 13 dýrustu mánuðir Íslandssögunnar þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar glutraði árangrinum niður. Þá skiluðu fyrirtækin ekki hagnaði, nema kannski heildsalarnir.

Hafa menn gleymt hvernig mál þróuðust 1987–1988? Hver man ekki t.d. ummæli Sverris Hermannssonar um Þorsteinsstjórnina: „Menn reka fyrirtækin lóðrétt til andskotans," sagði Sverrir Hermannsson. Öll frystihúsin voru að stöðvast. Íslenskir grunnatvinnuvegir lágu á hliðinni. Háir vextir og fast gengi var boðskapur ungu mannanna í Sjálfstfl., þó nú sé fróðlegt að heyra Þorstein Pálsson halda öðru fram. Þegar við loksins komum þessum fuglum burt úr Stjórnarráðinu þurfti 7 milljarða til að koma sjávarútveginum á fæturna. Blómlegasta sjávarþorp landsins, Vestmannaeyjar, þurfti fyrirgreiðslu sem sýnir best hvernig þessi helstefna lék byggðirnar. Var einhver að segja að hann vildi Sjálfstfl. á nýjan leik í Stjórnarráðið? Þeim voru ofar í huga hagsmunir heildsalanna en frystihúsanna, ofar í huga hagsmunir þeirra fáu og ríku en fjöldans.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur í andstöðu við Sjálfstfl. velt um borðum víxlaranna. Við urðum að berja á fingur fjármögnunar- og kaupleigufyrirtækjanna, taka bankana taki. Við breyttum lánskjaravísitölunni í hag fólksins og fyrirtækjanna. Þannig hefur þessi ríkisstjórn markvisst unnið að því að skapa hér nýtt efnahagsumhverfi.

Nú heyrir viðskiptahallinn sögunni til. Nú er gengið skráð í hag útflutnings- og samkeppnisfyrirtækjanna, það lægsta um árabil, leiðrétt hægum en föstum skrefum án kollsteypu, eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Framsfl. hefur alltaf gert þá kröfu að undirstöðuatvinnuvegirnir hafi rekstrargrundvöll. Það er hin raunhæfa byggðastefna.

Það er ekki sama hver á heldur, það er ekki sama hver stjórnar heimili, fyrirtæki eða ríkisstjórn. Þetta stjórnarsamstarf hefur reynt á þolinmæði Steingríms Hermannssonar. En hann hefur notið þess að hafa einhuga flokka á bak við sig og vita hvert ferðinni var heitið, enda uppskeran sigurlaun erfiðisins.

Þjóðarsáttmáli náðist milli aðila vinnumarkaðarins með aðild bænda. Forsendur hans eru þær að ríkisstjórninni hefur tekist vel, verðbólgan hrapað, útlánsvextirnir hafa lækkað frá áramótum úr um 30–35% niður í 13–14%. Unga fólkið með dýru lánin finnur batann á veskinu sínu, fjármagnskostnaður fyrirtækjanna hverfur og enn á verðbólgan eftir að lækka þegar líður á árið.

Þessi þjóðarsátt fer í taugarnar á Sjálfstfl., enda reyndi höfðinginn á Seljavöllum að hefna þess í héraði sem hallaðist á Alþingi með því að láta íhaldið í stjórn Áburðarverksmiðjunnar samþykkja 18% hækkun í stað 12% hækkunar sem kjarasáttmáli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins var byggður á. Ríkisstjórninni hefur þó tekist að koma í veg fyrir þetta skemmdarverk Sjálfstfl. Bændurnir þurfa á öðru að halda en að vera bitbein. Það er hart vegið að þeirri stétt. Ýmis öfl heimta innflutning á landbúnaðarvörum erlendis frá. Það verður að opna glufu, sagði borgarstjórinn og varaformaður Sjálfstfl. á frægum fundi. Við framsóknarmenn stöndum vörð um íslenskan landbúnað. Þéttbýlisfólkið á mikið undir því að sveitirnar dafni. Annars hrynur allt í rúst.

Ég ætla svo að lokum að segja ykkur frá þingmáli sem ég flutti hér á Alþingi ásamt tveimur öðrum þingmönnum Framsfl. Það er kunnara en frá þurfi að segja að málefni lífeyrissjóðanna eru á villigötum. Við leggjum til að það verði kannað hvort ekki eigi að stofna eigin eftirlaunasjóði einstaklinga innan bankakerfisins en tryggingaþátturinn verði settur inn í almenna tryggingakerfið. Þessi leið sparar kostnað, lífeyrissjóðirnir segja að þeir þurfi 20% af öllum launum til að standa við skuldbindingar sínar í stað 10% nú. Okkar hugmyndir miða við að 10% nægi. Útreikningar sýna að einstaklingur með 70 þús. kr. á mánuði ætti 13,5 millj. kr. í starfslok. Annar sem hefur 100 þús. kr. á mánuði ætti 19,4 millj. kr. í starfslok. Þeir gætu greitt sjálfum sér í eftirlaun næstu 30 árin annars vegar 73 þús. kr. á mánuði, hins vegar 102 þús. kr. Þessi tillaga er andstæð kerfinu en fólkið styður hana. Hér sannast það að þeir sem deila og drottna með peninga fólksins vilja gera það áfram. Þeir þola ekki gagnrýnina sem beint er að þessu staðnaða kerfi. Sá sem hefur fjóra ása á hendi kærir sig ekki um að spilin verði gefin upp á nýtt.

Góðir Íslendingar. Framsfl. er hið róttæka umbótasinnaða afl sem þorir að takast á við hið nýja tungl framtíðarinnar. Framsfl. er að takast að leiða þjóðina út af eyðimörk frjálshyggjunnar. Framsfl. er einhuga, á sterka forustumenn og vinnur fyrir landið allt. Framsfl. skilur að hagsmunir atvinnulífsins og launþeganna eru í sömu körfu. Þess vegna blasir nú við betri tíð með blóm í haga. Þess vegna er vor fram undan í okkar efnahagsmálum og þjóðlífi. — Góðar stundir.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Nú líður að lokum þessa þings og því gott tilefni að líta um öxl og leggja mat á verk stjórnvalda á þessu þingi. Það er erfitt að gera upp á milli verkanna, skattar hækkaðir, lífskjör skert, virðisaukaskattur — matarskattur innifalinn, lögfestur, svo að eitthvað sé talið. Síðan var verkið kórónað með samningum í byrjun febrúar í eldheitum faðmlögum við aðila vinnumarkaðarins og mátti vart á milli sjá hver undi þeim ástaratlotum best. Árangur þessara samninga er svo áður óþekkt jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Hyggjum nánar að þessu jafnvægi. Verðbólga hefur náðst niður, í bili a.m.k. Vextir hafa lækkað og atvinnuleysi minna en svartsýnustu spár sögðu. Atvinnuleysi er þó miklu meira en þekkst hefur lengi, vextir eru enn þá háir og strax teknar að heyrast raddir um nauðsyn þess að hækka þá og það sem mestu máli skiptir, jafnvægisleysið í efnahagsmálum heimilanna er algert.

Það er alvarlegt að með þessum samningum er ástarþríhyrningurinn, ríkisstjórn, vinnuveitendur og verkalýðshreyfingin, að slá því föstu að verðbólgubálið hafi verið kynt með launaseðlum láglaunafólks og nú þegar það lætur loks af kröfunum, þá vanti eldsneyti á bálið. Verðbólgan var, er og verður láglaunafólkinu að kenna, líklega því fólki sem hefur

40–60 þús. kr. á mánuði í laun. Hvernig á að hefja nýja sókn, eins og Ásmundur Stefánsson kaus að kalla það í ræðu 1. maí, undir þessum krossi? Það var þó athyglisvert að nýkjörinn verkalýðsleiðtogi, Sigríður Kristinsdóttir, hóf ræðu sína við sama tækifæri á því að tala um laun kvenna, stöðu þeirra og kjör. Þar kvað heldur en ekki við nýjan tón. Ekki minnist ég þess að verkalýðsleiðtogar hafi við sömu tækifæri eða svipuð hafið mál sitt á kvennamálum. Þau koma oftast með slaufunum og blómabúkettunum síðast með málunum: Auk þess þarf ... o.s.frv. Segi menn svo að það skipti ekki máli hvort karl eða kona heldur um stjórnvölinn og skyldu konur um allt land minnast þessara upphafsorða næst þegar þær ganga til atkvæða í sínu verkalýðsfélagi eða stofna sitt eigið.

En hverjir eru það sem verða að láta sér nægja 40–60 þús. kr. mánaðarlaun, svo að maður tali nú bara um þá allægstu? Það er auðvitað öllum ljóst að yfirgnæfandi meiri hluti þessa fólks er konur. Ýmsir hafa bent á að hagvöxtur hér á landi undanfarin ár hefur ekki síst verið konum að þakka. Ekki hefur sá hagvöxtur ratað í þeirra pyngjur. Þess í stað er ábyrgð þeirra á óstjórn efnahagsmála staðfest og það í nafni einhverrar þjóðarsáttar. Þjóðarsáttin er ekki á ábyrgð almennings í þessu landi. Hún er einhvers konar fjallatoppasátt. Svo hátt geta menn hreykt sér að þeir heyri ekki til þeirra sem búa niðri í dölunum. En þeir létu skilaboðin berast niður fjallshlíðarnar: Ef þið hlýðið ekki koma skriður, verðbólguskriður, atvinnuleysisskriður, kreppuskriður. Hvað segir fólkið þá? Hlýðir, og ekki síst konur sem aldrei hafa vanist því að setja sjálfar sig efst á blað. Þær eru langvanar því að setja annarra velferð ofar sinni eigin. En þetta mega og geta konur ekki lengur. Þeirra velferð er samofin velferð fjölskyldna og barna þessa lands. Þær eru fyrirvinnur engu síður en karlar. Leyfist mér að minna á að um það bil 10 þús. börn á aldrinum 0–16 ára eru á framfæri einstæðra mæðra. Eru þá ótaldar hinar sem deila framfærsluskyldu með öðrum aðila.

Auk almennra launahækkana láglaunafólks hlýtur aðalkrafan að vera stytting vinnutíma. Þó að stefnt sé að lengri skóladegi, þó að byggðir verði fleiri leikskólar, þó að reynt sé að finna sérúrræði fyrir aldraða og fatlaða verður að stytta vinnutíma alls þorra fólks. Fjölskyldan verður að fá andrými. Við getum ekki haft börnin okkar á stofnunum tíu tíma á dag. Við getum ekki ýtt öllum þeim sem ekki eru fullfærir til þátttöku til hliðar. Afleiðingarnar verða skelfilegar ef við sjáum okkur ekki um hönd og tökum nýjan kúrs. Það eru þegar alvarlegar blikur á lofti.

Sú velsæld sem keypt er þrældómi, óhóflegum fjarvistum foreldra frá heimili, börnum og fjölskyldu, því verði að geta ekki verið félagsvera og því að lifa menningarsnauðu fjölmiðlalífi, sú velsæld snýst fyrr en varir upp í andhverfu sína, vesöld. Til að forða því verður fólk að leggja á brattann og steypa af tindastólum þeim sem heyra ekki lengur í fólkinu í landinu. Í þeirri fjallgöngu ættu konur að vera í fararbroddi og það geta þær ef þær þekkja sinn vitjunartíma.

Í dagblaðinu Tímanum var frétt 1. maí undir fyrirsögninni „Byggðaþróun í Noregi veltur á kvenþjóðinni". Þar segir m.a. frá því að yfirvöld í Noregi hafi áttað sig á því að forsenda þess að halda byggðajafnvægi sé að hyggja sérstaklega að málefnum kvenna. Þar á bæ eru menn farnir að átta sig á því að lífið gangi ekki án kvenna. Það var vonum seinna. Þar fá þróunarverkefni sem miða að því að bæta atvinnumöguleika kvenna forgang og þau styrkt sérstaklega. Svona langt eru íslenskir ráðamenn ekki komnir. Ekki fær tillaga Kvennalistans á Alþingi um að ½ af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar skyldi varið til uppbyggingar atvinnu fyrir konur neinar undirtektir. Gott ef hún þótti ekki hlægileg mismunun. Sömu sögu er að segja um tillögu Kvennalistans um að á fjárlögum yrði varið 200 millj. kr. til átaks í atvinnumálum kvenna. Sú tillaga þótti að vísu ekki hlægileg heldur í hæsta máta ósvífin, þó sú upphæð sé ekki há mæld á milljarðamælikvarða stórvirkjana og álvera. Nei, hér dettur mönnum ekkert í hug annað en að stofna nefndir. Forsrh. skipaði eina slíka sem skyldi gera tillögur um atvinnuuppbyggingu og núv. umhverfisráðherra, þáv. hagstofuráðherra, skipaði aðra hugarflugsnefnd, eins og hann kallaði það, til álíka verka. Þarflaust er að taka fram að þessar nefndir voru algerlega lausar við mismunun. Í þeim sitja bara karlar.

Hvað sitja Íslendingar svo uppi með sem úrræðið eina? Álver. Það nýjasta í dýrðaróði iðnrh. er að þar séu á ferðinni gullin atvinnutækifæri fyrir konur. Hið ljósa man mun í framtíðinni framleiða hið ljósa ál í hreinlegu umhverfi, tæru lofti og á háum launum, að sögn hans. Trúir ráðherra þessu sjálfur eða er þetta bara nýjasta ábreiðan til að breiða yfir allan ófögnuðinn: Erlendu skuldasöfnunina, þensluna sem af hlýtist, mengunina og þá staðreynd að þau rándýru atvinnutækifæri sem skapast leysa ekki atvinnuleysið um allt land nema ekki standi til að hætta fyrr en allt landið er undirlagt? Þá getum við líka gleymt draumnum um hreint land sem framleiðir úrvalsmatvörur úr afurðum lands og sjávar. Það er til nóg af mengaðri matvöru í heiminum. Gleymt draumnum um hreint land sem laðar að ferðamenn. Varla fara þeir að leggja leið sína til Íslands til að anda að sér menguðu lofti, borða mengaðan fisk og kjöt og glápa á virkjanir, álver og rafmagnslínur. Þeir hafa svo mikið af öllu þessu heima að eitt helsta baráttumál fólks um allan hinn vestræna heim er umhverfisvernd. E.t.v. er afrakstur þeirrar baráttu m.a. sá að álfurstar sýna nú aftur áhuga á Íslandi. Þeim er hvergi orðið vært heima fyrir lengur. Þegar við bætist svo ódýr orka, ódýrt vinnuafl og auðsveipir ráðamenn er von að þeir líti hingað hýru auga.

En hvað þá? er spurt. Við eitthvað verður fólk að vinna. Fyrir utan fullvinnslu á sjávarafurðum okkar er margt fleira í boði en svo gersamlega eru menn slegnir álblindu að þeir hvorki sjá né heyra. Þess vegna er ekki leitað annarra úrræða. Ef ráðamenn

þögguðu nú augnablik niður í öllum ráðgjöfunum og sérfræðingunum og legðu eyrun við mundu þeir fljótlega uppgötva að það úir og grúir af hugmyndum um atvinnu og nýsköpun um allt land. Þetta sannreyndum við kvennalistakonur á ferðum okkar um landið í sumar. Þetta höfum við margreynt á fundum með konum víðs vegar um landið. Sýningin Drekinn á Egilsstöðum sl. sumar, sem var árangur sameiginlegs átaksverkefnis á Austfjörðum, talar líka sínu máli. Ég nefni ágæta ráðstefnu sem haldin var í Bifröst í Borgarfirði sl. laugardag svo að eitthvað sé talið. Það skortir ekkert á hugmyndir en eitthvað hamlar framkvæmd. M.a. fjárskortur en e.t.v. ekki síður skortur á frumkvæði í héraði. Það skyldi þó ekki stafa af oftrú á ráðabruggi þeirra fyrir sunnan?

Ef menn reyna að loka eyrum fyrir glamri og glæsiorðaflaumi þar sem allt er kennt við eitthvað stórt og hlusta á sína innri rödd, þá vill auðvitað enginn maður að álversdraumurinn rætist. Hvaða Íslendingur á sér þá framtíðarsýn að virkja allt hið lifandi vatn, klæða landið áli og ætla svo börnum sínum að borga skuldirnar, m.a. með því að vinna í álverum? Auðvitað vill þetta ekki nokkur maður ef hann horfir langt yfir skammt.

Virðulegi forseti. Þó ég segði í upphafi að nú væri tími til að horfa um öxl, e.t.v. reiður, ætla ég að enda á því að horfa fram á veginn. Fáir taka undir það að Íslendingar eigi að ganga í EB. Þó er unnið að því leynt og ljóst að tengja Ísland stórríkinu föstum böndum. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið ásamt öðrum EFTA-ríkjum að ganga til samninga við EB um evrópskt efnahagssvæði. Þar eru lögð til grundvallar lög og reglur EB. Áður en ég vík að því stjórnkerfi ætla ég að fara örfáum orðum um hver tilgangurinn er með EB. Allt er þar gert í nafni frelsis og ágóða, opnunar og haftaleysis. Þessi gömlu nýlenduveldi eru að finna sér aðra aðferð til að nýta sér önnur lönd en þau viðhöfðu áður. Tilgangurinn er sá sami: að komast yfir hráefni og fullvinna þau innan múranna sem verið er að reisa. Þeir eru ekki sjáanlegir en áhrifaríkir. Áður fóru þessar þjóðir með her til annarra landa, sóttu hráefnið í hendur innfæddra með hervaldi þegar verst lét, fluttu það heim, unnu það og auðguðust af. Nýtísku aðferðir eru aðrar. Nú reisa menn um sig tollmúra. Nú skal viðskiptaþvingunum beitt í stað vopna. Þetta er ekkert annað en ný nýlendustefna í dulargervi.

Hvar standa Íslendingar í þessu dæmi? Ef af samningum verður dæmast Íslendingar til að verða fyrst og fremst hráefnisframleiðendur og orkubú. Erlendir aðilar munu ná undirtökum í íslensku atvinnulífi, ósérhæft vinnuafl flykkist til landsins og hætta á atgervisflótta úr landi svo eitthvað sé talið. Einstaklingum munu eflaust skapast aukin tækifæri á erlendri grund. En hvað yrði um íslenska þjóð? Því hvers megum við okkar í því miðstýrða ofurvaldi sem EB-löndum er gert og EFTA-löndum verður gert að beygja sig undir? Lýðræðiskjörin þjóðþing mega sín lítils ef ákvarðanir þeirra brjóta í bága við lög og vilja stórríkisins. Þar ræður fámennisstjórn og dómstóll þess ákveður m.a. hvaða lögum þurfi að breyta í aðildarríkjum til samræmis við lög stórríkisins. Ég óttast að með þátttöku í samningum EFTA og EB séu Íslendingar að kalla yfir sig Gamla sáttmála hinn nýja. Er svo miklu fórnandi fyrir efnahagslegan ávinning?

Hvað er þá til ráða? Valið stendur um að einangrast innan Evrópu eða utan. Einangrun utan Evrópu getum við rofið. Það eru ekki mörg ár síðan menn höfðu af því sárar áhyggjur að við seldum allt of mikið til Ameríku, viðskiptin við Evrópu væru allt of lítil. Svo fljótt skipast veður í lofti og svo fljótir eru menn að gleyma að nú er talað um það eins og heimsendi ef við misstum markaði okkar í Evrópu um einhvern tíma. En heimurinn er sem betur fer stærri en EB og Bandaríkin. Nýir markaðir hljóta að opnast í Austur-Evrópu og þess utan eru nokkrar heimsálfur. Hjólin snúast nú með meiri hraða en nokkurn óraði fyrir fyrir ári síðan. Fyrr en varir verður Evrópa að láta af einangrunarstefnu sinni. Hún þarf á okkar afurðum að halda og við á tengslum við hana. Við viljum halda áfram mikilvægri samvinnu, einkum á sviði vísinda og menningar, við Evrópu sem við tilheyrum bæði menningar- og sögulega.

Það kann að verða einhver bið á því að leiðin opnist til beinna tvíhliða samninga milli Íslands og EB. Þeir samningar mega ekki verða með einhverjum afarkostum, heldur milli tveggja jafnréttháa aðila. Við þurfum e.t.v. að taka á þolinmæðinni, erfiðleikar kunna að steðja að en einhverju þarf til að kosta ef við viljum vera sjálfstæð þjóð og það fara e.t.v. að verða síðustu forvöð að gera það upp hvort við viljum það. Ef við viljum það þurfum við að stórefla íslenska menningu, byggja á góðri menntun, rannsóknum, hugviti og handverki, framleiðslu úrvalsmatvöru og ganga um landið eins og góð húsmóðir um eldhúsið sitt. Þá getum við mætt hverjum sem er sem upprétt þjóð í stað þess að liggja sífellt hundflöt fyrir höfðingjanna dyrum. Mörgum finnst þetta eflaust gamaldags úrtölutal, gott ef ekki í ætt við kúskinnsskó. En það verður þá bara að hafa það. Ég skirrist ekki við að liggja undir því ámæli að vera gamaldags og púkó og því til sönnunar ætla ég, með leyfi forseta, að ljúka þessu með orðum sem sett voru á blað árið 1944. Það gerði einn merkasti vísindamaður Íslendinga fyrr og síðar, dr. Björn heitinn Sigurðsson, sem jafnan var kenndur við Keldur. Hann segir:

„Hin eilífa raunarolla, um að landið sé lélegt og erfiðleikar þjóðlífsins ósigrandi, verður að hljóðna. Við verðum að leggja fram vitsmuni okkar í ríkari mæli en áður í hlutfalli við stritið sem við höfum einkum byggt afkomu okkar á hingað til. Okkur skortir e.t.v. ekkert fremur en sjálfstraust til þeirra starfa sem fram undan eru. Margir Íslendingar hafa lært það af stórþjóðum að líta niður á allar smáþjóðir og sjálfa sig um leið. Flest annað hefðum við fremur mátt af stórþjóðum læra, því aldrei munum við duga betur en við treystum okkur sjálfir til."

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Því meira sem við tökum tillit til mannlegu sjónarmiðanna, því meira drögum við úr hagkvæmninni. Þetta setningarbrot heyrðu landsmenn í Ríkisútvarpinu einn morguninn af vörum eins þeirra sem unnið hafa að mótun fiskveiðistefnu. Ég hef oft hugleitt þessa setningu síðustu dagana eftir því sem að afgreiðslu þess frv. dró. Því meira sem við tökum tillit til mannlegu sjónarmiðanna, því meira drögum við úr hagkvæmninni. Þvílíkur sannleikur. Eða skyldi þetta e.t.v. vera sá sannleikur sem hafður er að leiðarljósi við almenna stefnumótun í þjóðfélaginu?

Við umfjöllun um fiskveiðistefnuna fluttu kvennalistakonur viðamiklar brtt. Í hnotskurn fela þær í sér að við viljum auka hagkvæmni með því að taka tillit til mannlegra sjónarmiða og þá auðvitað um leið til byggðasjónarmiða. Við teljum nauðsynlegt að rjúfa sambandið milli skips og kvóta með því að úthluta honum til byggðarlaga.

Með byggðakvóta er átt við að sveitarstjórnir á útgerðarstöðum hafi rétt til að úthluta kvóta til einstaklinga, útgerðarfélaga og fiskvinnslustöðva, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Í lögum stendur skýrt og ákveðið að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að afhenda fisk sem syndir í sjónum örfáum aðilum til frjálsrar ráðstöfunar án þessa að réttur eigandans, þ.e. þjóðarinnar, sé að nokkru leyti virtur. Byggðakvótinn mundi stuðla að valddreifingu en um leið auka möguleika fólks til að skipuleggja þessa mikilvægu atvinnugrein með tilliti til aðstæðna og útgerðarhátta á hverjum stað. Reynslan hefur sýnt fram á réttmæti þessara sjónarmiða og nauðsyn þess að tryggja sanngjarnari dreifingu atvinnu og arðs af fiskimiðunum.

Það var fróðlegt en ekki alltaf uppörvandi að taka þátt í umfjöllun um fiskveiðistefnuna. Það sem fyrst og fremst vakti athygli var að skynja það hvernig kerfið berst um og engist í viðleitni sinni til þess að viðhalda sjálfu sér. Ógerlegt reyndist að hnika því til. Þrátt fyrir þann fjölda hugmynda og tillagna sem fram kom og þrátt fyrir þær staðreyndir sem blasa við víða um land og rekja má til fiskveiðistefnunnar varð engu um þokað. Þó var e.t.v. enn alvarlegra að skynja það áhugaleysi sem sýnt var á að kynna sér og ræða hugmyndir annarra. Því hljóta að vakna spurningar um það hvernig komið er fyrir Alþingi og hvort þar fer yfirleitt fram frjótt og skapandi starf. Ef menn innan þessa húss hlusta ekki hver á annan, hvað má þá ætla um að þeir hlusti á raddir fólksins? Er það ekki að verða þjóðsaga að Alþingi endurspegli vilja þjóðarinnar? Þegar allt var komið í eindaga voru endalokin þau að formenn ríkisstjórnarflokkanna komu sér saman um afgreiðslu fiskveiðimálsins í skjóli þess meirihlutavalds sem þeir hafa í þinginu. Að mínu mati er sú þróun hættuleg að ekki fari fram umræða um nýjar hugmyndir á löggjafarsamkundunni heldur séu ákvarðanir teknar af formönnum fyrir luktum dyrum. Þetta var örugglega ekki markmið þeirra framsýnu manna sem stofnuðu Alþingi Íslendinga. Það var örugglega ekki þeirra ætlun að þingið yrði vettvangur fyrir sviðsettar rökræður þar sem niðurstaðan var fyrir fram ákveðin. Þess konar vinnubrögð eru ekki til þess fallin að vekja traust manna á stjórnmálamönnum.

Við kvennalistakonur höfnum slíkum vinnubrögðum, enda teljum við okkur rétt og skylt að kynna okkur rækilega allar þær hugmyndir og tillögur sem hér eru fram bornar og taka til þeirra málefnalega afstöðu. Ef vel er að gáð má segja að í tillögum ríkisstjórnarinnar um að setja á stofn Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins felist örlítil viðurkenning á réttmæti byggðasjónarmiða í anda þess sem við kvennalistakonur höfum oft bent á. Undarleg var lendingin samt. Ef betur er að gáð er hún þó dæmigerð fyrir byggðastefnuna. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar er nú ætlunin að úthluta kvóta til sveitarfélaga, ýmist gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, „standi sérstaklega á", eins og segir orðrétt í tillögunum. Í þessum orðum endurspeglast kjarninn í byggðastefnu ríkisstjórnarinnar. Engar áætlanir liggja fyrir um átak í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni og greinilegt er að áfram er stefnt að því að hefja björgunaraðgerðir, „standi sérstaklega á". Þessi stefna hefur sýnt og sannað að hún dugir ekki til annars en að leysa staðbundin vandamál í bili en vanda heildarinnar leysir hún ekki til frambúðar.

Ríkisstjórnin hælir sér af því að hafa náð fram efnahagslegu jafnvægi. Það jafnvægi hefur staðfest enn frekar óeðlilegt launabil og ójafna tekjuskiptingu sem kemur verst niður á konum. Kvennalistakonur hafa reynt að fá upplýsingar um raunverulegan framfærslukostnað einstaklinga og fjölskyldna. Þær upplýsingar virðast ekki liggja á lausu. Þó hafa menn treyst sér til að leggja mat á framfærsluþörf námsmanna sem liggur töluvert yfir því sem fólk á taxtalaunum býr við. Fer þó fjarri að námsmönnum sé skammtað ríflega en þetta mat staðfestir að lægstu launin eru úr öllum tengslum við raunverulegar þarfir fólks til lífsviðurværis og miðast einungis við hagsmuni vinnuveitenda.

Kvennalistakonur hafa í vetur sem endranær unnið ötullega hér á Alþingi. Við höfum borið fram margar nýjar tillögur sem varða velferð fjölskyldna og heimila og atvinnusköpun fyrir konur. Sem betur fer hafa nokkrar þeirra hlotið samþykki. Má sem dæmi nefna till. um fjarvinnustofur sem felur í sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að flytja verkefni út um landið og veita fólki atvinnu um leið og því gefst kostur á að vera þátttakendur í þeirri tölvu- og fjarskiptatækni sem á eftir að verða vaxandi þáttur í lífi okkar á komandi árum. Takist vel til með uppbyggingu fjarvinnustofa má ætla að fólk fái þar verkefni og vinnuaðstöðu sem leiði til traustari búsetu. Þá vil ég nefna till. um uppbyggingu mötuneyta og heimavista fyrir nemendur framhaldsskóla sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð. Enn vil ég nefna frv. um aukin tengsl grunnskólans við lista- og fræðslustofnanir þar sem gert er ráð fyrir að börn læri að skynja og skilja

gildi menningar, lista og þjóðlegs handverks, sem við erum því miður að glata með öllu.

Ég vil einnig geta till. um nýja aðferð til að reikna þjóðhagsstærðir þar sem tekið er tillit til umhverfisþátta og auðlindanýtingar þegar hagvöxtur er metinn. Það væri of langt mál að tíunda nákvæmlega efni allra þeirra mála sem við kvennalistakonur höfum haft fram að færa. En í síðasttöldu till. er að finna grundvöllinn að þeirri hugarfarsbreytingu sem konur telja brýnast alls að ráðamenn temji sér. Að þeir hætti að líta á líf okkar hér á þessu landi með gagnaugunum einum saman en skynji að okkar eina auðsuppspretta er jörðin sjálf. Hún er undirrót allra þeirra auðæfa sem skapast og þess vegna verðum við að virða hana og ganga um hana með gát. Og því kem ég enn að upphafsorðum mínum sem ég vil nú snúa við og segi: Því meira tillit sem við tökum til mannlegra sjónarmiða því betur mun okkur farnast í þessu landi. Þetta hafa konur löngum skynjað, undir þessu er velferð okkar í landinu komin.

Ég óska landsmönnum öllum góðs og gjöfuls sumars.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Stjórnmálamenn, flokkar og ríkisstjórnir leggja verk sín fyrir dóm kjósenda, ykkar sem fylgist með þessum umræðum. Hér fer fram eins konar munnlegur málflutningur fyrir rétti og ykkar er að kveða upp dóminn. Að sjálfsögðu látið þið menn njóta verka sinna en hlífist ekki við að dæma hart um það sem miður fer. Við skulum samt hafa í huga að ríkisstjórnir ráða ekki öllu og eru háðar ytri skilyrðum. Sumar starfa í meðlæti, sumar í mótlæti.

Nú skulum við bera saman tvær ríkisstjórnir. Önnur starfaði í meðlæti í góðærinu mikla 1985–1987. Hún fékk upp í hendurnar 50 þús. millj. kr. í aukinni þjóðarframleiðslu, þ.e. um 830 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Hin ríkisstjórnin, sú sem nú starfar, starfaði á samdráttarskeiði og varð að stjórna við þau skilyrði að þjóðarframleiðslan rýrnaði 1988, 1989 og það sem sýnt er fram á þetta ár, um um það bil 25 milljarða kr. Eða hafði minna milli handanna sem svarar 415 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Nú skulum við leiða fram vitni. Það vill svo til að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu er búin að kveða upp dóm um hina fyrri ríkisstjórnina sem starfaði í meðlæti. Nú vitna ég í sjálft Morgunblaðið. Dómurinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á því leikur enginn vafi að ekki var rétt staðið að hagstjórn á uppgangstímabilinu 1985–1987. Sérstaklega má benda á að þjóðhagslegur sparnaður dróst saman og erlendar skuldir fóru vaxandi við mjög hagstæðar ytri aðstæður. Viðvarandi halli var á ríkisbúskapnum og það var meginástæðan." Þetta segir m.a. í skýrslunni.

Virðulegu dómarar. Þannig var stjórnað í góðæri. Þeim tókst ekki að stjórna í góðæri. Formaður Sjálfstfl. var fjmrh. á þessum tíma. Þeir runnu af hólmi þegar harðnaði á dalnum og hafa síðan aðallega stundað málþóf, teygt lopann hér í þingsölum um þingsköp en gripið í blaðamennsku við Morgunblaðið í tómstundum.

Virðulegi forseti. Önnur ríkisstjórn sem starfaði í mótlæti hafði orðið að sjá á eftir 25 þús. milljörðunum. Hvernig hefur henni tekist til? Lítum á nokkrar staðreyndir.

Verðbólgan. Hún var 30–35% á sl. hausti. Hún er nú komin niður í eins stafs tölu. Seðlabankinn, páfinn sjálfur, spáir um 7% verðbólgu á þessu ári. Verðbólguhraðinn á tveggja mánaða tímabili er núna 6%. Matvælaverð hefur á þremur mánuðum hækkað um 0,8% sem samsvarar 3,4% verðbólgu. Allar ríkisstjórnir hafa allan lýðveldistímann sagt: Við stefnum að því að ná verðbólgunni niður á sama stig og í helstu viðskiptalöndum. Það hefur engri tekist fyrr en þessari. Er þetta eitthvert blöff? Nei, kjarasamningarnir standa fram í september á næsta ári, 1991. Það er jafnvægi á vinnumarkaði og í peningamálum. Þetta eru raunhæfar horfur.

Vextir. Um hvað hefur verið meira talað í þessu þjóðfélagi á undanförnum erfiðleikaárum en vexti? Þeir voru 32% á óverðtryggðum skuldabréfum í nóvember. Þeir eru núna 14%. Ég er hérna með í höndunum blað frá verðbréfamarkaði sjálfs Íslandsbanka. Tilvitnun, með leyfi forseta: „Vextir í Bretlandi eru 16%. Enginn vafi leikur á því að eftir síðustu lækkanir eru raunvextir á Íslandi að verða með því lægsta sem gerist í nærliggjandi löndum." En er þetta nú ekki bara blöff, er þetta ekki allt á kostnað launþega? Tökum dæmi. Hverjir hafa átt erfiðast á undanförnum árum? Eru það ekki þeir sem skulda? Tökum dæmi af fjölskyldu sem skuldar, þó ekki sé nema 500 þús. kr. Hún hefði borgað á þessu ári 110.000 kr. ef hún hefði búið við sama verðbólgu- og vaxtastig og á fyrra ári. Í ár borgar hún, ef þessi verðbólga helst, 53 þús. Hún hefur fengið í vasann 57 þús. kr., svona mánaðarlaun láglaunafjölskyldu. Ef hún hefði átt að ná þessum árangri í gegnum kauphækkun þá hefði kauphækkun orðið að vera þreföld á við það sem hún var. Þá hefði líka siglt í kjölfarið meiri verðbólga og hærri vextir og hún hefði verið verr sett en áður.

Lækkun vaxta var þess vegna besta kjarabótin fyrir fjölskyldurnar og heimilin. Um afkomu fyrirtækjanna er það að segja að hún hefur skilað inn tugum milljóna hjá venjulegu meðalfyrirtæki, í bata. Þar er inneign upp á kjarabætur framtíðarinnar. Skuldsett fyrirtæki, hvað gat komið þeim betur en lækkun fjármagnskostnaðar? Enda sjáum við það í afkomu sjávarútvegsins, en við það höfum við verið að stríða í tvö og hálft ár að koma honum á kjöl.

Spáð var atvinnuleysi þúsunda manna. Tekist hefur að koma í veg fyrir það. Nýtt átak við stórvirkjanir og stóriðju mun skapa 2500 ný störf. Við Íslendingar þurfum ekki að hafa áhyggjur af atvinnuleysi á næstunni.

Viðskiptajöfnuðurinn. Hann er búinn að vera hagstæður allt árið 1989, hann var hagstæður upp á 7,5 milljarða og er mun lægra hlutfall af vergri framleiðslu, hallinn sem eingöngu er vaxtagreiðslur vegna

erlendra lána tekinna m.a. í góðærinu áður. Meira að segja sparnaður hefur aukist, og nú vitna ég í sjálfan seðlabankastjóra. Hlutfall af landsframleiðslu í sparnaði hefur aukist allverulega á þessum tíma.

Er þá allt eins og best verður á kosið í þessu fyrirmyndarríki? Nei, en enginn getur neitað þessum staðreyndum um þann árangur sem náðst hefur. Það má nefna ríkisfjármál. Það er halli í ríkisbúskapnum. Hann er búinn að vera innbyggður í mörg ár. Þegar samdrátturinn kemur eru útgjöldin bundin vegna þess að Alþingi hefur lögbundið með sjálfvirkum hætti útgjaldastig ríkissjóðs þannig að tímabundið myndast þar halli. Engu að síður hafa orðið verulegar framfarir. Lánsfjárþörf ríkissjóðs er mun lægra hlutfall af landsframleiðslu en var og hallinn er fjármagnaður á innlendum vettvangi, sem skiptir sköpum um efnahagsáhrifin.

Með öðrum orðum, niðurstaðan. Við erum hér í munnlegu réttarhaldi. Hver er dómurinn? Þrátt fyrir erfiðleikana hefur sú ríkisstjórn sem innan árs mun skila af sér skilað ótvírætt miklu betra búi en ríkisstjórn sem naut meðlætis og fékk allt upp í hendurnar. Þetta er ekki venjuleg, vitlaus vinstristjórn, góðir hálsar. Þeir segja að hún sé óvinsæl. Já, enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Þeir segja að hún sé sundurlynd. Já, þetta eru ólíkir flokkar með ólíka stefnu. En sundurlynd ríkisstjórn hefur náð þessu. Sjálfstfl., hvað er hann aftur? Er hann ekki eins konar fjölflokkabandalag?

Virðulegi forseti. Flokkar, eins og stjórnmálamenn, leggja verk sín fyrir dóm. Hver hefur verið hlutur Alþfl. í stjórnarsamstarfi í þrjú ár? Ég nefni ykkur nokkur mál. Skattkerfisbyltinguna 1987–1988. Hinar róttæku breytingar í húsnæðismálum. Endurskipulagningu á fjármagnsmarkaði og í bankakerfi, breytingar á atvinnustefnu, stefnumótun og forustu um stefnumótun í Evrópumálunum.

Tökum dæmi af skattkerfisbreytingunni. Hvað voru margir búnir að tala um það lengi að koma á staðgreiðslukerfi skatta? Hvað var búið að tala um og gera margar atrennur að því að koma á tollabyltingunni til þess að laga okkur að samstarfi við Evrópuþjóðirnar? Hve oft var búið að hafa uppi stór orð um að reyna að loka skattsvikaleiðum með því að fækka undanþágum í söluskatti? Hversu margir fjármálaráðherrar höfðu stefnt að því að koma á virðisaukaskatti? Munurinn er bara þessi: Það var talað um það í áratugi, en við komum því í verk. Og hver er dómur OECD-skýrslunnar um það? Þeir segja m.a.: „Þær endurbætur sem gerðar voru á skattakerfinu auka líkur á tekjuafgangi í ríkisbúskapnum þegar og ef hagvöxtur glæðist á ný og áhrif upptöku virðisaukaskatts eru í sömu átt.“ Með öðrum orðum, það er verið að búa í haginn fyrir framtíðina. Þetta er dómurinn nú en hann var harður í munni margra þegar við vorum að keyra þetta í gegn.

Húsnæðismál. Hvernig voru þau mál? Biðlisti upp á 10 þús. manns. Við boðuðum nýja valkosti í húsnæðismálum. Kaupleiguíbúðirnar hafa verið lögfestar. Húsbréfakerfi hefur verið komið á og hentar þeim sem þurfa að skipta um íbúð og framlög til félagslegra íbúðarbygginga eru stóraukin. Það er gerbreyting.

Hvað er búið að tala lengi um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga? Allan lýðveldistímann. Loksins var því komið í gegn.

Fjármagnsmarkaðurinn. Við upplifðum hættulega tilraun með frjálsa vexti á miklu þensluskeiði og án þess að þeirrar fyrirhyggju væri gætt að setja lagaramma utan um verðbréfamarkaðinn. Það hefur verið hlutverk Jóns Sigurðssonar að setja þennan lagaramma. Það hefur verið hlutverk Jóns Sigurðssonar, eftir 20 ára umræður um sameiningu banka, að gera það á tíu mánuðum. Vaxtalækkunin sem ég var að lýsa áðan, besta kjarabótin, undir hvers forustu hefur hún verið gerð?

Atvinnustefnan. Eftir margra áratuga hlé að því er varðar nýjar virkjanir og stóriðjuframkvæmdir þá eru þær í góðu horfi og munu mala okkur gull, skapa atvinnu og 200 þús. tonna álverksmiðja mun skila okkur sama hlutfalli í erlendum gjaldeyri inn í þjóðarbúið og 200 þús. tonna aukinn þorskafli.

Með öðrum orðum, við erum hér að fjalla um stórmál. Hver verða stærstu mál framtíðarinnar til enda kjörtímabils og á næsta kjörtímabili? Ég nefni ykkur þrjú. Evrópumálin, virkjana- og stóriðjumálin, kerfisbreytingar í atvinnumálum, ekki hvað síst að því er varðar undirstöðuatvinnuvegina, landbúnað og sjávarútveg. Og hvernig eigum við að nýta góðærið sem nú er að byrja? Við eigum að gera það að mínu mati með þrennum hætti.

1. Til þess að greiða skuldir þjóðarbús og fyrirtækja að hluta.

2. Til þess að stuðla að aukinni tekjujöfnun í þessu þjóðfélagi.

3. Til þess að hafa hemil á þeim einokunaröflum fjármagnsins sem í vaxandi mæli eru að treysta völd sín í þessu þjóðfélagi.

Það vill svo til að öll þessi mál sem ég nefndi, öll þessi stóru mál eru mál sem Alþfl. hefur haft forustu um í þessu stjórnarsamstarfi og þau eru mál þar sem Alþfl. hefur mótað stefnu og er heilsteyptur í afstöðu sinni.

Virðulegi forseti. Það er breytt heimsmynd. Við höfum séð nánast eins og í beinni útsendingu í sjónvarpi hvernig heimsveldi kommúnismans hefur hrunið eins og spilaborg. Við höfum upplifað siðferðislegt gjaldþrot þessarar hugmyndafræði og upplausn sovéska nýlenduvaldsins. Við upplifum líka stórkostlegar breytingar í vestanverðri álfunni. Við eygjum von um nýja sameinaða Evrópu. Lærisveinar Stalíns, sem stunduðu hér sovéttrúboð og sundruðu kröftum verkalýðshreyfingar og jafnaðarmanna lengi, hafa nú komist á leiðarenda. Þeir munu væntanlega ástunda sína innhverfu íhugun og sjálfsgagnrýni. En þeir aðrir sem telja sig hafa eitthvað jákvætt fram að færa munu leggja fram krafta sína með okkur hinum lýðræðisjafnaðarmönnum á nýjum

vettvangi og eru byrjaðir að stíga fyrstu skrefin í þá átt þegar við þessar kosningar. Þannig munum við snúa tafli sögunnar við.

Góðir jafnaðarmenn. Við höfum unnið gott verk í ríkisstjórn í góðæri og í mótlæti. Við eigum mörg verk að vinna og eins og venjulega munum við sigla okkar fleyi heilu í höfn enda, eins og ég hef sagt stundum áður, vanir menn um borð.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Hér í þessari virðulegu stofnun er okkur alþingismönnum treyst fyrir fjöreggi þjóðarinnar. Ákvarðanir okkar skipta sköpum um atvinnuöryggi fólksins, velferð einstaklinga og heimila og kannski umfram allt hvernig við búum í haginn fyrir börnin okkar og skilum landinu af okkur til komandi kynslóða. Það er ástæða til að spyrja hvort störf þingsins, áherslur og forgangur mála endurspegli þann veruleika sem víða sér stað úti í þjóðfélaginu. Veruleikann í aðstæðum útivinnandi foreldra og barna þeirra, veruleikann í lífi láglaunafólks og einstæðra foreldra sem berjast við að eiga til hnífs og skeiðar frá degi til dags. Veruleikann í kjörum og aðstæðum fatlaðra, veruleikann í afkomu og húsnæðismálum aldraðra, veruleikann í þrotlausri og oft vonlausri baráttu unga fólksins bestu ár ævinnar við að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Nei, veruleikinn úti í þjóðfélaginu og aðstæður fólksins eru ótrúlega oft órafjarri Alþingi. Engu að síður verður varla annað sagt en að þessari ríkisstjórn hafi tekist að koma fram margvíslegum umbótamálum til að tryggja afkomu fólksins og treysta það velferðarkerfi sem við viljum búa þessari þjóð.

Með húsbréfakerfinu, kaupleiguíbúðum og nýjum lögum um félagslegar íbúðir verður lagður grunnur að framtíðarlausn í húsnæðismálum Íslendinga. Með húsbréfakerfinu hagnast jafnt íbúðarseljendur sem íbúðarkaupendur. Íbúðarseljendur fá greiðslur fyrir hinar seldu íbúðir mun fyrr en áður og íbúðarkaupendur þurfa ekki að bíða í biðröðum eftir því að geta fest kaup á íbúð. Biðtíminn í biðraðakerfinu sem tók gildi 1986 hefur verið um tvö til þrjú ár en er um tvær til þrjár vikur í húsbréfakerfinu. Í húsbréfakerfinu á fólk möguleika á hærri lánum en í biðraðakerfinu sem gerir það að verkum að fólk þarf ekki á eins miklum skammtímalánum að halda í bönkum. Greiðslubyrði í húsbréfakerfinu er líka um 15% lægri en í biðraðakerfinu fyrstu fimm árin miðað við kaup á 6 millj. kr. íbúð. Sú krafa hefur verið sett fram að veita meira fjármagni inn í biðraðakerfið til að stytta biðtímann eftir lánum. Lítum á til hvers það leiðir. Til að eyða biðröðinni eftir lánum úr biðraðakerfinu þannig að biðtími eftir lánum verði svipaður og í húsbréfakerfinu þarf 21 milljarð kr. Sýnir okkur nokkuð betur að þetta kerfi gengur ekki upp? Fólk fer einfaldlega í biðröðina til að eiga víst mikið niðurgreitt lán ef það þyrfti kannski einhvern tímann, eftir 3, 4 eða 5 ár að skipta um íbúð eða kannski stækka einbýlishúsið. Síðan hittir biðraðakerfið þá fyrir sem síst skyldi, þá sem eru í brýnni neyð að fá lán til íbúðarkaupa. Húsbréfakerfið er aftur á móti lausn til frambúðar. Með húsbréfakerfinu og vaxtabótakerfinu er aðstoð hins opinbera beint til þeirra sem þurfa á henni að halda. Þannig og aðeins þannig verður unnt að leysa þann vanda sem verið hefur á almenna húsnæðismarkaðnum.

Með lögunum um kaupleiguíbúðir opnuðust nýir möguleikar fyrir sveitarfélögin og fjölbreyttir valkostir fyrir fólk í húsnæðismálum. Að mati Byggðastofnunar eru kaupleiguíbúðir sá valkostur í húsnæðismálum sem hentar landsbyggðinni best. Val fólksins stendur þar líka um þrjá kosti. Leigu, eða kaup á íbúð eða að kaupa hlutareign, þ.e. 15–30% í íbúðinni. Með hlutareign í kaupleiguíbúðum var t.d. Búseta tryggður lagagrundvöllur. Þessi kostur hentar einnig mjög vel í húsnæðismálum aldraðra og fatlaðra. Í húsnæðismálum aldraðra hefur líka verið stofnaður nýr lánaflokkur til að auðvelda fólki kaup á þjónustuíbúðum aldraðra en frá stofnun hans 1988 hafa verið veitt lán til 375 þjónustuíbúða aldraðra. Á vegum félmrn. er nú einnig í undirbúningi fimm ára framkvæmdaráætlun um uppbyggingu í húsnæðismálum aldraðra. Sérstakt átak er einnig fram undan í húsnæðismálum fatlaðra, bæði varðandi félagslegar íbúðir og sambýli fyrir fatlaða auk framkvæmdaráætlunar um þjónustu og uppbyggingu framkvæmda í þágu fatlaðra á næstu árum. Stóraukin áhersla hefur verið lögð á félagslegar íbúðarbyggingar og aldrei verið veitt til þeirra eins miklu fjármagni og á síðustu þremur árum. Sl. þrjú ár hefur verið leyst úr húsnæðisþörf á þriðja þúsund fjölskyldna með félagslegum íbúðum og kaupleiguíbúðum en einungis um 1700 fjölskyldna á öllu tímabilinu 1980–1987, eða á átta árum.

Leiguíbúðir sveitarfélaga eru nú að verða valkostur fyrir fólk. Á yfirstandandi ári hafa verið veitt lán til 142 leiguíbúða en á átta ára tímabili þar á undan voru einungis veitt lán til 99 leiguíbúða á landinu öllu. Í frv. um félagslega hluta íbúðakerfisins sem nú liggur fyrir Alþingi er stefnt að því að stórauka möguleika fólks á félagslegum íbúðum og leiguhúsnæði og auka aðstoð hins opinbera við leigjendur. Þær áherslur sem nú hafa verið lagðar í húsnæðismálum skapa því nýja valkosti fyrir fólkið. Þær vísa veginn út úr íbúðaþrældómi unga fólksins, út úr upplausnarástandi fjölskyldna vegna húsnæðismála, út úr ofurklyfjum þungrar greiðslubyrði sem sligað hafa þúsundir fjölskyldna í þessu landi.

Á vettvangi sveitarstjórnarmála hafa einnig náðst stórir áfangar sem skipta máli fyrir velferð fólksins. Í höfn er eitt helsta baráttumál sveitarfélaganna sl. tvo áratugi. Um er að ræða breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem marka algjör þáttaskil í málefnum sveitarfélaga og gefa sveitarfélögunum aftur betra svigrúm til að auka þjónustu við íbúa sína. Lög um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt voru á síðasta þingi eru einnig mjög mikilvægur áfangi fyrir sveitarfélögin. Með þessum lögum eru stóraukin framlög til jöfnunar milli sveitarfélaga. Á sl. ári var einungis varið til þess innan við hundrað milljónum

króna. Á þessu ári verður aftur á móti varið til jöfnunar milli sveitarfélaga rúmum einum milljarði króna. Á þeim stutta tíma sem Alþfl. hefur haft forræði sveitarstjórnarmála hafa því náðst stórir áfangar sem íbúar sveitarfélaganna munu lengi búa að.

Í kjölfar úttektar sem félmrn. gerði á fjárhagsstöðu verst stöddu sveitarfélaganna er nú unnið að margvíslegum tillögum til úrbóta. Þar má t.d. nefna að fyrir Alþingi liggur nú frv. sem gerir Lánasjóði sveitarfélaga kleift að skuldbreyta skammtímalánum sveitarfélaga í hagstæðari lán til lengri tíma og bæta þar verulega fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga.

Fyrir Alþingi liggur einnig frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga sem er stór áfangi að heilstæðri félagsmálalöggjöf hér á landi sem tryggir rétt fólksins til alhliða félagsþjónustu um allt land, en núverandi löggjöf tekur einungis til framfærslumála.

Á ýmsum sviðum hefur verið unnið að jafnréttismálum. Má þar nefna jafnréttisáætlanir ráðuneyta og ríkisstofnana um jafnrétti til launa og stöðuveitinga. Nú liggur einnig fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á jafnréttislögum þar sem m.a. er áhersla lögð á fjögurra ára framkvæmdaáætlun á mörgum sviðum jafnréttismála kynjanna.

Á vegum ráðuneytisins hefur einnig verið unnið að því að tryggja réttarstöðu heimavinnandi fólks og eru nú í framhaldi af því í undirbúningi breytingar á sviði trygginga-, lífeyrissjóðs- og skattamála til að tryggja betur félagsleg réttindi heimavinnandi fólks. Unnið er að tillögum til úrbóta í atvinnumálum fatlaðra, bæði hvað varðar verndaða vinnustaði og almennan vinnumarkað. Einnig hefur á vegum félmrn. verið gerð úttekt á atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Tillögur um úrbætur þar að lútandi eru nú til athugunar hjá ríkisstjórninni og Byggðastofnun. Frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu liggur nú fyrir Alþingi, en þar er um að ræða eitt stærsta vinnumarkaðsmál fyrir launafólk. Starfsmenntun launafólks er ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að tryggja atvinnuöryggi launafólks og bæta launakjör sem og að nýta sér tæknibreytingar til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og bættra lífskjara hér á landi.

Hér er aðeins fátt eitt talið. Þrátt fyrir erfitt ástand í efnahags- og atvinnumálum hefur verið lagður grunnur að stórfelldum umbótamálum sem þjóðin mun búa að um langa framtíð. Á þessu vori blasa líka við íslensku þjóðinni bjartari og betri tímar en verið hafa um langt skeið. Öll teikn eru nú á lofti um stöðugleika í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og ný tækifæri til aukins hagvaxtar og atvinnuuppbyggingar eru í sjónmáli.

Góðir Íslendingar. Það er ástæða til bjartsýni því grunnur hefur verið lagður að nýju framfaraskeiði til bættra lífskjara og félagslegra framfara.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Ég ætla nú ekki að hefja ræðu mína eða eyða hluta af henni í að mæla hér fyrir málum sem þingflokkur Frjálslynda hægri flokksins hefur flutt hér á þingi eins og menn hafa gjarnan notað tíma sinn í hér í kvöld. Ég vil heldur fá að koma aðeins inn á hinn mikla kjark hæstv. utanrrh. þegar hann lýsir því yfir að hann vilji leggja störf ríkisstjórnarinnar í dóm áhorfenda. Ég kalla það kjark vegna þess að störf ríkisstjórnarinnar eru lögð fyrir dóm fólksins í landinu með reglulegu millibili og birtast í skoðanakönnunum blaðanna með sex til átta vikna millibili og þar hefur ítrekað verið kveðinn upp sami dómur: Alversta og óvinsælasta ríkisstjórn allra tíma. Ef hæstv. utanrrh. er að kalla á enn eina skoðanakönnunina þá er ég alveg viss um að þeir aðilar sem að slíku standa eru reiðubúnir að verða við þeirri ósk. En dómurinn liggur fyrir, þeir hafa verið dæmdir óhæfir.

Hæstv. utanrrh. eyddi hér hluta af sinni ræðu í að fara með tölur og útfæra þær. Ég ætla að leyfa mér að gera slíkt hið sama. Ég kemst kannski ekki alveg að jafnhagstæðum niðurstöðum og hæstv. utanrrh. en það mun koma í ljós.

Fyrir réttu ári síðan, eða þann 27. apríl 1989, voru eldhúsdagsumræður. Í ræðu sinni við það tækifæri sagði hæstv. fjmrh. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Niðurstaðan úr rekstri ríkisins á fyrstu þremur mánuðum ársins sýnir það að ríkissjóður hefur skilað á þessum fyrstu þremur mánuðum 800 millj. kr. umfram í jákvæðari niðurstöðu en áætlanir sögðu til um, þ.e. tekjurnar hafa verið um 800 millj. kr. meiri á sama tíma og útgjöld hafa staðið í stað.“

Þetta var niðurstaðan eftir þriggja mánaða fjármálastjórn Ólafs Grímssonar á hans fyrsta heila fjárlagaári, en það var einmitt árið sem átti að marka þáttaskil í fjármálastjórn íslenska ríkisins. Það muna auðvitað allir að þau fjárlög áttu að skila rúmlega 600 millj. kr. í tekjuafgang. Samkvæmt því sem hæstv. fjmrh. sagði hér í umræðunni í fyrra og ég var að vitna til, þá var útgjaldastaðan góð. En það sem síðan skeður á þeim níu mánuðum sem eftir lifðu af fyrsta heila fjárlagaári Ólafs Grímssonar leiðir hins vegar í ljós að á þeim tíma fara útgjöld ört vaxandi og á endanum eru þau orðin 9000 millj. kr. eða níu milljarðar króna umfram heimildir. Með öðrum orðum, 1000 millj. kr. — einn milljarður kr. — og það allt í heimildaleysi á einum mánuði. Allt peningar sem ég og þú höfum unnið fyrir og greitt til ríkisins í formi skatta. Óráðsía og bruðl fjmrh. er með ólíkindum. Og hver á síðan að borga brúsann? Það erum við unga fólkið og komandi kynslóð. Það er hlaðið á okkur byrðum með hverjum degi sem þessi ríkisstjórn situr.

En við skulum líta aðeins betur á stærðargráðu hins heimildarlausa peningaausturs Ólafs Grímssonar. Ég sagði að hann samsvaraði einum milljarði kr. á mánuði og það gerði hann. Það þýðir 250 millj. kr. á viku. Hjá öllu venjulegu fólki er vinnuvikan 40 stundir. Það þýðir að í 40 stunda vinnviku Ólafs Grímssonar eyðir hann peningunum okkar, mín og þín og barnanna okkar, sem svarar 625 þús. kr. á hverri klukkustund, sem gerir síðan 10.417 kr. á hverri mínútu. Og við getum haldið áfram. Það gerir

173.60 kr. á hverri sekúndu. — Og nú spyr ég ykkur sem á mig hlýðið: Er það svona fjármálastjórn sem þið viljið? Ég spyr ykkur sem vinnið í frystihúsunum og eruð með 260 kr. á tímann og virkilega vinnið fyrir þeim launum, er þetta það sem þið viljið að sé gert fyrir sameiginlega eign okkar, án allra heimilda? Viljið þið mann sem eyðir á einni og hálfri sekúndu samsvarandi og tekur ykkur heila klukkustund að vinna fyrir? Svari hver fyrir sig. En slíkan fjármálastjóra hygg ég að ekkert fyrirtæki mundi vilja hafa í þjónustu sinni og væri reyndar hvert einasta löngu búið að segja slíkum starfskrafti upp sem ekki gerði neitt annað en að sólunda fjármagni fyrirtækisins, fjármagni sem ekki væri í rauninni til. Með slíkar staðreyndir í huga og margt fleira sem ekki er tími til að ræða í þessum takmarkaða ræðutíma er ég ekkert hissa á því að í fundaherferð sinni um landið, sem Ólafur Grímsson fer nú þessa dagana, á okkar kostnað, mín og þín, vill hann ræða við fólkið í landinu um nútíð og framtíð en alls ekki fortíð. Það undrar mig ekki, en það staðfestir einnig að ef til vill er vottur af sektarkennd í brjósti Ólafs Grímssonar og það er vel ef svo er.

Hæstv. forseti. Það er margstaðfest að sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum hefur ekki traust þjóðarinnar. Því er vert að íhuga þá valkosti sem kjósendur hafa. Þeir valkostir eru ekki ýkja spennandi. Ég hef hér lítillega farið yfir fjármálastjórn varaþingmanns Alþb. og formanns þess. Sá flokkur er, eins og alþjóð veit, margklofinn og býður nú fram undir tveim listabókstöfum í komandi borgarstjórnarkosningum. Það er reyndar aðeins tímaspursmál hvenær Alþb. heyrir sögunni til eins og nú eru örlög annarra kommúnistaflokka víða um heim. Auðvitað tala verk ráðherranna. Ólafi Grímssyni, hæstv. fjmrh., þykir það t.d. ekkert tiltökumál að ríkið skuli eyða 940 millj. kr., tæpum milljarði kr., í ferða- og risnukostnað á síðasta ári, telur það meira að segja lítið. Svavar Gestsson, hæstv. menntmrh., sker niður framlög til framtíðar landsins, námsmanna, en er þess í stað tilbúinn að eyða hundruðum milljóna í viðgerð og breytingar á Þjóðleikhúsinu. Hæstv. samgrh., Steingrímur Sigfússon, blæs á vegáætlun og sker niður framlög til vegamála, eins stærsta þáttarins í byggðastefnunni. Er það gert, að því sagt er, vegna þröngrar stöðu ríkissjóðs. Gott ef rétt væri. En nei, það er ekki svo. Það er gert fyrst og síðast til að geta gefið út kosningaloforð um jarðgangagerð út um hvippinn og hvappinn sem næsta ríkisstjórn má síðan glíma við að fjármagna, eins og í öðru ávísað á framtíðina, gefinn út innistæðulaus tékki. Og nú verða allaballar, svona eins og í eftirrétt, að gleypa eitt stykki álver ef þeir ætla að verma ráðherrastólana út kjörtímabilið. Og það mun ekki standa í þeim frekar en önnur stefnumál sem kokgleypt hafa verið.

Þessi flokkur, sem ég hef hér eytt nokkru af ræðutíma mínum í, er sá flokkur sem ræður ferðinni í ríkisstjórn Íslands og þess vegna ekki óeðlilegt að um hann sé nokkuð fjallað. En sá flokkur sem ber flokka helst ábyrgð á stöðu mála í dag er að sjálfsögðu Framsfl. sem hefur verið sleitulaust við stjórnvölinn í um 20 ár. Sá flokkur má ekki sýkna og heilagt komast upp með það að vísa öllu sem úrskeiðis fer yfir á samstarfsflokka sína. Framsfl. er það afl sem tafið hefur eðlilega þróun í atvinnulífi landsmanna. Flokkurinn sem á sök á hinni gríðarlegu miðstýringu sem hér er á öllum sviðum. Flokkurinn sem er fyrst og síðast ábyrgur fyrir öllu sjóðasukkinu sem hér viðgengst með tilheyrandi fyrirgreiðslupólitík og svínarí. Flokkur millifærslukerfa þar sem peningar eru færðir úr einum vasa í annan með ærnum kostnaði, þar sem sjóðir eru notaðir til þess að hygla pólitískum gæðingum og fjármagn skattborgaranna er sett í óarðbærar framkvæmdir og vonlausan atvinnurekstur. Þetta er sá flokkur sem íslenska þjóðin hefur alls ekki efni á að hafa við stjórnvölinn öllu lengur.

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Það var eitt sinn til flokkur sem hét Alþfl. og voru liðsmenn hans stundum kallaðir kratar. Sé grannt skoðað og vel leitað má finna nokkra slíka en þó ekki marga og sennilega enga í Reykjavík. Sú var tíðin að sá flokkur bauð fram til borgarstjórnarkosninga. Nú heyrir það sögunni til þó enn megi finna eitt og eitt framboð krata úti á landsbyggðinni, en þeim fer ört fækkandi og virðast þeir fyrrverandi kratar flestir vera að leita sér að nýjum vettvangi. Á þann flokk er ekki vert að eyða fleiri orðum.

Er ég þá kominn að hópi manna sem seldu sál sína fyrir ráðherrastóla og feita bita í nefndum og ráðum. Flestir hafa þeir fengið uppgert kaupverð sitt nema ef vera skyldi einn. Hafa innheimtuaðgerðir hans borið lítinn árangur og er nú svo komið að hann hótar að draga lið sitt til baka verði ekki nú þegar gert upp við hann. Gallinn er bara sá að hinir í hópnum eru alls ekkert á því að fylgja þessum eina ef hann léti nú verða af því að draga sig í hlé. Sennilega verður það því niðurstaðan að upphaflegt kaupverð verður lækkað allverulega. En þessi hópur manna er auðvitað ekki valkostur fyrir kjósendur. Einnota hlutir eru aðeins einnota.

Þetta eru þeir flokkar sem standa að núverandi ríkisstjórn og nú má spyrja: Hverju hefur þessi ríkisstjórn áorkað? Hefur hún lækkað skatta? Nei, þvert á móti. Enda sagði hæstv. fjmrh. í þessari umræðu í fyrra: „Vissulega urðum við að leggja á nýja skatta til þess að snúa hallarekstrinum við.“ Það var nefnilega það. Það sem fjmrh. kallar „að snúa hallarekstrinum við“ er níu milljarða kr. halli á ríkissjóði. Ef þetta er ekki að missa allt niður um sig þá er ekkert að missa niður um sig.

Já, ég var að spyrja hverju ríkisstjórnin hefði áorkað. Hefur atvinnuvegunum vegnað betur? Nei, yfir höfuð ekki. Hefur kaupmáttur launa vaxið? Nei, þvert á móti. Hefur atvinna aukist? Nei, ekki aldeilis, atvinnuleysi hér er nú að verða eins mikið, ef ekki meira, og það var á sjötta áratugnum. Skammtímalausnir og að ýta vandanum á undan sér þannig að hann leggist á aðra eru meginmarkmið þessarar ríkisstjórnar. Hún er aðeins að hugsa um eigin eftirmála, ekki þjóðarhag.

Hæstv. forseti. Mér er tjáð að svo mikill skjálfti sé nú í stjórnarliðinu, eins og við höfum reyndar orðið vör við að undanförnu, að sá skjálfti komi fram á jarðskjálftamælum og mælist í Richter-stigum. Enda er það alveg ljóst að tímar þessa samstarfs eru liðnir og nú aðeins spurning hvort þessi ríkisstjórn nær að lafa saman út kjörtímabilið eða ekki. Um það er vonlaust að spá, en eftir að hafa horft upp á hverja uppákomuna á fætur annarri milli stjórnarliða yrði ég ekki hissa á því að til kosninga gæti komið fyrr en menn grunar.

Þá bið ég fólk að gera sér grein fyrir því sem ég hef hér rakið og íhuga hinn valkostinn, hægri stefnuna. Það er sú stefna ein sem getur orðið þessari þjóð og sjálfstæði hennar til bjargar. Þjóðin verður að hafna með afgerandi hætti vinstri stefnu Alþb., Alþfl., Kvennalista og Borgfl. Þjóðin verður einnig að refsa og hafna Framsfl., flokki vinstra miðjumoðs og tækifærismennsku. Þjóðin verður að velja hægri stefnu og það veit ég að hún gerir.

Ég hvet alla til þess að taka þátt í sveitarstjórnarkosningunum sem brátt fara í hönd og sýna þar hvað þjóðin vill. Sýna að hún vill hægri stefnu. Við frjálslyndir hægrimenn munum alla tíð berjast gegn hörmungarstefnu vinstri flokkanna. Stefnu hafta og banna, stefnu eignaupptöku, stefnu miðstýringar, stefnu ríkisforsjár í einu og öllu, stefnu margsköttunar, stefnu kommúnismans. Við í Frjálslynda hægriflokknum viljum vinna með hag fólksins í landinu að leiðarljósi. Það höfum við gert og munum halda því áfram.

Góðir Íslendingar. Gleðilegt sumar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Gott kvöld, góðir áheyrendur og gleðilegt sumar.

Síðasti ræðumaður, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, talaði hér áðan og eyddi drjúgum hluta ræðutíma síns í áhyggjur sínar af heilsufari Alþb. Okkur þykir að sjálfsögðu vænt um þessa umhyggju en um það vil ég fullvissa hv. þm. að Alþb. mun verða til og við góða heilsu löngu eftir að Frjálslyndi hægri flokkurinn teygir upp tærnar.

Nú loksins eftir langan og strangan vetur er vor í lofti. Og það er ekki aðeins að mildari veðrátta leiki við landsmenn heldur horfir að ýmsu leyti betur í okkar þjóðarbúskap og efnahagsmálum. Ýmis teikn eru á lofti um það að langvinnt samdráttarskeið sé á enda runnið og í hönd fari betri tímar. Það er fyllilega raunhæft nú í fyrsta sinn um nokkurt árabil að gera sér vonir um bata í okkar þjóðarbúskap og grósku í þjóðlífinu og það ekki aðeins um stundarsakir heldur stöðugan bata sem betra jafnvægi í efnahagsmálum á að geta veitt okkur. Reynslan kennir okkur að stöðugleiki í þessum efnum er meira virði en stórar sveiflur. Efnahagsstefnan sem tvær ríkisstjórnir hafa nú fylgt í hátt á annað ár hefur byggst á því að laga hægt og bítandi aðstæður og færa til hlutföll í efnahagsmálum okkar, þannig að heilbrigðari skilyrði sköpuðust fyrir útflutningsstarfsemi og atvinnulíf, vextir og fjármagnskostnaður lækkaði og unnt yrði að ná tökum á verðbólgu. En hér hafa margir lagt hönd á plóginn. Það er jafnfráleitt að eigna ríkisstjórninni einni allan heiðurinn af því sem vel hefur tekist eins og hitt er að neita að viðurkenna það að sú efnahagsstefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt á sinn stóra þátt í þeim árangri sem nú er að nást, eins og við reyndar heyrðum hv. þm. Þorstein Pálsson reyna hér áðan. En vissulega kemur fleira til. Má þar nefna batnandi ytri skilyrði, hækkandi verð fyrir afurðir okkar og síðast en ekki síst hefur launafólkið í landinu fært verulegar fórnir í þágu stöðugra verðlags, lækkandi verðbólgu og heilbrigðari og bættra skilyrða í þjóðarbúskap okkar. Framlag launafólks vegur hér í raun mjög þungt og batanum ber að skila þangað, til launafólksins sem sjálft hefur að verulegum hluta lagt grunninn að þessum árangri.

Eitt stærsta og um leið vandasamasta viðfangsefni íslenskra stjórnvalda um þessar mundir eru samskiptin við hinar stóru viðskiptaheildir umhverfisins og þátttaka í viðræðum um samskipti okkar á viðskiptasviðinu við nágrannaríki og samtök. Ber þar að sjálfsögðu hæst viðræður EFTA-ríkjanna, og Íslands þar með talið, við Evrópubandalagið. Þar er um vandasamt verkefni að ræða, að halda svo á hagsmunum Íslands að vel takist til. Annars vegar er þar spurningin um aðgang að mikilsverðum mörkuðum sem okkur er vissulega lífsnauðsynlegt að standi opnir, en hins vegar er varðstaðan um óskert sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar. Sú skylda hvílir á okkur að afsala engum réttindum sem okkur hefur fallið í skaut að gæta. Þar setur Alþb. sterka fyrirvara og er ekki tilbúið að ganga til neinna viðræðna sem yrðu undir formerkjum valdaafsals eða skerðingar á íslensku sjálfstæði eða fullveldi til yfirþjóðlegra stofnana. Þá er betur heima setið en af stað farið ef slíkir eiga að verða kostirnir. Staða Íslands er langt frá því að vera veik í þessum samskiptum. Þvert á móti höfum við yfir að ráða mikilvægum auðlindum og getum boðið framleiðsluvörur, fyrst og fremst fisk, sem markaði nágrannalandanna hungrar eftir. Það eru því ekkert síður þau, nágrannalöndin, sem eiga hagsmuna að gæta í viðskiptum við okkur en öfugt. Ísland hefur alla möguleika til á grundvelli auðlinda sinna, sérstöðu og landfræðilegrar legu að halda hagstæðum viðskiptasamböndum og tengslum opnum til ýmissa átta og í þeim efnum er mikilvægt að loka engum dyrum á eftir sér.

Annað stórmál hefur verið mikið til umfjöllunar á liðnum vetri. Þar á ég við auknar stóriðjuframkvæmdir hér á landi. Óþarfi er að kynna þá afdráttarlausu stefnu sem Alþb. hefur í þeim málum og ótvíræðu kröfu sem við gerum til slíkrar atvinnuuppbyggingar, að hún fullnægi skilyrðum um íslenskt forræði, hagkvæmni, umhverfisvernd og önnur þau atriði sem máli skipta. Þar vil ég sérstaklega bæta við áhrifum slíkra framkvæmda á byggðajafnvægi í landinu. En þann þátt þessa máls hefur þingflokkur Alþb. dregið sérstaklega fram í nýlegri samþykkt sinni um hugsanlegar stóriðjuframkvæmdir. Það er alveg ljóst að Alþb. er ekki reiðubúið að kosta til hættunni á

viðbótarbyggðarröskun og enn meira jafnvægisleysi í byggðaþróun í landinu vegna stóriðjuframkvæmda.

Í framhaldi af umræðum um byggðaþróun er nærtækt að víkja lítillega að fiskveiðistefnunni sem hér er til umfjöllunar á Alþingi í formi tveggja stjfrv. Alþb. hefur mótað skýra stefnu í sjávarútvegsmálum og hefur kjarninn í okkar stefnu hvað fiskveiðistjórnunina snertir byggst á nokkrum grundvallaratriðum. Hinu fyrsta að auðlindir sjávarins væru, eins og aðrar meiri háttar auðlindir þjóðarinnar, sameign landsmanna allra. Það væri óverjandi að afhenda fáeinum útvöldum til eignar slíkar auðlindir. Í öðru lagi höfum við lagt mikla áherslu á réttindi byggðarlaga og fiskvinnslufólks í þessum efnum. Og í þriðja lagi að tryggja betur en gert hefur verið að öll meðferð þessara mála samræmdist góðum réttarfarsreglum í þjóðfélagi okkar. Um þetta mál hefur jafnan staðið nokkur styr. Í þeirri málamiðlun sem tekist hefur er komið til móts við þessar áherslur Alþb. í veigamiklum atriðum þó ýmsir hefðu að sönnu viljað ganga lengra.

Nú stendur yfir mikil vinna að stefnumörkun í landbúnaðarmálum sem vonandi skilar tvíþættri niðurstöðu fyrir haustið. Annars vegar í formi samnings milli ríkisvaldsins og Stéttarsambands bænda um nýjan grundvöll fyrir búvöruframleiðsluna í landinu og þá til nokkurra næstu ára, og hins vegar í formi almennrar stefnumörkunar sem væntanlega yrði lögð fyrir Alþingi í formi þáltill. að hausti. Landbúnaðurinn hefur að sönnu ekki farið varhluta af erfiðleikum í íslensku efnahagslífi. Hafa þar verið einna fyrirferðarmest í umfjöllun vandamál nýbúgreina, eins og loðdýraræktar og fiskeldis, og mikil vinna verið lögð í að reyna að tryggja tilveru og framtíð þessara greina í landinu.

Ég sé ástæðu hér í þessum umræðum til að nefna sérstaklega jákvæða þátttöku bændasamtakanna í síðustu almennu kjarasamningum og í raun mikilsvert framlag bænda í landinu til þeirrar kjarasáttar sem þar tókst. Það er einlæg von mín að þar hilli undir nýja tíma þar sem samstarf og samskipti neytenda, bænda og aðila vinnumarkaðarins aukast og fara batnandi.

Á sviði samgöngumála fer ég fljótt yfir sögu. Hér bíða afgreiðslu á þingi bæði flugmálaáætlun og vegáætlun. Þá bíður enn fremur till. til þál. um að flýta jarðgangaframkvæmdum á norðanverðum Vestfjörðum. Um þá tillögu hefur nú tekist góð samstaða og vonast ég til að Alþingi afgreiði á morgun þetta stóra og mikla hagsmunamál Vestfirðinga sem er að sjálfsögðu málefni okkar allra. Mér er til efs að stærra og hábyggðapólitískara mál hafi verið til umfjöllunar á Alþingi um langa hríð. Þá hefur mikil vinna verið lögð í ýmiss konar stefnumörkun á sviði samgöngumála og ekki síst ferðamála. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein að umfangi og mikilvægi sem skilar nú um 10% af gjaldeyristekjum vegna útflutnings á vöru og þjónustu. Till. til þál. um almenna stefnumörkun í ferðamálum hefur verið kynnt á Alþingi og fengið góðar viðtökur.

Ég tel að tilkoma þeirrar ríkisstjórnar sem tók við völdum haustið 1988 hafi að ýmsu leyti markað tímamót í byggðamálum í landinu. Sú gerbreyting sem orðið hefur í afkomu undirstöðuatvinnugreina landsbyggðarinnar, fjölmargar aðgerðir í jöfnunarátt, aðgerðir á sviði samgöngumála og fleira sem má telja, marka í mínum huga alvörutilraun til að snúa óheillaþróun í byggðamálum við. Á þessu ári hefur það gerst sem mikið hefur verið um rætt en fram til þessa aldrei framkvæmt, að tvær opinberar stofnanir hafa hafið starfsemi úti á landi, með flutningi Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað og stofnun Hagþjónustu landbúnaðarins á Hvanneyri. Það fer vel á því að það sé innan landbúnaðarins sem þannig er riðið á vaðið en fleiri þurfa að fylgja í kjölfarið.

Það væri freistandi í þessari umræðu að fjalla um þá spennandi tíma sem við lifum í alþjóðamálum. Gjörvallt mannkyn hlýtur að fagna þeim jákvæðu breytingum sem orðið hafa í samskiptum risaveldanna og fleiru sem gerst hefur á alþjóðavettvangi. Það er stórkostlegt að upplifa það svo að segja á einu og sama árinu að Berlínarmúrinn sé rifinn til grunna, að lýðræðislegar kosningar og réttlátara þjóðskipulag sé innleitt í löndum Austur-Evrópu og að Nelson Mandela sé frelsaður úr sinni löngu prísund sem hann hefur sætt vegna baráttu sinnar fyrir mannréttindum hins þeldökka meiri hluta heimalands síns. Og þessi jákvæða þróun teygir anga sína víða og lætur engan ósnortinn. Eftirlegukindur kaldastríðsáranna hafa hér uppi á Íslandi um árabil kyrjað sönginn um nauðsyn á nýrri hernaðarframkvæmd í landinu, herflugvelli, og hafa seilst ótrúlega langt í leit að málamyndarökum í því máli. Látið hefur verið að því liggja að við Íslendingar værum alls ófærir um slíkar framkvæmdir á eigin vegum rétt eins og flugvallargerð, sem er með einföldustu mannvirkjum, væri verkefni ofvaxið íslenskum vitsmunum eða kröftum. Nei, í þessum efnum sem öðrum eigum við Íslendingar að treysta okkur sjálfum til þeirra framkvæmda sem þarf að ráðast í. Nærfellt tveggja ára undirbúningur að byggingu íslensks varaflugvallar eða varaflugvalla kemur nú í góðar þarfir þegar áhugi erlendra hervelda er skyndilega gufaður upp.

Innan skamms fara fram kosningar til bæjar- og sveitarstjórna í landinu. Eins og jafnan þegar hin staðbundnu viðfangsefni sveitarstjórnanna eiga í hlut taka málin nokkurt mið af aðstæðum og mönnum á hverjum stað. En jafnan er það þó svo að ákveðin pólitísk grundvallarviðhorf skipta líka máli. Alþb. hefur gegnum tíðina átt að breyttu breytanda góðu gengi að fagna í sveitarstjórnarkosningum. Það er að mínu mati vegna þess að sú stefna sem Alþb. stendur fyrir, eindregin vinstri stefna, krafa um jöfnun í lífskjörum og áherslur á félagsleg réttindi og velferðarmál þegnanna, á, í því návígi sem sveitarstjórnarmálin eru, ríkum skilningi að mæta. Það er að mínu mati mikilvægara en oftast áður að útkoma Alþb.-G-listanna, og þeirra framboða sem Alþb. stendur að, verði góð í þessum kosningum. Þannig geta kjósendur sett fram kröfuna um aukinn jöfnuð í lífskjörum og

lífsaðstöðu fólks í landinu. Þannig geta kjósendur sett fram kröfuna um róttækar áherslur í byggðamálum, þannig geta kjósendur sett fram kröfuna um manninn og velferð hans í öndvegi.

Ég hvet allt vinstra fólk til að leggja sitt af mörkum og styðja framboð Alþb. með öflugu kosningastarfi. — Góðar stundir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Miklu sviptingaþingi er að ljúka. Margt hefur borið við sem hefur vakið athygli í fjölmiðlum en það sem hefur borið hæst síðustu dagana eru hamfarir íhaldsins gegn ráðuneyti umhverfismála. Þar hefur verið á ferðinni eindæma pólitísk þröngsýni og hatursviðbrögð gagnvart ríkisstjórninni í heild og sérstaklega þeim manni sem gegnir starfi umhvrh. Ég hef setið á tólf þingum og hef aldrei kynnst jafnmálefnasnauðri stjórnarandstöðu allan þann tíma og birst hefur í framgöngu íhaldsins gegn umhverfisfrv. undanfarnar vikur. En þessi viðbrögð eru líklega tímanna tákn. Annars vegar eru stjórnvöld sem reyna að sækja fram á forsendum framtíðar og vinstri stefnu til betra mannlífs í þessu landi þar sem umhverfismálin munu setja vaxandi svip á umræðurnar. Umhverfismálin munu ráða úrslitum um þróun stjórnmálanna á næstu áratugum og það er til marks um steinrunninn afturhaldshugsunarhátt þegar íhaldið leggst gegn ákvörðun um stofnun umhvrn. Það sýnir að íhaldið er samt við sig, þar er á ferðinni í einni för svartasta afturhald landsins og þótt víðar væri leitað, a.m.k. hér norðan við Balkanskaga.

Eftir erfiðleika og stöðnun í efnahagslífinu er nú loksins að rofa til eins og formaður Sjálfstfl. gat um í fyrstu ræðu sinni hér í kvöld. Verkefni ríkisstjórnarinnar hefur verið að þurrka út afleiðingarnar af vaxtaokri frjálshyggjunnar sem hefur brotið niður hundruð fyrirtækja og heimila og þúsundir og aftur þúsundir einstaklinga. Nú er landið að rísa og annar tími blasir við. Þrátt fyrir erfiðleikana að undanförnu hefur þó tekist að knýja fram marghátttaðar breytingar, t.d. í mennta- og menningarmálum, sem geta markað tímamót. Framlög til menningarmála eru hærri nú að raunvirði á þessu ári en þau hafa áður verið. Framlög til lánamála námsmanna hafa aldrei verið hærri en þau eru á þessu ári og 9. apríl sl. gaf ég út reglugerð um hækkun námslána í haust sem þurrkar út síðustu leifarnar af ráðsmennsku Sjálfstfl. í lánamálum íslenskra námsmanna. Mörg verkefni á sviðum menningarmála hafa verið erfið eins og endurreisn Þjóðleikhússins. Þar hefur gengið maður undir manns hönd til þess að reyna að rægja og eyðileggja framkvæmdina. En ég er sannfærður um að þegar framkvæmdunum þar er lokið munu allir vilja þá Lilju kveðið hafa og þeir sem hæst hafa látið munu iðrast fyrirgangsins.

Það sem mestu skiptir á sviði skólamála eru ákvarðanir um nýja stefnu í málefnum Háskólans með lagasetningu um stóraukið sjálfstæði Háskólans, ákvarðanir um nýtt inntak framhaldsskólans og lagasetning um tíu ára grunnskóla sem afgreidd er á þinginu þessa sólarhringa. Það hafa verið sett ný lög um Námsgagnastofnun, sett hafa verið lög um skákskóla og launasjóð stórmeistara. Og fleira liggur fyrir, frv. um Kvikmyndastofnun, Þjóðleikhús, frv. til útvarpslaga og þar liggur fyrir stefna okkar um sjálfstæði menningarstofnana, bæði fjárhagslegt og faglegt. Þau þessara mála sem ekki verða afgreidd á þessu þingi verða afgreidd á næsta þingi og tekin þar til meðferðar. Hið sama er að segja um frv. sem þegar liggur fyrir þessu þingi um vernd barna og ungmenna, frv. til nýrra æskulýðslaga, frv. um fullorðinnafræðslu, um listaháskóla, listamannalaun og náttúrufræðirannsókir.

Alls hafa um 20 mál verið lögð fyrir þingið í vetur á vegum menntmrn. og hefur um helmingur þeirra hlotið einhverja afgreiðslu. Það hefur verið vel unnið og það er í góðu samræmi við stefnu Alþb. þar sem mennta- og menningarmál eiga að vera í fyrirrúmi. Menningin er undirstaða sjálfstæðisins og börnin eru framtíðin. Sú ákvörðun að lengja skóladag yngstu barnanna skiptir mjög miklu máli í þessu efni. Lengingin verður strax í haust og kemur fram í 1., 2. og 3. bekk grunnskólans og fjármunir vegna lengingarinnar eru tryggðir á fjárlögum ársins 1990. Hér er um að ræða fyrsta skrefið í þá átt sem menntmrn. hefur mótað í stefnu sinni, að öll börn geti átt kost á allt að 35 stunda skólaviku. Mótun þessarar stefnu flytur skólann ofar á forgangslista þjóðfélagsins, en barnaskólar hér á landi hafa á mörgum sviðum verið mörgum árum á eftir þróuninni í grannlöndum okkar.

Hér í þinginu liggur einnig frv. um leikskóla. Þar er sýnt fram á leiðir til að opna leikskólarými fyrir fjögur börn af hverjum fimm á tíu ára áætlunartímabili og hvernig þær leiðir á að fjármagna. Ég tel að þetta frv. og stefna þess hljóti að verða eitt aðalkosningamálið í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Það er úrslitaatriði að við búum betur að börnum okkar. Þjóðfélagið hefur vanrækt börnin herfilega og annað hvert barn á varla nokkurt annað úrræði en götuna. Því ófremdarástandi verður að linna.

En virðulegi forseti, þó að margt hafi gengið allvel þá hefur stjórnarsamstarfið auðvitað ekki verið dans á rósum. Þátttakendur í þessu stjórnarsamstarfi eru fjórir ólíkir stjórnmálaflokkar. Alþb. er afgerandi lengst til vinstri þeirra flokka sem í stjórninni eru og í stjórnarsamstarfinu hafa orðið átök um ýmis mál eins og eðlilegt er. Þau hafa ekki aðeins verið í álmáli og efnahagsbandalagsmáli, sem landbrh. gerði hér grein fyrir áðan, þau hafa einnig komið fram í mennta- og menningarmálum. Á þessum sviðum hafa iðulega birst ótrúleg þröngsýnisviðhorf þar sem menn spara eyrinn en kasta krónunni. Ég ætla ekki að segja neinar sögur af því núna en ég geri það strax og ég fæ tækifæri til því þessi afturhalds- og þröngsýnisviðhorf mega ekki liggja í þagnargildi, þau þurfa að birtast þjóðinni allri í aðvörunarskyni.

Góðir tilheyrendur. Sviptingarnar í utanríkismálum hafa verið ævintýralegar á þessum vetri. Almið-

stýrt efnahagskerfi Austur-Evrópu er hrunið til grunna. Svo hlaut að fara. Vonandi tekst að reisa á rústum þess lýðræðislegt stjórnskipulag jafnréttis- og mannúðarsjónarmiða. En um leið og þetta kerfi hrynur eystra gerbreytist heimsmyndin. Þeir sem hafa verið að berjast fyrir varaherflugvelli hér á landi hafa orðið að athlægi í augum allrar þjóðarinnar í dag þegar það liggur fyrir að sjálfur páfinn, Ameríkaninn sjálfur, telur ekki þörf á þessu trúboði hér á landi meir. Og í þokkabót er því reyndar lýst yfir vestur í Bandaríkjunum að almennt verði dregið úr hernaðarumsvifum Bandaríkjamanna erlendis. Þannig hrynja hervirki kalda stríðsins til grunna lið fyrir lið. En á Alþingi Íslendinga eru menn sem enn halda dauðahaldi í kaldastríðsvofuna. Nýjasta dæmið er einmitt þessi varaherflugvöllur.

Nýlega, þegar rætt var um þingslitin milli stjórnar og stjórnarandstöðu, var varaflugvöllurinn eina, aleina áherslumál Sjálfstfl. sem brýnt var að fá afgreitt. Rétt í þann mund sem Sjálfstfl. ætlaði að fara að búa sig til málþófs enn þá einu sinni hér í þinginu út af varaherflugvellinum tilkynntu Bandaríkjamenn að þeir hefðu ekki lengur áhuga á þessum framkvæmdum. Þannig dagar Sjálfstfl. uppi eins og nátttröll í vorinu. Það væri réttast að láta gera líkan af varaflugvellinum og geyma það í sögusafni Alþingis þegar það verður sett upp til marks um helfrosin viðhorf grárrar forneskjunnar, rétt eins og torfljárinn og töðumeisinn á Þjóðminjasafninu. En nú er sem betur fer vor í lofti.

Þeir sem ætluðu að eyðileggja umhverfismálin koma sínum málum ekki fram. Unnt er að taka ný mál til framkvæmdar á næstu mánuðum á grundvelli þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur framkvæmt. En til þess að vel takist verða viðhorf Alþb. að styrkjast til sóknar í sveitarstjórnarkosningunum eftir þrjár vikur. Grundvallaratriðin í stjórnmálunum eru: Umhverfisvernd, sjálfstæði þjóðarinnar, lýðræði, jöfnuður, mannúð. Þessi grundvallaratriði eiga sér hvergi betri samnefnara en í sjónarmiðum Alþb. Það skiptir því miklu að listar Alþb. komi sterkir út úr kosningunum, listar sem Alþb. ber fram í hverju byggðarlagi eða listar sem flokkurinn styður. Úrslitin í Reykjavík skipta þar verulegu máli. Ég skora á félaga mína í Reykjavík og stuðningsmenn Alþb. um land allt að nota hverja einustu stund fram að kosningum til þess að breyta vonum andstæðinga okkar í vonbrigði. Nú kemur vor eftir langan og kaldan vetur frjálshyggjunnar. Það vor þarf að nota til þess að hlúa að nýjum grösum nýrra viðhorfa og víðsýni, að hugsjónum sem byggjast á mannúð og jafnrétti sjálfstæðs íslensks þjóðfélags, en hafna kröfunum um að reyra Ísland fast við hinar stóru, köldu blokkir og hafna sjónarmiðum hinnar köldu gróða- og tæknihyggju en reisa í öndvegi menntir og menningu, manninn sjálfan, líf hans og lífsviðhorf. — Góðar stundir og gleðilega kosningabaráttu.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir tæplega ári síðan stóðum við þingmenn Borgfl. frammi fyrir örlagaríkri ákvörðun, þeirri ákvörðun hvort við ættum að ganga til liðs við þáv. stjórnarflokka og mynda ríkisstjórn með traustum þingmeirihluta eða hjálpa sjálfstæðismönnum á þingi við að knýja fram kosningar svo þeir gætu aftur tekið völdin í sínar hendur. Þegar horft er yfir farinn veg er enginn vafi í mínum huga að við tókum rétta ákvörðun. Efnahagsmál þjóðarinnar eru sem óðast að komast í gott horf. Verðbólgan, hinn mikli ógnvaldur á Íslandi, virðist loks vera að láta í minni pokann. Vextir fara lækkandi og það hillir undir að við losnum við lánskjaravísitöluna sem í mínum huga er niðurlægingartákn fyrir þá óstjórn sem hér hefur verið til margra ára. Ekkert annað Evrópuríki notar verðtryggingu á fjármagn eins og við gerum. Svo þykjumst við ætla að fara í víðtækt samstarf á sviði peningamála og fjármagnsþjónustu innan evrópska efnahagssvæðisins. Ætli það væri ekki rétt að taka upp nútímalegri aðferðir í forstokkuðu bankakerfi okkar fyrst?

Friður ríkir á vinnumarkaði um kjarasáttina sem náðist í vetur á þeim grundvelli sem skapaðist við það að þingmenn Borgfl. tóku rétta ákvörðun. Það er meira að segja aftur orðinn valkostur hjá venjulegum fjölskyldum að kaupa lambakjöt í matinn öðru hverju sem annars var horfið af borðum heimilanna í forsætisráðherratíð Þorsteins Pálssonar.

Virðulegi forseti. Hin leiðin var að hjálpa Sjálfstfl. að ná völdum á nýjan leik eftir kosningar sem líklega hefðu átt sér stað vorið 1989. Ég þarf varla að lýsa því fyrir þeim sem á mál mitt hlýða hvernig ástandið væri nú ef svo hefði farið. Að vanda hefðu menn lofað út og suður, opnað allar flóðgáttir ríkissjóðs. Eftir 2–3 mánaða samningaþóf hefði ný ríkisstjórn undir forustu sjálfstæðismanna tekið við völdum og sama fjármálaóstjórnin haldið innreið sína. Sennilega væri nú allt í steik og 100% verðbólga ef Borgfl. hefði ekki haft þrek til þess að taka þá ákvörðun að ganga til núverandi stjórnarsamstarfs. Þar þurfti þrek til því að önnur eins ófrægingar- og áhróðursherferð sem síðan hefur verið rekin í fjölmiðlum gegn Borgfl. og formanni hans, í öllum þeim fjölmiðlum sem stjórnarandstaðan hefur haft umráð yfir, er með ólíkindum. Lýðræðið og þingræðið hefur verið fótum troðið í þeirri herferð.

Hæstv. forseti. Miklar hræringar og umrót eru nú í íslenskum stjórnmálum. Sú uppstokkun á flokkakerfinu og breytingar á hefðbundnu stjórnmálamunstri sem kennd hefur verið við gamla fjórflokkinn er komin á fulla ferð. Þótt margar tilraunir hafi verið gerðar á árunum eftir stríð til að rjúfa valdaeinokun gömlu flokkanna er enginn vafi að framboð Borgfl. í alþingiskosningunum 1987 er þar þyngst á metunum. Að vanda hafa gömlu flokkarnir, dyggilega studdir af fjölmiðlum sínum, reynt að drepa þessa stjórnmálahreyfingu sem hinar fyrri sem hafa lagt til atlögu við fjórflokkinn. Atburðirnar í Austur-Evrópu hafa hins vegar í einni svipan gerbreytt

ástandinu. Skyndilega eru sósíalistaflokkar Evrópu úreltir. Fólkið hefur einfaldlega hafnað öfgakenningum kommúnista og sósíalista um alla Evrópu. Þetta flýtir fyrir þeirri nauðsynlegu þróun að stokka upp gamalt og úr sér gengið flokkakerfi. Hagsmunagæslan, kjördæmapotið og valdabaráttan drepur hvern vott af frjórri hugsun. Því er orðið lífsspursmál að nýjar stjórnmálahreyfingar nái öruggri fótfestu í íslenskum stjórnmálum. Annars hjökkum við áfram í sama farinu og búum við endalausa umræðu og kjaftæði um efnahagsmál þjóðarinnar.

Ég ætla að biðja ykkur, landsmenn góðir, að hugleiða með mér þá framtíðarsýn sem ég sé fyrir mér í íslenskum stjórnmálum. Jafnaðarmannaflokkurinn er á leiðinni, á því er enginn vafi. Hann mun væntanlega taka við stórum hluta Alþb., Alþfl. og jafnvel hluta af kjósendum Framsfl. Stóri miðflokkurinn, rétt hægra megin við miðjuna, er einnig á leiðinni. Hann mun taka til sín stóran hluta kjósenda Sjálfstfl. Hin umburðarlyndu og frjálslyndu öfl stærsta hluta Framsfl., Borgfl. og fleiri slíkar hreyfingar sem hafa líkar skoðanir sem ég hef trú á að fari saman við vilja og skoðanir mikils hluta þjóðarinnar. Afgangurinn af Sjálfstfl. mun svo mynda litla hægri flokkinn, sem að sjálfsögðu verður að vera til staðar. Einhver verður að gæta hagsmuna fjölskyldnanna fimmtán, stórfyrirtækjanna og útgerðarkónganna. Þessi uppstokkun á íslenskri pólitík er óumflýjanleg og hún mun skapa þá festu í þjóðmálum sem við erum öll að leita eftir. Hún kann að taka sinn tíma því gömlu flokkarnir munu ekki gefa eftir valdaaðstöðu sína í þjóðfélaginu baráttulaust.

En hver eiga að vera aðalstefnumál stóra miðflokksins? Ég held að við í Borgfl. höfum megnað að setja þau fram á einfaldan og skiljanlegan hátt. Í fyrsta lagi verður að draga úr miðstýringunni. Það verður að efla sjálfsstjórn landshlutanna. Fólk verður að hafa umráð og vald yfir eigin örlögum. Heimamenn eiga að stýra skólamálum, heilbrigðis- og samgöngumálum og ráðstafa sjálfir fjármunum til þeirra verkefna. Jafnframt verður að ætlast til þess að þeir beri fulla ábyrgð á atvinnulífinu hver á sínum stað.

Í öðru lagi þarf að auka á frjálsræði í verslun og viðskiptum og afnema allar óþarfa hömlur sem standa atvinnulífinu fyrir þrifum. Við getum ekki einangrað okkur hér á eyju langt norður í hafi og neitað að viðhafa þær leikreglur sem fylgja nútímaviðskiptum. Ef við ætlum að spjara okkur í samkeppninni við aðrar þjóðir verðum við að gefa fyrirtækjum og einstaklingum fullt athafnafrelsi til að leita hagstæðustu kjara í bankaviðskiptum og fjármagnsþjónustu, svo að dæmi séu tekin hvar sem þau finnast.

Skriffinnsku- og haftakerfi, sem veitir úreltu bankakerfi einokunaraðstöðu, gengur ekki lengur upp. Þjóð eins og Íslendingar sem lifir algerlega af útflutnings- og innflutningsverslun má ekki reisa haftamúra kringum svo mikilvæga starfsemi.

Í þriðja lagi vil ég minna á þann mikilvæga þátt stefnuskrár okkar sem felst í kjörorðunum „mannúð og mildi". Í þessu litla þjóðfélagi er hver einstaklingur svo verðmætur að enginn má verða undir í lífsbaráttunni. Stuðningur okkar við þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu, sjúka, aldraða, fatlaða, verður áfram hornsteinn stefnuskrár okkar.

Hæstv. forseti. Á þingi eru nú miklar deilur um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Okkur borgaraflokksmönnum er núið um nasir að við höfum kúvent í afstöðu okkar til kvótans og selt sál okkar djöflinum í þeim efnum. Vissulega erum við ekki vinir kvótans og teljum áfram að annað og heppilegra form stjórnunar á hinni takmörkuðu auðlind hafsins væri heppilegra. Hins vegar heimiluðum við það á sínum tíma að frv. yrði lagt fram sem stjfrv. með ákveðnum skilyrðum sem við settum, m.a. þeim að við mundum áskilja okkur rétt til þess að flytja og styðja hvers kyns brtt. Í nokkrum veigamiklum atriðum var komið til móts við sjónarmið Borgfl. M.a. var samþykkt við afgreiðslu málsins í Ed. í gær að fela nefnd að endurskoða eftirlits- og stjórnunarþátt veiðanna og athuga með hvaða hætti megi aðskilja eftirlit og úrskurðarvald frá sjútvrn. Sömuleiðis var samþykkt að láta fara fram athugun á öðrum leiðum til fiskveiðistjórnunar.

Þarna er fengin viðurkenning á því í fyrsta sinn í langan tíma að til séu aðrir kostir en kvótinn og hagkvæmni hinna mismunandi aðferða verði könnuð. Við höfum tekið undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að geta með einhverjum hætti komið til aðstoðar byggðarlögum þar sem vandræðaástand og atvinnuleysi hefur skapast vegna samdráttar í sjávarútvegi. Við erum ekki fylgjandi sérstökum byggðakvóta eða fiskvinnslukvóta. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa möguleika á því að geta veitt aðstoð, t.d. með því að geta úthlutað tímabundið aflaheimildum til slíkra byggðarlaga eins og nú er gert ráð fyrir gegnum Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Byggðakvóti yrði einungis til að frysta byggðina eins og hún er nú og stöðva alla eðlilega byggðaþróun. Réttast er að sjálfsögðu að taka upp svæðisbundinn aflakvóta, þ.e. að landshlutarnir fái hver sinn hlut af heildaraflamarki ársins. Landshlutastjórnirnar ráðstafi svo sínum hluta eins og þeim sýnist á sama hátt og þær ráðstafa fjármagni til skólamála, heilbrigðis- og samgöngumála, eins og ég talaði um áðan. Þær gætu selt kvótann, gefið hann, haft frjálsan aðgang til veiða innan kvótarammans, allt eftir vilja heimamanna. Með þessum hætti er forræðið í höndum heimamanna en ekki í höndum miðstýringarmanna í Reykjavík. Sjútvrn. á hins vegar að ákveða heildaraflamark ársins og skipta því niður milli landshlutanna. Það á enn fremur að sinna því meginverkefni að stuðla að skynsamlegri nýtingu og verndun fiskstofnanna.

Hæstv. forseti. Við hverfum ekki frá kvótakerfinu yfir í annað kerfi, t.d. það sem hér hefur verið lýst, í einu vetfangi. Þess vegna var það ásættanlegt fyrir okkur að fyrstu skörðin í kvótamúrinn eru tekin með brtt. sem við áttum aðild að.

Hæstv. forseti. Í dag var ég viðstaddur ánægjulega

athöfn er Stálfélagið hf. hóf starfsemi sína með því að fyrstu bílhræin voru keyrð í gegnum tætara verksmiðjunnar. Bílhræ og ónýtar vélar á víðavangi munu vonandi brátt heyra fortíðinni til. Þetta er stórt átak á sviði umhverfisverndar sem ástæða er til að fagna sérstaklega.

Sem umhverfisráðherra hef ég í dag enn fremur skipað sorphirðu- og endurvinnslunefnd sem er ætlað að kanna ástand sorphirðu um allt land og gera tillögur um úrbætur í því efni. Mun nefndin taka mið af nýjustu tækni og aðferðum sem nágrannalöndin hafa tekið upp en því miður erum við Íslendingar miklir eftirbátar annarra þjóða í þessum efnum. Á sumum sviðum er ástand umhverfismála á Íslandi mörgum árum á eftir því sem gerist í nágrannalöndunum. Á sama hátt er verið að undirbúa úttekt á holræsamálum um allt land og aðgerðir í þeim efnum. Ekki er vanþörf á því að ástandið víða um land er vægast sagt hörmulegt. Það er því mikil ábyrgð þeirra sem vísvitandi hafa reynt að tefja þessa vinnu ráðuneytisins og virðist vera það mikið kappsmál að hið íslenska umhverfisráðuneyti verði sem næst verkefnalaust. Mér eru slík vinnubrögð lítt skiljanleg, enda erfitt að skýra þau út fyrir þeim fjölmörgu áhugasömu umhverfisverndarsinnum utan lands sem innan. Umhverfismál eru málefni framtíðarinnar. Um þau mun allt snúast á næstu áratugum. Æðstu stjórnmálamenn heimsins koma nú reglulega saman til að ræða umhverfisvernd á alheimsgrundvelli. Ef Íslendingar ætla að vera áfram í samfélagi vestrænna þjóða, daga ekki uppi sem óhreint barn sem ekki hefur verið kennt að þvo sér, gengur ekki að ræða umhverfismál á þann fáránlega hátt sem gert hefur verið á Alþingi í vetur.

Þökk sé þeim sem hlýddu. Gleðilegt sumar.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Á því þingi sem senn er að ljúka gefa þrjú mál öðrum fremur tilefni til umræðu á eldhúsdegi. Fyrir það fyrsta eru efnahagsmálin og sá bati sem nú er fyrirsjáanlegur. Í öðru lagi stjórn fiskveiða og í þriðja lagi umhverfismálin. Allt eru þetta mál sem valdið hafa miklum deilum hér á Alþingi og verið tilefni til langra og mikilla umræðna.

Horfurnar í efnahagsmálum eru nú snöggtum betri en þær voru þegar núverandi stjórn var mynduð. Sú efnahagsstefna sem þá var tekin upp hefur gerbreytt aðstæðum í þjóðfélaginu til batnaðar. Grundvöllur þessarar efnahagsstefnu var markaður af Borgfl. Þegar ríkisstjórnin var mynduð lagði Borgfl. höfuðáherslu á lækkun framfærslukostnaðar heimilanna með lækkun matarverðs og lækkun vaxta. Sú stefnumörkun skapaði grunninn að kjarasamningum í febrúarmánuði sl. Voru þessi tvö atriði hornsteinar þeirra samninga sem þá tókust milli verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda, bænda og bankanna.

Stefna ríkisstjórnarinnar og ekki síst kjarasamningarnir hafa skapað grunn að nýju framfaraskeiði í íslenskum efnahagsmálum með stöðugleika í verðlagsmálum, lágri verðbólgu, jafnvægi í viðskiptajöfnuði, minnkandi skuldasöfnun erlendis og jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum. Afraksturinn verður aukinn hagvöxtur og betri lífskjör.

Þótt þingflokkur Borgfl. sé ekki stór hefur þátttaka hans í ríkisstjórn haft úrslitaáhrif á framvindu stjórnmála og efnahagsmála hér á landi síðustu mánuði og þá sátt sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Þau mál sem hafa hvað hörðustum deilum valdið á Alþingi síðustu vikur og mánuði eru stjórn fiskveiða og verkefni umhverfisráðuneytis. Stjórn fiskveiða er eitt meginmál þjóðarinnar, enda um að ræða þá atvinnugrein sem þjóðarafkoma byggist á að verulegu leyti.

Af stjórnarandstæðingum hef ég verið gagnrýndur mjög fyrir að veita frv. um stjórn fiskveiða brautargengi hér á Alþingi og að því verið látið liggja að ég hafi verið keyptur til stuðnings við frv. Það er rétt að ég hef ekki verið mikill stuðningsmaður kvótakerfis í sjávarútvegi og talið að slíkt kerfi leggi óeðlilega mikil höft á framtakssama og dugandi menn sem stunda vilja sjósókn á Íslandsmiðum. Áskildi ég mér því rétt þegar málið var til meðferðar í sjútvn. að skoða allar hliðar málsins. Eftir viðtöl við fjölmarga aðila um land allt sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi og ekki síst fiskverkunarfólk var mér ljós nauðsyn þess að málið yrði afgreitt á yfirstandandi þingi. Mér þykir það slæm pólitík sem haldið hefur verið fram að annarleg sjónarmið hafi valdið ákvörðun minni. Ég vil vekja athygli á því að sagt hefur verið að hefði ég tekið ákvörðun um að fella frv. hefðu án efa heyrst raddir frá stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar þess efnis að ég væri genginn til liðs við íhaldið.

Við erum komnir á hættulega braut þegar mönnum er brigslað fyrir að taka sjálfstæðar og málefnalegar ákvarðanir í svo mikilvægu máli sem stjórn fiskveiða er. Staðfestir þessi umræða þann spillta hugsunarhátt sem því miður er ríkjandi í stjórnmálum og hjá þeim flokkum sem lengst hafa starfað á Alþingi. Hvað vildu mennirnir sem ákafast börðust gegn frv. um stjórn fiskveiða? Vísa því aftur til ráðgjafarnefndarinnar. Mér er af því tilefni sú spurning efst í huga: Hver fer með löggjafarvaldið, hagsmunahóparnir eða Alþingi? Í mínum huga á að leysa mál af þessu tagi á pólitískum grunni en ekki af þröngum hópi hagsmunaaðila sem eigna vill sér þessa sameign þjóðarinnar.

Umhverfismálin hafa sett mark sitt á það þing sem nú er að ljúka. Óhætt er að segja að ekkert mál hafi fengið eins mikla umfjöllun hér á Alþingi og umhverfismálin. Því miður hefur sú umræða ekki verið Alþingi til álitsauka og umhverfismálum til framdráttar. Nú á síðustu dögum þingsins á að nota þennan mikilsverða málaflokk sem skiptimynt í samningum um þinglit. Á sama tíma og vakning hefur átt sér stað í umhverfismálum í nálægum löndum teljum við Íslendingar okkur trú um að við búum í hreinu landi, lausir við alla mengun. Staðreyndin er því miður sú að við eigum við mikil og alvarleg vandamál að stríða í umhverfismálum þar sem skort og skolp ber hæst. Stofnun umhverfisráðuneytis er

fari með samræmingu og skipulag þessara mála og fleiri, eins og landnýtingu og gróðureftirlit, er því afar brýn. Við þingmenn Borgfl. erum afar ósáttir við framgang þessa máls hér á Alþingi og lýsum vonbrigðum okkar með hvað einstakir flokkar og flokksbrot bera litla umhyggju fyrir nánasta umhverfi okkar.

Góðir áheyrendur. Borgfl. kom óvænt inn í íslensk stjórnmál fyrir þremur árum síðan. Boðaði hann nýjar lausnir í þjóðfélagsmálum. Áhrifa hans hefur gætt um allt þjóðfélagið og komið umróti á í stjórnmálum. Þá hefur tilurð hans og störf vakið upp ótta í ýmsum skúmaskotum þjóðfélagsins. Áróðurinn hefur ekki vantað og öllum brögðum beitt til að knésetja fylgismenn hans. Ég vonast eftir, landsmenn góðir, að þið sjáið í gegnum þennan blekkingarvef. — Lifið heil.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Virðulegi forseti. Kæru hlustendur. Í kvöld ætla ég að tala aðeins við ykkur um kolkrabba. Tímaritið Þjóðlíf gerði merkilega úttekt á viðskiptalífi landsmanna í síðasta tölublaði, hvernig fáeinir menn eru að sölsa undir sig bróðurhlutann af viðskiptalífinu með því að kaupa hlutabréf hver í annars fyrirtækjum og kallaði tímaritið þessa þróun kolkrabbann. Er mikill sannleikur fólginn í þessu nafni.

Kolkrabbinn teygir anga sína einkum um þau fyrirtæki sem búa við ríkiseinokun í samgöngum, ríkiseinokun í verktakastarfsemi, einokun á sölu afurða, fyrirtæki sem annast opinbera umsýslu, um sjóði fjöldans, sjóði ríkisins, banka, ríkisbanka og aðrar þær eignir sem við öll eigum eða eigum að hafa aðgang að en fáir stjórna og njóta góðs af. Þetta eru ríkiskapítalistar íslensku þjóðarinnar. Þetta eru ekki gömlu, góðu kapítalistarnir sem treysta á mátt sinn og megin heldur sú nýja tegund kapítalista sem treystir á ríkið, ríkisforsjá og einokun. Treystir á háa vexti og vísitölur. Keppinautum þeirra hefur verið rutt úr vegi. Hafskip er sokkið og stjórnendur þess og starfsmenn, margir af ágætustu mönnum þjóðarinnr, eru nú dregnir fyrir rétt og senn munum við sjá þau málalok. Arnarflug er að tapa flugi, búið er að selja Stöð 2 og víglínan færist að öðrum fyrirtækjum í landinu þar sem reynt er að halda uppi samkeppni. Frammi fyrir kolkrabbanum stendur einstaklingurinn og einyrkinn í atvinnulífinu frammi fyrir þrítugum hamrinum. Gömlu flokkarnir hafa tekið að sér að verja kolkrabbann í þjóðfélaginu. Þeir eru varðhundar kolkrabbans enda eru þeir smám saman að ganga sér til húðar. Fyrstu merkin, alvarlegu þreytumerkin eru núna í komandi borgarstjórnarkosningum og sveitarstjórnarkosningum þar sem flokkarnir eru að hrynja. Hluti af þeim er þegar hruninn og þess verður ekki langt að bíða að þeir sem enn standa uppi fari sömu leið.

Nýr vettvangur er fyrsta skrefið þar sem fólkið kemur saman í opið prófkjör, fólk úr öllum áttum og býr til sinn sameiginlega lista meðan aðrir flokkar hafa ýmist lokuð prófkjör eða fella niður prófkjör.

Góðir landsmenn. Það er aðeins eitt ár til næstu alþingiskosninga. Fyrir þær kosningar þurfa einstaklingurinn og einyrkinn í atvinnulífinu að ná saman og fylkja liði. Það þarf að fylkja liði fyrir hönd einkaframtaksins sem á nú undir högg að sækja hjá kolkrabbanum. Við sem trúum á að kjarninn í þjóðfélaginu sé smárekstur en ekki samantvinnaður stórrekstur í höndum fárra þurfum að fylkja liði fyrir næstu kosningar.

Ég býð ykkur gleðilegt sumar. — Góða nótt.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Gleðilegt sumar. Það fór ekki fram hjá neinum að hæstv. utanrrh. var að koma úr loftinu þegar hann kom hér í þingsalinn og fór hér upp í ræðustól áðan. Ég held að hann hafi ekki séð, hafi flogið það hátt. Það var eins og hann væri ofan skýja þegar hann flutti sína ræðu. Hæstv. ráðherra var að segja þjóðinni hvers mætti vænta ef það yrði nú álver sem yrði byggt á Íslandi. Ég mun koma svolítið betur að því síðar.

Það var mikil glansmynd sem hv. þm. Guðni Ágústsson flutti yfir okkur hér áðan. Mér datt í hug að það væri ósköp líkt og var sagt um einn bónda sem var heylítill, að þegar hann setti kýrnar út þá setti hann á þær græn gleraugu. Hvernig er umhorfs í þjóðlífinu? Hafið þið athugað auglýsingarnar þar sem verið er að auglýsa íbúðir og annað í hundraðatali? Hafið þið heyrt um fólkið sem er með 60–70 þús. kr. á mánuði eða enn þá minna? Hafið þið heyrt um að menn eru að keppast um álver? Þó vill það enginn. Þó vill það enginn, ef í boði væri eitthvað annað. En stjórnvöld, ráðamenn þessarar þjóðar, standa þannig að málum að því er ekki boðið annað. Og vegna þess að hv. þm. Guðni Ágústsson var með þessa glansmynd vil ég segja frá því að ég fékk áðan skeyti sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Aðalfundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga átelur harðlega þann seinagang sem er á afgreiðslu málefna loðdýrabænda og skorar á stjórnvöld að koma í veg fyrir frekari gjaldþrot þeirra á meðan unnið er að lausn þeirra mála.“ Ég kem með þetta sem sýnishorn af því ástandi sem er í þjóðfélaginu þó menn sem eru hér innan dyra virðist ekki átta sig á því hvað er utan veggja.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð settu mín samtök það á oddinn að það yrði sett inn í stjórnarsáttmálann að mörkuð yrði sérstök fiskvinnslustefna. Við lögðum áherslu á það að þetta kæmi inn. Að vísu var tregða á því, en okkur var ljóst, og er það kannski enn þá ljósara nú, að þetta er stærsta mál þjóðarinnar. Enda segir í lögum um þetta efni að þjóðin eigi þessa auðlind, fiskimiðin. Í framkvæmd er það þannig að það eru þeir sem eiga skipin. Og það er komið svo langt að þeir eru farnir að telja sér það til eigna á framtölum sínum. Við höfðum mann sem vann í þeirri nefnd sem fjallaði um fiskvinnslustefnuna og kvótamálin og hann kom með sitt álit. Ég var að vísu ekki alveg sáttur við það. Mér fannst að það væri stigið skemmra skref en ég hefði

viljað, þ.e. að til byggðanna eða fiskvinnslunnar yrðu færð 30% í fyrsta skrefi til þess að fiskvinnslufólkið hefði einhvern rétt líka. Það er alltaf verið að tala um hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Er það ekki fólkið? Er það ekki fólkið sem vinnur í frystihúsunum? Er það ekki þjóðin öll?

Við vildum líka koma í veg fyrir að seldur yrði óveiddur þorskur, a.m.k. út úr hverju byggðarlagi, og við vildum í þriðja lagi að ef ætti að flytja út ósunninn fisk á annað borð þá ættu allir að fá vissa prósentu hvort sem hún yrði 10% eða 15% eða hver hún væri. Þeir sem væru t.d. í Grímsey eða á Austfjörðum sumum hverjum, Vestfjörðum eða annars staðar hefðu þá leyfi til að leigja þennan útflutningskvóta sinn og fengju fyrir það greiðslu til þess að jafna aðstöðuna.

Það er alls ekki nóg að kenna ríkisstjórninni við jafnrétti og félagshyggju. Athafnir verða að fylgja orðum. Ég viðurkenni að ekki er allt vont við það frv. sem við erum nú að fjalla um, það er langt í frá. En þetta eru afgerandi atriði og þess vegna höfum við allan tímann lagt þunga áherslu á að farið yrði eftir óskum fólksins, þessari auðlegð væri skipt á milli og byggðirnar gætu samið við þá sem eiga skipin: Ef þið landið hjá okkur, þá fáið þið að veiða okkar kvóta.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta efni en vil þó segja það að þessi Hagræðingarsjóður er lítið skref, 6000 þorskígildi sem er hægt að skipta á milli þeirra sem verst eru settir, en það er skref og getur komið fáum að gagni en e.t.v. bjargað einhverjum byggðum. Og það er í vissum tilvikum líka skref að sveitarfélögin eigi forkaupsrétt að skipum. En fyrir þau sveitarfélög sem allt fé er farið frá og einstaklingum sem þar búa, hvaða gagn er það fyrir þau að hafa þennan rétt? Það verður þá eitthvað að fylgja með til þess að málum sé bjargað í þeim tilvikum.

Ég er alveg hneykslaður á þeim sem eru enn þá að tala um sjóðina og harma það að þessi ríkisstjórn reyndi að bjarga þeim byggðarlögum sem voru illa sett þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá. Getur það verið að einhverjir þessara manna harmi það að þeir eða þeirra vinir gátu ekki náð þessum fiskvinnslustöðvum og þessum skipum undir sig, er það það sem þeir eiga við? Hvað er það? Þetta er það mál sem rís náttúrlega langhæst hjá þessari ríkisstjórn og menn verða að vera menn til þess að viðurkenna það sem vel er gert en líka að reyna ekki að breiða yfir það sem er illa gert.

Það urðu nokkrar umræður um raforkuvirkjanir hér á þingi í gær. Ég kom með útreikning á því hver orkan þyrfti að vera, þ.e. ef það er meiningin að virkja og selja orkuna á kostnaðarverði. Ég ætla ekki að fara mikið út í það. Ég mun skrifa hæstv. iðnrh. bréf og birta þessa útreikninga. En með því móti að reikna þetta þannig út að taka þá 15 virkjunarmöguleika sem nú er búið að gera áætlun um og með 9% vöxtum eins og vextir eru yfirleitt nú orðið erlendis, þá þyrfti að selja þessa orku til stóriðjunnar á upp undir 2,30 íslenskar krónur. Og hver ætli vilji borga það verð? En það getur vel verið að menn ætli að borga þetta niður með einhverjum hætti, það kann að vera.

Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., talaði um sundurlyndi í þjóðfélaginu. Af hverju er sundurlyndi í þjóðfélaginu? Það er vegna þess að það er misrétti, það er mikið misrétti í þjóðfélaginu eins og ég kom að áðan. Af því skapast sundurlyndi.

Ég flutti þáltill. nú og í fyrra um að gerð yrði athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu og óskaði eftir því að Hagstofunni yrði falið þetta verkefni. Þessi tillaga fær ekki náð fyrir augum þeirrar nefndar sem um þetta á að fjalla og afgreiða það. Hvers vegna skyldi það vera? Getur það verið að menn séu hræddir við að sjá framan í þær tölur, getur það verið? Eða hvers vegna er setið á svona sjálfsagðri tillögu ár eftir ár?

Það er dálítið sérkennilegt mál sem hefur komið á borð mitt. Það er tilraunastöðin á Reykhólum. Það er verið að leggja hana niður. En það eru gildandi lög í landinu að þessi stöð eigi að starfa áfram, það er ekki búið að fella þau úr gildi. Svo er sett inn í fjárlög þessi grein, „að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem ónauðsynlegar verða vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar sökum fyrirhugaðra breytinga á skipulagi tilraunastarfseminnar, og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.“ Þetta er eina tilraunastöðin þar sem er ósýkt fé. Ég hef bréf frá Álafossi þar sem lögð er mikil áhersla á að þessari starfsemi verði haldið áfram. Og þar kemur fram hvað þeir telja þessa starfsemi mikilvæga. En þessa stöð á að leggja niður þó að tilraunastöðin á Keldnaholti haldi áfram að bólgna út.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð talaði ég um það við hæstv. landbrh. að þarna yrði að færa til og færa þessa tilraunastarfsemi út til fólksins, út á landsbyggðina. Það hefur ekki verið gert.

Tími minn er senn búinn og þess vegna vil ég segja það að ég tek undir með hæstv. landbrh., allt það sem hann sagði um EB og þá samninga sem þar eru í gangi. Ég vara við að ganga langt í þeim samningum og ég vara við að gengið sé langt í þeim viðræðum sem eru í gangi. Ég vil svo að endingu segja: Ég vona að þetta sumar, sem loksins er nú komið, verði gott og gjöfult þjóðinni.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Það er nokkur lenska í þessu landi að gera lítið úr störfum Alþingis og hafa störf ríkisstjórna og ráðamanna sífellt í flimtingum. Þannig á það ekki að vera. Æðsta stjórn ríkisins er ekkert grín eða gamanmál. Það er mikilvægt að hún farist vel úr hendi þeirra sem fyrir er trúað. Það getur skipt sköpum um heill okkar litlu þjóðar og framfarir í landinu sem og um álit og traust íslenska ríkisins út á við.

Ég hygg að allir Íslendingar vilji innst inni geta trúað því að þeir sem veljast til forustu í landsmálum, hvar í flokki sem þeir standa, séu ábyrgir einstaklingar sem hægt sé að treysta, menn sem hafi hagsmuni

þjóðarinnar og ekkert annað að leiðarljósi. Íslenska þjóðin stendur saman þegar á reynir og vill geta fylkt sér að baki forustumanna sinna þegar því er að skipta. Það er þess vegna dapurlegt þegar ráðamenn sjálfir grafa undan trausti almennings á stjórnarfarinu eða verða að athlægi vegna ummæla sinna eða athafna. Þá dvínar virðing manna og traust og sú grínímynd sem fjölmiðlar draga stundum upp situr ein eftir. Því miður hefur virðingu fyrir stjórnarfarsreglum og þar með stjórnvöldum farið hnignandi í tíð núv. ríkisstjórnar eins og þeirrar sem mynduð var á undan henni í pólitísku samsæri gegn Sjálfstfl. í september 1988. Og það er forsrh. hæstv. ekki sæmandi að tala enn þann dag í dag eins og hann hafi nánast ekki setið í ríkisstjórninni sem þá fór frá völdum.

Á þessum vetri hafa menn orðið vitni að því hvernig þjösnað hefur verið í gegnum Alþingi breytingum á sjálfu Stjórnarráði Íslands. Breytingum sem eingöngu eru til komnar í valdabraski stjórnarflokkanna og liður í að tryggja ríkisstjórninni nægilega mörg atkvæði á Alþingi. Það er grundvallaratriði að lög um undirstöðustofnanir stjórnkerfisins fái að standa upp úr dægurþrasi stjórnmálanna og séu ekki notuð sem skiptimynt í atkvæðaviðskiptum hér á Alþingi.

Nú síðustu dægrin hefur sjónarspil í röðum stjórnarliðsins átt sér stað á bak við tjöldin þar sem atkvæði einstakra stjórnarþingmanna virðast vera föl hæstbjóðanda. Að hluta til er hér um að ræða framhald á braskinu með Stjórnarráðið og að hluta til önnur mál, svo sem kvótakerfið í fiskveiðum. Ekki er fengin endanleg niðurstaða á þessum hrossamarkaði ríkisstjórnarinnar, en auðvitað næst þar eitthvert samkomulag. Menn sem ekki hafa grundvallarsannfæringu í málum geta komið sér saman um hvað sem er. Og oft tala þeir hæst um hugsjónir sem engin hafa pólitísku prinsippin. Leiðtogar stjórnarflokkanna hafa margsýnt á stuttum valdaferli sínum að þeir eiga aldrei í vandræðum með að ná saman, þeir eru alltaf til í að semja um hvað sem er, bara eitthvað, alveg sama hvað það er, til þess að halda völdunum áfram. Og það verður vissulega fróðlegt að hlýða á sögur Svavars Gestssonar úr stjórnarsamstarfinu þegar hann leysir frá skjóðunni, eins og hann lofaði áheyrendum fyrr í kvöld.

Ýmsir halda að stjórnmál snúist um það eitt að karpa um efnahagsmál og setja um þau lög hér á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað misskilningur. Fyrir efnahagsmálunum er best séð ef stjórnmálamennirnir láta þau sem mest í friði. Í stjórnmálunum er hins vegar ekki síst tekist á um tiltrú manna á þeim hugsjónum sem stjórnmálamenn segjast berjast fyrir. Þegar þeir komast í valdastöður reynir á hvort þeir eru traustsins verðir og hvað er að marka það sem þeir hafa sagt á leið sinni til valda. Sú leið getur verið misjafnlega löng og krókótt. Stundum liggur hún inn um bakdyr Alþingis alla leið í sæti fjármálaráðherrans. Hæstv. núv. fjmrh. er, eins og hæstv. utanrrh., iðinn við að ferðast um landið í nafni ráðuneytis síns og halda pólitíska áróðursfundi fyrir það flokksbrot á vinstri vængnum þar sem hann hefur nú hreiðrað um sig. Stundum eru þeir saman á ferð, stundum einir. Eflaust gerir hæstv. fjmrh. á þessum fundum sínum rækilega grein fyrir skattahækkunum sínum og frumkvæði því sem hann hefur haft um að setja lög um að m.a. hópur húsbyggjenda og íbúðarkaupenda séu sviptir húsnæðisbótum með afturvirkum hætti. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að tiltekinn hópur fólks sem taldi sig í góðri trú eiga rétt á slíkum bótum hefur verið sviptur þeim með afturvirkum hætti. Frv. okkar sjálfstæðismanna um að hnekkja þessari ósvinnu hefur dagað uppi hér í þinginu. Vonandi verður einhver til þess að taka það mál upp fyrir dómstólum.

Það eru ekki mörg þingmál, virðulegur forseti, sem standa upp úr eftir þinghald vetrarins. Stærsta málefni þingsins, frv. um stjórn fiskveiða, hefur illu heilli orðið leiksoppur á hinu pólitíska innanhússuppboði ríkisstjórnarinnar. Og það er fleira kyndugt í kýrhaus ríkisstjórnarinnar. Þessa dagana er verið að reyna að troða í gegnum þingið frv. um breytingar á verkamannabústaðakerfinu þótt á því séu hinir ótrúlegustu annmarkar. Með því frv. er m.a. ætlunin að svipta sveitarfélög yfirráðarétti að hluta til yfir íbúðum sem þau eiga og leigja sínum skjólstæðingum. Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar hefur í dag mótmælt þessum áformum samhljóða. Enn fremur er ætlunin að afnema hin svokölluðu viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna sem þeir hafa átt kost á sem búa við sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og fjárhagsaðstæður en eru að reyna að koma sér upp eigin þaki yfir höfuðið. Við sjálfstæðismenn höfum talið að það væri ekki síst þessu fólki sem verkamannabústaðakerfinu var ætlað að koma til aðstoðar. En þinglið hinna svokölluðu félagshyggjuflokka, undir forustu félmrh., hefur hafnað samstarfi um að fá þessum ákvæðum breytt í fyrra horf.

Það var fróðlegt, virðulegur forseti, að hlýða á ráðherrana tala um skýrslu OECD og stæra sig af þeim árangri sem náðst hefur. Og það er fróðlegt að heyra þá tala um hæstv. forsrh. sem líka bar höfuðábyrgð á stjórn efnahagsmála í ríkisstjórninni 1985–1987. En sannleikurinn er sá að með samningunum sem tókust nú í febrúar tóku launafólk og atvinnurekendur ráðin af hæstv. ríkisstjórn og höfnuðu áframhaldandi forsögn fjmrh. og forsrh. Stjórnarframkvæmd í efnahagsmálum er nú að verulegu leyti komin í hendur launanefndar úti í bæ sem samtök aðila vinnumarkaðarins ásamt efnahagsstofnunum ríkisins skipa. Launanefndin, eða launráðið svokallaða, hefur tekið við hinu raunverulega frumkvæði og forustu í efnahagsmálum af ríkisstjórninni og verða margir mér sammála um að segja: sem betur fer.

Virðulegur forseti. Nú eru aðeins rúmar þrjár vikur til kosninga í bæjum og sveitarstjórnum. Í Reykjavík hafa sameiningartilraunir vinstrimanna mistekist og hinn nýi vettvangur reynst lítið annað en nýr vígvöllur glundroðamanna. Alþb. er lagst banaleguna í kjölfar frelsunar alþýðunnar í Austur-Evr-

ópu og verður fáum harmdauði. Ágreiningurinn þar á bæ hefur komið glöggt fram í kvöld og var fróðlegt að fylgjast með svipbrigðum formanns Alþb. þegar samráðherrar hans úr Alþb. hvöttu menn til að kjósa G-listann í kosningunum. Hvergi hafa kostir þess að fela einum stjórnmálaflokki óskoraða ábyrgð komið betur í ljós en hér í höfuðborginni. Ljóst er að Sjálfstfl. hefur byr í seglin í komandi kosningum. Það er kannski þess vegna, og sennilega þess vegna, sem hv. þm. Guðni Ágústsson og aðrir ræðumenn hér hafa ráðist á Sjálfstfl. í þessum umræðum af jafnmikilli heift og jafnmiklu offorsi og þeir hafa gert. Þeir eru hræddir, þeir eru lafhræddir við yfirvofandi sigur Sjálfstfl. í kosningunum. Það veltur á miklu að stuðningsmenn Sjálfstfl. verði ekki andvaraleysinu að bráð, láti það ekki ná tökum á sér.

Hv. þm. Guðni Ágústsson vék að þolinmæði forsrh. í ræðu sinni. Ég segi, góðir áheyrendur, þolinmæði þjóðarinnar í garð þessarar ríkisstjórnar er þrotin. Forsrh. hótaði því í ræðu sinni að ríkisstjórnin sæti út kjörtímabilið. Ég segi: Við skulum veita ríkisstjórnarflokkunum þá ráðningu í komandi kosningum sem þeir hafa svo rækilega til unnið.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegur forseti. Gott kvöld, góðir áheyrendur. Ekki blasir við fögur sjón þegar skyggnst er yfir svið íslenskra stjórnmála nú um stundir. Í landinu er við völd stefnulaus vinstri stjórn. Innan stjórnarflokkanna er hver höndin uppi á móti annarri, líkt og umræður og störf á Alþingi síðustu daga bera glöggt vitni, hvernig svo sem forsrh. reynir að telja sjálfum sér trú um annað í ræðustólnum í kvöld. Við hverju er raunar að búast þegar forusta ríkisstjórnarinnar er í höndum manna sem hvorki virðast skilja eðli þeirra starfa sem þeir hafa tekist á hendur né þær skyldur sem lýðræðisþjóðskipulagið leggur á herðar forustumönnum framkvæmdarvaldsins?

Vegna ummæla hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar í kvöld vil ég minna á að haustið 1988 þegar hann myndaði ríkisstjórn hafði Framsfl. setið í ríkisstjórn nærfellt í 17 ár. Sjálfur hafði hann verið ráðherra í nærfellt tíu ár, þar af forsrh. í fjögur ár. Framsfl. hafði farið með sjávarútvegsmál í átta ár, hann sjálfur í þrjú ár og núv. hæstv. sjútvrh. í fimm ár. Ég læt svo hlustendum eftir að dæma um hver ber ábyrgðina og hver ekki.

Frá upphafi núv. ríkisstjórnar hafa, í stað stefnumörkunar og almennra aðgerða sem miða að því að allir hafi sama rétt og allir sömu tækifæri, hvers kyns hrossakaup ráðherra við stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar einkennt stjórnarfarið. Framvinda mála á Alþingi hefur verið háð slíkum vinnubrögðum frá degi til dags. Allur hefur þessi atgangur miðað að því að kaupa ríkisstjórninni fylgi í sölum Alþingis en stjórnarherrarnir hafa kært sig kollótta um stuðning eða álit almennings á málunum. Nærtækustu dæmin eru nú, þegar afgreiða á frá Alþingi jafnþýðingarmikil mál og stjórnun fiskveiða og umhverfismála, þrátt fyrir mikinn ágreining innan stuðningsliðs ríkisstjórnar um afgreiðslu þeirra. Og sjútvrh. tekur þátt í þessum vinnubrögðum.

Í upphafi beitti forsrh. sér fyrir pólitísku sjóðakerfi, eins og hér hefur komið fram í kvöld, og aukinni miðstýringu og hinn margnefndi Stefánssjóður leit dagsins ljós. Sá sjóður einn hefur lagt milljarða króna ábyrgðir á ríkissjóð en það bíður næstu ríkisstjórnar að ákveða með hvaða hætti þau vandamál sem af störfum hans hefur leitt verða leyst.

Eftir því sem hefur liðið á feril ríkisstjórnarinnar hafa fleiri sjóðir af þessu tagi bæst við. Hlutafjársjóður og nú síðast Hagræðingarsjóður. Hvert er svo álit þeirra manna sem reynslu og þekkingu hafa á slíkum stjórnaraðferðum? Guðjón B. Ólafsson, forstjóri Sambandsins, segir í viðtali við Morgunblaðið í dag: „Það er mál til komið að pólitísk íhlutun í atvinnugreinar tilheyri fortíðinni og fagmennska taki við af pólitík og hentistefnu." Svipað álit kemur fram í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem nýlega var birt. Þar er lögð áhersla á atvinnustefnu sem byggir á minni afskiptum stjórnvalda sem leið til bættra lífskjara á Íslandi.

Á sama tíma og margar Austur-Evrópuþjóðir varpa af sér oki fátækrastefnu kommúnismans og lýsa yfir vilja sínum til að auka frelsi í hagkerfinu ræður afturhald og stjórnlyndi fjármálastjórn Íslands. Þrátt fyrir aukna skattheimtu um marga milljarða, auknar erlendar lántökur sem nálgast nú hættumörk, er stöðugur og gífurlegur halli á ríkissjóði. Fjmrh. hefur svo fengið að ráða því að fyrirvarar eru settir af Íslands hálfu í fjölþjóðlegu samstarfi. Efnahags- og framfarastofnunin hvetur hins vegar til opnunar hagkerfisins og að aukið verði frelsi varðandi fjármagnsflutninga milli Íslands og annarra landa. Afleiðingin af stefnu fjmrh. verður sú að Íslendingar dragast aftur úr öðrum þjóðum og dýrmætur tími fer forgörðum sem annars ætti að nýta til að laga íslenskt efnahagslíf að þeim breytingum sem nú eru að verða í heiminum í kringum okkur.

Samskipti okkar við Evrópuþjóðirnar eru tvímælalaust eitt stærsta og þýðingarmesta málið sem við höfum til umfjöllunar og ákvörðunar á næstunni. Miklu máli skiptir hvernig viðræðum Fríverslunarbandalagsins og Evrópubandalagsins reiðir af. Við verðum jafnframt sjálfir að koma sjónarmiðum okkar á framfæri og standa þannig að málflutningi okkar að á okkur sé hlustað og mark tekið á orðum okkar. Sú nöturlega staðreynd blasir hins vegar við að utanrrh. mætir til samningagerðarinnar á vettvangi EFTA og EB og túlkar þar sjónarmið sem ekki njóta stuðnings stjórnarflokkanna. Slíkur málflutningur er ekki sannfærandi, svo vægt sé til orða tekið.

Í áður tilvitnaðri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar eru horfur taldar á tiltölulega hægum hagvexti á Íslandi á næstu árum. Bygging nýs álvers hefur verið lengi í undirbúningi en ákvörðun liggur ekki fyrir um staðarval, það er látið bíða fram yfir bæjarstjórnarkosningar. Varðandi staðarval virðast einkum tveir staðir koma til greina ef gengið er út frá sjónarmiðum hagkvæmni. Það eru Straumsvík og

Keilisnes á Vatnsleysuströnd. Ljóst er af því sem fram hefur komið í fjölmiðlum af hálfu forsrh. og iðnrh. að til pólitískra hrossakaupa getur auðveldlega komið um staðarval að loknum sveitarstjórnarkosningum og hvorugur þessara staða orðið fyrir valinu.

Aðeins nokkrum vikum fyrir síðustu kosningar lýsti umhvrh. því yfir að nauðsynlegt væri að stofna hægri flokk til að veita Sjálfstfl. aðhald frá hægri. Helsta afrek þessa ráðherra felst á hinn bóginn í því að framlengja líf einhverrar verstu vinstristjórnar sem hér hefur setið. Að launum hefur hann hlotið ráðherrastól og ýmislegt fleira, sem öllum er kunnugt. Forsrh. var reiðubúinn til hrossakaupa um þau mál, rétt eins og önnur, enda sýnist hann ekki hafa mótaðar hugmyndir um stjórn umhverfismála og það hvort yfirleitt væri þörf á sjálfstæðu umhverfisráðuneyti.

Þeir eiga það sameiginlegt, forsrh. og umhvrh., að vilja fórna miklu fyrir ráðherradóminn. Það ber raunar enginn eins mikla ábyrgð á þeim glundroða og stefnuleysi sem einkennir störf ríkisstjórnarinnar og forsrh. Hvernig hefur honum tekist að rækja skyldur sínar við þing og þjóð? Í efnahagsmálum tóku aðilar vinnumarkaðarins málin í sínar hendur og mörkuðu stefnu í atvinnumálum sem þeir nú standa að og hafa haft stuðning stjórnarandstöðunnar. Og ég vil minna Guðna Ágústsson sem hér talaði í kvöld á það að formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, knúði ríkisstjórnina til þess að standa við gefin loforð frá kjarasamningunum varðandi áburðarverð í landinu. Varla er unnt að ímynda sér meiri eymd, úrræðaleysi og metnaðarleysi þessara aðila sem formlega séð eiga þó að hafa með höndum forustuhlutverk í ríkisstjórn.

Í lýðfrjálsu landi eins og Íslandi á hjarta stjórnkerfisins að slá í þinginu. Þjóðin hefur kosið fulltrúa á þing til þess að ráða málum sínum þar en ekki til þess að afsala sér völdum til ríkisstjórna eða einstakra ráðherra sem leysa málin með það eitt í huga að halda ráðherradómi. Það er skoðun mín að núv. ríkisstjórn og stjórnarflokkar hafi oft á tíðum gleymt því hvert sé hlutverk Alþingis og skyldum sínum gagnvart því.

Góðir áheyrendur. Laugardaginn 26. maí fara fram sveitarstjórnarkosningar en yfirstandandi kjörtímabili Alþingis lýkur í apríl á næsta ári. Oft hefur það verið svo að kjósendur hafa látið ríkisstjórn finna til tevatnsins í sveitarstjórnarkosningum. Sýnist mér ærin ástæða fyrir kjósendur nú að gera svo. Góður sigur sjálfstæðismanna um land allt í sveitarstjórnarkosningunum mun styrkja þá kröfu að núv. ríkisstjórn láti af völdum og efnt verði til alþingiskosninga svo fljótt sem verða má. Því fyrr sem ríkisstjórnin fer frá og Sjálfstfl. tekur við forustu þjóðmála hefst nýtt framfaraskeið hjá íslensku þjóðinni. Ég vona að Guðna Ágústssyni og öðrum hans líkum komi til með að líða mun betur en Guðna Ágústssyni leið hér í kvöld. — Góða nótt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti, góðir áheyrendur. Sjávarútvegurinn er þýðingarmesta undirstaða lífsafkomu Íslendinga. Afkoma og skipulag þessarar mikilvægu atvinnugreinar er því eitt helsta hagsmunamál þjóðarinnar til langrar framtíðar. Með bættri nýtingu sjávarfangs, lækkuðum tilkostnaði og framleiðslu á verðmætari afurðum má auka þjóðartekjur verulega. Með því móti einu getum við tryggt að lífskjör hér á landi haldi áfram að batna og við verðum áfram í flokki þeirra þjóða er við mesta velmegun búa. Jafnframt verður að hafa það í huga að atvinnugreinin er helsta undirstaða atvinnulífs víðast hvar á landsbyggðinni og skyndilegar breytingar eru viðkvæmar fyrir það fólk sem starfar í greininni með einum eða öðrum hætti.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við haustið 1988 var það helsta viðfangsefni hennar að treysta undirstöður sjávarútvegsins svo hann mætti áfram þjóna sínu mikilvæga hlutverki. Brýnasta verkefnið sem við blasti var að bæta almenn rekstrarskilyrði greinarinnar. Með markvissum aðgerðum hefur þetta verkefni verið leyst þannig að nú er hagnaður af sjávarútveginum í heild þótt víða sé við sérstök vandamál að etja. Þótt öllum hafi mátt vera það ljóst að nauðsynlegt var að bæta almenn rekstrarskilyrði greinarinnar blasti jafnframt við að víða þurfti að grípa til sérstakra aðgerða. Fyrst í stað var unnið að skuldbreytingum, endurfjármögnun og hagræðingu í hinum ýmsu sjávarútvegsfyrirtækjum í landinu. Þar hefur náðst mikill árangur.

Margir halda því fram að slíkt hafi ekki átt að gera, eins og ég skildi hv. sjálfstæðismenn hér áðan, m.a. formann flokksins, hv. 1. þm. Suðurl., þegar þeir gerðu skuldbreytingasjóði og sjóðakerfi atvinnulífsins að umtalsefni. Það eru kaldar kveðjur sem það fólk fær sem hefur búið að þeim breytingum sem þar hafa verið gerðar. Og ég býst við að það sé megnið af landsbyggðinni. Á sama tíma er það eitt helsta áhugamál Sjálfstfl. að nota sameiginlega sjóði Reykvíkinga til að yfirtaka sem mest af veitinga- og hótelrekstrinum hér í borginni. Það sýnir áhugamál Sjálfstfl. í þessu ljósi og ég vænti þess að kjósendur í sveitarstjórnarkosningum um allt land meti þennan hug Sjálfstfl. þannig að veita honum ekki brautargengi í þeim kosningum eins og þeir hafa svo mjög beðið um hér í kvöld.

Enda þótt mikill árangur hafi náðst í að treysta hag sjávarútvegsins má ekki láta staðar numið. Miklu skiptir að forsendur séu skapaðar til að þjóðinni nýtist sem best arðurinn af fiskveiðiauðlindinni. Er nú unnið að því með margvíslegum hætti. Ég vil þó takmarka mál mitt við nokkur mikilvæg atriði.

Þar verður fyrst að nefna endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem nú hefur verið til meðferðar í alllangan tíma á Alþingi og verður væntanlega afgreidd fyrir þinglok. Það frv. hefur fengið ítarlegri undirbúning en flest önnur mál sem komið hafa fyrir Alþingi, enda ekki óeðlilegt þar sem hér er um eitt allra mikilvægasta mál að ræða sem þingið hefur tekið til umfjöllun-

ar. Sú niðurstaða sem þar fæst mun skipta sköpum fyrir íslenskan sjávarútveg og þjóðfélagið í heild til langrar framtíðar. Að því samþykktu mun hvert einasta fiskiskip í landinu fá sína föstu aflahlutdeild í öllum þýðingarmestu fisktegundunum. Hver einstakur aðili hefur þá allt að vinna til að ná þeim afla með sem minnstum tilkostnaði og gera sem mest verðmæti úr honum.

Þótt mikill árangur hafi náðst í fiskveiðistjórnun á undanförnum árum er enginn vafi á því að ef frv. nær fram að ganga mun hagkvæmni í sjávarútvegi aukast enn til mikilla muna. Hefur í máli þessu verið haft víðtækt samráð við alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og alla þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Því er haldið fram í umræðum á Alþingi að samstaðan hafi verið rofin með þeim aðilum sem að undirbúningi málsins hafa unnið og breytingar ekki bornar undir þá. Hér er um mikla rangfærslu að ræða.

Ég hef um langt skeið vakið athygli á nauðsyn þess að fækka fiskiskipum og þeim vandamálum sem flutningur fiskiskipa milli byggðarlaga getur skapað, að á þeim verði tekið. Hef ég bæði gert það hér á Alþingi og í viðræðum við hagsmunaaðila. Jafnframt hef ég viðrað ýmsar hugmyndir um hvernig við þessum vanda skuli brugðist og tilhneigingu til óþarfa fjárfestinga. Sumum þeim hugmyndum sem ég hef sett fram hafa hagsmunaaðilar tekið vel og fallist á þær en í öðrum tilvikum hafa skoðanir verið skiptar eins og gengur og gerist. Þannig lagði ég fram tillögur um að endurvekja Úreldingarsjóð í samræmi við þann vilja sem fram kom af hálfu Alþingis og hagsmunaaðila við endurskoðun sjóðakerfisins á sínum tíma. Þessar hugmyndir voru settar fram í ársbyrjun árið 1989 og hlutu misjafnar undirtektir. Frv. var síðan lagt fyrir Alþingi á þeim vetri og á nýjan leik haustið 1989.

Ég hef ávallt lagt á það höfuðáherslu að spornað sé gegn fjárfestingu í nýjum fiskiskipum og reynt verði að hraða úreldingu fiskiskipa eftir því sem nokkur kostur er. Ég hef alltaf haldið því fram að öflugur úreldingarsjóður sé mikilvægur til að ná því markmiði. Ég hef jafnframt haldið því fram í gegnum árin að ef bregðast eigi við sérstökum vanda í einstökum byggðarlögum vegna sölu fiskiskipa megi alls ekki gera það með því að rígbinda fiskiskip við byggðarlög og stöðva þar með alla þróun í sjávarútvegi eða með fjölgun skipa eins og margir hv. alþm. hafa stundum lagt til. Ég hef séð það helsta ráð að takast megi á við slík vandamál á vettvangi Úreldingarsjóðs. Þetta hef ég margítrekað í ræðum, á fundum hagsmunaaðila, í málflutningi hér á Alþingi og í fjölmiðlum. Þær tillögur sem nú hafa verið lagðar fram um að Úreldingarsjóði verði falið þetta verkefni á þessu sviði þurfa því engum að koma á óvart. Úreldingarsjóður fiskiskipa sem nú hefur fengið nafnið Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins mun fá það tvíþætta hlutverk að vinna að aukinni arðsemi með fækkun fiskiskipa og taka á sérstökum byggðavandamálum sem upp kunna að koma með sölu fiskiskipa milli byggðarlaga. Hann mun fá til ráðstöfunar u.þ.b. 1,7% af heildarveiðiheimildum í upphafi og getur aukið þær með skipakaupum. Sjóðurinn getur þó aldrei haft yfirráð yfir meiru en 5% af heildarveiðiheimildum. Ef farið er yfir þau mörk mun flotinn allur fá til sín þær veiðiheimildir sem Hagræðingarsjóður hefur eignast og með því móti mun hann vinna fyrir heildina. Það er jafnframt mín skoðun að þegar því marki hefur verið náð að afkastageta flotans sé í samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna sé eðlilegt að draga úr hlutverki Hagræðingarsjóðs og leggja hann niður, en samkvæmt frv. ber að endurskoða lögin að tveimur árum liðnum.

Sumir hafa kallað þessa starfsemi „auðlindaskatt". Að kalla slíka starfsemi auðlindaskatt er svo fráleitt að það tekur vart að tala um það því auðlindaskattur gengur út á það að skattleggja greinina og taka til annarra þarfa samfélagsins. Sjávarútvegurinn er ekki í stakk búinn til að þola slíka skattlagningu en menn mega ekki vera svo skammsýnir að leggja ekki í innbyrðis hagræðingu til þess að þjóðin geti betur notið afraksturs þessarar mikilvægustu auðlindar okkar.

Um byggðahlutverk sjóðsins er það að segja að honum er ætlað að koma til tímabundinnar aðstoðar þegar verulegir erfiðleikar steðja að vegna sölu fiskiskipa úr byggðarlögum. Í slíkum tilvikum er hugsunin sú að nýta umframafkastagetu flotans í stað þess að leggja í kaup nýrra fiskiskipa. Menn geta haft þá skoðun að þegar veruleg fækkun starfa blasir við og byggðaröskun yfirvofandi skuli ekkert að gert og það fólk sem á um sárt að binda geti bara tekið til fótanna skipulagslaust. Þá er rétt að segja það hreint út og væri Sjálfstfl. nær að gera það með beinum hætti í stað þess að halda því fram að með þessum tillögum hafi samstaðan við hagsmunaaðila verið rofin. Það má vel vera að þeim henti vel að breiða yfir eigin skoðanaágreining með slíkum hætti en það er ekki stórmannlegt.

Góðir áheyrendur. Það er ekki auðvelt mál fyrir Alþingi Íslendinga að marka fiskveiðistefnu sem hefur hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi en tekur jafnframt tillit til ólíkra hagsmuna og byggðarlaga. Enginn getur reiknað með því að þar sé allt svo öllum líki. Þrátt fyrir allt hefur tekist breiðari samstaða um málið en hægt var að búast við. Sjálfstfl. ásakar mig fyrir að hafa brugðist í málinu án þess að þeir tíundi hvað gera skuli. Það er auðveldur leikur sem ég undrast að svo stór stjórnmálaflokkur með víðtæk tengsl í sjávarútvegi skuli leyfa sér. Samstaða þeirra sem að ríkisstjórninni standa sannar að þrátt fyrir ólík sjónarmið hefur tekist að finna farsæla lausn á mikilvægasta hagsmunamáli þjóðarinnar með þeim árangri að bjartara er nú fram undan og sumar í lofti.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það var töluverður völlur á hæstv. ríkisstjórn í byrjun þess þings sem nú er að ljúka. Eftir samningaþóf sem var sumarlangt aðhlátursefni landsmanna hafði hún aukið við sig tveimur

ráðherrum úr tvístruðum Borgfl., öðrum reyndar án ráðuneytis. Hann átti að vísu í vændum embætti hins fyrsta umhvrh. en á meðan hann biði þess skyldi hlutverk hans vera að móta framtíðarstefnuna í atvinnumálum landsmanna.

Þetta voru háleitustu markmið nýaukinnar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar í upphafi þessa þings. Það sem við blasir nú í þinglok er umhvrn. sem er lítið meira en nafnið og metnaðarlaus og úrelt atvinnustefna sem þar á ofan gengur í berhögg við umhverfisvernd. Úrræðið er nefnilega aðeins eitt þrátt fyrir öll fögru og stóru orðin. Álver er það eina sem þessum hugmyndasnauðu vesalings mönnum dettur í hug. Þensla í efnahags- og atvinnulífi er bannorð sem ríkisstjórnin hamast gegn með orðum og athöfnum og telur jafnvel æskilegt að halda við hóflegu atvinnuleysi til hindrunar þeim voða. Vissulega er nauðsynlegt að sporna við óhóflegri þenslu en engan veginn er sama hvaða aðferðum er beitt í því skyni. En svo þegar við blasir tugmilljónaframkvæmd við virkjanabyggingar og álver er annað hljóð í strokknum. Þá telja ráðamenn einboðið að varpa þessari þensluþrengju inn í atvinnulífið. Þá er bannorðunum „þenslu" og „verðbólgu" sópað til hliðar og ekkert hirt um skuldaaukningu erlenda og innlenda, en sagt að til mótvægis hugsanlegri þenslu verði dregið úr öðrum opinberum framkvæmdum, þá trúlega höfnum, vegagerð, jarðgöngum og flugvöllum, svo ekki sé nefnd félagsleg uppbygging, og í leiðinni líklega annarri atvinnuuppbyggingu.

Þegar svo framkvæmdum er lokið verður trúlega um fáa kosti að ræða fyrir þá sem að byggingunni unnu, hvað þá þann hóp sem bættist vinnumarkaðinum á tímanum sem framkvæmdir stóðu yfir. Þá stöndum við með 600 manns í álveri og höfum dregist aftur úr á öðrum sviðum. Ekki leysir álver bráðan atvinnuvanda kvenna sem *lítill gaumur er gefinn* þrátt fyrir fyrirheit í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Engar úrbætur eru í sjónmáli, aðeins kannanir og skýrslugerðir sem almenningur hefur varla fengið að sjá. Ríkisstjórnin kýs að loka augunum fyrir atvinnuvanda kvenna sem eru engu síður en karlar í hlutverki fyrirvinnunnar. Í þessum efnum eru ríkisstjórninni að verða á alvarleg mistök sem vafi er á að *henni endist líf til* að bæta. Álversáformin eru bein storkun við atvinnuþörf kvenna.

Umhverfismálin, mengun lofts, láðs og lagar, uppfok og gróðurrýrnun hefur verið mikið til umræðu í vetur og raunar fyrr. Þau mál hafa einnig verið ofarlega á baugi í öðrum Evrópulöndum um árabil þar sem mengun frá mannfólki, bílum og verksmiðjum er að stofna vötnum, gróðurlendi og mannlífi í voða. Í þeim löndum eru nú uppi háværar raddir þeirra sem láta sig varða manninn og umhverfi hans, að hugarfarsbreyting verði að koma til hjá þeim sem málum ráða. Þeir sem þannig tala telja að ráðamenn hafi glatað tengslum við náttúruheiminn, hina lifandi jörð, sem er hin eina uppspretta alls sem við njótum af efnislegum gæðum. Þeir segja að í stað þess að misþyrma jörðinni og skaða hana verðum við að taka hana inn í umræðuna, inn í daglegt líf okkar allra sem aðila sem beri að taka tillit til, ávarpa hana með virðingu og umgangast hana af skilningi og nærgætni.

En hvað gerum við Íslendingar? Hvaða virðingu sýnum við móður jörð? Sú stofnun sem sett var á fót til að vernda gróður og land, verja land okkar eftir föngum þeirri mengun sem hrjáir heimsbyggðina, hún er svívirt með því að gera hana að pólitísku bitbeini, svívirt með því að láta hana sem skiptimynt í kaupum á valdaaðstöðu stjórnmálamanna. Með slíkum tiltækjum sýna stjórnvöld móður jörð fullkomna óvirðingu.

Havel, forseti Tékkóslóvakíu, hefur skilgreint stjórnmálamann nútímans sem hann telur hafa fjarlægst náttúruheiminn sem hann nefnir svo, eða móður jörð. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bak við vandaða grímu og snyrtilega framsögð orð örlar ekki á mannlegum eigindum svo sem væntumþykju, ástríðum, áhugamálum, hatri eða kjarki sem væru rótföst í jarðvegi náttúruheimsins. Kerfið, hugmyndafræðin og valdatækin hafa svipt mennina, jafnt yfirmenn sem undirsáta, samvisku sinni, náttúrulegri skilningsgáfu og eðlilegu orðfæri. Þar með er mannseðli þeirra glatað. Nútíma ríki verða æ líkari vélasamstæðu. Fólkið sjálft breytist í tölfræðilega hópa, svo sem kjósendur, framleiðendur, neytendur o.s.frv. Gott og illt, grunnhugtök náttúruheimsins, missa raunhæfa merkingu sína í heimi stjórnmálanna. Í stjórnmálum helgar tilgangurinn meðalið og eini mælikvarði þeirra er árangurinn eins og hann sannast í rauninni."

Ég tel að orð Havels hafi að nokkru sannast í meðferðinni á umhvrn. í vetur. Málefnið er mörgum stjórnmálamönnum ekki aðalatriði heldur valdaaðstaðan sem yfirráð þess skapa.

Og nú er það álver sem koma skal. Hvers vegna skyldu útlendingar vilja reisa álver hér? Er það ekki í von um ódýra orku sem við höfum ekki efni á að selja ódýrt? Hafa þeir ekki á bak við eyrað að svo áfjáðir sem ráðamenn eru í þetta fyrirtæki þá kynnu þeir að slaka á kröfum um mengunarvarnir? Þeir vita að langt er frá að þær varnir séu fullnægjandi í Straumsvík og það er að mestu látið óátalið.

Kemur það til með að auðvelda sölu til útlanda á eyfirsku skyri, sem uppi eru hugmyndir um, að kýrnar bíti gras í álverseim? Verður það ferðaþjónustunni lyftistöng að menn sjái verksmiðjureyk liðast um landslagið? Er það ekki tært loft, hreint vatn og ómenguð jörð sem erlent og innlent ferðafólk vill finna hér og njóta? Geta menn leyft sér slíka skammsýni, slíka storkun við náttúru lands okkar, móður jörð.

Meðan stóriðjuhugmyndir fylla heilabú ráðamanna láta þeir sig hafa það að skera niður framlög til rannsókna. Það fé hefur farið síminnkandi undanfarin ár og í síðustu niðurskurðarlotu var enn klipið af því. Í rannsóknum hlýtur þó vaxtarbroddur atvinnulífsins að eiga sér rætur.

Í sex ár hafa farið fram rannsóknir í líftækni-vinnslu, vinnslu dýrmætra ensíma úr fiskslógi. Þessar

rannsóknir hafa búið við nauman kost og enn er hann rýrður meðan horft er í stóriðjuáttina. Nú er að koma að þeim punkti að hafist gæti vinnsla á ensímum í stærri stíl ef fé væri fyrir hendi. Slík verksmiðja eða verksmiðjur gætu malað þjóðarbúinu gull, unnið dýrmæt efni úr hráefni sem annars fer í ódýra vöru eða er jafnvel fleygt. Með þessu kæmi til aukin fullvinnsla á því sem hafið gefur okkur og við eigum ekki að vanvirða með því að nýta ekki. En skammsýni manna er slík að fé er ekki á lausu til þessa. Þetta er aðeins eitt dæmi um hverju rannsóknir geta skilað atvinnulífinu og einnig dæmi um mistök hæstv. ríkisstjórnar er hún dregur úr framlagi til rannsókna. Á hinn bóginn hefur heyrst að til standi að flytja slóg til Noregs og hjálpa þannig Norðmönnum að efla og auka ensímframleiðslu þeirra. Slík er hugmyndafátæktin að uppbygging atvinnulífs við fullvinnslu sjávarafurða er ekki einu sinni nefnd á nafn, né heldur eiga stjórnvöld þá framtíðarsýn að við verðum stóriðjuþjóð í matvælaframleiðslu á hreinum og ómenguðum náttúruafurðum.

Við sitjum uppi með ríkisstjórn sem mikill meiri hluti þjóðarinnar treystir ekki, ríkisstjórn sem tryggir setu sína með siðlausum pólítískum hrossakaupum, ríkisstjórn sem þyrfti að taka til í hugmyndaheimi sínum og koma ruslinu frá honum fyrir þar sem það veldur ekki mengun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Nú þegar líður að lokum þessa þings er eðlilegt að menn spyrji: Fyrir hvað verður þessa þings minnst? Verður það fyrir málþóf þess hluta stjórnarandstöðunnar sem sí og æ heimtar umræður um þingsköp, um umbúðir en ekki innihald? Eða verður þessa þings minnst fyrir ákvarðanir sem hafa leitt til mesta stöðugleika í íslensku efnahagslífi í áratugi? Fyrir virkjanafrv., fyrir nýja fiskveiðistefnu, fyrir frv. sem nú eru á lokastigi í þinginu og gefa vonir um varanlegar framfarir og betri lífskjör á næstu árum? Sagan mun auðvitað skera hér úr. En það verður ljósara með hverjum degi sem líður að ríkisstjórnin er að ná verulegum árangri. Það er bjartara fram undan.

Við skulum líta eitt og hálft ár aftur í tímann. Þá tefldi stjórnarandstaðan fram sínum spámönnum og spekingum og flutti þjóðinni kreppuboðskap. Það verður stórfellt atvinnuleysi og hrun, þið missið vinnuna, þið missið húsin. Þá var spáð lokun fyrirtækja og allsherjarhruni atvinnuvega um allt land. Fjöldaatvinnuleysi í stíl kreppuáranna og óðaverðbólgu. Sem betur fer hafa þessar hrakspár ekki ræst. Árangurinn af starfi ríkisstjórnarinnar er að koma í ljós á hverjum degi.

Það er árangur að komið hefur verið í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi og rekstur atvinnuveganna tryggður. Nú eru batnandi atvinnuhorfur.

Það er árangur að nú er minnsti viðskiptahalli sem náðst hefur á samdráttarári um langt bil ára. Batnandi viðskiptakjör munu einnig stuðla að jákvæðri þróun efnahagsmála.

Það er árangur að tekist hefur að lækka vexti. Verðbólgan er þegar komin undir 10% og stefnir í 6–7% á árinu. Nafnvextir af skuldabréfum hafa lækkað úr 35% um mitt ár í fyrra í 14% nú. Vaxtabyrði venjulegrar fjölskyldu af íbúð hefur lækkað um mörg þúsund krónur á mánuði. Það eru horfur á að verðbólga verði hin minnsta í 20 ár.

Þótt þannig hafi náðst ótvíræður árangur er auðvitað ljóst að víða er vandi á höndum í einstökum landshlutum og atvinnugreinum þar sem ástandið er enn erfitt. En það sem upp úr stendur er: Að með samstilltu átaki ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins tókst að hnekkja hrakspám þeirra sem ekki þorðu að hefja leikinn og kjósa nú sumir að tefja hann. Forusta og félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar sýndu sannarlega hugrekki, styrk og ábyrgð sem tryggði skynsamlegustu samningagerð síðustu áratuga. En það er ekki nóg að við náum tökum á vanda líðandi stundar. Við verðum líka að ná tökum á verkefnum morgundagsins, búa í haginn fyrir framtíðina. En það verður einmitt hægara nú vegna þess að við höfum náð betra jafnvægi í efnahagsmálum. Þá gefst svigrúm til að sinna langtímaverkefnum. Einnig á því sviði erum við að ná árangri og þar eru líka stór verkefni fram undan. Við erum að gera mikilvægar breytingar á stjórn fiskveiða. Þar er ítrekað að fiskstofnarnir eru og verða sameign þjóðarinnar. Þar er komið til móts við það sjónarmið að rjúfa beri tengsl milli skips og kvóta og gjald skuli koma fyrir veiðiheimildir til aukinnar hagkvæmni. Þá er fundin skynsamleg leið til að bregðast við byggðavanda vegna sölu skipa eða kvóta úr byggðarlagi. Rökin sem hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., flutti hér áðan gegn þessum tillögum voru eingöngu þau að sérhagsmunaaðilarnir hefðu ekki viljað samþykkja þær. Þetta er mikill misskilningur á eðli stjórnmálanna. Hlutverk stjórnmálamanna er ekki að gæta sérhagsmuna, þeirra hlutverk er að gæta hagsmuna almennings.

Við höfum líka látið verkin tala með markvissum undirbúningi að þátttöku Íslands í Evrópusamvinnu undir forustu utanrrh. Þar er einna mikilvægast að tryggja útflutningsvörum Íslendinga, ekki síst fiski, greiðan aðgang að markaði, en einnig að opna íslenskan fjármagnsmarkað og gefa íslenskum fyrirtækjum aðgang að fjármagni á heimsmarkaðskjörum eins og erlendir keppinautar þeirra njóta. Við höfum líka látið verkin tala í húsnæðiskerfinu með breytingum sem loks gætu lagt grunn að eðlilegri lausn þeirra mála hérlendis með húsbréfum, kaupleiguíbúðum og fleiri félagslegum íbúðum. Við höfum líka látið verkin tala í bankakerfinu og gert það færara um en áður að sinna fólki og fyrirtækjum. Í 20 ár töluðu menn um að bankarnir væru of margir, of smáir, of dýrir. Á tíu mánuðum höfum við fækkað þeim úr sjö í þrjá.

Landslag atvinnu- og viðskiptalífs í landinu hefur gjörbreyst síðustu missirin. Sameining og aukin hagkvæmni eru lykilorðin og þessar breytingar hafa komið í kjölfar umbóta á fjármagnsmarkaði. Við höfum látið verkin tala með undirbúningi að nýju stórvirkjana- og stóriðjuskeiði á Íslandi. Virkjanafrv.

verður vonandi samþykkt fyrir þinglok. Þar er að því stefnt að láta drauminn um stórvirkjun á Austurlandi rætast um leið og haldið verður áfram með Búrfells- og Blönduvirkjanir og virkjuð jarðgufa á Nesjavöllum.

Nú er næstum aldarfjórðungur liðinn frá fyrstu framkvæmdum við álverið í Straumsvík og einn og hálfur áratugur frá því að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var reist. Síðan hefur verið hlé í eflingu stóriðju og m.a. af þessum sökum hefur dregið úr hagvexti hér á landi. Þetta er orðið allt of langt og allt of dýrt hlé. Nú ætlum við að hefjast handa. Á næstu vikum mun framhaldið ráðast. Og vonandi nást samningar um byggingu nýs álvers fyrir haustið. Álverið og framkvæmdir tengdar því geta aukið hagvöxt á ný og komið í veg fyrir að við drögumst aftur úr nágrannaþjóðum okkar með lífskjör.

Orkufrek stóriðja er alls ekki allsherjarlausn í atvinnumálum. En hún verður að vera snar þáttur í atvinnuuppbyggingu til þess að tryggja að Ísland haldi sínu fólki í samkeppni þjóðanna. Við megum aldrei gleyma því að traustur efnahagur er undirstaða velferðarkerfisins sem við höfum byggt upp og þurfum að halda áfram að efla og bæta. Það ætti að vera okkar þjóðarstolt að viðhalda og efla heilbrigðiskerfi sem er án efa með því allra besta sem gerist í veröldinni. Við þurfum líka að snúa okkur að því af fullum krafti á næstunni að koma á sanngjörnu samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Á sama hátt og góðar almannatryggingar og mannúðlegt heilbrigðiskerfi eru ómissandi hluti af hollu félagslegu umhverfi í nútímaþjóðfélagi er heilnæmt náttúrulegt umhverfi, hreint og fagurt land, mikilvægur þáttur í góðum lífskjörum. Þess vegna er krafan um umhverfisvernd sett á oddinn. Þess vegna hrífst þjóðin með í átaki til landverndar og skógræktar eins og nýleg dæmi sanna. Þess vegna hefur ríkisstjórnin stofnsett sérstakt umhverfisráðuneyti og verk þess munu standa löngu eftir að allir eru búnir að gleyma ómerkilegu reiptogi um verkefnaskrá þess.

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Við höfum öll heyrt málflutning stjórnarandstöðunnar hér í kvöld og á þinginu og í fjölmiðlunum í allan vetur. Um hann þarf raunar ekki að hafa mörg orð. Um slíkan málflutning er fjallað í einni af frægustu dæmisögum Esóps. Þar er lýsing sem hæfir vel þeim mönnum sem í orðum gera lítið úr því sem þeir gátu ekki sjálfir. Refur stalst inn í víngarð um uppskerutímann til þess að gæða sér á sólbökuðum vínberjunum. En þau héngu svo hátt uppi að hann náði ekki til þeirra. Hann tók undir sig hvert stökkið á fætur öðru en allt kom fyrir ekki. Loksins snautaði hann burt og sagði, um leið og hann fór: „Þetta gerir ekkert til, þau eru súr."

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Í kvöld erum við enn einu sinni stödd í þjóðareldhúsinu þar sem þið kjósendur getið fylgst með umræðum héðan úr Alþingi. Nú mun klukkan senn slá tólf á miðnætti og þá gerist það eins og í ævintýrinu um Öskubusku að ríkisstjórnin breytist í tötrum klædda konu. Skrautfötin sem hún hefur málað utan á sig undanfarna klukkutíma falla af henni og hún stendur eftir tötrum klædd. Það er það sem stendur eftir þegar þessari umræðu lýkur.

Við Íslendingar stöndum nú á tímamótum. Miklar sviptingar eiga sér stað í stjórnmálum um allan heim. Frjálslyndar hægribylgjur hafa skolað afturhaldinu í burt í Austur-Evrópu. Fólkið sem hefur búið við alræði öreiganna í löndum kommúnista hefur alfarið hafnað félagshyggjuöflunum í fyrstu frjálsu kosningunum sem það fær að taka þátt í. Fólkið í þessum löndum er ekki í nokkrum vafa, það vill frjálslynda hægristjórn til að tryggja sjálfstæði sitt og velferð. Það hafnar alræði félagshyggjunnar og hefur valið frelsi til æðis og athafna.

Hér á Íslandi ráða enn þessi gamaldags afturhaldsöfl félagshyggjunnar. Framsókn, ásamt Alþb. og Alþfl., sem er að reyna að hlaupa brott frá fortíðinni og ætlar að skipta um nafn og númer í einu vetfangi og kalla sig nýjan vettvang. Þeir hefðu alveg eins getað kallað sig nýtt handfang.

Hæstv. forseti. Staðreyndin er sú að þingmenn ríkisstjórnarflokkanna lafa saman af hræðslu við hina sterku frjálslyndu vinda sem hafa feykt afturhaldinu í burtu í Austur-Evrópu og blása nú um byggðir Íslands. Þeir munu feykja ríkisstjórnarflokkunum út í hafsauga í næstu alþingiskosningum.

Nú eftir nokkrar vikur ganga kjósendur til atkvæða í sveitarstjórnarkosningunum þar sem hægrimenn munu vinna umtalsverðan sigur um allt land. Ráðamenn núv. ríkisstjórnar hafa eytt 10–20 milljörðum kr. til að kaupa sér stundarfrið í efnahagsmálum. Þessa fjármuni hafa þeir tekið af ykkur, kjósendur, með hæstu sköttum í sögu þjóðarinnar sem eru nú 19%, hærri en 1985 þegar Albert Guðmundsson var fjmrh. Þetta hafa þeir gert með hærri tekjuskatti, með hærri eignarsköttum af íbúðarhúsnæði, sem eru með þeim hæstu í heimi, með hærri bílasköttum og hærri matarskatti. Þar að auki hefur hæstv. ríkisstjórn tekið erlend lán eða ætlar að láta nokkra milljarða víxla falla á næstu ríkisstjórn og kjósendur. Það hefur aldrei áður í sögu lýðveldisins verið vegið með eins skipulegum hætti að sjálfseignarstefnunni í íbúðarhúsnæði og gert hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar. Stórfelldir fjármunir hafa verið teknir af húseigendum og húsbyggjendum með auknum sköttum, með breyttum skattareglum og útlánareglum sem geta þýtt hundruð þúsunda kr. tekjutap samanborið við eldri lög. Margir eiga nú í verulegum fjárhagslegum vandræðum vegna þessara breytinga eða munu reka sig illilega á þegar álagning skatta berst þeim í sumar.

Ég hef andstyggð á þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Með henni er fólki hegnt fyrir ráðdeild og sparsemi. Kjörorð þessarar ríkisstjórnar er: Lækkum kaupið og tökum sem mest af fólkinu svo við getum

sjálfir ráðskast með peningana og slett í það og sagt: Þetta gef ég þér eða hérna er svolítið handa þér, beygðu þig fyrir valdinu og kjóstu okkur. Austur-Evrópubúar köstuðu þessu kerfi í burtu í fyrstu frjálsu kosningunum. Íslendingar munu kasta þessum kerfisköllum í burtu strax og þeir þora í kosningar. En því miður er ekkert að marka þetta væl í umhvrh. um að hann ætli sér að hætta í núv. ríkisstjórn. Enda ekki grunlaust um að aðrir flokksfélagar hans bíði með nýstrokin ráðherrafötin ef svo ólíklega vildi til að ráðherrann hætti að snúast umhverfis sjálfan sig.

Þessi ríkisstjórn komst til valda á ólöglegan hátt með því að núv. forsrh. sveik minnihlutastjórn sína inn á forseta Íslands og keypti síðan jeppa handa afgangnum af Borgfl. til að tryggja meiri hluta á Alþingi Íslendinga. Þetta kallar maður að fara umhverfis lög og rétt.

Góðir tilheyrendur. Framtíð unga fólksins, framtíð þjóðarinnar, byggist á því að sem fyrst verði kosin frjálslynd hægristjórn. Aðeins slík stjórn mun valda þeim framtíðarverkefnum sem blasa við. Lækka verður skatta og útgjöld ríkisins, nýta verður þá náttúruorku sem bíður óbeisluð í fallvötnum og iðrum jarðar. Efnahagsframfarir næstu ára munu fyrst og fremst byggjast á nýtingu þessara auðlinda. Það er heimska að bíða og bíða. Sundurlyndi þessarar ríkisstjórnar hefur seinkað nýtingu þessara auðæfa og því dregið úr þjóðartekjum okkar.

Unga fólkið í landinu bíður nú átekta og væntir svara við áleitnum spurningum. Hvað ætli þær snúist um? Þær snúast ekki um hattinn hans Jóns eða Jeppa á Fjalli. Nei, þær snúast um framtíðina og lífskjörin hér á Íslandi, þær snúast um skattana, þær snúast um ný störf fyrir fjölmenntað ungt fólk. Þær snúast um Evrópubandalagið, atvinnutækifæri og menntunarmöguleika framtíðarinnar. Og hvað á þetta unga fólk í vændum? Ég hef hitt fjölda ungs fólks sem hefur áhyggjur af framtíðinni. Sumt hefur leitað sér atvinnu erlendis síðustu missiri þar sem fjárhagsleg afkoma þess er betri og fjölbreyttara starfsval er fyrir hendi. Sú tíð er liðin þar sem störf við fiskveiðar og vinnslu sjávarfangs geta borið uppi fjölgun þjóðarinnar. Jafnframt er sú fjölgun í opinberum störfum sem átt hefur sér stað síðustu árin komin í óefni. Sú fjölgun er í rauninni ekkert annað en dulbúið atvinnuleysi. Framleiðsluútflutningsatvinnuvegirnir bera ekki meiri skatta og lífskjörin munu fara hratt lækkandi ef svo fer sem horfir. Það er því lífsnauðsyn að ná samningum við Evrópubandalagið um sameiginlegan vinnumarkað, aðgang að framhaldsskólum þeirra og tollfrjálsan útflutning til Evrópubandalagsins á fiski. Náist þessi markmið ekki getur farið illa.

Þau afturhaldsöfl sem ráða ferðinni í núv. ríkisstjórn eiga ekki samleið með ungu fólki, nútímanum og þeim frjálslyndu hægrivindum sem nú blása í Evrópu. Ungt fólk vill ekki láta hneppa sig í átthagafjötra, framsóknarfangelsi allra tíma. Það vill eiga möguleika á að ráða sjálft lífi sínu og starfssviði. Æska landsins vill ekki eiga ógreidda sukkvíxla þessarar ríkisstjórnar yfir höfði sér í framtíðinni. En hún verður að greiða fyrir sjóðaósóma núv. ríkisstjórnar með lægra kaupi og verri lífskjörum í náinni framtíð. Það er ekki nóg að ausa fé á báðar hendur úr Byggðasjóði, úr Hlutafjársjóði, úr blablasjóði forsrh. eða hvað þeir heita allir sjóðirnir. Það verður að borga fyrir sjóðasukkið og það verður unga fólkið sem verður látið gera það ef það verður einfaldlega ekki bara flutt af landi brott. Því með sama áframhaldi verður atgervisflótti af landinu. Fólk er ekki lengur í fjötrum, það á sig sjálft og það fer þær leiðir sem því þykja farsælastar fyrir sig og sína. Þess vegna verður að nást fjölþætt samvinna til að stemma stigu við nýfélagshyggju þessarar ríkisstjórnar.

Mér hefur orðið tíðrætt um unga fólkið og framtíðina vegna þess að mér er ljóst að séu ekki næg verkefni við hæfi þessa fjölmenntaða fólks mun það leita til annarra landa til að fá atvinnu. Það má jafnframt spyrja sig sem svo: Til hvers er verið að halda uppi dýru menntakerfi ef ekki er hugsað fyrir framhaldinu? Hvaða atvinnutilboð bjóðast þessu fólki? Við getum auðvitað fjölgað störfum hjá hinu opinbera sem þýðir hærri skatta og lægri laun, eða er það e.t.v. vísvitandi stefna núv. ríkisstjórnar? Miðað við áherslur í skatta- og húsnæðismálum fullyrði ég að svo sé. Nýfélagshyggjan er leiðarljós þessarar ríkisstjórnar.

Í Austur-Evrópu hugsuðu kratar, kommar og ýmiss konar framsóknarflokkar sér gott til glóðarinnar og héldu að auðsveipur almúginn kæmi hlaupandi í faðm þeirra í kjölfar gylliboða um félagslega velferð og allt þetta sem vinstrimenn á Íslandi halda að hægt sé að blekkja fólk með. Kjósendur í Austur-Evrópu létu ekki blekkja sig og kusu frjálslynd hægriöfl sem þeir álíta einu trygginguna fyrir efnahags- og félagslegum framförum.

Ég og þú, áheyrandi góður, munum gera slíkt hið sama næst þegar við komum að kjörborðinu.

Góðir tilheyrendur. Þjóðleg menning hverrar þjóðar er grundvöllur ríkulegs og fjölskrúðugs mannlífs. Hjá okkur Íslendingum er einn hluti þessarar þjóðmenningar íþróttirnar sem hafa frá fornu fari verið í hávegum hafðar og ávallt risið hæst í glæsileik sínum þegar reisn þjóðarinnar hefur verið mest. Margir erlendir menn hafa undrast hversu marga afreksmenn svo lítil þjóð á og hafa spurt hversu það megi vera. Nú fyrir nokkru síðan sendi alþjóðaólympíunefndin tvo fulltrúa sína hingað til landsins sérstaklega til að kynna sér störf íþróttahreyfingarinnar vegna góðs árangurs í fjölmörgum íþróttagreinum. Góð frammistaða Íslendinga í íþróttum hefur margoft vakið athygli á alþjóðlegum vettvangi og nú er ég ekki aðeins að tala um 1.–3. sætið eins og oft vill brenna við að sé það eina sem vekur áhuga manna, heldur almennt um frammistöðu íþróttafólks okkar. Það sem erlendum mönnum þykir og undravert er hve lítið þessir afreks-

menn eru studdir fjárhagslega eða öllu heldur hvernig þeir vinna fyrir daglegu brauði án þess að vera atvinnumenn í íþróttum og ná jafnframt svo góðum árangri sem raun ber vitni.

Hér á Alþingi Íslendinga liggur óafgreitt lagafrv. okkar Inga Björns Albertssonar um stuðning við afreksmenn í íþróttum. Það er löngu tímabært að huga að málefnum afreksmanna í íþróttum sem ekki fá nein laun fyrir störf sín önnur en ánægjuna eina. Sé aðstaða þeirra t.d. borin saman við leikhússtarfsemi er áhugavert að líta til þess að sé aðeins einn hluti þeirrar starfsemi skoðaður, þ.e. rekstur Þjóðleikhússins, mætti hafa 182 afreksmenn á háskólakennarakjörum allt árið fyrir þær fjárhæðir sem rekstur þess kostar samkvæmt útreikningum menntmrn. Mörg bæjar- og sveitarfélög hafa staðið vel við bakið á íþróttahreyfingunni en ríkisvaldið hefur sáralítið lagt fram til stuðnings henni svo sem sjá má af fjárframlögum þessa árs. Af rekstri allrar íþróttahreyfingarinnar er áætlað að stuðningur ríkisins geti numið 0,5%–1% af heildarútgjöldum hennar. Hins vegar hafa einkafyrirtæki og stjórnendur þeirra sýnt æ meiri áhuga á starfi hreyfingarinnar og stutt myndarlega við bakið á íþróttafólki um allt land. Það er ljóst að íþróttir og útivera muni í auknum mæli verða sú afþreying og hollusta sem fólk vill og þarf á að halda. Afreksíþróttir vísa veginn og orka jákvætt á þátttöku almennings. Án forustu íþróttahreyfingarinnar ætti almenningur ekki kost á iðkun sunds, skíða, knattspyrnu og fjölmargra inniíþrótta eins og á sér stað í dag. Æfingin skapar meistarann. En það verður að styðja þessa meistara okkar svo að við getum haldið úti glæsilegum sendiherrum, fulltrúum unga fólksins í sem flestum íþróttagreinum. Sú landkynning er gulli betri.

Góðir áheyrendur. Guð gefi ykkur gleðilegt sumar. Þingmenn Frjálslynda hægriflokksins bjóða ykkur góða nótt. Hafið þökk fyrir áheyrnina.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þessi umræða hérna í kvöld er sú þriðja sem útvarpað og sjónvarpað er frá á þessu þingi. Í fyrri skiptin tvö, þegar stefnuræða forsrh. var flutt og þegar vantraust stjórnarandstöðunnar kom til afgreiðslu, fluttum við fulltrúar ríkisstjórnarinnar þann boðskap að sú stefna sem tekin var upp á haustmánuðum 1988 væri senn að skila þeim árangri að í upphafi árs 1990 gæti íslenska þjóðin staðið í nýjum sporum. Hún gæti staðið í þeim sporum að í stað þess gjaldþrots atvinnulífsins og yfirvofandi fjöldaatvinnuleysis, óðavaxta og óðaverðbólgu væri að hefjast nýtt stöðugleikatímabil, nýtt jafnvægistímabil í sögu íslensku þjóðarinnar. Í kvöld getum við sagt með sanni að þessi spá okkar hafi ræst. Við stöndum hér í maíbyrjun með þær staðreyndir fyrir augunum að í fyrsta skipti í röska tvo áratugi eru Íslendingar nú að ganga inn í samfélag vestrænna þjóða hvað snertir siðmenntað jafnvægiskerfi í efnahagsmálum. Verðbólgan á Íslandi 1990 verður í fyrsta skipti í röska tvo áratugi svipuð og hún er í þeim heimshluta sem við berum okkur helst saman við.

En árangurinn birtist á öðrum sviðum. Hann birtist t.d. í því að við erum nú að ná hagstæðari jöfnuði gagnvart útlöndum en nokkru sinni á sl. 10 árum, bæði vöruskiptajöfnuðurinn og viðskiptajöfnuðurinn eru nú að verða hagstæðari en þeir hafa verið í um 10 ár. Vextirnir eru á hraðri niðurleið og á einu ári tókst að snúa 80% erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu 1988 í 80% innlenda fjármögnun hjá okkur sjálfum með sölupappíra ríkisins sem almenningur í landinu og stofnanir hans keyptu. Samkeppnisstaða íslenskra útflutningsgreina, sjávarútvegs og iðnaðar, er nú betri samkvæmt gögnum viðurkenndra stofnana en hún hefur verið í 10 ár.

Ég gæti þannig haldið lengi áfram að telja. Þessar staðreyndir tala allar sínu máli. Við getum tekið hvaða land sem er í Evrópu þar sem hin svokallaða hægristefna hefur ráðið ríkjum jafnvel í áratug og borið það saman við þann árangur sem við höfum náð á 1½ ári. Þar er kannski skýrast að taka Thatcherstjórnina í Bretlandi, goð hægrimannanna hvort sem þeir eru í gamla Sjálfstfl. eða í hinum svokallaða frjálslynda flokki. Hverjar eru staðreyndirnar ef við berum hið nýja tímabil í íslenskum efnahagsmálum saman við Bretland, afleiðinguna af stjórn Thatchers? Jú, staðreyndin er sú að á þessu ári verður verðbólgan á Íslandi minni en í Bretlandi. Á þessu ári verður viðskiptahallinn á Íslandi minni en í Bretlandi. Á þessu ári verður auðvitað atvinnuleysið margfalt meira á Bretlandseyjum en hér hjá okkur og það sem meira er, á þessu ári verða vextirnir í Bretlandi mun hærri en hjá okkur. Og þótt sumum kunni að finnast það ótrúlegt, eftir allan sönginn hér í kvöld um skattana, þá er skattbyrðin í íhaldsríki Thatchers hærri en hér á Íslandi.

Þessari ríkisstjórn, síðan Alþb. gekk inn í hana á septemberdögum 1988 með skemmri fyrirvara en nokkur flokkur hefur fyrr í sögu íslenska lýðveldisins gengið inn í ríkisstjórn, hefur á 1½ ári tekist að ná ótrúlegri árangri við stjórn íslenskra efnahagsmála en nokkurn kynni að gruna. Vissulega hefur það verið gert með góðri þátttöku fólksins í landinu. Fólkið í landinu hefur boðið útrétta hönd og verið tilbúið til að taka höndum saman við okkur um að rétta við þær miklu skekkjur sem langvarandi stjórn Sjálfstfl. skildi eftir sig. En þrátt fyrir þessar fórnir fólksins í landinu er það ánægjuleg staðreynd að hlutur launa í þjóðartekjum okkar Íslendinga verður á þessu ári meiri en á góðærisárinu 1986. Það er merkileg staðreynd sem talar sínu máli um það hverra hagsmuna við höfum gætt í þessari ríkisstjórn. En ástæður erfiðleikanna voru fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar verðfall á útflutningsafurðum okkar og erfið ytri skilyrði en hins vegar efnahagsstefnan sem Þorsteinn Pálsson skildi eftir sig.

Við höfum hér í þingsölum á síðustu tveimur árum deilt um orsakir erfiðleikanna sem rekja má til mistakanna á árunum 1985–1987 en í þeirri skýrslu OECD sem kom út í gær er kveðinn upp afdráttarlaus

dómur færustu sérfræðinga á Vesturlöndum í þessari deilu. Í lokakafla þessarar skýrslu kemur það skýrt og afdráttarlaust fram í orðum skýrslunnar sjálfrar að það voru mistökin í efnahagsstefnunni í ríkisfjármálunum og í peningamálunum á árunum 1985–1987, einmitt árin þegar Þorsteinn Pálsson var fjmrh., sem eru meginforsenda þess að við höfum á undanförnum árum þurft að glíma við þennan mikla vanda, enda er Sjálfstfl., og líka litli Sjálfstfl., að mestu hættur að tala um efnahagsmálin sjálf. Þeir tala aðallega um skattana, þessa voðalegu skatta, þessa ægilegu skattbyrði, og það mætti helst halda af þeim ræðum sem þeir hafa flutt hér í kvöld og næstu vikur og mánuði á undan og nánast í 1½ ár að á Íslandi væri mesta skattbyrði bæði norðan og sunnan Alpafjalla og þótt víðar væri leitað.

En hverjar eru staðreyndirnar í þessu máli? Þær staðreyndir koma mjög vel fram á þessu súluriti hér þar sem skýrt kemur fram að meðaltal skattbyrðarinnar í Evrópubandalagslöndunum, sem mjög hafa verið talin til fyrirmyndar og eru grænu súlurnar hér, er miklu hærra en hér á Íslandi sem er bláa línan hér fyrir neðan. Og fjölmörg lönd hér fyrir ofan eins og Þýskaland, eins og Frakkland, eins og Ítalía, eins og jafnvel Bretland, eru með meiri heildarskattbyrði heldur en er hér á Íslandi. Og sú viðbót, sem mjög hefur verið talað um að við höfum bætt við, er pínulítill depill hér fremst í íslensku súlunni sem táknar breytinguna á síðustu tveimur árum. Staðreyndirnar eru nefnilega þær að Ísland er, merkilegt nokk, með einhverja lægstu skattbyrði af þjóðartekjum sem um getur á Vesturlöndum. Það eru staðreyndirnar, staðreyndirnar sem Sjálfstfl. og litli Sjálfstfl. þora ekki að ræða hér í þingsölum.

Góðir Íslendingar. Þetta eina og hálfa ár hefur skilað góðum árangri. Nú stöndum við frammi fyrir því að taka til við að endurskipuleggja efnahagslífið allt, og baráttan á næstu árum verður um það hvort fólkið í landinu fær að ráða framþróuninni eða hvort lénsveldi fjölskyldnanna 14 sem mynda valdakjarnann í Sjálfstfl., í Eimskip og Flugleiðum, Sjóvá og Almennum, Eigendafélagi Verslunarbankans, Stöð 2, H. Ben. og Co og ég gæti haldið áfram að telja fyrirtækin öll sem þær eiga, fær aftur að stjórna Íslandi, aftur að setja hér hlutina úr skorðum. Og ég er sannfærður um það að þegar dómurinn verður upp kveðinn vill fólkið í landinu ekki að lénsveldi fjölskyldnanna 14 fái aftur að ráðskast með örlög íslensku þjóðarinnar. — Gleðilegt sumar.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sundraðist síðsumars 1988 vegna grundvallarágreinings um meginleiðir við stjórn efnahagsmála þjóðarinnar blasti hrun atvinnulífsins við um allt land. Fyrirsjáanleg gjaldþrot virtust óumflýjanleg á ótrúlega mörgum stöðum á landinu og þá ekki síst í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum. Viðskilnaður þessarar skammvinnu stjórnar undir forustu stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar verður lengi í minnum hafður. Hann skildi eftir sárindi og sviðin ör hjá mörgum sem urðu leiksoppar þeirrar þrjósku og eintrjáningsháttar er hér réði för. Einkunnin sem nýútgefin skýrsla OECD leiðir í ljós um hagstjórn þessara ára á Íslandi er ekki til að státa af. Þar er um hreina falleinkunn að ræða. En þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mörg þeirra vandamála sem við er að glíma í íslenskum efnahagsmálum má rekja til mistaka í hagstjórn á fyrri árum sem hafa leitt til meiri óstöðugleika í íslenskum þjóðarbúskap en sveiflur í sjávarútvegi hafa gefið tilefni til. Á því leikur enginn vafi að ekki var rétt staðið að hagstjórn á uppgangstímabilinu 1985–1987. Sérstaklega má benda á að þjóðhagslegur sparnaður dróst saman og erlendar skuldir fóru vaxandi við mjög hagstæðar ytri aðstæður."

Þetta er ekki fallegur vitnisburður en er þó óhlutdrægt mat sérfræðinga sem gerst mega vita og best geta um dæmt í þessu efni. En þeirri baráttu sem síðan hefur verið háð, bæði af ríkisstjórninni sem við tók sem og þeirri sem nú situr, mætti gefa svofellda yfirskrift: „Frá yfirvofandi þjóðargjaldþroti til jafnvægis í stjórn efnahags- og atvinnumála Íslendinga". Þessi barátta er nú á vordögum 1990 að skila svo umtalsverðum árangri að segja má að ferskur bjartsýnisblær fari um flest svið íslensks þjóðlífs um þessar mundir ef undan eru skildar fáeinar greinar sem enn standa höllum fæti eins og til að mynda loðdýraræktin. Jafnvel Sjálfstfl. gengur nú í endurnýjun lífdaganna í ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar enda var brugðið á það hollráð frá fyrri tíð á þeim bæ er hljóðar svo: „Nú mistekst formanni. Skal þá kjósa nýjan varaformann, helst öllum að óvörum og mest þeim sem fyrir er."

Við höfum heyrt hér í kvöld boðskap þeirra sem stóðu fyrir og báru meginábyrgð á uppgjöfinni 1988. Flest finna þeir til foráttu því uppbyggingarstarfi sem unnið hefur verið síðan. Þeir hafa m.a. talað um að feiknafjárhæðum sé velt á framtíðina til þess að fást við og greiða niður. Vitaskuld var það svo að eina leiðin til þess að ráða við þetta risaverkefni var sú og ekki á annan hátt hægt en að dreifa byrðum til alllangs tíma, hagræða, skuldbreyta og auðvitað að fara á fremstu nöf í þeim tilgangi einum að koma hjóli atvinnulífins í gang og skapa í leiðinni grundvöll til þess að atvinnulíf landsmanna geti þróast með eðlilegum hætti. Og það sem mestu skiptir, verkið hefur lánast. Grundvöllurinn hefur skapast í meginatriðum. Það tókst þrátt fyrir stöðuga ófrægingu, glefs og hæðniorð af þeim sem öðru fremur skópu vandann en svöluðu sér á þann frumstæða hátt á milli þess sem þeir þó á laun sleiktu sárin.

En þau tíðindi sem hér hafa mest orðið í þessu efni eru viðbrögð aðila vinnumarkaðarins og sú þjóðholla samvinna ASÍ, VSÍ og forustu bænda með heillavænlegum stuðningi ríkisvalds sem varð að veruleika í samningunum 1. febr. sl. Þar var hins vegar af fullkomnum heilindum tekið á málum með þjóðarheill eina að markmiði og fari fram sem horfir eiga allir þeir, karlar og konur, heilar þakkir skildar fyrir

þau þjóðhollu verk sem þar voru unnin. Árangurinn er líka hvarvetna að koma í ljós. Við munum njóta hans, öll. Atvinnuleysið sem menn óttuðust að mundi stóraukast verður mun minna en búist var við. Versta vágestinum var þannig bægt frá.

Ánægjulegustu tíðindin af vettvangi íslenskra efnahagsmála á þessum vordögum, á eldhúsdegi þessa þings, eru þó án alls efa sú staðreynd að nú er verðbólgan á öruggri niðurleið með öllum þeim jákvæðu áhrifum sem slík tíðindi hafa í för með sér. Hagur íslensks atvinnulífs mun blómgast dag frá degi í kjölfar kjarasamninganna og skila sér að lokum inn á hvert einasta heimili í þessu landi. Sá árangur mun verða lárviðarsveigur til heiðurs öllum þeim sem af fullkomnum heilindum og þjóðhollustu gerðu kjarasamningana að þeirri þjóðarsátt sem þeir í raun eru. Sérstök ánægja hefur verið að fylgjast með hvernig áhrif þessara merku samninga virðast ætla að koma fram og ganga eftir á flestum sviðum eins og menn höfðu gert ráð fyrir.

Þeim mun hryggilegra hefur verið að fylgjast með starfi stjórnarandstöðunnar hér á þingi undangengnar vikur ef undan eru skildir fulltrúar Kvennalistans. Engu er líkara en þar hafi menn reynt að bæta sér upp gengisleysið og lánleysið með almennan árangur verka sinna og fundið í því einhverja svölun að tefja framgang einstakra þingmála í skjóli þingskapaumræðna dögum oftar ellegar með skipulagslausum upplestri fundargagna úr ýmsum áttum.

Sjálfstfl. sem um árabil barðist fyrir því og flutti margar tillögur um það hér á Alþingi að sameina stjórn umhverfismála í einu ráðuneyti má nú ekki heyra á slíkt minnst af því að ráðherrann fari ekki jafnframt með samgöngumál. Auk þess er stundum á þeim að heyra að þessum málum sé best fyrir komið svo sem verið hefur fram til þessa. Þann tíma sem ég hef átt sæti hér á Alþingi hef ég aldrei fyrr orðið vitni að óheilli eða aumari málflutningi en þeim sem fulltrúar sjálfstæðismanna hafa gert sig seka um í þessu máli. Það er þeim flestum til þeim mun meiri vansæmdar sem þeir hafa lengra fram gengið af heift og óbilgirni.

Góðir Íslendingar. Þinglausnir eru á næsta leiti. Mörg merk löggjöf hefur verið samþykkt á þessu þingi sem vonandi verður þjóðinni allri til heilla. Borgfl. hefur lagt sitt lóð á vogarskálarnar, stundum ráðið úrslitum. Megi sú bjartsýni sem nú ríkir um þjóðarhag á þessu vori leiða okkur inn í betri tíð og gjöfult sumar.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, og býð landsmönnum öllum góða nótt.

EFRI DEILD

92. fundur, föstudaginn 4. maí, kl. 10 árdegis.

Skákskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 1090.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1219).

Launasjóður stórmeistara í skák, 3. umr.

Stjfrv., 362. mál. — Þskj. 1091.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1220).

Grunnskóli, 2. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070, n. 1205.

Frsm. menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1205 frá hv. menntmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. sem er flutt af menntmn. neðri deildar. Lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.“

Undir nál. rita Jón Helgason, Halldór Blöndal, Salome Þorkelsdóttir, Skúli Alexandersson, Sveinn G. Hálfdánarson og Valgerður Sverrisdóttir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í nál. var fulltrúi Kvennalistans í hv. menntmn. ekki viðstaddur þennan fund. Ég vil bara láta það koma fram hér að við styðjum að sjálfsögðu frv. Við höfum flutt margar tillögur í anda þess sem hér er verið að leggja til á þingi. Vil ég minna á frv. sem við fluttum á síðustu tveimur þingum hér í hv. Ed., um samfelldan skóladag grunnskólabarna. Hér er verið að taka eitt

skref í þá áttina. Það er reyndar lítið skref svona í byrjun en það er þess virði að styðja það og munum við því gera það við atkvæðagreiðslu um málið. Það ber auðvitað að fagna hverjum áfanga sem næst þó ekki séu þeir allir stórir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (sjóðfélagar). — Þskj. 940, n. 1213.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1213 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Snorra Olsen og Guðmund Björnsson frá fjmrn.

Lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í fjh.- og viðskn.

Í þessu frv. er verið að fella ýmsar stéttir manna sem vinna hjá ríkisfyrirtækjum undir Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Raunar voru þessir starfsmenn í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, en samkvæmt úrskurði sjóðstjórnarinnar 1987 á grundvelli álits prófessors Arnljóts Björnssonar töldust þeir ekki eiga beina aðild að sjóðnum. Þar á ég við starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar, Landsvirkjunar og fleiri aðila. Með lögum í fyrra var ákveðið að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar féllu undir Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna en nú er lagt til að starfsmenn allra þessara stofnana fái heimild til að sækja um aðild að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Það er lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 2. umr.

Frv. GHG, 417. mál. — Þskj. 729, n. 1214, brtt. 1216.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1214 frá fjh.- og viðskn., um frv. til laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk til viðræðna Guðmund Björnsson frá fjmrn. Einnig barst umsögn frá Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á frv. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um tæknilega breytingu á 6. mgr. 3. gr. frv. Í öðru lagi er lagt til að skoðunarmenn reikninga tilkynni ekki einungis stjórn lífeyrissjóðs og bankaeftirliti ef vart verður verulegra ágalla í rekstri sjóðsins heldur einnig fjmrn.

Lagt er til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Þetta frv. lagði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson fram í deildinni. Umsagnirnar sem bárust um frv. voru mjög jákvæðar og töldu menn mikla nauðsyn á að samþykkja frv.

Þær breytingar sem gerðar eru eru, eins og segir í nál., frekar tæknilegar en efnislegar. Þó er gerð tillaga um eina breytingu frá því sem segir í frv. sem skiptir nokkru máli fyrir fjármálastjórn. Það er seinni liður brtt. um það að þar sem segir að verði veruleg vanræksla á bókhaldi hjá lífeyrissjóði skuli tilkynna það stjórn sjóðsins og Seðlabanka. Þar bætist við að einnig skuli tilkynna fjmrn. um það. Þarna er aðeins um tilkynningu að ræða en með þessu er ekki verið að gefa fjmrn. heimildir til þess að sýsla í málefnum lífeyrissjóða. Hins vegar er málum þannig háttað að fjmrn. hefur með þessi mál að gera og gefur út reglugerðir fyrir lífeyrissjóði og því nauðsynlegt að fjmrn. hafi öll gögn í höndum um starfsemi lífeyrissjóða. Ég legg því til, og vísa þar í nál. að mál þetta hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fjh.- og viðskn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á frv. Ég get fallist á og tekið undir þau sjónarmið sem komu fram í sambandi við þær brtt. sem nefndin gerir við frv. Þær eru eðlilegar í ljósi þess sem kom fram í ræðu frsm. og einnig með tilliti til þess hvernig þetta hefur verið framkvæmt.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að fjmrn. hefur verið sá aðili sem hefur annast útgáfu reglugerða fyrir lífeyrissjóðina þannig að það er auðvitað eðlilegt að fjmrn. komi inn í þessi mál með þeim hætti sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson, frsm. nefndarinnar, skýrði hér áðan.

Og ég vil endurtaka það sem ég sagði í framsöguræðu með frv. á sínum tíma að þetta er þörf lagasetning. Með þessu kemst meira samræmi og regla á uppfærslu og útgáfu ársreikninga lífeyrissjóða, en

eins og hv. þm. vita eru lífeyrissjóðir orðnir mjög stórir aðilar í íslensku peningakerfi fyrir utan það hvað lífeyrissjóðirnir eru veigamikill þáttur í nútímatryggingakerfi. Ég endurtek þakkir mínar til nefndarinnar fyrir skjóta og góða afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1216 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 528. mál (söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.). — Þskj. 925, n. 1215.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. á þskj. 1215 um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjmrn. Einnig barst umsögn um frv. frá Iðnþróunarsjóði.

I nefndinni var mikil umræða um hvort bæta ætti við 3. gr. frv. ákvæði er tæki af allan vafa um hvort m.a. félög, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins eða ríkisfyrirtækja, gætu nýtt sér heimild 3. gr. um að draga frá tekjum tapað hlutafé. Nefndin lítur svo á að túlka megi ákvæðið á þann hátt án breytingar og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Frv. þetta eða uppistöðu þess má rekja til frv. sem hv. þm. Friðrik Sophusson lagði fram í Nd. Það frv. var síðan endurskoðað af fjmrn., farið yfir allar greinar þess, og þannig samþykkt í Nd. og taldi nefndin að yrðu breytingar á frv. hér gæti verið vafasamt um úrslit málsins. En á fund nefndarinnar og til viðtals við einstaka nefndarmenn kom fulltrúi frá Iðnþróunarsjóði og taldi það ekki nógu skýrt hvort ríkisfyrirtæki eða sjóðir á vegum ríkisins gætu nýtt sér heimild 3. gr. og eins og segir í nál. spunnust nokkrar umræður um það. Nefndin vill þess vegna, án þess að fram komi frekari brtt., taka það fram í nál. að hún líti svo á að 3. gr. uppfylli þá kröfu sem vafi var talinn leika á um. Ég legg því til, og raunar allir nefndarmenn, að mál þetta verði samþykkt og gert að lögum á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 534. mál (bótaréttur o.fl.). — Þskj. 1188.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64 1981, með síðari breytingum, en mál þetta er þannig unnið að haustið 1988 var skipuð nefnd til þess að fara yfir lögin og gera á þeim ákveðnar breytingar. Það var reyndar að undirlagi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs sem þetta var gert. Sæti í þessari nefnd áttu auk fulltrúa frá heilbrrn. fulltrúar frá Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og síðan var starfsmaður Atvinnuleysistryggingasjóðs einn af nefndarmönnum.

Um málið varð því miður ekki fullkomin samstaða í þessari nefnd þannig að hún klofnaði. Ágreiningurinn var um 3. gr. laganna sem er hér 1. gr. í frv. þar sem þessi ágreiningsefni koma fram. Hluti nefndarinnar taldi rétt að útvíkka ákvæðin um aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði þannig að ekki væri skylda að menn væru í stéttarfélögum til þess að eiga rétt á atvinnuleysistryggingabótum, en hluti nefndarmanna vildi hins vegar að aðild að stéttarfélögum væri áfram höfð að skilyrði. Hins vegar yrði greinin útvíkkuð verulega á þann hátt að öll þau stéttarfélög sem nú við gildistöku laganna eru í samningum við Atvinnuleysistryggingasjóð, svo og önnur stéttarfélög sem síðar kunna að ná samningum við sjóðinn, ættu rétt á bótum, eða aðildarmenn þessara stéttarfélaga. Þannig er þetta frv. lagt fram eins og fulltrúar ráðuneytis, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Alþýðusambands Íslands vildu að það hljóðaði.

Fulltrúar Vinnuveitendasambands og Vinnumálasambands töldu að hér væri um réttarbót að ræða þar sem frv. gerði þó ráð fyrir möguleikum á aðild miklu fleiri einstaklinga að sjóðnum í gegnum sín stéttarfélög en áður var þannig að það væri þó stigið skref verulega í áttina þó að ekki væri náð þeim tilgangi sem þeir vildu hafa að leiðarljósi, þ.e. að aðild að stéttarfélögum væri felld niður sem lagaskylda.

Þetta var meginágreiningsefnið. Málið hefur fengið allítarlega umræðu og umfjöllun í Nd. þannig að ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að eyða löngum tíma í þessa framsögu. Þetta kemur fram í nefndarálitum mjög ítarlega þannig að nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. geta kynnt sér málavöxtu þar gaumgæfilega án þess að eytt sé löngum tíma hér frá störfum hv. deildar í framsöguræðuna.

Um önnur atriði frv. varð samkomulag í nefndinni sem samdi frv. og einnig í hv. heilbr.- og trn. Nd.

Að lokinni þessari umræðu legg ég síðan til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum og ull, 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 943, n. 1201.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. um flokkun og mat á gærum og ull. Nefndin fékk til viðræðu við sig þá Hauk Halldórsson og Gísla Karlsson frá Stéttarsambandi bænda. Frv. er orðið til vegna áhuga frá framleiðsluráði og tilkomið til þess að samræma ullarmat því markmiði að ullin verði verðmætari og stærri hlutur í afurðum sauðfjár.

Nefndin mælir öll með samþykkt frv. með breytingu á 3. gr. Lagt er til að kaupanda verði heimilt að meta ullina heima hjá framleiðanda. Karvel Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atvk.
Till. í nál. 1201 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

93. fundur, föstudaginn 4. maí,
að loknum 92. fundi.

Flokkun og mat á gærum og ull, 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 1231.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég var fjarstaddur við 2. umr. málsins eins og komið hefur fram. Það er náttúrlega augljóst að það standa ekki efni til að flytja hér mikinn boðskap um afgreiðslu þessa máls hér í þinginu. En það voru örfá atriði sem ég vildi þó leggja hér áherslu á. Auðvitað er ég stuðningsmaður þess að betri skipan komist á með flokkun og meðferð á ull og gærum. Og það er alveg ljóst að bændur landsins, a.m.k. margir hverjir, mega huga að meiri og betri hirðusemi á þeim vörum og þá ekki síst ullinni.

En auðvitað verður eitthvað að vinnast við það að meta og flokka þessar framleiðsluvörur með skilvirkari hætti en verið hefur og þá auðvitað það að menn verða að fá greitt í samræmi við það. Menn verða að fá þessa afurð greidda. Viðskiptahættir með þessa framleiðslu hafa verið fullkomlega óeðlilegir og eru enn í dag. Og það liggur alveg ljóst fyrir að framlag þeirra sem vinna markvisst í þessum efnum, m.a. á grundvelli þess að hirða þessa framleiðslu og koma henni á markað með eðlilegum hætti, er ekki metið í þessum viðskiptum. Ég held að það sé grundvallaratriði ef menn ætla að ná árangri að teknir verði upp þeir viðskiptahættir að menn fái þessar vörur greiddar um leið og þeir afhenda þær til sölu.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að minna á það hér, þrátt fyrir að málið sé í eðli sínu gott, að mér finnst á vissan hátt að hér sé um hálfgerð rasshandarvinnubrögð að ræða. Þegar til þess er litið að nú eru uppi ráðagerðir um það að leggja niður tvö lítil tilraunabú — og er nú gott að þingmönnum Vestf. fjölgar hér í þessari deild — sem hafa einkum og nær einvörðungu haft þessa ræktun með höndum nú um áratuga skeið saknaði ég þess hjá hæstv. landbrh., sem var að tala um að þeir atburðir hefðu nú gerst að búið væri að flytja á þessu ári tvær ríkisstofnanir út á land fyrir forustu landbrn., að hann orðaði það ekki að hann hefur verið að vinna að því síðan hann kom í ráðuneytið að leggja tvær stofnanir niður sem eru staðsettar úti á landi.

Það er svo merkilegt með þessa menn með stóru hjörtun og byggðasjónarmiðin að þeir tala ekkert um það þegar verið er að ráðast að fámennum byggðarlögum með því að leggja niður stofnanir, jafnvel þó að það séu forustustofnanir sem gegna lykilhlutverki í því að skapa fólkinu þar viðfangsefni og trú á starf sitt.

Ég er alveg sannfærður um að það er mikill hnekkir fyrir landbúnað á Vestfjörðum og landbúnað á Austurlandi að leggja niður þessar tvær tilraunastofnanir því að auðvitað höfum við aldrei meiri þörf fyrir þróunarstarfsemi en einmitt um þessar mundir í íslenskum landbúnaði. Þess vegna segi ég það að mér finnst svona frumvarpsflutningur vera hálfgerð rasshandarvinnubrögð. (**SkA:** Mér finnst nú að hv. þm. ætti að biðja hv. landbrh. að koma hér í salinn.) Ja, ég vildi ekki vera að gera ráðherranum ónæði en auðvitað hefði mér þótt vænt um það. En kannski kemst tillaga mín og okkar um eflingu tilraunastöðvanna til umræðu í dag. Hún hefur nú verið lengi á dagskrá. Þessi orð mín læt ég nú einkum falla hér vegna þess að ég er engan veginn viss um að hún verði tekin til umræðu. Það er farið að þrengjast um tímann hér í þinginu. Ég á það sameiginlegt með mörgum öðrum að vilja stuðla að því að þinginu ljúki. Þó að hér sé nú grá jörð í morgunsárið þá er hún það ekki austur í Hornafirði og ýmislegt annað að gera áður en þingmenn geta gengið til vorverka. (**SkA:** Þar hugsa menn

um að setja niður kartöflur sínar.) Ja, til dæmis, og ýmislegt fleira. Þess vegna valdi ég þennan kost.

Ég vil mjög undirstrika það sem ég sagði áðan, að það eru engar þessara yfirlýsinga marktækar um flutning stofnana, um áherslur í byggðamálum, hjá þeim mönnum sem leggjast þar á sem byggðin er veikust og þörfin er mest eins og er gert í sambandi við þessar tilraunastöðvar. Og það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni í gær, að það er ekki vegna þess að sú stofnun sem á að hafa þann rekstur með höndum hafi ekki fjármagn til þess. Það er vegna þess að hún ver því í önnur verkefni og hefði ekki þurft nema litla tilfærslu til þess að gera þetta með bærilegum sóma.

Þetta vildi ég láta fylgja þessu máli og þá í trausti þess að menn fari nú að vakna til aðeins betri vitundar í þessum efnum að því er varðar þessa faglegu starfsemi úti á landsbyggðinni þar sem fólkið starfar og þar sem fólkið vill starfa. Kannski gæti það orðið til þess áður en slysin verða með Reykhóla og Skriðuklaustur að menn komist að einhverri vitrænni niðurstöðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 543. mál (sjóðfélagar). — Þskj. 940.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Grunnskóli, 3. umr.

Frv. menntmn. Nd., 572. mál (skólaskylda sex ára barna). — Þskj. 1070.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1236).

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 3. umr.

Frv. GHG, 417. mál. — Þskj. 1225.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 528. mál (söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.). — Þskj. 925.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1237).

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 2. umr.

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 891, n. 1226.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um þetta frv. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgrn., og Gunnar Guðmundsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerð ríkisins. Þá barst nefndinni erindi frá sveitarstjórn Kjalarneshrepps og samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Nefndin mælir öll með samþykkt frv. en gerir tillögu um breytingu á því á þann veg að 5. gr. frv. verði 2. gr. og þar með að röð annarra greina breytist samkvæmt því.

Á fundi með fulltrúum samgrn. og Vegagerðarinnar og í umfjöllun nefndarinnar kom m.a. fram:

1. Það er tryggt með væntanlegri 2. gr. frv. að samningur um framkvæmdir öðlist ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið samþykki og staðfestingu Alþingis.

2. Í frv. felast engar fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu ríkissjóðs og því ekki um það að ræða að almennt vegafé skerðist.

3. Í samningi við framkvæmdaraðila verða allir nauðsynlegir fyrirvarar og m.a. tryggt að ef fyrirtækið hættir framkvæmdum þá komi ríkissjóður skaðlaus frá slíkum málalokum. Í samningum verða nákvæm ákvæði um ábyrgð framkvæmdaraðila.

Sveinn G. Hálfdánarson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu máli sem hér er til umræðu og vona að það fái farsæla meðferð hér. Það er okkur Vestlendingum vissulega ánægjuefni að þetta skuli vera komið hér fram á þessu þingi. Þetta er mikið stærra og meira mál en við kemur aðeins okkur Vestlendingum. Þetta eru stórar úrbætur í hringveginum svokallaða og ég vona að það fái afgreiðslu nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1226 (5. gr. verður 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

2.–4. gr. (verða 3.–5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Landsvirkjun, 2. umr.

Stjfrv., 264. mál (jöfnun orkuverðs). — Þskj. 470, n. 1210.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Nefndin fjallaði um frv. á nokkrum fundum og sendi það til umsagnar. Umsagnir bárust frá Fjórðungssamböndum Norðlendinga og Vestfirðinga, iðnrn., Orkubúi Vestfjarða, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi ísl. rafveitna, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Landshlutasamtökin lýstu yfir eindregnum stuðningi við tilgang frv. og mæltust til þess að það yrði samþykkt. Í umsögnum frá öðrum komu hins vegar fram ábendingar um að betur hefði þurft að huga að ákvæðum þess.

Í því annríki sem nú er á Alþingi og vegna tímaskorts vannst ekki tími til þess að ljúka þessu máli nú fyrir þinglok, en það er tillaga nefndarinnar að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og eru tilmæli um að iðnrh. skipi nú þegar nefnd til að semja frv. um verðjöfnun á raforku og leggi það fyrir Alþingi á næsta þingi. Ég vil geta þess að Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins. En tillaga nefndarinnar er sú að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og þingmönnum er kunnugt gilda ekki eingöngu sérstök lög um Landsvirkjun heldur starfar hún líka samkvæmt sameignarsamningi milli ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Í þessum samstarfs- og sameignarsamningi segir að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á öllum afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Samkvæmt 20. gr. laganna um Landsvirkjun hefur þessi sameignarsamningur lagagildi og því hlyti fyrst að þurfa að reyna á hvort samningar gætu tekist um breytingar á þessum gjaldskrárreglum áður en lagabreytingaleiðin er fær. Ég bendi á að í 13. gr. Landsvirkjunarlaganna eru ákvæði sem eru efnislega samhljóða því sem ég vitnaði til í sameignarsamningnum. Ég hef hug á því að láta vinna að gerð frv. um jöfnun orkuverðs í landinu þar sem m.a. yrði hugað að þessum ákvæðum og öllum aðstæðum í málinu. Það er afar mikilvægt í þessu máli að víðtæk samstaða náist. Ég tek þess vegna undir þá efnislegu niðurstöðu sem finna má í rökstuðningi iðnn. fyrir því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og lýsi því yfir að unnið verður að gerð frv. um þetta mál og að undirbúningi breytinga sem stefna að jöfnun orkuverðs.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leyfa mér að minna á að á liðnu ári, sérstaklega á árinu 1989, beitti ríkisstjórnin sér fyrir mjög verulegum ráðstöfunum til þess að jafna orkuverð í landinu. Í fyrsta lagi yfirtók ríkissjóður háar fjárhæðir af skuldum Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. Í kjölfar þeirrar skuldayfirtöku lækkuðu gjaldskrár almenningsveitnanna á orkuveitusvæði þessara tveggja orkufyrirtækja um 5%. Það er þó ekki rétt lýsing á áhrifunum til jöfnunar orkuverðs því að yfirtakan kom líka í veg fyrir óhjákvæmilega hækkun sem annars hefði orðið á þessum sömu gjaldskrám um 12–15%.

Þá er líka rétt að benda á að andstætt því sem var um þéttbýlisrafveiturnar í upphafi ársins 1990 hækkuðu þessi fyrirtæki, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, ekki taxta sína í byrjun ársins 1990. Það hefur því dregið saman með gjaldskránum meira en um langan aldur og bilið á milli þeirra er núna mjórra en það hefur verið allan síðasta áratug.

Virðulegi forseti. Það er stefnumál ríkisstjórnarinnar að vinna að jöfnun orkuverðs og í þeim anda lýsi ég mig samþykkan því að unnið verði að gerð frv. um þetta mál fyrir haustið.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir yfirlýsingu hans hér og taka undir með honum að það er mjög mikilvægt að hægt sé að vinna að framgangi þessa máls með samkomulagi við alla hlutaðeigandi aðila. Vegna ábendingar hans um samstarfssamning við Landsvirkjun, sameignarfélag, þá held ég að einmitt nú sé sérstakt tækifæri til að ná slíku samkomulagi þar sem nú er til afgreiðslu hjá Alþingi frv. um raforkuver sem gerir ráð fyrir því að veita Lands-

virkjun gífurleg réttindi í formi vatnsorku og hlýtur að teljast eðlilegt að fyrirtæki sem fær slík réttindi, slík verðmæti, láti eitthvað af hendi á móti og þá það að stuðla að því að íbúar þeirra svæða m.a. þar sem þessi vatnsréttindi eru, þessi auðæfi eru, njóti ekki lakari kjara frá orkuverunum en meginþorri landsmanna. Ég vænti þess því að þetta starf sem ráðherra mun beita sér fyrir á næstu mánuðum beri sem ríkulegastan og skjótastan árangur.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég hefði að vísu talið æskilegra að frv. sem hér er verið að fjalla um hefði verið samþykkt hér í deildinni en að sá kostur sem hér er lagt til að verði tekinn, að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. En eins og frsm. nefndi er komið svo gott sem að lokastarfsdegi þingsins og ekki tími til þess nú að taka frekar á málinu og fagna ég þeirri lausn að vísa málinu til ríkisstjórnar með þeirri áskorun að málið verði tekið þar til umfjöllunar. Svo fagna ég því að komið hefur yfirlýsing frá hæstv. iðnrh. um að ríkisstjórnin muni vinna að þessu máli og hann hafi nú undirstrikað enn á ný þá stefnu ríkisstjórnarinnar að jafna orkuverð.

Það hefur verið beðið eftir því í mörg ár að verulegt átak á þessu sviði kæmi fram. Ekki er svo sem hægt að bera á móti því að staðan hefur heldur skánað frá því hún var verst en þá var hún náttúrlega algerlega óviðunandi og er reyndar í sumum tilfellum enn óviðunandi, t.d. í sambandi við hitunarkostnað. Mjög mikill munur er á því hvar fólk býr á landinu í sambandi við þennan þátt. Reikningar þess fólks sem er í viðskiptum við Rafmagnsveitur ríkisins til upphitunar húsa eru svo mikið, mikið hærri en t.d. reikningar þeir sem fólk hér á Reykjavíkursvæðinu þarf að borga og á mörgum svæðum öðrum. Þarna er gífurlegur mismunur á framfærslukostnaði sem er nauðsynlegt að verði lagfærður. Við hér á hv. Alþingi eigum að beita okkur fyrir því og vitaskuld á verkalýðshreyfingin að beita sér fyrir því að slík mismunun eigi sér ekki stað. Það hefði verið eðlilegt að við undirskrift núllsamninganna í vetur hefði verið tekið tillit til þessa þáttar ekki síður en margra annarra þátta sem verkalýðshreyfingin knúði þar fram.

Um þann þátt sem hæstv. forseti okkar nefndi, að nú sé tækifæri til að breyta samkomulagi við Landsvirkjun um sölu orku, vil ég alveg sérstaklega undirstrika samþykki mitt við þeirri tillögu sem þar kom fram, að nota nú tækifærið þegar veita á Landsvirkjun heimild til stórvirkjana og stórframkvæmda og sölu á mikilli orku til álframleiðslu hér á landi og semja um það að orkukostnaður landsmanna allra á þessu sviði verði jafnaður.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég aðeins segja það að í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar eru skýr ákvæði um að orkukostnaður verði jafnaður. Ég býst við að öllum hér sé ljóst að mikill mismunur er um landið en það er líka ljóst að orka til upphitunar er mjög misdýr eftir aðstæðum hverju sinni. Auðvitað þarf að stefna að því að landsmenn allir búi við sama orkuverð líkt og sama olíuverð. En það sem rak mig í ræðustólinn var nokkuð sem mér fannst sneið til verkalýðshreyfingarinnar.

Ég vil árétta það, sem mönnum á að vera ljóst, að verkalýðshreyfingin hefur hvað eftir annað lagt á það ofurþunga áherslu að lífskjör verði jöfnuð í landinu, m.a. hvað varðar orkukostnað, og fengið digrar yfirlýsingar frá ríkisstjórnum um slíka hluti og tekist að ná árangri í þessum hlutum. Verkalýðshreyfingin mun ekki í framtíðinni frekar en fyrr vera deig í þessum málum, öðru nær. Ég býst við að öðruvísi væri umhorfs í þjóðfélaginu ef áhrifa hennar hefði ekki gætt í því að jafna lífskjörin í landinu, ekki aðeins hvað varðar krónutölu heldur alla aðstöðu aðra undir þeim merkjum að fleira sé kjör en króna.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest það sem hv. 4. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason sagði hér um verkalýðshreyfinguna og baráttu hennar og hverju verkalýðshreyfingin hefði komið til leiðar. Vitaskuld væri þjóðfélag okkar allt öðruvísi og þá ábyggilega mismunur og staða ýmissa hópa í þjóðfélaginu breytilegri en raun ber vitni um ef ekki hefði komið til að verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir jöfnun lífskjara. Þó ég hafi nefnt það hér að þörf væri á því að verkalýðshreyfingin beitti sér öfluglega fyrir samræmingu á orkukostnaði var ég þar ekki með neina sneið til verkalýðshreyfingarinnar nema síður sé. Ég var aðeins að hvetja verkalýðshreyfinguna enn til dáða í þessum sem og öðrum jafnréttisbaráttumálum verkalýðshreyfingarinnar en vitaskuld verða alltaf uppi raddir um að betur hefði mátt gera en gert hefur verið.

Sveinn G. Hálfdánarson:

Herra forseti. Ég hefði fremur kosið að frv. um breytingar á lögum um Landsvirkjun hefði verið afgreitt hér á þessu þingi en ég skil þá stöðu sem þingið er í nú og lýsi mig samþykkan því að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar. Ég tek undir það sem hér hefur fram komið að við eigum að nýta okkur þá stöðu sem fram undan er varðandi samninga við Landsvirkjun og teljum þessi mál ekki komin í viðunandi horf fyrr en búið er að jafna það misrétti sem ríkir í þessum málum í landinu.

Ég treysti því að hæstv. iðnrh. sjái til þess að þessu misrétti verði komið í lag og að fljótlega á næsta þingi liggi fyrir frv. í því efni. Ég treysti því að stjórnarsáttmálanum verði framfylgt í þessu mikilvæga máli því að þetta er eitt mesta og stærsta byggðamálið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1210 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

94. fundur, föstudaginn 4. maí, að loknum 93. fundi.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 3. umr.

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 1235.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innflutningur dýra, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 1139, n. 1234.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta frv. og fengið til viðtals við sig Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Nefndin vill þó benda á að í 4. gr. frv. eru aukaorð, greinilega komin þar af vangá. Það er í næstneðstu línu þar sem sagt er: „Skal nefndin gera tillögu um hvaða kyn og tegund ...“ Orðin „og tegund“ eru aukaorð þarna inni og tengjast ekki þeirri hugsun sem í greininni er og því eðlilegt að þau verði felld burt við prentun.

Nefndin fjallaði aðeins um þann þátt 13. gr. að í stað „búfjárræktarnefndar“, til þess að fá staðfesta viðurkenningu svo sem í greininni segir, komi „landsráðunautur“. Það varð ofan á að leggja ekki til að þessu yrði breytt, enda er landsráðunautur í þessari nefnd. (**EgJ:** Formaður hennar.) Já, og er formaður hennar og verður honum þar af leiðandi skylt að afgreiða þetta mál þó ekki sé nefnt að hans þáttur sé beinn í þessari viðurkenningu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 576. mál (tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga). — Þskj. 1166, n. 1232, brtt. 1233.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Í frv. er fjallað um breytingu á 29. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem sveitarfélagi er heimilt að veita Lánasjóði sveitarfélagi tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Þar er þá fyrst og fremst átt við tekjur sveitarfélagsins af staðgreiðslu.

Í áliti nefndar sem félmrh. skipaði 25. júlí var lagt til að Lánasjóður sveitarfélaga legði meiri áherslu á að veita sveitarfélögum lán til greiðslu óhagstæðra lána sökum þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem mörg sveitarfélög fást nú við. 45. fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var í Reykjavík í mars beindi tilmælum til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga um að hún legði aukna áherslu á lánveitingar til skuldbreytinga á skammtímalánum sveitarfélaga. Ljóst er að það er gífurleg þörf fyrir einmitt þess konar lán. 50 sveitarfélög hafa sótt um lán til Lánasjóðsins. Þar af hafa 21 sveitarfélag sótt um lán vegna skuldbreytinga. Úthlutun lána úr sjóðnum fer venjulega fram í maímánuði og þess vegna var lögð áhersla á að þetta frv. kæmi til afgreiðslu nú á þessu þingi.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga tók frv. fyrir á fundi núna í apríl og samþykkti einróma að leggja til og styðja þá breytingu sem frv. felur í sér, en hún er að sveitarfélag fær heimild til að veita Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Lánasjóður sveitarfélaga hefur til þessa haft sem tryggingu framlög sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en þau teljast til tekna sveitarfélaga. Breytingin felur í sér útvíkkun á heimild þessari sem nú er í gildi og gefur jafnframt möguleika á tryggingu í staðgreiðslu sveitarfélaganna.

„Er þessi breyting nauðsynleg vegna hagsmuna Lánasjóðs sveitarfélaga og til þess að einstök sveitarfélög eigi þess kost framvegis að fá lán úr sjóðnum, bæði til skuldbreytinga og nýframkvæmda“, segir í athugasemdum við 1. gr. frv. Í niðurlagi 1. mgr. 1. gr. frv. er bætt inn í greinina að félmrh. setji reglugerð um nánari ákvæði um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Nefndin fjallaði á fundi í morgun um frv. og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félmrn. Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu að gildistökuákvæði þess verði breytt á þann veg að lögin taki gildi 15. júní nk., er nýjar sveitarstjórnir hafa tekið við að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin telur eðlilegt að afgreiðsla umsókna samkvæmt ákvæðum frv. fari ekki fram fyrr en eftir 15. júní þannig að ný sveitarstjórn

samþykki umsóknina og gangi frá lántökunum. Fyrir liggur að stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga fellst á þetta sjónarmið nefndarinnar.

Nefndin leggur á það áherslu að æskilegt sé að við samningu reglugerðar samkvæmt ákvæðum 1. gr. verði gengið þannig frá málum að trygging sú sem Lánasjóður sveitarfélaga fái í staðgreiðslutekjum sveitarfélags sé veitt vegna skuldbreytingalána.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Salome Þorkelsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Salome Þorkelsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara. Hún er ekki stödd hér í deildinni núna við þessa umræðu en ég hef haft samband við hana og hún samþykkti að það væri talað fyrir nál. Hennar fyrirvarar byggðust fyrst og fremst á því að hún var samþykk þeirri brtt. að afgreiðslan yrði bundin við 15. júní eftir að nýjar sveitarstjórnir tækju við og haft yrði samband við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og tryggt að úthlutun færi ekki fram fyrr en eftir að ný sveitarstjórn hefði tekið við og lögin tekið gildi frá 15. júní. Það var gert og þar af leiddi að hún féllst á að málið væri rætt án þess að hún hefði tök á að vera viðstödd.

Ég vil svo aðeins að síðustu, virðulegi forseti, leggja áherslu á það sjónarmið nefndarinnar að þessi lánafyrirgreiðsla sé bundin og aðeins tekin trygging í staðgreiðslufé sveitarfélags til skuldbreytingalána vegna þess að í athugasemdum við greinar frv. kemur fram að það er álit ráðuneytis að þetta skuli vera bæði til skuldbreytinga og vegna nýframkvæmda. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að við samningu reglugerðar verði þetta miðað við skuldbreytingalán og ekki annað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1233 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 534. mál (bótaréttur o.fl.). — Þskj. 1188, n. 1229.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. heilbr.- og trn. á þskj. 1229 um frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum. Þar segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess án breytinga.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Valgerður Sverrisdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur H. Garðarsson með fyrirvara og Salome Þorkelsdóttir ritar einnig undir nál. með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

95. fundur, föstudaginn 4. maí, að loknum 94. fundi.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 534. mál (bótaréttur o.fl.). — Þskj. 1188.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1240).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 576. mál (tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga). — Þskj. 1238.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innflutningur dýra, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (heildarlög). — Þskj. 1139.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1241).

EFRI DEILD

96. fundur, föstudaginn 4. maí, að loknum 95.fundi.

Yfirstjórn umhverfismála, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1255.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um verkefni umhvrn. sem, eins og allir hv. þm. þekkja, hefur verið sett á fót. Ég skal nú ekki hafa um þetta mörg orð, við höfum rætt málið í þessari hv. deild áður. Hér var að sjálfsögðu fjallað um það frv. sem má segja að hafi verið meginatriði þessa máls, að setja á fót umhvrn. Frv. hefur verið afgreitt frá hinu háa Alþingi og var ítarlega rætt hér og reyndar, sem von er, voru bæði málin þá rædd að meira eða minna leyti.

Nú skal ég gera í nokkrum orðum grein fyrir frv. eins og það liggur nú fyrir og ekki síst þeim breytingum sem hafa orðið.

Í 1. gr. frv. er fjallað um Landgræðslu ríkisins, gróðurvernd og Skógrækt ríkisins. Mér þykir nauðsynlegt að leggja áherslu á að með þessari grein er að sjálfsögðu alls ekki ætlað að draga úr starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, heldur er hér ætlast til þess að enn einn aðili til viðbótar komi að þessum sjálfsögðu störfum, að koma í veg fyrir þá gróðureyðingu sem hér hefur átt sér stað og er öllum svo augljós sem hér eru inni að ég þarf ekki að fara um það neinum orðum. Og mér þykir satt að segja afar leitt að þarna virðist hafa komist á nokkur misskilningur. En ég vona að eins og þessi grein er orðuð og með þeim skýringum sem hafa komið fram, þá þurfi það ekki að vera. Hér er um að ræða breytingar á lögum um náttúruvernd. Við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar mgr. 1. mgr. segir: „Ráðið skal", þ.e. Náttúruverndarráð, „ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs." Að sjálfsögðu er þetta gert með þeim stofnunum sem að þessu vinna. Má segja að þarna sé fyrst og fremst aðeins um viðbótarhönd á þetta mikilvæga verk að ræða. Öll slík vinna er unnin af Náttúruverndarráði. „Umhvrh. getur", segir í síðustu mgr. þessarar greinar, „að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbrh. ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar samkvæmt 5. og 6. mgr. þeirra laga." Ég held ég þurfi ekki út af fyrir sig að fara um þetta fleiri orðum. Ég vona að þegar þetta er nú komið á fót og sú endurskoðun á starfsemi Landgræðslunnar og Skógræktarinnar til að samræma þetta er lokið, sem ég hef samkvæmt viðbótarákvæði til bráðabirgða, sem var samþykkt í Nd. núna fyrir nokkrum mínútum, heitið að leggja fyrir Alþingi í haust, þá verði öllum misskilningi, ef einhver er enn þá, fullkomlega eytt.

2. gr. frv. fjallar um breytingu á lögum um náttúruvernd þar sem Náttúruverndarráð er flutt frá menntmrn. til umhvrn.

3. gr. gerir ráð fyrir því að sérstök lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu falli undir umhvrn.

4. gr. gerir ráð fyrir að dýravernd, sem nú fellur undir menntmrh., falli undir umhvrn.

5. gr. færir lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem nú heyrir undir menntmrn., undir umhvrn.

6. gr. flytur lög um eyðingu svartbaks frá Búnaðarfélagi Íslands til umhvrn.

7. gr. breytir 1. gr. laga um eyðingu minka og refa. Þar er gert ráð fyrir að yfirstjórnin flytjist til umhvrn. og umhvrh. skipi veiðistjóra o.s.frv.

Í 8. gr. frv. eins og það var lagt fram var gert ráð fyrir því að Hollustuverndin, sem svo er venjulega nefnd og lýst er í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, flyttist í heild sinni undir umhvrn. Um þetta hefur verið mjög deilt og verið skiptar skoðanir í öllum flokkum á milli fjölda margra aðila. Sumir hafa talið rétt að flytja þessa stofnun í heild. Aðrir hafa talið að miða eigi við þann þáttinn sem er um hið ytra umhverfi, en aftur eigi, ef ég má kalla það svo, maðurinn sjálfur að vera áfram hjá heilbrrn. Eins og allir þekkja fjallar þessi stofnun bæði um hið ytra umhverfi, þ.e. mengunardeild hennar, en önnur deild, Heilbrigðiseftirlitið, fjallar um eiturefni í matvælum, áhrif þeirra á manninn o.s.frv.

Ég skal viðurkenna að þótt ég legði frv. fram þannig að stofnunin flyttist öll þá sagði ég strax í upphafi að ég teldi það orka tvímælis að flytja hana að öllu leyti. Ég læt þess getið að í Danmörku þar sem það var gert hefur nú sá þáttur sem fjallar um eiturefni í matvælum og áhrif þeirra á menn o.s.frv. verið fluttur til baka til heilbrrn.

Í þeirri umfjöllun sem hefur orðið um þetta mál milli manna í Nd. varð að lokum að samkomulagi að flytja eingöngu mengunarþáttinn. Þetta veldur að sjálfsögðu því að sá þáttur fellur þá undir umhvrh. en heilbrigðisþátturinn undir heilbrrh. Segja má að þegar ein stofnun fellur undir tvo ráðherra sé nokkur flækja en um þetta eru mörg dæmi. Ég nefni t.d. stofnanir sem starfa á Keflavíkurflugvelli. Þær heyra að því sem því viðvíkur undir utanrrh. en ýmsa aðra ráðherra að öðru leyti. Ég nefni áfengisvarnanefnd sem fellur undir tvo ráðherra og fleira þannig gæti ég nefnt. Þetta varð því niðurstaðan eins og kemur fram

í 1. brtt. frá Nd. og sem fjallað er um á sérstöku þingskjali og hlaut þar samþykki.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir að flytja þann þátt Siglingamálastofnunar sem fjallar um mengun sjávar yfir til umhvrh. og má segja það sama um það og Hollustuverndina.

10. gr. fjallar einnig um Siglingamálastofnun.

11. gr. fjallar um bann við losun hættulegra efna í sjó og fellur undir umhvrh.

12. gr. fjallar sömuleiðis um Siglingamálastofnun ríkisins þar sem þessu er breytt. Talið er nauðsynlegt að hafa þetta í nokkrum greinum þar sem það eru allmörg lög sem þarf að breyta.

Hins vegar varð að samkomulagi að flytja ekki, eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frv., 13. gr. þess, eiturefni og hættuleg efni til umhvrh. á þeirri sömu forsendu að það sé fremur mengun sem varðar beint manninn sjálfan en síður hið ytra umhverfi og verður það áfram hjá heilbr.- og trmrh.

Í 14. gr. var gert ráð fyrir að flytja Geislavarnir til umhvrh. en eftir samkomulag var ákveðið að láta þær einnig vera áfram hjá heilbrrh. og vísa ég þar til sömu röksemdafærslunnar.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að flytja ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til umhvrh. frá iðnrh.

Í 16. og 17. gr. er síðan gert ráð fyrir að flytja skipulagsmál og byggingarmál yfir til umhvrh. En að samkomulagi varð að þetta tæki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1991 eins og kemur fram í 4. brtt. minni sem samþykkt var núna rétt áðan. Ástæðan fyrir þessu er sú að samtök sveitarfélaga hafa talið nauðsynlegt að athuga þetta nánar og gefst þá tækifæri til þess. Kem ég reyndar að því dálítið nánar síðar.

Þá er gert ráð fyrir því að Veðurstofan flytjist til umhvrh. Um það hefur verið töluvert rætt en Veðurstofan er með stöðugt vaxandi rannsóknir á mengun andrúmsloftsins og eðlilegt að það tengist allri þeirri umræðu sem um þá mengun er í heiminum.

Loks er í 19. gr. gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands flytjist til umhvrh. og í 20. gr. að lög um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands flytjist til umhvrh.

Þá var samþykkt frá mér brtt. þess efnis að 13. og 14. gr. félli niður, eins og ég nefndi áðan, og sömuleiðis þess efnis að forsrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins því þar koma tveir ráðherrar að. Að mati lögfræðinga og reyndar samkvæmt hefð er það forsrh. sem sker úr um slíkt og var þetta sett til að tryggja enn betur að þarna þyrftu ekki að vera neinir árekstrar og frá málum gengið.

Loks var fallist á og bætt við ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi er umhvrh. þar skuldbundinn til að leggja fram á næsta haustþingi frv. til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Þar skuli ákveða gífurlegar mengunar- og geislavarnir á landi, lofti og sjó svo að þar verða þessi mál þá ef mönnum sýnist sett í fastara form. Gert er ráð fyrir því að aðilar tengdir skulum við segja a.m.k. stjórnmálaflokkunum öllum komi að þessu máli. Sú nefnd hefur þegar hafið starfsemi sína. Loks eru tekin af öll tvímæli um það að þrátt fyrir þau ákvæði sem ég rakti áðan í 1. gr. muni Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins starfa óbreytt áfram. Þetta er kannski óþarfi en er til að taka af öll tvímæli og allan þann misskilning sem ég nefndi áðan og mér hefur þótt afar slæmur í þessu sambandi.

Loks er í 3. lið ákvæða til bráðabirgða sú skylda lögð á herðar forsrh. að leggja fyrir Alþingi frv. til laga er feli í sér niðurstöður endurskoðunar á þeim lögum sem þar eru svo upp talin og þarf að endurskoða í kjölfar þess sem hér er verið að gera. Í fyrsta lagi eru það lög um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins til að marka vel þá verkaskiptingu sem þar er á milli. Ég vil undirstrika og taka af allan vafa um það að þessar stofnanir hafi áfram það mikilvæga verkefni að græða upp landið og rækta skóga. Þá þarf að skoða hvort ekki þarf að breyta lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lögum um Siglingamálastofnun og lögum um losun hættulegra efna í sjó af þessum sömu ástæðum, að þarna er um stofnanir að ræða sem að vísu er ætlunin að skýra vel með greinargerð en skoðun manna er þó að nauðsynlegt sé að fara yfir það með tilliti til þeirra breytinga sem stofnun umhvrn. hefur í för með sér.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan var þetta mál mikið rætt hér í sambandi við annað frv. um umhvrn. og ég skal ekki lengja umræðuna. Ég fagna því mjög að samkomulag varð um það í Nd. að afgreiða málið. Ég er ekki að segja að það sé samkomulag um hvert atriði þess, svo er ekki. En það varð samkomulag um að afgreiða málið og það var gert í þeirri von að þessi deild treysti sér til að afgreiða málið á mjög skömmum tíma. Mér er fyllilega ljóst að það er raunar ekki boðlegt, en verð að vísa til þess að hér fór fram ítarlegri umræða fyrr í vetur um þetta mál í tengslum við stofnun ráðuneytisins. Ég veit að allir þingmenn vilja að á umhverfismálum sé tekið. Umhvrn. er orðið að staðreynd og þá verða menn, hvort sem þeir eru á móti því eða ekki, að sjálfsögðu að taka þátt í því að fela því eðlileg verkefni. Og má segja að það hafi ráðið því að samkomulag varð að lokum í hv. Nd. um að afgreiða málið og ég vona að þessi hv. deild sjái sér fært að gera það einnig.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Nú er greinilega lokið löngu stríði hæstv. forsrh. fyrir því að koma á koppinn því ráðuneyti sem lengi hefur verið um rætt hér á Alþingi, en sem mér sýnist núna í raun að engu vera orðið. Í mínum huga er þetta meira og minna hégómamál fyrir tiltekinn einstakling sem þetta embætti hefur hlotið. Það er líka umhugsunarefni að skoða það að þegar forráðamenn stjórnvalda, ríkisstjórn, segir við almenning: Þið skuluð herða sultarólar vegna þrenginga í þjóðfélaginu, þá er báknið blásið út.

Þau verkefni sem hefur verið um talað að því er þetta ráðuneyti varðar voru á öðrum stöðum og eru á öðrum stöðum. Hér er í raun og veru verið að koma á fót viðbót við kerfið og það hljómar ekki saman í mínum huga við það sem hæstv. ráðherrar hafa verið að básúna út, að það ætti að spara vegna erfiðleika í þjóðfélaginu. Hér er hreinn hégómaskapur á ferðinni. Hér hefur verið keypt stoð við hæstv. ríkisstjórn til þess að hún gæti lifað um tiltekinn tíma. Þessi kaupskapur hefur gengið lengi. Hann hefur gengið nánast allt frá því í fyrrasumar, en kaupin eru fyrir skattborgara ekki sem skyldi. Það verða menn að hafa í huga, ekki síst ráðamenn þjóðfélagsins. Þegar þeir prédika sparnað og herðingu sultarólar þá dugar ekki að eyða og spenna innan ríkiskerfisins eins og gert hefur verið og verið er að gera. Nú er komið í ljós að verslun hefur átt sér stað við Borgfl. Hann hefur verið keyptur inn í ríkisstjórn með tilteknum loforðum í upphafi sem að vísu hefur ekki verið öllum fullnægt en þeir láta sér nægja að hirða eftirhreyturnar af því sem lofað var. Þetta er auðvitað enn eitt dæmið um vesalmennskuna í stjórnmálum á Íslandi, braskaraháttinn, pólitískt plott þeirra sem vilja halda völdum þó þeir hafi ekki almenningshylli til þess. Það kann vel að vera að núv. hæstv. ráðherrum og ríkisstjórn þyki það gott að geta setið í stólunum í eitt ár til viðbótar, en þá verður skellurinn líka enn meiri.

Það hlýtur að fylgja eðlilegri stjórnmálabaráttu í lýðræðislandi að það sé fólkið sem ákvarðar hverjir ráða ríkjum hverju sinni. Það kann að vera hægt að beita kaupskap, plotti, á tilteknum tíma en endanlega verður það kjósandinn sem ræður hverjir fara með völdin þegar kosningar eru afstaðnar. Mér finnst það miður að flokkur eins og Borgfl. sem taldi sig fyrir utan flokkspólitíska tryggingakerfið skuli vera orðinn sá harðasti í því kerfi að selja sig nánast fyrir hvað sem er. (**HBl:** Mest fyrir lítið.) Mest fyrir lítið, það er rétt, menn láta sér nægja líklega sem minnst. (Gripið fram í.) Það er rétt, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, þingmaður Borgfl. Þið eruð nægjusamir í því að þið séuð keyptir. (Gripið fram í.) Þið eruð ekki dýrkeyptir í þessum efnum, það er greinilegt. En þið látið það nægja ykkur.

Frá sjónarhorni almennings er það auðvitað alvarlegur hlutur að menn skuli láta hafa sig með þessum hætti til að selja samvisku sína fyrir nánast ekki neitt, til þess að geta talist um stundarsakir með tvo ráðherra, annan gersamlega áhrifalausan og þingmennina í þingflokknum tiltölulega áhrifalausa að öðru leyti en því að vera strengjabrúður fyrir hæstv. forsrh. og aðra þá sem ráða ferðinni í ríkisstjórn. Það er undarlegt að þurfa að upplifa svona, ég tala nú ekki um af ungum þingmönnum með tiltölulega þokkalega menntun að baki að láta hafa sig í svona hluti. Ekki hefði ég á 25 ára aldri viljað ofurselja mig svona og taka slíkum sinnaskiptum eins og þessir hv. þm. hafa gert, selt sig nánast fyrir ekki neitt til að geta framlengt líf einnar ríkisstjórnar í eitt ár, hvort sem hún er vinsæl eða óvinsæl. En hæstv. forsrh. og sjútvrh. hefur tekist að þvæla þessum einstaklingum svo inn í málin að þeir eru í þannig sjálfheldu að þeir þora ekki út í kosningar. Þeir vilja heldur sitja lafandi með hæstv. ríkisstjórn í eitt ár í viðbót. Þetta er ömurlegur endir á flokki sem taldi sig vera að upphefja nýtt tímabil í íslenskum stjórnmálum. Endirinn verður auðvitað sá að með slíku háttalagi eru menn að framkvæma sjálfsdauða í íslenskri pólitík, óðruvísi getur ekki farið. Almenningur í landinu mun ekki líða stjórnmálamönnum að haga sér með þessum hætti nema því aðeins að fólk sé orðið svo blandað þessari pólitík sem Borgfl. hefur innleitt í íslensk stjórnmál að það vilji nánast hafa það svo að menn selji sig hverjum sem er, hvenær sem er og hvar sem er. (**MF:** Það hafa nú margir gert.) Það er rétt, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Það hafa margir gert og kannski ekki síst í flokki hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Kannski hefur hún reynsluna af því og talar þannig. Reynslan kennir fólki auðvitað að hugsa og kannski er reynslan þar mest. Kannski má um það deila en það er enginn vafi á því að svona frammísetningar eru ekki settar fram nema því aðeins að fólk hafi eigin reynslu af því að það sé selt og keypt á hverjum tíma eftir því sem valdhöfunum þóknast í hvert skipti. Það kann að vera afskaplega þægilegt að geta verið undir væng stjórnvalda hverju sinni, skoðanalaus með öllu, strengjabrúða með öllu, gera eins og mönnum er sagt að gera hverju sinni og þannig stutt að því að valdakerfið, hvort sem það er réttlátt eða ranglátt, geti náð fram sínum málum með þessum hætti. En það hljóta að koma þeir tímar í lýðræðisríki að slíkum mönnum verður ýtt til hliðar og auðvitað er það skýringin að hv. þm. Borgfl. hafa ekki þorað annað en að leggjast undir væng stjórnvalda vegna þess að þeir hafa ekki þorað til kosninga. Málið er ósköp einfalt. Þeir hafa ekki þorað að leggja sín mál undir dóm kjósenda. Þeir vilja bíða undir verndarvængnum þangað til kannski að á næsta ári til kosninga gerist eitthvað sem bjargar þeim fyrir horn. Þetta er auðvitað ljóst.

Hæstv. umhvrh. hefur svoleiðis gerbreyst á nokkrum mánuðum frá því að vera óbreyttur þingmaður til þess að verða hæstv. hagstofuráðherra og síðan hæstv. umhvrh. með engin verkefni þar til kannski einhvern tíma á þessu ári að hann fær einhver verkefni. En best væri auðvitað að hann hefði engin verkefni. Þau verkefni sem umhvrn. á að fá að því er nú skilst, eru svo hverfandi að þau skipta engu máli. Þau gætu verið innan annarra ráðuneyta eins og þau hafa verið. Þess vegna er þetta algert hégómamál. Það er verið að þjóna hégóma tiltekins einstaklings sem vill vera þetta hvort sem hann gerir gagn eða ekki.

Og það er undir þessu merki sem þingmenn Borgfl. ganga. Þetta þóttist ég sjá strax fyrir tæpri viku þegar hv. þm. Borgfl. Guðmundur Ágústsson nánast gerbreytti sinni skoðun í afstöðu til kvótamálsins. Ég þykist vita að allir þeir sem sátu í sjútvn. Ed. muni það að allt fram á síðustu daga talaði þessi hv. þm. í þeim tón að hann væri gersamlega andvígur því frv. sem þá var verið að ræða og þeim brtt. frá hæstv.

ráðherrum sem voru komnar inn, tillögum sem gerbreyttu málinu í grundvallaratriðum. Ég veit ekki hvort maður er að uppljóstra neinum leyndarmálum en þegar þessi hv. þm. talaði um það varðandi eftirlitið, að því ætti að koma fyrir hjá Landhelgisgæslunni, þá rakkaði hæstv. sjútvrh. þetta niður á sömu stundu. Hann rakkaði þetta sjónarmið hv. þm. Guðmundar Ágústssonar niður á sömu stundu og maðurinn bakkaði. Hv. þm. bakkaði. Það sýnir sig, það er ekkert nei við því. Á þessum sama fundi lýsti hæstv. sjútvrh. því yfir að hann teldi rétt að lögin um upptöku á ólöglegum sjávarafla yrðu endurskoðuð. En það er ekki í samræmi við það að afhenda Landhelgisgæslunni yfirráðin í þessu, síður en svo. Og að telja að þetta hafi getað valdið straumhvörfum hjá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni frá því að vera gersamlega andvígur kvótamálinu til þess að nánast að slitni ekki slefan milli hv. þm. og hæstv. ráðherra í þessu máli. Ég segi enn, það er með ólíkindum að þurfa að upplifa svona, ekki hvað síst þegar ungir og upprennandi menn eiga hlut að máli.

Mér finnst það augljóst og kannski þýðir ekkert að vera að tala um það meira, að Borgfl. hefur verið *margkeyptur. Ég veit ekki upphæðirnar í þeim efnum* en hann hefur verið margkeyptur. Í fyrsta lagi til fylgilags við hæstv. ríkisstjórn með tveimur ráðherrum og til þess að tryggja að hvað sem á dyndi mundu ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar ná fram að ganga þó þær gengju gersamlega á svig við afstöðu þingmanna Borgfl. allt til þessa. Þetta er með eindæmum. Hvernig verður lýðræðið framkvæmt með slíkum fulltrúum hér á hv. Alþingi? Ég sé ekki annað fyrir *mér ef þetta ræður ferðinni en menn selji sig hér sitt á* hvað burt séð frá sannfæringu og leggist undir verndarvæng stjórnvalda hverju sinni og þjónki þeim með þeim hætti sem ráðherrarnir vilja. Það er ekki það lýðræði sem ég vil upplifa.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja öllu meira umræðuna nú. Mér sýnist að Sjálfstfl. hafi tekist að gera nánast ekki neitt úr verkefnum umhverfismálaráðuneytis annað en það að ráðherrann situr og það er kannski nóg. Kannski má ég vel við una að öðrum hafi tekist það sem ég hefði gjarnan viljað taka þátt í sjálfur því ég hef aldrei haft trú á því að umhverfismálaráðuneyti með þeim hætti sem hefur verið talað um þjónaði neinum öðrum tilgangi frekar en það sem hefur verið gert í viðkomandi ráðuneytum og umhverfismálin heyra undir mörg ráðuneyti enn sem fyrr. Það er bara kostnaðurinn sem eykst vegna stofnunar ráðuneytis. Vel kann að vera að íslenskir skattborgarar telji ekki ofgert við ríkissjóð í þessum efnum eða hæstv. umhvrh. að því er varðar skattlagningu vegna þessa. Ég hygg þó að miklu af þeim fjármunum sem þarna átti að eyða, ég segi, átti að eyða vegna þess að tekist hefur að koma í veg fyrir að miklu af því sem átti að eyða verði eytt. En íslenskum skattborgurum hefði komið betur að láta þá fjármuni fara til annarra og þarfari hluta en gert var ráð fyrir í upphafi með þetta mál.

Mér sýnist á öllu þó enginn hafi tjáð mér það að Sjálfstfl. hafi tekist að koma málunum þannig fyrir að hæstv. umhvrh. sé nánast verkefnalaus fram til hausts. En af hverju taka menn ekki af skarið og leggja þetta niður alveg? Af hverju þennan hégómaskap gagnvart einum einstaklingi?

Ég vil láta það koma fram að ég er algerlega andvígur frv., mun greiða atkvæði gegn því hér í þessari hv. deild. Ég tel að peningum skattborgara verði betur fyrir komið með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir þó svo tekist hafi að draga úr því sem átti að gera í þessum efnum og umhverfisráðherrann standi nánast uppi verkefnalaus. Hæstv. forsrh. hefur tekist að láta hæstv. umhvrh. sitja nánast ónýttan, a.m.k. til hausts. Mér finnst það lítilþægni af stjórnmálamanni að taka það í mál bara vegna hégómagirni að setjast að í ráðuneyti og hafa engin verkefni.

Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. láti nú í sér heyra um þessi mál hér. Í gær fór hér fram umræða um kvótamálin í 14–16 klukkutíma og þessi hæstv. ráðherra sem barðist harðast gegn kvótanum 1987, vildi fella hann niður 1989, flytur núna frv. um að viðhalda honum í verra formi en hann var áður, hann lét ekki í sér heyra. En ég held að ekki þýði að haga sér með *þeim hætti við hv. kjósendur. Þar hygg ég að menn* verði að segja sínar skoðanir og í þessu tilviki verða borgaraflokksmenn að fara í marga hringi til að koma á framfæri sínum skoðunum í þessum málum því að þær hafa verið svo margar nánast eins og hver dagur hefur leitt í ljós.

Trúlega munu verða hér umræður um málið eftir að það er farið til nefndar þó svo að ég geri ráð fyrir að sjálfstæðismenn hafi endanlega fallist á að hleypa *málinu í gegn vegna þess að það hefur ekkert upp á* sig. Hæstv. ráðherra hefur engin verkefni. Hann situr verkefnalaus. Hann getur keyrt bílinn sem búið er að kaupa fyrir ráðuneytið, en önnur verkefni hefur hann lítil sem engin og í því vilja menn halda honum. Það er með ólíkindum að upplifa slíkt hér á Alþingi, að menn skuli vera svo lítilþægir sem þetta dæmi glöggglega lýsir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Gangur mála hér í þinginu núna allra síðustu dagana hlýtur að verða okkur alvarlegt umhugsunarefni um vinnubrögð og hvetja til þess að þau verði endurskoðuð. Þau tvö mál sem setja mestan svip sinn á þinghaldið núna síðustu dagana eru að mínu mati tvö stærstu mál þessa þings ef litið er fram hjá fjárlögum og öðrum álíka málum sem eru hefðbundin á hverju ári. En þetta hlýtur að vekja upp þörf til þess að endurskoða þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð og ættu að verða okkur lærdómur.

Auðvitað ber að harma þau örlög umhverfisráðuneytisins sem við höfum orðið vitni að hér í umræðunni í vetur, hvernig það hefur orðið leiksoppur pólitísks valdatafls innan ríkisstjórnarinnar. Þó er ekki ástæða til á þessu stigi málsins að halda áfram leitinni að sökudólgum í þessu máli. Það hefur engan tilgang í sjálfu sér, en þeir eru auðvitað margir.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á úrbætur í umhverfismálum og við höfum verið þeirrar skoðunar að nauðsyn beri til að hafa sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Ég vil í því sambandi minna á ítarlega þáltill. sem við lögðum fram í fyrravetur þar sem við kynntum hvernig við vildum sjá málum fyrir komið í slíku ráðuneyti. Þegar um þetta mál var fjallað við 3. umr. 129. máls, sem fjallar um það eitt að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti, en það var 23. febr. sl. ef ég man rétt, þá lýstum við því hvað eftir annað að til lítils væri að stofna ráðuneyti án verkefna. Því var á þeim tíma algerlega hafnað af hæstv. ríkisstjórn og mikil áhersla lögð á að afgreiða málið. Ef til vill má virða hæstv. ríkisstjórn það til vorkunnar að hún hefur nú séð að sér og viðurkennt þau mistök sem fólust í því að afgreiða frv. um umhverfisráðuneyti án þess að það hefði verkefni.

Varðandi þær breytingar sem urðu á frv. í hv. Nd. má segja að búið sé að flytja ýmis mikilvæg verkefni frá ráðuneytinu. Við kvennalistakonur hefðum að sjálfsögðu viljað sjá fleiri og mikilvægari verkefni inni í þessu ráðuneyti og hefðum viljað sjá tekið á þessum málum af meiri metnaði en hér er gert. Frv. er enn ófullburða en þó skref í rétta átt að stofna hér raunverulegt umhverfisráðuneyti.

Stærsta og alvarlegasta umhverfisvandamálið sem við eigum nú við að glíma er gróðureyðing og uppfok lands. Eins og ég lýsti hér á sínum tíma við umræðu um hitt frv., þ.e. stofnun umhverfisráðuneytis, teljum við óhjákvæmilegt með tilliti til þess, að bæði Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins verði flutt inn í umhverfisráðuneytið og mun ég flytja tillögu þar að lútandi við 2. umr. málsins.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mál nú en ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að umfjöllunin um þessi tvö stóru mál nú á örfáum dögum í lok þings ættu að verða til þess að við tökum alvarlega til umhugsunar og endurskoðunar þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð og reynum af fullri alvöru að koma í veg fyrir að slíkt gerist æ ofan í æ þegar nálgast þinghlé eða þinglok.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að fagna því að frv. sem hér er til umræðu skuli vera komið hingað til Ed. Frv. hefur legið lengi í Nd. og fengið þar mjög ítarlega umræðu. Núna hefur náðst samkomulag um hvaða verkefni falla undir þetta ráðuneyti til viðbótar þeim sem komu þegar stofnun umhverfisráðuneytis varð að veruleika.

Ég fagna því sérstaklega að tveir mikilvægir málaflokkar falli til ráðuneytisins, þ.e. mengunarmálin og síðan skipulagsmálin um áramótin næstu. Ég átti sæti í nefndinni sem samdi þessi tvö frv. og vonaðist eftir því í upphafi að þau mundi fara þannig í gegn, en hef áttað mig á því að mörg ljón eru á veginum og skoðanir skiptari en ég gerði ráð fyrir. En ég held að sú lausn sem nú er komin á sé mjög viðunandi fyrir hæstv. umhvrh. og vil í þessum ræðustóli lýsa yfir ánægju minni með það samkomulag.

Ég áttaði mig ekki almennilega á ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar hér áðan eða a.m.k. ekki upphafi ræðunnar en er hún leið áfram komst ég að raun um hvaða hvatir lágu að baki og að afstaða mín í sjávarútvegsmálum hafi skipt sköpum í afstöðu hans til umhverfismála. Mér þykir afar leitt að svona hlutir geti gerst og að málflutningur í sjávarútvegsmálum skuli á þennan hátt hafa áhrif á skoðun manna á umhverfismálum.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri og tefja þetta mál. Ég tel kominn tíma til að við afgreiðum það héðan úr deildinni.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að segja hér örfá orð við 1. umr. þessa máls. Ég á sæti í allshn. sem fær málið til umfjöllunar og fæ tækifæri til að fjalla efnislega um frv. þegar nefndin tekur til starfa um málið. En ég get ekki annað en sagt að mér finnst það afar dapurlegt að eitt mikilvægasta mál þingsins, umhverfismálin, og jafnframt stærsta mál sem við okkur blasir hér á landi um þessar mundir og reyndar um heimsbyggð alla, skuli hafa fengið þá afgreiðslu sem raun ber vitni hér á hv. Alþingi.

Hv. 3. þm. Vestf. talaði hér áðan og lýsti því í ræðu sinni hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu máli. Ég vek athygli á því að það var einn af hv. stjórnarþm. sem talaði, sem benti á kaupmennskuna og braskarahátttinn í þessu máli innan stjórnarflokkanna. Kannski er ástæða til að benda á þetta vegna þess að stjórnarliðar og ekki síst þeir sem þetta mál varðar hafa verið iðnir við að halda því á lofti að Sjálfstfl. væri á móti þessu máli, ekki á málefnalegum grunni heldur af persónulegri óvild í garð þess hæstv. ráðherra sem hefur nú fengið þetta ráðuneyti án verkefna eins og okkur er væntanlega öllum minnisstætt og gerðist í febrúar sl.

Mér finnst ástæða til að minna á og ítreka það að Sjálfstfl. flutti frv. í upphafi þessa þings, síðastliðið haust, um samræmda stjórn umhverfismála og líka er ástæða til að minna á að það frv. hefur ekki fengið umfjöllun eða afgreiðslu en frv. var einmitt samið með tilliti til þess að hægt væri að ná sátt og breiðri samstöðu um þetta mál, ekki aðeins innan þings heldur, og ekki síður, úti í þjóðfélaginu hjá þeim aðilum sem með þessi mál fara. Okkur ætti öllum einmitt að vera orðið kunnugt að það er hreint ekki sátt meðal þeirra aðila um hvernig að þessu máli er staðið. Við vitum öll að umhverfismálin heyra undir a.m.k. átta ráðuneyti og það hefði verið stórmerkur og góður áfangi að byrja á því að samræma þessi mál undir einni yfirstjórn og síðan hefði mátt bíða og sjá hver reynslan hefði orðið af því.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf. hversu mikinn kostnað þetta hefði í för með sér. Það er sorglegt að þurfa að segja það að þetta mikilvæga mál er komið í eitt allsherjarrugl. Sí og æ hafa komið upp nýir fletir í þessu máli. Það er engan veginn ljóst með hvaða hætti fyrirhugaðar tilfærslur leiða til góðs þar sem ekki er ljóst hvernig málið snýr gagnvart mörgum

þeim aðilum sem eiga nú að flytja starfsemi sína og verkefni úr hinum ýmsu ráðuneytum yfir í þetta nýja umhverfisráðuneyti.

Ég gæti, hæstv. forseti, farið út í það að minna á allar þær athugasemdir sem komu frá hinum ýmsu umsagnaraðilum. Ég minni á að í nál. minni hl. allshn. sem kom fram við 2. umr. í Nd. eru ein 13 atriði talin upp og fleiri hafa bæst við síðan. Ég ætla að sleppa því að fara út í þau a.m.k. hér við 1. umr. Það gefst þá alltaf tækifæri á seinni stigum málsins en mér þótti rétt að koma hér aðeins upp og vekja athygli á því að ýmsir aðrir en Sjálfstfl. hafa efasemdir um þetta mál, efasemdir um að hæstv. ríkisstjórn hafi verið með málefnin í huga þegar ákveðið var að leggja fram þetta frv. og setja á stofn umhverfisráðuneyti. Hv. 3. þm. Vestf. benti á að það hefðu legið aðrar ástæður að baki og notaði orðin „kaupmennska“ og „brask“ í þeim efnum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki upplýsingar um hve lengi þetta mál hefur verið til umfjöllunar í Nd. en mér segir svo hugur að ef allt er tínt saman muni nokkurra vikna verk felast þar að baki. Sú umræða ein mun kosta þjóðina ómældar milljónir fyrir utan það að verði frv. samþykkt mun það að sjálfsögðu, og ég segi því miður, hafa mjög vondar afleiðingar fyrir æskilegan framgang þessara mála, bæði ef maður lítur til þess út frá sjónarmiði æskilegrar heildarframkvæmdar og með tilliti til einstakra atriða við útfærslu þess. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að vera hér með langa ræðu um þetta mál. Bæði er skammur tími til þingslita sem og það atriði að við hér sem myndum minni hl. á hinu háa Alþingi vitum að það er gersamlega vonlaust fyrir okkur að taka málið upp með þeim hætti hér í Ed. sem æskilegt væri til þess að reyna að stöðva framgang þessa frv.

Það er kannski orðið þannig í íslenskum stjórnmálum að þótt einstakir þingmenn sem teljast vera heiðarlegir menn, eins og hv. þm. Karvel Pálmason óumdeilt er, það á kannski ekki lengur við í íslenskum stjórnmálum að slíkir menn standi upp á hinu háa Alþingi og segi sínar skoðanir vegna þess að þeir eru orðnir svo margir hinir sem eru ákveðnir í því að hlusta ekki á heiðarlega menn eða heiðarlegan málflutning að út af fyrir sig er tilgangslaust að flytja ræður yfir slíku fólki. En þó er það nú þannig og hefur alltaf verið þar sem lýðræði og þingræði ríkir að dropinn holar steininn og fyrr en síðar sér fólkið hvað skiptir máli og hverjir eru heiðarlegir og æskilegir sem umboðsmenn þjóðarinnar bæði hér á Alþingi og í ríkisstjórn.

Óneitanlega var sorglegt að hlusta á þegar hv. þm. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., sem er flokksmaður í Alþfl., þessi reyndi þingmaður og forustumaður, lýsti vinnubrögðum og málatilbúnaði ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. Það er ekki á hverjum degi sem maður heyrir þær lýsingar sem hv. þm. viðhafði þegar hann lýsti því hvernig núv. hv. stjórnarstuðningsmenn hafa staðið að þessu máli.

Eitt atriði held ég sé mjög æskilegt að ítreka og væri æskilegt að það kæmist betur til þjóðarinnar þó það hafi að vísu gerst eins og maður sér á skoðanakönnunum þegar spurt er um álit fólks á hinum ýmsu flokkum, það atriði lýtur að hinum svonefnda Borgfl. Hv. þm. Karvel Pálmason vakti athygli á því að talsmenn þess flokks, þar á meðal hæstv. umhvrh., hv. 7. þm. Reykn., ættu að láta af þeim ósið sem m.a. kom fram í ræðu hans í eldhúsdagsumræðunum í gærkvöldi að tala um gamla svonefnda fjórflokkakerfið. Það voru orð að sönnu hjá hv. þm. Karveli Pálmasyni. Hafi verið um hrossakaup og verslun að ræða hjá fjórflokkunum svonefndu þá hefur enginn, hvorki flokkur né einstaklingur, slegið þau met að viðhafa pólitísk hrossakaup á lægsta plani, þá hefur enginn, hvorki flokkur né maður, gengið jafnlangt og Borgfl. og hæstv. umhvrh. Júlíus Sólnes. Það þarf ekki að tíunda það frekar í ræðum á hinu háa Alþingi. Þetta veit íslenska þjóðin. Hún fylgist með því sem sagt er hér á hinu háa Alþingi þó menn haldi að hún sé orðin leið á að hlusta á það. Það kemur fram í fjölmiðlum, það kemur fram mjög skýrt í sjónvarpi og þarf því ekki að hafa um þetta mörg orð.

Virðulegi forseti. Ég held að ég bíði á meðan bjallan klingir í Nd. Það er afskaplega erfitt að flytja hér ræður á meðan djöflast er á bjöllum. (**Forseti:** Þá hafa dyr lokast.) Já, það er greinilega, virðulegi forseti, mikið um að vera í Nd. og forseti Nd. ætlar greinilega að ná mönnum saman. En ég vil segja það samt, virðulegi forseti, að afskaplega er nú hvimleitt að flytja ræðu undir slíkri hljómlist sem bjalla Nd. er, en þar sem virðulegi forseti veit að við sjálfstæðismenn höfum nægan tíma til þess að fjalla um þessi mál, við getum beðið 2–3 mínútur, þá ætla ég bara að taka það rólega.

Virðulegi forseti. Í sambandi við umhverfismálin má segja að allur málatilbúnaður varðandi frv. og framgang þess er háðung fyrir Alþingi Íslendinga. Segja má að þetta frv. sé minnisvarði um spillingu og niðurlægingu íslenskra stjórnmála sem nú um stund eru í heljargreipum, ég vil segja, valdasjúkra manna. Það voru orð að sönnu þegar hv. þm. Karvel Pálmason sagði hér áðan að umhverfismálin í höndum núv. ríkisstjórnar væru fórnarlamb pólitískra hrossakaupa með þeim afleiðingum að þetta frv. er óskapnaður og fullnægir ekki kröfum Íslendinga um vönduð vinnubrögð og vandaða framkvæmd við lausn umhverfismála. Það er kjarni málsins. Subbuskapur í umgengni ríkisstjórnar við menn og málefni birtist mjög vel í afgreiðslu þessa máls.

Meiri hl. Alþingis, stjórnarliðar, hafa sameinast um að afgreiða þetta frv. þótt vitað sé að það muni ekki tryggja æskilega umhverfisvernd. Þetta lið, þetta samsafn pólitískra braskara hefur sýnt mátt sinn og megin við afgreiðslu ýmissa mála hér á

þingi síðustu daga. Minni hl. hefur reynt að forða slysum og afgreiðslu vondra mála.

Allir heiðarlegir þingmenn munu að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frv. til að reyna að koma í veg fyrir að sett verði slæm lög sem spilli fyrir æskilegri framkvæmd umhverfismála á Íslandi jafnframt því sem þeir mótmæla pólitískri spillingu sem felst að baki frv. og framgangi þess hér á þingi.

Ég vil síðan að lokum segja það, virðulegi forseti, að full ástæða hefði verið til að halda hér lengri ræðu, en ég held að það sé best úr því sem komið er að undirstrika það að heiðarlegir þingmenn munu greiða atkvæði á móti pólitískri spillingu, á móti óheiðarlegum vinnubrögðum á bak við tjöldin í sambandi við framgang þessa máls.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Með örfáum orðum vil ég láta koma fram vegna þess sem hér hefur verið sagt um pólitíska spillingu, hrossakaup og fleira að á mínum þingmannsferli tel ég þetta mikilvægasta mál sem ég hef flutt fyrir Alþingi og þau eru nú orðin nokkuð mörg. Ég flutti mál á síðasta þingi, 1988–1989. Var þá um hrossakaup að ræða? Var verið að kaupa einhvern til setu í ríkisstjórn þá? Þegar ég var forsrh. 1983–1987, hóf ég, ásamt Sjálfstfl., enn einu sinni undirbúning að stofnun umhverfisráðuneytis, að samningu frv. um það. Var þá um hrossakaup að ræða? Eða þegar þessi mál voru flutt enn fyrr, á árinu 1976, undirbúin af þingmanni eins og Gunnari Thoroddsen. Var þá um hrossakaup að ræða? Flutningur þessa mikilvæga máls á ekki nokkuð skylt við hrossakaup, ekki nokkuð skylt við pólitíska spillingu, því fer svo víðs fjarri. Og að hlusta á það að heiðarlegir menn séu beðnir að greiða atkvæði á móti, við hin sem styðjum þetta mál erum þá óheiðarlegt fólk. Ég met nú þá þingmenn sem hér töluðu áðan það mikils af kynnum mínum að ég trúi vart mínum eyrum. Ég verð að láta það koma fram hér hvað ég tel þetta mál mikilvægt. Ég er þá óheiðarlegur maður og skal standa undir því. Nei, ég held að menn ættu að forðast svona málflutning.

Það er rétt að við höfum deilt um það á hvern máta þessu skuli skipað og ég met það. Það er allt annað mál. Sjálfstæðismenn hafa flutt sínar tillögur á þessu þingi og þær eru góðra gjalda verðar. Þær eru ekki fluttar af neinu óheiðarlegu fólki. Þær eru fluttar af fólki eins og ykkur og mér, þingmönnum hér á þinginu sem vilja styrkja umhverfismál. Ég vil láta það koma fram að líklega er ekkert ráðuneyti sem ég hefði frekar viljað fara með en umhverfisráðuneyti, svo mikils met ég þetta ráðuneyti. Það er bara orðið of seint fyrir mig. Þetta vildi ég láta koma fram hér svo að, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þjóðin viti, því að hún hlustar, að ég er þá einn þessara óheiðarlegu manna sem hafa lágt á það ofurkapp að koma á fót umhverfisráðuneyti og fela því verðug verkefni.

Út af ræðu hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur vil ég segja að í raun og veru er það mikilvægasta sem hefur verið dregið frá þessu ráðuneyti hollustuþáttur Hollustuverndarinnar. Að vísu fylgja eiturefnin og geislaefnin þar með, en í tillögum Kvennalistans var gert ráð fyrir því að skipta Hollustuverndinni svo að það er fallist á tillögu Kvennalistans í því sambandi. Ég vil vekja athygli á þessu. Sjálfur tel ég skynsamlegra að binda umhverfisráðuneytið við hið ytra umhverfi en ekki það sem tengist manninum óaðskiljanlega.

Þetta vildi ég láta koma hér fram og ég vona svo sannarlega að við getum sameinast um það að taka á umhverfismálum landsins af mikilli reisn.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni þessarar umræðu sem hér fer fram. Ég vil nú lítt blanda mér í umræðu um pólitísk hrossakaup. Mér finnst hún ekki viðeigandi þegar verið er að ræða þetta mikilvæga mál. Í hvert skipti sem ríkisstjórn er mynduð á Íslandi fara fram samningar. Þetta hefur verið gert síðan við hófum myndun ríkisstjórna á Íslandi eftir að við fengum sjálfstæði okkar. Með sömu rökum má þá segja að í hvert skipti sem ríkisstjórn er mynduð á Íslandi fari fram pólitísk hrossakaup ef menn kjósa að kalla það því nafni. Hér er um fullkomlega eðlilega samninga að ræða sem voru gerðir þegar þessi ríkisstjórn var mynduð 10. sept. sl. Þetta er hluti af þeim stjórnarsáttmála sem þá var kynntur fyrir þjóðinni allri og þarf enginn að fara neitt í grafgötur með hvað fólst í þeim stjórnarsáttmála. Þarf ég ekki að eyða fleiri orðum á það.

Ég ætla hins vegar að lýsa ánægju minni yfir því samkomulagi sem hefur náðst um afgreiðslu á þessu verkefnafrv. umhverfisráðuneytisins úr Nd. Alþingis hér rétt áðan og ætla svo sannarlega að vona að hv. Ed. geti fylgt málinu eftir á þeim grundvelli. Ég lýsi ánægju minni yfir samkomulaginu hvað varðar þau verkefni sem nú færast til hins nýja umhverfisráðuneytis verði frv. að lögum eftir afgreiðslu hv. Ed. Þau falla mjög vel að þeirri starfsemi sem nú er í undirbúningi eða þegar hafin á vegum ráðuneytisins. Mig langar t.d. að geta þess að við höfum hafið undirbúning að miklu átaki í sambandi við sorphirðu og endurvinnslumál og sömuleiðis er fyrirhugað að hefja undirbúning, framkvæmdir og aðgerðir á vettvangi holræsamála. Þess vegna fagna ég því mjög að mengunarvarnadeild Hollustuverndar skuli koma inn undir ráðuneytið strax vegna þess að það auðveldar þessa vinnu svo sannarlega.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta er einn mikilvægasti málaflokkur sem við eigum eftir að glíma við á næstu árum og hef styrkst í þeirri trú þá mánuði sem ég hef sinnt þessum málum innan hæstv. ríkisstjórnar. Verkefnin eru í raun óþrjótandi og það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að menn skuli hafa séð ástæðu til þess hér í þinginu að draga þessa umræðu, ég vil ekki segja niður í svaðið en niður á plan pólitískrar lágkúru sem var mikill óþarfi að mínum dómi. Ég held að það hefði verið miklu mannlegra og skemmtilegra fyrir þingið að afgreiða þetta mál með samstöðu þannig að við hefðum öll

hjálpast að við að lyfta umræðunni upp á svolítið hærra plan sem umhverfismálunum ber. Ég ætla svo sannarlega að vona og reyndar treysti því að hv. Ed. fjalli um frv. á örlítið málefnalegri hátt en gert var í hv. Nd.

Ég ítreka svo bara að lokum að ég lýsi ánægju minni yfir því samkomulagi sem hefur náðst og tel það mjög vel viðunandi fyrir ráðuneytið og þau verkefni sem þar eru að hefjast.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég hlustaði hér á ræðu áðan sem var skrautleg hvað orðaval snerti. Það var talað um valdasjúka menn, hrossakaup, subbuskap, pólitíska spillingu, þetta lið og heiðarlega þingmenn. Það voru aðeins heiðarlegir þingmenn sem greiddu atkvæði á móti því frv. sem hér liggur fyrir um umhverfisvernd. Mér er forvitni á að vita hverjir eru þeir óheiðarlegu? Er það ég eða einhverjir fleiri hér sem eru óheiðarlegir þingmenn? Ég vil spyrja minn ágæta vin, hv. 14. þm. Reykv., hver er skilgreiningin í þessum efnum? Það er alveg ljóst að stofnun umhverfisráðuneytis er mjög mikils virði og á eftir að leiða margt gott af sér. Það er líka eðlilegt að menn deili um hvernig það skuli vera. Þær deilur finnst mér hafa orðið fullillvígar og farið niður á það plan sem vart er hæfandi Alþingi og annað þarf að koma fram, að mér finnst þær líka fullpersónulegar. Ég tel að það hljóti að vera hægt að afgreiða þessi mál, sem mönnum ættu að vera kær í nútímanum, af fullri reisn.

Margir hafa talað um nauðsyn þess að sinna umhverfismálum betur og ég tel að þeim málum hljóti að verða sinnt betur ef þau eru undir sérstöku ráðuneyti í sérstakri umsjón ráðherra. Ég tel nauðsyn að þessum málum sé betur sinnt og tel að það sem nú er verið að gera verði gildur þáttur í þeim efnum.

En að síðustu, til að verða ekki langorður, vil ég enn spyrja: Hverjir eru hinir óverðugu, hverjir eru hinir óheiðarlegu þingmenn?

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það er dæmigert fyrir íslensk stjórnmál og íslenska stjórnmálamenn hvernig umræðan hefur þróast. Það er greinilegt að ekki má nefna orðið heiðarlegur í tengslum við þá menn sem hafa braskað með völd á Íslandi með þeim hætti sem alþjóð veit. Þá stendur hæstv. forsrh. upp og lætur sér bregða mjög að einn hv. þm. skuli hafa leyft sér að höfða til heiðarleika hjá þingmönnum yfirleitt. Auðvitað verður, hæstv. forsrh., að koma fram í verkum manna hvort þeir eru heiðarlegir eða ekki. En menn verða að þola það þegar verið er að fjalla um íslensk stjórnmál, þegar verið er að fjalla um mál sem alþjóð veit að hefur verið braskað með utan þings sem innan, að orðið og hugtakið „heiðarlegur" komi upp í umræðunni. Og menn verða líka að þora að horfa á sjálfa sig í þeirri stöðu og gera það upp við sjálfa sig hvað þeim finnst sjálfum vera heiðarlegt og leggja það þar með undir dóm annarra. Þess vegna þarf ég ekki að skilgreina orðið og hugtakið „heiðarlegur" umfram það sem birtist í verkum manna.

Ég segi fyrir mitt leyti að ef ég ætti að skilgreina verknað sem ég teldi óheiðarlegan þá mundi ég segja að það væri óheiðarlegt að kaupa pólitísk völd fyrir hvaða verð sem er. Ég bakka ekki með það að ég tel óheiðarlegt að kaupa sér stuðning manna eða flokka til þess að tryggja mér eða mínum völd við þær aðstæður þar sem slíkt getur orkað tvímælis. Vitað er að þegar Borgfl. gekk til liðs við stjórnina þá var það gert með þeim hætti að meira að segja var búið út ráðuneyti sem hafði ekki verkefni. Er heiðarlegt að nota fjármuni skattborgaranna til að stofna til ráðuneyta sem hafa ekki verkefni og greiða fyrir vinnu sem ekki er innt af hendi? Það er óheiðarlegt.

Hæstv. forsrh. sagði: Þetta er mikilvægasta mál sem ég hef stutt á þingi. (**Forsrh.:** Átt hlut að.) Átt hlut að að styðja á þingi, já. En ég vil minna hæstv. forsrh. á að þetta frv. er ekki þeirrar gerðar sem hann, hæstv. ráðherra, hefur nú helst talað fyrir hér á hinu háa Alþingi. Því fer víðs fjarri. Ég hef fylgst nokkuð með málflutningi hans í þessum málum og forsögu hans í því. Þetta frv. er ekki óskafrv. hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar. Alla vega ekki eins og hann hefur tjáð sig um þetta efni. Hæstv. forsrh. hefur gert miklu, miklu meiri kröfur varðandi útfærslu og framkvæmd þessara mála en þetta frv. gefur nokkurn tíma tækifæri til að innt verði af hendi. Mér finnst það, hæstv. ráðherra, jaðra við óheiðarleik að hann skuli í jafnmikilvægu máli og hann hefur lýst hér og við þekkjum öll hafa keypt það svo dýru verði að sitja við völd að hann skuli hafa samið við Borgfl. um þetta mál með þeim hætti sem birtist okkur hér. Það jaðrar við, hæstv. ráðherra, að hann sé ekki nægilega heiðarlegur vegna þessara samninga.

Við vitum það allir hv. þm. og hæstv. forsrh. veit það einnig sjálfur að þetta frv. fullnægir ekki kröfum manna um framkvæmd þessara mála, vandaða framkvæmd í sambandi við umhverfismál. Og fyrst og fremst vegna þess að það var strax í upphafi illa staðið að þessu máli, vegna þess að það var notað m.a. til þess að tryggja völd og það er ekki heiðarlegt.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, orðlengja þetta frekar en vísa til þess sem ég hef sagt áður og ég ítreka það að hv. þm. sem og aðrir verða að þola að menn tali um hvort eitthvað sé heiðarlegt eða óheiðarlegt. Ég hef skilgreint það og tjáð mig um það varðandi ákveðin atriði. Að öðru leyti verða hv. þm. að gera það upp við sig sjálfir hvað felst í hugtakinu heiðarlegur.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég er einn í hópi þeirra þingmanna sem hefðu gjarnan viljað ræða þetta mál nokkuð ítarlega, enda hef ég að sjálfsögðu verið þátttakandi í umræðu um það í vetur, bæði í mínum þingflokki og svo á búnaðarþingi þar sem fjallað var um frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd o.fl. En nú er miðað við það að ljúka hér störfum fyrir helgi og ég ætla a.m.k. ekki að verða til þess að spilla því.

Ég tel að við afgreiðslu þessa máls hafi fengist bærileg niðurstaða, og nú vildi ég helst að hæstv.

umhvrh. færi ekki í burtu, og vonandi líka bærileg sátt. Hér hafa menn, sem ekki er óeðlilegt, minnst á pólitíkina í kringum þetta, m.a. talað um hrossakaup og annað þar fram eftir götunum og það er ekki óeðlilegur kostur í þessum efnum. En menn mega ekki gleyma á þessum degi að þegar þetta mál var lagt fyrir þingið var það ómögulegt. Málið var ómögulegt eins og það var lagt fyrir þingið. Og engin efni stóðu til þess að það gæti orðið sátt um það hér á Alþingi og þaðan af síður í þjóðfélaginu. Menn hljóta að geta metið þessi orð í ljósi þeirrar staðreyndar að langflestir umsagnaraðilar sem fjölluðu um málið, sem komu á fundi allshn. Nd. Alþingis, lýstu andstöðu við málið. Ég hygg að það sé fátítt, ég minnist ekki nokkurs frv. eða nokkurs máls þann tíma sem ég hef verið á Alþingi sem hefur mætt eins mikilli andstöðu í þjóðfélaginu og þetta frv. Og það eru meginmistökin. Menn greinir ekki á um þörfina á aukinni umhverfisvernd í landinu. Menn greinir ekki á um hana. Vitanlega er hægt að velja ýmsar leiðir til að ná fram bættri umgengni, en það er grundvallaratriði að það geti verið bærileg sátt í kringum slíkar breytingar sem þessar. Og frv. eins og það var lagt fram og eins og átti að knýja það fram hér á Alþingi var stríðsfrv. Hér hefur þess vegna náðst viss árangur. Auðvitað var hér langsamlega harðast gengið fram gegn vilja bændastéttarinnar í landinu. Öll umræða um þau efni var gamaldags og úrelt miðað við það sem gerist í öðrum löndum, miðað við það sem fólk og forustumenn í öðrum löndum sem hafa beitt sér í umhverfismálum leggja til grundvallar þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Og það er að sátt sé á milli fólksins sem nýtir landið og þess sem á að gæta að því. Ég held að óhætt sé að fullyrða að á því sé orðinn alþjóðlegur skilningur að einmitt slík sátt sé forsenda þess að hægt sé að ná árangri í þessum efnum. En eins og þessi mál bar að, og þá er ég ekki neitt að skattyrðast við hæstv. umhvrh. því að þetta mál á lengri aðdraganda, uppruni þess og nefndarstörf sem lágu að baki þessu frv, en að þessu leyti var frv. úrelt. Það boðaði stríð við bændur landsins. Um þetta er að sjálfsögðu hægt að hafa mörg orð. Og ég er sannfærður um að það getur aldrei orðið samkomulag eða sátt um það að færa Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins í einu lagi undir umhverfisráðuneytið. Hins vegar er vel hægt að fallast á það að vissir þættir í starfi þeirra stofnana og í sambandi við þau gríðarlega miklu viðfangsefni sem okkar bíða þar, að þeir verði sameiginlegir eða háðir úttekt og eftirliti umhverfismanna. Það er vel hægt að fallast á það. En það er ekki hægt að fallast á það að almenn búsýsla í þessu landi færist undir umhverfisráðuneytið og hún verður ekkert skilin frá nýtingu landsins. Það er mikill misskilningur ef menn halda að það sé hægt.

Það sem ég legg sérstaka áherslu á í þessu sambandi er m.a. að það væri nú góður kostur eftir þennan stormasama vetur í kringum þetta mál og þann árangur sem hefur náðst að menn vandi sig nú með framhaldinu. Hér er talað um lög sem á að endurskoða og leggja fyrir Alþingi og það er ekki fyrr en að þeim samþykktum, samkvæmt þeirri lagagjörð, sem á að marka stöðu þeirra stofnana sem þar er um rætt og auðvitað fer framhaldið eftir því hvað menn fást til að vinna að þeim málum með trúverðugum hætti. hvort menn hafa lært eitthvað af reynslunni, hvort menn meta núna skoðanir annarra manna og ekki síst þeirra sem nýta landið. Þess vegna eru mikil tækifæri fram undan. Og það verður fróðlegt að sjá hvort hæstv. umhvrh. hefur mátt í sér til þess að stýra þessu máli þannig að friður fáist um það hér á Alþingi og í þjóðfélaginu. Menn mega nefnilega ekki blanda því saman sem tengt er pólitískum hrossakaupum og því sem er efnislegt við þetta mál því að þessi pólitísku hrossakaup hefðu ekki orðið með þessum hætti, ef við notum það hugtak almennt um það hvernig umræðan hefur gengið um þetta mál í vetur, ef betra mál hefði verið á ferðinni, betur undirbúið. Og ef menn hefðu borið gæfu til þess að taka mark á þeirri andstöðu sem reis upp gegn þessu frv. þegar það kom fram hér í Alþingi, bæði hér í Alþingi og líka í þjóðfélaginu. Þetta legg ég sérstaka áherslu á hér og nú, að ef menn bera ekki gæfu til að taka mið af þeim lærdómi sem hefur fengist á þessum vetri, ef menn tengja umræðuna eingöngu pólitíkinni og þeim leiðinlega svip sem hún hefur sett á þetta mál, þá gengur framhaldið fram með sama hætti og hér hefur gerst á þessum vetri. Hins vegar eru góðir möguleikar til þess að nýta reynsluna og taka upp eðlileg og heiðarleg vinnubrögð sem taka mið af vilja fólksins í landinu og þá hygg ég að fengist geti niðurstaða sem gæti skilað árangri. En undir öðrum kringumstæðum verður ekki árangur. Það vil ég fullyrða hér og nú.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. beindi til mín orðum áðan og nú sé ég ekki hvort hann er hér. (**Forseti:** Ég mun láta leita hans.) Ég mun þá hinkra eftir því. Ég ætlaði aðeins að segja örfá orð til viðbótar.

Virðulegur forseti. Vegna orða hæstv. forsrh. hér áðan vildi ég bara láta koma fram að hafi mér orðið á í messunni í því sem ég sagði varðandi Hollustuvernd og Geislavarnir er það auðvitað ekki til annars en að staðfesta þann flýti sem hér er á þar sem við erum nú að fjalla um þetta mál án þess einu sinni að hafa fengið þingskjölin úr hv. Nd. En ég hef þau nú og ég fagna því að tillit skyldi vera tekið til tillagna Kvennalistans.

Það sem ég lagði áherslu á í máli mínu áðan og vil ítreka hér aftur er sú skoðun okkar kvennalistakvenna að nauðsynlegt sé að koma á fót raunverulegu umhverfisráðuneyti málefnisins vegna og því höfum við frá upphafi talið nauðsynlegt að slíkt ráðuneyti hafi ákveðin verkefni og þann sess í stjórnkerfinu sem því ber. Við munum því að sjálfsögðu taka málefnalega afstöðu, eins og ævinlega í öllum málum, til þeirra breytinga sem nú hafa verið gerðar og styðja þá viðleitni sem hér er gerð til þess að koma á fót raunverulegu eða burðugra umhverfisráðuneyti en fyrirhugað var. Ég endurtek þó það sem ég sagði

áðan, að við hefðum kosið að sjá stærri og fleiri skref tekin og mun ég af því tilefni bera fram brtt. um bæði Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, að þær falli einnig undir umhvrn.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að þetta væri eitt mikilvægasta mál sem hann hefði flutt hér á Alþingi. (**GHG:** Tekið þátt í að flytja.) Eða tekið þátt í að flytja. Efnislega held ég að þetta sé nú rétt eftir haft. Svo kann vel að vera að hafi verið í upphafi. En hvað stendur eftir af þessu nú? (**Forsrh.:** Svo að segja allt.) Nær því allt? Ég hef að vísu ekki frekar en aðrir fengið þingskjölin. Það er búið að fella í burtu svo og svo margar greinar úr því frv. sem hæstv. forsrh. bar fram. (**Forsrh.:** Tvær greinar.) (**EgJ:** Fresta.) Fresta líka. (**Forsrh.:** Til 1. jan.) Ja, til 1. jan. Mér þykir nú hæstv. forsrh. orðinn gamansamur í tali. Staðreyndin er auðvitað þessi. Ég skal ekkert dæma um það hversu gott frv. var þegar hæstv. forsrh. lagði það fram. En það er allt annað frv. sem menn eru núna að tala um en þá. Það er allt annað. Af hverju hefur þessi umræða staðið í allan vetur? Út af engu? Ekki neinu? (**Gripið fram í:** Góð spurning.) Ja, ég spyr. Af hverju? Ef málið er núna jafngott og það var þegar það var lagt fram, strax í upphafi? (**EgJ:** Það er betra núna.) Það er auðvitað ekkert sama mál sem hér er verið að ræða um og þó að hæstv. forsrh. sé góður í blekkingaleiknum nær þetta mál ekki fram að ganga, a.m.k. ekki eins og það var hugsað. Þetta er allt annað mál en var flutt í vetur, allt annað.

Hæstv. ráðherra sagði: Ég hefði helst viljað fara með þetta ráðuneyti. — Ég efast mjög um, hæstv. forsrh., að þú vildir fara með þetta ráðuneyti í þeim umbúnaði sem það er núna fyrir Alþingi. Svo kann að vera að í framtíðinni sé hægt að gera þetta þannig úr garði að það sé mönnum sæmandi með það að fara. Svo kann að vera, að öðru leyti en að hégómagirnd snýr. En í þessu formi, eins og málið er núna, held ég að ekki sé til hróss fyrir einn eða neinn að fara með þetta mál.

Og svo koma hér upp menn sem nánast halda því fram að ekkert hafi verið verslað með þetta mál. Ég sé að hæstv. umhvrh. er heldur upplitsdjarfari nú en hann var hér í gær undir umræðunum um kvótann, og það má kannski segja í þessu efni, eins og oft áður, að litlu verður Vöggur feginn ef þetta nægir. Það er auðvitað ekkert vafamál fyrir alla þá sem vilja sjá að hér hefur verið verslað annars vegar með kvótann og hins vegar með umhvrn., verksvið þess. Borgfl. hefur verið keyptur upp með húð og hári að því er varðaði kvótann vegna þess að hann þurfti að fá eitthvað, eitthvað lítið, vegna umhverfismálanna þannig að þeir stæðu ekki uppi gjörsamlega slyppir og snauðir frammi fyrir þjóðinni sem þeir að verulegu leyti gera nú. Og svo kemur hæstv. umhvrh. hér upp í stólinn og segir að menn séu hér að gera að umræðuefni, og í háðstón, hrossakaup í stjórnmálum. Hvað ætli það hafi verið oft, hæstv. umhvrh., sem af þinni hálfu var rokið upp, trekk í trekk, þegar fyrri ríkisstjórnir sátu, og gerð að umræðuefni hrossakaup, hrossakaup milli þessara og hinna aðilanna? Ætli hæstv. ráðherra sé búinn að gleyma þessu eða á það að vera svo í íslenskum stjórnmálum að menn tali bara eins og þeim hentar hverju sinni hvað sem sannleikanum líður? Ég held að hv. þingmenn, a.m.k. úr Borgfl., ættu að fara sér varlega í þeim efnum, að tala með þessum hætti, eftir þá útreið sem þeir hafa sjálfir fengið og skapað sér þann stutta tíma sem þeir hafa setið hér á Alþingi og verið í stjórnmálum. Það hefur enginn flokkur, það ég best veit, stundað jafnmikla kaupmennsku, hrossakaup, og borgaraflokksþingmenn hafa gert frá upphafi. Og það er ekki einu sinni svo að þessir hv. þm. fáist til þess að ræða þetta. Þeir sitja bara og lúta höfði í anda. Ekki er nú reisnin mikil.

Hv. þm. Karl Steinar sagði hér áðan að vissulega væri mikils virði að geta skapað hér umhverfismálaráðuneyti sem gerði gagn. Ég tek alveg undir það. En þetta sem hér er verið að tala um skapar lítið sem ekkert gagn, ekkert nema hégómann, ef menn vilja hafa hann að leiðarljósi. En ég vil minna hv. þm. Karl Steinar Guðnason á það að bætt lífskjarabarátta er líka mikils virði, að bæta lífskjörin, jafna þau milli þegnanna. Hún er ekki síður mikils virði en það að skapa umhverfismálaráðuneyti, ég tala nú ekki um það sem hér er verið að ræða um, sem er nánast ekki neitt. Og ég er alveg viss um að hæstv. umhvrh. segir núna eftir þessar umræður:

Er til starfa fótinn fer
fjandi er þjóðin heppin.
Af valdsviðinu ekkert er
eftir nema jeppinn.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil virða hv. 3. þm. Vestf. það til afsökunar að ég held að hann hafi ekki haft tækifæri til að hlusta á framsöguræðu mína hér áðan. Mér sýndist hann (**KP:** Jú, jú, ég hlustaði á hana.) vera fjarverandi. En ég vil láta það koma skýrt fram í örfáum orðum að undir þetta ráðuneyti fer Náttúruverndarráð og öll náttúruvernd, náttúrurannsóknir, öll mengun umhverfis, bæði til lands og til sjávar, undir það fer öll dýraverndin og eyðing vargs. Undir þetta ráðuneyti fer Veðurstofan, undir þetta ráðuneyti fara landmælingar, undir þetta ráðuneyti fara sömuleiðis skipulagsmál og byggingarmál, en það er dregið um 7–8 mánuði, svo að ég vil láta það koma mjög greinilega fram að ég er afar ánægður með það hve mikið fer undir þetta ráðuneyti og einu breytingarnar sem hafa orðið frá því að ég flutti frv. eru þær að eiturefnin og geislavarnirnar fara út. Það eru einu breytingarnar. (**EgJ:** Það eru orðalagsbreytingar.) Jú, orðalagsbreytingar, það er hárrétt og sumum þeirra beitti ég mér satt að segja fyrir eða studdi. Ég studdi sumar þeirra svo að ég vil bara láta koma greinilega fram að það er á miklum misskilningi byggt að hér sé ekki um mörg málefni og mikil að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

97. fundur, föstudaginn 4. maí, að loknum 96. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, ein umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1250.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Mál ber svo hratt að að ég hef ekki haft tíma til að koma á framfæri brtt. sem við, þingmenn Reykn., ætlum að flytja við þetta frv., við 23. gr., og er svohljóðandi:

„a. Á eftir orðinu „Reykjavíkurborgar" í fyrri málsl. efnismgr. a-liðar (30.2) komi: og Hafnarfjarðarbæjar.

b. Í stað orðanna „Borgarstjórn Reykjavíkurborgar" í síðari málsl. efnismgr. a-liðar (30.2) komi: Sveitarstjórn."

Þetta á við það að Hafnarfjarðarbær lúti sömu reglum og lögum og Reykjavíkurborg hvað snertir stjórn sjúkrahúsa. Ég legg þetta hér fyrir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég verð því miður að láta það koma fram hér eins og í Nd. við umræðu um brtt. sams konar og þá sem hér er flutt nú að ég verð að mæla alfarið gegn samþykkt á þessari brtt. Við náðum ákveðnu samkomulagi við umræðu um þetta mál hér fyrir áramótin um að því yrði frestað á þeirri forsendu að athugaður yrði nánar stjórnunarþáttur heilbrigðisstofnana og kannað hvaða stofnanir það væru þar sem heilbrigðisþjónustan væri rekin í húsnæði sem sveitarfélögin ættu alfarið, hefðu reist og kostað eða keypt fyrir eigin reikning. Samkvæmt upplýsingum í heilbrrn. er töluverður hluti af starfsemi Borgarspítalans rekinn í húsnæði sem Reykjavíkurborg á og hefur sjálf byggt fyrir eigin reikning og ríkið ekki tekið þátt í. Það var því talið eðlilegt að fallast á það sjónarmið borgaryfirvalda og átti ég um það viðræður bæði við borgarstjóra og aðra borgarfulltrúa að stjórnunarhættir á Borgarspítalanum yrðu um sinn með óbreyttu sniði á meðan nánar yrði skoðað hvernig farið yrði með þessar tilteknu eignir og þá hugsanlega í kjölfar þess að taka aftur upp umræður um hvernig farið yrði með stjórnunarþáttinn þar.

Varðandi sjúkrahús annarra sveitarfélaga og heilbrigðisstofnanir, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili, þá er það svo að þau hafa öll verið kostuð og byggð samkvæmt ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma. Og auðvitað á það eins við í Hafnarfirði og í öðrum sveitarfélögum. Það er ekkert öðruvísi háttað með uppbyggingu heilbrigðisstofnana þar en t.d. bara í Keflavík ef við erum að tala um heilbrigðisstofnanir í Reykjaneskjördæmi sérstaklega. Og auðvitað gætum við þá líka spurt um enn þá eldra húsnæði en það sem t.d. Sólvangur starfar í, ef við værum t.d. að tala um húsnæði sjúkrahússins á Ísafirði, hið gamla húsnæði, eða húsnæði ýmissa annarra heilbrigðisstofnana sem reistar hafa verið fyrir áratugum síðan.

Hvað Sólvang varðar sérstaklega er það svo að það sjúkrahús var byggt á árunum 1947–1953 og ekki liggur annað fyrir í gögnum heilbr.- og trmrn. en að Sólvangur hafi fengið byggingarframlög og styrki til byggingarinnar á byggingartíma eins og tíðkaðist um sjúkrahús sveitarfélaga á þeim tíma og samkvæmt þágildandi lögum.

Varðandi St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði er það svo að árið 1983 óskuðu St. Jósefssystur, sem ráku þá stofnun og sú regla sem hafði kostað byggingu þess sjúkrahúss, að hætta rekstri spítalans. Teknar voru upp samningaviðræður við fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, fjmrn. og heilbr.- og trmrn. um það hvernig yfirtaka ríkis og sveitarfélags yrði á þeim eignum og þeim rekstri og samkomulag var gert um að það skyldi kostað á sama hátt og önnur sjúkrahús, þ.e. Hafnarfjarðarbær greiddi 15% kaupverðsins en ríkið 85%, nákvæmlega eins og gildandi lög kveða á um.

Ef nú á að taka út úr á þennan hátt stjórnun heilbrigðisstofnana í einu sveitarfélagi finnst mér vera mjög brotið upp það form sem að öðru leyti gildir um stjórn og rekstur allra annarra heilbrigðisstofnana í landinu og tel að með því móti væri verulega spillt fyrir því samkomulagi sem annars vegar náðist um afgreiðslu málsins hér í fyrri deild áður og einnig þeirri hugsun um stjórnun og fjárhagslega ábyrgð sem er að baki verkaskiptalögunum sem Alþingi samþykkti á síðasta ári. Þar voru ákvæði um hvernig staðið skyldi að stjórnun sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva og hið sama hlýtur að eiga að gilda um aðrar heilbrigðisstofnanir í landinu eins og frv. bar með sér og eins og hv. þingdeild samþykkti hér á dögunum og nú þegar hefur verið samþykkt í Nd. þingsins. Ég legg því eindregið til, herra forseti, að þessi brtt. sem var lögð fram hér áðan verði felld.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1257, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Málin ber svo brátt að hér í þinginu þessa dagana, og þarf nú ekki að gefa nánari skýringu á ástæðunum fyrir því, að ég hef ekki haft tíma eða tækifæri til þess að ná í gögn sem tilheyra þessari brtt.

En við fengum, þingmenn Reykjaneskjördæmis, bréf frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar þar sem þess var eindregið farið á leit að Hafnfirðingar sætu við sama borð og Reykvíkingar hvað varðar þetta ákvæði í frv. um heilbrigðisþjónustu. En frv. hafði verið afgreitt frá hv. Ed. til Nd. þegar okkur barst þetta bréf og því höfðum við sem flytjum þessa brtt. ekki tækifæri til þess að flytja hana meðan málið var hér til afgreiðslu í deildinni og þess vegna er hún flutt nú.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Mér þykir mjög miður að heyra afstöðu hæstv. heilbrrh. til þessa máls en ég vænti þess jafnframt að hv. þingdeildarmenn vilji taka þessa ósk Hafnfirðinga til greina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1257 felld með 10:6 atkv.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1258).

Sjómannalög, ein umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 1253.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Hér er komið aftur til deildarinnar mál sem var búið að afgreiða en gerð var á lítilfjörleg breyting í Nd. Breytingin er svohljóðandi:

„Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

1. málsl. 1. mgr. 74. gr. orðist svo: Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess.“

Þetta eru breyting sem hv. Nd. gerði á frv. og samgn. er sammála um að mæla með því að hún verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1259).

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 1251.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á læknalögum nr. 53/1988, en eins og fram kom hjá hæstv. forseta voru gerðar allnokkrar breytingar á frv. þessu í meðförum Nd. Um nokkurt skeið hefur verið ágreiningur milli heilbr.- og trmrn. annars vegar og læknadeildar Háskóla Íslands hins vegar um túlkun á norrænum samningi um viðurkenningu starfsréttinda innan heilbrigðisþjónustunnar.

Ágreiningur þessi er nú á því stigi að þess er að vænta að íslensk heilbrigðisyfirvöld verði síðar á árinu kærð fyrir samningsbrot til norrænu ráðherranefndarinnar. Tilraunir heilbr.- og trmrn. til þess að leysa úr þessu ágreiningsmáli hafa strandað á því að ákvæði læknalaganna gefa læknadeild Háskóla Íslands alræðisvald um allt sem tengist veitingu læknaleyfa og sérfræðileyfa.

Með frv. því til breytinga á læknalögum sem ég lagði fram í Nd. fyrir nokkrum vikum síðan vildi ég freista þess að draga nokkuð úr þessu alræðisvaldi læknadeildarinnar þannig að heilbrrh. fengi nokkurt svigrúm í þessu efni. Þá var og að finna í frv. brtt. sem tæplega tveggja ára framkvæmd hinna nýju læknalaga hafði leitt í ljós að nauðsynlegar voru. Ber þar hæst hvernig túlka skuli ákvæði læknalaga um afhendingu sjúkraskráa, þ.e. hvort ákvæðið skuli vera afturvirkt eða ekki. Í frv. var gert ráð fyrir því að ákvæðið skyldi vera afturvirkt og þar m.a. stuðst við álit umboðsmanns Alþingis.

Heilbr.- og trn. Nd. aflaði umsagna allmargra aðila og taldi með vísan til þeirra að of skammur tími væri til að fjalla um þá þætti frv. sem vörðuðu samskipti heilbrrh. og læknadeildar. Um aðra þætti frv. varð nefndin sammála að öðru leyti en því að nefndin taldi að afhending sjúkraskráa skyldi ekki vera afturvirk. Þá lagði nefndin til tvær nýjar brtt. og mun ég nú víkja aðeins að þeim breytingum sem orðið hafa á frv. eftir meðferð í Nd.

1. Þrjár fyrstu greinar frv. sem fjölluðu m.a. um samskipti ráðuneytisins og læknadeildarinnar hafa verið felldar niður.

2. Ákvæði læknalaga frá 1988 um afhendingu sjúkraskráa skal ekki túlka afturvirkt. Það þýðir að ákvæði læknalaganna um afhendingu sjúkraskráa ná einungis til skráa eða þess hluta sjúkraskráa sem færður er eftir 1. júlí 1988, en þá tóku ný læknalög gildi, þ.e. lög nr. 53/1988 sem hér er verið að mæla fyrir breytingum á.

3. Lengdur er sá tími úr fjórum vikum í átta sem landlæknir hefur til að taka ákvörðun í vafatilvikum um afhendingu sjúkraskráa.

4. Áður en heilbrrh. setur reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands skal hann leita umsagnar heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda.

5. Gerðar eru breytingar á 18. gr. læknalaganna sem fjallar um eftirlitsskyldu landlæknis. Gerður er greinarmunur á tilkynningum vegna mistaka eða vanrækslu og tilkynningum vegna skaða af læknis-

verki. Hvort tveggja skal tilkynna til landlæknis og skal ráðherra setja reglur um meðferð landlæknis á málum af þessu tagi.

Þó skammur tími sé nú til þingslita vona ég að í Ed. geti náðst samstaða um afgreiðslu frv. til laga um breytingu á læknalögum með þeim breytingum sem náðst hefur samkomulag um í Nd. Ég ítreka að það varð samkomulag allra fulltrúa í heilbr.- og trn. þeirrar hv. deildar og samkomulag um afgreiðslu þess í deildinni.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (heildarlög). — Þskj. 1252.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Búnaðarmálasjóð.

Frv. byggir á tillögum sérstakrar nefndar sem skipuð var snemma á síðasta ári til að endurskoða fyrirkomulag sjóðagjalda í landbúnaði. Nefndin skilaði tillögum nú á þessum vetri sem m.a. var fjallað um á búnaðarþingi. Fyrir liggur allgóð samstaða meðal helstu hagsmunaaðila í landbúnaði um þá breytingu á fyrirkomulagi sjóðagjalda sem frv. gerir ráð fyrir. Sú breyting er í meginatriðum á þá leið að svonefnt framleiðendagjald sem áður var tekjustofn Stofnlánadeildar landbúnaðarins renni nú til Búnaðarmálasjóðs og úr Búnaðarmálasjóði til nokkurra aðila, sérstaklega þó búnaðarsambandanna, til að styrkja starfsemi þeirra og bæta þeim upp tekjumissi sem þau hafa orðið að þola á undanförnum árum vegna m.a. samdráttar í framkvæmdum í landbúnaði en þau hafa sem kunnugt er haft nokkrar tekjur af slíkum hlutum. Hv. landbn. Nd. gerði lítils háttar breytingar á frv. sem samstaða tókst um og vonast ég til þess að svo geti einnig orðið hér í hv. Ed., að um þetta mál megi takast samstaða. Það er mjög mikilvægt og þarf ekki að fjölyrða um það við hv. þingmenn, sem ég hygg að þekki það, a.m.k. flestir hverjir, að styrkja starfsgrundvöll búnaðarsambandanna sem eru mikilvægar grunneiningar í félagskerfi bænda og landbúnaðarins. En búnaðarsamböndin hafa búið við mjög erfiðan fjárhag á síðustu árum. Þetta frv. er einnig mikilvægt, ekki bara í þessu skyni, heldur er þetta einnig mikilvægur liður í þeirri heildarendurskipulagningu og endurskoðun á gjaldakerfi í landbúnaðinum sem vonandi fylgir í kjölfarið. Má þar nefna endurskoðun á fyrirkomulagi Bjargráðasjóðs, tryggingarmálum í landbúnaði og fleira sem til stendur að athuga í framhaldi af þessari breytingu. Það verður samtímis létt af verkefnum sem hvílt hafa á Stofnlánadeild landbúnaðarins, þannig að fyrir hag deildarinnar á eftir sem áður að vera allvel séð þó hún missi þarna af nokkrum tekjustofni.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Hér kemur eitt málið enn með miklum hraða til afgreiðslu á þessum allra síðustu dögum á Alþingi, frv. til laga um breytingar á Búnaðarmálasjóði. Þetta er eitt þeirra mála sem er óþarfi að hafa í tímaþröng á Alþingi. Þannig vill til að landbrh. fékk afhentar tillögur um breytingar á búnaðarmálasjóðsgjaldi fyrir meira en ári síðan frá nefnd sem starfaði undir forustu varaformanns fjvn. Alþingis og starfaði að tilhlutan tveggja ríkisstjórna og var tilkomin vegna óska búnaðarþings árið 1987 um tekjustofna til handa búnaðarsamböndunum og Búnaðarfélagi Íslands. Það vakti hins vegar athygli að landbrh. setti á fót aðra nefnd til endurskoðunar á þessum lögum, þriggja manna, og í henni var bara einn einasti bóndi. En eins og ekki þarf að fara mörgum orðum um fyrir þá sem til þekkja er hér um að ræða sjóð sem bændur landsins eiga, Búnaðarmálasjóð, og stór hluti af þeim sjóði og þeim útgjöldum sem til hans fara úr landbúnaðinum kemur ekki til frádráttar við kostnað í búrekstri, þannig að hér er um að ræða gjaldheimtu sem er tekin af launum bændanna í landinu að langstærstum hluta. Og það er fullkomlega óeðlilegt að valdir séu að meiri hluta embættismenn til þess að fjalla um fjármál sem eru nánast einkafjármál bændanna í þessu landi.

Eins og ég gat um áðan var það meginmarkmið þessarar endurskoðunar að styrkja hag búnaðarsambandanna í landinu og Búnaðarfélags Íslands. Og eins og frv. er núna komið hér til deildarinnar eftir breytingar í Nd., þá samrýmist afgreiðsla þess þeim sjónarmiðum. Um er að ræða umtalsverða breytingu til hins betra á kjörum búnaðarsambandanna eftir þessa breytingu. Þó að ekki sé út af fyrir sig stórfé sem samkvæmt þessu rennur til Búnaðarfélags Íslands er ekki fjarri lagi að það valdi kostnaðinum við það sem menn kalla félagslegan þátt í starfsemi Búnaðarfélagsins, en á því var gerð sérstök úttekt, hvað væri eðlilegt að færa til reiknings hjá bændunum sjálfum og hins vegar hjá ríkisvaldinu af kostnaði við Búnaðarfélag Íslands. Hér hefur þess vegna náðst fram þetta meginmarkmið. Það er þó ýmislegt sem hefði mátt fara betur og ég er sannfærður um að hefði verið breytt til betri vegar ef tími hefði unnist til þess, sumt mikilvæg atriði. Ég nefni í því sambandi sérstaklega innheimtufyrirkomulagið á Búnaðarmálasjóði sem er algjörlega úrelt. Eins og lögin gefa til kynna og eins og sú framkvæmd er þá er búnaðarmálasjóðsgjald innheimt í sérstakan sjóð, Búnaðarmálasjóð,

sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur í vörslu, og þaðan er það aftur greitt til búnaðarsambandanna og þeirra aðila sem Búnaðarmálasjóðurinn dreifist til.

Það er reynsla fyrir því að þessi innheimta er lengi á leiðinni. Bændurnir eru t.d. búnir að borga búnaðarmálasjóðsgjöld jafnvel mörgum mánuðum áður en peningarnir koma aftur til baka til búnaðarsambandanna. Hér hefði skipt miklu máli að koma á skilvirkari greiðslu þannig að þessir fjármunir færu alls ekkert úr héraði. Sá hluti sem á að ganga til búnaðarsambandanna á auðvitað ekkert að fara úr héraði heldur að greiðast beint til þeirra og ganga svo inn í eðlilegan uppgjörsmáta eftir sem áður. Ekki er heldur nógu skýrlega tekið fram í frv. að auðvitað er ekki hægt að innheimta gjald til einhverra sérstakra sambanda eða aðila af öðrum en þeim sem eru þátttakendur í þeim. Það stenst auðvitað ekki. Ég vek athygli á því að það eru u.þ.b. ⅔, kannski meira því að það er svo miklu betri innheimtan hjá hefðbundnum búgreinum að vel má vera að það séu um ¾ af öllum þessum tekjum sem koma þá frá hinum hefðbundnu greinum, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu. Auðvitað er það mikið fé. Í fyrsta lagi er óeðlilegt að dreifa því til annarra greina vegna þess hvernig féð er tilkomið, vegna þess að þetta er, eins og ég sagði áðan, hluti af launanum. Og það gengur heldur ekki að innheimta af öðrum en þeim sem eru þátttakendur í þeim félagsskap sem greiðslu kann að fá. Ég geri ráð fyrir því að framkvæmdin verði með þessum hætti, annað væri ósæmilegt, og að við reglugerðarákvörðun verði þetta tekið fram með skilvirkum hætti, svo fremi ekki verði gengið frá því við afgreiðslu málsins nú við 2. umr.

Ég tek hins vegar skýrt fram að þetta frv. er til bóta. Þar nást fram þau meginmarkmið sem búnaðarsamböndin settu sér og Búnaðarfélag Íslands með breytingunum í Nd. og með þeim breytingum var líka svipt í burtu ákvæðum sem undir engum kringumstæðum hefðu verið ásættanleg við afgreiðslu á þessu máli.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, vonast til þess að með mál sem þessi sem eru út af fyrir sig nokkuð viðkvæm, og þetta er ekki svo lítið mál, hafi hæstv. landbrh. fengið þann lærdóm að þau verði unnin í samvinnu við bændasamtökin, Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands. Búnaðarþing árið 1989 óskaði eftir því með formlegum hætti að verða aðili að þessari endurskoðun og búnaðarþing árið 1990, það sem haldið var á sl. vetri, þurfti að ganga hart eftir að fá drög að því frv. sem hér hefur síðar verið gengið frá. Frv. í þessu horfi var ekki lagt fyrir búnaðarþing og mér er vel kunnugt um það og ber þar fyrir mig orð þess manns sem var í fyrirsvari fyrir þessu máli á búnaðarþingi að umfjöllunin fékkst með sérstökum eftirgangsmunum. Og það dugir ekki að vinna með þeim hætti.

Ég er hins vegar þakklátur fyrir það hvernig landbúnaðarnefndir Alþingis, bæði Nd. og Ed., hafa brugðist við þessu máli. Eins og ég sagði áðan er það til verulegra bóta. Það felur í sér þá stefnu sem eftir var leitað, að styrkja faglega starfsemi, þróunarstarfsemi, í íslenskum landbúnaði sem er okkur alveg bráðnauðsynleg. Þess vegna er það spor í rétta átt að frv. verði samþykkt í því horfi sem það er eftir að Nd. Alþingis hefur gert á því mjög mikilvægar breytingar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er ekki nema örstutt varðandi það efni hvernig að þessu máli var unnið af hálfu landbrn. Rétt til upplýsingar og skýringar þá lagði ég einmitt mikið kapp á að sú nefnd sem starfaði að undirbúningi málsins lyki störfum fyrir búnaðarþing nú á þessum vetri. Reyndar var það svo að ég lét senda þau drög sem nefndin hafði þá gengið frá á síðasta sólarhring, liggur mér við að segja, áður en búnaðarþing kom saman, til búnaðarþingsins áður en nefndinni hafði unnist tími til að skila formlega af sér til mín. Það var ekki fyrr en síðla í þeirri viku sem búnaðarþing var haldið að nefndin hafði í raun lokið störfum og skilaði til mín endanlega tillögum og skýrslum. En ég lét eftir sem áður senda þau drög sem fyrir lágu þegar búnaðarþing kom saman til þingsins. Það eru því nýjar upplýsingar fyrir mig að búnaðarþing hafi þurft að ganga sérstaklega eftir því. En það má svo sem einu gilda. Aðalatriðið er að málið kom til umfjöllunar á búnaðarþingi og þar sem Stéttarsamband bænda átti fulltrúa í undirbúningsnefndinni og ég gekk sérstaklega úr skugga um að forráðamenn Stéttarsambandsins voru samþykkir efni tillagnanna og þar sem enn fremur fulltrúi Stofnlánadeildarinnar, sem hér á mikilla hagsmuna að gæta, var í nefndinni taldi ég eftir atvikum sæmilega fyrir samráði við helstu hagsmunaaðila séð.

Um hitt get ég verið hv. þm. óskaplega sammála, og skal nú vona að ég fari að verða reynslunni ríkari, að æskilegt væri að við hefðum meiri tíma til að fjalla um þetta mál. En ég vona, og tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er svo mikið hagsmunamál að koma þessu máli fram, að við getum sameinast um að gera það.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Mér þykir vert að taka fram að varðandi það sem ég sagði, að búnaðarþing hefði þurft að leita eftir því að fá frv. til umfjöllunar, þá átti ég þar ekki við landbrh. Ég hef ekki heyrt það að hann hafi haft neitt á móti því og hann hefur reyndar lýst öðru yfir. Ég vil ekki að menn standi í þeim misskilningi að ég hafi haldið því fram hér að hæstv. landbrh. hafi ekki viljað að umfjöllun færi fram um málið á búnaðarþingi.

En það haggar ekki því að þær ábendingar sem komu fram á búnaðarþingi, svo óvenjulegt sem það kann að virðast því að við höfum mikla og góða reynslu af því að setja fram vel rökstuddar tillögur og sjálfur hef ég fengið reynslu fyrir því að þær hafa mikil áhrif í Alþingi, en þær tillögur sem búnaðarþing setti fram og aðvaraði sérstaklega um komust ekki inn fyrr en við afgreiðsluna í Nd. Alþingis. Eins og

málið var lagt hér fram var því ekki tekið neitt mið af því hvað búnaðarþing vildi í þessum efnum og ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ég er þakklátur þeim mönnum sem gengust fyrir því að þær breytingar komust á og að málið er með þeim hætti vel ásættanlegt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

98. fundur, föstudaginn 4. maí, að loknum 97. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 580. mál (persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 1209.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1988, 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). — Þskj. 1260.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Forsaga þessa máls er sú að hér á síðasta Alþingi var síðasta mál á dagskrá till. til þál. um sérstaka nefndarskipan til að semja frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Hv. 1. þm. Vestf. hafði flutt frv. um þetta mál sem var m.a. grundvöllur þess nefndarstarfs. Nefndin hefur skilað áliti í málinu og leggur til að gera miklar breytingar á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Aðalbreytingin er sú að nú er gert ráð fyrir því að hvert fyrirtæki myndi reikning í Verðjöfnunarsjóðnum ef greitt verður inn í hann og aðeins þau fyrirtæki sem greiða inn í sjóðinn geti fengið greiðslur úr honum.

Þetta frv. er í samræmi við þann vilja sem kom fram í þessari þáltill. Að nefndinni stóðu hagsmunaaðilar og fulltrúar þingflokka og frv. var flutt samhljóða því nál. en síðan hefur hv. Nd. gert nokkrar breytingar á frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. og vænti þess að hægt sé að ljúka málinu en full samstaða var um það við afgreiðslu í hv. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

86. fundur, föstudaginn 4. maí, kl. 10 árdegis.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 918.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 1134.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál (heildarlög). — Þskj. 1037.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1221).

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (eftirlitsgjald). — Þskj. 1085.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1223).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Frv. SalÞ, 191. mál (slysavarnir). — Þskj. 216.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1224).

Ríkisreikningur 1988, 2. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642, n. 798.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson er skráður frsm. fyrir máli þessu. (**PP:** Það er rétt hjá honum, hann á að mæla fyrir þessu máli.) Já. forseti hefur á réttu að standa í þessu máli og þætti vænt um ef fulltrúar í fjh.- og viðskn. kæmu sér saman um hverjir eiga að mæla fyrir málum nefndarinnar.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu skal ég mæla fyrir þessu máli. Þetta er nál. fjh.- og viðskn. um frv. um ríkisreikning fyrir árið 1988. Nefndin fjallaði um þetta gagnmerka frv. og leggur eindregið til að það verði samþykkt.

Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þeir sem undirrituða nál. eru Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson, Sverrir Sveinsson, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasýsla ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872, n. 1203.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að mæla fyrir þessu nál. um Lánasýslu ríkisins.

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita auk mín Þórhildur Þorleifsdóttir, Friðrik Sophusson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Matthías Bjarnason og Þórður Skúlason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 580. mál (persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 1209.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 24 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegur forseti. Ég er frsm. nefndarinnar sem flytur þetta mál. Það er frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar frv. hv. þm. Friðriks Sophussonar og Inga Björns Albertssonar um breytingu á tekju- og eignarskattslögum, sem var 510. mál þingsins. Það frv. miðaði að því að auka rétt eftirlifandi maka til að nýta persónuafslátt látins maka. Við athugun nefndarinnar kom fram að gera þyrfti ýmsar breytingar á frv. til að hægt væri að ná fram markmiðum þess. Ákvað nefndin

að velja þann kost að flytja sjálfstætt frv. um málið sem hér liggur fyrir á þskj. 1209.

Samkvæmt gildandi lögum getur eftirlifandi maki nýtt sér persónuafslátt hins látna á því almanaksári sem andlát makans bar að. Eftirlifandi maki getur þannig nýtt sér persónuafslátt látins maka í einn til tólf mánuði eftir því hvenær árs maki lést. Samkvæmt þessum ákvæðum er það háð því hvenær andlát ber að innan ársins hve mikinn persónuafslátt eftirlifandi maki getur nýtt sér.

Í frv. nefndarinnar er gert ráð fyrir að réttur eftirlifandi maka til að nýta persónuafslátt þess maka er fellur frá verði sá sami í öllum tilvikum. Þannig geti allir sem missa maka sinn nýtt persónuafslátt hins látna maka í jafnlangan tíma. Lagt er til að þessi réttur vari í fulla níu mánuði frá og með þeim mánuði er maki féll frá.

Virðulegi forseti. Þar sem nefndin flytur þetta frv. sjálf er ekki lagt til að vísa því til nefndar heldur einungis til 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til 1. umr. er, eins og fram kom hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn., frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Þetta frv. er byggt á öðru frv. sem sent var hv. fjh.- og viðskn. Það frv. var flutt af þeim sem hér stendur ásamt hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Eins og ég gerði grein fyrir þá var 1. gr. frumvarpstextans var gölluð. Ég gaf viðhlítandi skýringu á því. Þess vegna er eðlilegt að í starfi nefndarinnar hafi verið gerðar verulegar breytingar á 1. gr. frv. Því til viðbótar hefur það einnig gerst að nefndin hefur, með samþykki, vitund og vilja flm. upphaflega frv., bætt við frv. annarri grein. Sú grein fjallar um eignarskattsálagningu.

Ég tel fulla ástæðu til að segja það hér skýrt og skorinort að þessi grein, eins og hún er í frv., rýrir í engu þann rétt sem varð til með lagabreytingu sem gerð var á síðasta þingi þegar fjallað var um eignarskatta vegna breytingar á eignarskattsstofni og eignarskattsálagningu. Þá var gerð sú mikilvæga breyting á lögunum um tekju- og eignarskatt að heimilt var að reikna eignarskatt eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka. Þetta var ákaflega mikilvægt mál og hv. Alþingi samþykkti það á sínum tíma þegar ljóst var að um stórhækkaða eignarskatta yrði að ræða, sérstaklega hjá eftirlifandi mökum. Eignarskattshækkunin var stundum kölluð ekknaskatturinn og var þetta ákvæði til komið til þess að reyna að milda áhrif þeirra eignarskattsbreytinga sem áttu sér stað fyrir rúmu ári síðan. Síðan hafa sem betur fer verið gerðar breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt sem draga úr skattlagningunni, þótt ekki sé enn komið í hið fyrra horf.

Í 2. gr. þessa frv. er hins vegar ný regla sem vel getur staðið ásamt þeirri breytingu sem gerð var á 81. gr. á sl. ári. Þessi 2. gr. gerir ráð fyrir því að á dánarári maka eða sambúðaraðila, eins og sambúðaraðili er skilgreindur skv. 63. gr. laganna, megi haga eignarskattsálagningu eftirlifandi maka eins og um hjón væri að ræða. Og þá gildir þetta aðeins á dánarári maka. Ýmsum kann að þykja í fljótu bragði að hér sé um að ræða takmörkun á réttindum sem þegar hafa fengist samkvæmt 2. málsgr. 81. gr. Sé þessi nýja grein, 2. gr. frv., skoðuð, kemur í ljós að þar er ekki sett sem skilyrði að eftirlifandi maki sitji í óskiptu búi. Verði þetta frv. samþykkt þýðir þetta einfaldlega það að eftirlifandi maki, sem þannig kann að vera ástatt um að hann sitji alls ekki í óskiptu búi, t.d. vegna þess að lögerfingjar eru ekki fyrir hendi aðrir en eftirlifandi maki, á rétt á því á dánarárinu að vera skattlagður eins og um hjón væri að ræða. Þetta er auðvitað mikilvægt í ljósi þess að einmitt þegar svo stendur á má búast við að gjaldþol breytist. Það er ekki alltaf nóg að eiga eignir, menn sem greiða skatta og annað þurfa að hafa handbært fé. Það kann að þurfa að líða nokkur tími þar til hægt er að gera þær ráðstafanir, ekki síst ef um sviplegt fráfall er að ræða. Ég held að óhætt sé að slá því föstu að í langsamlega flestum tilvikum gera menn slíkar ráðstafanir ekki með tilliti til dánardægurs, jafnvel þótt menn viti að eitt sinn skal hver deyja.

Virðulegur forseti. Ég tel fulla ástæðu til að þakka hv. fjh.- og viðskn. og reyndar hæstv. ráðherra fyrir að hafa veitt þessu máli brautargengi. Fyrr í vetur var flutt fsp. um þetta mál. Það var hv. varaþm. Kolbrún Jónsdóttir sem flutti þá fsp. Henni var síðan fylgt eftir af hv. 11. þm. Reykn. Hreggviði Jónssyni. Við þær umræður lýsti hæstv. ráðherra því yfir að hann væri tilbúinn að gera breytingar á þessum lagaákvæðum. Nú hafa þær komið fram í frumvarpsformi. Það er von mín, um leið og ég ítreka þakkir til þeirra sem um þetta mál hafa fjallað, að þetta frv. verði að lögum enda er hér um mikið sanngirnismál að ræða.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér liggur frammi um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, er flutt af hv. fjh.- og viðskn.

Ég vil í upphafi máls míns þakka nefndinni fyrir að flytja þetta frv. Það er mjög mikið sanngirnismál og bætir eftirlifandi maka örlítið það fjárhagslega tjón sem verður við slíkan atburð.

Í ræðu sinni hér á undan rakti hv. 1. þm. Reykv. gang þessa máls í þinginu. Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta en tel hins vegar að þetta mál sé farsællega leyst og fagna því að það hefur verið lagt fram með þessum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Sjómannalög, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 777, n. 1217.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá samgn. um frv. til laga um breytingu á sjómannalögum, nr. 35 1985. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Hún vill taka sérstaklega fram að þrátt fyrir að þessi grein sé felld brott úr sjómannalögum hefur skipstjóri enn óskorað agavald til að halda uppi góðri reglu á skipi, t.d. ef skip er í háska statt, sbr. heimild í 70. gr. laganna. Í 87. gr. laganna er almennt refsiákvæði sem nær til sjómanna sem gerast sekir um yfirsjón í skyldustörfum sínum og í 82. gr. eru lögð viðurlög við því að ráðast á skipstjóra. Nefndin telur að með þessum ákvæðum sé tryggt að góð regla haldist um borð í íslenskum skipum, svo framarlega sem hægt er að tryggja slíkt með lögum. Er því óhætt að fella brott 81. gr. laganna eins og lagt er til í þessu frv. Þá er gerð sú tæknilega breyting að fella út tilvísun 74. gr. laganna í 81. gr., en í 74. gr. eru ákvæði um málssókn.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

1. málsl. 1. mgr. 74. gr. orðist svo: Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess.

Matthías Á. Mathiesen og Friðjón Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita Hjörleifur Guttormsson, Guðni Ágústsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Árni Gunnarsson.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um það frv. sem nú hefur verið afgreitt frá nefnd með brtt. sem ég tel að augljóslega sé eðlileg. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að vekja athygli á því að hér er á ferðinni mál sem íslensk stjórnvöld, hæstv. ríkisstjórn hefur talið nauðsynlegt að taka upp á Alþingi, og hér er flutt frv. um breytingu á sjómannalögum, vegna þess að Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykktir en virðist ekki fara að þeim samþykktum, að mati erlendra sérfræðinga. Það er athygli vert og það er afnám nauðungarvinnu sem vitnað er til.

Ég kemst ekki hjá því, hæstv. forseti, í þessu sambandi að rifja upp umræður sem áttu sér stað hér í gær í sambandi við frv. um atvinnuleysistryggingar þar sem stóð nánast nákvæmlega eins á. Þar var um það að ræða að athugasemdir höfðu borist frá erlendum stofnunum sem við erum aðilar að og vegna samþykkta sem við höfum skrifað undir, að þar brytum við ákvæði slíkrar samþykktar. Þess vegna var farið fram á það, og m.a. kom það fram í skýrslu hæstv. félmrh., að ástæða væri til þess að breyta viðkomandi lögum. Þrátt fyrir allt þetta sá stjórnarmeirihlutinn ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni sem kom fram hjá minni hl. félmn. og lét sig hafa það að fara gegn beiðni sem komin var frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins vegna þess máls. Ég tel, hæstv. forseti, nauðsynlegt að benda á að í sumum tilvikum virðist hæstv. ríkisstjórn vera tilbúin til þess að fara að slíkum fyrirmælum, en í öðrum tilvikum ekki.

Það væri hægt að efna hér til langrar ræðu um þetta mál. Ég sé samt ekki ástæðu til þess en tel að það sé fullkomlega ljóst að það virðist skipta máli hver í hlut á í þessu sambandi.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Þar sem hv. 1. þm. Reykv. kom inn á mál sem lágu fyrir heilbr.- og trn. varðandi alþjóðlega samninga sem Ísland hefur staðið að og vék sérstaklega að máli um atvinnuleysistryggingar, vil ég segja að það er rétt að það komu fram athugasemdir frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins sem bárust Alþjóðavinnumálastofnuninni. Til að athugasemdir þessar verði löggildar athugasemdir samkvæmt alþjóðarétti þurfa a.m.k. ¾ af embættismannanefndinni, sem tekur við þessum athugasemdum, að samþykkja athugasemdir sérfræðinganefndarinnar. Það gerðist ekki. Það hefur sem sagt engin löggild athugasemd vegna brota Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu komið fram.

Mér skilst hins vegar að varðandi það mál sem hér liggur fyrir hafi a.m.k. 15 sinnum komið fram athugasemdir vegna brota á þessu atriði sem nú er loksins tekið fyrir. Því virðist mér gegna hér svolítið öðru máli en í því dæmi sem hv. 1. þm. Reykv. tók til varðandi það mál sem lá fyrir heilbr.- og trn. Það skal sagt enn fremur að í því tilfelli komu fram mjög sterkar athugasemdir frá hagsmunasamtökum íslenskum, Alþýðusambandi Íslands og öðrum launþegasamtökum, varðandi það mál sem lá fyrir heilbr.- og trn. Meiri hl. nefndarinnar sá því ekki ástæðu til að afgreiða málið að svo stöddu heldur lagði eindregið til að viðkomandi ráðherrar, félmrh. og heilbr.- og trmrh., beittu sér fyrir viðræðum aðila vinnumarkaðarins til að finna einhverja lausn á málinu og e.t.v. að mæta óskum og athugasemdum sérfræðinganefndarinnar frá Alþjóðavinnumálastofnuninni.

Annað mál lá líka fyrir heilbr.- og trn. sem er ákaflega svipaðs eðlis. Það varðaði Norðurlandasamning sem gerður hafði verið um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum, á veitingu sérfræðileyfa til lækna. Í því tilfelli komu fram mjög sterkar athugasemdir frá læknafélögunum og frá læknadeild Háskóla Íslands varðandi það mál. Nefndin sjálf treysti sér því ekki að svo stöddu til að ræða það mál til hlítar enda þótt samningurinn sem þar lá að baki væri ótvíræður. Nefndin mun leggja til, og það kemur fram þegar það mál verður á dagskrá, að þau atriði frv. verði dregin til baka til nánari athugunar. Ég tel því að meðferð heilbr.- og trn. á þessum tveimur málum sé nokkuð önnur og þar liggi aðrar ástæður að baki en í því máli sem hér liggur fyrir.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég vona að okkur verði fyrirgefið að ræða hér um mál af þessu tagi. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir upplýsingar sem hann gaf í sinni ræðu sem voru athygli verðar. Ég ætla ekkert að rengja þær nema síður sé. Ég tel þetta mál vera þannig vaxið að það sé hafið yfir venjulegt pólitískt þras. Þetta er þessi gamla spurning um það annars vegar þegar stangast á íslensk lög og þær samþykktir sem Íslendingar hafa gerst aðilar að og hins vegar að hve miklu leyti íslensk lög standist lágmarksmannréttindi, lágmarks æðri réttindi, sem við teljum að löggjafinn verði að beygja sig undir, nema um stjórnarskrárbreytingar sé að ræða.

Ég trúi því öllu sem hv. þm. sagði. Hann hélt því fram að 15 sinnum hefðu verið gerðar athugasemdir við ákvæði í 81. gr. sjómannalaganna og þá loks hefði hæstv. ríkisstjórn rankað við sér. Sjálfsagt er þetta á tímabili margra ríkisstjórna. Mér fannst svona liggja í orðunum þegar hann sagði þetta að líklega væri mál til komið að líta á hitt þegar búið væri að gera 15 athugasemdir eða svo, þá væri kominn tími til þess að við litum á þetta mál og könnuðum hvort ástæða væri til að fylgja því eftir.

Ég efast ekkert um það heldur, því ég veit að hv. þm. þekkir þetta mál mjög vel, að athugasemdin sem kom hafi ekki verið löggild athugasemd á þjóðréttarlegan mælikvarða. En þá er spurningin, þarf það virkilega að gerast hér í okkar réttarríki, sem við oft köllum svo vegna þess að við teljum okkur hafa mannréttindi í heiðri, að það þurfi að gera ströngustu kröfur til slíkra aðgerða og aðfinnsla áður en við teljum ástæðu til þess að breyta okkar lögum? Ég vil a.m.k. láta það koma fram hér við þessa umræðu, og viðurkenni fúslega að það hefði mátt gerast við aðra umræðu en þessa, þ.e. í umræðunni um það mál sem ég hef blandað inn í þessa umræðu, að ég tel að hér eigi að virða félagafrelsi. Ég tel að aðilar á vinnumarkaði geti ekki með samningum sínum útilokað félagafrelsi hér á landi. Það sé ekki boðlegt að stjórnvöld — og ég minni á að Atvinnuleysistryggingsjóður er opinber sjóður, þetta er ekki einkasjóður atvinnurekenda eða launþega, þetta er sjóður sem lýtur stjórn opinberra aðila og er opinber sjóður í þeim skilningi — hann getur ekki, eftir að slíkar athugasemdir hafa borist og eftir að mál hefur verið kannað, jafnvel þótt það sé ekki gert með þessum þjóðréttarlega hætti, þá er ekki hægt að bjóða upp á það að lögum sé ekki breytt til samræmis við það sem við köllum stundum lágmarksmannréttindi.

Stundum hefur verið sagt að þetta sé nú þannig hér á landi að í raun og veru séu þetta samningar á milli aðila. Ég leyfi mér að efast um það að slíkir kjarasamningar standist. Og lög sem byggjast á slíkum samningum geta ekki staðist ef þau brjóta í bága við þau grundvallarmannréttindi sem félagafrelsi er, þ.e. það frelsi að mega taka þátt í öllum löglegum félögum en þurfa þess ekki.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka samt þessa umræðu sem hér hefur orðið og vona að hún skýri nokkuð þessi mál sem við höfum verið að fjalla hér um. Með þessum orðum mínum er ég ekki að ráðast að einum eða öðrum pólitískum aðilum heldur að benda á það að við þurfum á hverjum tíma að kanna það mjög vel hvort við stöndum við mannréttindayfirlýsingar. Við þurfum t.d. að huga að því hvort við þurfum að gera frekari breytingar. Og ég minni á að nú fyrir stuttu urðum við að gera verulegar breytingar á okkar dóms- og réttarkerfi vegna máls sem er fyrir Evrópudómstólnum. Ég bendi því á að það kann að vera heppilegra að við lítum á þessi mál og tökum sjálfstæða afstöðu til þeirra áður en við erum reknir til þess af þeim samtökum sem við af fúsum og frjálsum vilja höfum gerst aðilar að.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1217 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (heildarlög). — Þskj. 915, n. 1211, brtt. 1212.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta mál. Í athugasemdum við frv. til laga á þskj. 915 segir, með leyfi forseta:

„Á sl. tveimur árum hafa sjóðagjöld í landbúnaði verið til ítarlegrar umræðu, m.a. hefur umræðan annars vegar beinst að fjármögnun félagslegrar starfsemi í landbúnaði og hins vegar innheimtu á sjóðagjöldum til jöfnunar á framleiðslukostnaði með því að afla sameiginlega fjármuna til að standa undir fjármagnskostnaði í landbúnaði í stað þess að láta fjármagnskostnaðinn koma af fullum þunga á þá sem eru tiltölulega meira skuldsettir vegna nýlegra framkvæmda og hárra lána þess vegna. Frv. þetta byggist á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið um þessi mál. Þar er m.a. um að ræða tillögur og samþykktir búnaðarsambanda, búnaðarþings og aðalfundar Stéttarsambands bænda."

Það á sem sagt að fjármagna þetta frá stéttinni sjálfri.

Nefndin hefur fjallað um frv. Nefndin fékk til viðræðna um efni frv. Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda, Leif Kr. Jóhannesson, forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og Guðmund Sigþórsson úr landbrn. Umsagnir um frv. bárust frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda, búnaðarþingi 1990, Búnaðarsamtökum Vesturlands og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv.

1. Lagt er til að heimild landbrh. til að ákveða með reglugerð sérstakt gjald af hvers konar greiðslum, sem eru látnar koma í stað framleiðslu, verði afnumin.

2. Gerð er tillaga um breytta tekjuskiptingu af búnaðarsjóðsgjaldi þannig að tekjur búgreinafélaga og Stofnlánadeildar eru lækkaðar örlítið og mismunurinn látinn renna til Búnaðarfélags Íslands vegna félagslegrar starfssemi þess.

3. Lagt er til að 5. gr. verði breytt þannig að heimild sú sem þar er veitt til gjaldtöku nái ekki til búgreinafélaga sauðfjár- og nautgriparæktar.

4. Að lokum er lagt til að bætt verði við tveimur nýjum ákvæðum til bráðabirgða. Í því fyrra er ákvæði um yfirstjórn forfallaþjónustu bænda, en nauðsynlegt er að ákveða skipan hennar. Í því síðara er lagt til að Stofnlánadeild landbúnaðarins haldi óbreyttum tekjum til 30. nóv. nk. Er þetta gert til að fjárhagsáætlanir deildarinnar raskist sem minnst.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Málmfríður Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu málsins.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í landbn. Nd. Þetta er samkomulagsmál og það er mikilvægt að það komist í gegnum þetta þing. Ég vil geta þessa, vegna athugasemda sem komu fram í nefndinni. Með því að fjárhagur búnaðarsambandanna styrkist mjög við þessa breytingu, þá verður að gera ráð fyrir því að búnaðarsamböndin veiti hinum einstöku búnaðarfélögum meiri þjónustu og fjárhagslega aðstoð eftir því sem fjárhagsaðstaðan batnar.

Herra forseti. Ég legg svo til að með þessum tillögum, ef samþykktar verða, verði frv. vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1212,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1212,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1212,3 (ný 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1212,4 (ný ákv. til brb.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 734, n. 1180, brtt. 1181.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nál. frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á læknalögum.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund hennar komu Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., Helgi Valdimarsson, varaforseti læknadeildar H.Í., Haukur Þórðarson, Viðar Hjartarson og Páll Þórðarson frá Læknafélagi Íslands.

Umsagnir um frv. bárust frá eftirtöldum: Geðlæknafélagi Íslands, heilbr.- og trmrn., landlækni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Læknafélagi Íslands og læknadeild Háskóla Íslands, læknaráðum Borgarspítalans, Landakotsspítala og Landspítala, Sérfræðingafélagi lækna, Sigurði Þór Guðjónssyni rithöfundi og stjórnarnefnd ríkisspítala.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um ákvæði 1.–3. gr. frv. um veitingu lækningaleyfis og framhaldsnám við Háskóla Íslands. Með vísan til umsagna þeirra sem nefndinni bárust telja nefndarmenn að of skammur tími sé til umfjöllunar um þessar mikilvægu greinar. Því er gerð tillaga um að fella þær brott. Gerð er tillaga um að ný grein bætist við frv. þar sem ráðherra er gert skylt að leita umsagnar heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda um reglur og gerð læknisvottorða.

Mikið var rætt um afhendingu sjúkraskráa og upplýsinga úr þeim. Nefndin er sammála um að leggja til að fyrirsögn greinarinnar breytist þannig að í stað „Afhending sjúkraskráa" verði heiti hennar: Meðferð upplýsinga í sjúkraskrám. Þá eru tekin af öll tvímæli um að ákvæði um afhendingu afrita úr sjúkraskrám séu ekki afturvirk. Loks er lagt til að frestur landlæknis til ákvörðunar um það hvort gögn skuli afhent verði átta vikur en ekki fjórar eins og upphaflega var gert ráð fyrir í frv.

Að lokum er lagt til að gerðar verði breytingar á 18. gr. læknalaga þannig að skýrar sé kveðið á um tilkynningarskyldu læknis og honum sé gert að tilkynna landlækni ef skaði hlýst af læknisverki. Lagt er til að ráðherra setji reglur um meðferð landlæknis á slíkum málum.

Breytingar á 7. gr. eru tæknilegs eðlis þar sem breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á læknalögum, eru ekki svo verulegar að þörf sé á að gefa lögin út að nýju, svo breytt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Undir þetta rita allir nefndarmenn, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á það að sú breyting á lænalögunum sem hér er til umræðu hlaut mjög mikla umræðu í þeirri nefnd sem fjallaði um

þetta mál í Nd. Margar umsagnir lágu fyrir sem voru mjög merkilegar. Helsta ástæðan fyrir því að nefndin sá sér ekki fært að afgreiða nú 1., 2. og 3. gr. frv. er sú að mjög mikill ágreiningur var út af þeim efnisatriðum sem þær greinar mæltu fyrir um. Voru nánast allir umsagnaraðilar eindregið á móti afgreiðslu þeirra óbreyttra.

Enn fremur var mjög mikið rætt í nefndinni um það ákvæði í núgildandi læknalögum að afhending sjúkraskráa skuli vera afturvirk, þ.e. lögin séu afturvirk, það sé hægt að afhenda sjúkraskrár aftur í tímann. Voru menn almennt mjög svo andvígir því. Enda er um viðkvæmt efni að ræða. Það sést enn fremur á þeirri breytingu sem er gerð tillaga um í frv. um fyrirsögn í G.-lið í III. kafla laganna. Þar er fyrirsögninni breytt úr því sem er í læknalögum, „Afhending sjúkraskráa", í: Meðferð upplýsinga í sjúkraskrám, þar sem mönnum þykir ekki einhlítt að sjúkraskrár eigi að afhenda í heilu lagi hvenær sem er og hverjum sem er, heldur þurfi þar að hafa nánari aðgát.

Mig langar til að vekja einnig sérstaka athygli á þeirri breytingu sem nefndin gerði á þeirri tímalengd sem landlæknir hefur slíkt áfrýjunarmál til meðferðar þar sem tíminn er lengdur úr fjórum vikum upp í átta vikur. Ástæðan fyrir því að nefndin breytti þessu er sú að landlæknir sagði í sinni umsögn m.a. að fjórar vikur væru allt of skammur tími. Segir hér í hans umsögn, með leyfi forseta, um þessa grein: „Ég legg til að greinin standi óbreytt eins og í frv. nema að frestur til afhendingar verði lengdur í tvo mánuði, m.a. vegna þess að landlæknir getur þurft að leita til óháðra sérfræðinga sem þurfa þá að kynnast sjúklingi áður en þeir gefa umsögn um málið." Það er alveg ljóst í þessu dæmi að þarna þarf landlæknir lengri tíma ef hann þarf að leita til óháðra sérfræðinga, sem almennt má gera ráð fyrir. Ef um geðsjúkdóma t.d. væri að ræða mundi sérfræðingur þurfa enn lengri tíma til þess að kynnast sjúklingi og komast inn í málið áður en hann gæti gefið óháða umsögn. Þetta atriði er enn fremur staðfest í áliti læknadeildar Háskóla Íslands og Læknafélags Íslands sem sendu sameiginlega mjög ítarlega umsögn um þetta mál. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Komi upp ágreiningur um hvort sjúklingur hafi ótvíræða hagsmuni af því að sjá sjúkraskrá sína er nauðsynlegt að geta leitað úrskurðar óháðs aðila. Gæti þá verið um að ræða annaðhvort læknaráð, sbr. lög nr. 14/1942, eða landlækni, enda hafi hann samráð við sérfræðing í þeirri grein sem sjúkdómur viðkomandi einstaklings heyrir til." Í þessari umsögn er reyndar lagt til að endanlegur ágreiningur fari til læknaráðs. En nefndin taldi að hægt væri að komast að einhverju leyti hjá því með því að lengja þann frest sem landlæknir hefði mál til meðferðar þannig að það væri áskilið að hann gæti þá leitað til hlutlausra sérfræðinga.

Ég held að þessar breytingar á læknalögunum skýri sig sjálfar. Það urðu mjög miklar umræður um þær veitingar sérfræðileyfa sem hinn norræni samningur gerir ráð fyrir. Þar er um að ræða miklu stærra og viðameira mál en nefndin hafði tíma til að afgreiða og því er fyrstu þremur greinunum sleppt.

Að öðru leyti legg ég áherslu á að hv. nefnd lagði mikla vinnu í þetta mál og fékk marga gesti á sinn fund og skoðaði þetta mál vel og vandlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1084, n. 1178, brtt. 1149, 1179.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Davíð Á. Gunnarsson, forstjóra ríkisspítala, Skúla G. Johnsen borgarlækni og Dögg Pálsdóttur, deildarstjóra í heilbr.- og trmrn. Enn fremur bárust nefndinni umsagnir frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar og stjórnarnefnd ríkisspítala.

Nefndin leggur til að 4. gr. verði breytt þannig að verkefni heilbrigðismálaráðs verði eftirlit með, en ekki að hafa með stjórn heilbrigðismála í héraði að gera. Einnig er lagt til að heilbrigðismálaráð skipuleggi ekki rekstur heilbrigðisstofnana í héraði þar sem slíkt er frekar í verkahring stjórna einstakra stofnana, eftir því sem heilbr.- og trmrn. ákveður. Þá leggur nefndin til að í 1. málsl. síðustu mgr. 10. gr. frv. verði tekið fram til öryggis að íbúar Seltjarnarness geti valið sér heimilislækni eða heilsugæslulækni á sama hátt og íbúar Reykjavíkurborgar.

Nefndin fellst á þær breytingar sem gerðar voru í meðförum Ed. að einni undanskilinni. Gerð er tillaga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða þannig að það sé hafið yfir efa að ekki sé ætlunin að leggja Heilsuverndarstöðina í Reykjavík niður, heldur að henni sé ætlað framtíðarhlutverk í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík, samkvæmt þeim lögum sem hér er fjallað um og samkvæmt þeim tillögum sem stjórn hennar kemur til með að gera.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj., sem er þskj. 1179, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn heilbr.- og trn., Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Eftir að ný lög voru sett um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu verið breytt að því er varðar skipan stjórna sjúkrastofnana á þann veg að heilbrrh. skipar stjórn sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna og starfsmanna, auk þess sem ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar.

Í því frv. sem hér er til afgreiðslu er breyting gerð á þessari skipan að því er varðar Reykjavíkurborg. Í 23. gr. frv. er lagt til að sérákvæði gildi um skiptingu stjórna sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Það ákvæði er á þann veg, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar skal skipuð fimm mönnum. Borgarstjórn Reykjavíkurborgar kýs þrjá fulltrúa í stjórnina og starfsmannaráð tvo."

Eftir að heilbrrn. gerði tillögu um þessa breytingu með ákvæði í því frv. sem hér liggur fyrir hefur bæjarráð Hafnarfjarðar sent þingmönnum Reykn. bréf þar sem ítrekuð er fyrri samþykkt ráðsins frá 14. des. 1989 varðandi stjórnun sjúkrahúsa í Hafnarfirði og beinir þeirri ósk til þingmanna kjördæmisins að þeir beiti sér fyrir þeirri breytingu á því frv. sem hér er til afgreiðslu að sami háttur verði hafður á um skipan stjórna sjúkrahúsa í Hafnarfirði og nú er gert ráð fyrir að taki gildi um stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar.

Því var af hálfu ráðuneytisins haldið fram við afgreiðslu málsins í heilbr.- og trn. að ákvæði þetta varðandi Reykjavíkurborg komi til af því að nokkur hluti sjúkrastofnana í Reykjavík, svo sem Grensásdeild, hafi verið byggð án framlaga úr ríkissjóði. Ég veit ekki betur en að fram að þessu a.m.k. hafi borgaryfirvöld í Reykjavík talið sig eiga þá fjárhæð inni hjá ríkissjóði sem svarar til lögboðins hluta ríkissjóðs í byggingu sjúkrahúsa og hafi ekki viðurkennt neitt annað en að ríkissjóði beri að greiða þá fjárhæð með sama hætti vegna þessarar stofnunar og annarra sjúkrahúsa í landinu, samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma og skuldfært ríkissjóði samkvæmt því.

Þegar talað er um Borgarspítalann í Reykjavík er jafnan átt við sjúkrahúsið í Fossvogi. Byggingarkostnaður þess mikla mannvirkis og búnaður hefur verið greiddur með þátttöku ríkissjóðs á nákvæmlega sama hátt og gilt hefur um önnur sjúkrahús í landinu. Með tilliti til þessa og þess að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa óskað eftir því að sömu ákvæði gildi um skipan stjórna sjúkrastofnana í Hafnarfirði og gert er ráð fyrir að taki gildi gagnvart Reykjavíkurborg í því frv. sem hér liggur fyrir höfum við þingmenn Reykn. í hv. deild flutt svohljóðandi brtt. við frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Við 23. gr.

a. Á eftir orðinu „Reykjavíkurborgar" í fyrri málsl. efnismgr. a-liðar (30.2) komi: og Hafnarfjarðarbæjar.

b. Í stað orðanna „Borgarstjórn Reykjavíkurborgar" í síðari málsl. efnismgr. a-liðar (30.2) komi: Sveitarstjórn."

Ég vænti þess að þingmenn þessarar hv. deildar geti fallist á þessa beiðni bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að sama tilhögun gildi um skipan stjórna sjúkrastofnana í Hafnarfirði og Reykjavíkurborg enda eru engin gild rök fyrir öðru.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar brtt. sem hv. þm. Geir Gunnarsson var að gera grein fyrir.

Ég vil fyrst þakka heilbr.- og trn. fyrir að hafa unnið bæði fljótt og vel að málinu. Þetta er stórt mál sem búið er að fá mikla umfjöllun hér í þingi og hefur tekið langan tíma. Miklar umræður urðu um það fyrir áramótin. Reyndar kom þá fram nokkur ágreiningur um það hvernig staðið yrði að stjórnunarmálum heilbrigðisstofnana. Rétt er að rifja það aðeins upp að í verkaskiptalögunum sem samþykkt voru á seinasta þingi var gert ráð fyrir því að stjórnir svokallaðra sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva yrðu með þeim hætti að þær störfuðu í umboði ráðuneytis og ráðherra skipaði einn fulltrúa í þær stjórnir. Að öðru leyti væri meiri hluti stjórnanna skipaður af þeim sveitarfélögum þar sem viðkomandi stofnun starfaði. Samkvæmt því tilnefna sveitarstjórnirnar þrjá fulltrúa í þessar stjórnir.

Það er álit mitt og þeirra sem um frv. fjölluðu þegar verið var að undirbúa þetta frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu að eðlilegt væri að sama gilti um allar heilbrigðisstofnanir, utan ríkisspítalanna að sjálfsögðu sem hafa sérstakt stjórnarfyrirkomulag, og sjálfseignarstofnanirnar. Um aðrar stofnanir gilti sama fyrirkomulag og með þessar sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. Var það reyndar álit þeirra sem fjölluðu um frv. á þinginu í fyrra að eðlilegt væri að það yrði tekið til endurskoðunar og málin samræmd þegar endurskoðun þeirri á þessum lögum sem þá var í gangi í heilbrrn. yrði lokið og það kæmi fram í nýju frv. á haustþingi. Það var einmitt það sem gerðist á sl. hausti.

Miklar umræður urðu, einkum um hvernig staðið yrði að málum á Borgarspítalanum. Þar sem svo háttar til að verulegur hluti af starfsemi Borgarspítalans er rekinn í húsnæði sem borgin á ein, hefur alfarið kostað sjálf og ríkissjóður ekki tekið þátt í, þótti eðlilegt að á meðan svo háttaði giltu önnur viðhorf til stjórnunar á Borgarspítalanum. Um þetta varð samkomulag.

Ég átti viðræður við borgarfulltrúa og borgarstjóra um þetta mál. Samkomulag varð um að standa þannig að því að stjórnunarform Borgarspítalans verði óbreytt, borgarstjórn tilnefni þrjá fulltrúa þar og starfsmenn tvo, svo sem fram kemur í frv. eins og það kom frá Ed. En að með allar aðrar heilbrigðisstofnanir verði sami háttur og með sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar, að sveitarfélögin tilnefni þrjá fulltrúa, starfsmenn stofnunarinnar einn og ráðherra einn og stjórnirnar starfi í umboði ráðherra eða að ráðherra skipi stjórnirnar.

Þetta er auðvitað byggt á þeirri forsendu fyrst og

fremst að það sama gildi um alla aðila, að sami háttur hefur verið hafður á um uppbyggingu þessara stofnana eftir því sem best er vitað. Hvað varðar stofnanir í Hafnarfirði er ekki nein breyting eða annað viðhorf þar gildandi en t.d. í Keflavík, svo tekið sé nærtækt dæmi af heilbrigðisstofnun í sama kjördæmi, eða öðrum sjúkrastofnunum, þar með talin reyndar bygging Borgarspítalans í Fossvogsdalnum, sem er, eins og fram kom hjá hv. 5. þm. Reykn., meginstarfsstöð Borgarspítalans. Er alveg ljóst að þegar rætt er um Borgarspítalann þá tala menn nú kannski fyrst og fremst um starfsemina sem þar er og þau húsakynni. Allar eru þessar byggingar reistar samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma og hafa hlotið stuðning úr ríkissjóði eins og gilt hefur og átt við samkvæmt lögum þess tíma.

Varðandi Hafnarfjörð sérstaklega þá er það svo með Sólvang að það er auðvitað hús sem er löngu byggt. Það var 1944 sem ákveðið var að hefja undirbúning þeirrar byggingar og hófust framkvæmdir þar 1947 og var lokið 1953. Menn sjá að hér er um að ræða nokkuð gamla byggingu og svo á auðvitað við víðar um land, þar eru sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir sem reistar voru fyrir fjölmörgum árum, jafnvel áratugum síðan. Í gögnum heilbrrn. liggur ekki annað fyrir en að Sólvangur hafi fengið byggingarframlög og styrki til byggingarinnar á byggingartímanum eins og tíðkaðist um sjúkrahús annarra sveitarfélaga á þeim tíma, eins og ég hef hér gert grein fyrir.

Varðandi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hins vegar er um að ræða nokkuð aðra sögu. Eins og menn vita var það sjúkrahús reist og rekið af sérstakri reglu. En árið 1983 óskuðu St. Jósefssystur, sem ráku og sáu um þetta sjúkrahús, eftir því að hætta rekstri spítalans. Eftir ítrekaðar viðræður varð samkomulag um það á árunum 1987 og 1988. Aðild að því samkomulagi áttu fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar, heilbrrn. og fjmrn. Gert var ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær greiddi 15% af kaupverði þess sjúkrahúss, sem var um 130 millj. kr., og ríkið greiddi 85%. Það giltu því alveg sömu reglur um kaupverð þessarar stofnunar, eða húsnæði þessa sjúkrahúss, og gilda um kaup og byggingar slíks húsnæðis í dag. Þess vegna er ekki sýnilegt að fyrir liggi neinar breytingar eða neitt uppgjör eða nýtt samkomulag um hvernig staðið verði að málum þar á næstunni, eins og liggur fyrir að gert verði varðandi Borgarspítalann, samkvæmt minnisblöðum sem gengið hafa milli ríkisstjórnar og borgarstjóra eða borgaryfirvalda í Reykjavík.

Þess vegna verð ég, herra forseti, að leggja til að sú brtt. sem flutt er af hv. þm. Geir Gunnarssyni og fleiri þingmönnum Reykn. verði felld vegna þess að ella er hér verið að viðhafa allt annan hátt varðandi stjórnunarþátt sjúkrastofnana í Hafnarfirði en á við um sjúkrahús í öðrum sveitarfélögum. Það sýnist mér ekki vera á nokkurn hátt samræmanlegt eða hægt að finna fyrir því rök miðað við að það sjónarmið gildi sem frv. í upphafi byggði á, að saman færi stjórnun og rekstrarleg ábyrgð á þeim stofnunum sem ríkið hefur yfirtekið samkvæmt verkaskiptalögunum. Þessi eina undantekning sem liggur fyrir í frv. eins og það lítur út frá Ed. með Borgarspítala á sér allt aðrar forsendur, eins og ég hef gert grein fyrir. Það mál verður rætt við borgaryfirvöld á næstu mánuðum. Stjórnunarmálin á Borgarspítalanum verða þá tekin til endurskoðunar. Ég er ekki að gefa mér neina niðurstöðu fyrir fram um það hvernig það mál fari. Niðurstaðan verður í samræmi við það uppgjör sem um kann að semjast við borgaryfirvöld.

Ég legg því til að þessi brtt. verði felld, herra forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. í síðari deild frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Þetta frv. hefur verið alllengi hér til meðferðar á hv. Alþingi. Frv. var lagt fram á haustþinginu og upphaflega var stefnt að því að ljúka afgreiðslu þess fyrir jól en það kom fljótlega í ljós að um nokkur atriði frv. var mjög mikill ágreiningur sem leiddi til þess að afgreiðsla þess tafðist. Nú liggur fyrir að náðst hefur samkomulag í nokkrum veigamiklum atriðum og hefur það leitt til þess að málið liggur nú þannig fyrir að fulltrúar allra flokka, þ.e. þeirra flokka sem sæti eiga í hv. heilbr.- og trn., mæla með samþykkt frv., þó enn með breytingum frá því sem var í Ed.

Ég vil aðeins með örfáum orðum, herra forseti, víkja að nokkrum meginatriðum í þessu máli sem tekist hefur verið á um í þinginu í vetur. Í fyrsta lagi, og það finnst mér mjög mikilvægt í þessu máli öllu saman, hefur náðst samkomulag um skipulag heilbrigðisþjónustu hér í Reykjavík, þ.e. heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa. Samkvæmt þeim lögum um heilbrigðisþjónustu sem hafa gilt hefur verið gert ráð fyrir að sama kerfi gilti um allt land varðandi heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa og stefnt að því að heilsugæslustöðvar þjónuðu öllum landsmönnum. Samkvæmt núgildandi heilbrigðislögum var gert ráð fyrir að þetta gilti um Reykjavík einnig og borginni yrði skipt upp í heilsugæsluumdæmi og síðan ættu borgarbúar að skipta við heilsugæslustöðvar í sínu umdæmi. Það hefur dregist mjög mikið að þetta kerfi færi í gang, enda gríðarlega kostnaðarsamt að byggja heilsugæslustöðvar fyrir öll þau umdæmi sem hér ættu að vera í Reykjavík. Þess vegna hefur það ráð verið tekið að þessum ákvæðum frv. hefur verið frestað frá ári til árs hér á hv. Alþingi. Það hefur nánast verið fastur liður í störfum Alþingis rétt fyrir áramót að flutt væri frv. um að fresta gildistöku þessa kafla laganna um eitt ár í senn.

Um þetta hefur verið mjög mikill ágreiningur hér í Reykjavík og borgarstjórn Reykjavíkur hefur verið mjög andvíg því að þetta sama kerfi gilti um Reykjavík og aðra staði á landinu. Ástæðan er einfaldlega sú að hér er völ á miklu fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu en víðast annars staðar. Reykvíkingar hafa ekki viljað láta taka frá sér það val sem þeir eiga í dag og Reykvíkingar hafa heldur ekki viljað leggja niður það fjölþætta kerfi heimilislækna sem er í borginni og að heimilislæknar yrðu þar með lagðir niður eða gerðir

að ríkisstarfsmönnum inni á heilsugæslustöðvum. Um þetta hefur verið tekist á en niðurstaðan liggur fyrir í því frv. sem við höfum nú hér til meðhöndlunar og ég vil láta í ljós alveg sérstaka ánægju mína með það að núna er skýrt kveðið á um það að valið verður áfram íbúanna því að nú segir í þeirri grein þar sem fjallað er um skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi og kveðið með mjög ítarlegum hætti á um starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar fyrir sig, í frv. eins og það lítur út núna:

„Prátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar þar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni."

Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju með þetta ákvæði og tel að í þessu samkomulagi felist að hér verði áfram starfandi heimilislæknar við hliðina á heilsugæslustöðvum.

Ég hef aldrei verið í minnsta vafa um að það á eftir að taka langan tíma að byggja upp heilsugæslustöðvar hér í Reykjavík, þetta eru gríðarlega dýr fyrirtæki, og ég hef aldrei verið í neinum vafa um það heldur að þjónusta heimilislæknanna er miklu ódýrari sem leiðir af eðli máls. Þeir reka sjálfir sínar stofur og það þekkjum við nú bara úr hinu daglega lífi að þegar menn bera sjálfir persónulega fjárhagslega ábyrgð á sínum rekstri er auðvitað allt öðruvísi með hlutina farið en þegar ríkið rekur stofnanirnar og menn eru orðnir launaðir ríkisstarfsmenn. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að við eigum að efla frekar heimilislæknakerfið hér í Reykjavík og okkur liggi ekkert á að koma í framkvæmd því ítarlega kerfi heilsugæslustöðva sem gert er ráð fyrir í frv. Mér er auðvitað ljóst að það þarf að vera lágmarksþjónusta í hinum ýmsu hverfum borgarinnar og ég nefni t.d. Grafarvoginn í því sambandi en ég held þó að við eigum að stefna að því í framtíðinni að efla heimilislæknakerfið.

Annað atriði vil ég einnig nefna og það er varðandi stjórn Borgarspítalans. Um hana var ágreiningur einnig en nú hefur tekist um það samkomulag milli hæstv. heilbrrh. og borgaryfirvalda hvernig með stjórn Borgarspítalans skuli farið. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með það að um það skuli vera samkomulag og ég hef raunar ekkert meira um það að segja.

Í þriðja lagi kom það upp þegar þetta mál var til 1. umr. hér í þessari hv. deild að orðalag frv. eins og það leit út mátti skilja á þann veg að stefnt væri að því að leggja niður Heilsuverndarstöðina í Reykjavík innan þeirra tímamarka, ég held það hafi verið árslok 1991, sem þar segir. Þetta kallaði á mjög sterk viðbrögð, bæði frá ýmsum læknum hér í Reykjavík og frá starfsfólki Heilsuverndarstöðvarinnar. Hæstv. ráðherra gat þess strax, minnist ég, í sjónvarpsviðtali að þetta væri á misskilningi byggt, það ætti ekki að skilja orðalag frv. á þann veg. Ég fagna að sjálfsögðu þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra, fagna því að nú hefur náðst samkomulag um breytt orðalag á þessari grein sem tekur af öll tvímæli um það að ekki er gert ráð fyrir því að leggja þessa starfsemi niður.

Í fjórða lagi, það sem ég vildi aðeins minnast á, er sú tillaga sem hér liggur fyrir frá hv. þingmönnum Reykn. sem gerir ráð fyrir breyttu stjórnarfyrirkomulagi á St. Jósefsspítala frá því sem verið hefur. Mér sýnist að það séu allir hv. þm. Reykn. að undanskildum hæstv. forsrh. sem undir þessa brtt. rita. Ég er ekki alveg viss um að sú kenning sem haldið er á lofti í sambandi við stjórn þessara einstöku heilbrigðisstofnana út um landið, þegar menn endurtaka í sífellu að saman verði að fara fjárhagsleg ábyrgð og fjárhagsleg stjórnun, ég er ekki viss um að sú túlkun sé alls kostar rétt, að þar eigi ráðuneytið að fara með stjórn allra þessara stofnana. Ég held að sá miðstýringarhugsunarháttur sem birtist í því sé ekki skynsamlegur og ekki réttur og þess vegna eigi að dreifa valdi út til hinna einstöku stofnana og það eigi ekki aðeins að vera þá stjórnunarlegt vald heldur fjárhagsleg ábyrgð líka. Þess vegna vil ég láta þá skoðun mína í ljós að ég mun styðja þá tillögu sem hv. þm. Reykn. hafa flutt.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég tek undir það sem fram kom hér í ræðu hv. 5. þm. Reykn. Geirs Gunnarssonar þegar hann mælti fyrir tillögu sem við þingmenn Reykn. flytjum við það frv. sem hér er til meðferðar. Það er skoðun okkar að það eigi að verða við þeirri ósk sem fram hefur komið frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar og þar um er enginn ágreiningur. Við teljum að að vissu leyti sé hægt að rökstyðja með sérstöðu uppbyggingar St. Jósefsspítala og ég get sagt það hér með fullri vissu að hefði mönnum dottið það í hug sem hér er að gerast hefði það verið tekið fram í samningi þeim sem gerður var á sínum tíma, þegar St. Jósefsspítali var eignalega færður frá reglunni yfir til ríkis og bæjar, að til þessa kæmi ekki. Ég þekki nokkuð sögu Landakotsspítalans og þeirra sjónarmiða sem ríktu þegar frá þeim kaupum var gengið og sú sérstaða sem óskað var eftir þá var fyrir hendi þegar St. Jósefsspítali var yfirtekinn af ríki og bæ.

Hæstv. heilbrrh. sagði að ekkert væri sérstakt varðandi Hafnarfjörð og vék þá t.d. að Keflavík. Það er mikill munur þar á, geysilegur munur, og hann liggur í því að annað bæjarfélagið hefur óskað eftir þessu en hitt ekki. Út frá því sjónarmiði, að óskað er eftir breytingu af einu bæjarfélagi, sýnist mér þess vegna að engin ástæða sé til annars en að verða við því.

Það kom umsögn frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, frá 14. des. 1989, og í bréfi, sem þeir rita 27. apríl og heilbrrh. hefur fengið afrit af og hv. þm. Geir Gunnarsson lagði fram í heilbrn., er það undirstrikað og þess m.a. óskað að á það verði látið reyna. Ég vildi nú leyfa mér að spyrja formann nefndarinnar hvort ekki hefði verið ástæða til þess þegar málið var þar til umfjöllunar að fá bæjarráð eða bæjarstjóra frá Hafnarfirði til þess að ræða við nefndina og skiptast þar á skoðunum í sambandi við þá beiðni sem frá þeim kemur í bréfinu. Ég veit ekki hvort hv. 5. þm. Norðurl. v. sem var frsm. hér áðan — Er ekki rétt að hann er líka formaður? — má vera að því að hlusta á það sem hér er sagt. Ég get vel ímyndað mér að hann hafi verið í meira

spennandi viðræðum en að hlusta, en ég sagði: Hv. þm. Geir Gunnarsson lagði fram í nefndinni bréf til þingmanna með afriti til heilbrrh. Væri ekki ástæða til þess og væri ekki ástæða til þess, og beini ég því þá til forseta deildarinnar í leiðinni, að þessari umræðu verði frestað og nefndin kveðji á sinn fund bæjarstjóra eða bæjarráð eftir því sem hann mundi meta til þess að fá þau sjónarmið þar fram sem liggja til grundvallar þeirri beiðni sem fram kemur í bréfinu og síðan í þeirri tillögu sem þingmenn Reykn., að undanskildum hæstv. forsrh., flytja?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1200.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Fyrir þá hv. þm. sem af ýmsum ástæðum vilja komast burtu úr þessum sal fremur fyrr en seinna vil ég aðeins segja að ég held að ástæðulaust sé fyrir þá að óttast þó að ég hafi nokkuð af gögnum með mér hér upp í ræðustól. Ég hef haft þann hátt á að geyma þær upplýsingar sem ég hef um kvótamálið á einum stað, og það er staður sem ég er með hér í höndum. Ég ætla mér ekki þá dul að fara að lesa það allt saman upp en ætla hins vegar að sjálfsögðu að flytja efnislega ræðu um það sem ég tel máli skipta í þessu sambandi og gera það nokkuð rækilega án þess að vera að orðlengja neitt sérstaklega um það mál.

Mig langar til þess að vekja athygli á því, virðulegi forseti, hversu mikill munur er á þeim umræðum sem nú fara fram um stjórn fiskveiða og þeim umræðum sem áttu sér stað fyrir nokkrum árum þegar stjórn fiskveiða var fyrst hér á dagskrá á hinu háa Alþingi. Þá voru umræðurnar fyrst og fremst um ástæðurnar fyrir því að grípa þyrfti til sérstakra aðgerða til að stjórna fiskveiðum, draga úr sókn og minnka afla. Umræðurnar voru fyrst og fremst um það hvert væri ástand fiskstofnanna í sjónum og út frá því hvers vegna þyrfti að grípa til sérstakra ráðstafana til að minnka afla eða draga úr sókn. Nú er þessi umræða gjörsamlega horfin. Það minnist ekki nokkur maður lengur á ástand fiskstofnanna nema svona í framhjáhlaupi. Umræðan er öll orðin um stjórntækið. Stjórntækið eitt er farið að lifa sínu sjálfstæða lífi gjörsamlega án tillits til þess sem var meginatriði málsins í upphafi, þ.e. hvort ástæða sé til að draga eins mikið úr veiðum og sókn eins og látið var í veðri vaka. Þetta er svona svipað og ef sjúklingur leitar læknis vegna veikinda, ímyndaðra eða raunverulegra, og læknarnir sem við honum taka skoða hann og komast að þeirri niðurstöðu að eitthvað sé að og hefja svo umræður um þær aðgerðir sem til greina gætu komið til þess að sjúklingurinn næði fullum bata. Eftir því sem umræðurnar um tækin stæðu lengur, hvaða meðul ætti að nota, í hve miklum mæli, hvort grípa ætti til frekari aðgerða, gleymdist sjúklingurinn sjálfur þannig að fyrr en varði væri aðalumræðuefnið orðið meðulin, tækin og tólin en menn væru búnir að gleyma því hvort sjúklingurinn væri hress eða sjúkur, hvort hann væri lifandi eða dauður. Og það er þannig sem umræðan um kvótakerfið hefur þróast. Umræðan snýst öll um sjálf tækin, sjálft kerfið, en meginatriði málsins sem var kjarninn í allri umræðunni þegar lög um stjórn fiskveiða voru fyrst rædd hér á þingi, þ.e. ástand fiskstofna í sjónum, er algjörlega fallið í skuggann, menn eru orðnir algjörlega blindaðir af kerfinu, stjórnkerfinu einu saman og um það snýst öll umræðan. Stjórnkerfið í fiskveiðum er því orðið til stjórnkerfisins vegna en ekki sem tæki til þess að ná einhverjum tilteknum ákveðnum árangri í sambandi við þróun og uppbyggingu fiskstofna.

Það er þetta sem mér finnst mjög hafa skort á í þessari umræðu að menn ræddu um, en það er auðvitað ríkust ástæða til þess að fjalla um það grundvallaratriði hvort ástæða sé til þess og rök til þess að draga svo mikið úr fiskveiðum á Íslandsmiðum eins og reynt er að gera með kvótakerfi og öðru. Menn þurfa fyrst að komast að niðurstöðu um það og ræða síðan kerfið á eftir en ekki öfugt og alls ekki þannig, eins og það hefur verið, að menn ræði um stjórnkerfið stjórnkerfisins vegna.

Mig langar til að fara aðeins nokkrum orðum um hvernig háttar til hér á Íslandsmiðum og hvernig háttað hefur til hér á Íslandsmiðum um áratuga skeið. Strax árið 1924, þegar togaraöldin var að ganga í garð, veiddu menn hér á Íslandsmiðum 320 þús. tonn af þorski. Íslendingar veiddu þá sjálfur 162 þús. tonn og útlendingar veiddu 158 þús. tonn. Þessi afli fór síðan vaxandi ár frá ári. 1925 voru veidd 332 þús. tonn af þorski, 1927 343 þús. tonn, 1928 364 þús. tonn, 1929 398 þús. tonn, 1930 499 þús. tonn. Á því bili helst síðan aflinn til 1933 þegar hann fer upp í 518 þús. tonn og helst þar þangað til dregur úr sókninni vegna styrjaldaráranna. En allan þennan áratug frá árinu 1924 og til ársins 1939 er þorskafli á Íslandsmiðum frá 330 og upp í 590 þús. tonn.

Ég ætla aðeins að benda mönnum á annan hlut í þessu sambandi. Hvers konar fiskur var það sem menn voru þá að veiða? Hvar stunduðu hinir erlendu togarar sínar veiðar á þessum árum? Hinir erlendu togarar stunduðu sínar veiðar við Ísland á þessum árum fyrst og fremst á grunnslóð. Meginuppistaða í afla þessara togara var smáfiskur. Þeir voru að kraka uppi undir landsteinum í smáfiski á uppeldisstöðvum þorsksins. Ef fiskifræðingar hefðu verið til þá hefðu þeir sjálfsagt bannað þessar veiðar vegna þess að slíkar veiðar mundu að þeirra mati hafa gereyðilagt þorskstofninn. Fiskifræðingar voru engir á þessum árum og þessar veiðar voru svona stundaðar. En samt sem áður varð niðurstaðan sú að þorskafli á Íslandsmiðum var á þessum árum frá 350 og upp í 590 þús. tonn.

Strax eftir stríðið fer aflinn upp í svipað magn. Árið 1947 er aflinn kominn upp undir 250 þús. tonn, fer

síðan ört vaxandi, er á áratugnum 1950–1960 á bilinu 450–550 þús. tonn á hverju einasta ári. Þá er afli Íslendinga sjálfra um 240–280 þús. tonn en afli útlendinga álíka mikill. Þetta er aflareynslan af Íslandsmiðum. Þetta er sú aflareynsla sem við höfum frá tímabilinu 1924–1939. Þetta er sú aflareynsla sem við höfum frá fimmta áratugnum, frá sjötta áratugnum og frá sjöunda áratugnum. Þetta er sá afrakstur sem sagan segir okkur að Íslandsmið hafi getað skilað og þessu hafa Íslandsmið getað skilað ár eftir ár án þess að aflabrestur yrði.

Nú er skyndilega komið og sagt: Þetta gengur ekki lengur. Það verður að minnka þennan afla úr 500–600 tonnum á ári niður í 250 og helst neðar og ég spyr: Af hverju? Af hverju þarf að grípa til þessara ráða þegar sagan segir okkur allt annað? Fiskifræðingar segja: Þetta er sagnfræði en ekki fiskifræði. Það er alveg rétt að það er sagnfræði en ekki fiskifræði hvað hefur gerst í fiskveiðum á Íslandsmiðum alla þessa öld. En sagnfræði kallast öðru nafni reynsla. Það er reynslan af afrakstursgetu fiskimiðanna við Ísland sem þessi sagnfræði er að segja okkur frá. Og ég spyr: Hvers vegna þarf að skera þessa aflareynslu niður, þessa afkastagetu fiskimiðanna, um helming? Við því hefur aldrei fengist fullnægjandi svar. Það svar var gefið fyrst árið 1976 í „svörtu skýrslunni" svokölluðu. Þá var sagt að ef haldið yrði áfram að fiska þorsk í einhverjum svipuðum mæli eins og gert hefði verið áratugina þar á undan mundi þorskstofninn hrynja á örfáum árum, 1–2 árum, og fiskifræðingar kröfðust þess að þegar í stað yrði íslenskum fiskimönnum bannað að sækja þann afla sem feður þeirra og afar höfðu gert í áratugi. Það var ekki hlustað á rök fiskifræðinga nema að mjög óverulegu leyti á árunum 1976, 1977 og 1978 og aflamagnið dróst ekki saman eins og þeir spáðu heldur var á þessum árum milli 350 og 400 tonn.

En það gerðist ekki sem fiskifræðingarnir sögðu að mundi gerast ef haldið yrði áfram að sækja afla í svipuðu magni eins og gerst hafði á árunum áður. Fiskifræðingarnir sögðu að ef þetta mundi gerast, sem svo gerðist, mundi þorskstofninn hrynja á 2–3 árum og verða alger ördeyða á Íslandsmiðum. En sú ördeyða varð ekki. Og þegar fiskifræðingar eru síðan spurðir: Af hverju gerðist það ekki sem þið sögðuð að mundi gerast ef ekki yrði farið að ykkar tillögum? — svara þeir og segja: Þær aðferðir sem við notuðum til þess að meta veiðiþol og stofnstærð á þessum árum voru ekki fullnægjandi. En við höfum svo miklu betri aðferðir í dag til þess að meta þetta. Með öðrum orðum, þeir viðurkenna það að ekki voru ástæður fyrir þeim viðvörunum sem þeir létu frá sér fara árið 1976. Þeir viðurkenna það af því að þeir geta ekki annað en viðurkennt það því að reynslan hefur skorið úr. Sagnfræðin skar úr. En þeir segja bara í staðinn: Við erum með svo miklu betri aðferðir til að meta þetta í dag en við vorum með þá að það sem við fullyrðum í dag er miklu réttara en það sem við fullyrtum þá. En engin rök hafa samt sem áður komið fram frá þeim, ekki svo að ég hafi heyrt, um það hvers vegna þurfi að skera niður þann afla um allt að helming sem sagan segir okkur að íslensk fiskimið geti skilað í þjóðarbúið. Þau rök hafa aldrei komið fram, heldur hafa þeir fyrst við þegar þeir eru spurðir um slík svör og rætt um vísindaheiður, rætt um brjóstvit sem ekki beri að taka mark á, rætt um kröfur sjómanna, rætt um að verið sé að gera lítið úr þeirra menntun o.s.frv. o.s.frv. En rök fyrir því að skera afla svo mikið niður eins og þeir leggja til hafa ekki komið frá þeim. Og við skulum gera okkur grein fyrir því hvað þeir eru að segja, með öðrum orðum. Það sem þeir eru að segja er það að ekki sé óhætt að taka í þorskafla við Ísland meira en Íslendingar tóku sjálfir áður en allar útfærslur íslensku fiskveiðilögsögunnar komu til. Með öðrum orðum, þeir eru að óska eftir því að Íslendingar skilji eftir á Íslandsmiðum allan þann afla sem erlendir togarar tóku á Íslandsmiðum fyrir útfærslu landhelginnar. Það eru tillögur fiskifræðinganna að öll útfærsla íslenskrar fiskveiðilögsögu frá byrjun hafi verið unnin fyrir gýg.

Þetta eru ekki staðlausir stafir, virðulegi forseti. Tillögur þeirra nú eru um það að ekki sé óhætt að taka nema 250 þús. tonna þorskafla á Íslandsmiðum. Það er sami afli og kom á land, veiddur af íslenskum fiskiskipum, árið 1933. Þá veiddu erlend fiskiskip 271 þús. tonn af þorski við Ísland og það sem fiskifræðingarnir eru að segja okkur núna án þess að styðja það frekari rökum en ég hef rætt um áður er að ekki sé óhætt að taka meiri afla á Íslandsmiðum en Íslendingar tóku árið 1933 og öll sú viðbót sem útlendingar tóku á því ári sem var meiri en afli Íslendinga og allir þeir sigrar sem Íslendingar hafa unnið í landhelgisbaráttunni síðan eigi að verða okkur til einskis gagns. Við eigum að ávaxta það í sjónum, við eigum að láta þann afla óhreyfðan á Íslandsmiðum. Það sem útlendingar tóku áður sé Íslendingum ekki óhætt að nýta. Sá fiskur eigi annaðhvort að verða sjálfdauður eða öllu heldur, sem þeir vilja nú halda fram, að hann sé ekki til.

Þetta var önnur sú forsenda sem upphaflega var gefin fyrir nauðsyn þess að draga úr afla á Íslandsmiðum og sókn, sú fullyrðing fiskifræðinganna að þorskstofninn við Ísland þyldi ekki þann afla sem sagan segir okkur og reynslan segir okkur að hafi verið sótt í sjó við Ísland alveg frá því að togaraöldin hófst á þessu landi og við þetta land.

Annað atriði sem hefur verið sameiginlegt báðum þeim stjórnkerfum sem við höfum notað í sambandi við fiskveiðistjórn, sameiginlegt bæði kvótakerfinu og skrapdagakerfinu, er sú kenning að unnt sé að geyma fiskinn í sjónum og ávaxta hann þar eins og fé á bankareikningi. Það sé unnt að geyma smáfiskinn í sjónum ef mönnum er haldið frá veiðum á honum. Hann muni þá vaxa og verða stór og hægt sé að sækja hann nokkrum árum seinna eins og innstæðu sem liggur á kjarabók í banka með margföldum vöxtum og vaxtavöxtum. Þetta er líka kenning sem hefur gengið í gegnum álit og tillögur fiskifræðinga allt frá byrjun gjörsamlega án tillits til þess hvaða stjórnkerfi hefur verið notað, hvort heldur það er kvótakerfi eða skrapdagakerfi.

Við höfum líka reynslu af þessum búskap. Ætli það

hafi ekki verið snemma á sjöunda áratugnum sem var byrjað að beita lokunum á einstökum hólfum og friðunum á smáfiskaslóð hér við Ísland til þess að byggja upp fiskstofnana þannig að hinn smái fiskur fengi frið til þess að vaxa í sjónum og verða stór? Við erum búnir að reyna þetta í 20–25 ár, og skyldi maður nú ekki ætla að þær tilraunir allar saman væru farnar að skila mjög verulegum árangri? En hvernig stendur þá á því að fiskifræðingarnir sjálfir segja okkur að eftir 20–25 ára reynslu af þessum kenningum þeirra sjálfra skuli ekki vera óhætt að veiða nema 250 þús. tonn af þorski? Með öðrum orðum, það hefur farið fyrir smáþorskinum líkt og sparifé landsmanna hér á árunum áður. Menn hafa reynt að leggja hann í banka á vöxtum en ávöxtunarkjörin hafa verið neikvæð þannig að þegar menn hafa ætlað að taka út úr reikningnum hefur reynst vera minni innstæða á honum þrátt fyrir vextina og vaxtavextina sem áttu að koma en nam verðmæti þeirrar innstæðu sem upphaflega var inn lögð. Og það eru ekki bara Íslendingar sem hafa orðið fyrir þessari reynslu. Hún hefur einnig komið fram á öðrum stöðum þar sem þetta hefur verið reynt.

Ég ætla ekki að lengja ræðutíma minn með því að fara að vitna í viðtal við Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, sem tekið var fyrir nokkrum árum, að því er mig minnir 1985. Þar var hann að dásama fiskveiðistjórnun Kanadamanna og skýra frá því að með takmörkunum sem Kanadamenn hefðu beitt í sókn á þorski, með þeim friðunum sem þeir hefðu gert á smáfiski, væru þeir kerfisbundið að byggja upp þorskstofnana við Kanada og gerðu ráð fyrir því að á árinu 1987 mundi afli á miðunum við Kanada nema 1 millj. tonna. Þá mundu Kanadamenn taka forustuna á fisksölumarkaðinum í Bandaríkjunum og skilja Íslendinga algjörlega eftir eina á báti og ná þeim undirtökum á fiskmarkaðinum í Bandaríkjunum sem Íslendingar hefðu haft.

Jakob Jakobsson dásamaði þetta mjög og sagði að þessi háttur Kanadamanna væri til algjörrar fyrirmyndar. Ég bendi hv. þm. á að lítið hefur farið fyrir því síðan að embættismenn Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn. hafi rætt um fyrirmyndarríkið Kanada í þessu sambandi vegna þess að sú fiskveiðistjórnun sem þar var fylgt, sá búskapur sem Hafrannsóknastofnunin dásamaði svo sem algjöra fyrirmynd, hefur gjörsamlega brugðist. Það kom engin 1 millj. tonna upp úr hafinu við Kanada árið 1987 eins og Jakob Jakobsson sagði. Það komu rétt um 600 þús. tonn af þorski af þeim miðum og hefur aflinn ekki farið vaxandi síðan heldur þvert á móti. Þetta eru óhreinu börn Hafrannsóknastofnunarinnar. Um þetta vilja þeir ekki ræða.

Það er fjallað nokkuð um þessi mál í einum fjölmiðli á Íslandi, þ.e. sjómannablaðinu Víkingi. Það virðist vera eini fjölmiðillinn fyrir utan DV þar sem þessi sjónarmið fá að koma fram, þar sem það fæst að segja hvað það er sem reynslan hefur skorið úr um að hafi orðið afrakstur þess búskapar sem ég hef hér rætt um og Hafrannsóknastofnun dásamaði svo á sínum tíma. En það er víðar sem reyndin hefur orðið þessi. Þessi fyrirmyndarbúskapur átti líka að ganga upp í Barentshafinu. Þar var beitt sömu takmörkunum og sömu stjórnaraðferðum og fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar og embættismenn sjútvrn. eru nú að leggja til og hafa barist fyrir undanfarin ár. Þar var það gert með því að draga úr fiskveiðum í stórum stíl, með því að friða smáfisk og banna mönnum að veiða. Og hvað gerðist í Barentshafinu? Þorskurinn sem hrygnir við Lófóten elst upp í Barentshafi, en það nær frá Noregi til Svalbarða og frá Frans Jósefslandi í norðri og austur til Novaja Semlja. Árið 1983 kviknaði mjög sterkur árgangur þorsks í Barentshafi. Árgangarnir sem á eftir komu virtust einnig vera þokkalegir og norskir fiskifræðingar spáðu því árið 1985 að unnt yrði að veiða 800–900 þús. tonn af þorski á árinu sem nýbyrjað er, á árinu 1989.

Strax á árinu 1987 kom hins vegar í ljós að ekki var allt með felldu. Stjórntækin sem fiskifræðingarnir í Noregi ætluðu sér að beita virtust vera að bregðast. Þorskurinn var horaður og miklar selavöður gengu upp að norsku ströndinni í ætisleit. Og hverjar voru þá tillögur fiskifræðinganna? Og sjáið þið nú hversu mikið er líkt með tillögum þeirra og þeim tillögum sem fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar eru nú að gera. Norsku fiskifræðingarnir lögðu til að þorskkvótinn yrði minnkaður og héldu svo áfram að leggja til minni og minni þorskkvóta frá ári til árs uns þeir lögðu til ásamt Alþjóðahafrannsóknaráðinu að kvóti Norðmanna í Barentshafi yrði skorinn niður í 100 þús. tonn. Barentshafið átti að skila Norðmönnum 900 þús. tonnum en þeir voru komnir með aflann niður í 100 þús. tonn. Þetta er sama þróunin og hefur verið að gerast hér á landi. Ár eftir ár er þess krafist að veiðarnar verði skornar meira og meira niður. Niðurstaðan virðist vera sú, ár eftir ár, að eftir því sem strangar er í taumana tekið verði ástand fiskstofnanna verra og niðurstaðan er ávallt sú sama. Það verður að skera meira niður og svo koll af kolli. Og við stöndum uppi með það, herra forseti, við Íslendingar, að eftir að vera búnir að nýta þessi stjórntæki allt frá árinu 1976 í ýmsum myndum og með ótvíræðum árangri að því er snertir sókn og veiðimagn, þegar við erum búin að reyna þessi stjórntæki, þá stöndum við uppi, eins og norsku útgerðar- og sjómennirnir gerðu, með um það bil helming af þeim afla, að því er fiskifræðingar telja óhætt að taka, sem við tókum á áratugunum 1933–1939 og 1947–1979. Við erum að vísu ekki komnir eins langt niður með árangur stjórnunarinnar eins og Norðmenn sem máttu gera sér vonir um, að áliti fiskifræðinga þegar stjórnunin byrjaði, að fá 800–900 þús. tonn af þorski upp úr miðunum við Norður-Noreg á árinu 1990 en eru nú komnir að áliti þessara sömu fiskifræðinga niður í 100 þús. tonn. Þetta er vissulega rétt hjá fiskifræðingunum. Þetta er sagnfræði en ekki fiskifræði. En það virðist vera að fiskifræðin hafi borið ábyrgð á því að þessi sagnfræði gerðist. Þetta er niðurstaðan af þeirra stjórnháttum.

Auðvitað hljóta menn að spyrjast fyrir um þetta,

hvernig á því stendur að þetta gerðist í Barentshafinu sem þar hefur gerst. Nokkrar skýringar hafa verið gefnar á því, t.d. laugardaginn 6. jan. sl. í dagblaðinu Bergens Tidende og er þar höfð eftir Odd Nakken sú skýring m.a. að ástæðan fyrir þessu sé sú að ekki hafi af hálfu fiskifræðinganna verið neitt tillit tekið til áhrifa af samspili ólíkra fiskstofna, áhrifa af öðrum ákvörðunum sem þeir lögðu til að teknar yrðu. Með gríðarlegri loðnuveiði í Barentshafi var loðnustofninn nærfellt þurrkaður upp. Loðnan er meginæti þorsksins a.m.k. á vissum tímum. Þegar loðnan hvarf úr Barentshafinu hafði hinn voldugi þorskstofn sem þar var fyrir ekki um neitt annað að ræða en að snúa sér að sjálfum sér til þess að finna sér æti, en eins og allir vita er þorskurinn ránfiskur og lifir á þeirri fiskifæðu sem hann getur komist í. Og þegar hin hefðbundna fæða þorsksins brást átti hann ekki annars kost en að snúa sér í auknum mæli að því að éta minni fisk, m.a. af sínum eigin stofni. Og nú eru norsku fiskifræðingarnir, eins og þessi Odd Nakken, að koma fram með þá kenningu að það kynni nú að vera að eitthvað hafi brostið í þeirra eigin forsendum, m.a. það að með heimildum sem þeir gáfu til loðnuveiða í Barentshafi hafi niðurstaðan orðið sú að þorskstofninn hafi hrunið. Ef skýringar þessa fiskifræðings, Odds Nakken, eiga við rök að styðjast hefur hin hefðbundna fiskifræði beðið alvarlegt skipbrot því þá þarf að viðurkenna að fiskarnir í hafinu lúti sömu líffræðilegum lögmálum og önnur dýr sem lifa í afmarkaðra umhverfi.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að allt önnur lögmál gildi um fiskstofna í úthafinu en gilda um fisk og aðrar lífverur í öðru umhverfi. Fiskifræðingar sem rætt hafa um hafið og fiskveiði í úthafinu hafa lifað eftir þeirri kenningu að þeir þyrftu ekki að taka tillit til vistkerfisins í heild heldur nægði þeim algjörlega að horfa aðeins á þann fiskstofn sem þeir voru að rannsaka í það og það sinnið. Og þeir hafa gert mikið grín að öðrum líffræðingum, svo sem fiskifræðingum sem unnið hafa með vatnafiska, þegar þeir hafa haldið því fram að auðvitað hlytu sömu líffræðilegu lögmálin að gilda í hafinu og annars staðar í vistkerfinu, að enginn einn fiskstofn eða stofn dýra gæti lifað einn og óháður og óstuddur án þess að taka tillit til þess sem væri að gerast í vistkerfi hafsins og í umhverfinu í kringum þá.

Allir útreikningar og spár sem gerðar hafa verið og lagðar til grundvallar tillögum fiskifræðinga og Hafrannsóknastofnunar hafa verið byggðar á þessu, hafa verið byggðar á því t.d. þegar verið er að rannsaka þorskstofninn að hann gæti lifað svona nokkurn veginn sínu sjálfstæða lífi án þess að taka þyrfti sérstakt tillit til þess hvað væri að gerast í umhverfi hans að öðru leyti. Það er fyrst nú nýverið, m.a. vegna reynslunnar í Barentshafinu, m.a. vegna reynslunnar í Norðursjónum, sem menn eru að komast á þá skoðun að þetta lögmál gildi ekki, það gildi ekkert sérlögmál yfir fiskana í úthafinu umfram aðrar lifandi verur á þessari jörð. Og nú fyrst eru menn byrjaðir að vinna að svokölluðum fjölstofna fiskveiðimódelum, þ.e. þar sem reynt er að taka tillit til fleiri stofna en bara þess sem menn eru að fást við. Þar hafa komið í ljós ýmsar athyglisverðar staðreyndir sem ég hygg að ekki sé nægilegur gaumur gefinn og hefur lítið verið talað um.

Um þetta mál er nokkuð fjallað í 11. og 12. tölublaði af sjómannablaðinu Víkingi frá sl. ári, frá árinu 1989, í grein eftir Jón Kristjánsson fiskifræðing. Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Nokkuð er orðið síðan menn gerðu sér grein fyrir því að samspil fiskstofnanna gæti haft þýðingu fyrir aflaspár en fyrst nú á allra síðustu árum hefur verið unnt að setja fram tölur í þessu sambandi. Þess vegna byggist mestöll fiskifræðileg ráðgjöf enn á hefðbundnum aðferðum, en þær byggja á því að hægt sé að líta á hvern fiskstofn sem einangrað fyrirbæri og að stjórn veiða á einum fiskstofni hafi ekki smitandi áhrif á aðra stofna.

Þegar á áttunda áratugnum voru Danir farnir að efast um þessar forsendur. Vegna þeirra miklu breytinga sem orðið höfðu á veiðum í Norðursjó á sjötta og sjöunda áratugnum var reynt að nota flókið reiknilíkan, hið svokallaða Norðursjávarlíkan, til þess að rannsaka hvort hluti breytinganna gæti stafað af breyttu samspili fiskstofnanna. Árangurinn varð sá að hluta af hinni skyndilegu aukningu í þorskafla sem varð á síðari hluta sjötta áratugarins mátti skýra með því að síldar- og makrílstofnarnir hefðu verið veiddir upp. Þessar niðurstöður mættu í fyrstu mikilli andstöðu frá erlendum fiskifræðingum. Líkanið var, og það ekki að ástæðulausu, gagnrýnt fyrir að vera of flókið og það byggði á of mörgum ágiskunum um fæðuval fiskanna."

Í þessari grein heldur fiskifræðingurinn síðan áfram að skýra þær betrumbætur sem gerðar hafa verið á Norðursjávarlíkaninu sem eru tilraun til þess að leiða í ljós hvaða skýringar kynnu að vera á því að ráðgjöf fiskifræðinganna hafi ekki gengið upp, hvorki í Barentshafi né í Norðursjó, og tilraunin til að skýra það var gerð með þeim hætti að reynt var að skoða samspil fleiri fiskstofna en bara eins, þess sem var verið að rannsaka hverju sinni.

Það er margt mjög athyglisvert sem kemur út úr nýjustu niðurstöðum af þessu Norðursjávarlíkani. T.d. kemur í ljós og kemur nú mörgum ýmislegt nokkuð á óvart. Ég les tilvitnunina orðrétt, virðulegi forseti, með þínu leyfi, nýjustu niðurstöður úr Norðursjávarlíkaninu og rannsóknum þess:

„Fram kemur að langtímaafli mun aukast með aukinni sókn. Það er auðvitað vegna þess að með því að fjarlægja meira af fiskætum úr Norðursjónum er einnig hægt að veiða fiska sem annars hefðu verið étnir. Þar sem ránfiskarnir éta meira en svarar þyngd þeirra sjálfra á hverju ári er ávinningur í að veiða þá meðan þeir eru litlir áður en þeir ná þeirri stærð að þeir séu að nokkru marki farnir að leggja sér aðra nytjafiska til munns. Þessar niðurstöður eru í hróplegri mótsögn við það sem kemur út ef einstofna líkön eru notuð."

Ég vek athygli þingmanna á þessu: Þessar niður-

stöður eru í hrópandi mótsögn við það sem kemur út ef einstofna líkön eru notuð. Með öðrum orðum, ef menn reyna að styðjast við Norðursjávarlíkanið þar sem reynt er að taka tillit til samspils fiskstofnanna í sjónum, þá er það niðurstaða þeirrar rannsóknar og þeirra athugana að aukin sókn í þorskstofninn verði til þess, þegar til lengri tíma er litið, að þorskafli fari vaxandi. En minnkandi sókn í þorskstofninn og takmarkanir á veiðum verði til þess, þegar lengra yrði litið, að afli, afrakstursgeta þorskstofnsins, færi minnkandi. Þetta er í hróplegri mótsögn við það sem kemur út úr einstofna fiskveiðilíkönunum sem vísindamenn Hafrannsóknastofnunar nota, en þetta er í algjöru samspili við það sem reynslan hefur sagt okkur hér á Íslandsmiðum. Um leið og sóknartakmarkanirnar urðu hvassari og harðari, um leið og dregið var úr heimildum til eðlilegra veiða á smáfiski, fór afrakstursgeta þorskstofnsins stöðugt minnkandi uns hún er nú komin niður í helming þess sem hún var á árunum 1933–1939 og 1947–1978/1979. Þannig að þó svo þessi niðurstaða úr Norðursjávarmódelinu sé í hróplegri mótsögn við þær niðurstöður sem verða á einstofna fiskveiðimódelum, þá er hún í algeru samræmi við þá reynslu sem við Íslendingar höfum haft af stjórnun fiskveiða.

En það er fleira sem kemur á óvart í þessu sambandi. Ég skýrði frá því hér áðan að það hefði verið þumalfingursregla í allri fiskveiðistjórnun á Íslandi, hvaða nafni sem hún nefnist, að það bæri að leggja smáfiskinn á vöxtu í sjónum, láta hann vaxa þar upp og sækja hann síðar þegar hann hefði margfaldað þyngd sína. Ég vil aftur vitna í grein Jóns Kristjánssonar fiskifræðings í sjómannablaðinu Víkingi þar sem hann fjallar um sambærilegt mál. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Fjölstofnalíkan má einnig nota til að segja fyrir um áhrif aukinnar möskvastærðar við veiðar á matfiski. Efnahagsbandalagið hefur lengi reynt að auka möskvastærð veiðarfæra í Norðursjó og beitt fyrir sig rökum sem fengist hafa með hefðbundnum einstofnalíkönum. Hér greinir einstofna- og fjölstofnalíkanið enn á. Hið fyrrnefnda spáir aflaaukningu en hið síðarnefnda aflarýrnun þegar til lengdar lætur."

Hér er enn ein mótsögnin við tillögur fiskifræðinga. Þegar menn fara að reyna að taka tillit til áhrifa af samspili fiskstofna í sjónum og þeirra staðreynda að þorskurinn er ránfiskur, kemur það í ljós að takmarkanir á veiðum á smáfiski leiða til aflaminnkunar þegar til lengdar lætur, en frjálsari veiðar á smáfiski leiða hins vegar til aflaaukningar þegar til lengdar lætur. Ég hef ekki orðið var við að þessar staðreyndir, sem varða að sjálfsögðu sjálfan grundvöllinn undir allri fiskveiðistjórn Íslendinga, hafi nokkurn tíma verið ræddar í tengslum við þessa kvótaumræðu eða í blöðum yfirleitt. Eða finnst mönnum það engin tíðindi þegar það kemur í ljós þegar reynt er að taka tillit til áhrifa samspils fiskstofnanna í sjónum eftir þá reynslu sem menn hafa haft úr Norðursjó, við Kanada, í Barentshafi og á Íslandsmiðum, þegar reynt er að betrumbæta spátæki fiskifræðinnar, þá koma þveröfugar niðurstöður út á við það sem taldar hafa verið heilagur sannleikur af vísindamönnum Hafrannsóknastofnunar fram að þessu? Og hverju skyldu þeir svara, þeir ágætu menn þegar þeim er bent á þetta? Þá svara þeir einfaldlega og segja: Norðursjórinn, það eru allt önnur lögmál sem gilda þar en í Atlantshafinu. Í Barentshafinu eru allt önnur lögmál sem gilda en í Atlantshafinu. Og við Kanada eru allt önnur lögmál sem gilda en við Ísland. En það koma engar frekari skýringar á því hvaða allt önnur lögmál það eru sem gilda í Norðursjó, Barentshafi, við Kanada en við Ísland. Þeir skýla sér bara á bak við sérfræði sína og segja: Auðvitað vita almennir alþingismenn ekkert um það. Þeir hafa aldrei lært fiskifræði. En við vitum það. Og ykkur er óhætt að treysta því sem við segjum.

Þó hefur það gerst, virðulegi forseti, að okkar ágætu fiskifræðingar hafi fengist til þess að skoða akkúrat þessi mál, þ.e. samspil fiskstofnanna í sjónum og áhrif þess, t.d. á þorskstofninn, sem gerist hvað varðar aðra stofna nytjafiska. Þetta gerðist t.d. með grein sem Ólafur Karvel Pálsson og annar fræðimaður, Kjartan G. Magnússon stærðfræðingur, rituðu í sjómannablaðið Víking, 1. tölublað á þessu ári. Greinin heitir: „Um fæðutengsl þorsks og loðnu á Íslandsmiðum." Þetta er í fyrsta skipti, virðulegi forseti, a.m.k. sem ég veit til, að gerð hafi verið tilraun til að athuga samspil tveggja fiskstofna á Íslandsmiðum. Og það er ýmislegt athyglisvert sem þar kemur fram. Þar kemur m.a. fram eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu fer heildarát þorsks minnkandi með minnkandi loðnuáti. Ef engin loðna er étin er heildarátið aðeins um það bil helmingur af átinu þegar mest er étið af loðnu. Þetta þýðir að við minnkandi framboð loðnu nær þorskurinn ekki að afla sér uppbótarætis nema um það bil að hálfu leyti."

Síðan koma hér mjög athyglisverðar upplýsingar um tengsl áts á loðnu við vaxtarhraða þorsks og þorskafla sem skýrir það mjög greinilega að með auknum loðnuveiðum hefur skort fæðu sem þorskurinn hefur haft með hefðbundnum hætti í sjónum. Niðurstaðan er sú að þyngd þorksins fer minnkandi og segir það sig sjálft hver tengslin eru þar á milli.

Mér er tjáð að sá loðnuafli sem tekinn var á sl. ári samsvari því að úr hafinu séu tekin fæðuverðmæti er séu fæðuígildi fyrir 100 þús. tonn af þorski. Loðnuafli sá sem af Íslandsmiðum var tekinn á sl. ári er fæða 100 þús. lesta af þorski. Það er um það bil það aflamagn af þorski sem menn hefðu getað tekið af Íslandsmiðum miðað við hefðbundna reynslu undanfarandi áratuga. Vil ég svo biðja menn að doka aðeins við og hugsa um hvort líkur séu nú á því að það séu hagstæð skipti að skipta á 100 þús. tonnum af þorskafla og þeim loðnuafla sem kom upp úr sjó á sl. ári. Ég vil einnig benda mönnum á hvaða áhrif þau skipti hafa á afla og aflasamsetningu einstakra byggðarlaga. Vestfirðir til að mynda hafa engan loðnukvóta. Þeir eiga ekki loðnuskip, þeir fiska ekki loðnu. Þeir fiska hins vegar þorsk og ef ákvörðun

væri tekin um að skipta á þessum loðnuafla og 100 þús. tonnum af þorski, eins og kann að hafa verið gert þegar ákvörðun var tekin um að heimila þessar loðnuveiðar, þá hefðu vestfirsku fiskiskipin getað fengið, miðað við kvótakerfið í dag, til viðbótar afla fjögurra skuttogara og munar nú um minna.

Virðulegi forseti. Vissulega er brjóstvitið engin fiskifræði en það vill nú svo til að Íslendingar hafa verið á umliðnum öldum í nánu sambýli við náttúruna og vita sitt af hverju um samspil þeirra þátta sem þar ráða ferð. Hvað skyldi sá bóndi gera sem fengi fé af fjalli þar sem dilkarnir færu stöðugt minnkandi ár frá ári? Skyldi hann komast að þeirri niðurstöðu að nú yrði að ráða bót á þessu með því að hætta að skera og fella sína dilka að hausti, setja þá á, reka þá til fjalls að nýju til þess að láta þá vaxa og verða stærri? Skyldi hann komast að þessari niðurstöðu, bóndinn sem þekkir samspil lands og landnytja gegnum aldirnar? Eða skyldi hann komast að þeirri niðurstöðu að eitthvað hlyti að vera athugavert, annaðhvort við fjölda þess fjár sem rekið væri á fjall ellegar við ástand gróðurfars á afréttinum? Tillaga fiskifræðinga þegar þorskurinn fer stöðugt minnkandi — þegar menn vega ákveðinn aldur og þyngd þá dregur stöðugt úr þunga þorksins — niðurstaða fiskifræðinganna er sú að það eigi að auka ásetuna, það eigi sem sé að auka möguleikana á því að fleiri og fleiri smáþorskar séu á miðunum. Niðurstaða fiskifræðinganna í þessu efni stefnir í þveröfuga átt við niðurstöðu þá sem bóndinn sem landið byggir mundi af reynslu sinni vita að væri rétt. Þessi niðurstaða er í andstöðu við heilbrigða skynsemi. Og mér er alveg sama þó það séu menn með mikla sérmenntun sem haldi slíku fram, það getur ekki verið skynsamleg stjórnun á fiskveiðum sem stefnir í öfuga átt við það sem heilbrigð skynsemi segir okkur.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins nota tækifærið til þess að skýra frá þessu og taka til umræðu þessa þætti málsins sem nær ekkert hafa verið ræddir í sambandi við þá kvótaumræðu sem farið hefur fram hér og annars staðar að þessu sinni. Ég gæti vissulega tekið fyrir ýmsa aðra þætti, svo sem áhrif kvótakerfisins á byggðarlögin í landinu, áhrif kvótakerfisins í þá veru að draga úr kostnaði, sem hafa verið þveröfug við það sem til er ætlast. Ég gæti greint frá áliti fiskideilda, ég gæti greint frá áliti sveitarstjórna á Vestfjörðum. Ég gæti greint frá ítarlegri úttekt sem Kristján Jóakimsson sjávarútvegsfræðingur gerði á áhrifum kvótans á vestfirskar byggðir. Ég ætla hins vegar ekki að gera það. Það eru sjálfsagt nógir aðrir til þess og nógur tími til þess síðar, enda eru þetta staðreyndir sem flestir ef ekki allir vita. Þess vegna ætlaði ég mér eingöngu að ræða þá undirstöðuþætti kvótakerfisins sem ég hef hér drepið á.

Það væri líka ástæða til þess að gera grein fyrir því hvert var álit ýmissa ágætra alþingismanna þegar kvótafrv. var hér síðast á dagskrá, svo sem þeirra Júlíusar Sólnes, Guðmundar Ágústssonar, Steingríms Sigfússonar og Hjörleifs Guttormssonar. Þetta má lesa m.a. á bls. 1564 í þingtíðindum ársins 1987, á bls. 1579 í sömu þingtíðindum, bls. 3796, 3297 og 3611. En ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara að vitna í þessi ummæli. Ég bendi aðeins á að þarna er þau að finna.

Virðulegi forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins minnast á eitt atriði í þeim breytingum sem gerðar hafa verið á meðferð málsins í Ed. sem ég ætla að biðja þá sjávarútvegsnefndarmenn sem hér eru viðstaddir og mál mitt heyra að athuga sérstaklega í sjútvn. Tala ég þá í senn um það frv. sem hér er til umræðu og um frv. sem á eftir að koma á dagskrá um Úreldingarsjóð fiskiskipa með breyttri fyrirsögn. Við vorum upplýstir um það í mínum þingflokki að ef Hagræðingarsjóður keypti skip til úreldingar, þá keypti hann að sjálfsögðu kvóta skipsins með, eins og hann stæði á þeim tíma sem skipið væri keypt, og gæti síðan ráðstafað þeim kvóta til annarra aðila og þannig fjármagnað sig að nokkru leyti með slíku. Því var haldið fram í mínum þingflokki að Hagræðingarsjóður mundi síðan halda kvóta þessa skips í framtíðinni. Ég sé ekki hvernig það getur gerst vegna þess að kvóta er úthlutað einu sinni á ári. Hann kemur til endurúthlutunar árlega og skilyrði fyrir því að fá úthlutað kvóta er, samkvæmt frv. um stjórn fiskveiða, að sá sem kvóta fær eigi skip. Hvernig getur Hagræðingarsjóður haldið afla kvóta af skipi sem hann hefur keypt og úrelt? Er það mögulegt? Stenst það nánari skoðun að hægt sé að úthluta sjóðnum kvóta við endurúthlutun í byrjun árs út á skip sem hann hefur keypt, tekið út af skipaskrá og annaðhvort látið eyðileggja innan lands eða selt úr landi? Þetta vil ég eindregið óska eftir að verði skoðað sérstaklega í sjútvn.

Ég vil einnig benda á í þessu sambandi að ef það er niðurstaðan að þetta sé hægt þá komast menn fljótlega í mótsögn við sjálfa sig vegna þess að í öðru ákvæði í þessu sama frv. er gert ráð fyrir því að aldrei megi Hagræðingarsjóður eiga meira en samsvari 5% af heildaraflakvóta. Og ef hann nú heldur kvóta með einhverjum hætti af þeim skipum sem hann hefur keypt og fær síðan til viðbótar refsikvóta allt upp í 12 þús. tonn, þá er hann nú ansi fljótur að byggja sig upp í þetta 5% þak. Ætli hann þurfi þá að úrelda nema þrjá togara eða svo til þess að vera kominn upp í þetta margumrædda þak ef hann getur haldið kvóta úreltra skipa ár eftir ár? Og hvað skeður þá með Hagræðingarsjóðinn? Þá getur hann ekki keypt eitt einasta skip til viðbótar til úreldingar því hann fær ekki kvótann af því skipi sem hann á að kaupa og fjármögnun Hagræðingarsjóðsins til úreldingar vegna kvótasölu af skipum sem hann kaupir er þar með fallin um sjálfa sig. Ef það er rétt að Hagræðingarsjóður geti haldið þeim kvóta sem hann kaupir með úreltum skipum ár eftir ár, þá reka menn sig strax í hitt hornið, sem sé það að eftir örskamman tíma hefur sjóðurinn náð undir sig 5% af heildaraflakvóta og eftir það hefur sjóðurinn ekki færi á að taka frekari þátt í úreldingu fiskiskipa, a.m.k. ekki nema með því að aðrir aðilar leggi honum til fé en honum er ætlað að fá samkvæmt frv.

Virðulegi forseti. Margar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið í Ed. eru til bóta og sumar til mjög mikilla bóta. Ég vil taka fram í því sambandi að mér finnst leitt og ómaklegt þegar vikið er þannig að hæstv. sjútvrh. að segja að hann hafi verið beygður eða brotinn í þessu sambandi. Margt má um hæstv. sjútvrh. segja en þetta er mjög ómaklegt vegna þess að hann hefur, eins og aðrir, beitt sér fyrir samkomulagi og náð samkomulagi við ýmsa ráðherra um þá niðurstöðu sem nú liggur fyrir og Ed. hefur staðfest. Það er því mjög ómaklegt eða ásaka hæstv. ráðherra eða egna eða gera lítið úr honum með slíku orðalagi. Auðvitað á hæstv. ráðherra heiður skilið fyrir það að reyna að ná samkomulagi. Sumt af því sem hann hefur beitt sér fyrir að samkomulag hefur orðið um er til mjög mikilla bóta, annað ekki.

Það sem er hins vegar að er það að margt af því sem sett var inn í frv. í Ed. er að mestu ókynnt og órætt. Ég segi fyrir mig að kvótamálið er það stórt mál heima í mínu kjördæmi að ég treysti mér ekki til þess að ganga til afgreiðslu málsins með þeim nýju og miklu og að ýmsu leyti þörfu breytingum sem gerðar hafa verið á því í Ed. án þess að fá tækifæri til þess að bera mig saman við stuðningsmenn mína og kjósendur heima í héraði og kanna hvort verið gæti að þær breytingar til mikilla bóta sem gerðar hafa verið í Ed. Alþingis séu nægilegar til þess að mínir umbjóðendur gætu við unað. Ég treysti mér ekki til að ganga til afgreiðslu málsins öðruvísi en að fá tíma til þess að kanna það en það gefst ekki í önnum síðustu daga Alþingis. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að afgreiðslu málsins yrði frestað eitthvað fram á sumar eða fram á haust þannig að mönnum gæfist tækifæri til þess að kynna betur og skoða betur frv. eins og það liggur fyrir nú með þeim miklu breytingum sem gerðar hafa verið í hv. Ed. Ef ekki verður á það fallist, virðulegi forseti, þá hef ég látið bóka það í mínum þingflokki og vil skýra frá því hér, lét bóka það alllöngu áður en gengið var til afgreiðslu málsins í Ed., þá tel ég mig ekki eiga annars úrkosti en flytja slíka tillögu hér í þessari hv. deild. Verði sú tillaga ekki samþykkt treysti ég mér ekki til þess að greiða atkvæði með frv. heldur mun greiða atkvæði gegn því við lokaafgreiðslu málsins.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu er vafalaust eitt af stærstu málum þingsins. Ekki nokkur vafi á því að það er eitt af þeim stærstu málum sem varða þjóðarhag og almenna afkomu. Í þessu máli hefur verið unnið töluvert mikið. Í fyrsta lagi skipaði hæstv. ráðherra milliþinganefnd um málið sem fór mjög vítt yfir það, kannaði margar leiðir og mörg sjónarmið. Vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þá vinnu sem hann lét framkvæma í því sambandi. Í þeirri vinnu kom töluvert margt fram sem var athyglisvert og væri e.t.v. þörf á að skoða hvað sem líður samþykkt þessa frv. hér á Alþingi.

Þessu máli má skipta nokkurn veginn í þrjá hluta. Í fyrsta lagi eru tæknileg atriði varðandi frv., sem ég hef verið ósammála, síðan er það efnisþáttur frv. sem slíkur og í þriðja lagi má tala um breytingu á þessu kerfi í aðra veru. Þegar vinnuhópur sá sem ég var í, milliþinganefndin, skilaði af sér gerði ég svofellda bókun, með leyfi forseta:

„Í álitsgerð 2. minni hl. um úthlutun eða sölu veiðiheimilda er gengið út frá því að núverandi kerfi muni vera áfram.

Meginniðurstöður vinnuhópsins eru fengnar út frá því sjónarmiði að kerfið ætti að vera áfram við lýði. Þar sem þessi vinnuhópur hefur ekki fjallað um hvort hann sé sammála núverandi skipan mála, hvaða breytingar eigi að gera eða hvernig eigi að stjórna fiskveiðum í framtíðinni hlýt ég að undirstrika sjónarmið mín varðandi þau mál. Í fyrsta lagi hef ég alfarið verið á móti núverandi kerfi hvað þorskveiðar varðar. Núverandi kerfi hefur leitt til aukinnar miðstýringar og með því hafa ekki náðst þau markmið sem eru forsendur þess. Ekki hefur heldur náðst að stýra heildaraflamagninu og hafa veiðar farið langt fram úr hámarksafla á hverju ári. Verndun fiskstofna er því ekki tryggð með núverandi kerfi. Þá hefur ekki náðst að minnka fiskiskipaflotann eða náðst meiri hagkvæmni í vinnslu aflans. Heildarstjórn veiða hverju sinni hlýtur að vera aðalatriðið en ekki smásmugulegt valdboð og ofstjórn. Ekkert hefur enn komið fram sem styður framhald núverandi kerfis eða útilokar nýskipan mála með frjálslegri stýringu en er við lýði í dag."

Þá gerði ég svofellda bókun þegar ráðgjafarnefndin skilaði endanlega af sér, með leyfi forseta:

„Ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu hefur unnið gott starf, aflað mikilsverðra upplýsinga og skoðað ýmsa mismunandi valkosti um stjórn fiskveiða. Það er hins vegar ljóst að samkomulag er ekki um frumvarpsdrögin og ágreiningur er um veigamikla þætti. Frjálslyndi hægriflokkurinn telur hins vegar brýnt að ný lög um stjórn fiskveiða verði lögð fram af sjútvrh. á Alþingi sem fyrst. Frjálslyndi hægriflokkurinn mun þá taka endanlega afstöðu til frv. og er undirritun mín í dag því gerð með fyrirvara og m.a. vísað til fyrri bókunar í nefndinni. Í þessu sambandi er rétt að minna á dóms- og refsiákvæði laganna, tómstundaveiðar og auknar takmarkanir á útflutningi á ferskum fiski. Þá er álitamál hvort ekki eigi að leggja á sérstakt veiðigjald."

Að fengnum þessum bókunum liggur ljóst fyrir að það voru töluverðir fyrirvarar sem ég hafði um þetta mál, bæði um tæknileg atriði frv. og um efnisleg atriði. Við umfjöllun um frv. í Ed. hefur þó verið komið til móts við sum þau sjónarmið sem ég tiplaði hér á. Vil ég fagna því að frv. hefur verið lagað að því leyti og vil minna á að gerð hefur verið bókun um að sett verði sérstök nefnd til þess að kanna með hvaða hætti mögulegt sé að koma réttarfarsatriðunum í lag í þessu frv. Ég hef gagnrýnt það mjög harðlega, alveg frá því að frv. var lagt fram 1987, að mér fyndist að ákveðin réttarfarsatriði ættu að takast út úr frv., bæði um eftirlit og dóma, og ættu ekki að heyra undir sjútvrn. Enda kemur fram í áliti Lagastofnunar um

þetta að bent er á að nýjustu hreyfingar í þessu máli samkvæmt ákvæðum í mannréttindasáttmála Evrópuráðsins séu í þá veru að það eigi að skera mjög skýrt á milli framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Ég tel að það atriði eigi að vega þungt hér á þinginu án tillits til þess hvaða málaflokka er verið að fjalla um. Ég tel í þessu sambandi að það hljóti að vera krafa um gerð laga að þetta sé mjög skýrt afmarkað. Í því sambandi hljótum við að leggja ríka áherslu á að mannréttindaákvæði séu virt og farið sé að lögum. Ég tel að á næstu árum muni falla dómar um ýmis málefni hér á landi sem verði í þá veru að mannréttindaákvæði séu virt og það verði að breyta töluverðu af lögum þess vegna. Umboðsmaður Alþingis hefur þegar látið ýmsar athugasemdir frá sér fara varðandi málatilbúnað og lög sem hafa verið afgreidd með sama hætti og þetta frv. Ég tel þess vegna að þetta atriði hljóti að vera eitt af þeim málum sem verði að skoðast mjög vel og það sé gert með þeim hætti að það falli saman við almenn mannréttindaákvæði Evrópuráðsins sem við höfum gengist undir.

Ég og fleiri höfðum áhyggjur af því að með þessu frv. mundi myndast eignarréttur til þeirra sem hefðu veiðileyfi. Við meðferð í Ed. var tekið tillit til þessara atriða og tekið af með ótvíræðum hætti að veiðiheimildir mynduðu ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Ég tel þetta einnig til bóta.

Fleiri breytingar voru gerðar á frv. í Ed., t.d. það sem ég minntist á um tómstundaveiðar sem hafa nú verið teknar út. Ég tel það einnig til bóta.

Það er hins vegar ýmislegt sem var samþykkt í Ed. sem ég tel vera í aðra veru. Ég vil ekki að svo stöddu fara inn á það sérstaklega en vil fara fyrst yfir málið frá öðru sjónarhorni. Ég tel að megintilgangur laga um stjórnun fiskveiða sé sá að við getum veitt sem mest úr sjónum með sem bestum árangri. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um það kerfi sem nú er. Ég tel það vera aðalatriðið að við getum tryggt okkur sem best þessa auðlind og hvernig við nýtum hana.

Í meðförum nefndanna kom það skýrt fram að síðan hin svokölluðu kvótalög voru samþykkt hefur ekki orðið sú hagræðing í fiskveiðum sem menn höfðu gert sér vonir um. Afkastageta flotans hefur aukist og fjárfestingin á bak við hvern veiddan fisk er raunverulega meiri núna en nokkru sinni áður. Þeir sem gleggst þekkja til vita auðvitað að það er ekki til bóta þegar við höfum aukið þannig og stækkað fiskiskipin með þeim hætti að þau eru miklu afkastameiri og geta þess vegna veitt miklu meira en þau gerðu áður. Jafnframt má segja að með tæknibúnaði skipa hafi möguleikar fiskanna minnkað allverulega því að sú mikla rafeindatækni sem nú er notuð við fiskileit er svo fullkomin orðin að það má nánast segja að það sé hægt að finna hvert smáseiði í sjónum.

Það hefur ekki verið skoðað að mínu mati nægilega vel hvað þetta þýðir í rauninni. Þess vegna hef ég alvarlegar áhyggjur af því að við séum komnir með of góð tæki í hendurnar sem þýðir að þau geta haft áhrif á fiskstofnana og þeim gæti verið búin hætta af þessari miklu afkastagetu. Í núverandi kerfi hefur það einnig sýnt sig að það er töluvert vandamál með hluti eins og smáfiskveiðar sem eru utan kvóta. Ég tel að tryggja þurfi að komið sé í land með allt sem aflast.

Ef við lítum til þessa frv. þá hef ég áhyggjur af því að ekki muni nást að stýra þeim hlutum, eins og ég hef komið hér inn á áður, með þeim hætti eins og best muni vera. Ég geri mér hins vegar ljóst, og ég veit að hæstv. sjútvrh. veit það manna best, að það er ekki einfalt að ná fram sáttum í þessu máli og þá ekki heldur með þeim hætti að það sé hægt að búa til raunverulega fullkomið stjórntæki sem gerir okkur kleift að nýta þessa auðlind sem best.

Hvað varðar aflamagn á hverju ári þá er það athyglisvert að árin 1953, 1954, og 1956 eru hér einhver mestu aflaár sem um getur í sögunni hvað varðar þorskveiðar. Þá aflast 526 þús. tonn, 547 þús. tonn og 538 þús. tonn á Íslandsmiðum. En það er jafnframt athyglisvert að á þessum sama tíma er loðnuveiði ekki hafin og ekki heldur rækjuveiði. Það má vera að minnkandi þorskafli sé í samhengi, ekki aðeins við aukna sókn heldur einnig við fæðuöflun þorksins. Því hefur verið fleygt í þessu sambandi að það megi setja dæmið upp þannig að við getum ákveðið hvort við viljum veiða loðnu, þorsk eða rækju og það sé hægt að reikna það út nánast hvað sé hagkvæmast. Jón Kristjánsson fiskifræðingur sagði í nefndinni um þetta að auðvitað ættum við að veiða rækjuna því að hún gæfi besta peninginn og það ætti að hugsa þá minna um þorskinn. Auðvitað er þetta ekki svona einfalt. Þessi lífkeðja hefur ekki verið rannsökuð nægilega vel. Ég hefði raunverulega viljað að meira væri tekið mið af rannsóknarþættinum í þeim frv. sem hér liggja fyrir og það krufið betur til mergjar hvað þyrfti að gera, hver þörfin væri á því að afla meiri vitneskju um lífríki sjávar.

Ég vil í framhjáhlaupi minna á tillögu sem við hv. þm. Ingi Björn Albertsson fluttum um dvergkafbát, sem ég tel að hljóti að verða keyptur á komandi árum, til rannsókna á lífríki sjávar. Það er tvímælalaust svo að við höfum ekki nægilega þekkingu á því sem er að gerast neðan sjávar. T.d. hafa ekki farið fram neinar rannsóknir á því hvað aukinn þungi á togveiðum þýðir fyrir lífríki sjávar, hvernig þær fara með hafsbotninn eða hvort þær hafa einhver áhrif á lífríkið að öðru leyti. Með stækkun skipa sem hafa meiri togkraft og stærri vörpur er hafsbotninum náttúrlega misþyrmt töluvert mikið. En við vitum í rauninni ekkert um hvaða áhrif það hefur á lífríkið. Það hefði því verið æskilegt að ræða meira um þessi atriði. Ég tel nú e.t.v. að þau atriði sem mestu skipta séu um verndunina, um lífríkið sem slíkt og þá möguleika að við öflum meiri upplýsinga um lífríkið sjálft.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi minna á að ég flutti tillögu á fyrsta þingi sem ég sat um að kannað yrði klak á sjávarfiskum. Ég setti fram þar ýmsar tölur um það hvað það gæti þýtt. Það hefur að vísu ekki verið unnið að því varðandi þorskinn eins og ég

hefði talið rétt að gera. Það er ekki alveg ljóst hvort möguleiki er á því að tryggja klak hverju sinni með því að gera það með líkum hætti og gert er með vatnafiska. Líffræðingar og fiskifræðingar segja mér að vel komi til álita að taka upp slíkt eldi. Það sé mjög einfalt að gera það við strandstöðvar eins og t.d. hjá Íslandslaxi, sem er nú gjaldþrota í rauninni. Vil ég slá því fram í umræðunni hvort ekki ætti að kanna það í fullri alvöru hvort möguleiki væri á að taka slíkar stöðvar undir klak og eldi á sjávarfiskum sem mætti þá tryggja viðkomu stofnsins. Hins vegar er það svo, eins og kom réttilega fram hjá fiskifræðingunum Jakobi Jakobssyni og Ólafi Karvel Pálssyni, að jafnvægið í lífríkinu skiptir auðvitað miklu máli í því sambandi hvort stofnar ná sér á strik eða ekki. Við höfum séð dæmi um það hvað okkur hefur tekist vel á einu sviði, þ.e. í síldarstofni hér sunnan lands sem hefur náð fyrri stofnstærð. Er veitt meira af síld en var á þeim tíma áður en leit út fyrir að stofninn mundi hrynja. Það hefði t.d. verið áhugavert að sjá hvort ekki mætti stuðla að því að finna nýjan stofn, eða þann gamla stofn sem var norsk-íslenski stofninn, og klekja út, ef það væri möguleiki — nú veit ég ekki hvort það er raunhæfur möguleiki varðandi síld — og reyna að tryggja klak á þeim stofni þannig að e.t.v. kæmi sá stofn aftur á Íslandsmið.

Þetta eru auðvitað atriði sem við hljótum að taka til umræðu við þetta stórmál sem hér er. Ég held að ekki sé hægt að ræða um þessi mál öðruvísi en þetta sé tekið mjög mikið inn í umræðuna. Ég tel hins vegar að frv., eins og það hér liggur fyrir, sé sem slíkt ekki aðalatriðið vegna þess að ef verndun lífríkisins og afrakstur veiða er ekki útfærð um leið hefur baráttan um það hver eigi að eiga kvótann ekkert að segja. Sannleikurinn er sá að þetta frv. er fyrst og fremst frv. um eignarhald á veiðirétti. Það er frv. um það hverjir eigi að hafa veiðiréttinn. Um það er auðvitað hægt að deila endalaust. Ég er hins vegar sammála því í meginmarkmiðum að kvóta eigi að úthluta á skip, ég er sammála því markmiði sem er í frv. þó að ég sé ósammála því kerfi sem er hér hvernig það er útfært. Ég hefði viljað sjá kerfi sem er eins útfært með á tímakvóta eins og það hefur verið orðað, „tonn og tími", eins og hv. þm. Kristinn Pétursson og Matthías Bjarnason hafa komið inn á.

En ég hef líka áhyggjur af því að þessi barátta um veiðiréttinn sem slík hafi borið ofurliði atriði sem skiptir okkur mestu máli, þ.e. hvort við náum mestri hagkvæmni og afrakstri úr sjávarútveginum, sem hlýtur að vera aðalatriðið fyrir okkur. Og mér finnst jafnvel að sumar brtt. sem hafa verið samþykktar í meðferð Ed. snúist meira um það að tryggja hagsmuni fyrir einhverja afmarkaða hópa heldur en hugsa til þess hvað sé hagstæðast fyrir þjóðina í heild. Ég tel það ekki til bóta að úthluta kvóta í einhver byggðarlög eftir einhverjum hætti. Ég held að farsælast sé að hafa eitt einfalt kerfi að því leyti til að úthlutað sé á skip og síðan verði það að ráðast hverjir fá hann. Ef mönnum þykir að of mikill kvóti eða of mikill afli safnist á einstaka útgerðir þá er auðvitað sá möguleiki alltaf til í framtíðinni að veiðigjald sé lagt á. Það er sá möguleiki sem er alltaf fyrir hendi. Það er hins vegar ekki rétt, eins og hér hefur verið gert, að flækja þessi mál meira og búa til flókna sjóði til að kaupa upp veiðiheimildir til að úthluta þeim aftur. Ég hef óljósan grun um að það geti leitt okkur af réttri leið. Ég held nefnilega að það sem fyrst og fremst skipti máli séu hin fiskifræðilegu og efnahagslegu markmið.

Ég vil einnig benda á það að í vinnu þeirrar nefndar sem var kölluð ráðgjafarnefnd um fiskveiðistjórnun voru mörg áhugaverð svið könnuð. Þar komu jafnframt fram mjög skiptar skoðanir um ýmsa hluti. Hitt er annað mál að mér hefur alltaf fundist að fiskifræðilegi hlutinn hafi orðið út undan í þessum umræðum og þessari vinnu. Ég vil beina því til hæstv. sjútvrh. að hvernig sem þessu máli lyktar, sem sjálfsagt verður með samþykkt hér, muni hann á komandi sumri beita sér fyrir því að gerð verði ítarleg áætlun um fiskifræðilegar rannsóknir þannig að við fáum meiri þekkingu á þessum málum, faglegri þekkingu en við höfum hingað til haft. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við fáum betri yfirsýn yfir hvað við erum raunverulega að gera.

Þá vil ég víkja að þeirri þróun sem hefur orðið í skipamálum. Bátaflotinn hefur verið í endurnýjun, nýir bátar hafa verið smíðaðir og þegar þeir koma til landsins, ný og falleg skip, eru þeir nær undantekningarlaust útbúnir með skutrennu fyrir togveiðar. Sannleikurinn er nefnilega sá að togveiðar hafa aukist mjög mikið, einfaldlega af því að menn hafa smíðað bátana sem togara þó að þeir séu skráðir sem bátar. Og þá komum við að því atriði sem snýr að efnahagslegu markmiði og fiskifræði.

Fyrr á árum var fiskurinn mest veiddur á vertíð. Hann var veiddur þegar hann kom upp að landinu til að hrygna. Mikið af því var stór fiskur sem þýddi að við vorum að veiða fiskinn þegar hagstæðast var að veiða hann. Nú hefur þetta breyst. Veiðarnar hafa dreifst yfir allt árið og fjárfestingar á bak við hvert tonn sem við erum að veiða í dag hafa orðið dýrari. Þetta er auðvitað skiljanleg þróun að hluta, en þó óæskileg í aðra röndina. Það er auðvitað skiljanlegt að menn vilji tryggja jafnt framboð á fiski allt árið og sérstaklega á þeim stöðum þar sem menn vinna aflann. Það verður hins vegar að huga líka að þeim þætti að það sé hagkvæmt að veiða fiskinn. Einhvern tíma sló ég lauslega á fjárfestinguna og aflamarkið. Ef ég man það rétt voru hagstæðustu skipin smábátar hvað varðaði aflamagn og fjárfestingu. Þau voru mun hagstæðari fyrir þjóðarheildina en hin stærri skip. En auðvitað er ekki hægt að byggja veiðar á smábátum eingöngu þannig að það er skiljanlegt að það séu til stór og öflug skip líka.

Síðan er það hin þróunin sem hefur valdið mér töluverðum heilabrotum. Hún er sú að töluvert margar útgerðir sem hafa átt vinnslu í landi hafa snúið frá því að vinna fiskinn í landi og eru nú komnar með verksmiðjuskip sem vinna fiskinn úti á sjó og telja að með því nái þeir því hagkvæmasta sem þeir geta úr þeim fiski sem þeir mega vinna. Þetta þýðir

auðvitað að það hefur sömu áhrif að vera með frystitogara og að selja fiskinn óunninn úr landi, sem margir hafa gagnrýnt mjög harðlega. Þá er þetta spurningin um það hvort í raun sé komið svo að fiskvinnslan í landi sé ekki lengur raunhæf. Þessari spurningu hlýtur maður að velta upp. Ef stór útgerðarfélög sem eiga frystihús og vinnslustöðvar í landi snúa frá því að vinna fiskinn í heimabyggðinni og vinna hann í staðinn á hafi úti, þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig hvort í raun sé komið svo að vinnsla í landi sé ekki lengur hagstæð. Og ef svo er ekki, hver er ástæða til þess? Það hlýtur að vera ástæða fyrir því ef hægt er að vinna fisk á hafi úti á hagstæðari hátt en í landi, sem maður hefði haldið að væri í rauninni betri kostur. Þetta er auðvitað spurning sem er ósvarað og væri mjög áhugavert að fá svar við.

Ég man það þegar við vorum að deila á útlendinga og færðum út landhelgina í 50 mílur. Þá var talað um stóru ryksugutogarana í því sambandi. En það er komið svo að það er orðinn stór floti af þessum sömu ryksugutogurum á Íslandsmiðum sem við eigum sjálfir og hefur raunverulega lítið verið rætt um hvað sá rekstur þýðir. Ég hefði áhuga á því að gerð væri betri úttekt á þessum málum með tilliti til afraksturs einstakra veiðarfæra- og skipagerða. Það væri mjög áhugavert að fá það, þó ég sé ekki að biðja um það núna, en þessi mál hljóta að verða til umfjöllunar á Alþingi í framtíðinni.

Ég vil ekki ræða mikið meira um þetta frv. að sinni hér við 1. umr. Ég tel að það hafi fengið töluvert ítarlega umfjöllun. Ég vil þó í þessari umfjöllun aðeins ræða um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem ég er ekki sannfærður um að geti verið til bóta. Ég átta mig ekki á því í fljótu bragði hvað hann þýðir í rauninni og hef áhyggjur af því að hann muni raunverulega skapa meiri vandamál en hann leysir. Hitt er annað mál að ég er sammála því að það hlýtur að vera æskilegt að draga úr heildarfjölda skipa þannig að meiri afrakstur fáist í sjávarútveginn og það verði hagkvæmara fyrir þjóðarbúið. Ég tel að sá fjöldi skipa sem nú er á miðunum sé vafalaust of mikill. Hversu mikið flotinn er of stór veit ég ekki en ég er ekki sammála því að það þurfi að fækka skipum um helming eins og sumir hafa reiknað út tölfræðilega. Það getur vel verið að það sé hægt að reikna það þannig, en það er ekki allt sem vinnst með því.

Svo er annað í þessu frv. Það er það að fiskiskip hafa mismikinn kvóta til að veiða. Það byggist annars vegar á því hverjir áttu kvótann 1983 og hinu hvernig þau mál hafa þróast. Þannig er gífurlegur munur á möguleikum útgerða til að afla sér tekna. Þetta er ekki góð þróun. Það væri æskilegra að það væri jafnari dreifing á aflanum á fiskiskipum. Hitt er annað mál að margar af þessum útgerðum hafa haft afburða sjómenn og höfðu það þegar þessar reglur sem við byggjum nú á voru settar og þær hafa notið þess að þarna voru hinir góðu og miklu aflakóngar sem veiddu meira og betur en aðrir. En í þessu kerfi verður það svo að eini möguleikinn fyrir góða aflamenn er að ráða sig til útgerðar sem á mikinn kvóta. Það eru töluvert breyttir tímar að þessu leyti.

Ég rifja upp til gamans að þegar ég var strákur á sjó á sumrin var mikil keppni um það hver yrði aflakóngur á síldinni. Þeir tímar eru því miður liðnir. Mér fannst þetta alltaf eins og íþróttafréttir eru fyrir marga í dag, það var svo mikill keppnisandi í þessum mönnum. Þeir veiddu af miklu kappi til að verða efstir. Og ég man það líka að það fór ekki eftir stærð skipa hvað menn voru miklar aflaklær, heldur fór það fyrst og fremst eftir þeim mönnum sem stýrðu þeim skipum. En þetta var svona úthlaup í þessari umræðu.

En ég held að þrátt fyrir mikla og góða vinnu sem fór fram í ráðgjafarnefndinni þá hefði verið nauðsynlegt að vinna ákveðna hluti áfram og þá sérstaklega varðandi fiskifræðihlutann og efnahagslega hlutann og varðandi veiðarnar og veiðarfærin. Ég vil á þessu stigi ekki segja meira um málið en mun vafalaust ræða þetta ítarlega á seinni stigum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsrh. væri viðstaddur vegna þess að ég ætla ekki að tala lengi og tefja þetta mál. Ég verð að vekja athygli hæstv. forsrh. og sjútvrh. og annarra sem hlusta á mál mitt á því að kl. er að verða hálftvö. Þetta mál, mikilvægasta mál þjóðarinnar frá því að ég kom á þing, er hér til umræðu. Og ég veit ekki annað en það eigi að slíta þinginu á morgun.

Það blasir við að það hljóta að verða fundir hér í allan dag og fram á nótt. Ég veit ekki hvort nefndir sætta sig við að vinna á sama tíma og þingfundur stendur yfir. Það fer náttúrlega eftir þeim málum sem um er rætt hvort menn vilja hliðra þannig til.

Ég held að ef þingið ætlar að komast frá þessu máli með sæmilegu móti eða sóma, ég ætla ekki að kveða fastara að orði, þá sé ekki um annað að ræða en fresta þingi fram í júní. Ástæður fyrir því eru þær að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð þá fengu mín samtök sett inn í stjórnarsáttmálann að það yrði sett sérstök fiskvinnslustefna. Nú sýnist mér þetta eina tækifærið á þessu kjörtímabili til þess að gera það. Ég vil vekja athygli á því að 13 menn voru í ráðgjafarnefnd sem svo hefur verið kölluð og hæstv. sjútvrh. lét tilnefna og tíu af þeim lögðu áherslu á byggða- eða fiskvinnslukvóta í einhverri mynd. Hvar er það stig? Var það, hæstv. forsrh., aðeins til að fá mig og mín samtök til að mynda stjórnina, þannig að stjórn Steingríms Hermannssonar var hægt að mynda, að þetta var sett inn í stjórnarsáttmálann? Var það bara það? Átti aldrei að standa við það frekar en sumt annað?

Ég vonast til þess að fá svör við þessu. Ég tel það nauðsynlegt. Ég tel það nauðsynlegt vegna þess að ég hef þann skilning og af því ég hef þann skilning þá læt ég það koma hiklaust fram að þetta mál snúist um það hvort byggðirnar sumar hverjar halda velli eða ekki, þ.e. að fiskvinnslan fái hluta af kvótanum

og geti þá samið við skipin um að veiða hann eða með því móti að fá þá afla skipanna sem þau hafa.

Ég vil ekki tefja hér tímann en vil samt áður en ég sest minna á það að fyrir okkar samtök í þessari ráðgjafarnefnd var Jóhann A. Jónsson, oddviti og framkvæmdastjóri á Þórshöfn. Hann var með sérstaka bókun í þessu máli. Og við höfum orðið vör við að hans afstaða í nefndinni hefur leitt það af sér að ég hef engan frið fyrir fólki sem er að hringja og skrifa um þessi mál utan af landi. Alveg sama hvar í flokki menn eru, það skiptir ekki máli.

Þess vegna vil ég beina því til bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., við höfum nú tekið spjall saman um þetta í fyrra sumar og í vetur, hvort það sé ekki skásta leiðin, það er engin góð leið út úr þessu máli, að fresta þingfundum fram í júní og vita hvort ekki er hægt að finna leið til þess að taka eitthvert skref í þessu máli og standa nú við stóru orðin. Standa nú við stóru orðin. Ég ætla ekki að lesa upp bókun Jóhanns A. Jónssonar, hún er í skjölum hér og nefndirnar hljóta að hafa hana. En mér finnst þessi vinnubrögð, að klukkan er orðin hálftvö og ef þetta á að fara svona hefði verið sæmra blátt áfram, þó það sé kannski ekki hægt samkvæmt þingsköpum, að vísa málinu bara alls ekkert til nefndar því það eru engin tök á að gera neitt annað en að afgreiða það eins og það er. Ég var að vonast eftir því að ég hefði tíma til að koma með brtt. Maður er nú búinn að vera hér fram á nótt nótt eftir nótt og á fundi í morgun og ég er ekki beysnari en það að ég get ekki tekið þann stutta tíma sem ég fæ að hvíla mig heima til þess að koma saman tillögu sem ég mundi hampa aftur síðar og ræða um. En hver veit hvað ég get áður en lýkur.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hér hefur komið fram. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Hreggviðs Jónssonar vil ég benda á það að í ákvæði til bráðabirgða VII er tekið fram að eitt af þeim verkum sem skuli unnið nú á næstunni sé að kanna hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Ég tek undir það með honum að slík könnun hefur ekki farið fram með því móti sem æskilegt væri. Einfaldlega vegna þess að menn hafa verið uppteknir við aðra hluti. Ég vænti þess að það komi til móts við þau sjónarmið sem hann setti hér fram.

Út af orðum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um fiskvinnslustefnu, þá tel ég að það hafi verið lögð áhersla á það mál í sjútvrn. Ég svaraði fyrirspurn um það mál sem varamaður hans, sem hann nefndi hér, Jóhann A. Jónsson, lagði fram hér á þinginu. En að því er varðar úthlutun á fiskveiðiheimildum til fiskvinnslustöðva þá er það, eins og hv. þm. veit, mjög umdeilt mál og var ítarlega um það fjallað í ráðgjafarnefndinni og það hefur ekki náðst nein samstaða um það. Hins vegar má taka tillit til fiskvinnslustöðvanna með ýmsum öðrum hætti og það er leitast við að gera það í þessu frv. Jafnvel þótt mönnum finnist það ekki vera með fullnægjandi hætti. Það er hins vegar svo í þessu máli eins og öllum öðrum að það verður ekki gengið frá neinu í þessum efnum sem á að gilda um alla framtíð. Þetta stóra mál hlýtur að verða til endurskoðunar í framtíðinni í ljósi aðstæðna hverju sinni og þá hljóta menn að taka tillit til reynslunnar eins og gert hefur verið.

Eitt af því sem þarf að taka mikið tillit til er fiskvinnslan í landinu. Ég vildi jafnframt aðeins segja vegna fyrirspurnar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Það var að því er varðaði ákvæði til bráðabirgða V þar sem kemur fram að óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips, skv. 3. mgr. 11. gr., án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð úr skipaskrá nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu er lög þessi koma til framkvæmda. Þetta á við öll þau veð sem eru á skipum þegar lögin koma til framkvæmda, þann 1. jan. nk. En að því er varðar veð sem kunna að koma á skip eftir þann tíma þurfa aðilar máls að hafa slíkt í huga og ef þeir vilja fá frekari tryggingar í þeim efnum þarf að geta þess í veðskuldabréfum að ekki sé heimilt að yfirfæra afla frá skipunum nema með samþykki veðhafanna en það þurfa aðilar að semja um sjálfir. Það er eðlilegt að aðilar þurfi að huga að þessu sjálfir eftir þennan tíma en hins vegar óeðlilegt að slíkar tryggingar séu afmáðar með löggjöf að því er varðar allt sem hvílir á skipum í dag. Ef hv. þm. vill fá frekari upplýsingar um þetta mál mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því að það verði upplýst við meðferð málsins í hv. sjútvn.

Að lokum þakka ég fyrir hvað mál þetta hefur fengið mikinn skilning hér í deildinni. Ég get vel skilið þá gagnrýni sem fram kemur, að hér sé mjög stuttur tími. En ég vænti þess að hinn langi undirbúningur málsins og aðild þingflokkanna að því sé mikil réttlæting að því er varðar það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að afgreiða málið á þeim stutta tíma sem er til stefnu. Það er eðlileg gagnrýni, en í ljósi þess hvað þetta hefur fengið langan undirbúning tel ég það réttlætanlegt en skil hins vegar þá gagnrýni sem höfð er í frammi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vísa til þess sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt um meðferð málsins. Ég skil mætavel þá gagnrýni sem hér kemur fram, en læt ekki fleiri orð falla um það.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði hvort fallist hefði verið á tillögu hans um fiskvinnslustefnu eingöngu til að fá hann til að styðja ríkisstjórnina. Svo er alls ekki. Ég er mjög hlynntur þeirri tillögu og sagði það þá. (**SV:** En hvað þá?) Ég fæ ekki allt fram sem ég vil heldur. Staðreyndin er sú að það er búið að ræða þetta, m.a. í þeirri nefnd sem allir hafa átt fulltrúa í og hér hefur verið nefnd. Ég gæti staðið hér upp og gert brtt. við kvótafrv., ég gæti það mjög auðveldlega. Við verðum hins vegar stundum að sætta okkur við það sem meiri hlutinn ákveður í þessu sambandi. Nú er búið að ræða um fiskvinnslustefnu reyndar víðar. M.a. er ekki langt síðan aðilar sjávarútvegsins héldu ágæta ráðstefnu um fiskvinnslustefnu. Og ég held að

tal um fiskvinnslustefnu sé spor í rétta átt. Hins vegar vil ég láta það koma fram hér að þegar ég hef rætt við nokkra aðila um slík mál hafa sumir þeirra sagt: Ja, þetta er hlutur sem við, samtök í fiskvinnslu, eigum að sjá um, ekki stjórnvöld. Og það er töluvert til í því. Ég bendi líka á að það hafa verið tekin skref eins og aflamiðlunin. Ein meginrökin fyrir aflamiðluninni eru að hafa meiri fisk innan lands til vinnslu. Ég tek undir það með hv. þm. að það er mjög mikilvægt mál almennt að hafa meiri fisk til vinnslu hér heima. Það hefur ekki náðst samstaða um og ég reyndar efast um að leiðin sé að skipta kvótanum á vinnslustöðvar og skip. Ég veit ekki hvort það út af fyrir sig mundi tryggja fiskvinnslustefnu. Málið er mikilvægt og ég veit að það verður unnið að því áfram.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu um efnisatriði þessa frv. Ég ætla ekki að segja að ég hafi reynt að tefja eðlilega afgreiðslu málsins. Hins vegar held ég að það sé farið fram á of mikið, að sjútvn. afgreiði frv. með bundið fyrir augu.

Út af því sem hæstv. forsrh. sagði að hann réði ekki við allt, þá vil ég benda á það að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð í september 1988 var í málefnasamningi ákveðið að semja og leggja fram fiskvinnslustefnu. Svo mér kemur það mjög á óvart að innan raða þeirra sem gera þennan málefnasamning skuli vera menn sem hafa borið sigurorð af forsrh. í þessum efnum. Það kemur mér á óvart að heyra. Og ég tek algerlega undir orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í þessum efnum. Og um þetta að fiskvinnslan segi að hún eigi sjálf að marka stefnuna. Ef einhverjir forsvarsmenn fiskvinnslunnar hafa sagt þetta álít ég þá vera óvita. Þeir geta ekki markað þá stefnu sjálfir og einir. Ef önnur fiskveiðistjórnunarstefna er ákveðin af löggjafanum fá þeir litlu ráðið. Það sem við erum hér að tala um og höfum þungar áhyggjur af er það að hér verði haldið uppi fiskverði til þess eins að flytja óunninn fisk úr landi á kostnað byggðarlaganna vítt og breitt um landið.

Það er svona einfalt að skilja þetta en það er ekki eins einfalt að koma í veg fyrir það, það skal ég játa. Það sem mér finnst sérstaklega vanta í þetta frv. er að tryggja betur að fiskvinnslustöðvar og verkafólkið og allir þeir sem eiga lífsafkomu sína undir þeim byggi á traustari atvinnugrundvelli en nú er og sérstaklega verður ef fram heldur sem mönnum sýnist nú.

Ég eyddi nokkrum tíma í gær í það að skýra frá því hvernig atvinnulífið í öðrum löndum hefði hrunið við það að missa hráefni og missa fiskinn. Sérstaklega þó á Humber-svæðinu í Bretlandi. Ég sýndi fram á hvernig atvinnugrundvöllurinn hrundi hjá því fólki, m.a. fyrir nauðsynlegar aðgerðir okkar Íslendinga í útfærslu fiskveiðilandhelginnar og við að koma erlendum þjóðum burt úr okkar fiskveiðilögsögu. Jafnframt eyddi ég þó nokkrum tíma í að skýra frá því með hvaða hætti bresk stjórnvöld og Evrópubandalagið líka gengu í það að reisa þessi svæði atvinnulega séð úr rústunum.

Þetta sagði ég ekki í öðrum tilgangi en þeim að vara við að það sama, þó af nokkrum öðrum ástæðum sé, geti komið fyrir hér hjá okkur. Um þetta held ég að við þurfum ekki að deila hvar sem við erum í flokki eða hvort sem við styðjum ríkisstjórnina sem nú situr eða erum henni andvígir. Ég hélt að þetta ætti að vera það sem við ættum sameiginlegt og þyrftum að taka á. Þess vegna tek ég mjög undir orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í þessum efnum.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann gaf við beinni fyrirspurn frá mér og e.t.v. verður að athuga nánar í nefndinni hvað þetta varðar. Ég skildi mjög vel þessi svör. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta hafi komið fram hér í umræðum vegna túlkunar sem geti orðið og það í mörgum tilfellum síðar meir.

Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég ekki að halda þessari umræðu áfram. Ég tel sjálfsagt að þetta mál fari til nefndar, en endurtek það sem ég sagði í gær að ég tel að til þess að vinna efnislega að frv. er ekki hægt að afgreiða þetta mál á morgun, það er útilokað. En ef stjórnarmeirihlutinn er ákveðinn í því að hafa að engu efnislega meðferð málsins í nefnd í Nd. er það á hans ábyrgð en því verður harðlega mótmælt, a.m.k. hvað mig áhrærir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirstjórn umhverfismála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 869, brtt. 720, 726,2, 1065, 1171, 1246, 1247.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1246 og 1247. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að gerðar hafa verið ítarlegar tilraunir til að ná samkomulagi um að afgreiða frv. um verkefni umhverfisráðuneytis. Ég tel nú orðið samkomulag um að afgreiða það mál, en hins vegar liggja hér fyrir ýmsar brtt. sem verða að ganga til atkvæða. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. mínar og tek ég þar inn atriði sem eru liður í þessari viðleitni og ætla að lýsa þeim í örfáum orðum.

Gert er ráð fyrir því í 1. lið brtt. að sá hluti Hollustuverndar sem fjallar um mengunarmál flytjist til umhverfisráðuneytis en hins vegar verði heilbrigðisþátturinn áfram hjá heilbrrn. Um það má vissulega deila, eins og flest, hvort æskilegt er að skipta stofnun þannig. Staðreyndin er þó sú að þessir þættir eru vel aðskildir í stofnuninni í sjálfstæðum deildum. Vitanlega eru fjölmörg dæmi þess að verkefni einnar stofnunar heyri undir fleiri en einn ráðherra. Ég nefni t.d. stofnanir sem starfa að einhverju leyti á Keflavíkurflugvelli. Sá þáttur sem því viðkemur heyrir þá undir utanrrh. Ég nefni stofnun eins og áfengisvarna-

nefnd sem heyrir undir tvo ráðherra og ég gæti reyndar nefnt margar fleiri. Um þetta þarf hins vegar vitanlega að setja ákveðnar reglur og kem ég að því síðar.

Í annarri tillögu er gert ráð fyrir því að þær greinar sem fjalla um eiturefnanefnd og geislavarnir falli brott, þ.e. eiturefnanefnd og Geislavarnir flytjist ekki undir umhverfisráðherra, a.m.k. á þessu stigi málsins.

Þá er gert ráð fyrir því að gildistökutími þeirra greina sem áður voru 16. og 17. gr. verði 1. jan. 1991. Þar er um að ræða skipulagsmálin og byggingarmálin. Ýmislegt getur út af fyrir sig mælt með þessu þó að ég hafi talið að þetta ætti að taka gildi strax. Það er rétt að það hefur komið ábending frá samtökum sveitarfélaga þar sem þau telja að þetta þurfi að skoðast nánar og þarna skapast þá svigrúm til þess. Ég tek fram að þetta er af minni hálfu samkomulagsatriði ef þetta getur að því stuðlað.

Þá er gert ráð fyrir því að forsrh. setji með reglugerð ákvæði um yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins þar sem tveir ráðherrar fara með verkefni þeirrar stofnunar. Það er regla að forsrh. sker úr þegar um skörun á verkefnum er að ræða eða ágreiningur um verkefni einstakra ráðherra og lögfræðingar telja að að þessu leyti sé þetta ákvæði eðlilegt.

Ég flutti hér tillögu um ákvæði til bráðabirgða fyrr. Ég hef kallað þá tillögu aftur en flyt hér þann hluta af ákvæði til bráðabirgða sem enn þá á við miðað við þá brtt. sem ég hef nú rakið.

Í fyrsta lagi að umhverfisráðherra skuli á næsta haustþingi leggja fram frv. til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Sú nefnd, eins og ég hef þegar lýst, hefur verið skipuð og í henni eiga sæti fulltrúar þeirra aðila sem hér á þingi hafa fjallað um þessi mál eða a.m.k. aðila sem þeir eiga góðan aðgang að. Þetta er ákaflega mikilvæg stofnun sem kemur til með að skýra nánar hvernig með mengunarmál og fleira verður farið.

Í 2. lið ákvæðis til bráðabirgða er tekið fram, þó að það sé kannski óþarft, ég tek undir að því leyti með 2. þm. Reykn., að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skuli starfa óbreytt þar til lög um þær hafa verið endurskoðuð. En þetta er til að taka af allan vafa þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frv.

Þá mun ég leggja fyrir Alþingi frv. til laga sem fela í sér niðurstöðu endurskoðunar á þeim lögum sem eru rakin í brtt. í fjórum liðum og varða þær stofnanir sem að einhverju leyti er skipt upp eða verkefni flutt til vegna umhverfisráðuneytisins. Þar er um að ræða lög um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, um Siglingamálastofnun ríkisins og um losun hættulegra efna í sjó.

Ég skal ekki hafa þetta lengra, enda mikið búinn að tala um þetta mál. En ég er persónulega þeirrar skoðunar að í þessari yfirferð hafi frv. að ýmsu leyti orðið jafnvel betra. Ég tel skynsamlegt að aðgreina mengunarþáttinn, það sem varðar ytra umhverfi og hitt sem varðar manninn. Og það er gert í tillögunni um Hollustuverndina. Ég vek athygli á því t.d. að Danir færðu þann þáttinn sem varðar manninn aftur frá umhverfisráðuneyti sínu til heilbrrn.

Það er eindregin von mín að um þetta geti nú tekist samstaða og umhverfisráðuneytið þannig farið af stað með nokkurri reisn. Jafnframt er eindregin von mín að í sumar takist samstaða með fulltrúum þingflokka um að vinna áfram að þessu máli og leggja fyrir Alþingi frv. sem skýrir starfsemina enn betur á haustmánuðum og slíkt frv. megi þá afgreiða fyrir næstu áramót.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég var nú fyrst að sjá þskj. 1246 sem hæstv. forsrh. var að kynna hér og hef ekkert heyrt um efni þess þó að ýmislegt af því sé hið sama og áður var fram komið í tillögum hæstv. forsrh. á þskj. 1065. Það eru orðnar nokkrar vikur síðan ég setti mig á mælendaskrá í þessu máli, hef ekki eytt miklum tíma hér í hv. þingdeild á liðnum vetri til að ræða þessi mál og hefði þó verið ærin ástæða til þess. Satt að segja hefur mér fundist að málsmeðferðin hér og umræða um þetta þingmál hafi verið átakanleg. Það á auðvitað fyrst af öllu við málflutning hv. þm. Sjálfstfl. í þessu máli þar sem fram hafa verið borin rök af þeirra hálfu, sem þeir hafa viljað telja rök, en að mínu mati hefur verið mikil rökleysa og fyrirsláttur til þess að hindra enn framgang málsins og að umhverfisráðuneyti fengi í raun verkefni og gæti orðið að því gagni sem til er stofnað.

Ég ætla ekki hér að hefja langt mál um þennan málflutning, vil aðeins segja að það er nokkuð sérstakt þegar menn leggja sig í framkróka til þess að taka upp orð og hugmyndir embættismanna sem setja sig þversum gagnvart öllum breytingum á Stjórnarráði Íslands. Það hefur verið uppistaðan í því andófi sem fram hefur farið og þeim löngu ræðum og tilvitnunum sem lesnar hafa verið ein af annarri úr þessum ræðustól. Ein fjarstæða hefur þó gengið lengra en aðrar í þeim efnum og það er þegar menn eru að bera við alþjóðasamþykktum eða hugmyndum af vettvangi Sameinuðu þjóðanna og svonefndri Brundtland-skýrslu máli sínu til stuðnings gegn umhverfisráðuneyti. Það er satt að segja svo langsótt að má heita með fádæmum að þingmenn á árinu 1990 skuli viðhafa slíkan málflutning og þar hefur fram gengið.

Það er líka mjög sérstætt hversu einstakir embættismenn í Stjórnarráði Íslands hafa gengið langt í þeim efnum að vinna gegn stefnu stjórnvalda til þess að koma við nauðsynlegum leiðréttingum í yfirstjórn umhverfismála. Mætti um það margt segja en það skal sparað hér. Ég verð jafnframt að segja að ég tel að málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar á þessu máli og þeirra sem hafa haft forustu um það hér í þingdeildinni og þinginu hafi ekki verið sem skyldi.

Hér voru gefnar yfirlýsingar í lok síðasta þings um meðferð málsins og upptöku þegar í byrjun þessa þings. Það gekk því miður ekki eftir og málið hefur verið að druslast hér í þingdeildinni allt þingið og það

er nú á lokadögum sem koma á einhver botn í málið. Og það gildir einnig að hæstv. umhvrh., sem tyllt var stóli undir á nýliðnum vetri, hefur ekki orðið sérstaklega til þess að greiða fyrir framgangi máls eða eðlilegri málsmeðferð hér og það ber vissulega að harma. En við skulum vona að þingið sé að ná einhverjum áttum í þessu máli með þeim brtt. sem hér liggja fyrir og því samkomulagi sem mér er tjáð að sé orðið milli aðila hér um meginþætti málsins og málsmeðferðina á næstunni þó að það sé auðvitað enginn lokapunktur í þessu máli eins og sjá má af þeim tillögum sem hæstv. forsrh. ber hér fram. Ég tel þær breytingahugmyndir og tillögur sem þar eru á döfinni ekki til bóta í raun frá frv. eins og það var lagt hér fyrir og þar vera margt að finna sem horfir ekki til rétts vegar í þessum efnum. Hins vegar tel ég að sá stofn sem þó stendur eftir sé þess virði að reyna að hlúa að honum þannig að innan ekki langs tíma geti menn fengið ráðuneyti sem sé þess megnugt að reyna að stilla saman í sambandi við meðferð umhverfismála í stjórnsýslunni hjá okkur. Það er nefnilega ástæða til að hafa af því verulegar áhyggjur hvernig málin standa vegna hinnar sundruðu málsmeðferðar í Stjórnarráðinu. Ég hef þóst sjá þess merki við meðferð mála í iðnn. að undanförnu varðandi frv. til laga um raforkuver, sem tengist hugsanlegri stórri álbræðslu, að einmitt varðandi umhverfisþáttinn séu háskalega losaraleg tök á ferðinni vegna þess að í rauninni er enginn samstillandi kraftur til þess að halda utan um málið.

Hér liggja fyrir ýmsar brtt. við þetta frv. Ég mun taka afstöðu til þeirra eftir efnum. Ég tel t.d. að brtt. sem fyrir liggja á þskj. 720, þar sem hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir er 1. flm., horfi til bóta frá upphaflegu frv. og ég mun styðja þær þegar þær koma til atkvæða. Ég mun að öðru leyti styðja þær till. sem hér eru til samkomulags í sambandi við málið. Og við skulum vona að menn nái lendingu í þessu máli sem forði þinginu frá því að skilja við þetta mál þannig að hafa samþykkt lög um stofnun ráðuneytis án þess að verkefni fylgi og menn komi nú einhverjum efnum þar í hús. Við skulum vona að málsmeðferðin framvegis varðandi þennan þýðingarmikla málaflokk beri annan svip en verið hefur í þinginu á undanförnum mánuðum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að þrátt fyrir að ég hafi tekið þátt í þeim samningaumræðum sem hér hafa verið varðandi þetta mál höfum við kvennalistakonur ekki fallið frá því að flytja þær brtt. sem fram koma á þskj. 720, þar sem við teljum mjög nauðsynlegt að enn frekari verkefni fari til umhvrn. Þær munu því væntanlega koma hér til atkvæða á eftir, nema 3. tölul. þeirra brtt. sem er búið að taka nokkurn veginn upp í till. forsrh. Ég mun falla frá 3. tölul. á þskj. 720 en styðja brtt. við 8. gr. sem kemur fram á þskj. 1246.

Ég hefði þó talið eðlilegra að þessi breyting við 8. gr. tæki ekki gildi fyrr en síðar. Ég hefði talið æskilegt að ráðrúm gæfist til þess hér á Alþingi næsta haust að leggja fram frekari brtt. við lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Núverandi skipan er sú að stjórn Hollustuverndar ríkisins, sem skipuð er af heilbr.- og trmrh., fer einnig með stjórn mengunarvarna. En eftir að þessi skipan verður komin á mun hluti Hollustuverndar falla undir heilbrrn. og hluti undir umhvrn. Ég hefði talið eðlilegra að hafa sérstaka stjórn fyrir mengunarmálin. Ekki svo að skilja að það geti ekki verið allt í lagi að hafa báða þætti undir sömu stjórn, en í þessu tilviki held ég að hitt væri miklu eðlilegra. Þess vegna flyt ég brtt. við brtt. á þskj. 1246 ásamt hv. 5. þm. Vesturl. Inga Birni Albertssyni og 2. þm. Reykn. Ólafi G. Einarssyni. Brtt. er við 4. tölul. á þskj. 1246 og á við 21. gr. Við bætist nýr málsl. sem verði 2. málsl. og orðist svo: Ákvæði 8. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóv. 1990.

Ég vona að með því að fresta gildistöku þessarar greinar muni vera hægt að koma þeirri skipan á varðandi Hollustuvernd, og þá fyrst og fremst mengunarvarnir, að allar mengunarvarnir, bæði þær sem nú falla undir Hollustuvernd svo og Siglingamálastofnun o.fl., muni fara undir eina yfirstjórn til betri og skilvirkari stjórnunar.

Ég vil, virðulegur forseti, leggja þessa brtt. fyrir hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1248, sem var of seint fram komin, samþ. með 27 shlj. atkv.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Frv. það til laga um umhverfismál sem hér er til umræðu hefur tekið töluverðan tíma hjá þinginu. Um það hafa verið harðar deilur og ekki óeðlilegt að svo sé um svo viðamikið verkefni og svo stórt. Sannleikurinn er sá að ég hafði hugsað mér að flytja allítarlega ræðu um þetta mál. Nú hefur orðið sú lending að náðst hefur samkomulag sem gengur út á það að þetta mál verði afgreitt mjög snöggt í gegnum þingið. Fagna ég því út af fyrir sig að það skuli hafa tekist.

Ég vil þó lítillega láta það koma fram hér að það er ekki óeðlilegt að þetta mál valdi deilum og að það séu erfiðleikar við að koma svo stórum málaflokki saman. Ég vil að öðru leyti ekki segja mikið meira nú nema það að ég hefði óskað eftir því að farið væri hægar í sakirnar en áætlað er í þessum málum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er ekkert skrýtið að mál sem þetta valdi miklum deilum. Æpandi hrossakaup á Alþingi hljóta alltaf að valda deilum. Menn þurfa ekkert að undra sig á slíku.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan, málið hefur verið að dröslast hér allt, allt of lengi. Og ég vil einnig taka undir það að sökin liggur fyrst og fremst hjá umhvrh. sem hefur látið sig vanta í þessa umræðu hvað eftir

annað. Ég fullyrði að ef hæstv. ráðherra hefði sýnt þessu máli meiri áhuga en raun ber vitni hefði það verið afgreitt út úr þessari deild fyrir nokkrum mánuðum síðan. Sökin er því öll á þeim bæ.

Gert hefur verið um það samkomulag að afgreiða þetta mál út úr deildinni á grundvelli þeirra tillagna sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram. Og samkomulagið ber það einnig í sér að ekki verði frekari umræða um málið. Skal ég verða við því.

Ég er hins vegar í prinsippi mjög mótfallinn stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis og hef látið það koma mjög skýrt fram. Ég tel að það muni, eins og reynsla annarra þjóða hefur leitt í ljós, verða að stóru og dýru bákni fyrr en varir. Ég tel að umhverfismálum eigi að sinna mjög gaumgæfilega. Það hefði mátt gera inni í öðrum ráðuneytum eða öðru ráðuneyti þar sem sú deild hefði átt að hafa með ráðgjöf, samræmingu og eftirlitshlutverk að gera. Ég hef því lagt fram frávísunartill., ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, sem gerir ráð fyrir að þessu máli verði vísað frá og skipuð verði milliþinganefnd er vinni málið betur. Frávísunartill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem fram hefur komið veruleg andstaða frá þeim stofnunum, sem flytja á undir umhverfisráðuneyti, og jafnviðamikil stjórnkerfisbreyting og í frv. felst hefur ekki verið nægilega vel kynnt og undirbúin, svo að óþolandi réttaróvissa mundi skapast ef að lögum yrði, samþykkir deildin, í trausti þess að forsrh. skipi nefnd með fulltrúum ráðuneyta, stofnana og allra þingflokka til að vinna milli þinga við að fullvinna frv., að vísa dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar."

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þetta mál hefur nú, eins og alþjóð veit og fram hefur komið í þessari umræðu, verið alllengi til meðferðar hér á Alþingi í vetur. Stjórnarþingmenn hafa orðað það svo að það hafi dröslast hér og ég held að það orðalag sé nokkuð við hæfi. Það hefur farið með þetta mál eins og til var stofnað. Því miður er það svo að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið á þessu, einu stærsta verkefni sem við Íslendingum blasir eins og öðrum þjóðum, á þann veg sem raun ber vitni og er hæstv. ríkisstjórn ekki til sæmdar, svo ekki sé tekið dýpra í árinni. Það er öllum orðið kunnugt að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar var ekki stofnað til þessarar málsmeðferðar af áhuga eða vilja til þess að taka á þessu mikilvæga verkefni. Hér var einungis um að ræða þátt í kaupmennsku til þess að borga fyrir atkvæði hér á Alþingi. Því miður hefur þetta mikilvæga mál dregist inn í þau vinnubrögð og öll málsmeðferðin hér hefur borið merki þess hugarfars sem að baki býr af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það er ekki ágreiningur um mikilvægi og nauðsyn að taka á þessum viðfangsefnum. Það einkennir umræðu um þessi viðfangsefni að þau sjónarmið sem að öllu jöfnu skipta mönnum í ólíka stjórnmálaflokka skipta mönnum ekki almennt í ólíka hópa í þessu efni. Þó er það svo að eðlilega hafa menn mismunandi skoðanir á því hvernig best sé að skipa þessum málum, stjórnskipulega séð. Sjálfstfl. flutti frv. um það efni. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í að gera grein fyrir þeim ágreiningi sem uppi er í því efni. Það frv. byggði á því að við teljum að þetta sé eitt af allra brýnustu viðfangsefnum Íslendinga á næstu árum. Það frv. byggði á því að unnt væri að koma þessum málum fyrir í stjórnsýslunni með skipulegum og öruggum hætti, þannig að unnt væri að segja að komið væri á samræmdri stjórn en um leið væri ábyrgð allra ráðuneyta aukin á þessum sviðum. Og það er sú meginstefna sem nú er fylgt víðast hvar í heiminum við stjórnun umhverfismála. Jafnframt vildum við gæta þess að sú breyting leiddi til sem minnstra útgjalda. Reyndar teljum við að gera eigi verulegar breytingar á Stjórnarráðinu, fækka megi ráðuneytum og koma verkefnum fyrir á kostnaðarminni hátt en nú er. En núv. hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að fara aðra leið og fjölga ráðuneytum. Það sem felst í sjónarmiðum hæstv. ríkisstjórnar og felst í þeirri niðurstöðu sem hér er stefnt að af hálfu hæstv. stjórnar er eitthvert mesta klúður að mínu mati sem dæmi eru um í stjórnsýslu.

Ég ætla ekki að rekja það í löngu máli en það er ljóst að ef þetta verður niðurstaðan sem nú stefnir í þá er umhverfismálum verr komið en áður í stjórnsýslunni. Glundroðinn og skipulagsleysið er meira en áður. Ég vil minna á að í allri þessari meðferð hefur ekki ein einasta hugmynd eða till. komið fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um nýja löggjöf í þessu efni eða ný ákvæði. Allt þetta mikla umstang hefur gengið út á skæklatog um það að taka eina lagagrein úr þessum lögum og aðra úr hinum og færa á milli lagabálka og ráðuneyta. Það er nú allt og sumt sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur haft fram að færa í þessu efni. Má ljóst vera að mál eru í meiri glundroða og meiri óvissu en áður. Það er beinlínis verið að skemma fyrir þessu mikilvæga hagsmunamáli.

Ég ætla ekki að rekja það í löngu máli, en tökum sem dæmi skipaeftirlitsmann. Hann er starfsmaður stofnunar sem heyrir undir ráðuneyti. Að nokkrum hluta eiga störf hans óskilgreint að falla undir annan ráðherra. Stundum er hann starfsmaður ráðherra nr. 1, í annan tíma starfsmaður ráðherra nr. 2. Og eins og hæstv. forsrh. benti á getur komið upp ágreiningur milli ráðherra um hvernig með mál skuli þá fara. Og með því að skipaeftirlitsmaðurinn getur ekki þjónað tveimur herrum í einu getur hann lent í erfiðleikum með að meta hvaða ráðherra hann eigi að þjóna á hverri stundu þó enginn ágreiningur sé að öðru leyti milli ráðherra. Hann á að þjóna ráðherra nr. 1, hann á að þjóna ráðherra nr. 2 og síðan á ráðherra nr. 3 að ákveða með reglugerð hvernig koma eigi hlutunum heim og saman. Ég held að ekki sé hægt að koma málum fyrir með meira skipulagsleysi en hér er stefnt að.

Þegar þessi hæstv. ríkisstjórn hefur, eftir dóm kjósenda, safnast á fund feðra sinna þarf að mynda nýja ríkisstjórn. Ég er sannfærður um það að enginn þeirra flokka sem nú standa að ríkisstjórn og lifa næstu kosningar af muni taka þátt í því að mynda nýja

ríkisstjórn nema með því að breyta því klúðri sem hér er verið að lögfesta. Ég hygg að sómi þeirra sé í raun og veru sá að þeir kjósi, þegar þessi hrossakauparíkisstjórn hefur safnast til feðra sinna, að standa að myndun nýrrar ríkisstjórnar með því að breyta þessu klúðri. Og ég get tekið það fram að af hálfu Sjálfstfl. kemur aldrei til greina að taka þátt í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar án þess að gera hér á grundvallarbreytingar á þann veg að menn geti treyst því að umhverfismálum sé komið fyrir með skipulegum og öruggum hætti, þannig að yfirstjórn þeirra verði markvissari, ábyrgðin víðtækari í öllum ráðuneytum og með minni kostnaði en hér er stefnt að. Aðeins á þeim grundvelli mun Sjálfstfl. geta tekið þátt í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Ég endurtek að ég er sannfærður um það að þeir flokkar sem nú standa að núv. ríkisstjórn og hugsanlega munu lifa af næstu kosningar sjá sóma sinn í því að standa ekki að myndun ríkisstjórnar án þess að gera slíkar breytingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávísunartill. 1247 felld með 27:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, SP, ÞP, BÍG, EH, FrS, GHH.

nei: HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, AÓB, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, ÁrnG.

2 þm. (ÞÞ, FÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil engan þátt eiga í þeim hrossakaupum sem átt hafa sér stað á ríkisstjórnarheimilinu og því segi ég já.

Brtt. 720,1 felld með 19:5 atkv.

Brtt. 720,2–3 kallaðar aftur.

Brtt. 726,2 felld með 23:13 atkv.

Brtt. 1246,1 samþ. með 26:6 atkv.

Brtt. 1246,2 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 1171 felld með 22:13 atkv.

Brtt. 1246,3 samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 1065 kallaðar aftur.

Brtt. 1248 felld með 22:17 atkv.

Brtt. 1246,4 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1246,5 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:13 atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1084, n. 1178, brtt. 1149, 1179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1179,1 samþ. með 27 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

5.–9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 1179,2 samþ. með 29 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

11.–22. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 1149 felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, SP, RG, ÞP, AÓB, BÍG, EH, FrS, GeirG, GHH, HJ.

nei: JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁHE, GB, GGÞ, GuðnÁ, ÁrnG.

9 þm. (IBA, KE, MálmS, ÓÞÞ, ÞSk, ÞÞ, FÞ, GHelg, HG) fjarstaddir.

23. gr. samþ. með 22:1 atkv.

24.–27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 1179,3 samþ. með 27 shlj. atkv.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Læknalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 734, n. 1180, brtt. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1181,1 (1.–3. gr. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 1181,2 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 1181,3 (ný 4. gr., verður 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 1181,4 samþ. með 27 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1181,5 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1181,6 samþ. með 27 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

87. fundur, föstudaginn 4. maí,
að loknum 86. fundi.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 1189.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Mál þetta hefur verið allmikið rætt í tengslum við annað frv. sem hér hefur verið á dagskrá, frv. til laga um stjórn fiskveiða. Vegna þess hve lítill tími er hér í deildinni og mörg mál á dagskrá vil ég ekki tefja tíma deildarinnar með því að hafa um mál þetta mörg orð. Frv. þessa efnis var flutt hér á síðasta Alþingi um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Síðan var það flutt að nýju á síðasta hausti en mál þetta hefur þó tekið nokkrum breytingum í meðferð hv. Ed.

Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn hafi tvíþætt hlutverk.

Í fyrsta lagi að stuðla að fækkun fiskiskipa og draga þar með úr því ósamræmi sem er milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu nytjastofna sjávarins. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að sjóðnum sé fengið það hlutverk að koma til aðstoðar ef straumhvörf hafa orðið í atvinnumálum byggðarlags vegna sölu fiskiskipa. Það gerir sjóðurinn með því að tryggja fiskvinnslu í byggðarlaginu hráefni með því að framselja aflaheimildir gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

Herra forseti. Það væri ástæða til að hafa fleiri orð um þetta mál, hér er um mikilvægt mál að ræða. Með frv. er stefnt að því að flýta því að fækkun fiskiskipa eigi sér stað og jafnframt að koma til móts við þau miklu vandamál sem geta skapast í ákveðnum byggðarlögum þegar fiskiskip hverfa þaðan á braut.

Ég vil leggja til að frv. verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki umdeilt að sú staða er nú í íslenskum sjávarútvegi að afkastageta flotans er miklu meiri en þau verkefni sem hann hefur. Skaði þjóðfélagsins af þessum ástæðum er verulegur. Með upptöku kvótakerfisins voru Íslendingar að þreifa sig inn á þá braut að stýra veiðum eftir að við höfðum náð fullum yfirráðum yfir okkar fiskveiðilandhelgi. Þar áður hafði verið búið við kerfi sem byggðist á því að takmarka sókn á þann hátt að banna mönnum veiðar svo og svo langan tíma á ári. Það er ekki aðeins að fiskiskipaflotinn hafi stækkað heldur hefur öll tækni til að fylgjast með fiskinum í sjónum, þ.e. tækjakostur allur, mjög batnað. Við höfum mátt fylgjast með því að undanförnu að stöðugt hefur hallað undan fæti hvað það snertir að ósamræmið á milli þess sem hægt var að veiða með skipakosti landsmanna og þess sem leyft var að veiða fór alltaf vaxandi. Ég tel þess vegna að með frv. sé stigið mjög stórt og jákvætt skref í stefnumörkun til þess að komast af þeirri braut sem menn hafa verið á.

Mér er hins vegar ljóst að þetta skref í framkvæmd er ekki jafnstórt og það þyrfti að vera. Ég held aftur á móti að skilningur verði að vera á því að fá skref og lítil geta verið upphaf á langri ferð.

Í fyrsta lagi ber að gera sér grein fyrir því að þær fjárhæðir sem teknar eru til þessa verkefnis eru teknar frá sjávarútveginum en jafnframt skilað til sjávarútvegsins. Hér er því ekki um skattheimtu í þeirri merkingu að ræða því að skattheimta byggist á því að taka fjármuni og verja þeim til alls óskyldra verkefna. Ég held að menn verði líka að gera sér grein fyrir því að það er ekki sá flötur uppi í dag eftir að það tímabil hefur staðið jafnlengi og nú að fært sé með neinum ráðum að taka úr umferð skip eða svipta þau veiðiréttindum á annan hátt en að kaupa þann rétt. Það er sá blákaldi veruleiki sem við blasir.

Mér er ljóst að sumir hverjir eru andvígir því að sjávarútvegurinn eigi með þessum lögum að taka þátt í því að bera ábyrgð á byggðunum við ströndina hringinn í kringum landið. En eins og íbúðirnar í fiskiskipunum sjálfum eru hluti af þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í landinu svo hægt væri að stunda fiskveiðar við landið má segja að íbúðarhúsin á ströndinni séu hluti af þeirri uppbyggingu. Og það er ekkert réttlæti í því að líta svo á í þeirri skipulagsbreytingu sem orðið hefur að sjávarútvegurinn eigi aðeins að bera ábyrgð á íbúðunum um borð í fiskiskipunum en ekki íbúðunum sem eru á ströndinni og eru byggðar af sömu þörf fyrir sama fólkið.

Ég tel þess vegna að þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá því að það kom fyrst fram í fyrra í verulega annarri mynd séu mjög af hinu góða. Og ég vara við þeim hugsunarhætti sem mér heyrist þó nokkuð bera á að atvinnugreinin geti skipulagt sig án þess að taka tillit til byggðanna. Mig langar til, herra forseti, í því sambandi að minna á eitt frægasta ritverk Johns Steinbecks, Þrúgur reiðinnar. Ég held að það sé holl lesning fyrir hvern og einn að lesa það skáldverk til að átta sig á hverjar afleiðingar tæknibreytinga geta verið ef tæknibreytingarnar fá að hafa fullt frelsi til að ráðskast með sitt umhverfi án þess að mannlegi þátturinn sé jafnframt skoðaður. Þess vegna tel ég að sjútvn. Ed. hafi unnið þarft verk með þeim breytingum og þeirri vinnu sem hún hefur lagt í frv. og fagna því að þau skref skuli vera tekin sem stuðla að því að á næsta áratug má gera ráð fyrir að hægt verði á ný að hafa meiri aflaheimildir á hvert veiðiskip á Íslandi, við séum að stefna í þá átt að nýta betur veiðiflotann en við höfum gert.

Mér er ljóst að hugmyndir manna eru mjög skiptar um þessa hluti. Sumir hafa viljað halda því fram að hér eigi að leggja á auðlindaskatt. Sá skattur yrði þá fyrst og fremst á landsbyggðina vegna þess að þar er mestallur flotinn staðsettur. En ég vara við því að rugla saman þeirri tekjuöflun sem hér er verið að fara fram á og því hugtaki sem felst í því að leggja á auðlindaskatt.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er vont að fá ekki meiri tíma til að fara ofan í mál sem þetta sem er allt svo stórt í heilu lagi, bæði stjórnun fiskveiða og þessi svokallaði Hagræðingarsjóður. Annars er þetta misnotkun á orði að mínu mati því hagræðing þýðir að eitthvað eigi að vera til hagsbóta en ég get ekki séð að neinar sannanir liggi fyrir um það að þetta verði til hagsbóta fyrir neina sérstaka því það dettur enginn fiskur ofan úr loftinu þó að þessi Hagræðingarsjóður eigi að fá einhvern kvóta. Kjarni málsins er sá að hér er um pólitísk hrossakaup að ræða á elleftu stundu í þessu mikilvæga máli. Auðvitað er ljóst að þau tonn sem þessi væntanlegi sjóður fær til úthlutunar eru tekin frá öðrum aðilum. Það er því alls staðar verið að skapa smávandamál á mörgum stöðum jafnframt því að eitthvert vandamál á síðan að leysast eftir einhverjum pólitískum leiðum sem er ekki æskilegt.

Varðandi allt tal um allt of stóran flota vil ég líkja því að einhverju leyti við heilaþvott. Menn eru að verða heilaþvegnir af reiknimeisturum sem eru alltaf að reikna það út að flotinn sé svo og svo mikið of stór án þess að skoða málið nógu gaumgæfilega. Hvað erum við t.d. búin að stækka flotann mikið bara til þess að geta farið betur með aflann? Áður var fiskinum hrúgað í hauga í lestum. Nú er hann settur í kassa og settur ís á hann, það er sett kæling á hann o.s.frv. Hvað þarf margar rúmlestir til þess að geta gert þetta? Það er engin afkastaaukning flota að geyma fisk við þær aðstæður að hráefnið eyðileggist ekki. Þetta er náttúrlega einn misskilningur.

Annar misskilningur er sá að allri áhöfninni er ekki hrúgað í eina stíu eins og áður var. Það eru komnir rúmgóðir eldhús- og svefnklefar og jafnvel gufubað o.s.frv. Það er engin sóknaraukning fólgin í mannsæmandi íbúðum. Og stóraukið vélarrými og tæknibúnaður þarf mikið pláss. Það er engin sóknaraukning beint í því. Ég dreg þess vegna í efa þetta tal allt saman um allt of stóran flota. Mér finnst þetta bera keim af einhverjum frasa án þess að menn hugsi málið rétt. T.d. í frystitogurunum þarf pláss og ég veit eftir samtöl við ágætt fólk um borð í þessum skipum að þeir togarar eru orðnir allt of litlir. Það er t.d. ekkert pláss í þeim fyrir mjölverksmiðjur o.s.frv. til þess að nýta allt hráefnið sem kemur um borð, bein og úrgang. Það er ekki hægt að koma því fyrir og það má ekki stækka skipin. Menn verða því bara að fleygja þessu. Þetta er ekki einhlítt mál með allt of stóran flota. Svona einhliða vísindareikningur er ekki mjög góður að mínu mati.

Ég held að allt of mikil áhersla hafi verið lögð á þessa umræðu um allt of stóran flota og við einbeitt okkur að því að búa til skömmtunarkerfi í staðinn fyrir það að eyða verulegum fjármunum í að finna hvað er að í hafinu, eins og ég sagði hér í umræðunum um kvótakerfið í gær. Það er einmitt það sem okkur vantar að vita. Fæðukerfið virðist hafa eitthvað brostið, alla vega kom það í ljós í síðasta togarарallýi að þorskurinn er 5–10% léttari en hann átti að vera miðað við árið í fyrra. Það bendir eindregið til þess að eitthvað sé að í fæðukerfinu. Ef farið hefði verið að ráðum ágætra vísindamanna og þorskstofninn hafður stærri, hvað hefði hann þá minnkað mikið meira? Þessi vísindi stangast nefnilega á, eins og ég var að segja hér í gær, og við eigum að beina kröftum okkar og verja meiri fjármunum í það að leita skýringa á hvað er að fara úr skorðum í hafinu. Það er ekki nóg að beina augum sínum eingöngu að því að búa hér til einhvers konar skömmtunarkerfi öllum til bölvunar.

Það er engin trygging fyrir því þó menn setji kíkinn fyrir blinda augað að verið sé að laga jafnvægi í byggðinni eða það sé einhver byggðastefna þó að einhver ágætur ráðherra hafi einhver tonn til þess að úthluta hingað og þangað. Það er engin lausn á vandamáli sem þessu.

Það kom hér fram fyrr í morgun að svokölluð fiskvinnslustefna er ekki til. Það er ekki talað um fiskvinnsluna eða fiskverkafólkið. Þetta fólk hefur unnið við sjávarútveg lengi og það er eins og þetta fólk sé ekki til. Með þessu öllu saman virðist eiga bara að grisja byggð gegnum peninga og það er náttúrlega út af fyrir sig nokkuð merkilegt að ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju skuli setja slíkt á fót. Það er alveg rétt að þetta kann að verða vísir að auðlindaskattinum margfræga sem byggist á eintómri fræðimennsku. Mann hefur lengst af langað til að segja ekkert einasta orð í sambandi við allt það tal um auðlindaskatt og alla þá útreikninga því það er svo greinilegt að það er reiknað út af fólki sem ekki skilur neitt annað en þríliður. Það er hægt að reikna ýmislegt í þríliðu. Ef allt of mikið væri af verslunum hér á höfuðborgarsvæðinu ætti þá að reikna það út í þríliðu að hægt væri að lækka vöruverð með því bara að ryðja einhverjum af þeim um koll? Stofna úreldingarsjóð af því það væri allt of mikið af verslunum. Á hvaða leið erum við í þessari umræðu? Í mínum huga væri miklu nær að stofna úreldingarsjóð fyrir ónothæfa stjórnmálamenn. (**ÓÞÞ:** Hvort sagðirðu ónotaða eða ónothæfa?) Onothæfa, sem geta ekkert annað en smíðað einhverja forsjárhyggju sem er verið að leggja af fyrir austan tjald.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 34 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 163. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1250.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Læknalög, 3. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 1251.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánasýsla ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 498. mál. — Þskj. 872.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 1256).

Búnaðarmálasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (heildarlög). — Þskj. 1252.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Sjómannalög, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (hlýðniskylda skipverja). — Þskj. 1253.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989, n. 1172 og 1194, brtt. 1173, 1195.

Frsm. meiri hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. félmn. á þskj. 1172 um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Pál Magnússon, formann stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík, Ríkharð Steinbergsson, framkvæmdastjóra verkamannabústaða í Reykjavík, Sigurgeir Sigurðsson, formann stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Yngva Örn Kristinsson, formann stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félmn.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. eins og Ed. gekk frá því að því undanskildu að gerðar eru tillögur um fjórar minni háttar breytingar sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingarnar miða að því að gera viðkomandi ákvæði skýrari og taka af öll tvímæli um hvað felist í þeim ákvæðum.

Alexander Stefánsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. er fram kunna að koma."

Undir nál. skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Alexander Stefánsson með fyrirvara, og Jón Kristjánsson. Brtt. eru á þskj. 1173.

Frsm. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. félmn. um þetta frv. Nefndin hefur ekki haft mikinn tíma til þess að fara í saumana á þessu máli þó svo einstakir nefndarmenn hafi að því komið á fyrri stigum með ýmsum hætti. Þess vegna hafði nefndin ekki mikið svigrúm til að rannsaka margt af því sem lagt er til með frv. og sem vissulega hefði þurft að gera betur en í ljós hefur komið að gert var í þeirri undirbúningsvinnu sem lá að baki þessari frumvarpssmíð.

Engu að síður lagðist 1. minni hl. nefndarinnar ekki gegn því að frv. yrði afgreitt úr nefndinni en boðaði það í nefndinni að fluttar yrðu brtt., margar og ítarlegar, við þetta frv. Þær liggja fyrir á þskj. 1195 frá okkur hv. 3. þm. Suðurl. Eggerti Haukdal.

Ég gat þess hér við 1. umr. um málið að ýmsar upplýsingar um fjárhagslegar afleiðingar frv. og fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna vantaði í grg. með frv. og að ekki hefðu komið fram upplýsingar um þessa þætti í vinnslu málsins hér í þinginu. Í

nefndarstarfinu kallaði ég eftir upplýsingum um þetta efni og þær hafa borist að nokkru leyti. Það liggur m.a. fyrir að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur á einhverju stigi málsins sent frá sér lítið bréf þar sem komist er að þeirri niðurstöðu í skyndingu, að því er fram kemur, að frv. hafi ekki veigamiklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir ríkissjóð þar sem ætla megi að ákvæði þess til útgjaldaaukningar standist að einhverju leyti á við ákvæði þau sem horfa til sparnaðar í frv.

Þetta álit var hins vegar, eins og ég segi, frekar ófullkomið og útbúið á því stigi málsins þegar það var til vinnslu í ríkisstjórn. En mér sýnist við skoðun málsins að þessi þáttur sé nokkuð óviss þó vissulega séu bæði atriði í frv. sem horfi til sparnaðar fyrir ríkissjóð og útgjaldaaukningar. En meginatriði frv. eru engu að síður skipulagslegs eðlis, en ekki þess eðlis hins vegar að um sé að ræða verulegar breytingar á útgjöldum á þessu sviði.

Í nefndarstarfinu var álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar lagt fram og hyggst ég ekki gera það að frekara umtalsefni og heldur ekki þau drög að ársreikningum Byggingarsjóðs verkamanna sem nefndarmönnum voru afhentir þar sem þeir reikningar eru ekki endanlega frágengnir. Eigi að síður er unnt að láta það koma fram að fjárhagsstaða sjóðsins er slæm og fer versnandi með ári hverju. Um er að ræða hundruð milljóna kr. tap á þessari starfsemi, ef það má orða það þannig. Það er gengið á eigið fé sjóðsins um hundruð milljóna kr. á ári og því trúlegt að hann verði gjaldþrota eða fé hans allt upp urið innan stutts tíma, jafnvel tíu ára. Það er vissulega áhyggju- og umhugsunarefni hvernig skuli brugðist við í því efni. En um þetta mikilvæga atriði er ekkert fjallað í frv. og hlýtur það að sæta nokkurri furðu.

Við sem ritum undir álit 1. minni hl. nefndarinnar erum þeirrar skoðunar að það hefði þurft að fjalla mun betur og nánar um veigamikil efnisatriði í frv. Og við bendum enn á það að Sjálfstfl. hefur ekki haft aðstöðu til þess að koma nærri þessum málatilbúnaði fyrr en nú hér í þinginu og hefði verið skynsamlegast að láta þetta mál kyrrt liggja í sumar og skoða það betur með það fyrir augum að leggja hér fram í haust nýtt frv. sem víðtækari samstaða væri um.

Ég hef látið þau orð falla að frv. sé að mörgu leyti fljótfærnislega úr garði gert og segir í nál. 1. minni hl. að frv. sé hroðvirknislega unnið og hafi fundist í því villur af hinu furðulegasta tagi. Þannig háttar til, herra forseti, að þótt við 3. þm. Suðurl. Eggert Haukdal höfum ekki enn verið ráðnir í þjónustu félmrn. sem prófarkalesarar þá höfum við hins vegar komið auga á ýmsar ambögur í frv. sem flestar hverjar eða nokkrar a.m.k. hafa ratað inn í nál. meiri hl. nefndarinnar og sem meiri hl. gerir að brtt. sínum að leiðréttar verði og skal ég ekki gera athugasemd við það. Heldur tel ég það nú til bóta að meiri hl. hafi gert þessar ábendingar að sínum, enda hlýtur það að vera metnaðarmál allra að löggjöf sem héðan er afgreidd sé skýr og skiljanleg og ekki með afkáralegum vitleysum í eða öðru af því tagi. Ég læt þess getið til gamans að brtt. meiri hl. eru runnar undan rifjum minni hl. að þessu leyti til.

Nú hyggst ég, herra forseti, víkja að þeim efnisatriðum í frv. sem gerðar eru athugasemdir við af okkar hálfu og greina í nokkru frá því í hverju brtt. okkar minnihlutamanna eru fólgnar. Kem ég þá fyrst að skipan í svokallaðar húsnæðisnefndir sem frv. gerir ráð fyrir að taki við verkefnum stjórna verkamannabústaða og húsaleigunefnda sveitarfélaga. Með frv. eru fleiri verkefni og aukin fjárhagsleg ábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu flutt yfir á sveitarfélögin. Hins vegar skýtur nokkuð skökku við þegar komið er að húsnæðisnefndum sem um þessi mál eiga að fjalla fyrir hönd sveitarfélaganna. Þar er ekki gert ráð fyrir því að meiri hluti í sveitarstjórn sé jafnframt ráðandi meiri hluti í húsnæðisnefndunum. Þetta stafar af því að gert er ráð fyrir að tveir fulltrúar í húsnæðisnefndum séu tilnefndir af utanaðkomandi aðilum, eða eins og það er orðað í frv.: „... stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.“ Við teljum óeðlilegt að í nefnd sem þessari, sem getur gert marghátttaðar ráðstafanir og skuldbindingar í nafni sveitarfélagsins, skuli ekki vera svo um hnúta bundið að meiri hluti sveitarstjórnar skuli jafnframt geta átt þess kost að kjósa meiri hluta í nefndina. Þetta er sagt alveg óháð því að auðvitað er skiljanlegt að verkalýðshreyfingin vilji hafa hönd í bagga þegar um er að ræða félagslegt húsnæði. Ástæðulaust er að ætla henni annað en gott eitt í þessu sambandi. Hins vegar er þetta af ýmsum öðrum ástæðum óeðlilegt fyrirkomulag sem hlýtur að draga úr skilvirkni í stjórnsýslu og gera meiri hluta í sveitarstjórn erfiðara fyrir að ná fram þeirri stefnu sem borgararnir í viðkomandi sveitarfélagi hafa kjörið þessa fulltrúa til að framkvæma.

Við flytjum tillögu á þskj. 1195 um að þessu verði breytt. Í 5. brtt. er gert ráð fyrir því að í stað þessa fyrirkomulags skipi sveitarstjórn alla fulltrúana. Til vara er gerð sú tillaga að í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa þar sem nú er gert ráð fyrir að sjö fulltrúar verði kosnir, fjórir af sveitarstjórn og þrír af samtökum launafólks, verði fimm af þessum sjö kjörnir af sveitarstjórninni en aðeins tveir tilnefndir af samtökum launafólks.

Ég vil síðan bæta því við, virðulegur forseti, að orðalag frv. um þessi atriði er óskýrt og til þess fallið að valda misskilningi og deilum síðar meir. Í frv. segir að stærstu samtök launafólks í sveitarfélaginu eigi þarna að tilnefna, en það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvað það þýðir. Og í nefndarstarfinu fékkst ekki fyllilega upplýst hvort hér var um að ræða heildarsamtök launafólks í landinu öllu eða staðbundin verkalýðsfélög á hverjum stað. Eins og þetta er orðað núna hlýtur það að skiljast þannig að hér sé um að ræða staðbundin verkalýðsfélög í hverju sveitarfélagi. Hins vegar kom fram sú túlkun að á höfuðborgarsvæðinu ættu það að vera heildarsamtökin sem þarna tilnefndu, þ.e. Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Það er ekki mitt hlutverk, þar sem ég hef lagt til að þetta orðalag falli niður, að gera hér brtt. En ég beini

því til aðstandenda frv., af því að með þessu orðalagi er verið að kalla fram deilur og misskilning síðar meir, að þessu orðalagi verði breytt þannig að það verði alveg skýrt við hvað er átt. Annaðhvort er átt við það að ASÍ og BSRB tilnefni hér á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum sveitarfélögum, þá væntanlega öllum, eða átt er við að það séu staðbundin samtök launafólks í sveitarfélaginu, eins og nú er orðað, og þá á það að koma skýrt fram og standa „félag" í stað orðsins „samtök". Þessu beini ég til viðkomandi í mestu vinsemd og vænti þess að tekið verði eitthvert tillit til þess.

Ég vil næst koma að 11. brtt. á þskj. 1195 þar sem við í 1. minni hl. gerum ráð fyrir því að áfram verði, eins og nú er, hægt að veita sérstök viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna til þess fólks sem er að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið með aðstoð Byggingarsjóðsins en býr við sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og fjárhagsaðstæður og á í verulegum erfiðleikum með að inna af hendi útborgun.

Þannig er að í gildandi lögum er þessi heimild fyrir hendi með þessu orðalagi. Það er hægt að veita viðbótarlán upp í allt að 90% og sömuleiðis er hægt að veita þeim sem eiga í sérstökum erfiðleikum með útborgun lán allt upp í 100% íbúðarverðs, en viðbótarlánið er þá til þriggja ára. Tillaga okkar er sú að þetta ákvæði fái að halda sér. Ég hef vakið athygli á því hér úr þessum ræðustól að það er athyglisvert að þeir félagshyggjuflokkar sem hér standa að ríkisstjórn skuli ætla að fella niður þetta ákvæði sem hefur gert fjölda manna kleift að eignast eigið húsnæði. Ég hef ítrekað spurt hver sé ástæða þess að þetta ákvæði er fellt niður í frv. Svarið er að það hafi „oft" komið fram að þeir sem hér hafa átt hlut að máli hafi reist sér hurðarás um öxl með því að fá þetta viðbótarlán. Og ég hef spurt: Gott og vel, kann að vera að svo sé í einhverjum tilvikum. En væri hægt að fá upplýsingar um hversu margir af þeim sem hafa fengið þetta viðbótarlán hafa ekki við það ráðið? Og hversu margir hafa á hinn bóginn getað ráðið við þann bagga og komist í eigið íbúðarhúsnæði fyrir tilstilli og atbeina þessa viðbótarláns? En við þessari spurningu hafa ekki fengist nein svör. Og á meðan ekki koma haldbærar skýringar og röksemdir fyrir því að fella niður viðbótarlánið þá leyfi ég mér að leggja til að þessi möguleiki verði áfram fyrir hendi. Ég hef nefnilega staðið í þeirri meiningu að Byggingarsjóður verkamanna væri til þess hugsaður og ætlaður að greiða götu þess fólks sem einmitt svona stæði á um, ætti í sérstökum erfiðleikum, fjölskyldu- og fjárhagslegum, og þyrfti þess vegna á viðbótarfyrirgreiðslu að halda. Ég hef staðið í þeirri meiningu að þetta væri hlutverk sjóðsins, að hjálpa fólki sem svona stæði á um. En félagshyggjuflokkarnir eru greinilega á annarri skoðun. Og það mun þá á það reyna í atkvæðagreiðslu um þessa grein hvort svo er.

Ég vil þá næst, herra forseti, koma að 7. brtt. á þskj. 1195, sem að er vikið í 3. lið í nál., þar sem spurt er hvort eigi að taka upp eignir einstakra sveitarfélaga. Um það er að ræða í mörgum sveitarfélögum, einkum hinum stærri, að þau hafa eignast íbúðir sem síðan eru leigðar út skjólstæðingum félagsmálastofnana þessara sveitarfélaga. Það liggur fyrir að Reykjavíkurborg er stærsti aðilinn á þessu sviði. Borgin á í eigin nafni rúmlega 1000 íbúðir sem metnar eru á nokkra milljarða kr., meira og minna skuldlausar, sem félagsmálaráð borgarinnar hefur umsjón með og leigir út sínum skjólstæðingum. Hér er um að ræða þinglýstar eignir borgarinnar sem ekki verða frá henni teknar og ekki er hægt að setja undir stjórn annarra en hennar sjálfrar. Hins vegar er með frv. gert ráð fyrir því að húsnæðisnefndirnar, með utanaðkomandi aðild, eigi að ráða þessum íbúðum. Á það er bara einfaldlega ekki unnt að fallast. Og reyndar er það þannig að það er ekki bara að ekki sé unnt á það að fallast, heldur er það líka þannig að stjórnarskráin bannar þetta. Það skiptir því kannski ekki öllu máli þó að við föllumst ekki á þetta ákvæði. Ég býst við því að viðkomandi sveitarfélög mundu láta á það reyna, a.m.k. hef ég fulla ástæðu til þess að halda að Reykjavíkurborg mundi gera það.

Í því sambandi vil ég lesa hér ályktun sem félagsmálaráð Reykjavíkur samþykkti samhljóða í gær um þetta efni. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Félagsmálaráð Reykjavíkur mótmælir harðlega hugmyndum um að úthlutanir félagslegs leiguhúsnæðis verði settar undir sérstakar húsnæðisnefndir. Samkvæmt frv. eru þær þannig skipaðar að réttkjörin stjórn sveitarfélags getur misst stjórn þessa málaflokks þótt ábyrgð á honum fylgi ótvírætt sveitarstjórnum og þær séu eigendur leiguhúsnæðisins. Ekki skiptir minna máli að þetta mikilvæga félagslega úrræði yrði þannig slitið úr tengslum við aðra félagslega þjónustu í sveitarfélagi."

Ég ætla ekki að lengja ræðu mína með því að orðlengja þetta frekar. En ég tel nauðsynlegt að gerð sé breyting á frv. til að útiloka þá hugmynd sem hér er á ferðinni.

Ég vil að lokum koma að 20. og 21. brtt. á þskj. 1195 sem varða yfirtöku á skuldbindingum stjórna verkamannabústaðanna. Það er ljóst að þær hafa margar hverjar gert margháttaðar fjárhagslegar skuldbindingar, eiga eignir, tæki, húsnæði, búnað í umboði sveitarstjórnarinnar og hafa margs konar starfsmannahald á sinni könnu. Þess vegna er alveg ljóst að yfirfærsla á þessari starfsemi til annarrar nefndar, húsnæðisnefndar svokallaðrar, hlýtur að vera töluvert flókið mál og verður að vera þannig úr garði gert að ekkert fari milli mála. Ég tel að ákvæði frv., eins og þau eru núna, uppfylli ekki þetta skilyrði. Og þess vegna er það tillaga okkar minnihlutamanna að í fyrsta lagi verði gildistaka laganna ekki fyrr en 1. sept. 1990 og að umboð stjórnar verkamannabústaða framlengist til þess tíma. Og í öðru lagi að í ákvæði til bráðabirgða verði mun skýrar kveðið á um hvað fylgir þessari yfirtöku og að starfsmenn stjórnar verkamannabústaða eigi forgang að störfum á vegum húsnæðisnefnda við þessi sömu verkefni.

Hugmyndin með því að seinka gildistöku frv., eða

laganna, er auðvitað sú að það gefist nægilegt svigrúm til þess að uppgjör og yfirtakan að öðru leyti geti gengið greiðlega og vandræðalaust fyrir sig.

Til viðbótar þessum atriðum, herra forseti, eru á þskj. nokkrar aðrar brtt. sem sumar hverjar er ástæðulaust að eyða löngu máli í. Þær ganga hins vegar út á það að breyta nokkuð anda frv. þannig að Byggingarsjóður verkamanna verði áfram svo sem verið hefur fyrst og fremst sjóður þeirra sem minna mega sín, sjóður ætlaður fyrir láglaunafólk en ekki hvern sem er. Það er misnotkun á almannafé að þessi sjóður verði opinn fyrir hvern sem er. Eða hvern sem telur sig þurfa sérstaka aðstoð við húsnæðisöflun. Þess vegna er því skotið hér inn á tveimur stöðum að í stað orðsins „fólki", til að mynda í 1. málsgr. þar sem markmið laganna eru skilgreind, komi „láglaunafólki" og sömuleiðis í 3. gr. m.-lið, sem verður 63. gr., þar sem hlutverk Byggingarsjóðsins er skilgreint, verði notað það orðalag sem er að finna í núgildandi lögum og talað um að hlutverk hans sé að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Við flytjum sömuleiðis brtt. nr. 17, við væntanlega 95. gr., um að endurskoðun lánskjara þeirra sem fengið hafa lán úr sjóðnum miðist við fimm ár en ekki átta. Ég hygg að efnislegt samkomulag sé um það að óeðlilegt sé að menn geti setið í þessum íbúðum ævilangt óháð afkomu sinni þótt þeir hafi á einhverjum tíma uppfyllt skilyrði til þess að geta fengið fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóðnum. Í öðru lagi er þar um að ræða orðalagsbreytingar sem ég hygg að séu skýrari og nákvæmari en það orðalag sem nú er í frv.

Loks er í 2. tölul. gert ráð fyrir að almenna kaupleigukerfið falli út úr frv. Af því leiða ýmsar aðrar breytingar sem raktar eru í þskj. og ég hyggst ekki gera grein fyrir. En fari svo að sú brtt. verði ekki samþykkt þá falla þær brtt. sem af henni leiða sjálfkrafa brott.

Ég spurði þeirrar spurningar við 1. umr. málsins hvaða nauðsyn ræki til þess að hinar svokölluðu almennu kaupleiguíbúðir yrðu felldar undir Byggingarsjóð verkamanna og ég hef ekkert svar fengið við því. Ég tel enga haldbæra ástæðu fyrir því. Ég tel að það sé ástæðulaust að breyta því fyrirkomulagi sem frá var gengið á sínum tíma hér á Alþingi fyrir tveimur árum, að almennar kaupleiguíbúðir tilheyri Byggingarsjóði ríkisins. Og með því að ekki hafa komið haldbærar skýringar á því hvers vegna nauðsyn beri til að breyta því fyrirkomulagi þá er 2. brtt. og aðrar sem af henni leiða fluttar.

1. brtt. er hins vegar sama eðlis og þær sem ég gat um áðan varðandi anda laganna. Gert er ráð fyrir því að 1. gr. frv. falli brott sem þýðir það að markmiðsákvæði gildandi laga um Húsnæðisstofnun verður óbreytt. Ég tel að það hljómi ágætlega eins og það er í dag og ástæðulaust að breyta því með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég mun ekki, virðulegi forseti, taka hér meiri tíma í útskýringar á brtt. minni hl. í ljósi samtala sem hér hafa átt sér stað milli manna og ætla ekki að hafa frekara mál um þetta frv. Ég mun þegar að atkvæðagreiðslu kemur gera nánari grein fyrir því hvernig ég hyggst óska eftir að gengið verði til atkvæða um þessar brtt., en vera má að ég óski eftir því að einhverjar þeirra verði kallaðar aftur til 3. umr. og hugsanlega einhverjar afturkallaðar fyrir fullt og allt. Ég mun skýra forseta frá því þegar þar að kemur.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. félmn. geri ég þar fyrirvara og áskil mér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. er fram kunna að koma. Í sjálfu sér þarf þetta ekki að koma neinum á óvart. Við 1. umr. málsins gerði ég grein fyrir því að ég hefði haft fyrirvara í mínum þingflokki þegar þetta frv. var lagt fram og sá fyrirvari var fluttur hæstv. ríkisstjórn þannig að ég hefði alveg frjálsar hendur í þessu máli.

Við 1. umr. málsins — ég vil taka það fram, herra forseti, að ég skal ekki tefja þessar umræður mikið — gerði ég grein fyrir því hvert viðhorf mitt væri til þessa frv. Ég taldi að það væri framhald í raun og veru af því niðurrifi sem núv. hæstv. félmrh. hefur ástundað í sambandi við gildandi lög um húsnæðismál. Ég tók líka fram og ég get endurtekið það að ég taldi brýna nauðsyn að taka hið félagslega kerfi húsnæðismála til rækilegrar endurskoðunar og hef raunar verið fylgjandi því lengi og átti þar hlut að máli á vissu tímabili. Það væri nauðsynlegt að gera það á breiðum grundvelli, eyða í það góðum tíma með aðild allra þingflokka og annarra áhrifaaðila sem að þessum málum koma í þjóðfélaginu. Þegar ég talaði um allsherjarendurskoðun á félagslega kerfinu þá vildi ég gera það í alvöru, gera það þannig að rannsakað yrði hið raunverulega ástand þessara mála, og ekki aðeins það heldur einnig hvert við stefnum í þessum málum eða raunar hvert við viljum stefna í þessum málum. Ég vildi fá nákvæma úttekt á því hvernig við eigum að standa að því að tryggja aðstoð eða hagstæð lán til þeirra þegna þjóðfélagsins sem búa við verstu aðstæður, þar á ég við bæði láglaunafólk, þar á ég við íbúðir fyrir öryrkja og fatlaða og byggingar fyrir eldri borgara, og taka á því með raunsæjum hætti á hvern hátt við eigum að standa til framtíðar að þessum málum. Það tengist að sjálfsögðu stefnu í húsnæðismálum almennt því það hlýtur að vera löngu komið að því að við Íslendingar sem erum aðeins 250.000 manns gerum okkur grein fyrir því hvað er eðlilegt að við þurfum að leggja mikla fjármuni og hvernig í að tryggja húsnæði fyrir alla íbúa þessa lands.

Því miður verð ég endurtaka það hér að sú endurskoðun sem þarna fór fram, ég er ekki að lasta það fólk sem tók þátt í henni, það voru allt ágætis aðilar, en hins vegar hefur greinilega verið þrýst á í sambandi við þessa endurskoðun að út yrði tekinn einn þáttur í þeirri heildarendurskoðun sem nefndin hefur ætlað sér að vinna og lagt fram hér í frumvarpsformi sem tekur ekki nægjanlega, að mínu mati, á þessum málum, eins og fram hefur komið raunar í meðförum félmn. beggja deilda þó að Ed. hafi lagt tiltölulega litla alvöru í meðferð málsins.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að eyða

miklum tíma, herra forseti, í þessari tímaþröng. En ég kemst þó ekki hjá því að nefna hér örfá atriði sem að mínu mati eru ákaflega mikilvæg í þessu máli. Og þegar við skoðum umsögn sem kom frá stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, sem hefur einna víðtækasta reynslu af meðferð þessara mála á öllum stigum og jafnframt álit frá þeirri lögmannsskrifstofu sem þeir láta styðja sitt mál, þá kemst maður ekki hjá því að lýsa því yfir að það er ákaflega leiðinlegt í þessari stöðu að þurfa að viðurkenna að á mörgum viðamiklum atriðum í húsnæðislöggjöfinni, félagslega kerfinu, sem hafa valdið erfiðleikum í samskiptum við fólk á undanförnum árum, er ekki tekið nema á mjög auman hátt, svo ekki sé meira sagt. Þar er um að ræða fyrningarákvæði, endurkaup á eldra húsnæði, ákvæði um leiguíbúðir og margt, margt fleira sem mætti nefna en ég ætla ekki að gera hér.

Ég vil einnig segja það að mér finnst ákaflega sorglegt, ég ætla að orða það þannig, að nú skuli vera gengið í það að leggja niður heitið verkamannabústaðir. Verkamannabústaðakerfið hefur reynst þessari þjóð miklu haldbetra en nokkurt annað húsnæðiskerfi sem hér hefur verið í gildi og hefur raunar lyft grettistökum að því að hjálpa fólki sem er ekki með há laun til að eignast eigið húsnæði. Og ég hygg að láglaunafólk hér á Íslandi hafi notið kjara verkamannabústaðakerfisins betur en nokkurs annars í félagslegri löggjöf á undanförnum árum og þúsundir Íslendinga hafa eignast íbúð í gegnum verkamannabústaðakerfið. Það hefur reynst langsamlega haldbest til þess að reyna að koma þessum málum á réttan grundvöll. Og að leggja niður þetta heiti finnst mér fáránleg tillaga sem sýni ljóslega vanhugsaðar aðgerðir sem eru fjölmargar í þessu lagafrv., því miður.

Ég ætla ekki að flytja brtt. hér um þetta ákvæði, en ég bendi bara á að það kemur greinilega fram í þó nokkrum umsögnum, sem félmn. bæði Ed. og Nd. höfðu til meðferðar, að þessu ákvæði er sérstaklega mótmælt.

Það sem ég vildi segja að lokum er að ég tel margar brtt. sem minni hl. félmn. leggur fram nauðsynlegar og ég mun í nokkrum tilfellum lýsa yfir fylgi við þær þó ég skrifaði ekki undir það nál. Ég tel t.d. sjálfsagðan hlut að það sé a.m.k. rökstutt með hvaða rökum er nú verið að taka almennar kaupleiguíbúðir sem barist var fyrir í fyrri lagagerð að hafa í almenna húsnæðiskerfinu eða Byggingarsjóði ríkisins og setja þær nú allt í einu undir félagslega kerfið. Þessir aðilar ættu í raun að biðja afsökunar á þeirri rökleysu sem þeir fluttu á sínum tíma, að það þyrfti að hafa almennar kaupleiguíbúðir bæði í félagslega kerfinu og almenna kerfinu. Nú er gerð hér tillaga um að færa þetta einnig undir félagslega kerfið án nokkurrar skilgreiningar á hvernig á að framkvæma það. Þess vegna er 2. till. minni hl. félmn. rétt.

Ég vil einnig taka annað sem er stórt mál í mínum huga. Hvers vegna eru í frv. felld niður ákvæði í húsnæðiskerfinu um það að hjálpa fólki sem á í erfiðleikum að fá 100% lán? Mér finnst þetta spor aftur á bak. Og ég vil aðeins vitna í tvö atriði þessu til sönnunar. Í áliti stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík er sagt m.a., með leyfi forsta: „Til þess að réttlætanlegt sé að afnema heimildir til að veita 100% lán til kaupa á íbúð svo og að innleiða tekjulágmark, verður fyrst að nást það takmark að nægilegt framboð sé á leiguhúsnæði til að leysa vanda þess fólks sem samkvæmt gildandi reglum fær 100% lán." Núna um miðjan dag var hringt í mig frá Ísafirði, frá forstöðufólki Félagsmálastofnunar Ísafjarðarkaupstaðar. Þar er fjöldi einstæðra mæðra sem t.d. gegna láglaunastörfum á vegum Ísafjarðarkaupstaðar og eiga ekki möguleika á húsnæði nema því aðeins að fá slíka fyrirgreiðslu. Og þar eru hörð mótmæli gegn því að þetta verði gert því að fólk hefur í vaxandi mæli nýtt sér þetta ákvæði í gildandi lögum. Þess vegna tel ég fáránlegt að leggja til að fella þetta ákvæði gildandi laga niður og mótmæli því hér með og mun fylgja brtt. til þess að ná rétti fyrir þetta fólk sem verst er sett í löggjöfinni.

Herra forseti. Ég gæti nefnt mörg fleiri dæmi en ætla ekki að gera það hér. En ég endurtek að ég harma það mjög að þessi nauðsynlega endurskoðun á hinu félagslega kerfi húsnæðismála á Íslandi skuli ekki hafa verið gerð með þeim hætti að reisn væri yfir og að menn hefðu gefið sér nægan tíma með aðild allra þeirra flokka sem t.d. eiga sæti á Alþingi. Ég tel að það hafi miður farið. Það lá ekkert á, það var ekkert sem lá á að hespa þessari löggjöf af nú. Við gátum gefið okkur tvö til þrjú ár í þessa endurskoðun og tekið þar til viðmiðunar allt það sem reynslan sýnir að þarf að breyta um leið, og ég legg áherslu á það sem lokaorð, um leið og við tökum ákvörðun um hver framtíðarstefnan er í þessum málum. Hún er ekki komin fram enn og hefði löngu átt að vera búið að taka þá stefnu. Ég reiknaði með því að þessi stóra nefnd, þó hún væri skipuð með þessum annmörkum, mundi hafa það að aðalmarkmiði. Síðan væri hægt að breyta ákvæðum gildandi laga smátt og smátt til þess að ná því takmarki sem stefnumörkunin gerði ráð fyrir. Það eru rétt vinnubrögð en þetta eru röng vinnubrögð. Ég held ég ljúki máli mínu með þessu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Mér koma út af fyrir sig ekki á óvart brtt. sem minni hl. félmn. flytur, einfaldlega vegna þess að að mig greinir á við sjálfstæðismenn bæði um stefnu í húsnæðismálum að því er varðar félagslega kerfið og hvaða valkostir eiga að vera þar fyrir hendi og ýmsar af þeim brtt. sem þar koma fram miða að því að breyta því í aðra átt.

Ég vil svara því til, af því að það kom fram í máli hv. þm. varðandi almennu kaupleiguíbúðirnar, að í frv. kemur fram ástæðan fyrir því að almennar kaupleiguíbúðir eru færðar yfir í félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Hér stendur um 2. gr., með leyfi forseta: „Rök fyrir þessu eru þau að almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar á félagslegum forsendum, eignarhald er félagslegt og rekstur. Jafnframt eru miklar takmarkanir á endursölu almennra kaupleiguíbúða sem bera svipmót af þeim hömlum sem gilda

um félagslegt húsnæði. Má þar nefna að framkvæmdaraðili hefur samkvæmt gildandi lögum kaupskyldu fyrstu fimm árin og síðan forkaupsrétt."

Ég vil líka aðeins víkja að atriði sem kemur fram í nál. minni hl., en þar segir: „Þannig getur húsnæðisnefnd með fulltingi fulltrúa minni hluta í sveitarstjórn og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar skuldbundið sveitarfélög til stórfelldra fjárhagslegra ráðstafana án þess að það sé vilji þeirra sem fara með pólitísk völd í sveitarfélaginu." Ég tel að hér gæti nokkurs misskilnings, enda segir í 70. gr. frv.:

„Þegar sveitarstjórn eða annar viðurkenndur framkvæmdaaðili hefur tekið ákvörðun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum skal hann tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína" o.s.frv. Hér er raunverulega verið að segja að það er sveitarstjórnin sjálf sem tekur ákvörðun um hvað hún óskar eftir að byggja eða kaupa margar félagslegar íbúðir. Það er einungis úthlutunin sem er á hendi húsnæðisnefndar. Húsnæðisnefndin sem slík getur því aldrei bundið sveitarfélög eða sett þau í einhverjar fjárhagslegar skuldbindingar sem þau ekki vilja. Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi hér fram.

Varðandi yfirtöku á eignum sem minni hl. gerir brtt. við, 21. gr., þá var gengið úr skugga um þetta við samningu frv. Það er ákvæði til bráðabirgða sem var farið yfir sem á að tryggja það sem fram kemur í 21. tölul. hjá minni hl. en þar segir: „Við gildistöku laga þessara taka húsnæðisnefndir við hlutverki stjórna verkamannabústaða eftir því sem við á. Enn fremur taka húsnæðisnefndir við réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða . . . svo sem nánar verður kveðið á um í reglugerð." Tillögur minni hl. gera ráð fyrir því að gera þetta skýrara en það var álitið að óþarfi væri að gera það skýrara en hér kemur fram.

Ég vildi aðeins láta þess getið núna við þessa umræðu málsins um leið og ég þakka nefndinni fyrir afgreiðslu á þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1200.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Í orrahríð atkvæðagreiðslu á fyrri fundi hér í dag hafði láðst að vísa stjfrv. um stjórn fiskveiða til 2. umr. og hv. sjútvn. Nú hefur dagskrá verið prentuð upp með því máli á, þ.e. 25. máli á dagskrá sem dreift hefur verið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Tilkynning frá þingflokki frjálslyndra hægrimanna.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hv. 5. þm. Vesturl. hefur óskað eftir því að fá að mæla hér nokkur orð áður en haldið er áfram fundastörfum og hefur forseti orðið við því. Forseti verður að játa það að hann er ekki alveg viss um undir hvaða formerkjum það er. Engu að síður vill hann gefa hv. þm. orðið.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Frá því að við hv. þm. Hreggviður Jónsson stofnuðum þingflokk frjálslyndra hægrimanna höfum við starfað í anda hægri stefnu. Það er sannfæring okkar að það sé sú eina stefna sem komið getur þjóðinni út úr þeim ógöngum sem vinstri villa núverandi ríkisstjórnar hefur leitt yfir hana. Því teljum við afar brýnt að frjálslynd hægri öfl sameinist í einum flokki. Þess vegna var eftirfarandi samþykkt gerð á þingflokksfundi frjálslyndra hægrimanna í dag:

„Þingflokkur frjálslyndra hægrimanna samþykkir að ganga til liðs við þingflokk sjálfstæðismanna. Þetta tilkynnist Alþingi hér með."

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi einnig skýrt fram að hv. varamaður Frjálslynda hægriflokksins, Kolbrún Jónsdóttir, styður okkur einhuga og alhuga í þessu máli og hefur stigið þetta skref með okkur.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Lífsreyndir og fyrrv. hv. þm. og forsetar þessarar deildar og Sþ. hafa sagt mér að þetta flokkist undir tilkynningu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það er að öllu jöfnu svo að liðsstyrkur flokka hér á Alþingi ræðst í kosningum og er yfirleitt óbreyttur heilt kjörtímabil hvað sem líður straumum í þjóðfélaginu. En nú hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst að við sjálfstæðismenn höfum fengið góðan liðsauka. Við höfum á þingflokksfundi fagnað nýjum þingmönnum í þingflokki Sjálfstfl. Það er okkur mikið gleði- og ánægjuefni. Ég tel það bera vott um að þeir straumar sem nú eru ráðandi í þjóðfélaginu nái einnig hingað inn í sali Alþingis þar sem frjálslynd öfl eru að styrkjast meðan vinstri hreyfingin sundrast.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). — Þskj. 905, n. 1096 og 1191, brtt. 1097.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl.

sjútvn. um frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Nefndin fjallaði um frv. og fékk til viðræðna um það Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Hannes G. Sigurðsson, hagfræðing Vinnuveitendasambandsins, Ásgeir Daníelsson, hagfræðing hjá Þjóðhagsstofnun, Sigurð Stefánsson endurskoðanda, Benedikt Valsson, hagfræðing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, Svein Hjört Hjartarson, hagfræðing Landssambands íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Friðrik Pálsson, forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Óskar Vigfússon, forseta Sjómannasambands Íslands, Hólmgeir Jónsson, hagfræðing Sjómannasambandsins, Ólaf Klemensson og Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Þjóðhagsstofnun og Sjómannasambandi Íslands.

Það komu því fjöldamargir gestir á fund nefndarinnar og sögðu sitt álit á frv. Að loknum vandlegum umræðum sem ég held að allir hafi verið sammála um sem í þessari nefnd sátu lagði meiri hl. nefndarinnar til að frv. yrði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þessar brtt. sem birtar eru á þskj. 1097 eru í fyrsta lagi við 2. gr. þar sem fjallað er um skipan stjórnar sjóðsins. Breytingin felst í því að hagsmunaaðilar koma sér saman um tilnefningu á tveimur fulltrúum í stjórn sjóðsins. Síðan er b-liður, nýr, þar sem segir svo að náist ekki samkomulag þessara hagsmunaaðila um sameiginlega tilnefningu fulltrúa í þessa stjórn þá komi ráðherra til með að skipa þá fulltrúa án tilnefningar.

Í öðru lagi, sem er mjög mikilvæg breyting við 3. gr., að í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: „Við sjóðinn skal starfa sérstök deild fyrir botnfiskafurðir", þ.e. að fyrir botnfiskafurðir allar starfi ein deild en ekki að botnfiskafurðum sé skipt upp í mismunandi deildir. Þetta var sameiginleg niðurstaða nefndarinnar allrar í raun og veru og samstaða um hana. Að öðru leyti er tekið til um að sjútvrh. taki ákvörðun um skiptingu sjóðsins í deildir eftir tegundum afurða samkvæmt tillögum sjóðstjórnar.

Í þriðja lagi er breyting við 1. málsl. 6. gr. en þar ákvað nefndin að halda sig við gildandi lög um það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skuli miðast við, þ.e. að sjútvrh. taki þá ákvörðun að fenginni tillögu sjóðstjórnar. Þetta er smávægileg breyting í raun og veru og er nákvæmlega í takt við það sem gildandi lög hafa sagt til um.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson, nýorðinn þingmaður Sjálfstfl., var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls. Þórhildur Þorleifsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk álitinu. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum. Undir þetta álit skrifa Geir Gunnarsson, Alexander Stefánsson, Guðni Ágústsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég geri hér grein fyrir minnihlutaáliti sjútvn. Nd. um frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

„Það frv., sem hér er til umræðu, er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í kjölfar lagafrv. sem flutt var af þingmönnum Sjálfstfl. undir forustu Matthíasar Bjarnasonar. Meginefni þessa frv. var tvennt:

1. Að breyta yfirstjórn sjóðsins.
2. Að hver framleiðandi fiskafurða, sem fluttar eru úr landi, skuli hafa sérreikning hjá Verðjöfnunarsjóði.

Það frv., sem hér er til umræðu, gengur mjög til þessarar áttar og er í raun stuðningur við meginefni frv. Matthíasar Bjarnasonar. Á hinn bóginn er ljóst að fleira þarf að koma til svo að markmiðum frv. um sveiflujöfnun verði náð. Í því sambandi skal tvennt nefnt:

1. Með breytingu á skattalögum þarf að veita almenna heimild til myndunar sveiflujöfnunarsjóðs innan fyrirtækjanna sjálfra.
2. Reisa þarf strangar skorður við seðlaprentunarvaldi þannig að ábyrgðarlaus peningamálastefna ríkisvaldsins stefni ekki markmiðum um sveiflujöfnun í voða.

Í þessu sambandi skal bent á að veruleg hætta er fram undan vegna óábyrgrar peningamálastefnu stjórnvalda. Síðustu 12 mánuði hefur peningamagn í umferð aukist um 42% og erlendar lántökur um 51%.

Þensla í efnahagslífinu verður því aðeins stöðvuð að ríkisvaldið láti af tilefnislausri seðlaprentun og útþynningu á gjaldmiðli landsins. Ljóst er samkvæmt framansögðu að samræmdar aðgerðir á öllum sviðum peningamála þurfa að koma til eigi að nást árangur með lagasetningu sem þessari.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur meginmarkmiðum frv. en telur að skorti heildarstefnu í peningamálum eigi frv. að skila tilætluðum árangri og gerir því þann fyrirvara við samþykkt frv. að gerð verði grein fyrir þeirri heildarstefnu og þeim aðhaldsaðgerðum sem stjórnvöld hyggjast grípa til á öllum sviðum peningamála á næstunni."

Ég vil enn fremur, hæstv. forseti, minna á nokkur atriði hér sem eru náskyld þessu máli en hafa ekki fengið kannski beina umfjöllun að þessu sinni, t.d. orkufrekur iðnaður. Ekki er um að ræða verðjöfnun á orkufrekum iðnaði þó verið sé að tala um verðjöfnun í sjávarútvegi og spurning hvers vegna það sé ekki hægt. Það er líka annað sem er náskylt þessu. Það er frv. hæstv. fjvn. sem var lagt fram hér fyrir jól en hefur ekki fengist rætt nema við 1. umr. og var vísað til nefndar og situr þar fastfrosið. Það liggur í fjh.- og viðskn.

Kjarni málsins er að fjárlög verði líka virt sem lög frá Alþingi og öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum verði kennt í alvörunni að deila með tólf því það eru tólf mánuðir í árinu og því er þetta frv. mikilvægt.

Ég ítreka að það er heildarstefnan í peningamálum sem ræður mestu um árangur í stjórn peningamála en ekki einstaka afkróaðir kimar eins og Verðjöfnunarsjóður þó það geti að sjálfsögðu hjálpað við að koma í veg fyrir hagsveiflur og stuðla að sparnaði.

Ég tel að þetta mál sé mjög mikilvægt. Það mikilvægasta af því er að heildarstjórn í peningamálum sé þannig að samræmi sé í þessum hlutum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Við 1. umr. málsins urðu nokkrar umræður um það mál sem hér er nú til 2. umr. Í þeirri umræðu kom fram hjá flestum ef ekki öllum þeim sem tóku til máls að þessi nýi sjóður sem hér er lagt til að taki við af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er í öllum aðalatriðum til mikilla bóta. Það er ljóst að sá sjóður sem nú starfar hefur ekki reynst megnugur þess að jafna sveiflur eins og til var stofnað þegar hann var settur á í upphafi. Stundum er meira að segja haldið fram að hann hafi þvert á móti haft öfug áhrif við það sem til var ætlast.

Við 1. umr. málsins var bent mjög rækilega á þá stefnu Sjálfstfl. að heppilegast væri að breyta tekju- og eignarskattslögunum á þann veg að hægt væri fyrir fyrirtæki að mynda sveiflujöfnunarsjóði. Þannig gætu fyrirtæki þegar um hagnað væri að ræða lagt til hliðar fjármagn án þess að það yrði skattað fyrr en það væri tekið til nota í fyrirtækinu á þeim tíma sem illa áraði. Slíkir sjóðir eru mjög mikilvægir fyrir fyrirtækin og gera sama gagn og til er ætlast af þessum sjóði sem hér er til umræðu. Tekið skal fram að slíkir sveiflujöfnunarsjóðir í fyrirtækjunum þurfa alls ekki að útiloka það að starfandi séu verðjöfnunarsjóðir fyrir atvinnugreinar, ekki síst fyrir atvinnugreinar eins og sjávarútveginn, þar sem um er að ræða verulegar sveiflur á verðlagi eftir markaðsverði á hverjum tíma.

Ég verð að segja það að eftir þær umræður sem fóru fram við 1. umr. málsins, finnst mér ekki nægilega skýrt koma fram af hálfu þeirra sem hér hafa mælt fyrir nál. hvers vegna ekki var tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem komu fram við 1. umr. málsins. Ég nefni til að mynda að þegar rætt var um 3. gr. var sú fyrirspurn gerð hvort sett yrði á stofn sérstök deild fyrir botnfiskafurðir. Þessu hefur nú verið svarað játandi með tillögu sem meiri hl. nefndarinnar hefur flutt. Í framhaldi af því var spurt: Hvernig hyggst sjóðurinn jafna verð á botnfiski þegar ljóst er að verð á botnfiski sem seldur er úr landi til að mynda eða á fiskmörkuðum getur rokkað til og frá á sama deginum? Um þetta varð nokkur umræða án þess að nokkurt svar kæmi við 1. umr. málsins. Ég hélt að hv. nefnd mundi a.m.k. ræða málið á þann veg að það kæmi fram í framsögu þeirra sem hefðu með framsögu að gera af hálfu nefndarinnar því það er ákaflega mikilvægt að átta sig á því með glöggum hætti hvernig þetta kerfi kemur til með að virka í framkvæmd. Málið er auðvitað ákaflega viðkvæmt og mál sem ég efast ekki um að nefndin sem undirbjó frv. ræddi mjög ítarlega, ekki síst vegna þess að því hefur verið haldið fram, m.a. af hálfu þeirra sem sátu í nefndinni á vegum SÍF, að erfitt geti reynst fyrir t.d. íslenskar saltfiskafurðir að keppa við þá sem vinna úr útfluttum botnfiski nema að þeir sem flytja út ísvarinn fisk, óunninn fisk, séu látnir greiða í Verðjöfnunarsjóð með sama hætti og hinir. En á því eru viss vandkvæði sem margoft hefur verið bent á.

Mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram hér í umræðum hvernig hv. nefndin sem um þetta fjallaði hyggst leysa þetta vandamál. Hér er eingöngu sagt, eins og segir í brtt., að sjútvrh. taki að öðru leyti ákvörðun um skiptingu sjóðsins í deildir eftir tegundum og síðan á stjórn sjóðsins að gera tillögur til ráðherra um önnur efni.

Ég held að það væri þess virði að reyna að fá svar hvað þetta snertir því um þetta eru menn spurðir. Það sem ég segi um þetta er alls ekki sagt til þess að tefja málið með einum eða öðrum hætti. Mér er hins vegar kunnugt um það að málið var tekið út úr nefndinni í svo miklum flýti að það gafst ekki tækifæri til þess í þingflokki sjálfstæðismanna að ræða þetta mál. Jafnframt minni ég á að það voru önnur atriði sem óskað var eftir að yrðu könnuð og þá sérstaklega eignarákvæðið í 7. gr. frv., þar sem uppi voru sjónarmið hjá vissum aðilum að heppilegra kynni að vera að innstæðurnar yrðu eign fyrirtækjanna sem hefðu lagt inn í Verðjöfnunarsjóðinn. Vissulega eru þar vandamál á ferðinni vegna skattalegra ákvæða og skal ekki úr því dregið að það kann að reynast erfitt að þeir sem leggja inn í sjóðinn séu eigendur innstæðnanna rétt eins og þegar lagt er til hliðar í banka eða í sérstaka sjóði innan fyrirtækjanna sjálfra. En ég sakna þess satt að segja að ekki skuli hafa komið fram í nál. hvort nefndin kannaði þetta og hver niðurstaðan var og á hvaða rökum hún byggist. Mér er vel kunnugt um að sú nefnd sem undirbjó frv. ræddi þetta og taldi þetta vera það eina sem hægt væri að komast að niðurstöðu um, en frekari skýringar voru ekki gefnar af hálfu hæstv. ráðherra við 1. umr. Hann er ekki hér við 2. umr. og gefst því ekki tækifæri til að spyrja hann, en þetta er eitt af þeim atriðum sem við 1. umr. komu fram og óskað var að nefndin kynnti sér sérstaklega.

Ég get í þriðja lagi bent á jafnánægjulegt og það er að í ákvæði til bráðabirgða skuli vera tekið fram að innstæða á stofnfjárreikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skuli renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og að ríkissjóður taki á sig þær skuldir sem hvíla á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins vegna lántöku hjá Seðlabankanum frá árinu 1981 og vegna tveggja stórra lána sem tekin voru á árinu 1988 og 1989. Ég benti á í mínu máli við 1. umr. málsins að þetta væri sjálfsagt, þetta væri eðlilegt, í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. Ég benti jafnframt á að til þess að þetta mál fengi eðlilega afgreiðslu þyrfti hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir að þetta yrði gert í bókhaldi ríkisins, í reikningi ríkisins, því það hefur verið gagnrýnt að hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir lántöku fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Síðan á lánið að greiðast einhvern tímann í framtíðinni þegar nýjar og aðrar ríkisstjórnir eru starfandi og þá kemur þetta til gjalda hjá ríkissjóði,

smám saman eftir því sem lánið verður endurgreitt. Það stóð aldrei til að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins endurgreiddi þessi lán, en samt sem áður hefur hæstv. ríkisstjórnin aldrei viðurkennt að þetta sé skuld ríkissjóðs. Það var og er nauðsynlegt í þessari umræðu að þetta komi skýrt fram því hæstv. fjmrh. hefur hér í ræðum á hv. Alþingi lýst því bókstaflega yfir að þetta sé ekki og verði ekki skuld ríkissjóðs. Hins vegar er það rétt að hæstv. sjútvrh. hefur margoft tekið fram að hann telji að ríkissjóður eigi að taka þessi lán yfir og gerði það strax haustið 1988, að ég held, þegar hann flutti ræðu á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins.

Ég er með þessu ekki að gagnrýna þessa ráðstöfun heldur einungis að benda á að afleiðingar slíkrar ráðstöfunar eru þær að hæstv. fjmrh. verður að viðurkenna að hér sé þá orðin skuld ríkisins og það eigi að skuldfæra þetta sem skuld ríkissjóðs en ekki með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur sífellt haldið fram að eigi að gera.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að ræða frv. frekar. Ég ætla ekki heldur að koma í veg fyrir það með neinum hætti að frv. geti fengið eðlilega afgreiðslu. En ég spyr: Er hugsanlegt að hv. nefnd, sem ég veit að kemur til með að hittast innan tíðar til þess að ræða tvö stór mál, geti hugsað sér, ef það hefur ekki enn verið gert, að ræða þau mál sem ég hef hér bent á að þurfi að ræðast betur og við þyrftum að fá betri skýringar á, þannig að 3. umr. fari fram eftir að slík umræða hefur farið fram í nefndinni? Hafi þessi mál hins vegar verið skoðuð ofan í kjölinn skal ég fallast á að málið fari ekki aftur til nefndar. En mér finnst að þegar beðið er um skýrar upplýsingar við 1. umr. málsins og hæstv. ráðherra svarar því ekki en vísar til nefndarinnar, þá sé það skylda nefndarhlutanna að skýra út hver niðurstaðan varð, nema hv. nefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki þurfi að skoða þetta frekar. Nú veit ég að einn hv. þm., Matthías Bjarnason, sem var fjarverandi þegar þetta mál var til 1. umr., þekkir þetta mál betur en flestir aðrir hv. þm. Og ég efast ekki um að hann geti gefið upplýsingar um þetta mál. Ef hann getur gert það hér og nú er það auðvitað vel þegið. Það var ekki hægt við 1. umr. málsins, en mér finnst að ég hafi ekki fengið nægilega skýr svör varðandi þessi örfáu atriði sem ég hér hef nefnt.

Ég þarf ekki, virðulegur forseti, að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en ég óska eftir því að einhver, annaðhvort sá sem starfaði í undirbúningsnefndinni eða þeir sem störfuðu í sjálfri þingnefndinni, gefi betri svör en komu fram í þeim nál. sem fluttar voru framsögur fyrir rétt í þessu.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Í raun og veru þarf ég ekki að taka það fram að ég hlýt að styðja þetta frv. Ég hef átt aðild að því að flytja frv. um breytingar á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins oftar en einu sinni og hér varð töluvert upphlaup, sennilega af mínum völdum, í lok síðasta þings og í framhaldi af því samþykkt þáltill. um að endurskoða þessi lög. Ég var einn af, ef ég man rétt, sextán nefndarmönnum og hef starfað í nefndinni. En það er rétt eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram að nefndin lauk störfum nokkuð fljótlega og eftir að ég var farinn úr landi svo ég get ekki sagt frá því sem gerðist á síðustu fundum nefndarinnar. Ég vísa því þeim málum og þeim fyrirspurnum hv. 1. þm. Reykv. til sjútvrh. sem vafalaust mun svara þeim spurningum.

En ég vil benda á það að flest eða öll þau atriði sem hv. 1. þm. Reykv. gat um komu til mjög ítarlegrar umræðu í nefndinni á þeim fundum sem ég sat. Það sem mér finnst mjög mikils virði er að lögfesta þetta frv. Hins vegar ætla ég ekki að fullyrða að frv. sé gallalaust frekar en önnur mannanna verk og þá er tími til þess að gera breytingar í skjóli fenginnar reynslu. En mér finnst brýna nauðsyn bera til að Alþingi staðfesti það að allir eru óánægðir, hver og einn einasti aðili er óánægður með lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins eins og þau eru og eru búnir að vera óánægðir með þessi lög og framkvæmd þeirra í mörg ár. Sumar og mikilvægustu deildirnar hafa í raun og veru verið gagnslausar að öllu leyti, eins og frystideildin. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að gera þessa grundvallarbreytingu og því fyrr því betra. Ég hefði talið að það hefði átt að vera búið að gera hana fyrir löngu og því fagna ég því að frv. er flutt.

Það hafa orðið miklar sveiflur hjá mönnum í sjávarútvegi. Þeir sem voru með og kröfðust þessarar lögfestingar á sínum tíma eru flestir hverjir búnir að snúast nokkrum sinnum. Mér finnst að við þessa grundvallarbreytingu þá snerti þetta mál ekki svo mjög seljendur fisks, allt öðruvísi en áður var. Það er því fyrst og fremst fiskvinnslan. Það kom fram mjög skýrt í nefndinni að það væri ótækt að gera greinunum mishátt undir höfði þannig að það væri ekki hægt og ekki líðandi fyrir þá sem væru að kaupa fisk og salta og selja úr landi að aðrir þyrftu ekki að greiða neitt, eins og af ósunnum fiski. Svo það var alltaf lagt til grundvallar að þetta næði til allra. En höfuðbreytingin er sú að það er verið að draga úr miðstýringunni með frv. Það er verið að leggja af þá kvöð að fiskframleiðendur eigi að leggja í sameiginlegan sjóð sem þeir fá ekkert meira úr en hinir sem eru að byrja og kannski verður verðfall þannig að þeir sem ekkert hafa lagt inn fá peningana sem hinir hafa verið að skapa sjóðnum. Á þessu er grundvallarbreyting.

Og svo er aftur hitt sem hv. 1. þm. Reykv. gat réttilega um. Hér eru tekin öll tvímæli af í sambandi við lántökur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabankanum sem var hluti af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin gerði fyrir tæpur tveimur árum. Sjútvrh. lýsti þá fljótlega yfir, ég held það hafi verið á þingi Sjómannasambands Íslands en ekki Farmannasambandsins, ef ég man rétt, að hann liti svo á að þetta ætti ekki að endurgreiða. Hins vegar heyrði maður hjá fjmrh. annað. Ég fagna því að hér kemur tvímælalaust fram lagaákvæði svo mér finnst að eiginlega þurfi ekki að spyrja hæstv. fjmrh. að því sem mér

fannst hv. 1. þm. Suðurl. hafa einhverjar miklar áhyggjur af. Hann verður bara að hlýða Alþingi þegar Alþingi hefur afgreitt þetta mál og þá er þessari óvissu rutt úr vegi. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Ég er algjörlega ósammála einu sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan. Hann sagði að hann teldi að það hefði verið rétt að leysa þessi mál með sveiflureikningum eða í gegnum skattakerfið. Ég er svo sannfærður um að ef sú aðferð hefði verið tekin upp hefði það aldrei gengið í gegn. Aðrar atvinnugreinar hefðu aldrei léð máls á því að veita sjávarútveginum þessa umbun í gegnum skattakerfið. Hins vegar getur Alþingi alveg tvímælalaust staðið á því að hér er verið að gera breytingu á kerfi sem er búið að vera í gildi í fjöldamörg ár í þessari atvinnugrein. Þess vegna er það að mínum dómi sjálfsagt og eðlilegt að sjávarútvegurinn njóti þessa með þessari breytingu.

Ég get á ýmsan hátt tekið undir með hv. 1. þm. Reykv. um það að alltaf geta komið í ljós ýmsir annmarkar. Allt þetta var rætt allítarlega en af því að ég var ekki á síðustu, að ég held, tveimur fundum nefndarinnar vil ég ekki gefa þar neinar yfirlýsingar heldur tel ég það hlutverk sjútvrh. að skýra frá því því að hann fékk endanlegt nál.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. þá staðfestir hann það sama og allir þeir mörgu gestir sem sjútvn. fékk á sinn fund að í raun og veru eru allir óánægðir með hinn gamla Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Tími var kominn til að eitthvað yrði gert í þeim málum, sá sjóður yrði lagður af og ný skipan fundin á þau mál.

Það frv. sem hér liggur fyrir er í raun byggt á tillögum og hugmyndum hv. 1. þm. Vestf. og það er eiginlega hann sem er nestor, hugmyndafræðingur, að því sem hér er lagt til. Ég saknaði þess á þeim mörgu fundum sem nefndin hélt um þetta mál, og það voru allir nefndarmenn sammála um að nefndin hefði unnið mjög vandlega að þessu máli, að hv. þm. hafði ekki tækifæri til að vera með okkur og miðla af sinni þekkingu á þeim fundum.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á það að þetta mál hefði verið tekið með hraði út úr nefndinni. Svarið við því er já og nei. Nefndin tók sér drjúgan tíma til að afgreiða þetta mál og eiginlega var það fyrir misskilning að hv. nefndarmenn úr Sjálfstfl. höfðu ekki tækifæri til að bera málið upp á þingflokksfundi þeirra sjálfstæðismanna sem var haldinn í kjölfar þess að málið var tekið út vegna annars máls sem tók allan tímann á þeim fundi. Þetta mál komst því hreinlega ekki að og þess vegna eiginlega dróst það að sjálfstæðismenn hefðu tíma til að koma saman á þingflokksfund til að ræða þetta mál. En þeir höfðu sagt okkur í nefndinni að þeir hefðu í huga að taka málið fyrir á væntanlegum þingflokksfundi nokkrum tímum síðar. Við áætluðum því að málið væri komið í eindaga ef við biðum það lengi en tilfellið var að það hafði ekki áhrif á gang málsins. Ef við hefðum séð það fyrir þá hefðum við að sjálfsögðu beðið.

Hv. 1. þm. Reykv. bar fram tvær spurningar. Hvort viðkomandi mál hefðu verið meðhöndluð af nefndinni og þær spurningar hefðu komið fram við 1. umr. Nefndin átti því láni að fagna þó að hv. 1. þm. Vestf. hafi ekki verið með okkur að einn nefndarmanna úr undirbúningsnefndinni er nefndarmaður í sjútvn. sjálfri og gat miðlað okkur allríkulega af því sem í undirbúningsnefndinni fór fram. Auk þess kom það fram hjá hinum mikla fjölda gesta sem við fengum og gátum spurt í þaula hvaða álit menn hefðu á hinum ýmsu málefnum og það komu fram svör við spurningum varðandi það sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram.

Það varðaði í fyrsta lagi hver aðferðin yrði við það að finna út meðalverð á botnfiski. Nú get ég ekki sagt frá því í smáatriðum þar sem þetta er auðvitað framkvæmdaratriði. Það verður fundin út einhver vísitala þar sem verð fyrir hverja tegund verða fundin út og vigtuð þannig að hver tegund kemur út með sitt vægi inn í þá vísitölu og verður fundið út eins konar vísitöluverð fyrir hvern mánuð, skilst mér. Frávik frá þessu vísitöluverði, meðalverði, á allar tegundir eftir vægi verða síðan vigtuð út frá hreyfingum frá því meðalverði. Í frv. er talað um 3–5% hreyfingar, frávik upp á við eða niður á við. Þetta er sú aðferð sem menn tala um, þetta eru þær upplýsingar sem við fengum en framkvæmdina á þessu ætluðum við auðvitað öðrum. Það er ekki nefndarinnar að framleiða reglugerðir þannig að þetta liggi í smáatriðum á hreinu og ég hafði á tilfinningunni, sem formaður nefndarinnar, að nefndarmenn gerðu sig yfirleitt ánægða með þessar skýringar hvað þennan hlut varðaði.

Í ákvæðum til bráðabirgða segir í upphafi 1. málsl. að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins þannig að það er alveg ljóst að þau lán sem Verðjöfnunarsjóður tók verði yfirtekin af ríkissjóði, eins og kom svo glögglega fram í máli hv. 1. þm. Vestf. Sú spurning var auðvitað rædd innan nefndarinnar hvort rétt væri að breyta ákvæði til bráðabirgða á þann hátt að innstæður sjóðsins sem okkur skildist að yrðu eitthvað í kringum 500 millj. þegar hinn nýi sjóður yrði að lögum, hvernig hann skiptist, hvort ætti að skipta þeim upp á eigendur eða þá sem greiddu þessa upphæð inn í sjóðinn. Okkur var tjáð af starfsmanni Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að þetta væri ýmsum annmörkum háð. Það væri ekki gerlegt að reikna upp allan sjóðinn á greiðendur í raun og veru þannig að það yrði allálitleg upphæð sem eftir stæði. Þetta yrði gert einhvern tíma þannig að einhver hluti fjárins kæmi til skipta. Hins vegar gerði hann ráð fyrir að sjóðurinn starfaði áfram og fé yrði uppurið til endurgreiðslna í upphafi næsta árs þannig að sá sjóður gengi upp í raun og veru til verðjöfnunar. Það voru þær áætlanir sem við heyrðum að starfsmaður sjóðsins gerði ráð fyrir að gengju eftir þannig að

a.m.k. upp úr miðju næsta ári þyrftu menn ekki lengur að hafa áhyggjur af þeim innstæðum sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins byggi yfir. Allar hugmyndir sem um var fjallað innan nefndarinnar, og menn voru yfirleitt jákvæðir að skoða það, eyddust því sjálfkrafa því að féð væri ekki fyrir hendi eftir einhvern skamman tíma. Það verk að skipta allri upphæðinni á eigendur væri því eiginlega tilgangslaus vinna. En við gerðum okkur ánægða með þessar skýringar og það er rétt að svara þeim spurningum sem komu fram hjá hv. 1. þm. Reykv. á þennan hátt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram að frv. þetta er samið á grundvelli þáltill. sem var samþykkt hér fyrir frumkvæði hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, það er samið af nefnd í þeim anda sem þar kom fram.

Aðeins út af spurningum hv. 1. þm. Reykv. Það er alveg rétt hjá honum að á grundvelli 3. og 5. gr. þarf að setja ákveðnar reglur sem er ekki hægt að hafa alveg fastar í lögum og það er hlutverk sjóðstjórnar að fjalla um það. Þegar sjóðstjórn hefur fjallað um það verður sjútvrh. að staðfesta þær reglur og það er sjálfsagt og nauðsynlegt að gera Alþingi grein fyrir því þegar þær reglur liggja fyrir, en að sjálfsögðu verður að setja þær í nánu samstarfi við þá sem eiga hagsmuna að gæta í þessum sjóðum. Ég vænti þess að það verði mögulegt að gera hv. þm. og Alþingi grein fyrir því á haustþingi þegar menn hafa haft tækifæri til þess að skoða þetta mál betur áður en sjóðurinn tekur til starfa.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég skal verða snöggur því að ég veit að það er knappt um tímann. En það féll niður hjá mér áðan, ég ætlaði að spyrja hæstv. sjútvrh. að því í sambandi við þá skuld sem núna er í Verðjöfnunarsjóði. Í lögunum frá 1988 sem mynduðu þessa skuld í fyrsta skipti stendur, með leyfi forseta, að lánið skuli endurgreiðast af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi aðilum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að verða ógreitt fellur á ríkissjóð. En með samþykkt þessa nýja frv. er ljóst að það verður ekki um neinar tekjur að ræða hjá þessum sjóði til að greiða þessa skuld. Mig langar því að vita hvort ekki sé þá meiningin jafnframt að ganga frá þessari skuld endanlega í ríkisbókhaldinu þannig að ekki verði um það að ræða að þessu verði kastað inn í framtíðina heldur verði hér um heilsteyptar ákvarðanir að ræða. Ég hef alltaf verið andvígur því að gera þetta svona af þeirri einföldu ástæðu að tveir aðilar geti ekki átt sama hlutinn og fiskvinnslan er öllsömul búin að bóka þetta sem eign hjá sér og þar af leiðandi getur ekki ríkissjóður átt þetta líka. En þessi er nú spurningin, hvort ekki sé þá meiningin, verði þetta samþykkt, að afgreiða þetta mál í eitt skipti fyrir öll.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er rétt skilið hjá hv. 5. þm. Austurl. að það var forsenda þessa frv. og þess starfs sem þar fór fram að gengið yrði frá þessum skuldbindingum. Og með samþykkt frv. er það mál komið á hreint og verður að sjálfsögðu fært út úr bókum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þá er, held ég, alveg ljóst hvar þarf að færa viðkomandi fjárhæðir hinum megin. Ég vænti þess að þau svör séu fullnægjandi.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka þær skýringar sem hér hafa komið fram, bæði hjá hv. nefndarformanni, en einnig frá hv. 1. þm. Vestf. sem á vissulega heiðurinn af því að hafa flutt þáltill. hér á hinu háa Alþingi sem hefur leitt til þessarar niðurstöðu. Einnig vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör og því sem hann gerði grein fyrir hér úr ræðustóli. Ástæðan fyrir því að ég kom hér upp var ekki sú að ég væri á móti þeim hugmyndum sem þar er verið að viðra, heldur eru það nokkur tæknileg atriði sem ég hefði viljað skoða betur. Að heyrðum orðum hæstv. ráðherra tel ég að það verði látið á það reyna hvernig þetta kerfi gengur og eftir einhvern tíma sé möguleiki að endurskoða þessi lög. Í trausti þess sé ég því enga ástæðu til að halda þessari umræðu áfram. Enn fremur sagði hæstv. ráðherra, sem ég met mikils, að fulltrúar Alþingis og þá væntanlega þeir sem sitja í hv. sjútvn. fái tækifæri til þess að fylgjast með reglugerðarsetningunni skv. annars vegar 3. gr. og hins vegar 5. gr. frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1097,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1097,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1097,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
7.–14. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 580. mál (persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 1209.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1988, frh. 2. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642, n. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Atkvæðagreiðslur.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þær atkvæðagreiðslur sem nú hafa verið tilkynntar eru mikilvægar, m.a. um efnisatriði í frv. um Húsnæðisstofnun sem umdeild eru. Ég tel óeðlilegt að efna til þessarar atkvæðagreiðslu á meðan vitað er að nokkrir deildarmanna sitja á nefndarfundum og mælist til þess að það verði hinkrað með atkvæðagreiðsluna þannig að öllum deildarmönnum gefist færi á að taka þátt í henni af þeim ástæðum sem ég hef um getið.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Þetta er bæði sjálfsögð og eðlileg ósk, enda á það auðvitað ekki að vera svo að nefndarfundir séu í gangi á meðan þingfundir eru, en slíkt verður að gerast þegar tímaþröng er mikil. Forseti mun gera ráðstafanir til þess að þeir hv. deildarþingmenn sem nú eru á nefndarfundum verði látnir vita af atkvæðagreiðslunni og þeir beðnir um að koma og gerir örstutt hlé á þessum fundi á meðan. — [Fundarhlé.]

Forseti hefur látið kanna hvort hv. deildarþingmenn sem eru á nefndafundum geti komið. En svo stendur á með iðnn. að hún hefur boðað til sín nokkra gesti sem eru á fundi með nefndarmönnum og er því ekki hægt um vik að bregða sér í burtu. Þessari atkvæðagreiðslu verður því að fresta um sinn.

Forseti hyggst, til þess að koma málum á milli deilda, ljúka þessum fundi og boða þegar í stað til nýs fundar þar sem fram fara atkvæðagreiðslur um mál sem eru til 3. umr. og þurfa að fara til Ed. Það verður síðan að ráðast með tíma hvort unnt verður að taka fleiri mál fyrir. En staðan í þinginu er nú þannig að brýna nauðsyn ber til þess að Sþ. geti byrjað fund kl. 9 í kvöld. Eftir þennan langa vinnudag sem hefur staðið látlaust í deildinni frá því kl. 10 í morgun telur forseti ekki ofrausn að hv. þingdeildarmenn fái tveggja klukkustunda kvöldmatarhlé. Forseti hyggst því fresta þeim hinum næsta fundi sem verður hér á eftir og láta síðan skeika að sköpuðu um það hvort hægt verður að halda annan fund í deildinni í kvöld eða nótt að loknum fundi í Sþ. ella verður að gera það kl. 10 í fyrramálið. Svona er áætlun þessarar deildar í grófum dráttum og verður ekkert við því gert að tíminn er að hlaupa frá okkur og við komumst ekki áfram, a.m.k. ekki núna fyrir kvöldmat, með fleiri mál eins og horfir.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef eina athugasemd fram að færa við það sem hæstv. forseti sagði, að ætlast til þess að þingmenn haldi áfram í nótt eftir fund í Sþ. í kvöld. Það verður ekki tveggja tíma matarhlé hjá öllum því sumir eru boðaðir á nefndarfundi, svo að það er nú verið að keyra hratt þessi trippi hér á Alþingi. Ég tel fráleitt að tala um næturfund og það nótt eftir nótt. Ég sé ekkert athugavert við það þó það dragist fram á mánudag, annað eins hefur skeð, að ljúka þingstörfum og gera það með skaplegum hætti.

Ég vil láta það koma fram að forseti þessarar deildar hefur alltaf sýnt einstaka sanngirni og góða samvinnu við þingmenn. Og ég óska eftir því að hann hugleiði þetta sem ég hef nú þegar sagt.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það eru ósköp skiljanlegar hugrenningar sem hv. 1. þm. Vestf. lýsti hér áðan. En ég vil aðeins að það komi fram til upplýsingar að svo stendur á í þinginu nú að á sunnudagsmorgun fara a.m.k. sex þingmenn sem taka þátt í störfum Evrópuráðs til funda þar og þeim fundum er auðvitað ekki hægt að breyta. Auk þess verður a.m.k. einn ráðherra fjarverandi ef ekki tveir. Það er því ekki annað sýnt en ef þingstörf stæðu fram yfir helgi yrðu að koma hér inn, ja líklega tíu varamenn. Og það auðveldar ekki þingstörf, eins og ég veit að hv. þm. hljóta að gera sér grein fyrir, að fá nýja menn inn í mál sem eru hér á síðustu stigum afgreiðslu. Ég vil því biðja hv. þm. að íhuga það mjög vandlega hvort ekki sé unnt að ljúka þingi eins og til stóð á morgun, hvenær sem það verður.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill láta þess getið að hann tók skýrt fram að það yrði að láta skeika að sköpuðu um framhald fundahalda í deildinni og hann getur vel tekið undir það með hv. 1. þm. Vestf. að auðvitað verður að ráðast af fundahöldum í Sþ. í kvöld hvort unnt verður að halda fund hér í deildinni að þeim fundi loknum. Forseti vill líka lýsa því yfir að hann telur að mjög mikið geti unnist á deildarfundum hér á morgun sem hefjast kl. 10, því sé alls ekki loku fyrir það skotið, ef verk verða unnin jafnhratt, skjótt og vel og gert hefur verið hér í dag, að þessari deild takist að sinna þeim verkefnum sem hún þarf að gera áður en laugardagurinn er liðinn. Við höfum því hálfan sólarhring upp á að hlaupa á morgun. Forseti hefur nú ekki verulegar áhyggjur af þessu máli.

Hann vill hins vegar greina hv. deildarmönnum frá því að hann hefur áhuga á því að reyna að afgreiða þau mál sem samkomulag er orðið um að hér verði afgreidd, hvort sem í hlut eiga þmfrv. eða stjfrv. Hann vill standa við það samkomulag sem gert hefur verið. Hér eru nokkur þmfrv. sem þarf að afgreiða og forseti hefur fullan hug á því að gera það.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek alveg undir þau tilmæli hæstv. forseta að greiða eins og hægt er fyrir þeim málum sem liggja fyrir og sérstaklega þeim málum sem lítill ágreiningur er um og tel það sjálfsagðan hlut að menn reyni að stytta mál sitt eins og frekast er hægt.

En út af því sem hv. — ja, nú má maður ekki nefna forseta þegar maður er í deildinni — 13. þm. Reykv. sagði, þá finnst mér að það verði að hafa það þó eitthvað af þingmönnum fari út á þessa mikilvægu fundi. Það hefur nú verið gert að semja um að menn skreppi, ef einhver mikilvægur ágreiningur er, út á ganginn eða í hliðarsali. Hins vegar held ég að mun minni eftirsjá sé í því þó eitthvað af ráðherrum fari. Þeir hafa ekki setið svo mikið þingfundi hér undanfarið og raunar ekki í allan vetur svo að ég sé enga ástæðu til að sakna þeirra sérstaklega.

NEÐRI DEILD

88. fundur, föstudaginn 4. maí, að loknum 87. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 580. mál (persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 1209.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningur 1988, 3. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). — Þskj. 1260.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

86. fundur, föstudaginn 4. maí, kl. 9 síðdegis.

Flugmálaáætlun 1990–1993, síðari umr.

Stjtill., 268. mál. — Þskj. 485, n. 1155, brtt. 1175.

Frsm. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Fjvn. hefur haft tillöguna til meðferðar síðan 22. jan. en þá fór fyrri umræða um hana fram í Sþ. Er hér um að ræða endurskoðaða flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993 skv. 1. gr. laga nr. 31 frá 1987 og er þetta í fyrsta skipti sem þáltill. um flugmálaáætlun kemur til endurskoðunar á Alþingi.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og kvaddi til fundar við sig fulltrúa samgrn., flugmálastjóra og starfsmenn hans, svo og var haft samráð við þingmannahópa kjördæmanna um meðferð málsins, þ.e. um skiptingar á framkvæmdir innan einstakra kjördæma.

Eins og frá upphaflegri þáltill. um flugmálaáætlun var gengið þegar hún var lögð fram á Alþingi var ekki búið að taka inn í þá áætlun hinar nýju verðlagsforsendur sem m.a. komu fram í kjölfar kjarasamninganna og sýndar hafa verið og rætt verið um varðandi fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990. Af þeim sökum var nauðsynlegt að kalla eftir endurreikningi bæði tekna- og gjaldaáætlunarinnar. Því til viðbótar er gert ráð fyrir því í frv. til fjáraukalaga vegna kjarasamninga í febrúar 1990 sem rætt hefur verið hér á Alþingi að til komi lækkun útgjalda við rekstur Flugmálastjórnar um tæpar 20 millj. kr. Þess vegna varð að endurreikna öll atriði í tillögu til flugmálaáætlunar eins og hún var lögð fyrir því að eftir var að taka tillit bæði til breyttra forsendna og enn fremur til þeirrar ákvörðunar sem kynnt var í fjáraukalagafrv., að lækka útgjöld við rekstur Flugmálastjórnar enn frekar. Hef-

ur það verið gert og er það skýringin á því að í brtt. frá fjvn. á þskj. 1175 þarf að flytja breytingar við alla liði, bæði tekna- og útgjaldaliði hins upphaflega þingskjals.

Við afgreiðslu fjáraukalaga nr. 111/1989 sem var til afgreiðslu á Alþingi í desembermánuði sl. kom fram að rekstrarafkoma Flugmálastjórnar var verulega slæm og fjárvöntun umtalsverð. Í framhaldi af þeim viðræðum sem fjvn. átti við samgrn. og flugmálastjóra um þetta mál var ákveðið að ráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og starfsmenn Flugmálastjórnar mynduðu vinnuhóp til að gera tillögu um lausn á þeim rekstrarvanda sem er hjá Flugmálastjórn. Gert var ráð fyrir að þessi nefnd gæti lokið störfum áður en þinglausnir færu fram á þessu vori þannig að unnt yrði að taka hliðsjón af tillögum hennar bæði við endurskoðun flugmálaáætlunar og við afgreiðslu fjáraukalaga. Þegar fjvn. kallaði eftir niðurstöðum vinnuhópsins nú fyrir nokkrum dögum kom hins vegar í ljós að starf hans hafði reynst tímafrekara en gert var ráð fyrir og enn liggja ekki fyrir niðurstöður af þeirri vinnu sem í þeim endurskoðunarhóp hefur farið fram. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessi vinnuhópur skili tillögum sínum um lausn á rekstrarvanda Flugmálastjórnar á næstunni en samkvæmt áætlun Flugmálastjórnar sjálfrar vantar mjög verulega upp á að nægilegt fé hafi verið veitt á fjárlögum til þess að greiða rekstur Flugmálastjórnar.

Af þeim sökum sem ég hef hér lýst er ekki hægt að taka afstöðu til þeirra mála, hvorki nú við afgreiðslu flugmálaáætlunar né innan skamms við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990. Enn er engum ljóst að hve miklu leyti verður að taka tillit til hugsanlegrar fjárvöntunar til reksturs Flugmálastjórnar og að hve miklu leyti hægt er að mæta því vandamáli með aðgerðum til aðhalds og sparnaðar á vegum Flugmálastjórnar sjálfrar.

Við meðferð þessa máls í fjvn. kom einnig fram að ekki væri óeðlilegt að af framkvæmdafé Flugmálastjórnar væri gert ráð fyrir kostnaði við yfirstjórn og undirbúningsframkvæmdir. Eins og þingmönnum er kunnugt er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar til flugmála, þ.e. flugvallargjald og eldsneytisgjald, gangi alfarið til greiðslu framkvæmdakostnaðar. Sá háttur hefur verið hafður á að stjórnunarkostnaður og umsjónarkostnaður af þessum verkefnum hefur verið gjaldfærður af almennum rekstri Flugmálastjórnar. Þetta er öfugt við þann hátt sem hafður er á t.d. hjá Vegagerð ríkisins þar sem stjórnunarkostnaður og umsjónarkostnaður við einstök verkefni er að sjálfsögðu færður sem kostnaður við verkefnið en ekki sem kostnaður við yfirstjórn. Það þótti eðlilegt að sami háttur yrði á varðandi flugmálaframkvæmdir, að kostnaður við umsjón, eftirlit og yfirstjórn einstakra framkvæmdaverkefna yrði færður af kostnaðarlið yfirstjórnar og yfir á kostnað verkefna og hefur þetta verið gert í brtt. fjvn. Er nú gert ráð fyrir í þeim tillögum að af framkvæmdafénu gangi 14 millj. kr. til að mæta rekstrargjöldum Flugmálastjórnar á árinu 1990 til verklegra framkvæmda.

Nefndinni hefur einnig borist endurskoðuð flugmálaáætlun frá stjórnvöldum með breyttum verðlagsforsendum eins og ég rakti hér áðan en endurskoðunin hefur í för með sér að tekjur Flugmálastjórnar lækka um 82 millj. kr. á árinu 1990. Að teknu tilliti til lækkunar teknanna var útgjaldaáætluninni svo breytt í samræmi við það. Þegar hér var komið sögu var tekin ákvörðun um að senda þingmannahópum kjördæmanna tillögurnar um framkvæmdir í einstökum kjördæmum. Fengu þingmannahópar kjördæmanna þær tillögur til umfjöllunar með sviphuðum hætti og þeir fjalla um tillögur um framkvæmdir í vegamálum. Þingmenn kjördæmanna sendu síðan fjvn. óskir. Sumir hóparnir töldu enga ástæðu til að gera athugasemdir við þær hugmyndir um framkvæmdir sem kynntar voru af flugráði og Flugmálastjórn. Aðrir þingmannahópar komu fram með nokkrar breytingaóskir og féllst fjvn. á þær óskir að því gefnu að þær hefðu ekki áhrif á heildarframlög til einstakra kjördæma og röskuðu ekki þeirri tillögu sem gerð var af flugráði um hvernig framkvæmdafénu skyldi skipt á milli einstakra kjördæma.

Ég vil aðeins taka það fram í þessu sambandi að ég tel ástæðulaust að fara að lýsa þeim einstöku tilflutningum sem þingmannahóparnir hafa gert samkvæmt þessu á einstökum verkefnum frá upphaflegum tillögum Flugmálastjórnar og fjvn. hefur gert að sínum. Þingmannahóparnir hafa fjallað um þetta mál. Þeim er það ljóst, hverjum á sínu svæði, hvaða breytingar það eru sem tillaga er gerð um að þeirra beiðni og er því ástæðulaust fyrir mig að vera að eyða tíma hv. þm. í að rekja þær breytingar en ég ítreka að þarna er um að ræða tilfærslur á milli verkefna eða textabreytingar sem ekki hafa áhrif á skiptingu framkvæmdafjárins milli kjördæmanna.

En auk þeirra breytinga sem nefndin samþykkti frá þingmannahópum um skiptingu framkvæmdafjár innan kjördæma bárust nefndinni eftirtaldar beiðnir frá einstökum þingmannahópum:

Í fyrsta lagi frá þingmönnum Vesturl. um að ráðstafa nokkurri fjárhæð af óskiptu fé á árinu 1991 til framlengingar flugbrautar á Rifi á Snæfellsnesi en gert er ráð fyrir að vinna hluta þess verks af framkvæmdafé kjördæmisins á þessu ári.

Í öðru lagi frá þingmönnum Norðurl. v. um lagningu malbiks á Sauðárkróksflugvöll á árinu 1992 og vísa ég í því sambandi til fskj. I með nál. fjvn. þar sem þetta erindi þingmannahópsins er birt eins og það barst nefndinni.

Í þriðja lagi frá þm. Austurlands um byggingu þverbrautar við flugvöllinn á Hornafirði og vísa ég í því sambandi til fskj. II með nál. fjvn. þar sem birt er bréf alþingismanna Austurl. til flugráðs.

Fjvn. samþykkti þá afgreiðslu á þessum erindum að vísa fyrsta erindinu frá þingmönnum Vesturl. um að ráðstafa nokkurri fjárhæð af óskiptu fé á árinu 1991 til framlengingar flugbrautar á Rifi á Snæfellsnesi til flugráðs en flugráð á eftir að gera sínar tillögur um hvernig þessu óráðstafaða fé skuli skipt á árinu 1991 og mun flugráð venju samkvæmt gera þá tillögu

til fjvn. sem síðan mun einnig venju samkvæmt afgreiða þá tillögu endanlega. Tilmælum þingmanna Vesturl. hefur því verið vísað til flugráðs til meðferðar fyrir næsta ár.

Þá kemur erindi þingmannahópsins í Norðurl. v. og þingmannahópsins í Austurlandskjördæmi sem ég ræddi um hér áðan. Fjvn. hefur haft þann hátt á um afgreiðslu þessara erinda að hún vísar á að bæði þessi erindi varða framkvæmdir sem koma til á árinu 1992, þ.e. eftir að næsta endurskoðun flugmálaáætlunar fer fram, en regluleg endurskoðun flugmálaáætlunar á að verða á tveggja ára fresti og sú hin næsta verður þá hér á Alþingi veturinn 1990–1991. Því samþykkti fjvn. að vísa þessum erindum báðum til flugráðs og flugmálastjórnar til umsagnar og meðferðar, m.a. við næstu endurskoðun flugmálaáætlunar þar sem það á við.

Þá komu einnig fram óskir í fjvn. um að því yrði beint til flugráðs að það gerði áætlun um að unnið yrði að klæðningu flugbrautar á innanlandsflugvöllum þar sem áætlunarflug er með Fokker-flugvélum og tekið yrði tillit til þeirra óska við næstu endurskoðun flugmálaáætlunar.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara öllu ítarlegar út í þær brtt. sem koma fram á þskj. 1175 en skýri frá því sem raunar kemur fram í nál. á þskj. 1155 að það eru allir fjárveitinganefndarmenn, bæði úr meiri hl. og minni hl., sem standa að þeim brtt., að sjálfsögðu mmeð eðlilegum fyrirvörum, svo sem þeim að stjórnarandstöðufulltrúarnir í fjvn. eru að sjálfsögðu ekki ábyrgir fyrir þeim tillögum sem hæstv. ríkisstjórn gerði um niðurskurð á flugmálaáætluninni frá því sem hún upphaflega var, en þeir hafa hins vegar að sjálfsögðu tekið fullan þátt í tillögugerð um skiptingu fjárins þó svo að þeir beri eðli málsins samkvæmt ekki ábyrgð á þeim ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og stuðningsliðs hennar um að skerða það fé sem til þeirra mála er veitt.

Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að fara örfáum orðum um tillögu sem kom fjárveitinganefndarmönnum nokkuð á óvart í þingskjalinu eins og það var lagt fram hér á Alþingi og nefndin fékk síðan til meðferðar. Það sem kom fjárveitinganefndarmönnum nokkuð á óvart var að tillaga var þar gerð um að færa Húsavíkurflugvöll úr áætlunarflugvöllum II í áætlunarflugvelli I. Við spurðumst fyrir um hver væru rök fyrir þessari ákvörðun en í áætlunarflugvöllum I voru Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur og Sauðárkróksflugvöllur en Húsavíkurflugvöllur var í áætlunarflugvöllum II þar sem voru með Húsavíkurflugvelli flugvellir eins og Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur og a.m.k. tveir, ef ekki þrír, af þessum flugvöllum í flokki II, þ.e. Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur og líklega einnig Hornafjarðarflugvöllur, eru með meiri flutninga og það mun meiri flutninga bæði á farþegum og á fragt en flugvöllurinn á Húsavík. En með því að færa flugvöllinn á Húsavík á milli flokka virðist vera stefnt að því að veita honum í framtíðinni e.t.v. nokkurn forgang um fjárveitingar og framkvæmdir þó að tillaga sé ekki um það gerð við áætlun um framkvæmdir í flugmálum á árunum 1990–1993 eins og hún liggur hér fyrir.

Fjvn. fékk ekki annan rökstuðning fyrir þessari ákvörðun frá samgrn. en þann að við vorum upplýstir um að flugráð hefði ekki staðið að þessari tillögu. Það hefði ekki gert tillögu um að flytja Húsavíkurflugvöll til á milli framkvæmdaflokka, heldur hefði sú tillaga komið frá samgrn. og þá væntanlega hæstv. samgrh.

Við fórum líka nokkuð út í það í því sambandi að kalla eftir upplýsingum um framkvæmdaáform, en samkvæmt framkvæmdaáformum þeim sem í þessari þáltill. koma fram er gert ráð fyrir að lenging flugbrautar á Húsavík verði unnin fyrir 3,8 millj. kr. á árinu 1990 en síðan ekki söguna meir. En til þess að falla undir flokkinn áætlunarflugvellir I þarf flugbraut á viðkomandi flugvelli að vera, ef mig minnir rétt, annaðhvort 1800 metrar eða 2 km. Alla vega er það einhvers staðar þar í grenndinni sem lengd flugbrautarinnar þarf að vera til þess að flugvöllurinn geti flokkast undir áætlunarflug I. Hins vegar gefur það auga leið að með þeim takmörkuðu fjárframlögum sem koma fram í flugmálaáætluninni er hæpið og meira en það að hægt sé að gera ráð fyrir að á þessu framkvæmdatímabili verði flugbrautin við Húsavík lengd nægilega mikið til þess að hún nái þeirri lengd sem lög um flugmál kveða á um að flugbraut þurfi að verða til þess að hún geti fallið í efsta flokk áætlunarflugvalla með Reykjavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli.

Við vorum upplýstir um það að þessi ákvörðun væri aðeins til marks um það að það væri vilji yfirvalda að stefna að því að lengja flugbrautina við Húsavíkurflugvöll upp í þessa lengd þó að það yrði ekki á áætlunartímabilinu sem hér er um að ræða. Við vorum einnig upplýstir um það að þegar búið væri að greiða þær skuldir sem fyrir eru vegna framkvæmda frá fyrri árum og búið að ljúka þeim framkvæmdum sem gera þyrfti við núverandi flugbraut yrðu um það bil 500 þús. kr. eftir af allri fjárveitingunni til þess að vinna við lengingu og mundi það fjármagn nægja til að greiða fyrir jarðvinnu einnar eða tveggja jarðýtna við að ryðja efsta moldarlaginu af því svæði þar sem til álita kæmi að lengja flugbrautina.

Við vorum einnig upplýstir um það að enn hefðu ekki verið gerðar neinar burðarþolsrannsóknir á undirlagi þarna né heldur tekin endanleg ákvörðun um það hvar væntanleg flugbraut ætti að liggja, þ.e. sú hin lengda, hvort hún ætti að vera á þeim stað sem flugbrautin er nú á eða einhvers staðar annars staðar. Að þessum upplýsingum fengnum sáum við því ekki mikil rök fyrir því að taka nú þá ákvörðun þegar allt þetta verk er óunnið, þ.e. allar framkvæmdir til undirbúnings ákvarðanatökunni um hvar væntanleg flugbraut eigi að liggja og allar rannsóknir sem gera þarf á burðarþoli jarðvegsins þar sem henni verður valinn staður, og ekki væri veitt á þessum fjórum árum meira fé en rétt nægði til þess að hægt væri að fá

jarðýtur til að ýta efsta burðarlaginu ofan af því svæði þar sem lengingin mundi hugsanlega koma þegar búið væri að ákveða hvar það svæði ætti að vera. Við fundum ekki, fjárveitinganefndarmenn, rök í þessum upplýsingum sem við fengum til þess að réttlætanlegt væri að taka þennan flugvöll sérstaklega út úr og setja hann upp í flokk með helstu, stærstu og mikilvægustu áætlunarflugvöllum landsmanna umfram flugvelli sem hafa miklu meiri umferð en margnefndur völlur. Við töldum hins vegar ekki ástæðu til þess að gera breytingar að þessu sinni á þeirri tillögu sem var á þingskjalinu sem við fengum til meðferðar en ég vil láta það koma fram að þessi afgreiðsla ein út af fyrir sig er ekki þess eðlis að hún veiti, hvorki nú eða við næstu endurskoðun flugmálaáætlunar, neina sérstaka ástæðu til þess að breyta frá upphaflegum framkvæmdaáformum um flugvelli á Íslandi og í hvaða röð þeir skyldu teknir. Ég vil taka það fram að þessi afgreiðsla breytir að okkar viti engu um þau áform og þær samþykktir sem áður hafa verið gerðar og finnanlegar eru í langtímaflugmálaáætlun þeirri sem lögð er til grundvallar fyrir endurskoðun þeirri sem hér fer fram og raunar flugmálaáætluninni í heild. Það verður að vera síðari tíma mál að menn taki ákvörðun um hvort eigi að breyta einhverju í þeim efnum. Það er ekki gert nú.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að tillögurnar á þskj. 1175 verði samþykktar og flugmálaáætlunin þá afgreidd frá Alþingi eins og þar er kveðið á um.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Frsm. fjvn. hefur gert hér grein fyrir sínu og okkar máli en það vakti nokkra eftirtekt hve miklum ræðutíma og miklum skýringum formaðurinn taldi sig þurfa að koma á framfæri gagnvart flugvellinum við Húsavík. Það hefði verið vel viðeigandi að hann hefði líka komið á framfæri nokkrum skýringum gagnvart flugvellinum í Hornafirði því að þar voru líka gerðar breytingar frá flugmálaáætlun, reyndar afar furðulegar breytingar vegna þess að eins og að var stefnt með langtímaáætlun um flugmál átti að komast hjá allri kjördæmatogstreitu og gera mönnum kleift að komast að niðurstöðu á þeim grundvelli að hafa fleiri ár fyrir framan sig. En svo vildi nú til þegar hæstv. samgrh. hafði lagt fram nýja flugmálaáætlun að flugbraut sem átti að ljúka við að byggja á þessu ári var skákað út af flugmálaáætluninni, ekki einungis fyrir næsta ár heldur fyrir allt fjögurra ára tímabilið. Einungis var fjárveiting til rannsókna á þessu ári upp á 1½ millj. að því er mig minnir og svo ekki söguna meir. Þetta var nú þeim mun athyglisverðara og einkennilegra að fyrir lágu bókanir frá fundi sem flugmálastjóri og hans starfsmenn héldu með forustumönnum í flugmálum og sveitarstjórnarmálum á Höfn í Hornafirði í fyrrasumar þar sem bókað var að framkvæmdin um þverbrautina um Hornafjarðarflugvöll yrði látin ganga fram á þessu ári.

Auðvitað varð þarna ekki miklum hlutum um þokað við afgreiðslu þessa máls í fjvn. Þó var tekin stefnumarkandi ákvörðun um það að framkvæmd skyldi hefjast á næsta ári, árinu 1991, og þessi niðurstaða fékkst með því að fresta byggingu tækjageymslu sem var á áætlun það ár. Það er þess vegna augljóst mál hvaða vilji er fyrir hendi varðandi þessa framkvæmd við afgreiðslu í fjvn. og væntanlega hér á Alþingi, að framkvæmdir hefjist við þessa flugbraut á næsta ári, enda er séð fyrir því að þeim rannsóknum sem þurfa að fara fram, sem eru nú ekki mjög mikilvægar og ekki heldur kostnaðarsamar, er hægt að ljúka fyrir haustið eða veturinn. Og það bréf sem þingmenn Austurl. hafa sent frá sér þýðir í rauninni ákvörðun um framkvæmdafjárveitingu til tækjageymslu og til þverbrautarinnar á árinu 1992 en þá verður búin að fara fram, eins og kunnugt er, önnur endurskoðun á flugmálaáætlun, framkvæmdaendurskoðun fyrir árin 1992 og 1993 og það er eins gott að menn gæti að því að leika ekki þá aftur þann leik sem leikinn var núna gagnvart flugbrautinni í Hornafirði. Þetta segi ég hér þó að trúlega verði nú komin önnur ríkisstjórn og annar samgrh. Ég vona að menn fletti samt upp því sem menn hafa haft um þetta mál að segja hér við þessa afgreiðslu og rifji upp fortíðina í þeim efnum og hversu stórfurðuleg tillögugerðin var um Hornafjarðarflugvöll. Úr því hefur nú verið nokkuð bætt og því verður áreiðanlega fylgt eftir af þingmönnum Austurl. þegar þar að kemur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í fáeinum orðum þakka hv. fjvn. hennar störf að þessu máli. Þetta er fyrsta reglulega endurskoðun 10 ára flugmálaáætlunar eins og lög gera í raun ráð fyrir að fram fari á tveggja ára fresti og ég vil lýsa ánægju minni með að tekist hefur samkomulag í fjvn. um það mál og þær tillögur sem hér eru til afgreiðslu. (**EgJ:** Það er nú skilyrt eins og þú sérð á fylgiskjölum.) Hvað sem um það allt saman má segja birtist hér eitt sameiginlegt nál. og sameiginlegar brtt. fjvn. og hef ég ekkert nema gott um þær að segja og er fyllilega sáttur við bæði tillögurnar og meðhöndlun fjvn. á þessu máli að öllu leyti.

Ég vil auðvitað sérstaklega þakka hv. formanni fjvn. fyrir ítarlega og vandaða framsöguræðu um málefni Húsavíkurflugvallar sem var fróðleg og upplýsandi og þykir mér að sönnu vænt um að fjvn. hefur tekið af dýrmætum tíma sínum í að kynna sér svo rækilega og vandlega ofan í kjölinn málefni Húsavíkurflugvallar í Aðaldalshrauni. Um það sem var nú tilefni umfjöllunarinnar, þ.e. þá tillögu sem fólst í þáltill. eins og hún var fram borin á Alþingi, að Húsavíkurflugvöllur mundi færast upp um flokk, úr flokki áætlunarflugvalla II í flokk I, er það að segja að það er allt rétt sem um það var sagt, að sú tillaga er ættuð úr samgrn. Reyndar hefur legið fyrir á þeim bæ ósk heimamanna um að Húsavíkurflugvöllur yrði færður upp um þriggja ára skeið eða svo, ef ég man rétt, ítrekaðar bréfaskriftir. Hafa heimamenn m.a. bent á að á þessu svæði séu margir af mikilvægustu ferðamannastöðum landsins, þar á meðal sá sem að

öllum öðrum ólöstuðum dregur líklega flesta ferðamenn til landsins, Mývatn. Enn fremur hafa þeir bent á mikilvægi þess að á norðaustanverðu landinu yrði a.m.k. einn flugvöllur þannig í stakk búinn að í fyllingu tímans gætu um hann farið vöruflutningar, útflutningur eða söfnun á ferskum matvælum til annarra flugvalla með stærri flugvélum. Ýmislegt fleira mætti þarna til nefna, svo sem að nýjar flugvélategundir opna nú þann möguleika að styttri flugbrautir bjóði upp á áætlunarflug eða vöruflutningaflug með stærri flugvélum. Nýjar flugvélategundir geta athafnað sig á styttri flugbrautum og má til gamans nefna að þær nýju flugvélar sem Flugleiðir hafa verið að taka á móti núna í dag og fyrir stuttu síðan geta þegar búið verður að leggja bundið slitlag á flugbrautina á Þingeyri tekið sig þaðan á loft með helming íbúanna og flogið til annarra heimsálfa án millilendingar. Þannig hefur nú tæknin breytt aðstæðum að mun styttri flugbrautir duga núna fyrir fullvaxnar millilandaflugvélar.

Í þriðja lagi háttar þannig til á Húsavíkurflugvelli í Aðaldalshrauni að þar er fyrir hendi jarðnæði eða land í eigu ríkisins og er mjög einfalt og ódýrt að koma við þeirri lengingu flugbrautarinnar sem gerir það að verkum að stærri flugvélar geta athafnað sig frá flugvellinum. Það sem hér ræður flokkuninni er eins og jafnan flugbrautarlengdin ein, en þannig er flugmálaáætlunin og flokkunin upp byggð að það er flugbrautarlengdin sem ræður því í hvaða flokk flugvalla flugvellir lenda. Og þar sem stefnt er á það með þessari stefnumörkun að Húsavíkurflugvöllur færist í þann lengdarflokk sem fyllir flokk I þótti eðlilegt — og eru fyrir því fordæmi, sbr. til að mynda Egilsstaðaflugvöll sem var þegar í upphafi flugmálaáætlunar settur í flokk I af því að þá hafði verið tekin ákvörðun um að hann skyldi byggður upp í þá stærð að nokkrum árum liðnum. Hér er því í raun og veru hvað Húsavíkurflugvöll snertir fylgt því hinu sama fordæmi og átti við um Egilsstaðaflugvöll á sínum tíma.

Ég vona að þetta skýri málið af hálfu samgrn. eða af minni hálfu og er mér sama hvorum aðilanum er eignuð sú tillaga að færa Húsavíkurflugvöll þarna upp.

Ég vil enn fremur geta þess að í samgrn. hefur nokkuð verið horft til þeirrar þróunar sem líkleg er í okkar flugmálum á næstu árum sem eðlilegt má telja þegar verið er að marka stefnu eins og hér er gert. Það liggur í hlutarins eðli að það eru fyrst og fremst flugvellirnir sem fjærst liggja Reykjavík, flugvellirnir um norðaustanvert landið og svo kannski á Vestfjörðum, sem munu þrátt fyrir batnandi samgöngur á landi halda sínum hlut og jafnvel búa við vaxandi flugumferð á næstu árum. Þeirrar þróunar gætir nú þegar að á þeim flugvöllum sem nær liggja Reykjavík dregst flugumferð saman eftir því sem samgöngur á landi batna og þarf auðvitað ekki að útskýra fyrir sprenglærðum hv. alþm. í samgöngumálum hvað hér er á ferðinni. Þessari þróun verður að sjálfsögðu ekki snúið við. Hún er eðlileg og mun þýða það að batnandi samgöngur á landi veita fluginu harðnandi samkeppni, sérstaklega þeim svæðum landsins sem nær liggja höfuðborgarsvæðinu. Þau sem fjær liggja og fjærst liggja munu lengur halda sínum hlut og jafnvel enn um sinn búa við vaxandi flugumferð. Þess vegna liggur það í hlutarins eðli að það er skynsamlegra að horfa til meiri og varanlegri fjárfestingar á flugvöllunum eftir því sem mikilvægi þeirra í þessu tilliti er meira, sérstaklega flugvallanna um norðaustanvert landið og á Vestfjörðum og svo auðvitað í Vestmannaeyjum af öðrum ástæðum sem ekki þarf að fjölyrða um.

Varðandi Hornafjörð og þverbraut þar, þá skýrði ég það reyndar í framsöguræðu minni hér í fyrri umræðu hvernig það gerðist að þar var ekki gerð tillaga um framkvæmdir við þverbraut á áætlunartímanum, þessum fjögurra ára tíma. Það var af þeirri ástæðu að flugráð lagði ekki til þessar framkvæmdir. Í flugráði var ákveðið að fresta um óákveðinn tíma að setja fjárveitingu inn á byggingu þverbrautar á Hornafirði og fyrir því voru í mín eyru færð tæknileg rök sem voru fyrst og fremst þau að sérfræðingar Flugmálastjórnar teldu sig þurfa að gera frekari rannsóknir á vænlegustu legu þverbrautarinnar, m.a. vegna sviptivinda, sem ég hygg að hv. 4. þm. Austurl. þekki nú eitthvað til á þessu svæði, þyrfti meiri tíma áður en hægt væri endanlega að velja vænlegustu legu þverbrautar. A.m.k. var ljóst að sérfræðingar Flugmálastjórnar treystu sér ekki til að kveða upp úr um vænlegustu legu þverbrautarinnar á þessu ári þannig að af þeim tæknilegu ástæðum mundi koma til a.m.k. einhverra breytinga í þessu efni.

Hvort nauðsynlegt var að reikna með jafnlangri frestun og tillagan gerði í sjálfu sér ráð fyrir þar sem framkvæmdin var tekin út skal ég ekki um segja og tek það fram að að sjálfsögðu er ég mjög ánægður með að sjá þessa framkvæmd þarna inni og ég vona að tæknilega verðum við í stakk búin til að hefja þessar framkvæmdir á þeim tíma sem fjárveitingar gera ráð fyrir hér í tillögunni.

Þetta var sem sagt tillaga flugráðs og hún gekk til þingsins óbreytt af minni hálfu eftir að hafa hlýtt á þau rök sem sérfræðingar Flugmálastjórnar færðu fram í þessu efni.

Ég vona svo að lokum að við náum því að halda okkar striki hvað snertir framkvæmdir á grundvelli 10 ára áætlunar um uppbyggingu í flugmálum. Ég hef margsagt það hér úr þessum ræðustóli að ég tel að sú vinna sem var grundvöllur að þessari 10 ára áætlun sem hér er verið að ræða um í raun og veru eða endurskoðun á henni hafi verið gagnmerk og þörf og okkur beri að reyna að standa vörð um þær framkvæmdir sem þar hafa verið lagðar niður og tryggja það að við náum að halda okkar striki á þeim grundvelli sem þar var markaður. Þá munum við sjá gríðarlegar framfarir í þessum efnum, þessu mikilvæga sviði samgöngumála, á þessu 10 ára tímabili og það er vissulega full þörf á því hjá þjóð sem byggir jafnmikið á flugsamgöngum og við Íslendingar gerum.

Að lokum vil ég geta þess vegna þess sem hv. formaður fjvn. og frsm. nál. nefndi hér um fjárhag Flugmálastjórnar og rekstur þar á bæ að ég hef rétt nýverið fengið í hendur áfangaálit um fjárhagsvanda Flugmálastjórnar sem er skilað af starfshópi sem sérstaklega var skipaður í þessu efni. Það er rétt sem fram kom að þar eru ekki enn á borðum þær niðurstöður að unnt sé að taka þær til meðhöndlunar eða afgreiðslu hér að þessu sinni, en væntanlega gætu þær komið til afgreiðslu síðar á árinu og það er alveg ljóst að til einhverra aðgerða þarf að grípa vegna þess fjárhagsvanda sem Flugmálastjórn á nú við að glíma í sínum rekstri. Þar er að ýmsu leyti um sérstakan vanda að ræða sem m.a. skapast af því að umfang þeirra verkefna sem þessi mikilvæga stofnun sinnir hefur farið mjög vaxandi og það er vel, vil ég segja, vegna þess að þar er að stórum hluta til á ferðinni þjónustustarfsemi sem við Íslendingar veitum vegna alþjóðlegs flugs á okkar flugumsjónarsvæði. Það skilar okkur mikilvægum gjaldeyristekjum inn í landið en að sjálfsögðu þarf að mæta þeim auknu umsvifum sem þetta kallar á og tekjurnar skila sér síðan í framhaldinu. Og ég held að mjög mikilvægt sé að við höfum á því skilning, Íslendingar, að standa vel í stykkinu hvað þetta snertir. Við sinnum þarna mjög mikilvægu hlutverki og önnumst flugumferðarstjórn á gríðarstóru svæði hér umhverfis Ísland og allt til norðurpólsins og það skilar inn í landið, ekki bara til Flugmálastjórnar heldur til fleiri stofnana, svo sem Pósts og síma og Veðurstofunnar, mjög miklum tekjum og gjaldeyristekjum sem við höfum ekki efni á að afsala okkur.

Að lokum endurtek ég svo þakkir mínar til hv. fjvn. fyrir hennar vönduðu störf að venju í sambandi við þetta mál.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður. Ég vil aðeins segja út af því sem hæstv. ráðherra kom hér inn á í sambandi við Flugmálastjórn, og mér finnst ástæða til að undirstrika það alveg sérstaklega, að það verður ekki hægt annað en að taka málefni Flugmálastjórnar til rækilegrar meðferðar sem allra fyrst því að ef ekki og ef Flugmálastjórn lendir í fjárhagsvanda, eins og hún virðist vera í nú, þá hlýtur það að bitna beint á framkvæmdum sem á að gera samkvæmt þessari áætlun og þess vegna vil ég undirstrika það að sem allra fyrst verði gengið í það að finna möguleika á því að rekstur Flugmálastjórnar geti verið með eðlilegum hætti en hann er það ekki nema gripið verði fljótt inn í þessi mál.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hv. frsm. og formaður fjvn. gerði ágæta grein fyrir afgreiðslu nefndarinnar í sinni framsöguræðu og ég hafði nú reiknað með að láta það nokkurn veginn duga hér í þessari umræðu af minni hálfu vegna þess að við skilum sameiginlegu áliti. Hins vegar hafa stjórnarliðar hér eftir venju komið upp í ræðustól til þess að þingstörf megi halda áfram sem lengst fram eftir vorinu og gengur þar vitaskuld hæstv. ráðherra fram fyrir skjöldu með langvarandi málaskvaldri án þess að hann hafi þar býsna mikið að segja.

Ég vil þó taka það fram og undirstrika það sem fram hefur komið m.a. hjá hv. 1. þm. Vesturl. að mál Flugmálastjórnar eru auðvitað óleyst og þau eru nokkurn veginn í sama fari og þegar hér voru afgreidd fjárlög fyrir jól. Ég reikna með því að ég taki það mál frekar til athugunar við afgreiðslu á frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 hér síðar í kvöld eða nótt. Það var auðvitað alveg ljóst, eins og skýrt var fyrir hæstv. samgrh. og hv. stjórnarmeirihluta, þar á meðal hv. 1. þm. Vesturl., að þarna vantaði við afgreiðslu fjárlaga milli 40 og 50 millj. kr. til þess að launaliður og rekstur Flugmálastjórnar gæti gengið í sama horfi og nú. Þrátt fyrir það að ég hafi krafist þess að fá að vita það hvernig með skuli fara er aðeins vísað til starfa nefndar sem ekki hafði lokið störfum en er kannski búin að skila einhverju áliti nú til hæstv. samgrh. Það þýðir þó auðvitað, ef ekki kemur þarna aukið fé, að fella verður niður eitthvað af þeirri starfsemi sem er í gangi af hálfu Flugmálastjórnar, annað tveggja að loka flugvöllum, ellegar þá að starfsliðið verður að vinna í sjálfboðavinnu. Svo einfalt er það. Og mér er sem ég sjái framan í flugumferðarstjórana hjá Flugmálastjórn þegar þeir fara að vinna í sjálfboðavinnu fyrir hæstv. samgrh.

Um þær yfirlýsingar hæstv. samgrh. að hann telji mikils virði, sem sannarlega er, að unnt verði að standa við flugmálaáætlun sem unnin var og samþykkt fyrir forgöngu hæstv. fyrrv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar, er auðvitað allt gott að segja, en það liggur á hinn bóginn fyrir að sú fjármögnun sem hér er á ferðinni dugar ekki til að standa við þá flugmálaáætlun og um leið og hæstv. samgrh. er að mæla þessi fallegu orð, þá leggur hann hér fram þessa flugmálaáætlun og hún gengur hér til afgreiðslu þannig að sýnilega vantar um 100 millj. kr. á ári til þess að við hana verði staðið. Um leið og menn mæla falleg orð og telja sig vilja allt gera er þess vegna best að menn hafi það í huga að það verður ekki gert án þess að fjármunir séu til þess. Og þetta hefði nú hæstv. samgrh. átt að láta koma fram úr því að hann taldi ástæðu til að fara með þessa ræðu sína hér áðan sem að mínu áliti sýndist lítil ástæða til.

Ég vil svo taka undir það sem raunar kom fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni að þær bókanir sem eru prentaðar sem fylgiskjöl með nál. hafa auðvitað mikla þýðingu bæði að því er lýtur að slitlagi á Sauðárkróksflugvöll og eins varðandi þverbraut á Hornafjarðarflugvöll og fjvn. afgreiðir það eins og fram kom í máli formanns nefndarinnar með þeim hætti að vísa þessu til endurskoðunar flugmálaáætlunar á næsta ári. Þá er það um leið gert í þeim tilgangi að þessi mál komist fram við þá endurskoðun. Á þessum grundvelli er samstaða okkar úr minni hlutanum byggð, að það sé einróma niðurstaða fjvn. að vísa því til flugráðs og þeirrar endurskoðunar sem fram undan er þannig að þessi verk komist fram svo

sem hér er gert ráð fyrir í þeim bókunum sem fyrir liggja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1175 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1266).

Kosning eins varamanns í bankaráð Seðlabanka Íslands til 31. okt. 1990 í stað Davíðs Björnssonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Fram hefur komið tillaga um Margréti Heinreksdóttur lögfræðing, Hrísmóum 4, Garðakaupstað. Þar sem aðeins hefur borist ein tillaga og aðeins einn skal kjósa er Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur rétt kjörinn varamaður í bankaráð Seðlabanka Íslands.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Það má nú öllum vera ljóst að það er ekki nægilegur fjöldi þingmanna á þessum fundi. Fundurinn er ekki ályktunarfær. Ég vildi bara vekja athygli á því og eðlilegt er að þessari atkvæðagreiðslu sé frestað þar til fullnægt er þeim ákvæðum þingskapa að hér verði ekki teknar ákvarðanir nema fundurinn sé ályktunarfær.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti vill taka það fram að það eru 39 hv. þm. í þessu húsi og forseti hafði þegar hringt þannig að ég hygg að hér sé nægur fjöldi þingmanna sem heyrir þessa atkvæðagreiðslu. Og þar sem ekki þarf að greiða atkvæði er ekkert við þetta að athuga. — Hv. 4. þm. Vestf. telur ástæðu til að tala um atkvæðagreiðslu.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Já, ég tel ástæðu til að tala um atkvæðagreiðslu og þegar beðið er um orðið á hæstv. forseti að gefa orðið en ekki með þessum hætti sem forseti gerði. Ég held að — mér er nú orða vant. Ef við ætlum að taka upp þann sið að taka ákvarðanir á þingfundi án þess að tilskilinn meiri hluti þingmanna sé á fundi, þá erum við komin í mikinn vanda. Það er næsta furðulegt að hæstv. forseti skuli segja að það sé hægt að taka slíka ákvörðun ef nægilega margir eru í Alþingishúsinu. Það mætti þá alveg eins segja: Ef nægilega margir eru á þinglóðinni eða hér í grennd. Það dugar ekki annað en að nægilega margir séu á fundinum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti ætlar ekki að eltast við þessa athugasemd. Það vill svo til að forseti hefur setið hér á hinu háa Alþingi í tíu ár, þar af fimm undir forsæti hv. 4. þm. Vestf., og kann mörg dæmi um þessi vinnubrögð.

Hv. 4. þm. Vestf. tekur enn til máls um atkvæðagreiðslu.

Þorv. Garðar Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Það eru hrein ósannindi að undir minni stjórn hafi verið teknar ákvarðanir og farið fram kjör eða atkvæðagreiðsla á fundum þar sem ekki hefur verið tilskilinn meiri hluti mættur. Það eru hrein ósannindi og ég veit ekki dæmi til þess að það hafi gerst undir stjórn nokkurs annars forseta.

Karl Steinar Guðnason *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér áður fyrr tíðkaðist það að efna ekki til atkvæðagreiðslu óðruvísi en að meiri hluti þingmanna væri mættur. Það var nýr háttur tekinn upp fyrir tveimur, þremur árum síðan að fundur var settur t.d. án þess að meiri hluti þingmanna væri í þingdeild. Ákvæði þingskapa segja ekki til um það hvort svo eigi að vera eða ekki en það var nýr háttur alla vega. En áður fyrr var fundur ekki settur nema meiri hluti þingmanna væri staddur í viðkomandi deild eða á þingi. — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Fram hefur komið tillaga um Margréti Heinreksdóttur lögfræðing, Hrísmóum 4, Garðakaupstað. Þar sem fleiri tillögur hafa ekki borist er Margrét Heinreksdóttir rétt kjörinn varamaður í bankaráð Seðlabanka Íslands.

Kosning eins manns í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til 30. júní 1993 í stað Garðars Sveins Árnasonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Borist hefur tillaga um Jóhann Má Jóhannsson bónda, Keflavík, Rípurhreppi í Skagafirði. Þar sem fleiri tillögur hafa ekki borist er Jóhann Már Jóhannsson rétt kjörinn í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til 30. júní 1993.

Vegáætlun 1989–1992, síðari umr.

Stjtill., 465. mál. — Þskj. 811, n. 1165 og 1208, brtt. 1176, 1177.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):
Frú forseti. Fjvn. hefur haft tillögu þessa til meðferðar en hún var rædd í Sþ. þann 2. apríl sl. Var tillögunni að umræðu lokinni vísað til fjvn. Nefndin hefur fjallað um málið á fundi sínum með hefðbundnum hætti og fengið til liðs við sig vegamálastjóra og starfsmenn hans. Þá hefur einnig, eins og ætíð áður,

verið haft samráð við þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu framkvæmdafjár milli einstakra viðfangsefna í kjördæmum þeirra og hefur meiri hl. fjvn. gert þeirra tillögur að sínum.

Regluleg endurskoðun vegáætlunar fór fram á síðasta þingi. Sú endurskoðun sem nú hefur farið fram á 112. löggjafarþingi nær þess vegna aðeins til tekjuspár og framkvæmdaáforma fyrir árið 1990, en regluleg endurskoðun vegáætlunar á samkvæmt vegalögum að fara fram á næsta Alþingi, þ.e. 1990–1991. Í kjölfar nýgerðra kjarasamninga og aðgerða stjórnvalda í tengslum við þá hafa verðlagsforsendur vegáætlunar tekið breytingum, bæði á tekna- og gjaldahlið og var því nauðsynlegt að óska eftir endurskoðun á áætluninni og umreikningi á henni.

Þá lá ekki heldur fyrir hvernig fara skyldi með kostnaðarauka vegna virðisaukaskatts af snjómokstri hjá Vegagerð ríkisins. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1990 er heimild handa fjmrh. til að lækka rekstrargjöld um 2% vegna breyttra verðlagsforsendna í kjölfar kjarasamninga í febrúarmánuði sl. Lækkun á útgjöldum til vegamála af þessum sökum nemur um 90 millj. kr. og er búið að taka tillit til þeirrar lækkunar í brtt. þeirri sem meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 1176.

Að lokum taldi nefndin nauðsynlegt að fá upplýsingar um stöðu óinnheimtra markaðra tekjustofna til vegamála í árslok 1989. Einnig óskaði nefndin eftir að fá upplýsingar um óafgreidd framlög til girðinga og ristarhliða. Nefndinni bárust upplýsingar frá stjórnvöldum er varða þau atriði sem nefnd voru hér að framan.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að markaðir tekjustofnar til vegamála á árinu 1990 nemi alls 4 milljörðum 496 millj. kr. Ný tekjuspá vegna breyttra verðlagsforsendna gerði hins vegar ráð fyrir að markaðir tekjustofnar næmu 4 milljörðum 396 millj. kr. sem er 100 millj. kr. lægri fjárhæð en fram kemur í þáltill. en er að sjálfsögðu komin rétt í brtt. sem við í meiri hl. flytjum á þskj. 1176. Til að mæta þeim tekjumissi er hins vegar gert ráð fyrir því að innheimta eftirstöðva markaðra tekjustofna til vegamála hækki um 100 millj. kr. á árinu 1990. Fjmrn. hefur að undanförnu gert sérstakt innheimtuátak sem áætlað er að skili auknum tekjum af mörkuðum tekjustofnum til vegamála í ríkissjóð að fjárhæð 100 millj. kr. og fara þær að sjálfsögðu óskertar til framkvæmda í vegamálum. Þegar búið er að taka tillit til þessa sérstaka innheimtuátaks hefur því verið tryggt að ráðstöfunarfé verði óbreytt til vegamála á árinu 1990 frá því sem þáltill. gerði ráð fyrir.

Ég vil aðeins í þessu sambandi taka það fram að fjvn. hefur grennslast fyrir um það sérstaklega, bæði hjá samgrn. og fjmrn., hvort ætla megi að þessi áætlun muni nást, þ.e. eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum vegna sérstakra hertra innheimtuaðgerða á vegum fjmrn. að fjárhæð 100 millj. kr. Þær upplýsingar sem fjvn. hefur fengið eru á þá leið að raunar sé þegar búið að ná þessum árangri sem hér um ræðir. Það er því alveg ljóst að innheimta þessi verður a.m.k. 100 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 1176, en þó sennilega nokkru meiri. Það liggur einnig fyrir sú skoðun bæði samgrn. og fjmrn. að sá tekjuauki sem kann að nást vegna bættrar innheimtu og er eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum, gangi inn í vegáætlun til frekari framkvæmda. Það virðist því alveg ljóst á þessari stundu að það nást inn vegna þessa sérstaka innheimtuátaks a.m.k. 100 millj. kr., eins og hér er gert ráð fyrir, en þó sennilega nokkru meira. Þarna er því fremur varlega áætlað en hitt.

Þá er fyrirhugað af hálfu fjmrn. að gefa út reglugerð um niðurfellingu virðisaukaskatts af snjómokstri. Með þessari ákvörðun má áætla að tilkostnaður Vegagerðar ríkisins við snjómokstur geti lækkað um 80 millj. kr. á árinu 1990 sem er svo til sama fjárhæð og fyrirhuguð lækkun útgjalda um 2% vegna breyttra verðlagsforsendna gerir ráð fyrir. Sú lækkun sem gert er ráð fyrir á framkvæmdafé í vegamálum í fjáraukalögum fyrir árið 1990 er því alfarið unnin upp með þeirri ákvörðun fjmrn. að breyta reglum um virðisaukaskatt, með því að fella niður virðisaukaskatt á snjómokstri. Stendur það þá nokkuð á endum að sú aðgerð mun spara kostnað hjá Vegagerðinni er nemur 80 millj. kr. sem er sama fjárhæð og lækka átti útgjöld til vegamála um samkvæmt frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990.

Á fskj. sem birtist með nál. meiri hl. er svo yfirlit frá Vegagerð ríkisins um óafgreiddar kröfur vegna girðinga og ristarhliða. Þar kemur fram að heildarfjárþörf til þessara viðfangsefna um síðustu áramót nemur um 264 millj. kr. og er það allt frá árinu 1978.

Til afgreiðslu á Alþingi er till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í þáltill. er gert ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgangagerð á Vestfjörðum geti hafist á árinu 1991. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að hraða öllum undirbúningi verksins á þessu ári og til þess þarf að verja allt að 47 milljörðum kr. til viðbótar heimaframlagi sem tekið er að láni. Heimildar verður leitað fyrir lántökunni við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990 á komandi hausti. Í brtt. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 1176 er gert ráð fyrir fjármögnun þess kostnaðar sem til fellur á árinu 1990 við undirbúning jarðgangagerðar á Vestfjörðum. Er búið að taka þá ávörðun ef sú tillaga verður samþykkt að sú framkvæmd verði unnin á vettvangi vegáætlunar eins og allar aðrar vegaframkvæmdir sem kostaðar eru af ríkisfé á Íslandi og ekki verði tekinn upp sá háttur að vera með vegagerðarverkefni kostuð af ríkissjóði utan vegáætlunar.

Við endanlega ákvörðun um framlög til einstakra verkefna hafa þingmenn kjördæma síðan unnið í samráði við Vegagerð ríkisins og hefur nefndin fallist á allar tillögur þingmannahópa um tilfærslur milli verkefna, enda hafa þær ekki breytt heildarframlögum til vegamála á árinu 1990. Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að rekja allar brtt. þingmannahópanna, þingmannahóparnir sjálfir vita gerst hverjar breytingar þeir hafa lagt til hver í sínu kjördæmi, og læt mér nægja að segja að meiri hl. fjvn. hefur

fallist á þær tillögur og heldur þeim til skila í brtt. sínum á þskj. 1176.

Það eru aðeins tvö atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi ljúka máli mínu með. Í fyrsta lagi að láta þess getið að miðað við þann snjómoksturskostnað sem Vegagerð ríkisins hefur þurft að leggja í nú þegar á þessum vetri og á sl. hausti eru allar horfur á að það muni vanta á þessu ári miðað við svipuð umsvif í snjómokstri og á síðasta hausti um 60–80 millj. kr. Það er vandamál sem einnig þarf að taka á þegar ljósar liggur fyrir en nú hver kostnaður er af snjómokstri á þessu vori. Menn verða þá að taka á því vandamáli í haust þegar Alþingi kemur saman.

Einnig liggur það fyrir að framkvæmdir við jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla hafa gengið miklu greiðar en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og ekkert nema gott um það að segja. Tæknilegur og verkfræðilegur undirbúningur hefur verið með þvílíkum ágætum að þar hafa fá eða engin óvænt atvik komið upp sem tafið hafa getað það verk, þvert á móti hefur verkið gengið mjög vel fram og raunar unnist mun hraðar og betur en gert var ráð fyrir. Því verður hægt að opna þessi jarðgöng til umferðar mörgum mánuðum fyrr en upphaflega var gert ráð fyrir. Þetta hefur að sjálfsögðu orðið til þess að greiðslur vegna verksins falla nokkuð hraðar til en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Því er ljóst að allverulegar fjárhæðir vegna framkvæmdanna sem gert var ráð fyrir að féllu til greiðslu á næsta ári munu falla til greiðslu á þessu ári. Það er einnig mjög fjárfrekt viðfangsefni sem verður að sinna sérstaklega þegar nánari upplýsingar um það liggja fyrir síðar á þessu ári og þá væntanlega takast upp við afgreiðslu fjáraukalaga á komandi hausti þegar nánar er vitað um hvað þar muni falla til til viðbótar sem allar líkur benda til að verða muni. Ég ítreka það að hér er aðeins um að ræða tilfærslur á greiðslum frá árinu 1991 þegar þessar greiðslur voru ráðgerðar til ársins 1990 þegar allar líkur eru á að þær muni greiðslufalla. Ástæðan er sú sem ég hef skýrt áður, virðulegi forseti, að verkið hefur gengið miklu betur og greiðar en menn áformuðu og því falla að sjálfsögðu greiðslur til verktakans fyrr í gjalddaga en upphaflega var ákveðið.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar. Ég varð var við það hér áðan að í nál. meiri hl. fjvn. hafa fallið niður nokkrar skýringar þar sem reynt var að rekja gang tekna og útgjalda eins og hann var við vegáætlun þá sem lögð var fram á síðasta vetri og afgreidd síðan með þeim breytingum sem endurskoðun á forsendum þeirrar vegáætlunar sem afgreidd var í fyrra leiddi af sér. M.a. breytingum er varða tekjuhlið vegáætlunarinnar vegna annarra verðlags-, launa- og gengisforsendna en notaðar voru við áformin í fyrra. Í þriðja lagi var síðan sýnt hvernig þessar endurskoðuðu tillögur á óbreyttum grunni frá því í fyrra breytast nú við þessa afgreiðslu, bæði vegna þess niðurskurðar sem áformaður hefur verið varðandi fjárútvegun til vegaframkvæmda og vegna þeirra viðbótartekna sem nú er gert ráð fyrir, þ.e. í fyrsta lagi eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum að fjárhæð 100 millj. og í öðru lagi vegna sérstakrar fjáröflunar vegna byggingar jarðganga á Vestfjörðum að upphæð 47 millj. kr. Hér er um viðbætur að ræða við markaðar tekjur vegáætlunar þannig að meira fé verður til ráðstöfunar í vegaframkvæmdum á árinu 1990 en nemur eingöngu framlagi af mörkuðum tekjum og að staðið verður að fullu við þá yfirlýsingu hæstv. samgrh., verði þessar tillögur samþykktar, að kostnaðarleg áhrif af flýtingu jarðganga á Vestfjörðum leiði ekki til samdráttar á fjárframlögum í neinum öðrum framkvæmdum eða neinu öðru kjördæmi hvað varðar framkvæmdir í vegamálum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að samþykktar verði brtt. á þskj. 1176 og vegáætlun þar með afgreidd eins og þar segir. Undir nál. meiri hl. fjvn. rita auk mín Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson með fyrirvara, Alexander Stefánsson og Ásgeir Hannes Eiríksson.

Frsm. minni hl. fjvn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Formaður fjvn. hefur flutt hér tillögur meiri hl. um afgreiðslu vegáætlunar fyrir árið 1990. Eins og þar kemur fram og reyndar liggur ljóst fyrir hafa stjórnarandstæðingar í fjvn. skilað séráliti. Og því áliti ætla ég einmitt að gera hér nokkur skil, en undir það rita auk mín Pálmi Jónsson og Málmfríður Sigurðardóttir.

Niðurstaða okkar er sú að við munum ekki greiða atkvæði með þessari vegáætlun þótt þingmenn hafi starfað saman í þingmannahópum að niðurskurði á vegaframkvæmdum í sínum kjördæmum. Þessi vegáætlun er fyrir margra hluta sakir afar merkilegt plagg. Sérstaklega þó vegna þess að aðeins er eitt ár liðið frá því að hér var afgreidd vegáætlun til fjögurra ára. Eins og lög og reglur mæla fyrir fer fram endurskoðun á vegáætlun annað hvert ár en ekki árlega. Reyndar eru fordæmi fyrir því að vegáætlun sé brotin upp einu ári eftir að endurskoðun fer fram og þarf ekki að fara lengra aftur í tímann en til ársins 1988 þegar þáv. samgrh., Matthías Á. Mathiesen, hafði forgöngu um að brjóta vegáætlunina upp. En ástæðan fyrir því var sú að þá þótti nauðsynlegt að auka vegaframkvæmdir í landinu frá því sem vegáætlun hafði gert ráð fyrir. Nú er hins vegar sá óvenjulegi háttur tekinn upp að brjóta upp vegáætlun einu ári eftir að regluleg endurskoðun hennar á sér stað með því að skerða stórlega framkvæmdir í vegamálum. Hér er þess vegna um ákaflega skýra stefnubreytingu að ræða í vegamálum, þessum lífsnauðsynlega málaflokki, ekki síst fyrir fólkið sem á sína búsetu úti á landsbyggðinni.

Nú er það út af fyrir sig ekki í fyrsta sinn sem þessi ríkisstjórn grípur til þess að skera niður vegafé. Hún hefur reyndar ekki haft möguleika á því nema tvisvar sinnum, þ.e. núna og í fyrra. Fyrir einu ári skar ríkisstjórnin vegafé niður um 682 millj. kr. og þótti ýmsum súrt í broti og höfðu raunar um það stór orð að slíkt skyldi ekki koma fyrir aftur. Þegar hæstv. samgrh. flutti mál sitt hér á Alþingi um vegáætlun fyrir árin 1989–1992 komst hann þannig að orði um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Í tillögu þeirri sem hér liggur fyrir er miðað við að

markaðir tekjustofnar standi áfram undir öllum útgjöldum vegáætlunar. Reiknað er með hægum en jöfnum vexti bensínsölu á tímabilinu en óbreyttum stofni í þungaskatti. Með því að nýta tekjustofnana samkvæmt lögum, þ.e. að láta þá fylgja verðlagi, má auka framkvæmdafé vegáætlunar umtalsvert og er við það miðað hér."

Þannig má ná hlutfalli af þjóðarframleiðslu miðað við hinn nýja grundvöll á bilinu 1,4–1,5% á næstu árum. Er það verulegur áfangi í þá átt að ná því framkvæmdamagni sem langtímaáætlunin miðast við og talsvert hærra hlutfall en runnið hefur til vegamála hin síðari ár. Þetta hlutfall næst þó ekki á yfirstandandi ári, eins og kunnugt er. Vegna ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar varð því miður ekki hjá því komist að hluti markaðra tekna rynni í ríkissjóð á þessu ári.

Tilefni þessarar yfirlýsingar var, eins og ég sagði áðan, að ákvörðun hafði verið tekin um að skerða markaðar tekjur til Vegagerðar ríkisins um 682 millj. kr. Um þennan boðskap og þessa niðurstöðu ríkisstjórnarinnar snerust umræðurnar æðimikið, ekki einungis af hendi okkar stjórnarandstæðinga heldur kom þetta líka mjög fram í máli þeirra sem styðja núv. ríkisstjórn. Þess vegna var það að í síðari ræðu sinni bætti hæstv. samgrh. um betur til þess að taka af öll tvímæli um framhaldið í þessum efnum. Þá sagði hann, með leyfi forseta, á þessa leið: „Varðandi það efni sem hér hefur verið nefnt af mörgum og var reyndar sérstaklega gert að umtalsefni af mér í upphafi, að því miður varð það að ráði vegna erfiðra aðstæðna í ríkisfjármálunum á sl. hausti að taka hluta af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins, þ.e. sérstaka hækkun sem gripið var til á þeim tekjustofnum og láta renna í ríkissjóð, vil ég upplýsa að við þá afgreiðslu í hæstv. ríkisstjórn var gerð bókun sem lýtur að því að hér er um einstaka afgreiðslu að ræða, bundna yfirstandandi ári og ekki er ætlunin að hún verði til frambúðar." Enn fremur sagði hann: „Á grundvelli þessarar bókunar og vilja ríkisstjórnarinnar er vegáætlun nú þannig sett upp að þegar á næsta ári renna markaðir tekjustofnar að fullu og öllu til framkvæmda í vegamálum. Og ég vil gefa þá yfirlýsingu sem samgrh. að ég mun sjá til þess að við þessa afgreiðslu ríkisstjórnarinnar verði staðið, verði það í mínu valdi." — Við þessa yfirlýsingu verði staðið verði það í mínu valdi. — Og enn situr hæstv. ráðherra í embætti, þrátt fyrir þessa svardaga.

Hvað hefur svo gerst síðan? Tekin hefur verið ákvörðun um það að leggja fram á Alþingi till. til breytingar á fjögurra ára vegáætlun. Og hverju er nú verið að breyta? Það er verið að skera vegáætlun niður upp á 854 millj. kr. Vilja menn nú ekki rifja upp bókun ríkisstjórnarinnar sem hún gerði þegar hún var að skera niður vegáætlun frá því í fyrra? Og vilja menn ekki rifja upp yfirlýsingu samgrh., sem er náttúrlega þess efnis að hann lagði embættisheiður sinn að veði til að sannfæra menn um að ekki yrði gripið til þessa ráðs aftur. Nú bregður hins vegar svo við að flutt er vegáætlun á Alþingi sem hljóðar upp á 4 milljarða 396 millj. á móti 5 milljörðum 250 millj., eins og ákveðið var í fyrra. Það eru reyndar ýmsar kúnstir viðhafðar í sambandi við að púsla þeirri vegáætlun sem nú er saman. En ég ætla ekki að fara út í það hér því það eru minni háttar mál hjá þessari niðurstöðu.

Nú vilja menn kannski segja: Á hæstv. samgrh. sér engar málsbætur? Og á ríkisstjórnin sér engar málsbætur? Vera má að ef grannt er skoðað séu bakdyrnar svona í hálfa gátt. Tekjustofnarnir hafa nefnilega ekki verið nýttir eins og til stóð. Mér sýnist að vannýting þeirra sé upp á u.þ.b. hálfa millj. kr. Þar af, vegna þess að tekjustofnarnir hafa ekki verið látnir taka eðlilegum kostnaðarhækkunum, má ætla að út af standi kannski eitthvað í kringum 350 millj. kr. En hvað þá með blessað fólkið sem á bílana sem gefa þessar tekjur? Hlýtur það ekki að fagna því að greiða minni skatta? Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi skorið niður vegáætlun með þeim hætti sem ég hef hér lýst þá hefur verið séð fyrir því að taka peningana af fólkinu í landinu sem á bifreiðarnar. Eins og kunnugt er hafa bifreiðagjöld verið stórlega hækkuð svo að skattborgararnir fá sínar kveðjur með öðrum hætti en hækkuðu bensíni.

Hér hef ég nú brugðið upp mynd af þessum verknaði hæstv. ríkisstjórnar. Og mér er spurn: Hvað með framhaldið? Hvað með vegagerðarframkvæmdir á næsta ári? Vill hæstv. samgrh. segja okkur eitthvað um þær? Varaformaður fjvn., hv. 1. þm. Vesturl., sem er mikill áhugamaður um vegaframkvæmdir, sagði eitthvað á þá leið við fyrri umræðu málsins að nú væri bara eitt ráð til vegna allra þessara óskapa sem væru látin ganga yfir vegamálin, og það væri þá helst að forsvara með því að tekið yrði til við nýja vegáætlun. Nú yrðu menn að láta hendur standa fram úr ermum og fara að vinna að nýrri vegáætlun. Þess vegna væri góður kostur að fá það upplýst hér í þessari umræðu hver eigi að vera grundvöllur þeirrar vegáætlunar. Við hvaða tekjustofna á að miða? Hvað ætlar ríkisstjórnin að hirða mikið af hinum föstu tekjustofnum Vegagerðar ríkisins í ríkissjóðshítina hjá hæstv. fjmrh.?

Auðvitað er það grundvallaratriði hvað sé til af peningum til þess að leggja vegina fyrir. Hitt er náttúrlega nauðsynlegt, að raða framkvæmdum saman og ná um þær bærilegu samkomulagi. En það er til lítils að gera góðar áætlanir og ná samkomulagi um þær hér á hv. Alþingi þegar gripið er svo til sams konar vinnubragða og hefur verið gert núna tvívegis af núv. samgrh. Ég gerði mér það til gamans að fletta aðeins ræðum hæstv. ráðherra frá því að hann var hér í stjórnarandstöðu. Og það var fróðlegt að sjá hvað mikinn áhuga þessi hv. þm., sem þá var, hafði fyrir vegagerð og vegamálum. (**Landbrh.:** Ég er gamall vegagerðarmaður.) Já, ég geri ráð fyrir því, hæstv. ráðherra, að þú hefðir reynst betur í því verki en að stjórna því sem ráðherra. En það voru mikil fyrirheit og mikill tillöguflutningur sem þessi

hæstv. ráðherra hafði þá í frammi. Satt að segja hafði ég varla þrek til að lesa það allt saman og bera það saman við þau verk sem hér liggja fyrir.

Á fskj. með nál. minni hl. er mynd sem menn geta virt fyrir sér. Þau ár sem Sjálfstfl. fór með samgöngumál var lagning bundins slitlags, allt frá árinu 1984, yfir 160 km. Árin 1985, 1986, 1987 og 1988 var lengd bundins slitlags yfir 200 km, mest árið 1987 þegar bundið slitlag var lagt á 305 km. Á síðasta ári var sambærileg tala 152 km eða helmingi minni en á árinu 1987. Og það eru horfur á því, þó það liggi ekki enn þá fyrir, að enn þá muni verða samdráttur í lagningu bundins slitlags á þessu ári. Ég sé ekki betur en að á þessum tveimur árum og með þeirri stefnu sem hér er verið að marka, m.a. með því að draga saman tekjustofna Vegagerðar ríkisins, sé verið að rústa langtímaáætlun í vegagerð sem gott samkomulag var um hér á Alþingi.

Þetta sem ég hef sagt gerir það að verkum að við greiðum að sjálfsögðu ekki atkvæði með þeirri till. sem hér er til afgreiðslu. Þess í stað munum við væntanlega sitja hjá við afgreiðsluna.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Það var í fyrsta skipti nú við afgreiðslu vegáætlunar sem þingmenn Reykv. hittust og ræddu við starfsmenn Vegagerðarinnar og borgarverkfræðinginn í Reykjavík til þess að átta sig á framkvæmdum í Reykjavík. Í þeim viðræðum kom ýmislegt í ljós sem ég tel ástæðu til að rætt sé hér þegar vegáætlun er til afgreiðslu. Ég vil byrja á að rifja það upp að fyrir ári síðan áttum við viðræður, ég ásamt hæstv. ráðherrum fjármála og samgöngumála, við borgarstjórann í Reykjavík. Við ræddum þar hugsanleg skuldaskil vegna þeirrar skuldar sem safnast hefur upp þar sem framkvæmdir í Reykjavík hafa verið mun meiri en framlög frá ríkinu gefa tilefni til. Skuldin mun nú vera, ef hún er öll reiknuð upp til núverandi verðlags, um það bil 1 milljarður. En þess ber að geta að ríkisvaldið hefur aldrei viðurkennt að þurfa að greiða verðbætur vegna slíkra framkvæmda, ef þær eru umfram heimildir samkvæmt vegáætlun og fjárlögum. Fyrir nokkrum árum gerðist það þó í samningum við ríkisvaldið að viðurkenndar voru slíkar skuldakröfur og þær verðbættar frá ákveðnu ári að telja.

Það var samdóma álit allra þeirra sem nálægt þessu máli komu að nauðsynlegt væri sem fyrst að gera samning milli ríkis og Reykjavíkurborgar um greiðslu skuldarinnar og um það að hve miklu leyti ríkisvaldið mundi greiða þessa skuld til baka. Ég get ekki sett fram neinar tölur í því sambandi en ég hygg að skuldin í dag, miðað við það sem gerst hefur í samningum um svipað efni milli Reykjavíkurborgar og ríkisins áður, sé að minnsta kosti 600–700 millj. kr. Enda eru framkvæmdirnar að langmestu leyti á síðustu 5–6 árum.

Ég tel nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þetta komi fram og jafnframt sé það rifjað upp að við afgreiðslu fjárlaga var samþykkt í 6. gr. ákvæði sem heimila hæstv. fjmrh. að gera samning við Reykjavíkurborg um greiðslu skuldar sem orðin er til vegna framkvæmda við vegagerð í Reykjavík og ríkið á samkvæmt lögum að greiða.

Það er út af fyrir sig gott að flýta framkvæmdum við vegagerð eða jarðgangagerð og taka til þess erlend lán. Ég fagna því að hæstv. ríkisstjórn skuli telja sig hafa efni á því að samþykkja slíkt og skal síst af öllu tala gegn því. En á sama tíma verða menn sem fara með stjórn þessara mála að átta sig á því að skuldir hafa hlaðist upp annars staðar án þess að þær komi nokkurs staðar fram, hvorki í vegáætlun né annars staðar þar sem ríkið gerir grein fyrir skuldastöðu sinni gagnvart öðrum aðilum.

Ég rifja það upp að þegar vegáætlun var samþykkt til tveggja ára á síðasta þingi lágu fyrir áætlanir um að auka stórkostlega fjármagn til svokallaðra stórverkefna. Þau eru í fyrsta lagi jarðgöng, í öðru lagi fjármagn og fjárframlög til höfuðborgarsvæðisins og í þriðja lagi til brúargerðar þar sem er um að ræða stórbrýr. Ætlunin var að Reykjavíkurborg fengi af þessum fjármunum verulegar upphæðir. Nú er það ljóst að sú upphæð sem kemur til Reykjavíkurborgar af þessum lið í vegáætlun þeirri sem liggur fyrir, ef brtt. verður samþykkt, er 73 millj. af samtals 623 millj. kr. Þessir fjármunir gera varla betur en að koma til móts við þær verðbætur sem ég hygg að Reykjavíkurborg eigi rétt á samkvæmt þeirri kröfu sem til hefur stofnast á ríkisvaldið. Get ég þó ekki farið með neinar ákveðnar tölur í því sambandi en get áætlað það út frá öðrum samningum sem gengið hafa milli þessara aðila.

Mér er ljóst að nánast er útilokað að gera samning um þetta efni þannig að greiðslur gangi af vegáætlun og vegafé næstu ára. Slíkt mundi gera það að verkum að skerðing til annarra framkvæmda yrði svo mikil að vart yrði við unandi. Þess vegna er það ósk mín að hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því á grundvelli heimildar í 6. gr. fjárlaga að gera samning við Reykjavíkurborg um greiðslu þeirrar kröfu sem samið yrði um. Auðvitað verða fulltrúar Reykjavíkurborgar, borgarstjórnin í Reykjavík, að gera sér grein fyrir því að greiðslur geta ekki komið á einu ári heldur verða þær að skiptast á nokkur næstu ár. Í því sambandi kemur auðvitað ýmislegt til greina, t.d. gæti Reykjavíkurborg fengið greitt í ríkisskuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs, og þannig tekið þátt í því sparnaðarátaki sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir til þess að afla fjár á innlendum lánamarkaði.

Ég vil láta það koma fram að ég hef rætt þessi mál við hæstv. fjmrh. og hann hefur haft góð orð um að þetta verði gert á þessu ári og þá með beinum samningum ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar.

Ég vona að orð mín verði ekki skilin þannig að með þessu sé verið að veitast að öðrum framkvæmdum sem til er stofnað. Einungis er verið að benda á það að á sama tíma og ætlunin er að taka erlend lán, á sama tíma og talsverð skerðing á sér stað miðað við fyrri áætlanir, þá situr eftir mikil skuld sem fer stækkandi frá ári til árs. Ég vildi nota þetta tækifæri,

hæstv. forseti, til að vekja athygli á þessu máli í þeirri von að hæstv. ríkisstjórn beiti sér fyrir því á yfirstandandi ári að um þessar skuldakröfur verði samið þannig að fjármunir gangi til Reykjavíkurborgar á næstu árum til móts við þær kröfur sem borgin hefur sett fram og samið verður um.

Ég vil benda á það að hér er ekki um að ræða óþarfa framkvæmdir. Það þekkja allir hv. þm. hvernig umferðin hefur verið í höfuðborginni á undanförnum árum og hvílík umskipti hafa orðið við þær miklu framkvæmdir á helstu umferðaræðum borgarinnar. Ég bið hv. þm. að sjá fyrir sér hvernig umferðaröngþveitið hefði orðið ef engar slíkar framkvæmdir hefðu komið til á undanförnum árum heldur hefði verið beðið eftir framlagi frá ríkisvaldinu á hverjum tíma. Ég er ansi hræddur um að þeir hv. þm. sem búa í úthverfum borgarinnar á þingtímanum hefðu þurft að dvelja langdvölum í bíl sínum á leið til þinghússins.

Það er sjálfsagt talin vera nýbreytni að fulltrúi þingmanna úr Reykjavík ræði slík mál við umræður um vegáætlun. En ég taldi nauðsynlegt að láta þetta koma fram vegna þess að hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Sú krafa sem uppi er höfð er orðin meiri en einn milljarður. Og þegar slík skuldastaða er fyrir hendi verður hæstv. ríkisstjórn auðvitað að taka tillit til hennar þegar hún gerir áætlanir um framkvæmdafjárlög á ári hverju.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að taka meiri tíma í að ræða þetta atriði. Ég deili að sjálfsögðu skoðunum með fulltrúum minni hl. hv. fjvn. og ætla ekki að ræða þau sjónarmið sem koma fram í áliti minni hl. nefndarinnar. En ég taldi sérstaka ástæðu til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri hér.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Vegáætlun sú, sem samþykkt var 20. maí á sl. ári fyrir árin 1989–1992, hefði ekki þurft að koma hér til endurskoðunar ef ekki hefðu verið gerðar á henni veigamiklar breytingar til lækkunar. Við því hefði ekkert verið að segja að mínum dómi ef tekjur hefðu hrunið. En það hefur aftur skeð að þeir möguleikar, sem lögum samkvæmt átti að nýta, voru ekki nýttir. Hæstv. fjmrh. gerði í því að nota ekki þá möguleika. Ég verð að segja það að minn ágæti flokksbróðir og vinur, 4. þm. Austurl., var kannski í það þyngsta gagnvart hæstv. samgrh. en ég þekki það af eigin raun að þeir sem þurfa að berjast fyrir að halda uppi framkvæmdum og starfrækslu, sérstaklega úti á landi, eiga oft undir högg að sækja. Og þá ríður fyrst og fremst á því að þeir sem eru talsmenn landsbyggðarinnar, þar sem þessar framkvæmdir skipta mestu máli, láti til sín heyra í tæka tíð og standi með þeim ráðherra sem fer með þann málaflokk hverju sinni. Á þessu hefur að mínum dómi verið mikill misbrestur hjá allmörgum þingmönnum og ætla ég þar ekki að draga menn í pólitíska dilka.

Hitt harma ég að það skuli hafa orðið ofan á að þegar við samþykkjum vegáætlun til fjögurra ára þá samþykkjum við að verja til vegamála í heild á þessu ári 5 milljörðum og 250 millj. kr. Þegar hæstv. samgrh. leggur fram þessa till. til þál. um vegáætlun fyrir aðeins þetta ár, árið 1990, þá er lagt til samkvæmt þeirri tillögu að tekjurnar lækki um 754 millj., eða niður í 4 milljarða 496 millj. kr. Þegar við lítum yfir skiptinguna samkvæmt gildandi vegáætlun fyrir þetta ár þá lækkar stjórn og undirbúningur framkvæmda úr 280 millj. í 246 millj., viðhald þjóðvega lækkar úr 1880 millj. í 1717 millj. Til nýrra þjóðvega verður lækkunin tilfinnanlega mest, eða úr 2 milljörðum 374 millj. í 1953 millj. kr. Til brúagerða er lækkun úr 173 millj. í 145 millj. og svo aftur eru lækkanir til vega í kaupstöðum úr 285 millj. í 225 millj. en til sýsluvega úr 190 millj. í 150 millj., til fjallvega úr 43 millj. í 40 millj., og til tilrauna úr 25 í 20 millj. kr.

Á þessu sjá menn að hér er um mikla og alvarlega lækkun að ræða. Við höfum haldið því fram æðimargir, bæði núv. og fyrrv. samgrh., að framlög til vegamála væru engan veginn nægjanleg og þetta væri það sem skipti mestu máli fyrir landsbyggðina. Þetta skiptir líka máli í sparnaði fyrir þjóðfélagið í heild. Við byggjum í vaxandi mæli á landflutningum og þetta gengur út yfir rekstur þeirra ökutækja, það gengur út yfir viðhaldið. Þess vegna var það mikið atriði þegar reynt var að hraða verulega lagningu bundins slitlags, eins og hv. 4. þm. Austurl. kom réttilega inn á hér. Þá var ekki burðug lagning bundins slitlags. Árið 1977 voru það 12 km sem lagt var á, það er nú ekki lengra síðan. 1978 fóru þeir í 37 og 1979 í 44. Svo koma stökkin, 1980 fer það í 90, jókst heldur 1981 og 1982, minnkaði 1983, enda var þá engin vegáætlun gildandi eins og menn e.t.v. muna. Þá var flautað mikið hér fyrir utan Alþingishúsið rétt fyrir kosningar og engin vegáætlun til út það ár. Árið 1984 vex þetta hröðum skrefum úr 165 km í 305 km á árinu 1987. Síðan hefur þetta lækkað og á sl. ári, eins og 4. þm. Austurl. gat um, fór lagning bundins slitlags niður í 152 km. Og allt bendir nú til að veruleg minnkun verði á lagningu bundins slitlags á þessu ári. Ég ætla ekki að fullyrða hvað það verður, reynslan kemur til með að skera úr því.

Ég harma að svo mjög skuli dregið úr framlögum til vegamála á sama tíma og verið er að auka skatta og skyldur á eigendur ökutækja í landinu eins og menn þekkja. Ef sú stefna hefði orðið ofan á að draga verulega úr skattlagningu almennt þá hefðu þeir menn haft rök að mæla. Ég hef aftur verið þeirrar skoðunar og er enn, hef alltaf verið, að við höfum alltaf látið of lítið ganga til vegamála. Ég sé ekkert eftir því að skattar á umferðina séu miklir ef þeir fara í að byggja upp vegina. Við sem bílana eigum njótum þess í betri vegum og í minna sliti á bílum, minni bensíneyðslu o.s.frv.

Af því að ég var ekki hér heima þegar þessi till. til vegáætlunar var lögð fram og sömuleiðis önnur þáltill. um að flýta jarðgöngum á Vestfjörðum, af því það tengist vegáætluninni, þá langar mig að koma inn á það mál með nokkrum orðum. (**Forseti:** Má ég benda hv. þm. á að það mál er einnig á dagskrá hér í kvöld.) Ég ætla að benda hæstv. forseta á að jarðgöng á

Vestfjörðum eru einnig inni í vegáætluninni. En ef forseti vill endilega fá tvær ræður frá mér í staðinn fyrir eina þá skal ég hugleiða það fyrir hæstv. forseta.

Jarðgangagerðin hefur átt langan aðdraganda. Í fyrsta lagi jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla sem farið var í. Páv. samgrh. skipaði nefnd 6. nóv. 1986 sem var undir forystu Helga Hallgrímssonar aðstoðarvegamálastjóra. Markmið slíkrar áætlunar var að tengja þau byggðarlög við vegakerfi landsins sem ekki eiga völ á fullnægjandi tengingu með öðrum hætti. Enn fremur að tengja saman byggðarlög sem mynda félagslega og atvinnulega heild en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín á milli nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum. Og nefndin átti að starfa og starfaði með það fyrir augum m.a. að taka fyrir þessi atriði, samanburð jarðganga við aðrar mögulegar lausnir með tilliti til stofnkostnaðar, viðhaldskostnaðar, notagildis og umferðaröryggis, röðun verkefna, framkvæmdahraða og hugmynda að fjármögnun miðað við að unnið sé samfellt að jarðgangagerð. Áætlun átti að vera þannig sett upp að hún gæti fallið að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Áætlunin skyldi hefjast með jarðgöngum í Ólafsfjarðarmúla, sem eru nú komin á lokastig eða verður lokið á komandi hausti. Þau voru upphaflega tekin í langtímaáætlun um vegagerð. Nefndin átti líka að miða vinnu sína við að skila skýrslu í febrúar 1987 og með tilliti til þess að hér var um að ræða fyrstu áætlun sinnar tegundar og tími naumur skyldi í þessum áfanga lögð áhersla á tengingu kaupstaða og stærri kauptúna. Þá var haft í huga að aðrir staðir yrðu teknir fyrir síðar í tengslum við endurskoðun langtímaáætlana um jarðgöng og vegagerð.

Þessi nefnd skilaði sínum störfum vel og skilmerkilega. Það sem var ánægjulegast við störf hennar var það að allir nefndarmenn náðu samkomulagi um það í hvaða röð ætti að fara í verkefni. Það gerði það að verkum að ekki eru deilur um röðun verkefna. Í fyrsta lagi var það Ólafsfjarðarmúli, sem var reyndar búið að taka ákvörðun um og lá ljóst fyrir að yrði að vera fyrsta verkefnið. Í öðru lagi voru það Botnsheiði og Breiðadalsheiði á Vestfjörðum og í þriðja lagi Fjarðarheiði og Oddsskarð. Þetta fannst mér vera afar mikill og dýrmætur áfangi, að þessir nefndarmenn, en í nefndinni voru menn frá Austfjörðum og Vestfjörðum ásamt aðstoðarvegamálastjóra og fulltrúa frá Byggðastofnun og Sambandi ísl. sveitarfélaga, ef ég man rétt, skyldu allir ná samkomulagi um þessa röðun. Þetta gerði það að verkum að Vestfjarðagöngin voru tekin inn í áætlunina 1989–1992 þannig að undirbúningsvinna eða undirbúningur að Vestfjarðagöngum hófst á sl. ári með smáframlagi, eða 10 millj. kr., átti að vera 13 á þessu ári, 38 samtals á næsta ári og 332 millj. af stórverkefnum plús 70 millj. sem voru inni í hinni almennu vegáætlun. Þannig voru það 402 millj. kr. sem áttu að fara til þessara jarðganga á árinu 1992.

Nú hefur það gerst að hæstv. samgrh. hefur flutt sérstaka till. í þessu sambandi og lagt til að flýta jarðgangagerðinni gegnum Breiðadalsheiði og Botnsheiði um tvö ár. Mér er það mikil ánægja og ég þakka hæstv. samgrh. fyrir það framtak. Hins vegar hef ég af því mjög miklar áhyggjur að þessi niðurskurður geti bitnað á verkefnum, einnig í þessu kjördæmi sem öðrum. Þess vegna hlýtur það að vera afar mikilvægt atriði að menn sem áhuga hafa fyrir vegagerð standi fyrir því að bæta samgöngur innan lands, skilji þýðingu þeirra fyrir mannlíf úti um land og láti meira til sín taka um þessi mál en gert er. Það er ekki nóg að láta bara í sér heyra þegar kemur að því að samþykkja útgjöld en þegja þunnu hljóði þegar á að ákveða skatta og skyldur á landsmenn til þess að standa undir þessum framkvæmdum.

Í sjálfu sér liggur ekkert fyrir hvernig á að fjármagna til enda þessa miklu áætlun. En ekki ber að vanþakka það sem kemur fram í till., síður en svo. Ég tel að taka eigi ákvörðun um að fara út í útgáfu skuldabréfa, líkt og gert var með Skeiðarársand og Djúpveginn. Þá kemur fram áhugi manna á þessum stöðum. Ég geri ekki mikið úr þessu bensíngjaldi því þetta er í raun og veru smáupphæð sem það kemur til með að gefa. En þá vil ég halda því fram að Vestfirðingar komi til með að taka á honum stóra sínum og kaupi skuldabréf, bæði þeir sem eiga heima á þessum stöðum sem og hinir sem búa annars staðar og jafnvel margir hverjir við góð efni.

Ég tel að þýðing jarðganga sé mikilsverð fyrir framtíð byggðar. Ég minnist þess að þegar ég var samgrh. og Ólafsfjarðarverkefnið var tekið í vegáætlun var ég í útvarpinu og fékk hörkuskammir frá formanni einhvers sumarbústaðafélags eða sambands fyrir það að ekki væri malbikað í þetta sumarbústaðahverfi en fyrir svona „smápleis", eins og ég held að hann hafi orðað það á ekki betra máli, ætti að fara í jarðgangagerð. Það er ekkert hugsað um hvað það eru miklar fjárfestingar á þessum stöðum, við skulum segja eins og á Ólafsfirði. Ef þetta fólk hefði átt að bíða árum saman eftir þessum framkvæmdum þá entist það ekki. Það hefur áhrif á mannlíf á þessum stöðum að búa við það vetrarríki sem hefur verið núna sl. tvo vetur. Það hefur áhrif á fólk á Vestfjörðum að sjá ekki út um glugga mánuðum saman, eins og vetrarríkið hefur verið. Jarðgöngin koma til með að færa byggðina saman, fólkið nýtur allt annars samfélags en áður var.

Það er mikið atriði að nú er verið að byrja fyrir alvöru á framkvæmdum yfir Dýrafjörð. Og það þarf auðvitað að tryggja að þessar framkvæmdir haldi áfram með þeim hætti sem ætlað er þannig að á haustinu 1991 verði hægt að aka yfir Dýrafjörð, þó ekki verði gengið frá malbikun fyrr en árið eftir. (**EgJ:** En Gilsfjörð, þarf ekki að fara yfir hann líka?) Jú, ég hef alltaf talið það en það er ekki hægt, hv. 4. þm. Austurl., að fara í allar framkvæmdir í einu. Aðalatriðið er að fólkið sem byggir þessa staði megi treysta þeirri áætlanagerð sem fyrir liggur. Ég tel sjálfsagðan hlut fyrir mitt leyti að um leið og framkvæmdum við Dýrafjörð er lokið verði tvímælalaust farið í Gilsfjörð, burt séð frá jarðgangagerðinni. En fyrr tel ég að það sé ekki hægt að gera.

Við höfum sólundað allt of miklum tíma frá því að göng voru gerð í Oddsskarð og Strákagöng gerð, látið líða svona mörg ár án þess að haldið sé áfram jarðgangagerð. Við höfum séð það og fundið að þeir sömu aðilar sem hafa verið við Blönduvirkjun hafa náð þeirri tækni og þeim hraða í vinnuafköstum sem þurfti til þess að svo vel hefur gengið í Ólafsfjarðargöngum. Og það eru sennilega fyrstu tekjurnar af Blönduvirkjun sem þjóðin hefur fengið en vonandi eiga þær nú eftir að sýna sig í framtíðinni. Þetta á auðvitað að vera metnaður þingsins, metnaður ríkisstjórna á hverjum tíma, að halda jarðgangagerð áfram, alveg viðstöðulaust, en ekki fara í mörg verkefni samtímis. Til þess að nota tæknina, alveg eins og gert hefur verið í slitlagsframkvæmdunum. Þar hefur náðst þessi hraði og vandvirkni við lagningu slitlags vegna þess að þar hafa sömu menn verið þjálfaðir við þessa vinnu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Mér fannst rétt að láta í ljós þessa skoðun mína. Ég er mjög óánægður með þennan niðurskurð en ég vil ekki kenna samgrh. einum um það. Hann ber auðvitað sína hlutdeild í þessum niðurskurði en það eru sennilega aðrir og verri en hann sem hafa frekar ráðið ferðinni.

Alexander Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki eyða löngu máli hér. Ég vildi aðeins koma að einu sérstöku atriði. Auðvitað mætti taka undir margt af því sem hér hefur komið fram. En ég vil rifja það upp að ég hef alltaf haldið því fram að við vitum það að í almennri vegagerð á landinu er eftir að gera dýrustu þættina. Þar af leiðandi verður varla hægt að framkvæma hin nýju stórverk, sem ákveðið er að taka, öðruvísi en með lántöku. Ég held því fram að það eigi að gera, það eigi að standa undir þessum verkum að einhverju leyti með erlendri lántöku, því eftir að byrjað er á jarðgöngum verður framkvæmdin ekki stöðvuð í miðjum klíðum.

En það sem mig langaði aðeins til að koma inn á er það sem hv. 4. þm. Austurl. talaði um. Ég gerði fyrirspurn, bæði í fyrra og aftur núna í vetur við 1. umr. þessa máls, hvernig stæði á því að ekki væri hafin endurskoðun á langtímaáætlun í vegagerð. Ég held að það sé mjög brýnt núna að ekki dragist lengur að hefja þessa vinnu við langtímaáætlun í vegagerð. Það er að síga á síðustu ár þeirrar langtímaáætlunar sem unnið hefur verið eftir og það má ekki dragast lengur en fram á þetta ár að hefja það verk. Jafnframt verður að reikna með því að í þeirri langtímaáætlun verði skoðað hvernig fjármagna eigi þau stórvirki sem fram undan eru í vegagerð. Það er alveg ljóst, það þýðir ekkert fyrir einn eða neinn að halda öðru fram, það er útilokað að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar af bensíni og þungaskatti geti staðið undir þessum framkvæmdum svo vel sé. Það verður ekki gert.

Ef hæstv. samgrh. tekur hér til máls vildi ég gjarnan fá að vita hvað þessum undirbúningi við endurskoðunina líður því það er stórt mál í framtíð þeirra verkefna sem við erum að tala um. Hvað sem má segja um hvort staðið verður við framkvæmdir eða ekki þá hefur langtímaáætlunin sem sett var á sínum tíma verið miklu þýðingarmeiri í vegagerðinni en menn kannski þorðu að vona þegar sú ákvörðun var tekin.

Ég vil aðeins nefna það hér í leiðinni að það sem mér fannst mjög óeðlilegt í sambandi við niðurskurðinn var að það kom í ljós á síðustu stundu að fé til brúargerðar hafi verið skorið niður um 9 millj. kr. en eitt kjördæmi hafi orðið fyrir niðurskurði upp á 26 millj. kr. Á Vesturlandi voru skornar niður tvær brýr, önnur sett út, upp á 18 millj., en hin skorin niður úr 15 millj. í 7 millj. Það leiddi af sér að ekki var hægt að fá leiðréttingu inn í þessa vegáætlun. En ég hef fengið staðfestingu á því hjá Vegagerðinni að hún muni standa við að byggja brúna á Álftá og tryggja nægilegt fjármagn í það. Og enn fremur að brúnni á Andakílsá verði aðeins frestað, hún hefur forgang á næsta ári. Ég vil nefna það hér að við Vestlendingar vorum ekki ánægðir en munum að sjálfsögðu haga okkur í samræmi við þetta en sækja okkar rétt á öðrum vettvangi.

En ég vil endurtaka að ég óska eftir að fá að vita um endurskoðun á langtímaáætlun, hvar hún stendur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að auka mjög á umræðu sem er hér um aðra þætti en þá sem snúa að þeirri brtt. sem ég hef leyft mér að flytja ásamt Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni. Ég vil þó ítreka það enn og aftur í þeirri umræðu sem hér hefur staðið, um það hvort rétt hafi verið að hækka tekjustofna Vegagerðarinnar í samræmi við verðlag að fullu, að ég gat þess áður í umræðunni um vegáætlun að ég tel að það hafi verið stigið rétt skref í því að lækka þungaskattinn. Ef þungaskattur vörubifreiða er skoðaður og borinn saman við Norðurlönd þá erum við með miklu hærri þungaskatt en þar er. Og þessi þungaskattur er að stórum hluta greiddur í vöruverði landsbyggðarinnar. Ef menn vilja fá meiri jöfnuð á vöruverði hlýtur eitt af því sem er eðlilegt að skoða vera skattheimtan á flutningi á vörunni út á land. Í sumum tilfellum er þessi skattheimta mjög óréttlát, borið saman við starfsemi hjá Ríkisskip sem eru sjóflutningar og njóta mikils stuðnings frá ríkinu, eins og allir vita.

En ég leyfi mér, ásamt Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, að flytja brtt. þar sem lagt er til að fært sé á milli tveggja liða. Annar liðurinn, Tæknilegur undirbúningur, sé lækkaður um 60 millj. en liðurinn Girðingar og uppgræðsla sé hækkaður úr 22 millj. í 82 millj. kr.

Það fer ekki á milli mála að umræða hefur verið mjög hörð hér á landi um það hvort búpeningur ætti að hafa aðgang að þjóðvegum landsins eða ekki. Sumir hafa litið svo á að það væri sjálfgefið mál að búfjáreigendur, þ.e. bændurnir, ættu að girða vegina af, girða sitt búfé af og þar með vegina. Nú er það svo ef þetta er skoðað að sú kvöð kæmi óhemjumisjafnt niður á hina ýmsu bændur í landinu. Þeir sem í góðri trú hafa samþykkt veg í gegnum sitt land án þess að krefjast þess að framkvæmt yrði eignarnám og ríkið

greiddi fyrir veginn og gætu þar með krafist girðingar á landamærum sem yrði þá greidd af báðum aðilum og viðhaldið af báðum aðilum, hafa sem sagt ekki gert þessar kröfur en staðið í þeirri góðu trú að sú regla Vegagerðarinnar væri virt að hún girti meðfram vegum en þeir sæju svo um viðhald á slíkum girðingum, ef þannig væri ástatt að miðað við umferð mætti teljast eðlilegt að í slíkar girðingar yrði farið. Mér er ljóst að hröð umferð og búpeningur á vegum á ekki saman, ef mikil umferð er eftir vegunum. Allir vita að af þessu geta hlotist slys og hafa hlotist slys.

Nú hefur mjög verið talað um þær kröfur sem sveitarfélög eigi á hendur ríkinu og talið hart við að búa hvernig þær hafa hlaðist upp. Samið hefur verið um að stór hluti þeirra yrði greiddur á fjórum árum. Hér standa leikar aftur á móti þannig að miðað við þær till. sem eru í vegáætlun er gert ráð fyrir því að hægt sé að greiða kröfur fyrir árin 1978 og 1979, þ.e. verk sem voru unnin á þessum árum í góðri trú um að þau yrðu greidd. Hér eru bæði um að ræða girðingar og ristarhlið. Ég verð að segja eins og er að þegar maður skoðar það að þessar 22 millj. skiptast á milli landgræðslu og girðinga, í því hlutfalli að 10 millj. fari í landgræðslu og 12 millj. í girðingar, sér maður að þarna er verið að fresta hlutum sem nánast er vonlaust að fresta jafnmikið og gert hefur verið. Í fyrsta lagi gengur það ekki upp að ætla að fara að græða upp meðfram vegum eftir að sárið hefur staðið í mörg ár og rigningin þvegið moldina burtu ef um grýttan jarðveg hefur verið að ræða og grjótið eitt orðið eftir í rásinni fyrir ofan. Þetta verður náttúrlega að vinna samhliða. Ég held að vaxandi skilningur sé fyrir því í landinu að jafnvel þó við viljum vegi þá þurfum við að ganga þannig um þetta umhverfi að við séum ekki að skilja eftir svöðusár gagnvart framtíðinni. Ég vil í þessu sambandi benda á þau svöðusár sem við blasa á Barðaströndinni á Vestfjörðum þar sem jarðýtur hafa verið notaðar til þess að ryðja kjarri vöxnu landi niður og efnið notað undir veg en mölin ein stendur eftir á því svæði sem þannig hefur verið gengið um.

Ég held að líka sé rétt að ég geri grein fyrir því hvernig þessar kröfur skiptast, því e.t.v. gæti einhverjum dottið í hug að hér væri fyrst og fremst um eitthvert kjördæmapot að ræða. En þessar kröfur skiptast þannig að Suðurland ætti að fá 31,3 millj., Reykjanes 2,9 millj., Vesturland 66,2 millj., Vestfirðir 8,3 millj., Norðurland vestra 44,7 millj., Norðurland eystra 83 millj. og Austurland 27,8 millj. kr.

Mér er ljóst að breyttur umferðarþungi sums staðar á Vestfjörðum, m.a. í Strandasýslu, hefur ýtt mjög undir það að bændur óski eftir því að þar verði heimilað að girða meðfram vegum og það verði greitt af Vegagerðinni. Ég held aftur á móti að það hljóti að vera nauðsynlegt í þessum efnum að gera sér grein fyrir því að þessar girðingar stuðla að sátt milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þær stuðla að sátt milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er gamli málshátturinn: Garður er granna sættir.

Þá ætla ég að víkja að liðnum Tæknilegur undirbúningur sem fyrir þessu yrði fyrir því áfalli að tapa 60 millj. Í fyrsta lagi tel ég rétt að það komi fram að Vegagerðin segist hafa þá reglu að færa kostnað út á verkin þegar þau eru hafin. Nú liggur það ljóst fyrir að á undanförnum árum hafa þeir haft fjármuni til tæknilegs undirbúnings á fjárlögum og höfðu á seinasta ári 75 millj. Ég lít þess vegna svo á að þarna sé þó nokkuð fjármagn inni í veltunni sem þeir hafa og ætti að færast út á verkin og yrði þá aftur laust til þess að reka tæknideildina. En ég vil bæta því við að ég tel nauðsynlegt að menn endurskoði afstöðu sína til útboða. Það er ekki sjálfgert að það eigi ekki að bjóða út hönnun verksins þegar boðið er út. Í þessu sambandi vil ég benda á það að í Hafnarfirði var af bæjarins hálfu gert athyglisvert útboð á íþróttahúsi þar sem öll hönnunin og teikning hússins var innifalin í útboðinu. Ég tel að í vegaframkvæmdum og brúargerð sé víða rétt að standa þannig að málum, sé það yfir höfuð talið tæknilega framkvæmanlegt, að bjóða hönnun verksins einnig út. Mér er ljóst að í samkrulli í framkvæmd við gamlan veg og nýjan er kannski mjög erfitt að koma slíku útboði fyrir. En ég sé ekki að það geti verið neitt sérstakt vandamál að útbúa t.d. verklýsingu á brú, gera grein fyrir því hvaða kröfur eru gerðar um það vatnsmagn sem þarf að fara þar undir og hvaða kröfur eru gerðar um breidd og styrkleika og bjóða út í heilu lagi. Mér sýnist að það sé ekki sjálfgert að þeir sem að hönnuninni vinna eigi að hafa allt slíkt á þurru í tímakaupi en hinir sem framkvæma verkið þurfi að taka alla áhættuna. Satt best að segja lít ég svo á að hafin sé sú stefna á Íslandi fyrir þó nokkuð mörgum árum að menn geri ráð fyrir því að með útboðum sé hægt að ná niður kostnaði.

Ég ætlaði mér ekki með þessari umræðu að lengja umræðuna um vegamál. En ég verð að segja eins og er að ég get illa unað því að þannig sé að verki staðið að á sama tíma og menn tala um að það sé mikil nauðsyn að gera upp við sveitarfélög og hraða slíkum uppgjörum sé það talið eðlilegt þegar Vegagerðin stendur að uppgjöri við einstaklingana að það sé gert upp sem myndaðist krafa um á árunum 1978–1979, vitandi það þar að auki að væntingarnar um að fara af stað með meiri framkvæmdir á þessu sviði eru miklar og kröfur þéttbýlisins um að það sé gert alveg óhemjuharðar.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Nú er liðið á kvöld og ég mun ekki hafa uppi langt mál hér. En það sem ég vildi einkum drepa á er það að ég er sammála minnihlutaálitinu og stend enda að því og mun ekki taka þátt í afgreiðslu þessarar þáltill. til vegáætlunar vegna þess að ég get ekki sætt mig við þann niðurskurð sem orðinn er á vegafé og framkvæmdum og í öðru lagi er ég engan veginn sátt við það að þeir skattar sem lagðir eru á bifreiðaeigendur gangi ekki til uppbyggingar vega.

Það má leiða rök að því að þær byggðir í landinu sem mest þurfa á því að halda að vinna saman séu sömuleiðis þær byggðir sem verst eru settar í samgöngumálum. Ég get ekki séð að það sé í rauninni

réttlætanlegt að skera niður fé til vegamála á sama tíma og sorfið er að byggð í landinu og líka að sennilega hefur aldrei verið meiri þörf á því um landsbyggðina að sveitarfélög vinni saman og ein nauðsynlegasta forsenda þeirrar samvinnu eru góðar samgöngur.

Það er einnig svo, og er nú sagt hér á hverju ári, að forsenda góðs mannlífs í landinu og menningarlífs, og ég veit ekki hvað ég á að hafa um það fleiri orð, séu góðar samgöngur. Allt má þetta til sanns vegar færa. Þess vegna er hart að búa við það að bæði lögboðin framlög til vegagerðarinnar og eins skattar af bifreiðum renni ekki til hennar og ég get ekki verið meðmælt því. Einnig er það svo að stundum hefur verið fundið mjög að hagstjórn og efnahagsstjórn á Íslandi og enn komu fram ákúrur í þá veru í umræðunni í gær þegar minnst var á skýrslu frá OECD, en mér hefur skilist að það væru viðurkennd atriði í hagstjórn að ríkinu bæri að draga úr framkvæmdum á þenslutímum en ef það væri kreppa í efnahagslífinu væri aftur á móti nauðsyn á því að ríkið héldi uppi opinberum framkvæmdum. Því verður ekki neitað að vegagerð er verulegur þáttur í atvinnulífi úti á landi og það er ein af orsökum þess að ég get ekki fallist á að það sé réttmætt að láta bágan fjárhag ríkissjóðs bitna á vegaframkvæmdum þegar atvinnuástandið er með þeim hætti sem allir vita.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er það svo að hv. meiri hl. fjvn. hefur á þskj. 1176 lagt fram brtt. um að tillgr. orðist eins og þar segir. Hins vegar höfðu tveir hv. þm., 2. þm. Vestf. og 16. þm. Reykv., lagt fram brtt. á þskj. 1177 sem er raunar tillaga um breytingu á hinni upphaflegu till. til þál. Nú hefur forseti kannað það að tillagan geti verið brtt. við brtt. meiri hl. fjvn. eftir að hafa ráðgast við embættismenn og rætt við fyrri hv. flm. Á það er lögð áhersla að þessi tillaga komi til atkvæða, og hefur forseti úrskurðað að svo skuli gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1177 felld með 24:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, SkA.

nei: ÁrnG, SGH, GeirG, GuðmÁ, GB, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JúlS, MF, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, SV, StH, SJS, VS, AS, GHelg.

AÓB, BÍG, DS, EgJ, EH, FrS, GHH, GHG, GGÞ, HBl, HJ, IBA, KrP, MB, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ, ÞK greiddu ekki atkvæði.

18 þm. (ÞÞ, AðB, ÁHE, EKJ, FÞ, GuðnÁ, GA, HG, JE, JSS, KSG, KP, KE, MÁM, SP, StG, SvG, ÞP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli mínu hér áðan er sú meginregla upp tekin að gera upp við sveitarfélögin á fjórum árum þær innistæður sem þau gera kröfur til að þau eigi hjá ríkissjóði. Verði þetta samþykkt má gera ráð fyrir því, ef fjárhæðin skiptist eins og gert hefur verið milli uppgræðslu og girðinga, að gert verði upp við þá einstaklinga sem í góðri trú hafa sett upp ristarhlið og girt meðfram vegum á átta árum. Ég segi já.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem í raun kom fram í máli fyrri flm. tillögunnar þegar hann mælti fyrir henni hér áðan að þörf er á því að fara ofan í það viðfangsefni sem hann ræddi, þ.e. samskipti búpenings og umferðar og með hvaða hætti skuli tryggja betur en nú er gert umferðaröryggi sem og uppfylla skuldbindingar Vegagerðarinnar samkvæmt vegalögum og girðingalögum um girðingar meðfram vegum. M.a. hefur í því sambandi starfshópur nýlega skilað skýrslu með tillögum um úrbætur í þeim efnum. Ég tel eðlilegt að þetta verði tekið til skoðunar samhliða endurskoðun á langtímaáætlun um vegagerð og tel það heppilegri vinnubrögð heldur en að samþykkja þessa brtt. að svo stöddu og segi því nei.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að vísa í yfirlýsingu sem kom hér fram hjá hæstv. samgrh. Ég ætla að vísa í yfirlýsingu hans hér um endurskoðun á langtímaáætluninni sem ætti að vera hafin fyrir löngu. Við höfum óskað eftir að við hana yrði staðið og þá verði þetta vandamál sem þessi tillaga hv. þm. fjallar um leyst. Í trausti þess segi ég nei.

Brtt. 1176 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, SJS, VS, AS, ÁrnG, SGH, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, SkA, GHelg.

ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EH, EgJ, FrS, GHG, HJ, IBA, KrÞ, MB, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ greiddu ekki atkvæði.

15 þm. (SvG, ÞP, AðB, ÁHE, EKJ, FÞ, GHH, GA, HBl, HG, KP, KE, MÁM, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1270).

Fjáraukalög 1988, 2. umr.

Stjfrv., 373. mál. — Þskj. 641, n. 1137, 1151 og 1153.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Frv. þetta var lagt fram hér á Alþingi þann 21. febr. sl. og vísað til fjvn. þann 12. mars. Frv. hefur því ekki verið lengi til meðferðar í nefndinni en

fjvn. hafði fyrir löngu hafið umfjöllun um efnisatriði þess, þ.e. í lok októbermánaðar á síðasta hausti. Við þá yfirferð studdist nefndin við ríkisreikning fyrir árið 1988 og hafði því lokið rækilegri yfirferð yfir mörg helstu atriði fjárgreiðslna úr ríkissjóði umfram heimildir á árinu 1988 þegar frv. til fjáraukalaga á þskj. 641 barst henni þann 12. mars sl. Auk þeirrar yfirferðar sem nefndin viðhafði á efnisatriðum fjáraukalagafrv. þess sem síðar var flutt, á haustmánuðum 1988, studdist hún við upplýsingar úr ríkisreikningi 1988 við mat sitt á útgjaldaáætlunum í fjárlögum fyrir árið 1990.

Nefndin hafði þann hátt á meðferð málsins að fyrst fór hún yfir öll útgjaldaverkefni fjárlaga 1988 og bar saman við niðurstöður samkvæmt ríkisreikningi. Þá yfirferð gerði nefndin að viðstöddum starfsmönnum úr fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun og var óskað eftir skýringum og upplýsingum frá þeim um greiðslur umfram greiðsluheimildir. Var þannig farið yfir öll greiðslutilvik, allar stofnanir og öll viðfangsefni á vegum fjárlagagerðar. Þær stofnanir og þau viðfangsefni sem nefndin taldi sig ekki fá fullnægjandi skýringar á frá embættismönnum fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eða taldi ástæðu til að ræða sérstaklega um vegna óvenjumikils fráviks útgjalda frá heimildum fjárlaga voru síðan sérstaklega tekin fyrir og efnt til funda í nefndinni þar sem til voru kallaðir *fjármálastjórnendur þessara stofnana eða* viðfangsefna, fulltrúar þeirra fagráðuneyta sem bera ábyrgð á viðkomandi stofnunum eða viðfangsefnum og fulltrúar fjmrn. Á þessum fundum var farið nánar ofan í saumana á þessum stofnunum eða viðfangsefnum og forsjármenn þeirra og fagráðuneyti beðin um skýringar. Þar sem skýringar voru ekki fullnægjandi að dómi nefndarinnar var umræddum stjórnendum fjármála tjáð sú afstaða og þess óskað að viðkomandi fagráðuneyti og fjmrn. fylgdust þar sérstaklega með. Í nokkrum tilvikum var gripið til aðgerða í því skyni að koma á skipulagsbreytingum til að draga úr kostnaði og veita frekara kostnaðarlegt aðhald og var það að sjálfsögðu framkvæmdarvaldið, þ.e. fulltrúar fjmrn. annars vegar og fagráðuneytanna hins vegar, sem beðið var um að beita þeim aðgerðum ásamt því að óskað var sérstaklega eftir því við Ríkisendurskoðun að hún fylgdist náið með umræddum stofnunum eða viðfangsefnum.

Sá háttur sem fjvn. hefur haft á vinnu sinni við yfirferð fjáraukalagafrv. er tímafrekur og kostar talsverða vinnu. Enginn vafi er hins vegar á því að svona vinnubrögð bera árangur því að forsjármenn ríkisstofnana og viðfangsefna á vegum ríkisins verða þannig áþreifanlega varir við að fjárveitingavaldið fylgist með fjármálastjórn þeirra og gerir athugasemdir ef viðurkenndar skýringar eru ekki gefnar á því ef útgjaldaniðurstaðan er ekki í samræmi við áformin.

Með sambærilegum hætti fór fjvn. einnig vandlega yfir svokallaðar aukafjárveitingar, þ.e. þær greiðslur úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir sem fjmrh. hefur innt af hendi og eru umfram tilefni sem skýrast af breyttum launa-, verðlags- eða gengisforsendum fjárlaga. Aukafjárveitingar af þessu tagi, sem ekki má beinlínis rekja til breytinga á launa-, verðlags- og gengisforsendum frv., námu samkvæmt yfirliti fjmrn. 2 milljörðum 566 millj. 572 þús. kr. og er sú fjárhæð þó samansett m.a. af aukafjárveitingum til útgjalda við einstök viðfangsefni sem rekja má til áhrifa verðlagsbreytinga, svo sem aukafjárveiting til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þá eru í þessari fjárhæð einnig með talin útgjöld vegna heimilda um kaup fasteigna sem veittar eru í 6. gr. fjárlaga, svo og vegna heimilda um uppgjör sem veittar eru í sömu grein. Í þessari tölu, 2 milljarðar 566 millj. 572 þús. kr., eru því fleiri svokallaðar aukafjárveitingar tilgreindar en einvörðungu þær sem varða aukningu á umsvifum eða ný viðfangsefni. Þar eru einnig aukafjárveitingar sem rekja má til áhrifa af breyttum forsendum eða áhrifa af öðrum samþykktum Alþingis, svo sem kaupaheimildum í 6. gr. fjárlaga. Langflestar aukafjárveitingarnar á þessum lista að tiltölu eru hins vegar vegna samþykktar ríkisstjórnar eða ákvarðana fjmrh. samkvæmt óskum einstakra fagráðherra. Listi yfir umræddar aukafjárveitingar fylgir hér með í sérstöku fskj. í nál. meiri hl. fjvn. á bls. 7–14. Þetta er það skjal sem hæstv. fjmrh. og embættismenn fjmrn. létu fjvn. í té. Á þessu fskj. er birt hver aukafjárveiting á þessum lista, fjárhæð hennar og skýringar fjmrn. þar á.

Nefndin fór vandlega yfir þennan lista um aukafjárveitingar og kallaði eftir nánari skýringum um einstök efni. Fyrir löngu er búið að greiða þær upphæðir sem fjallað er um í þessum lista og þær greiðslur verða ekki kallaðar aftur. Nefndin telur hins vegar að sumar þessara aukafjárveitinga orki tvímælis og það sé farið að ganga ótæpilega langt ef ákveðnar eru með þessum hætti greiðslur úr ríkissjóði til viðfangsefna sem annaðhvort hafa aldrei verið lögð fyrir Alþingi til meðferðar ellegar Alþingi hefur ákveðið greiðslu til en framkvæmdarvaldið ekki verið sátt við og því ákvarðað án frekara samráðs við fjárveitingavaldið að auka greiðslur úr ríkissjóði þeirra vegna. Slíkar afgreiðslur hafa farið í vöxt eftir því sem árin hafa liðið. Fjvn. telur nauðsynlegt að hér verði breyting á og hefur því flutt á yfirstandandi þingi frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem m.a. er ætlað að lögfesta reglur sem ákveða með hvaða hætti unnt sé að sinna óvæntum viðfangsefnum, óvæntum umframkostnaði við tiltekin verkefni og kostnaðaráhrifum breyttra forsendna við verðlag, gengi eða laun, en setji jafnframt skorður við aukafjárveitingum af því tagi sem auka umfang viðfangsefnis umfram það sem Alþingi hefur ákveðið ellegar varða mál sem Alþingi hefur aldrei fjallað um eða hefur jafnvel hafnað, en dæmi eru um það þó það sé ekki á aukafjárveitingalista þessa árs að veittar hafa verið aukafjárveitingar vegna málefna sem Alþingi hefur fjallað um og hafnað í atkvæðagreiðslu að veitt yrði fé til.

Í sérstöku fskj. með nál. er greint frá því hvaða viðfangsefni, útgjaldaliðir og stofnanir voru tekin til nánari athugunar hjá fjvn. Þessi viðfangsefni, út-

gjaldaviðfangsefni og stofnanir eru Alþingi og ríkisstjórn.

Á vegum menntmrn. var það aðalskrifstofa ráðuneytisins, mál Sturlu Kristjánssonar, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, verkefnið námsstjórn og þróunarverkefni, Kvikmyndaeftirlit ríkisins, Unglingaheimili ríkisins, Lánasjóður ísl. námsmanna, Þjóðskjalasafn, Náttúruverndarráð, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, grunnskólar almennt, Leikfélag Akureyrar og liðurinn ýmis íþróttamál.

Á vegum utanrrn. voru sérstaklega tekin til skoðunar eftirfarandi verkefni: Aðalskrifstofa utanrrn., viðskiptaskrifstofa þess, embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

Á vegum félmrn. var sérstök athugun gerð á aðalskrifstofu og útgjöldum hennar og útgjöldum vegna málefna fatlaðra.

Á vegum iðnrn. voru sérstaklega skoðuð eftirtalin verkefni: Iðntæknistofnun, Sjóefnavinnslan, Þörungavinnslan, iðnaðarrannsóknir, liðurinn iðja og iðnaður, liðurinn orkumál, ýmis verkefni.

Á vegum dómsmrn. voru sérstaklega skoðuð eftirtalin viðfangsefni: Aðalskrifstofa ráðuneytisins, sýslumenn og bæjarfógetar, lögreglustjórinn í Reykjavík, vinnuhælið á Litla-Hrauni, löggildingarstofan og útgjöld vegna prestakalla og prófastsdæma.

Á vegum landbrn. voru sérstaklega tekin til skoðunar eftirfarandi viðfangsefni: Aðalskrifstofa ráðuneytisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skógrækt ríkisins og einangrunarstöð holdanauta.

Á vegum sjútvrn. var talin ástæða til að skoða sérstaklega aðalskrifstofu ráðuneytisins og Hafrannsóknastofnun.

Á vegum heilbr.- og trmrn. var talin ástæða til að skoða sérstaklega tryggingaeftirlitið, Hollustuvernd ríkisins, fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sjúkrahúsið á Húsavík, Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi, sjúkrahúsið í Keflavík, ríkisspítala og St. Jósefsspítala í Landakoti.

Á vegum fjmrn. var talin ástæða til að skoða sérstaklega ríkisbókhald, Gjaldheimtuna í Reykjavík, Fasteignamat ríkisins og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

Í flestum þeim tilvikum sem um ríkisstofnun var að ræða var kallað í forstöðumenn stofnananna með fulltrúum viðkomandi ráðuneytis og fjmrn. til viðræðna við fjvn. Þá var einnig rætt sérstaklega við forráðamenn eftirtalinna B-hluta stofnana: Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna fjárfestingar í húsnæði langt umfram það sem heimilað var í fjárlögum, Þjóðleikhússins vegna mikilla rekstrarskulda, Skipaútgerðar ríkisins vegna hallareksturs og Ríkisútvarpsins vegna hallareksturs og mikilla framkvæmda sem m.a. voru kostaðar með kaupleigusamningum sem aldrei höfðu verið heimilaðir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að greina á þessu stigi frá einstökum athugasemdum nefndarinnar eða afstöðu nefndarinnar í heild eða einstakra nefndarmanna til útgjaldaliða eða stofnana sem skoðaðar voru sérstaklega með þessum hætti, heldur læt ég mér nægja að ítreka að nefndarmenn eða nefndin í heild var ekki sátt við allar niðurstöðurnar en óskaði eftir tilteknum eftirlits- og aðhaldsaðgerðum varðandi nokkra útgjaldaliði og gerðar voru athugasemdir við nokkrar aukafjárveitingar. Eins og áður segir eru þó ekki tök á að afturkalla þessar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi og varð það því niðurstaða nefndarinnar að leggja fremur til breytt vinnubrögð í frv. nefndarmanna um fjárgreiðslur úr ríkissjóði en að gera formlegar athugasemdir við einstaka liði til Alþingis.

Ég vil aðeins geta þess, virðulegi forseti, að þó hér á listanum séu mörg viðfangsefni og mikill tími hafi farið í sérstaka skoðun á þeim sem þar er lýst þá ber ekki að skilja það svo að fullnægjandi skýringar hafi ekki verið gefnar um suma þessa þætti. En það ber einnig að taka fram hvað sum af þessum útgjaldaviðfangsefnum varðaði þá er fjvn. ekki sátt við þann rekstur eða þær fjárgreiðslur sem þarna hafa átt sér stað. Fjvn. fékk ekki fullnægjandi skýringar, ekki a.m.k. að mati nefndarmanna, á þeim viðbótargreiðslum sem þarna höfðu átt sér stað eða þeirri fjármálastjórn forsjármanna stofnana sem þar kom fram og gerði, eins og ég sagði áðan, í samráði við embættismenn fjmrn. og viðkomandi fagráðuneytis og Ríkisendurskoðun tilteknar tillögur um hvernig halda skyldi á málum til þess að auka aðhald og eftirlit með þeim útgjaldaþáttum, stofnunum og viðfangsefnum. Vissulega tekur það tíma, eins og ég hef áður sagt, að vinna að yfirferð fjáraukalaga með þessum hætti, en það er tími sem ég tel að skili sér vegna þess að það er ekki eftirsóknarvert hvorki fyrir stofnanir né viðfangsefni að lenda á lista eins og þeim sem ég hef lesið upp. Ég er sannfærður um það að flestir þeirra sem fjvn. kallaði fyrir sig og ekki gátu gert fullnægjandi grein fyrir eyðslu sinni umfram fjárlagaheimildir óska þess ekki sérstaklega að vera kallaðir fyrir nefndina í annað sinn og vonandi þarf ekki til þess að koma.

Í greinargerð með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 á þskj. 641 er gerð mjög ítarleg grein fyrir niðurstöðum ríkisreiknings fyrir þau ár og niðurstöðum tekna og gjalda ríkissjóðs umfram áætlun fjárlaga. Er því ástæðulaust að fara að endurtaka það hér og stikla ég því aðeins á því allra stærsta. Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 urðu 64 milljarðar 506 millj. kr. en það er 927 millj. kr. hærri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir. Ef verðlagsþróun er tekin með í reikninginn námu innheimtar tekjur hins vegar 3 milljarða kr. lægri upphæð en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir ef hún er framreiknuð miðað við þá verðlagsþróun sem reyndist vera á því ári. Vegna samdráttar í veltu urðu tekjur af óbeinum sköttum 4 milljörðum kr. minni en framreiknuð áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, en tekjur af beinum sköttum hins vegar 1 milljarði kr. meiri og vó það upp fjórðung tekjutapsins af veltusköttum. Liggur því ljóst fyrir að tekjubrestur á árinu 1988 skýrir að hluta til meiri hallarekstur á ríkissjóði á því ári en fjárlög gerðu ráð

fyrir. En tekjubresturinn skýrir ekki nema hluta af þeim hallarekstri sem varð á árinu 1988 umfram áætlun fjárlaga. Meginástæðan var hins vegar sú að gjöld uxu langt umfram það sem gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Þau uxu um 9 milljarða 93 millj. 98 þús. kr. umfram áætlun fjárlaga. Varð ríkissjóðshallinn á árinu 1988 þannig að um það bil ⅓ hlutum vegna aukningar á útgjöldum umfram áætlun fjárlaga og að ⅓ hluta vegna tekjubrests. Stærsti liður umframútgjalda er rekstur stofnana, röskir 3 milljarðar kr., tilfærslur einnig röskir 3 milljarðar kr., aukin vaxtagjöld, 2,2 milljarðar kr., og viðhald og fjárfestingar 645 millj. kr. Sérstaka athygli í þessu sambandi vekur hversu há fjárhæð aukin vaxtagjöld eru, um 2,2 milljarðar kr., og sýnir það hversu háum fjárhæðum munað getur ef verðlagsforsendur víkja mjög frá áætlunum fjárlaga hvað varðar útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtagreiðslna. Um frekari skýringar vísa ég til greinargerðar frv. á þskj. 641.

Þá er ástæða til þess að nefna að fjvn. tók málefni B-hluta stofnana til sérstakrar skoðunar. Nokkur misbrestur hefur verið á því að því sé fylgt eftir við B-hluta stofnanir að þær standi við þær áætlanir sem gerðar eru á fjárlögum, sérstaklega að því er varðar fjárfestingar stofnananna en einnig að því er varðar rekstur þeirra. Raunar hefur þetta aldrei verið gert, hvorki af hálfu fjárveitingavaldsins né af hálfu fjmrn. svo að nokkurt samræmi sé í. Sumar þessara B-hluta stofnana, og má þar nefna til sögunnar sérstaklega Póst og síma og Rafmagnsveitur ríkisins, hafa verið krafðar um að upphaflegum áætlunum um rekstur og stofnkostnað væri strengilega fylgt og hefur verið fylgst sérstaklega með þessum stofnunum hvað varðar rekstur og fjárfestingu og raunar önnur þeirra, Póstur og sími, sett í nokkurs konar gjörgæslu af hálfu fjvn. fyrir þremur árum síðan.

Aðrar B-hluta stofnanir hafa hins vegar ekki verið látnar sæta sömu meðferð og má þar t.d. nefna Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hvað fjárfestingar varðar og Þjóðleikhúsið hvað rekstur varðar. Þetta þarf að samræma. Gera verður sömu kröfu til allra B-hluta stofnana, þ.e. að þær skili sem réttustum áætlunum um rekstur til Alþingis, að ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar séu teknar við afgreiðslu fjárlaga jafnframt ákvörðunum um rekstur og stjórnendur stofnunarinnar standi síðan við þessar áætlanir.

Fram hefur komið það sjónarmið, sérstaklega hvað varðar stofnanir sem hafa tekjur af starfsemi sinni, að svo lengi sem þær skili til ríkisins því sem þeim er ætlað að skila eða standi undir þeim rekstri sem þeim er ætlað að standa komi það fjárveitingavaldinu ekki við hvernig þær verji umframtekjum sínum hvort sem þær eru miklar eða litlar. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Sömu kröfu verður að gera til allra B-hluta stofnana. Þar á enginn að vera jafnari en önnur. Skynsamlega verður að sjálfsögðu að standa að málum og gefa góðum stjórnendum svigrúm til stjórnunar þannig að frumkvæði og árangur í rekstri geti skilað sér til stofnananna en megindrætti í rekstri og fjárfestingu B-hluta stofnana á að marka við afgreiðslu fjárlaga og þá á að virða. Mikill misbrestur hefur verið á því hjá einstökum stofnunum og því verður að kippa í liðinn. Það er t.d. ekki eðlilegt að á sama tíma og gerðar eru mjög ákveðnar kröfur til stofnana eins og Pósts og síma og Rafmagnsveitna ríkisins, að þær víki hvergi frá þeim áætlunum um fjárfestingar sem þær kynna Alþingi við afgreiðslu fjárlaga, sé látið hjá líða að átelja það þegar aðrar stofnanir áætla kannski fjárfestingu á sínum vegum 15–20 millj. kr. við fjárlagaafgreiðslu en reynast síðan eftir árið hafa fjárfest hátt á annað hundrað millj. kr. í heimildarleysi. Þarna verður að gera sömu kröfu til beggja aðila og er vissulega ástæða til, bæði fyrir hæstv. fjmrh. og fjmrn. af sinni hálfu og Alþingi og fjvn. af sinni hálfu, að marka nokkuð nýja stefnu um það að beita þessar stofnanir, B-hluta stofnanir, sömu aðhaldskröfum án tillits til þess hvað stofnunin heitir, án tillits til þess hvað sá heitir sem henni stýrir.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim hætti sem fjvn. hefur haft á við afgreiðslu þessa máls. Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt, m.a. um þá niðurstöðu sem fjvn. hefur komist að í störfum sínum og varðar það að nauðsynlegt sé að breyta starfsháttum framkvæmdarvaldsins varðandi greiðslur úr ríkissjóði og fjárveitingavaldsins hvað varðar afgreiðslu fjárlaga, en hvort tveggja eru forsendur þess að breytingar geti á orðið, þá leggur meiri hl. fjvn. til að frv. á þskj. 641 verði samþykkt óbreytt þó einstakir nefndarmenn hafi haft athugasemdir við ýmsar afgreiðslur og nefndin í heild við þá þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í samskiptum framkvæmdarvalds og fjárveitingavalds.

Undir þetta nál. skrifa auk mín Margrét Frímannsdóttir, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Ásgeir Hannes Eiríksson.

Frsm. 1. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Það fjáraukalagafrv. fyrir árið 1988 sem hér er á dagskrá er flutt eins og önnur slík frv. til þess að leita heimildar Alþingis fyrir þeim útgjöldum ríkissjóðs sem eru umfram heimildir fjárlaga frá því ári. Á árinu 1988 varð um óvenjulega miklar greiðslur úr ríkissjóði að ræða umfram það sem fjárlög heimiluðu. Það er hárrétt sem fram kom í máli hv. frsm. meiri hl. fjvn., formanns nefndarinnar, að þær auknu greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga urðu til þess að fjvn. tók sér fyrir hendur að leggja vinnu í að semja frv. til laga sem legið hefur hér fyrir Alþingi að undanförnu og hefur enn eigi náð afgreiðslu. Þetta er frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Ég vil einnig taka það fram út af ræðu hv. formanns nefndarinnar að það er hárrétt sem hann gat um í sínu máli að nefndin sem heild lagði mikla vinnu í þetta frv. og að athuga þær orsakir sem til þess lágu að greiðslur úr ríkissjóði fóru svo mjög úr böndunum sem raun ber vitni um. Fjölmargar stofnanir og forstöðumenn stofnana og ráðuneyta voru kallaðir fyrir til þess að leita skýringa á þeim miklu greiðslum

sem hér er um að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þetta, aðeins staðfesta að það er rétt að nefndin sem heild lagði í þetta verk mikla vinnu. Ég tel það formanni nefndarinnar, sem auðvitað hafði um þetta forustu, til lofs að hann skyldi eyða svo miklum tíma og nefndin sem heild í að vinna þetta verk. Og það er rétt að í slíku vinnulagi felst visst aðhald að þeim stofnunum sem svo mjög hafa farið fram úr heimildum um útgjöld úr ríkissjóði svo sem hér er um að tefla.

Ég vil einnig taka fram að það er líka rétt sem hann sagði um B-hluta stofnanir. Ekki hefur alla jafnan verið farið ofan í saumana á þeim eins og þurft hefði að gera. Þó er það sem hann sagði hér um Póst og síma og Rafmagnsveitur ríkisins út af fyrir sig ekki rétt, að Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, hafi verið undir einhverri sérstakri gjörgæslu. (**Gripið fram í:** Póstur og sími.) Póstur og sími e.t.v., en ekki Rafmagnsveitur ríkisins hafi einhver skilið það svo, vegna þess að stjórnendur RARIK hafa gætt þess að haga bæði fjárfestingu og rekstri sem nánast í samræmi við það sem fjárlög kveða á um hverju sinni og ekki þurft neinnar sérstakrar gjörgæslu við þess vegna. (**SighB:** Ég meinti bara Póst og síma en alls ekki annað.) Þetta er rétt hjá hv. 5. þm. Vestf. að ef grannt var skoðað þá meinti hann það en vegna þess að hann tók þessar tvær stofnanir saman hefðu kannski einhverjir getað skilið sem svo að þar væru þær báðar undir sömu sök seldar.

Þegar frv. til fjárlaga fyrir þetta ár sem hér er verið að fjalla um, árið 1988, var flutt, voru þar kynnt þau meginmarkmið sem þáverandi ríkisstjórn hafði sett sér í fjármálum ríkisins. Þessi markmið voru eftirfarandi: Að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum, minni lánsfjárþörf og engar nýjar erlendar lántökur fyrir A-hluta ríkissjóðs, endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins þannig að skattkerfið yrði einfaldara, skilvirkara og réttlátara, dregið yrði úr sjálfvirkni ríkisútgjalda, ríkisábyrgðum yrði aflétt. Í samræmi við þessi markmið voru fjárlög afgreidd með rekstrar- og greiðslujöfnuði. Fjárlögunum var síðan lítillega breytt í febrúarmánuði með lögum nr. 10/1988 án þess að þessum meginmarkmiðum væri raskað.

Ég held að fullyrða megi að þau markmið sem þarna voru sett hafi verið hyggileg og góð markmið í sjálfu sér. Deila má auðvitað um hvort þær leiðir sem beitt var til að mynda í skattamálum hafi verið að öllu leyti hyggilegar og hvort þær hafi að öllu leyti náð því sem þeim var ætlað, að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara. Um þetta má endalaust deila. Ég hygg að reynslan af því hafi ekki skilað jafnmiklum árangri og til var ætlast í þessu efni. En það er kannski engin nýlunda vegna þess að ég er búinn að sitja hér á hinu háa Alþingi nokkuð lengi og hef oft tekið þátt í því að breyta skattalögum, ellegar verið í andstöðu við breytingar sem stjórnarandstæðingur og alltaf hafa breytingar verðir gerðar undir því yfirskini að verið væri að gera skattkerfið réttlátara og einfaldara. Yfirleitt hefur það þó farið þannig að skattkerfið hefur orðið sífellt flóknara.

Það frv. sem hér er til meðferðar sannar svo aftur á hinn bóginn að útkoman úr fjármálum ríkisins á árinu 1988 varð á margan hátt mjög fjarri því sem að var stefnt með þeim markmiðum sem sett voru við fjárlagaafgreiðsluna á þeirri tíð. Þetta á sér vitaskuld ýmsar orsakir. Það á sér m.a. þær orsakir að á því ári sátu tvær ríkisstjórnir sem höfðu að ýmsu leyti ólíka stefnu. Á því ári störfuðu að sjálfsögðu tveir fjmrh. Og ég minni á það að sú hin fyrri ríkisstjórn, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, lét af störfum en ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við hinn 28. sept. Þá urðu einnig skipti á húsbændum í fjmrn. Þá lét af störfum sem fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson en við tók núv. hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson. Ég hef margsinnis tekið eftir því að núv. hæstv. fjmrh. tekur þetta ár, 1988, til viðmiðunar þegar hann er að ræða um árangur sinn í ríkisfjármálum á árinu 1989. Og tekur þetta ár til viðmiðunar þannig að frá árinu 1988 hafi honum og hans ríkisstjórn tekist að ná betri útkomu í fjármálum ríkisins, þ.e. að halli á ríkissjóðsrekstrinum hafi verið minni en á árinu 1988. Þetta er út af fyrir sig rétt, halli á ríkisrekstrinum var minni á árinu 1989 en á árinu 1988. En það sem hæstv. núv. fjmrh. gerir enga grein fyrir og gerir enga tilraun til þess að sýna fram á er hvað af því sem hallaðist á merinni í fjármálum ríkisins á árinu 1988 sé til komið vegna ákvarðana og fjármálastjórnar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem tók við 28. sept. og hvað sé tilkomið vegna ákvarðana og fjármálastjórnar hæstv. fyrrv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar og þeirrar ríkisstjórnar sem sat að völdum fram til þess tíma.

Þetta verður að sjálfsögðu aldrei sundur greint með neinni nákvæmni eða neinni vissu. En þó er nokkuð af því sem hér er um að tefla sem liggur býsna ljóst fyrir enda varð, eins og áður sagði, veruleg stefnubreyting við stjórnarskiptin.

Allt fram í septembermánuð hélt fyrrv. fjmrh., hæstv. núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, því fram að staða ríkissjóðs hefði að vísu nokkuð versnað frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga en þó eigi meira en svo að halli yrði 693 millj. kr. á árinu.

Hér verður að sjálfsögðu ekki lagður neinn dómur á það hvort þetta mat var rétt eða raunsætt. Hins vegar varð niðurstaðan sú að þegar árið í heild er gert upp með þessu fjáraukalagafrv. þá er hallinn ekki 693 millj. kr. heldur 8166 millj. kr. og er því 11–12 sinnum meiri en sá fjmrh. sem sat til 30. sept. gerði ráð fyrir. Og þó svo að eitthvað hafi nú verið rangt í því mati þá er þegar af þessu augljóst að talsvert hefur farið úr böndunum eftir að núv. hæstv. fjmrh. tók við. Það er býsna hlálegt að hann skuli svo oft sem raun ber vitni um taka þetta ár og fjármálastjórnina á árinu 1988 til viðmiðunar og til marks um hina verstu fjármálastjórn og nota það til að sýna fram á að útkoman hafi orðið eitthvað skárri á árinu 1989.

Ég sagði að það væri auðvitað ekki hægt að greina þetta sundur með neinni vissu. Formaður fjvn. nefndi aukafjárveitingar sem eru prentaðar með sem fskj. með áliti meiri hl. Þessar aukafjárveitingar er að

sjálfsögðu hægt að greina í sundur eftir ríkisstjórnum og eftir fjármálaráðherrum. Beinar aukafjárveitingar fyrstu níu mánuði ársins, í tíð hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar, urðu 511 millj. kr., en síðustu þrjá mánuði ársins, í tíð hæstv. ráðherra Ólafs Ragnars Grímssonar, 2055 millj. kr. eða nákvæmlega fjórum sinnum meiri á þremur mánuðum, í tíð hæstv. ráðherra Ólafs Ragnars Grímssonar, en var í níu mánuði á fyrri hluta ársins í tíð hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar.

Hér eru vissulega miklar vísbendingar um að það hafi orðið þáttaskil í fjármálastjórninni við stjórnarskiptin þegar núv. hæstv. ríkisstjórn tók við og núv. hæstv. fjmrh. tók við þann 28. sept. 1988. Þetta væri afar hollt fyrir hæstv. ráðherra Ólaf Ragnar Grímsson að hafa til hliðsjónar þegar hann er að útskýra það hvað fjármálastjórnin hafi farið úr böndunum á árinu 1988, sem raunverulega er þó satt því sjaldan hefur hallast eins á merinni í fjármálum ríkisins.

Það segir sig auðvitað sjálft að þegar öll markmið um jöfnuð í ríkisbúskapnum fóru svo hrapallega út um þúfur sem raun ber vitni um að útgjöldin fóru fram úr heimildum fjárlaga um nærri 9,1 milljarð og tekjurnar fóru vaxandi um rúmlega 900 millj. kr., þá fóru öll þau markmið sem sett voru við fjárlagaafgreiðsluna og byggt var á þegar fjárlagafrv. var lagt fram um lántökur ríkissjóðs, þar á meðal um engar erlendar lántökur til A-hluta ríkissjóðs á því ári, öll slík markmið fóru út í veður og vind. Það fór svo hrapallega að þrátt fyrir markmið um engar nýjar erlendar lántökur voru tekin erlend lán sem námu 4200 millj. kr. og lán A-hluta ríkissjóðs í heild urðu tæplega 9400 millj. kr. Þrátt fyrir allar þessar lántökur, þar á meðal erlendar lántökur, varð greiðsluhalli á ríkissjóði í árslok sem nam 4200 millj. kr. Það voru sem sé gífurleg útgjöld úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga, einkum á síðustu mánuðum ársins eftir að hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði tekið við, sem leiddu til þeirrar niðurstöðu sem fyrr er að vikið, að halli á ríkissjóði á þessu ári varð yfir 8 milljarðar, eða 8166 millj. kr.

Tekjurnar hækkuðu vissulega minna en gert hafði verið ráð fyrir miðað við verðlagsþróun vegna þess að samdráttur varð í efnahagskerfinu og má að nokkru rekja til þess þá staðreynd að tekjurnar urðu ekki meiri en raun ber vitni um. Það er þó rangt sem margoft hefur verið reynt að halda fram að tekjurnar hafi í raun brugðist vegna þess að þær fóru fram úr því sem fjárlög áætluðu. Það var ekki tekjuvandi hjá ríkissjóði á þessu ári vegna þess að tekjurnar urðu meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir og fjárlög voru afgreidd með rekstrarafgangi. Það var hins vegar gífurlegur útgjaldavandi. Útgjöldin fóru úr öllum böndum, einkanlega eftir að núv. hæstv. fjmrh. tók við fjármálastjórninni. Það er hlálegt að hæstv. ráðherra skuli nú fara um landið til þess að guma af því hvernig honum hafi tekist að ná nýjum og betri tökum á fjármálum ríkisins, það er býsna hlálegt.

Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því að það millifærslu- og sjóðakerfi sem hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kom á fót á síðustu mánuðum ársins leiddi auðvitað til þess að markmiðið um að draga úr ríkisábyrgðum hvarf eins og dögg fyrir sólu. Þess í stað voru ríkisábyrgðir stórkostlega auknar. Nú stendur ríkisábyrgð að baki a.m.k. 10 milljörðum króna sem varið hefur verið til skuldbreytinga og millifærslna á grundvelli þessa kerfis. Þær fjárhæðir gjaldfalla á árunum 1991 og 1992 og verða þá að greiðast, hvort sem það verður af atvinnufyrirtækjunum sjálfum eða að ríkisábyrgðin fellur þannig að ríkissjóður verður að standa straum af greiðslunum og borga brúsann. Þetta veldur því nýjum vanda á árunum 1991 og 1992, bæði hjá atvinnuvegunum og væntanlega í stórum mæli hjá ríkissjóði. Hér hefur verið sagt að vænta megi þess að gjaldþrot sem lenda muni á ríkissjóði vegna þess sem fellur á sjóðina, vegna greiðsluerfiðleika atvinnufyrirtækjanna, skipti milljörðum, eigi minna en 5 milljörðum króna. Um það er ekki hægt að spá hvað verður þegar öll kurl eru til grafar komin á árunum 1991 og 1992 en víst er að þar verður um marga milljarða að ræða.

Þessi hæstv. ríkisstjórn sem tók við 28. sept. 1988 velti því vandanum á þessu sviði, sem svo mörgum öðrum, yfir á framtíðina. Það kemur í hlut annarra að standa undir þessum vanda og borga brúsann vegna þeirra ábyrgða og skuldbindinga sem hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og fjármálastjórn hæstv. ráðherra Ólafs Ragnars Grímssonar hefur bundið okkur í fyrir framtíðina.

Ég tel ástæðu til þess, virðulegi forseti, að minna á það að á þessu var keypt og þeim tillögum sem Sjálfstfl. hafði lagt fram fyrir stjórnarskiptin. Þær tillögur Sjálfstfl. urðu til þess að upp úr stjórnarsamstarfi slitnaði. Og hvernig voru nú þessar tillögur Sjálfstfl.? Þær voru í megindráttum tvenns konar:

Í fyrsta lagi tillögur um aðgerðir til þess að koma grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar á réttan kjöl, m.a. með breytingum á gengi.

Í öðru lagi að mæta verðhækkunaráhrifum gengisbreytingarinnar fyrir almenning í landinu með því að lækka matarskattinn um helming.

Þetta voru megindrættirnir í tillögum Sjálfstfl. og það voru þessar tillögur formanns Sjálfstfl., þáv. forsrh. Þorsteins Pálssonar, sem ollu því að upp úr stjórnarsamstarfinu slitnaði.

Ég hygg nú að betra hefði verið að samþykkja þessar tillögur í stað þess að stofna til allra þeirra gífurlegu skuldbindinga sem gert var eftir stjórnarskiptin og koma svo til gjalda á árunum 1991 og 1992, annað tveggja af atvinnuvegunum sjálfum ellegar þá af ríkissjóði. Þetta var ekki gert. Framsfl. og Alþfl. rufu stjórnarsamstarfið og mynduðu nýja ríkisstjórn í lok september. Í stað þess að fallast á aðgerðir sem hefðu veitt undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar nýjan grundvöll og orðið til þess að atvinnuvegirnir hefðu getað starfað hlupu þessir flokkar í faðm Alþb. og mynduðu nýja ríkisstjórn. Sú hæstv. ríkisstjórn hafðist síðan ekki að í málefnum atvinnuveganna mánuð eftir mánuð, utan það að taka lán til milli-

færslna, skuldbreytinga og hlutafjárframlaga og stofna með þeim hætti til ríkisábyrgða og binda framtíðinni bagga. Sú hæstv. ríkisstjórn horfði þannig mánuð eftir mánuð á vanda atvinnulífsins, horfði á að fyrirtækin hvert á fætur öðru urðu gjaldþrota og fóru fram af brúninni. Horfði á vaxandi atvinnuleysi, þverrandi atvinnumöguleika fólks og minnkandi kaupmátt.

Samtímis þessu fór óráðsía í fjármálum ríkisins vaxandi, svo sem hér hefur verið vikið að að framan og frv. þetta ber ljósast vitni um. Afleiðingarnar hafa verið þær að útgjöld ríkissjóðs hafa verið hærri síðan en nokkru sinni fyrr. Og ekki nóg með það heldur hafa skattar á þjóðina jafnframt verið hækkaðir meira og verið hærri en nokkru sinni hefur áður gerst. Þetta er sú niðurstaða sem þetta frv. birtir og þetta er sú einkunnargjöf sem frv. staðfestir um fjármálastjórnina á því herrans ári 1988. Ég hef hér að sumu leyti rennt stoðum undir þá fullyrðingu mína að verulega hafi hallast eftir stjórnarskiptin og eftir að núv. hæstv. fjmrh. tók við. Reynslan af störfum hans hefur haldið áfram í sama fari, að þrátt fyrir það að halli á ríkissjóði hafi verið nokkru minni á árinu 1989 fóru útgjöldin samt hækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu og skattar á þjóðina voru enn hækkaðir og voru hærri á því ári en þeir hafa nokkurn tímann áður verið.

Frsm. 2. minni hl. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988. Þegar það var lagt fram á haustdögum 1987 stefndi þáv. ríkisstjórn að nokkrum meginmarkmiðum í fjárlögunum. Það var að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum, draga úr lánsfjárþörf, draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda, endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og gera þar með tekjuöflunarkerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara, eins og þá voru mikil tískuorð, og fella niður ríkisábyrgðir. Í stuttu máli má segja að ekkert af þessum markmiðum gekk fram. Það má kannski deila um hvort tekjuöflunarkerfið var einfaldara, skilvirkara og réttlátara, menn hafa ýmsar skoðanir á því. Sennilega hefur það orðið skilvirkara, en að mínu mati varð það hvorki einfaldara né réttlátara.

Ég tel að þessi markmið hafi engan veginn náðst eins og niðurstöður fjáraukalaganna sýna. Þær sýna hækkun á útgjöldum ríkissjóðs frá fjárlögunum um rúma 9 milljarða, að vísu hækkuðu tekjur um tæpan milljarð umfram áætlun fjárlaga fyrir það ár, en hallinn nam um 8 milljörðum kr. svo að þá liggur ljóst fyrir að jöfnuðurinn náðist ekki. Lánsfjárþörf var tæpir 9 milljarðar kr. og erlendar lántökur drjúgur hluti af því. Draga átti úr sjálfvirkni ríkisútgjalda á þessu ári. Ekki verður séð af neinum þeim niðurstöðum sem fyrir liggja að það hafi tekist. En það sem kannski verður minnisstæðast við þessa margfrægu endurskoðun á tekjuöflunarkerfinu er að þá tókst að breikka söluskattsstofninn og hafa uppi þennan margfræga, illræmda matarskatt, sem mörgum hefur reynst þungur í skauti síðan og einkum þó barnmörgum fjölskyldum láglaunafólks. Hann hefur komið illa niður á einstökum atvinnugreinum, þar á meðal bæði ferðaþjónustu og hótelrekstri. Auk þess voru gerðar ýmsar þær ráðstafanir síðari hluta ársins sem við höfum í rauninni ekki séð fyrir endann á og virðist augljóst á þessum tíma nú að þær muni eiga eftir að draga verulegan dilk á eftir sér. Ríkissjóður mun því eiga eftir að bera verulega byrði af þeim í framtíðinni.

Ég tel mig hafa lýst nú hér frá mínu sjónarmiði hvernig mistókst að ná fram þessum markmiðum ríkisstjórnarinnar sem að var stefnt þá. Ég minnist þess líka að þegar ég talaði við afgreiðslu fjárlaga fyrri hluta vetrar 1987 þá hafði ég efasemdir um að þessi markmið næðust og það er nú komið á daginn. Ég tel mig ekki geta staðið að afgreiðslu þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng á Vestfjörðum, síðari umr.

Stjtill., 509. mál. — Þskj. 892, n. 1106, brtt. 1107.

Frsm. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. hefur haft þessa tillögu til meðferðar og kallað til fundar við sig vegamálastjóra og aðstoðarvegamálastjóra, svo og ráðuneytisstjóra fjmrn. og aðra starfsmenn þess ráðuneytis. Í nefndinni var óskað eftir frekari skýringum á nokkrum atriðum í þáltill. og voru þær skýringar gefnar. Þá óskaði nefndin eftir kostnaðaryfirliti um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum og um kostnað við flýtingu jarðgangagerðarinnar frá því sem gildandi vegáætlun gerði ráð fyrir.

Þessar upplýsingar um kostnað eru birtar sem fskj. með nál. fjvn. á bls. 2. Eru þar 8 dálkar. Fyrsti dálkurinn er auðskiljanlegur. Þar eru talin upp ár í réttri töluröð, allt frá árinu 1990 til ársins 1998. Í 2. dálki er gert ráð fyrir hvað umrædd framkvæmd, þ.e. jarðgöng á Vestfjörðum, mundi kosta á hverju ári fyrir sig til loka framkvæmdarinnar samkvæmt þeim hugmyndum sem uppi voru við afgreiðslu vegáætlunar og gerð jarðgangaáætlunar. Síðan koma kostnaðarleg áhrif af þeim breytingum sem nú stendur til að gera, þ.e. hröðun framkvæmda um tvö ár. Eins og sjá má kemur heildarkostnaður í 3. dálki sem er 61 millj. kr. 1990, 369 millj. kr. 1991 o.s.frv. Í 4. og 5. dálki gefur að líta hvernig sá heildarkostnaður skiptist á milli greiðslu af vegafé annars vegar og lántökum hins vegar. Kemur þar fram það sem hv. 1. þm. Vesturl. ræddi um hér fyrr í dag. Síðan er í 6., 7. og 8. dálki tilgreindur kostnaður við framkvæmdina. Í 6. dálki er kostnaður alls, í 7. dálki það sem sparast fyrst og fremst vegna minnkandi þarfar á snjómokstri eftir að jarðgöngin eru komin í notkun og svo í síðasta dálki það sem greiða þarf úr ríkissjóði og nettótala. Samkvæmt þessu er kostnaður alls við flýtingu jarðgangagerðarinnar um tvö ár 431 millj. kr. og er þá

reiknaður vaxtakostnaður af þeim lánum sem taka verður til að hraða þessum framkvæmdum. Sparnaður, og þá er rætt eingöngu um þann sparnað sem verður við vegaframkvæmdir vegna flýtingarinnar, er upp á 75 millj. kr. og dregst hann frá heildarkostnaðinum. Nettókostnaður við flýtingu jarðganganna er þá 356 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að greitt verði úr ríkissjóði sem sérstakt byggðaframlag, eins og texti tillögunnar gerir grein fyrir.

Að lokinni athugun nefndarinnar á málinu urðu nefndarmenn ásáttir um að gera þyrfti nokkrar breytingar á tillgr. Er þar annars vegar um að ræða textabreytingar í því skyni að gera merkingu skýrari án þess að um nokkrar efnisbreytingar sé þar að ræða. Hins vegar er í tillögu nefndarinnar lögð til sú efnisbreyting að ljóst sé við afgreiðslu þál. að framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum skuli unnar samkvæmt vegáætlun og þar sé ráð fyrir þeim gert eins og á sér stað um aðrar vegaframkvæmdir í landinu sem kostaðar eru af ríkissjóði. Þarna er sem sé um það að ræða að leggja ekki út á þá braut að vinna vegaframkvæmdir sem kostaðar eru af ríkinu að einhverju leyti utan vegáætlunar heldur að vegáætlun sé samnefnari þeirra vegaframkvæmda sem unnar eru í landinu og ríkissjóður kostar. Til þess að fyllsta samræmis sé þar gætt hefur fjvn. einnig flutt um það tillögu við afgreiðslu vegáætlunar sem nú hefur verið samþykkt að sá kostnaður sem verður á árinu 1990 við flýtingu jarðgangagerðar á Vestfjörðum komi inn í vegáætlunina sem sérstakt framlag úr ríkissjóði teknamegin í áætluninni og sem framkvæmdafé til undirbúningsrannsóknar við jarðgangagerðina gjaldamegin og hefur Alþingi nú þegar afgreitt þá uppsetningu jákvætt.

Í grg. með tillögunni segir að viðbótarkostnaður við að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum verði 47 millj. kr. á árinu 1990. Þar segir einnig, eins og síðar var ítrekað við fjvn., að ætlunin sé að sjá fyrir þeirri fjáröflun með lántöku ríkissjóðs og samsvarandi framlagi úr ríkissjóði og að miðað sé við að fjárhæðin verði sett inn í fjáraukalög 1990 sem fram verði lögð í upphafi þings næsta haust. Verði þá jafnframt aflað lántökuheimildar og þá í tengslum við aðra hugsanlega lánsfjáröflun sem til kynni að koma og ekki liggur fyrir hver verða kann. Þótt eðlilegast kunni að vera að taka hvort tveggja, lántökuheimildina og útgjaldaheimildina, inn við afgreiðslu fjáraukalaga nú á þessu vori getur fjvn. eftir atvikum fallist á að bíða með formlega afgreiðslu málsins fram á næsta haust en flytja ekki nú sérstaka tillögu um viðbótarlántökuheimild sem næmi aðeins 45 millj. kr. og tilsvarandi ráðstöfun á þeirri fjárhæð, enda liggur fyrir yfirlýsing frá fjmrn. um að ráðuneytið muni með bréfi til Vegagerðar ríkisins heimila henni að draga á þessa fyrirhuguðu afgreiðslu vegna útgjalda við verkefnið í sumar. Brtt. fjvn. um að tillgr. skuli umorðuð er flutt á þskj. 1107. Nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt þannig breytt.

Fjvn. stendur öll að þessu nál. og brtt. Undir nál. skrifa auk mín hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Pálmi Jónsson með fyrirvara, Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ásgeir Hannes Eiríksson, Ólafur Þ. Þórðarson, Egill Jónsson og Friðjón Þórðarson.

Virðulegi forseti. Þar sem ég hef nú lokið við að mæla fyrir nál. hv. fjvn. vil ég leyfa mér að segja nokkur orð frá eigin brjósti um þá tillögu sem hér er á ferðum. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir frumkvæði hans og forgang í þessu máli og taka undir það sem áður hefur komið fram að hér er sennilega um að ræða þá þýðingarmestu framkvæmd sem unnin hefur verið í samgöngumálum fyrir nokkurn landshluta síðan Vestfjarðaáætlunin var gerð forðum daga sem gerbreytti öllum aðstæðum í samgöngumálum og mannlífi á Vestfjörðum. Ég efast um að þingmenn sem ekki eru kunnugir á Vestfjörðum geri sér fulla grein fyrir því hversu mikil breyting fylgir í kjölfar þessara framkvæmda. Þarna er nánast verið að búa til eitt atvinnusvæði úr jafnvel fjórum atvinnusvæðum nú. Þarna er raunverulega verið að búa til þann kjarna sem á að geta staðið af sér þá erfiðleika sem verið hafa í búsetumálum á Vestfjörðum nú um nokkurn aldur. Verður hann sú miðstöð sem getur orðið til eflingar byggða þar og snúið þeirri öfugþróun við sem átt hefur sér stað á umliðnum árum. Eftir að þessi framkvæmd hefur komist á verður það ekki meira tiltökumál fyrir t.d. íbúa á Flateyri að sækja þjónustu og jafnvel atvinnu til Ísafjarðar en það er nú fyrir Hafnfirðing að sækja þjónustu og atvinnu til Reykjavíkur. Þessi breyting mun hafa gífurleg áhrif á það atvinnulíf sem við þekkjum nú á þessu svæði. Það er t.d. mjög líklegt að ýmsir atvinnuhættir, svo sem útgerðarhættir, breytist mjög verulega á milli staða þar sem það getur gerst að menn geta með hröðum og öruggum hætti árið um kring komist á milli staða eins og Ísafjarðar og Súgandafjarðar. Þar sem annar staðurinn liggur mjög vel fyrir t.d. útgerð smærri báta má því búast við mjög miklum breytingum á atvinnuháttum í kjölfar þessa.

Þá vil ég einnig benda á, þó það komi ekki fram hér, að þessari framkvæmd mun fylgja mikill sparnaður á öðrum sviðum þegar ljóst er orðið að hægt er að samnýta árið um kring mannvirki á þessu svæði eins og flugvelli, hafnir, skóla og íþróttamannvirki fyrir alla íbúa svæðisins sem ekki er hægt við núverandi aðstæður.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri en ítreka þakkir mínar til hæstv. samgrh. fyrir frumkvæði hans í þessu máli og ítreka það sem ég sagði hér áðan að fjvn. leggur til að tillagan verði samþykkt eins og hún er frágengin á þskj. 1107 með þeim breytingum sem þar er að finna.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur stendur fjvn. öll að þessu nál. og leggur til að tillagan verði samþykkt. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir þær byggðir sem hlut eiga að máli á Vestfjörðum, eins og glöggt hefur komið fram og óhætt að vænta þess að framkvæmd verksins verði til þess að

létta því fólki sem þar býr lífsbaráttuna og efla því kjark og þrek til að snúa vörn í sókn í byggðaþróun í þessum landshluta. Ég ritaði undir nál. með fyrirvara. Vegna þessa fyrirvara tel ég rétt að segja hér örfá orð og skýra í hverju hann er fólginn.

Ég vil gjarnan láta það koma fram að í þessu þýðingarmikla máli er það svo að fjármögnunarþáttur málsins er illa undirbúinn og nánast í lausu lofti og vísað á framtíðina. Í tillögunni er gert ráð fyrir að um verði að ræða lántökur og síðan framlög ríkissjóðs. Ef ekki verður um fjáröflun að ræða er gert ráð fyrir því að greiðslur ríkissjóðs, sem yrðu eins konar byggðaframlag til þessa landshluta, til þess að mæta kostnaðarflýtingu jarðganganna næmu 356 millj. kr. Eru þá dregnar frá 75 millj. kr. sem er meintur sparnaður við snjómokstur á þeim árum sem framkvæmdartími jarðganganna styttist. Nú skal ég ekkert segja um það hvort hér sé um rétta áætlun að ræða, enda skiptir það ekki meginmáli. Á hitt ber þó að líta að snjómokstur á þessum leiðum fellur ekki niður vegna þess að þó ekki þurfi snjómokstur í göngunum og ekki yfir þessa fjallvegi, þá mun hið nýja atvinnusvæði Vestfjarða krefjast þess að snjómokstur verði daglega á þeim vegum sem liggja að gangamunnunum. Og ég hygg að það verði nokkuð tíðari snjómokstur en tíðkast nú.

Í tillgr. segir: „Ríkisstjórnin skal láta fara fram könnun á möguleikum þess að afla sérstaklega lánsfjár og/eða tekna til að standa straum af kostnaði vegna ákvörðunar um að flýta framkvæmdum og skila áliti til næsta Alþingis.“ Hér er um að ræða í tillgr. sjálfri ályktun um að stefna skuli að einhverri athugun á fjármögnunarþáttum málsins. Það er út af fyrir sig vel en ég gagnrýni það að þessi áætlun skuli ekki þegar hafa verið unnin þegar málið er lagt fyrir Alþingi.

Ég minni á annað stórvirki í vegamálum hér á landi sem hafði að baki sér nýja leið í fjármögnun til vegaframkvæmda. Það var vegurinn yfir Skeiðarársand og brýrnar á Skeiðarársandi. Þar var efnt til sérstakrar skuldabréfaútgáfu með happdrættisfyrirkomulagi til þess að standa straum af því verki að hluta til. Ég tel að vel hefði komið til greina að lögfesta slíka fjármögnunarleið fyrir þetta verk til þess að geta séð fyrir fjármögnunarþætti málsins sem er auðvitað alltaf grundvallaratriði, ekki síður fyrir það að hér er um gífurlega þýðingarmikið verk að ræða.

Ég vildi láta þetta koma hér fram, að fyrirvari minn í nál. er bundinn því að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Það haggar ekki og raskar ekki á nokkurn hátt þýðingu verksins sjálfs. Það ber hins vegar keim af því að hæstv. ríkisstjórn er með málatilbúnað sem ekki er séð fyrir fé til nema að hluta. Og þó að það sé vitaskuld ekkert einsdæmi þá er eðlilegt að krefjast þess að um leið og stórvirki er hraðað, — þetta hafði náttúrlega verið sett af stað áður og áætlunin komin fram og fyrir því séð í vegáætlun, en þegar því er hraðað og kostnaður við það á að verða 431 millj. kr. að þá sé gert ráð fyrir því hvernig verkið eigi að fjármagna á annan hátt en þann að segja að ríkisstjórnin ætli „að láta fara fram könnun á möguleikum þess“ að afla fjárins.

Ég vil svo, eftir að ég hef skýrt það hvers vegna ég ritaði undir nál. með fyrirvara, óska Vestfirðingum til hamingju með þessa framkvæmd sem raunar hafði áður verið ákveðin og fest í vegáætlun. Ég vonast til þess að hún muni hafa þær heillavænlegu afleiðingar sem ég setti fram óskir um hér í upphafi máls míns og þannig um leið reynast þjóðinni allri þýðingarmikil.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hef jafnan, þegar ég hef rætt um það mál sem nú er til umræðu, þakkað hæstv. samgrh. fyrir hans frumkvæði og framtak í þessu máli og ég geri það enn. En sérstaklega vil ég við þetta tækifæri leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega um þetta mál eða þýðingu þess fyrir vestfirskar byggðir. Ég hef rætt um það nokkrum sinnum áður, m.a. við fyrri umræðu þessa máls og önnur tækifæri hér í þinginu.

Ég vil nú aðeins taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf., formaður fjvn. og frsm., sagði um þetta efni. Það skiptir ákaflega miklu að hv. fjvn. er sammála í þessu þýðingarmikla máli. Það breytir að sjálfsögðu engu þó einn nefndarmanna, hv. 2. þm. Norðurl. v., skrifi undir með fyrirvara. Nefndin er sammála og hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur skýrt sinn fyrirvara sem liggur í því að hv. þm. ber mikla umhyggju fyrir því að það sé séð fyrir enda þessa máls og að framkvæmd geti orðið eins og til er stofnað. Það er ekkert nema gott um slíkt að segja. En ég leyfi mér að treysta því að það gangi eftir sem segir í síðustu málsgrein till., þ.e. að ríkisstjórnin láti fara fram könnun á möguleikum til þess að afla sérstaks fjármagns í því skyni. Ég geng út frá því að það verði gert og að við hv. þm. megum allir vænta þess að af þessari framkvæmd verði á þeim tíma og með þeim hætti sem til er stofnað.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vona að það ýfi ekki upp umræður hér í nóttinni þó ég leyfi mér að færa fjvn. þakkir fyrir hennar meðhöndlun á þessari till. Nú þegar við nálgumst að vera stödd jöfnu báðu óttu og miðnættis hér í nóttinni við að ræða mál þá er að sjálfsögðu skylt að reyna að stytta mál sitt. Ég ætla því ekki að fara út í efnislega umfjöllun, þar hef ég raunar sagt allt sem ég tel mig þurfa að segja, en þakka fyrst og fremst fyrir þá samstöðu sem tókst í hv. fjvn. um afgreiðslu á þessari till. Það er mér, og ég vænti okkur öllum, ákaflega mikilvægt að svona stórt og mikilsvert mál fái þá samstöðu á bak við sig sem hér hefur orðið. Ég veit að það er Vestfirðingum mjög kærkomið að tekist hefur pólitísk samstaða hér á Alþingi við að afgreiða þetta brýna hagsmunamál þeirra.

Ég get upplýst hv. þm. um það — þess hef ég áþreifanlega orðið var síðustu daga og þá daga sem þetta mál hefur verið hér til umfjöllunar og ég trúi

fleiri af hv. þingmönnum hafi farið svo — að með því er fylgst af mikilli athygli vestur þar. Ég vænti þess, ef svo fer sem horfir, að hv. Alþingi afgreiði þessa till. á morgun, að það muni þykja góðar fréttir vestra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjur og stjórnkerfi smáríkja, síðari umr.

Þáltill. ÁHE, 212. mál. — Þskj. 254, n. 1105.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1105 frá utanrmn. sem er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og telur eðlilegt að ríkisstjórnin eigi frumkvæði að því að þær hugmyndir, sem fram koma í tillögunni, verði athugaðar nánar. Nefndin leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í hv. utanrmn.

Þetta mál er till. um að kanna hvernig önnur smáríki afla sér tekna og haga stjórnkerfi sínu og er 212. mál þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega, síðari umr.

Þáltill. ÁHE, 23. mál. — Þskj. 23, n. 1144.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Þetta er 23. mál þingsins, sem er till. til þál. um þátttöku varnarliðsins í gerð þjóðvega hér á landi. Flm. er Ásgeir Hannes Eiríksson.

Nál. utanrmn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði felld."

Undir þetta skrifa allir meðlimir utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. GHH o.fl., 168. mál. — Þskj. 190, n. 1196.

Frsm. meiri hl. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Þetta er 168. mál þingsins sem er till. til þál. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi. Flm. eru Geir H. Haarde og fleiri ágætir þingmenn.

Nál. meiri hl. utanrmn. er þannig:

„Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta nál. skrifa Jóhann Einvarðsson, Hjörleifur Guttormsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Karl Steinar Guðnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 677, n. 1154, 1183 og 1202, brtt. 1167, 1174, 1206, 1207, 1230, 1249.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Mér kom það í hug áðan þegar ég leit á klukkuna hér beint á móti okkur að sennilega mun það aldrei áður hafa borið við í þingsögunni að á jafnskömmum tíma væri mælt fyrir jafnháum fjárgreiðslum úr ríkissjóði eins og gerst hefur á síðasta einum og hálfum klukkutíma. Þá hefur verið mælt fyrir og afgreidd þáltill. um vegáætlun, mælt fyrir þáltill. um flugmálaáætlun, mælt fyrir jarðgöngum á Vestfjörðum og mælt fyrir tveimur fjáraukalagafrv. Er það allvel af sér vikið á ekki lengri tíma en þetta, þannig að ég býst við að hér hafi verið sett nokkurt met í þingsögunni, virðulegi forseti. Hvort það met er til eftirbreytni eða ástæða til að slá það met, (**Fjmrh.:** Það verður ekki slegið.) það efast ég um að verði talið æskilegt. Ég heyri það að hæstv. fjmrh. lifnaði allur við þegar hann fór að hugsa um þetta og gaf þá yfirlýsingu úr sæti sínu að þetta met yrði aldrei slegið.

Þetta frv. kom til umræðu í sameinuðu þingi 12. mars og var vísað til fjvn. að lokinni þeirri umræðu. Hún kallaði fyrir sig fulltrúa frá fjmrn. og óskaði sérstaklega eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort ákvarðanir hefðu verið teknar um aukin útgjöld umfram fjárlög árið 1990 sem ekki var gert ráð fyrir í frv. Jafnframt óskaði nefndin eftir því að fjmrn. legði fyrir hana tillögur sínar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1990, samkvæmt heimildarliðum 6.15 og 6.20 í 6. gr. fjárlaga. Þá var óskað eftir því að gerð yrði grein fyrir áhrifum breyttra verðlagsforsendna eftir kjarasamninga á ríkisfjármál árið 1990. Einnig óskuðum við eftir því að heilbr.- og trmrn. legði fram sundurliðun á tillögum um lækkun stofnframlaga til sjúkrahúsa og læknisbústaða og að samgrn. og Hafnamálastofnun veittu upplýsingar um tillögur sínar um lækkun framkvæmdarframlaga vegna hafnamála. Í frv., eins og það var upphaflega frágengið, voru þessar lækkunartillögur í einni tölu án þess að þeim væri skipt niður á verkefni. Mönnum bar hins vegar saman um það, bæði í fjvn. og eins

embættismönnum fjmrn., að afgreiða yrði þessa lækkun útgjalda þannig að fyrir því væri séð á hvaða verkefni hún ætti að koma, enda er það í samræmi við afgreiðslu fjárlaga hér á Alþingi þar sem birtar eru og afgreiddar slíkar sundurliðanir.

Fjvn. bárust umbeðnar upplýsingar. M.a. komu á fund nefndarinnar forstjóri Þjóðhagsstofnunar ásamt starfsmönnum hennar og gerðu þeir grein fyrir breyttum þjóðhagshorfum í kjölfar kjarasamninganna frá því í febrúar sl. Er álitsgerð fjmrn., hagdeildar, sem okkur barst einnig um sama hlut, þ.e. verðlagshorfur í kjölfar kjarasamninga, birt sem fskj. með nál. meiri hl. fjvn. á bls. 2 og 3. Vísa ég til þess fskj. og tel ekki ástæðu til þess að taka tíma Alþingis í að ræða efni þess frekar.

Í framhaldi af þeim upplýsingum sem bárust, m.a. frá fjmrn., tók meiri hl. fjvn. ákvörðun um að leggja til eftirfarandi:

1. Að veitt verði 25 millj. kr. framlag til endurgreiðslu gjalda í landbúnaði vegna niðurgreiðslu fóðurs í loðdýrarækt. Vegna mistaka var ekki gert ráð fyrir þessu framlagi í fjárlögum ársins 1990. Búið var að taka umrædda útgjaldaákvörðun. Má flokka það undir mistök okkar fjárveitinganefndarmanna að hafa látið hjá líða að taka tillit til þeirrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárlaga í lok sl. árs og er úr þeim mistökum hér með bætt. Til viðbótar þessu framlagi fengum við upplýsingar um að ríkisstjórnin hafi samþykkt að verja 12 millj. kr. á árinu 1990 af fjárlagaliðnum óskiptum til ráðstöfunar fyrir ríkisstjórnina.

Þá gerum við einnig till. um að framlög til ríkisspítala verði hækkuð um 147 millj. kr. Í ræðu minni við 3. umr. fjárlaga í lok sl. árs lét ég þess getið að nokkur áhöld væru um það hvort áformin sem birtust í frv., sem síðar urðu fjárlög fyrir árið 1990, er vörðuðu útgjöld ríkisspítalanna væru reist á réttum grunni. Í kjölfarið á þeirri yfirlýsingu sem ég gaf þá fyrir hönd fjvn. var gengið í það viðfangsefni að skoða sérstaklega vanda ríkisspítalanna og jafnframt hvort sá grunnur sem lagður hafði verið í fjárlögum ársins 1990 við afgreiðslu þeirra að því er varðaði útgjöld ríkisspítalanna væri réttur. Sérstök nefnd sem skoðaði það mál komst að þeirri niðurstöðu að hækka þyrfti rekstrarframlög til ríkisspítala um 147 millj. kr. þar sem í ljós hefði komið að rekstrarumfang ríkisspítalanna var vanmetið við fjárlagagerðina 1990, eins og okkur fjárveitinganefndarmönnum raunar bauð í grun. Auk þess þurfa stjórnendur ríkisspítala að grípa til nokkurra samdráttaraðgerða svo dæmið geti gengið upp á árinu.

Þá fjallaði nefndin um nokkur óvissumál sem gætu komið til útgjalda frá ríkissjóði umfram það sem nefnt er hér að framan. Þar er fyrst að telja tjónakostnað vegna náttúruhamfara á Suðurlandi í byrjun þessa árs. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að efna til útboðs vegna framkvæmda og raunar hefur það útboð þegar farið fram. Endanleg tilboð liggja ekki fyrir þannig að ekki er vitað hversu hár sá kostnaður verður en Viðlagatrygging kemur m.a. til með að bera hluta kostnaðarins. Þá er til ráðstöfunar nokkur fjárhæð á fjárlögum þessa árs vegna sjóvarnargarða sem ráðstafa má til þessa verkefnis. Því sem á vantar hefur ríkisstjórnin lýst yfir að hún muni mæta með ráðstöfunum á framlögum undir liðnum Óskipt vegna tjónabóta í fjárlögum. Verði um frekari fjárþörf að ræða mun ríkisstjórnin leggja til við afgreiðslu fjáraukalaga í haust að henni verði þá sinnt.

Við afgreiðslu fjáraukalaga nr. 111 frá 1989, sem var til afgreiðslu á Alþingi í desembermánuði sl., kom fram að rekstrarafkoma Flugmálastjórnar var verulega slæm og fjárvöntun þar umtalsverð. Í framhaldi af þeim viðræðum sem fjvn. átti við samgrn. og Flugmálastjórn um þetta mál var ákveðið að ráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og starfsmenn Flugmálastjórnar mynduðu vinnuhóp til að gera tillögur um lausn á þeim vanda sem er hjá Flugmálastjórn. Fjvn. kallaði eftir niðurstöðu vinnuhópsins en starf hans hafði orðið tímafrekara en gert var ráð fyrir og enn liggja ekki fyrir niðurstöður af þeirri vinnu en vinnuhópurinn mun skila af sér á næstu vikum. Af þessum sökum verður frekari ákvörðun um þetta mál að bíða til fjáraukalaga á komandi hausti.

Þá höfum við rætt hérna um þáltill. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Til þess að svo megi verða þarf að hraða öllum undirbúningi verksins á árinu 1990 og þarf að verja til þess allt að 47 millj. kr. sem teknar yrðu að láni og verður leitað eftir lántöku- og greiðsluheimild við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990 sem fram verður lögð á komandi hausti.

Á þskj. 1167 er gerð grein fyrir þeim framlögum sem nú er gert ráð fyrir að verja til byggingar sjúkrahúsa, læknabústaða og hafnamannvirkja, en meiri hl. samþykkir tillögur heilbr.- og trmrn., samgrn. og Hafnamálastofnunar óbreyttar um lækkun þeirra framlaga. Þá lagði fjmrn. fyrir nefndina tillögur sínar um lækkunar ríkisútgjalda samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, lið 6.15 og 6.20. Tillögur um lækkun eru að fjárhæð tæpar 160 millj. kr. en í fjárlögum 1990 er gert ráð fyrir allt að 300 millj. kr. heimild til lækkunar. Fjvn. gafst ekki tími til að afgreiða tillögur fjmrn. nú en mun taka málið til afgreiðslu á mánudaginn kemur, en heimildin 6.20 er veitt með þeim skilyrðum að fjvn. fallist á niðurskurðarhugmyndir hæstv. ríkisstjórnar.

Á þskj. 1167 eru síðan brtt. fjvn. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990. Brtt. eru í sex töluliðum. 1. brtt. varðar 1. gr. um að greinin orðist eins og þar segir og er þar gerð grein fyrir þeim breytingum sem verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs miðað við þær afgreiðslur sem tillaga er gerð um í brtt. 2, 3, 4 og 5 og þeim tillögum sem finna má í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Skv. 1. gr., ef samþykkt verður með þeim hætti sem fjvn. leggur til, verða gjöld umfram tekjur 817 millj., lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs verður sama fjárhæð, 817 millj. þannig að gert er ráð fyrir því að þessi gjöld umfram tekjur verði jöfnuð með lántöku. Gert er ráð fyrir því að tekin verði lán innan

lands að fjárhæð 820 millj. og yrði þá greiðslujöfnuður hagstæður upp á 3 millj. kr.

Í 2. brtt. er gert ráð fyrir því hvernig útgjöld ríkissjóðs breytist frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga eftir ráðuneytum, æðsta stjórn ríkisins, menntmrn., utanrrn. o.s.frv. og er þar um samtals lækkun að ræða upp á 267 millj. kr.

3. brtt. varðar svo þá tvo nýju liði sem ég ræddi hér um áðan, þ.e. viðbótin vegna endurgreiðslu gjalda í landbúnaði sem okkur láðist að gera tillögu um við afgreiðslu fjárlaga í lok síðasta árs og tillagan um auknar fjárveitingar til ríkisspítalanna upp á 147 millj. kr. sem varð niðurstaða af því nefndarstarfi sem ég ræddi um hér áðan.

Í 4. brtt. er síðan tekin upp tillaga heilbr.- og trmrh. um lækkun útgjalda vegna byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Hefur meiri hl. fjvn. tekið tillögu hæstv. ráðherra og flytur hana hér óbreytta, en þarna er um að ræða lækkun samtals upp á 16,8 millj.

5. brtt. varðar síðan lækkun útgjalda vegna hafnamannvirkja. Þar hefur fjvn. tekið upp, eins og ég áður sagði, óbreytta tillögu Hafnamálastofnunar og samgrn. um lækkun samtals upp á 25 millj. er skiptist á fjórar hafnir eins og þar kemur fram.

6. brtt. varðar svo fyrirsögn frv., um að fyrirsögnin verði: „Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1990" eins og eðlilegt er að fyrirsögnin hljóði eftir þær breytingar sem meiri hl. fjvn. gerir tillögu um á þskj. 1167.

Undir nál. meiri hl. rita auk mín hv. alþm. Margrét Frímannsdóttir, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Ásgeir Hannes Eiríksson.

Þá er rétt að taka það fram undir lokin að okkur láðist að biðja um frá menntmrn. tillögur menntmrn. um lækkun útgjalda vegna fjárlagaliðarins 02 610, Héraðsskólar almennt. En að sjálfsögðu þarf það að koma fram við afgreiðslu fjáraukalaganna hvernig ráðgert sé að skipta þeim niðurskurði sem þar er áformaður og ekki er skiptur í frv. eins og það var úr garði gert þegar það var lagt fram hér fyrir hið háa Alþingi á sínum tíma. Þetta höfðum við gert og tekið inn tillögur samgrh. um hafnir, sem ég lýsti hér áðan, og tillögur heilbrrh. um sjúkrahús, en okkur láðist að biðja hæstv. menntmrh. um tillögur hans er varða héraðsskóla og uppgötvuðum ekki að okkur hafði þar yfirsést fyrr en búið var að afgreiða málið frá fjvn. Þess vegna flytur hæstv. menntmrh. sjálfur á þskj. 1206 brtt. er varðar lækkun útgjalda vegna liðarins Héraðsskólar almennt að fjárhæð 10 millj. kr. og eru þar lækkuð um sama hundraðshluta útgjöld vegna allra héraðsskólanna frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum sem afgreidd voru í lok síðasta árs.

Virðulegi forseti. Ég hef svo lokið við að mæla fyrir nál. meiri hl. fjvn. og þeim brtt. sem meiri hl. flytur og getið um þá tillögu sem hæstv. menntmrh. flytur á þskj. 1206.

Frsm. 1. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Frv. þetta er flutt til þess að fá lögfestar þær breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til þess að standa við yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamninga í febrúarmánuði sl. Meiri hl. nefndarinnar hefur þó samþykkt að leggja fram brtt. um útgjöld til tveggja viðfangsefna sem sýnilega vantaði fé til við afgreiðslu fjárlaga, svo sem fram kom í máli hv. frsm. meiri hl. hér áðan. Hér er um að ræða fé til ríkisspítalanna og til loðdýraræktar. Ýmsir slíkir liðir liggja eftir og munu væntanlega verða að bíða fjáraukalagafrv. sem boðað hefur verið að lagt verði fyrir Alþingi í haust. Þar má nefna liði eins og jöfnunargjald í iðnaði, endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi og fjölmarga þá liði sem ég rakti við afgreiðslu fjárlaga að vantaði fé til að standa við þá starfsemi sem ætlast er til í fjárlögunum.

Þær niðurskurðartillögur sem birtast í þessu frv. og meiri hl. hv. fjvn. leggur til að verði samþykktar eru margar hverjar ærið sérkennilegar. Það sem einkennir þessar brtt. er m.a. eftirfarandi:

1. Í rekstrarliðum einstakra stofnana er sums staðar farið afar nákvæmlega í saumana þannig að niðurskurður er í einstökum tilvikum niður í 10–20 þús. kr. á stofnun og í öðrum tilvikum nokkru fleiri tugir þúsunda eða nokkur hundruð þús. kr. Ég tel að þetta sé mikil nákvæmni. (**SighB:** Ekki tillögur meiri hl. fjvn.) Ég sagði, tillögur sem meiri hl. leggur til að verði samþykktar, hv. formaður fjvn. Ef þú lest frv. þá sérðu þessa liði sem þú leggur til, hv. 5. þm. Vestf., að verði samþykktir og eru meðal grunnatriða þessa frv.

Ég tel þetta afar mikla nákvæmni, ekki síst með tilliti til þess að hæstv. fjmrh. hefur nú sannað ágæti sitt við fjármálastjórnina á síðasta ári og síðustu mánuðum ársins 1988 eins og við ræddum hér rétt áðan, m.a. á síðasta ári með því að fara fram úr heimildum fjárlaga á útgjöldum ríkissjóðs um 9600 millj. kr.

Þá er það býsna mikil nákvæmni að flytja nú frv. til laga um niðurskurð á útgjöldum einstakra stofnana allt niður í 10 þús. kr. (**Gripið fram í:** Nákvæmt skal það vera.) Já, það er nákvæmt.

2. Skorið er niður í fjölmörgum fjárfestingarliðum sem fjvn. og Alþingi hafði lokið við að skipta örfáum vikum áður en þetta frv. var flutt. Þetta tekur til fjárfestingarliða að því er varðar skólabyggingar, heilbrigðismannvirki, hafnamannvirki og fjárfestingarliði einstakra stofnana. Mestur er þó niðurskurður hjá Vegagerð ríkisins, 79 millj. kr.

3. Lagt er til að skera niður framlög sem eru hvort tveggja í senn lögbundin og samningsbundin. Svo er t.d. um framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs, til Framkvæmdasjóðs aldraðra, til jarðræktar- og búfjárræktarframlaga og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Allt eru þetta lögbundin framlög og þar ofan í kaupið samningsbundin. Eigi að síður er lagt til með frv. að þessi framlög séu skorin niður og þar sem þetta er nú frv. sem lagt er fyrir Sþ. þá er í sumum

tilvikum svo farið að unnt verður að innheimta þetta fé samkvæmt lögum með málsókn ef ekki vill betur til vegna þess að fjárlög taka ekki af önnur lög.

4. Niðurskurði er beitt gagnvart stofnunum sem þegar höfðu of lítið fé til sinnar starfsemi á fjárlögum. Svo er t.d. um Flugmálastjórn sem hér hefur verið gerð að umtalsefni í umræðum fyrr í kvöld og í nótt. Talið var við afgreiðslu fjárlaga og ég benti þar rækilega á að það vantaði 47–48 millj. kr. til þess að unnt væri að halda rekstrinum gangandi miðað við það umfang rekstrarins sem nú er í gangi. Og þrátt fyrir það að skipuð hafi verið nefnd og þrátt fyrir það að nú sé talað um að þessi vandi verði að bíða fjáraukalagafrv. í haust þá lá þetta allt saman fyrir þegar fyrir afgreiðslu fjárlaga nú fyrir síðustu jól. En þetta er ekki nóg, þetta er nú ekki aldeilis nóg, hæstv. ráðherrar sem hér eru inni og hv. stjórnarliðar. Til viðbótar á að skera niður hjá þessari stofnun skv. frv. um 19,4 millj. kr. Engar upplýsingar hafa fengist um það, þrátt fyrir það að þess hafi ítrekað verið krafist, hvernig stofnunin á að mæta þessum niðurskurði ef hann á að vera raunhæfur, ef ekki á að taka það til baka, sem hér er verið að leggja til að sé skorið niður, með auknum útgjöldum á fjáraukalögum í haust, sem vafalaust verður niðurstaðan. Þetta er því hráskinnaleikur, ég vil ekki segja leikaraskapur því að þetta er stóralvarlegt mál. Þetta er hráskinnaleikur og þýðingarlaus og rangur niðurskurður. Ég hef spurt hvort hæstv. ríkisstjórn hafi þá gert áætlanir um það að loka einhverjum tilteknum flugvöllum og þá hverjum, ellegar hitt að einhver hluti af starfsliðinu eigi að vinna kauplaust. Við því fást vitaskuld engin svör.

Þessi fjögur atriði einkenna í megindráttum niðurskurðartillögurnar og eru ýmist ranglát, hlægileg þegar verið er að gera tillögur um það að skera niður rekstrarfé einhverrar stofnunar um 10–20 þús. kr., ellegar þá hæpin og óraunhæf þegar farið er gegn lögum og samningum þannig að þeir aðilar sem fyrir verða geta farið í mál og innheimt sitt fé samkvæmt lögum þrátt fyrir það að það sé að nafninu til skorið niður með þessu frv. ef samþykkt verður.

Þá hef ég leitað nokkuð eftir því í fjvn. og við fulltrúar minni hl. hvort ekki sé unnt að fá gefnar upp einhverjar nýjar áætlanir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um hugsanlegar breytingar á tekjuhlið fjárlaga og tekjum ríkissjóðs á þessu ári umfram það sem fram kemur í frv. Þetta hefur ekki tekist og þrátt fyrir það að nú sé um það rætt að batnandi horfur séu í þjóðarbúskapnum vegna hækkandi verðs á afurðum okkar erlendis og betri viðskiptakjara sem hljóta að auka veltu í þjóðfélaginu og hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs, þá fást engin svör við því á hvern hátt hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. áætla að þetta komi til með að skila sér í fjárlagadæminu.

Ég hafði einnig spurst fyrir um það hvort breytingar á verðlagsforsendum og breytingar á kaupmætti frá því sem áætlað var við gerð fjárlaga vegna kjarasamninganna í febrúar sl. kynnu að hafa áhrif á tekjuhlið fjárlaga. Ég hef fengið þau svör að svo sé í raun ekki. Ég vek á því athygli að með nál. meiri hl. á þskj. 1154 er birt fylgiskjal frá hagdeild fjmrn. um frávik í forsendum verðlags og launa eftir kjarasamningana frá því sem gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990. Þar kemur í ljós að nú er gert ráð fyrir að þessar breytingar séu allt aðrar en talað var um skömmu eftir kjarasamningana. Ég skal ekki taka tíma til þess að fara yfir verðlagsforsendurnar en það var mikið talað um það að með því að aðilar vinnumarkaðarins mynduðu nýjan efnahagsgrundvöll fyrir hæstv. ríkisstjórn þá yrðu breytingar á kaupmáttarhreyfingum á þessu ári frá því sem áætlað hafði verið við afgreiðslu fjárlaga. Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir því að kaupmáttur rýrnaði á milli áranna 1989 og 1990 að meðaltali um 5,5%, ofan í 8% lækkun kaupmáttar á milli áranna 1988 og 1989. Síðan var sagt eftir að kjarasamningarnir voru staðfestir að hinn nýi efnahagsgrunnur færði launþegum í landinu það að kaupmáttarrýrnunin yrði ekki nema 0,5% í stað 5,5% og kjarasamningarnir hefðu það í för með sér að kaupmáttur launamanna og verkafólks rýrnaði um 5% minna en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum hæstv. ríkisstjórnar við afgreiðslu fjárlaga.

Nú veit ég ekki hver áætlar rétt ellegar hver segir satt því hér segir í fskj. frá hagdeild fjmrn. að þessi rýrnun kaupmáttarins eftir kjarasamninga sé nákvæmlega hin sama og gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga eða 5,5%. Og þar er átt við að meðaltali á milli áranna 1989 og 1990. Hins vegar hafi áætlanir um kaupmáttarskerðingu frá upphafi til loka þessa árs lækkað um 0,5%. Þessar prósentutölur kann hæstv. iðnrh. vel að lesa í vegna þess að oft hefur hann staðið fyrir því að birta slíkar spár. Nú veit ég ekki hvort starfsmenn í hagdeild fjmrn. eru svo fastir í þeim áætlunum sem voru við afgreiðslu fjárlaga og vilji hafa hvað eina í sama horfi og þá var að þeir vilji ekki hvika frá því sem þá var sagt og láta afleiðingar kjarasamninga lönd og leið eða hvort þetta lítur í raun og veru svona út um þessar mundir og allt saman hafi verið slúður sem sagt var um hinn nýja efnahagsgrunn í kjölfar kjarasamninga. Þessu þykir mér ástæða til að vekja athygli á í tengslum við þessa umræðu í kjölfar þeirra krafna minna að fá upplýst um áætlanir hæstv. ríkisstjórnar um breytingar á tekjuhlið fjárlaga á þessu ári vegna nýrra horfa í þjóðarbúskapnum og batnandi viðskiptakjara.

Önnur svör en hér hefur verið vitnað til úr því fskj. sem birtist með nál. meiri hl. hafa ekki fengist. Samkvæmt þessu frv. liggur það fyrir að með brtt. sem fluttar eru af hv. meiri hl. nefndarinnar er gert ráð fyrir því að halli á rekstri ríkissjóðs á þessu ári vaxi úr 3,7 milljörðum sem gert var ráð fyrir í fjárlögum í 4,5 milljarða eða um 800 millj. kr. Er þá ekki talið það sem enn er dulið af hallanum, eða útgjöldum ríkissjóðs, og enn er sagt hér við afgreiðslu þessa máls að eigi að bíða væntanlegra fjáraukalaga í haust. Þar er heldur ekki talið það sem fram er komið af brtt., til að mynda frá hæstv. fjmrh.

Við sem stöndum að nál. minni hl. og erum fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. teljum nauðsynlegt að beita

stórauknum sparnaði í meðferð ríkisfjármála. Við höfum marglýst því yfir að þess verði að krefjast að sá sparnaður komi fyrst af öllu fram í aðalskrifstofum ráðherranna sjálfra og í ýmsum ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn tekur án þess að bera undir hv. Alþingi og fer þannig iðulega í bága við heimildir fjárlaga og stundum í bága við ákvæði eða heimildir annarra laga.

Það frv. sem hér liggur fyrir þjónar ekki þessu markmiði. Þvert á móti standa yfirleitt óhreyfðir þeir fjárlagaliðir sem einstakir ráðherrar og að sumu leyti hæstv. ríkisstjórn í heild eiga að hafa til frjálsrar ráðstöfunar að eigin geðþótta. Þessum fjárlagaliðum er að mestu hlíft. Að sjálfsögðu ætlar hæstv. ríkisstjórn ekki með frv. að fara að skera niður heima hjá sér eða heima hjá einstökum ráðherrum nema að mjög litlu leyti. Á hinn bóginn er krukkað í útgjaldaliði, svo sem að framan er vikið, einkanlega þá sem fjær standa ráðherrunum sjálfum, og það jafnt fyrir það þó fjvn. og Alþingi hafi lagt mikla vinnu í það að deila niður fé, svo sem til ýmissa fjárfestingarliða. Nú er það svo að það frv. sem hér er á ferðinni og felur í sér niðurskurð, allt niður í 10 þús. kr. á einstakar stofnanir og einstaka fjárlagaliði, er ekki eina niðurskurðarplaggið sem er á ferðinni. Eins og fram kom í máli formanns fjvn. höfum við séð lista yfir hluta af þeim niðurskurði sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að framkvæma á grundvelli heimildagreinar í fjárlögunum eða upp á 150 millj. kr. Er þá ótalið annað eins sem eftir er að gera grein fyrir. Fjvn. hefur ákveðið að taka það mál til meðferðar eftir helgi en hefur eigi unnist tími til þess nú eins og formaðurinn sagði.

Þessar sífelldu breytingar á fjárlögum á fjárlagaárinu eru að mínum dómi afar óheppilegar. Þær fela það í sér að forstöðumenn stofnana og forstöðumenn ráðuneyta vita ógjörla hvar þeir standa. Þeir eiga yfir höfði sér breytingar á heimildum til útgjalda hvenær sem er á árinu og kannski æ ofan í æ. Það leiðir aftur til þess að aðhaldið sem fjárlögin eiga að veita dvínar og ringulreið í meðferð fjármuna ríkisins fer vaxandi. Það er mikils virði að forstöðumenn stofnana geti treyst því sem fjárlögin segja og geti byggt sínar rekstrarlegu áætlanir og áætlanir um mannahald og laun og annað þess háttar ásamt fjárfestingarliðum sem fjárlögin segja en að ekki sé sífellt verið að krukka í þetta í hinum smæstu atriðum.

Það sem ég hef sagt hér um þetta atriði haggar ekki því að við sem að nál. minni hl. stöndum teljum nauðsynlegt að standa við þær yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamningana og skera niður útgjöld ríkissjóðs til þess að fullnægja því markmiði. Einnig er nauðsynlegt að gerbreyta um vinnulag í fjármálum ríkisins þannig að þar verði komið við sparnaði og aðhaldi en ekki eyðslu og sóun. Það er nauðsynlegt.

Við sem að þessu nál. stöndum teljum því alveg óhjákvæmilegt að flytja brtt. Brtt. sem við flytjum við þetta frv. eru nokkuð margar og birtast hér á þskj. 1174. Þessar brtt., ef samþykktar yrðu, fela í sér að frv. yrði gerbreytt og þær fela í sér allt aðrar áherslur en frv. ber með sér. Þær meginlínur sem hafðar eru til hliðsjónar við flutning þessara brtt. eru eftirfarandi:

Lagt er til að skera niður ýmsa safnliði sem í fjárlögunum eru ætlaðir til frjálsrar notkunar fyrir hæstv. ríkisstjórn og einstaka ráðherra. Hér er m.a. um að ræða lækkun á gjaldaliðum til að mæta útgjöldum vegna heimildarákvæða, þar á meðal heimildarákvæða sem samþykkt voru hér við lokaafgreiðslu fjárlaga og fólu það í sér að heimila hæstv. ríkisstjórn að kaupa til viðbótar við það sem áður hafði tíðkast 500 eintök af dagblöðunum. Niðurskurðartillaga okkar felur þetta m.a. í sér.

Við leggjum einnig til að lækka gjaldaliði sem eru til frjálsrar ráðstöfunar samkvæmt sérstökum samþykktum hæstv. ríkisstjórnar og svokallað ráðstöfunarfé einstakra ráðherra verði fellt niður. Lagt er til að fé til örfárra annarra viðfangsefna verði lækkað eða fellt niður en þar er þá um að ræða í einstökum tilvikum sérstök verkefni sem hægt er að hverfa frá og eru skorin niður í heilu lagi.

Á móti nýjum niðurskurðartillögum okkar er lagt til að stórfækka þeim niðurskurðartillögum sem eru í frv. sjálfu.

1. Lagt er til að fella niður alla niðurskurðarliði frv. sem á heilli stofnun eru lægri en 1 millj. kr. — ýmsir þeirra nema, eins og áður sagði, 10–20 þús. kr. — vegna þess að slíkir niðurskurðarliðir eru settir fram upp á grín en ekki í alvöru og skipta engu máli í útkomu hjá ríkissjóði á heilu fjárlagaári.

2. Við leggjum til að fella niður allan niðurskurð á fjárfestingarliðum sem lögð hefur verið mikil vinna í að kanna þörf fyrir og síðan skipta af hálfu fjvn. og Alþingis við afgreiðslu fjárlaga. Þetta á við um fé til skóla, hafna, sjúkrahúsa og læknisbústaða. Undir þetta getur einnig heyrt fé til tækjabúnaðar fyrir Landhelgisgæsluna sem fjvn. og Alþingi tóku ákvörðun um við afgreiðslu fjárlaga og Landhelgisgæslan er búin að bíða ærið lengi eftir og af mikilli þörf.

3. Lagt er til að þurrka út niðurskurð á fé til stofnana og viðfangsefna sem þegar höfðu of knappt fé á fjárlögum eins og þau voru afgreidd. Þetta á við um niðurskurð á fé til Rannsóknasjóðs, jarðræktar- og búfjárræktarframlaga, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Flugmálastjórnar, sem áður er að vikið, og til styrkingar á dreifikerfum í sveitum á vegum Orkusjóðs.

Á öllum þessum sviðum er mjög brýn þörf fyrir það fé sem til ráðstöfunar er á fjárlögum og í sumum tilvikum er það of lítið miðað við þær þarfir sem fyrir liggja, eins og hér hefur sumpart verið að vikið áður.

Ég skal taka fram sérstaklega varðandi eina stofnun sem lagt er til að fella niður niðurskurð hjá um 3 millj. kr. Það er Rannsóknarlögregla ríkisins sem er sú af stofnunum dómsmálakerfisins sem hvað helst hefur leitast við að halda sig innan fjárlagaramma hverju sinni með þeim afleiðingum að henni er hegnt fyrir með því að þar skuli skorið niður en ekki hjá ýmsum öðrum stofnunum dómsmálakerfisins. Og þá um leið vitandi það að vegna hins knappa fjárhags

sem Rannsóknarlögreglan hefur sætt sig við að undanförnu hafa mál þar hrannast upp og bíða úrlausnar. Nýlegir atburðir ættu að minna hæstv. ráðherra á að það er ekki rétt að verki staðið undir þeim kringumstæðum að krukka enn í fé þeirrar stofnunar.

Þannig væri hægt að skýra okkar tillögur við hverja stofnun fyrir sig. Ég skal ekki á þessum næturfundi taka tíma til þess þó það væri tilefni til að skýra hverja og eina brtt. okkar ærið ítarlega því að þá mundu þeir sem á hlýddu væntanlega sannfærast um að þær eiga fullan rétt á sér og meira en það, þær gerbreyta þessu frv. ef samþykktar yrðu. Og þær niðurskurðartillögur sem við setjum fram í staðinn eru yfirleitt á liðum sem hæstv. ráðherrar geta notað til frjálsrar ráðstöfunar, þ.e. til eyðslu og sóunar í eigin skrifstofum og vegna ákvarðana sem hæstv. ríkisstjórn kann að taka án þess að hafa borið undir Alþingi, sbr. reynslu frá síðasta ári og hinu næstsíðasta. Þannig liggur þetta mál fyrir.

Ég vil jafnframt segja það að brtt. okkar fela það í sér að þær mundu knýja hæstv. ríkisstjórn til nokkurrar sparnaðarviðleitni í stað þess að hæstv. ríkisstjórn þarf ekki að sýna neina sparnaðarviðleitni hjá sjálfri sér eða í sínum ákvörðunum, hvorki þó skorið sé niður hjá stofnunum eins og Flugmálastjórn, til Framkvæmdasjóðs aldraðra, til Rannsóknasjóðs eða Rannsóknarlögreglu ríkisins o.s.frv. né til einstakra skólabygginga sem er skorið niður samkvæmt þessu frv. í ótal mörgum liðum um ýmist nokkur hundruð þúsund eða nokkrar milljónir á hverri stofnun fyrir sig. Þetta knýr ekki hæstv. ríkisstjórn til að huga að sparnaði hjá sér, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta knýr aðra til þess að breyta sínum áætlunum, til þess að breyta þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um fjárfestingu og breyta þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um rekstur, aðra sem fjær standa hæstv. ráðherrum í ríkiskerfinu.

Þetta frv. eins og það liggur fyrir er dæmigert fyrir það háttalag hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra að hlífa þeim liðum sem þeir hafa fyrir sjálfa sig og sínar skrifstofur og sína gæðinga en taka á þeim sem fjær standa og ráðherrunum hæstv. eru ekki eins kærir.

Ég vil láta það koma fram að verði brtt. okkar sjálfstæðismanna við þetta frv. á þskj. 1174 samþykktar felur það í sér að fram kemur nýr og aukinn niðurskurður útgjalda um 274 millj. 470 þús. kr. en niður falli aðrar niðurskurðartillögur úr þessu frv. ríkisstjórnarinnar sem nema 201 millj. 390 þús. kr. Tillögur okkar fela því í sér lækkun á halla ríkissjóðs á þessu ári sem nemur 73 millj. 80 þús. kr.

Ég lýk máli mínu, herra forseti, með því að lýsa yfir því að verði þessar tillögur okkar sjálfstæðismanna samþykktar skulum við standa að samþykkt þessa frv. Verði þær felldar er ekki nokkur leið að standa að þessu frv. eins og það liggur fyrir. Í fjölmörgum greinum er það gersamlega óviðunandi.

Frsm. 2. minni hl. fjvn. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga vegna kjarasamninga í febrúar sl. Það er flutt í þeim tilgangi að afla ríkisstjórninni heimilda til að breyta útgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum þessa árs í framhaldi þessara nýgerðu kjarasamninga. Í kjölfar kjarasamninganna hafa ýmsar breytingar orðið á verðlagsforsendum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Heildaráhrif þessara breytinga fela í sér að gjöld umfram tekjur aukast á árinu um 645 millj. kr. Og nú eru horfur á að rekstrarhalli ríkissjóðs verði a.m.k. 4,3 milljarðar á þessu ári.

Víða er leitast við að skera niður gjöld ríkissjóðs í þessu frv. Satt að segja virðist í fljótu bragði margt af því vera hálfgerður spardatíningur og liggur við að sé broslegt. En sumt er auðvitað á annan veg. Það sem vekur helst athygli í þessu sambandi er það að ekki eru hafðar uppi neinar tillögur um sparnað í ríkisrekstrinum og ekki er heldur hróflað við þeim fjármunum sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hafa óskipta til ráðstöfunar í fjárlögum þessa árs, en þeir nema hundruðum milljóna kr.

Lækkun útgjalda ríkissjóðs sem fram kemur í frv. felst einkum í lækkun á framlögum til stofnframkvæmda og viðhalds á eignum ríkisins. Satt að segja hefur mönnum virst á umræðum í vetur og undanfarin ár að þar þyrfti frekar við að auka en að skera niður því það hefur verið almennt álit þeirra sem um þau mál hafa fjallað að viðhald á eignum ríkisins, einkum húseignum, væri ríkisstjórninni, og ríkisstjórnum yfirleitt, til vanvirðu.

Tillögur frv. felast líka í lækkun á framlögum. Þar eru töluvert stórir liðir svo sem Byggingarsjóður ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóður sem mega sæta því. Um Atvinnuleysistryggingasjóð má segja það að þegar litið er til þess að bæði hefur verið atvinnuleysi og er fyrirsjáanlegt að verði áfram, þá sýnist manni ekki mjög skynsamlegt að rýra tekjur hans. Þetta leiðir væntanlega til þess að frekari útgjöld til hans komi þá til seinna á árinu. Þær tillögur ríkissjóðs sem felast í þessu frv. munu ekki stuðla að því að þeir sem búa við atvinnuleysi nú geti fengið vinnu. Þær munu yfirleitt frekar auka atvinnuleysi í landinu heldur en hitt.

Þegar fjvn. hafði þetta frv. til umfjöllunar var leitað eftir ýmsum upplýsingum frá framkvæmdarvaldinu. Það var leitað sérstaklega eftir því við fulltrúa fjmrn. hvort í frv. væri gert ráð fyrir öllum þeim útgjöldum sem fjmrn. eða ríkisstjórnin hefðu tekið ákvörðun um. Í framhaldi af þeim upplýsingum sem fram komu ákvað meiri hl. fjvn. að bæta við útgjöld ríkissjóðs 172 millj. kr.

Í þessari upplýsingasöfnun kom einnig fram að framlög til ríkisspítalana voru vanáætluð í fjárlögum. Þá vil ég nefna það að stjórnarandstæðingar í fjvn. bentu ítrekað á það við afgreiðslu fjárlaga að þarna væri ekki fyrir nógu fé séð og það mundi koma í ljós þegar liði á árið að ríkisspítalana mundi skorta fé. Nú er það þegar komið á daginn. Hefði e.t.v. verið

skynsamlegra og jafnvel heiðarlegra að gangast við þessari vanáætlun strax svo að hægt væri að taka á henni í fjárlögum ársins þegar þau voru til afgreiðslu. En nú er gert ráð fyrir að leiðrétta og auka framlag til ríkisspítalanna um 147 millj. kr. En líka er gert ráð fyrir því að það sé ekki undir 200 millj. kr. sem vantar. Einnig hefur verið ákveðið að draga saman nokkra þætti í starfsemi ríkisspítalanna, þar á meðal hjartaskurðlækningar og það hefur verið ákveðið að fresta því að hefja glasafrjóvganir.

Nú er það svo að fólk fer í miklum mæli til útlanda til þessara aðgerða og mun halda því áfram. Hluti af þessum kostnaði er greiddur af Tryggingastofnun ríkisins og það mun kosta ríkissjóð drjúgum meira á árinu en það sem hann hyggst spara með því að fresta þessum framkvæmdum. Sparnaðartilraunir eins og þarna er verið að hafa uppi sýnast heldur betur bíta í skottið á sér.

Þá er í frv. lagt til að lækka útgjöld til Flugmálastjórnar um 20 millj. kr. á sama tíma og vitað er að verulega fjármuni vantar til að halda rekstri stofnunarinnar óbreyttum. Ég veit eiginlega ekki hvað á að segja um svona ráðstafanir. Þær eru ekki bara hlægilegar, þær eru grátbroslegar. Á sama tíma og liggur fyrir að stofnunina vantar fé, sem óhjákvæmilega verður að bæta henni, þá er lagður til niðurskurður á fjárframlögum til hennar. Þess konar vinnubrögð gera í rauninni ekkert annað en veikja tiltrú manna á fjárlagagerðinni yfirleitt. Fjárlagagerð á þennan máta verður einungis hlægileg í allra augum. Einnig rýrir þetta fjárveitingavald Alþingis vegna þess að með þessu móti hljóta að koma til auknar lántökur sem binda enn frekar það fé sem er til ráðstöfunar á fjárlögum.

Það mætti auðvitað margt segja fleira um þetta frv. en það er liðið á nótt og ég kýs ekki að stuðla að því að mönnum sé haldið hér yfir einhverju málþófi. Ég ber líka umhyggju fyrir starfsfólki Alþingis sem verður að leggja á sig vökur vegna þess að starfsáætlun þingsins er farin úr skorðum. En að lokum vil ég geta þess að á þskj. 1207 hef ég lagt fram brtt. við frv. Þar er lagt til að fallið verði frá því að lækka framlög til Rannsóknasjóðs um 10 millj. kr. Það er eitt af einkennum þessa frv., sem ber í rauninni ekki með sér stefnu aðra en þá að klippa niður útgjöld af handahófi — en það er einkenni þess að ráðist er á allar stofnanir ríkisins sem hafa einhverjar rannsóknir með höndum. Þar er klipið og skorið. Því legg ég til að fallið verði frá því að lækka framlög til Rannsóknasjóðs um 10 millj. kr. Og einnig að fallið verði frá því að lækka framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 8 millj. kr. Þetta eru alls 18 millj. kr. Til að mæta þessum auknu útgjöldum er lagt til að lækka fjárlagaliðinn Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum um sömu fjárhæð. Í því sambandi er lagt til að fjmrh. nýti ekki heimild 6. gr. um viðbótarblaðakaup ríkisins. Þeirri hækkunartillögu var kastað hér inn við afgreiðslu fjárlaga og var afgreidd við mikinn fögnuð sumra af þingheimi hér, á sama tíma og allt gekk út á að spara á vegum ríkisins og hvergi mátti auka við. Þetta var brosleg afgreiðsla, svo að ekki sé meira sagt.

Þær brtt. sem ég legg hér fram eru aðeins lágmarksleiðréttingar á frv. að mínu mati. Verði þær tillögur samþykktar mun ég ekki standa gegn afgreiðslu málsins en greiða atkvæði gegn því annars.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Á þskj. 1249 hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990. Tillögurnar eru á þá leið að inn komi ný grein á eftir 2. gr. sem orðist eins og segir á þskj. En samkvæmt brtt. er gert ráð fyrir því að hækka þann lið á fjárlögum sem heitir Jöfnunargjald, sem er tekjuliður 4212, úr 500 millj. í 545 millj. kr. Það samsvarar um það bil einnar mánaðar innheimtu jöfnunargjalds.

Í öðru lagi leyfi ég mér að flytja við 3. gr. frv. brtt. þannig að við bætist nýr liður svohljóðandi:

„Í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 bætist nýr fjárlagaliður svohljóðandi:

11-289 Jöfnunargjald. 59 Tilfærslur, 170 millj. kr."

Í fjárlögum á yfirstandandi ári er ekki gert ráð fyrir slíkum tilfærslum. Þessar tilfærslur hafa verið notaðar á undanförnum árum til þess að greiða fyrirtækjum í iðnaði uppsafnaðan söluskatt samkvæmt reikningum fyrirtækjanna. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að ég hef flutt frv. sem er 532. mál þingsins um þetta mál. Það frv. er að finna á þskj. 929. Því miður sýnist mér að ég fái ekki tækifæri til að mæla fyrir því frv. á yfirstandandi þingi.

Lög um jöfnunargjald voru samþykkt á Alþingi 1978. Samkvæmt þeim var 3% jöfnunargjald lagt á innflutning sömu iðnaðarvara og framleiddar voru hér á landi til að vega upp á móti þeim söluskatti sem varð hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi söluskattslögum. Tekjum af jöfnunargjaldinu átti að ráðstafa að hluta til eflingar iðnþróunar. Í greinargerð með frv. því sem varð þá að lögum sagði m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að álagning þessa gjalds er tímabundin ráðstöfun þar sem við upptöku virðisaukaskatts félli gjaldið niður vegna þess að uppsöfnunaráhrifum yrði þar með eytt. Með álagningu þessa gjalds er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur, svo framarlega sem gjaldið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem uppsöfnun söluskatts nú veldur í verði innlendrar vöru."

Í greinargerðinni var einnig sagt að eðlilegt væri að verja hluta af tekjunum, orðrétt, með leyfi forseta: „til að tryggja að útflytjendur iðnaðarvara þurfi eigi að verðleggja vöru sína með hliðsjón af þeim söluskatti er orðið hefur hluti af framleiðslukostnaði vörunnar."

Lögin voru tímabundin og giltu til 31. des. 1980, enda var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur tæki við

af söluskatti í byrjun árs 1981. Á næsta þingi á eftir fluttu fjórir þingmenn, þar á meðal núv. hæstv. fjmrh., frv. til breytinga á lögunum um jöfnunargjaldið. Í greinargerð frv. sagði orðrétt um tilgang laganna, með leyfi forseta: „Lög þessi voru sett til að jafna samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gagnvart iðnaði landa EFTA og EBE vegna ólíkra söluskattskerfa."

Núgildandi lög um jöfnunargjald, lög nr. 78/1980, eru byggð á lögunum frá 1978. Áfram var ætlast til að tekjunum af jöfnunargjaldinu væri ráðstafað að hluta til að efla iðnþróun. Í greinargerðinni er áhersla lögð á að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða vegna mismunandi söluskattskerfa. Þegar lög um virðisaukaskatt voru samþykkt á Alþingi var gengið út frá því að jöfnunargjaldið félli niður. Í töflum um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs, en þær fylgdu frv., er sýnt hvaða áhrif slíkt hefur. Og þegar skatthlutfallið var ákveðið var gert ráð fyrir því tekjutapi.

Nú er spurningin: Á þetta mál erindi í fjáraukalög vegna núverandi og núgildandi kjarasamninga í febrúar 1990? Í því sambandi er rétt að rifja upp að í tengslum við kjarasamninga á sl. ári var samið um ýmis atriði við hæstv. ríkisstjórn, þar á meðal um jöfnunargjaldið. Í bréfi hæstv. forsrh. sem var dags. 30. apríl til VSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaga segir orðrétt, með leyfi forseta: „Jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda."

Lögunum var síðar breytt, reyndar með bráðabirgðalögum, og gjaldhlutfallið hækkað í samræmi við þessa yfirlýsingu. Við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs var ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlaði ekki að standa við loforð sitt og fella gjaldið niður. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að gjaldið verði innheimt í sex mánuði óbreytt. Hins vegar var ekki í fjárlögum ætlast til að ríkið endurgreiddi uppsafnaðan söluskatt vegna framleiðslu sl. árs. Í stað þess var 390 millj. kr. veitt til þess með fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember 1989. Af þeirri upphæð gengu 100 millj. kr. til iðnaðarins.

Nú hefur komið í ljós, hæstv. forseti, að sú upphæð dugir ekki til. Hæstv. iðnrh. gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda hinn 15. mars sl. og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Frá upptöku virðisaukaskatts um síðustu áramót heyrir uppsöfnun söluskatts í aðfangakostnaði iðnfyrirtækja sögunni til. Í fjárlögum fyrir árið 1990 er því ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði. Jafnframt hefur verið gert ráð fyrir því að 5% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur verði fellt niður frá miðju þessu ári. Því er hins vegar ekki að neita að sú fjárhæð sem ákveðin var með fjáraukalögum á síðasta ári til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í iðnaði vegna framleiðslu á árinu 1989 hrekkur ekki til. Samkvæmt áætlunum gæti fjárvöntunin numið allt að 170 millj. kr."

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. viðurkennir það í sinni ræðu að ætlunin hafi verið að innheimta þetta gjald í sex mánuði enda liggur það fyrir mjög skýrt að ef gjaldið hefði átt að innheimtast allt þetta ár hefði það gefið ríkissjóði 1 milljarð í tekjur samkvæmt áætlunum fjmrn. Eina réttlætingin sem hæstv. ríkisstjórn hefur fyrir því að ganga á bak orða sinna og fresta niðurfellingu gjaldsins er að tekjurnar þurfi til að mæta útgjöldum vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af framleiðslu síðasta árs. Það kom því verulega á óvart þegar hæstv. iðnrh. sagði í áðurgreindri ræðu hjá iðnrekendum, með leyfi forseta:

„Við þær erfiðu aðstæður, sem nú eru í ríkisfjármálum, verður því e.t.v. ekki hjá því komist að fresta niðurfellingu jöfnunargjaldsins um nokkra mánuði til þess að afla fjár til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til iðnaðar vegna framleiðslu á síðasta ári. Það er í fullu samræmi við lögin um jöfnunargjaldið sem enn eru í gildi að ákveða að hluta af tekjum af því skuli varið í þágu iðnaðarins. Ég hef undirbúið um þetta tillögu sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn á morgun."

Það skal tekið fram og endurtekið að þetta er sagt 15. mars, þannig að væntanlega hefur hæstv. iðnrh. lagt þessa tillögu fram í hæstv. ríkisstjórn að morgni hins 16. mars sl.

Tilgangurinn með flutningi þessarar brtt. er annars vegar að tryggja endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti til iðnfyrirtækja vegna framleiðslu síðasta árs með sama hætti og tíðkast hefur undanfarin ár. Hins vegar er það tilgangurinn að koma í veg fyrir að hæstv. ríkisstjórn gangi á bak orða sinna og haldi áfram að innheimta jöfnunargjald í ríkissjóð lengur en eðlilegt getur talist og fjárlög gera ráð fyrir.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að það er að mínu áliti engan veginn þinglegt að fylgja ekki tekjuáætlun fjárlaga þegar það er ljóst á hvaða forsendum sú tekjuáætlun byggði. Ég tel það vera óvirðingu við hv. Alþingi ef einföld ríkisstjórnarsamþykkt á að víkja til tekjuáætlun fjárlaga og málið ekki borið upp á Alþingi þegar kostur er til þess, eins og nú er. Það hefði verið hægt um vik fyrir hæstv. ríkisstjórn að setja inn í þau lög sem hér eru til umræðu heimild til þess að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt. Ef ætlunin er að heimta gjaldið inn áfram þá tel ég að það sé brot á okkar reglum um það hvernig þingið starfar sem fjárveitingavald. Mér finnst að hæstv. forseti þurfi að taka á því en hæstv. forseti hlýtur að vera sá fulltrúi hv. þm. sem þeir verða að leita til þegar um slíkt er að ræða.

Með þessari till. er gert ráð fyrir nauðsynlegri heimild fyrir hæstv. ríkisstjórn að greiða þessar 170 millj. sem á vantar. Ég bendi á að á undanförnum árum hefur um það bil helmingur af tekjum vegna jöfnunargjalds gengið til fyrirtækja til þess að standa straum af kostnaði vegna uppsafnaðs söluskatts.

Fjmrn. hefur upplýst mig um það að frá árinu 1981 og allt til ársins 1989 hafi 40–60% gjaldsins gengið til þessa verkefnis. Mér er það alveg ljóst að lögin um jöfnunargjald eru í gildi. Auðvitað hefði það verið

skylda hæstv. ríkisstjórnar að fella þau lög úr gildi á miðju ári. Með þessari till. sem ég hef leyft mér að flytja hér er gert ráð fyrir því að gjaldið megi innheimtast í sjö mánuði ársins. En ég tel það skyldu hæstv. ríkisstjórnar að greiða 170 millj. til þeirra fyrirtækja sem eiga í hlut af þeim fjárhæðum sem innheimtast af gjaldinu, eða 170 millj. kr. af 545 millj. sem er langtum lægra hlutfall en gengið hefur til þessara fjárframlaga eða tilfærslna á undanförnum árum.

Í kvöld ræddi ég við þrjá hæstv. ráðherra um það að vera viðstadda þessa umræðu. Í fyrsta lagi hæstv. utanrrh. sem hlýtur að eiga að fylgjast með því hvort brotnir séu samningar við erlend ríki, viðskiptasamningar sem við höfum gert við EFTA og EB. En ávallt hefur það verið tekið fram af hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórnum að eina réttlætingin fyrir þessu gjaldi væri sú að það væri lagt á til þess að endurgreiða söluskatt og mætti ekki verða hærra en svo að það næmi þeim mun sem verður á framleiðslukostnaði fyrirtækja vegna þess að hér á landi hefur verið í gildi allt annað söluskattskerfi en í nágrannalöndunum, þeim löndum sem eru í EFTA og EB. Ég talaði einnig við hæstv. fjmrh. sem á auðvitað að fylgja fjárlögum íslenska ríkisins og hefur sjálfur lýst því yfir að hann telji óeðlilegt að fjárframlög úr ríkissjóði eigi sér stað án heimildar frá hv. Alþingi. Og loks talaði ég við hæstv. iðnrh. sem hlýtur öðrum hæstv. ráðherrum fremur að þurfa að sjá til þess að staðið sé við það að greiðslan fari til viðkomandi fyrirtækja, jafnvel þótt það sé ekki lögbundið í sjálfu sér, því í lagagreininni sem um þetta fjallar segir að hluti gjaldsins skuli fara til iðnþróunar, ef ég man það orðalag rétt.

Það hefur verið viðtekin venja í 10 ár að nota um helming gjaldsins til að greiða uppsafnaðan söluskatt. Ég tel þess vegna, hæstv. forseti, nauðsyn á því að flytja þessa till. til að hæstv. ríkisstjórn fái þessa heimild, ætli hún sér að nota 170 millj. til þessa verkefnis. Og enn fremur til að koma í veg fyrir að hæstv. ríkisstjórn innheimti gjald umfram það sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög íslenska ríkisins voru sett fyrir síðustu jól.

Ég vænti þess að lokum að hæstv. ráðherrar taki þátt í þessari umræðu og skýri sín sjónarmið. Ég tel það vera mjög alvarlegt ef þessar till. falla því þá fæ ég ekki annað séð en að hvorki sé hæstv. ríkisstjórn heimilt að greiða þessar 170 millj. né heldur að það sé heimilt að heimta inn þetta gjald án þess að breyta fjárlögum ríkisins, sem venja er að gera með fjáraukalögum. Sæmst væri auðvitað hæstv. ríkisstjórn að leggja til nú þegar að lögin um jöfnunargjald féllu úr gildi á miðju ári, eða hugsanlega mánuði síðar til þess að það skapaðist þá eitthvert svigrúm umfram það sem um getur í fjárlögum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Fyrir skömmu fóru fram hér á Alþingi umræður um ákvörðun Áburðarverksmiðjunnar um verð á áburði og stöðu fyrirtækisins. Í framhaldi af þeim umræðum átti ég og aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni viðræður við hv. 1. þm. Suðurl., við hv. þm. Pálma Jónsson og einnig við hv. þm. Egil Jónsson. Niðurstaða þessara viðræðna var að ég flyt hér sérstaka brtt. um að ákveðið verði nú að leggja fram 30 millj. til Áburðarverksmiðju ríkisins, stofnkostnaður. Og síðan í sumar og haust verði málefni verksmiðjunnar skoðuð áfram. Ég mun eiga viðræður um það efni við fulltrúa verksmiðjunnar og m.a. stjórnarmenn eins og þann sem hér situr á Alþingi og er nú í salnum, hv. þm. Egil Jónsson. Við munum í sameiningu skoða þessi mál þegar lengra er liðið á árið og við höfum haft tækifæri til að meta ýmsar staðreyndir varðandi reksturinn, sölu á áburði og ýmislegt annað sem þá mun koma fram. Ég vil lýsa ánægju minni með það að þetta samkomulag hefur tekist og vona að þær viðræður sem við munum eiga hér í framhaldinu verði í þeim anda sem okkur tókst að ná þessu samkomulagi.

Hv. þm. Friðrik Sophusson vék hér í nokkuð löngu máli að rökstuðningi fyrir þeirri till. sem hann flytur. Ég hef áður fjallað um þetta mál í umræðum í Sþ. þegar hann bar fram fyrirspurn til mín fyrr á þessu þingi og sé í sjálfu sér ekki á þessu stigi ástæðu til að bæta neinu við það sem ég sagði þá. Það má margt um jöfnunargjaldið segja, sögu þess og tilgang og hvernig eigi að taka á þeim breytingum sem verða frá söluskattskerfinu yfir í virðisaukaskattskerfið. Ég lýsti þeim meginviðhorfum mínum um það efni fyrr á þessu þingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur í langri ræðu lýst forsögu jöfnunargjalds á innfluttar iðnaðarvörur og endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í iðnaði. Ég get því stytt mál mitt, ekki síst af því að hann hefur tekið af mér ómakið og lýst tillögum sem ég hef gert á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Sannleikurinn er sá að nú liggur ljóst fyrir að talsvert fé vantar upp á að það sem veitt var á fjáraukalögum fyrir árið 1989 hrökkvi til til að standa straum af endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts vegna iðnaðarframleiðslu á árinu sem leið. Hér gæti verið um 170 millj. kr. að ræða, eins og kom fram hjá hv. þm. Nauðsynlegt er því að gera ráð fyrir fjárveitingu á fjáraukalögum þessa árs til að ljúka þessu máli. Hins vegar þarf að athuga þetta vandlega og slík athugun fer nú fram á vegum ríkisstjórnarinnar og í samtölum innan hennar. Ekki síst er rætt um það milli mín og fjmrh. að athugun fari fram á því hvernig best verði lokað þessu kerfi sem staðið hefur í fimmtán ár, þar af tíu ár óbreytt, og hefur að sjálfsögðu unnið sér nokkra hefð, hvernig því megi ljúka. Það er ákaflega mikilvægt að þetta verði gert skilmerkilega því auðvitað hefur þessi langa hefð skapað sér nokkra festu í rekstrarskilyrðum þessara iðngreina. Ég minni hins vegar á að eftir að uppsöfnun söluskatts í aðföngum iðnaðarins er hætt hefur rekstrarkostnaður margra þeirra lækkað í hlutfalli við tekjur. Þetta mál liggur ljóst fyrir og þörfin er alveg skýr. En hver fjárhæðin er nákvæmlega eða hvernig best er að ljúka málinu er nú athugunarefni.

Þá kem ég að því að jöfnunargjaldið hefur verið látið standa nokkuð inn á þetta ár. Og eins og kom fram hjá

hv. þm. Friðriki Sophussyni felst í áætlun fjárlaga að það standi til miðs árs. Einnig þetta er hyggilegt að athuga nokkuð því hér erum við í raun og veru að ganga í gegnum umþóttunarskeið frá hinu fyrra kerfi söluskatts yfir í virðisaukaskattskerfi. Ég bið hv. 1. þm. Reykv. að fara hægt í að draga ályktanir um skyldur okkar og skuldbindingar gagnvart okkar viðskiptaaðilum innan vébanda EFTA og Evrópubandalagsins. Þeirrar hliðar málsins verður að fullu gætt og það mál rekið á réttum rökum í ljósi þeirra breytinga sem nú eru þar að verða.

Allt þetta gerir það að verkum að mér virðist eðlilegast að við ljúkum málinu nú þannig að þetta verði undirbúið til fjáraukalaga haustsins vegna ársins 1990. Ekki síst vegna þess að viðfangsefni þess fjáraukalagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu er við það bundið að ljúka forsendum og fyrirheitum vegna kjarasamninganna sem gerðir voru í byrjun þessa árs og er yfirleitt ekki opnað vegna annarra viðfangsefna. Þetta veit ég að hv. þm. skilur og þakka honum þann áhuga sem hann sýnir þessum mikilvægu málefnum iðnaðarins og skattanna í landinu. Ég er sannfærður um að við finnum leiðir til þess að leysa það verkefni sem ég veit að er okkur sameiginlegt áhugamál að verði leyst síðar á þessu ári.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég verð að harma það að hafa ekki fengið skýrari greinargerð frá hæstv. ráðherrum. Reyndar kom það fram í svari hæstv. iðnrh. að allt það sem ég sagði í minni ræðu er viðurkennt. Hann hefur sagt að þetta þurfi að athugast vandlega og það þurfi að athuga það nákvæmlega hvernig ljúka skuli þessu gjaldi. Og síðan, og það er meginröksemdin, eigi að taka þetta fyrir í fjáraukalagafrv. síðar á árinu vegna þess, að mér skildist, að hér væri aðeins verið að fjalla um fjáraukalög vegna kjarasamninganna í febrúar á þessu ári.

Nú er það afar einfalt að breyta fyrirsögn þessa fjáraukalagafrv. og kalla frv., og þar með lögin, fjáraukalög vegna kjarasamninga í febrúar 1990 og kjarasamninga á sl. ári. Einfaldlega vegna þess að þá lá fyrir yfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar um að þetta gjald mundi falla niður við upptöku virðisaukaskattsins. Ég skal fúslega fallast á að það kunni að vera eðlilegt að leggja gjaldið á í upphafi ársins til þess að mæta þeim útgjöldum sem hlutu að koma vegna þess að fjáraukalögin á síðasta ári dugðu ekki til en það stendur eftir í þessu máli, sem er afar alvarlegt, að hv. Alþingi hefur tekið ákvörðun á gefnum forsendum í tekjuáætlun fjárlaga í stað þess, þegar það liggur að áliti hæstv. ríkisstjórnar ljóst fyrir að breyta þurfi, er ekki leitað heimilda Alþingis þegar tækifæri gefst til heldur á að hlíta niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar sem þó hefur ekki fjárveitingavaldið. Ég tel að þetta séu alvarleg vinnubrögð sem geti skapað mjög slæm fordæmi.

Ég vek einnig athygli á því, hæstv. forseti, að verði þessar tillögur felldar sé ég ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn getur ráðstafað 170 millj. til þessa verkefnis þar sem hv. Alþingi hefur þá fellt slíka tillögu. Ég tel gersamlega út í bláinn ef það er ætlun hæstv. ríkisstjórnar að beita sér fyrir því að þessi tillaga falli sem ég trúi reyndar ekki.

Ég tel einnig að þegar fjárlagafrv. var samþykkt hafi legið til grundvallar sú forsenda að lögin um jöfnunargjald yrðu felld úr gildi og gildir þá einu hvort hugsanlegt sé að ná einhverjum nýjum samningum við okkar viðskiptalönd sem við höfum samninga við, þ.e. fyrst og fremst EFTA-löndin og einnig Evrópubandalagslöndin. Ég vek athygli á þessu vegna þess að af þeim óskýru svörum sem hæstv. ráðherrar gáfu má ætla að á grundvelli tillöguflutnings hæstv. iðnrh. hinn 16. mars í ríkisstjórninni sé til athugunar hjá hæstv. ríkisstjórn að greiða uppsafnaðan söluskatt frá fyrra ári og láta jöfnunargjaldið innheimtast í lengri tíma en fjárlög gera ráð fyrir. Ég vek athygli á þessu og tel að það væri hæstv. ríkisstjórn til sóma að takast á við þetta mál, sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið kunnugt um, áður en Alþingi er slitið. Ég verð að segja að ég harma það mjög ef hæstv. ráðherrar ætla að beita sér fyrir því að þessar tillögur falli en taka síðan í kjölfarið, eftir sínar eigin athuganir, ákvarðanir sem eru ekki í þeirra verkahring heldur í verkahring hv. Alþingis.

Ég leyfi mér að lokum, hæstv. forseti, að skora á hæstv. ráðherra að skoða nú vel sinn hug og kanna hvort ekki sé eðlilegt, þegar verið er að ræða um fjáraukalög vegna kjarasamninga á yfirstandandi ári, að skoða þetta mál með tilliti til yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga á sl. ári.

Auðvitað mætti hafa mörg fleiri orð um þetta. Ég skal viðurkenna að þetta er ekkert stórmál, það eru ekki neinir milljarðar sem verið er að tala um. Þetta er miklu minna mál en sá halli sem hefur myndast á ríkissjóði af ýmsum ástæðum, en þetta er þó grundvallaratriði hvernig fara á með þegar allar upplýsingar liggja fyrir í málinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú halda því fram að svörin sem gefin voru af minni hálfu hafi verið alveg skýr. Málið er til athugunar og ef niðurstaða af þeim athugunum sýnir að þarna sé fjárþörf og hún nákvæmlega metin, verður nákvæmlega búið um hnútana með það hvernig ljúka skuli þessum greiðslum, sem staðið hafa, eins og fram hefur komið hér, í 10 til 15 ár, á skipulegan hátt þannig að sanngjarnlega sé að málinu staðið, um leið og litið verði á hvernig best sé að ljúka jöfnunargjaldskerfinu. Við erum hér að tala um, eins og ég nefndi áðan, umþóttun frá einu fyrirkomulagi til annars sem við þurfum að meta vandlega. Þess vegna og líka af því að verkefni fjáraukalaga vegna kjarasamninga sem við ræðum nú er þröngt — og ber að skilgreina þröngt — ef ekki væri af öðru þá vegna fordæmis. Þetta allt saman gerir það að verkum að við höfum, eða ég a.m.k. sem hér stend hef lýst því skýrt og skilmerkilega hvernig ég vil að málinu standa. Ef hv. 1. þm. Reykv. telur sjálfur að tillöguflutningur eins og hann hefur hér

haft í frammi geti haft í för með sér að tillögurnar féllu, að ekki væri unnt að leysa þann vanda sem okkur báðum ber saman um að efnislega sé til staðar, þá bið ég hann mjög alvarlega að hugleiða það að kalla aftur þessar brtt. Hann hefur komið mjög rækilega á framfæri sínum góða vilja í málinu, hvert hugur hans stefnir, og hann getur líka vitnað til þess að hér hafi komið fram eindregnar yfirlýsingar um það af minni hálfu hvernig að málinu verði staðið og lausn þess. Þetta teldi ég að væri þinglega rétt aðferð hjá hv. þm. sérstaklega ef hann telur sjálfur að málinu sé í tvísýnu stefnt með slíkum tillöguflutningi á þessu stigi máls. Hér er alls ekki um það að ræða að ríkisstjórnin ætli að taka í sínar hendur fjárveitingaeða skattlagningarvald sem hún ekki hefur. Það er auðvitað alls ekki ætlunin heldur eingöngu þetta sem ég hef nefnt, að finna málinu réttan vettvang á réttum tíma við það tækifæri sem gefst í haust, eins og margyfirlýst er, til að fjalla að nýju um fjáraukalög vegna ársins 1990.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég verð að hryggja hæstv. ráðherra með því að mér finnst full ástæða til að láta á þetta mál reyna. Ef hæstv. iðnrh. hefði komið hér í ræðustól og sagt að hann skyldi sjá til þess að þetta gjald yrði ekki innheimt nema kannski í 1–2 mánuði umfram þá 6 sem um getur í fjárlögum, þá hefði ég sætt mig við þá niðurstöðu. En ég tel að svar hæstv. ráðherra, það sem hann sagði hér í þessum ræðustól, gefi fyllilega til kynna að hæstv. ríkisstjórn sé að hugsa um að taka inn miklu meiri tekjur en fjárlög gefa tilefni til. Og ég vek athygli hæstv. forseta og hæstv. ráðherra á því að ef gjaldið verður innheimt allt árið þýðir það að um það bil helmingi meiri tekjur koma í ríkissjóð en hv. Alþingi samþykkti þegar fjárlög voru afgreidd seint á síðasta ári. Þess vegna endurtek ég að mér finnst standa upp á hæstv. ríkisstjórn að gera ráðstafanir fyrir þinglok til að afla sér heimilda. Það liggja nokkuð skýrar upplýsingar fyrir í þessu máli, nægilega skýrar til þess að hægt er að taka ákvörðun á yfirstandandi þingi með þeim hætti sem Alþingi er sómi að.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk heilbrigðisáætlun, síðari umr.

Stjtill., 145. mál. — Þskj. 149, n. 1164.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun en það er svohljóðandi:

„Tillagan felur í sér að Alþingi álykti um íslenska heilbrigðismálastefnu til ársins 2000 í samræmi við áætlun sem sett er fram í tillögunni. Henni er skipt niður í níu kafla þar sem fram eru sett 37 tölusett markmið, flest í mörgum liðum, og inn á milli frásagnir sögulegs efnis, lýsing á stöðu mála og æskilegri þróun. Alls er ályktunartexti 16 blaðsíður. Greinargerð er stutt, en með henni er birt fylgiskjal sem er skrá yfir „verkefni sem þarf að framkvæma til þess að markmið heilbrigðisáætlunar náist".

Hvati að undirbúningi tillögunnar voru samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1984, en að tillögunni hefur verið unnið frá árinu 1986 og m.a. fjallað um hana á heilbrigðisþingi 1988. Hún var lögð fram til kynningar á Alþingi vorið 1989 en komst þá ekki til nefndar og liggur nú óðru sinni fyrir þinginu.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum. Í upphafi málsmeðferðar, 28. nóv. 1989, komu til viðræðna við nefndina Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og eftirtaldir formenn vinnuhópa sem undirbjuggu málið fyrir heilbrigðisþing 1988: Bjarni Þjóðleifsson læknir, Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Skúli G. Johnsen borgarlæknir og Örn Bjarnason forstjóri.

Þá leitaði nefndin umsagnar um tillöguna hjá 55 aðilum. Bárust umsagnir frá eftirtöldum: Hjúkrunarfélagi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Heilsuhringnum, Meinatæknafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands, Bergþóru Sigurðardóttur, héraðslækni Vestfjarða, heilbrigðismálaráði Vesturlands, Krabbameinsfélaginu, Stefáni Þórarinssyni, héraðslækni Austurlands, Geðhjálp, Öryrkjabandalagi Íslands, Samtökum heilbrigðisstétta, Jóhanni Ágústi Sigurðssyni, héraðslækni Reykjaness, Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað, heilbrigðismálaráði Norðurlandshéraðs eystra, Tannlæknafélagi Íslands, Almari Grímssyni lyfsala, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sjúkraliðafélagi Íslands, heilbrigðismálaráði Reykjaneshéraðs, Hollustuvernd ríkisins, stjórnarnefnd Ríkisspítala, læknaráði Landspítalans, Þórunni Pálsdóttur, hjúkrunarforstjóra geðdeildar Landspítalans, Apótekarafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið.

Í flestum umsögnum kom fram stuðningur við það áform að Alþingi álykti um heilbrigðisstefnu og geri áætlun til tíu ára í samræmi við þau. Jafnframt koma þar fram margar ábendingar og athugasemdir um efni tillögunnar bæði markmið og skýringar.

Nefndin fór yfir efni tillögunnar og umsagnir sem nefndinni bárust. Nefndin er sammála um að æskilegt sé að Alþingi marki langtímastefnu í heilbrigðismálum og geri áætlun um aðgerðir til að ná settum markmiðum. Við skoðun málsins komu hins vegar í ljós verulegir formgallar á framsetningu tillögunnar þar sem ekki er greint með skýrum hætti milli almennra markmiða í heilbrigðismálum og leiða eða aðgerða til að ná þeim fram. Þá eru í tillögunni langir kaflar sögulegs eðlis með ýmsum álitamálum sem ekki er rétt að ætla Alþingi að álykta um. Í fylgiskjali

með tillögunni er hins vegar skrá yfir mörg verkefni sem æskilegt gæti verið að Alþingi tæki afstöðu til.

Nefndin kynnti sér hvernig staðið hefur verið að afgreiðslu hliðstæðra mála í nokkrum Evrópulöndum. Í ljós kom að það er með mismunandi hætti og yfirleitt ekki um að ræða beinar ályktanir þjóðþinga. Í Noregi lagði ríkisstjórnin t.d. fram skýrslu um heilbrigðisáætlun, „Melding til Stortinget, St. meld. nr. 41 (1987–88)", sem rædd var í þinginu. Ekki var hins vegar stefnt að efnislegri ályktun um málið af hálfu Stórþingsins. Ástæða gæti verið til fyrir Alþingi að bera saman málsmeðferð varðandi stefnumarkandi mál hér og í þingum nágrannalanda, ekki síst þar eð þeim málum fer fjölgandi sem eiga rætur í samþykktum alþjóðastofnana. Ólík málsmeðferð tengist sumpart mismunandi starfsháttum þjóðþinga og þingnefnda. Yfirlit um þessi efni gæti einnig verið gagnlegt fyrir Stjórnarráðið og samskipti þess við Alþingi.

Nefndin telur nauðsynlegt að vanda til stefnumörkunar og áætlunar í heilbrigðismálum þannig að komi að sem bestum notum. Í fyrirliggjandi tillögu og umsögnum, sem um hana hafa borist, er góður efniviður, en nauðsynlegt er að vinna úr honum með nokkuð öðrum hætti en fyrir liggur. Nefndin hefur ekki aðstæður til að vinna það verk í það horf sem hún teldi þörf á. Þar eð hér er stjórnartillaga á ferðinni er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að viðkomandi ráðuneyti hafi hönd í bagga um svo viðamiklar breytingar á málinu.

Að höfðu samráði við heilbrrh. telur nefndin rétt að farið verði yfir málið í heild milli þinga með hliðsjón af ofangreindum ábendingum og framkomnum umsögnum og það lagt fram að nýju til ályktunar að hausti. Með vísan til þessa leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta álit rita nöfn sín allir nefndarmenn í hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skólamáltíðir, síðari umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 166. mál. — Þskj. 183, n. 1157.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Nál. félmn. um till. til þál. um skólamáltíðir er svohljóðandi:

„Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa og leggja fram lagafrv. sem tryggi að komið verði á máltíðum í hádegi í grunnskólum landsins haustið 1990.

Nefndinni bárust umsagnir um tillöguna frá fræðslustjórum á Austurlandi, í Reykjavík, á Suðurlandi, Vesturlandi, Skólaskrifstofu Reykjavíkur, Samfok - Samtökum foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fimm umsagnaraðilar taka undir efni tillögunnar og telja hana tímabæra, en tveir af umsagnaraðilum, stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólaskrifstofa Reykjavíkur vísa til þess að málið heyri nú undir sveitarfélögin eftir nýgerða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn Samfoks segir m.a. í sinni umsögn: „Við erum sammála flutningsmönnum tillögunnar um að vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu sé þörf á því að börn geti fengið næringarríkan mat í skólum. Við leggjum eindregið til að tekið verði upp sambærilegt fyrirkomulag og nú er í Kópavogi, þ.e. að hið opinbera greiði sem samsvarar launum fyrir einn starfsmann (matmóður) á hvern skóla og 25% af hráefniskostnaði, auk stofnkostnaðar á hverjum stað sem þyrfti ekki að vera mikill miðað við reynsluna í Kópavogi. Við viljum leggja áherslu á að við teljum heitar máltíðir ekki koma til greina." Lætur Samfok fylgja með álitsgerð frá dr. Öldu Möller matvælafræðingi frá liðnum vetri.

Fræðslustjórinn á Austurlandi, sem telur tillöguna tímabæra, tekur þó fram að í hans umdæmi sé „að öllum líkindum ekki grundvöllur fyrir skólamáltíðir umfram það sem nú er. Í umdæminu eru 28 grunnskólar. Heimavistarskólar eru fimm og heimanakstursskólar (daglegur akstur) tólf. Allir nemendur í daglegum akstri fá hádegismáltíð í skóla sínum. Aðrir skólar, ellefu talsins, eru í þéttbýli. Fólk fer nánast undantekningarlaust heim í hádeginu og skólinn gefur þar með matarhlé á sama tíma. Því hefur engin ósk komið fram um skólamáltíðir í þessum skólum og margir telja slíkt ekki vera á dagskrá."

Félmn. telur ekki rétt að hlutast til um það með lögum að sveitarfélögin tryggi hádegismat í grunnskólum eins og tillagan gerir ráð fyrir. Hins vegar er hér um að ræða nauðsynjamál sem lengi hefur verið á dagskrá og er jafnbrýnt hvort sem ríki eða sveitarfélög standa að rekstri skóla. Því telur nefndin eðlilegt að ríkið eigi um það viðræður við sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd hvernig koma megi sem fyrst á skólamáltíðum þar sem þörf er fyrir hendi. Með vísan til þess leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita nöfn sín allir fulltrúar í hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útreikningur þjóðhagsstærða, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 142. mál. — Þskj. 146, n. 1158, brtt. 1159.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér nál. um till. til þál. um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða. Álit félmn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar nokkurra aðila. Svör bárust frá Hagstofu Íslands, Náttúruverndarráði, viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnun. Verður hér getið nokkurra atriða úr umsögnunum.

Náttúruverndarráð fagnar hugmyndum um grunn að nýju þjóðarauðsmati og gagnaöflun um ástand og nýtingu auðlinda á hverjum tíma. Telur ráðið löngu tímabært að afla slíkrar vitneskju „enda er hún grundvöllur skynsamlegrar nýtingar auðlinda landsins".

Viðskipta- og hagfræðideild segir í umsögn sinni: „Nú er unnið að því á vegum Sameinuðu þjóðanna og nokkurra einstakra aðildarlanda að endurskoða þjóðhagsreikningagerð í því skyni að taka tillit til áhrifa umhverfismengunar og eyðingar náttúruauðlinda. Hagfræðingar hafa haldið því fram um margra ára skeið að slík endurskoðun væri nauðsynleg. Þorfin er sérstaklega brýn hér á landi þar eð fiskveiðar eru snar þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga."

Bæði Hagstofan og Þjóðhagsstofnun benda á að þótt margt megi finna að þeim aðferðum, sem nú er beitt við útreikinga á þjóðhagsstærðum, sé þar um alþjóðlega og samræmda hagsýslugerð að ræða. „Ljóst er og viðurkennt, ekki síst af hagfræðingum, að þær eru takmarkaðar og að ýmsu leyti ófullnægjandi," segir hagstofustjóri. Í umsögnum beggja koma fram ábendingar um takmarkanir núverandi reikningsaðferða, en einnig um gagnsemi þeirra. Þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna sé nú í endurskoðun, en ekki séu horfur á að við þá endurskoðun verði tekið sérstakt tillit til þeirra sjónarmiða sem fjallað er um í greinargerð með tillögunni og varða áhrif framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir.

Hagstofan og Þjóðhagsstofnun eru hins vegar sammála um að með tillögunni sé hreyft þörfu máli.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar segir þannig: „Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að í tillögunni um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða er hreyft hinu merkasta máli. Hins vegar er hér ekki um að ræða sérislenskt fyrirbæri. Vandamálið er þekkt víða um heim og ýmsar rannsóknir og tillögur í gangi. Að því marki, sem Þjóðhagsstofnun þekkir til þessa máls erlendis, virðist þróunin fremur vera í þá átt að tilraunir eru gerðar til þess að byggja upp sjálfstæð reiknikerfi til hliðar við hina hefðbundnu uppsetningu þjóðhagsreikninga. Enn sem komið er hafa þessar aðferðir ekki leitt til endurskoðunar á útreikningi þjóðhagsstærða eins og lagt er til í tillögunni. Í þessu sambandi má raunar geta þess að Sameinuðu þjóðirnar ásamt OECD vinna nú að lokaundirbúningi við endurskoðun á hinu alþjóðlega þjóðhagsreikningakerfi og er áformað að hið nýja reikningakerfi verði fullmótað á næsta ári. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum stórvægilegum breytingum í þá átt sem þessi tillaga fjallar um. Engu að síður er full ástæða til þess að Íslendingar fylgist vel með því sem aðrar þjóðir eru að fást við á þessu sviði og hagnýti sér niðurstöður þeirra eftir því sem ástæða þykir til og aðstæður leyfa. Hins vegar hlýtur það jafnan að vera mikið álitamál hvort Íslendingar eigi sjálfir að leggja út í sjálfstæðar rannsóknir á þessu sviði eða fremur að hagnýta sér reynslu annarra þjóða."

Í umsögn Hagstofunnar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Sterklega skal undir það tekið með flutningsmönnum að brýnt sé að efla skýrslugerð um umhverfisþætti sem mest. Í nokkrum nágrannaríkjum, ekki síst Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, hefur mikið kapp verið lagt á þetta síðustu árin. Íslendingar hafa ekki bolmagn til að stunda í verulegum mæli eigin rannsóknir á þessu sviði. Brýnt er því að þeim stofnunum, sem fást við hagmælingar og hagskýrslugerð, sé gert kleift og þær hvattar til að fylgjast vel með í þessum efnum. Loks er óhjákvæmilegt að hagskýrslugerð um umhverfismál og auðlindanýtingu verði skipulögð hér á landi sem allra fyrst. Þess má geta að Hagstofan hefur tekið nokkurn þátt í alþjóðasamstarfi á þessu sviði en henni hefur ekki verið kleift enn sem komið er að takast á hendur eigin skýrslugerð um þetta efni. Á því er þó áhugi á Hagstofunni og að því stefnt eftir því sem geta hennar leyfir.

Niðurstaða þess sem hér hefur verið sagt er sú að Hagstofan sé meðmælt því meginatriði sem hún álítur að felist í þingsályktunartillögunni, þ.e. að nauðsynlegt sé að efla mælingar á og skýrslugerð um umhverfisþætti og auðlindanýtingu til þess að unnt sé að taka tillit til þeirra atriða við mat á efnahags- og þjóðfélagsþróun og við stjórn þjóðarbúskaparins. Jafnframt sé nauðsynlegt að fylgjast sem best með þeim rannsóknum sem um getur í tillögunni og þeim tilraunum sem Norðmenn og aðrar þjóðir eru að gera til mælinga á þessum þáttum. Þessi mál eru þó ekki svo langt komin að efni standi til að tímabært sé að breyta þjóðhagsreikningagerð hér á landi. Ekki er heldur raunhæft að Íslendingar greini sig frá öðrum í þessu efni og taki upp aðrar aðferðir við mælingar og framsetningu þjóðhagsreikninga en tíðkast á alþjóðavettvangi. Fremur en að ályktað væri um endurskoðun grundvallar fyrir útreikning þjóðhagsstærða telur Hagstofan því vænlegra til árangurs að ályktað væri um skipulagningu reglubundinna mælinga og skýrslugerðar um umhverfismál og auðlindanýtingu."

Í greinargerð með tillögunni benda flutningsmenn á að í þeim aðferðum, sem mest er byggt á við ákvarðanir í efnahagsmálum hér á landi sem annars staðar, er ekki tekið tillit til þeirra hættumerkja sem hrannast upp vegna spillingar á umhverfi og eyðingar náttúrulegra auðlinda. Bent er á viðleitni nokkurra þjóða, t.d. Norðmanna, sem leitast hafa við að meta umhverfisþætti inn í þjóðhagsreikninga og koma á nýju þjóðarauðsmati. Fram kemur einnig í greinargerð að flutningsmenn gera sér grein fyrir að „þetta getur verið ýmsum erfiðleikum háð, en þeim mun brýnna er að byrja að þróa aðferðir sem skilað geta árangri".

Félmn. tekur undir ofangreind sjónarmið og telur mikilsvert að hagstofnunum hérlendis og rannsókna-

stofnunum verði gert kleift að fylgjast með á þessu sviði og þróa aðferðir sem komið geta að gagni við umrætt endurmat á útreikningi þjóðhagsstærða. Í umsögnum kemur fram að nauðsynlegt sé í þessu skyni að skipuleggja hagskýrslugerð um umhverfismál og auðlindanýtingu og efla rannsóknir og mælingar á umhverfisþáttum og nýtingu auðlinda. Jafnframt þurfi Íslendingar að nýta sér það sem aðrar þjóðir eru að fást við á þessu sviði.

Með vísan til þessa flytur nefndin brtt. við málið á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar þannig breyttrar."

Brtt. félmn., þskj. 1159, er svohljóðandi:

„1. Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða þar sem tekið sé tillit til áhrifa framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Í þessu skyni verði komið skipulagi á hagskýrslugerð um umhverfismál og nýtingu auðlinda og fylgst með því sem er að gerast erlendis á þessu sviði.

2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um nýjar aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða."

Mér láðist að geta þess, virðulegi forseti, þegar ég las nál. félmn. að að því standa allir fulltrúar í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, síðari umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 63. mál. — Þskj. 63, n. 1160.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nál. félmn. um till. til þál. um réttindi og skyldur á vinnumarkaði er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum og fékk um hana umsögn frá eftirtöldum: Alþýðusambandi Íslands og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, kjararannsóknarnefnd, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þá fékk nefndin á sinn fund vegna málsins Harald Finnsson, verkefnisstjóra starfsfræðsluverkefnis menntmrn., og Snorra S. Konráðsson, skólastjóra Félagsmálaskóla alþýðu.

ASÍ og MFA styðja þá hugmynd að Alþingi álykti um sérstakt átak til að kynna fólki á vinnumarkaði réttindi þess og skyldur og að skipuð verði sérstök nefnd til að fylgja því átaki eftir. Hins vegar benda þau á að VSÍ hafi skipað nefnd til að fjalla um ráðningar fólks á svokölluðum verktakasamningum. Á því vandamáli verði að taka og ekki megi tengja það sérstöku átaki til að kynna fólki á vinnumarkaði réttindi þess og skyldur.

BSRB tekur undir nauðsyn þess að kynna almenningi réttindi og skyldur á vinnumarkaði en telur ástæðu til að skoða mál er varða réttindi svonefndra verktaka í öðru samhengi.

Vinnuveitendasambandið mælir gegn samþykkt tillögunnar og tekur m.a. fram eftirfarandi: „Umfangsmikil fræðsla um réttindi og skyldur launþega á sér stað innan vébanda verkalýðshreyfingarinnar með styrk af ríkisfé. Má í því sambandi benda á stofnun Félagsmálaskóla alþýðu. Þá skipaði menntmrh. á síðastliðnu hausti nefnd til að fjalla um starfsfræðslu í skólum og samvinnu við atvinnulífið þar um, en nefndarskipunin er liður í fimm ára átaki ráðuneytisins til eflingar námsráðgjafar og starfsfræðslu í skólum. Verkefni nefndarinnar er m.a. að gera tillögur um heildarstefnu um starfsfræðslu í skólum og hvernig samstarfi skóla og atvinnulífs um þessi mál skuli háttað og þá væntanlega einnig hvort, og þá hvernig, tekið verður á fræðslu um réttindi og skyldur launþega. Verður því með engu móti séð að þörf sé sérstaks átaks í þessum málum."

Haraldur Finnsson, verkefnisstjóri starfsfræðsluverkefnis menntmrn., en í henni eiga sæti 11 manns, staðfesti það sem fram kom í umsögn VSÍ um verkefni nefndarinnar sem er nú að móta stefnu í verkefni sínu, m.a. námsráðgjöf og námsefni, og gæti efni þáltill. fallið vel að fyrirhuguðu átaki. Þá var haft samband við formann starfsfræðslunefndar, Gerði G. Óskarsdóttur, ráðgjafa menntmrh. í skóla- og uppeldismálum, og tók hún í sama streng. Skipun nefndarinnar er liður í fimm ára átaki menntmrn. til eflingar námsráðgjafar og starfsfræðslu í skólum.

Snorri S. Konráðsson skólastjóri sagði Félagsmálaskóla alþýðu reiðubúinn að vinna með fræðsluyfirvöldum að þessum málum, en á vegum skólans og MFA hefur verið efnt til starfsfræðsludaga í skólum í vetur í tilraunaskyni.

Blaðamannafélag Íslands og Félag starfsfólks í veitingahúsum taka undir efni tillögunnar. Blaðamannafélagið segir óhætt að fullyrða „að réttarstaða verktaka er mjög bágborin og hefur verið sýnt fram á að laun slíkra aðila þurfi að vera minnst 40–50% hærri en launamanns í sambærilegu starfi, eigi þeir að standa jafnir að vígi".

Varðandi málefni verktaka segir VSÍ m.a. í umsögn sinni að aðilar vinnumarkaðarins hafi í bókun með nýgerðum kjarasamningi „lýst því yfir að þeir muni á samningstímanum vinna að því að setja skýrar reglur og skilgreiningar á stöðu launþega annars vegar og verktaka og atvinnurekenda hins vegar. Af hálfu vinnuveitenda er þessi vinna þegar hafin þar sem samin hefur verið greinargerð um þessi efni."

Félmn. telur að með flutningi tillögunnar sé hreyft við þörfu máli sem nauðsynlegt er að sinnt verði betur en hingað til hefur verið gert. Hins vegar er ljóst af ofangreindu að á vegum aðila vinnumarkaðarins og Félagsmálaskóla alþýðu er hafin vinna að þeim málum sem fjallað er um í tillögunni. Þá er starfandi svokölluð starfsfræðslunefnd á vegum menntmrn. sem vinnur að tillögum um námsráðgjöf og starfsfræðslu. Formaður nefndarinnar og starfs-

maður telja að umfjöllun um fræðslu fyrir nemendur í grunnskóla og framhaldsskóla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði geti vel fallið að öðrum verkefnum nefndarinnar og telur félmn. æskilegt að á því máli verði tekið. Með vísan til þessa og í trausti þess að vel verði staðið að framkvæmd aðgerða til að kynna fólki réttindi þess og skyldur á vinnumarkaði leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir álitið rita allir fulltrúar í hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nám fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla, síðari umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 226. mál. — Þskj. 288, n. 1161, brtt. 1162.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nál. félmn. um till. til þál. um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla er svohljóðandi:

„Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin kanni hvernig nýta megi aðstöðu í héraðs- eða heimavistarskólum í þágu fatlaðra til náms að loknum grunnskóla.

Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá svæðisstjórnum fatlaðra á Austurlandi, Norðurlandi vestra, Reykjanesumdæmi, Reykjavík og Vestfjörðum, svo og frá fræðslustjórum á Austurlandi, Reykjavík, Suðurlandi og Vesturlandi.

Umsagnaraðilar telja efni tillögunnar áhugavert nema svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra sem segir í umsögn sinni m.a.: „Með tilkomu nýrra framhaldsskólalaga, þar sem gert er ráð fyrir að fatlaðir stundi nám í framhaldsskólum við hlið ófatlaðra, verður að reikna með að það sé það form sem fatlaðir vilja nýta sér. Nú er það svo að um 25 framhaldsskólar opnast fötluðum með þessum lögum. Í hverjum landshluta er starfræktur einn eða fleiri framhaldsskólar. Hlutverk þeirra verður samkvæmt nýju lögunum að koma upp námstilboðum fyrir fatlaða hvort sem það verður með algjörri blöndun eða í sérdeildum. Menntmrh. skipaði á síðasta ári starfshóp sem vinnur að því að skipuleggja námsbraut þroskaheftra við Fjölbrautaskólann á Norðurlandi vestra. Allt bendir til þess að námsbraut þessi verði með svipuðu sniði og gert er ráð fyrir í greinargerð með þáltill. um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskólum. Það er því álit svæðisstjórnar að ekki eigi að leita eftir að nýta heimavistarskóla á þann hátt sem þáltill. gerir ráð fyrir, heldur beri að leggja aukna áherslu á að fötluðum verði gert kleift að stunda framhaldsnám við almenna framhaldsskóla."

Umsagnaraðilar minna á þá stefnu að fatlaðir séu við nám með öðrum nemendum og alls ekki megi stefna að sérstofnunum fyrir þá nema aðrar leiðir séu lokaðar.

Fræðslustjórinn á Austurlandi segir m.a.: „Framhaldsskólinn stendur nú á tímamótum. Það þarf að gera honum kleift að sinna þessum málum. Til þess þarf hann að fá vitneskju um fjölda fatlaðra, hver fötlun þeirra er og leggja síðan fram rökstuddar áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað vegna þessara mála. Það er svo hárrétt sem segir í greinargerð að sumir héraðs- og heimavistarskólar eru ekki nýttir sem skyldi og vissulega væri þetta verðugt verkefni fyrir þá — einn eða fleiri."

Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanessvæði segir m.a.: „Það er ákaflega mikilvægt og brýnt að styrkja félags- og skólastarf fatlaðra og stuðla að því að þeir afli sér í auknum mæli framhaldsmenntunar. Í því sambandi telur svæðisstjórn mikilvægast að undirstrika réttindi fatlaðra samkvæmt lögum um framhaldsskóla og nauðsyn þess að fatlaðir eigi kost á sambærilegum námstilboðum og ófatlaðir í almennum framhaldsskólum. Því til viðbótar telur svæðisstjórn vel þess virði að reyna í framkvæmd þær hugmyndir sem fram koma í þáltill. og leggur til eftirfarandi útfærslu á hugmyndinni:

1. Þróaður verði fyrst um sinn einn skóli samkvæmt þessum hugmyndum og verði hann starfræktur sem lýðháskóli.

2. Lögð verði áhersla á blöndun fatlaðra og ófatlaðra. Samsetning nemenda verði með líkum hætti og Peter Morset skólinn í Noregi sem nefndur er í tillögunni."

Til viðtals við nefndina komu Kolbrún Gunnarsdóttir, sérkennslufulltrúi í menntmrn., og Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félmrn.

Félmn. telur æskilegt að kannað verði hvort koma megi til móts við námsþarfir fatlaðra sem ekki hafa aðstöðu til náms í heimangönguskóla á framhaldsskólastigi með því að tryggja þeim aðstöðu í heimavistarskólum með öðrum nemendum á sama skólastigi. Nefndin flytur tillögu um breytingu á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar."

Undirritað af öllum fulltrúum í hv. félmn. Brtt. nefndarinnar á þskj. 1162 er svohljóðandi:

„1. Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig koma megi til móts við námsþarfir fatlaðra sem ekki hafa aðstöðu til að sækja heimangönguskóla að loknum grunnskóla, með því að þeir fái aðstöðu til að stunda fjölbreytt nám með öðrum nemendum í héraðsskólum eða öðrum heimavistarskólum.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um námsaðstöðu fyrir fatlaða í heimavistarskólum."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi, síðari umr.

Þáltill. RG o.fl., 365. mál. — Þskj. 626, n. 1163.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Nál. félmn. um till. til þál. um lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og rætt efni hennar við heilbr.- og trmrn., en á þess vegum hefur starfað nefnd til að fjalla um rétt kvenna á vinnumarkaði til greiðslna fæðingarorlofs. Tillagan gerir ráð fyrir að nefnd þessi taki jafnframt til athugunar lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi. Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

„Það er ljóst að foreldrar, sem njóta fæðingarorlofs, geta lent í því að fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar nemi samtals mun lægri upphæð en mánaðarlaunum þeirra áður og auk þess missa þeir þá jafnframt rétt til greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóð meðan á fæðingarorlofi stendur. Þessir foreldrar eru skráðir starfsmenn á vinnustað, en teljast taka launalaust leyfi og fara því út af launaskrá. Þar af leiðandi eru engar launatengdar greiðslur inntar af hendi í þeirra þágu. Auk þess að missa af iðgjaldagreiðslum í sex mánuði, meðan á orlofi stendur, er viðkomandi starfsmaður að hluta til réttindalaus í sínum lífeyrissjóði þá mánuði sem hann greiðir ekki í sjóðinn ... Nú er fæðingarorlof orðið sex mánuðir og er það því veruleg réttindaskerðing að hafa ekki tækifæri til að viðhalda lífeyrisréttindum í þann tíma."

Fram hefur komið að nefnd heilbr.- og trmrn., sem ráðherra skipaði í október 1989 í kjölfar kjarasamninga, hafi fjallað nokkuð um það efni sem áhersla er lögð á í tillögunni og gert tillögur þar að lútandi til ráðherra.

Nefndin telur að með tillögunni sé hvatt til lausnar á réttlætismáli og leggur áherslu á að á því verði tekið af stjórnvöldum. Með vísan til þess að heilbr.- og trmrh. hefur lýst vilja sínum til að svo verði gert og nefnd á hans vegum hefur fjallað um málið er lagt til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Að áliti þessu standa allir fulltrúar í hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðsla fyrir útlendinga búsetta á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. DS o.fl., 299. mál. — Þskj. 535, n. 1182.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Nál. félmn. um till. til þál. um skipulega fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi hljóðar svo:

„Tillagan gerir ráð fyrir að séð verði til þess að útlendingar, sem setjast að á Íslandi, hljóti skipulega fræðslu og leiðsögn til að auðvelda þeim að takast á við daglegt líf. Talin eru upp nokkur atriði sem fræðslan eigi einkum að ná til.

Nefndin fékk umsögn um till. frá Bandalagi kennarafélaga, félaginu Germania, Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, Samtökum um kvennaathvarf, Rauða krossi Íslands og Thailensk-íslenska félaginu.

Á fund nefndarinnar komu vegna málsins Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félmrn., og Guðrún Ágústsdóttir, aðstoðarmaður menntmrh.

Allir umsagnaraðilar lýsa yfir stuðningi við þáltill. og gefa ýmsar ábendingar varðandi efni hennar.

Félagsmálastjórinn í Hafnarfirði, Marta Bergmann, sem jafnframt er formaður Samtaka félagsmálastjóra, greinir frá því að hún hafi á síðari hluta árs 1989 ritað félmrh. bréf vegna bágrar stöðu nokkurra austurlenskra kvenna í Hafnarfirði og rekur efni þess í umsögn sinni. Þá segir orðrétt: „Eftir að hafa vakið athygli ráðherra á vanda þessa þjóðfélagshóps kynnti undirrituð málið fyrir Samtökum félagsmálastjóra í Íslandi á sl. haustfundi. Sumir félagsmálastjórar könnuðust við þennan vanda en ekki var vitað hve mikill hann væri fyrr en á þessum fundi.

Fyrir hönd Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi vill undirrituð fagna fram kominni þáltill. þar sem tekið er á þeim þætti er varðar fræðslu fyrir útlendinga sem setjast vilja hér að. Nánar tiltekið fjallar till. um íslenskukennslu, fræðslu um réttindi og skyldur íslenskra þjóðfélagsþegna, fræðslu um íslenskt þjóðfélag og helstu stofnanir þess. Loks fjallar till. um fræðslu um sögu landsins og staðhætti, íslenska menningu og þjóðlíf. Að mati Samtaka félagsmálastjóra á Íslandi er fræðsla um alla framantalda þætti nauðsynleg þeim útlendingum sem setjast vilja hér að. Samtökin vilja þó koma með ábendingu um viðbót við fræðsluefnið, þ.e. fræðslu um réttarstöðu erlendra ríkisborgara sem hyggjast setjast að á Íslandi. Einnig telja samtökin þörf á því að skýrar sé kveðið á um þessa réttarstöðu í lögum.

Þá vill undirrituð bæta því við í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af þessum málum hjá Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, að tryggja þurfi að allir þeir útlendingar, sem hyggjast setjast hér að fái vitneskju um hina fyrirhuguðu fræðslu og að þeim verði gert kleift að njóta hennar óháð tekjum og búsetu."

Í umsögn frá Samtökum um kvennaathvarf segir m.a.: „Til okkar í Kvennaathvarfið hafa á síðastliðnu ári leitað konur frá ellefu löndum öðrum en Íslandi. Hafa þær leitað stuðnings símleiðis eða komið til okkar í viðtöl. Þar af hafa komið til dvalar konur frá sjö erlendum ríkjum. Þessar konur hafa allar utan ein verið í sambúð með eða verið giftar íslenskum mönnum. Þær hafa ekki sótt námskeið í íslensku og þó ekki væri nema þess vegna eru þær einangraðar í íslensku samfélagi. Sjö þessara kvenna komu frá öðrum menningarsvæðum en hinu vestræna og höfðu litla sem enga þekkingu á lagalegri stöðu sinni á Íslandi. Vegna málleysis og upplýsingaskorts hafa konur

þessar haft alls kyns ranghugmyndir um rétt sinn og það hefur m.a. orðið til þess að þær hafa ekki slitið annars vonlausum samböndum.

Algengt er að þær konur, sem til okkar hafa leitað, hafi fengið villandi upplýsingar um að við skilnað yrði þeim skilyrðislaust vikið úr landi og að þær misstu við það forræði yfir börnum þeim sem þær ættu með íslenskum mönnum.

Þessar konur hafa ekki vitað um félagslegan stuðning við einstæðar mæður. Þær hafa t.d. ekki vitað um meðlög og mæðralaun, barnabætur og tímabundna aðstoð frá sveitarfélögum. Við þekkjum dæmi þess að erlendar konur hafi skrifað undir kaupmála þar sem þær hafa afsalað sér tilkalli til allra eigna án þess að hafa vitað undir hvað þær voru að skrifa.

Þrátt fyrir þessar lýsingar hvarflar ekki að okkur að íslenskir karlmenn, sem giftast erlendum konum, geri sér það almennt að leik að mata þær á ranghugmyndum. Okkur þykir það hins vegar sjálfsagt að bjóða nýja þjóðfélagsþegna velkomna með þeim hætti sem lagt er til í þáltill., enda hlýtur slíkt að skila sér í ánægðari og nýtari þjóðfélagsþegnum."

Í umsögn frá Rauða krossi Íslands segir: „Rauði kross Íslands fagnar fram kominni þáltill. Í viðbót við góða íslenskukennslu er þörf á fræðslu um íslenskt þjóðfélag, réttindi og skyldur þegnanna, sögu lands og þjóðar og menningu. Ekki væri óeðlilegt að slík fræðsla væri bundin við veitingu ríkisborgararéttar.

Ríkisstjórn Íslands hefur á liðnum árum beðið Rauða krossinn aðstoðar þegar tekið hefur verið á móti hópum flóttamanna. Hér hefur því fengist reynsla af þessum málum og er Rauði krossinn fús til að miðla af henni sé þess óskað."

Fulltrúar félmrn. og menntmrn., sem komu á fund nefndarinnar, greindu frá því að unnið væri að því í samvinnu ráðuneytanna að koma út bæklingi með fræðsluefni fyrir útlendinga sem hér ætla að setjast að. Ráðinn hefur verið maður til að taka saman efni í bæklinginn. Tilefni þess að farið var að huga að þessu var vandi kvenna frá fjarlægum menningarsvæðum, einkum Suðaustur-Asíu, sem hingað eru komnar. Hins vegar væri miðað við að bæklingurinn nýttist öllum útlendingum, konum sem körlum, og yrði afhentur fólki við komuna til landsins. Meðal efnis yrðu upplýsingar um dvalarleyfi og atvinnuleyfi, almannatryggingar, heilsuvernd, dagvistarmál, íslenska skólakerfið, húsnæðismál og skatta. Rætt er um að koma bæklingnum út á a.m.k. þremur tungumálum: tælensku, ensku og spönsku. Jafnframt væri í undirbúningi að koma á námskeiðum fyrir fólk frá fjarlægum heimshlutum og leita samstarfs við Rauða krossinn um framkvæmd þeirra. Fulltrúar frá dómsmrn. og útlendingaeftirliti hafa tekið þátt í undirbúningi þessa máls. Fjármagn vantar til að standa straum af kostnaði við þetta starf, en menntmrn. ráðgerir að sækja um fjárveitingu vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga á fjárlögum 1991.

Alls munu hér búsettar um 100 konur frá Tælandi og Filippseyjum og bættust 17 í hópinn á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

Félmn. telur að með þáltill. sé vikið að brýnu máli sem nauðsynlegt er að brugðist verði við á jákvæðan hátt. Fram hefur komið að af hálfu stjórnvalda eru ákveðnar aðgerðir í undirbúningi og er brýnt að þær komist til framkvæmda sem fyrst. Í því skyni þarf Alþingi að veita fjárhagslegan stuðning. Mestu varðar að útlendingar, sem hér setjast að, fái upplýsingar um réttindi sín og skyldur og aðgang að kennslu í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag. Í trausti þess að vel verði að þessum málum staðið framvegis leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir hv. fulltrúar í félmn. undirrita þetta nál.

Ég hygg þá, virðulegi forseti, að ég hafi mælt fyrir þeim álitum og afgreiðslu félmn. á þeim málum sem á dagskrá voru. Ég vil að endingu nefna það að félmn. lauk störfum þann 30. apríl eftir að hafa haldið mjög marga fundi á þessu þingi. Hún afgreiddi frá sér til samþykktar ellefu þáltill. sem þingið hefur ýmist tekið afstöðu til eða liggja nú fyrir þessum fundi. Hún lagði til að sjö þáltill. yrði vísað til ríkisstjórnar, og afgreiddi með þeim hætti samtals átján þingmál. Ellefu mál hlutu ekki fullnaðarafgreiðslu í nefndinni en um mörg þeirra var fjallað með einhverjum hætti þó að ekki væru þau afgreidd til þingsins aftur. Þetta var stutt yfirlit yfir störf nefndarinnar á því þingi sem nú er senn að ljúka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, fyrri umr.

Þáltill. EH o.fl., 556. mál. — Þskj. 956.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins sem ég flyt ásamt hv. 11. þm. Reykn. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á því hvort ákvæði um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins eða önnur ákvæði heimili fjárveitingar til bættra samgangna, vega, stórbrúa og jarðgangagerðar sem nauðsynlegs hluta varnarkerfis landsins. Jafnframt verði kannað hvort fordæmi eru fyrir fjárveitingum í öðrum ríkjum bandalagsins til samgangna, fjarskipta og flugvallargerðar af hálfu þess."

Efni þessarar till. á við inn í þá umræðu sem hér hefur farið fram í kvöld og nótt um vegamálin en því miður eru nú fáir orðnir viðstaddir. Í till. er fjallað um hluti sem í sjálfu sér verða að teljast til grundvallaratriða í vörnum hvers lands. Þar er átt við greiðar og góðar samgöngur. Á það við hvort sem um er að ræða

ástand á hættutímum eða í þágu almannavarna landsins. Þar er um að ræða ráðstafanir sem allar þjóðir álfunnar hafa lagt mikla áherslu á að byggja upp, ekki aðeins vegna hugsanlegs hernaðarástands heldur einnig vegna annarrar almannahættu, vegna náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta og eldgosa sem hætta er af hér á landi öðrum fremur.

Í umræðunni sem átt hefur sér stað hér á landi um varnir landsins hafa þessir þættir mála legið furðu mikið í láginni af einhverjum ástæðum. Er það mjög til vansa hve við höfum vanrækt að koma hér upp öflugu almannavarnakerfi. Hugsanlegt stórslys í Gufunesi hefur þó síðustu daga leitt hugann að þessum málum og nauðsyn þess að hér séum við miklu meira á varðbergi en verið hefur. Með öðrum þjóðum hafa almannavarnir og varnir landsins verið tengdar saman í mun meiri mæli en hér á landi. Nægir í því efni að vitna til reynslu Norðmanna og samstarfs þeirra við Atlantshafsbandalagið á þessum sviðum.

Þó er það svo, og það er mergurinn málsins, að mikil samvinna hefur átt sér stað milli varnarliðsins og íslenskra aðila á liðnum áratugum varðandi stórmiklar verklegar framkvæmdir. Nægir þar að nefna hina umfangsmiklu starfsemi Aðalverktaka, ríkasta félags landsins, sem annast hefur yfirstjórn og framkvæmdir fyrir milljarða króna á hverju ári fyrir varnarliðið. Nýjustu dæmi um það eru höfnin í Helguvík, ratsjárstöðvar, olíugeymar, flugskýli og íbúðarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Leika þar framkvæmdir á 3–4 milljörðum kr. árlega. Slíkt hefur þótt eðlilegt og sjálfsagt, enda eru þær eðlilegur hlekkur í varnarstefnu landsins. Þær framkvæmdir hafa hins vegar verið í höndum fámenns verktakafélags sem einokunaraðstöðu hefur haft á þessum markaði.

Það skýtur þess vegna mjög skökku við og sýnir málefnalega tvöfeldni, svo að ekki sé meira sagt, þegar menn leggja blessun sína yfir slíkar framkvæmdir áratugum saman, en kenna hugmyndir um eflingu samgangna, vega, brúa og jarðgangagerðar sem gagnast almannavörnum og þjóðinni allri við hermang og annað verra. Erfitt er að sjá rökvísina í málflutningi þeirra sem þannig tala og lagst hafa á undanförnum árum gegn því að Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins gangi til samvinnu við Íslendinga um önnur brýn varnarverkefni en þau sem Aðalverktakar hafa hingað til unnið fyrir varnarliðið. Hér er vitanlega um algerlega sambærileg mál að ræða og því fásinna ein að kenna þær hugmyndir sem reifaðar eru í þessari tillögu við það að með því séu Íslendingar að hagnast óeðlilega á varnarliðinu sem hér dvelst í okkar þágu. Í slíkri gagnrýni felst ekkert annað en hræsni og yfirdrepsskapur á sama tíma og grænt ljós er gefið á byggingu nýrra ratsjárstöðva í öllum landsfjórðungum og byggingu hinnar stóru olíubirgðahafnar í Helguvík. Það ætti öllum að vera ljóst sem ofstækislaust líta á þessi mál.

Til ítrekunar þessum orðum og gagnvart þeim rökum að dagar varnarbandalaga séu taldir eftir atburðina í Austur-Evrópu vil ég vitna í greinargerð tillögunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestir þeir sérfræðingar, sem um alþjóðamál fjalla, eru þeirrar skoðunar að sú mikla og merkilega þróun, sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur-Evrópu síðasta missirið, muni ekki leiða til þess að varnarbandalög álfunnar verði lögð niður. Hlutverk þeirra muni hins vegar verða annað og breytt í framtíðinni. Þannig má gera ráð fyrir því að með aukinni afvopnun stórveldanna á höfunum verði enn meiri þörf en nú er á virku eftirliti með því að slíkir alþjóðasamningar verði haldnir. Mikilvægi Norður-Atlantshafsins í þessum efnum mun ekki fara minnkandi. Eftir sem áður verður það mikilvægasta birgðaflutningaleiðin milli Ameríku og Evrópu. Hlutverk Íslands mun því að margra dómi verða enn þýðingarmeira en áður við eftirlitsstörf með umsvifum þeirra þjóða sem hér eiga í hlut. Atlantshafsbandalagið fær hér nýtt og aukið hlutverk á þessu sviði og engin ástæða er til að ætla að það hverfi af sjónarsviðinu af þessum sökum um alllanga framtíð. Aðild okkar að því mun áfram tryggja varnar- og öryggishagsmuni okkar í þeirri afvopnunarþróun sem nú er sem betur fer að hefjast."

Þessu næst vil ég fara nokkrum orðum um vegamálin en ástand þeirra gaf mér m.a. tilefni til flutnings þessarar tillögu. Efni þáltill. hefði þó fyrir löngu þurft að vera komið til framkvæmda. Í vegamálum blasir nú við stórfelldur niðurskurður framkvæmda frá samþykkt vegáætlunar sl. vor þannig að ekki hefur horft eins illa um árabil. Gildir þar einu þótt settar séu á blað till. um flýtingar á framkvæmdum án þess að nokkurt fjármagn standi þar á bak við. Það eru ný sannindi ef hægt er að stórflýta framkvæmdum í vegamálum á sama tíma og fé er stórskert til framkvæmda.

Ef horft er aðeins til baka má minnast þess að 1981 sameinuðust þingmenn allra flokka á Alþingi um till. til þál. um að undirbúin skyldi langtímaáætlun í vegagerð. Höfðu legið fyrir þingunum þar á undan tillögur í vegamálum sem náðu nú fram að ganga í einni tillögu. Í henni voru sameinuð sjónarmið stjórnar og stjórnarandstöðu um fjármögnun hennar og þannig lagður góður grunnur að máli sem þingheimur sameinaðist um. Að loknum undirbúningi og á grundvelli fyrrnefndrar tillögu var lögð fram á þinginu 1982–1983 tillaga um langtímaáætlun í vegagerð. Skyldi samkvæmt henni varið til vegamála á árinu 1983 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu. Á árinu 1984 skyldi þetta hlutfall vera 2,3%, en árin 1985–1994 2,4%. Fjármagninu var skipt á þrjú tímabil á árunum 1983–1994. Skipting útgjalda var og tímasett með sama hætti og skipt á verkefni. Áætlunin skyldi endurskoðuð fjórða hvert ár og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk. Í tillögum sjálfstæðismanna frá 1978, sem tekið var tillit til við samning langtímaáætlunar, er sett fram það markmið að leggja bundið slitlag á hringveginn, tengingu í alla fjölbýlisstaði, svo og fjölförnustu dreifbýlisvegi á næstu 10–15 árum. Vegna óstöðugleika í stjórnarfari um þetta leyti var langtímaáætlun aldrei afgreidd. Eigi að síður hefur verið höfð hliðsjón af henni eins og hún hefði verið samþykkt.

Þrátt fyrir þá samstöðu sem náðist um langtímaáætl-

un hefur brugðist að standa við fjármögnunina. Þannig voru fjárveitingar til vegamála 1982 1,76% af vergri þjóðarframleiðslu í stað 2,2% en er nú komin niður undir 1% í stað 2,4%. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn til vega tókst þó að leggja á varanlegt slitlag þessi árin sem hér segir: Árið 1986 279 km, 1987 305 km, 1988 256 km, 1989 152 km og í ár, 1990, er áætlað aðeins um 100 km. Er þetta slæm þróun síðustu tvö árin.

Sem dæmi um hvernig að málum þessum hefur verið staðið í tíð núv. stjórnar er að á sl. ári voru 700 millj. kr. sem lagðar voru á umferðina teknar beint í ríkissjóðshítina. Nú blasir við, ef vegáætlun verður afgreidd eins og horfir, að við bætist 1 milljarður í niðurskurð. Eftir atvikum mátti þó una við framkvæmdir árið 1990 ef það hefði staðið sem samþykkt var í maí fyrir ári síðan. En því er ekki að heilsa. Langtímaáætlun hefur því aldrei staðið eins illa.

Ég vil þessu næst, með leyfi forseta, vitna örfáum orðum í erindi er einn af virtustu embættismönnum landsins, Helgi Hallgrímsson aðstoðarvegamálastjóri, flutti á mannvirkjaþingi árið 1990. Eftir að hafa skýrt frá áætlun um fjármögnun til framkvæmda 1990 segir hann:

„Á föstu verðlagi er þetta heldur minna en var á síðasta ári. Á hinn bóginn er þetta miklu minna en vera átti á þessu ári 1990 samkvæmt vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Raunminnkun er um 1 milljarður kr. og veldur hún miklum höfuðverk hjá alþingismönnum um þessar mundir, en þeir þurfa að beita hnífnum óspart. Enn fremur veldur þetta miklum vanda hjá þeim sem undirbúa, skipuleggja og framkvæma eiga verkin."

Og enn fremur segir Helgi Hallgrímsson: „Þrátt fyrir lögboðna tekjustofna gengur ekki alltaf vel að skapa festu í fjármálum. Stundum ákveður Alþingi að nota peningana í annað, þrátt fyrir lögin. Stundum skirrast menn við að hækka stofnana í takt við verðlagsþróun. Þetta skeður þrátt fyrir að vegáætlun er æ ofan í æ samþykkt með þeirri stefnumörkun að nýta skuli tekjustofna til fulls og ráðast í nýja, fjárfreka verkefnaflokka. Ein slík stefnumörkun var samþykkt við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi sl. vor. Þar var ákveðið að ráðast af auknum krafti í ýmis stórverkefni, svo sem jarðgöng, stórbýr og vegagerð á höfuðborgarsvæðinu, miðað við að fjármagn ykist að því marki að almenn vegagerð og bundin slitlög héldu sínum hlut að mestu. Var það reyndar grundvallaratriði vegna þess hve mikið er þar ógert. Þessi aukning skilar sér ekki á þessu ári eins og fram kom hér á undan. Væru tekjustofnar fullnýttir gæfu þeir 500–700 millj. kr. í viðbót við það fjármagn sem nú er til umráða."

Í lok máls síns segir Helgi Hallgrímsson: „Tilgangur þessa mannvirkjaþings er að fá yfirlit um líklegar framkvæmdir á árinu 1990. Mig langar þó í lokin að skyggnast aðeins lengra. Í vegagerðinni höfum við reynt að meta þörf fyrir fjárfestingu í vegamannvirkjum næstu 20 árin. Og áætlaður kostnaður við uppbyggingu vegakerfisins lítur þannig út: Höfuðborgarsvæðið 15 milljarðar. Jarðgöng 14 milljarðar. Stórbrýr og fjarðaþveranir 3 milljarðar. Stofnbrautir, önnur verkefni, 21 milljarður. Þjóðbrautir 16 milljarðar. Samtals 69 milljarðar. Sum þessara verkefna eru mjög brýn og öll æskileg. Sé miðað við að ljúka þessu á 20 ára tímabili þarf 3½ milljarð á ári." Innskot mitt: Hvað verða margir eftir á landsbyggðinni með sömu þróun ef þetta á að vera óbreytt allt þetta árabil?

Helgi Hallgrímsson heldur áfram: „Hafa ber einnig í huga að útgjöld vegna þjónustu á vegakerfinu, reksturs þess og viðhalds mun fara vaxandi á næstu árum. Ljóst er því að nýta verður núverandi tekjustofna til fulls. Jafnframt verður að huga að nýjum tekjuöflunarleiðum. Má þar nefna veggjald, eins og verið hefur til umræðu í Hvalfirði, eða svæðisbundið bensíngjald, eins og rætt hefur verið í tengslum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í hugum okkar vegagerðarmanna er ekki vafi á því að kröfur til vegakerfisins og þjónustunnar þar munu fara vaxandi á næstu árum. Til að standast þær kröfur þarf verulega aukið fjármagn."

Eins og fram kemur í erindi Helga Hallgrímssonar kalla verkefnin á fjármagn í öllum kjördæmum landsins. Nefna má t.d. eftirfarandi dæmi í Suðurlandskjördæmi:

1. Ný Markarfljótsbrú, sem fyrir löngu hefði þurft að vera komin.
2. Ný brú á Kúðafljót, sem auk þess að tengja byggðirnar í Austur-Skaftafellssýslu er mikil samgöngubót fyrir Austurland.
3. Jarðgöng í gegnum Reynisfjall.

Í öðrum kjördæmum má benda á að á höfuðborgarsvæðinu kalla miklar stórframkvæmdir á stóraukið fjármagn. Ný Breiðafjarðarferja hefur nýlega verið tekin í notkun en stórframkvæmdir vantar beggja megin í tveimur kjördæmum. Má þar nefna jarðgöng á Vestfjörðum til að hafa sem best not af ferjunni. Þar er nú gerð tilraun til að flýta framkvæmdum, en fjármögnun virðist vera á brauðfótum og er vont að gefa mönnum vonir ef ekki er staðið við þær.

Fyrir ári síðan var úthlutað í vegaverkefni í öllum byggðum landsins einum milljarði meira en gert er með þeirri breytingu á vegáætlun sem nú er verið að afgreiða. Sporin hræða. Og þessi niðurskurður er gerður með einu pennastriki án þess að stjórnarliðar blikni. Að þessu sögðu er ekki ástæða til nú þegar fyrir liggur að stjórnvöld hafa hálfgefist upp við að leysa fjárhagsvanda samgangna á landi að horfa til fleiri tekjustofna og þá að minnast þess að með góðum samgönguleiðum um land allt eru raunverulegar varnir og almannavarnir landsins tryggðar.

Virðulegi forseti. Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til fjvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

99. fundur, laugardaginn 5. maí, kl. 10 árdegis.

Læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 1251, n. 1265.

Frsm. heilbr.- og trn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á læknalögum nr. 53/1988 frá heilbr.- og trn. Þar segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur H. Garðarsson, Valgerður Sverrisdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv,.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 2. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 893, n. 1262.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 893 eftir afgreiðslu Nd.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Þess ber að geta að Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson undirrita frv. með fyrirvara.

Umræðu frestað.

Búnaðarmálasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (heildarlög). — Þskj. 1252, n. 1261.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til laga um Búnaðarmálasjóð og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fyrir nefndina. Allir nefndarmenn mæla með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

100. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum 99. fundi.

Læknalög, 3. umr.

Stjfrv., 422. mál (sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.). — Þskj. 1251.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1278).

Búnaðarmálasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (heildarlög). — Þskj. 1252.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1279).

Yfirstjórn umhverfismála, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1255, n. 1268, 1275 og 1277, brtt. 1276.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Sigl-

ingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála. Nál. er frá meiri hl. allshn.

Nefndin hefur fjallað um frv. en efni þess var rætt ítarlega í nefndinni fyrr á þessu þingi er hún hafði til umfjöllunar 129. mál, um Stjórnarráð Íslands. Fékk nefndin þá á sinn fund fulltrúa margra þeirra stofnana sem málið varðar og gerðu þeir grein fyrir afstöðu sinni.

Við meðferð málsins í Nd. var tekið tillit til ýmissa ábendinga sem komu fram við þessi nefndarstörf og í þeim búningi hefur Ed. fengið frv. Í því formi sem frv. er nú er skapaður grundvöllur til að fjalla nánar um ýmsa þætti þessara mála með endurskoðun laga sem því tengjast. Við þá endurskoðun er nauðsynlegt að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um þetta mikilvæga mál og sameina krafta allra þeirra sem að því vinna. Þrátt fyrir þær deilur sem orðið hafa á Alþingi nú í vetur eru allir sammála um mikilvægi þessa málefnis og nauðsyn þess að vinna að þeim eins vel og nokkur kostur er og við höfum bolmagn til. Á þessu sumri verður unnið að því að endurskoða ýmis lög sem þessu tengjast og breyta þeim í þá átt sem heppilegast verður þá talið.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og Nd. afgreiddi málið. Minni hl. mun skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar skipa Jón Helgason, Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson og Skúli Alexandersson. Auk þess sat Sveinn G. Hálfdánarson lokafund nefndarinnar um málið og lýsti sig samþykkan afstöðu meiri hl.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. allshn. Þetta mál er nú komið að lokaafgreiðslu á hv. Alþingi. Ég verð að segja að ég hefði viljað sjá þetta mikilvæga mál afgreitt með meiri reisn hér á hv. Alþingi en raun ber vitni. Ég vil við lokaafgreiðslu málsins leyfa mér að minna á að allar götur frá 1975 hefur Sjálfstfl. haft frumkvæði um að flytja frv. um umhverfismálin svo öllum má vera ljóst að samræmd stjórn umhverfismála er á okkar stefnuskrá. Hins vegar hafa þau mál aldrei verið afgreidd í gegnum þingið og segir það sína sögu.

Ég vil einnig minna á að frv. það sem þingmenn Sjálfstfl. í Nd. lögðu fram í upphafi þessa þings var samið eftir að náðst hafði, ef orða má svo, breitt samkomulag um skipan þessara mála. Sjálfstfl. leit á það sem farsæla lausn ef hægt hefði verið að ná breiðri samstöðu um afgreiðslu þessa mikilvæga máls á hv. Alþingi. Það hefur hins vegar ekki tekist og ber að harma það.

Þessi málaflokkur er stór og viðamikill og mikilvægur. Ég held að óhætt sé að segja það að öll íslenska þjóðin sé nú loksins að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að við göngum varlega og umgöngumst varlega landið okkar og að við setjum metnað okkar í það að halda því hreinu. Við Íslendingar höfum stært okkur af því að geta boðið upp á hreint og fagurt land. Ég á enga ósk betri okkur til handa en að svo megi verða í framtíðinni. Það verður tíminn einn að leiða í ljós hvort sú skipan mála sem nú er verið að afgreiða frá hv. Alþingi sé sú eina farsæla lausn sem við öll höfum væntanlega verið að stefna að.

En nál. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin ræddi málið á einum fundi en hefur ekki fjallað efnislega um frv., enda ætlað að afgreiða það innan sólarhrings frá því að málið kom til deildarinnar.

Endanleg afgreiðsla þessa mikilvæga máls er staðfesting á því að tilgangur ríkisstjórnarinnar með stofnun umhverfisráðuneytis var að tryggja sér meiri hluta á Alþingi en stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og viðfangsefni ráðuneytis umhverfismála aukaatriði.

Slík vinnubrögð eru ámælisverð og Alþingi til vansæmdar.

Afstaða 1. minni hl. við afgreiðslu málsins hlýtur að markast af þessum óhæfu vinnubrögðum."

Undir þetta nál. skrifa Salome Þorkelsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1277 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur hafa frá upphafi borið umhverfismál og verndun náttúrunnar mjög fyrir brjósti, enda stendur það nærri konum að vilja sjá börnum sínum borgið í framtíðinni. Umhverfismál eru stór og viðamikill málaflokkur sem nauðsynlegt er að skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. Umhverfismálin hafa hingað til fallið að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin. Afleiðingin er óstjórn og skörun. Því er brýnt að sameina öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti og tryggja virka og hagkvæma stjórn og markvissa umhverfisvernd. Kvennalistakonur telja að stofnun umhverfisráðuneytis sé besta og öruggasta leiðin til að bæta úr þeim spjöllum sem gáleysisleg umgengni mannsins við landið hefur haft í för með sér og til að tryggja þá faglegu yfirsýn sem nauðsynleg er á sviði umhverfisverndar.

Á 111. löggjafarþingi lögðu þingkonur Kvennalistans fram þáltill. um stofnun umhverfisráðuneytis (150. mál). Auk þess hafa kvennalistakonur átt frumkvæði að mörgum málum á sviði umhverfisverndar og flutt tillögur þar um á Alþingi. Frv. þetta er fyrsta skrefið í þá átt að tryggja að einn aðili í stjórnkerfinu hafi yfirsýn yfir náttúruauðlindir landsins, nýtingu þeirra og verndun. Kvennalistakonur hefðu viljað flytja ýmis fleiri verkefni á sviði umhverfismála til hins nýja ráðuneytis en flytja þó einungis tvær brtt. við frv. að þessu sinni. Í ljósi þeirrar staðreyndar að stærsta og alvarlegasta umhverfisvandamálið á Íslandi er gróðureyðing og sandfok telja kvennalistakonur að landgræðsla og skógrækt hljóti að verða eitt

af mikilvægustu verkefnum umhverfisráðuneytis. Til samræmis við þá skoðun Kvennalistans fela brtt. í sér að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins verði fluttar frá landbrn. til umhverfisráðuneytis, þó verði ræktun nytjaskóga og skjólbelta áfram í umsjá landbrn.

Annar minni hl. leggur áherslu á að áfram verði unnið að því að flytja verkefni til umhverfisráðuneytis í því skyni að tryggja þá heildarsýn og þá faglegu þekkingu sem í slíku ráðuneyti verður að vera."

Undir þetta ritar Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Brtt. þær sem ég flyt hér í Ed. eru á þskj. 1276 og lúta að því, eins og ég gat um í nál., að flytja yfirstjórn skógræktarmála og landgræðslu til umhvrn., þó þannig að ræktun nytjaskóga á bújörðum og ræktun skjólbelta verði áfram verkefni landbrn.

Eins og fram kemur í grg. með frv. var nefnd sú sem samdi frv. ekki sammála í afstöðu sinni til þessa máls. Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni var þeirrar skoðunar, eins og reyndar við kvennalistakonur allar, að þessa tvo málaflokka yrði óhjákvæmilegt að flytja yfir til hins nýja umhvrn. til samræmis við það markmið sem fram kemur í lögum um báðar þessar stofnanir.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta mörg orð hér nú þegar nálgast afgreiðslu málsins. En ég vil leggja áherslu á hér að lokum að þó að nýtt umhvrn. sé stofnað er það auðvitað jafnsjálfsagt hér eftir sem hingað til að ráðuneyti atvinnumála beri áfram ábyrgð á starfsemi sinni. Þá vil ég einnig leggja áherslu á nauðsyn umhverfisfræðslu. Það þarf að gera mikið átak í umhverfisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Ég vil í því sambandi minna á þáltill. frá kvennalistakonum sem samþykkt var í fyrra og fól í sér áskorun til menntmrn. að hefja nú þegar átak í umhverfisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Því aðeins að vel verði staðið að fræðslu getum við vænst þess að umhverfi lands okkar verði eins og við viljum hafa það og þannig að við getum tryggt börnum þessa lands örugga framtíð.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Við nálgumst nú endalok í þessu mikilvæga máli sem snertir yfirstjórn umhverfismála. Ég vil fyrir mitt leyti ítreka ánægju mína yfir því að þessi mikilvægi málaflokkur sem á eftir að taka hug okkar mjög upp á næstu árum og áratugum skuli nú loksins vera að komast í endanlegt horf þannig að það megi fara að taka á þessum málum af einhverri festu.

Ég verð að segja eins og er að málflutningur hv. þm. Sjálfstfl. hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Mér finnst í raun og veru sorglegt að sjá á hinu háa Alþingi nál. eins og kemur frá 1. minni hl. allshn. sem þeir hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson skrifa undir. Það sem kemur fram í því er Alþingi til vansæmdar en fyrst og fremst til vansæmdar fyrir þá tvo þingmenn sem skrifa svona bull í nál. Ef þessar kenningar, sem reyndar hafa einnig komið fram í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar, væru réttar þá er aldrei hægt að mynda stjórn á Íslandi nema þar fari fram hrossakaup. Ég spyr: Þegar stjórnin var mynduð í júlí 1987 keypti þá Sjálfstfl. Framsfl. og Alþfl. í einhverjum hrossakaupum? Líklega hefur þá Framsfl. líka keypt Sjálfstfl. í sams konar hrossakaupum og væntanlega þá Alþfl. bæði Sjálfstfl. og Framsfl. Svona málflutningur á hinu háa Alþingi er náttúrlega öllum þeim sem þannig standa að máli til vansæmdar og er síst til þess að auka á virðingu Alþingis meðal þjóðarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1276,1 felld með 10:2 atkv.
Brtt. 1276,2 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2.–7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 11:4 atkv.
9.–15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
16.–17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
18.–20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

101. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum 100. fundi.

Yfirstjórn umhverfismála, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1255.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Hæstv. umhvrh. gaf með orðum sínum hér áðan, þegar hann sendi okkur þingmönnum Sjálfstfl. tóninn sem skrifum undir nál. 1. minni hl., tilefni til að hefja hér umræður að nýju um þetta mál. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ekki geð í mér til að fara að leggja af stað einu sinni enn í slíkar umræður og ætla því að sleppa því.

Við höfum leyft okkur að gagnrýna málsmeðferðina. Og í nál. gagnrýnum við fyrst og fremst þá málsmeðferð sem þetta mál fær hér við lokaafgreiðslu í hv. Ed. þar sem okkur er ætlað að afgreiða það innan eins sólarhrings frá því það kemur til deildarinnar. Við erum ekki farin að fjalla efnislega um frv. í þessari hv. deild. Það vil ég leyfa mér að benda hæstv. umhvrh. á. Það hefði vissulega verið þörf á því og ástæða til að fara í gegnum frv. í allshn. Ed., nákvæmlega á sama hátt og hefur verið gert í hv. Nd. Það hefur hins vegar verið gert samkomulag um að ljúka þessu máli og það höfum við fellt okkur við. En ég verð að segja það alveg eins og er að ég get ekki

séð að það sé gagnrýni vert að við gerum athugasemd við slíka málsmeðferð í svo mikilvægu máli sem hér er á ferðinni. Þetta vil ég leyfa mér að ítreka og reyna að koma hæstv. umhvrh. í skilning um. Ég verð að vænta þess að hann geri sér grein fyrir því að þingmenn í Ed. hafa jafnmikla þörf fyrir að fjalla um þetta mál og þingmenn Nd.

Við ætluðum að láta kyrrt liggja og við munum gera það. Ég ætla ekki að hefja hér umræðu en ég vil aðeins minna á þetta. Ég hef undir höndum tvö bréf sem ástæða hefði verið til að skoða nánar. Þar koma fram athugasemdir frá embættismönnum þeirra stofnana sem verið er að flytja til og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég hafði ákveðið að láta þetta kyrrt liggja og ég mun gera það en ég vil nefna þetta hér vegna orða hæstv. umhvrh.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil að sumu leyti taka undir ummæli hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, 6. þm. Reykn. Ekki þó kannski sérstaklega vegna þessa máls því ég lít nú svo á að að mörgu leyti hafi þetta mál fengið þá umfjöllun hér á hv. Alþingi sem við þingmenn getum fellt okkur við, en ég vil sérstaklega benda á að það virðist vera orðið ansi lítið eftir af þingræðinu hjá okkur vegna þess að foringjar stjórnmálaflokkanna gera nú þann hlut sí og æ að semja fyrir þingið allt um afgreiðslu mála, ganga frá því hvernig þetta eða hitt skuli gert án þess að þingmenn og þingnefndir hafi möguleika til að fjalla um hlutina. Það er fámenn foringjaklíka, leyfi ég mér að segja, sem afgreiðir mál hér á Alþingi. Þessum vinnubrögðum vil ég mótmæla og undir þann þátt sem fram kom hjá hv. þm. um þennan hlut mála á hv. Alþingi vil ég taka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1281).

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frh. 2. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 893, n. 1262.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Við hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson skrifum undir nál. með fyrirvara. Ég vil gera grein fyrir þeim fyrirvara. Hann er hreint ekki í þá veru að við séum óánægðir með málið í heild sinni. Hér er um hið merkasta mál að ræða, en það er ekki með öllu vandalaust að fjalla um það engu að síður eins og kemur raunar í ljós af fylgiskjölum sem fylgja frv. sem vel er úr garði gert af hendi 1. flm., hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem vinnur sín mál vel eins og menn vita. Fylgja þar hin merkustu fylgiskjöl. En það var um það bil sem hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var að ljúka og hafréttarsáttmálinn að sjá dagsins ljós sem við byrjuðum, eins og aðrar strandþjóðir, að fjalla um hafsbotnsréttindi okkar og þá langt út fyrir 200 mílna efnahagslandhelgi. Menn höfðu bæði hér og víða annars staðar löngum glímt við að tryggja sér 200 mílna fiskveiðilögsögu og efnahagslögsögu, en þegar hér var komið, upp úr 1980, var ljóst að strandríkin áttu miklu, miklu víðáttumeiri réttindi, sum hver a.m.k., og þá var byrjað að fjalla um hafsbotnsréttindi. Þá var raunar flutt frv. ekki ósvipað því sem nú er á ferðinni og í Ed. var mikið unnið að skoðun á því máli og allshn. Ed. skilaði þá nál. 9. mars 1983 eftir vandlega skoðun málsins og eftir að ræða við fjölda manna um það nál. sem er örstutt og ég hygg að rétt sé að festa enn rækilegar í Alþingistíðindi með því að lesa það hér upp því að það er auðvitað sögulegt heimildargagn þegar saga þessa máls verður skrifuð sem ekki er ómerk, sagan um hafsbotnsréttindi Íslendinga. En með leyfi forseta er nál. á þessa leið, álit allshn. Ed. um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins:

„Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál að ógjörlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen svæðinu, fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Skv. 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvírætt eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar en tilheyrir Íslandi skv. 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða undirbúning landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen svæðinu og Rockall-hásléttu falli undir sjútvrn. en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú vísað til ríkisstjórnarinnar til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi."

Hér hafa nú að undanförnu verið rædd mál og ekki á fáum fundum og ekki af ómerkum mönnum í þessu þjóðfélagi sem varða skiptingu á kvóta. Hér er í rauninni um að ræða miklu, miklu stærra mál en allt þetta kvótakjaftæði sem verið hefur vaðandi uppi og öll sú endaleysa sem þar er verið að framkvæma eða

ekki framkvæma og ég ætla ekkert að fara að deila um það efnislega nú á lokastigi málsins. Við erum að fjalla hér um miklu, miklu stærra mál, þ.e. fullveldisréttindi þjóðarinnar yfir hafsbotninum 350 mílur á Reykjaneshrygg í sameign og samvinnu við Breta og Færeyinga og hugsanlega Íra, 600–800 mílur suður í höf, helmingsréttindi til fiskveiða á öllu Jan Mayen svæðinu, 200 sjómílur norður og austur af Jan Mayen alveg eins og hérna megin við eyjuna. Öllum þessum málum erum við lagalegir aðilar að. Við höfum fylgt fram okkar rétti og erum að gera það m.a. með þeirri lögfestingu sem hér er um að ræða. En það sem deilan, og þó ekki deilan, rökræðan snerist um 1983 þegar það nál. sem ég var að lesa upp var gefið út hér í þessari hv. deild var það að hve miklu leyti við ættum að fella lögsögu yfir þessu gífurlega hafsbotnssvæði, sem við eigum að réttum lögum, undir iðnrn. fremur en sjútvrn. eða hugsanlega forsrn.

Ég hef lagt á það megináherslu að þau réttindi, sem við erum að ávinna okkur núna á þessum hafsvæðum, væru kannski fyrst og fremst lífverurnar og fiskurinn sem yfir þessum hafsbotni er því að það er alveg skýlaust tekið fram í 77. gr. hafréttarsáttmálans að hafsbotninum fylgir fullveldisréttur, ég endurtek, fullveldisréttur, þ.e. eignarréttur og yfirráðaréttur, ekki bara yfir botninum sjálfum og því sem í honum er og á honum, heldur líka öllum lífverum sem botnlægar eru, þ.e. skelfiskum og slíkum dýrum sem ekki hreyfast öðruvísi en með snertingu við botninn. Og á því leikur ekki minnsti vafi að sá sem eignast botninn og lífverurnar á honum mun eignast allar fiskveiðarnar yfir þeim sama botni þegar tímarnir líða. Það gerðist þannig með 200 mílurnar að Truman Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að Bandaríkjamenn ættu 200 mílna hafsbotnsréttindi undan sínum ströndum árið 1945 og nokkrum áratugum síðar voru 200 mílurnar orðnar alþjóðalög og eignarréttur að þeim þar með.

En það sem hér er gert er það að með frv. eins og það kemur frá hv. Nd. er einmitt tekið tillit til þess að við eigum ekki að einskorða réttindin við hafsbotninn, þ.e. efni það sem í honum er, botninn sjálfan og á honum, því að það er talað þar um að frv. sem hér er til afgreiðslu, væntanlega til samþykktar, fjallar einungis um, eins og segir í 1. gr., að hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera, þ.e. það er ekki enn farið að lögfesta með hvaða hætti við nytjum hin miklu auðæfi sem áreiðanlega eru á þessu svæði, það líf sem á botninum er og mun finnast þegar eftir er leitað. Það verður þá seinni tíma að lögfesta reglur um þá hagnýtingu. Auðvitað ber að örva sjómenn til þess að leita þessara auðæfa, þeirra lífvera sem er að finna á þessum hafsvæðum og hefja nýtinguna eins fljótt og unnt er. Þetta frv. einskorðast við það að iðnrn. hafi með að gera það sem ekki er hægt að kalla lifandi verur á botninum og við munum hafa þá sérstaka löggjöf um fiskveiðar og nýtingu og ræktun fisks á þessu svæði þegar stundir líða og það verður þá væntanlega komandi þings á næsta hausti að fylgja þessu frv. eftir. Þetta er áfangi á leiðinni og réttur áfangi. Það er ekki verið að lögfesta að við séum einungis að ásælast t.d. olíulindir eða eitthvað slíkt, sem er aukaatriði í mínum huga, heldur séum við fyrst og fremst að tryggja lífið á hafsbotninum og verndun hafsbotnsins og það mál á auðvitað að heyra annaðhvort undir forsrn. eða sjútvrn. en ekki iðnrn.

Ég hygg þess vegna að hérna sé fundinn hinn rétti meðalvegur og við séum á réttri leið eins og oftast áður í okkar landhelgisbaráttu. Við þurfum raunar mjög að herða hana núna vegna þess að strandþjóðirnar eru að því alls staðar, að helga sér réttindin yfir hafsbotninum langt, langt út fyrir 200 mílur. Það mega a.m.k. ekki líða enn mörg ár, helst engin missiri eða mánuðir, þangað til við stígum næstu skrefin í þessu máli og knýjum á um samninga við Breta sem eru auðvitað á borðinu eftir yfirlýsingar forsrh. Breta í frægu bréfi. Dani höfum við náttúrlega samninga við og Færeyinga og síðan eru norðurslóðir. Þar sem þegar eru búnar að vera viðræður við Norðmenn og Dani um að við helgum okkur þau réttindi á Reykjaneshrygg getur enginn vefengt okkar rétt til 350 mílna, enginn hefur rétt til að gera það og við þurfum auðvitað að fara að nýta þann rétt og stugga öðrum út af þessu hafsvæði sem er íslenskt hafsvæði með íslenskum hafsbotni og íslenskum lífverum á þeim botni. Það er íslenskur sjór, íslenskt haf, sem á að verða það um aldur og ævi. Það þarf að halda enn betur á okkar rétti en hingað til hefur verið gert þó að margt gott hafi verið gert sem ætti því ekki að lasta. Ég bendi á að þetta er skref í rétta átt sem þarf að fylgja eftir með sérstakri löggjöf um lífverurnar yfir botninum þegar þing kemur saman á næsta hausti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

102. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum 101. fundi.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 3. umr.

Frv. HG o.fl., 140. mál. — Þskj. 893.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1301).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 580. mál (persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 1209, n. 1291.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1291 frá fjh.- og viðskn. Samstaða varð í nefndinni um að leggja til að frv. verði samþykkt en það fjallar um að eftirlifandi maki njóti góðs af persónufrádrætti hins látna maka.

Þetta frv. var upphaflega flutt af þm. Friðriki Sophussyni og Inga Birni Albertssyni en fjh.- og viðskn. Nd. gerði ýmsar breytingar á frv. og flytur það.

Ég legg til að frv. þetta verði samþykkt.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Frv. er auðvitað til bóta. Það er staðfesting á því að tekjuskatturinn er kominn úr öllum böndum. *Hann er orðinn svo hár að ekki er* viðunandi og er auðvitað fyrir neðan allar hellur að leggja 40% tekjuskatt á þurftatekjur í staðgreiðslukerfi. Ég vil líka taka það fram, herra forseti, að sú breyting sem hæstv. fjmrh. hefur boðað hér í haust, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja á stighækkandi staðgreiðsluskatt í tekjuskatti sýnir það að löggjöf eins og sú að hafa hér hóflegan tekjuskatt í staðgreiðslu gengur ekki upp á meðan vinstrimenn fara með völd hér á landi. Þeir spilla löggjöf og færa úr lagi. Þeir eru skattpíningarmenn og þess vegna er það nú sem þeir eru að missa fótfestu í landinu og auðvitað getur fólk ekki risið undir þessu til frambúðar. Það er mikilsvert hvert skref sem við náum til réttlætis í sambandi við skattamálin, en þetta er einungis, ég vil undirstrika það, áfangi. Það verður haldið áfram við að byggja upp aftur tekjuöflunarkerfið sem gert var á þeim tíma þegar formaður Sjálfstfl. valdist fjmrh. og síðan forsrh. og hendur verða látnar standa fram úr ermum þegar önnur ríkisstjórn tekur við, hvenær sem það nú verður. En auðvitað sjáum við vinstri sporin víða, sjáum að þá leiðir á villigötur „hið rauðgula hnoða, sem rennur á undan mér, fylgir engri átt“, segir Steinn Steinarr, það er á villigötum. Hins vegar vitum við það að hið bláa hnoða frjálsra viðskipta, einstaklingsfrelsis og dugnaðar fylgir beinni átt til vaxandi velmegunar og betra þjóðfélags.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 1288.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á núgildandi jafnréttislögum eftir afgreiðslu málsins úr Nd. eru eftirfarandi:

Lagt er til að hinu tvíþætta hlutverki Jafnréttisráðs verði skipt þannig að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólunum.

Með þessum hætti getur Jafnréttisráð einbeitt sér að því að gegna öðrum verkefnum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknarskyldu, fræðslu o.fl.

Í frv. eru skýrari ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að félmrh. fari með jafnréttismál. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að samkvæmt núgildandi lögum er stjórnskipuleg ábyrgð ráðherra á jafnréttismálum mjög óljós. Sama gildir um stöðu Jafnréttisráðs í stjórnkerfinu. Forsenda markvissra vinnubragða á þessu sviði eins og öllum öðrum er að ábyrgð og skyldur séu ljósar. Á þessu er tekið í frv.

Samkvæmt lagafrv. er félmrn. heimiluð ráðning jafnréttisráðgjafa sem starfi í náinni samvinnu við Jafnréttisráð. Með þessu ákvæði er komið til móts við óskir sem fram hafa komið um þetta efni, m.a. á Alþingi þar sem tvívegis hafa verið lagðar fram þáltill. um að ríkisstjórninni verði falið að ráða jafnréttisráðgjafa.

Lagt er til í frv. að beitt verði öfugri sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Þetta ákvæði gildir þó aðeins gagnvart kærunefnd en ekki fyrir dómstólunum.

Skýrari ákvæði eru um að heimild til þess að dæma miskabætur verði lögfest. Ég nefni einnig mjög mikilvægt ákvæði um að félmrh. leggi fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs sem ég tel mikilvægt ákvæði því að nú fær Alþingi tækifæri til að ræða slíka áætlun sem áður var aðeins staðfest í ríkisstjórn.

Fjallað er um jafnréttisnefndir sveitarfélaga í 13. gr. Þar er kveðið á um að í sveitarfélögum þar sem íbúatala fer yfir 500 manns og annars staðar þar sem því verður við komið verði skipaðar jafnréttisnefndir. Enn fremur er tekið fram í hverju störf nefndarinnar skuli fólgin. Þar er sérstaklega tekið fram að þær skuli hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu og er þetta í samræmi við þann tilgang sem kemur fram í frv., að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna.

Í 15. gr. er lagt til að Jafnréttisráð verði skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis í stað tveggja ára eins og nú er. Verður það skipað með sama hætti og verið hefur nema nú yrði það félmrh. sem skipaði formann í stað Hæstaréttar.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir breytingu á starfssviði Jafnréttisráðs frá því að vera bæði stefnumarkandi og fjalla um kærumál vegna laganna í að vera fyrst og fremst sá aðili sem mótar stefnu í jafnréttismálum og fylgir henni eftir í störfum sínum er eðlilegt að tryggja betur tengslin milli ráðherra jafnréttismála og Jafnréttisráðs eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég vek sérstaklega athygli á einu atriði til viðbótar í sambandi við 17. gr. frv. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra setji sér sérstök markmið í jafnréttismálum sem unnið skuli að eftir fjögurra ára framkvæmdaáætlun.

Ég hef, virðulegi forseti, gert grein fyrir helstu atriðum frv., eins og það liggur nú fyrir eftir að það hefur verið afgreitt frá Nd. Ég vek athygli á því að fullkomin samstaða náðist um það í félmn. Nd. að leggja frv. fram með breytingum sem nefndin gerði á frv. eins og það var lagt fyrir þingið og var það samþykkt einróma í Nd. Vænti ég þess, þó að stuttur tími lifi af þessu þingi, að frv. verði að lögum fyrir þinglausnir í dag.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að það skaði neitt þótt öll sveitarfélög landsins kjósi jafnréttisnefndir. Það er auðvitað verið að reyna einhverja stjórn að ofan að meira og minna óljósu marki. Kjarni málsins er sá að þjóðfélagið stefnir hraðbyri í þá átt að fullkomið jafnrétti sé á milli karla og kvenna og þetta gerist hjá fólkinu sjálfu vegna þess að þetta er mikið réttlætismál. Auknum mannréttindum fylgir einfaldlega meira frelsi, meiri velmegun, að þegnarnir verða jafnir. Það er svo einfalt mál. Við erum nú að sjá þau þjóðfélög hrynja sem höfðu ítarlegust ákvæði um jafnrétti hvers konar á öllum sviðum og þegar upp er staðið kemur í ljós að ójafnréttið hefur hvergi verið meira en einmitt þar. Svo einfalt er það. Það má auðvitað tala um öfuga sönnunarbyrði og alla hluti af þessu tagi. Kjarni málsins er sá að það á ekki að gera jafnréttismál karla og kvenna að hégómamáli. Þjóðin gerir það ekki sjálf og við stefnum í það að þar verði fullur jöfnuður á milli, miklu hraðar en okkur órar fyrir, og væri náttúrlega fróðlegt að fá svona smáúttekt á því hvaða gagn allar þessar nefndir gera. En ég sé ekki ástæðu til að vera á móti þessu máli ef mönnum finnst betra og skemmtilegra að vera með allan þennan pappír í kringum þessa þróun sem mun halda áfram hvort sem kratar eru í ríkisstjórn eða ekki. Það er nú svo einfalt mál.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég átti ekki von á að þetta frv. kæmi hingað til Ed. á þessu þingi og hef því ekki kynnt mér þær breytingar sem hafa orðið á frv. í meðferð Nd. Hins vegar sat ég í þeirri nefnd sem samdi þetta frv. og tel rétt að ég geri grein fyrir afstöðu minni í nefndinni og þegar mál þetta var lagt fyrir minn þingflokk. Ég gerði, bæði í nefndinni og þegar málið var afgreitt úr mínum þingflokki, fyrirvara um efni þess.

Ég held að jafnrétti verði ekki komið á með lögum heldur með hugarfarsbreytingu og að þvinga í gegn jafnrétti á þann hátt sem mælt er fyrir í frv. tel ég ekki af hinu góða. Og annað hitt að mér hefur virst frv. bera mikil merki þess að teknar eru stífustu reglur úr flestum löndum, á Norðurlöndum og í Vestur-Þýskalandi og Frakklandi, og þeim steypt í þessi lög sem leiða til þess að svo verði nánast komið fyrir karlpeningnum að hann eigi varla möguleika á því næstu árin að sækja um stöður hjá ríkisvaldinu eða fyrirtækjum. (Gripið fram í.) Hæstv. félmrh. segir að það sé búið að breyta þessu öllu en alla vega er ég að lýsa, eins og ég tók fram, skoðun minni eins og hún var í nefndinni. Ég hef ekki kynnt mér breytingarnar í Nd. en ef þetta er eins og frá því var gengið í nefndinni er frv. með þeim hætti sem ég lýsti.

Ég hef einnig vissar efasemdir um það hvort eigi að hafa öfuga sönnunarbyrði sem ég heyrði í ræðu hæstv. ráðherra að sé enn þá gert ráð fyrir í frv. Öfug sönnunarbyrði er mikið og erfitt mál og það leggur miklar skyldur á herðar þeim aðila sem fer með ráðningarvaldið, að hann nái að ganga út frá því að ef tveir aðilar, karl eða kona, sækja um stöðu eigi hann að ráða konuna nema mikilvægar ástæður séu fyrir því að karlinn sé ráðinn.

Ég vildi bara að þessi sjónarmið mín kæmu hér fram. Ef frv. hefur verið breytt í veigamiklum atriðum í meðförum Nd. sé ég ekki ástæðu til þess að vera á móti því, en ég efast um að ég komi til með að greiða því atkvæði þegar það kemur til 2. umr.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég var því miður ekki stödd hér inni í deildinni þegar hæstv. félmrh. lauk máli sínu svo að ég heyrði ekki hvort hún lagði áherslu á að frv. yrði afgreitt í gegnum deildina nú á þessum stutta tíma sem við höfum til loka þessa þings, en ég geng út frá að svo hafi verið og ég ætla ekki að gera ágreining um það. Mér þykir það þó miður að nefndin sem á að fjalla um málið, hv. félmn., fái ekki tækifæri til að fjalla efnislega um svo mikilvægt mál sem hér er um að ræða. Það hefði vissulega verið nauðsynlegt fyrir okkur að fá tækifæri til þess í hv. Ed. eins og í Nd. Þetta mál er nú búið að vera þar nokkuð til umfjöll-

unar að því er ég best veit, en eins og ég segi ætla ég ekki að gera ágreining um það eða vera á móti því en vildi samt láta það koma fram að mér finnst það mjög slæmt. Við erum búin að hleypa hér mörgum málum í gegnum þessa hv. deild, sumum mjög mikilvægum eins og gerðist hér í dag, án þess að viðkomandi nefndir fái tækifæri til að fjalla einu orði um efnisatriði slíkra frv.

Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, en þar sem mér skilst að orðið hafi endanlegt samkomulag um efnisatriði þessa frv. í hv. Nd. ætla ég ekki að gera ágreining um afgreiðslu málsins nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 288. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 522.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). — Þskj. 1260, n. 1294, 1303, brtt. 1295, 1296.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 1294 um frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins frá meiri hl. sjútvn. Þar segir svo:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. á þeim skamma tíma sem henni hefur gefist til þess. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson og Ólafur Klemensson frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sigurður Haraldsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Bjarni Lúðvíksson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda og Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að gerð verði breyting á 3. gr. frv. þannig að ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins verði með sama hætti og upphaflega var ráð fyrir gert í frv.

Leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðmundur Ágústsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessari afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson og Jóhann Einvarðsson.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd minni hl. sjútvn. Ed. fyrir nál. um frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Nál. hljóðar sem hér segir:

„Það frv., sem hér er til umræðu, hefur verið til meðferðar í deildum þingsins undanfarnar vikur. Leitað hefur verið álits aðila úr sjávarútvegi og fiskiðnaði um efni frv. Meginþorri þeirra hefur lýst yfir andstöðu við það og lýst þeirri skoðun sinni að eðlilegt sé að atvinnugreinin njóti að fullu og hafi til ráðstöfunar þær tekjur sem myndast á hverjum tíma við sölu sjávarafurða. Er það í samræmi við þróun mála í nágrannaríkjum Íslands þar sem hinn frjálsi markaður ræður ríkjum.

Með þessu frv. er verið að skerða samkeppnishæfni íslenskrar fiskvinnslu sérstaklega og staða hennar á hverjum tíma notuð sem hagstjórnartæki til að ná fram almennum markmiðum í stjórn efnahagsmála. Við þetta er sjávarútvegur og fiskiðnaður settur í verri stöðu en aðrar atvinnugreinar. Við það er ekki hægt að una. Í því felst óréttlæti og mismunun sem brýtur í bága við það grundvallaratriði að allir skuli hafa sama rétt og aðstöðu til atvinnurekstrar.

Íhlutun sem þessi mun hafa skaðleg áhrif á rekstrar- og samkeppnisstöðu mikilvægustu atvinnugreinar landsmanna. Með tilliti til þess leggja undirritaðir til að frv. verði fellt."

Undir nál. rita Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir að fá fjmrh. hér í deildina.

Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa sérstakri undrun minni á ummælum hæstv. sjútvrh. við eldhúsumræðurnar þegar hann talaði um það að við sjálfstæðismenn hefðum ekki viljað taka þátt í efnislegri umræðu um það hvernig við vildum halda á stjórn fiskveiða. Ég vakti athygli á því hér í deildinni að það væri auðvitað hneyksli að hæstv. sjútvrh. skyldi ekki taka efnislega til máls hér við meðferð málsins í Ed. við 2. umr. Í þessari deild voru þá staddir þrír þingmenn sem höfðu tekið þátt í störfum með þeirri ráðgjafarnefnd sem hér hafði verið að vinnu í 1½ ár. Úr því að þeim pappírum var kastað í ruslakörfuna sem við vorum þá með í raun og veru með því að taka upp auðlindaskattinn og með því að breyta eðli

Úreldingarsjóðs, sem ég vil taka alveg skýrt fram að við sjálfstæðismenn höfðum ekki lagt blessun okkar yfir, var það mjög óviðeigandi af hæstv. sjútvrh. að komast að orði með þessum hætti. Hann hefði á hinn bóginn auðvitað getað sýnt þessum þremur þingmönnum sem tóku þátt í þessum störfum þá sjálfsögðu kurteisi að gefa þeim kost á að skiptast á skoðunum við hann um málið eins og það lá fyrir. Hæstv. sjútvrh. kaus hins vegar að leiða umræðurnar hjá sér og koma með þeim hætti í veg fyrir skoðanaskipti milli fulltrúa Sjálfstfl. í ráðgjafarnefndinni og hans. Ég lét það kyrrt liggja þó hann fengist ekki til að taka til máls en hitt finnst mér ósvífni af hæstv. sjútvrh. að vera að tala um það að við sjálfstæðismenn höfum ekki verið reiðubúnir til efnislegrar umræðu um málið þegar á hann hafði verið skorað að taka þátt í slíkum umræðum og hann hafði ekki virt þá beiðni svars. Það er auðvitað alveg makalaus framkoma.

Ég vil líka taka það fram að eins og þær breytingar voru í andstöðu við þá skoðun sem fulltrúar hagsmunaaðila létu í ljós er það frv. sem hér liggur fyrir andstætt vilja hagsmunaaðila. Hér fer sjútvrh. öðru sinni — ég vil segja öðru sinni á þessum degi, eða hvað á að segja? Hann ætlar að láta afgreiða frá Alþingi tvö mál sem bæði mæta mikilli andstöðu hjá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Bæði eru þess eðlis að þau eru af þeim talin veikja stöðu sjávarútvegsins til þess að aðlaga sig aukinni samkeppni og nútímaviðskiptaháttum. Það er auðvitað í samræmi við það sem ég sagði í umræðunum um stjórn fiskveiða, að hæstv. sjútvrh. hefur orðið viðskila við þá menn sem bera ábyrgð á sjávarútvegi hér á landi. Af þeim sökum markar þessi lagasetning þáttaskil í ferli hans sem sjútvrh.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Auðvitað er það rétt sem hv. 14. þm. Reykv. sagði hér áðan að frv., eins og það liggur hér fyrir, mun, ef að lögum verður, ekki verða til góðs fyrir sjávarútveginn.

Hins vegar er annað atriði, herra forseti, sem ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á og það er bráðabirgðaákvæðið. Við sjáum að hér eigi ríkissjóður að yfirtaka skuldbindingar vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Annars vegar eru skuldbindingar frá 1981. Þá var önnur vinstri stjórn í landinu og skildi eftir sig þann slóða sem nú á að leggja á ríkissjóð. Hins vegar er talað um að þær skuldir, sem efnt var til eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hin fyrri tók við völdum, séu nú um 2 milljarðar kr. Af þeim sökum, herra fjmrh., vil ég spyrja hvernig hæstv. fjmrh. hyggst fjármagna þessar skuldir á þessu ári og láta í ljós undrun yfir því að þessi fjárhæð skyldi ekki hafa verið tekin inn í fjáraukalögin. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að þessir 2 milljarðar sem gert er ráð fyrir að ríkið yfirtaki eru í raun aukinn greiðsluhalli á ríkissjóði sem nemur 2 milljörðum á þeim tíma sem ríkisstjórnir Hermannssonar hafa starfað. Það er rétt athugasemd sem hér kemur fram að hér er um yfirtöku á þessum skuldum að ræða vegna þess að Alþingi hefur með sinni atkvæðagreiðslu gert orð hæstv. sjútvrh. að engu, að þessar skuldir eigi að greiðast úr ríkissjóði. Meiri hluti Alþingis hefur hafnað þeirri leið þegar við sjálfstæðismenn höfum flutt um það brtt. að Alþingi standi við fyrirheit sjútvrh. Hann greiddi meira að segja sjálfur atkvæði á móti því að við fyrirheit hans yrði staðið. Má segja að að því leyti sé batnandi manni best að lifa. Nú leggur hann þó til að ríkissjóður yfirtaki skuldirnar, en þá kemur til kasta hæstv. fjmrh. Með hvaða hætti hyggst hann fjármagna þá 2 milljarða sem hér er lagt til að leggist á ríkissjóð? Það er að vísu gert ráð fyrir að þessi lög taki gildi 1. júní nk., eftir tæpan mánuð, og er nauðsynlegt að fá svör við þessu.

Greiðsluhallinn er þessu meiri nú á pappírnum. Áður var hann það í raun. Nú verður hann þessu meiri á pappírnum, þessum 2 milljörðum kr. á pappírnum í raun. Það verður ákvörðun Alþingis, ef frv. verður samþykkt, og þess vegna er fyrirspurnin sett fram, virðulegi forseti.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar var unnið og undirbúið af sérstakri nefnd. Í þeirri nefnd sat Geir Gunnarsson fyrir hönd þingflokks Alþb. Hann lagði niðurstöður úr nefndinni fyrir þingflokkinn og þingflokkurinn samþykkti uppkast að frv. Ég lít svo á að ég sé bundinn þeirri samþykkt og tek fullkomlega mark á þeirri vinnu sem sá Geir Gunnarsson vann fyrir þingflokkinn í þessari nefnd. (**EgJ:** Það er aldeilis flokksagi.) Ég hef aftur á móti gert mér grein fyrir því að þarna eru vissir hlutir sem orka nokkuð tvímælis. Það kom fram í viðræðum við gesti okkar sem komu til viðræðu við sjútvn. í morgun að fulltrúar frystingarinnar, og sérstaklega Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, töldu að þessi sjóðsstofnun væri ekki rétt og ekki ætti að samþykkja frv. (Gripið fram í.) Það þarf ekki að hjálpa mér neitt í þessu, hv. þm. Fulltrúar frá SÍF, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, lögðust mjög gegn því að frv. væri samþykkt. Það væri mjög óhagstætt fyrir þeirra framleiðslu. Fulltrúi frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Árni Benediktsson, sagðist sjálfur vera meðmæltur frv. og ekki þá til hagræðis fyrir sjávarútveginn heldur fyrst og fremst sem sveiflujöfnunarsjóð fyrir þjóðfélagið í heild. Hann upplýsti einnig að það mundi vera minni hluti í stjórn Sambands ísl. fiskframleiðenda fyrir því að mæla með frv.

Mér sýnist svona fljótt á litið frv. þó hafa þann kost að það geti þegar fram líða stundir komið til aðstoðar við skelfisk- og rækjuvinnslu, enda mælti fulltrúi þeirra samtaka mjög með samþykkt þess. Eðli málsins er þó þannig að til þess að þessi sjóðsstofnun virki þarf að byrja á góðæri til þess að viðkomandi aðilar í greininni geti safnað einhverjum stofni til að mæta þeim skakkaföllum sem síðar kæmu. Nú er það svo að að meginhluta er núverandi verðjöfnunarsjóður uppurinn og meira en það, kannski síst hjá rækjunni. Það hefur verið tekið lán fyrir frystinguna á undanförnum missirum og langt er komið með saltfisksjóðinn, jafnvel að hann sé búinn eða mjög nálægt því. En það er nú sama.

Þótt þingflokkur Alþb. hafi ekki talið ástæðu til þess

að fylgja eftir vinnu minni í nefnd sem mér var falið að vinna fyrir Alþb. og þar sem ég fór eingöngu eftir samþykktum þingflokksins, þá tel ég mig bundinn af því að fylgja þessari samþykkt og þeirri vinnu sem þingmaður okkar, Geir Gunnarsson, vann í þessari nefnd við samningu þessa frv. Þar eð hann er meðmæltur þeirri meðferð sem hér er lögð til tel ég mig bundinn því að greiða atkvæði með frv. og hef gert það í hv. sjútvn. þessarar deildar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu þingi hefur komið til umræðu með hvaða hætti ríkissjóður kæmi að þeirri fjárvöntun sem kynni að verða upp á skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðsins í samræmi við þau brbl. sem sett voru og síðan staðfest á Alþingi 1988. Í þeim umræðum hefur komið fram af minni hálfu, eins og sjálfsagt er að endurtaka hér, að þessar aðgerðir voru til þess ætlaðar að styrkja atvinnulífið í landinu og er nokkuð ljóst að þær eru tvímælalaust að bera þann árangur. Möguleikar okkar sameiginlega sjóðs til þess að styrkja stöðu sína á næstu árum, m.a. vegna þessara aðgerða, eru þess vegna með þeim hætti að það verður ekki óyfirstíganlegt verkefni eða vandamál að sjá til þess að staðið verði við þessar skuldbindingar.

Eins og kom einnig fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni í síðustu ræðu þá er það kerfi sem hér er lagt til með þeim hætti að það hefur sérstaka kosti þegar það hefur störf á uppgangstímum, sem eru að hefjast bæði hvað snertir verðlag erlendis og enn fremur samkeppnisstöðu útflutningsgreina. Ég á þess vegna ekki von á því að það verði neitt sérstakt vandamál á næstu árum að mæta þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í frv.

Ýmsar aðrar skuldbindingar sem settar hafa verið á ríkissjóð á undanförnum árum eru mun meiri. Ég ætla ekki að nefna þær hér til þess að trufla ekki þann góða anda sem ríkir í deildinni í dag, en vil bara nefna eitt sem mér er stundum kært og vona að mér verði fyrirgefið. Skuldbindingar vegna hinnar glæsilegu flugstöðvar, sem byggð var hér á árum áður og hlutur Íslands fjármagnaður með erlendum lánum, eru nærri tvisvar sinnum meiri en það sem hér um ræðir. Var það þó ekki talið af þeim sem að því stóðu neitt sérstakt erfiðleikaverkefni að ætla framtíðinni að greiða þau. Ég vona að þetta séu nægileg svör að sinni við fyrirspurn sem hv. þm. Halldór Blöndal bar eðlilega fram hér áðan.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Það mætti tala langt mál um þetta frv., líka um forsögu þess og þau grundvallarsjónarmið sem frv. byggir á. Ég vil vekja athygli á því að þetta frv. er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í kjölfar lagafrv. sem flutt var af þingmönnum Sjálfstfl. undir forustu Matthíasar Bjarnasonar fyrrv. sjútvrh. Ég ætla að frv. sem við nú ræðum gangi verulega til þeirrar áttar og sé í raun stuðningur við meginefni frv. Matthíasar Bjarnasonar og sjálfstæðismanna. Ég get ekki látið vera að hafa þetta í huga þegar ég ræði þetta mál.

Ég vil taka fram að ég er samþykkur meginmarkmiðum frv. eins og þau eru skilgreind í 1. gr. frv., þ.e. að hlutverk sjóðsins sé að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn. Tilgangurinn er að stuðla að stöðugleika með því að binda fjármagn í atvinnugreininni þegar vel árar og ráðstafa því þegar atvinnugreinin stendur höllum fæti og draga þannig úr þörfinni fyrir gengisbreytingar að vissu marki. Undir þessi meginsjónarmið tek ég. Ég hef lengi verið þessarar skoðunar og mér kom þess vegna ekkert á óvart afstaða sjálfstæðismanna í sjútvn. Nd. sem tóku sömu afstöðu. En það eru verulegir gallar á þessu frv. og þar vil ég aðeins drepa á megingallana.

1. Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljast hans eign eins og fram er tekið í 7. gr. frv. Ég tel þetta einn af megingöllum frv. og ákaflega veigamikinn.

2. Ég vil nefna sem galla á frv. þau ákvæði sem eru í frv. um skipan stjórnar sjóðsins þar sem gert er ráð fyrir að sjútvrh. skipi fimm manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára. Ég tel að þetta sé verulegur galli á frv.

3. Ég tel að athuga þurfi sérstaklega það ákvæði sem er í 3. gr. frv. um að Verðjöfnunarsjóði skuli skipt í deildir eftir tegundum afurða eins og þar greinir og í því felist hlutir sem þurfi að varast.

Í beinu framhaldi af þessu vil ég nefna, enda tengt göllunum, það sem ég tel að þurfi að gera til úrbóta.

Það er í fyrsta lagi að breyta þurfi því ákvæði að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist hans eign. Það þarf að taka upp þá skipun að inngreiðslur í sjóðinn séu eign þess aðila sem innir þær af hendi. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki. Ef hv. 2. þm. Norðurl. e. gæfi sér tíma til þess að hlýða á það sem ég hef hér fram að færa þá vissi hann þegar hvað ég væri búinn að gagnrýna í frv. Það sem ég er núna kominn að er að koma með ábendingar um það hvernig úr því skuli bæta. Og það fyrsta sem ég nefni er að inngreiðslur í sjóðinn séu eign þess aðila sem innir þær af hendi. (Gripið fram í.) Nú skal ég halda áfram, hv. 2. þm. Norðurl. e., ég veit að sá hv. þm. unnir mér þess að tala og ljúka þessum setningum sem ég er með á vörunum. En með þessari breytingu væri best tryggt að hver framleiðandi gæti notið síns atgervis og verið sinnar gæfu smiður. En jafnframt þyrfti þá heimild í skattalögum fyrir því að framleiðendur gætu átt sinn eigin sveiflujöfnunarsjóð. Það var einmitt þetta atriði sem mér virtist að hv. 2. þm. Norðurl. e. væri með framíkalli sínu að tæpa á. Mér kemur ekki á óvart að við séum sammála um grundvallarsjónarmið í þessu máli.

Annað atriði sem ég vildi nefna varðandi umbætur á frv. varðar það að framleiðendur sjálfir stjórni sjóðnum en ráðherra skipi ekki stjórn sjóðsins eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Ég tek eftir því að meiri hl. sjútvn. Nd. vill bæta nokkuð úr þessu þannig að ráðherra þurfi að leita tilnefninga á hluta stjórnar-

manna frá hagsmunaaðilum áður en hann skipar stjórnina. Mér virðist sú breyting út af fyrir sig til hins betra. Hins vegar liggur hér fyrir tillaga frá meiri hl. sjútvn. þessarar deildar sem felur í sér að horfið er aftur frá þeirri breytingu sem gerð var í Nd. um þetta atriði og þá til hins verra að mínu áliti. Einnig er um þetta atriði brtt. frá hv. þm. Halldóri Blöndal og Guðmundi H. Garðarssyni þar sem tekið er fram að skipunartími þeirra sem skipaðir eru í stjórn verðjöfnunarsjóðsins sé takmarkaður við embættistíma ráðherra.

Ég get fallist á að þetta ákvæði er til bóta en væri þó betra að það yrðu ekki tíð stjórnarskipti. En mér þykir þetta ekki duga. Ég vil miklu róttækari breytingu í þessu efni, miklu róttækari en gerð var í Nd. og miklu róttækari en hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Reykv. gera hér. Og hvað er það? Það er það að framleiðendur sjálfir stjórni sjóðnum á þeim grundvelli að sjóðurinn sé þeirra eign. Það er ekkert annað en að virða eignarréttinn, það er eðlilegt að eigendurnir stjórni sinni eign sjálfir. (**HBl:** Þá á að misbeita sjóðnum áfram.) Ég er ekki viss um að eignarréttinum þurfi alltaf að misbeita, ég er ekki sammála hv. þm. um það. Ég held að eignarrétturinn hafi sína sjálfstæðu þýðingu og sitt gildi og við þurfum ekki að ganga út frá því sem gefnu að honum sé alltaf misbeitt. Nei, það skulum við ekki gera. En hvaða skipun ætti þá að hafa um það hvernig skipað væri í stjórn sjóðsins?

Ég sagði að eðlilegt væri að eigendurnir stjórnuðu sjálfir sinni eign. Þeim er best trúandi til þess. Það er aðeins spurning um formið, hvaða hagsmunaaðilar eigi að ráða stjórn sjóðsins. Það geta verið ýmsar leiðir í því efni. Ég bendi á eina sem mér finnst eðlilegust og einföldust. Hún er sú að samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi, svokallað SAS, tilnefni í stjórnina. Það eru samtök allra hagsmunaaðila í sjávarútvegi og mér finnst eðlilegt að þessi samtök kæmu fram fyrir hönd hagsmunaaðila og fyrir hönd eigenda sjóðsins þegar hann væri kominn í eigu framleiðenda sjálfra.

Þá held ég að í þriðja lagi þurfi að huga að atriðum sem varða viðmiðunarverð sjóðsins og að tryggilega sé gengið frá því að það sé miðað við meðaltalsafkomu, það sé miðað t.d. við meðaltalsafkomu botnfiskframleiðslu og þar á meðal ísfiskinn. Og umfram allt að gæta þess að það sé ekki mismunað milli hinna ýmsu verkunaraðferða. (**HBl:** Það er nú alltaf verið að gera það.) Já, hv. 2. þm. Norðurl. e. fylgist mjög vel með og hann hefur lög að mæla, það er alltaf verið að gera það. En það sem ég er að tala um er að þess sé gætt að það verði ekki gert og ég veit að hv. þm. er mér algerlega sammála í því.

Ég hef hér bent á og vikið að nokkrum atriðum. Ég sagði í upphafi míns máls að ástæða væri til þess að ræða mikið um þetta frv. En mér sýnist svo að það sé enginn tími til þess. Þetta frv. — kom það ekki í deildina í gær, kannski í fyrradag, en hvort heldur var hefur enginn tími gefist til að ræða þetta mál sem skyldi. Það er mjög miður. Þessu svipar því til þess sem gerðist og við höfum áður, eða ég, vikið að í tímahrakinu þegar við vorum að ræða og afgreiða frv. um stjórn fiskveiða. Í því sambandi kemur mér í hug það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði varðandi þessi efni í 2. eða 3. umr. hér í deildinni fyrir nokkrum dögum um stjórn fiskveiða. Hann sagði eina setningu sem að mínu viti var það skynsamlegasta sem sagt var í öllum umræðunum um stjórn fiskveiða, það skynsamlegasta sem sagt var í öllum umræðum af kvótaunnendum, kvótamönnum. (**Gripið fram í:** Þetta er kvóti.) Hv. þm. sagði: Við þurfum að gefa okkur tíma og taka okkur tíma til að ræða fiskveiðimálið niður í grunninn hér á Alþingi. Það voru orð í tíma töluð og ég veit að við getum allir tekið undir þetta. Auðvitað er það svo að þetta á ekki einungis við það efni sem fjallað var um í frv. um stjórn fiskveiða, heldur einnig um það efni sem fjallað er um í því frv. sem við nú ræðum.

Ég skal stytta mál mitt og vil segja það að ég mun greiða atkvæði með þessu frv. á grundvelli þeirra meginmarkmiða þess sem ég hef hér vikið að. Ég tel líka þýðingarmikið að fá þetta frv. lögfest vegna þess að þá er lögfest líka og verður ekki undan skotist að ríkissjóður yfirtaki skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna lánanna margumtöluðu sem nema allt að 2 milljörðum kr. En ég greiði atkvæði með þessu frv. í trausti þessa og á þessari forsendu. En vegna þess hve lítill tími hefur unnist til að vinna þetta mál hef ég ekki talið mér fært að koma með brtt. við frv. Ég hef látið það vera af ásettu ráði af því að ég hef metið þetta mál svo mikilvægt að það yrði að skoða það miklu betur en okkur vinnst hér tími til. Þess vegna get ég greitt atkvæði með þessu frv. í trausti þess að þessi löggjöf verði endurskoðuð í sumar og lagt fyrir næsta Alþingi frv. þar sem bætt verður úr þeim ágöllum sem ég hef hér tíundað.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er reynslan í íslenskum sjávarútvegi að þar hafa verið miklar sveiflur í gegnum tíðina og það verður ekki hjá því komist í okkar samfélagi að taka á þessum sveiflum með einum eða öðrum hætti. Oft hefur það verið þannig að almenningur í landinu hefur ekki verið tilbúinn að taka á sig þær byrðar sem koma fram þegar illa gengur í sjávarútvegi og hefur oft reynst illa að stýra afkomumálum sjávarútvegsins eingöngu með breytingu á gengi. Það hefur líka reynst öðrum atvinnugreinum erfitt að vera í samstarfi við sjávarútveginn í landinu með þeim skilyrðum. Þetta eru kunn sannindi sem allir geta verið sammála um þótt menn kunni að hafa á því mismunandi skoðanir hvernig á því skuli tekið.

Ég vildi aðeins segja út af stjórn sjóðsins að það hefur verið þannig í Verðjöfnunarsjóði að þar hafa verið fjórir aðilar frá svokölluðum hagsmunaaðilum og síðan þrír fulltrúar sem gjarnan ganga undir nafninu ríkisfulltrúar. Það er niðurstaða í þessu starfi að eðlilegt sé út frá almennri efnahagsstjórn að þeir fulltrúar sem skipaðir eru af sjútvrh. séu í meiri hluta en hagsmunaaðilar komi þar að sjálfsögðu að.

Nú hefur það verið svo að í stjórn þessa sjóðs hafa

verið valinkunnir embættismenn frá sjútvrn., Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun og ég tel enga ástæðu til að gera þar neina breytingu á. Ég tel það eðlilega skipan að þar séu menn sem starfa við efnahagsstjórn í landinu á hverjum tíma og ég hef aldrei heyrt að það hafi verið nein vandamál í sambandi við samskipti við þessa aðila af hálfu sjútvrh. á hverjum tíma. Ég er þess fullviss að slíkir aðilar munu að sjálfsögðu framfylgja þeirri efnahagsstefnu sem starfandi ríkisstjórn hefur á hverjum tíma. Þetta vildi ég taka fram að því er varðar stjórnina.

Að því er varðar það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um þær innstæður sem þarna eru núna þá hefur verið farið mjög grannt yfir það mál en ekki verið fundin nægilega góð leið til að skipta þeim upp á milli einstakra aðila þótt ég geti mjög vel tekið undir það með honum að það hefði á margan hátt verið æskilegri niðurstaða. En svo varð ekki.

Ég vildi líka taka fram að þetta mál hefur verið mjög vel unnið því að baki því liggja tvö nál. fyrr og síðan sú staðreynd að það varð síðasta samþykkt síðasta Alþingis að leggja þær skyldur á herðar sjútvrh. að leggja fram frv. um þetta mál fyrir það þing sem nú stendur yfir. Ég fullyrði að þetta frv. er samið algerlega í þeim anda, eins og hv. 4. þm. Vestf. tók réttilega fram, sem þá ríkti um þetta mál, þ.e. þeim anda að hver einstakur aðili skuli hafa sína innstæðu og eingöngu þeir sem hafa greitt í sjóðinn hafi rétt til útgreiðslu, en ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Ég vildi aðeins koma inn á fyrirspurn hv. þm. Halldórs Blöndals að því er varðar yfirtöku ríkissjóðs á þessum skuldum. *Það er rétt að í fyrsta lagi er um að* ræða skuld varðandi loðnubrest sem varð 1981 sem var yfirtekin af Ríkisábyrgðasjóði á sínum tíma og mun að sjálfsögðu færast á ríkissjóð en á Ríkisábyrgðasjóði hafa í gegnum tíðina hvílt ýmsar skuldbindingar. Síðan liggur það í augum uppi að Verðjöfnunarsjóður hefur samið við Seðlabankann með samþykki ríkissjóðs um þá skuld sem nú er. Það er í sjálfu sér mjög einfalt að ríkissjóður mun að sjálfsögðu yfirtaka þessa skuldbindingu sem Verðjöfnunarsjóður hefur samið við Seðlabankann um með samþykki ríkissjóðs. *Þetta tel ég alveg skýrt í frv.* og þyrfti í sjálfu sér ekki frekari útskýringa við.

Ég vænti þess að þessar upplýsingar og þessi svör varpi einhverju frekara ljósi á málið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Báðir þeir hæstv. ráðherrar sem hér eru í deildinni hafa staðfest það sem raunar segir í lögunum og þurfti ekki að staðfesta, en þeir hafa staðfest þann skilning að óhjákvæmilegt sé að bókfæra þá 2 milljarða kr. sem gert er ráð fyrir að falli á ríkissjóð hér og er í rauninni ekki annað en hallarekstur ríkissjóðs síðan í septembermánuði 1988 eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum. Það þýðir að greiðsluhalli ríkissjóðs verður samkvæmt þeim tillögum sem liggja fyrir frá meiri hl. fjvn., ef samþykktar verða, 6,5 milljarðar kr. á þessu ári ef við gerum eingöngu ráð fyrir þeim skuldum ásamt vöxtum og gengistryggingu sem bókfærðar hafa verið á Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins fram að þessu. Það er mikið kæruleysi af hæstv. fjmrh. að beita sér ekki fyrir því að þessi leiðrétting sé tekin inn í fjáraukalögin núna en verður auðvitað að bíða næstu fjáraukalaga, en óhjákvæmilegt er að taka þessar tölur inn í greiðsluhallann. Greiðsluhallinn verður eins og nú er komið, ef þetta verður samþykkt, 6,5 milljarðar kr. Þetta er kjarni málsins og *sýnir í rauninni að hæstv. fjmrh. hefur með vilja*, bæði við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árin 1988 og 1989, staðið gegn eðlilegum leiðréttingum. Náttúrlega má segja að hann hafi ekki haft heimild til að taka tillit til þessara skuldbindinga vegna þess að Alþingi felldi það að skuldirnar skyldu þegar í stað bókfærðar á ríkissjóð eins og fyrirheit ríkisstjórnarinnar og bein loforð hæstv. sjútvrh. gáfu tilefni til. En auðvitað hlaut að koma að því að Alþingi yrði að standa við skuldbindingu ríkisstjórnarinnar þó aum sé. Það verður gert með þessum lögum sem hafa í för með sér að greiðsluhallinn á þessu ári eykst um 2 milljarða. En hæstv. fjmrh. getur kannski huggað sig við að hann var með falskan greiðsluhalla á síðasta ári og gat sýnt eitthvað lægri tölur, með því að falsa bókhaldið, en ella. En upp koma svik um síðir og auðvitað verður þetta að viðurkennast á endanum.

Hitt var athyglisvert sem hæstv. fjmrh. sagði, að á næstu árum, einhvern tíma seinna, eigi að byrja að greiða skuldirnar. Það verður ekki gert meðan hann er í sæti fjmrh. Það kom beint fram í hans ummælum að hann hafði ekki gert ráð fyrir því að mæta þessu að *neinu leyti í sinni tíð. Þó hefur enginn fjmrh.* hækkað skattana jafnört og skjótt og þessi nema ef vera skyldi fyrirrennari hans, Jón Baldvin Hannibalsson.

Ég hlýt í öðru lagi að láta í ljósi mikla undrun yfir því þegar hæstv. fjmrh. segir að það standi vel á hjá sjávarútveginum. Ég kann satt að segja betur við það að hæstv. sjútvrh. sé hér inni. Einstakir ráðherrar hafa verið að hrósa sér af því að björgunaraðgerðum sé lokið, sjávarútvegurinn sé kominn á réttan kjöl, það hafi verið sólskinsdagar hjá sjávarútveginum alveg síðan fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar *settist að völdum haustið* 1988, *ef marka má* ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar hæstv. ráðherra og sessunauta hans á ríkisstjórnarfundum. En hvert er nú mat hæstv. forsrh. á þessu? Hvað skyldi hann hafa sagt um málið 24. mars sl.? Skyldi hann meta stöðuna þannig að stjórn sjávarútvegsmála hafi verið til einhverrar fyrirmyndar og að sjávarútveginum hafi verið búinn viðunandi rekstrargrundvöllur? Þá segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslu veitir svo sannarlega ekki af að fá að lepja dálítinn rjóma." — Ég endurtek, „lepja dálítinn rjóma. Þau hafa verið í harki undanfarin ár og ákjósanlegast væri að þau fengju tekjur til að greiða af skuldum sínum." Svo mörg eru þau orð.

Hvaðan eru nú þessi ummæli tekin, þessi mynd tekin „að lepja dálítinn rjóma." Sögnin að lepja á

yfirleitt við um dýr, húsdýr, frekar en menn hélt ég væri. Skýringin er sú að ef einhver stétt er svo aðframkomin að hún getur naumast staðið á fótunum vegna vannæringar er gripið til þess ráðs að leyfa henni að lepja feitmeti. Samanburður hæstv. forsrh. vísar til þess að svo illa sé fyrir sjávarútveginum komið í heild að honum veiti sannarlega ekki af því að fá að lepja dálítinn rjóma. Svona er nú lýsing hans. Hvað segir hæstv. fjmrh. um þessa lýsingu? Hann er kominn í erlendu blöðin eins og hans háttur er þegar eitthvað er óþægilegt. Er nú auðvitað gaman að hann skuli fylgjast með einhverju því að víst er um það að hann fylgist ekki með því sem gerist hér á landi. En um leið og hæstv. forsrh. lýsir þessum skoðunum sínum að sjávarútvegurinn sé að lepja dálítinn rjóma þá víkur hann að því að hann telji að best verði spornað við þenslu með Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Sjálfur hefur hæstv. sjútvrh. lýst því yfir hér í dag að tilgangurinn með því að meiri hluti stjórnarinnar sé fulltrúi ríkisvaldsins sé sá að hægt sé að grípa til þess að leggja á sjávarútveginn byrðar, taka af honum tekjur í Verðjöfnunarsjóðinn, enda kom það fram hjá þeim opinberu embættismönnum, a.m.k. öðrum þeirra sem sat fund sjútvn. í morgun, að ekki væri um neina verðjöfnun að ræða innan botnfiskvinnslunnar í því horfi sem frv. var þá með því að botnfiskurinn yrði allur í einni deild. Hann sagði að erfiðleikar og verðsveiflur væru á mörkuðum hjá rækju- og hörpudiskframleiðendum en það kom skýrt fram hjá honum að tilgangurinn með þessu væri ekki sá að verðjafna innan einstakra greina botnfiskvinnslunnar. Það sagði hann. Þá vitum við að botnfiskvinnslan er höfð inni, eða botnfiskframleiðslan eða hvað við eigum að kalla það, til þess að leggja til hliðar í því sem hæstv. ríkisstjórn kallar þensluástand. Ummæli forsrh. og fleiri ráðherra verða ekki skilin á annan veg en svo að þeir óttast mjög að þensluástand hafi skapast hér í marsmánuði. Yfirlýsingar ráðherra um þau efni voru svo, hvað á ég að segja, skýrar að formaður Vinnuveitendasambandins sá ástæðu til þess að taka í lurginn á þeim ráðamönnum sem þannig töluðu, enda atvinnuleysi mjög mikið og mikil fásinna að tala um þensluástand núna. Mér er t.d. sagt af vinnuveitendum norður á Akureyri að það sé borin von að skólafólk þar fái vinnu yfir sumarið eins mikið og almennt og atvinnuleysið er. Og ástandið er áreiðanlega eins annars staðar. Það er ekki um það að ræða nú að skólafólk geti vænst þess að fá þau uppgrip í sumar eins og við gátum vænst sem erum á mínum aldri. En á bak við ummælin er þessi tilhneiging að reyna að bjarga því sem kallað er efnahagsástand þjóðarinnar með því að draga til sín einhverjar tekjur frá saltfiskvinnslunni, frá frystihúsunum, því að vitaskuld verður erfitt fyrir þá ráðuneytismenn að koma böndum á ferskfiskútflutninginn og raunar kom fram að hann hefur aldrei greitt í neinn verðjöfnunarsjóð. Gámagjald var lagt á en ekki hefur verið um eiginlegar greiðslur í Verðjöfnunarsjóð að ræða frá þeirri deild.

Nú sá ég, herra forseti, að það hafði verið prentvilla í nál. meiri hl. sjútvn. Þar stór að þetta mál hefði fengið „ítarlega" athugun í sjútvn. Þetta er auðvitað prentvilla. Þarna hefur skotist inn orð af gömlum vana. Það má segja „athugun". Ég beini því til hæstv. forseta að þskj. verði prentað á nýjan leik og þetta áhersluorð fellt brott vegna þess að ég veit að formaður sjútvn. vill ekki fara með fleipur í nál.

Auðvitað fékk þetta mál enga athugun í sjútvn. Fulltrúar hagsmunaaðila komu á fund nefndarinnar í morgun. Þar kom ráðuneytisstjóri sjútvrn. og starfsmaður Verðjöfnunarsjóðs. Þeir höfðu ekki tíma til þess að útskýra fyrir okkur hvaða hugmyndir lægju til grundvallar þegar talað var um verðjöfnun hjá ferska fiskinum. Það kom m.a. fram í máli formanns Sambands ísl. fiskframleiðenda að verðhækkanir á ferskum fiski erlendis væru upp í 40–50% frá áramótum. Það liggur líka fyrir að það geta komið löng skeið, ég kalla 2–3 ár langtímabil, í sambandi við sveiflur á erlendum mörkuðum þegar staða frystingarinnar er mjög góð en staða saltfisks á hinn bóginn léleg. Eftir þeim hugmyndum sem lágu fyrir í nefndinni var ekki gert ráð fyrir að verðjafna milli einstakra greina í botnfiskvinnslunni sem þýðir auðvitað að ef hæstv. sjútvrh. kýs að skipa málum þannig með reglugerð er rangnefni að kalla þetta Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Þá er þetta ekki neinn verðjöfnunarsjóður fyrir sjávarútveginn. Þá verður hver einasta grein sjávarútvegsins að standa sig. Það er hugsanlegt auðvitað með því að misbeita valdinu að draga einhverjar tekjur frá þessum greinum í sjóðinn, en það er greinilegt að hugmyndin er ekki sú að jafna þannig samkeppnisstöðu vinnslugreina að dregið verði úr þeim sveiflum sem eru á milli framleiðsluaðferða eftir því hvernig markaðurinn hagar sér. Hann kvað svo fast að orði, fulltrúi Sambands ísl. fiskframleiðenda, að segja að það væri ósamrýmanlegt hugmyndinni um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins að jafna sveiflur með botnfiskaflann í einni heild. Það er nú svo.

Á árunum 1983–1985 var mikil ásókn í að framleiða frystan fisk eins og hæstv. sjútvrh. veit. Reynt var að vinna á móti þeirri sveiflu með greiðslum úr verðjöfnunarsjóði saltfisks. Þannig er nú það. Fjmrh. sem ekki hafði gert sér grein fyrir því að sjávarútvegurinn þarf að lepja pínulítinn rjóma núna virðist hafa gleymt því að þessi ríkisstjórn og sú sem á undan henni var hafa með stórkostlegum opinberum peningagreiðslum skert samkeppnisstöðu einstakra framleiðslugreina í sjávarútvegi. Þeir 2 milljarðar sem við erum hér að tala um eru uppbætur til ferskfiskframleiðslunnar, til frystihúsanna. Á sama tíma og ríkissjóður hefur þannig lagt frystihúsunum til 2 milljarða er búið að þurrka upp sjóði saltfiskvinnslunnar og mér skilst að í næstu greiðslur úr verðjöfnunarsjóði saltfisks fari síðustu peningarnir og þá sé ekki meira eftir.

Ástæða er til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ekki hafi komið til tals í ríkisstjórninni að jafna metin fyrir saltfiskinn þannig að ríkissjóður taki líka á sig þær greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sem verið hafa síðan

ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988. Ummæli viðskrh. eru alveg skýr í þessum efnum. Hann er búinn að lýsa því yfir að ríkisstjórnin hafi tekið þá pólitísku ákvörðun að halda sjávarútveginum niðri til þess að reyna að koma á efnahagsstjórn eins og hann kallar það, skapa atvinnuleysi á mæltu máli. Spurningin er þess vegna hvort ekki sé ástæða til þess að ríkissjóður bæti saltfiskframleiðendum þetta tjón en það á auðvitað ekki að gera það. Það er verst að hafa ekki viðskrh. hér viðstaddan, herra forseti, því að nú er skýrslan komin erlendis frá, nú hafa hinir útlendu menn talað. (Gripið fram í.) Það var nú ekki alveg sama þýðing, hv. þm., sem kom frá viðskrh. og Þjóðhagsstofnun. Það skeikaði nú pínulitlu eins og einhver hefði verið með penna uppi í viðskrn. til að laga aðeins textann. En nú liggur þessi skýrsla fyrir og fyrir fram hafði viðskrh. sagt að þar mundi standa að efnahagsstjórnin hjá þessari ríkisstjórn væri „kennslubók í hagstjórn". En eins og einu orði var ofaukið hjá formanni sjútvn. þegar hann talaði um að málið hefði fengið „ítarlega" athugun í sjútvn. þá fór svo fyrir viðskrh. að þar vantaði eitt orð og má kannski þess vegna segja að metin jafnast. Hann ætlaði ekki að segja „kennslubók í hagstjórn" heldur „kennslubók í vondri hagstjórn." Þetta er kjarni málsins.

„Lepja dauðann úr skel" stendur einhvers staðar. Ekki vill hæstv. forsrh. láta sjávarútveginn lepja dauðann úr skel. (**Gripið fram í:** Rjóma.) Það er rjómi sem hann á að fá til sín, rjómi sem orðinn er til vegna þess að atvinnugreininni vegnar nú ögn betur, sem sýnir náttúrlega hinn mikla lífskraft sem býr í íslenskum sjávarútvegi að hann skuli þó, ef hann fær að vera í friði, hafa einhverja möguleika til þess að lyfta sér aðeins við hagstæðari skilyrði. En dómurinn er fallinn. Forsrh. er búinn að kveða upp úrskurðinn um sína eigin ríkisstjórn. Sjávarútvegurinn þarf á rjómanum að halda, hann þarf á vítamínsprautu að halda eins og dýr sem er aðframkomið og getur naumast staðið á fótunum.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Það var dálítið áhugaverður kafli í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. þar sem hann fjallaði um skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Það vill svo til að á mínum sokkabandsárum þegar ég var að hefja störf eftir nám erlendis starfaði ég hjá íslenskri stofnun sem hafði með að gera samskipti við OIC eins og það hét þá, það er núna skammstafað OECD. Ég kynntist allvel á þessum árum, ég held að ég hafi starfað í 5½ ár í tengslum við þessa stofnum, ákveðnum þáttum. Síðan hef ég fylgst með störfum þessarar stofnunar og samskiptum íslenskra aðila við hana og það er afskaplega einfalt mál hvernig þessar skýrslur verða til. Það vita allir sem til þekkja að skýrslan er að meginefni samin af hagfræðingum Seðlabankans, sérfræðingum í viðskrn. og að hluta til í fjmrn. (**Fjmrh.:** Þetta er að breytast.) Þetta er að breytast, sagði hæstv. fjmrh., sem þýðir að það hefur ekki orðið 100% breyting á því. Þetta er gert svona meira og minna enn og gert þannig að hingað koma erlendir aðilar frá OECD og eiga viðtal við þá sérfræðinga sem fjalla um þessi mál eða okkar menn erlendis sem starfa við OECD gefa upplýsingarnar sem koma frá Íslandi. Svo er skýrslan samin og yfirleitt er passað upp á það, skilst mér án þess að ég vilji fullyrða það, réttir aðilar passa upp á það — Það er afskaplega erfitt, virðulegi forseti, að tala þegar miklar ræður eru úti í sal. Ég hef aldrei vanist því annars staðar þar sem ég hef tekið til máls nema hér á hinu háa Alþingi. Það skiptir kannski engu máli en er athyglisvert fyrir þessa virðulegu stofnun og virðist eiginlega vera einkenni hennar að hv. þm. eru alltaf með aukafundi. Ég hef tekið eftir því að þegar jafnvel ráðherrar eru að tala um hin alvarlegustu mál eru fundir úti í sal. Mér finnst þetta hálfgerð óvirðing við stofnunina sjálfa fyrir utan ræðumenn og jafnvel sjálfa þingmenn að þeir skuli ekki hlusta á mál manna eða halda sína fundi bara utan þessarar deildar. En þetta á kannski að vera svona.

En ég var að tala um það varðandi skýrslu OECD að síðan eru hér nokkurs konar páfar á Íslandi sem fara yfir handritin. Það eru náttúrlega mennirnir sem setja útlínurnar. Og það vill svo til að í núv. ríkisstjórn er einn æðsti páfinn á þessu sviði frá upphafi þessarar skýrslugerðar. Það er núv. hæstv. iðnaðar- og viðskrh. Hann er sérstakur sérfræðingur í einmitt hönnun svona skýrslna og hann hefur unnið að þessu meira og minna allar götur síðan 1973 eða 1974. (**Gripið fram í:** Fyrr.) Eða jafnvel fyrr. Það er því náttúrlega mjög eftirtektarvert og athyglisvert að nú skuli vera í ríkisstjórn maður sem hefur haft með að gera, ég vil segja „redaktion" á þessum skýrslum, maður sem hefur raunverulega mótað niðurstöðu þessara skýrslna fyrir hinar ýmsu ríkisstjórnir. Ég ætla ekki að gera ráð fyrir því og trúa því að hann hafi alveg skrifað þessa skýrslu. En ansi er ég hræddur um að hann hafi komið einhvers staðar við sögu.

Þá ætla ég að víkja að umræðunum um þetta frv., um Verðjöfnunarsjóð. Mér finnst sú umræða sem hér fer fram vera dæmigerð kerfisumræða. Ég vil þó taka það fram að hæstv. ráðherra fór ekki inn í málið með þeim hætti nema að mjög takmörkuðu leyti. En mér finnst þetta dæmigerð kerfisumræða að því leyti að verið er að ræða um hagstjórnartæki sem að mínu mati eru úrelt fyrirbrigði. Ég skal rökstyðja það nokkuð hvers vegna ég lít á þetta sem úrelt fyrirbrigði.

Við erum hér með ríkisstjórn sem hefur innan sinna vébanda utanrrh. og iðnrh. sem hafa báðir stært sig af því, þessir tveir hæstv. ráðherrar, að þeir hafi verið að færa Ísland nær þeirri þróun sem hefur átt sér stað í Vestur-Evrópu. Á sama tíma sem þessir menn eru að tala um að Ísland þurfi að vera frjálsara, það þurfi að vera opnara og hér þurfi að vera frjálsir fjármagnsflutningar, svo að dæmi sé nefnt sem hefur geysilega mikil áhrif og þýðingu í þessu máli, þá er verið að leggja til að sett séu höft á íslenskan sjávarútveg í gegnum það sem ég vildi kalla miðstýrt kerfi, sem Verðjöfnunarsjóður óneitanlega er. Þess vegna

vil ég halda því fram að við séum raunverulega að tala um þessi mál út frá prinsippsjónarmiði. Annars vegar eru þeir menn sem vilja lifa í fortíðinni og starfa á grundvelli þessara hagstjórnartækja, sem eru að verða úrelt fyrirbrigði. Hins vegar erum við hinir sem gerum okkur grein fyrir því að gerðar eru það miklar kröfur til sjávarútvegs og fiskiðnaðar í landinu í samkeppni við aðra aðila, innlenda sem erlenda, að með því að hafa slíkan sjóð sem Verðjöfnunarsjóður er erum við raunverulega að vinna gegn því markmiði að þessi fyrirtæki, sem stöðugt er verið að heimta meira af, geti mætt þeirri samkeppni og mætt því breytta umhverfi sem við lifum í.

Ég er ekki að ásaka hæstv. sjútvrh. Þetta er ekki endilega hans sjónarmið, að vilja viðhalda þessum Verðjöfnunarsjóði, alls ekki. En ég bendi á það í þessari umræðu, að við erum raunverulega að ræða um þetta út frá þessum prinsippsjónarmiðum. Ég aðhyllist það sjónarmið að við eigum að hætta slíkri miðstýringu sem þessi verðjöfnun felur í sér, en þó með ákveðnum takmörkunum, það skal viðurkennt. Það sem mér finnst vera höfuðgallinn við þetta frv., fyrir utan það að ég er á móti því að viðhafa slíka miðstýringu, er það að raunverulega er verið að fresta því að þær hámarkstekjur sem atvinnugreinin getur fengið á hverjum tíma komi strax til notkunar eða nýtist henni á því augnabliki sem tekjumyndun verður. Ég tel að það henti ekki íslenskum fiskiðnaði að fresta því að þessar greiðslur komi til baka í verðjöfnunarformi eins og frv. gerir ráð fyrir. Um þetta finnst mér raunverulega málið snúast. Þetta er meginatriðið en ekki það hvernig stjórn er skipuð o.s.frv. Það finnst mér vera algert minni háttar atriði.

Þegar maður ræðir um áhrif þessa út frá sjónarmiði efnahagslífsins, þá er það alveg rétt að eins og þessar atvinnugreinar voru, ég vil segja fyrir tíu árum, þá er ég að tala um fiskvinnsluna, sérstaklega frystiiðnaðinn og saltfiskvinnsluna, má segja að ef vel gekk og söluverð hækkaði mikið, þá hlutu miklar viðbótartekjur að hafa mikil áhrif inn í íslenskt efnahagslíf. Það var á þeim tíma sem ísfiskur eða ferskur fiskur var tiltölulega lítill í útflutningi landsmanna. Það var á þeim tíma þegar stærsti hluti sjávaraflans fór í þessar vinnsluaðferðir, að viðbættri skreið. Nú hefur sú breyting orðið á að stöðugt stærri hluti aflans er fluttur út ísaður og ferskur. Og áhrif verðbreytinga koma inn í okkar efnahagslíf með allt öðrum og ég vil segja með miklu minni margfeldisáhrifum en þær miklu verðhækkanir höfðu í för með sér þegar við vorum að tala um unna vöru, vöru sem var unnin sérstaklega í hraðfrystiiðnaðinum. Þetta er atriði sem ég held að menn verði að íhuga mjög gaumgæfilega þegar verið er að ræða um Verðjöfnunarsjóðinn. Þar við bætist að við erum með núna um það bil, ef ég man rétt, 25 frystitogara eða skip sem geta fryst um borð. Framleiðsla þeirra afurða sem þar á sér stað er þess eðlis að margfeldisáhrifin vegna mikilla verðhækkana á þeim afurðum eru ekki hin sömu eins og fullunninna afurða í frystihúsum.

Þetta eru efnisatriði sem ég vildi láta koma fram í þessari umræðu vegna þess að þau styðja þá skoðun mína að þau fyrirtæki sem eru með landfrystingu, þau fyrirtæki sem eru með saltfiskvinnslu í landi, hlutdeild þeirra og áhrif í sambandi við efnahagslífið í heild vegna aukinna tekna, vegna verðhækkana, eru ekki nærri því eins mikil og þau voru hér áður fyrr. En til að þessi fyrirtæki, þ.e. frystihúsin og saltfiskvinnslan, geti mætt þessum breytingum er það lífsspursmál fyrir þau í samkeppninni við ferska og ísaða fiskinn og frystitogarafiskinn að fá sínar tekjur að fullu þegar þær myndast. Það er í mínum huga grundvallaratriði. Þess vegna kvaddi ég mér hljóðs aftur, virðulegi forseti, vegna þess að ég vildi koma þeim sjónarmiðum fram sem svari við skoðunum þeirra efnahagssérfræðinga sem hafa lagt á ráðin um þennan Verðjöfnunarsjóð. Þess vegna segi ég það að þessi Verðjöfnunarsjóður mun koma með fullum og mjög neikvæðum þunga á frystihúsin og saltfiskvinnsluna og gera samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja enn þá verri en hún er í dag.

Í stuttu máli sagt: Ég er á móti því að binda hluta tekna, væntanlegra, ef verðhækkanir halda áfram, með þessum hætti. Þess vegna held ég að ég hafi líka svarað því atriði sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf. að Verðjöfnunarsjóður stuðli að stöðugleika. Það er misskilningur að mínu mati vegna þess að verðbreytingaáhrifin eru ekki eins mikil og þau voru hér áður fyrr þannig að íslensku efnahagslífi stafar ekki sú hætta af umtalsverðum verðhækkunum á afurðum hraðfrystingar og saltfiskvinnslu.

Ég vildi hins vegar segja þetta: Það væri nær að grípa víðar inn í, eða réttara sagt, grípa annars staðar inn í til að koma í veg fyrir þensluáhrifin. Þar á ég við að draga mætti úr þensluáhrifunum sem stafa frá ríkisgeiranum. Þau eru enn til staðar. Það mætti einnig draga úr þensluáhrifunum sem stafa af byggingariðnaðinum. En það sem er kannski summan í þessu öllu saman og niðurstaðan er: Það á að láta íslenskan sjávarútveg og fiskiðnað mæta hugsanlegum þensluáhrifum sem verða ef samið verður um stóriðju á þessu ári. Ef íslenskur sjávarútvegur á í vændum betri tíma þá verði viðbótartekjur hans frystar með þessum hætti eða geymdar til þess fyrst og fremst að stórvirkjunarframkvæmdirnar og uppbygging stóriðjunnar hafi ekki eins mikil þensluáhrif og ella. Þetta er kjarni málsins. Það er sjónarmið út af fyrir sig og þá eiga menn bara að viðurkenna það. En ég, sem er fylgjandi því að sjávarútvegur og fiskiðnaður hafi góða stöðu í þeirri baráttu sem á sér stað milli atvinnugreina í landinu og hef trú á þeirri atvinnugrein, legg áherslu á það að þessi stefna í sambandi við stórvirkjanir og stóriðju komi ekki niður á betri og batnandi stöðu sjávarútvegs. Þess vegna er ég á móti því að þessi sjóður verði til. Ég vil leggja hann niður.

Varðandi það atriði að með þessu frv. sé verið að staðfesta það að ríkissjóður sé skuldbundinn vegna lántöku frá fyrri tíma upp á 2 milljarða vil ég segja þetta: Hæstv. sjútvrh. er þekktur fyrir það að standa við sín orð. Hann hefur hér í ræðustóli gefið þær

yfirlýsingar að þau lán sem tekin voru á sínum tíma vegna greiðslna með frystiiðnaðinum verði greidd af ríkissjóði. Það þarf því ekki að staðfesta það með einhverjum sérstökum lögum. Ég tek það trúanlegt, og það er næg staðfesting fyrir mig, að þær yfirlýsingar ráðherra standi. Ríkissjóður hlýtur að taka þessa 2 milljarða á sig. Það er svo annað mál hvort hæstv. fjmrh. ætlar að fresta því hvenær og með hvaða hætti það gerist.

Ég mun ekki, virðulegi forseti, ræða þetta mikið frekar en vil segja þetta að lokum: Hæstv. sjútvrh. kom inn á þetta atriði eins og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, að það þyrfti að jafna hinar miklu sveiflur sem eru í sjávarútvegi með þessum hætti. Ég tel mig hafa svarað því að ekki þurfi að óttast þær sveiflur með sama hætti og áður fyrr. Ég vil segja síðan að lokum, virðulegi forseti, að grundvallarforsenda fyrir afkastamiklum sjávarútvegi á Íslandi er að greinin fái að njóta að fullu tekna sinna á þeim tíma þegar þær myndast. Það tryggir að sjálfsögðu betri afkomu fyrir heildina og gerir það eftirsóknarverðara fyrir, ég vil segja unga menn að starfa í þessari atvinnugrein, þ.e. við útgerð og fiskiðnað. Þess vegna verður greinin að fá að njóta þeirrar uppsveiflu sem er á hverjum tíma. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að of mikil útjöfnunarsjónarmið sem nálgast svokallaðar núlllausnir geti verið mjög hættuleg í sambandi við þessa atvinnugrein. Útjöfnunarsjónarmið geta leitt til atgervisflótta í þessari atvinnugrein. Og þegar ég tala um atgervisflótta minni ég hv. þm. á það að hvergi í nokkurri atvinnugrein á Íslandi mun tæknivæðing vera komin á jafnhátt stig og í nýtísku íslenskum fiskiskipum. Það eru engir aular sem sitja þar í brúnni og stjórna þessum skipum og enn síður sá mannskapur sem er á dekki og framkvæmir verkin þannig að tæknin og mannshugurinn ráði þar við þá útfærslu sem nú er komin í sambandi við íslenskar fiskveiðar. Við Íslendingar megum ekki við því að atgervisflótti eigi sér stað í útgerð og fiskvinnslu. Við sjósókn, við fiskvinnslu verður að vera okkar hæfasta fólk. Þess vegna má ekki nota góða stöðu þessara aðila til neikvæðrar, almennrar jöfnunar. Það eru úrelt sjónarmið og beinlínis mjög hættuleg fyrir Íslendinga í þeirri stöðu og vegna þeirrar framtíðarsýnar sem við horfum á í sambandi við nánari tengsl okkar við Vestur-Evrópu og þá miklu samkeppni sem þar ríkir. Í þessu eins og öðru vil ég segja að hjá ríkisstjórninni gæti ákveðins ósamræmis í störfum og stefnu.

Einn flokkur segir: Frelsi og samkeppni. Við skulum fara inn í Evrópubandalagið gegnum EFTA. Þetta er sjónarmið Alþfl. Framsókn segir: Takmörkum samkeppnina. Höfum ákveðin afskipti af hálfu ríkisvaldsins, samanber þetta frv. Sleppum ekki miðstýringu. Spurningarmerki hvað gera skal í sambandi við Evrópubandalagið. Alþb. er svona á milli vita. Formaður flokksins er mjög framfarasinnaður og ég vil segja að hann vilji nálgast þau sjónarmið að ýmsu leyti sem við sjálfstæðismenn túlkum í afstöðu okkar til þessara mála. Þó er miðstýringin enn ofarlega í hugum margra í þeim flokki og varðandi Evrópubandalagið eru þeir eins og flestir aðrir íslenskir flokkar á móti því að Íslendingar gangi þar inn.

Í stuttu máli er niðurstaða mín þessi: Í þessu frv. felst vinstri stefna, miðstýring, ákveðin lokun. Það eimir eftir af hinu lokaða hagkerfi í þeim kenningum sem fylgja þessu frv. hjá þeim hagfræðingum sem við höfum spjallað við. Í stuttu máli sagt byggist þetta frv. á stefnu framsóknar og þeirra Alþb. sem vilja enn þá ákveðið ófrelsi og kerfisstýringu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 1295 felld með 9:6 atkv.
2. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 1296 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv.
4.–14. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1988, 2. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642, n. 1292.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. varðandi frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988. Nál. hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa Guðmundur Ágústsson, Jóhann Einvarðsson, Skúli Alexandersson, Sveinn Gunnar Hálfdánarson, Halldór Blöndal og Eyjólfur Konráð Jónsson. Þeir tveir skrifa undir með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

EFRI DEILD

103. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum 102. fundi.

Um þingsköp.

Þinglausnir.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum mínútum var gert smáhlé og þá haldnir þingflokksfundir. Við í Sjálfstfl. höfum ekki heyrt hver varð niðurstaða úr þeim þingflokksfundum. Okkar formaður sat á fundi þegar hér var hringt til funda. Ég vil óska eftir því að skýrt verði frá því með hvaða hætti eigi að ljúka þingstörfum og að hér hefjist ekki afgreiðsla mála fyrr en það liggur fyrir.

Forseti (Jón Helgason):

Stefnt er að því að þinglausnir fari fram í kvöld kl. 9. Menn eru misjafnlega ánægðir yfir því að þinglausnir skuli dragast svo en af tæknilegum ástæðum virðist vera útilokað að koma þeim á fyrr.

Á dagskrá þessa fundar hér sem við vorum að samþykkja eru sex mál sem reynt verður að afgreiða. Auk þess eru tvö mál hér í hv. Ed. sem vísað var til nefndar. Það verður gert stutt hlé á þessum fundi og nefndarfundir haldnir og séð hver afdrif þeirra mála verða áður en fundi verður síðan fram haldið. En nú verður gengið í að afgreiða nokkur mál á þessari dagskrá áður en hlé verður gefið til nefndarfunda.

Skipan prestakalla, ein umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 1302 (sbr. 1289).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Í Nd. voru gerðar nokkrar smávægilegar breytingar á frv. Í Árnessýslu var breytt skipan prestakalla. Ráðningartími aðstoðarpresta var lengdur úr þremur árum í fjögur. Og bætt var inn viðaukaákvæði við endurskoðunarákvæðið um að nú á þessu ári fari fram endurskoðun á skipan prestakalla milli prófastsdæma í Strandasýslu.

Eftir viðræður við nefndarmenn allshn. gerir nefndin ekki athugasemdir við þessar breytingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1310).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 580. mál (persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 1209.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1311).

Ríkisreikningur 1988, 3. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 642.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1312).

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). – Þskj. 1309 (sbr. 1260).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og endursent Nd.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 2. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 80. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 81, n. 1308.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. sjútvn. á þskj. 1308 við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Nál. er stutt og hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Karvel Pálmason, Jóhann Ein-

varðsson, Skúli Alexandersson, Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1308 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, ein umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1299.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Félmn. Ed. kom saman og fjallaði aðeins um þær breytingar sem gerðar voru í Nd. á frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og leggur til að þær verði samþykktar héðan óbreyttar. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og Guðmundur H. Garðarsson voru fjarverandi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það kom fram hjá frsm. félmn., hv. 4. þm. Suðurl., að ég og hv. 14. þm. Reykv. hefðum verið fjarverandi við afgreiðslu þessa máls. Ég vil þess vegna láta þess getið að þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessu frv. í félmn. Nd. og náðust fram fyrir tilstuðlan fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni eru til bóta miðað við upphaflega gerð frv. Þrátt fyrir það munum við, þingmenn Sjálfstfl. í hv. Ed., sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 6. þm. Reykn. að þessar tillögur sem gerðar hafa verið á frv. eru til bóta, skárra væri það. Þær sýna bara það sem við vissum fyrir að málið er illa unnið og óvandað, hroðvirknislega að því staðið og af mikill einþykkni. Það mun koma í ljós eftir að þessi lög koma til framkvæmda að það verður sama klúðrið og húsnæðismálin eru í heild sinni. Þar er engin yfirsýn og ekki gerð nein tilraun til þess að standa vel að verki.

En ég vil af þessu tilefni samt spyrja hæstv. félmrh. hvað hafi gerst síðan við sáumst síðast í sambandi við úrlausn fyrir það aumingja fólk sem er að missa íbúðir sínar. Þá spurði ég félmrh. að því hvort hann hefði gert ráðstafanir til þess að meira fjár yrði aflað til þess að hægt væri að veita þessi svokölluðu erfiðleikalán. Húsnæðisráðherra veit það jafn vel og ég að eins og nú er komið, eins hörmuleg og launakjörin eru og skattpíningin mikil, þá þrengist að hjá heimilunum. Margir eru á barmi örvæntingar og þess vegna er fróðlegt að vita hvað hún hefur að segja um þetta efni. Ef ég man rétt voru þær tölur sem ég nefndi síðast á bilinu 200–300 millj. sem þarf núna bara til þess að leysa bráðasta vandann til áramóta. Það er svona lausleg ágiskun, verður auðvitað miklu meira og spurningin sem nauðsynlegt er að spyrja hæstv. félmrh. er: Hvernig gengur að afla viðbótarfjár til þess að hjálpa upp á sakirnar hjá því fólki sem verst stendur á hjá?

Það er annað sem ég vil líka spyrja hæstv. félmrh.: Hvort hann telji að raunvextir muni fara hækkandi á húsbréfum eftir að sú breyting verður 15. maí að þeir mega sækja um húsbréf sem kaupa notaða íbúð og síðan mun lokaskrefið verða stigið í haust, ef ég man rétt. Spurning mín til hæstv. ráðherra er hvort hann reikni með því að raunvextir fari hækkandi á húsbréfum til áramóta, líka í ljósi þess að hæstv. fjmrh. ver auknum fjármunum til þess að bæta samkeppnisstöðu sína á skuldabréfamarkaðinum. Það er komið upp úr dúrnum núna að greiðsluhallinn á ríkissjóði á þessu ári er á milli 6 og 7 milljarðar kr. án tillits til Verðjöfnunarsjóðsins. Þar bætast 2 milljarðar við. Við erum komnir þá upp í greiðsluhalla sem er 8–9 milljarðar. Ef maður spyr einstaka ráðherra hvað þeir ætli að gera um þetta og hitt, ef fréttamenn spyrja, er alltaf svarið: Það á að fara að ráða nýjan mann. — Þetta var viðkvæðið hjá hæstv. umhvrh. í einhverjum fjölmiðlanna í gær og þannig gengur þetta. Við forsendur fjárlaga er ekki staðið. Þannig er það. En það má segja að þær byrðar sem falla auðvitað á þjóðina síðar koma jafnar niður. Höfuðmálið er hvað ráðherrann hefur gert fyrir fólkið sem er að missa sínar íbúðir. Hvað hefur verið gert í sambandi við erfiðleikalánin? Er búið að útvega þessar 200–300 millj. sem óhjákvæmilegt er að útvega til þess að standa þar sæmilega vel í stykkinu?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fékk þessa sömu spurningu frá hv. þm. Halldóri Blöndal þegar þetta mál var hér til umræðu. Ég upplýsti hv. þm. þá um að það fjármagn sem er til ráðstöfunar í greiðsluerfiðleikalán í Húsnæðisstofnun mundi duga fyrir þeim umsóknum sem þá lágu fyrir og það stendur að það mun duga fyrir þeim umsóknum sem liggja fyrir. Mér er ekki kunnugt um að það vanti 200–300 millj. til þess að geta afgreitt greiðsluerfiðleikalán það sem eftir lifir ársins vegna þess að þær umsóknir liggja ekki fyrir í Húsnæðisstofnun þannig að hægt sé að leggja mat á hvort það er þessi upphæð sem hv. þm. nefnir eða einhver önnur. Ef þarna fara að safnast inn umsóknir vegna greiðsluerfiðleikalána sem nauðsynlegt er að afgreiða þá verður það mál að sjálfsögðu tekið upp í ríkisstjórninni.

Að því er varðar síðari spurningu hv. þm. um húsbréfakerfið. Þegar það opnast núna 15. maí fyrir það fólk sem vill nýta sér húsbréfakerfið til kaupa á eldri íbúðum spurði hv. þm. hvort ástæða væri til að ætla að raunvextir mundu hækka við það. Ég tel ekki ástæðu til þess að ætla það.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Svör félmrh. hæstv. eru önnur nú en um daginn. Þá sagði hæstv. félmrh. að þessir fjár-

munir væru bundnir miðað við þær fjárhæðir sem lágu fyrir í janúar eða febrúar, ég veit ekki hvort það hefur verið mismæli þá, ég skal ekki um það segja. En ég fullyrði að sú fjárvöntun sem ég var að lýsa er raunveruleg. En það má kannski leika sér að orðum. Þær umsóknir sem liggja fyrir. Ég hef spurt fyrir fólk og mér er sagt að peningar séu búnir. Það þýði ekki að sækja um. Og það kallar auðvitað á beina spurningu til hæstv. ráðherra: Er hugsanlegt að Húsnæðisstofnun gefi upp þau svör ef menn vilja sækja um greiðsluerfiðleikalán að fjármunir séu ekki fyrir hendi? Það þýði ekki að sækja um meira á þessu ári. Er það hugsanlegt?

Mig minnir, herra forseti, að einhvers staðar hafi komið fram að þeir peningar sem eru eftir í þessu skyni, það standa í mér tölur eins og 10 eða 15 millj., það er kannski vitleysa, kannski eru eftir 40 millj. — Væri hægt að fá upplýst frá ráðherra hversu miklir peningar eru eftir til áramóta? Hvað er búið að úthluta miklum fjármunum til erfiðleikalánanna á þessu ári? Hvenær var þeim úthlutað og hversu miklir peningar eru til ráðstöfunar það sem eftir lifir ársins?

Ráðherrann er í þeirri góðu trú að þetta sé allt saman í lagi. Mér skilst að ráðherrann búist ekki við því eftir svörum hennar síðast að neinir séu í erfiðleikum lengur, ríkisstjórnin sé búin að leysa þetta allt saman. Forsrh. talaði um að sjávarútveginum veitti ekki af því að lepja einhvern rjóma. Kannski hæstv. ráðherrann sé þeirrar skoðunar að búið sé að láta þvílíkt magn af rjóma á einhverja undirskál fyrir það fólk sem hefur átt í erfiðleikum að það sé búið að torga nægju sína eða eitthvað svoleiðis. Ég held að það sé ekki tilfellið. Ég held að húsnæðisráðherrann segi ekki alla söguna. Það er hægt að bera svör hennar saman þegar ræða hennar kemur út, hvað ráðherrann sagði nú og hvað hæstv. ráðherra sagði síðast þegar ég spurði. Má vera að mig misminni en ég tók svo eftir að þeir fjármunir sem Húsnæðisstofnun hefði til þessara lána hefðu miðast við þær umsóknir sem lágu fyrir. Mér finnst hafa verið sagt svo í febrúar, í öllu falli á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Halldór Blöndal *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þó svo að við séum hér á síðasta degi og að reyna að ljúka þinghaldinu þá dugir ekki annað en að hæstv. félmrh. svari þessari spurningu: Er búið að loka fyrir umsóknir hjá Húsnæðisstofnun varðandi erfiðleikalán? Ef svo er ekki, hversu miklir eru þeir fjármunir sem Húsnæðisstofnun hefur til ráðstöfunar vegna erfiðleikalána það sem eftir lifir ársins og hvað liggja fyrir umsóknir varðandi háa fjárhæð? Ég held að nauðsynlegt sé að fá svar við þessu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um að Húsnæðisstofnun hafi neitað að taka á móti umsóknum sem lagðar hafa verið fram vegna greiðsluerfiðleika. Ég vil upplýsa hv. þm. um það að á sl. ári voru veittar um 290 millj. sem voru ætlaðar til lána úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1989 fyrir íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum. Húsnæðismálastjórn afgreiddi um 760 umsóknir vegna greiðsluerfiðleika á árinu 1989. Á yfirstandandi ári, eins og kom fram í mínu máli þegar við ræddum þetta við fyrri umræðu, lágu fyrir 250 umsóknir í janúar. Það tókst að semja við viðskiptabanka og sparisjóði um 130 millj. sem ætlaðar voru til þessara umsókna. Mér var tjáð að þessi fjárhæð ásamt því sem eftir var á síðasta ári mundi duga til þess að afgreiða þessar 250 umsóknir. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að langt sé gengið á þessa fjárhæð en engu að síður er ég upplýst um að þessi upphæð muni duga fyrir þeim 250 umsóknum sem liggja fyrir. Ég veit ekki af hverju ríkisstjórnin ætti hér og nú að fara að samþykkja 200–300 millj. í greiðsluerfiðleikalán það sem eftir lifir ársins þegar ekki liggja fyrir umsóknir. Hún hlýtur að taka afstöðu til þess hvort og hvað mikið hún setur af fjármagni inn í þennan lánaflokk þegar umsóknir liggja fyrir. Annað væri óeðlilegt. Kannski þarf meira, kannski þarf minna. Engu að síður liggur það fyrir að þetta dugar fyrir umsóknum sem þegar liggja fyrir og Húsnæðisstofnun hefur ekki neitað að taka á móti umsóknum frá þeim sem hafa óskað eftir greiðsluerfiðleikalánum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er eins og ég vænti. Það fjármagn sem útvegað var var vegna umsókna sem lágu fyrir í janúarmánuði og ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að útvega fjármagn til þess að mæta erfiðleikum þess fólks sem er nú við það að missa íbúðir sínar. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra var ekki að því. Ég hef sjálfur rætt við starfsmenn Húsnæðisstofnunar og þeir hafa gefið þau svör að það sé þýðingarlaust að sækja vegna þess að peningar séu þorrnir og ég man ekki betur en ég hafi heyrt að þeir peningar sem eftir eru séu á bilinu 10–15 millj., er það rétt? (**Félmrh.:** Ég hygg að þeir séu nálægt . . . þessir peningar því að þeir duga fyrir þessum umsóknum.) Peningarnir duga fyrir umsóknunum í janúar. Peningarnir eru búnir núna og hæstv. húsnæðisráðherra hefur ekki haft dugnað í sér til þess að útvega viðbótarfjármagn við fjáraukalögin og hefur ekki áhuga á því að leysa vanda þessa fólks. Það liggur fyrir að peningarnir eru uppurnir að kalla. Það liggur fyrir að ráðstafanir ráðherrans miðast við það eitt að geta svarað þeim umsóknum sem lágu fyrir í janúar. Svo má bara hitt fólkið eiga sig sem eftir stendur. Hæstv. húsnæðisráðherra kórónaði skömmina með því að segja að ríkisstjórnin yrði að taka ákvörðun um hversu miklum fjármunum hún vildi eyða til þess að koma til móts við fólk sem ætti í þessum erfiðleikum. Nú hafa þeir peningar gengið til þurrðar og þá verður bara að setja fólkið á vergang. Því ekki er við því að búast að hægt sé að fá einhver uppgrip með mikilli vinnu og þó svo takist til að menn fengju vinnu þá eiga þeir í hæsta lagi eftir 50% þess sem þeir afla sér þegar frádrættinum lýkur þannig að ekki er hægt lengur með mikilli vinnu að rétta hag sinn. Ég vildi að það kæmi fram að um leið og verið er

að gefa ný stór loforð þá er það fólk skilið eftir á köldum klaka sem er við það að missa íbúðir sínar. Ég heyrði ekki betur en húsnæðisráðherra teldi að þetta væri kerfislega rétt og þess vegna ekkert við því að gera. Og ég heyrði ekki betur en húsnæðisráðherra væri fullkomlega ánægður með það ástand sem nú ríkir í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1313).

EFRI DEILD

104. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum 103. fundi.

Umferðarlög, ein umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 1318.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. sem flutt var af 13 þingmönnum Ed. og er nú komið hér til einnar umr. vegna þess að gerð var breyting á 1. gr. frv. í meðförum Nd. Ég tel að þessi breyting sé í sjálfu sér ekki til skaða. Þarna var um það að ræða hvort skylda ætti farþega í aftursætum leigubifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga, til að nota bílbelti. Brtt. sem samþykkt var í Nd. er um það að þeir skuli ekki skyldaðir til að nota bílbelti í aftursætum leigubifreiða.

Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeim áorðnu breytingum sem gerðar voru í hv. Nd. því að ég tel allt í lagi að leyfa þessu að fara svona núna. Það er stór áfangi sem hefst með því að samþykkja frv. þó að þessi undanþága sé sett. Það kemur þá reynsla á það og hægt að breyta því síðar ef okkur þykir nauðsynlegt, en auðvitað er ekkert sem bannar farþegum í aftursæti leigubifreiða að nota bílbelti og á ég frekar von á því að það verði gert, a.m.k. þegar fram í sækir. Mér finnst satt að segja vel við hæfi að þetta ágæta mál endi hér sem síðasta mál þessarar hv. deildar þar sem það var upphaflega flutt af hv. Ed. og önnur þau mál sem varða umferðaröryggi hafa oftast verið að frumkvæði þingmanna hér í hv. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1318).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Jón Helgason):

Það er ljóst að þessi fundur í hv. Ed. er síðasti fundur deildarinnar á þessu þingi. Því vil ég að lokum þakka hv. deildarmönnum fyrir mjög gott samstarf á þinginu sem nú er að ljúka. Að sjálfsögðu hafa verið skiptar skoðanir um efnisatriði þeirra mála sem við höfum verið að fjalla um hér en menn hafa leitast við að greiða fyrir afgreiðslu svo að ég tel að til fyrirmyndar sé og fyrir það ágæta samstarf við hv. deildarmenn færi ég mínar bestu þakkir. Ég þakka einnig varaforsetum og skrifurum deildarinnar fyrir ágæta aðstoð. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði öllu fyrir mikla og góða samvinnu við alþingismenn og mig í mínu starfi.

Miklar annir hafa verið núna í lok þingsins eins og jafnan áður, en þó held ég að óhætt sé að fullyrða að afgreiðsla mála hefur verið í fastari skorðum og skipulegri en oftast áður vegna þess ágæta starfsliðs sem hefur ráðist hingað til starfa á Alþingi til aðstoðar þingmönnum við nefndarstörf og fyrir það tel ég sérstaka ástæðu að þakka.

Ég vil svo að lokum árna hv. deildarmönnum og starfsliði Alþingis allra heilla á komandi sumri og ég vonast til þess að við hittumst hér öll heil að hausti þegar Alþingi hefur störf að nýju.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hlý orð og árnaðaróskir í garð okkar þingmanna um leið og ég þakka fyrir samstarf á þessu þingi og góða fundarstjórn og fullyrði að samstarfið hafi verið betra eftir því sem á leið veturinn sem er merki um það að hér séu þroskaðir menn og konur í þessari hv. deild. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegs sumars, allra heilla og góðrar heimkomu. Um leið þakka ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsmönnum fyrir mikla greiðvirkni og góð störf, oft við erfiðar aðstæður og kannski misjafna vinnuaðstöðu satt að segja. Ég óska þeim gleðilegs sumars og fjölskyldum þeirra og bið hv. þm. að rísa úr sætum til samþykkis.

Gleðilegt sumar. — [Deildarmenn risu úr sætum].

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. og deildarmönnum öllum fyrir góðar óskir í minn garð. Þá liggur ekki fleira fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

NEÐRI DEILD

89. fundur, laugardaginn 5. maí, kl. 10 árdegis.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 2. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 756, n. 1168, brtt. 1169.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 1168 um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Mér er það alveg sérstök ánægja að mæla fyrir einu sameiginlegu áliti frá nefndinni í þessu mikilvæga máli.

Nefndin fjallaði um frv. og fékk á sinn fund um málið Láru V. Júlíusdóttur, formann nefndar þeirrar er samdi frv., Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs, Þórarin V. Þórarinsson, Víglund Þorsteinsson og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Nefndinni barst einnig umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þá kynnti nefndin sér þær umsagnir, sem leitað var eftir af félmrn., eftir að frv. hafði verið lagt fram á síðasta þingi, en þá varð það ekki útrætt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru till. um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar, sem hér er um að ræða, eru einkum eftirtaldar:

1. Tekin eru af öll tvímæli um að í þeim tilvikum, sem einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt 6. gr., þá skuli atvinnurekandi sýna kærunefnd jafnréttismála fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Þessi breyting þýðir að öfug sönnunarbyrði skuli einungis gilda fyrir kærunefnd en ekki í dómsmálum um jafnstöðumál.
2. Lagt er til að 1. mgr. 8. gr. frv. falli brott. Sú mgr. kveður á um að við ráðningu í starf skuli það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins.
3. Gerðar eru breytingar á 12. gr. Síðari mgr. er felld brott og breytingar gerðar á 1. mgr.
4. Í 15. gr., er kveður á um skipan Jafnréttisráðs, er gerð sú breyting að fækkað er í ráðinu og fellt brott ákvæði um setu fulltrúa tilnefndra af þingflokkunum. Hins vegar er gert ráð fyrir að formaður kærunefndar jafnréttismála eigi sæti í nefndinni. Alls verður því ráðið skipað sjö manns, reyndar eins og verið hefur til þessa.
5. Við 16. gr. er sú meginbreyting gerð að sett er inn ákvæði um að halda skuli jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Nefndin gerir ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og hlutverk þingsins en telur þó jafnframt rétt að fram komi í þessu nál. sú afstaða að eðlilegt sé að verkefni slíks þings sé ráðgjafar- og umsagnastörf á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráð, ekki síst vegna aðildar ráðsins að mótun jafnréttisáætlunar. Um leið gæti þingið orðið vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og uppspretta og farvegur nýrra hugmynda um þau mál. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að aðild að þinginu eigi, auk Jafnréttisráðs, fulltrúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka og fulltrúar félagasamtaka er láta sig jafnréttismálefni varða.
6. Lagt er til að 23. gr. frv. falli brott enda er greinin úr takt við önnur ákvæði VI. kafla laganna um viðurlög og réttarfar.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn, Geir H. Haarde ritar undir með fyrirvara.

Ég vona að sú samstaða er kom fram í nefndinni muni endurspeglast í afgreiðslu deildarinnar á þessu mikilvæga máli.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm. nefndarinnar er nál. um þetta þingmál afgreitt sameiginlega af öllum nefndarmönnum.

Þó hef ég undirritað nál. með fyrirvara sem ég hyggst nú gera grein fyrir.

Áður en ég kem að því vildi ég taka undir með formanni nefndarinnar að það er ánægjulegt að samstaða skuli hafa tekist um afgreiðslu þessa máls. Og það er sérstaklega eftirtektarvert í ljósi allra þeirra mörgu athugasemda og fyrirvara sem fram komu við 1. umr. málsins. Samkomulagið hefur hins vegar byggst á því að mjög verulega hefur verið komið til móts við þær athugasemdir sem m.a. ég og aðrir þingmenn Sjálfstfl. fluttu hér við 1. umr. Sömuleiðis við athugasemdir sem einstakir stjórnarþingmenn höfðu hér fram að færa við þá umræðu.

Ég vil sérstaklega þakka formanni nefndarinnar fyrir vel unnið starf í þessu máli, eins og reyndar öðrum þingmálum sem vísað hefur verið til þessarar nefndar. En samstarf í félmn. hefur verið með afbrigðum gott á þessum vetri og er þar ekki síst að þakka sanngjarnri fundarstjórn og lipurð formannsins, sem á heiður og þakkir skildar.

Ég vil nú koma, herra forseti, að þeim efnisatriðum sem minn fyrirvari varðar. Hann lýtur að ákvæði því í 6. gr. sem tengist hinni svokölluðu öfugu sönnunarbyrði. Við þetta atriði komu fram athugasemdir við 1. umr. Það er auðvitað alveg ljóst að ákvæðið eins og það var upphaflega orðað fær illa, ef á nokkurn hátt, staðist almenn réttarfarsákvæði í landinu. Ákvæðið var svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.“

Mín tillaga í nefndinni var sú að þetta ákvæði félli brott. Og það er raunar svo að Lögmannafélag Íslands hefur í álitsgerð til félagsins einnig gert þá tillögu. Í álitsgerð Lögmannafélagsins segir svo, með leyfi forseta:

„Í 6. gr. frv. eru veigamiklar breytingar á sönnunarbyrði frá almennum réttarfarsreglum. Atvinnurekanda er gert að sýna fram á að aðrar ástæður en

kynferði hafi legið til grundvallar ráðningar starfsmanns sem deilt er um. Í greinargerð með frv. er því haldið fram að reynslan sýni að lögin þjóni ekki tilgangi sínum nema sönnunarbyrði sé snúið við.

Það er ljóst að ef þessi regla verður lögfest þá mun hún valda miklu umróti og vafalaust harðvítugum deilum. Mjög veigamiklar ástæður þurfa að vera fyrir hendi til þess að vikið sé frá almennum sönnunarreglum. Dómstólar gera það ekki nema ríkar ástæður séu til þess og almennt má segja að ekki sé mikil tilhneiging til þess á þeim vettvangi. Það er sjálfsagt pólitísk spurning hvort ástand í jafnréttismálum sé þannig í samfélagi okkar að knýjandi þörf sé til breytinga á almennt viðurkenndum sönnunarreglum. Ófug sönnunarbyrði gengur sem undantekningarregla í skaðabótarétti en alls ekki í refsirétti. Því er algert skilyrði, ef regla þessi verður lögfest, að fella út ákvæði 23. gr. frv. um fésektir."

Ég les ekki lengra úr þessari álitsgerð, en það er bent á í þessu áliti að ef áhersla er lögð á að hafa þetta ákvæði inni þá sé nauðsynlegt að þetta gildi eingöngu fyrir kærunefnd. Væri þá eðlilegast að það ákvæði kæmi inn í kaflann um kærunefnd sem gert er ráð fyrir í frv. og er nýmæli. Nefndin komst hins vegar að því samkomulagi að breyta greininni á þann hátt sem formaður gerði hér grein fyrir og fella jafnframt niður 23. gr. frv. um fésektir, svo sem Lögmannafélagið bendir á.

Á þeim grundvelli gat ég sætt mig við að þetta ákvæði fengi að vera í frv. svo breyttu, og taldi ekki ástæðu til að gera frekara mál úr þessu. Ég vil hins vegar benda á að til að mynda 1. málgr. 8. gr., um ráðningar í störf, þar sem í upphaflega frv. var gert ráð fyrir að ætíð skyldi það kynið sem væri í minni hluta í starfsgrein ganga fyrir til starfa, hefur verið fellt brott. Sömuleiðis hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á 12. gr. sem ég gerði athugasemdir við við 1. umr. Það hefur verið komið til móts og horfið frá því fráleita ákvæði að hafa ótakmarkaðan fjölda aðila í Jafnréttisráði, eins og frv. gerði ráð fyrir, þar sem fjöldi aðila í Jafnréttisráði færi eftir fjölda þingflokka og hefði þá væntanlega fækkað um einn í gær. Ef Jafnréttisráð hefði verið skipað svo sem frv. gerði ráð fyrir þá hefði verið fækkað um einn í gær vegna þess að þingflokkum fækkaði hér um einn í gær.

Að öðru leyti hefur verið komið verulega til móts við þau sjónarmið sem ég hef flutt í þessu máli. Því hef ég ekki talið ástæðu til annars en standa að þessu frv. eins og það er breytt og tel reyndar að allir áhugamenn um jafna stöðu og jafnan rétt hljóti að reyna að greiða fyrir því að mál sem þetta nái fram að ganga. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins eru í þessu frv. nýmæli sem horfa til bóta, eins og kærunefnd jafnréttismála og sitthvað fleira.

Að því er varðar brtt. nefndarinnar um jafnréttisþing sem halda skuli á a.m.k. þriggja ára fresti, þá hefði ég talið eðlilegast að slík þing yrðu haldin þegar þurfa þætti án þess að það væri bundið við þennan ákveðna árafjölda en sé ekki ástæðu til að gera veður út af því.

Að svo mæltu endurtek ég þakkir mínar til formanns og annarra nefndarmanna fyrir gott samstarf um þetta mál og leyfi mér að lýsa stuðningi við frv. eins og það er nú frágengið.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér kom fram hjá hv. þm. sem síðast talaði um mikilvægi þess að samkomulag sé um þetta mál. Ég vil undirstrika það að málum eins og jafnréttismálum er best fyrir komið að hér náist algert samkomulag á hv. Alþingi og í þjóðfélaginu öllu um að þróa þetta mikilvæga mál á réttan hátt. Ég vonast til þess að þær breytingar sem á frv. voru gerðar til að ná þessu markmiði verði til framdráttar fyrir málið í heild. Og jafnframt að menn komi sér saman um að fylgja þessari þróun eftir á eðlilegan máta, ekki þvinganir heldur samkomulag. Það er það besta í svo mikilvægu máli sem þessu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1169,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1169,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1169,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
13.–14. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1169,4 samþ. með 30 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1169,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
17.–18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1169,6 samþ. með 29 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1169,7 samþ. með 30 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1169,8 (23. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv.
24.–25. gr. (verða 23.–24. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Skipan prestakalla, 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 1094, n. 1227, brtt. 1138, 1228, 1239, 1254.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið og komu séra Gunnlaugur Garðarsson og séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson frá Félagi brauðlausra presta á fund nefndarinnar. Umsagnir bárust um frv. frá Hraungerðis- og Villingaholtssóknum.

Nefndin er samþykk flestum þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í meðförum Ed. en leggur þó til breytingu á Stóranúps- og Selfossprestaköllum. Felst hún í því að Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir verði sameinaðar í nýju prestakalli, Hraungerðisprestakalli.

Þá flytur nefndin nokkrar nýjar brtt. Lagt er til að ráðningartími aðstoðarpresta lengist úr þremur árum í fjögur. Þá er lagt til að vígslubiskup í Skálholti njóti aðstoðar nágrannapresta eða farprests í stað þess að ráðinn sé aðstoðarprestur að Skálholti. Er þetta sama fyrirkomulag og er í Hólaprestakalli. Enn fremur leggur nefndin til að 48. gr. frv. falli brott en hún fjallar um réttarstöðu prests ef prestakall leggst niður. Nefndin telur að greinin geti brotið í bága við lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987, auk þess sem 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fjallar um réttarstöðu ríkisstarfsmanna ef staða er lögð niður. Að lokum er lagt til að gerð verði orðalagsbreyting á ákvæði til bráðabirgða og að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en 1995 í stað 1998.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Friðjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Sighvatur Björgvinsson og Guðni Ágústsson.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að skipan einstakra prestakalla hefur staðið lengi og ríkar hefðir liggja þar að baki. Það er oft á tíðum hluti af sjálfstæðisviðleitni vissra svæða að verja það sem þau hafa í þessum efnum. Í þeirri erfiðu stöðu landsbyggðarinnar þar sem fólksfækkun hefur víða orðið verður það enn viðkvæmara mál að búa við það að utanaðkomandi vald þykist vita betur hvernig skipa eigi málum. Ég tel fullkomlega eðlilegt að gera þær kröfur til biskups að hann hafi það meginverkefni að fara með friði að söfnuðum landsins og fæ ég ekki séð að hann hafi yfir höfuð mikið þarfara annað verkefni en að vinna eftir þeim nótum. Auðvitað er hægt að laða sóknir til samstarfs eins og svo marga aðra í þessu samfélagi ef menn leggja í það vinnu og geta þannig oft á tíðum orðið til að sætta sjónarmið.

Nú er það svo í flestum tilfellum að það er eðlilegt að einfaldur meiri hluti ráði. Það er hin lýðræðislega regla. En þegar svo stendur á að ákvörðunin er endanleg og sá minni hluti sem verður undir fær aldrei að láta reyna á það aftur hvort hann hafi meiri hluta þá er ekki rétt að ganga þannig frá málum að aðeins þurfi einfaldan meiri hluta. Það liggur nefnilega í hlutarins eðli að með því móti er réttarstaða þess sem lendir undir orðin afgerandi. Það er ekki eins og venjulegar alþingiskosningar færu þannig fram að það væri kosið á fjögurra ára fresti um málefnið, það er eins og ákvarðanataka um það að þetta skyldu nú vera seinustu alþingiskosningarnar og eftirleiðis skyldu úrslit þeirra gilda. Það er það sem liggur í því ef einfaldur meiri hluti á að ráða úrslitum í málum sem eru endanleg. Ég er hræddur um að það yrði hik á mörgum að samþykkja þá breytingu að með einföldum meiri hluta yrði gengið frá þeirri skipan í eitt skipti fyrir öll hvernig fylkingar væru á Alþingi Íslendinga.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að jafnviðkvæm mál eins og þessi eigi ekki að leysa, ef þannig stendur af sér að aðeins örlítill meiri hluti í þessum fámennu sóknum eða prestaköllum, gætu verið einn eða tveir menn, e.t.v. brottfluttir að hálfu, sem réðu úrslitum um það hvernig málum væri skipað ef þannig væri frá þessu gengið eins og er í frv.

Ég hygg að flestir sem hafa fylgst með deilum viti það að af öllum deilum munu sennilega engar illvígari en þær sem tengjast á einhvern hátt trúmálum. Þar verður hinni einföldu rökhyggju ógjarnan komið við. Skáld þessarar þjóðar hafa oft á tíðum reynt að draga upp ýmsar myndir af slíku ástandi sem skapast getur. Fræg er lýsingin hjá Halldóri Laxness á því sem gerðist í átökunum í Mosfellssveitinni um kirkjuklukku sem sagt var að þar hefði verið komið undan þegar valdið að ofan taldi rétt að rífa ákveðna kirkju.

Ég vil því, herra forseti, flytja svohljóðandi brtt. á þskj. 1138. Með leyfi forseta óska ég eftir að mega lesa hana:

„1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að stofna nýtt prestakall eða breyta mörkum prestakalla eftir tillögu biskups og að fengnu samþykki þriggja fjórðu hluta atkvæðisbærra manna á héraðsfundi og aðalsafnaðarfundi viðkomandi sókna eða safnaðarráðs, sbr. 2. gr.

2. Við 6. gr. Greinin falli brott.

3. Við 8. gr. 2. mgr. falli brott.

4. 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Til þess að sameining prestakalla geti orðið skv. 1. gr. skal fyrst fá samþykki þriggja fjórðu hluta atkvæðisbærra manna á fundi í hvoru eða hverju prestakalli fyrir sig. Til þess fundar skal boðað á sannanlegan hátt og getið sé um fundarefni í fundarboði."

Ég vil undirstrika það að ef hugsunin á bak við þetta er fyrst og fremst hvernig launamál komi út hjá prestum, þ.e. að sumir sjái ofsjónir yfir því þó að prestur úti á landi hafi ein og hálf laun vegna þess hve umfang hans er mikið landfræðilega séð, þá sýnist mér að það sé allt annað mál sem þar er á ferðinni. Það hlýtur að vera mál sem hægt er að taka sjálfstætt á, hvernig menn vilja leysa þau mál. Sjálfur hef ég

verið þeirrar skoðunar að of mikill launamunur sé innan prestastéttarinnar. Þar kemur þó sérstaklega inn í að á einstaka stöðum er um mjög mikil hlunnindi að ræða, laxveiðihlunnindi, sem ákveðið prestakall hefur og fellur til viðkomandi sóknarprests. Mér sýnist að sú framkvæmd sem á því hefur verið sé mjög í andstöðu við það samkomulag sem gert var á sínum tíma þegar þeim málum var skipað á þann veg að prestar skyldu hafa laun frá ríkinu.

En ég vara við því að blanda þessum tveimur málum saman. Þau eru alls óskyld að mínu viti og á ekki að tengja þau saman. Hitt gæti kostað sár, meiri en svo að auðgrædd yrðu, fyrir íslensku þjóðkirkjuna ef menn ætla nú að sópa þessu til eftir teikniborði hér fyrir sunnan, jafnvel þó að hægt sé að merja einfaldan meiri hluta fyrir aðgerðinni heima í héraði.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér brtt. við 1. gr. frv. þess efnis að fyrirsögn IX. töluliðar orðist svo: „Ísafjarðar- og Strandaprófastsdæmi" og aftan við liðinn bætist prestaköll í Strandasýslu og jafnframt þriðju tillöguna um að þar af leiðandi falli fyrstu þrír tölulíðir X. töluliðar niður og röð tölulíða breytist í samræmi við það.

Þegar lög um skipan prestakalla og prófastsdæma voru samþykkt 1970 var gerð sú breyting að prestaköll í Strandasýslu voru færð undir Húnavatnsprófastsdæmi. Það vakti þá þegar nokkra óánægju í þeirri sýslu að slíta það þannig úr sambandi við það kjördæmi sem Strandasýsla er í. Hins vegar voru rök fyrir því að þetta var gert þau að samgöngur væru slæmar á milli Strandasýslu og annarra héraða á Vestfjörðum. Á þessu hefur nú orðið gerbreyting sem flestir ættu að þekkja með tilkomu nýs vegar yfir Steingrímsfjarðarheiði og um Lágadal sem haldið er opnum árið um kring nema í verstu aftökum. Hér hefur því orðið mikil breyting á og er það ósk manna þar vestra að þessi breyting verði gerð. Ég tel eðlilegt að Ísafjarðar- og Strandaprófastsdæmi verði sameinuð með þessum hætti.

Í bréfi sem sent var til hæstv. forsrh. og hæstv. kirkjumrh. frá prestum á Hólmavík og Prestsbakka er lögð áherslu á að þeir telji sig vera afskipta í Húnavatnsprófastsdæmi á flesta grein og segjast t.d. ekki vera í félagsskap prestafélags Hólastiftis, eins og prestar í Húnavatnssýslu eru, heldur eru þeir í prestafélagi Vestfjarða. Þá má geta þess Strandaprestar kusu vígslubiskup Skálholtsstiftis á sl. vori en eiga ekki atkvæðisrétt í Hólastifti þó að prófastsdæmi þeirra tilheyri því umdæmi. Þannig segja þeir að mætti lengi telja og leggja áherslu á það og benda, sem ég raunar gerði áðan, á stórbættar samgöngur milli Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu sem gerir tiltölulega auðvelt að hafa samskipti þar á milli, svo að segja árið um kring.

Þetta eru rökin fyrir þessari brtt. og ég tel að þau séu sjálfsögð og augljós. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að þetta frv. er langt komið hér í þinginu en þó verður það af öðrum ástæðum, vegna brtt. nefndarinnar, að fara aftur til Ed.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Varðandi þá brtt. sem hv. 1. þm. Vestf. var að enda við að tala fyrir hér þá kom sú brtt. fram í Ed. við frv. Þess vegna hefur hún verið rædd í allshn. Ég vil að það komi fram hér að allshn. getur fallist á að vísa þessu máli til endurskoðunar. Það á reyndar að endurskoða alla löggjöfina 1995 en allshn. getur fallist á þá málsmeðferð að flýta þessari endurskoðun varðandi þetta ákvæði og þannig að við 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsl. þess efnis að ráðherra skuli láta nú þegar athuga hvort hagkvæmara sé að Árnes-, Hólmavíkur- og Prestsbakkaprestaköll í Húnavatnsprófastsdæmi færist til prófastsdæmis í Vestfjarðakjördæmi. Verði niðurstaðan sú skuli hann leggja fram frv. um þá breytingu á næsta Alþingi.

Ég er reiðubúinn til að flytja brtt. í þessa átt við 3. umr. málsins ef það gæti leyst úr þeim vandkvæðum sem þarna eru uppi.

Aðrar brtt. sem hafa komið hér fram eru um veigamiklar breytingar á frv. sem nefndin hefur ekki treyst sér til að taka upp á þeim skamma tíma sem til stefnu er. En þessi löggjöf í heild mun verða endurskoðuð á næstu fimm árum og er þá rétt að komi reynsla á þetta fyrirkomulag sem nú er verið að taka upp.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir það hve vel og rösklega hún hefur starfað að þessu mikilsverða máli. Þetta mál hefur verið lengi í undirbúningi og farið víða til umsagnar og umfjöllunar og ber þess merki á marga lund. Allar brtt. nefndarinnar sem hér eru fluttar eru í rauninni hluti af því og ég get í sjálfu sér vel fellt mig við þær allar. Varðandi brtt. hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja þetta:

Svipuð tillaga var flutt þegar málið var til umfjöllunar í hv. Ed. Þá kannaði ég nokkuð hug manna sem höfðu undirbúið frv., biskups og fleiri aðila. Með það í huga og enn fremur vegna þess að ég er því sammála að það þarf að finna betri lausn á þessu atriði en frv. ber með sér, þá vil ég lýsa fylgi mínu við það að sú aðferð verði viðhöfð sem formaður hv. allshn. Ed. gerði grein fyrir hér áðan. Verði sú tillaga samþykkt mun ég vitaskuld beita mér fyrir framkvæmd hennar.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka vinsamlegar undirtektir formanns allshn. og þá ekki síður undirtektir hæstv. dóms- og kirkjumrh. Ég fyrir mitt leyti get mjög vel fellt mig við þessa málsmeðferð og mun því taka aftur tillögu mína til 3. umr. að formaður allshn. hefur athugað málið á milli umræðna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1228,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 1239 kallaðar aftur til 3. umr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 1228,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1138 kallaðar aftur til 3. umr.
4.–5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
8.–21. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1254 kölluð aftur til 3. umr.
22.–41. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1228,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
43.–47. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1228,4 (48. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv.
49.–50. gr. (verða 48.–49. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1228,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum og ull, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 1231.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um flokkun og mat á gærum og ull. Þetta er 546. mál á þskj. 1231 eins og það kom breytt eftir 2. umr. í Ed.

Þetta frv. felur í sér að sameinuð eru þau tvenn lög sem áður hafa gilt um mat annars vegar á ull og hins vegar á gærum. Þetta eru lög nr. 21 frá 1976, um flokkun og mat ullar, og lög nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum. Þau eru hér felld saman í einn lagabálk og ýmsum ákvæðum breytt til samræmis við það sem þeir, sem fyrst og fremst meðhöndla og vinna úr gærum og ull, hafa óskað eftir. Er þar byggt á tillögum sérstakrar nefndar sem starfað hefur að undanförnu og gerði tillögur um ráðstafanir til að bæta meðferð og gæði þessarar vöru. Þetta tengist reyndar talsverðu átaki sem í gangi er til að stórauka gæði á þessu sviði.

Hv. landbn. Ed. náði fullkominni samstöðu um þetta mál og afgreiddi frv. einróma frá sér með einni lítils háttar breytingu. Hefur hún sem sagt verið felld inn í efni frv. eins og það er nú prentað eftir 2. umr. í Ed.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til landbn. með 35 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga). — Þskj. 1238.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Efni þess er að Lánasjóður sveitarfélaga fái heimild til þess að taka veð í tekjum sveitarfélaga til tryggingar á skuldum við sjóðinn.

Það var í júlí 1989 sem ég skipaði nefnd til þess að kanna fjárhagsstöðu verst stöddu sveitarfélaganna og gera tillögur til úrbóta. Þar var m.a. lagt til að Lánasjóður sveitarfélaga breyti, a.m.k. um sinn, nokkuð áherslum sínum í sambandi við útlán og leggi meiri áherslu á að veita sveitarfélögunum skuldbreytingalán til greiðslu óhagstæðra lána sökum þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem mörg sveitarfélög fást við. Þótt heimild sé fyrir hendi hjá Lánasjóðnum til skuldbreytinga hefur hingað til einungis verið lánað til stofnframlaga. Samkvæmt 89. gr. sveitarstjórnarlaga mega sveitarfélög ekki veðsetja tekjur sínar. Því er farið fram á þá lagabreytingu sem ég hér mæli fyrir en forsenda fyrir því að hægt sé að veita skuldbreytingalán er að mati stjórnar Lánasjóðsins að sú lagabreyting sem ég mæli fyrir nái fram að ganga.

Samband ísl. sveitarfélaga mælir eindregið með því að frv. það sem ég mæli hér fyrir verði að lögum. Alger samstaða var um málið í Ed.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að með því að ætla að veðsetja tekjur sveitarfélaga fram í tímann sé farið út á mjög hættulega braut. Að mínu viti er það miklu eðlilegri hlutur þegar þannig stendur á að sveitarfélög eru í miklum vanda, að þau fái framlög úr Jöfnunarsjóðnum. Menn verða að gera sér grein fyrir því að það er varla við það búandi þegar skipt er um stjórn yfir sveitarfélagi að ný stjórn taki við því í því standi að búið sé að ráðstafa tekjunum fram í tímann. Ég er hræddur um að margur mundi hugsa sig um tvisvar ef hann stæði frammi fyrir því hvort hann ætlaði að búa áfram í því sveitarfélagi sem þannig væri búið að dæma til kyrrstöðu um þó nokkuð mörg ár. Og brottflutningur mundi náttúrlega þýða það að enn þá færri yrðu til að greiða.

Ég geri mér aftur á móti grein fyrir því að ráðherra flytur þetta í þeirri von að með þessu verði hægt að leysa bráðabirgðavanda og Lánasjóður ísl. sveitarfélaga mundi lána þessum sveitarfélögum. Það út af fyrir sig er rétt, það mundi verða til að leysa þann hnút sem nú er. En ég persónulega tel að hér sé farið út á mjög hæpna braut. Ég mun ekki beita mér gegn þessu ákvæði en ég treysti mér ekki til að veita því stuðning vegna þess að mér sýnist að sú eina raunhæfa lausn á slíkum málum sem þessum sé að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sé virkari og komi oftar inn til jöfnunar þar sem nauðsynlegt er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 1. umr.

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 1235.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Þetta er 508. mál Ed. og er hér prentað á þskj. 1235 eftir 2. umr. í Ed. Frv. felur í sér að heimildar er aflað til að leyfa stofnun sérstaks fyrirtækis eða félags til að undirbúa, fjármagna og annast framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og að sjá um rekstur slíks mannvirkis um tiltekinn tíma. Öll nánari ákvæði sem að þessu lúta skulu sett í sérstakan samning milli félagsins og samgrh. Skal slíkur samningur koma fyrir Alþingi áður en hann öðlast endanlega staðfestingu.

Sú hugsun liggur hér að baki að það eigi að geta verið arðbær fjárfesting, og í sjálfu sér fyrirtækis sem getur rekið sig af eigin tekjum, að koma á vegtengingu, vegasambandi undir eða um utanverðan Hvalfjörð vegna þeirrar miklu styttingar leiðar sem það er fyrir umferð norður og vestur um land. Þó veggjaldi sé þannig í hóf stillt að það sé hagstætt fyrir umferðina að nota sér vegarsambandið á eftir sem áður, samkvæmt því sem útreikningar sýna, að vera unnt að reka þetta mannvirki. Hér yrði farið inn á nokkuð nýja braut í framkvæmdum á þessu sviði hjá okkur, en það er mat manna að það hagi þannig til við þessar aðstæður að ekki sé óeðlilegt að gera slíka tilraun.

Frv. er fyrst og fremst heimildarlög. Því fylgja engar skuldbindingar af hálfu ríkisins. Í raun og veru er hér eingöngu aflað nauðsynlegra lagaheimilda til þess að á það geti reynt ef svo ber undir hvort hér er um arðvænlega framkvæmd að ræða sem unnt reynist að afla fjármagns til. Opnar þessi lagasetning möguleikana á því að á það sé látið reyna. En ég undirstrika og endurtek að áður en endanlegt samþykki fyrir framkvæmdum hæfist kæmi málið á nýjan leik fyrir Alþingi og yrði að staðfestast þar.

Hv. samgn. Ed. var sammála í afstöðu sinni til frv. og lagði til að það yrði samþykkt með þeirri einni breytingu að röð greina væri breytt og sú grein sem áður var 5. gr. yrði 2. gr. og röð annarra greina breyttist samkvæmt því.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til samgn. með 36 shlj. atkv.

Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. GHG, 417. mál. — Þskj. 1225.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (sjóðfélagar). — Þskj. 940.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. SP o.fl., 288. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 522, n. 1136.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sendi það til umsagnar. Svör bárust frá Tryggingastofnun ríkisins (tryggingaráði), Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. bankamanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Verslunarráði Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og nefnd sem heilbr.- og trmrh. skipaði í október 1989 um fæðingarorlofsmál.

Með frv. þessu sem flutt er af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur o.fl. er einkum reynt að eyða þeirri réttaróvissu sem nú ríkir um greiðslur til þeirra kvenna í fæðingarorlofi sem halda einhverjum launum meðan á orlofi stendur. Þær konur, sem svo stendur á um, hafa fram að þessu ekki átt kost á neinum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin hefur beðið með afgreiðslu þessa frv. um skeið vegna fyrirheita um að lagt yrði fyrir þetta þing frv. um heildarendurskoðun fæðingarorlofslaganna. Ljóst er nú að það frv. verður ekki lagt fram til afgreiðslu á þessu þingi.

Þar sem hér er um mjög brýnt mál að ræða sem ekki mun valda neinum verulegum aukaútgjöldum hjá Tryggingastofnuninni telur nefndin rétt að afgreiða nú þetta frv. þannig að konur í fæðingarorlofi búi ekki við þá óvissu, sem nú ríkir, þangað til heildarendurskoðun laganna er lokið á Alþingi.

Nefndin mælir því með samþykkt frv. og skrifa allir nefndarmenn undir þetta nál., Anna Ólafsdóttir Björnsson, Geir Gunnarsson, Geir H. Haarde, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta mál er afgreitt með samkomulagi í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar. Vil ég þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og afgreiðslu þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Afreksmannasjóður íslenskra íþróttamanna, 1. umr.

Frv. IBA og HJ, 486. mál. — Þskj. 845.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Það er því miður svo að hér á landi er ekki nægilega vel hugsað til íþróttamanna okkar. Hið opinbera hefur vanrækt íþróttamenn þjóðarinnar allt of mikið í gegnum tíðina. Þegar hér var lagt fram frv. um launasjóð íslenskra skákmanna ákváðum við hv. þm. Hreggviður Jónsson að láta til skarar skríða með hugmynd sem lengi hafði blundað í okkur, að leggja fram svipaða tillögu fyrir íþróttamenn, þ.e. að stofnaður yrði afreksmannasjóður íþróttamanna. Við teljum að þetta sé afar brýnt og beri að gera. Við teljum að slíkur sjóður eigi fyrst og fremst og eingöngu að snúa að æsku landsins og ungu fólki en ekki — ja, maður má kannski ekki segja útbrunnum íþróttamönnum eða mönnum sem eru að taka þátt í eldri flokka íþróttum þótt þeir teljist til afreksmanna á því sviði.

Slíkir sjóðir þekkjast víða erlendis. Þar þekkist einnig að menn eru vakandi fyrir því að þar sem efnilegir íþróttamenn sjást á ferð, í skólum eða hvar sem þeir finnast, þá er þeim kippt til hliðar og það er hlúð að þeim og þeim gefið tækifæri til þess að rækta sína íþrótt. Þetta er kannski meginhugsunin í þessu frv., að finna þessa ungu, efnilegu íþróttamenn og gefa þeim kost á að leggja rækt við íþrótt sína.

Í því frv. sm lagt var fram um launasjóð ísl. skákmanna var gert ráð fyrir að mig minnir sem samsvarar launum fimm háskólakennara. Í okkar frv. er hins vegar gert ráð fyrir launum 40 háskólakennara og skýrist það með því að innan Íþróttasambands Íslands eru 20 greinar. Það var reiknað með að tvö stöðugildi geti falist í hverri grein. Hins vegar er það ekkert skilyrði af okkar hálfu að þannig sé með sjóðinn farið. Það má allt eins eyða 4–5 stöðugildum á einhverja eina íþróttagrein. Það er ekki meginatriðið.

Það þarf varla að fjölyrða um það að íþróttamenn eru stolt þjóðarinnar hvar sem er. Hvar sem þeir keppa og nánast hvernig sem þeir standa sig eru þeir landkynning og verðugir sendiherrar landsins. Það væri fróðlegt að fá það reiknað út pr. auglýsingadálk hvað slík landkynning hefur sparað okkur mikið í auglýsingafé. Við viljum, eins og fram hefur komið, gefa ungu, efnilegu fólki tækifæri á að rækta sína íþrótt og að því sé hlúð sem mest.

Ég veit ekki hvort ég á eins og málum er hagað núna að fara mjög grannt í frv. Við gerum okkur grein fyrir því að það nær ekkert lengra en fyrir því sé mælt hér. Okkur þótti engu að síður rétt að ýta því úr vör. Við munum hins vegar leggja það fram aftur á haustþingi og þá jafnvel enn betur unnið. Við teljum að það megi útfæra þetta enn betur en við höfum gert hér.

Því er hins vegar ekki að neita að það er töluverður áhugi fyrir þessu og sérstaklega innan sjálfrar íþróttahreyfingarinnar. Okkur hafa borist stuðningsyfirlýsingar. Það má t.d. nefna að framkvæmdastjórn ÍSÍ ályktaði um málið og sendi okkur svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ haldinn 5. apríl 1990 lýsir fyllsta stuðningi sínum við tilgang fram komins frv. Inga Björns Albertssonar og Hreggviðs Jónssonar um stofnun afreksmannasjóðs íslenskra íþróttamanna.

Jafnframt er lýst stuðningi við fram komið stjfrv. um stofnun Launasjóðs stórmeistara í skák.

Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands skorar því á hv. alþingismenn úr öllum þingflokkum að ljá báðum þessum málum liðveislu og sýna þannig vilja Alþingis í verki gagnvart þeim sem fram úr skara og varpa ljóma á nafn Íslands um víða veröld með frammistöðu sinni og afrekum. Leggur framkvæmdastjórn áherslu á að slíkir afreksmenn eru einna athyglisverðustu sendiherrar landsins á hverjum tíma á erlendri grund."

Þannig var ályktun framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Nú hafa menn vafalaust heyrt um að til er afreksmannasjóður sem kenndur er við ÍSÍ. Úr honum eru veittir árlegir styrkir og má geta þess að t.d. fyrir árið 1989 veitti sá sjóður styrki að upphæð 1 millj. 220 þús. kr. sem skiptist á sex aðila. Til að mynda á handknattleikslandslið 21 árs og yngri, knattspyrnulandslið 21 árs og yngri og síðan á einstaklinga, svo sem Einar Vilhjálmsson spjótkastara, Bjarna Friðriksson júdómeistara, Sigurð Einarsson spjótkastara og Vésteinn Hafsteinsson sem ég hygg að sé kringlukastari. Árið 1990 var einnig veitt úr þessum sjóði en þá aðeins til fjögurra aðila, Bjarna Friðrikssonar, Einars Vilhjálmssonar, Sigurðar Einarssonar og Vésteins Hafsteinssonar. Að heildarupphæð var sú styrkveiting 480 þús. kr. Þarna kemur náttúrlega í ljós að ekki er endilega um einstaklinga að ræða. Það er einnig

hægt að veita styrki til hópa og hópíþrótta eins og gert hefur verið úr afreksmannasjóði ÍSÍ. Þannig voru handknattleikslandsliði og knattspyrnulandsliði veittir styrkir upp á 350 þús. kr. Það sjá hins vegar allir í hendi sér að þessir styrkir duga ákaflega skammt.

Hæstv. forseti. Þetta er málefni sem er mér mjög hugleikið og ég legg ríka áherslu á að slíkur sjóður verði stofnaður. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því eins og ég hef fyrr sagt að þingslit verða í dag og ekkert verður afgreitt hér meira af nýjum málum. Hins vegar vænti ég þess að þingmenn sem á tyllidögum flytja fallegar ræður um íþróttir og ásku landsins en gleyma þeim jafnharðan og þeir eru komnir út úr því ræðupúlti þar sem þeir mæltu þau orð, að þeir muni standa við fínu orðin sín þegar þeir koma inn á haustþing og taka undir jafnsjálfsagða og eðlilega tillögu og hér er verið að ræða um og endurflutt verður á næsta þingi. Það kom reyndar fram hjá hv. þm. Hreggviði Jónssyni í eldhúsdagsumræðunni að fyrir aðeins rekstrarfé Þjóðleikhússins væri hægt að framfleyta 182 afreksmönnum í íþróttum.

Ég ætla ekki að fara nánar út í það, hæstv. forseti. Ég held að ég láti þetta nægja svona rétt til að fylgja þessu úr hlaði en ítreka það að ég reikna með stuðningi þingmanna við þetta mál þegar það verður endurflutt að hausti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til menntmn. með 34 shlj. atkv.

Fjárgreiðslur úr ríkissjóði, 2. umr.

Frv. SighB o.fl., 249. mál. — Þskj. 399, n. 1222.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1222 er álit fjh.- og viðskn. um frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem prentað er á þskj. 399. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. yrði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Nefndin hefur athugað frv. og telur að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Í ljósi þess að fjmrh. hefur lagt fram hugmyndir sem ganga í sömu átt og frv. og þar sem forsrh. er að láta gera lögfræðilega úttekt á málinu telur nefndin rétt að unnið sé áfram að þessu máli og eðlilegt að kveðja til fleiri aðila. Í trausti þess að unnið verði að málinu í sumar samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Matthías Bjarnason, Friðrik Sophusson, Þórður Skúlason, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það hefur komið í ljós í umræðum um þingsköp um þetta mál að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur vanrækt að leggja þá vinnu í að athuga frv. sem eðlilegt hefði mátt teljast. Þeir tillögupunktar sem hæstv. fjmrh. dreifði hér við 1. umr. málsins voru ýmsir hverjir með þeim hætti að þeir eru óháðir frv. þótt í einum þeirra væri lýst eindregnum stuðningi við þá stefnu sem frv. byggir á. Eðlilegt hefði verið að hv. nefnd hefði kallað eftir athugasemdum hæstv. fjmrh. og jafnframt athugasemdum hæstv. forsrh., ef hann hefur einhverjar sem ég efa ekki að gæti verið, en það liggur fyrir að hv. nefnd hefur ekki sinnt þeirri þingskyldu sinni að taka þetta mál til eðlilegrar meðferðar.

Sú rökstudda dagskrá sem hér liggur fyrir hefði því átt að hljóða eitthvað á þessa leið:

„Nefndin hefur lítið athugað frv. en telur þó að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Í ljósi þessa og að nefndin hefur látið undir höfuð leggjast að sinna þeirri skyldu sinni að fjalla um frv. eins og eðlilegt hefði verið og ýmsir aðilar eru tilbúnir til samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta hefði verið eðlilegur texti í þeirri rökstuddu dagskrá sem hv. nefnd er að flytja hér við þinglok um þetta mál.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Því miður er það staðreynd sem ekki verður umflúin að hv. fjh.- og viðskn. Nd. hefur ekki meðhöndlað þetta frv. eins og raunar hefði mátt búast við þar sem hér er um að ræða eitt af þýðingarmestu frv. sem allir eru í raun sammála um að þurfi að taka öðruvísi á, ríkisfjármálum og greiðslum úr ríkissjóði, en viðgengist hefur í áratugi. Þróunin á síðustu árum og síðustu missirum sannar svo áþreifanlega að þörf hefði verið á að taka af skarið um það hvernig rétt er að meðhöndla þessi mál, bæði með tilliti til stjórnarskrár landsins og þeirra nauðsynlegu aðgerða sem þarf að viðhafa í sambandi við þessi mál, ekki síst þar sem umfangið hefur margfaldast og tæknin orðin slík að það þarf að meðhöndla þetta á allt annan hátt en gert er.

Það verður að harma að nefndin skyldi ekki taka þetta mál til meðferðar t.d með því að leita til hæfustu manna í þjóðfélaginu til þess að láta í ljós skoðun sína á þessum málum. Nefndin sem samdi frv., milliþinganefnd, leitaði aðstoðar hæfustu lögmanna eins og Sigurðar Líndals og Stefáns Más Stefánssonar um þessi mál. Það var því reynt af nefndarinnar hálfu að gera þetta eins vel úr garði og hægt var en hins vegar gerðum við okkur grein fyrir því að það þurfti að skoða ýmsa þætti frv. með tilliti til ýmissa annarra atriða og þess vegna reiknuðum við með því að málið fengi þinglega meðferð og þá umfjöllun sem slík mál verða að fá hér á hv. Alþingi til þess að geta gengið beint að afgreiðslu þeirra. Því miður var þetta ekki gert og ber að harma það.

Hins vegar hefur komið í ljós að forusta ríkisstjórnarinnar, og þar á ég við hæstv. forsrh., hefur í seinni

tíð haft mikinn áhuga fyrir því að þetta mál yrði tekið þeim tökum að það yrði skoðað til hlítar. Hann hefur raunar í viðtölum og ég reiknaði með að hann mundi staðfesta hér í hv. deild, en því miður er hann ekki viðstaddur, þannig að það væri ótvírætt að hann óskaði eftir því að fá tækifæri til þess að vinna áfram að þessu máli með fjvn. Raunar hefur hið sama komið fram hjá hæstv. fjmrh. sem sýnir sig best í þeim punktum sem hann lagði fram þar sem hann tók ýmislegt upp úr nál. og skýrði það hér sem sína skoðun. Það er því út af fyrir sig eðlilegt úr því sem komið er að þetta mál fái slíka meðhöndlun í samráði við fjvn. milli þinga og komi fram sem heilsteypt frv. í haust sem allir aðilar sem hlut eiga að máli hafa áttað sig á að er hið þarfasta og brýnasta mál. Og ég segi fyrir mig að ef Alþingi gloprar niður þessu tækifæri að taka þetta mál föstum tökum þá er illa farið. Þess vegna treysti ég því með tilliti til þeirra viðtala sem ég hef átt við hæstv. forsrh. að þetta mál verði meðhöndlað milli þinga þannig að það verði alvara í því að afgreiða það þegar þing kemur saman. Það er hið rétta í þessu máli. Frv. þetta hefur vakið mikla athygli í þjóðfélaginu og menn undrast það af hverju Alþingi tekur ekki rögg á sig í sambandi við þetta mál þegar allar staðreyndir sanna að fáum málum er eins brýnt að koma í fast og eðlilegt horf hér á Alþingi og fjármálum ríkisins og meðhöndlun fjárreiðu almennt hjá því opinbera, að það skuli ekki vera hægt að taka á því óðruvísi en að vísa málinu frá. Ég legg áherslu á þetta sjónarmið og í trausti þess að þetta mál fái þá meðferð sem ég hef hér lýst þá leggst ég ekki gegn nál.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér kemur út af fyrir sig ekki á óvart nöldur hv. 2. þm. Norðurl. v. Hann hefur verið með óttalegt harðlífi út af þessu máli, rokið upp hér hvað eftir annað utan dagskrár og verið óspakur. Ég viðurkenni ekki að það hafi verið unnið illa að þessu máli. Í nál. segir að hér sé hreyft mjög þörfu máli en það kann að vera að við höfum ekki komið auga á einhverjar veilur í frv. úr því að við komumst að þessari niðurstöðu.

Mér finnst engin ástæða til þess fyrir hv. fjárveitinganefndarmenn, eða öllu heldur hæstv. fjárveitinganefndarmenn eins og mér ber sjálfsagt að titla þá, að vera óánægðir með þessa afgreiðslu. Nefndin tekur undir meginefni frv. Nefndin tekur undir það að heppilegt sé að setja um fjárgreiðslur fastari reglur og ég vil persónulega ítreka það að ég held að það sé heppilegt að setja fastari reglur um aukafjárveitingar. Ég tel hins vegar að þær eigi rétt á sér og frv. sé gallað að formi.

Það liggur fyrir að hæstv. forsrh. hefur óskað eftir því að gerð væri lögfræðileg úttekt á þessu máli og þeirri úttekt er ekki lokið. Forustumaður að því er einn virtasti lögfræðingur þjóðarinnar, Markús Sigurbjörnsson. Hann hefur ekki haft tíma eða aðstæður til þess að ljúka þeirri athugun sem hann er að gera fyrir forsrh. og þá þegar af þeirri ástæðu er ekki tímabært að ganga frá þessu máli. Við vitum að verið er að vinna í málinu, við ætlumst til þess að það verði unnið að málinu áfram og í trausti þess gengum við svona frá því í nefndinni. Ég tek það fram enn og aftur að fjh.- og viðskn. var sammála um þessa afgreiðslu.

Við ræddum þetta mál á þremur fundum, þó að menn hafi verið að spauga með það, einn skrökvaði nú að við hefðum á einum fundinum einungis rætt það í sjö sekúndur, annar hélt fram að það hefði ekki verið rætt nema í mínútu. Hvort tveggja er rangt. Þetta mál var tekið fyrir á þremur fundum og ítarlega rætt í eitt skipti og engin ástæða eða aðstæður til þess að vinna meira að málinu á þessum vetri úr því að úttekt hæstv. forsrh. lá ekki fyrir.

Út af fyrir sig er gott hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að líta stórt á sig og vera vandur að virðingu sinni, en mér finnst hann ganga aðeins of langt í þessu tilfelli með dreissugheitin og reisa sér hurðarás um öxl.

Ég endurtek, ég tel að hér sé um að ræða mál sem þarf að athuga. Það þarf að setja fastari reglur um aukafjárveitingar en hafa verið í gildi. Ríkisstjórnin er inni á því líka og þess vegna er þetta mál á réttum rekspöl. Fjvn. er mjög mikilvæg nefnd en ef frv. yrði að lögum óbreytt þá er fjvn. orðin mikilvægasta nefnd í þjóðfélaginu og það verður meiri vandi að velja í hana en ríkisstjórn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. 1. þm. Norðurl. v. um að ég þjáist ekki af neinum meltingartruflunum. Hann hlýtur að hafa fundið það einhvers staðar annars staðar en hjá mér. Það liggur fyrir samkvæmt upplýsingum hv. þm. að málið hefur verið tekið fyrir þrisvar sinnum í nefnd. Það var tekið fyrir þegar málinu var vísað til nefndarinnar. Síðan var það tekið fyrir á fundi sem stóð annað tveggja í — einn segir í sjö sekúndur, annar segir í allt að einni mínútu. (**PP:** Báðir skrökva því.) Hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður nefndarinnar, ber brigður á hvort tveggja og heldur að það hafi verið eitthvað ívið lengri fundur. Og á þriðja fundinum er málið tekið fyrir þegar þessi afgreiðsla er gerð sem hér liggur fyrir með rökstuddri dagskrá. Það liggur alveg ljóst fyrir að nefndin hefur vanrækt að taka þetta mál til eðlilegrar meðferðar og eðlilegrar afgreiðslu. Þetta verður þó ekki til þess að málið verði stöðvað því að þó að hv. nefnd hafi vanrækt að vinna verk sín á þessum vetri hvað þetta mál varðar stöðvar það ekki þetta mál og það er vissa fyrir því að þetta mál verður tekið upp á næsta haustþingi.

Það er mikill misskilningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. ef hann heldur að með þessu sé verið að auka eitthvað völd eða virðingu fjvn. í störfum. Auðvitað er það fjvn. til virðingar að hafa yfir allar pólitískar línur tekið saman slíkt mál sem þetta og unnið það vandlega. En það eykur ekki völd fjvn. Það er mikill misskilningur og sannar það enn að hv. þm. hefur ekki kynnt sér þetta mál sem honum auðvitað bar að gera sem formanni í þeirri nefnd sem málið fékk til meðferðar.

Það er einnig meira og minna útúrsnúningar að það hafi verið eitthvert sérstakt tilefni til þess að fá

lögfróða menn til að fjalla um þetta mál. Auðvitað var eðlilegt af hálfu hv. nefndar að leita til lagamanna en málið er m.a. samið og yfirfarið af færum lögfræðingum, tveimur virtum lögmönnum og prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, þeim Stefáni Má Stefánssyni og Sigurði Líndal. Það eru því vitaskuld útúrsnúningar að ekki hafi komið lagamenn að því að setja saman þetta frv. Og þó eðlilegt hafi verið af hálfu hv. nefndar að leita álits slíkra manna sem vitaskuld hefðu þá staðfest það að hér var gott mál á ferðinni og eðlilega samið þó við höfum lagt til að gera á því smávægilega breytingu, þá er það útúrsnúningur að málið hafi verið illa unnið og þurft þess vegna að senda það til einhverrar sérstakrar meðferðar lagamanna.

Ég vil svo endurtaka það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Vesturl., að hér er um þýðingarmikið mál að ræða og eitt af hinum stærri málum þingsins. Á því er full þörf að koma annarri skipan á meðferð ríkisfjármála en verið hefur síðustu árin sem enn og glöggt kom fram í máli hv. formanns fjvn. þegar hann mælti í gær fyrir áliti meiri hl. um fjáraukalög fyrir árið 1988. Meðferð ríkisfjármála á því ári, einkanlega á síðari hluta ársins eftir að núv. hæstv. ríkisstjórn tók við störfum, varð til þess að fjvn. sem er kunnug þessum málum og meðferð þeirra sá sig knúða til að bregðast við með þeim hætti sem hér hefur verið gert, að flytja það frv. sem hér er lagt til að vísa frá með rökstuddri dagskrá.

Ég hlýt að lýsa óánægju minni með þessa niðurstöðu þó að hún verði að sjálfsögðu ekki til þess að stöðva þetta þarfa mál sem a.m.k. flestir hér á hinu háa Alþingi álíta að sé mikil nauðsyn á að fá lögfest.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram frá hv. 1. þm. Vesturl. og 2. þm. Norðurl. v. Það er mjög miður að ekki skuli hafa verið tekinn sá tími sem til þurfti svo mál þetta gæti fengið efnislega meðferð í hv. fjh.- og viðskn. Ástæðurnar fyrir því eru tvær. Í fyrsta lagi sú að við, flm. málsins, sem lögðum það fram í desember, féllumst á ítrekaðar beiðnir frá hæstv. ráðherrum um að fresta umræðu um málið. Þó fór það svo þegar málið var loksins tekið til umræðu að sumir af þeim hæstv. ráðherrum sem höfðu beðið um frestun á málinu töldu ekki ástæðu til að tjá sig á einn eða annan veg. Önnur skýringin er sú að hv. 1. þm. Norðurl. v., og formaður fjh.- og viðskn., er andvígur málinu. En hann virti ekki málið meira en svo að eftir að hann sjálfur hafði lýst yfir andstöðu sinni við það hér og komið fram með ýmsar ábendingar sem hann taldi þarfari þá vék hann úr þingsal og hlustaði ekki einu sinni á það sem flm. höfðu um málið að segja. Hann gaf sér því engan tíma hvorki til þess að lesa frv., eins og glögglega kom fram í ræðu hans þegar málið var hér til 1. umr. því að vanþekkingin í þeim athugasemdum sem hann gerði við frv. var svo alger að það er óhjákvæmilegt að ályktað að hv. þm. hafi aldrei lesið málið. En það var ekki bara það að hann vanrækti það, hv. þm., heldur vék hann úr þingsal strax eftir ræðu sína og tók ekki frekari þátt í meðferð málsins hér í deildinni, hlustaði ekki á það sem aðrir höfðu til málanna að leggja og áframhaldið var svo í þeim anda í hv. fjh.- og viðskn. Þar tók hv. þm., formaður nefndarinnar, málið ekki fyrir til efnislegrar meðhöndlunar. Það var ekki sent út til umsagnar, það var ekki kallað á einn eða neinn til að tjá sig um málið og þó lá það fyrir að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. höfðu báðir undirbúið sig undir það að veita efnislega umsögn um málið og báðir tveir falið embættismönnum í sínum ráðuneytum að undirbúa umsögn fyrir þá. En þeim gafst enginn kostur á því að koma ábendingum sínum á framfæri við hv. fjh.- og viðskn. því hv. formaður nefndarinnar, sem var andvígur málinu og taldi ekki ástæðu til að lesa það né ástæðu til að kynna sér það sem þeir höfðu að segja sem málið fluttu og aðrir þingmenn sem til máls tóku hér, sá ekki ástæðu til þess svo mikið sem að taka þetta mál til efnislegrar meðferðar í nefndinni.

Ég vil aðeins láta það koma fram hér að hæstv. forsrh. hafði óskað eftir því að fá að tjá sig um þetta mál við þessa umræðu og hefði gert það ef hann hefði verið hér viðstaddur. Það sem hann mundi hafa óskað eftir við þessa umræðu og hafði sagt mér að hann mundi gera, og engin ástæða til að efa það, var að flm. frv. féllust á það að gefa honum og öðrum kost á því að koma á framfæri ábendingum sínum um þetta mál sem honum hefði ekki verið gefinn kostur á í meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn. Og jafnframt hugðist hæstv. forsrh. bera þá ósk fram við flm. málsins að þeir féllust á að vinna með honum og starfsmönnum hans að þeirri meðferð málsins í sumar sem átt hefði að fara fram í hv. fjh.- og viðskn. en ekki var gefið tækifæri til að þar gæti fram farið.

Við fjölluðum um þessi tilmæli hæstv. forsrh. í fjvn. á síðasta fundi hennar og vorum sem flm. frv. einróma sammála um að fallast á óskir hans þannig að sú efnislega meðferð málsins sem átt hefði að eiga sér stað á Alþingi í vetur gæti þá orðið í sumar á grundvelli samkomulags forsrh. og flm. frv. þar um þannig að hægt yrði að leggja frv. fram að nýju, breytt eða ekki breytt, strax í upphafi næsta þings og þá lægi fyrir umsögn þeirra aðila, svo sem ríkisstjórnar og ráðuneyta, Lagastofnunar Háskólans o.fl., sem um þetta mál þurfa að fjalla.

Ég vil einnig staðfesta það sem komið hefur hér áður fram að tveir mjög virtir lögfræðingar og raunar prófessorar við lagadeild Háskóla Íslands hafa um þetta mál vélað. Við sendum það til umsagnar þeirra. Það er því auðvitað úr lausu lofti gripið að lagafróðir menn hafi ekki um málið fjallað. Ég ítreka einnig það sem hefur raunar komið fram hér áður en hv. 1. þm. Norðurl. v. auðheyrilega ekki hlýtt á, að tilgangur með þessu frv. er ekki sá að auka völd fjvn. heldur þvert á móti. Það mundi verða til að auka völd fjvn. ef fallist yrði á þá hugmynd sem hv. 1. þm. Norðurl. v. kom fram með í þeirri einu ræðu sem hann flutti um þetta mál þar sem hann lagði til að þær skorður yrðu reistar við aukafjárveitingum fjmrh. að hann þyrfti að

fá leyfi fjvn. fyrir slíku. Með því móti væri verið að auka völd fjvn. því fjvn. hefur ekki fjárveitingavald fremur en ráðherra. Sú eina sem hefur fjárveitingavaldið er löggjafarsamkundan, Alþingi. Og það er ekkert meira réttlæti í því að fjvn. taki þetta vald, sem nefndin hefur ekki leyfi til að taka af Alþingi, það er ekkert meira réttlæti í því að fjvn. hafi þetta vald en eins og nú er að ríkisstjórn eða handhafar framkvæmdarvalds hafi það. Ef á hugmyndir hv. 1. þm. Norðurl. v. hefði því verið fallist í þessu sambandi þá væri verið að auka vald fjvn. En það er ekki tilgangurinn með frv. og ekkert af því sem í frv. stendur er þess eðlis, heldur þvert á móti gengur allt þetta frv. út á það að sækja aftur það vald sem Alþingi Íslendinga ber en ekki einstökum nefndum á þess vegum.

Virðulegi forseti. það hefur verið rætt í svo mörg ár og svo oft og svo lengi að gera þyrfti einhverja bragarbót, og þá heldur meiri en minni, á þeim samskiptum sem verið hafa á undanförnum árum og áratugum milli löggjafarstofnunarinnar og framkvæmdarvaldsins. Svo margir þingmenn, þar á meðal mjög merkir þingmenn, gamlir í hettunni, menn eins og bæði Eysteinn Jónsson og Þórarinn Þórarinsson, ég nefni þá sérstaklega til sögunnar, tvo af merkum þingmönnum Framsfl., hafa bæði í rituðu og töluðu máli vakið sérstaka athygli á því að framkvæmdarvaldið væri farið að seilast allt of langt inn á verksvið löggjafarvaldsins og að snúa þyrfti við þeirri öfugþróun. En alþingismenn hafa ekkert gert meira í þessu máli en það eitt að tala. Þeir hafa kvartað um þetta ár eftir ár, bent á þessa agnúa, sagt að bráðnauðsynlega þyrfti að gera einhverjar breytingar á en það hefur aldrei orðið annað en orðin tóm. Menn virðast bara bíða eftir því að framkvæmdarvaldið ákveði hvernig þessum málum skuli skipað ef breytingar eigi að gera. Og rís þá ekki löggjafarsamkundan undir nafni ef hún treystir sér ekki til að hafa skoðun á því sjálf eða frumkvæði um það sjálf hvernig hún hyggst verja réttindi sín og vald sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Það frv. sem hér er lagt fram er tilraun af hálfu hóps alþingismanna til að setja fram í lagatexta þær hugmyndir og ábendingar sem komið hafa fram í almennum umræðum hér á þinginu um ára og jafnvel áratuga skeið, en menn aldrei komið í verk að gera meira en bara tala um. Hópur þingmanna tók sig til og reyndi að setja einhvern lagatexta niður á blað sem gæti náð þeim markmiðum sem alþingismenn, hver um annan þveran, hafa haldið ræður um árum og jafnvel áratugum saman að gera þyrfti.

Nú er ég ekki að segja að allt sem í frv. stendur sé kórrétt, sumu megi ekki breyta og annað megi ekki bæta. En það er auðvitað ekki til virðingar fyrir Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkomuna, að geta ekki eða vilja ekki taka á slíkum málum til afgreiðslu, gera þær breytingar sem samstaða er um að gera á frv. og afgreiða það síðan frá Alþingi án þess að ætlast ávallt og eilíflega til að framkvæmdarvaldið hafi vit fyrir löggjafarvaldinu í slíkum málefnum.

Nú er það ekki hægt, virðulegi forseti, að afgreiða málið með þessum hætti. Hins vegar liggur það fyrir frá hæstv. forsrh. að hann hefur áhuga á því að skoða málið með okkur flm. sem vandlegast í sumar og gefa færi á því að vinna þá vinnu sem hefði þurft í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar en var þar ekki unnin og ég ætla ekki að endurtaka hvers vegna. Og við fögnum því, flm. frv., að fá þannig tækifæri til þess að halda áfram meðferð málsins og erum fúsir til þess að vinna með forsrh. að þeim störfum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er afar mikilvægt og varðar í raun verkefnaskiptingu milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það er rétt sem kom fram hjá hv. frsm., að ég hafði þegar frv. kom fram fullan hug á því að láta skoða það mjög vandlega af löglærðum mönnum á þessu sviði og reyndar hófst sú athugun en því miður vannst ekki tími til að ljúka henni á nokkurn máta áður en málið fór til nefndar. Ég hef mjög mikinn áhuga á því að skoða málið í sumar og fagna því að hv. fjvn. er reiðubúin að hafa samstarf um það. Ég fer því fram á að þetta mál verði ekki afgreitt núna en hins vegar vandlega skoðað í samstarfi mínu og hv. fjvn. og þá að því stefnt að frv. verði lagt fyrir Alþingi á haustþingi.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins ítreka það að við flm. höfum fallist á það sem hæstv. forsrh. fór hér fram á og erum tilbúnir að styðja það að málið verði ekki afgreitt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þau ánægjulegu tíðindi hafa nú gerst að ákveðin nefnd hefur skilað frá sér frv. þó að um nokkurt harðlífi hafi verið að ræða.

Þetta leiðir hugann að því hver staða þingmanna er til þess að fá afgreiðslu á málum úr nefndum og gjörsamlega vonlaust við það að búa, herra forseti, að mál sem var samþykkt í Nd. í fyrra og sent til Ed. komst ekki frá henni þá, var aftur samþykkt í Nd. í vetur og fór til sjútvn. Ed. og situr þar fast, er ekki enn afgreitt þar úr nefnd. Ég hafði vissa samúð með nefndinni á meðan þar var til meðferðar stórt mál sem flutt var af sjútvrh. og hafði forgöngu í vinnu. En ég tel að þegar ég horfi upp á það að Ed. sefur nú svefni hinna réttlátu þessa stundina sé rétt að ýta á að þetta mál verði afgreitt úr nefnd. Og hvaða möguleika hefur þingmaður til að gera það? Þingmaður í Nd.? Hann hefur að sjálfsögðu ekki möguleika til að standa uppi í Ed. og krefjast þess af forseta þar að málið verði afgreitt úr nefnd. Hann hefur ekki tök á því. Hann hlýtur að verða að gera þær kröfur til forseta Nd. að hann ýti á það svo dugi að þetta mál fari úr nefnd. Það fær ekki staðist að frá 20. febr. og til okkar tíma sé ekki kominn eðlilegur umþóttunartími á afgreiðslu á máli sem samþykkt er í Nd. þar sem tveir þriðju hlutar þingmanna sitja. Og á sama tíma búum við við það að frá Ed. kemur eitt stærsta

mál þingsins og það er ætlast til að það fari hér í gegn á örfáum dögum.

Herra forseti. Ég hef ekki verið til þess að tefja fyrir því að hér gangi mál fram. En það er óvíst að ég hafi geðprýði til að bera til að vera til friðs ef svo fer sem horfir að þetta mál verði saltað í Ed. aftur á þessum vetri.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseti vill vegna þessarar ræðu inna hv. ræðumann eftir því um hvaða mál hann er að ræða og fjalla um því það kom ekki fram í máli hans og forseti getur ekki beitt sér gagnvart formanni sjútvn. Nd. ef hann ekki veit um hvaða mál er verið að ræða og gefur hv. 2. þm. Vestf. aftur orðið um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Vissulega hefði það tafið fyrir forseta að þurfa að lesa málaskrána. En þetta mál fjallar um fiskveiðar í landhelgi Íslands og varðar fyrst og fremst það atriði að Færeyingar og Grænlendingar hafi óheftan rétt til löndunar á sjávarafla á Íslandi og þá þjónustu. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að þær skýringar dugi til þess að nefndarmenn í sjútvn. Ed. kannist við þetta mál.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða vill forseti taka fram að hann hefur sjálfur haft persónulegan áhuga á framgangi þess máls sem hv. þm. nefndi hér. Hann mun ræða við formann þeirrar nefndar sem um málið fjallar og athuga hver framgangur getur orðið á málinu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir afdráttarlausa yfirlýsingu í þessum efnum.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að bera hér af mér sakir, en úr barka hv. 5. þm. Vestf. komu ýmislegar ásakanir sem óhjákvæmilegt er að svara.

Það var enginn að tala um að stöðva þetta mál og það hefur aldrei vakað fyrir mér. Málið fær þinglega meðferð og ég þykist hafa meðhöndlað það í nefndinni með eðlilegum hætti. Varðandi það að ég hafi ekki setið undir allri umræðunni þá er það að vissu leyti rétt. Ég missti t.d. af ræðu hv. þm. Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar sem fjallaði um þetta mál. Hins vegar vil ég láta það koma fram að ég reyni alltaf þegar ég mögulega get að hlusta á ræður hv. 5. þm. Vestf. Sighvats Björgvinssonar, þ.e. svona fyrsta þriðjunginn því að þegar hann fer að endurtaka sig vík ég stundum frá, en hann þríflytur hverja ræðu eins og menn vita.

Efni þessa frv. ætla ég ekki að fara að ræða í smáatriðum, enda er ekki tækifæri til þess hér. Í 2. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir skal undirrita með fyrirvara um samþykki Alþingis. Leita skal samþykkis Alþingis fyrir auknum launaútgjöldum svo fljótt sem verða má eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir" o.s.frv.

Þetta held ég að sé óskynsamleg niðurstaða. Ég held að það sé óskynsamlegt að bera kjarasamninga undir Alþingi. Ég held að við verðum að treysta fjmrh. til að fara með þessi mál og um þetta atriði geri ég efnislegan ágreining við hv. flm. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson taldi að frv. yki ekki vald fjvn. Ég minni á 10. gr. þar sem segir:

„Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjmrh. heimilt að fengnu samþykki fjvn. að inna greiðsluna af hendi, enda þoli hún ekki bið."

Mér þykir þeir rýmilegir við hæstv. fjmrh.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú biður forseti hv. þingdeildarmenn að gæta þess að forsetar hafa í huga sínum stefnt að því að þinghaldi geti lokið í dag einhvern tíma á sjöunda tímanum. Þær umræður sem hér hafa farið fram að undanförnu eru að mati forseta ekki verulega efnislegar umræður og hann biður nú hv. þingdeildarmenn að skera niður og skammta smátt í þeim umræðum sem eftir eru.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Það er eins með höfðingja Pál og aðra höfðingja, þeir þurfa stundum að láta segja sér hlutina þrem sinnum og skal ég nú gera það.

Ég hef hér úr þessum ræðustól tvisvar sinnum lýst hvað fyrir okkur vakir með 2. gr. frv. Ég hef fengið hv. þm. Páli Péturssyni fyrir tveimur eða þremur dögum síðan nýjan texta að þeirri lagagrein sem varpar skýrara ljósi á það hvað við ætlumst til með flutningi hennar. Það virðist vera að hv. þm. hafi ekki einu sinni lesið það blað sem honum var þó afhent formlega í sæti sínu þannig að það þarf að segja hv. þm. hlutina oftar en þrem sinnum til þess að hann skilji þá.

Hvað 10. gr. varðar þá er ég líka búinn að svara þeirri viðbáru hv. þm. og geri það nú í þriðja skipti. Þetta er sá háttur sem nú er hafður á þessum málum. Ef eitthvað kemur upp á, t.d. tjón í óveðrum eða annað slíkt, og hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin telja sig þurfa að grípa til tafarlausra aðgerða sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum, þá er þetta sá háttur sem hafður er á í því sambandi að hæstv. fjmrh. óskar eftir samstarfi við fjvn. Alþingis um þá hluti. Í þessari grein er ekkert sagt eða gert sem er ekki í samræmi við þann hátt sem tíðkast hefur í þessu sambandi. Þetta var búið að segja hv. þm. margoft og geri ég það nú í fjórða skiptið en ég held að það hafi ekki frekar möguleika á því að staðnæmast í hugsanakeðju þessa hv. þm. þó honum yrði sagt það fimm sinnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Rökst. dagskrá á þskj. 1222 samþ. með 26 shlj. atkv.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843, n. 1245.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um að leggja Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins niður og ráðstafa eignum hans til lagmetisframleiðenda og samtaka þeirra.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Aðrir fulltrúar í iðnn. rita undir þetta álit.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 252. mál (vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins). — Þskj. 412, n. 1145 og 1170.

Frsm. meiri hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi fasteignasala, G-samtökunum, stjórn Landssambands lífeyrissjóða, Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi eldri borgara, Neytendasamtökunum, Öryrkjabandalagi Íslands og Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Í ljósi fyrirliggjandi umsagna og umræðna innan nefndarinnar leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem:

1. Það hefur legið ljóst fyrir að stefna ríkisstjórnarinnar er að hækkanir vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins taki ekki til þegar veittra lána og að sú stefna kom skýrt fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. um vaxtabætur 3. maí 1989 án þess að athugasemd væri við það gerð á Alþingi;

2. Alþýðusamband Íslands mælir ekki með samþykkt frv.;

3. húsnæðisstjórn bendir í umsögn á að tæknilegir vankantar séu á framkvæmd ákvæða frv.;

4. vaxtahækkanir á þegar veittum lánum eru óréttlátar og koma í veg fyrir að íbúðakaupendur geti gert raunhæfar áætlanir um greiðslubyrði;

5. kjarasamningar geta raskast við hækkun vaxta

telur deildin engar forsendur fyrir því að afgreiða frv. og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir þetta nál. skrifa fjórir nefndarmenn, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Frsm. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. félmn. sem skipa auk mín hv. þm. Alexander Stefánsson og Eggert Haukdal. Frv. sem hér er til umræðu var flutt hér fyrir jólin síðustu í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að breyta vöxtum á lánum Byggingarsjóðs ríkisins með þeim hætti að fullkomlega óviðunandi er. Til þess að freista þess að fá þeirri ákvörðun hnekkt var þetta frv. flutt en eins og menn eflaust muna tók ríkisstjórnin hinn 5. des. sl. þá ákvörðun að vextir af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins skyldu hækka úr 3,5% í 4,5% af þeim lánum sem sjóðurinn veitti frá þeim degi. Hins vegar fólst jafnframt í þeirri ákvörðun að vextir af lánum sem veittir voru fyrir þennan dag skyldu vera óbreyttir þótt þau lán sem veitt voru fyrir og eftir 5. des. séu í sama lánaflokki og algerlega sambærileg að öllu öðru leyti.

Í hópi flm. þessa frv. eru m.a. fyrrv. félmrh. sem bar ábyrgð á þeirri lagasetningu og því frv. sem flutt var vorið 1986 og hér er gerð tillaga um að breyta og sömuleiðis páv. formaður félmn. sem hafði framsögu fyrir málinu hér í hv. deild á sínum tíma. Þessir menn eiga að vita hvað þeir voru að fjalla um og þeirra skilningur var sá að sú ákvörðun sem tekin var 5. des. af núv. ríkisstjórn væri fullkomlega óeðlileg og í andstöðu við anda þeirra laga sem þeir beittu sér fyrir á sínum tíma. Og ef þeir vita ekki hver hugmyndin var með lagasetningunni þá veit ég ekki hverjir vita það, alla vega ekki núv. hæstv. ráðamenn.

Frv. gerir ráð fyrir því að framvegis verði óheimilt að taka ákvörðun sem þessa þar sem nákvæmlega eins lán beri mismunandi vexti bara eftir því á hvaða degi þau voru tekin. Það er rétt að vekja athygli á því að til að mynda í bankakerfinu er ekki um þetta að ræða og það er fyrirvari í skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins um að vöxtum kunni að verða breytt. Þetta mál er því allt ein endaleysa frá upphafi til enda af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar var varla við því að búast að ríkisstjórnin eða helstu fulltrúar hennar í félmn. stæðu að því að ómerkja þessa ákvörðun. Í staðinn er lagt til að næsta mál verði tekið fyrir og þetta mál tekið út af dagskrá með þeirri rökstuddu dagskrá sem svo er kölluð en er í raun og veru órökstudd dagskrá eins og kemur til að mynda fram í 5. lið, að kjarasamningar geti raskast við hækkun vaxta. Hvaða nýju tíðindi eru það? Hvaða sannleik og hvaða rökstuðning er verið að boða með slíkri fullyrðingu í þessu máli?

Ég vil vekja athygli deildarmanna á því að meiri hluti þeirra umsagnaraðila sem þetta mál fengu til meðferðar hefur lýst stuðningi sínum við frv. en hluti umsagnaraðila, þar á meðal Seðlabanki Íslands, skilar áliti þar sem hvorki er tekin afstaða með eða móti og í umsögn húsnæðismálastjórnar er bent bæði á kosti og galla þessa máls, reyndar tekið fram að þetta kunni að verða erfitt í framkvæmd en því ekki lýst yfir að þetta sé óframkvæmanlegt. Og þá er verið að tala um eldri lánaflokka, einkum óverðtryggða flokka.

Við höfum tekið þá afstöðu flm. að halda okkur við frv. óbreytt þrátt fyrir ábendingu húsnæðismálastjórnar og teljum að hún muni geta leyst úr þeim hugsanlegu ágöllum sem hún hefur fjallað um varðandi eldri lánaflokka. Málið snýr hins vegar fyrst og fremst að þeim lánum sem Byggingarsjóður ríkisins, ekki verkamanna, hefur veitt á tímabilinu frá 1. sept. 1986.

Ég vek athygli á því sérstaklega, herra forseti, að í þeim umsögnum sem borist hafa, m.a. frá Félagi fasteignasala, frá Landssambandi lífeyrissjóða, Neytendasamtökunum, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga, er tekið undir rökstuðning flm. frv. Og ég vek sérstaklega athygli á því sem kemur fram hjá Félagi fasteignasala og fleirum og sem kom fram í okkar málflutningi við 1. umr. að með þessari ákvörðun er verið að raska verði nákvæmlega sams konar íbúða sem á hvíla lán úr Byggingarsjóði ríkisins úr nákvæmlega sama málaflokki. Það er verið að raska verðinu þarna á milli vegna þess að á lánum Byggingarsjóðsins kunna að hvíla mismunandi vextir eftir því hvort lánin voru tekin fyrir eða eftir 5. des. sl. Auðvitað er það fullkomlega óeðlileg íhlutun í fasteignamarkaðinn, eins og fram kemur í viðhorfum þessara aðila, að breyta vöxtum með þessum hætti og algerlega óviðunandi. Enda segir í áliti Félags fasteignasala svo, með leyfi forseta:

„Ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. des. sl. var afar óheppileg að því leyti til að þar fór hún á undan með slæmu fordæmi sem slævir vitund fólks fyrir því hvernig halda skuli samninga. Sambærilegir lánssamningar eru skyndilega túlkaðir á mismunandi vegu. Hvers eiga þeir að gjalda sem leystu út lán sín eftir 5. des. sl.? Ákvörðunin hefur einnig slæm áhrif á fasteignamarkaðinn og urðu fasteignasalar áþreifanlega varir við það í störfum sínum. Ef ákvörðun þessi verður ekki endurskoðuð mun hún fyrirsjáanlega hafa alvarleg áhrif þegar frá líður. Kaupverð fasteigna er í sífellt vaxandi mæli að verða meira eða minna verðtryggt. Allir kaupsamningar um nýbyggingar eru að fullu verðtryggðir. Með tilkomu húsbréfanna greiðist kaupverðið mun hraðar en áður og allt stefnir í að innan fárra ára verði kaupverð allra eldri íbúða einnig að fullu verðtryggt. Þetta er afar eðlileg þróun því að engin rök eru fyrir því að seljandi láni kaupanda stóran hluta kaupverðsins án verðtryggingar. Í öllum öðrum lánssamningum þurfa skuldarar að greiða verðbætur eða vexti sambærilega verðbólgu.

Þessi þróun mun aftur leiða til þess að nauðsynlegt verður að núvirða öll þau lán sem á íbúðum hvíla og kaupendur taka yfir. Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins eru bundin við tiltekna fasteign og getur seljandi (skuldari) því ekki flutt lánið með sér og komist þannig hjá núvirðingu þeirra. Flest lán Byggingarsjóðs veitt eftir gildistöku laga nr. 84/1986 eru frekar há og um leið hátt hlutfall af verði íbúða. Það gefur auga leið að seljandi sem skuldar lán með 4,5% vöxtum kemur lakar út úr núvirðingu þessari en seljandi sem skuldar lán með 3,5% vöxtum sem þó er úr sama lánaflokki. Af þessu má ljóst vera að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. des. sl., sem fyrr er lýst, mun verðfella eignir þeirra sem skulda lán með 4,5% vöxtum í samanburði við eignir þeirra sem fengu lán fyrir 5. des. og bera 3,5% vexti. Hér er því verið að mismuna lántakendum illilega."

Hér er tekið í einu og öllu undir rökstuðning flm. í grg. frv. og í framsögu með því og umræðum sem um þetta urðu við 1. umr. Það er verið með fullkomlega óeðlilegum og handahófskenndum hætti að mismuna lántakendum úr Byggingarsjóði ríkisins og lækka verð fasteigna þeirra sem fengu lán eftir 5. des. sl. Og hvers konar réttarfar er það þar sem þannig er staðið að málum, þar sem stjórnvöld ganga fram fyrir skjöldu með þessum hætti?

Ég ætla ekki að setja hér á lengri ræðu, virðulegi forseti. Tíminn er naumur, en ég vek athygli á þessu og ég vænti þess að þeir hv. þm. í þessari deild sem eiga einhvern snefil af sannfæringu eftir, ekki síst eftir allt samningamakkið innan ríkisstjórnarflokkanna, láti hana ráða í þessu máli og greiði nú einu sinni skynseminni atkvæði og felli dagskrártillögu meiri hl. félmn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil nú lýsa óánægju með nál. sem hér kemur fram frá meiri hl. félmn. Ég ætla aðeins að minna á að þegar þessi ákvörðun var tekin af hæstv. ríkisstjórn á sl. hausti, um að gera þessa breytingu, hafði áður verið þingað um það í þingflokkum stjórnarflokkanna. Í þingflokki Framsfl. var þetta mál tekið fyrir og einróma samþykkt að heimila ekki ríkisstjórninni fyrir hönd þingflokks Framsfl. að gera þessa breytingu á vöxtum sem var lögfest 5. des. sl. Þetta vildi ég láta koma fram enn, því að það sýnir að þingflokkurinn hafði nákvæmlega sömu skoðun og kemur fram í því frv. til laga á þskj. 412 sem hér er verið að taka til afgreiðslu og það fór ekkert á milli mála að afstaðan til málsins var afgerandi og er bókuð í fundargerð þingflokksins. Þingflokkurinn heimilaði ekki fyrir sitt leyti að þessi ákvörðun væri tekin, en hins vegar, eins og allir vita, þarf ríkisstjórnin ekki að bera slíkar ákvarðanir undir Alþingi.

Ég þarf ekki að hafa lengra mál, herra forseti. Þessi ákvörðun skapar óréttlæti sem á ekki að viðhafa í þessum þýðingarmiklu málum eins og ákvörðun um vexti af hinum ýmsu lánaflokkum í húsnæðiskerfinu.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég verð satt að segja að lýsa talsverðum vonbrigðum mínum með það að meiri hl. hv. nefndar skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu sem sést í því þingskjali þar sem lagt er til að afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá. Í því plaggi kemur enginn haldbær rökstuðningur fram og ljóst er af starfi nefndarinnar að þeir aðilar sem um þetta mál hafa fjallað eru langflestir þeirrar skoðunar að fara eigi eftir þeim sjónarmiðum sem koma fram í því frv. sem hér er til umræðu. Um þetta mál urðu á sínum tíma miklar umræður og það er óþarfi að endurtaka þær hér. Ég tel að hæstv. ráðherra hefði verið það til sóma að taka þetta mál upp. Ég harma svo sannarlega það sem ég leyfi mér að kalla lítilsigld sjónarmið hjá hæstv. ráðherra sem liggja til grundvallar þeirri ákvörðun sem hefur orðið ofan á í þessu máli.

Ég minni á að umræður í Borgfl. á sínum tíma leiddu til þess að fram kom í blöðum að Borgfl. væri meðmæltur þeirri hugmynd sem kemur fram í frv. og hv. 1. þm. Vesturl. hefur lýst því yfir að þingflokkur Framsfl. hafi sömuleiðis komist að annarri niðurstöðu en varð niðurstaða hæstv. ráðherra á sínum tíma. Ég tel að hér sé á ferðinni mjög mikið sanngirnis- og réttlætismál fyrir utan það að ég hef haldið því fram að í raun og veru hafi ákvörðun hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar verið lögleysa. Ég veit um dæmi þess að þetta hefur leitt til verulegra vandræða fyrir fólk og þetta á eftir að valda meiri vandræðum, að hafa vexti misjafna á skuldabréfum sem eru frá gildistíma sömu laga. Mér hefði fundist eðlilegt að miða við 1986, ekki síst í ljósi þess að bæði formaður félmn. á þeim tíma og páv. ráðherra hafa báðir lýst því yfir hvernig skilja átti þessa grein. Og ég verð að segja það að meiri hl. félmn. veldur mér sárum vonbrigðum, að hafa komist að þessari röngu niðurstöðu. Ég staðhæfi það því enn einu sinni hér úr þessum ræðustól. Það væri mikið slys ef þessi tillaga meiri hl. yrði samþykkt því að sú samþykkt getur auðvitað orðið til lögskýringar gegn þeim sem gætu ellegar á annan hátt náð rétti sínum og ég segi: Mikil er ábyrgð þeirra manna sem hafa lagt það á sig að skila slíku nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Rökst. dagskrá á þskj. 1145 samþ. með 23:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, MálmS, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, SJS, AðB, ÁrnG.

nei: AS, BÍG, EH, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SP.

5 þm. (ÁHE, FÞ, SV, ÞP, ÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Í fullu samræmi við samþykkt þingflokks Framsfl. í desember sl. segi ég nei.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er um að ræða tilraun til þess að afstýra afleiðingum þess hneykslis sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á, frá 5. des. sl. varðandi ákvörðun vaxta á lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Afstaða minni hl. nefndarinnar er í samræmi við afstöðu til að mynda Borgfl. Þess vegna hlýtur, til þess að afstýra hér frekara hneyksli og erfiðleikum íbúðareigenda og húsbyggjenda, að eiga að vísa þessari rökstuddu dagskrártillögu frá og ég segi nei.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 989, n. 1172 og 1194, brtt. 1173 og 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1195,1 felld með 22:14 atkv.

Brtt. 1173,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 1195,2 felld með 23:17 atkv.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég er ekkert undrandi á því þó að forseti og kannski aðrir ruglist eilítið í ríminu þegar verið er að greiða atkvæði um brtt. við frv. sem er svo fáránlega upp sett að það er ekki neinu líkt að gera við það breytingartillögur. Hér er um að ræða frv. þar sem öll efnisatriði eru í einni grein, þ.e. 3. gr. frv. En þessi brtt., nr. 3 á þskj. 1195, er við a-lið sem verði 51. gr. og sú brtt. er í tveimur liðum, nr. 1 og 2. B-liðurinn sem getið er um í nr. 2 er innan þessa a-liðar í frv. Þessi undarlega uppsetning verður auðvitað að skrifast á ábyrgð þeirra sem flutt hafa þetta mál, en það er óhjákvæmilegt að mínum dómi að það fari fram sérstök atkvæðagreiðsla um fyrri lið 3. brtt. og um síðari lið 3. brtt.

Brtt. 1195,3.1 felld með 23:16 atkv.

Brtt. 1195,3.2 felld með 23:12 atkv.

Brtt. 1195,4 kölluð aftur.

Brtt. 1195,5.1 (aðaltillaga) felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, SP.

nei: ÞÞ, AðB, AÓB, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, MálmS, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, SV, StH, SJS, ÁrnG.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (ÁHE, FÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þessi brtt. lýtur að því að í húsnæðisnefndum á vegum sveitarfélaga verði eingöngu menn

kjörnir af stjórn sveitarfélagsins, af sveitarstjórninni, en ekki aðrir. Með frv. er gert ráð fyrir að húsnæðisnefndir fái mjög víðtækt vald og umboð, m.a. til fjárhagslegra ráðstafana sem er óeðlilegt að aðrir en þeir sem sveitarstjórnin hefur sjálf til þess kjörið fjalli um. Þessi tillaga er flutt til að þannig verði um hnútana búið og ég segi já.

Brtt. 1173,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1195,5.1 (varatillaga) felld með 21:12 atkv.
Brtt. 1195,5.2 felld með 19:13 atkv.
Brtt. 1195,6 felld með 22:12 atkv.
Brtt. 1173,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1195,7 kölluð aftur.
Brtt. 1195,8 felld með 22:12 atkv.
Brtt. 1195,9 felld með 21:12 atkv.
Brtt. 1195,10 kölluð aftur.
Brtt. 1195,11.1 felld með 23:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SP, SV, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GHH, GGÞ.

nei: JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, MálmS, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, SighB, StH, SJS, ÞÞ, AðB, AÓB, GeirG, GB, GuðnÁ, GHelg, HG, ÁrnG.

2 þm. (ÁHE, FÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Alexander Stefánsson:
Herra forseti. Hér er um að ræða ákvæði sem snýr að því að óbreytt standi í gildandi lögum ákvæði um möguleika á að veita fólki sem á í verulegum erfiðleikum með útborgun lán til þriggja ára til að gera því kleift að eignast húsnæði og þess vegna segi ég já.

Geir H. Haarde:
Herra forseti. Hér er um þetta að tefla, eins og segir í tillögunni: „Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður." Þetta ákvæði er í gildandi lögum. Það er gert ráð fyrir því að það falli brott í frv. Við sjálfstæðismenn höfum staðið í þeirri meiningu og trú að það væri hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna að hjálpa fólki sem svona stendur á fyrir og það er mjög athyglisvert ef það er niðurstaða hér í deildinni hjá meiri hl. þessara svokölluðu félagshyggjuflokka að þetta skuli falla brott og ekki eigi að hjálpa fólki þegar svona stendur á. Ég segi já.

Brtt. 1195,11.2 felld með 19:10 atkv.
Brtt. 1195,11.3 kölluð aftur.
Brtt. 1173,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1195,12 kölluð aftur.
Brtt. 1195,13 felld með 20:12 atkv.
Brtt. 1195,14 kölluð aftur.
Brtt. 1195,15.1 kölluð aftur.
Brtt. 1195,15.2 felld með 21:11 atkv.
Brtt. 1195,16 felld með 18:12 atkv.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Nú vill flm. virkilega gleðja forseta því að með þessari atkvæðagreiðslu hafa jafnframt fallið liðir 18 og 19. Flm. afturkallar tillögu nr. 17 og tillögu nr. 21.1 og þá standa eftir í auðmýkt og þakklæti liðir 20 og 21.2.

Forseti (Árni Gunnarsson):
Enn á ný sér forseti ástæðu til að þakka hv. 17. þm. Reykv.

Brtt. 1195,17 kölluð aftur.
Brtt. 1195,18–19 kom ekki til atkvæða.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1195,20 felld með 21:11 atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1195,21,1 kölluð aftur.
Brtt. 1195,21.2 felld með 22:10 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

90. fundur, laugardaginn 5. maí,
að loknum 89. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (félagslegar íbúðir). — Þskj. 1286, brtt. 1287.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):
Virðulegi forseti. Félmn. hefur komið saman milli 2. og 3. umr. og flytur sameiginlega þrjár brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér er til afgreiðslu. Ég ætla að kynna þessar brtt.

1. brtt. er þess efnis að við 3. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi: Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálaráði umsjón og útleigu leiguhúsnæðis í eigu sveitarfélags.

2. brtt. er einnig við 3. gr., ss.-lið, sem verður 95. gr., um að 1. mgr. orðist svo: Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort kaupandi uppfyllir þá enn skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 80. gr. og upp frá því á þriggja ára fresti. Uppfylli kaupandi ekki lengur þessi skilyrði skal breyta vöxtum hans þannig að þeir verði hinir sömu og gilda um almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins. — Efnisleg breyting er að fara með árin úr átta niður í sex, að það verði fyrst

kannað að sex árum liðnum hvort hagir hafi breyst og orðalagsbreyting í raun um orðun greinarinnar að öðru leyti.

3. brtt. er að ákvæði til bráðabirgða orðist svo: Við gildistöku laga þessara taka húsnæðisnefndir við hlutverki stjórna verkamannabústaða eftir því sem við á. Enn fremur taka húsnæðisnefndir við réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða, þar með töldu húsnæði, tækjum og búnaði, skuldbindingum vegna verksamninga og framkvæmda og öðrum samningum eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð eða sveitarfélag ákveður. — Þessi tillaga er um að hafa þetta ákvæði til bráðabirgða fyllra en var áður.

Ég mælist til þess að brtt. verði samþykktar.

Frsm. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil láta þess getið að það hefur orðið samkomulag í félmn. eftir samtöl milli stjórnar og stjórnarandstöðu um brtt. sem formaður félmn. kynnti hér. Ég vek jafnframt athygli á því að þær eru byggðar á þremur brtt. sem prentaðar voru upphaflega á þskj. 1195 og fluttar af okkur hv. þm. Eggert Haukdal en sem dregnar voru til baka við 2. umr. hér fyrr í dag. Ég vek sérstaka athygli á 1. brtt. félmn. sem er byggð á tillögu nr. 7 í þskj. 1195 en er víðtækari. Í upphaflegri tillögu var gert ráð fyrir því að í Reykjavíkurborg skyldi félagsmálaráð hafa umsjón með og annast útleigu leiguhúsnæðis í eigu Reykjavíkurborgar en í nál. okkar minnihlutamanna var vakin athygli á því að þetta vandamál væri víðtækara en eingöngu í Reykjavík. Brtt. félmn. er þess efnis að öllum sveitarstjórnum verði heimilt, ef þær svo kjósa eða telja að henti betur, að fela félagsmálaráði í viðkomandi sveitarfélagi að annast umsjón og útleigu leiguhúsnæðis í eigu sveitarfélagsins.

Ég vil láta það koma fram að þetta ákvæði er mjög mikilvægt, ekki síst fyrir Reykjavíkurborg, en félmn. þingsins bárust sérstök mótmæli frá félagsmálaráði Reykjavíkur vegna þeirra breytinga sem frv. fyrirhugaði í þessu efni.

Eins og fram hefur komið á Reykjavíkurborg fjölmargar íbúðir sem leigðar eru skjólstæðingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og þær íbúðir verða ekki frá henni teknar, hvorki með þessum lögum né öðrum. Og í raun og veru er kannski óþarft að taka fram í lögum að eigandi íbúðarhúsnæðis hafi yfir því full og óskoruð yfirráð, en það sem verið er að gera hér er að á því er hnykkt að yfirráðaréttur þessara íbúða er eingöngu á forræði viðkomandi sveitarfélaga en ekki nefndar með utanaðkomandi aðilum innan borðs þó svo að sveitarfélagið eigi meiri hluta í þeirri nefnd. Þannig er þetta tilkomið og með þessu er tryggt að íbúðarhúsnæði sem er undir forræði félagsmálaráðs Reykjavíkur og ætlað skjólstæðingum Félagsmálastofnunar verður þar áfram ef borgin kýs að hafa það þannig. Enda er á það bent í ályktun félagsmálaráðs að óeðlilegt sé að aðskilja þennan þátt félagslegrar aðstoðar, þ.e. aðstoð við öflun leiguhúsnæðis, þeirri annarri félagslegu aðstoð sem veitt er á þeim vettvangi. Að eðlilegast og skynsamlegast sé með tilliti til yfirsýnar að þessi mál séu á sama stað, þ.e. hjá félagsmálaráði. Ég fagna því að um þetta atriði hefur náðst samkomulag og á athugasemdir okkar í stjórnarandstöðu og frá félagsmálaráði Reykjavíkurborgar hefur verið fallist í einu og öllu að því er þetta mál varðar.

Ég lýsi jafnframt ánægju minni með það að í nefndinni skyldi hafa tekist samkomulag um að taka upp sem 2. og 3. lið í brtt. nefndarinnar þær brtt. sem áður voru nr. 17 og 21.1 á þskj. 1195 með þeirri breytingu í því sem áður var 17. liður að þar sem talað er um fimm ár er nú talað um sex ár. Það tel ég fyllilega ásættanlegt. Um þessi atriði er því komið þetta samkomulag. Við í stjórnarandstöðunni munum engu að síður sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frv. vegna þess að við erum andvígir — þ.e. við í Sjálfstfl., ég tala nú ekki fyrir aðra — ýmsu sem fram kemur í þessu frv. og ekki síst ýmsu því sem við reyndum að færa til betri vegar við 2. umr. en mistókst. Við lögðum t.d. til, og veit ég ekki hvort hv. stjórnarþingmenn hafa gert sér grein fyrir því, að Byggingarsjóður verkamanna yrði áfram svo sem verið hefur eingöngu ætlaður láglaunafólki. En stjórnarmeirihlutinn hefur við 2. umr. fellt tvær brtt. þessa efnis. Nú er ekki lengur gert ráð fyrir því að í markmiðskafla laganna sem er verið að breyta og í verkefnalýsingu Byggingarsjóðs verkamanna sé talað um það sem hlutverk hans að liðsinna láglaunafólki. Nú á að koma miklu fleirum þar inn en bara fólkinu sem býr við erfiðustu aðstæðurnar. Þetta tel ég algerlega óeðlilegt eins og það að ætla að flytja lán til almennra kaupleiguíbúða inn í Byggingarsjóð verkamanna. Brtt. um að fá þessu breytt var felld hér í morgun eins og þá rekur minni til sem vissu hvað þeir voru að gera í atkvæðagreiðslunni í morgun.

Ég tel að með þessu sé verið að stíga óhyggilegt skref og vil nota tækifærið og lýsa því enn fremur yfir að fyrirkomulag húsnæðisnefnda eins og það er í frv. er ekki viðunandi að okkar dómi. En brtt. okkar í því efni hafa verið felldar af meiri hl. deildarinnar. Sömuleiðis var það fellt við 2. umr. að sveitarstjórnin skipi sjálf formann húsnæðisnefndar. Að sveitarstjórnir ákveði sjálfar hver verður formaður húsnæðisnefndar. Og það verður ekki skilið öðruvísi en svo að ætlunin sé að minni hluti í sveitarstjórn ásamt þeim fulltrúum sem tilnefndir eru utan frá eigi að fá að ráða því hver er formaður í húsnæðisnefnd á hverjum tíma. Þetta tel ég miður og hafi verið rangt að fella þessa brtt.

Ég ætla ekki að fara frekar út í það sem búið er að ákveða hér með atkvæðagreiðslu. Felld hafa verið ýmis stefnumótandi ákvæði sem horfðu til bóta og ýmsar ábendingar sem fram komu, m.a. frá stjórn verkamannabústaða í Reykjavík. En líka hefur verið fellt að taka sérstakt tillit til þess starfsfólks sem vinnur hjá stjórn verkamannabústaðanna um þessar mundir þegar að því kemur að starfsemi þeirra flyst yfir til svokallaðra húsnæðisnefnda. Ég vek athygli á

því að í morgun var borin upp brtt. þar sem sagði að starfsmenn stjórna verkamannabústaða skyldu hafa forgang að störfum á vegum húsnæðisnefnda en hún var felld. Það er mjög athyglisvert að þeir flokkar sem fara með þessi mál og telja sig í forsvari fyrir launþega og alþýðu þessa lands og tala gjarnan mikið um réttindi starfsfólks gagnvart vinnuveitendum o.s.frv. skuli fella slíkt ákvæði. Mér er það algerlega óskiljanlegt að það skuli vera fellt að taka beri tillit til þess starfsfólks sem þarna hefur unnið, oft um langan tíma, þegar verið er að gera skipulagsbreytingar eins og hér er um að tefla, fella niður með lögum vinnustað fólks og taka upp nýjar nefndir án þess að séð sé fyrir hag þessa fólks sérstaklega. Þannig var það ekki til að mynda þegar lög voru sett um Útvegsbanka Íslands. Þá var sérstakt ákvæði, að mig minnir, um að starfsmennirnir þar ættu forgang að störfum í hinu nýja hlutafélagi. En þannig er það ekki í því frv. sem Alþfl. ber ábyrgð á um þetta málefni.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að flytja hér lengra mál við þessa umræðu. Ég fagna því að það hefur tekist að þoka hér örfáum atriðum til betri vegar í samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég fagna því svo langt sem það nær. En ég tek fram að sjálfstæðismenn bera að öðru leyti ekki ábyrgð á frv. og taka ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér örfá orð að lokum um þetta mál. Ég harma það vissulega að þessi heildarendurskoðun á félagslega kerfi húsnæðismála sem vissulega er brýnt að fari fram skyldi vera með svo miklum vankönturn. Eins og hefur ljóslega komið fram við síðustu lotu málsins þá hefur félmn. hvað eftir annað orðið að gera leiðréttingar sem jafnvel koma beint frá stjórnarandstöðunni og eru svo augljósar að þeir sem hafa unnið að samningu frv. hefðu átt að sjá þetta fyrir. Þetta er nokkuð sem er ákaflega erfitt að sætta sig við, að heildarendurskoðun á heilum lagabálki skuli vera þannig unnin að hægt væri í næstum því annarri hverri grein að benda á vansmíð á þessari lagasetningu sem rekst á við hið raunverulega sem þarf að vera í þessum lögum. Og ég vil segja það alveg eins og er að það má ekki koma fyrir að á hverju einasta þingi sé verið að leggja fram heila lagabálka sem hafa mikla þýðingu sem eru með þessum annmörkum. Hins vegar er rétt að viðurkenna það að félmn. hefur orðið sammála um að taka á síðustu stundu nauðsynlegustu leiðréttingar þó það séu miklu fleiri atriði sem eiga eftir að verða árekstrar um þegar á að fara að framkvæma þessa lagabreytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1287 samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 3. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 1288.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. SP o.fl., 288. mál (fæðingarorlofsgreiðslur). — Þskj. 522.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 485. mál. — Þskj. 843.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1300).

Skipan prestakalla, 3. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 1289, brtt. 1138, 1239, 1254, 1290.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Á þskj. 1290 flyt ég brtt. við frv. til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Ég boðaði þessa brtt. við 2. umr. málsins en hún hljóðar svo:

„Við 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsl. svohljóðandi: Þó skal ráðherra láta nú þegar athuga hvort hagkvæmara sé að Árness-, Hólmavíkur- og Prestsbakkaprestaköll í Húnavatnsprófastsdæmi færist til prófastsdæmis í Vestfjarðakjördæmi. Verði sú niðurstaða skal hann leggja fram frv. til laga um þá breytingu á næsta Alþingi."

Tillagan hefur verið borin undir allshn. og er hún sammála tillögunni.

Einnig hefur verið borin undir allsherjarnefndarmenn brtt. hv. þm. Kristins Pétursonar á þskj. 1254.

Nefndin fellst á þau rök að það sé óeðlilegt að taka ákvæði um launamál inn í sérlög af þessu tagi og leggur því til að sú brtt. verði samþykkt.

Dómsmálaráðherra (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér við 2. umr. málsins að ég er sammála þessari málsmeðferð varðandi þá tillögu hv. 1. þm. Vestf. sem hér var til umræðu rétt í þessu. Þá vil ég einnig lýsa samþykki mínu við till. hv. 5. þm. Austurl., Kristins Pétursonar, sem formaður allshn. ræddi hér einnig um.

Þar sem þannig er samkomulag í sjónmáli um að vinna í sumar að lausn á þessu atriði sem kemur fram í tillöguflutningi hv. 1. þm. Vestf. lýsi ég vilja mínum til þess að einnig verði í leiðinni athuguð efnisatriði sem felast í brtt. hv. 2. þm. Vestf. sem hann hefur hér lagt fram á þskj. 1138, þannig að niðurstaða úr þeirri athugun gæti einnig orðið samferða hér inn í þingið í haust.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Með tilliti til þeirrar yfirlýsingar sem hv. formaður allshn. hefur gefið og hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur tekið undir, þá tel ég ekki ástæðu til þess að sú tillaga sem ég flutti hér komi til atkvæða og tek hana því aftur í trausti þess að þessi mál verði athuguð og tillögur lagðar fyrir þing í haust.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans afstöðu í þessu máli og í ljósi þess að mér sýnast það skynsamleg vinnubrögð þá dreg ég þá brtt. til baka sem ég hef hér flutt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1239 kallaðar aftur.
Brtt. 1138 kallaðar aftur.
Brtt. 1254 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1290 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Raforkuver, 2. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 1098, n. 1267, 1273 og 1280.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1267 er fyrirliggjandi svofellt nál. meiri hl. iðnn:

„Nefndin hefur athugað frv. vandlega og voru eftirtaldir kvaddir á fund hennar." Ég mun, herra forseti, ekki lesa þá romsu alla en 37 aðilar voru kvaddir á fund nefndarinnar.

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 1098 eftir afgreiðslu Ed.

Þótt ekki liggi fyrir samningar um byggingu álvers telur meiri hl. nefndarinnar nauðsynlegt að heimild fáist til að verja fjármunum, allt að 300 millj. kr., til rannsókna og undirbúnings virkjana á þessu ári samkvæmt ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Slík heimild er nauðsynleg til að greiða fyrir framkvæmd samninga ef þeir takast. Þá telur meiri hl. mjög mikilvægt að heimild sé lögfest til stækkunar Búrfellsvirkjunar.

Með áliti þessu er birt sem fskj. kostnaðaráætlun frá Landsvirkjun um nauðsynlegan undirbúning í ár vegna virkjanaframkvæmda."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á fskj. sem er kostnaðaráætlun og hvernig hún dreifist á mánuði. Á því kemur í ljós að fyrirhugað er að nota meginhluta peninganna síðari hluta ársins og stemmir það saman við þau áform sem menn hafa uppi um samningagerð um álver.

Ég verð að játa það að mér fannst nokkuð vandasamt að vinna að frv. Hér er Alþingi ætlað að veita heimildir til byggingar á raforkuverum en því miður liggur ekki fyrir hvað gert verði við orkuna. Vonir eru bundnar við að þrjú fyrirtæki vilji reisa hér álbræðslu en að mínu mati liggur ekki neitt fyrir sem bindur þessi þrjú fyrirtæki annað en viljayfirlýsing. Samningar hafa ekki tekist og ég hef það á tilfinningunni að það sé talsvert langt í land og mikið vatn renni til sjávar áður en þeir samningar nást ef þeir þá nást. Það er hins vegar ástæða fyrir Íslendinga að mínum dómi til þess að reyna að fá reista álbræðslu af þeirri ástæðu að við höfum offjárfest í virkjunum á undanförnum árum. Það hafa verið teknar rangar ákvarðanir um virkjanamál. Þær ákvarðanir hafa verið bundnar við að raforkunotkun í landinu yrði meiri en raun ber vitni og þar af leiðir að þessi offjárfesting bindur hendur okkar og offramleiðsla er að verða á rafmagni. Ef ekki kæmi til orkufrekur iðnaður eða einhver stórnotandi þá mun orka frá Blönduvirkjun duga eitthvað fram á næstu öld til að fullnægja þörfum hins almenna markaðar.

Þá stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu hvort

eðlilegt sé að slá af rafmagnsverði til þess að reyna að fá heldur eitthvað fyrir það en ekki neitt. Víst er það að illskárra getur verið að selja rafmagn fyrir lítið en að fá ekkert fyrir það. Gallinn á þessu er að plönin eru mjög stór og orkunotkunin í svo stóru álveri sem hér er verið að tala um er það mikil að fjárfesting í virkjunum er verulegt átak og þarf að undirbúa í tíma. Að sjálfsögðu má ekki undir nokkrum kringumstæðum samningur um orkusölu til álvers leiða til þess að orkuverð til almennra notenda verði hærra en ella, enda er svo fyrir mælt í lögunum um Landsvirkjun að óheimilt er að gera slíka samninga sem ekki tryggja það.

Þetta frv. er talsvert viðamikið. Raunverulega vantar ekki nema tvennt eins og stendur, þ.e. heimild til að taka að láni peninga til þess að vinna fyrir í ár við undirbúning virkjana og það vantar heimildarlög til þess að byggja síðari áfanga Búrfellsvirkjunar. Ég held að það sé mjög skynsamlegt að byggja þessa virkjun við Búrfell sem næstu stórvirkjun hvernig sem á það er litið og það hefði verið fjárhagslega hagkvæmast að byggja hana á undan Blönduvirkjun. Þar af leiðir að ég tel rétt að lögfesta heimild til að virkja þar. Hvað varðar hinar 300 millj. sem farið er fram á að verja til virkjunarrannsókna og undirbúnings virkjana í sumar er, ef tímasetning álsamninga stæðist, nauðsynlegt að nota sumarið í sumar til þess að unnt sé að skapa hugsanlegu álveri orku. Það er eðlilegt að búa sig undir það þó hins vegar með því fororði að peningunum sé ekki varið nema með tilliti til samningahorfa. Það eru varnaglar í frv. samkvæmt því sem segir í bráðabirgðaákvæði II: „Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að verja allt að 300 millj. kr. á árinu 1990 ...“ Með orðalaginu ríkisstjórn reikna ég með því að átt sé við ríkisstjórnina sem slíka þó að júridískt heyri málið sjálfsagt eingöngu undir orkumálaráðherra.

Ég vil að endingu þakka formanni nefndarinnar fyrir framúrskarandi ötula vinnu við þetta mál og ég vil láta það koma sérstaklega fram vegna þess að hann á ekki samleið með okkur sem myndum meiri hl. við afgreiðslu málsins að ég tel að vinnubrögð hans við nákvæma skoðun hafi verið til fyrirmyndar og hann hraðaði afgreiðslu málsins svo sem frekast var kostur í nefndinni og gætti þess jafnframt að málið fengi ítarlega umfjöllun.

Frsm. 1. minni hl. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. iðnn. sem er að finna á þskj. 1273.

Iðnn. Nd. fjallaði um frv. á fjórum fundum, sumum löngum, og varð ekki sammála um afgreiðslu þess eins og fram er komið. Meiri hl. sem í eru fulltrúar Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. leggur til að frv. verði samþykkt en undirritaður, sem skipar 1. minni hl., leggst gegn samþykkt málsins og leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Annar minni hl. sem mælir hér á eftir, fulltrúi Samtaka um kvennalista, leggur til að frv. verði fellt.

Það komu margir á fund nefndarinnar og hefur það verið nefnt af talsmanni meiri hl. nefndarinnar og vísa ég til þskj. þar að lútandi. Bornar voru fram við þessa aðila fjölmargar spurningar og vissulega átti ég hlut að því að þær urðu nokkuð margar varðandi málið og lögð voru fram skrifleg svör af þeirra hálfu við allmörgum þeirra og greinargerðir um einstaka þætti.

Efni frv. sem við ræðum hér er í aðalatriðum þríþætt:

1. Það er óskað heimilda til nokkurra virkjana í tengslum við undirbúning að 200 þús. tonna álbræðslu og er þar samtals um að ræða 181 mw. í afli að mér sýndist við fljóta athugun.

2. Ákvarðanir um virkjanaröð eru fluttar frá Alþingi til iðnrh.

3. Leitað er heimilda fyrir Landsvirkjun til að verja á árinu 1990 til viðbótar við fyrri heimildir 300 millj. kr. til undirbúnings og framkvæmda við virkjanir vegna samningaumleitana um álbræðslu. Frv. er þannig nátengt áformum um umrædda álbræðslu sem reynt er nú að semja um á vegum iðnrh. við þrjú erlend fyrirtæki samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 1990. Boðað er að iðnrh. stefndi að því að flutt verði í byrjun næsta þings haustið 1990 frv. til heimildarlaga um nýtt álver og vísa ég til minnisblaðs sem fram var lagt í nefndinni þar að lútandi og er fskj. með þessu nál. Fyrirliggjandi frv. um breytingu á lögum um raforkuver og fleira er þannig fyrsta skrefið í ákvörðunum er tengjast nýrri álbræðslu en þar er á ferðinni fjárfesting upp á samanlagt 100 milljarða kr. sem yrði langstærsta fjárfesting hérlendis vegna eins fyrirtækis til þessa.

Ég geri í nál. grein fyrir aðdraganda þessa máls, hvernig leitast hefur verið við af ráðherrum iðnaðarmála frá árinu 1983 að fá til samstarfs um álbræðslu eða stækkun fyrirtækja sem fyrir voru erlenda aðila til að fjárfesta eina í slíku fyrirtæki. Þar gekk lengst af lítið. Ráðherrar létu Alusuisse, eiganda Ísals í Straumsvík, draga sig á asnaeyrunum árum saman í sambandi við þessi mál. Látið var líta svo út að það væri Alusuisse sem hefði áhuga á stækkun í Straumsvík. Það var raunar aldrei og því kynntist ég vel á árunum 1980–1983 þegar ég átti viðræður við fyrirtækið um endurskoðun á samningum að áhuginn var ekki þeirra megin þar að lútandi heldur voru það aðilar hér heima fyrir sem reyndu að þoka þessu máli fram og fá það inn í samkomulag á þeim tíma. Það kom síðan í ljós í lok síðasta árs að Alusuisse gekk formlega úr samstarfi, úr viðræðum og vék af þessum vettvangi.

Nokkur þáttaskil voru í júlí 1988 þegar hæstv. þáv. iðnrh. Friðrik Sophusson gerði samkomulag um hagkvæmnikönnun við Atlantal-hópinn. Sú hagkvæmnikönnun erfðist til ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar haustið 1988 og málin voru rekin af hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni á grundvelli þessarar könnunar þó að þar yrðu miklar breytingar á og ekki var alltaf horft á formið í þeim efnum, síst af öllu gagnvart samstarfsaðilum. Þingflokkur Alþb. átti enga aðild að meðferð málsins á vegum iðnrh. þar til í

mars árið 1990. Það var fyrst með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Atlantal-aðilanna hinn 13. mars að á málið reyndi gagnvart ríkisstjórninni og stuðningsflokkum hennar. Ég var algerlega andvígur því að Alþb. ætti aðild að þessari yfirlýsingu og lagði fram bókun í þingflokki Alþb. þegar mál þetta var þar til meðferðar 7. mars og er vitnað til hennar í nál.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a.:

„Ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir tillögu um nýtingu innlendra orkulinda til atvinnuuppbyggingar og frv. til heimildarlaga varðandi ákveðnar virkjanir." Þar er um að ræða það frv. sem hér liggur fyrir og er það því með beinum hætti tengt áformum um þessa erlendu álbræðslu.

Þegar frv. var til meðferðar í þingflokki Alþb. lagði ég þar fram tillögu um afgreiðslu málsins af hálfu þingflokksins en hún hlaut ekki stuðning. Ég gagnrýndi þar harðlega hvernig staðið hefði verið að undirbúningi þessa máls á vegum iðnrh. og gerði kröfu til þess að allar forsendur málsins yrðu teknar til rækilegrar endurskoðunar þá þegar. Ég lagði til að þingflokkurinn heimilaði ekki fyrir sitt leyti að málið yrði flutt í nafni ríkisstjórnarinnar. Tillaga mín í þingflokknum frá 7. apríl 1990 er birt í heild sem fskj. með nál. svo og samþykkt meiri hluta þingflokks Alþb. um málið.

Ég tel að hér sé á ferðinni algerlega ótímabært frv. Það eru ekki fyrir því frambærileg rök að afla þurfi nú neinna þeirra heimilda sem í frv. felast. Það liggur ekkert fyrir um samninga um umrædda álbræðslu og viðurkennt er af samningamönnum iðnrh. að allt eins geti svo farið að ekki gangi saman milli aðila. Við þær aðstæður er ótímabært með öllu að festa fé í frekari virkjanaundirbúningi eða veita heimildir þar að lútandi sem vitað er að verða notaðar hvað svo sem samningum líður. Það er ekkert annað en yfirdrepsskapur að tala um að það eigi að hafa hliðsjón af því hvernig samningum þokar áfram á komandi mánuðum í sambandi við ráðstöfun þessa fjár. Ég á eftir að sjá það að ríkisstjórnin bindi hendur Landsvirkjunar í því efni. Hvaða mælikvarða ætla menn að hafa á því að horfurnar í samningamálum séu þannig að ekki eigi að veita þessar heimildir í raun eftir að Alþingi hefur lagt blessun sína yfir þær?

Orðalag í skýringum frv. á ákvæði II til bráðabirgða er afar sérkennilegt þar sem segir: „Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og það að nýta þessar heimildir verða teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álverið vindur fram." Eins og fram kemur í yfirliti Landsvirkjunar um áformaða nýtingu á þessum 300 millj. er gert ráð fyrir að fljótlega verði byrjað að nýta hluta af þeim og ráðstafa fjármagninu að mestu fyrir haustið, þ.e. áður en Alþingi fær ráðrúm til að fjalla um hugsanlega samninga. Hér er líka um að ræða beinar, verklegar framkvæmdir, bæði við svokallaða Búrfellsvirkjun, ég segi svokallaða því að það er dálítið sérkennilegt heiti á nýrri virkjun undir Sámsstaðaklifi, og Fljótsdalsvirkjun, m.a. á þar varðandi hina síðartöldu að grafa frá hinum væntanlega jarðgangamunna. Það er augljóst að því meira sem fjárfest er í þágu virkjana fyrir álbræðsluna, þeim mun meiri ástæða verður talin á að ná samningum og þá stöðu munu hinir erlendu gagnaðilar auðvitað færa sér í nyt. Það er í þessu sambandi einkennilegt að lesa eftirfarandi athugasemd í greinargerð með frv. þar sem segir: „Fram hefur komið af hálfu Alumax að það fyrirtæki hefur aldrei fyrr gert samning um orkukaup fyrir álbræðslu án þess að orkuver hafi þegar verið byggð." Hvaða nauður rekur hæstv. iðnrh. til þess að setja slíkt orðalag inn í greinargerð með frv.?

Síðan er það 3. gr. frv. Með samþykkt hennar væri Alþingi að lögfesta að þingið afsali sér ákvörðunarvaldi um virkjanaröð og að það vald flytjist í hendur iðnrh. Í þessu sambandi er rétt að minna á þau miklu pólitísku átök sem það kostaði á sínum tíma að lögfesta að ráðist skyldi í meiri háttar virkjanir utan Suðurlands og utan eldvirkra svæða. Lögin um raforkuver sem hér er verið að breyta, nr. 60/1981, voru afrakstur stefnu ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens sem tók það upp í málefnasamning að næsta stór vatnsaflsvirkjun skyldi byggð utan eldvirkra svæða. Mikið átak var gert í rannsóknum á Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun af þessu tilefni og leystar voru með samningum hatrammar deilur sem tengdust fyrrnefndu virkjuninni. Virkjanaröðin var síðan ákvörðuð á grundvelli laganna með þál. vorið 1982.

Rétt er að vekja rækilega athygli á að ákvæði I til bráðabirgða með frv. á eingöngu við um virkjanir sem tengjast Atlantal-aðilunum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 1990 um álver. Ekki þarf annað að gerast en þessi yfirlýsing falli úr gildi og nýir samningsaðilar birtist á sjónarsviðinu til að framkvæmdarvaldið sé óbundið af ákvæðum um þessar virkjanir. Þá væri það á valdi iðnrh. eins á grundvelli 3. gr. frv. að ákvarða hvar virkja skuli. Hætt er við því að þá verði virkjanir á Suðurlandi áfram efst á blaði líkt og var fyrir setningu laganna um raforkuver árið 1981.

Sú erlenda risaálbræðsla sem hér er verið að gera tillögu um og þetta er liður í að ná fram ákvörðunum um er slæmur kostur í atvinnuþróun á Íslandi. Með undirbúningi Atlantal-álbræðslunnar er verið að endurtaka fjárfestingarmistök frá 7. áratugnum þegar samið var við Alusuisse um álbræðsluna í Straumsvík. Útlendingum er einum ætlað að eiga verksmiðjuna en Íslendingum að leggja henni til raforku og aðstöðu. Hinir erlendu eigendur munu flytja arðinn af fyrirtækinu úr landi ef þeim býður svo við að horfa. Landsvirkjun mun taka erlend lán fyrir virkjanakostnaði sem alls er óvíst að skili sér til baka á eðlilegum afskriftartíma. Þessi fjárfesting upp á hátt í 100 milljarða kr., þar af 30–40 milljarðar í raforkumannvirkjum, mun skapa innan við 700 manns störf þegar allt er talið og margfeldisstuðullinn miðað við staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu er af Byggðastofnun talinn innan við tveir, þ.e. um 1900 störf samtals, starfsliðið í álbræðslunni innifalið. Ál-

bræðsla er þannig illa til þess fallin að auka atvinnuframboð en á því virðist brýn þörf á íslenskum vinnumarkaði næsta áratuginn. Störf á byggingartíma eru hins vegar til muna fleiri, áætluð á bilinu 1100–1800 um fjögurra ára skeið. Mismunandi há tala þar á milli á árunum 1991–1994, en þar er um tímabundið ástand að ræða sem skapað getur í senn vandræði og óstöðugleika á byggingartíma og ekki síður að honum loknum. Um það höfum við reynslu frá Suðurlandi, virkjanasvæðunum þar, og frá Blönduvirkjun. Þessar framkvæmdir eru takmarkaðar við örfá svæði á landinu og til lengri tíma litið leysa þær ekki atvinnuvanda landsbyggðarinnar nema þá staðbundið og í takmörkuðum mæli.

Ég kem þá að efnahagslegum áhrifum þessa fyrirtækis og þeim þensluáhrifum sem framkvæmdirnar óhjákvæmilega hljóta að hafa í för með sér og hvernig ráðgert er, hvaða viðbrögð eru ráðgerð til þess að bregðast við þeim. Það er eðlilegt að menn hafi áhyggjur af slíkum áhrifum þessara stórframkvæmda eins og m.a. kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar með frv., einkum að verðbólguskriða geti farið af stað. Rætt er um ýmis ráð til að bregðast við slíku, m.a. með samdrætti í opinberum framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga og að ríkið reki aðhaldsstefnu og noti tekjuauka til að draga úr lántökum. Stjórnarformaður Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, nefndi þannig á ársfundi fyrirtækisins 6. apríl 1990 að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir í skipulagningu opinberra framkvæmda, t.d. með því að Vegagerð ríkisins og sveitarfélög fresti framkvæmdum á byggingartíma álbræðslunnar. Heyra mátti hér við 1. umr. málsins þegar hv. 1. þm. Reykv. *vék einmitt að vegaframkvæmdum og jarðgangaframkvæmdum* sem hlyti að verða að endurskoða í sambandi við þessar stóru framkvæmdir.

Það blasir þannig við að ef komast á hjá mikilli *þenslu og verðbólgu vegna* þessara framkvæmda þurfa að koma til stórfelldar aðhaldsaðgerðir að mati þeirra sem fyrir þeim standa og samdráttur í öðrum fjárfestingum eða neyslu. Þetta mun bitna á endurskipulagningu og nýsköpun í ýmsum greinum, þar á meðal í sjávarútvegi, og seinka aðlögun sem mikið er rætt um að nauðsynleg sé, m.a. vegna breytinga í alþjóðaviðskiptum. Þessi áform koma þannig eins og skrattinn úr sauðarlegg þvert á viðleitni stjórnvalda til að skapa jafnvægi í íslensku efnahagslífi og hagstætt rekstrarumhverfi til vaxtar í atvinnulífi.

Ég kem þá að þætti sem ég gerði nokkuð að umtalsefni við 1. umr. þessa máls en það eru blekkingar hæstv. iðnrh. í sambandi við þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda og þessarar uppbyggingar þar sem hann heldur því fram að eitt tonn af áli jafngildi einu tonni af þorski fyrir þjóðarbúið. Það sætir sannarlega tíðindum með hvaða aðferðum reynt er að vinna fylgi við þetta heljarstökk sem hér er á döfinni. Hæstv. ráðherra hefur verið óþreytandi að boða þessa erlendu stóriðju sem sérstakt fagnaðarerindi og telur sig sérstakan sporgöngumann aldamótaskálda. Hann tekst gjarnan á flug og verður ljóðrænn þegar hann ræðir þessi mál. Hann hefur reynt að halda því að þjóðinni að í 200 þús. tonna álbræðslu felist úrlausn fyrir efnahag Íslendinga og lífskjör sem jafnist nokkurn veginn á við ⅔ hluta af öllum þorskafla af Íslandsmiðum. Þann 24. okt. t.d. vék hann að þessu í Alþýðublaðinu, aftur í áramótagrein og síðan 17. mars, svo að aðeins sé vitnað til flokksmálgagnsins, en vissulega hefur þessi síbyljuáróður verið endurtekinn af ráðherranum og fleirum við fjölmörg tækifæri og það í öflugri fjölmiðlum en Alþýðublaðinu. Þannig lagði formaður Alþfl., Jón Hannibalsson, mikla áherslu á þetta atriði í eldhúsdagsumræðum frá Alþingi fyrir einum og hálfum sólarhring síðan, þann 4. maí. Með þessum fjarstæðuáróðri á að reyna að vinna þjóðina til fylgis við málið og endurtaka ósannindin nógu oft til að menn trúi.

Í iðnn. Nd. var farið yfir þennan málflutning og var Þjóðhagsstofnun m.a. beðin um álit á honum. Umsögn Þjóðhagsstofnunar er að finna á fskj. IX með þessu áliti. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er að hreinar gjaldeyristekjur af hverju þorsktonni séu *tvöfalt til þrefalt meiri en af áltonni*, þ.e. að álið gefi aðeins ⅓ af ígildi þorsks fyrstu 10 starfsár álbræðslu og helming til lengri tíma litið.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar eru afborganir og vextir af *svokölluðum innlendum hluta fjárfestingarinnar* í álbræðslu og virkjunum ekki dregin frá. Látum vera með afborganirnar. Það geta verið rök fyrir því að halda þeim utan við þar sem innlend fjárfesting er kaup á innlendum framleiðsluþáttum og aðföngum. *Hins vegar gildir annað um vextina af innlendu* fjárfestingunni svokölluðu ef hún er að mestu leyti fjármögnuð með erlendum lánum eins og reikna má með að verði í þessu tilviki og raunar viðurkennt af öllum að hljóti að vera í miklum mæli. Verði sú raunin og sé tekið tillit til þess í samanburði yrði hlutfallið milli áls og þorsks ⅓–½ álinu í óhag samkvæmt lauslegum útreikningi og er þá ekki fjarri það sem reitt var fram í blaðagreinum hér fyrir skömmu og raunar engum tölum þar verið hnekkt sérstaklega í sambandi við þennan áróður og þessar staðhæfingar hæstv. ráðherra. Málið er auðvitað alvarlegra vegna þess að hér er fyrrv. þjóðhagsstjóri á ferð sem gerir sig sekan um dæmafáar blekkingar í sínum málflutningi og það er illa gert gagnvart þjóð sem á mest undir sjávarafla komið að reyna að villa um fyrir henni með svo grófum hætti sem hér um ræðir. Í stóriðjumálum þurfa menn að reyna að líta hlutlægt á hugsanlegan ávinning og haga ákvörðunum í ljósi þess.

En það eru raunar fleiri blekkingar og misvísandi framsetning varðandi efnahagslegan ávinning af þessum framkvæmdum sem lesa má út úr frv. og greinargerðum sem því fylgja. Ég vek athygli á því að þegar verið er að fjalla um efnahagslegan ávinning af þessum framkvæmdum á byggingartíma og síðar, þá eru öðru fremur reiknaðar út prósentur í landsframleiðslu. Á bls. 18 í grg. með frv. er fjallað undir tölul. 10 um könnun á þjóðhagslegum áhrifum nýs álvers.

Þar er það landsframleiðslan sem er notuð og þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Frumniðurstöður benda til þess að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verði um 1% meiri að jafnaði á árunum 1990–1996 með nýju álveri en án þess. Það þýðir að landsframleiðslan verður orðin um 5,5% meiri 1996 með álveri en án þess.“

Síðan er þessu fylgt eftir og það af Þjóðhagsstofnun, af lærisveinum fyrrv. þjóðhagsstjóra. Þar er það landsframleiðslan sem er sett í öndvegi en ekki þjóðartekjurnar, ekki nettóþjóðartekjur. Á bls. 56–57 í greinargerð má lesa niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um þetta efni og birt er mynd á bls. 56 þar sem dregin eru upp áhrif álversframkvæmda á landsframleiðslu. Á bls. 57 segir: „Varanleg áhrif á landsframleiðslu eru 5,3% til hækkunar og eru óbeinu áhrifin tæpur helmingur. Á móti fjárfestingunum aukast hins vegar skuldir landsins, verða um 15% hærri í áldæminu, sem hlutfall af landsframleiðslu grunndæmis, árið 1997 heldur en í áldæminu.“ Síðar á sömu síðu er einmitt vikið að því sem er vissulega réttmætt að prósenturnar koma öðruvísi út þegar farið er að líta til þjóðarframleiðslu og þar segir: „Aukin skuldsetning þýðir að vaxtagreiðslur til útlanda aukast og þar af leiðandi er munur á þjóðarframleiðslu milli dæmanna árið 1997 mun minni en munurinn á landsframleiðslu, eða um 2,5%, samanborið við 5,3% mun á landsframleiðslu.“ Þetta eru vísindin. Hér er verið að reiða fram blekkjandi upplýsingar, blekkjandi tölur með því að nota landsframleiðslu öðru fremur sem viðmiðun í þessum efnum en eins og menn vita er þar ekki tekið tillit til vaxta og afborgana sem fara úr landi. Hér er því ekki um nettóávinning að ræða fyrir íslenskt þjóðarbú.

Og það er fyrrv. þjóðhagsstjóri, núv. hæstv. iðnrh. sem leggur þessi gögn hér fram fyrir Alþingi. Hann ætti m.a. að kynna sér og hv. alþm. ættu að kynna sér það sem hagfróður aðili sem starfar á Þjóðhagsstofnun, Jóhann Rúnar Björgvinsson, hefur birt í sérriti sem allir alþingismenn hafa undir höndum og heitir „Leiðir álver til lakari lífskjara?“ Á bls. 17–19 í þessu riti er rakinn með skýrum hætti munurinn á landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu og menn ættu að fara yfir það til þess að verða nokkru fróðari og átta sig á þeim blekkjandi talnaleik sem hér er hafður uppi til þess að reyna að gylla þessar framkvæmdir fyrir Íslendingum.

En það er fleira sem hangir hér á spýtunni og er þá ekki mikið hægt að upplýsa um það hér á Alþingi Íslendinga. Það er hinn óttalegi leyndardómur sem tengist þessu máli, raforkuverðið og allt sem að því lýtur. Í iðnn. var reynt að varpa ljósi á samningsstöðu Íslendinga varðandi raforkusölu til álbræðslu. Upplýsingar fengust, eftir að um var beðið, um meðalframleiðslukostnað Landsvirkjunar sem legið hefur samkvæmt þeirra upplýsingum á bilinu 20–25 mill á kwst. (117–141 eyrir á verðlagi 1989) undanfarin fjögur ár. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að margar eldri virkjanir fyrirtækisins eru afskrifaðar, eða samtals 27 milljarðar af um 80 milljarða kr. fastafjármunum fyrirtækisins. Þegar hins vegar voru bornar fram ítrekaðar fyrirspurnir um raforkuverð sem til umræðu væri í yfirstandandi samningum við Atlantal-aðilana var harðlega og staðfastlega neitað að svara nokkru þar að lútandi, sbr. skrifleg svör frá Landsvirkjun við fyrirspurnum á fskj. VII, en þetta kom ekki eingöngu þaðan heldur öðru fremur frá ábyrgðaraðila þessa máls, frá hæstv. iðnrh. og hans embættismönnum. Ekki fengust heldur nein svör við spurningum um viðbótarkostnað í orkukerfinu, svonefndan flýtingarkostnað, né heldur við fyrirspurnum er vörðuðu ráðgerða tengingu rafmagnsverðs við verð á áli. Engar upplýsingar, bókstaflega ekki neitt. Borið var við viðkvæmri samningsstöðu og skipti engu þótt talað væri um nefndina sem lokaðan vettvang í þessu sambandi og menn teldu sig bæra til þess að taka við trúnaðarupplýsingum af hálfu ráðherra og Landsvirkjunar.

Því miður liggur það því fyrir eftir starfið í iðnn. að þessu máli að alþingismönnum í réttkjörinni nefnd þingsins er neitað um upplýsingar um undirstöðuþætti er varða þetta mál og það liggur skriflega fyrir í fskj. IV frá ráðuneytinu varðandi þetta mál, fskj. sem er með álitinu. Á sama tíma er Alþingi Íslendinga beðið um að veita víðtækar heimildir til virkjana og fjárskuldbindinga vegna undirbúnings og framkvæmda þessa máls.

Það hlýtur að vera öllum hv. alþm. ljóst að hér eru menn að taka gífurlega áhættu fyrir Ísland, fyrir íslenskt þjóðarbú. Varðandi raforkusölu til álbræðslu, ef af verður, stefnir í áhættu fyrir Landsvirkjun og innlenda viðskiptavini fyrirtækisins, atvinnurekstur í landinu og einstaklinga. Opinberlega er talað um að veita afslátt á orkuverði fyrstu starfsár bræðslunnar og tengja á raforkuverð við heimsmarkaðsverð á áli sem tekur miklum sveiflum sem kunnugt er. Af því hafa menn þegar reynslu í viðskiptum við Ísal en nú á að margfalda þá áhættu í samningum við Atlantal. Rétt er að hafa í huga að eftir að ný álbræðsla hefði tekið til starfa 1995 væri hlutfall raforkusölu til stóriðju af heildarsölu Landsvirkjunar orðið 62% og hækkaði í rösk 70% um aldamót ef álbræðslan yrði stækkuð í 400 þús. tonna framleiðslugetu á ári eins og Atlantal-aðilarnir vilja halda opnu í sambandi við staðsetningu og aðstæður fyrir þetta fyrirtæki.

Þegar svo væri komið er fátt orðið eftir til varnar fyrir aðra viðskiptavini Landsvirkjunar sem hljóta að þurfa að taka á sig byrðar ef þróunin yrði mjög óhagstæð varðandi greiðslur frá stóriðjufyrirtækjum, m.a. vegna sveiflna á álverði á heimsmarkaði. Í ljósi þessa sýnist það brýnt úrlausnarefni, ef menn ætla að feta áfram þessa braut, að greina á milli reksturs virkjana sem reistar eru fyrst og fremst vegna reksturs stórnotenda eins og álbræðslu og raforkuvera sem framleiða fyrir almenningsveitur. Og við hljótum að verða að viðurkenna það hér á Alþingi Íslendinga að í 13. gr. laga um Landsvirkjun er auðvitað engin vörn fyrir almenna notendur í landinu þó menn hafi viljað trúa því í von um að ábyrgðaraðilar þessara mála,

ráðherrar og stjórnendur Landsvirkjunar, ætluðu borð fyrir báru í sambandi við samninga um raforkuverð. En því miður sjá menn hvernig á þeim málum hefur verið haldið og a.m.k. höfum við ekkert í höndunum nú varðandi þetta mál frá ráðuneytinu um það að slíkt fyrirhugað borð verði til staðar í reynd. Orð verja okkur ekki einsömul, góður hugur, góðar yfirlýsingar ekki heldur.

Svo er það umhverfisþátturinn, umhverfismálin sem tengjast þessu ráðgerða fyrirtæki. Sá þáttur er í tvísýnu, eins og annað sem máli þessu tengist. Iðnn. leitaðist við að gera sér grein fyrir stöðu umhverfismála vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda og álbræðslu. Það er álit þess sem hér talar að verulegar brotalamir séu í stjórnunarlegri meðferð þessara mála og ekki hafi þar verið ráðin bót á með skipun sérstakrar ráðgjafarnefndar um umhverfisáhrif iðjuvera. Er ég þó ekki þar með að gera athugasemdir við að ráðherra kveðji til menn sér til ráðuneytis heldur á ég þar við stjórnunarlegan þátt þessa máls.

Vakin er athygli á því í þessu nál. sem segir í minnisblaði frá iðnrn. frá 3. maí 1990 um starfsleyfi fyrir Atlantsál. Þar segir: „Í 8. kafla mengunarreglugerðar nr. 386/1989 er fjallað um veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ákvæðum reglugerðarinnar verður fylgt eftir því sem kostur er, en þó er stefnt að því að samningur um meginskilmála varðandi útblástur og aðra þætti mengunarvarna verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver."

Í greinargerð frá Hollustuvernd ríkisins til iðnn., dags. 3. maí 1990 og birt sem fskj. X með þessu áliti, segir m.a.: „Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins telja, sérstaklega í ljósi þess að stefnt er að samkomulagi um umhverfismál samhliða aðalsamningi, að nokkuð hafi skort á til þessa að stofnunin tæki nægilegan þátt í mótun krafna og að upplýsingar um stöðu mála hafi borist." Þetta segir í áliti frá þeim aðila sem á að bera ábyrgð á starfsleyfi varðandi þetta fyrirtæki.

Náttúruverndarráð segir m.a. í bókun sem rakin er í bréfi til nefndarinnar og birt er sem fskj. XI með nál. og erindi ráðsins er frá 3. maí 1990: „Náttúruverndarráð leggur áherslu á að í nýju álveri, er kann að verða reist hér á landi, verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndum.

Af gefnu tilefni er lögð áhersla á vothreinsun brennisteinsdíoxíðs og byggir það á eftirfarandi," — sem er að finna í fskj. þar sem þetta erindi er birt í heild.

Í þessu sambandi er vakin athygli hér í nál. á ummælum í grg. með frv. á bls. 17 þar sem segir: „Eitt helsta álitaefni varðandi mengun frá nýju álveri er, hvort krefjast skuli vothreinsunar á brennisteinsdíoxíði. Forsendur þess að gera kröfu um vothreinsun geta verið nokkuð aðrar en t.d. í Noregi og Svíþjóð, sem einkum hefur verið horft til." Eftir þessu hljótum við að taka þegar svona orðalag er fært inn í grg. með frv.

Og síðan er það sá þáttur sem snýr að staðarvali fyrir þetta ráðgerða álver, þessa ráðgerðu risabræðslu. Það staðarval er á uppboði. Þar er um að ræða einn ósæmilegasta þátt þessa máls sem lýtur að meðferð stjórnvalda á hugsanlegri staðsetningu slíkrar álbræðslu. Í stað þess að ákveða stað slíks fyrirtækis, ef menn eru á því að það skuli reist, að vel yfirveguðu ráði er sveitarfélögum og landshlutum att út í keppni um fjárfestinguna. Það hefur m.a. leitt til þess að einstök byggðarlög eru farin að bjóða niður framkvæmdakostnað í þágu útlendinganna. Nú síðast hefur iðnrn. framsent erindi frá Atlantal-aðilunum til nokkurra valinna sveitarstjórna, það er svona orðið pósthólf fyrir útlendingana, þar sem þær eru hvattar til að veita útlendingunum svör um staðbundin málefni, m.a. um viðhorf sveitarfélaganna til umhverfismála. Já, ætli sé ekki verið að panta það að þau slái þar af kröfum sínum til þess að fá þetta hnoss. Þarna segir í erindinu frá ráðuneytinu sem hæstv. iðnrh. sendir út til valinna sveitarstjórna: „Sérstök athygli er vakin á því að Atlantal-aðilarnir telja nauðsynlegt að staðsetning verði valin með hliðsjón af því að stækka megi álverið einhvern tímann í framtíðinni í allt að 400 þús. árstonn og að byggð verði rafskautaverksmiðja."

Fyrir nú utan það að senda erindi af þessu tagi, að framsenda það fyrir þessi erlendu fyrirtæki, þá er hæstv. iðnrh. með þessu í rauninni að skrifa upp á kröfuna og gera hana að sinni, að það skuli halda því opnu að þessi bræðsla verði 400 þús. árstonn að stærð. Og ég spyr: Er búið að blessa þá stefnu í ríkisstjórn Íslands? Eigum við von á því að haldið verði áfram, að martröð álsins eigi að standa hér út allan næsta áratug?

Þessi bréfaskipti og annað sem að staðarvali álbræðslu lýtur varpar skýru ljósi á afleiðingar þess að fela forræði í slíku fyrirtæki í hendur útlendinga sem munu hafa síðasta orðið um staðarval, ef til kemur. Fráleitt er með öllu að reisa stórfyrirtæki af þessu tagi á höfuðborgarsvæðinu og grennd, eins og staðan er nú í byggðamálum. En jafnframt ber að varast að líta á byggingu risaálbræðslu sem lausn á erfiðleikum landsbyggðarinnar í atvinnumálum. Þar þurfa önnur ráð að koma til.

Það vekur sannarlega athygli, virðulegur forseti, afar frumstæð framsetning varðandi þetta mál þegar reynt er að gylla hagvöxt og aukningu ráðstöfunartekna vegna framkvæmda við virkjanir og álbræðslu. Í því sambandi er gengið út frá eins konar núlllausn, þ.e. að til komi álver, það skal koma, en að öðrum kosti gerist ekki neitt í atvinnumálum. Það er samanburðurinn, það er grundvöllurinn sem gengið er út frá. Þeir sem þannig tala gleyma eða hafa gleymt eða vita ekki um þá fjölþættu möguleika sem hér eru á mörgum sviðum og munu þróast ef hlúð er að menntun, rannsókna- og þróunarstarfi og þess gætt að skapa góðan jarðveg til rekstrar og athafna sem víðast á þessu landi.

Virðulegur forseti. Ég er í minni hluta í þeirri þingnefnd sem hér skilar áliti. En ég er það með góðri

samvisku. Ég hef hér leyft mér að benda á nokkra af fjölmörgum annmörkum sem eru á þessu frv. og því sem því tengist, sem er raunar miklu meira en efni frv. sjálfs. Ábyrgð þeirra, sem ætla að lögfesta þetta mál, þetta frv., og styðja þá stefnu sem þar er mörkuð um erlenda álbræðslu er sannarlega mikil. Það er boðað að á eftir komi frv. til heildarlaga um nýtt álver, sbr. fskj. III. Með því frv. sem hæstv. ráðherra hefur hug á að leggja hér fyrir í þingbyrjun að hausti á jafnvel að opna fyrir heimildir fyrir framkvæmdarvaldið til að leyfa byggingu álbræðslu áður en endanlega verður gengið frá samningum um einstaka þætti, m.a. um raforkuverð.

Allt er þetta mál þannig vaxið að skylt er að vara við að lagt verði út á þá braut sem hér er lagt til eða haldið þar lengra en orðið er. Ríkisstjórn Íslands öll þyrfti að hugsa sitt ráð, endurmeta málið í heild og leita annarra og vænlegri leiða í atvinnuuppbyggingu í landinu. Með vísan til þess, nál. og fylgigagna, legg ég til að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. 2. minni hl. iðnn. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. iðnn. sem leggur til að það frv. sem hér er til umfjöllunar verði fellt.

Með frv. er leitað eftir samþykki Alþingis á breyttri virkjanaröð, heimildum fyrir nýjum virkjunum og stækkun annarra. Með frv. er einnig lögð til sú meginbreyting að iðnrh. skuli ákveða röð virkjanaframkvæmda og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum í stað þess að það sé í höndum Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða er Landsvirkjun veitt heimild til að verja allt að 300 millj. kr. á árinu til frekari framkvæmda við virkjanir en gert var ráð fyrir í upphafi ársins.

Frv. er flutt „til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi" eins og segir orðrétt í athugasemdum með frv. Það er því hluti af stærra máli, byggingu nýs risaálvers hér á landi.

Ef einungis er miðað við almennan markað dugar sú raforka, sem nú hefur verið virkjuð, fram yfir næstu aldamót. Frv. er því óþarft. Nýjar virkjanir og sú mikla fjárfesting, sem þeim fylgir, eru því fyrst og fremst í þágu erlendra aðila sem vilja byggja hér álver. Á undanförnum árum hefur miklum fjármunum verið varið til undirbúnings virkjana án þess að séð væri að þörf væri fyrir þá orku sem kæmi frá þeim virkjunum í langri framtíð. Það væri því mjög óskynsamlegt að verja enn meiri fjármunum í virkjanaundirbúning og framkvæmdir eins og hér er gert ráð fyrir án þess að a.m.k. sé líklegt að hægt verði að selja orkuna fyrir það verð sem eðlilegt er að krefjast. Á þeim tíma, sem frv. er lagt fyrir Alþingi, liggur ekkert fyrir um hvort um samninga verður að ræða milli Landsvirkjunar og erlendu álfyrirtækjanna og hafa komið fram sterkar efasemdir frá aðilum, sem til þekkja, um að samningar takist. Get ég m.a. vitnað til orða hv. frsm. meiri hl. iðnn., hv. þm. Páls Péturssonar, sem sagði það hér í umræðunni áðan.

Um árabil hafa ráðamenn verið uppteknir af því að það eina, sem bjargað gæti íslensku efnahagslífi, væri bygging nýs álvers. Fullvíst er að þeim fjármunum, sem áætlað er að eyða til þessara stórframkvæmda af Íslendinga hálfu, væri betur varið til atvinnuuppbyggingar á öðrum sviðum. Álver það, sem nú eru hugmyndir um að byggt verði hér á landi, veitir aðeins rúmlega 600 manns atvinnu þegar byggingarframkvæmdum er lokið. Slík uppbygging er því engin lausn fyrir þann fjölda sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum. Gert er ráð fyrir að álver muni kosta um 50 milljarða króna og virkjanir því tengdar nær annað eins. Þarna er því gert ráð fyrir óhemju fjárfestingu fyrir hvert starf.

Þrír staðir hafa aðallega verið nefndir fyrir álver: Eyjafjörður, Reyðarfjörður og höfuðborgarsvæðið. Í samræmi við annað í þessu máli hefur það, að því er virðist, verið lagt í hendur erlendu aðilanna hvar á landinu verksmiðjan skuli reist. Ef á annað borð á að byggja hér álver verður það að vera í höndum Íslendinga sjálfra að ákveða hvar það verður sem og aðrar grundvallarforsendur í málinu.

Umhverfismál eru stór þáttur sem tengist nýju álveri. Í þeim efnum verður að gera ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum. Reynslan af álverinu í Straumsvík ætti að sýna okkur að verksmiðjueigendur ganga eins langt og hægt er til að koma sér hjá kostnaði við mengunarvarnir. Í samkomulagi milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eru ákvæði um að mengunarvarnir skuli vera samkvæmt góðum siðvenjum í öðrum löndum. Allir vita hverjar efndirnar hafa verið.

Víst má telja að bygging 200 þús. tonna álvers með öllu, sem því fylgir, mun hafa veruleg áhrif hér á landi þótt ekki séu allir sammála um hvort þau áhrif yrðu jákvæð. Í athugasemdum með frv. er gerð tilraun til að meta hve mikið hagvöxturinn muni aukast vegna byggingar álvers. Reiknimeistarar frv. hafa komist að því að álver muni auka hagvöxt á mælikvarða landsframleiðslu um 1% á ári næstu árin. Ýmislegt er vert að athuga í þeim útreikningum. Óeðlilegt er að taka með í reikninginn vexti og arðgreiðslur sem fara til útlendinga eins og gert er í þessum útreikningum. Ef tekið er tillit til þessara þátta verður hagvöxtur verulega minni. Ekki er heldur gerð nein tilraun til þess að meta hvaða áhrif það hefði ef hliðstæð fjárfesting yrði í íslenskri atvinnustarfsemi. Ekki er tekið tillit til áhrifa á umhverfið og félagslegrar röskunar við útreikninga á slíkum þjóðhagsstærðum. Aukning í hagvexti er því slæmur mælikvarði á hag fólks og velferð sem og áhrif á umhverfi þegar til lengri tíma er litið.

Í umræðum á Alþingi og í fjölmiðlum hefur það verið notað til að sannfæra fólk um ágæti og nauðsyn þess að reisa hér álver að hvert tonn af áli skili jafnmiklu til þjóðarbúsins og hvert tonn af þorski. Þessi fullyrðing sýnir hve auðvelt er að beita töfrabrögðum með tölum til að slá ryki í augu fólks. Það er erfitt að sjá hvaða tilgangi það hefur verið talið þjóna að setja fram svo villandi fullyrðingar. Útreikningar

Þjóðhagsstofnunar sýna að hreinar gjaldeyristekjur eru tvö- til þrefalt meiri af þorsktonni en áltonni. Þó eru ekki teknir inn í það dæmi vextir af innlendri fjárfestingu sem á uppruna í erlendum lánum og er því ljóst að hlutfallið milli þorsktonns og áltonns er enn hærra ef þessar forsendur væru teknar með í dæmið eins og eðlilegt væri.

Reikna má með að um helmingur fjárfestingar í nýju álveri verði af innlendum toga, eða u.þ.b. 45 milljarðar kr. Ef ekkert er að gert mun sú fjárfesting hafa í för með sér röskun og verðbólgu. Til að draga úr þenslu hefur verið talað um að draga úr framkvæmdum hins opinbera meðan á stóriðjuuppbyggingu stendur. Virðist þá helst litið til vegagerðar og annarra byggingarframkvæmda í því sambandi. Engin áætlun liggur þó fyrir um hvernig þetta megi gera.

Aukin stóriðja mun auka skuldasöfnun okkar erlendis en nú nema erlendar skuldir um helmingi af landsframleiðslunni.

Gert er ráð fyrir að selja 2800 gwst. af raforku til 200 þús. tonna álvers. Nær útilokað er fyrir Alþingi að meta hvort hægt verði að standa við ákvæði 13. gr. laga um Landsvirkjun ef af sölu á raforku verður til nýs álvers. Þar er kveðið á um að orkusölusamningar við iðjuver til langs tíma megi ekki valda hærra orkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir til iðnrn. og Landsvirkjunar var nefndinni ekki veittur sá trúnaður að hún fengi þær upplýsingar sem gerðu henni kleift að meta þetta atriði. Óljósar upplýsingar voru gefnar um að sala á raforku „gerði gott betur en að standa undir flýtingarkostnaði vegna virkjana" sem og að verð til almennings yrði ekki hærra en ella hefði orðið. Á grundvelli svo óljósra upplýsinga er ekki hægt að gera sér grein fyrir hvort raforka frá virkjunum, sem verið er að veita heimildir fyrir, geti selst á viðunandi verði.

Í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl. nefndarinnar, kom fram að hann teldi að svo mikil umframorka væri í raforkukerfinu að það réttlætti að selja raforku til útlendinga á afsláttarprís. Þetta er furðuleg afstaða stjórnarmanns í Landsvirkjun. Ég teldi miklu eðlilegra að ef um umframorku væri að ræða yrði hún seld á innlendum markaði og þá við lægra verði, ef það teldist fært af hálfu Landsvirkjunar. Það er ekki langt síðan við ræddum það hér í þessari hv. deild að eðlilegt væri að veita afslátt til fólks utan hinna svokölluðu heitu svæða á raforku til húshitunar. Þannig tel ég miklu eðlilegra að raforkan væri notuð í þeim tilgangi fremur en að afhenda hana erlendum aðilum við allt of lágu verði.

Gert er ráð fyrir að orkuverð verði tengt verði á áli. Því fylgir veruleg áhætta. Á undanförnum árum hefur verð á áli sveiflast mjög. Ef slíkar sveiflur verða álíka og verið hefur munu tekjur af orkusölu verða mjög sveiflukenndar, jafnvel um tap að ræða um lengri eða skemmri tíma. Þegar haft er í huga að eftir byggingu 200 þús. tonna álvers yrðu rúmlega 60% af orkusölu Landsvirkjunar tengd verði á áli er ljóst að verið er að taka verulega áhættu með því að tengja svo stóran hluta raforkusölunnar við álverð á heimsmarkaði. Enn meiri áhætta verður tekin ef áform um byggingu 400 þús. tonna verksmiðju verða að veruleika en þá má búast við að um 70% af raforkusölu verði til stóriðju. Það getur því lent óþyrmilega á almennum raforkunotanda ef verð á áli helst lágt um langan tíma á heimsmarkaði.

Á síðustu mánuðum hefur orðið sú jákvæða þróun að líkur hafa aukist verulega á afvopnun og að þar með muni draga verulega úr framleiðslu hergagna. Þetta hefur að öllum líkindum áhrif á álverð. Þess má einnig geta að nýlega bárust um það fréttir að tengsl gætu verið milli Alzheimer-sjúkdómsins og notkunar á álumbúðum fyrir mat- og drykkjarvöru. Ef eitthvað er hæft í þessum fréttum má búast við að notkun áls í umbúðir muni dragast verulega saman. Samkvæmt upplýsingum fulltrúa markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar er talið að aukning í eftirspurn eftir áli verði ekki síst vegna vaxandi notkunar á áli í umbúðir, sérstaklega fyrir drykkjarvöru. Þrátt fyrir fyrirspurn um það hversu mikið af álframleiðslu færi til hergagnaframleiðslu fengust ekki upplýsingar um það hjá markaðsskrifstofunni. Skýringin var sú að það væri hvergi sundurliðað þannig að ekki er gott að gera sér grein fyrir því hversu mikil áhrif minnkun hergagnaframleiðslu muni hafa í þessu sambandi.

Þar sem mörgum veigamiklum þáttum málsins er haldið frá Alþingi er útilokað að gera sér grein fyrir áhrifum þess á raforkuverð til almennings og hve mikil sú áhætta er sem þarna á að fara að taka.

Fullyrt er að tryggðar verði fullnægjandi kröfur um mengunarvarnir og umhverfisvernd í nýju álveri. Enn virðist þó ekki vera búið að skilgreina hvað er fullnægjandi í þessu sambandi og er ástæða til að óttast þá hlið málsins. Mengun frá álverum er einkum ryk, flúoríð, brennisteinsdíoxíð og úrgangur frá kerum og skautum. Allir þessir þættir geta valdið skaða í umhverfinu. Því er mikilvægt fyrir okkar viðkvæmu náttúru að gera miklar kröfur til mengunarvarna og þá einnig til álvers ef það verður byggt hér á landi. Brennisteinsdíoxíð er eitt þeirra efna sem valdið hafa stórfelldum skaða í umhverfinu. Í Evrópu hafa heilu skógasvæðin beðið alvarlegan hnekki vegna mengunar. Í Noregi og Svíþjóð hefur súrt regn valdið því að fiskur í ám og vötnum hefur drepist og sums staðar hefur súrnunin valdið aldauða í vötnum. Auk þess getur brennisteinsdíoxíð haft áhrif á heilsu fólks, valdið eyðileggingu á menningarverðmætum og tæringu á málmum. Nú er lagt kapp á það að alþjóðavettvangi að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið. Í upplýsingum sem mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins gaf nefndinni segir m.a., með leyfi forseta: „Á Íslandi erum við svo lánsöm að þurfa lítið að nota orkugjafa sem valda mikilli brennisteinsdíoxíðmengun. Við getum því gert þær kröfur til okkar umhverfis að mengun af þessum völdum sé í lágmarki og þannig tekið mið af viðkvæmasta þættinum, þ.e. gróðri, þegar sett eru viðmiðunarmörk fyrir þetta efni. Í mengunarvarnareglugerð, nr. 386/1989, eru fyrir brennisteinsdíoxíð sett mörkin 50 míkrógrömm á rúmmetra sem sólar-

hringsmeðaltal en 30 míkrógrömm á rúmmetra sem ársmeðaltal. Þessi mörk taka mið af því að minnsta magn brennisteinsdíoxíðs sem þekkt er að geti valdið gróðurskaða eru 30 míkrógrömm sem langtímameðaltal. Samsvarandi gildi fyrir heilsufar fólks er 100 míkrógrömm á rúmmetra." Þarna eru kröfur í mengunarvarnareglugerð miðaðar við viðkvæmasta gróðurinn.

Svo segir áfram í bréfi Hollustuverndar: „Viðmiðunarmörk eru að jafnaði hærri eftir því sem viðmiðunartíminn er skemmri þar sem sveiflur jafnast út á lengri mælitíma. Þar sem veðurfari á landinu er þannig háttað að gróður á erfitt uppdráttar er ekki síst ástæða til að vernda gróðurinn fyrir mengun þar sem það er mögulegt."

Það er því mikilvægt að ekki sé slegið af að því er varðar ýtrustu kröfur um hreinsun á þessu efni. Nokkuð hefur borið á því að undanförnu að lítið sé gert úr hættu af brennisteinsdíoxíðmengun vegna álvers hér á landi. Slíkt verður að telja mikið áhyggjuefni. Bent hefur verið á að víða hér á landi hafi jarðvegur meiri möguleika á að taka við vetnisjónum en víða annars staðar og því þurfi ekki að gera eins strangar kröfur varðandi efni sem valda súrnun. Í þessu sambandi virðist það alveg gleymast að skaðleg áhrif á gróður eru fyrst og fremst vegna beinna áhrifa á plöntur þótt auðvitað hafi súrnun jarðvegs einnig veruleg áhrif.

Á fundi Náttúruverndarráðs 3. maí 1990 var samþykkt bókun þar sem lögð er áhersla á að ýtrustu kröfur verði gerðar til mengunarvarna í nýju álveri sem kunni að verða reist hér á landi. Náttúruverndarráð leggur sérstaka áherslu á að ekki verði slakað á kröfum varðandi hreinsun á brennisteinsdíoxíði. Bréf Náttúruverndar fylgir með nál. 2. minni hl. sem fskj. En það sem ég vil benda sérstaklega á í því er að þar er lögð mikil áhersla á að um vothreinsun á brennisteinsdíoxíði verði að ræða og segir að ýmsar tegundir plantna hér á landi séu viðkvæmari fyrir mengun en í nágrannalöndunum vegna erfiðra lífsskilyrða. Þetta er mjög mikilvægt atriði að hafa í huga þegar kröfur eru gerðar um mengunarvarnir.

Mikilvægt er að með umhverfis- og mengunarmálin verði ekki farið þannig að hugtakið „ýtrustu mengunarvarnir" verði skilgreint upp á nýtt og að gefið verði eftir í þessum efnum.

Nú er gert ráð fyrir að ákvörðun um hvort Atlantsálsaðilarnir reisi hér álver verði tekin í lok júní. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu í nefndinni, eru fjölmörg atriði óviss. Auk þeirrar óvissu, sem er um orkuverð og álverð, sem á að verða grunnurinn að verðlagningu, hefur ekki verið upplýst hvert verði fyrirkomulag skattlagningar fyrirtækisins, kröfur um mengunarvarnir hafa ekki verið ákveðnar og staðarval er enn óljóst. Það er því ábyrgðarhluti að ætla sér á þeim stutta tíma, sem gefinn er, að taka ákvarðanir um svo mörg og mikilvæg atriði. Hætta er á að staða íslenskra samningamanna verði veik ef ekki liggur skýrt fyrir hverjar séu grundvallarforsendur af Íslands hálfu í slíkum samningum.

Sú stefna í atvinnumálum, sem mörkuð er með þessu frv., er varhugaverð fyrir Ísland. Stóriðja svarar einungis að mjög takmörkuðu leyti þörf fyrir fleiri störf og meiri fjölbreytni í atvinnulífi. Hún leysir ekki vanda kvenna sem nú eru atvinnulausar víða um land og eru jafnan fyrst látnar víkja þegar atvinnuleysi segir til sín.

Fullvinnsla sjávarafla og iðnaður, sem hentar okkar fámenna og viðkvæma landi, eru vænlegri kostir en þau stóriðjuáform sem nú er einblínt á. Ferðaþjónusta er einnig vænlegur kostur fyrir okkur. Það verður erfitt að skapa jákvætt viðhorf til Íslands sem matvælaframleiðslu- og ferðamannalands ef ekki verður breytt um stefnu nú þegar. Mengun hefur aukist hér undanfarin ár og nú á að auka þar enn við með stóriðju.

Fólk er almennt að vakna til vitundar um að jörðinni hefur verið ofboðið með mengun og eyðingu auðlinda og nú þurfi að snúa við blaði. Álframleiðslu tengir enginn við friðsæla og óspillta náttúru, heldur fremur við mengun og ófrið. Álver á hverju landshorni eru ekki líkleg til að laða hingað ferðamenn né heldur skapa jákvæða ímynd af matvælaframleiðslu á Íslandi. Það er sama hve margir verða til þess kallaðir að þeysast um heiminn til að sannfæra fólk um að hér sé að finna frið og ró og óspillta og ómengaða náttúru, staðreyndin sem við blasir er önnur ef ekki verður stefnubreyting.

Kvennalistakonur telja að aukin stóriðja og virkjunarframkvæmdir í hennar þágu séu ekki lausn á þeim vanda sem við blasir í íslensku atvinnulífi. Ókostir slíkra lausna eru yfirgnæfandi. Þingkonur Kvennalistans munu því greiða atkvæði gegn frv.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég styð að sjálfsögðu meirihlutaálitið, á sæti í nefndinni og hef fylgst með þessu máli. Ég vil eins og aðrir nefndarmenn þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir það ötula starf sem hann hafði forgöngu um í nefndinni og varð ekki til að tefja málið. Ýmsar merkar upplýsingar komu fram sem ég tel að hafi gert það að verkum að enn meiri ástæða sé til þess að styðja þetta frv.

Ég vil leggja áherslu á það, og það kemur fram í þessari umræðu og reyndar í nefndarstörfunum, að ekki er einhugur meðal stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar. Þvert á móti virðist vera talsverður brestur í þessu máli og sést það best á ítarlegri ræðu formanns nefndarinnar þegar hann flutti framsöguræðu sína fyrir 1. minnihlutaálitinu. Ég hef áhyggjur af því, og deili þeim með ýmsum öðrum, að sú sundurlynda ríkisstjórn sem hér situr geti orðið þess valdandi að tafir verði á eðlilegum samningaviðræðum og niðurstaðan kunni að verða í hættu, enda sýnast málin vera þannig að innan Alþb. séu öfl sem ætli sér að koma í veg fyrir það að hér verði byggð upp stóriðja í samstarfi við erlenda aðila á næstu árum. Það er athygli vert að í Nd. hefur enginn af svokölluðum talsmönnum Alþb. tekið til máls annar en hv. 2. þm.

Austurl., sem reyndar er fyrrv. iðnrh. og hefur löngum verið talinn helsti talsmaður flokksins í iðnaðar- og orkumálum.

Yfirlýsingar hæstv. menntmrh. í Ed. voru ekki afspyrnuskýrar og virtust koma fram hjá honum ýmis skilyrði og forsendur fyrir því að Alþb. gæti staðið að frekari samningsgerð sem byggðist á þeim hugmyndum og áætlunum sem fyrir liggja varðandi samstarf við útlendinga um álver. Þetta frv. fjallar hins vegar ekki um álver heldur um undirbúning, rannsóknir vegna hugsanlegra raforkuvera sem reisa þarf ef af samningum verður.

Ég hygg, herra forseti, að Alþb. hafi ætlað sér að ná tökum á þessu máli, m.a. með því að setja í ákvæði til bráðabirgða II ákvæði þess efnis að Landsvirkjun sé heimilt að verja allt að 300 millj. kr. á árinu 1990, „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar". Nú er það svo að ef skoðuð eru önnur ákvæði frv., þá segir í 2. gr. frv. að iðnrh. sé heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun. Í 3. gr. segir að iðnrh. ákveði röð framkvæmda. Í 4. gr. segir að iðnrh. gefi Landsvirkjun leyfi og að iðnrh. heimili Landsvirkjun. Þegar þessi ákvæði eru skoðuð gæti maður ætlað að hugtakið „ríkisstjórn" í bráðabirgðaákvæði II þýddi ríkisstjórnin öll. Svo er ekki.

Kennari minn í lagadeild Háskólans, fyrrum forsrh. Ólafur Jóhannesson, sagði margoft frá því, öðrum hv. þm. til glöggvunar, að ríkisstjórn Íslands væri ekki fjölskipað stjórnvald. Með öðrum orðum, þegar hugtakið ríkisstjórn kemur fyrir í lögum er átt við þann ráðherra sem í hlut á. Þess vegna skiptir ekki máli hvort í bráðabirgðaákvæði II stendur: „Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar" eða hvort þar segir: „Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki iðnrh." Það er enginn merkingarmunur á þessum tveimur hugtökum í þessum lögum, jafnvel þótt einhverjir samningar hafi farið fram innan ríkisstjórnarinnar um að þetta þýði sitt hvað.

Þetta segi ég vegna þess að það hefur þýðingu að átta sig á þessu. Til að mynda ef hæstv. ríkisstjórn færi frá á næstu dögum, sem ég á nú ekki sérstaklega von á, og ný ríkisstjórn tæki við, þá er alveg augljóst hvernig skýra á þetta lagaákvæði. Hitt er svo annað mál að í ríkisstjórnarsamstarfi geta menn gert með sér samning um það hvernig með mál skuli fara og þar geta menn í pólitísku samstarfi auðvitað ákveðið að þeir taki ekki vissar ákvarðanir nema með leyfi fulltrúa eða ráðherra úr öðrum stjórnarflokkum. Slíkt er sjaldnast, ef nokkurn tíma, lögbundið heldur byggir á siðferðilegum grunni. Slíkt bindur aldrei nýjar ríkisstjórnir. Ég vek athygli á þessu því þetta hefur þýðingu. Það er vissulega ástæða til þess enn á ný að reyna að átta sig á hvort það sé rétt sem hefur verið haldið fram, að hæstv. iðnrh. sé siðferðilega bundinn af einhverju samkomulagi sem ekki kemur fram í þessum heimildarlögum, siðferðilega bundinn til þess að bera ákvarðanir sínar í þessum málum undir samráðherra sína og um hvaða álitaefni er að ræða. Ég hygg að ég fái ekki svar við þessari spurningu frekar en hv. formaður nefndarinnar fékk svör við ýmsum þeim spurningum sem hann vildi fá upplýsingar um og svör við. En ég bendi á að lagatúlkunin hlýtur að vera þessi, ef það skyldi vera í huga einhverra að þeir hefðu náð auknum rétti með því að setja inn: ríkisstjórn í stað „iðnrh."

Það eina sem ég vildi segja til viðbótar, virðulegur forseti, er það að við sjálfstæðismennirnir í nefndinni höfum reynt að greiða fyrir þessu máli, viljum greiða fyrir því þannig að það geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi. Og að við gætum þannig greitt götu þess að hægt sé að stefna að samkomulagi um þetta mál, samningum við þá erlendu aðila sem sýnt hafa áhuga á því að reisa og reka iðjuver, eins og um hefur verið talað, hér á landi. Ég minni á að það var í tíð síðustu ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem lagður var grunnur að þessu starfi. Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar að síðan hefur verið haldið þannig á málinu að hvergi hefur verið hvikað frá þeirri stefnu sem þá var mörkuð. Ekki hafa fengist upplýsingar um það hvort Alþb. hefur fyrirvara eða hvort yfirlýsingar hæstv. ráðherra Alþb. eru eingöngu í nösunum á þeim, eins og sagt var í blöðunum um daginn. En vissulega vonast ég til þess að liðin sé sú tíð að Alþb., aðrir en einstakir alþýðubandalagsþingmenn, reyni að leggja stein í götu þess að hægt sé að auka hagvöxt hér á landi og bæta lífskjörin með því að nýta þær auðlindir sem hér eru til, breyta þeim í gjaldeyri, öllum íslenskum borgurum til hagsbóta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala hér mjög langt mál þó ég sé með töluvert meðferðis. En það er óhjákvæmilegt að fara betur ofan í sum þau atriði sem hér hefur verið rætt um.

Það er misskilningur hjá hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur að aðeins sé fyrirhugað að fjárfesta fyrir 40 milljarða. Eftir þeim tölum sem Landsvirkjun gefur upp þarf að fjárfesta, til að fá það orkumagn sem álbræðslan er talin þurfa, fyrir 48,7 milljarða. Og eftir svörum Landsvirkjunar er alls ekki ætlað að taka meðaltal af þeim virkjunarkostum sem er búið að athuga og gera áætlanir um, sem er auðvitað sjálfsagt mál því ef það er ekki gert verða þeir sem síðast þarf að virkja fyrir að greiða meira, en þá þyrfti þetta að vera um 7 milljörðum meira. Það er dálítið merkilegt hvernig Landsvirkjun setur fram sumar upplýsingar, þó að svör þeirra við öðrum spurningum séu mjög ófullkomin. Þeir segja t.d. að á byggingartímanum reikni þeir með 5,5% vöxtum. Getur hæstv. iðn.- og bankamálaráðherra útvegað mér nokkra milljarða með 5,5% vöxtum?

Það er líka sagt að reiknað sé með 4–7% vöxtum af fjárfestingunni allri. Hvað eru vextir hér hjá okkur og erlendis? Það fær enginn lán til langs tíma fyrir minna en 8–8,825% raunvexti. Vextir eru að stíga erlendis og eru meira að segja komnir upp hjá járnfrúnni, miðað við 12 mánaða vexti, í 15,6%. Vextir eru alls staðar að hækka og það er sagt að erlendis sé yfirleitt

talað um að í þessari tölu sé 2–3% verðbólga. Það er auðvitað hægt að koma með svona tölur sem eru algerlega út í loftið, langt frá öllum veruleika. Og hver á að borga? Ætlar hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því að það verði svo köldu svæðin sem verði látin borga mismuninn þegar fram líða stundir? Það verður náttúrlega að gera kröfur, ef á að fara út í svona ævintýri sem ég kalla, um að þessum virkjunum verði alveg haldið sér og eigendurnir borgi og beri ábyrgð á að gera svona samning, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyri. Ég mun beita mér fyrir því á næsta þingi að fjallað verði um þá leið hér í þingsölunum.

Hvar verður svo þetta álver, þessi draumur fyrrv. iðnrh. og núv. iðnrh.? Þessi draumur um álver, þessi þráhyggja að ekkert komi til greina í atvinnuuppbyggingu á Íslandi nema álver. (**FrS:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt. Ég spurði Þjóðhagsstofnun að því hvaða samanburð hún hefði, annars vegar um að byggja álver, hver hagvöxturinn yrði, eða að byggja eitthvað annað. Hvert var svarið? Við höfum engan samanburð. Það hefur ekki verið leitað eftir neinu öðru. Og svo segir hv. 1. þm. Reykv. að það sé rangt. (**FrS:** Það er ekki það eina.) Það hefur ekkert komið frá þessum ráðherrum um hvað væri hægt að auka hagvöxtinn ef farið væri út í aðrar fjárfestingar. Það er málið.

Hvar verður svo þetta álver reist? Ég spurðist fyrir um það hjá mengunarvörnum Hollustuverndar hvort líklegt væri að þeir mundu mæla með því að reist yrði álver í Eyjafirði. Það mætti náttúrlega byggja það hérna hjá ráðhúsinu mín vegna. En mér var sagt að lögð væri til grundvallar reynslan frá því að staðarvalsnefnd athugaði þessa hluti. Viðmælandi minn var alveg undrandi á því að farið væri að skoða þetta aftur. Ég spurði um líkur fyrir því hvað færi mikið af fosfóri út. Svarið var: Við munum gera kröfu til 0,8% en miðum við 1%. Það hefur ekki náðst betri árangur. Ég spurði þá: Er þá ekki skárra að setja þetta við Reyðarfjörð? Nei, Reyðarfjörð, ekki er veðurfarið nú betra þar. Veðurfarið og lokunin þar, ekki er það nú betra. — Hvað hugsa ráðamenn þjóðarinnar? Er það ekki eins og ég var búinn að segja hér fyrr í vetur? Það hefur aldrei komið til mála að byggja neitt álver nema einhvers staðar á Reykjanesi, það hefur aldrei komið til mála. Allt hitt er sýndarmennska, einfaldlega vegna þess að skynsemin ræður stundum, þó það sé nú því miður ekki ævinlega.

Og hvernig er svo boðskapurinn? Boðskapurinn er að byggja 400 þús. tonna álver. Það verði búið á 10 árum, næstu 10 árum. Boðskapurinn er sá að draga úr öðrum framkvæmdum, t.d. úti um land og hv. 1. þm. Reykv. sagði hér á dögunum að það þyrfti að gera það. Hann nefndi t.d. jarðgöng á Vestfjörðum en sagði svo aftur: Ja, ég meinti það ekki, en nefndi samt sem áður jarðgöng á Vestfjörðum. Auðvitað sjáum við hver byggðastefnan verður hjá þessum mönnum ef þeir ná völdum í landinu. Það verður að byggja álver á þessum áratug á Reykjanesi, ef þeir finna einhverja sem vilja borga það mikið fyrir orkuna að þeir treysti sér til þess að borga mismuninn með einhverum hætti niður. Það skal verða hart ef það á að láta köldu svæðin gjalda þess, það skal verða hart. Og eftir því sem ég skoða þetta betur og betur, þá finn ég alltaf fleiri og meiri rök fyrir þeirri vitleysu sem er hér verið að ræða um. Ég er algerlega á móti því að farið verði í nokkrar framkvæmdir og ég tel að hæstv. iðnrh. hafi ekkert leyfi til þess, öðruvísi en fyrir liggi samningar. Og að þessir erlendu álfurstar, sem ég kalla svo, segi að þeir séu vanir því að gera ekki samninga fyrr en orkan liggi fyrir. Ég skil þá vel. Ég veit hvernig er verið að fara með þessa þróunarsjóði, ég er búinn að kynna mér það. En ég hélt nú satt að segja að við mundum ekki láta niðurlægja okkur þannig að hægt væri að bera okkur saman við vinnubrögðin sem viðgangast gagnvart þeim. En það væri sami samanburður ef við færum að virkja og semja svo síðar um orkuna.

Ég mun greiða atkvæði á móti þessu frv. Ég þykist vera búinn að færa fyrir því rök að verði álver byggt, þá verði það á Reykjanesi. Það hefur komið fram hjá ráðherrum og ráðamönnum og forustumönnum flokkanna að það þurfi þá að draga úr framkvæmdum annars staðar. Sem sagt, það á að flýta fyrir flutningunum af landsbyggðinni. Það er stefnan þótt þeir segi fyrir kosningar að þeir vilji halda byggðinni við. En það er annað þegar kemur að framkvæmdinni.

Þrátt fyrir það að þetta frv. verði samþykkt tel ég að hæstv. iðnrh. hafi ekki leyfi til að fara út í framkvæmdir að neinu leyti öðruvísi en samningar liggi fyrir, þetta sé ekki þannig umboð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 2. þm. Austurl., formanni iðnn. Nd., fyrir vandaða og skjóta vinnu við skipulagningu starfa nefndarinnar undanfarna daga. Reyndar vil ég líka láta koma fram að iðnaðarnefndir beggja deilda hafa unnið mjög gott starf við meðferð þessa máls. Þær hafa aflað margvíslegra upplýsinga sem varpa nýju ljósi á þetta mál, skýra það betur, einkum það sem líta má á sem forsendur frv. fremur en málið sjálft. Af eðlilegum ástæðum hafa umræðurnar mikið snúist um álver og áhrif þess, stöðu þess í okkar þjóðarbúskap. Það er að vonum. Ég vil leyfa mér að benda á að ef að vonum verður, þá verður unnt að mæla fyrir heimildarlagafrv. vegna álvers að hausti. Þá mun gefast gott tækifæri til þess að ræða öll þau málsatvik sem ekki verða nú útrædd.

Það eru ýmsir hlutir í þessu máli sem ástæða væri til að flytja um langar ræður. Ég ætla þó aðeins að víkja að örfáum þáttum í málinu, þeim sem fram hafa komið í máli þeirra sem hér hafa talað á undan mér í þessari umræðu. En áður en ég sný mér að þessum einstöku atriðum vildi ég taka fram tvennt:

Í fyrsta lagi að varnaðarorð nefndarmanna í iðnaðarnefndum þingsins og þingmanna sem talað hafa í málinu um það að snúast skjótt og skynsamlega við hugsanlegri hættu á þenslu af völdum framkvæmda sem orkuveri og álveri fylgja, þau varnaðarorð falla sannarlega ekki á daufar hlustir. Það eru orð sem eru heyrð og skilin og munu móta framhald málsins.

Sama máli gegnir — og er ekki síður mikilvægt — sem hér hefur komið fram í máli margra, að gæta þurfi ýtrustu varkárni þegar gerðir eru samningar um umhverfishlið þessa mikla máls. Það er eins með það og með þensluáhrifin, efnahagsáhrifin sem ég vék aðeins að. Þar er sannarlega þörf á því að menn hugi að hverjum þætti málsins, hverju atriði.

Ég sný mér þá að því sem komið hefur fram í máli einstakra nefndarmanna og einstakra ræðumanna og þá fyrst að því sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. Mér þykir miður að hv. 2. þm. Austurl. vænir mig enn um blekkingar og ósannindi. Það gerði hann í áliti sínu sem hér liggur fyrir skriflega og í ræðu sinni áðan. En ég vildi leyfa mér að benda hv. þm. á það að þegar hann vitnar í álit eða svör Þjóðhagsstofnunar við spurningum sem nefndin beindi til hennar, þá lætur hann hjá líða að nefna þau orð sem að minni hyggju eru nú mikilvægust í því máli sem hér er rætt og fram koma í fskj. IX með séráliti minni hl. sem hv. 2. þm. Austurl. gerði grein fyrir, en þar segir: „Vergur innlendur virðisauki af áltonni og þorsktonni er svipaður ...“

Þetta staðfestir nákvæmlega það sem ég hef sagt um þetta mál, staðfestir það í einu og öllu. Ég hef aldrei haldið því fram að hreinar gjaldeyristekjur séu jafnmiklar af áltonni og þorsktonni. Það hefur lengi ljóst verið, og kemur reyndar fram í gögnum Þjóðhagsstofnunar, að hvert þorsktonn skilar í fyrstu umferð 2–3 sinnum meiri gjaldeyri nettó í þjóðarbúið en áltonnið. Þetta hefur verið lengi ljóst. Hitt er annað mál að sá mælikvarði á hagsæld þjóða, þótt hann sé nú ekki einhlítur hitamælir á hagsæld manneskjunnar, sá mælikvarði sem algengastur er og notaður er í alþjóðlegum samanburði er verg landsframleiðsla. Það er nákvæmlega hún sem hér er verið að tala um.

Auðvitað verður svo stóru máli og margslungnu ekki lýst með einni tölu og það veit hv. þm. ofurvel. Ég vil þess vegna leyfa mér að halda því fram að hafi einhver gert sig sekan um blekkingar í þessu máli þá sé það nú því miður hv. 2. þm. Austurl. en ekki sá er hér stendur. Og mér þótti hinn nákvæmi vísindamaður fara nokkuð ógætilega með tölurnar þegar hann var allt í einu búinn að sanna það að efnið sem Þjóðhagsstofnun hafði lagt fram staðfesti fréttirnar í dagblaðinu DV sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni öðru sinni og munaði þó ekki smáu milli þeirra talna sem þarna eru sýndar, þótt hugtakið sem við er miðað væri „hreinar gjaldeyristekjur“, sem þó var aldrei skýrt í þessum skrifum DV-blaðamannsins sem til var vitnað og enn síður í máli hv. 2. þm. Austurl.

Ég kem þá örfáum orðum að því sem sagt var hér um orkuverð. Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. er það lögbundið að samningar um stórorkusölu skuli ekki valda hækkun á verði til almenningsveitna. Þess verður vandlega gætt og hefur reyndar komið rækilega fram. Hins vegar vil ég líka benda á að það er að sjálfsögðu ekki unnt að ræða hér í heyranda hljóði eða opinberlega, þar sem vitað er að málin færu fyrir margra augu og eyru, um einstakar tölur í orkuverðssamningum við gagnaðila okkar þegar málið er á því stigi sem það er nú. (**SV:** Við vitum það nú.) Hv. 6. þm. Norðurl. e. upplýsir að hann viti það og það er vel.

Þá kem ég að því sem hér var talað um umhverfismál. Ekki síst vildi ég víkja að því sem kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv. og einkum þar sem látið er að því liggja að eftirspurn eftir áli í heiminum, sem er á vissan hátt forsenda fyrir þessum framkvæmdum, stafi helst frá hergagnaframleiðslu. Því er slegið fram að nú sé svo friðvænlegt í veröldinni að úr vopnabúnaði muni draga og þess vegna dragist eftirspurn eftir áli saman. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þvert á móti þessari skoðun þá eru hinar vænlegu friðarhorfur til þess fallnar að auka mönnum bjartsýni um eftirspurn eftir þessu efni, einfaldlega af því að hjá þeim þjóðum, t.d. í Austur-Evrópu sem hafa lagt mjög mikið af sínum þjóðartekjum í hergagnaframleiðslu, mun við breytingar í hagskipulagi og stjórnskipulagi losna um fé og framleiðslugetu sem mun í vaxandi mæli beinast að einkaneysluþörfum, uppbyggingu nútímaneysluþjóðfélags í þessum ríkjum. Með því að lesa tölfræðina um það hvað þjóðir nota á hvert höfuð af áli má fljótt sjá að komist Austur-Evrópuríkin í tölu Vestur-Evrópuríkja hvað þetta snertir verður stóraukning á eftirspurn eftir áli. Virðulegur hv. 12. þm. Reykv. hefur því gjörsamlega misskilið þróunarhorfurnar hvað þetta varðar.

Þá kem ég að því sem er nú eiginlega alvarlegra og það er að hv. 12. þm. Reykv. lætur að því liggja, gefur í skyn að tengsl séu á milli alvarlegs sjúkdóms, Alzheimer-sjúkdómsins, og álnotkunar í umbúðum og búsáhöldum. Engar slíkar upplýsingar liggja fyrir. Hvergi er til á blöðum umræða sem staðfestir þetta í fagtímaritum eða fræðiritum sem um þetta mál fjalla. (Gripið fram í.) Það er vægast sagt vafasamur málflutningur að bera þetta hér á borð sem röksemdir í þessu máli. Að sjálfsögðu verður og er vandlega með því fylgst hvað þarna er á ferðum en að leyfa sér að halda því fram að svona sé ástatt er óheiðarlegur málflutningur og ekki sæmandi á Alþingi Íslendinga. Að vekja upp ótta fólks um slíka hluti er mikið ábyrgðarmál. (**SV:** Ég trúi því ekki að ...)

Síðan mun ég koma að því, virðulegur 6. þm. Norðurl. e., að það hefur sennilega aldrei við undirbúning stórframkvæmda af þessu tagi verið jafnmikið lagt í það að umhverfishlið málsins væri skipulega, vandlega og nákvæmlega undirbúin. Ekkert verður heldur til sparað að það verði gert jafn vel og kostur er. Ég verð að segja það að mig stórfurðar að hv. 6. þm. Norðurl. e. skuli ekki skilja hvers vegna umræður hófust að þessu sinni um það að álver yrði hugsanlega staðsett við Eyjafjörð, hvers vegna Eyjafjörður er meðal þeirra svæða sem eru í staðarvalsathugun og umræðu um þessar mundir. Hann virðist þá ekki hlusta grannt eftir röddum fólksins í byggðunum við Eyjafjörð.

Upphaf þeirrar athugunar sem nú fer fram er kannski fyrst og fremst það að samtök byggðanna við Eyjafjörð, öll sveitarfélögin við fjörðinn, komu til

fundar við iðnrn. til þess að fara sérstaklega fram á að slík athugun yrði gerð. Þetta var á liðnu ári, (Gripið fram í.) áður en málið fór af stað. — Ég er ekki að biðja hv. þm. um umræður en hann hlýtur að þurfa að gá að því sem sagt er í þessu máli.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa hér fleiri orð. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál, mikilvæg forsenda framfara í okkar landi. En að sjálfsögðu eru heimildirnar sem frv. veitir, ef að lögum verður, eingöngu til þess að nota þær í ljósi framvindu samninga um byggingu nýs álvers því að það er aldrei ætlunin að stofna hér til kostnaðar við virkjunarframkvæmdir sem ekki standa undir sér. Þar eru vítin til að varast þau. Það er ekkert sérkennilegt við orðalag frv. um þetta. Þetta er góð og gild íslenska, að heimildirnar verða nýttar í ljósi framvindu saminga um nýtt álver. Þetta veit ég að hv. 2. þm. Austurl., formaður iðnn., skilur mætavel ef hann vill skilja.

Frsm. 2. minni hl. iðnn. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls í þessu máli en ég get ekki látið hjá líða að gera það eftir ræðu hæstv. iðnrh. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki hlustað nægilega vel á það sem ég sagði. Ég sagði varðandi hergagnaframleiðsluna að það hefði að öllum líkindum áhrif á álverð ef það drægi úr framleiðslu hergagna. Ég hef þá trú og von að það dragi úr hergagnaframleiðslu í heiminum. Hins vegar var ekki hægt að fá það upplýst í iðnn. hversu mikið af áli færi í hergögn og hversu mikið færi í annað. Við báðum um þær upplýsingar og þær lágu ekki fyrir. Þess vegna orðaði ég það þannig að þetta hefði að öllum líkindum áhrif á álverð. Mér finnst því einkennilegt að bera þetta á borð og vilja ekki hlusta á það sem sagt er.

Ég sagði einnig áðan að nýlegar fréttir hermdu að tengsl gætu verið milli Alzheimer-sjúkdómsins og álnotkunar. Ég hlustaði eingöngu á þetta í fréttum og hef lesið um það í blöðum. Ég hef ekki séð neinar rannsóknir í þessu sambandi. Hins vegar var bryddað upp á þessu líka í iðnn. og þá upplýsti einn nefndarmanna að hann hefði heyrt það í glerverksmiðju í Norður-Noregi að þar væru menn mjög bjartsýnir vegna þess að þeir teldu að notkun á álumbúðum mundi fara hraðminnkandi í heiminum. Það var einmitt þess vegna sem ég kom með þetta. Og að bera það á borð að þetta sé óheiðarlegur málflutningur, ég vísa því á bug. Hæstv. ráðherra á að hlusta betur á það sem hér er borið fram.

Ég met málið þannig að eftirspurn eftir áli muni fara minnkandi. Það er mat margra fleiri. Það getur vel verið að aðrir hafi annað mat á málinu en það er ekki þar með sagt að það mat sé endilega rétt.

Frsm. 1. minni hl. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að ræða þetta mál neitt frekar hér og nú, en orð hæstv. iðnrh. áðan, þegar hann var að bregðast við ábendingum frá hv. 12. þm. Reykv., urðu þess valdandi að ég bað aftur um orðið. Ég tel ekki þörf á því að vera að strá frekara salti í sárin hjá hæstv. iðnrh. og hæstv. utanrrh., formanni Alþfl., vegna þeirra blekkinga sem þeir, sem ábyrgðarmenn þess flokks, hafa staðið fyrir í sambandi við þann hagnað sem íslenskt þjóðarbú hefði af álframleiðslu og vera að leggja það til jafns við þorskafla pr. tonn. Þær blekkingar liggja nú fyrir afhjúpaðar. Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar mæli ekki oftar úr þessum ræðustól orð í þá átt.

Hvað var það sem hæstv. iðnrh. var að segja í flokksmálgagni sínu? Var hann eitthvað að tala um verga landsframleiðslu? Var hann með fræðilegar útlistanir? Nei, hann var að tala til þjóðarinnar, svipað og hæstv. utanrrh. hér í eldhúsdagsumræðunum og segja það og endurtaka ósannindin um það að ein þyngdareining af áli jafngilti jafnmiklum þunga af þorski fyrir íslenskt þjóðarbú. Þetta er það sem liggur hér fyrir í máli hæstv. iðnrh. í þremur útgáfum úr Alþýðublaðinu á liðnum vetri. Og landslýður hefur vissulega og eðlilega skilið ráðherrana þannig, eðlilega eins og þeir hafa hagað máli sínu. Nú eru þeir að reyna að hörfa í annað vígi og sveipa mál þetta einhverjum fræðilegum útlistunum. Verði þeim að góðu. En þeir standa hér uppi sem blekkingarmeistarar í þessu efni. Ég er alveg hissa á hæstv. utanrrh. að fara að éta þetta upp eftir hæstv. iðnrh. hér fyrir alþjóð fyrir tveimur kvöldum síðan, eftir að málið hefur verið tekið hér upp og hefur komið til almennrar umræðu og ósannindin í þessu efni blasa við hverjum manni.

En það voru viðbrögðin hjá hæstv. iðnrh. og hrokinn sem kom fram í hans máli þegar hann var að beina orðum sínum til talsmanns 2. minni hl. iðnn. sem hafði leyft sér að nefna það að uppi væru grunsemdir um það og umræða að notkun á áli gæti tengst ákveðnum sjúkdómi og þeir sem framleiddu ál hefðu áhyggjur af því vegna eftirspurnar. Þetta leyfði hæstv. iðnrh. sér að brennimerkja sem gróf ósannindi, (Gripið fram í.) óheiðarlegan málflutning. Ef vitneskjan í málum hjá hæstv. ráðherra og þekkingin að baki mála er byggð á þeim þunna ís sem endurspeglast í þessum orðum, þá erum við verr stödd varðandi þetta stóra mál sem hér er rætt en ég hefði haldið.

Ég get greint hæstv. ráðherra frá því að ég fékk fyrst vitneskju um þessi efni, varð var við umræðu um það, það er liðið bráðum eitt og hálft ár síðan, í norska umhverfisráðuneytinu. Yfirmaður ákveðinnar deildar þar greindi frá því, þar sem ég var að fara yfir málefni ráðuneytisins og hvernig þar væri staðið að verkum, greindi frá því í óspurðum fréttum að norska ríkisstjórnin, stjórn Gro Harlem Brundtland, hefði séð ástæðu til þess að ætla fjármagn upp á 1 millj. nkr. sérstaklega til að rannsaka hugsanlegt samhengi milli notkunar á áli í matvælaiðnaði og þessa tilgreinda sjúkdóms.

Að ætla að eyða slíkum efnum með hrokagikkshætti og fullyrðingum þar sem ummæli gáfu ekkert tilefni til þess er ekki trúverðugur málflutningur. Við eigum að reyna að nálgast þessi stóru mál hlutlægt og

ekki að draga fjöður yfir vísbendingar, áhyggjur manna, áhættu sem tengist þessum málum. Við eigum að reyna að greina kjarnann frá hisminu og leitast við að lýsa í gegn þar sem hula er til þess að komast að hinu sanna. Það er ekki nema gott að okkur greini á, en við verðum að gæta þess að vegast á með þeim hætti að menn hafi ekki fyrir fram þau orð uppi sem hér féllu af þessu tilefni sem varð til þess að ég bað hér um orðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27:3 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 30:4 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 30:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Um þingsköp.

80. mál úr nefnd í Ed.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Hv. 2. þm. Vestf. hefur beðið um orðið um þingsköp en forseti vill taka fram og gera grein fyrir því að hann mun gera um stundarfjórðungs hlé á þessum fundi nú á eftir. Er þá óskað eftir því að þingflokkar komi saman og ræði við sína formenn um framgang mála, það sem eftir lifir af þessum degi til þess að niðurstaða fáist í það hvenær megi ljúka hér þinghaldi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hafði þann skilning á málum að áhugi væri fyrir því að ljúka þinginu í dag. Til þess að svo gæti orðið ítrekaði ég þá ósk mína að í það yrði gengið í Ed. Alþingis að ná úr nefnd ákveðnu máli og láta þá reyna á vilja deildarinnar til afstöðu. Ég lít ekki svo á að það sé neinn áhugi á að ljúka þessu þingi í dag ef þetta verður ekki gert. Er gersamlega vonlaust við það að búa að hér séu tekin mál í gegn með þeim hraða sem verið er að gera ef mál sem flutt eru í þriðja sinn á Alþingi og tvívegis hafa verið samþykkt í Nd. Alþingis fást ekki út úr nefnd í Ed.

Það verður auðvitað alltaf að meta það hvað menn vilja kaupa friðinn fyrir mikið. Ég hélt að menn vildu kaupa friðinn fyrir heiðarleg vinnubrögð. Það er ekki verið að þvinga fram neina efnisafstöðu í því hvernig menn greiða atkvæði um það mál í Ed. Að sjálfsögðu gera þeir það eftir því sem hver og einn telur rétt. En að beita þeim bolabrögðum að koma í veg fyrir að mál fari þar inn í deildina til afgreiðslu er gersamlega ólíðandi. Og ég segi það enn og aftur við hæstv. forseta að ég óska eftir upplýsingum um stöðu þess máls.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Vegna þessara orða hv. ræðumanns vill forseti taka það fram að hann hefur, þrátt fyrir að það kunni að líta torkennilega út að forseti Nd. hafi afskipti af málefnum Ed., haft samband við formann hv. sjútvn. Ed., en málið snýst um afgreiðslu á tilteknu frv. út úr sjútvn. Ed. Formaður hv. sjútvn. Ed. hefur tjáð mér það að búið sé að afgreiða þetta mál út úr nefndinni með samþykki allra nefndarmanna og niðurstaða þeirra er sú að þessu tiltekna máli, um fiskveiðar í landhelgi Íslands, verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég vona að þetta svar nægi hv. 2. þm. Vestf.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir afskipti hans af þessu máli. Ég minni á það að þegar mál eru samþykkt til Ed. er það gjarnan orðað á þann veg að þau séu send forseta Ed. til fyrirgreiðslu. Ég hef litið svo á að þau væru ekki send þangað til söltunar heldur til vinnu.

Mér þykir vænt um að heyra að málið hefur verið tekið úr nefnd. Að vísu mun það trúlega fara eftir trausti manna á ríkisstjórninni hverjir vísa því til stjórnarinnar, því til ófarnaðar, og hverjir vísa því til ríkisstjórnarinnar til velfarnaðar. — [Fundarhlé.]

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1200, n. 1271 og 1285, brtt. 1263, 1264, 1269, frávt. 1283.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1285 frá minni hl. sjútvn. Lög um stjórn fiskveiða eru án vafa mikilvægasta mál þessa þings. Þess vegna hefði umfjöllun um það á Alþingi Íslendinga þurft að vera ítarleg. Lagarétting um svo viðamikið og flókið mál hefði þurft vandaða efnismeðferð. Staðreyndirnar eru hins vegar þær að stjórnarliðar hafa beitt lögvillu til að koma málinu fram. Það var í gær um kl. hálffimm að frv. var vísað formlega til nefndarinnar. Þá var haldinn einn nefndarfundur sem stóð í nálægt 45 mínútur. Annar fundur nefndarinnar stóð í klukkustund og á lokafundi nefndarinnar, rétt fyrir miðnætti í gær, var okkur stjórnarandstæðingum tilkynnt að meiri hl. mundi taka málið út úr nefnd án frekari umfjöllunar.

Þetta er sú efnismeðferð sem mikilvægasta mál þjóðarinnar fékk í sjútvn. Nd. Tíminn, sem alþingismönnum er ætlaður til að brjóta slíkt stórmál til mergjar, er svo knappur að slíkt er ekki samboðið virðingu Alþingis og minnir frekar á afgreiðslu í einræðisríki.

Minni hl. sjútvn. Nd. mótmælir harðlega þessum vinnubrögðum og telur þau gróft brot á þingræðisvenjum og grundvallarreglum í lýðfrjálsu landi.

Þá er það og staðreynd, hvað sem líður stjórn

fiskveiða, að jafnframt hefði þurft að taka á vanda fiskvinnslunnar. Sú staðreynd að síaukinn útflutningur á sér stað á óunnum fiski hefur leitt til þess að atvinnugreinin á í erfiðleikum um gjörvallt land. Hefur atvinna verkafólks minnkað og erfiðleikar í sjávarþorpum aukist þar sem viðkvæmt og einhæft atvinnulíf er undirstaða tilverunnar.

Við undirritaðir nefndarmenn Sjálfstfl. teljum því ekki ástæðu til að rekja í þessu nál. efnisatriði eða þær brtt. sem voru gerðar á frv. í Ed. sem eru þó sumar til bóta.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að sjútvn. Alþingis verði kallaðar saman í sumar til að vinna áfram í málinu og að reglulegt Alþingi verði kvatt til starfa 3. sept. 1990 til að fjalla um málið.

Undir þetta skrifa auk mín Matthías Bjarnason og Kristinn Pétursson.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Það var 13. júlí 1988 að sjútvrh. skipaði undirbúningsnefnd til að undirbúa nýtt frv. um stjórn fiskveiða. Í þessari undirbúningsnefnd áttu sæti fulltrúar allra þingflokka á Alþingi. Þessi nefnd starfaði af miklum dugnaði og þingflokkar voru látnir fylgjast með því starfi þannig að allir þingflokkar fylgdust mjög vel með framgangi þess máls og vissu mjög glöggt hvað var á döfinni. Þegar frv. var lagt fram á þingi á þessum vetri vissu menn mjög gjörla hvað þar var á ferðinni. Margir nefndarmanna í sjútvn. voru í þessari undirbúningsnefnd og voru þar af leiðandi mun betur inni í þessum málum en í flestum málum öðrum sem vísað er til nefnda. Þrátt fyrir það hafa sjútvn. starfað allítarlega að þessu máli og fengið á sinn fund fjöldann allan af fulltrúum frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins. Sjútvn. sendu einnig frv. til umsagnar til mjög margra hagsmunasamtaka víða um land og fengu að hluta til mjög ítarlegar umsagnir um þetta frv. Ekki er því hægt að segja annað en að frv. hafi fengið mjög ítarlega umfjöllun í þjóðfélaginu öllu. Hagsmunaaðilar hafi komið nærri málinu og haft það til umfjöllunar og umsagnar.

Þegar þetta mál kom síðan í seinni deild og til sjútvn. Nd. var það öllum mjög vel kunnugt þannig að vart þótti ástæða til annars en fara efnislega ofan í þær brtt. sem voru gerðar í fyrri deild og var það gert. Sjútvn. Nd. hélt samtals um tíu fundi um þetta mál, þar af sjö sameiginlega með sjútvn. Ed. Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjútvrn., sat flesta fundi nefndanna. Hann veitti ýmsar upplýsingar varðandi frv. og aflaði gagna samkvæmt óskum sem fram komu á hinum sameiginlegu fundum, m.a. frá Fiskifélagi Íslands. Enn fremur lágu fyrir tillögur þær sem þrír stjórnmálaflokkar í Færeyjum hafa gert um hugsanlega fiskveiðistjórn þar í landi. Þá óskuðu níu alþingismenn eftir áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands á réttarfars-, skattaréttar- og eignarréttarlegum álitaefnum í frv. Var álitsgerðin unnin af prófessor Sigurði Líndal og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni.

Eins og ég sagði áðan hélt nefndin þrjá fundi eftir að málið hafði verið afgreitt frá Ed. Kynnti nefndin sér rækilega þær breytingar sem gerðar voru á frv. í meðförum Ed. og ræddi efnislega um þær. Og eins og áður kom fram eru aðrir efnishlutar frv. nefndinni vel kunnir enda hafa þeir verið til umfjöllunar í langan tíma.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og Stefán Valgeirsson — og um tíma varamaður Stefáns, Jóhann A. Jónsson — sátu fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Meiri hl. nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í meðförum Ed., séu til bóta. Leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Undir þetta nál. skrifa Alexander Stefánsson, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þegar frv. um stjórn fiskveiða kom til umfjöllunar í sjútvn. Nd. var einungis tæpur sólarhringur til þingloka. Nefndin fékk aðeins klukkustund til að fjalla um frv. Enginn var kallaður fyrir nefndina en Kristján Skarphéðinsson sat fundinn, til að vera til aðstoðar. Engin efnisleg umfjöllun fór fram í nefndinni utan að lesa breytingar sem orðið höfðu á frv. í meðförum Ed. Það er heldur stuttaraleg afgreiðsla á þessu máli sem varðar alla íslensku þjóðina svo miklu og verður að átelja þessi vinnubrögð harðlega.

Öll meðferð þessa máls ómerkir störf og mikilvægi Alþingis. En óvirðingin er ekki einungis sýnd Alþingi heldur íslensku þjóðinni allri sem á svo mikið undir því að vel sé að stjórnun þessara mála staðið.

Eftir að frv. hafði farið í gegnum 1. umr. í Ed. og verið vísað til sjútvn. þeirrar deildar varð að samkomulagi að sjútvn. beggja deilda héldu sameiginlega fundi til að fjalla um frv. Þangað mættu fjölmargir til að gefa upplýsingar og láta í ljósi álit. Efnisumfjöllun um innihald frv. var lítil sem engin og því má segja að frv. sé komið hér að leiðarlokum í þinginu án þess að þingmenn almennt eða nefndir hafi fjallað um það sín á milli efnislega.

Verkefni þeirrar nefndar sem sjútvrh. skipaði 13. júlí 1988 til að leggja drög að þessu frv. var margþætt. Skyldi hún samkvæmt skipunarbréfi athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Í umræðunni sem fram fór í nefndinni var greinilegt að hugmyndum um byggðakvóta hafði stöðugt vaxið fylgi frá setningu núgildandi laga. Nefndin skilaði drögum að nýju frv. til sjútvrn. 26. jan. 1990. Sá aukni áhugi á byggðakvóta sem ég nefndi kom auðvitað ljóst fram, m.a. með þeim hætti að af þeim 13 aðilum sem skiluðu sérálitum og bókunum voru 10 sem með einum eða öðrum hætti lýstu yfir stuðningi við einhvers konar byggðakvóta, þ.e. að rjúfa tengsl milli kvóta og skipa. Í mörgum

þeirra umsagna sem sjútvn. deildanna bárust um frv. komu einnig fram áskoranir til Alþingis um að hyggja að byggðasjónarmiðum og koma í veg fyrir að örfáir aðilar gætu höndlað með sameiginlega auðlind landsmanna í eigin þágu, algerlega án tillits til byggðar í landinu og hagsmuna þjóðarinnar í heild.

Við kvennalistakonur teljum að með tilliti til reynslu undanfarandi ára og þeirra réttmætu athugasemda, sem fram hafa komið, sé óhjákvæmilegt að Alþingi sjái að sér og geri byggðasjónarmiðum hærra undir höfði en stefnt er að í frv. Nægir að minna í því sambandi á 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Sú breyting varð á frv. í meðförum Ed. að þessi eign íslensku þjóðarinnar er staðfest enn betur með viðbótarmálslið sem bætt var við um að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Er það vissulega til bóta þar sem heyrst hafa raddir um að eignarréttur útgerðarmanna, eða réttara sagt þeirra sem eiga skipin, væri að verða hefð.

Þegar líða tók á afgreiðslu málsins eftir marga fundi um það á sameiginlegum fundum nefndanna fór að koma upp á yfirborðið mikill ágreiningur um málið í ríkisstjórninni og innan einstakra flokka sem eiga aðild að henni. Vart er hægt að segja að umræða hafi verið nokkur, eins og ég sagði áðan, um grundvallaratriði þessa frv., svo sem úthlutun veiðiheimilda, fyrr en allt var komið í eindaga. Þá fyrst hófst hin raunverulega umræða. Hún átti sér fyrst og fremst stað í bakherbergjum og meðal formanna stjórnarflokkanna sem gerðu svo með sér samkomulag um afgreiðslu málsins. Í kjölfar þess samkomulags voru síðan brtt. ríkisstjórnarinnar kynntar og breytingar við Úreldingarsjóð fiskiskipa, sem nú heitir Hagræðingarsjóður. Þessar till. voru auðvitað til þess að reyna að sætta sjónarmið en í þessum brtt. ríkisstjórnarinnar birtist viss viðurkenning á réttmæti byggðasjónarmiða þó að þau skref sem stigin hafa verið séu engan veginn nógu stór. Athyglisvert er að nánast allir sem hafa rætt um þessi mál hér á þingi taka það fram að þessi spor séu í rétta átt, en þau séu allt of lítil og það sé gengið allt of skammt. Því vaknar sú spurning hvers vegna þau eru svo lítil. Ef allir eru sammála um að þau séu góð, hvers vegna eru þá ekki stigin stærri skref? Það er að vísu ágætt að hafa að leiðarljósi að fara með gát að hlutum en hógværðin er fullmikil miðað við þann mikla vilja sem fram kemur um breytta stjórnun.

Enn er ætlunin eins og hingað til að úthluta meginhluta kvótans beint til einstaklinga og útgerðarfélaga. Er það auðvitað í algerri mótsögn við yfirlýsingu 1. gr. frv. um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Og enn er ofuráhersla á yfirráð sjútvrn. og sjútvrh. á öllum stigum við stjórnun fiskveiðanna.

Það er sjálfsagt og rétt að viðurkenna að ýmislegt er þó að mati Kvennalista til bóta í frv. frá því sem er í núgildandi lögum. Vil ég þá fyrst aftur nefna að úthlutun veiðiheimilda myndi hvorki eignarrétt né óafturkræft forræði yfir veiðiheimildum, breytt mörk fiskveiðiárs og afnám sóknarmarks, sem var ein af brtt. sem Kvennalistinn lagði fram við núgildandi lög. Þá teljum við líka að ákvæði frv. um vigtun sjávarafla spor í rétta átt en hefðum viljað ganga lengra og gera skylt að vigta allan afla innan lands.

Þar sem Kvennalistinn á engan fulltrúa í sjútvn. Nd. verð ég að gera nokkra grein fyrir þeim brtt. sem við leggjum fram og eru mjög viðamiklar. Ég vil benda hv. þm. á, þeim til hægðarauka, að við létum útbúa frv. um stjórn fiskveiða eins og lögin mundu líta út að okkar tillögum samþykktum til þess að gera mönnum auðveldara að kynna sér þær í samhengi og sjá hvernig heildarútkoman yrði. Þetta létum við prenta sem fskj. með nál. 2. minni hl. sjútvn. Ed. og er að finna á þskj. 1113. Ég vil sérstaklega benda þingmönnum á að kynna sér þetta vel vegna þess að í frv. hefur núna verið bætt inn grein um það að sjútvrh. skuli láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta reynslu einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þau sjónarmið sem við leggjum fram í okkar brtt. hljóta að koma sterklega til greina í þessari athugun sem hér er kveðið á um að skuli fara fram.

Þar sem tíminn er naumur ætla ég að vinda mér í að útskýra með nokkrum orðum þessar brtt. og til þess að gera langt mál stutt ætla ég að draga saman fyrst í hnotskurn hvert er helsta innihald þeirra:

1. Að gera byggðasjónarmiðum hærra undir höfði með því að úthluta veiðiheimildum til sveitarfélaga í því skyni að tryggja atvinnu og koma í veg fyrir að einstaklingar geti verslað með sameiginlega auðlind okkar án tillits til heildarhagsmuna.
2. Að draga úr miðstýringu og ofstjórn.
3. Að bæta stöðu starfsfólks í sjávarútvegi.
4. Að stuðla að bættri meðferð og betri nýtingu sjávarafla.
5. Að auka rannsóknir í sjávarútvegi.

Þær staðreyndir sem blasa við í atvinnulífi margra byggðarlaga og eiga sér rót í fiskveiðistefnunni teljum við að sýni fram á gildi þeirra hugmynda sem við kvennalistakonur kynntum við umfjöllun núgildandi laga fyrir 2½ ári og ítrekum nú með ýmsum breytingum en engum breytingum þó sem ráða úrslitum. Það er meira hagræðingaratriði og ýmislegt sem skýrir líka betur tilgang okkar.

Það hvernig að úthlutun veiðiheimilda er staðið er einhver mesta tekjustýring og verðmætaúthlutun í þjóðfélaginu sem stjórnvöld hafa í hendi sér og verið er, ef þetta frv. nær fram að ganga, að festa enn frekar í sessi. Það er mikill ágreiningur um þetta mál

og hann má fyrst og fremst rekja til þessarar staðreyndar auk þess sem núgildandi fyrirkomulag er í hrópandi mótsögn við núverandi hátt sem hafður er á við úthlutun, sbr. enn einu sinni 1. gr. frv.

1. brtt. okkar er við 3. gr. frv. og orðist svo:

„Sjútvrh. skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn og ekki víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar."

Við kvennalistakonur viðurkennum auðvitað nauðsyn stjórnunar á nýtingu fiskimiðanna með hliðsjón af þeim rannsóknum sem vísindamenn gera og þeim ráðleggingum sem þeir gefa stjórnmálamönnum. Það er líka ljóst að með öruggari tækni og meiri þekkingu verða þær niðurstöður traustari og því sífellt erfiðara að sniðganga þær tillögur sem gerðar eru. Eins og öllum er kunnugt hefur árlega verið farið langt fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar um aflamagn.

4. gr. leggjum við til að hljóði svo:

„Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun getur ráðherra ákveðið með reglugerð:

a. að veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstöku leyfi ráðherra.

b. að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki."

Þetta leggjum við auðvitað til í ljósi þeirra heildarhagsmuna sem um er að tefla og því nauðsynlegt að ráðherra setji reglugerð um þau atriði sem hér hafa verið nefnd.

Á eftir 4. gr. komi fimm nýjar greinar, en í því felst í rauninni kjarninn í okkar brtt. Það er þá fyrst að 5. gr. hljóði svo:

„Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 3. gr., skal skipt milli sveitarfélaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af löndunum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili."

Í tillögunni er fólgið algert framsal, úthlutunarvald til byggðarlaga, þó að segja megi að það fylgi nokkuð nákvæmur leiðarvísir í 7. gr. og að sveitarstjórnir geti sett reglur sem þar eru til lagðar. Með þessari tillögu er verið að flytja ákvörðunarréttinn um úthlutun veiðiheimilda til fólksins og erum við þar með trúar þeim hugmyndum Kvennalistans um valddreifingu sem við viljum færa út á öll svið þjóðfélagsins.

b-liður þessarar greinar hljóðar svo:

„20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga, sbr. 8. gr."

Þar sem ég þarf að stytta mál mitt mjög ætla ég strax að víkja að því hvað við leggjum til að gert sé við það fé sem þannig kemur í veiðileyfasjóð. Í grein sem þá yrði 8. gr. segir: „Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 5. gr., skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirtalinna verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks og fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,

b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,

c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks."

Þessi grein er auðvitað mikilvægur þáttur í okkar tillögum því að við álítum að það hafi verið til vansa að sú þjóð sem lifir á fiski hafi eytt svo litlu sem raun ber vitni í rannsóknir og fræðslu í sjávarútvegi miðað við þau verðmæti sem þarna er um að ræða. Þetta hefur eflaust orðið okkur til tjóns og m.a. stuðlað að því að störf í sjávarútvegi njóta ekki þeirrar virðingar sem þeim ber. Þetta verður að laga með því að efla fræðslu og menntun í þessum greinum.

Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast aðeins á hversu mikilvægt það er að búa vel að því fólki sem vinnur við fiskvinnslu. Við viljum sérstaklega undirstrika að það verði að gera sérstakt átak til þess að fyrirbyggja atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks. Það hafa verið gerðar á því kannanir og birtar um það skýrslur að atvinnusjúkdómar ýmsir og óhóflegt vinnuslit er áberandi í þessum greinum. Þetta er óviðunandi ástand sem verður að bæta úr. Og ég held að við sjáum teikn þess líka allt í kringum okkur. Það þekkja allir þessa setningu sem oft er notuð að engir mundu ráðleggja börnum sínum að vinna í fiskvinnslu af því að fæstir geti ætlað þeim það hlutskipti.

Þar sem þetta eru þær greinar sem skipta mestu máli og aðrar eru fyrst og fremst leiðréttingar á frv. til samræmis við þessar greinar, þar sem kveðið er á um skip í frv. verður sveitarfélag í okkar tillögum o.s.frv., og til þess að sýna nú hv. deild þá tillitssemi að dvelja ekki um of, þá held ég að ég láti þetta nægja að þessu sinni en minni aftur á að þessar tillögur er að finna í heildarfrumvarpsformi sem fskj. við nál. fulltrúa Kvennalistans í sjútvn. Ed.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég sá hæstv. forsrh. Ef hann heyrir mál mitt þá langar mig aðeins til þess að segja nokkur orð við hann en á þskj. 1264 leyfi ég mér að leggja fram brtt. við frv. Kveikjan að því var, eins og kom fram við 1. umr., að við komum inn í stjórnarsáttmálann fyrir þá setningu að það yrði mörkuð sérstök fiskveiðistefna. Og af því að hæstv. forsrh. sagði frá því í svari sínu við spurningum mínum að hann væri meðmæltur þessari breytingu og af því að ég á þá

hann að sem öruggan stuðningsmann þessarar tillögu, þá leyfi ég mér að leggja hana hér fram. Ég vil ekki eyða tíma þingsins í mikla umræðu en tillögurnar eru þannig:

1. „Við 7. gr. 2. mgr. og 3. mgr. orðist svo:

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra skipa og fiskvinnslustöðva. Skal hverju skipi og hverri vinnslustöð úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og aflahlutdeild fiskvinnslustöðvar og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 5. málsl. þessarar mgr. Skal 30% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður á, úthlutað til fiskvinnslustöðva en 70% til fiskiskipa. Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa og fiskvinnslustöðva í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla sem er utan aflamarks á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.

Aflamark skips og aflamark fiskvinnslustöðvar á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins og fiskvinnslustöðvarinnar í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal sjútvrn. senda tilkynningu vegna hvers skips og hverrar fiskvinnslustöðvar um aflamark í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

2. Við 10. gr. bætast tveir nýir málsl. svohljóðandi:

Ráðherra getur ákveðið að einungis sé heimilt að flytja út sem óunninn afla tiltekið hlutfall af árlegu aflamarki fiskiskips og fiskvinnslustöðvar. Þá getur ráðherra ákveðið að heimilt sé að framselja útflutningsheimildir milli handhafa þeirra.

3. Við 11. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Við eigendaskipti að fiskiskipi og fiskvinnslustöð fylgir aflahlutdeild, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild fiskiskips eða fiskvinnslustöðvar nema til fiskiskips eða fiskvinnslustöðvar innan sama sveitarfélags.

4. Við 12. gr. 3. mgr. orðist svo:

Annar flutningur á aflamarki er óheimill.

5. Nýtt ákvæði IX til bráðabirgða.

Aflahlutdeild fiskvinnslustöðva skal fundin þannig að lagður er saman allur afli fiskvinnslustöðva sem móttekinn var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna.

Hafi fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni vegna gjaldþrots fyrir árslok 1988 skal reikna aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og 1988 og bætist hún við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í sveitarfélaginu."

Ástæðan fyrir því að ég flyt þessar brtt. eru þær sem ég hef þegar sagt og hef litlu við það að bæta öðru en því að ég held að það skipti meginmáli fyrir hinar dreifðu byggðir, fyrir landsbyggðina, að svona skipting komist á. Þetta er auðvitað lítið skref, of lítið, en ég skil að það er erfitt að hafa það stærra eins og á stendur, en þetta er eitt stærsta ef ekki allra stærsta mál byggðanna.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst lýsa því yfir að ég styð að sjálfsögðu þá frávísunartillögu sem er birt á þskj. 1283. Við höfum ekki séð ástæðu til þess flestir hverjir sjálfstæðismenn að flytja brtt. Mig langar til þess samt að ræða örlítið almennt um þessi mál en skal stytta mál mitt mjög.

Ég tel að menn eigi að nota næstu mánuði til þess að kanna þetta kerfi sem nú er að koma á, ekki síst vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á kerfinu, einkum og sér í lagi með tilkomu hins nýja hagræðingarsjóðs. Það er ljóst að árangur fiskveiðistjórnunar á undanförnum árum hefur ekki í öllum atriðum verið góður eða mikill. Við þekkjum þær staðreyndir að heildaraflinn hefur verið talsvert meiri en ætlast var til. Fiskveiðiflotinn hefur í raun stækkað á undanförnum árum í stað þess sem menn bjuggust við að hann færi minnkandi. En það var eitt stærsta atriðið í röksemdunum fyrir því að koma þessari fiskveiðistefnu á, að draga úr sókninni. Fari málið til skoðunar á næstunni er ástæða til þess að það verði kannað með mjög víðtækum hætti. Það er auðvitað nauðsynlegt að hlusta á hagsmunaaðila og viðhorf þeirra eru mjög mikilvæg. En menn mega ekki gleyma því að þetta mál snertir alla þjóðina og kann að vera ástæða til að leggja einnig við hlustir þegar aðrir en beinir hagsmunaaðilar eiga í hlut.

Þegar rætt er um réttinn til fiskveiðanna þarf að hafa í huga að Alþingi hefur skýrlega lýst því yfir að fiskimiðin séu sameign íslensku þjóðarinnar. Væri þessi auðlind ótakmörkuð gæti hver landsmaður tekið þann fisk úr sjó sem honum sýndist. Þar sem fiskimiðin eru takmörkuð auðlind er ljóst að rétturinn til veiðanna er verðmætur og eftirsóknarverður fyrir fleiri en þá sem fengið hafa veiðileyfi. Þessi staðreynd birtist m.a. í því verði sem greitt er fyrir aflakvóta og umframverð fyrir skip sem hafa veiðiréttindi. Það liggur því beint við að eigendur auðlindarinnar, íslenska þjóðin, selji veiðileyfi. Bent hefur verið á ýmsar leiðir í því sambandi, allt frá uppboðum á aflakvótum til leyfisgjalds fyrir tiltekinn hóp sem fengi veiðileyfi. Þessum hugmyndum hefur hingað til að mestu leyti verið hafnað með ýmsum ráðum en að mínu áliti með fáum rökum. Jafnvel hefur verið gripið til þess að kalla sölu á verðmætum veiðileyfum auðlindaskatt en slíkt jafngildir að mínu mati að kalla vöruverð eða húsaleigu skatta.

Þegar spurt er hvort veiðileyfagjald sé skattur, þá er hægt að spyrja: Er það skattlagning ef t.d. Skagstrendingur eða Samherji borgar fyrir kvóta sem þeir kaupa hjá öðrum útgerðarfyrirtækjum? Þegar rætt er um veiðileyfagjald held ég að það sé líka mikilvægt að átta sig á því að þeir fjármunir sem fengjust af slíku gjaldi gætu auðvitað gengið til fjárframlaga og framkvæmda sem varða greinina sjálfa. Sterkustu rökin gegn veiðileyfasölu eru að mínu mati þau að útvegsmenn hafa í raun greitt fyrir veiðileyfin vegna slæmra rekstrarskilyrða, einkum af völdum rangrar gengisskráningar. Þannig hafi þjóðin lifað við betri lífskjör en ella á kostnað útgerðarinnar sem hefur safnað skuldum.

Einnig er bent á að margir útvegsmenn hafi keypt skip á yfirverði og þannig hafi þeir greitt fyrir veiðileyfið. Gallinn við síðarnefndu rökin er sá að kvótafyrirkomulagið er tímabundið og enginn getur keypt eða selt rétt nema í þann tíma sem hann gildir. Þannig er ljóst að kvótahlutinn í skipsverði lenti ekki hjá þjóðinni heldur seljendum skipanna.

Ég ætla ekki að reyna að rökstyðja hugmyndina um sölu veiðileyfa frekar. Það hafa margir gert í ræðu og riti á undanförnum árum. Ef menn á annað borð fallast á aflakvótakerfið tryggir veiðileyfasala að mínu mati jafnræði og hagkvæmni umfram aðra útfærslu.

Ég vil einnig taka fram að útgerðarmenn hafa alltaf haft rétt til að veiða. Það sem er nýtt í þessum málum er að nú er kominn rétturinn til að útiloka aðra landsmenn frá veiðunum. Fyrir þennan réttindasvipti þarf auðvitað að koma eitthvert gjald. Annað væri ranglæti, a.m.k. að áliti þeirra sem eru talsmenn sölu veiðileyfa.

Ég tel einnig, hæstv. forseti, að á næstunni þurfi að kanna betur það sem undirbúningsnefndin, sem samdi frv., ætlaði sér að gera en ekki sést að hún hafi gert af neinu almennilegu viti. Það er að fjalla um áhrif þessa fyrirkomulags á aðrar atvinnugreinar. Þá tel ég að einnig þurfi að svara ýmsum spurningum og reyna að átta sig á því til hvers þetta kerfi leiðir, þ.e.:

1. Hvernig mun skipastóllinn þróast?
2. Hvernig mun afkoma sjávarútvegsins þróast?
3. Hvaða fyrirtækjastærð verður ofan á og hvaða vísbendingar gefur það um áhrif á byggðaþróun?
4. Hvernig reiðir vinnslunni af og hvaða áhrif hefur það á byggð?
5. Hver verða áhrif á raungengi og laun í landinu og hvaða svigrúm veitir ný skipan til geðþóttastjórnunar á þessu sviði?
6. Hver verða áhrifin á viðskiptajöfnuð? Þá verði enn fremur tekið tillit til þess að hugsanlegt er að þegar um er að ræða sölu á skipum með kvóta geti auðvitað sá ágóði verið notaður til geymslu eða fjárfestingar erlendis.
7. Loks tel ég ástæðu til þess að athugað sé með siglingaskattinn, sem ég leyfi mér að kalla svo, þann skatt sem menn verða að greiða er þeir landa erlendis og út af fyrir sig er ekkert ósanngjarn og mjög skiljanlegur. Er hugsanlegt að hann samræmist ekki því ef gerðir eru frekari samningar við okkar helstu viðskiptaþjóðir?

Ég vil að allra síðustu, því hér verð ég að stytta mál mitt mjög þótt ástæða hefði verið til þess að ræða miklu meira um ýmsa þætti þessa máls, benda á að með frjálsari gengisskráningu, frjálsari gjaldeyrisverslun, hljóta allar forsendur þessara mála að breytast. Minni tilhneiging verður til þess að ríkisvaldið sjálft haldi útgerðinni í helgreipum með núllstefnu með alvarlegum afleiðingum, ekki einungis fyrir útgerðina heldur einnig fyrir alla aðra atvinnuvegi sem keppa við útgerð og fiskvinnslu. Mestur vandinn er að sjálfsögðu sá að samræma annars vegar sem mest hagræði af þessu kerfi og hinn fullkomna jöfnuð, sem er krafa ýmissa sem tala í nafni hinna dreifðu byggða. Leikreglurnar mega ekki vera þannig að það skipti engu í raun hvort útgerðarfyrirtæki séu vel eða illa rekin. Ég vil leggja áherslu á þetta og ég tel að það verði sjá til þess í því kerfi sem nú er verið að koma á, fyrst það fæst ekki rætt á næstunni og ég á ekki von á því að meirihlutastuðningur sé við tillögu okkar sjálfstæðismanna, þá verður að gæta sín á því þegar verið er að vinna þetta kerfi að það verði ekki til þess að botninn detti úr því, að í stað þess að ná fram sem fyllstri hagkvæmni verði einhverri stjórn fengið það vald að geta með sínum geðþóttaákvörðunum afhent þeim sem ekki hafa reynst hafa hæfileika til að reka fyrirtæki fjármuni, t.d. í formi kvóta, og þannig ýtt undir þá óhagkvæmni sem menn hafa haft mestar áhyggjur af í þessum málum.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 1269 við frv. til laga um stjórn fiskveiða. Brtt. er svohljóðandi:

„Við ákvæði til bráðabirgða VII bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þar til endurskoðun laganna hefur farið fram getur sjútvrh., þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laganna, veitt veiðiheimild með sóknarmarki í ákveðinn dagafjölda á þeim svæðum er henta þykir og með þeim takmörkunum á ákveðnum fisktegundum sem ráðherra ákveður að tillögu Hafrannsóknastofnunar. Ráðherra skal setja reglur um sóknarmark í samræmi við gildandi lög um fjölda sóknardaga, skiptingu í tímabil, fjölda skipa, aflahámark, veiðisvæði og annað það er þurfa þykir."

Ég ætla ekki að hafa mörg orð fyrir þessari brtt. Þetta mál er hér í tímaþröng og skal ekki tafið af mér. Tillagan skýrir sig sjálf. Að mínum dómi á að vera jafnrétti milli aflamarks og sóknarmarks. Það er ekki rétt að fella niður sóknarmark eins og gert er í frv. án þess að tryggja sóknarmarksskipum rétt út frá þeim afla sem þau hafa áunnið sér undir núverandi kerfi. Spyrja má: Af hverju má ekki úthluta sóknarmarksskipi þeim afla í aflamarki sem það hafði í sóknarmarkinu? Sóknarmarkið var notað til útreiknings hjá stórum hluta útgerðarmanna er þeir endurbyggðu skip sín eða keyptu ný. Minnkun heildarafla úr sjó mun að sjálfsögðu ganga jafnt yfir alla.

Herra forseti. Það er kunnugt að hæstv. sjútvrh. hefur mikið vald samkvæmt lögum þeim sem hér eru til umræðu. Texti þessarar brtt. dregur ekki úr því valdi. Þess er hins vegar að vænta að hæstv. ráðherra noti sitt mikla vald hóflega og taki tillit til eðlilegra sanngirnisviðhorfa sem þessi tillaga boðar.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Samstaða íslensku þjóðarinnar var mikil þegar hún háði baráttu fyrir yfirráðum Íslendinga yfir fiskimiðunum við landið. Sú samstaða tryggði landsmönnum sigur í stærsta lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Allir landsmenn trúðu því að þegar stjórnun veiða á öllum fiskimiðum við landið yrði í

höndum Íslendinga einna tækist okkur að tryggja vernd, vöxt og viðgang þeirra fiskstofna sem erlendar þjóðir höfðu veitt gegndarlaust áður. Um þær reglur sem lögfestar voru um nýtingu auðlinda þjóðarinnar var býsna góð samstaða í byrjun því menn væntu þess að með þeim aðferðum væri unnt að tryggja vöxt fiskstofnanna, hagkvæmni í fjárfestingum í útgerð, hæfilega stærð fiskiflotans og jafnræði milli landshluta. Yfirráðin yfir fiskimiðunum og lögbundnar reglur um nýtingu þeirra mundu tryggja framtíðarlífshagsmuni fólksins í hverju einasta sjávarplássi á Íslandi.

Nú, þegar liðin eru um 15 ár frá því að fiskveiðilögsagan var færð í 200 sjómílur, gætir vaxandi efa meðal landsmanna um ágæti þeirra aðferða sem beitt hefur verið. Flotinn sem talinn var of stór hefur ekki minnkað né aðlagast þeirri hámarksveiði sem heimiluð er þannig að fjárhagslegrar hagkvæmni hafi verið gætt. Það sem alvarlegast er er að þorskstofninn, undirstaða fiskveiðanna, útflutningsframleiðsla Íslendinga, hefur minnkað. Þar á ofan er öllum nú ljóst að óheft sala á aflaheimildum milli landsvæða við eigendaskipti á skipum getur svipt fólk í sjávarplássum öllum rétti til fiskveiða þar sem íbúar þessara byggða hafa sótt lífsbjörg sína mann fram af manni.

Sú stjórnun fiskveiða, sem lögbundin hefur verið innan þeirrar fiskveiðilandhelgi sem Íslendingar geta ráðið að öllu leyti einir hvernig nýtt er, hlýtur því að hafa verið í meira lagi gölluð. Þjóðin hefur verið að gera sér grein fyrir þessu í sívaxandi mæli eftir því sem tíminn hefur liðið og vandkvæðin hafa komið betur í ljós. Hömlulausar heimildir til sölu veiðileyfa sem fylgja skipum við eigendaskipti og óheftar tilfærslur veiðiheimilda milli tegunda og stærðarflokka skipa við sölu felur í sér að í því veiðileyfakerfi þar sem veiðiheimildir eru bundnar við fiskiskipin og flytjast með þeim við eigendaskipti er í rauninni innibyggð sú tilhneiging að aflaheimildirnar safnast á æ færri hendur og geta, fræðilega séð a.m.k., endað á einni hendi, hendi þess sem fjárhagslega er sterkastur. Gildir þá einu hvaðan það fjármagn er komið. Það var því alveg augljóst að gildandi kerfi þurfti ítarlegrar endurskoðunar við áður en gildistími laga um stjórnun fiskveiða rynni út. Og vegna þess að það segir sig engan veginn sjálft hvernig úr göllum núverandi kerfis verður bætt og sýnist sitt hverjum í því efni hefði Alþingi þurft að ætla sér ríflegan tíma til þess.

Það frv. sem lagt var fram í vetur til nýrra laga um stjórnun fiskveiða fól ekki í sér neinar þær breytingar sem verulegu máli skiptu í þá veru að ráða bót á þeim megingöllum kerfisins sem með æ ógnvænlegri hætti gátu stofnað lífsafkomu fólks í sjávarplássunum í voða ef fiskiskip og veiðiheimildir voru seld frá staðnum. Þessi vandi sjávarplássanna hefur verið sífellt augljósari og í æ ríkari mæli brunnið á hv. alþm., hvar í flokki sem þeir hafa staðið. Þessi vandi krafðist úrlausnar sem Alþingi þurfti ríflegan tíma til þess að móta. En í því frv. sem lagt var fram fólst engin lausn í þessu efni. Þegar þar við bættist að frv. um stjórnun fiskveiða var ekki tekið til meðferðar í nefndum Alþingis fyrr en langt var liðið að lokum þess taldi ég að sá kostur væri vænstur að framlengja núgildandi lög til 1. sept. 1991 en sjútvn. Alþingis, en ekki einhverjar ráðgjafarnefndir þótt þingmenn væru á meðal, nýttu tímann í sumar og haust til að leita lausna sem gætu ráðið bót á aðalannmörkum núverandi kerfis, annmörkum sem eru eins og sverð sem hangir í þræði yfir íbúum í sérhverju sjávarplássi í landinu. Um þessa niðurstöðu varð ekki samstaða milli þingmanna stjórnarflokkanna.

Ég er engan veginn ánægður með þá niðurstöðu sem varð innan ríkisstjórnarflokkanna um afgreiðslu þessa frv. í þeirri mynd sem það kemur frá hv. Ed. Þegar samkomulag náðist ekki um frestun til þess að gaumgæfa nýjar lausnir, eins og brýn þörf var á, þá tók ég innan þingflokks Alþb. þátt í því að ná fram þeim breytingum til bóta sem unnt væri á frv. Ég vanmet ekki þá staðfestingu sem nú fæst með lagasetningu á því að úthlutun veiðiheimilda færi handhöfum þeirra ekki varanlegan eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum. Ég met það að endurbætur munu nást fram á réttarfarslegum athugunum í stjórnunarskipulagi varðandi fiskveiðar þannig að alræði sjútvrn. í eftirliti, úrskurðum og refsiathöfnum gagnvart handhöfum veiðiheimilda verði hnekkt. Ég met það einnig nokkurs að enda þótt varanleg réttindi fólks í einstökum byggðarlögum til þess að sækja sjó til frambúðar, eins og ný lög um stjórnun fiskveiða ættu að fela í sér, hafi ekki verið tryggð sem skyldi við afgreiðslu þessa frv. nú með byggðakvóta eða vinnslukvóta, þá er í fyrsta sinn í væntanlegum lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins ákvæði sem geta komið í veg fyrir stórslys í þeim efnum. Ég met þá breytingu svo að hún gæti orðið upphafið að frekari úrlausnum í því efni að tryggja lífsafkomu og lífsréttindi fólks í sérhverju sjávarplássi í landinu.

Ég er enn á þeirri skoðun að fresta hefði átt afgreiðslu þess frv. sem hér er til afgreiðslu og framlengja núgildandi lög um stjórnun fiskveiða til 1. sept. á næsta ári vegna þess að nýjar lausnir og úrbætur á göllum núverandi kerfis eru vandasamt verk sem þarf að nást sem víðtækast samstarf um auk þess sem huga þarf að því að marka sérstaka fiskvinnslustefnu. Til þessa verks er ekki gefið nægilegt svigrúm í þeirri brtt. sem flutt var í hv. Ed. og nú í hv. Nd. um frestun á afgreiðslu þessa frv. Auk þess sem sú ákvörðun að láta núgildandi lög falla úr gildi um næstu áramót þrengir of mikið að og veldur of mikilli óvissu um skipan þessara mála á næsta ári.

Ég átti þátt í því í þingflokki Alþb. að fá fram þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. Ég mun því standa að samþykkt þess með þeim breytingum úr því að samkomulag náðist ekki innan stjórnarflokkanna um þá lausn sem ég taldi skynsamlegasta, þ.e. að tryggja nægilegt ráðrúm til að vinna að miklu meiri úrbótum í þessu mikilvæga máli sem hér er til afgreiðslu. Ég vænti þess að þær breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða sem nú er ætlunin að samþykkja séu aðeins upphafið að þeim grundvallarbreytingum sem nauðsynlegt er að gera á lögunum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er flestum kunnugt að það mál sem hér er til umfjöllunar, löggjöf um stjórnun fiskveiða, er ein hin mikilvægasta löggjöf sem Alþingi Íslendinga hefur sett. Um er að ræða löggjöf um takmörkun á atvinnufrelsi. Ég held að sá þáttur hafi ekki verið skoðaður nægilega, eins og ég sagði áður, þegar frv. var til 1. umr. Þessi löggjöf um stjórnun fiskveiða er til komin vegna þess að ekki er jafnvægisástand milli afrakstursgetu fiskstofnanna og þess flota sem við eigum í dag. Mér finnst að vinnan í kringum þetta frv. hafi öll beinst að því að búa til skömmtunarkerfi en miklu minna rætt um það hvernig við eigum að fara að því að fiskstofnarnir hér í kringum Ísland geti gefið af sér jafnmikið og þeir gerðu hér áður fyrr. Um það er sáralítil umfjöllun.

Ýmislegt bendir til þess að vistkerfið í kringum Ísland hafi raskast. Bæði hafa verið köld ár og fleira sem inn í það kemur. Við höfum ekki veitt nægilegum fjármunum í að rannsaka það. Hvernig getum við, með okkar stjórnunaraðferðum, stjórnað fiskveiðum þannig að fiskstofnarnir gefi meira af sér en þeir hafa gert? Alla vega er ljóst að við erum ekki á réttri leið því að síðustu tvö ár hefur þorskveiðin verið skert um 10% hvort ár um sig. Og niðurstöður í nýjustu rannsóknarferð, svokölluðu togararalli, urðu þær að þorskurinn væri 5–10% léttari en á sama tíma í fyrra. Þetta eru mjög skuggalegar niðurstöður og benda til þess að næsta ár verði sennilega að skerða þorskveiði enn þá meira. Þetta eru allt saman vísbendingar um að við séum ekki á réttri leið. Við fjöllum ekki um þetta atriði nægilega mikið að mínu mati. Þetta er sá þáttur málsins sem hefur ekki fengið rétta umfjöllun. Ég ætla ekki að fara neitt út í það hvers vegna ég álíti að svo sé en það eru miklar umræður um þetta úti í þjóðfélaginu um þessar mundir. Ég legg mikla áherslu á að það er mjög bagalegt að sjávarútvegsnefndir Alþingis skuli ekki, eins og útlit er fyrir, fá að fjalla um þetta mál í sumar.

Hreggviður Jónsson, Matthías Bjarnason og ég flytjum frávísunartillögu um að Alþingi feli sjútvrh. að kalla saman í sumar þá alþingismenn sem eiga sæti í sjávarútvegsnefndum Alþingis til þess að fjalla um þetta frv. Í framhaldi af því verði reglulegt Alþingi kallað saman 3. sept. Ég tel að alþingismenn séu rétt kjörnir fulltrúar þjóðarinnar til að fjalla ítarlega um þetta mál. Við nefndarmenn í Nd. höfum ekki fengið að gera skyldu okkar í þessu efni. Við höfum fengið að hafa þetta mál til umfjöllunar í nokkra klukkutíma, fyrir utan að hafa setið á nokkrum nefndarfundum í vetur í nokkra klukkutíma og hlustað þar á álit hagsmunaaðila. Efnisleg umfjöllun um þetta mál hefur ekki farið fram í sjútvn. þessarar hv. deildar.

Mér finnst það mjög alvarlegur hlutur að nefndarmenn, eins og í sjútvn. í þessu tilviki, skuli ekki fá tíma til þess að gera skyldu sína fyrir ofríki framkvæmdarvaldsins hér á Alþingi. Það er hreinlega verið að hrifsa þetta mál úr höndum réttkjörinnar nefndar sem fer með það að það á að greiða atkvæði um það núna á næstunni. Ég sagði við 1. umr. málsins að það væri ekki verið að greiða atkvæði um þetta mál. Það er verið að greiða atkvæði um framhaldslíf þessarar vesalings ríkisstjórnar. Það er nú enn þá bagalegra, þegar jafnmikilvægt mál og þetta er til umfjöllunar.

Ég ætla ekki að tefja tímann hér frekar en ég vil ítreka mótmæli mín við þessum vinnubrögðum.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir því sem næst hvert orð sem hv. 5. þm. Austurl. viðhafði hér áðan. Ég vek enn athygli á því að umræðan fer hér ekki fram um meginatriði málsins, þ.e. ástandið á miðunum, orsakir þess að fiskifræðingar telja að þorskstofninn við Ísland þoli stöðugt minni og minni veiði. Umræðan fer ekki heldur fram um það sem er auðvitað kjarni málsins, hvort þær aðferðir sem notaðar hafa verið til þess að vega og meta veiðiþol fiskstofnanna við Ísland séu réttar eða rangar í ljósi þeirra upplýsinga sem við höfum fengið annars staðar frá, þar sem í ljós kemur að þær forsendur sem fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa gefið sér standast ekki. Þetta er auðvitað meginatriði málsins. En þetta meginatriði liggur í þagnargildi í þessari umræðu sem fyrst og fremst snýst um stjórntækið sjálft en ekki spurninguna um það hvort þurfi að beita því og hvort hætta sé á því að því sé beitt þannig að það hafi þveröfug áhrif á við það sem til er ætlast.

Í stuttu máli er mín afstaða til þessa máls sem hér segir:

1. Ég dreg mjög í efa þær forsendur sem notaðar eru nú af fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunar og þeir styðjast við til þess að undirbyggja tillögur sínar til stjórnvalda um fiskveiðistefnu. Sumar þessara aðferða hafa þegar verið hraktar af t.d. þeim fiskifræðingum sem unnið hafa að endurskoðun Norðursjávarmódelsins og komist að raun um það, eins og á við um allt umhverfi bæði manns og dýralífs, að ekki er hægt að meta afrakstursgetu þorskstofnsins án tillits til þess hvað er að gerast í lífinu í sjónum þar í kring. Ég dreg því mjög í efa þær forsendur sem fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa notað til þess að undirbyggja málflutning sinn. Ég vísa bara til þess hvaða niðurstöðum menn hafa komist að í því sambandi varðandi þorskveiðar við Kanada, í Barentshafi og í Norðursjó. Og ég vísa til þess að þær aðferðir sem menn eru farnir að nota nú, þ.e. fjölstofna fiskveiðilíkön, leiða í mörgum tilvikum til þveröfugrar niðurstöðu á við það sem einstofna líkön gefa, sem þýðir auðvitað að þær ráðleggingar sem fiskifræðingar reisa á einstofna líkönum hafa þveröfug áhrif á við það sem til er ætlast.

2. Ég byggi afstöðu mína á því að þrátt fyrir það að reynt hefur verið að stjórna þorskveiðum við Ísland meira og minna í 25 ár, bæði með aflatakmörkunum og sóknartakmörkunum af ýmsu tagi, þá er niðurstaðan sú að fiskifræðingar telja ekki óhætt að veiða nema um helminginn af þeim afla sem tekinn var á Íslandsmiðum á árunum 1933–1939 og frá 1947 til 1979/1980. Og eins og hv. þm. sem lauk máli sínu hér

áðan sagði, þá virðist stjórnunin leiða til þess að fiskifræðingar komist að þeirri niðurstöðu að það verði að minnka aflakvótann ár frá ári. Mig uggir að fá ár verði í það að þeirra ráðleggingar verði að ekki sé óhætt að taka af þorski við Ísland nema 100–150 þús. tonn. Þangað stefnir, miðað við þá reynslu sem við höfum fyrir okkur í því efni. Og ég vil enn vitna til orða hv. 5. þm. Austurl. hér áðan um niðurstöðu af nýjasta togararallinu fyrir Austurlandi.

Reynslan er að sjálfsögðu ekki fiskifræði. En fiskifræði hlýtur að styðjast við reynsluna eins og aðrar fræðigreinar og reynslan kennir okkur það að þær aðferðir, sem menn hafa notað til þess að stjórna fiskveiðum við Ísland, hafa skilað þveröfugum árangri. Ég tel að þetta hafi vantað alfarið inn í þá umræðu sem á sér stað um kvótakerfið. Menn eru farnir að ræða kerfið kerfisins vegna en sleppa úr umræðunni ástæðunni fyrir því að til stjórntækja þurfi að grípa og hver reynslan hefur verið af þeirri stjórnun sem viðhöfð hefur verið.

Virðulegi forseti. Ég gat þess við 1. umr. um þetta mál að vissulega mæti ég ýmsar þær breytingar sem gerðar hefðu verið frá upphaflegum frv., og tala þá bæði um frv. til laga um stjórn fiskveiða og frv. til laga um Úreldingarsjóð. Vissulega mæti ég þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á þessum tveimur frv. í Ed. Sumar af þeim eru mjög mikilvægar, aðrar ekki. Þessar breytingar eru hins vegar svo mikilvægar en koma svo seint fram að nauðsynlegt er ekki bara að ræða þær og kynna betur í sjávarútvegsnefndum þingsins heldur fyrst og fremst fyrir almenningi og samtökum fiskvinnslufólks, sjómanna og útvegsmanna. Ég verð hreinlega að viðurkenna það, og ég hygg að svo sé um fleiri, að ég treysti mér ekki til að taka afstöðu í svo mikilvægu máli sem hér um ræðir öðruvísi en geta haft samráð um það við stuðningsfólk mitt á Vestfjörðum, sem auðvitað hefur tekið þátt í því ásamt mér að móta afstöðu jafnaðarmanna á Vestfjörðum til kvótakerfisins.

Þær breytingar sem orðið hafa á frv. koma hins vegar svo seint fram að það er gersamlega ógerningur fyrir mig og aðra að kynna málið fyrir stuðningsmönnum okkar heima í héraði og fá viðbrögð þess fólks sem við erum umboðsmenn fyrir hér á Alþingi. Og ég tel það vítavert um svo stórt mál eins og hér um ræðir að alþingismenn skuli ekki geta kynnt þá afgreiðslu sem hér á að fara fram fyrir því fólki sem kýs þá til þings. Geri þeir það ekki, eins og ekki er unnt að gera, þá geta þeir ekki lýst vilja þjóðarinnar í svo mikilvægu máli því að þeir vita hann ekki sjálfir. Þeir hafa ekki fengið tækifæri til að kanna vilja þess fólks sem hefur kjörið þá á Alþingi til þeirra stóru og mikilvægu og að mörgu leyti jákvæðu breytinga sem gerðar hafa verið í Ed. Ég lýsi því yfir að ef ekki verður fallist á að gefa mönnum það tækifæri með því að fresta afgreiðslu málsins þangað til síðar í sumar eða í haust — annað eins hefur nú skeð í jafnmiklu þjóðþrifamáli og þetta er og jafnmikilvægu fyrir þjóðarheildina, að tekinn yrði nokkurra vikna frestur til afgreiðslu svo að hægt yrði að kynna það fyrir almenningi — ég lýsi því yfir að ef ekki næst samstaða um það ætti ég ekki annars úrkosti en að flytja tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Yrði sú tillaga ekki samþykkt mundi ég greiða atkvæði gegn frv.

Nú hefur slík frávísunartillaga komið fram, þó svo hún sé rökstudd nokkuð á annan veg en ég hef rökstutt mál mitt hér. Hún er fyrst og fremst rökstudd með því að það þurfi að gefast tími fyrir sjávarútvegsnefndir þingsins til þess að vinna betur í málinu en minn rökstuðningur varðar fyrst og fremst kynninguna fyrir almenningi. Fyrst og fremst það að alþingismenn sem ætla að taka jafnafdrifaríkar ákvarðanir fái tækifæri til að kynna málið fyrir kjósendum sínum sem þeir eru fulltrúar fyrir hér á Alþingi áður en þeir taka endanlega ákvörðun, en til þess er ekki tími. Er ég þá að sjálfsögðu að ræða þær miklu breytingar sem orðið hafa á þessum tveimur frv. í meðferð þeirra í Ed. Eins og ég segi, það er að vísu nokkur annar rökstuðningur með þeirri frávísunartillögu sem hér hefur verið flutt, en niðurstaðan er sú sama. Því mun ég greiða þeirri frávísunartillögu atkvæði. Falli sú tillaga, sem ég vona að ekki verði, mun ég greiða atkvæði gegn frv. við lokaafgreiðslu málsins. Ég mun láta aðrar brtt. sem fluttar kunna að verða afskiptalausar því ég hef ekki hvað þær varðar haft tækifæri til þess að hafa um það samráð við mína kjósendur fremur en þær brtt. sem samþykktar hafa verið í Ed. Alþingis.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að reyna að hlaupa yfir það svið sem við blasir í þessu máli. Það er fyrst til að taka að í Ed. er till. til rökstuddrar dagskrár sem kemur frá Sjálfstfl., þeim flokki íslenskum sem löngum hefur haft mesta ábyrgð á atvinnulífi í þessu landi. Það merkilega við þá rökstuddu dagskrá er að þar skrifa undir tveir sjálfstæðismenn og báðir eru flm. að frv. til laga um þetta sama efni sem flutt var í fyrra.

Mér kemur það mjög spánskt fyrir sjónir að sjá hér hugmyndir eins og koma fram í þessari rökstuddu dagskrá þar sem m.a. er lagt til, eins og segir hér, með leyfi forseta: „... í þeim tilgangi verði undirbúið annað frv. um stjórn fiskveiða þar sem í stað stjórnar með veiðileyfum komi stjórn á stærð fiskiskipastólsins og sóknarstýring á veiðitíma, veiðisvæðum, gerð skipa ...“ Það er sem sagt stjórn á gerð skipa sem m.a. er verið að leggja til. Ég fæ ekki séð hvernig þeir sem vilja auka frelsið ætla að bæta þessu ofan á þá stjórnun sem fyrir er.

Niðurstaðan er sú að það frv. sem hv. 4. þm. Vestf. flutti ásamt hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfi Konráði Jónssyni og hæstv. núv. umhverfisráðherra á sínum tíma hefur ekki dugað sem samkomulagsmál í Ed. Og svo verður að segjast eins og er að kannski hefur ekki verið mikill viljinn hjá stjórnarsinnum að taka tillit til þess sem þar stendur, en þar er lagt til að sektir verði greiddar í gullkrónum. Ég hef tekið eftir því að í núverandi frv. er það ekki einu sinni tekið til greina.

Stórt séð eru hugmyndirnar þær sömu. Það á fyrst

að ákveða aflann, svo á ráðherra að skipta. Það eru sömu hugmyndirnar sem þarna koma fram, að því viðbættu að í frv. sem ég er að tala um, frá hv. 4. þm. Vestf., er gert ráð fyrir því að siglingamálastjóri fái það hlutverk að reikna út hve mikið skip geti veitt. Hefur ábyggilega fyrir mörgum vafist að reikna út minna dæmi en það. En hann skal taka öll skip og reikna þetta út.

Svo kemur þetta frv. til Nd. og þar er nú svo komið að sá sem gekk í Sjálfstfl. í gær er orðinn leiðtogi þeirra í dag því fyrstur skrifar hér Hreggviður Jónsson undir tillöguna um hvernig eigi að standa að þessum málum. Í öðru sæti er svo hv. 1. þm. Vestf. sem löngum hefur verið leiðtogi þeirra í þessum efnum. Það sem þeir leggja til er að hafa af alþingismönnum sumarleyfið. Nú skulu þeir vinna í sumar og svo skal þingið koma saman 3. sept. Ég verð að segja eins og er að ég sé ekki hvernig stærsti stjórnmálaflokkur landsins getur leyft sér að koma ekki með brtt. við svona frv., koma fyrst og fremst annars vegar með rökstudda dagskrá og hins vegar tillögur um vinnubrögð. Að mínu viti er þetta hrein og klár yfirlýsing um það að annaðhvort hafa þeir engar tillögur í þessu máli eða þeir eru í anda sínum sammála þeim breytingum sem verið er að leggja til á frv.

Ef við víkjum svo að þeim efnisatriðum sem hér koma fram frá Kvennalistanum er þar fyrst til að taka að svo virðist sem sveitarfélögin eigi að taka yfir alla stjórn á fiskveiðimálum á Íslandi. Nú er það svo að sveitarfélögin hafa um margt að sýsla og vissulega bera þau ábyrgð á atvinnulífi á sínum svæðum. En ég verð að segja eins og er að ég lít á það sem betri reglu að hafa það til undantekningar að þau stjórni atvinnulífinu en það verði meginreglan. Og í ljósi þess sýnist mér að þau spor sem stigin hafa verið í frv., að hafa það sem undantekningu og öryggisventil að sveitarfélögin komi inn í málin, séu spor í rétta átt. Hitt sporið sé ekki það sem geti talist æskilegt. Ég verð aftur á móti að taka undir það að mér fyndist að hnýta hefði mátt þá hnúta ögn fastara. M.a. skil ég ekki hvers vegna forkaupsréttur við uppboð er ekki hafður með heldur felldur út. Einnig hefði verið eðlilegt að binda það í lögunum að óheimilt væri að gera leigusamninga um skip undir slíkum kringumstæðum þar sem e.t.v. væri hægt að standa þannig að málum að fyrst væri skipið leigt og svo væri öðrum gert ókleift að kaupa og þar með sveitarfélaginu að ganga inn í kaupsamninginn.

Ef við víkjum að þeim hugmyndum sem fram koma í þessum efnum frá Eggert Haukdal verður að segjast eins og er að þar er á ferðinni mikil traustsyfirlýsing til sjútvrh. og varla hægt að styðja nema menn taki á sig þá ábyrgð að lögbinda það hver ráðherrann sé. Nokkurt hik held ég þó að sé á slíku. Engu að síður skal ég viðurkenna að ég hef um margt þá skoðun eins og hann hefur hér að sóknarmark hafi sína kosti þó að því fylgi vissulega annmarkar. Og helstu annmarkarnir eru þeir að miðað við þá stöðu sem við erum komnir í með flotann gengur það ekki upp gagnvart fiskvinnslunni í landi ef fyrst og fremst er beitt hindrunum í sóknartakmörkunum hvenær afli skuli veiddur. Við erum komnir í þá stöðu að ef slíkt yrði sem meginregla og sagt: Þið byrjið að veiða 1. janúar og fáið að veiða ákveðinn skammt fram í mars, þá er hætt við að menn yrðu kannski búnir í marsbyrjun og þá yrði atvinnuleysi í öllum fiskvinnslustöðvum á eftir. Þetta eru vandamálin sem við blasa gagnvart sóknarmarki.

Ég held þess vegna að þó ég verði að taka undir það með hv. 5. þm. Vestf. að honum er að því leyti stillt upp við vegg að þeir hafa ekki tök á því að ráðgast um það við sína umbjóðendur heima í héraði hvort þær breytingar á frv., sem hér er verið að leggja til, séu svo mikið til bóta að réttlætanlegt sé að styðja þær verði menn þó í þessari stöðu að hugleiða það fyrst og fremst: Er verið að breyta núgildandi lögum til betri vegar eða ekki? Ég segi hiklaust: Það er ekki verið að breyta þeim til þess vegar sem ég mundi vilja ef ég mætti því einn ráða. Sá valkostur er ekki til staðar. Spurningin er aftur á móti þessi: Er verið að breyta þeim til betri vegar eða ekki? Og tvímælalaust hlýtur það að verða niðurstaða þess sem fer yfir þessi mál að ýmsir gallar þess kerfis sem nú er og hefur ekki skilað þeim markmiðum sem ætlað var, m.a. að ná því að minnka bilið á milli veiðimöguleikanna og veiðiheimildanna, kerfið hefur ekki gengið upp eins og spámenn þess boðuðu á sínum tíma, en vissir agnúar eru nú sniðnir af. Það er verið að reyna að taka á vissum erfiðum þáttum í þessu kerfi og niðurstaðan er þess vegna tvímælalaust að verði það samþykkt sem hér er lagt til fáum við betri lög en við bjuggum við.

Spurningin er þá þessi: Er það áhættunnar virði að fresta málinu til haustsins og búast við því að þá gerist það að menn verði búnir að vinna enn betur og breyta því á þann veg að fleiri geti við unað? Ég óttast mjög að ef það yrði gert yrði þetta mál tafið og tafið í deildum þingsins. Það yrði ekki hugsað um hagsmuni sjávarútvegsins, það yrði hugsað um þá möguleika fyrst og fremst hvort hægt væri að nota málið með málþófi til að steypa þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Ég tel þess vegna að það sé tvímælalaust skynsamlegri kostur að lögfesta þær hugmyndir sem hér eru. En að sjálfsögðu er hægt á haustdögum þegar þing kemur saman að leggja til breytingar, frv. til breytinga á þeim lögum. Og auðvitað mundi það þá fá sína eðlilegu vinnslurás í gegnum þingið ef menn væru þá, þeir sem nú eru hvað ákafastir í því að leggja á sig þá vinnu í sumar að hugsa málið upp á nýtt og vinna það, tilbúnir með brtt. sem þeir hafa einhvern stuðning við.

Ég verð aftur á móti að segja það eins og er að tvímælalaust er nú í fyrsta skipti viðurkennt að þorpin eigi einhvern rétt. Þau eiga einhvern rétt. Á tveimur stöðum er tekið á þessu í þeim hugmyndum sem liggja fyrir. Annars vegar er tekið á þessu varðandi Hagræðingarsjóðinn þar sem gert er ráð fyrir því að hluta af þeim afla sem hann hefur undir höndum sé hægt að ráðstafa til ákveðinna byggðarlaga ef neyðar-

ástand skapast. Í annan stað er tekið á þessu í frv. sjálfu þar sem lagt er til að sveitarfélögin fái forkaupsrétt við sölu fiskiskipa. Það breytir ekki því að auðvitað geta enn orðið slys í þessum efnum og þá verður að reyna að taka á þeim með breiðari hætti. En ég ætla líka að geta þess að í 16. gr. frv. eru hugmyndir um eftirlit með því kerfi sem verið er að leggja til að verði hér á næstu árum. Þar eru ákvæði sem e.t.v. eiga eftir að hafa það í för með sér að menn sjái að magnið sem veiðist á Íslandsmiðum er kannski meira en það sem talað er um að hafi verið veitt á undanförnum árum. Hér er sett inn það ákvæði að afli skuli veginn á löndunarstað. Hvernig halda menn að hægt hafi verið að standa að því að fylgjast með því hvort afli hafi verið rétt skráður miðað við það eftirlit sem verið hefur þegar ekki var skylda að vigta á löndunarstað heldur áttu menn að vigta þar sem húsin voru? Það getur margt gerst á minni leið.

Ég held þess vegna að einnig það ákvæði að hafa eftirlit með því magni sem verið er að selja upp úr skipum erlendis og að fylgst sé með því hvernig nýtingin er hjá frystitogurunum séu atriði sem skipti verulegu máli.

Herra forseti. Við erum hér í þeirri stöðu að það er legið á hverjum einasta þingmanni um að hann þegi en tali ekki. Ég verð að segja eins og er að mér þykir það nokkuð hart að Nd. Alþingis fái ekki rýmri tíma til að fjalla um þetta mál. Þar hefur þó margt komið til sem ekki var svo gott að hafa vald á. Hins vegar tel ég að í þeirri stöðu sem málið er nú standi ég frammi fyrir tveimur kostum. Annars vegar að bera ábyrgð á því að það kerfi sem er verði framlengt óbreytt eða þá að hér verði engin stjórn fiskveiða, sem ég hygg nú að enginn ábyrgur maður treysti sér til að bera ábyrgð á. Ellegar hitt að breyta því sem hér er verið að leggja til til betri vegar, þó ekki náist að fullu þau markmið sem ég tel æskileg. Í þeirri stöðu sýnist mér sá kostur vænlegri að styðja þær breytingar sem hér eru og verja þær heima í héraði. Það verður þá auðna að ráða hvernig fer. En ég get sagt eins og hv. 5. þm. Vestf., mér hefur ekki gefist það ráðrúm sem ég hefði þurft til þess að fara með þær hugmyndir sem komu frá Ed. í þessu máli heim í hérað til að átta mig á þeim viðhorfum sem þar ríktu og þeim vilja sem væri til staðar í þeim efnum, hvort menn vildu að hér yrði stuðlað að því að breyta á þennan veg sem er tvímælalaust til bóta eða hvort menn segðu: Þessi jákvæða framþróun er svo lítil að ekki er hægt að sætta sig við hana á nokkurn hátt og við munum þess vegna ekki una henni.

Ég tel að áfram þurfi að vinna í þessum málum. Það skulu vera mín seinustu orð hér. Og það sem menn þurfa að gera númer eitt, tvö og þrjú í sumar er að setjast niður og hugleiða fiskvinnslustefnu fyrir þetta land, því það er hárrétt sem komið hefur fram hjá Kvennalistanum, ef það verður ekki gert blasir við atvinnuleysi, verulegt atvinnuleysi í landinu. Og þá gætum við e.t.v. staðið frammi fyrir sömu dæmunum og rakin eru í þeirri ágætu bók eftir John Steinbeck, Þrúgum reiðinnar, að tæknin yrði okkur ekki að öllu leyti til góðs.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávísunartillaga á þskj. 1283 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SP, SighB, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, EH, FrS, GHH, HJ.

nei: JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, StH, SJS, AS, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, ÁrnG.

SV greiddi ekki atkvæði.

4 þm. (IBA, MB, AðB, FÞ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 24:3 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1263,1 felld með 20:5 atkv.
3. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 1263,2 felld með 21:4 atkv.
4. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 1263,3.A felld með 21:4 atkv.

Þórhildur Þorleifsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Nú hefur tillaga Kvennalistans um að úthluta skuli 80% heildarafla til byggða landsins og íslensku þjóðinni þannig meinað að eiga aðild að stjórnun og nýtingu þeirra aðilda sem lögum samkvæmt er þó hennar, verið felld. Hefur Alþingi þar með staðfest að einstaklingum skuli gert kleift að ráðskast með og hagnast af sameign allra landsmanna. Með því að þessi tillaga hefur verið felld er óþarfi að greiða atkvæði um aðrar brtt. Kvennalistans þar sem þær tengjast þessari sem nú hefur verið felld.

Brtt. 1263,3.A–22 komu ekki til atkvæða.
5.–6. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 1264,1 felld með 21:1 atkv.
7.–9. gr. samþ. með 21:3 atkv.

Brtt. 1264,2 felld með 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, SV.

nei: JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, StH, SJS, AS, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, ÁrnG.

HJ, KrP, KE, MálmS, ÓE, SP, SighB, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, EH, FrS, GHH, HG greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (IBA, MB, MÁM, PJ, AðB, FÞ) fjarstaddir.

Stefán Valgeirsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þar sem fram hefur komið sú jafnréttistilfinning hér í þingsölum, þá eru þær tillögur sem ég hef flutt hér sem eftir eru sjálffallnar.

10. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 1264,3–5 komu ekki til atkvæða.
11. gr. samþ. með 21:4 atkv.
12.–23. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Ákv. til brb. I–VI samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 1269 felld með 22:2 atkv.
Ákv. til brb. VII–VIII samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 1189, n. 1272 og 1282, frávt. 1284.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Nefndin hefur fjallað um frv. á þremur fundum. Nefndin kynnti sér þetta frv. allítarlega, ekki bara á þessum fundum, fátt sem kom henni á óvart þar, sérstaklega þó þær breytingar sem efnislega voru gerðar á því í meðförum Ed.

Þær efnislegu breytingar sem gerðar voru í meðförum Ed. eru í raun einungis þrjár til fjórar, þ.e. ný grein sem fjallar um hið nýja, tvíþætta hlutverk sjóðsins, ný grein sem fjallar um hvernig skuli úthluta aflaheimildum og hvað skuli vera hámark þeirra aflaheimilda sem renna til þessa sjóðs, og í þriðja lagi hvernig sjóðurinn hagar sér við það mikilvæga hlutverk að veita aðstoð til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum er höllum fæti standa. Þetta eru allt saman breytingar sem ég held að allflestir nefndarmenn hafi tekið undir og gátu verið sammála meira og minna þótt ekki skrifi allir undir þetta nál.

Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjútvrn., kom og starfaði með nefndinni. Nefndarmenn hafa einnig kynnt sér þær umsagnir sem bárust um frv., en þær komu frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Samtökum fiskvinnslustöðva og Sjómannasambandi Íslands.

Það má því segja að þarna voru mikilvægustu hagsmunasamtök landsins á ferðinni. Miklu fleiri hafa komið nálægt þessu frv. og látið í ljós sitt álit.

Þórhildur Þorleifsdóttir og Stefán Valgeirsson, og um tíma varamaður Stefáns Jóhann A. Jónsson, sátu fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Meiri hl. nefndarinnar telur að breytingar þær sem gerðar voru á frv. í meðförum Ed. séu til bóta og til þess fallnar að tryggja betur trausta atvinnu og jafna búsetu um land allt. Leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Undir þetta álit skrifa Alexander Stefánsson, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. sjútvn. á þskj. 1282 um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frv. þetta er svo nátengt frv. um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nál. 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans.

Minni hl. leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Á þskj. 1284 er svohljóðandi frávísunartillaga um þetta efni:

„Deildin samþykkir að fela sjútvrh. að kalla saman í sumar þá alþingismenn sem sæti eiga í sjávarútvegsnefndum Alþingis til þess að fjalla um frv. það sem hér liggur fyrir og vísar dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar."

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þó efni þessa frv. og þær brtt. sem ríkisstjórnin lagði fram við það séu í anda þess sem Kvennalistinn hefur látið frá sér fara um fiskveiðimál höfum við ýmislegt að athuga við efni frv. og málsmeðferðina alla.

Markmið frv., eins og það var lagt fram, er einkum þríþætt:

1. Að draga úr afkastagetu fiskiskipastólsins.
2. Að koma í veg fyrir að úrelt og gömul fiskiskip séu endurnýjuð með mun afkastameiri fiskiskipum.
3. Að sjóðurinn eignist kvóta fiskiskipa eftir ákveðnum reglum. Þeim kvóta má síðan úthluta að hluta til til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir áföllum sem, eins og það er orðað, „valda straumhvörfum í byggðarlaginu".

Það er athyglisvert að þessi hugsanlegu áföll eru helst afleiðing núverandi fyrirkomulags á stjórnun fiskveiða og þess sem verið er að leggja til að haldið verði áfram, þ.e. ef skip eru seld úr byggðarlögum og eftir stendur byggðarlagið hugsanlega án atvinnu og bjargar. Þannig er ríkisstjórnin að leggja til plástur á þau sár sem hún mun valda í byggðarlögum.

Þó er það svo að með þessu frv. og með þessum brtt. örlar á viðurkenningu á þeim sjónarmiðum sem við kvennalistakonur höfum haldið fram og flutt tillögur um, þ.e. að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu og að ekki sé sjálfgefið að úthluta veiðiheimildum ókeypis til einstaklinga og útgerðarfélaga sem geta hagnast um tugi eða hundruð milljóna á óveiddum fiski sem lögum samkvæmt er sameign íslensku þjóðarinnar.

Í þessu frv. felst þó engin framtíðarlausn á vanda byggðarlaga, það er aðeins verið að lagfæra einstök atriði. En það gildir kannski hér eins og í mörgu öðru að maður verður að láta sér nægja litlu, veiku sporin fyrst. Með þessu frv. er verið að tengja það frv. til laga um fiskveiðistefnuna órjúfanlegum böndum, fyrst og fremst í því skyni að jafna ágreining innan ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða.

Við teljum að þessi úrræði séu ekki nógu sterk og að þau tryggi í rauninni ekki þau markmið sem þó liggja að baki frv. Það kann hins vegar vel að vera að þetta sé eina úrræði ríkisstjórnarinnar, eða hafi verið, til þess að þoka frv. til laga um fiskveiðistjórnun í gegnum þingið. Í ljósi þess, ef sú er raunin, og þeirra staðreynda að þetta frv. er mikilvægur þáttur þeirrar fiskveiðistefnu sem við kvennalistakonur höfum hafnað sterklega þá munum við ekki veita þessu frv. stuðning okkar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávísunartillaga á þskj. 1284 felld með 21:11 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

91. fundur, laugardaginn 5. maí, kl. 7.30 síðdegis.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, ein umr.

Stjfrv., 519. mál (heildarlög). — Þskj. 1309 (sbr. 1260).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1315).

Raforkuver, 3. umr.

Stjfrv., 524. mál (stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.). — Þskj. 1098.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1314).

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarlög). — Þskj. 1200.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Forseta er nokkur ami að því, hann verður að segja það, að láta þessa atkvæðagreiðslu fara fram á meðan nefndarfundur stendur í hv. iðnn. Hann getur eiginlega ekki réttlætt það fyrir sjálfum sér og vill nú gera smáhlé á þessum fundi. (Gripið fram í.) Ég hef ákveðið að gera hlé á þessum fundi og athuga hvernig stendur á með hv. iðnn. — [Fundarhlé.]

Frv. samþ. með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, ÞSk, RG, StH, SJS, AS, ÁHE, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, ÁrnG.

nei: KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SighB, ÞP, ÞÞ, AÓB, BÍG, FrS, GHH, HJ.

SP, SV greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (MB, AðB, EH, FÞ, IBA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, sem raunar hefur ekki farið fram hjá mörgum, að hv. 1. þm. Vestf. er fjarstaddur þessa atkvæðagreiðslu og eins atkvæðagreiðsluna eftir 2. umr. Hér er um mann að ræða sem hefur farið í forustu síns flokks í sjávarútvegsmálum, verið ráðherra þess flokks lengi og ávallt notið mesta álits. Það gerðist hins vegar eftir þingflokksfund flokksins í dag að hann féll frá því að taka þátt í umræðum um stjórn fiskveiða við 2. umr. og gekk af þingfundi og hefur ekki komið hér síðan. (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. ræðumanns á því að hann er að gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Virðulegi forseti. Um leið og ég segi nei við þessa atkvæðagreiðslu vil ég vekja athygli á því sem ekki verður misskilið að með þessu háttalagi er hv. þm. að mótmæla afgreiðslum sem farið hafa fram í þingflokki Sjálfstfl. Ég segi nei.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur ekki fengið þinglega meðferð og ég mun gera eins og hv. 1. þm. Vestf. hefði gert ef hann hefði átt þess kost að vera hér í kvöld. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þau undur og stórmerki hafa hér gert að tveir þingmenn hafa staðið upp og litið á það í sínum verkahring að gera grein fyrir afstöðu 1. þm. Vestf. í þessari atkvæðagreiðslu. Nú ætla ég að æra hans sé best geymd með því að svo sé álitið að þeirra umsögn falli dauð og ómerk en til þess verði vitnað sem hann hefur talað hér í þessari umræðu um þetta mál og komið hefur fram í því áliti sem hann hefur undirritað.

Ólafur G. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þingflokkur sjálfstæðismanna tók þá einu ákvörðun í þessu máli að vera andvígur því.

Hver af hv. þm. trúir því að hv. þm. Matthías Bjarnason hafi haft einhverja aðra afstöðu? Ég mótmæli orðum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þegar hann var að gera grein fyrir atkvæði sínu hér áðan.

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Ég efast ekki um hver er afstaða hv. 1. þm. Vestf. Ég vek athygli á því að fjarvera hans við atkvæðagreiðsluna er ekki tilviljun.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1316).

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál. — Þskj. 1189.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:13 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1317).

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 2. umr.

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 1235, n. 1293.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð og liggur álit nefndarinnar fyrir á þskj. 1293.
Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Friðjón Þórðarson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn standa að álitinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 576. mál (tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga). — Þskj. 1238, n. 1304.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1304 um frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum fyrir hönd félmn.
Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed.
Undir þetta álit skrifa allir nefndarmenn.

Hreggviður Jónsson:
Hæstv. forseti. Það er grundvallarregla í íslensku réttarfari að ekki eigi að leyfa veðsetningu á sköttum og tekjum fram í tímann. Það er í rauninni hneyksli að samþykkja slíkt hér á Alþingi Íslendinga sem hefur þau áhrif að stjórnir sveitarfélaga geta með þessum hætti veðsett tekjur sveitarfélagsins, jafnvel mörg ár fram í tímann. Með þessu geta þau bundið íbúa og komandi sveitarstjórnir á skuldaklafa sem er til kominn vegna lélegrar fjármálastjórnar fyrri sveitarstjórna. Það er ósvinna að setja slík lög því að ef stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga treystir sér ekki til að lána sveitarfélagi án veðs í óinnheimtum sköttum og tekjum er sveitarfélagið gjaldþrota.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24:5 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (sjóðfélagar). — Þskj. 940, n. 1305.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Í frv. til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þskj. 940 er kveðið nánar á um hverjir skuli hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Í nál. sem fyrir liggur á þskj. 1305 segir svo:
„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Nefndin telur rétt að fram komi að hún álítur einsýnt að skákmeistarar, er launa njóta samkvæmt nýsettum lögum um launasjóð stórmeistara í skák, eigi réttindi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eins og tekið er fram í þeim lögum. Nefndin telur því ekki ástæðu til að bæta þeim inn í upptalningu í 1. gr. frv.“
Undir þetta rita auk mín Þórhildur Þorleifsdóttir, Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Þórður Skúlason, Jón Sæmundur Sigurjónsson með fyrirvara og Guðmundur G. Þórarinsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Þetta frv. lýtur að því að veita nokkrum starfshópum lagalegan rétt til þess að vera aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Minn fyrirvari felst í því að þetta hnoð væri eiginlega ónauðsynlegt ef tekið hefði verið fyrir og samþykkt frv. til laga sem ég flutti á þessu þingi. Það frv. laut að því að mönnum sé frjálst að velja sér hvar þeir kaupa sér þau réttindi að taka lífeyri í ellinni. Í greinargerð með því frv. segir, með leyfi forseta:

„Verstu ágallar núverandi kerfis eru þó þeir að fólkið á ekkert val. Það er háð tilviljun starfsferils þess hvaða laun það hlýtur í ellinni því að hverjum og einum launamanni er gert það að skyldu að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns og verður hann þá að hlíta því eins og hluta af sínum kjörum að lífeyrissjóður hans sé öðruvísi en annarra. Í þessu felst töluvert ranglæti þegar menn eru í raun að kaupa sér þessi réttindi, að þeir fá ekki að ráða hvað þeir kaupa."

Það getur komið þannig út að menn greiði á sama árabili sömu upphæð í iðgjöld en hljóti síðan mismunandi lífeyri að lokum.

Það var þetta sem ég vildi gera fyrirvara við, að það þurfi sérstakt hnoð til að koma sérstökum starfshópum með lögum inn í sérstakan lífeyrissjóð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, 2. umr.

Frv. GA og DS, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 1134, n. 1306.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 1306 um frv. til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess eins og það liggur fyrir á þskj. 1134 að lokinni afgreiðslu Ed.

Eggert Haukdal var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Aðrir nefndarmenn rita undir þetta nefndarálit.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Flokkun og mat á gærum og ull, 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 1231, n. 1307.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. um frv. til laga um flokkun og mat á gærum og ull.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem Ed. gerði á því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Umferðarlög, 2. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 918, n. 1297, brtt. 1298.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt með einni breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Er það gert til að taka af allan vafa um að ákvæðið nái ekki til farþega í aftursæti leigubifreiða.

Friðjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Guðni Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Ingi Björn Albertsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1298 samþ. með 24:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:10 atkv.
2. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

NEÐRI DEILD

92. fundur, laugardaginn 5. maí,
að loknum 91. fundi.

Umferðarlög, 3. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 521. mál (öryggisbelti). — Þskj. 1318.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nú svo að stjórnarskráin gerir ráð fyrir því að ein lög séu í gildi og jafnræði á milli þegnanna. Óneitanlega kemur það dálítið undarlega fyrir ef hér á að lögleiða það að sumir farþegar á Íslandi eigi að vera í öryggisbeltum en aðrir þurfi ekki að vera í öryggisbeltum í sams konar bílum á sams konar vegum á sams konar ferð með hliðstæðum bílstjórum. Ég verð að segja eins og er að ég næ ekki þessari hagspeki, ég hreinlega næ henni ekki. Og þó að ég sitji nú uppi með það þegar björtust er nóttin að þurfa að nota ljós vegna þess að menn voru orðnir svo miklir — hvað eigum við að segja, Norðurlandaþjóðasinnar, að þeir lærðu það úti í Svíþjóð að það ætti að vera ljós hvort sem sólin skini eða ekki. Og svo þegar Svíarnir breyttu þá gleymdu Íslendingar að fara af stað aftur og breyta á nýjan leik. Mér skilst að við séum að verða þeir einu í þessum volaða heimi sem ekki sjá sólina en nota ljós þegar albjart er. Og núna taka menn sig til og breyta frv. sem þó gerði ráð fyrir því að það væri jafnræði meðal þegnanna, menn skyldu allir bundnir í aftursætum hvort sem þeim líkaði betur eða verr, og snúa því þannig að þetta eigi að vera þeim atvikum háð hvort menn séu í leigubíl eða öðrum.

Vel má vera að búið sé að semja um það að hér sé ekki talað, hvað sem mönnum dettur í hug að samþykkja. (Gripið fram í.) Hér kemur athugasemd frá forseta Sþ. um þá einu undanþágu sem náttúrlega hefði gjarnan mátt vera hérna en engum hefur hugkvæmst að láta sér detta í hug og auðvitað verður forseti Sþ. til að koma því á framfæri. En kannski er það ekki skortur á öryggi sem þar er aðallega til umræðu.

Ég lýsi andstöðu minni við svona afgreiðslu eins og hér hefur komið fram en ég ætla ekki að standa hér í málþófi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18:4 atkv. og endursent Ed.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 3. umr.

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 1235.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1319).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 576. mál (tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga). — Þskj. 1238.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1320).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 543. mál (sjóðfélagar). — Þskj. 940.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1321).

Öryggi á vinnustöðum, 3. umr.

Frv. GA og DA, 411. mál (vinna barna og ungmenna). — Þskj. 1134.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1322).

Flokkun og mat á gærum og ull, 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 1231.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1323).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Árni Gunnarsson):

Nú er komið að starfslokum í hv. þingdeild. Þetta er síðasti fundur deildarinnar. Af því tilefni leyfi ég mér að þakka hv. þingdeildarmönnum ágætt samstarf og ánægjulegar samvistir á þessu þingi. Ég þakka sérstaklega varaforsetum mikilvæga aðstoð við mig, svo og skrifurum deildarinnar. Skrifstofustjóra og starfsliði þingsins öllu þakka ég störf og samstarf við mig.

Ég óska þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra allra heilla og velfarnaðar á komandi sumri, sem raunar er komið, og ég óska þeim einnig góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingmanna vil ég þakka forseta góðar óskir okkur til handa. Ég vil enn fremur þakka forseta fyrir hönd okkar þingmanna hv. Nd. góða, réttláta og röggsama fundarstjórn og ánægjulegt samstarf.

Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þökkum við einnig fyrir vel unnin störf. Starfsfólk allt hefur lagt á sig ómælda vinnu og vökunætur og sinnt störfum sínum af kostgæfni og tillitssemi við þingmenn oft við erfiðar aðstæður.

Við færum forseta og fjölskyldu hans, starfsfólki og fjölskyldum þess óskir um gott og gleðilegt sumar. Megum við öll hittast heil að hausti. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Árni Gunnarsson):

Ég þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð í minn garð. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þingdeildarmanna og vænti þess að þeir eigi gott sumar og að við megum hittast hér ef auðið verður á næsta hausti. Og ég endurtek þakkir mínar til allra hv. þingdeildarmanna fyrir mjög ánægjulegt samstarf.

SAMEINAÐ ÞING

87. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum deildafundum.

Íslensk heilbrigðisáætlun, frh. síðari umr.

Stjtill., 145. mál. — Þskj. 149, n. 1164.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1164 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv.

Jarðgöng á Vestfjörðum, frh. síðari umr.

Stjtill., 509. mál. — Þskj. 892, n. 1106, brtt. 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1107 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj 1325).

Tekjur og stjórnkerfi smáríkja, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁHE, 212. mál. — Þskj. 254, n. 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1105 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 39 shlj. atkv.

Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁHE, 23. mál. — Þskj. 23, n. 1144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Greidd voru atkvæði um till. í nál. 1144 um að fella till., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, ÞP, ÞK, ÞÞ, AS, AÓB, ÁrnG, BÍG, DS, EgJ, SGH, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, HG, HJ, JE, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KrP, KE, MF, MálmS, ÓE, PP, PJ, ÞSk, SalÞ, SighB, StG, StH, SJS, SvG, GHelg.

nei: ÁHE.

GuðmÁ, ÓÞÞ, ÓÞG, SkA, SV greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (AðB, EH, FÞ, GA, IBA, JóhS, KSG, KP, MB, MÁM, RG, SP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér er ekki að öllu leyti ljóst hvað það er sem verður niðurstaðan ef þetta verður samþykkt eða fellt því að hér eru greidd um það atkvæði hvort leggja skuli til ákveðna hluti. Og þegar samþykkt hefur verið að leggja þá til hlýtur á það að reyna hvort eftir þeirri tillögu verður farið. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist mál vera að skipast þannig að hér sé að eiga sér stað atkvæðagreiðsla á þann hátt sem sérstök er í þingsögunni á síðustu árum að meginhluti þingheims standi sameinaður um að greiða atkvæði sem varða hernámsliðið eða svokallað varnarlið. Ég held þess vegna að hér séu menn að greiða atkvæði sinn frá hvorri forsendu. Ég treysti mér því ekki til þess að taka afstöðu í þessu máli og greiði ekki atkvæði.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki til að það þurfi að vera neinn misskilningur um það sem hér eru greidd atkvæði um. Ég er sammála tillögu utanrmn. og reyndar þakklátur fyrir hana og í raun þakklátur flm. hinnar upphaflegu þáltill. fyrir það eitt að gefa mér færi á því að taka þátt í því að fella þessa tillögu hér á Alþingi. Ég segi því já og styð tillögu utanrmn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda á vegna athugasemda sem heyrast hér utan úr sal að það er alveg skýrt í nál. að nefndin leggur til að tillagan verði felld.

Friðrik Sophusson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. Alþingi hafi samþykkt nál. og tel rétt að senda það til hæstv. ríkisstjórnar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þess vafa sem hér er upp kominn og áður en frekari umræður hefjast um þingsköp óskar forseti nú eftir þriggja mínútna hléi til að bera sig saman við aðra forseta og embættismenn þingsins. — [Fundarhlé.]

Forseti hefur borið þetta mál undir embættismenn þingsins og mun það rétt vera að eðlilegra hefði verið að bera tillöguna sjálfa upp til atkvæða og mun forseti því gera að engu hina fyrri atkvæðagreiðslu og bera tillöguna upp eins og hún var upphaflega lögð fram. Biðst forseti afsökunar á þessu þar sem forseti áttaði sig ekki á að það var ekki einróma tillaga um að tillagan yrði felld heldur er þetta meirihlutaálit.

Tillgr. felld með 50:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁHE.

nei: ÞÞ, AS, AÓB, ÁrnG, BÍG, DS, EgJ, SGH, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GB, GHG, GGÞ, HÁ, HBl, HG, HJ, JE, JóhS, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KrP, KE, MF, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, ÞSk, RG, SalÞ, SighB, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞK, GuðnÁ, GHelg.

GuðmÁ, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (AðB, EH, FÞ, GA, IBA, JBH, KSG, KP, MB, SP) fjarstaddir.

Tillagan þar með fallin.

Skólamáltíðir, frh. síðari umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 166. mál. — Þskj. 183, n. 1157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1157 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 43 shlj. atkv.

Útreikningur þjóðhagsstærða, frh. síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 142. mál. — Þskj. 146, n. 1158, brtt. 1159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1159,1 (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1159,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 44:1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1326) með fyrirsögninni:

Þál. um nýjar aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða.

Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, frh. síðari umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 63. mál. — Þskj. 63, n. 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1160 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 40:2 atkv.

Nám fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla, frh. síðari umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 226. mál. — Þskj. 288, n. 1161, brtt. 1162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1162,1 (ný tillgr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1162,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 44 shlj. atkv.
Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1327) með fyrirsögninni:
Þál. um námsaðstöðu fyrir fatlaða í heimavistarskólum.

Lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi, frh. síðari umr.

Þáltill. RG o.fl., 365. mál. — Þskj. 626, n. 1163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1163 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 44:2 atkv.

Fræðsla fyrir útlendinga búsetta á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. DS o.fl., 299. mál. — Þskj. 535, n. 1182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1182 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 44:2 atkv.

Fjáraukalög 1988, frh. 2. umr.

Stjfrv., 373. mál. — Þskj. 641, n. 1137, 1151 og 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. GHH o.fl., 168. mál. — Þskj. 190, n. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1196 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 31:6 atkv.

Efling löggæslu, síðari umr.

Þáltill. GHG o.fl., 181. mál. — Þskj. 204, n. 1242.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1242 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 40:1 atkv.

Fjáraukalög 1990, frh. 2. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 677, n. 1154, 1183 og 1202, brtt. 1167, 1174, 1206, 1207, 1230, 1249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1230,1.a–b samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1167,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1230,2 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1167,2 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Í umræðum sl. nótt skoraði hæstv. iðnrh. á mig að kalla brtt. 1249 aftur þar sem hætt væri við að hæstv. ríkisstjórn gæti ekki endurgreitt uppsafnaðan söluskatt ef tillagan félli. Ég hlýt að sjálfsögðu að harma að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki á þessari stundu vera tilbúin til að staðfesta annars vegar fyrri fyrirheit sín um niðurfellingu jöfnunargjalds á miðju þessu ári og hins vegar rétt iðnaðarfyrirtækja til að fá endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt vegna framleiðslu sl. árs með sama hætti og gert hefur verið frá því að lög um iðnaðargjald voru sett. Ég tel að áskorun hæstv. iðnrh. jafngildi yfirlýsingu um vilja hans til að fá efnisatriði tillögunnar afgreidd í hæstv. ríkisstjórn. Í trausti þess að honum verði ágengt kalla ég tillöguna aftur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Nú þegar virðisaukaskattur hefur leyst söluskattinn af hólmi fer fram á vegum ríkisstjórnarinnar rækileg athugun á því hvernig best verði staðið að sanngjörnu lokauppgjöri á því kerfi jöfnunargjalds á innfluttar iðnaðarvörur og endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til íslensks iðnaðar sem hefur gilt í meira en áratug. Þar sem niðurstaða

liggur ekki fyrir úr þessari athugun er ekki tímabært að taka afstöðu til málsins nú. Það er mikilvægt að afgreiðsla þessa sérstaka fjáraukalagafrv. vegna kjarasamninga 1990 sem hér eru greidd um atkvæði verði hvorki til að tefja né torvelda lausn þessa máls. Á þeim málefnum sem hreyft er með brtt. á þskj. 1249 verður tekið í almennum fjáraukalögum fyrir árið 1990 síðar á þessu ári. Ég fagna því ákvörðun hv. 1. þm. Reykv. að kalla brtt. aftur.

Brtt. 1249 kallaðar aftur.
Brtt. 1174,1–2 felld með 27:13 atkv.
Brtt. 1207,1.a kom ekki til atkvæða.
Brtt. 1206 samþ. með 29:8 atkv.
Brtt. 1174,3–4.e felld með 31:8 atkv.
Brtt. 1230,3 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1174,4.f–n felld með 29:7 atkv.
Brtt. 1167,3.a samþ. með 33:1 atkv.
Brtt. 1174,4.o–8 felld með 30:4 atkv.
Brtt. 1167,3.b samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1174,9.a–b felld með 29:8 atkv.
Brtt. 1167,4 samþ. með 33:3 atkv.
Brtt. 1174,9.c felld með 30:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GHG, HBl, HG, KrP, KE, MÁM, MálmS, ÓE, PJ.

nei: SighB, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, SGH, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, GHelg.

ÞSk greiddi ekki atkvæði.

13 þm. (SalÞ, AðB, ÁHE, EH, EgJ, FÞ, GA, HJ, IBA, KSG, KP, MB, SP) fjarverandi.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um þá tillögu 1. minni hl. sem fjallar um það að fella niður úr frv. hæstv. ríkisstjórnar niðurskurð á fé til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 8 millj. kr. Fé til Framkvæmdasjóðsins var skert mjög alvarlega við afgreiðslu fjárlaga og það svo að það lamar starfsemi sjóðsins að verulegu leyti. Þrátt fyrir það lætur hæstv. ríkisstjórn og meiri hl. hér á hinu háa Alþingi sér sæma að vega enn í þennan sama knérunn. Til viðbótar hefur það gerst varðandi þennan sjóð að ákveðin var fjárveiting til sjóðsins fram hjá lögum um sjóðinn sem úthlutað var án þess að sjóðstjórnin fengi um það að fjalla, fé sem átti að verja í framkvæmdir á Suðurnesjum og e.t.v. annars staðar, e.t.v. einhvers konar pólitískt dúsufé úr því að það mátti ekki lúta lögum um sjóðinn varðandi úthlutun. Ég tel það mjög alvarlegt að skerða enn þennan sjóð og segi þess vegna já við þessari tillögu.

Brtt. 1207,1.b kom ekki til atkvæða.
Brtt. 1174,10–11 felld með 28:15 atkv.
Brtt. 1207,1.c felld með 30:17 atkv.
Brtt. 1174,12–14.c felld með 29:12 atkv.
Brtt. 1167,5 samþ. með 28:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, AS, ÁrnG, SGH, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JúlS, MF, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, GHelg.

nei: ÞP, ÞK, ÞÞ, AÓB, BÍG, DS, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHG, HBl, HJ, KrP, KE, MálmS, ÓE, PJ, SalÞ.

JSS, ÞSk, SV greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (AðB, ÁHE, EH, FÞ, GeirG, GA, IBA, KSG, KP, MB, MÁM, SP, SkA) fjarverandi.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um þá tillögu meiri hl. og hæstv. ríkisstjórnar að skera niður fé til hafnarmannvirkja á þessu ári um 25 millj. kr. Þar er Akranes 2,3 millj., Siglufjörður 11,4 millj., Grenivík 8 millj. og Reyðarfjörður 3,3 millj. 1. minni hl. fjvn., við fulltrúar Sjálfstfl., höfum lagt til að þessi niðurskurðarliður verði felldur niður og við höfum, eins og fram kom bæði í nál. og í ræðu minni sl. nótt, lagt til niðurskurð annars staðar í ríkisfjármálum sem gerir meira en að vega upp á móti þeim liðum sem við viljum láta fella niður úr tillögu ríkisstjórnarinnar þannig að ríkissjóður hagnast á því ef tillögur okkar hefðu verið samþykktar. Ég segi nei.

Brtt. 1174,14.d–17 felld með 31:16 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1207,2 felld með 33:17 atkv.
4.–5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1167,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

88. fundur, laugardaginn 5. maí, að loknum 87. fundi.

Fjáraukalög 1988, 3. umr.

Stjfrv., 373. mál. — Þskj. 641.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1329).

Fjáraukalög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 1328.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1330).

SAMEINAÐ ÞING

89. fundur, laugardaginn 5. maí,
kl. 22.15 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég mun fara hér yfir stutt yfirlit yfir störf 112. löggjafarþings. Þingið stóð yfir frá 10. okt. til 22. des. 1989 og frá 22. jan. til 5. maí 1990, alls 178 daga. Þingfundir hafa verið haldnir eins og hér segir:

Í Nd.	92
Í Ed.	104
Í Sþ.	89
Alls	285

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 205. Stjórnarfrumvörp voru 113 og þingmannafrumvörp voru 92.

a. Lögð voru fyrir Nd.	120
b. Lögð fyrir Ed.	80
c. Lögð fyrir Sþ.	5
Alls	205

75 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 38.

15 þingmannafrumvörp urðu að lögum, 12 var vísað til ríkisstjórnarinnar en 65 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 205 frumvörpum urðu alls 90 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 125.

a. Stjórnartillögur	13
b. Þingmannatillögur	112
Alls	125

31 tillaga var samþykkt sem ályktanir Alþingis, 12 var vísað til ríkisstjórnarinnar, 80 óútræddar og 2 felldar.

Skýrslur voru samtals 22.

a. Beiðni um skýrslur ráðherra	5
b. Aðrar skýrslur lagðar fram í Sþ.	17
Alls	22

Öllum beiðnum um skýrslur ráðherra var svarað með skýrslum.

Fyrirspurnir. Í Sþ. voru bornar fram 230 fyrirspurnir. Allar voru fyrirspurnir þessar afgreiddar nema 10.

a. Munnlegar fyrirspurnir	158
Svarað	151
b. Skriflegar fyrirspurnir	72
Svarað	69

Alls voru til meðferðar í þinginu 582 mál. Þar af voru 372 afgreidd og tala prentaðra þingskjala var 1330. Er víst lítill vafi á því að aldrei hefur verið jafnmikill málafjöldi á einu þingi.

Síðar í þessum mánuði, 20. maí, er þess að minnast að þá verða liðin 150 ár frá því að Kristján VIII., konungur í Danmörku, þá nýkominn til valda að Friðriki VI. látnum, gaf út úrskurð um endurreisn Alþingis á Íslandi. Undanfari þessarar ákvörðunar konungs var stofnun stéttaþinga suður í Evrópu og síðan ráðgefandi fulltrúaþinga í ríki Danakonungs þar sem fulltrúum Íslendinga var ætluð seta á þingi í Hróarskeldu. Íslendingar sættu sig lítt við þá skipan, vildu þing á Íslandi. Kunnastir forvígismanna þess eru Baldvin Einarsson, Fjölnismenn og síðan Jón Sigurðsson. Á Íslandi var safnað undirskriftum víða um land undir bænaskrár til konungs um þing á Íslandi og íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn báðust hins sama.

Í úrskurði konungs 20. maí 1840 er embættisnefndinni svonefndu, nefnd tíu íslenskra embættismanna ásamt stiftamtmanni, falið að ráðgast um hvort ekki muni vel til fallið að stofna ráðgjafarþing á Íslandi og láta þar eiga setu menn þá er landsmenn hafa sjálfir kjörið auk nokkurra manna tilnefndra af konungi. Einkum eiga þeir vel að því að hyggja hvort ekki sé réttast að nefna fulltrúaþingið Alþing og eiga það á Þingvöllum eins og Alþing hið forna.

Þessum boðskap konungs var fagnað mjög á Íslandi. Jónas Hallgrímsson lagði konungi orð í munn í kvæði sínu um Alþing hið nýja og segir þar:

Frelsi vil ég sæma
framgjarnan lýð,
ættstóran kynstaf
Ísafoldar.

Ríða skulu rekkar,
ráðum land byggja,
fólkdjarfir fyrðar
til fundar sækja,
snarorðir snillingar

að stefnu sitja,
þjóðkjörin prúðmenni
þingsteinum á.

Svo skal hinu unga
alþingi skipað
sem að sjálfir þeir
sér munu kjósa.
Gjöf hef ég gefið
gagni sú lengi
foldu og fyrðum
sem ég fremst þeim ann.

Björtustu vonir þeirra sem fögnuðu mest hinu nýja Alþingi rættust að vísu ekki á næstunni. Hér var þó stigið fyrsta skrefið að endurreisn Alþingis á Íslandi, lögð drög að stofnun ráðgjafarþings sem öðlaðist fullt löggjafarvald síðar meir. Þess ber að minnast.

Hinn 8. mars 1843 gaf konungur út tilskipun um stofnun Alþingis og voru þar ákvæði um tölu þingmanna, kosningarrétt og kjörgengi, kjördæmaskipun, meðferð mála á þinginu og fleira. Á Alþingi skyldu sitja 20 þjóðkjörnir þingmenn kosnir til sex ára og 6 konungkjörnir þingmenn. Þingið skyldi haldið í Reykjavík annað hvert ár. Hið fyrsta Alþingi kom síðan saman 1. júlí 1845.

Í tilefni þessara minningadaga í sögu Íslendinga og Alþingis hafa forsetar þess falið doktor Aðalgeiri Kristjánssyni að semja rit um aðdragandann að endurreisn Alþingis og um störf Alþingis að þjóðfrelsismálum fram yfir Þjóðfundinn 1851. Stefnt er að því að ritið komi út í marsmánuði 1993 þegar 150 ár verða liðin frá útgáfu tilskipunar um stofnun Alþingis.

Þá er þess einnig að minnast að á yfirstandandi ári eru 75 ár liðin síðan íslenskar konur fengu kosningarrétt. Mun afmælisins verða minnst á margvíslegan hátt og m.a. hefur verið leyft að Alþingishúsið verði opið þeim konum sem það vilja sækja heim hinn 19. júní nk.

Ekkert starfandi þjóðþing í veröldinni á sér lengri sögu en Alþingi Íslendinga. Þá sögu ber að hafa í heiðri. Hún er og á að vera þjóðarstolt okkar Íslendinga. En sú saga er því aðeins einhvers virði núlifandi kynslóðum að menn skipi þinginu þann sess í raunveruleika líðandi stundar sem það hefur haft í sögu þeirra kynslóða sem gengnar eru. En því eru svo augljós sannindi hér við orð höfð að engu er líkara en þjóðþingið eigi nú í vök að verjast. Lítt grunduð orð eru um það höfð og störf þingmanna höfð í flimtingum. Aukin tækni í fjölmiðlun hefur fært störf þingsins inn á hvert heimili í landinu og er það bæði eðlileg og nauðsynleg fréttamiðlun, enda er óvíða svo grannt fylgst með störfum þjóðþings sem hér tíðkast og er það vel. Raunverulegt lýðræði byggist á þekkingu á því sem er að gerast í þjóðmálum. En á hitt ber einnig að líta að þingið sjálft ræður litlu um það sem í fjölmiðlum birtist og því verður vart neitað að oft sýnist áhugaverðara það sem aflaga fer eða ekkert er en það starf sem unnið er landi og lýð til farsældar. Það starf er þó umtalsvert. Og nægir að líta til þeirra lífskjara sem mönnum eru búin jafnt meðal hinna ríkustu þjóða heims sem meðal hinna fátækustu. Geri menn það með opnum huga og nokkurri sanngirni má íslensk þjóð vel meta þá karla og konur sem að því verki hafa komið að leiða þjóð okkar úr aldalöngu umkomuleysi inn í samfélag upplýstra velferðarþjóðfélaga.

Vissulega er ótal margt óunnið og verkefnin blasa hvarvetna við. Margvíslegar hættur steðja stöðugt að lítilli þjóð sem á tilveru sína undir sterkri sjálfsvitund með djúpar rætur í sögu sinni og menningu og er forsenda farsællar afkomu, einnig hinnar efnahagslegu velferðar. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi markmið hafa allir hv. þm. að leiðarljósi í störfum sínum þó að menn greini á um þann veg sem ganga skal að markinu. Og eitt vita þingmenn öðrum betur að þeim störfum lýkur aldrei. Engin augljós og endanleg lausn er til við stjórnun landa og þjóða. Þar verða þjóð og þing að axla sameiginlega ábyrgð og minnast þess stöðugt að ótrúlega auðvelt er að missa það sem áunnist hefur ef andvaraleysið ræður för. Það má því aldrei vera á valdi misábyrgra manna að ráða þeirri mynd sem þjóðinni berst af Alþingi. Alþingi á að vera þess umkomið að kynna störf sín sjálft og þau áhersluatriði sem löggjafarsamkoman hefur í fyrirrúmi hverju sinni. Því er það skoðun mín að tímabært sé að kynning á störfum Alþingis verði stóraukin og til þess ráðinn aðili sem ábyrgur er gagnvart þinginu sjálfu. Frjáls fjölmiðlun er sjálfsögð í lýðræðisþjóðfélagi og þar á þingið engu að ráða um. En það á jafnframt að hafa sama frelsi til kynningar á sínum eigin störfum.

Forsetar Alþingis hafa ásamt embættismönnum unnið að umtalsverðum skipulagsbreytingum á starfsemi þingsins eins og vart hefur farið fram hjá neinum sem hér starfar. Með tilkomu nýrra vel menntaðra starfsmanna hefur verið unnt að bæta þjónustu við þingmenn til muna, enda er það skylda forseta að sjá svo til að starf þingsins megi fara sem best fram. Þrátt fyrir umbætur á ýmsum sviðum og aukna þjónustu tókst að skila reikningum Alþingis fyrir árið 1989 með 2,9% raunlækkun frá fyrra ári.

Á sumri komanda verður svæðið sem í eigu þingsins er fært í búning sem Alþingi sæmir og verður það verk unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg. Vonast forsetar til að hv. þm. kunni vel að meta þær breytingar og ekki síður íbúar Reykjavíkurborgar.

Það verkefni er hins vegar óleyst að finna starfsemi þingsins húsnæði sem er þjóð og þingi sæmandi og munu forsetar leitast við að vinna það verk nú þegar þingi lýkur samkvæmt þeirri heimild sem þeim hefur nú verið fengin.

Þegar nú þessu löggjafarþingi er að ljúka vil ég þakka hv. þm. góða og drengilega samvinnu. Það þing sem lýkur í dag hefur verið mjög annasamt eins og áður hefur komið fram, stundum umhleypingasamt eins og veðráttan á þessum langa vetri. Því hefur gott samstarf forseta verið mikilvægt og færi ég hæstv. forsetum Ed. og Nd. miklar þakkir fyrir að það hefur verið með ágætum. Varaforsetum og skrifurum þakka ég þolinmæði og samviskusemi í starfi og

allt framlag þeirra til þess að þinghald mætti fara fram eins og krefjast verður.

Starfsmönnum þingsins færi ég hugheilar þakkir fyrir vel unnin störf. Alþingi er viðkvæmur vinnustaður sem gera verður miklar kröfur til starfsmanna sinna. Milli þeirra og þingsins verður að ríkja órofa trúnaður og hollusta og öll störf þeirra jafnt sem hv. þm. að stjórnast af virðingu fyrir löggjafarsamkomunni. Forsetar hafa unnið nokkuð að því að bæta aðbúnað starfsmanna. Stofnaður hefur verið endurmenntunarsjóður og ýmis önnur mál er varða hag starfsmanna eru í athugun. Ég endurtek þakkir mínar til starfsliðs alls.

Við lok 112. löggjafarþings óska ég hv. þm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og farsældar í störfum þeirra heima í héraði á komandi sumri. Ég bið einnig fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra og vonast til að við hittumst öll heil á hausti komanda. Íslendingum öllum bið ég árs og friðar.

Ólafur G. Einarsson:

Ég þakka virðulegum forseta hlýjar og góðar óskir í garð okkar þingmanna og fjölskyldna okkar. Í miklum önnum þingsins og við afgreiðslu ágreiningsmála reynir vissulega á forseta þingsins og svo sem gjarnan vill henda í hita leiksins eru þingmenn ekki alltaf sáttir við forseta sína. Það á einkum við um okkur stjórnarandstæðinga sem stundum gerumst nokkuð tilætlunarsamir. En þegar upp er staðið eftir snörp skoðanaskipti skiljum við í sátt.

Í nafni okkar alþingismanna þakka ég hæstv. forseta líflega fundarstjórn sem vissulega oft hefur gustað nokkuð um. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hennar góðs og gjöfuls sumars og alls hins besta í bráð og lengd. Enn fremur færi ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði öllu alúðarþakkir okkar alþingismanna fyrir dygga þjónustu. Það er von mín að við hittumst öll heil að hausti. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir þessi orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. hlýjar óskir til mín og fjölskyldu minnar. Ég endurtek allar góðar óskir til hv. alþingismanna og starfsmanna Alþingis og óska þess að við sjáumst öll heil á hausti komanda.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 112. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, laugardaginn 5. maí 1990. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því að þessu þingi sem nú hefur lokið störfum er slitið. Óska ég þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Efnisskrá.

Afreksmannasjóður íslenskra íþróttamanna (486. mál) 7495.
Almannatryggingar (288. mál, fæðingarorlofsgreiðslur) 7457, 7494, 7518.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.) 7168.
Atvinnuleysistryggingar (534. mál, bótaréttur o.fl.) 7102, 7119, 7236, 7247, 7248.
Ársreikningar og endurskoðun lífeyrissjóða (417. mál) 7233, 7240, 7494.
Átak gegn einelti (522. mál) 6793.
Breytingar á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (491. mál) 6794.
Búnaðarmálasjóður (520. mál, heildarlög) 7273, 7286, 7333, 7443, 7444.
Efling löggæslu (181. mál) 7582.
Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (140. mál) 7443, 7449, 7452.
Félagsráðgjöf (484. mál, starfsleyfi og sérfræðileyfi) 7102, 7118.
Fjáraukalög 1988 (373. mál) 7388, 7581, 7584.
Fjáraukalög 1990 (385. mál) 7406, 7582, 7585.
Fjárgreiðslur úr ríkissjóði (249. mál) 7497.
Flokkun og mat á gærum og ull (546. mál, heildarlög) 7237, 7491, 7574, 7577.
Flugmálaáætlun 1990–1993 (268. mál) 7358.
Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi (168. mál) 7405, 7581.
Frelsi í gjaldeyrismálum (395. mál) 6793.
Fræðsla fyrir útlendinga búsetta á Íslandi (299. mál) 7435, 7581.
Gjald af erlendum lánum vegna skipasmíða (97. mál) 6835, 6888.
Grunnskóli (572. mál, skólaskylda sex ára barna) 6846, 6887, 7232, 7239.
Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins (197. mál) 7329, 7567, 7571.
Heilbrigðisþjónusta (163. mál, heildarendurskoðun) 7269, 7290, 7328, 7332.
Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg (192. mál) 6797.
Húsnæðisstofnun ríkisins (415. mál, félagslegar íbúðir) 7334, 7477, 7512, 7514.
Húsnæðisstofnun ríkisins (252. mál, vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins) 7507.
Innflutningur dýra (402. mál, heildarlög) 6866, 7026, 7102, 7245, 7248.
Íslensk heilbrigðisáætlun (145. mál) 7425, 7578.
Jarðgöng á Vestfjörðum (509. mál) 7400, 7578.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (435. mál, heildarlög) 7454, 7483, 7518.
Kosning eins manns í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til 30. júní 1993 í stað Garðars Sveins Árnasonar 7370.
Kosning eins varamanns í bankaráð Seðlabanka Íslands til 31. okt. 1990 í stað Davíðs Björnssonar 7369.
Könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins (556. mál) 7438.
Landsvirkjun (264. mál, jöfnun orkuverðs) 7241.
Launasjóður stórmeistara í skák (362. mál) 6886, 7232.
Lánasýsla ríkisins (498. mál) 6859, 7280, 7333.
Lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi (365. mál) 7435, 7581.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (543. mál, sjóðfélagar) 7233, 7239, 7494, 7572, 7576.
Læknalög (422. mál, sérfræðileyfi, sjúkraskrár o.fl.) 7271, 7287, 7328, 7333, 7443, 7444.
Minning Sverris Júlíussonar 6917.
Nám fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla (226. mál) 7433, 7581.
Raforkuver (524. mál, stækkun Búrfellsvirkjunar o.fl.) 6878, 7032, 7520, 7569.
Ráðstafanir vegna kjarasamninga (566. mál, áburðarverð) 6868.
Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (63. mál) 7431, 7580.
Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands (80. mál, færeysk og grænlensk fiskiskip) 7476.
Ríkisreikningur 1988 (374. mál) 7277, 7279, 7355, 7357, 7474, 7476.
Sakaskrá (540. mál) 6794.
Sala eigna á nauðungaruppboði (550. mál) 6794.
Sementsverksmiðja ríkisins (436. mál, stofnun hlutafélags, stjfrv.) 6871.
Sjómannalög (445. mál, hlýðniskylda skipverja) 7271, 7283, 7333.
Skákskóli Íslands (460. mál) 6885, 7232.
Skipan prestakalla (386. mál, heildarlög) 6843, 6863, 7475, 7486, 7518.
Skólamáltíðir (166. mál) 7427, 7580.
Skráningarkerfi bifreiða (480. mál) 6793.
Starfslok efri deildar 7482.
Starfslok neðri deildar 7577.
Stjórn fiskveiða (352. mál, heildarlög) 6889, 6918, 7007, 7014, 7138, 7163, 7297, 7343, 7546, 7569.
Stóriðjuver á landsbyggðinni (467. mál) 6793.
Sveitarstjórnarlög (576. mál, tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga) 7026, 7246, 7248, 7492, 7571, 7576.
Sveitarstjórnarlög (191. mál, slysavarnir) 7137, 7279.
Tekjur og stjórnkerfi smáríkja (212. mál) 7405, 7578.

Tekjuskattur og eignarskattur (528. mál, söluhagnaður af hlutabréfum o.fl.) 7235, 7240.
Tekjuskattur og eignarskattur (580. mál, persónuafsláttur og eignarskattur eftirlifandi maka) 7277, 7280, 7354, 7357, 7453, 7475.
Tilkynning frá þingflokki frjálslyndra hægrimanna 7344.
Tilraunastöð Háskólans í meinafræði (430. mál, heildarlög) 7136, 7279.
Um þingsköp 7013 (afbrigði um frv. um stjórn fiskveiða); 7119 (frv. um yfirstjórn umhverfismála); 7161 (útbýting þingskjala, fundartími í nefndum); 7355 (atkvæðagreiðslur); 7474 (þinglausnir); 7545 (80. mál úr nefnd í Ed.).
Umferðarlög (521. mál, öryggisbelti) 6835, 7278, 7481, 7574, 7575.
Úreldingarsjóður fiskiskipa (197. mál) 6996, 7012, 7025.
Útgáfa hæstaréttardóma (551. mál) 6794.
Útreikningur þjóðhagsstærða (142. mál) 7428, 7580.
Varamenn taka þingsæti 6885, 7026.
Varnir gegn sjúkdómun og meindýrum á plöntum (403. mál, eftirlitsgjald) 6846, 7137, 7279.
Vegáætlun 1989–1992 (465. mál) 7370.
Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð (508. mál) 7240, 7245, 7493, 7571, 7576.
Veiðar á hrefnu (464. mál) 6793.
Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins (519. mál, heildarlög) 7277, 7344, 7358, 7457, 7476, 7569.
Yfirstjórn umhverfismála (128. mál, breyting ýmissa laga) 6847, 7027, 7128, 7249, 7320, 7444, 7448.
Þátttaka varnarliðsins í gerð þjóðvega (23. mál) 7405, 7578.
Þinglausnir 7585.
Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga (260. mál, skattskyld mörk eigna) 6846.
Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins (485. mál) 7507, 7518.
Öryggi á vinnustöðum (411. mál, vinna barna og ungmenna) 6845, 6885, 7278, 7573, 7576.

Leiðréttingar í 23. hefti:

Í 6486. dálki: Í stað málsheitisins **Greiðsla vaxta af ógreiddum sköttum** komi: Greiðsla vaxta af ofgreiddum sköttum.

Í 6500 dálki: Í stað málsheitisins **Störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar hf.** komi: Störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 7590.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 6831, 6832, 6833, 6834, 6917, 7168, 7369, 7370, 7387, 7579, 7585, 7590.
Forseti Ed. Jón Helgason 6885, 7007, 7008, 7009, 7010, 7014, 7475, 7482.
Forseti Nd. Árni Gunnarsson 6879, 7026, 7029, 7030, 7031, 7032, 7070, 7120, 7122, 7125, 7126, 7127, 7161, 7162, 7279, 7343, 7344, 7355, 7356, 7505, 7506, 7514, 7545, 7546, 7570, 7577.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 6847, 6870, 7008, 7011, 7027, 7101, 7173, 7249, 7261, 7268, 7318, 7320, 7504.
Dómsmrh. Óli Þ. Guðbjartsson 6863, 7229, 7490, 7519.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 7111, 7118, 7189, 7342, 7454, 7478, 7479, 7492.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 6837, 6862, 6869, 7227, 7421, 7461.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 7110, 7236, 7269, 7272, 7292.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 7195, 7273, 7276, 7364, 7388, 7404, 7491, 7493, 7579.
Menntmrh. Svavar Gestsson 6846, 6887, 7007, 7199.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 7022, 7138, 7216, 7278, 7317, 7329, 7353, 7354, 7464.
Umhvrh. Júlíus Sólnes 7202, 7262, 7447.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 7185.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 6871, 6879, 7088, 7221, 7242, 7422, 7424, 7540, 7582.
Alexander Stefánsson 6803, 6866, 6877, 7031, 7067, 7137, 7286, 7340, 7367, 7383, 7388, 7486, 7498, 7510, 7511, 7513, 7517, 7574.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 7108, 7117.
Árni Gunnarsson 6810.
Ásgeir Hannes Eiríksson 6805, 7120, 7123, 7207.
Birgir Ísl. Gunnarsson 7082, 7294.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 6886, 6900, 6995, 7004, 7025, 7183, 7232, 7256, 7266, 7446.
Eggert Haukdal 7438, 7556.
Egill Jónsson 6806, 7237, 7264, 7274, 7276, 7363, 7374, 7475.
Eyjólfur Konráð Jónsson 6819, 6833, 7009, 7010, 7011, 7449.
Friðrik Sophusson 6873, 7030, 7032, 7098, 7121, 7126, 7281, 7283, 7285, 7347, 7354, 7377, 7418, 7423, 7425, 7511, 7536, 7554, 7579, 7582.
Geir Gunnarsson 7291, 7556.
Geir H. Haarde 6861, 7103, 7114, 7117, 7210, 7334, 7355, 7484, 7508, 7512, 7513, 7514, 7515.
Guðmundur Ágústsson 6835, 6968, 7010, 7205, 7233, 7234, 7235, 7257, 7453, 7456.
Guðmundur H. Garðarsson 6925, 6987, 7007, 7234, 7259, 7263, 7458, 7469.
Guðmundur G. Þórarinsson 7136.
Guðni Ágústsson 7176.
Guðrún Agnarsdóttir 6837, 6845.
Guðrún Helgadóttir 6807, 6817, 7121, 7356.
Halldór Blöndal 6836, 6839, 6886, 6887, 6888, 6889, 6974, 7005, 7007, 7010, 7022, 7025, 7453, 7455, 7458, 7465, 7477, 7478, 7479, 7480, 7482.
Hjörleifur Guttormsson 6796, 6834, 6878, 7039, 7283, 7322, 7425, 7427, 7428, 7431, 7433, 7435, 7507, 7521, 7543, 7571.
Hreggviður Jónsson 6871, 7076, 7127, 7223, 7282, 7309, 7324, 7546, 7567, 7570, 7572.
Ingi Björn Albertsson 6822, 6877, 7124, 7191, 7324, 7327, 7344, 7495.
Jóhann Einvarðsson 6794, 6800, 6845, 7405, 7474.
Jón Helgason 7242, 7444, 7475, 7482.
Jón Kristjánsson 7487, 7490, 7518, 7574.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 7102, 7118, 7279, 7280, 7284, 7288, 7290, 7344, 7351, 7494, 7547, 7567, 7573.
Karl Steinar Guðnason 6969, 7241, 7243, 7263, 7269, 7370, 7443.
Karvel Pálmason 6914, 6918, 6982, 7008, 7252, 7267, 7271.
Kristinn Pétursson 7071, 7156, 7331, 7346, 7353, 7559.
Kristín Einarsdóttir 6794, 7028, 7049, 7323, 7531, 7543.
Margrét Frímannsdóttir 7246, 7477.
Matthías Bjarnason 7146, 7161, 7319, 7349, 7356, 7357, 7379, 7489, 7490, 7519.
Matthías Á. Mathiesen 7123, 7213, 7296.
Málmfríður Sigurðardóttir 7218, 7386, 7399, 7416, 7577.
Ólafur G. Einarsson 6815, 6849, 7027, 7119, 7122, 7128, 7570, 7589.
Ólafur Þ. Þórðarson 6804, 6808, 6859, 7072, 7162, 7329, 7384, 7387, 7487, 7492, 7504, 7505, 7519, 7545, 7546, 7562, 7570, 7575, 7579.
Páll Pétursson 6805, 7028, 7029, 7280, 7497, 7499, 7505, 7520, 7572.
Pálmi Jónsson 6799, 6801, 6834, 7028, 7032, 7130, 7367, 7394, 7402, 7410, 7498, 7500, 7583, 7584.
Rannveig Guðmundsdóttir 7137, 7334, 7483, 7507, 7514, 7572, 7573.
Salome Þorkelsdóttir 6843, 7258, 7270, 7445, 7448, 7456, 7477, 7481.
Sighvatur Björgvinsson 6798, 6802, 6812, 7028, 7031, 7162, 7297, 7358, 7370, 7388, 7400, 7406, 7501, 7504, 7506, 7560, 7570, 7571.
Skúli Alexandersson 6945, 6993, 7006, 7007, 7008, 7023, 7237, 7240, 7243, 7244, 7245, 7443, 7449, 7460, 7579.
Sólveig Pétursdóttir 6830, 7288, 7495.
Stefán Guðmundsson 6804, 6889, 6970, 6996, 7247, 7443, 7457, 7476.
Stefán Valgeirsson 6830, 6869, 7056, 7100, 7118, 7208, 7316, 7538, 7552, 7566.
Sveinn G. Hálfdánarson 7241, 7244.
Valgerður Sverrisdóttir 6836, 6885, 6886, 6888, 7232.
Þorsteinn Pálsson 6860, 6868, 6870, 7118, 7120, 7125, 7169, 7325, 7344.
Þorv. Garðar Kristjánsson 6824, 6831, 6832, 7012, 7013, 7014, 7015, 7369, 7370, 7404, 7461.
Þórhildur Þorleifsdóttir 7162, 7163, 7178, 7548, 7566, 7568.